ÞINGSETNINGARFUNDUR

föstudaginn 1. okt.

Árið 2004, föstudaginn 1. október, var hundrað þrítugasta og fyrsta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það hundraðasta og sjöunda aðalþing í röðinni en hundrað fertugasta og sjötta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Pálmi Matthíasson predikaði og þjónaði fyrir altari ásamt biskupi Íslands, herra Karli Sigurbjörnssyni.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.
2. Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.
3. Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.
4. Árni Magnússon, 11. þm. Reykv. n.
5. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðvest.
6. Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.
7. Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.
8. Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.
9. Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.
10. Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.
11. Björn Bjarnason, 4. þm. Reykv. n.
12. Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.
13. Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.
14. Davíð Oddsson, 2. þm. Reykv. n.
15. Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.
16. Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.
17. Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.
18. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
19. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
20. Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.
21. Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.
22. Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.
23. Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.
24. Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.
25. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
26. Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.
27. Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.
28. Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.
29. Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n.
30. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.
31. Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.
32. Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.
33. Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.
34. Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.
35. Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.
36. Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.
37. Jón Kristjánsson, 4. þm. Norðaust.
38. Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.
39. Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.
40. Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.
41. Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.
42. Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.
43. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
44. Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.
45. Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.
46. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
47. Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.
48. Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.
49. Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.
50. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.
51. Sigríður A. Þórðardóttir, 6. þm. Suðvest.
52. Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.
53. Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.
54. Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.
55. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.
56. Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.
57. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
58. Valgerður Sverrisdóttir, 1. þm. Norðaust.
59. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 8. þm. Suðvest.
60. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.
61. Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.
62. Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.
63. Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Forseti Íslands setur þingið.

[14:07]

Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Hinn 15. september 2004 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman föstudaginn 1. október 2004.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst klukkan 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 15. september 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Halldór Ásgrímsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman föstudaginn 1. október 2004."

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Þegar alþingismenn koma saman til fundar á ný hafa orðið þáttaskil í stjórn landsins. Nýr forsætisráðherra tók við embætti 15. september og núverandi utanríkisráðherra vék úr þeim stóli eftir ábyrgðarskeið sem er einstakt í sögu þjóðarinnar. Við þessi tímamót færi ég hæstvirtum ráðherra Davíð Oddssyni þakkir fyrir farsæl störf, forustu á umbrotatímum og mikilvægt framlag til hagsældar og velferðar Íslendinga sem skipar honum í sérstakan virðingarsess í annálum þings og þjóðar.

Ég bið honum jafnframt góðrar heilsu og vona eins og landsmenn allir að hann nái sem fyrst fullum bata. Það er þraut að glíma við erfið og margþætt veikindi en eðliskostir, staðfesta og bjartsýni sem hann býr yfir í ríkum mæli eru

haldgott veganesti. Þegar Alþingi kemur nú saman væntum við öll að hann geti innan tíðar tekið sem fyrr fullan þátt í störfum þingsins.

Ég býð hæstvirtan forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson velkominn til nýrra ábyrgðarstarfa. Fjölþætt reynsla hans við forustustörf undanfarna áratugi og viðamikil þekking mun örugglega létta honum verkin við krefjandi úrlausnarefni. Sambúð Alþingis og oddvita ríkisstjórnar er grundvallarþáttur í stjórnskipun landsins og löng þingreynsla verður nýjum forsætisráðherra farsæll leiðarvísir í þeim efnum.

Breytingarnar sem orðið hafa á þeim þrjátíu árum sem liðin eru frá því hann kom í fyrsta sinn ungur maður í þennan sal eru vissulega umfangsmeiri en nokkurn gat órað fyrir og hlutur Alþingis skiptir þar sköpum. Þá voru Íslendingar að hefja lokasókn til að ná fullum rétti yfir hafinu umhverfis landið og líkt og áður fór í hönd erfið barátta. Við höfðum þó fullan sigur og vert er að minnast þess að Alþingi var jafnan í forustu þegar kom að málefnum hafsins. Hér myndaðist iðulega samstaða og samstarf allra flokka. Sá einhugur færði baráttu þjóðarinnar byr í seglin og Íslendingum umráðarétt sem tryggði forræði okkar á fiskimiðum, veitti okkur aðgang að auðlindum sem reyndust forsenda lífskjaranna sem við nú njótum.

Framganga Alþingis í hafréttarmálum er merkur kafli í þjóðarsögu og leiddi til umskipta á heimsvísu, nýrra alþjóðalaga sem orðið hafa undirstaða að samvinnu þjóða í áratugi. Hlutverk Alþingis var því í senn örlagaríkt um hagsmuni Íslendinga og veigamikið fyrir veröldina.

Þessi arfleifð felur Alþingi ábyrgð og opnar sóknarfæri þegar nú er enn hafin umræða á alþjóðavettvangi um málefni hafsins, um viðbrögð þjóða við þeim breytingum sem verða skýrari með ári hverju: hækkandi loftslagshita, bráðnun jökla og ísbreiðunnar við skaut jarðar. Þær breytingar ógna einnig hafstraumunum sem ráða miklu um lífshætti jarðarbúa.

Hafsvæðið umhverfis Ísland er í brennidepli hvað þetta snertir. Hingað kemur Golfstraumurinn sunnan úr höfum og blandast ferskvatninu sem berst með ám og ís úr norðri. Sú blanda þegar mismunandi saltstig og ólíkur hiti sjávar koma saman skapar drifkraftinn sem knýr færiband hafstraumanna kringum hnöttinn, færiband sem ræður úrslitum við stýringu loftslagsins sem þjóðir heims hafa vanist, hver í sinni álfu; Afríku, Ameríku, Evrópu og Asíu.

Lykillinn að auknum skilningi á þeim hættum sem loftslagsbreytingar munu færa mannkyni öllu er fólginn í hafinu umhverfis Ísland og héðan til annarra svæða á norðurslóðum. Því er mikilvægt að við höldum vöku okkar og séum í fremstu sveit við eflingu rannsókna og alþjóðlegrar umræðu á þessu sviði, sviði sem veitt getur Alþingi mikla vegsemd, líkt og þegar Alþingi á síðustu öld færði Íslendingum virðingu og þökk annarra þjóða vegna forustunnar í landhelgismálum.

Nýlega tóku íslenskir þingmenn þátt í vestnorrænum fundi þar sem kynntar voru nokkrar niðurstöður úr loftslagsskýrslu Norðurskautsráðsins en hún verður birt á ráðherrafundi hér á Íslandi eftir fáeinar vikur.

Loftslagsskýrslan og önnur um þróun mannlífs á norðurslóðum eru markverðasti ávinningurinn af formennsku Íslendinga í Norðurskautsráðinu og þær munu báðar sæta tíðindum víða um heim. Einkum er líklegt að loftslagsskýrslan verði grundvöllur að víðtækum umræðum á alþjóðavelli enda geyma norðurslóðir skýrastar vísbendingar um áhrifin sem umsvif mannsins hafa á hitastig jarðarinnar.

Ör bráðnun jökla og vöxtur stórfljóta á norðurslóðum hækka yfirborð sjávar um veröld víða og hafa að líkindum í för með sér að aflvélin í hafinu umhverfis Ísland sem knýr hafstraumabeltið, beltið sem umlykur allar álfur, kunni að stöðvast í næstu framtíð. Innan örfárra áratuga gætu slík umskipti hafa orðið í norðanverðu Atlantshafi að lífshættir allra jarðarbúa biðu af þeim sökum varanlegt tjón og stór hluti landa yrði óbyggilegur.

Þessar breytingar munu einnig umturna öllum fiskstofnum sem veitt hafa okkur lífsbjörg frá landnámstíð, fiskstofnum sem útfærslu landhelginnar var ætlað að vernda. Sérfræðingar hafa og fyrir skömmu fært rök að því að jöklar Íslands kunni að hverfa með öllu á þessari öld eða þeirri næstu og mundi slíkt gerbreyta öllum vatnabúskap og virkjunarkostum sem við höfum lengi talið fjársjóð til framtíðarnota.

Margir hafa gefið heldur lítið fyrir spádóma af þessu tagi en vitnisburður vísindamanna verður sífellt öruggari og erlendis hljóma nú skýrar margvíslegar viðvaranir. Forsætisráðherra Breta flutti fyrir skömmu stefnuræðu á ráðstefnu í elsta og virtasta háskólasetri enskrar þjóðar og áréttaði að viðbrögðin við loftslagsbreytingum væru mikilvægasta verkefni heimsbyggðar á komandi árum, að við yrðum að ná samkomulagi sem forðaði börnum okkar og afkomendum frá hættunum sem eru á næsta leiti. Nýjasta hefti hins virta tímarits National Geographic er helgað ítarlegri umfjöllun um hvernig breytingar á loftslagi, hafstraumum og hitastigi á norðurslóðum eru vísbendingar um uggvænlega umturnun á loftslagi jarðar, umbyltingu sem tíðir fellibyljir við strendur Ameríku eru ef til vill vísbending um.

Niðurstöður vísindamanna og efnisþættir alþjóðlegrar umræðu berast okkur nú úr öllum áttum; og loftslagsskýrsla Norðurskautsráðsins mun verða lögð til grundvallar af æðimörgum. Íslendingum hefur þegar verið þakkað víða um heim fyrir forustu við þá efnissöfnun og hróður okkar mun vaxa enn frekar þegar skýrslan verður birt á ráðherrafundinum í Reykjavík.

Formennska Íslands í Norðurskautsráðinu verður lengi metin að verðleikum og vil ég færa fyrrverandi utanríkisráðherra, embættismönnum og sérfræðingum sem hér hafa komið að einstæðu verki alúðarþakkir þjóðarinnar. Forustan í Norðurskautsráðinu er líklega eitt mikilvægasta verkefnið sem Íslendingar hafa á umliðnum árum sinnt á alþjóðavelli og vonandi verður hún öðrum þjóðum til eftirbreytni en Rússar munu innan skamms setjast þar í okkar sæti.

Alþingi hefur nú þegar með þátttöku þingmanna í fundi Vestnorræna ráðsins sem haldinn var á Grænlandi látið til sín taka í þessum efnum en þó er verkið nýhafið, fram undan er brýn umræða og ákvarðanir, ekki aðeins hér heima heldur einnig á vettvangi æðstu stofnana þjóða heims.

Líkt og Alþingi vísaði veg í hafréttarmálum á liðinni öld og samstaða og einhugur hér í salnum voru forsenda árangurs sem skipti sköpum hefur Alþingi nú sögulegt tækifæri

til að taka forustu um viðbrögð við þeim breytingum sem eru að verða í hafinu við Íslandsstrendur, breytingum sem einnig ná til norðurslóða og munu hafa ógnvænleg áhrif á lífsskilyrði allra jarðarbúa, ekki eftir margar aldir heldur jafnvel innan fáeinna áratuga.

Alþingi er í betri stöðu en þjóðþing flestra landa til að láta að sér kveða og tengja saman áreiðanlegustu niðurstöður fræðimanna og samræður á alþjóðavettvangi um þá nýskipan sem getur forðað okkur, börnum okkar og afkomendum frá slíkum hættum.

Framlag Alþingis til hafréttarmála á fyrri árum er reynslusjóður sem mun nýtast vel í slíku verki og ég óska alþingismönnum öllum farsældar á þeirri vegferð sem nú blasir við. Vonandi skapast hér í salnum einhugur og samstaða sem eru forsenda þess að svo brýnt erindi skili árangri, Íslendingum og heimsbyggð allri til heilla.

Ég býð alþingismenn velkomna til starfa og bið þá að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni sem lengsta fasta þingsetu hefur að baki að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn og bið ég Halldór Ásgrímsson, 7. þm. Reykv. n., að ganga til forsetastóls.

Ávarp aldursforseta.

[14:22]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Ég býð hv. alþingismenn velkomna til þings. Ég vona að störf Alþingis, 131. löggjafarþings, sem er að hefjast, verði landi og þjóð til heilla.

Fyrir hönd okkar alþingismanna heilsa ég starfsfólki Alþingis og vænti þess að nú sem endranær megum við eiga góða samvinnu í störfum þingsins.

Minning Árna R. Árnasonar.

[14:23]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Við þingsetningu söknum við alþingismenn og minnumst eins úr hópi okkar alþingismanna. Árni Ragnar Árnason, 2. þingmaður Suðurkjördæmis, andaðist á sjúkrahúsi 16. ágúst sl., nýorðinn 63 ára. Eins og kunnugt er átti hann við erfið og langvarandi veikindi að stríða og sat aðeins nokkra daga á síðasta þingi.

Árni Ragnar Árnason var af vestfirsku bergi brotinn, var fæddur á Ísafirði 4. ágúst 1941. Foreldrar hans voru hjónin Árni Ólafsson skrifstofustjóri og Ragnhildur Ólafsdóttir húsmóðir. Árni Ragnar lauk prófi frá Samvinnuskólanum 1960 og hóf þá störf í Sparisjóðnum í Keflavík, en þangað hafði hann flust 1956. Hann varð 1966 fulltrúi og síðar útibússtjóri Verslunarbanka Íslands í Keflavík fram til ársins 1971 en þá hóf hann að reka eigin bókhaldsstofu í Keflavík og hafði raunar útibú víðar. Frá árinu 1985 var hann fjármálastjóri hjá varnarliðinu, Vörumarkaðnum og Ragnarsbakarí og þremur árum síðar deildarstjóri hjá varnarliðinu. Í því starfi var hann þar til hann var kjörinn alþingismaður í kosningunum 1991.

Árni Ragnar Árnason gekk ungur til liðs við Sjálfstæðisflokkinn og varð formaður Heimis, félags ungra sjálfstæðismanna í Keflavík, 1966–1971. Hann var kjörinn í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna 1969 og var fyrsti varaformaður samtakanna 1971–1973. Hann sat í kjördæmisráði Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneskjördæmi frá 1966. Hann var kjörinn bæjarfulltrúi í Keflavík 1970–1978, varabæjarfulltrúi 1978–1982. Auk starfa innan samtaka sjálfstæðismanna tók Árni Ragnar mikinn þátt í öðrum félagasamtökum, einkum þó JC-hreyfingunni. Hann var einn af stofnendum hennar á Suðurnesjum og fyrsti forseti félagsins og sat í landsstjórn JC Íslands um árabil, landsforseti íslensku JC-hreyfingarinnar 1976–1977.

Eins og heyra má hafði Árni Ragnar Árnason látið mjög að sér kveða innan Sjálfstæðisflokksins og í öðrum félagasamtökum á Suðurnesjum er hann gaf kost á sér í prófkjöri fyrir alþingiskosningarnar 1991. Hann hlaut mikið fylgi flokksmanna sinna og síðar þingsæti í kosningunum í apríl það ár. Hann átti samfellt sæti á Alþingi síðan, eða í 13 ár, fyrst sem alþingismaður Reyknesinga en við kjördæmabreytinguna, sem tók gildi 2003, völdu sjálfstæðismenn í hinu nýja Suðurkjördæmi hann til forustu á lista flokksins við kosningarnar í maí á síðasta ári.

Hér á vettvangi Alþingis beitti Árni Ragnar sér fyrst og fremst fyrir umbótum í atvinnumálum. Hann var einn forustumanna síns flokks í sjávarútvegsmálum og var kjörinn formaður sjávarútvegsnefndar við upphaf þessa kjörtímabils. Hann vildi styðja hvers kyns frumkvöðlastarfsemi og aðrar nýjungar í atvinnulífinu. Árni Ragnar var enn fremur áhugasamur um alþjóðamál, sat nær samfellt í utanríkismálanefnd frá því hann var kjörinn á þing, sat í alþjóðanefndum þingsins og var kjörinn formaður Íslandsdeildar þingmannasamtaka Norður-Atlantshafsríkjanna frá 2003. Er margt ótalið af ferðum sem hann fór og ráðstefnum sem hann sat til að vinna að málstað Íslands á alþjóðavettvangi.

Árni Ragnar Árnason var eins og við öll vitum mikið prúðmenni og vel látinn í hópi okkar alþingismanna, jafnt samherja sem andstæðinga. Hann var vinnusamur og vandvirkur við öll störf sem hann tók að sér, hófsamur í málflutningi en fastur fyrir í þeim málum sem hann taldi miklu varða. Hann hafði mikla þekkingu á málaflokkum þar sem hann beitti sér einkum og var ódeigur að auka menntun sína með námskeiðum og lestri meðan líf og kraftar entust.

Þegar við lok fyrsta kjörtímabils Árna Ragnars Árnasonar á Alþingi, árið 1995, fór að gæta þess sjúkdóms sem um síðir lagði hann að velli. Í veikindum sínum sýndi Árni Ragnar einstætt þrek og óbilandi bjartsýni og honum tókst hvað eftir annað að komast til heilsu og starfa á ný þótt mjög væri nærri honum gengið. Hann beitti sér fyrir málefnum krabbameinssjúkra, studdi samtök þeirra og glæddi vonir margra í þeirra röðum með fordæmi sínu.

Það er bjart yfir minningu Árna Ragnars Árnasonar þegar við alþingismenn minnumst hans á þessum degi.

Minning Gylfa Þ. Gíslasonar.

[14:29]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Gylfi Þ. Gíslason prófessor, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra og fyrrverandi forseti sameinaðs Alþingis, lést hér í borg 18. ágúst sl., 87 ára að aldri.

Hann var fæddur í Reykjavík 7. febr. 1917. Foreldrar hans voru hjónin Þorsteinn Gíslason, ritstjóri og skáld, og Þórunn Pálsdóttir húsmóðir.

Gylfi lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1936 og hélt þá utan til náms og lauk kandídatsprófi í rekstrarhagfræði frá háskólanum í Frankfurt am Main 1939. Doktorsprófi lauk hann við sama háskóla 1954. Hann var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands 1971.

Er Gylfi Þ. Gíslason kom heim frá námi varð hann fyrst starfsmaður í Landsbanka Íslands 1939–1940 en hóf þegar háskólakennslu sem átti eftir að verða meginviðfangsefni hans samhliða stjórnmálastörfum. Hann varð kennari við hinn nýstofnaða Viðskiptaháskóla Íslands 1939–1940, dósent 1940–1941. Árið 1941 var hann skipaður dósent í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og prófessor árið 1946. Samhliða háskólakennslu dvaldist Gylfi við framhaldsnám í háskólum í Danmörku, Sviss og Bretlandi 1946, í Bandaríkjunum 1952 og Þýskalandi 1954. Enn fremur var hann stundakennari við Menntaskólann í Reykjavík 1939–1956, að einu ári undanskildu.

Dr. Gylfi fékk snemma áhuga á stjórnmálum og hneigðist til róttækrar jafnaðarstefnu. Hann var í framboði fyrir Alþýðuflokkinn í tvennum kosningum árið 1942 í Vestmannaeyjum, 25 ára gamall. Eftir talsverð átök fór svo fjórum árum síðar að Gylfi var valinn til að skipa efsta sæti á lista Alþýðuflokksins í Reykjavík við kosningarnar 1946. Hann hlaut kosningu og átti samfellda setu á Alþingi í 32 ár, fram að kosningum 1978.

Þegar Hermann Jónasson myndaði ráðuneyti þriggja flokka 24. júlí 1956 varð Gylfi Þ. Gíslason annar tveggja ráðherra Alþýðuflokksins í þeirri ríkisstjórn og fór með mennta- og iðnaðarmál. Hann fór með sömu málaflokka, auk viðskiptaráðuneytisins, í minnihlutastjórn Alþýðuflokksins undir forustu Emils Jónssonar frá 23. des. 1958 fram til 20. nóv. 1959. Er stjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, sem síðar hefur oft verið nefnd viðreisnarstjórn, var mynduð þann dag varð Gylfi mennta- og viðskiptaráðherra í ráðuneyti Ólafs Thors og síðar í ráðuneytum Bjarna Benediktssonar og Jóhanns Hafsteins uns því stjórnarsamstarfi lauk eftir kosningarnar 1971, en stjórnarskipti urðu 14. júlí. Hafði hann þá gegnt ráðherrastörfum rétt tæp 15 ár samfellt, lengur en nokkur annar íslenskur stjórnmálamaður til þessa. Á ráðherraferli sínum hafði hann forustu um fjölda nýmæla í menningarmálum og efnahagsmálum sem hafa orðið þjóðinni til hags og framfara. Hann var formaður Alþýðuflokksins 1968–1974. Frá árinu 1968 til loka þingferils síns 1978 var hann formaður þingflokks Alþýðuflokksins.

Eftir þingkosningarnar í júní 1974 skapaðist óvissa í íslenskum stjórnmálum. Meirihlutastjórn hafði ekki verið mynduð er nýkjörið Alþingi kom saman um miðjan júlímánuð til að undirbúa þjóðhátíð á Þingvöllum í tilefni 1100 ára búsetu í landinu. Við þær aðstæður var Gylfi Þ. Gíslason kosinn forseti sameinaðs Alþingis og stjórnaði hátíðarfundi Alþingis á Lögbergi með þeirri reisn sem hæfði.

Er ráðherrastörfum dr. Gylfa lauk sumarið 1971 dvaldist hann erlendis nokkra mánuði en var síðan skipaður á ný prófessor í viðskiptadeild Háskóla Íslands 1972 og gegndi því embætti til starfsloka, 1987. Hann var rómaður fyrir líflega kennslu og góð kennslurit handa stúdentum. Eftir hann liggur fjöldi rita og urmull greina í blöðum og tímaritum víða um lönd.

Gylfi Þ. Gíslason var valinn til margs konar nefndarstarfa á stjórnmálaferli sínum og skal þar fátt eitt nefnt. Hann sat í viðskiptaráði 1943–1946, í bankaráði Framkvæmdabanka Íslands 1953–1966 og í stjórn Framkvæmdasjóðs 1966–1971. Hann var fulltrúi Íslands í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 1956–1965 og í stjórn Alþjóðabankans 1965–1971. Hann sat í þjóðleikhúsráði 1954–1987. Dr. Gylfi var afar áhugasamur um norrænt samstarf, sat í Norðurlandaráði 1971–1978, var formaður Norræna félagsins 1984–1991 og átti sæti í stjórn Norræna hússins í allmörg ár.

Hér hefur æviferill Gylfa Þ. Gíslasonar verið rakinn og þau stjórnmálastörf sem hann tókst á hendur. Hann var skarpur málflytjandi, skýr í framsetningu og um margt fyrstur til að tileinka sér nútímaleg vinnubrögð í stjórnmálum, svo sem í samskiptum við fjölmiðla. Vissulega var hann stundum umdeildur og talsvert umrót í samfélaginu á ráðherraárum hans, en um drengskap hans efuðust fáir. Gylfi Þ. Gíslason var menningarmaður í besta skilningi þess orðs. Menntun, einkum málefni háskólans og tónlistarfræðslu, bar hann mjög fyrir brjósti. Í tómstundum undi hann sér löngum við að njóta tónlistar.

Í minningarriti sínu, Viðreisnarárin, sem hann skrifaði að ævikveldi, þótti honum mest um vert að eiga hlut að þeim miklu umskiptum sem urðu í efnahagslífi Íslendinga um 1960 og á árunum þar á eftir. Hann viðurkenndi fúslega að þjóðfélagsskoðanir sínar frá æskuárum hefðu breyst. Það segir sig sjálft að á svo löngum tíma sem hann sat í ríkisstjórn voru mörg mikilvæg mál til lykta leidd, en vænst mun honum hafa þótt um lyktir handritamálsins og sú stund eftirminnileg er hann veitti viðtöku Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða fyrir hönd Íslendinga í sumarbyrjun 1971.

Ótvírætt verður dr. Gylfi Þ. Gíslason talinn til forustumanna Íslendinga þegar saga okkar tíma verður skrifuð. Enn er þó ótalið það sem eflaust mun lengi halda minningu hans á lofti en það eru hin ljúfu sönglög sem hann samdi og eru þjóðinni hjartfólgin.

Minning Gunnars G. Schrams.

[14:38]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Hinn 29. ágúst sl. lést í Reykjavík dr. Gunnar G. Schram, prófessor og fyrrverandi alþingismaður, á 74. aldursári.

Gunnar Schram var fæddur á Akureyri 20. febr. 1931, sonur hjónanna Gunnars Schrams, umdæmisstjóra Landssímans þar, síðar ritsímastjóra í Reykjavík, og Jónínu Jónsdóttur Schram húsmóður.

Gunnar lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1950 og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1956. Hann stundaði framhaldsnám í þjóðarétti við Max Planck-stofnunina í Heidelberg í Þýskalandi og háskólann þar 1957–1958 og við háskólann í Cambridge í Englandi 1958–1960, lauk doktorsprófi þar í þjóðarétti árið 1961.

Gunnar Schram stundaði blaðamennsku samhliða háskólanámi hér og heimkominn að námi loknu varð hann ritstjóri dagblaðsins Vísis á árunum 1961–1966. Þá hvarf hann til starfa í utanríkisráðuneytinu, varð ráðunautur þess í þjóðarétti. Hann var sendiráðunautur og varafastafulltrúi í fastanefnd Íslands í New York 1971–1974 og jafnframt ræðismaður Íslands í New York 1971–1972. Gunnar Schram hafði verið lektor við lagadeild Háskóla Íslands 1970–1971 og er hann sneri heim á ný 1974 frá Bandaríkjunum varð hann prófessor við lagadeildina og gegndi því embætti þar til starfsævi hans lauk.

Gunnar Schram lét til sín taka í margvíslegu félagsmálastarfi. Hann var varaformaður og ritari Sambands ungra sjálfstæðismanna 1953–1957, formaður Blaðamannafélags Íslands 1962–1963, Lögfræðingafélags Íslands 1979–1981, Félags háskólakennara 1979–1981, Bandalags háskólamanna 1982–1986 og Félags Sameinuðu þjóðanna 1969–1971. Jafnframt sat hann á fjölmörgum ráðstefnum á vegum íslenskra stjórnvalda um alþjóðamál, einkum hafréttarmál, umhverfismál og þróunaraðstoð frá 1968 og fram á síðustu ár. Gunnar var ráðunautur stjórnarskrárnefndar 1975–1983.

Gunnar Schram ritaði fræðibækur um sérsvið sín innan lögfræðinnar og margar fræðigreinar í tímarit um þjóðarétt, stjórnskipunarrétt, umhverfisrétt, hafréttarmál o.fl. Hann þótti skýr og áheyrilegur kennari og hafði frjálsmannlegt fas. Við upphaf sjónvarps á Íslandi á sjöunda áratug liðinnar aldar var Gunnar meðal hinna fyrstu til að stjórna þar umræðuþáttum um þjóðfélagsmál og aflaði það honum vinsælda landsmanna fyrir skýran málflutning og prúðmannlega framkomu.

Í kjölfar mikilla sviptinga í stjórnmálum upp úr 1980 leitaði Gunnar Schram stuðnings sjálfstæðismanna í Reykjaneskjördæmi til þingframboðs. Hann hlaut góðar undirtektir og skipaði hann 2. sæti á framboðslista flokksins í alþingiskosningunum 1983 og sat á Alþingi til 1987, skemur en margir væntu í upphafi, en sneri þá á ný til fyrri starfa sinna við kennslu og fræðistörf.

Gunnar G. Schram var góður samverkamaður á Alþingi. Málflutningur hans hér bar merki hins góða fræðimanns og kennara. Hann var fyrirmannlegur á velli, glaðsinna og drenglundaður maður.

Minningarorð um Gauk Jörundsson.

[14:42]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Dr. juris Gaukur Jörundsson, fyrrverandi umboðsmaður Alþingis, lést hinn 22. sept. sl. Hann átti þá tveim dögum fátt í sjötugt, var fæddur hér í Reykjavík 24. sept. 1934. Hann var sonur hjónanna Jörundar Brynjólfssonar, bónda í Skálholti og síðar Kaldaðarnesi í Flóa, alþingismanns og alþingisforseta um mörg ár, og seinni konu hans, Guðrúnar Dalmannsdóttur húsfreyju. Gaukur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1954 og kandídatsprófi í lögum frá Háskóla Íslands 1959 með góðum vitnisburði, stundaði síðan framhaldsnám í Ósló, Kaupmannahöfn og Berlín næstu þrjú ár, 1959–1962. Hann hlaut doktorsnafnbót við lagadeild Háskóla Íslands 1970 fyrir ritgerð um eignarnám.

Gaukur Jörundsson hóf að námi loknu störf hjá yfirborgardómaranum í Reykjavík en varð nokkrum árum síðar kennari við lagadeild háskólans, fyrst sem lektor en síðar prófessor. Mikið orð fór af kennslu Gauks og fræðistörfum. Tvívegis var hann settur hæstaréttardómari um nokkurra mánaða skeið hvort sinn og gegndi jafnframt varadómarastörfum af og til í Hæstarétti. Áður hafði hann verið hæstaréttarritari tæpt ár. Hann var kjörinn í mannréttindanefnd Evrópu árið 1974 og starfaði þar þangað til nefndin var lögð niður við skipulagsbreytingar 1998. Var Gaukur þá kjörinn af Íslands hálfu í Mannréttindadómstól Evrópu frá 1. nóv. 1998 og sat þar fram á þetta ár.

Þegar Alþingi samþykkti 9. mars 1987 að stofna til embættis umboðsmanns Alþingis með lögum nr. 13/1987, sem tóku gildi 1. jan. 1988, valdist Gaukur Jörundsson til að koma embættinu á fót og móta það. Það var vel ráðið því að Gaukur var í senn traustur fræðimaður og embættismaður og með reynslu af alþjóðlegu mannréttindastarfi. Sá orðstír sem fór af Gauki Jörundssyni, jafnt innan lands sem utan, stuðlaði mjög að því að skapa hinu nýja embætti umboðsmanns Alþingis virðingu og traust sem var nauðsynlegt ef takast átti að bæta stjórnsýsluna og skapa borgurunum þá vernd og skjól sem að var stefnt með álitum umboðsmanns. Gaukur var tvívegis endurkjörinn umboðsmaður Alþingis, í árslok 1991 og 1995, með einróma samstöðu alþingismanna og gegndi hann embættinu til 1. nóv. 1998.

Samhliða embættisstörfum var dr. Gaukur óðalsbóndi í Kaldaðarnesi. Alþingi stendur í þakkarskuld við dr. Gauk Jörundsson fyrir brautryðjandastarf hans í þágu embættis umboðsmanns Alþingis. Hann reyndist verðugur þess trausts sem Alþingi bar til hans.

Ég bið þingheim að minnast Árna Ragnars Árnasonar alþingismanns, Gylfa Þ. Gíslasonar og Gunnars G. Schrams, fyrrverandi alþingismanna, og fyrsta umboðsmanns Alþingis, Gauks Jörundssonar, með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Nýr þingmaður tekur sæti.

[14:46]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Við andlát Árna R. Árnasonar tekur Kjartan Ólafsson fast sæti á Alþingi og verður 8. þm. Suðurk. Býð ég hann velkominn til starfa.

Varamaður tekur þingsæti.

[14:47]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf um forföll þingmanns:

„Þar sem Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda óska

ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstfl. í kjördæminu, Guðjón Guðmundsson, taki sæti hans á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Einar K. Guðfinnsson,
formaður þingflokks sjálfstæðismanna."

Guðjón Guðmundsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa á ný.

Kosning forseta.

[14:48]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru. Mér hefur borist ein tilnefning, um hv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal. Eru aðrar tilnefningar?

Aðrar tilnefningar hafa ekki borist og er því hv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, einn í kjöri. Þar sem aðeins einn er í kjöri fer kosningin fram með atkvæðagreiðslukerfinu eins og á undangengnum þingum ef ekki eru um það athugasemdir. Atkvæðagreiðslan er leynileg. Töflurnar á veggjunum munu aðeins sýna hverjir hafa greitt atkvæði en ekki hvernig þeir greiddu atkvæði og sama gildir um geymsluminni tölvunnar. Þeir sem kjósa Halldór Blöndal ýti á já-hnappinn en þeir sem skila vilja auðu ýta á hnappinn sem merktur er: Greiðir ekki atkvæði. Gult ljós kviknar við miðhnappinn þegar atkvæði hefur verið greitt, sama á hvorn hnappinn er ýtt og eins kviknar aðeins gult ljós á veggtöflunni.

[Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Halldór Blöndal,** 2. þm. Norðaust., hlaut 36 atkvæði, 18 þingmenn greiddu ekki atkvæði.]

[14:52]

Aldursforseti (Halldór Ásgrímsson):

Samkvæmt þessu er Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust., réttkjörinn forseti Alþingis.

Ég óska honum til hamingju með kosninguna og allra heilla í starfi og bið hann að taka við fundarstjórn.

Ávarp forseta.

[14:52]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hæstv. starfsaldursforseta, Halldóri Ásgrímssyni, hlý orð í minn garð. Ég vil jafnframt nota þetta tækifæri til að óska honum velfarnaðar í starfi forsætisráðherra.

Forseti Alþingis og forsætisráðherra þurfa að eiga náið samstarf um þingstörfin og vænti ég góðs í þeim efnum.

Ég færi fráfarandi forsætisráðherra, Davíð Oddssyni utanríkisráðherra, þakkir fyrir gott samstarf á liðnum árum með óskum um að hann nái skjótum og góðum bata.

Ég þakka hv. alþingismönnum það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að kjósa mig á ný forseta Alþingis.

Í sumar hefur verið unnið að miklum endurbótum á Alþingishúsinu. Endurbætur á 1. hæðinni hófust í fyrra og var unnið áfram að þeim á þessu ári með því að gert var við leka undir gólfum og þau endurnýjuð. Það var mikið verk. Sömuleiðis hefur verið unnið að viðgerðum og endurbótum á 2. og 3. hæð hússins. Allar hafa þessar framkvæmdir miðað að því að færa húsið sem næst í upprunalegt horf og tryggja um leið varðveislu þess sem einnar mestu gersemar í byggingarlist hér á landi. Framkvæmdir þessar eru fyrstu gagngeru endurbæturnar sem gerðar hafa verið á Alþingishúsinu í 120 ára sögu þess og var tími til kominn.

Endurbæturnar eru ekki allar jafnaugljósar, þótt jafnnauðsynlegar séu. Endurnýjun raf- og vatnslagna lætur lítið yfir sér, en hins vegar er til mikilla bóta og fegurðarauka að lagnir sem lágu utan á veggjum hafa verið fjarlægðar. Gömul gólfborð í þingsal og hliðarherbergjum eru nú sjáanleg og nýtt gólfefni í Kringlu setur glæsilegan blæ á þessa gömlu viðhafnarstofu fyrsta ráðherra Íslands.

Í þingsal og sal efri deildar eru komnar á ný þær ljósakrónur sem þar voru uppi fyrir mörgum áratugum og um leið hefur lýsing í salnum verið endurgerð. Líklega eru þó mest áberandi þær litabreytingar sem orðið hafa í herbergjum í þinghúsinu, en þau hafa nú verið máluð í sínum upprunalegu litum og sýna þá miklu litagleði sem ríkti við byggingu hússins.

Ég vona að alþingismenn séu mér sammála um að þessar endurbætur hafi vel tekist. Ég þakka öllum þeim sem að því verki hafa komið. Þá þakka ég arkitektum, verktökum og starfsfólki Alþingis einstaka lipurð og góða samvinnu til þess að verkið gæti gengið vel fram við erfiðar aðstæður á liðnu sumri. Með þessum framkvæmdum er stærstum hluta endurbóta í þinghúsinu lokið, en þó eru eftir nokkrar endurbætur og fullnaðarfrágangur á 3. hæð hússins sem unnið verður að á næsta ári, auk þess sem lokið verður við viðgerð á útveggjum þess. Á næsta ári verður unnið að endurnýjun á húsbúnaði í Alþingishúsinu, aðallega í þingflokksherbergjum, en það er orðið aðkallandi eins og þingmönnum er kunnugt. Íslensk hönnun verður á þeim húsgögnum sem keypt verða í Alþingishúsið.

Háttvirtir alþingismenn. Hinn 2. júní sl. gerðist það utan ríkisráðsfundar að forseti Íslands synjaði um staðfestingu á lögum frá Alþingi sem forsætisráðherra hafði lagt fyrir hann. Þá urðu kapítulaskipti í sögu Alþingis og samskiptum þess við embætti forseta Íslands.

Ákvörðun sína um að synja lögum frá Alþingi staðfestingar tilkynnti forseti Íslands á fundi sem hann boðaði blaðamenn til á Bessastöðum 2. júní. Synjun sína reisti forseti Íslands á 26. gr. stjórnarskrárinnar.

Í yfirlýsingu sinni segir hann m.a. að harðar deilur hafi orðið um „þann lagagrundvöll fjölmiðlanna sem mótaður er í frumvarpi sem Alþingi hefur nú afgreitt".

Síðan segir í 9. tölulið yfirlýsingarinnar, sem virðist vera kjarninn í röksemdafærslu forseta Íslands:

„Því miður hefur skort samhljóminn sem þarf að vera milli þings og þjóðar í svo mikilvægu máli. Fjölmiðlarnir eru sá hornsteinn í lýðræðisskipan og menningu okkar Íslendinga að ekki er farsælt að varanlega verði djúp gjá milli þingvilja og þjóðarvilja. Slíka gjá þarf að brúa."

Ummæli forseta Íslands, synjun hans um staðfestingu á lögum frá Alþingi á þeim grundvelli að djúp gjá sé á milli þingvilja og þjóðarvilja og þeir atburðir sem á eftir fóru

gefa mér tilefni til að ræða stöðu Alþingis um leið og ég legg áherslu á að Alþingi er æðsta og elsta stofnun þjóðarinnar, að löggjafarvaldið er í höndum Alþingis og Alþingi er hornsteinn menningar og lýðræðislegrar stjórnskipunar hér á landi.

Á Alþingi hafa örlög þjóðarinnar ráðist. Á Alþingi var Gamli sáttmáli staðfestur og þar sótti íslenska þjóðin rétt sinn í hendur konungi Dana, uns fullnaðarsigur var unninn. Íslendingar eignuðust stjórnarskrá 1874.

Fyrr á þessu ári var þess minnst að hundrað ár voru liðin síðan heimastjórn var sett og þingræði hófst hér á landi sem síðan var staðfest í 1. gr. stjórnarskrárinnar frá 1944: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn."

Við fögnuðum fullveldi 1. desember 1918 og stofnun lýðveldis á Þingvöllum 17. júní 1944.

Alþingi og þingræðislegir stjórnarhættir eiga djúpar rætur í hugum Íslendinga.

Synjunarákvæði stjórnarskrárinnar eru leifar af þeirri trú að konungurinn — einvaldurinn — fari með guðs vald. Þingið stóð gegn vilja konungs og leiðrétti vald eins manns með því að taka það til sín.

Alþingi er kjörið af þjóðinni. Þar á fólk með ólíkar skoðanir og stefnur sína fulltrúa. Þar ráða menn ráðum sínum og leiða mál til lykta. Þótt forseti lýðveldisins sé kjörinn á sama hátt getur hann ekki mælt sig við Alþingi.

Ég geri ekki öðrum hv. alþingismönnum upp orð né skoðanir en mér kom aldrei til hugar að forseti Íslands synjaði um staðfestingu á lögum frá Alþingi. Svo hefur verið um fleiri. Samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar taka lög frá Alþingi gildi þótt forseti synji um staðfestingu, en leggja skal lögin „svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu." (**SJS:** Því var það þá ekki gert?) Til þess að svo megi verða þarf sérstaka löggjöf um atkvæðagreiðsluna, en hún hefur ekki verið sett né um hana hugsað fyrr en eftir synjun forseta Íslands um staðfestingu á lögum frá Alþingi 2. júní sl.

Við vitum hvað síðan gerðist. Skoðanir voru mjög skiptar um nánast allt er varðaði framkvæmd og gildi þjóðaratkvæðagreiðslunnar, m.a. hvort rétt væri að skilyrða lágmarksþátttöku í atkvæðagreiðslunni eða hvort áskilinn fjöldi atkvæðisbærra manna yrði að greiða atkvæði gegn lögum frá Alþingi til þess að þeim yrði hnekkt. Og enn voru þeir sem töldu að ekki skipti máli hvort 10% eða 90% kosningarbærra manna í landinu tækju þátt í slíkri atkvæðagreiðslu.

Loks deildu lögfræðingar um hvort Alþingi mætti samþykkja breytingar á hinum nýju fjölmiðlalögum eða ekki. Það var jafnvel gengið svo langt að segja að Alþingi mætti ekki nema lögin úr gildi. Hvergi er þó stafkrókur fyrir því í stjórnarskránni að sú staða geti komið upp að forseti Íslands geti með athöfnum sínum eða athafnaleysi skert löggjafarvald Alþingis.

Er skemmst frá hinum svokölluðu fjölmiðlalögum að segja að Alþingi var kallað saman til sumarþings hinn 5. júlí þar sem lagt var fram stjórnarfrumvarp til breytinga á lögunum. Því var vísað til allsherjarnefndar en meiri hluti hennar lagði síðan til í grófum dráttum að fjölmiðlalögin yrðu efnislega felld úr gildi og samþykkti Alþingi það samhljóða 22. júlí.

Forseti Íslands staðfesti síðan lögin, en vék enn að Alþingi í yfirlýsingu sinni: „Alþingi hefur nú fellt úr gildi lögin sem ollu hörðum og langvarandi deilum og mynduðu djúpa gjá milli þingvilja og þjóðarvilja." Ég vil ekki nú við setningu Alþingis gaumgæfa þessi orð forseta Íslands, og er þó ástæða til, enda eru allar hugmyndir um þjóðarvilja óljósar og enginn í aðstöðu til að þekkja þjóðarvilja um einstök mál.

Hugmyndir um þjóðaratkvæðagreiðslu byggjast á því að þær eigi sér aðdraganda og að málið sé vel undirbúið, vel kynnt og vel reifað. Það ber að gefa þjóðinni tækifæri og tóm til þess að kynna sér efni slíks máls. Þjóðin verður að geta skeggrætt það svo að það geti þroskast í umræðunni. Það er vandasamt að leggja mál fyrir dóm þjóðarinnar og valið verður að vera afdráttarlaust en ekki um minni háttar atriði sem eðlilegt er að séu jafnan til endurskoðunar. Að öðru leyti eru ekki efni til að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu.

Kjarni þess sem ég vil segja nú við setningu Alþingis er að eftir atburði sumarsins stendur löggjafarstarf Alþingis ekki jafntraustum fótum og áður. Það er alvarleg þróun og getur orðið þjóðinni örlagarík nema við sé brugðist. Ákvæði stjórnarskrárinnar um æðstu stjórn ríkisins, Alþingi, framkvæmdarvald og dómsvald, þurfa endurskoðunar við. Hver skal vera staða Alþingis, hver forseta Íslands og ríkisstjórnar og hver dómstóla?

Slík endurskoðun hefur látið á sér standa þar sem menn almennt hafa talið önnur mál brýnni, enda hefðu skapast ákveðnar venjur og hefðir sem ástæðulaust væri að hrófla við en einstök ákvæði stjórnarskrárinnar hvorki verið skilin né framkvæmd eftir bókstafnum.

Þau hörðu átök sem urðu á Alþingi í vor og sumar gera slíka endurskoðun á stjórnarskránni örðugri en ella mundi. Einstökum alþingismönnum kann að finnast sem þeir hafi fest sig í ákveðnum skoðunum og skilyrðum sem þeir vilja ekki víkja frá að svo komnu. Því má vera að niðurstöðu sé ekki að vænta meðan það þing situr sem kjörið var í maí 2003.

Eftir sem áður verður að hefja verkið.

Staða Alþingis verður að vera hafin yfir vafa og löggjafarstarfið í traustum skorðum.

Ég endurtek þakkir mínar til þingheims fyrir að fela mér að gegna störfum forseta. Það er ásetningur minn að eiga gott samstarf við alla hv. alþingismenn.

Fundi frestað kl. 15:06.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

föstudaginn 1. okt.,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
2. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.
   a. Allsherjarnefnd, 9 manna.
   b. Efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna.
   c. Félagsmálanefnd, 9 manna.
   d. Fjárlaganefnd, 11 manna.
   e. Heilbrigðis- og trygginganefnd, 9 manna.
   f. Iðnaðarnefnd, 9 manna.
   g. Landbúnaðarnefnd, 9 manna.
   h. Menntamálanefnd, 9 manna.
   i. Samgöngunefnd, 9 manna.
   j. Sjávarútvegsnefnd, 9 manna.
   k. Umhverfisnefnd, 9 manna.
   l. Utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
3. Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar frá 17. maí 1999, með síðari breytingum.
   a. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, 3 manna og 3 varamanna.
   b. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, 3 manna og 3 varamanna.
   c. Íslandsdeild NATO-þingsins, 3 manna og 3 varamanna.
   d. Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, 3 manna og 3 varamanna.
   e. Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins, 3 manna og 3 varamanna.
   f. Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA, 5 manna og 5 varamanna.
   g. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins, 6 manna og 6 varamanna.
   h. Íslandsdeild Norðurlandaráðs, 7 manna og 7 varamanna.
   i. Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál, 3 manna og 3 varamanna.
4. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson utanrrh., 2. þm. Reykv. n.,
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.

[16:02]

Útbýting:

Fjárlög 2005, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.) þskj. 1.
Þjóðhagsáætlun 2005, 2. mál, skýrsla forsrh., þskj. 2.

Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörin væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Guðmundur Árni Stefánsson (B),
2. varaforseti: Jónína Bjartmarz (A),
3. varaforseti: Sólveig Pétursdóttir (A),
4. varaforseti: Jóhanna Sigurðardóttir (B),
5. varaforseti: Þuríður Backman (C),
6. varaforseti: Birgir Ármannsson (A).

[16:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforsetana um fundastörfin og önnur verkefni forsætisnefndar.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

Við kosningu fastanefnda komu fram hverju sinni þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Allsherjarnefnd:
Kjartan Ólafsson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Birgir Ármannsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Sigurjón Þórðarson (C),
Bjarni Benediktsson (A),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B).

2. Efnahags- og viðskiptanefnd:
Pétur H. Blöndal (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Dagný Jónsdóttir (A),
Birgir Ármannsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Ögmundur Jónasson (C),
Gunnar Birgisson (A),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Lúðvík Bergvinsson (B).

3. Félagsmálanefnd:
Guðjón Hjörleifsson (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Helgi Hjörvar (B),
Gunnar Örlygsson (C),
Pétur H. Blöndal (A),

Birkir J. Jónsson (A),
Katrín Júlíusdóttir (B).

4. Fjárlaganefnd:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Magnús Stefánsson (A),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B),
Jón Bjarnason (C),
Bjarni Benediktsson (A),
Birkir J. Jónsson (A),
Helgi Hjörvar (B),
Drífa Hjartardóttir (A),
Jón Gunnarsson (B).

5. Heilbrigðis- og trygginganefnd:
Drífa Hjartardóttir (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Pétur H. Blöndal (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Þuríður Backman (C),
Bjarni Benediktsson (A),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B).

6. Iðnaðarnefnd:
Kjartan Ólafsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Birkir J. Jónsson (A),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Sigurjón Þórðarson (C),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Einar Már Sigurðarson (B).

7. Landbúnaðarnefnd:
Drífa Hjartardóttir (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B),
Magnús Stefánsson (A),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Jón Bjarnason (C),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Dagný Jónsdóttir (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B).

8. Menntamálanefnd:
Gunnar Birgisson (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B),
Dagný Jónsdóttir (A),
Kjartan Ólafsson (A),
Katrín Júlíusdóttir (B),
Kolbrún Halldórsdóttir (C),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Mörður Árnason (B).

9. Samgöngunefnd:
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Kristján L. Möller (B),
Hjálmar Árnason (A),
Guðjón Hjörleifsson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Guðjón A. Kristjánsson (C),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Magnús Stefánsson (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B).

10. Sjávarútvegsnefnd:
Guðjón Hjörleifsson (A),
Jón Gunnarsson (B),
Birkir J. Jónsson (A),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Magnús Þór Hafsteinsson (C),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Kristján L. Möller (B).

11. Umhverfisnefnd:
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Magnús Stefánsson (A),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Mörður Árnason (B),
Kolbrún Halldórsdóttir (C),
Kjartan Ólafsson (A),
Gunnar Birgisson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B).

12. Utanríkismálanefnd:
Aðalmenn:
Sólveig Pétursdóttir (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Drífa Hjartardóttir (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Steingrímur J. Sigfússon (C),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jónína Bjartmarz (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B).

Varamenn:
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Hjálmar Árnason (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Guðjón A. Kristjánsson (C),
Gunnar Birgisson (A),
Dagný Jónsdóttir (A),
Össur Skarphéðinsson (B).

Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar frá 17. maí 1999, með síðari breytingum.

Við kosningu alþjóðanefnda komu fram hverju sinni listar (ýmist tveir eða þrír) með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins:
Aðalmenn:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Kristján L. Möller (B),
Hjálmar Árnason (A).

Varamenn:
Bjarni Benediktsson (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Magnús Stefánsson (A).

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins:
Aðalmenn:
Sólveig Pétursdóttir (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Siv Friðleifsdóttir (A).

Varamenn:
Birgir Ármannsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Birkir J. Jónsson (A).

Íslandsdeild NATO-þingsins:
Aðalmenn:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Magnús Stefánsson (A).

Varamenn:
Kjartan Ólafsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (B),
Dagný Jónsdóttir (A).

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu:
Aðalmenn:
Pétur H. Blöndal (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Dagný Jónsdóttir (A).

Varamenn:
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A).

Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins:
Aðalmenn:
Bjarni Benediktsson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Guðjón Hjörleifsson (A).

Varamenn:
Drífa Hjartardóttir (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A).

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA:
Aðalmenn:
Gunnar Birgisson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Birkir J. Jónsson (A),
Guðlaugur Þór Þórðarson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B).

Varamenn:
Birgir Ármannsson (A),
Björgvin G. Sigurðsson (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Katrín Júlíusdóttir (B).

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins:
Aðalmenn:
Birgir Ármannsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Kjartan Ólafsson (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir (B),
Magnús Þór Hafsteinsson (C).

Varamenn:
Gunnar Birgisson (A),
Einar Már Sigurðarson (B),
Magnús Stefánsson (A),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Helgi Hjörvar (B),
Sigurjón Þórðarson (C).

Íslandsdeild Norðurlandaráðs:
Aðalmenn:
Drífa Hjartardóttir (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Jónína Bjartmarz (A),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Steingrímur J. Sigfússon (C),
Sigurður Kári Kristjánsson (A).

Varamenn:
Kjartan Ólafsson (A),
Mörður Árnason (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Bjarni Benediktsson (A),
Jón Gunnarsson (B),
Kolbrún Halldórsdóttir (C),
Pétur H. Blöndal (A).

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál:

Aðalmenn:
Einar K. Guðfinnsson (A),
Þórunn Sveinbjarnardóttir (B),
Magnús Stefánsson (A).

Varamenn:
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Guðrún Ögmundsdóttir (B).
Dagný Jónsdóttir (A).

Afbrigði.

[16:13]

Forseti (Halldór Blöndal):

Leita þarf afbrigða frá þingsköpum þar sem samkomulag er milli þingflokka um annan ræðutíma í umræðunni um stefnuræðu forsrh. nk. mánudagskvöld en kveðið er á um í 2. mgr. 73. gr. þingskapa, þ.e. að umferðir verði þrjár, 12 mínútur, 6 mínútur og 5 mínútur en forsætisráðherra hafi 20 mínútur í framsögu. Skoðast afbrigðin samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

Enn fremur þarf að leita afbrigða frá þingsköpum þegar hlutað verður um sæti á eftir, til að tveir hv. þingmenn, Helgi Hjörvar og Gunnar Örlygsson, geti fengið sæti sem hentar fyrir þann búnað sem þeir eða varamenn þeirra þurfa að hafa í þingsalnum þegar á þingfundi stendur. Þetta eru sæti nr. 32 fyrir hv. þm. Helga Hjörvar og 52 fyrir hv. þm. Gunnar Örlygsson.

Þá hefur orðið samkomulag milli forseta og formanna þingflokka að leggja til að tekin verði frá sæti næst inngangi í salnum fyrir formenn þingflokka eða forustumenn, einn fyrir hvern flokk, en þeir dragi innbyrðis um þessi sæti. Skoðast þessi afbrigði samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Sætaúthlutun fór á þessa leið:

1. sæti er sæti forseta.
2. sæti er sæti varamanns.
3. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir.
4. sæti hlaut Guðrún Ögmundsdóttir.
5. sæti hlaut Guðmundur Árni Stefánsson.
6. sæti hlaut Sigurjón Þórðarson.
7. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir.
8. sæti hlaut Guðjón A. Kristjánsson.
9. sæti hlaut Guðlaugur Þór Þórðarson.
10. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
11. sæti hlaut Jóhann Ársælsson.
12. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson.
13. sæti hlaut Birgir Ármannsson.
14. sæti hlaut Kjartan Ólafsson.
15. sæti hlaut Sigurður Kári Kristjánsson.
16. sæti hlaut Bryndís Hlöðversdóttir.
17. sæti hlaut Ágúst Ólafur Ágústsson.
18. sæti hlaut Einar Már Sigurðarson.
19. sæti hlaut Kolbrún Halldórsdóttir.
20. sæti hlaut Magnús Stefánsson.
21. sæti hlaut Þuríður Backman.
22. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
23. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson.
24. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson.
25. sæti hlaut Katrín Júlíusdóttir.
26. sæti hlaut Bjarni Benediktsson.
27. sæti hlaut Gunnar Birgisson.
28. sæti hlaut Jónína Bjartmarz.
29. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.
30. sæti hlaut Björgvin G. Sigurðsson.
31. sæti hlaut Halldór Blöndal.
32. sæti hlaut Helgi Hjörvar.
33. sæti hlaut Kristján L. Möller.
34. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
35. sæti hlaut Mörður Árnason.
36. sæti er sæti varamanns.
37. sæti hlaut Arnbjörg Sveinsdóttir.
38. sæti hlaut Dagný Jónsdóttir.
39. sæti hlaut Drífa Hjartardóttir.
40. sæti hlaut Siv Friðleifsdóttir.
41. sæti hlaut Birkir J. Jónsson.
42. sæti hlaut Anna Kristín Gunnarsdóttir.
43. sæti hlaut Magnús Þór Hafsteinsson.
44. sæti hlaut Hjálmar Árnason.
45. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.
46. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson.
47. sæti hlaut Jón Gunnarsson.
48. sæti hlaut Þórunn Sveinbjarnardóttir.
49. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
50. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
51. sæti er sæti varamanns.
52. sæti hlaut Gunnar Örlygsson.
53. sæti hlaut Jón Bjarnason.
54. sæti hlaut Guðjón Hjörleifsson.
55. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir.
56. sæti er sæti varamanns.
57. sæti er sæti varamanns.
58. sæti er sæti félagsmálaráðherra.
59. sæti er sæti viðskiptaráðherra.
60. sæti er sæti samgönguráðherra.
61. sæti er sæti dómsmálaráðherra.
62. sæti er sæti utanríkisráðherra.
63. sæti er sæti forsætisráðherra.
64. sæti er sæti fjármálaráðherra.
65. sæti er sæti landbúnaðarráðherra.
66. sæti er sæti sjávarútvegsráðherra.
67. sæti er sæti heilbrigðisráðherra.
68. sæti er sæti menntamálaráðherra.
69. sæti er sæti umhverfisráðherra.

Fundi slitið kl. 16:26.

2. FUNDUR

mánudaginn 4. okt.,
kl. 7.50 síðdegis.

Dagskrá:

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræður).

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

[19:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Nú hefjast umræður um stefnuræðu forsætisráðherra.

Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir. Forsætisráðherra hefur 20 mínútur til framsögu en aðrir þingflokkar en þingflokkur forsætisráðherra hafa 12 mínútur í fyrstu umferð, í annarri umferð hafa þingflokkarnir 6 mínútur en í þeirri þriðju 5 mínútur hver þingflokkur. Röð flokkanna er í öllum umferðum þessi:

Framsóknarflokkur, Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn.

Fyrir Framsóknarflokk tala Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra í fyrstu umferð, í annarri Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður, og í þriðju umferð Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvesturkjördæmis.

Ræðumenn Samfylkingarinnar verða í fyrstu umferð Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður, í annarri og Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurkjördæmis, í þriðju umferð.

Ræðumenn verða fyrir Sjálfstæðisflokk: Davíð Oddsson utanríkisráðherra í fyrstu umferð, Sigríður A. Þórðardóttir umhverfisráðherra í annarri umferð og Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður, í þriðju umferð.

Ræðumenn fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð verða Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðausturkjördæmis, í fyrstu umferð, í annarri Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður og í þriðju umferð Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvesturkjördæmis.

Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrstu umferð Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvesturkjördæmis og Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvesturkjördæmis, í annarri umferð Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvesturkjördæmis, en í þriðju umferð Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurkjördæmis.

[19:53]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Á þessu ári höfum við minnst aldarafmælis heimastjórnarinnar, en jafnframt minnumst við þess að sextíu ár eru liðin frá lýðveldisstofnun á Þingvöllum árið 1944.

Það er auðvelt að hrífast með bjartsýni og hugrekki forustumanna hins unga lýðveldis þegar horft er til baka. Og staðreynd málsins er sú að okkur hefur tekist betur til við uppbyggingu þjóðfélagsins en nokkur þorði að vona á þeim tíma.

Það kemur nú í minn hlut að flytja stefnuræðu ríkisstjórnarinnar eftir breytingar á ríkisstjórninni sem urðu þann 15. september síðastliðinn. Ég vil við þetta tækifæri þakka Davíð Oddssyni utanríkisráðherra farsæla forustu í málum þjóðarinnar í meira en þrettán ár.

Á þessum tímamótum verða ekki breytingar á meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar, enda eru þau sett fram í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks fyrir kjörtímabilið allt. Frá því að flokkarnir hófu samstarf árið 1995 hafa orðið stórstígar framfarir í landinu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur vaxið stöðugt og samfleytt, atvinnuleysi minnkað, velferðarkerfið styrkst og hagur atvinnulífsins vænkast, svo nokkur atriði séu nefnd.

Það er því ekkert sem kallar á róttækar breytingar, þvert á móti er ástæða til að halda áfram á sömu vegferð.

Þrátt fyrir að góður friður hafi almennt verið á vinnumarkaði á undanförnum árum er þessi ræða flutt í skugga alvarlegs kennaraverkfalls. Stöðvun skólastarfs er mikið áfall fyrir heimilin í landinu. Ríkisvaldið er ekki aðili að deilunni, enda rekstur og yfirstjórn grunnskólans í höndum sveitarfélaganna. Ríkið og sveitarfélögin sömdu um yfirfærslu grunnskólans. Þeirri yfirfærslu fylgdu fullnægjandi tekjustofnar.

Stjórnarandstaðan hefur nú síðustu daga reynt að draga ríkisstjórnina inn í þessa deilu og sett fram þá kenningu að það sé á ábyrgð ríkisins að leysa úr ágreiningi samningsaðila. Það er ljótur leikur og mikill bjarnargreiði að vekja með því falsvonir og getur dregið úr því að samningsaðilar axli ábyrgð sína.

Nýverið undirrituðu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga sameiginlega yfirlýsingu þar sem þeir lýsa yfir eindregnum vilja til að vinna áfram að eflingu sveitarstjórnarstigsins. Sérstaklega verður litið til þeirra sveitarfélaga og svæða sem standa höllum fæti fjárhagslega, leitað orsaka og gerðar tillögur til úrbóta. Því fer vitaskuld fjarri að öll sveitarfélög séu illa stödd. Þar sem vandinn er fyrir hendi er hins vegar nauðsynlegt að grípa til aðgerða og tryggja eins vel og unnt er að sveitarfélögin verði nægilega öflug til að þau geti orðið við óskum íbúa og atvinnulífs um þjónustu til framtíðar.

Við stjórnmálamenn erum vanir að takast á um mál og sjá atburði liðinna ára í misjöfnu ljósi. Með sama hætti sjá menn framtíðina og möguleikana sem í henni felast með ólíkum hætti.

Framtíðarsýn núverandi ríkisstjórnar er skýr. Við viljum sjá meiri fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Við viljum sjá að í byrjun næsta kjörtímabils hafi kaupmáttur ráðstöfunartekna vaxið um 50% frá því að flokkarnir hófu samstarf. Við viljum sjá íslensk fyrirtæki sem öfluga þátttakendur í alþjóðlegu atvinnulífi. Við viljum sjá aukna erlenda fjárfestingu hér á landi. Við viljum taka vaxandi þátt í alþjóða-

samstarfi og axla þar ábyrgð. Við viljum fjölbreytta menntun sem gerir okkur kleift að standast vaxandi samkeppni og tileinka okkur nýjungar. Við viljum öflugt heilbrigðis- og velferðarkerfi sem öryggisnet fyrir fjölskyldur okkar og komandi kynslóðir.

Meginniðurstaða fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2005 er að áfram ríki stöðugleiki í efnahagslífinu þrátt fyrir aukin umsvif. Þetta er afrakstur þeirrar aðhaldssömu stefnu í ríkisfjármálum sem ríkisstjórnin hefur markað.

Líkt og undanfarin ár verður tekjuafgangi ríkissjóðs varið til greiðslu skulda. Samkvæmt þessum áformum lækka skuldir ríkissjóðs um þriðjung frá árinu 1998 til 2005, eða úr 41% af landsframleiðslu í 27,5%.

Í fjárlagafrumvarpinu er jafnframt lögð fram stefna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum fyrir árin 2005–2008. Sú stefnumörkun er afar mikilvæg í ljósi þeirra umfangsmiklu framkvæmda sem hafnar eru og gera kröfu um ábyrga en sveigjanlega hagstjórn og staðfestu í ríkisbúskapnum. Jafnframt er þessi stefna mikilvæg forsenda skattalækkunaráforma.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að lækka tekjuskatt einstaklinga um 4% á næstu þremur árum, úr 25,75% í 21,75%. Þegar sú lækkun verður að fullu komin til framkvæmda hefur tekjuskattur einstaklinga lækkað um 8,66 prósentustig frá árinu 1997. Jafnframt er ákveðið að afnema eignarskatt einstaklinga og lögaðila. Þá verða barnabætur hækkaðar. Nánari útfærsla á þessum tillögum verður kynnt með frumvarpi á Alþingi á næstunni. Enn fremur verður unnið að endurskoðun á virðisaukaskatti. Með hliðsjón af horfum í efnahagsmálum og tímasetningu stóriðjuframkvæmda er miðað við að skattalækkanir komi að mestu til framkvæmda í lok kjörtímabilsins.

Af hálfu framkvæmdanefndar um einkavæðingu er nú unnið að undirbúningi á sölu Landssíma Íslands hf. í samræmi við málefnasamning ríkisstjórnarinnar og fyrirliggjandi heimild Alþingis. Markaðsaðstæður eru nú taldar hagstæðar og því líklegt að ríkissjóður fái sanngjarnt og eðlilegt verð fyrir eign sína. Samhliða er unnið að því að þjónusta við almenning á þessu sviði verði góð og dreifikerfið bætt. Fyrir skömmu var af hálfu nefndarinnar auglýst eftir ráðgjafa við sölu Símans. Að því er stefnt að slíkur aðili verði ráðinn til verksins í nóvember á þessu ári. Hlutverk ráðgjafans verður að vinna með nefndinni að frekari undirbúningi og veita álit sitt á fyrirkomulagi sölunnar, stærð söluhluta og röð söluþátta. Þar sem þessi vinna tekur nokkurn tíma er ekki við því að búast að eiginlegt söluferli og sala hefjist fyrr en á fyrri hluta næsta árs.

Menntamál er sá málaflokkur sem mestu skiptir fyrir atvinnuþróun og uppbyggingu til framtíðar. Einungis örfá ríki verja meira til þessa málaflokks en við Íslendingar.

Á næstunni verður unnið að breyttri námsskipan til stúdentsprófs þar sem áhersla verður lögð á aukna samfellu í skólastarfi, allt frá leikskóla til loka framhaldsskóla, hvort sem um er að ræða bóknám, iðnnám eða starfsnám.

Forsenda þessara áforma eru þær miklu breytingar sem orðið hafa á skólakerfinu undanfarinn áratug. Þær veita tækifæri til breytinga sem meðal annars hafa í för með sér að námstími til stúdentsprófs styttist um eitt ár, án þess að í nokkru sé slakað á þeim kröfum sem gerðar eru til menntunar.

Háskólalíf í landinu stendur í miklum blóma. Námsframboð hefur aldrei verið meira og það sama má segja um fjölda háskólanema. Þetta er ánægjuleg þróun og til marks um að stefna ríkisstjórnarinnar um að efla menntun og rannsóknir í landinu hefur nú þegar skilað verulegum árangri. Þá stendur yfir endurskoðun á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna og á vettvangi menntamálaráðuneytisins verður unnið að undirbúningi lagasetningar um eignarhald á fjölmiðlum.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á öflugt velferðarkerfi. Á undanförnum árum hefur markvisst verið unnið að því að stytta biðlista fatlaðra eftir búsetu. Rýmum á sambýlum mun fjölga um 110 frá 2001–2005. Þar með verður biðlistum eytt. Sú stefna hefur verið mörkuð að tryggja fullnægjandi meðferðar- og búsetuúrræði fyrir geðfatlaða á árunum 2006–2010.

Heilbrigðisþjónustan er meginstoðin í þeirri samfélagsþjónustu sem víðtæk sátt er um í okkar samfélagi. Öflug heilbrigðisþjónusta fyrir alla landsmenn er kjarninn í velferðarkerfinu. Sú þjónusta á að standa öllum opin, óháð efnahag. Sjúklingar standa alltaf höllum fæti og sáttin um velferðarkerfið byggist ekki hvað síst á þeim almenna vilja að hjálpa þeim sérstaklega.

Við vitum að hreyfingarleysi og offita getur verið ávísun á sykursýki, hjartasjúkdóma og fleiri alvarlega sjúkdóma. Reykingar og áfengisneysla geta einnig haft gríðarlegar heilsufarslegar afleiðingar síðar á lífsleiðinni. Það er afar brýnt fyrir okkur að gefa gaum í meira mæli að samspili lífshátta og sjúkdóma.

Með þessu er ég vitaskuld ekki að halda því fram að sjúkir geti bara sjálfum sér um kennt og að hver sé í þeim efnum sinnar gæfu smiður. Fjarri því, enda hefur engin ríkisstjórn á lýðveldistímanum veitt jafnmikið fé til heilbrigðismála og sú sem nú situr.

Stjórnarandstaðan og hagsmunaaðilar deila á ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki staðið við fyrirheit við öryrkja. Staðreyndir málsins eru þær að sérstaða þeirra sem yngstir verða öryrkjar hefur verið viðurkennd með því að tvöfalda grunnlífeyri þeirra. Rúmum milljarði króna var varið til þessa verkefnis. Ekki nóg, ekki nóg, segir stjórnarandstaðan, og krefst frekari framlaga, og neitar að horfast í augu við umtalsverðan samfélagslegan vanda sem kann að vera að skapast vegna fjölgunar öryrkja.

Halda menn að fjölgun öryrkja um 50% á sex árum segi ekki til sín í bókhaldi Tryggingastofnunar ríkisins? Halda menn að þreföldun heildarbótagreiðslna til öryrkja á jafnlöngum tíma komi hvergi fram í útgjöldum ríkisins? Ætlast menn til að almenningur eða kjósendur trúi því, að einhver önnur ríkisstjórn hefði gert betur við þennan hóp?

Tölurnar tala sínu máli. Þreföldun heildarbótagreiðslna til öryrkja á sex árum er meira en nokkur önnur ríkisstjórn getur státað af.

Sjaldan eða aldrei hafa orðið örari breytingar á íslensku atvinnulífi en undanfarin ár. Á mörgum mörkuðum hefur samkeppni blómstrað þar sem hún var áður heft og útrás íslenskra fyrirtækja hefur tekið á sig myndir sem enginn sá fyrir.

Tillögur nefndar um íslenskt viðskiptaumhverfi liggja

nú fyrir. Til að bregðast við óæskilegum afleiðingum hringamyndunar og öðrum samkeppnishömlum telur nefndin nauðsynlegt að skerpa eftirlit með samkeppni á markaði, meðal annars með því að gera skipulag samkeppnisyfirvalda skilvirkara og veita meira fjármagn til þeirra. Tillögur nefndarinnar um stjórnhætti og félagarétt miða einkum að því að bæta minnihlutavernd, upplýsingagjöf og auka hluthafalýðræði.

Unnið verður að þessum breytingum á grundvelli tillagna nefndarinnar og umsagna um þær.

Aldrei áður hafa verið jafnmiklar framkvæmdir í samgöngumálum. Jarðgöng á Austurlandi eru að verða fullgerð og verða mikil samgöngubót. Hið sama má segja um jarðgöng til Siglufjarðar sem senn verður ráðist í. Tvöföldun Reykjanesbrautar er afar mikilsverð framkvæmd og á höfuðborgarsvæðinu er ekki síst nauðsynlegt að ganga frá áætlun um Sundabraut sem að hluta yrði einkaframkvæmd. Um leið er ljóst að framkvæmdir við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar eru mjög brýnar. Við eigum að líta á allar þessar mikilvægu framkvæmdir sem verkefni sem þarf að takast á við og leysa en stilla þeim ekki upp sem andstæðum.

Fjarskiptamál hafa verið í brennidepli síðustu vikur og mánuði. Fyrirhuguð sala á Símanum, hröð tækniþróun í dreifingu stafræns sjónvarps og samruni fjarskipta og fjölmiðlunar gera það enn nauðsynlegra en áður að stefna stjórnvalda á þessu sviði sé skýr. Nú er unnið að gerð fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005–2014.

Umhverfismál verða sem fyrr áherslumál. Framkvæmd stefnumótunar um sjálfbæra þróun sem ríkisstjórnin samþykkti árið 2002 verður endurmetin á næsta ári og undirbúningur að framkvæmd Kyoto-bókunarinnar árið 2008 heldur áfram með nýju stöðumati árið 2005.

Sérstök áhersla verður lögð á að styrkja náttúruvernd og málefni þjóðgarða og unnin landsáætlun um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Haldið verður áfram vinnu við rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þar sem lögð er áhersla á að afla sem bestra upplýsinga um náttúrufar.

Í landbúnaðarmálum leggur ríkisstjórnin áherslu á meiri aðlögunarhæfni íslensks landbúnaðar og að samkeppnisstaða hans verði styrkt til að mæta vaxandi erlendri samkeppni og uppfylla kröfur neytenda um hreinleika. Leitast verður við að tryggja framþróun landbúnaðarins með meiri sveigjanleika í greininni og aukinni áherslu á menntun, þróun og rannsóknir.

Frá því að kvótakerfið var tekið upp í sjávarútvegi hefur það tekið margvíslegum breytingum. Breytingarnar hafa miðað að aukinni hagræðingu í greininni og ekki síður að því að sætta ólík sjónarmið. Síðustu breytingar þar sem dagakerfið var lagt niður svo og upptaka veiðileyfagjalds eru hvorar tveggja ákvarðanir sem eru til þess fallnar að auka sátt um sjávarútveginn.

Einn af hornsteinum velferðar íslenskra fjölskyldna er að búa við öryggi í húsnæðismálum. Rík hefð er fyrir því hjá landsmönnum að eignast sitt eigið húsnæði. Íbúðalánasjóður hefur það hlutverk að stuðla að því með lánveitingum að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum á viðráðanlegum lánakjörum.

Það er afar ánægjulegt að bankar, sparisjóðir og lífeyrissjóðir eru farnir að bjóða sambærileg vaxtakjör og Íbúðalánasjóður. Um leið má spyrja hvað veldur. Ég dreg enga dul á þá skoðun mína að þær breytingar sem áttu sér stað með nýjum lögum um húsnæðismál valda þar mestu að ógleymdri einkavæðingu bankanna.

Félagsmálaráðherra mælir nú á haustþingi fyrir frumvarpi um 90% húsnæðislán að ákveðnu hámarki fyrir allan almenning hvar sem er á landinu.

Á liðnum vetri samþykkti ríkisstjórnin tillögu dómsmálaráðherra um að breyta skipulagi sérsveitar lögreglunnar og að hún skyldi efld á næstu árum. Unnið hefur verið í samræmi við það og verður fjölgað í sveitinni á næsta ári.

Efling sérsveitarinnar er í samræmi við alþjóðlega þróun. Ríkisvaldið þarf að gera meiri og öflugri ráðstafanir en áður til að tryggja öryggi hins almenna borgara. Viðbragðsáætlanir til að draga úr hættu á hryðjuverkum krefjast nýrra starfsaðferða til dæmis við flugvernd og siglingavernd. Alþjóðleg glæpastarfsemi teygir anga sína um heim allan og við henni þarf að bregðast. Verulegur árangur hefur náðst undanfarin ár í baráttu við þá sem smygla fíkniefnum til landsins. Ekki er síður nauðsynlegt að sporna við tilraunum til mansals og viðleitni óprúttinna aðila til að nýta sér neyð flóttafólks og hælisleitenda í eigin þágu.

Það þykir ekki lengur tíðindum sæta að Ísland taki að sér að vera í fyrirsvari á alþjóðavettvangi. Formennsku í Norðurskautsráði verður skilað í hendur Rússlands á ráðherrafundi í nóvember. Á næsta ári taka við ný verkefni í formennsku Eystrasaltsráðsins. Þetta er til vitnis um aukna burði til að axla ábyrgð á alþjóðavettvangi. Undirbúningur framboðs til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna er í góðum farvegi.

Traustar loftvarnir eru Íslandi ekki síður mikilvægar en öðrum þjóðum. Í þeim efnum treystum við áfram á varnarsamninginn við Bandaríkin. Í fyrirhuguðum viðræðum við Bandaríkin verður metið hvernig Íslendingar geta tekið aukinn þátt í rekstri Keflavíkurflugvallar enda hefur borgaralegt flug um völlinn aukist mikið á síðustu árum.

Herra forseti. Þótt stefna stjórnvalda skipti miklu um framfarir í þjóðfélaginu er það samspil ólíkra þátta sem ræður úrslitum. Frumkvæði einstaklinganna, vinnusemi fólksins, samvinna ólíkra hagsmuna og tiltrú á gæðum landsins eru dæmi um atriði sem skipta sköpum. Fáum dylst að tækifærin eru mörg og margvísleg og það er okkar að vinna úr þeim. Þótt tekist hafi að ná miklum árangri í sextíu ára sögu lýðveldisins mun enn frekar reyna á samstöðu þjóðarinnar á næstu áratugum. Þar kemur til meira frelsi, alþjóðavæðingin og byltingarkenndar breytingar.

Þeir menn sem stóðu í fylkingarbrjósti íslenskrar þjóðar að fengnu frelsi komu fram af metnaði og stórhug. Ekkert var sæmandi Íslandi og Íslendingum nema það besta. Íslendingar skyldu óhræddir skapa sér sess meðal annarra þjóða á jafnréttisgrundvelli. Þessa viðhorfs mátti sjá stað jafnt í alþjóðamálum, í atvinnumálum, í félagsmálum og menningarmálum. Eitt var þó það verk sem þeir vísuðu til komandi kynslóða. Það var endurskoðun stjórnskipunarinnar og ákvarðanir um framtíðarstjórnskipun Íslands.

Á liðnu sumri hvessti verulega í íslensku stjórnmálalífi. Nú þegar þeirri hríð hefur slotað er mikilvægt að við tökumst á hendur það verkefni sem aldrei hefur með fullnægj-

andi hætti verið leitt til lykta. Á því þingi sem nú fer í hönd þarf að hefja sameiginlegt starf allra flokka að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Í því starfi þarf að tryggja að löggjafarstarf Alþingis geti gengið fram með eðlilegum hætti, en einnig að tryggja lýðræðislegan rétt almennings til að fá fram atkvæðagreiðslur um mál sem miklu skipta. Þá þarf að skýra betur hlutverk forseta, Alþingis og ríkisstjórnar í stjórnskipuninni.

Þetta verkefni er vandasamt og miklu skiptir að þeir sem að því koma líti til þess af ábyrgð. Við þurfum líka að gæta þess að hin lýðræðislega uppbygging sé einföld og skýr, en týnist ekki í frumskógi formsatriða og formreglna.

Við endurskoðun hinna lýðræðislegu leikreglna þurfum við að hafa þetta í huga. Einungis þannig getum við verið trú þeim bjartsýna anda sem einkenndi lýðveldisstofnunina fyrir sextíu árum og hefur verið leiðarljós okkar æ síðan.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[20:16]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þetta var athyglisverð ræða. Hún var ekki síst athyglisverð fyrir það sem ekki stóð í henni. Hún rifjaði það upp að fyrir nokkru síðan flutti annar forsætisráðherra aðra ræðu, það var Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands. Hann upplýsti það í ræðu sinni að hann bæri ábyrgð á röngum og villandi upplýsingum sem hefðu að hluta til leitt til innrásarinnar í Írak. Og forsætisráðherra Bretlands baðst afsökunar á því.

Halldóri Ásgrímssyni urðu líka á þau skelfilegu mistök að hann átti þátt í því að Ísland var sett á lista yfir þær þjóðir sem studdu innrásina í Írak. Og Halldór Ásgrímsson upplýsti rétt eftir að hann varð forsætisráðherra að það hefði m.a. verið gert vegna þess að hann hefði fengið villandi upplýsingar. En Halldór Ásgrímsson baðst ekki afsökunar í ræðu sinni hér í kvöld. Í ræðunni nefndi hann Írak ekki einu orði og ræðu hans hérna í kvöld verður fyrst og fremst minnst fyrir eitt, fyrir þögnina um Írak, fyrir þögnina um gereyðingarvopnin sem aldrei fundust, fyrir þögnina um ábyrgð Íslands, fyrir þögnina um ábyrgð hans sjálfs. Hvernig má það vera að nýr forsætisráðherra sem er að halda sína fyrstu stefnuræðu eyðir ekki orði til að ræða stöðu mála í Írak og þá ábyrgð sem við berum á því. Ég dreg þá ályktun eina af þessu, góðir Íslendingar, að skömm ríkisstjórnarinnar yfir þessu máli sé slík að sjálfur forsætisráðherrann skýlir sér í þögninni.

Við vitum öll að Írak er núna þjóð sem er sundurtætt af stríði og blóðsúthellingum. Bara í síðustu viku dóu 30 börn í Bagdad. Og þegar saklaust barn deyr í Bagdad þá ber ég sem Íslendingur mína ábyrgð á því, þá berum við, ég og þú sem ert að horfa eða hlusta, okkar ábyrgð. Það er sárt að finna til hennar og mér finnst það stundum þyngra en tárum taki. En ábyrgð okkar varð til vegna þess að ríkisstjórn Íslands tók ákvörðun um það að Ísland skyldi styðja innrásina. Og það var á því sem Halldór Ásgrímsson átti að biðjast afsökunar á í ræðu sinni í kvöld.

Við getum síðan, áheyrendur góðir, velt því fyrir okkur hvers konar lýðræði það er þegar tveir einstaklingar, tveir forustumenn geta tekið svo skelfilega ranga ákvörðun fyrir hönd heillar þjóðar — án þess að þurfa að spyrja nokkurn einasta mann. Í þessu speglast hin nýja meinsemd íslenskra stjórnmála. Lýðræðið hefur í reynd vikið fyrir nýju valdformi sem við köllum sum hver „ráðherraræði". Ríkinu er núna stjórnað með tilskipunum valdsherranna, lögum er þröngvað í gegnum þingið stundum í trássi við raunverulegan meiri hluta. Embættum er úthlutað eftir pólitískum hagsmunum, stundum í andstöðu við lög, ríkisfyrirtæki eru seld flokksgæðingum eða þá notuð í einkastríði við menn og fyrirtæki.

Auðvitað þekkjum við öll dæmin sem höfum tekið þátt í störfum hér í þessum sal. Ráðherraræðinu tókst næstum því að þröngva í gegn ólögum um fjölmiðla hér fyrr á árinu, lögum sem obbi þjóðarinnar var á móti, lögum sem u.þ.b. enginn þingmaður — ekki heldur í liði stjórnarinnar — hafði sannfæringu fyrir, og það var málskotsréttur forseta lýðveldisins sem þá bjargaði lýðræðinu í horn.

Hvernig bregst ráðherraræðið við því? Jú, nú ætla þeir líka að afnema málskotsréttinn, eða ég gat a.m.k. ekki lesið annað út úr þeirri ræðu sem forsætisráðherrann flutti áðan. Meira að segja síðasta vörn borgaranna, Hæstiréttur, er að komast undir hæl ráðherraræðisins. Þangað eru frændurnir skipaðir, þangað eru bridsfélagarnir skipaðir, jafnvel þó að lög séu þverbrotin, eins og jafnréttislög voru fyrr á þessu ári.

Ráðherraræðið birtist líka í einkavæðingunni þar sem Framsóknarflokkurinn fékk að ráðstafa vinum sínum öðrum ríkisbankanum og þar með milljarðagróða. Ráðherraræðið birtist líka í því að Sjálfstæðisflokkurinn misbeitir ríkisfyrirtækjum til að mynda blokk með Skjá 1 í sínu endalausa stríði við Norðurljósin. Þetta er meinsemdin, misbeiting pólitísks og efnahagslegs valds í stjórnmálum. Og ef menn voga sér að standa uppi í hárinu á ráðherraræðinu og hlýða sannfæringunni eins og stjórnarskráin þó býður okkur þá er þeim refsað grimmilega. Spyrjið Kristin H. Gunnarsson, sem situr hér í þessum sal — enn þá a.m.k.

Ráðherraræðið hefur í reynd tekið þingið í gíslingu, framkvæmdarvaldið allt er í höndum þess og það er komið með krumlurnar í dómstólana líka. Hvar er þá þrískipting ríkisvaldsins sem okkar lýðræðislega form á að byggjast á?

Ég verð að segja að dapurlegast af öllu finnst mér þó vera hlutskipti Framsóknarflokksins. Mér finnst að í öllum málum sé Framsókn að verða eins og ljósrit af Sjálfstæðisflokknum; Írak, fjölmiðlalögin, málskotsrétturinn, skattarnir, Hæstiréttur.

En í einu er þó munur. Meira að segja Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki hafnað því að lög verði sett um fjárreiður flokkanna, eins og reyndar öll stjórnarandstaðan vill. Það strandar bara á einum flokki, á Framsóknarflokknum. Er ekki kominn tími til að Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins, segi það klárt og kvitt við hvað Framsóknarflokkurinn er hræddur? Af hverju má ekki setja lög um fjárreiður flokkanna?

Góðir Íslendingar. Í þessu ljósi tel ég það afskaplega brýnt að skapa almenningi og skapa Alþingi möguleika á að veita ríkisstjórnum stóraukið aðhald. Við þurfum að gera það með því að taka upp þjóðaratkvæðagreiðslur, við þurfum að gera það með því að taka upp opnar rannsóknarnefndir og við þurfum líka að veita það aðhald sem felst í því að segja skýrt í stjórnarskrá að sameiginlegar auðlindir

okkar, ekki síst auðlindirnar í hafinu, séu þjóðareign alveg eins og Þingvellir, og við þurfum líka að setja það í stjórnarskrá að landið verði eitt kjördæmi.

Þetta eru þær áherslur sem flokkur jafnaðarmanna, Samfylkingin, flytur inn í þá endurskoðun stjórnarskrárinnar sem hér er boðuð. En við segjum líka annað. Við segjum: Það á ekki að loka þá endurskoðun inni í þröngum hópi, forskriftin á ekki að koma úr Stjórnarráðinu. Stjórnarskráin kemur okkur öllum við og þess vegna er það m.a. hlutverk okkar þingmanna að virkja þjóðina, virkja þjóðina alla til þess að fjalla með opnum hætti um það hvernig á að breyta stjórnarskránni. Það er lýðræði.

Góðir Íslendingar. Mér til vinstri handar situr fjármálaráðherrann. Það er árviss viðburður á hverju einasta hausti að þá þenur fjármálaráðherrann stélið í fjölmiðlum og bregður upp glansmynd af rekstri ríkisins þegar hann kynnir áformin í fjárlögum. En það er því miður sorgleg staðreynd að glansmyndir fjármálaráðherrans, glansmyndir Geirs Haardes, standast ekki veruleikann.

Á árunum 2000–2003 var samanlögð framúrkeyrsla í ríkisútgjöldum hvorki meira né minna en 113 milljarðar miðað við frumvarpið. Fjármálaráðherrann var ábyrgur fyrir því að á hverju ári var að meðaltali keyrt 28,3 milljarða fram úr áformunum sem hann leggur til í fjárlagafrumvörpunum. Á þessum sama tíma ætlaði fjármálaráðherrann líka að skila 75 milljörðum í afgang á ríkissjóði en hann brotlenti stéllaus með 10 milljarða halla í fanginu. Ég óska hæstv. fjármálaráðherra til hamingju með nýjustu áformin.

En gallinn við áætlanir Geirs H. Haardes er átakanlegur. Þær hafa tilhneigingu til að vera víðs fjarri raunveruleikanum.

Góðir Íslendingar. Á síðustu árum hafa verið verulegar umræður um skattalækkanir og Samfylkingin telur að það sé svigrúm á næstu missirum og árum til að lækka skatta. En við viljum nota það svigrúm til þess að byrja að lækka skatta á þeim sem minnst hafa og mest þurfa á liðsinni að halda. Þess vegna vill Samfylkingin byrja á að nota þetta svigrúm til þess að lækka matarskattinn um 5 milljarða og við viljum afnema stimpilgjöld. Þannig vill Samfylkingin styðja við bakið á barnafjölskyldum og hún vill liðsinna þeim sem eru þessa dagana að endurfjármagna húsnæðislánin og eru að borga hundruð þúsunda í stimpilgjöld.

Þetta vill ríkisstjórnin ekki. Hún ætlar hins vegar að nota 4–5 milljarða til þess að lækka tekjuskatt þannig að þeir fá mest sem hafa mest, þeir fá minnst sem hafa minnst og þeir — og þeir eru til — sem eru svo illa settir í þjóðfélaginu að þeir borga enga skatta, þeir fá náttúrlega ekkert í sinn hlut.

Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar gefa ofurforstjórunum, eins og forstjóra Landssímans, eina sólarlandaferð í hverjum mánuði meðan grunnskólakennari í verkfalli fær einn bleyjupakka á mánuði. Ríkisstjórnin er þess vegna að gefa hátekjumönnum milljarða í skattalækkanir meðan hún svíkur samning við öryrkja, sem hún gerði sjálf, svo að nemur hálfum milljarði. Hæstv. forsætisráðherra spurði hérna áðan: Halda menn að önnur ríkisstjórn hefði gert betur? Halldór Ásgrímsson, við hefðum staðið við orð okkar. Við hefðum aldrei svikið öryrkja eins og þið eruð að gera.

Við jafnaðarmenn erum stoltir af því að við höfum átt þátt í því að byggja upp ríkt samfélag. En við vitum samt að það eru göt á velferðarkerfinu. Við vitum að við þurfum að gera betur, miklu betur við öryrkja, miklu betur við suma í hópi aldraðra, betur við einstæð foreldri. Og þetta er það sem við sem sitjum hér í þessum sal og tilheyrum mismunandi flokkum eigum að starfa saman að á næstu árum. Við eigum að nota svigrúmið sem er að verða til til þess að byggja upp samfélag samhjálpar og jöfnuðar. Og það getum við ef við reynum.

Góðir Íslendingar. Forsætisráðherrann gat þess réttilega að þessar umræður um hans fyrstu stefnuræðu færu fram í skugga alvarlegs verkfalls. Við vitum öll í hjarta okkar að kennarar eiga skilið að fá betri kjör en þeir hafa. Við höfum öll treyst þeim fyrir því sem er dýrmætast í lífi okkar — sem eru börnin okkar — við vitum öll að þetta verkfall þarf að leysa og það er hægt að leysa. En til þess þarf atbeina ríkisvaldsins.

Forsætisráðherrann sagði að það væri ljótur leikur að benda á þá staðreynd að ríkið bæri ábyrgð í þessu máli. En það er staðreynd. Núverandi ríkisstjórn breytti skattkerfinu þannig fyrir örfáum missirum að sveitarfélögin voru svipt fjármunum, sem þau hefðu ella getað notað til að komast hjá verkfalli. Þessi ríkisstjórn skapaði líka fordæmi þegar hún samdi við sína eigin kennara um kjör sem grunnskólakennarar eru núna að nota sem viðmiðun. Ríkisstjórnin verður þess vegna að axla ábyrgð og það gerir hún best með því að semja um betri og sanngjarnari tekjur handa sveitarfélögunum. Sveitarfélögin verða að geta staðið undir grunnþjónustu í samfélaginu eins og grunnskólunum.

Talað var um vald og ábyrgð í ræðu forsætisráðherra. Öllu valdi fylgir ábyrgð. En þeir sem fælast sína eigin ábyrgð eins og forsætisráðherra gerði í kvöld, eins og fjármálaráðherra hefur verið að gera undanfarna daga og menntamálaráðherra líka, eiga ekki að stjórna ríkinu. Það eru nógir aðrir til þess. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[20:29]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er óneitanlega tilbreyting að koma hér eftir að hafa flutt sautján stefnuræður í röð óbundinn af fyrir fram ákveðnum texta og mega spjalla við þingmenn og þjóðina laus við það. Að því sögðu vil ég leyfa mér á þessum vettvangi að óska hæstv. forsætisráðherra til hamingju með hans mikla starf og þakka honum flutning á athyglisverðri og efnismikilli stefnuræðu.

Ég vil líka geta þess að það æxlaðist þannig að aðeins voru fáeinir dagar til stefnu áður en húsbóndaskipti urðu í Stjórnarráðinu eða forsætisráðuneytinu. Ég hafði stefnt að því að fá forustumenn stjórnarandstöðunnar til að hitta mig saman en fyrirvarinn var það stuttur og menn dreifðir þannig að það náðist ekki. Erindið var tvíþætt. Annars vegar að þakka þeim hlýjar kveðjur sem mér höfðu borist frá þeim vegna persónulegra atvika sem orðið höfðu og hins vegar að þakka þeim samstarf við mig sem forsætisráðherra. Þetta kann að koma hlustendum á óvart vegna þess að það sem þeir hafa séð helst til stjórnarandstöðunnar er að hún hefur ráðist harkalega á mig sem er hluti af hennar starfsskyldum. Ég býst við að ef reikningarnir væru gerðir upp væru dálkarnir sjálfsagt svipaðir, debet- og kreditmegin því ég hef fengið að svara fyrir mig. Það sem blasir hins

vegar ekki við á hverjum degi er það að forustumenn stjórnarandstöðunnar og forsætisráðherra, hver sem hann er, eiga margvíslegt ágætt samstarf og verða að eiga það og fyrir það vil ég þakka.

Ég vil einnig leyfa mér að nefna til sögunnar orð forseta Íslands á þessum vettvangi fyrir fáeinum dögum þar sem hann lét falla mjög vinsamleg og hlýleg orð í minn garð vegna þeirra breytinga sem orðið hafa. Það var þannig og er þannig að allra manna mest á opinberum vettvangi hafa forsætisráðherra og utanríkisráðherra samskipti við forseta Íslands og einkum þó forsætisráðherra. Menn vita að ég átti sem forsætisráðherra ágætt samstarf og mjög gott við frú Vigdísi Finnbogadóttur í upphafi starfsferils míns. En menn hafa hins vegar verið að gera því skóna, bæði í skrifum og dálkum og í spjallþáttum spekinganna að það kunni að vera að samstarf mitt við núverandi forseta hafi verið miklu lakara og slakara og erfiðara. Í rauninni er ekkert athugavert við slíkar spekúlasjónir og þær eru eðlilegar vegna þeirrar fortíðar sem báðir mennirnir áttu hvor á sínum stað. En það hefur samt sem áður verið þannig að samstarf mitt við núverandi forseta sem forsætisráðherra hefur verið með miklum ágætum og vil ég þakka honum fyrir það.

Auðvitað get ég ekki annað en nefnt að einn skugga hefur borið á það samstarf en við það ætla ég ekki að dvelja hér, ekki vegna þess að ég óttist það að ef ég dvel lengur við það atriði, þá fái menn einhvern fiðring í fæturna og hlaupi út úr salnum heldur vegna þess að ég tel að afstaða mín liggi ljós fyrir og hún sé þekkt, auk þess sem Halldór Blöndal, hæstv. forseti þingsins, hefur auðvitað með sínum hætti, myndarlegum og afgerandi, eins og hans er von og vísa, gætt stöðu og virðingar Alþingis.

Í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra bar auðvitað á því að ríkisstjórnin hyggst hér eftir sem hingað til leggja ofurkapp á að varðveita stöðugleikann vegna þess að það er mikilvægast til lengdar fyrir alla sem þessa þjóð mynda.

Fjármálaráðherra hefur nýlega kynnt fjárlagafrumvarp með 11 milljarða kr. afgangi. Formaður Samfylkingarinnar gerði heldur lítið úr því áðan. Og þannig hefur verið að fréttamenn hafa verið að stilla upp myndum í sjónvarpi sem gætu sýnt það að þarna væri ekki allt sem sýndist þegar sýndur væri fjárlagaafgangur af þessu tagi, því þegar ríkisreikningurinn væri síðan tekinn og fjárlögin borin saman við ríkisreikninginn kæmi allt önnur mynd, þá blasti allt önnur mynd við. Mér dettur ekki í hug að fréttamennirnir séu vísvitandi að fara með rangt mál í þeim efnum eða draga upp villandi mynd en þannig gæti þetta blasað fyrir þeim sem ekki þekkja til. En hér er um tvo ólíka hluti að ræða og ríkisreikningurinn með þessum hætti gefur ekki neina þá mynd sem menn mundu geta ætlað og síðasti ágæti ræðumaður dró þá ályktun sem hann dró af.

Það er nefnilega þannig að þegar ríkisreikningurinn kemur og margvísleg óregluleg gjöld eru færð teknamegin og gjaldamegin inn í þá bók og ýmis önnur gjöld, til að mynda ráðstöfun á þeim afgangi sem varð í fjárlögunum, þá gefur það allt aðra mynd en fjárlagafrumvarpið sýndi. Afgangurinn var auðvitað til staðar. Það sem menn sjá mest í þeim efnum sem staðreynd er hvernig hann hefur síðan verið notaður. Hvernig hefur þessi afgangur verið notaður? Til að mynda til þess að setja 70 milljarða kr. inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til að bjarga því gati sem þar var og tryggja stöðu hans. Það hefði ekki verið hægt að gera nema af því að þessi afgangur var til staðar en ekki í mínus eins og hér var haldið fram.

Það hefur einnig verið gert með því að byggja upp eiginfjárstöðu Seðlabankans um milljarða króna til þess að styrkja bankann til að bregðast við sveiflum í efnahagslífinu.

Í þriðja lagi hefur það verið gert með þeim hætti, eins og hæstv. forsætisráðherra vék athygli á, að lækka skuldir ríkisins miðað við landsframleiðslu úr 41% niður í 27%. Þessir þættir eiga allir rót sína í þeim mikla afgangi sem menn hafa skilað á fjárlögum undir forustu hæstv. fjármálaráðherra ár eftir ár eftir ár, þannig að sú mynd sem sá ágæti þingmaður sem áðan flutti ræðu dró upp er ekki algerlega sanngjörn.

Ég er afskaplega ánægður með að fá tækifæri til að glíma við þá starfsemi sem utanríkisráðuneytið leggur þeim ráðherra sem þar vélar um á herðar. Utanríkismál eru auðvitað afskaplega áhugaverður málaflokkur auk þess sem utanríkismál nú orðið, eins og menn vita, fléttast meira og minna saman við innanríkismál eins og málin hafa þróast, bæði vegna þess að alþjóðavæðingin hefur orðið til þess að samþættingin er meiri og svo auðvitað hin venjulegu og vaxandi samskipti einstaklinga og fyrirtækja langt út yfir landamæri, langt út fyrir atbeina ríkisvaldsins á hverjum tíma. Þannig er nú komið að segja má að það séu næsta óglögg skil á milli utanríkismála og innanlandsmála í mörgum greinum og gera má ráð fyrir því að það fari vaxandi. En það breytir ekki því að þó þetta sé reyndin og muni auðvitað aukast þá er sérstaklega ánægjulegt verkefni að mega standa vörðinn fyrir land sitt og þjóð í samskiptunum út á við. Það er og verður mikilvægt verkefni og hver maður sem fær það verkefni á að vera þakklátur fyrir það og það er ég auðvitað.

Slík varðstaða á sér stað á margvíslegum vettvangi, bæði á vettvangi Evrópumála, norrænna mála og alþjóðamála yfirleitt. Jafnframt lýtur þessi varðstaða að hinum mikilvægu öryggishagsmunum landsins. Öryggishagsmunir hverrar þjóðar eru hornsteinn í stefnu hennar, verða að vera það. Við vitum að um öryggismál landsins er deilt í þessum sal og sýnist hverjum sitt. Ríkisstjórnin vill tryggja varnir með þeim hætti sem hún hefur gert grein fyrir og hæstv. forsætisráðherra vék áðan að. Við viljum hafa traust og öflugt samstarf við Bandaríki Norður-Ameríku á þeim vettvangi innan þeirra marka og í tengslum við þau vébönd sem Atlantshafsbandalagið setur.

Ég tel að þær viðræður sem fóru fram fyrr á þessu ári muni auðvelda okkur að tryggja þá samninga sem fram undan eru við Bandaríkin um varnarmálin þó að varlegast sé að tímasetja þá þætti ekki að þessu sinni.

Hv. ræðumaður sem áðan talaði varði drjúgum hluta ræðutíma síns í að fjalla um Írak. Út af fyrir sig er það ekkert undarlegt vegna þess að ég sá að það hafði verið blaðamannafundur um samstöðu stjórnarandstöðunnar og samvinnu og það eina sem út úr því hefur komið enn þá er samvinna um Írak. Það var það eina sem þeir gátu sameinast um sem er nógu fjarri heimahögunum. En Írak er auðvitað stórt og mikið mál og auðvitað er sjálfsagt að ræða það og

verður gert í þessum sal í vetur, hygg ég. Þannig er að af 800 byggðarlögum í Írak er friður í 795 byggðarlögum. Það er mikill óróleiki í 4–5 byggðarlögum. Sú er breytingin sem hefur orðið frá því sem áður var að óttanum hefur verið bægt burtu úr þessum 795 byggðarlögum. Þar á fólkið von, líka litlu börnin sem áður dóu vegna vanrækslu og þess háttar. Þar eiga þau núna von. Vonin var ekki fyrir hendi áður en vonin var sköpuð. Einum versta harðstjóra aldarinnar var bægt í burtu og hýstur þar sem hann á heima. Þess vegna er þar áfram von. Þess vegna hljótum við að vera stolt yfir því að hafa haft atbeina að því að þessi þróun yrði. Konur eiga nú von í þessu landi sem þær áttu enga áður. Allt þetta hefur gerst og menn geta ekki annað en verið stoltir yfir að hafa tekið þátt í því. Auðvitað harma menn þau hermdarverk sem þar eru unnin núna, að sjálfsmorðssprengjur og annað þess háttar skuli enn vera til staðar á nokkrum stöðum í þessu hrjáða landi. En ég tel að íslenska ríkisstjórnin hafi tekið skynsamlega ákvörðun miðað við þá þætti sem þar lágu fyrir hendi þegar hún ákvað að taka þátt í því með yfir 30 öðrum ríkjum að bægja þessum harðstjóra á brott og auðvitað var vitað að við mundum gera það að litlu leyti fyrir okkur en taka þátt í öðrum þáttum síðar meir. Þetta verða menn að hafa í huga.

Að öðru leyti, þar sem tími minn er senn þrotinn, þakka ég áheyrendum góðum fyrir að hlýða á mál mitt og óska eftir góðu samstarfi við þingheim allan í því starfi sem ég á vonandi fram undan hér í þinginu í vetur.

[20:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég get gert þá játningu að mér létti verulega þegar ég hafði lesið stefnuræðu Halldórs Ásgrímssonar því ég sá það að bragði að ég þyrfti ekki að bregða út af vana mínum hér við upphaf umræðna af þessu tagi. Ég get svo sannarlega sagt að þetta er einhver aumasta stefnuræða sem ég hef lengi heyrt og alveg ógrugglega sú lélegasta sem núverandi forsætisráðherra hefur flutt, enda reyndar hans fyrsta. Það má því segja að það leggist lítið fyrir þá sem hafa brotið trúnað og lekið út efni ræðunnar í tvennum skilningi. Þeir hafa gert sig litla og af litlu tilefni. En að þessu gamni slepptu vil ég auðvitað nota tækifærið og færa nýjum forsætisráðherra árnaðaróskir, sömuleiðis nýjum umhverfisráðherra og fyrrverandi forsætisráðherra í nýju hlutverki sömuleiðis. Við fögnum því sérstaklega að hafa Davíð Oddsson utanríkisráðherra sprækan hér á meðal okkar í kvöld og í hópi ræðumanna.

Ég get tekið undir margt af því og allt auðvitað sem hann sagði um samstarf okkar stjórnarandstæðinga og hans sem forsætisráðherra. Það hefur gengið á ýmsu og oft verið stormasamt en eitt er víst að það hefur aldrei verið leiðinlegt að eiga við Davíð Oddsson. Harðar deilur vorsins og sumarsins eru mönnum að sjálfsögðu í fersku minni. Því miður virðast stjórnarliðar lítið hafa af þeim lært ef marka má t.d. upphaf þingsetningarinnar á föstudaginn var þegar þingforseti, Halldór Blöndal, setti þingið með miklum tilþrifum og kaus að nota þingsetningarfund í beinni sjónvarpsútsendingu þar sem hann hafði einn orðið til þess að hjóla beint í þessi brennheitu deilumál sumarsins með afar hlutdrægum hætti og hefja málflutning fyrir hinum vonda málstað ríkisstjórnarinnar í fjölmiðlamálinu sem síðar breyttist í raun og veru í stjórnarskrármál með því ferli sem hófst frá og með 2. júní sl. þegar 26. gr. stjórnarskrár lýðveldisins var virkjuð í fyrsta sinn. Ég lýsi því yfir fyrir mitt leyti að ég er albúinn til þessarar umræðu hafi stjórnarliðar sérstakan áhuga á því að rifja hana upp og halda henni áfram. Og það hrekur mig ekki einu sinni af hólmi þó að Morgunblaðið hafi af einhverjum hvötum tekið sér það hlutverk að vera einhvers konar „fúllbakk" í vörn ríkisstjórnarinnar, liggja endilangt í öftustu vörn og hreinsa stanslaust út af. Hitt get ég játað að ég hefði svona fyrir fram búist frekar við því að litlu karlarnir, litla fólkið sem leitaði linnulaust í sjö vikur að undankomuleiðum til þess að þurfa ekki að horfast í augu við dóm þjóðar sinnar, kysu frekar að gleyma þessu öllu saman heldur en hefja þinghaldið á að rifja það upp. En verði þeim að góðu.

Um innihald þessarar stefnuræðu þarf ekki að hafa svo mörg orð. Ræðan er að mestu leyti fremur gerilsneydd upptalning á því sem ráðuneytin hyggjast afreka. Það hefur verið límt saman upp á gamla móðinn. Vandræðin ef einhver eru virðast í hugarheimi hæstv. forsætisráðherra fyrst og fremst vera stjórnarandstöðunni að kenna. Það erum t.d. við sem gætum spillt því að það semjist í kennaradeilunni. Það er andinn í umfjöllun hæstv. forsætisráðherra um það mál. Og það á að vera okkar uppfinning að ríkisstjórnin hafi svikið sína samninga við öryrkja. Staðreyndirnar tala sínu máli í báðum þessum málum. Fjárhagsleg spennitreyja sveitarfélaganna er staðreynd og það er ekki einhver uppdiktun stjórnarandstöðu. Hin harða kjaradeila í hverrar skugga við tölum hér saman er líka staðreynd. Sömuleiðis er það staðreynd að ríkisstjórnin gerði samning við öryrkja, einhvers konar aflausnarsamning eftir allar illdeilurnar sem hún hafði troðið við þá rétt fyrir kosningar 2003. Nú reyna menn að kalla þetta viljayfirlýsingu. Nú eru menn allir á hlaupum frá innihaldi samningsins en það er ekki lengra síðan en í fyrra sem ábyrgðaraðilar hans töluðu um áfanga í því að efna hann að fullu. Og það er heldur nöturlegt að sjá menn svo lúbarða færa sig á aftasta bekkinn eins og hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson er að gera þessa dagana.

Fyndnasta setningin í ræðunni er þó sennilega á bls. 2. Þar segir:

„Líkt og undanfarin ár verður tekjuafgangi ríkissjóðs varið til greiðslu skulda."

Er það tekjuafgangurinn í fyrra eða hittiðfyrra? Hver var hallinn þá, 8 milljarðar eða svo á hvoru ári fyrir sig?

Auðvitað er það rétt sem hæstv. utanríkisráðherra kom inn á, að það þarf að horfa til þess hvernig fjármunum hefur verið varið innan ársins. En ef ekki væri stórfelld sala á eignum ríkisins undanfarin ár þá væri útkoman ekki björguleg hjá hæstv. fjármálaráðherra Geir H. Haarde.

Auðvitað eru það ekki orð á blaði og allra síst sjálfshól og auglýsingaskrum sem mestu máli skiptir þegar til kastanna kemur. Það eru verkin sem sýna merkin. Geðþekki félagshyggjuflokkurinn í stjórnarandstöðu úr verðlaunaauglýsingunum fyrir kosningarnar 2003, hvað er hann? Það er gamli Framsóknarflokkurinn, í stjórn með íhaldinu að framfylgja stefnu þess og virðist láta sér vel líka.

Tökum skattamálin. Hver er stefnan í skattamálum? Að

lækka sérstaklega skatta á hátekjufólk. Það er sama stefna og Bush hefur. Þeir eiga fleira sameiginlegt með Bush, Davíð Oddsson, Halldór Ásgrímsson og ráðuneyti þeirra, heldur en brennandi áhuga á ónefndum utanríkismálum. Þeir eru með sömu skattapólitík. Sá er að vísu munurinn að í Bandaríkjunum er það beinlínis viðurkennt og því sérstaklega lofað að lækka skatta hinna tekjuhæstu. En hér er reynt að fela það. Staðreyndin er sú að skattalækkanir eru efnahagslegt óráð við þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir þegar áhyggjur manna eru umfram annað af verðbólgu og viðskiptahalla, velferðarmálin eru svelt og skólarnir geta ekki tekið við nýjum árgöngum. Ef ríkissjóður er aflögufær, er þá ekki nær að nota það svigrúm til að lagfæra stöðu sveitarfélaganna sem rekin eru með halla og bullandi skuldasöfnun ár eftir ár? Hvort er betra innlegg í þróun velferðarsamfélagsins á Íslandi, að lækka skatta hátekjufólks eða nota opinbera fjármuni til að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum, eins og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum barist fyrir?

Það er reyndar svo, herra forseti, að það er furðulega lítil umræða á Íslandi um þróun þjóðarbúskaparins og erlenda skuldasöfnun. Ég heyrði hvorugan málsvara stjórnarflokkanna nefna það á nafn hér áðan. Það er engu líkara en það sé í gangi þjóðarsamsæri um að allir ljúgi því að öllum að það sé allt í himnalagi og veislan geti haldið áfram endalaust. Hvað veldur þeirri miklu meðvirkni skal ósagt látið en það er eins og ansi margir hugsi: Flýtur á meðan ekki sekkur og meðan ég hef gott út úr hlutunum þá er best að tala ekki um ástandið.

Staðreyndin er sú að nú stefnir í 65 milljarða viðskiptahalla á þessu ári. Áætlunin er upp á 104 milljarða kr. á næsta ári og 140 milljarða kr. 2006. Hvað þýðir þetta? Yfir 300 milljarða kr. uppsafnaðan viðskiptahalla á þremur árum, ef þessar áætlanir ganga eftir. Hvað er það? Það eru rúmlega ein fjárlög ríkisins. Það á að reka íslenska þjóðarbúið með halla út á við á þessu ári og tveimur næstu sem nemur rúmlega heilum fjárlögum. Hver er greiðslubyrðin af því? Hverjir eru vextirnir og afborganirnar bara af þeim þriggja ára viðskiptahalla, ef svo heldur sem horfir? Það er ekki þannig að hægt sé að útskýra þetta með lántökum vegna stóriðjuframkvæmda. Þær skýra tæplega helminginn af þessu. Afgangurinn er aukin skuldasöfnun íslenskra heimila, atvinnulífs og sveitarfélaga. Þau eru þó skuldsett fyrir. Íslensk heimili náðu því vafasama meti, líklega fyrir einu eða tveimur árum síðan að verða þau skuldugustu í heimi. Skuldir þeirra stefna nú óðum í 200% af ráðstöfunartekjum.

Hvað gera menn við þessar aðstæður? Jú, hinir ábyrgu einkavæddu bankar ýta undir einkaneyslu. Ríkisstjórnin lækkar skatta, hellir olíu á eldinn. Einn rær á móti þessum þunga straumi, aumingja Seðlabankinn og baksast við að hækka stýrivexti. Auðvitað er hundleiðinlegt að fara með þessar tölur. Auðvitað er miklu skemmtilegra að panta meira kampavín og halda veislunni áfram, lofa skattalækkunum, reka ríkissjóð með því að selja eignir og hala inn á viðskiptahalla á meðan hann varir, á meðan menn hafa lánstraust. En staðreyndin er sú að það er ekkert hættulegra stöðugleika og lífskjörum í landinu en hinar gríðarlegu hreinu erlendu skuldir þjóðarbúsins. Hugsum okkur þann dag, sem er því miður handan við hornið ef svo heldur fram sem horfir, að hreinar erlendar skuldir íslenska þjóðarbúsins verði eitt þúsund milljarðar kr. Þá þurfa menn ekki doktorspróf í stærðfræði til að átta sig á því hvaða fjárhæðir t.d. 10% gengisfelling eða 1% hækkun erlendra raunvaxta færir til í samfélaginu. Þeir sem eru að reyna að skapa traustar forsendur fyrir langtímakjarasamninga ættu að velta því samhengi fyrir sér.

Kannski er þó smánarlegasta málið í farteski ríkisstjórnarinnar og í forsendum fjarlagafrumvarpsins svikin við öryrkja sem ég nefndi áðan. Það er ömurlegt að sjá tilburði ríkisstjórnarinnar til að drekkja þeim svikum í umfjöllun um vaxandi fjölda öryrkja. Til hvers er sá leikur gerður? Eiga þeir sem hafa misst starfsorkuna undanfarin missiri að skammast sín sérstaklega? Eiga þeir að hafa samviskubit, hæstv. forsætisráðherra? Eiga þeir að koma og skila bótunum? Nei, eigum við ekki að reyna að ræða þetta á efnislegum forsendum?

Reyndin er sú að fjöldi öryrkja á Íslandi í dag er enn hlutfallslega lítill, t.d. í norrænum samanburði. Slæmt atvinnuástand og vaxandi harka á vinnumarkaði sem öryrkjar hafa mætt undanfarin ár skýrir að mínu mati þá breytingu sem þar er orðin en ekki eitthvað annað. Eða hvað er verið að gefa í skyn?

Ég hefði gjarnan viljað koma inn á mesta utanríkismálahneyksli síðari ára, einhliða ákvörðun Halldórs Ásgrímssonar og Davíðs Oddssonar um að lýsa yfir stuðningi við hið ólögmæta árásarstríð gegn Írak. Ég vitna til þess að fyrir liggur tillaga okkar í stjórnarandstöðunni um að þau mál verði gerð upp og það fyrr en síðar.

Að lokum segi ég, góðir áheyrendur: Það er mikil þörf á því að taka til, bæði efnislega og huglægt, í íslenskum stjórnmálum. Það er orðin mikil þörf á breytingum. Það eitt vitum við og yfir því getum við glaðst að með hverjum deginum sem líður erum við þó einum degi nær því að losna við þessa þreyttu ríkisstjórn. Þegar af þeirri ástæðu er ástæða til að þakka fyrir hvern dag sem okkur auðnast líf og heilsa til að að sjá það renna upp.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[20:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Góðir Íslendingar. Ég óska nýjum forsætisráðherra til hamingju og vona að þjóðin njóti verkanna. Sömu von ber ég til starfa Alþingis þótt fyrsta ræða forseta Alþingis hafi valdið vonbrigðum á þingsetningardegi, þar sem ekki er hefð til andsvara frá okkur þingmönnum. Það er að verða venja hjá forustumönnum ríkisstjórnarinnar að nota hátíðisdaga og hátíðarhöld til að koma af stað ósætti milli mestu valdamanna okkar og forseta Íslands, m.a. í tengslum við aldarafmæli heimastjórnar.

Ráðamenn vilja ekki ræða feluákvarðanir sínar í þeirri hörmung að gera okkur að staðföstum eða viljugum árásarsinnum. Því miður horfum við daglega upp á hörmungar fólks, dauða, limlestingar og barnamorð. Íraksstríðið er óskapnaður sem ber að stöðva. Öll aðkoma okkar var á röngum forsendum. Stjórnarandstaðan vill aðra ákvörðun. Hún vill út af lista þeirra staðföstu og viljugu.

Í stefnuræðunni segir að atvinnuleysi hafi minnkað. Bet-

ur að satt væri. Vinnan, vefrit ASÍ, kom út á föstudaginn. Þar var upplýst um eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Atvinnuástandið í landinu er enn mjög slæmt. Fjöldi atvinnulausra hefur heldur aukist frá sama tíma í fyrra. Helmingur allra atvinnulausra er undir 35 ára aldri og þriðjungur er langtímaatvinnulaus, þ.e. hefur verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur. Bæði þessi hlutföll hafa hækkað síðustu ár."

Telur ráðherra að ASÍ fari með rangt mál? Þar að auki hefur fólki á örorkubótum fjölgað. Það er m.a. afleiðing þess að meiri kröfur eru gerðar á vinnumarkaði til viðveru og afkasta launþega. Fatlaðir og veikburða fá síður vinnu.

Næsta fullyrðing ræðunnar er að velferðarkerfið hafi verið styrkt. Benedikt Davíðsson og fleiri þjóðkunnir eldri borgarar upplýstu á föstudag í Morgunblaðinu um þróun ráðstöfunartekna ellilífeyrisþega með tekjur úr lífeyrissjóði upp á tæpar 46 þús. kr. á mánuði. Við þá upphæð hefur ríkisstjórnin ákveðið að tekjutryggingarauki lífeyrisþegans falli niður. Frá árinu 1995 fylgja greiðslur almannatryggginga ekki launaþróun. Þær væru rúmlega 16 þús. kr. hærri ef fylgt hefði verið þróun lágmarkslauna. Dæmið um ellilífeyrisþegann með 110.500 kr. brúttó fyrir skatta töldu þeir að næði til hátt í 30% allra ellilífeyrisþega og að eftir skatta hefðu rauntekjur lækkað um 7 þús. kr. á mánuði.

Fyrirhuguð lækkun tekjuskatts um 4%, eins og ríkisstjórnin boðar nú, minnkar að þeirra mati tekjuskerðinguna aðeins um 1.500 kr. Persónuafslátturinn hefur rýrnað og skattleysismörk eru nú rúmlega 71 þús. kr. en ættu að vera tæpar 100 þús. kr., hefðu þau haldið verðgildi sínu sl. einn og hálfan áratug. Er nema von að Benedikt Davíðsson, Ólafur Ólafsson og Einar Árnason spyrji hvort horfa eigi fram hjá þeim sem hafa lægri tekjur, eins og þróunin hjá þeim komi engum við? Hverju ætlar ráðherra að svara? Fara mennirnir með fleipur? Fullyrðingar ráðherra standast ekki rök ASÍ sem segir að atvinnuleysi hafi aukist.

Fulltrúar eldri borgara telja að velferðarkerfið hafi versnað frá árinu 1995, á valdatíma framsóknarráðherra í tryggingamálum. Skattastefna Sjálfstæðisflokksins er sérhönnuð til að létta skattbyrði þeirra sem hæstar hafa tekjurnar. Hátekjuskattinn skal fella niður en fjölga skal þeim láglaunuðu sem skulu fátækir, nauðugir og jafnvel svangir borga skatta. Persónuafslátturinn hefur lækkað markvisst og ekki haldið raungildi sínu. Þannig fjölgar skattgreiðendum á lágum launum.

Framsóknarmenn, með sumt fólk í fyrirrúmi, hafa glaðir og fylgispakir við Sjálfstæðisflokkinn gengið á hlut þeirra tekjulægri eins og dæmin sanna. Ef í þingflokki þeirra heyrist kristin rödd um að fólkið hafi gleymst, og krónum til framfærslu fækkað, þá er betra að hafa liðið, „já-liðið" án þeirra. Það hefur verið lærdómsríkt fyrir fólkið í landinu, einkum lýðræðisþenkjandi, félagssinnaða, eldri framsóknarmenn sem trúa á byggð í landinu öllu, að heyra fyrrverandi lærifeður og skólamann Hjálmar Árnason, hv. þingflokksformann, lýsa því undanfarið hvernig fer í ástlausum hjónaböndum í liðinu. Þau er einfaldlega ekki á vetur setjandi enda kalt hjá liðinu. Ástareldurinn er slokknaður, enda körlum og konum vart treystandi í liðinu, sem nú stjórnast af járnaga Sjálfstæðisflokksins.

Hagur atvinnulífsins er að vænkast, fullyrðir ráðherrann. Hann hefur verið með hugann við suðvesturhornið og Austfirði undanfarið. Á ferðum sínum hefur hann vafalaust séð fjölgun ferðamanna en þar með er það að mestu upptalið, þar sem hagurinn er að vænkast.

Verð sjávarafurða hefur lækkað. Þorskkvótar og uppsjávarkvótar hafa minnkað. Olía hefur hækkað, sjómönnum fækkað og laun þeirra lækkað. Fiskvinnslufólki hefur fækkað, bændum fækkað og tekjur þeirra lækkað. Sláturhúsum fækkað. Störfum iðnaðarmanna í vélsmiðjum og verkstæðum fækkað. Rækjuvinnslum fækkað. Rækjuveiðiskipum fækkað. Innfjarðarrækjuveiðar lagst af og hörpuskel einnig. Árangur af kvótakerfinu er enginn. Skuldir sjávarútvegsins hafa vaxið. Bændur og sjómenn gerast leiguliðar að atvinnurétti. Land- og sægreifarnir eiga réttinn.

Hvað er þá að vænkast? Jú, fjármagnið græðir sem aldrei fyrr og bankar og fjárfestingarsjóðir bólgna út og sækjast eftir að geyma fé sitt á 1. veðrétti. Útrásin, fjármagnið fer úr landi.

Hagurinn er að vænkast sums staðar á landi hér, en alhæfing um batnandi hag atvinnulífsins sem heyrist í ræðu forsætisráðherra er blekking. Forsætisráðherra segir að ekkert kalli á róttækar breytingar. Sú fullyrðing lýsir takmörkuðum áhuga á stórum hluta landsbyggðar. Þvert á móti er rík ástæða til að skoða aðra vegferð í mörgum málum en þá sem ríkisstjórn kvótabrasksflokkanna vill fara. Stóreignamönnum er leiguliðinn arðsamur. Leiguliðahlutverkið á ekki að verða framtíð ungs fólks til sjávar og sveita í hefðbundnum undirstöðuatvinnugreinum þessa lands. Hvað gerist þegar launþeginn vill ekki vinna þau störf? Á þá að leita til útlanda eftir láglaunafólki til þess að erja landið, rækta miðin og stunda fiskveiðarnar?

Þakka þeim sem hlýddu.

[21:02]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Það var ánægjulegt að sjá hve vel hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra hefur náð sér á strik og er kominn hér meðal okkar. Mig langaði að gera athugasemd við eitt í ræðu hans, það sem kom fram um að ekki væri rétt að bera saman ríkisreikning og fjárlagafrumvarpið. Ég ætla að spyrja: Hvað eigum við þá að bera saman? Mér er spurn. Fróðlegt væri að fá að heyra það hjá sjálfstæðismönnum sem koma hér á eftir. Hvað eigum við að bera saman?

Talsverð tíðindi urðu þann 15. september sl. þegar nýr umhverfisráðherra tók til starfa. Ég vil nota tækifærið hér og óska Sigríði Önnu Þórðardóttur alls velfarnaðar í starfi. Ég á von á því að hún skili þar góðu starfi.

Önnur tíðindi urðu líka þann 15. september. Tveir ráðherrar höfðu stólaskipti, þ.e. foringjarnir tveir í stjórnarflokkunum. Ekki er að vænta mikilla umskipta við þau skipti, enda nær ómögulegt að greina nokkurn minnsta mun á pólitísku viðhorfi foringjanna ef frá er skilið að annar þeirra vill stundum og stundum ekki ganga í Evrópusambandið. Það er einnig orðið mjög erfitt að greina einhvern mun á stjórnarflokkunum tveim, sérstaklega eftir að búið er að gera óþekka þingmanninn óvirkan. Óþekki þingmaðurinn leyfði sér við og við að viðra eigin viðhorf sem voru foringjunum ekki þóknanleg. Flokkarnir eru nú algjörlega

sameinaðir í flestum málum, svo sem því að styðja árásina á Írak, að hafa óbreytt kvótakerfi, horfa fram hjá vanda sjávarbyggðanna, skipta opinberum fyrirtækjum og bönkum á milli velunnara flokkanna, leyna bókhaldi eigin flokka, standa að vafasömum embættisveitingum í æðstu stöður landsins, skerða tjáningarfrelsi ítrekað með fjölmiðlafrumvörpum og ríkisvæða Skjá 1, auka miðstýringu landbúnaðarins og auka útgjöld ríkisins. Hver veit nema flokkarnir sameinist í einn stóran kvótaflokk til sjávar og sveita? Ég tel það líklegra en hitt eftir að hafa hlýtt hér á stefnuræðu forsætisráðherra.

Af stefnuræðunni má ráða að allt sé í miklum blóma í stjórn ríkisins. Kennaradeilan kemur ríkisstjórninni nánast ekkert við ef marka má orð forsætisráðherra en þó hlýtur það að vera algjör afneitun að halda því fram að svo sé, sérstaklega í ljósi þröngrar fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Forsætisráðherrann er í fleiri málum í algjörri afneitun og blekkingu, svo sem þegar hann talar um að breytingar sem gerðar voru á fiskveiðistjórnarkerfinu til hins verra væru til þess að auka einhverja sátt. Breytingarnar sem urðu við að setja trillurnar inn í kvótakerfið munu án efa koma niður á Norðvesturkjördæminu, og hvatinn til brottkasts eykst. Það er eins og að maðurinn trúi því að með því að fara með sömu lygina nógu oft fari fólk að trúa henni.

Auðvitað hef ég vissan skilning á því að guðfaðir kvótakerfisins, sjálfur forsætisráðherra, vilji að þjóðin sættist við kerfi sem hann hefur auðgast á. Það er mikill barnaskapur að ætla að þjóðin sættist við kerfi sem skilar helmingi minni þorskafla á land en fyrir daga kerfisins. Hvers vegna í ósköpunum ætti þjóðin að gera það?

Utanríkisþjónustan hefur þanist út undanfarin ár. Má rekja fjáraustrinn til persónulegs metnaðar ráðherra. Það er ekki nokkurt vit í því að verja mörg hundruð milljónum í einhverja kosningabaráttu til þess að fá sæti í öryggisráðinu. Þessi sóun á almannafé hefur verið gagnrýnd. Henni er svarað með enn frekari útgjöldum og höfuðið bitið af skömminni með því að skipa fjölda nýrra sendiherra. Þar af eru nokkrir sem er ekki einu sinni ætlað að starfa í utanríkisþjónustunni.

Helsta og nánast eina vandamálið sem forsætisráðherra sér í ríkisbókhaldinu er öryrkjarnir. Hann virðist hafa tekið upp þann sið forvera síns að fara með ófriði á hendur öryrkjum. Ríkisstjórninni virðist þykja mikill manndómur í því að svíkja og pretta öryrkja landsins og helst mæta þeim reglulega í dómsölum. Staðreyndir málsins eru skýrar, ríkisstjórnin hefur ekki efnt samkomulag sem hún gerði við öryrkja fyrir síðustu kosningar. Ráðherrann sem gerði samkomulagið fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands hefur ítrekað viðurkennt að stjórnvöld hafi ekki enn staðið við sinn hlut. Enn fremur hefur hann upplýst að hægri hönd hans við frágang samkomulagsins var enginn annar en Halldór Ásgrímsson. Í stað þess að reyna að afsaka svikin með fjölgun öryrkja ætti forsætisráðherra að hafa manndóm í sér til að svara því hvers vegna fötluðum standi ekki lengur til boða nein störf í þessu landi, frekar en þúsundum annarra atvinnulausra. Hann ætti að hafa kjark til að hefja máls á því gerbreytta atvinnustigi sem hver einasti viti borinn maður veit að er ástæðan fyrir því að öryrkjum hefur fjölgað síðustu árin. Dettur nokkrum virkilega í hug að einhver trúi því að öryrkjar geti fótað sig á vinnumarkaði þar sem þúsundir fullfrískra einstaklinga ganga um án fastrar atvinnu, sumir mánuðum og jafnvel árum saman?

Ríkisstjórnin hunsar að sinna landsbyggðinni. Þegar bent er á augljósan vanda hinna dreifðu byggða byrjar nánast alltaf sami söngurinn, um Kárahnjúka og ál. Það er orðið löngu tímabært að stjórnvöld átti sig á því að uppbygging á Austfjörðum gagnast lítt Siglfirðingum, Skagfirðingum, Húnvetningum og Vestfirðingum. Sumar aðgerðir stjórnvalda beinast beinlínis gegn hagsmunum íbúanna, svo sem gerræðisleg lokun landbúnaðarráðherra á sláturhúsinu í Búðardal. Stefna hans mun án nokkurs efa verða til þess að verð á kjöti mun hækka til neytenda.

Ein aðgerð er augljós fyrir Norðvesturkjördæmið sem forsætisráðherra hefur lofað að beina sjónum sínum að en það er að afnema gjaldið í Hvalfjarðargöngin. Stjórnvöld ættu að vera löngu búin að því.

Forsætisráðherra rifjaði upp anda sjálfstæðisbaráttunnar þegar menn töldu ekkert sæmandi Íslandi og Íslendingum nema hið besta. Ég get tekið heils hugar undir það. Þess vegna á Ísland svo sannarlega skilið betri ríkisstjórn en nú er við völd.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:09]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Umgjörðin öll um vinnu hér á Alþingi að stefnumálum ríkisstjórnarinnar og öðrum þingmálum er annars vegar þingsköpin og stjórn þingsins og hins vegar stjórnarskráin. Um stjórnarskrána verður að vera þokkalegur friður ef takast á að sinna þeim störfum sem við þingmenn erum fyrst og fremst kjörin til. Alþingismenn bera allir sameiginlega ábyrgð á að viðhalda tiltrú almennings og virðingu fyrir löggjafarsamkomunni. Alþingismönnum ber líka sameiginlega að standa vörð um hlut Alþingis, lagasetningarvaldsins gagnvart öðrum þáttum ríkisvaldsins og þar fer eðlilega fremstur forseti Alþingis.

Atburðarás og átök nú í sumar sýndu, svo sem hæstv. forsætisráðherra gat um í ræðu sinni, þörfina fyrir að ráðast í endurskoðun stjórnarskrárinnar, hinna lýðræðislegu leikreglna íslensks samfélags. Við þá endurskoðun verðum við að gæta þess að láta ekki stundarhagsmuni eða deilumál líðandi stundar villa okkur sýn. Stjórnarskráin er ein heild og ákvæði hennar verður að lesa hvert með öðru. Með því að slíta einstök ákvæði hennar og orð úr samhengi má lesa út úr stjórnarskránni allt aðra stjórnskipun en lengstum hefur ríkt almenn sátt og eindrægni um á Íslandi, bæði meðal fræðimanna og almennings.

Þrískipting ríkisvaldsins er grunnur stjórnarskrárinnar og lýðræðisins. Við þurfum vissulega að tryggja að löggjafarstarf á Alþingi geti gengið fram með eðlilegum hætti, en við þingmenn vinnum ekki afmarkað heit að því að verja löggjafarvaldið, vald og verksvið Alþingis, heldur vinnum við heit að stjórnarskránni allri. Þar með talið vinnum við heit að grundvelli hins lýðræðislega þjóðskipulags, þrískiptingu áhrifa og valds í samfélaginu, sjálfstæði hvers þessara þátta, eftirlits og aðhalds hvers þeirra með hinum.

Stjórnarskráin þarf áfram sem hingað til um mörg ókomin ár og áratugi að vera grunnurinn að sátt í íslensku

samfélagi og grunnurinn að samheldni þjóðarinnar, hverjir svo sem fara með meiri hlutann á hinu háa Alþingi eða skipa æðstu stöður framkvæmdarvaldsins.

Herra forseti. Lýðræðið krefst auk alls annars fulls jafnræðis karla og kvenna. Jafnréttismálin svífa nú yfir vötnunum, undir og yfir og allt um kring. Ríkisstjórnin og meiri hlutinn hér á Alþingi styður hugmyndafræði svokallaðrar samþættingar á sviði jafnréttismála sem þýðir að á öllum stigum stefnumótunar og ákvarðana hins opinbera skuli taka tillit til jafnréttissjónarmiða og áhrif þeirra metin á konur og á karla, þar með talin í stefnumótun ríkisstjórnarinnar og líka við framkvæmd fjárlaga.

Í raun er ekki við löggjafarvaldið að sakast í þessum efnum. Aukinn fæðingarorlofsréttur karla, eitt mesta framfaraspor síðustu ára í baráttunni fyrir jafnræði kynjanna, var í raun síðasta hindrunin fyrir fullu lagalegu jafnrétti karla og kvenna og þingheimur allur stóð á síðasta þingi líka einhuga að því að samþykkja jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára.

Konur eru að ákveðnu leyti hryggjarstykki íslensks nútímasamfélags. Íslenskar konur eru í dag 65% allra þeirra sem ljúka háskólanámi. Þær skila meiri vinnu utan heimilis en hjá öllum öðrum vestrænum þjóðum og íslenskar konur eiga fleiri börn að meðaltali en allar aðrar konur innan OECD, að albönskum konum frátöldum. Allt þetta hefur mikið vægi fyrir efnahagslega afkomu þjóðarinnar; fyrir aldurssamsetninguna, mannauðinn sem menntunin er grunnurinn að og líka vinnuframlag kvenna.

Gallup-könnun frá í fyrra sýnir að 84% allra svarenda telja að konur standi verr að vígi en karlar í íslensku samfélagi. Tölfræðin sýnir okkur líka óumdeilt hversu langt við eigum í land.

Kynbundinn launamunur er viðvarandi. Það er aðeins einn kvenforstjóri og einn kvenstjórnarformaður í 50 stærstu íslensku fyrirtækjunum. Það eru einungis tvær konur í ráðuneytisstjórastöðu. Enn eru aðeins tvær konur af níu dómurum Hæstaréttar. Að því ógleymdu að konum á þingi fækkaði við síðustu kosningar. Að mínu mati eru þetta allt saman staðreyndir og kennimerki lýðræðisskorts. Það eru ýmsir sem merkja í þessari umræðu bakslag á allra síðustu árum og missirum.

Í orði er full sátt um þýðingu þess og mikilvægi fyrir samfélagið að konur jafnt og karlar komi að allri stefnumótun og ákvarðanatöku. Í rauninni er staðan sú að jafnréttismál sem heiti á málaflokki virðast í allri umræðu orðin léttvægari en þau hafa lengi verið. Það eru allt of oft konur sem eru að ræða við aðrar konur um þessi málefni án aðkomu eða áhuga karla á fundum og ráðstefnum þar sem hlutirnir eru ræddir. Það hefur líka ýmis misskilningur náð fótfestu í samfélaginu, eins og sá að kynjakvótar og aðrar leiðir til að tryggja aukna aðkomu og þátttöku kvenna snúist fyrst og fremst um að hampa og hossa minna hæfum, frekum og framagjörnum konum á kostnað hæfari karla.

Viðfangsefnin eru bæði gömul og ný en þau eru hvorki mjúk né léttvæg. Ég nefni, herra forseti, bara tvö dæmi; afnám kynbundins launamunar, kröfuna um sömu laun fyrir sömu vinnu, og mansal. Það er langt þarna á milli og mörg mikilvæg mál. Það er óumdeilt að aukinn hlutur kvenna hefur skilað okkur stórauknum áherslum og árangri á öllum sviðum velferðarmála. Konur eiga heiðurinn af því að stjórnmál fóru fyrir alvöru að fjalla um mál sem snúast um það fyrst og fremst að ala upp nýta þjóðfélagsþegna.

Góðir áheyrendur. Baráttan fyrir jafnrétti kynjanna er pólitík sem snýst um lýðræði, pólitík sem snýst um almannaheill. Frekari árangur í þeirri baráttu næst ólíklega fyrr en annaðhvort karlar fara að beita sér af fullum þunga við hlið kvenna eða þegar konur með stuðningi og fulltingi kjósenda skipa ekki færri valda- og áhrifastöður en karlar í íslenskri pólitík. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:16]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í upphafi valdaferils nýs forsætisráðherra er við hæfi að óska honum velfarnaðar í störfum fyrir land og þjóð. Ekki veitir af því að ágreiningurinn kraumar sannarlega undir í samstarfi flokkanna og ólíklegt að ríkisstjórnin starfi út kjörtímabilið. Niðurstaða síðustu kosninga var krafa um breytingar, krafa um að afnema misréttið í þjóðfélaginu, krafa um að styrkja landsbyggðina, krafa um að taka á óréttlætinu í kvótakerfinu en ekki um óbreytta valdasetu stjórnarflokkanna þar sem límið var hrossakaup um forsætisráðherrastólinn. Stólaskiptin eru bara stólaskipti og boða engin ný tímamót, ferskleika eða réttlæti inn í íslenskt samfélag. Stólaskiptin eru aðeins enn ein spegilmynd valdhrokans og ráðherraræðisins í landinu sem aftur og aftur er beitt og þar er oddvitum stjórnarflokkanna ekkert heilagt.

Einir og án samráðs við þing og þjóð setja þeir þjóð sína á bekk með þeim þjóðum sem studdu innrás Bandaríkjanna í Írak og skipunarvaldi er miskunnarlaust misbeitt til að geta einkavinavætt Hæstarétt. Það er ekkert annað en ógn við lýðræðið þegar forusta stjórnarflokkanna skeytir orðið ekkert um valdmörk þrískiptingarvalds í landinu og þverbrýtur leikreglur lýðræðisins. Forseta Alþingis var líka meira sæmandi að verja þingið fyrir yfirgangi framkvæmdarvaldsins en að misnota aðstöðu sína á þingsetningardegi með ósæmilegri atlögu að forseta og synjunarvaldinu sem forseti Íslands fer með í umboði þjóðarinnar.

Herra forseti. Samfylkingin hefur lagt til að rannsókn fari fram á þróun valds og lýðræðis, m.a. með það að markmiði að greina breytingar sem orðið hafa á valdmörkum í þrískiptingu ríkisvaldsins, líka að mat sé lagt á hvaða áhrif mikil tilfærsla valds, eigna og fjármagns hefur haft og muni hafa fyrir afkomu þjóðarbús, velferðarþjónustu, heimila og atvinnulífs.

Þeirri breytingu sem orðið hefur í atvinnu- og fjármálalífi á umliðnum árum má raunar líkja við byltingu. Útrás stórra valdablokka hefur fylgt gífurlegt fjármagnsflæði milli landa og skipta ákvarðanir seðlabanka Evrópu nú orðið meira máli fyrir afkomu þessara fyrirtækja en ákvarðanir Seðlabanka Íslands. Fjárfestingar nokkurra valdablokka í atvinnulífi og á fjármagnsmarkaði eru það miklar að fáir hefðu gert sér það í hugarlund fyrir aðeins örfáum árum. Hvaða einkunn svo sem menn vilja gefa þessari þróun þá hefur fylgt henni gífurleg eigna- og valdatilfærsla í þjóðfélaginu, einkum nú í upphafi 21. aldarinnar. Athyglisvert er að á myndunum í fjölmiðlum, sem þjóðinni birtast nær daglega af körlunum í svörtu jökkunum sem skipta á milli sín

valdi og fjármagni í þjóðfélaginu, vantar konurnar. Sú spurning er áleitin hvort hlutur kvenna í valdapíramídanum í atvinnu- og efnahagslífi minnki í þeirri byltingu sem nú gengur yfir fjármála- og atvinnulíf.

Víða hefur slíkri þróun líka fylgt vaxandi misrétti í kjörum og stéttaskiptingu. Glöggt má t.d. sjá hana í álagningu skatta á þessu ári sem sýnir að 1% þeirra ríkustu í landinu höfðu að meðaltali 88% sinna árstekna í fjármagnstekjum eða um 54 milljónir hver þeirra og einungis 7 milljónir í launatekjur. Þannig greiða þeir ríkustu á þessu ári einungis 12% af heildartekjum sínum til samfélagsins meðan fólk með lágar og meðaltekjur greiðir af sínum heildartekjum að meðaltali 25–27%.

Samfylkingin mótmælir því að með skattalækkun ríkisstjórnarinnar eigi enn að hygla þeim sem mest hafa fyrir. Þannig mun helmingur af þeim 5 milljörðum sem renna eiga í skattalækkanir á næsta ári, eða 2,5 milljarðar kr., fara í vasa 25% tekjuhæstu skattgreiðendanna en nánast ekkert til þeirra 25% í hópi hinna tekjulægstu. Ekkert á því að fara til þeirra 18–20 þúsund Íslendinga sem búa við kjör undir fátæktarmörkum. Ríkisstjórnin ætlar heldur ekki að hætta okurinnheimtu á stimpilgjöldum og fólk skal áfram greiða tvisvar stimpilgjald af sama láni við endurfjármögnun lána. Þannig hirðir ríkið af fólkinu ávinninginn af vaxtalækkun fasteignalána, en þessi okurinnheimta skilaði ríkisjóði nú í september 127% meiri tekjum en í september árið 2003.

Viðvarandi atvinnuleysi 5–6 þúsund manns er líka mikið áhyggjuefni og það svíður að sjá hve erfitt uppdráttar ungt fólk og fólk yfir 50 ára á oft á vinnumarkaði. Harkan og meiri kröfur á vinnumarkaði í kjölfar alþjóðavæðingar og mikilla umbreytinga í atvinnulífinu bitnar líka með fullum þunga á öryrkjum og er ein skýring þess að mikið fjölgar í hópi öryrkja og langtímaatvinnulausra.

Við forsætisráðherra segi ég: Þetta ástand á vinnumarkaðnum leysir ekki ríkisstjórnina undan loforðum hennar við öryrkja fyrir síðustu kosningar. Ríkisstjórnin skuldar öryrkjum 500 milljónir kr. og þær ber að greiða undanbragðalaust. Allt annað er svik við öryrkja og ekki verður séð hvernig heilbrigðisráðherra verður sætt í ráðherrastól.

Góðir Íslendingar. Hér er stjórnað af ósanngirni og óréttlæti. Því mun Samfylkingin breyta. Þess vegna þarf hún stuðning og styrk þjóðarinnar. Það skiptir nefnilega máli hverjir stjórna fyrir þá sem vilja sanngirni og réttlæti í fyrirrúmi við landstjórnina. — Góðar stundir.

[21:24]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Landið, sagan og tungan sameina okkur Íslendinga. Við erum stolt þjóð, meðvituð um að fara vel með þessar gersemar og skila þeim til komandi kynslóða.

Vægi umhverfismála hefur vaxið mjög í stjórnmálaumræðu. Augljóst er að þau eiga eftir að fá enn meiri athygli á næstu árum. Menn gera sér æ betur grein fyrir því hve samofin umhverfismál og velferðarmál eru. Velgengni fyrirtækja ræðst í auknum mæli af því hversu vel þau hugsa um umhverfisáhrif starfseminnar og við erum sífellt að sjá betur að ástand umhverfismála er vaxandi áhrifaþáttur á rekstur og útgjöld samfélagsins. Hér skal minnt á að um 40% af þeim gerðum sem teknar hafa verið inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið varða umhverfismál.

Þegar staða okkar Íslendinga í umhverfismálum er borin saman við stöðu margra annarra vestrænna þjóða blasir við að við erum um margt öfundsverð. Hér er hlutfall endurnýjanlegrar orku í orkubúskap landsins það hæsta sem þekkist. Mengun er tiltölulega lítil og í landinu er að finna einstaka náttúru og víðerni fjarri byggð sem nútímamaðurinn sækir í vaxandi mæli til afþreyingar. Þessa sérstöðu ber okkur að nýta til að styrkja samkeppnisstöðu landsins í framtíðinni en um leið til að sýna öðrum þjóðum fordæmi í umhverfisvernd og framkvæmd sjálfbærrar þróunar.

Náttúruverndaráætlun 2004–2008 var samþykkt hér á þinginu í vor. Mikil vinna er nú fram undan á vegum umhverfisráðuneytisins og stofnanna þess að hrinda henni í framkvæmd. Nefnd skipuð fulltrúum þingflokka skilaði síðastliðið vor tillögum um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls. Niðurstöður sýna að það er verkefni sem í dag getur skapað góðan arð og efnahagslegan ávinning ef rétt er á málum haldið. Þau áform sem unnið er að með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs vitna um stórhug og metnað og eru raunar af stærðargráðu sem ekki þekkist í öðrum Evrópulöndum. Skaftafellsþjóðgarður eftir stækkun verður einn og sér stærsti þjóðgarður Evrópu.

Afar mikilvægt er að ljúka rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma svo að heildarsýn fáist yfir alla helstu virkjanakosti í landinu og áhrif þeirra á umhverfið. Á þann hátt verða til grunnupplýsingar sem gera okkur fært að samræma vernd og nýtingu orkuauðlinda þjóðarinnar á sjálfbæran hátt í framtíðinni.

Á næsta ári verður á umhverfisþingi fjallað um framkvæmd metnaðarfullrar stefnu ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun frá árinu 2002. Mikilvægt er að fulltrúar allra sviða samfélagsins, atvinnulífs, einstaklinga og stjórnvalda komi að undirbúningi og að umhverfisþing 2005 treysti í sessi sjálfbæra þróun í landinu. Ég legg áherslu á að þar verði vandað til verka.

Á alþjóðavettvangi verða varnir gegn mengun hafsins áherslumál okkar sem fyrr, en mikil þörf er á því að þjóðir heims taki fastar höndum saman um aðgerðir gegn mengun frá landi sem víða um heim veldur nú vaxandi hnignun í vistkerfi hafsins með afar óæskilegum áhrifum á efnahag og samfélög fjölmargra ríkja. Íslensk stjórnvöld hafa sýnt forustu á þessu sviði á alþjóðavettvangi og er mikilvægt að halda því áfram. Stefna Íslands í málefnum hafsins sem ríkisstjórnin samþykkti í vor leggur þar góðan grundvöll.

Íslendingar fullgiltu Kyoto-bókunina árið 2002 og nú eru vaxandi líkur á því að hún komi til fullra framkvæmda árið 2008. Í vetur gefum við skýrslu um stöðu loftslagsmála hér á landi til skrifstofu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna, en skuldbindingar Íslands taka gildi 2008. Nú er að ljúka stórri úttekt á loftslagsbreytingum á vegum Norðurskautsráðsins. Niðurstöður þeirra rannsókna verða formlega lagðar fram á ráðherrafundi í Reykjavík nú í nóvember og munu eflaust vekja athygli alls heimsins.

Umhverfisráðuneytið er yngsta ráðuneyti Stjórnarráðsins, stofnað árið 1990. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í ríkisstjórn frá 1991 og tekið þátt í því að efla þennan málaflokk og styrkja ráðuneytið með því að færa þangað verk-

efni. Vert er að rifja upp að Sjálfstæðisflokkurinn beitti sér fyrstur flokka fyrir því að koma umhverfismálum undir einn hatt innan Stjórnarráðsins í kjölfar starfs nefndar sem Geir Hallgrímsson, þáverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, skipaði árið 1975. Formaður nefndarinnar var Gunnar G. Schram heitinn prófessor og síðar þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Frumvarp þessa efnis var lagt fram á þingi árið 1977 en náði ekki fram að ganga.

Það er ánægjulegt að Sjálfstæðisflokkurinn tók við ráðuneytinu í september í haust. Í minn hlut kemur að axla þá ábyrgð sem embættinu fylgir. Forveri minn hefur unnið gott starf og ég tek við góðu búi. Að gefnu tilefni bið ég þingmenn og landsmenn alla að efast ekki um það eina stund að ég geri mér fulla grein fyrir alvörunni sem við blasir og hversu þýðingarmikið er fyrir heill þjóðar og heims að trúlega sé staðið að þeim stóru verkum vinna þarf í þessum efnum í framtíðinni. Umhverfismálin skipta óendanlegu máli fyrir velferð þjóðarinnar. Ég mun nálgast það ábyrgðarmikla hlutverk sem mér er falið af virðingu, varfærni og auðmýkt. — Góðar stundir.

[21:30]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ég tek undir árnaðaróskir sem hér hafa verið færðar nýjum umhverfisráðherra, Sigríði Önnu Þórðardóttur. Sömuleiðis velfarnaðaróskir til hæstv. forsrh., Halldórs Ásgrímssonar, og Davíðs Oddssonar á nýjum vettvangi.

Nýskipaður forsætisráðherra fær auðvitað málefnalega mótstöðu hjá stjórnarandstöðunni eins og hér hefur þegar verið sýnt í ræðum þingmanna stjórnarandstöðunnar. Hann talaði í ræðu sinni, sem var að mínu mati nokkurs konar stikkorðaflaumur, um tækifærin sem við okkur blasa. Tækifærin sem byggja á frumkvæði fólks og vinnusemi auk trúar okkar á landsins gæði. Hann sagði líka að við sæjum framtíðina og möguleikana sem í henni felast í ólíku ljósi. Vissulega gerum við það. Það er ástæðan fyrir því að við erum ekki öll í Framsóknarflokknum.

Ráðherrann talaði um fjölbreytt atvinnulíf og menntunartækifæri, útrás fyrirtækja og þörfina á að við tileinkuðum okkur nýjungar, frumkvæði og nýjungar. Maðurinn, sem hefur bara eina hugmynd í atvinnumálum landsbyggðarinnar, gamaldags stóriðju. Maðurinn, sem hefur margoft afhjúpað vankunnáttu sína á nýstárlega hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Hversu trúverðug er hans framtíðarsýn?

Þjóðin hefur mótmælt ofuráherslu stjórnvalda á stóriðju. Um þessar mundir mótmæla stúdentar boðuðum hækkunum á skráningargjöldum í opinbera háskóla. Kennarar mótmæla. Náttúruverndarsinnar mótmæla. Öryrkjar mótmæla.

Hvernig er verið að nýta frumkvæði, dug og þor fatlaðra sem eiga ekki lengur neina aðkomu að íslenskum vinnumarkaði? Heyrnarlausir og daufdumbir fá ekki einu sinni lífsnauðsynlega túlkaþjónustu til að sækja um atvinnu. Geðfatlaðir, með sitt öfluga frumkvæði í menntamálum, eiga undir högg að sækja. Hver treystir svo orðum forsætisráðherrans um frumkvæði þjóðarinnar?

Ákvarðanirnar koma að ofan, úr fílabeinsturni valdsmannanna og þeim sem neðar sitja er nauðugur einn kostur og hlýða og taka því sem að þeim er rétt. Það kveður svo rammt að þessum stíl um þessar mundir að það liggur við að opinberir starfsmenn þori ekki lengur að opna munninn af ótta við að styggja valdhafana, ráðstjórnina.

Hvað sýnist þjóðinni um pólitíska valdbeitingu ráðherranna við opinberar mannaráðningar? Sú stjórnsýsla sem við verðum vitni að í þeim efnum er forkastanleg og beinlínis niðurlægjandi að sjá hvernig t.d. jafnréttislög eru þverbrotin aftur og aftur á sama tíma og ríkisstjórnin flaggar nýsamþykktri jafnréttisáætlun og tekur undir og tekur þátt í norrænu jafnréttisátaki.

Ekki gætir nokkurs kinnroða hjá ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Kokhraustir horfa þeir framan í þjóðina og halda því fram að hér ráði hin faglegu sjónarmið ein og sér og ekkert sé athugavert. Er þjóðin sátt við þessa framgöngu? spyr ég. Ég trúi varla öðru en margir nagi sig í handarbökin fyrir að hafa framlengt umboð þessara herra við síðustu kosningar.

Hluti af framtíðarsýn forsætisráðherra er fólginn í skattalækkunum sem gagnast þeim ríku, og þar af leiðandi sérstaklega körlum, því ekki eru konurnar svo fjölmennar í hálaunahópnum.

Hvað varð um samþættingarsjónarmiðin? Hvenær á að byrja að nota þau? Mér er spurn. Kanna ólík áhrif ákvarðana ríkisstjórnar á kynin áður en ákvarðanir eru teknar. Svikin loforð og skelfileg vankunnátta einkenna málflutning þessara herra í málefnum kynjanna. Herrar sem kalla á frumkvæði þjóðarinnar á sama tíma og þeir sýna hugmyndaauðgi hennar fullkomið vantraust eru ekki trúverðugir herrar. Á meðan hámenntaðir og flinkir listamenn úr öllum listgreinum heilla Frakka með íslenskri menningarveislu, skreyttri íslenskri ósnortinni náttúru, eru hinir heimóttalegu og skammsýnu ráðherrar okkar í óðaönn að bjóða menntaðri og vel upplýstri þjóð sinni upp á brennisteinsdíoxíðsspúandi rafskautaverksmiðju sem skilar tæplega 700 kílóum af krabbameinsvaldandi PAH-efnum út í náttúruna árlega og álbræðslur í löngum bunum. Svo þykjast þessir herrar hafa eitthvað að gera við frumkvæði þjóðarinnar. Heyr á endemi.

Hvernig ætlar talsmaður töfralausnanna, Halldór Ásgrímsson t.d., að endurheimta trúverðugleika í atvinnumálum eftir loforðin sem Austfirðingum hafa verið gefin? Hvernig gengur að fjölga störfum á Austurlandi á framkvæmdatíma virkjunar og álvers? Árangur í þeim efnum er vægast sagt dapurlegur. Raunin er sú að stóriðjuframkvæmdirnar eru þegar farnar að valda enn frekari búseturöskun á svæðinu en var fyrir. Fólksflótti frá Austurlandi hefur ekki verið stöðvaður með töfrasprota Halldórs Ásgrímssonar. Ó nei. Í ljós hefur komið að brottfluttir umfram aðflutta á fyrri helmingi ársins á Austurlandi eru 62, 62 fleiri brottfluttir en aðfluttir, og tvö ungmenni sóttu um stóriðjubrautina í Verkmenntaskóla Austurlands í haust. Gleymdist kannski að hlusta á þann fjölda ungmenna á Austurlandi sem sögðust ekki hafa áhuga á því að starfa í álveri? Núna er Kárahnjúkavirkjun í byggingu og unga fólkið fyrir austan er í háskólanámi vítt og breitt. Þó það langaði að snúa heim finnur það hvorki störf sem hæfa menntun þess né fær húsnæði á viðráðanlegu verði. Hvað segir Halldór Ásgrímsson við þetta fólk? Hefði kannski verið ráðlegra að hlusta á rödd þess, leita að frumkvæði

þess og gefa gaum að nýjungum í atvinnulífi áður en anað var út í fúafenið og einstæðri náttúru norðan Vatnajökuls var fórnað fyrir orkusölu á útsöluverði til gamaldagsauðhrings sem er alveg sama um unga fólkið fyrir austan?

Góðir áheyrendur. Það er ekki hægt að segja að orð hins nýja forsætisráðherra séu trúverðug eða veki sérstaka bjartsýni. Mættum við biðja um breytta tíma og trúverðugri leiðtoga sem skilja hugtökin fjölbreytni, frumkvæði og nýjungar. — Góðar stundir.

[21:37]

Gunnar Örlygsson:

Góðir Íslendingar. Ég vil hefja ræðu mína á því að óska nýjum forsætis-, utanríkis- og umhverfisráðherra velfarnaðar í starfi.

Með nýju fólki fylgja nýjar áherslur. Með nýju fólki skapast möguleiki til framþróunar, jafnt hjá almennum fyrirtækjum sem og opinberum stofnunum. Skömmu eftir síðustu alþingiskosningar upplýstu stjórnarflokkarnir um þau ráðherraskipti sem nýlega áttu sér stað. Ég man glögglega mínar fyrstu hugrenningar við þessar fréttir. Helst gerði ég mér í hugarlund hversu tímabært væri að þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, færi frá embættinu, enda 13 ár langur tími í eins viðamiklu embætti. Jafnframt hugsaði ég að með nýjum manni í embættið gætu hugsanlega komið nýjar og þarfar áherslur.

Davíð Oddsson skilur eftir sig ágætt bú, þó svo hinir efnaminni hafi ekki fengið að njóta þess sem skyldi. Engu að síður áttu sér stað miklar og góðar breytingar á íslensku atvinnu- og efnahagslífi í tíð Davíðs Oddssonar. Breytingar sem hafa búið til geysiöflugt umhverfi fyrir íslensk fyrirtæki. En á Davíð sem forsætisráðherra deili ég með tvennu móti.

Í fyrsta lagi hafði hann aldrei mikla innsýn í íslenskan sjávarútveg. Það staðfestist í slæmri stöðu íslensks sjávarútvegs í dag þar sem einungis örfá fyrirtæki geta státað af góðum árangri hin síðari ár. Í annan stað vantaði Davíð Oddsson umburðarlyndi og skilning í stjórnartíð sinni til handa þeim sem minna mega sín í okkar ríka landi.

Með Halldóri Ásgrímssyni átti ég von á sérstakri áherslu á málefni þeirra efnaminni. Eftir að hafa lesið yfir stefnuræðu nýskipaðs forsætisráðherra er ég vonsvikinn. Vonsvikinn yfir því tómlæti, aðgerðaleysi og síðast en ekki síst kjarkleysi sem ræða hans endurspeglar með áberandi hætti. Hann boðar engar sérstakar áherslubreytingar umfram stjórnarsáttmálann frá síðasta ári. Fyrir það fyrsta gerði ég mér grein fyrir því að sjávarútvegsmálin með nýjan forsætisráðherra í broddi fylkingar mundu ekki taka breytingum. Það kom á daginn í stefnuræðunni að ekki skal breyta fyrirkomulagi í íslenskum sjávarútvegi nema ef vera skyldi að hleypa hér að erlendum fjárfestum til yfirtöku í okkar öflugustu mjólkurkú, auðlindum hafsins. Sú stefna er stórhættuleg fyrir íslenska þjóð og má alls ekki verða ofan á.

Í annan stað ber að nefna skattamálin. Þau endurspegla þá stéttaskiptingu sem vaxið hefur í landinu síðasta áratuginn. Áfram skal haldið á þeirri braut að tryggja þeim efnameiri auknar tekjur á kostnað þeirra sem minna hafa á milli handanna. Í stað þess að virða fyrir sér stöðu eldri borgara sem standa frammi fyrir rýrari kaupmætti vegna aftengingar vísitölu á skattleysismörkin árið 1998, skal drýgsta hluta þeirra fjármuna sem varið verður í skattalækkanir verja til þeirra sem mestar hafa tekjurnar. Þá stefnu ríkisstjórnarinnar get ég ekki með nokkru móti skilið.

Þegar vikið er að íslenskum landbúnaði tekur fagurgali hins reynda pólitíkusar við. Orðin falleg en ekki með nokkrum hætti víkur ráðherra að raunverulegum tillögum til úrbóta og þróunar á því miðstýrða og afleita kerfi sem heldur í dag utan um íslenskan landbúnað. Ég hvet fólk í landinu til að lesa yfir ríkisreikninginn og sjá hvert peningarnir okkar eru að fara.

Á síðasta þingi lagði ég fram fyrirspurn til landbúnaðarráðherra þar sem spurt var hvort leggja ætti styrkjakerfi landbúnaðarins af í núverandi mynd og í staðinn taka upp byggðatengda styrki. Er skynsemi fólgin í því að hvetja bændur til að slátra meira magni með afurðatengdu styrkjakerfi? Staðreyndin er sú að neysla Íslendinga á lambakjöti hefur dregist saman á undanförnum árum. Með því að taka upp búsetustyrki munu bændur fyrst geta aðlagast markaðnum. Þeir fá tíma og tækifæri til að vinna að nýjum og spennandi verkefnum í stað þess að vera bundnir í ólar hins miðstýrða kerfis sem er við lýði í dag.

Í ræðu sinni segir forsætisráðherra ekkert kalla á róttækar breytingar. Þvert á móti sé ástæða til að halda áfram á sömu vegferð. Í sömu ræðu talar hinn sami um 50% fjölgun öryrkja á sex árum. Hér mætast þversagnir í einni og sömu ræðunni. Það hlýtur að kalla á róttækar breytingar og nýjar áherslur þegar öryrkjum fjölgar um 50% á sex árum. Gerir nýskipaður forsætisráðherra sér ekki nokkra grein fyrir af hverju þessi fjölgun er raunin? Telur forsætisráðherra ekkert samspil vera á milli aðstæðna þeirra tekjuminni í heimi sífellt öflugrar stéttaskiptingar og svo hins vegar fjölgunar öryrkja?

Stefnuræðan er ekki ræða manns sem af hugsjóninni einni vildi forsætisráðherrastólinn, heldur endurspeglar hún frekar framagirni mannsins sem nú situr í hásæti sínu. Efnisinnihald ræðunnar staðfestir þessi orð mín. Það er sorglegt að horfa upp á Framsóknarflokkinn í eins mikilli tregðu og raun ber vitni. Á öðrum endanum er manni umbunað fyrir framagirni sína, en á hinum endanum er öflugum liðsmanni refsað fyrir að vera trúr og staðfastur hugsjónum sínum. Flokkurinn hefur fótumtroðið lýðræðislega hugsjón og mistúlkar stjórnarskrá íslensku þjóðarinnar. Þetta eru stór orð, en að mínu viti sönn.

Ég vil ekki gera lítið úr einstökum leikmönnum þessa gamla stjórnmálaafls, en örlítið mætti liðið í þingflokknum meta manngildið meira. Það er okkur Íslendingum mikilvægt að aftur komist reisn á flokkinn, ekki síst þar sem hann heldur um taumana í forsætisráðuneytinu.

Stjórnarandstöðuflokkarnir þrír hafa lýst yfir sáttmála sín á milli þar sem um öfluga varðgæslu verður að ræða á hinu háa Alþingi á næstu missirum. Slíkt aðhald verður stjórnarflokkunum og íslensku lýðræði nauðsynlegt vítamín. Þó verður að teljast að flokkarnir þrír séu ólíkir í eðli sínu. Einn þeirra kúrir langt til vinstri, annar er sambland eldri stjórnmálafla og því afar litríkur en um leið brothættur og sá þriðji hefur einbeitt sér sérstaklega að tveimur málum, annars vegar byggða- og sjávarútvegsmálum og hins vegar lýðræðislegum umbótum. Það breytir

ekki því að forustumenn þessara flokka virðast geta sýnt umburðarlyndi fyrir ólíkum skoðunum og eru tilbúnir til samstarfs á vetri komandi.

Ég hlakka til samstarfsins og um leið þeirra pólitísku átaka sem fram undan eru í þinginu. Ég vona að umræðan í vetur verði málefnaleg og haldin þeirri reisn sem Alþingi okkar Íslendinga krefst af leikmönnum sínum á hverjum og einum tíma. — Góðar stundir.

[21:44]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Aldrei hafa fleiri Íslendingar búið við jafngóð lífskjör og nú. Íslenska þjóðin hefur upplifað efnahagslegt góðæri sem varað hefur í tæpan áratug með framförum, vexti og bættum lífsgæðum. Það eru engar ýkjur að fullyrða að kynslóðir núlifandi Íslendinga hafi aldrei upplifað svo langt tímabil samfelldra og mikilla efnahagslegra framfara. Allar hagtölur og meðaltöl segja okkur þessa sögu. Auðvitað segja tölurnar ekki allan sannleikann og enginn skyldi túlka orð mín svo að ég telji að við stjórnmálamennirnir getum nú látið staðar numið, eða að bættur hagur hafi skilað sér að fullu til allra einstaklinga. Öðru nær.

Okkar bíða næg viðfangsefni til þess að tryggja að þetta skeið geti haldið áfram og að ábatinn skili sér sem jafnast og best út til þjóðarinnar allrar. Að því mun ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir vinna eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Umfjöllun um ríkisfjármál verður fyrirferðarmikil á þessu haustþingi. Eins og jafnan skiptir sköpum hvernig á þeim málum er haldið. Eitt meginmarkmið ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks allt frá árinu 1995 hefur verið að halda uppi efnahagslegum stöðugleika í landinu. Því markmiði hefur að mestu verið náð og hefur það vakið mikla athygli meðal annarra þjóða, enda eru almenn lífskjör á Íslandi nú ekki aðeins þau bestu í sögu okkar heldur eru þau með því allra besta sem þekkist í heiminum.

Sennilega skiptir ekkert viðfangsefni stjórnmálanna allan almenning í landinu eins miklu máli og það að okkur takist að halda uppi viðunandi hagvexti og að auka kaupmátt almennt. Það hefur tekist vel undanfarin ár. Það er og verður áfram eitt okkar meginmarkmið á næstu árum. Reynslan af samstarfi núverandi stjórnarflokka gefur tilefni til bjartsýni á að það starf muni bera góðan árangur þjóðinni allri til heilla. Staða ríkissjóðs er sterk og er það ekki síst að þakka aðhaldssamri fjármálastjórn undanfarinna ára. Þó er meginforsendan sú að tekist hefur að byggja upp öflugra atvinnulíf en áður og að mikil sókn hefur verið á mörgum sviðum atvinnumála. Það er gömul saga og ný að öflugt og arðbært atvinnulíf er undirstaða velferðar þjóðarinnar. Unnið hefur verið að því markmiði að greiða niður skuldir ríkissjóðs og hefur náðst mikill árangur við það, enda skiptir það miklu fyrir þjóðfélag framtíðarinnar að okkur takist að skila góðu búi í hendur barnanna okkar.

Herra forseti. Eitt helsta áherslumál Framsóknarflokksins fyrir síðustu alþingiskosningar voru breytingar á fyrirkomulagi húsnæðislána Íbúðalánasjóðs. Það hlaut góðan hljómgrunn í þjóðfélaginu, enda var ætlunin að koma til móts við brýna þörf og gefa almenningi kost á sambærilegri fjármögnun við húsnæðiskaup og almenningur í nágrannalöndum okkar á að venjast. Nú þegar hefur hluti af þessum breytingum komið til framkvæmda og fram undan er að ljúka þessu verkefni á haustþinginu með því að lögfesta 90% húsnæðislán Íbúðalánasjóðs fyrir húsnæðiskaupendur alls staðar á landinu.

Þessi áform okkar, sem bundin eru í stjórnarsáttmála, hafa nú þegar haft mikil áhrif á greiðslubyrði fjölmargra heimila í landinu. Fjármálafyrirtæki og stofnanir hafa undanfarnar vikur keppst um að bjóða hagstæð kjör til húsnæðiskaupa, hagstæðari en nokkru sinni fyrr. Íbúðakaupendur munu greiða lægra hlutfall tekna sinna í vexti en áður hefur þekkst.

Þessu ber að fagna en í mínum huga er ekki vafi á því að framganga okkar framsóknarmanna í húsnæðismálum undanfarin missiri er ein meginforsenda þeirra kjarabóta sem þúsundir Íslendinga hafa nú þegar tryggt sér með þessum hætti.

Þau húsnæðislánakerfi sem við höfum búið við í gegnum tíðina hafa á sinn hátt reynst vel, en sú þróun sem nú á sér stað er bæði löngu tímabær og eðlileg. Ég vil minna á að margir þeir stjórnarandstæðingar sem hér eru í kvöld og sátu á þingi á síðasta kjörtímabili lýstu eindreginni andstöðu við einkavæðingu ríkisbankanna sem er að sjálfsögðu ein meginforsenda þeirrar jákvæðu þróunar sem nú á sér stað.

Herra forseti. Ég hef lokið tíma mínum. Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góðar stundir.

[21:48]

Björgvin G. Sigurðsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég óska nýskipuðum forsætisráðherra og umhverfisráðherra til hamingju með embætti sín.

Núverandi ríkisstjórn hefur setið við völd lengur en hún hefur í rauninni haft þrek til. Þrekinu hefur verið sóað í átök um völd, ráðherrastóla og bitlinga og á meðan vanrækir ríkisstjórnin það sem ætti að vera á meðal hennar brýnustu úrlausnarefna. Ég á ekki bara við óréttlætið í skattkerfinu, svikin við öryrkja, stórhækkaða skatta á þá lægst launuðu, sem þýðir að nú borga lífeyrisþegar sem svarar milljarði króna í skatt á ári af naumt skömmtuðum lífeyri, og ég á ekki bara við það hvernig hinum dreifðu byggðum hefur farnast í valdatíð Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins.

Nei. Ég á fyrst og fremst við það að ríkisstjórnin er að vanrækja framtíðina. Hún vanrækir þann vaxtarsprota sem hagvöxtur og lífsgæði framtíðarinnar byggjast á. Framtíðin byggist á menntun, menntun og meiri menntun. Menntun er forsenda þess að Íslendingar standi jafnfætis öðrum þjóðum til framtíðar, menntun er forsenda velferðar hvers og eins og menntun er forsenda hagvaxtar og lífsgæða í nútímasamfélagi. Þess vegna setur Samfylkingin menntun í forgang, þess vegna vill Samfylkingin hefja menntasókn á Íslandi. Í menntasókn Samfylkingarinnar felst að fjárfestingar í menntakerfinu verði auknar um 15 milljarða kr. að raungildi á kjörtímabili umfram það sem ríkisstjórnin áætlar. Þetta fjárfestingarátak Samfylkingarinnar mun ekki aðeins auka möguleika á lífsgæðum hvers og eins heldur leiða

fjárhagslega til hækkunar á landsframleiðslu á mann um 3–6% þegar áhrifin verða komin fram að fullu.

15 milljarðar eru miklir fjármunir. En menntasókn Samfylkingarinnar er ekki eyðsluverkefni heldur fjárfestingarverkefni, í raun besta fjárfesting sem hægt er að hugsa sér. Þetta er fjárfesting sem skilar sér margfalt til baka, bæði til einstaklinganna og til samfélagsins alls.

Nú er það ekki svo að þetta séu einhver nýuppgötvuð sannindi. Ríkisstjórnin á að vita þetta eins og flestir aðrir. En hvað gerir ríkisstjórnin og hvernig bregst hún við? Ísland er einungis í 14. sæti á meðal OECD-þjóðanna ef opinber útgjöld til menntamála eru skoðuð með tilliti til aldursdreifingar þjóðarinnar. Harkalegar fjöldatakmarkanir eru notaðar í háskólum ríkisins til að koma í veg fyrir útgjaldaaukningu til menntamála. Brottfall úr framhaldsskólum landsins er hærra en þekkist annars staðar og starfsnámið er hornreka í menntakerfinu.

Nýjasta afrek ríkisstjórnarinnar í menntamálum er síðan dæmigert um margt fyrir þann hug sem Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur bera til menntamála. Skólagjöld í ríkisháskólunum hækka um 40% og engir nýnemar verða teknir inn á vorönn í Háskóla Íslands.

Þessar staðreyndir segja allt sem segja þarf. Ungmennum er gert erfiðara, en ekki auðveldara, að sækja sér nauðsynlega þekkingu og menntun. Metnaðarleysið drýpur af hverju strái í skólapólitík stjórnarflokkanna. Þetta er ekki fjárfesting, þetta er sóun, gegndarlaus sóun sem mun reynast okkur dýrkeypt þegar fram líða stundir.

Og gleymum því ekki, ágætu landsmenn, að stjórnmálaflokkar eru þrátt fyrir allt ekki allir eins. Sumir þeirra eru raunar orðnir mjög líkir hverjir öðrum á meðan aðrir standa fyrir ákveðna og skýra pólitík. Samfylkingin stendur fyrir framtíðarsýn um velferð, jöfn tækifæri og lífsgæði handa öllum. Samfylkingin stendur fyrir betri menntun, betri menntun og aftur betri menntun. Þannig bætum við lífskjör allra. — Ég þakka áheyrnina.

[21:53]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Sú staða sem blasir við okkur Íslendingum á þessu hausti er á margan hátt afar jákvæð. Öll merki benda til þess að nýtt skeið öflugs hagvaxtar sé að hefjast þar sem hjól atvinnulífsins snúast hraðar, tekjur þjóðarbúsins aukast ár frá ári og ávinningurinn skilar sér til almennings, bæði í fleiri störfum og auknum kaupmætti. Vandamálin sem við þurfum að glíma við á næstu árum verða þess vegna ekki fyrst og fremst vandamál sem tengjast samdrætti eða niðursveiflu, heldur miklu frekar ákveðnir vaxtarverkir sem fylgja velgengninni.

Það er engin ástæða til að gera lítið úr því að hröðum vexti getur fylgt þensla sem raunverulega reynir á þanþol hagkerfisins. Hins vegar er ljóst að með aðhaldssamri stjórn ríkisfjármála, skynsamlegri stefnu í peningamálum og ábyrgum samningum á vinnumarkaði er hægt að tryggja að við glutrum ekki niður ávinningnum af hagvextinum. Þess vegna eigum við að horfa bjartsýn fram til verkefna næstu ára en ekki að mikla vandamálin fyrir okkur.

Hvorki ríkisstjórnir né við sem sitjum hér á Alþingi sköpum með beinum hætti verðmæti fyrir þjóðarbúið. Það er hins vegar hlutverk okkar að skapa þau almennu skilyrði að frumkvæði og framtak einstaklinga og fyrirtækja fái notið sín. Þannig verða til ný verðmæti sem skila sér í bættum þjóðarhag. Það er einmitt reynsla undanfarinna ára. Með því að auka frelsi, opna hagkerfið, einkavæða opinber fyrirtæki og lækka skatta hafa ríkisstjórnir síðustu ára lagt sitt af mörkum til þess að skapa atvinnulífinu aðstæður sem eru í fremstu röð meðal þeirra þjóða sem við berum okkur saman við. Það er líka sá árangur sem við byggjum á þegar við veltum því nú fyrir okkur hvernig við getum tryggt að hagvöxtur og aukin umsvif skili sér til almennings.

Í því sambandi er ljóst að skattalækkanir gegna lykilhlutverki. Aukin umsvif í hagkerfinu skila sér í auknum tekjum ríkissjóðs og þessar auknu tekjur gefa okkur möguleika á því að lækka skatta meir en dæmi eru um áður. Svigrúmið vegna aukinna tekna dugar ekki bara til að lækka skatta. Það gefur okkur líka möguleika á því að auka framlög til mikilvægra málaflokka sem víðtæk samstaða er um að efla. Fjárlagafrumvarpið gerir þannig ráð fyrir að varið verði auknum framlögum, t.d. bæði til heilbrigðismála og menntamála, bæði að krónutölu og líka sem hlutfall af ríkisútgjöldum. Það er mikilvægt að árétta þetta vegna þess að öðru er iðulega haldið fram í opinberri umræðu, m.a. af síðasta ræðumanni hér í dag.

Staðreyndin er sú að þrátt fyrir allt tal um niðurskurð og fjársvelti í þessum málaflokkum sýna tölulegar staðreyndir allt aðra mynd. Með þessu vil ég ekki draga úr því að það verður geysilega mikilvægt verkefni fyrir okkur að sýna ýtrasta aðhald í ríkisfjármálum á næstu árum. Það er auðvitað á þeim grunni sem fjárlagafrumvarpið er byggt og afar mikilvægt að þingmenn standi saman um það, að þær forsendur sem koma fram um aukningu ríkisútgjalda haldi. Við megum ekki missa tökin á útgjöldum ríkisins. Það getur valdið þenslu sem okkur gengur illa að ráða við.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar í kvöld hafa hver á fætur öðrum komið hér og talað um þreytumerki á ríkisstjórninni. Þetta er raunar það sama og þeir sögðu í fyrra. En góðir áheyrendur. Er það þreytt ríkisstjórn sem leggur grunninn að einhverju mesta hagvaxtarskeiði sem við höfum séð hér á landi? Er það þreytt ríkisstjórn sem treystir sér til að lækka skatta meira en nokkru sinni hefur verið gert? Er það þreytt ríkisstjórn sem greiðir niður skuldir og leggur á sama tíma til fjármuni til þess að standa við lífeyrisskuldbindingar framtíðarinnar? Og er það þreytt ríkisstjórn sem treystir sér til þess að hrinda þessum áformum í framkvæmd um leið og verið er að stórauka framlög til heilbrigðis-, mennta- og velferðarmála?

Svar mitt er nei. Það er ekki þreytt ríkisstjórn. Það er hins vegar spurning hvort það er þreytt stjórnarandstaða sem nú á þessu haustþingi er orðin svo lúin að hún telur þörf á því að flokkarnir styðjist hver við annan með einhverjum öðrum hætti en gert hefur verið hingað til. Það verður forvitnilegt á þessu þingi að fylgjast með því hvernig sú samvinna mun ganga. Við höfum heyrt ákveðinn áherslumun á mönnum í umræðunum í kvöld og það verður gaman að heyra á þessu þingi hvort sú samvinna mun birtast í því að menn fylki sér um Evrópustefnu Samfylkingarinnar eða virkjanastefnu Vinstri grænna eða t.d. skattastefnuna sem Össur Skarphéðinsson boðaði í kvöld og Stein-

grímur J. Sigfússon taldi hið mesta óráð. Það verður mjög forvitnilegt að fylgjast með þessu.

Kannski er í rauninni það eina sem stjórnarandstaðan sameinast um að vera á móti ríkisstjórninni. Það eru út af fyrir sig engin ný tíðindi. Það er kannski það eina nýja í stöðunni, fyrir utan leiktjöldin sem af og til er slegið upp til þess að reyna að láta líta út fyrir að eitthvert nýtt skeið sé hafið hjá þessari þreyttu stjórnarandstöðu.

[21:58]

Jón Bjarnason:

Góðir Íslendingar. Þann 1. febrúar 1904 fengum við heimastjórn með íslenskum ráðherra, einn af stærstu sigrum á leið okkar í átt að fullu sjálfstæði. Þjóðin fékk að horfa á fínar skrúðgöngur í sjónvarpi þar sem skósíð jakkalöfin sleiktu rauða dreglana í minningu atburðarins.

En vestur á Ísafirði var íslenskur alþýðumaður sem taldi sig líka eiga hlut í sigurhátíðinni. Heimastjórnarhátíð alþýðunnar á Ísafirði 21. ágúst sl. er fyrir mér einn af hápunktum sumarsins. Fullyrt er að hátt á þriðja þúsund manns hafi verið saman kominn á Silfurtorginu þessa kvöldstund. Kyndlarnir, stemmningin, gleðin og baráttuviljinn lýsti torgið. Samtakahópi íslensks alþýðufólks undir forustu Vestfirðingsins Jóns Fanndals Þórðarsonar hafði ofboðið sjálfumgleði jakkalafanna sem höfðu slegið eign sinni á sjálfstæðisbaráttuna.

Í ávarpi komst Jón Fanndal svo að orði:

„Við erum hér til að minnast merks áfanga í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar sem skilaði okkur áleiðis til lýðveldis. Næsta stóráfanga verður minnst 1. desember 2018. Ég ætla rétt að vona að alþýða þessa lands fái að vera viðstödd þau hátíðahöld."

Hann vitnaði í ræðu Sigurðar Eggerz frá 1. des. 1918, en hann sagði:

„Það eru ekki aðeins stjórnmálamennirnir er miklu ráða um mál þjóðarinnar sem skapa hina nýju sögu. Nei, það eru allir. Bóndinn sem stendur við orfið og ræktar jörð sína, hann á hlutdeild í þeirri sögu. Daglaunamaðurinn sem veltir steininum úr götunni, hann á hlutdeild í þeirri sögu. Sjómaðurinn sem situr við árkeipinn, hann á þar hlutdeild."

Það var þetta fólk sem hélt heimastjórnarhátíð á Silfurtorginu á Ísafirði.

Hinn 30. ágúst hóf göngu sína nýr framhaldsskóli í Grundarfirði fyrir byggðirnar á norðanverðu Snæfellsnesi. Baráttumál heimamanna um langt árabil var í höfn. Á annað hundrað unglingar sækja nú framhaldsskóla Snæfellinga í heimangöngu sem ella hefðu þurft að fara burt.

„Ég get ekki lýst því hvað við erum glöð," sagði Björg Ágústsdóttir sveitarstjóri á fundi með fjárlaganefnd.

Góðir Snæfellingar. Til hamingju með nýja skólann ykkar.

Nám í heimabyggð til 18 ára aldurs hefur verið baráttumál Vinstri grænna. Enn eru heilu byggðarlögin sem verða að senda börnin frá sér við 16 ára aldur. Styrkur til jöfnunar námskostnaðar er veittur unglingum sem þurfa að sækja nám fjarri heimilum sínum. Dapurt er að upphæðin hefur staðið óbreytt sl. þrjú ár. Nú er fyrirséð fjölgun nemenda og að óbreyttu mun stuðningur til hvers og eins lækka. Alþingi ber skylda til að jafna hlut þessara nemenda.

Lagt hefur verið sérstakt opinbert fjármagn til að úrelda sláturhús og loka mikilvægum vinnustöðum einstakra héraða. Þessi sára hagræðing átti að skila sér í hærra verði til bænda. En hver varð raunin? Verð til bænda fyrir kjöt á innanlandsmarkaði lækkaði um 8% á síðasta ári og í haust stendur það nánast í stað. Í sláturhúsi eru dilkar bænda flokkaðir í hina ýmsu verðflokka eftir settu gæðamati. Í borðinu hjá stórmörkuðunum eru allir bitarnir nánast í einum og sama verðflokki. Þarna er eitthvað stórlega að.

Góðir áheyrendur. Sumarið sem nú kveður hefur um margt verið viðburðaríkt. Við höfum notið mikillar árgæsku og góðviðris um allt land. Hvar sem farið er um okkar fallega land blasir við vöxtur íslenskrar ferðaþjónustu. 12% aukning gjaldeyristekna í ár er ein stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar með um 40 milljarða kr. gjaldeyristekjum og enn eru ótæmandi möguleikar til eflingar og vaxtar í þessari atvinnugrein. Áfram er það hin hreina ímynd landsins sem mestu skilar, víðáttan, sérstæð náttúra, óbeislaðir fossar og mikilúðleg gljúfur. Við hljótum að spyrja: Hvernig hljómar „Skín við sólu Skagafjörður" þegar búið er að stífla Héraðsvötnin og beisla kraft jökulánna og eyðileggja einstæða möguleika þar til flúðasiglinga sem kunnáttumenn segja að standi lítt að baki því besta sem gerist í heiminum?

Við Íslendingar verðum að fara að skilja að við verðum að rækta og vernda þá dýru möguleika sem við eigum. — Góðar stundir.

[22:03]

Útbýting:

Aðgangur allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu, 31. mál, þáltill. JBjarn, þskj. 31.

Atvinnuvegaráðuneyti, 15. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 15.

Breyting á kennitölukerfinu, 14. mál, þáltill. SigurjÞ, þskj. 14.

Breytingar á stjórnarskrá, 9. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 9.

Dómstólar, 12. mál, frv. LB o.fl., þskj. 12.

Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, 23. mál, þáltill. GAK og JÁ, þskj. 23.

Forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, 16. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 16.

Fórnarlamba- og vitnavernd, 13. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 13.

Fæðingar- og foreldraorlof, 22. mál, frv. ÖJ og JóhS, þskj. 22.

Gjaldfrjáls leikskóli, 25. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 25.

Hlutafélög, 36. mál, frv. EKG o.fl., þskj. 36.

Innrásin í Írak og forsendur fyrir stuðningi íslenskra stjórnvalda, 3. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 3.

Rannsókn á þróun valds og lýðræðis, 21. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 21.

Rekstur skólaskips, 29. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 29.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 4. mál, frv. SJS og JBjarn, þskj. 4.

Skráning nafna í þjóðskrá, 17. mál, þáltill. SigurjÞ, þskj. 17.

Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, 35. mál, frv. EKG o.fl., þskj. 35.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 5. mál, frv. GAK, þskj. 5.

Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, 28. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 28.

Stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan vanda, 24. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 24.

Strandsiglingar, 10. mál, þáltill. JBjarn o.fl., þskj. 10.

Talsmaður neytenda, 18. mál, þáltill. ÞSveinb o.fl., þskj. 18.

Tekjuskattur og eignarskattur, 32. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 32.

Textun, 20. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 20.

Tryggur lágmarkslífeyrir, 8. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 8.

Vegalög, 19. mál, frv. ÞBack og JBjarn, þskj. 19.

Verðbréfaviðskipti, 34. mál, frv. EKG o.fl., þskj. 34.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 33. mál, frv. EKG, þskj. 33.

Virðisaukaskattur, 6. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 6.

[22:03]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Gott kvöld, góðir Íslendingar. Ákveðin vatnaskil eiga sér stað í íslenskri stjórnmálasögu seinni tíma, nú þegar Framsóknarflokkur tekur við forustuhlutverki í ríkisstjórninni eftir 13 ára lyklavöld Sjálfstæðisflokksins að forsætisráðuneytinu. Að sjálfsögðu er það hið besta mál ef nú fer aðeins að draga úr völdum og áhrifum Sjálfstæðisflokksins. Það er engu stjórnmálaafli hollt að vera of lengi við völd í einu. Alkunna er úr mannkynssögunni, að vald spillir.

Finna má fjölmörg dæmi þess að valdablokkir hafa riðað til falls vegna þess að þeir sem leiddu þær voru orðnir svo blindir á eigin veikleika að þeir gáðu ekki að sér og voru að lokum fjarlægðir úr stöðum sínum. Valdið spillir einnig vegna þess að sá sem hefur það of lengi fer sjálfkrafa að trúa því að honum séu allir vegir færir, að hann komist upp með hvað sem er, hann verður sleginn sjóblindu. Við sjáum nú æ fleiri dæmi þess að kominn sé tími til að núverandi valdhafar hér á landi taki sér ærlegt frí frá því að stjórna. Hægt er að tína til mörg nýleg dæmi um það að ríkisstjórnin sé nú hætt að sjást fyrir í hroka sínum og siðblindu. Nefna má vægast sagt vafasamar ráðningar tveggja hæstaréttardómara, tilraun stjórnarflokkanna til að demba einhliða yfir þjóðina afar hroðvirknislegri löggjöf um starfsumhverfi fjölmiðla, lítilsvirðingu þessara flokka við ákvæði stjórnarskrárinnar og endalaust dekur þeirra við þá sem mest mega sín í þjóðfélaginu. Oftar en ekki á kostnað þeirra sem minnst mega sín. Þeir eru látnir sitja hjá.

Góðir áheyrendur. Ég vil nota tækifærið nú til að koma að því sem við í Frjálslynda flokknum teljum eina sárustu ákvörðun sem núverandi stjórnarflokkar hafa tekið á sínum ferli og er þá mörgu slæmu til að jafna. Ákvörðun sem á margan hátt endurspeglar hvernig framkvæmdarvaldið hér á landi, í formi ráðherra og foringja stjórnarflokkanna, leyfir sér að hunsa þingræðið og löggjafarvaldið, jafnvel brjóta lög til að koma fram vilja sínum. Það er ákvörðun um aðild Íslands að hinu viðbjóðslega stríði sem nú geisar í Írak þaðan sem daglega berast fréttir af hrottafengnum árásum á saklausa borgara. Stríð þar sem hundruð særast og falla, stríð sem hæstv. forsætisráðherra minntist ekki á í ræðu sinni fyrr í kvöld og mér fannst hann tala um af töluvert mikilli léttúð eða réttara sagt gera lítið úr.

Hér bera formenn stjórnarflokkanna gríðarlega þunga ábyrgð og maður spyr sig oft að því hvernig þeir sofi um nætur. Það voru þeir sem tóku þá ákvörðun að gera okkur, íslenska þjóð, sem hafði heitið því að fara aldrei með ófrið á hendur öðrum þjóðum að yfirlýstum stuðningsaðilum við innrásina í Írak, innrás sem fyrir löngu hefur snúist upp í tilgangslaus fjöldamorð og stjórnleysi sem kyndir undir hryðjuverkaöflum sem aldrei fyrr. Þessi ákvörðun var aldrei borin undir þjóðina eða Alþingi. Hún var ekki einu sinni rædd í þingflokki hæstv. forsætisráðherra sem á þeim tíma var utanríkisráðherra.

Góðir landsmenn. Þessari staðreynd megum við aldrei gleyma þegar við nú á nokkurra klukkutíma fresti, dag eftir dag, viku eftir viku, fáum fregnir og sjáum myndir af þeim skelfilegu atburðum sem eiga sér stað í Írak og eiga kannski eftir að breiðast út í formi hroðalegra hermdarverka hryðjuverkamanna víða um heimsbyggðina. Aðild Íslands að árásinni á Írak sem nú hefur staðið yfir í rúmlega eitt og hálft ár nánast árangurslaust eru mestu mistök sem okkur hefur orðið á í utanríkismálum. Þessi mistök verðum við að leiðrétta. Fyrsta skrefið í þá átt er að fella þá ríkisstjórn sem ber ábyrgðina og nú fer með völd hér á landi.

Fyrir hönd Frjálslynda flokksins óska ég landsmönnum öllum velfarnaðar og gæfu á vetri komanda.

Fundi slitið kl. 22:08.

---

3. FUNDUR

þriðjudaginn 5. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 2005, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

[10:32]

Útbýting:

Fjáraukalög 2004, 76. mál, stjfrv. (fjmrh.) þskj. 76.

Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, 30. mál, frv. RG o.fl., þskj. 30.

Fjárlög 2005, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[10:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Samkomulag er milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar sem verður með sama hætti og á síðasta þingi. Ræðutími verður sem hér segir: Ráðherra hefur 35 mínútur í framsögu sinni, síðan 15 mínútur og í þriðja lagi 10 mínútur. Talsmenn flokka hafa 20 mínútur í fyrstu umferð og síðan tvisvar sinnum 10 mínútur. Aðrir þingmenn hafa 10 mínútur tvívegis. Með talsmönnum er átt við fyrsta ræðumann þingflokka í umræðunni.

Andsvör verða leyfð frá upphafi umræðunnar, þó þannig að í fyrstu umferð verður aðeins talsmönnum þingflokka og fjármálaráðherra heimilt að veita andsvör. Gert er ráð fyrir að umræðunni ljúki síðar í dag eða í kvöld eftir atvikum.

[10:33]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli nú í sjöunda sinn fyrir frumvarpi til fjárlaga, að þessu sinni fyrir árið 2005, helstu áhersluatriðum þess og forsendum. Jafnframt mun ég gera grein fyrir stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum fyrir næstu ár sem liggur fyrir í fjárlagafrumvarpinu. Þessi stefnumótun er afar mikilvæg í ljósi þeirra umfangsmiklu framkvæmda við virkjanir og stóriðju sem hafnar eru og gera kröfu um ábyrga en sveigjanlega hagstjórn og staðfestu í ríkisbúskapnum.

Mikill uppgangur er nú á flestum sviðum þjóðarbúskaparins og fátt sem bendir til annars en að framhald verði á þeirri þróun næstu árin. Þannig eru horfur á að landsframleiðsla aukist um nær fjórðung á árunum 2003 til 2007 og kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna um 15%. Verðbólga mun verða vel innan marka verðbólgumarkmiðs Seðlabankans og störfum fjölga umtalsvert. Framkvæmdir við uppbyggingu stóriðju ráða miklu um hagvöxtinn en einnig aukin einkaneysla og íbúðafjárfesting. Við þessar aðstæður er mikilvægt að beita ríkisfjármálunum til að hamla gegn innlendri eftirspurn á næstu tveimur árum þegar framkvæmdirnar eru sem mestar.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2005 endurspeglar þessar áherslur. Þar er gert ráð fyrir rúmlega 11 milljarða króna tekjuafgangi eða sem nemur 1,25% af landsframleiðslu. Þetta er 3,5 milljörðum króna meira en síðustu áætlanir fyrir árið 2004 benda til og 17,5 milljarða króna viðsnúningur frá árinu 2003. Breytingin er enn meiri þegar leiðrétt hefur verið fyrir ýmsum óreglulegum gjalda- og tekjuliðum sem hafa ekki áhrif á rekstur ríkissjóðs, eða sem nemur 21 milljarði milli 2003 og 2005. Betri afkoma ríkissjóðs stafar annars vegar af auknum umsvifum í efnahagslífinu sem skilar meiri tekjum og hins vegar af auknu útgjaldaaðhaldi. Ég vek athygli á því að í frumvarpinu er ekki að svo stöddu gert ráð fyrir sérstökum tekjum af sölu eigna umfram það sem hefðbundið er að áætla af sölu fasteigna og jarða. Hins vegar er í frumvarpinu gert ráð fyrir fyrsta skrefi í lækkun tekjuskatts einstaklinga.

Í fjárlagafrumvarpinu er jafnframt, annað árið í röð, lögð fram stefna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára. Slík stefnumörkun styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika í efnahagslífinu. Rauði þráðurinn í þessari stefnumörkun er, líkt og í fyrri langtímaáætlun, að ríkisfjármálunum verði beitt með öflugum hætti til að halda aftur af innlendri eftirspurn þegar stóriðjuframkvæmdirnar standa sem hæst og að sama skapi til að örva hagvöxt þegar þeim lýkur. Helstu markmið stefnunnar í ríkisfjármálum 2005–2008 eru eftirfarandi:

1. Fylgt verði aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum. Þannig verði árlegur vöxtur samneyslu ekki umfram 2% að raungildi. Þar verði meðal annars miðað við að launakostnaður ríkisins hækki ekki umfram laun í samkeppnisgreinunum. Enn fremur verði árleg hækkun tilfærsluútgjalda ekki umfram 2,5% að raungildi.

2. Dregið verði úr framkvæmdum ríkisins um 2 milljarða króna árin 2005 og 2006 frá því sem er í ár, en þær auknar aftur um sömu fjárhæðir árin 2007 og 2008.

3. Á árunum 2005–2007 verði verulegum fjármunum varið til skattalækkana í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og til forgangsverkefna.

Þessi stefnumörkun kallar á ýtrasta aðhald í almennum rekstri, bæði í launamálum og öðrum rekstrarútgjöldum. Svipaða sögu er að segja af ýmsum tilfærsluútgjöldum sem hafa aukist mjög mikið á undanförnum árum. Jafnframt er nauðsynlegt að draga úr framkvæmdum á vegum ríkisins á næstu tveimur árum þegar stóriðjuframkvæmdirnar standa sem hæst. Framkvæmdir verða síðan auknar á árunum 2007 og 2008 þegar hægir á hagvexti, eins og þegar er fram komið.

Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum er ekki einungis mikilvæg forsenda fyrir stöðugleika í efnahagsmálum næstu árin heldur einnig fyrir framgang skattalækkunaráforma í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Með hliðsjón af horfum í efnahagsmálum og tímasetningu stóriðjuframkvæmda er miðað við að meginþungi skattalækkananna komi til framkvæmda á síðari hluta kjörtímabilsins. Á næsta ári er gert ráð fyrir að fyrsti áfangi lækkunar tekjuskatts einstaklinga komi til framkvæmda og að skatthlutfallið lækki úr 25,75% í 24,75%. Enn fremur er gert ráð fyrir að eignarskattar einstaklinga og lögaðila verði felldir niður á kjörtímabilinu. Annar áfangi tekjuskattslækkunar einstaklinga tekur gildi árið 2006 og lokaáfanginn árið 2007. Með þessum breytingum mun tekjuskattur einstaklinga hafa lækkað um 8,66% frá árinu 1997, úr 30,41% í 21,75%, eða um meira en fjórðung. Stefnt er að því að lögfesta þessar breytingar nú á haustþingi. Auk þess verður unnið að endurskoðun virðisaukaskatts í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Áður en lengra er haldið langar mig að fara nokkrum orðum um þau áform ríkisstjórnarinnar að verja hluta af tekjuafgangi ríkissjóðs á næstu árum til þess að lækka skatta. Sumir hafa gagnrýnt þessi áform og sagt þau ótímabær og að skattalækkanir geti orðið til að kynda óeðlilega mikið undir innlenda eftirspurn á næstu árum. Ég er ósammála þessu og tel þvert á móti skynsamlegt að ráðast í skattalækkanir og láta heimilin njóta þess þegar mikill afgangur er á ríkissjóði, enda eru þær tímasettar með tilliti til

efnahagsaðstæðna.

Í þessu máli eins og svo mörgum öðrum er mikilvægt að menn horfi á heildarmyndina og skoði þróun ríkisfjármálanna í heild á næstu árum. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að verja umtalsverðum fjárhæðum til að lækka skatta er tekin að vel athuguðu máli eftir að hafa skoðað alla þætti efnahagsmála vandlega, ekki síst hvernig megi auka aðhald í útgjöldum ríkissjóðs. Farið hefur verið vandlega í saumana á fjölmörgum þáttum útgjalda með það fyrir augum að hagræða og spara og verður hert á þeim áformum á næstu missirum. Þessi viðleitni endurspeglast glöggt í niðurstöðutölum fjárlagafrumvarpsins sem sýna að útgjöldin muni standa í stað að raungildi milli áranna 2004 og 2005 og lækka í hlutfalli við landsframleiðslu úr 32,2% í 30,8%. Þessi þróun heldur áfram á árinu 2006 en þá er gert ráð fyrir að hlutfall útgjalda lækki enn frekar, eða í 29,8% af landsframleiðslu. Niðurstaðan af þessu er sú að skattalækkanir munu ekki hleypa öllu í bál og brand eins og sumir hafa verið að spá. Þvert á móti er niðurstaðan sú að skattalækkunaráformin muni falla vel að áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum.

Ég tel því fyllilega tímabært að halda áfram á þeirri braut sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa markað á undanförnum árum bæði á þessu kjörtímabili og hinu næsta á undan þegar markvisst hefur verið gripið til skattalækkana, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Eins og ég nefndi áðan var tekjuskattur einstaklinga lækkaður verulega á árunum 1997–1999, eða um 4%. Því næst var tekjuskattur fyrirtækja lækkaður úr 30% í 18% árið 2002. Afleiðing þess var sú að tekjur ríkissjóðs af þeim skatti jukust en minnkuðu ekki eins og ýmsir spáðu. Á sama tíma voru eignarskattar einstaklinga og fyrirtækja lækkaðir um helming. Erfðafjárskattur var lækkaður um helming á þessu ári og einnig var nýtt skref stigið í átt til niðurfellingar hátekjuskattsins svokallaða og mun hann endanlega falla niður í lok næsta árs. Nú er röðin komin að því að stíga næstu skref í lækkun tekjuskatts einstaklinga og afnema eignarskattana.

Herra forseti. Meginniðurstaða langtímaáætlunar í ríkisfjármálum er sú að áfram muni ríkja stöðugleiki í efnahagslífinu þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmda og aukna innlenda eftirspurn meðal annars vegna breyttra aðstæðna á íbúðalánamarkaði. Gert er ráð fyrir umtalsverðum hagvexti 2005 og 2006 en heldur minni vexti árin 2007 og 2008. Mikill innflutningur vegna stórframkvæmda leiðir óhjákvæmilega til umtalsverðs halla á viðskiptum við útlönd en talið er að rekja megi meira en helming hallans til þeirra. Það dregur því verulega úr viðskiptahalla á nýjan leik þegar framkvæmdum lýkur og álútflutningur nýrrar verksmiðju segir til sín. Búast má við að verðbólga aukist lítillega þegar framkvæmdirnar eru í hámarki en lækki aftur þegar þeim er lokið. Kaupmáttur mun aukast verulega og atvinnuleysi minnka fyrri hluta tímabilsins. Á síðari hlutanum hægir á kaupmáttaraukningunni og atvinnuleysi eykst lítillega. Einnig verður umtalsverður afgangur á ríkissjóði þegar framkvæmdirnar eru í hámarki á árunum 2005–2006 eða sem nemur um 1,25% af landsframleiðslu. Jafnframt lækka skuldir ríkissjóðs á sama mælikvarða. Samkvæmt framreikningunum er hins vegar gert ráð fyrir nokkrum halla árin 2007 og 2008 enda dragast þjóðarútgjöld þá beinlínis saman og verulega hægir á hagvexti.

Rétt er að hafa nokkurn fyrirvara á framreikningum af þessu tagi sem ná yfir þetta langt tímabil. Eins er mikilvægt að hafa í huga að í forsendum langtímaáætlunar er ekki gert ráð fyrir tekjum af sölu Landssímans. Hér ráða varfærnissjónarmið ferðinni eins og eðlilegt er í slíkri áætlanagerð. Það verður hins vegar að teljast afar líklegt að Landssíminn verði seldur á kjörtímabilinu, vonandi á næstu missirum. Það mun skila umtalsverðum sölutekjum í ríkissjóð og gefa færi á lækkun skulda umfram það sem hér er gert ráð fyrir. Árlegur vaxtakostnaður ríkisins mun því geta lækkað umtalsvert sem aftur bætir stöðu ríkissjóðs. Að öllu samanlögðu má því ætla að afkoma ríkissjóðs verði að jafnaði þó nokkru betri á framreikningstímabilinu en hér er sýnt, ekki síst ef ráðist verður í enn frekari stóriðjuframkvæmdir eins og ýmislegt bendir til að geti orðið.

Herra forseti. Ég mun nú víkja að helstu þáttum fjárlagafrumvarps næsta árs. Tekjuafgangur ríkissjóðs árið 2005 er áætlaður 11,2 milljarðar króna í frumvarpinu og styrkist staðan nokkuð frá áætlaðri útkomu þessa árs og verulega miðað við ríkisreikning 2003. Bætta stöðu ríkissjóðs má bæði rekja til aukinna tekna vegna meiri umsvifa í efnahagslífinu og aðhaldi að gjaldahlið frumvarpsins. Þannig er gert ráð fyrir 3 milljarða króna lægri útgjöldum en annars hefði orðið og er það í samræmi við langtímastefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Lánsfjárafgangur styrkist ekki eins mikið og tekjuafkoman sem skýrist að mestu af því að handbært fé frá rekstri er áætlað minna árið 2005 vegna þess að stórir flokkar spariskírteina verða á gjalddaga það ár. Það veldur auknum vaxtagreiðslum umfram gjaldfærða vexti. Er því reiknað með 4 milljarða króna lánsfjárafgangi á næsta ári.

Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir áframhaldandi auknum umsvifum í efnahagslífinu og að hagvöxtur haldist áfram mikill og stöðugur. Spáð er að hagvöxtur verði um 5% á árinu 2005 og verðbólgan um 3,5% miðað við árið í ár. Einkaneyslan er talin munu aukast um 5% og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um 3,25%. Á þessum forsendum er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs muni hækka um rúmlega 6% frá fyrra ári og fara í rúmlega 280 milljarða króna. Heildartekjur ríkissjóðs eru taldar verða tæplega 306 milljarðar króna og hækka um 16 milljarða frá árinu 2004.

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2005 eru áætluð 294,6 milljarðar og hækka um 12 milljarða frá áætlun 2004. Útgjöldin standa hins vegar nánast í stað að raungildi frá útgjaldaáætlun ársins 2004. Rekstrargjöld ríkissjóðs hækka aðeins um 0,5% að raungildi frá áætluðum útgjöldum árið 2004, einkum vegna þess að gerð er almenn 1% hagræðingarkrafa til reksturs flestra stofnana ríkisins. Viðhald og stofnkostnaður lækka að raungildi um tæp 9% en þar munar mestu um áformaða frestun framkvæmda er nemur 1,9 milljörðum króna. Loks lækka vaxtagjöld ríkissjóðs um 1,4% að raungildi milli ára.

Lítil hækkun rekstrarútgjalda og lækkun fjárfestingarútgjalda endurspeglar aukið útgjaldaaðhald. Alls er í frumvarpinu gert ráð fyrir aðgerðum sem skila 3 milljarða króna lækkun útgjalda frá því sem annars hefði orðið. Í langtímaáætlun sem birt var í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004 var

gert ráð fyrir 3 milljarða króna frestun framkvæmda árið 2005. Þessi áform hafa nú verið endurskoðuð í ljósi stöðunnar á vinnu- og verktakamarkaði og er nú gert ráð fyrir 2 milljarða króna frestun framkvæmda og 1 milljarðs króna lækkun annarra útgjalda ríkissjóðs. Frestun framkvæmda er annars vegar 1,9 milljarðar kr. frá vegáætlun og hins vegar 100 millj. kr. í endurbótum menningarbygginga. Lækkun annarra útgjalda felst í að gerð er 1% hagræðingarkrafa á rekstur stofnana að frátöldum stóru sjúkrahúsunum tveimur í Reykjavík og á Akureyri og að frátöldum rekstri hjúkrunarheimila. Áætlað er að sú aðgerð skili 800 millj. kr. lækkun rekstrarútgjalda. Loks er gert ráð fyrir að vaxtabætur verði 200 millj. kr. lægri en annars hefði orðið vegna áforma um að greiddar bætur verði 95% af reiknuðum bótum samkvæmt gildandi lögum.

Gangi áform fjárlagafrumvarpsins eftir verður samanlagður lánsfjárafgangur frá 1998 til ársins 2005 rúmlega 68 milljarðar króna og er honum ráðstafað til að bæta stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, bæta stöðuna við Seðlabanka Íslands og til að halda aftur af skuldum ríkissjóðs. Þetta hefur skilað þeim árangri að skuldir ríkissjóðs hafa minnkað um nær helming frá árinu 1995. Heildarskuldir ríkissjóðs lækka úr 51,2% af landsframleiðslu árið 1995 í 27,6% samkvæmt áætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005. Hreinar skuldir ríkissjóðs lækka úr 34,3% af landsframleiðslu árið 1995 í 17,2% árið 2005. Sala á Landssíma Íslands gefur færi á að lækka skuldirnar enn frekar. Lækkun skulda leiðir eðlilega til lægri vaxtagreiðslna. Ef ekki hefði komið til skuldalækkunar ríkissjóðs frá árinu 1998 hefðu vaxtagjöld á næsta ári orðið rúmum 11 milljörðum króna hærri en áætlað er í frumvarpinu. Það munar um minna. Viðbótarframlög ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með vöxtum nema tæplega 80 milljörðum króna á tímabilinu 1999–2005. Staða sjóðsins hefur því styrkst sem því nemur og seinkað þeim möguleika um fjölda ára að til þess komi að greiða verði lífeyri B-deildar LSR beint úr ríkissjóði.

Herra forseti. Ég hef áður gert að umtalsefni í fyrri fjárlagaræðum mínum þær breytingar sem gerðar hafa verið á íslensku efnahagslífi frá árinu 1991, enda má líkja þeim við byltingu. Markmið þessara breytinga hefur verið að gera efnahagsumhverfi heimila og fyrirtækja hér á landi eins gott og helst betra en þekkist í okkar helstu viðskiptalöndum þannig að menn þurfi ekki að leita til annarra landa til að bæta lífskjör sín. Stórlega hefur verið dregið úr afskiptum hins opinbera og kröftum einkaframtaksins og einstaklinga leyft að njóta sín. Ríkisfyrirtæki hafa verið seld og samkeppni innleidd á fjölmörgum sviðum þar sem áður ríkti einokun. Frelsi hefur verið innleitt á flestum sviðum. Skattar af einstaklingum og fyrirtækjum hafa verið lækkaðir. Þannig mætti lengi telja. Árangur þessarar stefnu sést glöggt í þeirri miklu grósku sem er í atvinnulífinu. Jafnframt hefur kaupmáttur heimilanna stóraukist. Nýlegar breytingar á íbúðalánamarkaði þar sem almenningi gefst nú kostur á hagstæðum íbúðalánum hjá bönkunum eru mikilvæg viðbót á þessum markaði og er bein afleiðing þeirrar stefnu, ekki síst einkavæðingar bankanna.

Breytt skipulag efnahagslífsins hefur ekki einungis bætt stöðu heimila og fyrirtækja heldur einnig skapað grundvöll fyrir breyttar áherslur í hagstjórn. Þannig hefur skapast almennur skilningur á því að ábyrg stefna í ríkisfjármálum og traust staða þeirra er mikilvæg forsenda stöðugleika í efnahagsmálum. Sama gildir um mikilvægi sjálfstæðrar peningamálastjórnar Seðlabankans. Þessar áherslubreytingar í hagstjórn hafa stuðlað að stöðugra efnahagsumhverfi hér á landi en áður hefur þekkst og munu án efa auðvelda hagstjórnarhlutverk stjórnvalda á næstu árum.

Enn fremur hefur bætt staða ríkisfjármála skapað skilyrði til þess að stórauka greiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega, mennta-, menningar-, samgöngu- og félagsmála, hækka atvinnuleysisbætur og auka framlög til þróunaraðstoðar. Undanfarin ár hafa verið gerðar margvíslegar breytingar á lífeyriskerfi almannatrygginga, bætur hækkaðar og dregið úr tengingu bóta við atvinnutekjur. Útgjöld almannatrygginga hafa tvöfaldast frá árinu 1998, eða úr 19,2 milljörðum króna í 38 milljarða. Þar af hafa greiðslur til öryrkja hækkað úr 4,9 milljörðum í 14,3 milljarða króna. Kaupmáttur bóta hefur vaxið hröðum skrefum frá árinu 1998 eða um 25,6% hjá einhleypum öryrkjum og um 45,2% hjá öryrkja í hjúskap eða sambúð með maka sem ekki er lífeyrisþegi.

Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir auknum framlögum til menntamála og rannsókna. Þannig hafa framlög til háskóla og rannsókna auk framhaldsskóla vaxið hröðum skrefum undanfarin ár. Þess sjást glögg merki í frumvarpinu þar sem framlög til menntamála aukast um tæplega 9% frá áætlun þessa árs. Framlög til rannsókna hækka áfram í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um eflingu vísinda- og rannsóknasjóða. Þannig hækka framlög í Rannsóknarsjóð hjá menntamálaráðuneyti um 85 millj. kr. og verða 500 millj. kr., framlög til Tækniþróunarsjóðs sem heyrir undir iðnaðarráðuneyti hækka um 140 millj. kr. og verða 340 millj. kr. Þá er framlag í rannsóknarsjóð til að auka verðmæti sjávarfangs tvöfaldað og verður 200 millj. kr. Í samanburði við önnur ríki OECD verja Íslendingar næstmestu af opinberu fé til rannsókna á mann á eftir Bandaríkjunum en önnur ríki koma þar talsvert á eftir.

Í frumvarpinu er stigið lokaskrefið í sérstöku átaki til að draga úr bið eftir þjónustu á sambýlum og er veitt rúmlega 200 millj. kr. til málaflokksins. Þar af eru 130 millj. kr. til að sambýla og nýrra búsetuúrræða fatlaðra. Í heilbrigðismálum má helst nefna að framlög til Landspítala hækka um 500 millj. kr. auk þess að framlög til heilbrigðisstofnana aukast og rekstur stofnana er styrktur. Framlög til fjölgunar á hjúkrunarrúmum og til dvalarheimila aukast um 587 millj. kr. og er gert ráð fyrir að taka í notkun 55 ný rými á næsta ári og 65 rými frá þessu ári verða tekin í heilsársrekstur auk þess að framlög til dagvista og hvíldarinnlagna aukast. Framlög til löggæslu eru aukin um tæplega 200 millj. kr. þar eru rúmlega 90 millj. kr. til að efla sérsveitina og 55 millj. kr. vegna fjölgunar lögreglumanna í Reykjavík. Þá aukast einnig framlög til sýslumanna vegna fjölgunar lögreglumanna í embættum úti um land. Loks má nefna að framlög til þróunaraðstoðar hækka um 500 millj. kr. í frumvarpinu og framlög til íslensku friðargæslunnar hækka um 125 millj. kr. Hefur framlag Íslendinga til þróunaraðstoðar þá hækkað úr 0,09% af landsframleiðslu árið 1999 í 0,21% árið 2005.

Sumir hafa dregið í efa þá staðreynd að íslenskt efnahagslíf hafi tekið eins miklum stakkaskiptum og haldið hefur verið fram. Gleggsti vitnisburðurinn í þeim efnum er að horfa til samanburðar við stöðuna í öðrum löndum. Allar alþjóðlegar hagtölur staðfesta að flestir efnahagslegir mælikvarðar sýna sterka stöðu Íslands miðað við önnur lönd. Hagvöxtur er meiri hér en annars staðar. Atvinnuleysi er langt undir því sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Staða ríkisfjármála er einnig mun betri og sama gildir um skuldastöðu ríkissjóðs. Verðbólga er einnig svipuð þótt hún sé nær efri mörkum en það stafar alfarið af því að hagvöxtur er hér mun meiri en annars staðar. Þegar horft er lengra fram í tímann kemur í ljós að staða okkar er einnig betri en víðast hvar annars staðar. Þannig er lífeyrissjóðakerfið mun öflugra hér á landi þar sem það er að verulegu leyti byggt á sjóðssöfnun en ekki gegnumstreymi. Þetta þýðir að ekki þarf að grípa til sérstakra ráðstafana hér á landi til þess að mæta hlutfallslegri fjölgun ellilífeyrisþega, hvorki með hækkun skatta né skerðingu lífeyrisréttinda.

Öll þessi atriði hafa orðið til þess að bæta lífskjör almennings og styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja verulega á undanförnum árum. Þetta hefur síðan skilað sér í því að Ísland er komið í hóp þeirra ríkja sem bjóða upp á hvað bestu lífskjörin og hlúa hvað mest að atvinnulífinu. Um þetta eru menn almennt sammála eins og sést best af umsögnum alþjóðlegra stofnana eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og OECD sem og þriggja virtustu matsfyrirtækja heims sem hafa sett okkur í flokk þeirra ríkja sem njóta einna bestu lánskjara á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.

Herra forseti. Ég vil undir lokin undirstrika þá meginniðurstöðu bæði fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005 og langtímaáætlunar í ríkisfjármálum að áfram muni ríkja stöðugleiki í efnahagslífinu á næstu árum þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmdanna. Ástæðan fyrir þessu er sú aðhaldsstefna í ríkisfjármálum sem ríkisstjórnin hefur markað og ætlar sér að fylgja. Þessi stefna miðar einnig að því að skapa svigrúm til lækkunar skatta og aukinna útgjalda til sérstakra forgangsverkefna í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, eins og ég hef rakið hér að framan, án þess að raska þeim meginmarkmiðum efnahagsstefnunnar að viðhalda stöðugleika.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það er ekkert einfalt og þaðan af síður vinsælt að framfylgja slíkri stefnumörkun á sama tíma og mikill uppgangur er í efnahagslífinu. Þótt samgönguframkvæmdir hafi aukist verulega undanfarin ár er vissulega enn ýmislegt ógert og sjálfsagt má nefna margt annað sem menn gætu hugsað sér að verja auknum fjármunum til. Við stöndum hins vegar í þeim sporum að fram undan eru afar umfangsmiklar framkvæmdir á okkar mælikvarða sem munu reyna mjög á innviði okkar litla hagkerfis. Við þessar aðstæður er óhjákvæmilegt að stjórnvöld axli hagstjórnarlega ábyrgð sína af fullum þunga og geri það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Þetta á sérstaklega við um stefnuna í ríkisfjármálum og peningamálum en ég tel einnig nauðsynlegt að sveitarfélögin axli sína ábyrgð því að það er ekkert síður hagsmunamál fyrir þau að hér ríki áfram stöðugleiki.

Mér finnst þess vegna mikilvægt að umræða um fjárlagafrumvarpið og langtímaáætlunina taki mið af þeim efnahagslega raunveruleika sem við stöndum frammi fyrir. Auðvitað má alltaf deila um áherslur og forgangsmál. Það á hins vegar ekki að þurfa að deila um heildarsamhengi efnahagslífsins og þörfina fyrir aðhaldssama hagstjórn.

Í beinu framhaldi af þessu get ég ekki látið hjá líða að minnast á villandi málflutning um ríkisfjármálin undanfarna daga þar sem því hefur verið haldið blákalt fram að allt hafi farið úr böndunum undanfarin ár og afkoman orðið um 80 milljörðum króna lakari en fjárlög gerðu ráð fyrir. Hér er farin sú leið að bera saman annars vegar niðurstöðutölur fjárlaga og hins vegar endanlegar tölur samkvæmt ríkisreikningi. En er það ekki eðlilegur samanburður? kann einhver að spyrja. Svarið er nei. Þetta er þvert á móti afar villandi og í rauninni ekki marktækur samanburður fylgi honum ekki eðlilegar skýringar.

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að hafa í huga að oft þarf að bregðast við sérstökum aðstæðum og óvæntum atvikum í fjáraukalögum sem ekki voru fyrirsjáanleg þegar fjárlög voru samþykkt og raska niðurstöðum samþykktra fjárlaga. Allir þingmenn hafa tekið þátt í afgreiðslu fjáraukalaga og þekkja þetta. Árið 2003 voru þannig samþykkt tvenn fjáraukalög, hin fyrri gagngert til að auka útgjöld til byggðamála og vegaframkvæmda og draga þannig úr afgangi á fjárlögum.

Í öðru lagi verður, þegar verið er að fjalla um ríkisfjármálin og hvernig þeim hefur verið stjórnað, að taka ákveðna liði út úr samanburðinum sem hafa ekkert að gera með hinn eiginlega og daglega rekstur ríkissjóðs og liggja yfirleitt ekki fyrir fyrr en löngu eftir lok hvers fjárlagaárs. Hér má ekki síst nefna gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga ríkisstarfsmanna sem nemur milljarðatugum á síðustu árum, mest um 25 milljörðum á einu ári. Þetta eru hins vegar ekki greiðslur úr ríkissjóði og þær hafa því engin áhrif á hagstjórn líðandi stundar. Sama á við um afskrifaðar skattkröfur.

Í þriðja lagi vil ég nefna tekjur af sölu eigna umfram bókfært verðmæti sem einnig flokkast með óreglulegum liðum.

Alla þessa þætti þarf að undanskilja því að annars fæst ekki rétt mynd af þróun ríkisfjármála. Á þetta hefur verið rækilega bent í mörg ár í athugasemdum Fjársýslu ríkisins með ríkisreikningi þannig að það ætti ekki að koma á óvart, allra síst þingmönnum. Mér finnst því hægt að gera þá kröfu til þeirra að þeir fari rétt með þessar tölur. Jafnframt vil ég nefna að allar stefnumótandi ákvarðanir ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum undanfarin ár taka mið af stöðu ríkissjóðs að frátöldum þessum óreglulegu liðum. Villandi og óábyrg umfjöllun sumra þingmanna og fjölmiðla um þessi mál að undanförnu hefur ekki orðið þeim til álitsauka og hafa þeir þó sumir ekki úr mjög háum söðli að detta í þeim efnum. (Gripið fram í.) Sætir raunar furðu að þeir sem halda því fram að fjárlög undanfarinna ára hafi verið marklaus glansmynd og staða ríkisfjármála sé í kaldakoli skuli þó sömu skoðunar og ríkisstjórnin um að verulegt svigrúm sé til skattalækkana. Allir sjá að slíkur málflutningur fær ekki staðist.

Ég get nefnt eitt tiltekið dæmi sem sýnir hversu fáránlegt er að horfa á afkomutölur ríkissjóðs án þess að undan-

skilja þessa óreglulegu liði. Árið 1989 — og sumir þingmenn hér í salnum voru þá á Alþingi og meira að segja í ríkisstjórn — voru gjaldfærðar í einu lagi lífeyrisskuldbindingar sem námu þá 61 milljarði króna sem reiknast til um 120 milljarða á verðlagi í dag. Þetta varð til þess að það kom fram gríðarlegur bókhaldslegur halli á ríkissjóði þetta ár sem nam um 125 milljörðum króna á núvirði. Þótt mörgu hafi verið ábótavant í fjármálastjórn ríkisins á þeim tíma held ég að engum hafi dottið í hug að telja þessa gjaldfærslu með í umræðu um hallarekstur ríkissjóðs.

Og hvað leiðir þá réttur samanburður í ljós? Ef við tökum ríkisreikning áranna 1998 til 2003 og leiðréttum fyrir þessum óreglulegu liðum er niðurstaðan sú að yfir tímabilið í heild er uppsafnaður tekjuafgangur ríkissjóðs, afgangurinn af raunverulegum rekstri ríkissjóðs, um 95 milljarðar króna á verðlagi hvers árs. Þetta svarar til 16 milljarða tekjuafgangs á hverju ári. Jafnframt var afkoma ríkissjóðs 7 milljörðum króna betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þetta verður að teljast býsna vel af sér vikið þegar haft er í huga að á þessum árum var meðal annars gripið til sérstakra aðgerða til þess að bæta kjör aldraðra og öryrkja umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Eins hefur verið gripið til sérstakra atvinnuskapandi aðgerða, svo sem í vegamálum o.fl. Loks hafa komið til skjalanna áhrif kjarasamninga sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Fyrir slíkum viðbótarútgjöldum er síðan leitað heimilda í fjáraukalögum hverju sinni. Niðurstaðan af þessu er því sú að hér hafi ríkt traust ríkisfjármálastjórn. Þetta hefur verið staðfest í umsögnum alþjóðlegra stofnana eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og OECD og þriggja virtustu matsfyrirtækja heims eins og ég hef þegar nefnt.

Herra forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að ítreka að sú stefna sem birtist í fjárlagafrumvarpinu og langtímaáætlun í ríkisfjármálum sýnir að ríkisstjórnin er ráðin í að taka ríkisfjármálin sterkum tökum og beita þeim til þess að hamla gegn þenslu í efnahagslífinu á næstu árum. Ég er sannfærður um að þetta er rétt stefna og að hún muni, þegar upp er staðið, skila tilætluðum árangri og styrkja stöðu okkar í samfélagi þjóðanna sem land þar sem okkur finnst eftirsóknarvert að búa í lífskjaranna vegna og þar sem fyrirtækjum finnst hagstætt að starfa.

Ég legg til, herra forseti, að frumvarpi þessu verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til 2. umr. og hv. fjárlaganefndar. Óska ég eftir góðu samstarfi við nefndina nú sem endranær og vona að takast megi að afgreiða frumvarpið í samræmi við starfsáætlun þingsins svo sem verið hefur undanfarin ár.

[11:04]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var einkennileg deyfð yfir hæstv. fjármálaráðherra. Undanfarin ár hefur hann verið býsna glaðbeittur á þessum stundum. Hann hefur verið ánægður með verk sitt en nú er eitthvað að naga hæstv. ráðherra. Ég ætla ekki að vera með neinar getgátur um hvað veldur. Óneitanlega vekur það athygli að fjölbreytnin í talnaleiknum hjá hæstv. ráðherra er ekki mjög mikil. Hér er 1% lækkun á tekjuskatti og 1% hagræðingarkrafa á stofnanir. Það er þetta 1% sem virðist aðalatriðið hjá hæstv. fjármálaráðherra.

Ég ætla í stuttu andsvari ekki að fara í allar myndir þessa eina prósents en það er nauðsynlegt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra strax að því hvernig á því stendur að niðurstaða ríkisstjórnarinnar hafi verið að lækka tekjuskatt um 1% flatt á alla jafnt og eyða í það um það bil 5 milljörðum kr., lækka hátekjuskatt um 2% og eyða í það 650 millj. kr. en ekki velta upp ýmsum öðrum möguleikum til að nota sömu fjármuni til að skila þeim á jafnari hátt til íbúa þessa lands. Hvernig stendur á því að sama upphæð var t.d. ekki notuð til að lækka hinn svokallaða matarskatt úr 14% í 7%? Kostnaður við það er, eins og ég sagði, svipaður og þær áætlanir sem hér er gert ráð fyrir. Af hverju var ekki farið í að hækka skattleysismörk, sem einnig var hægt? Hver er ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin velur þá leið sem skilar sem ójafnast til þjóðarinnar þeim lækkunum sem um er að ræða?

[11:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu mun koma fram sérstakt frumvarp um breytingar á skatthlutföllum og öðru sem því tengist. Það er ekki hluti af fjárlagafrumvarpinu að öðru leyti en því að það hefur áhrif á tekjuspána í frumvarpinu.

Ég skal með ánægju svara hv. þm. Það er gert ráð fyrir 1% lækkun tekjuskatts, eins og fram er komið. Það er hluti af áætlun ríkisstjórnarinnar til þriggja ára um lækkun tekjuskattsins. Menn vilja lækka jaðarskattinn sem leggst á hverja viðbótarkrónu sem almenningur aflar sér í tekjur. Það er skýringin. Við höfum jaðarskatt til ríkisins, upp á 25,75%. Skoðun mín og margra annarra er að það sé of hátt hlutfall þegar við bætist það sem til viðbótar kemur til staðgreiðslu og rennur til sveitarfélaganna. Markmiðið er að minnka jaðaráhrifin í skattkerfinu og gera eftirsóknarverðara að afla sér meiri tekna. Þetta eru með öðrum orðum vinnuhvetjandi aðgerðir, hvetja til þess að vinnuframboð aukist. Það er engin tilviljun. Það er sérstök þörf á því á næstu árum að hvetja til þess að meira vinnuframboð verði á vinnumarkaðnum með tilliti til þess sem þar er fram undan varðandi framkvæmdir. Þetta er ástæðan.

Auðvitað er hægt að tína til margar aðrar leiðir til að ráðstafa fjármunum úr ríkissjóði. Það þekkjum við öll. Samfylkingin hefur aldeilis ekki legið á liði sínu í því efni, að koma með góðar hugmyndir um að fella niður tekjur ríkissjóðs.

[11:08]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra gefur ágætar skýringar á þeirri leið sem ríkisstjórnin valdi, fyrst og fremst að hvetja hátekjumenn til að vinna meira. Það er göfugt markmið út af fyrir sig. En það var fleira sem hæstv. fjármálaráðherra nefndi í ræðu sinni sem vakti athygli mína. Það er hið mikla aðhald sem áfram skal beitt í ríkisfjármálum. Það er líklega svipað aðhald og beitt var á fjárlagaárinu 2003 þegar útgjöldin jukust um rúmlega 27 milljarða kr. eða um heilar 3 millj. kr. á hverri einustu klukkustund ársins.

Kannski er sendiherrabústaðurinn sem á að fara að byggja í Berlín fyrir litlar 230 millj. kr. dæmi um aðhaldið.

Það er líklega besta aðhaldsdæmið sem ég fann í fjárlagafrumvarpinu. Það er ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra: Er sendiherrabústaðarbyggingin svo nauðsynleg á árinu 2005 að hjá henni verði ekki komist? Á einstaka stöðum í fjárlagafrumvarpinu er beitt aðhaldi en það er ekki að sjá að það sé í anda þess sem sums staðar er beitt. Þess vegna er hæstv. fjármálaráðherra spurður: Er sendiherrabústaðarbyggingin í Berlín dæmi um það aðhald sem hann vill sjá í fjárlögum næsta árs?

[11:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er stórt spurt. Í 300 milljarða kr. fjárlagafrumvarpi er búið að tína einn lið út og spurt hvort hann sé til marks um aðhald. Þingmaðurinn veit vitanlega að ríkissjóður hefur átt lóð í Berlín í mörg ár sem ekki hefur verið byggt á en staðið til að byggja þar sendiherrabústað. Það verður ekki hjá því komist, m.a. vegna krafna frá borgaryfirvöldum í Berlín og yfirvöldum þar í landi, að nýta þessa lóð sem fékkst á mjög góðum kjörum á sínum tíma og mun hagstæðari en aðrir þurftu að greiða fyrir sambærilegar lóðir. Nú er að því komið að klára að byggja þennan bústað og vonandi verður hann íslensku þjóðinni til sóma þegar upp er staðið. Hann er náttúrlega dýr vegna þess að byggingarkostnaður er hár í Þýskalandi. En sem betur fer munu þau útgjöld ekki hafa áhrif til þenslu á byggingarmarkaði hér innan lands vegna þess að hann er byggður í útlöndum. Þetta ætti að skýra sig sjálft.

Samfylkingin er sjálfri sér lík. Hún gerir á víxl kröfur um meiri útgjöld og minni útgjöld, meiri tekjur og minni tekjur. Hvað rekur sig á annars horn í málflutningi Samfylkingarinnar í ríkisfjármálum. Er ekki komið nóg, hv. þm., í þeim efnum?

[11:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur kynnt fjárlagafrumvarpið. Í því er svo sem ekkert nýtt. Áfram er réttur hlutur þeirra sem hæstar hafa tekjurnar og skertur hlutfallslega hagur þeirra sem hafa lægstar tekjur. Þetta er stefna þessarar ríkisstjórnar og hefur verið.

Hæstv. ráðherra var að hæla sér af meðferð fjárlaganna í ráðuneytinu. Ég leyfi mér að vekja athygli ráðherrans á því að á árunum 1999–2002 voru tekjur ríkissjóðs 38 milljarðar kr. og gjöldin 90 millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Við erum þarna að tala um ráðherrafjárlög.

Ég hef ekki á móti því að vitlaus fjárlög séu leiðrétt. Þau hafa reynst mjög vitlaus. Það hefur skort verulega fjármagn til rekstrar einstakra stofnana og svo framvegis og þannig verið nauðsynlegt að leiðrétta þau. En það á að gera á þinginu. Hefur eitthvað gerst í fjármálaráðuneytinu eða hefur ráðherra farið á námskeið í áreiðanleika fjárlagagerðar sem sýnt gæti fram á aukinn trúverðugleika þeirrar vinnu sem í hönd fer varðandi fjárlagagerðina í ljósi síðustu ára þar sem fátt eitt hefur staðist nema skerðingin á kjörum þeirra sem lægra eru settir? Gæti hæstv. ráðherra upplýst um hver niðurstaða fjárlaganna síðastliðin fimm ár yrði ef sala ríkiseigna væri tekin út?

[11:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að hv. þm. hefur ekki lagt vel við hlustir þegar ég flutti mál mitt. Ég fór yfir það hve mikill afgangurinn á ríkissjóði væri þegar búið er að taka frá þær sölutekjur sem hann nefndi og aðra óreglulega liði. Hver varð niðurstaðan? 95 milljarðar kr. í afgang á árunum 1998–2003.

Ég heyrði ekki betur en hv. þm. væri að bjóða mér upp á námskeið í meðferð ríkisfjármála. Ég skal gjarnan mæta á námskeið hjá honum í þeim efnum. Mikið verður gaman í þessum sal þegar hv. þm. Jón Bjarnason verður orðinn eftirmaður minn. Hann er helsti sérfræðingur Vinstri grænna í ríkisfjármálum og talsmaður þeirra á þeim vettvangi. Þá förum við saman á námskeið.

Það er rangt að leggja hlutina upp með þeim hætti sem hv. þm. gerði. Það er sjálfsagt að tala um málið af sanngirni, hvað hefur farið úrskeiðis og hvað hefur gengið eftir en það verður að bera saman réttu hlutina eins og ég fór rækilega yfir í ræðu minni. Ég tel að ýmislegt sem áður hefur verið fært til gjalda umfram fjárlögin, t.d. lífeyrisskuldbindingar, muni minnka á næstu árum. Við höfum gert það miklar ráðstafanir, t.d. í innborgunum í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins að það fer að vega þungt þar upp á móti, eins og ég vænti að hv. þm. hafi tekið eftir í skýringum *mínum fyrr í dag og af kynningarfundi um fjárlagafrumvarpið fyrir helgi.*

[11:15]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðheyrt að það kemur við kvikuna á hæstv. fjármálaráðherra að ræða það sem við erum að bera saman því að í einu dæminu er hann kominn með nokkurra tuga milljarða kr. afgang en í öðru er hann kominn í allt annað.

Ég held því að það sé virkilegt ráð, hæstv. ráðherra, að taka saman einhverja skilvirka vinnureglu í ráðuneytinu um það hvernig bera eigi fjárlagaliðina saman frá ári til árs og innan árs svo að menn geti ekki talað út og suður eins og hæstv. ráðherra gerir hér.

Ég vil líka inna hæstv. ráðherra eftir einu: Mun hann eða hefur hann nú þegar sent áminningarbréf úr ráðuneytinu hliðstætt því sem hann sendi 23. október í fyrra þar sem lagst er gegn því að forstöðumenn ráðuneyta og stofnana komi til fjárlaganefndar og beri upp erindi sín, þar sem þeim er meinað um það sem liður í einhverjum húsagatilskipunum ráðuneytisins? Hefur slíkt bréf verið sent eða mun slíkt bréf verða sent aftur út eða fá forstöðumenn stofnana frjálsan og óhindraðan rétt og möguleika til að bera mál sín upp að eigin frumkvæði við fjárlaganefnd?

Þau gerræðislegu vinnubrögð sem ráðuneytið sýndi á liðnu hausti voru alveg með fádæmum. Því er eins gott að fá þetta nú þegar í stað á hreint. Verður slíkum gerræðislegum vinnubrögðum beitt áfram?

[11:17]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Allt eru þetta nú efnismiklar athugasemdir sem hér koma fram. Ekkert bréf eins og hv. þm. spurði um

hefur verið sent. En ég geri ráð fyrir því að við munum hafa sama háttinn á nú eins og undanfarin ár, að leggjast gegn því að forstöðumenn stofnana fari með sín erindi í (Gripið fram í.) fjárlaganefnd. (Gripið fram í.)

Ég var nú að svara því sem ég var spurður um, hv. þm., hvort slíkt bréf hefði verið sent í haust. Það hefur ekkert slíkt bréf verið sent. En ég geri ráð fyrir því að það geti orðið vegna þess að við munum hafa sama háttinn á núna og undanfarin ár.

Þakka ég síðan hv. þm. fyrir mjög fínt innlegg hér varðandi ríkisfjármálin og fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár.

[11:18]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er eðlilegt við 1. umr. um fjárlög að ræða almennt um það sem þar kemur fram en ekki fara yfir einstaka liði eins og gert verður í meginumræðunni sem er 2. umr.

Ljóst er að það hagvaxtarskeið sem við getum sagt að hafi hafist árið 2003 mun halda áfram og heldur áfram með meiri krafti en gert var ráð fyrir. Hagvöxturinn er mun meiri en gert var ráð fyrir fyrir nokkrum árum og er vaxandi. Þetta er góðs viti en auðvitað vandi sem þarf að taka á. Viðskiptahallinn er síðan það hættumerki sem við þurfum að fylgjast með. Aukning verðbólgu er einnig hættumerki sem þarf að fylgjast með.

Stöðugleikinn er hins vegar okkur algjör nauðsyn. Þess vegna skiptir fjárlagafrumvarp hvers árs máli. Þess vegna skipta fjárlög hvers árs miklu máli. Það er vegna þess að ríkisfjármálin skipa verðugan sess í efnahagslífi þjóðarinnar og þess vegna er afar mikilvægt að fjárlagafrumvarpið sem slíkt sé sem allra best úr garði gert.

Því miður verður að segja allt eins og það er. Því miður hefur það ekki verið raunin undanfarin ár að nægilega vel hafi verið staðið að verki, að fjárlagafrumvarpið hafi verið nægilega nákvæmt, að fjárlagafrumvarpið hafi verið nægilega vandað, að nægilega vel hafi verið áætlað fyrir útgjöldum einstakra stofnana ríkisins. Því miður verður að segja að reynslan sýnir að harla lítið mark er takandi á fjárlagafrumvörpum ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks og það hvort sem litið er til ríkisútgjalda eða þess afgangs sem áætlaður er. Það virðist því miður vera þannig að afskaplega lítil stjórn sé á útgjaldaaukningu ríkisins. Það sem hefur hins vegar bjargað því sem bjargað verður er að hagvöxturinn hefur verið það mikill að hann hefur skilað ríkissjóði stórauknum tekjum og þannig hefur verið hægt að ná endum saman.

En það er kannski ekkert skrýtið þó að þessi niðurstaða sé eins og hún er. Við heyrðum hæstv. utanríkisráðherra í gærkvöldi tala um að það væri óeðlilegt að bera saman ríkisreikning og fjárlög eða fjárlagafrumvarp. Við höfum auðvitað ekkert annað til þess að bera saman, eða hvað á að bera fjárlagafrumvarpið saman við? Á að bera það saman við fjárlög ársins á undan? Á að bera það saman við væntanlega útkomu núverandi árs? Því miður eru engar af þessum tölum þannig að hægt sé að bera þær saman. Hins vegar vita menn að þegar ríkisreikningurinn er kominn þá er ýmislegt fleira komið til en er í fjárlagafrumvarpinu. En það afsakar ekki að áætlað sé fyrir ýmsum af þessum þáttum. Til er liðurinn Annað og ófyrirséð og í fjárlagafrumvarpi þessa árs er m.a. sett inn upphæð sem er áætlaður kostnaður af væntanlegum kjarasamningum. Auðvitað er því hægt að standa betur að verki.

En það er eins og hæstv. ráðherrar vilji geta ráðstafað ýmsum hlutum eftir á vegna þess að það er á einhvern hátt þægilegra. Og það er athyglisvert, þegar hæstv. fjármálaráðherra kemur hér svo í morgun og fer að svara þessum samanburði, að taka eftir dæminu sem hann tekur, dæminu sem hann finnur. Hann þarf að fara allt aftur til ársins 1989 til þess að finna það. Auðvitað væri hægt að taka miklu fleiri dæmi á þessu tímabili sem við vorum að bera saman. En hæstv. ráðherra fer alveg aftur til 1989 til þess að finna sínar tölur. Þegar hann fer að skoða tímabil þá notar hann tímabilið 1998–2003 en ekki sama tímabilið og við notuðum, þ.e. árið 2000–2003.

Hvers vegna notuðum við það? Jú, vegna þess að ákveðin breyting var gerð 1998 þegar allt var sett á rekstrargrunn og það verður að segjast eins og er að það er auðvitað eðlilegt að það taki einhvern tíma að sú breyting komi fram að fullu. Við ákváðum þess vegna að sleppa tveim fyrstu árunum þegar við unnum okkar tölur.

En annað er miklum mun athyglisverðara í máli hæstv. fjármálaráðherra og það er að hæstv. fjármálaráðherra notar líka ríkisreikninginn til samanburðar þegar hæstv. ráðherra hentar.

Ég vil vitna orðrétt í ræðu hæstv. fjármálaráðherra. Þar segir með leyfi forseta:

„Tekjuafgangur ríkissjóðs árið 2005 er áætlaður 11,2 milljarðar króna í frumvarpinu og styrkist staðan nokkuð frá áætlaðri útkomu þessa árs og verulega miðað við“ — og miðað við hvað? — „ríkisreikning 2003.“

Það er nýjasti ríkisreikningurinn og afskaplega eðlilegt að við hann sé miðað og hæstv. ráðherra gerir það að sjálfsögðu. Það finnst mér eðlilegt því að það eru auðvitað þær tölur sem við höfum gleggstar um slíkar niðurstöður.

Herra forseti. Ég sagði að því miður væri reynslan þannig að fjárlagafrumvörpin væru afskaplega lítt marktæk og það er alvarlegt. Það er mjög alvarlegt, sérstaklega í ljósi þess efnahagsástands sem við búum nú við vegna þess að það þarf að sýna aðhald og það þarf að ná utan um ríkisútgjöldin. En það er auðvitað ekki sama hvernig það er gert. Ég tel ekki að 1% hagræðingarkrafa sé besta leiðin til þess. Ég tel að það þurfi að fara yfir rekstur ríkisstofnana og skoða nákvæmlega hvað aflaga hefur farið, hvernig á því standi t.d. að sumar ríkisstofnanir eru reknar með halla ár eftir ár en aðrar ríkisstofnanir safna inneignum ár eftir ár. Þarna er eitthvað sem hlýtur að þurfa að skoða.

Það verður að segja hæstv. ríkisstjórn til tekna að nú hefur hún loksins ákveðið að setja niður ráðherranefnd til þess að fara yfir stofnanakerfi ríkisins. Vonandi verður útkoman sú að tekið verði til í kerfinu. Loksins núna telur ríkisstjórnin ástæðu til þess að setja niður ráðherranefnd til þess að fara yfir þessa þætti þrátt fyrir að ítrekað hafi verið, ár eftir ár, bent á að þetta væri nauðsynlegt og það ekki bara af okkur stjórnarandstæðingum í þingsölum heldur hefur hver skýrslan af annarri frá Ríkisendurskoðun bent til þess að þetta væri nauðsynlegt.

Herra forseti. Örlítið meira um tölur. Þegar bornar eru

saman tölur ársins 2000–2003 varðandi ríkisútgjöldin liggur fyrir að frá fjárlagafrumvarpi til ríkisreiknings skeikar um 113 milljörðum kr. Að meðaltali er þetta þess vegna um 28,3 milljarðar kr. á milli fjárlagafrumvarps og þeim raunveruleika sem við blasir í ríkisreikningi fyrir þessi fjögur ár.

Sé hins vegar litið til samþykktra fjárlaga annars vegar og hins vegar ríkisreikningsins þá munar að meðaltali á hverju ári 23,5 milljörðum kr. Hæstv. fjármálaráðherra taldi þetta allt saman blekkingar og nokkuð sem alls ekki ætti að gera vegna þess að t.d. kæmi í fjáraukalögum ýmislegt sem ekki væri fyrirséð. Vissulega eru dæmi um slíkt. En því miður hefur það nú verið þannig flest undanfarin ár að flest það sem samþykkt hefur verið í fjáraukalögum hefur allt saman verið fyrirséð, allt saman verið meira og minna fyrirséð. Vegna þess að það er of mikið kæruleysi við fjárlagagerðina hafa menn verið að koma með inn hluti í fjáraukalögum sem áttu svo sannarlega heima í fjárlögum, ýmist yfirstandandi árs eða þá í fjárlögum næsta árs.

Vegna þess að hæstv. fjármálaráðherra gerði svo mikið úr fjáraukalögunum skal ég gleðja hæstv. ráðherra með því að segja honum að á þessu sama tímabili skeikar á milli ríkisreiknings og fjárheimilda, þ.e. fjárlaga plús fjáraukalaga, um 19 milljörðum kr. að meðaltali á ári og er það ekki munur sem neinu meginmáli skiptir. Aðalatriðið er að þessi munur er allt of mikill. Á því þarf að taka og það er nauðsynlegt að menn horfist í augu við að það verður að bæta áætlunargerðina. Dæmið sem ég nefndi áðan um ráðherranefndina sýnir auðvitað að ríkisstjórnin hefur áttað sig á því að það þarf að bæta hlutina og ætlar vonandi að taka á því máli. Vonandi er þetta ekki einhver nefnd sem á bara að vinna og vinna og skila skýrslu sem fer ofan í skúffu. Vonandi verður einhver árangur af þessu.

Það er einnig athyglisvert þegar bornar eru saman tölur um afgang ríkissjóðs, því þar skeikar gífurlega miklu, að á þessu sama árabili, frá 2000–2004, er mismunurinn á afganginum miðað við fjárlagafrumvörpin og ríkisreikningsinn um 85 milljarðar kr. og að meðaltali þá um 21 milljarður á ári.

Ef hins vegar er litið til fjárlaganna þá er munurinn meiri eða 22,5 milljarðar að meðaltali á ári, sem sýnir að menn hafa verið of bjartsýnir í breytingunum hér í þingsal, breytingum sem vissulega eru fyrst og fremst á ábyrgð ríkisstjórnar.

En það er ekki bara svo að illa sé staðið að áætlunargerð einstakra ríkisstofnana og eins og ég sagði áðan þá er það ekki bara stjórnarandstaðan sem hefur verið að benda á að ekki sé almennilega að þessum málum staðið. Ríkisendurskoðun hefur reglulega gefið út skýrslur. Í sumar kom út ný skýrsla. Í júnímánuði 2004 kom út skýrsla sem heitir Framkvæmd fjárlaga árið 2003. Þar eru ýmsar mjög merkilegar upplýsingar.

Á bls. 35 er t.d. birt afskaplega merkileg tafla um þjóðhagsstærðir í fjárlagafrumvörpum árin 1999–2003 og raunniðurstöður. Það verður að segjast eins og er að munurinn þar er gífurlegur þannig að forsendur fjárlaganna öll þessi ár hafa greinilega verið víðs fjarri raunveruleikanum. Nokkur dæmi héðan úr töflunni:

Áætlað var að verg landsframleiðsla mundi aukast að meðaltali á árunum 1999–2002 um 2,4%. Rauntalan er 8,2%. Þarna skeikar heilum 5,8%. Þegar þessi grundvöllur undir allan reikninginn er nýttur er það ekkert skrýtið þó að mismunur verði ansi mikill.

Ef við skoðum síðan samneysluna sjáum við að meðaltalið 1999–2002 í forsendunum var 2,8%. Raunveruleikinn er hins vegar 11,7%. Þarna er mismunurinn upp á 5,4%, einnig gífurlega mikill.

Ef síðan er tekið einstakt ár, árið 2003, sjáum við að áætlað var í forsendunum að verg landsframleiðsla mundi aukast um 1,5%. Raunveruleikinn varð 3,6% eins og fram kemur í tölum Hagstofunnar og birt er hér. En miðað við nýjustu tölur virðist þetta nú vera enn hærri tala, ef ég man rétt upp á 4,3%, þannig að enn er munurinn gífurlega mikill eða töluvert á þriðja prósentið. Sama er að segja um samneysluna. Í forsendunum var gert ráð fyrir að hún mundi aukast um 1%. Raunveruleikinn var 7,1%. Munurinn þarna er því rúmlega 6%.

Þess vegna er ekki skrýtið að Ríkisendurskoðun bendi á í skýrslu sinni það sem ég vil vitna orðrétt í, með leyfi forseta:

„Ljóst er að verulegrar ónákvæmni hefur gætt undanfarin ár í þeim spám og forsendum sem fjárlög hafa byggst á.“

Herra forseti. Auðvitað er þetta hluti af skýringunni. Þetta er ekki niðurstaða stjórnarandstöðunnar eða Samfylkingarinnar sem hæstv. ráðherra virðist líka svo illa við að bent sé á. Þetta er orðrétt úr skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það er fleira, herra forseti, sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar. En það er rétt að halda því til haga að hæstv. ráðherra var ekkert mjög ánægður í sumar með skýrsluna og gerði við hana ýmsar athugasemdir. En ég er ekki að vitna held ég í þau atriði sem hæstv. ráðherra gerði athugasemdir við heldur þau sem tengjast þeim málflutningi sem við höfum haft uppi og ég er enn að ítreka. Það kemur m.a. fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að í árslok 2003 hafi um 120 fjárlagaliðir af 530 verið með verulegan uppsafnaðan fjárlagahalla og í fjárlagafrumvarpinu nú er ekkert tekið á þeim vanda. Þegar verið er að tala um verulegan uppsafnaðan fjárlagahalla þá er það yfir 4% sem miðað er við í reglugerð fjármálaráðuneytisins um það að skoða þurfi sérstaklega slíkar stofnanir. En því miður virðist vera minna gert í því en ástæða er til.

Herra forseti. Fyrst ég er á annað borð byrjaður að vitna í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í sumar er rétt að halda því áfram. Hér segir m.a. á bls. 7 orðrétt í skýrslu Ríkisendurskoðunar:

„Í 41. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að „ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum“. Það getur vart talist ásættanlegt að margar stofnanir og ráðuneyti hafa farið langt fram úr fjárheimildum á undanförnum árum.“

Það er í raun og veru farið á skjön við stjórnarskrána þegar slíkt gerist. Nú gætum við sagt: „Þetta er alltaf að gerast,“ og það er margt til í því. Þetta er því miður alltaf að gerast og hefur gerst á Íslandi allt of lengi. Það er kominn tími til að því linni.

Það kemur orðrétt fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar, svo hæstv. fjármálaráðherra sé ekki að bera Samfylkinguna fyrir þeim upplýsingum að: „Í nágrannalöndum eru fjárlög virt og það heyrir til undantekninga að stofnanir fari fram

úr heimildum.“

Hvernig stendur á því að þetta er allt öðruvísi á Íslandi? Er allt í himnalagi á Íslandi? Er stjórn íslenskra ríkisfjármála með þeim hætti að það er allt í himnalagi þrátt fyrir að þetta gerist eingöngu hjá okkur. Ekki bara einu sinni og ekki bara tvisvar heldur ár eftir ár. Ég hef tekið þátt í fjárlagaumræðum í fimm ár. Öll þau ár hefur þessi sama mynd verið uppi og því virðist ekkert vera að linna. Það virðist ekkert draga úr þessu ástandi. Hvernig stendur á því? Jú, ástæðan er auðvitað sú að fjárlagagerðin er ekki nægilega vönduð og það er ekki nægjanlegt eftirlit með framkvæmd fjárlaganna.

Ýmsar stofnanir, eins og ég sagði áðan, eru með uppsafnaðan vanda og það er ekkert tekið á honum. Það er engin krafa um það frá ríkisvaldinu að þær stofnanir dragi úr þjónustu sinni sem væri eðlilegt ef ríkisvaldið vildi að þær væru reknar fyrir þá peninga sem þeim er ætlað. Það er ekki gert, heldur er haldið áfram ár eftir ár eftir ár. Á sama tíma eru ýmsar aðrar stofnanir, eins og ég sagði áðan, að safna inneign og ekkert gert í því heldur. Það er því nauðsynlegt að fjárheimildir og fjárlög hvers árs miði við raunveruleikann. Þannig á það auðvitað að vera gagnvart hverri einstakri stofnun og hver stofnun á að fá fjárheimild sem dugar fyrir þeirri þjónustu sem ætlast er til að stofnunin framkvæmi. Meðan svo er ekki heldur þetta áfram. Ég held því að hæstv. fjmrh. ætti að sleppa því að fara á námskeið hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Ég held að það væri nær að hæstv. fjmrh. liti til kollega sinna í nágrannalöndunum og kannaði hvað við gætum betur gert. Ég trúi því að það sé sameiginlegt áhugamál okkar að ná utan um vandann, vegna þess að fjárlögin skipta máli og þau geta haft veruleg áhrif á efnahagslífið.

Herra forseti. Ég ætla að láta þetta duga í bili varðandi tilvitnanir í þá skýrslu Ríkisendurskoðunar sem út kom í sumar, en geri ráð fyrir að í seinni ræðum mínum muni ég hugsanlega líta örlítið meira í það ágæta rit.

Herra forseti. Það er athyglisvert sem fram kemur um skattaloforð ríkisstjórnarinnar. Við munum öll að eitt meginmál stjórnarflokkanna í síðustu alþingiskosningum var loforð um lækkun skatta. „Lækkum skatta á heimilin,“ var yfirskrift á stóru og miklu áróðursplakati sem dreift var og víða sýnt fyrir kosningar. Það er augljóst mál að nú virðist vera, eins og segir í einhverjum texta frá fjármálaráðuneytinu, komið að heimilunum. En það sem er svo sérkennilegt í þessu öllu saman er að farið er í verulegt manngreinarálit um það hvaða heimili eigi að njóta. Það er augljóst mál að þar eru áherslur ríkisstjórnarinnar algerlega á skjön við það sem við í Samfylkingunni viljum. Við teljum eðlilegt að þegar skapast hefur svigrúm, sem við erum út af fyrir sig sammála hæstv. fjmrh. um að er til staðar vegna þess mikla hagvaxtar sem augljóslega á sér stað og þar af leiðandi stórauknar tekjur ríkissjóðs, þó það sé ekki nema vegna þess, þá er ákveðið svigrúm. Við teljum hins vegar að það eigi að dreifa þessu öðruvísi. Við höfum áður lifað hagvaxtarskeið í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þá var heldur ekki beitt jöfnunaraðgerðum í að dreifa því sem afgangs var. Og aftur á að fara sömu leið. Við höfum þess vegna lagt til, eins og fram hefur komið, að matarskattur verði lækkaður úr 14% í 7% og teljum að með því, og þá séu notaðar svipaðar upphæðir, sé verið að dreifa þeim miklum mun réttlátar til fólksins því við vitum að matarinnkaup þeirra sem lægri hafa launin eru hlutfallslega mun hærri en hjá hinum og þangað eiga þessir peningar að fara. Síðan er auðvitað hægt að halda áfram með útfærslur af þessu tagi miðað við þær upphæðir sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að nota til skattalækkana.

Herra forseti. Þar sem tími minn er senn á þrotum mun ég í seinni ræðu minni fara frekar yfir skattalækkanirnar, en rétt að lokum fjalla um stöðuna í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Það er algerlega með ólíkindum að sú staða skuli ekki vera löngu leiðrétt. Að vísu átti nefnd, sem var gefið hlé meginhluta þessa árs, að fara yfir þessi mál en nú hefur verið ritað undir viljayfirlýsingu um að skoða eigi málin af einhverri alvöru, viljayfirlýsing sem átti að sjálfsögðu að liggja fyrir strax í upphafi nefndarvinnunnar. Því miður hafa sveitarfélögin verið rekin með miklum halla undanfarin ár, halla sem ekki virðist draga úr og þess vegna eru þau í algerri spennitreyju. Þetta er augljóslega eitt af brýnustu úrlausnarefnum sem nú liggja fyrir, að bæta fjárhag sveitarfélaga eða réttara sagt að rétta af kúrsinn, þ.e. að tekjur sveitarfélaganna taki eitthvert mið af hinum stórauknu tekjum ríkissjóðs á undanförnum árum.

[11:38]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson hélt áfram þeim ótrúlega samanburði sem Samfylkingin hefur haldið uppi á milli ríkisreiknings og fjárlaga. Menn bera stundum saman epli og appelsínur, og hvað er líkt með eplum og appelsínum? Þetta eru hvoru tveggja ávextir. Ríkisreikningur og fjárlög eru sannarlega hvort tveggja tæki þegar litið er á ríkisfjármálin og suma þætti þessara tveggja tækja er hægt að bera saman. En eins og margoft hefur komið fram og kom fram áðan í ræðu hæstv. fjmrh. þá er einfaldlega ekki hægt að bera saman alla þætti þessara tveggja tækja.

Eins og fram kom er ekki hægt að bera saman niðurstöður ríkisreiknings og fjárlaga. Það er hægt að bera saman tekjur ríkisreikningsins og fjárlaganna en þegar búið er að taka inn í ríkisreikninginn þætti varðandi ýmislegt í fjáraukalögum, gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga ríkisstarfsmanna, afskrifaðar skattakröfur og tekjur af sölu eigna umfram bókfært verðmæti þá erum við auðvitað ekki að tala um sömu hlutina. Ég verð að segja eins og er, hæstv. forseti, að þessi bleyjuhagfræði Samfylkingarinnar er einfaldlega ekki traustvekjandi. Þessar samanburðaraðferðir þeirra ganga hreinlega ekki upp.

[11:41]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst mál að hv. þm. Sjálfstæðisflokksins hafa verulegar áhyggjur af þessum samanburðarfræðum. Vissulega getur í öllum samanburði ýmislegt ekki verið alveg 100% samanburðarhæft. Menn beita samt sem áður oft samanburði til að reyna að glöggva sig á myndum og við höfum dregið fram það sama og gert var í skýrslu Ríkisendurskoðunar í sumar, að það er ekki nægjanlega vel að verki staðið. Tökum t.d. eitt dæmi sem hv. þm. tók um afskriftir skatta. Hvernig stendur á því að það

er alltaf sama talan meira og minna ár eftir ár? Er þá ekki hægt að áætla fyrir henni? Eða er hægt að breyta viðmiðunarreglum til að ná betur utan um þetta? Ég held að hv. þm. ætti að anda rólega og að við ættum frekar að reyna að standa saman að því að bæta þetta ferli allt saman. Það er ekki nógu gott að munurinn sé svona mikill. Það er alveg sama hvaða samanburð við tökum.

Ég tók líka í ræðu minni samanburðinn við forsendur fjárlaga. Það er auðvitað ekki nógu gott að það skuli muna svona gífurlega miklu. Það er heldur ekki nógu gott að ríkisstofnanir skuli sitja uppi með halla ár eftir ár eftir ár, það er því eitthvað að. Ég held að það sé meginatriðið og það var markmið okkar að reyna að draga fram skýra mynd um að þetta þurfi að bæta. Við erum að sigla inn í mikið þensluástand í efnahagslífinu. Þess vegna er mjög mikilvægt að við náum almennilega utan um fjárlagaferlið. Við erum fyrst og fremst að benda á það. Ég trúi því ekki, herra forseti, að það sé ekki sameiginlegt markmið okkar allra að reyna að bæta fjárlögin þannig að þau nálgist raunveruleikann eins mikið og kostur er. En miðað við hvernig sumir hv. þm. tala virðist það því miður vera óskastaða þeirra að fjarlægjast raunveruleikann meir og meir þannig að þeir geti skemmt sér sem allra mest við framlagningu fjárlagafrumvarps en gleyma svo öllu þegar ríkisreikningur kemur.

[11:43]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við getum verið algerlega hreint sammála um að við viljum bæta fjárlagaferlið. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að dregin sé upp skýr mynd af því sem við getum borið saman. En það sem Samfylkingin hefur lagt sig sérstaklega fram um er að draga upp villandi mynd af fjárlögunum og samanburði þeirra við ríkisreikninginn. Það er ekki til þess að bæta umræðuna um fjárlögin eða fjárlagaferlið þannig að ef að við hv. þm. Einar Már Sigurðarson getum sameinast um að reyna að draga upp skýra mynd af því sem við fjöllum um þá er almenningur í landinu betur upplýstur um það um hvað við erum að tala. En forsendan er sú að ekki sé verið að reyna að villa um fyrir fólki í umræðunni.

[11:44]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Markmiðið er nákvæmlega það, að draga upp skýra mynd svo almenningur geti áttað sig á því hvað hér er á ferðinni. Það verður að sjálfsögðu ekki gert með því að flækja hlutina of mikið og segja: Ef þetta er tekið með en ekki þetta o.s.frv. heldur reynum við að fá sambærilegar tölur eins og kostur er. Ég er sannfærður um að þó svo að við tökum eitthvað út, eins og ég var að gera áðan þegar ég bætti fjáraukalögunum við, þá er munurinn samt sem áður allt of mikill og um það hljótum við að vera sammála. Slíkt gengur ekki.

En vegna þess að hv. þm. fór að tala áðan um bleyjuhagfræði og tengja hana við útkomuna í ríkisreikningi og samanburðinn þá hefur hv. þm. eitthvað misskilið málið því bleyjudæmið okkar ágæta var eingöngu til að fólk sem er með ung börn áttaði sig á því hvað ríkisstjórnin er að gera í skattalækkunarmálum sínum, þ.e. að skilaboð ríkisstjórnarinnar með skattalækkun sinni eru að grunnskólakennarinn fái um það bil bleyjupakkavirði í skattalækkun á mánuði á meðan hátekjumaðurinn geti farið í sólarlandaferðina sína í hverjum mánuði. Þetta eru skilaboðin sem ríkisstjórnin er að senda út til almennings í landinu, að svona eigi að jafna kjörin. Svigrúmið sem er til staðar til skattalækkunar skal nýtt á þennan hátt.

Herra forseti. Ég er algerlega ósammála þessu og það er kannski málið. Munurinn á jafnaðarmannaflokki og hægri flokki eins og Sjálfstæðisflokknum kemur kannski gleggst fram í þessu. Við viljum nota skattkerfið til þess að jafna kjörin í landinu en hægri flokkurinn hefur allt aðrar áherslur í skattamálum. Hann vill bæta hag þeirra sem hafa betri hag fyrir enn meir. Þetta er skýrt, þetta er einfalt. Við erum að sjálfsögðu ósammála um þetta og út af fyrir sig er ekkert annað við því að gera en að skipta um ríkisstjórn.

[11:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Fjárlagafrumvarp sem ríkisstjórn leggur fram sýnir í hnotskurn hver stefna ríkisstjórnar er á hverjum tíma. Í því frumvarpi sem hér er lagt fram er í sjálfu sér ekki nein meginbreyting frá því sem verið hefur undanfarin ár hjá núverandi hæstv. ríkisstjórn enda um sama fjármálaráðherrann og sömu ríkisstjórn að ræða.

Í frumvarpinu kemur þó fram t.d. hvernig tekna skal aflað og hvernig tekjujöfnun ríkissjóðs er skipt niður á þegnana og atvinnulífið. Þá koma einnig fram tillögur og áherslur ríkisstjórnarinnar við ráðstöfun teknanna til einstakra málaflokka og verkefna. Í umræðunni um fjárlögin og meðferð þeirra birtist með skýrum hætti munurinn á stefnu stjórnmálaflokkanna í þjóðfélagsmálum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill að íslenskt samfélag einkennist af jöfnuði, frelsi fjölbreytni og ríkri samkennd. Framtíðarsýn okkar er að allir fái að njóta sín á eigin forsendum í samfélagi þar sem samhjálp, virðing og velferð ríkir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill hverfa frá núverandi áherslu á auðhyggjusamfélag þar sem efnahagslegur mælikvarði er lagður á allt og alla og sú stefna sem stjórnvöld hafa haft leiðir þjóðfélag okkar inn á hættulega braut einhæfni í atvinnulífinu. Þar hefur áhersla núverandi ríkisstjórnar hins vegar verið á risavaxnar töfralausnir sem passa engan veginn í okkar fámenna og dreifbýla landi. Síðan hefur ríkisstjórnin orðið að vera á handahlaupum til þess að bjarga sér, forða sér undan svokölluðum ruðningsáhrifum slíkra stórframkvæmda svo ekki sér fyrir endann á.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar fákeppni og alþjóðavæðingu á forsendum hinna ríku og við höfnum því að náttúrunni sé fórnað fyrir skyndigróða. Náttúra, velferð og menning eiga að fá jafnt vægi og efnahagsleg rök. Lausnir á vandamálum jarðarinnar verða aðeins fundnar með því að jafnt tillit sé tekið til félagslegra, efnahagslegra og lífrænna menningarlegra þátta. Í slíku samfélagi blómgast sveit og borg á eigin forsendum og þar er mannlíf atvinnulíf og náttúra. Lögmálið um framboð og eftirspurn skýrir ekki eitt sér óendanlegan fjölbreytileika tilveru okkar.

Herra forseti. Þetta er sá grunnur sem við höfum til að leggja mat okkar á tillögur ríkisstjórnarinnar sem við nú

ræðum. Sem betur fer hefur Íslendingum vegnað að ýmsu leyti vel í efnahagslegu tilliti á undanförnum missirum og uppgangur verið talsverður. Áhyggjuefni er hins vegar að íslensk fyrirtæki og fjármagnseigendur fjárfesta nú nánast ekkert í innlendu atvinnulífi heldur er fjármagnið sogað út úr atvinnulífinu og flutt burt úr landi. Skemmst er að minnast þeirra aðgerða og uppskipta sem urðu í sjávarútvegsfyrirtækjum á sl. vetri þar sem á nokkrum mánuðum voru sogaðir út úr íslenskum sjávarútvegi tugir milljarða króna þannig að sjávarútvegurinn stóð eftir með verulega skerta samkeppnishæfni.

Slík þróun er á fleiri sviðum og er sannkallað áhyggjuefni. Þó að margt sé gott í útrás íslenskra fyrirtækja er ástæða til að hafa áhyggjur af þeirri einhliða þróun sem hér á sér stað. Það er sjálfsagt að gæta hagsýni í rekstri og ná hæfilegum arði af fjárfestingum en þegar arðsemin ein ræður ferð er vá fyrir dyrum. Innlent atvinnulíf hrópar á fjárfestingar, hrópar á það að komið sé með fjármagn til að styðja við nýjungar, styðja við nýsköpun og styðja líka það atvinnulíf og atvinnugreinar sem fyrir hendi eru að sjálfsögðu. En þegar fjármagnseigendurnir og stórfyrirtækin hugsa um það eitt hvernig þeir geti hagrætt og farið með fjármagn sitt úr landi til þess að fjárfesta þar sem launin eru lág hlýtur það jafnframt að vera til skerðingar því sem heima er.

Samfélagsleg ábyrgð þessara stórfyrirtækja og fjármagnseigenda er því hverfandi, ef hún er, og sú þróun sem átt hefur sér stað í þeim efnum er íslensku samfélagi hættuleg. Þá er jafnframt áhyggjuefni í þeirri þróun að bilið á milli ríkra og fátækra í þeirri uppsveiflu sem nú kallast hefur stöðugt verið að aukast. Stefna ríkisstjórnarinnar og aðgerðir hennar hafa valdið þessari síaukinni misskiptingu í íslensku samfélagi. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 sem nú liggur fyrir boðar síst breytingar á slíkri misskiptingu heldur felst í því frekar aukin misskipting. Þannig eiga þeir að fá mest sem hafa nú þegar mest fyrir og þeir að fá minnst sem nú þegar hafa líka minnst. Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur ekki samþykkt slíka aðferðafræði eða pólitík og mun berjast fyrir sanngjarnari skiptingu náttúru-, félags- og fjármagnslegra gæða.

Frumvarp til fjárlaga liggur nú fyrir. Samkvæmt því eru heildartekjur ríkissjóðs áætlaðar um 305,8 milljarða kr. og gjöldin upp á tæpar 294,6 milljarða kr. Samkvæmt því er gert ráð fyrir 11,2 milljarða kr. tekjuafgangi í frumvarpinu. Reynsla undanfarinna ára hefur hins vegar því miður sýnt okkur að mikill munur er á því hvað ríkisstjórnin hefur lagt upp með í fjárlagafrumvarpi og síðan hver niðurstaðan hefur orðið samkvæmt ríkisreikningi. Þannig má nefna að í fjárlögum fyrir árið 2003 var gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs yrðu um 260 milljarðar kr., reyndin varð hins vegar um 280 milljarðar kr.

Ef við gefum okkur að gjöldin muni hækka með sama hlutfalli á fjárlögum 2005 má gera ráð fyrir að heildarútgjöld verði 317 milljarðar kr. Þetta er að vísu talnaleikur sem ég ætla ekki að fara lengra út í hér en bendi þó á hve alvarlegt það er hversu fjárlagavinnan er illa undirbúin.

Alþingi er í þeirri stöðu að hafa nú misst Þjóðhagsstofnun sem alþingismenn og Alþingi gat leitað til til að fá hlutlausar upplýsingar og sannreyna tölur og áætlanir fjármálaráðuneytisins. Þjóðhagsstofnun var slátrað og verkefnin að því er kallað var voru færð inn í fjármálaráðuneytið, á efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins að hluta. En efnahagsskrifstofan er að sjálfsögðu bara hluti af framkvæmdarvaldinu og þess vegna þá líka hluti af þeirri áætlanagerð og erfitt fyrir þingmenn að eiga að sækja þar hlutlaus ráð og umfjöllun á því sem verið er að vinna með. Ég hef áður gagnrýnt einmitt þetta, þá stöðu sem þingið er í gagnvart efnahagsvinnunni og fjármálavinnunni sem er þó ein af frumskyldum þingsins að takast á við og þingið í raun á að bera ábyrgð á.

Það er því ekki hægt annað en að deila hér nokkuð á fjárlagagerðina og fjárlagavinnuna sem hefur einmitt birst okkur með þeim hætti að ríkisstjórnin samþykkir einhver rammafjárlög og síðan er rammanum deilt út á ráðuneytin. Þetta er pólitísk ákvörðun, er sagt, en síðan er ráðuneytanna að vinna úr. Ráðuneytin deila því svo út á stofnanir eftir því sem þeim sýnist og telja vafalaust réttast.

Síðan reynist kannski raunveruleikinn allur annar. Þegar við í fyrsta lagi fáum vinnuna hér inn í þingið skortir verulega á að nauðsynlegir útgjaldaliðir hjá einstökum stofnunum og samtökum séu þar færðir á raunvirði. Fjárlög sem eru afgreidd með þeim hætti að taka ekki raunhæft á málum og vera þar með óskhyggju á ferðinni eru ekki sönn fjárlög. Reyndin verður sú að á árinu sem kemur á eftir fjárlagagerðinni verður að hlaupa upp til handa og fóta til að bjarga í horn og við síðan samþykkjum á fjáraukalögum eða stofnanir eru sveltar og látnar fara með halla yfir áramót. Þessi stefna við fjárlagagerðina er afar óskynsamleg og leiðir í raun ekki til annars en þess að við erum stöðugt með ósanna mynd að fást við.

Til viðbótar þessu sendi fjármálaráðuneytið út bréf á sl. ári til ráðuneyta og bað ráðuneyti að dreifa því til stofnana sinna að mælast gegn því að forstöðumenn einstakra stofnana kæmu fyrir fjárlaganefnd og gerðu grein fyrir rekstri og fjárhagsstöðu stofnana sinna miðað við þau verkefni sem þeim væru falin.

Þetta er afar óskynsamlegt og reyndar bein valdníðsla. Það er mjög mikilvægt fyrir þingið og fyrir fjárlaganefnd að fá til sín sem gleggstar upplýsingar um stöðu mála í samfélaginu og á stöðu þeirra verkefna og mála sem einstakar stofnanir á vegum ríkisins fara með, fá þær beint inn til þingsins og þingnefndarinnar sem er að vinna með þær, sé það talið æskilegt annars vegar af hálfu forstöðumannanna og hins vegar af hálfu þingmannanna sjálfra.

Ég skora því á hæstv. fjármálaráðherra að breyta nú um vinnutaktík og segja að af hans hálfu og ráðuneytisins væri stofnunum alveg frjálst og frítt og eðlilegt að þær beri mál sín fyrir þær þingnefndir og þá þingmenn sem þær telja á hverjum tíma rétt og nauðsynlegt. Það er hluti af hinni lýðræðislegu og eðlilegu umræðu sem við þurfum að hafa í fjárlagagerðinni.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á að skattkerfinu sé beitt til að afla hinu opinbera nægilegra tekna til að standa undir brýnum samfélagslegum verkefnum og öflugu velferðarkerfi. Jafnframt þarf skattkerfið að fela í sér tekjujöfnun þannig að byrðum samfélagsins sé dreift á sanngjarnan hátt. Við erum því ekki sammála þeirri stefnu sem nú er lagt upp með í skattamálum.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að lækka tekjuskattinn. Lækkunin kemur fyrst og fremst hátekjufólki til góða, prósentuleg breyting gefur því hærri tölur sem tekjurnar eru hærri sem henni er beitt á, þannig að þeir sem eru með hæstar tekjurnar fá mestu ívilnunina.

Við hefðum viljað sjá þær breytingar í skattamálum að menn hefðu horft til þess að breyta fjármagnstekjuskattinum en hann er nú einungis 10%. Við hefðum lagt til og leggjum til í frumvarpi sem kemur fram á þinginu nú í upphafi hausts að tekinn verði upp fjármagnstekjuskattur. Hann getur verið innan við 20%, getur farið þess vegna hækkandi í þrepum, en þar sé samt líka ákveðin upphæð í fjármagnstekjum sem sé skattfrjáls þannig að eðlilegur sparnaður fólks sé ekki skattlagður, eins og reyndar nú er gert. En með þessu væri verið að stilla fjármagnstekjum annars vegar og launatekjum hins vegar á nokkurn jafnræðisgrunn hvað skattheimtu varðar. Í samfélaginu á ekki að vera munur á skyldum gagnvart samneyslunni hvort teknanna sé aflað af tekjum af fjármagni eða launum. Hvers vegna eigum við alltaf stöðugt að láta launamanninn og lífeyrisþegann bera byrðarnar?

Herra forseti. Þetta eru þær áherslur og þau stefnumið sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur að leiðarljósi í öflun tekna. Skattastefna núverandi ríkisstjórnar er skýr. Þeir sem hafa mest fá mest. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga lækki um 1% á þessu ári. Ef dæmi er tekið af einstaklingi með 2 millj. kr. í árstekjur mun skattalækkunin gefa þeim einstaklingi 20 þús. kr. á ársgrundvelli. Skattalækkun gefur hins vegar einstaklingi með 6 millj. kr. í árstekjur 60 þús. kr. eða þrefalt meiri ráðstöfunartekjur. Er það ætlunin? Er það þörfin, að létta skattbyrðinni af hinum tekjuhærri á kostnað hinna tekjulægri? Ef svigrúm hefði verið til skattalækkana hvers vegna var þá ekki skattleysismörkunum lyft, sem einhverjir mundu vilja sjá, eða á annan hátt komið til móts við þá tekjulægstu?

Þá er hátekjuskatturinn lækkaður. Hann var lækkaður í fyrra og enn er hann lækkaður, nú úr 4% í 2%. Hefði ekki verið hægt að fresta þessari lækkun á hátekjuskattinum sem gefur nokkur hundruð millj. kr. lækkun til þess að standa við samninginn við öryrkjana t.d. ef við berum saman það sem hér er verið að takast á um, annars vegar að standa ekki við gerðan samning við öryrkja um framlag fjármagns og hins vegar að skerða hátekjuskattinn? Hefði ekki verið hægt að fresta honum og standa þarna við gerðan samning?

Herra forseti. Önnur stefna ríkisstjórnarinnar birtist og það er að leggja á skólagjöld, skólagjöld í ríkisháskólunum. Hækkun innritunargjaldanna í Háskóla Íslands um 40% er ekkert annað en skólagjöld. Vísir að því sem koma skal. Þau voru hækkuð fyrir tveimur árum og nú kemur næsta hækkun. Mig minnir, og hæstv. forseti getur þá leiðrétt mig, að átök hafi verið um það á sínum tíma í þingflokki framsóknarmanna, sem að mestu er óbreyttur þeim flokki sem nú er hér, hvort ætti að setja á skólagjöld þá. Er það ekki rétt hjá mér, hæstv. fjármálaráðherra, að viss átök voru í þingflokki framsóknarmanna þá? Er Framsóknarflokkurinn núna samþykkur að stórhækka skólagjöldin í háskólanum? Hvar kom sú stefnubreyting fram? Kom hún fram fyrir síðustu kosningar? Ekki man ég eftir því. Það væri fróðlegt að heyra hvaðan þessi stefnubreyting Framsóknarflokksins kom um að það væri núna stefna Framsóknarflokksins að stórhækka skólagjöld í Háskóla Íslands, sem var deilumál í Framsóknarflokknum gamla fyrir um þremur árum. Og þó að það sé ekki mikið þá sýnir það innrætið að komugjöld á heilsugæslustöðvar skulu hækka. Það er kannski ekki svo há upphæð, 26–28 millj. kr. er gert ráð fyrir á fjárlögum. Það er sennilega til að mæta ruðningsáhrifunum vegna stóriðjunnar sem hæstv. fjármálaráðherra talaði svo mjög um. En þetta sýnir innrætið hjá núverandi ríkisstjórn, að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar um 26–28 millj. kr. Það sést hvar á að bera niður til að jafna út tekjuskattslækkunina á hátekjufólkinu.

Herra forseti. Ég hef áhyggjur af efnahagsstjórninni. Ég hef áhyggjur af þeim mikla viðskiptahalla sem við stöndum frammi fyrir. Talað er um 60–70 milljarða viðskiptahalla á þessu ári, hann geti farið upp í 80–100 milljarða á næsta ári eða jafnvel meiri. Einungis tæpur helmingur af þessum viðskiptahalla er talinn stafa af hinni margumræddu stóriðju. Hverju stafar hinn af? Hann stafar af innflutningi á neysluvörum fyrst og fremst. Og þessi viðskiptahalli er ekki góðkynja eins og hæstv. fjármálaráðherra hefur látið hafa eftir sér. Í þessu andrúmslofti á síðan að fara að beita skattalækkunum. Ég veit ekki hvar hæstv. fjármálaráðherra hefur fengið slík ráð en þau eru að flestra mati sem fjalla um efnahagsmál talin hið mesta óráð við þær aðstæður sem nú eru.

Einmitt núna þurfum við að takast á við það að halda uppi velferðarsamfélaginu, halda uppi öflugu velferðarsamfélagi til að þess að þeir sem m.a. hafa lægstar tekjur verði ekki enn frekar undir í samkeppninni í samfélagi okkar. Hvert er síðan tekjuaukinn sóttur? Jú, hann er sóttur núna fyrst og fremst í stórhækkun á virðisaukaskatti og vörugjöldum. Skattlagning á þessum viðskiptahalla. Það er svo sem gott að fá tekjurnar en það er samt áhyggjuefni hvað stendur á bak við þær því að viðskiptahalli getur ekki verið tekjustofn til framtíðar, hann getur ekki verið það. Ef ríkissjóður ætlar að fara að stíla upp á framtíðarrekstur sinn á að skattleggja viðskiptahallann er hann á býsna hættulegri braut, eins og hæstv. fjármálaráðherra er nú.

Frú forseti. Fjárlagafrumvarpið fer nú til fjárlaganefndar þar sem ég á sæti og þar verður farið vandlega yfir alla þessa þætti, einstaka þætti í gjöldum og tekjum. Ég vona að við fáum á fund nefndarinnar þá einstaklinga, fulltrúa fyrirtækja, stofnana og samtaka sem óska eftir að koma sjónarmiðum sínum beint á framfæri við fjárlaganefnd. Ég vona að þeir fái greiða leið til þess.

[12:07]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur nú mælt fyrir fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2005. Umfjöllun um frumvarp til fjárlaga setur jafnan mikinn svip á störf Alþingis á hverju haustþingi, enda felur það í sér pólitíska stefnumótun ríkisstjórnarinnar í einstökum málaflokkum. Samþykkt fjárlaga er grundvallarlagasetning um rekstur og starfsemi ríkisins á hverju ári og hafa fjárlögin því mikil áhrif á þjóðlífið og snerta hagsmuni hvers einasta Íslendings á einhvern hátt.

Samkvæmt starfsáætlun Alþingis er gert ráð fyrir að

lokaumræða um fjárlagafrumvarpið fari fram þann 3. desember nk. Það er mikilvægt að Alþingi takist að ljúka afgreiðslu fjárlaga sem fyrst fyrir upphaf þess fjárlagaárs sem frumvarpið tekur yfir. Það skiptir máli fyrir alla aðila að vita tímanlega um niðurstöður fjárlaga svo þær forsendur sem þær fela í sér séu ljósar með góðum fyrirvara þannig að sem best svigrúm sé fyrir stofnanir og aðra til að ganga frá rekstraráætlunum og starfsáætlunum fyrir komandi ár. Til þess að starfsáætlun Alþingis gangi eftir er ljóst að fjárlaganefnd og allir aðilar sem koma að umfjöllun um frumvarpið þurfa að vinna markvisst og vel á þeim tíma sem fram undan er á þessu haustþingi.

Virðulegur forseti. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2005 ber með sér að ríkissjóður stendur vel. Það kemur einnig fram í upplýsingum í fylgigögnum frumvarpsins og er ljóst að í megindráttum hefur tekist að halda uppi efnahagslegum stöðugleika á undanförnum árum og allt útlit er fyrir að svo verði einnig á allra næstu árum. Hagvöxtur hefur verið nánast viðvarandi. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aukist mikið og allt útlit fyrir að sú þróun haldi áfram. Allt er þetta í samræmi við þau meginmarkmið sem stjórnarflokkarnir hafa unnið að frá því þeir hófu ríkisstjórnarsamstarf árið 1995. Þessir þættir skipta hvað mestu máli fyrir þjóðfélagið í heild.

Vakið hefur athygli á alþjóðlegum vettvangi hve vel hefur tekist til hjá ekki stærri þjóð en okkar. Það að okkur skuli takast að reka tæplega 300 þúsund manna þjóðfélag með allri þeirri þjónustu sem við rekum og með þeim góða árangri sem verið hefur í efnahags- og atvinnumálum, er mörgum undrunarefni í hinu alþjóðlega samfélagi.

Eins og kunnugt er teljast lífsgæði á Íslandi með því allra besta sem þekkist í heiminum. Okkur tekst að halda uppi einhverri bestu heilbrigðisþjónustu sem þekkist. Sama má segja um velferðarmálin almennt. Menntunarstigið er alltaf að aukast með sífellt öflugra menntakerfi. Það er ljóst að við getum öll verið stolt af þessari stöðu. Hins vegar má alltaf gera betur á einstökum sviðum. Seint verður sagt að hinum fullkomna árangri sé náð. Metnaður okkar allra í þessum efnum er mikill og svo hefur verið í langan tíma. Við sættum okkur einfaldlega ekki við annað en það besta sem völ er á.

Grundvöllur þess að þessi árangur hefur náðst er hve vel hefur tekist til með að halda uppi atvinnuuppbyggingu í landinu. Það er gömul saga og ný að öflugt og arðsamt atvinnulíf er það sem skiptir grundvöll efnahagslegra framfara og varðar hagsmuni ríkissjóðs hvað mest. Það er síðan að sjálfsögðu undir stjórnvöldum hverju sinni komið hvernig spilað er úr.

Í stjórnartíð núverandi stjórnarflokka hefur tekist vel til við fjármálastjórn ríkisins. Haldið hefur verið uppi aga og aðhaldssömum aðgerðum sem hefur skilað árangri, en í því sem öðru er ljóst að alltaf má gera betur. Það er mikilvægt að ná upp sem mestum aga í öllu sem varðar rekstur ríkissjóðs og starfsemi ríkisins.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2005 birtast í megindráttum sömu markmið og áður. Stjórnarflokkarnir ætla sér að viðhalda góðum efnahagslegum árangri. Samhliða frumvarpinu hefur verið lögð fram þjóðhagsspá þar sem m.a. er gerð grein fyrir spá og markmiðum varðandi ríkisfjármál næstu árin. Fram kemur að áfram er gert ráð fyrir bættum hag ríkissjóðs og þjóðarbúsins í heild. Það er mikilvægt markmið að vinna að því að allt þetta gangi eftir, enda felst í því hagsmunir alls almennings í landinu.

Nú eru mikil umsvif í hagkerfinu og svo verður allra næstu árin. Það er því mikilvægt að góð festa verði í hagstjórninni. Hagspekingar hafa lagt mikla áherslu á gott aðhald í ríkisfjármálum við þessar aðstæður og að afgangur fjárlaga verði sem mestur til þess að hamla gegn óæskilegum þensluáhrifum og meðfylgjandi óáran í efnahagsmálum. Markmið stjórnarflokkanna eru skýr í þessum efnum og samrýmast þessum sjónarmiðum.

Eins og fram hefur komið gerir fjárlagafrumvarpið ráð fyrir tekjuafgangi sem nemur rúmlega 11 milljörðum kr. sem eru um 1,25% af landsframleiðslu. Er það hærra hlutfall af landsframleiðslu en fjárlögin 2004 gera ráð fyrir. Það er afar mikilvægt að þessi áform nái fram að ganga, enda í takt við yfirlýst markmið um efnahagsstjórnina.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir tekjum af sölu hlutabréfa í Landssíma Íslands og er það eðlilegt þar sem ekkert liggur fyrir um hverjar tekjur af sölunni verða og er því um ákveðið varfærnissjónarmið að ræða í þessu efni.

Virðulegur forseti. Um rekstur ríkissjóðs á það sama við og allan annan rekstur, hvort sem um er að ræða heimilin, atvinnufyrirtæki eða annað. Það er mikilvægt til framtíðar að halda skuldunum í lágmarki. Það hefur verið eitt af meginmarkmiðum stjórnarflokkanna að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Náðst hefur góður árangur í þeim efnum og samfara því hafa útgjöld vegna vaxta minnkað verulega undanfarin ár. Sem dæmi má nefna að ef hlutfall vaxtakostnaðar af vergri landsframleiðslu væri svipað nú og var árið 1998, þyrfti að gera ráð fyrir 11 milljarða kr. meiri útgjöldum til þess en raunin er. Það eru fjármunir sem koma sér vel varðandi aðra útgjaldaþætti fjárlaga, svo sem til velferðarmála. Lækkun á skuldabyrði ríkissjóðs er auðvitað hagsmunamál til framtíðar og þar með til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir.

Með fjárlagafrumvarpi fylgir nú í annað sinn langtímaáætlun til fjögurra ára sem lýsir stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum næstu árin. Þessi nýbreytni sem tekin var upp fyrir ári síðan skiptir miklu máli og er til þess fallin að styrkja trúverðugleika efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og þar með skapar þetta ákveðinn grunn er varðar efnahagslegan stöðugleika. Í þessari áætlun koma fram markmið um aðgerðir til að ná þeim árangri sem að er stefnt. Eitt meginmarkmið er að ríkisfjármálum verði beitt með öflugum hætti til að halda aftur af innlendri eftirspurn þegar stóriðjuframkvæmdirnar standa yfir og til að örva hagvöxtinn þegar þeim lýkur.

Samkvæmt langtímaáætluninni er gert ráð fyrir miklum hagvexti næstu tvö árin. Það er ljóst að eftir þann tíma er útlit fyrir minni hagvöxt og því ljóst að við verðum að búa okkur undir að mæta þeim breytingum sem þá verða.

Virðulegur forseti. Við 1. umr. um fjárlagafrumvarpið 2005 er umræðan eðlilega meira á almennum efnahagslegum nótum en í smáatriðum um einstaka liði frumvarpsins, enda hefur fjárlaganefndin ekki hafið eiginlega umfjöllun um það. Ég mun því láta nánari umfjöllun um einstaka þætti bíða 2. umr. eftir að fjárlaganefnd hefur fjallað efnis-

lega um frumvarpið. Þá mun ég heldur ekki taka þátt í þeirri talnaleikfimi stjórnarandstöðunnar sem verið hefur uppi síðustu daga og þeirri samanburðarfræði sem fram hefur komið á þeim vígvelli.

Ég vil þó segja í framhaldi af umræðu sem hefur verið varðandi fjárlögin og framkvæmd þeirra að ég tel að áætlanagerð fjármálaráðuneytisins, ráðuneytanna og stofnana hafi farið mjög mikið fram á síðustu árum. Það er auðvitað vel og mikilvægt markmið að svo sé, vegna þess að það er auðvitað grunnur að því sem við erum að vinna með.

Ég vil hins vegar við þessa umræðu víkja aðeins að aðstöðu fjárlaganefndar til vinnu við fjárlagafrumvarpið.

Það er ljóst að sem fyrr er mikill þrýstingur á aukin útgjöld umfram það sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Það er gömul saga og ný og út af fyrir sig eðlilegur hlutur. Eins og fyrr mun fjárlaganefnd berast fjölmörg erindi þar sem leitað er eftir fjármunum til hinna ýmsu mála og eru þessi erindi jafnan mjög vel rökstudd. Það er því ljóst að hægðarleikur væri að ráðstafa mun meiri fjármunum en frumvarpið gerir ráð fyrir og til ráðstöfunar eru. Hins vegar legg ég áherslu á að við verðum að hafa það meginsjónarmið ríkjandi að halda vel utan um og vinna að þeim markmiðum um niðurstöðu fjárlaga sem lagt er upp með. Vísa ég þar m.a. til stöðu efnahagsmála almennt og þeirra markmiða sem tengjast þeim.

Hvað varðar fjárlagaferlið, þ.e. þá verkferla sem unnið er eftir í vinnslu fjárlagafrumvarpsins, þá var lagt upp með það fyrir ári síðan að skoðaðir yrðu allir verkferlar og verkefni nefndarinnar með gagnrýnum augum, með það að markmiði að auka skilvirkni og bæta fagleg vinnubrögð. Um það gildir sama og fjölmargt annað að alltaf má bæta góða hluti og í okkar umhverfi á sér stað mikil þróun á mörgum sviðum sem við verðum að fylgjast með og bregðast við. Þessi vinna fór af stað síðasta haust og hefur verið lögð mikil vinna í að greina verkferla. Haft hefur verið samráð við fjölmarga aðila. Það hefur verið leitað upplýsinga frá öðrum þjóðþingum og safnað upplýsingum m.a. frá OECD þar sem mikið hefur verið fjallað um fjárlagaferli ýmissa landa og vinnubrögð í tengslum við það.

Fjárlaganefnd hafði forgöngu um að kalla til fulltrúa ráðuneyta og stofnana til að fara yfir verklag og samskipti við nefndina. Út úr því komu upplýsingar sem nefndin þarf að vinna úr. Ég á von á því að nefndin muni fljótlega fjalla um þessi mál, en hins vegar er ljóst að allar breytingar á verkferlum og vinnubrögðum verða að vera vel ígrundaðar og við verðum að gefa þeim þann tíma sem þarf til þess að allt gangi sem eðlilegast fyrir sig.

Þegar hafa átt sér ákveðnar úrbætur í þessum efnum. T.d. hefur verið gert átak í því að bæta upplýsingastreymi til einstakra ráðuneyta, Ríkisendurskoðunar og innan Alþingis. Þá er ýmis þróunarvinna í gangi eins og að auka upplýsingagjöf og gagnsæi upplýsinga enn frekar.

Ég ítreka það að fjárlaganefnd mun við fyrsta tækifæri fjalla frekar um þessi mál og fara yfir þá vinnu sem þegar hefur verið unnin.

Ég legg áherslu á að verkefni fjárlaganefndar Alþingis er ekki eingöngu að taka við fjárlagafrumvarpinu úr hendi hæstv. fjármálaráðherra, fjalla um það og skila tillögu til Alþingis um afgreiðslu á því. Ekki síður mikilvægt hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framvindu fjárlaga hverju sinni og veita framkvæmdarvaldinu ákveðið aðhald til þess að fjárlögin haldi. Ég lít á eftirlitshlutverk fjárlaganefndar sem mikilvægan þátt hvað varðar það að halda festu í rekstri ríkissjóðs og tryggja sem best að hin mikilvægu markmið efnahagsstjórnarinnar náist hverju sinni. Þar getum við eflaust gert betur. Við eigum að hafa það sem markmið að gera enn betur en við höfum gert.

Virðulegur forseti. Ég vænti þess í lok ræðu minnar hér að við eigum gott samstarf í fjárlaganefndinni nú sem fyrr og einnig gott samstarf við þá fjölmörgu aðila sem munu koma að vinnu nefndarinnar á næstu vikum. Fram undan er annatími í störfum nefndarinnar og það er því mikilvægt að okkur takist að vinna vel og markvisst þannig að starfsáætlanir gangi eftir. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að svo verði, enda hefur reynslan sýnt að jafnan gengur það allt saman mjög vel.

[12:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir þær óskir hv. formanns fjárlaganefndar, Magnúsar Stefánssonar, um von um gott samstarf í nefndinni við vinnu frumvarps til fjárlaga.

Það sem mig langar að inna hv. þingmann eftir er hvort orðið hafi stefnubreyting í Framsóknarflokknum hvað lýtur að skólagjöldum í Háskóla Íslands.

Þegar innritunargjöldin, sem eru bara óbein skólagjöld, voru hækkuð að mig minnir fyrir þremur árum voru um það deilur og þá bárust þær fregnir úr þingflokksherbergi framsóknarmanna að þeir væru andvígir því að taka upp þessi skólagjöld. Nú er lagt til að hækka innritunargjöldin við Háskóla Íslands, sem að mínu viti eru bara bein skólagjöld, um 40% á næsta ári. Það skilar upp undir 200 millj. kr. eða eitthvað á því bili. Styður hv. þingmaður Magnús Stefánsson það sjónarmið og Framsóknarflokkurinn að taka upp og hækka skólagjöld við Háskóla Íslands með þeim hætti sem hér er lagt til?

Í öðru lagi langar mig til að spyrja hv. þingmann um afstöðu hans til þess að hækka komugjöldin á heilsugæslustöðvarnar. (Gripið fram í.) Það eru 26 millj. kr., gert ráð fyrir því, áætlað á næstu fjárlögum. Það er ekki há upphæð. En er það stefna Framsóknarflokksins í heilbrigðismálum að hala inn krónur hér og þar af fólki sem þarf að leita sér læknis, eins og að hala inn nokkra tugi milljóna með hækkun á komugjöldum á heilsugæslustöðvar?

[12:22]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður Jón Bjarnason velti hér upp tveimur málum og spurði hvort það sé stefnubreyting í Framsóknarflokknum varðandi innritunargjöldin í Háskólann. Því er til að svara að hér er fyrst og fremst um að ræða uppfærslu vegna verðlagsbreytinga. Það hefur engin stefnubreyting orðið í þessu máli. Það sama má segja um komugjöld á heilsugæsluna þar sem er gert ráð fyrir að komugjöldin skili 46,8 milljónum (Gripið fram í.) 46,8. Ég leiðrétti hv. þingmann, ég veit að hann hefur bara misskilið þetta eitthvað.

Þetta er einfaldlega svarið. Þarna er um að ræða upp-

færslu vegna verðlagsbreytinga. Ég er þeirrar skoðunar að gjöld eins og þessi t.d. sem eru í föstum krónutölum, eigi að uppfærast á hverju ári. Það er ekki gott að láta slíkt liggja í mörg ár jafnvel og taka síðan eitthvert skref í að leiðrétta það einhver ár aftur í tímann. Það veldur bara óþægindum og er óþarfi að mínu mati. Ég tel að uppfærsla miðað við verðlagsbreytingar eigi að gerast á hverju ári.

[12:24]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég biðst afsökunar ef ég hef nefnt of lága tölu í því sem framsóknarmenn ætla að innheimta í komugjöldum á heilsugæslustöðvum. Kannski verður þetta orðið enn hærra næst þegar hv. þingmaður kemur í ræðustól, ef stefna Framsóknarflokksins nær fram að ganga sem horfir.

Er það tilfellið, frú forseti, að 40% hækkun á innritunargjöldum í Háskóla Íslands séu verðlagshækkanir? Er það svo? Nei, frú forseti, þarna er um beina stefnubreytingu að ræða. Þarna er um beina innheimtu á skólagjöldum að ræða. Eða hefur almennt verðlag á þessum tíma hækkað um 40%? Guði sé lof ekki.

Mig langar líka til að inna hv. þingmann eftir því hvort hann muni beita sér fyrir því sem formaður fjárlaganefndar að staðið verði við það loforð sem hæstv. heilbrigðisráðherra gaf öryrkjum um að þeir fengju að því sem talið var á síðasta ári einhvers staðar nálægt einum og hálfum milljarði kr., en var aðeins fullyrt að þeir hlytu. Eins og hæstv. heilbrigðisráðherra lýsti á sl. vetri væri að þessu sinni aðeins hægt að efna þetta í áföngum, u.þ.b. tvo þriðju við síðustu áramót og restin kæmi síðan á næstu fjárlögum. Þetta er tilvitnað bæði í viðtali við hæstv. ráðherra og í grein og í ágætri ritstjórnargrein Morgunblaðsins frá 27. nóvember 2003 er þetta rakið undir nafninu „Orð skulu standa“. Mun hv. þingmaður og formaður fjárlaganefndar beita sér fyrir því að Alþingi standi við þessi góðu fyrirheit og það góða handsalaða loforð sem hæstv. heilbrigðisráðherra stóð að við öryrkja?

[12:26]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi málefni öryrkja var á síðasta ári eins og við vitum ákveðinn einn milljarður til þess að bæta hag þeirra sem verða öryrkjar á unga aldri. Miðað við fjáraukalagafrumvarpið sem nú liggur fyrir sýnist mér að þessi fjárhæð verði töluvert hærri. Á síðasta ári var rætt um það að sá milljarður sem þarna er um að ræða sé til þess að uppfylla þetta samkomulag. Ekkert annað kemur fram í frumvarpinu. Ég vísa því bara til þess og tel þannig að búið sé að uppfylla þetta samkomulag. Við munum síðan örugglega ræða það í fjárlaganefndinni og ég geri ráð fyrir að ég og hv. þingmaður munum ásamt fleirum fara nánar yfir málið. Þetta er svar mitt og ég tel að málið standi svona.

[12:27]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil bara nota andsvarsrétt minn til að þakka hv. þingmanni, Magnúsi Stefánssyni fyrir að koma inn á það starf sem unnið er í fjárlaganefndinni varðandi það að breyta verkferlum og reyna að ná betur utan um þá vinnu sem þar er unnin. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að þetta er býsna mikilvægt. Það er hins vegar búið að standa yfir í of langan tíma en við hv. þingmann er ekki að sakast í þeim efnum því að hann er auðvitað til þess að gera nýtekinn við sem formaður í fjárlaganefnd. Það hefur verið unnið betur á því ári sem liðið er frá því hann tók við en nokkur ár þar á undan. Þetta er hins vegar gífurlega mikilvægt verkefni og nauðsynlegt að ná sem allra mesti samstöðu um verkið. Ég mun í ræðu á eftir fjalla sérstaklega um það sem ég tel mikilvægast í þeim efnum. Ég vildi á þessu stigi aðeins rifja upp nokkra þætti og þá fyrst og fremst það hvernig ég ásamt fleirum höfum verið að upplifa það að framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið virðast tengjast of sterkum böndum, það sé ekki nægilega mikill munur þar á, þ.e. að löggjafarvaldið, fjárlaganefndin í þessu tilfelli, sé ekki nægilega sjálfstætt gagnvart framkvæmdarvaldinu. Því er nú verr og miður og verður að segjast alveg eins og er að oft og tíðum finnst manni eins og meiri hluti fjárlaganefndar upplifi sig sem stimpil, þ.e. að það sé fyrst og fremst hlutverk meiri hlutans að stimpla það sem kemur frá ríkisstjórninni.

Það er auðvitað ekki hlutverk nefndarinnar að gera slíkt heldur, eins og hv. þingmaður Magnús Stefánsson benti á, að sinna eftirlitshlutverki og gera þess vegna sjálfstæðar kannanir á stöðu stofnana og sjálfstæðar tillögur um breytingar. Ég vona að sú vinna sem við erum í muni bæta þetta og gera það þannig að fjárlaganefndin verði sjálfstæðari og geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir.

[12:29]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta innlegg varðandi það verkefni sem við erum að vinna að, við að fara yfir vinnubrögð og verkferla eins og við tölum um. Ég veit að þetta er sameiginlegt áhugamál allra í nefndinni og við höfum margoft rætt það. Ég veit að þetta hefur líka vakið athygli út fyrir nefndina. Það er mikill áhugi fyrir þessu verkefni utan nefndarinnar, í stjórnkerfinu og víðar. Ég lít því svo á að þetta sé mjög mikilvægt verkefni og mjög mikilvægt að okkur takist vel til. Ég legg áherslu á það sem ég sagði í ræðu minni áðan að allar aðgerðir og breytingar og annað sem við förum út í verða að vera vel ígrundaðar. Við megum ekki stökkva út í eitthvað sem er ekki fyllilega útfært. Allt tekur sinn tíma. Þetta er verkefni sem mun taka ákveðinn tíma að þróast og þroskast. En ég vil lýsa ánægju með það hvernig samnefndarmenn mínir úr öllum flokkum hafa tekið í þetta og jafnframt er ánægjulegt að finna fyrir þeim áhuga sem fram hefur komið utan nefndarinnar. Það er mikilvægt. Ég veit að okkur mun takast í sameiningu að vinna rétt úr þessu máli.

[12:31]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki ástæða til að endurtaka það sem hér hefur komið fram í máli okkar, mín og hv. þm. Magnúsar Stefánssonar.

Aðeins vegna þeirrar áherslu sem hann leggur á að allt sé ígrundað. Ég er auðvitað sammála hv. þingmanni í að ígrunda þurfi þetta mál afskaplega vel og vanda það þannig

að ekki komi upp einhver misskilningur. Hins vegar getum við ekki eytt endalausum tíma í það að vera með ígrundun. Við þurfum að fara að stíga fyrstu skrefin. Ég vænti þess að skref verði stigin í vetur, stór og mikil. Við höfum hafið þetta verk á vissan hátt, en því þarf að fylgja eftir.

Ég vil minna á að hér voru sett ný fjárreiðulög árið 1996. Það verður að segjast eins og er að það hefur gengið misjafnlega að framfylgja þeim. Það er kannski fyrsta skrefið að við reynum að nálgast þau eins mikið og við getum því þar er vissulega mjög margt sem tekið er á. Ég nefni sem dæmi fjáraukalög fyrir árið 2004 vegna þess að þau liggja á borðum okkar þingmanna núna. Það er þetta dæmi, það frumvarp eða þau frumvörp sem fyrir hafa legið. Ég verð að hafa þann fyrirvara á að ég er ekki búinn að skoða þetta frumvarp mjög mikið núna. Frumvörp undanfarinna ára hafa því miður verið því marki brennd að þau hafa ekki staðist nákvæma skoðun í samanburði við fjárreiðulög, þ.e. að inni í fjáraukalagafrumvörpum og fjáraukalögum hafa oft og tíðum, því er nú verr og miður, verið þættir sem ekki eiga þar heima. Þetta er hlutur sem þarf að laga en það þarf að gerast í takt við framkvæmdarvaldið.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan, til að fyllilega náist utan um það þarf nefndin að ná að sýna sjálfstæði í störfum sínum. Það er t.d. spurning sem menn hljóta að þurfa að ræða í nefndinni, hvort það sé eðlilegt, allt það samstarf sem formaður og varaformaður eiga við framkvæmdarvaldið. Væri ekki eðlilegt að kosið væri hlutfallskosningu í nefndinni ef eitthvert slíkt samráð í minni hóp þyrfti að eiga sér stað?

[12:33]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi það samstarf forustumanna fjárlaganefndar við framkvæmdarvaldið sem hv. þm. talar um (**Gripið fram í:** Það er miklu fleira.) held ég að allir hljóti að sjá að aðilar sem vinna saman milli fjárlaganefndar og t.d. fjármálaráðuneytis þurfa náttúrlega að eiga í samstarfi. Það er ákveðin upplýsingamiðlun sem þarf að eiga sér stað o.s.frv. þannig að ég bið menn að líta sanngjarnt á þessa hluti og vera ekki að búa til einhverja drauga úr þeim. Að öðru leyti get ég tekið undir margt af því sem þingmaðurinn sagði.

Út af því sem kom fram varðandi það sem við erum að vinna í fjárlaganefndinni vil ég segja að ákveðnar úrbætur áttu sér þegar stað á síðasta vetri. Þær snúa fyrst og fremst að upplýsingastreymi. Því hefur verið tekið vel og ég tel að þetta sé allt til bóta. Við munum síðan fara betur yfir þessi mál þegar frá líður.

[12:34]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér við 1. umr. fjárlaganna ætla ég að takmarka mig við nokkur efni sem ég vil ræða almennt varðandi stefnumótunina. Ég held að ég vilji þá bara byrja á að tala um það sem almennt í umræðunum er kallað þensla á landi hér, að hana beri að varast og það þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til að draga úr þenslunni, m.a. eins og vikið er að í fjárlagafrumvarpinu með tillögu um að draga saman framkvæmdir á landinu á vegum ríkisins um tvo milljarða króna. Í því sambandi er einkum vitnað til þess að draga megi m.a. úr vegaframkvæmdum, hægja þannig á framkvæmdagleðinni í landinu og veita þenslunni aðhald.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að mér finnst framsetningin og umræðan um þessi mál á undanförnum árum að því er snýr að þenslu í landinu nokkuð á þann veg að þenslan sé bara alls staðar eins, það sé geysimikið um að vera í öllum landshlutum. Því miður er það ekki svo. Þess vegna vil ég gera þetta að sérstöku umræðuefni hér við umræðu um fjárlög og stefnumótun ríkisins fyrir næsta ár og þarnæsta að þessu leyti.

Virðulegur forseti. Á landinu fara núna einfaldlega fram mjög miklar framkvæmdir, þ.e. á Austurlandi, á Miðausturlandi sérstaklega, sem munu nýtast því svæði vonandi vel í framtíðinni, efla þar störf og fjölga ásamt því að efla þar mannlíf. Vonandi mun íbúum fjölga þar og atvinnuástand verða gott um nokkurra ára skeið. Þegar álverið á Reyðarfirði verður formlega komið í rekstur verður þar vonandi varanlega einhver verulegur fjöldi framtíðarstarfa, ásamt auðvitað þeim margfeldisáhrifum sem fylgja slíkri atvinnustarfsemi.

Það er allt mjög gott um það að segja að mínu viti. Ég tel að það sé afar nauðsynlegt, og vissulega hafi verið mikil þörf á því að efla atvinnustig á Austfjörðum. Það gengur vonandi allt saman eftir eins og til er stofnað.

Það er líka afar ánægjulegt að á Austfjörðum skuli hafa verið staðið fyrir vegaframkvæmdum eins og göngunum á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, að þar skuli menn vera komnir í gegnum fjallið og horfi til þess að því verki ljúki mjög farsællega og eðlilega. Ég vil einnig vekja athygli á því að við Almannaskarð munu menn sennilega klára göngin sem þar er verið að gera og komast í gegnum fjallið á næstu dögum. Ef ég man rétt á að fara þar í gegn 8. október. Það er auðvitað líka fagnaðarefni. Þarna er í báðum tilfellum verið að stytta vegalengdir og í raun og veru að komast á það sem ég hef kallað „varanlega láglendisvegi“ um landið. Ég er mjög hlynntur slíkum framkvæmdum og minn flokkur hefur beinlínis sett það fram í stefnumörkun að það væri það sem menn ættu að stefna að á landi hér, að komast undir erfiða fjallvegi og yfir firði og stytta þannig vegalengdir á milli landsvæða og staða og einnig almennt inn á aðalþjónustukjarna landsins á suðvesturhorninu. Til þess ættu menn að horfa alveg óhikað. Hér er um að ræða mjög arðsamar framkvæmdir fyrir framtíðina og varanlegar sem við búum að ekki bara í fá ár, heldur áratugi eða jafnvel aldir. Til þess ættum við að horfa sem varanlegra fjárfestinga sem munu skila okkur miklum arði í framtíðinni.

Það hversu vel hefur gengið við þessar framkvæmdir á Austurlandi sýnir okkur enn á ný að þau orð sem ég sagði áðan um arðsemina og varanlegar samgöngubætur eiga við rök að styðjast. Þess vegna vil ég endilega að við tökum þá stefnu að skoða hvernig áframhald eigi að vera á því. Það var nefnilega þannig, virðulegur forseti, að fyrir nokkuð mörgum árum, 1996, voru tekin í gagnið göng á Vestfjörðum sem fóru undir Breiðadals- og Botnsheiðar. Þau tengdu saman byggðirnar á Vestfjörðum. Síðan gerðist nánast ekkert í jarðgangagerð í fleiri ár, því miður, að því er þetta varðar. Þó skulum við ekki gleyma Hvalfjarðargöngunum

sem voru unnin í einkaframkvæmd og hafa vissulega bætt mjög mikið almennt í samgöngum á landi hér. Þær áætlanir sem stjórnvöld hins vegar höfðu uppi stöðvuðust nánast þar til hafist var handa við jarðgöng á Austfjörðum.

Ég ætla rétt að vona, virðulegur forseti, að núna standi ekki til að láta annað slíkt tímabil koma á eftir þessum varanlegu framkvæmdum sem verið er að gera á Austfjörðum og að það dragist í missiri eða ár að hefjast handa við frekari jarðgangagerð.

Þess vegna segi ég það, virðulegur forseti, að þenslan sem verið er að tala um að sé e.t.v. eða muni myndast vegna framkvæmdanna á Austurlandi er jú þar og landsvæðið mun vonandi njóta góðs af því. Vafalaust mun suðvesturhornið sem einn aðalþjónustukjarni landsins njóta líka góðs af því, sem og fjármálastarfsemin sem á undirstöðu sína á suðvesturhorninu. Samt er það svo, virðulegur forseti, að jafnvel á suðvesturhorninu nær þessi þensla t.d. ekki í allar byggðirnar á Reykjanesi. Það þarf ekki að fara langt frá kjarnanum í kringum Reykjavík til að finna staði sem hin almenna þensla nær ekki til.

Ég vek athygli á þessu hér við 1. umr. fjárlaga vegna þess að ég tel afar mikilvægt að stjórnvöld átti sig á því að þenslan sem talað er um í stefnumótun ríkisstjórnarinnar er ekki til staðar á stórum svæðum landsins. Ég fullyrði það, virðulegur forseti, að það er engin þensla í Norðvesturkjördæminu. Hún er bara engin. Þar eru að vísu að fara af stað framkvæmdir í syðsta hluta kjördæmisins, í Norðuráli í Hvalfirði, sem munu hafa einhver áhrif á svæðin syðst í Norðvesturkjördæminu. Þar með er það upp talið.

Þess vegna vara ég sérstaklega við því að farið verði í að draga saman framkvæmdir og það látið bitna á landshlutum þar sem engin þensla á sér stað, landshlutum sem þurfa á uppbyggingu að halda. Ég tala nú ekki um eins og vegakerfið er t.d. á Vestfjörðum. Þar hefur vissulega margt gerst á undanförnum árum en því miður erum við bara langt á eftir. Það er svo margt sem þarf að gera til að koma okkur í eðlilegt akvegasamband innan fjórðungs og út úr fjórðungnum. Hið sama á að mínu viti t.d. við um norðausturhorn landsins. Þar er auðvitað mikil þörf á að lagfæra vegi. Ég vara við því alveg sérstaklega og tjái afstöðu mína þannig að ég mun leggjast gegn því, alveg eindregið, að það verði niðurskurður framkvæmda að því er varðar þjóðvegakerfið í Norðvesturkjördæminu. Ég hafna því alfarið. Ef fjármálaráðherra hyggst framkvæma stefnuna þannig varðandi aðhaldið að hún bitni jafnt í vegaframkvæmdum á öllum landsvæðum vil ég fá skýringar hans á því hvaða rök hann hefur fyrir því að leggja málið upp með þeim hætti.

Virðulegur forseti. Mörg sveitarfélög á landinu, einkum kannski hin minni, þó ekkert endilega þau alfámennustu, eiga við talsverða fjárhagsörðugleika að stríða. Við heimsókn forustumanna sveitarfélaganna á fund fjárlaganefndar fyrir nokkrum dögum hygg ég að þeir hafi í langflestum tilfellum tjáð það að sveitarfélögin ættu í talsverðum erfiðleikum og sum hver í miklum erfiðleikum. Þess eru auðvitað dæmi að sveitarfélög hafi helming tekna sinna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Það er algjörlega ljóst, virðulegi forseti, kannski sérstaklega að því er varðar minni og meðalstórar byggðir hér á landi, sveitarfélög og sjávarútvegsþorp að þar eru menn í miklum vandræðum. Víða hefur verið samdráttur í þessum byggðum í atvinnulegu tilliti, tekjur hafa minnkað, menn hafa kennt ýmsu um en talið að ef til vill væri nú bjartara fram undan. Mér finnst hins vegar rétt að vekja athygli á því að það var vitað hvaða áhrif margt af því sem við höfum verið að gera í sjávarútvegsmálum mundi hafa.

Ég minni á skýrslu sem var gefin út í október 2001 af Byggðastofnun um það hvaða áhrif kvótasetning þorskaflahámarksbátanna þá mundi hafa á Vestfjörðum, en í þeirri skýrslu stóð að fiskvinnslustörfum mundi fækka um tæplega 100, ef ég man rétt, og sjómannsstörfum á Vestfjörðum mundi fækka um tæplega 200. Það lá því algjörlega fyrir að það sem menn voru að aðhafast í stjórnarstefnunni mundi hafa áhrif á atvinnustigið. Sú tilhneiging að menn hafa farið yfir í einkahlutafélögin og þar með breytt tekjustreyminu og greiðslum, hvernig tekjurnar eru uppbyggðar til einstaklinganna, hefur ef til vill líka haft áhrif á tekjur sveitarfélaganna, að minnsta kosti sumra sem hafa haft megintekjur sínar úr sjávarútveginum.

En ég vek athygli á því og minni á það aftur, virðulegur forseti, þetta var vitað. Þetta var skrifað í skýrslu Byggðastofnunar áður en menn aðhöfðust þessa hluti þannig að þetta átti ekki að koma á óvart og var í raun og veru stefna stjórnvalda að áhrifin yrðu þessi.

Á fundi sem nýlega var haldinn norður í Eyjafirði, sem ég frétti af en var ekki á, ég held að það hafi verið sjávarútvegsnefnd sem þar var á ferð, þar upplýstu sjómenn við Eyjafjörð, trillusjómenn, að síðasta aðgerðin sem gerð var við kvótasetningu handfærabátanna mundi hafa þau áhrif við Eyjafjörð að sennilega mundu tapast milli 50 og 60 störf. Ég var því miður ekki á þessum fundi og hef ekki fengið þetta skriflegt en ég hef þessar upplýsingar af fundinum og það er auðvitað mjög miður að við skulum sífellt halda áfram í stefnumótun sem hefur neikvæð áhrif á atvinnustig á landsbyggðinni og í hinum minni sjávarbyggðum því að þar var vissulega nóg að gert í þeim efnum og var ekki á bætandi.

Allt þetta hefur áhrif á stöðu byggðanna og tekjustreymi þeirra og síðan eru auðvitað fjöldamörg verkefni sem smátt og smátt hafa orðið til að auka kostnað sveitarfélaganna samfara lagasetningu hér á Alþingi sem hefur gert það að verkum að sveitarfélögin vantar fé í rekstur sinn.

Mörg minni sveitarfélög nánast um allt land hafa talað um kostnaðinn af refa- og minkaeyðingu sem hefur vaxið talsvert og færst í meira mæli yfir á sveitarfélögin og ég held að framkvæmdina á því atriði og endurgreiðslu ríkisins verði að skoða algjörlega upp á nýtt. Sveitarfélögin ráða einfaldlega ekki við þetta verkefni og þau hljóta að velja önnur verkefni sem þeim ber lagaleg skylda til að veita þjónustu fram yfir þetta og láta þá þetta sitja á hakanum ef því er að skipta. Ég held því að það sé kominn tími til að endurskoða þetta algjörlega upp á nýtt og það væri t.d. hægt að gera með því að ríkið tæki alfarið að sér að sjá um minkaeyðinguna og bæri allan kostnað vegna þess.

Áhyggjur manna af fjarskiptakerfinu hafa líka iðulega verið nefndar á þeim fundum sem sveitarstjórnarmenn hafa komið á hjá fjárlaganefnd og í hvað stefnir. Stefnumótun ríkisins er jú sú að selja Símann og dreifikerfið allt í einum pakka sem er að mínu viti mjög röng stefna. Ég tel að

dreifikerfinu eigi algjörlega að halda sér, stofna um það sérfyrirtæki ef menn vilja og ríkið eigi síðan að sjá til þess að allir hafi aðgang að dreifikerfinu eða því fyrirtæki sem ríkið felur að sjá um dreifikerfið og gera þannig úr garði að ásættanlegt sé fyrir alla íbúa landsins. Ég tel að hlutverk slíks fyrirtækis ætti auðvitað líka að vera að vinna að öryggismálum eins og GSM-sambandinu og það seldi síðan síma- og fjarskiptafyrirtækjum aðgang að dreifikerfinu. Það held ég að væri kannski stefna sem hægt væri að ná einhverri sátt um hér í Alþingi, það verður aldrei hægt að ná sátt um að selja Símann með dreifikerfinu og fjármálaráðherra ætti að átta sig á því. Það er verið að mismuna fólki á landsbyggðinni eina ferðina enn með því að fara á þennan hátt í málin og það gengur ekki, hæstv. forseti. Ég held að menn ættu að skoða þá stefnumótun algjörlega upp á nýtt og reyna þá frekar að ná sátt um það að viðhalda dreifikerfinu og tryggja þar eðlilega samskiptamöguleika og jafnræði með fólki á landinu.

Þá langar mig að víkja aðeins að skattstefnu ríkisstjórnarinnar sem mér finnst óásættanleg og við í Frjálslynda flokknum höfum, eins og menn kannski muna og vita, lagt upp aðrar áherslur í skattamálum. Við bentum á það í kosningabaráttunni að það þyrfti að taka á persónuafslættinum og hækka hann þannig að skattalagabreytingar sem menn treystu sér til að gera nýttust betur þeim sem lægri launin hafa. Það held ég að væri miklu raunhæfara en það sem núna er verið að gera.

Við erum algerlega andvíg því að verið sé að fella niður hátekjuskattinn meðan þeir sem lægstu launin hafa sitja eftir. Og það er sjálfsagt alveg rétt hjá hæstv. fjármálaráðherra að skattgreiðendum hefur fjölgað á landinu á undanförnum árum, það eru fleiri sem greiða tekjuskatt. Og hvers vegna skyldi það vera? Það er jú vegna þess að persónuafslátturinn hefur ekki haldið raungildi sínu. Þar af leiðandi fjölgar skattgreiðendum jafnvel meira en þjóðinni fjölgar.

Ég veit ekki hvort það er neitt til að hæla sér af að skattgreiðendum skuli fjölga og að menn séu farnir að greiða tekjuskatt af tekjum sem ekki duga til framfærslu. Í nýlegri blaðagrein hafa forustumenn ellilífeyrisþega, Benedikt Davíðsson, Ólafur Ólafsson og Árni Einarsson, minnir mig, vikið að þessari framkvæmd skattalagastefnunnar og bent á hvaða áhrif hún hefði á ellilífeyrisþegana. Það er algjörlega ljóst miðað við þá framsetningu þeirra, og ég vék að þessu í umræðum í gær undir stefnuræðu forsætisráðherra, að það er algjörlega ljóst að ellilífeyrisþegar greiða núna hærri skatta en þeir gerðu áður. Þar til viðbótar er svo inni í skattkerfinu og bótakerfinu ákvæði um það að ef þetta fólk hefur tekjur úr lífeyrissjóði þá skuli skerða bætur þess.

Um þetta höfum við í Frjálslynda flokknum flutt ákveðið mál og lagt til að allar tekjur ellilífeyrisþega úr lífeyrissjóði undir 50 þús. kr. skertu engar bætur, menn héldu sem sagt fullri tekjutryggingu þó að þeir fengju greiðslur upp á 50 þús. eða minna úr lífeyrissjóði. Ég held að það væri afar vel til fundið að skoða það mál sem við höfum hér flutt til þess að bæta stöðu ellilífeyrisþega í landinu.

[Fundarhlé. — 12:55]

[13:30]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Einkennisorð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005 eru fyrst og fremst traust fjármálastjórn. Sá stöðugleiki sem ríkt hefur í efnahagsmálum og góð stjórn ríkisfjármála, undir forustu Sjálfstæðisflokksins, mun halda áfram út þetta kjörtímabil í samstarfi núverandi stjórnarflokka. Ríkisstjórnin mun leggja mikið á sig til þess að verja stöðugleikann.

Hæstv. fjármálaráðherra Geir H. Haarde leggur fram fjárlagafrumvarp sem lýsir stefnu ríkisstjórnarinnar 2005–2008. Þar er því lýst hvernig ríkisstjórnin mun með styrkum hætti leiða þjóðarbúskapinn í gegnum þau boðaföll sem óneitanlega geta myndast með miklum framkvæmdum á skömmum tíma. Stefnumörkun til lengri tíma styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika í efnahagslífinu. Þanþol fjármálastjórnar verður að vera býsna gott þegar á reynir vegna vaxandi frelsis á fjármálamörkuðum auk þess að mestu framkvæmdir Íslandssögunnar standa yfir á Austurlandi.

Ríkisstjórnin mun hér eftir sem hingað til leggja mikið á sig til að verja stöðugleikann. Stöðugleikinn er mikilvægastur fyrir þjóðfélagsþegnana og fyrirtækin í landinu þegar til lengdar lætur. Stöðugleiki og aftur stöðugleiki. Íslendingar hafa vanist stöðugleikanum á undanförnum árum. Fyrir 20 árum leyfðu menn sér ekki að vona að sú tíð gæti komið á Íslandi að stöðugleiki gæti haldist í íslensku efnahagslífi, m.a. vegna þess hve háð við erum duttlungum náttúrunnar, hvað þá að við gætum kveðið niður verðbólgudrauginn.

Það var svo fyrir 13 árum, með aðkomu Sjálfstæðisflokksins og samstarfsflokka hans, undir forustu Davíðs Oddssonar, að menn lögðu í það mikla verk að takast á við efnahagsmálin af alvöru. Með öflugri og ábyrgri aðkomu aðila vinnumarkaðarins tókst að færa Íslendinga í framvarðasveit þeirra landa sem það gera og færa þar með landsmönnum bestu kjör sem þekkjast.

Ég ætla, hæstv. forseti, einkum að fjalla um lífeyrisskuldbindingar ríkisins, skattalækkanir og fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Svigrúmið sem skapast hefur með bættri afkomu ríkissjóðs hefur að stærstum hluta verið notað til að borga niður skuldir ríkissjóðs annars vegar en hins vegar til að búa í haginn fyrir framtíðina, eins og fjármálaráðherra gjarnan orðar það, þ.e. að gjaldfæra fyrir lífeyrisskuldbindingum. Ekki þarf að hafa mörg orð um hve skynsamlegt er að greiða niður skuldir og nota peningana í annað en vaxtagreiðslur. Vaxtagreiðslur ríkissjóðs voru á tímabili, að því er mig minnir, jafnháar framlögum til menntamála. Þar hefur orðið mikill viðsnúningur. Það að greiða inn á framtíðarskuldbindingar vegna lífeyrisgreiðslna er ótvírætt afar skynsamlegt þegar horft er til þeirra sem erfa landið. Staða okkar að þessu leyti er mikið betri en víðast hvar annars staðar. Lífeyrissjóðakerfið hér á landi er mun öflugra en í nálægum löndum. Hér er það að verulegu leyti byggt á sjóðssöfnun en ekki gegnumstreymi. Þar með þarf ekki að grípa til sérstakra ráðstafana hér á landi til að mæta hlutfallslegri fjölgun ellilífeyrisþega, hvorki hækkun skatta né skerðingu lífeyrisréttinda.

Ásmundur Stefánsson, ríkissáttasemjari og fyrrum forseti ASÍ, flutti athyglisvert erindi á morgunverðarfundi Tryggingastofnunar ríkisins í síðustu viku, sem hann nefndi „Aldraðir – yfirstétt framtíðarinnar". Fáir þekkja lífeyrissjóðakerfið og sögu þess betur en Ásmundur Stefánsson. Í upphafi gerði hann samanburð við Norðurlöndin. Síðan kom hann að hinni almennu skoðun í umræðunni. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í erindi hans, þar sem hann segir:

„Það er almenn, viðtekin skoðun í umræðum um aldraða í samfélagi framtíðarinnar, að við stöndum frammi fyrir óyfirstíganlegu vandamáli. Helstu rök eru þessi:

Öldruðum fjölgar hratt.

Þeir virku á vinnumarkaði hafa sífellt fyrir fleirum að sjá.

Heilbrigðiskerfið verður stöðugt dýrara.

Fjárhagur hins opinbera versnar stig af stigi.

Unga fólkið mun ekki standa undir kostnaði við umönnun aldraðra.

Aldraðir munu búa við fátækt og fá ekki viðunandi hjúkrunarþjónustu."

Hæstv. forseti. Hér er staðan önnur. Fólk á vinnumarkaði axlar fyrir fram ábyrgð á elliárunum. Um það hafa aðilar vinnumarkaðarins samið. Sjóðssöfnun og ávöxtun hennar mun standa undir launum aldraðra í framtíðinni.

Ásmundur horfði til ársins 2040 og komst að þeirri niðurstöðu að lífeyrisþegar framtíðarinnar mundu almennt standa undir framfærslu sinni og standa straum af þeirri opinberu þjónustu sem þeir munu nýta mest með skattgreiðslum.

Ég vil fá að vitna áfram í erindi Ásmundar Stefánssonar. Hann segir, með leyfi forseta:

„Lífeyrisþegar framtíðarinnar munu almennt sjálfir standa straum af framfærslu sinni og með skattgreiðslum munu þeir sem hópur gera meira en standa undir þeirri opinberu þjónustu sem þeir nýta mest. Án úttektar á því hvernig aðrir þjónustuþættir hins opinbera nýtast ellilífeyrisþegum verður ekki einhlítt fullyrt um það hvort þeir muni greiða meira til hins opinbera en það kostar til þeirra vegna. Niðurstaðan að ofan er vísbending um að svo verði. Ellilífeyrisþegar framtíðarinnar munu ekki verða samfélaginu byrði heldur þvert á móti. Þeir munu hafa stöðugar tekjur nánast óháð dyntum stjórnvalda á hverjum tíma og óháð hagsveiflum. Framfærsla þeirra verður ekki vandamál í hörðu árferði. Því verður öfugt farið. Ellilífeyrisþegar munu viðhalda eftirspurn á samdráttartímum með reglubundnum tekjum sínum. Þeim mun líkt farið og jarðeigendum miðalda sem lifðu á jarðarrentunni."

Hæstv. forseti. Þetta er staðan þegar horft er til lífeyrissjóðakerfis okkar. Hún segir þá sögu að menn hafa haft framsýni til lengri framtíðar þegar aðilar vinnumarkaðarins voru að semja um laun og kjör.

Fyrir nokkrum árum var tekið til við að breyta lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Nú er LSR skipt upp í A-deild sem er nokkuð sambærileg við hið almenna lífeyrissjóðakerfi og B-deild sem er hið gamla kerfi hjá ríkisstarfsmönnum.

Ríkisstjórnin tók þá ákvörðun fyrir nokkrum árum að hefja innborganir í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til þess að takast á við framtíðarskuldbindingar sjóðsins. Hefði ekki hefði verið gripið til þessara ráðstafana hefði fé B-deildar lífeyrissjóðsins verið uppurið árið 2014 og þá hefði reynt á bakábyrgð ríkissjóðs til greiðslu eftirlaunanna. Á árunum 1999–2005 námu greiðslur ríkissjóðs með þessum hætti 80 milljörðum kr. með vöxtum og verðbótum. Sjóðurinn hefur því styrkst verulega og mun geta staðið undir greiðslum, a.m.k. til ársins 2025. Þá mun ávöxtun innborgana fara að skila sér verulega og vega á móti auknum skuldbindingum sjóðsins. Áfallnar lífeyrissjóðsskuldbindingar eru mjög háar. Þær eru taldar um 183 milljarðar kr. um þetta leyti.

Hæstv. forseti. Við höfum horft mjög vel fram á veginn. Með því að færa greiðslur úr ríkissjóði inn í Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna erum við að takast á við framtíðina og þá sem taka við af okkur.

Hæstv. forseti. Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum kallar á ýtrasta aðhald í almennum rekstri, bæði launamálum og öðrum rekstrarútgjöldum. Stefna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum er einnig forsenda fyrir því að skattalækkunaráform nái fram að ganga. Fyrsti áfangi í þessari atrennu burt séð frá því sem áður hefur náðst fram er 1% lækkun tekjuskatts á næsta ári. Stefnt er að því að á árinu 2006 verði tekjuskattur aftur lækkaður, auk þess sem eignarskattur verður felldur niður það ár. Á árinu 2007 kemur til síðasti hluti lækkunarinnar og verður á því ári búið að lækka tekjuskatt um 4%.

Með því að lækka tekjuskattinn er verið að ná beint til hins vinnandi manns. Skattleysismörkin hækka einnig með þessu móti. Þau verða þannig komin í um 80 þús. kr. árið 2007. Við þetta bætist að trúlega verða barnabætur einnig hækkaðar á því ári.

Einnig er mikilvægt að það gangi eftir að lækka virðisaukaskatt af matvælum. Hinir tekjulægri og barnafólk eyða hlutfallslega meiri upphæðum af ráðstöfunarfé sínu í matarinnkaup en þeir sem hafa hærri tekjur. Því er það mjög ákjósanleg leið að bæta kjör þeirra sem lægri hafa launin að lækka virðisaukaskatt af matvælum.

Það er mjög skýr pólitísk áhersla okkar sjálfstæðismanna að lækka skattálögur. Við treystum heimilunum í landinu mun betur til þess að ráðstafa sjálfsaflafé sínu með skynsamlegri hætti en ríkinu. Það á því ávallt að vera markmið okkar að beita ýtrasta aðhaldi í ríkisrekstrinum og hafa skatta sem lægsta. Það að birta núna áform um skattalækkanir til næstu ára er liður í að skapa stöðugt umhverfi í efnahagsmálum og draga úr óvissu. Það er gömul saga og ný að skattalækkanir eru olía sem smyr hjól efnahagslífsins. Við höfum einnig reynslu af því að þegar tekjuskattur á fyrirtæki var lækkaður þá skilaði hann hærri upphæðum í ríkissjóð heldur en hann hafði áður gert.

Hæstv. forseti. Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga hafa verið nokkuð til umræðu að undanförnu. Um þessar mundir fer fram átak til eflingar sveitarstjórnarstiginu. Í því felst sú stefnumörkun að flytja beri í auknum mæli verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna. Sú stefna gerir auknar kröfur til sveitarfélaga um ábyrgan rekstur. Ábyrgðin gildir um rekstur einstakra málaflokka en ekki síður í vaxandi mæli gagnvart efnahagsstjórn.

Ljóst er að með flutningi á fleiri verkefnum hins opinbera til sveitarfélaganna knýr það sveitarfélögin til meiri ábyrgðar í rekstri. Aðhald í opinberum rekstri, hvort sem

ríki eða sveitarfélög veita þjónustuna, verður alltaf að vera til staðar.

Að störfum eru nefndir ríkis og sveitarfélaga sem eiga að vinna að eflingu sveitarstjórnarstigsins. Nefndirnar fjalla um yfirfærslu verkefna, tekjustofna sveitarfélaga og um sameiningu sveitarfélaga. Á dögunum var undirritað samkomulag fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar.

Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga eru stöðugt til umræðu. Fundir forráðamanna Sambands íslenskra sveitarfélaga, fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra eru fastir liðir. Einnig er skemmst að minnast tekjustofnanefndarinnar svokölluðu sem skilaði niðurstöðum sínum í nóvember 2000 og jöfnunarsjóðsnefndinni sem skilaði niðurstöðum sínum í október 2002.

Sameiginleg viljayfirlýsing hefur verið gefin út til leiðbeiningar fyrir tekjustofnanefndina sem nú er starfandi, um það í hvaða farveg hennar starf mun fara. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að haldið verði áfram að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga og í upphafi verði lögð sérstök áhersla á verkefni á sviði velferðarmála.

Í öðru lagi er hvatt til að lagt verði mat á fjárhagsleg áhrif tillagna um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og áætlun gerð um gildistöku þeirra breytinga. Jafnhliða verði tekin afstaða til mismunandi leiða til þess að tryggja sveitarfélögunum nægilegt fjármagn til að sinna nýjum verkefnum.

Í þriðja lagi mun tekjustofnanefnd fjalla um horfur í fjármálum sveitarfélaga með sérstakri áherslu á að skoða þau sveitarfélög og svæði sem standa höllum fæti fjárhagslega og meta ástæður fyrir þeim vanda og gera tillögur sem leitt geti til úrbóta. Í þeirri vinnu verði einkum tekin afstaða til eftirfarandi atriða:

1. Hvort rýmka beri heimildir sveitarfélaga til nýtingar núverandi tekjustofna.

2. Hvort til álita komi að marka sveitarfélögunum nýja tekjustofna.

3. Hvort ójafnvægis gæti í tekjumöguleikum sveitarfélaga og hugsanlegrar breytingar á jöfnunarkerfi í því sambandi.

4. Hvort Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði markaðir nýir tekjustofnar m.a. í tengslum við fækkun undanþágna frá fasteignaskatti.

Allt eru þetta atriði sem verða til nánari skoðunar, hæstv. forseti, en ég vil einnig nefna að í samkomulaginu kemur fram að í tengslum við fækkun og eflingu sveitarfélaga getur skapast aukin þörf fyrir fjármagn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að aðstoða einstök sveitarfélög við sameiningu í samræmi við reglur sjóðsins. Þeirri fjárþörf þarf þá sérstaklega að mæta hjá jöfnunarsjóðnum og hugsanlega með framlagi úr ríkissjóði á árunum 2005–2009 og gæti það komið inn hjá okkur í umræðum um fjárlagafrumvarpið.

Í síbreytilegu þjóðfélagi verður auðvitað stöðugt að horfa á tekjur, rekstur og afkomu sveitarfélaganna. Nú er það svo að ónýttir tekjustofnar sveitarfélaganna eru um 1,2 milljarðar sem sveitarfélög sem vel standa hafa ákveðið að nýta ekki. Önnur sveitarfélög eru hins vegar verr haldin og hjá þeim verður auðvitað bæði að skoða rekstur og tekjumöguleika til þess að koma í veg fyrir viðvarandi hallarekstur.

Það sem komið er í vinnu verkefnisstjórnar um eflingu sveitarstjórnarstigsins er ljóst að horft verði til þess að flytja velferðarmálin til sveitarfélaganna og þá væntanlega fyrst og fremst málefni fatlaðra og aldraðra. Í þeim sveitarfélögum þar sem það hefur verið reynt hefur fengist mjög góð reynsla af því og nefni ég þá Akureyri, Hornafjörð og Þingeyjarsýslur í því sambandi.

Hæstv. forseti. Ég ákvað að fara yfir þetta þar sem umræða hefur skapast hér um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og það mun væntanlega verða verkefni okkar í fjárlaganefnd nú á haustdögum. Það verður einnig verkefni okkar í fjárlaganefnd að fara ofan í þær forsendur sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Við þurfum öll að leggjast á eitt um að auka festu í fjármálum ríkisins. Stofnanir þurfa að bæta áætlanagerð sína og taka reksturinn fastari tökum og vil ég þá einnig nefna að fleiri verkefni frá stofnunum mega örugglega fara út á einkamarkaðinn og verða leidd þar.

Að síðustu vil ég fagna því að ákveðið hefur verið að setja á stofn ráðherranefnd til að endurskoða stofnanakerfi ríkisins. Þar má víða taka til hendinni og væntum við góðrar niðurstöðu af því starfi.

Hæstv. forseti. Ég vil svo að lokum óska góðs samstarfs í fjárlaganefnd við aðra nefndarmenn og ráðuneyti og stofnanir ríkisins.

[13:49]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var athyglisvert að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir ræddi nokkuð um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og var auðvitað ekki vanþörf á. En það sem mér þótti skorta á var að talað væri skýrt varðandi það hvort hv. þm. teldi að rétt væri skipt á milli ríkis og sveitarfélaga, hvernig hv. þm. metur þá þróun sem átt hefur sér stað í þeim samskiptum, þ.e. samanburðinn á því hvernig tekjur ríkissjóðs hafa aukist jafnt og þétt og síðan hvernig tekjur sveitarfélaganna hafa þróast sem er auðvitað í allt, allt öðrum takti.

Rétt til upprifjunar fyrir hv. þm. er rétt að geta þess að sveitarfélögin voru rekin með tæplega 6 milljarða kr. halla árið 2002 og rúmlega 5 milljarða kr. halla árið 2001 og það stefnir í rúmlega tvo eða tæplega þriggja milljarða kr. halla á yfirstandandi ári. Það er þess vegna spurning til hv. þm. hvað það er sem hefur valdið þessum vanda hjá sveitarfélögunum og hvernig á því stendur að þessi tregða hefur verið svo við lýði eins og fram hefur komið í því að menn hafa ekki náð árangri í því að ná niðurstöðu í tekjuskiptinguna milli ríkis og sveitarfélaga. Nú veit ég að hv. þm. hefur komið nokkuð nálægt þessum störfum og ætti að geta upplýst þingheim um það hvaða vandi er þarna fyrst og fremst á ferðinni og hvernig á því stendur að ríkissjóður, sem hefur stöðugt verið að bólgna út með vaxandi tekjum í hinum mikla hagvexti sem verið hefur, hefur sýnt slíka tregðu gagnvart sveitarfélögunum. Við vitum nýjasta birtingarformið í þessum vanda sveitarfélaganna sem kemur m.a. fram í því að nú eru allir grunnskólar landsins lokaðir.

[13:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég kom inn á í ræðu minni er það svo að fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga eru viðvarandi verkefni þessara tveggja stjórnsýslustiga.

Þingmaðurinn spurði hvort rétt væri skipt. Við höfum farið yfir það oft og einatt og í þeim nefndum m.a. sem ég nefndi, bæði tekjustofnanefnd og jöfnunarsjóðsnefnd, farið yfir fjármál sveitarfélaganna og hvernig þeim væri best fyrir komið, hvaða tekjustofna sveitarfélögin þyrftu að hafa til þess að standa undir sínum rekstri.

Eins og ég nefndi er þetta viðvarandi verkefni. Við komumst að niðurstöðu árið 2000 og við komumst að niðurstöðu árið 2002 í samstarfi ríkis og sveitarfélaga um þetta efni. (**GÁS:** Það var ekki samkomulag.) Og þrátt fyrir að einn nefndarmaður hefði skilað séráliti í annarri nefndinni, eins og hann vill greinilega koma hér á framfæri í þingsalnum, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, um eitt atriði. (**Gripið fram í:** Eitt?)

En það er fráleitt eins og hv. þm. var að reyna að gefa í skyn að það að sveitarfélögin eigi núna í samningaviðræðum við kennara hafi eitthvað með þetta að gera. Og það veit hv. þm. og hefur oft um það fjallað að það eru alls óskyld mál, kjarasamningar kennara eða einstakra stétta sem sveitarfélögin semja við og það hvernig fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga eru að öðru leyti. (Forseti hringir.) Það er allt annar málaflokkur sem við fjöllum um á öðrum vettvangi.

[13:53]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekki hægt að segja að þetta svar hjá hv. þm. hafi skýrt myndina mikið. En það er hægt að aðstoða hv. þm. örlítið og rifja t.d. upp að þróun á endurgreiðslum vegna húsaleigubóta hefur auðvitað verið með þeim hætti að sveitarfélögin hafa þurft að bera þar þyngri hlut en ætlað var og hleypur það á nokkrum hundruðum milljóna.

Við getum einnig rifjað upp einkahlutafélögin sem hafa líka skert þessa skiptingu verulega og er vægt áætlað að það sé eitthvað á annan milljarð króna. Þannig að auðvitað hefur verið að halla á. Síðan er fjöldi annarra dæma sem við vitum um að lög hafa verið sett þar sem sveitarfélögin hafa þurft að taka aukinn hlut í miðað við það sem áður var.

En það er sem sagt þannig að það hallar verulega á sveitarfélögin og ég vona að hv. þm. taki þátt í að reyna að bæta þar úr og reyni að ná sem allra, allra fyrst niðurstöðu í það mál.

Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að sú kjaradeila sem nú stendur snýst ekki fyrst og fremst um þetta en alveg augljóst mál að ef fjárhagsleg staða sveitarfélaganna væri eðlileg stæðum við væntanlega ekki í þeim sporum sem við erum nú, þ.e. að hafa alla grunnskóla landsins lokaða.

Hins vegar var fleira sem kom fram í ræðu hv. þm. sem athygli vakti. Hv. þm. notaði m.a. það orðalag að trúlega mundu barnabætur hækka árið 2007. Barnabætur hækkuðu ekki á yfirstandandi ári og munu ekki hækka á næsta ári miðað við fjárlagafrumvarpið því að enn er notuð óbreytt krónutala þannig að það er greinilegt að það er ekki ætlunin að hækka þær fyrr en 2007. Síðan vonaði hv. þm. að eitthvað yrði gert varðandi virðisaukaskattinn á matvælum og tek ég undir þá von og ósk að það verði fyrr en síðar. En merkast þótti mér þó orðalag hv. þm. þegar hún sagði orðrétt: „Við sjálfstæðismenn treystum heimilunum betur en ríkinu að fara með fjármuni."

Frú forseti. Ég held að ekki sé hægt að taka betur undir gagnrýni okkar þingmanna í stjórnarandstöðu (Forseti hringir.) en með þessum orðum.

[13:55]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er algjörlega skýrt að það á að hækka barnabætur á seinni hluta kjörtímabilsins og það er einnig algjörlega skýrt að það á að lækka virðisaukaskattinn. Þetta eru engin ný tíðindi fyrir hv. þm. og þetta er margoft búið að koma fram, bæði í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra í gær og fjárlagaræðu hæstv. fjármálaráðherra í dag. Þarna er því ekki um neitt að véla.

Ég vil kannski aðeins að ítreka það að fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga eru viðvarandi verkefni þessara tveggja stjórnsýslustiga. Og það er alveg sama hvað hv. þm. reynir að tala um að þarna sé mikið gat á milli, á einhverjum tímum semja menn og síðan breytast aðstæður og þá fara menn yfir málin aftur. Ég veit að hv. þm. er mér algjörlega sammála um þetta og við höfum rætt það okkar á milli án þess að ég ætli að vitna hér í tveggja manna tal. En þeir samningar sem ríkið hefur gert við sveitarfélögin standa auðvitað á þeim tíma og síðan eru gerðir nýir samningar ef forsendur breytast. Það er það verklag sem við höfum í samskiptum þessara tveggja stjórnsýslustiga.

[13:58]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég óska eftir því að fá að veita andsvar við ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur, en var meinað um það og vísað til samkomulags sem þingflokksformenn hefðu gert í þá veru að talsmenn flokkanna einir og sér ættu orðastað hver við annan í fyrstu umferð og ég hef svo sem ekkert við það að athuga. En ég vissi ekki til þess að þeir væru tveir talsmenn Sjálfstæðisflokksins við þessa umræðu. Annars vegar hæstv. fjármálaráðherra og hins vegar hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir og þessi regla gilti um hana. Við værum með öðrum orðum enn þá í fyrstu umferð þessarar umræðu. Það kemur mér dálítið á óvart. Ég hafði einmitt ætlað að inna hana eftir því sama og hún átti hér orðræðu um við hv. þm. Einar Má Sigurðarson þar sem ýjað er að samkomulagi ríkis og sveitarfélaga og ójafnri skiptingu fjármuna í því sambandi. Ég ætlaði að spyrja hana um hvort þau væru mörg sveitarfélögin í hennar fjórðungi sem hefðu mikið fé handa á milli.

(**Forseti** (JóhS): Forseti óskar eftir því að hv. þm. fari ekki í efnislega umræðu um fjárlagafrumvarpið undir liðnum um fundarstjórn forseta.)

Frú forseti. Af því að mér var meinað um þessa efnislegu umræðu þá langar mig að árétta fyrirspurn mína hvort þeir séu margir fleiri talsmenn Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu sem ekki megi eiga orðastað við nema sérteknir aðilar í þessum sal.

(**Forseti** (JóhS)**:** Eftir því sem forseti best veit er samkomulagið um það að fyrir utan ráðherra sem getur veitt andsvar í fyrstu umferð þá er einn talsmaður frá hverjum flokki. Um það snýst samkomulagið.)

Frú forseti. Ég vil þakka þessar upplýsingar. Þá liggur það hér fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn hefur þörf á tveimur talsmönnum við þessa umræðu og ég svo sem lýt höfði í því sambandi og hef allan skilning á þeirri þörf.

[14:00]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hér fyrr í dag kemur hæstv. fjármálaráðherra enn og aftur og leggur fram fjárlagafrumvarp sem við hljótum að gjalda ákveðinn varhuga við ef við horfum til reynslunnar af sams konar frumvörpum hans undanfarin ár. Hæstv. ráðherra telur sig komast upp með það enn og aftur að leggja fram glansmynd sem síðan, þegar til á að taka, stenst ekki.

Búið er að fara yfir það fyrr í dag í umræðu hversu mikið þær væntingar sem fram hafa komið í fyrri frumvörpum standast þegar á hólminn er komið og hversu lítið hefur verið að marka niðurstöðutölur fyrri frumvarpa sem lögð hafa verið fram af hæstv. ráðherra fjármála. Það vekur sérstaka athygli hvaða áherslur eru lagðar fram í þessu frumvarpi og hvaða almennu skilaboð eru í því til þeirra sem þyngstu byrðarnar hafa borið á undanförnum árum.

Einnig vekur það athygli sem ekki er í frumvarpinu. Hvar eru t.d. efndir loforða um aukningu barnabóta sem klingdu í aðdraganda kosninganna árið 2003? Þegar leitað var að efndunum fannst eftirfarandi klausa í athugasemdum með frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Á árunum 2001–2003 voru barnabætur til fjölskyldna hækkaðar um 500 millj. á ári eða samtals um 1.500 millj. kr. á tímabilinu.“

Þetta vissu allir og þessu var haldið vel á lofti í kosningabaráttunni. Ég átta mig ekki alveg á hvaða vörn höfundar frumvarpsins telja að felist í því að telja það upp sem gerðist fyrir kosningarnar síðustu.

Svo kemur framhald athugasemdarinnar, með leyfi forseta:

„Til athugunar er að auka þessar greiðslur einnig á komandi árum. Þar sem eftir er að ljúka nánari útfærslu á þessum málum“ — lesist væntanlega: semja um það milli ríkisstjórnarflokkanna — „er gert ráð fyrir óbreyttri fjárheimild til barnabóta í frumvarpinu.“

Barnafólki hlýtur að líða miklu betur eftir að þetta liggur ljóst fyrir og hafa á því fullan skilning að þar sem leiðtogar ríkisstjórnarinnar hafa ekki náð samkomulagi verði ekki um neina hækkun að ræða að sinni. Eru þetta kannski barnakortin sem Framsókn talaði sem mest um í síðustu kosningum?

Hvar eru efndirnar á loforðum um lækkun virðisaukaskatts? Jú, í sama farvegi. Formenn stjórnarflokkanna eru enn að semja um það mál.

Er einhver vísbending í þessu frumvarpi um að tekið verði á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga? Ekki tókst að finna þær vísbendingar. Þessi ríkisstjórn hefur flutt skattbyrðarnar frá hinum betur launuðu til hinna sem hafa meðallaun og lág laun. Þetta er bæði gert fyrir opnum tjöldum en einnig með því að persónuafsláttur vegna skattgreiðslna hefur ekki fylgt verðlagsþróun. Það er í raun nöturlegt að horfa upp á hversu kerfisbundið þessari breytingu á skattbyrði er komið á og hversu mjög forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar berja sér á brjóst og tala um gífurlegar skattalækkanir til allra og að nú sé komið að heimilunum í landinu. Sérstaklega er nöturlegt að horfa á Framsóknarflokkinn styðja þessa þróun en minna kemur á óvart að Sjálfstæðisflokkurinn standi fyrir slíku. Sannleikurinn er sá að heimili þeirra sem liggja í efsta tekjulaginu hafa ríkulega notið tilfærslna þessarar ríkisstjórnar og munu gera það enn í ljósi skattatillagna hennar sem hér hafa verið opinberaðar.

Ekki vekur síður athygli hversu harkalega bæði hæstv. fjármálaráðherra og einnig nýr hæstv. forsætisráðherra bregðast við tilraunum sveitarfélaganna í landinu til að ná fram réttlátari tekjuskiptingu milli þessara tveggja stjórnsýslustiga í landinu. Hæstv. forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni í gær að því færi fjarri að öll sveitarfélög í landinu ættu við vanda að etja og má það til sanns vegar færa að innan um eru sveitarfélög sem sæmilega eða vel standa en það skýrist að mestu af einhverjum sögulegum forsendum en ekki af því að þau hafi nú nægilega tekjustofna til að standa undir sinni þjónustu.

Hvetja verður hæstv. forsætisráðherra til að hlusta betur á þá sem stýra sveitarfélögunum í landinu en hann virðist gera ef marka skal tilvitnuð orð hans hér að framan. Hæstv. fjármálaráðherra hefur margsagt að sveitarfélögin séu fullsæmd af sínu og að hann skilji ekki vælið í þeim.

Það hefði verið fróðlegt fyrir hæstv. ráðherra að vera viðstaddur fundina sem fjárlaganefnd átti með fulltrúum sveitarfélaganna í landinu fyrir stuttu en þar kom ákaflega skýrt fram að þau hafa borið skarðan hlut frá borði í samskiptum við ríkisvaldið og eiga nú flest hver í vandræðum með að uppfylla lagaskyldur sínar um þjónustu við íbúana. Ekki væri úr vegi að skoða staðreyndir þessa máls frekar en að stinga höfðinu í sandinn eins og ráðamenn þjóðarinnar gera nú þegar rætt er um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Ekki er gert ráð fyrir neinni breytingu á þessum samskiptum í því fjárlagafrumvarpi sem nú hefur verið lagt fram og eru það skýr skilaboð til þeirra sem stjórna sveitarfélögunum um að enn skuli ekki tekið á augljósum vanda þótt við blasi.

Það er reyndar langt frá því að það séu einungis sveitarfélögin í landinu sem verða fyrir barðinu á þeirri stefnu að þverskallast eins lengi og unnt er við að leiðrétta misræmi og í einstökum tilfellum að gera það alls ekki fyrr en dómur fellur í Hæstarétti landsins um bót á aðsteðjandi vanda.

Ekki er úr vegi að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort sveitarfélögunum í landinu sé að mestu stjórnað af eintómum rötum. Eru bæði sveitarstjórnarmenn og þeir sem hafa verið ráðnir til starfa fyrir sveitarfélögin bara svona miklir klaufar í fjármálum? Er það einungis asnaskapur og angurgapaháttur þeirra að fá viðvörun vegna fjármála frá eftirlitsnefnd sveitarfélaga? Er nema von að spurt sé þar sem skilaboðin í þá átt eru ákaflega skýr frá hæstv. ráðherrum þessarar ríkisstjórnar?

Hvernig ætlar ríkisstjórnin að ná fram markmiðum sínum um sameiningu sveitarfélaga án þess að fyrir liggi hvernig fjárhagsmálefnum þeirra verði háttað til næstu

framtíðar? Hvernig eiga sveitarstjórnarmenn að geta treyst því að mið sé tekið af vel rökstuddum og gaumgæfilega yfirförnum óskum þeirra um réttlátari skiptingu tekna þegar þeir upplifa þau svör sem fengist hafa frá ríkisherrunum?

Staða sveitarfélaganna í samningum við ríkisvaldið er ákaflega veik í núverandi samskiptum milli aðila og verður að teljast undarlegt að einfaldar staðreyndir bíti ekki á hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar og þeim embættismönnum sem undir þeim starfa.

Hver er sannleikurinn um fjármál ríkisins og sveitarfélaganna? Hver er hin raunverulega tekjuþróun þessara tveggja stjórnsýslustiga? Er ríkið að ná verulegum árangri í rekstri sínum en sveitarfélögin ekki? Nei, það er ekki svo og það er fróðlegt að skoða þróun tekna beggja frá árinu 2002 til 2004. Þá er ég að tala um beinar skatttekjur bæði ríkisins og sveitarfélaganna. Ríkið hafði í beinar skatttekjur á árinu 2002 rúma 220 milljarða. Á árinu 2004 er áætlað að skatttekjurnar verði 264 milljarðar, en verði rúmir 280 milljarðar á árinu 2005. Sveitarfélögin aftur á móti voru með rúma 72 milljarða árið 2002, en árið 2004 81,8 milljarða kr.

Eins og ég sagði gera fyrirliggjandi fjárlög ráð fyrir því að skatttekjur ríkisins verði rúmir 280 milljarðar kr. á árinu 2005. Ef við lítum á skatttekjur ríkisins milli áranna 2002 og 2004 hækka þær um sem nemur tæpum 20%. Á sama tíma hækka skatttekjur sveitarfélaganna um tæp 13%. Ef sveitarfélögin hefðu haft sömu hækkun skatttekna og ríkið hefðu þau haft úr rúmum 5 milljörðum kr. meira að spila á þessu ári en raunin varð á og því rekið sig með talsverðum hagnaði. Ríkið hefði aftur á móti þurft að sætta sig við 15,6 milljörðum kr. minni tekjur ef þær hefðu þróast eins og hjá sveitarfélögunum og því hefði verið um mikinn hallarekstur að ræða á yfirstandandi ári stæði ríkið jafnfætis sveitarfélögunum.

Miðað við þá tekjuáætlun sem fram er sett í fjárlagafrumvarpinu sem hér liggur fyrir munu skatttekjur ríkisins vaxa um rúma 16 milljarða kr. á milli ára og enn mun draga í sundur í tekjuþróun ríkis og sveitarfélaga. Í þeirri þenslu sem verið hefur í efnahagslífi landsmanna og sem sést best á miklum viðskiptahalla fitnar ríkið sem aldrei fyrr af veltutengdum sköttum, svo sem virðisaukaskatti og ýmsum vöru- og þjónustugjöldum. Sveitarfélögin byggja tekjur sínar ekki á þannig tekjustofnum og hafa setið eftir þegar þjóðhagskökunni er skipt. Þessu þurfum við að ráða bót á sem fyrst.

Í stuttri ræðu við 1. umr. fjárlaga er ekki mikill tími til að fara í einstaka liði fjárlagafrumvarpsins og bíður það að mestu þeirrar vinnu sem fram undan er í fjárlaganefnd. Áherslurnar í tekjuöflun ríkisins eru skrýtnar og nægir til viðbótar við þá áherslu sem þeir leggja í skattalækkun að nefna hækkun stimpilgjalda á þá sem eru að afla sér húsnæðis. Ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að skattleggja fasteignaviðskipti fólks og ná til sín hluta af þeim ábata sem fólki stendur nú til boða með lækkun vaxta á húsnæðislán á sama tíma og skattar af hæstu tekjum lækka.

[14:10]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Þær hafa verið nokkuð athyglisverðar, umræðurnar hér í dag um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2005. Fjármálaráðherra hefur gert vel og skilmerkilega grein fyrir þeim framtíðaráformum sem stjórnarmeirihlutinn hér á þingi hefur í þeim efnum hvað það varðar.

Hér hefur komið fram að það er bjart fram undan í íslensku atvinnulífi, í íslensku þjóðfélagi. Skuldir ríkissjóðs lækka ár frá ári og það er bjart fram undan. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur stjórnmálamenn — það hefur borið dálítið á því í umræðum hér í dag að menn hafa viljað líta til fortíðarinnar — að við lítum líka fram á veginn. Í raun og veru má segja að núverandi ríkisstjórn hafi unnið mjög markvisst að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Þar má nefna mjög mörg dæmi. Skuldir ríkissjóðs hafa lækkað umtalsvert á síðustu árum. Ef við horfum á árabilið 1995–2005, en ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks tók við árið 1995, voru hreinar skuldir ríkisins sem hluti af landsframleiðslu 34,3% árið 1995. Samkvæmt forsendum fjárlaga fyrir árið 2005 verða þessar hreinu skuldir ríkissjóðs 17,2% á næsta ári. Hér er um helmingslækkun að ræða og það tel ég vera mikinn árangur.

Jafnframt þessu hefur íslenska ríkisstjórnin hafið stórátak í því að styrkja lífeyrissjóðakerfi landsmanna. Á árabilinu 1999–2005 hefur um 80 milljörðum kr. verið varið til þess að byggja upp Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Það eru tölur sem koma ekkert fram við afgang fjárlaga eða annað slíkt. Þetta eru þær tölur sem íslenska ríkið hefur lagt sérstaklega inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem kannski ella hefði verið hægt að nota til að sýna enn glæsilegri tölur við afgang á fjárlögum. (**Landbrh.:** Ætlar Ögmundur ekki að ...?)

Eins og ég hef sagt hér held ég að það sé mjög mikilvægt að við horfum til framtíðar hvað þetta varðar. Eitt stærsta vandamál þeirra ríkja sem við erum að bera okkur saman við dagsdaglega er akkúrat lífeyrissjóðakerfið, t.d. hjá Evrópuþjóðum, og það er að sliga fjárhag viðkomandi ríkja. Við horfum hins vegar á það hér að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er mjög sterkur lífeyrissjóður og ef ekki hefðu komið til þessir 80 milljarðar sem við höfum þó lagt inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins hefði trúlega þurft að skerða lífeyrisréttindi þeirra sem þaðan taka lífeyri sinn. Ég held að hér sé því um mjög mikilvægt mál að ræða, auk þess sem við höfum búið í haginn fyrir framtíðina með viðbótarlífeyrissparnaðarkerfinu. Mín kynslóð í dag og kynslóðin á undan mér leggja nú meira í viðbótarlífeyrissparnað sinn. Nýlega var því lýst yfir í fjölmiðlum eins og allir vita að trúlega verður sú kynslóð sem nú er að vaxa úr grasi, sú kynslóð sem nú er að útskrifast úr háskólum landsins, vellauðug þegar hún hefur náð 60 ára aldrinum vegna þess að þessi viðbótarlífeyrissparnaður er orðinn það há upphæð að það verður erfitt að koma henni í lóg. Þetta er nú framtíðarsýnin. Þetta er mikil bylting og það er gott til þess að hugsa að það verður gott að vera gamall í þessu landi. Ég held að við eigum að halda áfram á þessari braut.

Við framsóknarmenn lögðum mikla áherslu á það fyrir síðustu kosningar að endurskipuleggja húsnæðislánamarkað landsmanna. Mikið grín var gert að því af hálfu margra stjórnarandstæðinga að það væri enn ein kosningabrella Framsóknarflokksins að fara af stað með endurskipulagningu á húsnæðislánakerfinu og hækka lánshlutfall af hæfi-

legu íbúðarhúsnæði í allt að 90%. Þetta er hins vegar allt að ganga eftir. Þegar stjórnarflokkarnir endurnýjuðu hjúskaparheit sín eftir kosningar fór hæstv. félagsmálaráðherra Árni Magnússon af stað með mikla vinnu í því að endurskipuleggja húsnæðislánakerfi landsmanna.

Við höfum séð árangur þeirrar breytingar að í dag er hafin mjög mikil samkeppni á húsnæðislánamarkaðnum. Það höfum við ekki séð áður í sögu bankastarfsemi hér á landi. Það hefur aldrei verið nein raunveruleg samkeppni um húsnæðislán landsmanna. Við horfum á hana í dag. Vextir Íbúðalánasjóðs eru nú 4,3% og vextir á almenna bankamarkaðnum eru 4,2% og fyrir rétt um ári voru vextirnir 5,1%. Ef við horfum á heildarskuldir íslenskra heimila, þó það sé ekki nema bara í fasteignum þeirra, eru það trúlega 700–800 milljarðar og við getum sagt okkur hvað 1% skiptir þar gríðarlega miklu máli. Að 1% lækkun á vöxtum húsnæðislána mun skila íslenskum heimilum 7–8 milljörðum árlega í minni greiðslubyrði af lánum sínum. Það eru ekki litlir peningar þegar við horfum t.d. til vaxtabótanna sem eru í dag um 4,9 milljarðar. Sú breyting sem ég var að tala um mun trúlega skila íslenskum heimilum 7–8 milljörðum. Það er nálægt því að jafna framlag ríkisins til barnabóta og vaxtabóta samanlagt. Þetta málefni skiptir því framtíðina miklu máli, skiptir þá kynslóð sem er að eignast húsnæði í fyrsta skipti gríðarlega miklu máli. Hér erum við að tala um mikla fjármuni sem renna til íslenskra fjölskyldna.

Annað nýmæli sem hæstv. fjármálaráðherra hefur beitt sér fyrir er langtímaáætlun í ríkisfjármálum þar sem við höfum nú fyrir framan okkur áætlun til fjögurra ára um framtíðarsýn okkar í íslenskum ríkisfjármálum. Þar er kveðið á um 4% lækkun tekjuskatts og það er alveg í samræmi við það, a.m.k. sem ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu fyrir síðustu kosningar.

Þar er líka kveðið á um að við munum hækka barnabætur um allt að 3 milljarða kr. Barnabæturnar eru þannig uppbyggðar að þær eru tekjutengdar. Þó margir stjórnarandstæðingar séu á móti tekjutengingum yfir höfuð munu þær þó leiða til þess að hlutfallslega meira af þessum 3 milljörðum munu fara til þeirra sem minna mega sín í íslensku þjóðfélagi, lágtekjufólksins. Núverandi ríkisstjórn mun því bæta sérstaklega kjör lágtekju- og millitekjufólks sem á börn og er að koma sér upp húsnæði yfir höfuðið. Ég held að það sé nokkuð ljóst.

Ég hef ekki langan tíma, hæstv. forseti, en mig langar að endingu að minnast á eitt mál sem ég tel að núverandi ríkisstjórn muni sérstaklega verða minnst fyrir þegar fram líða tímar. Það er sérstakt átak í málefnum fatlaðra, í búsetuúrræðum fyrir fatlaða. Ég man að þegar ég hóf störf í félagsmálaráðuneytinu í ársbyrjun árið 2000 var vægast sagt allt í háalofti í þeim málaflokki. Tugir fatlaðra einstaklinga áttu þess ekki kost að eiga rétt á búsetuúrræðum við sitt hæfi og þáverandi félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, beitti sér fyrir því árið 2001 að farið yrði í sérstakt búsetuátak fyrir fatlaða einstaklinga. Þess sér stað í fjárlögum fyrir árið 2005 þar sem stjórnvöld gera ráð fyrir að á tímabilinu 2001–2005 hafi húsnæðisúrræði fyrir fatlaða aukist um 110 búseturými sem er gríðarlegur árangur. Þetta hefur verið gert í farsælu samstarfi við Þroskahjálp og hússjóð Öryrkjabandalags Íslands. Ég tel að núverandi ríkisstjórnar verði minnst hvað þetta varðar að það hefur verulega áunnist í réttindabaráttu fatlaðra hér á landi hvað þetta varðar.

Okkur stjórnarliðum er legið á hálsi, hæstv. forseti, að við séum ekki velferðarsinnar og viljum ekki hag velferðarkerfisins sem mestan. En það er staðreynd að aldrei í sögu íslenska lýðveldisins hefur jafnmiklum fjármunum verið varið til velferðarmála eins og í tíð núverandi ríkisstjórnar. Á árinu 2005 horfum við á það að frá árinu 1998 hafa fjárframlög til almannatrygginga tvöfaldast úr 19 milljörðum árið 1998 í 38 milljarða. Ég á eftir að sjá það að önnur ríkisstjórn hefði staðið sig betur hvað þetta varðar. Greiðslur til öryrkja hafa hækkað á sama tímabili úr 4,9 milljörðum í 14,3 og þetta er mikill árangur.

Ég vil segja í lok máls míns að auðvitað er margt ógert og það má alltaf gera betur. En ég held að sú framtíðarsýn sem núverandi ríkisstjórn hefur markað í velferðarmálum og í málefnum íslensks almennings sem sér stað í langtímaáætlunum um ríkisfjármál, ég held að þegar þjóðin og almenningur sjá okkar góða vilja í þá átt að bæta kjör allra þjóðfélagsþegna hér í landi þurfi ríkisstjórnarflokkarnir og ríkisstjórn landsins ekki að kvíða framtíðinni og ekki íslenskur almenningur.

[14:20]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Helst gat maður talið þegar maður sat úti í sal og hlustaði á hv. þm. Birki J. Jónsson að við ættum að þakka fyrir það að eiga bestu ríkisstjórn í heimi. Það sem helst kom fram hjá þingmanninum var að þessi góða ríkisstjórn muni bæta kjör lágtekjufólks. Spurning mín til hv. þm. er þessi: Af hverju er það ekki gert nú? Af hverju eru þær skattalækkanir sem verið er að ráðast í ekki notaðar til þess að bæta sérstaklega hag lágtekjufólks?

Ég vil benda á fréttatilkynningu frá fjármálaráðuneytinu sem fram kom í fjölmiðlum 29. júlí fyrr á þessu ári. Þá var búið að leggja skatt á einstaklinga og lögaðila og þar kemur fram að 148 þús. einstaklingar í landinu greiða almennan tekjuskatt. 10% af þeim greiða hátekjuskattinn svokallaða til viðbótar, eða 14.896 einstaklingar. Það eru þessir 14.896 einstaklingar sem aðallega njóta nú skattabreytinga ríkisstjórnarinnar. Þeir aðilar fá 2% lækkun á hátekjuskatti og til viðbótar njóta þeir að mestu þessa 1% sem verið er að lækka almennan tekjuskatt um. Því hljótum við að spyrja hv. þm.: Af hverju í ósköpunum, ef ríkisstjórnin er svona góð, af hverju í ósköpunum ef það er rétt sem hv. þm. segir að hún muni bæta kjör láglaunafólks, af hverju í ósköpunum notar þá ríkisstjórnin ekki það svigrúm sem nú er og gerir þetta með fjárlögum ársins 2005? Það þýðir ekkert að vísa alltaf í einhverja óræða framtíð. Við erum að tala um það sem er að gerast núna og svörin sem við þurfum eru: Af hverju ekki nú? Af hverju seinna?

[14:23]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson er ekki lengi að gleyma. Ég man ekki betur en að á mínu fyrsta þingi hafi verið afgreitt fjárlagafrumvarp þar sem var afstaða var tekin til þess hátekjuskatts sem hv. þm. nefndi áðan. Ég man ekki

betur en þingflokkur Samfylkingarinnar hafi greitt því atkvæði að sá hátekjuskattur skyldi falla niður. Ég man eftir því að hv. þingmenn Vinstri grænna greiddu atkvæði gegn því, en ég man ekki eftir því að Samfylkingin hafi mótmælt þessu sérstaklega. En fljótt skipast veður í lofti. Innan árs frá því að við greiðum atkvæði um þetta er Samfylkingin búin að taka heilan hring. Ég verð að segja að einstaklingur sem er með um 400 þús. kr. á mánuði, sem getur verið iðnaðarmaður í Reykjavík eða annað slíkt, duglegur maður sem vinnur 10–12 tíma á dag, það er nöturlegt að slíkur einstaklingur skuli lenda í hátekjuskatti og við megum ekki búa til þannig þjóðfélag að það verði vinnuletjandi að búa í þessu landi.

Við Íslendingar erum duglegt fólk að eðlisfari en hátekjuskatturinn var farinn að fara þannig með mörg heimili að fólk sá sitt óvænna og fór að vinna á svörtum vinnumarkaði. Þannig er íslenskur veruleiki. Af því að hv. þm. talaði um að við ættum að tala um hlutina eins og þeir eru þá er íslenskt samfélag þannig. Ég tel að hátekjuskatturinn eins og hann var framkvæmdur hafi verið með allt of lág mörk. Auðvitað getum við deilt um það hvort maður með svimandi háar tekjur, með yfir milljón á mánuði eða eitthvað slíkt, eigi að borga meira til samfélagsins en aðrir. Mér finnst það umræða sem við getum alveg tekið. En eins og hátekjuskatturinn var framkvæmdur á sínum tíma, og er enn við lýði að hluta, þá var hann óréttlátur. Ég man ekki betur en Samfylkingin hafi verið ríkisstjórninni fylgjandi í því að afnema þennan skatt. En eins og ég segi, fljótt skipast veður í lofti.

[14:25]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er erfitt að svara þeim útúrsnúningi sem fram kemur hjá hv. þingmanni. Frítekjumarkið fyrir hátekjuskattinn er nú um 375 þús. kr. Það er rétt sem fram kemur hjá honum að Samfylkingin studdi að hátekjuskatturinn mundi leggjast af í áföngum. En hv. þm. snerist undan því og sneri sér frá því að svara þeirri spurningu sem sett var fram. Úr því að það var staðreynd, úr því að búið var að lögfesta það að hátekjuskatturinn mundi lækka um 2% ... (**BJJ:** Ertu ekki samþykkur því?) Ég var samþykkur því að hátekjuskatturinn ætti að lækka og falla út á árinu 2006. (**BJJ:** Þá erum við sammála.) Nei. Við erum ekki sammála, ég og hv. þm. Birkir J. Jónsson, vegna þess að ég segi: Þeir 5 milljarðar sem verið er að lækka skatta á með því að lækka almennu skattprósentuna um 1%, þeir 5 milljarðar eiga að nýtast því fólki sem neðar er. Við höfum lögfest með hvaða hætti við ætlum að lækka skatta á þá sem hærri tekjurnar hafa. Við gerðum það á síðasta þingi og ég var sammála því. En ég tel að það svigrúm sem við höfum nú, rúmlega 5 milljarðar kr., eigi ekki að nýtast líka í þeim tekjuhópi. Það á að nota þá fjármuni neðar í tekjustiganum. Það getum við gert og það eigum við að gera.

Ein spurning sem stendur kannski eftir eftir þessa umræðu og umræðuna sem verið hefur í fjölmiðlum síðustu daga varðandi fjárlagafrumvarp og skattalækkanir er, eins og hæstv. fjármálaráðherra og ekki síður hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir var að ýja að áðan, að ekki tækist að lækka virðisaukaskattinn af því að Framsóknarflokkurinn væri að þvælast fyrir. Ég vil spyrja hv. þm. Birki J. Jónsson beint: Getur verið að Framsóknarflokkurinn sé að þvælast fyrir því að matarskatturinn verði lækkaður úr 14% í 7%? Getur það verið og ef svo er, af hverju?

[14:27]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sá málflutningur sem var viðhafður áðan fannst mér að mörgu leyti ekki sanngjarn. Hv. þm. talaði eins og skattalækkanir gögnuðust engum nema hátekjumönnum. Það er þannig að við hvert 1% sem skatturinn er lækkaður fylgir því um 4 þús. kr. aukning gagnvart skattleysismörkum. Ef við setjum það upp að við ætlum að lækka skatta á einstakling um 4% mun það líka gagnast lágtekjufólkinu um 16 þús. kr. á mánuði. Hér er því um mjög mikilvægt mál að ræða. Auðvitað má stilla hlutum upp með mismunandi hætti en ég verð að segja að mér finnst málflutningur Samfylkingarinnar í skattamálum mjög misvísandi. Talað var um það í aðdraganda síðustu kosninga að hækka skattleysismörkin. Nú rúmu ári eftir kosningar er hún komin með það stefnumið að lækka matarskattinn. Ég held að Samfylkingin þurfi að skýra skattstefnu sína betur því að það eru dálítið misvísandi skilaboð sem þaðan koma.

[14:28]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hefði viljað heyra hv. þm. Framsóknarflokksins, Birki J. Jónsson, lýsa stefnu Framsóknarflokksins í menntamálum og þeim viðhorfum sem þar koma fram að hækka innritunargjöld í Háskóla Íslands um 40% sem eru bein skólagjöld. Eftir því sem ég best man frá þinginu árið 2002 þegar þessi mál voru til umræðu, þá lagðist þáverandi þingflokkur framsóknarmanna gegn eða var mjög tregur í þessar miklu hækkanir á skólagjöldum. En nú þegar hin yngri kynslóð kemur inn, kynslóð sem er nýbúin að fara í gegnum háskóla, er stórhækkun á skólagjöldum í Háskóla Íslands eitt það fyrsta sem lagt er til. Er það þetta sem framsóknarmenn ætla sér að styðja og bakka upp? Er þetta þá kannski líka hluti af þeirri stefnu að reka háskóla með þeim hætti að hann hefur nú lýst yfir að hann treysti sér ekki til að taka neina nýnema inn eftir áramót vegna skertrar fjárhagsstöðu? Er það líka hluti af stefnu Framsóknarflokksins í menntamálum, sem hér er birtist? Og einnig að allur sá hópur, bæði yngri og eldri, sem vill komast í framhaldsskóla og fá að ljúka framhaldsskólanámi sínu, að framhaldsskólarnir geta ekki tekið þennan hóp inn vegna fjárskorts? Er það líka hluti af hinni nýju stefnu Framsóknarflokksins?

[14:30]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Ég vil þakka þessa fyrirspurn hv. þm. Jóns Bjarnasonar varðandi innritunargjöld í Háskóla Íslands. Þetta heita innritunargjöld en ekki skólagjöld. En Vinstri grænir vilja öllum hlutum ljótt nafn gefa. Þetta er gjald sem á að standa straum af innritunarkostnaði við Háskóla Íslands. Það er mjög mikilvægt að í þessari umræðu höfum við það fyrir framan okkur að háskólinn sjálfur fór fram á þessa hækkun en um þessar mundir er verið að skoða forsendur þessara

verðlagshækkana og rökstuðning háskólans fyrir þeim.

Ég held að við þingmenn verðum að bera þá virðingu fyrir þeirri samkomu sem hér er, löggjafarþinginu, að hér er einungis um frumvarp að ræða sem komið er til efnislegrar meðferðar þingsins og við skulum sjá hverjar lyktir þessa máls verða.

[14:31]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir gott að heyra að hv. þm. Framsóknarflokksins er reiðubúinn að renna á rassinn með þetta, þ.e. reyna að koma ríkisstjórninni til betri vegar og hætta við þessa hækkun. Það er engin afsökun að Háskóli Íslands sé með fjársvelti kvalinn til að leggja fram tillögur um fjáröflun. Ekki voru það stúdentar sem lögðu til að hækka skólagjöldin um 40%. Eða var það svo? Ég skora á framsóknarmenn að standa í lappirnar og keyra þetta til baka. Það er með ólíkindum að stefna Framsóknarflokksins hafi verið svo kúvent í menntamálum á þremur árum. Hafa þeir lagst svo flatir fyrir einkavæðingaráformum Sjálfstæðisflokksins í menntakerfinu að þeir láti allt yfir sig ganga í þeim efnum? Við skulum vona að svo verði ekki, frú forseti.

Eitt meginefnahagsmarkmið þessarar ríkisstjórnar er að skera niður í samgöngumálum frá gildandi samgönguáætlun. Niðurskurðurinn á þessu ári er að mig minnir á milli 1.600 og 1.700 millj. kr. frá gildandi samgönguáætlun. Á næsta ári á að skera samgönguáætlunina niður um tæpa 2 milljarða kr., að mig minnir, eða samtals um nærri 4 milljarða kr. á þessu tveggja ára tímabili. Telur þingmaðurinn að þetta sé það brýnasta í niðurskurðinum, að skera niður vegaframkvæmdir á Norðausturlandi eða á Vestfjörðum? Hefði ekki verið rétt að bíða með þessa tekjuskattslækkun og standa við samgönguáætlunina?

[14:33]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er merkilegur frasi sem Vinstri grænir nota oft um okkur framsóknarmenn, að við séum að renna á rassinn í máli eftir máli gagnvart Sjálfstæðisflokknum. Ég held að hv. formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Steingrímur J. Sigfússon, hafi ekki verið í svo friðsömu stjórnarsamstarfi. Starfið gengur ágætlega og er enginn að renna á rassinn, hvorki framsóknarmenn né sjálfstæðismenn í því ágæta samstarfi. Það er virkilega ánægjulegt að heyra þann áhuga sem Vinstri grænir sýna stefnumálum okkar framsóknarmanna, sérstaklega í menntamálum. Þar standa aldeilis yfir framkvæmdir.

Nú stendur yfir endurskoðun á Lánasjóði íslenskra námsmanna, þ.e. það stendur fyrir dyrum. Með því á að bæta hag íslenskra námsmanna. Ef Vinstri grænir hefðu stjórnað menntamálaráðuneytinu, er ekki víst að við hefðum fengið að sjá að einkaskólar — það er víst ekki fallegt orð þótt þetta séu sjálfseignarstofnanir og ekki reknar út frá hagnaðarsjónarmiði — að slíkar stofnanir hefðu blómstrað eins og þær hafa gert á síðustu árum. Það hefði varla gerst ef Vinstri grænir hefðu verið við völd. Ríkið verður að eiga allt á þeim bænum og verður að hafa bönd á öllum atvinnurekstri í íslensku þjóðfélagi. Það er bara þannig. Ég fullyrði að íslenskt skólastarf og íslenska menntakerfið hefur aldrei staðið styrkari fótum. Það hafa aldrei verið jafnmargir nemendur í íslenskum framhalds- eða háskólum. Íslenskt skólastarf hefur aldrei verið blómlegra en í dag og framlög stjórnvalda til menntamála hafa aldrei verið hærri en einmitt á fjárlagaárinu 2005 sem nú fer að renna upp.

[14:36]

Einar Már Sigurðarson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Það hefur áður komið fram á fundinum að gert var sérstakt samkomulag um þá umræðu sem hér fer fram milli forseta og formanna þingflokka. Því hefur verið fylgt býsna vel eftir, t.d. varðandi andsvör sem aðeins voru leyfð á ákveðinn hátt í fyrstu umferð.

Fleira var inni í því samkomulagi. Ég vil sérstaklega vekja athygli á 5. lið þess. Þar segir: „Lögð verður áhersla á að fagráðherrar verði viðstaddir umræðuna."

Frú forseti. Þannig er ástatt að aðeins eru tveir fagráðherrar staddir í salnum, þ.e. hæstv. landbúnaðarráðherra og hæstv. heilbrigðisráðherra. Ég verð því að spyrja, frú forseti: Eru fleiri fagráðherrar í húsi? Má búast við því að fleiri fagráðherrar fylgist með umræðunni eins og samkomulagið gerir ráð fyrir?

(**Forseti** (ÞBack): Forseti mun kanna hvort fleiri fagráðherrar eru í húsinu. Hæstv. fjármálaráðherra fylgist með umræðunum en samkvæmt því skjali sem ég hef í höndum getur forseti ekki séð að fagráðherrar séu almennt í sal og fylgist stöðugt með umræðunum.)

Frú forseti. Ég vek athygli á því að í 5. lið er sagt að lögð verði áhersla á að fagráðherrar verði viðstaddir umræðuna. Ég geri mér grein fyrir því að þannig getur verið ástatt hjá sumum fagráðherrum að þeir séu uppteknir í dag og hafi þá fjarvist. Ég hef leyft mér að skilja samkomulagið þannig að ef fagráðherrar hefðu ekki fjarvist þá væru þeir tiltækir. Ég vil biðja hæstv. forseta um að kanna hver staðan er á því. Ég á eftir að halda ræðu seinna í dag og þá mun ég óska eftir því að a.m.k. fjórir fagráðherrar sem ég þarf að eiga sérstakan orðastað við verði viðstaddir. Í fjárlagaumræðunni hefur fyrst og fremst verið óskað eftir þessu við 1. umr. vegna þess að í 2. og 3. umr. er frumvarpið komið til fjárlaganefndar í vinnslu og ráðherrarnir geta þá fremur verið stikkfrí. Það er eðlilegt að við 1. umr. séu þeir viðstaddir fremur en við 2. umr. Ég óska eftir því við virðulegan forseta að kannað verði hvernig þessum málum er háttað, hvort tryggt sé að þeir ráðherrar sem ekki hafa fjarvist verði viðstaddir umræðuna.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti mun láta athuga hvernig stendur á fjarveru ráðherra, athuga hvort þeir eru í húsi og gera þeim aðvart.)

[14:38]

Útbýting:

Fjárframlög til stjórnmálastarfsemi og starfsumhverfi stjórnmálaflokka, 57. mál, beiðni um skýrslu JóhS o.fl., þskj. 57.

Kosningar til Alþingis, 26. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 26.

Málefni aldraðra, 85. mál, stjfrv. (heilbrrh.) þskj. 85.

Stjórnarskipunarlög, 37. mál, frv. KLM, þskj. 37.

Veggjald í Hvalfjarðargöng, 75. mál, þáltill. GuðjG, þskj. 75.

[14:39]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Hér hafa farið fram ágætar umræður um fjárlagafrumvarpið. Fjármálaráðherra gerði í upphafi skýra grein fyrir frumvarpinu og stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Við höfum búið við trausta fjármálastjórn ríkisins mörg undanfarin ár og þetta fjárlagafrumvarp sýnir að hér er öflugt athafna- og efnahagslíf. Jafnvægi og stöðugleiki í fjármálum ríkisins verður áfram tryggður með frumvarpinu.

Lífskjör þjóðarinnar hafa á undanförnum árum batnað svo um munar. Hagstjórn undanfarinna ára hefur leitt til þess að kaupmáttur hefur vaxið meira en dæmi eru um síðustu áratugi. Forsendur stöðugleika eru hóflegar launahækkanir og lítil verðbólga. Stöðugleikinn er grundvöllur þess að kaupmáttur vaxi enn frekar.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna jókst umtalsvert á síðasta ári, þ.e. um 5,5%. Í þessu frumvarpi er annað árið í röð lögð fram stefna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum til næstu fjögurra ára. Slík stefnumörkun styrkir trúverðugleika efnahagsstefnunnar og stuðlar að stöðugleika í efnahagslífinu. Helstu markmiðin eru að fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum og þannig verði árlegur vöxtur samneyslu ekki umfram 2% að raungildi. Dregið verði úr framkvæmdum ríkisins um 2 milljarða kr. árið 2005 og aðra 2 milljarða kr. árið 2006. Framkvæmdir verða síðan aftur auknar um 2 milljarða kr. árið 2007 og aðra 2 milljarða kr. árið 2008. Reyndar hefur komið í ljós að þensla vegna hinna miklu framkvæmda við Kárahnjúka hefur ekki orðið eins mikil og búist hafði verið við.

Skuldir ríkissjóðs hafa minnkað um nær helming frá árinu 1995. Heildarskuldir hafa lækkað úr rúmu 51% af landsframleiðslu árið 1995 í 27%, samkvæmt áætlun þessa frumvarps. Þetta er hagsmunamál allra.

Hæstv. forseti. Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum er ekki einungis mikilvæg forsenda fyrir stöðugleika í efnahagsmálum næstu árin heldur einnig fyrir framgang lækkunar skatta. Strax á næsta ári verða skattar lækkaðir um 1% og á árunum til 2007 um 3% til viðbótar. Það er eðlilegt að skattar lækki við þær aðstæður sem við búum við í dag. Skattalækkun kemur öllum til góða sem greiða skatta.

Á milli stjórnarflokkanna fara fram viðræður um lækkun virðisaukaskatts og auknar barnabætur. Tillögur þar að lútandi munu líta dagsins ljós innan skamms.

Hæstv. forseti. Um 60% af útgjöldum öllum ríkisins ganga til heilbrigðismála, almannatrygginga, velferðarmála og fræðslumála. Þetta eru einnig þeir útgjaldaflokkar sem mestar sviptingar eru um á hverju ári enda eru þetta meginstoðirnar í samfélagi okkar. Ef við lítum á einstaka þætti frumvarpsins er helst til að nefna að rekstrargjöld heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins, að frádregnum sértekjum, eru áætlaðar um 61 milljarður kr. og hækka því um 4,2 milljarða kr. frá fjárlögum þessa árs. 500 millj. kr. viðbótarframlag er til Landspítala – háskólasjúkrahúss sem ætlað er að styðja rekstrargrunn sjúkrahússins miðað við óbreytta starfsemi. Þar að auki er á fjáraukalögum viðbót á þessu ári um 667 millj. kr. Heildarútgjöld Landspítala – háskólasjúkrahúss eru áætluð 26.120 millj. kr.

Þá verður rúmlega 400 millj. kr. aukning á framlögum til öldrunar- og endurhæfingarstofnana og rúmlega 300 millj. kr. til heilbrigðisstofnana. Hjúkrunarrýmum aldraðra mun fjölga á næsta ári um 55. Á undanförnum árum hefur markvisst verið unnið að því að stytta biðlista fatlaðra eftir búsetu. Rýmum á sambýlum mun fjölga um 110 frá árinu 2001 til 2005. Þar með hefur þessum biðlistum verið eytt. Þá hefur verið mörkuð stefna til að tryggja fullnægjandi meðferð á búsetuúrræði fyrir geðfatlaða á árunum 2006–2010.

Hæstv. forseti. Lífskjör hafa batnað umtalsvert á síðustu árum og ef áætlanir ganga eftir ætti kaupmáttur að aukast enn frekar á næstu árum. Flestir efnahagslegir mælikvarðar sýna sterka stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði. Hagvöxtur er meiri hér en annars staðar. Atvinnuleysi er langt undir því sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar en er samt meira en við sjálf getum sætt okkur við. Staða ríkisfjármála er einnig mun betri og það sama gildir um skuldastöðuna. Verðbólga er einnig svipuð þótt hún sé nærri efri mörkunum. Það stafar einkum af því að hagvöxtur er hér mun meiri en annars staðar.

Sé horft fram í tímann kemur í ljós að staða okkar er betri en víðast hvar annars staðar. Lífeyrissjóðakerfið er mun öflugra hér á landi þar sem það er að verulegu leyti byggt á sjóðssöfnun en ekki gegnumstreymi. Þetta þýðir að ekki þarf að grípa til sérstakra ráðstafana hér til að mæta hlutfallslegri fjölgun ellilífeyrisþega, hvorki með hækkun skatta né skerðingu lífeyrisréttinda.

Hæstv. forseti. Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er mjög fróðleg samantekt á atvinnumálum landsmanna. Þar sem tími minn er stuttur þá ætla ég aðeins að hlaupa á einni starfsgrein. Í þessari þjóðhagsspá kemur fram að margar atvinnugreinar sem tengja má einkaneyslu og ferðaþjónustu hafa dafnað vel eins og ýmis smásala, bílasala, hótel- og veitingahúsarekstur. Umsvif í fjármálaþjónustu og atvinnugreinum sem tengjast rekstri og sölu fasteigna hafa aukist gífurlega og þá er gert ráð fyrir að uppbygging ýmissa hátæknigreina haldi áfram eins og til að mynda lyfjaframleiðsla.

Mikill vöxtur hefur verið í uppbyggingu ferðaþjónustu að undanförnu. Samhliða mikilli fjölgun erlendra ferðamanna til landsins hefur hótelrými um allt land aukist verulega. Fyrstu 7 mánuði ársins komu 30 þúsund fleiri ferðamenn til landsins í gegnum Keflavíkurflugvöll en á sama tíma í fyrra sem er 17% aukning. Heildarfjöldi farþega þessa mánuði nam 202 þúsundum alls. Bjartsýni manna um 350 þúsund ferðamenn í ár, sem er metfjöldi, stefnir í að ganga eftir og gott betur. Þessi þróun endurspeglast í auknum tekjum af erlendum ferðamönnum sem voru 15 milljarðar kr. á fyrra helmingi ársins og jukust um ríflega 5% að raungildi frá fyrra ári. Þetta sýnir okkur hve þessi atvinnugrein er mikilvæg fyrir þjóðarbúið.

Virðulegi forseti. Ég ætla að láta hér staðar numið og óska eins og aðrir eftir góðri samvinnu og samstarfi í fjárlaganefnd.

[14:47]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir gat þess að þensluáhrifin vegna stóriðjuframkvæmdanna fyrir austan hefðu orðið minni en ráð var fyrir gert. Eftir því sem mig minnir hafði verið gert ráð fyrir að allt upp undir 70% af því vinnuafli sem þyrfti við framkvæmdir þarna væri innlent. Það hefði verið í fyrstu áætlunum. Nú hafa þessar áætlanir breyst. Mig langar til að spyrja: Telur þingmaðurinn það vera gott að hlutfall innlends vinnuafls við framkvæmdirnar lækkar stöðugt? Stöðugt stærri hluti er erlendur. Erlent vinnuafl, erlendir verktakar sem halda niðri launum. Miklu minni hluti innlends vinnuafls en ráð var fyrir gert. Finnst þingmönnum það gott?

Auk þess vil ég inna þingmanninn eftir öðru. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir kom inn á heilbrigðismálin. Ég veit að hv. þm. er mjög annt um heilbrigðismál og leggur sig fram í þeim málaflokki. Þess vegna spyr ég: Er þetta sæmandi? Hvað finnst henni? Að ráðist sé á komugjöld til heilbrigðisstofnana og þau hækkuð um 20 milljarða kr. eða nær 21 millj. kr. samkvæmt þessu frv.? Komugjöld á heilsugæslustöðvar eru hækkuð um 26,2 millj. Samtals eru þarna 46,8 millj. kr. sem eru teknar bara í auknum komugjöldum. Þetta er ekki há upphæð en þetta sýnir innrætið gagnvart þeim sem þarna þurfa að leita þjónustu. Er hv. þm. sammála þessum áherslum og þessu innræti sem hér er lýst og kemur fram í frumvarpinu?

[14:49]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ræddi það áðan að þenslan hefði ekki orðið eins mikil á áhrifum Kárahnjúka eins og gert var ráð fyrir og hv. þm. Jón Bjarnason spyr mig hvort það sé vont að hafa erlent vinnuafl á Kárahnjúkasvæðinu. Ég tel að það sé ekki. Ég held að það sé bara af hinu góða. Ég get ekki séð annað og ég spyr hann á móti: Hvað kemur honum til að halda að laun verkamanna á Kárahnjúkasvæðinu haldi launum niðri? Það hlýtur að eiga að greiða þar eftir ákveðnum töxtum eins og annars staðar. En það mun verða miklu meiri atvinna fyrir Íslendinga eða íslenska ríkisborgara þegar álverksmiðjan rís á Reyðarfirði. Það hefur miklu meiri margfeldisáhrif út í vinnumarkaðinn þegar sú mikla verksmiðja rís.

Hvað varðar komugjöldin, og það er alveg rétt hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að ég ber hag heilbrigðisþjónustunnar mjög fyrir brjósti, en þetta er bara upphafsverð og ég tek undir með formanni fjárlaganefndar þegar hann sagði það hér áðan að að sjálfsögðu á að uppfæra komugjöldin með reglulegu millibili, að taka það ekki í einhverjum stökkum. Þetta á bara að fylgja vísitölunni og uppfæra eftir því sem við á. Ég tel ekki að komugjöldin séu þannig að fólk ráði ekki við þau. Það verður allt að kosta eitthvað og það gerir það svo sannarlega. Það kostar allt eitthvað og það er ekkert til sem heitir ókeypis.

[14:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. svaraði ekki fyrri spurningunni. Það er að sjálfsögðu ekki mitt mat að erlent vinnuafl sé vont. En hitt að hinn innlendi hluti skuli vera svo miklu minni en ráð var fyrir gert segir sína sögu. Ég tel það ekki gott. Ég tel að það hafi verið eitt af markmiðunum með þessum framkvæmdum að þær skiluðu sem mestum tekjum inn í íslenskt þjóðarbú án þess að vera þó neitt á móti þeim erlendu einstaklingum sem koma til vinnu.

Þessar hækkanir á komugjöldum eru langt umfram það að vera hluti af uppfærslu á verði. Þetta er bara aukin skattheimta og einmitt það fólk sem oftast þarf að fara og leita sér læknis er jafnframt það fólk sem lægstar tekjur hefur.

Auk þess vil ég líka inna hv. þingmann eftir afstöðu hans til skólagjalda við Háskóla Íslands. Við komum bæði utan af landi og við vitum að það er ærinn kostnaður að senda unglinga utan af landi og bera þann kostnað, húsnæðiskostnað, dvalarkostnað og allan þann kostnað sem fylgir því. Þetta er líka fyrir þá sem hér búa. Er á þetta bætandi og er það í samræmi við þá menntastefnu sem þingmaðurinn vill fylgja að einmitt þetta fólk skuli vera skattlagt og standa undir menntun sem a.m.k. við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum talið að ætti að vera á ábyrgð þjóðarinnar og það væri markmið hennar að allir fengju sem besta menntun og jafnasta? Styður þingmaðurinn þá stefnu að hækkun skólagjalda við Háskóla Íslands sé forgangsmál?

[14:53]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar við erum að ræða um Kárahnjúka og áhrifin af þeim þá hafa þau orðið gríðarleg og það kom einmitt fram í viðtölum sveitarstjórnarmanna þegar þeir komu til fjárlaganefndar hve þetta hefði haft góð áhrif á afkomu sveitarfélaganna með auknum tekjum til þeirra, skatttekjum og öðrum umsvifum sem hafa komið inn í sveitarfélögin þannig að ég held að hv. þm. Jón Bjarnason ætti að fagna því hvað þetta hefur orðið mikil innspýting í samfélagið fyrir austan og maður finnur fyrir því hvað það er mikill aukinn kraftur eftir að farið var í þessar framkvæmdir þannig að ég held að það ættu allir að fagna því en gera ekki lítið úr því. Ég veit um marga bara úr minni sveit sem eru að vinna inni á Kárahnjúkasvæðinu, fólk sem hefur skipt um vinnu og farið til að ná sér í aukapening því að miklu betur er borgað þar heldur en í byggð svo að ég hvet Jón til að fara og fá sér vinnu á Kárahnjúkasvæðinu og auka þar með innlent vinnuafl.

Hvað varðar innritunargjöld til Háskóla Íslands, þá eru þetta ekki skólagjöld, hv. þm. Jón Bjarnason. Þú borgar ekki fyrir menntun við Háskóla Íslands. Innritunargjöld eru þjónustugjöld og það er alveg frítt að nema við Háskóla Íslands.

[14:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það var athyglisvert að hæstv. fjmrh. hóf mál sitt eða svo gott sem á fyrir fram varnarræðu fyrir skattalækkunum ríkisstjórnarinnar. Af einhverjum ástæðum átti hæstv. ráðherra von á því að þær mundu sæta gagnrýni en kemur inn á það í ræðu sinni að ýmsir hafi efasemdir um efnahagslega skynsemi þess að vaða akkúrat í skattalækkanir núna þó ekki sé rætt um málið að öðru leyti (**Gripið**

fram í: ... þingmanninum það í gær?) og talar um það hér að sumir hafi gagnrýnt þessi áform, þ.e. skattalækkunaráformin og sagt þau ótímabær og að skattalækkanir geti orðið til að kynda óeðlilega mikið undir innlenda eftirspurn á næstu árum. Ég er ósammála þessu segir hæstv. fjmrh. Er hæstv. fjmrh. almennt ósammála þeirri hagfræðikenningu að það sé óæskilegt að hleypa auknu fé í umferð við þær aðstæður þegar áhyggjur manna eru helstar af þenslu og verðbólgu. Svo segir hæstv. ráðherra og á nú skilið hrós fyrir húmorinn í þessari setningu á bls. 3: Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að verja umtalsverðum fjárhæðum til að lækka skatta er tekin að vel athuguðu máli eftir að hafa skoðað alla þætti efnahagsmála vandlega, ekki síst hvernig megi auka aðhald í útgjöldum ríkissjóðs. Gerðist þetta svona? Var þessi ákvörðun tekin eftir mikla yfirlegu og rækilegar hagfræðilegar rannsóknir? Nei. Þetta eru kosningaloforð. Þetta eru hrá kosningaloforð óábyrg sem er slengt fram í taugaveiklun stjórnarflokkanna í mars- og aprílmánuði 2003. Framsókn reið á vaðið og lofaði 17 milljarða skattalækkunum. Var þá heldur bágt ástandið hjá Framsókn gömlu í skoðanakönnunum, og kosningaauglýsingarnar ekki farnar að virka sem skyldi. Og Sjálfstæðisflokkurinn kom og doblaði og bauð 30 milljarða og síðan hafa menn verið að bögglast með þetta og hagfræðirannsóknirnar voru ekki miklar sem fóru fram á þessum dögum þarna í mars og apríl 2003. En að koma svo núna og segja að þetta sé yfirveguð ákvörðun tekin eftir rannsóknir á öllum þáttum efnahagsmála og þetta sé alveg skothelt er auðvitað brandari fyrir þá sem þekkja söguna. Þetta er ekki svona.

Það gefur alveg auga leið að það er efnahagslega óskynsamlegt við þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir núna í hagkerfinu að lækka skatta og setja marga milljarða þannig í umferð jafnvel þó að menn sýni fulla hörku í því að skera niður ríkisútgjöldin á móti. Þá kemur það einhvers staðar inn og veldur sársauka.

Það er reyndar líka svo, frú forseti, að það fer eiginlega hrollur um mig þegar menn búa sér til glansmynd, svona ýkta glassúrmynd af þessu tagi sem Sjálfstæðisflokkurinn sérstaklega og að nokkru leyti Framsóknarflokkurinn er að reyna að draga upp af efnahagsástandinu af því að það er ekki þannig að það sé ekki neitt til að hafa áhyggjur af, að þetta sé bara teppalögð og bein braut inn í framtíðina og við þurfum ekki að hafa áhyggjur af einu eða neinu. Það er bara ekki þannig, því miður. Betur að satt væri. Auðvitað hefur okkur gengið ýmislegt vel og það er margt jákvætt sem hefur gerst og er að gerast í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Það er hárrétt. T.d. gleðilegur og í raun og veru ótrúlegur vöxtur ferðaþjónustunnar ár frá ári sem er mesta vaxtargrein íslensks atvinnulífs, er að vaxa núna með 15% að meðaltali milli ára og er að skila stórauknum gjaldeyristekjum inn í þjóðarbúið á hverju ári. Ákvörðun Flugleiða um að hefja flug til vesturstrandar Bandaríkjanna er ígildi u.þ.b. eins þriðja álvers ef ekki hálfs álvers í störfum og í tekjum inn í þjóðarbúið og brotabrot af fjárfestingunni á bak við og ekki þarf að eyðileggja náttúru Íslands til þess. En það er þannig að þetta mun skapa 80–100 bein störf, auka veltu Flugleiða um líklega hátt í þrjá milljarða og hafa mikið afleidd og óbein áhrif í ferðaþjónustunni og víðar í hagkerfinu. Þetta er auðvitað virkilega gleðilegt.

En dökki stóri langi skugginn sem ber yfir þetta allt saman er auðvitað sá að bati ríkissjóðs og hagvöxturinn er að miklu leyti drifinn áfram af eyðslu umfram efni. Það er þannig. Viðskiptahallinn á þessu ári og tveimur hinum næstu er áætlaður 300 milljarðar kr. eins og ég fór yfir í ræðu í gærkvöldi. Og í þessu hefti frá fjármálaráðuneytinu sem að mínu mati er að vísu á allan hátt lakara en sú þjóðhagsspá sem við fengum frá Þjóðhagsstofnun sálugu áður en hún fór að verða óþæg við ríkisstjórnina og var slegin af eins og kunnugt er, í reiðikasti yfir því að forstjórinn hafði ekki makkað rétt og verið á línunni, þá er þó verið að reyna að draga upp einhverja mynd inn í framtíðina.

Ég vek athygli manna t.d. á töflu á bls. 6 í þessu hefti, ég hvet menn til að skoða hana. Ég bið um álit hæstv. fjármálaráðherra á því hvort þetta sé ekki til þess að hafa áhyggjur af. Þar er sagt að viðskiptahallinn á árunum 2004–2006 verði að meðaltali 10,5% af vergri landsframleiðslu. Og það sem verra er, á árinu 2007–2010, á næstu fjórum árum þar á eftir er áætlað að hann verði að meðaltali 5,25% af landsframleiðslu.

Þetta þýðir sem sagt næstu þrjú árin að meðaltali 100, í ár og næstu tvö ár, að meðaltali 100 milljarða viðskiptahalli á ári. Næstu fjögur ár þar á eftir að meðaltali um 50 milljarða viðskiptahalli, ef við erum að leika okkur í kringum landsframleiðslu sem er u.þ.b. að verða 1.000 milljarðar kr.

Sem sagt 500 milljarðar í viðskiptahalla fram til 2010 frá og með árinu í ár. Þarf engar áhyggjur að hafa af þessu, er þetta allt í lagi? Ég hélt ekki.

Hver verður greiðslubyrðin orðin af þessum 500 milljörðum ef þeir söfnuðust nú allir saman inn á reikning og þó að við værum með þá á tíu ára lánum? Það tæki nú í. Afborganirnar að nafnvirði einar yrðu þá 50 milljarðar á ári og eigum við að segja 5% raunvextir, 3%? Það er fljótlegt að reikna þetta út.

Það er nefnilega ekki nóg, því miður, þó að það sé gott í sjálfu sér að ríkissjóður sé rekinn með afgangi eða hafi bætt stöðu sína. Skárra væri það nú ef þjóðarbúið að öðru leyti, heimilin, atvinnulífið og sveitarfélögin eru öll að safna skuldum. Má ég þá biðja um útskýringar á því sem stendur í þessu hefti líka — kannski þarf að lesa það aðeins betur og vita hvað er mark á því takandi — það stendur hér á einum stað að sveitarfélögin hafi verið rekin með afgangi í fyrra. Ég man ekki betur en að það hafi einmitt verið að koma tölur frá Sambandi sveitarfélaga um halla upp á tæpa 3 milljarða, samtals 8 milljarða á tveimur árum, þ.e. 2002 og 2003. Hér á bls. 25 er engu að síður sagt:

„Árið 2003 var afgangur á rekstri sveitarfélaga í fyrsta skipti frá árinu 1990."

Það er að vísu rétt að þau hafa verið rekin með halla nánast árlega í hátt á annan áratug. En hver var þessi afgangur árið 2003? Það er einhver alveg sérstök reikniformúla fjármálaráðuneytisins, því samkvæmt þeim uppgjörsreglum sem sveitarfélögin nota nú sjálf og tóku upp 2001 þar sem eignir og fyrningar eigna eru komnar inn í reikningana eins og eðlilegt er og venjulegar uppgjörsreglur eru notaðar þá veit ég ekki betur en að það hafi verið upp undir 3 milljarða halli á sveitarfélögunum. Þau hafa safnað skuldum með einni einustu undantekningu að þær stóðu í stað

milli áranna 1995 og 1996, held ég að ég muni rétt, allt þetta tímabil. Þetta þarf líka að taka með í reikninginn. Gaman væri að heyra hvernig hæstv. fjármálaráðherra útskýrir þessa setningu í heftinu sem hann hlýtur að bera hér höfundarréttarlega ábyrgð á.

Svo ætlaði ég aðeins að nefna, frú forseti, að vegamálin fá sína venjulegu útreið í þessu frumvarpi. Ég hef verið að velta því fyrir mér: Hefur enginn maður áhyggjur af því að það er ævinlega gripið til vegamálanna, samgönguframkvæmdanna? Hvers eiga samgönguframkvæmdir eða vegaframkvæmdir að gjalda? Menn telja sig geta leikið sér með þær fram og til baka, bætt við þær eða skorið þær niður bara svona eins og mönnum hentar í einhverjum hagstjórnaræfingum og þó aðallega auðvitað til að þykjast vera að gera eitthvað í þeim efnum því að auðvitað eru þetta ekki stærðir sem skipta neinum sköpum.

Með þessu er öll áætlanagerð á þessu sviði gerð að brandara, vegáætlunin, nýja, fína, samþætta samgönguáætlun hæstv. samgönguráðherra er bara eins og hver annar brandari því það er ekki orð að marka hana, því að svo koma menn í fjárlögum og þar er ýmist verið að fresta, skera niður, auka við, draga aftur saman og það líður stundum ekki árið á milli þess sem menn annars vegar auka vegafé og hins vegar skera það niður. Í desember 2002 tilkynntu menn um verulega aukningu samgönguframkvæmda, sem var gott, í því skyni að spýta aðeins í atvinnulífið o.s.frv. en það náði ekki ári, þá var búið að skera það niður aftur. Í september 2003 var boðaður niðurskurður á aukningunni frá því í desember árið áður.

Þetta er auðvitað algjörlega ómögulegt og mér finnst vegamálin eiga betra skilið en að vera meðhöndluð með þessum hætti. Þegar maður lítur til þess hvernig umferðin er að þróast, hvernig flutningakerfið í landinu er að þróast, að það á að leggja niður strandsiglingar frá og með 1. desember nk., þá er þetta auðvitað allt saman út úr kú. Það er þvert á móti miklu frekar þörf fyrir það að reyna að finna leiðir til þess að hraða þar ýmsum brýnum framkvæmdum, þó ekki væri nema til þess að vegirnir bæru þessa flutninga, ef menn ætla að sitja uppi með þá alla saman á landi, og til þess að bæta úr hættulegustu stöðunum á þjóðvegakerfinu, einbreiðum brúm og öðru slíku.

[15:06]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kveður við dálítið annan tón í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar við umræðu um þessi fjárlög en var um þau síðustu sem lögð voru fram fyrir ári síðan. Þá kom ég inn á þing sem nýr þingmaður Sjálfstæðisflokksins og mér var legið á hálsi fyrir að í því fjármálafrumvarpi væri ekki gert ráð fyrir neinum skattalækkkunum af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gagnrýndi mig og reyndar félaga mína sem komu nýir inn á þing fyrir það að ná ekki fram skattalækkkunum inn í það frumvarp.

Nú eru skattalækkanirnar komnar fram og það er ljóst að fjárlögin taka mið af því að skattar verði lækkaðir eins og við lofuðum fyrir síðustu kosningar, en hvað segir hv. þm. þá? Hann fagnar því ekki nú að slík áform séu uppi og það liggi fyrir að ríkisstjórnin ætli að lækka skatta. Nei, nú er málflutningurinn sá að það sé ekki rétti tíminn til að lækka skatta. Og hver kannast nú ekki við þennan söng bæði frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni eða öðrum vinstri mönnum sem taka þátt í stjórnmálum, hvort sem það er á vettvangi Alþingis eða annars staðar úti í þjóðfélaginu? Það virðist aldrei að áliti þessara manna vera rétti tíminn til að lækka skatta, hvorki við kreppuaðstæður né þegar þensla er í þjóðfélaginu. Maður hlýtur að spyrja, úr því að hv. þm. lýsti því yfir í ræðu sinni að það væri ekki rétt að lækka skatta við þessar aðstæður og fyrst hann telur sig vera þess umkominn að skera úr um að svo sé: Hvenær er rétti tíminn eiginlega að mati þingmannsins til að lækka skatta? (Forseti hringir.) Við hvaða aðstæður er það skynsamlegt að mati þingmannsins að skattar séu lækkaðir?

[15:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skal svara þessu með mikilli ánægju. Þegar samneyslan er vel haldin og vel er séð fyrir brýnum verkefnum sem hið opinbera á að sjá fyrir og efnahagsaðstæður eru hagstæðar til þess að lækka skatta þá er rétti tíminn til að gera það og lækka þá hjá þeim sem mesta þörfina hafa fyrir það, en ekki hjá hátekjuliðinu. Ekkert af þessu er til staðar í skattalækkunarprógrammi ríkisstjórnarinnar.

Ég held reyndar að það sé rangt munað hjá hv. þm. að ég hafi sérstaklega verið að biðja um skattalækkanir í fyrra. Staðreyndin er nefnilega sú að Vinstri hreyfingin — grænt framboð hefur verið algjörlega sjálfri sér samkvæm í þessu. Við tókum ekki þátt í loforðakórnum fyrir kosningar 2003, við vöruðum við þessu. Við töldum það ábyrgðarleysi að ætla að fara niður með skatthlutfall á Íslandi en láta samt eins og menn gætu rekið hér velferðarkerfi sem stæði undir nafni á norræna vísu. Það er nefnilega ekki hægt, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, að gera hvoru tveggja, að elta Ameríkana í skattamálum og halda uppi norrænu velferðarkerfi. Þetta tvennt fer ekki saman, það er ósköp einfalt. Og það munu Íslendingar upplifa á eigin skinni, því miður, ef núverandi ríkisstjórn og hjálparkokkar hennar allir koma þessu öllu saman í gegn.

Ég var fyrst og fremst í stuttri ræðu minni að rökstyðja að það væri efnahagslega óskynsamlegt að fara í þessar skattabreytingar við núverandi aðstæður. Ég komst í raun og veru ekkert út í það að ræða hversu ranglátt skattalækkunarprógramm ríkisstjórnarinnar er, af því að það á fyrst og fremst að gagnast hinum efnameiri í samfélaginu og það er staðreynd. Ég held líka að það sé mjög hættulegt að nota tímann þegar ríkissjóður er að hagnast á viðskiptahallanum, því það er það sem gerir það að verkum að hæstv. fjármálaráðherra getur belgt sig út, að ríkissjóður er að hala inn á viðskiptahallann. Ef menn nota tímann þá og lækka beina skatta getur það komið mönnum illilega í koll síðar þegar veltan dregst kannski skyndilega saman í þjóðfélaginu, því veislan mun ekki standa um aldur og ævi. Hún mun ekki gera það.

[15:10]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var athyglisvert svar við spurningu minni. Það var almennt hjá hv. þm. en hann svaraði hins

vegar ekki spurningunni efnislega. Hann nefndi að það væri rétti tíminn að lækka skatta þegar samneyslan væri á því stigi að rétt væri að gera það. Bíddu, hvað hefur ríkisstjórnin verið að gera síðustu 13 ár? Ríkisstjórnin hefur verið að auka fjárframlög til samneyslunnar, til heilbrigðiskerfisins, til menntakerfisins og hefur komið okkur Íslendingum í fremstu röð á þessum sviðum miðað við það sem þekkist í Evrópu og raunar víðar. Hversu langt þarf að ganga að mati hv. þm. til að þær aðstæður skapist að rétt sé að fara út í skattalækkanir?

Hann talaði um Bandaríkjamenn, að við gætum ekki lært mikið af Bandaríkjamönnum, Íslendingar. Ég vil benda hv. þm. á að Bandaríkjamenn gera margt betur en Evrópumenn í þeim málaflokkum sem hv. þm. er mjög annt um. Ég bendi honum á frétt í Morgunblaðinu í dag þar sem fram kemur að átta af tíu bestu háskólum heimsins eru í Bandaríkjunum og það er vegna þess að Bandaríkjamenn eyða mun hærra hlutfalli af landsframleiðslu sinni til menntamála en nokkurn tíma Evrópulöndin. Það má því ýmislegt gott segja um Bandaríkjamenn og læra af þeim. En mér líkar ekki hvernig hv. þm. talar um þá þjóð og þá stefnu sem þar er rekin og heldur ekki hvernig hann talar um þá Íslendinga sem hafa há laun og kallar þá hátekjulið. Ég leyfi mér að mótmæla því að það sé rangt að lækka skatta með þeim hætti sem hér hefur verið boðað. Það er einfaldlega sanngjarnt að þeir sem hæstu skattana greiða fái mestu skattalækkunina í krónutölu. Það er einfaldlega sanngjarnt og eðlilegt.

[15:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er verið að gera meira en það, það er ekki bara um flata prósentulækkun á öllum tekjuskatti að ræða. Það er verið að lækka sérstaklega álagið á hærri laun, á það sem menn hafa borgað aukalega fyrir tekjur fyrir ofan viss viðmiðunarmörk. Það er verið að fletja íslenska skattstigann út og það er auðvitað búbót sem kemur eingöngu hinum tekjuháu til góða.

Það er ekkert verið að gera fyrir þá sem liggja um eða neðan við skattleysismörkin, en það er því miður hin dapurlega staðreynd að það er mikill fjöldi fólks sem er á tryggingabótum eða jafnvel launum sem eru rétt við þau mörk, því miður.

Ég var ekkert að fjalla um ameríska samfélagið almennt eða ameríska þjóð og það er alveg fullkomlega ástæðulaust að vera svo ofboðslega viðkvæmur fyrir hönd Bandaríkjamanna að það megi ekki nefna skattamál í Bandaríkjunum, að þá sé það talin vera árás á bandaríska þjóðina. Ég var ósköp einfaldlega að benda á að það verður ekki rekið öflugt samábyrgt velferðarkerfi á grundvelli hins norræna módels, eins og oft er kallað, með skatthlutföllum upp á ameríska vísu þar sem samneyslan er langtum minni, þar sem menn eru með einkatryggingar og annað því um líkt til þess að komast einhvers staðar inn á sjúkrahús ef þeir veikjast o.s.frv.

Það er margt mjög gott í bandarísku þjóðfélagi en það er líka margt mjög skelfilegt þar. Þar eru tugir milljóna manna án undirstöðuheilbrigðisþjónustu. Þar eru milljónir heimilislausra. Ég vil ekki svoleiðis þjóðfélag þó að það sé fínt að eiga dýra og fína háskóla sem þeir komast inn í sem geta borgað há skólagjöld. Og þó að það sé margt glæsilega gert í vísindum og listum í Bandaríkjunum þá er líka mjög margt miður í því samfélagi sem ég vildi ekki sjá hér á Íslandi.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson skrifaði blaðagrein á dögunum þar sem hann sagði að kröfur um aukin framlög til háskólans væru sama sem kröfur um skattahækkanir. Þá virtist hv. þm. skilja samhengið. Er þá ekki skattalækkun sama og niðurskurður einhvers staðar? Ég held það, ef maður tekur hv. þm. á orðinu. Og ég held að það sé ekki svigrúm til að lækka skatta ef ekki (Forseti hringir.) er hægt standa við samninga við öryrkja, ef leggja þarf á 100 millj. í ný skólagjöld í Háskóla Íslands og ef ná þarf inn 26 millj. kr. í hækkun komugjalda á heilsugæslustöðvar.

[15:15]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Stefna og markmið ríkisstjórnar hverju sinni birtist að jafnaði skýrt í árlegu fjárlagafrumvarpi. Hér höfum við fyrir framan okkur fyrirrætlanir ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í ríkisfjármálum fyrir árið 2005 og fjármálaráðherra er glaður og ánægður, enda lifum við tíma þar sem aðstæður eru okkur hagstæðar. Miklir peningar í veltu enda er búið að selja hvert ríkisfyrirtækið af öðru á undanförnum árum, miklar framkvæmdir yfirstandandi, hátt afurðaverð á helstu útflutningsvörum og svo framvegis. Skilaboðin eru að skila eigi rúmlega 11 milljarða rekstrarafgangi á ríkissjóði. En við höfum séð fallegar glansmyndir áður. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa ítrekað bent á þá blekkingarmynd sem dregin er upp með framsetningu fjárlaga mörg undanfarin ár. Það er því miður svo að í tveim tilfellum af þrem sem raunverulega hefur tekist að skila afgangi í ríkisrekstrinum má rekja það til sölu eigna eða endurmats á eignum. Það er því eiginlega hálfraunalegt að horfa upp á leiksýninguna sem brugðið er upp árlega ekki síst núna þegar fjölmiðlar eru loksins búnir að sjá samhengið og átta sig á plottinu.

Það hvarflar hugsanlega að einhverjum að kalla svona frumvarp góðar fyrirrætlanir. En ég vil ekki einu sinni nefna það því nafni því ýmislegt kemur í ljós þegar farið er að skoða það og máta við það umhverfi sem kaus stóran hluta þingheims til setu á löggjafarþinginu því að þá skín í gegn vísvitandi vanræksla. Það er nefnilega með þetta frumvarp eins og mörg önnur undanfarin ár að stórir hlutar landsbyggðarinnar eru algerlega afskiptir. Norðausturhorn landsins, suðausturhluti þess og Norðausturkjördæmi eins og það leggur sig ef frá er talinn sæmilegur radíus út frá höfuðborgarsvæðinu. Allt eru þetta svæði sem eiga í miklum erfiðleikum og hafa meðaltekjur langt undir landsmeðaltali og nánast engin burðug fyrirtæki til að standa undir nýjungum og framþróun í atvinnulífinu. Allir vita hvernig staða sveitarfélaga er þó ríkisstjórnarmeirihlutinn þykist ekki vita það.

Auk þess er sveitarfélögum reyndar ekki ætlað að standa undir atvinnulífinu. Maður skyldi ætla að núverandi hæstv. forsætisráðherra myndi þau orð sem hann hefur látið falla og sýndi þess merki nú þegar hann hefur tekið við þessu langþráða embætti að Norðvesturkjördæmi væri það svæði sem næst yrði sinnt af stjórnvöldum. Forsætisráðherrann

hefur iðulega verið minntur á þessi orð og ég tel að menn hafi bundið vonir við að eitthvað væri á bak við þau. En það er ekki að sjá í þessu frumvarpi, þvert á móti. Til dæmis á að draga úr vegaframkvæmdum eins og hér hefur verið minnst á áður og það stórlega, en þau svæði sem ég taldi upp áðan eru einmitt þau svæði sem hvað lengst eiga í land með að vegamál séu komin þar í sæmilegt horf.

Fjármagn til atvinnuráðgjafar hefur staðið í stað árum saman svo að við fjárlagagerð þessa árs, 2004, var það mat atvinnuþróunarfélaganna að 200 milljónir vantaði upp á til að þau héldu sínu. Í frumvarpinu sem nú er til umræðu er gert ráð fyrir 123,2 milljónum til atvinnuráðgjafar en til samanburðar er gert ráð fyrir 90 milljónum í sérsveitir lögreglustjóra.

Fjármagn til nýsköpunar er smánarlega lítið. Kjör sem lántakendum eru boðin hjá Byggðastofnun eru verri en hjá bankastofnunum. Reyndar er það svo að fyrirtæki og einstaklingar á áðurnefndum svæðum hafa ekki einu sinni bolmagn til að setja fjármagn sem mótframlag, sem oftast er krafist af hálfu sjóða ríkisins og stofnana, hvað þá að standa undir framþróun ein. Og allir vita um veðhæfi fasteigna á þessum svæðum. Þannig er þeim einstaklingum sem sýna frumkvæði og þeir eru vissulega til og gætu staðið að nýsköpun ef fjármagn væri fyrir hendi allar bjargir bannaðar.

Augljóslega er höfuðmarkmið sem fylgt er við gerð þessara fjárlaga það að sýna fram á sem mestan rekstrarafgang í frumvarpinu en litlar tilraunar gerðar til að taka á vandamálum eða kafa djúpt í hlutina. Þannig er ævinlega settur flatur niðurskurður á línuna, þó með þeirri undantekningu nú að heilbrigðismál eru undanskilin, enda sjáum við sömu myndina ár eftir ár þegar upp er staðið. Í stað afgangs er nær undantekningarlaust um að ræða halla á rekstri ríkissjóðs. Í þeim tilfellum sem rekstrarafgangur raunverulega varð má rekja hann til uppfærslu á mati ríkiseigna eða sölu á ríkiseignum á tímabilinu eins og áður sagði. Eignir ríkissjóðs hafa verið seldar ein af annarri í samstarfi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks og þær verða ekki seldar tvisvar. Verið er að draga upp glansmynd og það er líka leitast við að hafa myndina óskýra, eða hvers vegna er uppsetning fjárlagafrumvarpsins með þeim hætti sem raun er á?

Við gerð fjárhagsáætlana fyrirtækja og sveitarfélaga er leitast við að gera samanburð á áætlun síðasta árs niðurstöðum rekstrar og nýrri áætlun. Þannig fæst á einfaldan hátt skýr mynd af því hvar hlutirnir hafa farið úrskeiðis og hvar áætlanir eru í lagi en ekki hjá ríkinu. Þar þarf að skoða frumvarp til fjárlaga, fjárlög, aukafjárlög, stundum tvenn eða þrenn aukafjárlög og að lokum ríkisreikning.

Það er auðvitað göfugt markmið að sýna rekstrarafgang og aðhald í ríkisrekstri. En það er óafsakanlegt að vanrækja svo heilu landsvæðin að þau eru komin að fótum fram eins og nú er. Það er illa farið með fólk, fjárfestingar þess og lífsstarf. Þannig standa ekki efni til þess að hæstv. fjármálaráðherra hreyki sér af þessu frumvarpi jafnvel þó að einhverjar líkur væru á að sá árangur sem að er stefnt næðist en reynslan sýnir okkur að líkur á því eru nær engar.

[15:22]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 og þjóðhagsspá fyrir árin 2004–2010 sýnir að traust stjórn efnahagsmála undanfarin ár mun áfram skila miklum ávinningi til alls almennings þessa lands. Á árunum milli 1990 og 2000 var mjög mikilvægum stöðugleika í efnahagslífinu náð. Sá stöðugleiki var grundvöllur að bættum lífskjörum. Við byggjum enn á þeim stöðugleika og í langtímaáætlunum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum eru lagðar línurnar um hvernig þeim stöðugleika verður viðhaldið.

Stefna stjórnarflokkanna í ríkisfjármálum er í grófum dráttum sú að standa vörð um þann árangur sem náðst hefur og gera enn betur. Efnahagsstjórn ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar gerbylti umhverfi atvinnulífs á Íslandi. Tekjuskattur á fyrirtæki var lækkaður verulega og er nú með því allra lægsta sem þekkist í Evrópu gjörvallri. Hver þekkir ekki muninn á stöðu fyrirtækjanna í dag og fyrir 10–12 árum? Við höfum á undanförnum árum séð fjölmörg öflug fyrirtæki verða til, atvinnulífið dafnar og aldrei fyrr hafa jafnmörg félög tekið með jafnkröftugum hætti þátt í alþjóðlegri samkeppni. Fyrirtæki á Íslandi veita almenningi framúrskarandi þjónustu og öflugt atvinnulíf er jafnframt forsenda þess að atvinnustig haldist hátt hér á landi en atvinnuleysi á Íslandi er langt undir því sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar.

Virðulegi forseti. Fyrir upphaf þessa kjörtímabils var ljóst að beita þurfti ríkisfjármálum til að hamla gegn þenslu. Þegar frumvarp til fjárlaga er nú lagt fram öðru sinni á líðandi kjörtímabili má sjá að ríkisstjórnin er á réttri braut með þetta mikilvæga verkefni. Því ber að fagna. Hæstv. fjármálaráðherra hefur gert grein fyrir helstu leiðum sem farnar eru í þessu markmiði. Fyrst er þar að nefna að afkoma ríkissjóðs batnar á næsta ári og verður 11,2 milljarðar. Þetta eru metnaðarfull en jafnframt raunhæf markmið um innan við 2% vöxt samneyslunnar. Dregið verður úr framkvæmdum á helsta þenslutímanum en við þær aukið síðar þegar framkvæmdatíma vegna stóriðjuframkvæmdanna lýkur. Bætt afkoma ríkissjóðs er farin að skila sér í lægri skuldum ríkisins og þar með lægri vaxtagreiðslum.

Auk þess sem stöðugleikinn er forsenda áframhaldandi uppbyggingar atvinnulífsins skapar aðhald í ríkisfjármálum svigrúm til skattalækkana. Farið hefur verið ágætlega yfir þetta í dag en þingmenn stjórnarandstöðunnar standa sína plikt og gagnrýna frumvarpið frá öllum hliðum. Þeir reyna með öllum ráðum að slá ryki í augu almennings með afmörkuðum dæmum og talnaleik. Allt er þetta gert í þeim tilgangi að draga athygli frá kjarna málsins. Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá stefnir í að hið nýja hagvaxtarskeið sem hófst árið 2003 geti orðið eitthvert lengsta hagvaxtarskeið sem hér hefur mælst. Er von að stjórnarandstöðunni líði illa við þessar aðstæður.

Þegar frumvarp til fjárlaga var rætt í þessum sal fyrir ári síðan spurði stjórnarandstaðan: Hvar eru skattalækkanirnar? Óþolinmæðin var mikil en eins og menn muna voru fyrstu skrefin tekin á síðasta þingi og nú liggur fyrir að haldið verður áfram á sömu braut. Skattar verða lækkaðir frekar. Þá kemur stjórnarandstaðan og spyr: Af hverju að lækka þessa skatta? Við hefðum gert þetta öðruvísi. Stjórn-

arandstaðan er á móti vegna þess að hún á að vera á móti. Þessi málflutningur er svo gegnsær að staðreyndir málsins blasa við hverjum þeim sem kynnir sér það.

Sagt var að hinn ósanngjarni erfðafjárskattur yrði lækkaður. Hann hefur verið lækkaður um helming. Við vildum hátekjuskattinn burt. Hann hefur verið lækkaður og mun falla niður. Stjórnarflokkarnir vildu lækka tekjuskatt. Í þessu frumvarpi kemur fram að fyrsti áfangi lækkunarinnar er handan við hornið. Árin 2006 og 2007 verður tekjuskattur lækkaður enn frekar. Tekjuskattur til ríkis mun þá hafa lækkað úr 30,41% árið 1997 niður í 21,75% árið 2007, þ.e. þegar þessum áföngum er lokið. Þegar þær lækkanir hafa komið til framkvæmda mun ríkið hafa gefið eftir 28% af þessum tekjustofni á téðu árabili. Það eru umtalsverðar skattalækkanir. Loks verður eignarskatturinn afnuminn eins og fram hefur komið í umræðu í dag. Það er til vitnis um hve vel árar hjá Íslendingum að samhliða þessum lækkunum á sköttum hafa framlög til ýmissa velferðarmála verið stóraukin og enn verður bætt í.

Stjórnarandstaðan gerir mikið úr því í umræðum um fjárlagafrumvarpið að stjórnarflokkarnir beini sjónum sínum eingöngu að þeim sem betur eru settir í þjóðfélaginu. Ekkert gæti verið fjær sannleikanum. Kaupmáttur lægstu launa hefur stóraukist ár eftir ár og mun halda áfram að vaxa. Það er út af fyrir sig rétt að þegar almenna skattprósentan er lækkuð kemur það þeim best sem mesta greiða skattana en það er líka eðlilegt. Það er einfaldlega erfitt að lækka skatta þess sem enga skatta greiðir en lækkun tekjuskattsins mun óumdeilanlega koma öllum skattgreiðendum til góða. Þannig munu ráðstöfunartekjur einstaklings með 150 þús. kr. mánaðarlaun hækka um 4,7% við lækkun tekjuskatts um 1% og skattgreiðsla viðkomandi einstaklings lækkar um 18 þús. kr. á ári bara í þessum fyrsta áfanga. En í þessu sambandi er rétt að minna á að gert er ráð fyrir 3,25% kaupmáttaraukningu á næsta ári.

Í öllum aðalatriðum eru því mjög jákvæð teikn á lofti í ríkisfjármálum. Við getum lækkað skatta og haldið áfram á sama tíma að auka framlög til mennta- og heilbrigðismála og fjölmargra annarra mikilvægra málaflokka. Umræðan um fjárlagafrumvarpið á þessu haustþingi mun m.a. snúast um forgangsröðun í þeim efnum. En við skulum þó ekki gleyma því í umræðum um fjármál ríkisins að enn eru víða tækifæri til hagræðingar í ríkisrekstrinum. Það er viðvarandi verkefni að endurskoða rekstur hins opinbera og við eigum að nýta kosti einkarekstrarins á fleiri sviðum en gert er í dag. Fjölgun starfsmanna hjá hinu opinbera á undanförnum árum vekur ákveðinn ugg auk þess sem fjöldi ríkisstofnana er óeðlilega mikill. Dæmi er um að verkefni sem tímabundið njóta stuðnings á fjárlögum fari þangað ítrekað inn undir safnliðum. Þannig fer fram ýmis starfsemi ítrekað ár eftir ár, eitt ár í senn inn á fjárlögin og er þannig kostuð af opinberu fé án þess að um eiginlegan ríkisrekstur sé að ræða. Það má finna fjölmörg svona dæmi sem við þurfum að beina sjónum okkar að og laga.

Ég vil rifja það upp að samkvæmt tillögu til þingsályktunar sem ég ásamt þingmönnum tveggja annarra þingflokka lagði fram á síðasta kjörtímabili er haldið úti 50 ríkisstofnunum með færri en tíu ársverk. Það eru fjölmörg slík dæmi sem við eigum að halda áfram að huga að og gera betur. Eins og ég sagði áðan er það viðvarandi verkefni að huga að ríkisrekstrinum hvar sem við stöndum í honum.

Með vísun til alls þessa vil ég ljúka máli mínu með því að fagna sérstaklega þeirri yfirlýsingu sem fylgir frumvarpi til fjárlaga að ráðist verði í sérstaka endurskoðun á rekstri ríkisins.

[15:31]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var býsna lífleg og ánægjuleg ræða. Hv. þm. var mjög ánægður langt fram eftir ræðu sinni en síðan kom í ljós undir lokin að það er nú eitt og eitt atriði sem má laga í ríkisrekstrinum og taka örlítið til, en ég var farinn að halda að hv. þm. ætlaði að klára ræðu sína með eintómu lofi um allt og alla. En það tókst ekki og það er rétt að taka undir lokaorð hans um að það er mjög ánægjulegt að menn skuli hafa rumskað og áttað sig á því að það gæti nú þurft að taka eitthvað til í ríkisrekstrinum. Það er ánægjulegt og við vonum að það komi eitthvað út úr því.

Það sem ég ætlaði fyrst og fremst að spyrja hv. þm. um — ég hafði það ekki alveg á hreinu þegar hann talaði um skattalækkanirnar hvort hann var að tala sig upp í ánægjuna með þetta allt saman eða hvort þetta er virkilega sannfæring hans um að þetta sé nákvæmlega rétt forgangsröðun. Við höfum talað um það — ég ætla að biðja hv. þm. að vera ekki að blanda saman endilega öllum flokkum í stjórnarandstöðunni í þessum málum vegna þess að ekki er algjör samstaða um það — að svigrúm væri til þess að lækka skatta. En við teljum afar nauðsynlegt að forgangsraða í þeim efnum og við höfum sagt að það séu ákveðnir hópar í samfélaginu sem eiga að hafa forgang. En við erum ósammála ríkisstjórninni í því. Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann sé fyllilega sannfærður um að sú forgangsröðun, að þau dæmi sem hv. þm. nefndi um að þeir sem hæstar hafa tekjurnar fái mest, sé rétt. Ég vil minna hv. þm. á að það er ekki rétt hjá honum að það séu mjög margir sem ekki greiði skatta. Það er nefnilega þannig að að eru langflestir ef ekki allir sem greiða einhverja skatta. Málið er að það eru ekki allir beinir skattar. Við skulum ekki gleyma því að virðisaukaskatturinn er lagður m.a. á matvörur.

Ég vil spyrja hv. þm. að því hvort hann sé ekki sammála okkur í Samfylkingunni um að það sé býsna nauðsynlegt að lækka matarskattinn svokallaða og við höfum verið með beina tillögu um það að helminga hann núna í fyrsta skrefi.

[15:33]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var dálítið spaugilegt svona beint í kjölfarið á yfirlýsingum um samstarf stjórnarandstöðuflokkanna um hin ýmsu mál á komandi þingi skuli þingmenn sjá ástæðu til þess að beina því til þingmanna stjórnarflokkanna að stjórnarandstöðuflokkunum verði ekki rugl að saman í umræðunni. En ég get fullvissað hv. þm. um það að ég hef sannfæringu fyrir því að það upplegg sem birtist í fjárlagafrumvarpinu og þær aðgerðir sem gerðar hafa verið í skattalækkunarátt hingað til eru samkvæmt því sem ég hef sannfæringu fyrir að sé rétt.

Það er auðvitað þannig að enginn grundvallarmunur er á stefnu Samfylkingarinnar um lækkun virðisaukaskattsins á

matvæli og stefnu Sjálfstæðisflokksins um nákvæmlega sama mál, alveg eins og það var í sjálfu sér ekki mikill munur milli þessara tveggja flokka fyrir síðustu kosningar hvað það snerti að það væri svigrúm hér til skattalækkana. Það hefur áður komið fram hjá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að áhugi er á því að lækka virðisaukaskatt og ég hygg að það hafi jafnframt komið fram hjá hæstv. fjármálaráðherra að útfærsla á því hvernig virðisaukaskatturinn verður tekinn til endurskoðunar sé í gangi.

[15:34]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er vissulega rétt að það er og hefur verið ákveðin samstaða með stjórnarandstöðunni og hún verður auðvitað áfram í ákveðnum málum. En það hefur hins vegar legið ljóst fyrir, hélt ég, í þessum þingsal að það væri ekki full samstaða varðandi skattamálin, það á því ekki að koma nokkrum manni á óvart. Ég var bara að biðja hv. þm. um að gæta nákvæmni í málflutningi þannig að ekki væri verið að rugla hlutum saman.

Það út af fyrir sig kemur mér ekki á óvart að hv. þm. er sammála þessari stefnu, þessari ójafnaðarstefnu sem ríkisstjórnin fylgir og það er auðvitað ekkert við því að gera. Þannig er bara staðan í íslenskum stjórnmálum að það er ójöfnuður sem ræður för og við verðum auðvitað að taka afleiðingunum af því.

Það er hins vegar athyglisvert að nú kemur hér hver þingmaðurinn á fætur öðrum og jafnvel hæstv. ráðherra til þess að lýsa því yfir að þeir séu sammála leið Samfylkingarinnar í virðisaukaskattsmálinu, þ.e. að lækka þurfi matarskattinn um helming. Það er út af fyrir sig ekki nýtt vegna þess að eins og hv. þm. benti á kom þetta fram í málflutningi Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningar. Þar af leiðandi er spurningin sú í þessu samhengi: Hvað er það sem dvelur orminn langa? Ekki trúi ég því að Framsóknarflokkurinn sé allt í einu orðinn svona gífurlega öflugur í stjórnarsamstarfinu að hann geti stoppað virðisaukaskattslækkun. Það er þá eitthvað algjörlega nýtt ef Framsóknarflokkurinn getur stoppað eitthvað í þessu stjórnarsamstarfi. Ég vil þess vegna spyrja hv. þm. hreinlega um það: Hvað lengi telur hv. þm. að það taki að beygja Framsóknarflokkinn í þessu máli? Það væri einmitt þjóðþrifamál að beygja hann í þessu máli frekar en ýmsum öðrum sem menn hafa verið að eyða kröftum í.

[15:36]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að vekja athygli hv. þm. á því að fleira er hægt að gera fyrir þá sem lægri hafa kjörin en að lækka skattprósentuna. Þannig hafa útgjöld til ýmissa málaflokka hækkað allverulega samhliða þeim skattalækkunum sem gerðar hafa verið. Ég minni hv. þm. einnig á að á tímabilinu frá 1994 fram til ársins 2002 jókst kaupmáttur lægstu launa um 58%.

Við höfum tekið þátt í ríkisstjórnarsamstarfi sem tvöfaldaði útgjöld almannatrygginga frá árinu 1998 til ársins 2005, þ.e. úr 19 milljörðum hafa þau hækkað upp í 38 milljarða. Það má taka fleiri slík dæmi.

Í ríkisfjármálunum er verið að koma mjög verulega til móts við ýmsa þá sem lægri hafa kjörin og illa eru settir í þjóðfélaginu, öryggisnetið hefur verið þétt svo um munar ár frá ári, ár eftir ár.

Hvað dvelur orminn langa? spyr hv. þm. Í núverandi ríkisstjórn hefur verið gengið út frá því að meginþungi skattalækkananna muni koma til framkvæmda á síðari hluta kjörtímabilsins þannig að það er í sjálfu sér ekkert farið forgörðum þó að ekki hafi enn tekist samkomulag um það hvernig útfæra á lækkanir eða endurskoðun á virðisaukaskattskerfinu. En ég get alveg tekið undir með hv. þm. um að ég vil sjá niðurstöðu í því máli sem allra fyrst.

[15:38]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson hefur verið svo elskulegur að reikna út fyrir okkur hvað láglaunafólkið fær í skattalækkanir, 1% fyrir mann með 150 þús. kr. á mánuði eru 18 þús. kr. á ári, þ.e. 1.500 kr. á mánuði eða eins og tveir bíómiðar.

Ég ætla þess vegna að biðja hv. þm. Bjarna Benediktsson um að upplýsa okkur líka um hvað menn með sambærilegar tekjur og hv. þm. Bjarni Benediktsson fá í aðra hönd í skattalækkunum í 1% skattalækkuninni og í 2% lækkuninni á hátekjuskatti, eða hvað 3% af sambærilegum tekjum og hv. þm. hefur nemur hárri fjárhæð á mánuði og á ári svo að við höfum það hér til samanburðar í umræðunni ef hv. þm. vildi gjöra svo vel.

[15:39]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef nú ekki svör á reiðum höndum við þeim spurningum sem hv. þm. hefur beint til mín. Hins vegar get ég greint frá því að einstaklingur með helmingi hærri laun, með 300 þús. kr. á mánuði, skattgreiðslur hans á mánuði munu lækka um sem nemur 2.900 kr. til samanburðar við 1.500 krónurnar. Og það er auðvitað alveg í samræmi við það sem legið hefur fyrir í þessari umræðu að þeir sem hærri greiða skattana fá í krónum meiri skattalækkun með því fyrirkomulagi að lækka hina almennu skattprósentu.

[15:40]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er miður að hv. þm. sé ekki betur að sér í hlutfallareikningi að geta ekki reiknað út hvað 3% af tekjum er, en skattalækkunin fyrir hátekjumennina er einmitt 3%. Hafi menn til að mynda 600 þús. kr. í mánaðarlaun eru það 18 þús. kr., ekki á ári heldur í mánuði hverjum eða tólf sinnum meira í hlut þeirra en láglaunamannsins. Um það, virðulegur forseti, verður ekki annað sagt þegar hv. þm. Bjarni Benediktsson geipir hér af örlæti sínu til láglaunafólks að vont er þeirra ranglæti en verra er þeirra réttlæti.

[15:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd hafa fjallað um fjárlagafrumvarpið með miklum ágætum og þar með fjallað um afstöðu Samfylkingarinnar

til þess. Það eru þau Einar Már Sigurðarson, Jón Gunnarsson og Anna Kristín Gunnarsdóttir og ég þakka þeim sérstaklega fyrir þátt þeirra hér í dag. Ásamt þeim er Helgi Hjörvar einnig fyrir okkur í fjárlaganefnd og hann mun tala hér síðar. Og ég sé sérstaka ástæðu til að nefna þetta fyrir framgöngu þeirra.

Virðulegi forseti. Í fjárlagafrumvarpi má sjá áherslur viðkomandi ríkisstjórnar og það kemur ekkert á óvart í nýframlögðu frumvarpi. Núverandi ríkisstjórn hefur og stendur vörð um hagsmunahópa sína og það skilur ekkert á milli hægri flokksins, sem hefur leitt ríkisstjórnina, og Framsóknarflokksins, sem nú hefur tekið við og er með fullkomna fylgispekt í öllum málum nú orðið. Öll ríkisstjórnarárin hefur ríkisstjórnin átt sérstaka hagsmunahópa. Það eru peningamennirnir, það eru þeir sem eru þóknanlegir. Það eru þeir sem búið er að vinna í haginn fyrir með skattabreytingum fyrri ára og nú á að koma til móts við enn á ný. Núverandi ríkisstjórn er ekki félagslega sinnuð, það sjá allir sem skoða fjárlagafrumvarpið. Það hefur líka komið fram í öllum þáttum þar sem menn hafa verið að kryfja fjárlagafrumvarpið til mergjar og þar sem ekki er fólk frá stjórnarandstöðunni á þingi að fjalla um það sem ríkisstjórnin setur á oddinn.

Ríkisstjórnin hefur sýnt alveg fádæma áhugaleysi varðandi tiltekna hópa. Ég ætla bara að nefna einn, virðulegi forseti, eitt dæmi. Túlkaþjónusta fyrir heyrnarlausa er búin að velkjast í kerfinu í tíu ár frá því sú sem hér stendur var félagsmálaráðherra árin 1994–1995. Og nú á loks endanlega að synja um þessi mannréttindi. Þarna er rödd sem ekki fær að heyrast. Hvað kostar það fyrir þessa ríkisstjórn? Hámark tíu milljónir kostar það að verða við þessum óskum og baráttu heyrnarlausra.

En við, þessi þjóð, erum meðal tíu auðugustu þjóða heims, ekkert minna. Við erum meðal tíu auðugustu þjóða heims. Kemur það vel fram í áherslunum í fjárlagafrumvarpinu? Nei. Við högum okkur nefnilega, eða ríkisstjórnin réttara sagt hagar sér þannig í fjárlagafrumvarpinu eins og við séum fremur snauð.

En fjármálaráðherrann er stoltur með efnahagsstöðu ríkisins og landsins. Það er gífurlega þýðingarmikið að tryggja stöðugleika efnahagsmála. Stærsta málið hverju sinni er að tryggja stöðugleikann og góða efnahagsstöðu. Síðan er hitt málið hvernig maður ætlar svo að fara með árangurinn og afraksturinn af því að það takist og um það erum við að takast á.

Þess vegna er það líka áhyggjuefni að verðbólga mun haldast áfram í hærri kantinum, allt að 4%, og að viðskiptahallinn er algjörlega úr böndunum við þessar flottu aðstæður.

Ég hlýt að benda á að gífurlegar efnahagsbreytingar hafa orðið sl. 10–15 ár. Tveir þættir standa upp úr varðandi þær sem ég vil halda til haga: EES-samningurinn, þegar hagkerfið var opnað og þar með talinn fjármagnsmarkaðurinn, og samkomulag á vinnumarkaði, jafnan kallað þjóðarsáttin. Það er umhugsunarefni hvernig fólki á almennum launamarkaði hefur verið launað það framlag til að snúa við illri þróun sem við vorum öll að berjast við og að komast út úr óðaverðbólgu og óstöðugleika í efnahagslífinu. Því fólki hefur ekki verið vel launað.

Við opnum EES-samningsins varð líka frjáls innflutningur á vinnuafli. Í dag eru yfir 10% af vinnuaflinu á aldrinum 25–40 ára af erlendu bergi brotin. Þetta er athyglisvert. Þetta er fólk á byggingarmarkaði, í ræstingum og í þjónustustörfum, mjög oft í láglaunastörfunum. Þetta fólk á hins vegar mikinn þátt í að draga úr þenslu og að gert er ráð fyrir að verðbólgan haldist þó nokkuð í skefjum, eins og hér er sagt í umræðunni.

Við erum í fyrsta sinn að upplifa góðan hagvöxt og atvinnuleysi samtímis. Það er líka alvarlegt umhugsunarefni. Atvinnuleysi stefnir í yfir 3% á þessu ári og það er mikið. Það er mikið hjá þjóð eins og okkar. Heimilin eru gífurlega skuldsett. Þau mega ekki við niðursveiflu í tekjum, hvað þá tekjumissi vegna atvinnuleysis.

Mjög mikil hagræðing hefur orðið í atvinnulífi á Íslandi. Sameiningar hafa orðið í fyrirtækjum, yfirtökur í atvinnulífinu og fyrirtæki halda þess vegna að sér höndum með mannaráðningar. Það er líka eitthvað sem við eigum að vera á verði gagnvart. Fyrirtækin halda að sér höndum því þau eru líka að hugsa um að fara í frekari sameiningar, frekari hagræðingar. Tækniþróunin og hraðar breytingar á vinnumarkaði skúbba fólki af honum. Það er það sem hefur skapað breytinguna, að svo margir hafa dottið út af vinnumarkaði. Störf sem fólk hafði lært til hafa úrelst. Sérhæfing hefur orðið einskis virði í breyttu samfélagi á breyttum vinnumarkaði. Fólk sem komið er yfir miðjan aldur og lendir í þessum breytingum upplifir að þetta hefur haft áhrif á heilsu og líðan. Meðal annars þeir sem verða fyrir svona áföllum lengja listann yfir öryrkja í dag, listann sem skammast er yfir. Það er ekki sagt: Þetta þurfum við að skoða. Þetta er alvarlegt íhugunarefni fyrir okkur stjórnvöld. Getum við brugðist einhvern veginn við? Nei, sagt er: Það er svo dýrt fyrir okkur hvað öryrkjar eru orðnir margir. Sá er tónninn. Sá er tónninn hjá ríkisstjórninni. Ríkisstjórnin skilur ekkert og virðist ekki vita hvað hefur verið að gerast og gerir sér ekki grein fyrir að það fólk sem þarna hefur lent inni á löngum lista er fórnarlömb.

Þjóðarsáttin, EES-samningurinn og ný sóknarfæri á öllum sviðum áttu að opna fyrir fjölbreytni og þróun nýrra fyrirtækja og starfa. Ríkisstjórnin er hins vegar gamaldags. Árum saman hefur verið einblínt á hagvaxtaruppsveiflu eins og við gerðum þegar efnahagslögsagan var færð út í 12 mílur, 50 mílur og 200 mílur. Alltaf kom uppsveifla og nýtt hagvaxtarskeið hverju sinni. Það var þetta sem við sóttumst í. Það var líka hagvaxtarskeið þegar álverið í Straumsvík kom og virkjanirnar voru byggðar. Núna erum við inni í stóru sveiflunni, hagvaxtarsveiflunni, sem verður til vegna Kárahnjúka og álvers. Ég spyr: Ætlum við alltaf að vera að leita að nýrri sveiflu? Ætlum við alltaf að vera að leita að því hvernig við komumst inn í nýtt hagvaxtarskeið út af því nýja sem við ætlum að gera? Við í Samfylkingunni ætlumst til þess að á þessu skeiði verði tíminn nýttur vel til að mennta alla, til að skapa fjölbreytni á vinnumarkaði, til að búa til aðstæður fyrir smáfyrirtæki. Við skulum muna skattaleikfimina síðast þegar skattur á fyrirtæki var lækkaður gífurlega og nýttist bara þeim sem voru með miklar tekjur. Um leið var tryggingagjaldið hækkað hjá litlu sprotafyrirtækjunum sem reið sumum þeirra að fullu.

Í stefnuræðunni í gærkvöld benti hv. þm. Jóhanna Sig-

urðardóttir á mismununina sem alltaf viðgengst hjá þessari ríkisstjórn. Hún fór yfir fjármagnstekjuskattinn og tekjuskattinn, að þeir ríkustu greiða 12% í skatt og þeir með lágu og meðaltekjurnar 25–27%. Helmingur þeirra 5 milljarða sem ríkisstjórnin ætlar að verja til skattalækkana næsta ár fer í vasa þeirra 25% tekjuhæstu, 2,5 milljarða í vasa þeirra tekjuhæstu.

Við komum alltaf að hagsmunahópum þessarar ríkisstjórnar og skattastefnunni. Þess vegna ætla ég að minna á svar fjármálaráðherra hér á Alþingi um skiptingu skattbyrðarinnar sem lögð var fram á þingi skömmu fyrir kosningarnar í fyrra og var mjög til umræðu, bæði í kosningabaráttunni og hér á þingi. Þyngsta skattbyrðin var í neðstu hópunum. Þessu var skipt upp í 10 10% hópa og í 4–5 lægstu hópunum var þyngsta skattbyrðin. Það er ekki verið að taka á þeim hópum núna. Það er ekki verið að taka á hópunum sem ekki bera skatt. Fyrir kosningar vildu líka þessir stjórnarflokkar skoða matarverðið og lækka matarskattinn. Nú hefur Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skilað ábendingum og komið með tillögur en ríkisstjórnin ætlar að setja svigrúmið í tekjuskattslækkun fyrir hópana sína. Hún er enn við sama heygarðshornið. Það sama má segja um þetta fjárlagafrumvarp, ríkisstjórnin sér um sína.

[15:51]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það hefur verið forvitnilegt að fylgjast með umræðum í dag. Þær hafa verið með nokkuð svipuðu sniði kannski og hið fyrra ár sem ég var við þessa umræðu þótt ég verði að segja að maður sakni þess sárt að hafa ekki hér í salnum hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, varaformann fjárlaganefndar. Hann hefur fram að þessu verið einn þingmanna stjórnarliðsins til að tala hér nokkuð fyrir aðhaldi og reglufestu í ríkisfjármálunum. Ég verð að segja, þegar litið er yfir þróun útgjalda ríkissjóðs, að ekki væri vanþörf á því að ekki bara hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson væri hér í salnum, heldur að fleiri þingmenn stjórnarliðsins boðuðu slíkan boðskap við þessa umræðu um nauðsyn aðhalds og ráðdeildar en raun ber vitni. Sá fagurgali og sú glansmynd sem hér er upp dregin er auðvitað á ákveðinn hátt óábyrg skilaboð frá stjórnvöldum út í samfélagið, til fjölmiðla og til almennings. Hún á sér í fyrsta lagi ekki stoð í veruleikanum. Hins vegar er á tímum sem þessum þegar þensluskeið er, og sérstaklega er fram undan, nauðsyn að stjórnvöldin, að ég ekki tali um hæstv. fjármálaráðherra, séu talsmenn aðhalds, ráðdeildar og reglufestu í ríkisrekstrinum og hafi uppi áminningarorð um það að menn haldi þar áætlanir, að þar sé fjárlögum fylgt, fjárlögum hlítt sem lög væru.

Það er nokkuð einkennileg upplifun að sjá hér í opinberri umræðu hæstv. fjármálaráðherra, Geir Haarde, aftur og aftur ekki vera talsmann aðhalds og reglufestu í ríkisrekstrinum. Þvert á móti heldur hann því fram að hér sé allt í himnalagi, góðærið svo að segja í hámarki og að smjör drjúpi af hverju strái. Hvaða skilaboð eru það út í samfélagið, til einstaklinganna og fyrirtækjanna? Eru það skilaboð um að fólk eigi að gæta aðhalds núna í þenslunni? Að við þurfum að gæta þess að ráðast ekki í offjárfestingar eða það að skuldsetja okkur um ekki of? Til þess að taka ekki kollsteypu eins og tekin var eftir svipaðan söng hjá hæstv. fjármálaráðherra Geir Haarde rétt um aldamótin síðustu þegar gengið allt í einu kollsteyptist þrátt fyrir allan sönginn um góðærið og að allt væri í himnalagi í ríkisfjármálunum, þegar verðbólgan rauk hér upp eitt árið í nærfellt 10% með tilheyrandi hækkun á skuldum allra heimila í landinu?

Virðulegur forseti. Nei, það er einkennilegt að sjá Ríkisendurskoðun rísa á fætur í sumar og segja einmitt það sem við, fulltrúar Samfylkingar í fjárlaganefnd, höfum verið að segja undanfarna daga, að það sé langur vegur frá glansmyndum eða fjárlagafrumvörpum hæstv. fjármálaráðherra til niðurstöðunnar í ríkisreikningi. Þegar ríkisendurskoðandi kemur með aðvörunarorð og bendir m.a. á að 120 af 500 fjárlagaliðum séu verulega fram úr heimildum sínum um síðustu áramót rís hæstv. fjármálaráðherra ekki upp og þakkar Ríkisendurskoðun góðar ábendingar. Hann áminnir ekki forstöðumenn ríkisstofnana um það að fjárlög skuli halda. Nei, hann ver framúrkeyrsluna. Hann fullyrðir hér æ ofan í æ að allt sé í lagi og að ekkert sé að.

Auðvitað er það ekki í lagi þegar jafnvel stofnanir eins og sjálft Alþingi Íslendinga, jafnvel forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið eru oftar en ekki á sl. fimm árum með aukafjárveitingar á fjáraukalögum. Auðvitað er slík stjórn ekki í lagi.

Það má til sanns vegar færa í málflutningi hæstv. fjármálaráðherra að ófyrirséð útgjöld geta komið upp. Til þess eru fjáraukalög að mæta slíkum útgjöldum. Að þau skipti hins vegar milljörðum á milljarða ofan nær auðvitað engu lagi. Að mismunurinn á afkomu ríkissjóðs sé að meðaltali yfir ákveðin tímabil yfir 20 milljarðar kr. frá frumvarpi til fjárlaga, að niðurstöðu ríkisreiknings, og að útgjöldin séu nærfellt 30 milljörðum hærri nær ekki nokkurri átt. Það kunna að vera einstök atriði sem hæstv. fjármálaráðherrann getur borið fyrir sig í því. Sem eðlilegt er í slíkri framúrkeyrslu hlýtur eitthvað að vera sem telja má eðlilegt. En slíkar skekkjur í rekstri ríkissjóðs eru auðvitað algjörlega óþolandi. Það þýðir ekki fyrir hæstv. fjármálaráðherra að tala hér um að þetta séu bara óreglulegir liðir. Hversu óreglulegir eru þessir liðir? Hæstv. fjármálaráðherra hefur talað um að ósanngjarnt sé að líta til afskrifta skattkrafna því þær séu óreglulegir liðir. Þessar sömu skatttekjur hefur hann engu að síður tekjufært undir reglulegum liðum. Það borgaði bara aldrei neinn þá álögðu skatta. Eigum við þá að horfa á töluna sem var tekjufærð en aldrei borguð en líta alveg fram hjá því að það varð að afskrifa þessar áætlanir um skatta einhverra sem ekki urðu gjaldfærðir þegar upp var staðið? Nei, auðvitað verður að horfa á það hvað kemur inn í kassann og hvað fer út úr honum.

Í þessu efni ætti hæstv. fjármálaráðherra auðvitað að vera talsmaður aðhalds og aga og halda hér þær ræður sem stjórnarandstaðan heldur um það að menn eigi að fylgja fjárlögum og um það að ekki sé viðeigandi að yfir 100 af 500 fjárlagaliðum séu langt fram úr við síðustu áramót. Hann ætti ekki að tala hér með þeim óábyrga hætti sem hann hefur gert og í raun og veru ýta undir neyslu og fjárfestingar úti um allt samfélag með því að draga hér upp glansmyndir á þeim tíma þegar mestrar er þörf aðhalds og aðgætni í fjármálum heimilanna, fyrirtækjanna og ekki síst ríkissjóðs Íslands.

Ég vil, virðulegur forseti, halda hér til haga tveimur atriðum sem ég fjallaði um fyrir ári við umræður um fjárlögin sem ég held að við þurfum að færa til betri vegar um verklag okkar.

Annað er að það er skoðun mín að við þurfum hér á Alþingi að fjalla um rammana sem úthlutað er til málaflokkanna á vorþingi á ári hverju þannig að þingið hafi lagt meginlínurnar um fjárlögin með pólitískri umræðu á vorþingi og þannig tekið þátt í því að móta þessar meginlínur, en ekki eins og nú er að taka einfaldlega við því sem næst fullsköpuðu frumvarpi 1. október og hafa í sjálfu sér ekki annað hlutverk í því en að auka nokkuð á útgjöldin, eins og reynslan hefur verið hér í meðförum Alþingis á fjárlagafrumvarpinu eftir því sem ég best veit hin síðustu ár. Og ég tel að ef þingið tekur ákvörðunina um rammana á vorþingi þá hljóti þingið að vera nokkuð bundið af þeim römmum þegar fjárlögin koma síðan inn að hausti og hafi ekki þær heimildir og kannski ekki þann vilja að auka í útgjöldin eins og verið hefur og það yrði þess vegna til farsældar fyrir alla fjárlagagerðina og framkvæmd fjárlaganna að breyta verklaginu með þessum hætti.

Sömuleiðis vil ég halda því til haga að mér virðist skorta mjög á langtímaáætlanagerð hjá ríkissjóði. Sveitarfélögunum hefur verið gert að gera þriggja ára áætlanir um framkvæmdir og rekstur með mjög nákvæmum hætti. Það þekkja þeir sem starfað hafa í sveitarstjórnum að það er gríðarlega öflugt stjórntæki í fjármálum sveitarfélaganna.

Hér er þessi langtímaáætlanagerð af mjög skornum skammti og ég hygg að það sé (Forseti hringir.) ein af ástæðunum fyrir því að svo illa hefur til tekist við að ná tökum á ríkisútgjöldunum að menn takast ekki á við það að hausti bara fyrir komandi ár, menn verða að fara að horfa til lengri tíma.

En um málefni öryrkja og öryrkjasamninginn verð ég að fá að fjalla um síðar í umræðunni, virðulegur forseti.

[16:02]

Útbýting:

Atvinnuréttindi útlendinga, 47. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 47.

Dýravernd, 39. mál, frv. SigurjÞ og AKG, þskj. 39.

Lögreglulög, 42. mál, frv. SigurjÞ, þskj. 42.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 38. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 38.

Sjálfstæði og efling Fjármálaeftirlitsins, 45. mál, þáltill. JBjarn og ÖJ, þskj. 45.

Útlendingar, 48. mál, frv. KolH o.fl., þskj. 48.

Varðveisla Hólavallagarðs, 40. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 40.

Vegagerð og veggjöld, 43. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 43.

[16:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ræða hæstv. fjármálaráðherra var bæði athyglisverð og efnismikil svo að ég noti þau tvö lýsingarorð sem hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra notaði um ræðu hæstv. núverandi forsætisráðherra í umræðunum í gærkvöldi. Hvorugt orðið segir reyndar mikið um afstöðu þess sem þau notar til viðfangsins. En inntakið í henni var kannski það helst að koma því til skila til Íslendinga að hér væri allt í blóma og allt væri gott, það hefðu orðið mikil efnahagsumskipti á valdatíma Sjálfstæðisflokksins og honum bæri að þakka allt það góðæri sem hér er.

Það er rétt að hér hafa orðið mikil umskipti í efnahagsmálum á undanförnum árum. En það er hins vegar full ástæða til þess að þakka það ýmsu fleiru en Sjálfstæðisflokknum. Og það er ekki hægt að þakka Sjálfstæðisflokknum fyrir hvaða áhrif hann hefur haft á það hvernig þessum gæðum hefur verið skipt á milli landsmanna því að þar hafa verið settir hjá ýmsir aðilar í samfélaginu sem ekki er boðlegt í jafnríku samfélagi og er á Íslandi. Rík þjóð hefur nefnilega miklar skyldur og það er engin afsökun fyrir ríka þjóð að standa ekki vel að málum gagnvart þeim sem minna mega sín í samfélaginu. Það er engin afsökun fyrir því að atvinnulausir, aldraðir eða öryrkjar hafi ekki þokkalega afkomu í þessu ríka samfélagi, en það hafa þeir ekki. Þetta hefur verið viðfangsefni stjórnmálanna undanfarin ár, og það eru ekki bara þessir hópar sem hafa verið settir hjá því að á þessum valdatíma hefur í raun og veru farið fram tilfærsla á sköttum þar sem þeir sem lægri launin hafa hafa borið þyngri og þyngri byrðar af sköttum eftir því sem árin hafa liðið. Og enn ætla menn að halda áfram á þeirri sömu braut og finnst ekki nóg komið. Enn skulu skattalækkanirnar koma þeim til góða sem mest hafa fyrir og hafa svo sem enga sérstaka þörf fyrir skattalækkanir.

Ég taldi að í umræðunum sem fram fóru fyrir síðustu alþingiskosningar hefði komið fram að menn ætluðu að fara að breyta um kúrs, a.m.k. ætlaði Framsóknarflokkurinn að gera það. En við fáum aldeilis önnur skilaboð í umræðum hér, í viðræðum við hæstv. fjármálaráðherra í sjónvarpi og skilaboðum sem ganga um sali þingsins, að Framsóknarflokkurinn standi í vegi fyrir því að hægt sé að taka á virðisaukaskattinum sem kæmi öllum fjölskyldum í landinu til góða. Ég held að það væri rétt að menn kæmu og útskýrðu hvað það er sem er svona erfitt við þennan virðisaukaskatt og hvers vegna Framsóknarflokkurinn stöðvar framgang málsins í ríkisstjórninni. Það væri, held ég, ástæða til að það gerðist við þessa umræðu að menn upplýstu hvaða vandamál þetta eru.

Hæstv. nýkrýndur forsætisráðherra sagði að það ætti ekki að breyta stefnunni neitt, stefnan væri góð. Til hvers barðist hann til valda í ríkisstjórninni? Í fyrstu ræðu sinni segir hann: Engu skal breytt, allt verður áfram eins og það var, stefnan var góð. Þurfti þá nokkuð nýjan foringja? Var einhver þörf á því?

Og stefnan skal verða áfram eins og hún hefur verið. Það segir í ræðu hæstv. ráðherra að draga eigi úr draga úr samneyslunni um 2% á ári, þó að það liggi fyrir að menn geri ráð fyrir að verðbólgan verði hærri en það, þannig að samneyslan hlýtur þá að eiga að skreppa saman. Og þá þurfa menn auðvitað að útskýra með hvaða hætti þeir ætla að stýra þeim samdrætti. Hverjir eiga að bera skarðan hlut frá borði þegar samneyslan á að dragast saman? Það hefur ekki verið gert við þessar umræður.

Það er fleira sem virðist angra þennan meiri hluta ríkisstjórnarinnar, fleira sem þeim hefur ekki tekist að ná saman um. Nú segir hæstv. fjármálaráðherra að hann vonist til

þess að hægt sé að selja Símann einhvern tíma á næstu mánuðum. Þegar Framsóknarflokkurinn tók við því búi og hófst handa við að fara að selja Símann þá var það hans fyrsta verk að lýsa því nánast yfir að allur undirbúningur væri í skötulíki og það þyrfti að fá ráðgjafa og taka sér góðan tíma til þess að vinna að málinu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið að hnoðast með málið í fjöldamörg ár og niðurstaðan liggur sem sagt ekki fyrir enn þá. Við vitum ekki hvað verður gert við þá fjármuni ef þeir þá koma til einhverra skipta á komandi árum.

Ætli æðistór hluti af þeim hagnaði sem hæstv. fjármálaráðherra hefur verið að hæla sér af á undanförnum árum í ríkissjóði sé ekki einmitt fólginn í því að ríkissjóður hefur verið að selja eignir ríkisins? Það mundi muna um það í búið hjá fjármálaráðherra ef Síminn yrði nú seldur líka. En um það verður auðvitað ekki sátt undir þeim formerkjum sem Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði sér að hafa. Vonandi stendur Framsóknarflokkurinn í lappirnar og kemur í veg fyrir að niðurstaðan af sölu Símans verði gríðarlega stórt fyrirtæki með einokunartök á markaðnum, sem er auðvitað ekki boðlegt eftir allar umræðurnar sem farið hafa fram hér af hálfu ríkisstjórnarflokkanna um hvernig taka þurfi á þeim sem hafi einokunartök á markaðnum.

Hæstv. ráðherra talaði um það líka að enn frekari stóriðjuframkvæmdir væru líklegar. Það hafa verið að kvisast út fréttir af því að til standi að halda áfram í stóriðjuuppbyggingu í landinu. En hæstv. fjármálaráðherra kynnti það að nú skyldi skera niður í vegaframkvæmdum og það er svarið við þeirri spennu sem þessar stóriðjuframkvæmdir valda. Og það hefur verið skorið niður í vegaframkvæmdum. Það hefur verið skorið niður, lækkað framlag til framkvæmda í vegamálum um heilan milljarð á hverju ári sl. þrjú ár samkvæmt því sem nú liggur fyrir. Ef menn ætla sér að halda áfram uppbyggingu stóriðju með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár og liggur fyrir að verður núna, hvernig ætla menn þá að leysa úr þeim vandamálum sem skapast í samfélaginu vegna þess að menn gera þær kröfur á ríkissjóð að hann skuli draga saman? Hvenær verður hægt að ráðast í þær framkvæmdir sem þörf er á?

Ég spyr líka: Hvar sér þess stað í fjárlagafrumvarpinu að menn ætli með einhverjum hætti að koma til móts við þær byggðir landsins sem hafa farið halloka? Ég hafði bundið vonir við að það yrði fyrst og fremst í vegamálum, að þar yrðu stærstu framlögin til að koma til móts við þau byggðarlög sem verst standa í landinu. Það hefur nefnilega yfirleitt reynst best af því sem ríkisvaldið hefur gert. En nú skal skorið niður þar og það hefur ekki komið fram með neinum hætti hvar menn ætla að láta þess sjást stað að koma eigi til móts við þau byggðarlög sem verst standa.

Ég endurtek að mér finnst sú stefna sem rekin hefur verið undanfarin ár og boðuð er áfram ekki samboðin svo ríkri þjóð sem Íslendingum. Hér verða menn að vera það stórir í sniðum að þeir skilji ekki eftir þá sem þurfa á samfélagshjálpinni að halda og skilji ekki heldur eftir byggðarlög eða landsvæði þegar verið er að líta til þeirra framkvæmda sem ríkið getur staðið fyrir og þess afls sem í ríkissjóði býr.

[16:13]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Þingheimur og þjóð verða að geta gert ákveðnar kröfur til hæstv. fjármálaráðherra. Þær kröfur uppfyllir núverandi fjármálaráðherra alls ekki. Fjármálastjórn ríkisins á hans vakt hefur verið með ólíkindum. Áætlanir standast ekkert og það virðist vera nákvæmlega ekkert sameiginlegt með þeirri mynd sem hæstv. fjármálaráðherra dregur upp á hverju ári og síðan þeim raunveruleika sem blasir við þjóðinni þegar reikningarnir eru loksins gerðir upp. Ár eftir ár stenst ekki orð af því sem hæstv. fjármálaráðherra segist ætla að gera í ríkisfjármálum. Og tölurnar tala einfaldlega sínu máli.

Ef við skoðum hinn meinta afgang sem er iðulega kynntur fyrir þjóðinni á hverju einasta hausti annars vegar og síðan hins vegar niðurstöðuna þegar reikningarnir eru gerðir upp kemur margt forvitnilegt í ljós.

Árið 2000 gerði fjárlagafrumvarp ráðherrans ráð fyrir 15 milljarða kr. afgangi. Fjárlögin sem síðan voru samþykkt um jólin gerðu ráð fyrir 16,7 milljarða kr. afgangi. Hver varð niðurstaðan þegar reikningurinn var gerður upp? Rúmir 4 milljarðar í mínus.

Árið 2001 gerðu bæði fjárlagafrumvarp og fjárlögin ráð fyrir u.þ.b. 30 milljarða kr. afgangi á ríkissjóði. Niðurstaðan varð hins vegar einungis 8 milljarða kr. afgangur.

Árið 2002 gerðu fjárlagafrumvarpið og fjárlögin ráð fyrir u.þ.b. 18 milljarða kr. afgangi. Hver var niðurstaðan? Halli upp á 8 milljarða. Síðan í fyrra gerðu fjárlagafrumvarp og fjárlög ráð fyrir u.þ.b. 11 milljarða kr. afgangi. Hver var niðurstaðan? Halli upp á 6 milljarða. Þetta var áætlanagerð hæstv. fjármálaráðherra hvað varðar afganginn sem nánast undantekningarlaust varð að halla í hans meðförum. Að meðaltali munaði um 21 milljarði kr. á ári milli afgangs fjárlagafrumvarps og ríkisreiknings.

Svipaða sögu er að segja um ríkisútgjöldin. Þau standast ekki heldur. Ef við skoðum árin 2000–2003 þá munaði að meðaltali u.þ.b. 28,3 milljörðum kr. á milli gjalda fjárlagafrumvarpsins og síðan þeim raunveruleika sem blasti við í ríkisreikningi.

Ef við skoðum síðan ríkisreikning 2003, þá sjáum við að útgjöld ríkisins umfram fjárlagafrumvarpsins jukust um rúmlega 3 millj. kr. á hverri einustu klukkustund. En hæstv. fjármálaráðherra Geir H. Haarde telur sig hins vegar hafa svör við þessu öllu saman, á þessum 20 milljarða kr. sveiflum, hvort sem litið er á ríkisútgjöldin eða afgang ríkissjóðsins. Hann vill einfaldlega taka út óheppilega liði og fínpússa útkomuna aðeins. Hann fullyrðir að fjárlög og ríkisreikningur séu ekki samanburðarhæf.

Hæstv. fjármálaráðherra bendir á fjáraukalögin sem eina af sínum skýringum. En það er auðvitað ofsalega þægilegt að hafa svona eftirástimpil sem fjáraukalögin eru fyrir allt sem umfram er. Fjáraukalögin eiga að mæta óvæntum útgjöldum ríkissjóðs. Það er tilgangur þeirra. Núverandi ríkisstjórn virðist hins vegar nota þau markvisst fyrir fyrirséð útgjöld sem ráðherrarnir leggja í eftir að fjárlögin hafa verið afgreidd.

Það hafa verið afgreidd fjáraukalög upp á tugmilljarða kr. undanfarin ár. Aðeins á síðasta ári voru afgreidd fjáraukalög upp á 20 milljarða. Það er ekki góð fjármálastjórn

að hafa regluleg fjáraukalög upp á tugmilljarða kr. Þess vegna er þessi skýring hæstv. fjármálaráðherra ekki góð og í raun staðfestir hún málflutning stjórnarandstöðunnar um óvandaðar áætlanir hæstv. ráðherra.

Það er annað sem hæstv. fjármálaráðherra bendir á í sínu máli til að styðja það, það er gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga. Þetta á að vera eitthvert töfraorð sem tryggir málflutning ráðherrans. Hæstv. fjármálaráðherra virðist gleyma að í hans eigin fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir þessum lið eins og ber að gera. Þessi liður er núna í fjárlagafrumvarpinu. Því þýðir ekki að benda ætíð á að þessi liður sé einfaldlega hæstv. fjármálaráðherra og ríkisfjármálum alveg óviðkomandi. Ef hæstv. fjármálaráðherra sér fram á stóraukna gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga, þá á það að vera í frumvarpinu sjálfu. Það þýðir ekki að benda ár eftir ár á óvænta gjaldfærslu upp á tugmilljarða kr. Í raun staðfestir þessi skýring einnig málflutning okkar í Samfylkingunni að fjárlagafrumvarpið sé varla pappírsins virði.

Í stuttu máli snýst málflutningur hæstv. fjármálaráðherra um að fjárlög og fjárlagafrumvarpið séu ekki samanburðarhæf við ríkisreikninginn sem sýni raunveruleikann eins og hann birtist. Hins vegar hikar ekki hæstv. fjármálaráðherra við að bera sjálfur saman fjárlögin við ríkisreikninginn þegar það hentar honum. Það er ekki lengra síðan en í morgun sem hæstv. fjármálaráðherra gerði það í sinni eigin framsöguræðu. Þar segir hann á bls. 4 með leyfi forseta:

„Tekjuafgangur ríkissjóðs árið 2005 er áætlaður 11,2 milljarðar króna í frumvarpinu og styrkist staðan nokkuð frá áætlaðri útkomu þessa árs og verulega miðað við ríkisreikning 2003."

Þarna ber hæstv. fjármálaráðherra sjálfur tekjuafgang við útkomu ríkisreiknings, alveg eins og við í Samfylkingunni höfum verið að gera.

Það er einnig í þessu sambandi rétt að benda á annað frumvarp sem þessi sama ríkisstjórn lagði fram árið 1996. Þetta var frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins. Þá var m.a. gerð sú breyting að fjárlagafrumvarpið var sett á rekstrargrunn í stað greiðslugrunns. Við skulum bara líta á hvað stendur bókstaflega í þessu frumvarpi ríkisstjórnar Geirs H. Haardes. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Hingað til hefur fjárlagafrumvarpið verið sett upp á greiðslugrunni en hér er lagt til að það verði á rekstrargrunni en greiðsluhreyfingar jafnframt sýndar. Breytingin hefur það í för með sér að áætlanir fjárlaga og niðurstöður ríkisreiknings verða að fullu samanburðarhæfar, ..."

Þetta stendur orðrétt í frumvarpi ríkisstjórnar Geirs H. Haardes.

Þetta er einmitt það sem við í Samfylkingunni erum að gera. Við erum að bera saman fjárlögin eða fjárlagafrumvarpið við útkomna ríkisreikninga. En samanburðurinn er hæstv. fjármálaráðherra svo sár að hann reynir að þæfa umræðuna í þeirri von að geta búið til tortryggni í kringum okkar málflutning.

Niðurstaðan sem m.a. Ríkisendurskoðun, sem er óháð ríkisstofnun, staðfestir er að fjármálastjórn ríkisins undir stjórn hæstv. fjármálaráðherra Geirs H. Haardes, er með öllu afleit og mundi ekki einu sinni duga í lítilli sjoppu hvað þá meira.

[16:21]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég mun nú halda áfram þar sem frá var horfið fyrr í dag í ræðu minni þar sem ég ræddi um stöðu sveitarfélaganna og hvernig samskipti ríkis og sveitarfélaga hafa verið. Það hefur að vísu nokkuð verið rætt síðar í ræðum hv. þingmanna og ég get því stytt mál mitt verulega hvað þetta varðar. Eitt atriði verð ég þó óhjákvæmilega að minnast á vegna þess að það eru gögn frá fjármálaráðuneyti sem stangast algerlega á við það sem fram kemur í tímariti sveitarstjórnarmanna, þ.e. Sveitarstjórnarmálum, sem er nýlega komið út. Í riti fjármálaráðuneytisins, Úr þjóðarbúskapnum, segir frá því þar sem er verið að tilgreina að rekstur sveitarfélaganna að á árinu 2003 hafi þau skilað afgangi í fyrsta skipti frá því 1990. Þetta passar ekki alveg saman og það er nauðsynlegt að hæstv. fjármálaráðherra skýri þann mismun sem kemur fram í þessu riti og því sem kemur fram í nýjasta tímaritinu, Sveitarstjórnarmál. Þar segir m.a. þar sem fjallað er um niðurstöður ársins 2003 að afkoman verði tæpir 3 milljarðar kr.

Ekki nóg með það, heldur er það skýrt hér með tölum hvernig þetta hefur verið að þróast á milli ára. Ég mun ekki fara nákvæmlega yfir það, en hér kemur fram skýring sem er afar nauðsynlegt að við höldum til haga í umræðu um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Hér segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ástæður lakari afkomu á árinu 2003 í samanburði við árið á undan eru einkum raktar til óhagstæðrar gengisþróunar, en einnig til mikillar fjölgunar einkahlutafélaga, sem dregur úr útsvarstekjum sveitarfélaga."

Hér er þetta staðfest hreint og klárt og síðan vitnað til þess að væntanlega skeiki þarna um á annan milljarð kr. bara út af þessum eina þætti. Það er því augljóst mál að það tal um að sveitarfélögin hafi í raun nægja fjármuni á ekki við rök að styðjast. Það er hins vegar nauðsynlegt að fá skýringu á hvernig á því standi að þessar upplýsingar eru svona algjörlega á skjön.

Herra forseti. Hér hefur nokkuð verið rætt, þó lítið hafi verið, um menntamál. Það er auðvitað alveg með ólíkindum að við þurfum að horfa upp á það á árinu 2004 að það þurfi að halda fólki frá skólagöngu. Flestar þjóðir í nágrenni við okkur hafa verið að gera sérstakt átak til þess að reyna að fá fólk inn í skóla. Hér fá unglingar, einnig yngra og eldra fólk sem hyggur á skólagöngu þau skilaboð frá stjórnvöldum að það sé ekki æskilegt í skólum. Þannig voru m.a. skilaboð til þeirra sem vildu komast í framhaldsskólana í haust að einungis aðgangur nýliðanna væri tryggður, þ.e. þeirra sem voru að ljúka grunnskóla, en það fólk sem hafði dottið út af einhverjum ástæðum átti að vera einhver afgangsstærð. Það er með ólíkindum að svona skilaboð skuli koma frá stjórnvöldum.

Nú er gengið fram í því að reyna að bæta fjárhag háskólanna með því að stórhækka innritunargjöld. Það er ekki verið að hækka þau um einhver örfá prósent, heldur er farið í tæplega 40%, skólagjöldin skulu hækkuð úr 32.500 í 45 þús. kr. (**Gripið fram í:** ... ekki menntamálaráðherra fá að tala ...)

Hæstv. menntamálaráðherra hlýtur að vera á leiðinni hingað, herra forseti, því ég var búinn að óska eftir því fyrr

í dag að það yrði tryggt að fagráðherrar væru hér til staðar þegar ég mundi halda seinni ræðu mína.

(**Forseti** (BÁ): Forseti skal kanna þetta mál, en það er ljóst að ýmsir ráðherrar hafa verið hér í dag eins og hv. þingmanni er kunnugt um. Ég skal kanna þetta.)

Herra forseti. Það vill svo til að ég á einnig möguleika á þriðju ræðu og ég verð ef til vill að bíða með eitthvað af spurningum mínum þar til einhverjir hæstvirtra ráðherra ná að skila sér í hús.

Nauðsynlegt er að fá hæstv. menntamálaráðherra hér í hús vegna þess að í frumvarpinu kemur fram að ekki sé bara verið að stórhækka innritunargjöld í háskóla. Þar eru einnig tölur um nemendafjölda, bæði í framhaldsskólum og háskólum, sem eru gefnar upp sem helsta skýring á því að verið er að auka fjármuni til þessara stofnana.

Mér sýnist, þrátt fyrir að ég hafi ekki haft mikinn tíma til þess að skoða þessar tölur og sannreyna þær, að þær séu því miður allt of lágar. Í sumum tilfellum eins og í framhaldsskólunum virðast þær ekki einu sinni ná þeim tölum sem gert var ráð fyrir á þessu ári. Hér vantar greinilega mikið á. Ég er rétt byrjaður að glugga í fjáraukalög fyrir árið 2004. Þar kemur m.a. fram að verið sé að mæta auknum nemendafjölda í framhaldsskólum, en það á ekki að bæta skólunum það að fullu, heldur á að lækka viðmiðið frá því sem áður var. Þannig verður sagt: Við mætum nemendafjöldanum, en gerum það síðan ekki í krónutölunni. Þennan leik er búið að leika ár eftir ár eftir ár. Í fyrra var hins vegar verið að reyna að ná nemendafjöldanum, þá voru tölurnar lækkaðar. Þannig á að halda áfram, það á ekki að sinna menntakerfinu eins og eðlilegt er að við gerðum á þessu ári. Síðan koma alltaf hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins og einstaka hv. þingmaður Framsóknarflokksins og endurtaka það í síbylju að það sé stöðugt verið að auka fjármuni til menntakerfisins. Það er auðvitað fyrst og fremst vegna þess að verið er að fjölga og bæta við í kerfinu sem er eðlilegt, en hins vegar verða menn auðvitað að mæta þeim þörfum sem til staðar eru.

Svo væri eðlilegt, herra forseti, að fá einhverjar skýringar frá hæstv. menntamálaráðherra ef hæstv. menntamálaráðherra mundi sjást hér, vegna þess að það kemur fram í frumvarpinu að loksins — loksins — eigi að hlusta á þá gagnrýni sem við höfum sett fram ár eftir ár á reiknilíkan framhaldsskólanna, því nú á loksins að fara að endurskoða það líkan. Nú ætlar fjármálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið að setjast sameiginlega yfir líkanið og reyna að átta sig á því hvað er að. Það er auðvitað kominn tími til. Ég hefði viljað fá að heyra það frá hæstv. menntamálaráðherra hvaða þætti á sérstaklega að skoða. Það hafa verið gerðar a.m.k. tvær skýrslur um reiknilíkanið. Það liggur því fyrir að stórum hluta til hvað á vantar í því, hvað hefur legið til hliðar.

Herra forseti. Ég sé það að hæstv. heilbrigðisráðherra situr hér í salnum og mun því nýta tækifærið og eiga örlítinn orðastað við hæstv. ráðherra.

Það hefur komið hér fram að Öryrkjabandalagið telur, ásamt fleirum, að ekki sé staðið við samkomulag sem gert var fyrir kosningar á síðasta ári. Það er talið og hefur verið reiknað út að það vanti um 500 millj. á þessu ári og væntanlega eitthvað hærri upphæð á næsta ári til þess að standa við þetta samkomulag. Það er eiginlega alveg með ólíkindum að hæstv. ráðherrar komi hér hver af öðrum og fullyrði að í þessu samkomulagi hafi eingöngu verið samið um eina ákveðna krónutölu. Ég man ekki betur en að í umræðum hér fyrir ári síðan hafi hæstv. heilbrigðisráðherra staðfest að það hafi ekki verið samið um ákveðna krónutölu, heldur um ákveðna leið sem ætti að fara. Það er auðvitað nauðsynlegt að hæstv. heilbrigðisráðherra komi og skýri þá stöðu sem þetta mál er í nú og hvort búast megi við að því verði kippt í liðinn áður en fjárlög verða samþykkt.

Einnig er nauðsynlegt, herra forseti, að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra varðandi hækkun komugjalda á heilsugæslustöðvar sem eiga að hækka nú um tæplega 50 millj. hvaða munur er á þessari hækkun og þeirri hækkun sem var í frumvarpinu fyrir ári síðan? Er enn verið að bæta í? Hvaða fyrirkomulag er fyrirhugað í þeim efnum?

Það er einnig nauðsynlegt að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra um ýmis vandamál í heilbrigðiskerfinu sem ég ætla ekki að fara nákvæmlega ofan í. En við heyrðum í fréttum í gær að Landspítali – háskólasjúkrahús, sem er stærsta sjúkrahús landsins, telur að miðað við fjárlagafrumvarpið þurfi það enn að grípa til niðurskurðaraðgerða. Því er nauðsynlegt að heyra frá hæstv. heilbrigðisráðherra hvaða leiðir þar séu líklegastar til árangurs.

Herra forseti. Enn á ný gerist það að tími minn rennur út áður en ég lýk öllu því sem ég hefði viljað koma að. Ég vil nota þær örfáu sekúndur sem eftir eru til að óska eftir því að áður en ég held þriðju ræðu mína verði hæstv. menntamálaráðherra komin hingað í salinn, ef einhver möguleiki er á, og hæstv. samgönguráðherra og hæstv. félagsmálaráðherra, því við þessa þrjá ráðherra þarf ég að eiga örlítinn orðastað á eftir.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill upplýsa að þeim óskum hv. þingmanns sem fram hafa komið hefur verið og verður komið á framfæri við viðkomandi hæstvirta ráðherra.)

[16:31]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mönnum hefur verið tíðrætt hér á umliðnum dögum og vikum og mánuðum raunar um virðingu Alþingis og stöðu þess í þrískiptingu ríkisvaldsins, gagnvart framkvæmdarvaldinu, gagnvart dómstólum o.s.frv. Úr stóli forseta hafa verið fluttar gagnmerkar ræður í þá veru, raunar mjög umdeildar.

Það er gjörsamlega óþolandi með öllu að hér skulum við við 1. umr. fjárlaga horfa upp á þann veruleika nú eftir fimm til sex klukkutíma umræðu þar sem einir 14 eða 16 alþingismenn hafa haldið sínar ræður, komið fram með athugasemdir sínar og fyrirspurnir, að ekki einn einasti fagráðherra hafi átt erindi upp í þennan stól til að svara fyrirspurnum, til að koma fram með stefnumörkun sína í þessu stærsta máli haustsins. Ég er eldri en tvævetur á hinu háa Alþingi, herra forseti, og minnist þess ekki að hér áður fyrr hafi mál verið með þessum hætti. Vissulega er það þannig að fjármálaráðherra fer fyrir flokki ríkisstjórnar, ráðherranna, í þessum efnum. Venjan hefur engu að síður verið sú að fagráðherrarnir hver um sig nota þetta tækifæri til þess að útlista sína sýn á komandi fjárlagaár, fara yfir hverjar áherslurnar eru, hvað liggi á bak við þær tölur sem er að

finna í frumvarpinu. En það er ekki ætlt. Ekki er sagt eitt aukatekið orð og ekki látið svo lítið að svara fyrirspurnum um einstök atriði í þessari umræðu. Svona getur þetta ekki gengið lengur. Við erum að tala um virðingu Alþingis. Ef því er sýnd einhvern tímann óvirðing þá er það við þessa umræðu.

Ég tek undir með síðasta ræðumanni og fer þess á leit að við gerum hlé á umræðunni þar til þessir fagráðherrar eru mættir hér til leiks og sitja þennan fund og taka þátt í honum af fullum krafti. Það er lágmarkskrafa, herra forseti. Tillaga mín er því þessi: Gerum hlé á þessari umræðu þar til ráðherrar þessarar ríkisstjórnar gefa sér tíma og ráðrúm til að vera við hana.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti endurtekur að gerðar hafa verið ráðstafanir til að koma skilaboðum til viðkomandi ráðherra.)

[16:34]

Einar Már Sigurðarson *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vakti athygli á því fyrr í dag að það væri hluti af samkomulagi sem hefði verið gert milli forseta og formanna þingflokka að, eins og segir hér í 5. lið, áhersla yrði lögð á að fagráðherrar verði viðstaddir umræðuna.

Nú gerði ég ekki þá kröfu fyrr í dag að fagráðherrar væru hér í allan dag heldur tilkynnti að ég þyrfti að eiga orðastað við fjóra hæstv. fagráðherra og gaf þar af leiðandi nokkuð góðan frest til þess að þeir mættu vera hér í húsi þegar ég héldi ræðu mína. Það hefur aðeins einn hæstv. ráðherra orðið við þessari beiðni, hæstv. heilbrigðisráðherra. En hinir hæstv. ráðherrarnir hafa ekki látið sjá sig.

Ég hlýt því að ítreka þá ósk mína að það sé lágmarkskrafa að þegar ég held þriðju ræðu mína á eftir, verði hér komin í hús hæstv. félagsmálaráðherra, hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. samgönguráðherra og ef ekki eru fullnægjandi fjarvistarástæður hæstvirtra ráðherra þá er óhjákvæmilegt að umræðunni verði frestað þar til hæstv. ráðherrar geta látið svo lítið að láta sjá sig hér í húsi.

[16:35]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þessar óskir hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Mér finnst þetta eðlileg krafa og í samræmi við samkomulag sem gert var hér á sínum tíma. Við erum að nálgast lok 1. umr. um fjárlögin. Það var sett fram krafa af hv. þingmanni um viðveru tiltekinna ráðherra hér við umræðuna. Mér finnst ástæða til að við gerum hlé á fundinum þó ekki væri nema í fáeinar mínútur til þess að ráða okkar ráðum og kanna hvort þessir tilteknu ráðherrar séu á leið til þingsins.

[16:36]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég tek undir þær óskir sem fram hafa komið um að fagráðherrar verði hér við umræðuna. Í sjálfu sér væri ekkert eðlilegra en að þeir fagráðherrar sem hafa við það að glíma að fást jafnvel við mikinn niðurskurð, eins og samgönguráðherrann hæstvirtur í sínu ráðuneyti, komi hér og geri grein fyrir því hvernig brugðist verði við, hvernig þessi niðurskurður í vegamálum komi t.d.við vegáætlun og hvaða vinna sé í gangi í ráðuneytinu til þess að skipuleggja þessa hluti sem leiða af þeim mikla niðurskurði sem þar er — þetta á auðvitað við um fleiri ráðherra en hæstv. samgönguráðherra — til þess að skýra fyrir bæði þingi og þjóð hvaða áhrif helstu ákvarðanir í fjárlögunum hafa á a.m.k. þau ráðuneyti þar sem mest kemur við á hverjum tíma. Það er mjög eðlilegt að þetta gerist þannig. En hér virðist hafa verið að myndast með árunum einhvers konar afstaða hjá stjórnarliðinu á Alþingi sem gengur út á það að sitja af sér umræður í Alþingi, sitja þær bara af sér, að leyfa þeim bara að tala í stjórnarandstöðunni, reyna að lifa þetta svona einhvern veginn af, vera í bakherbergjum eða bara ekki í húsinu. Þetta er ekki boðlegt. Hér eiga menn að gera grein fyrir stefnu sinni. Að minnsta kosti gæti maður haldið að þeir væru ekki í neinum vandræðum með það. Nógu kotrosknir eru þeir yfir því hvað stefnan sé nú góð á hinum ýmsu stundum. Ætti t.d. hæstv. samgönguráðherra ekki geta komið hér og stillt málum upp? Hann hlýtur að hafa tekið þátt í að samþykkja þennan niðurskurð í vegamálum sem er fram undan. Hann hlýtur að geta sagt frá því hvernig hann ætlar að bregðast við úr því hann ætlar að taka stærsta pokann. Það ætti hann að gera við þessa umræðu.

[16:39]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Ég vil nú bara halda því til haga að ég hef verið við þessa umræðu síðan klukkan hálftíu í morgun og ekkert farið úr húsi. Ég hef ekki tekið til máls enn þá. Ég hafði hugsað mér að taka til máls þegar liði á umræðuna bregðast þá við því sem til mín er beint. Ég vil bara að það komi fram.

[16:39]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Vegna þess sem fram kom hjá síðasta ræðumanni þá er það nú stundum þannig að þeir eru skammaðir sem síst skyldi, þ.e. þeir sem eru viðstaddir, því ekki næst í hina.

Kjarni málsins er vitaskuld sá að þessi umræða um fjárlög fer jafnan fram á þessum degi. Þetta eiga hæstv. ráðherrar að vita. Það á ekkert að koma þeim á óvart að þessi umræða sé í dag. Ég hefði talið, virðulegi forseti, að ef einhverjir ráðherrar hafi ekki haft vitneskju um að þessi umræða væri í dag þá væri a.m.k. mikilvægt að koma því til skila.

Annað er kannski enn alvarlegra í þessu máli. Það er að hér hefur verið gert samkomulag. Það er búið að gera samkomulag um ákveðið form á þessari umræðu. Þar er kveðið skýrt á um að ráðherrar séu hér nema í undantekningartilvikum. Að undanskildum þeim tveim ráðherrum sem hér sitja, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. heilbrigðisráðherra, höfum við ekki orðið vör við að aðrir ráðherrar sitji hér eða hafi gefið skýringar á fjarveru sinni. Það vissulega vekur þær hugrenningar hvort hægt sé að gera svona samkomulag, þ.e. ef niðurstaðan er sú að ráðherrar hæstvirtir eru ekki viðstaddir þessa umræðu.

Þess vegna verð ég að segja, virðulegi forseti, að hafi

þinginu skjöplast eitthvað við að upplýsa ráðherra um að þessi umræða færi fram í dag eða það á einhvern hátt farið fram hjá hæstv. ráðherrum þá er mikilvægt að þingið upplýsi um það. Þetta skilur svo eftir spurninguna um hvort hægt sé að gera samkomulag um þessa umræðu á komandi árum.

[16:41]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Að gefnu tilefni vill forseti geta þess að bæði samgönguráðherra og menntamálaráðherra hafa verið viðstaddir hluta þessarar umræðu.

[16:41]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram. Ég flutti hér ræðu og hef ekki sett mig á mælendaskrá aftur. Ég hafði vonast til þess að hæstv. samgönguráðherra kæmi í hús og léti í ljós skoðanir sínar á því sem ég gerði að stórum hluta að umræðuefni í ræðu minni, þ.e. niðurskurð í framkvæmdum sem sérstaklega sneri að vegamálum. Ég hef mikinn hug á því að heyra útskýringar hans og áherslur í þeim málaflokki áður en ég held seinni ræðu mína og ég tek algjörlega undir það að samkomulagið sem gert var við þingflokksformenn eigi að standa.

Það getur ekki verið að ráðherrarnir hafi ekki vitað af þessari umræða sem við þingmenn vissum um í síðustu viku að færi hér fram á þessum degi í þessari viku. Ég tek því undir þau tilmæli til hæstv. forseta að hann sjái til þess að ráðherrar séu hér viðstaddir umræðuna og taki vonandi þátt í henni.

[16:43]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ástæða er að leggja áherslu á að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur verið við umræðuna í allan dag. Það er rétt sem fram kom í hans máli. En hann er undantekningin sem nánast sannar regluna. Aðrir ráðherrar hafa ekki verið hér nema þá í mýflugumynd. Þetta er staðreynd.

Af því að vísað er í samkomulag sem menn hafa gert um fyrirkomulag þessarar umræðu þá vil ég segja að það gengur út á það að stytta hana verulega. Ef við hefðum farið að hefðbundnum þingskapareglum hefðu ræður verið 20 mínútur eða 40 mínútur ef óskað hefði verið tvöföldun ræðutíma sem iðulega er gert. En það var tekin sú ákvörðun að stytta umræðuna þannig að þingmenn aðrir en talsmenn flokkanna fengju einvörðungu tíu mínútur hver. Hér segir svart á hvítu, með leyfi forseta:

„Lögð verður áhersla á að fagráðherrar verði viðstaddir umræðuna.“

Nú hefur verið óskað eftir því formlega hér úr ræðustól að tilteknir ráðherrar komi til umræðunnar. Við erum að nálgast lok hennar núna — eða það þótti fyrirsjáanlegt. Þetta kann að breyta einhverju um það reyndar hvenær henni lýkur — og þá á það að ráðast hvort þeir koma til þings eða ekki.

Þess vegna ítreka ég fyrri óskir sem hér hafa verið settar fram um að hlé verði gert á þingfundinum þannig að við getum ráðið ráðum okkar og hægt verði að ganga úr skugga um hvort þeir ráðherrar sem hefur verið óskað eftir að komi í þingsalinn og verði hér við umræðuna séu yfirleitt á leið til þingsins.

Ég legg áherslu á að gert verði stutt hlé á þingfundinum þar sem við getum fengið botn í þetta mál.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill upplýsa að boðum hefur verið komið til þeirra ráðherra sem nefndir hafa verið. Skilaboðin eru á þá leið að félagsmálaráðherra hæstv. og samgönguráðherra séu svo til komnir í hús.)

[16:46]

Drífa Hjartardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að sumir þeirra sem tekið hafa til máls undir þessum lið hafa sjálfir ekki verið í þingsalnum í dag. Ég hef setið hér frá því í morgun. Ég vil upplýsa hv. þingmenn, sem eru nýkomnir í salinn, um að hér hafa, fyrir utan fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra, verið menntamálaráðherra, samgönguráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra. Forsætisráðherra sá ég og umhverfisráðherra var hér í morgun. Iðnaðarráðherra hefur verið hér auk félagsmálaráðherra og landbúnaðarráðherra. Sjávarútvegsráðherra er í leyfi.

Ég vildi halda þessu til haga vegna þess að mér finnst það lykta af lýðskrumi þegar menn láta svona.

[16:46]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram að ég hef ekkert við fundarstjórn forseta að athuga. En ég verð á hinn bóginn að segja að mér er orða vant eftir ræðu hv. þm. Drífu Hjartardóttur áðan. Ef virðing þingmanna og sjálfsvirðing birtist í því sem hún sagði áðan þá erum við í vanda stödd. Ef þingheimur lætur sér það nægja að sjá ráðherra ríkisstjórnarinnar á ferli í þinghúsinu, langa stund eða skamma, þegar við ræðum um stærsta mál haustsins, fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar, þá er Vöggur litlu feginn. Það gefur augaleið. Kannski birtist vandi þingsins í orðum hv. þm. Drífu Hjartardóttur, að láta sér nægja það.

Við búum við það að hér eru gerð rammafjárlög. Þau eru með þeim hætti að fagráðherrarnir koma með tillögur og bera ábyrgð á sínum römmum. Af þeim ástæðum hefur umræðan í dag m.a. birst í því að einstökum ráðherrum hefur verið hlýtt yfir. Þeir eru spurðir spjörunum úr, hvað býr að baki tölunum. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því að hæstv. fjármálaráðherra viti upp á punkt og prik hvað að baki liggur. Þannig er gangverkið í þessu, viti einhver ekki af því.

Ég vil sérstaklega bjóða nýja hæstv. ráðherra velkomna til starfa við 1. umr. En mér finnst ekki mikill bragur á því að fyrstu dagar þeirra í nýjum embættum á hinu háa Alþingi séu þannig að þeir séu fjarverandi.

Ég þakka engum fyrir það ef hæstv. ráðherrar láta svo lítið að koma til þings í skamma stund eða langa eða að hér þurfi þingheimur að bíða mínútum eða klukkutímum saman eftir að hæstv. ráðherrar komi til fundarins. Þetta er stærsta mál haustsins. Hér eiga þeir að sitja hvað sem tautar og raular og taka þátt í umræðunni, ekki bara vera hér á kreiki.

Ég var að rifja upp að þetta hafi ekki verið með þessum

hætti. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort þetta nýja verklag sé með hans velvilja? Ég neita að trúa því. Ég held þvert á móti að hann vilji ekki hafa þetta svona.

Ég vil enn fremur spyrja ráðherra að því hvort eitthvað hafi misfarist í boðun við ríkisstjórnarborðið. Gleymdist hreinlega að láta, a.m.k. nýja fagráðherra, vita af því hvert gangverkið er í þessum efnum? Eða er hæstv. ríkisstjórn kannski alveg sama? Er þetta nýjasta birtingarformið á þreytu hennar og uppgjöf? Kannski er það svo.

[16:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér blöskraði þegar það var kallað lýðskrum að þingmenn í salnum færu fram á að fagráðherrar væru til staðar til að svara spurningum og taka þátt í umræðum við 1. umr. um fjárlög. Það ætti ekki að þurfa að boða ráðherra til umræðunnar þegar klukkuna vantar tíu mínútur í fimm og umræðan hefur staðið síðan 10.30 í morgun. Þótt einhverjir ráðherrar hafi sýnt sig á göngunum ætti það að vera skylda þeirra, maður mundi ætla það, að vera viðstaddir. Ætla mætti að það væri hluti af starfsskyldum þeirra að vera viðstaddir þegar þessi umræða fer fram. Ég verð að segja að þetta er lítilsvirðing við þingið. Þetta er lítilsvirðing við þá sem taka þátt í þessari umræðu, að vera ekki til staðar til að svara fyrir málaflokka sína.

Ég veit ekki betur en að gert hafi verið samkomulag um að þeir væru viðstaddir. Ég spyr: Er ekki hægt að gera samkomulag um nokkurn hlut við þessa ráðherra? Geta þeir ekki staðið við neina samninga eða samkomulag? Ég ætlaði að ræða við hæstv. heilbrigðisráðherra, sem hefur verið viðstaddur í allan dag, um samkomulag sem ekki hefur verið staðið við, samkomulag við stóran hóp í samfélaginu sem hefur verið svikið. Er ekki einu sinni hægt að halda lítið samkomulag um umræðuna í þinginu? Hvar endar þetta?

Ég fer, eins og aðrir á undan mér, fram á að gert verði hlé á þessari umræðu þangað til hæstv. ráðherrar treysta sér til þess að vera a.m.k. viðstaddir það sem eftir er af umræðunni í dag.

[16:51]

Einar Már Sigurðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér þóttu orð hv. þm. Drífu Hjartardóttur afar óviðeigandi. Ég hélt að ég hefði á mjög málefnalegan hátt óskað eftir því að ákveðnir hæstv. ráðherrar yrðu viðstaddir umræðuna. Ég skal fara örlítið yfir það.

Ég taldi eðlilegt að hæstv. félagsmálaráðherra væri hér. Töluvert mikið hefur verið rætt um samskipti ríkis og sveitarfélaga, fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þau koma vissulega mikið við fjárlögin.

Hæstv. menntamálaráðherra hlýtur að tengjast því sem við höfum rætt um varðandi hækkun innritunargjalda í háskólum, endurskoðun á reiknilíkönum í framhaldsskólum og áætlaðan nemendafjölda í framhaldsskólum og háskólum. Það er auðvitað eðlilegt að hæstv. menntamálaráðherra sé viðstödd umræðuna og gefi einhverjar skýringar.

Það hlýtur að vera eðlilegt að hæstv. samgönguráðherra sé viðstaddur þar sem ein meginaðhaldsaðgerð hæstv. ríkisstjórnar er í samgöngumálum. Við slíkar aðstæður hlýtur viðkomandi fagráðherra að koma nálægt umræðunni.

Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur gefið skýringar á því af hverju hann svarar ekki jafnóðum. Hann ætlar að svara spurningum þingmanna síðar í umræðunni. Það er að sjálfsögðu eðlilegt.

En, herra forseti, að kalla slíkar óskir lýðskrum er með ólíkindum. Það hlýtur að nálgast það að hæstv. forseti hefði átt að aðvara hv. þingmann. Slíkt orðalag á ekki að eiga sér stað úr þessum stóli þegar svona mál eru rædd, þegar þau eru ígrunduð með þessum hætti. Ekki nóg með það heldur liggur hér fyrir samkomulag um að lögð verði sérstök áhersla á að fagráðherrar verði viðstaddir umræðuna. Það er óviðunandi ef samkomulagið á eingöngu að ná til ákveðins hluta en ekki allra.

Það verður að fást skýring á því hvernig á því stendur að hæstv. ráðherrar láta ekki sjá sig og taka ekki þátt í umræðunni. Er skýringin sú að hæstv. ráðherrar telja enga ástæðu til þess? Vilja þeir með því sýna í verki viðhorf framkvæmdarvaldsins til löggjafarvaldsins? Við höfum auðvitað fundið smjörþefinn af þessu í vinnu fjárlaganefndar á undanförnum árum. Við vorum einmitt að vona að breyting yrði á og þá í aðra átt en þessa. Eða er skýringin sú, herra forseti, að það hafi hreinlega gleymst að koma þessu samkomulagi til skila til hæstvirtra ráðherra? Það er nauðsynlegt að við fáum fullnægjandi skýringar á því sem hér er á ferðinni. Við þetta verður ekki unað.

[16:54]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Talsvert hefur verið rætt um að þingið sé ekki nægilega sjálfstætt, þ.e. að framkvæmdarvaldið vaði yfir þingið á skítugum skónum. Sú umræða hefur lengi staðið yfir.

Hér erum við að ræða fjárlög, fyrst og fremst fjárlög ríkisstjórnarinnar. Þegar þingmenn vilja ræða við einstaka fagráðherra um einstök tiltekin mál er alveg skelfilegt að einstakir þingmenn sem hér sitja skuli koma upp og skjóta skildi fyrir fjarstadda ráðherra og lýsa þá jafnvel lýðskrumara sem kalla eftir því að ráðherrarnir séu viðstaddir.

Það er ekki nema von, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin telji sig geta vaðið yfir þingið ef þetta er almennt viðhorf. Ef þetta er almennt viðhorf þeirra þingmanna sem styðja ríkisstjórnina.

Það er í raun aðeins eitt fyrir hv. þm. Drífu Hjartardóttur að gera, þ.e. að koma hér upp og biðjast afsökunar á ummælum sínum. Það er það eina sem hv. þingmaður getur gert í þessari stöðu.

[16:56]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Við erum í raun að ræða mjög alvarlegt mál, ekki síst í ljósi þess sem verið hefur í umræðunni, þ.e. að þingið haldi ekki sjálfstæði sínu og verði að lúta ráðherravaldi. Forseti þingsins, sem við væntum að væri forseti okkar allra, greindi frá því í sérstakri ræðu á þingsetningardeginum að forsetanum fyndist ekki þingið hafa sjálfstæði gagnvart forsetanum og þjóðinni.

Ákveðið samkomulag var um fyrirkomulag á umfjöllun um fyrsta mál þingsins, þ.e. fjárlagafrumvarpið, þar sem stefnuskrá ríkisstjórnarinnar kemur í raun fram og hvernig einstök ráðuneyti framkvæmdarvaldsins forgangsraða þeim verkefnum sem því er falið. Þingmenn eiga að fjalla um það til undirbúnings fyrir áframhaldandi vinnu við fjárlagagerðina. En þá bregður svo við að ráðherrar eru svo gegnsýrðir af því að þetta séu bara ráðherrafjárlög sem þingið ráði hvort það spjalli um eða ekki. Þeir telja sig ekki hafa ástæðu til þess að vera viðstadda.

Hér hefur ítrekað komið fram krafa um að þingfundi verði frestað uns ráðherrar eru komnir í salinn, a.m.k. kannað hvaða ráðherrar geti verið viðstaddir. Forseti hefur ekki enn tekið afstöðu til þess máls.

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að ráðherrar séu viðstaddir svona umræðu, bæði virðingar sinnar vegna og einnig vegna ábyrgðar þeirra á þeim málaflokkum sem þeir sinna gagnvart þinginu. Einstakir þingmenn eiga líka að geta kallað til ráðherra í slíkri umræðu til að svara spurningum sem upp kunna að koma og heyra viðhorf þeirra og forgangsröðun.

Þetta á ekki að þurfa að vera umræðuefni í fleiri, fleiri tugi mínútna, herra forseti.

[16:58]

Drífa Hjartardóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það hafa verið gerðar ráðstafanir til að ráðherrar geti verið viðstaddir. En það eru ekki margir þingmenn sem hafa tekið þátt í umræðunni í dag sem beðið hafa sérstaklega um að ráðherrar verði hér, nema þá hv. þingmaður Einar Már Sigurðarson. Hann tilgreindi þá fjóra ráðherra sem hann vildi að væru hér. Þeir eru komnir og hafa verið hér meira og minna í dag.

Það sem ég var að tala um áðan var þegar hv. þm. sem ekki hafa setið hér í dag koma og láta ljós sitt skína. Það er ekki bara við þessa umræðu, þetta hefur æðioft gerst. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson er núna genginn úr salnum. Hann hefur nánast ekkert verið hér í dag en kemur og hrópar og kallar og heimtar að aðrir séu viðstaddir umræðuna. (**ÁRJ:** Menn eru nú að fylgjast með annars staðar.) Það gera líka fleiri.

[16:59]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í framhaldi af þessum orðum hv. þingmanns Drífu Hjartardóttur vil ég benda á að það vill svo til að þessir „aðrir" eru ráðherrar sem eiga að sitja fyrir svörum og eru ábyrgir fyrir því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar, fjárlagafrumvarpinu. Þessi umræða er geymd en ekki gleymd.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa fjallað allítarlega um fjárlagafrumvarpið, farið um það almennum orðum, og hér vísa ég fyrst og fremst til fulltrúa stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefnd. Ég ætla að fara nokkrum orðum um einstaka þætti þess og byrja á því að slá nokkuð jákvæða nótu og víkja að lífeyrismálum. Hæstv. forsætisráðherra vék að því í ræðu sinni hér í gær — ég er nú orðinn vanur því að kalla hæstv. ráðherra Davíð Oddsson forsætisráðherra en hann mun vera kominn í utanríkisráðuneytið — en hann vék að því í gær að miklar fjárhæðir hefðu verið greiddar inn í opinbera lífeyriskerfið á undanförnum árum og það er rétt. Á þessu sviði hefur ríkisstjórnin sýnt fyrirhyggju og á lof skilið fyrir það.

Það var ljóst um miðjan tíunda áratuginn að það stefndi í mikið óefni í þeim lífeyrishluta sem er á ábyrgð fjármálaráðuneytisins, þ.e. lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, og þá var tvennt gert. Lögum um lífeyrissjóði var breytt, það var lögfest ný rammalöggjöf um lífeyrissjóði í landinu og lífeyriskerfi opinberra starfsmanna var einnig breytt í kjölfar samninga sem tókust milli heildarsamtaka opinberra starfsmanna annars vegar og fjármálaráðuneytisins hins vegar. Lög þessi voru staðfest síðari hluta árs 1996. Með þeirri lagabreytingu var opinbera lífeyriskerfið gert sjálfbært í þeim skilningi að sjóðurinn, þ.e. það sem kemur inn í sjóðinn, iðgjöldin, á að rísa undir þeim réttindum sem í sjóðnum skapast.

Hitt sem gert var og hefur verið gert síðan eru þessar greiðslur inn í lífeyriskerfið, 7,5 milljarðar á yfirstandandi ári, 4 milljarðar á komandi ári. Þetta eru ekki niðurgreiðslur til lífeyriskerfisins, nær væri að segja að lífeyriskerfi opinberra starfsmanna hafi niðurgreitt aðra starfsemi á vegum ríkisins um áratuga skeið vegna þess að lífeyrissjóðurinn var notaður til að fjármagna margvísleg verkefni á vegum ríkisins, þaðan voru veittir peningar inn í húsnæðiskerfið svo dæmi sé tekið, og ef sjóðurinn hefði ekki verið til staðar hefðu byrðar almannatryggingakerfisins verið miklu meiri en þær ella hafa orðið.

Þetta er nokkuð sem Íslendingar eru nokkuð stoltir af, að hafa byggt upp öflugt og kannski öflugra lífeyriskerfi en aðrar þjóðir eru að gera. Það varð fyrrverandi forseta Alþýðusambands Íslands tilefni til ræðuhalda á vegum Tryggingastofnunar ríkisins fyrir fáeinum dögum þar sem hann sagði að framtíðin væri svo björt fyrir eldri kynslóðina eða komandi eldri kynslóðir að hann sá ástæðu til að tala um hana sem forréttindastétt framtíðarinnar. Ég var staddur í salnum til að hlýða á þessar umræður sem voru bráðskemmtilegar. En þar stóðu nú upp einhverjir fulltrúar aldraðra sem sögðu að það væri varasamt að alhæfa svona um eldri kynslóðina. Ég vil einnig vara við svona mögulegri sjálfsblekkingu í þessum efnum vegna þess að þessi hugsun byggir á því að við séum að leggja peninga til hliðar svona í eins konar sparigrís upp í hillu og þegar að því kemur munum við sækja þá fjármuni. Það er eins og hún hafi gufað alveg upp umræðan sem var mjög öflug hér fyrir nokkrum árum, að eftir tvo til þrjá áratugi mundu hlutföllin eða aldurssamsetningin í þjóðfélaginu breytast á þann veg að það yrðu færri sem yrðu vinnandi og yrðu að sjá farborða þeim sem væru komnir á ellilífeyri, að þessi hlutföll yrðu erfiðari eftir því sem liði á og mikill vandi blasti við í framtíðinni. Nú er þessi umræða búin vegna þess að uppi í hillu stendur sparigrísinn.

Staðreyndin er eftir sem áður sú að við þurfum að taka þessi verðmæti út úr efnahagskerfinu þegar þar að kemur, hvort sem við gerum það í gegnum skatta eða í gegnum arðtöku út úr fyrirtækjum í landinu og reyndar heiminum öllum, vegna þess að við erum farin að dreifa þessari áhættu.

En það sem ég vildi sagt hafa er það að lífeyriskerfið í

landinu er að eflast og það er talsvert til í því sem Ásmundur Stefánsson, fyrrvarandi forseti ASÍ, segir um stöðu aldraðra eftir tvo til þrjá áratugi. En ekki allra aldraðra. Og hvar er undantekningin þar?

Það eru þeir sem ekki eiga aðild að þessu kerfi. Hverjir eru það? Það eru öryrkjar og sérstaklega þeir öryrkjar sem aldrei komast út á vinnumarkaðinn. Það er sá hópur sem kemur til með að búa við lökust kjörin nema eitthvað sé að gert. Og það var þess vegna sem menn fögnuðu því sérstaklega þegar undirritað var samkomulag í Þjóðmenningarhúsinu 25. mars 2003, fáeinum vikum fyrir alþingiskosningar. Það fór illa í marga að vísu að menn gerðu samkomulag sem vísaði inn í framtíðina, inn á næsta kjörtímabil. Margir litu á þetta sem eina af brellum Framsóknarflokksins en engu að síður ákváðu menn — ég gerði það fyrir mitt leyti — að fagna þessu samkomulagi, að fagna þessum samningi.

Þessi samningur gekk út á það að tvöfalda grunnlífeyri, hækka hann úr 20.600 kr. í 41.200 kr. Síðan átti að koma skerðing um 421 kr. fyrir hvert ár að 67 ára aldri, línuleg skerðing upp á við. Þetta var samningur og frá þessum samningi var ítarlega greint í fjölmiðlum á þeim tíma. Það var skýrt frá samningnum í Ríkisútvarpinu, það var skýrt frá honum í Morgunblaðinu, það var skýrt frá honum á Stöð 2 og ég er með tilvitnanir í þessar fréttir. Ég ætla ekki að lesa þær upp vegna þess að ég hef ekki tíma til þess en ég er með þær allar. Það var líka greint frá þessum samningi í bréfi frá heilbrigðisráðuneytinu til Tryggingastofnunar 9. apríl.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Sú breytta mynd af grunnlífeyri öryrkja sem samkomulagið gerir ráð fyrir er tvöföldun á lífeyrisupphæðir, þ.e. tvisvar sinnum 20.630 fyrir þá sem greinast með örorku 18 ára, sem lækkar um 421 krónu fyrir hvert aldursár öryrkjans með vísan hvenær hann er greindur með örorku. Meðfylgjandi tafla skýrir þetta betur."

Þetta er samkomulag, þetta er samningur, og við fögnuðum þessum samningi.

Síðan er núna farið að tala um þetta mál þannig að enginn samningur hafi verið gerður. Það gerðu menn ekki á síðasta ári og ekki síðast þegar við ræddum málið hér.

27. nóvember segir í leiðara Morgunblaðsins, með leyfi forseta:

„Stjórnmálamenn, sem í vor töldu ríkissjóð hafa nægt svigrúm, þannig að bæði væri hægt að lofa að lækka skatta og heita öryrkjum brýnum kjarabótum, geta ekki verið þekktir fyrir að seinka nú efndum loforða sinna og raunar undirskrifaðs samkomulags. Þetta er spurning um trúverðugleika stjórnmálamanna gagnvart kjósendum sínum. Orð eiga að standa."

Undir það tek ég.

Síðan gerist það hér í gærkvöldi að nýr forsætisráðherra þjóðarinnar vísar í þetta mál, vísar í það sem hann kallar staðreyndir málsins og vísar þar í fréttatilkynningu sem var send sem byggði á kostnaðarmati á framkvæmd samningsins. Og ég segi, og vísa þar í reynslu mína við samningaborð, að ef menn ætluðu að fara á þennan hátt með kjarasamninga, (Forseti hringir.) ég veit bara ekki hvað gerðist í samfélaginu, og bið ég hér með um orðið að nýju, herra forseti.

[17:10]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa farið yfir það í dag hver megináherslumál flokksins eru hvað varðar þau fjárlög sem hér liggja fyrir og hafa verið rædd síðan klukkan hálfellefu í morgun. Ég tek undir þau sjónarmið sem þar hafa komið fram, bæði hvað varðar skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar og það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði hér síðast um samninginn við öryrkja. Það er auðvitað forkastanlegt að ríkisstjórnin skuli ganga fram í því máli eins og hún gerir. Ég hefði satt að segja búist við því að hæstv. heilbrigðisráðherra kæmi upp í andsvar við ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar en ég treysti því að hann eigi eftir að koma í ræðustól og svara fyrir þessi mál síðar í umræðunni.

Hæstv. fjármálaráðherra segir í ræðu sinni að hugmyndin á bak við þetta fjárlagafrumvarp sé langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum enda sé ríkisstjórnin staðráðin í því að taka ríkisfjármálin sterkum tökum, eins og hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni, og menn hugsa sér að beita þessum sterku tökum sínum til þess að hamla gegn þenslu í efnahagslífinu á næstu árum.

Eitt af því sem er svona meginstef í fjárlagafrumvarpinu í ár er lækkun tekjuskatts um 1% auk annarra tekjulækkunaráforma ríkisstjórnarinnar og hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni í morgun varðandi lækkun tekjuskattsins að hér sé um aðgerðir að ræða sem hvetja eigi fólk til að afla aukinna tekna. Með öðrum orðum vinnuhvetjandi aðgerðir, held ég að hæstv. ráðherra hafi sagt, og talaði um að það kæmi ekki til með að veita af í náinni framtíð að auka við vinnustundir þjóðarinnar þegar horft væri til áframhaldandi stórframkvæmda hjá okkur.

Í þessu sambandi langar mig til að nefna eitt atriði sem ég tel afar mikilvægt að við hugleiðum í þessu sambandi. Er ekki kominn tími til að ríkisstjórnin hugleiði í alvöru þá staðreynd að Íslendingar vinna lengri vinnudag, lengri vinnuviku en nokkur önnur þjóð í Evrópu? Íslendingar eru vinnulúin þjóð vil ég meina. Við höfum rætt hér okkar í milli, a.m.k. þegar við erum að tala um félagsmálin, að það sé þörf á því að fara að auka þann tíma sem foreldrar geta eytt með börnum sínum. Og ég veit ekki betur en hæstv. ráðherrar í ríkisstjórninni hafi gefið slíkar yfirlýsingar, að það sé þörf á því að foreldrar fari að eignast aukinn tíma til að eyða með börnum sínum. En mér virðist ekki vera neitt af slíku á dagskrá hjá hæstv. ríkisstjórn þegar fjárlagafrumvarpið er skoðað, mér sýnist að hér eigi bara að bæta ákveðinni olíu á eld einkaneyslunnar, lækka tekjuskatt til að hvetja fólk til aukinna tekna og aukinnar vinnu og á sama tíma segir hæstv. fjármálaráðherra að hann ætli að hamla gegn þenslu í efnahagslífinu. Hvernig má það vera? Er það ekki þversögn? Er það ekki svipuð þversögn og búið er að vera að benda á í umræðunni í dag að hagvöxturinn hækkar á sama tíma og atvinnuleysi vex? Hvaða þversögn er fólgin í því? Hvaða della er hér í gangi, af hverju keyra menn fjárlagafrumvarpið svona á þversögnum?

En af því að ég geri hér að umtalsefni að fólk þurfi að fara að eiga aukinn tíma með börnum sínum og geta eytt

meiri tíma en hingað til hefur verið gert á heimilum sínum og í það að sinna fjölskyldum sínum þá er ég kannski komin að meginatriðinu sem mig langaði til að ræða í þessari ræðu minni en það er nokkuð sem kallast samþætting kynjasjónarmiða í allar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. félagsmálaráðherra talaði hér fyrir jafnréttisáætlun á síðasta vori. Hún var samþykkt og framkomu hennar var fagnað eins og reyndar var gert líka fyrir fjórum árum þegar næsta jafnréttisáætlun þar á undan var lögð fram. Hæstv. félagsmálaráðherra viðurkenndi að ekki hefði okkur nú tekist nægilega vel til á síðasta fjögurra ára tímabili hvað það varðaði að samþætta kynjasjónarmiðin inn í allar ákvarðanatökur ríkisvaldsins. Ég verð að lýsa því yfir hér, frú forseti, að mér eru það mikil vonbrigði að sjá að hæstv. fjármálaráðherra og hans starfsfólk í fjármálaráðuneytinu skuli ekki hafa tekið mið af þeim sjónarmiðum samþættingar sem hæstv. félagsmálaráðherra talaði hér fyrir síðasta vor.

Samþætting byggir á því að tekið sé tillit til kynjasjónarmiða við alla ákvarðanatöku. Fjárlögin eru þar ekki undanskilin. Þau þarf að skoða sérstaklega með tilliti til þeirra áhrifa sem þau hafa á kynin. Og varðandi skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar þá er alveg ljóst að skattalækkunaráformin koma ójafnt niður á kynjunum. Það er búið að tala um það hér í þeirri umræðu sem staðið hefur í dag að þessi áform nýtist fyrst og fremst þeim sem séu tekjuháir. Ekki eru konur svo fjölmennar í þeim hópi. Þá spyr maður: Hvers vegna gætir ríkisstjórnin ekki betur kynjasjónarmiða í fjárlagafrumvarpinu en raun ber vitni? Stríðir þetta ekki gegn þeim ásetningi sem hæstv. félagsmálaráðherra talaði fyrir í vor?

Samþætting þarf að verða að viðteknum vinnubrögðum í stjórnsýslu okkar og það verður ekki gert nema með atbeina ráðherranna. Hæstv. fjármálaráðherra er þar ekki undanskilinn. Samþætting er þessi aðferð, verkfærið sem gerir okkur kleift að ná árangri í jafnréttismálum. Hann hefur verið lélegur hingað til. Það sannar niðurstaðan úr jafnréttisáætlun síðustu ára sem má lesa um í skýrslu félagsmálaráðherra sem dreift var á síðasta þingi. Þörf er á því að hæstv. ráðherrar vakni upp af þeim væra blundi sem þeir virðast sofa hvað þetta varðar. Ég auglýsi því hér eftir jafnréttissjónarmiðunum og samþættingunni í þessu fjárlagafrumvarpi.

Að lokum langar mig til að gera að umtalsefni þá þætti sem lúta að menntamálum í fjárlagafrumvarpinu, frú forseti. Ef það er rétt sem komið hefur fram í umræðunni að hækkunin til menntamála, sú 9% hækkun sem hæstv. fjármálaráðherra gerði grein fyrir í sinni ræðu og lesa má um í fjárlagafrumvarpinu, stafi fyrst og fremst af því að hér sé um aukinn nemendafjölda að ræða á háskólastigi og framhaldsskólastigi og ef frá eru taldar hækkanir til rannsóknasjóðanna, sem ég fagna að sjálfsögðu, þá finnst mér vera öfugmæli að tala hér um hækkuð framlög til menntamála því það veit hver maður sem fylgst hefur með fjárlagaumræðu undanfarin ár að nemendafjöldi hefur verið vanáætlaður hvert einasta ár. Ég get talað fyrir undanfarin fimm ár sem ég hef staðið í ræðustól Alþingis og rætt um vanáætlaðan nemendafjölda í framhaldsskólum og háskólum.

Það er gott ef leiðrétta á það hér. En þá skulu menn bara segja það en ekki láta þjóðina halda að hér sé um að ræða einhverja hækkun til menntamála aðra en þá sem felst í leiðréttingunni á nemendafjöldanum. Ég ætla bara rétt að vona að sú leiðrétting sé þá raunsönn og rétt og að menntamálanefnd fái ekki inn til sín skólafólkið sem kemur til með að segja að hækkunin sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir sé enn ein vanáætlunin. Við vitum að 70% af hverjum árgangi núna sækir í háskólanám. Það er vitað. Við vitum líka fyllilega hvaða fjöldi sækir í framhaldsskólanám þannig að það ætti ekki að vera ofverkið okkar að reikna þessa hluti rétt. Ég krefst þess líka að hér sé gagnsæi og hlutirnir sagðir á réttan hátt og kem til með að geta sannreynt það þegar farið verður yfir málið í hv. menntamálanefnd Alþingis.

Ég vil svo í blálok ræðu minnar taka undir með hv. formanni fjárlaganefndar sem talaði í ræðu sinni um hagvöxtinn og stöðu ríkisfjármála. Hann endurtók margsinnis í ræðunni að auðvitað mætti gera betur, að alltaf mætti gera betur. Ég get tekið undir þau orð formannsins. Mér sýnist að hér megi sannarlega gera betur en raun ber vitni, betur en hæstv. ríkisstjórn er að gera í þessum málafokki núna. Eins og ég kannski nefndi í ræðu minni þá mundi ég vilja sjá gert betur í menntamálum og jafnréttismálum og samþættingarmálum. Ég vonast til þess að í umræðunni sem á sér stað núna á næstu vikum getum við leiðrétt það sem aflaga hefur farið í þessu frumvarpi. Á endanum getum við kannski vænst þess að ná hér, alla vega að einhverju leyti, sátt og betri niðurstöðu en fjárlagafrumvarpið, eins og það liggur núna fyrir, gefur okkur kannski vísbendingar um.

[17:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langaði til að koma inn á nokkur atriði í þessari umræðu. Þingmenn Samfylkingarinnar sem sitja í fjárlaganefnd hafa nú allir tekið hér til máls og reifað helstu þætti sem þeir telja ástæðu til þess að vekja athygli á og vekja máls á hér. Jafnvel fleiri hafa tekið þátt í þessari umræðu. Mig langaði aðeins til að koma að velferðarmálunum og beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. heilbrigðisráðherra. Mun ég aðallega koma að kjörum aldraðra, kjörum öryrkja og rekstrinum á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Ég tók eftir því er ég hlýddi á ræðu hæstv. fjármálaráðherra í morgun að hann talaði um að bætt staða ríkisfjármála hefði skapað skilyrði til þess að stórauka greiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega. Ég verð að segja að mig rak í rogastans, en kannski var hæstv. ráðherra að tala um að hann hafi aukið greiðslurnar vegna þess að fjölgað hafi í þessum hópi. Það er svo að greiðslur til lífeyrisþega, aldraðra sem eru með greiðslur frá almannatryggingunum úr Tryggingastofnun hækkuðu um 619 kr., þ.e. ellilífeyririnn, um síðustu áramót. Síðan hækkaði tekjutryggingin um rúmar 3.000 kr. Inni í þeirri upphæð er hækkun sem samið var um sérstaklega haustið 2002. Ef maður skoðar greinar frá fulltrúum aldraðra í blöðunum undanfarið þá er alveg ljóst að þessi hópur sem er yfir 30 þúsund manns, þ.e. aldraðir eldri en 67 ára, er að bíða eftir kjarabótum.

Hæstv. ráðherra talaði einnig um að dregið hefði verið úr tengingu bóta við atvinnutekjur. Ég velti fyrir mér hvað hæstv. ráðherra sé að tala um þar. Er hæstv. ráðherra að tala

um lagabreytinguna þar sem tekjutengingin var færð úr 67% niður í 45% á tekjutryggingaraukanum, eins og tekjutryggingartengingin er?

Þegar tekjutryggingaraukinn var settur í lög höfðu menn varla heyrt um aðra eins tekjutengingu og var sett á tekjutryggingaraukann, 67%. Það var yfirgengilegt. Því var ekki nema sanngjarnt að breyta þeirri tekjutengingu og ég er ekkert viss um að það skili sér til neitt sérstaklega margra því ekki það margir eiga rétt á þessu nema þá kannski þeir allra verst settu.

Fyrir kosningar leitaði ríkisstjórnin til þessara hópa sem hún hafði vanrækt má segja á síðasta kjörtímabili og fór að gera samninga. Sett var á laggirnar samráðsnefnd við fulltrúa aldraðra fyrir kosningar þar sem átti að ræða um kjarabætur og annað sem sneri að þeim hópi. Það verður að segja eins og er að sú samráðsnefnd hefur ekki verið kölluð saman frá því löngu fyrir kosningar. Maður veltir því fyrir sér hvaða kosningabrella hafi verið þar á ferðinni. Eða stendur til að kalla þá samráðsnefnd saman á næstunni? Það væri fróðlegt að fá að heyra það hér í þessari umræðu hvað líður því nefndastarfi.

Vegna þess að menn hafa verið að tala hérna nokkuð um jafnréttismálin þá minni ég á að þeir sem eru hvað verst staddir af öldruðum eru konur því fullorðnar konur sem eru á lífeyrisgreiðslum í dag eru mjög margar í þeirri stöðu að hafa aldrei greitt í lífeyrisjóð og þurfa að draga fram lífið af almannatryggingagreiðslunum. Þær eru að því er ég fullyrði undir framfærslumörkum, þær sem þurfa að lifa á almannatryggingabótunum einum saman. Mér þætti fróðlegt að heyra hér hjá hæstv. heilbrigðisráðherra hverja hann telji framfærsluþörf aldraðs einstaklings.

Félög eldri borgara hafa farið fram á að tilgreindur verði kostnaður við lágmarksframfærslu og að síðan verði skattleysismörk í samræmi við þann kostnað. Þeir hafa einnig farið fram á að frítekjumark almannatrygginga verði leiðrétt í samræmi við launaþróun og að ellilífeyrir hækki til samræmis við launaþróun síðustu ára. Þeir mótmæla því að þurfa að draga fram lífið á þeim upphæðum sem þeim er boðið upp á og benda á að sífellt stærri hópur aldraðra búi við versnandi heilsugæslu og að þeir lifi við mjög kröpp kjör og hafi ekki efni á því að taka út lyfin sín.

Ég ætla að láta hér skilið við málefni aldraðra. Ég ætla að reyna að koma að fleiri þáttum en vildi gjarnan fá svör við þessu frá hæstv. ráðherrum.

Varðandi öryrkjana þá er náttúrlega yfirgengilegt að gera samning rétt fyrir kosningar við öryrkja um aldurshækkanir á örorkubótum og svíkja hann síðan þegar stór hluti öryrkja hefur gengið til kjörborðsins með þetta samkomulag hugfast og greiddi jafnvel atkvæði í ljósi þess að verulegar kjarabætur áttu að koma til þessa hóps. Það var ekki samið út frá kostnaðarmati. Það var gerður ákveðinn samningur um hvernig örorkugreiðslurnar ættu að hækka miðað við aldur.

Ég sé að tími minn hleypur frá mér. En mig langar aðeins til að nefna nokkur atriði sem varða Landspítala – háskólasjúkrahús. Það hefur komið fram og kemur fram í þessum fjárlögum að Landspítalinn þurfi að draga saman um 600–700 millj. kr. á næsta ári miðað við þær fjárveitingar sem spítalanum eru ætlaðar á þessu ári. Við vitum að á síðasta ári var mjög þrengt að spítalanum. Þar þurfti verulega að draga saman og þar var sagt upp eða var fækkað um 180 dagvinnustöðugildi, yfirvinna minnkuð og vöktum fækkað.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvernig ætlast hann til þess að Landspítalinn komi til móts við þessa stöðu sem hann stendur frammi fyrir, þ.e. samdrátt um 600–700 milljónir? Hvernig á að mæta honum? Á að fækka starfsfólki? Hverjum á að segja upp? Er það fólkið á gólfinu? Er það fólkið sem er í umönnunarstörfunum? Eru það yfirmennirnir? Við vitum að 70% af kostnaði við rekstur spítalans eru laun. Því er mjög mikilvægt að stjórnvöld svari því hver stefna ríkisstjórnarinnar sé í þessu máli. Það er ekki alltaf hægt að vísa þessu yfir á starfsfólk, yfir á embættismenn, á yfirmenn spítalans. Það eru stjórnmálamenn sem eiga að taka ákvarðanir um slíkt. Það er stjórnmálamannanna að forgangsraða. Því geri ég ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi svör á reiðum höndum um þetta. Á að draga saman þjónustu Landspítalans? Á að fækka starfsfólki? Eða hver verða tilmæli hæstv. ráðherra til yfirmanna spítalans í þessum efnum, þ.e. hvernig þeir eiga að mæta þeim samdrætti sem er fram undan vegna þeirra fjárveitinga sem spítalinn fær miðað við þetta fjárlagafrumvarp?

[17:30]

Útbýting:

Áfengislög, 46. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 46.

Endurskoðun á sölu Símans, 44. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 44.

Fjárþörf Samkeppnisstofnunar, 54. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 54.

Íþróttaáætlun, 11. mál, þáltill. GÖrl o.fl., þskj. 11.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 51. mál, frv. PHB, þskj. 51.

Rekstur Ríkisútvarpsins, 49. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 49.

Vextir og verðtrygging, 41. mál, frv. ÖJ, þskj. 41.

[17:31]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég hef í fyrri ræðu minni farið nokkuð yfir hversu lítið hefur verið að marka þá áætlanagerð sem fjallað var um við 1. umr. fjárlaga. Þó er einn þáttur sem þar er að marka, þar koma nefnilega gjarnan svikin fram, svikin stjórnarliðsins.

Ég gerði einnig að umtalsefni réttlæti ríkisstjórnarinnar í andsvörum við hv. þm. Bjarna Benediktsson þegar hann gumaði af því örlæti ríkisstjórnarinnar að ætla að láta láglaunamönnum í té 1.500 kr. skattalækkun á mánuði eða 18 þús. kr. á ári, á meðan til stendur að meðalalþingismaðurinn fái á einum mánuði þá skattalækkun sem menn guma af að skenkja láglaunafólki á heilu ári, þ.e. að við í þessum sal njótum tíu sinnum meiri skattalækkana á næsta ári en láglaunafólkið. Það er auðvitað út af fyrir sig pólitík en mér finnst ekki alls kostar smekklegt að guma af því örlæti þegar menn ganga þannig fram í tekjuskiptingu í landinu.

Mér finnst þess vegna heldur ekki fyllilega smekklegt þegar hæstv. fjármálaráðherra gumar af örlæti sínu í garð lífeyrisþega. Aukin útgjöld til þess málaflokks má vissulega

rekja til fjölgunar lífeyrisþega og líka til hins að svo fast hefur hann haldið um aurinn gagnvart lífeyrisþegunum að aftur og aftur hefur þurft að reka ríkisstjórnina upp í Hæstarétt og dæma hana til þess að borga lifandi fólki í landinu mannsæmandi fjárhæðir. Af því eiga menn ekki að guma, virðulegur forseti, þó hver eigi að hafa sína pólitík eins og samviska hans býður honum.

Samkomulag gerði þó ríkisstjórnin, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. heilbrigðisráðherra, af fúsum og frjálsum vilja við Öryrkjabandalagið um milljarð til þess að reyna að bæta fyrir tekjuskerðingu yfir margra ára tímabil. Menn skulu muna að það samkomulag gerðu forsætisráðherra og heilbrigðisráðherra ekki vegna fjölgunar öryrkja, heldur vegna fækkunar framsóknarmanna. Það samkomulag gerði Framsóknarflokkurinn í örvæntingu kominn undir 10% í aðdraganda kosninga og Sjálfstæðisflokkurinn leyfði honum að gera þann samning vegna þess að samkvæmt skoðanakönnunum var stjórnarmeirihlutinn fallinn. Það er ástæðan fyrir eina sjálfviljuga framlaginu í lífeyrismálin á síðustu árum. Það er ekki gæska og góðsemi við þá sem minnst bera úr býtum í samfélaginu, heldur kosninganauð Framsóknarflokksins.

Þegar hér var lagt fram frumvarp í fyrra spurði ég hæstv. heilbrigðisráðherra hvers vegna ekki væri gert ráð fyrir kostnaðinum að fullu við samkomulagið við Öryrkjabandalagið. Hæstv. heilbrigðisráðherra kom hér upp og sagði að hann gæti ekki efnt það að fullu á þessu ári, hann yrði að áfangaskipta efndunum. Þess vegna mundi vanta hálfan milljarð upp á að hann stæði við þetta að þessu sinni en hann mundi þó koma með síðari áfanga. Ég get játað það, virðulegur forseti, að ég snöggreiddist og sagði hæstv. ráðherra að maður áfangaskipti ekki æru sinni heldur ætti að standa við orð sín. Ég var nokkuð hugsi hvort ég hefði látið of þung orð falla. En viti menn: Hæstv. heilbrigðisráðherra kemur til þings ári síðar ekki með neinn síðari áfanga, og ekki nóg með það — nú kannast sá góði drengur ekki við að það sé neinn síðari áfangi. Nú heitir samkomulagið og samningurinn frá því í kosningunum viljayfirlýsing. Hjá hæstv. fjármálaráðherranum heitir það held ég fréttatilkynning.

Virðulegur forseti. Samkomulag sem ríkisstjórn Íslands gerir við þá íbúa í landinu sem við kröppust kjör búa á að virða. Það á að efna. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ríkisstjórn að bera fyrir sig fjölgun öryrkja. Hvers konar eiginlega hundalógík er það? Ef bændum fjölgar, eigum við þá ekki að efna samningana við bændur? Ef gömlu fólki fjölgar í landinu, eigum við þá ekki að efna samninga við gamla fólkið?

Mér sýnist raunar að ríkisstjórninni hugnist nú á sumum sviðum fjölgun, ekki fjölgun öryrkja en fjölgun sendiherra. Ekki stendur á ríkissjóði að standa undir henni. Það vantar 500 millj. kr. til að efna yfirlýsingarnar og heitin gagnvart örorkulífeyrisþegum í landinu eins og hæstv. heilbrigðisráðherra upplýsti við umræðurnar fyrir ári. Sama ríkisstjórn ætlar að byggja sendiherrabústað í Berlín á næsta ári fyrir 230 millj. kr. Hversu gamaldags getur ein valdapólitík orðið þar sem menn geta ekki efnt orð sín gagnvart þeim sem höllum fæti standa en geta svo ausið kvartmilljarði á sama tíma í snobbhús, í heimili fyrir einn embættismann í Berlín? Virðulegur forseti. Ég vil ekki gera lítið úr mikilvægi utanríkisþjónustunnar en þessi forgangsröðun segir meira en mörg orð um ríkisstjórn Íslands og afstöðu hennar til öryrkja í landinu.

Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Það hefur verið fjallað um fjölgun öryrkja sem einhvers konar útgjaldavandamál. Það er Hagfræðistofnun Háskólans sem á að rannsaka það mál fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra. Ég vissi ekki betur en fjölgun öryrkja væri heilbrigðisvandamál og að embætti landlæknis væri fullfært um að rannsaka orsakir þess og hafi raunar gert grein fyrir því með ýmsum hætti á undanförnum missirum. Það er raunar svo að rannsóknir á heilsufari þjóða sýna að mjög sterk tengsl eru á milli jöfnuðar í samfélaginu og heilsufars. Það hlýtur að vera stjórnvöldum nokkuð umhugsunarefni þegar öryrkjum fjölgar svo ört sem raun ber vitni hvað er verið að gera rangt, en það afsakar aldrei að menn efni ekki orð sín, samkomulag sitt við þá sem engan verkfallsrétt hafa, því þeir enga vinnu hafa. Orð skulu standa, virðulegur forseti.

Ég verð að segja að málflutningurinn um fjölgun öryrkja er heldur ekki alls kostar geðslegur því ekki er laust við að það sé af hálfu sumra a.m.k. verið að gefa í skyn að menn hafi eitthvert óhreint mjöl í pokahorninu. Hver sá sem fylgst hefur með breytingum á vinnumarkaði á síðustu árum, hvernig æ meiri kröfur eru gerðar til starfa, hvernig einfaldari störf í atvinnulífinu eru smátt og smátt að leggjast af og fyrir þá sem hafa fylgst með því hvernig hér hefur verið viðvarandi atvinnuleysi um talsverðan tíma sjá auðvitað í hendi sér að það er atvinnuástandið og ýmiss konar þættir í þróun samfélagsins sem hafa gert þetta að verkum. Það er áhyggjuefni og við eigum að ráðast að rótum þess vanda, t.d. með því að opna framhaldsskólana og háskólana fyrir þeim sem hafa dottið úr námi og þurfa að komast aftur inn til að mennta sig, en ekki með því að úthýsa þeim. Þannig eigum við að nálgast þau verkefni í heilbrigðis- og menntamálum þjóðarinnar en menn eiga að efna þá samninga sem þeir gera við öryrkja hvort sem þeir eru fleiri eða færri.

[17:41]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil byrja þar sem hv. síðasti ræðumaður endaði, að fara nokkrum orðum um samkomulagið við öryrkja. Það var samkomulag. Það var ekki undirskrifaður samningur, það skiptir ekki máli. Það var samkomulag og þau orð hafa staðið. Það var samkomulag um að tvöfalda bætur til yngstu öryrkjanna, taka upp aldurstengdar örorkubætur og verja til þess rúmum milljarði kr. Í samræmi við það samkomulag var flutt frumvarp á Alþingi í fyrra til þess að staðfesta það. Í því frumvarpi voru ákvæði í athugasemdum um að málið yrði síðan skoðað á miðju ári. Við gerðum það og þá kom í ljós að sú leið sem farin var kostar 1.200 millj. kr. á þessu ári og mun kosta 1.300 millj. kr. á næsta ári.

Það er rétt að Öryrkjabandalagið hafði í huga útfærslu sem sagt var frá í blaðagreinum og við létum reikna út þá útfærslu, það er rétt hjá hv. 9. þm. Reykv. n., en í yfirlýsingunni voru ákvæði um að tvöfalda bæturnar til yngstu ör-

yrkjanna og taka upp aldurstengdar bætur. Það stóð og þau orð hafa staðið. Ég legg áherslu á það.

Hins vegar er í frumvarpinu í fjáraukalögunum og fjárlögunum u.þ.b. 2 milljarða kr. viðbótarfjármagn til örorkubóta, m.a. vegna hinna margumræddu fjölgunar öryrkja. Það er alrangt að ég hafi nokkurs staðar nokkru sinni látið liggja að því einu orði að öryrkjar hefðu eitthvert óhreint mjöl í pokahorninu. Ég vísa því algerlega á bug. Hins vegar hefur fólki á örorkubótum fjölgað langt fram yfir fjölgun þjóðarinnar og ástæða fyrir okkur til að athuga hvað veldur. Hvað er það í þjóðfélagsgerðinni sem gerir þetta? Ég held að það sé öryrkjum hagsmunamál að það sé gert. Ég hafna því að þetta sé eingöngu heilbrigðismál. Þetta getur verið í atvinnulífinu.

Öryrkjar hafa sagt það sjálfir og forustumenn þeirra að þetta geti verið vegna hörku á vinnumarkaði, breytinga á vinnumarkaði. Það er það sem við þurfum að láta skoða. En ég hafna því algerlega og hef aldrei sagt það nokkurs staðar að fólk væri að gera það að gamni sínu að komast á örorkubætur eða að það ætti að skammast sín og skila þeim, eins og einn hv. þm. orðaði það svo smekklega í gærkvöldi. Það hefur aldrei verið látið að því liggja af minni hálfu.

Það voru nokkrar fleiri fyrirspurnir til mín en nokkuð margir hafa komið inn á öryrkjamálið sem eðlilegt er, og það hefur verið spurst fyrir um hvernig Landspítalinn sé afgreiddur fyrir næsta ár. Við afgreiðum Landspítalann þannig að 500 millj. kr. er bætt inn í grunninn. Ekki er gerð krafa til hans um hagræðingu upp á 1% eins og fjöldamargra annarra stofnana sem þýðir eitthvað um 260 millj. Það eru tæpar 670 millj. í fjáraukalögum til spítalans til að koma til móts við uppsafnaðan halla spítalans og við erum einmitt að fara yfir þann halla en í fjáraukalögum er þessi upphæð til þess og ég tel að með því eigi að vera hægt að reka spítalann án þess að draga saman þjónustu. Hins vegar er spítalinn ekki felldur undan aðhaldi eins og aðrar stofnanir. Ég tel að Landspítalinn sé á góðu róli og þær aðhaldsaðgerðir sem hann greip til í upphafi árs hafi tekist og leitt til sparnaðar í rekstri hans. Og það sem betra er: Spítalinn hefur aukið afköst sín á árinu og stytt biðlista stórlega. Ég tel því að þar hafi verið unnið gott starf og hann eigi að geta veitt þá þjónustu sem við ætlumst til af honum en við gerum miklar kröfur til hans.

Hv. 7. þm. Norðaust. spurði einnig um komugjöld á heilsugæslustöðvar. Það er rétt að við ætlum að auka almenn komugjöld á heilsugæslustöðvar um 100 kr., úr 600 í 700 kr. Á móti því er hagræðingarkrafan felld út að við tókum þá leið. Árið 2001 voru komugjöldin 850 kr., ef ég man rétt, þannig að við tókum því þessa leið. Ég tek fram að heilsugæslan hefur verið að auka þjónustu sína. Komum þangað fjölgaði á síðasta ári. Í fjárlagafrumvarpinu eru fjármunir til að auka þjónustu á höfuðborgarsvæðinu, bæði í Voga- og Heimahverfi og í Hafnarfirði þannig að það er eitt af því jákvæða í fjárlagafrumvarpinu sem lagt hefur verið fram.

Hvað varðar málefni aldraða þá spurði hv. 4. þm. Reykv. s. um það hvort samráðsnefndin yrði kölluð saman. Ég hef farið fram á að hún verði kölluð saman. Það hefur að vísu dregist ýmissa hluta vegna en það er ætlan mín að hún hittist sem allra fyrst og fari yfir þau mál sem ríkisstjórnin og aldraðir eiga sameiginleg. Við höfum verið að vinna að því að framkvæma áætlun sem byggð er á samkomulagi við aldraða um heimahjúkrun, hjúkrunarheimili og hækkun bóta. Það hefur verið unnið að þessu á undanförnum árum en við þurfum að fara yfir það í samráðsnefndinni hvað stendur út af í því. Ég hef ætlað mér að kalla samráðsnefndina saman eins fljótt og verða má og það eru engin áform um að leggja hana niður.

Ég vona að ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín var beint. Ég endurtek að í þessu frumvarpi er hvergi slakað á varðandi velferðarkerfið í landinu, það skiptir miklu máli. Ég tek undir með formanni fjárlaganefndar að auðvitað má alltaf gera betur en hins vegar tel ég að með þessum frumvörpum, bæði til fjárlaga og fjáraukalaga, stöndum við myndarlega við velferðarkerfið í landinu.

[17:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki samþykkja að svokallaðar aðhaldsaðgerðir á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hafi tekist vel og gengið eftir nema þá hugsanlega þau áform hæstv. fjármálaráðherra að knýja stofnunina til aukinnar einkavæðingar.

Ég ætla aðeins að víkja að öryrkjasamkomulaginu og spyrja hæstv. ráðherra að því hvernig standi á því að ráðuneytið eða ríkisstjórnin hafi ekki gert athugasemd við fréttaflutning eftir blaðamannafundinn í Þjóðmenningarhúsinu vegna þess að þar var samkomulaginu lýst í smáatriðum, hver hækkun grunnlífeyris væri og tilgreind talan 421 kr. minnkun fyrir hvert aldursár. Það var greint frá þessu í öllum fjölmiðlum og í bréfi frá heilbrigðisráðuneytinu 9. apríl var þetta enn áréttað, í bréfi sem sent var til Tryggingastofnunar til útreiknings á útfærslunni þannig að samkomulagið var tíundað í öllum fjölmiðlum landsins en engin athugasemd var gerð við þetta, enda var það svo að í umræðu um málið á Alþingi í fyrra kom fram að hér væri um að ræða áfanga til þess að efna þetta samkomulag. Nú er hætt að ræða um þetta sem samkomulag, hæstv. fjármálaráðherra, sem án efa á eftir að koma nánar inn á málið í lokaræðu sinni, vísar til þess sem fréttatilkynningar.

Spurning mín til hæstv. ráðherra er þessi: Hvernig stóð á því að ráðuneytið eða hæstv. ráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar gerði ekki athugasemd við fréttaflutning fjölmiðla í kjölfar undirritunar samningsins?

[17:53]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvort þarna var um fréttatilkynningu að ræða eða samkomulag skiptir að mínu mati ekki höfuðmáli. Það skiptir máli hvað stóð í því. Þetta var vissulega fréttatilkynning um samkomulag sem við gerðum. Í því voru ákvæði um að tvöfalda bætur til yngstu öryrkjanna og taka upp aldurstengdar bætur sem hafði verið baráttumál Öryrkjabandalagsins frá 1998. Til þess átti að verja rúmum milljarði króna og það var það sem ríkisstjórnin samþykkti. Hins vegar voru á kreiki hugmyndir um útfærslu á þessu samkomulagi og það var ákveðið að setja útfærsluna í nefnd. Ráðuneytið bað um að þessar útfærslur yrðu reiknaðar út og þar komu upp þær upphæðir sem deilt hefur ver-

ið um síðan. Aðalatriðið er hvað stóð í þessu samkomulagi, það skiptir ekki máli þó að það hafi ekki verið undirritað, það var ekki neitt undirritað en það skiptir ekki máli að mínu mati. Þetta var fréttatilkynning um samkomulag og í henni var tíundað hvaða markmiðum ætti að ná og það skiptir mestu máli hvað stóð í henni.

[17:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að það sem máli skiptir er hvert innihald samkomulagsins var. Þetta innihald var tíundað í fjölmiðlum, í bréfi heilbrigðisráðuneytisins til Tryggingastofnunar. Þar var innihaldið tíundað í smáatriðum. En það er ekki alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það eitt skipti máli hvað í samkomulaginu stóð eða hvert innihald samkomulagsins var. Það skiptir nefnilega líka máli hvað kjósendum í væntanlegum alþingiskosningum var sagt og það var gert í fjölmiðlum í kjölfar vel auglýsts fréttamannafundar þar sem greint var frá þessu samkomulagi. Ég spyr og ítreka: Hvers vegna brást hæstv. heilbrigðisráðherra og ríkisstjórnin ekki við og leiðrétti það sem hún taldi rangt í fréttaflutningi af þessum fundum vegna þess að ég tek undir það að að sjálfsögðu skiptir máli hvert var innihald samningsins. Það er mergurinn málsins. En hitt skiptir ekki síður máli að hreint sé komið fram gagnvart kjósendum í fyrirhuguðum alþingiskosningum.

[17:56]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek að útfærsla þessa samkomulags var sett í nefnd en það sem skiptir máli er hvað stóð í samkomulaginu og ég hef þegar gert grein fyrir því.

[17:57]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir tilhlýðilegt að hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson fái að afneita þrisvar því samkomulagi sem hann og hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson gerðu við Öryrkjabandalagið fyrir hönd örorkulífeyrisþega í landinu.

Hæstv. heilbrigðisráðherra sagði sjálfur í þessum ræðustól í orðaskiptum við mig fyrir ári síðan að ekki yrði unnt að efna innihald samkomulagsins að fullu í fjárlögum fyrir árið 2004 heldur yrði að áfangaskipta efndunum og mundi vanta upp á 500 millj. kr. Núna segir hæstv. ráðherra að það hafi ekki verið neinn síðari áfangi og engar 500 millj. kr. Það er óhjákvæmilegt að hæstv. heilbrigðisráðherra geri grein fyrir hvernig þessu víkur við. Og það er rétt að minna hæstv. heilbrigðisráðherra á að honum ber að segja þinginu satt og rétt frá í þessum ræðustól og þessar tvær sögur ganga ekki heim og saman því það getur ekki bæði verið síðari áfangi með 500 millj. eins og ráðherrann sagði í þessum stól í fyrra og ekki verið síðari áfangi með 500 millj. eins og ráðherrann segir í sama stól núna.

[17:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekki að láta minna mig á sannsögli í þessum ræðustól og biðst undan því að fá slíkar áminningar. Staðreyndir þessa máls eru að leiðin sem Öryrkjabandalagið vildi fara, og kynnti í nefndinni sem ég nefndi áðan, kostaði 500 millj. Ég hefði auðvitað gjarnan viljað uppfylla það en það var ekki í samræmi við samkomulagið sem við gerðum. Ég vonast auðvitað til að sá dagur komi að við getum haldið áfram að bæta kjör öryrkja.

Mér finnst ábyrgðarleysi að fara ekki yfir það núna á þessari stundu og gera sér grein fyrir ástæðunum fyrir þeirri útþenslu sem er í fjölda öryrkja í landinu. Mér finnst það í þágu öryrkja að gera það. Mér finnst að við verðum að staldra við og komast að því hvað það er í þjóðfélagsgerð okkar sem veldur því að t.d. ungum konum frá 25 ára aldri og upp í þrítugt, að öryrkjum í þeim aldurshópi fjölgar langt fram yfir aðra aldurshópa. Þurfum við ekki að staldra við og komast að ástæðunum fyrir því? Þurfum við ekki að laga eitthvað í þjóðfélagsgerðinni hjá okkur eða hvaða ástæður eru fyrir því? Er það ekki í þágu öryrkja?

[18:01]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra svarar ekki spurningunni. Hann sagði sjálfur í þessum ræðustól að það vantaði 500 millj. kr. upp á að samkomulagið væri efnt, að síðari áfanginn væri 500 millj. kr. Eina ábyrgðarleysið í þessu máli, hæstv. heilbrigðisráðherra, er að efna ekki samkomulag sem maður sjálfur gerir sjálfum sér til upphefðar í kosningabaráttu og árangurs í kjöri. Það er ekki hægt að segja að það að ganga á bak því samkomulagi sé í þágu öryrkja eða að það þurfi að skoða ungar konur í hópi öryrkja, 25–30 ára, hæstv. ráðherra. Það er ekki í þágu þeirra kvenna sem ég trúi að við hittum báðir oft í viku og þekkjum erfiðar aðstæður og hin kröppu kjör þeirra og brýnar þarfir. Í þágu þeirra er að standa við það samkomulag sem hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson gerði með þér þegar hann sjálfur virtist ekki ætla að ná kjöri til Alþingis í Reykjavíkurkjördæmi norður, samkvæmt ítrekuðum skoðanakönnunum. Við slíka samninga eiga menn að standa, hæstv. heilbrigðisráðherra.

[18:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðséð að hv. 9. þm. Reykv. n., Helgi Hjörvar, vill draga síðustu kosningar inn í þetta mál. Hann gengur það langt að draga inn í það einstakar tölur úr skoðanakönnunum. Ég vil upplýsa hv. þm. um að ég hafði átt viðræður við Öryrkjabandalagið um málið svo mánuðum skipti. Niðurstaðan var endapunkturinn á löngu viðræðuferli og hafði ekkert með kosningar að gera.

Ég hafði góðan vilja í þessum viðræðum og það hafði formaður Öryrkjabandalagsins líka. Það hafði ekkert með skoðanakannanir eða kosningar að gera.

Það sem ég vil taka fram, varðandi heildarniðurstöðuna í þessu máli, er að síðan 1998 hafa greiðslur til öryrkja í landinu þrefaldast.

[18:04]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil víkja að öðru í ræðu hæstv. heilbrigðisráðherra. Það lýtur að heilsugæslunni. Hæstv. ráð-

herra gerði í ræðu sinni ráð fyrir fyrirætlunum og framlögum á fjárlögum til að auka og efla heilsugæsluna. Hann nefndi í því tilliti nýjar heilsugæslustöðvar, bæði í Heima- og Vogahverfi og eins í Hafnarfirði.

Spurning mín lýtur að því hvort menn fái eflt hana, bæði með því að fjölga heilsugæslustöðvum en mig langaði einnig að heyra frá ráðherra fyrirætlanir um að halda úti vaktþjónustu, vaktþjónustu sem mér skilst að búið sé að taka upp á öllum heilsugæslustöðvum. Mig minnir að hæstv. ráðherra hafi líka nefnt það í ræðu sinni að komum á heilsugæslustöðvarnar hefði fjölgað mjög. Við þekkjum yfirlýsta stefnu ráðuneytisins og heilbrigðisnefndar líka undanfarin ár í að efla grunnþjónustu heilsugæslunnar og mæta þörfum allra íbúa, helst þeirra sem þröngt hefur verið um á höfuðborgarsvæðinu.

Vaktþjónustan sem ég tel að sé komin á allar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu hefur leitt til þess að komum á heilsugæslustöðvar hefur stórlega fjölgað. Um leið er heilsugæslan dýrari í rekstri en hún hefur verið. Heyrst hefur að þeir hafi farið fram úr og geti ekki haldið sömu þjónustu áfram.

Spurning mín til hæstv. ráðherra er í raun hvort hann geri ekki ráð fyrir því í fjárlögunum að þessi þjónusta, eins og hún hefur verið síðustu vikurnar, verði veitt á næsta ári. Við erum öll sammála um að það sé þjóðhagslega hagkvæmara að efla heilsugæslustöðvarnar sem er ódýrasta þjónustan. Það er líka álitaefni hvort ekki teljist líklegt að kostnaðurinn við rekstur bráðamóttökunnar á Landspítalanum og annarrar vaktþjónustu verði jafnframt ódýrari.

[18:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við teljum mjög mikilvægt að halda vaktþjónustunni. Það er nútímaþjónusta og þægilegt fyrir fólk sem er í vinnu að geta farið eftir kl. 4 og sótt þjónustu heilsugæslunnar. Það hefur sýnt sig að komum þangað hefur fjölgað. Reyndar hefur komum á læknavaktina líka fjölgað, sem er athyglisvert. Maður hélt að það mundi færast eitthvað á milli. En hins vegar er ánægjulegt að geta sagt frá því að komum á bráðamóttökuna á Landspítalanum hefur ekki fjölgað að sama skapi. Það er einmitt það sem við viljum, að fólk sæki frumþjónustuna fyrst en sæki því næst inn á önnur stig heilbrigðisþjónustunnar þegar frumþjónustunni sleppir. Þetta er því jákvæð þróun.

Að vísu hefur bakþjónustan á heilsugæslunni eitthvað dregist saman en það kann að vera að fólk flytji viðtalstíma frá deginum og yfir á síðdegið eftir að fólk hefur lokið vinnu. En við leggjum á það mikla áherslu að halda þessari þjónustu. Við höfum reyndar gert ráðstafanir til þess til áramóta að halda henni. Við vonum að á næsta ári náist að halda henni í því formi sem hún hefur verið. Við leggjum á það mikla áherslu og teljum það bætta þjónustu við fólkið.

[18:08]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki, 55. mál, frv. ÖJ og JBjarn, þskj. 55.

Kvennahreyfingin á Íslandi, 56. mál, þáltill. KolH og ÞBack, þskj. 56.

Notkun endurnýjanlegra, innlendra orkugjafa, 52. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 52.

Nýting stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga, 53. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 53.

[18:09]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherrar, sem ég bað um fyrr í dag, hafi skilað sér. Ég tel að hæstv. samgönguráðherra hljóti að vera einhvers staðar nærri. Ég sá hann fyrir skömmu.

Ég byrja því þriðju ræðu mína í dag á að spyrja hæstv. ráðherra spurninga sem ég tel mikilvægt að við fáum svör við í þessari umræðu.

Hæstv. félagsmálaráðherra fer, eins og allir vita, með málefni sveitarfélaga. Það hefur býsna mikið verið til umræðu, bæði í þingsal í dag og í samfélaginu, hver fjárhagsstaða þeirra er. Ljóst er að mörg undanfarin ár hafa sveitarfélögin verið rekin með æðimiklum halla, jafnvel þannig að á örfáum árum er það farið að nema tugum milljarða. Því er eðlilegt að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort búast megi við því að reynt verði að gera eitthvað í þessum málum fyrr en síðar.

Býsna lengi hefur verið að störfum nefnd sem ætlaði að fara yfir tekjustofna sveitarfélaga. Að vísu höfum við heyrt það nokkrum sinnum, bæði í almennri umræðu og hér í dag, að nýlega sé búið að rita undir viljayfirlýsingu. Hins vegar væri fróðlegt að fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvað hefur tafið störf þessarar nefndar. Það er ekkert nýtt í þessari viljayfirlýsingu sem ekki hefði átt að liggja fyrir þegar þessi ágæti hópur tók til starfa.

Ég hefði einnig viljað bera a.m.k. tvær tölur undir hæstv. ráðherra, þ.e. tölur sem berast úr herbúðum sveitarstjórnarmanna varðandi svokölluð einkahlutafélög, að fjölgun þeirra hafi dregið úr tekjum sveitarfélaga svo nemur á annan milljarð króna. Eins hefur komið fram að hallað hafi á sveitarfélögin varðandi húsaleigubætur, miðað við þau hlutföll sem upphaflega var rætt um, upp á um það bil 300 millj. kr. Það væri fróðlegt að fá að heyra frá hæstv. félagsmálaráðherra hvort þessar tölur eru að mati ráðuneytisins eitthvað nærri lagi.

Ég hafði jafnframt hugsað mér að spyrja hæstv. umhverfisráðherra einnar spurningar. En hæstv umhverfisráðherra er ekki hér og hefur ekki séð sér fært að vera hér áfram. Ég tel líklegt að hæstv. félagsmálaráðherra geti hjálpað okkur við upplýsingar í þeim efnum, þ.e. varðandi átak sem hefur staðið um nokkurt skeið í fráveitumálum sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að því ljúki á næsta ári. Ég spyr hvort ekki sé öruggt að það átak muni halda áfram. Mér sýnist, miðað við upplýsingar mínar, að áætla megi að jafnvel um helmingur sveitarfélaga verði ekki búinn að ljúka málum sínum eins og stefnt er að þegar tímabilinu lýkur sem gert var ráð fyrir að ríkisvaldið aðstoðaði sveitarfélögin við þær dýru og stóru framkvæmdir.

Ég sný mér næst að hæstv. menntamálaráðherra. Auðvitað eru ýmis mál í fjárlagafrumvarpinu sem tengjast ráðuneyti hæstv. ráðherra. Eðlilegt er að byrja á að spyrja hvernig sú tala er fundin. Hver er ástæðan fyrir því að hún er ákveðin, að hækka innritunargjöld í háskóla um tæp 40%, þ.e. úr 32.500 í 45 þús. kr.? Hvaða röksemdir eru á

bak við þessar tölur?

Einnig er nauðsynlegt að fá upplýsingar um það frá hæstv. ráðherra varðandi nemendatölurnar, sem eru meginskýringar þess að aukið fjármagn fer til framhaldsskóla og háskóla, hvernig þær tölur eru fengnar. Er meiri rökstuðningur fyrir þeim tölum heldur en var þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram fyrir ári? Í fjárlagafrumvarpinu fyrir yfirstandandi ár voru þessar tölur mjög fjarri raunveruleikanum. Spurningin er hvort meiri líkur séu á því að þær tölur sem nú eru í fjárlagafrumvarpinu séu réttar en þær sem voru þar í fyrra.

Hæstv. ráðherra verður einnig að upplýsa hvort sama leið er farin í fjárlagafrumvarpinu við að reikna út tölurnar og farin er í fjáraukalagafrumvarpi, sem hér verður að vísu til umræðu eftir tvo daga. Í því fjáraukalagafrumvarpi kemur fram að nemendur í framhaldsskólum á yfirstandandi ári hafi verið mun fleiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum, þrátt fyrir að sú tala hafi hækkað nokkuð í meðförum Alþingis. Má ætla að þeim kostnaði sé ekki öllum mætt heldur sé talan fyrir meðalnemandann lækkuð? Það er nauðsynlegt að vita hvort sömu aðferð er beitt í fjárlagafrumvarpinu núna.

Að lokum vil ég beina því til hæstv. menntamálaráðherra að í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að ráðuneyti fjármála og menntamála vinna saman að endurskoðun reiknilíkans framhaldsskóla. Að vísu hefur margoft verið bent á að þar þurfi að lagfæra og endurskoða. Nokkrar skýrslur liggja fyrir þar um. En það væri fróðlegt að fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvað hún telur að þurfi að endurskoða í þessu reiknilíkani. Hver er ástæðan fyrir því að tvö ráðuneyti þurfi til að fara yfir þetta reiknilíkan? Fram að þessu hefur menntamálaráðuneytið verið látið duga.

Það væri einnig fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti gefið okkur upplýsingar um hvað orðalagið sem notað er í frumvarpinu þýðir, en orðrétt segir, með leyfi forseta:

„Markmiðið" — þ.e. með endurskoðun reiknilíkansins — „er að útgjöld skólanna verði í samræmi við fjárveitingar í fjárlögum."

Má skilja þessi orð sem svo að fram að þessu hafi útgjöld skólanna ekki verið í samræmi við fjárveitingar í fjárlögum? Er þá verið að viðurkenna að það hafi verið rangt gefið undanfarin ár og er þá fyrirhugað að bæta það sem rangt var gert á fyrri árum?

Þá sný ég mér að hæstv. samgönguráðherra en samgönguráðuneytið er, miðað við fjárlagafrumvarpið sem hér liggur fyrir, það ráðuneyti þar sem mest þarf að skera niður. Það er að vísu ekki nýtt að frestað sé vegaframkvæmdum, það hefur verið stundað með reglulegu millibili undanfarin ár. Við fengum að vísu innskot í þá þróun rétt fyrir kosningar þegar 4,6 milljarðar voru settir í flýtiframkvæmdir, og ekki nema gott um það að segja. En við sáum frestun á yfirstandandi ári og aftur er fyrirhuguð frestun á næsta ári. Ég vil biðja hæstv. samgönguráðherra að gera okkur stuttlega grein fyrir því hvaða framkvæmdir þarna eru undir, hvaða framkvæmdum á að fresta á næsta ári sem gert var ráð fyrir í samgönguáætlun.

Herra forseti. Ég átti eftir að bera upp eina spurningu til hæstv. fjármálaráðherra, sem varðar barnabætur. Þær hafa talsvert verið ræddar í dag og verið nokkuð misvísandi frá stjórnarliðum hvert stefnt er í þeim efnum. En fram kemur í fjárlagafrumvarpinu að það sé til athugunar að hækka barnabæturnar.

En svo segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þar sem eftir er að ljúka nánari útfærslu á þessum málum eru þær óbreyttar milli ára."

Það er að segja, krónutalan er óbreytt á milli ára og það sama er í fjárlögum þessa árs. Því er nauðsynlegt að hæstv. fjármálaráðherra útlisti örlítið fyrir okkur hvaða útfærslu þarf að ljúka nánar svo hægt sé að hækka barnabætur.

Herra forseti. Ég á eftir einn afar mikilvægan kafla úr ræðu minni sem varðar vinnubrögð en á aðeins eftir eina mínútu af ræðutíma mínum, sem verður að duga. Ég hef örlítið rætt þau í andsvari við hv. þm. Magnús Stefánsson í dag en málið er mun stærra en svo að ég muni ljúka umræðu um það á einni mínútu en vil ekki sleppa því að nefna það. Það er nefnilega gífurlega mikilvægt að löggjafarvaldið sinni hlutverki sínu varðandi fjárlög og framkvæmd þeirra. Framkvæmdarvaldið er nefnilega meira og minna án alls aðhalds hvað varðar framkvæmd fjárlaga og raunverulega gerð fjárlaga.

Ríkisendurskoðun benti okkur á það í gamalli skýrslu að rammafjárlögin héldu ekki nema fram að því að fjárlög eru lögð fram á Alþingi. Síðan gera ráðherrarnir fyrst og fremst tillögur um það að breyta því sem er í römmunum og þar með er allt komið á flot.

Við þekkjum líka skilaboð fjármálaráðuneytisins frá því í fyrra þegar bréf var sent til allra helstu stofnana, meira að segja stofnana sem heyra undir Alþingi, um að stofnanirnar ræddu ekki við fjárlaganefnd. Ég held, herra forseti, að eitt brýnasta verkefni fjárlaganefndar á næstu missirum sé að treysta sjálfstæði sitt og halda uppi merki löggjafans þannig að framkvæmdarvaldið valti ekki algjörlega yfir menn. Einnig held ég að nauðsynlegt sé að ákveðin endurhæfing fari fram hjá einstaka nefndarmönnum í fjárlaganefnd þannig að þeir átti sig á því að þeir eru ekki bara í liði framkvæmdarvaldsins.

[18:19]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vakti athygli á því að samgönguráðuneytið þyrfti að fresta framkvæmdum í samræmi við fjárveitingar og að teknu tilliti til samgönguáætlunar sem er í gildi. Vegna fyrirspurnar hv. þm. minni ég á að við afgreiðslu fjárlaga þessa árs kom það skýrt fram að við gerðum ráð fyrir að hægja á framkvæmdum á árinu 2004 og á árinu 2005 til þess að ná þeim markmiðum í efnahagsmálum sem við höfum gert ráð fyrir að ná. Á þessu ári hefur þetta allt saman gengið upp og hægt var á nokkrum framkvæmdum. Stærsta einstaka framkvæmdin sem tekin var ákvörðun um að fresta eru göngin, svokölluð Héðinsfjarðargöng. Það er langstærsta fjárhæðin sem kemur í frestun vegna þessara ára og fyrir næsta ár, 2005, liggur fyrir að sú framkvæmd verði boðin út en framkvæmdin mun ekki hefjast að neinu marki fyrr en árið 2006. Það er í samræmi við þau áform sem kynnt voru við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár eins og ég gat um áður.

Hvað aðrar framkvæmdir varðar liggur það ekki fyrir en verður tekið til meðferðar við endurskoðun á samgönguáætluninni. Sú vinna er að hefjast, endurskoðuð samgöngu-

áætlun verður væntanlega lögð fram í byrjun næsta árs á grundvelli þeirra fjárlaga sem afgreidd verða í haust. Þangað til verður að sjálfsögðu unnið að uppstillingu á þeim áformum en ég lít svo til að það eigi ekki að verða neitt stórvandamál. Stærsta frestunarframkvæmdin er Héðinsfjarðargöngin og tekur hún kúfinn af þeim fjárhæðum sem þarna er um að ræða.

[18:22]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir upplýsingarnar sem voru ekki margar nýjar vegna þess að það hefur legið fyrir um nokkurt skeið að búið væri að fresta framkvæmd Héðinsfjarðarganga. Hins vegar væri fróðlegt að fá töluna hjá hæstv. ráðherra, ef hann hefur hana handbæra, hversu hátt hlutfall frestun Héðinsfjarðarganga er af þeim tæpu 2 milljörðum sem áætlað er að fresta á næsta ári. Einnig væri fróðlegt að fá upplýsingar hjá hæstv. ráðherra um aðrar framkvæmdir. Þó svo að það liggi ekki fyrir eru væntanlega einhverjar hugmyndir í gangi um þær, varðandi t.d. hönnun og annað þess háttar sem er þá farið að draga úr vegna þess að ef einhverjar framkvæmdir eru ekki tilbúnar er kannski eðlilegra að fresta þeim en öðrum.

Ég varð fyrir vonbrigðum með að hæstv. ráðherra skyldi ekki geta upplýst okkur nánar um það hvaða framkvæmdir væru á ferðinni fyrir utan Héðinsfjarðargöngin, sem var ekkert nýtt og búið að taka umræðu um. Frestun þeirra minnir mann á umræður sem áttu sér stað áðan vegna þess að búið er að lofa Héðinsfjarðargöngum í tvennum alþingiskosningum, annars vegar var vilyrði fyrir þeim 1999 og aftur 2003. Þá var búið að setja í gang útboðsferlið og útboðin lágu fyrir, en það er ekki fyrr en eftir kosningar sem ákveðið er að fresta framkvæmdunum.

Það er ekki tími til þess að fara nákvæmlega yfir þá umræðu hér en ég hefði vænst þess að hæstv. ráðherra gæti gefið okkur einhverjar frekari hugmyndir um það hvaða framkvæmdum verið er að velta fyrir sér að fresta vegna þess að ekki hefur þessi ágæta tala komið af himni ofan, það hlýtur einhver rökstuðningur að vera á bak við hana.

[18:24]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan liggur ekkert enn þá fyrir um aðrar framkvæmdir sem við munum hægja á. Hins vegar er alveg ljóst að samgönguráðherra hefur haft úr verulega miklum fjármunum að spila vegna samgöngumannvirkja. Jafnframt liggur ljóst fyrir að mjög mörg verk hafa ekki komist af stað, annars vegar vegna þess að mikill tími hefur farið í umhverfismat og í einhverjum tilvikum hafa sveitarfélög stöðvað framkvæmdir vegna þess að framkvæmdaleyfið hafði ekki verið veitt. Það er kannski innlegg í þá erfiðu vinnu hjá samgönguráðherra að gera tillögur um frestun framkvæmda. Það er t.d. alveg ljóst að það verður ekki farið í það stóra verkefni sem við höfðum gert ráð fyrir, sem er mislæg gatnamót á mörkum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Hér er því um ýmislegt að ræða.

Það liggur sem sagt ekki fyrir hvaða framkvæmdum við munum hægja á að öðru leyti en þeim göngum sem ég nefndi fyrr.

[18:25]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að hæstv. samgönguráðherra lifir þá tíð að hafa úr mjög miklum fjármunum að spila og jafnvel svo miklum að varla sé hægt að koma þeim öllum í lóg.

En ég vænti þess, miðað við orð hæstv. ráðherra, að ekki sé ætlunin að fresta neinu sem snýr að jarðgangaáætlun, þ.e. athugun á næstu jarðgangakostum því það er auðvitað afar erfitt að horfa upp á það enn á ný að það muni koma eyða í jarðgangaframkvæmdir í landinu vegna þess að nú er aftur búið að safna upp verkkunnáttu sem væri gífurlega mikilvægt að nýta áfram og fá þar af leiðandi hagstæðari tilboð, en eins og við munum var ætlunin að bjóða Héðinsfjarðargöngin út með Fáskrúðsfjarðargöngum en hætt við það á síðustu stundu og síðan frestað öllum framkvæmdum við Héðinsfjarðargöng. Það hefur því ekki enn reynt á að bjóða út svolítinn pakka í jarðgöngum til þess að lækka kostnað og auka vonandi framkvæmdahraða.

[18:26]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson gerir að umtalsefni við þessa umræðu fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Það er rétt sem hv. þm. vitnaði til að fyrir um hálfum mánuði síðan, 17. september, náðist samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um ákveðin atriði sem tekin skyldu til umræðu og skoðunar milli þessara tveggja stjórnsýslustiga og varða fjárhagsleg samskipti.

Þar kemur fram í 3. lið að nefndinni verði falið að fjalla um horfur í fjármálum sveitarfélaga með sérstakri áherslu á að skoða þau sveitarfélög og svæði sem standa höllum fæti fjárhagslega, meta ástæður fyrir þeim vanda og gera tillögur sem leitt geta til úrbóta, og einkum verði horft til eftirfarandi atriða, þ.e. hvort rýmka beri heimildir sveitarfélaganna til nýtingar núverandi tekjustofna, hvort það komi til álita að marka þeim nýja tekjustofna, hvort ójafnræðis gæti í tekjumöguleikum sveitarfélaga og hugsanlegar breytingar á jöfnunarkerfi í því sambandi, og að síðustu hvort Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði markaðir nýir tekjustofnar, m.a. í tengslum við fækkun undanþágna frá fasteignaskatti.

Í 6. lið kemur fram að í tengslum við fækkun og eflingu sveitarfélaganna geti skapast aukin þörf fyrir fjármagn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að aðstoða einstök sveitarfélög við sameiningu í samræmi við reglur sjóðsins. Fram kemur að þeirri þörf verði mætt með framlögum úr Jöfnunarsjóði og ef þörf krefur með framlögum úr ríkissjóði á árunum 2005–2009.

Hv. þm. spurði enn fremur um einkahlutafélög, húsaleigubætur og fráveitumál. Tími minn í fyrra andsvari mínu, hæstv. forseti, leyfir ekki svör við þeim spurningum en ég mun víkja að þeim í síðara svari mínu.

[18:29]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég óttaðist einmitt að ef hæstv. félagsmálaráðherra færi í yfirlýsinguna mundi allur tíminn fara í

það. Þess vegna baðst ég undan því að fá að fara yfir hana einu sinni enn því að það er búið að fara yfir hana áður í dag. En við skulum vona að hæstv. ráðherra komist yfir svörin í seinna andsvari.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi heyrt það jafn vel og ég frá reyndum sveitarstjórnarmönnum sem hafa staðið í þessum bransa, sumir hverjir jafnvel áratugum saman, að þeir hafa í seinni tíð sagt að það hafi aldrei verið jafnerfitt að ná endum saman, það hafi aldrei verið jafnerfitt að reka sveitarfélög og á síðustu árum.

Ég trúi ekki öðru en að það hafi verið markmiðið að tekjustofnanefndin, sem hefur starfað mjög lengi, væri búin að ljúka störfum núna. Það er ekkert í frumvarpinu um það hvernig á að nálgast sveitarfélögin. Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um það hvað tafði fyrst og fremst fyrir störfum nefndarinnar.

Hvers vegna þurfti allt í einu í miðju ferli að fá einhverja viljayfirlýsingu um það hvað menn ættu að gera? Lá það ekki fyrir strax í upphafi hvert markmiðið var? Af hverju þurfti allt í einu að kalla fjármálaráðherrann til og fá hans stafi á blað til þess að hópurinn gæti starfað? Það skyldi þó ekki vera að það hafi einhvers staðar verið tregða í kerfinu að viðurkenna einhverjar staðreyndir sem fyrir liggja. Ég vona að hæstv. félagsmálaráðherra fari yfir þær tölur sem ég bað hann um að segja álit sitt á.

Að lokum, herra forseti, er það algerlega nauðsynlegt að hæstv. ráðherra upplýsi, þar sem ekki tókst að ljúka verkinu áður en fjárlagafrumvarpið var lagt fram, hvort það sé ekki alveg öruggt að vinnunni verði lokið áður en fjárlög verða afgreidd í þinginu.

[18:31]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú bættust svo margar spurningar við hjá hv. þm. að það er ekki nokkur möguleiki að svara þeim öllum. Ég skal þó gera mitt besta.

Hv. þm. minntist á einkahlutafélögin og þá útreikninga sem Samband sveitarfélaga hefur sett fram í þeim efnum. Það verður eflaust eitt þeirra verkefna sem tekjustofnanefndin mun fjalla um. Það liggur ekki fyrir nein niðurstaða í því. Þarna er hins vegar um skattamál að ræða þannig að það er í sjálfu sér eðlilegra að fjármálaráðherra verði til svara hvað það varðar.

Um húsaleigubæturnar er það að segja að gengið hefur verið frá samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um uppgjör húsaleigubótanna. Ríkið hefur fyllilega, hæstv. forseti, staðið við sinn þátt þess samnings og stendur ekki annað til í framtíðinni.

Um fráveitumálin. Hv. þm. bendir réttilega á að það samkomulag sem gert var um greiðsluþátttöku ríkisins hvað þau mál varðar rennur út í lok næsta árs. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort framhald verði á þeirri vinnu. Það verður tíminn að leiða í ljós.

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr: Hvað dvelur orminn langa? Það eru í sjálfu sér ekki ný sannindi að samningar um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga taki tíma. Ég tel, hæstv. forseti, að það sé fyllilega eðlilegt að menn taki sér tíma í það. Hins vegar liggur fyrir sameiginlegur vilji forustumanna sveitarfélaganna og ríkisvaldsins að ná saman um tiltekin atriði í þeim efnum. Við horfum til talsverðrar sameiningar sveitarfélaga og eflingar sveitarstjórnarstigsins og það er sameiginlegur skilningur þeirra aðila sem að því koma að frá þeim málum verði ekki gengið öðruvísi en sátt hafi tekist um tekjuskiptinguna og að verkefnunum fylgi þeir tekjustofnar sem til þurfa.

[18:33]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur beint til mín nokkrum spurningum sem mér er bæði ljúft og skylt að svara og reyni ég að gera það eftir fremsta megni. Um hækkunina á skráningargjöldunum upp í 45 þús. kr. er rétt að upplýsa að þetta var ósk sem kom fram á fundi mínum með háskólarektor og fleiri góðum mönnum. Það er sem sagt að ósk háskólans sem þessi hækkun er sett fram. Þetta er fyrst og fremst byggt á því að kostnaður háskólans vegna skráningargjalda og vegna skráningar innan háskólans eða til háskólans hefur aukist mjög fyrir utan það að inni í þessari upphæð eru einnig verðbætur síðustu ára. Þar af leiðandi fórum við að sjálfsögðu afar vel yfir þetta því að ég veit að það eru kannski aðrir en hv. þm. Einar Már Sigurðarson sem eru ef til vill ekki alveg eins vel upplýstir og hann sem mundu fara að leika sér að því að nefna þetta skólagjöld eða að koma eigi skólagjöldum á bakdyramegin. Það er engan veginn verið að gera það heldur er þetta raunkostnaður háskólans þegar kemur að skráningu og að sjálfsögðu fannst mér rétt að verða við þeirri ósk háskólamanna sem töldu þetta nauðsynlegt til að mæta þeim kostnaði sem hefur fallið á háskólann. Við fórum gaumgæfilega yfir þetta.

Í öðru lagi hefur hv. þm. beint til mín þeirri spurningu varðandi reiknilíkanið, hvernig standi á því m.a. að bæði fjármálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið standi að þeirri endurskoðun sem lýtur að reiknilíkani varðandi framhaldsskólana. Mér finnst það í rauninni bara jákvætt að þessi ráðuneyti eigi hlut að máli því að það er ekki eingöngu menntamálaráðuneytið sem kemur að málum framhaldsskólans eða menntakerfisins heldur að sjálfsögðu er það líka fjármálaráðuneytið þannig að mér finnst það heldur jákvætt að þessi tvö ágætu ráðuneyti einhendist í það að endurskoða reiknilíkanið.

Ég mun í seinna andsvari mínu reyna að fara betur yfir það út á hvað sú endurskoðun nákvæmlega gengur.

[18:35]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur fram hjá hæstv. ráðherra að hækkun skráningargjaldanna í háskólann er samkvæmt ósk stofnunarinnar. Hæstv. ráðherra fullyrðir að hér sé um raunkostnað að ræða og við skulum vona að svo sé því að ef ég man rétt gera lögin einmitt ráð fyrir að þetta gjald megi ekki vera hærra en það sem kemur á móti kostnaði. Yfir þetta verður að sjálfsögðu farið mjög vel í fjárlaganefnd vegna þess að þetta er ótrúlega mikil hækkun ef þarna er eingöngu um að ræða aukinn kostnað og verðbætur. Þetta er auðvitað alveg ótrúlega mikil hækkun miðað við það og auðvitað spurning í hverju þessi aukni kostnaður felst.

Um reiknilíkanið, hæstv. ráðherra, held ég að ég geti alveg verið sammála, að það sé ágætt mál að ráðuneytin fari saman yfir reiknilíkan framhaldsskólanna og þó fyrr hefði verið vegna þess að mjög oft er búið að benda á að ákveðnar veilur eru í því líkani sem þarf mjög nauðsynlega að fara yfir og bæta. Ég vona auðvitað að þegar fleiri koma að verkinu séu meiri líkur á því að rétt niðurstaða fáist.

Ég hafði ekki síður áhuga því — ég vona að hæstv. ráðherra komist yfir það í seinna andsvari sínu að svara mér um nemendatölurnar í framhaldsskólum og háskólum, þ.e. á hve traustum grunni þær byggja og hvort beitt hafi verið sömu aðferðum varðandi útreikninga í fjárlagafrumvarpinu og gert er í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár, þ.e. til að ná einhverri tilsettri tölu er meðalkostnaðurinn lækkaður til að geta hafa sagst mætt auknum nemendafjölda.

[18:37]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi reiknilíkanið get ég tekið undir með hv. þm. Einari Má að ákveðnar veilur hafa komið fram á því en ég tel þær ekki vera mjög stórvægilegar. Engu að síður eru þar hlutir sem við þurfum að fara vel yfir. Ég tel einnig að rétt sé að draga fram ákveðna kosti sem reiknilíkanið hefur haft í för með sér og helstir eru þeir að mínu mati að reiknilíkanið hefur leitt það m.a. af sér að meiri aðsókn er í framhaldsskólana en var áður. Menn segja mér það líka að stjórnunin innan skólanna sé mun betri og stýring á fjármagni innan skólanna er mun betri en áður m.a. á grundvelli reiknilíkansins og síðast en ekki síst er alveg ljóst að brottfallið hefur minnkað m.a. út af reiknilíkaninu. Menn leiða sem sagt minnkandi brottfall til þess hvernig reiknilíkanið gagnvart framhaldsskólunum er byggt upp. Það eru því bæði kostir og gallar við þetta kerfi en að sjálfsögðu eins og um öll önnur líkön og í rauninni öll önnur kerfi ber að fara mjög gaumgæfilega yfir þau. Þess vegna höfum við ákveðið að fara í þetta verkefni í sameiningu og í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Síðan er hitt atriðið, hvaða áætlanir liggja til grundvallar og hvernig það kemur fram, þá höfum við í ráðuneytinu verið að reyna að setja reglur um það hvernig hægt er að áætla nemendur þannig að það virkilega komi fram strax í byrjun hvað það eru margir sem sækja og vilja sækja framhaldsskólana. Í dag er mun erfiðara að áætla hverjir munu sækja framhaldsskólana m.a. út af þeirri jákvæðu þróun að eldri nemendur eru að koma í auknum mæli inn í framhaldsskólann en síðan er hitt atriðið að mjög erfitt er að aðgreina í dag muninn á þeim sem sækja dagskóla, kvöldskóla eða fjarnámið. Eins og kemur fram í fjárlagafrumvarpinu eru menn að skipta á milli þessara þrepa eða aðgreiningar á framhaldsskólunum, þ.e. dagskóla, kvöldskóla eða fjarnáms. Það er því ekki alltaf hægt að áætla þetta. Þess vegna höfum við gert ráð fyrir m.a. að hafa í fjárlögunum 190 nemendur, óráðstafaða, sem við getum þá sett á milli framhaldsskóla og mætt þar af leiðandi þeim þörfum og kröfum sem framhaldsskólarnir setja hverju sinni. Það munum við gera. Þess vegna er m.a. þessi mikla hækkun til framhaldsskólanna sem ég vil sérstaklega vekja athygli á en raunhækkunin og útgjaldahækkunin til framhaldsskólans er 1.205 milljónir.

[18:40]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra náði því miður ekki að svara öllum spurningum mínum og var kannski ekki hægt að búast við því á jafnstuttum tíma en það verður bara til þess að við munum fara betur yfir þau mál í fjárlaganefndinni. Það er vissulega rétt hjá hæstv. ráðherra að það er auðvitað mjög margt jákvætt við reiknilíkanið og helstu kostir þess eru þeir að það átti að vera hægt að sjá í gegnum það hvernig fjárveitingar færu fram en því miður hefur það ekki ræst algerlega. Ég vona að þegar Hagfræðistofnun Háskólans er komin inn í þetta með ráðuneytunum báðum skili það því að niðurstöður verði betri og við náum betra reiknilíkani.

Ég tók eftir í sambandi við nemendatöluna að hæstv. ráðherra svaraði því ekki varðandi háskólann heldur hélt sig fyrst og fremst við framhaldsskólann og svaraði heldur ekki því, og það þótti mér mjög miður, hvort notuð væri sama reikniaðferð og við fjáraukalögin, þ.e. að lækka meðaltalskostnaðinn til þess að ná niður einhverri tölu. Einnig tók ég eftir að hæstv. ráðherra lagði ekkert út af þeim texta sem ég las úr fjárlagafrumvarpinu, þ.e. að markmiðið með endurskoðuninni væri að útgjöld skólanna væru í samræmi við fjárveitingar í fjárlögum. Ég dreg því þá ályktun að hæstv. ráðherra sé sammála mér í túlkuninni, þ.e. að fram að þessu hafi útgjöld skólanna ekki verið í samræmi við fjárveitingar í fjárlögum.

[18:41]

Útbýting:

Afdrif laxa í sjó, 58. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 58.

Vernd og sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, 60. mál, þáltill. KolH og SJS, þskj. 60.

[18:42]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að segja að sú umræða sem við áttum hér fyrr í dag um að einstakir ráðherrar væru hér til andsvara hefur að mínum dómi orðið til góðs. Vel má vera að þeir hefðu komið til umræðunnar án þeirra athugasemda sem við í stjórnarandstöðunni gerðum en ég vona að þetta verði framvegis hefð í þinginu að ráðherrar séu viðstaddir 1. umr. og reyndar umræðu um fjárlög og svari fyrirspurnum. Það fer ágætlega á því að þeir geri það í andsvörum eins og hér var gert þó að mér væri hugsað til þess þegar þeir komust ekki yfir að svara öllum spurningum að sá kostur er náttúrlega opinn fyrir ráðherrann að óska eftir orðinu og flytja ræðu ef þeir svo kjósa.

Hæstv. forseti. Í gær var flutt stefnuræða forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Hæstv. forsætisráðherra kom víða við, fjallaði meðal annars um velferðarkerfið. Hann sagði þar m.a., með leyfi forseta:

„Heilbrigðisþjónustan er meginstoðin í þeirri samfélagsþjónustu sem víðtæk sátt er um í okkar samfélagi.“ Þetta held ég að sé rétt. Og hæstv. forsætisráðherra sagði enn fremur, með leyfi forseta:

„Öflug heilbrigðisþjónusta fyrir alla landsmenn er kjarninn í velferðarkerfinu.“ Ég er sammála þessu. Og enn segir: „Sú þjónusta á að standa öllum opin, óháð efnahag.“ Sammála. „Sjúklingar standa alltaf höllum fæti og sáttin um velferðarkerfið byggist ekki hvað síst á þeim almenna vilja að hjálpa þeim sérstaklega.“ Ég er sammála þessu.

Ég held að það sé líka rétt að um þetta er sátt í samfélaginu. Þetta eru orðin, en hverjar eru athafnirnar? Hvernig stendur á því að lagt er fram fjárlagafrumvarp sem gerir ráð fyrir að hækka komugjöld í heilsugæslu um samtals 26,2 milljónir og komugjöld til heilbrigðisstofnana eiga að hækka um 20,6 milljónir? Hvernig kemur þetta heim og saman við yfirlýsingar hæstv. forsætisráðherra og hvernig kemur það heim og saman við yfirlýsingar hans að Landspítalinn – háskólasjúkrahús og reyndar aðrar heilbrigðisstofnanir í landinu hafa þurft að sæta afarkjörum, grípa til strangra aðhaldsaðgerða sem hæstv. heilbrigðisráðherra sagði að væru mjög vel heppnaðar á Landspítalanum? Í hverju felst það? Fjölda starfsmanna var sagt upp störfum. Álagið víða á deildum sjúkrahússins hefur stóraukist. Deildir sem voru opnar alla vikuna loka núna um helgar. Ég vísa t.d. til öldrunardeilda. Eru þetta vel heppnaðar aðgerðir?

Í öðrum tilvikum hefur sjúkrahúsið verið knúið til að einkavæða þjónustu og það skil ég vel að er vel heppnað samkvæmt pólitískum skilningi hæstv. fjármálaráðherra, Geirs H. Haardes, því að þetta er sú stefna sem Sjálfstæðisflokkurinn fylgir og hefur knúið Framsókn til að framkvæma.

En öryggi hefur verið aukið á öðrum vígstöðvum þó að dregið hafi úr því gagnvart þeim sem standa höllum fæti, sjúklingunum, þ.e. hjá hæstv. dómsmálaráðherranum okkar, honum Birni Bjarnasyni, og það geysilega. Á því hefur hæstv. forsætisráðherra mikinn skilning.

Hann fór um þetta orðum í stefnuræðu sinni í gær og sagði m.a., með leyfi forseta:

„Á liðnum vetri samþykkti ríkisstjórnin tillögu dómsmálaráðherra um að breyta skipulagi sérsveitar lögreglunnar og að hún skyldi efld á næstu árum. Unnið hefur verið í samræmi við það og verður fjölgað í sveitinni á næsta ári.

Efling sérsveitarinnar er í samræmi við alþjóðlega þróun. Ríkisvaldið þarf að gera meiri og öflugri ráðstafanir en áður til að tryggja öryggi hins almenna borgara.“

Þarna á að grípa til hertra öryggisráðstafana, auka fjárframlag, á sama tíma og skorið er niður við þá sem raunverulega standa höllum fæti í samfélaginu. Þetta er hinn pólitíski veruleiki sem okkur hefur verið boðaður bæði í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra í gær og síðan í fjárlagafrumvarpinu sem er í rauninni framkvæmd á þessari stefnu.

Ég ætla að nota þessar örfáu mínútur sem ég á eftir til þess að víkja að enn öðru sem fram kom hjá hæstv. forsætisráðherra hér í gær. Það snýr aftur að öryrkjunum.

Hæstv. ráðherra sagði, með leyfi forseta:

„Stjórnarandstaðan og hagsmunaaðilar deila á ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki staðið við fyrirheit við öryrkja. Staðreyndir málsins eru þær, að sérstaða þeirra sem yngstir verða öryrkjar hefur verið viðurkennd með því að tvöfalda grunnlífeyri þeirra. Rúmum milljarði króna var varið til þessa verkefnis. Ekki nóg, ekki nóg, segir stjórnarandstaðan, og krefst frekari framlaga, og neitar að horfast í augu við umtalsverðan samfélagslegan vanda sem kann að vera að skapast vegna mikillar fjölgunar öryrkja.

Halda menn að fjölgun öryrkja um 50% á sex árum segi ekki til sín í bókhaldi Tryggingastofnunar ríkisins?“

Þetta sagði hæstv. forsætisráðherra hér í gær. Við höfum áður hér við umræðuna farið yfir samninginn sem gerður var við Öryrkjabandalag Íslands og hvernig hann var brotinn af hálfu ríkisstjórnarinnar. Við höfum farið rækilega í saumana á þessu. En mig langar nú í lokin á minni ræðu til að gefa ágætum formanni Öryrkjabandalags Íslands, Garðari Sverrissyni, orðið. Ég ætla að vitna í grein sem hann hefur skrifað og birtist m.a. á vef Öryrkjabandalagsins.

Garðar Sverrisson formaður Öryrkjabandalagsins segir m.a. í grein sinni, með leyfi forseta:

„Í umræðunni hefur því ítrekað verið slegið upp að öryrkjum hafi fjölgað um 50% frá miðbiki síðasta áratugar. Án nánari skoðunar og samhengis er eðlilegt að við hrökkvum við og spyrjum okkur hvað sé eiginlega á seyði, hvort heilsu okkar hafi farið svona ört hnignandi eða tryggingalæknum orðinn svona laus penninn.

Til að vitræn umræða geti orðið um þessi mál verðum við í fyrsta lagi að gera okkur grein fyrir því hvað örorkulífeyrisþegar eiga sameiginlegt. Það sem þeir eiga öðru fremur sameiginlegt er að þeir eru fólk sem vegna fötlunar sinnar, jafnvel lítils háttar fötlunar, er ekki talið uppfylla þær ört harðnandi kröfur sem gerðar eru á íslenskum vinnumarkaði. En hvers vegna skyldu kröfurnar hafa farið svona ört harðnandi?

Svarið er sú gerbreyting sem hér hefur orðið á atvinnustigi — á eftirspurn eftir vinnuafli. Allt fram á síðasta áratug hafa fatlaðir Íslendingar átt því láni að fagna að hér hefur verið mjög mikil og góð eftirspurn eftir vinnuafli, raunar svo mjög að á áttunda og níunda áratug síðustu aldar var atvinnuleysi liðlega 0,5% að meðaltali. Síðan þá hefur það á hinn bóginn verið í kringum 3%. Viðvarandi atvinnuleysi hefur því að minnsta kosti aukist um 500% — tíu sinnum meira en nemur hlutfallslegri fjölgun öryrkja.

Þegar litið er til vígstöðu fatlaðra í samkeppni við fullfrískt fólk á vinnumarkaði vekur þessi samanburður auðvitað athygli. Rennir hann stoðum undir þá reynslu okkar hjá Öryrkjabandalagi Íslands að fáir leggja harðar að sér en fatlaðir til að halda atvinnu sinni. Virk þátttaka virðist þá fyrst verða okkur ómissandi þegar við stöndum frammi fyrir því að eiga hennar e.t.v. ekki kost.“

Þetta voru orð Garðar Sverrissonar formanns Öryrkjabandalags Íslands og ég vil gera orð hans að lokaorðum mínum við þessa 1. umr. um fjárlög.

[18:51]

Útbýting:

Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, 59. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 59.

[18:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að flytja langt mál enda held ég að ég hafi ekki nema svona tíu mínútur. Ég vona að

ég ljúki því sem ég ætlaði að segja á þeim tíma.

Ég gerði að umræðuefni í fyrri ræðu minni spurninguna um það hvort þenslan hér á landi dreifðist jafnt um landið og hvort ástæða væri til þess að skoða sérstaklega hvernig menn ætluðu að fara í að hægja á framkvæmdum til að draga úr þenslu. Ég fullyrti og ætla að endurtaka það að ég hef ekki orðið var við nokkra einustu þenslu í mínu kjördæmi, því miður kannski. Ég fagna þeim framkvæmdum sem hafa átt sér stað á Austurlandi og er í raun mjög sáttur við það sem þar er að gerast. Ég vil líka segja að ég er afar ánægður með hvernig til hefur tekist í jarðgangagerð á Austurlandi og hversu hratt þeim verkum hefur miðað áfram.

Í framhaldi af því hlýt ég að velta því fyrir mér hvað í jarðgangagerð valdi þenslu sérstaklega eða hafi veruleg áhrif til að draga úr þenslu. Þá hljótum við að spyrja okkur: Hvað vinna t.d. í raun margir að staðaldri í göngunum milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar? Hversu margir voru þar að verki á þeim vöktum sem þar gengu og hvaða tækjabúnað ætli hafi þurft þar til? Þá má auðvitað spyrja í framhaldi af því: Er sá fjöldi þeirra var að störfum inn í fjalli við að gera jarðgöngin, þ.e. er sá verkþáttur einhver sérstakur þensluvaldur sem slíkur? Mér finnst vanta svör við þessum spurningum. Við verðum að velta þessu fyrir okkur. Þegar verið er jafnvel að hægja á framkvæmdum í jarðgöngum, mjög arðbærum framkvæmdum eins og ég kom að í ræðu minni í dag, er þá stöðvun á verki t.d. 50 manna sem vinna á vöktum við að bora sig í gegnum fjall sú aðgerð að hún hafi einhver veruleg áhrif til þess að draga úr þenslu almennt í landinu, ekki síst ef það er svo verið að framkvæma þessa verkþætti á landsvæðum þar sem nánast engin þensla á sér stað? Þessu vildi ég beina til hæstv. samgönguráðherra. Ég veit að hann mun leitast við að gefa okkur skýr svör um þetta. Ég spyr bara beint: Hvað voru margir að vinna í göngunum milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og hvaða tækjabúnað þurfti þar til? Ég þykist svo sem hafa einhverja hugmynd um hvað þarf af tækjum í þetta. Það þarf gröfur og flutningstæki til að flytja það sem sprengt er út o.s.frv. og það þarf mannskap.

En ég átta mig einfaldlega ekki á þessu og þess vegna spyr ég þá sem kannski betur vita: Hversu mikill þensluvaldur eru fimmtíu menn sem bora holu í gegnum fjall við framkvæmdir þannig að þeir hafi áhrif á landsvísu, ekki síst ef það er á svæðum þar sem mikil þörf er á því að framkvæma svona verk og þar sem beinlínis er hægt að sýna fram á að framkvæmdin sem slík færir okkur verulegan ábata, ekki á árinu 2005, ekki á árinu 2006 og jafnvel ekki á árinu 2007 en það gæti verið að hún gerði það 2008 og 2009 og þar á eftir? Og er það ekki þá sem þenslunni á að vera lokið hér á landi?

Ég geri þetta að sérstöku umtalsefni vegna þess að mig óar við því ef það á að vera niðurstaðan að fara enn í frestunarferli á jafnarðbærum framkvæmdum og vegaframkvæmdum sem miða að því að losna við fjallvegi, fara undir fjöll og heiðar og/eða stytta vegalengdir með þverun fjarða þar sem það á við. Þess vegna vil ég að samgönguráðherra sé hér viðstaddur og leitist við að svara þessum spurningum sem ég veit auðvitað að hann mun reyna að gera af fremsta megni.

Ég vék fyrr í dag að sveitarfélögunum. Það er búið að ræða þau mál í dag. En ég vonast til þess að hæstv. ráðherra fjármála víki m.a. að beinni spurningu sem ég lagði hér fram. Hvað með það að létta af sveitarfélögunum eyðingu á mink t.d., draga úr þeim mikla kostnaði sem mörg sveitarfélög hafa af því og sem hefur fallið á þau í meira mæli á undanförnum árum en ásættanlegt er? Ef sveitarfélög sem mörg hver hafa slakan fjárhag eiga að forgangsraða því hvaða lögbundin verkefni þau eiga að framkvæma þá munu þau örugglega skilja minkinn og refinn eftir og reyna frekar að þjónusta fólkið beint eins og þeim ber skylda til í sveitarfélaginu. Þetta er spurning sem menn þurfa að velta fyrir sér.

Ég var aðeins byrjaður að ræða skattastefnuna og ætla að eyða lokaorðum mínum í þessari umræðu um hana. Ég vék að því í máli mínu að við í Frjálslynda flokknum hefðum lýst þeirri stefnu okkar fyrir síðustu kosningar að við teldum að hækka ætti persónuafsláttinn til þess að létta á skattbyrði þeirra sem lægri eru í tekjunum og hækka í raun afkomustig þeirra og rauntekjur og þar með auðvitað að hækka skattleysismörkin. Ég vék að grein sem forustumenn eldri borgara skrifuðu í Morgunblaðið á föstudaginn var. Þar drógu þeir það fram að skattleysismörkin væru núna rúmlega 71 þús. kr. en ættu, ef þau hefðu haldið verðgildi sínu síðastliðinn einn og hálfan áratug, að vera um 100 þús. kr. Ég tel að við verðum að horfast í augu við það að hækka verður persónuafsláttinn í áföngum á næstu þremur árum upp í það að hann verði að raungildi sá sami og hann var fyrir einum og hálfum áratug. Það væri virkilega mikil aðgerð fyrir þá sem hafa hér lægstu launin í landinu. Ég tel að það sé skattastefna sem mundi koma okkur vel og jafna kjörin í landinu.

Þess vegna segi ég það enn og aftur að ég er andvígur því að fara þá leið sem ríkisstjórnin hefur samþykkt í þessari lotu að fella niður hátekjuskattinn og að fara í flata prósentulækkun á tekjuskattinum um eitt prósentustig nú og boða síðan að áframhaldandi aðgerðir verði í því út þetta kjörtímabil í stað þess að horfa á hvað mundi koma þeim best sem lægst hafa launin. Ég tel tvímælalaust að í skattamálum væri það aðgerð varðandi persónuafsláttinn að hækka hann þannig að þeir lægst launuðu kæmu betur út.

Núverandi aðgerð í hátekjuskattinum og í skattþrepinu mun auðvitað leiða til þess að þeir sem hafa milljón á mánuði hagnast um 30 þús. kr. á mánuði, eða um það bil, en þeir sem hafa 100 þúsund kr. og minna hagnast um 1.500 kr. eða þar um kring og þeir sem greiða skatta, náttúrlega niður í ekki neitt. Þetta tel ég að séu óásættanleg stefnumörk og lýsi mig algerlega andvígan þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur boðað í sambandi við skattamálin og tel að það væri mikið nær fyrir ríkisstjórnina að leita sátta um að deila þessu með öðrum hætti heldur en gert er í því fjárlagafrumvarpi sem hér er boðað. Og að fella hátekjuskattinn niður á næsta ári og á þar næsta ári niður í núll er auðvitað sérstök aðgerð fyrir þá sem hafa hæstu tekjurnar en ekki þá sem hafa lægri tekjur.

Ég held að ég láti þetta nægja enda tími minn að verða búinn og ég vonast til þess að hæstv. samgönguráðherra svari þeim spurningum sem ég var að velta fyrir mér. Meðal annars hvaða þensluáhrif fylgi því að 50 menn vinni við

að hola fjall og einnig að hæstv. fjármálaráðherra víki að skattamálum og þeim spurningum sem ég lagði fram um þau og að stöðu sveitarfélaganna að því er varðar eyðingu refa og minka og að lokum almennt um stöðu sveitarfélaganna sem ég kom að meðal annars í fyrri ræðu minni í dag.

[19:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson velti fyrir sér áhrifum framkvæmda í samgöngumálum á atvinnustigið og verðlagsþróunina í landinu og það er ekki óeðlilegt að við förum yfir það en ég gat þess fyrr í þessari umræðu í andsvari að mikilvægt væri að taka tillit til þess. Það var hægt á framkvæmdum á þessu ári í þeim tilgangi að taka tillit til verðlagsþróunar og ég tel að það hafi verið hárrétt ákvörðun. Auðvitað er það svo að samgönguráðherra á hverjum tíma vill auðvitað hafa sem mesta fjármuni til framkvæmda og það gildir um þann sem hér stendur.

Eins og hv. þingmenn þekkja þá er það svo að í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2005 sem hér er til umræðu gerum við ráð fyrir því að til vegamála gangi 13,2 milljarðar á næsta ári, reyndar til vega- og umferðarmála, og á þessu ári er um að ræða 13,6 milljarða. Síðan gerum við ráð fyrir því í langtímaáætluninni að aðeins sé dregið úr fjárveitingunni á árinu 2006 en hún síðan aukin upp í 16,7 til 16,8 milljarða á árinu 2007 og 2008. Þannig að í samgönguáætluninni sem gerð verður til næstu fjögurra ára á þetta að jafnast út og þau áform sem samgönguáætlunin gerði ráð fyrir um framkvæmdastig helst, en það álít ég vera mikilvægast, en aðalatriðið er auðvitað að áform okkar í samgönguáætluninni nái fram að ganga.

Við sem höfum verið lengi í stjórnmálum vitum að það þarf stundum að horfa langt fram í tímann þegar verið er að leggja á ráðin um stórframkvæmdir og það á við núna.

Aðeins vegna þess sem hv. þm. velti fyrir sér, hvort það væri þensluástand í tilteknum landshlutum vegna samgöngumannvirkja, þá vil ég minna á að landið er allt eitt vinnusvæði, einn vinnumarkaður þegar við lítum á verktakastarfsemina í jarðvinnuverktöku og mannvirkjagerð. Verktakar fara þvers og kruss um landið, verktakar úr Kópavogi, frá Ísafirði og verktakar héðan af höfuðborgarsvæðinu eru vinnandi austur um land við jarðgangagerð m.a. og verktakar af Héraði fara hingað suður á bóginn og þess vegna er ekki hægt að segja að einstakar framkvæmdir hafi meiri áhrif á vinnumarkað og efnahagslíf í einum landshluta fremur en öðrum. Ég legg áherslu á að við verðum að líta á landið sem eina heild þegar við erum að fjalla um fjárlög fyrir næsta ár og framkvæmdaáform okkar þá.

Hv. þm. spurði hversu margir ynnu við jarðgangagerð í göngunum milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar og ég get upplýst það að þegar unnið var við að bora þar í gegn þá voru um 90 manns að verki hjá verktakanum og nú þegar búið er að slá í gegn og unnið er að frágangi aðkomu gangamunnans og öðru þá eru 60 manns vinnandi þar. Þess utan starfa auðvitað margir á vegum fyrirtækisins sem tengjast þessum framkvæmdum en eins og við þekkjum sinna margs konar fyrirtæki þjónustu við svo stórt verk. Framkvæmd eins og jarðgangagerð hefur því heilmikil áhrif inni í okkar litla hagkerfi. Það er búið að slá í gegn í Fáskrúðsfjarðargöngunum. Næsta föstudag stendur til að gera slíkt hið sama í göngunum um Almannaskarð og það eru ánægjuleg tíðindi. Við sjáum nú fyrir endann á feiknalega mikilvægum framkvæmdum í samgöngukerfi okkar Íslendinga og á næsta ári má segja að ævintýralegar bætur hafi orðið í samgöngumálum á Austurlandi. Austfirðingar hljóta að fagna því alveg sérstaklega eins og raunar allir landsmenn því að þetta snýst um að bæta samgöngukerfi allra landsmanna.

Ég held að ekki sé ástæða til að hafa fleiri orð um þetta við þessa umræðu. Ég fagna jákvæðri afstöðu sem fram kemur í ræðu þingmanna til framkvæmda á sviði samgöngumála og vænti góðs samstarfs við þingmenn í öllum kjördæmum þegar kemur að því að afgreiða samgönguáætlunina sem byggir á þeim fjármunum sem við höfum úr að spila í kjölfar fjárlaga ársins 2005 og langtímaáætlunar fyrir árin þrjú þar á eftir.

[19:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki annað sagt en að ég hafi orðið fyrir töluverðum vonbrigðum með framlag hæstv. samgönguráðherra til umræðunnar. Það liggur fyrir að samgönguráðuneytið ætlar að taka að sér að skera niður um 2 milljarða til vegaframkvæmda og hæstv. ráðherra hefur engu til svarað öðru en því að fresta eigi jarðgöngum sem búið var að fresta áður um Héðinsfjörð. Ég minnist þess að þegar átak í vegamálum hefur verið kynnt á undanförnum árum ekki með löngum fyrirvara, t.d. það síðasta, mætti hæstv. samgönguráðherra með upptalningu á ýmsum verkefnum sem voru þá á borðinu sem ætti að flýta o.s.frv. En þegar á að skera niður þá eru svörin engin. Þá er ekkert skoðað eða farið yfir heldur virðist þessi tala bara ákveðin til að skera niður í vegaframkvæmdum og hæstv. ráðherra mætir til umræðunnar án þess að útlista það með neinum hætti.

Ég verð að spyrja hæstv. ráðherra: Eftir yfirlýsingar fjármálaráðherra við umræðuna um að það sé að verða ljóst, eða svo virðist vera af orðum hans að framkvæmdir við stóriðju muni halda áfram á Íslandi og nýjar stóriðjuframkvæmdir taki við af þeim sem nú er þegar búið að ákveða, hvernig sér hæstv. ráðherra fyrir sér framhald á þeim stórkostlegu verkefnum sem eru eftir í vegagerð og vegamálum á Íslandi í því umhverfi sem við búum nú við í samfélaginu ef menn sjá eingöngu samgönguráðuneytið þegar á að ákveða niðurskurðinn? Verður ekki farið að minnka um fjármuni til vegamála og samgöngumála ef svo fer? Það hlýtur að þurfa að velta þessum málum fyrir sér og mér finnst að hæstv. ráðherra hefði þurft að gefa skýrari svör.

[19:10]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að satt að segja ekki erfitt verk að valda hv. þm. Jóhanni Ársælssyni vonbrigðum í umræðum um þau málefni sem hér eru á dagskrá. En áhyggjur hans af hugsanlegu framhaldi framkvæmda í stóriðju held ég að séu ástæðulausar að svo komnu máli. Ég sé hins vegar ekki, þrátt fyrir hinn mikla áhuga sem er fyrir því að fjárfesta á

Íslandi og til að nýta orkuna sem við höfum upp á að bjóða, þá sé ég ekki að í farvatninu séu neinar ámóta framkvæmdir á sviði orkuvinnslu og stóriðju eins og þær sem eru í gangi í dag. Þannig að þó að af stað færu frekari virkjunarframkvæmdir þá tel ég engar líkur á því að það hafi þau áhrif að við þurfum að bregðast við núna gagnvart samgöngumannvirkjunum og uppbyggingu þeirra. Ég er því býsna bjartsýnn á að okkur takist að halda áfram að byggja samgöngumannvirkin á Íslandi hratt og örugglega upp og samgönguáætlunin verði endurskoðuð í vetur og við munum þá fara í þessa umræðu í ljósi þeirra aðstæðna sem við búum við eftir að við höfum afgreitt fjárlög fyrir þetta ár. Ég held að engin ástæða sé fyrir hv. þm. Jóhann Ársælsson til að hafa þær áhyggjur sem hann hefur núna. Slíkar framkvæmdir í stóriðju og orkufrekum iðnaði eru mannvirkjagerð sem hefur langan aðdraganda, við þekkjum það, og ég geri ráð fyrir því að okkur takist að setja af stað þær framkvæmdir í vegamálum sem við höfum stefnt að samkvæmt núgildandi áætlun.

[19:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svo sem ágætt að hæstv. ráðherra hafi ekki áhyggjur af þessu. Ég held hins vegar að hægt sé að líta til reynslunnar og sjá að stundum hefur verið farið af stað með framkvæmdir í stóriðjunni með tiltölulega litlum fyrirvara og við vitum að áhugi er á nýjum stóriðjuframkvæmdum.

Það er svolítið merkilegt sem ég sagði áðan, og hæstv. ráðherra svaraði ekki, hvernig á því stendur að hann er svo vaskur þegar verið er að kynna nýtt átak í vegamálum, að hafa þá til staðar verkefnin sem stendur til að fara í og jafnvel ný verkefni sem ekki hafa verið á vegáætlun en þegar menn bregða niðurskurðarhnífnum þá er ekki hægt með sama hætti að gera grein fyrir því hvernig eigi að standa að málum og hæstv. ráðherra kýs að þegja um það. Það hlýtur hins vegar að vera umhugsunarefni hvernig menn ætla að bregðast við í framtíðinni ef svo miklar framkvæmdir sem í stefnir í landinu munu teygjast á langinn og þá þurfa menn kannski að hugsa hlutina með öðrum hætti en gert hefur verið. Alla vega geta menn ekki bara treyst á það að hægt sé að skera niður í vegaframkvæmdum til þess að vinna á móti þenslunni. Og ég er heldur ekki sannfærður um að slíkt virki svo óskaplega vel til þess að draga úr henni.

[19:14]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil minna hv. þm. á að við erum í raun inni ekki í neinum stórkostlegum niðurskurði á framkvæmdum þegar við lítum til þess að þrátt fyrir þær miklu fjárveitingar sem við höfum á þessu ári til samgöngumannvirkja þá erum við að fara inn í næsta ár með nánast sömu tölur. Þó að við höfum gert ráð fyrir þessum feiknalegu miklu framkvæmdum í Siglufjarðargöngunum á sínum tíma í samgönguáætluninni þá var tekin ákvörðun um að hægja á því stóra verki og það er stærsti hlutinn af frestuninni sem við erum að tala um. En að öðru leyti höldum við þessu feiknalega háa framkvæmdastigi í samgöngumannvirkjagerðinni sem hefur verið síðustu ár þannig að ég (Gripið fram í.) Hv. þm. ætti bara að líta á þessar tölur. Það er nánast sama tala milli áranna 2004 og 2005. En mér er alveg ljóst að það er dregið saman miðað við samgönguáætlun og þar er fyrst og fremst um að ræða frestun Héðinsfjarðarganganna sem fara síðan af stað árið 2006.

[19:16]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, við erum að tala um kannski 70, 80 störf að meðaltali við framkvæmd svona mikils mannvirkis eins og Reyðarfjarðargöngin eru. Ég býst ekki við að við séum almennt að tala um fleiri störf hvort sem göngin eru einhverjum kílómetrum lengri eða ekki.

Ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, hvort það sem nú er boðað varðandi Héðinsfjarðargöngin hafi síðan þau áhrif að göngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, sem Vestfirðingar hafa beðið eftir í nokkuð mörg ár, frestist einnig. Ég ætla að leyfa mér að hafa þá skoðun þangað til mér verður sýnt fram á annað að tilfærsla á 70, 80 störfum, hvaðan sem menn eru af landinu við þau störf, hafi veruleg áhrif varðandi það hvert þenslustigið er í landinu. Ég tel að þau svæði landsins þar sem engin þensla er í gangi og vantar í raun og veru störf ættu a.m.k. að fá að njóta þess vafa og þar reyndu menn að halda framkvæmdunum áfram.

Ég vil minna á að þegar trillurnar voru kvótasettar fækkaði fiskvinnslustörfum á Vestfjörðum um 100 og fiskveiðistörfum um 200. Við handfæratrillurnar núna fækkaði störfum við utanverðan Eyjafjörð og á Eyjafjarðarsvæðinu sennilega um 50–60. Ég held því að menn verði að líta á verk sín í samhengi og ríkisstjórnin geti ekki bara horft á það að kvótakerfið sé fullkomið en síðan eigi að skera niður að öllu öðru leyti til þess að forðast einhverja þenslu.

[19:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Komið er að lokum 1. umr. um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2005. Ég vil þakka þingmönnum fyrir þátttöku í henni og tel að umræðurnar hafi um margt verið málefnalegar og athyglisverðar. Auðvitað hefur margt borið á góma eins og eðlilegt er þegar fjallað er um frumvarpið með almennum hætti eins og vera ber við 1. umr. Sum þeirra mála sem hér hafa verið nefnd eru þó þess eðlis að þau verða betur rædd síðar við önnur tækifæri. Vil ég þar sérstaklega nefna skattamálin en um þau verður flutt sérstakt frumvarp fljótlega þar sem gefst tækifæri til að ræða þau mál ítarlega og vonandi frá öllum hliðum.

Hvað varðar samskipti ríkis og sveitarfélaga þá hefur það einnig komið fram hjá hæstv. félagsmálaráðherra og öðrum ræðumönnum hér að þau mál eru í sérstökum farvegi, þau eru núna í vinnslu í samstarfi milli ríkis og Sambands sveitarfélaga, hafa reyndar verið það frá því skömmu eftir að núverandi ríkisstjórn tók við. Þá fóru í gang nokkrar samstarfsnefndir sem síðan hafa verið að vinna úr sínum málum en nýlega undirrituðum við félagsmálaráðherra ásamt forustumönnum Sambands sveitarfélaga viljayfirlýsingu um áframhald þess starfs. Þar horfa menn fram á veginn um það hvernig styrkja megi stöðu sveitarfélaganna, ekki síst þeirra sem lakasta stöðu hafa. Það er alveg ljóst að staða sveitarfélaganna er mjög misjöfn innbyrðis og þar

kemur ekki síst til skoðunar hvert eigi að vera hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hvort núverandi staða kalli á breytingar með tilliti til þess.

Mér finnst hins vegar dálítið hvimleitt að heyra sí og æ, bæði í þingsalnum og annars staðar, vitnað til mála sem er löngu búið að gera samkomulag um eins og t.d. húsaleigubótanna. Þar höfum við a.m.k. tvisvar sinnum undirritað samkomulag um að hin gamla skipting á grundvelli hlutfallanna 40:60 á ekkert lengur við. Samt heyrir maður sveitarstjórnarmenn ítrekað tala um þetta og maður heyrir enduróm af því í sölum Alþingis. Ég nefni þetta bara sem dæmi um eitt af því sem hefur komið fram í dag. En við munum ræða þau mál betur á vettvangi þingsins og hugsanlega strax síðar í þessari viku.

Nokkrir þingmenn nefndu til sögunnar snemma í umræðunni skýrslu Ríkisendurskoðunar frá síðasta sumri. Ég hafði hálfpartinn gert mér vonir um að þeirri skýrslu yrði ekki blandað hér í umræðuna vegna þess að á þeirri skýrslu voru efnislegir ágallar og því miður alvarlegir ágallar sem við bentum á í fjármálaráðuneytinu. Ég ætla ekki að gera meira mál úr því en gert var í sumar. Við rituðum bréf til Ríkisendurskoðunar sem viðurkenndi mistök á ákveðnum stöðum, sem auðvitað var drengilegt af þeirra hálfu að gera, og skal ég ekki hafa fleiri orð um það. Það er hins vegar mjög röng og villandi og fáránleg túlkun að gera því skóna að fjármálaráðuneytið standi ekki með Ríkisendurskoðun þegar gerðar eru athugasemdir við að stofnanir fari fram úr. Það er auðvitað ekki boðlegur málflutningur að halda því fram að fjármálaráðherra verji framúrkeyrslu stofnana gagnvart þeim sjálfum og þá væntanlega gagnvart öllum þeim kröfum, m.a. hér í þinginu, þegar menn koma og heimta meiri peninga til hinna og þessara málaflokka. Það er auðvitað ekki boðlegt að halda því fram og stilla mönnum þannig upp í þeirri verkaskiptingu sem er eðlilega fyrir hendi. Ég er iðulega sakaður um það í þingsölum að standa gegn því að stofnanir fái eðlilega fjárveitingu og er svo með þessum hætti sakaður um að standa með framúrkeyrslunni, meira að segja af aðilum úr sama flokki.

Það fer reyndar líka pínulítið fyrir brjóstið á mér hvernig menn haga stundum orðum sínum í þessari umræðu þó að hún hafi ekki verið mjög frábrugðin því sem tíðkast hefur. Menn bregða hér gjarnan upp orðaleppum eins „fagurgala", „glansmynd", „guma af", „hreykja sér af", „mont" og „hroki" og þess háttar sem er mjög óviðeigandi þegar menn eru að fjalla um alvarleg mál að tengja þau með einhverjum hætti slíkum orðum eða jafnvel tilteknum einstaklingum sem koma fram í þessari umræðu.

Einn hv. þingmaður fór hér mikinn varðandi uppgjörsmálin, sem ég gerði að alvarlegu umtalsefni í framsögu minni. Því miður verð ég að segja að málflutningur hans var ekki bara barnalegur, eins og maður hefði kannski getað skilið, heldur ómerkilegur. Það er hægt að skilja það þegar ungir blaðamenn fá í hendur efni sem þeir hafa kannski ekki full tök á að þeir geri mistök en það er alvarlegra mál þegar þingmenn sem eiga að hafa allar upplýsingar í höndunum gera sig seka um slíkan málflutning, sérstaklega eftir að þeim hefur verið bent á hvar mistök liggja eða rangtúlkanir.

Við breyttum lögum 1996–1997 um fjárreiður ríkisins. Árið 1997 voru þau samþykkt. Þá var horfið af greiðslugrunni hvað varðar fjárlögin yfir á rekstrargrunn og þar með var búinn til sambærilegur grundvöllur fyrir flestar stofnanir um að það væri hægt að bera saman fjárlög og ríkisreikning. Það þýðir ekki að heildarmyndin varðandi óreglulega liði alla saman væri sambærileg, því miður. Ég hafði barist fyrir því í mörg ár, ég var yfirskoðunarmaður ríkisreiknings í fjögur ár og benti á það á hverju ári að það væri óviðunandi að gagnvart einstökum stofnunum væru þessir tveir uppgjörgrundvellir ósambærilegir. Svo var því breytt.

Það breytir svo ekki því sem ég rakti hér nákvæmlega í morgun að hvað varðar óreglulega liði er ógerningur að segja fyrir hvernig þeir muni þróast. Dæmi: Fyrir síðasta uppgjör eða uppgjör ríkisreiknings 2002 var ákveðið af aðilum sem að öðru leyti komu ekki nálægt þessum málum að leggja til grundvallar í uppgjöri lífeyrisreikninga breyttar lífslíkur, sem hafði auðvitað þau áhrif að færa varð til gjalda mun hærri fjárhæðir en áður hafði verið reiknað með sakir þess að ævilíkur höfðu lengst og þar með fyrirsjáanlegur kostnaður af skuldbindingum ríkissjóðs í lífeyrismálum. Var þetta hlutur sem núverandi fjármálaráðherra átti af hyggjuviti sínu og visku að sjá fyrir? Hvernig getur mönnum dottið í hug að halda því fram að það hefði átt að vera fyrirsjáanlegt atriði sem hefði átt að koma inn í fjárlög þess árs?

Ég gat um það í fyrstu ræðu minni í dag að á einu ári, árinu 2000, hefðu verið færðir til gjalda 25 milljarðar kr. í lífeyrisskuldbindingum. Svo var því haldið fram hér í dag að það hefði bara átt að koma inn í fjárlögin fyrir það ár eða það lá í orðum viðkomandi. Auðvitað var það ekki hægt vegna þess að þetta byggðist á kjarasamningum sem var alls ekkert búið að gera og voru reyndar í þessu tilfelli ekki gerðir fyrr en á árinu 2001 en færðir til gjalda á árinu 2000, þar sem um var að ræða stórfellda aukningu í lífeyrisskuldbindingum vegna breyttrar samsetningar dagvinnulauna og heildarlauna.

Ef breyting verður í sambandi við kjarasamninga kennara núna hvað varðar grunnlaun umfram það sem almennt gerist mun það hafa áhrif á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs sem er ábyrgur fyrir B-deildinni þar sem kennararnir eru með réttindi sín. Nú veit ég auðvitað ekkert hvernig það endar en ef það gerist er það þá skammsýni fjármálaráðherra við fjárlagagerð fyrir árið 2004 að hafa ekki séð slíka breytingu fyrir? Ja, það er það sem hér var verið að halda fram. Það er alveg ótrúlegt eftir að búið er að fara yfir þessa hluti jafnoft og raun ber vitni fyrir fólki í þinginu og annars staðar að þessi málflutningur skuli vera uppi á borðum.

Menn verða bara að gjöra svo vel að sætta sig við þetta. Því miður er uppgjörsgrundvöllurinn eins og hann er núna ófullkominn hvað þetta varðar. Getum við fundið einhverja leið til að bæta úr því? Það er hugsanlegt. Það er hægt að fara með þetta allt yfir á svokallað þjóðhagsreikningauppgjör Sameinuðu þjóðanna sem allar alþjóðlegar stofnanir nota og mörg erlend ríki og þá eru teknar út allar svona skuldbindingar og allar tekjur af söluhagnaði eigna. Það er sem sagt gert sem við gerum hér og ég rakti í framsöguræðu minni. Við tökum ríkisreikninginn á rekstrargrunni og drögum frá þessa óreglulegu liði. Þá nálgumst við þetta

samræmda alþjóðlega uppgjör sem notað er á vegum Sameinuðu þjóðanna og víðar og sem þeir aðilar nota sem greina ástandið á Íslandi af hinum alþjóðlegu stofnunum, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, OECD og lánshæfismatsfyrirtækin, sem sjá í gegnum allt það sem verið er að segja hér þegar þau gefa okkur mat og einkunnir. Enda hvernig væri hægt að stilla Íslandi í efsta flokk meðal þjóða hvað varðar lánshæfi ef ríkisfjármálum væri svo komið eins og hér er verið að reyna að gefa í skyn? Hvernig væri það hægt? Og hvernig gætu menn þá, sem eru alvanir því að lesa út úr reikningum ýmissa landa og bera saman, pælt sig í gegnum þetta ef það væri sannleikur sem verið er að bera á borð fyrir fólk af hálfu Samfylkingarinnar hvað þetta varðar og í Fréttablaðinu t.d. sl. laugardag?

En sem betur fer er það svo að það sem sagt er um þessi mál af slíkum aðilum hefur enga þýðingu.

Það eina sem hefur þýðingu er það hvernig slíkir aðilar sem fara í gegnum þessi mál lesa úr þeim eftir að þeir eru búnir að fletta þessu öllu frá eins og ég var að reyna að gera í framsöguræðu minni í dag. Þá kemur í ljós að afgangurinn á ríkissjóði, að slepptum tekjum af eignum og að slepptum þessum óreglulegu liðum, er frá 1998–2003 hvorki meira né meira en 95 milljarðar. Hvernig hefðum við líka getað gert allt það sem búið er að gera nema staðan væri eitthvað þvílík?

Ég ætladi ekki að eyða svona mörgum orðum hér í lokin í þetta en það er því miður óhjákvæmilegt með tilliti til þess sem fram kom í ræðu sumra þingmanna í dag. Reyndar á að vera óþarfi að tala um þetta þegar við erum að ræða hér um fjárlög ríkisins. Menn eiga að hafa þetta á hreinu, sérstaklega í þessum sal, sérstaklega þeir sem sitja í fjárlaganefnd, sérstaklega sérstakir áhugamenn um ríkisfjármál og þeir sem tjá sig um þau á opinberum vettvangi.

Eins og ég segi skiptir ekki máli hvað menn segja í skvaldurþáttum og rabbþáttum í útvarpi og sjónvarpi um þessi mál, jafnvel ekki hvað menn segja um þetta með þeim hætti sem ég hef hér rakið, það er hin blákalda niðurstaða sem skiptir máli þegar menn hafa greint kjarnann frá hisminu í þessu öllu saman.

Ég ætla ekki að fara nánar yfir einstaka atriði í frumvarpinu. Aðrir ráðherrar eru búnir að gera það í löngu máli. Það er sjálfsagt ýmislegt sem þarf að fara betur í saumana á í starfi fjárlaganefndar. Ég óska henni alls góðs í störfum sínum.

Ég ítreka það sem áður er fram komið og segir í þeim skjölum sem fylgja fjárlagafrumvarpinu að meginniðurstaða þess og langtímaáætlunarinnar er að áfram mun ríkja stöðugleiki í efnahagslífinu þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmda og aukna erlenda eftirspurn, m.a. vegna breyttra aðstæðna á íbúðalánamarkaði. Sú aðhaldssama stefna í ríkisfjármálum sem hér er gengið út frá skapar jafnframt svigrúm til lækkunar skatta í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar án þess að raska meginmarkmiðum efnahagsstefnunnar um stöðugleika.

Það er mikilvæg forsenda alls þessa að við fylgjum eftir þeim aðhaldsmarkmiðum í ríkisfjármálastefnunni sem hér hefur verið rakin og lýst og sem þingmenn hafa flestir hverjir, a.m.k. í aðra röndina, lýst stuðningi við, í það minnsta þeir sem telja sig vera í ábyrgari hlutanum hér.

Ég ítreka síðan það að fjármálaráðuneytið mun að sjálfsögðu vinna eins vel og hægt er með fjárlaganefndinni. Allir starfsmenn þess eru boðnir og búnir að leggja þar sitt af mörkum. Svo treysti ég því að okkur takist að ljúka þessu máli, eins og okkur hefur tekist undanfarin ár, snemma í desember eftir að okkur tókst að láta af þeim ósið að draga afgreiðslu fjárlaga alveg fram undir jól eins og við munum sum hver hvernig var hér fyrir ekki mjög mörgum árum.

[19:33]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Úr sínum háa söðli kaus hæstv. fjármálaráðherra að tilgreina hvað væri viðeigandi og hvað ekki við þessa umræðu og við virðingu þingsins. Því fylgdi hann síðan eftir með því að lýsa því yfir hér úr ræðustólnum að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson væri ómerkilegur. (**Fjmrh.:** Ómerkilegur málflutningur.) Hæstv. fjármálaráðherra verður auðvitað að velja sér þau orð sem hann telur hæfa.

Hvað var það sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson vakti athygli á og gerði hæstv. fjármálaráðherra svona reiðan? Það var að í þeirra eigin frumvarpi sögðust þeir breyta yfir á rekstrargrunn til þess að fjárlögin yrðu fullkomlega sambærileg ríkisreikningnum. Hér segir hæstv. fjármálaráðherra: Það er nú ekki hægt að sjá þetta allt saman fyrir. Það er út af fyrir sig eðlilegt. Auðvitað geta menn skilið það. Hæstv. fjármálaráðherra veit að skekkjan er alltaf í sömu áttina. Það er ekki einn milljarður eða tveir. Nei, árum saman 20–30 milljarðar á ári, á nokkrum árum yfir 100 milljarðar. Þó að sumt af því komi ekki til greiðslu nú þegar heldur muni koma til greiðslu á næstu áratugum er ekkert hægt að líta fram hjá því. Um þetta fjallaði Ríkisendurskoðun í skýrslu sinni í sumar, og átaldi. Það er ekki nema von að hæstv. fjármálaráðherra hefði heldur kosið að ekki væri talað um þá skýrslu hér. Hún er sannarlega ekki góður vitnisburður um það með hvaða aðhaldi og reglufestu hann hefur annast um framkvæmd fjárlaga síðan hann settist í stól hæstv. fjármálaráðherra.

Ómerkilegan ætla ég þó ekki að kalla framgang hans hér en hann hlýtur að skýra framgang sinn nokkru betur.

[19:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fer enn villur vegar. Hann segir: Villan er alltaf í sömu átt. Það eru alltaf meiri útgjöld eftir á en tekjur.

Þetta er ekki rétt. Á árinu 1999 ollu þessir óreglulegu liðir því að það var 20 milljarða kr. betri afkoma miðað við ríkisreikninginn en fjárlögin höfðu gert ráð fyrir. Samfylkingin náttúrlega kaus að sleppa því ári, byrja bara árið 2000 á sömu reikningum og reikna svo til 2003. Það hentar þeim betur þó að nýi uppgjörsgrunnurinn hafi byrjað strax á árinu 1998. Þetta er auðvitað ekkert rétt. Menn geta bara horft á þetta eins og eðlilegt er með því að sleppa þessum óreglulegu liðum sem er margbúið að útskýra hvers vegna á að gera.

Ef hv. þm. sem hér talaði síðast hefur ekki áhuga á því að hafa það sem sannara reynist í þessum efnum ætti hann kannski að fara á námskeið hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni sem

býður upp á kennslu í ríkisfjármálafræðum.

[19:36]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég teldi réttast að þau námskeið yrðu haldin fyrir hæstv. fjármálaráðherra í hinum tilvonandi sendiherrabústað í Berlín. Þar færi honum sennilega best að læra hvernig eigi að fara með fjármuni almennings.

Hæstv. ráðherra segir að það eigi bara að líta fram hjá óreglulegum liðum. Hvernig má það vera? Óreglulegir liðir koma til tekna og gjalda. Í óreglulegum liðum er, til að taka dæmi fyrir áheyrendur, kostnaðurinn vegna dóms Hæstaréttar í öryrkjamálinu. Er það ekki útlagður kostnaður fyrir ríkissjóð? Þar er verið að afskrifa tekjur sem var búið að tekjufæra en komu aldrei í kassann. Hefur það ekki áhrif á stöðu ríkissjóðs? Það er verið að færa lífeyrisskuldbindingar. Það má til sanns vegar færa að þær dreifist yfir lengra tímabil og má þess vegna horfa á með sérstökum augum. Engu að síður er það kostnaður sem stofnað er til og gjarnan í kjarasamningum, kjarasamningum þar sem menn láta koma fram kostnað í lífeyrisskuldbindingunni til þess að draga úr kostnaði í rekstrinum sjálfum við launin frá mánuði til mánaðar með því að auka lífeyrisréttindi manna.

Auðvitað er ekkert hægt að horfa fram hjá slíkum útgjöldum. Lífeyrisskuldbinding á næsta ári eykst um 13 milljarða. Eiga menn bara að horfa fram hjá því? Hér er verið að ofáætla tekjur af sköttum svo nemur milljörðum króna. Eiga menn bara að horfa fram hjá því? Eiga menn bara að horfa fram hjá því þegar Hæstiréttur dæmir ríkissjóð til að greiða öryrkjum bætur?

Hæstv. fjármálaráðherra. Það verður að líta á heildardæmið. Það er ekki bara hægt að sleppa þeim liðum sem ekki henta hæstv. fjármálaráðherra í samanburðinum vegna þess að þeir gera myndina 113 milljörðum verri á árunum 2000–2003 en ráðherrann lagði fram í sólskinsfrumvarpinu sínu.

[19:39]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er komið að lokum þessarar umræðu sem um margt hefur verið ágæt. Ég vil byrja á því að nota tækifærið og taka undir með hæstv. fjármálaráðherra og óska þess að við fáum að njóta stöðugleika áfram þó að við höfum nokkrir hér í dag verið að vara við ýmsu sem gæti orsakað að svo yrði ekki.

Ég efast ekkert um að ráðuneyti hæstv. ráðherra muni sinna störfum sínum eins og venjulega með fjárlaganefndinni og auðvelda henni störf eins og kostur er. Ég vona að ráðuneytið átti sig á því að nefndin á samt sem áður að halda sjálfstæði sínu í störfum og vonandi verða ekki bréfaskriftir svipað og í fyrra varðandi eðlilegan aðgang stofnana að nefndinni.

Ég tek líka undir það með hæstv. ráðherra að ég vona að við náum því eins og undanfarin ár að halda áætlunum okkar um það hvenær við ljúkum störfum okkar því það hefur sem betur fer gengið býsna vel hin síðari ár.

Ég ætla ekki að eyða þessum litla tíma sem ég hef núna í að fara yfir samanburðarfræðin, ég ætla aðeins að segja að það er eðlilegt að við reynum að nálgast hin alþjóðlegu viðmið. Ég held að það hljóti að vera sameiginlegt markmið okkar að reyna að vinna að því að við séum með sambærilega hluti og almennt viðgengst í nágranna- og viðskiptalöndum okkar. Ég held að það væri ráð að hæstv. ráðherra kæmi í lið okkar með því að við reyndum að ganga frá því á þann hátt að menn séu með þetta sem sambærilegast.

Aðeins að lokum, herra forseti, vegna þeirrar skýrslu sem Ríkisendurskoðun sendi frá sér í vor. Ég get ekki tekið undir með ráðherra um að ekki sé viðeigandi að ræða hana hér. Ég hins vegar nefndi það að hæstv. ráðherra gerði ýmsar athugasemdir. Ég vonaði að ég kæmist hjá því að fara inn á það sem hæstv. ráðherra gerði athugasemdir við.

Ég vil að lokum lesa hér upp örlitla setningu, með leyfi forseta. Hún hljóðar svo, orðrétt:

„Sú umframkeyrsla sem viðgengist hefur hjá ráðuneytum og einstökum stofnunum ár eftir ár hefur leitt til þess að markmið stjórnvalda um hóflega aukningu ríkisútgjalda og hallalausan rekstur síðustu ár hafa ekki gengið eftir.“

[19:41]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir framlag hans hér til umræðunnar í dag sem hefur verið mikið og gott eins og hans er vani.

Hann nefndi það sem ég kom inn á varðandi breytt og samræmt uppgjör þessara mála sem er hið samræmda uppgjör Sameinuðu þjóðanna, svokallað SNA-uppgjör.

Í þessu hefti hér, Þjóðhagsspánni, er að finna slíkt uppgjör sem er aðeins öðruvísi en við eigum að venjast. Þar kemur það öðruvísi út og meira í takt við það sem almennt tíðkast á alþjóðavettvangi. Mæli ég með því að menn kynni sér það.

Þá kemur líka í ljós að það sem haldið hefur verið hér fram að undanförnu um afkomu ríkissjóðs á ekki við rök að styðjast. Það er sama hvar borið er niður. Þetta stenst ekki, enda er þetta bara áróður sem hefur þann tilgang að byrgja fólki sýn í umræðum um þessi mál.

[19:43]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki tími til að fara meira inn í þessa ágætu umræðu um uppgjörsmál og annað þess háttar. Hæstv. ráðherra fór í dag að ræða um hið ágæta rit Úr þjóðarbúskapnum og þá saknaði ég nokkurra skýringa á því sem í því stendur. Ráðherra telur greinilega þetta rit gulls ígildi og að allt sem ekki sé í samræmi við það sé áróður og til þess fallið að blekkja fólk. Þá hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra skýringa á því að í þessu riti stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Árið 2003 var afgangur á rekstri sveitarfélaga í fyrsta skipti frá árinu 1990.“

Í riti sveitarstjórnarmanna, Sveitarstjórnarmálum, kemur allt annað fram. Eiginlega er nauðsynlegt fyrir okkur sem erum í vanda með þessar tölur að vita hvað er rétt. Er þetta rit ráðuneytisins algjörlega óbrigðult? Er þar allt saman 100% rétt? Er þá ekkert að marka þær tölur sem eru í þessu nýjasta tölublaði Sveitarstjórnarmála þar sem fram kemur að halli sveitarfélaganna þetta sama ár hafi verið upp á 2,6 milljarða? Þarna skeikar nokkru.

Þar sem ég hef ekki forsendur fyrir reikningunum, hvorki úr hefti fjármálaráðuneytisins né úr Sveitarstjórnarmálum, vona ég að hæstv. ráðherra geti upplýst okkur um hvað veldur þessum mikla mun. Við vonum að við getum endað á ljúfum nótum um það að þar fáum við eitthvert samræmi í hlutina.

[19:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Ég tek undir það með hv. þingmanni að gott væri að fá samræmi í hlutina.

Hv. þm. hefur ekki skýringuna á því hvernig þetta er tilkomið í okkar hefti. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki lesið Sveitarstjórnarmál. Hins vegar er þessar tölur að finna í töflu 13 þar sem fram kemur samkvæmt bráðabirgðatölum að það sé tekjuafgangur upp á tæplega 200 millj. yfir sveitarfélögin í heild á árinu 2003. Hvort sveitarfélögin hafa síðan sjálf nýrri tölur veit ég ekki. Það getur vel verið. Það kemur vonandi í ljós í athugun nefndarinnar á þessu atriði.

Auðvitað er það þannig líka, eins og ég gat um áðan, að afkoma sveitarfélaganna er mjög misjöfn. Sum komast bærilega af, önnur ekki. Þau eiga hins vegar samtals ónotaða tekjustofna upp á ríflega milljarð eins og bent var á í umræðunum í dag og virðist það benda til þess að einhver þeirra telji sig ekki þurfa á þeim peningum að halda.

Að öðru leyti þakka ég þessa ágætu umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:47.

---

4. FUNDUR

miðvikudaginn 6. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 2005, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjárframlög til stjórnmálastarfsemi, beiðni um skýrslu, 57. mál, þskj. 57. *Hvort leyfð skuli.*
3. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., frv., 4. mál, þskj. 4. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Sigfríð Þórisdóttur.

[13:30]

Útbýting:

Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, 64. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 64.

GATS-samningurinn, 63. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 63.

Langtímaatvinnulausir, 77. mál, fsp. JóhS, þskj. 77.

Stimpilgjald, 66. mál, frv. MF o.fl., þskj. 66.

Stimpilgjald, 69. mál, frv. MF o.fl., þskj. 69.

Sveitarstjórnarlög, 62. mál, frv. MF o.fl., þskj. 62.

Tekjuskattur og eignarskattur, 7. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 7.

Verndaráætlun fyrir svæði sem eru ósýkt af sauðfjárriðu, 61. mál, þáltill. JÁ, þskj. 61.

Umræður utan dagskrár.

Afleiðingar kennaraverkfallsins fyrir þjóðlífið.

[13:32]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að ræða við hæstv. forsætisráðherra um þá alvarlegu stöðu sem ég tel að komin sé upp í verkfalli grunnskólakennara. Verkfallið hefur nú staðið á þriðju viku og ég fæ ekki séð að nokkur sé lausn í sjónmáli. Það hefur áhrif á 45 þúsund grunnskólabörn, ríflega 30 þúsund fjölskyldur eiga börn í grunnskólum þannig að segja má að nærfellt þriðjungur allra heimila í landinu verði með einhverjum hætti fyrir barðinu á verkfallinu. Þá eru ótaldir þeir 4.300 kennarar sem standa í verkfallinu og fjölskyldur þeirra. En mesta rótið er auðvitað hjá börnunum sjálfum. Það gildir um þau sem hafa þurft sérstaka umönnun í skólunum en það gildir ekki síður um þau sem eiga með einhverjum hætti erfitt fyrir og þola ekki það uppnám í daglegu lífi sem fylgir agaleysinu og aðhaldsleysinu þegar skólinn, miðpunktur tilverunnar hjá sumum, er allt í einu horfinn úr lífinu. Sum þessara barna sem eiga minnst athvarf utan skólans eru í hættu og langt verkfall er því miður líklegt til að ýta undir brottfall þrátt fyrir skólaskyldu í grunnskólunum.

Hæstv. forsætisráðherra sagði í stefnuræðu á dögunum að ríkisstjórninni kæmi málið ekki við. Ég verð að segja að það voru vægast sagt ákaflega óheppileg ummæli og ummæli hæstv. forsætisráðherra eru ekki líkleg til að greiða fyrir lausn verkfallsins. Þau voru fjarri því að hafa þann ábyrga tón sem vænta mátti frá manni í hans stöðu. Ríkisstjórnin getur ekki verið stikkfrí og hún getur ekki sagt að

kennaraverkfallið komi sér ekki við. Ríkisstjórnin hefur reyndar margsinnis komið að lausn kjaradeilna þar sem hún hefur ekki átt beina aðild að og það nægir að vísa til síðustu samninga á almennum vinnumarkaði þar sem aðkoma ríkisins réð að sjálfsögðu ákaflega miklu um lyktir málsins.

Frá mínum bæjardyrum séð sýnist mér ríkisstjórnin bera þríþætta ábyrgð. Í fyrsta lagi hefur hún sjálf gert samninga við sína eigin kennara sem er fullkomlega eðlilegt að grunnskólakennarar noti sem viðmiðun við sín eigin kjör. Gleymum því ekki að þegar grunnskólinn var færður yfir til sveitarfélaganna í ágúst 1996 voru byrjunarlaun þau sömu í framhaldsskólum og grunnskólum. Eftir síðustu samninga ríkisins eru byrjendalaun mun lægri í grunnskóla og munurinn á heildarlaunum er orðinn verulegur. Ríkisstjórnin getur ekki fært sjálfa sig undan þeirri ábyrgð að hún hefur skapað þetta viðmið.

Í öðru lagi hefur ríkisstjórnin líka þrengt að fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Ég man ekki betur en það hafi verið sjálfur hæstv. núverandi félagsmálaráðherra sem benti á það þegar hann var varaformaður Sambands ísl. sveitarfélaga að vegna skattkerfisbreytinga sem þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir hafi sveitarfélögin tapað rösklega milljarði á ári úr aski sínum og það hefur auðvitað skert getu þeirra til að ná samningi sem báðir aðilar gætu sæst á. Í þessu felst ef til vill stærsti hluti ábyrgðar ríkisstjórnarinnar.

Í þriðja lagi hafa kröfurnar til grunnskólans líka breyst verulega frá því að hann var færður yfir til sveitarfélaganna. Sveitarfélögin eiga reyndar lof skilið fyrir það að þau hafa svarað þessum kröfum með því að hækka þjónustustigið en við berum hins vegar öll samfélagslega ábyrgð á þróun grunnskólans og það er alls ekki of í lagt að ætla að þess vegna sé kallað eftir því að ríkið axli líka hluta af þessum viðbótarkostnaði.

Í þeirri erfiðu deilu gagnvart þessu þunga verkfalli berum við öll samfélagslega ábyrgð, Alþingi, sveitarfélögin og kennararnir. En ríkisstjórnin ber líka samfélagslega ábyrgð og hún verður að standa undir þeirri ábyrgð. Ríkisstjórnin hefur margsinnis komið með jákvæðum hætti að kjarasamningum sem hún á ekki beina aðild að og það hlýtur jafnt yfir alla að ganga í því efni. Í ljósi þeirrar erfiðu stöðu sem verkfallið er komið í er fullkomlega eðlilegt að við á hinu háa Alþingi göngum eftir afstöðu ríkisins.

Ég vil því leyfa mér að ljúka ræðu minni með því að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hefur ríkisstjórnin haft samband við deiluaðilana til að kanna hvort ríkisvaldið geti með einhverjum hætti aðstoðað eða auðveldað við að finna lausn á deilunni svipað og ríkið hefur margsinnis gert í erfiðum kjaradeilum?

[13:37]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég deili að sjálfsögðu áhyggjum hv. þm. af þessu verkfalli. Við höfum öll áhyggjur af því. Það snertir allt þjóðfélagið, meira og minna hvert einasta heimili í landinu. Grunnskólinn er ein almikilvægasta stofnun okkar samfélags og að sjálfsögðu er það mjög alvarlegt þegar slík stofnun stöðvast og þeir sem þar starfa hvort sem það eru börn eða kennarar ganga ekki til vinnu sinnar.

Það er hins vegar svo að það var ákveðið 1996 í fullu samkomulagi við sveitarfélögin að færa þetta mikilvæga verkefni yfir á ábyrgðarsvið sveitarfélaganna og um það var full samstaða. Hvað þýðir það? Það þýðir að sjálfsögðu að mál eins og þetta á að leysa á þeim vettvangi þar sem ábyrgðin er. Það vill svo vel til að nú standa yfir viðræður í þessu erfiða máli. Það hafa verið samtöl undanfarna daga og eitthvað hefur þokast. Hv. þm. spurði hvort ég sem forsætisráðherra hafi haft samband við deiluaðila. Að sjálfsögðu hef ég ekki gert það með beinum hætti. Ég hef hins vegar fylgst með málinu í gegnum ríkissáttasemjara og það er eðlilegur vettvangur fyrir forsætisráðherra að fylgjast með alvarlegri deilu af þessu tagi. Það er engin venja fyrir því að forsætisráðherra blandi sér inn í alvarlegar deilur með því að tala beint við samningsaðila. Það hefur komið alveg skýrt fram hjá fulltrúum sveitarfélaganna á undanförnum dögum að þeir hafa lýst því yfir að málið sé í höndum samninganefndar þeirra og að þessum sveitarfélögum standa allir stjórnmálaflokkar í landinu t.d. eins og hér í höfuðborginni. Það hefur verið alveg skýr afstaða R-listans sem flokkur hv. þm. á aðild að og fleiri. Ég deili skoðunum þessa fólks í sveitarstjórnunum að málið á að vera á vettvangi samninganefndanna og það er beinlínis rangt að trufla það mikilvæga starf sem þar fer fram og gefa einhverjar falsvonir um lausnir einhvers staðar annars staðar. Það væri ábyrgðarlaust af okkar hálfu.

Hins vegar vænti ég þess að menn finni lausn hið fyrsta á þessu máli og nái sanngjarnri niðurstöðu fyrir alla aðila. En sú sanngjarna niðurstaða verður að sjálfsögðu að vera í samræmi við fjárhagslega getu þeirra aðila sem þurfa að greiða. Það er alveg ljóst að því er varðar fjárhagsleg samskipti ríkisins og sveitarfélaganna að þau eru í þeim farvegi sem viljayfirlýsing þeirra núna aðeins fyrir nokkrum dögum hljóðar upp á og það er samkomulag milli sveitarfélaganna og ríkisins um þann farveg. Það eiga sér ávallt stað viðræður milli sveitarfélaganna og ríkisins um fjárhagsmál og tekjumál. Nú hafa bæði ríkið og sveitarfélögin fallist á að koma þeim málum í ákveðinn farveg og það liggur alveg ljóst fyrir og algerlega ástæðulaust að vera að blanda því inn í þá alvarlegu deilu sem nú stendur yfir og við skulum vona að leysist sem fyrst.

[13:41]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Barátta grunnskólakennara og skólastjórnenda fyrir bættum kjörum snýst um grundvallaratriði. Hún snýst ekki bara um laun og launatölur, hún snýst líka um skólaþróun. Þróun í skólastarfi byggir á menntastefnu sem stjórnvöld á hverjum tíma setja og við í þessum sal tökum afstöðu til meðal annars með því að setja hana í lög. Þess vegna kemur það ástand sem nú er uppi og nær til um 200 grunnskóla í landinu okkur alþingismönnum og ekki síst ríkisstjórninni við.

Samkvæmt lögum eru sveitarfélögin ábyrg fyrir rekstri skólanna og ríkisvaldið er ábyrgt fyrir menntastefnunni. Þannig höfum við komið því fyrir. Menntastefnan sem grunnskólinn býr við í dag er afar metnaðarfull, enn betri skóli, þeirra réttur, okkar skylda. Hún hefur að vísu ekki öll komist til framkvæmda enn þá en það er önnur saga sem verður komið betur að síðar.

Alþingi og ríkisstjórn hafa á undanförnum árum aukið kröfurnar sem gerðar eru til grunnskólans. Við höfum ákveðið að grunnskólinn skuli mæta þörfum allra nemenda, að hann skuli vera skóli án aðgreiningar og við erum sátt við þá ákvörðun. En hún útheimtir talsverðar breytingar á skólastarfinu, öfluga stoðþjónustu, aukna samvinnu milli kennara og aukið samstarf við foreldra. Skólarnir hafa orðið við kröfunni um hærra þjónustustig og það hefur kostað peninga. Í mínum huga bera þar tveir ábyrgð, ríki og sveitarfélög.

Menntastefna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs byggir á því að horft sé heildstætt á menntakerfið allt frá fyrsta skólastiginu, sem er leikskólinn sem við viljum að sé gjaldfrjáls, og upp í háskóla og út í lífið. Grunnskólinn er bara einn hlekkur í þeirri keðju. Ef hann slitnar eða er að veikjast er það auðvitað svo alvarlegt mál sem þing og þjóð, ríki, sveitarfélög og kennarar verða að sameinast um að leysa. Og ég verð að segja að fjarvera ráðherra í umræðunni upp á síðkastið hefur verið áberandi og að mínu mati ekki eðlileg. Menntamálaráðherra og ríkisstjórnin öll hefur sýnt fálæti sem er í ósamræmi við ábyrgð þeirra og á skjön við samþykkta menntastefnu.

[13:44]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Sú staða sem nú er uppi í grunnskólum landsins er mjög alvarleg. Verkfall grunnskólakennara sem nú hefur staðið hátt á þriðju viku veldur miklu raski á heimilum fólks og í lífi barnanna sem nýkomin voru úr sumarleyfi er vinnudeilan hófst. Eftir því sem verkfallið dregst á langinn verður erfiðara að vinna upp þann tíma sem glatast hefur og meiri hætta á að áhrifin á námsframvinduna verði langvarandi. Menntamálaráðuneytið hefur þegar ákveðið að fresta samræmdum prófum í 4. og 7. bekk sem fara áttu fram nú um miðjan mánuðinn og er ljóst að ekki verður hægt að halda þau fyrr en a.m.k. tveimur vikum eftir að verkfalli lýkur.

Á þeim tæpa áratug sem liðinn er frá því að rekstur grunnskólans var færður yfir til sveitarfélaganna hefur margt áunnist. Sveitarfélögin hafa staðið með miklum myndarbrag að uppbyggingu og eflingu grunnskólans. Hjá því verður auðvitað ekki litið að rekstur grunnskólans vegur þungt í rekstri sveitarfélaga, ekki síst hjá minni sveitarfélögum. Það er því skiljanlegt að þau vilji stíga varlega til jarðar í kjaramálum enda ljóst að niðurstöður samninga munu hafa mikil áhrif á afkomu sveitarfélaga.

Sveitarfélögin hafa sýnt í tvígang, í kjarasamningunum árið 1997 og síðan árið 2001, að þau standa undir þeirri ábyrgð sem fylgir þessum málaflokki og ég efa ekki að þau munu á ný í samstarfi við kennara standa undir þeirri ábyrgð. Kennarar hafa lagt mikla áherslu á kjarabætur í þessum viðræðum og sú mikla harka sem hlaupin er í vinnudeiluna sýnir hversu mikill þungi liggur að baki þeim kröfum. Kennarastarfið er með mikilvægustu störfum þjóðfélagsins. Vart er hægt að hugsa sér meira ábyrgðarstarf en að vera falin umsjón með menntun barnanna okkar. Það skiptir þjóðfélagið í heild miklu máli að kennarastarfið teljist eftirsóknarvert og að fyrir því sé borin tilhlýðileg virðing.

Í síðustu kjarasamningum hafa stór skref verið stigin til að bæta kjör kennara en jafnframt er ljóst að innan raða kennarastéttarinnar er veruleg óánægja með kaup og kjör. Þótt bilið á milli deiluaðila kunni að virka breitt verða þeir að lokum að ná niðurstöðu sem er viðunandi fyrir báða. Til að það megi ganga verða báðir aðilar að slá af ýtrustu kröfum. Út á það ganga kjarasamningar.

[13:46]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það gefur augaleið að afleiðingar kennaraverkfallsins fyrir þjóðlífið eru geysimiklar þegar þúsundir kennara hafa lagt niður störf og tugþúsundir nemenda eru án reglulegs skólahalds. Óhætt er að fullyrða að víða er farið að þrengjast í búi hjá kennurum en þeir hafa verið launalitlir í á þriðju viku. Ekki er ólíklegt að verkfallið bitni mismikið á börnunum og að öllum líkindum verst á þeim börnum sem standa hvað verst félagslega. Ef verkfallið dregst mjög á langinn er hætt við að það raski samræmdum prófum og valdi skólastarfi miklu tjóni sem erfitt verður að bæta úr. Stór hætta er á að los komi á skólastarf og góðir kennarar fari í önnur störf.

Ríkisstjórnin hefur ítrekað reynt að firra sig ábyrgð á bágri fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Hæstv. forsætisráðherra ætti að vita manna best að víða á landsbyggðinni glíma sveitarfélög við mikinn vanda í atvinnumálum og fólksfækkun en þar ber hann mesta ábyrgð sjálfur. Greinilegt er að hann er meira fyrir að eyða peningum okkar í sendiráð og fínerí í útlöndum en að styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélaganna í landinu. Ég tel að bág fjárhagsstaða sveitarfélaganna sé orsök þess hve erfitt er að leysa úr þessari kjaradeilu.

Lítið er að heyra frá hæstv. menntamálaráðherra í þessari kjaradeilu nema hvað hún sendi frá sér bækling á dögunum þar sem fram kemur að af og til hugsi hún til þess að kennarar lesi oftar kjarasamningana en námskrána. Hvað veldur því? Ég veit í rauninni ekki hvað svona sendingar eiga að þýða. En það er löngu orðið tímabært að ríkisstjórnin átti sig á því að það eru ekki eingöngu samningsaðilar sem bera hér ábyrgð heldur ber ríkisstjórnin ábyrgð á hve verkfallið er harðvítugt og erfitt að leysa úr því og að forsætisráðherra geri sér grein fyrir því að hann ber þar mikla ábyrgð.

[13:48]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Eftir að sveitarfélögin tóku við grunnskólanum hafa þau eflt starf innan hans í samræmi við þarfir og kröfur nútímasamfélags þannig að þjónusta við börn og heimili og fjöldi kennslustunda hefur aukist mun meira en gert var ráð fyrir í samningum þeirra við ríkið. Framlag sveitarfélaganna til grunnskólans hefur ekki verið metið að fullu af ríkinu. Auk þess hefur komið fram í máli hæstv. menntamálaráðherra að gert er ráð fyrir að grunnskólinn axli hluta þeirrar kennslu sem nú fer fram í framhaldsskólunum.

Skólahald í landinu, sama hvaða skólastig er rætt um, er endanlega á ábyrgð ríkisins og hæstv. menntamálaráðherra

getur ekki þagað þá staðreynd í hel. Góður hagur ríkissjóðs mælir með að nú verði fjárhagsleg samskipti við sveitarfélögin leiðrétt. Það er sanngjörn krafa og sennilega eina leiðin til skjótrar lausnar að ríkið viðurkenni skekkjuna í samskiptum þess og sveitarfélaganna, skekkju sem orðið hefur til vegna vanmats á ýmsum kostnaðarþáttum við lögbundin verkefni sveitarfélaganna, verkefni sem ríki og sveitarfélög hafa upphaflega samið um en ríkið síðan einhliða breytt reglum viðvíkjandi framkvæmd þeirra sveitarfélögunum í óhag með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á afkomu þeirra. Þannig koma fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga að samningum við kennara beint við. Hver dagur sem líður færir okkur fjær þeirri mynd sem við viljum sjá af íslensku samfélagi. Um það þarf ekki að hafa fleiri orð.

Spurningin sem við stöndum frammi fyrir er hvort íslenska ríkið geti skorast undan þeirri ábyrgð sem það óneitanlega ber á menntamálum í landinu. Skoðun Samfylkingarinnar er að ríkisstjórnin geti ekki vikið sér undan ábyrgð sinni á málefnum grunnskólans, hvorki faglegri ábyrgð né fjárhagslegri.

[13:50]

Dagný Jónsdóttir:

Frú forseti. Hugtakið „mennt er máttur" hljómar vel og hef ég hingað til ekki heyrt neinn andmæla því. Hins vegar stöndum við þessa dagana frammi fyrir því sem þjóð hvort við meinum eitthvað með þessu hugtaki.

Sem betur fer virðast samningaviðræður kennara og sveitarfélaga mjakast áfram en á meðan bitnar verkfallið á nemendum, kennurum og fjölskyldum þeirra. Enginn efast um að afleiðingar verkfalls fyrir þjóðlífið eru slæmar enda er ekki boðað til verkfalls nema í neyð.

Tíminn leyfir ekki ítarlega umræðu hér en þó vil ég segja að mér finnst vera erfið staða í kjaramálum kennara gagnvart öðrum hópum. Ástæðan er sú að talsmenn annarra hópa hafa haft uppi hótanir að ef gengið verði að launakröfum kennara muni jafnvel forsendur annarra samninga vera brostnar, og nú síðast mátti lesa í blöðum að ákveðin fyrirtæki eru að fara með starfsemi sína úr landi vegna launastefnu ríkis og sveitarfélaga, hún sé of dýr. Þetta tel ég vera afar erfiða stöðu bæði fyrir kennara og sveitarfélögin. Ég tel það mikilvægt að við horfum á heildarmyndina og fulltrúar hinna ýmsu stétta í landinu verða að svara því hvort mennt sé máttur.

Ég er ósammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um að viðræðurnar séu í hnút. Líkt og ég sagði áðan mjakast viðræðurnar áfram og við verðum að trúa því að meðan aðilar ræða saman þá er von.

[13:52]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Tvær alvarlegar vinnudeilur eru nú háðar á Íslandi. Sjómenn heyja varnarbaráttu fyrir sjálfan grundvöll verkalýðsbaráttunnar og er ástæða til að senda þeim samstöðukveðjur. Þeir standa frammi fyrir atvinnurekendavaldi sem er að reyna að hafa af þeim samningsréttinn, brjóta sjálft fjöregg verkalýðsbaráttunnar. Barátta Sjómannasambands Íslands er barátta alls launafólks á Íslandi.

Kennaraverkfallið kemur okkur líka öllum við. Það hefur nú staðið í tvær og hálfu viku, skólarnir eru lokaðir, börn og unglingar utan veggja skólanna, kennarar eru launalausir. Deilan er í hnút, deilan er í hörðum hnút.

Það er engu að síður ljóst að engan bilbug er á kennurum að sjá. Og hvernig skyldi standa á því? Gæti verið að kennara langi til að vera áfram í verkfalli, að þá langi til að vera lengur launalausir? Nei, kennarar eru staðfastir í baráttu sinni vegna þess að þeim er misboðið til mjög langs tíma, svo misboðið að stéttin var einhuga um að boða til þessa verkfalls. Það eru skilaboð sem atvinnurekandinn verður að taka alvarlega.

Við búum í þjóðfélagi vaxandi misskiptingar. Í efstu lögunum er að finna fólk sem talar í milljörðum um eigin hagnað, fólk sem lítur á kennaralaunin nánast eins og vasapeninga. Síðan er það millitekjufólkið, efri kanturinn þar, fólk sem býr við bærileg kjör, fólk sem aldrei finnur til í eigin pyngju. Þetta er fólkið sem hneykslast á kennurum. „Eru ekki 150 þúsund alveg nóg?"

En ég spyr: Hvar er atvinnurekendaábyrgðin, ábyrgð þess sem þarf að geta ráðið gott fólk til starfa? Til þess verður að bjóða upp á launakjör sem eru eftirsóknarverð.

Nú er kominn tími til að hæstv. forsætisráðherra komist af afneitunarstiginu. Það er ein lausn á þessari deilu, það eru peningar. Sveitarfélögunum verður að tryggja fjármagn til að geta borgað starfsfólki sínu mannsæmandi laun. Ríkisvaldið er þar í skömmtunarstöðu. (Forseti hringir.) Þess vegna getur það ekki hlaupist undan ábyrgð í þessari deilu. [Klappað á þingpöllum.]

[13:55]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Ég held að öllum hv. alþingismönnum sé ljós sú alvarlega staða sem er uppi í verkfalli kennara. Grunnskólarnir hafa verið lokaðir um nærfellt þriggja vikna skeið og enginn velkist í vafa um það að hér er á ferðinni óvenju erfið og illvíg deila þar sem langt hefur verið á milli samningsaðila.

Ég tek þó undir með þeim ræðumönnum hér í dag sem hafa getið þess að það að samningsaðilar sitja enn á fundum gefur okkur vissa von þó að fréttir bendi til að enn sé nokkuð langt á milli. En ég held að við verðum að treysta því að þeir aðilar sem sitja við samningaborðið geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir, sem er mikil í þessu máli, mikil gagnvart grunnskólabörnum, fjölskyldum þeirra og svo auðvitað þeim sjálfum, sveitarstjórnarmönnunum sem bera ábyrgð á fjárhag sinna sveitarfélaga og forustu kennara sem ber ábyrgð á hagsmunum umbjóðenda sinna.

Ég verð hins vegar að segja að mér finnast ákveðnir þættir í málflutningi stjórnarandstöðunnar hér í dag ekki bera vott um sömu ábyrgð. Mér finnst það ekki bera vott um ábyrgð að láta eins og það sé hægt að leysa þessa deilu með einu pennastriki. Mér finnst það ekki bera vott um ábyrgð að láta eins og ríkið geti komið inn í þetta með einhverja töfralausn á þessu stigi eða að tala þannig að gefið sé í skyn að sveitarfélögin geti þegar í stað orðið við öllum kröfum kennara og áframsent reikninginn til ríkisvaldsins. Mér finnst það ekki bera vott um ábyrgð.

Mér finnst það frekar bera vott um pólitíska tækifærismennsku en ekki pólitíska ábyrgð í þessu máli.

[13:57]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Þau voru frekar nöturleg skilaboðin frá hæstv. forsætisráðherra til þjóðarinnar þegar hann flutti stefnuræðu sína hér í þessum ræðustól á mánudagskvöldið þar sem hann hélt því fram að ríkisvaldið væri ekki aðili að þessari deilu, rekstur og yfirstjórn grunnskólans í höndum sveitarfélaganna, að það væri ábyrgðarleysi af stjórnarandstöðunni að halda því fram að ríkið bæri hér einhverja ábyrgð. Hæstv. forsætisráðherra reyndi þarna að þvo hendur sínar af þessari deilu en öllum er jú ljóst að þessi kjaradeila snýst um launa- og starfskjör grunnskólakennara og einnig um þau verkefni sem voru kostnaðaráætluð við yfirtöku sveitarfélaganna á þessu verkefni, þ.e. rekstri skólanna, en því miður var það svo að nægar fjárveitingar fylgdu ekki með og þetta hafa sveitarstjórnir bent á hvað eftir annað. Margar sveitarstjórnir allt í kringum landið eru illa haldnar fjárhagslega, m.a. vegna samdráttar í atvinnulífi. Við getum litið á staði t.d. á Suðurnesjum eins og Sandgerði, við getum litið á Vestfirði, við getum litið á marga staði á Norðurlandi þar sem fólki hefur fækkað, atvinnustarfsemi hefur dregist saman og þar af leiðandi tekjustofnar sveitarfélaganna.

Þegar litið er til þessa hlýtur að vera ljóst að hér hlýtur ríkið að bera einhverja ábyrgð. Ríkið getur ekki þvegið hendur sínar af þessu, ríkisstjórnin getur ekki þvegið hendur sínar af þessu. Ég held, þó að ég hafi enga patentlausn á þessari deilu eins og hún lítur út í dag — sem ég vona að leysist sem fyrst — þá held ég að þessi deila hljóti að verða til þess að við lítum yfir og ræðum það nánar hvernig við getum farið að því að laga hlutina þannig að við lendum ekki aftur í þessari stöðu. Það er óásættanlegt á Íslandi árið 2004 að við sitjum uppi með 43 þúsund grunnskólabörn, 4.300 kennara í verkfalli vikum saman. Það gengur bara ekki.

[13:58]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Það versta í pólitík er þegar menn þora ekki að horfast í augu við veruleikann. Veruleikinn í þessari deilu kennara og sveitarfélaga er eftirfarandi: Sveitarfélög eru ekki aflögufær til þess að mæta sumpart eðlilegum kröfum kennara, þau hafa ekki peninga aflögu. Ástæðan er einfaldlega sú að það er ríkisvaldið, það er Alþingi Íslendinga sem skammtar sveitarfélögunum úr hnefa.

Hinn veruleikinn er sá sem allir verða að horfast í augu við: Kennarar bera sig að sjálfsögðu saman við sambærilegar stéttir. Og hverjar eru þær? Framhaldsskólakennarar í landinu. Og hverjir hafa samið við þá? Hæstvirt ríkisstjórn, fjármálaráðherra.

Það er því algjörlega fráleitt með öllu að standa hér í þessum stól, sitja í þessum stólum hér og neita að horfast í augu við þann veruleika að ríkisstjórnin er gerandi í þessu máli.

Auðvitað geri ég mér fullkomlega grein fyrir því og það er enginn að biðja um það hér að ríkisstjórnin mæti á samningafundi og leysi þetta vandamál með því að smella fingri.

Fyrsta skrefið er að menn horfist í augu við veruleikann, beri þá ábyrgð sem þeim ber og komi að þessu verki með viljayfirlýsingu í þá veru að þeir ætli að bæta hag sveitarfélaganna. Þá væri kannski möguleiki á að sveitarfélögin gengju til þessara samninga með þann grundvöll sem þau þurfa á að halda. Þannig liggur í þessu, frú forseti.

Það er satt að segja grátlegt að fylgjast með nýjum forsætisráðherra koma á sínum fyrstu dögum í embætti og segja: Ekki ég. Hvað þá að fylgjast með nýjum menntamálaráðherra sem skilar auðu og kemur með lélega fréttaskýringu af gangi mála í verkfallinu. Með öðrum orðum þá berast engin pólitísk skilaboð. Ekki nokkur. Ekki ég, ekki ég. Svona gera menn ekki, hæstv. forsætisráðherra. [Klappað á þingpöllum.]

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég vil minna gesti á pöllum á það að það er ekki ætlast til að gestir láti með neinum hætti í ljós skoðanir sínar á ræðum þingmanna meðan þeir dvelja á pöllunum.)

[14:01]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Þetta verkfall kemur okkur öllum við. Það hefur vissulega rík samfélagsleg áhrif. Það er kannski ekki ástæða til að tíunda þau hér en við þau þekkjum öll og á eigin skinni margir hverjir, bæði kennarar og þingmenn.

Mér er næst skapi að beina þeirri spurningu til málshefjanda hvaða tilgangi hann ætlar þessari umræðu að þjóna, nú þegar hinar erfiðu viðræður kennara og sveitarfélaga standa yfir. Ég lít þannig á að hafi auknar kröfur til skólastarfs og fjölbreyttari þjónusta leitt til kostnaðarauka sem sveitarfélögin telja að kalli á endurmat á tekjustofnum þá beri þeim að leysa þann vanda í annan tíma. Það á ekki að blanda þeirri umræðu inn í kjaradeiluna núna. Til þess er allt of mikið í húfi. Hver dagur sem þetta verkfall stendur skiptir miklu máli fyrir alla þá sem verða fyrir því, ekki bara þolendurna, nemendur og foreldrar þeirra, heldur fyrir alla kennarana sem eru ekki í vinnu.

Mig langar af þessu tilefni, frú forseti, að vekja sérstaka athygli á því að í þessu verkfalli sitja nemendur heldur ekki við sama borð. Sum börn fengu í sumum skólum að fara með bækurnar sínar heim og sum voru beinlínis hvött til þess en öðrum börnum hefur verið meinað að sækja námsbækurnar sínar í skólana. Eins ber að hafa í huga að aðstæður á heimilum barna eru mismunandi fyrir foreldrana til að aðstoða þau og styðja og draga þannig úr neikvæðum áhrifum verkfallsins fyrir námsgengi og námsframvindu barnanna.

Ég vil benda á að þetta er í framkvæmd í hróplegu ósamræmi við eitt af meginmarkmiðum okkar, sem er jafnrétti allra til náms. Það er mín skoðun, herra forseti, að eini tilgangur málshefjanda í þessari umræðu sé að reyna að draga ríkisstjórnina inn í deilu sem hún á sannarlega enga aðild að og reyna að koma á hana höggi.

[14:03]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér talaði áðan hv. þm. Jónína Bjartmarz, fyrrverandi formaður Heimilis og skóla, og spurði: Hver er tilgangur málshefjanda með þessari umræðu? (**JBjart:** Eðlilega.)

Ég skal svara því. Tilgangurinn er sá að reyna að vekja

hæstv. forsætisráðherra og hæstv. menntamálaráðherra af vörum blundi. Tilgangurinn er sá að reyna að skýra út fyrir ríkisstjórninni hver ábyrgð hennar er í þessu máli.

Halda menn að þessi staða sé komin upp allt í einu á síðustu vikum og mánuðum? Að sjálfsögðu ekki. Þessi staða hefur verið að þróast vegna þess að ríkisstjórnin hefur smám saman, með ýmiss konar breytingum, ýmiss konar verkefnum sem hún er að færa yfir til sveitarfélaganna, verið að þrengja að hag þeirra. Það er það sem kemur í veg fyrir að þau geta gengið til samninga sem vissulega mundu aldrei vera þannig að það yrði gengið að ýtrustu kröfum kennara en samningar sem yrðu eigi að síður viðunandi fyrir báða aðila.

Sveitarfélögin eru í fjárhagslegri kreppu. Þau segja sjálf að þau hafi aldrei verið skuldsettari og á síðustu fimm árum þá hafi þau safnað sem svarar 8 milljarða kr. skuldum. Þetta hefur komið fram. Hvers vegna er þetta? Vegna þess að ríkisstjórnin hefur aukið við verkefni þeirra og hefur líka, eins og hæstv. félagsmálaráðherra féllst á síðast í gær, verið að kreppa að fjárhag þeirra með skattkerfisbreytingum sem gera það að verkum að þau geta ekki lengur risið nægilega undir þeim kröfum sem við borgararnir í landinu gerum til grunnþjónustu eins og grunnskóla. Ég er að reyna að skýra það út fyrir hæstv. forsætisráðherra. Það kann vel að vera að mér hafi ekki tekist það.

Ég verð að segja að það eru kaldar kveðjur sem nýr forsætisráðherra sendir kennurum og sveitarfélögum. Það eru kaldar kveðjur sem nýr menntamálaráðherra gefur þeim sömu aðilum. Ef þetta á að vera framtíðin hjá hæstv. forsætisráðherra þá býð ég ekki í framhaldið. Ég segi einfaldlega: Ill var þín gangan fyrsta.

[14:05]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem hefur að mestu verið málefnaleg.

Það er rangt hjá hæstv. fyrirspyrjanda að fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga séu ekki í eðlilegum farvegi. Ég minni hann á að það er nýbúið að undirrita viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga um það mál, eftir að þetta verkfall hófst. Það er út í hött hjá hv. fyrirspyrjanda að vilja nú fara að blanda þessum málum saman. (Gripið fram í.) Mér finnst það afskaplega sérkennilegt hjá bæði Samfylkingunni og Vinstri grænum í málflutningi þeirra hér að þeir tala algjörlega á skjön við félaga okkar í Reykjavíkurlistanum í þessu máli. Er virkilega ekkert samráð hjá hv. þingmanni Össuri Skarphéðinssyni við félaga sína í R-listanum, t.d. við varaformann flokksins? Það mætti halda að þar talist aðilar ekki við.

Ég er sammála ábyrgri ... (Gripið fram í.) Ég var að enda við að tala við hana rétt áðan, viltu fá nánari upplýsingar um það? Talaði að vísu við hana í símann. (**MÁ:** Er þetta línan?) Þetta er ekki línan. Þetta er ekki línan. Ég gef þessu fólki enga línu, ég tala við það. Mér finnst það afar undarlegt að fulltrúar sömu flokkanna og standa að R-listanum skuli tala með allt öðrum hætti á Alþingi. Það er alveg ljóst að Framsóknarflokkurinn gerir það ekki.

Fjárlög 2005, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Fjárframlög til stjórnmálastarfsemi.

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 57. mál. — Þskj. 57.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Beiðni leyfð með 50 shlj. atkv.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 1. umr.

Frv. SJS og JBjarn, 4. mál (frestun á sölu). — Þskj. 4.

[14:09]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 75/2001, um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf.

(**Forseti** (GÁS)**:** Ég bið þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Ég er þakklátur fyrir að hæstv. fjármálaráðherra hefur fallist á að vera viðstaddur umræðuna en hefði auðvitað kosið að hæstv. samgönguráðherra væri það einnig. Ég tel að full þörf sé á að ræða þetta mál í fjárhagslegu samhengi en ekki síður sem fjarskiptamál. Æskilegast væri að báðir þeir ráðherrar sem með þau mál fara væru til svara og þátttöku í umræðunni.

Efni frumvarpsins er einfalt og skýrt. 1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga þessara skal ríkissjóður halda óskertum hlut í fyrirtækinu, a.m.k. til ársloka 2008. Fyrirtækinu skal falið að gera sérstakt átak á þeim tíma til að bæta fjarskipta- og gagnaflutningakerfi landsins með það að markmiði að allir landsmenn, án tillits til búsetu, eigi kost á nýjustu og fullkomnustu tækni á þessu sviði. Heimilt er að lækka eða fella niður arðgreiðslur í ríkissjóð á móti þeim fjárfestingum fyrirtækisins í þessu skyni sem síst eru arðbærar, samkvæmt nánari reglum er fjármálaráðherra setur."

Frumvarpið felur það í sér efnislega að horfið verði frá hugmyndum um sölu eða endanlega einkavæðingu Landssíma Íslands hf. sem hefur með endurmörkun, eins og það heitir mun heita á fínu máli, tekið að kalla sig Símann. Afli fyrirtækisins og fjárhagslegum burðum, sem eru miklir, verði þess í stað beitt til að gera brýnar og löngu tímabærar úrbætur af ýmsu tagi á fjarskipta- og gagnaflutningakerfi landsins. Fyrirtækið er þar í algerri lykilstöðu. Það hefur

eitt yfir að ráða grunnneti til fjarskipta, símaþjónustu og gagnaflutninga, sem og farsímaneti o.s.frv. sem þekur nokkurn veginn landið allt.

Þetta frumvarp var flutt áður á síðasta þingi en var þá eigi útrætt. Þar sem aðstæður eru í öllum aðalatriðum óbreyttar er það endurflutt nú. Að vísu er það svo, herra forseti, að í tengslum við stólahrókeringar ríkisstjórnarflokkanna hefur formennskan í einkavæðingarnefnd færst frá Sjálfstæðisflokki til Framsóknarflokks. Hún tilheyrir forsætisráðuneytinu. Þar er því komin upp sú kúnstuga staða að Framsóknarflokkurinn hefur forgöngu um það mál og forustuna á hendi í þeim efnum að einkavæða Símann.

Auðvitað hefði verið stórkostlega gaman að hafa hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson á fundinum til að svara fyrir hlut Framsóknar í þessu máli. Kannski verða einhverjir af þingmönnum flokksins, sem eru hér enn þá viðstaddir, til að gefa okkur innsýn í það hvernig Framsóknarflokknum líður og hvaða meiningar hann hefur um málið, eins og það stendur núna.

Einnig hafa orðið þau tíðindi að Landssíminn hefur ekki setið aðgerðalaus síðustu mánuðina áður en þessi „taka 2", önnur tilraun til einkavæðingar á Landssímanum á að hefjast. Síminn keypti mjög stóran hlut í fjölmiðlafyrirtæki á dögunum, í Íslenska sjónvarpsfélaginu sem rekur sjónvarpsstöðina Skjá 1 og keypti sýningarréttinn á enska fótboltanum í leiðinni. Hann er þar með orðinn einn af samkeppnisaðilunum á fjölmiðlamarkaði fyrir utan það að vera fjarskiptafyrirtæki í algerri einokunaraðstöðu, í lykilstöðu á öllum sviðum fjarskipta og með hreina einokun að sumu leyti hvað eign þess á grunnnetinu varðar.

Það væri áhugavert að heyra, þótt seint sé, sjónarmið hæstv. fjármálaráðherra sem fer með eignarhlutinn í þessum efnum. Hæstv. fjármálaráðherra hefur látið þannig þegar Síminn hefur staðið, bæði nú og áður, í æfingum af þessu tagi að þær séu eigandanum algerlega óviðkomandi. Þetta er eina hlutafélagið í landinu sem ég veit um sem er í eigu eins aðila upp á 99% en eigandanum kemur ekkert við hvað fyrirtækið gerir, hefur enga skoðun á því og telur það sér algerlega óviðkomandi að fyrirtækið gjörbreyti um stefnu þannig að augljóslega sé um að ræða breytingu í áherslum og stefnu fyrirtækisins, á ákvæðum í samþykktum þess þar sem áskilið er samþykki hluthafafundar.

Það er því furðulegt að hæstv. fjármálaráðherra hafi reynt að kaupa sér algera fjarvistarsönnun frá því að það komi honum við, fjármálaráðherra nú og samgönguráðherra áður, hvort Síminn fjárfestir í Búlgaríu eða gerist fjölmiðlafyrirtæki.

Það stendur hvergi, hvorki í lögunum né í samþykktum fyrirtækisins að það sé megintilgangurinn með starfsemi þess, þvert á móti. Tilgangurinn með starfsemi Símans eru fjarskipti og afleidd starfsemi.

Það er skoðun okkar í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs að það séu engin haldbær rök fyrir einkavæðingu Símans. Að fyrirtækið sé, eins og allt er í pottinn búið og við aðstæður í landinu okkar, langbest komið áfram sem öflugt almannaþjónustufyrirtæki í opinberri eigu. Með því er hvort tveggja í senn hægt að ná fram þeim markmiðum, sem menn eru vonandi sammála um að séu aðalatriðið, að tryggja öllum landsmönnum góða þjónustu á þessum sviðum, að jafna þann aðstöðumun sem er á grundvelli búsetu hvað varðar aðstöðu manna til gagnaflutninga og fjarskipta og í leiðinni á ríkið þetta ágætlega arðbæra fyrirtæki og hefur bara dágóðan arð af því. Ég sé því ekki að það sé neitt að því fyrir ríkið að eiga fyrirtæki. Það er fullkomlega samrýmanlegt leikreglum í viðskiptalífinu og samkeppnisreglum sem eru að gefa af sér arð af stærðargráðunni 2 milljarða á ári til viðbótar þeim sköttum sem það greiðir til hins opinbera.

Það er líka ljóst að mikilvægi fjarskipta og gagnaflutninga í nútímasamfélagi er nánast óumdeilt. Af þeim sökum hafa menn víða valið þá leið að fara af mikilli gát í snöggar breytingar, m.a. og ekki síst á eignarhaldi þeirra stóru fyrirtækja sem byggðust upp á tímum einkaleyfa og eru í lykilstöðu í fjarskiptum viðkomandi landa. Ríkisstjórnin verður að svara því og ekki síst Framsóknarflokkurinn sem fer nú með málið í formi formennsku í einkavæðingarnefnd: Hverju sætir það að hér uppi á Íslandi, þar sem aðstæður fyrir eiginlega samkeppni á þessu sviði úti um allt land eru miklu, miklu takmarkaðri en í þéttbýlum milljónasamfélögum t.d. úti í Evrópu, hverju sætir það þá að hér á að fara miklu grófari leið í þessum efnum, ef selja á fyrirtækið í einu lagi og jafnvel ráðandi hlut til eins aðila, en menn hafa valið að gera t.d. í Noregi, Þýskalandi, Frakklandi og víðar í Evrópu? Hér á að fara hina ómenguðu frjálshyggjuleið, ef þær fréttir eru réttar að til standi að selja fyrirtækið á einu bretti með þessum hætti.

Það er athyglisvert að hægri stjórnin í Noregi hefur farið mjög hægt í sakirnar í því að draga úr eignarhlut ríkisins í stóra norska símafyrirtækinu Telenor. Þegar því var breytt í hlutafélag og það skráð á markað í desember 2000 seig hlutur ríkisins niður í 77%. Síðast þegar ég fór inn á heimasíðu fyrirtækisins átti norska ríkið enn þá milli 53% og 54% í Telenor og það eru engin áform um að fara þar út í snöggar breytingar. Á móti ríkiseigninni hefur komið mjög dreifð eignaraðild almennings í Noregi og í nokkrum mæli eign erlendra aðila þannig að hluthafar í norska símanum eru milli 50 og 60 þúsund.

Hverju sætir að ríkisstjórnin á Íslandi, og Framsóknarflokkurinn núna í forustu, ætlar að taka þetta fyrirtæki okkar, við okkar sérstöku aðstæður í okkar fámenna og strjálbýla landi og markaðsvæða það á einu bretti? Ég bið um skýringar á því.

Menn hafa líka talið það skynsamlega ráðstöfun fjármuna að innleysa í áföngum eign ríkisins ef menn ætla að gera það á annað borð víðast hvar í kringum okkur. Franska ríkið er t.d. að lækka eignarhlut sinn í Telefrance núna, ekki vegna þess að menn vilji það endilega, heldur vegna þess að þeir eru að láta undan þrýstingi Evrópusambandsins til að laga fjárhagsstöðu ríkisins og koma henni inn fyrir viðmiðunarmörk Evrópska efnahags- og myntbandalagsins. Enn á þó franska ríkið meiri hluta í fyrirtækinu og ætlar sér að verja meiri hluta í því, a.m.k. um sinn. Það virðist ekki vera vandamál í þeim ríkjum sem öll eru undirseld samkeppnisreglum Evrópska efnahagssvæðisins, þ.e. Noregur, Þýskaland og Frakkland, að ríkið haldi eignarhlut sínum og eigi þessi kjölfestufjarskiptafyrirtæki og m.a. í gegnum þá eign nái að hafa áhrif á þróunina og tryggja tiltekin samfélagsleg og byggðapólitísk markmið.

Ég hvet menn til þess að fara inn á heimasíðu norska símans og lesa hvernig fjallað er um þessa hluti þar í stefnumörkun fyrirtækisins, sem tekur sínar samfélagslegu skyldur alvarlega og lítur á sig sem þjóðarfyrirtæki, almenningsþjónustufyrirtæki, þó svo að það sé orðið í blandaðri eign. En það virðist annað upp á teningunum hér, bæði hjá stjórnendum Símans, sem hafa tekið að sér að skilgreina fyrirtækið í æ ríkara mæli á talsvert annan veg og virðast áhugasamari um að taka þátt í fjárfestingarævintýrum í útlöndum og ráða fokdýr erlend ráðgjafarfyrirtæki til að kaupa fyrirtækinu andlitslyftingu en endilega að axla skyldur sínar alvarlega gagnvart óskum t.d. hvaðanæva að af landsbyggðinni um úrbætur í farsímaþjónustunni. Það er kannski að verða hvað tilfinnanlegast götótt t.d. hvað varðar möguleika manna til atvinnurekstrar víða í strjálbýlinu á Íslandi þar sem gefur augaleið að menn eru illa settir ef þeir hafa ekki aðgang að farsímaþjónustu svo að maður tali nú ekki um að í æ ríkara mæli er farsíminn að verða að öryggistæki t.d. meðfram þjóðvegum landsins.

Aðferðafræði hæstv. ríkisstjórnar hvað varðar einkavæðingu er kapítuli út af fyrir sig. Við minnumst þess, herra forseti, þegar þessi leiðangur var á æskuárum sínum, ef við getum sagt sem svo, einkavæðingarleiðangur ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Þá var mikið lagt upp úr dreifðri eignaraðild og það var mikið talað um hættuna á því að völd og áhrif í viðskiptalífinu söfnuðust á of fáar hendur. Það var talað um að mikilvægt væri að þjóðin yrði þátttakandi í þessu og að það yrði almennt eignarhald á bönkum eða þess vegna Símanum, samanber fyrri hugmyndir um einkavæðingu hans.

Þegar tilraunin var gerð á haustdögum 2001 var sett upp heilmikið móverk utan um það hvernig átti að selja svo og svo stóran hlut í áskrift til starfsmanna og almennings, svo og svo mikið í tilboðssölu í viðbót og svo átti að velja kjölfestufjárfesti til að kaupa 25% og með kauprétti 10% í viðbót. Þetta hrundi nú allt saman eins og menn muna heldur hressilega og varð af því eitthvert mesta klúður sem sögur fara af af þessu tagi. En eitthvað fengu þeir fyrir sinn snúð, fínu ráðgjafarnir, voru það ekki PriceWaterhouseCoopers og Búnaðarbankinn sem voru arkitektar að allri snilldinni og verðlögðu Símann á rúma 40 milljarða kr.?

En það er ekki eins og ríkisstjórnin hafi lært eitthvað af þessu. Nú á að fara aftur af stað, prjóna upp með nýja aðferðafræði, sem að vísu liggur ekki ljós fyrir enn þá en tilgangurinn helgar meðalið, hversu skynsamlegt eða öllu heldur og því miður óskynsamlegt sem það er.

Eins og ég kom að áður er ekki eins og það sé eitthvað sem knýi á í þessum efnum, þetta er hrein pólitísk ákvörðun. Það eru engar aðfinnslur gerðar við það út frá samkeppnisreglum, þau mál eru öll leysanleg og það er ekki eins og verðmæti Símans séu að gufa upp miðað við afkomu fyrirtækisins undanfarin missiri og það er ekki eins og óskað sé eftir þessu af þjóðinni. Það er öðru nær. Það liggur fyrir ítarleg og vönduð skoðanakönnun frá skoðanakönnunarfyrirtækinu Gallup sem spurði að þessu á útmánuðum árið 2002. Þetta var skoðanakönnun sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð lét Gallup gera fyrir sig og í ljós kom að yfir 60% af þeim sem afstöðu tóku vildu að Landssíminn yrði áfram í opinberri eigu. Ég fullyrði að t.d. úti á landsbyggðinni er varla finnanlegur maður sem mælir því bót að einkavæða Símann. Það eru einstöku kannski nógu glerharðir og helbláir sjálfstæðismenn sem af flokkshollustu telja sig í orði kveðnu þurfa að halda fram þeirri afstöðu, en margir slíkir hafa sagt við mig undir fjögur augu að þeir hafi engan áhuga á því og vildu betur að þeirra menn létu það í friði.

Svo að maður tali nú ekki um Framsóknarflokkinn. Þarna er á ferðinni enn eitt málið þar sem forusta Framsóknarflokksins er einfaldlega úti í mýri, er að láta hafa sig í að fylgja fram stefnu, frá Sjálfstæðisflokknum auðvitað, sem er algerlega gagnstæð því sem þeir sem enn styðja flokkinn í raun og veru vilja. Ég fullyrði það. Reyndar má skoða það ef menn hafa áhuga á hvernig þeir skiptust á flokka sem tóku afstöðu í skoðanakönnuninni á sínum tíma. Ég get fullvissað menn um það að framsóknarmenn voru ekki síður mótfallnir því en kjósendur annarra flokka, nema þá helst kjósendur Vinstri grænna, að einkavæða Símann. Ég hygg t.d. að það hafi verið mun meiri stuðningur við það í röðum stuðningsmanna Samfylkingarinnar, enda ýmsir hægri kratar þar á ferð, að einkavæða Símann en hjá Framsókn. Það er sem sagt næstum tveggja þriðju hluta stuðningur meðal almennings í landinu við það að þjóðin eigi Símann áfram sem almenningsþjónustufyrirtæki og í gegnum þá eign sína og þá stefnu sem fyrirtækinu er gert að framfylgja nái menn fram þeim byggðapólitísku og félagslegu markmiðum sem menn eru auðvitað að sækjast eftir.

Setjum þetta svo augnablik í samhengi við þá umræðu sem hér hefur orðið um samþjöppun valds og auðs í kjölfar markaðs- og einkavæðingar sem hefur verið að ganga yfir í samfélaginu. Ég minni á ræðu fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra á ársfundi Samtaka atvinnulífsins í marsmánuði síðastliðnum. Ætli það megi ekki lesa út úr þeim orðum talsverðar áhyggjur af því hvernig ýmsir stórir hringar hafi verið að sölsa hlutina undir sig? Það liggur fyrir að einmitt sumir þeir sömu og fyrrverandi forsætisráðherra ýmist nafngreindi eða væntanlega hafði í huga í þeirri ræðu hafa áhuga á Símanum, hafa opinberlega lýst því yfir að þeir hafi áhuga á Símanum, ekki endilega sem innlendu fyrirtæki til að reka sem slíkt, nei, heldur mögulega sem stökkpalli í útrás, nota Símann sem stökkpall í fjárfestingarleiðangra erlendis, gjarnan í Austur-Evrópu þar sem ýmislegt getur komið upp eins og dæmin sanna.

Er það þá innlegg í þetta og áhyggjur manna af þessu? Það er líka fróðlegt að setja þetta í samhengi við hið margrómaða fjölmiðlamál og áhyggjur manna af samþjöppun á því sviði. Nú hefur Síminn ákveðið að því er virðist athugasemdalaust af hálfu eigandans og þess sem með það fer, hæstv. fjármálaráðherra, að gerast fjölmiðlafyrirtæki. Síminn er væntanlega markaðsráðandi fyrirtæki. Muna menn eitthvað eftir því í frumvarpi sem hér var að veltast í þinginu í vor og sumar að markaðsráðandi fyrirtæki á öðrum sviðum viðskipta ættu ekki að eiga mikið í fjölmiðli? Ætli nokkur deili nú um að Síminn sé markaðsráðandi? Það er ótrúlegt að ríkisstjórnin skuli ekki velja þann kost að staldra við.

Staðreyndin er sú að reynslan af því að einkavæða fjarskiptafyrirtæki í lykilstöðu af þessu tagi eins og Síminn

okkar er, eins og síminn í Noregi, Danmörku eða Nýja-Sjálandi er, er mjög blendin. Reynsla Nýsjálendinga af því er herfileg. Ég hvet menn til að kynna sér hana, ég hef áður nefnt það hér. Hvernig hefur það leikið fjarskiptamálin í því landi og hver er útkoman fyrir nýsjálenskan almenning? Hver er útkoman fyrir strjálbýlið, sveitirnar í Nýja-Sjálandi, sem eru að vísu fjölmennar hlutfallslega í því landi og skipta miklu máli af því að landbúnaður er höfuðatvinnugrein Nýsjálendinga. En það finnast fáir stuðningsmenn og aðdáendur þess fyrir utan kannski höfuðborgina og stærstu borgina Oakland, að nýsjálenski síminn var einkavæddur og síðan seldur Ameríkönum. Tvö amerísk fyrirtæki hirða núna allan arðinn af þessu fyrirtæki í fjarskiptum með lykilstöðu á nýsjálenska markaðnum og gera meira en það. Hluti af umsvifum nýsjálenska símafyrirtækisins hefur verið flutt til Bandaríkjanna og hann er orðinn útibú frá bandarískri samsteypu.

Hvernig hafa gjaldskrármálin gengið fyrir sig eftir að síminn var einkavæddur í Nýja-Sjálandi? Jú, þannig að það hefur gengið á með kærumálum út af því að síminn í amerískri eigu með einokunaraðstöðu á landsbyggðinni er sakaður um að halda uppi gjaldskránni í dreifbýlinu til að greiða niður kostnaðinn af samkeppninni í höfuðborginni Wellington og í stærstu borg Nýja-Sjálands, Oakland. Þetta er svona. Menn þurfa ekki alla leið suður á hinn enda hnattarins. Menn geta farið til Danmerkur og það mætti ýmislegt segja af þeirri reynslu sem Danir hafa gengið í gegnum og eru þó aðstæður þar auðvitað allar aðrar til samkeppni í fjarskiptamálum heldur en hér.

Ég held að sé mjög mikilvægt að menn átti sig á því hvers eðlis fyrirtækið Síminn er. Síminn býr við það sem kallað er oft náttúrlega einokun. Það er fólgið í aðstæðunum sem fyrirtækið er í. Af hverju er það? Það er af því Síminn á grunnnet fjarskipta í landinu. Hvað er grunnnetið? Það er ljósleiðarakerfið. Það eru örbylgjusamböndin. Það eru símstöðvarnar. Það eru tengivirkin. Það er koparinn inn í húsin í landinu. Það eru símþræðirnir inn í hvert einasta hús í landinu. Það eru jarðstöðvarnar, bæði aðalstöðvar og varastöðvar og það er eignarhlutur Íslendinga í sæstrengjum. Allt þetta er í Símanum. Það er ekki vitað annað en að ríkisstjórnin og Framsóknarflokkurinn líka ætli að láta hafa sig út í það að selja þetta allt saman til einkaaðila. Í hvaða stöðu verður þá einkaaðilinn? Hann er kominn í algera lykilstöðu. Hann ræður ekki bara í viðskiptalegu tilliti fjarskiptamálunum í landinu heldur ræður hann fjarskiptaörygginu. Eru menn algerlega sáttir við það, dús við það, að það sé bara sett í hendur einkaaðila að sjá algjörlega um það mál og að ríkið hafi ekkert um það að segja eftir einkavæðinguna hvernig t.d. fjarskiptaöryggið er tryggt, að það verði bara látið ráðast af markaðslegum forsendum og einkahagsmunum eigandans?

Nú er Síminn gríðarlega stöndugt fyrirtæki. Hann er metinn á kannski 30–40 milljarða kr. Hann hefur verið gerður upp með rúmlega tveggja milljarða kr. hagnaði undanfarin ár eftir skatta. Síminn hefur því skilað miklu í ríkissjóð. Hann hefur greitt 30% arð af liðlega 7 milljarða kr. hlutafé að nafnvirði sem gerði t.d. á síðasta ári 2.110 millj. kr. og af því fékk ríkið 99%. Auk þess hefur Síminn greitt um 500 millj. kr. í skatta. Það er nú dálaglegt búsílag. En þetta segir ekki alla söguna. Það segir kannski enn meiri sögu að Síminn skilaði frá rekstri í fyrra 7.400 millj. kr. tæpum. Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir voru sem sagt 7.381 millj. kr. Veltufé frá rekstri var 6.800 millj. kr.

Sjá menn ekki hvers konar fjármunamyndun er þarna á ferðinni og hvað ríkið er að láta frá sér? Það þarf ekki að eiga fyrirtækið í mörg ár til þess að fjármunamyndunin í því sé sambærileg upphæð og menn eru að tala um sem mögulegt söluverð, kannski fimm ár. Hreinn hagnaður eins og hann hefur verið í fyrra og hittiðfyrra borgar fyrirtækið upp í topp á innan við 20 árum, kannski 15–17 árum. Þá ættum við Símann aftur bara með því að selja hann ekki. Í raun og veru væri ekkert því til fyrirstöðu að fara hér þá leið sem hefur verið farin í Noregi, að eigið fé fyrirtækisins hefur beinlínis verið lækkað með útgreiðslum til eigenda.

En ríkisstjórnin virðist ætla að fara þá ótrúlegu leið að selja fyrst og spyrja svo, gefa sér niðurstöðuna fyrir fram, að það verði einkavætt til að þjóna kreddunni og að þar verði farin hin fullkomna nýfrjálshyggjuleið, nýsjálenska leiðin. Menn eru hér greinilega kaþólskari en páfinn. Menn eru hægri sinnaðri en hægri stjórnin í Noregi eins og líka hefur komið fram í fleiri tilvikum. Framsóknarflokkurinn undir forustu hæstv. iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur reyndist hægri sinnaðri í orkumálum en repúblikanarnir í Kaliforníu. (**Gripið fram í:** Nú?) Hann fór hægri sinnaðri leið í markaðsvæðingu raforkumarkaðarins hér heldur en repúblikanar í Kaliforníu mæla nú með að gert sé.

Svo er verið að tala um það — og það væri fróðlegt að fá útlistanir á því — að nota einhvern hluta söluandvirðisins í ráðstafanir til að stoppa í götin í kerfinu, þétta GSM-netið, bæta úr gagnaflutningaaðstæðum minni byggðarlaga o.s.frv. Er þetta ekki öfug röð á hlutunum, hv. þm. Birkir Jón Jónsson? Væri nú ekki nær að gera þetta fyrst í öllu falli? Það er það sem við erum hér að leggja til.

Auðvitað bíður margt fleira úrlausnar í fjarskiptamálum okkar en þetta tvennt sem ég hér nefndi þó það sé mjög mikilvægt. Það er dálítið dapurlegt að Síminn skuli vera svo tregur að það eru einkafyrirtæki sem eru að bjóða minni byggðarlögunum upp á úrlausn. Auðvitað er allt gott um það að segja. En manni finnst að Síminn ætti nú að geta gert þetta sjálfur með öllu sínu bolmagni. Hvernig stendur á því að fyrirtæki jafnvel sunnan frá Ítalíu eru að bjóða upp á þráðlausar lausnir í gagnaflutningamálum í þorpum í landinu sem Síminn okkar virðist ekki hafa áhuga á? (**BJJ:** Á ríkið að keppa við þau?) Ja, ríkið á a.m.k. að sjá til þess að hafa þetta í lagi ef ekki eru aðrir um það. Svo er líka spurning: Er ekki Síminn í betri aðstæðum til að gera þetta á hagstæðan hátt ef hann vill það? Auðvitað er samkeppnin orðin staðreynd í þessum efnum. En við vitum að það verður ekki hún sem leysir úr vanda þeirra sem lakasta hafa stöðuna í þessum efnum. Orka stóru fyrirtækjanna fer auðvitað í slagsmálin hér á höfuðborgarsvæðinu. Nú er búið að sameina einkareknu símafyrirtækin nánast öll í eitt. Hvaða mynd blasir þá við okkur ef við einkavæðum síðan Símann? Er það ekki svolítið kunnugleg mynd af tveimur markaðsráðandi risum sem skipta þá markaðnum á milli sín? Þá er búin til alger fákeppnisstaða. Einkavædd einokun verður þá búin til á þessu sviði.

Það er auðvitað þannig að um langan aldur mun Síminn vegna lykilstöðu sinnar, vegna sinnar miðlægu stöðu í kerfinu, verða ráðandi risi í þessum efnum. Hvað sem líður samkeppni, ágæt sem hún getur verið á afmörkuðum sviðum, þá er þetta auðvitað þannig.

Ég minni líka á það sem ég hef áður getið hér um í sambandi við öryggi fjarskiptakerfisins og þær aðstæður sem fram undan eru í þessum efnum. Fyrir utan fjarskipta- og gagnaflutningamöguleikana almennt og nauðsyn þess að þétta farsímakerfið þá nefni ég hlut sem fram undan er eins og uppbyggingu þriðju kynslóðar farsíma. Hver á að ráðast í það verkefni sérstaklega á landsbyggðinni? Halda menn að einhverjir einkaaðilar svona bara hristi það fram úr erminni að ráðast í þær fjárfestingar sem verða nauðsynlegar á komandi árum til að byggja upp fullnægjandi kerfi fyrir þriðju kynslóð farsíma sem væntanlega kemur hér eins og annars staðar þó það hafi látið á sér standa? Ég held að það verði nú handleggur. Hver á að sjá um að leggja síðasta kílómetrann? Hver á að sjá um fjarskiptin í sveitunum ef menn einkavæða Landssímann?

Í fjórða lagi nefni ég svo það að hlutirnir standa ekki kyrrir í þessum efnum, það eru m.a. þau vandamál sem lúta að öllum hugmyndum um að taka einhverja aura út úr sölunni til að stoppa í núverandi kerfi. Ekki er víst að það dugi nema í þrjú ár. Þá eru komnar kröfur, ný og afkastameiri tækni. Þá byrja menn að dragast aftur úr á nýjan leik nema einhvern veginn sé séð fyrir því að fleiri sjónarmið en arðsemiskrafan ein ráði því þetta er spurning um undirstöðuþjónustu í nútímasamfélagi. Þetta er spurning um tilvistargrundvöll í upplýsingasamfélagi nútímans og framtíðarinnar, ekkert minna. Þetta er jafnóaðskiljanlegur og nauðsynlegur hluti af tilverunni og aðgangur að menntun, heilsugæslu og góðum samgöngum. Fjarskiptin liggja þannig í eðli sínu. Með hverju standa og falla hugmyndir manna um nýtingu upplýsingatækninnar t.d. til að efla lýðræðið? Jú, með því að aðgangur allra landsmanna á jafnræðisgrundvelli sé tryggður.

Það er hreint ábyrgðarleysi og það er ömurlegt að sjá Framsóknarflokkinn sem þykist enn þá hafa einhverjar taugar til landsbyggðarinnar og búsetu manna þar, láta hafa sig í svona leiðangur, nema honum sé ekki eins leitt og hann lætur. Kannski er þetta einmitt sönnum þess hvernig Framsóknarflokkurinn er flúinn á mölina, að hann ætlar að hafa forgöngu um það undir forustu forsætisráðherra síns, Halldórs Ásgrímssonar, að einkavæða Landssímann.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og efnahags- og viðskiptanefndar í ljósi þess að fjármálaráðherra fer nú með eignarhaldið í Símanum.

[14:40]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun gera grein fyrir meginsjónarmiðum mínum varðandi einkavæðingu Landssímans síðar í þessari umræðu. Mig langaði þó til að víkja að nokkrum atriðum sem fram komu í ræðu hv. flutningsmanns frumvarpsins, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Hann talaði um það og það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að það sé mikilvægt að verja fjármunum til þess að byggja upp dreifikerfi Símans og hann eyddi nokkru púðri í að útskýra að í því væru miklar gloppur.

Til þess að umræðan geti verið hér á einhverju vitrænu plani þá tel ég nauðsynlegt að fram komi ákveðnar upplýsingar þannig að menn séu ekki að fara með rangar staðhæfingar um dreifikerfið eins og það er. Ég hef aflað mér upplýsinga um að Landssíminn þjónustar í heimasímum, gömlu símunum, 99,6% heimila í landinu. Og það sama gildir um ISDN-gagnaflutningatengingar. Það er ekkert skrýtið vegna þess að svokölluð alþjónustukvöð er á Símanum að sinna öllum heimilum í landinu með heimasíma og ISDN-tengingar og ég verð að segja að Síminn hefur gert það prýðilega og náð 99,6% dreifingu.

Síðan er hér talað um gloppur í GSM-kerfinu. Hvað er Síminn að þjónusta stóran hluta heimila í GSM-kerfinu? 98% íslenskra heimila eru í GSM-sambandi. Það er mikilvægt að þetta komi fram. Og menn hafa talað um að ekki séu ADSL-tengingar inn á öll heimili. Það er alveg rétt. En Síminn sinnir 92% heimila á Íslandi. Það er meiri dreifing en þekkist á nokkru byggðu bóli nema kannski fyrir utan Danmörku. Þegar menn tala um að dreifikerfið sé ekki í lagi þá er það einfaldlega ekki rétt. Tölurnar tala sínu máli og það er nauðsynlegt að því sé haldið til haga í þessari umræðu.

[14:42]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ágætt að fá þetta innlegg hér vegna þess að það lýsir vandanum í hnotskurn. Það sem menn hafa viða gert þegar þeir hafa verið að reyna að skilgreina forsendur samkeppni er að þá hafa þeir sett einhver svona viðmiðunarmörk og sagt: „Jú, fyrirtæki telst veita fullnægjandi þjónustu ef það nær til kannski 80% íbúa í einu landi.“ En hvað með hin 20%, þó það séu ekki nema 10%, þó það séu ekki nema 5%, sem er þá mögulegt að séu dæmd úr leik og sem ekki séu þátttakendur í upplýsingatæknisamfélagi samtímans? Í hvaða stöðu eru þeir settir? Hér dugar ekkert næstum, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Það er nefnilega hér sem prósentureikningurinn dugar ekki. Annaðhvort býr ein þjóð í landinu eða ekki í þessum efnum.

Varðandi GSM-kerfið þá eru götin jafntilfinnanleg fyrir því þó þau séu á strjálbýlum svæðum eða meðfram þjóðvegunum, svo lengi sem þau eru til staðar. Ég get nefnt atvinnugrein sem líður mjög fyrir þetta ástand í dag. Það er ferðaþjónusta bænda í sveitum. Drjúgur hluti bændabýlanna er utan GSM-þjónustu. Þó það sé ekki hátt prósent þá er það samt þarna. Það er úr þessu sem þarf að bæta. Þetta snýst oft um kannski einn sendi upp á nokkrar milljónir kr. og að koma honum niður.

Þá erum við komin að því að ef Síminn er einkarekinn og arðsemiskrafan ein ræður för þá skilur maður út af fyrir sig aðstæður stjórnendanna, ef þeir telja sig ekki hafa neinar skyldur, að áhugaverðara sé að leggja fjármunina í annað. Þetta er spurningin um það hvernig menn skilgreina sig. Er þetta þjónustufyrirtæki með almennar skyldur og samfélagslega ábyrgð eða er þetta bisness? Ég hélt að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson skildi þetta.

Síðan verður að vekja athygli á einu og það er að innan

þeirra prósentutalna sem hv. þm. nefndi eru svæði sem búa við ótryggar tengingar þó að svo eigi að heita að þau séu tengd. Það þekki ég t.d. mjög vel af mínum heimaslóðum um norðaustanvert landið. Þéttbýlisstaðirnir þar búa við ótryggar tengingar (Forseti hringir.) sem stundum detta út o.s.frv.

[14:45]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að tala fyrir því að í landinu byggju tvær þjóðir þegar kæmi að fjarskiptakerfinu. Ég benti einfaldlega hv. þm. á, vegna þess að hann gerði mikið úr gloppum í fjarskiptakerfinu, að þær væru kannski ekki eins miklar og hann vildi vera láta í ræðu sinni. Þegar það liggur fyrir að 99,6% landsmanna, þ.e. hvert einasta heimili að 60 bæjum undanskildum, eru tengd inn á fjarskiptakerfi Landssímans þá mundi ég ekki segja að það byggju tvær þjóðir í þessu landi. Ég vildi halda þessu til haga og koma þeim upplýsingum á framfæri í umræðunni. Það hefur verið gert mikið úr því að fjarskiptakerfið sé ekki eins gott og nái ekki til jafnmargra landsmanna og er í raunin.

Hv. þm. hefur áhyggjur af því að verði Síminn einkavæddur þá leiði það til þess að fjarskiptaþjónustu verði ekki sinnt í hinum dreifðari byggðum og á ýmsum bæjum. Ég get sagt það fyrir mína parta að ég væri tilbúinn til að leggja tiltölulega háar fjárhæðir af mörkum til að koma þeim bæjum í samband ef það yrði til þess að einkavæða Símann.

Ég vil líka benda á það sem hv. þm. sagði í ræðu sinni. Hann sagði að Landssíminn hefði ekki sinnt öllum landsmönnum og öllum byggðarlögum og að ítölsk fyrirtæki og einkafyrirtæki hefðu þá komið til hjálpar og komið þeim aðilum í samband við umheiminn. Þetta eru einmitt þau rök sem við sem höfum talað fyrir einkavæðingu höfum notað. Menn þurfa ekki að hafa svo miklar áhyggjur af því að ríkið komi ekki að því að þjóna þeim sem vilja t.d. eiga viðskipti við símafyrirtæki. Hv. þm. nefndi einmitt rökin sem við, talsmenn frjálsa markaðarins, (Forseti hringir.) höfum fært fram, að einkaaðilar muni sjá landsbyggðinni fyrir þjónustu alveg eins og ríkið hefur gert og jafnvel betur.

[14:47]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Síminn er að mörgu leyti mjög gott fyrirtæki og byggir á gömlum merg frá því að hann var opinbert fyrirtæki, starfaði á grundvelli einkaleyfa og skilgreindi sig sem opinbert almannaþjónustufyrirtæki.

Póstur og sími var í það heila tekið mjög vel rekin og framsækin stofnun, eins og ég þekkti hana á sinni tíð. Hún skilaði okkur Íslendingum þeim árangri m.a. að um 1990 voru símgjöld í landinu einhver þau lægstu í Evrópu. Við vorum í fremstu röð hvað varðaði tækniþróun í fjarskiptakerfinu. Það má t.d. sjá á því að landið var ljósleiðaravætt. Hér náði stafrænn sími snemma til allra landsmanna, sem er ekki lélegur árangur í okkar strjálbýla landi. Hér var NMT-kerfið byggt upp, með því fyrsta sem þekktist, og hér var byggt upp farsímakerfi.

Því miður hefur mér hins vegar fundist að Síminn drægi dám af andrúmsloftinu og viðhorfum stjórnenda sinna og kannski eigenda, í þeim skilningi að ríkisvaldið sem hefur farið með það mál undanfarið er farið að horfa öðruvísi á þessa hluti en áður. Ég hef gagnrýnt það og hefði fundist að Síminn gæti sýnt meiri metnað í að leysa t.d. úr vandamálum minni þéttbýlisstaða á landsbyggðinni. Það er allt gott um framtak og hugvit einkaaðila að segja sem hafa þar fyllt í eyðurnar en aðstæður þeirra eru á margan hátt mismunandi til að leysa það af hólmi.

Úr því að kerfið er þó jafngott og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson dró hér upp, hvers vegna þá að breyta? Hvers vegna að breyta því sem hefur gefist vel? Færeyingar eru með opinbert símafyrirtæki eins og við. Þeir eru á undan okkur að flestu leyti í uppbyggingu fjarskipta. Þeir eru t.d. í þann veginn að ljúka við að gera allar Færeyjar að stafrænu sjónvarpsútsendingarsvæði. Þar erum við talsvert á eftir. Það hafa þeir gert í gegnum sitt opinbera símafyrirtæki. Ég tel að þetta hafi gefist vel. Við eigum ekki að kasta fyrir róða því sem gefist hefur vel.

Samkeppnin er góðra gjalda verð. Hún er komin til sögunnar á afmörkuðum svæðum (Forseti hringir.) og menn horfa þar fyrst og fremst á stærstu markaðssvæðin. Gott og blessað, en einhver þarf að tryggja aðganginn.

[14:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Mig langar að segja nokkur orð um þingmálið sem hér er til umræðu sem lýtur að því í aðalatriðum að fresta fyrirhugaðri sölu Landssímans, a.m.k. til ársloka árið 2008.

Hvorugt er nýtt, hvorki afstaða flytjenda þessa frumvarps til sölu Landssímans né hugmyndin um að selja Landssímann. Það hefur verið á dagskrá þessarar ríkisstjórnar frá árinu 1999 og jafnvel lengur. En því miður hefur ekki enn þá orðið af því. Mig langar að taka það ótvírætt fram, strax við þessa umræðu, að ég teldi það hið mesta óráð að hvika frá þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið og er því eindreginn andstæðingur frumvarpsins sem mælt var fyrir nú áðan. Ég veit að það kemur háttvirtum framsögumanni lítt á óvart, sem flutti reyndar mikla skammarræðu um öll þau áform og þá sem að þeim standa.

Hitt vil ég taka undir með honum að Síminn hefur í gegnum áratugina verið hið besta og þarfasta fyrirtæki. En það, eins og aðrir aðilar á markaði sem Síminn starfar á í dag, verður að laga sig að breyttum aðstæðum. Það mun auðvitað gerast hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Þvílík framþróun hefur orðið í fjarskiptamálum og öðru sem lýtur að starfsemi fyrirtækja á Íslandi að það er ekki hægt að ætlast til þess að Síminn lagi sig ekki að aðstæðum og breytist með framþróun þjóðfélagsins. En það er kannski ekki aðalatriði þess sem ég vildi sagt hafa varðandi þetta frumvarp.

Það má segja að þetta mál, út frá sjónarhóli flutningsmanna, sé tvíþætt. Annars vegar er það spurningin um sjálfa söluna og hins vegar fjarskiptalegir þættir málsins sem, eins og háttvirtur framsögumaður gat um, heyra undir samgönguráðherra. Þess vegna mun ég ekki fjalla um þau atriði. Ég vil einungis benda á að af hálfu samgönguráðherra er unnið að því að skilgreina betur þau áhersluatriði sem stjórnvöld vilja tryggja að nái fram þegar ríkið hefur

selt eignarhlut sinn í fyrirtækinu. Ég geri ég ráð fyrir að tillögur um það efni muni birtast af hálfu samgönguráðherra á næstunni og þær muni m.a. snúa að hinu svokallaða ATM-neti, jöfnun gagnaflutningskostnaðar í því sambandi, að rekstri NMT-kerfisins, að áframhaldandi uppbyggingu breiðbandsins og að sjálfsögðu að uppbyggingu GSM-kerfisins í dreifbýli og á fjölförnum ferðamannastöðum.

Ég ætla ekki að tjá mig frekar um þá hlið málsins en tel eðlilegt að spurningum um þau mál sé beint til fjarskiptamálaráðherrans.

Það kom fram í stefnuræðu forsætisráðherra fyrr í vikunni að einkavæðingarnefnd, sem nú lýtur nýrri formennsku eins og fram kom, hefur gert ráðstafanir til að bjóða út ráðgjöf varðandi þessa sölu. Það mál er komið í gang og ætla má, eins og forsætisráðherra gat um, að á fyrri hluta næsta árs geti söluferlið hafist fyrir alvöru á nýjan leik. Því miður vorum við of seinir að ljúka þessu máli fyrir nokkrum árum. Þess vegna var fallið frá þessu ferli í upphafi árs árið 2002 eins og margir muna. Málið er í vissum farvegi og á grundvelli tillagna áðurnefndrar ráðgjafar verður ákveðið með hvaða hætti ýmsar praktískar hliðar málsins verða úr garði gerðar. Þá komum við að spurningum um fyrirkomulag sölunnar, hvort það eigi að vera í litlum bútum eða í stærri bútum, hvort leita eigi að svokölluðum kjölfestufjárfesti eða selja ríkjandi hlut í fyrirtækinu til einhvers eins aðila og hvernig rétt sé að tímasetja það ferli. Það er auðvitað hlutverk ráðgjafans að gera um það tillögur og síðan tökum við sem sitjum í ráðherranefnd um einkavæðingu afstöðu til þess. Ég tel hyggilegast að hafa ekki fleiri orð um það meðan ekki liggja fyrir tillögur um það mál. Ég tel að ýmislegt geti komið til greina í því sambandi.

Ég gat þess áðan að hér hefði orðið grundvallarbreyting á öllum fjarskiptum. Það er auðvitað þannig að í fjarskiptaheiminum er sá munur sem hingað til hefur verið á símastarfsemi, sjónvarpi og tölvum smám saman að hverfa. Mörkin þar á milli eru að mást út og nú hefur orðið mikil skörun þar á milli sem gerir það að verkum að einkaaðilar koma í miklu ríkari mæli inn í þetta en áður var. Síminn mætir samkeppni og það kom fram í máli háttvirts framsögumanns að jafnvel erlend fyrirtæki eru farin að hasla sér völl hér á landi á þjónustusviðum sem menn hefðu ekki gert ráð fyrir áður.

Með öðrum orðum er ekki lengur þörf fyrir að á þessu sviði sé ríkið umsvifamesti aðilinn. Það er ekki lengur þörf fyrir að ríkið bindi stórfellda fjármuni í slíkri starfsemi þegar aðrir vilja taka verkið að sér, með þeim skilyrðum sem sett verða um dreifingu, útbreiðslu o.s.frv. Markaðsaðstæður hafa breyst frá því sem var fyrir tveimur og hálfu ári síðan. Nú er talið að það sé góður markaður fyrir fyrirtæki af þessu tagi, eins og sjá má af mörkuðum í útlöndum og jafnvel einnig innan lands. Þess vegna er að mínum dómi ekki eftir neinu að bíða með að ganga í þetta verk.

Í fyrirtækinu á almenningur á Íslandi tugi milljarða sem hægt er að losa úr læðingi og nota til annarra verkefna í þágu almennings. Háttvirtur framsögumaður gat þess að Síminn væri svo arðbært fyrirtæki að það væri mikið óráð að selja hann vegna þess að hann greiddi um tvo milljarða í arð á ári hverju auk skatta. Ég geri ráð fyrir því að fyrirtækið muni í eigu nýrra aðila halda áfram að borga skatta svo að það er ekki röksemd. En arðinn verður að bera saman við hve mikinn arð andvirði fyrirtækisins getur gefið af sér, þ.e. í vexti. Miðað við þær hugmyndir sem uppi eru um verð fyrir fyrirtækið sýnist mér einboðið að vaxtaávinningurinn af söluandvirðinu verði meiri en sá arður sem nú er greiddur. Hann getur auðvitað birst með ýmsum hætti. Einfalda dæmið væri það ef þessir peningar væru lagðir til hliðar og reynt að ávaxta þá. Það mundi gefa vexti en það er líka hægt að hugsa sér að þetta spari vaxtagjöld sem ríkissjóður greiðir annars staðar eða spari fjármagnskostnað af þeim hluta þeirra fjármuna sem varið yrði til tiltekinna verkefna eins og rætt hefur verið um að gera.

Ég tel reyndar að við stöndum frammi fyrir einstæðu tækifæri til að leysa úr læðingi tugi milljarða króna og nýta þá til brýnna og þarfra verkefna. Þá vildi ég fyrst segja, vegna þess hlutverks sem ég gegni í ríkisstjórninni, að brýnasta verkefnið er að mínum dómi að halda áfram að greiða niður skuldir ríkissjóðs og spara ríkinu vaxtakostnað af þeim. Það er mikið hagsmunamál fyrir allan almenning ekki síður en að halda uppi góðri fjarskiptaþjónustu, sem ég dreg ekki í efa. Það er líka hægt að hugsa sér að ráðstafa einhverjum hluta fjármagnsins til brýnna verkefna á öðrum sviðum sem m.a. háttvirtur framsögumaður ber mjög fyrir brjósti. Rætt hefur verið um að nýta fjármagnið til sérstakra stórverkefna á sviði samgöngumála eða annarra hluta sem hvort eð er þarf að ráðast í í þjóðfélaginu fyrr eða síðar. Við erum svo sem ekki ósammála um að ráðast í þau verkefni en þyrftum að bíða þess lengur, ef ekki kæmu til þessir fjármunir, að grípa til ráðstafana sem lúta að því að gera Ísland í heild byggilegra, bæta samgöngur og aðra þætti. Það er einnig mikilvægt atriði í þessu sambandi og skiptir jafnvel ekki minnstu máli.

Ég held líka að það skipti máli í þessu sambandi að með því að losa um tök ríkisins á fyrirtækinu og gefa einkaaðilum kost á að annast rekstur þess, með þeim skyldum sem á það verða áfram lagðar, sé að sjálfsögðu búið í haginn fyrir þá útsjónarsemi og hagkvæmni sem almennt fylgir einkarekstrinum. Það verður fróðlegt að sjá hvernig það þróast.

Það er auðvitað engin tilviljun að í langflestum nálægum löndum, þar á meðal meira og minna í öllum hinum svokölluðu nýfrjálsu ríkjum í Mið- og Austur-Evrópu hafa menn gengið í það verk að einkavæða símafyrirtæki. Það hefur verið gert í baltnesku löndunum og miklu víðar. Þótt háttvirtur framsögumaður sé ekki ánægður með allt sem þar hefur verið gert þá er það engin tilviljun að þar hafa menn ákveðið að nýta sér kosti einkaframtaksins í þessum efnum en jafnframt losa um fjármagnið sem í þessum rekstri hefur verið bundið.

Menn geta auðvitað sagt sem svo að í Noregi séu eilítið öðruvísi aðstæður en almennt gerist. Þar þarf ekki mikið að lesa um fjármagn sem ríkissjóður hefur bundið hér og þar. Í því landi veit ríkissjóður ekkert hvað hann á að gera við alla peningana sína. (**SJS:** Eru Norðmenn óskynsamir?) Þeir hafa ekki jafnmikið að gera við það fjármagn sem bundið er í símafyrirtækinu og ýmsir aðrir, þar á meðal við. Mér finnst það ekki gott dæmi í þessu efni þótt það sé auðvitað mjög til fyrirmyndar ef framsögumaður Steingrímur J. Sigfússon er farinn að vitna til hægri stjórna víða um heim

sem sérstaks fordæmis. Reyndar er það blönduð ríkisstjórn eins og við vitum sem er við stjórnvölinn í Noregi. En hún fer sér hægt í þessu eins og mörgu öðru.

Ég vildi segja það að lokum að það er athyglisvert að þetta er fyrsta þingmál stjórnarandstöðunnar sem kemur á dagskrá. Hún hefur gert með sér samkomulag um að standa saman um hin stóru mál. Það verður fróðlegt að sjá hvort málið sem hér er flutt er flutt í anda hins nýja og mikla samstarfs stjórnarandstöðuflokkanna sem boðað hefur verið á þessu þingi. Ég segi fyrir mig að ég lýsi eindreginni andstöðu við þetta mál. Ég tel að það sé á misskilningi byggt og yfir því sé andi liðins tíma eins og því miður yfir mörgu öðru sem kemur úr herbúðum okkar ágætu vina og samstarfsmanna í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

[15:04]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. fjármálaráðherra talaði um að sala Símans væri liður í að tryggja hagsmuni almennings og tryggja samkeppni. Ég vildi spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í samkeppnina sem á að tryggja. Ég hefði talið vænlegra, til að tryggja samkeppni, að fara ekki þá leið sem stjórnarflokkarnir hafa markað, að selja Símann í einum pakka. Ég tel mun vænlegra að undanskilja grunnnetið. Með því að undanskilja grunnnetið þá tryggjum við samkeppnina. Við höfum fordæmi frá breytingum á öðrum sviðum.

Við samþykktum síðasta vor breytingar á raforkulögum. Þar var stofnað sérstakt fyrirtæki um flutningsnetið. Þar er ekki samkeppni heldur er einokunarrekstur. Mig langar að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort það væri ekki rétt að fara svipaða leið varðandi fjarskiptakerfið og raforkukerfið, burt séð frá því hvort flutningskerfið verði í einkaeign eða ekki, þ.e. grunnnet Símans. Er ekki aðalatriðið að skilja á milli samkeppnissviðs og síðan einokunaraðstöðu?

[15:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé óraunhæf hugmynd sem hv. þm. mælir fyrir. Ég tel að farið hafi verið rækilega í gegnum það á undanförnum árum. Það er ekki raunhæft að ætla að aðskilja hið svokallaða grunnnet frá öðrum rekstri fyrirtækisins. Niðurstaðan í þessu máli, í sambandi við einkavæðingarferlið, er að gera það ekki.

Ég tel mun skynsamlegra að fara þá leið sem ég drap á og liggur eiginlega í hlutarins eðli, að selja fyrirtækið með grunnnetinu og með tilteknum kvöðum og skyldum, bæði svokallaðri alþjónustukvöð á tilteknum sviðum en jafnframt hugsanlega öðrum skyldum eftir því sem nánar verður ákveðið í ferlinu. Það mun væntanlega nánar skilgreint af samgönguráðherra.

[15:06]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Margir þeirra sem reka fjarskiptafyrirtæki í samkeppni við Símann telja forsenduna fyrir því að samkeppnin verði virk sé að þarna verði skilið á milli. Ég hef aldrei fengið nokkur rök fyrir því að gera það ekki. Mér finnst að stjórnarflokkarnir verði að svara því hvers vegna það megi ekki, þegar þeir sem eru í samkeppni við Landssímann vilja fara þá leið.

Ef maður fer yfir rökin varðandi það þá væri það auðvitað hið eina rétta, að skilja á milli samkeppnissviðs og einokunarrekstrar. Annars er hætta á að menn flytji kostnað á milli einokunar og samkeppnissviða. Menn vilja koma í veg fyrir það með því að skilja á milli samkeppnissviðs og einokunarsviðs Símans.

[15:08]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka ráðherra fyrir þátttöku í umræðunni en sakna þó svara varðandi nokkur atriði. Mér fundust í fyrsta lagi mjög fátækleg svörin þegar kom að spurningum um aðferðir við hina áformuðu einkavæðingu. Svarið var í raun: Það verður ákveðið að auglýsa eftir ráðgjafa og ráðgjafinn á að koma með tillögur um hvernig þetta verði gert.

Ber þá virkilega að skilja það svo að ríkisstjórnin hafi enga sjálfstæða meiningu um hvernig þetta verði gert? Auðvitað þurfa menn ekki að framselja það út í bæ til einhvers ráðgjafa að koma með hugmyndir um það hvernig að þessu verði staðið.

Það liggur náttúrlega beint við að spyrja fyrst: Af hverju er þetta ekki gert eins og venjulega, þegar fyrirtæki eru sett á markað og skráð? Af hverju er Síminn ekki einfaldlega settur í sölu í Kauphöllinni og ríkið færi þá að lækka eignarhlut sinn í áföngum og innleysti hann smátt og smátt? Væri það ekki eðlilegasta og nærtækasta leiðin, samanber Noreg?

Í öðru lagi spurði ég hæstv. ráðherra — það kom ekki svar við því — hvort hann hefði meiningar um kaup Símans á Skjá 1. Það væri fróðlegt að heyra um það.

Ég hefði í þriðja lagi gjarnan viljað heyra hvort mögulegt væri að skoða núna það sem hafnað var fyrir tveimur eða þremur árum, að skilja eftir eitt hlutabréf inni í fyrirtækinu, ef það yrði selt að fullu, svokallað gullbréf, með kröfum sem hægt væri að setja fyrirtækinu. Þótt Nýsjálendingar væru býsna langt leiddir í sinni frjálshyggju þá gerðu þeir þó það, að skilja eftir eitt gullbréf í fyrirtækinu sem er í höndum nýsjálenska ríkisins sem tryggir því t.d. möguleika á að setja fyrirtækinu innlenda stjórnarmenn sé það er í eigu erlendra aðila o.s.frv.

Varðandi það að það sé góð efnahagspólitík að innleysa þessa eign þá bendi ég á það á móti að það er fleira en arðurinn sem hafa þarf í huga og greiddur hefur verið árlega, þ.e. verðmætisaukningin í fyrirtækinu. Eignin vex í verði og það getur verið góð ávöxtun að því leyti. Mesti arðurinn í sambandi við rekstur þessa fyrirtækis (Forseti hringir.) er auðvitað fólginn í góðri þjónustu þess við landsmenn. Gleymum því aldrei.

[15:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi síðasta atriðið þá er það almennt þannig að menn reyna að meta væntanlega verðmætaaukningu þegar fyrirtæki eru verðmetin til sölu. Það kemur vonandi fram í söluverðmætinu hvað þar er um að tefla.

Varðandi aðferðafræðina þá hefur ríkisstjórnin auðvitað

ekki framselt ákvörðunarvald sitt til ráðgjafa. En hún kaupir sér ráðgjöf til að geta valið úr nokkrum góðum kostum, vænti ég, til að hafa úr að spila öllum skynsamlegum möguleikum í dæminu. Auðvitað væri einn möguleikinn sá að selja þetta í gegnum Kauphöllina en það er ekki víst að það takist að samræma það öðrum markmiðum, t.d. því að fá hámarksverð fyrir, miðað við það hvað sanngjarnt mun teljast.

Varðandi kaup eða viðskipti Símans, sem hv. þm. nefndi, við Skjá 1 þá hefur það komið fram af minni hálfu að ég geri ekki athugasemd við þau viðskipti. Stjórnendur Símans verða að hafa svigrúm til þess að meta sjálfir hvað þeir telja skynsamlegt að gera í slíkum efnum varðandi fjárfestingar.

Varðandi gullbréfið þá er það vafalaust eitt þeirra atriða sem ráðgjafinn mundi fjalla um, hvort slíkt kæmi til greina. Ég vil ekki útiloka það fyrir fram. Ég verð þó að viðurkenna að ég hef ekki leitt mjög hugann að þeirri leið en ég þakka þingmanninum fyrir ábendinguna.

[15:12]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst það út af fyrir sig þakkarvert að hæstv. fjármálaráðherra hafni því ekki fyrir fram. Ég þráspurði hæstv. samgönguráðherra um þetta á sínum tíma. Ég réð af svörum hans að hæstv. samgönguráðherra hefði ekki verið því andvígur og jafnvel því fylgjandi en hefði ekki fengið því ráðið, að einhvers staðar annars staðar í kerfinu hefði það strandað, væntanlega í einkavæðingarnefndinni eða ráðherranefnd um einkavæðingu, að ganga þannig frá málum.

Ég minni t.d. á að ef það er ætlun manna að hafa það galopið að fyrirtækið geti farið að fullu og öllu í erlenda eigu þá væri spurningin: Vilja menn halda eftir rétti til að sjá um að stjórn þess sé á hverjum tíma að lágmarki skipuð að meiri hluta íslenskum ríkisborgurum o.s.frv.?

Varðandi aðferðafræðina þá eru svör hæstv. fjármálaráðherra lýsandi fyrir framgöngu ríkisstjórnarinnar í einkavæðingarferlinu allan tímann, þ.e. hringl. Það er skipt um aðferð nánast í hvert einasta sinn. Þar er engin föst stefna sem liggur fyrir fyrir fram mótuð, öfugt við það sem menn hafa gert víðast hvar annars staðar. Það mætti margt um einkavæðingaræfingar manna segja vítt og breitt um Evrópu en yfirleitt hefur verið mótuð stefna um aðferðafræðina og henni framfylgt. Norðmenn gera þetta, norska þingið hefur komið að því og lagt niður línurnar um hvernig eignarhaldi ríkisins verði háttað í stærstu opinberu fyrirtækjunum til nokkurra ára í senn, t.d. að eignarhlut verði haldið fyrir ofan viss mörk í olíufyrirtækjum, fjarskiptafyrirtækjum o.s.frv.

En hér er auglýst eftir ráðgjafa utan úr bæ til að koma með tillögur. Síðan lítur ríkisstjórnin svo á að hún hafi algerlega frjálsar hendur í hvert sinn til að velja bara þá aðferð sem dettur ofan í kollinn á mönnum hverju sinni. Hvers vegna er þetta? Jú, vegna þess að þá geta menn komið fyrir hvers konar pólitískum hrossakaupum, helmingaskiptum og öðru slíku (Forseti hringir.) sem hefur einkennt þetta ferli allan tímann.

[15:14]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Hér á fyrsta degi á hinu háa Alþingi, þegar við erum að taka fyrir almenn þingmannamál á nýbyrjuðu starfstímabili okkar, ræðum við frumvarp um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. sem tveir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytja.

Bara rétt til að skemma stríðni hæstv. fjármálaráðherra þá er þetta ekki fyrsta sameiginlega þingmál stjórnarandstöðunnar sem slíkrar. Það er Íraksmálið sem hefur fengið það virðulega númer á þingskjölum, nr. 3, og auðvitað hefðum við í stjórnarandstöðunni helst viljað vera að ræða það nú á fyrstu dögum þingsins. Þegar ákvörðunin var tekin um að setja Ísland á lista hinna staðföstu þjóða háttaði svo til að hæstv. forsætisráðherra, fyrrverandi utanríkisráðherra, gat ekki verið viðstaddur umræðuna og það er auðvitað algert skilyrði þegar hún fer fram að sá hæstv. ráðherra sé viðstaddur. Það var fyrsta sameiginlega málið. Síðan ætla ég ekki að fara að skemmta okkur með því að segja að auðvitað kom það skýrt fram á þeim fundi sem fjallað var um þetta að menn eru sammála að veita hæstv. ríkisstjórn mikið og gott aðhald eins og við gerðum í fjölmiðlamálinu. Það segir ekkert til um það hvort við séum sammála í öllum málum.

Þó svo að því máli sem hér um ræðir megi skipta svolítið niður get ég sem slíkur tekið undir hluta af því en ekki allt. Vegna þess að ég hef verið þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, alveg eins og fram kom þegar við tókumst á um þau lög sem við erum að ræða um breytingu á, að fram hefur komið að Samfylkingin hefur verið hlynnt því að selja samkeppnishluta Símans. Hvenær það er gert er allt annar handleggur og hvernig það er gert er líka allt annar handleggur og alls ekki sama hvernig það er gert. Við höfum ákveðnar skoðanir á því hvernig það yrði gert líkt og hæstv. fjármálaráðherra talaði um áðan, þ.e. hvort Síminn væri seldur í einu lagi, í smápörtum eða hvernig staðið yrði að því. Það er auðvitað hluti sem menn geta haft ákveðnar skoðanir á. Hér áður fyrr fóru menn af stað og seldu hlut úr ríkisfyrirtækjum í útboði þar sem almenningur gat tekið þátt þó svo að í seinni tíð hafi hæstv. ríkisstjórn selt þannig, t.d. hlutabréf í Landsbankanum og Búnaðarbanka forðum, til eins og maður segir stundum vildarvina þessara tveggja flokka.

Ég vil láta það koma skýrt fram að auðvitað er ekki sama hvernig að þessu er staðið. Og það er rétt sem hér var sagt að þegar hæstv. ríkisstjórn ætlaði að selja Símann á sínum tíma — það mál klúðraðist kannski sem betur fer vegna þess að Síminn er orðinn meira virði núna og meiri eign vegna tafa — komu ríkisstjórnarflokkarnir sér ekki saman um hvernig ætti að selja hann og síðan, eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði, urðu menn einfaldlega of seinir. Sú bylgja sem þá var féll mjög skyndilega og þarf ekki að ræða mikið um það klúður sem þar var við fyrirhugaða sölu Símans og sem betur fer var forðað frá að setja á hálfgerða brunaútsölu.

Hins vegar er alveg skýrt í huga okkar í Samfylkingunni og það hefur margoft verið sagt hér og lagt til að það er mikið atriði að skilja grunnnet Landssímans frá áður en til

sölu kemur. Það er algert lykilatriði. Þegar við fluttum þá tillögu voru ekki margir sem tóku undir hana hér. Framsóknarflokkurinn var þá á harðahlaupum frá þessari stefnu og lét Sjálfstæðisflokkinn beygja sig þó hann sé aðeins að æmta núna að gera þurfi svo og svo mikið á landsbyggðinni gagnvart grunnnetinu áður en til sölu kemur. Ef eitthvað hefur verið, þá höfum við í Samfylkingunni styrkst í þeirri trú að skynsamlegt sé og rétt að taka grunnnetið frá. Stofna um það sérstakt fyrirtæki sem þess vegna getur verið alfarið í ríkiseign, getur líka verið með eignaraðild þeirra fyrirtækja sem vilja og eru stór í þessum rekstri. Hvers vegna segi ég þetta? Vegna þess að m.a. ríkisstjórnarflokkarnir og sumir aðrir flokkar á hinu háa Alþingi voru á síðustu dögum síðasta þings að breyta raforkukerfi landsmanna, voru m.a. þar að stofna fyrirtæki utan um rafmagnslínurnar, utan um flutningsvirkin, taka það út úr og ætla að reka það sem sérstakt fyrirtæki. Það má alveg hugsa sér, virðulegi forseti, að það ríkisfyrirtæki sem er með eignaraðild nokkurra aðila sem áttu flutningslínur í raforkukerfinu, að það fyrirtæki ræki grunnnet Landssímans þess vegna. Þetta er ekkert óskyldur rekstur. Gæti meira að segja verið um margt athyglisvert að skoða að gera það þannig saman.

Hvort sem við erum að tala um örbylgjusendingar, grunnlínurnar, ljósleiðarana eða koparlínurnar sem liggja inn í hvert hús frá gamalli tíð og eru alltaf að verða verðmætari og verðmætari vegna þess að tækninni fleygir fram og notkunarmöguleikar eru alltaf að aukast á slíkum koparlínum sem liggja inn í hús, þá auka öll þessi atriði auðvitað verðgildi Símans. En það mætti alveg hugsa sér, virðulegi forseti, vegna þess að menn eru ekki mjög spenntir fyrir því, sérstaklega í Sjálfstæðisflokknum, að það sé ríkisfyrirtæki sem eigi einhvern hluta, það sem ég sagði hér um grunnnetið, en það yrði að sjálfsögðu hálfgert ríkisfyrirtæki eða algert vegna mikillar eignar ríkisins í þeim fyrirtækjum sem munu eiga flutningsvirkin í raforkukerfinu.

Ég sagði áðan að taka mætti undir margt sem kemur fram í þessari tillögu, sérstaklega þar sem fjallað er um þjónustu við byggðir. Ég hef margoft áður fyrr spurt hæstv. samgönguráðherra á hinu háa Alþingi út í þessi mál og það misrétti sem fólk er beitt gagnvart háhraðatengingum eftir því hvar það býr á landinu. Um þetta hef ég spurt samgönguráðherra oftsinnis. Ævinlega hefur það svar verið gefið að Landssíminn telji þetta ekki arðbært og þess vegna er það ekki gert. Þetta er aumt svar frá hæstv. samgönguráðherra og hefur gert það að verkum að íbúar svo og svo margra minni byggðarlaga hringinn í kringum landið hafa orðið út undan í þeirri tæknibyltingu sem er að eiga sér stað í alls konar samskiptum í gegnum netið. Það er með öðrum orðum, hæstv. forseti, ekki hægt að bjóða íbúum lítilla byggðarlaga að vera með svo lélegt netsamband, eins og t.d. ISDN er í dag sem er orðið allt of hægvirkt miðað við sem það var þegar við vorum að setja alþjónustukvöðina yfir í það að vera með ADSL-tengingu, margfalda jafnvel, að fólk situr ekki við sama borð. Það má t.d. spyrja hvort að íbúar slíkra svæða þar sem Landssíminn býður ekki upp á þetta sitji við sama borð við að stunda t.d. fjarnám. Nei. Standa börn og unglingar jafnfætis öðrum við að ná sér í ýmislegt á netinu og flakka þar um ef svo má að orði komast og fræðast jafnvel? Nei, það er ekki. Ég hef tekið dæmi af nokkrum stöðum á landinu, þar sem ég er ákaflega ósáttur með Landssímann, sem hafa síðan tekið málin í sínar hendur og nægir þar að nefna t.d. hið litla byggðarlag Hrísey. Þar tóku íbúarnir sjálfir sig til og byggðu upp í samvinnu við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu þráðlaust netsamband sem fór upp í gervihnött, úr gervihnetti í jarðstöð til Ítalíu og eftir ljósleiðara frá Ítalíu til Íslands. Af hverju í ósköpunum eiga íbúar í Hrísey að borga margfalt meira fyrir að fá þá sjálfsögðu þjónustu, að kaupa þessa þjónustu frekar en íbúar t.d. í Reykjavík, á Siglufirði, Húsavík, Akureyri eða einhvers staðar þar sem Landssíminn býður upp á ADSL? Af hverju þurfa íbúar þessara litlu byggðarlaga að taka þátt í rándýrum stofnkostnaði? Hvers vegna í ósköpunum getur Landssíminn ekki tekið þátt í þessari tæknibyltingu? Er það kannski bara vegna þess að Landssíminn hefur engan áhuga á þessari tækni, að gera þetta svona í örbylgjusambandi í gervihnetti? Ég spyr. Ég hef spurt um þetta og ekki fengið svar, virðulegi forseti. Þetta er auðvitað grundvallaratriði og mætti taka fleiri byggðarlög, hvort sem það er á Stöðvarfirði eða Raufarhöfn svo ég taki bara nokkra staði t.d. úr mínu kjördæmi, þar sem þessi mál eru rædd.

Það er gaman að segja frá því, virðulegi forseti, að í kjördæmaviku fyrir um ári stóð tvennt upp úr hjá sveitarstjórnarmönnum sem ræddu við okkur fulltrúa litlu sveitarfélaganna. Númer eitt var jöfnunarsjóðurinn, skert framlög þar, og hvert var hitt atriðið? Jú, óánægja með að sitja ekki við sama borð og aðrir með háhraðanettengingu. Þess vegna má taka undir það í umræddri tillögu að það er sjálfsagt atriði að skikka Landssímann til að sinna þessari þjónustu á einn eða annan hátt, hvort sem er með lagningu ljósleiðara, örbylgjusambandi eða í gegnum gervihnött. Það getur verið að taka þurfi sérlausnir fyrir ákveðin byggðarlög, þá á bara að gera það. En grundvallaratriðið er að íbúarnir sitji við sama borð.

Það var mikið réttlætismál á sínum tíma þegar búin var til ein gjaldskrá fyrir Símann, sama hvar menn sátu á landinu við að tala í síma. Það er ekki langt síðan það var gert. Sama á auðvitað að gilda um þetta.

Einnig má taka undir það að Síminn þarf að standa sig betur í því að byggja upp símstöðvar eða sambönd þar sem GSM-símí getur verið notaður sem öryggistæki á þjóðvegum landsins. Það eru allt of margir staðir á þjóðvegum landsins sem eru ekki í GSM-sambandi. Þetta er bara nútíminn í dag. Þetta er öryggistæki, það eru allir með þetta og NMT-síminn sem margir eru með er að líða undir lok og mér skilst að það kerfi sé að detta út á næstunni. Þess vegna er afar brýnt að gengið sé hraðar í þessu. Þarna hefur Landssíminn sannarlega ekki staðið sig og má með sanni segja að maður óttist það að eftir að Landssíminn hefur verið seldur, allur því miður, verði hið nýja fyrirtæki ekki viljugt til að fara í það sem ég hef verið að gera að umtalsefni. Þess vegna á að skikka Landssímann til að gera þetta núna og þess vegna er það sem við í Samfylkingunni höfum fyllst meiri eldmóði fyrir því að aðskilja grunnnetið frá áður en til sölu kemur á samkeppnishlutanum til að sjá um þessa samfélagslegu þjónustu og það sem henni fylgir.

Það er svo ýmislegt annað, virðulegi forseti, sem mætti ræða um í fari Landssímans eins og gagnvart því sem ég

hef gert að umtalsefni og því að kaupa stóran hlut í Skjá 1. Auðvitað virkar það ósanngjarnt á mann og sama hvort verið er að kaupa hlutabréf Símans í Ungverjalandi, eða í hvaða landi sem það var nú gert, og eðlilegt að fólki gremjist það og leggist jafnvel af enn meiri hörku gegn sölu Símans eins og hefur komið fram í skoðanakönnunum og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um áðan. Það er auðvitað þannig að þegar verið er að ráðast í slíkar fjárfestingar þá blöskrar fólki. Og í mínum huga, þó að ég ætli ekki að gera kaup Símans í Skjá 1 að umtalsefni nú, var það auðvitað ekkert annað en að taka þátt í þeim hráskinnaleik og í þeirri aðferð Sjálfstæðisflokksins að ráðast áfram að Norðurljósum og því sem þar tengist gagnvart þessu. Skjár 1 var auðvitað notaður sem leppur til að kaupa sýningarrétt á enska fótboltanum, enda kemur það á daginn að þegar átti að sýna þar frítt fyrsta árið kemur Síminn inn til bjargar þeim fjárfestum sem voru að leggja í þá vegferð að kaupa sýningarréttinn. Það er auðvitað hjákátlegt að ríkisfyrirtæki skuli vera að fara inn í þetta. Og af því að hæstv. fjármálaráðherra var hér áðan væri jafnvel hægt að snúa þessu yfir í grín og spyrja hann hvaða leikur í enska fótboltanum verði sýndur næsta laugardag í beinni útsendingu. Þetta er náttúrlega út í hött.

Ekki er allt komið fram þar hvað þetta varðar en leiða má líkur að því að þetta sé leikur hákarlanna í Sjálfstæðisflokknum með það sem ég hef gert að umtalsefni og Síminn er svo notaður til að kaupa sýningarréttinn.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég láta koma fram í þessum efnum í tengslum við frumvarpið sem við erum að ræða. Það er með ólíkindum hvernig þetta mál er að þróast á verri veg gagnvart því að því miður er það greinilegt að Framsóknarflokkurinn ætlar að láta Sjálfstæðisflokkinn pína sig til þess að selja Símann í heilu lagi, þ.e. með grunnnetinu. Og bara af því að ég gleymdi því rétt áðan þá ætla ég að nefna það í lokin ef við sjáum það ekki hvernig slitnaði upp úr umræðum Norðurljósa við Landssímann um stafræna kerfið. Tökum t.d. ef Landsvirkjun sér frekar þörf í því að nota ljósleiðara og eiga hann yfir hálendið, þá er það dæmi um að grunnnetið sem slíkt á að vera sérfyrirtæki, rekið af sérstökum rekstraraðila, alfarið í eigu ríkisins eða meirihlutaeigu þess og annarra aðila sem koma að þessu, eins og ég sagði áðan, þá er það dæmi sem ég nefndi um Stöð 2 eða Norðurljós og það að menn fara ekki saman í stafræna sjónvarpsútsendingar dæmi um að menn treysta þessu ekki. Ég óttast að hin ýmsu fyrirtæki muni ráðast í fjárfestingar sem gera það að verkum að þetta verður þjóðhagslega óhagkvæmt vegna þess að flutningsgetan í grunnnetinu er næg eins og er og mun aldrei fulllestast og allir ættu að geta keypt þá þjónustu þar ef allir bera gæfu til að bera traust til þess fyrirtækis sem um grunnnetið yrði stofnað.

[15:30]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Frumvarpið sem við ræðum gengur út á að fyrirhugaðri sölu á Símanum verði frestað alla vega til ársloka 2008. Ég er fyllilega sammála því að fresta sölunni á Símanum og hef sannfærst enn betur um að sú fyrirhugaða sala sem ríkisstjórnarflokkarnir ætla að standa að sé algert óráð vegna þess að þeir ætla ekki að undanskilja grunnnetið. Þeir ætla að láta það fylgja með. Við í Frjálslynda flokknum og Vinstri grænum erum ekki einir um að telja það óráð. Samfylkingin vill einnig undanskilja grunnnetið frá sölunni. Ég veit ekki betur en Fjórðungsþing Vestfirðinga hafi einmitt ályktað gegn sölunni á Símanum, en óvíst að Framsóknarflokkurinn geri orðið nokkuð með ályktanir utan af landi og sérstaklega ekki frá Vestfjörðum. Fleiri sveitarfélög hafa varað við sölunni á Símanum vegna þess að það er ákveðin hætta á því að landsbyggðin komi illa út varðandi fjarskipti.

Hvers vegna eigum við að undanskilja grunnnet Símans? Til þess að tryggja samkeppni. Ef Sjálfstæðisflokkurinn meinar eitthvað með því að vilja koma á samkeppni á fjarskiptamarkaði ætti hann að hafa það sem forgangsverkefni að undanskilja grunnnet Símans frá annarri starfsemi hans sem er í samkeppni og hlusta á þá sem eru í samkeppnisrekstri við Símann, en ég veit ekki betur en að þeir hafi einmitt komið þeim skoðunum á framfæri að undanskilja eigi grunnnet Símans frá annarri samkeppnisstarfsemi ef Síminn verður seldur.

Við ættum þá að líta til þess hvernig við höfum staðið að því að breyta öðrum rekstri. Fyrr í vor voru sett raforkulög. Þá var tekinn út rekstur bæði dreifikerfa og flutningskerfis sem er einokunarrekstur og framleiðsluþátturinn sem er í samkeppni var hafður sér. Auðvitað eiga menn að fara sömu leið ef þeir meina eitthvað með því að vera með samkeppni á fjarskiptamarkaði. Að vera með grunnnetið og samkeppnisreksturinn í einum pakka er ávísun á einokun. Og einokun í einkaeign er síst betri en ríkiseinokun. Það ættu forkólfar samkeppnis- og markaðslögmála svo sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson að samþykkja. Það er í raun enginn eðlismunur á einokunarsamkeppni og ríkissamkeppni nema að hægt er að breyta ríkissamkeppninni með pólitísku valdi.

Sjálfstæðisflokkurinn segist stundum vilja samkeppni, jafnvel á fjarskiptamarkaði. Til þess að tryggja hana þarf að tryggja að menn noti ekki einokunaraðstöðu sína og misbeiti markaðsráðandi stöðu. Ýmsir sem stunda fjarskiptaviðskipti telja einmitt að ríkisfyrirtækið Síminn beiti vafasömum meðulum, færi fjármuni úr einokunaraðstöðunni og yfir á samkeppnissviðið. Ég grennslaðist fyrir um þetta og bar upp spurningar til hæstv. fjármálaráðherra. Ég er með þær með mér og ef Sjálfstæðisflokkurinn og hæstv. fjármálaráðherra meina eitthvað með samkeppni á fjarskiptamarkaði hefðu þeir leitast við að svara spurningunum varðandi það hvort Landssíminn sé að misnota einokunaraðstöðu og markaðsráðandi stöðu í samkeppni við frjálsa aðila á markaðnum.

Ég hélt að ég væri að vekja athygli á þessu máli og hæstv. fjármálaráðherra mundi taka því fagnandi og svara spurningunum af samviskusemi. En ég bar upp þessa spurningu: Hefur Landssími Íslands hf. tryggt fjárhagslegan aðskilnað á þeirri starfsemi sem lýtur sérstaklega að virðisaukandi þjónustu, t.d. internetþjónustu, GSM-farsímaþjónustu og NMT-farsímaþjónustu? Þá er átt við þá þjónustu sem á í samkeppni við einkaaðila. Í stað þess að ganga úr skugga um það, sem eigandi fyrirtækisins, fæ ég langt svar sem er í rauninni ekkert svar. Það er eins og

hæstv. fjármálaráðherra sé með svona þokukenndu svari að þyrla upp ryki í staðinn fyrir að ganga úr skugga um að það ríki heiðarleg og eðlileg samkeppni. Því efast sá sem hér stendur um að hæstv. fjármálaráðherra meini eitthvað með því að hann vilji koma á samkeppni, sérstaklega í ljósi þess að hann er mögulega að hjálpa Landssímanum að beita markaðsráðandi stöðu. Auðvitað á hæstv. fjármálaráðherra að svara spurningum sem til hans er beint og ganga úr skugga um að ekki sé verið að mismuna fyrirtækjum og samkeppni sé tryggð á markaði.

Síminn hefur legið undir fleiri ámælum, m.a. þeim að vera orðinn hálfgert flokksfyrirtæki Sjálfstæðisflokksins. Í stað þess að vera almenningsfyrirtæki sem þjónar fjarskiptum á markaði og tryggir að fleiri aðilar geti verið á markaðnum eru þeir jafnvel farnir að koma í veg fyrir samkeppni og breyta samkeppnisstöðu fyrirtækja. Við sjáum það á sjónvarpsmarkaði að allt í einu er Síminn sem er fjarskiptafyrirtæki kominn í fjölmiðlastarfsemi og farinn að kaupa í enska boltanum. Auðvitað verða menn að marka Símanum ákveðna stefnu, einnig í fjárfestingum, þegar Síminn getur ekki fjárfest í GSM-fjarskiptum á landsbyggðinni. Það er ekki hægt en það er hægt að fara með fjármuni úr landi til búlgarskra fyrirtækja. Þetta er furðuleg forgangsröðun.

Ég get heils hugar tekið undir efni frumvarpsins, þ.e. að fresta sölu Símans í ljósi þess hversu óhönduglega stjórnarflokkarnir hyggjast standa að sölunni, að tryggja ekki að grunnnetið sé undanskilið þegar selt verður.

[15:39]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga sem flutt er af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Jóni Bjarnasyni. Lagt er til að sölu Símans verði frestað, a.m.k. til ársloka 2008. Fyrirtækinu skal á þeim tíma falið að gera sérstakt átak til að bæta fjarskipta- og gagnaflutningakerfi landsins með það að markmiði að allir landsmenn, án tillits til búsetu, eigi kost á nýjustu og fullkomnustu tækni á þessu sviði. Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Heimilt er að lækka eða fella niður arðgreiðslur í ríkissjóð á móti þeim fjárfestingum fyrirtækisins í þessu skyni sem síst eru arðbærar, samkvæmt nánari reglum er fjármálaráðherra setur."

Þarna vitnaði ég í lagagreinina sem við viljum fá lögfesta.

Um miðjan september fóru fram stólaskipti í ríkisstjórninni. Forsætisráðherra og utanríkisráðherra skiptu á stólum og nýr umhverfisráðherra settist í ríkisstjórnarstól. En það gerðist eitt í viðbót og engu líkara en þar væri á ferðinni heilt ráðuneyti, það var einkavæðingarnefnd. Formennskan í einkavæðingarnefnd fór yfir til Framsóknarflokksins í anda góðrar helmingaskiptareglu. Einkavæðingarnefnd er nefnilega mjög áhrifamikil, hún er valdanefnd. Það er á þeim vettvangi sem helmingaskiptin fara fram, þar sem ríkisstjórnin ráðstafar eignum þjóðarinnar eins og salan á bönkunum og fleiri dæmi sanna. Hún hefur reyndar gefið þeim sem starfað hafa í nefndinni talsvert í aðra hönd. Þeir hafa komið sér upp mjög sniðugu kerfi. Þeir eru á föstum nefndarlaunum en leita svo ráðgjafar úti í bæ. Og hvar skyldu þeir leita ráðgjafar? Þeir leita ráðgjafar hjá sjálfum sér úti í bæ. Á rándýrum ráðgjafatöxtum ráðleggja þeir sjálfum sér. Þetta hefur áður komið til umfjöllunar í þinginu þegar óskað var eftir upplýsingum um greiðslur til nefndarmanna í einkavæðingarnefnd.

En þetta er ekki stóra málið sem er til umfjöllunar núna heldur það viðfangsefni sem nefndinni hefur verið falið, að selja hlut ríkisins í Símanum og sama — ég vil ekki kalla það röksemd — viðlagið er við málflutning stjórnvalda um ágæti þessarar sölu og áður. Allir eru að gera hana. Þetta var viðkvæðið þegar Póstur og Sími var gerður að hlutafélagi um miðjan 10. áratuginn, vegna þess að allir voru að gera það. Við verðum að gera það líka að sjálfsögðu. Það stóð ekki til að selja Símann, það átti aldrei að selja hann. Þáverandi hæstv. samgönguráðherra lýsti því margoft yfir bæði í þessum sal og í viðtölum að það stæði ekki til. Nú er það hins vegar að gerast og aftur vegna þess að allir eru að gera það í löndunum í kringum okkur og nýfrjálsu þjóðirnar í Mið- og Austur-Evrópu eru að einkavæða alla opinbera starfsemi, sagði hæstv. fjármálaráðherra í umræðu fyrr í dag um söluna. Það er nú það.

Ég hef kynnst því svolítið á öðrum vettvangi, vettvangi verkalýðshreyfingar. Þar hefur einkavæðingin í nýfrjálsu ríkjunum svokölluðu komið talsvert til umræðu og um þetta hafa staðið geysileg átök, m.a. um símann í Búlgaríu. Þar hafa Íslendingar fjárfest. Í Fréttablaðinu um miðjan júní birtist svohljóðandi frétt, með leyfi forseta:

„Hópur fjárfesta undir forustu Björgólfs Thors Björgólfssonar gekk í gær frá kaupum á 65 prósenta hlut í búlgarska landssímanum, BTC. Kaupverð hlutarins er 24 milljarðar króna. Með Björgólfi í fjárfestingarfélagi hans, Carrera, eru Straumur, Burðarás og Síminn, en leiðandi fjárfestir með Carrera er fjárfestingarfyrirtækið Advent International. Velta BTC var tæpir fimmtíu milljarðar króna og hagnaðurinn á ellefta milljarð. Tæplega 25 þúsund manns starfa hjá fyrirtækinu. Fastlínukerfi BTC nær til allra heimila í Búlgaríu."

Síðan segir enn fremur í þessari frétt, með leyfi forseta:

„Pólitísk átök hafa verið um þætti sölunnar í Búlgaríu, en með afhendingu fjarskiptaleyfis á rekstur GSM-kerfis var síðustu hindrun kaupanna rutt úr vegi. Björgólfur þekkir vel til í Búlgaríu og segir hindranir í stjórnmálalífinu hafa bæði komið sér á óvart og ekki. „Það er ekki fyrir bisnessmenn að skilja pólitíkusa né fyrir pólitíkusa að skilja bisnessmenn. Það fer ekkert saman, en allt er gott sem endar vel og þetta eru mikilvæg viðskipti fyrir búlgörsku þjóðina"."

Ja, það eru nú áhöld um það og miklar deilur um það.

Ég fór að rifja þetta mál upp í eigin huga vegna þess að fyrir ekki svo ýkjalöngu síðan, í lok síðasta árs, í nóvember árið 2003, stóðu miklar deilur í Búlgaríu um sölu á búlgarska símanum. Þar var haldin ráðstefna fjárfesta, bandarískra og þessara íslensku fjárfesta líka, og þar kom fram að sendiherra Bandaríkjanna hafði haft í hótunum við búlgörsku ríkisstjórnina.

Í nóvember sagði Björgólfur Thor í blaðaviðtali einnig í Fréttablaðinu eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Bandarískri sendiherrann hefur lýst því yfir að verði til-

boði alþjóðlegu fjárfestanna ekki tekið stefni það viðskiptasamböndum Bandaríkjamanna og Búlgaríu í hættu."

Þetta eru orðsendingarnar sem lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum eru sendar af auðmönnum sem tala eins og þeir sem hafa valdið og vissulega hafa þeir valdið og nú eru þeir búnir að ná sínu fram.

Þetta rifja ég nú einvörðungu upp vegna ummæla hæstv. fjármálaráðherra um að þjóðirnar í Mið-Evrópu og í Austur-Evrópu séu að einkavæða símakerfin sín. Um þetta standa geysilegar deilur, ekki aðeins í Búlgaríu heldur einnig annars staðar.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði að ríkið ætti ekki að annast símarekstur eða yfirleitt rekstur sem aðrir vildu hafa með höndum. Ja, hvernig skyldi standa á því að aðrir vilji hafa þennan rekstur með höndum? Gæti það verið vegna þess að hann gefur talsvert í aðra hönd, gæti það verið þess vegna? Ég var áðan að vitna í hagnaðartölur frá Búlgaríu. Þær eru ekki síður miklar hér á landi.

Það hefur komið fram að rekstrarhagnaður Símans og dótturfyrirtækja var á síðasta ári 7.381 milljón fyrir afskriftir. Arðsemi eigin fjár var á árinu 2003 14,8% en var 15,2% á árinu áður. Þetta ætla menn að fara að gefa frá sér, selja frá þjóðinni, og leyfa sér síðan að tala um það sem hafa megi í vaxtatekjur. Hvers konar hagfræði er þetta? Ég bara spyr.

Ég minnist þess að þegar núverandi forstjóri Símans tók við starfi sínu var viðtal við hann í sjónvarpinu og hann var spurður: Hverju vilt þú ná fram í starfi þínu sem forstjóri þessa mikla fyrirtækis? Hann svaraði að bragði: „Ég vil hagkvæman rekstur, sterkt fyrirtæki sem skilar eiganda sínum góðum arði." Þetta var skilgreining hans á þeim markmiðum sem hann vildi ná fram.

Þá kom upp í hugann annað viðtal við póst- og símamálastjóra frá fyrri tíð, Ólaf Tómasson, vegna þess að hann hafði einnig verið spurður þessarar spurningar. Hvert skyldi svar hans hafa verið? „Ég vil reka þetta öfluga símafyrirtæki þannig að það gagnist öllum landsmönnum vel, að það veiti góða þjónustu. Til þess var það smíðað og ég vil ná fram þeim markmiðum."

Aftur rifjast þetta upp í öðru útvarpsviðtali núna fyrir fáeinum dögum, gott ef það var ekki forstjórinn, ég skal ekki fullyrða um það, en einhver fulltrúi eigenda var spurður út í söluna og hann sagði: „Það sem þetta snýst allt saman um er að sanngjarnt verð fáist fyrir Símann."

En er það virkilega svo, snýst þetta einvörðungu um sanngjarnt verð? Snýst þetta ekki um skynsemi og snýst þetta ekki um það hvort salan gagnist íslensku þjóðinni? Er það ekki stóra spurningin sem við stöndum frammi fyrir?

Ég verð að segja að hvernig sem á málin er litið þá er þetta óráð. Við erum selja frá okkur fyrirtæki sem gefur mikið í aðra hönd, það er ekki svo að það sé greitt með því, síður en svo. Það veitir mikla fjármuni inn í ríkissjóð. Hvaða afleiðingar hefur það? Ja, t.d. þær að við þurfum ekki að hafa skattheimtu eins mikla fyrir vikið. Það er ein afleiðingin.

Við skulum ekki gleyma því að jafnvel þau rök að salan skili miklu núna í skamman tíma, einhverjir tugir milljarða kæmu í ríkissjóð, þá hefur það komið fram eða var vakin athygli á því í máli 1. flutningsmanns, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að sé einvörðungu litið til arðsins af fyrirtækinu mundi það borga sig upp á 15–17 árum.

Ég spyr því um þessa hagfræði. Ég hef nefnilega trú á því að pendúllinn sé að byrja að sveiflast til baka.

Í Bretlandi fer fram mikil umræða núna um svokallaða einkaframkvæmd. Hverjir skyldu standa þar fremst í flokki í að gagnrýna Verkamannaflokkinn, sem hefur ekki verið síður duglegur en íhaldið við að einkavæða? Það eru ýmsir þingmenn íhaldsflokksins, það eru bisnessmennirnir í íhaldsflokknum, þessir ábyrgu, ekki þeir sem vilja setjast við mjaltir og hafa arð út úr fyrirtækjum sjálfum, ekki þessir eigingjörnu, heldur hinir sem hugsa um almannahag. Þeir spyrja: Eru þetta góð býti fyrir hið opinbera?

Ég ef stundum rifjað það upp að einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins hefur harðlega varað við einkaframkvæmd. Hver skyldi það vera? Það er hv. þm. Gunnar Birgisson. Hvernig stendur á því? Hann er gamall bisnessmaður, hann segir: „Ég læt ekki plata mig, ég læt einfaldlega ekki plata mig." Hann er forseti bæjarstjórnar í Kópavogi. Á þeim bænum eru menn ekki ginnkeyptir fyrir einkaframkvæmdum vegna þess að það er ekki góður bisness fyrir bæinn.

Það sem mér hefur alltaf fundist átakanlegt þegar ég hef horft eftir ráðherrabekkjunum þegar þeir eru fullskipaðir þessum hagsmunagæslumönnum íslensku þjóðarinnar sem þeir eiga að vera, er hversu illa þeim gengur að standa í fæturna, hversu slæmir bisnessmenn þeir eru fyrir hönd íslensku þjóðarinnar.

Síðan er náttúrlega eitt að fjalla um söluferlið, ef af þessu verður. Þá væri náttúrlega skynsamlegast að gera það á markaði, ekki með milligöngu helmingaskiptanefndarinnar, makknefndarinnar, sukknefndarinnar, heldur yrði það gert á markaði. Það var sterk krafa um það á sínum tíma í Sjálfstæðisflokknum. Það var Framsókn sem ætlaði sér að ná í nokkur feit kjötstykki þar og það gekk eftir, íhaldið makkaði með. Þar varð einkavæðingarnefndin tækið sem menn notuðu í því skyni. Og auðvitað er eina rétta leiðin, ef á annað borð er farið út í þessa vitleysu, að gera þetta á markaði.

En það á alls ekki að selja Símann, við eigum að halda honum í eign þjóðarinnar og við eigum að byggja upp áfram það kerfi sem hér hefur verið vel byggt upp. Ég vil rifja það upp í lokin svona í ljósi þeirra miklu yfirlýsinga sem hafa komið sérstaklega frá yngri kynslóðinni í stjórnendaliði Símans í seinni tíð, að þá fyrst hafi einhverjar framfarir orðið þegar Síminn var gerður að hlutafélagi og hin nýja hugsun hóf innreið sína í fyrirtækið, þá vil ég minna á að þegar Síminn var gerður að hlutafélagi var staðan sú að hvergi í heiminum voru innanlandssímtöl, þar með talið GSM, ódýrari en á Íslandi.

Ég tek undir það, og ætla að gera það að lokaorðum mínum hér, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, sem er 1. flutningsmaður þessa máls sem hann flytur ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni, að menn verði að færa rök fyrir máli sínu. Ef maður ætlar að gera við eitthvað þarf maður að vita hvað er bilað áður en maður byrjar að gera við. Og hvað er að? Hvað er það sem á að gera við? Væri hægt að fá upplýsingar um það aðrar en þær mótsagnir og mótsagnakenndu yfirlýsingar sem við höfum heyrt?

Yfirleitt hefur það verið svo þegar ríkið hefur haft ein-

hverja starfsemi á sínum höndum að þá er sagt að nú þurfi að stuðla að samkeppni. Svo þegar búið er að einkavæða, hvað er sagt þá? Þá á náttúrlega að láta þetta renna saman aftur vegna stærðarhagkvæmni, er það ekki? Er það ekki svoleiðis sem þetta gengur fyrir sig? Fyrst eru rökin notuð til að ná þessu úr eign almennings og síðan byrjar náttúrlega samþjöppunin aftur. Þá koma ný rök til sögunnar: „Já, en við erum í samkeppni við erlendar þjóðir."

Eigum við ekki bara að halda okkur við hin bestu búmannsfræði og spyrja: Hvað gagnast íslensku þjóðinni best? Menn gerðu gys að því áðan að þetta væru gamaldags viðhorf. Já, já, þetta eru gömul og ný sannindi. Eigum við ekki að halda okkur svolítið við þau? Sannindin.

[15:58]

Útbýting:

Aðgerðir gegn félagslegum undirboðum, 94. mál, fsp. SJS, þskj. 94.

Aðgerðir til að draga úr vegsliti, 65. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 65.

Atvinnuleysi, 78. mál, fsp. JóhS, þskj. 78.

Atvinnurekstur í smáum fyrirtækjum, 95. mál, fsp. SJS, þskj. 95.

Breytingar á húsnæðismarkaði, 93. mál, fsp. JóhS, þskj. 93.

Efling starfsnáms, 27. mál, þáltill. BjörgvS o.fl., þskj. 27.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, 92. mál, fsp. JóhS, þskj. 92.

Eyðing minka og refa, 97. mál, fsp. ÞBack, þskj. 97.

Fíkniefni, 91. mál, fsp. JóhS, þskj. 91.

Fjárframlög til Þjóðminjasafns, 99. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 99.

Framlög aðalsjóðs sveitarfélaga til fræðslumála, 82. mál, fsp. KLM, þskj. 82.

Húsnæðismál geðfatlaðra, 88. mál, fsp. JóhS, þskj. 88.

Jöfnun starfsskilyrða atvinnuveganna milli landshluta, 84. mál, fsp. KLM, þskj. 84.

Kynjahlutföll í stjórnum hlutafélaga, 89. mál, fsp. JóhS, þskj. 89.

Kynjahlutföll í stjórnum lífeyrissjóðanna, 86. mál, fsp. JóhS, þskj. 86.

Langtímaatvinnuleysi, 80. mál, fsp. SJS og KolH, þskj. 80.

Lágmarkshlutfall kynja í stjórnum hlutafélaga, 90. mál, fsp. JóhS, þskj. 90.

Menntunarmál geðsjúkra, 100. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 100.

Opinber verkefni og þjónusta á landsbyggðinni, 81. mál, fsp. KLM, þskj. 81.

Sameining Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, 96. mál, fsp. KolH og JBjarn, þskj. 96.

Samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs, 79. mál, fsp. JóhS, þskj. 79.

Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð, 83. mál, fsp. KLM, þskj. 83.

Uppgreiðslugjald, 87. mál, fsp. JóhS, þskj. 87.

Þunglyndi meðal eldri borgara, 71. mál, þáltill. ÁÓÁ o.fl., þskj. 71.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 16:02.

---

5. FUNDUR

fimmtudaginn 7. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2004, stjfrv., 76. mál, þskj. 76. — 1. umr.
2. Málefni aldraðra, stjfrv., 85. mál, þskj. 85. — 1. umr.
3. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 5. mál, þskj. 5. — 1. umr.
4. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., frv., 4. mál, þskj. 4. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.

[10:30]

Útbýting:

Afsláttarkort, 108. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 108.

Almenn hegningarlög, 72. mál, frv. ÁÓÁ o.fl., þskj. 72.

Áfengislög, 74. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 74.

Áætlunarflug til Sauðárkróks og Siglufjarðar, 140. mál, fsp. JBjarn, þskj. 140.

Forvarnir í fíkniefnum, 102. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 102.

Fræðsla um meðferð kynferðisafbrotamála, 105. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 105.

Nýtt tækifæri til náms, 144. mál, þáltill. EMS o.fl., þskj. 144.

Sameining Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins, 103. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 103.

Sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, 73. mál, þáltill. ÁÓÁ o.fl., þskj. 73.

Skattamál í tengslum við Kárahnjúkavirkjun, 98. mál, fsp. SJS, þskj. 98.

Stimpilgjald við endurfjármögnun fasteignaveðlána, 106. mál, fsp. MF o.fl., þskj. 106.

Uppbygging og rekstur safna, 107. mál, fsp. KLM, þskj. 107.

Þrífösun rafmagns, 104. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 104.

Afturköllun þingmáls.

[10:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur tilkynning frá Jóhönnu Sigurðardóttur sem kallar aftur fyrirspurn sína á þskj. 88 um húsnæðismál geðfatlaðra.

Heimsókn varaforseta neðri málstofu breska þingsins.

[10:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Ég vek athygli háttvirtra alþingismanna á því að varaforseti neðri málstofu breska þingsins, frú Sylvia Heal, er stödd á þingpöllum ásamt fylgdarliði.

Varaforsetinn og fylgdarlið eru stödd hér á landi í boði Alþingis. Ég vil fyrir hönd Alþingis bjóða frú Sylviu Heal og fylgdarlið velkomið í Alþingishúsið og vænti þess að heimsókn þeirra til Íslands verði til að styrkja enn frekar þau góðu tengsl sem eru á milli landanna.

Alþingi vottar varaforseta neðri málstofu breska þingsins og bresku þjóðinni vináttu og virðingu. Ég bið háttvirta alþingismenn að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Umræður utan dagskrár.

Fjárhagur sveitarfélaganna og tekjuleg samskipti þeirra og ríkisins.

[10:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um fjárhag sveitarfélaganna og tekjuleg samskipti þeirra og ríkisins. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. félagsmálaráðherra Árni Magnússon verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50 gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[10:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að afkoma sveitarfélaganna í heild er óviðunandi og hefur verið svo lengi. Vissulega er staðan misjöfn en þegar sveitarfélögin eru gerð upp sem ein heild þá hafa þau verið rekin með tapi og safnað skuldum samfellt í um einn og hálfan áratug. Þetta kemur t.d. fram í þjóðhagsáætlun fjármálaráðuneytisins, að vísu í nokkuð sérkennilegu samhengi. Þar segir á bls. 25, með leyfi forseta:

„Fjárhagur sveitarfélaga hefur batnað umtalsvert eftir rekstrarhalla undanfarin ár. Árið 2003 var afgangur á rekstri sveitarfélaga í fyrsta skipti frá árinu 1990."

Svo segir í plaggi fjármálaráðuneytisins. Hið síðara er rétt, að sveitarfélögin hafa verið rekin með halla frá 1990. En það er rangt að það hafi verið afgangur á rekstri þeirra á síðasta ári. Nýjar upplýsingar frá Sambandi sveitarfélaga benda til um 2,8 milljarða kr. halla á rekstri sveitarfélaganna. Ég veit ekki í hvaða draumaheimi fjármálaráðuneytið lifir þegar það setur það á blað að fjárhagur sveitarfélaganna fari nú stórbatnandi.

Sveitarfélögin voru t.d. rekin með 8 milljarða kr. halla tvö síðustu ár, þ.e. 2003 og 2002. Það lætur nærri að þau hafi safnað um 35 milljarða kr. skuldum nettó á síðustu 10–11 árum. Eftirlitsnefnd sveitarfélaga tók nýlega til sérstakrar athugunar reikningsskil 47 af 101 sveitarfélagi sem sent höfðu inn gögn. Í framhaldinu var ákveðið að skrifa sérstaklega 23 sveitarfélögum, tæplega fjórðungi þeirra, til að krefja þau um nánari skýringar. Þetta er staðan.

Nú hefur ríkisstjórnin sett af stað verkefni um sameiningu sveitarfélaga og flutning útgjaldafrekra verkefna yfir til þeirra. Sú vinna virðist mörgum hafa byrjað á öfugum enda, þ.e. það vantar sem við á að éta. Tekjumálin sitja föst. Enginn fundur hefur verið í nefnd sem á að endurskoða tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga frá aprílllokum að ég held. Enn hefur slíkur fundur ekki verið boðaður nú 7. október á þessu herrans ári.

Til að blása lífi í þetta var undirrituð viljayfirlýsing af hálfu félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og formanns stjórnar Sambands sveitarfélaga 17. september síðastliðinn. En þegar það plagg, sem mér tókst að koma höndum yfir, er lesið kemur í ljós að í því er ekkert nema bara falleg orð á blaði um einlægan vilja manna til að gera gott úr hlutunum. Hvar hefur þessi einlægi vilji verið undanfarin ár? Hans sér ekki stað í verki þegar hallar á sveitarfélögin í nánast öllum þessum samskiptum.

Skattbreytingar hafa kostað sveitarfélögin stórfé. Fjölgun einkahlutafélaga hefur kostað allt að 800–1.000 millj. kr. á ársgrundvelli. Sveitarfélögin draga styttra stráið í samskiptum á borð við húsaleigubótafyrirkomulagið, eyðingu refa og minka og þar fram eftir götunum.

Þessi staða sveitarfélaganna er algerlega óviðunandi. Ekki bætir það úr ef menn vilja í alvöru eitthvað með sameiningu sveitarfélaga. Sá þröskuldur sem víða er í vegi slíkrar sameiningar er ónógar samgöngur og er þá innleggið í það mál að skera vegafé niður um 1.900 millj. kr. á næstu árum. Hins vegar er mjög víða er bent á að það þyði lítið að ræða um sameiningu sveitarfélaga, t.d. á vestanverðu og norðaustanverðu landinu, nema gera úrbót í samgöngumálum þannig að hin nýju og áformuðu sveitarfélög geti myndað eina stóra samskiptalega heild.

Þetta ástand er óviðunandi. Það stendur þeirri mikilvægu velferðarþjónustu sem sveitarfélögin hafa með höndum fyrir þrifum og angi af því birtist okkur m.a. í kennaradeilunni, sem á sér rót í því að hluta að svigrúm sveitarfélaganna til að koma til móts við kröfur starfsmanna sinna um bætt kjör takmarkast við hinn bága fjárhag.

Ég tel að taka verði þessi mál til rækilegrar skoðunar á Alþingi á næstu vikum og mánuðum og það sé tómt mál að tala um sameiningarkosningu eða ákvarðanatöku um flutning verkefna fyrr en niðurstaða liggur fyrir og gripið hefur verið til aðgerða til að taka á fjárhagsvanda sveitarfélag-

anna.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra eftirfarandi spurninga:

Hvert er almennt mat félagsmálaráðherra á afkomu sveitarfélaga um þessar mundir og möguleikum þeirra til að sinna verkefnum sínum með fullnægjandi hætti?

Telur félagsmálaráðherra ásættanlegt að eftirlitsnefnd skuli hafa fjármál hátt í fjórðungs sveitarfélaga í landinu til sérstakrar skoðunar?

Telur félagsmálaráðherra koma til greina að færa yfir til sveitarfélaganna hluta þeirra skatttekna sem ríkið áformar að afsala sér á næstunni samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar? (Forseti hringir.)

Að lokum: Verður fyrirhugaðri kosningu um sameiningu sveitarfélaga og endanlegum ákvörðunum um verkefnaflutning slegið á frest ef með þarf þar til niðurstaða er fengin varðandi endurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga (Forseti hringir.) og ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta afkomu þeirra sveitarfélaga sem lakast eru sett?

[10:38]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari umræðu um málefni sveitarfélaganna, fjárhagsstöðu þeirra og fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Síðustu missiri hefur farið fram einhliða og að vissu leyti villandi umræða um þessi mál. Ég tel mikilvægt að ákveðnum staðreyndum og upplýsingum sé komið á framfæri og þeim haldið til haga svo að upplýst umræða um málefni sveitarfélaganna megi halda áfram. Því fer fjarri að fjármál sveitarfélaganna séu öll í kalda koli.

Þrátt fyrir að 23 sveitarfélög hafi fengið bréf frá eftirlitsnefnd í kjölfar árlegrar athugunar hennar á reikningsskilum þeirra þá liggja afar mismunandi ástæður þar að baki. Það er mikill misskilningur að öll þessi sveitarfélög standi höllum fæti fjárhagslega. Hátt í helmingur er til að mynda með um eða yfir 50% eiginfjárhlutfall og einungis fimm þeirra búa við að meðaltekjur íbúa þeirra séu undir landsmeðaltali.

Þó er ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd, hæstv. forseti, að nokkur sveitarfélög glíma við rekstrarvanda og erfiða fjárhagsstöðu. Eftirlitsnefnd hefur fjármál þessara sveitarfélaga í sérstakri meðferð og vinnur með stjórnendum að því að styrkja rekstrargrundvöll þeirra.

Á því rúma ári sem liðið er frá því að ég tók við embætti félagsmálaráðherra hefur markvisst verið unnið að því að efla samskiptin við sveitarfélögin. Ég legg áherslu á að því starfi verði haldið áfram.

Síðastliðið haust hófst vinna við sérstakt átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins, sem er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Markmið þess er að efla sveitarfélögin með aukinni valddreifingu sem verður fyrst og fremst gert með flutningi verkefna og fjármuna frá ríki til sveitarfélaga.

Síðastliðið vor kynnti verkefnisstjórn átaksins tillögur sínar til breytinga á verkaskiptingu hins opinbera. Í þeim tillögum er lögð áhersla á að auka hlut sveitarfélaganna í nærþjónustu við íbúana, einkum á sviði velferðarmála. Verði af flutningi þeirra verkefna sem eru til sérstakrar skoðunar, þ.e. málefna fatlaðra, málefna aldraðra og heilbrigðisþjónustu, mun hlutur sveitarfélaga í samneyslunni stóraukast eða úr rúmlega 30% í um 40%. Fjárhagsleg umsvif sveitarfélaganna munu aukast um ríflega 30 milljarða kr. á ári.

Sérstök tekjustofnanefnd var skipuð í lok síðasta árs og er rétt að fram komi að starf hennar er að sjálfsögðu með öllu ótengt hugmyndum um skattalækkanir sem ríkisstjórnin hefur boðað. Með viljayfirlýsingu sem undirrituð var þann 17. september síðastliðinn er verksvið nefndarinnar betur skilgreint en gert var í upphafi og þar með er ekkert því til fyrirstöðu að starf hennar haldi áfram af fullum krafti.

Í yfirlýsingunni segir m.a. að tekjustofnanefndin skuli skoða sérstaklega þau sveitarfélög og svæði sem standa höllum fæti fjárhagslega, meta ástæður fyrir þeim vanda og gera tillögur sem leitt geti til úrbóta. Í þessu felst viðurkenning á því, hæstv. forseti, að sveitarfélögin í landinu standa misjafnlega að vígi fjárhagslega. Að sumu leyti virðist bág fjárhagsstaða sveitarfélaganna vera byggðavandi. Skatttekjur þeirra dragast saman við brottflutning fólks en kröfur íbúa um þjónustu af hálfu sveitarfélagsins minnka ekki að sama skapi. Tekjustofnanefnd er ætlað að leggja fram tillögur til að bregðast við þessum vanda.

Hins vegar er ekki hægt að halda því fram, hæstv. forseti, að öll sveitarfélög þurfi á auknum tekjum að halda. Þetta sjáum við m.a. á suðvesturhorninu þar sem dæmi eru um sveitarfélög sem ekki nýta tekjustofna sína til fulls, hvorki útsvar né fasteignaskatt. Einnig má finna dæmi um sveitarfélög þar sem rangar og kostnaðarsamar ákvarðanir hafa skaðað fjárhagsstöðuna. Sveitarfélögin verða því líka að líta í eigin barm.

Í því sambandi má rifja upp að á grundvelli tillagna tekjustofnanefndar árið 2000 var útsvarsheimild sveitarstjórna hækkuð um nærri heilt prósentustig. Það gaf sveitarfélögunum aukna tekjumöguleika upp á tæpa 5 milljarða kr. á síðasta ári. Þetta aukna svigrúm hafa hins vegar ekki nærri allar sveitarstjórnir nýtt sér. Það undirstrikar að vandamálið er ekki eingöngu það að sveitarfélögin hafi ekki næga tekjustofna heldur eru tekjumöguleikar þeirra ólíkir.

Ég geri ráð fyrir að tekjustofnanefnd skoði ekki einungis hvort sveitarfélögin þurfi nýja eða öflugri tekjustofna heldur meti hún einnig hvort þörf sé á að auka jöfnun meðal sveitarfélaganna.

Hæstv. forseti. Í viljayfirlýsingunni eru tryggðir fjármunir í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að aðstoða sveitarfélög við sameiningu í samræmi við reglur sjóðsins. Er þar um að ræða allt að 2,4 milljarða kr. á næstu fimm árum.

Ég tel líka rétt að rifja upp að á árunum 1991–2001 greiddi ríkissjóður samtals 2,1 milljarð til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga umfram lögbundnar skyldur. Á síðasta ári lagði ríkissjóður rúmlega 400 millj. kr. í jöfnunarsjóð í sama tilgangi.

Það er alls ekki rétt að tala eingöngu á neikvæðum nótum um samskipti ríkis og sveitarfélaga, eins og hv. málshefjandi hefur gert í ræðustól Alþingis. Margt hefur áunnist á liðnum árum og með auknu hlutverki sveitarfélaga sem

veitenda opinberrar þjónustu og eflingu þeirra með sameiningu eru bjartir tímar fram undan fyrir sveitarstjórnarstigið.

[10:43]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Af umræðunni síðustu daga er ljóst að fjárhagsleg samskipti milli ríkis og sveitarfélaga eru í ólagi. Birtingarmynd þess er kjaradeila grunnskólakennara og sveitarfélaga. Viðbrögð stjórnvalda eru vægast sagt undarleg því að ríkisstjórnin hefur óhikað lýst því yfir að þessi deila komi henni ekki við.

Þessi deila kemur ríkisstjórninni svo sannarlega við. Rót vandans er sú að sveitarfélögin hafa ekki fjárhagslega burði til að hækka laun kennara svo sómi sé að. Rót vandans er nefnilega fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaganna. Ég vil nefna tvö nýleg dæmi um að ríkisvaldið hugsar sama og ekkert um áhrif gerða sinna á sveitarfélögin og þá lögbundnu þjónustu sem þau veita.

Í fyrsta lagi voru kennaralaun í sögulegu lágmarki þegar grunnskólinn var fluttur til sveitarfélaganna. Þá var ljóst að launakostnaðurinn mundi hækka og þar með þyrftu sveitarfélögin aukið fjármagn. Þegar ríkisvaldið samdi síðast við framhaldsskólakennara fóru þeir langt fram úr launum grunnskólakennara sem áður höfðu verið á pari. Ríkið setti þar með ný viðmið í kjaramálum kennarastéttarinnar.

Ekki hefur fylgt fjármagn til samsvarandi hækkana til kennara á vegum sveitarfélaganna. Ríkisstjórnin hefur því komið því þannig fyrir að sveitarfélögin eru ekki samkeppnishæf við ríkið um starfsfólk með sams konar menntun.

Í öðru lagi hafa breytingar á skattalögum gríðarleg áhrif á afkomu sveitarfélaganna. Telja forustumenn Sambands íslenskra sveitarfélaga að þau verði nú af um 800–1.000 millj. kr. árlega vegna breytinga á skattaumhverfi fyrirtækja á undanförnum árum.

Virðulegi forseti. Ríkisvaldið er ekkert eyland. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar, ný lög og nýjar reglur og auknar kröfur um þjónustu hafa veruleg áhrif á sveitarfélögin. Það verður að hafa í huga alltaf. Kominn er tími til að ríkisstjórnin viðurkenni ábyrgð sína gagnvart afkomu sveitarfélaganna. Ástandið eins og það er nú er óþolandi fyrir íbúa þessa lands.

[10:46]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Núverandi hæstv. félagsmálaráðherra hefur lagt mikla áherslu á að efla sveitarstjórnarstigið og haft til þess góðan stuðning innan ríkisstjórnar og í samstarfi við samtök sveitarfélaga. Það er að sjálfsögðu mjög gott mál og um það veit ég ekki annað en að sé góð samstaða almennt. Það er hins vegar mikill misskilningur að sveitarfélögin séu öll á vonarvöl. Þau eru mjög misjafnlega á vegi stödd. Sum standa mjög vel að vígi, sum jafnvel svo vel að þau telja sig ekki þurfa að nýta alla þá tekjustofna sem þau hafa nú í lögum. Munar þar ríflega milljarði króna sem þau eiga inni í ónýttum tekjum.

Svo er það reyndar þannig að tekjur sveitarfélaganna hafa á undanförnum árum verið að aukast meira heldur en ríkisins. Ef litið er á tölur Hagstofunnar t.d. á milli 1998 og 2000 þá hafa tekjur á hvern íbúa sveitarfélaga hækkað um ríflega 25% á föstu verðlagi en tekjur ríkisins um 9%. Af hverju er þetta? Það er vegna þess að fasteignaverð hefur verið að hækka og það eru hærri tekjur af fasteignastofnum, fasteignagjöldum, og síðan eru auðvitað tekjur íbúanna í landinu að hækka mikið og sveitarfélögin njóta þess í hækkandi útsvari. Allt er þetta að sjálfsögðu gott.

Hins vegar er ekki hjá því að líta að tiltekin sveitarfélög standa höllum fæti meðal annars vegna byggðavanda, vegna brottflutnings fólks. Í yfirlýsingunni frá því í september er sérstaklega fjallað um að rétt sé að taka á vanda þessara sveitarfélaga. Ríkisstjórnin skorast ekki undan því að taka þátt í því máli. Um það er sérstaklega fjallað í yfirlýsingunni. Ég leyfi mér að vitna í hana, með leyfi forseta:

„Í tengslum við fækkun og eflingu sveitarfélaga getur skapast aukin þörf fyrir fjármagn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að aðstoða einstök sveitarfélög við sameiningu í samræmi við reglur sjóðsins. Þeirri fjárþörf verði mætt með framlögum úr Jöfnunarsjóði og, ef þörf krefur, með framlögum úr ríkissjóði á árunum 2005–2009".

En ég vek athygli á því að ríkissjóður hefur aukið framlög sín í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um milljarða króna frá árinu 1998 til þessa dags.

[10:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar endurtaka í sífellu þessa dagana, einkum í tengslum við umræðuna um kjaramál kennara í grunnskólunum, að fjármál sveitarfélaganna séu ekki sérstakur vandi ríkisvaldsins. Það hefur komið skýrt og ítrekað fram í viðtölum við sveitarstjórnarmenn að þeir telja mjög margir að sveitarfélögin hafi borið meiri kostnað af yfirtökunni á grunnskólunum á sínum tíma en ríkið samdi um við yfirtöku verkefnisins. Sveitarstjórnarmenn hafa einnig margbent á með rökum að margar breytingar á lögum og ný lög t.d. um umhverfismál og fleira hafi kostað sveitarfélögin veruleg fjárútlát umfram það sem gert er ráð fyrir við setningu viðkomandi laga. Oft sést þessi kostnaður ekki fyrr en síðar t.d. með útfærslu reglugerða eða ýmissa framkvæmda laga og verkefna. Mörg sveitarfélög hafa verið í hafnarbótum í góðri trú um að slíkt væri nauðsynlegt til þess að tryggja áframhaldandi útgerð og fiskvinnslu í sjávarplássunum. Til þess að taka dæmi hér um er best að fara sem styst frá Reykjavík svo að fjarlægðin valdi ráðherranum ekki vandræðum. Í Sandgerði töldu menn t.d. að nauðsynlegt væri að lagfæra höfnina svo þar yrði hægt að landa bæði fiski til bræðslu og vinnslu af stærri skipum og tryggja rekstur bæði bræðslu og frystihúss.

Þegar þessar ákvarðanir voru teknar voru 12 þúsund þorskígildi skráð á fyrirtæki í Sandgerði í aflamarkskerfinu. Kvótinn fór með sölu fyrirtækjanna og fiskiskipa burt af staðnum og eftir sátu menn með tugmilljónaframkvæmdir í endurbótum hafnargarða og dýpkun, en aflagjöldin af kvótanum voru komin til annarra fyrirtækja og byggða. Ætli kvóti Sandgerðis sé ekki kominn núna niður fyrir 500 þorskígildi í dag.

Einnig má spyrja, og hefur verið vakin sérstök athygli á því m.a. í heimsóknum sveitarstjórnarmanna til fjárlaga-

nefndar, hvaða kostnaður hafi lent á sveitarfélögunum við eyðingu refa og minka. Mörg fleiri verkefni mætti nefna til. Ég vil líka vekja athygli á því að hæstv. félagsmálaráðherra var nú rétt áðan að viðurkenna að ríkið hefði þurft að greiða marga milljarða til sveitarfélaganna á undanförnum árum umfram lagaskyldu. Hvað er verið að viðurkenna þar? Vandann vonandi.

[10:50]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Í fjárlagaræðu sinni lýsti hæstv. fjármálaráðherra forsendum fjárlaga og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar fyrir næstu árin. Spáði hann miklum uppgangi á flestum sviðum þjóðarbúskaparins og sagt að uppbygging stóriðju ráði miklu um hagvöxtinn. Í ljósi þessa sé því mikilvægt að beita aðhaldi í ríkisfjármálum, draga úr framkvæmdum ríkisins og verja verulegum fjármunum til skattalækkana. Hæstv. fjármálaráðherra telur mikilvægt að horfa á heildarmyndina hvað varðar þróun ríkisfjármála. En ég tel að heildarmynd hæstv. fjármálaráðherra sé brothætt ef ekki er litið til allrar opinberrar þjónustu og fjárhagsstaða sveitarfélaganna tekin með inn í heildarmyndina þegar efnahagsaðstæður eru metnar.

Það er ljóst að á sama tíma og fjármálaráðherrann telur ríkissjóð mega við lækkun tekjuskatts þá safna mörg sveitarfélögin skuldum. Það er ekki vegna óráðsíu eða gæluverkefna heldur virðast þau mörg hver komin í vítahring sem þau eiga litla möguleika á að koma sér út úr að öllu óbreyttu. Það er ljóst að rekstur sveitarfélaganna varð þyngri við yfirtöku grunnskólans og þennan halla verður að rétta hið allra fyrsta. Það er mikilvægt að það sé gert áður en farið verður að undirbúa frekari verkefnaflutning til sveitarfélaganna.

En hvernig væri þá að undirbúa sameiningu sveitarfélaganna með því að færa yfir til þeirra einhvern hluta þeirra skatttekna sem ríkið áformar að afsala sér á næstunni? Mörg sveitarfélög eru í þeirri erfiðu stöðu að geta ekki sinnt lögboðnum verkefnum með þeim tekjustofnum sem þau hafa. Ástæðan er margþætt og misjöfn eftir sveitarfélögum en flest eiga þau það sammerkt að búa við fólksfækkun, lægra útsvar, sveiflur í atvinnumálum og þá sérstaklega við sjávarsíðuna, langvarandi atvinnuleysi, fækkun opinberra starfa meðal annars vegna aðhalds í ríkisrekstri og svo mætti lengi telja. Er nema von að fjárhagsstaða sveitarfélaganna blandist inn í kjaradeilu kennara?

[10:53]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið skiptast stjórnsýsluverkefni milli ríkis og sveitarfélaga þannig að ríkið rekur um 70% verkefnanna en sveitarfélögin um 30%. Í nágrannalöndum okkar er þetta hlutfall öfugt. Með öðrum orðum er að miðstýring verkefna mun meiri á Íslandi en við þekkjum frá nágrannalöndum okkar.

Tilgangur og meginmarkmið þess verkefnis sem hæstv. félagsmálaráðherra vísaði til um eflingu sveitarstjórnarstigsins er einmitt að draga úr þeirri miðstýringu og auka nærþjónustuna með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Til þess að sveitarfélög hin minnstu séu í stakk búin til að taka við slíkum verkefnum kunna þau að þurfa að sameinast og að þeim undirbúningi hefur verið unnið mjög ötullega í sérstakri sameiningarnefnd og ríkir full samstaða innan þeirrar nefndar. Ég furða mig þess vegna á þeim neikvæða tóni sem háttvirtur upphafsmaður umræðunnar hér slær hvað varðar sameiningu sveitarfélaga. Ég trúi því hreinlega ekki að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon muni leggjast gegn sameiningu sveitarfélaga og hunsa þar hugsanlegan vilja sveitarfélaganna. Það er nefnilega þannig að það verður ekki Alþingi sem ákveður það, það gera ekki einstakar sveitarstjórnir heldur verður lýðræðisleg afgreiðsla þar sem meiri hluti íbúa í hverju sveitarfélagi fær að ráða. (**SJS:** Þetta snýst um peninga.)

Það snýst um peninga, kallar hv. þm. fram í og það er nákvæmlega meginatriðið í þessu og liggur fyrir sú viljayfirlýsing sem hv. þm. gerði svo lítið úr. Hún felur í sér hvað? Hún felur í sér að algjör sátt ríkir milli talsmanns sveitarfélaga, fjármálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Og hvað? Að fara yfir þann vanda sem kann að vera uppi hjá sveitarfélögunum og leggja fram tillögur til úrbóta. Hvað annað þarf að gera? Það er nákvæmlega það sem er verið að kalla eftir hér. Það er nákvæmlega það sem er verið að vinna að og um það ríkir fullkomin sátt á milli fjármálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. (Forseti hringir.) Þessi tortryggnistónn sem hv. þingmaður slær hér í upphafi (Forseti hringir.) á þess vegna enga stoð í raunveruleikanum.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill vekja athygli ræðumanna á því að einungis er gert ráð fyrir að hver ræðumaður tali í tvær mínútur.)

[10:55]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að taka þetta mál upp. Það er mikilvægt að við ræðum það hér og ræðum þetta á réttum forsendum. Kannski kristallaðist veruleikinn í þessu máli best í ræðum hæstvirtra ráðherra sem hvöttu þau sveitarfélög sem ekki hafa farið með sínar heimildir í botn að hækka útsvarið hjá sér á sama tíma og ríkið er að boða skattalækkanir. Kannski kristallast raunveruleg staða sveitarfélaganna best í þessu, að á sama tíma og ríkið er að boða skattalækkanir þá leggi það til og hvetji sveitarfélögin til skattahækkana, þau fáu sveitarfélög sem hugsanlega geta staðið undir þeim kröfum sem á þeim hvíla í dag, að þau nýti tekjustofna sína í botn. Það er afar eftirtektarvert hvernig hæstv. ráðherrar nálgast þessa umræðu.

Veruleikinn er einfaldlega sá að það er Alþingi sem setur sveitarfélögunum rammann, setur þeim reglurnar, skammtar þeim fjármunina þannig að eðlilegt er að þessi umræða fari fram. Kannski er afar sérstakt að nú þegar kennaraverkfallið er skollið á skuli þessi umræða um hver staða sveitarfélaganna er fyrst vakna af einhverri alvöru. Veruleikinn er nefnilega sá að sennilega eru teljandi á fingrum annarrar handar þau sveitarfélög sem geta mætt kröfum kennara. Önnur þurfa einfaldlega að mæta þeim með skuldsetningu alfarið. Og það er athyglisvert, og sveitarfélögin hljóta að þurfa að horfa í eigin barm, að forusta sveitarfélaganna hefur ekki verið að taka þessi mál upp af

neinni alvöru. Svo segir samkomulagið eða yfirlýsingin, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti yfir að væri ekkert annað en falleg orð, nákvæmlega ekki neitt. Hún lýsir nákvæmlega engu og þetta er niðurstaða þriggja ára viðræðna, almenn yfirlýsing um það að menn (Forseti hringir.) hyggist vinna betur í komandi framtíð, virðulegi forseti.

[10:58]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Það er gaman að sjá hvað sveitarfélögin eiga allt í einu marga vini í þingsalnum. Ég fagna því alveg sérstaklega. Það sem hefur verið vandamál í samskiptum ríkis og sveitarfélaga undanfarin ár eru nokkur atriði. Þau hafa þegar verið nefnd hér. Það er t.d. breyting í einkahlutafélög og húsaleigubætur þar sem var byrjað með samning upp á 60% hjá ríkinu og 40% hjá sveitarfélögum. Nú er þetta öfugt. Nú er kostnaður sveitarfélaganna orðinn 60% og ríkið er með 40% þar sem eru einungis fastar upphæðir. Þá má nefna framlög til félagslegra íbúða. Svo eru ýmsar lagabreytingar og reglugerðarbreytingar sem fer lítið fyrir en í felst kostnaðarauki og síðan er mjög erfitt að fá uppgjör hjá ríkinu varðandi verkefni og verðbætur á þær fjárhæðir.

En nú liggur fyrir viljayfirlýsing milli félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um uppgjör á þessum málum og ég treysti því — ég þekki báða þá menn ágætlega sem eru í þessum ráðuneytum — að staðið verði við það og er tími til kominn. Vandamálið hefur verið hvað þetta hefur gengið allt seint og menn sitja margir óþolinmóðir í þeim málum. Síðan verða sveitarfélögin líka að horfa svolítið í eigin barm og það er ekki sama hvaða sveitarfélag á í hlut. Rekstur sveitarfélaga er afar misjafn og menn gleyma því í þessari umræðu að ef menn hækka þjónustugjöld þá kostar það peninga. Sveitarfélögin hafa undanfarin ár verið að auka þjónustu. Menn hafa verið að byggja íþróttahallir, þeir hafa verið að byggja menningarmiðstöðvar og ýmsa aðra hluti og eitthvað kostar allur þessi rekstur. Það er ábyrgðarleysi að tala eins og hérna var gert um að sveitarfélögin eigi að keyra allt á ríkið. Í sambandi við kennaradeiluna er það alveg fáheyrt því að hvað á að gera við aðra hópa eins og leikskólakennara eða aðra starfsmenn sveitarfélaganna? Ég vil ekki að sveitarfélögin hækki skatta á þegna sína. Það er nóg komið með samneysluna hér á landi þar sem við erum um það bil hæst innan OECD.

[11:00]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Það er af mörgu að taka varðandi fjárhagsstöðu sveitarfélaga í landinu. Þau hafa verið rekin með halla, um 8 milljarða kr. halla á síðustu tveimur árum. Talsvert hefur verið rætt um tekjusamdrátt sveitarfélaganna, m.a. vegna fjölgunar eignarhaldsfélaga og síðast en ekki síst vegna fækkunar íbúa. Í kjölfar kennaradeilunnar er enn rætt um fjárhagsvanda sveitarfélaga. Búsetuflutningarnir eru mjög dýrir beggja vegna. Þar sem íbúum fækkar eru færri til að standa undir rekstri og greiðslum á skuldum. Á hinn bóginn þarf að byggja upp grunnþjónustu á þeim stöðum sem flutt er til.

Minni sveitarfélög þurfa að auki að kljást við að greiða fyrir að halda í atvinnuna. Dæmi eru um að lítið sveitarfélag hafi þurft að greiða 1 milljarð kr. fyrir að halda í fyrirtæki sitt. Það mundi heyrast hljóð úr horni í Reykjavík ef Reykvíkingar þyrftu að punga út 100 milljörðum kr. fyrir að halda í fyrirtæki sín. Þetta er fjárhagsvandi sem verður að horfast í augu við.

Ég vara við því sem fram kom hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni sem einhver allsherjarlausn varðandi fjárhagsvanda sveitarfélaga, þ.e. svokölluð sameining sveitarfélaga. Það er engin lausn. Ég bý sjálfur í sveitarfélagi sem hefur verið sameinað. Í kjördæmi mínu er sveitarfélagið Vesturbyggð. En þar með hefur ekki fengist nein allsherjarlausn. Menn verða að taka á raunverulegum vanda sveitarfélaganna. Tekjurnar og útgjöldin skipta máli. Að tala um sameiningarpilluna sem lausn vandans er til að forðast að tala um raunverulegan vanda sveitarfélaganna.

[11:02]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Í raun þarf engan að undra að vaxandi tortryggni sé í samskiptum ríkis og sveitarfélaga af hálfu sveitarfélaganna gagnvart ríkinu. Við skulum líta á dæmi.

Í árslok 2002 var gert samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga um að kostnaðarmeta skyldi öll lagafrumvörp, reglugerðir og stjórnvaldsákvarðanir sem ríkið eða Alþingi samþykktu og legðu á sveitarfélögin. Ákveðið var að kostnaðarmeta breytingarnar með hliðsjón af áhrifunum á útgjöld sveitarfélaganna. Þetta átti að vera tilraunaverkefni og fyrst voru valin félagsmálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið.

Sveitarfélögin hafa hvað eftir annað farið fram á að Alþingi og ráðuneyti samþykktu ekki stöðugt lög og sendu fyrirmæli sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin án þess að þau hafi nokkuð um það að segja eða viti um það fyrir fram. Mér er ekki kunnugt um að nein lög hafi verið kostnaðarmetin frá því að samkomulagið var gert. Hæstv. ráðherra hristir höfuðið og ég hristi líka höfuðið yfir þessum vinnubrögðum.

Samkomulagið gilti aðeins um þessi tvö ráðuneyti. Það má vel vera að ráðherra geti tínt til eitt og eitt dæmi. Mér er samt ekki kunnugt um að nokkuð hafi verið gert.

Gert hafði verið ráð fyrir því að önnur ráðuneyti mundu fylgja í kjölfarið. Er að furða að sveitarfélögin séu tortryggin gagnvart ríkinu? Hvað þurfa þau að gera og hverju standa þau frammi fyrir? Halda menn að það sé gaman að þurfa að selja skólana eða íþróttahúsin?

Nú er komin fram ein viljayfirlýsingin enn sem segir: Við skulum skoða málin. Nei, við þurfum tímasettar aðgerðir fyrir sveitarfélögin.

[11:04]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að svara hv. þm. Jóni Bjarnasyni varðandi það að ekki hafi verið farið eftir samkomulagi sem var gert á sínum tíma á milli ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarmat á frumvörpum félagsmálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis.

Reyndin er sú að í félagsmálaráðuneytinu hafa mörg frumvörp verið send til stjórnar Sambands íslenskra sveitar-

félaga og stjórn sambandsins hefur fjallað um þau mál hverju sinni. Hér fer hv. þm. því með rangt mál.

Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga hafa mikið verið í umræðunni á síðustu missirum. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að vekja máls á því á Alþingi.

Mörg sveitarfélög glíma við mikinn fjárhagslegan vanda. Það er alvarlegt í ljósi fjölþættra verkefna sveitarfélaga sem snúa oftar en ekki að grunnþjónustu við íbúa sveitarfélaganna. Við getum jafnframt viðurkennt þá staðreynd að þegar fólk velur sér samastað þá lítur það m.a. til þeirrar þjónustu sem viðkomandi sveitarfélag veitir. Málið snýst því um að jafna samkeppnisstöðu sveitarfélaganna. Ég dreg enga dul á að ég tel að ríkisvaldið þurfi að koma að vanda þeirra sveitarfélaga sem hvað verst standa fjárhagslega og geta illa veitt íbúum sínum nauðsynlega grunnþjónustu.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem undirrituð var 17. september síðastliðinn þar sem aðilar samkomulagsins, hæstv. fjármálaráðherra, hæstv. félagsmálaráðherra og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, eru m.a. sammála um að eitt af brýnum verkefnum sé að skoða sérstaklega sveitarfélög sem standa höllum fæti fjárhagslega.

Mörg sveitarfélög standa á hinn bóginn ágætlega fjárhagslega. Í því ljósi er rétt að benda á að einungis 67 af 104 sveitarfélögum í landinu nýttu til fulls einn af tekjustofnum sínum, útsvarið. Það svarar til 1.100 millj. kr. og ljóst er að þar munar um minna.

Af framansögðu er ljóst að sveitarfélögin í landinu eru misjafnlega sett. Það er því brýnt að jafna (Forseti hringir.) stöðu sveitarfélaga, m.a. með öflugri (Forseti hringir.) jöfnunarsjóði og bæta þannig stöðu þeirra sveitarfélaga (Forseti hringir.) sem höllum fæti standa í dag.

[11:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég verð að segja að svör hæstvirtra ráðherra valda mér miklum vonbrigðum. Ég get ekki annað af þeim ráðið en að hæstv. ráðherrar séu enn á fullkomnu afneitunarstigi gagnvart þessu vandamáli. Nú er málsvörnin byggð á því að staða sveitarfélaganna sé mismunandi. Nú má ekki nota meðaltalið. Nú má ekki nota heildarafkomuna. Nú dugir ekki að leggja saman afkomu allra sveitarfélaga í landinu og fá út þá stöðu sem á að blasa við hverjum manni, að hún er óviðunandi og hefur verið svo um langt árabil. Þannig tala sömu menn og nota meðaltöl þegar þeir réttlæta skattaprógramm sitt. Þeir telja þau alls ekki nothæf þegar sveitarfélög eiga í hlut.

Vandi þeirra sem verst eru settir skánar ekkert við að meðaltalið liggi einhvers staðar. Staðreyndin er sú að tilburðir ráðherranna til að ýta sér undan hinu óþægilega í þessari umræðu eru satt að segja harla vandræðalegir. Hæstv. félagsmálaráðherra kvartaði undan einhliða og villandi umræðu um fjármál sveitarfélaga. Þetta er sami söngurinn og í hæstv. fjármálaráðherra í fyrradag sem vældi undan villandi og einhliða umræðu um fjárlagafrumvarpið. Þetta er að verða plagsiður hjá hæstv. ráðherrum, að láta eins og vandinn muni hverfa úr heiminum ef sendiboði hinna vondu tíðinda er skotinn. Það er ekki þannig. Ótíðindin hverfa ekki með því að fjarlægja sendiboðann. Vandi sveitarfélaganna er veruleiki sem hæstv. ríkisstjórn verður að horfast í augu við.

Staða sveitarfélaga er vissulega mismunandi en hið dæmigerða sveitarfélag, að meðalstærð á landsbyggðinni, býr við gríðarlega erfiðleika. Stundum er það vegna fólksfækkunar og vegna þess að meðallaun á landsbyggðinni eru að dragast aftur úr. Þar með lækka tekjur sveitarfélaganna. Mörg sveitarfélög hafa orðið að taka á sig útgjöld til að verja atvinnulífið og fleira mætti nefna í þeim dúr.

Samskipti sveitarfélaganna við ríkisvaldið hafa öll verið á þá leið að það er von að menn séu tortryggnir gagnvart gjörsamlega innihaldslausri (Forseti hringir.) viljayfirlýsingu sem virðist til þess eins gerð (Forseti hringir.) að reyna að halda gangandi einhverri tiltrú á verkefninu.

[11:09]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar að hér er gert mikið veður af litlu tilefni.

Eins og fram kemur í margnefndri viljayfirlýsingu frá 17. september eru ríki og sveitarfélög sammála um að fela tekjustofnanefnd að hefja vinnu við að meta stöðu þeirra sveitarfélaga og svæða sem standa illa fjárhagslega og gera tillögur til úrbóta. Í meginatriðum eru ríki og sveitarfélög einnig sammála um hvaða leiðir koma til greina í því sambandi. Bæði ríki og sveitarfélög eru einhuga um að hraða vinnu tekjustofnanefndar eins og frekast er kostur. Endanleg ákvörðun um verkefnaflutning er að sjálfsögðu háð þeirri forsendu að ríki og sveitarfélög komist að sameiginlegri niðurstöðu um tekjustofna sem báðir aðilar geti sætt sig við. Það er engan veginn tímabært nú í upphafi hausts að ræða frestun á sameiningarkosningum sem fram eiga að fara næsta vor.

Því hefur verið haldið fram í umræðunni, hæstv. forseti, að sveitarfélögin hafi tekið við ábyrgð á grunnskólunum árið 1996 án fullnægjandi tekjustofna. Þessi fullyrðing stenst ekki skoðun. Forustumenn Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa ítrekað staðfest að rétt hafi verið gefið. Raunar var framlag ríkisins hækkað um 1 milljarð kr. frá því sem áætlað hafði verið. Það fólk sem þekkir til málaflokksins hefur tekið undir þessi orð.

Í umræðum um frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum á síðasta þingi tók hv. 7. þm. Norðaust., Einar Már Sigurðarson, undir þetta sjónarmið. Þar sagði hann, með leyfi forseta:

„Ég kynnti mér hins vegar eins og ég sagði áðan á árum áður málið nokkuð vel og niðurstaða mín þá var sú að þetta væri líklega einn besti samningur sem sveitarfélög hafa nokkurn tíma gert við ríkisvaldið, þ.e. þegar grunnskólinn var fluttur yfir.“

Úttekt óháðs endurskoðunarfyrirtækis árið 2000 var unnin í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga og staðfestir þetta enn betur.

Hæstv. forseti. Mikilvæg skref hafa verið stigin í fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga á undanförnum árum. Framtíðin er björt ef við höldum áfram að efla sveitarstjórnarstigið eins og lagt hefur verið upp með.

Fjáraukalög 2004, 1. umr.

Stjfrv., 76. mál. — Þskj. 76.

[11:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004, 76. máli þingsins á þskj. 76.

Með frumvarpinu er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða ársins 2004. Frumvarpið byggir í senn á endurmati á helstu hagrænum forsendum fjárlaganna, áhrifum af lögbundnum útgjaldaliðum og ýmsum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um mál sem fram hafa komið eftir afgreiðslu fjárlaganna.

Eins og undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að leggja frumvarpið fram í upphafi þinghaldsins, samhliða fjárlagafrumvarpinu. Með því móti er þinginu og fjárlaganefnd betur gert kleift að fjalla samtímis um áætlanir fyrir bæði árin og ljúka afgreiðslu frumvarpanna tímanlega eins og ráðgert er samkvæmt starfsáætlun þingsins. Ég held að margir geti verið mér sammála um að umfjöllun þingsins um þessi mál hafi verið að færast til betri vegar síðustu árin þótt ef til vill verði ekki allir á eitt sáttir um efni frumvarpsins.

Ég mun í þessari framsögu einungis stikla á stærstu atriðum frumvarpsins sem hér er til umræðu en vísa að öðru leyti til skýringa á einstökum málum í greinargerð þess.

Samkvæmt fjárlögum þessa árs, sem afgreidd voru í byrjun desember á síðasta ári, var áætlað að heildartekjur ríkissjóðs yrðu 282 milljarðar kr. Endurskoðuð áætlun gerir nú ráð fyrir að heildartekjur ársins verði rúmlega 290 milljarðar kr. eða 8 milljörðum kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Það jafngildir tæplega 3% af tekjuáætlun fjárlaga ársins.

Endurmat teknanna tekur mið af innheimtunni það sem af er þessu ári og ber með sér að nýtt hagvaxtarskeið hefur gengið fram af meiri þrótti en fyrirséð var við undirbúning að setningu fjárlaganna. Þannig er nú talið að hagvöxtur verði 5,5% á þessu ári en við undirbúning fjárlaga var áætlað að hann yrði 3,5%.

Þessi auknu umsvif í atvinnulífinu og bætt afkoma fyrirtækja og heimila endurspeglast í því að skattar á tekjur og eignir einstaklinga og lögaðila verði taldir um 5 milljörðum hærri en samkvæmt áætlun fjárlaga og skattar á launaveltu og viðskipti með vörur og þjónustu um 4,7 milljörðum kr. hærri.

Á hinn bóginn lækkar áætlun um aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs um 1,5 milljarða kr. Það er að mestu um að ræða endurskoðun á tekjum af dráttarvöxtum og álögðum sköttum og vöxtum af endurlánum ríkissjóðs en það eru tekjustofnar sem jafnan ríkir talsverð óvissa um.

Varðandi útgjöld ríkissjóðs eru gerðar tillögur um 6,3 milljarða kr. viðbótarfjárheimildir í frumvarpinu til að mæta ýmsum útgjaldatilefnum sem ég mun koma aftur að hér á eftir. Samsvarar þetta tæplega 2,5% af áætluðum útgjöldum samkvæmt fjárlögum ársins.

Hins vegar þarf að taka með í reikninginn að áætlað er að gjaldfærð útgjöld verði 800 millj. kr. hærri en þessar fjárheimildir í 1. gr. frumvarpsins. Eins og í fyrri fjáraukalögum stafar sá mismunur annars vegar af því að jafnan eru einhverjar heimildir í frumvarpinu vegna útgjalda sem þegar hafa verið gjaldfærð á liðnum árum og hins vegar af því að afgangsfjárheimildir og umframgjöld eru flutt frá fyrra ári og einnig til næsta árs. Nýting á fjárheimildum ársins getur þannig verið dálítið breytileg milli ára og verður að leggja mat á helstu tilvikin hverju sinni. Gjaldfærð útgjöld ársins 2004 eru þess vegna áætluð 7,1 milljarði kr. hærri en í fjárlögum eða 282,4 milljarðar. Samkvæmt þessu verður tekjuafgangur ársins þá rúmlega 1,1 milljarði kr. meiri en í fjárlögum eða 7,8 milljarðar.

Má því segja að frumvarpið beri þess merki að staða ríkissjóðs er að styrkjast og að áform um tekjuafganginn í fjárlögum ættu að geta gengið eftir og jafnvel gott betur.

Eins og fram kom í umræðum hér um fjárlagafrumvarpið fyrr í vikunni eru horfur á að sú þróun haldi áfram á næsta ári.

Þá vildi ég, herra forseti, víkja nokkrum orðum að breytingum á sjóðstreymi ríkissjóðs sem fram koma í 2. gr. frumvarpsins. Áætlað er að handbært fé frá rekstri aukist nokkru meira frá fjárlögum en tekjuafgangurinn eða um 4,1 milljarð kr. og verði jákvætt um 2,3 milljarða kr. í stað þess að rýrna um 1,8 milljarða eins og búist hafði verið við. Það á að mestu rætur að rekja til þess að innheimta álagðra tekna batnar á árinu. Fjármunahreyfingar lækka um 1,2 milljarða í frumvarpinu. Þar vegast á 2,9 milljarða kr. útstreymi í kjölfar uppgjörs við Reykjavíkurborg um lífeyrisskuldbindingar samrekstrarstofnana og 2,1 milljarðs kr. innstreymi vegna aukinna afborgana af veittum lánum.

Niðurstaðan er þá að horfur eru á að lánsfjárafgangur batni um 3,7 milljarða og verði nærri 17 milljarða kr. afgangur á lánsfjárjöfnuði á árinu 2004. Þessi aukni lánsfjárafgangur gerir það kleift að greiða niður skuldir um 3 milljarða kr. til viðbótar við þá 4 milljarða sem gert var ráð fyrir í fjárlögum og einnig að styrkja stöðuna við Seðlabanka Íslands. Gangi þetta eftir verður samanlagður lánsfjárafgangur áranna 1998–2004 orðinn ríflega 64 milljarðar kr.

Ég kem þá aftur að gjaldahlið frumvarpsins og helstu útgjaldatilefnum. Af 6,3 milljarða kr. fjárheimildum vegna aukinna útgjalda frá áformum fjárlaga eru rúmir 2 milljarðar kr. til *félagsmálaráðuneytisins, einkum vegna 1 milljarðs* kr. hækkunar á greiddum atvinnuleysisbótum, 300 millj. kr. viðbótarútgjalda Ábyrgðarsjóðs launa og um 250 millj. kr. aukningar á framlagi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Útgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis aukast um rúma 2 milljarða kr., þyngst vegur 675 millj. kr. framlag til reksturs Landspítala – háskólasjúkrahúss. Rúmlega 550 millj. kr. eru vegna útgjalda sjúkratrygginga, einkum vegna lyfjakostnaðar, um 350 millj. kr. eru bætur vegna félagslegrar aðstoðar og um 300 millj. kr. útgjöld lífeyristrygginga vegna fjölgunar öryrkja umfram forsendur fjárlaga. Rúmlega 930 millj. kr. eru aukin útgjöld sem falla undir fjármálaráðuneytið, þar af eru 600 millj. kr. vegna vaxtabóta umfram áætlun og 300 milljónir vegna kostnaðar við kjarasamninga á almennum markaði umfram launaforsendur fjárlaga og dreifast þau útgjöld síðan á önnur ráðuneyti.

Útgjöld menntamálaráðuneytis aukast um 500 milljónir, þar af eru 250 vegna fjölgunar nemenda í framhaldsskólum, rúmlega 100 milljónir vegna lokaframkvæmda við Þjóðminjasafn og 100 millj. kr. eru hækkuð afnotagjöld til Ríkisútvarpsins sem nú renna í gegnum A-hluta ríkissjóðs eins og kunnugt er.

Útgjöld samgönguráðuneytis aukast um rúmlega 410 milljónir og þar af eru 375 millj. kr. vegna jarðgangaframkvæmda undir Almannaskarð og lúkningar þess verkefnis.

Útgjöld utanríkisráðuneytis aukast um tæplega 300 millj. kr. Þar munar mestu um tæplega 190 millj. kr. auknar tekjur Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli af öryggis- og lendingargjöldum en þeim er skilað til stofnunarinnar sem framlag til hennar í B-hluta.

Útgjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis aukast um tæplega 170 milljónir og vegur þar þyngst rúmlega 50 millj. kr. framlag til að endurnýja samning um Tetra-fjarskiptakerfið, 35 milljónir til að styrkja rekstrargrundvöll héraðsdómstóla og 35 millj. kr. framlag til að fjölga lögreglumönnum í Reykjavík.

Útgjöld landbúnaðarráðuneytis aukast um tæplega 165 millj. kr., þar af er 135 millj. kr. framlag vegna sauðfjárframleiðslu sem féll niður í fjárlögum.

Útgjöld forsætisráðuneytis hækka um 125 milljónir og vegur þar þyngst 70 millj. kr. framlag til niðurrifs á Sölvhólsgötu 11 í Reykjavík.

Loks lækka útgjöld viðskiptaráðuneytis um 90 milljónir vegna niðurlagningar á Flutningsjöfnunarsjóði sements og útgjöld sjávarútvegsráðuneytisins lækka um tæplega 470 milljónir þar sem gjald í Þróunarsjóð sjávarútvegsins var lagt af frá 1. sept. sl.

Aðrar breytingar eru minni og koma fram vegna ýmissa ófyrirséðra atvika, samninga og lagabreytinga.

Ég vil að lokum vekja athygli á því í sambandi við lánsfjárgrein frumvarpsins, 3. gr., að gert er ráð fyrir að ríkisábyrgðir vegna lántöku Íbúðalánasjóðs lækki um tæplega 5,5 milljarða kr. nettó. Þar er byggt á útreikningum sem gerðir voru áður en núverandi samkeppni í íbúðalánaveitingum hófst og verður því að gera fyrirvara við þær áætlanir og endurskoða þær að nýju fyrir afgreiðslu frumvarpsins.

Ég hef nú, herra forseti, farið nokkrum almennum orðum um þetta frumvarp og þau áhrif sem það hefur til að auka lánsfjárafgang og rekstrarafgang ríkissjóðs. Legg ég því til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. fjárlaganefndar þingsins.

[11:21]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er árvisst við umræður um frumvarp til fjáraukalaga að ég spyrji hæstv. fjármálaráðherra að því hvort hann telji að nú sé þeim merka áfanga náð að hér sé lagt fram frumvarp til fjáraukalaga sem sé algjörlega í samræmi við ákvæði í fjárreiðulögum. Herra forseti, ég endurtek þessa spurningu mína og spyr hæstv. fjármálaráðherra að því hvort frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004 sé að mati hæstv. ráðherra fyllilega í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

[11:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið er já, ég tel engan vafa á því að svo sé.

[11:22]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að játa það að ég bjóst við þessu svari frá hæstv. ráðherra og mun að sjálfsögðu ekki í stuttu andsvari fara nákvæmlega yfir það að ég sé hæstv. ráðherra ósammála.

Ég mun þó spyrja hæstv. ráðherra um einn lið og af sérstakri tillitssemi við hæstv. ráðherra held ég mig að sjálfsögðu við hans eigið ráðuneyti.

Á bls. 77 í frumvarpi hæstv. ráðherra er fjallað um Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól. Þar kemur fram að óskað er eftir eða gerð tillaga um 9,8 millj. kr. hækkun á fjárheimild rekstrarfélagsins, eðlilegt að því er virðist að öllu leyti að þessi upphæð sé þarna inni og hún er inni vegna þess að efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins flutti úr húsnæði að Lindargötu 9 um síðustu áramót. Ég geri þess vegna ráð fyrir því, herra forseti, að það hafi verið ákveðið einhverju fyrr að skrifstofan mundi flytja úr húsnæðinu, þ.e. að það hafi legið fyrir í desembermánuði a.m.k. að skrifstofan mundi flytja út, og þess vegna hlýtur það að hafa verið fyrirséð, vegna þess að það hefur væntanlega á sama tíma einnig verið ljóst að nýr leigutaki mundi ekki flytja inn 1. janúar. — Það vill nú reyndar þannig til að nýr leigutaki er ekki enn fluttur inn þannig að hér er gerð tillaga um það að rekstrarfélaginu séu bættir þeir ellefu mánuðir sem gert er ráð fyrir að þetta húsnæði verði ekki í notkun.

Herra forseti. Ég verð að biðja hæstv. ráðherra að færa ansi traust rök fyrir því að þetta hafi ekki verið fyrirséð þegar við afgreiddum fjárlög í desembermánuði árið 2003.

[11:24]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vil nú svo vel til að mér er kunnugt um það að þetta mál hefur þegar verið rætt í fjárlaganefnd þingsins, þetta stóra og mikilvæga mál. En út frá prinsippinu sem um er rætt er ágætt að það komi hér upp. Málið var ófyrirséð að því leyti til að það var talið að það yrði unnt að mæta þessu tekjutapi með öðrum hætti innan ramma þessa ágæta rekstrarfélags.

Síðan gekk það bara ekki upp þannig að það verður fyrir óvæntu tekjutapi að þessu leyti sem því miður er ekki unnt að bregðast við nema með þessum hætti. Það er nú skýringin. Auðvitað er þetta hins vegar ekki skemmtilegt mál þó að það sé ekki stórt og það skal ég fúslega viðurkenna að þetta er ekki sá liður í þessu fjáraukalagafrumvarpi sem ég hef mestar mætur á. En eigi að síður er á því lögmæt skýring og ég tel að það sé ekki óeðlilegt að það beri svona að eins og lagt er til í frumvarpinu.

[11:25]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hæstv. fjármálaráðherra hefur gert grein fyrir við framlagningu á frumvarpi til fjáraukalaga er

slíku frumvarpi ætlað að taka fyrst og fremst til skyndilegra fjárbreytinga og ófyrirsjáanlegra nema þá að Alþingi taki það upp og afgreiði það með öðrum hætti.

Í frumvarpinu eru m.a. lagðar til um 250 millj. kr. til framhaldsskólanna. Nú var það svo, herra forseti, og ég held að okkur öllum sé það minnisstætt að í umræðunni um fjárlög á sl. vetri var mikið rætt um framhaldsskólana og að fjármagn vantaði til þeirra. Við lásum hér upp bréf frá Félagi framhaldsskóla, frá stjórnendum, sem sögðu: Það er bara vanáætlað um allt að þúsund nemendur, menn nefndu þá 700–800 nemendur sem a.m.k. væri vanáætlað fyrir, þetta lá ljóst fyrir þá.

Þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Kolbrún Halldórsdóttir, flutti þá breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið um að tekið yrði tillit til þessa fjölda þá þegar við fjárlagagerðina því að hann lægi hvort eð er fyrir. En það var þverskallast.

Hér stendur: Allt í einu fundist 1.100 nemendur umfram forsendur fjárlaga og nú er verið að taka tillit til þess.

Hefði ekki verið nær, hæstv. ráðherra, að taka þetta inn þegar allar upplýsingar lágu fyrir eða hvers vegna fundust þessir nemendur allt í einu nú en ekki í fyrrahaust þegar allar upplýsingar um þá lágu fyrir?

[11:28]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggja fyrir betri upplýsingar nú en þá. Þess vegna er tekið tillit til hinna nýjustu upplýsinga sem eru betri og nákvæmari en áður var og þess vegna er gerð þessi tillaga. Þetta er nú ósköp einfalt mál.

[11:28]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Vissulega er það fagnaðarefni að tekist hafi að leiðrétta um 250 milljónir sem ég dreg þó í efa að sé nóg og við eigum eftir að fá frekari upplýsingar um það í meðferð fjáraukalaga nú í haust.

En ef hæstv. ráðherra áttar sig á hvernig á að vinna fjárlög, þessar upplýsingar lágu allar fyrir í fyrrahaust og þá átti þetta að koma inn en ekki valda því umróti sem það gerði í sumar þegar ljóst var að skólarnir gátu ekki tekið inn nemendur af því að þá vantaði fjármagn. Nákvæmlega sama og þeir sögðu í fyrrahaust. Þetta olli mikilli óvissu og enn hafa ekki allir nemendur fengið skólavist sem þeir höfðu gert ráð fyrir að fá og lög kveða á um.

Þetta er eitt dæmi um það hvernig verið er kerfisbundið að þrengja að framhaldsmenntun í landinu þó að hér sé lítillega verið að reyna að rétta hlut.

En við sjáum til við meðferð fjárlaga og fjáraukalaganna hvort ekki þurfi að koma meira inn til þess að mæta þeim raunveruleika sem við stöndum frammi fyrir.

[11:29]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004. Það er rétt að taka fram í upphafi að að mínu mati eru hér færri liðir og þar af leiðandi lægri upphæðir en oft áður sem vafa getur valdið að sé fyllilega í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Ég mun víkja nánar að því á eftir. En það er ljóst að vegna þess mikla hagvaxtar sem við lifum nú, aukinnar einkaneyslu og mikils innflutnings og þar *af leiðandi mikils viðskiptahalla, hafa tekjur ríkissjóðs* aukist verulega fram yfir það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Raunar svo mikið að þar munar rúmlega 8 milljörðum kr. Útgjöld hafa síðan aukist um rúmlega 6 milljarða þannig að þarna er munur upp á tæplega 2 milljarða og bætir það hag ríkissjóðs.

Í þessu samhengi er hins vegar eðlilegt að velta upp hvort það sé ekki sérstakt umhugsunarefni hvernig áætlunargerð er háttað. Það kemur sem sagt í ljós að tekjur eru verulega vanáætlaðar sem skeikar ansi miklu á einstökum liðum og hlýtur það að vera umhugsunarefni sem ég ætla þó ekki að gera að umræðuefni í ræðu minni að þessu sinni. Það er hins vegar augljóst mál að aðstæður sem þessar kalla á þá hættu að slakað sé á aganum og festunni og menn láti þá ýmislegt fara inn í fjáraukalagafrumvarp sem ella yrði mikil tregða við þar sem tekjur hafa aukist svo mjög að það eru út af fyrir sig nægilegir fjármunir til staðar.

Við skulum heldur ekki gleyma því að þó að frumvarpið líti svona út núna er þetta ekki endanleg niðurstaða. Það hefur auðvitað oft og tíðum gerst að í meðförum Alþingis hafi bæst verulega við útgjöldin, það hefur að vísu oftast verið vegna óska ríkisstjórnarinnar sjálfrar að slíkt hefur komið fram. Við skulum vona að svo verði ekki að þessu sinni og að við fáum að sjá þann afgang sem frumvarpið gerir ráð fyrir halda sér allt til loka.

Herra forseti. Það er ástæða til að fjalla örlítið í byrjun um lög um fjárreiður ríkisins. Hæstv. ráðherra fullyrti í andsvari við mig áðan að nú væri þeim merka áfanga náð, og hugsanlega að hans mati eitthvað fyrr, að fyllilega sé farið eftir lögum um fjárreiður ríkisins varðandi framlagningu frumvarpsins. Ég vil byrja á því að rifja upp ákvæði í 33. gr. laga um fjárreiður ríkisins en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga.“

Vissulega er verið að leita heimilda til margs konar greiðslna í því frumvarpi sem hér liggur fyrir en ég verð að gera ráð fyrir því að engin greiðsla af þeim sem flokkast undir það að vera ófyrirséð að mati hæstv. ráðherra og þeirra ráðuneytismanna allra hafi verið greidd út því við fjárlaganefndarmenn könnumst ekki við það að hafa fengið eina einustu tilkynningu um slíkt, ekki eina einustu kynningu. En eins og þessi orð bera með sér er það afskaplega skýrt að það er skylt að gera slíkt og því hlýt ég að gera ráð fyrir að engar greiðslur hafi átt sér stað úr ríkissjóði af þeim sem við flokkum undir ófyrirséð, ella verður hæstv. ráðherra að rökstyðja hvernig á því standi að sú kynning sem þar á að fara fram hafi farið fram hjá okkur fjárlaganefndarmönnum.

Herra forseti. Það er 2. gr. laga um fjárreiður ríkisins sem skiptir kannski ekki síður máli og jafnvel meira máli. Það er sú grein sem fjallar um það sem á að vera í frumvarpi til fjáraukalaga, þ.e. hin margumræddu ófyrirséðu atvik, nýir kjarasamningar eða ný löggjöf og það er auðvitað yfirleitt skýrt með kjarasamningana og nýju lögin. Það eru

þau ófyrirséðu sem eru kannski oft og tíðum matsatriði.

Í 2. mgr. 44. gr. um fjárreiður ríkisins segir, með leyfi forseta:

„Öðrum óskum“ — þ.e. en því sem ég nefndi áðan um ófyrirséð, kjarasamninga eða nýja löggjöf — „um breyttar heimildir til fjárráðstafana en getur í 1. mgr. skal jafnan vísað til ákvörðunar Alþingis í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár.“

Herra forseti. Það er helst þarna sem mér sýnist enn einu sinni halla heldur á, þ.e. að það séu nokkur atriði í frumvarpinu sem eigi í raun og veru frekar heima í fjárlögum næsta árs vegna þess að þau falla ekki undir skilgreiningarnar í 1. mgr. Þetta er auðvitað deila sem hægt er að taka og menn geta verið með mismunandi skoðanir á en ég held að þetta séu atriði sem við í fjárlaganefnd hljótum að fara sérstaklega yfir og ég vænti þess að nokkur af þeim atriðum sem ég mun síðar í ræðu minni minnast á verði hugsanlega skýrð í þessari umræðu. Ef ekki munum við að sjálfsögðu fara fram á, fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd, að það komi mjög nákvæmar skýringar og yfirlit yfir það hvernig þessar ákvarðanir hafa verið teknar.

Það er fleira sem má minnast á í þessu sambandi og við getum tínt til fleiri atriði en ég mun hins vegar fyrst og fremst fjalla um það sem ég hef nefnt en vek sérstaka athygli á því að það er auðvitað mikið vald sem ríkisstjórnin fer með þegar hún leggur mat á hvað er ófyrirséð eða hvað á að vera í fjáraukalögum eða hvað á hreinlega að greiða út áður en fjáraukalög eru samþykkt. Vissulega gerir ríkisstjórnin það í skjóli þess að hún hefur meiri hluta á Alþingi og það er afar ólíklegt þegar slíkur meiri hluti er til staðar að hann gangi þvert gegn vilja slíkrar ríkisstjórnar.

Hins vegar er umhugsunarefni hvernig með það vald er farið og við verðum að átta okkur á því að þegar slíkar ákvarðanir eru teknar er í raun og veru verið að færa fjárveitingavaldið frá Alþingi til ríkisstjórnarinnar. Við því hefur verið varað og ég hef nokkrum sinnum áður vitnað í skýrslu sem Ríkisendurskoðun tók saman og gaf út í apríl árið 2001 þar sem fjallað er sérstaklega um þetta og færð rök fyrir því að raunverulega hafi ríkisstjórninni með þessum hætti oft og tíðum verið framsalað fjárveitingavaldið þó svo að það sé formlega í höndum Alþingis. Það er auðvitað nauðsynlegt að þetta sé rætt sérstaklega á þessum tímum þegar ýmsir telja fulla ástæðu, og að gefnu tilefni, til að ræða um stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu t.d. vegna þess að því miður virðist manni sú þróun eiga sér stað að framkvæmdarvaldið sé stöðugt að seilast lengra og Alþingi þurfi þess vegna að verja sig eins og kostur er. Það er ljóst að við munum eins og ég sagði áðan, fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd, fara sérstaklega yfir þessi mál og byggja þann varnarmúr sem við teljum nauðsynlegan og við getum gert í þeirri stöðu sem við erum, þ.e. að vera í minni hluta í nefndinni.

Við munum síðan að sjálfsögðu óska eftir ýmsum sundurliðunum og minnisblöðum varðandi einstaka þætti, sérstaklega þá þætti sem ekki verða fyllilega skýrðir í þeirri umræðu sem nú stendur yfir.

Herra forseti. Ég sagði að ég mundi stikla á stóru varðandi það frumvarp sem hér liggur fyrir og vekja athygli á nokkrum þáttum sem ég tel að séu að minnsta kosti á gráu svæði varðandi það að standast fjárreiðulögin.

Fyrst vil ég víkja að því sem getur vissulega fallið undir ófyrirséð en hlýtur að vekja umhugsun um það hvernig staðið er að undirbúningi útboða og tilboðsgagna á vegum hins opinbera. Það eru sérstaklega tvö tilvik sem vekja alveg sérstaka athygli og það er eðlilegt af því að við erum stödd í þessum sal að byrja á því sem snýr að því húsi sem við erum stödd í. Á fjárlögum voru áætlaðar 75 millj. kr. til þeirra framkvæmda sem hér fóru fram í sumar en nú er beðið um 44 millj. kr. til viðbótar, þ.e. tæplega 60% aukningu. Það er alveg ljóst að atvik höguðu því svo til í sumar að það er eðlilegt að þær hafi farið eitthvað fram úr áætlun því ekki var hægt að vinna verkið á þeim tíma sem áætlað var. En það kemur ekki fram í frumvarpinu hversu hátt hlutfallið er vegna þess og hversu hátt það er vegna þess að verkið sem slíkt fór fram úr áætlun. Það er nauðsynlegt að það verði upplýst vegna þess að ég trúi ekki öðru vegna þeirrar reynslu sem Alþingi hefur sjálft af framkvæmdum en að það hljóti að vera sérstaklega vandað til þessara útboða og þessarar áætlunargerðar vegna þess að því miður höfum við dæmi um það frá því á árum áður að ekki hafi verið nægilega vel að verki staðið hvað það varðar. Það er þess vegna alveg nauðsynlegt að við fáum sundurliðun á því hvernig þetta fór fram úr áætlun, þ.e. hvað er verkið sjálft og hvað er vegna þess að hér þurfti að halda fundi á þeim tíma sem áætlað var að unnið yrði. En það er auðvitað of hátt hlutfall að þarna skuli vera farið fram úr um tæplega 60% og það af sjálfu Alþingi Íslendinga.

Annað atriði sem fellur undir þetta er alveg eins og það verk sem hér um ræðir, þarft verk sem slíkt, og svo að enginn misskilningur verði vil ég taka fram að þó að ég sé að vekja athygli á ýmsum þáttum og ýmsum málum snertir það ekki mikilvægi málanna sem slíkra. Það er allt annar handleggur. Við erum fyrst og fremst að ræða um hvort þessir þættir eigi heima í fjáraukalögum og skýringar á því hvers vegna þeir eru í fjáraukalögunum.

Sá þáttur sem ég ætlaði að vekja athygli á er minningaþátturinn um Halldór Laxness á Gljúfrasteini. Það verður að segjast eins og er að þó að hér hafi verið farið nokkuð glannalega fram úr í áætlunum þá er þar að því er virðist enn glannalegar farið fram úr vegna þess að í fjárlögum er áætlað 2,5 millj. kr. til viðhalds vegna þessa liðar. Hér er hins vegar farið fram á 20 millj. kr. til viðbótar þannig að hér er verið að tala um allt að 800%. Hér virðist því vera farið verulega út fyrir það sem ætlað var eða að áætlunin hafi verið svona kolröng. Skýringar vantar a.m.k. í fjáraukalagafrumvarpið því að hér segir aðeins, með leyfi forseta: „Kostnaður við lagfæringar og endurbætur hefur orðið meiri en ráð var fyrir gert í upphafi.“ Það virðist vera nokkuð ljóst að hann hafi verið nokkuð meiri. Það sem vekur athygli er að liðurinn í fjárlögum er inni á viðhaldi en liðurinn í fjáraukalögum nú er hins vegar færður á stofnkostnað þannig að hér er nauðsynlegt að fá skýringar á hvað gerðist.

Herra forseti. Annað sem vekur athygli mína líka er það sem ég hef flokkað undir það sem fallið hefur niður við afgreiðslu fjárlaga. Nú skulum við ætla að þegar fjárlög eru afgreidd komi vilji Alþingis í ljós þannig að það sem ekki er í fjárlögum og ég tala nú ekki um eins og í nokkrum tilfellum það sem fellt hefur verið út úr frumvarpi til fjárlaga

fram að afgreiðslu þar hljóti að koma fram vilji Alþingis. Þess vegna vekur það auðvitað mikla athygli þegar nokkrir liðir koma svo fram í fjáraukalagafrumvarpinu og ég nefni fyrst dæmi sem er undir menntamálaráðuneyti og er Snorrastofa, þarft verk og mikilvægt, en hér segir, með leyfi forseta:

„Í fjárlagafrumvarpi 2004 var gert ráð fyrir 6 millj. kr. stofnkostnaðarframlagi sem síðan var fellt niður með breytingartillögu við 2. umræðu" — og ef ég man rétt var þessi breytingartillaga frá meiri hluta fjárlaganefndar. Síðan segir hér áfram, með leyfi forseta: — „vegna þess að samningur um verkefnið var runninn út. Þeir sem að Snorrastofu standa höfðu hins vegar miðað áætlanir sínar við að þessi fjárheimild yrði til staðar, með tilvísun í frumvarpið."

Herra forseti. Þessir ágætu „þeir sem að Snorrastofu standa", ja, ég vissi ekki áður að þeir tækju fram fyrir hendur Alþingis og hefðu meira vald en Alþingi um það hvernig fjármunum ríkisins er ráðstafað. Miðað við þetta blasir það við að þeir ágætu menn sem vinna þetta ágæta verk hafa greinilega meira vald en meiri hluti Alþingis varðandi það hvernig með fjármunina er farið eða að einhver önnur skýring er hugsanlega á þessu og ég vænti þess að hæstv. fjármálaráðherra upplýsi það þá á eftir.

Svipað mál er einnig á ferðinni hjá félagsmálaráðuneytinu. Þar er um að ræða leigugreiðslur vegna hinnar ágætu starfsemi sem fram fer á vegum Byrgisins að Efri-Brú í Grímsnesi. Hér segir í frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Upphæð þessi" — þ.e. þær 8 milljónir sem farið er fram á í fjáraukalagafrumvarpinu — „féll niður við afgreiðslu fjárlaga 2004 en þegar hefur verið skrifað undir leigusamninga."

Upphæðin féll niður við afgreiðslu. Það er væntanlega vegna þess að meiri hluti Alþingis hefur ekki talið ástæðu til að hafa hana inni, en af því að búið er að skrifa undir leigusamningana, miðað við þær upplýsingar sem hér koma fram, þá er þessi upphæð komin inn í fjáraukalög. Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. fjármálaráðherra gefi okkur fullnægjandi skýringar á því sem hér er á ferðinni.

Herra forseti. Fleira vekur athygli í samhengi við það sem ég var að lesa í fjárreiðulögunum áðan, að hér eiga eingöngu að vera inni í frumvarpinu hlutir sem sannarlega komu upp á árinu 2004. Það vekur þess vegna athygli að nokkrir liðir eiga við árin þar áður. Nokkur dæmi eru m.a. um að bættur sé upp uppsafnaður halli ríkisstofnana frá fyrri árum. Miðað við fjárreiðulögin hefði sú leiðrétting átt að vera á fjárlögum næsta árs fyrst niðurstaða var komin í að þann vanda bæri að greiða.

Hjá sjávarútvegsráðuneytinu er óskað eftir 8,5 millj. kr. vegna taps af hrefnuveiðum, taps sem sannarlega varð árið 2003. Ég vil þar að auki segja að það hefur væntanlega verið fyrirséð. Þær veiðar voru rökstuddar með því að þær væru miklar vísindaveiðar sem ættu að skila miklu en ekki hagnaði. Þar er því að mínu mati farið á skjön við fjárreiðulögin. Ef þetta er niðurstaðan þá hefði átt að gera ráð fyrir þeim fjárhæðum í fjárlögum 2003 eða í fjáraukalögum ársins 2003 en fyrst svo var ekki þá a.m.k. í fjárlögum næsta árs.

Undir sjávarútvegsráðuneytinu er einnig afar sérkennilegur liður sem varðar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Það er vegna atburða frá árinu 1998. Málið hefur hugsanlega verið í skoðun og vangaveltum til fjölda ára og nú er komin niðurstaða í það. En það á sannarlega ekki við árið 2004. Þetta eru um 10 millj. kr. vegna Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins vegna athugasemda sem bárust frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Svo virðist sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hafi gert samning við íslenskt fyrirtæki um framkvæmd og svo segir, með leyfi forseta:

„Að mati Ríkisendurskoðunar var framkvæmdin ekki í samræmi við ákvæði samningsins og ríkislögmaður mat að forsendur fyrir endurkröfu styrksins á hendur samstarfsaðila væru ekki fyrir hendi."

Stofnunin verður þar af leiðandi að taka þetta á sig. En ég held að það sé nauðsynlegt að við fáum upplýsingar um það hvað gerðist í raun þannig að menn geti lært af slíkum mistökum.

Herra forseti. Það er auðvitað líka rétt að vekja athygli á því, þrátt fyrir að það hafi sannarlega gerst á árinu 2004, að hið mikla ævintýri í kringum fjölmiðlalögin svokölluðu kostaði töluvert. Það er nauðsynlegt að fá nákvæma útlistun á því hvernig þessar 10,5 millj. kr. skiptust á milli þeirra sem að því máli komu. Ég vænti þess að við getum fengið það upplýst annaðhvort hjá hæstv. fjármálaráðherra nú eða í fjárlaganefnd fljótlega.

Síðan er nauðsynlegt, eins og fram kom í andsvari hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni, að fá upplýst hvernig það getur gerst að 1.100 nemenda gap sé á milli fjárlaganna og raunveruleikans. Framlag til framhaldsskólanna var hækkað um 800 millj. kr. vegna fjölgunar nemenda sem áætlað var að lægi fyrir. Það var gert við 2. umr. fjárlaga í fyrra. En nú er þar 1.100 nemenda gap sem nauðsynlegt er að fá upplýsingar um, og hvernig þeim útreikningum er háttað þar sem þessum mismun er mætt. Það er augljóst að verið er að lækka meðaltalið sem var hins vegar hækkað í fyrra.

[11:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir góða og efnismikla ræðu en frekar var hún neikvæð. Hann gleymir því að fyrir nokkrum árum samþykktu menn fjáraukalög fyrir fjölda ára í einu, löngu síðar. Ríkisreikningur var samþykktur fyrir 10 ár á einu bretti. Ég vil taka undir og undirstrika það að hér er staðið mjög vel að verki, að skila fjáraukalögum á þessum tíma. Það er forsenda þess að hægt sé að beita aga. Það er hv. þm. einmitt að gera, að beita aga á framkvæmdarvaldið. Forsenda þess er að það skili þessum reikningum snemma.

Þegar hann nefnir það að ráðherra hafi fjárveitingavald þá er fjárveitingavaldið ekki meira en svo að við erum að ræða það og fara í gegnum það mjög nákvæmlega. Hæstv. ráðherra þarf að svara fyrir það. Þetta er því ekki alveg svo slæmt.

Stundum kemur fyrir að menn þurfa að samþykkja útgjöld sem ná til alls síðasta árs, til ársins 2003. Það er vegna þess að ýmislegt ófyrirséð getur gerst í rekstri fyrirtækja, t.d. geta fallið dómsmál vegna atburða ársins 2003.

Mér finnst líka slæmt hjá hv. þm. að hann nefni ekki að staða ríkissjóðs batnar frá fjárlögum. Hún er 2.000 millj. kr. betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Heildarniðurstaðan er

því bara afskaplega jákvæð. Ef menn vilja gagnrýna eitt og annað þá mega menn gjarnan gera það en þeir mega ekki vera svo neikvæðir að láta sem allt sé að fara í kaldakol.

[11:52]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að meta ræðu mína efnismikla þótt hún hafi verið fullneikvæð að hans mati. Ég verð að hryggja hann með því að hann hefur þá misst af fyrri hluta ræðu minnar sem var jákvæður. Þar vakti ég sérstaka athygli á því og vonaðist til að þetta yrði niðurstaðan, að hagur ríkissjóðs batnaði vegna þess að tekjurnar væru miklu meiri en áætlað var. Ég benti hins vegar á að það vekti mann til umhugsunar um áætlanagerðina sem slíka.

Það verður hins vegar kannski svolítið neikvætt þegar í ljós kemur að þetta sé örlítið á skjön við fjárreiðulögin, sem sett voru 1997. Þau voru m.a. sett til að ná tökum á ríkisfjármálum og ég hef undanfarin ár þakkað sérstaklega fyrir og fagnað því að frumvarp til fjáraukalaga væri lagt fram nokkurn veginn samhliða fjárlögunum. Ég taldi hreinlega að ég væri búinn að óska svo oft til hamingju með þetta að óþarft væri að gera það einu sinni enn og það væri kominn tími til að skoða aðra hluti og reyna að bæta þá líka.

Hv. þm. verður að athuga að þótt einhvern tíma hafi ástandið verið afskaplega slæmt þá dugir það ekki til að réttlæta að hlutirnir geti ekki orðið betri í framtíðinni. Við hljótum að horfa fram á við í þeim efnum. Vissulega hefur margt verið bætt en við getum bætt ástandið enn frekar. Ég var að tala um að fjárveitingavaldið væri að hluta til komið frá Alþingi og þannig er það raunverulega í verki þótt formlega sé það hér. En ríkisstjórnin tekur ákvarðanir sínar í skjóli þess að hún hefur meiri hluta á Alþingi. Það er afskaplega hæpið að sá meiri hluti rísi upp gegn henni vegna „smærri upphæða". Valdið er því í raun og veru komið annað, því miður. En formlega er það hér áfram og við getum rætt um það og farið yfir það. En ég er ansi hræddur um að við fáum því ekki breytt.

Ég verð í seinna andsvari mínu, vegna þess að tíminn er rokinn frá mér, að fjalla um þau atriði í frumvarpinu sem upp hafa komið fyrir árið 2004.

[11:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var eiginlega fullkomlega sáttur við þetta svar. En af því að hv. þm. sagðist eiga meira eftir þá kem ég í andsvar svo að hann geti haldið áfram.

Það að ríkisvaldið styðst við meiri hluta Alþingis gefur því að sjálfsögðu ákveðið vald. En það þarf að sjálfsögðu að svara fyrir sig bæði gagnvart meiri hlutanum og eins gagnvart stjórnarandstöðunni. Fjárveitingavaldið er eftir sem áður á Alþingi í formi þess að menn þurfa að svara fyrir allar þær breytingar sem þeir óska eftir að fá gerðar á fjárlögunum. Þótt þeir hafi til þess meiri hluta þá þurfa þeir að sjálfsögðu að svara meiri hlutanum líka.

[11:55]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. sérstaklega þá tillitssemi að hafa komið hér upp bara til að gefa mér meiri tíma. Ég mun snúa mér að því sem ég átti eftir í fyrra andsvari mínu, að svara hv. þm. varðandi það sem hefur gerst fyrir árið 2004. Frumvarpið fjallar um árið 2004. Það á samkvæmt fjárreiðulögunum ekki að fjalla um annað en árið 2004. Ég var að vekja athygli á því að fjárreiðulögin gera vissulega ráð fyrir að slík tilvik geti komið upp sem hv. þm. nefndi, að eitthvað upplýsist jafnvel ekki fyrr en árið 2004 varðandi árið 2003, svo dæmi sé tekið. En þá er gert ráð fyrir því í fjárreiðulögum að slíkt sé lagfært í fjárlögum næsta árs. Menn sáu þetta fyrir og ég tel að við eigum að fara eftir fjárreiðulögunum.

Nú getur vel verið, og ég vona að hæstv. ráðherra upplýsi það síðar í umræðunum, að eitthvað í fjárreiðulögunum sé ekki nákvæmlega eins og best verður á kosið. Þá verðum við að lagfæra þau lög en meðan þau lög gilda þá hljótum við að stefna að því að fara eftir þeim eins nákvæmlega og unnt er. En ef eitthvað má betur fara í lögunum þá eigum við hiklaust að fara í það.

Það er ekkert launungarmál að við höfum rætt það í hópi þingmanna Samfylkingarinnar að leggja til í þingsölum að þessi lög verði tekin til endurskoðunar, að settur verði þingmannahópur svipað og gert var þegar síðast var farið í málið til að fara yfir lögin. Ég tel að frá árinu 1997 til ársins 2004 ætti að vera komin nægileg reynsla af þeim lögum sem við búum við. Það er eins og með önnur mannanna verk, að þessi lög geta ekki verið fullkomin. Það hlýtur að vera hægt að bæta þau. Það er trúlega kominn tími til að fara í þá endurskoðun og kanna hvað við getum betur gert í þessum efnum. Ég trúi því að hæstv. fjármálaráðherra væri manna fegnastur yfir því ef áhugi væri á að skoða þessi mál. Hæstv. ráðherra hefur einna mesta reynslu af því að fara eftir þessum lögum og væri vissulega þörf á að reyna að nýta sér þá þekkingu við slíka endurskoðun.

[11:59]

Útbýting:

Heilsugæslustöðin á Raufarhöfn, 120. mál, fsp. KLM, þskj. 120.

Kjör og vinnuskilyrði blaðburðarfólks, 116. mál, fsp. JóhS, þskj. 116.

Lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins, 119. mál, fsp. MÁ, þskj. 119.

Menningarkynning í Frakklandi, 115. mál, fsp. JóhS, þskj. 115.

Minjagildi kirkjumuna og kirkjugarða, 109. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 109.

Orkuvinnsla til vetnisframleiðslu, 125. mál, fsp. RG, þskj. 125.

Samræmd áfengisstefna á Norðurlöndum, 117. mál, fsp. JóhS, þskj. 117.

Símtöl til Grænlands, 112. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 112.

Tilraunir með vindmyllur, 124. mál, fsp. RG, þskj. 124.

Umferðarsektir, 110. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 110.

Undirbúningur í heilbrigðiskerfinu vegna umskorinna kvenna, 113. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 113.

Varnir gegn umferðarslysum, 111. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 111.

Vatnajökulsþjóðgarður, 121. mál, fsp. RG, þskj. 121.

Veiði í vötnum á afréttum, 126. mál, fsp. RG, þskj. 126.

Þjóðgarður norðan Vatnajökuls, 118. mál, fsp. MÁ, þskj. 118.

Þjónusta við yngri alzheimersjúklinga, 114. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 114.

[12:00]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. fjármálaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004 og er það í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, en þar er gert ráð fyrir að með frumvarpi til fjáraukalaga sé leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana innan ársins en fjárlög gera ráð fyrir og enn fremur að uppfæra og færa til þær breytingar sem orðið hafa á tekjum yfirstandandi árs.

Það er ágætt að fá samhliða frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár og frumvarp til fjáraukalaga fyrir þetta ár. Það skiptir afar miklu máli að Alþingi haldi þeirri stöðu sinni sem því ber lagalega, að bera ábyrgð á fjárlagavaldinu, hvernig gjöldum er ráðstafað og að tekjuöflun sé í samræmi við þá ákvörðun sem Alþingi hefur tekið ákvörðun um. Venjulega fylgir tekjuöflunin þeim settu reglum en varðandi útgjöld hafa þau haft tilhneigingu til þess og oftar en ekki brugðið svo við að fjárlögin séu unnin með þeim hætti að þau kalli sjálfkrafa á breytingar. Að ekki sé við fjárlagagerðina viðurkenndar og tekið fullt tillit til skyldna stofnana og einstakra verkefna á vegum ríkisins og þær fái til þess nauðsynlegt fjármagn.

Aðstæður geta líka breyst innan ársins. Alþingi getur samþykkt lög á yfirstandandi ári sem geta þegar í stað haft í för með sér aukin útgjöld. Auk þess geta komið upp aðstæður sem krefjast þess að ákveðnum atriðum sé breytt í fjárlögum. Til þess að tryggja að Alþingi taki um þetta ákvörðun lagði ég fram á Alþingi í fyrra og hittiðfyrra tillögur til breytinga á lögum um fjárreiður ríkisins sem tryggja enn betur að Alþingi hafi þetta vald, standi ekki frammi fyrir gerðum hlut af hálfu framkvæmdarvaldsins eins og oft vill bregða við.

Ég hef lagt til að lögum um fjárreiður ríkisins verði breytt þannig að strax að vori verði lagt fram frumvarp til fjáraukalaga sem taki til þeirra breytinga sem fram hafa komið á vetrinum frá því að fjárlög voru samþykkt í desember árið á undan. Þá séu lagðar fram tillögur fyrir þingið og þingið afgreiði þær breytingar sem orðið hafa, bæði hvað varðar tekjur og sérstaklega gjöld. Ef ástæða er til væri hægt að leggja fram eins og nú er gert önnur fjáraukalög að hausti þannig að tryggt væri að Alþingi hefði tekið ákvörðun um þau útgjöld og þær breytingar sem gera þarf á gildandi fjárlögum. Allt of oft stendur Alþingi frammi fyrir því að framkvæmdarvaldið hefur tekið ákvörðunina og Alþingi þarf svo að staðfesta, sem er nánast formsatriði. Ég tel að með þeim breytingum sem ég hef lagt til verði þetta miklu skilvirkara og öruggara og Alþingi stæði á rétti sínum í meðferð fjárlaganna.

Frú forseti. Ég hef líka lagt til að fjárlagaferlið sé unnið í miklu nánari tengslum við Alþingi. Það var mjög slæmt og Alþingi setti niður vinnulega við það að Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Hjá Þjóðhagsstofnun gátu alþingismenn og nefndir þingsins leitað eftir hlutlausri ráðgjöf og upplýsingum um framgang efnahagsmálanna. Núna eru þingmenn algerlega háðir því að fá upplýsingarnar frá fjármálaráðuneytinu. Ekki að það sé ekki eftir bestu vitund vönduð vinna en engu að síður er sjálfstæði þingsins svo mikilvægt hvað lýtur að fjármálum og meðferð þeirra og efnahagsmálum, að þingið hafi sjálfstæða stöðu og geti aflað gagna með sjálfstæðum hætti hjá óháðum aðilum. Þetta er ekki fyrir hendi og þess vegna er þingið mjög veikt í að fjalla um efnahagsmálin, um fjármálin og um einstakar breytingar á fjárlögunum eins og hér er einmitt verið að leggja fram með frumvarpi til fjáraukalaga. Ég tel mjög brýnt að þessu verði breytt og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðum fram í fyrra, og munum gera það aftur að öllu óbreyttu, tillögu um að stofnuð verði eins konar efnahagsstofa þingsins þar sem hægt væri að sækja upplýsingar þinginu til halds og trausts í þeirri vinnu sem það ber ábyrgð á.

Ég nefni þetta vegna þess að fjármálin, fjárlagaferlið og efnahagsmálin eru einn af hornsteinum þess sem við vinnum út frá og því mikilvægt að þingið haldi sjálfstæði sínu hvað það varðar.

Frumvarpið sem hér er lagt fram til 1. umr. gerir, eins og hæstv. fjármálaráðherra lýsti í upphafi, grein fyrir þeim breytingum sem hafa með eðlilegum hætti orðið á ýmsum teknaliðum sem hafa verið færðir upp eftir því sem staðan er og við best vitum. En þar eru líka tekin inn gjöld og gjaldaliðir sem hafa breyst á árinu, sumir vissulega ófyrirséðir en vitað um aðra.

Ég ætla ekki að fara mjög ítarlega í frumvarpið við 1. umr. Það fer að lokinni umræðu til fjárlaganefndar og þar gefst nefndinni tækifæri til að veita upplýsingar, staðreyna ýmislegt sem í frumvarpinu er og kalla til aðila sem henni finnst ástæða til til þess að vita hver staðan raunverulega er. Við 2. umr. fjáraukalaga verður þá hægt að taka umræðuna meira efnislega. Ég vil þó benda á einstök atriði sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs bentum þegar á við umræðu og afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár að væru vanáætluð og illa unnin og mundi valda vandræðum að taka ekki strax tillit til þeirra.

Ég minntist á framhaldsskólana í andsvari við hæstv. ráðherra áðan. Það var alveg ljóst við afgreiðslu fjárlaga í desember fyrir tæpu ári að það var vanáætlað til framhaldsskólanna og virtist vera hreinlega af ráðnum hug. Við vissum hvað voru margir í hverjum árgangi, öll gögn lágu fyrir um hvað þyrfti til þess að halda samsvarandi framhaldsskólarekstri eins og gert hefur verið undanfarið miðað við nemendafjölda. Félag framhaldsskólakennara, stjórnendur framhaldsskólanna, skiluðu meira að segja inn skriflegum erindum, nákvæmlega útfærðum um það hver nemendafjöldinn mundi að öllum líkindum verða á næsta ári og hvaða fjármagn þyrfti. Þetta lá allt fyrir. Samt var þrjóskast við og við munum eftir umræðunni í sumar þegar unglingarnir voru að sækja um skólavist í framhaldsskólunum og stóðu allt í einu frammi fyrir því, hundruð nemenda, að geta ekki fengið skólavist vegna fjársveltis framhaldsskólanna. Þetta var upplausnarástand.

Það skiptir miklu máli að sá rammi sem hið opinbera skapar og ber að skapa fyrir ungt fólk á menntunarleiðinni sé traustur og að hið opinbera gangi með góðu fordæmi í að byggja upp trúnað og gagnkvæmt traust milli aðila. Þá stóð

allt í einu unga fólkið frammi fyrir því að allir framhaldsskólar landsins sögðu: Við höfum ekki fjármagn til þess að taka ykkur inn, stóran hóp nemenda, og þeir biðu vikum og mánuðum saman eftir svari. Nokkuð sem var vitað fyrir mörgum árum því menn vissu nákvæmlega hve margt fólk var fætt á ári fyrir mörgum árum. Þegar 15–16 ára unglingar voru að sækja um skólavist í haust höfðu þeir fæðst fyrir 15–16 árum þannig að þetta þurfti alls ekki að koma á óvart. Ábyrgðarhlutinn að velja þetta fólk til að skapa þeim þessa óvissu er mikill. Það ætti frekar að vera á hinn bóginn. Við ættum að hafa það sem markmið að skapa því unga fólki sem sækir um skóla trausta umgjörð, enda kom á daginn að það vantaði nokkur hundruð millj. kr. til að hægt væri að veita öllum nemendum skólavist. Loksins eftir mikið japl og jaml og tog á milli menntamálaráðherra og fjármálaráðherra að því er virtist var gefin yfirlýsing um að sótt yrði um heimild upp á 250 millj. kr. til þess að hægt væri að taka að minnsta kosti hluta af þessum nemendum inn. Enn þá standa úti nemendur sem ekki hafa fengið skólavist sem lentu aftast í röðinni á þeim úrvalslista þegar verið var að taka inn nemendur. Svo stendur í texta frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Nemendaspá bendir til þess að fjöldi ársnemenda geti orðið allt að 1.100 umfram forsendur fjárlaga." Þess vegna er 250 millj. kr. allt of lág upphæð, enda stendur í textanum að lækka eigi framlag kennara og nemenda jafnframt.

Frú forseti. Ég bendi á að svona vinnur maður ekki. Það er hægt að vera með hegningaraðferðir og sveltiaðferðir gagnvart ýmsum málaflokkum eða beita svokölluðu aðhaldi en ekki gagnvart skólafólki. Það gerir maður ekki og ég gagnrýni mjög harðlega vinnubrögð ríkisstjórnarinnar gagnvart framhaldsskólunum og því unga fólki sem þar stundar nám. Þetta var vitað fyrir ári og sú staða sem upp kom í sumar átti ekki að þurfa að koma til. Við munum fá þá aðila sem eiga hlut að máli, stjórnendur framhaldsskólanna, á fund fjárlaganefndar til þess að athuga hver staðan er og ef enn vantar fjármagn til þess að taka á móti nemendum með sómasamlegum hætti munum við beita okkur fyrir því af öllum mætti.

Ég vil nefna annað dæmi sem lýsa vinnubrögðum. Lagt er til að auka fjármagn til héraðsdómstóla upp á 35 millj. kr., sem er ágætt en ég efast um að það sé nóg. Þetta lá líka fyrir fyrir ári. *Fulltrúar héraðsdómstólanna höfðu sent* erindi inn til Alþingis, til fjárlaganefndar um að það fjármagn sem þar væri væri af svo skornum skammti að þeir gætu ekki haldið uppi eðlilegri málsmeðferð og vinnslu mála eins og þeim bæri skylda til lögum samkvæmt og til þess að réttarríkið virkaði. Þetta lá allt fyrir. Við lögðum einmitt líka til þá að þetta yrði viðurkennt en ekki væri verið að hleypa málinu í hnút. Við tókum utandagskrárumræðu á Alþingi sl. vor um þetta og áfram var þá lamið höfðinu við steininn. Það er svo mikilvægt í samfélagi okkar nú að héraðsdómstólarnir haldi sjálfstæði sínu, að þeir þurfi ekki að vera að ganga bónarveg að ráðherrum sem hafa sýnt að fara alla vega með vald sitt gagnvart dómstólunum.

Það er svo auðvitað mikilvægt að dómstólarnir fái sjálfstæða stöðu og hvers vegna á þá að vera að hengja þá og svelta þá með þeim hætti að skera niður héraðsdómstólana úti um land. Þetta var allt vitað fyrir ári síðan. Það er því ánægjulegt að menn skuli nú viðurkenna a.m.k. hluta af því og veita hér inn 35 millj. kr. en ég efast um að það sé nóg og við munum kanna það í fjárlaganefnd og fá þangað aðila frá héraðsdómstólunum til að gera okkur grein fyrir því. Ég sé hér ekki tekið á t.d. sýslumannsembættunum úti um land sem líka er af einhverri áráttu haldið í einhvers konar sveltitreyju. Við vitum það. Þeir sendu erindi inn til fjárlaganefndar á síðasta hausti. Við vitum að verið er að svelta þessa þjónustu þar líka. Reyndar er verið að efla stöðu ríkislögreglustjóra í Reykjavík en það er bara allt annar hlutur. Það er ekki sú almannaþjónusta sem sýslumannsembættin standa fyrir úti um land. Við vonum að þar verði ekki tekin upp vopnuð löggæsla eða að sérsveitir ríkislögreglustjóra verði sendar til þess að sinna almenn um löggæslumálum. Ég nefni það, frú forseti, að við munum líka m.a. af því að ég er að fjalla um dómstólana óska eftir því frá sýslumannsembættunum hvernig staða þeirra er.

Að lokum langar mig að nefna Landspítala – háskólasjúkrahús sem við tökum svo sérstaklega fyrir seinna, en hér er gert ráð fyrir 675 millj. kr. fjárveitingu á fjáraukalögum. Upphæð sem var vitað um og var reyndar hálflofað fyrir ári síðan. Mig minnir að meiri hlutinn hafi verið að tala um, jafnvel meðan fjárlögin voru enn í vinnslu og ekki búið að afgreiða þau, a.m.k. fljótlega á eftir kom fram að spítalinn mætti reikna með því að fá helminginn af þessum 1.200 millj. á þessu ári og hinn á næsta til þess að standa undir einhverjum hagræðingarkröfum sem settar voru. Þetta var rætt. Alla vega minnist ég þess að hafa heyrt þá umræðu. Við vissum þetta og það komu upplýsingar til fjárlaganefndar um að það þyrfti á annan milljarð króna til þess að Landspítali – háskólasjúkrahús gæti staðið við þá lágmarksþjónustu sem þeir vildu inna af hendi þar því það var nefnilega stríð í kringum Landspítalann. Hérna er þó lögð til 675 millj. kr. fjárveiting sem ég dreg í efa að sé nema bara brot af því sem þarf til að sjúkrahúsið geti staðið með eðlilegum hætti að þeirri þjónustu sem við viljum að það geri. En við munum að sjálfsögðu kalla stjórnendur Landspítala – háskólasjúkrahúss fyrir nefndina til þess að fá að heyra hvernig fjármál standa þar.

Frú forseti. Eins og ég sagði í upphafi kemur þetta frumvarp til fjáraukalaga til fjárlaganefndar og þar gefst okkur tækifæri til að fara betur í gegnum einstök atriði þess. Okkur gefst tækifæri til að kalla til aðila sem við munum þurfa að kalla til til að vita hver staðan almennt er hjá þeim. Við vitum þó að undanfarin ár hafa margar stofnanir verið reknar með halla, margar mikilvægar þjónustustofnanir á vegum ríkisins hafa verið reknar með halla og að hluta til kippt stundum inn á fjáraukalögum án þess í rauninni að fara ofan í eða virða þjónustuskyldur þeirra. Það kann aldrei góðri lukku að stýra að kaupa á börnin sín stígvél sem eru 2–3 númerum of lítil og sama má ekki heldur henda ríkisvaldið, að skammta og reikna stofnunum sínum svo (Forseti hringir.) lítið fjármagn að það sé utan við raunveruleikann.

Frú forseti. Við munum skoða þetta betur í fjárlaganefnd þegar málið kemur fyrir nefndina.

[12:20]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frumvarp til fjáraukа-

laga fyrir árið 2004. Samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins ber að leggja það fram og ég vil í upphafi geta þess að mér finnst til fyrirmyndar að frumvarp til fjáraukalaga sé lagt fram á fyrstu dögum haustþings þannig að okkur gefist kostur á að fjalla um það samhliða fjárlagafrumvarpi næsta árs. Ég vil því lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst það til fyrirmyndar að frumvarpið komi fram strax í upphafi þings.

Í þessu frumvarpi er lögð fyrir Alþingi endurskoðuð tekjuáætlun og tillögur um breytingar á fjárheimildum ýmissa fjárlagaliða á árinu 2004. Þar er tekið tillit til m.a. nýrra lagasetninga, ófyrirséðra útgjalda, breytinga á forsendum og ákvörðunum ríkisstjórnarinnar um óskir til fjárveitingavaldsins um ný útgjöld. Í umræðunni um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 fjallaði ég almennt um ástand og horfur í efnahagsmálum og ríkisfjármálum og um mikilvægan þátt ríkisfjármála í hagstjórninni. Ég ætla ekki að endurtaka það í þessari umræðu heldur vísa til þeirrar ræðu sem ég flutti af því tilefni. Í fjárlögum ársins 2004 sem samþykkt voru í lok síðasta árs er gert fyrir 6,7 milljarða kr. tekjuafgangi á ríkissjóði á þessu ári. Þar voru áætlaðar heildartekjur 282 milljarðar og útgjöld rúmir 275 milljarðar. Endurskoðun áætlana samkvæmt því frumvarpi sem hér er til umræðu, fjáraukalaga 2004, gerir ráð fyrir að tekjuafgangur ríkissjóðs verði 1,1 milljarði meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum og verði alls 7,8 milljarðar. Þannig er gert ráð fyrir meiri tekjum en fjárlög gera ráð fyrir og það er einnig lagt til að fjárheimildir verði 6,3 milljörðum kr. hærri.

Almennt séð og á heildina litið má segja að hér sé um að ræða gott framlag til hagstjórnarinnar af hálfu ríkissjóðs og að þetta sýni bætta stöðu ríkissjóðs. Í frumvarpinu koma fram ýmsar upplýsingar sem vert er að gefa gaum og ég ætla í sjálfu sér ekki að fara yfir það í smáatriðum en ég vek þó athygli á því að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs batni verulega og er það auðvitað mikið ánægjuefni. Lögð hefur verið mikil áhersla á að bæta skuldastöðu ríkissjóðs á undanförnum árum og það markmið er í fullu gildi og því tel ég að hér sé á ferðinni mjög mikilvæg þróun í þeim efnum. Við höfum auðvitað rætt það margoft að bætt skuldastaða sparar okkur útgjöld í formi vaxtagreiðslna þannig að það er mjög jákvætt og gott ekki síst til framtíðar litið. Það ber einnig að vekja athygli á því sem fram kemur í frumvarpinu og við ræddum reyndar áður í sambandi við fjárlagafrumvarp 2005 að gert er ráð fyrir að hagvöxtur á þessu ári verði 5,5% sem er ekki lítið og er væntanlega með því mesta sem við höfum séð. Það er auðvitað í samræmi við þau markmið sem unnið hefur verið eftir, að halda uppi góðum hagvexti, og ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að hér er gert ráð fyrir að hagvöxtur ársins verði 5,5% og í þessu frumvarpi, í endurskoðaðri spá, er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 2 prósentustigum meiri en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Ég tel ástæðu til að halda því til haga, hæstv. forseti.

Ég vil einnig koma inn á það að ég tel að áætlanagerð á vegum ríkisins hafi farið mjög batnandi á undanförnum árum. Það hefur reyndar verið gagnrýnt í þessari umræðu eins og fleiri umræðum um fjárlög og fjáraukalög, menn hafa haldið því fram að ýmsu sé ábótavant í þeim efnum en ég fullyrði að vinnubrögðin hafi farið mjög batnandi og það er ánægjulegt og ég hvet til þess og veit reyndar að viðkomandi aðilar hafa áform um að gera enn betur og alltaf má gera betur. En ég tel ástæðu til að draga þetta fram í umræðunni, hæstv. forseti.

Ég legg einnig áherslu á það almenna sjónarmið að innihald fjáraukalaga eigi jafnan að vera hóflegt og sem minnst að umfangi og fyrst og fremst að innihalda fjárheimildir til að mæta sérstökum aðstæðum eins og kveðið er á um í lögum um fjárreiður ríkisins. Það er hins vegar út af fyrir sig eðlilegt að skiptar skoðanir séu um innihald svona frumvarps þar sem menn fjalla um einstök atriði þess. Eins og gengur er þar um að ræða ýmis atriði sem gefa tilefni til skoðanaskipta og það er bara eðlilegt. En það er auðvitað mikilvægt eins og við höfum margoft rætt að framkvæmdarvaldið umgangist þessa hluti af hófsemd. Ég tel hins vegar eins og ég hef sagt áður að framlagning fjáraukalagafrumvarpa hafi farið mjög batnandi, bæði það að nú er frumvarpið lagt fram í upphafi þings, á fyrstu dögum þess, sem er jákvætt og eins hefur umfang fjáraukalaga farið minnkandi á undanförnum árum sem ég tel einnig út af fyrir sig jákvætt og tel að þar gæti m.a. áhrifa af lögum um fjárreiður ríkisins þannig að þau hafi þá a.m.k. kallað fram ákveðinn árangur.

Ég vil, hæstv. forseti, nefna eitt atriði sem ég hef reyndar nefnt áður í umræðu, kannski ekki endilega í þessum stóli en annars staðar og velti því hér upp til umfjöllunar og umræðu vonandi, að ég tel að við eigum að skoða það hvort ekki sé rétt að taka það upp að frumvörp til fjáraukalaga verði ekki eingöngu lögð fram á haustþingi heldur einnig á vorþingi. Ég tel að slík breyting væri til bóta og ekki síst vegna þess að hún mundi fela í sér bættan aga og meiri aga í ríkisfjármálum og þar með bætt vinnubrögð. Við höfum rætt það bæði fyrr og nú að við viljum bæta vinnubrögðin og auka agann í ríkisfjármálunum. Því vil ég nefna þetta hér í því samhengi að ég tel að það sé vel og menn eigi að velta því upp hvort ekki sé rétt að fjáraukalög komi til umræðu og afgreiðslu Alþingis á vorþingi áður en þing fer í sumarhlé þannig að við séum ekki eingöngu að fjalla um þessi mál á haustþingi þegar jafnvel langt er liðið frá því að ákvarðanir voru teknar um tiltekna hluti. Ég tel að þetta sé mál sem við eigum að taka til umfjöllunar.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta öllu lengra. Frumvarpið fer nú til fjárlaganefndar til umfjöllunar og ég geri ráð fyrir því samkvæmt venju að þar komi fram einhverjar tillögur um auknar fjárheimildir eða jafnvel sparnað þannig að það verður fróðlegt að fjalla um þetta mál nú sem fyrr. Ég vænti þess að við eigum gott samstarf í nefndinni og veit að svo verður. Það er ákaflega góður og samhentur hópur í fjárlaganefnd og ánægjulegt að vinna með þeim hópi. Við munum síðan skila Alþingi tillögu um endanlega afgreiðslu á frumvarpinu þegar þar að kemur.

[12:29]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að endurtaka neitt af því sem fyrri ræðumenn fóru yfir í þessari umræðu og tel mig geta sparað mér þann tíma. Hv. þm. Jón Bjarnason minntist á framhaldsskólana og þá fjárveitingu sem þar er verið að leggja til í fjáraukanum og var auðvitað fjallað um við afgreiðslu fjárlaganna en ekki tekið til greina þá af ríkis-

stjórnarmeirihlutanum á hv. Alþingi að þar þyrfti aukafjárveitingar við en hún kemur svo síðan í fjáraukanum. Nóg um það. Það hefur verið rætt af öðrum.

Þar sem við höfum ekki fengið yfirferð á fjáraukalagafrumvarpinu í fjárlaganefnd frá fagráðuneytunum ætla ég aðallega við þessa umræðu að beina fyrirspurnum til fjármálaráðherra og annarra ráðherra ef þeir yrðu hér viðstaddir og málaflokkar sem ég ætla að koma að falla undir þá. Það eru nokkur atriði sem ég hefði gjarnan viljað fá upplýst ef hæstv. fjármálaráðherra hefur þær upplýsingar hjá sér en ég skal hins vegar virða það ef hann hefur þær ekki og getur upplýst það síðar eða fengið fulltrúa sína í fjármálaráðuneytinu eða fagráðuneytunum til þess að upplýsa það sem ég spyr um.

Í fyrsta lagi langar mig til þess að varpa fram þeirri spurningu hvað hið svokallaða Tetra-kerfi hafi kostað á undanförnum árum, þ.e. upptaka þess, hönnun og annað slíkt. Hér er farið fram 51 millj. kr. m.a. til viðbótarsamnings vegna Tetra-kerfisins. Við höfum heyrt í fréttum að menn telja að þetta kerfi standi alls ekki undir þeim væntingum sem gerðar voru til þess og þá vekur þetta auðvitað athygli. Ég held að ég muni það rétt að á undanförnum árum hafi verið settir í það allnokkrir fjármunir og menn hafi bundið vonir við að kerfið yrði fullnægjandi en það virðist ekki vera og hér er farið fram á aukafjárveitingu. Ég hefði talið það ákaflega fróðlegt fyrir okkur í þessari umræðu og umfjöllun á næstu vikum og mánuðum ef fjármálaráðherra gæti upplýst hvort gerð hefði verið einhver úttekt á þessu ferli, þeim kostnaði sem hefur fylgt þessari tæknivæðingu, ef við getum orðað svo, varðandi Tetra-öryggiskerfið. Því spyr ég um þetta og vona að fjármálaráðherra geti upplýst það, en ef ekki virði ég það en fer þá fram á það við hann að hann sjái til þess að þær upplýsingar berist okkur síðar eða við fáum þær þá örugglega eftir öðrum leiðum. Ég er í raun og veru að fara fram á það við hæstv. fjármálaráðherra að málið verði skoðað nokkuð gaumgæfilega, í hvaða farvegi það er og hver viðbótarkostnaður hefur verið á undanförnum árum og hvert við stefnum yfirleitt, hvort kerfið nægi til þess að uppfylla þá þjónustu sem við vildum vissulega fá út úr því varðandi öryggi o.s.frv.

Ég vil líka benda á, hæstv. forseti, að hér er gert ráð fyrir og farið fram á 300 millj. kr. til viðbótarfjárheimilda vegna Ábyrgðasjóðs launa. Það stafar væntanlega af því að Ábyrgðasjóður launa hefur fengið á sig umtalsvert hærri kvaðir en menn gerðu ráð fyrir í fjárlögum. Það kemur reyndar fram hér að á fyrstu sjö mánuðum ársins voru útgjöld sjóðsins 501 millj. kr. og gert er ráð fyrir því að heildarútgreiðslur á árinu nemi á milli 800 og 850 millj. kr. en fjárheimild sjóðsins var 527 millj. í fjárlögum. Ég tel að það sé mikið áhyggjuefni varðandi ábyrgðasjóðinn hve mikið fellur á hann í sambandi við gjaldþrot fyrirtækja þar sem launakröfur launamanna færast yfir á sjóðinn. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. fjármálaráðherra færi nokkrum orðum um þetta atriði sem ég geri ráð fyrir að hann þekki vel til.

Síðan er það áhyggjuefni sem hér er sett fram varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem farið er fram á að fjárheimildir hans hækki um 948 millj. kr. Ástæður þess eru auðvitað af ýmsum toga. Í fyrsta lagi er atvinnuleysi meira en menn gerðu ráð fyrir. Er það náttúrlega í nokkurri mótsögn við það sem hæstv. forætisráðherra gerði að umræðuefni í stefnuræðu sinni þar sem hann taldi að atvinnuleysi væri að minnka. Ég held ég hafi upplýst það hér í umræðunni, m.a. með því að vitna til Vinnunnar, fréttabréfs ASÍ, um áhyggjur manna þar á bæ um hvernig atvinnuleysið hefur verið að þróast, að langtímaatvinnuleysi fari vaxandi og atvinnuleysi ungs fólks fari einnig vaxandi og ekki horfur miðað við framsetningu þeirra að það sé að breytast, því miður.

Það er mikið áhyggjuefni ef atvinnuleysið ætlar að verða meira en menn gerðu ráð fyrir á komandi árum, þrátt fyrir að menn séu, a.m.k. í ríkisstjórninni, að tala um þenslu sem þurfi að taka sérstaklega á og skera niður atvinnustig í landinu í því sambandi. Þetta stafar kannski líka af því að ríkisstjórnin gerði samkomulag í mars 2004 í sambandi við lausn kjarasamninga. Þar voru sjóðnum fengin ýmis verkefni sem hér er gerð grein fyrir að nemi alls 410 millj. fram til ársins 2007. Það er því ekki bara aukið atvinnuleysi sem leggst á sjóðinn, heldur önnur verkefni sem ríkið hefur samið um að sjóðurinn taki að sér. Það breytir ekki því að heildartalan sem sótt er um í sjóðinn er tæpur milljarður. En ég held að við þurfum sérstaklega að hafa áhyggjur af því ef atvinnuleysi er að þróast með þeim hætti sem var lýst í fréttabréfi ASÍ.

Þess vegna orða ég það hér og velti því fyrir mér hvort sú spá sem kemur fram um þróun atvinnuleysis á næstu árum fái staðist núna í ljósi reynslunnar. Það hefur ekki gengið eftir, því miður, sem menn gerðu ráð fyrir, atvinnuleysið er meira og það kostar auðvitað fjármuni. Það var líka gert að umræðuefni m.a. undir stefnuræðu forsætisráðherra og reyndar einnig við umræðuna um fjárlögin 2005 sem menn tala um sem kannski falið atvinnuleysi, þ.e. fjölgun öryrkja og kostnað því samfara sem lendir á þjóðfélaginu.

Það eru ákveðnar vísbendingar í fjáraukalagafrumvarpinu sem mér finnst nauðsynlegt, hæstv. forseti, að víkja að. Það kemur eiginlega best fram þegar skoðaður er kaflinn undir liðnum Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og við horfum á tölur eins og endurhæfingarlífeyri. Þar er farið fram á 250 millj. kr. í hækkun. Þar er sagt, með leyfi forseta, um þetta:

„Árið 2003 voru útgjöld vegna endurhæfingarlífeyris 522 millj. kr. Í fjárlögum er gert ráð fyrir að hann nemi 582 millj. kr. en þróun innan ársins bendir til að útgjöldin verði um 832 millj. kr. Fjölgun bótaþega er verulega umfram það sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Á árinu 2003 nam fjölgun innan ársins 212 einstaklingum sem er um 50%." — Og svo segir: „Gert var ráð fyrir að á árinu 2004 dragi úr þessari aukningu."

Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra að því og vissulega væri gott að geta líka spurt heilbrigðis- og tryggingaráðherra sem veit kannski meira um málið, en ég spyr fjármálaráðherra af því að hann er viðstaddur: Hvað vita ráðherrarnir um þetta mál sem styrkir það mat þeirra að það dragi úr þessum fjölda á þessu ári og þá vonandi einnig á komandi ári?

Ég sé ekkert í þeim vísbendingum sem við höfum verið að ræða, m.a. um fjölgun öryrkja, sem gefur tilefni til þess að draga þá ályktun sem hér er sett fram. Því spyr ég: Er

það svo að þessi vísbending sé það skýr og klár að hægt sé að setja þennan texta inn í fjáraukalagafrumvarpið: „Gert var ráð fyrir að á árinu 2004 dragi úr þessari aukningu“? Ef svo er væri auðvitað gott að fá það upplýst ef vísbendingar eru um það. Ég held ég hafi séð hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hér áðan. Kannski heyrir hann orð mín og getur komið inn í umræðuna og upplýst þetta.

Ég geri þetta að umræðuefni vegna þess að það er verið að tala um að kostnaður vegna öryrkja hér á landi séu miklu meiri og þeim fjölgi meira en menn gerðu ráð fyrir. Þess vegna kem ég þessari framsetningu ekki alveg heim og saman.

Hér er talað um endurhæfingarlífeyrinn og undir liðnum Örorkulífeyrir er farið fram á 240 millj. kr. hækkun á fjárveitingum vegna örorkulífeyris.

Það vekur hins vegar athygli að undir liðnum Ellilífeyrir er talað um 70 millj. kr. lækkun og tekjutrygging ellilífeyrisþega lækkar um 211 millj. Ég spyr þá líka hæstv. fjármálaráðherra: Hvað er að gerast hér?

Tekjutryggingarauki ellilífeyrisþega lækkar um 40 millj. en allar vísbendingar varðandi örorkulífeyrisþega eru um hækkun. Tekjutrygging örorkulífeyrisþega hækkar um 201 millj. í fjáraukanum og tekjutryggingarauki örorkulífeyrisþega hækkar um 73 millj.

Allar vísbendingar í fjáraukalagafrumvarpinu benda því til þess að kostnaður sem snýr að öryrkjum sé að hækka, en kostnaður sem snýr að ellilífeyrisþegum sé að sumu leyti jafnvel að lækka frá því sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

Ég vildi gjarnan að hæstv. fjármálaráðherra færi um þetta nokkrum orðum. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta sé rætt og gefin mynd af því hvaða samhengi er í þessum breytingum og þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um að örorkulífeyrisþegum sé að fjölga mikið. Við höfum verið að víkja að því sum, alla vega í stjórnarandstöðunni, að það kynni að vera vegna þess að atvinnuleysi væri meira og atvinnumarkaðurinn væri harðari og þeir sem hefðu minna afl og getu, hefðu takmarkaða starfsgetu, sætu eftir á vinnumarkaðnum og fengju ekki vinnu og þar af leiðandi fjölgaði örorkulífeyrisþegum m.a.

Vísbendingarnar hér hníga í þá átt að allur kostnaður samfara örorkulífeyri og öðru slíku vaxi, endurhæfing og ýmislegt fleira þó að endurhæfing sé ekki bara til örorkulífeyrisþega, en t.d. tekjutrygging og tekjutryggingarauki til ellilífeyrisþega lækki.

Við vitum jú að tekjutryggingarauki og tekjutrygging ellilífeyrisþega er þannig útfærð að ef þeir eiga von á því að fá eitthvað úr lífeyrissjóði skerðir það þessar bætur. Það kann að vera tengt því að fleiri ellilífeyrisþegar fái meiri lífeyri. Ég vona sannarlega að svo sé, en ég veit hins vegar að það er talsvert mikill fjöldi ellilífeyrisþega sem mun búa við það á næstu árum að eiga mjög lítinn ellilífeyri. Ég kalla það lítinn ellilífeyri þegar menn eiga undir 50 þús. kr. í réttindum, svo ráðherra átti sig því hvað ég miða við. Þegar menn eiga undir 50 þús. kr. í lífeyrisjóðsréttindum kalla ég það lítinn lífeyri. Jafnvel sú upphæð skerðir bæturnar sem ég hef gert hér að umræðuefni.

Það er eitt annað atriði sem ég vildi gjarnan minnast á við hæstv. ráðherra og er í raun og veru til að fá upplýsingar ef hann veit það, en ég tek það til greina ef hann er ekki með þær upplýsingar á takteinum.

En hér framarlega í þessu frv. til fjáraukalaga er heimild til þess að selja rannsóknarskipið Dröfn og verja andvirðinu til kaupa á rannsóknartækjum fyrir Hafrannsóknastofnun. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er vitað hvaða hagræðing er talin fylgja því að selja rannsóknarskipið Dröfn, þetta minnsta rannsóknarskip stofnunarinnar? Hefur Hafrannsóknastofnun lagt eitthvað fram um það? Skipið hefur sinnt ýmsum verkefnum, bæði innfjarðarannsóknum og einnig rannsóknum á úthafsrækju og humri o.s.frv., sennilega með minnstum útgerðarkostnaði Hafrannsóknastofnunar miðað við skip hennar. Ég geri ráð fyrir að kostnaðurinn við útgerð Drafnar sé töluvert minni en t.d. við hið nýja skip Árna Friðriksson og jafnvel gamla Bjarna Sæmundsson og að þau verkefni sem þetta skip hefur sinnt á undanförnum hafi þar af leiðandi kostað minna en það muni kosta með hinum tveimur skipunum sem eftir eru. Ég átta mig sannarlega ekki á því hvernig Hafrannsóknastofnun ætlar að spara í rekstri sínum með því að leggja þetta skip af og hvort þá eigi að láta stærri skipin sinna þessum verkefnum með mun meiri kostnaði. Fyrir utan að ég vil segja það við hæstv. fjármálaráðherra að ég held að markaður fyrir kvótalaus skip sem eru útbúin til fiskveiða sé ekki góður eins og staðan er hér á landi nú. Úr því að menn töldu ástæðu til að fresta símasölunni hérna um árið held ég að menn ættu nú að skoða það hvort þeir eru yfirleitt að fá nokkurn skapaðan hlut fyrir þetta skip sem er þó að sinna mörgum verkefnum sem dýrari skip verða svo látin sinna á næstu mánuðum og árum. Ég er nú bara vinsamlega að benda fjármálaráðherra á að ég er ekki viss um að þessi gerð Hafrannsóknastofnunar muni spara stofnuninni peninga og fjármuni á komandi árum og þess vegna spyr ég að þessu. Andvirði Drafnarinnar sem á að verja til tækjakaupa í hafrannsóknaskipin kann að verða eitthvað en ég er ekki viss um að það verði mjög mikið sem fyrir það fæst, virðulegi forseti.

Ég á nú lítið eftir af tíma mínum og ætlaði aðallega að nota þessa ræðu til að fá upplýsingar frá fjármálaráðherra. Það hef ég gert með því að beina þessum spurningum til hæstv. fjármálaráðherra og ég vona að hann leitist við að svara þeim eftir bestu getu en skal virða það ef hann hefur upplýsingarnar ekki handbærar hér en vænti þess þá að minni hans, sem ég veit að er afar gott, dugi til þess að hann komi þessum athugasemdum áleiðis.

[12:48]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil taka undir það sem aðrir hafa sagt sem komið hafa hér á undan mér að það er að sjálfsögðu gott fyrir okkur að hafa þetta frumvarp hér nú til umfjöllunar samhliða því að við erum að fjalla um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2005. Það munar talsvert miklu að hafa þetta allt saman á borðinu á sama tíma og sparar ábyggilega talsvert í umræðunni seinna meir að geta gert þetta með þessum hætti.

Ég vil jafnframt taka undir það sem fram kom í ræðu hv. formanns fjárlaganefndar, Magnúsar Stefánssonar, að við eigum að velta því fyrir okkur í alvöru hvort ekki væri rétt að leggja fjáraukalagafrumvarpið fram tvisvar ári einfald-

lega vegna þess að ég held að fjármálaráðuneytið mundi með því uppfylla, miklu frekar heldur en nú er, tilkynningarskyldu sína til fjárlaganefndar um óvænt útgjöld sem upp hafa komið og óvænt útgjöld sem bregðast þarf við og greiða jafnvel fljótlega án þess að heimildir séu fyrir því í fjárlögum.

En frumvarpið sem hér er lagt fram og við erum að velta fyrir okkur ber því að sjálfsögðu órækt vitni að mikil þensla er á Íslandi og við verðum að segja hlutina eins og þeir eru, að ríkissjóður nánast veður í peningum vegna þeirra miklu umsvifa sem eru í efnahagslífinu.

Auðvitað vita menn og það hefur margverið sagt að partur af þessum miklu tekjum ríkissjóðs kemur til vegna þess að viðskiptahallinn er sú vél sem drífur áfram þessa miklu tekjuaukningu og að hluta til getum við sagt að það gengur meðan ekki stoppar. En við getum ekki og eigum ekki að byggja útgjöld til framtíðar á viðskiptahalla eða tekjum af viðskiptahalla eins og mér sýnist að við séum að gera núna og jafnvel í fjárlögunum fyrir árið 2005, heldur hljótum við að þurfa að velta því fyrir okkur að þegar þannig árar verðum við að gera betur í því að taka til hliðar fjármuni til þess tíma þegar ekki er um jafnmiklar tekjur að ræða vegna þess að viðskiptahallinn er þá ekki að búa til neinar tekjur fyrir ríkissjóð.

Auðvitað er það ánægjulegt fyrir þann sem passar ríkiskassann og það liggur við að við getum sagt að hann sé orðinn skattakóngur Íslandssögunnar. Ekki það að hæstv. fjármálaráðherra sé að borga hæstu skatta og sé skattakóngur þess vegna heldur vegna þess að þeir skattar sem nú er verið að innheimta eru með hæstu sköttum sem við höfum séð sem hlutfall af vergri landsframleiðslu og við hljótum að velta fyrir okkur hvenær nóg er komið. Að vísu höfum við séð tillögur um það að lækka tekjuskatt lítillega í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 en ríkissjóður er að fá geysimiklar tekjur um þessar mundir.

Þessar miklu tekjur þýða að það er verið að skila fjáraukalagafrumvarpinu sem við ræðum hér með afgangi þrátt fyrir að bein útgjöld ríkisins umfram fjárlög aukist um rúma 6,3 milljarða á þessu ári. Þetta eitt og sér hlýtur að sýna okkur hvers konar gósentíð ríkir nú í fjármálum ríkisins því þrátt fyrir að útgjöld aukist um 6,3 milljarða þá er afgangur á þessu fjáraukalagafrumvarpi. Gleði okkar má þó ekki fara úr böndum og það er full ástæða til að inna eftir skýringum á sumu af því sem fram kemur í þessu frumvarpi og byrja þá á tekjum og þeim forsendum sem gengið var út frá þegar fjárlög ársins 2004 voru samþykkt.

Óneitanlega hlýtur maður að velta því yfir sér hvað orðið „stöðugleiki“ og hin mikla notkun ríkisstjórnarflokkanna á því orði þýði ef sú mikla breyting sem hér kemur fram er forsenda fyrir því og á að vera til marks um einhvern stöðugleika. Ef það sem blasir við okkur þar er stöðugleiki hvaða orð nota stjórnarherrarnir þá þegar hlutirnir fara á fleygiferð?

Á bls. 51 í frumvarpinu er tafla um breytingu þjóðhagsstærða frá fjárlögum og til þeirrar áætlunar sem nú gildir. Þar kemur fram að forsendur um breytingar á þjóðhagsstærðum standast ekki og eru langt frá því sem áætlað var og grundvallað á þegar fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2004 var lagt fram.

Auðvitað eiga fjárlög að byggja á eins vandaðri áætlanagerð og mögulegt er og það hlýtur að skipta okkur miklu máli að þegar við grundum okkar ákvarðanir um útgjöld á einhverri hagvaxtarspá sem hagspekingar senda frá sér að við getum treyst þeirri spá og þær breytingar sem menn gera ráð fyrir á þjóðhagsstærðum séu nálægt lagi. Auðvitað er alltaf betra, eins og er í þessu frumvarpi, að skekkjan sé í þá átt að tekjur aukist og verði meiri frekar en að það sé gjaldamegin. Það er háttur góðra búmanna að eiga fyrningar til að hlaupa upp á ef á þarf að halda. En fyrr má nú rota en dauðrota þegar við skoðum hvernig forsendurnar sem lagðar voru fyrir fjárlagafrumvarpinu 2004 standast.

Fjárlögin gerðu ráð fyrir því að einkaneyslan mundi aukast um 3,5%. Raunin er sú að hún eykst um 7%, 3,5 prósentustigum meira en ráð var fyrir gert eða um 100%. Hún eykst helmingi meira en ráð var fyrir gert. Auðvitað sjáum við það svo þegar við förum að skoða frekari tölur eins og vaxtabætur sem verið er að borga að lántaka einstaklinga hefur aukist talsvert mikið og er það partur af því að slík einkaneysla getur aukist með þessum hætti, en samt sem áður hlýtur að vera eitthvað að áætlunargerð sem nær ekki að vega og meta og mæla væntanlega breytingu á einkaneyslu milli ára með nákvæmari hætti en hér kemur fram.

Það er ekki bara einkaneyslan sem spáin mælir ekki eða mælir kolvitlaust heldur flestar aðrar þjóðhagsstærðir og ég ætla, með leyfi forseta, að renna aðeins yfir þær stærðir og hvernig þær spár hafa staðið sem ég er hér að tala um.

Það var gert ráð fyrir að fjárfesting mundi aukast um 8,5%. Hún eykst um 17,24%. Hún eykst um 103% umfram það sem ráð var fyrir gert, vöxturinn er meiri en helmingi meiri en ráð var fyrir gert. Þjóðarútgjöldin, heildarþjóðarútgjöld, það var gert ráð fyrir að þau mundu vaxa um 4%. Þau vaxa um 8% samkvæmt þeirri spá sem nú liggur fyrir, aftur 100%, aftur helmingi meiri vöxtur en ráð var fyrir gert.

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að hagvöxturinn verði 5,5%. Þegar við vorum að ræða fjárlög þá var gert ráð fyrir 3,5%. Það munar tveimur prósentustigum eða tæpum 60% sem vöxturinn er meiri en ráð var fyrir gert.

Innflutningurinn á vöru og þjónustu, það sem stendur kannski að mestu leyti að baki viðskiptahallanum, hvernig hefur hann þróast og hvernig var spáin um þennan innflutning? Jú, það var gert ráð fyrir að innflutningur mundi aukast um 5,75% þegar við vorum að ræða fjárlögin fyrir árið 2004, en hann eykst um 12,75%, um 7 prósentustigum meira eða 122%.

Ekki er undarlegt að menn velti fyrir sér hvernig í ósköpunum eigum við — þegar við erum að fara yfir fjárlög og velta fyrir okkur með hvaða hætti við eigum að útdeila þeim tekjum sem inn koma — að geta gert það á einhvern vitrænan hátt þegar áætlanir fjármálaráðuneytisins um þróun helstu þjóðhagsstærða er með þeim hætti sem hér kemur fram?

Ef við skoðum spá um launa- og verðlagsforsendur, hvernig meðalbreytingin er í prósentum, þá er gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpinu árið 2004 að ráðstöfunartekjur á mann mundu aukast um 5%. Þar fóru þeir nálægt lagi. Nú tala menn um að þær aukist um 4,5% þannig að þær aukist

aðeins minna en ráð var fyrir gert. Þarna kemur lítils háttar mínus en ekki í tekjunum.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann, það var gert ráð fyrir að hann yrði 2,5%, mundi aukast um 2,5%. Áætlunin núna gerir ráð fyrir vexti upp á 1,5% og þarna munar ansi miklu, heilu prósenti.

Atvinnuleysi er síðasta talan í þessum þjóðhagsstærðum sem ég ætla að fara yfir. Það var gert ráð fyrir að það yrði 2,5% á ársgrundvelli. Það eykst í núverandi spá, og nú gerir fjármálaráðuneytið ráð fyrir því að það verði 3% og hækki um hálft prósentustig. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill vekja athygli ræðumanns á því að það er áformað að gera hér fundarhlé klukkan eitt. Forseti gerir ráð fyrir að ræðumaður eigi eftir einhvern tíma enn með mál sitt þannig að forseti vill spyrja hvort þingmaðurinn vilji ljúka ræðu sinni núna eða hvort hann vilji velja hentugan stað til þess að fresta ræðu sinni á næstu einni eða tveimur mínútum.)

Ég held, virðulegi forseti, að það sé bara ágætis staður í ræðunni til að fresta henni núna og við tökum upp þráðinn þar sem frá var horfið eftir mat.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti þakkar fyrir það og þá er fundi frestað til klukkan hálftvö.)

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:31]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni fyrir fundarhlé að ég var að fara yfir forsendur þjóðhagsspár og hve illa þær hefðu staðist, sem m.a. þýðir að skattur eða tekjur ríkisins aukast um rúma 8 milljarða kr. á rekstrargrunni frá forsendum fjárlaga. Skattur á fjármagnstekjur einstaklinga sem dæmi eykst um 2.100 milljónir. Þar á bak við eru að sjálfsögðu fjármagnstekjur upp á 21 milljarð kr., sem er dágóður skildingur svona til viðbótar við það sem búið var að áætla áður.

Það er reyndar til umhugsunar fyrir okkur að heildarfjármagnstekjuskattur á einstaklinga er áætlaður 7,7 milljarðar á þessu ári og að baki þess hljóta að liggja 77 milljarðar í fjármagnstekjum einstaklinga, tekjum sem eru í formi vaxta, arðgreiðslna og söluhagnaðar af hlutabréfum hjá einstaklingum einum á einu ári.

Gjaldstofn til tekjuskatts og útsvars í síðustu álagningu tekjuskatts nam 483 milljörðum. Þessi gjaldstofn kemur til af vinnu einstaklinga með höndum og höfði. Álagning á hann, að teknu tilliti til persónuafsláttar vegna tekjuskatts til ríkis, er um 25%, útsvarið er um 13% og nettótekjuskattur um 12%.

Það hlýtur að vekja okkur til umhugsunar um forgangsröð ríkisstjórnarinnar þegar kemur að skattamálum að tekjur sem skapaðar eru með vinnu bera að meðaltali 25% skatt til hins opinbera en ef tekjurnar verða til í formi vaxta, arðgreiðslna eða söluhagnaðar hlutabréfa þá skal einungis greiða 10% í skatt.

Er nokkur furða þó að allir reyni sem geti að koma tekjum sínum í seinna formið og greiða þannig mun lægri skatt en annars hefði orðið? Ef skattstofn til fjármagnstekna hefði borið sama hlutfall og almennar launatekjur hefði skattgreiðslan af þeim 77 milljörðum orðið 19,3 milljarðar en ekki 7,7 milljarðar.

Ég er svo sem ekki neinn sérstakur talsmaður skattpíningar eða að skattpína allt og alla en ég held að kominn sé tími til þess fyrir okkur að reyna að jafna þetta hrópandi óréttlæti aðeins.

Stimpilgjöldin eru líka skattur sem hækkar afar mikið milli fjárlaga og fjáraukalagafrumvarps. Það er ekki lítil hækkun að gera ráð fyrir 850 millj. kr. hækkun á þeim skatti. Þetta er dæmi um óréttlátan skatt sem oft lendir á þeim sem erfitt eiga með að borga. Þessi skattur og hin mikla aukning hans mun að hluta til éta upp það hagræði sem margir annars sæju sér í því að endurfjármagna lán sín í hinum nýju kjörum sem bankarnir bjóða nú á húsnæðislánum.

Ekki er lokið álagningu á lögaðila þannig að erfitt er að gera sér grein fyrir hver niðurstaðan verður þar. En í heildina tekið getum við sagt að skattamylla ríkisins malar nú sem aldrei fyrr og við sjáum í þeim áætlunum sem liggja fyrir að tekjur ríkisins verða geysilega miklar.

Einn lítill glaðningur til viðbótar fyrir ríkiskassann er sá að Áfengisverslun ríkisins mun greiða 500 milljónir aukalega í arð, eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, til ríkisins af gróða sem safnast hefur upp hjá henni í sjóðum og það er venjan að þegar yfir flýtur í sjóðum áfengisverslunarinnar þá kallar ríkið eftir peningum í arðgreiðslur.

Förum þá í kafla sem heitir Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir. Þar vakti athygli mína að gert er ráð fyrir að Landsvirkjun endurgreiði ríkinu 400 millj. kr. vegna virkjanarannsókna, sem ríkið hefur þá væntanlega ráðist í og Landsvirkjun á að njóta. Landsvirkjun þarf ekki að punga út fyrir þessu á einu bretti heldur borgar þetta á raðgreiðslum í formi skuldabréfs og mér finnst eðlilegt að spurt sé: Hvaða virkjanarannsóknir er hér um að ræða? Njóta önnur orkufyrirtæki sem ríkið er aðili að sömu fyrirgreiðslu, þ.e. að ríkið ráðist í rannsóknir og þau fyrirtæki endurgreiði það síðar svona eftir atvikum? Hvað er þetta skuldabréf til langs tíma og hvaða vaxtakjör ber það? Að síðustu, af því að við erum að tala um fjáraukalög: Var hér um ófyrirséðan atburð að ræða og á þessi gjörningur erindi inn í fjáraukalögin?

Í heimildakaflanum í frumvarpinu er óskað heimildar til að Flugmálastjórn Íslands ráðstafi 250 millj. kr. af eigin fé Alþjóðaflugþjónustunnar í tengslum við hlutafélagastofnun á grundvelli 7. gr. laga nr. 60 frá 1998. Ástæðan er sögð í skýringum að í frumvarpinu sé stofnunin að kaupa rekstur fjarskiptamiðstöðvarinnar á Gufunesi af Landssíma Íslands. Spurning hvort Landssíminn hefur þurft á því að halda að selja einhverjar eignir til að geta farið að sýna enska fótboltann. En þetta skýrir ekki fyrir mér hvaða hlutafélag er verið að stofna og með því að skoða 7. gr. laga nr. 60 skýrist það ekkert frekar.

En þessi grein segir, með leyfi forseta:

„Flugmálastjórn skal heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna og eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnanir með það að markmiði að vinna að rannsókn og þróun á starfssviði stofnunarinnar og hagnýta niðurstöð-

ur þess starfs.

Enn fremur er Flugmálastjórn heimilt með samþykki samgönguráðherra að stofna hlutafélag til að markaðsfæra og selja þjónustu stofnunarinnar.

Þá skal Flugmálastjórn heimilt, að fengnu samþykki samgönguráðherra, að eiga aðild að fyrirtækjum sem eru hlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð eða sjálfseignarstofnanir og fela þeim að annast framkvæmd og rekstur á einstökum þjónustuþáttum á starfssviði stofnunarinnar, enda sé slíku félagi eða fyrirtæki gagngert komið á fót í þessu skyni.

Fjárveitingar samkvæmt þessari grein skulu vera samkvæmt heimild í fjárlögum og samgönguáætlun."

Ekki er óeðlilegt að óskað sé skýringa á því hvað þarna er á ferðinni og einnig hvort um er að ræða ófyrirséðan atburð sem á heima í fjáraukalögum eða, ef um er að ræða nauðsynlega stofnun hlutafélags, hvort ekki hefði mátt bíða fjárlaga ársins 2005. En ég geri mér ekki grein fyrir því í fljótu bragði hvað það er sem Flugmálastjórn er að fara að gera, hvort hún ætlar að reka þessa fjarskiptamiðstöð í Gufunesi og selja þá þjónustu einhverjum öðrum aðilum, hvort hún kemur til með að eiga þetta hlutafélag ein eða hvort einhverjir aðrir koma þar að og spurning um hvað þetta er og af hverju liggur svo mikið á að koma þessu inn.

Ef við skoðum gjaldaliðina þá eru, eins og áður hefur komið fram í umræðunni, nokkuð margir liðir sem menn velta fyrir sér af hverju eru í frumvarpi til fjáraukalaga en bíði ekki eftir fjárlögum ársins 2005. Þegar lesið er í gegnum skýringar við ýmsar fjárveitingar sem hér eru, þá veltir maður því oft og tíðum fyrir sér hvað sé á ferðinni.

Undir menntamálaráðuneytinu er styrkur til útgáfumála undir liðnum Ýmis fræðistörf. Þar er verið að sækja um 6 millj. kr. framlag til verkefnisins Þjóðsagan um Gretti, teiknimynd. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 1 millj. kr. framlagi til verkefnisins, segir hér, en það átti að vera 7 milljónir.

Ég fór að velta fyrir mér þegar ég sá þennan texta hvernig þetta hefði verið í fjárlagavinnunni á árinu 2004 og mundi þá eftir að teiknimyndasagan um Gretti var eitt af mörgum góðum verkefnum sem við vísuðum til menntamálanefndar með það hvaða styrki ætti að veita hverju verkefni. Við fengum til baka frá menntamálanefnd að teiknimyndasagan um Gretti ætti að fá 1 millj. kr., það var tillaga þeirra. Við settum það inn og það er staðfest hér í sölum Alþingis að teiknimyndasagan um Gretti — sterka væntanlega, ekki köttinn Gretti — ætti að fá 1 millj. kr. Svo dúkkar upp í fjáraukalögum texti sem segir: Teiknimyndasagan um Gretti átti að fá 7 millj. kr. — átti að vera 7 millj. kr. Maður hlýtur að spyrja og um hugann fara orð eins og bananar og jafnvel spilling: Hvernig getur það verið þegar við erum búin að taka svona erindi fyrir, eitt af mörgum góðum — ég er ekki að lasta erindið — það fer í sinn farveg á þinginu til fagnefndarinnar sem skilar áliti, til fjárlaganefndar sem fer yfir það og staðfestir það, til Alþingis sem setur það í lög, og svo leyfir einhver sér að koma því inn í fjáraukalög að þessi upphæð hefði átt að vera 7 milljónir en ekki 1 milljón. Maður verður að spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Hver lofaði því að þetta ættu að vera 7 millj. kr.? Hver hefur þau völd á Íslandi að eftir að menntamálanefnd er búin að skila tillögu sinni og fjárlaganefnd er búin að skila sinni tillögu og Alþingi er búið að samþykkja lög að þá komi einhver og segi: Þetta er vitlaust hjá ykkur, þetta átti að vera öðruvísi, það var búið að lofa mér 7 milljónum?

Við hljótum að þurfa að fá svar við þessu því að ef þetta er hægt, ef við opnum fyrir þetta þá veit ég ekki hvar við endum. Þá hljótum við að enda í því að við setjum jú fram fjárlög, svo fara einhverjir vinir og vildarvinir að spyrja hina og þessa hvort þeir geti ekki fengið meiri peninga og þá ratar það bara inn í fjáraukalög.

[13:41]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla að hefja ræðu mína á máli sem er nú ekki stórt í fjáraukalögunum en skiptir þá miklu sem málið varðar, en það er framlag til loðdýraræktar, um 20 milljónir á þessu ári. Það er ætlað til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri. Greiðslan er hluti af samningi eða samþykkt ríkisstjórnarinnar upp á 116 millj. kr. sem eiga að renna til loðdýraræktunarinnar vegna vanda hennar, og þetta framlag upp á 20 milljónir á að veita í samræmi við álit nefndar sem kom út í maí 2004 um bráðan rekstrarvanda greinarinnar.

Nú eru það svo að Samband íslenskra loðdýraræktenda hefur gert greinargerð og samið reglur um hvernig eigi að úthluta þessum 20 milljónum. Tillögur nefndarinnar eða stjórnarinnar ganga út á það að nota fjárstuðning ríkisins til að loka a.m.k. þremur af fjórum einkareknum fóðurstöðvum sem starfræktar eru, loka sem sagt einkareknum fóðurstöðvum sem framleiða 26% af heildarframleiðslu loðdýrafóðurs í landinu. Til þess hefur Samband íslenskra loðdýraframleiðenda búið til sérstakar reglur til að útiloka einkareknar fóðurstöðvar.

Frú forseti. Ég get ekki séð annað en að þessar reglur og fyrirhuguð fjárútlát ríkisins stangist á við jafnræðisreglur og einnig á við heilbrigða meðferð á opinberu fé, að fara að nota opinbert fé til þess að loka einkareknum stöðvum. Það er óumdeilanlega mjög sérstakt, ef af verður, ef menn fara þessa leið sem allar líkur eru til, að Sjálfstæðisflokkurinn sem kennir sig stundum við markaðshyggju ætli að styðja slíkan gjörning. Mér finnst það ótrúlegt. Það er spurning hvernig hæstv. ráðherra muni þá skora á frelsislistanum ef sú leið verður farin að nota opinbert fé til að loka einkareknum fyrirtækjum. Mér finnst það ótrúlegt.

En stundum fer maður að efast um hvort Sjálfstæðisflokkurinn meinar eitthvað með því að styðja við bakið á einkarekstri og heilbrigðri samkeppni, og sérstaklega í ljósi þess að ég spurði hæstv. ráðherra út í starfsemi ríkisfyrirtækisins Landssímans á síðasta þingi.

Þeir sem starfrækja einkafyrirtæki í samkeppni við ríkisfyrirtækið hafa bent á að það beiti ekki heiðarlegum aðferðum í samkeppninni en notfæri sér einokunaraðstöðuna gegn fyrirtækjum í samkeppni á opnum markaði. Það er fáheyrt að hæstv. fjármálaráðherra skuli ekki getað svarað því og einfaldlega kannað það, spurt Landssímann hvort áburður þeirra sem standa í samkeppni við ríkisfyrirtækið eigi við rök að styðjast. Ég botna í raun ekkert í því hvers vegna menn svara því ekki í staðinn fyrir að koma með löng svör sem segja ekki neitt.

Mig langar einnig að gera að umtalsefni framlag til Ábyrgðasjóðs launa. Mér virðist framlagið sem fer í þennan lið mjög hátt, 800–850 millj. kr. sem renna í sjóðinn og farið fram á um 300 millj. kr. viðbótarfjárheimild í þessum fjáraukalögum. Ég held að það sé tími kominn til að staldra við og skoða hvort fara eigi aðra leið, að skylda fyrirtæki einfaldlega til að kaupa sér tryggingu. Þetta eru orðnar það háar upphæðir. Inn í þetta kemur að þeim sem standa skil á öllum gjöldum og launum finnst fyrirkomulagið jafnvel ýta undir óábyrgan rekstur, að menn geti stofnað fyrirtæki og ráðið fólk í vinnu og síðan hlaupið frá öllu. Menn telja jafnvel tíma til kominn að láta fyrirtækin kaupa tryggingu. Ég velti þeirri spurningu upp vegna þess að við sjáum nú fram á að þessi kostnaður fari í 800–850 millj. kr. af skattfé almennings.

[13:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Hér hafa farið fram athyglisverðar umræður um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004 og hafa þingmenn víða komið við. Hv. þm. Jón Bjarnason, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárlaganefnd, fór yfir meginsjónarmið í okkar og álit á afgreiðslu frumvarpsins. Það er ekki þörf á að endurtaka það. Hann kaus reyndar að fara ekki mjög ítarlega yfir frumvarpið í ræðu sinni.

Ég velti því fyrir mér hvort hið almenna yfirlit í umræðunni í dag sé í raun nóg við 1. umr. Ég tel að í frumvarpinu sé margt forvitnilegt og ætla að líta á einstaka liði eins og háttvirtir tveir ræðumenn á undan mér hafa leyft sér að gera. Ég held að umræður í fjárlaganefndinni sjálfri skili sér sjaldnast nægilega vel til almennings og tel fulla þörf á að þau atriði sem maður hnýtur um í þessu fjáraukalagafrumvarpi eigi að líta dagsins ljós við 1. umr. Það er undir hælinn lagt hvort þau skila sér aftur við 3. umr. inn í þingsalina. Ég ætla því að leyfa mér að koma með athugasemdir við nokkur atriði sem ég hef hnotið um hér og þar í frumvarpinu. Það má vel vera að rödd mín hljómi sem samantekt úr fyrirspurnatíma Alþingis. En við því er í raun ekkert að gera því að við lestur frumvarpsins hrannast upp spurningar sem óhjákvæmilegt er að orða í þingræðum.

Það má kannski segja að hæstv. fjármálaráðherra sé nokkuð sáttur, rödd hans og tónninn í ræðu hans benti til þess að hann væri ekkert venju fremur pirraður yfir frumvarpinu, kannski vegna þess að tekjuaukningin er gríðarleg. Það kemur fram í upphafi þessa frumvarps, við endurskoðun ríkisfjármála okkar, að tekjuafgangurinn á ríkissjóði hefur aukist um 1,1 milljarð kr. og verður þar af leiðandi um 7,8 milljarðar kr.

Hæstv. fjármálaráðherra hefur vitanlega ástæðu til þess að fagna því en engu að síður eru í frumvarpinu útgjaldaliðir sem verður að setja spurningarmerki við og jafnvel við hina auknu tekjuöflun. Meðal þess sem fram kemur í þessu fjáraukalagafrumvarpi er að bílainnflutningur á árinu hefur aukist og nemur um 15 þús. bifreiðum. En árinu 2003 voru fluttar inn 2.600 bifreiðir. Hvað segir þetta okkur um einkaneysluna og hvað segir þetta ... (**Fjmrh.:** Prentvilla.) Prentvilla, segir hæstv. fjármálaráðherra. (**Fjmrh.:** 12.600.) Að þær eigi að vera 12.600 árið 2003. (**Fjmrh.:** Ég held það.) Við skulum skoða, hæstv. fjármálaráðherra, hvað rétt er. En jafnvel þótt þeir hafi átt að vera 12.600 á síðasta ári þá er aukningin umtalsverð. Einkaneyslan eykst gífurlega. Hvað koma skattalækkanir ríkisstjórnarinnar á næsta ári til með að gera? Bæta enn olíu á nákvæmlega þann eld. Ég tel að þar séu gífurleg hættumerki sem mér finnst ríkisstjórnin ekki sporna gegn heldur fer hún í þennan aukna tekjuafgang og deilir honum út tvist og bast, um holt og móa eins og þetta fjáraukalagafrumvarp gefur til kynna.

Mig langar til að byrja á að líta hér á kafla menntamálaráðuneytisins þar sem lagt er til að fjárheimildir verði auknar um rúmar 500 millj. kr. Hér hefur verið komið inn á framhaldsskólana og málefni þeirra. Ég þarf í raun engu við það að bæta öðru en því að þær upplýsingar sem lágu fyrir í fjárlagaumræðunni fyrir þetta ár eru allar að koma á daginn núna. Ríkisstjórnin hafði enga ástæðu til að viðurkenna ekki vandann þegar fjárlagaumræðan fór fram. Einu afleiðingarnar af gjörðum ríkisstjórnarinnar eru þær að stjórnendur skólanna hafa átt í gríðarlegum erfiðleikum við að stjórna stofnunum sínum allt þetta ár. Ríkisstjórnin neitaði að horfast í augu við vandann þegar eðlilegt var að hún gerði það og mér finnst óforsvaranlegt að ríkisstjórnin skuli meðvitað gera skólastjórnendum, framhaldsskólanemum og fjölskyldum þeirra svo erfitt fyrir sem raun ber vitni, bara fyrir þvergirðingsháttinn í fólki við að viðurkenna augljósan vanda. Menn vissu síðasta haust, þegar fjárlagaumræðan fór fram, að þeir þyrftu að kyngja þessu súra epli þótt síðar yrði. Ég bið um að hæstv. ráðherrar hætti öllum þvergirðingshætti gagnvart skólunum og viðurkenni vandann þegar þörf er á en ekki ári síðar, tveimur eða þremur. Mér finnst sem að viðhorf ríkisstjórnarinnar til framhaldsskólanna birtist í þessu og þau viðhorf verða að breytast. Það er ekki bara þörf á því heldur er það algjörlega nauðsynlegt.

Sömuleiðis vil ég nefna liði er varða Þjóðminjasafn Íslands, sem varða bæði Þjóðminjasafnið sjálft, þ.e. aukafjárveitingu vegna grunnsýningar safnsins og fjármuni til kynningarmála og sömuleiðis endurbætur vegna hússins. Nú má enginn misskilja orð mín. Ég óska okkur, þjóðinni allri, til hamingju með stórkostlegt Þjóðminjasafn og glæsilega grunnsýningu. En ég hef staðið í þessum ræðustól ár eftir ár á síðasta kjörtímabili og grenjaði yfir því að ekki væru ætlaðir fjármunir í grunnsýningu Þjóðminjasafnsins. Var því svarað á þeim tíma? Ó nei, ekki orði. Engu var breytt, eins og það ætti ekki að koma upp nein grunnsýning. Það var engu líkara en munirnir sem unnið var að forvörslu á ættu að liggja eins og hráviði á gólfinu í þessu fína safni.

Auðvitað var það aldrei ætlunin, auðvitað var ætlunin að setja þá í eitthvert fjáraukalagafrumvarp. En það er ekki forsvaranlegt að ríkisstjórnin stilli forstöðumönnum ríkisstofnana ævinlega upp við vegg og láti þá stjórna við slíkt óvissuástand sem gert hefur verið. Það er ekki forsvaranlegt að koma svona fram. Hér sést svart á hvítu það sem ég, við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og reyndar fleiri stjórnarandstöðuflokka, óskuðum eftir við fjárlagagerð oftar en einu sinni á síðasta kjörtímabili. Það kristallast hér og kemur fram í þessum fjáraukalögum.

Ég get tekið undir það sem hv. þm. Jón Gunnarsson sagði áðan varðandi styrkinn til þjóðsögunnar um Gretti, teiknimyndarinnar. Ég ætla að staðfesta það héðan úr þess-

um ræðustól sem menntamálanefnd, sem sendi umsögn til fjárlaganefndarinnar um þau verkefni sem óskað var eftir styrkjum til, sagði. Ég get staðfest það að við ákváðum að láta verkefnið hafa sömu upphæð og verkefnið hafði fengið árið áður, 2003, þ.e. 1 millj. kr. Það sem stendur í þessum texta á bls. 61 um það að framlagið hafi átt að vera 7 millj. kr. er rangt. Það átti að vera 1 millj. kr. Menntamálanefnd var beðin um umsögn og að gera tillögu og tillagan var upp á 1 millj. kr. en ekki 7 millj. kr.

Að gefnu tilefni kem ég að því einu sinni enn að það er í raun óviðráðanlegt hvernig fjárlaganefnd fær send inn ótal verkefni sem varða listir og menningu. Umbeðnir fjármunir á síðasta ári voru um 450 millj. kr. Menntamálanefnd fær allar þessar umsóknir til umsagnar en menntamálanefnd hefur ekki neinn pott eða neina fjármuni til úthlutunar til slíkra verkefna. Hún sendir þess vegna einhverjar hugmyndir og tillögur til fjárlaganefndar til baka. Síðan er undir hælinn lagt hvort fjárlaganefnd fer eftir þeim. Á undanförnum árum hefur fjárlaganefnd sinnt þeim óskum eða þeim hugmyndum sem komið hafa frá menntamálanefndinni en hún hefur oft á tíðum og iðulega bætt við pottinn. Þegar endanleg afgreiðsla málanna liggur á boðinu eru miklu meiri fjármunir til umráða en menntamálanefnd fékk tækifæri til að gera tillögur um að ráðstafa. Hvaða vit er í þessu? Getum við ekki á árinu 2004 komið úthlutunarmálunum í sómasamlegt horf?

Nú tek ég það fram að við höfum leiklistarráð sem úthlutar til leiklistarstarfsemi, til sjálfstæðra atvinnuleikhópa sem starfa vítt og breitt um landið af mikilli grósku. Leiklistarráð hefur á fjárlögum ákveðinn pott sem úthlutað er úr, þ.e. tillögur eru gerðar til menntamálaráðherra um úthlutanir úr þeim sjóði. Menntamálaráðherra fer alltaf að tillögum leiklistarráðs, sem skipað er faglega og þekkir leiklistargeirann, þekkir starfsemi leikhópanna og veit um hvað starfsemi þeirra snýst. Þar er fagleg úthlutun fjármuna sem sómi er af.

Sama hefur verið reynt að setja upp í sambandi við tónlistarráðið, sem við ákváðum á síðasta þingi að setja á laggirnar til að koma á faglegri úthlutun fjármuna. Sömuleiðis höfum við komið þessu á í tengslum við listamannalaun, faglegri úthlutun fjármuna þar sem faglegar nefndir annast tillögur um úthlutun.

Ég spyr: Hvers vegna er fjárlaganefnd ásamt menntamálanefnd að vasast í úthlutunum sem hægt væri að koma fyrir á allt annan hátt? Úthlutanir af þessu tagi, fullyrði ég, frú forseti, hafa ekkert að gera í fjáraukalög okkar, sannarlega ekki.

Kaflinn um utanríkisráðuneytið verður næst fyrir mér. Það hefur komið fram að í þeim fjárlögum sem við erum að fjalla um fyrir árið 2005 verður gífurleg aukning á útgjöldum til utanríkismála. Ég held að kostnaður utanríkisráðuneytisins eigi að hækka um fimmtung á næsta ári, um 1.150 millj. kr. ef ég man rétt. Það þýðir að útgjöld til utanríkismála verða 6,7 milljarðar kr. á árinu 2005. Samt sem áður, með alla þessa miklu fjármuni, getur utanríkisráðuneytið ekki annað en sótt um á fjáraukalögum um 300 millj. kr. Til hvers konar verkefna er það? Jú, til að mynda eru 45 millj. kr. til að hreinsa Nikkel-svæðið sem varnarliðið á Keflavíkurflugvelli skilaði ríkissjóði árið 2001 og til þess að standa við samning sem ríkissjóður gerði við Bandaríkjamenn um að við ættum að taka að okkur yfirborðshreinsun á landinu. Svo eru hér fjármunir til framlags vegna sérfræðikostnaðar í tengslum við Varnarmálaskrifstofu. Það eru þessar 45 millj. kr. sem utanríkisráðuneytið á að fá á þeim lið.

Ég spyr: Hvernig stendur á því að hreinsun á Nikkelsvæði varnarliðsins, sem vitað var að þyrfti að fara fram árið 2001 og sennilega miklu fyrr, skuli komið hér á fjáraukalög fyrir árið 2004? Ég get ekki látið hjá líða að spyrja um heildarkostnaðinn. Hvað eiga Íslendingar að bera mikinn kostnað vegna hreinsunar þessa svæðis út af subbuskapnum í Bandaríkjaher sem kvartað hefur verið yfir ótt og títt? Auðvitað hefði herinn átt að hreinsa þetta upp eftir sig sjálfur en ekki að skilja okkur eftir með þeirra eigin sóðaskap. Við þurfum síðan að greiða tugi eða jafnvel hundruð milljóna til að hreinsa upp eftir þá.

Það má líka gera athugasemdir við stefnu Íslendinga varðandi sendiráðsbyggingar. Í fjáraukalögunum er verið að biðja um 42 millj. í viðbótarframlag vegna flutnings sendiráðs Íslands í Brussel í nýtt húsnæði. Það er allt í lagi að almenningur viti að gert er ráð fyrir að 34 millj. kosti að endurnýja innréttingar og borga flutninginn en svo eiga að fara 8 millj. í húsgögn, 8 millj. í endurnýjuð húsgögn í sendiherrabústaðnum í Brussel, þ.e. vegna flutnings sendiráðs Íslands í Brussel. Það er verið að skipta um húsnæði og þetta þarf að koma inn á fjáraukalög. Ég minni á, og fólk má þá hafa það í huga, að á næsta ári er gert ráð fyrir að sendiherrabústaðurinn í Berlín, sem verður nýr sendiherrabústaður, taki til sín 230 millj. kr.

Ekki höfum við fengið að sjá heildarstefnumörkun íslenskra stjórnvalda varðandi vöxt eða viðgang sendiráða á Íslandi. Hér er verið að keyra frá degi til dags og ráðstafa fjármunum ríkissjóðs án þess að fyrir liggi yfirvegaðar áætlanir þar um. Það er auðvitað gagnrýnivert, virðulegi forseti.

Þá vil ég koma hér inn á alveg makalausan lið í fjáraukalögum sem heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið og kemur til vegna tapsins á vísindaveiðunum á hrefnu. Hafrannsóknastofnun á að fá af þessum fjáraukalögum 8,5 millj. kr. til að greiða fyrir hluta taps á vísindaveiðum á hrefnu árið 2003. Heildartapið samkvæmt niðurstöðum Ríkisendurskoðunar mun hafa verið um 12 millj. kr. Höfum við ekki séð hér einhvers staðar í þingskjölum og heyrt sagt í þingræðum að allt hvalkjötið af veslings hvölunum sem veiddir voru til vísindaveiða hafi verið selt? Átti þetta ekki allt að standa undir sér? Hvað gerðist? Getur verið að við séum að tapa á vísindaveiðunum sem áttu að vera svo atvinnuskapandi fyrir okkur og áttu að skila svo miklu í þjóðarbúið? Þetta átti að vera svo hagkvæmt. Af hverju koma ekki ráðherrarnir hérna fram og segja okkur þá hvað klikkaði? Það á bara að læða hér inn milljónum á milljónir ofan til þess að greiða tapið af vísindaveiðunum. Má ég leggja til að vísindaveiðum á hrefnu verði hætt, virðulegi forseti? Ef það á að kosta þetta plús tapið sem við verðum fyrir í ferðaþjónustunni skulum við bara hætta þessu. Mér sýnist vera sjálfhætt, ég sé ekki betur. Það verður forvitnilegt að vita hvar þetta dæmi stendur í heild sinni þegar gert verður upp ef það á að halda áfram á þeirri braut sem gert var á því ári sem nú er að líða, og ég tala ekki um þau næstu.

Vinnumálastofnun Íslands fær hér hækkaða fjárheimild sem gerð er grein fyrir á bls. 67, um 4 millj. kr., til þess að ráða starfsmann hjá Vinnumálastofnun til að annast útgáfu atvinnuleyfa vegna starfsemi á virkjanasvæðum við Kárahnjúka og vegna byggingar álvers í Reyðarfirði. Virðulegi forseti. Ég geri athugasemd við þetta fjárframlag, þessa auknu fjárheimild, og ég spyr hvort haldið sé til haga öllum þeim kostnaðarauka sem þessar framkvæmdir leiða til fyrir ríkissjóð. Er ekki orðið tímabært að við fáum að sjá rauntölur um hvað þetta feigðarflan í stóriðjumálunum á eftir að kosta okkur og er að kosta okkur núna þau ár sem framkvæmdirnar sem áttu að skila svo ofboðslega miklu standa yfir? Hvað kostar þetta ríkissjóð í beinhörðum peningum, beint og óbeint? Ég spyr hvort þessar tölur séu inni í upphaflegum áætlunum Landsvirkjunar um heildarkostnað Kárahnjúkavirkjunar og undirbúnings fyrir álversframkvæmdir.

Það má líka vekja athygli á því, frú forseti, að þetta er ekki eini liðurinn í þessu fjáraukalagafrumvarpi sem varðar stóriðjuframkvæmdirnar fyrir austan. Ó nei, aldeilis ekki, því að við getum séð undir kafla iðnaðarráðuneytisins, sem er á bls. 79, að það fær á þessum fjáraukalögum 3,5 millj. í viðbótarfjárheimild til þess að hreinsa álverslóðina á Austfjörðum. Hreinsa hana af hverju? Jú, jú, byggingum og girðingum og einu og öðru smálegu, það þarf að greiða sorphirðugjald af því. Í annan stað þarf að veita aukna fjármuni til þess að rannsaka fornminjar á lóð sem ætluð er undir álver Alcoa í Reyðarfirði. Iðnaðarráðuneytið fær til þess 3 millj. kr.

Það var löngu vitað þegar umhverfismat þessa álvers var gert að það gætu verið umtalsverðar fornleifar á lóðinni. Það þurfti ekki að koma hér inn í fjáraukalögin 2004. Það væri forvitnilegt, og verður auðvitað spurt um það, frú forseti, að vita hvaða fornleifar kæmu þar upp, hvaða minjar koma þar upp og hversu verðmætar þær eru. Í því sambandi er eðlilegt að spurt sé hvort ekki sé komið að því að við stoppum og segjum: Kannski er það bara hagkvæmara eftir allt að grafa upp fornleifarnar okkar, búa til vísindasetur í kringum þær, kortleggja þær og koma á framfæri í útlöndum, úti um allan heim, heldur en að reisa álver á lóðum sem hafa að geyma merkar fornminjar.

Sem sagt, iðnaðarráðuneytið fær hér aukna fjármuni og ég spyr: Eru þeir hluti af heildarpúllíunni, heildarkostnaði vegna álversframkvæmda og virkjanaframkvæmda á Austfjörðum?

Enn er hægt að nefna fjármuni sem fara af þessum fjáraukalögum beinlínis í það að vinna við stóriðjuframkvæmdirnar. Á bls. 81 í frumvarpinu kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands fær 20 millj. kr. fjárveitingu til að vega upp á móti fyrirsjáanlegri lækkun sértekna á áætlun fjárlaga en þar munar mest um vinnu sem fyrirhuguð var fyrir Landsvirkjun og Orkusjóð en hefur nú verið frestað. Henni hefur verið frestað en hún á eflaust eftir að fara fram í annan tíma, 20 millj. kr. þar áætlaðar og eru það örugglega ekki einu 20 millj. sem Landsvirkjun á eftir að bæta við í rannsóknarvinnu út af stóriðjuframkvæmdunum.

Hér eru nefndir til sögunnar þrír liðir sem sýna svart á hvítu að stóriðjuframkvæmdirnar kosta ríkissjóð beint og óbeint gífurlega fjármuni sem mig grunar að hafi ekki verið reiknaðir inn í heildaráætlanirnar um kostnaðinn sem Landsvirkjun hefur reiknað af þessum virkjanaframkvæmdum öllum.

Já, virðulegi forseti, það eru ýmsar athugasemdir sem má gera við þetta fjáraukalagafrumvarp. Oft finnst manni eins og hér hafi verið illa ígrunduð mál og ekki staðið nægilega fagmannlega að verki. Ég tel að fjárlaganefndin eigi talsverða vinnu fyrir höndum við að rýna í einstök atriði sem hér eru til staðar og hafa verið tíunduð af fleiri þingmönnum en mér í þessari umræðu.

[14:08]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka þessa ágætu umræðu. Okkur gefst í fjárlaganefndinni ágætistækifæri til að fara yfir einstaka liði í fjárlagafrumvarpinu og leita svara við einstökum fjárveitingum í fjáraukalagafrumvarpinu. Ég hygg að ég muni fyrst og fremst færa slíkar spurningar fram á þeim vettvangi en vil nota þetta tækifæri til að beina til hæstv. fjármálaráðherra nokkrum almennum fyrirspurnum sem lúta að fjáraukalögum og þá kannski fyrst vegna þeirrar umræðu sem hér hefur verið í þinginu undanfarna daga um þau miklu frávik sem verið hafa á fjárlagafrumvarpi annars vegar og niðurstöðu ríkisreiknings hins vegar.

Nú er komið fram fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2004 sem eykur útgjöldin allnokkuð en þar hafa tekjur líka verið vanáætlaðar þannig að nettóútkoman er ríkissjóði hagstæð. Það er út af fyrir sig ánægjulegt en ég vildi spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann telji nú, þegar hillir undir lok árs, að fjárlögin og þessi fjáraukalög muni þá endurspegla næsta nákvæmlega þá niðurstöðu sem við munum síðan sjá í ríkisreikningi. Eru þar e.t.v. einhverjir liðir sem við eigum enn eftir að sjá sem víkja frá þeim áformum sem lagt var upp með fyrir ári í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004?

Í öðru lagi vildi ég spyrja um afstöðu fjármálaráðherrans til fjáraukalaganna. Mér hefur fundist að skilja mætti á máli hans undanfarna daga að það væri í sjálfu sér ekki nema eðlilegur þáttur í rekstri ríkissjóðs að það þyrfti að sækja aukafjárveitingar í fjáraukalögum og að menn yrðu einfaldlega að gera ráð fyrir því. Það er út af fyrir sig sjónarmið en þá held ég að það sé mikilvægt að það liggi fyrir hversu mikið umfang fjármálaráðherrann telur vera eðlilegt í slíkum fjáraukalögum í auknum útgjöldum. Er t.d. þetta umfang, svona á bilinu 6–7 milljarðar í aukafjárveitingum, það sem hæstv. fjármálaráðherra þykir eðlilegt í aukafjárveitingum? Það er þá eðlilegt við umfjöllun um fjárlög hvers árs að taka tillit til þess að í raun og veru sé gefið, þegar lagt er upp í þann leiðangur, að útgjöld muni aukast um 5, 6 eða jafnvel 7 milljarða vegna aukafjárveitinga sem óhjákvæmilega séu og hæstv. fjármálaráðherra geri í raun ráð fyrir á hverju ári. Það hefur auðvitað áhrif á alla umræðu og umfjöllun um fjárlögin ef það eru fyrir fram gefin sannindi að það sé eðlilegt að vera í milljarðaaukafjárveitingum.

Ég vildi líka fá að spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort gætt sé sérstaklega að þeim liðum fjárlaga sem aftur og aftur, ár eftir ár eru fastir liðir á fjárlögunum. Ég kallaði eftir yfirliti um það á síðasta ári hvaða fjárlagaliðir væru oftar en ekki á síðustu fimm árum inni á fjáraukalögunum. Ég sé að af þeim lista yfir 100 fjárlagaliði sem komu yfir aðila sem

eru oftar en ekki á fjáraukalögum eru þetta árið liðlega 40 aðilar einmitt í þessu fjáraukalagafrumvarpi. Mér sýnist fljótt á litið að þeir séu með um 95% af aukafjárveitingunum og að það sé þess vegna nokkuð fyrirsjáanlegt hvaða liðir það eru sem eru alltaf aftur og aftur á fjáraukalögunum og sumir raunar hvert ár. Ég held að það séu einir 10 liðir sem eru öll sl. sex ár, sumir kannski eðlilega vegna þess að þeir eru þess eðlis en sumir ættu auðvitað ekki að vera þar.

Ég vil enn fremur spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann telji ekki fara illa á því að í þessum hópi sé að finna bæði Alþingi og forsætisráðuneytið. Það er nú einu sinni svo að eftir höfðinu dansa limirnir. Mér þætti vænt um að heyra afstöðu hæstv. fjármálaráðherra til þess hvort honum þyki ekki fara illa á því að það séu stöðugar og sífelldar aukafjárveitingar til þessara æðstu stofnana löggjafar- og framkvæmdarvaldsins.

Liðurinn Ýmis verkefni hjá forsætisráðuneytinu fer sífellt fram úr. Ég vildi þess vegna spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort það sé ekki rétt munað hjá mér að ríkisstjórninni séu fengnar á fjárlögum á ári hverju hundruð milljóna króna í ófyrirséðar ákvarðanir sem ríkisstjórnin þarf að taka um einstakar fjárveitingar. Er þá ekki töluvert svigrúm fyrir ráðherra eins og hæstv. forsætisráðherra til að koma með slík verkefni, leggja á borð ríkisstjórnar og þar sé þá fjármagn fyrir?

Um leið fagna ég því að aðeins ein af aðalskrifstofum ráðuneytanna er á þessum lista í ár, aðalskrifstofa utanríkisráðuneytisins, en mér þykir fara betur á því að sjá ekki aðalskrifstofur ráðuneytanna keyra fram úr heimildum sínum í fjárlögum eins og allt of margar gerðu samkvæmt þeim lista sem útgefinn var í fyrra. Mér finnst vera framför að þessu.

En einmitt um aðhaldið og eftirfylgnina, að sömu aðilarnir séu aftur og aftur að fara fram úr, vildi ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann hafi á síðastliðnu ári frá því að við ræddum fjárlög síðast með formlegum hætti þurft að veita formlegt tiltal eða áminningar eða gefa út viðvaranir til einstakra ríkisstofnana sem aftur og aftur hafa farið fram úr þeim heimildum sem þeim eru veittar lögum samkvæmt. Og af því að það er í sama anda og hefur verið rætt um áður um teiknimyndina um Gretti sterka, og hv. þm. Jón Gunnarsson og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hafa upplýst, vildi ég inna hæstv. fjármálaráðherra eftir því hvort hinar umræddu 7 millj. hafi nú þegar verið greiddar úr ríkissjóði. Mér finnst það einfaldlega skipta máli fyrir virðingu manna fyrir fjárlögunum og fyrir því með hvaða hætti framkvæmd þeirra fer fram eftir að hafa heyrt hv. þingmenn lýsa því hvernig ákvarðanir um fjárveitinguna voru teknar. Ég geri mér grein fyrir því að hægt er að breyta þeim í fjáraukalögum en ég geri ráð fyrir að slík fjárveiting sé greidd út að fengnu samþykki Alþingis í þeim lögum sem hér verða afgreidd.

Að síðustu um eina af forsendunum í fjárlagafrumvarpinu sem hv. þm. Jón Gunnarsson kom inn á áðan um atvinnustigið. Ég vil fá að nota tækifærið til að árétta þá fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra vegna þess að þetta er ekki eina árið sem atvinnustigið er ofmetið og atvinnuleysi vanmetið talsvert. Í ár er áætlað 2,5% en verður 3%. Árinu áður var líka áætlað 2,5% og varð 3,3%. Á bak við þessar hlutfallstölur eru miklu hærri fjárhæðir í Atvinnuleysistryggingasjóði en ekki síst mjög margt fólk sem er atvinnulaust. Það sem vekur mig til sérstakrar umhugsunar er að ég man ekki betur og vildi óska eftir því að ráðherra staðfesti það, að þessar spár um atvinnuleysi fyrir sl. ár hafi verið gefnar út áður en ákvörðun um virkjanaframkvæmdir fyrir austan voru teknar og að spáin fyrir þetta ár verið gefin án þess að gera ráð fyrir stækkun Norðuráls. Hið síðarnefnda hygg ég að sé örugglega rétt hjá mér en bið hæstv. fjármálaráðherra að hjálpa mér með hið fyrrnefnda. Þessar framkvæmdir eiga auðvitað að skapa umtalsverða atvinnu og ef þær voru ekki í forsendunum þegar atvinnuleysinu var spáð og það hefur sem sagt árað betur í atvinnulífinu hefur maður kannski enn þá meiri áhyggjur af því að menn séu að vanmeta þróunina í atvinnustiginu og í atvinnuleysinu og ég vil biðja hæstv. ráðherra um að reifa þetta.

[14:18]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Ég mun halda áfram þar sem frá var horfið í fyrri ræðu minni og tiltaka nokkur atriði sem ég vil gera athugasemdir við út frá því sem ég sagði í fyrsta hluta ræðu minnar. Ég minntist á fjölmiðlalögin í lok ræðunnar og þann kostnað sem þau höfðu í för með sér. Það er sérstaklega eitt atriði sem ég nefndi ekki áðan sem er ástæða til að gera athugasemd við, að kostnaðurinn af fjölmiðlanefnd menntamálaráðherra er færður undir forsætisráðuneytið.

Frú forseti. Þetta kallar fram þær hugrenningar að fjölmiðlanefnd menntamálaráðherra hafi verið fjölmiðlanefnd forsætisráðherra. Það hafi aldrei verið ætlunin að nefndin starfaði að einhverju leyti undir menntamálaráðherra. Ég hlýt að biðja hæstv. fjármálaráðherra um skýringu á því af hverju nefndarstörf á vegum menntamálaráðuneytisins eru færð undir forsætisráðuneytið og að í fjáraukalögum komi beiðni um að forsætisráðuneytið greiði kostnað af nefnd sem starfaði á vegum menntamálaráðuneytisins.

Ég náði ekki alveg að ljúka athugasemdum mínum varðandi framhaldsskólana og þessa sérkennilegu tölu, um 1.100 nemendur, sem virðist hafa dúkkað upp að því er virðist óvænt þrátt fyrir að um þetta hafi verið mikið rætt og bent á að þarna væri röng áætlun. Það er sérkennilegt að talan skuli vera svona há þegar tekið er tillit til þess að við 2. umr. um fjárlög var bætt inn 800 millj. kr. til þess að mæta vanáætluninni um nemendafjölda en að vísu var meðaltalið á hvern nemanda einnig hækkað. Það er nauðsynlegt að fá úr því skorið vegna þess að í frumvarpinu um fjáraukalögin segir, með leyfi forseta: „Og er miðað við að lækka meðalframlag á nemanda frá því sem gert hafði verið ráð fyrir.?

Er þá verið að lækka framlagið á þá 1.100 nemendur sem er bætt við eða er verið að lækka meðalframlagið á alla nemendur í framhaldsskólum landsins á yfirstandandi ári? Þetta kemur ekki glöggt fram í texta en nauðsynlegt að fá það fram, sérstaklega í framhaldi af því sem ég sagði áðan, að við 2. umr. fjárlaga fyrir þetta ár var meðalframlagið hækkað vegna þess að talin var ástæða til og virðist nú eiga að ganga til baka. Þegar það þarf meiri peninga er meðalframlagið lækkað en þá væntanlega náð upp í nemendafjöldann. Þetta hefur gerst undanfarin ár að ýmist er tölunni

um nemendafjölda mætt eða tölunni um kostnað en aldrei virðist ætla að takast að ná hvoru tveggja í senn.

Nokkrir hv. þm. hafa talað um umframkostnaðinn vegna opnunar Þjóðminjasafnsins og gleðilegt að það skuli hafa tekist að opna það safn en jafnforkastanlegt að þurft hafi aukafjárveitingu til þess, vegna þess að í fjárlagavinnunni í fyrra lá þetta allt saman fyrir. Það þýðir ekkert að segja að þetta hafi verið ófyrirséð því þetta lá allt saman fyrir í skriflegum gögnum, meira að segja frá Þjóðminjasafninu. Mér er sérstaklega minnisstætt þar sem hér er talað um opnunarsýninguna því rökstuðningur með þeirri beiðni var mjög góður og því með ólíkindum að þetta skuli gerast, sérstaklega þegar vísað er til þess að það var margspurt um þetta í fyrra. Á þessu ári var spurt um þetta í tvígang í þinginu, fyrst í febrúar, og þá var ekki talin þörf fyrir neina fjármuni, og aftur í maí. Þá var reyndar upplýst að beðið yrði um 100 millj. kr. vegna opnunarinnar en frá því í maí hefur þetta hækkað um 20% svo beiðnin hljóðar nú upp á 120 millj. kr.

Í landbúnaðarráðuneytinu kemur fram afar sérkennileg athugasemd. Beðið er um rúmar 130 millj. kr. vegna álagsgreiðslna vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt og skýrt á mjög eðlilegan hátt og engar efasemdir um það. En þetta er spurning um vinnubrögð. Hvernig getur það gerst að talan sem á að vera inni samkvæmt lögum sem samþykkt voru á árinu 2002 ef ég man rétt, þannig að það er búið að liggja fyrir mjög lengi, dettur út vegna einhverra mistaka, væntanlega í fjárlagaferlinu og enginn virðist taka eftir því frá því í októberbyrjun og fram í desember að töluna vanti? Maður veltir því fyrir sér hvort ráðuneytin fylgist ekki betur með en svo að þau lesi ekki einu sinni fjárlagafrumvarpið og fylgist með þeim fjármunum sem eiga að renna til þeirra. Því spyr maður: Hvaða vinnubrögð eru viðhöfð sem geta orsakað slíkt?

Það er hægt að koma víða við en ég verð að reyna að hoppa nokkuð yfir þetta. Varðandi löggæslukostnað, ýmis löggæslu- og öryggismál, er afar sérkennilegt mál sem ég held að sé alveg nauðsynlegt að hæstv. fjármálaráðherra útlisti á einhvern hátt fyrir okkur, en það er ævintýrið í kringum Tetra Ísland ehf. Þar er verið að biðja um 51 millj. kr. sérstaka hækkun vegna viðbótarsamnings en síðan segir að á þessu stigi liggi ekki fyrir skipting kostnaðaraukans. Æskilegt væri, ef hæstv. fjármálaráðherra hefur tök á því, að hann mundi nefna hvaða stofnanir koma þar við sögu og hvað hafi í raun gerst hjá Tetra Ísland ehf.

Varðandi félagsmálaráðuneytið kemur fram að aðalskrifstofan þurfi að fá tugi milljóna króna vegna breytinga á húsnæði og vísað til úttektar á öryggismálum. Við skulum vona að öryggismálin komist í lag með þessum 10 millj. kr. en þarna segir að þetta sé vegna úttektar. Þá er spurning hvenær hún var gerð og maður hlýtur að spyrja í framhaldinu: Hvernig er staðan á öðrum aðalskrifstofum ráðuneyta? Er búið að taka öryggismálin út þar eða var þessi einstaka skrifstofa tekin út? Við vonum að þetta sé í lagi á öðrum skrifstofum en ef ekki er nauðsynlegt að þar verði gerð úttekt.

Kjararannsóknarnefnd er að vinna að býsna mikilvægu og mögnuðu verkefni við að gera launakönnun í samvinnu við Hagstofuna og virðist það hafa gengið ágætlega. Í frumvarpinu kemur fram að í lok árs 2003 hafi náðst m.a. sá áfangi að launakönnun náði til útgerðarfyrirtækja á árinu 2004. Mun könnunin einnig ná til fjármálafyrirtækja, tryggingafélaga og lífeyrissjóða. Hér er því greinilega býsna þarft verk á ferðinni, en af hverju kemur þetta fram í frumvarpinu? Það liggur ljóst fyrir að könnunin er ekki ný, hún hefur verið unnin á árum áður þannig að ef menn hafa ætlað sér að vinna þetta eins og gert hefur verið á árinu 2004 hefði upphæðin að mínu mati átt að vera í fjárlögum þessa árs.

Hjá heilbrigðisráðuneytinu kennir ýmissa grasa en ég ætla að láta duga að nefna aðeins eitt sem vekur sérstaka athygli varðandi lækniskostnað undir liðnum Sjúkratryggingar. Þar er farið fram á 70 millj. kr. hækkun á fjárheimildum vegna lækniskostnaðar en áform um sparnað á þessu ári náðu ekki fram að ganga og eðlilegt að spurt sé hvað átti að spara sem ekki tókst. Seinni hlutinn er enn merkilegri. „Ekki varð af afslætti sérgreinalækna vegna eininga umfram samninga." Frú forseti. Hvaða afslátt er um að ræða? Af hverju var gert ráð fyrir að sérgreinalæknar gæfu afslátt á eitthvað sem ekki er samkvæmt samningum? Hvað höfðu menn fyrir sér í því að slíkt mætti takast?

Annað atriði hjá heilbrigðisráðuneytinu snertir Heilbrigðisstofnun Austurlands. Það er býsna merkilegt að sá liður þurfi að koma í fjáraukalagafrumvarp fyrir árið 2004 vegna þess að hér er eingöngu um að ræða 20 millj. kr. aukningu vegna aukinna umsvifa í kjölfar stóriðjuframkvæmda og virkjunarframkvæmda fyrir austan. Það var löngu búið að taka ákvarðanir um þessar framkvæmdir og var bent á af þessari stofnun að umfangið mundi að sjálfsögðu stóraukast. Þar af leiðandi lá það fyrir að þarna mundi þurfa að bæta verulega í en því miður var það ekki gert og verið að reyna að bæta það núna.

Frú forseti. Að lokum vil ég nefna orðalag sem vekur alveg sérstaka athygli hjá Hagstofu Íslands. (Forseti hringir.) Hagstofan hafði talið óhætt að reikna með áframhaldandi framlagi á sama hátt og önnur ráðuneyti. Þrátt fyrir að það væri ekki í fjárlögunum taldi Hagstofan að hún mætti gera ráð fyrir því þó Alþingi hefði ákveðið annað. Hvernig stendur á því, hæstv. fjármálaráðherra?

[14:29]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Þetta er búin að vera nokkuð löng umræða um frumvarp til fjáraukalaga og kannski ítarlegri en oft áður. Hæstv. fjármálaráðherra er búinn að fá mikið flóð spurninga um einstök atriði og ég átti satt að segja von á því að hæstv. ráðherra mundi nota þann rétt sem hann hefur til að koma þrisvar í þessa umræðu og svara einhverju af því sem við spurðum um í okkar fyrstu umferð en ekki ræð ég því.

Þegar tíma minn þraut í fyrstu umferð var ég að ræða um þá ósk að auka fjármuni til teiknimyndaverkefnisins Grettis, það sem ég leyfði mér að kalla spillingu. Ég verð að spyrja hæstv. ráðherra og bæta við þær spurningar sem komið hafa: Finnst hæstv. ráðherra eðlilegt að þetta skuli koma inn í frumvarpið með þessum hætti og finnst honum eðlilegt að bjóða upp á skýringuna sem sett er fram við þessa ósk, að í huga einhverra hefði þetta átt að vera hærri

upphæð en bæði menntamálanefnd og fjárlaganefnd töluðu um og Alþingi Íslendinga setti í lög?

Það er annar liður undir menntamálaráðuneytinu sama efnis og hv. þm. Einar Már Sigurðarson nefndi hér, og það var Snorrastofa. Ég vil taka það fram eins og hann að ég er ekkert að leggja neinn dóm á þessi verkefni, hvorki teiknimyndina Gretti né Snorrastofu. En það sem ég er að velta fyrir mér eru þær skýringar sem eru látnar fylgja óskum um aukið fjármagn. Þarna er farið fram á 6 milljónir í stofnkostnaðarframlag vegna Snorrastofu í Reykholti. Í fjárlagafrumvarpinu eins og það var lagt fram á sínum tíma var gert ráð fyrir þessu framlagi, 6 millj. kr. Síðan í 2. umr. var það fellt út, það var sem sagt breytingartillaga um að fella þessar 6 milljónir út og það var samþykkt af Alþingi.

Nú kemur hér inn ósk um að þessar 6 milljónir verði greiddar og þar segir, og það er skýringin sem ég er að furða mig á og skil ekki hvernig hæstv. ráðherra telur sig geta boðið Alþingi upp á svona skýringu:

„Þeir sem að Snorrastofu standa höfðu hins vegar miðað áætlanir sínar við að þessi fjárheimild yrði til staðar, með tilvísun í frumvarpið.“

Þýðir þetta þá að þegar lögð eru fram frumvörp hér á Alþingi, áður en byrjað er að ræða þau, áður en þau eru afgreidd, að ef einhverjir hlutir eru þar inni og einhverjir aðilar telja sig geta farið fram með ákveðnum hætti af því að eitthvað stendur í frumvarpinu, að þeir eigi þá rétt á því og jafnvel þá einhverjum bótum ef einhverjir hlutir eru felldir út úr frumvarpi í meðferð Alþingis? Þess vegna verð ég að spyrja hæstv. ráðherra að því: Telur hann þetta eðlilega málsmeðferð og telur hann þá skýringu bjóðandi fyrir Alþingi, þ.e. ósk um að þessar 6 milljónir verði greiddar?

Undir utanríkisráðuneyti er Nikkel-svæðið, og reyndar var vakin athygli á því af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Það er verið að óska eftir 32 millj. kr. vegna hreinsunar á svokölluðu Nikkel-svæði sem er í Reykjanesbæ, sem varnarliðið á Keflavíkurflugvelli skilaði ríkissjóði árið 2001.

Ef ég man rétt þá fór fram mjög viðamikil hreinsun á þessu svæði á árinu 2002. Herinn skilaði því 2001, tók sínar pípur og tanka og síðan, eftir því sem ég best veit, fór ríkissjóður í að hreinsa upp jarðveginn þarna og miklir jarðvegsflutningar voru frá Nikkel-svæðinu og út á svokallað DYE-5 svæði á Stafnesi, reyndar við mjög hávær mótmæli landeigenda þar því að þeir töldu að þarna væri verið að koma með mjög mengandi efni inn á land sem lá að þeirra landi, en sleppum því.

Spurningin er: Hvernig í ósköpunum getur þetta dúkkað hér upp í fjáraukalögum? Er þetta ekki dæmi um verkefni sem alls ekki á heima lögum sem þessum?

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson fór aðeins yfir lið undir sjávarútvegsráðuneyti sem heitir Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, og ég ætla aðeins að hnykkja á því sem hann sagði. Þarna er ráðuneytið að óska eftir 10 millj. kr. fjárveitingu til að endurgreiða Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafði greitt út styrk til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins upp á 10 millj. kr. til að þróa og smíða fiskvinnslubúnað.

Síðan gerist væntanlega eitthvað sem framkvæmdastjórnin er ekki sátt við því að hér segir:

„Í framhaldi af athugasemdum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins athugaði Ríkisendurskoðun framkvæmd samnings sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gerði við íslenskt fyrirtæki vegna verkefnisins. Að mati Ríkisendurskoðunar var framkvæmdin ekki í samræmi við ákvæði samningsins og ríkislögmaður mat að forsendur fyrir endurkröfu styrksins á hendur samstarfsaðila væru ekki fyrir hendi.“

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fær þá 10 millj. kr. styrk frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í ákveðið verkefni, úthlutar þeim peningum og verkefnum væntanlega til einhvers einkafyrirtækis. Það einkafyrirtæki stendur sig ekki miðað við þær forsendur sem settar eru fyrir útgreiðslu styrksins og framkvæmdarstjórnin endurkrefur íslenska ríkið um peningana.

Ríkið telur sig ekki geta náð peningunum af fyrirtækinu sem fékk þá, ef ég skil þessa grein rétt. Ég óska eftir því að hæstv. fjármálaráðherra, hafi hann um það upplýsingar, svari okkur um hvað þarna er á ferðinni. Ef upplýsingarnar liggja ekki fyrir nú þá munum við að sjálfsögðu leita eftir þeim í vinnu okkar í fjárlaganefnd.

Síðan er það sem heyrir undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Þar er verið að fara fram á auknar fjárheimildir vegna laga um siglinga- og farmvernd og það er í sjálfu sér eðlilegt. Lögum er breytt og það verður til aukinn kostnaður, 30 millj. kr. hjá ríkislögreglustjóra vegna siglinga- og farmverndar og hjá Landhelgisgæslu 9 millj. kr. eða 40 millj. kr. alls. Ég hef ekkert við þetta að athuga vegna þess að við breytum lögum hér á Alþingi og það fellur til kostnaður, talsvert mikill aukakostnaður og þessi embætti þurfa að finna leið til að mæta honum.

Það sem aftur á móti í framhaldi af umræðu sem var hér fyrr í dag veltur upp í hugann er: En hvað með sveitarfélögin? Hvað með sveitarfélögin sem þurftu að leggja í verulega mikinn stofnkostnað til að mæta kröfum þessara nýju laga? Ég veit að það var sagt við þau: Þið verðið bara að hækka gjöldin og ná fyrir þessu þannig. En sveitarfélög, mörg hver fjárvana, urðu að ráðast í dýrar framkvæmdir við hafnir sínar til þess að geta tekið þar áfram inn fraktskip eða skip erlendis frá og fyrst að talið var eðlilegt að bæta kostnað ríkisfyrirtækjunum sem verða fyrir kostnaði vegna framkvæmda við kaup á vopnum og búnaði þá veltir maður því fyrir sér af hverju á sama hátt er ekki ástæða til þess að bæta sveitarfélögunum þann kostnað sem þau verða fyrir.

Hjá sýslumanninum í Reykjavík er óskað eftir viðbótarfjárheimildum upp á 6 millj. kr. og það kemur manni svolítið á óvart til hvers þær eru, svona miðað við það sólskinsástand sem ríkir hér á Íslandi eftir því sem sagt er, vegna þess að sýslumaðurinn í Reykjavík þarf 6 milljónir til viðbótar vegna þess að fjárnámsbeiðnum hefur fjölgað verulega á síðustu árum. Þeim hefur fjölgað úr tæplega 17 þúsund á árinu 2000 í 29 þúsund beiðnir á síðasta ári. Þetta hefur skapað vandræði í aðfarardeild embættisins og þrátt fyrir að búið væri að auka fjárveitingar út frá þessu til sýslumannsins í Reykjavík þá dugir það ekki til. Það er svo mikið að gera hjá sýslumanninum í Reykjavík við fjárnámsbeiðnir að hann þarf að fá sérstaka aukafjárveitingu þess vegna. Þetta er kannski stöðugleikinn og góðærið sem hér ríkir.

Tíminn er að hlaupa frá mér. Það var búið að minnast

hér á Ábyrgðasjóð launa, þar er eitthvað á ferðinni sem við hljótum að þurfa að skoða, þessi stöðuga aukning á því að ríkið þurfi að greiða launþegum sem áður hafa unnið hjá fyrirtækjum sem hafa orðið gjaldþrota laun. Þarna er eitthvað um að vera sem við hljótum að þurfa að skoða, þetta getur ekki vaxið svona á hverju einasta ári.

Atvinnuleysistryggingasjóður þarf að fá hækkun upp á 948 milljónir, tæpan milljarð, og það er að hluta til vegna vitlausra forsendna um atvinnuleysisspá, líka vegna þess að atvinnuleysisbætur hækka, það er hluti af þessu. En það vekur mann til umhugsunar að við erum að bæta milljarði í atvinnuleysisbætur vegna ástandsins á vinnumarkaði og við höfum sagt að við séum að bæta talsvert mikið í bætur til öryrkja vegna ástandsins á vinnumarkaði, og þegar maður leggur þessi tvö atriði saman þá hlýtur maður að velta fyrir sér og hafa áhyggjur af hvað er að gerast.

Þetta frumvarp sem liggur fyrir, ég held að það sýni okkur að hluta til agaleysi, sjálfvirkni og ekki nægjanlegt aðhald í útgjöldum ríkisins.

[14:39]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir alveg prýðilega umræðu á fundinum um fjáraukalögin fyrir þetta ár, bæði um einstök atriði frumvarpsins og eins almennt um málefni er lúta að meðferð fjáraukalaganna.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að ég er ekkert sérstaklega pirraður yfir þessu frumvarpi. Það er kannski í og með vegna þess að í ár er um að ræða tiltölulega lítil frávik frá fjárlögunum sjálfum og minni en við höfum þurft að glíma við undanfarin ár oft og tíðum. Frávikið gjaldamegin er 2,5% og ég held að það verði nú að segja, hvað sem líður einstaka þáttum þar, að 2,5% frávik í svona stóru dæmi er innan skekkjumarka. (**Gripið fram í:** Það gæti verið minna.) Það gæti verið minna og við skulum keppa að því sameiginlega að gera það minna.

Í þessu eru að sjálfsögðu, eins og við vitum öll, margar fjárhæðir sem byggja á áætlunum sem eru óvissar. Það var nefnt hérna t.d. áðan að liðir í Tryggingastofnun ríkisins væru ýmist að hækka eða lækka samkvæmt þessu frumvarpi. Það er vegna þess að upphaflegu áætlanirnar voru ekki öruggari en svo, sumt hækkar, annað lækkar eftir því sem líður á árið og hlutir skýrast. Sama er að segja t.d. um Atvinnuleysistryggingasjóð, atvinnuleysi hefur því miður orðið meira en við reiknuðum með fyrir ári síðan. En það hefur líka gerst að það var tekin sérstök ákvörðun um það í marsmánuði sl. að hækka þessar bætur um 11,3%, sem vitanlega var ekki vitað þegar fjárlögin voru afgreidd en hefur auðvitað áhrif til hækkunar núna. Svo bætist það við hvað varðar Atvinnuleysistryggingasjóð að vextir af inneign hans hjá ríkissjóði eru lægri en þeir voru vegna þess að vaxtastigið hefur lækkað. Margt af þessu og flest af þessu á sér því eðlilegar skýringar.

Einn hv. þingmaður spurði að því hvort útkoman úr fjárlögunum plús fjáraukalögunum yrði þá hin endanlega niðurstaða ríkisreiknings á næsta ári, hvort ég gæti þá fullyrt það og hvort ég væri þá ánægður með það. Ég hélt að ég hefði við 1. umr. um fjárlögin hér í fyrradag farið það rækilega yfir þetta atriði, sérstaklega í síðari ræðu minni, að spurningum sem þessari yrði ekki varpað hér fram. En ég skal útskýra aftur hvers vegna henni er ekki hægt að svara. Ég get gert það með tilvísun til eins máls sem nú er uppi hér í þjóðfélaginu og menn hafa gert að umtalsefni hér á Alþingi, sem er kennaraverkfallið.

Það vill nefnilega þannig til að lífeyrisskuldbindingar kennara eru enn þá a.m.k. á ábyrgð ríkisins. Ef kennaradeilan leysist með þeim hætti að dagvinnulaun kennara hækka meira en almennt gerist þá mun lífeyrisskuldbindingin sem því fylgir og mun gjaldfalla á reikninginn hjá ríkissjóði hækka sem því nemur. Getum við svarað því í dag hver sú tala er eða yrði? Nei. En gátum við þá kannski svarað því þegar við vorum að afgreiða fjárlögin í fyrra fyrir þetta ár, eins og haldið var fram hér í þingsalnum á þriðjudaginn var að við hefðum átt að geta? Auðvitað ekki.

Þess vegna er svarið við þessari spurningu það að við vitum ekki fyrir víst hvort þetta verður endanlega niðurstaðan út úr reikningnum. Hitt vitum við af hinum almenna rekstri ríkissjóðs, þar sem óreglulegir liðir eru ekki teknir með, að allt bendir til þess að þessi niðurstaða muni standast.

Ég var að enda við að segja að frávikið núna væri 2,5%, tæplega reyndar, í gjöldum miðað við fjárlögin, og ég var spurður að því hvort þetta umfang væri eðlilegt, 6–7 milljarðar kr., er það eðlilegt frávik? Það er ekki hægt að svara því. Það tengist m.a. þessu sem ég var að enda við að rekja varðandi skuldbindingar og annað þess háttar. Hins vegar er náttúrlega eðlilegt að stefna að því að þessi tala verði sem allra lægst alveg eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir var að skjóta hérna inn í. Um það eiga allir að geta sameinast. Og kannski er ein leið til þess að gera betur í þeim efnum sú að setja meiri fjármuni inn á liði sem eiga að dekka óviss útgjöld eða ófyrirsjáanleg atvik í sjálfum fjárlögunum, það er ein leið.

Við erum með sérstakan lið í fjárlögunum sem heitir Laun og verðlagsmál sem er reyndar í fjárlagafrumvarpi næsta árs heldur ríflegri en hann hefur oft verið vegna óvissu um þau málefni. Við erum með óviss útgjöld á ýmsum stöðum. Það er auðvitað ein leið að gera betur gagnvart því að rýmka slíkar fjárveitingar og reyna þá að draga úr því sem kemur inn á fjáraukalögin. En þá er jafnframt verið að framselja ráðstöfunarréttinn yfir því til ráðherranna. Vilja menn það kannski? Þetta er vandasamt. Auðvitað viljum við öll vinna saman að því að gera eins vel og við getum í þessum efnum.

Hv. þm. Helgi Hjörvar nefndi líka hvort það hefði ekki verið þannig að með óvissum útgjöldum mætti ná utan um útgjöld t.d. forsætisráðuneytisins og Alþingis. Það er liður í fjárlögunum sem heitir Ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar og er upp á 200 millj., var lengi 100 millj. en er núna 200 vegna þess að það koma ævinlega upp hlutir sem eðlilegt er að bregðast við. Við notum þann lið mikið til að bregðast t.d. við hjálparbeiðnum frá útlöndum, núna síðast vegna fellibylja í Karíbahafinu, áður vegna hörmungarástands í Súdan og jarðskjálfta í Íran o.s.frv. en einnig að sjálfsögðu vegna verkefna innan lands.

Auðvitað er ekki hægt að alhæfa um þessi atriði. Ef forsætisráðuneytið tekur upp á arma sína nýtt verkefni sem

ekki var fyrirséð eða ekki var hægt að áætla fyrir með nákvæmni er ekkert við það að athuga að slíkt mál komi upp í fjáraukalagafrumvarpinu. Ég tel að það eigi við um Evrópunefndina sem hér er ákveðið að leggja til að veitt verði fjármagn til. Sama er að segja um endurnýjunarsamning um Vesturfarasetrið á Hofsósi og sama er að segja um að ljúka við Laxnessafnið á Gljúfrasteini með þeim hætti að það sé fullkominn sómi að og þá var best að klára það fyrst byrjað var á því og fyrst ekki var nægileg fjárveiting fyrir því á fjárlögum ársins.

Mér er ekki kunnugt um hvort forstöðumenn hafa fengið áminningar eða tiltal eða a.m.k. formlegar áminningar. Mér er kunnugt um að sumir þeirra hafa að sjálfsögðu fengið bréflegar athugasemdir frá sínum ráðuneytum hafi þeir farið fram úr þeim reglum sem gilda í reglugerðum um framkvæmd fjárlaga. Við í fjármálaráðneytinu sendum öðrum ráðuneytum reglulega ábendingar um það efni og það er ætlast til að því sé fylgt eftir og það er að sjálfsögðu gert. Ég hef sjálfur ekki veitt forstöðumanni áminningu fyrir framúrakstur. Það hefur ekki verið tilefni til þess í mínu ráðuneyti. En kannski er tilefni til þess í einhverjum öðrum ráðuneytum þó svo að það hafi ekki verið gert og það er þá ágætt að fjárlaganefndin fylgi slíkum athugasemdum eftir ef hún telur að svo sé. Reyndar eiga ýmsar stofnanir góða vini og bandamenn í þinginu og í fjárlaganefndinni þannig að það þarf kannski skoða hlutina eitthvað í því ljósi en það á hins vegar eitt yfir alla að ganga í þessum efnum.

Varðandi efnahagsforsendur almennt í frumvarpinu sem nokkrir þingmenn hafa vikið að, t.d. varðandi atvinnuleysi, þá gildir auðvitað um það eins og annað að slíkar spár eru óvissu háðar og menn verða að horfast í augu við raunveruleikann hvað það varðar. Sú staða hefur verið uppi á árum áður að atvinnuleysi hafi verið ofáætlað, það hefur orðið minna og þá hefur verið hægt að minnka framlögin í atvinnuleysisbætur. Núna er það reyndar öfugt og það er dálítið andstætt því sem menn höfðu eðlilega átt von á vegna þess að menn héldu að það yrði meiri spenna á vinnumarkaðnum en raunin hefur orðið vegna stórframkvæmda. Skýringarnar á því eru kannski þær að það er meira erlent vinnuafl innan lands en menn reiknuðu með. Það hefur verið meiri framleiðniaukning o.s.frv. sem getur skýrt þetta. En ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma. Við vonum öll að sjálfsögðu að atvinnuleysið minnki eins og gert er ráð fyrir í spánni fyrir næsta ár þar sem reiknað er með að það verði 2,75% að meðaltali yfir árið.

Ég hyggst þá koma að nokkrum athugasemdum um einstök mál og ef mér tekst ekki að ljúka við að svara þeim treysti ég því að einhver þingmaður taki til máls svo ég geti talað í þriðja sinn þegar því er lokið. En ég vil hins vegar segja það strax að ég er ekki með á takteinum skýringar um hvert einasta atriði og fólk verður því miður, eins og þingmenn tóku reyndar fram, að sætta sig við að fá ítarlegri skýringar í fjárlaganefndinni.

Það er búið að tala um ýmis mál. Margir hafa látið orð falla um eitt lítið verkefni sem tengist Gretti sterka og ég skal með ánægju útskýra það mál eins og það blasir við mér vegna þess að það er ekki eins einfalt og látið er í veðri vaka af því að eins og ég hef skilið málið urðu mistök í fjárlaganefndinni og fjárveitingin sem ætluð var þessu verkefni lenti annars staðar. Hún lenti nefnilega á fjárlagalið eða undirlið sem kallaður er Menningar- og fræðsluverkefnið Grettistak, 7 millj. Þannig að þó svo að menntamálanefnd hafi lagt til 1 milljón skilst mér að fjárlaganefnd hafi ætlað sér þetta en sett það fyrir handvömm á annan lið og menn hafi meira að segja fengið þar meira en þeir höfðu beðið um en þeir tóku því auðvitað fagnandi og af miklum skilningi. Ég skal þó ekki hallmæla þeim lið neitt, ég held að það sé hið besta mál en upp úr þessu og samtölum milli mín og fjárlaganefndarforustunnar virðist þetta hafa verið niðurstaðan. Ég fékk síðan bréf frá þeim um þetta og lagði til í ríkisstjórninni að þetta yrði lagfært. Þess vegna er þetta mál inni í frumvarpinu. Þarna er þá um að ræða einhvers konar mistök sem ég fyrir mitt leyti tek mína ábyrgð á og aðrir sína eftir atvikum. Vona ég þar með að það mál sé upplýst.

Hérna hefur verið nefnt annað lítil mál sem er Snorrastofa. Þar hafa líka orðið mistök í meðferð máls en ég get alveg fallist á að orðalagið sem er í skýringum í fjáraukalagafrumvarpinu með því sé ekki heppilegt. Ég skal viðurkenna það strax að ekki er heppilegt að segja í fjáraukalagafrumvarpinu: „Þeir sem að Snorrastofu standa höfðu hins vegar miðað áætlanir sínar við að þessi fjárheimild yrði til staðar ...“ Það er ekki eðlileg skýring. Skýringin er sú að þarna urðu mistök. Þau eru sennilega okkur að kenna í ríkisstjórninni þegar tillögur bárust frá okkur til nefndarinnar. Þetta var fellt brott þó að það hafi ekki verið ætlunin og við erum að reyna að leiðrétta það en það átti ekki að skýra það með þessum hætti. Ég tek á mig þau mistök.

Varðandi verkefni eins og Efri-Brú sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson nefndi hér þá er það líka handvömm, býst ég við. Þetta gerist seint á árinu og málið er ekki klárað. En hvað ætli þingmenn hefðu sagt ef ekki væri óskað eftir þessum fjármunum til þess að borga þessa húsaleigu? Þá hefði jafnvel verið beðið um utandagskrárumræðu ef marka má þann áhuga sem þingmenn hafa almennt á starfsemi þeirra ágætu samtaka sem þarna eiga hlut að máli.

Varðandi Tetra-kerfið sem tveir þingmenn hafa spurt um geri ég ráð fyrir að óskað verði eftir betri upplýsingum um það í nefndinni sjálfri. Ég hef ekki þær upplýsingar tiltækar en auðvitað er alveg ljóst að þar hefur ekki allt farið eins og ætlast var til, því miður, og það er búið að kosta mikla peninga. Þar hafa orðið mistök af ýmsu tagi sem ástæða er til að fara vel yfir í nefndinni. Ég tek mjög undir það.

Varðandi önnur atriði þá hygg ég að ég verði að geyma mér þau þar til ég fæ tækifæri til að koma aftur í ræðustól sem ég hyggst gera.

[14:55]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem bárust við þeim spurningum sem ég hafði lagt fyrir hann. Það er auðvitað ljóst að hann komst ekki yfir nærri allt og verður vonandi bætt úr því á eftir en ég hef ekki annan kost en að koma upp í andsvör því ég hef lokið rétti mínum til ræðuhalda undir þessum dagskrárlið.

Varðandi Laxnessafnið er ég út af fyrir sig sammála hæstv. ráðherra að fyrst á annað borð var farið af stað var

auðvitað best að ljúka því þó svo að það hafi reyndar ekki tekist heldur þarf að fresta einhverju yfir á næsta ár. Það sem ég var hins vegar fyrst og fremst að gera athugasemdir við var að það er greinilegt að áætlunarkerfið í þessu sambandi hefur verið algerlega úr samhengi við það sem upp kom síðar og þar af leiðandi voru fjárlögin röng. Vegna þess að ef ætlunin hefur verið að gera það sjáum við að ef það hefur kostað rúmlega 20 millj. kr. duga 2,5 millj. kr. náttúrlega ekki til þess að framkvæma slíka hluti þannig að áætlunargerðin hefur greinilega verið úr öllu samhengi og við það var ég að gera athugasemd.

Varðandi Snorrastofu fagna ég því sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra að þarna er orðalagið ekki rétt og afar óheppilegt og þarna hafa verið gerð mistök sem hæstv. ráðherra tekur á sig eða sitt fólk og það er ekkert við því að segja annað en fagna því að það skuli þá upplýst. Sama er að segja um Byrgið að þar hefur augljóslega orðið einhver handvömm og ég er sammála hæstv. ráðherra í því að þegar slíkt á sér stað á auðvitað bara að segja það í frumvarpinu. Það er hin rétta skýring og það á ekki að vera að fela það.

Einnig vil ég taka undir það með hæstv. ráðherra að Tetra-Ísland er augljóslega það stórt mál að við verðum að fara miklum mun nánar yfir það í fjárlaganefndinni sjálfri og eins og fram kom í fyrstu ræðu minni geri ég ráð fyrir að við munum óska eftir minnisblaði um það í fjárlaganefnd þannig að hægt sé að átta sig á hvað þarna fór úrskeiðis.

[14:57]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er kannski ekki miklu við þetta andsvar hv. þm. að bæta að öðru leyti en því að ég vil taka fram að ég tek á mig þau mistök sem í frumvarpinu eru en ekki á mitt starfslið.

Það eru atriði sem hv. þm. nefndi áðan, ef mér leyfist að koma aðeins inn á það, sem ég gæti kannski skýrt aðeins betur en þó eru þau ekki mörg. Ég held að ég verði að vísa þeim flestum til fjárlaganefndar í frekari úrvinnslu. Hv. þm. spurði t.d. um hvaða sparnaður náðist ekki í sjúkratryggingunum varðandi læknana. Þar voru liðir sem menn höfðu reiknað með að geta náð ýmist með samningum við þá eða með því að minnka þá þjónustu sem keypt væri af þeim. Það virðist ekki ætla ganga eftir, enda eru þeir ekkert sérstaklega ginnkeyptir fyrir slíku, þeir ágætu starfsmenn ríkisins, og skal ég ekki hafa fleiri orð um það.

Varðandi aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins urðu þau atvik þar sem kölluðu nauðsynlega á úrbætur í öryggismálum í því ráðuneyti og hygg ég að búið sé að ganga frá slíkum hlutum í öðrum ráðuneytum áður eins og þingmaðurinn spurði um.

Varðandi Hagstofuna held ég að það hafi líka verið ákveðin mistök í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið í ár að láta ekki eitt yfir alla ganga hvað varðar framlög vegna upplýsingasamfélagsins. Ráðuneytin höfðu öll þar ákveðna púllíu. Hagstofan datt út en það er líka óheppilegt orðalag að segja að hún hafi mátt reikna með að hún fengi eitthvað meira úr því að það var ekki í frumvarpinu. Ég tek undir að það á sama við um þetta og Snorrastofu, þarna er ekki heppilega að orði kveðið.

[14:59]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki miklu við það að bæta. Ég vil aðeins þakka hæstv. ráðherra fyrir að vekja athygli á því að orðalag, bæði varðandi Hagstofuna og Snorrastofu, er auðvitað afskaplega óheppilegt því verið er að gefa það fyllilega í skyn að það séu einhverjir aðilar utan þings sem geti tekið ákvarðanir út frá hinu og þessu og það eigi bara að gilda. Ég vona því að næst þegar við sjáum slíkt frumvarp verði hæstv. ráðherra búinn að tryggja það að slíkt orðalag sjáist ekki oftar og ef gerð hafa verið mistök séu þau bara viðurkennd sem slík vegna þess að auðvitað geta þau alltaf orðið þó svo að við stefnum að því að fækka þeim eins og kostur er. En að gefa það til kynna í frumvarpi til fjáraukalaga að það séu einhverjir sem geta dregið ályktanir af hinu og þessu og þar með eigi þeir að fá ákveðna fjármuni eru auðvitað hlutir sem ekki er hægt að bjóða upp á.

[15:00]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hér hafa komið fram.

Aðeins varðandi verkefnið „Grettir sterki“, ég held að við þurfum að ræða þetta í nefndinni betur en hægt er að gera hér á þessum stutta tíma. Hjá hæstv. ráðherra kom fram að menn hafi ætlað sér að setja í verkefnið 7 milljónir, og spurningin er: Hvaða menn? Hann sagði að hann hefði fengið bréf frá einhverjum, og spurningin er: Bréf frá hverjum? Er einhver undirnefnd í fjárlaganefnd sem er að senda bréf eða hvernig ganga þessir hlutir fyrir sig? Ég biðst bara velvirðingar á því ef ég á að vita það, ég er það nýr að ég átta mig ekki á því ef svo er.

Það eru tvö lítil atriði sem ég spurði um sem mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra hefði einhver svör við. Ég sætti mig þó að sjálfsögðu við það að þurfa að bíða ef svörin eru ekki á reiðum höndum. Það er annars vegar þetta skuldabréf sem Landsvirkjun er að fá hjá ríkinu og er að greiða ríkinu til baka 400 millj. kr. virkjanarannsóknir. Ég var að velta fyrir mér hvort það væri viðtekin venja að ríkið réðist í einhverjar virkjanarannsóknir hér og þar og að orkufyrirtæki sem væru að hluta til í eigu ríkisins greiddu það svo til baka eftir dúk og disk einhvern tíma og á einhverjum kjörum sem ég var að spyrja um.

Hitt atriðið sem mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra gæti svarað varðar heimild til Flugmálastjórnar um að ráðstafa 250 millj. af eigin fé alþjóðaflugþjónustunnar til að stofna hlutafélag til að kaupa, sýnist mér, fjarskiptamiðstöðvarnar í Gufunesi af Landssíma Íslands og reka þær þá væntanlega í þessu hlutafélagi til að selja þjónustu, annaðhvort sjálfri sér eða þá einhverjum öðrum.

Að öðru leyti þakka ég ráðherra skýr svör við því sem fram kom.

[15:02]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil segja aðeins út af þessu Grettismáli að auðvitað verður fjárlaganefndin að fara yfir það. Þegar ég segi að menn höfðu ákveðið, eða mér var a.m.k. sagt að

menn hefðu ákveðið, að veita meiri fjármuni þarna á ég auðvitað við meiri hlutann í nefndinni. Þetta er auðvitað allt gert á hans ábyrgð og hið sama er að segja um þetta bréf. Ég vil þó taka það fram að ég var í sambandi við varaformann nefndarinnar út af þessu máli.

Varðandi Landsvirkjun og endurgreiðslu virkjanakostnaðar er það þannig í lögum að ríkið á endurgreiðslukröfu gagnvart þeim kostnaði sem Orkustofnun hefur lagt út vegna virkjanarannsókna sem síðan leiða til framkvæmda. Það var gengið frá því með skuldabréfi fyrir einhverju síðan hvernig Landsvirkjun mundi endurgreiða kostnaðinn sem ríkið varð fyrir í gegnum Orkustofnun vegna framkvæmdanna fyrir austan. Þetta er gömul aðferð og hefur iðulega verið notuð. Hún er í sjálfu sér mjög eðlileg, ef grunnrannsóknir breytast í hagnýta framleiðslu orku er það endurgreitt sem út hefur verið lagt.

Varðandi Flugmálastjórn og þetta hlutafélag sem ætlunin er að stofna verð ég að viðurkenna að ég þekki ekki smáatriðin í því. Þar er þó um að ræða ákveðnar skipulagsbreytingar sem m.a. eru hugsaðar til þess að gera Flugmálastjórn auðveldara að selja þjónustu sína til erlendra aðila og verða virkari á þessum markaði sem um er að tefla í alþjóðaflugþjónustunni. Ég held að þetta sé mjög jákvæð breyting í sjálfu sér þó að hún kalli hér á einhverjar skipulagsbreytingar og þessa breyttu tilhögun varðandi fjárveitingar.

[15:04]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég heyri það á öllu í umfjöllun hæstv. fjármálaráðherra um hið stóra mál Grettis sterka að það er engu líkara en að Glámur hafi tekið sæti í fjárlaganefndinni.

Ég kveð mér nú hljóðs fyrst og fremst til að gefa ráðherra kost á því að halda hér sína þriðju ræðu og fara yfir þær skýringar sem hann hefur fram að færa. Það er eðlilegt að hæstv. fjármálaráðherra þurfi að koma ítrekað í ræðustólinn til að gera grein fyrir þeim margvíslegu aukafjárveitingum sem hér er verið að fjalla um. Ég lýsi ánægju minni með að heyra undirtektir hans við því að þessar aukafjárveitingar séu of miklar og að við eigum að stefna að því að ná þeim niður. Mér finnst að með þeim orðum taki hann að sumu leyti undir þann málflutning sem við höfum haft uppi hér í fjárlagaumræðunni undanfarið um að þetta séu óhóflegar aukafjárveitingar og að við þurfum að vinna að því að ná þeim niður.

Fyrst að ég er kominn hingað í ræðustólinn langar mig að tjá mig aðeins um vinnubrögð. Hæstv. ráðherra nefndi þann möguleika að setja potta út til framkvæmdarvaldsins þannig að það gæti bara jafnað þessar framúrkeyrslur í einhverjum peningapottum sem það hefði til ráðstöfunar. Hann talaði um að það væri út af fyrir sig aðferð. Ég er sammála honum um það. Ef það er vilji manna að aukafjárveitingar séu bara heimilaðar með tiltölulega einföldum hætti af framkvæmdarvaldinu, það eigi ekki að vera flókið að sækja aukafjárveitingar og það eigi bara að geta gengið svona tiltölulega hratt og vel áfram að menn fái þær, held ég að menn eigi að gera það þannig. Ég held samt að það geti verið ákveðið aðhald í því að beita fjáraukalögum til að veita aukafjárveitingar. Gallinn í þessu fyrirkomulagi hér er sá að þó að fjáraukalögin komi nú miklu fyrr en þau gerðu á síðustu öld held ég að engu að síður séum við að taka afstöðu, eða öllu heldur að afgreiða það sem þegar hefur verið ákveðið í ráðuneytunum. Það er í raun og veru búið að taka þessar ákvarðanir áður en málið kemur til þingsins. Ef það á að nota fjáraukalögin sem stjórntæki væri framför í því að hér væru fjáraukalög afgreidd, ein á vorþingi og önnur á haustþingi. Þegar menn sæju að inn á árið væru komin verkefni sem ráðast þyrfti í ættu þeir þess kost að sækja um þau á vorþingi, fá fjárveitinguna og fara síðan í þau. Þann kost eiga stofnanirnar í raun og veru ekki í dag vegna þess að fjáraukalögin eru afgreidd svo seint á árinu að eftir að þær heimildir væru veittar, þá auðvitað í framkvæmdum svo sem eins og við hús Halldórs Laxness, væri ekki hægt að vinna framkvæmdirnar innan ársins.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort hann teldi ekki að því bragarbót í fjárlagaferlinu ef það verklag væri uppi að hægt yrði að sækja aukafjárveitingar í fjáraukalögum inn í þingið að vorinu til, m.a. áður en helsti framkvæmdatíminn í landinu fer í hönd, sumarið, og væntanlega þegar skólarnir eru farnir að sjá betur hvernig skólaárið leggst út o.s.frv. Gott væri að fá fram afstöðu hans til þess.

Hitt er mál sem ég rak hér í fyrra og kom mér mjög á óvart sem nýjum þingmanni en þá spurðist ég fyrir um hvað lögreglan í Reykjavík hefði beðið um í fjárveitingu, hverjar þarfir lögreglan teldi sig hafa til fjárframlaga á þessu ári. Ég átti ekki von á öðru sem nýr nefndarmaður í fjárlaganefnd en að ég bara fengi þær upplýsingar. Því var þó ekki að heilsa. Það var leyndarmál sem ekki mátti upplýsa og mér var formlega neitað með bréfi frá lögreglustjóranum í Reykjavík um upplýsingar um hvaða fjárveitingar lögreglan hefði farið fram á fyrir yfirstandandi ár.

Ég tel algjörlega óviðunandi fyrir þingmenn sem sitja í fjárlaganefnd að hafa ekki aðgang að slíkum upplýsingum vegna þess að það gerir okkur einfaldlega erfitt fyrir að rækja eftirlitshlutverk okkar og rýna í það sem fyrir okkur er lagt.

Ég hafði fyrir ári síðan ástæðu til að ætla að þær fjárveitingar sem í fjárlögum voru til lögreglunnar í Reykjavík væru ekki nægar. Þess vegna vildi ég grennslast fyrir um það hvernig lögreglan sjálf hefði metið það mál. Hvað kemur nú á daginn í frumvarpi til fjáraukalaga? Ég sé eða veit að þar er inni fjárveiting upp á 35 millj. kr. til lögreglunnar í Reykjavík. Ég á í starfi fjárlaganefndar eftir að grennslast fyrir um ástæður þeirrar framúrkeyrslu en mér finnst það styðja þær röksemdir sem ég setti hér fram fyrir ári um að það er algjörlega nauðsynlegt fyrir okkur sem eigum að vinna að fjárlögunum, ef eitthvert mark á að vera takandi á þeirri vinnu, að hafa fullan aðgang að upplýsingum frá stofnunum ríkisins og vera ekki synjað um jafnsjálfsagðar grundvallarupplýsingar og hvað stofnanir sem starfa í þágu almennings hafa sjálfar talið sig þurfa.

Það er auðvitað ekki heilagur sannleikur sem þær hafa farið fram á en það er sjónarmið í málinu, og það er sjónarmið sem þarf að koma fram til þess að málefnaleg umfjöllun geti farið fram um fjárlagafrumvarpið. Málefnaleg umfjöllun um það er væntanlega forsenda þess að það geti ver-

ið sem næst réttu lagi og að síður þurfi að koma til þeirra umfangsmiklu og verulegu aukafjárveitinga sem við erum hér ár eftir ár í fjáraukalögum að afgreiða.

[15:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég átti eftir að svara hér áðan nokkrum atriðum sem fram komu í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar. Sumum þeirra hef ég reyndar áður svarað vegna þess að þau tengdust því sem aðrir höfðu spurt um og sama er að segja um atriði sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson benti á. Þeir ræddu báðir um Ábyrgðasjóð launa og þær 300 millj. sem gert er ráð fyrir að bæta við þann sjóð með þessu frumvarpi. Það er vissulega áhyggjuefni hve mjög þessi sjóður stækkar. Hann kemur ekki til af góðu eins og við vitum en eins og lögin eru núna er ekki um annað að ræða en að framfylgja þeim.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson taldi rétt að staldra við varðandi þetta atriði og kanna hvort fyrirtæki ættu kannski frekar að kaupa sér tryggingu í þessu skyni en að ríkið tæki alla ábyrgðina. Mér finnst þetta athyglisverð hugmynd þó að ég hafi ekki skoðað hana áður. Mér finnst hugmyndin athyglisverð og ástæða til þess að velta henni fyrir sér.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson ræddi hér, eins og ég drap á áðan, um fjölgun lífeyrisþega og spurninguna um hvernig það mál er að þróast. Þar er um að ræða sex liði, þrír þeirra hækka og þrír lækka. Einn þeirra hækkar vegna þess að gert var ráð fyrir minni fjölda bótaþega á árinu 2004 en sú spá rættist ekki. Hv. þm. gerði það að umtalsefni. Gert var ráð fyrir því en nú er það ekki lengur. Það breyttist. Þetta er hins vegar mjög gott dæmi um það hvernig háar upphæðir geta velkst til og frá, hækkað og lækkað eftir því hver framvindan í viðkomandi málaflokkum verður, framvinda sem ekki er hægt að sjá fyrir.

Hv. þm. nefndi rannsóknaskipið Dröfn og spurninguna um að selja það. Ég viðurkenni að ég hef minna vit á slíkum málum en hann, þar á meðal hvaða hagræðing fylgir því að leggja því skipi eða selja það. Ég get ekki svarað því. Ég tel hins vegar að bak við þessa beiðni Hafrannsóknastofnunar liggi það að hún telji sig geta haft meira gagn af tækjum sem fá mætti fyrir andvirði skipsins en af skipinu sjálfu eins og nú er háttað. Dröfnin er orðin gamalt skip og kannski ekki alveg jafnfært í slaginn og áður var miðað við nýja rannsóknaskipið sem getur eflaust bætt við sig verkefnum.

Ég vil svo segja aðeins í lokin almennt um fjáraukalögin að hér hafa komið fram ákveðnar hugmyndir varðandi þau og fólk er að ræða þau eins og gengur og eðlilegt er. Það verður að hafa í huga að stór hluti af þessu sem við erum að fjalla um núna í fjáraukalögunum er ekki raunverulega nýjar fjárveitingar heldur eru þetta endurskoðaðar áætlanir, eins og ég hef verið að segja, þegar fyrir liggja betri upplýsingar. Atvinnuleysisbætur, lífeyristryggingarnar og margt, margt fleira, tekjuspáin auðvitað sem snýst um það að leggja hlutina bara fram á grundvelli nýjustu upplýsinga.

Einhver nefndi áðan, ég held að það hafi verið hv. þm. Jón Gunnarsson, að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins mundi skila 500 millj. kr. í arðgreiðslur umfram það sem áður hefur komið inn í fjárlögin. Það er rétt. Það þarf að taka það þá inn með formlegum hætti gegnum fjáraukalög vegna þess að þarna er um það að ræða að áfengisverslunin hefur skilað í ríkissjóð samkvæmt áætlunum öllu því sem hún átti að skila en hins vegar haft umframtekjur, að ég hygg einkum af tóbaki, sem þarna hafa safnast fyrir. Nú er eðlilegt að þær séu bara greiddar í ríkissjóð þó að það séu sem sagt rekstrartekjur frá stofnuninni en ekki skatturinn sem greiddur er með öðrum hætti við aðrar aðstæður, eins og við vitum í gegnum tollstjóraembættið.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta en þakka mönnum fyrir alveg ágæta umræðu. Eins og fyrr treysti ég því að það verði gott samstarf á milli ráðuneytis og fjárlaganefndar um úrvinnslu þessa frumvarps.

[15:16]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera neinn stórvægilegan ágreining við hæstv. fjármálaráðherra um svör hans en vil þó vekja athygli á því að rannsóknaskipið Dröfn er minnsta skip Hafrannsóknastofnunar og hefur hentað ágætlega til að stunda ýmsar rannsóknir, t.d. innfjarðarannsóknir, við þröngar aðstæður og önnur minni verkefni. Ég tek heils hugar undir það með hæstv. fjármálaráðherra að hið nýja rannsóknaskip Árni Friðriksson þarf að fá fleiri verkefni og það er fullt af verkefnum sem hægt er að vinna með því öfluga skipi og þeim tækjabúnaði sem þar er um borð. Ég held bara að sum þeirra verkefna séu þess eðlis sem þarf að setja í forgang og ég held að verkefni þess skips verði næg á komandi árum, m.a. í að auka þekkingu okkar á hafsvæðinu kringum Ísland, botnlægi o.s.frv. Hins vegar dreg ég mjög í efa að t.d. Árni Friðriksson henti til að taka við sumum verkefnum Drafnarinnar, sérstaklega innfjarðarannsóknum og minni verkefnum. Þar er einfaldlega um stórt skip að ræða og dýrt, og ekki er ástæða til að nota stærri og dýrari skip við minni innfjarðarannsóknir eins og t.d. rækjuveiðar innfjarða og hörpuskelsmælingar o.s.frv. en ástæða er til. Þetta vil ég bara láta koma fram.

[15:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég treysti mér ekki til að þykjast hafa meira vit á þessum málum en hv. þingmaður og viðurkenni fúslega að ég þekki ekki þessa hluti í smáatriðum. Ég vona bara að hægt verði að upplýsa þetta mál í fjárlaganefndinni og að Hafrannsóknastofnun geri grein fyrir því hvers vegna hún vill fara þessa leið í stað þess að halda áfram að reka Dröfnina. Það mál er fyrst og fremst faglegs eðlis og um það efni hefur hv. þm. mikla yfirburði fram yfir þann sem hér stendur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:18]

Útbýting:

Bifreiða-, ferða- og risnukostnaður, 130. mál, fsp. JóhS, þskj. 130.

Frávísanir framhaldsskóla og háskóla, 101. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 101.

Háhitasvæði við Torfajökul, 122. mál, fsp. RG, þskj.

122.
Kosningar til Alþingis, 70. mál, frv. ÖS o.fl., þskj. 70.
Neyslustaðall, 129. mál, fsp. JóhS, þskj. 129.
Sektakerfi lögreglunnar, 128. mál, fsp. JóhS, þskj. 128.
Skattalækkanir, 136. mál, fsp. JóhS, þskj. 136.
Umfang skattsvika, 127. mál, fsp. JóhS, þskj. 127.
Villinganesvirkjun og Skatastaðavirkjun, 123. mál, fsp. RG, þskj. 123.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 85. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 85.

[15:19]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 2,9%, þ.e. úr 5.576 kr. í 5.738 kr. Hækkunin er vegna verðlagsbreytinga en gert er ráð fyrir að byggingarvísitala hækki um 2,9% frá árinu 2004 til ársins 2005.

Framkvæmdasjóður aldraðra fær tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem eru skattskyldir samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Úr sjóðnum eru m.a. veittir styrkir til byggingar öldrunarstofnana. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra stjórnar sjóðnum og gerir árlega tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um úthlutun úr honum.

Virðulegi forseti. Ég tel brýnt að frumvarp þetta hljóti afgreiðslu á haustþingi þannig að það fylgi fjárlagafrumvarpinu og leyfi mér því að leggja til að því verði vísað til hv. heilbrigðis- og trygginganefndar og til 2. umr.

[15:21]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér lítið mál sem kemur árlega fyrir Alþingi. Það er fast gjald sem rennur í Framkvæmdasjóð aldraðra og á að vera 5.738 kr.

Þetta er gjald sem nánast allir landsmenn greiða sem eru komnir yfir ákveðinn aldur, komnir á skattgreiðslualdur, og ég vildi velta upp þeirri hugmynd að þetta gjald yrði sett inn í persónuafsláttinn og hann lækkaður sem þessu nemur til að einfalda alla innheimtu, einfalda kerfið og einfalda lagasetninguna. Þá þyrftum við ekki að ræða hérna á hverju ári um svona hluti. Þetta eru svipaðar hugmyndir og ég hef bent á í sambandi við innheimtu á útvarpsgjaldi sem líka er eins konar nefskattur, reyndar á fjölskyldur. Hann kemur mjög svipað út og persónuafslátturinn og það má einfalda kerfið mikið með því að steypa þessum gjöldum öllum saman í persónuafsláttinn og lækka hann sem því nemur.

Ég varpa þessu bara fram til skoðunar fyrir þá nefnd sem fær frumvarpið til athugunar. Ég vil sem sagt vinna að því að hafa skatt- og bótakerfin eins einföld og hægt er án þess þó að það komi niður á þeim tilgangi skatt- og bótakerfa að afla tekna í ríkissjóð og greiða út bætur til þeirra sem minna mega sín.

[15:23]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ábendinguna og tel sjálfsagt að nefndin skoði málið frá ýmsum sjónarhornum. Á sínum tíma var pólitískt samkomulag um að leggja á nefskatt í Framkvæmdasjóð aldraðra og vegna þess að þetta er skattur þarf að breyta honum með lögum. Ég er opinn fyrir öllu sem getur einfaldað kerfið og ég þakka fyrir þessa ábendingu.

Aðalatriðið er að sjóðurinn hafi sínar tekjur því að hann hefur ærin verkefni.

[15:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Á sumum heimilum tíðkast að hafa bauka fyrir þessi og hin útgjöldin. Það er baukur vegna sumarleyfa og svo er baukur fyrir bíóferðum og slíku. Ég held að það sé ástæðulaust fyrir ríkissjóð að hafa svona bauka, gula peninga og bláa eða græna peninga og bláa í starfsemi sinni, heldur eigi menn að geta haldið utan um peningastreymið í bókhaldinu. Menn eiga bara að geta munað að þetta stór hluti af persónuafslættinum á að renna í þennan sjóðinn eða hinn. Síðan getur fjárveitingavaldið, sem er Alþingi, séð um að það gerist í staðinn fyrir að vera að flækja allt lagasafnið og skattkerfið og innheimta þessi gjöldin og hin gjöldin af skattgreiðendum sér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stéttarfélög og vinnudeilur, 1. umr.

Frv. GAK, 5. mál (lausir kjarasamningar). — Þskj. 5.

[15:25]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum. Þetta mál hefur verið flutt hér nokkrum sinnum áður, var flutt á 126., 127., 128. og 130. löggjafarþingi en varð eigi útrætt og er enn endurflutt hér.

Frumvarpið hefur það að markmiði að reyna að mynda þrýsting í vinnudeilum sem staðið hafa lengi og gera það að verkum að ákvæði um hækkun launa og önnur kjaraleg ákvæði sem standa til bóta og hafa náðst við lok kjaradeilunnar virki aftur fyrir sig. Ég held að þetta skýrist kannski best með því að ég lesi 1. gr. en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í stað 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi en þó því aðeins að hann hafi verið undirritaður innan sex mánaða frá því að fyrri samningur féll úr gildi, enda sé ekki á annan veg samið, nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungsþátttöku samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun.“

Síðan er um að ræða breytingar í næstu málsgrein sem

ég vék að í upphafi máls míns en þær hljóða svona, með leyfi forseta:

„Séu kjarasamningar lausir lengur en sex mánuði skal upphafshækkun launaliða og önnur atriði sem bæta kjör launþega þegar kjarasamningur kemst á virka aftur til helmings þess tíma sem liðinn er án nýs kjarasamnings."

Þetta þýðir, virðulegi forseti, að ef vinnudeila leystist eftir sex mánuði og tíu daga gerðist það sjálfkrafa samkvæmt þessum lagaákvæðum, yrði frumvarpið samþykkt, að upphafsákvæði í kjarasamningnum um hækkun launaliða og önnur kjaraleg atriði sem sneru beint að launþegum virkuðu sjálfvirkt aftur í tímann í þrjá mánuði. Hækkun og lagfæring á kjarasamningi sem sneri að því að bæta kjör launþega mundi sem sagt ekki virka frá undirskriftatíma eftir sex mánuðina heldur aftur fyrir sig og virka þrjá mánuði aftur í tímann, þ.e. helming þess tíma sem samningurinn væri þá búinn að vera laus. Launþegar fengju það þá bætt sjálfvirkt samkvæmt lögunum að kjaraleg atriði virkuðu þrjá mánuði aftur í tímann og um það þyrfti ekki sérstaklega að semja við atvinnurekendur.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Við hverja tvo mánuði sem bætast við án kjarasamnings færist gildistaka upphafshækkunar aftur um einn mánuð. Eftir tólf mánuði eða meira með lausa kjarasamninga gildir umsamin hækkun frá því að samningurinn féll úr gildi."

Þetta segir, virðulegi forseti, að þegar tveir mánuðir bætast við sex mánaða tímabilið — það eru sem sagt orðnir átta mánuðir með lausan kjarasamning — eins og núna er t.d. orðið í sjómannadeilunni mundu þau atriði sem samið væri um þegar deilan leystist virka aftur fyrir sig, ekki aðeins í þrjá mánuði heldur einn mánuð til viðbótar. Ákvæðin yrðu þá afturvirk í fjóra mánuði. Ef svo illa tækist til að sú deila sem nú stendur yfir t.d. við sjómenn mundi ekki leysast fyrr en að 12 mánuðum liðnum yrði það sjálfvirkt að þau ákvæði sem kjarasamningurinn kveði á um, þau ákvæði sem stæðu til kjaralegra bóta, mundu virka aftur fyrir sig frá því að kjarasamningurinn féll úr gildi.

Við getum velt því fyrir okkur, virðulegi forseti, hvaða áhrif þessi ákvæði gætu haft t.d. á núgildandi stöðu. Kjarasamningar sjómanna hafa verið lausir, þ.e. kjarasamningar Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands — Vélstjórafélagið er með samning til 2005 og kjarasamningur Alþýðusambands Vestfjarða — hafa verið lausir frá 1. janúar eða í níu mánuði. Þar af leiðandi ef þetta hefði verið orðið að lögum væri þegar farið að telja á atvinnurekendur um að ákvæðin mundu virka aftur fyrir sig og væntanlega þá auka þrýsting í deilunni til þess að leysa hana.

Sama má segja um kennara sem núna hafa verið með lausa samninga frá 1. apríl eða í sex mánuði, að ef þetta ákvæði væri komið inn í lög yrði upphafsákvæðið þegar þeir semja, sem vonandi verður sem fyrst, til þess að upphafsákvæði samningsins mundu virka aftur fyrir sig sjálfvirkt í þrjá mánuði eins og deilan stendur nú. Það er kannski rétt að upplýsa það í þessari umræðu að í sjómannadeilunni hafa verið haldnir yfir 30 fundir og ég held ég viti það rétt að í kennaradeilunni hafa verið haldnir nærri 60 fundir, þ.e. í kjaradeilu grunnskólakennara og sveitarfélaganna.

Þá getum við velt því fyrir okkur, virðulegi forseti, hvaða staða væri uppi ef þessi ákvæði sem hér er verið að mæla fyrir hefðu verið í löggjöfinni þegar í dag. Þá væri það þannig, t.d. í kjaradeilu kennara, að þegar hefði komið pressa á sveitarfélögin vegna þess að það sem væri að gerast í þeirri deilu nú væri þá það að bundið væri í lögum að samningar sem þeir næðu mundu verka aftur fyrir sig í þrjá mánuði miðað við stöðuna núna, að vera búnir að vera með lausa kjarasamninga í sex mánuði.

Þá gætum við spurt: Er líklegt að sveitarfélögin hefðu fallist á að fresta þeirri deilu í sumar, fresta viðræðum, ef þetta ákvæði hefði verið í vinnulöggjöfinni? Ég tel að það hefði verið mjög ólíklegt að sveitarfélögin hefðu viljað fresta viðræðum um talsverðan tíma í sumar, vitandi það að í vinnulöggjöfinni væri sjálfvirkt ákvæði um að dragist kjarasamningagerð lengur en sex mánuði þá virkuðu samningsákvæðin sem samið var um aftur fyrir sig sjálfvirkt í þrjá mánuði samkvæmt því sem þetta frumvarp mælir fyrir um.

Sama má auðvitað segja um útgerðarmenn innan LÍÚ að þeir hefðu staðið frammi fyrir því núna að öll ákvæði sem þeir koma til með að semja um þegar deilan leysist, sem vonandi verður sem fyrst, væru farin að virka sjálfvirkt aftur fyrir sig samkvæmt þeim breytingum sem hér er mælt fyrir um til fjögurra mánaða og væri núna að telja á seinni mánuðinn í öðru tímabilinu, sem þýddi að það mundi verka aftur fyrir sig enn frekar.

Ég tel því að eins og þetta frumvarp er hugsað, a.m.k. af minni hálfu, myndi það aukinn þrýsting í deilu sem er búin að standa í langan tíma, þ.e. lengur en sex mánuði, og náttúrlega áður en sex mánuðirnir telja sé mönnum það ljóst að enginn ávinningur verði af því að fresta gerð kjarasamninga svo lengi fram yfir sex mánuðina. Í stöðu sveitarfélaganna núna lægi það einfaldlega fyrir að þeir peningar sem sveitarfélögin hafa sparað, ef hægt er að orða það svo, á kjaradeilunni vegna þess að ósamið er um kjarabætur til kennara, sú pressa væri núna farin að snúast við og sneri í meira mæli að sveitarfélögunum og að lokum innan tólf mánaða, ef samningur hefði ekki komist á, væri enginn ávinningur að því fyrir sveitarfélögin að draga samningsgerð vegna þess að kostnaðurinn væri sjálfvirkt frá upphafsdegi þess að samningarnir féllu úr gildi.

Hugsunin í frumvarpinu er því eingöngu sú að inn í vinnulöggjöfina verði bætt ákvæðum sem geta orðið þess valdandi að kjarasamningar komist frekar á og það sé meira kappsmál hjá atvinnurekendum að reyna að leysa deilur innan sex mánaða en núna er í vinnulöggjöfinni, því að maður heyrir stundum í umræðunni að menn segja sem svo: Ja, hver mánuður sem við vinnum án þess að hafa farið í gerð kjarasamninga er auðvitað að spara atvinnugreininni, útgerðarmönnum ef við erum að tala um LÍÚ, eða sveitarfélögunum ef við erum að tala um kjaradeilu grunnskólakennara, ómældar fjárhæðir svo nemur einhverjum verulegum upphæðum eftir því hvernig samningarnir gera sig.

Það er því algerlega ljóst að mínu viti, virðulegi forseti, að eins og þetta mál er hugsað og sett hér fram tel ég að það mundi enn frekar þrýsta á um lausn kjarasamninga en nú er — og það er tilgangurinn með því að flytja þetta mál hér

inn í sali Alþingis. Það má velta því fyrir sér hvað mundi gerast núna ef frumvarpið fengi fljóta afgreiðslu hér á þinginu miðað við þær deilur sem eru í gangi og viðsemjendur, í þessu tilviki LÍÚ og sveitarfélögin, sæju að innan tiltölulega skamms tíma gætu orðið að lögum þau ákvæði sem hér er verið að ræða um, hvort það setti ekki verulegan þrýsting á að reyna að leysa deiluna.

Um afgreiðsluna segir í 1. gr. svo, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að semja um annan upphafsgildistíma, nema því aðeins að launþegum verði greidd eingreiðsla sem telst jafngild í tekjum þeim afturvirku upphafshækkunum, eða áfangahækkunum á liðnum tíma án endurnýjunar kjarasamnings, sem lög þessi kveða á um."

Þetta ákvæði er sett inn til þess að gera það auðveldara fyrir atvinnurekendur, bæði opinbera og fyrirtæki, að uppfylla þetta ákvæði því það kann auðvitað að vera snúið að reikna kjarabæturnar viku fyrir viku eða mánuð fyrir mánuð eða veiðiferð fyrir veiðiferð aftur í tímann og því fylgir talsverð vinna. Í þessari tillögu að lagagreininni er í raun og veru heimilað að semja um upphafshækkun sem teljist ásættanleg að mati samningsaðila, í þeim tilvikum sem við höfum núna verið að ræða og taka dæmi af, þ.e. sjómannasamtaka annars vegar og fulltrúa kennara hins vegar, þ.e. að samið sé um ákveðnar greiðslur sem þeir meti jafngilda því að samningurinn hefði virkað aftur fyrir sig í ákveðinn tíma, og heimilt sé að ljúka kjarasamningi með því lagi og það sé í rauninni eina undanþæga ákvæðið frá því að ákvæði 2. mgr. 1. gr. þessa frumvarps virki. Það má sem sagt semja sig frá upphafshækkununum enda meti menn það þá jafngilt.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku. Nú tekur kjarasamningur einungis til hluta félagsmanna eða starfsmanna fyrirtækis og er þá heimilt að ákveða í samningnum að þeir einir séu atkvæðisbærir um hann, enda komi þar skýrt fram hvernig staðið verði að atkvæðagreiðslu."

Þarna er verið að marka það að hugsanlega sé hægt að semja um kjör innan fyrirtækis eða vinnustaðar, en auðvitað er líka verið að marka og ítreka það sem er í vinnulöggjöfinni í dag, að það séu stéttarfélög eða stéttasambönd launþega sem hafi gerð kjarasamninga á hendi eða þá einstök félög atvinnurekenda eða samtök þeirra sem hafi gerð kjarasamninga á hendi. Þetta hefur auðvitað verið hin viðtekna venja hér á landi til margra ára og hingað til a.m.k. verið um það nokkuð góð sátt.

En málum er hins vegar svo háttað nú í þjóðfélaginu að um þetta atriði er ekki sátt og er Sólbaksdeilan, sem svo hefur verið nefnd, gott dæmi um það. Mikill ágreiningur hefur verið um það mál og óhjákvæmilegt að taka það hér til nokkurrar umræðu úr því að við erum að fjalla um stéttarfélög, vinnudeilur og kjaradeilur o.s.frv., þá er nú varla hægt að vera hér í þessum ræðustól að ræða lög um stéttarfélög og vinnudeilur, og réttindi launþega og atvinnurekenda að því leyti til án þess að víkja að þessari Sólbaksdeilu sem mér finnst nú allsérstæð, ég verð að segja það, virðulegur forseti, mjög svo sérstæð.

Það vill nú svo til að ég stóð lengi í að gera kjarasamninga fyrir sjómenn og þekki talsvert til þess umhverfis þó að ég geti ekkert fullyrt um að eitthvað sé núna uppi í viðræðum sem ég þekki kannski ekki alveg út í hörgul, en ég veit vel að sjómannasamtökin hafa ekki hafnað því að leysa á félagslegum grundvelli í kjarasamningum breytingar á ákvæðum kjarasamninga, m.a. það sem snýr að fríum o.s.frv. En ég þykist hins vegar alveg fullviss um að stéttarsamtök sjómanna sem og önnur launþegasamtök í landinu séu ekki aldeilis tilbúin til þess að láta frá sér samningsréttinn með þeim gjörðum að það geti fylgt eftir sem núna er að gerast í þessu svokallaða Sólbaksmáli og hinn landsfrægi útgerðarmaður Guðmundur Kristjánsson stendur fyrir. Það er nú svo að menn getur auðvitað greint á um ýmislegt en ég tel að sú gerð sem núna er uppi varðandi Sólbakssamninginn sé alveg kolólögleg.

Það vill svo til að ég fékk þennan samning í hendurnar í gærkvöldi, virðulegi forseti, og langar að gera hann svolítið að umræðuefni hér. Þetta er talsverður umræðupunktur í stöðunni í þjóðfélaginu um stéttarfélög og vinnudeilur og haldnir um þetta Kastljóssþættir, m.a. í sjónvarpinu í gærkvöldi, þar sem mér fannst nú skorta á ýmislegt í rökræðunni. En í þessum kjarasamningi og það sem kannski harðast hefur verið deilt um er m.a. útfærsla fría, hafnarfría og uppgjörsmála, a.m.k. eins og ég skil samninginn, og það verður þá að hafa það þó að nútímaútgerðarmenn eins og Guðmundur Kristjánsson hafi einhvern annan skilning á þessu, en ég leyfi mér að skilja þetta þeim skilningi sem stendur í lögum og kjarasamningum og því sem ég hef kynnst af reynslu minni.

Í kjarasamningi þessum segir varðandi uppgjörstímabil — ég veit ekki hvort menn vita það almennt en það eru mörg, mörg ár, margir áratugir síðan samið var um að uppgjörstímabil á togurum væri hver veiðiferð. Ætli upphaf þeirrar deilu megi ekki rekja allt til 1958 í hinu stóra togaraverkfalli sem þá var, a.m.k. hluti af því.

Síðan hefur það verið þannig núna að í kjarasamningum fiskimanna eru ákvæði um að á togurum skuli hver veiðiferð gerð upp sérstaklega og það byggist auðvitað á þeirri hugsun að vinnutími í hverri veiðiferð er mjög misjafn, aflabrögð í hverri veiðiferð eru líka mjög misjöfn. Og af því að sjómenn eru með hlutaskiptakerfi og fá laun samkvæmt aflanum sem skip veiða annars vegar og hins vegar því verði sem fæst fyrir aflann, þá gefur það augaleið að menn hafa litið svo á að þegar vel fiskast þá njóta menn þess í magni og vonandi líka í verði vegna þess að meðferð aflans hefur batnað mikið á undanförnum árum. Ef hins vegar koma veiðiferðir þar sem illa fiskast hafa menn minna út úr þeim enda er þá vinnan oftast nær minni og allt upp í það að vera lítil ef menn þurfa mikið að eyða í keyrslur á milli veiðisvæða í leit að fiski með litlum árangri. Þekkt dæmi eru um að menn hafi farið einn og hálfan hring í kringum Ísland án þess að fá mikið af fiski og tekið í það nokkra daga og haft þá lítið kaup og jafnvel bara kauptryggingu út úr slíkum veiðiferðum þó á togara væru.

En í umræddum kjarasamningi er mjög sérstakt ákvæði sem er eiginlega að taka eigi, eins og ég skil kjarasamninginn, þessi ákvæði hreinlega úr sambandi, því að þar segir, með leyfi forseta:

„Sé skip á veiðum, þegar nýtt kauptryggingartímabil

hefst, skal afli þeirrar veiðiferðar skiptast á milli tímabila á þann hátt, að afla skal skipta jafnt á hvern dag frá því að skipið fór á veiðar og þar til það kemur úr veiðiferð á ný."

Einnig segir: „Hver almanaksmánuður er sérstakt kauptryggingartímabil. Hefji skip veiðar eftir 15. hvers mánaðar og nái aflahlutur ekki kauptryggingu við næstu mánaðamót, þá skulu þeir dagar teljast með kauptryggingartímabili næsta mánaðar á eftir."

Einnig kemur fram að ef skip sigli með aflann á erlendan markað, fari í svokallaða söluferð, teljist hver veiðiferð sérstakt kauptryggingartímabil.

Auk þess segir: „Veiðiferðir utan efnahagslögsögu Íslands úr stofnum sem ekki eru íslenskir deilistofnar eru sérstakt kauptryggingartímabil og teljast því ekki til sama kauptryggingartímabils og aðrar veiðar skipsins."

Það er því tekið á því þegar farið er út úr lögsögunni og ef farið er í söluferðir er hver veiðiferð gerð upp sérstaklega. En ég fæ ekki betur séð en verið sé að leggja það niður að gera upp hverja veiðiferð sem sérstakt uppgjörstímabil og sérstakt kauptryggingartímabil fyrir viðkomandi áhöfn í viðkomandi veiðiferð. Mér finnst það mikil afturför því þetta er atriði sem sjómannasamtökin börðust fyrir árum og áratugum saman og fengu í kjarasamninga sína fyrir mörgum árum að því er varðar togara. Ég er því ekki mjög hlynntur því að slíkt ákvæði geti gengið úr fortíðinni inn í nútímann. Veiðiferðir eru misjafnar og gefa misjafnan afla. Vinnutími er misjafn og miserfiður og fer eftir afköstum, aflamagni, veðurfari og öðru slíku. Mótuð var sú stefna fyrir löngu af sjómannasamtökum Íslands að sjómenn skyldu fá uppgjör miðað við vinnuframlag sitt að þessu leyti.

Eins og hér er verið að gera finnst mér vera svipað og ef sagt hefði verið við fólk í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur sem vinnur föstudaga, laugardaga og sunnudaga í verslun, jafnvel langt fram eftir kvöldi: Þið skuluð hafa jafnmikið kaup og þeir sem vinna mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga og vinna jafnvel styttri vinnutíma, þess vegna frá 10–19, þegar helgartíminn er kannski miklu lengri og þar að auki um helgi. Síðan væri þessu blandað saman í einn uppgjörspakka og allir fengju jafnt kaup hvernig sem þeir ynnu. Þetta held ég að sé mikil afturför, virðulegi forseti, og ég ætla að leyfa mér að fullyrða það í þessum ræðustól að þetta standist ekki lög. Þess vegna ætla ég að lesa upp úr sjómannaalmanaki. Sjómannalög, 32. gr., sem segir svo, með leyfi forseta:

„Mánaðarlega skal skipverja látið í té sundurliðað launauppgjör til hans nema kjarasamningar mæli fyrir um skemmri uppgjörsfrest."

Það er einmitt þetta sem málið snýst um. Kjarasamningar sjómanna mæla fyrir um skemmri uppgjörsfrest og mæla fyrir um að hver veiðiferð skuli gerð upp sérstaklega og sem sérstakur túr og kauptryggingartímabil. Lagatextinn segir því alveg fyrir um það að hafi menn gert kjarasamninga á vegum heildarsamtaka um þetta eigi þeir að gilda.

Ég var að vitna í sjómannalögin, og hvers vegna var ég að vitna í þau? Vegna þess m.a. að sá kjarasamningur sem ég er með í höndunum vitnar víða í sjómannalögin, t.d. varðandi frítöku því í kjarasamningnum segir:

„Frídagar og frítaka.

Um önnur frí en hafnarfrí gilda almennar reglur sjómannalaga, nr. 35/1985."

Ég hef hvergi séð í sjómannalögunum nokkurt ákvæði um það hvaða hafnarfrí menn eiga enda er það markað í kjarasamningi en ekki sjómannalögum. Það er algerlega klárt. Sjómannalögin segja ekkert um það hvort það á að vera einn frídagur á svona margra daga fresti, 30 tímar eftir hverja veiðiferð eða helgarfrí eða annað slíkt. Öll atriði sem heita frítaka varðandi einstakar veiðigreinar eru í kjarasamningum sjómanna og sjómannalögin vernda kjarasamninga sjómanna og stéttarfélögin vinnudeilur eðlilega.

Ég vildi gera þetta að umræðuefni því mér finnst eiginlega ekki hægt að ræða um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur þar sem í greinargerð er sérstaklega vikið að því hvað hafi gerst varðandi kjarasamninga sjómanna á fiskiskipum á tímabilinu 15. janúar 1985 til 31. desember 2003. Þar eru dregin fram samningslaus tímabil, gildistími kjarasamninga og hvenær lög hafi verið sett á sjómenn. Við vitum að síðustu lög sem voru sett voru um kjaradeilu sem var uppi vorið 2001, ef ég man rétt. Þá voru sett á sérstök lög á Alþingi og settur gerðardómur sem kvað upp úrskurð um ýmis atriði sem sneru að þeirri kjaradeilu.

Hingað til hefur löggjafinn oft verið tiltölulega stutt undan þegar sjómenn hafa þurft að beita verkfallsvopninu og ég vonast vissulega til þess að löggjafinn taki ekki að sér að leysa þá deilu sem sjómenn og útgerðarmenn eiga í núna. Nóg er komið eins og fram kemur í fylgiskjali með frumvarpi um samningslaus tímabil og lögbundin tímabil sem hafa fylgt lagasetningu frá Alþingi. Ég held að mikil þörf sé á því að sjómannasamtökin og LÍÚ semji um lausn kjarasamninganna og um þær breytingar sem menn vilja láta verða á kjarasamningunum.

Hins vegar er dálítið skondið að menn skuli vera í þeirri stöðu að rífast við útgerðarmann sem vill sérstaklega gera kjarasamning sem brýtur upp það kjarasamningaform sem gert hefur verið á undanförnum árum. Ég fæ ekki séð að það þjóni hagsmunum útgerðarmanna til framtíðar að vinna þannig að málum. Útgerðarmenn virðast einnig hafa komist að þeirri niðurstöðu því í kröfugerð Landssambands ísl. útvegsmanna sem lögð var fram gegn Sjómannasambandi Íslands árið 2000 sem var á undan þeirri deilu sem kom í Alþingi og voru sett lög á er m.a. ein krafa útgerðarmanna á hendur Sjómannasambandinu. Með leyfi forseta ætla ég að lesa þá kröfu, en þar segir um sérsamninga, grein 1.4.0:

„Sérsamningar útgerðarmanns við einstaka skipverja eða skipshafnir sem fara í bága við samning þennan, eru ógildir, enda hafi viðkomandi félag sjómanna og samtök útvegsmanna ekki samþykkt þá."

Ég vek athygli á því að þetta er krafa LÍÚ gegn Sjómannasambandinu en ekki öfugt, vegna þess að heildarsamtök útvegsmanna höfðu þá skoðun að miðað við hvernig stéttarfélögin og stéttarsamböndin hafa það mörg hver í dag sé mjög óheppilegt að láta kjarasamninga þróast á þann veg að menn standi í deilum innan hvers fyrirtækis og hver um sig í deilum við útgerðarmann sinn o.s.frv. Við höfum reynt þetta í sambandi við fiskverðið og það hefur þurft að taka miklum breytingum og lagfæringum til að komast aftur frá því návígi sem var á milli áhafna og sjómanna.

Virðulegi forseti. Ég vildi draga þetta fram vegna þess að nauðsynlegt er að varpa ljósi á þá deilu sem er í gangi.

Hún tengist því máli sem verið er að flytja. Ég ítreka það enn og aftur að ég er þeirrar skoðunar að ef frumvarpið hefði verið orðið að lögum hefðu kennarar t.d. varla með samþykki sveitarfélaganna í sumar fengið næði til að fresta kjarasamningagerð vikum saman.

[15:55]

Útbýting:

Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, 146. mál, þáltill. BJJ o.fl., þskj. 146.

Gjaldskrá leikskóla, 132. mál, fsp. JóhS, þskj. 132.

[15:55]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni um þá alvarlegu atburði sem hér eru uppi, tilraunir útvegsmanna til að brjóta á bak aftur samningsrétt verkalýðshreyfingarinnar, samningsrétt Sjómannasambands Íslands. Það er ekki nóg með að þeir sýni siðlausa framkomu heldur stríðir hún beinlínis gegn lögum og aðför þeirra að sjómönnum er aðför að öllu launafólki á Íslandi. Ég tek mjög eindregið undir þau orð sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hafði um það efni.

Eins og fram hefur komið hefur frumvarpið verið áður til umræðu í þinginu og ég hef áður sett fram sjónarmið mín í þá púlliu. Ég styð þá meginhugsun sem er að finna í frumvarpinu og tel það vera mjög til góðs. Í stuttu máli gengur það út á að tryggja afturvirkni samninga ef þeir dragast á langinn fram yfir þann tíma sem síðustu samningar falla úr gildi. Skulu þeir gilda aftur í tímann 6 mánuði ef samið er innan þess tíma, en ef tíminn er lengri sem samningurinn dregst skal helmingur tímans koma til frádráttar.

Ég tel meginhugsunina vera góða. Staðreyndin er sú að sú var tíðin að samningar voru iðulega látnir gilda aftur í tímann og það var sannarlega svo á hinum opinbera vettvangi, þá var það nánast reglan að menn sömdu um afturvirkni samninga. Á þeim tíma var samningsrétturinn á hendi heildarsamtaka. Sérkjarasamningar voru gerðir af hálfu einstakra stéttarfélaga, t.d. innan BSRB, en samningsrétturinn var hjá bandalaginu þannig að þá var að mörgu leyti auðveldara um vik. Samningsrétturinn breyttist í ársbyrjun 1987, þá fór samningsrétturinn til einstakra félaga, samningsaðilum fjölgaði mjög fyrir bragðið og eftir því sem leið á 10. áratuginn og núna í komandi samningum er það líka fyrirsjáanlegt að samningsaðilafjöldinn er orðinn geysilega mikill og mikil örtröð hjá sáttasemjara ríkisins. Hvað gerist þá? Þeir sem hafa í hótunum eða ákveða að beita verkfallsvopni komast fyrst að samningsborðinu. Aðrir eru látnir bíða og yfirleitt er reynt er að semja við stóru félögin fyrst en hin látin bíða.

Þarna er kominn ákveðinn hvati inn í kerfið til að beita verkfallsvopninu ef ætlunin er að þrýsta sér áfram því menn verða beinlínis af kjarabótum fyrir hönd félagsmanna sinna ef þeir komast ekki snemma að samningsborðinu. Ég held að ef menn vissu að samningurinn yrði afturvirkur mundi það skapa annað andrúmsloft að þessu leyti. Mér finnst hins vegar að íhuga þurfi eitt, að ef ákveðið er að beita verkfallsvopninu, ef ákveðið er að knýja samning fram með verkfalli er ég ekki viss um að mér fyndist sanngjarnt að afturvirknin yrði lögbundin. Mér finnst að þetta eigi að gilda fyrst og fremst ef menn eru án þess að vera með verkfallsvopn á lofti og ná ekki samningum af einhverjum öðrum ástæðum. Ef menn eru hins vegar í verkfalli geti þeir samið um afturvirkni en ég er ekki viss um að eðlilegt sé að það sé lögþvinguð afturvirkni. Ég held að með því að fara þá leið sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson leggur til yrði samningsumhverfið allt miklu betra, ég er alveg sannfærður um það.

Ég styð því meginhugsun frumvarpsins en tel að íhuga þyrfti þennan þátt sérstaklega því ég er ekki alveg viss um að mér fyndist hann vera eðlilegur. En það er náttúrlega ekki gott og mjög óeðlilegt að það séu beinlínis hagsmunir fyrir atvinnurekandann að draga samninga á langinn vegna þess að hann þarf þá ekki að greiða kjarabætur á þeim tíma. Í stuttu máli styð ég því meginhugsunina í frumvarpinu.

[16:01]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson flytur hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem hann gerir ekki í fyrsta skipti.

Ég hef lýst því yfir áður að málið er umhugsunarvert og segi að allt sem leiða má til réttrar áttar af hálfu löggjafans sé rétt að skoða og því eðlilegt að frumvarpið sé skoðað. Hins vegar eru nokkrar hliðar á þessu máli eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á og þá einkum varðandi það hvernig afturvirkni samningsins eigi að gilda ef til verkfalls er boðað.

Ég minnist þess tíma þegar afturvirkni kjarasamninga var algeng, en ég tel að það sé eðlilegt að það þurfi að vera og það vanti inn í ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur einhvern hvata til þess að menn hraði sér að samningaborði til að leysa þau deilumál sem uppi eru.

Nú hefur verið sett upp mjög flókið kerfi um hvernig menn eigi að bera sig að þegar kjarasamningar renna út. Það eru ýmsar áætlanir sem menn eiga að setja upp, starfsáætlanir, hvernig menn ætla að funda o.s.frv. Það er allt gott svo langt sem það nær en það hefur ekki skilað neinum árangri að mér finnst horfandi á þetta úr nokkurri fjarlægð núorðið.

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að það þarf auðvitað að skoða málið, hvernig það megi verða til þess að sífelldum verkföllum linni, sem sem betur fer hafa að vísu ekki verið mörg á umliðnum árum ef frá eru talin verkföll sjómanna sem hafa því miður of oft verið leyst með lagasetningu þar sem ég hef þó haldið mig ávallt fjarri og ekki tekið þátt í að greiða atkvæði með lagasetningu á deiluaðila.

Ég lýsi mig þannig þenkjandi gagnvart þessu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur að það sé eðlilegt og rétt að skoða það, og eins og ég sagði áðan, ef það má leiða til réttrar áttar varðandi þá aðila á vinnumarkaðnum sem í átök fara eða ef í það stefnir, sé það af hinu góða.

Hér hefur líka verið nokkuð rætt um mál sem snýr að deilu sjómanna nú sem hefur gengið mjög sérkennilega og með ólíkindum að sú staða skuli vera komin upp sem nú hefur gerst varðandi Sólbak á Akureyri. Ég get ekki annað

en tekið undir það sem hér hefur verið sagt og deili áhyggjum mínum með þeim mönnum sem hér hafa talað um það mál.

Í fyrsta lagi að verði málið með þeim hætti að einstakir útgerðarmenn nái því fram að vinna gegn sjálfum sér og gegn eigin orðum, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom inn á með tilvísun til ártalsins 2000 þegar LÍÚ, Landssamband íslenskra útvegsmanna, bannaði sérsamninga, bannaði aðra samninga en þá sem heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna gera.

Ef þetta nær fram gæti það náð til kennaradeilunnar. Hvernig mundu leiðandi menn í sveitarfélögum, í kennarafélögunum líta á það ef eitt sveitarfélag sem væri illa statt gerði kjarasamning sem væri lakari en sá samningur sem er í gildi í dag, vegna þess að kennarar og íbúar þess sveitarfélags vildu losna undan þeim samtökum sem þeir eru í og teldu að sveitarfélag sitt væri hætt komið og það væri rétt að fara þá leið? Eða á hinn veginn, að sveitarfélag sem væri mjög vel statt tæki upp á því að gera kjarasamninga sem væru betri og fyllri en ýtrustu kröfur kennara eru í dag? Það segir sig sjálft að þetta væri hið versta mál, ekki fyrir þá sem semdu best, heldur mundi það verða til þess að hér yrði bara upplausn.

Þess vegna er mjög nauðsynlegt að þessi deila við sjómenn fari ekki á þann veg sem einn tiltekinn útgerðarmaður óskar og jafnvel heyrist hljóð úr horni útgerðarmanna að þeim finnist það mál ekki vont sem upp er komið.

Menn úti í bæ hafa velt vöngum yfir því um hvað þessi deila snúist eiginlega og hvort sjómenn séu bara ekki orðnir staðnaðir í kjarasamningum vegna alls þess tæknibúnaðar sem er orðinn á skipunum. Og það hefur verið ein aðalábending þess útgerðarmanns sem gerir út Sólbak að sjómenn séu orðnir staðnaðir í kröfum sínum, og vegna búnaðar og tæknibúnaðar skipanna fleygi öllu fram þar. En sé hins vegar litið til slysatíðni sjómanna á umliðnum árum segir sagan okkur allt annað. Ég er hér með tölur frá 2001 þar sem 344 sjómenn slösuðust, 2002 voru þeir 413 og 2003 um 460 manns. Hvar er tæknibúnaður skipanna sem hefur leyst slysatíðnina af hólmi, hvar er tæknin? Og þegar nú er boðað að það eigi að fækka á umræddum togara um fjóra menn a.m.k. þá býð ég ekki í það. Það er ógæfa fyrir sjómenn og ógæfa fyrir þjóðarbúið ef bjóða á mönnum upp á að það séu þrír karlar á annarri vaktinni að taka inn troll á þessu stóra skipi. Stóraukinn, stórkostlegur tæknibúnaður eða réttara sagt tröllaukinn spilbúnaður, vond veður og válynd og þrír menn eigi að taka inn trollið. Ég held að menn hafi ekki hugsað þessa hugsun til enda. Ég væri samþykkur því að mönnunarákvæði fiskiskipanna yrðu skoðuð með tilliti til þeirrar miklu slysatíðni sem við blasir.

Væri slysatíðni sjómanna önnur en raun ber vitni væri kannski eðlilegt að skoða þessi mönnunarákvæði, en slysatíðni sjómanna segir okkur að skipin eru ekki ofmönnuð. Eða er eitthvað annað að í rekstri fiskiskipanna sem gefur tilefni til þess að hugsa: Er stjórnunin um borð í skipunum ekki eins og hún á að vera? Ekki er slysatíðnin vegna þess að fólkið sé of margt. Það er ljóst.

Ég er hræddur um að kauphéðnar í landinu yrðu ósáttir við það ef KB-banki breytti reglum sínum um verðbréfamarkaðinn á einni nóttu og segði: Ja, þetta er bara okkar útfærsla og þið verðið að sætta ykkur við hvernig með er farið. Nei, í þessu þjóðfélagi eru sett lög, það eru settar reglur og menn vinna eftir ákveðnum reglum. Það gengur ekki að einn ákveðinn aðili göslist fram og segi: Þetta er það sem ég vil, allar aðrar skoðanir eru fáránlegar og steinrunnar og hugmyndir mínar skulu lamdar í gegn með illu eða góðu, þvert ofan í það sem sjómenn hafa samið um, þvert ofan í það sem Landssamband íslenskra útvegsmanna gaf út í skriflegri tilsögn til Sjómannasambandsins árið 2000.

Virðulegi forseti. Auðvitað blandast þessi deila sjómanna inn í þá umræðu sem hér fer fram um frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur, svo viðkvæmt sem það mál er. En ég ætla að láta þetta verða mín lokaorð: Auðvitað eiga menn að setjast niður og ræða málin og leysa þau. Ég tel að það þurfi að skoða það frumvarp sem hér liggur fyrir og hef sagt það áður, ef það má að leiða til þess að menn vinni með öðrum hætti en nú er gert, með öðrum hætti en nú er sagt fyrir um að settar skuli á blað einhverjar starfsáætlanir um hvenær menn ætli að hittast og ræða saman en ekkert annað fylgir. Það gengur ekki. Það þarf einhverjar aðrar leiðir til þess.

Að endingu þetta: Ég vona að deiluaðilar í kringum þetta eina skip á Akureyri setjist niður og ræði málið og leysi það því að orð eru til alls fyrst.

[16:11]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Við lok umræðunnar vil ég þakka þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í henni. Vegna þeirra hugleiðinga sem hér komu fram m.a. frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni varðandi það þegar verkfall væri skollið á þá hugleiddi ég það nú talsvert þegar ég var að semja málið á sínum tíma en fannst kannski ekki tímabært að setja það inn í umræðuna þá. Ég átti frekar von á því að sú krafa kæmi fram við skoðun á málinu, jafnvel bæði frá stéttasamböndum en þó kannski sérstaklega frá atvinnurekendum. En hins vegar er sú hugsun sem hv. þm. Ögmundur Jónasson lýsti hér áðan nokkuð rökrétt að þessu leyti.

Það kann auðvitað að vera svolítið snúið að menn boði til verkfalls og haldi vinnudeilunni alveg til streitu og séu þar af leiðandi að tryggja sér ávinning um að ákvæðin sem einhvern tíma verður samið um virki aftur fyrir sig. En við þessu er auðvitað mjög einföld útfærsla ef menn vildu fara þá leið og hún er sú að fyrir hverja tvo mánuði eða einn mánuð sem verkfall hefði staðið færu tveir mánuðir aftan af upphafshækkunartímabilinu og þetta byrjaði aftur að keyra til baka. Í þeim búningi sem frumvarpið er núna tryggir það mönnum að við lausa kjarasamninga í allt að eitt ár þá virkar ákvæðið aftur fyrir sig til alls samningstímans, eftir sex mánuði þrjá mánuði aftur fyrir sig, helming af samningstímanum sem laus er. Ef menn hins vegar keyra inn í verkföll þá byrjaði þetta að keyra til baka á hinn veginn þannig að þrýstingurinn væri í báðar áttir. Það er alveg hægt að hugsa sér slíka útfærslu og er í raun og veru bara vinna að skoða það.

Þó að ég legði málið fram sem einstakur þingmaður á sínum tíma og þá í ljósi þeirrar reynslu sem ég bjó að sem formaður stéttarfélags og síðar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þá geri ég mér auðvitað manna best grein

fyrir því að lögum eins og lögum um stéttarfélög og vinnudeilur verður ekki breytt nema þau fái rökræðu milli verkalýðshreyfingarinnar í landinu og atvinnurekenda og þar kæmi auðvitað upp slík rökræða ef menn færu í það í alvöru að skoða málið.

Þess vegna get ég alveg tekið undir það sem var í hugsun hv. þm. Ögmundar Jónassonar hér áðan, það má vel hugsa sér að láta þetta virka í báðar áttir, fyrst til þess að kjarasamningurinn virki aftur fyrir sig, síðan ef menn boða verkfall, þá byrji að telja að því. Þannig að þrýstingurinn komi til í báðar áttir.

Þetta vildi ég sagt hafa, hæstv. forseti. Að öðru leyti þakka ég umræðuna sem hér hefur farið fram og ítreka að ég er afar undrandi á að deilan skuli vera komin á þetta stig sem útgerðarmaðurinn Guðmundur Kristjánsson hefur komið henni á með gjörðum sínum. Oft hefur staðið styr og verið deilur um Guðmund Kristjánsson. Hann er að mörgu leyti hinn hæfasti maður, en hann hefur samt lag á að koma af stað deilum í kringum sig. Okkur þótti hann nokkuð góður sumum hverjum þegar hann kom til Vestfjarða og fór að gera þaðan út. Menn héldu að það mundi styrkja útgerð á Vestfjörðum, en ég er ekki viss um að hann hafi verið vinmargur þegar hann fór þaðan.

[16:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég átti þess ekki kost að vera við umræðuna þegar hv. þingmaður flutti framsögu fyrir þessu máli. Nú er þeirri umræðu lokið. Ég hef örlítið hlýtt á þau rök sem hv. þingmaður flutti fyrir máli sínu seinni part umræðunnar.

Ég vildi einungis koma hér upp og lýsa því yfir að ég styð meginhugmyndina sem er að finna í frumvarpi hv. þm. um kjarasamninga og vinnudeilur. Ég er þeirrar skoðunar að ef frumvarpið yrði samþykkt, hugsanlega með ákveðnum breytingum sem hv. þingmaður reifaði hér í síðustu ræðu sinni, þá væri strax búið að útrýma ákveðnum hvata sem óneitanlega er fyrir hendi fyrir annan samningsaðilann, þ.e. atvinnurekandann, til þess að láta samninga danka.

Hv. þingmaður Ögmundur Jónasson benti á ákveðinn galla á útfærslu frumvarpsins. Flutningsmaðurinn hefur hins vegar bent á hvernig hægt er að leiðrétta þann ágalla. Ég vænti þess að það verði tekið fyrir við meðferð málsins.

Ég vildi líka segja um deiluna sem sprottin er upp í tengslum við togarann Sólbak á Akureyri að ég styð Sjómannasambandið í þeirri deilu. Ég tel að þar sé ekki um neitt annað að ræða en tilraun til launalækkunar þó hún sé vel falin með umbúnaðinum sem útgerðarmaðurinn beitir í málinu, en ég tel að hér sé um grundvallaratriði að ræða sem Sjómannasambandið verði að slást fyrir ef það ætlar ekki að láta svipta burt þeim grundvelli sem verkalýðshreyfingin hefur í reynd slegist fyrir síðustu áratugi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., frh. 1. umr.

Frv. SJS og JBjarn, 4. mál (frestun á sölu). — Þskj. 4.

[16:18]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Mig langaði til að leggja orð í belg eftir það sem fram hefur komið um frumvarpið sem hér er til umræðu, frumvarp til laga um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. Eins og fram kemur á þingskjalinu þá eru flutningsmenn þessa frumvarps þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, háttvirtir þingmenn Jón Bjarnason og Steingrímur J. Sigfússon en Steingrímur er eftir því sem ég best veit hluthafi í Landssíma Íslands og virkur þátttakandi á fjármagnsmarkaði hér á Íslandi og er það vel. Ég vil þakka hæstv. forseta kærlega fyrir að taka þetta mál hér á dagskrá, vegna þess að það stóð ekki til eftir því sem mér skilst, en það gerði mér kleift að taka þátt í þessum umræðum.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sölu Landssíma Íslands verði frestað til ársloka 2008. Ef ég man rétt þá er það svo að þetta frumvarp er í grundvallaratriðum endurflutt frá fyrra þingi, þá var efnisatriði frumvarpsins örlítið breytt, þ.e. þá var gert ráð fyrir því að Landssími Íslands yrði ekki einkavæddur og seldur.

Ég tel að það sem mestu máli skiptir í frumvarpinu sé sú grundvallarhugmyndafræði sem þar kemur fram og er hér til umræðu. Þess vegna tel ég ástæðu til að taka þátt í umræðunni.

Í greinargerð með frumvarpinu segir, og það er kjarninn í hugmyndafræðinni sem hv. flutningsmenn aðhyllast, með leyfi forseta:

„Það er skoðun okkar í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að það séu engin haldbær rök fyrir einkavæðingu Símans. Að fyrirtækið sé, eins og allt er í pottinn búið og við aðstæður í landinu okkar, langbest komið áfram sem öflugt almannaþjónustufyrirtæki í opinberri eigu.“

Þetta er sú stefna sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs stendur að hvað varðar framtíð Landssímans. Hún er skýr. Hún byggir að mínu mati á gamaldags sósíalisma og ofurtrú flutningsmanna á ríkisrekstri, en vantrú þeirra og jafnvel að sumu leyti ákveðinni fyrirlitningu á einstaklingsframtaki og frjálsum markaðslögmálum.

Ég verð að játa að þegar ég hlýddi á umræðurnar sem áttu sér stað um frumvarpið í gær trúði nánast ég ekki mínum eigin eyrum þegar ég hlustaði á málflutning hv. flutningsmanna og raunar annarra sem tóku þátt í umræðunni. Það hvarflaði að mér að ég væri ekki staddur á Íslandi, heldur frekar í Albaníu eða á Kúbu, vegna þess að sá sósíalistamálflutningur sem hér var haldið á lofti var slíkur að ég hefði talið að þannig hugmyndafræði fyrirfyndist ekki lengur á Íslandi, en það reyndist vera rangt hjá mér.

Ég verð hins vegar að nota tækifærið og hrósa flutningsmönnunum fyrir að vera samkvæmir sjálfum sér. Þetta er sú hugmyndafræði sem þeir hafa predikað hér síðustu 20–30 árin, en það breytir því ekki að ekki líkar mér þessi mál-

flutningur.

Það ætti í sjálfu sér ekki að koma flutningsmönum frumvarpsins á óvart þegar ég lýsi mig algerlega ósammála þeirri stefnu sem mörkuð er í frumvarpinu varðandi framtíðarrekstrarumhverfi Landssímans og því rekstrarumhverfi sem flutningsmenn frumvarpsins sjá fyrir sér á fjarskiptamarkaði.

Í þessu máli kristallast að mínu mati sá grundvallarmunur sem er á hugmyndafræði vinstri manna sem trúa á opinber afskipti og hugmyndafræði okkar sem unnum frjálsri samkeppni og frjálsum viðskiptum. Ég tel það miklu heillavænlegra að stjórnvöld fari í þveröfuga átt við þau stefnumið sem fram koma í frumvarpinu. Ég tel að hið opinbera eigi ekki að vera þátttakandi á samkeppnismarkaði en ef það er þátttakandi á slíkum markaði, þá eigi að leita allra leiða til að losa markaðinn undan því oki sem vera opinberra aðila skapar slíkum mörkuðum og leita allra leiða til að koma eignarhaldi þannig fyrirtækja úr höndum opinberra aðila og yfir í hendur einkaaðila.

Því tel ég að í stað þess að slá einkavæðingu Landssímans á frest, eða koma í veg fyrir hana eins og er í rauninni kjarninn í málflutningi flutningsmanna frumvarpsins, þá eigi stjórnvöld miklu frekar að leita allra leiða til að einkavæða Símann og gera það sem fyrst. Ég harma það í rauninni að Síminn hafi ekki verið einkavæddur nú þegar. Það hefði verið miklu heillavænlegra ef Landssími Íslands hefði verið einkavæddur fyrr.

Eins og ég sagði áðan þá aðhyllist ég þá stjórnmálaskoðun að ríkið eigi ekki að annast rekstur þar sem aðkoma einkaaðila er möguleg. Ég tel hugsanlegt að ríkið sé kaupandi þjónustu, en það á alls ekki að vera veitandi hennar. Með tilkomu einkaaðila og einkavæðingar á ýmsum sviðum opinberrar þjónustu næst fram nauðsynlegur fjölbreytileiki í rekstri og valfrelsi einstaklinga eykst. Þetta hefur reynslan sýnt okkur og hinn frjálsi markaður hefur sannað það að hann svínvirkar, neytendum og þjóðfélaginu öllu til hagsbóta. Hlutverk ríkisins á að mínu mati fyrst og fremst að vera til að tryggja framboð og aðgengi að tiltekinni þjónustu, en ekki endilega til að framkvæma hana. Það er æskilegt að einkaaðilar veiti samfélagsþjónustu í eins ríkum mæli og kostur er, svo samkeppni fái notið sín. Þannig minnka ríkisumsvif, en tækifærin margfaldast.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að það beri að skoða alla þætti ríkisrekstrarins og leita leiða til þess að gera hann einfaldari og skilvirkari. Það á að nýta krafta einkaframtaksins við framkvæmd þjónustunnar. Ef hægt er að bjóða út verkefni á samkeppnismarkaði, þá á að gera það. Ef hægt er að einkavæða fyrirtæki í ríkiseigu, þá á líka að gera það.

Við verðum að hafa verkefni ríkisins í sífelldri endurskoðun líkt og verkefni og áherslur einkafyrirtækja eru í sífelldri endurskoðun. Ríkið á að hætta með verkefni sem einkaaðilar geta sinnt.

Það er engin spurning í mínum huga að þátttaka ríkisins í atvinnulífinu hefur hamlandi áhrif á starfsumhverfi fyrirtækja í landinu. Með því að færa ríkisverkefni á samkeppnismarkað má efla nýsköpun á sviðum sem hingað til hafa verið nær algjörlega einokuð af hinu opinbera. Með því má skapa grundvöll fyrir samkeppni og nýsköpun sem er til þess fallin að efla íslenskt atvinnulíf og getur orðið grundvöllur fyrir vexti þess og framþróun í framtíðinni. Slík markmið eru góð og að þeim hljótum við að stefna.

Ég tel frumvarpið sem hér er til umfjöllunar hins vegar ekki fallið til þess að leiða til framfara. Í því felst afturför og eins og ég sagði áðan vantrú á einstaklingsframtakið og hinn frjálsa markað.

Þessi málflutningur er svo sem ekki nýr af nálinni hjá stjórnmálamönnum sem aðhyllast ríkishyggju og opinber afskipti af atvinnulífinu. Íslenskir vinstri menn hafa gjarnan verið mótfallnir einkavæðingu opinberra fyrirtækja, en sagan sýnir okkur hins vegar að þeir hafa haft rangt fyrir sér.

Í dag þætti t.d. fráleitt að ríkið eignaðist að nýju og starfrækti mörg þeirra fyrirtækja sem einkavædd hafa verið. Ég get nefnt sem dæmi Lyfjaverslun ríkisins, Gutenberg prentsmiðjuna, Ferðaskrifstofu ríkisins og Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar (Gripið fram í.) ... já, og Viðtækjaverslun ríkisins, hv. þingmaður. Þessar einkavæðingarhugmyndir þóttu róttækar á sínum tíma, þ.e. fyrir u.þ.b. áratug, en ég hygg að þær þyki sjálfsagðar nú.

Ég er einnig þeirrar skoðunar, af því ég er að fjalla almennt um einkavæðingu, að einkavæðing ríkisviðskiptabankanna hafi verið einn merkasti áfanginn í efnahagssögu okkar á síðustu árum. Ég leyfi mér að halda því fram að það sé rangt sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að einkavæðing ríkisbankanna, hafi ekki verið af hinu góða, hafi verið beinlínis skaðleg. Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Til að mynda hefur einkavæðing bankanna verið olía á þennan eld og hraðað samþjöppun og fákeppni sem skaðar hvort tveggja í senn, íslenskt viðskiptalíf og neytendur."

Þetta er einfaldlega rangt, alrangt. Hverjum hefði dottið í hug þegar bankarnir voru einkavæddir að þeir mundu vaxa og dafna á svo undraskömmum tíma sem raun hefur orðið á og væru orðin fyrirtæki af þeirri stærðargráðu sem standast erlendum bönkum og fjármálafyrirtækjum fyllilega snúning í alþjóðlegri samkeppni á fjármálamarkaði? Þetta er frábær þróun, hv. þingmaður, Ögmundur Jónasson. Þetta er ekki slæm þróun.

Ég var að skoða Fréttablaðið í dag. Þar kemur fram á forsíðunni að hagnaður íslenskra fjármálafyrirtækja hefur aldrei verið meiri og nálgast 70 milljarða kr. Þetta er mjög jákvæð og góð þróun. Hvað haldið þið að þetta þýði fyrir atvinnulífið í landinu og skatttekjur ríkisins? (**Gripið fram í:** Og láglaunahópa?) Já, og láglaunafólk. Ég kem nú að því.

Svo er það rangt að einkavæðing ríkisbankanna hafi stuðlað að fákeppni. Eigendur bankanna nú er miklu fleiri en þeir voru áður en bankarnir voru einkavæddir. Fyrir einkavæðingu bankanna ríkti hér fákeppni. Þá voru allir viðskiptabankarnir í eigu ríkisins. Í dag er engin fákeppni til staðar. Nú skipta eigendur bankanna tugum þúsunda. Þetta er fólkið í landinu.

Samkeppni á fjármálamarkaði hefur heldur aldrei verið meiri og hún hefur skilað sér sem vítamínsprauta fyrir íslenskt atvinnulíf og bætt hag neytenda, þar á meðal láglaunafólks. Besta dæmið um það eru nýkynnt húsnæðislán bankanna á betri vaxtakjörum en áður hafa þekkst á Íslandi og gera má ráð fyrir að þau húsnæðislán og vaxtakjör sem bankarnir eru að bjóða núna spari íslenskum neytendum

7–8 milljarða í formi lægri vaxtagreiðslna. Telja flutningsmenn þessa frumvarps að slík þróun sé af hinu slæma? Það væri gott að fá svör við því. Að minnsta kosti kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að þeir telja þróunina slæma. En er það slæmt að vaxtakjör á húsnæðismarkaði hafi lækkað og muni skila íslenskum neytendum 7–8 milljörðum í aðra hönd? Ég get ekki séð að það sé slæmt. (**ÖS:** Er það ekki Íbúðalánasjóði að þakka?) Nei, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þetta er ekki Íbúðalánasjóði að þakka. Það er ekki Íbúðalánasjóður sem stóð fyrir því að lækka vaxtakjör, það var einkaframtakið. Það voru hinir einkavæddu bankar sem riðu á vaðið og kynntu lægri vaxtakjör á húsnæðismarkaði en áður hafa þekkst. (**ÖS:** S-hópur Framsóknarflokksins.) Það getur vel verið að S-hópur Framsóknarflokksins hafi eitthvað um það að segja en mér er alveg sama hvaðan gott kemur. (**ÖS:** Já, það er nefnilega það.)

Ég minni hv. þm. líka á það að ávinningur skattgreiðenda af einkavæðingu síðustu ára hefur verið gríðarlegur. Þá er ég ekki aðeins að vísa til þess söluandvirðis sem runnið hefur í ríkissjóð og nýttur hefur verið til annarra hluta í samfélaginu, uppgreiðslu skulda og lækkunar skatta. Ég vísa líka til þess að þau opinberu fyrirtæki sem seld hafa verið fengu framlög úr ríkissjóði, með öðrum orðum úr vösum skattgreiðenda, og þau framlög numu hátt á annan tug milljarða á verðlagi ársins 2004 síðustu sex árin fyrir einkavæðingu. Þá má ekki gleyma því að ekki er langt síðan Landsbankinn, svo dæmi sé tekið, átti undir högg að sækja í rekstri sínum meðan hann var í ríkiseigu og þurfti á aðgerðum hins opinbera að halda. (**Gripið fram í:** Það var allt orðið ...) Nú er staðan hins vegar þannig að þessir bankar eru sterkar fjármálastofnanir eins og ég vísaði til áðan samanber frétt á forsíðu Fréttablaðsins í dag að þetta eru sterkar fjármálastofnanir sem þurfa ekki á neinni fyrirgreiðslu frá opinberum aðilum að halda og sýnir og sannar hversu vel einkavæðingin hefur tekist. (**ÖJ:** Þú ert að tala um lán sem var greitt til baka. Það var ekki stuðningur, þetta var engin...)

Ég er þeirrar skoðunar að ef ekki hefðu verið gerðar breytingar á þessum fyrirtækjum og öðrum opinberum fyrirtækjum sem hafa verið einkavædd þá veit í sjálfu sér enginn hvernig rekstur þeirra hefði verið og hvað hann hefði kostað skattgreiðendur umfram það sem raun varð á. (**Gripið fram í:** Skipaútgerð ríkisins) Já, Skipaútgerð ríkisins, það var nú eitt fyrirtækið, hv. þm., sem þurfti á opinberri aðstoð að halda.

Herra forseti. Það er að mínu mati engum blöðum um það að fletta að aukið frelsi á markaði hefur leyst úr læðingi krafta einkaframtaksins og gríðarleg verðmætaaukning hefur átt sér stað á undanförnum árum með batnandi rekstri fyrirtækja og þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði. Samkeppnin hefur verið innleidd á fjölmörgum sviðum og aukin á öðrum. Einkavæðingin hefur skapað aðstæður fyrir íslensk fyrirtæki til þess að vaxa á sviðum sem áður voru einokuð af ríkinu. Styrkur fyrirtækjanna, frelsi þeirra til athafna, vaxtar og samkeppni á markaði hefur nýst til útrásar og verðmætasköpunar fyrir landið. Hún hefur aukið frjálsræði, skapað auknar þjóðartekjur, meiri atvinnu og nýtingu á þekkingu sem fyrirtækin hafa byggt upp.

Það sem við þurfum að gera í dag er að ganga lengra í þessa átt. Næsta skref er einkavæðing Landssímans. Með því að einkavæða Landssímann verður komið á heilbrigðri samkeppni á fjarskiptamarkaði sem ég tel að muni koma íslensku viðskiptalífi og neytendum mjög til góða.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson hélt hér ræðu í gær í umræðu um þetta frumvarp og hann spurði: Hvað er að? Af hverju eigum við að vera að einkavæða og selja þetta fyrirtæki, þetta fjöregg sem skilar hagnaði í ríkissjóð, fyrirtæki sem veitir góða þjónustu o.s.frv.? Hvað er að því að ríkið eigi þetta fyrirtæki?

Mig langar til að svara þeirri spurningu. Ég tel reyndar að ég hafi gert það með rökstuðningi mínum fyrr í þessari ræðu sem var svona almenn um einkavæðingu og kosti hennar.

Hvað er að því að ríkið reki símafyrirtæki? Í fyrsta lagi tel ég að það sé ekki hlutverk ríkisins að standa í slíkum rekstri. Að mínu mati er það ekki hlutverk ríkisins að reka símafyrirtæki frekar en að reka útvarpsstöð, sjónvarpsstöð eða önnur slík fyrirtæki sem eiga heima á samkeppnismarkaði og einkaaðilar geta sinnt. (**SigurjÞ:** Skjár 1.)

Í öðru lagi ríkir ekki heilbrigð samkeppni á fjarskiptamarkaði meðan ríkið er á þeim markaði. Ég er þeirrar skoðunar, þeirrar pólitísku skoðunar að samkeppni eigi að vera frjáls og hún er ekki frjáls þegar ríkið er hluti af þeim markaði.

Í þriðja lagi tel ég að eignarhaldið á fyrirtækinu hamli mjög vexti þess og stækkun og tækifærum í framtíðinni.

Af því að hv. þm. Sigurjón Þórðarson nefndi kaup Símans á félagi sem var hluthafi í Skjá 1 þá er það ágætt dæmi. Landssíminn er fyrirtæki sem hefur fjárfest í öflugu dreifikerfi, hefur verið að dreifa sjónvarpsefni og það væri mjög eðlilegt fyrir slíkt fyrirtæki að reyna að auka eignir sínar og tryggja sér efni til þess að nýta þessa fjárfestingu. (**Gripið fram í:** Ríkisstjórnin.) Ég tel hins vegar að það hafi verið mjög óheppilegt að Síminn sem fyrirtæki í ríkiseigu hafi verið að hasla sér völl á þeim markaði. En það er mjög eðlilegt að stjórnendur Símans taki þessa ákvörðun engu að síður út frá hagsmunum fyrirtækisins. Það hefði að mínu mati verið miklu betra ef einkaaðilar hefðu ráðist í þessa fjárfestingu, það er engin spurning.

En vandamálið er hins vegar eignarhaldið, það er ekki fyrirtækið. Gagnrýni mín byggir eingöngu á eignarhaldinu á fyrirtækinu. Það er eignarhaldið, eignarhald ríkisins á hlutabréfum í fyrirtækinu sem kemur í veg fyrir að fyrirtækið geti vaxið og dafnað eins og það gæti gert ef það væri eingöngu í eigu einkaaðila.

Ég vona að ég hafi svarað spurningu hv. þm. Ögmundar Jónassonar með þessum þremur punktum. Í ljósi þess sem ég hef sagt tel ég að það frumvarp sem hér er til umræðu sé skref í ranga átt. Það er skref í þá átt að hefta samkeppni á Íslandi, að hefta frjáls viðskipti og það felur í sér stefnumörkun sem ég get engan veginn fellt mig við og mun ekki í þessu máli frekar en öðrum sjá mér fært að styðja.

[16:38]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að spyrja og fræðast hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni því ég veit ekki betur en að hann sé mjög ofarlega á frelsislistanum og mikill áhugamaður

um samkeppni. Því væri fróðlegt að fá að heyra aðeins um það vegna þess að stefna Sjálfstæðisflokksins er að undanskilja ekki grunnnetið frá sölu Símans. Ef það er ekki gert og fyrirtækið selt með grunnnetinu mun kaupandinn verða í einokunaraðstöðu og þess vegna geta komið í veg fyrir samkeppni. Þess vegna væri ágætt að fá svör við því hjá hv. þm. hvort einokunaraðstaða sé eðlisbetri ef hún er í höndum einkaaðila en ekki í höndum hins opinbera.

[16:39]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi þessa fyrirspurn um hugsanlega einokunaraðstöðu kaupenda Símans þá er það þannig, svo ég komi að grunnnetinu, að ég er þeirrar skoðunar að það sé algjört lykilatriði að þegar Landssími Íslands verði seldur, einkavæddur, þá fylgi grunnnetið með.

Ég er hins vegar ekki hlynntur því að neinn aðili, hvorki einkaaðili né ríkisfyrirtæki sé í einokunaraðstöðu, og ég held að sú staða muni ekki koma upp. Í dag er það þannig að ríkið á þetta grunnnet en engu að síður eru samningar gerðir við þau einkafyrirtæki sem starfa á þessum markaði og þau fá aðgang að grunnnetinu gegn greiðslu á sanngjörnu endurgjaldi, eins og ég held að mælt sé fyrir um í lögum.

Ef Síminn verður einkavæddur og grunnnetið með er það ekkert sjálfgefið að þeir sem vilja nýta sér hið einkavædda flutningskerfi geti ekki komið sér inn á netið og nýtt sér það, þá náttúrlega gegn greiðslu. Sú stefna hefur verið mörkuð, bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum varðandi flutningskerfi, hvort sem það er á sviði fjarskipta, orkumála eða annarra þátta í rekstri, að sé til staðar einhver eigandi dreifikerfis þá verði tryggt að aðrir aðilar sem starfa á markaði eigi aðgang inn á dreifikerfið, og þá skiptir í rauninni engu máli hvort það er opinber aðili sem á dreifikerfið eða einkaaðili svo lengi sem það er pósitíft ákvæði í lögum sem heimilar öðrum en eiganda kerfisins að nýta það. Ef menn eru á móti sölu á dreifikerfinu ættu ákvæði í lögum sem tryggja aðgang allra að þeim (Forseti hringir.) að gera ótta viðkomandi að engu.

[16:41]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú er það svo að grunnnetið tryggir einokunaraðstöðu og menn verða bara að horfast í augu við það. Það er alveg sama í þessu og í sambandi við raforkukerfið að þegar við settum lög á síðasta þingi þá fóru menn og bjuggu til sérfyrirtæki. Þetta snýst ekki endilega um það hvort fyrirtækið sé í einkaeign, sameign eða ríkiseign. Þetta er bara eðlilegt ef menn í raun og veru meina eitthvað með samkeppni, en ég er nú farinn að efast um að Sjálfstæðisflokkurinn meini eitthvað með samkeppni.

Það hefur ítrekað komið fram að þegar ég hef spurt hæstv. fjármálaráðherra út í rekstur Símans hefur hann veigrað sér við að svara spurningum sem snúa að því hvort Síminn hafi misnotað markaðsráðandi og einokunaraðstöðu sína. En það eru nefnilega fyrirtæki sem starfa á þessum markaði sem telja að svo sé. (Forseti hringir.)

En hæstv. fjármálaráðherra hefur slegið skjaldborg um Símann.

[16:43]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að játa að ég skildi ekki alveg hver punkturinn var í þessu síðasta innleggi hv. þm. Ég sagði það áðan að menn geta með löggjöf og hafa verið að gera það hér á Íslandi, og í Evrópu og í Bandaríkjunum, að tryggja aðgengi þeirra sem ekki eiga dreifikerfi inn á dreifikerfi eigendanna. Það tryggir frjálsa samkeppni. Það sama getum við gert hér og það sama höfum við gert í löggjöf.

Hins vegar má deila um hvort ákvæði núgildandi laga séu nógu skýr og hleypi að einkaaðilum og þeim sem standa fyrir utan kerfið og eiga það ekki, hvort úrræði þeirra til að komast inn á kerfið séu nógu góð. Ég get alveg fallist á að það sé kannski ástæða til að endurskoða þau ákvæði. (Gripið fram í.)

En ég er engu að síður þeirrar skoðunar (Forseti hringir.) að nauðsynlegt sé að einkavæða dreifikerfið með hinum hluta fyrirtækisins.

[16:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson flutti ágæta ræðu, ágæta hugmyndafræðilega ræðu. Kommarnir hefðu ekki gert betur hér fyrr á tíð.

Önnur nálgun er praktísk nálgun. Hann nefndi nokkur fyrirtæki sem hefðu verið einkavædd í tímans rás, Ferðaskrifstofu ríkisins, Gutenberg og fleiri. Í sumum tilvikum er ég honum sammála, í öðrum tilvikum ekki. Við eigum að skoða málið praktískt.

En hann á að varast að færa hugmyndafræðilega afstöðu sína upp á okkur. Hann segir að afstaða okkar mótist í fyrsta lagi af fyrirlitningu okkar og vantrú á einstaklingsframtakinu. Það er rangt. Hún mótast af virðingu okkar fyrir heilbrigðri skynsemi.

Við spyrjum um tvennt: Hvernig verður þjónustan við landsmenn, alla landsmenn, best tryggð á því sviði sem Síminn starfar?

Þar höfum við varað við einkavæðingu og sérstaklega varðandi jaðarsvæði sem gætu orðið illa úti. Í sambandi við það getum við aftur farið í umræðu um Ríkisskip þegar núna er verið að leggja af strandsiglingar og hvernig bankarnir hafa þjónustað verr þau svæði sem eru ekki með virk veð eins og kallað er. Við getum farið inn í þá umræðu. Þetta er það fyrsta sem við spyrjum um, þ.e. um þjónustuna við landsmenn. Við skulum ekki gleyma því að þegar Síminn var gerður að hlutafélagi þá voru símgjöldin hér innan lands lægst á byggðu bóli í öllum heiminum.

Síðan spyrjum við um fjárhagshliðina: Er hyggilegt að selja Símann?

Arðsemin af Símanum er 15%. Hagnaður fyrir afskriftir í fyrra var 7.381 millj. kr. Þetta er gullkýr. Það er ekki skynsamlegt frá fjárhagslegu sjónarmiði að selja Símann. En náttúrlega er það mjög eftirsóknarvert fyrir þá sem ætla að hafa af honum gagn.

Að lokum er spurning: Ef þingmaðurinn er andvígur því að ríkið hafi afskipti af atvinnulífinu, hver er þá skoðun hans á stórfelldasta inngripi í síðari tíma sögu hvað þetta snertir, Kárahnjúkavirkjun?

[16:46]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér komu fram nokkur sjónarmið, nokkuð mörg og stór. Hv. þm. Ögmundur Jónasson talaði til að byrja með um þjónustu, hvernig verði þjónustan best tryggð og hvernig einkaaðilar geti tryggt góða þjónustu.

Nú liggur fyrir eins og ég fór yfir í stuttu andsvari mínu við umræðu í gær að þjónusta Landssímans hefur verið sannarlega ljómandi fín. Heimasímar og ISDN-tengingar ná til 99,6% heimila í landinu, GSM-símar til 98% heimila og ADSL-tengingar til 92% heimila. Dreifikerfið fer ekkert þó svo að fyrirtækið verði einkavætt. Það hlutfall heimila sem verður tengt við dreifikerfi Landssímans mun ekkert minnka. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem hélt hér ágæta ræðu við umræðu um málið í gær nefndi það að einkaaðilar hefðu einmitt stoppað upp í þau örfáu göt sem væru nú í dreifikerfi Landssímans, að ítölsk fyrirtæki og íslensk einkafyrirtæki hefðu þjónustað þessa hópa. Það er akkúrat það sem einkaaðilar gera. Þeir þjónusta þá sem vilja eiga við þá viðskipti. Því þarf ekkert að hafa neinar áhyggjur af þessu.

Varðandi fjárhagshliðina og gullkúna þá er það nú þannig að það er alveg rétt að Landssíminn skilar arði til eigenda sinna. Hins vegar er hann í hömlum hvað varðar eignarhaldið sem gerir það að verkum að hann getur ekki vaxið og dafnað eins og hann annars gæti gert. Ríkisbankarnir voru í sömu klöfum eignarhaldsins hér áður fyrr. En eftir að þeir voru einkavæddir hafa þeir stækkað og dafnað og eru orðnir miklu sterkari og öflugri en þeir voru áður. Þeir skila miklu meiri hagnaði eins og ég fór hér yfir (Forseti hringir.) í ræðu minni, og það hefur skilað sér margfalt í tekjuskatti til ríkisins. (Forseti hringir.) Fyrirtækið mun því stækka, (Forseti hringir.) hagnaðurinn mun aukast og hv. þm. (Forseti hringir.) þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af því að þessir fjármunir muni ekki skila sér í ríkissjóð.

(**Forseti** (ÞBack): Ég bið hv. þingmann um að virða ræðutímann sem er stuttur.)

[16:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við þurfum að hafa nokkrar áhyggjur af því sem er að gerast í íslensku efnahagslífi og þar á meðal stórfelldum lántökum, erlendum lántökum íslenska bankakerfisins. Þetta mál er því miklu flóknara en nemur hagnaðartölum bankanna, miklu flóknara og verður að skoða í víðtæku efnahagslegu samhengi.

Ég velti því fyrir mér hvað valdi því, hvað skýri það að hagsmunagæslumenn fyrir þjóðina, að fulltrúar ríkisvaldsins, stjórnarmeirihlutans, vilji hafa þennan ávinning af íslenskum skattgreiðendum. Þessi stofnun er að skila milljörðum í vasa skattgreiðenda. Hvers vegna að hafa þennan hagnað af þjóðinni, af skattborgaranum, til að beina honum í vasa einkaaðilanna?

Ég vil fá svar við spurningunni um Kárahnjúka, hundruða milljarða fjárfestingu og inngrip í atvinnulífið. Getur verið að talsmenn frjálshyggjunnar séu blindir þegar að þessu kemur? Ég vil fá svar við þessu.

[16:50]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held ég hafi skýrt það ágætlega út í ræðu minni hverjir séu kostir einkaframtaksins og hverjir séu kostir frjálsrar samkeppni á markaði, hvort heldur á fjarskiptamarkaði eða bankamarkaði. Ég tók bankamarkaðinn sem dæmi. (Gripið fram í.) Hann hefur vaxið og stækkað og skilað þjóðfélaginu og mun skila þjóðfélaginu miklu meiri tekjum, miklu meiri skatttekjum en hann hefði gert ef ríkisviðskiptabankarnir hefðu ekki verið einkavæddir. Þegar til langs tíma er litið er því ekki verið að kasta á glæ milljörðum sem ríkisfyrirtækið Landssíminn hefur skilað á síðustu árum. (Gripið fram í.) Þetta hefur verið góður hagnaður og allt það.

Varðandi Kárahnjúkana þá get ég alveg sagt hv. þm. það að ég hefði kosið frekar að einkaaðilar hefðu átt þetta inngrip í íslenskt atvinnulíf, miklu frekar (Gripið fram í.) miklu frekar. (Forseti hringir.) En það var ekki gert. Á móti kemur (Forseti hringir.) að ég er þeirrar skoðunar að við verðum náttúrlega að nýta landið og náttúruna og þau auðæfi sem (Forseti hringir.) við búum við hér. (Gripið fram í.)

[16:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef ekki áhyggjur af hugmyndaflugi hv. þingmanns. En ég hef áhyggjur af hugmyndalegri festu þingmannsins.

Hér á síðasta sumri var knúin í gegnum þingið lagasetning sem hamlaði samkeppni, sem dró úr viðskiptafrelsi. Þá blés forusta Sjálfstæðisflokksins m.a. á þennan hv. þm. sem sveipaðist burt eins og fis og lagðist manna harðast í vörnina fyrir þessu. Nú kemur hann og talar um samkeppnisfrelsi.

Mig langar að spyrja hv. þm. sem er svona annt um frelsi í viðskiptum. Hvað finnst honum þá um að Landssíminn skuli nota fjármagn skattborgaranna til þess að kaupa fyrir óþekkt verð stóran og líklega ráðandi hlut í einkarekinni sjónvarpsstöð? Hvað finnst honum um það? Er það ekki ríkisvæðing? Mundi ekki hv. þm. telja að það væri andstæða einkavæðingarinnar og að það væri ríkisvæðing?

Hv. þm. talar líka um nauðsyn þess að ýta undir einkaframtakið. Nú hefur hæstv. fjármálaráðherra séð til þess að hlutdeild hins opinbera af landsframleiðslu hefur aukist ár frá ári. Er það ekki ríkisvæðing? Hv. þm. hefur samt sem áður þegar forustumenn Sjálfstæðisflokksins blása á hann komið hingað og varið þá stefnu manna harðast.

En mér finnst það skipta máli, fyrst hv. þm. er að viðra þessar skoðanir eins og frjáls fugl sloppinn úr prísund sumarsins og dásamar viðskiptafrelsið, að hann skýri út fyrir okkur, ef við eigum að taka mark á honum, hvað hann kallar þessa vendingu Landssímans sem er að nota fjármagn sem skattborgararnir eiga til þess að taka þátt hér í slagsmálum á einkamarkaði og ríkisvæða efnilega sjónvarpsstöð?

[16:53]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var ágætisspurning — ég var ánægður með að hún skyldi koma fram — varðandi kaup Lands-

símans á einkahlutafélagi sem er hluthafi í Íslenska sjónvarpsfélaginu, Skjá 1. Ég held ég hafi verið fyrsti þingmaður Sjálfstæðisflokksins sem tjáði mig um þann gjörning í fjölmiðlum þegar í ljós kom að hann hafði verið gerður. Ég sagði að þetta væri skref í ranga átt. Samkvæmt hugmyndafræði minni er ekki heppilegt að ríkið sé að auka umsvif sín á fjölmiðlamarkaði þannig að ég lýsti því yfir þá og ég lýsi því yfir nú að ég var ekkert hlynntur þeim gjörningi. Ég skil það alveg að Landssími Íslands sem hlutafélag vilji ráðast í fjárfestingar sem stjórnendurnir telja að séu fyrirtækinu til hagsbóta, m.a. til þess að nýta sínar fjárfestingar. Ég geri hins vegar miklar athugasemdir við það að fyrirtæki sem hefur eignarhald eins og Landssími Íslands ráðist í slíkar fjárfestingar. Ég hef gagnrýnt það og ég geri það aftur og stend á þeirri skoðun minni að það var skref í ranga átt.

Ég hef verið talsmaður þess hér á þingi að ríkið dragi sig út úr ýmsum rekstri. Ég hef t.d. verið flutningsmaður að frumvarpi sem mælir fyrir um að Ríkisútvarpið, sjónvarp verði einkavætt og selt þannig að það er engin tvöfeldni í mínum málflutningi og hefur aldrei verið, ekki hvað þetta atriði varðar eða önnur um þátttöku ríkisins á fjarskipta- eða fjölmiðlamarkaði.

Varðandi útþenslu ríkisins þá get ég alveg sagt hv. þingmanni það að ég hefði viljað að hún hefði verið minni en raun varð á. Ég mundi vilja sjá massífan niðurskurð á mörgum sviðum ríkisrekstrarins. En mig grunar að hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé mér ekki sammála um það.

[16:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að halda því fram að hv. þm. sé að skipta um skoðun eða áttir eftir því hvaðan vindurinn blæs. Mér finnst dálítið nöturlegt að hv. þm. kemur og slæst hér mjög fyrir hugsjónum frelsis en hann styður samt sem áður flokk sem í þessu tiltekna dæmi hefur purkunarlaust í krafti einhverra flokkshagsmuna misnotað aðstöðu sína innan Landssímans og innan Ríkisútvarpsins til þess að halda áfram einhverjum endalausum slag við risann á markaðnum, Norðurljós. Það birtist í því að Sjálfstæðisflokkurinn notar fé skattborgaranna í gegnum Landssímann til þess að fjármagna keppinaut Norðurljósa og hann notar síðan Ríkisútvarpið líka til þess að styðja þessa sjónvarpsstöð. Meira að segja er formaður útvarpsráðs í purkunarlausum hagsmunaárekstri á leynilegum fundum með forstjóra samkeppnisaðilans, þ.e. Skjás 1. Hv. þm. á að koma og fordæma þetta héðan úr þessum stól ef hann meinar eitthvað með því sem hann er að segja um samkeppnisfrelsi.

[16:57]

Útbýting:

Álag á Samkeppnisstofnun, 131. mál, fsp. JóhS, þskj. 131.

Fæðingarorlofssjóður, 138. mál, fsp. MÁ, þskj. 138.

Réttur foreldra vegna veikinda barna, 139. mál, fsp. JóhS, þskj. 139.

Símenntun, 133. mál, fsp. MÁ, þskj. 133.

Stjórnarskipunarlög, 50. mál, frv. PHB, þskj. 50.

Styrkir úr starfsmenntasjóði, 134. mál, fsp. MÁ, þskj. 134.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 16:59.

6. FUNDUR

mánudaginn 11. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
   a. Ályktun ASÍ um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.
   b. Norsk-íslenski síldarstofninn.
   c. Landssíminn.
   d. Verkfall kennara og stofnun Hávallaskóla.
2. Kosning aðalmanns í landskjörstjórn í stað Elsu S. Þorkelsdóttur til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.
3. Fjáraukalög 2004, stjfrv., 76. mál, þskj. 76. — Frh. 1. umr.
4. Málefni aldraðra, stjfrv., 85. mál, þskj. 85. — Frh. 1. umr.
5. Stéttarfélög og vinnudeilur, frv., 5. mál, þskj. 5. — Frh. 1. umr.
6. Virðisaukaskattur, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.
7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 7. mál, þskj. 7. — 1. umr.
8. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., frv., 4. mál, þskj. 4. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.

Varamenn taka þingsæti.

[15:02]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hafa fjögur bréf um forföll þingmanna. Hið fyrsta er frá 7. þm. Norðaust., Einari Má Sigurðarsyni, dagsett 7. október, og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Samfylkingar í Norðausturkjördæmi, Örlygur Hnefill Jónsson, lögmaður, Laugum, Þingeyjarsveit, taki sæti mitt á Alþingi á meðan en Lára Stefánsdóttir, 1. varamaður á listanum, getur ekki vegna annríkis komið til starfa á Alþingi að þessu sinni.

Virðingarfyllst,
Einar Már Sigurðarson."

Borist hefur bréf frá 1. varaþingmanni Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi, dagsett 5. október 2004, sem hljóðar svo:

„Ég undirrituð get því miður ekki að þessu sinni tekið sæti Einars Más Sigurðarsonar í fjarveru hans frá þingstörfum vegna starfsanna minna.

Lára Stefánsdóttir."

Annað bréfið er frá þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins, Einari K. Guðfinnssyni. Það er dagsett 11. október og hljóðar svo:

„Þar sem Davíð Oddsson utanríkisráðherra, 2. þm. Reykv. n., getur ekki vegna veikinda sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu, Ásta Möller, taki sæti hans á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Einar K. Guðfinnsson."

Þriðja bréfið er frá 10. þm. Reykv. n., Sigurði Kára Kristjánssyni, dagsett 7. október og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður, Katrín Fjeldsted læknir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan. 1. varamaður listans tekur jafnframt sæti á Alþingi í dag.

Sigurður Kári Kristjánsson."

Ásta Möller, Katrín Fjeldsted og Örlygur Hnefill Jónsson, hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðin velkomin til starfa á nýjan leik.

Fjórða og síðasta bréfið er frá hv. 5. þm. Suðurk., Guðjóni Hjörleifssyni, dagsett 7. október og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, Böðvar Jónsson fasteignasali, Njarðvík, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Guðjón Hjörleifsson."

Kjörbréf Böðvars Jónssonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[15:05]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Böðvar Jónsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[15:05]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kosningar embættismanna fastanefnda:

Allsherjarnefnd: Bjarni Benediktsson formaður og Jónína Bjartmarz varaformaður.

Efnahags- og viðskiptanefnd: Pétur H. Blöndal formaður og Dagný Jónsdóttir varaformaður.

Félagsmálanefnd: Siv Friðleifsdóttir formaður og Guðlaugur Þór Þórðarson varaformaður.

Fjárlaganefnd: Magnús Stefánsson formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Heilbrigðis- og tryggingnefnd: Jónína Bjartmarz formaður og Drífa Hjartardóttir varaformaður.

Iðnaðarnefnd: Birkir Jón Jónsson formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Landbúnaðarnefnd: Drífa Hjartardóttir formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

Menntamálanefnd: Gunnar Birgisson formaður og Dagný Jónsdóttir varaformaður.

Samgöngunefnd: Guðmundur Hallvarðsson formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Sjávarútvegsnefnd: Guðjón Hjörleifsson formaður og Birkir Jón Jónsson varaformaður.

Umhverfisnefnd: Guðlaugur Þór Þórðarson formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

Utanríkismálanefnd: Sólveig Pétursdóttir formaður og Siv Friðleifsdóttir varaformaður.

Tilkynning um dagskrá.

[15:06]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að kl. 15:30 eða þar um bil fer fram umræða utan dagskrár um skipun nýs hæstaréttardómara. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og settur dómsmálaráðherra, Geir H. Haarde, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:06]

Útbýting:

Áfengislög, 147. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 147.

Árangurslaus fjárnám, 154. mál, fsp. JóhS, þskj. 154.

Fiskvinnslunám, 150. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 150.

Fjármálaeftirlitið, 157. mál, fsp. JóhS, þskj. 157.

Gleraugnakostnaður barna, 156. mál, fsp. JóhS, þskj. 156.

Heiðurslaun listamanna, 145. mál, þáltill. MÁ, þskj. 145.

Heildarskattbyrði einstaklinga, 148. mál, fsp. JÁ, þskj. 148.

Heimilislausir, 153. mál, fsp. JóhS, þskj. 153.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 142. mál, frv. BjörgvS o.fl., þskj. 142.

Lífeyrissjóðir, 155. mál, fsp. JóhS, þskj. 155.

Sementsverð á landsbyggðinni, 152. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 152.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 143. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 143.

Sláturhús í Búðardal, 141. mál, fsp. JBjarn, þskj. 141.

Söluandvirði hlutabréfa í Fjölni á Þingeyri, 151. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 151.

Tekjuskattur og eignarskattur, 137. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 137.

Veggjöld, 149. mál, fsp. JÁ, þskj. 149.

Vinnutilhögun unglækna, 158. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 158.

Virðisaukaskattur, 159. mál, stjfrv. (fjmrh.) þskj. 159.

Þingsköp Alþingis, 135. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 135.

Þriðja kynslóð farsíma, 160. mál, stjfrv. (samgrh.) þskj. 160.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Ályktun ASÍ um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

[15:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að spyrja hæstv. forsætisráðherra út í áhrif efnahagsstefnu ríkisstjórnar hans á kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

Sérhver ríkisstjórn, þessi hefur ekki verið nein undantekning þar frá, hefur kostað kapps um að hafa sem best samstarf við verkalýðshreyfinguna og reyna að ná sem mestum stöðugleika á vinnumarkaði. Stöðugleikann sem við höfum búið við í efnahagslífinu síðustu missiri má að mestu leyti rekja til þess að þetta hafi tekist, ekki síst vegna þess að stjórn og stjórnarandstaða hafa borið gæfu til að taka höndum saman í þessu efni.

Nú bregður svo við að nýr forsætisráðherra hefur sest að völdum og hefur í fyrsta skipti lagt fram efnahagsstefnu sína í fjárlagafrumvarpi sem ríkisstjórn hans stendur að. Þá vill svo til að verkalýðshreyfingin rís upp til harðra mótmæla. Miðstjórn ASÍ hefur samþykkt ákaflega harðorða ályktun þar sem sagt er að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar setji forsendur kjarasamninga í uppnám og hún leggi grunn að djúpstæðri deilu við verkalýðshreyfinguna um markmið og leiðir í kjara- og velferðarmálum. Það er sérstaklega tekið fram í hinni harkalegu ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands að skattastefna núverandi ríkisstjórnar verki líkt og olíu sé hellt á eld.

Það er mjög sjaldgæft, herra forseti, að verkalýðshreyfingin grípi til svo sterkra andmæla við efnahagsstefnu nokkurrar ríkisstjórnar. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hvernig hyggst hann bregðast við því að verkalýðshreyfingin telur að efnahagsstefna ríkisstjórnar hans muni setja forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í uppnám?

[15:10]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég er ósammála því sem kemur fram í þessari ályktun. Ég hyggst hins vegar eiga fund með forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar á næstunni til að fara yfir þessi mál. Það liggur alveg ljóst fyrir að fjárlagafrumvarpið er með ágætum afgangi og að þar eru aukin útgjöld til margvíslegra velferðarmála.

Það er jafnframt ljóst að fyrirhugaðar skattalækkanir munu auka kaupmátt verulega og hafa góð áhrif á kaupmátt einstaklinga. Hins vegar hafa þær ekki verið nákvæmlega útfærðar. Það hefur t.d. ekki verið endanlega ákveðið hversu mikið barnabætur verða hækkaðar og hvernig útfærslan verður í því sambandi. Fyrr en það liggur fyrir er ekki hægt að fullyrða um áhrif skattalagabreytinganna á kaupmátt einstaklinga og ákveðinna fjölskyldustærða. Því er of snemmt að spá fyrir um það.

Það er sjálfsagt að fara yfir málin með forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar en það er af og frá að fjárlagafrumvarpið og fyrirhugaðar skattalækkanir setji forsendur kjarasamninga í uppnám.

[15:12]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Við búum við ákaflega sérkennilegar aðstæður sem stendur. Nýr forsætisráðherra er að taka við völdum og það ríkir verkfall í grunnskólanum. Hæstv. forsætisráðherra hefur komið hingað og sagt: Það verkfall kemur mér ekki við. Hann og hans ríkisstjórn ætlar ekki með nokkrum hætti að reyna að liðka til fyrir lausn þess máls.

Sami hæstv. forsætisráðherra leggur síðan fram fjárlagafrumvarp þar sem efnahagsstefna hans birtist. Efnahagsstefnan er svo harkaleg að hún stefnir stöðugleikanum í voða. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands segir að þar sé skattalækkunarstefna sem verki beinlínis eins og olíu sé hellt á eld. Svo kemur hæstv. forsætisráðherra og segir að hann ætli í raun ekki að gera nokkurn skapaðan hlut nema að boða til fundar.

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra hvort hann sé ekki reiðubúinn til að breyta skattastefnunni í frumvarpinu. Er það til dæmis rétt að Framsóknarflokkurinn komi í veg fyrir að hægt sé að lækka matarskattinn? Það er það sem verkalýðshreyfingin vill.

[15:13]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég átta mig ekki á því hvert hv. þm. er að fara. Hann segir að efnahagsstefnan sé mjög harkaleg. Heldur hann því fram að útgjöldin séu allt of mikil?

Ég hef skilið fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar þannig að þeir telji ekki nægilegt aðhald í fjárlagafrumvarpinu. Ég hefði þá átt von á að hv. þm. og flokkur hans flytti tillögur á Alþingi um lækkun útgjalda til ýmissa mála. En á sama tíma kemur hv. þm. hingað og krefst þess að ríkisstjórnin veiti meira fjármagn til sveitarfélaganna. Það er ekki nokkur leið að botna upp né niður í því hvert þingmaðurinn er að fara.

[15:14]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér talaði hæstv. forsætisráðherra sem ætlar að færa nokkra milljarða úr sjóðum ríkisins yfir í vasa þeirra sem hafa hæstar tekjurnar. Eitt af því sem miðstjórn ASÍ fordæmir hvað harkalegast í ályktun sinni er einmitt þessi skattastefna, þar sem þeir fá mest sem mest hafa fyrir. Þeir fá minnst sem minnst hafa fyrir. Um þetta snýst málið að sjálfsögðu.

Herra forseti. Það hlýtur að vera hæstv. forsætisráðherra umhugsunarefni hvernig staðan er á vinnumarkaði nú þegar hann hefur tekið við völdum. Við höfum þetta alvarlega verkfall grunnskólakennara og hæstv. forsætisráðherra segir: Mér kemur það ekki við. Við höfum núna fyrir okkur skoðun verkalýðshreyfingarinnar á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem hann veitir forustu og hæstv. forsætisráðherra segir: Mér er alveg sama. Hann hlustar ekki á þá.

Forsætisráðherrar verða að hlusta. Þeir sem ætla að vera farsælir í að leiða þjóð sína verða að leggja eyrun við því sem hún segir.

[15:15]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ráðgjöfina, hún er ágætlega þegin. Ég hef aldrei sagt að mér komi hlutirnir ekki við og auðvitað hlusta ég á það sem sagt er, en ég minni hv. þm. á eitt: Þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp var skattprósentan rétt liðlega 35% og ég man vel að allir flokkar á Alþingi voru sammála um að skattprósentan mætti ekki verða hærri. Nú stendur til að lækka hana niður og að hún verði svipuð og hún var upphaflega. Þá ris stjórnarandstaðan á Alþingi öndverð gegn því. Ég held að hv. þm. ætti að rifja upp hvernig Alþýðuflokkurinn talaði þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp. Ég held að það væri honum hollt að lesa sig til um það áður en hann kemur með slíka sleggjudóma.

Ég vil líka minna hv. þm. á það að eftir því sem skattprósentan er lægri þeim mun ólíklegri eru skattsvik. Það skiptir máli og það skiptir líka máli að minnka bilið í tekjuskattinum milli einstaklinganna og fyrirtækjanna og sú stefna sem ríkisstjórnin hefur tekið upp er einmitt leið til þess.

Norsk-íslenski síldarstofninn.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. sjávarútvegsráðherra af því ánægjulega tilefni að sterkar vísbendingar og í einu tilviki væntanlega sönnun liggja fyrir um það að norsk-íslenska síldin veiðist innan íslensku sérefnahagslögsögunnar austur af landinu. Farmur úr Hoffellinu var greindur og virtist óumdeilanlega vera um síld af norsk-íslenska stofninum að ræða. Sömuleiðis hefur Víkingur landað á Vopnafirði einum 1.400 tonnum í 4–5 veiðiferðum og sterkar vísbendingar eru um að þar sé sömuleiðis um síld af sama stofni að ræða, stóra, feita og fallega með 19% fituinnihaldi og þó nokkru af hrognum og sviljum í sem passar prýðilega við ástand og ásigkomulag norsk-íslensku síldarinnar eins og það á að vera á þessum árstíma, en stemmir illa við þá íslensku.

Þetta vekur spurningar um hvort ekki sé mikilvægt að rannsaka og greina það sem hér er á ferðinni ekki síst vegna mikilvægra samningshagsmuna okkar, að geta sýnt fram á að síldin innan íslensku sérefnahagslögsögunnar sé veiðanleg. Það mundi styrkja mjög aðstæður okkar í samningaviðræðum við Norðmenn og aðra um stofninn.

Ég vil því spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort Hafrannsóknastofnun verði tryggt fjármagn til þess að gera út sérstakan rannsóknarleiðangur til að taka sýni, greina og mæla það síldarmagn sem hér er á ferðinni eða með einhverjum öðrum aðferðum eins og að senda vísindamenn með veiðiskipum til að það fáist á hreint hvað þarna er á ferðinni. Það er líka ákaflega mikilvægt til að átta sig á því sem er að gerast í vistkerfinu og vegna fiskveiðistjórnar að ekki sé vafi á úr hvorum stofninum veiðin er, þeim norsk-

íslenska eða íslenska, að þessir hlutir fáist á hreint og ekki við það unandi að fjárleysi hamli Hafrannsóknastofnun í þessu efni.

[15:19]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það eru ánægjuleg tíðindi að norsk-íslenska síldin skuli veiðast innan íslensku efnahagslögsögunnar og mun styrkja stöðu okkar í þeim samningaviðræðum sem fram fara um skiptingu á afla úr þeim stofni. Það er nauðsynlegt eins og fram hefur komið að rannsakað sé vel og gaumgæfilega hvernig þessum málum er háttað, greint sé á milli þeirra tveggja stofna sem virðast vera í bland í veiðunum núna, annars vegar norsk-íslenska síldin og hins vegar íslenska sumargotssíldin.

Ég hef farið yfir þessi mál með forsvarsmönnum Hafrannsóknastofnunar og einnig átt viðræður við forsvarsmenn hagsmunaaðila um hvernig best sé að haga málum og sé ekki betur en að við getum gert það sem nauðsynlegt er til þess að ganga úr skugga um þá hluti sem við þurfum að vita af þessu tilefni. Mér vitanlega hafa ekki komið upp neinir hlutir í þessu sambandi sem fjárskortur ætti að hamla. Ég held að þingmenn þurfi ekki að hafa neinar sérstakar áhyggjur af því að ekki verði hægt að sinna rannsóknunum eins og nauðsynlegt er fremur en öðrum þeim rannsóknum sem Hafrannsóknastofnun sinnir.

[15:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er gott að menn eru meðvitaðir um þetta í sjávarútvegsráðuneytinu, en ég heyrði einn helsta síldarspekúlant og sérfræðing okkar eftir að Jakob Jakobsson lét af störfum tjá sig í útvarpinu á dögunum. Þar gat ég ekki betur heyrt en viðkomandi aðili, Hjálmar Vilhjálmsson, teldi að hér væri svo stórt mál á ferð að nauðsynlegt væri að gera út sérstakan leiðangur til rannsókna og mælinga á síldinni sem þarna á í hlut. Mér vitanlega er slíkur leiðangur ekki á döfinni hjá Hafrannsóknastofnun fyrr en hægt verður að kíkja á þetta í tengslum við loðnurannsóknir í nóvember.

Ég held að við eigum að undirstrika mikilvægi málsins með því að grípa til sérstakra ráðstafana og sýna m.a. þannig Norðmönnum hversu mikilvægt við teljum málið vera. Nú eru vísbendingar uppi um að gríðarsterkir árgangar eru að koma upp í síldinni í Barentshafi og ef fullorðna síldin er að taka upp fyrri hegðun sína og hafa að hluta til vetursetu á Íslandsmiðum er það stórt og mikilvægt innlegg bæði í samningsstöðuna og líka líffræðilega út frá því sem er að gerast í vistkerfinu. Mér finnst að við eigum að undirstrika af okkar hálfu hversu mikilvægt við teljum málið vera, m.a. með því að gera út sérstakan leiðangur.

[15:22]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra hversu mikinn áhuga hv. þm. hefur á málinu. Þess vegna tel ég rétt að endurtaka það sem ég sagði áðan að ég sé ekkert því til fyrirstöðu að hægt verði að framkvæma þær rannsóknir sem við, þ.e. sjávarútvegsráðuneytið í samráði við Hafrannsóknastofnunina, hagsmunaaðila og aðra þá sem að málinu koma teljum nauðsynlegar.

[15:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Já, enda séu menn þá sammála um hvað sé lágmark að gert verði, hæstv. ráðherra. Ég fékk ekki endanleg svör við því ef það verður mat manna að tilefni sé til að gera út sérstakan leiðangur hvort það verði gert eða t.d. í samráði við eitt eða fleiri af veiðiskipunum um mannafla með vísindamönnum þannig að út úr því komi svipaðir hlutir. Nú er ekkert víst að þetta ástand vari mjög lengi og alveg óvíst að menn gangi að henni þarna í nóvembermánuði. Ég minni á hversu gríðarlega miklir hagsmunir eru í húfi ef vel tekst til og veiðar úr norsk-íslensku síldinni geta stóraukist á komandi árum. Vaxandi hlutfall þeirra veiða fer til manneldis. Þá er um að ræða milljarða á milljarða ofan sem við getum aukið verðmæti á nýtingu þessa eina stofns sem var, eins og kunnugt er þegar hann var upp á sitt besta, einn stærsti og arðbærasti fiskstofn í heiminum. Ef þetta gengur eftir sem vísbendingar eru um í Barentshafinu skiptir gríðarlegu máli fyrir íslenska þjóðarhagsmuni hvert einasta prósent sem við náum í af stofninum. Það veit ég að hæstv. ráðherra hlýtur að viðurkenna.

[15:23]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að milljarðahagsmunir eru í húfi og það fer ekki fram hjá okkur í sjávarútvegsráðuneytinu. Hins vegar þurfum við að gæta að því þegar við ákveðum hvað er gert, hver staðan er, hvað sé nauðsynlegt að gera og í hvaða tilgangi við gerum hlutina og fyrr en við höfum skýra mynd af því getum við ekki tekið ákvarðanir um hvað við teljum nauðsynlegt að gera. En ég ítreka að ég sé ekkert sem við gætum ekki framkvæmt sem við teldum nauðsynlegt að gera.

Landssíminn.

[15:24]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil beina máli mínu til hæstv. fjármálaráðherra og bera fram spurningu sem ég hef borið upp áður á þinginu. Því miður var svarið út og suður og ég vil reyna á ný að fá skiljanlegt svar. Spurningin hljóðar á þá leið: Hefur Landssími Íslands hf. tryggt fjárhagslegan aðskilnað í þeirri starfsemi sem lýtur sérstaklega að virðisaukandi þjónustu, t.d. internet-þjónustu? Ég tel eðlilegt að flokkur sem kennir sig við samkeppni sjái mikinn hag í því að svara spurningunni heiðarlega svo þeir sem eiga í samkeppni við ríkisfyrirtækið Símann standi jafnfætis. Ég tel eðlilegt og í raun undarlegt að hæstv. fjármálaráðherra skuli ekki hafa svarað spurningunni með skilmerkilegri hætti og vil því gefa hæstv. ráðherra tækifæri á því að svara henni á ný.

[15:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ef ég man rétt var spurningunni svarað

skriflega á síðasta þingi og hefur ekkert gerst í þeim málum sem gefur mér tilefni til þess að breyta því svari á neinn hátt. Ég veit ekki betur en það sé fyllilega eðlilega að öllum málum staðið hvað þetta varðar hjá Landssímanum. Þess vegna hef ég á þessu stigi engu við fyrra svarið að bæta sem ég gat um og hef reyndar ekki haft tilefni til að kanna það mál og ekki hægt að ætlast til þess í óundirbúinni fyrirspurn að menn hafi á takteinum nákvæmar upplýsingar um þetta efni.

[15:26]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég hefði talið eðlilegt að ganga úr skugga um það en í svarinu kemur fram að ráðuneytinu er ekki kunnugt um að Póst- og fjarskiptastofnun hafi farið fram á það við Landssímann að hann viðhefði fjárhagslegan aðskilnað í umræddri starfsemi. En nú segir óvart í reglugerð að fyrirtæki sem hafa umtalsverða markaðshlutdeild á ákveðnu sviði almennrar fjarskiptaþjónustu eða almennra fjarskiptaneta skuli aðgreina kostnað í bókhaldi í samræmi við reglugerðina. Þess vegna hefði ég talið eðlilegt að hæstv. ráðherra gengi úr skugga um að svo væri.

Ef eitthvert vit á að vera í fyrirspurnum ætti hæstv. ráðherra að leitast við að svara þeim þannig að það þurfi ekki að vera að spyrja aftur og aftur og fá svör sem segja ekki neitt.

Verkfall kennara og stofnun Hávallaskóla.

[15:27]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Í dag hefst fjórða vika kennaraverkfalls grunnskólakennara og í dag hafa farið forgörðum yfir 700 þús. skóladagar hjá grunnskólabörnum landsins. Í gær var fundi deiluaðila frestað en ríkissáttasemjari mun eins og kunnugt er kanna stöðu mála og gera tilraun til að kalla deiluaðila aftur saman á miðvikudaginn. Meðal annars vegna þess að ríkisvaldið gaf á sínum tíma tóninn um kjör viðmiðunarstétta grunnskólakennara sem færðu þeim stéttum, hjúkrunarfræðingum og framhaldsskólakennurum, réttlátar kjarabætur hefur öllum verið ljóst að grunnskólakennarar bæði yrðu og mundu fylgja í kjölfarið. Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra hvort hún muni, m.a. í ljósi þess í hve alvarlegri stöðu deilan er í einmitt í dag og í hve miklu uppnámi lögbundin menntun barna landsins er, beita sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að stjórnvöld komi með einhverjum hætti að deilunni og þá hvernig.

Einnig vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra, þar sem að í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins var sagt frá stofnun og starfrækslu nýs einkarekins grunnskóla, Hávallaskóla, hjá Haraldi Ólafssyni nokkrum, hvort hún þekki til málsins. Hefur ráðuneytið gefið út starfsleyfi eða staðfestingu á starfi slíks skóla? Það hlýtur að vekja upp ýmsar spurningar nú þegar svo viðkvæm kjaradeila stendur yfir sem deila kennara er og gæti túlkast sem stríðsyfirlýsing í miðri deilunni við kennarana að gefa út starfsleyfi á starfrækslu slíks skóla. En þar sem fáir virðast kannast við tilurð og starf þessa skóla sem varið var löngum tíma í í hádegisfréttum útvarps, var fyrsta frétt með löngu viðtali við skólastjórann og eigandann, Harald Ólafsson, vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hún þekki til málsins og hvort ráðuneytið hafi með einhverjum hætti komið að málinu.

[15:29]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Nei, ríkisstjórnin mun ekki blanda sér í þessa deilu. Það er alveg ljóst að grunnskólar landsins eru á forræði sveitarfélaganna og ég vil taka undir það sem til að mynda borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti samhljóða, að ef hugsanlega eitthvað er óuppgert á milli ríkis og sveitarfélaga varðandi ýmsan rekstur sem hefur verið að færast á milli ríkis og sveitarfélaga á ekki að gera það upp á grundvelli kjarasamninga heldur á að taka það upp á öðrum vettvangi.

Ríkisstjórnin mun ekki blanda sér í þessa deilu. Ég vil líka minna þingheim á að síðan grunnskólinn færðist yfir til sveitarfélaganna hefur fundist lausn á slíkri kjaradeilu, tvisvar áður hafa sömu deiluaðilar náð saman svo ég hef enga trú á öðru en að sömu deiluaðilar og eru að fást við þetta erfiða verkefni nú nái endum saman. Það er von mín.

Varðandi Hávallaskóla verð ég að viðurkenna að ég heyrði fyrst um þetta í fréttum og mun að sjálfsögðu athuga starfsemi skólans.

[15:31]

Björgvin G. Sigurðsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra skýr svör og hlakka til að heyra um tilurð og tilkomu þessa nýja Hávallaskóla. Um leið hryggir það mig að heyra svör hæstv. ráðherra hvað varðar kennaradeiluna af því að hún kemur stjórnvöldum svo sannarlega við. Ríkið þarf að gera upp skuldir sínar við sveitarfélögin enda eru litlir fjármunir til skiptanna hjá þeim til að mæta útgjöldum á borð við þau sem að sjálfsögðu fylgja væntanlegum og nýjum kjarasamningum við kennara. Sveitarfélögin eru mörg hörmulega illa stödd og sum þeirra geta tæpast sinnt lögbundnum verkefnum sínum að mestu vegna ranglátrar tekjuskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Það er einfaldlega vitlaust gefið í þessu spili. Því skora ég á hæstv. menntamálaráðherra sem ber ábyrgð á fræðslu og menntun grunnskólabarna í landinu þegar allt kemur til alls að beita sér með jákvæðum hætti fyrir aðkomu stjórnvalda og stjórnmálaflokkanna að málinu. Hæstv. ráðherra er í lófa lagið að koma einhvern veginn að borðinu með jákvæðum hætti. Það eru mér vonbrigði að heyra, eins og kom fram í umræðunni í dag, að hæstv. nýr forsætisráðherra og hæstv. nýr menntamálaráðherra skuli ekki vilja beita sér í deilunni. Ég harma það mjög að þeir skuli láta það óátalið í þeirri alvarlegu og vondu stöðu sem deilan er í núna.

[15:32]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég veit ekki hvort rétt sé að svara svona pólitískri tækifærismennsku. Ég undirstrika að mér finnst

mjög umhugsunarvert hvernig sérstaklega Samfylkingin og Vinstri grænir hafa talað tungum tveim í þessu máli. Þeir segja eitt í ráðhúsi borgarinnar en koma síðan í þingið og blaðra um eitthvað allt annað. Ég vil fá samkvæmni og samræmi í málflutning þeirra.

Það er alveg ljóst að deilan er á milli sveitarfélaganna og grunnskólakennara. Ríkið mun ekki blanda sér inn í þá deilu. Ég vona svo innilega, eins og ég hef talað um bæði sem menntamálaráðherra með ábyrgð á menntamálum þjóðarinnar en líka sem foreldri grunnskólanemanda, að menn fari að ná saman. Við berum öll þá von í brjósti.

Það er rangt sem hér hefur komið fram að þeir fjármunir sem fluttust með grunnskólanum á sínum tíma hafi ekki verið nægir. Það dæmi er búið að gera upp og margoft hefur verið sýnt fram á að ríkið lagði fram auka milljarð, m.a. með tilliti til þess kostnaðar sem hlaust af innsetningunni. Þetta á hv. þm. að sjálfsögðu að vita. (Gripið fram í.)

[15:34]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er einmitt þess vegna sem deilan leysist ekki. Það er vegna tekjuskiptingar ríkis og sveitarfélaganna sem sveitarfélögunum er ekki kleift að leysa þessa deilu. Þess vegna eru málin í þeim alvarlega hnút sem þau eru. Það er ástæða til að skora á hæstv. menntamálaráðherra og spyrja hana hvort hún hafi tekið þetta mál upp í ríkisstjórninni, þ.e. tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og beitt sér fyrir því að það verði leitt til lykta þannig að við sjáum ekki holskeflu slíkra kjaradeilna fram undan eins og við höfum þurft að horfa upp á síðustu vikurnar með þeim hörmulegu afleiðingum, eins og ég sagði áðan, að yfir 700 þúsund skóladagar hafa farið forgörðum. Ef það er ekki grafalvarlegt pólitískt mál, grafalvarleg staðreynd, virðulegi forseti, þá veit ég ekki hvaða mál verðskulda umræður á hinu háa Alþingi. Grunnskólabörn landsins sjá núna fram á það að þurfa að sitja heima fjórðu vinnuvikuna í röð af því að ekki hefur verið boðað til nýs fundar fyrr en á miðvikudag. Því er ljóst að þessi vika er farin forgörðum líka.

[15:35]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég tek undir það að staðan er mjög alvarleg. En ég vil líka undirstrika það að þessa deilu eiga þeir sem eiga hlut að máli að leysa, þ.e. forsvarsmenn sveitarfélaganna og grunnskólakennara. Ef eitthvað er óuppgert á milli ríkis og sveitarfélaga þá vil ég sérstaklega taka undir með borgarstjórn Reykjavíkur að slíkt uppgjör á ekki að fara fram á grundvelli kjarasamninga. Slíkt uppgjör fer fram annars staðar. Það er rétti farvegurinn og ég trúi ekki öðru en að stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi séu sammála kollegum sínum í borgarstjórn Reykjavíkur.

Kosning aðalmanns í landskjörstjórn í stað Elsu S. Þorkelsdóttur til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Ingibjörg Þorsteinsdóttir lögfræðingur, Bifröst.

Fjáraukalög 2004, frh. 1. umr.

Stjfrv., 76. mál. — Þskj. 76.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Málefni aldraða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 85. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 85.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

[15:38]

Pétur H. Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er um að ræða hækkun á skatti sem allir Íslendingar skulu greiða. Ég tel eðlilegt að vísa frumvarpinu til hv. heilbrigðis- og tryggingaefndar. Jafnframt vil ég skora á þá nefnd að hún leiti álits hjá hv. efnahags- og viðskiptanefnd þingsins.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frh. 1. umr.

Frv. GAK, 5. mál (lausir kjarasamningar). — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Skipun nýs hæstaréttardómara.

[15:39]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Í fullkomnum heimi þyrfti engar reglur eða eftirlit vegna ákvarðana stjórnvalda. Þar þyrfti heldur engar sérstakar reglur vegna jafnréttis kynjanna. Í slíkum heimi værum við laus við óttа við að stjórnvöld byggðu

ákvarðanir sínar á flokkshagsmunum og geðþótta eða að langvarandi valdaseta byrgði mönnum sýn um tilgang sinn og hlutverk. Þar dytti engum í hug að stjórnvöld hefðu sömu sýn á valdið og ríkið og Frakkakonungur forðum sem sagði: „Ríkið, það er ég.“ Nei, það væri margt öðruvísi í slíkum heimi en er hjá okkur. En við búum ekki í fullkomnum heimi. Löggjafinn hefur með setningu ýmissa laga reynt að koma í veg fyrir að misvitrir stjórnmálamenn valdi tjóni með geðþóttaákvörðunum.

Þessar staðreyndir koma upp í hugann þegar rætt er um þá ákvörðun Geirs H. Haardes, setts dómsmálaráðherra, að skipa Jón Steinar Gunnlaugsson í embætti hæstaréttardómara. Hæstv. ráðherra hefur í litlu reynt að rökstyðja ákvörðun sína. Hann hefur skýrt hana svo að hann hafi ákveðið eftir umhugsun að leggja megináherslu við skipun dómara í Hæstarétt á lögmannsþekkingu umsækjanda. Reyndar kynnti ráðherrann þessar áherslur sínar ekki fyrr en umsóknarfrestur um starfið var liðinn og eftir að Hæstiréttur hafði gefið umsögn sína um hæfni umsækjenda. Umboðsmaður Alþingis hefur sagt að það samrýmist ekki vönduðum stjórnsýsluháttum að upplýsingar um að sóst sé eftir ákveðinni sérfræðiþekkingu við skipun í starf kom ekki fram í auglýsingu um starfið. Ef það hefði legið fyrir áður en umsagnarfrestur rann út hefðu þeir sem töldu sig búa yfir slíkri þekkingu getað sótt um embættið. Með því hefði stjórnvaldið sinnt þeirri skyldu sinni að leitast við að velja þá hæfustu einstaklinga sem kostur er á til opinberra starfa. Þetta var ekki gert.

Hæstv. ráðherra hefur verið gagnrýndur fyrir að fara gegn umsögn Hæstaréttar. Ráðherra hefur haldið því fram að lögbundin umsögn Hæstaréttar þrengi ekki möguleika hans á að skipa hvern þann sem telst hæfur. Þessu er umboðsmaður Alþingis ósammála. Í áliti af sams konar tilefni sagði hann m.a., með leyfi forseta:

„... þær breytingar sem gerðar voru á skipan þessara mála með lögum nr. 15/1998, um dómstóla, hafi leitt til þess að umsögn Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjenda hafi“ — með lagabreytingunni — „fengið aukið vægi og það hafi verið liður í að styrkja sjálfstætt og óháð dómsvald í landinu.“

„Það verður að ætla, eins og áður sagði, að það hafi verið liður í að efla sjálfstæði dómstólanna, að fela Hæstarétti ... aukið verkefni við að veita umsögn um þá sem sækja um embætti hæstaréttardómara.“

Undir þetta sjónarmið hafa virtir lögspekingar tekið, t.d. fyrrum prófessor í lögum við Háskóla Íslands, Sigurður Líndal. Hann orðaði þetta svo í viðtali við Ríkisútvarpið að auðvitað finnist manni eðlilegt að dómsmálaráðherra virði álit Hæstaréttar ef hann á annað borð virðir sjálfstæði dómstólsins. Og Sigurður Líndal sagði, með leyfi forseta: „Og við skulum athuga það, að dómsvaldið á að vera sjálfstætt og ef framkvæmdarvaldshafi gengur yfir álit Hæstaréttar þá er hann raunverulega að ganga á rétt dómsvaldsins.“

Ekki þarf að fara mörgum orðum um álit kærunefndar jafnréttismála sem komst að þeirri niðurstöðu í sams konar máli í vor og hér er til umfjöllunar, að sú skipan hafi gengið gegn ákvæðum jafnréttislaga. Engin ástæða er til að ætla annað en að sama niðurstaða yrði nú ef málið kemur fyrir nefndina, a.m.k. ekki meðan röksemdafærsla ráðherra liggur ekki fyrir. Óskráðar grundvallarreglur stjórnsýsluréttarins sem gilda um veitingu opinberra starfa hafa annars vegar að markmiði að tryggja jafnræði þeirra sem kunna að vilja sækja um slík störf og hins vegar að hæfasti umsækjandinn verði valinn. Ákvörðun ráðherra að fara gegn mati réttarins á hæfni umsækjenda og leggja áherslu á einn þátt lögfræðiþekkingarinnar umfram annan án þess að það hafi legið fyrir þegar starfið var auglýst bendir til þess að sú ákvörðun ráðherra hafi verið byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum. Þegar um jafnstóra ákvörðun er að ræða og að skipa dómara við æðsta dómstól landsins hvílir sú almenna lagaskylda á dómsmálaráðherra að leggja til við forseta Íslands að sá umsækjandi sem telja varð hæfastan til að gegna embætti hæstaréttardómara yrði skipaður í það.

Í mínum huga hefur ráðherra með ákvörðunum sínum vegið að sjálfstæðu dómsvaldi í landinu. Hann hefur farið gegn grundvallarreglum stjórnsýslunnar auk þess sem hæstv. ráðherra fór gegn eina skilyrðinu sem tilgreint var sérstaklega í auglýsingu um starfið, þ.e. að jafnrétti kynjanna yrði leiðarljós við skipunina.

Virðulegi forseti. Að öllu þessu samanteknu virðist mér vera nokkuð ljóst að ákvörðun hæstv. ráðherra sé fyrst og fremst byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum og sú staðreynd gerir það að verkum að umrædd ákvörðun ráðherra er lítið annað en geðþóttaákvörðun.

[15:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ákvörðun mín um skipun hæstaréttardómara 29. september síðastliðinn var tekin á grundvelli 4. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, að aðgættum almennum starfsgengisskilyrðum samkvæmt 2. og 3. mgr. sömu greinar og að teknu tilliti til langrar og samfelldrar reynslu þess sem fyrir valinu varð, Jóns Steinars Gunnlaugssonar, af málflutningi og rekstri lögmannsstofu.

Hinn 13. fyrra mánaðar var ég settur til að fara með og taka ákvörðun í máli þessu í stað Björns Bjarnasonar dóms- og kirkjumálaráðherra sem vikið hafði sæti í málinu á grundvelli 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaganna. Umsagnir um embættið höfðu þá þegar verið sendar Hæstarétti í samræmi við 4. mgr. 4. gr. laga nr. 15/1998, um dómstóla, og leitað hafði verið eftir umsögn hans um hæfi og hæfni umsækjenda.

Umsagnir réttarins, reyndar tvær, dags. 17. september, bárust mér stuttu síðar. Þar kom fram að rétturinn teldi með einum fyrirvara alla umsækjendur uppfylla almenn hæfisskilyrði til að taka við embættinu skv. 1.–8. tölul. 2. mgr. og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 15/1998, þar á meðal um hæfni. Þó var greint á milli umsækjenda í niðurlagi umsagnar meiri hluta réttarins án þess að fram kæmi nánar á hvaða sjónarmiðum sú niðurstaða væri byggð.

Á hinn bóginn hafði rétturinn áður bent á að ástæða væri til að gæta að því hverrar þekkingar og reynslu væri helst þörf þegar valinn er dómari í hóp þeirra sem réttinn skipa að öðru leyti. Þannig var í umsögn Hæstaréttar um umsækjendur um embætti dómara, dags. 5. ágúst 2003, bent á að aðeins einn dómari við réttinn hefði verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Í réttinn hafði reyndar ekki verið þar til nú skipaður sjálfstætt starfandi lögmaður frá 1. mars 1990, en

sá dómari lét af embætti fyrir nokkrum árum. Skipan réttarins hafði því ekki breyst hvað þetta atriði varðar.

Að þessu athuguðu taldi ég ástæðu til að veita þessu sjónarmiði sérstakt vægi við mat mitt á umsóknum um stöðuna. Í ljósi þess og með hliðsjón af áliti umboðsmanns Alþingis frá 3. maí 2004 fór ég þess á leit með bréfi hinn 20. september að Hæstiréttur lýsti nánar viðhorfi sínu til hæfni umsækjenda með tilliti til þessa sérstaka atriðis, þ.e. reynslu þeirra af lögmannsstörfum.

Svar réttarins, dags. 27. september, barst mér sama dag. Þar er engu bætt við það mat sem fram kom í þeim samanburði sem rétturinn hafði áður látið í té í fyrri umsögn sinni um málið. Samkvæmt henni taldi rétturinn ljóst að tveir umsækjendur hefðu báðir verulega reynslu af lögmannsstörfum og stæðu að því leyti öðrum umsækjendum framar. Rétturinn taldi hins vegar ekki efni til að gera upp á milli þeirra innbyrðis þótt munur væri á þeim heildartíma sem þeir hefðu sinnt slíkum störfum.

Annar þessara manna er sá sem varð fyrir valinu og hefur verið skipaður í embættið. Hann hefur yfir 30 ára farsæla og samfellda reynslu af málflutningi og öðrum lögmannsstörfum og er eini umsækjandinn sem kemur úr hópi sjálfstætt starfandi lögmanna. Að þessu athuguðu var hann sá umsækjenda sem á að baki lengsta reynslu af því tagi sem ég ákvað að leggja sérstaka áherslu á við val á umsækjanda í embættið sem laust var. Að þessu leyti hafði hann ákveðna yfirburði með tilliti til annarra umsækjenda, jafnvel þótt einhverjir þeirra hafi reynslu af lögmannsstörfum og sumir verulega, og hlaut hann að njóta þeirra í samanburði við þá.

Ég vil bæta því við að ég vann þetta mál, sem óvænt kom í mínar hendur að leysa úr, eftir bestu samvisku og ég tel að mjög vel hafi til tekist. Því fer að sjálfsögðu fjarri að geðþótti hafi ráðið niðurstöðunni.

[15:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta er að sjálfsögðu grafalvarlegt mál, sá endurtekni ófriður sem uppi hefur verið og uppi er um málefni Hæstaréttar í tíð núverandi ríkisstjórnar. Ríkisstjórninni hefur með öllu mistekist að tryggja Hæstarétti þann starfsfrið og viðhalda eða skapa og efla það traust á réttinum sem er einn af hornsteinum réttarríkis okkar. Það hefur m.a. gerst með fáheyrðum bréfaskriftum forseta Alþingis hér þar sem hann blandaði Hæstarétti inn í umfjöllun um mál á Alþingi. Það hefur gerst með því að hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason hefur ítrekað hjólað í Hæstarétt af því að honum mislíka einstakar dómsniðurstöður réttarins. Verst hefur þó tekist til, endurtekið, þegar ráðherrar Sjálfstæðisflokksins, settir sem skipaðir, fara með vald sitt eins og raun ber vitni í sambandi við embættisveitingar hæstaréttardómara. Trúlega eru ítrekuð og að því er virðast vísvitandi brot á jafnréttislögum þó mesta hneykslið í þessu sambandi, en það liggur fyrir að bæði settur og skipaður dómsmálaráðherra, að því er virðist, telji sig óbundna af skýrum ákvæðum jafnréttislaga.

Fólk hefur það almennt ekki á tilfinningunni að um faglegar og hlutlægar ákvarðanir sé að ræða. Það er ömurlegt að heyra ráðherra Sjálfstæðisflokksins nota það sem málsvörn að þeir komi fram með prívatskoðanir sínar á því hvaða tegund af dómara sé heppilegust eftir að auglýsing hefur farið fram og eftir að Hæstiréttur hefur veitt sína umsögn. Af hverju var þá ekki látið liggja fyrir að það ætti að styrkja réttinn á sviði Evrópumála eða hvað varðar lögmannsreynslu?

Auðvitað gengur þetta ekki, þessi aðferðafræði er ónýt, a.m.k. á meðan veitingavaldið er í höndum manna eins og ráðherra Sjálfstæðisflokksins sem fara með það sem raun ber vitni. Það verður að gera þarna breytingu á. Nærtækast er auðvitað að losna við svona ráðherra en til öryggis þarf aðferðafræðin að vera traustari þannig að um ókomin ár sé fyrirbyggt að menn geti farið svona með vald sitt.

[15:52]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Hæstv. fjármálaráðherra, settur dómsmálaráðherra, hefur lýst því yfir að hann hafi fylgt sannfæringu sinni og samvisku við skipun nýjasta dómarans í Hæstarétt Íslands. Ég dreg það í sjálfu sér ekki í efa, dreg það að sjálfsögðu ekki í efa. Ýmsir sem komu að þeirri umræðu áður en skipað var völdu hins vegar þá leið að fara að halda með, að tala fyrir og halda með einstökum umsækjendum líkt og menn gera með liðum í fótboltanum og um leið að tala gegn öðrum umsækjendum um hæstaréttardómarastöðuna.

Ég held hins vegar með lögunum, herra forseti, og ég hef sterka sannfæringu fyrir því að það sé affarasælast fyrir þá sátt sem þarf að ríkja um Hæstarétt og fyrir trúverðugleika réttarins. Í íslensku samfélagi þarf að ríkja almenn og víðtæk trú á að dómstólarnir starfi sjálfstætt og að þeir séu óháðir öðrum þáttum ríkisvaldsins.

Dómstólalögin mæla fyrir um að Hæstiréttur skuli veita ráðherra umsögn um hæfi og hæfni umsækjenda og samkvæmt meginreglum stjórnsýslulaganna ber ráðherra að fara eftir þeirri umsögn, sem enda hefur lengstum verið þannig úr garði gerð að ráðherra hefur haft tiltekið svigrúm. Ef þingmenn eru á hinn bóginn ósáttir við lögbundið fyrirkomulag eins og það að Hæstiréttur meti hæfi og hæfni eða eins og menn hafa orðað það við það fyrirkomulag að Hæstiréttur velji samstarfsmenn sína og eftirmenn er eðlilega leiðin hér á hinu háa Alþingi að huga að því að breyta dómstólalögunum í einhverja þá veru sem ríkari sátt getur orðið um og tryggi jafnframt áfram þrískiptingu ríkisvaldsins og sjálfstæða, óháða dómstóla. (**Gripið fram í:** ... skipan ráðherra.)

[15:54]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Þjóðin fékk á dögunum að fylgjast með hreint ótrúlegu ferli þegar hæstv. fjármálaráðherra skipaði í stöðu hæstaréttardómara. Mörgum almennum borgurum var og er alvarlega misboðið. Algerlega var gengið fram hjá lögboðinni umfjöllun Hæstaréttar um hæfni og hæfi umsækjenda um þessa mikilvægu stöðu. Hæstv. dómsmálaráðherra taldi sig vanhæfan í málinu og vísaði því í hendur hæstv. fjármálaráðherra sem tíndi til geðþóttarök til að réttlæta skipun lögmanns í þessa stöðu, lögmanns sem Hæsti-

réttur taldi ekki hæfastan umsækjenda til að gegna embættinu.

Fjölmargir hafa orðið til þess að mótmæla gjörningnum. Algerlega var gengið fram hjá tveim lögspekingum sem Hæstiréttur taldi hæfasta. Konur hljóta einnig að mótmæla skipun dómara við Hæstarétt Íslands þar sem ráðherra ríkisstjórnarinnar gætti ekki lögbundinna jafnréttissjónarmiða frekar en fyrri daginn. Í dag sitja tvær konur í Hæstarétti af alls níu dómurum. Þess vegna hefði ráðherra borið að skipa konu dómara að þessu sinni hefði hann viljað fara að jafnréttislögum enda var í hópi umsækjenda kona sem Hæstiréttur taldi a.m.k. jafnhæfa og þann umsækjanda sem að lokum fékk dómaraembættið.

Hér breyttust þá forsendur eftir hentugleika ríkisstjórnarinnar eins og síðast þegar hæstaréttardómari var skipaður. Þá var það náfrændi hæstv. forsætisráðherrans sem var dubbaður upp í dómarasætið en þá virtist skyndilega þurfa karlmann með reynslu af Evrópurétti af því að frændinn hafði eitthvað stúderað slík fræði.

Nú vantaði víst svo skyndilega karlmann með reynslu af lögmannsstörfum. Í bæði skiptin voru þessar svokölluðu hæfnisforsendur ákveðnar eftir að umsóknarfrestur var liðinn og umsækjendum sem og þjóðinni allri gefið langt nef, Hæstiréttur niðurlægður, virðing hans og sjálfstæði fótum troðin niðurtraðkað af framkvæmdarvaldinu til að troða í sæti dómara pólitískum vígamanni sem hliðhollur er Sjálfstæðisflokknum.

Auðvitað er þetta ekkert annað en enn eitt dæmi um það hvernig þessi flokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, reynir eftir fremsta megni að tryggja völd sín og áhrif í þjóðfélaginu nú þegar fjarar undan honum. Þingflokkur Frjálslynda flokksins mótmælir þessum vinnubrögðum.

[15:56]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Eitt er hægt að segja um þá tvo karlmenn sem hafa fengið það hlutverk í tvö síðustu skipti að skipa hæstaréttardómara í Hæstarétt Íslands. Þeir eru báðir börn síns tíma, þeirrar kynslóðar er alltaf hefur séð um sína og séð um strákana.

Þeir hafa kannski ekki athugað, þessir hæstv. ráðherrar, að hér á landi hafa verið í gildi jafnréttislög í hartnær 30 ár. Hér á landi er líka í gildi jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar og það er meira að segja tekið fram í auglýsingu um nýjan hæstaréttardómara að sérstaklega sé tekið tillit til þess að fjölga þurfi konum þar í stöðum hjá ríkinu sem konur eru færri en karlar, í þeim stéttum og í þeim embættum. En það skiptir bara engu máli, hæstv. forseti. Þegar strákarnir þurfa að sjá um sína skiptir ekki máli þótt hæfar konur sæki um.

Maður spyr því hér á því herrans ári 2004 hvort það sé til einskis sem íslenskar konur mennta sig og eru að verða best menntuðu konur í heimi, hvort það sé til einskis að afla sér réttinda á vinnumarkaði þegar þessir menn eru við völd. Skilaboðin til kvenna eru alveg skýr: Vertu ekkert að sækja um, góða mín. Þú verður að hafa flokksskírteini, þú verður að þekkja réttu karlana og biddu fyrir þér, þó að þú sért hæf verður leikreglunum bara breytt.

[15:57]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem rætt er um skipan í Hæstarétt í þessum sal og í sjálfu sér er engin ástæða til að staldra sérstaklega við skoðanamun einstakra manna þegar kemur að því að menn hafi persónulegt álit á því hver hefði átt að verða skipaður í þetta skipti.

Hins vegar er ástæða til að staldra við þá umræðu sem átt hefur sér stað um þann skoðanamun sem fram hefur komið á milli annars vegar ráðherra sem skipaði í stöðuna og þess álits sem kom fram í umsögn Hæstaréttar. Í því samhengi er algjört grundvallaratriði að menn átti sig á því að ábyrgðin í þessu máli hlýtur að fylgja valdinu til þess að skipa í stöðuna. Það gengur ekki að ráðherrann hafi ábyrgðina í málinu en að Hæstiréttur hafi á sama tíma ákvörðunarvaldið um það hver eigi að verða skipaður. Það blasir við hverjum þeim sem kynnir sér málið að slíkt fyrirkomulag gengur ekki upp.

Það er í sjálfu sér rétt sem fram hefur komið hér í umræðunni, og menn hafa vísað til álits umboðsmanns Alþingis í því efni, að með dómstólalögunum á árinu 1998 var stefnt að því að auka vægi þessarar umsagnar en það var ekki síst fyrir það að í fyrri lögum sem giltu um þetta efni var í engu getið um það að hverju umsóknin átti að lúta. Ekki var heldur sérstaklega mælt fyrir um gildi þeirrar umsagnar eða áhrif. Það var því einungis verið að styrkja rannsóknarregluna með þeirri breytingu sem gerð var þá.

Það er skoðun mín að tilefnislausar athugasemdir í hvert sinn sem skipað er í réttinn séu miklu frekar til þess fallnar að grafa undan sjálfstæði réttarins en þær reglur sem við höfum um þetta efni og gilda um þessi mál í dag og hvernig þær reglur hafa verið framkvæmdar.

[16:00]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir að hefja þessa umræðu um skipan í embætti hæstaréttardómara. Umræða um þetta efni hefur verið mikil að undanförnu og hefur fléttast inn í hana skipan í önnur lykilembætti í þjóðfélaginu. Á undanförnum missirum hafa ráðherrar ítrekað verið sakaðir um að misbeita pólitísku valdi sínu við stöðuveitingar. Því hafa þeir fyrir sitt leyti vísað harðlega á bug. Höfum við enn eitt dæmið um slíkt.

Þótt sjálfsagt sé að ræða einstakar stöðuveitingar, enda eru ráðherrar ábyrgir gagnvart Alþingi, tel ég brýnt að þessi umræða einskorðist ekki við einhverjar tilteknar stöðuveitingar heldur verði horft til framtíðar og leitað leiða til að skapa meiri sátt um stöðuveitingar, sérstaklega í embætti hæstaréttardómara. Þetta er mjög brýnt.

Á einum þætti vil ég einkum vekja athygli, þeirri togstreitu sem mér virðist fara vaxandi á milli löggjafans annars vegar og dómstóla annars vegar. Þessi togstreita er í sjálfu sér ekki óeðlileg. Ég hef mínar skoðanir á henni en ætla ekki að tíunda þær hér. Dómstólar skipta sífellt meira máli fyrir framvinduna í þjóðfélaginu, hvernig þeir túlka reglur og lög. Þetta er ekki einskorðað við Ísland, heldur getum við einnig horft til Evrópu í þessu sambandi.

Þetta þýðir að hlutverk dómstólanna er að verða stöðugt

pólitískara í víðum skilningi þess hugtaks. Það þýðir svo aftur að mikilvægt er fyrir okkur að finna leiðir til að hafa skýrari línur á milli framkvæmdarvaldsins, löggjafans og dómstólanna. Það gerum við ekki með því að hafa skipunarvaldið á hendi eins manns, pólitísks ráðherra. Það er brýnt að við finnum nýjar leiðir út úr því öngstræti sem við erum í nú um stundir.

[16:02]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Engum blandast hugur um að tvær mikilvægustu stofnanir í okkar lýðræðislegu stjórnskipan eru Alþingi og Hæstiréttur. Þess vegna er afskaplega mikilvægt að um þessar tvær virðulegu og mikilvægu stofnanir sé sátt, ríki friður, almenningur hafi tiltrú á þeim og þeim sé sýnd virðing. Þetta eru lykilstofnanir í lýðræðislegri stjórnskipan.

Nú má ljóst vera að um báðar þessar stofnanir hefur gárað nokkuð og ekki í fyrsta sinn. Umræðan hér og tilefni hennar beinist að gárum vegna Hæstaréttar. Það er alls ekki í fyrsta sinn. Í hvert skipti sem hæstaréttardómari hefur verið skipaður hafa sprottið upp deilur, mishávaðasamar. Það á ekki bara við hérlendis. Það þekkjum við einnig frá ýmsum nágrannaríkjum okkar. Að þessu sinni höfum við séð birtingarmyndina í undirskriftalistum. Við heyrum misvísandi túlkanir hjá lögspekingum ýmsum og jafnvel misvísandi skilaboð frá sjálfum Hæstarétti.

Þess vegna, virðulegi forseti, er full ástæða til að yfirfara leikreglurnar um skipan Hæstaréttar; um þær leikreglur sem eiga að gilda og við viljum að gildi um Hæstarétt, eina af mikilvægustu stofnununum okkar. Við þurfum að velta þar upp ýmsum grundvallarspurningum þannig að í framtíðinni verði Hæstiréttur sjálfur hafinn yfir slíkar pólitískar deilur, þurfi ekki að dragast inn í þær, þannig að friður verði meiri um skipan mála þar og tiltrú á þessari mikilvægu stofnun haldist.

[16:04]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Þessi umræða á að snúast um hvernig menn fara með vald sitt. Hún á að snúast um hvernig hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, ákvað að hunsa algjörlega álit Hæstaréttar. Hæstiréttur á að vera hafinn yfir alla tortryggni og vafa. Því hefur nú verið stefnt í hættu vegna ákvarðana Sjálfstæðisflokksins.

Sjálfstæðismenn hafa gagnrýnt Hæstarétt harkalega fyrir að sinna sínu lögbundna hlutverki. Þeir hafa jafnvel talað um fámenna klíku í Hæstarétti sem vilji ákveða eftirmenn sína með óeðlilegum hætti. Sjálfstæðismenn virðast frekar vilja að þröng valdaelíta Sjálfstæðisflokksins ráðstafi þessu starfi. Hvor leiðin ætli sé líklegri til klíkumyndunar? Þegar gagnrýnin síðan hefst svara menn því með þjósti að þeir hafi veitingarvaldið og fólk eigi bara að halda sig á mottunni.

Öllu valdi fylgir ábyrgð. Hér er verið að sýsla með hagsmuni almennings. Þegar slíkir hagsmunir eru í húfi er ekki nóg að vísa bara í veitingarvald sitt, hunsa málefnaleg sjónarmið og skipa bridsfélagann í Hæstarétt.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ítrekað gert skipan hæstaréttardómara að flokkspólitísku máli. Þeir hafa eyðilagt ferlið sem hefur verið í gangi undanfarna áratugi. Sáttin er farin, eins og hv. þm. Framsóknarflokksins benda hér á. Sjálfstæðisflokkurinn setti á fót leikrit sem öll þjóðin sér í gegnum þar sem forsendurnar voru klæðskerasaumaðar af þeirra mönnum eftir á. Það er eitthvað að þegar aðrir umsækjendur segja að ekkert þýði að leita réttar síns þar sem það hafi þeir gert áður án þess að nokkuð hafi breyst. Eða þegar fyrri umsækjendur segja að það þýði ekki einu sinni að sækja um embættið þar sem hvort eð er sé löngu búið að ákveða hver fái það.

Þegar maður hélt að þessi ríkisstjórn kæmist ekki lengra hvað varðar ítroðslu sinna manna í störf gerist þetta. Sjálfur Hæstiréttur er ekki einu sinni heilagur fyrir þessu fólki.

[16:06]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem mér finnst full þörf á að ítreka við þessa umræðu.

Í fyrsta lagi er ljóst að dómstólalögin gera ráð fyrir að ráðherra velji nýjan hæstaréttardómara úr hópi þeirra sem Hæstiréttur telur að fullnægi lögbundnum hæfisskilyrðum og hafi jafnframt til að bera næga hæfni til að gegna embættinu. Þetta er skýrt í dómstólalögunum en hvorki lögin sjálf né lögskýringargögn gera ráð fyrir því að Hæstiréttur geri beina tillögu til ráðherra um hvern eigi að skipa. Ekki er heldur gert ráð fyrir því að umsögn réttarins bindi hendur ráðherra umfram það að honum er að sjálfsögðu óheimilt að skipa þá sem ekki fullnægja skilyrðunum um annaðhvort hæfni eða hæfi. Þetta er nauðsynlegt að undirstrika sérstaklega við þessa umræðu því að margir hv. ræðumenn hér í dag hafa látið í veðri vaka að hlutverk Hæstaréttar í þessu sambandi sé eitthvað miklu meira en lögin kveða á um.

Hv. málshefjandi Lúðvík Bergvinsson vitnaði m.a. í ummæli okkar ágæta gamla læriföður, Sigurðar Líndals, sem féllu í útvarpsviðtali fyrir skömmu um þetta efni. Ég verð að segja að ef taka ætti þá skýringu sem prófessor Sigurður Líndal kom með á málinu er beinlínis verið að færa veitingarvaldið til Hæstaréttar en það er ekki það fyrirkomulag sem gert er ráð fyrir í lögum hér. Það er heldur ekki það fyrirkomulag sem við sjáum í löndunum í kringum okkur.

Það er fráleitt að mínu mati að tala eins og verið sé að ganga á sjálfstæði dómstólanna í landinu, sjálfstæði dómsvaldsins, með því að velja aðra niðurstöðu en Hæstiréttur mælir með í þessu sambandi. Ef við snúum dæminu við og viðurkennum að Hæstiréttur hafi endanlegt val í þessum efnum er veitingarvaldið flutt þangað frá ráðherranum. Þannig er ekki gert ráð fyrir að lögin virki.

Við getum svo sem rætt um hvort breyta megi þessu fyrirkomulagi. Ég er þeirrar skoðunar að fyrirkomulagið hafi í meginatriðum reynst vel. Valdið liggur hjá ráðherra en auðvitað liggur pólitísk ábyrgð þar líka.

[16:08]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur ítrekað komið fram í umræðunni að menn harma þann mikla ófrið sem ríkir um Hæstarétt. Menn hljóta að spyrja: Hvers vegna er þessi ófriður? Er þetta eitthvað sem menn eru að búa til eða er

það fyrst og fremst vegna þess hvernig með valdið er farið, þ.e. skipunarvaldið? Getur verið að þegar menn sí og æ setja leikreglurnar eftir á svíði það fólk og særi réttlætiskennd þess? Er ekki ófriðurinn vegna þess að menn eru ósáttir við það hvernig að þessu er unnið? Eru menn ekki ósáttir við það að reglur um þekkingu í Evrópurétti, þ.e. forsendur fyrir veitingu, séu settar eftir á? Eru menn ekki ósáttir við það að upplýst sé um þá forsendu að lögmannsþekking sé nauðsynleg eftir að umsagnarfrestur rennur út?

Þær forsendur sem hæstv. ráðherra vísar til, þ.e. úr gamalli umsögn Hæstaréttar, snerust um allt annað en þetta. Þar segir Hæstiréttur að nauðsyn sé á lögmannsþekkingu vegna þess að viðkomandi mundi líklegast setjast í b-deild Hæstaréttar þar sem flutt eru skrifleg mál sem snúa að innheimtu-, gjaldþrota- og uppboðsmálum og því væri mikilvægt að þessi þekking væri til staðar. Það var það sem Hæstiréttur sagði en hæstv. ráðherra greindi ekki frá í umræðunni.

Þá er ekki síður kjarni málsins sem hér hefur komið skýrt fram, þ.e. að „jafnrétti skuli haft að leiðarljósi" eins og segir í auglýsingunni sjálfri. Þrátt fyrir það er sú niðurstaða fengin sem hér hefur verið rakin.

Það er fyrst og fremst hvernig farið er með valdið sem hefur valdið þeim ófriði um Hæstarétt sem við hér höfum orðið vitni að. Rótin að þeim ófriði er fyrst og fremst að hæstv. ráðherrar hafa beitt geðþótta við ákvarðanir sínar og það er algerlega óþolandi, virðulegi forseti.

[16:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er mikilvægt að fyrir liggi að það er alveg ótvírætt samkvæmt lögum um þetta efni að ráðherrann hefur síðasta orðið. Það er enginn vafi á því að hann hefur heimild til að skipa hvern þann sem samkvæmt umsögn Hæstaréttar telst hæfur til að gegna starfinu. Ég skipaði þann sem ég taldi hæfastan út frá þeim forsendum sem ég lagði til grundvallar sem að sjálfsögðu eru málefnalegar forsendur og eitt af því sem Hæstiréttur sjálfur hefur oftar en einu sinni bent á og tekið með í sinn reikning.

Ég ítreka jafnframt að ég leitaði til réttarins þegar fyrir lá hver útgangspunktur minn í málinu yrði. Ég óskaði eftir því að hann legði á ný mat á umsækjendur út frá þeirri tilteknu forsendu. Rétturinn kaus að gera það ekki. Það er þá ekki við mig að sakast í því efni.

Síðan aðeins örfá orð, virðulegi forseti, um sjálfstæði dómstólanna og þau stóru orð sem menn hafa látið falla um það að með þessari ákvörðun og skipun dómara upp á síðkastið almennt hafi verið grafið undan sjálfstæði dómstólsins. Það er auðvitað furðulegur málflutningur. Framkvæmdarvaldið hefur skipað dómarana eftir þeim lögum sem um þau mál gilda. Hæstiréttur hefur frá 1920, frá því að honum var komið á legg, ævinlega verið skipaður dómurum sem framkvæmdarvaldið hefur skipað. Sjálfstæði dómstólsins fer ekki eftir því hvaða ráðherra skipar dómarana sem sitja venjulega miklu lengur í embætti en ráðherrarnir. Það fer eftir því hvernig dómararnir sinna störfum sínum, hvernig þeir gegna þeim skyldum sem á þá eru lagðar í dómnum, með hvaða hætti þeir sinna dómaraverkefnum sínum. Ég þekki ekki dæmi um það að í Hæstarétti hafi verið dómarar sem hafa ekki sinnt þeim eftir bestu samvisku eða hafa gefið tilefni til að ætla að þeir séu ekki sjálfstæðir í störfum sínum gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Ég skora á menn sem halda öðru fram að finna þannig orðum stað við tækifæri.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., frh. 1. umr.

Frv. SJS og JBjarn, 4. mál (frestun á sölu). — Þskj. 4.

[16:13]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og sá sem hér talar flytjum tillögu um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. Frumvarpsgreinin miðar að því að söluferli Landssímans verði stöðvað, ríkið haldi óskertum hlut sínum í fyrirtækinu, a.m.k. fyrst um sinn, þótt við séum reyndar þeirrar skoðunar að Landssíminn eigi áfram að vera í höndum ríkisins, eigi að vera í eigu þjóðarinnar. Við leggjum til að fyrst um sinn verði a.m.k. horfið frá söluferlinu og tíminn verði notaður til þess að gera sérstakt átak til að bæta fjarskipti og gagnaflutningakerfi landsins með það að markmiði, eins og segir í tillögunni, „að allir landsmenn, án tillits til búsetu, eigi kost á nýjustu og fullkomnustu tækni á þessu sviði. Heimilt er að lækka eða fella niður arðgreiðslur í ríkissjóð á móti þeim fjárfestingum fyrirtækisins í þessu skyni sem síst eru arðbærar, samkvæmt nánari reglum er fjármálaráðherra setur".

Það er boðað að einkavæðing og sala á Landssíma Íslands sé á næsta leiti og hafin er undirbúningsvinna í einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar til að undirbúa söluna. Það er rétt að hafa í huga í þessu sambandi að einkavæðingarnefnd og framkvæmd á undirbúningi og sölu Landssímans er nú á ábyrgð ráðherra Framsóknarflokksins, hæstv. forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar.

Það er líka athyglisvert og ætti að vera umhugsunarefni fyrir Framsóknarflokkinn sem nú fer með söluferlið að í skoðanakönnun sem gerð var fyrir tæpum tveimur árum um afstöðu fólks til sölu Landssímans kom greinilega fram að góður meiri hluti þjóðarinnar vill að Síminn verði áfram í opinberri eigu og að hlutfall þeirra sem það vilja er langhæst á landsbyggðinni. Það þarf ekki að koma á óvart. Yfir 70% af íbúum landsbyggðarinnar vilja að Síminn sé áfram í opinberri eigu. Þegar litið er til þess í skoðanakönnuninni sem var mjög ítarleg, þ.e. hvernig hún deilist niður á einstaka stjórnmálaflokka, kom í ljós að 64% af kjósendum Framsóknarflokksins sem spurðir voru í könnuninni vilja að Síminn verði áfram í opinberri eigu. Reyndar vilja það einnig 64% af kjósendum Samfylkingarinnar en 80% af kjósendum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Lægstur var hluturinn hjá Sjálfstæðisflokknum, 44%. Engu að síður var mikill meiri hluti, þ.e. nærri 60%, sem vildi í heild sinni að Síminn yrði áfram í opinberri eigu.

Þetta ætti að vera drjúgt og öruggt veganesti til Framsóknarflokksins sem nú fer með formennskuna í einkavæðingarnefnd, og þar af leiðandi líka söluferli Landssímans, um það hver vilji kjósenda þeirra er til þessa máls, a.m.k.

samkvæmt þeirri vísbendingu sem Gallup-könnunin gerði grein fyrir.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs telur engin haldbær rök fyrir einkavæðingu Símans og telur hann áfram best kominn sem öflugt almannaþjónustufyrirtæki í opinberri eigu. Því er þess vegna enn freistað að hafa áhrif á málið með því að leggja til að horfið verði frá hugmyndum um sölu, a.m.k. þá til ársloka 2008 eins og hér er lagt til. Með því gæfist ráðrúm til að skoða málin, meta reynslu annarra þjóða af einkavæðingu fjarskipta og síðast en ekki síst nota tímann vel til að bæta fjarskiptakerfið. Framhald málsins verður svo í höndum þess löggjafar- og framkvæmdarvalds sem með málið fer þegar þar að kemur.

Það er von flutningsmanna að sú leið sem frumvarpið felur í sér fáist tekin til alvarlegrar skoðunar, ekki síst í því skyni að ná lágmarkssáttum um meðferð þessa umdeilda máls. Í ljósi óumdeilds mikilvægis fjarskipta og gagnaflutninga í nútímasamfélagi verður að gera kröfu um ýtrustu gát. Má í því sambandi benda á að hægri stjórnin í Noregi hefur farið sér mjög hægt í því að minnka í áföngum eignarhald ríkisins í norska símanum.

Ekki er annað vitað hér, a.m.k. ef marka má þá umræðu sem var á haustdögum, en að ætlunin sé að afhenda Símann meira eða minna í heilu lagi, eða a.m.k. ráðandi hlut í honum, til svokallaðra kjölfestufjárfesta. Það er þó mjög erfitt að henda reiður á hver aðferðafræði ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks á að vera í einkavæðingarmálum því oft er skipt um aðferð hverju sinni. Þannig var dreifð eignaraðild einu sinni sögð keppikefli en hvarf síðan út úr myndinni og í staðinn kom ofuráhersla á svokallaða kjölfestufjárfesta.

Síðan kemur líka það til hvaða vinir einstakra stjórnmálaflokka, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, eiga að fá viðkomandi eign hverju sinni. Það getur ráðist af geðþóttaákvörðunum.

Það er mikil óánægja í samfélaginu með margar þær breytingar sem hafa orðið á einkavæðingu öflugra ríkisfyrirtækja. Almenningi blöskrar samþjöppun valds og auðs í kjölfar markaðs- og einkavæðingar sem einnig orsakar minna aðhald og lakari aðkomu almennings að ákvörðun um mikilvæg hagsmunamál í samfélaginu. Meira að segja ýmsir hæstv. ráðherrar í núverandi ríkisstjórn hafa hrifist með óánægjubylgjunni og látið ummæli falla um skerta þjónustu í kjölfar einkavæðingar ríkisfyrirtækja eða lýst yfir áhyggjum af græðgisvæðingu samfélagsins og samþjöppun auðs og valds. Gerir það áform um einkavæðingu Símans enn óskiljanlegri en ella.

Ég trúi því ekki, herra forseti, að það sé vilji þjóðarinnar — reyndar alls ekki — að Landssíminn verði seldur með þeim hætti að hann síðan fari á braskferð og geti endað í megindráttum, kannski erlendis, í búlgarska símanum eða annars staðar. Ég trúi því ekki að sá sé vilji íslensku þjóðarinnar.

Það eru gríðarlega mörg verkefni sem brýnt er að ráðast í á næstu árum, hafa reyndar verið mjög vanrækt á undanförnum árum. Þar má t.d. nefna uppbyggingu á fjarskipta- og gagnaflutningsmöguleikum um allt land og það að tryggja aðgang allra landsmanna að GSM-kerfinu. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa flutt tillögur um hvort tveggja. Er þar gert ráð fyrir að t.d. arðgreiðslur úr ríkissjóði verði lækkaðar á meðan Síminn vinni að þeim verkefnum. Með þessu er að sjálfsögðu ekki allt talið upp sem fram undan er á þessu sviði. Svonefnd þriðja kynslóð farsíma er að halda innreið sína og fram undan eru miklar fjárfestingar á vegum fjarskiptafyrirtækja við að byggja upp þá þjónustu.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga að kröfur til fjarskiptaþjónustunnar fara sívaxandi og þróunin er hröð hvað nýja og afkastameiri tækni varðar. Það er því mjög mikilvægt að við höfum slíkt opinbert fyrirtæki sem tryggi einnig framþróun í gagnaflutningum og tækni hvað það varðar að hún berist til allra landsmanna.

Við höfum á undanförnum árum horft upp á, t.d. varðandi GSM-símaþjónustuna sem menn telja að sé á samkeppnismarkaði, að þau tvö aðalfyrirtæki sem eru á fjarskiptamarkaðnum hafa keppst um að setja upp hvort sína eigin fjarskiptasenda hér á suðvesturhorninu þar sem þeir meina að samkeppnin sé. Á meginhluta landsins, í dreifbýlinu, á þjóðvegunum, þar sem ekki er samkeppni og ekki arðbært að mati þessara fyrirtækja er ekkert gert. Svona þjónusta gengur ekki upp. Þess vegna krefjast landsmenn jafnaðar hvað þessa fjarskiptaþjónustu varðar.

Ég hef hér undir höndum ótal ályktanir, yfirlýsingar, kröfur og óskir frá sveitarfélögum, frá samtökum sveitarfélaga, frá hinum ýmsu félagasamtökum og hagsmunaaðilum, frá ferðaþjónustunni hringinn í kringum landið þar sem þess er krafist að fjarskiptaþjónustan verði bætt. Menn vilja fá GSM-símaþjónustu, meira öryggi í fjarskiptum á þjóðvegum landsins og annars staðar í byggð. Allar þessar ályktanir og óskir liggja hér fyrir. Það er þetta sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að eigi að vera forgangsverkefni og forgangsatriði.

Það er ekki sem Síminn sé baggi á þjóðinni, síður en svo. Bara í ár er gert ráð fyrir því að hann greiði í arð til ríkisins meira en 2 milljarða kr. og er þó hagnaðurinn á árinu talinn einhvers staðar í kringum 7 milljarða kr. Þarna er aldeilis nægt fjármagn á ferð þannig að það er ekki mikill baggi fyrir þjóðina að eiga slíka gullkú. Þess vegna er enn frekar ástæða til þess að við hættum nú við öll áform um sölu Landssímans í bili og einhendum okkur í að beita styrk hans til þess að efla fjarskiptin um allt land.

Herra forseti. Það er líka vert að huga að því hvernig menn ætla að selja ef út í þá vitleysu verður farið. Við heyrum að hér er verið að flytja hverja tillöguna á fætur annarri eða heyrum umræður um að nota eigi andvirði sölu Landssímans til að gera þetta eða hitt. Í gær kom fram tillaga um að nota fjármunina til að lækka gjaldið í Hvalfjarðargöngum. Við höfum heyrt aðra tillögu um að nota eigi söluandvirði Landssímans til þess að byggja menningarhús. Ein tillagan er að það eigi að byggja jarðgöng. Enn önnur tillaga er um að lækka skuldir ríkissjóðs. Drottinn minn dýri, það eru svo mörg eiginleg verkefni ríkisins sem hægt er að skjóta sér á bak við með því að selja Landssímann.

Horfum á þessa 2 milljarða, 2–3 milljarða sem hann skilar í arð á ári. Er það ekki fjármagn sem hægt væri að nota til þeirra hluta sem hafa verið nefndir ef út í það væri farið?

Nei, herra forseti. Það er virkilega þjóðhagslega hag-

kvæmt fyrir þjóðina að eiga Landssímann, eiga þetta sterka fyrirtæki, beita afli þess, beita fjármunum Landssímans til að efla fjarskiptakerfið um allt land. Það eigum við að gera, hætta við allar hugmyndir um sölu Landssímans og einhenda okkur í þetta verk.

[16:27]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Í síðustu viku hófum við umræðu um þingmál sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram um frestun á sölu Landssímans. Því miður gafst okkur ekki tími til að klára umræðuna sem þá hófst. Nokkrir biðu á mælendaskrá þegar þeirri umræðu var frestað og henni er nú fram haldið.

Ég vil byrja á því að segja að ég fagna umræðu um málefni Símans og um fjarskiptamál í landinu almennt. Ég tel að sú umræða sem hér hefur farið fram, bæði í síðustu viku og í dag, sé af hinu góða. Í síðustu viku flutti hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ágætt mál um málefni Símans og fjarskipti almennt í þjóðfélaginu. Ég vil segja að ég deili þeim áhuga sem hv. þm. sýnir fjarskiptamálum, þá sérstaklega á landsbyggðinni, og við deilum væntanlega þeirri hugsjón að við viljum sjá fjarskipti batna til muna á landsbyggðinni frá því sem nú er.

Hér er fyrst og fremst um hápólitískt álitamál að ræða sem stjórnmálaflokkarnir standa frammi fyrir, þ.e. sala Landssímans. Hér hafa hv. þm., sérstaklega Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, mikið vitnað í skoðanakannanir sem voru gerðar fyrir nokkrum árum þar sem rætt var um stuðning eða andstöðu landsmanna og ýmissa hópa innan mismunandi flokka um sölu á Símanum.

Mig langar þar af leiðandi til að varpa fram spurningu: Hvaða forsendur liggja að baki slíkri könnun? Var sú forsenda t.d. að baki þeirri könnun að skilyrði við sölu Símans yrði það að við mundum stórbæta GSM-dreifikerfið og háhraðatengingar víða um land? Ég vil leyfa mér að draga í efa að ef slíkt hefði verið tekið fram í umræddri könnun hefði svörun orðið sú sem hún varð. Við þurfum einfaldlega að spyrja okkur þeirrar spurningar nú þegar samkeppni er orðin mjög mikil á fjarskiptamarkaði í landinu. Mér reiknast til að um 30–40 einkafyrirtæki, sprotafyrirtæki, bjóði, oftar en ekki dreifðum byggðum og sveitum, þjónustu, þá sérstaklega hvað varðar háhraðatengingar gagnvart tölvum þar sem Síminn hefur því miður kannski ekki staðið sig sem skyldi. Við erum sammála um það, við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Við þurfum einfaldlega að spyrja okkur spurningarinnar: Á ríkið að standa í samkeppni við þessa aðila?

Ég viðurkenni að þar greinir okkur allverulega á, hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, og stjórnmálaflokkana almennt, Framsóknarflokkinn og Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, því að það er stefna Framsóknarflokksins að standa ekki að slíkum samkeppnisrekstri við fjöldann allan af innlendum aðilum sem eru á þeim markaði.

Af því að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tala um að við framsóknarmenn skuldum kjósendum okkar skýringar á því af hverju við erum að fara í þessa einkavæðingu, þá var það ljóst fyrir kosningar að í þennan leiðangur yrði farið. Í raun var það stefna síðustu ríkisstjórnar að við skyldum einkavæða Landssímann þannig að það gekk enginn gruflandi að því í aðdraganda síðustu kosninga hver stefna Framsóknarflokksins væri í þessu máli, hver stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs væri í þessu máli eða annarra stjórnmálaflokka því að stefnan hafði verið mörkuð. Ég veit ekki betur en forsvarsmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi andæft því fyrir síðustu kosningar og talað um það á mörgum framboðsfundum að ekki bæri að selja Landssímann heldur ætti ríkið að eiga Landssímann og standa þar af leiðandi í samkeppni við 30–40 einkafyrirtæki á markaðnum. Við skulum ekki gleyma því að eitt af þessum fyrirtækjum, þó að ég ætli ekki að gera lítið úr öðrum aðilum á þessum markaði, er fyrirtæki sem heitir Og Vodafone, fyrirtæki sem ófáir landsmenn eiga hlut í, mjög stórt fyrirtæki og mjög öflugur samkeppnisaðili. Enn og aftur skulum við spyrja okkur þeirrar spurningar: Eigum við, ríkið, að standa í samkeppni við öflug almenningshlutafélög og önnur sprotafyrirtæki hér í landinu? Ég segi nei, og þar skilur okkur einfaldlega að í þessari umræðu.

Við getum rætt fleira í þessari umræðu um einkavæðinguna sem hefur átt sér stað á síðustu árum. Okkur greindi einnig á í því verkefni sem einkavæðing ríkisbankanna var á sínum tíma. Á þeim tíma stóðu ríkisbankarnir í mikilli samkeppni við banka sem voru í eigu almennings, lífeyrissjóða og annarra tugþúsunda fjárfesta í íslensku þjóðfélagi.

Hver er veruleikinn sem við horfum á í dag ? Við horfum á útrás íslenska bankakerfisins og við horfum kannski í fyrsta skipti í sögunni á alvöru samkeppni á íslenskum bankamarkaði sem er trúlega ein mesta kjarabót sem íslenskar fjölskyldur hafa fengið á hinum síðari árum.

En ég get ekki látið hjá líða í umræðunni sem hér á sér stað að segja að mér finnst hins vegar þjónusta Símans við íbúa landsbyggðarinnar oft á tíðum ekki upp á marga fiska og því fyrirtæki ekki til sóma. Ég veit að við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon getum sagt sömu sögu af því úr þessum stól því við höfum báðir farið víða um landsbyggðina og þá sérstaklega norðausturhornið og suðurfirði kjördæmis okkar. Það er alveg ljóst að Síminn hefur ekki veitt þessum smærri þéttbýliskjörnum þá þjónustu sem skyldi og það er staðreynd málsins.

Hver eru svör forsvarsmanna fyrirtækisins? Jú, að ákveðin arðsemi þurfi að vera af ákveðnum hlutum. Nú þekki ég ekki hvaða viðmiðanir þetta opinbera fyrirtæki hefur sett sér en hverjar eiga þessar arðsemiskröfur að vera? 10, 15 eða 20%? Svör þessa opinbera fyrirtækis eru að þeir fari fram á nokkuð mikla arðsemi af fjárfestingum sínum.

Ég spyr: Er það virkilega þannig að ef arðsemi er kannski ekki meiri en 5% eða ef arðsemin er jafnvel á pari að þá eigi heilt byggðarlag þar af leiðandi ekki að fá háhraðatengingu eða aðra þjónustu sem Síminn getur veitt? (**Gripið fram í:** Það lítilræði.) Er það framtíðarsýn okkar? spyr ég.

Ég held að flestir sem sitja hér á hinu háa Alþingi geti verið sammála um að við mælum einfaldlega ekki allt í krónum og aurum, og hér tala ég fyrir hönd míns flokks, það er ekki stefna Framsóknarflokksins að reka hér óheft markaðssamfélag þar sem krónur og aurar skipta meira

máli en velferð, lífsgæði, öryggi og hamingja fólksins.

Þess vegna hefur Framsóknarflokkurinn sett það skilyrði við sölu Símans að fjármunir verði teknir frá við söluna og nýttir til að bæta þjónustu við þessa smærri þéttbýlisstaði. Það kemur mér því á óvart og fer ekki hjá að mér sárni að í þessari umræðu hefur trúlega hvað versta orð legið til Framsóknarflokksins, þrátt fyrir að allir forustumenn flokksins hafi sagt það í umræðum hér innan þings sem utan að þeir vilji efla þjónustu Símans við þessa staði.

Síðan vil ég fara yfir þá þjónustu sem Síminn veitir. Við vitum að GSM-dreifikerfið er mjög stopult kerfi, það er mjög götótt. Við lifum á 21. öldinni og tækniframfarir hafa verið miklar á umliðnum árum og þó að stjórnendur Símans segi að 99% heimila njóti þjónustu í GSM-kerfinu þá er það oft þannig, sérstaklega í mörgum smærri sveitarfélögum og þéttbýliskjörnum að þegar út fyrir túnfótinn er komið þá er ekkert GSM-samband. Og í ljósi þess öryggishlutverks sem GSM-dreifikerfið gegnir í dag er það er að mínu viti nokkuð alvarlegur hlutur hversu gloppótt það er, hvort sem það er hér á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni.

Við getum tekið sem dæmi margar björgunarsveitir sem vinna kraftaverk árið um kring, sem byggja öryggiskerfi sitt að nokkru leyti á GSM-kerfinu. Það er því mikið réttlætismál fyrir íbúa landsbyggðarinnar að úr þessu verði bætt.

Háhraðatengingar er annað sem varðar þjónustu Símans, það eru tengingar við veraldarvefinn sem er orðinn órjúfanlegur hluti af daglegu lífi okkar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið nást í dag háhraðatengingar, svokallaðar ADSL-tengingar, til um 90% landsmanna eða rétt rúmlega það.

En ég spyr: Er það nóg? Er í lagi að skilja hin tíu prósentin eftir? Mundum við hv. þingmenn sem hér erum inni sætta okkur við að hafa ISDN-tengingar á tölvunum okkar? Ég er ansi hræddur um ekki. Þetta þarf að bæta og ég held að allir séu sammála um það.

Hins vegar vil ég segja það, hæstv. forseti, að mér finnast vægast sagt dapurleg þau orð sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboð, hefur valið sér m.a. í síðustu viku gagnvart okkur framsóknarmönnum. Ég held að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon eigi ekki að efast um góðan hug okkar framsóknarmanna til þjónustu í fjarskiptum á landsbyggðinni, ég veit ekki hversu oft forustumenn flokksins, beggja stjórnarflokkanna, þurfa að segja að við ætlum okkur að bæta þessa þjónustu. (Gripið fram í.) En menn skella hér við skollaeyrum og vilja ekki heyra og tala — ja, ég vil nota það orð — með niðurrifshætti, um margar byggðir landsins þar sem við ætlum okkur að bæta fjarskiptin.

Í þessari umræðu er eins og sá ágæti flokkur Sjálfstæðisflokkurinn sé alltaf að kúga Framsóknarflokkinn, að Framsóknarflokkurinn liggi hér kylliflatur undir Sjálfstæðisflokknum. Hér er ekki verið að kúga neinn. (**Gripið fram í:** Ég er ánægður með þetta.) Það er enginn úr þingflokki Framsóknar sem liggur kylliflatur fyrir Sjálfstæðisflokknum og það er enginn í þeim ágæta samstarfsflokki Sjálfstæðisflokknum sem liggur í valnum eftir okkur framsóknarmenn, þannig er það ekki í þessu stjórnarsamstarfi. (**Gripið fram í:** Nei.) Hér er um heiðarlegt og gott samstarf að ræða á milli tveggja flokka og ég veit að þetta fer alveg óskaplega í taugarnar á hv. stjórnarandstöðu þegar við tölum svona fallega hvor um annan, sjálfstæðismenn og framsóknarmenn, því að ekki er nú samlyndið svo gott í stjórnarandstöðunni eins og raun ber vitni.

En ég vil segja það hér, hæstv. forseti, í lok máls míns, að að sjálfsögðu munum við fylgja markaðri stefnu ríkisstjórnarinnar, Landssíminn mun verða seldur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Aðalatriðið í þeirri umræðu sem mér finnst háttvirt stjórnarandstaða hafa byggt hér upp, að þetta hafi átt að koma einhverjum á óvart, þetta lá allt fyrir í aðdraganda síðustu kosninga. Síðasta ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk innan borðs markaði þessa stefnu og margar umræður hafa verið teknar um hana.

Aðalatriðið er að það er ekki sama hvernig sala Símans fer fram. Ég legg áherslu á það, mér finnst margir hv. þingmenn hafa verið búnir að gefa sér það í umræðunni að ekki er búið að skilgreina sölu Símans, þ.e. hvernig það söluferli fer fram. Ég held að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar ættu að bíða með sleggjudómana þangað til sú niðurstaða liggur fyrir, það ferli er nú að hefjast.

Þetta mál liggur því nokkuð skýrt fyrir, það er verið að skilgreina hvernig sala Símans mun fara fram og komið í ákveðið undirbúningsferli að sölunni og því hvet ég hv. þingmenn, sérstaklega stjórnarandstöðunnar, til að spara stóru orðin og gífuryrðin í garð Framsóknarflokksins í umræðunni þangað til sú niðurstaða liggur fyrir.

[16:41]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er greinilegt að það er komið við mikla kviku hjá ýmsum þingmönnum Framsóknarflokksins þegar aðild þeirra að þessu máli er nefnd, og talsmanni flokksins var svona órótt á köflum fannst mér hér í málsvörn sinni fyrir framgöngu Framsóknarflokksins. Ég leyfi mér að segja að það hafi verið nokkrar mótsagnir í málflutningi hv. þm., t.d. sagði hann hér í lokin að menn ættu ekki að vera að tjá sig um þetta svona vegna þess að það ætti eftir að skilgreina hvernig sala Símans færi fram og það skipti öllu máli. Það sannar auðvitað að ríkisstjórnin hefur hér valið þá ógæfulegu aðferð að ákveða fyrst að selja Símann og fara svo að velta því fyrir sér hvernig það eigi að gerast og hvaða afleiðingar það muni hafa. Sem sagt, fyrst gefa menn sér niðurstöðuna, það skuli einkavæða, svo er farið að velta því fyrir sér — já, bíddu, en hvaða áhrif hefur það, hvernig kemur það út fyrir landsbyggðina? Hvað þurfum við þá að reyna að gera til að deyfa höggið af þessu? Um það snýst hnoðið milli stjórnarflokkanna núna.

Hv. þm. spurði um þessa könnun og á hvaða skilyrðum hún hefði byggt. Það er einfalt. Engum. Þetta var einföld könnun án skilyrða. Það var spurt um afstöðu almennings til þessa einfalda grundvallaratriðis: Vilja menn að þetta fyrirtæki sé áfram í opinberri eigu eða ekki? Þjóðin er alveg fær um að gera upp hug sinn til slíkrar einfaldrar spurningar og það er einmitt kosturinn við könnunina að hún er algerlega skýr og einföld. Niðurstaðan er líka skýr: Yfir 60% vill að Síminn sé áfram opinbert fyrirtæki og reyndar hærra hlutfall þeirra sem gáfu upp stuðning við framsókn.

Svo stóð nú bara frjálshyggjusöngurinn upp úr hv. þm. um að ríkið ætti ekki að vera í samkeppni við einkaaðila

þar sem þeir væru til staðar. (Gripið fram í.) En á hvaða grunni byggir þessi þátttaka einkaaðilanna á afmörkuðum sviðum? Jú, hún byggir á grunnkerfi Símans, þeir eru háðir viðskiptum við Símann um flutning á merkjum sínum þannig að málið er ekki alveg svona einfalt.

Ég held að það sé mikill misskilningur ef hv. þm. heldur að lausnin í þessum efnum liggi í endanlegri markaðs- og einkavæðingu fjarskiptasviðsins í landinu. Það mun ekki leiða til góðs.

[16:43]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon brást hér við með því að segja að fyrst hefði ríkisstjórnin ákveðið að selja Símann og spyrja svo hverjar afleiðingarnar yrðu. Ég fór mjög vel yfir það í ræðu minni áðan hver skilyrðin fyrir sölu af hálfu þingflokks Framsóknarflokksins eru gagnvart sölu Símans.

Okkur greinir hins vegar á um það, og við getum þá verið sammála um að vera ósammála um, að ríkið á ekki að standa í samkeppni gagnvart 30–40 einkafyrirtækjum á þessum markaði. Okkur greinir á í þeim efnum rétt eins og okkur greindi á varðandi sölu á ríkisbönkunum.

Það sér sennilega hver maður hver niðurstaðan af þeirri einkavæðingu hefur orðið, þó umdeild hafi verið innan Framsóknarflokksins á sínum tíma. Það er sama hvað menn segja, það er mikil samkeppni á bankamarkaði í dag.

Ég vil sjá, svo ég tali persónulega, ég ætla ekki að úttala mig um málið, en ég mundi gjarnan vilja sjá að við sölu Símans yrði tekið frá eitthvert fé, þar sem einkaaðilar á þessum markaði, tugir fyrirtækja, gætu líka tekið þátt í útboði til þess að bæta þjónustu við íbúa landsbyggðarinnar hvað varðar GSM-dreifikerfið eða háhraðatengingar almennt. Ég tel það ekki fráleitt. Gott væri að heyra viðbrögð hv. þm. hvað það varðar.

Annað varðandi grunnnet Símans. Það er alveg ljóst að samkvæmt fjarskiptalögum munu allir eiga aðgang að grunnnetinu. Þegar menn tala um þriðju kynslóð farsíma og annað slíkt þá er alveg ljóst að við munum aldrei klára það verkefni að byggja upp dreifikerfið eða svara kalli tímans. Ég held að það sé alveg ljóst. Það er hlutverk okkar stjórnmálamanna í framtíðinni að reyna að bregðast við því þegar þar að kemur.

[16:46]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að oft sé gott til glöggvunar afstöðu manna til mála af þessu tagi að menn byrja á því að leggja hlutina niður fyrir sér hvers eðlis þau fyrirbæri eru sem menn fjalla um. Spurningin hér er fyrst og fremst um það. Er þetta þjónusta? Er þetta mikilvæg undirstaða í samfélagi okkar sem allir eiga að hafa jafnan aðgang að eða er þetta bisness?

Mér heyrist hv. þm. Birkir Jón Jónsson vera á ákaflega háskalegum brautum í því hvernig hann grautar þessu tvennu saman. Öðrum þræði notar hann frjálshyggjurökin. Ríkið á ekki að vera að þvælast í samkeppni við 30–40 aðila sem eru nú að vísu ekki allir stórir í þessu dæmi. Hins vegar rifjar hann svo upp gamlar og því miður að mestu leyti gleymdar ræður framsóknarmanna um hvað þeir séu nú þrátt fyrir allt miklir félagshyggjumenn og miklir byggðajöfnunarsinnar. Ég taldi upp hin hefðbundnu frjálshyggjurök, að ríkið eigi ekki að vera að þvælast þarna í samkeppni. Þetta er ekki venjulegur bisness, hv. þm. Birkir Jón Jónsson. Þetta er ein mikilvægasta undirstaða þess að menn geti verið fullgildir þátttakendur í upplýsingasamfélagi nútímans og framtíðarinnar. Það er hárrétt að menn leysa þetta mál ekki bara í eitt skipti fyrir öll með einhverjum framkvæmdum núna. Það þarf að tryggja það að allir landsmenn standi jafnt að vígi gagnvart þróuninni inn í framtíðina. Hvernig í ósköpunum á að gera það og tryggja að þar verði félags- og byggðarleg sjónarmið að einhverju leyti í heiðri höfð, en ekki bara arðsemin?

Hv. þm. gagnrýnir Símann og segir að hann hefði getað staðið sig betur í uppbyggingu á undanförnum missirum. Gott og vel. Hvers vegna hefur hann ekki staðið betur en raun ber vitni undanfarin ár? Jú, það er vegna þess að hann hefur tekið að skilgreina sig sem einkafyrirtæki, sem bisness og horfið frá þeirri hugsun sem áður var þar við lýði að hann væri almenningsþjónustufyrirtæki sem hefði skyldum að gegna við alla landsmenn. Heldur þá hv. þm. að lausnin sé sú að fara alveg yfir og einka- og markaðsvæða það að fullu? Ég segi: Það sem er að í Símanum undanfarin missiri er að hann er horfinn of langt frá hinni gömlu góðu grundvallarhugsun um að hann væri þjónustufyrirtæki allra landsmanna. Hann er orðinn of markaðs- og (Forseti hringir.) einkavæddur nú þegar. Lausnin er þá ekki að ganga alla leið í þeim efnum.

[16:48]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála hv. þm. Birki Jóni Jónssyni hvað það varðar að þjónusta Símans mætti vera betri, GSM- og internetþjónusta víða um land.

Ég vil spyrja hv. þm. um hver beri ábyrgðina á ástandinu. Er það bara Síminn einn og sér? Hver stjórnar Símanum? Er þetta ekki hlutafélag þar sem eigandinn ræður? Eru það ekki einmitt stjórnvöld, sem hv. þm. styður, sem bera ábyrgðina á ástandinu og hvernig þjónustan er rekin? Það hlýtur að vera.

Það er ekki hægt að tala um Símann eins og hann sé sjálfstæður og komi eigendunum ekkert við. Þetta er í raun bara stefna stjórnvalda sem lýsir sér í ástandinu, að ekki er t.d. símasamband á þjóðvegi 1. Hæstv. ríkisstjórn ber ábyrgð á því.

Síðan talar hv. þm. um að enginn hefði átt að velkjast í vafa um hver afstaða Framsóknarflokksins var fyrir síðustu kosningar. Það er nú eins og mig minni, ég vona að hv. þm. Birkir Jón Jónsson leiðrétti mig ef mig misminnir, að Framsóknarflokkurinn hafi einmitt viljað undanskilja grunnnetið við söluna á Símanum fyrir síðustu kosningar. Er það ekki rétt? Enda væri það algjör fásinna (**JBjarn:** Það voru sumir framsóknarmenn ...) — já, voru það sumir framsóknarmenn? — fyrir þá sem vilja samkeppni á fjarskiptamarkaði að undanskilja ekki grunnnetið. Það gerðum við varðandi raforkuna þegar við breyttum raforkulögunum. Það ættum við líka að gera, við sem viljum samkeppni á fjarskiptamarkaði, ef við meinum eitthvað með því sem við segjum.

[16:50]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var athyglisvert að hlusta á það andsvar sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson kom hér með. Mig langar í fyrsta lagi að ræða um afstöðu Frjálslynda flokksins í þessu máli af því hér eru tveir ágætir þingmenn þess ágæta flokks.

Ég hélt að Frjálslyndi flokkurinn væri skilgreindur sem hægri flokkur, flokkur sem er hægra megin við miðju, hina íslensku miðju. En svo brá við í umræðum í síðustu viku að hingað flykktust þingmenn Frjálslynda flokksins upp og mærðu þessa tillögu, um að það bæri nú bara að fresta þessari einkavæðingu Símans og annað slíkt, það væri hið besta mál. Ég held að hv. þingmenn ættu að fara að skoða hugmyndafræði síns flokks sem mér finnst oft á tíðum ekki einkennast af einhverjum hægri sjónarmiðum heldur þeim sjónarmiðum sem henta best hverju sinni pólitískt séð.

Hvað varðar ábyrgðina á rekstri Símans er alveg ljóst að Síminn heyrir undir stjórn. Einstaka þingmenn fara ekki niður í Síma og skipa þar stjórnendum fyrir. Ég held að hv. þm. geti verið mér sammála um það. Það er alveg ljóst að stjórnin ber ábyrgð á og markar stefnu Símans. Sú stefna er ekki rekin hér eða tekin í þingsölum Alþingis.

[16:52]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil vel að hv. þm. vilji ekki ræða stefnu Framsóknarflokksins sem virðist vera síbreytileg og vilji ræða um stefnu okkar í Frjálslynda flokknum. Mér finnst það bara mjög gott að ræða stefnu Frjálslynda flokksins vegna þess að við viljum hafa samkeppni og forsenda fyrir samkeppni á fjarskiptamarkaði er einmitt að undanskilja grunnnetið. Það var stefna Framsóknarflokksins, a.m.k. sumra framsóknarmanna. Nú virðist það breytt. Það þýðir heldur ekki að tala hér í stjórnarandstöðu og á móti því og þykjast ekki bera nokkra ábyrgð á því hvernig Síminn hefur verið rekinn undanfarin ár og það að vegir landsins séu meira og minna án fjarskipta og vera þá allt í einu í stjórnarandstöðu. Menn verða bara að horfast í augu við eigin ábyrgð í þessu máli. Síminn er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson styður.

Ég held einmitt að hann ætti að vera sammála okkur í Frjálslynda flokknum. Ef menn í raun og veru meina eitthvað með samkeppni á fjarskiptamarkaði, þá er ekkert vit í því að einkavæða grunnnetið, nema þá að það sé undanskilið og allir eigi jafnan aðgang að því. Ég er í ágætu sambandi við þá sem reka fjarskiptafyrirtæki og jafnvel á landsbyggðinni. Það er einmitt það sem þeir óttast mest, að grunnnetið fari og verði selt með og að það verði ekki ríkiseinokun eins og er núna heldur verði einokunin einkavædd.

[16:54]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. Sigurjón Þórðarson hafi kannski ekki hlustað nógu vel á mál mitt áðan. Ég fór yfir það hvað við framsóknarmenn sögðum fyrir síðustu kosningar. Ég fór líka yfir það í máli mínu (Gripið fram í.) að stefna ríkisstjórnarinnar var ljós fyrir síðustu kosningar, þeirra flokka sem stóðu að þeirri ríkisstjórn. Það vildi svo til að þessir flokkar héldu meiri hluta og hafa ákveðið að starfa áfram saman. Því hlýtur sú stefna að standa.

Og að tala um það að ég komi hér upp í púlt og tali í stjórnarandstöðu — ég veit ekki betur en að hv. þingmenn séu yfirleitt að gagnrýna sjálfstæðismenn og framsóknarmenn fyrir að tala einni röddu. Það eru nú meiri ósköpin. Svo kem ég hingað upp og ræði um þau mál sem mér finnst að megi betur fara í íslensku þjóðfélagi, kemur ekki hv. þm. Sigurjón Þórðarson og gagnrýnir mig fyrir að tala ekki sama máli og ríkisstjórnin í málinu. Hvers lags málflutningur er þetta?

Ég hef í máli mínu sagt það að fyrirvarar Framsóknarflokksins í málinu eru þeir að við ætlum að bæta GSM-dreifikerfið og háhraðatengingar víða um land. Ég er ekki að tala hér í neinni stjórnarandstöðu. Þetta er bókun sem þingflokkur Framsóknarflokksins hefur lagt fram og ég hef verið að skýra fyrirvara þingflokksins í þessu máli. Þannig að tvískinnungur háttvirtrar stjórnarandstöðu hvað þetta varðar er algjör. (**SJS:** Þetta er kattarþvottur.)

[16:55]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Fyrst í beinu framhaldi af því sem rætt hefur verið hér á undan þá hefur nú verið erfitt að átta sig á því hver munurinn er á stefnu Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í þessu máli. Það hefur hins vegar einhver ágreiningur verið á ferðinni og vandræðagangurinn við sölu Símans er náttúrlega með þvílíkum eindæmum að leita þarf langt til að finna annað eins. Árið 2001 átti að hrinda sölunni af stað. Allir muna a.m.k. í þessum þingsölum hvernig það fór allt saman. Síðan hafa menn hnoðast með málið á vegum Sjálfstæðisflokksins fram á þennan dag. Þegar ný ríkisstjórn kemur til valda er það fyrsta verk forsætisráðherra að skipa mann í einkavæðingarnefnd á sínum snærum til að leiða málið. Þá bregður svo við að undirbúningnum virðist svo ábótavant að leita þarf ráðgjafar út um allt til að finna út úr því hvernig eigi að standa að málinu. (**Gripið fram í:** Breyttar aðstæður.)

Nú er langt liðið á árið 2004 og undirbúningurinn er nú ekki betri en þetta enda eru, eins og heyrst hefur vel í þessari umræðu, álitamálin eru mörg og hafa stjórnarflokkarnir ekki tekist á við mörg þeirra. Það er bara tekin ákvörðun um að selja eigi Símann og virðist nánast sem einungis hafi verið fengist við þá einu setningu. Framsóknarflokkurinn sagði já, enda vil ég meina að það séu fleiri en bara Hannes Hólmsteinn Gissurarson sem sjá ekki muninn á þeim flokkum. Það var þó þannig í sögunni um Bakkabræður að þeir áttuðu sig á því hvaða löpp þeir áttu þegar barið var í þær en það þurfti að gera til að þeir áttuðu sig á því hver ætti fótinn. En í núverandi ríkisstjórn er málið þannig vaxið að þegar á að herða á virðist ekki vera nokkur leið að átta sig á því hver á hvaða löpp.

Mér finnst að þegar Framsóknarflokkurinn er með þann kattarþvott að það eigi að halda eftir einhverjum fjármunum til þess að koma á betri fjarskiptum í landinu, þá eigi menn ekki að komast upp með það. Ég segi það alveg eins og er. Ég held því ekki fram að ekki sé ástæða til að styðja við þetta. En þegar menn hafa horft upp á allan þennan tíma líða án þess að tekið væri almennilega á þessum málum, á

meðan ríkið á Símann, þá veltir maður því fyrir sér hvort það er eitthvað trúverðugra þegar menn tala um að setja peninga í að gera hlutina. Það er það sem mér finnst vera undarlegt í þessu máli.

Hér hafa menn í allt sumar verið með umræður um það að nú þyrfti að taka á einokunarfyrirbrigðum í samfélaginu og koma í veg fyrir hringamyndanir og einokun. Hvar skyldi nú vera meiri einokun til staðar en sú einokun sem verið er að koma á með sölu Símans án þess að taka grunnnetið undan? Síminn, sem er með 74–75% af öllum viðskiptum í fjarskiptum í landinu, á að hafa grunnnetið þar sem hinir þurfa að koma á hnjánum til hans. Samgönguráðherra stóð fyrir því að sett voru lög sem settu kvaðir á þá sem væru með grunnnet, að aðrir hefðu aðgang að þeim, þessum grunnnetum. Það átti að leysa öll þessi vandamál um samskiptin. Hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er sú að nú eru fyrirtækin á fjarskiptamarkaði að byggja sem óðast upp önnur net. Það er það sem við fáum út úr þessu, þ.e. að margföld fjárfesting er farin í gang við grunnnetin í landinu. Íslendingar hafa alltaf efni á því að eyða peningum. *Það er ekki undantekning á því í þessu tilviki.*

Þarna hefði verið hægt að hafa sömu afstöðu til mála og gagnvart raforkukerfinu, að reyna að sjá til þess að það yrði ekki margföld fjárfesting í því og hægt yrði að nýta sameiginlegt net til þess að keppa á. Það er nánast búið að eyðileggja þann möguleika með framgangi ríkisstjórnarflokkanna.

Ég ætla að snúa mér að þingmálinu. Við erum að miklu leyti sammála því sem í því stendur enda er ég 1. flutningsmaður að annarri tillögu sem kom inn í upphafi þings um endurskoðun á sölu Símans. Það er fyrst og fremst tillaga um að menn reyni að bjarga því sem bjargað verður með því að (Gripið fram í.) taka grunnnetið undan Símanum og reyna að sameina aðila á markaðnum um eitthvert grunnnet. Það er ekki víst að það sé hægt miðað við hvernig komið er en það væri a.m.k. tilraunarinnar virði. Að því leyti erum við sammála. Svo er hægt að hafa langt mál um það hvernig framgangurinn verður þegar Síminn er með þetta grunnnet.

Ég gerði t.d. tilraun til þess að leita mér upplýsinga um hvernig staðið yrði að því að fá viðbætur í kerfið þegar búið væri að einkavæða Símann með grunnnetinu, ef ríkisstjórnin og Alþingi vilja koma á skárra símasambandi og betri þjónustu á einhverju tilteknu landsvæði og láta í það peninga. Hvað gera menn þá? Jú, þá verður það boðið út. Hverjir eiga að keppa við Símann um viðbæturnar á markaðnum þegar hann á allt grunnnetið úti á landi? Hvað verður að marka tilboðin sem verða gerð í viðbætur úti á landsbyggðinni þegar einn aðili á netið sem þar er til staðar?

Þetta er mikið umhugsunarefni og ástæða til þess að hv. þm. Birkir J. Jónsson eða aðrir sem mæla fyrir þeirri stefnu Framsóknarflokksins að láta peninga í þetta, útskýri hvernig þeir ætli að standa að því að fá fram þessar úrbætur, hvort þeir ætla að semja bara við Símann, fá eitthvert gott verð hjá honum, einkavæddum og í höndunum á mönnum sem kunna að reka bisness, eða hvort þeir ætla að bjóða út og láta þessa litlu sem eru á markaðnum bjóða í á móti Símanum, keppa á grundvelli sem er ónýtur, vonlaus. Er það þetta sem menn ætla sér? Það hefur ekki verið útskýrt og er ástæða til þess að kalla eftir því hvernig menn ætla að standa að þeim hlutum.

Hægt væri að hafa langt mál um símamálið sem einkavæðingarmálefni. Það er nefnilega dæmi um það hvernig menn eiga ekki að standa að hlutunum. Hverjar eru skyldur ríkisins þegar til stendur að einkavæða starfsemi eins og þessa? Fyrst og fremst að sjá til þess að til verði samkeppnisumhverfi sem virkar. Þar hafa menn hjá ríkisstjórnarflokkunum brugðist. Það hefði verið hægt að gera með því að til hefði orðið sameiginlegur samkeppnisgrundvöllur fyrirtækjanna á neti sem hugsanlega hefði líka verið hægt að einkavæða ef það hefði endilega þurft að þjóna lund manna. En það var ekkert nauðsynlegt. Aðalnauðsynin er að búa til farvegina, þjóðvegina fyrir skilaboðin og merkin sem fyrirtækin senda.

Ég ætla ekki að hafa mikið lengra mál um þetta. Mér finnst að ríkisstjórnin hafi valið kosti án þess að fara ofan í þá og hafi eytt ótrúlega löngum tíma í málið. Miklu lengri en hægt er að fyrirgefa ríkisstjórnarflokkunum fyrir að hafa eytt í mál þegar komið er með það til afgreiðslu í því klúðri sem það er *eins og í stefnir.* Niðurstaðan er að möguleikarnir til þess að bjarga málinu eru enn þá til staðar en næstum búið að eyðileggja þá. Kannski var það alltaf meiningin, kannski hafa menn aldrei viljað gera hlutina þannig að til yrði almennilegt samkeppnisumhverfi og möguleikar til þess að þjóna landinu öllu á eðlilegum samkeppnisgrundvelli. Hvað á maður að halda þegar málið er að enda með þeim endemum sem við sjáum?

[17:06]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Spunnist hafa nokkrar umræður um málið og ýmislegt hefur fallið í þessum ræðustól. Það eru margar hliðar á málinu og ýmis sjónarmið hafa komið fram hjá hv. þm. Ég held hins vegar að það fari ekkert á milli mála fyrir þá sem hugleiða málið í alvöru að nauðsynlegt er að staldra við og skoða það á nýjan leik. Ég lít svo á að sú tillaga sem við ræðum og flutt er af tveimur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sé tilraun til þess að taka málið niður, eins og sagt er, og skoða hvar við erum stödd og reyna að fá í það lendingu sem gæti ef til vill verið ásættanleg.

Sá sem hér stendur er þeirrar skoðunar að best væri að dreifikerfið yrði ekki selt með Símanum og að um það væri stofnað sérstakt fyrirtæki sem mundi efla dreifikerfið, halda því við og tryggja að öll þau fyrirtæki sem starfa á markaði sem getur nýtt dreifikerfið um landið hafi aðgang að því á jafnræðisgrundvelli. Þannig verði samkeppni tryggð, annars vegar á milli símafyrirtækja og í framtíðinni á milli ýmissa fyrirtækja sem veita þjónustu um ljósleiðara, jafnvel á dreifingu á útvarps- og sjónvarpsefni. Sú aðferð var valin í sambandi við breytingu á raforkukerfinu að setja dreifikerfið í sérfyrirtæki og ég tel að það hefði einnig átt að gera þegar menn hugleiða sölu Símans.

Það hefur verið talað um það af stjórnarliðum að stjórnarandstaðan legðist ævinlega gegn allri einkavæðingu og öllum breytingum. Ég tel að menn fari þar ekki með rétt mál. Hins vegar er mjög mikilvægt, og um það held ég að þingmenn stjórnarflokkanna geti verið sammála, að tryggja

eðlilega samkeppni. Að minnsta kosti hefur umræðan m.a. um bankakerfið og ýmis önnur viðskiptamál hér á landi snúist um að hér verði að vera eðlileg samkeppni. Menn hafa verið að hæla sér af því að eftir einkavæðingu bankanna m.a. væri loksins að koma upp eðlilegt samkeppnisumhverfi í lánaviðskiptum hér á landi og að samkeppnin tryggði það. Undir það má vissulega taka að mörgu leyti. Við höfum öfluga bankastarfsemi af einkavæddum bönkum og neytendur eru vonandi farnir að sjá í aukinni samkeppni eitthvað sem þjónar hagsmunum þeirra í betri lánafyrirgreiðslu og lækkandi vöxtum og er það vel.

Ég held, virðulegur forseti, að það væri mjög eðlilegt að menn stöldruðu við varðandi dreifingarkerfið og mótuðu þá stefnu að það væri ekki selt og jafnframt að tryggðir verði fjármunir til þess að byggja kerfið upp og gera það þannig úr garði að það þjónaði jafnt til sjávar og sveita, á þjóðvegum landsins o.s.frv. Það sem mér finnst meginmarkmið í þeirri hugsun þegar við tölum um aðgang að fjarskiptaþjónustu almennt er að landsmönnum verði í framtíðinni boðið upp á að sitja við sama borð.

Þar af leiðandi get ég sagt að ef um tillöguna næðist sá flötur að fresta sölunni í heilu lagi mundi ég ekki gera ágreining um það. Ég hef hins vegar talið að meginmálið í að tryggja samkeppni til framtíðar lægi í því að dreifikerfið yrði byggt upp og öllum fyrirtækjum væri gerður jafn aðgangur að dreifikerfinu. Það held ég að sé algjörlega nauðsynlegt og hagkvæmt fyrir íslenska þjóð. Ég held að til framtíðar litið, þó svo mönnum tækist að byggja upp dreifikerfi hér á landi sem fyrir stæðu ýmis einkarekin fyrirtæki og tækist á næstu árum að koma slíku dreifikerfi á sem ýmsir ættu, er ég alveg viss um að það yrði dýrara og við hljótum líka að þurfa að horfa til þess. Hverjir borga fyrir mörg dreifikerfi ef það yrði niðurstaðan? Það eru neytendur, það fer ekkert á milli mála.

Ég dreg því mjög í efa að við næðum út úr því bestu hagkvæmni fyrir neytendur landsins að byggja upp mörg dreifikerfi því sá kostnaður yrði alltaf greiddur af notendunum og þeir fjármunir sem festir yrðu í að byggja upp margar dreifistöðvar og mörg dreifikerfi af ýmsum toga, jafnvel þó ný tækni hefji innreið sína og lækki kostnað, ættu að gera það í einu fyrirtæki. Þegar maður leggur þetta saman og veltir þessu fyrir sér getur maður ekki komist að annarri niðurstöðu en að það hljóti að vera hagkvæmara fyrir íslensku þjóðina að eiga og viðhalda dreifikerfinu og tryggja að öll fyrirtæki sem starfa á þessu sviði eigi aðgang á jafnréttisgrundvelli og keppist um að veita þjónustu með sitt efni, þegar um það er að ræða, og með viðskiptaform sitt og hagkvæmni í rekstri, þegar um það er að ræða, en eigi aðgang að einu dreifikerfi.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að reyna að reisa neinn ágreining um það hvort slíkt fyrirtæki skuli vera bein ríkiseign eða einkafyrirtæki sem ríkið eigi að öllu leyti, en ég held að þannig fyrirkomulag þurfi að vera á þessu meðan verið er að tryggja uppbyggingu dreifikerfisins. Ég er alveg sannfærður um að ef við gerum það ekki muni, þegar upp verður staðið, kostnaðurinn fyrir neytendur verða meiri en ella. Þess vegna tel ég mjög nauðsynlegt að huga að því að við stígum ekki þau skref að fara í þá einkavæðingu sem verið er að boða og við ræðum með tillögunni sem hér er flutt fram í frumvarpsformi af Vinstri grænum, að það verði ekki stigið það skref að selja Símann í heilu lagi ásamt dreifikerfinu.

Ég held að hv. þm. Birkir J. Jónsson hafi nefnt það í ræðustól áðan að ef menn ætluðu að einkavæða þetta þá yrði a.m.k. að taka frá fjármuni til að tryggja að kerfið yrði þannig byggt upp að allir sætu við sama borð. Ég held að niðurstaðan sé einfaldlega sú að best sé að geyma sér það að einkavæða og ljúka því að byggja dreifikerfið upp án þess að fara í að selja eins og ríkisstjórnin vill gera, í heilu lagi með því að selja bæði þjónustuna og dreifikerfið. Það er niðurstaða mín í málinu.

Ég held að á undanförnum mánuðum og missirum hafi mörgum landsmönnum orðið það æ ljósara að ekki ætti að selja dreifikerfi Símans. Menn hafa iðulega líkt dreifikerfi Símans við vegakerfið okkar. Það er ágæt samlíking. Við teljum að ríkið eigi að standa fyrir því að leggja vegi og tryggja á sem bestan máta að landsmenn fái betra vegakerfi og sitji við sama borð að því leyti eins og hægt er. Ég held að það sama eigi við varðandi dreifikerfi Símans. Við þurfum að tryggja að menn sitji við sama borð.

Ég sat nýlega fjórðungsþing Vestfirðinga á Ísafirði. Þar voru menn m.a. að ræða tillögur um dreifikerfi Símans, GSM-netsins o.s.frv. Þar á þinginu kom fram tillaga um dreifikerfið eftir að menn höfðu rætt um einkavæðingu Símans. Það var ekki ómerkari maður en Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, sem flutti þá tillögu. Hún var samþykkt samhljóða á þinginu og ég held að ég verði að fá leyfi hæstv. forseta til að lesa þá ályktun þingsins, hún er innlegg í málið. Hún hljóðar svona:

„49. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Ísafirði 3.–4. september 2004, ítrekar fyrri ályktanir um þéttingu GSM-sambands á þjóðvegum á milli þéttbýliskjarna og á fjölförnum leiðum. Með uppsetningu á nokkrum GSM-sendum á Vestfjörðum er hægt að koma á samfelldu GSM-sambandi. Aukinn fjöldi ferðamanna á svæðinu kallar á betri þjónustu, en krafa nútímans er að vera í GSM-sambandi sem víðast.

Brýnt er að tryggja þjónustu við landsbyggðina og ferðamenn, innlenda sem erlenda ekki síst í ljósi þess að nú hillir undir sölu á Símanum. Vegna þess er mikilvægt að skoða hvort ekki eigi að undanskilja dreifikerfið, í sambærilegu fyrirtæki og Landsnet er fyrir raforkugeirann þar til bætt hefur verið úr aðgengi hinna dreifðu byggða að öflugri gagnaflutningi."

Þetta var þessi ályktun, virðulegi forseti, og með henni fylgdi svofelld áskorun, með leyfi forseta:

„49. Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á samgönguráðherra að hann beiti sér fyrir því að hluta af hagnaði af sölu Símans verði varið til frekari uppbyggingar GSM-kerfisins."

Þetta hafa menn verið að ræða í tengslum við þessa tillögu, virðulegi forseti. Síðan langar mig að vitna í eitt af mörgum erindum sem bárust inn í fjárlaganefnd frá ýmsum sveitarstjórnum. Þær nefndu einmitt dreifikerfið og framtíð fjarskipta á landinu. Sá pappír sem ég ætla að vitna í er erindi frá Þingeyjarsveit. Um fjarskiptin segir þar, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnin hefur vonda reynslu af markaðsvæðingu á fjarskiptamálum og hefur verulegar áhyggjur af sölu

Símans og þeirri þróun sem orðið hefur á þeim vettvangi undanfarið. Þar má t.d. nefna að samfélagið nýtur almennt ekki góðs af tengingum sem Síminn hefur lagt, m.a. fyrir ríkissjóð, FS-netið, sem tengir m.a. framhaldsskóla góðri gagnaflutningatengingu. Þannig liggja tækifærin fyrir fótum okkar en við megum ekki nota þau af því að við erum ekki nógu fjölmennt markaðssvæði. Markaðsvæðingin á augljóslega ekki við um allt landið. Því verður ríkisvaldið að gera öllum íbúum landsins kleift að nýta þau tækifæri sem þó eru fyrir hendi og skapa ný."

Þetta var ályktun þeirra í Þingeyjarsveit um dreifikerfið. Ég held að það fari ekkert á milli mála, hæstv. forseti, að eftir því sem menn ræða þetta meira óttast þeir meira að landsbyggðin sitji ekki við sama borð að þessu leyti. Þess vegna er eðlilegt að menn staldri við og fari í smærri skrefum þá leið sem ríkisstjórnin ráðgerir. Ég held að það væri vel til fundið að menn hugsuðu sig vandlega um hvort við séum að stíga rétt skref með því að fara í þetta allsherjarsöluferli á Símanum í einu lagi. Ég tek undir það sem komið hefur fram í máli manna, m.a. því sem ég hef vitnað í, að vert sé að óttast að niðurstaðan verði sú að við sem búum úti á landi munum ekki sitja við sama borð þegar kemur að fjarskiptum.

Við í Frjálslynda flokknum tökum eindregið undir það að menn hugsi sig betur um. Ef þessi tillaga um það að fresta sölu Símans til 2008 er liður í því þá getum við tekið undir hana. Við teljum að fyrst og fremst þurfi að skoða dreifikerfið og það að tryggja öllum jafna samkeppnisstöðu á þessum markaði um leið og landsmenn njóti sömu þjónustu. Það hlýtur einnig að vera mikilvægt að sá kostnaður sem við leggjum í sé ekki meiri en þörf er á til að tryggja þessi markmið. Ég tel að ef fjöldamörg fyrirtæki fara hvert fyrir sig að búa til dreifikerfi verði það neytandinn sem að lokum þarf að borga þann kostnað.

[17:22]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef bæði í dag, og eins þegar umræðan hófst í síðustu viku, fylgst af áhuga með henni. Ástæða þessarar umræðu er frumvarp sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Jón Bjarnason eru flutningsmenn að. Sala Landssímans hefur verið í umræðunni mörg undanfarin missiri. En ástæðan fyrir því að ég kem í ræðustól, frú forseti, er fyrst og fremst að mér finnst gæta ákveðins misskilnings í umræðunni, eiginlega að tvennu leyti.

Í fyrsta lagi hafði hv. þm., síðasti ræðumaður, orð á því að hömlur væru á því að menn sætu við sama borð í samkeppni fjarskiptafyrirtækja. Ég vildi upplýsa hv. þm. um að eignarhald dreifikerfisins ræður ekki öllu um það. Dreifikerfi Landssímans, flutningskerfið sem slíkt, er aðskilið frá öðrum þáttum í rekstri þess fyrirtækis og með lögum sem þingið hefur sett er tryggt að öll fjarskiptafyrirtæki sitji við sama borð gagnvart dreifikerfinu.

Við höfum stofnun eins og Póst- og fjarskiptastofnun sem fylgist með því að engar aðgangshindranir séu fyrir önnur fjarskiptafyrirtæki sem selja landsmönnum þjónustu sína. Það að halda dreifikerfinu í ríkiseign eða undanskilja þær sölunni er ekki nauðsynlegt til að tryggja samkeppnisaðstöðu fjarskiptafyrirtækjanna.

Hinn misskilningurinn sem ég vildi hafa orð á var að hv. þm. talaði um að klára uppbyggingu grunnnetsins. Það kemur mér spánskt fyrir sjónir vegna þess að menn klára aldrei uppbyggingu á neinu sem heitir grunnnet fjarskipta á Íslandi. Í því samhengi langar mig að nefna að það eru ekki mörg missiri síðan stjórn Landssímans þóttist hafa háleit markmið um að ISDN-væða allt landið en ADSL-tengingar þóttu á þeim tíma ekki raunhæfar fyrir einstaklinga.

[17:24]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka vinsamlegar og góðar ábendingar. Ég hef eins og hv. þm. áttað mig á því að ný tækni býður endalaust upp á breyttar aðferðir við samskipti manna milli landsvæða og neytenda. Ég nefndi það í ræðu minni en þakka ábendingu þingmannsins að því leyti. Ég tel hana rétta.

Ég tók fram að dreifikerfi framtíðarinnar væri vafalaust ekki það sem við sjáum fyrir okkur einmitt í dag. Um það held ég að við þurfum ekki að gera mikið mál. Ég hygg að ný tækni muni alltaf leita inn á svið þar sem hennar er þörf. Ég var einfaldlega að benda á að eftir því sem fleiri fyrirtæki legðu eigið dreifikerfi þá yrði kostnaðurinn meiri fyrir notendur.

Varðandi hitt atriðið, sem snýr að byggðunum, þá er staðreyndin einfaldlega sú að fámennar byggðir og sveitir þessa lands eru ekki eins eftirsóknarvert markaðssvæði og þar sem fleiri búa. Þar af leiðandi álít ég að við þurfum að hafa fyrirtæki í eigu ríkisins til að tryggja að fámennari svæði fái sömu möguleika og þjónustu þar sem einkafyrirtæki muni frekar sækja inn á þéttbýlli svæði.

[17:26]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ljóst að ég og hv. þm. erum sammála um að við klárum ekki að byggja upp grunnnetið, dreifikerfi, flutningskerfi fjarskipta á Íslandi, í eitt skipti fyrir öll. Það er jafnframt misskilningurinn í þessu ágæta frumvarpi þar sem lögð er áhersla á að fresta sölu Símans þar til lokið er uppbyggingu grunnnetsins. Ég vil meina að við gerum það aldrei í eitt skipti fyrir öll og hv. þm. síðasti ræðumaður tók undir það. En af því að við gerum það ekki er ljóst að meginatriðið er ekki endilega að undanskilja dreifikerfið við sölu Landssímans heldur að tryggja að ávallt sé gert ráð fyrir því að áfram verði haldið að byggja upp eftir því sem tækninni fleygir fram. Grunnurinn fyrir þá ákvörðun þingflokks framsóknarmanna er að samfara sölunni skuli gengið frá því í samkomulagi stjórnarflokkanna að til þess verði tryggt fjármagn.

Það er ekki arðbært fyrir fjarskiptafyrirtækin að byggja upp grunnnetið í hinum dreifðari byggðum en þarf að vera tryggt að áfram verði haldið að gera það til að tryggja samkeppnisgrundvöllinn til hagsbóta fyrir neytendur. Þingflokkur Framsóknarflokksins ákvað, þegar hann samþykkti að leggja fram frumvarpið um söluna, að forsendan væri að þetta væri tryggt.

Ég minni hv. þm. á að hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra tók undir þau sjónarmið í umræðunni á dögunum, þegar mikið gekk á í fjölmiðlum um Landssímann og sölu

hans, að það væri sjálfsagt að huga að því, þegar Landssíminn yrði seldur, að tryggja áframhaldandi uppbyggingu. Það er til að tryggja hagsmuni hinna dreifðu byggða og einnig öryggi þeirra sem búa á þéttbýlissvæðunum, á höfuðborgarsvæðinu og þeirra sem eru á ferð um landið, öryggi útlendinga sem ferðast. Gæta þarf að fjarskiptakerfi hinna dreifðari byggða þar sem ekki er hagkvæmt fyrir einkafyrirtæki að leggja í kostnað.

[17:29]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Okkur greinir sennilega ekki mikið á um að reyna beri að tryggja að neytendur hér á landi hafi sem jafnasta stöðu við að nýta sér dreifikerfi, sem færir fólk á sama stað með tækninni. Ég er hins vegar engu nær um það hvernig Framsóknarflokkurinn ætlar að tryggja þessi markmið með því að taka til hliðar fjármuni við sölu Símans. Hv. þm. sagði sjálf í andsvari áðan að það væri ekki fyrirsjáanlegt hvernig dreifikerfið verður til framtíðar eða hvernig það mun byggjast upp.

Framsóknarflokkurinn getur alls ekki kortlagt það hvaða fjármuni þarf að leggja til hliðar til að byggja upp dreifikerfi sem dugar fyrir framtíðina. Þess vegna held ég að það væri skynsamlegast, virðulegi forseti, að við yrðum sammála um að dreifikerfið yrði ekki selt, að um það yrði stofnað sérstakt fyrirtæki.

Það tæki vafalaust einhver ár að láta slíkt fyrirtæki vinna þau verk sem við höfum verið að tala um að allir ættu að fá að njóta. Það væri hægt að meta það eftir 4–5 ár hvort menn treysti sér þá til að taka frá fjármuni til að tryggja dreifinguna. Ég átta mig ekki á því hvaða fjármuni þarf að leggja til hliðar til að tryggja framtíðina eins og Framsókn vill.

[17:31]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Það mál sem er til umræðu er vissulega stórt mál og varðar marga. Ljóst er að nútímafjarskipti eru grunnþáttur í búsetu í hinum dreifðu byggðum. Það varðar einnig miklu að nútímafjarskipti eru grunnþáttur í uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Það er á grunni þessa sem það er þarft byggðamál sem flutningsmenn hreyfa hér.

Ég vil treysta ríkisstjórninni til að líta til þessara þátta og ég skil orð hv. 6. þm. Reykv. s., Jónínu Bjartmarz á þá leið að þeir vilji gera það. En við vitum að landsbyggðin býr víða ekki við góðan hlut í þessu. Hv. 5. þm. Norðvest., Guðjón A. Kristjánsson, vitnaði í bréf frá þeirri ágætu sveit þar sem ég hef búsetu og þar sem sá mæti maður Jónas frá Hriflu hafði búsetu áður, þar hafa menn efasemdir um þetta og svo er víða um byggðir landsins. Fólk býr við slæm skilyrði í fjarskiptamálum og er búið að búa lengi og það óttast mjög um sinn hag því ef landsbyggðarfólk getur ekki treyst á núverandi eiganda Símans, íslenska ríkið, hverjum á það þá að treysta?

[17:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég skil mjög vel að menn vilji selja Símann. Ég hef góðan skilning á að áhugi sé á því. Rekstrarhagnaður Símans og dótturfyrirtækja var á síðasta ári 7.381 millj. kr. eða 40%. Þetta er rekstrarhagnaður fyrir afskriftir. Arðsemi eigin fjár er tæplega 15%, 14,8% í fyrra. Þarna á sér stað gífurleg eignamyndun. Þarna eru verðmæti sem gefa af sér geysilegan arð. Ég skil þess vegna það sjónarmið að til séu aðilar sem vilji selja þetta fyrirtæki á nákvæmlega sama hátt og ég skildi þá fjárfesta sem keyptu búlgarska símann þegar hann var einkavæddur. 60% í honum voru seld nokkrum fjárfestum, þar á meðal Íslendingum, fyrir 25 milljarða. Það þótti mjög góð fjárfesting, mjög arðvænleg fjárfesting fyrir fjárfestana. Þá skil ég mjög vel.

Hina skil ég síður sem eiga að standa vaktina fyrir hönd íslensku þjóðarinnar sem á Símann, sem nýtur þessa arðs, sem nýtur þessarar eignar sinnar. Ég skil að vissu leyti Sjálfstæðisflokkinn og fulltrúa hans sem vilja í öllu frjálst markaðskerfi. Það er ákveðin pólitísk sýn, pólitísk nálgun. Þeir telja að samfélaginu sé betur borgið með þeim hætti. Þó að menn séu komnir nokkuð langt frá gamla Sjálfstæðisflokknum sem var breiðari að þessu leyti og hugsaði meira á almennum nótum um þjóðarhag, minna um hag fjárfestanna eða létu ekki stjórnast af hagsmunum þeirra og sú var tíðin að Framsókn var á öðru róli og hugsaði samfélagslega. Það er löngu liðinn tími.

Mér fannst athyglisvert að hlusta á talsmann Framsóknarflokksins við umræðuna í dag, hv. þm. Birki Jón Jónsson, sem blandaði sér í umræðuna sem var hið besta mál. En hann spurði: Er eðlilegt að Síminn í eign þjóðarinnar sé í samkeppni við 20–30 fyrirtæki? Er það eðlilegt? Hann taldi svo ekki vera. En þá held ég áfram og spyr: Er eðlilegt t.d. að halda úti ríkisútvarpi sem er í samkeppni við fjöldann allan af útvarpsstöðvum? Hvar eigum við láta staðar numið? Nú er byrjað að einkavæða ýmsa geira heilbrigðisþjónustunnar og menn spyrja á sömu lund: Er eðlilegt að ríkið standi í samkeppni við einkarekna heilbrigðisþjónustu? Þetta er aðferðafræðin sem er notuð til að brjóta niður samfélagslega þjónustu. Hvar ætlum við að láta staðar numið? Er ekki kominn tími til að við hugsum um þjóðarhag, hvað gagnast þjóðinni best? Við bendum á í greinargerð með frumvarpinu að nýlega hafi Síminn keypt stóran hlut í Íslenska sjónvarpsfélaginu sem rekur Skjá 1. Var það ekki 25% hlutur? Fulltrúar Símans sátu fyrir svörum í Kastljósi samdægurs eða daginn eftir þá ákvörðun og fulltrúar okkar, fréttamennirnir, spurðu: Hvernig stendur á því að þið fjárfestuð í Skjá 1 en ekki Norðurljósum? Svar forstjóra Símans eða stjórnarformanns var á þá leið að Síminn hefði í sjálfu sér engan áhuga á sjónvarpsrekstri heldur vildi tryggja sér viðskipti. Aðilar sem réðu yfir fjarskiptaneti, gagnaneti. En fréttamönnunum datt ekki í hug að spyrja þess sem mér þótti vera augljóst: Hvers vegna var ekki leitað til Ríkisútvarpsins um samstarf? Þetta er nefnilega orðið bannorð, þjónustufyrirtæki í eigu almennings mega ekki vera til, mega ekki starfa saman.

Mér fannst athyglisverðar yfirlýsingar sem fram komu í viðtali við útvarpsstjóra Markús Örn Antonsson í Fréttablaðinu fyrir skömmu um dreifikerfið, um stafrænt dreifikerfi og jarðnet. Hann vísaði í nefnd sem er starfandi á vegum hæstv. samgönguráðherra. Ég ætla að vitna, með leyfi forseta, í þetta viðtal við Markús Örn Antonsson. Hann segir, með leyfi forseta:

„Við höfum yfir okkur þá meginkröfu að þjóna landsmönnum öllum og til þess að þjóna öllu landinu teljum við að þurfi að byggja upp stafrænt dreifikerfi, jarðnet með sendum út um allt land.“ Síðar segir: „Samgönguráðuneytið hefur haft forgöngu um athuganir á þessum málum og gert grófar áætlanir um það hvernig væri hægt að standa að því. Niðurstaðan var sú að óska eftir samráði útvarps- og sjónvarpsfyrirtækjanna annars vegar og fjarskiptafyrirtækjanna, aðallega Símans, hins vegar, um það hvort ekki væri hægt að ná samstarfi og sameinast um eina stefnu varðandi uppbyggingu á stafrænu dreifikerfi til alls landsins. Síminn og Norðurljós hafa ekki áhuga á því. Hér hjá RÚV höfum við sagt að við teljum langeðlilegast að sem flestir aðilar taki höndum saman og til verði eitt kerfi sem bjóði upp á einn myndlykil til hagræðis fyrir notendur sem geti þannig náð öllum rásum sem í boði eru.“

Ég vil taka undir þessi orð útvarpsstjóra Markúsar Arnar Antonssonar og þau sjónarmið, það viðhorf sem kemur fram um samstarf og samvinnu sem heyrir nánast sögunni til þegar kemur að orðabókum ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans á Alþingi. Ég ætla að rifja það upp eins og ég gerði síðast þegar ég vitnaði í ummæli fyrrverandi og núverandi forstöðumanna Símans, Póstur og sími hét það á þeim tíma. Fyrrverandi forstjóri var spurður hvaða markmiðum hann vildi helst ná í sínu starfi. Að þjóna landsmönnum sem best, sagði hann. Núverandi forsvarsmenn voru spurðir sömu spurninga og svarið var á þá leið að þeir vildu skila eigandanum góðum og miklum arði. Það er í sjálfu sér ágætt sjónarmið líka. Það væri mjög gott sjónarmið ef arðurinn væri látinn renna til þjóðarinnar. Hún væri látin njóta góðs af þessari eign sinni en ekki þeir aðilar sem bíða eftir því að ríkisstjórnin geri alvöru úr því að selja fyrirtækið, þetta mikilvæga fyrirtæki úr hendi þjóðarinnar. Ég lýsi mikilli undrun á því að þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sumir hverjir eru sæmilega víðsýnir enn þá, og einhverjir þingmenn Framsóknarflokksins skuli ekki vera tilbúnir að taka undir með okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem leggjum hér til í sáttaskyni að menn fresti sölunni til ársins 2008. Að sjálfsögðu erum við þeirrar skoðunar að ekki eigi að selja Símann en í sáttaskyni, í málamiðlunarskyni viljum við fara þessa leið. (**Gripið fram í:** Að selja þá?) Nei.

[17:42]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég skil þessa tillögu frá Vinstri grænum, að þeir vilji fresta og nota tímann til að byggja upp dreifikerfið, grunnkerfið, flutningskerfi fjarskipta á Íslandi, er kannski vert vegna síðustu orða hv. þm. Ögmundar Jónassonar að árétta enn og aftur þau orðaskipti sem ég átti við annan hv. þm. fyrr í dag að við klárum það aldrei í eitt skipti fyrir öll að byggja upp dreifikerfi.

Að öðru leyti vil ég segja um afstöðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar að hann og flokkur hans hefur ákveðna hugmyndafræðilega afstöðu til sölu ríkisfyrirtækja. Hv. þm. og flokkur hans var líka á móti sölu ríkisbankanna og hann talar gjarnan um að við eigum að halda mjólkurkúnni í ríkiseigu, það er ágætissamlíking hjá honum. En hv. þm. lítur líka ávallt fram hjá því eða kýs að gleyma því hvað til að mynda sala ríkisbankanna hefur fært íbúunum, þjóðinni, kjósendunum í hagnað svo ég nefni nýjustu dæmi um lækkun vaxta. Það hefur verið stefna stjórnarflokkanna og í rauninni allra flokka hér á þingi að selja Landssímann, að tryggja rekstrargrundvöll fyrir samkeppni á fjarskiptamarkaði á Íslandi. En aðallega gengur umræðan út á það hvort eigi að selja dreifikerfið líka. En eins og ég gat um fyrr í dag er sala dreifikerfisins ekki forsendan fyrir því að tryggja jafnan aðgang allra. Forsendan fyrir því að tryggja jafnan aðgang er ekki að halda dreifikerfinu í ríkiseigu. Og ég ítreka þá stefnu Framsóknarflokksins að vilja tryggja við söluna nægjanlegt fjármagn til að halda áfram tæknilegri uppbyggingu grunnkerfisins sem er forsendan fyrir samkeppninni á þessum markaði. Það er meginatriðið. Það er byggðasjónarmiðið og það er öryggissjónarmiðið, sem ég nefni á hlaupum vegna þess að hv. þm. líkti þessu við Ríkisútvarpið.

[17:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ýmsir höfðu hag af því að bankarnir voru seldir. En ég á eftir að samþykkja að það hafi verið þjóðin sem hafi hagnast á því fyrst og fremst, enda eru þar ekki öll kurl komin til grafar.

Þeir sem högnuðust fyrst og fremst voru þeir sem keyptu bankana samkvæmt helmingaskiptareglu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og sennilega framsóknarfyrirtæki, við erum að tala um tugi milljarða króna. Og um þá hagsæld sem þjóðin hefur haft af kerfisbreytingunni, hlutafélagavæðingu og sölu bankanna hef ég ákveðnar efasemdir.

Á síðasta ári dældu bankarnir 300 milljörðum kr. í íslenskt efnahagskerfi. Hvaðan sóttu þeir þessa peninga? Þeir sóttu þá í erlendum lánum. Ég er ansi hræddur um að það eigi eftir að gera upp allt dæmið.

Það er misskilningur hjá hv. þm. að þröng hugmyndafræði ráði afstöðu okkar, þröng pólitísk stefna. Þetta er praktísk afstaða. Við spyrjum: Hvað kemur þjóðinni best? Hvers vegna í ósköpunum eigum við að láta þessa eign frá okkur sem gefur af sér aðra eins arðsemi? Menn hafa talað um það í umræðunni, ég man ekki hvort það var hæstv. fjármálaráðherra, að það mætti hafa vexti af fjármagninu sem við fengjum fyrir söluna. En það fengist miklu minni arður með því móti en hinu að halda henni í þjóðareign. Það gefur mest í aðra hönd.

[17:47]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Afstaða hv. þm. Ögmundar Jónassonar og Vinstri grænna er þröng að því leyti að þeir eru eini flokkurinn á þingi sem er andvígur sölu Símans í það heila. Aðrir flokkar hafa ákveðinn fyrirvara við það að selja dreifikerfið líka með þeim rökum sem við höfum rætt fyrr í dag. En hv. þm. kýs líka í umræðu sinni og þegar hann ber þetta saman við sölu ríkisbankanna að gleyma því hvernig sú sala og einkavæðing bankanna hefir leitt til lækkunar vaxta fyrir neytendur, fyrir þjóðina ásamt öðrum málum sem varða Íbúðalánasjóð og ráðstafanir þar.

Hann kýs líka að gleyma því hvernig fjarskiptin og sam-

keppni á fjarskiptamarkaði hefur orðið til hagsbóta fyrir neytendur í lækkuðum kostnaði við fjarskiptin á síðustu árum. Einnig hefur tækninni fleygt verulega fram.

Ef maður lítur til þess hvar stuðningurinn er á Alþingi er mikill meiri hluti langt út fyrir stjórnarmeirihlutann hlynntur því að selja Landssímann. En áhyggjur manna hafa beinst að því hvernig við ætlum að tryggja áframhaldandi uppbyggingu grunnnetsins við þá sölu til að tryggja að það sé samkeppnisgrundvöllur og að við þjónum hinum dreifðari byggðum og tryggjum öryggi landsmanna og útlendinga á ferð um landið. Ákvörðun Framsóknarflokksins miðaði að því á sínum tíma, að tryggja fjármagn til að tryggja hagsmuni hinna dreifðari byggða og öryggi landsmanna á ferð um landið, þó Síminn væri seldur.

[17:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar Framsóknarflokkurinn byrjar að kveða öfugmælavísurnar er sumum skemmt. Þannig hét það á sínum tíma þegar pósthúsum var lokað víða um landið að menn væru að efla og bæta póstsamgöngur og póstkerfið. Hið sama er upp á teningnum nú. Verið er að selja Símann til þess að bæta dreifikerfið og við vitum að formúlan sem á að nota er þessi: Einkavæðum það sem gefur af sér arð, látum skattborgarann um hitt. Nú á að vísu að nota söluhagnaðinn til þess að byggja upp dreifikerfið, en hv. þm. var að minna okkur á annað fyrir stundu, að því starfi lyki aldrei. Það væri í stöðugri þróun. Hins vegar lyki öðru, ráðstöfun þeirra fjármuna sem salan gæfi í aðra hönd. Hv. þm. er því kominn í örlitla mótsögn.

Varðandi hitt, að formbreytingin yfir í hlutafélag hafi verið svo mjög til hagsbóta hef ég miklar efasemdir um. Símakerfið á Íslandi var ódýrasta símakerfið í öllum heiminum, bæði almenni síminn og GSM-síminn, áður en Landssímanum var breytt í hlutafélag. Ég þekki ekki samanburðartölur og væri fróðlegt að skoða þær, en þannig var þetta. Það er staðreynd.

Svo vil ég benda hv. þm. á að fróðlegt væri að menn kynntu sér söguna með hliðsjón af vaxtaþróun í landinu. Hér hafa nefnilega áður verið lágir vextir. Einu sinni voru neikvæðir vextir, ekki er ég að mæla því bót, síður en svo, en svo voru tímabil þar sem vextir voru mun lægri en núna. Ég veit að ekki var búið að einkavæða neina banka á þeim húsnæðislánum sem ég tók upp á 2%. (Forseti hringir.) Þá var slíka vexti að fá í bankakerfinu og ekki búið að einkavæða neina banka.

[17:51]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Því miður gat ég ekki verið viðstaddur í upphafi umræðunnar um þetta gagnmerka mál. Engu að síður sé ég mig knúinn til þess að taka þátt í lokaumræðunni áður en málinu verður vísað til samgöngunefndar eða efnahags- og viðskiptanefndar. (Gripið fram í.) Að vísu er salan undir fjármálaráðherra, það er rétt.

Við getum tekist á um eitt í þessu máli sem er spurning sem mikið hefur verið fjallað um: Hvað kemur þjóðinni best? Þar greinir okkur á og ekkert að því. Við munum eftir því að einu sinni hét fyrirtæki Viðtækjaverslun ríkisins og lifði ágætu lífi. Það var ekkert útvarp selt á landinu öðruvísi en það færi í gegnum þá stofnun. Við munum eftir fyrirtæki sem hét Bifreiðaeftirlit ríkisins og það mátti enga bifreið skoða af öðrum aðila.

Viðtækjaverslun ríkisins er ekki til lengur sem betur fer og Bifreiðaeftirlit ríkisins er komið í hendur einkaaðila og hefur gengið vel. Það hlýtur að vera umhugsunarefni þegar hv. þm. Vinstri grænna spyrja og leggja fyrir okkur andstæðinga í pólitískum þankagangi hvað kemur þjóðinni best. Gæti það gerst að einkafyrirtæki sem nú þegar eru komin á þennan markað næðu meirihlutaviðskiptum í grunnneti og í sambandi við Símann?

Þá hljóta menn að spyrja: Gerðu Vinstri grænir, að því gefnu að þeir hafi náð máli sínu fram, þjóðinni best gagnvart Símanum, sem væri þá kominn í þá stöðu að vera minnsti rekstraraðili hvað áhrærir þjónustu Símans á Íslandi? Nei, Vinstri grænir gerðu ekki þjóðinni best. Og í því umhverfi sem Síminn starfar í mundum við gera þjóðinni best með því að veita Símanum sams konar rekstrarumhverfi og aðrir aðilar starfa í núna, t.d. Og Vodafone og fleiri aðilar. Það er a.m.k. mín skoðun.

Svo má alltaf toga og teygja hvernig halda eigi á málum en það er alveg ljóst að grunnnetið er hið viðkvæma mál í þessu. En þar hefur nú verið rætt um að eðlilegt sé að sá aðili sem keypti Símann sæi um grunnnetið líka, það kæmi til góða. Jafnvel hafa menn rætt um að eðlilegt væri ef fyrirtækið væri selt í heild sinni, að skipta upp rekstrarreikningi þar sem annars vegar væri Síminn og hins vegar grunnnetið. Þetta er allt undir og þarf nokkurrar umræðu við og kemur væntanlega til umfjöllunar í nefndum þingsins þar sem um málið verður fjallað.

En ég ítreka, og þar greinir okkur á, að ég tel að það komi þjóðinni best að selja Símann.

[17:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum fylgjandi blönduðu hagkerfi. Við teljum að ekki sé hægt um aldur og ævi að segja hvar línurnar eigi að liggja á milli þess sem á að vera á markaði annars vegar og þess sem á að vera á vegum samfélagsins hins vegar. Fyrr á tíð komu menn á fót bæjarútgerðum t.d. vegna þess að enginn aðili hafði burði til þess að ráðast í slík verkefni. Eins var með mörg önnur fyrirtæki á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Hv. þm. nefndi Viðtækjaverslun ríkisins. Það dyttì ekki nokkrum manni í hug að hafa slíkt í ríkiseign núna. Hér var rekin Ferðaskrifstofa ríkisins. Ég var fylgjandi því að hún væri seld. Hér var rekin Gutenberg prentsmiðja í eigu ríkisins. Engin andstaða var gegn því að hún væri seld.

En hér voru ríkisbankar. Ástæðan fyrir því að við vorum andvíg því að markaðsvæða og selja bankana var ekki sú að við hefðum þá eindregnu pólitísku skoðun að ríkið ætti að reka banka. Við vildum horfa praktískt á aðstæður og sögðum að við þær aðstæður sem Íslendingar búa við, í okkar litla hagkerfi væri ríkiseign á banka forsenda þess að hér gæti þrifist kröftug samkeppni. Það var ástæðan.

Við lítum því praktískt á hlutina, hvað er rétt hverju sinni, ekki hugmyndafræðilega. Það er í því ljósi sem við

skoðum söluna á Símanum. Við teljum að hún gagnist ekki íslenskum heimilum.

[17:57]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að líta praktískt á hlutina er góðra gjalda vert. Þannig var það líka þegar fyrirrennarar Vinstri grænna, alþýðubandalagsmenn, litu á útvarpsrekstur og héngu í því alveg fram í rauðan dauðann að það væri ríkið eitt sem ætti að hafa einkaleyfi á útvarpsrekstri.

Síðan gerist það að opinberir starfsmenn fara í verkfall og slökkva á Ríkisútvarpinu. Þá hafði verið að velkjast í sölum Alþingis frumvarp til breytinga á lögum um útvarpsrekstur sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson flutti ár eftir ár, þar sem einkaaðilum væri heimilt að reka útvarp. Það var nú aldeilis ekki og fyrirrennarar Vinstri grænna börðust hatramlega gegn því. En allt í einu kom góður liðsauki sem fylgdi málum hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar eftir og það lenti í góðri höfn. Það kom þjóðinni til góða að opinberir starfsmenn fóru í verkfall og slökktu á Ríkisútvarpinu, þeim öryggismiðli. Það kom þjóðinni best að þeir slökktu vegna þess að þá var lögum um útvarp breytt.

Við erum sannfærð um það sem stöndum að sölu Símans að það er þjóðinni fyrir bestu.

[17:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þarna kemur hv. félagi minn úr verkalýðshreyfingunni við svolítið veikan blett því ég var einn af þeim sem tók þátt í því að slökkva á útvarpinu á sínum tíma í verkfallsbaráttu opinberra starfsmanna árið 1984.

Það er alveg rétt að nú er breytt umhverfi í fjölmiðlun og enginn að tala um að snúa því til baka þó margir hafi bent á að þegar innihaldið er gaumgæft hafi það ekki allt verið endilega til góðs, en ég ítreka að það er enginn að tala um að snúa því til baka. Hlutirnir nefnilega breytast og við eigum að sjálfsögðu að taka mið af breyttum aðstæðum. Meginatriðið er að taka mið af aðstæðum og reyna að hætta að hugsa þröngt og hugmyndafræðilega og skoða hlutina praktískt. Við bendum á að við erum með geysilega öflugt símafyrirtæki á Íslandi sem gefur okkur mikinn arð, milljarða á ári hverju í skatthirslur ríkisins, sem verður til þess að við getum létt skattbyrðum af skattgreiðendum og ráðið við kostnað sem við ella ekki gerðum, t.d. við uppbyggingu dreifikerfisins. Það eru þessar praktísku aðstæður sem við bendum á.

[18:01]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil sem fyrri flutningsmaður þessa máls þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur orðið um málið og þátttöku fulltrúa allra stjórnmálaflokka í henni.

Ég vil fyrst segja í sambandi við það sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi með nefndarvísun að mér þótti rétt að leggja það til að málið færi til efnahags- og viðskiptanefndar í ljósi þess að forræði fyrir eignarhaldi á Símanum er nú hjá fjármálaráðherra og þau lög sem þetta frumvarp er til breytinga á eiga þá í rauninni þar heima. En ég tók það einmitt sérstaklega fram að ég óskaði eftir því að efnahags- og viðskiptanefnd mundi senda málið til umsagnar hjá samgöngunefnd og það finnst mér að sama skapi sjálfsagt.

Ég tel að ég hafi ekki miklu við orðaskipti þeirra hv. þingmanna Ögmundar Jónassonar og Guðmundar Hallvarðssonar að bæta hvað varðar samlíkingar sem sá síðarnefndi tók og mér finnast kannski ekki eiga beint erindi inn í þetta, um Viðtækjaverslun ríkisins eða Bifreiðaskoðun ríkisins, sem voru börn síns tíma og þeirra aðstæðna sem voru uppi þegar þessi fyrirbæri urðu til á skömmtunar- og krepputímum og síðan var því fyrirkomulagi viðhaldið. Það er nú gaman að því þegar sjálfstæðismenn eru að hneykslast á þessum gömlu, liðnu tímum og það liggur svona í orðunum án þess að það sé sagt berum orðum að það hafi verið einhverjir skammsýnir og vondir menn sem hafi komið þessu kerfi á og viðhaldið því. En staðreyndin er sú að lengst af þess tíma sem einokunar- og skömmtunarfyrirkomulagið var við lýði á Íslandi var Sjálfstæðisflokkurinn í ríkisstjórn. Síðan breyttust tímarnir og menn hafa breytt því fyrirkomulagi og mörgu öðru sem eðlilegt er.

Mér finnst í raun ósambærilegu saman að jafna undirstöðuþjónustu af því tagi sem fjarskipti eru, ekki síst í nútímanum, og vegna þess að þau lúta að svo miklu leyti, a.m.k. enn um sinn, lögmálum náttúrulegrar einokunar vegna þess að undirstöðunetið, grunnnetið sem við tölum hér oft um, er til staðar og verður kjölfestan í þeim flutningum enn um árabil. Um það eru flestir tæknilegir sérfræðingar sammála. Það eru að vísu að koma möguleikar, þráðlaus sambönd og ýmislegt sem getur á afmörkuðum sviðum og í vissum mæli keppt við sjálft grunnnetið en það er meginæðarnar sem þetta blóð streymir um og mun verða svo um alllangan tíma. Þetta þykist ég geta fullyrt af því að ég hef kannað þessi mál dálítið og setið í tveimur starfshópum á vegum Norðurlandaráðs sem hafa einmitt verið að reyna að kortleggja þessa þróun. Þar hafa iðulega komið upp spurningar af þessu tagi: Eru áhyggjur manna af grunnnetinu, ljósleiðurum og koparþráðunum ekki óþarfar? Eru ekki bara handan við hornið hérna gervihnattasambönd og þráðlaus sambönd sem leysa þetta af hólmi? Svar sérfræðinganna er nei. Þetta kemur svona til viðbótar og til hliðar og á afmörkuðum sviðum en leysir ekki í fyrirsjáanlegri framtíð af hólmi sjálfa þjóðvegina, meginæðarnar sem gagnaflutningarnir fara um, sem eru hin afkastamiklu kerfi ljósleiðara, örbylgjusambanda og kopar- eða fíberglaslagna inn í hús. Þetta t.d. staðfestu helstu sérfræðingar Ericsson og Nokia við þann starfshóp sem ég tók í seinna tilvikinu þátt í á vegum Norðurlandaráðs og ég hef ekki hitt aðra færari sérfræðinga til að ráðgast um þetta við. Þess vegna er það mat mitt og niðurstaða að enn um nokkuð langt árabil verði fyrirtæki eins og Síminn í algerri lykilstöðu og við verðum að horfast í augu við það og taka á málinu í samræmi við það.

Það er svo með hið ágæta fyrirtæki Símann, Landssíma Íslands hf., áður Póst og síma, að mjög margt gott er um það fyrirtæki að segja. Ég gæti þess jafnan að halda því til haga að þar var vel að verki staðið og við Íslendingar eigum því mikið að þakka hversu myndarlega og vel var staðið að uppbyggingu og rekstri á vegum þess fyrirtækis í gegnum tíðina. Það var ekki lélegur árangur sem við getum sagt t.d. að hafi blasað við okkur um 1990 eða á tíunda áratug

síðustu aldar að við vorum nánast í fremstu röð á öllum sviðum fjarskipta hvað varðaði þjónustu og innleiðingu nýrrar tækni og við bjuggum við einhver hagstæðustu verð sem í boði voru a.m.k. í Evrópu, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur réttilega bent á.

En mér hefur fundist á köflum á síðustu árum að stjórnendur fyrirtækisins væru að verða of uppteknir af því að þeir væru orðnir hlutafélag og þetta væri að færast meira yfir í það að vera spurning um rekstur sem skilaði arði, að vísu enn þá til ríkisins sem eiganda, en áherslurnar á hinar samfélagslegu skyldur og ábyrgð á að um væri að ræða almenningsþjónustufyrirtæki væru víkjandi. Þetta hef ég gagnrýnt Símann fyrir og ég tel mig hafa nokkuð til míns máls í því.

Ég skil viðhorf hinna nýju stjórnenda sem telja að þeir eigi að horfa fyrst og fremst til þess að þarna sé búið að búa til hlutafélag sem sé á leiðinni inn á markaðinn og eigi að einkavæða og þeir eigi að fara að færa rekstur þess yfir í það horf. En það er spurning um pólitík, það er spurning um hvernig menn nálgast hlutina og hvernig menn skilgreina þá.

Tökum þar sem dæmi spurninguna um hvað mikið Síminn leggur á sig til þess að breiða út möguleikana á háhraðatengingum hvað varðar gagnaflutninga. Þar hafa menn búið sér til ákveðnar viðmiðanir, það er rétt, þær eru býsna metnaðarfullar, 90% hafi aðgang að slíkum tengingum í dag. En hv. þm. Birkir Jón Jónsson spurði: Er það nóg? Hvað með hin tíu prósentin?

Síðan koma einkafyrirtæki og þau finna lausnir eins og þráðlaus sambönd í þorpum, sem Síminn hefur talið of lítil til að koma upp ADSL-þjónustu. En þá spyr ég á móti: Gat ekki Síminn gert þetta? Hefði það ekki alveg eins legið við að Síminn notaði aðstöðu sína og tækni og færi þá út í svona lausnir? Það tel ég að væri vel hugsanlegt. Eða að Síminn væri opnari fyrir því að eiga samstarf við einkaaðila um slíkar lausnir? Síminn er áfram í lykilstöðu vegna þess að þó svo að framsækin fyrirtæki eins og fyrirtækið Skerpa á Vestfjörðum, sem allt í einu fer að leysa þessi vandamál Vestfirðinga í þorpum sem hafa verið of lítil fyrir Símann til að hann teldi það svara kostnaði að bjóða þar úrlausn, leysa það á mjög praktískan hátt. En fyrirtækið er áfram háð því að semja við Símann um tengingu inn á þeirra kerfi. Síminn á möstur, hann á hús á stöðunum sem væri praktískt að nota til að koma þessu upp.

Sama má segja um þær lausnir sem fyrirtækið eMax eða Þekking er að bjóða annars staðar í landinu. Ég ber mikla virðingu fyrir og dáist að þeim útsjónarsömu og kláru mönnum sem eru þarna að bjóða þessa þjónustu. En munum eftir því að hún er innan þessa ramma, að þeir verða síðan að semja við Símann um afnot af hans kerfi. Ég held að þarna hefðu menn getað verið framsæknari þó að margt sé vel um það sem menn hafa þarna sagt.

Um GSM-símann, þ.e. aðra kynslóð farsíma sem enn er ekki búið að byggja upp á Íslandi og er enn allt of götótt, þar er einfaldlega spurning um hvað ræður. Það viðhorf að tryggja öllum landsmönnum og öllum byggðum þessa þjónustu eða að horfa bara til þess hvar er notkunin nákvæmlega nógu mikil til þess að viðkomandi sendir skil í arði. Þarna er skurðpunkturinn.

Þá erum við komin að kjarna málsins. Hvort ræður áherslunum í uppbyggingunni og fjárfestingunum inn í framtíðina, spurningin um þjónustu, um jafnræði eða arð? Þetta er nákvæmlega svona. Sendir sem kostar 2–3 milljónir fyrir GSM og er hægt að smella upp jafnvel í húsnæði sem Síminn á og rekur til að hafa örbylgjusambönd í, þar sem rafmagn er til staðar, þar sem vegur liggur upp á fjallið, er ekki keyptur og settur niður af því að of fáir íbúar eru á bak við. Þó að það sé öryggissjónarmið, þarna séu fiskimið, það séu þarna fjallvegir og þarna sé ferðaþjónusta sem er að verða úr leik af því að hún hefur ekki GSM-sambönd, þá er svarið því miður þetta: Nei, það er of lítil notkun á þessu svæði til að það svari kostnaði að kaupa og setja niður sendi.

Þarna erum við komin að þessum skurðpunkti. Síðan er það það sem fram undan er. Við erum hér með í höndunum frumvarp sem auðvitað hefði verið gott að ræða í tengslum við þetta mál, frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma. Út á hvað gengur það? Þar er verið að burðast við að skilgreina forsendur til þess að úthluta mönnum leyfum til að byggja upp þá starfsemi. Og hver er viðmiðunin? Að 60% íbúa á viðkomandi svæðum geti notið þjónustunnar. Nú er skaði að hafa ekki hv. þm. Birki Jón Jónsson í salnum og spyrja hann: Ef 10% eru of mikið sem standa út af, hvað þá með 40%?

En þetta verður þannig, ef það frumvarp nær fram, í höndum einkaaðila sem eiga að sjá um uppbyggingu þriðju kynslóðar farsíma, sem væntanlega verður sú sem ryður hinum fyrri úr vegi þegar þar að kemur, að þá gætu allt að 40% íbúa á viðkomandi svæðum orðið utan þjónustu en samt teldist aðilinn hafa fullnægt þjónustukröfum sínum.

Þetta er þá framtíðin sem er verið að draga upp fyrir okkur eða hvað ef enginn aðili er með aðrar skyldur og aðra stöðu en þá sem þessir einkaaðilar hafa samkvæmt skilgreiningum um að það nægi þeim að dekka tiltekið lágmarkshlutfall íbúa? Að vísu ber að taka fram að hér er ekki bara verið að tala um landið sem eitt heldur eftir svæðum og það er til bóta. En samt er það þannig, ef við tökum t.d. Norður- og Austurland eða Norðausturkjördæmið, að í grófum dráttum ná menn þeim viðmiðunum með því að bjóða upp á þjónustuna á Akureyri og kannski bæta svo Húsavík, Dalvíkurbyggð og Héraði við.

Með öðrum orðum, ef þetta verður niðurstaðan dettur allt strjálbýlið á Íslandi eins og það leggur sig niður um netið, möskvarnir eru svo gisnir. Er það eitthvað sem við getum sætt okkur við? Ég segi nei. Ég skrifa ekki upp á það. Ég mun berjast til hinstu stundar fyrir því að við viðhöldum því hugarfari í þessum efnum að ein þjóð búi í landinu og að við ætlum henni allri, eftir því sem tæknin gerir það mögulegt, að sitja við sama borð. Það er gríðarlega mikilvægt til þess að við fáum ekki hérna upp og aftan að okkur læðist sú stéttaskipting sem margir telja núna að geti orðið sú alvarlegasta á þessari nýbyrjuðu öld, þ.e. spurningin um hverjir hafa aðgang að þessum undirstöðuþáttum upplýsingasamfélagsins og hverjir ekki. Það snýst um tækni, um að búnaðurinn sé til staðar, en það snýst líka um verð. Það er líka hægt að útiloka menn á grundvelli þess að verðleggja þjónustuna svo mismunandi að þeir sem standa þar lakast að vígi séu ekki samkeppnisfærir. Það gildir sérstak-

lega um atvinnulífið. Það er ekki bara nóg að tæknilega séu möguleikarnir til staðar. Verðlagningunni verður að vera þannig háttað að menn standi nokkurn veginn jafnfætis í þeim efnum einnig og svo auðvitað hvað varðar í sjálfu sér þekkingu og aðgang að því að nota umrædda tækni.

Einkavæðing Símans er og hefur verið frá byrjun eitt mesta reginklúður sem hæstv. ríkisstjórn sjálfstæðismanna og framsóknarmanna hefur farið í í þeim efnum og er þá mikið sagt. Þarna er því miður á ferðinni aðferðafræðin að skjóta fyrst og spyrja svo. Menn gefa sér fyrst þá niðurstöðu að einkavæða Símann, fara svo að velta því fyrir sér hvaða afleiðingar það hefur og hvernig stoppað verði í götin. Það er einhver mesta fjallabaksleið í þessum efnum sem ég hef nokkurn tíma heyrt talað um, að selja Símann fyrst en fara svo að nota einhvern hluta af söluandvirðinu til að stoppa svona í mestu götin eins og þau eru í augnablikinu og láta síðan framtíðina í þessum efnum bara ráðast.

Sú hugmynd að undanskilja grunnnetið og reka það í sjálfstæðu fyrirtæki er vissulega freistandi og hún hefur mikla kosti en hún hefur líka galla rétt eins og fyrirkomulagið í raforkukerfinu hefur líka mikla galla. Menn eru að búa til lagskipt kerfi með eftirlitskostnaði og ýmsum slíkum þáttum. Það er miklu einfaldara að slá því á frest, helst hætta alveg við það, að selja Símann og beita honum og nota afl hans til að tryggja þetta jafnræði, halda uppbyggingunni áfram, halda okkur áfram í fremstu röð hvað varðar tækni og möguleika á þessu sviði, og það er hægt án þess að útiloka samkeppni. Þvert á móti, það greiðir götu samkeppninnar á grundvelli reikisamninganna og þess aðgangs sem öðrum aðilum er tryggður að netinu. Þá er það í allra þágu að netið dekki allt landið og farsímafyrirtæki, sem vilja keppa t.d. við Símann eða vera í samkeppni við hann um gagnaflutninga og annað slíkt, hafi aðgang að öllum landsmönnum jafnframt. Það er vænlegasta leiðin.

Ég skil ekki hvers vegna í ósköpunum menn þurfa að hverfa frá því sem í raun og veru hefur gengið ágætlega í þessum efnum. Það var minnt á þrengsli og þrönga hugmyndafræði og gamaldags viðhorf og guð má vita hvað við Vinstri grænir höfum fengið á okkur frá ýmsum, ákaflega málefnalega eða hitt þó heldur, af því að við flytjum þetta mál. Ég held hinu gagnstæða fram. Þrengslin eru hin blinda trú á nýfrjálshyggjuna að halda að markaðslausnir leysi allan vanda og líka á þessum sviðum. Geta menn ekki lært eitthvað af mestu óförum einkavæðingarinnar þar sem menn hafa lent úti í því feni að einkavæða t.d. veitur og þjónustustarfsemi sem lýtur lögmálum náttúrulegrar einokunar. Rafmagnsveitur, vatnsveitur, járnbrautir og annað því um líkt. Hvernig er útkoman á því dæmi? Hún er skelfileg og menn eru að fara til baka og leysa til sín slík mannvirki af því að það hefur gefist illa að fara þessa markaðsleið á þeim sviðum. En það þýðir ekki að menn geti ekki áfram notað það fyrirkomulag að margir sjái um að selja útvarpstæki. Þessu tvennu mega menn ekki blanda saman. Horfum bara raunsætt á hvað gagnast okkur best í þessum efnum og ég fullyrði: Þeim mun strjálbýlli og fámennari sem lönd eru, þeim mun betur hefur það gefist að líta á þetta sem almannaþjónustu og byggja hana þannig upp. Það hefur skilað jafnstrjálbýlum og fámennum löndum og Íslandi, Grænlandi og Færeyjum fyrirtaksniðurstöðum í þessum efnum og er þá einhver ástæða til að hverfa frá því? Ég held ekki.

[18:16]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom víða við í sinni ágætu ræðu. Ég held að við deilum því meginmarkmiði að það þurfi að tryggja uppbyggingu grunnnetsins, hvað sem verður um Landssímann. Hv. þm. sagði, og það með réttu, að fyrirkomulagið sem við búum við er þannig að þeir sem vilja standa í fjarskiptaþjónustu eiga aðgang að grunnnetinu sem núna er rekið af Landssímanum. Landssíminn getur ekki sett öðrum sem selja fjarskiptaþjónustu neinar aðgangshindranir. Til þess er Póst- og fjarskiptastofnun sem stjórnar því. En ég skil einhvern veginn ekki enn, ég hélt að kominn væri ákveðinn skilningur milli okkar sem höfum verið í þessari umræðu, hvert Vinstri grænir eru að fara með þessu þingmáli af því að annars vegar heyrist mér á hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að ætlunin sé að fresta sölu Landssímans þar til búið er að ljúka uppbyggingu grunnnetsins sem hann telur að verði í kringum 2008 en í hinu orðinu talar hann fyrir því að það eigi ekki að selja Landssímann í það heila vegna þess að það sé hluti af einhverri grunnþjónustu sem allir landsmenn þurfa að njóta.

Svo skil ég heldur ekki, herra forseti, þegar hv. þingmaður rekur það að Landssíminn láti sig litlu skipta og vilji ekki leggja í kostnað við að byggja upp þjónustu í minni þorpum heldur séu ákveðin smærri fyrirtæki sem ráðist í að þjónusta þorpsbúa en síðan segir hv. þm. í hinu orðinu að þessi sömu smáu fyrirtæki séu að kaupa sér aðgang að grunnkerfi Landssímans. Ég vona að þingmaðurinn geti útskýrt aðeins betur hvað hann er að segja í svari við andsvari mínu. Eitthvað var það eitt í viðbót sem ég skildi ekki fullkomlega en ég sé að ég hef ekki tíma til að koma því að.

[18:18]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta frumvarp sé alveg skýrt. Þetta er einföld breyting á gildandi lögum þar sem er heimild til staðar fyrir ríkið að selja allan eignarhlut sinn í Símanum. Við leggjum til að sú heimild verði tekin úr sambandi og öllum áformum um slíka sölu verði frestað a.m.k. til ársloka 2008. Þá verði tekin ákvörðun og það verði í höndum þess meiri hluta og þess Alþingis sem þá situr, vonandi gæfulega saman sett hvað varðar meiri hluta og minni hluta, að ráða um framhaldið. Það gæti hugsanlega þýtt áframhaldandi óbreytt eignarhald á þessu þjóðarfyrirtæki og það vildum við gjarnan sjá fyrir okkur, að menn veldu þá leið að fara að losa um eignarhald ríkisins í einhverjum áföngum. Það yrði t.d. norska leiðin í þessum efnum og ég hef iðulega spurt hvers vegna í ósköpunum menn skoði hana ekki hér. Hér á að gera þetta á einu bretti, henda fyrirtækjunum út á markaðinn í einu lagi og selja jafnvel einum aðila, þess vegna útlendum. Og það jafnvel þótt umræður verði uppi í þjóðfélaginu um að kannski verði þetta fyrirtæki okkar síðan sameinað búlgarska símanum og notað sem stökkpallur til útrása í símamálum í Austur-Evrópu. Þetta virðist ekki valda mönnum áhyggjum.

Ég held að það sé líka alveg skýrt eða vonandi verður

það alveg skýrt ef menn leggja betur eyrun við að við erum ekki bara að tala um ástandið eins og það er í dag. Ég hef lagt á það áherslu allan tímann og sérstaklega í framsöguræðu minni. Það er ekki síður spurningin um þróunina inn í framtíðina sem við erum að velta fyrir okkur. Verði grunnnetið einkavætt þá á einn af samkeppnisaðilunum á þessum markaði í einkaeigu allt undirstöðufjarskiptakerfið í landinu. Hann á ljósleiðarana, örbylgjusamböndin, hann á koparlagnirnar inn í húsin, hann á möstur, hús og tengivirki, hann á jarðstöðvarnar fyrir samböndin til útlanda og hann á eignarhlut Íslendinga í sæstrengjum. Þá fara viðskiptalegar ákvarðanir þess fyrirtækis að ráða öllu í framhaldi um uppbygginguna og það verða samkeppnishagsmunir þess fyrirtækis sem ráða en ekki þjónustuskyldurnar við íbúa í strjálum byggðum. Það er þetta sem við höfum verið að reyna að koma inn í hausinn á mönnum en gengur greinilega misjafnlega vel.

[18:21]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. um það hvað skeður ef við einkavæðum Landssímann þá gat ég ekki heyrt annað en fyrirvarar hv. þm. væru fyrst og fremst í því að selja grunnnetið, selja dreifikerfið með vegna þess að það mundi skapa tiltekna stöðu sem tryggði í rauninni að ekki yrði ráðist í frekari uppbyggingu grunnnetsins og þá stæðu hinar dreifðari byggðir út af borðinu. Ég gat ekki skilið síðustu orð hv. þm., og lagði ég vel við hlustirnar, öðruvísi en svo að rökin væru fyrst og fremst þau að halda grunnnetinu í ríkiseign.

Eins og við erum líka sammála um þá erum við með löggjöf og erum með Póst- og fjarskiptastofnun sem tryggir jafnan aðgang allra. Ég held að áhyggjuefnið sem við ættum að hafa og ættum kannski að deila sé það hvernig við getum tryggt áframhaldandi uppbyggingu grunnnetsins þrátt fyrir söluna þannig að við tryggjum jafnræði allra byggða landsins.

Rétt aðeins í lokin, herra forseti, langar mig til að nefna eitt sjónarmið sem ég held að hafi líka komið fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Það er ákveðið áhyggjuefni að við séum ekki að leita þjóðhagslegrar hagkvæmni við uppbyggingu dreifikerfisins, t.d. uppbyggingu Línu.Nets í Reykjavík, að menn séu ekki alls staðar að leggja einhvers konar dreifikerfi, mig minnir í einhverjum uppsveitum Borgarfjarðar, af því að mönnum finnst uppbyggingin ekki ganga nógu hratt hjá Landssímanum við að tryggja öllum háhraðatenginguna sem óhjákvæmilega er forsenda þess að menn sitji við sama borð gagnvart kostnaði. Og ég vildi gjarnan sjá einhverja stefnu sem samgönguráðherrann mundi vinna að og einhverja sátt um það að við værum þó að byggja upp eitt dreifikerfi en ekki mörg grunndreifikerfi sem menn ættu svo allir jafnan aðgang að á sama kostnaði.

[18:23]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt. Eitt af því sem menn hafa rætt í þessu sambandi og skiptir verulegu máli er offjárfesting eða tvíverknaður eða þríverknaður eða hvað við köllum það. Menn hafa stundum líkt grunnneti fjarskiptanna við vegakerfið og það er ekki galin líking og menn sjá þá best hversu gáfulegt væri að einkaaðilar færu að leggja vegi við hliðina á þjóðvegunum. Það væri hvorki mjög hagkvæmt né umhverfisvænt ef margir einkaaðilar færu að leggja hver sinn veginn.

Út af fyrir sig er það alveg rétt að á grundvelli fjarskiptalaga er mönnum tryggður aðgangur að fjarskiptanetinu eins og það er á hverjum tíma. Nú verður það einkavætt og til verður einkafyrirtæki hvort sem það er með annan fótinn í útlöndum eða ekki og það er svo í samkeppni við aðra aðila innan lands. Það fer þá auðvitað að horfa á stöðu sína í samkeppnisljósi og fer að ráðstafa fjármunum sínum í fjárfestingar og uppbyggingu sem það telur að styrki mest samkeppnisstöðu þess. Hvar eru mikilvægustu markaðirnir? Þeir eru í þéttbýlinu. Þetta er saga sem við þekkjum annars staðar frá og hefur skapað geysileg vandamál. Ég hef verið að reyna að rifja upp fyrir mönnum og minna þá á reynsluna t.d. frá Nýja-Sjálandi. Svíar hafa af þessu nokkra reynslu. Þeir mega þó eiga það að þeir hafa mótað opinbera stefnu um að reyna að tengja sem flesta við upplýsingasamfélagið og hvað hafa þeir gert? Þeir hafa einmitt reynt að setja opinbera fjármuni í útboð til þess að útbreiða netið. En það hefur ekki gefið mjög góða raun vegna þess að þeir eru komnir inn í það umhverfi sem stjórnarliðar ætla að fara að búa til. Á sama tíma hafa þau lönd sem áfram hafa haldið sínum opinberu símfyrirtækjum farið fram úr. Ísland og Færeyjar eru miklu betur sett í dag en hin Norðurlöndin. Færeyingar eru komnir lengst allra Norðurlanda í að útbreiða t.d. stafrænt sjónvarp í sínu landi í gegnum sitt opinbera símafyrirtæki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 7. mál.

Fundi slitið kl. 18:26.

---

7. FUNDUR

þriðjudaginn 12. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., frv., 4. mál, þskj. 4. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Virðisaukaskattur, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.
3. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 7. mál, þskj. 7. — 1. umr.
4. Tryggur lágmarkslífeyrir, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Fyrri umr.

5. Breytingar á stjórnarskrá, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.

6. Strandsiglingar, þáltill., 10. mál, þskj. 10. — Fyrri umr.

7. Íþróttaáætlun, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr.

8. Dómstólar, frv., 12. mál, þskj. 12. — 1. umr.

9. Fórnarlamba- og vitnavernd, frv., 13. mál, þskj. 13. — 1. umr.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá hreppsnefnd Breiðadalshrepps.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill geta þess að að loknum atkvæðagreiðslum um fyrsta dagskrármálið hefst umræða utan dagskrár um túlkun fyrir heyrnarlausa. Málshefjandi er hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir en hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður K. Gunnarsdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Afturköllun þingmáls.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Fyrirspurn á þskj. 156 frá Jóhönnu Sigurðardóttur er kölluð aftur.

[13:32]

Útbýting:

Almenn hegningarlög, 67. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 67.

Atvinnuleysistryggingar, 174. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 174.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, 173. mál, fsp. JóhS, þskj. 173.

Fjármagnstekjuskattur, 165. mál, fsp. JGunn, þskj. 165.

Fjölgun öryrkja, 162. mál, fsp. SKK, þskj. 162.

Gerð stafrænna korta, 164. mál, fsp. JÁ, þskj. 164.

Gjafsókn, 167. mál, fsp. JBjart, þskj. 167.

Gjaldfrjáls leikskóli, 171. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 171.

Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu, 168. mál, fsp. JBjart, þskj. 168.

Hreindýrarannsóknir, 169. mál, fsp. ÞBack, þskj. 169.

Húsaleigubætur, 172. mál, fsp. JóhS, þskj. 172.

Íslenskun á ræðum æðstu embættismanna, 175. mál, þáltill. SigurjÞ, þskj. 175.

Kynbundið ofbeldi, 170. mál, fsp. KolH, þskj. 170.

Nýting sveitarfélaga á tekjustofnum, 163. mál, fsp. JÁ, þskj. 163.

Strandsiglingar, 161. mál, þáltill. JBjarn o.fl., þskj. 161.

Upplýsingalög, 68. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 68.

Útvarp á öðrum málum en íslensku, 166. mál, fsp. MÁ, þskj. 166.

Tilkynning um kjör embættismanna alþjóðanefnda.

[13:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kjör embættismanna alþjóðanefnda:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins: Einar K. Guðfinnsson formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins: Sólveig Pétursdóttir formaður og Siv Friðleifsdóttir varaformaður.

Íslandsdeild NATO-þingsins: Einar Oddur Kristjánsson formaður og Guðmundur Árni Stefánsson varaformaður.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs: Jónína Bjartmarz formaður og Drífa Hjartardóttir varaformaður.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins: Birgir Ármannsson formaður og Hjálmar Árnason varaformaður.

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA: Gunnar Birgisson formaður og Birkir J. Jónsson varaformaður.

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál: Einar K. Guðfinnsson formaður og Magnús Stefánsson varaformaður.

Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins: Bjarni Benediktsson formaður og Guðjón Hjörleifsson varaformaður.

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu: Pétur H. Blöndal formaður og Dagný Jónsdóttir varaformaður.

Sala ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., frh. 1. umr.

Frv. SJS og JBjarn, 4. mál (frestun á sölu). — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 0 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Túlkun fyrir heyrnarlausa.

[13:37]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Ég harma það að ekki var orðið við ósk Samfylkingarinnar um að táknmálstúlka þessa umræðu um málefni heyrnarlausra, sérstaklega þar sem Samfylkingin var reiðubúin að greiða þá túlkun en mun ekki frekar ræða þá niðurstöðu forseta nú.

Herra forseti. Um áratugur er liðinn frá því að hugmyndir um fyrirkomulag túlkaþjónustu voru kynntar í ríkisstjórn og fjármagn til túlkunar eyrnamerkt því verkefni. Síðan þá hefur aldrei verið eyrnamerkt fjármagn til túlkaþjónustu og sífellt óvissa um framlag sem á þessu ári er um 4 millj. kr. Ekki náðist samstaða þá fremur en nú um framkvæmdina og málið var sett í nefnd, þá fyrstu af þremur sem fengið hafa túlkamálin árangurslaust til umfjöllunar. Síðasta nefndin var skipuð fulltrúum þriggja ráðuneyta,

heilbrigðis-, félags- og menntamála og samdi hún drög að frumvarpi um táknmálsþjónustu haustið 2001. Það dagaði uppi í menntamálaráðuneytinu og var aldrei lagt fram á Alþingi. Allan þennan tíma hefur Félag heyrnarlausra ítrekað leitað eftir að varanleg lausn verði fundin sem tryggi heyrnarlausum túlkaþjónustu. Í tæp 6 ár var öllum beiðnum félagsins um úrlausn svarað á einn veg: Að beðið yrði niðurstöðu starfshóps sem væri að störfum á vegum forsætisráðuneytis og hefði það hlutverk að fjalla um verkaskiptingu ráðuneyta í málaflokki fatlaðra. Honum væri ætlað að leggja fram tillögur um frambúðarlausn á túlkaþjónustumálum heyrnarlausra og hvernig ætti að standa straum af kostnaðinum.

Sú er hér stendur þekkir það mál afar vel sem flutningsmaður tillögunnar um nefndarstarfið og þátttakandi í því. Starfshópurinn var leystur frá störfum í beinni útsendingu á Alþingi í desember 2002 og mátti telja fundina sem haldnir höfðu verið á fingrum annarrar handar.

Í mars í fyrra svaraði þáverandi forsætisráðherra fyrirspurn um stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu á þann veg að það væri langtímamarkmið ríkisstjórnarinnar að tryggja að heyrnarlausir geti umgengist móðurmál sitt með þeim hætti að það sé jafngilt því sem aðrir búi við og tryggi það með lögum. Þær umræður urðu í kjölfar mótmæla við Alþingishúsið þar sem forsætisráðherra var í annað sinn afhent áskorun um að ríkisstjórnin tryggði réttinn til túlkaþjónustu. Í aðdraganda kosninga í febrúar 2003 var málþing Félags heyrnarlausra undir yfirskriftinni Réttindi, menntun, lífsgæði. Þar kom fram ótvíræður vilji allra stjórnmálaflokka til að tryggja réttarstöðu heyrnarlausra í samfélaginu. Minna hefur orðið um efndir.

Þessar stiklur mínar undirstrika langvarandi og óskiljanlegan viljaleysi ríkisstjórnarinnar til taka á málum þessa þjóðfélagshóps sem þarfnast svo mjög að aðrir ljái honum rödd. Frá því í vor hefur ríkt ófremdarástand í túlkaþjónustumálunum. Samskiptamiðstöð hefur synjað heyrnarlausum um túlkaþjónustu í daglegu lífi með vísan til reglugerðar frá síðasta ári. Tugur einstaklinga kærði ákvörðunina til menntamálaráðherra sem staðfesti synjunina. Umboðsmanni Alþingis hefur borist kvörtun vegna málsins. Með úrskurði sínum staðfesti menntamálaráðherra að heyrnarlausir eigi ekki rétt á endurgjaldslausri túlkaþjónustu í daglegu lífi.

Mér er kunnugt um að fyrir helgina gerði Félag heyrnarlausra tillögu til menntamálaráðherra um leið sem hugsanlega gæti orðið sáttaleið. Skilst mér að þar séu hugmyndir um verkefni sem byggja á aðferðafræði sem Danir hafa nýtt sér og væri áhugavert að heyra nánar um það. Nú beini ég þeirri spurningu til hæstv. menntamálaráðherra hvernig verði brugðist við þessu ófremdarástandi og áralangri óvissu og hvort hún hyggist tryggja heyrnarlausum rétt til túlkaþjónustu. Telur ráðherra að tillögur Félags heyrnarlausra séu skoðunar virði? Eru önnur áform uppi hjá hæstv. ráðherra um að leysa túlkaþjónustu heyrnarlausra til frambúðar og þá hvernig?

Virðulegi forseti. Þær fjárhæðir sem hafa verið nefndar í umræðunni um túlkaþjónustu eru ekki þess eðlis að þessi vandi geti snúist um peninga.

[13:42]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Í upphafi þessarar fyrirspurnar hv. þm. vil ég minna á að málefni heyrnarlausra og túlkaþjónustunnar hefur verið í skoðun milli nokkurra ráðuneyta í allnokkurn tíma eins og hv. fyrirspyrjandi fór yfir og unnið hefur verið að því að finna lausnir þótt niðurstaða hafi ekki fengist fram til þessa. Að frumkvæði menntamálaráðuneytisins í kjölfar samþykktar þingsályktunartillögu hinn 11. mars 1999 var unnið ötullega að því að kortleggja stöðu íslenska táknmálsins hér á landi og samanburður gerður í því efni við löndin í kringum okkur. Má í því sambandi nefna lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, lög um málefni fatlaðra, lög um réttindi sjúklinga, lög um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar auk ákvæða í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla er heyrnarlausum tryggður réttur til að öðlast menntun í táknmáli heyrnarlausra og er tekið tillit til þeirra þarfa í því sambandi. Til að styrkja þennan rétt heyrnarlausra var einnig nauðsynlegt að fjölga táknmálstúlkum og því ákveðið að taka upp kennslu í táknmálstúlkun við Háskóla Íslands.

Þá má minna á að átak hefur verið gert í að auka textun á sjónvarpsefni fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta og til þess varið sérstökum fjármunum. Í þeim efnum má þó alltaf gera betur en óhætt er að segja að menn hafi vaknað til vitundar um mikilvægi þeirrar þjónustu.

Ég átti nýlega mjög góðan og upplýsandi fund með fulltrúum Félags heyrnarlausra þar sem málefni þeirra voru rædd og þá ekki síst mikilvægi þess að tryggja heyrnarlausum túlkaþjónustu vegna daglegs lífs svo sem vegna fasteignaviðskipta eða annarra viðskipta, eða samskipta þar sem sérfræðiþjónustu þyrfti til, túlkaþjónustu vegna starfsmannafunda og ýmissa annarra þátta sem falla fyrir utan opinbera þjónustu þar sem túlkaþjónusta er tryggð eða á að vera tryggð lögum samkvæmt á kostnað hins opinbera eins og t.d. á sjúkrastofnunum eða vegna samskipta við stjórnvöld eða dómstóla. Á þessum fundi var bent á að á hverju ári kæmu fjármunir frá stjórnvöldum vegna þessarar þjónustu sem væru yfirleitt búnir um mitt ár. Óljóst væri hvaðan þessir fjármunir fengjust og skipulag vantaði um ráðstöfun þeirra. Til að mæta þessum þörfum töldu fulltrúar félagsins á fundinum í síðustu viku að 10 millj. kr. þyrfti árlega til að leysa brýna þörf heyrnarlausra fyrir túlkaþjónustu í daglegu lífi. Í framhaldi af þeim fundi hefur menntamálaráðuneytið skoðað með hvaða hætti væri unnt að koma til móts við óskir Félags heyrnarlausra. Mér er það mikil ánægja að geta sagt frá því hér að ákveðin lausn hefur verið fundin sem felur í sér breytingar á reglugerð og gjaldskrá Samskiptastöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra á þann veg að þessum þörfum verður mætt og fjármunir til þess verða tryggðir í fjárlögum. Nánari útfærsla verður að sjálfsögðu gerð í samráði við Félag heyrnarlausra og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Ríkisstjórnin samþykkti í morgun þá tillögu mína að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fái 2 millj. kr. í fjárveitingu vegna túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa í daglegu lífi vegna yfirstandandi árs. Í fjárlagafrum-

varpinu 2005 eru veittar 4 millj. kr. til Samskiptamiðstöðvar vegna þeirrar túlkaþjónustu sem hér um ræðir en þeir fjármunir voru áður fengnir af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar á ári hverju til að mæta þessum þörfum. Til að fullnægja þörfinni, samkvæmt mati Félags heyrnarlausra og ráðuneytisins, vantar því 6 millj. kr. fyrir árið 2005 sem ríkisstjórnin samþykkti í morgun að gert yrði ráð fyrir í fjárlögum næsta árs. Miðað er við að árlega verði 10 millj. kr. varið á fjárlögum til þessarar þjónustu. Ég vil sérstaklega geta þess að ég átti nú fyrir klukkustund mjög ánægjulegan fund með formanni Félags heyrnarlausra, framkvæmdastjóra félagsins, lögmanni félagsins, ásamt forstöðumanni Samskiptamiðstöðvarinnar þar sem við fórum yfir þessi mál og ég met það svo að á þessum fundi hafi verið almenn ánægja með hvernig við höfum fundið úrlausn á akkúrat þessu efni. Vona ég, herra forseti, að með þessari ákvörðun hafi tekist með farsælum og varanlegum hætti að tryggja heyrnarlausum rétt til táknmálstúlkunar í daglegu lífi.

[13:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég segi ekki annað en að nú er ástæða til að fagna. Hæstv. menntamálaráðherra hefur gefið tímamótayfirlýsingu, yfirlýsingu sem við í þessum sal og ekki síður heyrnarlausir hafa beðið eftir að gefin yrði í tíu ár. Því er ekki ástæða til annars en þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir skörungsskapinn, að ganga í málið og fá ríkisstjórnina til að samþykkja að á næsta ári verði settar 10 millj. kr. í túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa. Ég segi fyrir mína hönd og okkar sem höfum barist í málefnum heyrnarlausra undanfarin ár að það var kominn tími til.

Þetta er skörulegur málflutningur og skörulega að verki staðið hjá hæstv. menntamálaráðherra. Hún er að sjálfsögðu búin að eyðileggja fyrir mér ræðuna. Það sem stendur á blaðinu er náttúrlega ekki viðeigandi því að þar voru aðeins skammir yfir seinagangi og doða ríkisstjórnarinnar í málefnum heyrnarlausra síðastliðin tíu ár. Það var ástæða til að skamma ríkisstjórnina fyrir fimm mínútum en ég segi: Guð láti gott á vita, hælum henni fyrir skörungsskapinn og tökum sameiginlega á málefnum heyrnarlausra sem eiga það skilið að málum þeirra verði kippt í liðinn í eitt skipti fyrir öll og þeir fái túlkaþjónustu sem heimilar þeim aðgang að heimi okkar sem erum heyrandi.

[13:48]

Dagný Jónsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir umræðuna. Eins og við vitum þá eru einangrun og hindranir heyrnarlausra afar miklar. Hlutverk tungumálsins er mikilvægt í daglegum samskiptum okkar. Það er erfitt til þess að hugsa að geta ekki stundað ýmsar athafnir í daglegu lífi vegna þess að enginn skilur mann og maður skilur engan.

Forsvarsmenn Félags heyrnarlausra hittu þingflokk Framsóknarflokksins í gær og skýrðu frá hugmyndum sínum um hvernig væri hægt að leysa úr brýnum vanda varðandi túlkaþjónustu. Mér þóttu kröfurnar hóflegar og afar vel unnar og fagna mjög ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar um að leggja til fjármagn í þetta mál.

Heyrnarlausir eiga rétt á að vera fullgildir þátttakendur í samfélaginu. Stjórnvöld vinna að því með því útspili sem hæstv. menntamálaráðherra kynnti áðan. Án efa mun aukin túlkaþjónusta skila þjóðfélaginu öllu auknum ávinningi.

Ég vil af þessu tilefni hvetja stofnanir og fyrirtæki í landinu til að huga frekar að þörfum heyrnarlausra með því að senda starfsmenn, jafnvel bara starfsmann, á námskeið til að læra táknmál. Ég held að slíkt mundi fljótt vinda upp á sig með aukinni þjónustu fyrir heyrnarlausa.

[13:49]

Gunnar Örlygsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. Það er heldur betur búið að eyðileggja fyrir manni ræðuna en það voru afar góð tíðindi sem komu í máli hæstv. menntamálaráðherra.

Ég vil þó bæta því við að alltaf má gera gott betra. Fleiri málefni heyrnarlausra þurfa athugunar og skoðunar við. Þar ber kannski fyrst að nefna textun, þingmál sem við í Frjálslynda flokknum höfum lagt fyrir Alþingi áður og munum gera aftur í haust.

Það skiptir hins vegar afskaplega miklu máli, varðandi hinar góðu fréttir hæstv. menntamálaráðherra, að eftirfylgnin verði til staðar. Það verður að tryggja að þessum fjármunum verði vel varið, að heyrnarlausir fái félagslega túlkun þegar svo ber undir. Hér séu ekki bara orðin tóm og slæleg vinnubrögð sem ég veit að verða ekki en ég ítreka að eftirfylgnin verður að vera fyrir hendi til að tryggja að fjármunirnir fari inn á góðar brautir.

[13:51]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Barátta heyrnarlausra fyrir rétti sínum hefur vakið athygli og árangurinn er ekki síður eftirtektarverður. Það má glöggt sjá í skýrslu sem menntamálaráðuneytið gaf út í mars 2000 um réttarstöðu heyrnarlausra. Þar kemur fram að réttarstaða heyrnarlausra er svipuð hér á landi og á öðrum Norðurlöndum hvað varðar rétt til túlkaþjónustu í samskiptum við hið opinbera í heilbrigðiskerfinu, gagnvart dómstólum og í menntakerfinu.

Samkvæmt skýrslunni vantar hins vegar fólk til að sinna túlkaþjónustu. En það hefur breyst. Á þessu og næsta ári er áætlað að 16 táknmálstúlkar útskrifist frá Háskóla Íslands og um 30 manns hófu nám í greininni í haust.

Margt hefur áunnist á síðustu árum í málefnum heyrnarlausra. Þannig voru lög um Heyrnar- og talmeinastöðina endurskoðuð á síðasta kjörtímabili. Stofnunin hefur verið styrkt verulega og henni hafa verið fengin aukin verkefni. Kvartanir um biðlista eftir heyrnartækjum heyra nú sögunni til. Á síðasta ári var sett ný reglugerð sem bætir hag þeirra sem þurfa að nota heyrnartæki, greiðslur voru hækkaðar og nýr réttur myndaður, t.d. gagnvart þeim sem fara í kuðungsígræðslu. Þingsályktun um textun í sjónvarpi var samþykkt á árinu 2001 og aukið fjármagn sett í verkefnið.

Tvö framfaramál standa þó upp úr á síðustu árum, virðulegi forseti. Annars vegar þau þáttaskil á árinu 1999 þegar heyrnarlausir sem falla undir táknmálsumhverfið fengu viðurkenningu á að þeir voru metnir til 75% örorku í stað 50% áður. Þessi réttarbót hefur verið heyrnarlausum

mikils virði og skapað þeim meira sjálfstæði og betri lífsgæði en þeir áttu áður kost á. Hins vegar er sú bylting er viðurkenndur var réttur grunn- og framhaldsskólanema til að öðlast menntun á táknmáli heyrnarlausra og fá aðstoð túlka í námi. Krafa heyrnarlausra nú um fjárhagslegan stuðning er rökrétt framhald af þessum réttarbótum. Við hljótum að fagna yfirlýsingu hæstv. menntamálaráðherra í dag sem lýsir skilningi á þörfum þessa fólks. Ég vil nota tækifærið og óska samfélagi heyrnarlausra til hamingju með árangurinn.

[13:53]

Ögmundur Jónasson:

Herra forseti. Ég vil taka þátt í fagnaðarlátunum. Heyrnarlausum hefur tekist það sem okkur tekst ekki mjög oft í þessum sal, þ.e. að virkja velvilja ríkisstjórnarinnar. Það er nokkuð djúpt á honum allt of oft. En það er mikilvægt að horfa til þess sem er gott hjá okkar í málefnum heyrnarlausra. Þá er fyrst á það að líta að við höfum góðan grunn að byggja á.

Réttindi heyrnarlausra heyra undir menntamálaráðuneytið en í því felst mikilvægur vísir að viðurkenningu á táknmáli sem móðurmáli heyrnarlausra. Í námskrá grunnskóla er þeirri hugsun fylgt eftir. Þar segir að heyrnarlaust barn skuli læra táknmál og síðan íslensku á grundvelli þess.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu er einnig skilgreindur réttur til tjáningar á eigin máli en síðan ekki söguna meir í landslögum. Samfélagið viðurkennir skyldur sínar með ýmsum hætti. Samskiptamiðstöðin var mjög mikilvægur áfangi á sínum tíma og kennsla við Háskóla Íslands einnig. Framhaldsskólar, Kennaraháskólinn og Háskóli Íslands axla að fullu eða að hluta ábyrgð sína og skyldur gagnvart nemendum. Sama gildir um sveitarfélög en allt er þetta háð geðþótta. Réttur hins heyrnarlausa er t.d. ekki sá sami í Reykjavík og Garðabæ, svo dæmi sé tekið.

Fyrsta atriðið sem ég vil leggja áherslu á er að hinn lagalega rétt þarf að tryggja á öllum stigum. Ekki er nóg að tryggja rétt heyrnarlauss barns í grunnskóla. Það þarf einnig að tryggja réttinn og þjálfunina á fyrstu aldursárunum áður en barnið kemst á það skólastig. Við höfum grunninn og nú þarf að gera að því gangskör að byggja betur á honum. Það styðjum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði heils hugar.

Síðan er hitt, að tryggja rétt hins heyrnarlausa utan stofnana hins opinbera. Hvað er átt við með því? Jú, það er að gera heyrnarlausu fólki kleift að taka þátt í daglegu lífi, kaupa sér íbúð, tala við lögfræðing, fara á námskeið, taka þátt í fermingarveislu eða sækja AA-fundi ef þörf er á slíku. Það er að því sem þetta sérstaka átak sem nú á að hrinda af stokkunum beinist. Ég fagna því að þessir peningar skuli reiddir fram og legg áherslu á að barátta heyrnarlausra og það sem við erum að fást við hér lýtur að mannréttindum.

[13:55]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa umræðu. Það þarf ekki að fjölyrða um þær aðstæður sem heyrnarlausir hafa búið við og telja verður óviðunandi. Þær hafa m.a. gert það að verkum að þeir geta ekki tekið þátt í daglegu lífi eins og þeir eiga rétt til og við viljum að þeir geri. Ég nefni sem dæmi að það er ekki gott að heyrnarlausir foreldrar geti ekki sótt foreldrafundi í skólum barna sinna og rekið önnur erindi sem borgarar í þjóðfélaginu þurfa að sinna vegna þess að þeir fái ekki nauðsynlega túlkaþjónustu.

Ég fagna því frumkvæði sem Félag heyrnarlausra sýndi með því að leggja fram þær hugmyndir sem menntamálaráðherra hefur lýst yfir að muni koma til framkvæmda. Ég lýsi ánægju með meðhöndlun ríkisstjórnarinnar á þessu máli. Það að veita 10 millj. kr. á fjárlögum til þessa málaflokks er talið nægja til að bæta úr brýnni þörf heyrnarlausra fyrir táknmálstúlkun við helstu athafnir daglegs lífs og því ber auðvitað að fagna.

Ég get líka lýst því að sem formaður fjárlaganefndar mun ég beita mér fyrir því að ósk ríkisstjórnarinnar um þessa fjárheimild í fjárlögum næsta árs verði vel tekið og hún fái sinn stað í fjárlögum. Ég tek undir það sem aðrir hv. þingmenn hafa sagt og óska auðvitað heyrnarlausum til hamingju með árangurinn og tel að hann sé okkur öllum til sóma.

[13:57]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Túlkun fyrir heyrnarlausa er málefni sem hefur verið í miklum ólestri. Það er í raun til vansa fyrir okkar ríka velferðarþjóðfélag að heyrnarlausir skuli hafa verið jafnutanveltu og raun ber vitni. Þessi þögli hópur sem telur aðeins um 1 prómill þjóðarinnar hefur löngum sýnt mikla þolinmæði. Það er ekki hægt að segja að hann hafi haldið uppi miklum kröfum gegnum tíðina. Þetta fólk hefur borið fötlun sína af æðruleysi, ekki kvartað heldur beitt kröftum sínum að því að standa sína plikt sem nýtir og ábyrgir þjóðfélagsþegnar. Í ljósi þessa hefur manni sviðið að verða þess áskynja að heyrnarskert og heyrnarlaust fólk mætir ósýnilegum múrum sem gera því erfitt fyrir í daglegu lífi og það að tilefnislausu.

Hvernig má það vera að heyrnarlausum hafi verið gert að borga sjálfir fyrir jafnsjálfsagða hluti og að eiga orðaskipti við vinnuveitendur þegar þeir eru í atvinnuleit, að þurfa að greiða fyrir að geta tjáð sig þegar þeir leita læknisaðstoðar eða þegar þeir kaupa eða leigja fasteignir eða annað sem er nauðsynlegt hverjum og einum?

Hvernig stendur á því að það er ekki hægt að texta fréttir sjónvarps sem eru allar fluttar samkvæmt handriti eða því sem næst? Hvers vegna er ekki hægt að texta þetta efni? Af hverju er ekki hægt að hafa táknmálstúlka til staðar við mikilvægar umræður á Alþingi eða texta t.d. eldhúsdagsumræður sem langflestir þingmenn flytja eftir skrifuðu handriti?

Hvers vegna í ósköpunum var ekki hægt að hafa táknmálstúlk til staðar í sal Alþingis við þessar umræður sem sendar eru beint út í gegnum þessa myndavél á veggnum? Hvers vegna var það ekki hægt? Þetta hefði átt að vera sjálfsagður hlutur. Við vitum að heyrnarlausir eru að horfa á sjónvarpið núna en þeir heyra því miður ekki.

Það ber að fagna ræðu hæstv. menntamálaráðherra áðan. Geta skal þess sem gott er, að sjálfsögðu. En við megum

ekki gleyma því að margt er enn þá ógert í málum heyrnarlausra og við í þingflokki Frjálslynda flokksins munum að sjálfsögðu beita okkur í þeim málum á þinginu sem nú fer í hönd.

[13:59]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ótrúlegur ferill langrar baráttu sem háttvirtur málshefjandi, Rannveig Guðmundsdóttir, rakti áðan í ræðu sinni.

Landsmenn hafa reglulega verið minntir á það hve málefni heyrnarskertra og heyrnarlausra eru í miklum ólestri. Síðasta vor hékk kennsla í táknmálstúlkun við Háskóla Íslands á bláþræði vegna fjárskorts og nú síðast átti að neita þessum sérstaka hópi fatlaða, heyrnarlausum, um sjálfsagða þjónustu í daglegu lífi.

Það er auðvelt að setja sig í spor foreldris sem þarf að fara með barnið sitt til tannlæknis eða læknis og er bannað að útskýra fyrir barninu hvað er verið að gera við það og hvers vegna. Samtöl milli foreldris og læknis eru bönnuð. Þannig eru aðstæður heyrnarlausra foreldra. Eða að mæta á foreldrafundi og sitja þegjandi með kennaranum þann tíma sem úthlutað er. Þetta eru aðstæðurnar sem fólk hefur verið sett í með nýlegum úrskurði menntamálaráðuneytisins um að heyrnarlausir ættu ekki rétt á endurgjaldslausri túlkaþjónustu í daglegu lífi. En það er gott þegar barátta ber árangur og fólk sér sig um hönd eins og menntamálaráðherra hefur nú gert.

Virðulegi forseti. Við erum ekki að tala um mikið fjármagn til að koma þessum málefnum í sæmilegt horf. Léleg þjónusta við heyrnarskerta er skammarblettur sem tími var kominn til að þveginn yrði af samfélagi sem vill kenna sig við jafnrétti og velferð.

Samfylkingin fór fram á að þessi fundur yrði túlkaður á táknmáli en vegna höfnunar hæstv. forseta missa heyrnarlausir og heyrnarskertir af því að njóta hinna gleðilegu tíðinda sem hæstv. menntamálaráðherra flutti okkur áðan beint í sjónvarpið. Ég vil nota tímann til að óska fötluðum og heyrnarlausum til hamingju með árangurinn af baráttu þeirra.

[14:02]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi. Einnig ber að þakka hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórn fyrir þær fregnir sem okkur hafa verið boðaðar í þingsalnum í dag.

Í samfélagi okkar hefur orðið umtalsverð aukning á fjármunum til þessa málaflokks og annarra sambærilegra. Það er vel enda er okkur kappsmál að geta búið sem best að þeim einstaklingum sem hafa skerta möguleika til tjáningar. Þessum einstaklingum þarf þjóðfélagið að koma til hjálpar eftir því sem kostur er þannig að þeir fái notið sín í samfélaginu og geti um leið lagt sitt af mörkum til framgangs samfélagsins. Taka verður tillit til búsetu þannig að allir einstaklingar búi við sömu aðstæður hvað þennan málaflokk varðar.

Brýnt er að samstarf og samhæfing sé milli þeirra ráðuneyta, sveitarfélaga, stofnana og annarra sem verkefninu sinna þannig að tryggt sé að þeir fjármunir sem til málaflokksins fara nýtist sem allra best. Ég vil velta því upp hvort ekki kunni að vera rétt að hafa einmitt samstarf milli þessara aðila og þeirra sem þurfa á táknmálstúlkun að halda um framgang málsins þannig að læra megi af þeirri reynslu sem skapast mun á næstu árum. Ég tel að þetta sé upphaf að annarri og meiri framtíð hvað þennan málaflokk varðar.

[14:03]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Afskaplega er ég ánægð með útkomuna úr þessari utandagskrárumræðu. Ég er varla farin að átta mig á yfirlýsingu ráðherra í dag eftir að hafa komið svo oft í þennan ræðustól í fyrirspurnum og utandagskrárumræðu um nákvæmlega þetta mál.

Öfugt við hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur ætla ég ekki að hæla ríkisstjórninni. Þessi sama ríkisstjórn hefur dregið lappirnar í áratug eða meira. En Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra fær mörg prik hjá mér. Ég fagna innilega þessari niðurstöðu og gleðst með Félagi heyrnarlausra, yfir þeirri yfirlýsingu sem gefin var í dag. Ég tek yfirlýsingu ráðherrans þannig að réttaróvissu verði eytt, að þarfir fyrir táknmálsþjónustu verði skilgreindar og reglur settar sem una má við. Ég treysti því að við þingmenn þurfum hvorki að koma með fyrirspurnir né utandagskrárumræður um þetta mál á komandi árum. Þá er mikill ávinningur af þeim umræðum sem hafa átt sér stað.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þú ert maður dagsins. Takk fyrir þig í dag og til hamingju öll.

[14:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi að mér þykir vænt um að heyra hin hlýju orð, bæði frá málshefjanda og öðrum þingmönnum. Þetta er greinilega málefni sem skiptir alla máli. Þetta er stór dagur og stórt skref í réttindabaráttu heyrnarlausra og það er greinilegt að þetta mál er flestum og öllum kært hér inni, meðan aðrir sáu sér ekki annars úrkosta en að drífa sig úr salnum fyrst ekki voru not fyrir fúkyrðaflauminn sem menn höfðu greinilega búið sig undir.

Ég vil undirstrika að það var ríkisstjórnin öll sem stóð að þessu. Það getur vel verið að við höfum tekið langan tíma í að skoða málið en það hafa einnig komið mörg og merkileg skref út úr niðurstöðum þeirrar nefndar sem skoðaði málið og hefur skilað af sér. Nánari skoðun er ekki alltaf neikvæð og margt gott hefur skilað sér inn í kerfið sem slíkt.

Ég vil undirstrika það sem ég sagði áðan, að þetta er ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Hún samþykkti tillögu mína þannig að það er ríkisstjórnin sem stendur að þessu með mér og auðvitað þinginu. Ég vil ítreka að við áttum þennan fund áðan. Við erum þegar byrjuð að vinna að því að leggja grófar línur um hvernig við komum til með að skipuleggja þetta, haga reglugerðinni og orðalagi í henni. Sú vinna er hafin með hinum ágætu forsvarsmönnum Félags heyrnarlausra og lögmanni þess félags. Það er búið að tryggja tákn-

málstúlkun fyrir heyrnarlausa í daglegu lífi með varanlegum hætti.

[14:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni, ræðum tveggja hv. þingmanna Samfylkingarinnar, tel ég rétt að lesa bréf sem mér barst í morgun. Það er dagsett í gær, 11. október 2004.

„Þingflokkur Samfylkingarinnar fer hér með fram á við forseta að við umræður utan dagskrár um túlkaþjónustu þriðjudaginn 12. október 2004 verði táknmálstúlk leyft að standa við hlið ræðupúlts og túlka orð ræðumanna á táknmáli meðan á umræðunni stendur. Þannig komast ræður þingmanna til skila, ekki eingöngu á þingpalla heldur líka til þeirra sem fylgjast með umræðu í sjónvarpi.

Þingflokkur Samfylkingarinnar mun að sjálfsögðu greiða fyrir þessa þjónustu og meðan slíkt er ekki á fjárlögum Alþingis."

Undir bréfið ritar fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar Margrét Frímannsdóttir, formaður þingflokksins.

Ég vil af þessu tilefni taka fram að að sjálfsögðu voru ekki tök á að verða við slíkri beiðni sem barst svo seint. Slík umræða verður að vera vel undirbúin. Nauðsynlegt er að ræða hana við formenn þingflokka og jafnræði verður að vera á milli flokka. Það er jafnframt nauðsynlegt að einstakir ræðumenn sem taka þátt í slíkri umræðu hafi tækifæri til að kynna mál sitt fyrir þeim túlkum sem mundu vilja túlka mál þeirra.

Á hinn bóginn hef ég af þessu tilefni tekið ákvörðun um að athugun verði gerð á því hvað það mundi kosta að umræður á Alþingi yrðu túlkaðar á táknmál. Jafnframt hef ég tekið ákvörðun um athuga hvernig best yrði fyrir komið í framtíðinni ef umræður yrðu túlkaðar jafnharðan.

Ég ítreka það sem ég sagði áður, að slíkt nýmæli þarfnast góðs undirbúnings. Ég vil líka ítreka það sem ég sagði, að jafnræði verður að vera milli flokka þegar slíkar umræður eru túlkaðar með þessum óvanalega hætti. Rétt er að þær séu kynntar rækilega áður.

Við höfum lagt áherslu á það á Alþingi að reyna að standa vel að málefnum fatlaðra eftir því sem þessi gömlu húsakynni leyfa. Hugmyndin er að fylgja því eftir í framtíðinni.

[14:10]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég harma auðvitað að ekki var hægt að verða við erindi Samfylkingarinnar um að túlka umræðuna sem hér fór fram. Hún var ákveðin í gær, var tímasett í gær og við sendum í gær bréf í tölvupósti þar sem við fórum fram á að hér yrði túlkur. Þar ætluðum við að sjálfsögðu að sjá til að allir flokkar nytu jafnræðis og allar ræður yrðu túlkaðar. Okkur var það mikið í mun að koma þessari umræðu til skila, til þeirra sem hlut eiga að máli, horfa á sjónvarp en geta ekki skynjað það sem fram fer.

Niðurstaðan á fundi forseta þingsins var að hafna þessari beiðni en ég fagna því að bréfið verður þó til þess að gerð verður athugun, eins og hæstv. forseti boðaði, á að veita þessa þjónustu. Bréf okkar hefur þó orðið til að málið verði tekið upp. Ég fagna því og mun að sjálfsögðu ræða það í hópi þingflokksformanna og á fundum með forseta.

Ég vil, virðulegi forseti, nota tækifærið til að óska hæstv. menntamálaráðherra til hamingju með daginn og ákvörðunina.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 6. mál (matvörur). — Þskj. 6.

[14:11]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir breytingu á lögum um virðisaukaskatt sem, ef samþykkt verður, mun leiða til þess að matarreikningur íslenskra heimila lækkar um 5 milljarða kr. Þetta mál hefur átt hljómgrunn í nánast öllum flokkum á hinu háa Alþingi með einni undantekningu. Mér er sagt frá því, herra forseti, opinberlega af sjálfum hæstv. fjármálaráðherra, að það hafi ekki verið hægt að ráðast í skattalækkun af þessu tagi vegna þess að Framsóknarflokkurinn, flokkur hæstv. forsætisráðherra, hafi séð á því tæknilega annmarka. Af því að einn af fulltrúum og talsmönnum Framsóknarflokksins gengur í salinn, hv. þm. Dagný Jónsdóttir, talsmaður flokksins í efnahags- og viðskiptanefnd, þá veit ég að hún mun skýra út fyrir þingheimi hvað veldur því að Framsóknarflokkurinn treystir sér ekki til að ráðast í þessa sjálfsögðu skattalækkun.

Samfylkingin hefur lagt fram mjög ítarlega stefnu varðandi skattamál. Fulltrúar flokksins í fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd hafa unnið mjög gott og þarft verk við að undirbyggja þá stefnu. Það má segja, herra forseti, að kjarninn í þeirri stefnu sé þríþættur. Í fyrsta lagi telur Samfylkingin að það eigi ekki að ráðast í neins konar skattalækkanir ef þær hafa í för með sér niðurskurð á hinu félagslega velferðarkerfi, menntakerfi og heilbrigðisþjónustu. Í öðru lagi teljum við að ef það er svigrúm til skattalækkana þá eigi að nota það til að byrja á að lækka matarskattinn, nota svigrúmið til þess að draga úr dýrtíðinni á íslenskum matvælum. Í þriðja lagi teljum við að það eigi að ráðast í að afnema stimpilgjöld, ekki síst til að aðstoða þá fjölmörgu Íslendinga sem um þessar mundir vilja notfæra sér jákvæðar breytingar á lánamarkaði til að endurfjármagna húsnæðislán sín og þurfa að greiða hundruð þúsunda króna í stimpilgjöld. Þetta er kjarninn í skattastefnu Samfylkingarinnar. Ég mæli fyrir því sem við getum kallað oddamálið í þessari stefnu, þ.e. lækkun matarskattsins.

Það má segja að í stefnu okkar birtist skýrt munurinn á annars vegar skattastefnu Samfylkingarinnar, sem byggir á jöfnuði, og hins vegar skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Reyndar eru ríkisstjórnin og Samfylkingin sammála um að á næstu missirum muni skapast svigrúm til skattalækkana. Við teljum að ef vel tekst til við stjórn efnahagslífsins og ef ríkisstjórnin ber gæfu til þess að hlíta aðvörunarorðum verkalýðshreyfingar og stjórnarandstöðu varðandi tiltekna þætti muni þetta svigrúm skapast. Við viljum nota þetta svigrúm til að byrja á að lækka skatta með þeim hætti að þeir fái mest sem minnst hafa, að þeir fái langmest sem í dag búa við að þurfa að framfleyta sér af bótum almannatryggingakerfisins. Þá bíður okkur það verkefni að reyna að

finna aðgerðir til að lækka skatta sem uppfylla þessar forsendur okkar jafnaðarmanna.

Við höfum komist að þeirri niðurstöðu að besta og líklegasta leiðin til þess að ná þessum árangri, ná þessu markmiði, sé að lækka matarskattinn. Það er alveg sama hver staða manna í samfélaginu er, allir þurfa að verja hluta af ráðstöfunartekjum sínum til þess að kaupa sér það sem við getum skilgreint sem brýnar nauðþurftir. Allir þurfa að kaupa sér kjöt, mjólk, grænmeti, fisk, brauð, mjölvöru. Enginn getur komist hjá því að eyða töluverðum hluta af tekjum sínum í nauðþurftir af þessu tagi. Eftir því sem menn hafa lægri og minni ráðstöfunartekjur hækkar það hlutfall að öllum líkindum sem þeir þurfa að verja til þessara nauðþurfta.

Ef það tekst að lækka matarverð er um leið verið að hjálpa þeim hlutfallslega mest sem hafa minnstar ráðstöfunartekjur. Þess vegna segjum við að röðin eigi að vera þessi: Það á að byrja á að lækka matarskattinn, það á að afnema stimpilgjöld og síðan skulum við velta því fyrir okkur hvernig heppilegt sé að ráðast í lækkun á tekjuskattinum. Það er hugsanlegt að sú leið sé fær sem ríkisstjórnin hefur lagt til, þ.e. að lækka skattprósentuna. Það er líka hugsanlegt að betra sé að verja því fjármagni sem til þess fer til að hækka skattfrelsismörkin. Það eru ýmsar leiðir til í þessu og Samfylkingin er alveg reiðubúin í umræðu um þær. En við teljum að á þessu augnabliki eigi að nota svigrúmið til þess að fara þessa leið.

Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að efnahagsstefnan sem birtist í fjárlagafrumvarpinu sem ríkisstjórnin hefur nýlega lagt fram hefur verið harðlega gagnrýnd af verkalýðshreyfingunni. Það hafa komið fram andmæli við henni frá öllum hlutum verkalýðshreyfingarinnar. Alþýðusamband Íslands hefur núna á allra síðustu dögum gengið fram fyrir skjöldu og sett formlega fram ákaflega harðorð mótmæli. ASÍ hefur beinlínis sagt að hluti af þeirri efnahagsstjórn sem birtist í frumvarpinu — tekin er sérstaklega fram sú leið sem farin er varðandi skattalækkanir — verki eins og verið sé að hella olíu á eld. Það hlýtur að vera þannig, herra forseti, að þegar Alþýðusamband Íslands og reyndar verkalýðshreyfingin öll talar með þessum hætti að menn staldri a.m.k. við og hlusti.

Í þeirri harðorðu mótmælaályktun sem miðstjórn Alþýðusambandsins samþykkti á dögunum var sérstaklega tekið fram að tryggja þyrfti betur en gert væri í fjárlagafrumvarpinu að skattalækkanir skiluðu sér til þeirra sem mest þyrftu á þeim að halda. Staðreyndin er því miður sú að það gerist ekki í fjárlagafrumvarpinu sem núna liggur fyrir hinu háa Alþingi. Við í Samfylkingunni höfum t.d. sýnt fram á það, og það hefur ekki verið hrakið með neinum rökum og ekki neinar tilraunir verið gerðar til þess að andmæla því af hálfu stjórnarliða, að obbinn af þeim fjárhæðum sem verja á til þess að lækka tekjuskatt fer til þeirra sem hafa mest fyrir, þ.e. um það bil 2,5 milljarðar sem á að kosta til skattalækkana fara í vasa þess fjórðungs sem hefur mestar tekjur.

Við höfum sett fram ákaflega sláandi dæmi til þess að skýra þetta. Grunnskólakennarinn sem er í verkfalli fær í skattalækkun á mánuði sem svarar til tæplega einum bleyjupakka. Milljónkrónamaðurinn fær á hverjum mánuði sem svarar til einnar utanlandsferðar í skattalækkun frá ríkisstjórninni. Ofurforstjórinn mun fá miklu meira en þetta, herra forseti. Því er alveg ljóst, samkvæmt því sem liggur fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar, að verið er að fara ranga leið að því er við í Samfylkingunni teljum.

Ég vek eftirtekt á því að fyrir síðustu kosningar var ákveðinn samhljómur hvað þetta varðaði millum Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn taldi líka í kosningabaráttu sinni að þetta væri leið sem ætti að skoða til þrautar vegna þess að með þessum hætti væri verið að koma fram skattalækkunum sem kæmu þeim best sem þyrftu mest á að halda og ykju kaupmátt þeirra því meira en annarra og það var auðvitað guðsþakkarvert að annar stjórnmálaflokkur en bara við í stjórnarandstöðunni skyldi tala með þessum hætti.

Lækkun matarverðs hefur verið á dagskrá Samfylkingarinnar og reyndar annarra stjórnmálaflokka ákaflega lengi. Því miður er það staðreynd að dýrtíð á íslenskum matvælum er einhver sú mesta í heimi. Fyrir skömmu voru lagðar hér fram upplýsingar í þingmáli sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir var 1. flutningsmaður að, þar sem reifaðar voru niðurstöður könnunar sem norska hagstofan hafði gert, ég hygg árið 2000, á matvælaverði innan ýmissa landa Evrópusambandsins og landa utan þess. Það kom í ljós að matarverð á Íslandi var 69% hærra að meðaltali en viðmiðunarlanda innan Evrópusambandsins. Reyndar kom líka í ljós að að því er varðar matarverð í Noregi þá er munurinn 62%. Það var auðvitað sláandi að þessi tvö lönd standa utan Evrópusambandsins. Við höfum nú sagt það í Samfylkingunni að ein leiðin til þess að lækka matarverð á Íslandi væri að Ísland yrði fullgildur aðili að Evrópusambandinu, en ég ætla ekki út í þá umræðu núna.

Ég ætla hins vegar að rifja það upp að þingsályktunartillaga hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og félaga var samþykkt. Hún fól í sér úttekt Hagfræðistofnunar á orsökum hás matarverðs á Íslandi. Það kom í ljós að ein helsta orsökin var einmitt sú háa skattlagning sem er á matvælum hér á landi. Ein leið, ef efndir eiga að fylgja orðum og hugur máli, til þess að lækka matarverð er að skoða hvernig hægt sé að lækka opinber gjöld á matvælum.

Á sínum tíma þegar núverandi kerfi var komið á fót stóðu hér harðar deilur um matarskattinn og það hugtak spannst raunar út úr þeim umræðum. Þá ákváðu menn, til þess að koma til móts við þá sem helst þurftu á liðsinni að halda, að hafa tvö þrep í virðisaukaskatti. Í reynd má segja að núna sé kerfið byggt upp á þremur þrepum. Hin almenna regla er sú að virðisaukaskatturinn sé 24,5%. En það kemur jafnframt fram að ákveðnar vörur og reyndar fjölmargir flokkar varnings og þjónustu eru undanskildir þeim skatti og bera þess vegna í reynd 0% skatt. Jafnframt fóru menn þá leið að búa til sérstakt þrep sem hafði einungis 14% virðisaukaskatt. Í þetta þrep settu menn þær brýnu nauðþurftir sem ég rakti áðan. Þær eru reyndar allar raktar í fylgiskjali með þessu frumvarpi hérna. En við teljum að ganga þurfi lengra í þessu efni og erum þess vegna þeirrar skoðunar að nota eigi svigrúmið sem er að skapast til skattalækkana til þess að lækka þetta lægra virðisaukaskattsþrep úr 14% niður í 7%.

Nú vil ég geta þess líka að í viðkomandi lagagrein virð-

isaukaskattslaganna eru taldir upp nokkrir aðrir flokkar þjónustu sem falla ekki beinlínis undir lífsnauðsynjar matvælakyns og eru þarna líka í 14%. Það er okkar tillaga að þeir fylgi þessari lækkun ef frumvarpið verður samþykkt. Ástæðan er ekki síst sú að við höfum hlustað á það sem sumir menn hafa sagt, m.a. hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, um nauðsyn þess að gera ekkert sem flækir kerfið. Það væri of í lagt að búa til fjögur þrep sem hefði þó orðið ef það sem er núna í lægra virðisaukaskattsþrepinu hefði ekki allt verið látið fylgjast að.

Herra forseti. Ef þetta frumvarp verður samþykkt þá mun það lækka matarreikning Íslendinga um ríflega 5 milljarða kr. Við teljum að svigrúm sé að skapast til þess og teljum að þetta sé heppilegasta form skattalækkana á þessu stigi.

[14:25]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða afskaplega mikilvægt mál í dag, frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. 1. flutningsmaður er Össur Skarphéðinsson formaður Samfylkingarinnar. Meðflutningsmenn hans eru allir þingmenn Samfylkingarinnar. Frumvarpið fjallar um að lækka virðisaukaskatt á matvælum úr 14% í 7%.

Eins og fram kom í ræðu hv. þingmanns þá vill Samfylkingin lækka matarverðið og hefur haldið því til streitu nú í allnokkur ár, a.m.k. í fjögur og á fimmta ár. Með því frumvarpi sem mælt hefur verið fyrir kemur fram að Samfylkingin vill lækka matarútgjöld heimilanna um 5 milljarða kr. Samfylkingin vill lækka matarútgjöld heimilanna um 5 milljarða kr. á meðan ríkisstjórnin vill deila þessum 5 milljörðum kr. út í skattalækkunum sem koma fólki með góðar tekjur og sem býr við góðan hag fyrst og fremst til góða.

Samfylkingin hefur vakið athygli á háu matarverði hérlendis með upplýsingum, þ.e. vönduðum samanburði á matarverði á Norðurlöndum sem var upphaf þessa máls. Samkvæmt samþykktri tillögu frá okkur í Samfylkingunni á Alþingi vann Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skýrslu um matarverð fyrir fyrrverandi forsætisráðherra. Hún var lögð fram á Alþingi síðasta vor. Samfylkingin vill að það svigrúm sem nú gefst til skattalækkana verði notað þannig að það komi sem flestum til góða. Þess vegna leggjum við til lækkun á virðisaukaskatti á matvælum og teljum að það sé breyting á skattlagningu sem bæti hag allra, líka þeirra sem greiða lítinn skatt eða engan tekjuskatt. Þetta mun þá lækka matarverð sem er gífurlegt hagsmunamál allra fjölskyldna, líka þeirra sem eru með lágar tekjur eða bera jafnvel engan skatt. Ekki síst er þetta mikið hagsmunamál fyrir barnmargar fjölskyldur í landinu.

Ég vil líka vekja athygli á öðru mjög þýðingarmiklu atriði sem felst í þessu frumvarpi. Það er að lækkað matarverð mun hafa áhrif á vísitölu neysluverðs. Matur og drykkur vega 15% í neysluvísitölunni og það er neysluvísitalan sem ákveður verðtrygginguna, verðtrygginguna sem fyrst og fremst er að hækka hjá okkur lánin og heimilisútgjöldin í hvert einasta skipti sem vart verður einhverrar þenslu, þessa verðtryggingu sem er óttinn stóri sem fylgir miklum hagvexti og þenslu. Og nú er því spáð að verðtrygging muni aukast með þeim breytingum sem fram undan eru.

Hvað ætli það þýði að 15% af neysluvísitölunni ákvarðast af mat og drykk? Það hef ég kannað hjá Hagstofu Íslands. Hún reiknaði það út í október í fyrra — það getur vel verið að það muni einhverju smávegis, en væntanlega ekki til lækkunar — hvaða áhrif yrðu af því að lækka virðisaukaskatt á matvælum úr 14% í 7%. Niðurstaðan er að áhrifin yrðu um það bil 0,7–0,8% lækkun á vísitölunni.

Menn búast jafnvel við því að verðbólgan geti orðið 2,8% t.d. á þessu ári. Við því er búist að hún sé að fara upp í 3%. Vonandi fer hún ekki miklu hærra en það af því að núorðið gerum við okkur grein fyrir að 3% verðbólga er há verðbólga. Í stað þess að verðbólgan yrði t.d. 2,8% þá yrði hún eingöngu 2% með samþykkt þessarar tillögu. Þá væri ekki verið að „juksa" eða fimbulfamba neitt með hlutina. Það væri afleiðing af stjórnaraðgerð sem væri á þann veg að í stað þess að fara í almennar skattalækkanir sem nýtast fyrst og fremst sérstökum hagsmunahópum þá kæmum við til móts við fjölskyldurnar í landinu með afgerandi hætti og um leið hefði það áhrif á verðtrygginguna.

Með tillögunni er Samfylkingin að undirstrika að hún vill ekki fara leið ríkisstjórnarinnar. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór um það mörgum orðum í fyrstu ræðu sinni á þinginu í haust hvaða afleiðingar og hvaða hópa sú tillaga ríkisstjórnarinnar hitti fyrir. Fram kom í máli Jóhönnu Sigurðardóttur, hv. þm. Samfylkingarinnar, að af þeim 5 milljörðum sem ríkisstjórnin ætlar að verja til skattalækkana með sínum hætti, mundi um 25% fara til tekjuhæstu skattgreiðendanna og nánast ekkert til þeirra 25% í hópi þeirra tekjulægstu, en helmingurinn, 2,5 milljarðar, í vasa 25% tekjuhæstu.

Bara þetta tvennt, tillaga Samfylkingarinnar um að lækka skatta á matvæli úr 14% í 7% og verja til þess 5 milljörðum og hafa áhrif á verðtrygginguna, verðbætur lána, dýrtíðina og allt sem því fylgir og bera hana saman við leið ríkisstjórnarinnar sem ætlar með þessum hætti að flytja helminginn, 2,5 milljarða, í vasa 25% tekjuhæstu skattgreiðendanna er áhrifaríkt og hrópandi dæmi um mismuninn á þessum tveimur flokkum.

Það kom líka fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að þeir ríkustu mundu greiða einungis 12% af heildartekjum sínum til samfélagsins á þessu ári á meðan fólk með lágar tekjur og meðaltekjur greiðir af heildartekjum sínum að meðaltali 25%–27%. Þá segja forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar: Já, en það er eðlilegt. Eðlilega er skattalækkun að koma þeim sem eru með hærri tekjur og háa skatta meira til góða en hinum tekjulægri.

Það undirstrikar einnig stefnu núverandi ríkisstjórnar, að það fjármagn sem hún vill að renni til hagsbóta heimilunum í landinu rati í réttu vasana að eigin mati. Þetta finnst mér mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að draga fram og árétta og þessu munum við í Samfylkingunni halda á lofti hvar sem við komum og höfum tækifæri til að bera fram viðhorf og stefnur stóru flokkanna á Alþingi.

Það er ótrúlega þungt í vöfum að halda uppi faglegri umræðu á Alþingi um matarverðið. Ríkisstjórnin hefur um árabil þráast við að horfast í augu við dýran mat á Íslandi. Eftir að hafa fengið samanburð á matvælavísitölu Norður-

landanna í áratug og skoða mismunandi þróun hennar var unnt að kanna samanburð á matarverði á sama tíma og skoða hvað sá samanburður sagði til um þróun verðlags, vegna þess að það nægir ekki að bera saman matvælavísitölur þessara landa og segja: Þessi vísitala er hærri og þessi lægri. Skoða þarf hvernig matarverðssamanburðurinn var á tilteknum tíma eins og við gerðum í upphafi síðasta áratugar og hvernig matarverðið hafði þróast og hvernig það *féll* að breytingum á vísitölunni. Breytingar á vísitölunni hafa undirstrikað það allar götur síðan og hef ég óskað eftir því við Hagstofuna allnokkrum sinnum að hún bæti við þennan samanburð einu og einu ári því matarverðssamanburðurinn er svo sannarlega enn þá í óhag hjá okkur.

Samanburðurinn sem við í Samfylkingunni stóðum fyrir vakti mikla umræðu í þjóðfélaginu. Fólk fékk staðfest það sem það þóttist vita við samanburð á matarinnkaupum á ferðum sínum í öðrum löndum. Árið 2002 óskuðum við því eftir að gerð yrði úttekt á matarverðinu og hvað ylli mismunandi matarverði á Norðurlöndunum, þessum líku samfélögum sem við að öðru leyti berum okkur sífellt saman við og viljum vera jafnokar, hverju þyrfti að breyta til að ná verðinu niður í það sem viðgengst í nágrannalöndunum. Hagfræðistofnun vann skýrsluna sem lögð var fram á Alþingi tveimur dögum fyrir áformuð þinglok í vor og fékkst hún eigi rædd þó þing hafi dregist fram á mitt sumar eins og frægt er. Það er grátbroslegt, virðulegi forseti, að nú er ekki hægt að fá heföbundna umræðu um skýrsluna sem aldrei hefur verið tekin fyrir eða rædd á Alþingi, jafnþýðingarmikil og hún er og jafnmikið erindi og hún á við okkur þingmenn sem raun ber vitni. Hún er þingskjal síðasta þings sem fæst ekki rætt á þessu þingi. Þess vegna þarf að færa málið í nýjan búning þingskjals eða semja um utandagskrárumræðu um skýrsluna til að unnt sé að taka ítarlega umræðu um ábendingar skýrsluhöfundanna, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, og þær leiðir sem færar eru til að halda áfram að lækka matarverðið.

Virðulegi forseti. Ef ég glugga örstutt í meginatriði skýrslunnar er staðfest þar að matarverð er að meðaltali 50% hærra á Norðurlöndunum en meðalverð í Evrópusambandsríkjunum og tölum þá ekki um Suður-Evrópu vegna þess að sterku ríkin í Norður-Evrópu vigta svo þungt og í þeim samanburði eru m.a. Norðurlöndin sem voru með mjög hátt matarverð áður. Það er bara Noregur og Sviss sem toppa okkur í matarverðinu. Ýmsar ástæður eru tilgreindar í skýrslunni eins og smæð markaðar og, það eru mín orð, stjórn efnahagsmála. Samkeppnismálin vega mjög þungt að mati Hagfræðistofnunar og við getum farið ýmsar leiðir þegar við tölum um smæð markaðar. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, nefndi einmitt þetta með Evrópusambandið. Þessi lönd hafa lækkað svo mjög matarverðið og stækkuðu markaðinn hjá sér með aðild að Evrópusambandinu, en það er líka hægt að fara þá leið án þess að vera undir merkjum Evrópusambandsins. Svo er það stjórn efnahagsmála, að skattar, tollar og vörugjöld bæði á framleiðslustigum ýmiss konar og jafnframt á innflutninginn hafa gífurlega mikið að segja, ekki síst þar sem við veljum að vera með tollavernd.

Það kom líka fram að opinber stuðningur við landbúnaðinn er enn með því hæsta innan iðnríkjanna á Íslandi. Við greiðum 12–13 milljarða árlega með landbúnaðinum samkvæmt tölum frá Hagfræðistofnun háskólans. Helmingur er tekinn í gegnum skatta en hinn helmingurinn af stuðningnum er tekinn í gegnum matarverðið sem Hagfræðistofnun segir að sé mun verri kostur en að fara aðrar leiðir til að styðja landbúnaðinn. Þess vegna kemur hún beinlínis með ábendingar um að breyta landbúnaðarstuðningi úr matarverðinu og fara í beinstuðning. Það sé eina færa leiðin. Þá værum við væntanlega að tala bara varðandi landbúnaðinn um næstum því sambærilegar tölur sem við ræðum í frumvarpinu. Að tryggja samkeppni og opna meira gagnvart viðskiptum við útlönd er líka mjög mikil og áþreifanleg ábending við lestur skýrslunnar.

Að lokum þetta. Þegar upplýsingar lágu fyrir í tillögum okkar í Samfylkingunni um matarverðið var mörgum starsýnt á þá staðreynd að matarverð lækkaði gífurlega í kjölfar Evrópusambandsaðildar. Að sjálfsögðu átti að benda á það. Að sjálfsögðu átti það að vera í umræðunni. Við eigum að þora að taka umræðu um alla þætti sem hafa áhrif á matarverð og kjör okkar Íslendinga. Svo geta verið aðrir þættir sem fólk leggur á móti og telur að það sem ávinnst við að ná niður matarverði með aðild að Evrópusambandinu sé ekki þess virði. Það er allt önnur pólitík. En að sjálfsögðu var bent á þetta og mörgum fannst forvitnilegt hversu mjög matarverðið í Svíþjóð og Finnlandi lækkaði eftir að þeir gerðust aðilar að Evrópusambandinu. Þetta voru áhrif opnunar markaðar og afnám tollverndar eins og Evrópusambandið gerir kröfu um.

Kynnt var í Noregi að áætlað væri að fjögurra manna fjölskylda eyddi um 70 þús. ísl. kr. á mánuði í mat. Sú fjölskylda mundi spara 250 þús. kr. á ári miðað við verðlagsforsendur í Svíþjóð eftir aðildina að Evrópusambandinu. Hér fengust þær upplýsingar á Hagstofu að meðalútgjöld heimilis, meðalheimilið er talið 2,82, væru um 40 þús. sem eru þá, ef þau eru yfirfærð á fjögurra manna fjölskyldu, um 60 þús. kr. á mánuði. Ef sama aðferð væri notuð hér og í Noregi *mundi matarreikningur íslenskra fjölskyldna lækka* um 200 þús. kr. á ári með tilsvarandi lækkun og var í Svíþjóð eftir aðild. Hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, varð harðorður á þennan samanburð á Evrópusambandsgrundvelli. Hann sagði um matarverðið að það hefði ekkert með Evrópusambandsaðild að gera og að við gætum gert þetta sjálf.

Ég höfðaði til þess að frá því að fyrst var spurt um það fyrir fjórum árum hvernig þróun matvælavísitölu hefði verið frá 1990 að við skyldum skoða þetta saman. Ég trúi því enn að það hafi verið ástæða þess að það náðist í gegnum Alþingi að fá afgreiðslu á þeirri tillögu þar sem óskað var eftir úttekt af Hagfræðistofnun háskólans því við í Samfylkingunni viljum líka vita hvernig getum við gert þetta sjálf. Við erum ábyrgur flokkur. Við viljum skoða hvað getur gerst við Evrópusambandsaðild. Við viljum sjá hvað við þurfum að gera ef við förum í ríkisstjórn og við ætlum að gera þetta sjálf og mjög margar ábendingar koma um málið í skýrslu Hagfræðistofnunar háskólans.

Leiðirnar sem hægt er að fara eru taldar upp í skýrslunni. Ábendingar um hvað megi gera öðruvísi eru taldar upp í skýrslunni. Upplýsingar um hvar vörugjöld hafa áhrif eru sýndar með töflum í skýrslunni og breytingar sem hugs-

anlega yrðu gerðar eru sýndar með línuritum í skýrslunni, sem við höfum ekki getað rætt á Alþingi vegna þess að ríkisstjórnin hafði öðrum hnöppum að hneppa fram eftir öllu sumri og þurfti að eyða vikum saman á Alþingi til að ræða fjölmiðlafrumvörp sem síðar voru öll dregin til baka. En það hefur ekki enn fundist leið til að ræða nánar þetta hagsmunamál, matarverðið og hagsmuni fjölskyldnanna í landinu, ég tala ekki um þeirra sem eru með lágar tekjur og barnmargar og mikil útgjöld. Þá leið ætla ég að finna, virðulegi forseti, annaðhvort með nýju þingmáli eða með því að biðja um sérstaka utandagskrárumræðu sem yrði þá að vera lengri en hálftími.

Virðulegi forseti. Umræðan mun undirstrika vilja Samfylkingarinnar til að taka á málefnum fjölskyldnanna, barnafjölskyldnanna og allra þeirra sem hafa lág laun, litlar tekjur, líka þeirra sem ekki bera skatta og munu ekki njóta skattalækkunar ríkisstjórnarinnar.

[14:45]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hygg að fáar breytingar á skattalögunum mundu skila sér eins í vasa lágtekjufólks og fólks með meðaltekjur og sú breyting sem við ræðum nú um breytingar á lögum um virðisaukaskatt. Mig undrar það reyndar, herra forseti, að ágreiningur skuli vera á milli stjórnarflokkanna um að fara þessa leið og að það skuli vera Framsóknarflokkurinn sem standi í vegi fyrir að hægt sé að fara þá leið að lækka virðisaukaskatt á matvælum. Það færi betur á því ef fleiri þingmenn Framsóknarflokksins væru hér til svara í þessu máli og tækju þátt í umræðunni.

Eins og fram hefur komið í máli þeirra sem talað hafa á undan mér er matvælaverð hvað hæst hér á landi og matvælaverð skiptir miklu máli í kjörum sérstaklega lágtekjufólks, eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Skattlagning er ekki síst meðal helstu orsaka hás matarverðs á Íslandi en fram hefur komið að lækka megi matvælaverð um 30% ef farin yrði sú leið sem við leggjum til.

Einnig hefur komið fram að matarverð hér er 69% hærra að meðaltali en í 15 löndum Evrópusambandsins og það eru ekki síst matvörur sem miklu skipta fyrir lágtekjufólk að verði lækkaðar í verði, t.d. brauðvörur sem eru 80% ódýrari í samanburðarlöndunum en hér á landi og kjötvörur um 74% dýrari á Íslandi. Því er mjög mikilvægt að við hér á þingi skoðum með jákvæðum og opnum hug þá leið sem hér er lögð til.

Ég vil líka nefna að við höfum séð að verkalýðshreyfingin hefur verið að brýna klærnar. Hún hefur verið að setja það fram með réttu að forsendur kjarasamninga gætu verið að bresta vegna þeirrar þenslu sem ríkir í þjóðfélaginu. Verðbólgan mælist hærri en menn gerðu ráð fyrir og hærri en verðbólgumarkmið Seðlabankans eða um 3,5%. Eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, þýðir þetta verulega lækkun á neysluvísitölunni ef þessi leið væri farin, eða 0,8%, og gæti haft verulega þýðingu, kannski ekkert meira til að lækka verðbólguna en að fara þessa leið. Því hefði ég viljað sjá að stjórnarflokkarnir hefðu sett þetta mál í forgang, að lækka virðisaukaskatt á matvæli frekar en fara nú þá leið að fara í flata lækkun á tekjuskattinum sem margoft hefur verið sýnt fram á að skilar sér miklu meira í vasa hátekjufólks en lágtekjufólks og reyndar skilar þetta örlitlu í vasa lágtekjufólks.

Mig langar aðeins að fara yfir það, virðulegi forseti, að mjög miklu máli skiptir fyrir heimilin í landinu hvernig skattastefnan er og það er afar mikilvægt að hún byggi á jafnræði og sanngirni vegna þess að hún er mjög mikilvægt tæki til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu. Og það er eins og allar leiðir sem núverandi ríkisstjórn velur, bæði á fyrra kjörtímabili og þessu, miði að því að skila meira í vasa þeirra sem betur hafa það en til fólks með meðaltekjur eða minni tekjur. Ég hefði haldið, virðulegi forseti, að frekar væri komið að þeim sem minni hafa tekjurnar en að vera sífellt að bæta í vasa þeirra sem mest hafa fyrir. Ég hefði gjarnan viljað sjá hæstv. félagsmálaráðherra við umræðuna og hæstv. fjármálaráðherra þegar við ræðum skattamálin og mál sem skiptir miklu fyrir fólk með lágar tekjur, vegna þess að mjög stór hópur fólks er undir skilgreindum fátæktarmörkum í þjóðfélaginu. Samkvæmt þeirri skilgreiningu sem Félagsvísindastofnun setti fram á sínum tíma er stærsti hópur fátækra í okkar þjóðfélagi samanborið við þjóðfélögin á Norðurlöndum og teljast mér svo til að hér sé um að ræða 18–20 þúsund manns sem lifa undir skilgreindum lágmarkseyri og þá er miðað við þá skilgreiningu sem félagsmálaráðuneytið hefur sett fram, að um 40–50 þús. kr. vantar til að þessi hópur hafi sér til framfærslu það sem félagsmálaráðuneytið hefur sett fram að væri lágmarksframfærsla. Fyrir þennan hóp skiptir miklu máli að tekið sé á skattamálunum með þeirri leið sem við viljum fara.

Ríkisstjórnin gengur jafnvel svo langt að hún skattleggur fjárhagsaðstoð sem þetta fátækasta fólk hefur. Ef það á ekki fyrir mat út mánuðinn þarf það að leita til Félagsmálastofnunar og fjárhagsaðstoðin þar hefur blásið mjög mikið út á umliðnum árum m.a. vegna þess að atvinnulausir hafa þurft að búa við skertar atvinnuleysisbætur þó þær hafi nokkuð verið hækkaðar á þessu ári fyrir tilstuðlan verkalýðshreyfingarinnar og m.a. vegna þess að lífeyrisþegar hafa ekki fengið það sama í sinn hlut og þeir sem eru á lágmarkslaunum og munar þar um helming. Ef t.d. kaupmáttur lífeyrisþega hefði fylgt launaþróuninni væri framfærslueyrir lífeyrisþega um 17 þús. kr. hærri en hann er í dag. Þess vegna er mjög sérkennilegt að verið sé að skattleggja fjárhagsaðstoðina og líka ef litið er til þess, virðulegi forseti, að um 29 þúsund manns skuli vera á tekjubilinu frá skattleysismörkum eða um 72 þús. kr., með tekjur sér til framfærslu upp að 100 þús. kr. Það fólk sem er með þessar tekjur sér til framfærslu, þ.e. frá 72 þús. kr. á mánuði upp í 100 þús. kr., er skattlagt, virðulegi forseti. Þessi hópur sem telur 29 þúsund manns þarf að greiða rúma 2 milljarða í skatt til samfélagsins á ári, hvorki meira né minna en rúma 2 milljarða. Þessi sami hópur greiddi engan skatt til samfélagsins af hlutfallslega sömu tekjum fyrir nokkrum árum en nú er maðurinn með 100 þús. kr. farinn að greiða skatta sem hlutfall tekna um 11 þúsund kr. á mánuði. Það er þessi hópur, sem er með 100 þúsund krónurnar, sem fær einungis 1 þús. kr. í sinn hlut af þeirri 4% lækkun sem stefnt er að á kjörtímabilinu. Það er allt og sumt, maðurinn með 100 þús. kr. fær 1 þús. kr. í sinn hlut.

Það er auðvitað hægt að taka þetta, virðulegi forseti, til samanburðar við það sem fram kemur núna í skattagögnum

fyrir árið 2004, að 1% ríkustu einstaklingarnir hér á landi sem telja rúmlega 500 manns höfðu nálægt 88% af tekjum sínum í fjármagnstekjuskatt eða 54 milljónir og 7 milljónir í launatekjur. Þeir greiða að meðaltali aðeins 12% af heildartekjum sínum í skatt meðan fólk með lágar tekjur greiðir 25–27% að meðaltali. Framfærslu sína hafa þeir mest af fjármagnstekjuskatti og greiða því hlutfallslega langtum, langtum minna til samfélagsins en hópar í þjóðfélaginu sem eru með lágar eða miðlungstekjur. Og þetta kalla ég ósanngirni í skattlagningu. Það væri hægt að fara miklu skynsamlegri leið að því er varðar fjármagnstekjuskattinn. Ég bendi á, virðulegi forseti, að ef fjármagnstekjuskatturinn yrði hækkaður í t.d. 15% og við hefðum ákveðin frítekjumörk eins og 100 þús. kr. fyrir einstaklinga og 200 þús. kr. fyrir hjón þá væri hægt að fækka þeim 74 þúsund manns sem greiða fjármagnstekjuskatt um 46 þúsund, niður í 28 þúsund manns. 74 þúsund manns sem núna greiða fjármagnstekjuskatt færu niður í 28 þúsund einstaklinga sem borguðu þá ekkert af hóflegum sparnaði meðan þeir sem meira hefðu fyrir greiddu til samfélagsins. Og engu að síður væri hægt að skila inn í ríkissjóð með þessari breytingu, 15%, og hafa ákveðið frítekjumark þannig að þótt 46 þúsund manns slyppu við að greiða fjármagnstekjuskatt, þá fengi ríkissjóður 2 milljarða í viðbótartekjur. Það eru akkúrat þessir tveir milljarðar sem fátækasta fólkið er að greiða sem er með á bilinu 72 þús. kr. til 100 þús. kr., það er að greiða 2 milljarða í skatt af sínum litlu tekjum sem duga ekki nema hluta af mánuðinum og þá peninga gætum við fengið með því að fara með fjármagnstekjuskattinn í 15% og hafa ákveðið frítekjumark sem fækkaði líka verulega þeim sem greiddu fjármagnstekjuskatt.

Við getum líka litið til þess, virðulegi forseti, þegar við skoðum jafnræði í skattlagningu að tveir þriðju af öllum fjármagnstekjum hjóna eða 32 milljarðar renna til 1% þeirra sem mestar fjármagnstekjur höfðu eða 500–600 manns. 500–600 manns, hjón og sambúðarfólk, hafa í fjármagnstekjur 32 milljarða og þrír fjórðu af fjármagnstekjum einstaklinga eða um 11 milljarðar renna til nokkur hundraða einstaklinga eða 1% tekjuhæstu í hópi einstaklinga sem greiða fjármagnstekjuskatt. Þetta eru staðreyndirnar sem við höfum fyrir framan okkur. Og það er þessi hópur sem ríkisstjórnin er alltaf að bæta kjörin hjá með breytingu í skattlagningu og mun gera með þeirri breytingu sem fram undan er núna í lækkun á tekjuskatti.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fór áðan ágætlega yfir áformin á næsta ári sem eiga að kosta ríkissjóð 5 milljarða kr. Helmingurinn, eða 2,5 milljarðar, rennur í vasa 25 tekjuhæstu einstaklinganna. En hvað fá 25 tekjulægstu einstaklingarnir af þessu? 300 milljónir af 2,5 milljörðum. 25 tekjulægstu einstaklingarnir fá ekki krónu en hjón fá 300 milljónir af þessum skattalækkunum sem fylla 25% í tekjulægsta hópnum meðan 25 tekjuhæstu fá helminginn. Þannig er nú réttlæti núverandi ríkisstjórnar. Þannig skiptir hún því sem til skiptanna er. Og raunar er það þannig, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin hefur þegar á þessu ári skattlagt með einum eða öðrum hætti þjóðfélagsþegnana upp á 4 milljarða. Hún ætlar að skila 5 milljörðum af þeim á næsta ári. Þegar litið er til þess að skattlagning á þessu ári er 4 milljarðar, sem ég ætla fara yfir á eftir, og það er þá á heilu kjörtímabili 16 milljarðar og ríkisstjórnin ætlar að skila 20 milljörðum aftur á kjörtímabilinu þá er það einungis nettó sem hún skilar í skattalækkunum um 4 milljarðar. Það er allt og sumt. Þetta eru engir 20 milljarðar. Þetta er enn einn blekkingarleikurinn hjá ríkisstjórninni. Og síðan til viðbótar renna þeir 4 milljarðar sem eftir standa til þeirra betur settu.

Lítum bara á skattlagninguna á þessu ári. Álögur á bifreiðaeigendur eru upp á 1.000 milljónir. Gjaldtaka á sjúklinga, sem er ekkert annað en skattlagning, var upp á 740 milljónir. Skattleysismörkin voru skert og voru miðuð við 2,5% þegar launaþróunin var 5% og það er þannig sem ríkisstjórnin hefur haft fullt af peningum gegnum árin með því að skerða skattleysismörkin, taka frá þeim sem helst nýtast best þessi skattleysismörk og færa til þeirra tekjuhærri. Það sem ríkisstjórnin er raunverulega að gera er að hún er að færa í sífellt meira mæli skatta af fjármagnseigendum og eignum yfir á vinnuafl og launatekjur. Á þessu ári, ég sagði 4 milljarðar, 1.000 milljónir sem álögur á bifreiðaeigendur, gjaldtaka á sjúklinga 740 milljónir, skattleysismörkin skert, skerðing á vaxtabótum um 600 milljónir, afnám á séreignarsparnaði sem hækkaði tekjuskattinn um 600 milljónir. Ríkisstjórnin er þegar búin að ná sér inn á þessu ári 4 milljarða af þeim 5 milljörðum sem hún ætlar að skila á næsta ári. Raunverulega er það svo þegar ríkisstjórnin fer í tekjuskattslækkanir upp á 4 milljarða, þá er hluti af því sem skilar sér aftur upp í aukinni eyðslu og þá frekari sköttum sem kemur inn til ríkissjóðs. Ég sé því ekki að það sé mikið sem ríkisstjórnin skilar til baka til fólksins í formi skattalækkana.

Við getum líka litið til þess, virðulegi forseti, að það er ekki hægt sjá á fjárlögunum að það eigi nokkuð að gera í barnabótum. Ég spyr: Hverju á fólk von á að því er varðar breytingar á barnabótum? Fólkið í landinu sem kaus Framsóknarflokkinn á síðasta kjörtímabili og kjörtímabilinu þar áður á enn þá inni hjá Framsóknarflokknum. Hann hefur ekki staðið við skattaloforð um að hækka ótekjutengdar barnabætur hjá öllum upp í 30 þús. kr. Barnabæturnar eru raunverulega lægri að raungildi en þær voru 1995. Þá voru barnabætur greiddar með börnum að 16 ára aldri en eru núna einungis greiddar með börnum að sjö ára aldri.

Það væri því fróðlegt að vita — vegna þess að það gagnast barnafjölskyldum virkilega að hækka barnabæturnar og Ísland er nú meðal örfárra Evrópuþjóða sem tekjutengja barnabætur — hvað ríkisstjórnin ætlar að gera og þá sérstaklega Framsóknarflokkurinn til þess að efna það loforð sem kjósendum var gefið á sínum tíma.

Ef við förum aðeins yfir vaxtabæturnar, virðulegi forseti, þá verður ekki séð annað en að á fjárlögum fyrir næsta ár eigi enn að höggva í sama knérunn og skerða vaxtabæturnar frekar. Þær voru skertar um 600 milljónir á þessu ári og enn á að lækka þakið sem er heimilt að nýta varðandi vaxtaútgjöldin, sem kemur illa niður á fólki með lágar og meðaltekjur. Og þó að vísað sé í að vextir hafi verið að lækka þá er stór hópur fólks enn þá með vexti sem eru milli 5% og 6%. Það þýðir því ekki að horfa í að það sé vegna þess að vextir séu að lækka í þjóðfélaginu, þetta kemur niður á fólki sem er að koma sér þaki yfir höfuðið, og ekki síst þegar ríkisstjórnin vill ekki fara út í það sem ég man ekki betur en stjórnarflokkarnir hefðu lofað, þ.e. að afnema

stimpilgjöldin.

Það er ekki einu sinni hægt að fara þá leið að breyta skattalögum í þá veru að taka ekki tvisvar stimpilgjald af sama láninu ef fólk er að breyta því í hagstæðari lán og endurfjármagna lánasúpu sína. Nei, nei, ef fólk hefur tekið lán hjá Íbúðalánasjóði fyrir tveim árum síðan og vill síðan fara og skuldbreyta því í annarri lánastofnun af einhverri ástæðu þá greiðir það aftur stimpilgjald af sama láninu. Enda hefur það komið fram núna, bara einungis hjá sýslumanninum í Reykjavík, að aukning í stimpilgjöldum hefur orðið 127% þegar miðað er við september á þessu ári og september á árinu á undan. Og ég vil minna á að lækkun á stimpilgjöldum gagnast ekki síst atvinnulífinu og atvinnuvegunum, og minni og meðalstórum fyrirtækjum sem eiga óhægara um vik að taka lán erlendis en stærri fyrirtækin.

Það er atvinnulífið sem kallar á þessa skattalagabreytingu, þ.e. lækkun á stimpilgjöldunum, þannig að þær leiðir sem við leggjum til að fara eru númer eitt, tvö og þrjú að breyta lögum um virðisaukaskatt og lækka hann úr 14% í 7%, sem ég skildi í kosningabaráttunni að Sjálfstæðisflokkurinn væri sammála. Væri fróðlegt að fá það upp við þessa umræðu hvort það sé ágreiningur milli stjórnarflokkanna, eins og maður gæti haldið, um að fara þessa leið. Og þá spyr maður: Af hverju er hún ekki sett í forgang? Segjum svo að Framsóknarflokkurinn vilji kannski fara þessa leið, af hverju er þetta ekki sett í forgang þegar það skilar sér tvímælalaust betur til allra tekjuhópa og er mjög jákvætt innlegg inn í umræðuna sem er að fara af stað um það að forsendur kjarasamninga séu að bresta? Þetta er sama fjárhæð, við erum ekki að tala um hærri fjárhæð á næsta ári en ríkisstjórnin ætlar að verja til skattalækkana, þess vegna undrar mig þessi forgangur og þó ekki — vegna þess að þetta er auðvitað í takt við annað sem hefur verið uppi hjá þessari ríkisstjórn, þ.e. að gera betur við þá sem mest hafa fyrir og hún virðist ekki ætla að breyta út af þeirri stefnu sinni. Og þó að Framsóknarflokkurinn sé kominn með forustu í þessari ríkisstjórn þá sér maður engar breytingar í skattastefnunni í þá átt að gera betur við þá sem hafa lágar og meðaltekjur en vera ekki sífellt að færa fjármagn í vasa þeirra ríkustu og efnamestu í þjóðfélaginu.

[15:05]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ástæða er til að rifja upp við þetta tækifæri að meðan hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var ráðherra var hún algjörlega andvíg því að lækka matarskattinn.

En vegna ummæla fyrrverandi ráðherrans áðan, að með því að fara þá leið sem hér er lögð til, að lækka virðisaukaskatt úr 14% í 7%, segir hv. þm. að hægt sé að lækka matarverð, lækka matarskattinn um 30%. Það er óhjákvæmilegt að þingmaðurinn útskýri betur þennan talnaleik sinn. Við svona venjulegir menn, sem ekki vorum í stærðfræðideild, kunnum ekki hina æðri stærðfræði en auðvitað hljóta að vera mjög flóknar talnaraðir á bak við þessa fullyrðingu hv. þm.

Ég veit að hv. þm. getur náð fram lækkun á landbúnaðarvörum með því að leggja niður allan stuðning við íslenska bændur, sem er eitt af helstu áhugamálum Alþýðuflokksins gamla og mig minnir þess flokks sem hv. þm. stofnaði á sínum tíma og mátti heyra það á ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur þegar hún talaði um hvernig hægt væri að lækka matarverð og vísaði til Evrópusambandsins að áhugi hennar (Gripið fram í.) er mjög fyrir því — við erum að tala um þá hluti — nema hv. þm. hafi ekki skilið það sem menn voru að segja.

En aðalatriðið í mínu máli er: Hvernig ætlar hv. þm. að lækka matarverð um 30% með því að lækka virðisaukaskatt um 7%?

[15:07]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. síðasti ræðumaður er þekktur fyrir mikla útúrsnúninga og ég held að hann hafi gert margt betur um ævina en að stúdera skattamál eða hvernig er hægt að lækka verð á matvælum vegna þess að það er alveg augljóst að hv. þm. hefur ekki lesið skýrslu forsætisráðherra sem var lögð fram að beiðni hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur þar sem ítarlega er farið ofan í þetta mál. Hann hefur greinilega ekki haft fyrir því að kynna sér þingmálið sem hér er lagt fram þar sem við förum ofan í það hvernig hægt er að lækka matvælaverð. Það er ekki svo lítið ef hægt er að lækka vísitöluna um 0,7–0,8% samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. Það skilar sér alveg örugglega í bættum kjörum fólksins.

Að Samfylkingin sé á móti bændum er svo mikil fjarstæða að varla er eyðandi orðum í það. Bændur eru fátæk stétt og kjör þeirra hafa ekki mikið batnað í þessi átta eða tólf ár sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur stjórnað. Það hefur ekki verið gert mikið til að taka á milliliðunum í landbúnaði sem eru helsta orsökin fyrir því að landbúnaðarverð er hátt. Við viljum setjast yfir það með stjórnarflokkunum að bæta kjör bænda og það höfum við verið að setja fram tillögur um, en við teljum að milliliðirnir taki allt of mikið í sinn hlut og því þarf að breyta.

Hvað varðar lækkun á matarskatti á sínum tíma þá gleymir hv. þm. því alltaf að þegar var verið að einfalda skattkerfið voru skattleysismörkin hækkuð verulega en þau hafa rýrnað svo í tíð núverandi ríkisstjórnar að þau eru núna 72 þús. kr. en ættu að vera 100 þús. kr. ef þau hefðu fylgt verðlagsþróun, vegna þess að það sem ríkisstjórnin hefur gert er að lækka skattleysismörkin til þess að geta skilað meiri peningum, meira fjármagni til þeirra betur settu. Það hafa verið hennar ær og kýr alveg frá því að hún tók við í ríkisstjórn og því þarf auðvitað að breyta.

[15:09]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagðist hafa töfralausn, að Samfylkingin hefði töfralausn og gæti lækkað matvöruverð um 30% með leið sinni og hv. þm. vitnaði í þetta frumvarp. Ég stóð upp áðan til þess að spyrja hv. þm. hvernig hægt væri að lækka matarverð um 30% með því að lækka virðisaukaskatt um 7%. Það var það sem ég spurði hv. þm. um. Auðvitað er hægt að fara út um víðan völl og tala um allt, allt aðra hluti ef maður vill ekki svara þeim spurningum sem til manns er beint.

En það fyrirkomulag að leyfa andsvör var tekið upp á

sínum tíma inn í þingsköp til þess að þingmenn gætu fengið frekari upplýsingar um einstök atriði í ræðu þess þingmanns sem talað hafði. Og áhugi minn beinist sérstaklega að þessu efnisatriði í ræðu hv. þm. hvernig hann getur lækkað matarverð um 30% með því að lækka virðisaukaskatt um 7%. Eða var þessu bara slegið fram svona í leiðinni í trausti þess að menn mundu að vísu heyra þetta en ekki leggja það á sig að spyrja um þetta eða leita eftir frekari upplýsingum?

Nú eiga ýmsir aðrir þingmenn Samfylkingarinnar eftir að tala hér á eftir. Hv. þm. hefur heimild til að kveðja sér hljóðs aftur. Ég yrði mjög þakklátur ef hann skýrði þetta nánar, því að auðvitað eins og hv. þm. sagði þá munar Íslendinga mikið um ef hægt er að lækka matarverð um 30%. Sá sem býr yfir slíkri töfralausn verður að koma fram með leiðina. Þetta voru mikil orð og stór orð. Hv. þm. er kunnur að því að fara með mikil orð og stór orð.

En þetta er einföld spurning sem ég ber fram. Það eru tvær tölur, 7% lækkun á virðisaukaskatti sem hv. þm. segir að lækki matarverð um 30%.

[15:11]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka að það er alveg ljóst að hv. þm. hefur ekki haft fyrir því að kynna sér skýrslur og gögn sem hafa legið fyrir um þetta mál. Matarverð hér er 69% hærra að meðaltali en í 15 löndum Evrópusambandsins. Hefur nokkur mótmælt því?

Það liggur líka fyrir að skattlagningin er helsta orsök hás matarverðs á Íslandi. Með því að lækka virðisaukaskatt á nauðþurftum eins og mjólk, kjöti, fiski og brauði úr 14% í 7% þá er hægt að lækka matarverð um 30%. (Gripið fram í.) Með því að fara þessa leið sem við erum að tala um. Og ég skora á hv. þm. að kynna sér það, fara ofan í skýrslurnar og gögnin sem liggja fyrir um þessi mál. Hann er ekkert of góður til þess, hæstv. forseti, (Gripið fram í.) þegar hann blandar sér hér í umræðuna að kynna sér málið. Þetta eru þeir útreikningar sem liggja fyrir um þessi mál og það er fyrst og fremst vegna mikillar skattlagningar á matvæli að verð á þeim er miklu hærra en gerist og gengur í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Ég held að hv. þm. og ríkisstjórn hans ættu að reyna að skoða það að það eru fleiri sem þurfa að lifa í þessu þjóðfélagi en þeir ríkustu. Ég spyr hv. þm.: Gerir hann sér grein fyrir því hvað það er stór hópur hér í þjóðfélaginu sem þarf að lifa af sultarlaunum og ríkisstjórnin er að taka skatt af, eins og 29 þúsund manns sem þurfa að greiða tvo milljarða á ári í skatt til þessarar ríkisstjórnar meðan hún hlífir þeim tekjuhæstu?

Það er einmitt vegna þess hvernig þessi ríkisstjórn kemur fram af ójafnræði og ósanngirni gagnvart fólki að það er mikilvægt að koma henni frá.

Þess vegna verður auðvitað fróðlegt að fylgjast með þegar við förum að fjalla um þetta mál hvort hægt sé að sannfæra hv. þm. um það að þetta er besta leiðin sem við förum, þ.e. að lækka virðisaukaskatt á matvæli.

[15:13]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði hér í ræðu sinni að Framsóknarflokkurinn stæði í vegi fyrir lækkun matarskatts. Mér þótti tilefni til að koma hér upp og leiðrétta þetta og upplýsa hv. þm. um að yfir stendur endurskoðun á virðisaukaskattskerfinu eins og það leggur sig og inni í þessari endurskoðun er allt undir. Menn hafa ekki komið sér saman um hvort um er að ræða flata lækkun, fleiri þrep eða hvort ákveðnir flokkar verða teknir fyrir svo sem eins og matarskattur. Framsóknarflokkurinn talaði um barnavörur, stimpilgjöld o.fl.

Þessi vinna er því í eðlilegum farvegi og allt tal um að Framsóknarflokkurinn standi í vegi fyrir lækkun matarskatts er úr lausu lofti gripið og á ekki við nein rök að styðjast. Ég vil ítreka það hér að það er enginn ágreiningur á milli stjórnarflokkanna í þessu máli og við munum að sjálfsögðu halda þessari vinnu áfram.

[15:14]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig gott að hér er upplýst að Framsóknarflokkurinn stendur ekki í vegi fyrir lækkun virðisaukaskatts á matvæli en þetta er auðvitað spurning um forgang. Stjórnarflokkarnir hafa gefið út að þeir ætli að verja 20 milljörðum kr. í skattalækkanir. Útreikningar sýna að það að lækka skattinn í 4% kostar 20 milljarða kr. og sennilega kostar það meira ef skattleysismörkin fylgja launaþróun. Þess vegna gleðst ég yfir því ef verið er að skoða það að lækka virðisaukaskatt á matvæli og jafnvel stimpilgjöld. Og þá spyr ég: Er hugmyndin sú að það komi í staðinn fyrir eitthvað af þessari 4% lækkun, þeim 20 milljörðum sem á að eyða í skattalækkanir eða er hv. þm. að tala um viðbót í því sambandi? Það er ekki hægt að eyða sömu peningunum tvisvar í mismunandi tegundir af skattalækkunum. Þetta snýst líka, virðulegur þingmaður, um forgangsröðun. Er það svo að forgangur framsóknarmanna beinist að því að lækka almennan tekjuskatt um 4% sem skilar sér þannig að helmingurinn af þeirri lækkun rennur til 25% af efnamesta fólkinu í landinu? Er það forgangurinn sem Framsóknarflokkurinn vill sýna eða vill hann fara í þann forgang sem ég hélt að hann stæði fyrir, að vilja lækka virðisaukaskatt á matvæli og hækka barnabætur? Það er ekki hægt að komast fram hjá því að Framsóknarflokkurinn hefur svikið fólk varðandi barnabæturnar og ég spyr því: Eiga barnabætur og lækkun á matvælaskatti að koma í staðinn fyrir eitthvað af þeirri 4% lækkun sem ríkisstjórnin stefnir að og hefur gefið út á þessu kjörtímabili?

[15:16]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg skýrt að ríkisstjórnin hefur sett fram langtímamarkmið og þau markmið standa. Forgangsröðunin hjá okkur í því er alveg skýr, við förum fyrst í tekjuskattslækkunina. Ef umræða um lækkun virðisaukaskatts á matvælum er inni í þessari nefnd, sem ég geri fastlega ráð fyrir, þá mun það ekki koma í staðinn fyrir neitt annað, a.m.k. ekki eins og staðan er í dag höfum við ekki

vikið frá markmiðum okkar um lækkun tekjuskattsprósentu.

Það er alveg ljóst að í þessari langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar er einnig gert ráð fyrir 3 milljörðum í barnabætur og önnur verkefni og mun koma í ljós á næstunni hvernig það verður útfært.

Það er mín persónulega skoðun að leiðin til að koma peningum til barnafólks er í gegnum barnabæturnar en ekki í gegnum virðisaukaskattskerfið. Ég held að það sé mun skilvirkari leið. Þess vegna hefur ríkisstjórnin einmitt ákveðið það að þessi 3 milljarða pottur muni að mestu fara í barnabæturnar.

[15:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir miður sá forgangur sem ríkisstjórnin hefur. Ég segi það enn og aftur vegna þess að það liggur á að bæta kjör og lækka skatta hjá fólki með meðaltekjur og lágar tekjur en ekki að lækka skatta hjá fólki með háar tekjur. Og Framsóknarflokkurinn eða Sjálfstæðisflokkurinn hafa ekki mótmælt því að skattalækkunin rennur að mestu leyti til hátekjufólks.

Það er út af fyrir sig gott að Framsóknarflokkurinn hafi ekki gleymt barnafólkinu en barnabæturnar eru lægri að raungildi núna en þegar flokkurinn tók við 1995. Framsóknarflokkurinn hefur ekki staðið við það að hafa ótekjutengdar barnabætur upp að 16 ára eins og ég skildi að hann hefði lofað. Ef einungis á að verja 3 milljörðum í viðbót í barnabætur og stimpilgjöld, af því að hv. þm. nefndi líka stimpilgjöld, mun það ekki drífa langt. Ég býst við að það muni varla drífa svo langt að koma barnabótunum á sama flöt eins og var 1995 og það kostar 3,5 milljarða að afnema stimpilgjöldin sem hefði verið skynsamlegri leið að fara í, bæði fyrir einstaklinga og atvinnulíf ásamt því að lækka matarskattinn, ásamt því að breyta barnabótakerfinu fyrir þá fjármuni sem ríkisstjórnin ætlar að nýta í tekjuskattslækkun sem að verulegu leyti gengur til tekjuháu hópanna. Því miður lítur dæmið þannig út. Það hefði verið hægt að gera mikið í hækkun á barnabótum og lækkun á matvælum, sem gagnast best fólki með lágar og meðaltekjur, og afnema stimpilgjöldin sem mundi gagnast mjög mikið ungu fólki sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið, ungu fólki sem er núna að skuldbreyta erfiðum lánum. Það hefði skilað sér margfalt betur til fólks í þjóðfélaginu almennt en sú leið sem ríkisstjórnin er að fara og ég veit það, hæstv. forseti, að í hjarta sínu er hv. þm. algerlega sammála þeim málflutningi sem ég hef haft hér.

[15:20]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum, og það er þingflokkur Samfylkingarinnar sem stendur að því að leggja það frumvarp fram. Ég sakna þess svolítið í upphafi umræðunnar að það skuli einungis vera við sem stöndum að því að flytja frumvarpið sem tökum þátt í umræðunni en ég held þó ef við lítum til þess sem aðrir hafa sagt í andsvörum, eins og hv. þm. Halldór Blöndal og hvað hann hafði til málanna að leggja, að þá sé kannski ekki til mikils að vera að fá stjórnarliða í umræðuna.

Ég var satt að segja að vonast til þess að við gætum farið í málefnalega rökræðu um leiðir til þess að koma skattalækkunum til þeirra sem helst þurfa á þeim að halda. Sú von mín hefur brugðist og þegar maður horfir yfir salinn og sér hve margir stjórnarliðar eru viðstaddir umræðuna þá ætla menn sér kannski ekki að taka virkan þátt í því að ræða í alvöru um það hvort rétt sé að fara þá leið að lækka virðisaukaskattinn í stað eða meðfram því að lækka tekjuskattsprósentu.

Við höfum lagt á það áherslu núna að við notum það svigrúm sem er til að lækka skatta til þess að lækka svokallaðan matarskatt úr 14% í 7%, göngum hálfa leið í því að afnema þennan matarskatt alveg.

Það vita það allir sem vilja vita að matvælaverð á Íslandi er með því hæsta í heimi og það hlýtur að hvíla á okkur sú skylda að leita allra leiða til þess að ná því verði niður með einhverjum hætti. Með því að breyta virðisaukaskattinum úr 14% í 7% förum við beint í það að lækka matarverðið og þeir njóta sem helst þurfa á að halda. Ef við lækkum matarskattinn úr 14% í 7% kemur það öllum sem kaupa matvæli til góða og það eru jú allir sem þurfa á fæðu að halda, bæði þeir sem hafa lágar tekjur og eins þeir sem hafa þær hærri. Með því að fara þá leið náum við því að koma hluta af því góðæri sem hér ríkir til þess fólks sem er framteljendur, telur fram einhverjar tekjur en greiðir enga skatta vegna þess hve tekjur þess eru lágar. Það eru u.þ.b. 80 þúsund framteljendur sem telja fram einhverjar tekjur en borga enga skatta vegna þess að tekjur þeirra eru það lágar. Þetta er fólk sem er algerlega fast, læst inni í fátæktargildru skattkerfisins og á afskaplega litla möguleika til að komast úr þeirri stöðu sem það er í. Það eru ekki margar leiðir til þess að koma skattaívilnunum til þess fólks sem er með örfá þúsund á mánuði í tekjur og borgar engan tekjuskatt. Ef við gerum það í gegnum virðisaukaskattskerfið þá komum við hagnum af því að lækka matarskattinn beint til þessa fólks, beint í budduna til þeirra sem lítið hafa.

Í þeim hópi, herra forseti, eru að sjálfsögðu okkar minnstu bræður. Það eru bótaþegar sem eru með bætur undir skattleysismörkum. Oft eru þetta barnafjölskyldur eða einstæðir foreldrar sem eiga lítinn möguleika á því að bæta við sig tekjum með því að vinna einhverja yfirvinnu og síðan eldri borgarar sem hættir eru á vinnumarkaði og hafa lág eftirlaun. Til þessa fólks getum við náð núna. Við getum komið svigrúmi upp á 5 milljarða kr. til þessa hóps með því að fara þá leið sem hér er lögð fram en ekki með því að fara þá leið sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa lagt til og við fórum svo vel yfir í umræðunni um fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár, að lækka tekjuskattsprósentuna um 1% á alla og reyndar megum við ekki gleyma því að við lögfestum á síðasta þingi lög um að afnema svokallaðan hátekjuskatt eða sérstakan tekjuskatt.

Þeir sem hæstu launin hafa, þeir sem hafa yfir 375 þús. kr. á mánuði fá skattaívilnun á næsta ári. Þeir eru að fá þá skattaívilnun sem við samþykktum á síðasta þingi, að svokallaður hátekjuskattur sem leggst á tekjur umfram 375 þús. kr. lækki nú um helming. Í stað þess að greiða 4% á næsta ári af tekjum yfir frítekjumarkið í hátekjuskatti greiða

menn 2%. Síðan árið þar á eftir, árið 2006, fellur þessi skattur alveg niður. Ég hélt satt að segja þegar farið var í gegnum þessa umræðu að menn væru tilbúnir til að segja: Við erum búin að lögfesta skattalækkun til þeirra sem hæstu tekjurnar hafa. Við erum búin að lögfesta það að þeir sem hafa mánaðartekjur yfir 375 þús. kr. fá skattalækkun upp á 2% fyrir þær tekjur sem umfram eru á næsta ári og í heildina 4% á árinu 2006. Því hélt ég að menn mundu ekki höggva aftur í sama knérunn og segja: Það er einmitt þetta fólk sem hefur yfir 375 þús. kr. sem við þurfum að lækka skattana á. Við þurfum að koma svigrúminu sem nú er til þessa hóps en skilja eftir þá sem eru með tekjur undir skattleysismörkum og tekjur kannski á bilinu 70–100 þús. kr.

Ég held að í þeim mismun sem liggur í þessum tillögum, þ.e. tillögu okkar að lækka matarskattinn og svo því sem ríkisstjórnin hefur boðað sjáum við í hnotskurn þann mun sem er á stefnu Samfylkingarinnar annars vegar og stefnu þeirra flokka sem nú sitja við völd um þessar mundir hins vegar. Og það kemur manni satt að segja á óvart að sjá hinn gamla félagshyggjuflokk, Framsóknarflokkinn, taka þátt í því grímulaust að færa skattbyrði frá þeim sem betur hafa og hærri tekjur hafa til þeirra sem eru í tómu basli og hafa varla tekjur til að framfleyta sér og sinni fjölskyldu. Það er illa komið fyrir þessum gamla félagshyggjuflokki og það liggur við að maður þurfi að fara að kalla út einhvers konar leitarsveit til að leita að þeim hv. þingmönnum í Framsóknarflokknum sem enn kenna sig við félagshyggju.

Það kom alveg skýrt fram í umræðu um fjárlagafrumvarpið og skattbreytingar ríkisstjórnarinnar, það kom skýrt fram hjá hæstv. fjármálaráðherra Geir H. Haarde, og þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem töluðu í fjárlagaumræðunni fóru ekkert í launkofa með það, að Framsóknarflokkurinn er ekki tilbúinn á þessari stundu til að lækka virðisaukaskatt á matvæli eða til að lækka virðisaukaskatt yfirleitt. Ég spurði hv. þm. Birki Jón Jónsson í umræðunni um fjárlögin hvort það væri rétt sem mætti skilja af því sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins væru að segja að Framsóknarflokkurinn þvældist fyrir þessu máli og hann kom í andsvar en kaus að svara því engu.

Hv. þm. Dagný Jónsdóttir kom áðan í andsvar við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fór yfir það að einhver vinna væri í gangi um að lækka virðisaukaskatt og það væri gott ef við gætum heyrt í umræðunni á eftir hvaða vinna það er og að hverju hún beinist. Getur verið að Framsóknarflokkurinn sé að tala um það að lækka virðisaukaskatt á alla vöru, ekki bara á matvöruna? Getur verið, og það læðist að manni sá grunur sérstaklega þegar maður sér hvernig ríkisstjórnarflokkarnir fara í skattalækkanir sínar, að þeir séu hugsanlega að velta fyrir sér að lækka virðisaukaskatt eingöngu á lúxusvöru þannig að það nýtist þeim best sem hæstu tekjurnar hafa? Ég ætla að vona ekki. Það eru öfgarnar í hina áttina miðað við þá tillögu sem við erum að leggja fram og reyndar, þegar maður skoðar skattastefnuna eins og hún liggur fyrir og kom fram í fjárlagafrumvarpinu, yrði maður svo sem ekkert hissa.

Hvað þýðir það að lækka virðisaukaskatt úr 14% í 7%? Jú, það þýðir það að fyrir hverjar 10 þús. kr. sem einstaklingur eða fjölskylda eyðir til matarinnkaupa sparast 574 kr. 574 kr. fyrir hverjar 10 þús. kr. sem eytt er í matvæli. Virðisaukaskatturinn af þessum innkaupum var 1.228 kr. eða er það í dag miðað við 14% skattstig, yrði 654 kr. og sparnaðurinn eins og ég segi upp á 574 kr. fyrir hverjar 10 þús. kr. Hvað var ríkisstjórnin að bjóða þeim sem hafa 100 þús. kr. í mánaðarlaun miðað við að tekjuskattur lækkaði um 1%? Jú, 612 kr. á mánuði eða mjög svipaða tölu og aðili með litlar tekjur mundi fá í skattafslátt við það að kaupa matvæli fyrir 10 þús. kr.

Það kom fram í umræðunni áðan að væntanlega eyddi fjögurra manna fjölskylda á Íslandi í kringum 60 þús. kr. í matarinnkaup. Það hlýtur reyndar að vera mjög misjafnt eftir því hvaða tekjur fjölskyldur hafa. En ef það er rétt að um 60 þúsund kr. matarinnkaup á mánuði sé að ræða þá gerir þessi tillaga okkar ráð fyrir að á ársgrundvelli spari sú fjölskylda 41 þús. kr. Sniilldin við þessa tillögu okkar er ekki síður sú að hún kemur til með að lækka matarverðið sem er inni í neysluvísitölunni. Hún kemur til með að lækka þá verðbólgu sem við erum að horfa fram á síðustu vikur og mánuði. Hvað þýðir það fyrir fjölskyldu sem skuldar 10 millj. kr. í húsnæðisláni, verðtryggðu láni? Erum við ekki að tala um, miðað við þær upplýsingar sem fram komu hér, að þetta gæti haft þau áhrif að verðbreytingar eða vísitala muni lækka um 0,8% við þessa breytingu vegna vægi matvæla í vísitölunni? 10 millj. kr. lán og 0,8% eru þá 80 þús. kr. á ársgrundvelli í eitt skipti. Við getum talað um að hagur þeirrar fjölskyldu batni á næsta ári um 120 þús. kr.

Ég held að það fari ekki fram hjá neinum sem það vill skoða og í alvöru velta fyrir sér hvernig koma megi þessum 5 milljörðum kr. sem verið er að tala um núna til þeirra sem mest þurfa á þeim að halda að þetta er beinasta leiðin og greiðasta leiðin. Þessi leið nýtist öllum þeim sem þurfa að kaupa sér matvörur en það þurfum við öll.

Íslensk heimili eru, eins og áður hefur komið fram, þau skuldsettustu í heimi. Við erum með tugþúsund launþega á Íslandi sem rétt ná að framfleyta sér og fjölskyldum sínum, launþega sem í hverjum einasta mánuði horfa fram á að launatékkinn dugi ekki til að greiða þá reikninga sem fyrir liggja á borðinu, engan lúxus heldur þá reikninga sem þarf að greiða til að geta haldið heimili og haldið í sér lífi. Þessir sömu aðilar greiða samt sem áður skatt.

Ef við skoðum þetta aðeins nánar þá talaði ég um áðan að 60 þús. kr. matarinnkaup á mánuði þýddu að á ársgrundvelli væri fjölskylda að spara sér 41 þús. kr. skattgreiðslu til ríkisins, ef virðisaukaskatturinn lækkaði úr 14% í 7%. Það þýðir 3.444 kr. á mánuði. Tillögur ríkisstjórnarinnar eru hins vegar um 1% lækkun á tekjuskatti. Til að fá á mánuði samsvarandi skattalækkun með því móti, þ.e. 3.444 kr., þarf viðkomandi að hafa í kringum 350 þús. kr. mánaðartekjur.

Sú leið sem við bjóðum upp á er ekki bara, herra forseti, fyrir þá sem lægstu tekjurnar hafa heldur njóta þeir hennar að sjálfsögðu ekkert síður sem meiri tekjur hafa. Mér virðist sem flestir sem eru undir 500 þús. kr. í mánaðartekjur og kaupa mat fyrir 60–80 þús. kr. á mánuði njóti betur þeirrar tillögu sem liggur fyrir hjá okkur heldur en tillögu ríkisstjórnarinnar, um 1% lækkun á tekjuskatti. Þá er eðlilegt að menn spyrji: Getur þetta verið?

Getur verið að allir þeir sem hafa 500 þús. kr. mánaðartekjur og lægri komi betur út úr því að virðisaukaskatturinn sé lækkaður um helming á matvælum heldur en í tillögum

ríkisstjórnarinnar? Verður þá ekki ríkið af mikið meiri tekjum heldur en hér er rætt um? Við skulum velta því fyrir okkur í alvöru hvort það geti verið að hluti af þeirri skýringu sé sú að þeir sem hafa 500 þús. kr. og meira eru að njóta svo mikils miðað við þær tillögur sem fyrir liggja hjá ríkisstjórninni. Getur það verið skýringin?

Hv. þm. Pétur Blöndal benti á að þetta snerist um fjölskyldutekjur. Auðvitað er það rétt að þegar menn kaupa matvæli þá eru það ekki bara tekjur einstaklingsins sem fara í að greiða fyrir matvælin heldur tekjur hjóna ef bæði eru á vinnumarkaði. En við skulum ekki gleyma því að fjöldi fólks, um 80 þúsund framteljendur sem telja fram einhverjar tekjur, greiða ekki tekjuskatt til ríkisins. Við getum kallað það fjölskyldutekjur eins og hv. þm. Pétur Blöndal gerir, ef hvor um sig hefur 70 þús. kr. á mánuði þá er mér það að meinalausu að kalla það fjölskyldutekjur. En það eru tekjur sem fara til þess að kaupa matvæli og reyna að halda lífi í fjölskyldunni.

Það sem ég hef farið yfir í stuttri ræðu minni finnst mér einfaldlega sýna mjög skýrt að sú ríkisstjórn sem nú situr er fjandsamleg millitekjufólki og lágtekjufólki í landinu sé litið til skattbyrðarinnar. Skattbyrðin hefur í stórum stíl færst frá þeim sem meiri tekjur hafa til þeirra sem minni tekjur hafa. Yfir það var vandlega farið í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, í framsögu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og nú síðast gerði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir því góð skil hvernig skattbyrðin hefði verið færð til. Það hlýtur að vera komið að því að við veltum því fyrir okkur í alvöru hvernig við skilum fólki einhverju til baka af því sem búið er að taka af því með skattbreytingum undanfarinna 2–3 ára.

Í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fór hún yfir það hvernig ríkisstjórnin hefur hækkað skatta á launafólk með því að skattleysismörkin hafa ekki fylgt verðlagsþróun, með ýmsum skerðingum á barnabótum og vaxtabótum og með ýmsum þjónustugjöldum sem lögð eru á í heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu o.s.frv. Þannig má reikna út að sú upphæð sem þar um ræðir sé svipuð þeirri sem hér er um að ræða, með lækkun matarskatts, í kringum 5 milljarða kr. á ári. Jafnvel þótt við færum þá leið sem hér er verið að leggja til þá gerði hún lítið annað, herra forseti, en rétt hrökkva til að skila landsmönnum aftur hluta af því sem núverandi ríkisstjórn hefur tekið af þeim í formi hærri þjónustugjalda, lægri skattleysismarka og ýmissa bóta sem búið er að skerða.

Þegar maður skoðar þá leið sem ríkisstjórninni hefur núna valið þá hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort hún sé réttlát. Ef svo er þá mundi maður, herra forseti, ekki vilja sjá ranglætið hjá ríkisstjórninni.

[15:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. byrjaði ræðu sína á að kvarta undan þátttökuleysi stjórnarþingmanna í umræðunni. Tveir stjórnarþingmenn voru á mælendaskrá þegar ég síðast vissi, þ.e. þegar hv. þm. byrjaði og í salnum eru fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins en Samfylkingarinnar sem stendur og tel ég þá ekki hæstv. forseta með. Þannig er það, herra forseti.

Hv. þm. fer í mikla talnaleiki. Það er afskaplega auðvelt að reikna út hvað vara með 14% skatt í dag lækkar við það að fara í 7% skatt. Það er 1,07 deilt með 1,14. Það er ekki flóknara en það. Þegar það er dregið frá einum er það 6,14% lækkun. Það er bara svo einfalt. Maður sem borgar 10 þús. kr. í dag borgar 614 kr. minna eftir breytinguna. Það á ekki þurfa að fara mikið ofan í þetta, þetta er menntaskólastærðfræði og meira að segja þar fyrir neðan.

Hv. þm. talaði í fyrsta lagi um að venjuleg fjölskylda eyddi um 60 þús. kr. í þær vörur sem um er að ræða sem falla undir matarskatt. Ég þekki það ekki en ég hlýt að ganga út frá því að því að þessi fjölskylda geri það. Með þessari stærðfræði, sem ég kom með áðan, 6% eru það 3.600 kr. á mánuði, sem sú fjölskylda greiðir minna með þessari tillögu.

Það er sama fjárhæð og 1% af 360 þús. kr. Fjölskyldutekjur þeirrar fjölskyldu, þar sem skurðpunkturinn er, eru því 360 þús. kr., þ.e. ef hvort er með 180 þús. kr. Það er allt annað en hv. þm. var að tala um. Við erum að tala um meginhluta þjóðarinnar sem er meira en 180 þús. kr. á mánuði.

[15:40]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir að koma upp og taka þátt í umræðunni. Ég get staðfest að einmitt þegar hv. þm. stóð í ræðustól þá kunni hann að telja en við umræðuna í dag hafa verið fleiri þingmenn úr stjórnarandstöðu en úr stjórnarliði.

Ég velti fyrir mér til hvers hv. þm. kom upp í andsvar við mig. Hann fór yfir eitthvað sem hann kallaði menntaskólastærðfræði og gerði lítið úr. Það skiptir ekki öllu máli, hæstv. forseti, hvað menn vilja kalla það sem hér er sett fram. Mér er alveg sama hvað menn vilja kalla það svo lengi sem við komum því í gegn að lækka matarverð á Íslandi með því að lækka álögur á matvæli. Það skilar sér til þeirra sem minnst hafa. Þá má hv. þm. skemmta sér eins og hann vill við að kalla þetta þeim nöfnum sem honum dettur í hug.

Rétt væri kannski, úr því að hv. þm. er farinn að taka þátt í umræðunni, að upplýsa okkur um það hvort það er rétt sem hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt og hvort það sé rétt sem skilja hefur mátt á orðum annarra þingmanna Sjálfstæðisflokks að Framsóknarflokkurinn þvælist fyrir því að virðisaukaskatturinn sé lækkaður. Það stendur í stjórnarsáttmálanum að það skuli tekið til athugunar að lækka virðisaukaskatt. Það hefur verið sagt við okkur sem hér erum að að því muni koma en bakslagið í þeim seglum virðist, eftir því sem þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa sagt í umræðum, að Framsóknarflokkurinn þvælist fyrir málinu.

Gott væri að hv. þm. nýtti tækifærið þegar hann kemur upp og segði okkur hvort þetta sé rétt. Þetta er tiltölulega einföld spurning og það er hægt að svara henni með já eða nei þess vegna.

[15:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Andsvör eru til að spyrja hv. ræðumann en ekki öfugt. Ég kem hingað í ræðu á eftir. Þá getur hv.

þm. spurt mig. Ég var að spyrja hann og leiðrétta það sem hann sagði.

Hann hélt því fram að þeir sem hefðu 500 þús. kr. tekjur mundu njóta þessa. Það er bara ekki rétt. Í fyrsta lagi eru þetta 3.600 kr. sem hver fjölskylda sparar með þessum tillögum í hverjum mánuði. Það er vissulega ágætt. En það svarar til 1% tekjuskattslækkunar af 360 þús. kr. mánaðarlaunum. Það mundi þýða að skurðpunkturinn, þeir sem græða á því, eru fjölskyldur sem hafa yfir 360 þúsund kr. á mánuði. Hjón með 180 þús. kr. á mánuði, hvor einstaklingur. Útgangspunkturinn hjá hv. þm., að miða við 500 þús. kr. tekjur einstaklings, hann gat ekkert um það og ég þurfti að leiðrétta hann úr sæti mínu, varðandi 500 þús. kr. tekjur er ekki réttur. Þetta eru 360 þús. kr., þ.e. fjölskyldutekjurnar sem svarar til lækkunarinnar á 60 þús. kr. útgjöldunum.

[15:43]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er erfitt að standa í einhverjum hártogunum og deilum við stærðfræðinginn um útreikninga. En einstaklingum með 500 þús. kr. mánaðarlaun borga í dag í útsvar, tekjuskatt og sérstakan tekjuskatt 170.186 kr. Það er það sem hann borgar í dag. Eftir að búið er að lækka flatan tekjuskatt um 1%, skattprósentuna um 1% og hv. þm. má ekki gleyma því að það á líka að lækka sérstakan tekjuskatt um 2%, það kemur inn í þennan útreikning miðað við 500 þús. kr. laun hjá einstaklingi. Eftir að sú breyting er komin í gegn hjá ríkisstjórninni mun þýða að sami einstaklingur og borgaði rúmar 170 þús. kr. í skatt kemur til með að borga 160.281. Það er sparnaður upp á 7 þús. kr. á mánuði fyrir mann með þær tekjur. Þessar tölur eru á hreinu þegar menn fara í gegnum þær tillögur sem liggja fyrir og reikna þær út eins og þær standa.

Ég hjó eftir því hjá hv. þm. að hann sagði að meiri hluti þjóðarinnar hefði fjölskyldutekjur yfir 360 þús. kr. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef séð um framtöl einstaklinga og hjóna þá er það ansi langt frá þessari tölu. En ég ætla ekki að rengja hann þar sem ég hef ekki þær upplýsingar fyrir framan mig. Ég vil tala út frá staðreyndum sem hægt er að skoða og fara yfir.

Ég mun að sjálfsögðu skoða það í framhaldi af orðum hv. þm. hvort þetta geti verið. Í framhaldi af því mundi ég væntanlega að biðja hv. þm. um að leiða þennan meiri hluta þjóðarinnar fram þannig að við getum séð fyrir okkur á Austurvelli þann fjölda sem hefur fjölskyldutekjur yfir 360 þús. kr. á mánuði.

[15:45]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Í dag hefur átt sér stað mjög fróðleg og yfirgripsmikil umræða um hið brýna hagsmunamál íslenskra fjölskyldna, að lækka virðisaukaskatt á mikilvægum matvörum úr 14% í 7%. Sýnt hefur verið fram á hverju það mundi skila íslenskum fjölskyldum í heimilisbókhaldinu. Slík lækkun mundi leiða til þess að matarreikningur íslenskra fjölskyldna mundi lækka um 5 milljarða kr. Einnig hefur verið sýnt að sú kjarabót kæmi miklu betur og sterkar til þeirra sem raunverulega þurfa á þeim að halda í stað þess að mulið sé undir þá efnuðustu sem ekki þurfa á kjarabótum að halda. Svo einfalt er það mál. Svigrúmið er og verður vonandi fyrir hendi í íslensku efnahagslífi og á að sjálfsögðu að nýta til þess að lækka álögurnar og bæta kjörin og lyfta undir þá sem búa við kröpp kjör og rýr efni. Án vafa er langbesta leiðin til þess að ná til alls þess fólks að lækka matvælaskattinn þannig að matvælaverð lækki og hlutdeild tekna fólks í matvælum verði mun minna en nú er.

Það hefur verið sýnt fram á margt fróðlegt í dag og margar athyglisverðar tölur verið hentar á lofti. Í greinargerð með frumvarpi hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og þingmanna Samfylkingarinnar segir að dýrtíð á íslenskum matvælum sé heimsfræg. Er ekki sterkt að orði kveðið því sá ágæti ferðamannafjöldi sem hingað kemur á hverju ári, um 300–400 þús. manns að ég tel, fer vonandi heim með ágætar minningar af landi og þjóð, en eftir stendur gríðarlega hátt verð á léttu víni og matvælum. Fólki bregður í brún og trúir vart eigin upplifun hve matvæli eru dýr hérna og eins hve verð á áfengi, sérstaklega léttu víni, er gríðarlega hátt. Það minnir á að mjög mikilvægt er að lækka matvælaskattinn og einnig eiga stjórnvöld að stefna að því á næstu árum að lækka vörugjöld á léttu víni þannig að það sé á viðráðanlegu verði, bæði fyrir erlenda ferðamenn og okkur, svo hægt sé að efla og bæta vínmenningu Íslendinga. Það er mjög mikilvægt að það sé gert samhliða þessu, þó svo ekki sé hægt að leggja það að jöfnu við mikilvægi þess að lækka matarskattinn, sem er að sjálfsögðu langbesta kjarabótin fyrir heimilin í landinu.

Samfylkingin hefur lagt á það megináherslu í upphafi þessa þings að nýta það svigrúm sem er fyrir hendi í efnahagslífinu út af auknum hagvexti. Við viljum fyrst og fremst lækka matvælaskattinn og í öðru lagi fjárfesta í menntakerfinu. Við höfum kynnt væntanlegt þingmál þar sem við leggjum til að fjárfest verði í menntakerfinu fyrir 15 milljarða á næstu árum af þeim hagvaxtarauka sem fyrir hendi verður og að sjálfsögðu á öllum skólastigum skólakerfisins okkar.

Það sem við ræðum í dag munum við ræða síðar í haust þegar málið verður að fullu fram komið. Það mun líta dagsins ljós í þinginu innan skamms. Núna ræðum við um þetta brýna mál, sem er að jafna kjörin í landinu í gegnum matvælaverðið og reyna að vinna gegn því lúxus- og okurverði sem svo sannarlega er á íslenskum matvælum.

69% hærra verð á Íslandi en í Evrópusambandslöndunum kom fram í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur áðan þar sem hún vitnaði í þingsályktunartillögu sína um rannsókn á háu matvælaverði hér á landi sem fram kom sl. vor og verður vonandi rædd miklu betur og ítarlegar á hinu háa Alþingi síðar í haust. 69% er gríðarlega há tala og færir okkur heim sanninn um það hve málið er mikilvægt. Brýnt væri að ná um það pólitískri samstöðu á Alþingi í stað þess að lækka tekjuskattinn um 1% eins og ríkisstjórnin leggur til núna, með það langtímamarkmið að lækka hann um 4% á kjörtímabilinu eins og margfræg yfirboð stjórnarflokkanna í skattamálum í kosningabaráttunni í fyrravor eru flestum í fersku minni. Þá kepptust menn við að lofa tugmilljarða tekjuskattslækkunum og minntu í leiðinni á að það skiptir máli hverjir lofa. Þó lítið hafi bólað á þessu enn þá og skattheimtan hafi aukist en ekki lækkað er nú boðuð

1% tekjulækkun sem mun einungis nýtast að einhverju marki þeim 25% þjóðarinnar sem hafa hæstu tekjurnar, eins og fram hefur komið í dag. Þeim 25% sem minnst bera úr býtum gagnast sú lækkun lítið sem ekkert. Áfram yrði matarverð í lúxusflokki og bætur og fjárhagsaðstoð skattlögð. Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti á, upp á 2 milljarða á ári.

Þannig er ósanngirnin og óréttlætið innbyggt í íslenskt skattkerfi og svo margt sem ætti að koma á undan áður en menn fara að lækka tekjuskattinn með þeim hætti sem lagt er til af ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks í haust. Að sjálfsögðu á að fara út í þær kjarabætur sem gagnast þeim sem lægstar hafa tekjurnar, þannig að við getum jafnað leikinn í samfélaginu gegnum slíkar aðgerðir, með því að verja verulegum hluta af þeim tekjum sem ríkissjóður er aflögufær með, að hjálpa þeim sem lægstar hafa tekjurnar, barnmörgum fjölskyldum, fátæku fólki sem dregur fram lífið af lágum tekjum eða bótum, öryrkjum, eldri borgurum og öllum þeim sem þurfa nauðsynlega á kjarabótum að halda. Það er ekki þeir sem efnaðastir eru í samfélaginu. Það þarf ekki að byrja á því að verja þeim tekjum sem ríkisvaldið getur í að lækka álögurnar á þá. Við þurfum fyrst og fremst að lækka álögurnar á þá sem minna mega sín í samfélaginu og hafa lágar tekjur. Á þessari stundu þurfum við ekki að bæta í peningahaugana hjá þeim sem hafa háar tekjur og hjá þeim sem eru efnaðir. Við þurfum fyrst og fremst að bæta kjör þeirra sem hafa lágar tekjur og þeirra sem berjast í bökkum og geta ekki tekið þátt í peningaveislunni miklu og því kapphlaupi sem hér á sér stað og lifa í allt öðrum heimi en þeir sem hæstar hafa tekjurnar. Fólk getur rétt ímyndað sér lífsgæðamuninn og muninn á lífsstandard þeirra 25% sem hæstar hafa tekjurnar og þeim 25% sem lægstar hafa tekjurnar. Það er verulegur munur þar á. Það fólk sem lægstar hefur tekjurnar getur ekki veitt sér og börnum sínum það sem nauðsynlegt er og sambærileg lífsgæði og þeir sem eru tekjuhærri. Þess vegna eiga allar stjórnvaldsaðgerðir að sjálfsögðu að miða að því að leiðrétta kjör þeirra sem lægri hafa tekjurnar.

Það þingmál sem liggur fyrir og hv. þm. Össur Skarphéðinsson mælti fyrir í dag og ýmsir aðrir hafa tekið þátt í umræðum um, er þetta meginmál hjá Samfylkingunni að leggja til að virðisaukaskattur á matvæli lækki úr 14% í 7%. Um það virðist hafa ríkt nokkur sátt á meðal stjórnmálaflokkanna á Alþingi. Fram hefur komið að Sjálfstæðisflokkurinn hefur talað í sömu veru og ég held hinir stjórnarandstöðuflokkarnir, Frjálslyndir og Vinstri grænir, þó ég ætli ekki að fullyrða um það.

Það hefur einnig komið fram að Framsóknarflokkurinn hefur sett fótinn í ístaðið og þvælst fyrir því og spurt hefur verið í dag um forgangsröðun Framsóknarflokksins og minnt á hin margsviknu loforð um barnabæturnar. Er kannski ástæða til þess að kalla eftir því að framsóknarmenn blandi sér í umræðuna sem á sér stað í dag um hvernig flokkurinn liggur? Það hefur verið skýrt frá því að það sé í vinnuferli hjá flokknum hvernig hann vilji ganga í þessi mál. Það væri kannski ástæða til þess að einhver af ráðherrum hans gengi í sal og skýrði okur frá því. Það væri t.d. fróðlegt að heyra í hæstv. landbúnaðarráðherra sem er æðsti yfirmaður allrar matvælaframleiðslu á þurru landi á Íslandi og heyra viðhorf hans til þessara mála, hvernig hann sér tekjuaukanum best varið og hvort Framsóknarflokkurinn ætli virkilega að standa gegn þeirri sanngjörnu og brýnu kjarabót sem lækkun virðisaukaskatts á matvæli er.

Þetta er réttlát röð. Það er réttlátt að lækka álögurnar og bæta kjör þeirra sem hafa það síst í samfélaginu, þeirra sem sitja eftir, þeirra sem geta ekki veitt sér og sínum það sem talið er til sjálfsagðra og eðlilegra hluta í dag. Þess vegna á að byrja á þeim enda að lækka matvælaskattinn, en alls ekki að lækka tekjuskatt á einstaklinga með þeim hætti sem ríkisstjórnarflokkarnir leggja til. Það kemur allt of fáum til góða og þeim einum sem ekki þurfa á kjarabótum að halda. Alla vega ekki með neinum sambærilegum hætti við það sem við teljum að þeir sem verst hafa kjörin þurfa.

Til að ramma inn mikilvægi málsins, segir í greinargerð með frumvarpinu, með leyfi forseta, í kaflanum um kostnað:

„Líklegt er að matarreikningur Íslendinga muni lækka um ríflega 5 milljarða kr. verði frumvarpið samþykkt. Að auki mun lækkun vegna annarra þátta en matvæla, sem falla í lægra virðisaukaskattsþrepið, kosta ríkið um 1,5 milljarða kr. samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins. Heildarkostnaður hins opinbera er þó snöggtum minni vegna aukinnar veltu, og má gera ráð fyrir að hann verði 4–4,5 milljarðar kr."

Þá segir hér til að útskýra nákvæmlega hvað við leggjum til að gera í tillögunni, með leyfi forseta:

„Í lægra virðisaukaskattsþrepið (14%) fellur mikilvæg matvara. Þar ber hæst kjöt, fisk mjólk, brauð, ávexti, grænmeti, hveiti, mjöl, sykur og ýmsar afleiddar afurðir. Þessar vörur eiga það sammerkt að flokkast undir nauðþurftir. Engin fjölskylda getur án þeirra verið og gildir þá einu hvort hún er í flokki hátekju- eða lágtekjufólks. Sérstök reglugerð tilnefnir allar þær matvörur sem falla í lægra virðisaukaskattsþrepið, sbr. fylgiskjal I."

Á öðrum stað:

„Barnafjölskyldur, einstæðir foreldrar, námsmenn, öryrkjar og aldraðir borgarar með lágar og millitekjur fara því verst út úr háu matvælaverði. Lækkun á matarskattinum er því einhver besta kjarabót sem hægt er að færa lágtekjuhópum og íslenskum fjölskyldum."

Virðulegi forseti. Við þetta væri stigið stórt skref í þá átt að færa lífskjör á Íslandi til einhvers samræmis við það sem við þekkjum úr Evrópusambandslöndunum, þar sem matvælaverð er svo langtum lægra en á Íslandi. Þar sem matvælaverðið er með þeim skaplega hætti sem þekkist í flestum þeirra landa er svo miklu auðveldara fyrir fólk að draga fram lífið og miklu minni þörf fyrir að leggja á sig þá miklu vinnu sem Íslendingar almennt gera og miklu meiri tími til að njóta annarra gæða lífsins. Því segir hérna:

„Lækkun á matarskattinum er skynsamlegasta leiðin til skattalækkunar sem nú er völ á. Hún kemur öllum til góða, einnig þeim sem hafa úr svo litlu að spila að þeir greiða lítinn eða engan tekjuskatt, og mundu því ekki njóta góðs af lækkun tekjuskattsins eins og stjórnarflokkarnir hafa boðað. Mikilvægur kostur skattalækkunar af þessu tagi er því að jöfnunaráhrif hennar eru mun meiri en væri sömu upphæð varið til dæmis til að lækka tekjuskattshlutfallið. Lækkun á matarskatti felur því í sér réttlæti sem vantar í of miklum

mæli í skattkerfi okkar Íslendinga."

Það er kjarni málsins. Við í þingflokki Samfylkingarinnar tekjum að í tillögu okkar, í frumvarpinu til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, felist mikil réttlætisbót fyrir íslenskt samfélag og mikil réttlætis- og sanngirnisbót fyrir íslenskar fjölskyldur, sérstaklega fyrir ungu barnafjölskyldurnar sem berjast í bökkum við að koma sér þaki yfir höfuðið, klára menntun sína og borga háar greiðslur af námslánunum. Mjög háar greiðslur. Eins og fram hefur komið eru afborganir af þeim allt of háar og brýnn þáttur í því að leiðrétta kjör þeirra sem virkilega þurfa á að halda er að lækka endurgreiðslubyrði námslána samhliða því að jafna kjör fólks í samfélaginu með því að lækka matarskattinn sem nýtist öllum, líka þeim sem hafa hærri tekjur, en það skiptir þá einfaldlega miklu minna máli þar sem um er að ræða jöfnunaraðgerð til að koma þeim til góða sem lágar tekjur hafa í samfélaginu.

Hér hefur verið nefnd í dag mjög merkileg úttekt og rannsókn á háu matarverði sem fram fór í fyrra vegna beiðni frá hv. þm. Samfylkingarinnar Rannveigu Guðmundsdóttur. Samþykkti Alþingi tillöguna á sínum tíma og rannsóknin fór fram á vegum Hagfræðistofnunar háskóla Íslands. Niðurstaða hennar sýndi að skattlagning er meðal helstu orsaka fyrir háu matarverði á Íslandi. Lækkun á matarskattinum eins og við leggjum hérna til ylli verulegri lækkun á matvælaverðinu því að hann er, eins og segir í skýrslunni: „... á meðal helstu orsaka hás matarverðs á Íslandi". Það er ekki síst með hliðsjón af þeirri rannsókn sem Samfylkingin leggur þessa miklu áherslu á að lækka matarskattinn núna.

Í framhaldi af úttekt Hagfræðistofnunar háskólans bendum við í greinargerð með frumvarpinu á að nauðsynlegt sé „... að skoða áhrif annarra skatta, tolla og vörugjalda á matarverð". Í umræðunni fyrr í dag benti ég sérstaklega á mikilvægi þess að endurskoða vörugjöld og háa álagningu á léttvín. Það er mjög mikilvægt til að byggja undir ferðaþjónustuna í landinu ásamt því að bæta vínmenningu Íslendinga og gera fólki kleift að nota léttvín. Þá brosir hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson enda held ég að hann ætli að leggja fram frumvarp um að heimila fólki að brugga léttvín heima hjá sér. Það er sjálfsagt mál og verður gaman að ræða það hér síðar í vetur. (**GAK:** Ég er ánægður með orð þín.) Þakka þér fyrir það.

Vörugjald á matarverð þarf að endurskoða og fylgja eftir ábendingum stofnunarinnar um að tryggja samkeppni, opna meira gagnvart viðskiptum við útlönd og gera breytingar á formi stuðnings við landbúnað en af 12–13 milljarða árlegum greiðslum til hans er helmingurinn tekinn í gegnum matarverðið. Því væri fróðlegt að heyra, eins og ég nefndi áðan, viðhorf hæstv. landbúnaðarráðherra til þessara tillagna. Það brennur sjálfsagt á honum eins og öðrum réttsýnum stjórnmálamönnum hér á landi að lækka matarreikninga íslenskra fjölskyldna, koma verulega til móts við þá sem höllum fæti standa í samfélaginu og þurfa á að halda jöfnunaraðgerðum sem þessum hérna, fólkið sem situr eftir, fólkið sem situr ekki við háborðið í peningaveislunni miðri og getur ekki tekið þátt í þessu mikla kapphlaupi. Íslensk stjórnvöld leggjast líka svo lágt að skattleggja meira að segja bæturnar og fjárhagsaðstoðina. Eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er um að ræða 29 þús. manns sem hafa tekjur á bilinu 72–100 þús. kr. á mánuði. Þessi hópur, þessir 29 þús. einstaklingar, er skattlagður um 2 milljarða á ári. Það er sláandi staðreynd. Hún ber vitni mjög óréttlátu og ósanngjörnu skattkerfi og leiðir hugann að því hve mörgu þarf að breyta í skattkerfi okkar Íslendinga.

Fyrst og fremst þarf að lækka verð á matvælunum til að koma með beinum og sýnilegum hætti til móts við alla þá sem raunverulega þurfa á brýnum kjarabótum að halda, og brýnustu kjarabótunum, til móts við þann hóp sem hefur það lakast í samfélaginu, þarf að safna skuldum og þreyir þorrann með alls konar erfiðleikum. Ríkisstjórnin hefur á síðustu árum ekkert gert fyrir þessa hópa, a.m.k. allt of lítið þó að hún hafi sjálfsagt talið sig gera þeim eitthvað til góða, t.d. að lofa því fyrir hverjar einustu kosningar að hækka barnabæturnar og leiðrétta þannig kjör barnafjölskyldnanna. Það loforð hefur því miður aldrei verið efnt þótt þetta loforð Framsóknarflokksins sé að verða 10 ára gamalt. Eru þessi barnabótasvik Framsóknarflokksins með dapurlegra aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar og meðal dapurlegri kosningasvika stjórnarflokkanna. Ýmislegt hafa þeir svikið en það er bókstaflega ljótt og ósanngjarnt að ljúga því að barnafólkinu í landinu sem þarf á peningum og tekjum að halda að þeir ætli að hækka barnabæturnar og svíkja það svo ár eftir ár.

Loksins þegar kemur að því að lækka skattinn og setja peninga í einhvers konar endurbætur á skattkerfinu er það einungis gert með það fyrir augum og sjónarmiði að lækka álögur á þá sem hafa yfirdrifið nógar tekjur, miklu meira en það, til að framfleyta sér og ættu að vera langaftast í biðröðinni, á eftir barnafólkinu og lágtekjufólkinu.

Ég vona að umræðan hér í dag verði til þess að Framsóknarflokkurinn stígi fram og lofi því að hann ætli með hinum flokkunum að lækka matarskattinn í landinu.

[16:05]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Björgvin Sigurðsson fjallaði hér um kosningaloforð Framsóknarflokksins varðandi barnabætur. Ég verð að segja að mér finnast þetta einkennilegar alhæfingar hjá hv. þingmanni. Hann vísar í söguna um hvernig Framsóknarflokkurinn hafi staðið sig í þessum málum. Ef við skoðum þróun barnabóta á síðasta kjörtímabili, frá 1999–2003, hækkuðu þær um 37,7%. Við verðum auðvitað að bera þetta saman við eitthvað. Ef einhver samanburður hefur einhverja þýðingu er það samanburður við vísitölu neysluverðs. Hún hækkaði á þessu sama tímabili um 19,7% sem þýðir að barnabætur hafa hækkað nær tvöfalt á við vísitöluna. Ég vil nú biðja hv. þingmann að hafa þessar staðreyndir á hreinu áður en hann fer að úthúða Framsóknarflokknum fyrir að standa ekki við bakið á barnafjölskyldum því að það gerum við svo sannarlega.

Hv. þm. sagði að ekkert væri gert fyrir unga fólkið í þjóðfélaginu. Fyrir utan það sem ég hef þegar sagt vil ég að sjálfsögðu vísa í eitt mesta framfaramál fyrir okkar kynslóð sem er breyting á lögum um fæðingarorlof. Kaupmáttaraukning hefur líka verið mikil og það kemur sér ekki síst

vel fyrir ungt fólk.

Ég vil líka segja að flöt skattalækkun, tekjuskattslækkun, er auðvitað góð, til að mynda fyrir unga fólkið sem vinnur mikið á meðan það er að stofna fjölskyldur og hefur þar af leiðandi miklar tekjur. Ég tel að þetta sé kærkominn stuðningur fyrir barnafjölskyldur í landinu.

[16:07]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gengur illa að fá Framsóknarflokkinn til að taka af skarið um hvort hann ætli að styðja þá þverpólitísku samstöðu sem gæti myndast um það að lækka matarskattinn. Eins og var hvíslað í salnum áðan þegar ég gekk inn beinist umræðan að sjálfsögðu að þeim fjölnota kosningaloforðum sem Framsóknarflokkurinn hefur endurunnið hérna kosningar eftir kosningar án þess að gera miklar tilraunir til að standa við þau milli kosninga. Eins kom það fram í fjölmiðlum í dag í máli hæstv. forsætisráðherra að kannski verður staðið við loforðið um að hækka barnabætur árið 2007. Kannski. Kannski á 12 ára afmælisdaginn, þegar einmitt 12 ár verða liðin frá því að Framsóknarflokkurinn lofaði þessu fyrst. Þá verður kannski pöntuð kaka og blásið á 12 kerti og því fagnað sérstaklega 12 árum eftir að loforðið kom fram og þá væntanlega þrennum eða fernum kosningum síðar, verði það yfirleitt efnt.

Það er svo sem ágætt að Framsóknarflokkurinn sé ekki alveg búinn að gleyma þessu kosningaloforði. Þetta var eitt af meginloforðum flokksins í a.m.k. tvennum kosningum, ef ekki þrennum, að hækka barnabæturnar. Einhvern tímann hét þetta barnakort og ég veit ekki hvað og hvað. Þegar það kom svo upp úr dúrnum fyrir síðustu kosningar að barnakortaloforðið hafði verið svikið var það bara fært í nýjan búning og hét held ég aftur þá bara barnabætur. Lengi má nú flokkinn reyna og forgangsröðun Framsóknar.

Hæstv. forsætisráðherra hefur að mér skilst lýst því yfir í dag að það verði kannski efnt árið 2007. Okkur verður vonandi öllum boðið í 12 ára afmæli þess kosningaloforðs sem flokkurinn hefur svikið á hverju einasta ári síðan en mun — kannski — efna árið 2007.

[16:09]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Björgvin Sigurðsson sé hér með mikla útúrsnúninga og hafi ekki viljað hlusta á þær tölur sem ég fór með áðan varðandi hækkun á barnabótum.

Ríkisstjórnin er með langtímamarkmið og þau gilda fyrir árin 2005–2008. Þar er kveðið á um þennan 3 milljarða pott sem m.a. á að fara í hækkun barnabóta.

Hér var einnig rætt um tekjutengingu barnabóta. Ég man kannski ekki alveg nákvæmlega árið en það var u.þ.b. 1992–1993 sem Alþýðuflokkurinn þáverandi tók upp tekjutengingu barnabóta. Það er auðvitað þannig að tekjurnar hafa aukist mikið og því hafa barnabætur kannski lækkað hlutfallslega.

Ég veit að ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu standa við loforðin varðandi barnabæturnar. Þetta stendur allt í stjórnarsáttmála og ætti ekki að koma neinum á óvart.

[16:10]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það ætti ekki að koma neinum á óvart, sagði hv. þm. Ég hugsa að það kæmi mörgum hressilega á óvart ef flokkurinn stæði við þessi loforð sín eftir öll þessi ár og eftir að saumað hefur verið að honum inni á þingi ár eftir ár. Alltaf er það samt svikið þótt eitthvað annað sem er ekki eins mikilvægt sé efnt.

Árið 2007 og langtímamarkmiðin hafa verið rædd hérna. Við skulum vona að Framsóknarflokkurinn verði kominn út úr ríkisstjórn árið 2007. Ef ríkisstjórnin situr út kjörtímabilið mun hún sitja til ársins 2007. Þá verður kosið aftur á vordögum þess herrans árs og kannski fögnum við því um leið og við höldum upp á 12 ára afmæli þess margsvikna barnabótaloforðs. Þá fögnum við því kannski líka að Framsóknarflokkurinn verði kominn út úr ríkisstjórn. Ég veit það ekki. Þá verða liðin 12 ár frá því að hann gekk í hjónabandið með Sjálfstæðisflokknum og má kannski ræða það sérstaklega hérna síðar.

Kannski þyrftum við að taka sérstaka umræðu um það hvað varð af Framsóknarflokknum og áherslum hans. Eins og hv. þm. Jón Gunnarsson benti á söknum við félagshyggjumennirnir gamla góða félagshyggju-Framsóknarflokksins sem var nokkuð áberandi undir forsæti Steingríms Hermannssonar um árið en hefur bókstaflega orðið að engu. Einhver nefndi það í umræðum um stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra á dögunum að hann væri eins og dauft ljósrit af Sjálfstæðisflokknum.

Ég vona að flokkurinn reki af sér slyðruorðið á næstu missirum. Fátt bendir þó til þess ef mið er tekið af fyrstu skrefum hæstv. forsætisráðherra og því eina stóra máli sem fram hefur komið, þ.e. því að lækka álögur á þá efnuðustu í landinu og skilja barnafjölskyldurnar og fátæka fólkið eftir með sviknu loforðin í fanginu, a.m.k. til ársins 2007. Mér skilst að hæstv. forsætisráðherra hafi lýst því yfir við fréttamenn fyrr í dag.

[16:12]

Útbýting:

Eftirlit Alþingis með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa, 176. mál, þáltill. ÖHJ o.fl., þskj. 176.

Stjórnarskipunarlög, 177. mál, frv. SF o.fl., þskj. 177.

[16:13]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Hér hafa verið ansi fjölbreyttar umræður um þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt sem snýr að lækkun virðisaukaskatts á matvælum. Ýmislegt hefur verið sagt og ég gat ekki látið hjá líða að biðja um orðið vegna þess að andsvörum mínum var lokið. Ég verð að svara aðeins síðasta ræðumanni, hv. þm. Björgvin Sigurðssyni, sem talar hér um hjónaband stjórnarflokkanna sem gengur bara afar vel, verð ég að segja. (**BjörgvS:** Því miður ...) Já, því miður, segir hv. þm. (Gripið fram í.) en sú er bara staðreyndin.

Annað er auðvitað óskhyggja hv. stjórnarandstöðu en þingmaðurinn gerði hér að umtalsefni til að mynda að Framsóknarflokkurinn kæmi ekki félagshyggjumálum á framfæri. Ég get nefnt sem dæmi 90% húsnæðislán, breyt-

ingar á lögum um fæðingarorlof, endurskoðun laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem á vonandi eftir að að koma hv. þingmanni þægilega á óvart og fleiri mál sem ... (**BjörgvS:** Þetta eru mál frá krötunum.) Þetta eru góð og gild félagshyggjumál sem stjórnarflokkarnir hafa unnið saman að.

Ég ætla ekki að fara nánar út í það heldur fara hér örstutt yfir frumvarpið. Auðvitað kemur það sterkt inn í skattaumræðuna almennt að langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar var gerð í fyrra og gildir fyrir árin 2005–2008. Að sjálfsögðu vinnur hæstv. ríkisstjórn og stjórnarflokkarnir eftir henni. Þar er kveðið á um svigrúm upp á um 20 milljarða. Þar er skýr forgangsröðun, lækkun tekjuskattsprósentu sem mun kosta um 16 milljarða, eignarskatts um 3 milljarða og erfðafjárskatts 500 millj. Einnig er kveðið á um 3 milljarða pott til barnabóta og annarra verkefna.

Við þurfum síðan að spyrja okkur að því auðvitað hvort við höfum meira svigrúm og vonandi er að svigrúmið aukist og efnahagslífið verði þannig að við getum haldið áfram. Einmitt í því tilliti fer nú fram vinna á milli stjórnarflokkanna þar sem verið er að endurskoða virðisaukaskattskerfið. Þar hafa engar ákvarðanir verið teknar og stendur vinnan yfir. En fullyrðingar hv. þingmanna Samfylkingar sem hér hafa talað um að Framsóknarflokkurinn sé að standa í vegi fyrir ákveðnum leiðum í þessari endurskoðun eru auðvitað úr lausu lofti gripnar og eiga við engin rök að styðjast. Þar hafa hv. þingmenn talað um að Framsóknarflokkurinn sé á móti því að lækka virðisaukaskatt á matvælum. Þetta er ekki rétt. Það er verið að ræða þetta í þessari nefnd og menn þurfa að finna ákveðnar lausnir þar.

Þar er auðvitað fleira undir. Framsóknarmenn töluðu í síðustu kosningabaráttu til að mynda um að lækka virðisaukaskatt á barnavörum. Ég mundi því segja að það væri mikill útúrsnúningur hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni að segja að við séum að skoða lækkun virðisauka á einhverjum lúxusvörum. Ég hef ekki litið á barnavörur sem lúxusvöru hingað til og auðvitað eru inni í þessari umræðu líka stimpilgjöld og annað. Ég held því að þetta hafi kannski verið pínulítið orðum ofaukið.

Það er sem sagt allt undir í þessari endurskoðun og það að tala um að ágreiningur sé á milli stjórnarflokkanna er óskhyggja, eins og ég sagði áðan.

Barnabæturnar hafa verið hér til umræðu. Ég kom inn á þær áðan í andsvörum og fer ekki nánar út í það. Þó er rétt að halda því á lofti að á síðasta kjörtímabili, á fjögra ára tímabili, hækkuðu þær um 37,7% og á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 19,7%, sem þýðir að barnabætur hafa hækkað nær tvöfalt á við vísitöluna og því ekki rétt að halda því fram að ríkisstjórnin hafi ekki staðið við bakið á barnafjölskyldum í landinu.

Ég ætla því að segja um þessa endurskoðun á virðisaukakerfinu að ekkert liggur fyrir um það hvernig hún gengur og það er algjörlega ótímabært að túlka þá vinnu á þessu stigi. Við þurfum að meta fyrst og fremst líka hvaða svigrúm við höfum upp á framhaldið að gera. En það er alveg ljóst að við ætlum okkur að lækka skattbyrði almennings og fylgja þannig eftir kaupmáttaraukningu í landinu. Þetta er allt tilgreint í stjórnarsáttmálanum og ætti því ekki að koma hv. þingmönnum á óvart.

[16:18]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur ærlega ræðu. Hún viðurkenndi það hér að það væri ekki í skattaprógrammi þessarar ríkisstjórnar að lækka virðisaukaskatt á matvæli á þessu kjörtímabili. Skýrar er ekki hægt að tala í þessum efnum. Hún fór yfir það hér í hverju skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar væru fólgin, þ.e. að lækka tekjuskattinn, hreyfa niður erfðafjárskattinn og leggja af hátekjuskattinn. Þetta eru allt efnisatriði sem má ræða um og þeir stjórnarliðar hafa reynt að færa rök fyrir þó að á hinn bóginn sé alveg ljóst hverjum slíkar lækkanir koma best. Ekki þarf að fara yfir það og rekja það stafróf í þessum ræðustól. Það hefur verið gert með skýrum hætti.

Það veit auðvitað hver einasti maður sem hér er inni að þegar menn ætla að sleppa fyrir horn með því að tala almennt um heildarendurskoðun á virðisaukaskattskerfinu þá eru engir fjármunir fráteknir af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að bregðast þar við og lækka álögur í því kerfi. Er það ekki svo? Þurfum við nokkuð að deila um það, hv. þm. Dagný Jónsdóttir? Er það ekki alveg ljóst að peningarnir hafa þegar verið eyrnamerktir í önnur verkefni?

Af því að hv. þingmaður hefur verið býsna ærleg og beinskeytt hér í þingstörfum og talað tæpitungulaust (Gripið fram í.) þá vænti ég þess að hún geti staðfest það hér og nú, svo að við þurfum ekki að velkjast í vafa um það, að ekki er gert ráð fyrir því í skattaprógrammi ríkisstjórnarinnar að lækka verðlag á matvöru gagnvart almenningi í landinu með því að lækka virðisaukaskatt, eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir, úr 14% í 7%? Ég spyr: Eru einhverjir tæknilegir örðugleikar á því sem við getum hjálpað til með af hálfu ríkisstjórnarinnar sem koma í veg fyrir þetta eða er það svo að hinn pólitíska vilja vantar?

Auðvitað fór það ekkert fram hjá þessum hv. þm. frekar en öðrum hér að sjálfstæðismenn voru með þetta mál efst á baugi í sinni kosningabaráttu en framsóknarmenn ekki. Er því óeðlilegt að álykta sem svo að þarna skilji — ja, ekki segi ég nú himin og haf — en a.m.k. að vík sé milli vina?

[16:20]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hafi nú heldur betur verið að mistúlka eitthvað í ræðu minni vegna þess að ég talaði um það að langtímamarkmið ríkisstjórnarinnar væru skýr, hins vegar yrðum við að skoða það aukasvigrúm sem myndast.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar að svigrúm muni myndast. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði einnig í ræðu sinni að enginn vafi léki á því að meira svigrúm yrði til staðar. Þetta er því ekki rétt hjá hv. þm. Við verðum líka að taka það með í reikninginn að mörg atriði eru ekki í langtímamarkmiði ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Sem betur fer ætlum við nú að gera eitthvað en þar er kveðið á um. Við vitum að í stjórnarsáttmála er sagt að það eigi að endurskoða virðisaukaskattskerfið og ég held að engan pólitískan vilja skorti til þess. Eins og ég sagði í ræðu minni áðan er þar er allt undir og það verður mjög fróðlegt að sjá hvað kemur út úr þeirri vinnu.

Framsóknarflokkurinn hefur aldrei sagt að hann sé á

móti því að lækka virðisaukaskatt á matvæli. (Gripið fram í.) Hins vegar höfum við aldrei gefið neitt út á það hvort við viljum það hér og nú. En það er ekki rétt að segja að við viljum það ekki. Við viljum auðvitað hafa það þannig að við séum með svigrúm og þetta komi út þannig að fólk virkilega hagnist eitthvað á þessu.

Ég sagði það líka í andsvari fyrr í dag að mín persónulega skoðun væri sú að ég væri frekar með því að hækka barnabæturnar meira en að fara út í þessar aðgerðir, en auðvitað væri þetta kannski ágætt saman. Hv. þm. talaði um að ekki væri gert ráð fyrir fjármunum í þetta. Ég vil minna á að þarna er þriggja milljarða kr. pottur sem á að fara í barnabætur og önnur verkefni.

[16:22]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hv. þm. hljótum að vera alveg sammála um að það versta sem við pólitíkusar gerum fólki er að tala tungum tveim. Það versta sem við gerum er að gefa hálfgildings loforð, ýja að einu og gefa hitt til kynna en meina ekkert með því.

Ég veit að hv. þm. sem er tiltölulega ung að árum vill að við tölum skýrt í þessum ræðustól. Hún gerði það því miður ekki. Ég trúi því að það hafi verið mistök af hennar hálfu. Það versta sem hægt er að gera er að ýja að því að menn muni kannski, ef og ef kringumstæður eru þannig, gera eitthvað meira en sagt er fyrir um.

Er það ekki alveg skýrt, herra forseti, að Framsóknarflokkurinn hefur fram að þessu ekki haft það á sinni stefnuskrá, hvorki fyrir kosningar né eftir kosningar, að lækka matvöruverð með því að lækka virðisaukastigið úr 14% í 7%? Er það ekki alveg skýrt? Og var ekki hv. þm. að staðfesta það áðan að vilji hennar stendur ekki til þess heldur að gera eitthvað annað? Er það ekki alveg skýrt? Það eru ekki fráteknir peningar á þessu kjörtímabili til að fara þessa leið. Er það ekki alveg skýrt?

Ég vænti þess því að hv. þm. komi og staðfesti þetta bara einfaldlega og segi hér við okkur inni og þjóðina að það sé ekki á prógrammi forsætisráðherra né Framsóknarflokksins að fara þessa leið. Þá vitum við það. Þannig eigum við að takast á í pólitík. Við eigum ekki að lofa svona upp í ermina á okkur að kannski ef einhverjir nýir peningar detta af himnum ofan og ef þetta leggst fyrir okkur þannig þá megi skoða þetta og athuga. Það er bara ljótur leikur.

Herra forseti. Ég hef tekið eftir því í þessari umræðu að tveir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lagt hér orð í belg. Mér virðist eins og það sé ekki bara Framsóknarflokkurinn sem dragi lappirnar og sé andvígur því að lækka matvöruverð í landinu heldur finna líka boðberar tíðindanna fyrir kosningar, þeir sjálfstæðismenn, málinu allt til foráttu og þá ekki síst hv. 2. þm. Norðausturkjördæmis sem birtist nú hér í dyrunum.

[16:24]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. um að við eigum ekki að tala tungum tveim. Ég tel að ég tali mjög skýrt. Það tel ég vera vegna þess að ég er að segja hér frá þeirri vinnu sem á sér stað. Væri það nú kannski ekki frekar ómaklegt ef ég færi að segja hér mína skoðun á því hverju ég teldi að þessi ákveðna nefnd ætti að skila?

Við verðum að binda vonir við að þessi vinna skili okkur einhverju góðu og að hún sé raunsæ. Ég vil því ekki meina að ég sé að tala hér tungum tveimur heldur er þetta alveg skýrt hjá okkur. Við erum með skýra forgangsröðun. Auðvitað skoðum við aðra hluti. Það væri nú kannski frekar dapurt ef stjórnarflokkar mundu ekki framkvæma neitt annað en það sem er í kosningastefnuskrá.

Við vorum t.d. að fjalla hér um túlkaþjónustu í dag. Hún er ekki á kosningastefnuskrá Framsóknarflokksins og ég var afskaplega stolt af því að minn flokkur skyldi standa að því að veita fjármuni í það verkefni. (Gripið fram í.) Bara svo að ég nefni eitt dæmi vegna þess að öll mál eru mikilvæg.

Ég ítreka það að langtímamarkmiðin eru skýr og við skoðum auðvitað aðra hluti líkt og við höfum ávallt gert.

[16:26]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að vilja eða ekki vilja, það er spurningin. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir fór hér yfir samskipti ríkisstjórnarflokkanna og helst gat maður skilið af þeirri lýsingu að hér væri um miklar ástir samlyndra hjóna að ræða. En það er svolítið erfitt að ímynda sér það þegar maður horfir utan frá hvernig þeir reka hornin hverjir í aðra þessa dagana. Nokkuð viss er ég þó um að þeir Spaugstofumenn munu gera því betur skil en ég get gert.

Það er ekki undarlegt þó að við spyrjum um stefnu Framsóknarfokksins varðandi lækkun matarskatts vegna þess að hæstv. fjármálaráðherra og flestallir þeir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem talað hafa í skattaumræðu frá því að við komum hér saman segja það sama. Þeir segjast vilja gera þetta en að Framsóknarflokkurinn standi í vegi fyrir því.

Miðað við þau svör sem við höfum fengið hér við þeim spurningum sem lagðar hafa verið fram bæði í fjárlagaumræðunni og eins hér þá finnst mér að í raun sé búið að staðfesta að það er Framsóknarflokkurinn sem þvælist fyrir því að hægt sé að lækka matarskattinn núna um helming. Hann er að velta fyrir sér einhverjum öðrum leiðum varðandi virðisaukaskattinn og ekki er undarlegt kannski þó að ég velti þeirri spurningu upp í ræðu minni hvort verið gæti að þegar fjallið tæki jóðsótt og mús fæddist þá mundi vaskur á lúxusvörum lækka, einfaldlega vegna þess að það er það sem hefur gerst í tekjuskattinum. Þar er verið að lækka skattinn á þá sem langhæstar tekjur hafa og það svigrúm sem er fyrir hendi, þeir 5 milljarðar kr. sem eru fyrir hendi núna samkvæmt því sem ríkisstjórnin leggur til, eiga að fara að langmestu leyti til þeirra sem hæstu tekjurnar hafa.

Því verð ég að spyrja, herra forseti, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur: Er það samkvæmt stefnu Framsóknarflokksins að ef lækka skuli skatt á einstaklinga þá skuli þeir njóta sem best hafa það?

[16:28]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmenn hugsa greinilega mikið um hvernig stjórnarsamstarfinu er háttað. Ég veit ekki hvað ég

er búin að segja það hér oft í dag en ég ítreka að það gengur bara alveg ágætlega.

Hv. þm. spyr um stefnu Framsóknarflokksins í virðisaukaskattsmálum og skattamálum yfir höfuð. Stefnan er alveg skýr. Við höfum forgangsraðað. Forgangsröðunin er sú að lækka tekjuskattsprósentuna. Við teljum að það skili sér til allra og það sé sanngjörn leið. Um þessa leið var líka kosið í síðustu kosningum og ég mundi segja að heiðarlegt sé að standa við þau kosningaloforð.

Ég fullyrði hér að Framsóknarflokkurinn er ekki að stoppa lækkun virðisaukaskatts á matvælum — það er ekki rétt — heldur er endurskoðunin í eðlilegum farvegi. Þetta er gríðarlega viðamikið verkefni. (Gripið fram í.) Við vitum það t.d. að margar leiðir eru færar í þessum málum. Á til að mynda að fara út í flata lækkun á virðisaukaskatti? Á að fara í að útbúa fleiri þrep? Á að taka ákveðna flokka út? Þar kemur auðvitað umræðan um matarskattinn inn í og umræðan um barnavörurnar og fleira og fleira. Þetta er nokkuð sem þarf að ræða og íhuga afar vel áður en það verður ákveðið.

En við tökum að sjálfsögðu öllum góðum málum með opnum huga og vinnum að þessu í góðri samvinnu við samstarfsflokkinn.

[16:30]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður að þakka hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur fyrir þann kjark og þor sem hún sýnir með því að vera hér í salnum og ræða um skattastefnu Framsóknarflokksins eins og hún birtist okkur í tillögum Sjálfstæðisflokksins, það eru ekki aðrir hv. þm. Framsóknarflokksins sem leggja það á sig að koma og svara fyrir hana.

Núna er það ekki bara 1% lækkun á tekjuskatti sem við erum að horfa á. Það er búið að boða að á næstu tveimur árum lækki hann um 3% til viðbótar, að áfram verði haldið á sömu leið. Það er búið að segja okkur það að frá því að við komum hér til þings og þar til þessu lýkur hjá þeim muni tekjuskattur lækka um 4%.

Þetta þýðir einfaldlega að sá launþegi sem er með eina millj. kr. á mánuði má vænta þess, þegar þessu átaki ríkisstjórnarinnar verður lokið, að greiða í kringum 75–80 þús. kr. minna í skatt á mánuði, þegar sá sem hefur 100 þús. kr. í tekjur getur vænst þess þegar þessa mikla skattátaki lýkur að greiða 2.400 kr. minna á mánuði í skatt. Þetta er réttlætið sem ríkisstjórnin er að kynna okkur fyrir, þetta er réttlætið sem við horfum framan í og því komum við hér með tillögur um með hvaða hætti er hægt að koma þessu beinna til þeirra sem þurfa á að halda. Ég vona að Framsóknarflokkurinn vitkist og hætti að standa á móti því að hægt sé að lækka matarskattinn. (**Gripið fram í:** Mikil er von þín.) Ja, mikil er von mín, ég er það nýr þingmaður að ég eiginlega trúi enn að hlutirnir geti gerst. Auðvitað á maður kannski ekkert að trúa þegar maður veltir fyrir sér barnakortum Framsóknarflokksins. Þau líta svona út enn þann dag í dag.

[16:32]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson þakkar mér fyrir að vera hér í sal og svara fyrir stefnu okkar í skattamálum. Ég verð kannski að hryggja hv. þm. pínu því það er bara minnsta málið vegna þess að ég er afskaplega stolt af stefnu okkar í skattamálum og mjög sátt við hana. Þetta er auðvitað sameiginleg stefna þessara tveggja stjórnarflokka og við teljum að þessi tekjuskattslækkun muni svo sannarlega skila sér vel til fólksins. Við skulum ekki gleyma því að þetta skilar sér vel t.d. til ungs fólks sem er að byrja að koma sér upp húsnæði og öðru og vinnur mikið og hefur vonandi miklar tekjur, svo að ég nefni dæmi.

Það er auðvitað hægt að nefna slík dæmi sem þið hafið varðandi hvað hver greiðir í skatt og hversu miklu það skilar ákveðnum hópum. Auðvitað er það þannig að eftir því sem menn hafa meira í skatt þeim mun meira fá þeir út úr þessum lækkunum, það gefur augaleið. En þeir eru líka að greiða meira í þágu samfélagsins þannig að ég held að þessi samlíking dæmi sig nú alveg sjálf.

Ég ítreka það að ég er stolt af markmiðum okkar í skattamálum og hlakka til þess að fara inn í næstu kosningabaráttu með lækkun tekjuskattsprósentu.

[16:33]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég hygg að mjög gagnlegt sé að eiga skoðanaskipti um þau mál sem hér eru rædd, matarverð, virðisaukaskatt og ýmislegt fleira í þeim dúr. Ég hef heyrt á ræðum ýmissa þingmanna Samfylkingarinnar að þeir vilja fara í sögulega upprifjun til þess að reyna að sýna fram á hversu stefna þeirra og flokkanna sem standa að Samfylkingunni hefur verið samræmd frá einu ári til annars og ekki svona hlaupið til og frá eftir því hvort menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu eða hvernig þeir halda að landið liggi yfir höfuð. En ef maður rifjar upp söguna kemur annað í ljós.

Í fyrsta lagi liggur sú stefna Alþýðuflokksins fyrir, sem allir þingmenn Alþýðuflokksins fluttu frumvarp um á Alþingi á sínum tíma, að tekjuskattur skyldi lagður niður. Fyrir því voru færð ýmis rök, m.a. að það kæmi launafólki best, en á hinn bóginn talið fráleitt að skynsamlegt gæti verið að hafa þrep í virðisaukaskatti og má segja að helsti andstæðingur þess hafi verið Jón Baldvin Hannibalsson meðan hann var fjármálaráðherra og kvað svo rammt að því þegar við sjálfstæðismenn lögðum það til haustið 1988 að þeir sórust í fóstbræðralag, leiðtogarnir tveir í þessum svokölluðu A-flokkum, Jón Baldvin Hannibalsson og Ólafur Ragnar Grímsson, að stofna nýja ríkisstjórn um þetta eitt að virðisaukaskattur skyldi ekki lægri á matvörum en hinn almenni virðisaukaskattur í landinu. Fyrrverandi fjármálaráðherra í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, Jón Baldvin Hannibalsson, og sá fjármálaráðherra sem við tók, Ólafur Ragnar Grímsson.

Það er hægt að rifja upp ýmis snjöll ummæli frá leiðtogunum tveim sem stóðu að stofnun Samfylkingarinnar frá þeim tíma. Auðvitað lá á bak við þetta sú hugsun að þeir ímynduðu sér að með þessum hætti væri hægt að auka það sem heitir samneysla enda mun það vera svo að sú ríkisstjórn sem þá sat hefur verið einhver allra aumasta ríkisstjórn sem setið hefur í landinu.

Það er svolítið merkilegt að heyra þegar formaður Samfylkingarinnar nú, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, talar um að það hafi aldrei komið fyrir að Alþýðusambandið hafi

verið kvíðafullt eða fundið að stefnu ríkisstjórnar í efnahagsmálum. Það væri kannski rétt að rifja það þegar þessir tveir menn höfðu farið með ríkisfjármálin frá 1987 og hin næstu ár, Jón Baldvin Hannibalsson og Ólafur Ragnar Grímsson, þá setti verkalýðshreyfingin, atvinnurekendur og bændur ríkisstjórninni stólinn fyrir dyrnar og knúðu ríkisstjórnina í þá þjóðarsáttarsamninga sem við munum eftir. Þá var ástandið þannig í landinu að allsherjaratvinnuleysi blasti við.

Ef við tölum um að einhver gjá geti verið á milli stjórnmálamanna og sérstakra starfsstétta í landinu þá var sú gjá auðvitað á milli þess manns sem byrjaði á því að semja við kennara um verulegar launahækkanir en nam þær síðan á brott með bráðabirgðalögum áður en þær komu til framkvæmda. Sú gjá var síðan brúuð í næstu alþingiskosningum sem fram fóru vorið 1991 og var þeim flokki þá ýtt til hliðar. Þá var brú á ný komin milli Íslendinga og þeirrar ríkisstjórnar sem sat í landinu.

Það má því auðvitað rifja ýmislegt upp í sambandi við siðferði og í sambandi við skattastefnu þeirra A-flokkanna og Samfylkingarinnar sem nú kemur.

Mér þótti það merkilegt áðan þegar ég hlustaði á ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem var félagsmálaráðherra 1987 og stóð síðan að því með félögum sínum að slíta stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn af því að lækka átti skatt á matvöru, þegar þessi hv. þm. sagði hér áðan einmitt um þessa hugmynd að lækka matvörur: „Það væri gaman að vita hvað hæstv. félagsmálaráðherra segir um það?"

Hver voru hennar eigin skref sem félagsmálaráðherra í þessu sama máli? Hver voru þau? Að vísu má segja hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur til hróss að hún man ekki alltaf fyrri afstöðu sína þannig að okkur sjálfstæðismönnum tókst að koma Alþýðuflokknum á rétta braut síðar svona í síðustu dögum Jóhönnu Sigurðardóttur sem félagsmálaráðherra 1993 og okkur tókst þá að lækka virðisaukaskatt á matvæli niður í 14%. Ég man eftir því á þeim tíma hversu skemmtilegt alþýðubandalagsmönnum þótti að minna Alþýðuflokkinn á að hann hefði gefist upp fyrir íhaldinu með því að fallast á lækkun matarskattsins. Má lesa um þetta í þingtíðindum. En þetta rifja ég upp til þess að sýna fram á að þeir flokkar og menn sem eru í forsvari fyrir þá hér á Alþingi hafa í raun og veru ekki neina samfellda stefnu í skattamálum sem hægt er að rekja frá einu ári til annars og sem hægt er að reiða sig á.

Við heyrðum núna og vitum það að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talar gjarnan um þá lægst launuðu og þá sem verst hafa kjörin. Yfirleitt tekst henni með einhverjum hætti að sýna fram á í ræðum sínum að það sem hún segir hverju sinni komi sér best fyrir þá lægst launuðu og þá sem verst hafa kjörin, en hins vegar það sem hinir halda fram, sem eru henni ekki sammála, komi sér verst fyrir þá hina sömu.

Nú segir hv. þm. að með því að lækka virðisaukaskattinn komi það eingöngu hinum lægst launuðu til góða. Ef við hins vegar lækkum tekjuskattinn þá kemur það eingöngu hinum hæst launuðu til góða. Þá spyr maður sjálfan sig: Skyldi það nú vera svo að þunginn af virðisaukaskattinum lendi á hinum lægst launuðu? Auðvitað ekki. Á hinn bóginn er það rétt að lækkun á matarskatti kemur sér best fyrir hina lægst launuðu, sérstaklega barnmargar fjölskyldur, og má segja að um þetta hafi staðið stríð milli Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, a.m.k. þann tíma sem ég hef fylgst með stjórnmálum, sem eru ekki nema 43 ár, á viðreisnarárunum stöðugt stríð milli Ingólfs Jónssonar landbúnaðarráðherra og viðskiptaráðherra alþýðuflokksmanna.

Við héldum því fram að með því að greiða niður mjólkurvörur og dilkakjöt værum við að koma til móts við fjölskyldur sem væru verst settar. Við knúðum það fram á þeim tíma að slíkar niðurgreiðslur héldu áfram og þær voru stundum auknar sérstaklega þegar þurfti á að halda út af dýrtíð í landinu.

Núna í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur kom þetta strax fram þegar hv. þm. var að tíunda hvernig hægt væri að lækka matarverð hér á landi með því að ganga í Evrópusambandið. Þá hafði hv. þm. vitaskuld fyrst og fremst í huga hversu mikil lækkunin yrði ef stefna Evrópusambandsins yrði tekin upp í landbúnaðarmálum.

Eins og fram kemur í skýrslu um samanburð á matvælaverði á Íslandi, Norðurlöndum og ríkjum Evrópusambandsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Sams konar aðfallsgreining fyrir undirflokka matvöru gefur til kynna að búast megi við að ávextir og grænmeti lækki í verði um 8% ef Ísland tekur upp svipaða landbúnaðarstefnu og Evrópusambandið, brauð og kornvörur lækki um 9%, drykkjarverð haldist óbreytt ..." — hér er áfengi ekki talið með, það mundi auðvitað lækka í verði og má segja að það sé einn af kostum eða göllum þess að ganga í Evrópusambandið, það fer svona eftir því hvernig maður hugsar og hvað maður drekkur — „mjólk, ostar og egg lækki um 12% en kjöt um 23%. Forspá líkansins um 12% verðlækkun á fiski við Evrópusambandsaðild kemur á óvart..."

Það má nú kannski segja að þetta sé rétt. Maður áttar sig ekki alveg á því hvernig — en öllu skal nú til skila haldið og má vera að ýsuverðið lækki um 12% ef maður gengur í Evrópusambandið. Öðru eins hefur nú verið logið.

En þarna er skýringin komin. Þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talar um „með leið Samfylkingarinnar" — „með okkar leið er hægt að lækka matarverð um 30%" þá er hún auðvitað með það inni í því að hætta stuðningi við íslenskan landbúnað og fella niður öll innflutningshöft og alla tolla á landbúnaðarvörum.

Þetta er auðvitað ákveðin stefna. Ef við förum til nálægra landa, til Svíþjóðar eða Finnlands þá sjáum við hvað þar hefur gerst í málefnum landbúnaðarins, við vitum það og áttum okkur á því að hann er ekki samur nú miðað við það sem áður var, áður en þeir gengu í Evrópusambandið. Það má vera að þetta sé það sem Samfylkingin sér fyrir sér. Ef það er ekki þetta þá væri fróðlegt að fá það upp: Hvernig ætlar Samfylkingin að sýna fram á að hún geti lækkað matarverð um 30%?

Hún getur það ekki einu sinni með þessu, eða hvar ætlar hún að fá efni til þess?

Það kemur fram í þessari skýrslu hversu strjálbýlt Ísland er, og er þá borið saman við Þýskaland, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér búa þrír menn á ferkílómetra lands en í Þýskalandi búa 230 manns á ferkílómetra. Því nýtist stærðarhag-

kvæmni í verslun og framleiðslu ekki eins vel á Íslandi og í þéttbýlli löndum. Samkvæmt líkaninu ýtir fólksfæðin verðlagi hér á landi upp um 20% miðað við Þýskaland og mismunandi hitastig um 6%." Ísland er miklu strjálbýlla land en Þýskaland.

Við sjáum að það er ýmislegt sem kemur til í sambandi við slíkan samanburð sem nauðsynlegt er að reyna að gera sér grein fyrir.

Auðvitað getum við allir hv. þingmenn, eins og ég gerði áðan, rifjað upp eitt og annað úr sögu flokka okkar frá mismunandi tímum í ríkisstjórn hvort við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu. En ef flokkur sem alltaf hefur við orð að hann telji sjálfan sig ábyrgan, ef þessi flokkur treystir sér til að segja að hann hafi fundið ráð til þess að lækka matarverð um 30% þá er a.m.k. lágmark að þessi flokkur reyni að sýna fram á að það séu ekki nema helmingsýkjur, reyni þá a.m.k. að sýna fram á að hann geti lækkað matarverð um 15%. Og hvernig ætlar hann að fara að því? Hvaða leiðir eru til þess?

Það má auðvitað segja að menn vilji hér erfðabreyttar landbúnaðarvörur og að menn vilji hafa steraefni í matvælum til þess að lækka verðið. Meðan ég var landbúnaðarráðherra þá kom það fyrir að utanríkisráðherra sem var í Alþýðuflokknum, leyfði innflutning á kjúklingalöppum frá Kanada, ég hygg að það hafi verið steraefni í þeim. Það má vel vera að það sé það sem þessir háttvirtir þingmenn séu að berjast fyrir að við höldum ekki þeim stöðlum og kröfum sem við höfum gert um hollustu í matvælum og vilji fara út í að leyfa að hægt sé að flytja inn hvað eina. Það má vera að það sé á bak við þann samanburð og að það sé á bak við fullyrðingarnar sem Samfylkingin er með.

En ef það er ekki raunin hvernig ætlar Samfylkingin þá að lækka verð á matvörum um 30%, hvernig ætlar hún að fara að því ef það á að halda uppi hollustu í landinu? Ég geri mér grein fyrir því að með málflutningi sínum vill Samfylkingin auðvitað ekki hafa neinn skatt á sykri, gosdrykkjum og öðru því um líku, látum það vera. Það er skoðun út af fyrir sig.

En auðvitað liggur það fyrir að aðild Íslands að Evrópusambandinu skiptir engu máli um vöruverð hér á landi. Það er ekki hægt að benda á eitt né neitt í því sambandi. Við Íslendingar getum sjálfir fellt niður öll aðstöðugjöld á þeim fáu stöðum þar sem þau eru á matvælum. Við getum sjálfir lækkað virðisaukaskatt á matvælum og ef við viljum látið hið sama gilda um matvörur hvaðan sem þær koma til landsins þannig að engar hömlur verði og það kemur Evrópusambandinu ekkert við. Við þurfum ekki að sækja alla vitneskju til annarra landa og höfum getað bjargað okkur sjálfir hér á Íslandi þau ár sem við höfum verið hér og þurfum ekki á hjálp að halda til að stjórna efnahagsmálum okkar, enda hefur ekki verið sýnt fram á hvað það er sem ætti að lækka við slíka aðild. Á hinn bóginn liggur fyrir að aðild okkar að Evrópusambandinu mundi kosta okkur stórkostlega fjármuni sem við þurfum ekki að greiða nú, en sem hlyti að sjálfsögðu til lengdar að bitna á lífskjörum okkar því eins og sakir standa nú er ávinningurinn af því að ganga í Evrópusambandið enginn.

Þegar menn eru að tala um: Ja, við viljum láta sækja um aðild að Evrópusambandinu bara til að sækja um aðild án þess að segja nokkuð um hvort viðkomandi vilji vera í Evrópusambandinu eða hvaða skilyrði menn setji fyrir aðild að Evrópusambandinu og án þess að gera grein fyrir hvar þeir standi þá er slíkt auðvitað markleysa.

Auðvitað er það svo bæði um tekjuskattinn og virðisaukaskattinn að þeir sem hafa meiri tekjur borga hærri tekjuskatt, sumir ekki neitt. Eins er það um virðisaukaskatt, þeir sem hafa meiri tekjur og eyða meira greiða auðvitað meiri virðisaukaskatt en hinir. Þetta vitum við öll. Það hefur ekki, svo mér sé kunnugt, farið fram nein athugun á því hvernig það skiptist á milli ríkra og fátækra hverjir greiða svo og svo mikið af virðisaukaskatti. En hitt er auðvitað ljóst, jafnljóst nú og þegar Alþýðuflokkurinn sleit samstarfi við okkur sjálfstæðismenn út af virðisaukaskattinum, eða þegar við knúðum fram að Alþýðuflokkurinn stæði með okkur um lækkun á virðisaukaskatti, að lækkun á matvörum skiptir mestu fyrir þá sem minnst mega sín, fyrir barnafjölskyldur og aðra þvílíka. Þetta skulum við hafa í huga.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Mér þótti nauðsynlegt að koma fram með nokkrar athugasemdir vegna þess hvernig Samfylkingin lagði mál sitt upp og vegna þess að það var greinilegt að undir þeim málflutningi var ekki sá grundvöllur sem hægt var að reiða sig á. Málflutningurinn var út og suður, röksemdafærslan að 7% lækkun á virðisaukaskatti valdi 30% lækkun á matvörum er náttúrlega skemmtiefni en má segja að það sé góður liður í talnaleik Samfylkingarinnar, og það get ég sagt, herra forseti, með fullum sanni að ef ég hefði ekki verið við þessar umræður og einhver hefði sagt mér að 7% lækkun á virðisaukaskatti þýddi 30% lækkun á matvælum og ég væri spurður: Hvaða flokkur heldur þessu fram? Þá hefði ég sagt: Áreiðanlega Samfylkingin.

[16:53]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Á einni mínútu gefst mér ekki tækifæri til að fara í sagnfræði, ég hef ekki tíma til þess að rekja það af hverju íhaldið var á móti vökulögum, eða af hverju það var á móti almannatryggingum, á móti atvinnuleysistryggingum o.s.frv. Ég hefði ekki tíma til þess að rekja samskipti Ingólfs Jónsson og Gylfa Þ. Gíslasonar.

Ég ætla hins vegar að fara nær í tímann því hv. þm., 2. þm. Norðausturkjördæmis, kom hvergi að kjarna málsins í ræðu sinni, nefnilega því að hann og flokkur hans lofuðu því fyrir hálfu öðru ári síðan í kosningabaráttu að gera nákvæmlega það sem verið er að leggja til í tillögunni sem við erum að fjalla um.

Því vil ég spyrja hann: Hvernig stendur á því að hann sem talsmaður Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu er núna allt í einu á móti því að lækka matarverðið í landinu með því að lækka virðisaukaskattinn á matvörur úr 14% í 7%, en var með því fyrir hálfu öðru ári síðan? Var hann og flokkur hans að blekkja kjósendur á þeim tíma? Var þetta bara kosningabrella eins og oft áður, herra forseti?

[16:54]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefði verið gaman að vita hvað hv. þm. ætlaði að segja um vökulögin. Þau voru að vísu sam-

þykkt áður en Sjálfstæðisflokkurinn varð til og þess vegna veit ég ekki nákvæmlega hvað fyrir hv. þm. vakti.

En það er rétt að ég átti skyldmenni hér á Alþingi á þeim tíma og hann sagði þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu um vökulögin: „Mér hefur ávallt þótt gott að sofna að loknu dagsverki og segi því já.“

Um hitt get ég sagt að ég hef ævinlega viljað lækka matarskattinn. Kóngur vill sigla en byr hlýtur að ráða, stendur einhvers staðar, og það hefur verið svo lengi að ég hef viljað gera það og er útilokað fyrir hv. þm. að finn nokkur ummæli eftir mér sem lúta að öðru.

[16:55]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð enn meira undrandi eftir þessa yfirlýsingu hv. þm. því það er nákvæmlega þetta sem vantaði í yfirgripsmikla ræðu hans. Er það með öðrum orðum enn þá stefna Sjálfstæðisflokksins að hann vilji lækka matarskatt úr 14% í 7%?

Nú liggur það fyrir í þessari umræðu að allir umframfjármunir ríkissjóðs hafa verið fráteknir í önnur verkefni þannig að eftir stendur að í skattaprógrammi ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir að standa við fyrirheit og loforð Sjálfstæðisflokksins sem hann fór fram með með miklum hávaða og látum fyrir síðustu kosningar og eftir stendur því að allar yfirlýsingar hans fyrir síðustu kosningar voru hjóm eitt og að engu hafandi.

[16:56]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt er nú verið að vinna að því að útfæra stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum og auðvitað bíð ég þeirrar niðurstöðu.

Það kom mér ekki á óvart að Alþýðuflokkurinn eða Samfylkingin skyldi taka upp stefnu Sjálfstæðisflokksins í skattamálum og mætti hún raunar gera það oftar. En á hinn bóginn er nauðsynlegt að tímasetja skattalækkanir og fara með festu og gát. Verið er að vinna að útfærslunni og við skulum bíða rólegir eftir því að það komi fram.

[16:57]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ekki mjög fróðleg ræða sem hv. þm. flutti hér áðan en hún var þeim mun skemmtilegri. Hún var full af vondri sagnfræði og síðan sérkennilegri rökfimi þar sem hv. þm. var að berjast við að afsanna fullyrðingar sem hann bjó til úr munnum annarra þingmanna en sem aldrei voru sagðar í umræðunni í dag.

Látum það nú vera, það er gamalkunn bardagaaðferð sem tengist nokkuð stíl hv. þingmanns. Mig langar hins vegar til þess að spyrja hv. þingmann: Hvað veldur því að ekki er komin fram skýr viljayfirlýsing um að matarskatturinn verði lækkaður? Ég vísa m.a. til yfirlýsinga hv. þingmanns úr kosningabaráttunni. Er það vegna þess að það er óvilji af hálfu einhverra í stjórnarliðinu? Ég spyr hv. þingmann einnig: Er það ekki rétt sem hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, hefur sagt að það er Framsóknarflokkurinn sem ekki hefur fallist á ákveðna útfærslu í þessu máli?

[16:58]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér hefði þótt drengilegt af hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að segja hvaða ummæli ég hafði rangt eftir til þess að það komi þá fram, í staðinn fyrir að dylgja um það. Það er auðvitað alltaf hægt að gera slíkt. En skemmtilegra er nú að reyna að hafa reiður á því hvað um sé að ræða ef maður brigslar öðrum um ósannindi.

Eins og ég sagði áðan er núna verið að vinna að útfærslu á því hvernig staðið skuli að skattalækkunum. Ég hef ekki verið í undirbúningshópnum sem að því vinnur og af þeim sökum get ég ekki upplýst þingið um það. Og þó að ég væri í hópnum væri ég bundinn trúnaðareiði og mundi ekki upplýsa þingið um það.

[16:59]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að brigsla hv. þm. um vísvitandi ósannindi en mér finnst hann stundum taka ákaflega illa eftir. Það sem ég átti við voru þau orð sem hv. þm. hafði eftir hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að hún hefði sagt að lækkun á vaskinum hefði einungis í för með sér kjarabætur fyrir þá lægst launuðu og lækkun á tekjuskattsprósentunni einvörðungu hagsbætur fyrir þá sem vel væru efnaðir. Það var það sem hv. þm. sagði.

Upp úr þessu stendur tvennt: Hv. þm. Halldór Blöndal treystir sér ekki til þess að segja að Geir H. Haarde hafi farið með rétt mál þegar hann upplýsti að ástæðan fyrir því að virðisaukaskattslækkun væri ekki á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar væri sú að Framsóknarflokkurinn hefði ekki fallist á hana.

Í öðru lagi stendur það upp úr þessari umræðu að hv. þm. Halldór Blöndal var að blekkja kjósendur fyrir kosningar með því að berjast fyrir lækkun sem hann er ekki lengur að berjast fyrir.

[17:00]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að þakka hv. þm. fyrir mikla sagnfræði sem var kannski ekki alveg hlutlaus. Ég tók eftir því að hv. þm. kvartaði sáran yfir því að það væri ekki samfella í skattastefnu Samfylkingarinnar. Þess vegna langar mig að spyrja hv. þm. út í nokkuð.

Síðan ég hóf störf á þingi hef ég séð ákveðna samfellu í skattastefnu Sjálfstæðisflokksins. Hún hefur verið sú að hækka álögur á almenning í gegnum bensín- og olíugjöld á síðasta ári um milljarða. Þeim peningum er síðan nær eingöngu skammtað til þeirra sem hafa hærri launin. Er það rétt tekið eftir hjá mér?

[17:01]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að hv. þm. Halldóri Blöndal er nokkuð brugðið og einhver afturför í gangi hjá þeim skýra manni, svo ég noti aðferðir hans við að fjalla um þingmenn. Hann ber mér það á brýn að ég vilji ganga nærri landbúnaðinum með því að ná fram þeirri lækkun sem Samfylkingin vill ná með því að ganga í Evrópusambandið. Þetta er sérstaklega skemmtilegt vegna þess að ég

tók eitt dæmi til marks um lækkun við að ganga í Evrópusambandið. Ég tók tölur frá Noregi og heimfærði þær á Ísland.

Að öðru leyti gekk ræða mín nákvæmlega út á þá skoðun Davíðs Oddssonar að þetta gætum við gert sjálf. Skýrsla Hagfræðistofnunar háskólans benti á og gerði tillögur um að efla markaði. Hún gerir tillögur um að vinna í samkeppnismálunum, auka eftirlitið. Hún gerir tillögur um skoða skatta og skyldur, vörugjöld og álögur. Hún bendir á hvernig við styðjum landbúnaðinn og hvernig megi breyta því.

[17:02]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var í ræðu minni að reyna að útskýra hvernig Samfylkingin gæti náð því fram, samkvæmt sinni leið og samkvæmt því frumvarpi sem hér liggur fyrir, að lækka vöruverð um 30%. Það hefur ekkert komið fram um það, hvorki hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur né öðrum sem talað hafa, hvernig nákvæmlega eigi að ná því fram.

Á hinn bóginn hef ég tekið eftir því að í ræðum Samfylkingarinnar hefur mikið verið talað um að hér sé nauðsynlegt að efla samkeppni og auka eftirlit Samkeppnisstofnunar, þótt það sé ekki sagt beinlínis þannig. Segja má að með því sé Samfylkingin hrokkin í gamla farið, vilji allt í einu fara að tala í öðrum dúr um samkeppnislög.

Auðvitað er það rétt hjá hv. þm. að virk samkeppni á matvælamarkaði er nauðsynleg til að halda vöruverði niðri og má vera að hv. þm. þyki nokkuð skorta á þá virku samkeppni.

[17:04]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst sérstök ástæða til að benda á það sem skýrt er dregið fram í skýrslu Hagfræðistofnunar háskólans, þ.e. að við veitum um 12 milljarða kr. í stuðning af ýmsu tagi til landbúnaðarins. Þar segir að helmingurinn af þeim stuðningi sé tekinn í matarverðinu. Við erum þá að tala um allt að 6 milljarða.

Hér erum við að tala um lækkun á matarskatti um 6,5%, úr 14% í 7%, sem er verulegur ávinningur. Þessi ábending Hagfræðistofnunar þýðir að hægt væri að ná fram sömu fjárhæð í lækkun á matarverði. Bent er á að það sé betri kostur að veita stuðninginn með beingreiðslum. Það er ekki verið að tala um að afnema stuðninginn. Hins vegar er talað um að færa þann stuðning sem á að viðhafa yfir í beingreiðslur en ekki að taka hann í matarverðinu eins og gert er í dag.

Að öðru leyti þá hvet ég þingmenn til að lesa skýrslu Hagfræðistofnunar. Ég mun leita allra leiða til að koma henni í umræður á Alþingi þótt hún sé ekki þingskjal þessa vetrar.

[17:05]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég áttaði mig raunar ekki á hvað hv. þm. var að fara. Hún talaði í öðru orðinu um að lækka stuðning við landbúnaðinn um 6 milljarða, var það ekki? (**RG:** Flytja hann yfir í beingreiðslur.) Flytja hann yfir í beingreiðslur, já og þannig að greiða matarverð enn þá meira niður. Ég átta mig ekki á því hvað hv. þm. á við með að gera það.

Beingreiðslur vitum við hvað eru. Það má vera að það sé skynsamlegt hjá hv. þm. og væri fróðlegt að fá meira um það vita þegar umræður fara fram um landbúnaðarmál hvaða beingreiðslu þingmaðurinn á þar við.

Kjarni málsins er sá að það hefur ekki verið sýnt fram á það að tillögur Samfylkingarinnar standi undir þeim orðum sem Samfylkingin vill vera láta. Það er kjarni málsins.

[17:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í dag hefur farið fram mjög góð umræða og í henni kristallast mismunandi sjónarmið manna til skattlagningar. Í fyrsta lagi hvort skattlagning eigi að vera til að afla ríkinu tekna eingöngu eða hvort nota eigi skattkerfið til að jafna kjör manna. Ég er á þeirri skoðun að menn eigi fyrst og fremst að líta á skattkerfið sem tekjuöflun en láta aðra þætti velferðarkerfisins um að jafna kjör manna. Það er mjög dýrt að nota skattkerfið til þess því það dregur úr frumkvæði og dugnaði.

Varðandi spurninguna um hvort virðisaukaskattur skuli lækkaður um 5 milljarða eða tekjuskattur um 5 milljarða á ári þá hljóta báðar leiðir að hafa nokkurn veginn sömu áhrif til að kynda undir verðbólgu og þenslu. Þau orð sem féllu í upphafi umræðunnar með vísan til ASÍ, að verið væri að hella olíu á eldinn með skattalækkunartillögum ríkisstjórnarinnar, eiga ekki síður við um svona tillögur. Ég hugsa að það sé meira að segja meiri þensluhvati af lækkun virðisaukaskatts um sömu krónutölu vegna þess að það er alltaf ákveðinn sparnaðarvilji hjá þeim sem hafa hærri tekjurnar og sparnaðargeta.

Mér finnst alltaf jafnslæmt, ég ætla að biðja menn að hugleiða það, þegar menn tala um fátækt fólk eins og það sé eitthvað persónueinkenni. Menn segja nánast í sama orði: maðurinn er bláeygur og fátækur. Auðvitað getur maðurinn breytt þessu með fátæktina. Við getum breytt umgjörð sem skapar fátækt. Maðurinn getur t.d. aflað sér menntunar. Hann getur lagt harðar að sér. Hann getur sótt um annað starf. Þetta er ekkert persónueinkenni. Þetta er ekki fastmótaður hópur. Alls ekki.

Mitt markmið er að berjast gegn fátækt með því að fækka í hópi þeirra fátæku og gera þeim kleift að verða ríkari, að hafa hærri tekjur. Þetta er ekki fastur hópur sem sumir tala um sem eitthvert náttúrulögmál.

Það má vel vera að við á hinu háa Alþingi, við þingmenn, höfum búið til aðstæður sem gera fólk fátækt. Við búum til fátæktargildrur, búum til velferðarkerfi og bótakerfi sem er þess eðlis að það borgar sig ekki fyrir fólk að vinna. Maður heyrir það mjög oft. Það borgar sig ekki fyrir fólk að mennta sig. Það hefur bara ekkert upp úr því. Það er betra að sitja bara heima og gera ekki neitt en að rembast við að hækka tekjur sínar með ýmsum hætti. Þetta er mjög skaðlegt fyrir einstaklinginn og einnig skaðlegt fyrir þjóðfélagið. Þarna rekast á þessi tvö mismunandi sjónarmið sem við búum við.

Tekjuskattslækkunin minnkar fátæktargildruna. Hún minnkar það að menn séu fastir í ákveðnu kerfi, hvort sem

það eru húsaleigubætur, vaxtabætur, atvinnuleysisbætur eða hvað það nú er og geti ekki bætt stöðu sína vegna þess að skatturinn, plús allar tekjutengdu bæturnar, eru svo háar að það borgar sig ekki að vinna. Þarna greinir á milli.

Munurinn á tillögum ríkisstjórnarinnar, 1% lækkun á tekjuskatti og því að lækka virðisaukaskatt um sömu krónutölu, sem kemur að meðaltali jafnt út fyrir alla, er sá að annað stækkar kökuna, þ.e. hvetur menn til dáða, hvetur menn til að vinna meira, hættir að draga úr þeim og gerir þeim fátæku mögulegt að verða ríkari en hitt heldur stöðunni niðri. Menn þurfa ekki að afla sér eins mikilla tekna. Það borgar sig ekki frekar en núna. Á þessum leiðum er því reginmunur.

Það hefur verið markmið ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins í þrettán ár að stækka kökuna, hætta að vera eins upptekin af því að skipta henni og menn voru áður þótt sumir séu það enn þá. Sumir eru svo uppteknir af því að skipta kökunni að hún minnkar og minnkar. Nei, við viljum stækka kökuna. Það hefur tekist. Laun á Íslandi hafa hækkað sem hvergi annars staðar. Ég fullyrði það.

Atvinnulífið blómstrar. Verðbréfamarkaðurinn og allt blómstrar vegna þess að menn hafa bætt skilyrðin, lagað skilyrðin sem stækka kökuna. Tekjuskattslækkunin er þáttur í því.

Áðan fóru fram miklar umræður um hve sú lækkun á virðisaukaskatti sem hér er um rætt lækki vöruverð mikið. Það er hægt að reikna þetta upp á krónur og aura, ég gerði það áðan. Þær vörur sem falla undir 14% skatt lækka niður í 7% skatt, það lækkar þær um 6,14%. Það er mjög einfalt og ekkert meira um það að segja, hvorki um 30% eða eitthvað annað heldur bara þetta.

Ef við tækjum 5 milljarðana sem skatturinn á að lækka um og deildum þeim á alla Íslendinga þá væru það 17 þús. kr. á mann á ári, eða 1.437 á mánuði. Þeir sem hafa 143 þús. kr. á mánuði og fá 1% lækkun á tekjuskatti fá einmitt þá tölu þannig að allir fyrir ofan fá meira. Allir fyrir ofan 147 þús. kr., ef við reiknum með því að þetta sé jafnt á þá, fá meira. Auðvitað eru alls konar samsetningar, t.d. einstæðir foreldrar með börn. Inni í þessu eru hjón með eitt barn, tvö börn eða ekkert barn. En gróft séð mundu velflestir verkamenn í ASÍ fá meira með 1% tekjuskattslækkun en með þessari lækkun á virðisaukaskatti. Meðaltekjur fólks í ASÍ, samkvæmt upplýsingum kjararannsóknarnefndar á fyrsta ársfjórðungi 2004, voru 256 þús. Það fólk fær lækkun upp á 2.560 á mánuði með 1% lækkun á tekjuskatti, þ.e. meðaltalið. Auðvitað eru margir fyrir ofan og einhverjir fyrir neðan, að sjálfsögðu. Þetta er meðaltal.

Fyrir ASÍ-fólk held ég að sé ekki spurning, nema kannski þá sem hafa mestu ómegðina og lægstu launin, að hagstæðara sé að fá 1% lækkun á tekjuskatti en lækkun á virðisaukaskatti. Fyrir utan það eykst hvatinn fyrir menn til að vinna meira, bæta stöðu sína og hætta að vera fátækir. Það er mitt meginmarkmið, að fólk sjái hvata til þess að hætta að vera tekjulágt og hætta að vera fátækt. Mér finnst að menn ættu að vinna að því almennt í staðinn fyrir að reyna að búa til svo gott kerfi að enginn hvati verði til þess lengur að bæta stöðu sína.

Ég hef áður nefnt að skattkerfi sem tekur tillit til allra þátta, barnabætur, barnaföt og barnamatur o.s.frv., lagar eitthvað sem aldraðir þurfa sérstaklega eða lagar eitthvað sem börn þurfa sérstaklega, er of flókið. Við ætlum að vera góð við þessa og við ætlum að vera góð við hina. Það gerir kerfið svo flókið að þeir sem eiga að nota það kunna ekki á það. Ég fullyrði að fjöldi manns á Íslandi veit ekki hvaða bótum hann á rétt á í kerfinu. Það er svo flókið og væri að æra óstöðugan að kynna sér það hvernig bótakerfið á Íslandi er.

Möguleikar á svindlinu aukast líka. Hvað eru barnaföt t.d.? Skattur upp á 14%, það koma upp undarlegar rósir í því dæmi í matvöruverslunum, hvort maturinn er fullsoðinn eða ekki, hvort hann er iðnaðarvara eða hrá matvæli o.s.frv., hvort hann eigi að falla undir 14% eða 24,5%. Þarna er fullt af jaðartilfellum og þeim mun ekki fækka þegar barnafötin verða sérstaklega skattlögð. Ég minni á að sum „börn", 16–17 ára glímukappar, þurfa ansi stór föt svo maður gangi ekki lengra og sumir fullorðnir þurfa ansi lítil föt.

Núverandi ríkisstjórn hefur unnið í því að gera skattkerfi einföld. Ég minni á erfðafjárskattinn og ég minni á fjármagnstekjuskattinn sem hefur valdið því, þó að hann hafi verið lækkaður stórlega á söluhagnað t.d., að tekjur ríkissjóðs hafa stórhækkað. Þrátt fyrir lækkun á skatti á söluhagnaði úr tæpum 50% niður í 10% hefur ríkissjóður miklu meiri tekjur upp úr því. Það er bara þekkt lögmál í skattafræðum.

Við erum búin að lækka eignarskatta og ætlum að lækka þá enn frekar, fella þá niður. Svo var nefndur hátekjuskatturinn. Hann var reyndar skattur til bráðabirgða en var alltaf framlengdur aftur og aftur. Það er ekki verið að leggja hann niður, það er verið að hætta við að hafa hann áfram. Það er mikill munur á því að leggja niður einhvern skatt sem er varanlegur eða að láta skammtímaskatt falla niður eða hætta við að framlengja hann. (**Gripið fram í:** Og hann sé settur á um stundarsakir.) Já einmitt, um stundarsakir.

Við höfum lækkað skatt á hagnað fyrirtækja. Mér sýnist nú bara að tekjur ríkissjóðs af þeim skatti ætli aldeilis að blómstra, enda er enginn skattur eins kvikur og hagnaður fyrirtækja. Ef einhver efast um það skal ég taka að mér hvaða háhagnaðarfyrirtæki sem er og gefa mér mánuð í að eyða hagnaðinum, ekki málið. Hagnaður fyrirtækja er afskaplega kvikur og fljótur að hverfa ef hann er skattlagður um of.

Munurinn á þessum tillögum um lækkun á virðisaukaskatti og tillögum ríkisstjórnarinnar er einmitt sá að við erum að vinna að því að stækka kökuna, en þessi tillaga gengur út á að breyta henni, skipta henni enn frekar og er upptekin af því.

Varðandi stöðu mála í ríkisstjórninni sem hefur verið rætt dálítið um hérna, þá er virðisaukaskatturinn til viðræðu milli stjórnarflokkanna. Það er ekki komin niðurstaða í því, bæði eru alls konar sjónarmið innan flokkanna og svo milli flokkanna sem eftir á að vinna úr. Það eru t.d. þau sjónarmið: Hvað á að gera kerfið flókið? Það er réttlætissjónarmið sem mælir með því að gera kerfið mjög flókið en þegar það verður flókið er það bara vinna fyrir lögfræðinga. Það getur varla verið markmið.

Menn eru að vinna í þessu, þetta er ekki ágreiningsefni, það eru skiptar skoðanir eins og gengur en það er stefnt að

því að endurskoða virðisaukaskattinn fyrir utan lækkunina á tekjuskattinum.

Meginmarkmiðið í mínum huga er náttúrlega að lækka tekjuskattinn og gera fólki kleift að vinna án þess að því sé refsað fyrir og þannig að kakan stækki.

[17:18]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal lifir stundum í heimi mikilla blekkinga. Meðal annars sagði hv. þm. að þessi ríkisstjórn hefði barist fyrir því umfram aðrar sem sátu á undan henni að stækka kökuna. Það er samt sem áður þannig, frú forseti, ef maður skoðar feril þessarar ríkisstjórnar, að t.d. hagvöxtur hér á landi hefur ekki verið meiri að meðaltali en í samanburðarlöndum okkar í Vestur-Evrópu á því skeiði sem liðið hefur frá því Sjálfstæðisflokkurinn tók við forsæti í ríkisstjórninni. Hann hefur ekki verið meiri en í öðrum löndum. Ísland er meira að segja ekki jafnofarlega á lista yfir ríkar þjóðir og áður. Þegar þessi ríkisstjórn, þ.e. þegar Sjálfstæðisflokkurinn tók við forsæti hennar, var Ísland í 8. sæti á listanum yfir ríkustu þjóðir. Í dag er Ísland komið niður í 9.–10. sæti. Það er ekki mikil breyting en breyting þó sem sýnir fram á að þetta sjálfshól hv. þm. á sér kannski ekki stoð í raunveruleikanum.

Það er alveg rétt sem hv. þm. segir að í þessu máli birtist verulegur ágreiningur um hugmyndafræðilegar aðferðir í stjórnmálum milli okkar og a.m.k. margra stjórnarliða. Við erum þeirrar skoðunar að ekki eigi einungis að líta á skattkerfið sem tekjuaðferð, tekjulind, heldur líka aðferð til jöfnunar. Mér er til efs að sumir sjálfstæðismenn sem t.d. hafa stigið inn í stjórnmálin úr verkalýðshreyfingunni séu sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal um að það eigi ekki líka að nýta skattkerfi til jöfnunar. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að gera það. Það vilja jafnaðarmenn og ég ímynda mér að ákaflega margir sjálfstæðismenn séu líka þeirrar skoðunar, sem betur fer.

Ég spyr: Er Pétur H. Blöndal eini þingmaður Sjálfstæðisflokksins sem er á móti þeirri aðferð sem lögð er til í þessu frumvarpi?

[17:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki um hug allra þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Ég get því ekki svarað fyrir þá, enda er ég ekki vanur að gera það. Ég segi aldrei, eins og hv. þm. gerir gjarnan: við samfylkingarmenn, við sjálfstæðismenn. Ég hef mína skoðun alveg prívat og hún er einkaeign og ekki nein sameign Sjálfstæðisflokksins. Hins vegar fara skoðanir okkar í flestum málum saman í þingflokki Sjálfstæðisflokksins og þess vegna er ég í þeim flokki.

Varðandi það hvort menn í flokknum séu almennt hlynntir tekjujöfnun skattkerfisins eða ekki þá eru eflaust einhverjir sem hafa ýmsar skoðanir á því, enda er Sjálfstæðisflokkurinn ekki með eina hreina og klára skoðun í öllum málum eins og mætti halda þegar maður hlustar á stjórnarandstöðuna að sé í þeirra flokkum. Menn eru með mismunandi skoðanir og þeir ræða þær fram og til baka og það er uppspretta mikillar umræðu sem gefur yfirleitt af sér góða niðurstöðu.

Í mínum huga, og ég tók það sérstaklega fram, á skattkerfið ekki að vera til tekjujöfnunar, ég held nefnilega að þegar menn reyna með skatti að jafna tekjumun sem er náttúrulegur — við viljum jú borga meira fyrir menntun, meira fyrir snilli, meira fyrir dugnað, meira fyrir stundvísi o.s.frv. — það er ákveðinn náttúrulegur launamunur og þegar menn reyna að skattleggja þann launamun burt sprettur hann upp eftir skatt. Við höfum séð það í Svíþjóð og víðar að menn fara þá alls konar leiðir til að ná fram þeim launamun sem er eðlilegur í hagkerfinu. Ég held því að skattkerfi eigi ekki að notast til þess að reyna að skekkja launamun sem hefur myndast eðlilega í hagkerfinu. Ég held meira að segja að ef tekinn yrði upp flatur tekjuskattur mundi launamunur fyrir skatt minnka og verða sá sami og er núna eftir skatt.

[17:22]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég geri mér mætavel grein fyrir því að hv. þm. talar fyrst og fremst fyrir munn sjálfs sín. Hins vegar tel ég að ég hafi rétt til að inna hann eftir skoðun Sjálfstæðisflokksins vegna þess að hann er ekki bara venjulegur þingmaður, hann er talsmaður flokksins í efnahagsmálum í þinginu, hann er formaður efnahags- og viðskiptanefndar.

Það hefur komið mörgum sinnum fram af hálfu margra þingmanna Sjálfstæðisflokksins og af hálfu forustu flokksins ítrekað í kosningabaráttunni að sú leið sem við erum að leggja til í frumvarpinu, að lækka matarskattinn, sé hentug leið við skattalækkanir. Hv. þm. rær einn á báti. Hann er eini þingmaður Sjálfstæðisflokksins sem ég man eftir sem hefur beinlínis mælt gegn þeirri leið. Hv. þm. segir að það sé vegna þess að það að lækka tekjuskattsprósentuna sé líklegra til að stækka kökuna. Hann segir að það hvetji menn til að vinna meira, eða eins og hann orðar það, hvetji hina fátæku til þess að verða ríkari. Heldur hv. þm. virkilega að það skipti einhverjum sköpum fyrir þá sem hægt er að skilgreina sem fátæklinga í íslensku samfélagi, þeir eru sem betur fer ekki margir, þó að tekjuskattsprósentan sé lækkuð um 1%? Að sjálfsögðu ekki. Þegar ég fór úr ríkisstjórn sem ég sat í með nokkrum ágætum sjálfstæðismönnum, borguðu fátæklingarnir ekki skatt en þeir borga hann í dag.

Frú forseti. Ég skil það líka að hv. þingmaður sé áfram um að lækka skatta vegna þess að í tíð þessarar ríkisstjórnar, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur leitt, hefur skattheimtan aukist. Þrátt fyrir þá lækkun sem verið er að lofa um næstu áramót, er hlutfall skattheimtunnar af vergri landsframleiðslu enn þá hærra en þegar Ólafur Ragnar Grímsson sat hér á sælum fjármálaráðherradögum sínum. Í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hafa heildarskatttekjur ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hækkað. (Forseti hringir.) Ég hef því fullan skilning á þessari viðleitni hv. þm.

[17:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það að skatttekjur hafi hækkað sem hlutfall af landsframleiðslu er vegna þess hvernig skattkerfið er uppbyggt. Það skattleggur menn meira þegar tekjurnar hækka. Mér heyrist oft þegar ég hlusta á hv. stjórnarandstæðinga að vandamálið sé hin óskaplega hækkun launa, að það sé voðalega leiðinlegt vandamál, en mér þykir það

mjög gleðilegt vandamál. Við erum einmitt að stefna að því að lækka skattana til móts við það að skattkerfið, tekjuskattskerfið, er þannig uppbyggt að það skattleggur hærri tekjur miklu meira en lágar tekjur. Þær eru skattfrjálsar.

Það að fátæklingar séu farnir að borga skatta er sama vandamálið. Bætur og tekjur, sérstaklega bætur almannatrygginga, hafa hækkað eins og laun. Launin hafa hækkað langt, langt umfram verðlag. Þess vegna fær fólk t.d. minni og minni barnabætur samtals þó að barnabæturnar hafi hækkað á hvern einstakling. Heildarsumma barnabóta er alltaf að lækka, vegna þess að þetta er allt saman tekjutengt eins og Alþýðuflokkurinn kom á í stjórninni 1991–1995. Þegar launin hækka svona óskaplega, það mikla vandamál, fækkar þeim náttúrlega sem eru í svo slæmri stöðu að þeir þurfa barnabætur. Mér sýnist því að það sé í augum sumra meiri háttar vandamál hvað launin hafa hækkað mikið hér á landi. Það sem ég tel vera árangurinn af því að stækka kökuna er hvað launin hafa hækkað mikið, hvað fólk hefur það miklu betra en áður.

Ég er ekki prinsipalt á móti því að lækka virðisaukaskatt. Það kemur vel til greina að lækka hann bara í heild sinni, lækka hann niður í 17% með einu átaki. Það yrði væntanlega að gerast með þeim hætti til þess að hann færi út í verðlagið. En það er náttúrlega eitthvað sem er mjög hættulegt vegna þess að hann gefur ríkissjóði gífurlegar tekjur og menn hafa held ég ekki þorað að taka á því. Ég vil frekar sjá lækkun tekjuskatts og það vill Sjálfstæðisflokkurinn og þess vegna kemur þessi 1% lækkun á tekjuskatti frá næstu áramótum til framkvæmda, vegna þess að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins vill það. Ég er ekki einn á báti þar.

[17:27]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get ekki að því gert að stundum þegar maður hlustar á hv. þm. Pétur Blöndal flytja hér ræður og mál fara að rúlla í höfðinu á manni öfugmælavísurnar frægu. Þetta er sá hv. þm. sem haldið hefur því fram að hátt olíuverð sem nú tröllríður heimsbyggðinni og er að sliga hér útgerð og bíleigendur sem kaupa þurfa olíu og bensín á bíla sína, fótur undir skattheimtu ríkisins sem aldrei fyrr, sé bara af hinu góða og þegar til lengri tíma sé litið muni það hafa góð áhrif á Íslandi.

Hv. þm. sagði að tekjuskattslækkun ríkisstjórnarinnar núna um 1% væri leið til þess að losa fólk úr fátæktargildru. Það væri gott ef hv. þm. vildi útskýra fyrir mér hvernig skattalækkun upp á 500 til 1.000 kr. á mánuði losar nokkurn mann úr fátæktargildru sem hann er þegar fyrir í. Ef þetta er svona einfalt eigum við þá ekki bara að gera þessa launþega ríka og hækka þetta um 2.000 kr. Það hlýtur að vera alveg svakalegt skref ef 500 til 1.000 kr. eiga að duga til að losa einhvern sem hefur varla til hnífs og skeiðar úr fátæktargildru. Málið er ekki svona einfalt.

Það mál sem hér liggur fyrir, og ég held að allir sem það skoða geri sér grein fyrir að kemur þeim best sem minnst hafa án þess að við séum að eyða meiri fjármunum úr ríkissjóði en annars væri gert, má segja að Sjálfstæðisflokkurinn hafi tekið upp eftir Samfylkingunni í síðustu kosningabaráttu og gert að sínu máli. Maður hlýtur því að spyrja þegar hlustað er á hv. þm.: Styður hann ekki það kosningaloforð og þá stefnu flokksins að lækka skuli matarverð, að lækka skuli virðisaukaskatt á matvæli úr 14% í 7%?

[17:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það má vel vera að hv. þm. skilji ekki öfugmælavísurnar þegar ég nefndi að olíuverðshækkunin, sem er orðin gífurleg og á sennilega rót sína að rekja til mikils hagvaxtar í Kína og á Indlandi, sé ekki alslæm fyrir Ísland. Auðvitað er hún slæm fyrir neytendur fyrst til að byrja með. En ég vil leiðrétta það að skattlagning á bensín er ekki prósentutala, það er krónutala. Ríkissjóður græðir ekki á þessari hækkun, ekki nema virðisaukaskattinn eins og á öðrum vörum.

Olíuverðshækkunin er ekkert endilega slæm fyrir Íslendinga. Ísland eru orkusöluland. Íslendingar eiga orku sem engin önnur þjóð í veröldinni á hvern íbúa. Hvað eigum við að gera annað en að gleðjast yfir því þegar orkuverð hækkar? Ég hef líka minnt á það að fiskverð var einu sinni mjög lágt á Íslandi, fáránlega lágt. Svo hækkaði það. Það kom náttúrlega illa við íslenskar fjölskyldur sem borðuðu aðallega fisk en það kom vel fyrir þjóðarbúið því við flytjum út fisk og lifum á fiski. Það sem virðist því við fyrstu sýn vera slæmt getur oft verið gott. Núna malar fiskútflutningurinn gull, þó allir hafi ekki efni á því að kaupa fisk í öll mál.

Varðandi það að losa fólk við fátæktargildrur. Það er búið að byggja upp velferðarkerfi sem er með barnabætur, vaxtabætur, húsaleigubætur o.s.frv., allt meira og minna tekju- og eignatengt. Það þýðir að ef einhver maður sem er með 120 þús. kr. á mánuði ætlar að bæta tekjur sínar lendir hann fyrst í að borga tekjuskatt og útsvar, sem fer síhækkandi, og svo lendir hann í því að vera skertur í bótum. Það getur vel verið að hann standi upp eftir smátíma og segi: „Þetta borgar sig ekki, ég missi bætur hér og ég missi bætur þar og ég er að borga skatta, ég hætti þessu bara. Ég ætla ekkert að fá hærri tekjur. Ég ætla bara að sætta mig við þær tekjur sem ég hef og vera á því róli. Vera fátækur.“ Mér finnst að sumir menn vilji búa til fátæklinga.

[17:31]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að viðurkenna að það er svolítið erfitt að rökræða við hv. þm. um þessi mál og kannski önnur. Ég talaði um öfugmælavísur. Mér datt líka í hug Don Kíkóti þegar ég stóð úti í sal og var að velta því fyrir mér með hvaða hætti hægt væri að ræða þessi mál við hv. þm. sem hefur sagt svo frægt er orðið að það sé enginn vandi að lifa af 90 þús. kr. á mánuði. Hann geti gert það og vorkenni í sjálfu sér engum sem þurfi að gera það, það sé alveg hægt að lifa þokkalegu lífi á því.

Mig langar að spyrja hv. þingmann: Hefur hv. þm. engar áhyggjur af yfirlýsingum frá ASÍ að skattastefna ríkisstjórnarinnar geti verið olía á eld og muni skapa óróa á vinnumarkaði? Ef hann leggur þetta að jöfnu, tekjuskattslækkun og lækkun á matarskatt hvað varðar tekjur til ríkisins, er þá ekki nær að fara þá leið sem við leggjum til ef það verður til þess að óróinn á vinnumarkaðinum verði minni, olían á eldinn verði kannski ívið minni líka vegna

þess sem var talað um áðan um áhrif á verðlag — verður ekki kostnaðurinn við það að fara leið ríkisstjórnarinnar meiri þegar upp er staðið en felst í þeim tölum sem við ræðum út af þessu eina prósenti ef mikill órói verður á vinnumarkaði?

Frú forseti. Mér fannst eiginlega koma sú yfirlýsing frá hv. þm. úr ræðustóli að hann væri ekki jafnaðarmaður, hann vildi ekki nota tekjuskattskerfið til að jafna, heldur eingöngu til að ná í tekjur fyrir ríkið. Það eru engar nýjar fréttir fyrir þann sem hér stendur. Ég hef alltaf vitað að hv. þm. Pétur H. Blöndal er ekki jafnaðarmaður.

[17:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir síðust einkunnina sem hann gaf mér. Þá er það á hreinu. Ég er ekki jafnaðarmaður og hef aldrei þóst vera það. Ég trúi á mátt samkeppni og einstaklinginn.

Það að erfitt sé að rökræða við mig og draga upp Don Kíkóta í því sambandi finnst mér ekkert voðalega málefnaleg umræða. Alls ekki.

Að draga það líka upp að ég hafi haft eftir bónda sem hringdi í mig að hann gæti alveg lifað af 90 þús. kr. á mánuði en ætti samt eitthvað í Bændahöllinni sem hann gæti ekki nálgast finnst mér heldur ekki mjög málefnalegt.

Varðandi olíuna á eldinn þá nefndi ég það sérstaklega í ræðu minni. Ég nefndi sérstaklega að það væri sama fyrir verðbólguna, hagvöxtinn og þensluna hvort við setjum 5 milljarða í að lækka virðisaukaskatt eða setjum 5 milljarða í að lækka tekjuskatt. Fólkið hefur þessa 5 milljarða til ráðstöfunar. Það er meira að segja nefnt í tillögunni að tekjutap ríkisins verði væntanlega minna vegna þess að það auki veltu, sem sagt auki þenslu.

Ég rökstuddi meira að segja að það kynni að vera meiri þensluvaldur að lækka virðisaukaskattinn, vegna þess að þeir sem hafi háu tekjurnar hafi meiri sparnaðargetu til að spara sinn hluta skattalækkunar.

Að öðru leyti held ég að ég þurfi ekki að svara hv. þm.

[17:35]

Útbýting:

Gleraugnakostnaður barna og ungmenna, 178. mál, fsp. JóhS, þskj. 178.

Kjarasamningar grunnskólakennara og lífeyrisskuldbindingar, 180. mál, fsp. PHB, þskj. 180.

Reglugerð um slátrun og meðferð sláturafurða, 179. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 179.

Veiðiregla, 181. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 181.

[17:36]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Frú forseti. Málið sem er til umræðu í dag er mikið réttlætismál og hefur fengið góða og ítarlega umræðu, en auðvitað hafa menn farið nokkuð vítt um völlinn. Málið varðar allar íslenskar fjölskyldur. Eins og hv. 1. flm., Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, kom inn á í ítarlegu máli sínu áðan erum við að tala um 5 milljarða. Það þarf ekki að fara mikið yfir það sem þar kom fram. Flutningsmaður gerði grein fyrir því og ljóst að allar fjölskyldur munar um þetta.

Það eru fleiri ávinningar í málinu eins og hv. 4. þm. Suðvest., Rannveig Guðmundsdóttir, benti á varðandi lækkun neysluverðsvísitölu. Auðvitað munar skuldugar fjölskyldur um þetta. Það munar allar fjölskyldur um þetta.

Ég vil nefna þann kost frumvarpsins sem ég tel þann þriðja og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson benti á, að Ísland er ferðamannaland. Við fáum gesti til lengri eða skemmri dvalar sem þurfa að kaupa hér matvæli. Þessir gestir okkar vita vel út í hvað þeir eru að fara. Þeir hafa kynnt sér hvernig matarverðið er og vita að það stendur engan samjöfnuð við verð í heimalandi þeirra. Því hafa margir þeirra brugðið á það ráð, og gætu þessi lög komið í veg fyrir það, að flytja með sér meira og minna allt það nesti sem þeir þurfa til dvalarinnar.

Hins vegar er löngu aflagt eins og tíðkaðist hér á árum áður að íslenskir stúdentar sem fóru til náms í Kaupmannahöfn höfðu með sér eina tunnu af súrmat til þess að auðvelda sér dvölina. Það mundi ekki svara kostnaði núna og lentu margir í því að velta með þetta niður stiga þegar þeir voru að bera það upp á 5. hæð í leiguherbergi undir súð í Studiestræde og brjóta fót, en höfðu þó ort eitt ódauðlegt kvæði.

Ísland er ferðamannaland. Það varðar ferðaþjónustuna miklu að kjör þeirra sem heimsækja okkur séu sambærileg og gerast í öðrum löndum. Ferðaþjónustan þarf virkilega á einhverju slíku að halda. Ég ætla ekki að fara út í umræðu um vínið, við skulum tala um matinn. Þessi atvinnugrein sem aflar gjaldeyris gæti styrkst gríðarlega við þetta. Því er þetta mál þarft og gott.

Af ræðum hv. þm. stjórnarflokkanna reyndi maður að lesa svolítið í spilin. Mér fannst hv. 2. þm. Norðuraust., Halldór Blöndal, tala í nokkrum véfréttastíl þegar hann sagði: „Kóngur vill sigla, en byr hlýtur að ráða.“ Maður les í orðin og telur að hjartað fylgi frekar því máli að lækka skatt sem þennan.

Það er aftur spurning hvað dvelur Framsóknarflokkinn. Það var þannig, fyrst talað er um kónga, þegar Sneglu-Halli dvaldist með Noregskóngi og vildi kenna honum selveiðar og sagði honum hvernig selir væru veiddir á Íslandi og lét kóng leggjast niður á árbakkann og lamdi hann svo með lurk í hausinn og sagði: „Svona eru selir veiddir á Íslandi.“ Kóngur þóttist þá fullnema og vildi fá að berja Halla með lurkinum til að hefna sín, en þegar kóngur reiddi höggið af steypti Halli sér í ána og sagði glottandi: „Svona fer kóngur, þá ekki vill veiðast.“ Kannski er það svo að Sjálfstæðisflokkurinn eigi eftir að veiða Framsóknarflokkinn í þessu góða máli.

Ég skildi hv. 3. þm. Reykv. s., Pétur H. Blöndal, þannig að verið væri að ræða þessi mál milli stjórnarflokkanna. Það væri þá óskandi að það tækist að veiða Framsóknarflokkinn í þessu góða máli sem ég tel að það vissulega sé.

[17:41]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Hér liggur fyrir frumvarp um að lækka matarskatt um helming sem allir þingmenn Samfylkingarinnar flytja. Frumvarpið var einnig lagt fram á síðasta þingi og var eitt af fyrstu þingmálum Samfylkingarinnar eftir kosn-

ingarnar í samræmi við þau loforð sem Samfylkingin gaf kjósendum vorið 2003. Þessi umræða og tillögur um að lækka matarskattinn um helming áttu ákveðna samsvörun einnig í kosningaloforðum Sjálfstæðisflokksins.

Þegar þessi umræða fór fram fyrir einu ári treystu sjálfstæðismenn sér ekki til að styðja frumvarpið af þeirri ástæðu, eins og þeir orðuðu það, að það væri ekki á þeirra forsendum. Þetta sögðu þingmenn Sjálfstæðisflokksins þrátt fyrir að hafa örfáum mánuðum áður sagt að þeir væru sammála því að lækka matarskattinn. Þegar færi gafst á þingi þá gerðu þeir það ekki vegna þess að tillagan kom frá Samfylkingunni.

Það er mjög skrýtið vinnulag sem maður hefur kynnst í þinginu sem nýr þingmaður. Það virðist skipta öllu máli hvaðan tillögurnar koma. Ef tillaga sem stjórnarliðar eru fylgjandi og sammála er borin upp af stjórnarandstöðuþingmanni þá gengur ekki að samþykkja hana. Þetta er vinnulag sem komið hefur mér mjög á óvart.

Núna berast þær fregnir af fyrirhuguðum breytingum á virðisaukaskattskerfinu að hugsanlega sé Framsóknarflokkurinn þrándur í götu hvað það varðar. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir kom ítrekað til að svara fyrir það en svör hennar voru vægast sagt óljós. Hún taldi það meira að segja fráleitt að hún segði sína skoðun og hvað hún vildi varðandi virðisaukaskattskerfið. Hún benti í sífellu á einhverja vinnu úti í bæ. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem viðkomandi hv. þm. bíður eftir flokkslínunni og þarf því ekki að koma á óvart.

Það er ágætt að fara yfir það hvernig skattaumhverfið hefur breyst undir stjórn Sjálfstæðisflokksins. Segja má að margt sé þjóðsagnarkennt af því sem við heyrum um skattapólitík hér á landi. Til dæmis hafa heildarskatttekjur ríkisins, sem hlutfall af landsframleiðslu, hækkað frá 1995–2001. Þetta þýðir að af hverri krónu sem verður til í þjóðfélaginu þá tekur ríkið til sín stærri hluta en það gerði áður. Þetta er afskaplega einfalt.

Samkvæmt tölum OECD hefur skattbyrði einstaklinga frá árinu 1990 sömuleiðis aukist mest á Íslandi af öllum OECD-ríkjum, að Grikklandi undanskildu. Þetta kann hugsanlega einnig að koma mönnum á óvart en tölurnar og samanburðurinn tala fyrir sig.

Við sem fylgdumst með stjórnmálum síðasta vetrar vitum að strax í fyrra, fyrsta vetur eftir kosningarnar, jók ríkisstjórnin álögur og skatta um 4 milljarða kr., fyrsta árið eftir hið mikla kosningaloforðafylliríi sem Sjálfstæðisflokkurinn fór á fyrir kosningarnar. Það er sem sagt búið að hækka skatta og álögur um 4 milljarða kr. á þessu eina ári.

Það er einnig óþægileg staðreynd fyrir ríkisstjórnina að samneyslan, neysla hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu, hefur aukist um rúm 16% frá árinu 1995–2002. Það kann að koma einhverjum á óvart. Benda má á að meira að segja í svari hæstv. fjármálaráðherra frá síðasta vetri um fjármál hins opinbera staðfesti hann að útgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga sem hlutfall af landsframleiðslu, væru hærri nú en t.d. 1991. Báknið er sem sagt stærra núna en árið 1991, þrátt fyrir einkavæðingu ríkisfyrirtækja, bankanna o.s.frv.

Ef við tökum bara hlutdeild ríkisins þá eru útgjöld ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2002, sem svar ráðherra frá því í fyrra lýtur að, svipuð að prósentuhlutfalli og árið 1994. Það þýðir ekki að benda á sveitarfélögin og segja að þau séu ábyrg fyrir auknum umsvifum opinberra aðila. Ríkið hefur einnig verið að auka umsvif sín þrátt fyrir tal um allt annað og alla einkavæðinguna.

Mig langar að koma aðeins inn á barnabæturnar, fyrst menn fóru inn á þær hér áðan. Mig langaði sérstaklega að svara hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur en hún virðist farin, eins og flestir stjórnarliðar, úr salnum. Það má rifja það upp að barnabætur eru núna um 36 þús. kr. á ári. En ef við skoðum það bara á föstu verðlagi þá voru þær árið 1995 um 40 þús. kr. Árið 1988 voru barnabætur 46 þús. kr. á sama verðlagi. Þetta eru samanburðarhæfar tölur, eru á föstu verðlagi. Við sjáum þróunina frá 1988 en þá voru barnabæturnar 46 þús. kr. Árið 1995 voru þær 40 þús. kr. og eru núna 36 þús. kr., þ.e. þessi tegund barnabóta. Samanlagt hafa barnabætur verið skertar um rúma 10 milljarða kr. í tíð núverandi ríkisstjórnar, m.a. með því að láta viðmiðunarfjárhæðir ekki fylgja verðlagsþróun og vegna tekjutengingar barnabóta.

Þetta er ósköp skýrt. Fólk fékk einfaldlega hærri barnabætur árið 1995, en það fær árið 2002 og fleiri fengu slíkar bætur. Nú fá aðeins um 11% einstæðra foreldra óskertar barnabætur og liðlega 3% hjóna. Við sjáum því forgangsröðun þessara ríkisstjórna hvað varðar barnafólk.

Matarskatturinn snertir okkur öll. Að sjálfsögðu þurfa allir að kaupa í matinn. Þess vegna er skattalækkunin sem Samfylkingin leggur til, að lækka matarskattinn um helming, miklu réttlátari og skynsamlegri leið en sú sem ríkisstjórnin ætlar að fara. Samfylkingin er einfaldlega búin að skoða það og reikna hvernig tekjuskattslækkun ríkisstjórnarinnar mun snerta ákveðna hópa. Þingmaður með hálfa millj. kr. á mánuði mun t.d. fá um 8 þús. kr. í skattalækkun á mánuði, eða um 100 þús. kr. á ári, en grunnskólakennari fær rúmlega fyrir einum bleyjupakka. Láglaunamaður með 150 þús. kr., fær minna en tvo bíómiða. Við sjáum alveg forgangsröðun þessarar ríkisstjórnar. Það þýðir ekkert að þræta fyrir það.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal segir það bara opinskátt. Hans markmið er ekki að jafna kjörin. Hann hefur önnur markmið. Það er í góðu lagi mín vegna en það er leiðinlegt að þau markmið skuli ráða ríkjum hjá núverandi ríkisstjórn.

Það vita allir Íslendingar, og allar rannsóknir sýna það, að matvælaverð hér á landi er með því hæsta í heimi. Þess vegna skiptir það okkur miklu máli að beita öllum tiltækum ráðum til að reyna að ná því verði niður. Við þurfum einhvers konar þjóðarsátt til að ná matvælaverði niður.

Hér hefur verið bent á raunhæfa leið til að lækka matarskattinn. Aðrir hafa bent á að hugsanleg aðild að Evrópusambandinu muni lækka matvælaverð. Enn aðrir hafa bent á endurskipulagningu í landbúnaðinum og svo mætti lengi telja. Aðalatriðið er að við lækkum matvælaverðið. Þessi leið Samfylkingarinnar mun jafnframt hafa minni áhrif á þenslu en leið ríkisstjórnarinnar.

Hér kom ranglega fram hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að virðisaukaskattslækkun hefði nákvæmlega sömu þensluáhrif og flöt tekjuskattslækkun ríkisstjórnar. Það er einfaldlega rangt. Menn sjá alveg lógíkina í því. Ef við færum þeim sem minna mega sín, hinum fátækari einstaklingum og fjölskyldufólki, hærra hlutfall af heildarskattalækkuninni

mun sá hópur eyða minni hluta af þeirri lækkun í viðbótarneyslu. Annað gildir um hálaunamann, með 800 þús. kr. eða milljón króna manninn, sem fær eina utanlandsferð á mánuði ef farin verður leið ríkisstjórnarinnar. Sá mun geta farið í utanlandsferðina einu sinni í mánuði. Hann mun geta beint þessari skattalækkun í aukna neyslu og það mun hafa þensluhvetjandi áhrif.

Ef við færum stærstan hluta af þessari skattalækkun til þeirra sem hafa minna á milli handanna þá mun sá hópur síðar eyða henni í viðbótarneyslu, enda hefur hver króna hlutfallslega hærra gildi fyrir viðkomandi eftir því sem hann er neðar í tekjustiganum.

Að lokum er alveg stórmerkilegt að skoða hin efnahagslegu afrek þessarar ríkisstjórnar. Meðalhagvöxturinn á áratugi Davíðs Oddssonar, frá 1991–2001, er nákvæmlega sá sami og meðalhagvöxtur OECD-ríkjanna. Hann er ekkert meiri. Við erum bara um miðja deild hvað það varðar. Eins og formaður Samfylkingar benti á höfum við einnig færst niður, samkvæmt þeim mælikvarða, á listanum yfir ríkustu þjóðir heims. Þetta er mælt á jafnvirðismælikvarða, eða PPP, þannig að þetta er samanburðarhæft. Við erum neðar á þeim lista en við vorum árið 1990, áður en hæstv. Davíð Oddsson utanríkisráðherra tók við sem forsætisráðherra.

Við sjáum einfaldlega afrekin. Þau segja sína sögu. Skattur einstaklinganna á þessum áratug hefur aukist. Báknið er stærra en nokkurn tímann áður. Við höfum áður óþekkta skattheimtu á láglaunafólk og bótaþegum. Barnabætur eru lægri. Tryggingagjöld eru hærri. Þeir hafa stóraukið skatta á áfengi og tóbaki og sömuleiðis á bifreiðaeigendur, þeir skattar hækkuðu meira að segja síðast í fyrra. Þjónustugjöld eru innheimt í ríkari mæli á nánast öllum sviðum opinberrar þjónustu. Lyfjakostnaður heimila hefur aukist. Við búum við eitt hæsta matvælaverð í heimi. Þetta eru allt staðreyndir sem stjórnarflokkarnir hafa ekki náð að hrekja. Þetta eru allt staðreyndir sem snerta hinn venjulega Íslending, venjulegar fjölskyldur sem búa á þessu landi. Fólk þarf aðeins að átta sig því hvernig forgangsröðin birtist í verkum þessarar ríkisstjórnar. Hún gjörólík því sem stjórnarliðar tala um í fjölmiðlum og hvað þá rétt fyrir kosningar.

[17:52]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Umræða um þetta mál sem við þingmenn Samfylkingarinnar flytjum og felur í sér lækkun á matarskatti hefur staðið drjúgan dagspart. Ég vil í lok hennar þakka þeim sem tóku þátt í henni og öllum þeim sem studdu málið með góðum óskum og góðum rökum. Hér hefur í reynd enginn tekið til máls sem beinlínis hefur lagst harkalega gegn málinu.

Það var athyglisvert að það kom glöggt fram í umræðunni, t.d. hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, hann teldi að málið væri gott. Kóngur vill sigla, sagði hann, en byr hlýtur að ráða. Sá byr sem nú ræður för er auðvitað byrinn sem blæs úr herbúðum Framsóknarflokksins, vegna þess að hann er í þveröfuga átt. Það liggur fyrir að Framsóknarflokkurinn stendur í veginum fyrir því að þetta þjóðþrifamál verði samþykkt á hinu háa Alþingi.

Það hefur komið glöggt fram í umræðunum í dag að hér er þverpólitísk samstaða um að lækka matarskattinn verulega en einn flokkur sem kemur í veg fyrir það. Það er Framsóknarflokkurinn. Hann skammast sín greinilega vegna þess að hér er ekki einn einasti þingmaður Framsóknarflokksins í salnum til þess að taka þátt í umræðunni.

Hv. þm. Dagný Jónsdóttir, fulltrúi Framsóknarflokksins í efnahags- og viðskiptanefnd, var að sönnu hér fyrr í dag en hún reyndi að skjóta skildi fyrir flokkinn með því að halda fram að í reynd væri það ekki svo að Framsókn legðist þver gegn þessu ágæta máli sem við höfum reifað í dag heldur væri málið í nefnd. Það hefur komið fram hjá hæstv. fjármálaráðherra að Framsóknarflokkurinn sættir sig ekki við þá tæknilegu útfærslu sem einföldust er á þessu máli. Það er Framsóknarflokkurinn sem kemur þess vegna í veg fyrir að hægt sé með þverpólitískri samstöðu á þinginu að lækka matarskatt. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Dagný Jónsdóttir reyndi að skjóta sér á bak við það að fyrirhuguð væri einhvers konar breyting á barnabótum. Það kom vel á vondan. Hv. þm. vissi greinilega ekki af því að hæstv. forsætisráðherra, formaður Framsóknarflokksins og leiðtogi lífs hennar, var að lýsa því yfir í dag við fréttamann að það væri ólíklegt að hreyft yrði við barnabótum fyrir árið 2006 og þó líklega ekki fyrr en 2007. Deginum eftir að hæstv. forsætisráðherra segir við formann Samfylkingarinnar að það eigi eftir að koma í ljós á þessu ári hvernig barnabótum verði hagað og því sé of snemmt um það að segja að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar svipti fótum undan kjarasamningum þá kemur hann í fjölmiðla og segir að það verði engar barnabætur á þessu ári. Hann er með öðrum orðum að staðfesta það sem við sögðum hér í gær.

Svo kemur hv. þm. Dagný Jónsdóttir og fylgist greinilega ekki vel með því hve ört forusta Framsóknar skiptir um skoðun í þessu máli og segir: Bíðið við, við höfum 3 milljarða til ráðstöfunar umfram það sem fer í prósentulækkun á tekjuskatti og hugsanlega fer eitthvað af því í virðisaukaskattslækkun. Þó taldi hún að það færi frekar í auknar barnabætur. Nú gerist það ekki, eins og fram hefur komið. Þá eigum við auðvitað eftir að sjá hvort Framsóknarflokkurinn ætlar að renna á rassinn með allt það sem hann hefur sagt.

Hv. þm. Dagný Jónsdóttir ætti að fara sér hægt þegar hún talar um barnabætur. Ástæðan er sú að hafi Framsóknarflokkurinn slæman feril í einhverjum málum þá er það varðandi barnabæturnar. Þegar ég og sá þingmaður, sem var skotspónn hv. þm. Halldórs Blöndals, Jóhanna Sigurðardóttir, stigum út úr ríkisstjórn 1995 voru barnabætur það miklar að þær námu sem svaraði 1% af vergri landsframleiðslu. Við kosningarnar síðustu námu barnabætur 0,55% af landsframleiðslu. Á þessu tímabili, frá árunum 1995 til kosninga 2003, hafði Framsóknarflokkurinn, sem fór með félagsmálin, plokkað samtals rúmlega 11 milljarða af barnafjölskyldum með því að lækka barnabætur hlutfallslega. Svo kemur hv. þm. Dagný Jónsdóttir og heldur því fram að vert sé að hrósa því að Framsókn kunni að ætla sér að hreyfa við barnabótunum. Það er ekki liðinn dagur frá yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra þegar allt annað kemur í ljós.

Frú forseti. Ég vil að lokum lýsa yfir ánægju Samfylk-

ingarinnar með þá þverpólitísku samstöðu sem komið hefur fram í þinginu. Það er í reynd enginn flokkur sem hefur mælt gegn þeirri aðferð sem við viljum nota til þess að lækka skatta, þ.e. að lækka matarskattinn. Hins vegar hefur komið í ljós að Framsóknarflokkurinn er sá flokkur sem kemur í veg fyrir að þessi sanngjarna skattalækkun nái fram að ganga.

Samfylkingin er þeirrar skoðunar að myndast muni svigrúm til að lækka skatta. Við höfum hins vegar sagt að forsenda þess að skattar séu lækkaðir sé að ekki verði ráðist í niðurskurð á hinu félagslega velferðarkerfi. Við teljum hægt að lækka skatta án þess að svo sé gert.

Þar fyrir utan, frú forseti, getum við skoðað bara það sem gerst hefur frá því þessi ríkisstjórn tók við völdum að nýju eftir kosningar. Við sjáum að jafnvel þótt þetta frumvarp yrði samþykkt strax á morgun, og matarreikningur landsmanna þar með lækkaður um 5 milljarða kr., þá gerir það samt ekki nema rétt að vega á móti þeim skattahækkunum sem hv. þm. Pétur H. Blöndal og félagar hans í Sjálfstæðisflokknum hafa staðið fyrir á því röska ári sem liðið er frá kosningum.

Séu þær álögur sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur samþykkt á þessu kjörtímabili lagðar saman þá nemur það hærri upphæð heldur en við erum að tala um í því frumvarpi sem við höfum reifað í dag. Það má kannski segja að ef samstaða tækist um að afgreiða lækkun á matarskatti þá værum við í reynd að núllstilla kerfið. Við værum að setja skattheimtuna í sama punkt og hún var þegar þetta kjörtímabil hófst.

Ég vísa alfarið til föðurhúsanna því sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur verið að tala um í dag, um að hann og flokkur hans hafi lækkað svo marga skatta. Staðreyndin er sú að aldrei hafa jafnmargar öfugmælavísur verið kveðnar um skattalækkanir og einmitt af Sjálfstæðisflokknum á þessu kjörtímabili. Við eigum eftir að sjá hvernig skattalækkununum lyktar. Við eigum eftir að sjá hvernig barnabótunum lyktar. Við eigum eftir að sjá hvort það verður virkilega raunin að Framsóknarflokkurinn komi í veg fyrir að Samfylkingunni takist með tilstyrk annarra flokka á Alþingi að lækka matarkostnað landsmanna um 5 milljarða kr. Það er kjarninn í málinu sem við höfum rætt um í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–9. mál.

Fundi slitið kl. 18:02.

---

8. FUNDUR

miðvikudaginn 13. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til félagsmálaráðherra:

1. Samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs, fsp., JóhS, 79. mál, þskj. 79.
2. Aðgerðir gegn félagslegum undirboðum, fsp., SJS, 94. mál, þskj. 94.
3. Kjör og vinnuskilyrði blaðburðarfólks, fsp., JóhS, 116. mál, þskj. 116.

Til landbúnaðarráðherra:

4. Sameining Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins, fsp., BjörgvS, 103. mál, þskj. 103.

Til fjármálaráðherra:

5. Stimpilgjald við endurfjármögnun fasteignaveðlána, fsp., MF o.fl., 106. mál, þskj. 106.
6. Umfang skattsvika, fsp., JóhS, 127. mál, þskj. 127.

Til heilbrigðisráðherra:

7. Þjónusta við yngri alzheimersjúklinga, fsp., ÁRJ, 114. mál, þskj. 114.

[13:30]

Útbýting:

Veðurþjónusta, 183. mál, stjfrv. (umhvrh.) þskj. 183.

Samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs.

Fsp. JóhS, 79. mál. — Þskj. 79.

[13:31]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Þær spurningar sem ég beini til félagsmálaráðherra miða að því að fá fram afstöðu ráðherrans til aðgerða sem styrkja mundu verulega samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs í þeirri jákvæðu samkeppni sem nú er orðin á fasteignalánamarkaðnum. Skoðun mín er sú að nauðsynlegt sé að Íbúðalánasjóður standi vel í þeirri samkeppni því að mikilvægt er að innlánsstofnanir sem komið hafa með afar jákvæðum hætti inn á markaðinn með vaxtalækkunum hafi aðhald frá Íbúðalánasjóði. Ófært er ef innkoma bankanna er bara tímabundin meðan bankarnir eru að hrista af sér Íbúðalánasjóð með líkum hætti og tryggingafélögin gerðu við Félag íslenskra bifreiðaeigenda á sínum tíma. Þá komu tryggingafélögin inn með tímabundna lækkun á bifreiðatryggingum í samkeppni við lágar tryggingar FÍB en allt fór í sama horfið þegar tryggingafélögin höfðu verðlagt FÍB út af markaðnum. Því verður Íbúðalánasjóður að sýna að hann geti veitt lánastofnunum öfluga samkeppni og um leið aðhald til hagsbóta fyrir íbúðakaupendur en ljóst er að óbreyttu að draga mun verulega úr markaðshlutdeild Íbúðalánasjóðs í lánveitingum vegna íbúðakaupa og enn er ekki komin sú reynsla á þessa jákvæðu innkomu bankanna að treysta megi að bankarnir bjóði til frambúðar fasteignalán

með lágum vöxtum. Ég tel að ráðherrann eigi þegar í stað að beita sér fyrir því að viðmið lánveitinga verði hækkað úr 85% af brunabótamati í 100% eins og hann hefur heimild til samkvæmt reglugerð. Það mundi styrkja Íbúðalánasjóð verulega í samkeppni við bankana sem nú lána ótakmarkaðar fjárveitingar án nokkurs þaks rúmist þær á 1. veðrétti og séu innan 80% af markaðsverði íbúða, þó ekki hærra en sem nemur brunabótamatinu.

Í 2. tölulið fyrirspurnarinnar er spurt um áætlanir ráðherra um hækkun á lánshlutfalli og hvaða áætlanir liggi fyrir um hámarksfjárhæð og hvort mat Seðlabanka liggi fyrir á áhrifum þeirra breytinga.

Þá er spurt um hvort ráðherra sé reiðubúinn að auka sveigjanleika varðandi veðröð annarra lána á undan lánum frá Íbúðalánasjóði. Mistúlka má framsetningu spurningarinnar þannig að einungis sé átt við nýju ÍLS-veðbréfin en hér er átt við öll eldri lán hjá Íbúðalánasjóði. Eins og fyrirkomulagið er núna eru þeir sem vilja einungis skuldbreyta dýrum bankalánum oft tilneyddir til þess að skuldbreyta öllum sínum lánum vegna kröfu bankanna um að lánin séu á 1. veðrétti. Ég spyr því ráðherra hvort hann sé reiðubúinn að auka sveigjanleikann í veðmörkum þannig að hægt sé að færa á 1. veðrétt endurfjármögnuð lán að því tilskildu að heildarfjárhæð lána á 1. og 2. veðrétti fari ekki yfir tilskilin veðmörk hjá Íbúðabúðalánasjóði. Ég er sannfærð um að það mundi draga verulega úr því að fólk sé að endurfjármagna t.d. húsbréfalán hjá Íbúðalánasjóði og er ótækt að hafa slíkar girðingar ef fólk vill einungis fjármagna lán upp á 1–2 millj. sem eru með afar óhagstæðum vöxtum.

[13:34]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Viðskiptabankar og sparisjóðir hafa nú síðustu vikurnar boðið lánskjör til kaupa á íbúðarhúsnæði sem eru áþekk því sem Íbúðalánasjóður býður. Þetta gerðist eftir að Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu að starfskilyrði Íbúðaránasjóðs og fyrirhuguð hækkun hámarksláns brytu ekki gegn EES-samningnum. Þar með var staðfest af hálfu ESA að stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í húsnæðismálum er raunverulega til þess fallin að tryggja jafnrétti landsmanna í húsnæðismálum óháð búsetu og efnahag. Ég á von á því að hér eftir sem hingað til takist að viðhalda þeirri breiðu pólitísku samstöðu sem hefur verið um þá stefnumörkun.

Það er fagnaðarefni að bankarnir skuli loksins stíga það skref að bjóða sambærileg kjör og Íbúðalánasjóður en það breytir ekki því að sjóðurinn gegnir áfram mikilvægu hlutverki í almannaþágu. Skapa þarf skilyrði til þess að bankarnir geti haldið áfram að auka hlutdeild sína á íbúðalánamarkaði á sama tíma og Íbúðalánasjóður verði áfram til reiðu sem raunverulegur valkostur í lánveitingum í samræmi við lögbundið hlutverk hans. Hafi einhver efast um nauðsynlegt aðhaldshlutverk Íbúðalánasjóðs á þessum markaði ættu atburðir ágústmánaðar að nægja til að eyða öllum efa hjá réttsýnu fólki.

Bankarnir gera nú kröfu um 1. veðrétt sem forsendu hagstæðra íbúðalána. Þetta skilyrði veldur því að mikilvægt er að hámarkslán Íbúðalánasjóðs sé nægilega hátt til að kaupendur hóflegs íbúðarhúsnæðis eigi möguleika á heildstæðri fjármögnun hjá Íbúðalánasjóði því ella þarf að sækja viðbótarfjármögnun á mun lakari kjörum en bankarnir bjóða fái þeir 1. veðrétt. Þess vegna er afar mikilvægt, hæstv. forseti, að fjárhæð hámarkslánsins þróist áfram með þeim hætti að lánafyrirgreiðsla Íbúðalánasjóðs sé raunverulegur valkostur við kaup á hóflegu íbúðarhúsnæði. Einungis þannig verður tryggt til lengri tíma að markmið um áframhaldandi jöfn tækifæri til lántöku óháð búsetu og efnahag náist. Um leið ber mér sem ráðherra húsnæðismála að gæta hagsmuna ríkisins sem eiganda Íbúðalánasjóðs og tryggja að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Hæstv. forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi tel ég nauðsynlegt að treysta samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs í breyttu umhverfi með þeim hætti að hann sé betur í stakk búinn til að sinna því hlutverki sem stjórnvöld ætla honum. Aðgerð í því eru að hækka viðmið lánveitinga úr 85% af brunabótamati í 100%. Svarið við þessari spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er því já. Drög að reglugerð þessa efnis liggja nú þegar fyrir og bíða kostnaðarumsagnar fjármálaráðuneytis.

Þingmaðurinn spyr enn fremur um hækkun á lánshlutfalli og hámarksfjárhæð íbúðabréfa og hvort fyrir liggi mat Seðlabanka á áhrifum breytinganna. Eins og þingheimi er eflaust kunnugt um hefur hámarksfjárhæð almennra íbúðalána hjá Íbúðalánasjóði hækkað tvívegis á þessu ári og er nú 11,5 millj. kr. bæði af nýju og notuðu húsnæði. Þessar hækkanir eru liður í undirbúningi þess að hækka lánshlutfall almennra íbúðalána í 90% af kaupverði húsnæðis. Við gildistöku frumvarps til breytinga á lögum um húsnæðismál sem lagt verður fram á Alþingi á næstu dögum er stefnt að því að fjárhæðin hækki enn frekar og síðan verði ákveðnar hækkanir í þrepum á kjörtímabilinu. Leitað var eftir áliti Seðlabanka Íslands sem skilaði skýrslu 28. júní sl. um líkleg efnahagsleg áhrif breytinganna. Hið sama gerði efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins 2. apríl sl. Síðan skýrslurnar voru gerðar hafa orðið miklar breytingar á íbúðalánamarkaðnum sem gætu leitt til hækkunar fasteignaverðs óháð því hvort lánshlutfall og hámarkslánsfjárhæð Íbúðalánasjóðs hækkar á næstu mánuðum. Hækkun lánshlutfalls og hámarksfjárhæðar Íbúðalánasjóðs við núverandi aðstæður mun því að öllum líkindum hafa hverfandi áhrif á lána- og fasteignamarkaðinn a.m.k. á þeim svæðum þar sem lánaframboðs banka og sparisjóða gætir.

Enn fremur er spurt um aukinn sveigjanleika varðandi veðröð lána. Ég get upplýst það, hæstv. forseti, að í áðurnefndu frumvarpi er miðað við það sem meginreglu að lán frá Íbúðalánasjóði hvíli á 1. veðrétti en að uppreiknaðar eftirstöðvar framar áhvílandi lána dragist frá lánsfjárhæð ef lánið er aftar í veðröðinni. Mikilvægt er að þau góðu lánskjör sem Íbúðalánasjóður getur veitt og eru árangur breytinga á fjármögnun sjóðsins sem tóku gildi 1. júlí sl. skili sér til lántakendanna sjálfra en ekki til lánveitendanna sem hingað til hafa getað veitt lán á veðréttum á undan Íbúðalánasjóði og þar með notið óbeinnar ríkisábyrgðar á viðkomandi lánum. Í núverandi kerfi er ekki gerð krafa um 1. veðrétt. Íbúðalánasjóður getur fallist á endurfjármögnun skulda sem standa framar áhvílandi lánum sjóðsins svo fremi að um endurfjármögnun sömu fjárhæðar sé að ræða. Breyting af því tagi sem þingmaðurinn spyr um felur í sér

ákveðið fráhvarf frá þeirri meginreglu sem beitt hefur verið þess efnis að lán sjóðsins standi einungis til kaupa á íbúðarhúsnæði. Ástæða þeirrar reglu er sú að lán Íbúðalánasjóðs hafa almennt verið hagstæðari en lán á almennum markaði. Að sjálfsögðu gerir sú samkeppni sem nú ríkir á íbúðalánamarkaði það að verkum, hæstv. forseti, að bæði stjórn, starfslið Íbúðalánasjóðs og ráðuneyti húsnæðismála þurfa að sýna árvekni í eftirliti með stöðu sjóðsins. Staða sjóðsins í samkeppni á íbúðalánamarkaði verður að mínu viti best tryggð með því að hámarkslánin þróist áfram með eðlilegum hætti.

[13:40]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en ég hef verið að reyna að átta mig á því sem hæstv. ráðherra segir hér, að það sé mikilvægt að efla samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs í þeirri samkeppni sem nú er á bankamarkaði, en á hinn bóginn hafa menn sagt að sala bankanna hafi gert það að verkum að sú staða sé nú á bankamarkaði að einstaklingar hafi aðgang að betri lánakjörum en oft áður.

Það sem ég er að reyna að draga fram, virðulegi forseti, er hvort hæstv. ráðherra sé að segja að ríkið sé á leiðinni í samkeppni við bankana. Eru það viðbrögð við því sem er að gerast eða er það til að tryggja verðmæti Íbúðalánasjóðs til einhvers tíma og að þá muni ríkið væntanlega draga sig út af þessum markaði?

Það er afar erfitt að átta sig á því, virðulegi forseti, í ljósi þessa svars á hvaða ferðalagi hæstv. ráðherra er og mér þætti vænt um ef það mundi skýrast síðar í umræðunni.

[13:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það hefur verið ósveigjanleiki í Íbúðalánasjóði á undanförnum árum gagnvart þeim sem hafa verið með lán þar og menn hafa einblínt á hámarkslán sem veitt eru við kaup á íbúðum. Síðan hafa orðið breytingar í gegnum tíðina, menn hafa verið að hækka það hámark og margir sem fjármögnuðu hluta af sínum íbúðakaupum eða húsakaupum með viðbótarlánum hafa verið í algerum vandræðum með að fá viðbótarlán til íbúðanna. Íbúðalánasjóður hefur ekki viljað líta á það að taka þátt í endurfjármögnun af því tagi og ég spyr hæstv ráðherra: Finnst honum ekki kominn tími til að Íbúðalánasjóður endurskoði þá afstöðu og gefi mönnum möguleika á endurfjármögnun allt að hámarki í því sem Íbúðalánasjóður hefur til ráðstöfunar handa þeim sem eru að kaupa íbúðir?

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna svörum ráðherra sem upplýsir hér að það liggi á borðum hans að breyta reglugerð þannig að það er verið að hækka viðmið vegna lánveitinga úr 85% af brunabótamati í 100% og það mun hafa veruleg áhrif til þess að auka samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs. Það ætti auðvitað líka að skoða hvort ekki ætti að miða við markaðsverð eigna eins og bankarnir gera. Við fórum í gegnum það fyrir nokkrum árum að brunabótamatið er orðið að verulegu leyti úrelt, ekki síst eftir að því var breytt, og hálfónothæfur grundvöllur fyrir lánaviðmið og það hefur skert verulega lánsfjárhæðir úr Íbúðalánasjóði í gegnum árin. Það er auðvitað spurning hvort ætti ekki að gera það en þetta er góður áfangi að hækka viðmiðið í 100%.

Hæstv. ráðherra upplýsir að hann muni leggja hér fyrir frekari áætlun um hækkun á hámarksfjárhæðum. Ég vil spyrja ráðherrann hver þau áform eru.

Í 2. tölulið fyrirspurnarinnar er spurt um hverjar áætlanirnar eru um hækkun á lánshlutfalli og hámarksfjárhæðum. Ég vil spyrja ráðherrann um áform hans í því sambandi. Ég geri ráð fyrir að hann ætli strax að hækka lánin í 90%, það verði í því frumvarpi sem hann leggur fyrir, en þá er spurningin um áætlanirnar varðandi hámarksfjárhæðina, í hvaða skrefum það verður tekið að hækka þær. Síðan vantar auðvitað mat Seðlabankans inn í þetta en ég býst við að þær breytingar sem orðið hafa á lánamarkaðnum breyti þar verulega.

Ég lýsi vonbrigðum mínum með að hæstv. ráðherra vilji ekki auka sveigjanleikann að því er varðar veðmörkin. Ég er sannfærð um að ef hann gerði það væri það hvati til þess að fólk væri ekki í eins miklum mæli og núna að endurfjármagna lán sín hjá Íbúðalánasjóði og fara með þau yfir í bankana. Það eru hæg heimatökin fyrir hæstv. ráðherra að breyta þessum veðmörkum og hann gæti þá haldið sig við 100% af brunabótamati á 1. og 2. veðrétti og þannig hjálpað fólki til að losa um erfið og dýr lán upp á 1 eða 2 millj. í stað þess að þurfa að fara út í heildarendurfjármögnun.

[13:44]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson spyr hvort ríkið sé með þessu að hasla sér frekari völl í samkeppni við banka á lánamarkaði. Svo er ekki. Hins vegar ber Íbúðalánasjóði, samkvæmt lögum um húsnæðismál, að sinna skyldum sínum um lánveitingar til fólks á húsnæðismarkaði óháð búsetu og efnahag. Það er að sjálfsögðu fyrst og fremst það markmið sem við stöndum vörð um auk þess að tryggja stöðu sjóðsins í breyttu umhverfi.

Hæstv. forseti. Hér hefur orðið nokkur umræða um endurfjármögnun lána bæði af hálfu hv. fyrirspyrjanda og hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Staðan er sú að Íbúðalánasjóður þarf í dag að bregðast við auknum þrýstingi á uppgreiðslur sem stafar af hærra vaxtastigi á liðnum árum en nú er. Sjóðurinn byggir nú á nýju áhættufjárstýringarkerfi sem á að tryggja að hann standi undir skuldbindingum sínum. Félagsmálaráðherra og Fjármálaeftirlitið bera lykilábyrgð á því að svo verði. Ég tel hins vegar, hæstv. forseti, varhugavert að gera breytingar á útlánareglum sjóðsins í flýti án þess að nauðsynleg greining liggi þar að baki. Ég vil ekkert útiloka um aldur og ævi í þeim efnum. Það er eðlilegt að tillögur um breytingar á útlánareglum sjóðsins komi frá stjórn Íbúðalánasjóðs og taki mið af faglegri greiningu áhættu hans á einstökum sviðum. Yfir því er stjórn og starfslið Íbúðalánasjóðs sem og starfslið ráðuneytis húsnæðismála vakandi á hverjum tíma.

Aðgerðir gegn félagslegum undirboðum.

Fsp. SJS, 94. mál. — Þskj. 94.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra um aðgerðir gegn svonefndum félagslegum undirboðum, þ.e. því að launakjör, vinnuaðstæður og aðbúnaður starfsmanna, hvort heldur er af erlendum eða innlendum uppruna, séu ekki í samræmi við hérlenda kjarasamninga, lög og reglur um aðbúnað, öryggi á vinnustöðum o.s.frv. Þessi mál hafa verið mjög á dagskrá og einkum tengst stórframkvæmdunum eystra. Það má segja að þar hafi nánast allt farið úrskeiðis sem svo gat farið hvað varðaði upphaf þeirra framkvæmda og aðkomu erlendra starfsmanna að verkinu. Aðbúnaður var allur mjög í skötulíki og mikil klögumál hafa risið og uppi verið um þann þátt mála. Gengið hefur þrálátur orðrómur um að menn væru starfandi án tilskilinna réttinda, að öryggismálum væru ábótavant. Brunavarnir voru lengi í ólestri og annað í þeim dúr. Alvarlegast er þó kannski að rökstuddar vísbendingar hafa verið uppi um að ætlun aðalverktakans hins erlenda hafi verið að greiða mun lægri laun en samræmast íslenskum kjarasamningum, lágmarkskjörum sem tryggð eiga að vera samkvæmt íslenskum kjarasamningum. Þetta ástand er að sjálfsögðu ekki einskorðað við virkjunarframkvæmdirnar eystra því að dæmi hafa verið uppi um sambærilega hluti t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Ónefnt járniðnaðarfyrirtæki hefur orðið uppvíst að þrálátum tilraunum til að vera með erlent vinnuafl á skammtímagrunni og komast þannig hjá því að skrá það með eðlilegum hætti inn í landið. Einnig hafa vaknað grunsemdir um að launakjör hafi þá ekki verið sem skyldi. Það ber í vaxandi mæli á því að talsvert sé af erlendu vinnuafli hér, t.d. í byggingariðnaði og við frágang á húsnæði, í múrverki og málningarvinnu og virðist tilhneigingin vera sú að hið erlenda vinnuafl sem sótt er til Austur-Evrópu eða Asíu sé gagngert tekið inn í landið til að vinna óþrifalegustu og erfiðustu eða óvinsælustu störfin. Það er líka þekkt frá nálægum löndum eins og Danmörku að mikil brögð eru að því að reynt sé að ná niður launakostnaði í verkefnum, sérstaklega útboðsverkefnum, með því að ráða inn erlent vinnuafl gjarnan gegnum svonefndar starfsmannaleigur.

Ég hef því leyft mér að spyrja félagsmálaráðherra hvort umfang félagslegra undirboða á íslenskum vinnumarkaði hafi verið kannað sérstaklega, hvort umsvif starfsmannaleigna hafi verið skoðuð sérstaklega með tilliti til hættu á félagslegum undirboðum, hvort félagsmálaráðuneytið hyggist þarna aðhafast eitthvað og hvernig samstarfi þess við aðila vinnumarkaðarins sé háttað hvað varðar varnir gegn félagslegum undirboðum.

[13:50]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Fyrst vil ég nefna að kjarasamningar sem samtök aðila vinnumarkaðarins hafa gert gilda sem lágmarkskjör fyrir alla launamenn hér á landi í viðkomandi starfsgrein á því svæði sem hlutaðeigandi samningar taka til, samanber 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Gildir þetta, hæstv. forseti, um launamenn er vinna störf sín hér á landi óháð þjóðerni eða uppruna starfsmanna eða eigenda fyrirtækjanna. Þessi regla var síðan ítrekuð í lögum frá árinu 2001 um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið hér á landi á vegum erlendra fyrirtækja.

Með hliðsjón af þeirri meginreglu að kjarasamningsviðræður hafa verið á verksviði aðila vinnumarkaðarins hefur eins og flestum ætti að vera kunnugt verið litið svo á að eftirlit með að kjarasamningar skuli haldnir sé einnig á ábyrgð aðilanna sjálfra. Verður þetta enn fremur að teljast eðlilegt í ljósi þess að um frjálsa samninga milli aðila er að ræða. Þar af leiðandi hefur opinbert eftirlit með kaupi og kjörum launafólks ekki tíðkast hér á landi. Hafa stéttarfélögin séð um að gæta hagsmuna félagsmanna sinna telji þeir brotið á sér í starfi með því að beina kröfum að vinnuveitendum um úrbætur. Engin undantekning gildir um stöðu útlendinga að þessu leyti. Hafa stjórnvöld því ekki heimildir til að kanna launakjör almennt á innlendum vinnumarkaði, hvorki hjá útlendingum né öðrum hópum.

Í þessu samhengi ber að geta þess að fyrr á þessu ári gerðu Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins með sér samning um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Þar kemur m.a. fram að það sé hlutverk trúnaðarmanna stéttarfélaga á vinnustað að ganga úr skugga um að gerðir kjarasamningar séu haldnir gagnvart starfsfólki. Í tilvikum þegar ekki tekst að leysa innan fyrirtækis ágreining sem kann að rísa vegna starfskjara erlends launafólks er heimilt að vísa þeim ágreiningi til sérstakrar samráðsnefndar Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands.

Samhliða samkomulaginu samþykktu aðilarnir bókun þar sem því var beint til mín sem félagsmálaráðherra að sjá til þess að því yrði veitt almennt gildi með því að leggja fram hér á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum nr. 55/1980. Sú frumvarpsvinna fer nú fram í félagsmálaráðuneytinu í nánu samstarfi við hlutaðeigandi samtök.

Að því er varðar ríkisborgara ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins ber atvinnurekanda að skila ráðningarsamningi hans við hlutaðeigandi starfsmann til Vinnumálastofnunar um leið og hann leggur inn umsókn um atvinnuleyfi. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um kaup og kjör starfsmannsins. Fái Vinnumálastofnun fregnir um að vinnuveitendur fari ekki að ráðningarsamningi sem leyfisveiting byggir á kannar stofnunin hvort skilyrði leyfisveitingarinnar séu ekki lengur fyrir hendi. Sem dæmi um slíkar aðgerðir má nefna atvik sem kom upp á síðasta ári er fregnir bárust um að starfsmönnum á Kárahnjúkum væru greidd laun í ósamræmi við ráðningarsamninga. Við þessu var brugðist af hálfu Vinnumálastofnunar. Starfsmenn hennar fylgdust með útborgun launa en við það eftirlit kom ekkert athugavert í ljós, hæstv. forseti.

Það skal tekið fram að það stendur ekki til af hálfu stjórnvalda að koma á opinberu eftirlitskerfi með launakjörum útlendinga. Það er hins vegar lögð á það áhersla að viðhalda því vinnumarkaðskerfi sem hefur þróast hér í gegnum tíðina í nánu samráði aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Ég bind vonir við að fyrrgreint samkomulag aðilanna komi til með að vera tæki sem sporni gegn hættunni á fé-

lagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði.

Hæstv. forseti. Að því er varðar aðbúnað starfsmanna á vinnustöðum gilda lög nr. 46/1980. Samkvæmt þeim hefur Vinnueftirliti ríkisins verið falið eftirlitshlutverk með að atvinnurekendur sem lögin taka til stuðli að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi fyrir starfsmenn sína á vinnustöðum. Vinnueftirlitið heldur úti reglulegu eftirliti með fyrirtækjum er starfa í landinu án tillits til þess hverrar þjóðar starfsmenn eða eigendur þeirra eru. Fyrirtækin eru flokkuð í fjóra áhættuflokka og ræðst tíðni reglubundinna skoðana að nokkru leyti af þeirri áhættu sem til staðar er í fyrirtækjunum.

Í tilvikum þegar Vinnueftirlitið telur úrbóta þörf beinir það fyrirmælum til atvinnurekandans. Verði hann ekki við kröfum stofnunarinnar er henni heimilt að beita atvinnurekandann þvingunarúrræðum. Er gengið út frá því að eftirlit Vinnueftirlits sé til þess fallið að koma í veg fyrir félagsleg undirboð að því er varðar aðbúnað starfsmanna hvort sem þeir eru af erlendum eða innlendum uppruna.

Í sambandi við fyrirspurn um umsvif starfsmannaleigna þá er frá því að segja að ég skipaði þriggja manna starfshóp í haust sem hefur m.a. það hlutverk að skoða sérstaklega starfsumhverfi starfsmannaleigna sem hafa staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins en kjósa að veita þjónustu hér á landi. Hópnum er enn fremur ætlað að kanna nauðsyn þess að sett verði sérlög um starfsemi starfsmannaleigna er eiga sér staðfestu hér á landi. Þá er starfandi samstarfsnefnd á grundvelli laga um atvinnuréttindi útlendinga milli stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins.

Hæstv. forseti. Ég hef lagt á það áherslu að viðhafa gott samráð við aðila vinnumarkaðarins og því er ekki öðruvísi farið hvað varðar málefni útlendinga og hugsanleg félagsleg undirboð. Það hefur ekkert breyst í þeim efnum og ég stefni á að halda uppteknum hætti á komandi vetri.

[13:55]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft afar alvarlegu máli og kannski er ekki mögulegt að ræða það til hlítar í fyrirspurnatíma. Hæstv. félagsmálaráðherra kýs að svara efnismiklum spurningum á afar almennan hátt og sneiðir í raun hjá því að orða hið alvarlega ástand sem uppi er í þessum málum á Íslandi. Sannleikurinn er auðvitað sá að við höfum frá því að framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun hófust séð alvarleg dæmi þess að aðbúnaður á vinnustöðum erlendra farandverkamanna á Íslandi er skelfilegur og langt undir því sem eðlilegt gæti talist að kröfur væru gerðar um. Ég fullyrði hér, frú forseti, að stéttafélögin, Vinnueftirlitið, Vinnumálastofnun og aðrir aðilar sem að þessum málum koma eru fullkomlega vanbúnir því ástandið er slíkt. Við gerðum ráð fyrir að 30% af mönnunum sem ynnu við framkvæmdirnar væru erlendir eða kæmu utan lands frá. Sannleikurinn er sá að þeir eru 70%. Ástandið er sem sagt þannig að okkar aðilar sem hafa með umsýslu þessara hluta að gera eru vanbúnir.

[13:56]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Þetta var ágætisræða hjá hæstv. félagsmálaráðherra um hvaða lög giltu í landinu. En mér fundust svörin heldur rýr í roðinu. Svo finnst mér líka vera fullseint gripið í taumana hvað varðar það að skoða starfsmannaleigur, að vera fyrst núna í haust að fara að skoða það mál. Aðbúnaður starfsmanna austur á Kárahnjúkum hefur verið í fréttum allt síðasta ár og nú í haust er hæstv. félagsmálaráðherra fyrst að fara að skoða þetta. Mér finnst það ansi seint í rassinn gripið.

[13:57]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta upp hér en minni á aðerlendir starfsmenn eru ekki einungis á Kárahnjúkum. Starfsfólk af erlendum uppruna, kannski sérstaklega konur eru nú í auknum mæli í láglaunastörfum við þrif og annað, meðal annars hjá stofnunum ríkisins. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það hafi verið kannað sérstaklega, hvort það hafi verið skoðað, hvort verktakar sem þar eiga hlut að máli greiði þessu fólki þau laun sem því ber eða hvort munur sé á milli erlendra verkamanna og innlendra.

[13:58]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég verð að segja að hæstv. félagsmálaráðherra hefur í flestum málum öðrum sýnt meiri vaskleika en þeim sem tengjast erlendum starfsmönnum sem hingað koma í krafti starfsmannaleigna. Ég spyr, frú forseti: Hvernig stendur á því að hæstv. félagsmálaráðherra hefur ekki enn gert reka að því að efna þær yfirlýsingar sem hann gaf hér fyrir sléttu ári síðan, í fyrsta lagi um að kannað yrði hvort ekki ætti að setja sérstök lög á hinu háa Alþingi sem takmörkuðu möguleika þessara einkareknu starfsmannaleigna til þess að beita starfsmenn harðræði og í öðru lagi um að hafa frumkvæði að því á erlendum vettvangi að það færi af stað alþjóðlegt samstarf til að koma í veg fyrir að menn geti með þessum hætti framið mannréttindabrot, því þetta er ekkert annað?

Man ekki hæstv. félagsmálaráðherra að hann gaf yfirlýsingu um að hann hygðist taka málið upp t.d. á vettvangi erlendra félagsmálaráðherra og í því samstarfi sem hann á þar? Ætlar hann ekki að standa við það?

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég þakka fyrir svör hæstv. ráðherra og þakka öðrum hv. þingmönnum fyrir undirtektir. Okkur er öllum ljóst að fyrirkomulagið á að vera það að lágmarkskjör séu tryggð með vinnulöggjöfinni eins og þau eru samkvæmt gildandi kjarasamningum. En þeir sem vel til þekkja á svæðinu eystra orða það svo að þeir vonist til þess eða í besta falli sé það vonandi að verið sé að greiða lágmarkslaun, lágmarkskjör. En meira er það ekki. Og svo er til viðbótar ákaflega erfitt að sannreyna hvort svo sé í raun og veru. Þegar launin eru greidd í gegnum starfsmannaleigur inn á bankareikninga í Portúgal þá er umhendis fyrir hina íslensku trúnaðarmenn sem helst þurfa að reyna að hafa þarna eftirlit, ekki með sínum eigin félagsmönnum heldur með þessum erlendu starfsbræðrum sínum, að koma eftirlit-

inu við. Ég held að það sé mikilvægt að yfirvöld styðji við bakið á trúnaðarmönnum og stéttarfélögum, t.d. með því að láta Vinnumálastofnun fara meira en eina ferð þarna austur. Er þeim nokkuð að vanbúnaði að vera oftar viðstaddir útborgun launa en í eitt einasta skipti? Eru þeir svona blankir eða eru þeir flughræddir, mennirnir? Geta þeir ekki farið austur og lagt sitt lóð þar á vogarskálar?

Þarna eru t.d. við störf núna mjög margir Portúgalar sem flestir eru ráðnir af starfsmannaleigum og ástandið er þannig að launin eru greidd beint inn á reikning í Portúgal. Ég hef grun um að hæstv. fjármálaráðherra Geir Hilmar Haarde fái lítið í skatta enn af þeim launum. Síðan er þarna vaxandi fjöldi Kínverja. Þeir eru fluttir inn beint af verktakanum frá Kína og að sögn er ákaflega erfitt að komast að því á hvaða kjörum þeir eru og þeir ákaflega feimnir við að tjá sig yfir höfuð um sína veru hér, hvað þá sín launakjör. Því miður er þess vegna veruleg ástæða til að ætla að enn sé þarna pottur brotinn auk þess sem þetta vandamál er að sjálfsögðu að skjóta upp kollinum miklu víðar, í byggingariðnaðinum t.d. eins og ég nefndi og eins og nefnt var hvað varðar ýmis umönnunarstörf í láglaunageiranum.

[14:01]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessa umræðu. Ég tel að hún sé gagnleg og þörf og ástæða til að taka hana upp á hinu háa Alþingi.

Ég vil hins vegar hafna því að þeir aðilar sem hér hafa verið nefndir til sögunnar, bæði Vinnumálastofnun og Vinnueftirlitið, séu vanbúnir til að sinna eftirliti sínu og tel að það ágæta fólk sem þar starfar hafi gert það af mikilli kostgæfni.

Ég vil svara fyrirspurn hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um hvort mismunur er á störfum manna eftir því hvort þeir eru erlendir eða innlendir og eftirliti með þeim. Svo er að sjálfsögðu alls ekki eins og fram kom í máli mínu áðan né heldur eftir því hvar þeir vinna, á Kárahnjúkum eða annars staðar í landinu. Þar gilda að sjálfsögðu sömu reglur og sömu lög.

Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að rifja upp ummæli mín hér frá því fyrir ári síðan. Mér gafst ekki tóm til þess í fyrri ræðu minni. Að sjálfsögðu er það eitt hlutverk þeirrar nefndar sem ég minntist á áðan að kanna hvort ástæða er til að setja sérstök lög um starfsmannaleigur eins og ég kom inn á.

Ég vil líka upplýsa um það, hæstv. forseti, að ég hef haft frumkvæði að því, bæði á vettvangi evrópskra ráðherra sem um þessi mál fjalla og enn fremur á vettvangi Norðurlandasamstarfsins að málefni starfsmannaleigna og félagsleg undirboð og annað sem hér hefur verið nefnt sé tekið til umfjöllunar.

Eins og ég sagði í svari mínu áðan legg ég á það sérstaka áherslu að viðhalda því vinnumarkaðsumhverfi sem við þekkjum og hefur verið að festa sig í sessi á undanförnum 100 árum eða svo. Það byggir m.a. á þátttöku launamanna í stéttarfélögum en raunin er sú að mikill meiri hluti launafólks eru félagsmenn í stéttarfélögum hér á landi. (**Gripið fram í:** Ertu að tala um sjómenn ...?) Stéttarfélögin ættu því að vera ágætlega í stakk búin til að takast á við hið nýja umhverfi sem við erum að horfast í augu við og hv. þm. veit eins og ég að hér erum við ekki að ræða um sjómenn sérstaklega enda væri þá annar ráðherra til svara.

Kjör og vinnuskilyrði blaðburðarfólks.

Fsp. JóhS, 116. mál. — Þskj. 116.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í nýrri skýrslu umboðsmanns barna er ítarlega fjallað um kjör og vinnuskilyrði blaðburðarbarna en málefni blaðburðarbarna hafa lengi verið til athugunar hjá embættinu og hefur umboðsmaður reynt frá árinu 1995 að beita sér fyrir bættum kjörum og vinnuskilyrðum blaðburðarbarna. Í skýrslunni kemur fram að embættinu hafi í gegnum árin borist margar ábendingar sem benda til þess að víða sé pottur brotinn í kjörum og aðbúnaði blaðburðarbarna.

Hjá embættinu hefur verið lögð áhersla á nauðsyn þess að gerður verði kjarasamningur fyrir blaðbera til að tryggja að þeir fái notið lögvarinna lágmarksréttinda til jafns við aðra launþega. Fram kemur í skýrslu umboðsmanns að félagsmálaráðherra hafi opinberlega lýst þeirri skoðun sinni að ófært væri að blaðburðarbörn væru ekki í stéttarfélagi. Í framhaldi af því ákvað umboðsmaður að senda félagsmálaráðherra bréf þar sem hann var hvattur til að taka upp málið við aðila vinnumarkaðarins.

Ljóst er að deilur hafa staðið um það milli aðila vinnumarkaðarins hvort gera eigi kjarasamning fyrir blaðburðarfólk. Í Morgunblaðinu í nóvember sl. kom fram opinberlega að Efling taldi að Samtök atvinnulífsins hafi ekki gengist við þeirri ábyrgð sinni að setjast að samningaborði og ganga frá formlegum kjarasamningum fyrir þá sem starfa við blaðburð. Félagið hafi í fimm ár reynt að ná slíkum samningum við Samtök atvinnulífsins en án árangurs. Einungis blaðberar Morgunblaðsins séu með kjarasamninga hjá VR.

Í kjarasamningum árið 2000 ákváðu fulltrúar Flóabandalagsins og Samtaka atvinnulífsins að tryggja þyrfti réttarstöðu blaðburðarfólks, að grundvallarréttindi þeirra sem launafólks væru tryggð eins og lágmarkslaun, veikindaréttur, vinnufatnaður ásamt sértækari atriðum svo sem þyngdarmörkum blaða o.s.frv. Einn fundur var haldinn í maí 2001 og á þeim fundi kom fram afstaða Samtaka atvinnulífsins að þeir sæju ekki ástæðu til að koma að kjarasamningagerð fyrir blaðburðarfólk. Þess vegna tel ég ástæðu til þess miðað við þá stöðu sem núna er uppi að beina fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra um kjör og vinnuskilyrði blaðburðarfólks.

1. Eru kjör og vinnuskilyrði blaðburðarfólks í samræmi við lög og reglur, samanber t.d. 1. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda?

2. Hefur ráðherra tekið þetta mál upp við aðila vinnumarkaðarins eins og hann lýsti yfir opinberlega í nóvember 2003 að hann hygðist gera? Ef svo er, hver var niðurstaðan?

[14:06]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fyrir mig fyrirspurn í sambandi við kjör og vinnuskilyrði blaðburðarfólks. Því er til að svara að það hefur verið löng og viðtekin venja hér á landi að samtök aðila vinnumarkaðarins semji um kaup og kjör launafólks sem og önnur vinnuskilyrði í frjálsum kjarasamningsviðræðum. Íslensk stjórnvöld hafa því litið svo á að kjarasamningsviðræður væru í höndum aðila vinnumarkaðarins án opinberra afskipta. Verður ekki annað séð en að hið sama skuli gilda um kaup og kjör blaðburðarfólks.

Einhverra hluta vegna virðist, hæstv. forseti, sem lengi vel hafi engir kjarasamningar verið í gildi á milli aðila vinnumarkaðarins sem ætlað var að taka til starfa blaðburðarfólks og þótti mér það miður eins og fram hefur komið opinberlega. Hins vegar hefur verið gerð bragarbót á þessu en Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Landssamband íslenskra verslunarmanna annars vegar og Samtök atvinnulífsins vegna Árvakurs hf. hins vegar hafa gert með sér sérkjarasamning sem gildir fyrir starfsmenn fyrirtækisins er starfa við blaðburð. Fagna ég þessu framtaki aðila. En um leið vil ég að það liggi fyrir, hæstv. forseti, að ég tel það ekki til fyrirmyndar að þau fyrirtæki sem hafa látið hjá líða að gera slíka samninga skuli láta svo vera. Á þetta ekki síst við þegar um ungmenni er að ræða.

Ég hef engar valdheimildir í krafti embættis míns sem félagsmálaráðherra að skylda samtök aðila vinnumarkaðarins til gerðar á almennum kjarasamningi sem næði til alls blaðburðarfólks. Ég vil þó engu að síður nota þetta tækifæri til að hvetja aðila vinnumarkaðarins sem og önnur þau fyrirtæki sem í hlut eiga til þess að gera með sér kjarasamning sem ætlað væri að kveða á um kaup og kjör blaðburðarfólks hvort sem um væri að ræða almennan kjarasamning eða sérkjarasamninga.

Með hliðsjón af þeirri meginreglu að kjarasamningsviðræður hafi talist vera á verksviði aðila vinnumarkaðarins hefur jafnframt verið litið svo á að eftirlit með því að samningar séu haldnir séu einnig á ábyrgð aðilanna sjálfra. Þetta verður að teljast eðlilegt í ljósi þess að um frjálsa samninga er að ræða milli aðila. Þar af leiðandi hefur hvorki tíðkast að opinberir aðilar hafi viðhaft sérstakt eftirlit með því að vinnuveitendur haldi gerða kjarasamninga né hvort efni þeirra brjóta hugsanlega í bága við innlenda löggjöf. Í stað opinbers eftirlitskerfis um kaup og kjör gerir vinnumarkaðskerfi okkar ráð fyrir að launamaður leiti til stéttarfélags síns telji hann brotið á sér í starfi. Það er síðan hlutverk stéttarfélagsins að beina kröfum fyrir hönd félagsmannsins til vinnuveitandans um úrbætur á aðstæðum launamannsins. Verði vinnuveitandinn ekki við kröfum stéttarfélagsins eða telur þær ekki eiga við rök að styðjast geta aðilar höfðað mál fyrir Félagsdómi eða almennum dómstóli eftir atvikum. Í ljósi þessara samskiptareglna og þess sem að framan er rakið liggja umbeðnar upplýsingar því ekki fyrir hjá stjórnvöldum.

Hæstv. forseti. Hins vegar er annað mál að Vinnueftirliti ríkisins hefur verið falið eftirlitshlutverk með að atvinnurekendur er lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum taki til, stuðli að góðum aðbúnaði. Vinnuveitendur blaðburðarfólks falla undir framangreind lög og Vinnueftirliltið hefur beitt sér í eftirliti með aðbúnaði blaðburðarfólks einkum þeirra sem eru undir 18 ára að aldri. Um störf þeirra gildir jafnframt reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglinga og samkvæmt þeim reglum er börnum yngri en 13 ára óheimilt að starfa við blaðburð. Á árinu 2001 var öllum fyrirtækjum sem sáu um dreifingu dagblaða á þeim tíma sent bréf þar sem sérstök athygli var vakin á að óheimilt væri að ráða yngri starfsmenn en 13 ára til að starfa við blaðburð. Í kjölfar ummæla minna í nóvember fyrir tæpu ári um vinnuskilyrði blaðburðarfólks sem hv. þm. vísaði til stóð Vinnueftirlitið að eftirlitsheimsókn í fyrirtæki sem annast dagblaðaútgáfu og dreifingu. Þar var farið yfir skyldur og ábyrgð atvinnurekandans og farið yfir aðstæður í viðkomandi fyrirtæki. Jafnframt voru gefin fyrirmæli um að engir starfsmenn við blaðburð væru undir lágmarksaldri.

Nokkru síðar var atvinnurekendum er annast útgáfu og dreifingu dagblaða hér á landi sent bréf þar sem vakin var athygli á skyldu þeirra til að gera áhættumat vegna starfa blaðburðarfólks með tilliti til heilsu þeirra og öryggis. Fyrirtæki hafa brugðist misjafnlega við fyrirmælum Vinnueftirlitsins, sum gert skriflegt áhættumat vegna starfa blaðburðarfólks sem er vel. Vinnueftirlitið hefur jafnframt margítrekað fyrirmæli sín við þau fyrirtæki sem ekki hafa uppfyllt þá skyldu sína að gera slíkt áhættumat. Vinnueftirlitið mun halda áfram að beina fyrirmælum sínum að þeim fyrirtækjum sem í hlut eiga og grípa til viðeigandi ráðstafana teljist þess þörf.

Hæstv. forseti. Ég mun að sjálfsögðu beita mér áfram í því að Vinnueftirlitið annist reglulegt eftirlit með aðbúnaði blaðburðarfólks á vinnustöðum.

Að lokum vil ég nota tækifærið til að ítreka vinsamleg tilmæli mín til aðila vinnumarkaðarins um að þeir sjái til þess að kjarasamningar komi til með að verða gerðir um störf blaðburðarfólks. Þeim væri sómi að því, hæstv. forseti.

[14:12]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. fyrirspyrjanda og tel það aðkallandi að tryggja kjör og vinnuskilyrði blaðburðarfólks ekki síður en annarra launþega. Stór hluti blaðbera eru börn og unglingar og sá hópur er yfirleitt ekki í stakk búinn til að sækja rétt sinn. Við höfum séð það í lesendabréfum dagblaðanna á undanförnum mánuðum að foreldrar hafa verið að lýsa því að réttur þessara unglinga sé lítill sem enginn hjá sumum fjölmiðlum og á því þarf að verða breyting. Þessi hópur þarf eins og aðrir launþegar í landinu að hafa kjör sín og vinnuskilyrði á hreinu, líkt og er t.d. hjá Morgunblaðinu eins og hér kom fram í ræðu fyrirspyrjanda, þar sem samið var um kaup og kjör blaðburðarfólks þess fyrir nokkrum árum og blaðið á heiður skilinn fyrir það. Það er raunar með ólíkindum að aðilar vinnumarkaðarins skuli ekki hafa komið þessum málum á hreint og hlýtur að verða að hvetja þá til þess. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að aðilum vinnumarkaðarins væri sómi að því að ljúka þessu máli og ganga frá samningum þessa fólks.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka ráðherra svörin og þær undirtektir sem komu fram hjá síðasta ræðumanni. Ég geri mér alveg ljóst að hæstv. ráðherra hefur ekki vald til að vera með neinar fyrirskipanir til aðila vinnumarkaðarins en engu að síður spurði ég um það sem ráðherrann svaraði ekki, hvort kjör og vinnuskilyrði blaðburðarfólks væru í samræmi við lög og reglur og vitnaði þar til laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Það er brotalöm að því er varðar kjör og vinnuaðstæður blaðbera og ég vitnaði til bæði launa, veikindaréttar, vinnufatnaðar o.s.frv. Ég spyr því hvort ráðherrann hafi ekki kannað það sérstaklega. Ég spyr líka af því að ráðherrann nefnir að það sé mismunandi hvernig brugðist hafi verið við kröfum Vinnueftirlitsins: Hvaða úrræði hefur Vinnueftirlitið til þess að þvinga fram að brugðist sé við þeim kröfum sem það gerir varðandi aðbúnað blaðburðarbarna?

Málið er í ólestri, það er alveg ljóst. Ég las nýlega grein sem birtist í Morgunblaðinu þar sem fram kemur að kjör hjá blaðberum séu mjög mismunandi eftir því hvort um er að ræða þá sem eru í vinnu hjá Morgunblaðinu eða hjá Fréttablaðinu eða DV og það þarf auðvitað að taka á því. Það er ótækt að ekki náist fram ásættanleg niðurstaða að því er varðar vinnuaðstæður og kjör blaðbera og að þar ríki bara geðþóttaákvarðanir atvinnurekenda. Þarna verða að vera til eðlilegar og sanngjarnar leikreglur þannig að blaðberar þurfi ekki að láta yfir sig ganga ósanngjörn kjör og standi vanmáttugir frammi fyrir vinnuveitanda sínum.

Það er ágætt að úr þessum ræðustól komi hvatning frá hæstv. ráðherra til aðila vinnumarkaðarins að taka nú þegar á þessu máli. Það gengur ekki að ár eftir ár séu þessi mál í ólestri. Og ég ítreka fyrirspurn mína til ráðherra hvort hann hafi skoðað þessi kjör og vinnuskilyrði og vísa þá til laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

[14:15]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa umræðu. Eins og fram kom í máli hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar er hér ekki síst um að ræða börn og unglinga. Það var ekki síst ástæða þess að ég sá tilefni til þess í fyrri ræðu minni að rekja það með nokkuð nákvæmum hætti á hvern hátt væri farið með deilumál af þessu tagi því það sér væntanlega hver í hendi sér að það er ekki á færi barna eða unglinga að annast slík mál hver fyrir sig. Enn frekar er það undirstrikun þess og ástæða þess að aðilar á vinnumarkaði taki sig saman í andlitinu í þessu máli og gangi svo frá og búi svo um hnútana að sómi sé að. Ég ítreka hvatningu mína þess efnis í þeirra garð.

Hv. fyrirspyrjandi Jóhanna Sigurðardóttir spyr um eftirlit. Eins og ég rakti í ræðu minni áðan er eftirlit með kjörum á höndum aðila vinnumarkaðarins. Þær upplýsingar sem hér er spurt um liggja ekki fyrir. Við höfum ekki aðstöðu til þess í félagsmálaráðuneytinu að kalla eftir þeim en hvað varðar úrræði Vinnueftirlitsins sem ég rakti áðan að hefur staðið í samskiptum við þá aðila á þessum markaði sem ekki hafa staðið sig sem skyldi, þá liggur það fyrir að Vinnueftirlitið getur beitt dagsektum. En samkvæmt þeim upplýsingum, hæstv. forseti, sem ég hef aflað mér er komið að því stigi í aðgerðum Vinnueftirlitsins og ég sé ekki ástæðu til að bíða með það frekar án þess þó að ég gefi nákvæmar fyrirskipanir um það úr þessum stól.

Sameining Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins.

Fsp. BjörgvS, 103. mál. — Þskj. 103.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Á síðasta þingi beindi ég þeirri fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra hvort til stæði að sameina Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins og einnig hvort fram hefði farið einhvers konar undirbúningsvinna eða könnun á slíkri sameiningu. Að mínu mati og margra annarra mælir margt með því að sameina eigi þessar tvær stofnanir þar sem þær vinna að mörgu leyti að svipuðum verkefnum og hafa að sumu leyti sameiginleg markmið og voru upphaflega ein og sama stofnunin og störfuðu lengi eftir sömu lögum. Við þá umræðu mæltist hæstv. ráðherra þannig, með leyfi forseta:

„Ég útiloka í raun ekki að það geti komið til þess og það þarf að fara rækilega yfir samruna Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins og hinna stórfenglegu skógræktarverkefna, landshlutaverkefnanna, og hvernig við þjónum best þeim nýja og öfluga atvinnuvegi sem er að rísa í landinu.“ — Sagði ráðherra þá.

Því beini ég þeirri fyrirspurn til hans nú hvort málinu hafi fleygt fram með einhverjum hætti og hvort hafin sé vinna að sameiningu þessara stofnana sem mér þótti fá góðan byr á meðal bænda og margra annarra áhugamanna um landgræðslu, skógrækt og eflingu landbúnaðarins eins og það kemur fyrir og virtist málið falla í góðan jarðveg, m.a. í fréttaflutningi og umræðum í Bændablaðinu.

Ég vildi inna hæstv. ráðherra eftir því hvort hann væri farinn af stað með slíka sameiningu, hvort einhvers konar samrunaferli væri hafið, viðræðuferli, könnunarferli á kostum og göllum eða einhvers konar langtímamarkmið um slíka sameiningu. Það liggur fyrir að ávinningur af slíkri sameiningu gæti verið mjög margvíslegur, aukin skilvirkni, hagræði, samnýting, minni sóun, aukið þekkingaflæði, miklu betri nýting á sérfræðiþekkingu sem er mjög mikil innan beggja stofnana og búa þær yfir þekkingu á heimsmælikvarða, þær rannsaka svipuð svið og vinna að svipuðum málum og því er mjög freistandi að leggja til að menn fari í slíkt ferli að sameina stofnanirnar. Þær gætu skilað okkur mjög margvíslegum ávinningi eins og aukinni fræðslu um mikilvægi bæði landgræðslu og skógræktar, möguleikum á auknu fjármagni, ekki síst gegnum Evrópusambandið og rannsóknasjóði ýmiss konar. Þá má sjá fyrir sér að það væri bæði sjálfsagt og vel mögulegt að tengja slíka nýja og sameinaða öfluga stofnun landgræðslu og skógræktar við hinn nýstofnaða Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem sá háskóli gæti hagnast mjög á nánu samstarfi við þá nýju og öflugu stofnun sem augljóslega tengist

svo mjög landbúnaðinum og ekki síst nýjum og góðum sóknarfærum fyrir landbúnaðinn sem er að sjálfsögðu í sókn á mörgum sviðum þó að hann sé í harkalegri nauðvörn á öðrum og við þurfum öll að leggja þar til ný tækifæri.

[14:21]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágæta ræðu og áhuga á þessum mikilvæga málstað og eins og hann minntist á ræddi hann þetta mál á síðasta þingi.

Orðið sameining er stórt og stundum erfitt þannig að það er vandmeðfarinn ferill þegar sameina á fyrirtæki en líka jafnvandmeðfarinn ferill þegar til stendur að flytja fyrirtæki til eins og þekkt er. Sjálfur stóð ég eitt sinn að því að flytja Lánasjóð landbúnaðarins á Selfoss. Það var vel unnið verk innan frá og var mikill friður um þann flutning. Ég minnist þess þegar Landmælingar ríkisins voru fluttar á Akranes. Sá flutningur hlaut mikla gagnrýni í samfélaginu, ómaklega að mínu viti því að oft hef ég komið í þá stofnun síðan og sé að hún blómstrar með góðu fólki þannig að sá flutningur hefur heppnast vel. Síðan er auðvitað það sem ég verð að segja hér að þingið lagðist í lið með mér sem landbúnaðarráðherra á síðasta þingi um stórkostlega sameiningu sem hv. þm. minntist á, Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi voru gerðir að einni stofnun með lögum og það sameiningarferli er í fullum gangi. Sú stofnun tekur til starfa hinn 1. janúar nk. Það hefur verið mikið verk í landbúnaðarráðuneytinu að fylgja þeirri löggjöf eftir og þeirri ákvörðun þannig að mikil vinna hefur farið í þá sameiningu og ég bind miklar vonir við að það verkefni muni heppnast mjög vel. Rektor var ráðinn að þeirri stofnun og er hann nú að undirbúa þetta með okkur í landbúnaðarráðuneytinu og tekur til starfa hinn 1. janúar nk.

Hvað Landgræðsluna og Skógræktina varðar hef ég aldrei neitað því að það geti komið til þess síðar að það þurfi að endurskoða það, eins og endurskoðun á öllu kerfi landbúnaðarins og stoðkerfi hans, og ýmislegt er auðvitað á döfinni í mínu ráðuneyti í þeim efnum. Það er mikilvægt að endurskoða löggjöf um Landgræðsluna og Skógrækt ríkisins.

Það liggur líka fyrir og í því er verið að vinna varðandi hin landshlutabundnu verkefni að þar þarf að setja ein lög og eina reglu sem snýr að landinu öllu og marka þeim skýran ramma til framtíðar. Það er vinna sem er í gangi, en ég hef ekki hafið neina þá vinnu sem skiptir máli hvað varðar það sem hv. þm. spyr um, að sameina formlega Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins. Þetta eru mjög farsælar stofnanir og komi til þess verð ég auðvitað að vinna það innan frá, innan þeirra stofnana og ég útiloka það ekki hér frekar en annað. Ég fór yfir það á síðasta þingi að fyrirrennarar mínir tveir höfðu lagt í það mikla vinnu og skoðað það formlega hvort það væri heppilegt og komust báðir að þeirri niðurstöðu að slá því á frest. Tímarnir breytast og þegar einu verkefni lýkur tekur annað við. Ég mun auðvitað fara yfir það sem kom fram í ræðu hv. þm. og hefur komið fram fyrr, skoða með hvaða hætti og hvort það sé rétt. Sannarlega er það svo að þessar stofnanir gegna miklu lykilhlutverki hvor á sínu sviði og eiga með sér mikla samvinnu en hitt er ljóst að bæði hluti af landgræðslustarfinu, framkvæmdastarfið hvað það varðar er mikið unnið af bændum landsins, og hin landshlutabundnu skógræktarverkefni gera það að verkum að við eigum orðið hátt í þúsund skógræktarbændur sem planta skóginum og hinni nýju auðlind sem er að takast mjög vel og breyta ásýnd sveitanna.

Ég mun vissulega fara yfir þessi mál, ræða þau í ráðuneyti mínu og fara yfir þau með forustumönnum þessara stofnana, Bændasamtökunum, og hafa þar allt undir til að mæta þeim breytingum sem mikilvægar eru framtíðarinnar vegna þannig að þetta kemur til greina en er ekki á neinn hátt enn farið í gang.

[14:26]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir þessa fyrirspurn um hugsanlega sameiningu Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins en ég tel að báðar stofnanirnar séu vel reknar, farsælar stofnanir og mikil gróska hjá báðum og verkefnin hafa sífellt verið að aukast. Ég tel einnig að verkefnin skarist og það sé hugsanlegt að sjá hagræðingu í sameingu þessara stofnana en ég tek vara við því að farið verði það verk núna. Það er nýbúið að stofna landbúnaðarháskóla, hann á eftir að móta sér stefnu, og miðað við það að þessar stofnanir eru í hvor í sínum landshlutanum og eins að það er alltaf tilhneiging til að koma allri starfsemi undir einn hatt á sama stað, þá vara ég við því að farið verði of hratt í að skoða sameiningu þessara tveggja stofnana.

[14:27]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp og minna á að fyrir nokkrum árum var birt heilmikið skýrsla Ríkisendurskoðunar um þessar tvær stofnanir þar sem m.a. var lagt til að þær yrðu sameinaðar í hagræðingarskyni. Þáverandi landbúnaðarráðherra tók vel í þær tillögur að það þyrfti að skoða málið, það eru nú liðin nokkur ár síðan. Ég tel að þetta verkefni sé nauðsynlegt því að þó að þessar stofnanir séu öflugar og vel reknar í dag er það samt svo að verkefnin skarast, samvinnan er náin, en það þarf líka ákveðna uppstokkun á verkefnum stofnananna og ég held að það gefist tækifæri til þess við sameiningu þeirra.

[14:28]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ekkert er núverandi hæstv. landbúnaðarráðherra jafnmikið á móti skapi og þegar hlutirnir ferðast með hraða snigilsins, sérstaklega ef það gerist innan landbúnaðarráðuneytisins. Hæstv. ráðherra talaði um það í fyrra að hann ætlaði að skoða málið. Hann hefur haft það til skoðunar töluvert lengi en það bólar ekki á neinum framkvæmdum.

Ég er þeirrar skoðunar að það væri hagkvæmt fyrir ráðuneytið og fyrir þessar tvær stofnanir að þeim yrði rennt saman. Ég er reyndar þeirrar skoðunar almennt að það sé stofnunum íslensku ráðuneytanna til baga hversu smáar þær

eru og að það eigi að fækka þeim með því að styrkja þær og sameina. En mig langar hins vegar að spyrja hæstv. ráðherra af því að hann hefur þrátt fyrir allt verið að sameina stofnanir með nokkuð góðum árangri, ég er þá að tala um hinn nýja landbúnaðarháskóla. Hólaskóli var þar undanskilinn en er ekki rétt að styrkja Hólaskóla og ferskvatnsrannsóknir í landinu með því að sameina Veiðimálastofnun og Hólaskóla?

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Þetta hefur verið prýðileg umræða og ég þakka hv. þingmönnum fyrir að taka þátt í henni og koma með nýjar og ferskar hugmyndir og minna á fyrri umræðu og samantekt um kosti sameiningar. Sjálfur er ég sannfærður um að það á að ráðast í þessa sameiningu strax í kjölfar sameiningar landbúnaðarháskólanna í fyrravetur sem ég vona að muni takast mjög vel og verða farsæl fyrir bæði landbúnaðarfræðslu og landbúnaðinn í heild sinni allan þar sem öflugur landbúnaðarháskóli og öflugar rannsóknastofnanir á hans vegum auk að sjálfsögðu hins góða landbúnaðarháskóla á Hólum, muni færa landbúnaðinum í heild sinni mörg ný tækifæri til sóknar og útrásar, enda er það örugglega megimarkmið og verkefni okkar allra sem viljum landbúnaðinum allt hið besta.

Það eru ákveðin vonbrigði að landbúnaðarráðherra skuli ekki hafa hrint þessu ferli af stað en ég bjóst við því miðað við jákvæðar undirtektir hans í fyrra. En um leið fagna ég því að hann skuli áfram taka mjög jákvætt undir þær hugmyndir að sameina Landgræðsluna og Skógræktina í eina öfluga stofnun sem hefði það að markmiði að endurskoða bæði verkefni og markmið slíkrar stofnunar, hvert það ætti að leiða. Ég vona að slík grundvallarstofnun á sviði landverndar og landgræðslu hvers konar muni færa okkur aukin tækifæri til að nýta þá miklu auðlind sem landið er og getur orðið. Fái þessar stofnanir aukinn byr í seglin með sameiningu eins og við ræðum um hérna held ég að þessu gæti fleygt mjög hratt fram. Ég held að ráðherra ætti ekki að hika við að hrinda þessu ferli af stað, að sjálfsögðu í samráði við þá sem vinna í stofnunum og að sjálfsögðu á að gera það innan frá eins og hann ræddi um. Það er eina vitræna leiðin. Eftir að hafa heyrt í ýmsum sem í þessum stofnunum starfa þá er að mínu mati mikill vilji til þess víða að ráðast í slíka sameiningu.

[14:31]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa jákvæðu umræðu. Ráðherra sá sem hér stendur hefur haft það fyrir sið að vera bæði jákvæður og bjartsýnn en hann veit samt sem áður að allt hefur sinn tíma og verður að hafa sinn tíma og að fara verður að hlutunum með gætni.

Það vill svo til að starfsemi Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins er rekin um allt land. Þær starfa um allt land, í höfuðborginni og í öllum kjördæmum eru þær með sín setur og sína fulltrúa. Ég get nefnt sem dæmi að vísindamennirnir hjá Skógrækt ríkisins sitja enn undir Esjurótum á Mógilsá.

Ég hygg að sú sýn sé rétt sem bæði kemur fram í þessari umræðu og kemur oft fram að við þurfum að tengja saman bæði menntunina og rannsóknirnar og gera það eftir skilvirku kerfi.

Ríkisendurskoðun segir engum fyrir verkum og fer ekki með pólitíkina í landinu en hún hefur auðvitað sitt frelsi til að setja ýmislegt fram, oft rétt en stundum vafasamt.

Ég vil segja undir lok þessarar umræðu og svara því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson spurði um. Það er að koma ný skýrsla eða ný úttekt á Hólaskóla og styrkingu hans til framtíðar. Þar kemur auðvitað margt til greina til að efla þá mikilvægu menntastofnun hvort sem það verður Veiðimálastofnun eða annað sem gæti farið þangað en þar er mikil þekking í bleikju eins og hv. þm. þekkir og mikil þekking saman komin.

Ég þakka þessa umræðu og er jákvæður fyrir því að skoða málið varðandi Landgræðsluna og Skógræktina og vinna það þá innan frá og finn þann skilning á hinu háa Alþingi og þakka fyrir það. En eins og hv. þm. sagði áðan, þegar hinu stóra verki er lokið um áramót þá hefst auðvitað nýr tími og þá skulum við tala saman.

Stimpilgjald við endurfjármögnun fasteignaveðlána.

Fsp. MF o.fl., 106. mál. — Þskj. 106.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrir nokkru síðan ákváðu forráðamenn banka og lánastofnana að bjóða viðskiptavinum sínum upp á sérstök lánakjör vegna íbúðakaupa. Með því hefði átt að komast á virk samkeppni milli þeirra stofnana sem bjóða lán til fasteignakaupa sem aftur hefði skilað sér í betri vaxta- og lánakjörum til þeirra sem eru að kaupa húsnæði eða eru með erfiða greiðslubyrði vegna húsnæðiskaupa. Svigrúm hefði átt að aukast verulega til þess að endurfjármagna og skuldbreyta hjá þeim sem eru með mikla skuldabyrði í dag sem oftar en ekki er ungt fólk með börn sem er eða hefur verið að koma sér upp húsnæði. Breytt samkeppnisumhverfi á lánamarkaði hvað varðar lán til íbúðakaupa og endurfjármögnun eldri lána vegna íbúðakaupa hefði getað orðið veruleg kjarabót en mun ekki virka sem skyldi vegna reglna um álagningu stimpilgjalds ef lántakandi ætlar að færa sig milli lánastofnana og njóta hagstæðustu kjara hverju sinni.

Samfylkingin hefur ítrekað lagt fram frumvörp þess efnis að stimpilgjaldið verði lagt niður í þeirri mynd sem það er. Þessi óréttláti skattur bitnar harðast á fjölskyldum sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið og á smærri fyrirtækjum sem erfitt eiga með að nálgast lán erlendis frá.

Það er lágmarkskrafa að stimpilgjöld af skuldbreytingum og endurfjármögnun lána verði felld niður. Samkvæmt athugun sem Samtök atvinnulífsins fengu endurskoðunarfyrirtækið KPMG til þess að vinna þekkist það vart á hinum Norðurlöndunum að lagt sé á stimpilgjald í tengslum við endurfjármögnun lána. Þannig er ekkert stimpilgjald lagt á í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og í Danmörku er einungis greitt eitt fast gjald við endurfjármögnun vegna fasteigna-

veðlána. Hér erum við því sér á parti hvað þessa óréttlátu skattlagningu varðar.

Þær tekjur sem ríkissjóður hefur af þessum hluta stimpilgjalda geta ekki skipt sköpum. Aukin samkeppni á íbúðalánamarkaði er af hinu góða og getur skilað sér sem kjarabót fyrir einstaklinga og fjölskyldufólk. En álagning stimpilgjalda á endurfjármögnun lána getur virkað samkeppnishamlandi og þannig dregið úr möguleikum fólks til að leita bestu kjara hverju sinni. Því beini ég ásamt hv. þingmönnum Jóhönnu Sigurðardóttur og Össuri Skarphéðinssyni eftirfarandi spurningu til hæstv. ráðherra:

1. Í hvaða aðildarríkjum OECD eru stimpilgjöld lögð á við endurfjármögnun fasteignaveðlána?

2. Eru ávallt innheimt stimpilgjöld við endurfjármögnun fasteignaveðlána?

3. Hvaða rök eru fyrir því að stimpilgjöld séu lögð á í annað sinn í tengslum við endurfjármögnun fasteignaveðlána?

4. Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að hætt verði að innheimta stimpilgjöld við endurfjármögnun fasteignaveðlána?

[14:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Til mín er beint nokkrum fyrirspurnum varðandi stimpilgjald við endurfjármögnun fasteignaveðlána.

Í fyrsta lagi er spurt um í hvaða aðildarríkjum OECD stimpilgjöld séu lögð á við endurfjármögnun fasteignaveðlána. Því miður hef ég ekki slíkar upplýsingar haldbærar en get þó vitnað í það sem hv. fyrirspyrjandi gerði sjálf varðandi úttekt Samtaka atvinnulífsins. Slíkri spurningu er auðvitað ekki hægt að svara í munnlegri fyrirspurn og væri eðlilegra að bera fram og óska eftir skriflegu svari, enda kallar þetta á sérstaka gagnaöflun.

Í öðru lagi er spurt hvort ávallt séu innheimt stimpilgjöld við endurfjármögnun fasteignaveðlána, hér á landi væntanlega, og það er þannig. Stimpilgjald er ávallt innheimt við útgáfu skuldabréfa en þó mismikið. Í 26. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sem eru þau lög sem um þessa hluti gilda hér á landi, er kveðið á um að þegar skuld er endurnýjuð með nýju bréfi skuli innheimta helming þess gjalds er getur um í 24. gr., þ.e. 0,75% í stað 1,5% eða eftir atvikum 0,25 í staðinn fyrir 0,5%. Hæstiréttur Íslands hefur í praxís túlkað þetta ákvæði þannig að það eigi eingöngu við þegar skjal til staðfestu eða tryggingar tiltekinni skuld er leyst af hólmi með nýju skjali og um sama skuldarsamband sé áfram að ræða, þ.e. ákvæðið eigi eingöngu við þegar sami kröfuhafi er á hinu nýja skuldabréfi og því bréfi sem nýja bréfið kemur í staðinn fyrir. Um þetta hefur fallið dómur sem er nr. 63/1999.

Í þriðja lagi er spurt um hvaða rök séu fyrir því að stimpilgjöld séu lögð á í annað sinn í tengslum við endurfjármögnun fasteignaveðlána. Því er til að svara að formlega séð er ekki um að ræða að stimpilgjaldið sé lagt á í annað sinn því að það er um nýjan gerning að ræða. Þannig hefur lagatúlkunin verið fram til þessa. Það sem á sér stað við endurfjármögnun er að nýtt skuldabréf er gefið út og er með sama hætti stimpilgjaldsskylt eins og önnur skuldabréf nema í þeim tilvikum þegar það kemur í stað eldra bréfs og kröfuhafinn er þá hinn sami. Þá er eins og áður kom fram aðeins innheimtur helmingur venjulegs stimpilgjalds.

Í fjórða lagi er spurt hvort ráðherra sé tilbúinn að beita sér fyrir því að hætt verði að innheimta stimpilgjöld við endurfjármögnun fasteignaveðlána. Ég vil svara því til að við höfum rætt um það í mörg ár að gera breytingar á stimpilgjaldakerfinu sem hér er við lýði. Þá hefur einkum verið horft til þess að lækka eða fella niður stimpilgjaldið sem innheimt er í tengslum við lánsskjöl, þ.e. af útgáfu skuldabréfa eða veðskuldabréfa sem tengjast fasteignaviðskiptum. Þetta hefur sérstaklega verið rætt vegna þess að núverandi fyrirkomulag getur í ákveðnum tilvikum mismunað fjármálafyrirtækjum og gert innlendum fyrirtækjum óhægara um vik í samkeppni við erlenda aðila en jafnframt hugsanlega innlendum fyrirtækjum sem eiga erfiðara með að fjármagna sig erlendis en aðrir. Við þekkjum öll þá umræðu. Hins vegar hefur það ekki verið sérstakt markmið í þeirri umræðu almennt séð að draga endilega úr þeim hluta stimpilgjaldanna sem lagður er á við eignayfirfærslu á fasteignum. Ef maður skoðar það mál, eins og gert hefur verið af hálfu Samtaka atvinnulífsins í áðurnefndri könnun sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til og eins og vikið hefur verið að í vefriti fjármálaráðuneytisins nýlega, þá eru víða um lönd lögð miklu hærri stimpilgjöld á sjálfa eignayfirfærsluna þegar eigendaskipti verða á fasteignum en hér tíðkast. Og ef menn leggja saman þetta tvennt, stimpilgjaldið á veðskuldabréfinu sem um er að tefla og fyrirspyrjandinn spyr um og svo aftur það sem varðar gjaldið á eignayfirfærslunni sem slíkri, þ.e. þinglýsingargjaldið, þá er oft um það að ræða að slík gjöld eru lægri hér á landi en annars staðar þegar lagt er saman.

Ég er opinn fyrir því að endurskoða gjaldkerfið í stimpilgjöldum en ég vil ekki gefa hér óábyrg fyrirheit um einhverja lækkun tiltekinna þátta þar eins og kannski liggur undir í þessari umræðu af hálfu þeirra sem leggja fram fyrirspurnina.

[14:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég held að flestir séu sammála um að hér er um afar ósanngjarna skattheimtu að ræða og ekki síst þegar um er að ræða endurfjármögnun. Við getum hugsað okkur núna þegar fólk er að endurfjármagna óhagstæð lán sín, það er kannski tiltölulega nýbúið að taka lán, eitt, tvö eða þrjú ár síðan, og borga 300 þús. kr. af því í stimpilgjald og ætlar svo endurfjármagna það hjá bönkunum og þarf þá aftur að borga sömu fjárhæð. Þarna er teygja menn sig ansi langt og það jaðrar náttúrlega við okurinnheimtu að standa þannig að málum.

Það er alveg ljóst að ríkisvaldið teygir sig langt og er raunverulega með þessum stimpilgjöldum að taka til baka ávinninginn af vaxtalækkunum hjá fólki því það líða oft 2–4 ár þar til vaxtalækkunin fer að skila sér til lántakenda. Hér er um mikla endurfjármögnun að ræða. Ég minni ráðherrann á að um er að ræða 127% hækkun á stimpilgjöldum sem ríkisvaldið fær til sín ef miðað er við september 2003 og september 2004. Við erum því að tala um verulega fjármuni sem ríkisvaldið hefur þarna af fólki.

[14:43]

Böðvar Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með fyrirspyrjendum að því leyti að kostnaður vegna skuldbreytinga er mikill og það er mikilvægt að reyna að lækka hann eins og hægt er og jafnvel að fella hann niður, en allt hefur sinn tíma eins og hæstv. fjármálaráðherra kom inn á.

Eins og fram kom í fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrr í dag hafa bankarnir sett það skilyrði fyrir nýjum húsnæðislánum að þau verði á 1. veðrétti og hafa einstaklingar því þurft að skilmálabreyta öllum lánum sínum og greiða af því stimpilgjöld. Eins og fram kom þar líka hefur Íbúðalánasjóður ekki veitt veðleyfi þannig að einstaklingar hafa þá eingöngu leyfi til að skilmálabreyta bankalánum sínum en ekki lánum Íbúðalánasjóðs. Til að reyna að halda þessum kostnaði niðri ætti Íbúðalánasjóður að íhuga hvort ekki væri rétt að heimila veðsetningar á undan lánum Íbúðalánasjóðs svo fremi að veðsetningar séu innan þeirra marka sem sjóðurinn setur.

[14:46]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar og Samfylkingin er þeirrar skoðunar að það eigi einfaldlega að afnema stimpilgjald af lánum. Við teljum að um mjög ósanngjarna skattlagningu á heimili og líka á minni fyrirtæki sé að ræða sem gerir þeim sem taka lán erfitt um vik að skuldbreyta lánum sínum.

Það eru miklar og jákvæðar hræringar á lánamarkaði sem gera það að verkum að það er auðveldara fyrir menn en áður að taka ný lán á lægri vöxtum og draga þannig úr þeirri byrði sem hvílir á fjölskyldum og fyrirtækjum. Stimpilgjöldin draga úr þessum möguleika. Þau draga úr samkeppni á lánamarkaði vegna þess að þau gera neytendum erfitt um vik að færa sig á milli. Ég er þeirrar skoðunar að þarna sé um ákaflega ósanngjarna skattheimtu að ræða og tel að það eigi að leggja hana af. Mér fannst raunar gæta ákveðins samkomulagsvilja hjá hæstv. fjármálaráðherra í málinu. Mér fannst eins og hann væri að fikra sig yfir á þá braut að hugsanlegt væri að ráðast í afnám þeirra á næstunni. Mér fannst a.m.k. að hann væri reiðubúinn til að ræða það alvarlega en ég tel að skattastefnan sem birtist í frumvarpi hæstv. fjármálaráðherra sé almennt röng. Ég tel að það hefði miklu frekar átt að fara þá leið að afnema stimpilgjöld og gera ráð fyrir því í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, og reyndar líka að lækka matarskattinn um helming en það er önnur saga, frú forseti, sem ég ætla ekki að segja núna.

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það má vel vera að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra að hluti af þeim spurningum sem ég lagði fram hefðu þurft að koma fram skriflega. Ég hef reyndar fullan hug á því að leggja fram fyrirspurn í fleiri liðum varðandi stimpilgjaldið til að draga fram enn frekari upplýsingar um stimpilgjaldið og hvernig tekjur ríkissjóðs vegna stimpilgjaldsins skiptast.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra tekur undir að endurskoða þurfi þennan skatt sérstaklega og skil vel að það taki sinn tíma. Hins vegar er aðgerðin við endurfjármögnun lána, að taka stimpilgjöld ef einstaklingur flytur lán á milli stofnana mjög óréttlát skattlagning. Stimpilgjald er óréttlátt en þessi hluti er að mínu mati mjög óréttlátur. Ég sé ekki, eins og ég sagði áðan, að tekjutap ríkissjóðs vegna þessa yrði það mikið að það ætti að standa í vegi fyrir því að hægt væri að breyta reglunum.

Fram kemur í upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu að tekjur vegna stimpilgjaldsins á síðasta ári, 2003, eru rúmar 3 milljarðar og 770 millj. en reiknað er með að þær verði yfir 4 milljarðar í ár. Í skýrslunni sem ég nefndi frá Samtökum atvinnulífsins kemur fram að reikna megi með að um 60% af upphæðinni sé greidd af einstaklingum og þá fyrst og fremst þeim sem fjárfesta í húsnæði. En það segir ekki alla söguna vegna þess að hluti af þessu fer aftur til baka í formi vaxtabóta af því að setja má stimpilgjaldið þar undir.

Ég held að það sé löngu orðið tímabært að fara yfir allan gjaldaflokkinn og ég er þeirrar skoðunar að leggja eigi stimpilgjaldið af og taka upp eðlilega gjaldtöku fyrir veitta þjónustu í staðinn og fagna því sérstaklega ef hæstv. ráðherra er tilbúinn í þá vinnu.

[14:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Forseti. Ég held að það sé varhugavert að tengja umræðuna of mikið því ástandi sem upp hefur komið á þessu sumri vegna breytinga á fjármálamarkaðnum hvað varðar íbúðalán. Það er miklu nær að tala um þetta á almennum grundvelli og ekki blanda því tiltekna ástandi sem nú er upp komið of mikið í þá umræðu. Reyndar segja sumir að aukið framboð lánsfjár, sem er staðreynd með breyttu fyrirkomulagi á vegum bankanna, geti leitt til meiri einkaneyslu og þenslu og hugsanlega verðbólgu. Það má auðvitað velta því fyrir sér hvort skynsamlegt sé að draga úr þeirri gjaldtöku sem stimpilgjaldið er, vegna þess að ef það hverfur verður enn greiðari leið að auka lánsfjármagn í umferð og þar með neysluna og þar með þensluna ef menn á annað borð fallast á þessa kenningu.

Það eru því margar hliðar á málinu. Ég legg áherslu á að endurskoðun stimpilgjaldsins verði heildstæð og ítreka það sem ég sagði áðan að þar hefur vakað a.m.k. fyrir mér og fleirum sem um þessi mál hafa talað fyrst og fremst spurningin um stimpilgjald á lánsskjölum vegna samkeppnisstöðu íslenskra fjármálastofnana en ekki endilega gjaldtakan á þinglýsingagerninga eða eignayfirfærslur vegna fasteignaviðskipta.

Umfang skattsvika.

Fsp. JóhS, 127. mál. — Þskj. 127.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í maí árið 2002 samþykkti Alþingi tillögu um að fela fjármálaráðherra að láta gera úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarf-

semi. Leggja átti mat á hvernig þau hafa þróast frá árinu 1993 eftir skatttegundum, atvinnugreinum, landsvæðum og í samanburði við aðrar þjóðir og hvert tekjutap ríkis og sveitarfélaga hafi verið af þessum sökum. Jafnframt var markmiðið að greina helstu ástæður skattundandráttar og að hve miklu leyti megi rekja hann til skattalaga annars vegar og skattaframkvæmda hins vegar og leggja fram tillögu til úrbóta og meta hvort og á hvaða sviðum efla þyrfti skatteftirlit og skattrannsóknir og hvaða ávinningi það gæti skilað í auknum skatttekjum. Starfshópur sem var falið þetta verkefni átti að skila niðurstöðu fyrir 1. júlí 2003 eða fyrir meira en ári.

Ég bar fram fyrirspurn að mig minnir í nóvembermánuði á síðasta þingi til hæstv. fjármálaráðherra um framkvæmd þingsályktunartillögunnar. Hæstv. ráðherra setti þá fram rök sem ég hafði skilning á fyrir drætti á því að starfshópurinn skilaði af sér. Hæstv. ráðherra tíundaði að viðfangsefni starfshópsins væri miklu víðfeðmara en fyrri sambærilegra starfshópa en tveir starfshópar hafa starfað að úttektum á umfangi skattsvika, annar að mig minnir 1984 og síðari 1992. Í þeim síðari var áætlað að óframtaldar tekjur hefðu numið sem samsvarar 4¼ af landsframleiðslu og sem samsvararði á árinu 1992 um 16 milljörðum sem ekki hafa verið gefnir upp til skatts. En það var rétt hjá hæstv. ráðherra að tillagan er miklu víðfeðmari. Hæstv. ráðherra benti líka á að vegna breyttra aðferða við úrvinnslu gagna hafði starfshópnum ekki tekist, a.m.k. enn sem komið er, að afla sambærilegra gagna vegna áranna 1998–2002 eins og um var beðið.

Þetta var í nóvember á sl. ári. Það mátti skilja af orðum ráðherra þá að þetta tæki ekki nema örfá mánuði til viðbótar og því hélt ég að skattahópurinn væri löngu búinn að skila af sér. Ég hef ekki orðið vör við það í umræðunni að niðurstaðan liggi fyrir frá skattahópnum. Því hef ég borið fram fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra um hvenær megi vænta niðurstöðu starfshópsins sem átti samkvæmt þingsályktun frá 3. maí 2002 að gera úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi.

[14:54]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það er allt rétt sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda að það hefur orðið dráttur á því að starfshópurinn lyki störfum og er skýringa m.a. og ekki síst að leita í því sem ég greindi frá í svari við sambærilegri fyrirspurn fyrir næstum því ári. Það er vissulega leitt að þetta hefur dregist og ég tek undir það með þingmanninum sem hefur haldið málinu vakandi og er upphafsmaður að þeirri þingsályktun sem verið er að framkvæma að það er mjög miður að það hefur dregist og mér þykir það leitt. Hins vegar hef ég það fyrir satt og treysti því að niðurstaðna frá starfshópnum sé að vænta um næstu mánaðamót. Vinnan hefur verið umfangsmeiri, tímafrekari og hefur kallað á athuganir sem var ekki alveg fyrirséð að gera þyrfti, eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi einnig. Ég geri mér því vonir um að í skýrslunni verði vel unnið efni sem getur komið okkur öllum að gagni sem látum okkur þessa hluti varða og það gerum við að sjálfsögðu öll á hinu háa Alþingi vegna þess að skattsvik, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi eru auðvitað hlutir sem okkur ber skylda til að reyna að hafa hemil á. Ég tel þar með að fyrri hluta fyrirspurnarinnar sé svarað.

Varðandi síðara atriðið, um það hvort ráðherra muni gera Alþingi grein fyrir niðurstöðunum strax og þær liggja fyrir, verður þetta opinber skýrsla þegar hún kemur fram. Það hefur ekki verið endanlega afráðið með hvaða hætti hún verður kynnt á Alþingi en auðvitað verður það gert og ég mun hafa samband við hv. fyrirspyrjanda þegar það liggur fyrir eins og ég hef þegar sagt henni í einkasamtali, að vísu fyrir næstum því ári en það stendur enn.

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég heyrði það á máli hæstv. ráðherra að hann var greinilega með fyrirspurn mína frá fyrra þingi vegna þess að það var enginn annar töluliður í þessari fyrirspurn heldur spurt beint hvenær nefndin mundi skila af sér. Ég hef sýnt nefndinni þolinmæði vegna þess að ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þetta er flókið og erfitt viðfangsefni og vil þá frekar að nefndin taki sér lengri tíma í það og skýrslan sé vel unnin og gagnist okkur í þeirri vinnu sem alltaf þarf að vera stöðugt í gangi, að reyna að fyrirbyggja skattsvikin. Ég veit að hæstv. ráðherra hefur á því mikinn skilning. Hann hefur sýnt fram á það í máli sínu og líka í stuðningi við tillöguna þegar hún var samþykkt á sínum tíma.

Það hefur ýmislegt breyst í skattaumhverfi fyrirtækja frá því að síðasta úttekt var gerð fyrir rúmlega 10 árum. Umsvif fyrirtækja og fjármálaviðskipta hafa vaxið mikið og tekið verulegum stakkaskiptum. Fjármagnsflæði milli landa er orðinn sívaxandi þáttur í atvinnulífinu og það hafa skapast möguleikar á að skrá fyrirtæki erlendis og reikningsfæra umsvif fyrirtækja á erlendum vettvangi, m.a. til skattahagræðis. Það hafa orðið verulegar breytingar á skattalögunum frá því að síðast var gerð úttekt og því er ástæða til að fara yfir þetta aftur eins og ráðherrann hefur samviskusamlega gert með því að framfylgja tillögum frá Alþingi um að úttektin fari fram.

Ég vænti þess að þetta gangi eftir og nefndin skili af sér um næstu mánaðamót og að ráðherrann leggi skýrsluna fyrir Alþingi og við höfum þá tækifæri og tóm til þess að ræða hana á þingi.

[14:58]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegur forseti. Það er litlu að bæta við það sem þegar er fram komið en ég vil þó biðjast afsökunar á því að hafa ekki verið með rétta fyrirspurn. Fyrirspurnin frá því í fyrra er mér greinilega svo í fersku minni að hún stendur mér nær en sú sem er nýrri og hér er verið að svara.

En svarið stendur, að við eigum von á því að starfshópurinn ljúki störfum sínum um næstu mánaðamót. Hann er skipaður að vísu önnum köfnum embættismönnum úr æðstu stöðum í skattkerfinu en þeir eru væntanlega að leggja síðustu hönd á þetta flókna og umfangsmikla verkefni sem ég vonast til að geta kynnt á næstu vikum.

Þjónusta við yngri alzheimersjúklinga.

Fsp. ÁRJ, 114. mál. — Þskj. 114.

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Alzheimersjúkdómurinn er hrörnunarsjúkdómur sem talið er að hrjái um 35% þeirra sem orðnir eru 85 ára. Sjúkdómurinn er þó ekki aðeins bundinn við eldra fólk og er talið að um 100–150 manns á aldrinum 45–65 ára séu með heilabilun hér á landi, sé miðað við tölur frá nágrannalöndunum. Árlega koma um 15 manns á þeim aldri til greiningar á minnismóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss og einhverjir fá greiningu hjá tauga- og geðlæknum.

Aðstæður þessa yngri og miðaldra sjúklinga eru aðrar en aldraða. Þeir eru yfirleitt sjálfir í vinnu þegar þeir veikjast. Börnin þeirra eru í vinnu og eiga eigin fjölskyldur auk þess að eiga þetta veika foreldri. Makinn lendir í umönnunarhlutverki og hjónin bæði einangrast. Þetta er mjög erfiður sjúkdómur sem hefur áhrif á alla fjölskyldu sjúklingsins.

En öll þjónusta fyrir alzheimersjúklinga hér á landi miðast við aldraða. Því er staða yngri sjúklinganna mun verri en ella. Þeim og aðstandendum þeirra finnst þeir ekki eiga samleið með öldruðum, svo sem á dagdeildum og hvíldarinnlögnum þannig að aðstandendur eiga erfitt með að þiggja þessa þjónustu og ganga mjög nærri heilsu til að annast sjúklingana heima enda geta sjúklingarnir verið hættulegir bæði sjálfum sér og öðrum og þurfa því mjög mikla gæslu. Því er ljóst að engin sérhæfð þjónusta er fyrir þennan hóp á þessu stigi samkvæmt mínum heimildum. Ekki tekur betra við þegar heilsufar þeirra versnar. Þá hafa þessir sjúklingar ekki aðgang að hjúkrunarheimilum eins og áður. Þeim hefur verið lokað fyrir sjúklingum yngri en 67 ára og ekki er unnt að sækja um fyrir þá þó þeir séu með vistunarmat eftir að rafræna kerfinu var komið á. Unnt er að sækja um undanþágu til ráðherra. Þrátt fyrir það að hún fáist neita heimilin jafnvel þeim um hjúkrunarvist. Þetta fólk þarf þá að bíða í rándýrum sjúkrarúmum til 67 ára aldurs. Þá getur það komist á biðlista eftir hjúkrunarheimili. Þetta ástand er auðvitað gjörsamlega óviðunandi. Hér á aldur ekki að skipta máli heldur hjúkrunarþörf þess einstaklings sem á við þennan sjúkdóm að stríða.

Hvernig stendur á því að þetta er látið ganga svona gagnvart þessum hópi? Það ætti ekki að þurfa. Ástandið á Landspítalanum hefur lagast mjög. Fólk er ekki að bíða lengur svo margt í rándýrum sjúkrarúmum. Það voru yfirleitt um 100 manns sem biðu eftir hjúkrunarplássum inni á spítalanum. En þeir eru ekki nema 65 í dag. Þó geta alzheimerdeildirnar á Landakoti ekki losað rúm því ekki er pláss fyrir alzheimersjúklinga inni á hjúkrunarheimilunum þannig að þær geta ekki tekið við sjúklingum í mikilli neyð. Þetta ástand brýtur upp fjölskyldu hins veika sem á í raun inni í engin hús að venda.

Ég spyr hæstv. heilbrigðisráðherra: Hvaða sérhæfð þjónusta stendur alzheimersjúklingum undir 67 ára til boða í heilbrigðiskerfinu?

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þessi hópur fái aðgang að hjúkrunarheimilum?

[15:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Reykv. s. hefur beint til mín fyrirspurn um sérhæfða þjónustu við yngri alzheimersjúklinga.

Í fyrsta lagi er spurt hvaða sérhæfð þjónusta standi alzheimersjúklingum undir 67 ára aldri til boða í heilbrigðiskerfinu.

Í öðru lagi er spurt hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir því að þessi hópur fái aðgang að hjúkrunarheimilum.

Margir aðilar sinna málefnum heilabilaðra, þar með töldum alzheimersjúkum. Þar má nefna minnismóttökuna á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, heilsugæslustöðvar, öldrunarlækna, félagsmálastofnanir og Félag aðstandenda alzheimersjúkra.

Alzheimersjúkdómur er hrörnunarsjúkdómur og eru flestir sem greinast með hann komnir á efri ár. Engu að síður greinist allnokkur hópur fólks með heilabilun af þessum toga á miðjum aldri, líkt og á raunar við um fleiri hrörnunarsjúkdóma. Sé horft til þjónustu við heilabilaða utan öldrunarstofnana þá stendur öllum sama þjónusta til boða óháð aldri. Heilsugæslulæknar eru gjarnan þeir sem fyrstir koma að málum þegar grunur vaknar um heilabilunarsjúkdóm á hvaða aldri sem sjúklingurinn er. Algengt er að sjúklingum sé vísað á minnismóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss þar sem fram fer greining á því hvort og þá hvers konar heilabilun er um að ræða. Minnismóttakan er starfrækt á öldrunarsviði sjúkrahússins en er þó ekki bundin við ákveðna aldurshópa. Starfið þar einkennist af þverfaglegu samstarfi öldrunarlækna, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa og sálfræðinga. Samhliða greiningu fer þar fram mat á því hvers konar aðstoð sjúklingurinn og aðstandendur hans þurfa á að halda. Þau úrræði sem um er að ræða eru heimaþjónusta sem félagsþjónusta sveitarfélaganna veitir, heimahjúkrun, dagvistun, hvíldarinnlagnir og langtímavistun á stofnun ef sjúkdómurinn er kominn á hátt stig.

Hv. þm. spyr hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir því að umræddur hópur fái aðgang að hjúkrunarheimilum.

Í lögum um málefni aldraðra eru aldraðir skilgreindir þeir sem eru 67 ára og eldri. Stofnanir aldraðra eins og um þær er fjallað í sömu lögum eru því strangt til tekið einungis ætlaðar þeim sem eru eldri en 67 ára. Eigi að síður hefur fólk sem þjáist af öldrunarsjúkdómum á borð við alzheimer en er yngra en 67 ára fengið vistun á öldrunarstofnunum. Vistun fólks undir 67 ára aldri inni á öldrunarstofnun er háð undanþágu heilbrigðisráðuneytisins og fjallar ráðuneytið um hverja einstaka beiðni þess efnis.

Úrræðum fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma hefur fjölgað umtalsvert á liðnum árum og jafnframt eru komin ný og betri lyf til að meðhöndla þessa sjúkdóma. Dagvistarúrræðum hefur fjölgað og komið hefur verið á fót sambýlum sem sérstaklega eru ætluð heilabiluðum. Félag aðstandenda alzheimersjúklinga hefur átt stóran þátt í því að bæta aðstöðu heilabilaðra, m.a. með því að efla fræðslu og upplýsingar til almennings og með samstarfi við heilbrigðisyfirvöld og heilbrigðisstofnanir.

Skiptar skoðanir eru um það hvort rétt sé að vista einstaklinga yngri en 67 ára á stofnunum fyrir aldraða. Rætt er um hvort koma þurfi á fót nýjum úrræðum sem sérstaklega

eru ætluð þeim sem þurfa á langtímavistun að halda vegna þessa sjúkdóms og hafa ekki náð þessum aldri. Í því sambandi er að mörgu að hyggja. Eðli sjúkdómsins skiptir máli. Búseta hins sjúka og aðstandenda hans gerir það einnig og eðlilegt er að horfa til þess hvort um sé að ræða ungt fólk eða einstaklinga sem eru komnir vel yfir miðjan aldur. Eðli málsins samkvæmt eru flestir í hópi þessara sjúklinga komnir nálægt 67 ára aldursmörkum.

Ég hef ákveðið að setja á fót vinnuhóp til að skoða þessi mál gaumgæfilega og mun óska eftir því að hann skili mér áliti ásamt tillögum um úrbætur og framtíðarfyrirkomulag þessara mála.

Virðulegi forseti. Ég vona að svar mitt hafi veitt hv. þingmanni upplýsingar um stöðu þessara mála eins og þau eru nú.

[15:07]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þá fyrirspurn sem hér er fram lögð og eins fyrir það sem kom fram í máli hæstv. ráðherra um að hann ætli að setja á stofn vinnuhóp til að fara sérstaklega yfir málefni fólks með minnissjúkdóma og er 67 ára og yngra. Sem betur fer eru ekki margir einstaklingar greindir á hverju ári. En aðstæður þeirra eru mjög erfiðar. Þó við þekkjum til fjölda eldri borgara sem eru með þennan sjúkdóm þá getum við sett okkur í spor aðstandenda yngri einstaklinga.

Ég vil bara minna á í þessu stutta innskoti að á Seyðisfirði er rekin sérstök deild fyrir alzheimersjúklinga. Þar eru að vísu mjög fá rúm eða pláss en mundu gagnast fleirum en Austfirðingum einum.

[15:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, fyrir að taka upp þetta mál. Ég held að það sé mjög þarft að við ræðum þetta hér á þingi. Alveg eins og þingmaðurinn nefndi þá er ekki um stóran hóp að ræða, 45–50 manns. Engu að síður er þetta hópur sem við þurfum að hlúa miklu betur að en við höfum gert. Það þarf ekki að hafa um það mörg orð að þetta er mjög erfiður sjúkdómur fyrir þá einstaklinga sem í þessu lenda og ekki síður fyrir aðstandendur. Það er auðvitað ágætt út af fyrir sig að skipa vinnuhóp í málið. En mér finnst að þetta mál þoli ekki bið.

Ég get út af fyrir sig verið sammála ráðherra um að huga þarf kannski að nýjum úrræðum, langtímaúrræðum og fellur það ekki alltaf saman að yngri alzheimersjúklingar séu á hjúkrunarheimilum. Engu að síður er málið það brýnt að ég hygg að koma þurfi á fót a.m.k. bráðabirgðaúrræðum þannig að mér finnst rétt að ráðherrann geri meira af því að heimila það að yngri alzheimersjúklingar fái vistun á hjúkrunarheimilum. Síðan þarf auðvitað að huga að langtímaúrræðum eins og ráðherrann nefndi.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svörin og þeim sem tóku þátt í umræðunni.

Vissulega er það rétt sem hæstv. ráðherra sagði að margir eru að sinna alzheimersjúklingum og þeim er sinnt vel þar sem þeir eru. En þjónustan er miðuð við aldraða. Ég er að spyrja hérna sérstaklega um þjónustuna við yngra fólkið. Það þarf að fá undanþágu. Þó það sé komið með undanþáguna þá fær það ekki inngöngu á hjúkrunarheimilin. Sóltún og Hrafnista taka ekki við yngri sjúklingum þó þeir séu með undanþáguna. Þeim er neitað um hjúkrunarvistina.

Það er vissulega skortur á því að hjúkrunarrúm séu sérstaklega fyrir alzheimersjúklinga. Á Vífilstöðum bættust t.d. við 50 hjúkrunarrúm nú nýlega en ekkert þeirra var fyrir heilabilaða. 40 ný viðbótarrúm eru á Eir en ekkert þeirra er heldur fyrir heilabilaða. Í raun þyrftu 60–70 hjúkrunarrúm að vera fyrir þennan hóp.

Ég verð að segja að það er orðið mjög brýnt að ráða úr þessum vanda. Það er ekki nóg að stofna vinnuhóp þó ég fagni því vissulega. Hann þarf þá að hraða störfum því þetta mál þolir ekki bið. Það er ekki hægt að leggja þetta á aðstandendur eins og gert hefur verið. Það þarf að koma á sérstökum heimilum fyrir þennan hóp sem er yngri en 67 ára og veita honum sérstaka þjónustu sem hentar honum. Ég minni á að þetta fólk á engan málsvara. Þetta er ekki eins og með hjartasjúklinga eða aðra sjúklingahópa sem geta talað fyrir sig sjálfir. Þetta fólk getur það ekki.

Í dag eru alzheimerdeildirnar á Landspítalanum fullar. Þær geta ekki tekið við sjúklingum. Eina leiðin fyrir þessa sjúklinga til að komast inn á spítalann er ef eitthvað kemur fyrir, ef eitthvað alvarlegt hendir, t.d. að þeir detti og brjóti sig eða kveiki í eða eitthvað alvarlegt kemur fyrir. Það er því orðið mjög aðkallandi að leysa úr vanda þess hóps sem heilabilaðir og alzheimersjúklingar eru, sérstaklega þeirra sem yngri eru.

[15:12]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að taka málið upp og þakka þátttökuna í umræðunum. Ég held að við séum öll sammála um að hér er um mjög aðkallandi mál að ræða. Ég er þeirrar skoðunar. Ég vil gera mitt til þess að þessu starfi verði hraðað. Ég vil eigi að síður fá upp á borðið tillögur um hvernig hinir færustu menn vilja haga þessari þjónustu til framtíðar. En ég tek fram varðandi núverandi fyrirkomulag við að sækja um undanþágu í ráðuneyti og það að öll mál komi upp á borð til ráðherra að mér finnst að það sé ekki fyrirkomulag sem geti verið til frambúðar. Við verðum því að finna úrræði sem henta þessu fólki. Ég vil gera mitt til þess að gengið verði í þá vinnu og að við tökum upp úrræði í framhaldi af því. Hins vegar höfum við reynt að greiða fyrir því með undanþágum meðan ástandið er eins og það er í dag að fólk fái pláss. Vonandi getum við gert það áfram. Ég tek undir það að ræða þarf framtíðarúrræði í þessu. Við höfum verið með þetta uppi á okkar borði í ráðuneytinu sem eitt af brýnum verkefnum sem þarf að leysa úr.

[15:14]

Útbýting:

Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 182. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 182.

Náttúruvernd, 184. mál, stjfrv. (umhvrh.) þskj. 184.

Fundi slitið kl. 15:15.

---

9. FUNDUR

fimmtudaginn 14. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Virðisaukaskattur, frv., 6. mál, þskj. 6. — Frh. 1. umr.
2. Virðisaukaskattur, stjfrv., 159. mál, þskj. 159. — 1. umr.
3. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 7. mál, þskj. 7. — 1. umr.
4. Tryggur lágmarkslífeyrir, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Fyrri umr.
5. Strandsiglingar, þáltill., 161. mál, þskj. 161. — Fyrri umr.
6. Íþróttaáætlun, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Fyrri umr.
7. Fórnarlamba- og vitnavernd, frv., 13. mál, þskj. 13. — 1. umr.
8. Breyting á kennitölukerfinu, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.
9. Atvinnuvegaráðuneyti, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
10. Forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
11. Skráning nafna í þjóðskrá, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Afturköllun þingmáls.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 13. október:

„Hér með afturkalla ég þingsályktunartillögu mína um strandsiglingar á þingskjali 10.

Jón Bjarnason."

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Rétt er að láta þess getið að atkvæðagreiðslur verða að loknu hádegishléi, um kl. 13.30, áður en umræða utan dagskrár fer fram.

Klukkan 13.30 í dag, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um stöðu geðsjúkra og þjónustu við þá. Málshefjandi er hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir en hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 159. mál (samskráning hlutafélaga). — Þskj. 159.

[10:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar tæknilegar breytingar sem fela í sér að skráningarskyldum hlutafélögum og einkahlutafélögum verði heimiluð svokölluð samskráning á virðisaukaskattsskrá að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmiðið með þessari breytingu er að gera móður- og dótturfélögum kleift að vera ein skattaleg eining að þessu leyti þannig að heildarvirðisaukaskattur allra félaganna verði jafnhár og hann hefði orðið ef öll starfsemi félaganna hefði verið rekin í einu félagi.

Samkvæmt frumvarpinu skal samskráningin vera í nafni móðurfélagsins en félögin bera þá óskipta ábyrgð á greiðslu virðisaukaskattsins. Þá eru sambærileg skilyrði sett fyrir heimild til samskráningar á virðisaukaskattsskrá og gilda fyrir samsköttun félaga samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt. Skilyrði fyrir samskráningu er að 90% hlutafjár í dótturfélaginu sé í eigu móðurfélagsins, að félögin hafi sama reikningsár og að samskráningin standi að lágmarki í fimm ár. Réttaráhrif samskráningar félaga og virðisaukaskattsskrár verða þau að með tilliti til virðisaukaskatts skoðast starfsemi hinna samskráðu sem ein starfsemi og viðskipti milli samskráðra bera ekki virðisaukaskatt umfram það sem væri ef starfsemi samskráðra félaga væri öll á einni hendi.

Ég vil taka fram að ekki er ástæða til að ætla að lögfesting frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs né heldur á

tekjur af virðisaukaskatti.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frumvarpi þessu verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[10:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Í örfáum orðum vil ég einungis segja að mér líst prýðilega á það frumvarp sem hæstv. ráðherra flytur. Ég er sannfærður um að hv. efnahags- og viðskiptanefnd mun vinna þetta mál hratt og vel. Hér er verið að gera breytingu sem miðar að því að heimilt verði að samskrá móður- og dótturfélög á virðisaukaskattsskrá, vissulega að einhverjum skilyrðum uppfylltum, en tilgangurinn með þessu er jákvæður. Hann er sá að fyrirtæki sem af einhverjum rekstrarlegum ástæðum kjósa að skipta starfsemi sinni í tvö eða fleiri félög geti starfað sem ein skattaleg eining. Herra forseti. Við teljum að þetta sé hið ágætasta mál.

Frumvarp þetta er um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Nú vill svo til að síðar í dag verður gengið til atkvæða um annað frumvarp sem tengist virðisaukaskatti, frumvarp sem Samfylkingin leggur fram og gerir ráð fyrir að matarskatturinn verði lækkaður töluvert.

Mig langar í tilefni af því að hæstv. ráðherra reifar breytingu á lögum um virðisaukaskatt að inna hann eftir því hvort einhverrar niðurstöðu sé að vænta í þeim viðræðum sem hafa verið milli stjórnarflokkanna um breytingar á virðisaukaskattskerfinu. Ég spyr að gefnu tilefni. Fram kom hjá einum af talsmönnum stjórnarliða í efnahagsmálum, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, í umræðu fyrir tveimur dögum að í gangi væru viðræður sem gætu hugsanlega leitt til þess að virðisaukaskattur á matvælum, einkum þeim matvælum sem eru í lægra virðisaukaskattsþrepinu, yrði lækkaður. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir upplýsti að slíkar viðræður væru í gangi og talaði um að svigrúm væri upp á 3 milljarða og viðræðurnar miðuðu að því að kanna hvað af þeirri upphæð ætti að renna til breytinga á barnabótum og hvað ætti að fara í virðisaukaskattinn. Mér þætti ákaflega vænt um ef hæstv. ráðherra vildi eyða örfáum orðum í að segja okkur af gangi þessara viðræðna, hvaða niðurstaðna er að vænta eða hvort einhverra niðurstaðna er að vænta í því máli.

[10:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þetta mál er kannski engu að bæta öðru en því sem ég sagði við fjárlagaumræðu í síðustu viku þar sem þetta bar örlítið á góma. Niðurstaða er ekki fengin hvað þetta varðar í viðræðum stjórnarflokkanna og ég get ekki fullyrt hvenær það gerist eða hver niðurstaðan verður. En vonandi verður hún í samræmi við það sem segir í stjórnarsáttmálanum að endurskoðun virðisaukaskattskerfisins leiði til hagsbóta fyrir almenning.

[10:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skulum við svo sannarlega vona að breytingarnar á virðisaukaskattskerfinu leið til hagsbóta fyrir neytendur í landinu. Ég veit að hugur hæstv. fjármálaráðherra stendur til þess. Mér er mætavel kunnugt um að hæstv. fjármálaráðherra er þeirrar skoðunar að breyta eigi virðisaukaskattskerfinu þannig að það sé kleift í ákveðnum áföngum að lækka virðisaukaskatt á tilteknum varningi. Hæstv. ráðherra og flokkamenn hans lýstu því mjög ítarlega í kosningabaráttunni og einnig hefur komið fram í umræðum í þinginu að sjálfstæðismenn fylgja flestir en ekki allir kannski þessu máli. Það hefur komið fram í umræðum á þessu ári og líka á síðasta ári.

Staðreyndin er einfaldlega sú að það er einn flokkur sem leggst þvert gegn þessu þjóðþrifamáli og það er Framsóknarflokkurinn. Það er málið. Þess vegna er ekki við hæstv. fjármálaráðherra að sakast í þessu efni. Þar er við hæstv. forsætisráðherra og Framsóknarflokkinn að sakast. En ég ætla ekki að ræða það frekar, herra forseti.

Einungis til að enda þar sem ég byrjaði vil ég lýsa því yfir að það frumvarp sem hæstv. ráðherra hefur lagt fram er prýðilegt frumvarp sem miðar að því að gera kerfið einfaldara fyrir fyrirtækin í landinu og það er jákvætt. Við í Samfylkingunni erum þeirrar skoðunar að það eigi að gera. Við erum líka þeirrar skoðunar að bæta eigi kerfið þannig að það sé til enn frekari hagsbóta líka fyrir neytendur í landinu og um það held ég að ég og hæstv. fjármálaráðherra séum sammála.

[10:38]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil árétta að það er engum um að kenna í þessu máli. Þetta mál er í vinnslu í ágætu samstarfi stjórnarflokkanna og vonandi kemur niðurstaða út úr því sem bæði stjórnarflokkarnir og hv. þm. geta vel við unað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 7. mál (hlutfall fjármagnstekjuskatts). — Þskj. 7.

[10:39]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Síðar í dag fer fram umræða á þinginu um málefni geðsjúkra og þar verða væntanlega ræddar hugmyndir um hvernig eigi að bæta stöðu þeirra í heilbrigðiskerfinu. Það kostar peninga. Í vikunni ræddum við málefni heyrnarlausra og hvernig hægt væri að bæta aðstöðu þeirra með túlkaþjónustu. Það kostar peninga.

Mér finnst stundum koma fram nokkuð mótsagnakennd afstaða manna þegar skattamálin eru annars vegar og velferðarmálin hins vegar. Menn vilja margir draga úr tekjum ríkisins, lækka skatta en jafnframt stórbæta alla þjónustu sem kostar mikla peninga. Í þessu er fólgin mikil mótsögn. Ég virði að sönnu það sjónarmið sem sumir tefla fram í slíkri umræðu að lækkun skatta geti þegar allt kemur til alls orðið til þess að auka skatttekjur hins opinbera, skattheimtan verði betri. Þetta er sjónarmið sem t.d. hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur oft teflt fram. En þegar áform stjórnmálaflokkanna voru kynnt fyrir síðustu kosningar var beinlínis um það rætt af hálfu held ég allra flokka nema Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að draga bæri úr skatt-

heimtu ríkisins. Menn töluðu þar um jafnvel tugi milljarða sem menn ætluðu að lækka skattheimtu ríkisins. Þetta eru sömu aðilar og lofa síðan miklum úrbótum og aukinni þjónustu sem kostar peninga.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum reynt að vera sjálfum okkur samkvæm í þessu efni vegna þess að við viljum stórbæta velferðarþjónustuna og höfum þess vegna verið með miklar efasemdir um að draga úr skattheimtu ríkisins. Við viljum alls ekki fara þá leið.

Nú er það vissulega svo að hægt er að forgangsraða á annan hátt en gert er hjá ríkinu. Hægt er að nota skattfé á annan hátt en gert er. Það er t.d. hægt að stórbæta stöðu geðveikra með því að hætta við að verja fjórðungi úr milljarði til að reisa sendiherrabústað í Berlín, svo dæmi sé tekið, eða verja 900 milljónum kr. í sendiráðsbyggingu í Japan. Vissulega er hægt að forgangsraða á annan hátt.

En það er líka hægt að gera annað. Hægt er að forgangsraða við sjálfa skattheimtuna. Sú þróun hefur verið mjög áberandi á undanförnum hálfum öðrum áratug í valdatíð Sjálfstæðisflokksins, fyrst með Alþýðuflokki og síðan með Framsóknarflokki, hver þessi forgangsröð er. Skattbyrðum hefur verið létt af efnamönnum og fyrirtækjum sérstaklega en skattheimta aukist á þeim sem minnstar hafa tekjurnar og þar vísa ég til þess að skattleysismörkin hafa ekki fylgt launaþróun.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum fram tillögur um breytta forgangsröðun í skattheimtu. Nú er það svo að skattar eru tvennt í senn: Þeir afla hinu opinbera ríki og sveitarfélögum tekna en þeir eru líka jöfnunartæki, þeir jafna tekjurnar. Það sem við leggjum til er að fjármagnstekjuskatturinn sem núna er 10% verði hækkaður í 18%. Við leggjum þó til, og það skiptir miklu máli, að komið verði á sérstökum skattleysismörkum varðandi fjármagnstekjurnar og þar horfum við á 120 þús. kr. á ári í fjármagnstekjur, að þær verði ekki skattlagðar. Ég ætla að fara yfir þessa hugsun og fyrst líta á stærðargráðurnar.

Í frumvarpi til fjárlaga árið 2004 var skattur á fjármagnstekjur áætlaður á rekstrargrunni 5.600 millj. kr. Niðurstaðan varð talsvert hærri eða rúmir 7 milljarðar. Samkvæmt þessu frumvarpi mundu tekjur af fjármagnstekjuskatti aukast talsvert og má ætla að þær yrðu rúmir 10 milljarðar kr. eða sem svarar aukningu upp á rúmlega 3 milljarða, við mundum afla hinu opinbera 3 milljarða. Sem áður segir leggjum við til að skattleysismörk verði 120 þús. kr. á ári hjá einstaklingum. Við einskorðum þessi skattleysismörk við einstaklinga.

Í ljós kemur að við þetta má ætla að 90% einstaklinga og ríflega 70% hjóna sem nú greiða fjármagnstekjuskatt verði undanþegin skattinum. Þótt hlutfallið sé hátt að þessu leyti er hér fyrst og fremst um að ræða smásparnað almennings sem yfirleitt hefur megintekjur sínar af launavinnu. Við erum með öðrum orðum fyrst og fremst að skattleggja hátekjufólkið, fólk sem hefur miklar tekjur af fjármagni. Við erum að hlífa smásparandanum.

Þetta eru svolítið sláandi tölur, að það sé þetta hátt hlutfall sem við erum að létta þarna skattbyrðum af. Við erum að undanþiggja mjög stóran hóp fjármagnstekjuskatti. En við erum að sönnu að auka skattheimtuna á þeim sem hafa miklar tekjur af fjármagni.

Á undaförnum árum hefur þeim einstaklingum fjölgað hér á landi sem afla töluverðs hluta heildartekna sinna með tekjum af fjármagni sem þeir greiða aðeins 10% skatt af. Um leið breikkar bilið milli þeirra tekjuhæstu og tekjulægstu. Ætla má að fjármagnstekjur séu meira en helmingur af tekjum þeirra 5% framteljenda sem hæstar tekjur hafa í þjóðfélaginu. Þessir aðilar greiða lægra hlutfall af tekjum sínum til samfélagsins en launafólk gerir. Vinnandi fólk greiðir af launum sínum rúm 38,5% af samanlögðum tekjuskatti og útsvari og allt að 45% að viðbættum hátekjuskatti.

Tekjur þeirra auðugustu í landinu, þ.e. þeirra sem eiga fjármagnið og þeirra sem byggja hluta tekna sinna á hlutabréfakaupum eða kaupréttarsamningum, eru aftur á móti mestmegnis fjármagnstekjur og af þeim greiða þeir eins og fyrr segir aðeins 10% skatt.

Við viljum að brugðist verði við breyttu tekjumynstri í þjóðfélaginu og því óréttlæti sem stafar af misræmi í skattlagningu fjármagnstekna og launa. Þá mun sú lagabreyting sem hér er lögð til afla ríkissjóði aukinna tekna, sem áður segir, til að standa straum af nauðsynlegri velferðarþjónustu.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað í fyrirkomulag í nokkrum ríkjum. Við tökum sem dæmi Bandaríkin, Bretland, Finnland, Írland, Danmörku og Svíþjóð. Í ljós kemur þegar þetta er skoðað, þegar fjármagnstekjuskattur er skoðaður í öðrum ríkjum er hann víðast hvar miklu hærri en hér. Það er of mikil einföldun að vísa þar í einhverjar ákveðnar prósentur vegna þess að iðulega er flókið samspil á milli skattleysismarka og síðan getur verið um það að ræða að prósentan sé háð því hve miklar tekjurnar eru. Ég ætla aðeins að stikla á þeim upplýsingum sem hér eru reiddar fram.

Í Bandaríkjunum er notað stighækkandi skatthlutfall sem ræðst af tekjum og félagslegri stöðu fólks, allt frá 10% og upp í 38,6%. Í Bretlandi eru fjármagnstekjur af sparifé með 20% skatti í lægri flokknum en 40% í hæstu flokkunum. Í Danmörku eru fjármagnstekjur skattlagðar með öðrum tekjum, innheimtur er 28% skattur af arðgreiðslum upp að 41 þús. kr. en 43% af hærri upphæðum. Á Írlandi bera fjármagnstekjur yfirleitt flatan 20% skatt en í undantekningartilfellum er skattprósentan 40%. Í Kanada eru fjármagnstekjur yfirleitt skattlagðar með lægra skatthlutfalli þar sem aðeins þarf að greiða skatt af helmingi hreinna fjármagnstekna. Í Noregi eru fjármagnstekjur skattlagðar með almennum tekjum, hreinum tekjum, og þar er skattlagningin að hámarki 28%. Í Svíþjóð er flatur skattur, fjármagnstekjur í Svíþjóð bera 30% flatan skatt.

Ég stikla aðeins á þessum upplýsingum en þær eru skilmerkilega fram settar í greinargerð með frumvarpinu. En það sem er áhugaverðast er að víðast hvar eru fjármagnstekjur miklu hærri en þær eru hér á landi og fellur þá sú röksemd sem iðulega hefur verið teflt fram gegn hækkun á fjármagnstekjuskattinum að menn fari einfaldlega til annarra landa með peningana ef fjármagnsskatturinn yrði hækkaður hér. Ja, hvert ættu menn að fara? spyr ég.

Við vitum hvert menn fara, hvert úrræðið er. Það er í skattaparadísir þar sem peningarnir eru þvegnir og faldir. Það er nokkuð sem OECD hefur reynt að bregðast við með því að setja samræmdar reglur. Evrópusambandið hefur

einnig reynt að taka á þessu máli. Íslendingar fengu ábendingu um það fyrir fáeinum árum að samstarfsverkefni sem viðskiptaráðuneytið og Verslunarráðið unnu að fyrir tugi milljóna króna af skattfé kynni að stangast á við þær reglur eða þá viðleitni, ganga gegn þeirri viðleitni sem OECD hafði í frammi til að sporna gegn neikvæðri skattasamkeppni að þessu leyti.

En við vitum að taka þarf á annan hátt en með skattlagningunni eða skattprósentunni á peningaþvætti og þeim flótta inn í skattaparadísirnar á Ermarsundinu og í Karíbahafinu, í Lúxemborg og víðar. Við eigum ekki að láta það stjórna afstöðu okkar eða skattapólitík. Við erum með öðrum orðum með miklu lægra skatthlutfall en almennt gerist.

Í samfélaginu er mjög sterk krafa um að breyta skattlagningu á fjármagnstekjum. Það er gagnrýnt þegar skattskráin liggur frammi, þá er það sláandi hvernig þeir sem hafa mestar tekjurnar í þjóðfélaginu eru í raun undanþegnir skattlagningu, þeir búa við miklu betri kjör en gerist hjá almennu launafólki. Þeir borga einvörðungu 10% af fjármagnstekjum sínum í skatt en vinnandi fólk sem áður segir 38,5%.

Við leggjum til að frumvarpinu verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar þingsins. Við stöndum öll að þessu, allir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þetta er stefna okkar flokks og tilraun til að byggja betur undir velferðarþjónustuna á Íslandi.

[10:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um margt voru þetta fróðlegar upplýsingar sem hv. þm. færði hér fram. Tilgangur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs með því að leggja fram frumvarpið og fá hækkun á fjármagnstekjuskatti úr 10% í 18% er að skapa ríkinu auknar tekjur.

Mér kom í fyrsta lagi á óvart að þessi töluverða hækkun skyldi að mati hv. þm. einungis skila 3 milljörðum kr. í ríkissjóð og langar til að spyrja hann hvort ég hefði rétt eftir tekið.

Og einnig: Eru það 3 milljarðar sem eru eftir þegar búið er að taka af þessu svigrúmi það sem þarf til þess að standa straum af skattfrelsismörkunum hinum nýju sem á að leggja á persónulegan sparnað?

Í þriðja lagi: Ef þarna er um að ræða töluverðan sparnað upp á einhverja milljarða, er þá hv. þm. alveg sannfærður um að það sé kannski rétt að verja því svigrúmi til að búa til skattfrelsi fyrir þá að sönnu fjölmörgu einstaklinga? Ég velti því fyrir mér hvort þar sé um nauð að ræða í þeirra hópi. Þetta eru ákaflega lágar upphæðir yfirleitt, eins og sést á fjöldanum sem greiðir þetta. Og hugsanlega, ef svigrúm skapast vegna slíkra skattbreytinga, mætti verja að nota það með öðrum hætti til annarra brýnni þarfa?

[10:56]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þær tölur sem við nefnum eru niðurstöður af athugunum sem við höfum gert og í samráði við skattyfirvöld, við höfum borið þetta undir þá sem sýsla með þau efni hér. Þessir 3 milljarðar eru nettóávinningurinn af slíkum skattkerfisbreytingum.

Það er alveg rétt að ræða má hvort og þá hvernig eigi að haga skattleysismörkum á fjármagnstekjuskatti, en það sem fyrir okkur vakir er að hlífa smásparandanum, hinum almenna launamanni, fullorðnu fólki sem hefur lagt peninga fyrir. Það varð niðurstaða okkar að hlífa hinum almenna sparanda.

Reyndar fannst mér það sláandi að við 120 þús. kr. skattleysismörk á ári undanþiggjum við 90% þeirra sem nú greiða skatttinn, við undanþiggjum þá skattlagningunni. Þetta eru mjög miklar tölur.

En þetta segir okkur annað. Það segir okkur hve miklar upphæðir er um að ræða þegar hátekjufólkið er annars vegar, hve margir hafa mikinn arð af peningum sínum og fjármagni.

En þetta varð sem sagt niðurstaða okkar, að hafa skattleysismörk á fjármagn 120 þús. kr. á ári en afla ríkissjóði eða hinu opinbera með þessum hætti 3 milljarða kr.

[10:58]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fellst fúslega á að það er ákveðin innri lógík sem er í því að ef á annað borð er verið að hækka fjármagnstekjuskatt þá sé um leið varið töluverðum hluta af svigrúminu sem hann skapar til þess að búa til skattfrelsi fyrir þá sem eru ákaflega litlir greiðendur, einstaklingar sem flestir greiða af tiltölulega smáum innstæðum á bókum.

Þetta hefur verið rætt töluvert í hópi Samfylkingarinnar. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur skoðað þetta, reyndar árum saman, og verið með þessar sömu vangaveltur. Ég tel hins vegar ekki algjörlega einboðið, ef menn fara þessa leið, að því svigrúmi verði varið með þessum hætti, ég er ekki alveg viss um að það sé endilega rétt. Ég sagði að ákveðin lógík væri í því og ég fellst fúslega á það. Á mínum pólitíska ferli hef ég orðið var við margvíslegan þrýsting en það hefur aldrei neinn komið og sagt: Þetta er verulega ranglátt og þarna er mikið ranglæti sem leiðir með einhverjum hætti til skorts eða neyðar.

Auðvitað er þetta má segja pólitískt smekksatriði. Ég ætla ekki að fella neina dóma yfir þessu en segi hins vegar að svona mál þurfa menn að skoða ákaflega vel. Á sínum tíma var sammæli um slík mörk í þessari skattlagningu eftir miklar deilur, m.a. til að koma í veg fyrir að hér skapaðist skattalegur þrýstingur á fyrirtæki til að hverfa burt og á menn til að koma fjármunum sínum burt. Nú upplýsir hv. þm. það að miðað við stöðuna í samkeppnislöndum ætti hækkun jafnvel upp í þetta háa mark ekki að leiða til mikils þrýstings. Þannig hef ég skilið það samkvæmt þeim upplýsingum sem hv. þm. lagði fram. Það þykir mér líka fróðlegt að hlusta á.

[11:01]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. og formanni Samfylkingarinnar fyrir hve vel hann tekur í þær meginhugmyndir sem við kynnum hér til breytinga á skattalögum.

Það er alveg rétt sem hann segir um það meginatriði að sú röksemd sem iðulega hefur verið teflt fram gegn hækkun

á fjármagnstekjuskatti um að hætt sé við því að fjármagnið fari annað, hún stenst ekki.

[11:01]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er yfirleitt tilbúinn til þess að ræða skatthlutföll og breytingar á þeim í samskiptum við hv. 9. þm. Reykv. s., þó ég mundi að jafnaði fremur leggja til lækkun á hlutföllunum en hækkun eins og hann gerði hér í framsöguræðu sinni.

Mér fannst hins vegar rétt að það kæmi fram í þessari umræðu að þegar fjármagnstekjuskatti var komið á 1996, þá var allvíðtæk samstaða um að velja þá leið að hafa skatthlutfallið lágt en skattstofninn breiðan og undanþágur fáar. Það var ákveðin leið sem var valin. Vissulega hefði verið hægt að fara aðrar leiðir og slíkt var skoðað, en niðurstaðan var sú að betra væri að hafa skattstofninn breiðan og hlutfallið lágt, til þess að komast hjá ákveðnum vanköntum sem geta fylgt skattlagningu af þessu tagi, t.d. flækjum í kerfinu sem gera það að verkum að aðilar fara að sjá sér hag í því að spila á það með ýmsum hætti, nýta sér undanþáguheimildir, fyrir utan að flókið kerfi er jafnan erfiðara í framkvæmd.

Það má kannski líka benda á að víða þar sem hlutfallið er hærra, og hv. þm. vitnaði til þess í framsöguræðu sinni, þá eru undanþáguheimildir líka miklu fleiri, þannig að eins og hann réttilega nefndi er samanburður á prósentutölum ekki einhlítur í þessu sambandi.

Það er líka rétt athugað að sú leið var valin að skattleggja allar vaxtatekjur hér á landi með þessum hætti, ekki bara raunvextina, heldur líka verðbætur sem aðilar eru að fá ofan á fjármagnstekjur sínar. Það er atriði sem þyrfti auðvitað að skoða í þessu sambandi.

Varðandi tekjuaukann þá leyfi ég mér að efast um að tekjuaukinn yrði sá sem hv. þm. (Forseti hringir.) benti á, en kem kannski að því í síðara andsvari.

[11:03]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að það var allbreið samstaða um meginhugsunina að baki skattlagningar á fjármagn. Menn voru almennt á því að það ætti að skattleggja grunnvextina, hinar raunverulegu tekjur af fjármagninu. Hins vegar voru margir á því og ég var t.d. í þeim hópi sem vildu hafa þessa skattlagningu mun hærri en niðurstaðan varð. Mér finnst eðlilegt að stefna að því að skattlagning á fjármagn, á tekjur af fjármagni, verði sambærileg við það sem tíðkast með launin, að við reynum að samræma eða stefna að aukinni samræmingu í þessa átt.

Það sem hefur breyst frá árinu 1996 er að fjölgað hefur í þeim hópi sem hefur gríðarlegar tekjur af fjármagni. Það er aldeilis fráleitt að undanskilja þetta fólk frá því að greiða til samfélagsins á sambærilegan hátt og annað fólk gerir. Við skattleggjum launafólk og láglaunafólk. Við erum farin að skattleggja öryrkja, en hlífum þessum hópi sem er fullkomlega aflögufær. Ísland hefur breyst á undanförnum 10 árum að þessu leyti.

[11:05]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. 9. þm. Reykv. s. segir að Ísland hefur breyst á margan hátt. Viðskiptalífið og efnahagsumhverfi okkar hefur breyst. Ég álít að sú breyting sem fylgdi því að tekinn var upp fjármagnstekjuskattur hafi átt þátt í að breyta samfélaginu t.d. með þeim hætti að gera fjármagnshreyfingar í viðskiptalífinu auðveldari en áður. Ég held að skattstofninn sem er að koma fram í tekjum ríkissjóðs í dag hefði ekki endilega komið fram að óbreyttum reglum, t.d. í sambandi við skattlagningu arðs og skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum, vegna þess að það að hafa lágan skatt t.d. á söluhagnað af hlutabréfum felur m.a. í sér að menn selja hlutabréf frekar. Með hækkun fjármagnstekjuskatts á viðskipti af því tagi gæti e.t.v. dregið úr slíkum viðskiptum þannig að skattstofninn mundi minnka.

Ég vék að þessu í lok máls míns í fyrra andsvari vegna þess að ég held að hv. þm. og meðflutningsmenn hans ættu að hafa áhyggjur af því að skattstofninn skreppi einfaldlega saman ef skatthlutfallið hækkar. Við höfum séð dæmi um það t.d. í sambandi við fyrirtækjaskattana að þar hafa tekjur ríkissjóðs stóraukist eftir því sem hlutfallið lækkar. Það sama á við um fjármagnstekjur eins og hagnað fyrirtækja, þar er um að ræða kannski allra hreyfanlegustu skattstofna í hagkerfinu. Þannig að þeir eru ekki fasti sem er hægt að ganga að sem vísum, heldur ráðast m.a. af lagaumhverfi og öðru slíku. Aðilar sem eru í rekstri eða þeir sem sýsla með verðbréf haga ákvörðunum sínum m.a. eftir því hvernig skattaumhverfið er. Hærra skatthlutfall getur því þýtt minni skatttekjur.

[11:07]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta eru röksemdir sem er mjög mikilvægt að ræða og við eigum að taka mjög alvarlega. Þess vegna fórum við í rannsókn í skattaumhverfinu í öðrum löndum á þessum atriðum.

Í fyrsta lagi með tilliti til þess hvort hætta væri á að fjármagnið flytti úr landi. Niðurstaða okkar er sú hættan er ekki jafnmikil og margir vilja vera láta eða telja vera með hækkun á fjármagnstekjuskattinum. Síðan er hitt hvar mörkin liggja. Þetta viljum við ræða, það er alveg rétt.

Vandinn er sá, og það lagði ég áherslu á í upphafi míns máls, að við þurfum að afla hinu opinbera tekna, til þess að reka velferðarþjónustuna og sjá fyrir því sem samfélagslegt er og við erum sammála um það. Spurningin er: Hvernig gerum við það? Og hvernig gerum við það á sem markvissastan og réttlátastan hátt? Þar bendum við á ranglætið sem felst í að skattleggja launavinnuna og lágtekju- og meðaltekjufólkið með hárri prósentu, en hlífa ríkasta fólkinu, auðmönnunum, sem hafa tekjur sínar af fjármagni. Hér er ekki bara um milljónir, heldur tugmilljónir jafnvel hundruð eða milljarða að ræða. Þannig að þetta réttlætiskrafa í bland.

[11:09]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér fer fram athyglisverð umræða um skattamál og er eiginlega framhald af umræðunni í gær. Þar

var nokkuð rætt um hlutverk skattkerfis — ég kom inn á það í gær — hvort því sé ætlað að afla ríkissjóði tekna til að standa undir velferðarkerfinu eða að jafna kjör og eignir og stöðu manna.

Ég vil gjarnan koma inn á þetta. Það er ákveðinn eðlilegur launamunur í gangi. Þeir sem hafa farið í langt nám vilja að sjálfsögðu fá þá fjárfestingu greidda einhvern veginn og krefjast því hærri launa og fá hærri laun. Þeir sem eru duglegir, sá sem er tvöfalt duglegri en annar, það er hagur allra að borga honum meira, jafnvel tvöfalt. Þeir sem eru snjallir sömuleiðis, koma með snjallar lausnir á hlutum. Þeir sem hafa mikla reynslu eða sýna mikla tryggð við fyrirtækið og vinna lengi á sama stað, það er eðlilegt að borga þeim meira af því það kostar svo mikið að skipta um fólk. Svona má nefna fjölmörg dæmi sem réttlæta eðlilegan launamun.

Reyni menn að skattleggja þennan eðlilega launamun í burtu — t.d. má nefna eina ástæðu launamunar að þeir sem vinna uppi á Kárahnjúkavirkjun vilja að sjálfsögðu hafa hærri laun heldur en þeir sem vinna í bænum og geta farið í bíó á kvöldin og verið með ástvinum sínum — þá myndast enn meiri launamunur fyrir skatt. Og eftir skatt verður þessi eðlilegi launamunur eftir sem áður. Eina sem gerist þegar menn reyna að skattleggja þennan launamun burt er að hann virðist vaxa í þjóðfélaginu.

Svo er náttúrlega til líka óeðlilegur launamunur sem felst í því að ég ræð bróður minn inn í einhverja opinbera stofnun og borga honum há laun. Það er óeðlilegur launamunur. Ég hugsa að hann minnki heldur ekki eftir skatt.

Niðurstaðan er því sú að ef menn fara leið vinstri manna til að breyta hegðun manna með því að skatta burt launamun, þá myndast enn meiri munur fyrir skatt og munurinn verður því til staðar eftir skatt. Þessi tilraun eða barátta er dæmd til að tapast. Þetta á ekki að vera hlutverk skattkerfis að mínu mati.

Bótakerfið getur aðstoðað þá sem eru illa settir og gerir það. Þar eigum við að jafna mun, þ.e. bæta stöðu þeirra sem verst eru settir.

Þetta voru örfá orð um hlutverk skattkerfisins.

Það myndast alltaf mikil umræða þegar álagningarskráin er birt. Þá hefjast umræður um að óeðlilegt sé að sumir hafi óskaplegar tekjur, fjármagnstekjur, og borgi af þeim lágan 10% skatt, á meðan aðrir þurfa að borga 38% skatt af launatekjum. Menn hafa jafnvel talað um tímasprengju í því sambandi.

Þessi umræða er öll á villigötum. Það virðist allt vera gleymt sem var rætt þegar fjármagnstekjuskatturinn var tekinn upp. Þá vorum við með mismunandi skattlagningu og kerfi í sambandi við fjármagnstekjur. Vextir voru skattfrjálsir. Arður var ýmist einskattaður, tvískattaður eða ekkert skattaður. Leigu- eða húsaleigutekjur voru skattaðar á ýmsan máta o.s.frv. Söluhagnaður var skattaður eins og laun, enda seldi enginn stórar eignir þurfandi að borga allt að helming í skatt. Þetta var allt sett í eitt flatt kerfi, 10% skatt, það átti ekki að koma ríkinu við hvernig menn vörðu eignum sínum, hvort þeir settu inn á bankabók, í hlutabréf, eða leigðu út húsnæðið o.s.frv.

Auðvitað er mikið óréttlæti fólgið í því að skattleggja t.d. vexti með 10%, þegar verðbólgan eins og hún var um árið 8% og allir voru með neikvæða raunvexti af innstæðum. Ef við ætlum að vera réttlátir ættum við að sjálfsögðu að taka verðbætur frá og skattleggja bara raunvexti. Ég er alveg til viðræðu um að skoða þá leið með fullkomnu réttlæti að skattleggja fjármagnstekjur eins og laun. Þá mundum við að sjálfsögðu skattleggja bara raunvexti í vaxtatekjum og draga vaxtagjöld frá öðrum tekjum. Þá er ég hræddur um að margir yrðu skattlitlir á Íslandi.

Uppspretta vaxta á Íslandi er hjá lífeyrissjóðunum og þeir lána til almennings sem skuldar þeim. Ég hugsa að Íslendingar hafi miklu meiri vaxtagjöld en vaxtatekjur almennt séð og tekjur ríkissjóðs af þessu yrðu almennt séð stórlega neikvæðar. Þetta var rætt í fjármagnstekjuskattanefndinni á sínum tíma.

Talandi um arð og söluhagnað af hlutabréfum, við skulum skattleggja þau eins og tekjur, ekki málið. En þá verður líka að leyfa fólki að draga frá tap af fjárfestingum, öllum litlu aðilunum sem tapa á atvinnurekstri úti um landsbyggðina, fara í útgerð, tapa á því, fara í einhverjar prjónastofur, tapa á því, kaupa í deCODE á genginu 60 og tapa helling á því. Við skulum bara leyfa því fólki að draga tapið frá tekjum fyrir skatt. Ætli það yrði ekki svipur á sumum þegar einstakir aðilar yrðu skattfrjálsir yfir áratug vegna taps á atvinnurekstri? Allt í lagi, við skulum skoða þetta.

Varðandi húsaleigutekjur, við skulum taka líka allan kostnað við húsnæðið, viðhald, afskriftir, vexti af fjármagni og skattlagningu á húsnæði, gerum það. Flækjum þetta endilega eins og mögulegt er þannig að menn hætti að telja fram leigutekjur eins og þeir gerðu. Gerum það, allt í lagi. Ég er hræddur um að tekjur ríkissjóðs yrðu núll af þessum skatti í heild sinni.

Eftir að þetta var gert svona einfalt hafa tekjur ríkissjóðs af fjármangstekjum blásið út sem aldrei fyrr, sérstaklega tekjur ríkissjóðs af söluhagnaði af fasteignum og hlutabréfum, hann hefur vaxið. Stórar sölur eins og sala á Samherja og Hagkaupum hefðu aldrei orðið, aldrei nokkurn tíma, ég fullyrði það, ef eigendurnir hefðu þurft að borga helming af hagnaði í ríkissjóð. Ég er því ekkert viss um að slíkar hugleiðingar séu sérstaklega skynsamlegar.

Þessar skatttekjur eru allar mjög viðkvæmar fyrir skattprósentunni og núna er einmitt mál í gangi, rosalega stórt skattrannsóknarmál, þar sem einn aðili hafði mjög miklar fjármagnstekjur en honum fannst 10% vera of há þannig að hann borgaði ekki, ekki einu sinni 10%. Það var of hátt fyrir þann aðila. Ég held reyndar að flestum finnist í lagi að borga 10%, ef menn hagnast um 100 milljónir þá sé í lagi að borga 10 milljónir í ríkissjóð í eitt skipti. En það er annað ef það fer upp í 18%. Þá hugsa ég að fleiri flýi úr landi og reyni að komast undan því að borga skattinn. Það er nefnilega fullt af möguleikum og alveg sérstaklega í þeim löndum sem hafa háa skattprósentu. Þar er svo mikið af undanþágum fyrir erlent fjármagn að það er til að æra óstöðugan að setja sig inn í það.

Ég vara því mjög mikið við þeirri hugmynd að hækka prósentuna upp í 18%. Ég er nærri viss um að tekjur ríkissjóðs mundu snarminnka. Annars verða menn náttúrlega að ganga leiðina til enda og vera virkilega réttlátir og leyfa frádrátt af verðbótum, leyfa frádrátt af rekstrargjöldum, leyfa frádrátt af tapi á hlutabréfum, leyfa kostnað við leiguhús-

næði, það væri rökrétt en ekki að fara svona leið.

Talandi um skattfrelsismörkin, 120 þús. kr. Almáttugur, hvað erum við að tala um, herra forseti? Við erum að tala um 12 þús. kr. á ári eins og það drepi einhvern sem er með 120 þús. kr. í tekjur af fjármagni. Hvað eru menn að tala um? Það er fáránlegt að flækja allt kerfið fyrir þúsund kall á mánuði hámark sem einhver mundi hagnast á þessu. Þá þyrfti að telja fram fjármagnstekjur, koma með reikning yfir það, upplýsa það o.s.frv. og það þyrfti að aflétta bankaleyndinni í bönkunum. Í staðinn fyrir að taka 10% af öllum fjármagnsgjöldunum sem þeir greiða sparfjáreigendum þyrftu bankarnir að telja fram hvern einasta mann. Allt fyrir þúsundkall á mánuði, hámark. Hvað eru menn að gera? Er ekki öfundin alveg að fara með menn í málinu? Ég held að aðalhugsunin á bak við þetta sé náttúrlega öfundin yfir því að einhverjir skuli hafa svona miklar tekjur. Þeir munu hafa þær tekjur eftir sem áður, bara annars staðar. Ég vil benda á að mest af þessu fjármagni sem menn sjá ofsjónum yfir hefur komið til Íslands erlendis frá, frá Rússlandi og Bretlandi. Það getur vel verið að menn vilji ekkert hafa þetta fjármagn í atvinnulífinu, kannski vilja menn bara hafa sama doðann og var hér áður, allt í kaldakoli og launin á Íslandi til skammar. Maður skammaðist sín fyrir þau þegar menn nefndu það í útlöndum á þeim tíma, þau voru svo lág.

Launin hafa hækkað sem hvergi annars staðar eftir að kerfið var sett upp svona, eftir þessa innspýtingu í atvinnulífið sem gerir það að verkum að menn eru hvattir til þess að skila hagnaði, menn eru hvattir til þess að sýna góða afkomu. (**ÖJ:** Eru launakjör ásættanleg á Íslandi hjá láglaunafólki?) Launakjör á Íslandi eru orðin mjög ásættanleg, já. Meðallaun samkvæmt kjararannsóknarnefnd á öðrum ársfjórðungi 2004 voru að meðaltali 261 þús. kr. hjá iðnaðarmönnum, verkamönnum, verslunarmönnum og stjórnendum. Það finnst mér vera nokkuð þokkalegt og ég er ánægður með það — miðað við það sem var þegar lægstu launin voru um 46 þús. kr., eitthvað svoleiðis, sem var til háborinnar skammar.

Launin hafa því hækkað mjög umtalsvert sem betur fer. Auðvitað vinnum við að því að hækka þau enn frekar og við ætlum að lækka skatta á launin líka til að minnka muninn á milli fyrirtækja og einstaklinga.

En ég vara sem sagt eindregið við svona flækingu á kerfinu, við svona skattahækkun, ég veit ekkert hvaðan 18% eru komin, sennilega er höfð hliðsjón af skatti á hagnað fyrirtækja, en af hverju ekki 38%, af hverju ganga menn ekki bara vegferðina til enda fyrst þeir eru að þessu á annað borð? Og af hverju gera þeir þetta ekki raunverulega réttlátt með því að taka inn öll þessi atriði sem ég nefndi til frádráttar? Geri þeir það munu margir Íslendingar fara að skulda, þá munu þeir fyrst fara að skulda almennilega þegar vaxtagjöld eru frádráttarbær.

[11:22]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta voru fróðlegar yfirlýsingar frá talsmanni Sjálfstæðisflokksins og kaldar kveðjur til láglaunafólks á Íslandi sem hann segir búa við mjög góð kjör. Hann vill lækka skatta. Hvað þýðir það? Það þýðir að þetta fólk kemur til með að greiða fyrir þjónustu sem það fær frá velferðarkerfinu með öðrum hætti beint. Þetta er ávísun á notendagjöldin fyrir sjúklinga og skólanema.

Hv. þm. talaði um skattkerfið og tilgang þess, hvort það væri til fjáröflunar eða jöfnunar. Til hvors tveggja segjum við. Þetta er líka hagræðingaratriði fyrir alla. Í stað þess — og þá er ég að horfa til millifærslukerfisins almennt — að greiða mönnum laun í samræmi við að þeir séu að byggja alla ævina, að þeir séu með börn á framfæri alla ævina, að einhver í fjölskyldunni sé sjúkur alla ævina, að einhver sé í langskólanámi alla ævina í fjölskyldunni og þurfi á framfærslu að halda.

Í stað þess að greiða laun í samræmi við þessi útgjöld hefur samfélagið komið sér saman um millifærslu á meðan fólk er að byggja, á meðan það er veikt, á meðan það er með börn á framfæri o.s.frv. Það er í hagræðingarskyni sem við jöfnum kjörin með þessum hætti, þetta er ekki bara réttlætismál, þetta er líka í hagræðingarskyni gagnvart atvinnurekstrinum í landinu.

Síðan var náttúrlega fróðlegt að heyra hv. þm. tala um réttlætið, um hinn snjalla og um hinn duglega. Eru það hinir snjöllu og hinir duglegu sem búa við best kjörin í landinu? Er þetta endurspeglun á þá mynd sem hv. þm. sér í samfélaginu í kringum sig? Ég hefði haldið ekki.

[11:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fellur í þá gryfju sem mér finnst vinstri menn alltaf falla í. Þeir reikna með því að menn séu fátækir eins og það sé eitthvert persónueinkenni. „Hann er bláeygur og fátækur", og það sé ekki hægt að breyta því.

Ég vil breyta því. Ég vil að menn hætti að vera fátækir. Ég vil að menn fái og sækist eftir því að fá hærri tekjur. Því miður höfum við búið til kerfi með einmitt þessum millifærslum, með öllum þessum skattkerfum, sem gerir það að verkum að margt fólk getur ekki bætt stöðu sína, það getur ekki hætt að vera atvinnulaust því það tapar á því. Það getur ekki hætt að vera öryrkjar því það tapar á því, (Gripið fram í.) og það getur ekki menntað sig af því að það tapar á því. Þetta eru svokallaðar fátæktargildrur. Ég vil afnema þær eins og hægt er og hugmyndir ríkisstjórnarinnar ganga einmitt út á það.

Þessar hugmyndir ganga þvert á það.

Auðvitað viljum við að láglaunafólk hafi hærri tekjur. Ég vil hætta að vera með láglaunafólk. Ég vil bara að það verði millitekju- og hálaunafólk, það er markmið mitt. Sem betur fer hafa lægstu laun hækkað umfram allt annað í þjóðfélaginu, það hefur tekist á síðustu árum úr því að vera 46 þús. kr. 1995 yfir í að vera 100 þús. kr. núna.

Það hefur alltaf verið þannig að snjallir menn og duglegir fá hærri laun. Ef hv. þm. væri atvinnurekandi, hvort sem hann er opinber atvinnurekandi eða ekki, mundi hann að sjálfsögðu frekar vilja fá duglegt fólk og snjallt sem skilar vinnu sinni og vinnur tvöfalt á við aðra. Hann væri væntanlega tilbúinn til þess, sérstaklega ef þetta er einkafyrirtækið hans, að borga þeim eilítið meira.

[11:26]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Manni verður eiginlega alltaf orða vant

þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal byrjar að tala um láglaunafólk og öryrkja á Íslandi. — Fólk á bara að hætta að vera öryrkjar, fólk á bara að hætta að vera láglaunafólk, þessu vil ég breyta, segir hann.

Þetta er, ég veit ekki hvað skal kalla það, einföldun eða einfeldni, kannski er þetta einfeldni. En það er skrýtið að manni sem lítur á samfélagið í einföldum lausnum skuli vaxa í augum tæknileg útfærsla á fjármagnstekjuskatti. Ekki er þetta vandamál í þeim ríkjum sem við höfum verið að horfa til, á Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og Ástralíu. En þetta vex hv. þm., tryggingastærðfræðingnum, Pétri H. Blöndal í augum. Það kemur mér svolítið á óvart.

Ég vona að hann eigi eftir að flytja lengra mál um sýn sína á íslenskt samfélag, en ég bið hann um að spara kveðjurnar til láglaunafólksins og öryrkjanna sem hann hafði í frammi áðan.

[11:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Talandi um láglaunafólk. Ég ætla að gera því kleift að hækka launin sín, hætta að vera láglaunafólk, hætta að vera skjólstæðingar hv. þm., sem lifir á því að til séu nægilega margir láglaunahópar í þjóðfélaginu. Hvað ætlar hann að gera ef engir láglaunahópar eru lengur til? Hann yrði væntanlega atvinnulaus.

Ég vil að menn hætti að tala um fólk sem fátæklinga eins og það sé persónueinkenni. „Hann er bláeygur og fátækur." Þannig eigum við ekki að tala. (Gripið fram í.)

Við eigum að tala um að hann sé hugsanlega fátækur í dag en að við ætlum að hjálpa honum að breyta því.

Varðandi öryrkjana, það er fullt af fólki sem er virkilega öryrkjar og þarf virkilega á bótunum að halda. En það eru líka margir sem eru á mörkunum, sem hugsanlega gætu ef þeir fengju tækifæri til þess, ef þeir fengju vinnu t.d., breytt stöðu sinni. Ég vil vinna að því. Ég vil ekki að kerfið sé þannig að menn tapi á því að bæta stöðu sína, tapi á því að fara í háskólann, tapi á því að vera duglegir, tapi á því að vinna á hálendinu eða eitthvað slíkt. Það vil ég ekki og ég vil ekki að þeir sem eru atvinnulausir tapi á því að fara að vinna vegna þess að kerfið sé þannig uppbyggt. Þetta eru hinar svokölluðu fátæktargildrur sem menn hafa talað um, fjálglega stundum, en gleyma því að skattprósentan er einmitt hluti af því.

Þess vegna er það markmið ríkisstjórnarinnar að lækka skatta á einstaklinga, fyrst um 1% og svo 4%, til að minnka fátækragildrurnar, hvetja fólk til að bæta stöðu sína.

[11:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessu frumvarpi birtast að hluta til áherslur okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í skattamálum. Það tekur að sjálfsögðu einungis á afmörkuðum þætt þeirra mála, þ.e. skattlagningu fjármagnstekna. Þær umræður sem fóru fram hér áðan voru talsvert, að mér fannst, á hlið við umræðuefnið. Þar var fyrst og fremst verið að ræða um launamun vegna launatekna og skattlagningu þeirra almennt eða stöðu þeirra sem lakari hafa aðstöðuna, hvort heldur er á vinnumarkaði eða utan hans sökum örorku eða atvinnuleysis. Ég vík kannski aðeins að því síðar.

Munurinn á Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, og kannski ýmsum öðrum flokkum, er að nöfnum ónefndum sá að við erum ekkert feimin við að gangast við þeirri stefnu okkar að við viljum öflugt samábyrgt velferðarkerfi á Íslandi. Hér viljum við hafa velferðarsamfélag. Við vildum gjarnan og ætlum okkur að mynda velferðarstjórn í landinu fyrr en síðar. Þá verður auðvitað ekki bæði sleppt og haldið.

Það er mikill misskilningur, blekking og loddaraleikur í pólitík að reyna að telja mönnum trú um að hægt sé að gera hvort tveggja, að stórlækka skatta, afsala ríki og sveitarfélögum miklum tekjum, en efla velferðina samtímis. (**PHB:** Þetta hefur gerst.) Þessar íþróttir voru menn að reyna í kosningaloforðum sínum fyrir kosningarnar 2003. Hverjar eru svo efndirnar? Jú, það á að vísu að fara að lækka skatta, fyrst og fremst á þeim sem hæstar hafa tekjurnar og mestar eignirnar. En ríkissjóður er svo illa staddur að það þarf að svíkja samninga við öryrkja. Afkoman er ekki betri en svo þegar allt kemur til alls.

Þeir hafa stundum skilning á þessu hægri mennirnir þegar rætt er um þörfina fyrir aukin útgjöld, t.d. í menntakerfinu. Þegar talað var um fjárskort Háskóla Íslands skrifaði hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson blaðagrein og sagði: Átta menn sig ekki á því að kröfur um aukin framlög til Háskóla Íslands eru kröfur um skattahækkanir? Þá skildi hv. þm. samhengi, að það verður ekki bæði sleppt og haldið. Menn hafa ekki bæði tekjur til að reka öflugt velferðarkerfi, myndarlegt menntakerfi og heilbrigðiskerfi, en jafnframt lækka skatta og helst bara hafa enga skatta. (Gripið fram í.)

Staðreyndin er sú að skattkerfið þjónar þeim tilgangi sem rætt var um áðan, að afla nauðsynlegra tekna til að standa undir sameiginlegum verkefnum í samfélaginu. Þeirra ætti að afla með réttlátum hætti og jafna um leið að nokkru leyti aðstöðumuninn í þjóðfélaginu, kannski fyrst og fremst í þeim skilningi að þeir borgi sem hafa eitthvað til að borga með. Þetta snýst m.a. um það.

Hér er ekki verið að ræða um skattlagningu launatekna. Við getum að því leyti geymt okkur umræðuna um það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal kallar eðlilegan launamun. Þar erum við væntanlega að tala um launatekjur þar sem mönnum er greitt fyrir vinnu sína. Hér erum við að tala um skattlagningu tekna sem koma síðar til sögunnar, þ.e. skattlagningu á vaxtatekjum, á arði af fjármagni, á söluhagnaði hlutabréfa. Einhvern veginn hafa menn fyrst eignast peninga til að leggja fyrir eða kaupa hlutabréf. (Gripið fram í.) Þess vegna er það náttúrlega enn meira réttlætismál að okkar mati að af þeim tekjum, sem sumir hafa í mjög miklum mæli, sé tekinn eðlilegur og sanngjarn skerfur til að standa undir sameiginlegum þörfum.

Er eðlilegt að menn geti haft hundruð milljóna eða jafnvel milljarða í fjármagnstekjur, nánast skattfrjálst, séu t.d. að stórgræða á gengishagnaði bréfa á verðbréfamarkaði? Á sama tíma telja menn sig þurfa að skattleggja örorkubætur að hluta, skattleggja atvinnuleysisbætur að hluta. Þarf að taka skatt af fólki með 100 þús. kr. á mánuði eða minna í heildartekjur? Finnst hv. þm. Pétri H. Blöndal þetta réttlæti? Það segjum við ekki vera.

Við teljum að þessi breyting, sem gengur út á það eins

og framsögumaður fór yfir að í stað 10% flatrar skattlagningar á allar fjármagnstekjur verði greidd 18% en á móti komi skattleysismörk sem nemi 120 þús. kr. í tekjur á ári, sem má ætla að sé arður eða vextir af sparnaði upp á 1–2 millj. kr. eða þar um bil. Þetta felur með öðrum orðum í sér að menn borgi nokkuð hærra hlutfall af þessum tekjum og er það þó ekki hátt. Það verður tæpast sagt að samanborið 18% skattlagningu á hreinum hagnaði fyrirtækja eftir alla frádráttarliði og samanborið við 38% eða yfir 40% skatthlutfall launatekna, þá sé 18% skattur á fjármagnstekjur hátt hlutfall. Enda er það ekki. Í samanburði við önnur lönd er það í raun mjög væg skattlagning.

Ég furðaði mig nokkuð á því að hv. þm. Pétur Blöndal vék ekki einu orði að gildi þess að taka skattleysismörk inn í skattlagningu fjármagnstekna. Hvað þýðir það? Það þýðir að viss sparnaður er skattfrjáls. Þar með er hvati í kerfinu til að leggja fyrir. Menn hafa möguleika til að leggja fyrir nokkrar tekjur og hafa af þeim vexti, eða arð af fjármagni sem þeir leggja til hliðar án þess að það sé skattlagt. Það ætti að hvetja til þess og ýta undir það að um nokkurn almennan sparnað af þessu tagi yrði að ræða. Auðvitað eru þetta ekkert óskaplega háar fjárhæðir. Það er hægt að gera grín að því eins hv. þm. Pétur Blöndal gerði hér, 12 þús. kr. í skattgreiðslur þ.e. 12 þús. kr. frítekjumarki á mánuði. Það munar um þetta sums staðar í þjóðfélaginu. Táknrænt hefur þetta gildi, að hvetja til almenns hóflegs sparnaðar. Menn geta átt 1–2 millj. kr. á góðum reikningum og haft af því vexti árlega án þess að þurfa að borga af því skatta. Menn ættu eitthvað örlítið í handraðanum, eins og stundum er sagt, að menn eigi a.m.k. fyrir útförinni ef svo bæri undir.

Hv. þm. Pétur Blöndal á það til að tala um mikilvægi þess að menn efli sparnað og ráðdeild í samfélaginu. En honum brást bogalistin nú og skautaði alveg yfir þetta atriði, sem ég hefði þó haldið að hv. þm. tæki undir, að þetta væri í sjálfu sér góð lagfæring á kerfinu. Hún er réttlát og sanngjörn. Það má vera að sanngjarnt sé að endurskoða þessi viðmiðunarmörk. Það kemur vel til greina að menn telji fyrir því efnisleg rök að hafa þau rýmri og þá væri meiri hvati í kerfinu fyrir slíkan almennan sparnað.

Eitt af því sem tekist var á um árið 1996, þegar fjármagnstekjuskatturinn var innleiddur, var einmitt þetta. Þau sjónarmið voru uppi, og er rétt að hafa í huga vegna þess sem hv. þm. Birgir Ármannsson sagði, að það voru vissulega skiptar skoðanir um það hvort fara ætti út í þessa flötu skattlagningu sem skattlegði allan sparnað, jafnvel hinar litlu upphæðir þótt þar séu ekki háar fjárhæðir á ferð. Hér voru á þingi talsmenn þess að leitað yrði leiða til að haga skattlagningunni þannig að hún yrði nær því að vera raunskattlagning á raunvaxtatekjur og reynt yrði að hlífa tilteknum almennum sparnaði. Ég man vel að háttvirtur fyrrverandi þingmaður Ragnar Arnalds flutti um þetta nokkrar ræður. Hann hafði á þessu skoðanir eins og fleiri okkar sem þá vorum með honum í flokki á þingi.

Af okkar hálfu færir slík breyting kerfið að vissu leyti í áttina til þess að vera fremur raunskattlagning, vegna þess að það má líta þannig á að skattleysismörkin komi til móts við það að tekið yrði sama hlutfall af öllum vaxtatekjum, bæði verðbótum og vöxtum. Með því yrði um nafnvaxtaskattlagningu er að ræða, t.d. í tilviki óverðtryggðra reikninga. Það mætir því að á tímum nokkurrar verðbólgu er að sjálfsögðu stundum verið að skattleggja litlar sem engar og jafnvel neikvæðar raunvaxtatekjur.

Það er engin ástæða til að óttast að þótt þessi breyting verði gerð muni hún sem slík leiða af sér að menn reyni að flýja með fjármagn sitt úr landi. Það er borðleggjandi, þegar þetta er skoðað og borið saman við önnur lönd, að umhverfið hér yrði áfram hagstætt, a.m.k. að þessu leyti. Umhverfið er hagstætt að flestu leyti öðru. Hér er t.d. skattur á hagnað lögaðila, hagnað fyrirtækja, mjög lágur. Hér er að því leyti eitt lægsta skatthlutfall sem finnst innan OECD, þau 18% sem þetta er komið niður í í dag.

Hvort sem við skoðum skattlagningu á hagnaði sem til fellur vegna umsvifa í atvinnurekstri eða skattlagningu á prívatfjármagnstekjur manna þá verður skattaumhverfið áfram mjög hagstætt. Það er af öðrum ástæðum sem menn taka til fótanna með fé sitt og setja sig niður erlendis, eins og reyndar er mjög í tísku. Fróðlegt væri fyrir menn að velta fyrir sér hve stór hluti af stærstu mógúlum íslensks viðskiptalífs í dag hefur flutt lögheimilið úr landi á undanförnum missirum. Sögð eru risin upp hverfi í nálægum löndum fyrir íslenskar auðmannafjölskyldur þar sem jafnvel eru komnir íslenskir barnaskólar. Það er ekki vegna þess að skattaumhverfið á Íslandi sé að hrekja menn á brott, þvert á móti. Það er af einhverjum öðrum ástæðum að Ísland er orðið of lítið fyrir þessa stóru karla.

Frumvarpið gengur einnig í þá átt, herra forseti, að færa örlítið til, þótt í litlu sé, og til baka skattbyrðina eins og henni hefur verið dreift í landinu og hún hefur færst til undanfarin ár. Hvert hefur skattbyrðin færst, herra forseti? Hún hefur færst frá háum launum, frá stórum og miklum eignum og hagnaði í atvinnurekstri. Hún hefur ekki gufað upp. Nei, hún hefur færst á lág laun, meðaltekjur og veltuskatta. Ríkissjóður hagnast á neyslu og mikilli eyðslu í þjóðfélaginu, bæði í gegnum virðisaukaskattskerfið, tolla og aðflutningsgjöld og annað í þeim dúr.

Með þessu væri örlítill hluti skattbyrðarinnar aftur færður á þá sem hafa miklar tekjur af fjármagni. Útreikningarnir sem liggja til grundvallar sýna mjög vel að fámennur hópur einstaklinga er kominn til sögunnar í landinu sem hefur gríðarlegar tekjur af fjármagni. Annars mundi þessi kerfisbreyting, þrátt fyrir upptöku skattleysismarka gagnvart lágum fjármagnstekjum, ekki skila jafnmikilli raunaukningu og raun ber vitni.

Það er ósköp einfaldlega hægt að gera kerfisbreytingu sem gerir þorra einstaklinga í landinu skattfrjálsan hvað varðar fjármagnstekjur en nær um leið viðbótartekjum í ríkissjóð upp á 3 milljarða kr. með því einu að hækka hlutfallið úr 10% í 18% og taka upp þessi frítekjumörk gagnvart fjármagnstekjum. Ástæðan fyrir því að það er hægt er einfaldlega sú að fámennur hópur hefur gríðarlega háar tekjur. Það gerir í blóðið sitt þegar prósentan er hækkuð eins og raun ber vitni.

Hvernig á að nota þær tekjur sem til falla með þessum hætti? spurði hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Er þetta endilega rétt ráðstöfun? Ég skildi það svo að hann væri annars vegar að spyrja um það fé sem vissulega fer í að búa til skattleysismörkin gagnvart fjármagnstekjum og jafnvel hvað ætti að gera við afganginn upp á 3 milljarða. Það er

nóg með það að gera, hv. þm.

Við höfum barist fyrir því á þingi og í stjórnmálum landsins í nokkur ár, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, að gera fyrsta skólastigið í landinu gjaldfrjálst eins og hin, að leikskóladvöl verði gjaldfrjáls og menn þurfi ekki að borga 30–50 þús. kr. á mánuði fyrir börn sín á undirstöðuskólastiginu, leikskólanum. Þeir 3 milljarðar kr. sem þarna kæmu til sögunnar gerðu meira en að mæta öllum innheimtum leikskólagjöldum í landinu ef því væri að skipta. Með þeirri einu breytingu værum við búin að fjármagna það stóra framfara-, réttlætis- og jafnaðarmál gagnvart ungu barnafjölskyldunum í landinu. Leikskóladvölin væri ekki byggð á gjaldtöku sem fellur svo skyndilega niður þegar börnin verða sex ára og byrja í grunnskóla.

Talandi um samþættingu skólastiganna í landinu þá sjá allir hversu hróplega ranglátt þetta er, sérstaklega þegar horft er til stöðu fjölskyldnanna. Fáir deila um að staða yngstu barnafjölskyldnanna sem eru að koma úr skóla sé einna erfiðust, að koma sér upp þaki yfir höfuðið og jafnframt með háa tekjutengda endurgreiðslu námslána á bakinu.

Svo eitt dæmi sé nefnt væri þarna tilvalin ráðstöfun á fjármunum af þessari stærðargráðu og þarf ekki einu sinni allt til. Þetta mætti gera eins og við leggjum til í þingmáli okkar, að í samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga yrðu færðar til tekjur þannig að sveitarfélögin geti í áföngum horfið frá innheimtu leikskólagjalda, t.d. með því að ríkið létti af þeim greiðslu húsaleigubóta. Þær yrðu færðar inn í skattkerfið og samræmdar vaxtabótum. Úr yrði samræmdur húsnæðisstuðningur við fólk sem væri sem hlutlausastur gagnvart því hvort menn kaupa sér húsnæði eða leigja.

Að lokum aðeins um launamun og tilgang skattkerfisins í landinu.

Hv. þm. Pétur Blöndal hélt hér gamalkunnuga ræðu og rökstuðning fyrir því sem hann kallar eðlilegan launamun. Það var helst á honum að heyra að markaðurinn væri óskeikull í þeim efnum og skattkerfið ætti ekki á nokkurn hátt að skipta sér af því, t.d. með því að menn borgi eftir efnum. Það hafa nú þótt gömul og góð sannindi lengi á Íslandi að menn borgi eftir efnum og ástæðum eins og kallað er, að reynt sé að hlífa þeim við útgjöldum og greiðslum sem engin efnin hafa, en hinir leggi meira af mörkum. Þegar talað er um eðlilegan launamun, hvað eiga menn þá við? Eiga menn við hann eins og hann var á Íslandi fyrir kannski 10–15 árum? Það eru rétt rúm 20 ár síðan, herra forseti, að hér var á þingi maður sem flutti þingsályktunartillögu um að setja ætti ramma utan um launamuninn þannig að það væri bannað að hann væri meira en tvöfaldur, að enginn maður skyldi hafa meira en tvöföld laun annars, að það væri nóg, meira en nóg til þess að taka tillit til þessara þátta sem hv. þm. Pétur Blöndal var að nefna um hæfni manna og dugnað og hvað það nú var. Launamunur á Íslandi var talinn svona þrefaldur til fjórfaldur. Það þekktust ekki miklu hærri laun en fjórföld, fimmföld almenn laun þangað til fyrir svona tíu árum síðan. En hver er hann í dag? Nú er mjög algengt í meðalstórum, svo ekki sé nú talað um í stærstu fyrirtækjum landsins, að forstjórarnir og æðstu yfirmenn hafi tífföld til tuttuguföld laun almennra starfsmanna í fyrirtækinu. Þannig er þetta komið á Íslandi og þykir ýmsum nóg um. Er það það sem hv. þm. Pétur Blöndal kallar eðlilegt að forstjórinn hafi laun á við 30 almenna starfsmenn í fyrirtækinu? Eru þeir nú misduglegir og missnjallir forstjórarnir eins og kunnugt er. Eða viljum við fara alla leið til Bandaríkjanna þar sem samkvæmt könnun í fyrra höfðu forstjórar 100 stærstu bandarísku fyrirtækjanna að meðaltali fjögur hundruð og fimmtán til tuttuguföld laun almennra starfsmanna í sömu fyrirtækjum. Hver forstjóri var svona geysilega duglegur og verðmætur að hann var 415 manna maki. Er það það sem hv. þm. Pétur Blöndal kallar eðlilegan launamun sem ekki eigi að hrófla við með tekjujafnandi skattkerfi? Það er hugarheimur sem ég á ákaflega erfitt með að samsama mig í öllu falli, herra forseti.

Ég minni aftur á að þetta frumvarp snýst fyrst og fremst um það að hvaða marki hinar hreinu tekjur sem fjármagnið er að færa mönnum eru skattlagðar, til viðbótar því sem þeir eru vonandi að vinna fyrir með höndum og höfði, þeir sem eru í aðstöðu til þess.

Það var að sjálfsögðu skref fram á við í sjálfu sér þegar menn komust að þeirri niðurstöðu fyrir um áratug síðan að auðvitað væri fráleitt annað en skattleggja svona gróða sem á Íslandi hafði fram að því verið að hluta til skattfrjáls. Menn völdu að vísu þá skrýtnu leið að færa hlutafjáreigendum og þeim sem voru að fá greiddan arð gífurlega jólagjöf í formi skattalækkunar því slíkar tekjur höfðu áður verið skattlagðar með vissum frávikum eins og almennar launatekjur. Því var fírað á einu bretti úr yfir 40% skatti og niður í 10%. Þetta var einhver stærsta jólagjöf til stóreignamanna sem nokkurn tímann hefur verið afhent á Íslandi. Það að lækka sérstaklega hátekjuskattinn, sem er jólagjöf ríkisstjórnarinnar núna árlega til þeirra sem mest hafa þörfina eða hitt þó heldur, er bara brot af því sem þá fór fram.

Þetta var að sjálfsögðu upphafið og það þýðir ekki að það beri að standa óbreytt um aldur og ævi. Það er meira en tímabært að taka nú til skoðunar hvort ekki sé rétt að halda áfram að þróa þetta kerfi og breyta því. Það erum við að leggja hér til og ég vona svo sannarlega að þetta mál fái ásamt með öðrum sem tilheyra skattasviðinu vandaða skoðun á þessu þingi.

[11:50]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Skattaumræða er alltaf mjög þörf. Þannig skil ég skattamál að þau eigi ekki einvörðungu að afla ríkinu tekna heldur eigi þau að gera það á sem jafnastan hátt fyrir þá sem greiða skatta. Þess vegna er þetta mjög þarft þingmál sem hv. flutningsmenn eru hér að hreyfa og margir hafa rætt það.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á að þeir væru að hreyfa þessu máli í þeim tilgangi að það yrði skoðað og þessi umræða er auðvitað innlegg í það.

Mig langar að spyrja hv. þingmann: Nú tala þeir hér um að hækka þennan skatt í 18%. Hafa þeir skoðað einhver önnur þrep eða prósentutölu í því sambandi?

[11:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurninguna og vissar undirtektir við þetta mál. Það kemur mér ekki á

óvart þar sem hv. þingmaður er góður jafnaðarmaður og horfir til skattkerfisins með svipuðu hugarfari eða í gegnum svipuð gleraugu og við hv. þm. Ögmundur Jónasson gerum og höfum gert hér í umræðunni, að það hafi þann tvíþætta tilgang að afla tekna en líka að gera það á réttlátan og sanngjarnan hátt og jafna frekar en hitt aðstöðu manna í samfélaginu.

Á bak við átján prósentin eru kannski þau þríþættu rök að þetta er sama hlutfall og skattlagning á hreinum hagnaði lögaðila. Eitt af því sem menn hafa verið að ræða og horfa til er að færa þessar prósentur nær hver annarri þannig ekki sé of mikil gjá á milli, við skulum segja þá í fyrsta lagi skattlagningar fjármagnstekna, í öðru lagi skattlagningar hagnaðar fyrirtækja og í þriðja lagi skattlagningar launatekna. Það að þarna sé mjög langt bil á milli hefur ókosti í för með sér. Á þetta bentum við rækilega þegar verið var að lækka skattprósentu fyrirtækjanna, þ.e. að það mundi leiða til þess að menn færu að reyna að færa hagnað sinn úr launum yfir í hagnað í formi uppgjörs fyrirtækis. Það hefur auðvitað komið á daginn samanber gríðarlegan fjölda einkahlutafélaga.

Önnur rök eru einfaldlega þau að með þessum tveimur breytingum, annars vegar skattleysismörkunum sem kosta vissa peninga og hins vegar prósentu sem er á þessu róli þá næst þessi tvíþætti tilgangur. Annars vegar hlífum við lægsta sparnaðinum. Hins vegar fáum við nokkrar viðbótartekjur upp á um það bil 3 milljarða króna. Það var því okkar markmið jafnframt að kerfið gæti skilað ríkissjóði allmiklum viðbótartekjum og við settum mörkin þarna. Við töldum að það væri ekki fjarri lagi.

Í þriðja lagi held ég að þetta sé að mörgu leyti réttlát prósenta. Hún er í lægri kanti miðað við það sem gerist í löndum í kringum okkur þannig að við erum enn þá prýðilega samkeppnisfær ef svo má að orði komast. Það eru því ýmis rök sem leiða til þess að við erum á þessum slóðum.

[11:53]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni prýðileg svör. Hjarta okkar liggur nú á svipuðum stað í þessum jafnaðarmálum.

Það er auðvitað af þeirri ástæðu sem Samfylkingin hefur lagt hér til á þinginu að lækka virðisaukaskattsprósentu á matvælum og nauðþurftum úr 14% í 7%. Það er til að jafna kjör manna.

Ég vil ítreka það varðandi það frumvarp sem hér er til umræðu að hugsun þess er góð. Auðvitað geta menn deilt um þessar prósentur. En ég fagna framkomu þess og vænti þess að það fái góða afgreiðslu á þinginu.

[11:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka aftur viðbrögð hv. þingmanns. Út af fyrir sig, þó það sé kannski ekki beint svar við andsvari hans, þá er það alveg hárrétt að hér er talsverð umræða upp hafin um skattamál. Nú er tillöguflutningur á þingi með líflegra móti leyfi ég mér að segja. Hann er sjálfsagt að einhverju leyti í samhengi við það að skattamál fengu mikla athygli í aðdraganda síðustu kosninga og hæstv. ríkisstjórn er þar með ýmis plön uppi. Þetta leiðir svo hugann að því að ef menn væru að vinna að þessum hlutum á Íslandi virkilega yfirvegað og almennt þá hefðu þeir auðvitað sett niður einhvers konar meiri háttar starfshóp með helst aðild allra flokka sem hefði farið rækilega yfir það hvaða áherslur í skattkerfinu er nú um stundir skynsamlegt að hafa uppi, hverju við viljum breyta. Þá á auðvitað að líta á þetta allt saman, ekki bara rjúka til með kosningaloforð og segja sisona: „Við ætlum að lækka tekjuskatt." Og það langt inn í framtíðina án þess að vita hvernig hún verður að öðru leyti.

Síðan eru menn hér með virðisaukaskattinn undir. Hér eru þingmál frá bæði ríkisstjórn og Samfylkingunni um það. Hér er skattlagning fjármagnsteknanna þannig að allt ber það að sama brunni. Auðvitað hefði verið langæskilegast að vinna rækilega kortlagningu á stöðu skattkerfisins og þeim breytingum sem þar væri skynsamlegt að gera, í tekjuskatti, í fjármagnstekjuskatti, í veltusköttum, virðisaukaskatti, tollum, aðflutningsgjöldum o.s.frv. Síðan eru ýmsir minni skattar sem mættu kannski missa sín eins og stimpilgjöld og annað í þeim dúr.

Þetta er okkar innlegg og reyndar ekki það einasta því fleiri þingmál eru væntanleg frá okkur sem varða skattamál og tekjugrundvöll bæði ríkis og sveitarfélaga. Mér sýnist allt stefna í að hin háæruverðuga efnahags- og viðskiptanefnd þingsins fái nokkuð að starfa í vetur og vonandi fá þessir hlutir allir góða skoðun þar.

[11:56]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér finnst að þessi umræða hafi um margt verið ákaflega fróðlegt og hún er þörf. Hún hefur líka leitt í ljós ákveðinn grundvallarágreining millum stjórnar og stjórnarandstöðu varðandi megintilgang skattkerfisins.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, er einn helsti talsmaður ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Hans viðhorf er bersýnilega það að skattkerfið sé fyrst og fremst til tekjuöflunar en með engu móti beri að nota skattkerfið til jöfnunar. Það er grundvallarmunur á þessu viðhorfi annars vegar og hins vegar því viðhorfi sem að minnsta kosti Samfylkingin og félagar okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hafa til skattkerfisins. Við lítum svo á að skattkerfið sé ekki síður til jöfnunar. Reyndar höfum við litið svo á að skattkerfið sé eins konar frumáveita og frá því renni í gegnum það og frá uppsprettu þess renni síðan straumar fjármagns sem eiga að fara til þess að styðja ýmsa þá sem þurfa tímabundið eða varanlega á því að halda, í gegnum húsnæðiskerfið, í gegnum heilbrigðiskerfi, í gegnum menntakerfi og í gegnum almannatryggingabótakerfið. Að þessu leyti má segja að þetta sé eins og pólitísk Flóaáveita. Þetta hefur alltaf verið skilningur okkar. Við erum stoltir af því að vera í senn bæði arkitektar og smiðir að þessu kerfi. Þar af leiðandi kemur það líka oftar en ekki í okkar hlut að leiðrétta hugsanlegar skekkjur sem koma fram í burðargrind kerfisins.

Almennt vil ég segja, herra forseti, að umræða um skattamál á sér ýmsa ástæður nú um stundir. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rakti nokkrar. Það er alveg rétt hjá honum að mikil umræða var um skattamál í aðdraganda kosn-

inganna. Það stafaði ekki síst af því að Sjálfstæðisflokkurinn var að tapa þeim kosningum og tapaði þeim. Hann tapaði 7%, ef ég man rétt, í þeim kosningum og gerði á síðustu metrum kosningabaráttunnar örvæntingarfulla tilraun til þess að kaupa sér atkvæði með gylliboðum um skattalækkanir upp á 30 milljarða. Engin merki eru þess að að standa eigi við öll þau orð og þau loforð sem Sjálfstæðisflokkurinn lagði þá fram. Hins vegar hefur fæðst lítil mús og þessi litla mús er 1% í tekjuskatti. Það á að lækka tekjuskatt um 1%. En jafnvel þó það sé gert er skattheimtan undir forustu Sjálfstæðisflokksins í dag enn meiri en þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sat með þáverandi félaga sínum og fjármálaráðherra, Ólafi Ragnari Grímssyni, í ríkisstjórn 1990. Skattheimtan sem Geir H. Haarde fjármálaráðherra stendur fyrir er enn hærra hlutfall af landsframleiðslu en þegar Ólafur Ragnar Grímsson var fjármálaráðherra.

Þetta er dálítið athyglisvert að skoða, herra forseti, og ekki síst fyrir hæstv. forseta sem hefur ákaflega mikinn áhuga á skattasögunni eins og fram hefur komið í umræðunum um skattamál síðustu daga. Ekki ætla ég samt að fara frekar út í það.

Ástæðan fyrir þessari skattaumræðu er í fyrsta lagi loforð Sjálfstæðisflokksins. Í öðru lagi þessi mikla skattheimta sem hefur átt sér stað undir forustu Geirs H. Haardes og í þriðja lagi sá vöxtur sem hefur verið í hagkerfinu og vekur spurningar um það hvort ekki sé svigrúm til skattalækkana.

Mig langar aðeins að dvelja við það sem ég nefndi hér til sögunnar sem aðra orsök þessarar umræðu, þ.e. hina miklu skattheimtu sem Geir H. Haarde hefur staðið fyrir, og Sjálfstæðisflokkurinn.

Það kom fram undir lok síðasta kjörtímabils í svari við fyrirspurn frá Rannveigu Guðmundsdóttur, hv. þm. Samfylkingarinnar, að skattheimta hefði í öllum tekjuflokkum, bæði hjá einstaklingum og hjónum, aukist frá 1995 til loka kjörtímabilsins 2003. Sá sem staðfesti þetta var enginn annar en hæstv. fjármálaráðherra. Geir Haarde staðfesti það sem sagt að á því tímaskeiði sem hinn mikli skattalækkunarflokkur, Sjálfstæðisflokkurinn, hefði haft forustu í fjármálum hefði skattheimta af landsmönnum aukist.

Það eru auðvitað mikil tíðindi og merkileg að fjármálaráðherrann skyldi undir lok kosningabaráttunnar neyðast til að staðfesta þetta. Þetta eru hins vegar rök fyrir því að við skoðum það kirfilega hvort ekki sé hægt að lækka skatta.

Þá kem ég að því sem ég vildi ræða: Er svigrúm til skattalækkana? Ég held að svigrúm til skattalækkana sé að skapast. Forsendurnar sem Samfylkingin hefur gefið sér fyrir stuðninginn við einhvers konar skattlækkanir eru í fyrsta lagi að þær leiði ekki til niðurskurðar í velferðarkerfinu. Þá er ég að tala um menntakerfið og heilbrigðiskerfið fyrst og fremst. Í öðru lagi mega skattalækkanir ekki leiða til þess að hér skapist óhófleg þensla í efnahagslífi sem kunni að valda brothættri stöðu, kunni að valda áhlaupi á gengið með tilheyrandi verðbólgu og rýrnun kaupmáttar í framhaldi af því.

Þegar okkar ágætu félagar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði koma með tillögur virði ég það auðvitað. Mér finnst skiljanlegt að menn kanni þessa leið til að afla frekari tekna fyrir ríkið. Sá þingmaður sem nú situr í stóli hæstv. forseta, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hefur, eins og ég hef þegar á þessum morgni sagt einmitt, verið að velta fyrir sér þeim möguleikum að skapa svigrúm með því að hækka fjármagnstekjuskatt til að aflétta fjármagnstekjuskatti af tugum þúsunda einstaklinga sem borga af smáum upphæðum sem viðkomandi eiga í bönkum og fjármálastofnunum. Það er sjálfsagt að skoða þetta.

Ég hjó eftir því að hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs telja hins vegar nauðsynlegt að fá þessar tekjur inn í ríkissjóð til þess að standa straum af ýmsum nýmælum og ýmsum endurbótum á velferðarkerfinu. Ég vil nefna t.d. gjaldfrjálsan leikskóla. Ég vil þá lýsa því yfir fyrir hönd Samfylkingarinnar, frú forseti, að Samfylkingin styður það að allur leikskólinn verði gjaldfrír. Þetta er stefnumið sem jafnaðarmenn á Norðurlöndum hafa barist fyrir árum saman. Það var mér sérstakt gleðiefni að Vinstri hreyfingin – grænt framboð skyldi taka þetta upp á sína stefnuskrá í kjölfar þess að systur okkar og bræður í Svíþjóð undir forustu Görans Perssons höfðu gert þetta að sterku baráttumáli í síðustu kosningum í Svíþjóð. Hér er um að ræða sameiginlegt baráttumál jafnaðarmanna allra flokka á öllum Norðurlöndunum.

Spurningin er þessi: Er staðan þannig að það þurfi sérstaka skattahækkun til að standa straum af þessu nýmæli? Án þess að ég sé að hafna því sem kemur fram í frumvarpinu tel ég þó að staðan í efnahagslífinu sé slík að það sé líklegt að tekjur ríkisins muni vaxa mjög á næstu árum og svigrúm skapist til þess að ráðast senn í nýmæli af þessu tagi en hugsanlega líka að fara í einhvers konar skattalækkanir. Við þurfum ekki annað en að skoða kjörtímabil sem er fjögur ár og velta fyrir okkur hver tekjuaukning ríkisins af hagvexti sé. Ef hagvöxtur er áætlaður 3% sem er viðunandi hagvöxtur þýðir það einfaldlega að landsframleiðslan eykst á kjörtímabili um 11%. Það þýðir miðað við upphaf þessa kjörtímabils að landsframleiðslan er 90 milljörðum meiri í lok kjörtímabilsins á ári en í upphafi. Það þýðir að á síðasta ári kjörtímabilsins verða árlegar tekjur ríkisins af þessari auknu veltu líklega 30 milljörðum meiri en í upphafi þess. Maður skyldi ætla að þarna væri borð fyrir báru þrátt fyrir þá óráðsíu og eyðslu sem því miður sést oft hjá þessari ríkisstjórn.

Það situr ekki bara við þetta. Þessi tekjuaukning miðast við 3% hagvöxt. Við sjáum hins vegar að hagvöxtur er snöggtum meiri en þau 3% sem menn voru að gera skóna hér fyrir kosningar. Kosningaloforð ríkisstjórnarflokkanna voru sett fram síðla vetrar í kjölfar þess að komið hafði fram hagvaxtarspá í desember 2002. Sú hagvaxtarspá gerði ráð fyrir 2,65% í hagvöxt. Munurinn á þeirri spá og hinni sem núna er unnið eftir er hins vegar svo mikill að viðbótartekjur ríkissjóðs umfram fyrri spár munu samanlagt á kjörtímabilinu nema 40–60 milljörðum kr. Þá er ég ekki að tala um á ári heldur samanlagt yfir kjörtímabilið.

Þetta þýðir, frú forseti, að það er borð fyrir báru til að gera þrennt, greiða niður skuldir ríkissjóðs, standa straum af nýmælum eins og gjaldfrjálsum leikskóla og líka lækka skatta.

Ef vel er á málum haldið og ef ekki er fylgt þeirri framúrkeyrslustefnu sem einkennt hefur ríkisfjárlög undir stjórn hæstv. fjármálaráðherra Geirs H. Haardes á að vera hægt að lækka skatta. Þá komum við að meginefni þessarar umræðu

sem er skattastefnan.

Hér má segja að á síðustu dögum hafi komið fram viðhorf a.m.k. þriggja flokka í þeim efnum. Ég segi þriggja flokka vegna þess að ég hef tilhneigingu til að líta á Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn nánast sem (Gripið fram í.) einn og sama flokk. Hinn ágæti og prýðilega efnilegi þingmaður Birkir Jónsson mótmælir þessu með frammíkalli. Auðvitað er súrt fyrir svo æskubjartan þingmann að hann skuli vera lentur í þeim hremmingum að vera eins konar botnlangi á Sjálfstæðisflokknum. Ég ætla ekki að ræða þau örlög hans frekar hér í þessari ræðu.

Það eru uppi þrír valkostir. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur mælt fyrir einni stefnu sem felst í því að hækka skatta. Hann telur að það þurfi að hækka skatta og fer þá leið að vilja hækka fjármagnstekjuskatt fyrst og fremst á fyrirtæki. Slík skattahækkun, ef skattahækkun er á annað borð nauðsynleg, er sú sem kemur minnst við og er hagkvæmust einstaklingunum, borgurunum í landinu. Ég er ekki viss um að þeirrar skattahækkunar sé þörf til að standa straum af þeim nýmælum sem hv. þm. var að tala um.

Í öðru lagi er það síðan stefna ríkisstjórnarinnar. Í hverju felst hún? Jú, hún felst í því að lækka tekjuskattsprósentuna um 1%. Það felur í sér að þeir sem hafa mest fá mest í sinn vasa. Þeir sem hafa minnst fá minnst í sinn vasa. Það eru dæmi um þá sem hafa svo lítið að þeir verða að lifa af bótum almannatryggingakerfisins og geta þó vart dregið fram lífið. Þeir fá ekki neitt.

Sú stefna sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um skattamál í fjárlagafrumvarpinu, sem er sennilega ósanngjarnasta fjárlagafrumvarp sem hér hefur lengi verið lagt fram, felur það í sér að sá sem fær 100 þús. kr. í tekjur á mánuði fær sem svarar tæplega tveimur bíómiðum í skattalækkun á mánuði. Grunnskólakennarinn sem er að berjast í verkfalli fær í skattalækkun á mánuði sem svarar tæplega bleyjupakka. Ofurforstjórinn, maður eins og Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Landssímans, ríkisfyrirtækisins, maður sem er með fast í 2 millj. í tekjur á mánuði, fær sem svarar í skattalækkun frá ríkisstjórninni sólarlandaferð í hverjum mánuði. Þetta er ójöfnuður.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur sýnt fram á það með tölum hér úr þessum ræðustól að sá fjórðungur sem hefur hæstu launin í samfélaginu í dag fær u.þ.b. helming í sinn vasa af öllum þeim upphæðum sem renna til skattalækkunar. Með öðrum orðum er ríkisstjórnin að verðlauna hálaunamenn — fyrir stuðning sinn væntanlega. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur fallist á það í umræðum við þingmenn Samfylkingarinnar að til séu leiðir sem hafa í för með sér miklu meiri jöfnuð.

Svo er leið Samfylkingarinnar, það er þriðja leiðin. Sú leið felst í því að lækka matarskattinn. Sá þingmaður getur vart verið í þessum sölum sem er á móti því að lækka matarskattinn, ekki nema þeir sem eru keyrðir undir vilja flokksforustu sem af einhverjum undarlegum og óskiljanlegum ástæðum er á móti því að lækka matarskattinn. Ég á hér auðvitað við hæstv. forsætisráðherra, formann Framsóknarflokksins, sem er á móti því að lækka matarskattinn. Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn í þessum sölum sem er á móti því að lækka matarskattinn.

Samfylkingin hefur lagt fram þá stefnu í skattamálum að það sé höfuðatriði að lækka virðisaukaskatt úr 14% í 7% á því sem skilgreina má sem brýnar nauðþurftir. Það leiðir til þess að allir fá eitthvað í sinn hlut en þeir hlutfallslega mest sem hafa úr minnstu að spila. Hvernig stendur á því, frú forseti? Jú, það er alveg sama hvaða tekjur við höfum, við þurfum öll að kaupa okkur brýnar nauðþurftir eins og mjólk, kjöt, fisk, brauð, ýmiss konar mjölmat, grænmeti, ávexti. Við getum ekki lifað án þess að kaupa þennan varning, þetta eru brýnar nauðþurftir. Því lægri tekjur sem við höfum til ráðstöfunar, því hærra hlutfall af þeim fer til þess að standa straum af þessum nauðþurftum. Þegar verðið á þeim er lækkað kemur það þess vegna hlutfallslega best við þá sem hafa minnst. Þessi sannindi féllst meira að segja hv. þm. Pétur H. Blöndal á í samtali í sjónvarpi við hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Hv. þm. er nú flúinn úr salnum undir þessari ræðu þannig að ég get ekki tekið upp talið við hann núna.

Það sem er auðvitað sárgrætilegast í þessu, frú forseti, er staðreyndin að Sjálfstæðisflokkurinn hefur lýst stuðningi við það að lækka matarskattinn, stjórnarandstaðan er reiðubúin til að taka höndum saman til þess að lækka matarskattinn en það er bara einn flokkur sem stendur gegn því að lækka matarskattinn. Það er Framsóknarflokkurinn, það er flokkur forsætisráðherra og það er flokkur hv. þm. Birkis J. Jónssonar sem væntanlega kemur hingað og reynir með einhverjum hætti að bæta úr yfirsjón og syndum formanns síns. En af því að hann er ungur og vaskur á sá hv. þm. að láta samviskuna og hjartað tala. Hann á að fara gegn flokksforustu sinni vegna þess að hann er ærlegur eins og flestir Siglfirðingar. Hann á að koma hingað og styðja Samfylkinguna í því að lækka matarskattinn.

[12:13]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem upp til að leiðrétta málflutning sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingar, viðhafði hér um stefnu Framsóknarflokksins í skattamálum þar sem hann fullyrti að Framsóknarflokkurinn væri á móti lækkun matarskattsins. Slíkt er ekki rétt. Ég held að hv. þingmaður finni ekki þau orð töluð úr þessum ræðustóli þar sem einhver af forustumönnum Framsóknarflokksins hefur gefið það í skyn að við værum sérstaklega á móti lækkun matarskattsins.

Þessi fullyrðing um að lækkun matarskattsins komi jafnt við alla þjóðfélagsþegna er dálítið merkileg. Ég veit ekki hvar hv. þm. Össur Skarphéðinsson er alinn upp en ég hef ekki orðið var við það að lágtekjufólk eyði jafnmiklum fjármunum í matarinnkaup og hátekjufólk. Ég hef ekki orðið var við það. (Gripið fram í.) Ég hef ekki orðið var við að lágtekjufólk fari í sérverslanir og kaupi sér lambalundir og lambafillet eins og kannski bankastjórinn gerir. Þannig er íslenskur veruleiki.

Stefna Framsóknarflokksins í málefnum þeirra sem tekjulægri eru, barnafólks hér á landi, er sú að auka barnabætur sem eru tekjutengdar í eðli sínu. Stjórnarandstaðan er reyndar á móti henni. Hún er á móti tekjutengingum en þannig viljum við koma allt að 3 milljörðum sérstaklega til þess barnafólks sem hefur úr hvað minnstum fjármunum að spila. Þetta er skattapólitík Framsóknarflokksins. Ef hv.

þm. ætlar að standa hér og segja að lágtekjumaður eyði jafnmiklu í sína matarkörfu og hátekjumaður er það rangt. Það er ekki íslenskur veruleiki og við vitum öll, allir hv. þm. sem hér erum, að slíkt er rangt.

Við skulum hækka barnabætur til hagsbóta fyrir lágtekjufólk, til hagsbóta fyrir barnafjölskyldur.

[12:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var eitthvert aumasta yfirklór sem ég hef séð hjá nokkrum framsóknarmanni og er þó miklu til að jafna í þeim efnum. (Gripið fram í.) Ég sagði ekki að lágtekjufólk eyddi meira en hátekjufólk í brýnustu nauðþurftir. Ég sagði hins vegar, og það er auðvelt að sýna fram á það eins og hefur verið gert, að lágtekjufólk eyddi hærra hlutfalli af ráðstöfunartekjum sínar í nauðþurftir en hátekjufólk. (**BJJ:** Rétt.) Lágtekjufólk getur ekki farið í sérverslanir til að kaupa sér lambalundirnar sem hv. þm. ræddi hér um.

Nú ætla ég að rifja upp nokkrar staðreyndir úr sögu Framsóknarflokksins fyrir hv. þingmanni. Hann talaði um að Framsóknarflokkurinn vildi efla barnabótakerfið. Frá 1995–2003 plokkaði Framsóknarflokkurinn sem svaraði samanlagt á þessu tímabili 11,3 milljörðum af barnafólki í landinu með því að greiða minna í barnabætur. Þegar ég og hv. þm. sem nú situr í forsetastóli, hæstv. forseti Jóhanna Sigurðardóttir, stigum út úr ríkisstjórn um miðjan síðasta áratug voru barnabætur 1% af landsframleiðslu. Þegar hæstv. félagsmálaráðherra Páll Pétursson, með aðstoðarmanninn Birki Jón Jónsson, hafði verið nokkur ár í félagsmálaráðherrastóli — steig úr honum í kosningunum 2003 — voru barnabætur komnar niður í 0,55% af landsframleiðslu. Það var að vísu aðeins gefið í á því ári þannig að hlutfallið fór upp í 0,72% af landsframleiðslu.

Framsóknarflokkurinn lofaði ótekjutengdum barnabótum til allra barna til 16 ára aldurs. Hvar eru efndirnar? Ekkert nema svik og blekkingar.

Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn sem kemur í veg fyrir að matarskatturinn lækki. Því getur hv. þm. ekki neitað. Það hefur verið staðfest á þessum degi af hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, úr þessum ræðustól.

[12:18]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hann er merkilegur, þessi söngur Samfylkingarinnar um árangur framsóknarmanna í barnabótakerfinu. Það eru ótekjutengdar barnabætur fyrir börn sjö ára og yngri sem nema um 30 þús. kr. á ári sem allir fá. Þegar það niðurskurðartal sem hv. þm. hóf í gær, og Samfylkingin hefur reyndar viðhaft hér í umræðum um fjárlög og önnur skattamál í upphafi þessa þings, er viðhaft vil ég benda á að á síðustu þremur árum hafa Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn aukið framlög á hverju ári sem nemur 500 millj. Það er 500 millj. kr. aukning á ári síðustu þrjú ár, einn og hálfur milljarður til barnabóta.

Þegar við heitum því að verja allt að 3 milljörðum til viðbótar til barnabótakerfisins kemur hv. þm. og talar um niðurskurð. Slíkt er ekki rétt.

Ég viðhafði aldrei þau orð hér að lágtekjufólk eyddi meira í matvöru en hátekjufólk. Það er útúrsnúningur. Við getum verið sammála um það, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að lágtekjufólk eyðir hlutfallslega meira af tekjum sínum í sína matarkörfu. Kemur það sér þá ekki best að verja þessum fjármunum, þessum 3 milljörðum og þessum eina og hálfa milljarði sem Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa lagt til barnabótakerfisins, þar sem þeir gagnast hlutfallslega best, þ.e. hjá íslenskum fjölskyldum, barnafólki og lágtekjufólki? Er Samfylkingin á móti því? Ég stórefa að Samfylkingin verði á móti þessu góða máli.

Þegar menn eru í pólitík, í stjórnarandstöðu, glepjast þeir oft í pólitískt yfirboð. Þeir lofa lækkun á stimpilgjöldum, lækkun skatta, lækkun á skattleysismörkum, lækkun á matarskatti og svo má áfram telja en þetta eru eintóm yfirboð.

[12:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. er kjarkaður að hætta sér út í umræðu um frammistöðu Framsóknarflokksins varðandi barnabætur. Þegar ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fórum úr ríkisstjórn um miðjan síðasta áratug voru greiddar ótekjutengdar barnabætur til allra barna að 16 ára aldri. (**BJJ:** Þá var enginn fjármagnstekjuskattur, enginn.) Í dag eru greiddar ótekjutengdar barnabætur til barna upp að sjö ára aldri. Það var flokkur sem afnam það. (**BJJ:** Það var enginn fjármagnstekjuskattur.) Það var flokkur hv. þingmanns. Sami flokkur lofaði því fyrir síðustu kosningar að auka þetta þannig að greiddar yrðu ótekjutengdar barnabætur til 16 ára aldurs. Hann hefur svikið það.

Það var flokkur hv. þingmanns, Framsóknarflokkurinn, sem plokkaði sem svaraði 11,3 milljörðum af barnabótum, plokkaði sem samanlagt nam 11,3 milljörðum af íslenskum barnafjölskyldum á tímabilinu 1995–2003. Svo kemur fulltrúi þessa flokks og ber sér á brjóst yfir frammistöðunni. Nú ætlar hann að skila svolitlu af ránsfengnum til baka og hann er stoltur af því.

Menn eiga að tala um svona í lokuðum herbergjum ef þeir ætla að monta sig af þessu. Menn eiga ekki að koma hingað og bera svona vitleysu á borð fyrir þjóðina.

Það breytir ekki hinu að við vorum hér að ræða um matarskatt. Í því máli er einungis ein staðreynd og hún er þessi: Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn sem hefur komið í veg fyrir að hægt sé að lækka matarskattinn og þar með verð á brýnum nauðþurftum.

Það kom fram í umræðu hér í morgun milli mín og hæstv. fjármálaráðherra að óvíst væri að nokkur niðurstaða næðist í þeim samningum sem eru millum þessara tveggja flokka sem nú stýra ríkinu. Það kom fram hjá hæstv. fjármálaráðherra fyrir nokkrum dögum að það væri Framsóknarflokkurinn sem ekki felldi sig við tæknilega útfærslu á hugmyndum um að lækka matarskattinn.

Niðurstaðan er þessi: Það er Framsóknarflokkurinn sem stendur gegn því að matarverð á Íslandi lækki.

[12:22]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hún hefur bara byrjað nokkuð skemmtilega, umræðan um skattamál á þessu þingi. Skattamálin

voru til umræðu og það talsvert mikið fyrir síðustu alþingiskosningar. Þar höfðu flokkarnir ýmislegt fram að færa, ýmsar tilfærslur. Ég held að ég muni það rétt að flokkur Vinstri grænna hafi þá verið með í áherslu sinni tiltölulega litlar skattbreytingar en bent á ýmsar leiðir eins og niðurgreiðslu eða niðurfellingu á gjöldum á leikskólum sem vissulega nýtist barnafólki, kæmi þar með fjölmörgum Íslendingum til góða.

Hér er hins vegar verið að ræða mál sem snýr að fjármagnstekjuskatti. Það er auðvitað ein hlið á málinu, og ákaflega fróðlegt væri svo sem að taka umræðu um hana. Vissulega á sú umræða fullan rétt á sér til rökræðu um það með hvaða hætti sú skattlagning hefur átt sér stað hér á landi. Hvernig er hún þá í öðrum löndum til samanburðar? Það er auðvitað mjög fróðlegt hér í þessu þingskjali hv. flutningsmanna Vinstri grænna þar sem þau birta töflur yfir það hvernig farið er með skattgreiðslur í öðrum löndum, bæði tekjuskatt og fjármagnstekjuskatt.

Hér var líka rætt alveg nýlega mál frá Samfylkingunni um virðisaukaskatt af matvælum. Það var m.a. líka í umræðunni áðan milli tveggja hv. þm., úr stjórn og stjórnarandstöðu, sem skiptust á skoðunum um ágæti stefnumótunar ríkisstjórnar annars vegar og stjórnarandstöðunnar hins vegar.

Ég er nú þess sinnis, hæstv. forseti, og verð að segja alveg eins og er að mér hugnast ekki mjög vel sú skattastefna sem ríkisstjórnarflokkarnir eru núna með í skattamálum, þ.e. að því er varðar tekjuskattinn og hátekjuskattinn. Ég hef lýst þeim skoðunum nokkuð oft hér og hef talið að ef við tækjum til við skattalækkanir almennt fyndist mér kominn tími til þess að líta á stöðu þess fólks sem ber mestar byrðar í þessu þjóðfélagi og hefur versta afkomu. Það er auðvitað annars vegar lágtekjufólk almennt, hvar í stétt eða á hvaða aldri sem það er, og hins vegar barnmargar fjölskyldur.

Það er einfaldlega þannig, hæstv. forseti, a.m.k. að því er varðar okkur í Frjálslynda flokknum að við vorum akkúrat með þessar tvær áherslur fyrir síðustu alþingiskosningar. Annars vegar bentum við á að ef svigrúm væri orðið mikið til skattalækkana, sem menn greinir svo sem ekki á um að eitthvert talsvert svigrúm sé til þess, væri eðlilegt að horfa til þess að hækka persónuafsláttinn og þar af leiðandi lyfta skattleysismörkunum. Hins vegar væri ástæða til að koma til móts við vanda barnmargra fjölskyldna, m.a. væri hægt að gera það í gegnum skattkerfið. Við bentum á leið til þess og lögðum áherslu á það að þetta væru leiðir sem við værum mjög áhugasöm um að skoða. Við þurfum auðvitað fulltingi annarra flokka ef slíkar breytingar sem við lögðum til í kosningabaráttunni ættu að ná fram að ganga.

Nú er það hins vegar ekki á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar. Þau mál sem hér hafa verið reifuð og er núna verið að ræða, frumvarp þeirra félaga í Vinstri grænum um fjármagnstekjuskattinn og frumvarpið sem Samfylkingin var með um lækkun virðisaukaskatts á matvælum, eru ekki á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar. Ég hygg, þótt ég hafi því miður ekki getað verið við umræðurnar hér fyrst í morgun, að forustumenn ríkisstjórnarinnar í skattamálum hafi ekki tekið þessari umræðu fagnandi ef ég ræð rétt í þær umræður sem ég hef síðan heyrt hér í sölum Alþingis.

Ég held að það sé mjög áhugavert að skoða þessar leiðir, m.a. þá leið sem hér er verið að velta upp. Hinu verður þó ekkert á móti mælt að fjármagnstekjuskatturinn hefur fært talsvert miklar tekjur í ríkissjóð á undanförnum árum, vaxandi tekjur. Það er auðvitað líka til þess að líta að það er hægt að færa fjármagn tiltölulega auðveldlega milli landa. Svona hlutir þurfa skoðunar við.

Ég tel að sú hugmynd sem hér er sett fram um ákveðið lágmark, 120 þús. kr., sem beri 10% skatt og síðan annað skattþrep sem er 18% sem er það sama og atvinnufyrirtækin bera sé alveg fyllilega athyglisverð, ekki síst í ljósi þess að í löndum í kringum okkur sem við berum okkur iðulega saman við er skattkerfið uppbyggt með allt öðrum hætti, bæði að því er varðar skattþrep í tekjuskatti og eins er varðar skattþrep í fjármagni. Alls staðar fer skatturinn hækkandi eftir því sem fjármagnstekjurnar eru hærri. Það er bara staðreynd máls og alls ekki undarlegt. Það er mjög eðlilegt að við tökum slík mál til skoðunar hér og gaumgæfum vel í hvaða farveg við eigum að fara með þau mál er varða fjármagnstekjuskatt.

Hinu er svo ekkert heldur að leyna og það vita allir sem vita vilja að tekjuskiptingin í þjóðfélaginu hefur verið að breytast mjög á undanförnum árum. Það er orðinn þó nokkuð mikill fjöldi af eignamönnum svokölluðum sem hafa miklar tekjur af fjármagni sínu og þar af leiðandi er margt að skoða í því. Hins vegar er á það að benda sem ég gat um áðan að það er hægt að færa fjármagn úr landi og menn þurfa þess vegna að skoða mjög vandlega hvað gert er í þessum málum.

Ég vil vekja athygli á því í umræðunni um skattamálin að við í Frjálslynda flokknum fáum vonandi að ræða síðar í dag um mál sem er á dagskránni, um lágmarkslífeyri, sem við köllum, um tryggan lágmarkslífeyri. Það hefði áhrif á rauntekjur ellilífeyrisþega til hækkunar þannig að svokölluð jaðarskattaáhrif vegna skerðingar bóta hverfa undir ákveðinni upphæð, sem við leggjum til að sé 50 þús. kr.

Ég minni á að það eru fordæmi fyrir því í lögum og reglum hér á landi að því er varðar fjármagnstekjur, þar sem fjármagnstekjufrádráttur er látinn vega 50%. Það er þegar kemur að skerðingu á bótum í tryggingabótakerfinu. Þar segir að helmingur fjármagnstekna skerði grunnlífeyri. Ég bendi á þetta vegna þess að þar er fjármagnið tekið út fyrir sviga og í raun gengið út frá sömu hugsun og í frumvarpi Vinstri grænna þar sem viss hluti fjármagnstekna skerðir ekki tekjur. Í reglunum um ellilífeyrinn eru fjármagnstekjur mínusaðar um helming áður en þær skerða grunnlífeyrinn. Um þann þátt málsins munum við í Frjálslynda flokknum ræða í dag varðandi lágmarkslífeyrinn, um grunnlífeyrinn, tekjutrygginguna, sérstöku tekjutrygginguna og hvernig lífeyristekjur og aðrar tekjur skerða þær bætur. Ég bendi á þetta fordæmi, það er til að fjármagnstekjur eru ekki látnar skerða grunnlífeyrinn.

Ég fagna þeirri umræðu sem hér hefur farið fram um skattamál. Það var auðvitað eftir vonum að stjórnarandstaðan kæmi fram með þau mál sem þeir flokkar telja til bóta. Ég er almennt á þeirri skoðun að það sé gott að við skoðum þessi mál út frá þeim flötum sem hér hafa verið til umræðu. En eins og ævinlega þá eru skattamál flókin og þarf vitanlega að skoða þau frá mörgum sjónarhornum.

Ég er hlynntur því að þeir sem hafa hærri tekjur í þjóðfélaginu beri meiri byrðar en þeir sem lægri hafa tekjurnar. Við höfum bent á það í Frjálslynda flokknum að við séum almennt á móti að láta það hafa forgang að fella niður hátekjuskattinn en láta lágtekjufólkið sitja eftir.

Ég vonast til að sú umræða sem hér hefur farið fram um skattamál verði til þess að ríkisstjórnarflokkanir hugleiði aðeins vegferð sína í málunum og meti á annan hátt hina flötu tekjuskattsprósentulækkun. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa greinilega allt aðrar áherslur til að hafa áhrif á stöðu og bæta hag þeirra sem lægri hafa laun. Ég held að það sé kominn tími til að fara slíkar leiðir í skattalækkunum.

[12:34]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson endaði á að ræða um stefnu stjórnarflokkanna hvað varðar tekjuskatt einstaklinga. Ég held að sé mikilvægt að við höfum það í huga í þeirri umræðu að árið 1987 eða 1988 var núverandi tekjuskattskerfi einstaklinga tekið upp. Þá var tekjuskattur 35,2%.

Þau áform sem núverandi ríkisstjórn hefur um lækkun á tekjuskatti einstaklinga gera ekkert meira en að jafna þau viðmið sem sett voru á þeim tíma og kannski rétt rúmlega það. Í umræðunum, þegar þáverandi ríkisstjórn setti þann skatt á íslenska launþega, 35,2% skatt, kom fram í máli fjölmargra þingmanna að þetta mætti ekki hækka, það mætti ekki hækka álögur á launafólk meira en þá var gert. Núverandi ríkisstjórn er að færa skattprósentuna í svipað horf og var árið 1987 eða 1988, svo sögunni sé nú til haga haldið í þessum sal. (**GAK:** Snúa niður fyrri verk.)

Varðandi það ágæta þingmál sem hér er mælt fyrir, um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem hv. þingmenn Vinstri grænna flytja, vil ég byrja á að segja að ég er ekki sammála innihaldi frumvarpsins að öllu leyti og tel mega gaumgæfa margt sem þar er lagt til. Mér finnst lýsandi fyrir frumvarpið að sameining stjórnarandstöðunnar er nú ekki meiri en slík að einungis Vinstri grænir eru á þessu máli.

Við vorum að tala um lækkun á matarskatti í gær. Ég held að stjórnarandstaðan hafi ekki verið sameinuð í þeim efnum heldur. Eitthvað virðist bera þar á milli enda um ólíka flokka að ræða. En ég minnist ekki annars en að stjórnarandstaðan hafi komið vígreif til þessa þings og lagt áherslu á að hún mundi standa saman að sem flestum málum. Byrjunin er a.m.k. ekki góð í þeim efnum.

Fjármagnstekjuskatturinn sem við ræðum um í dag, 10% á tekjur einstaklinga, skilar ríkissjóði 7,7 milljörðum kr. sem stendur. Það eru gríðarlegar upphæðir. Við gætum t.d. rekið Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri í tvö og hálft ár rúmlega fyrir þá fjárhæð. Mér finnst mikilvægt að halda því til haga að í tíð Alþýðuflokksins í ríkisstjórn 1991–1995, af því fulltrúar Alþýðuflokksins hafa tekið þátt í þessari umræðu, var enginn fjármagnstekjuskattur greiddur í þessu landi. Enginn. Þá var hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra og hv. þm. Össur Skarphéðinsson einnig ráðherra. En sú ríkisstjórn setti ekki á fjármagnstekjuskatt. Þá var jafnaðarmennskan við lýði.

Það var í tíð ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks árið 1996 eða 1997 að núverandi fjármagnstekjuskattur var settur á og hann skilar nú 7.700 millj. kr., miðað við fjárlagafrumvarpið 2005, inn í ríkissjóð.

Ég set spurningarmerki við eitt í máli hv. þingmanna Vinstri grænna varðandi útreikning þeirra á því sem slík lagabreyting mundi í raun skila þjóðarbúinu, þ.e. að hækka fjármagnstekjuskattinn úr 10% upp í 18%. Í fyrsta lagi ætla þeir að gera tekjur af upphæð sem svarar um 2,2 millj. kr., sem venjuleg fjölskylda á inni á bankareikningi, skattfrjálsar. Miðað við frumvarpið verða skattleysismörk upp að 120 þús. kr. Það er einn tilgangur þessa frumvarps, að tekjur sem gefa um 120 þús. kr. í fjármagnstekjur verði gerðar skattfrjálsar. Aftur á móti eigi þar af leiðandi að innheimta þessi 18% af mógúlum, eins og sagt var í umræðunni áðan, og auðmönnum.

Bent hefur verið á að við búum við frjálst flæði fjármagns. Svokallaðir mógúlar — ég vil ekki nota slíkt neikvætt orð um þá sem vegnar vel í lífinu, gengur vel og hafa tekið áhættu og barist til eigna — viðkomandi menn geta einfaldlega flutt eignir sínar úr landi.

Þá spyr maður sig: Höfum við gengið til góðs ef við hrekjum alla stóreignamenn úr landi þannig að þeir borgi ekki þennan fjármagnstekjuskatt sem skilar okkur 7.700 millj. kr.? Ég set ákveðinn fyrirvara við að það sé sjálfgefið að með slíkri breytingu komi aukalega 3 milljarðar kr. inn í ríkissjóð. Ég leyfi mér að draga það í efa.

Ég held að það sé sameiginleg stefna þess sem hér talar og stjórnarandstöðunnar að vilja standa vörð um velferðarkerfið. Við viljum ekki draga úr útgjöldum til velferðarmála. En leiðirnar sem menn hafa mælt fyrir eru ólíkar. Við viljum fara ólíkar leiðir að því marki. Ég er á því að við eigum að smyrja hjól atvinnulífsins, örva atvinnulífið. Ég leyfi mér að efast um að stórhækkanir á sköttum á fyrirtæki muni leiða til þess að við eflum atvinnulífið sem á þar af leiðandi að standa undir öflugu velferðarkerfi.

Samkvæmt þessu greiða fyrirtæki í dag 18% tekjuskatt. Samkvæmt því frumvarpi sem hér er mælt fyrir er gert ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur verði hækkaður úr 10% upp í 18%. Ef við setjum bara upp lítið bú sem dæmi, t.d. sveitabýli norður í landi sem skilar 10 millj. kr. í hagnað á ári. Ég veit að það er ekki algengt til sveita en við notum það sem dæmi hér. Viðkomandi bóndi borgar 1,8 millj. kr. til ríkisins í formi tekjuskatts og borgar svo, samkvæmt útreikningum mínum, um 1.480 þús. kr. til viðbótar í fjármagnstekjuskatt ef hann vill greiða afganginn út sem fjármagnstekjur. Þá erum við komin upp í prósentu sem nemur tæplega 33%. Skattastefna ríkisstjórnarinnar, sem hefur verið gagnrýnd hér, hljóðar upp á að lækka skatta launafólks, hins almenna launamanns í landinu, í 34,55%. Hér skilja því að tæp 2%, 1,8% eða svo.

Ég velti því fyrir mér, með réttu að ég tel: Erum við að örva íslenskan almenning til að taka áhættu og setja á stofn fyrirtæki með því að hafa svona lítið bil sem raun ber vitni á almennum tekjuskatti launafólks og þeirra sem taka vissulega áhættu, leggja húseignir sínar undir, taka lán og fara út í áhætturekstur? Ég leyfi mér að efast um að við séum virkilega að ýta undir þá hugsun að fólk á höfuðborgar-

svæðinu og í hinum dreifðu byggðum taki frumkvæði og stofni til atvinnurekstrar. Það er mitt innlegg í þetta mál.

Þó vil ég segja, varðandi fjármagnstekjuskattinn, að ég vil ekki úttala mig um það hvort 10% skattur sé heilög tala eða hvort 12 eða 13% komi fremur til greina. Ég vil ekki úttala mig um það. Ég vildi fyrst sjá hvaða efnahagslegar og samfélagslegar afleiðingar það mundi hafa hér á landi.

Varðandi eignarskattinn þá er stjórnarandstöðunni tíðrætt um að við ætlum að leggja niður eignarskatta. Ég er sammála því að leggja niður eignarskatta. Margir eldri borgarar borga í dag eignarskatta. Menn eignast hús sín fyrir þær tekjur sem þeir hafa borgað skatt af, ekki rétt? Menn borga af húsum sínum með þeim peningum sem þeir fá í vasann eftir að ríkið er búið að taka sinn skerf. Þar af leiðandi finnst mér ekki rétt að við skattleggjum eignir fólks því að þá er um tvísköttun að ræða. Ég er þess vegna fylgjandi því að við leggjum á sérstakan skatt á fjármagnstekjur. Ég held að það sé þverpólitísk sátt um það. Spurningin er aðeins um hvar mörkin eigi að liggja. Ég leyfi mér að stórefa að 18% fjármagnstekjuskattur sé leiðin til lífsins í þeim efnum.

Ég ætla svo sem ekki að segja meira við þessa umræðu. Ég tel að hér sé hreyft við máli sem við þurfum að ræða betur. Það þarf að fara fram umræða um þetta mál í samfélaginu. Málið er síður en svo einfalt en ég legg áherslu á að við megum ekki búa til slíkt skattkerfi að það letji einstaklingsframtakið í þjóðfélaginu. Ég tel þess vegna ekki vert að fara þá leið sem Vinstri grænir leggja til. Ég efast stórlega um þær forsendur sem þeir gefa sér, að tekjur af fjármagnstekjum muni sjálfkrafa hækka um 3 milljarða kr. við þessar breytingar.

Auk þessa er ég fylgjandi því að allir greiði fjármagnstekjuskatt af þeim ástæðum sem ég hef rakið. Mér finnst ekki eðlilegt að fólk borgi eignarskatt eins og ég sagði áðan vegna þess að fólk er búið að borga tekjuskatt af þeim fjármunum sem það hefur aflað sér til að greiða fyrir þær eignir.

Ég þakka ágæta umræðu, sem hefur verið misjafnlega málefnaleg, m.a. þegar kemur að skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Ég vil undirstrika það enn einu sinni að Framsóknarflokkurinn er ekki sérstaklega á móti lækkun matarskattar. En ég held að stjórnarandstaðan geti tekið undir þann málflutning að að sjálfsögðu þurfum við að huga að því hvert hið skattalega svigrúm er til að halda uppi öflugu velferðarkerfi, öflugu menntakerfi, öflugu heilbrigðiskerfi og öflugu félagskerfi. Það eru þeir fyrirvarar sem Framsóknarflokkurinn hefur gert í þessu samhengi.

Það getur vel verið að menn skori í augnablikinu með pólitískum yfirboðum hvað það varðar en ég mun ekki standa að því að skerða framlög til velferðarmála í þessu þjóðfélagi. Það er á hreinu. Þar af leiðandi er ég ekki fylgjandi því að skattar lækki niður úr öllu hófi. Hins vegar getur verið auðvelt að vera í stjórnarandstöðu, eins og háttvirtur formaður Samfylkingarinnar benti á áðan, og gera tillögu um að nánast allir skattar og allir tekjustofnar ríkisins lækki. Ég er ekki sammála því.

[12:46]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir mjög góða og málefnalega umræðu um þetta frumvarp Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Fulltrúar allra flokka hafa tjáð sig um málið og hér hefur farið fram mjög málefnaleg og góð umræða. Menn hafa rætt almennt um skattamál og rifjaður var upp sá tími þegar fjármagnstekjuskatturinn var lagður á árið 1996. Það er nú rangt sem fram kom að helst hafi verið áhugamenn um þennan skatt að finna í Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki þótt þeir hafi setið við (Gripið fram í.) stjórn í landinu því mikil umræða hafði átt sér stað um fjármagnstekjuskatt og það var mikill þrýstingur á stjórnvöld að taka þennan skatt upp. Sá þrýstingur var bæði úr pólitískum flokkum en einnig af hálfu verkalýðshreyfingarinnar. Það er nokkuð sem ég þekki vel og frá fyrstu hendi.

Það vekur athygli hve mikill samhljómur er í málflutningi stjórnarandstöðunnar í þessari umræðu. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa allir tekið vel í þær meginhugmyndir sem hér eru reifaðar. Það hefur einnig reyndar verið gert af hálfu sumra þingmann stjórnarliðsins. Vitna ég þar meðal annars í síðasta ræðumann, hv. þm. Birki Jón Jónsson, þótt hann hafi efasemdir um það fyrirkomulag sem við leggjum til, annars vegar varðandi skattleysismörkin og hins vegar prósentuna. Hann óttast að með þetta hárri prósentu, með 18% skatti, þá munum við ekki ná því markmiði að skila 3 milljörðum í ríkissjóð. Þetta höfum við rætt líka fyrr við umræðuna. Hv. þm. Birgir Ármannsson vakti sérstaklega máls á þessu.

Ég hef svarað því til, og við höfum gert það, að vísa í skattlagningu í öðrum löndum. Hún er víðast hvar hærri en hér, mun hærri víðast hvar. Í greinargerð með frumvarpinu eru tekin dæmi frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Norðurlöndunum, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi og víðar. Nánast alls staðar er þessi skattur á fjármagn hærri en hér er.

Við búum enn sem áður náttúrlega við þann vanda sem við þegar stöndum frammi fyrir, að auðmenn, peningamenn fari með eignir sínar í skattaparadísir í Ermasundi, Karíbahafi, Lúxemborg og víðar. Því breytum við ekki. Ég held að þessi ótti sé ástæðulaus með tilliti til þessa.

Annað sem hér hefur verið rætt eru horfurnar í efnahagsmálum. Er svigrúm til skattalækkana? Menn hafa rætt þetta nokkuð. Ef við gefum okkur að við séum sammála um að við viljum efla efnahagskerfið verður þá hagvöxturinn og þenslan í samfélaginu og verðmætaaukningin svo mikil á komandi árum að við eigum jafnframt möguleika á að lækka skatta? Ég hef ákveðnar efasemdir um að við stöndum á eins traustum grunni hvað þetta snertir og margir ætla. Þannig er hægt að halda því fram að helsta tekjulind ríkisins núna sé viðskiptahallinn, eins mótsagnakennt og það hljómar. Í fyrra tóku bankarnir að láni í útlöndum um 300 milljarða sem síðan er pumpað inn í efnahagslífið. Sumt af þessu eru varanlegar fjárfestingar sem eiga eftir að skila sér inn í þjóðarbúið vonum við. En þetta er einnig neysla og þensla sem er mjög hol þegar allt kemur til alls. En náttúrlega skilar þetta ríkissjóði og hinu opinbera miklum tekjum bæði í beinum og óbeinum sköttum.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að ég vildi hækka

skatta. Það er alveg rétt. Ég vil auka tekjur ríkis og sveitarfélaga. Það er alveg rétt. Ég vil gera það. Kannski er það þó einum of mikil einföldun að setja dæmið þannig fram vegna þess að í sumum tilvikum vil ég lækka skatta. Í öðrum tilvikum vil ég hækka skatta. Auðvitað væri ákjósanlegt að geta haft skattheimtuna sem minnsta. Það væri ákjósanlegt. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson varar við því að reisa einstaklingsframtakinu skorður. Sjálfsagt er að hyggja að þessu. En við höfum á undanförnum árum verið að stórlækka skatta á efnamenn og fyrirtæki. Árið 1990 var tekjuskattur fyrirtækja yfir 50%. Mig minnir að hann hafi verið 55%. Hann fór niður í 45%, 33%, og er kominn núna niður í 18%. Hvar á að draga þessi mörk? Þetta er spurning um á hverja við ætlum að setja byrðarnar. Ef við viljum ekki setja byrðarnar á efnamenn, fyrirtæki, þá sem eiga stóra reikninga á bankabókum, þá er ekki annarra kosta völ en að skattleggja hinn almenna launamann. Viljum við það? Viljum við frekar fara þá leið? Þetta er spurning um pólitík, um pólitíska forgangsröðun.

Hér hefur aðeins verið vikið að leikskólamálum. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hrósaði Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sérstaklega fyrir að hafa lagt fram frumvarp og barist fyrir því að gera leikskólann gjaldfrjálsan og lýsti yfir stuðningi Samfylkingarinnar við það efni. Okkur reiknast til að þessi skattbreyting, þessi skattkerfisbreyting sem mundi skila um 3 milljörðum inn í ríkissjóð — ekki er hægt að segja með neinni vissu hve mikið það er. Þar liggur að baki svona ákveðinn líkindareikningur — mundi auðvelda okkur eða gera okkur kleift að gera leikskólann gjaldfrían. Sveitarfélögin fá tæplega 3 milljarða, 2,8 milljarða held ég hafi verið, í tekjur af leikskólagjöldum. Það munu vera 2,8 milljarðar. Okkar tillaga er að ríkið komi þar inn sveitarfélögunum til hjálpar og við höfum lagt fram tillögu til þingsályktunar um það efni.

Ég nefni þetta hér í því samhengi sem þetta tekjuskattsfrumvarp okkar er því það þarf náttúrlega að vera samræmi í því hvernig menn annars vegar krefjast úrbóta sem kosta peninga og hins vegar þess að afla teknanna til að framkvæma. Menn þurfa að vera sjálfum sér samkvæmir í því efni. Þetta er framlag okkar í þá umræðu.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum þakka þessa góðu umræðu, málefnalegu umræðu sem hefur farið fram um þetta þingmál. Að síðustu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar.

[12:54]

Útbýting:

Brottfall úr framhaldsskóla, 189. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 189.

Einkamálalög og þjóðlendulög, 190. mál, stjfrv. (dómsmrh.) þskj. 190.

Háhraðatengingar, 188. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 188.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 192. mál, stjfrv. (umhvrh.) þskj. 192.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, 191. mál, stjfrv. (dómsmrh.) þskj. 191.

Stúdentspróf af iðn- og starfsgreinabrautum, 185. mál, fsp. KJúl, þskj. 185.

Tónlistarnám, 187. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 187.

Þungaskattur á orkugjöfum, 186. mál, fsp. SJS, þskj. 186.

[Fundarhlé. — 12:55]

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 6. mál (matvörur). — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 159. mál (samskráning hlutafélaga). — Þskj. 159.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 7. mál (hlutfall fjármagnstekjuskatts). — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Staða geðsjúkra og þjónusta við þá.

[13:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Miðað við opinberar tölur má búast við að a.m.k. 10 manns hér í þessum sal noti geðlyf reglulega. Um 17% þjóðarinnar gera það að jafnaði samkvæmt opinberum upplýsingum og gera má ráð fyrir að a.m.k. helmingur þingmanna muni einhvern tímann eiga við geðræn vandamál að stríða.

Síðastliðinn sunnudag var alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn sem að þessu sinni var tileinkaður tengslum andlegs og líkamlegs heilbrigðis. Langvarandi líkamleg veikindi leiða oft til geðrænna sjúkdóma, svo sem þunglyndis, og geðrænir sjúkdómar leiða til líkamlegra sjúkdóma. Sýnt hefur verið fram á það með rannsóknum. Órjúfanleg tengsl eru milli andlegs og líkamlegs heilbrigðis.

Miklar breytingar hafa orðið í þjónustu við geðsjúka hér á landi og átak gert í því að auka geðheilbrigði. Að því hafa

komið einstaklingar, hópar og félagasamtök ásamt opinberum aðilum. Þar vil ég nefna Geðræktarverkefnið, Hugarafl, Geðhjálp, Rauða krossinn, klúbbinn Geysi og gæðaátak geðsjúkra og aðstandenda þeirra og svo nýjasta verkefnið „Notandi spyr notanda", allt mjög mikilvægt og að mörgu leyti árangursríkt starf sem stjórnvöld hafa vissulega stutt við, og styðja.

En því miður er víða pottur brotinn. Stefnuleysi virðist ríkja, ástandið í þjónustunni er ekki nógu gott og biðin er löng. Fólk með geðsjúkdóma þarf að eiga kost á fjölbreytilegri þjónustu en einungis geðlæknisþjónustu og lyfjameðferð, svo sem viðtalsmeðferð hjá sálfræðingi eða öðrum leiðum eins og hreyfingu.

Alþingi hefur samþykkt lagabreytingu þar sem heimilt er að niðurgreiða sálfræðiþjónustu á sama hátt og geðlæknisþjónustu. Hvernig stendur á því að sú er ekki orðin raunin? Á Arnarholti er verið að loka 20 rúma deild. Á síðustu átta árum hefur verið lokað geðdeildum með á annað hundrað rúmum á Landspítalanum án þess að nokkuð kæmi í staðinn til þess að mæta umönnunar- og þjónustuþörf mikið veikra langtímasjúklinga. Fjöldi þeirra er á vergangi vegna ófullnægjandi meðferðar og öryrkjum vegna geðraskana hefur fjölgað verulega. Þeir hafa tvöfaldast á þessu tímabili og fólk er útskrifað áður en það getur fótað sig. Á þetta bendir Tómas Helgason prófessor, fyrrverandi yfirmaður geðsviðs Landspítala, í Morgunblaðinu á dögunum.

Hér verður að bæta úr.

Svo má líka nefna að algengur biðtími eftir að komast til geðlæknis er 3–5 mánuðir. Geðhjálp hefur ítrekað bent á að göngudeildarúrræði vanti tilfinnanlega sem og meðferðarúrræði ásamt lyfjagjöf og eftirfylgni með geðsjúkum. Nú bíða 380 manns með geðrænan vanda eftir meðferð á Reykjalundi. Biðin þar er rúmlega eitt ár, hún er þó raunar lengri vegna þess að læknar eru hættir að setja fólk á biðlista.

Staða heimilislausra mikið geðveikra einstaklinga sem eru 20–30 á höfuðborgarsvæðinu er afleit. Þeir velkjast um í kerfinu án úrlausnar. Þeir eru hættulegir sjálfum sér og öðrum. Við þekkjum þetta, við sjáum þetta fólk úti á Austurvelli nánast daglega.

Svo er það barna- og unglingageðdeildin þar sem aldrei hafa jafnmargir beðið eftir þjónustu. 90 bíða eftir mati og meðferð, 6–8 mánaða bið er eftir leguplássi þar og þar bíða um 30 börn og unglingar. Hátt í 100 bíða eftir félagsfærni- og einstaklingsþjálfun og þar er biðin tvö ár. Þetta ástand getur haft varanlegar og alvarlegar afleiðingar fyrir sjúklingana og aðstandendur þeirra. Ég spyr því hæstv. heilbrigðisráðherra:

Hvernig hyggst hann reyna að leysa bráðavanda þessa fólks sem ég hef nefnt í máli mínu?

Eitt enn. Öryggisleysi og óvissa ríkir um framhald menntunar og starfsendurhæfingarverkefnis Fjölmenntar og Geðhjálpar sem er mörgum geðsjúkum mjög mikilvæg og hefur í raun bjargað lífi fólks, samanber Fréttablaðið í dag. Verkefnið mun stöðvast um áramót ef ekkert verður að gert en aðeins helmingur umsækjenda komst að í haust vegna fjárskorts. Þó að þetta heyri ekki undir hæstv. heilbrigðisráðherra vil ég spyrja ráðherrann: Mun hann beita sér innan ríkisstjórnarinnar til að tryggja að verkefnið verði til frambúðar í ljósi fyrirbyggjandi og endurhæfingargildis þess?

Virðulegi forseti. Heildarstefnumótun í málefnum geðsjúkra vantar tilfinnanlega hér á landi og ég kalla eftir henni. Vissulega er þetta erfiður málaflokkur en það þarf að takast á við hann. Við þurfum að setja okkur markmið og benda á leiðir. Við höfum haft frábært frumkvæði eins og Geðræktarverkefnið sem hefur verið verðlaunað á heimsvísu og Latabæ sem einnig hvetur til heilbrigðis og miðast að yngstu kynslóðinni.

Ísland getur verið leiðandi í heilbrigðismálum en þá þarf átak til, og nú er lag.

[13:38]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Það fer vel á að ræða geðheilbrigðismálin nú í tengslum við alþjóðlega geðheilbrigðisdaginn sem var um síðustu helgi. Hann var að þessu sinni helgaður tengslum milli líkamlegrar og andlegrar heilsu en það var franski heimspekingurinn Descartes sem skipti þessu tvennu á sinni tíð, líkamanum og sálinni. Því tölum við gjarnan um andlegt og líkamlegt heilbrigði eins og þar séu skýr skil á milli. Auðvitað er þetta að einhverju leyti gert til einföldunar og til að skilgreina heilsu. En mér virðist að nú sé að myndast sterkur og sameiginlegur skilningur á því að líkamlegt og andlegt heilbrigði verði ekki aðskilið. Enginn býr við heilbrigði nema hann sé hraustur bæði andlega og líkamlega.

Áður en ég sný mér að því að svara spurningum hv. 4. þm. Reykv. s. beint er rétt að nefna nokkur grundvallaratriði varðandi þjónustuna sem við veitum á þessu sviði. Það er brýnt að hafa hugfast að hér er almennt boðið upp á fleiri sjúkrarúm fyrir geðsjúka en annars staðar. Lyfjameðferð er hér meiri og almennari í mörgum greinum en annars staðar og hér eru fleiri læknar á hvern mann. Þetta þýðir almennt talað að grundvöllurinn fyrir góða geðheilbrigðisþjónustu er fyrir hendi, og hann hef ég og ríkisstjórnin kappkostað að treysta undanfarin missiri.

Alhæfingar eiga síst við þegar geðheilbrigðismálin eru annars vegar. Sjúkdómarnir eru margir, aðstæður einstaklinganna mismunandi og mikilvægt að hafa hugfasta nauðsyn fjölbreytilegra úrræða. Fyrir utan að standa vel að rekstri hinna hefðbundnu geðdeilda og tryggja með því hefðbundin úrræði sem gert hefur verið er afar brýnt að hlúa að því sérstaklega sem verið er að gera utan þess sem hefðbundið gæti talist. Á þetta höfum við lagt áherslu undanfarin missiri. Við erum að tala um mjög fjölbreytilegan hóp sjúklinga og við höfum verið að bregðast við með því að sníða meðferðarúrræðin að fjölbreytilegum þörfum sjúklingahópsins auk þess að leggja áherslu á að gera geðsjúkum kleift að búa við eðlilegar aðstæður úti í samfélaginu. Á þessu tvennu hefur stefnan í geðheilbrigðismálum hvílt.

Hv. 4. þm. Reykv. s. spyr um viðbrögð við vaxandi þörf fyrir geðheilbrigðisþjónustu. Hér skulu tilfærð nokkur dæmi. Útgjöld vegna geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss hafa verið aukin, einkum til barna- og unglingageðdeildarinnar sem þýðir að starfsemin er að aukast. Útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins vegna geðlyfja hafa aukist umtalsvert sem þýðir vonandi betri meðferð. Veruleg aukning hefur orðið á einkastofum geðlækna utan spítala. Ítrekað

hefur verið gripið til sérstakra aðgerða til að mæta þörfum þeirra sem við geðsjúkdóma eiga að stríða. Hér eru nokkur dæmi.

Árið 2002 runnu 40 millj. til sérstaks átaks á sviði geðheilbrigðismála sem skipt var á milli sjúkrahúsa og heilsugæslunnar. Í fyrra runnu 10 millj. kr. sérstaklega til þess að reka svokallað hreyfanlegt fagteymi sem fylgja átti eftir alvarlega geðsjúkum eftir útskrift af sjúkrahúsi. Á fjáraukalögum sama árs runnu 27 millj. kr. til að efla sérstaklega geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni. Á sömu fjáraukalögum var samþykkt 45 millj. kr. stofnframlag til að stækka barna- og unglingageðdeildina. Á fjárlögum 2004 runnu 11 millj. sérstaklega til þess að reka fagteymið sem áður er getið, 20 millj. til að hefja rekstur sérhæfðrar deildar fyrir alvarlega geðsjúka og 90 millj. í stofnframlag vegna deildarinnar, 76 millj. sérstaklega til að efla enn starfsemi BUGL og 20 millj. til að efla geðheilbrigðisþjónustuna í heilsugæslunni, einkum við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Í frumvarpi til næsta árs eru svo 42 millj. til að efla geðheilbrigðisþjónustuna í heilsugæslunni, 12 millj. til að mæta bráðavanda alvarlega geðsjúkra og 64 millj. til að reka sérhæfða deild fyrir alvarlega geðsjúka.

Öll þessi framlög koma til viðbótar þeim miklu fjármunum sem renna til geðheilbrigðisþjónustunnar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Þetta er meðal þess sem gert hefur verið til að mæta þörfinni sem hv. 4. þm. Reykv. s. spurðist fyrir um.

Árið 2003 var rýmum á unglingageðdeild fjölgað úr 9 í 11. Tvö þeirra eru ætluð sem neyðarrými samkvæmt samningi BUGL og Barnaverndarstofu. Á barnadeild eru átta rými. Í september 2004 voru 15 börn á bið- eða vinnulista vegna þjónustu á barnageðdeild LSH. Á unglingageðdeild voru 13 börn á slíkum lista. Hér er um að ræða biðtíma sem er styttri en þrír mánuðir. Á BUGL hefur verið lögð vaxandi áhersla á göngudeildarþjónustu. Fyrstu átta mánuði ársins 2003 voru komur á göngudeildina 2.730 en fyrstu átta mánuði þessa árs voru þær 2.980.

Fullyrðingum um að hundruð manna ráfi um götur höfuðborgarinnar án þess að fá viðeigandi meðferð og úrræði vísa ég á bug. Mér er ánægjuefni að geta sagt frá því að um áramótin tekur til starfa ný sérhæfð deild fyrir þá einstaklinga sem gætu verið hættulegir sjálfum sér og umhverfi sínu og notið hafa þjónustu annars staðar. Geðsvið LSH mun annast rekstur deildarinar og henni verður komið fyrir á Kleppsspítalanum.

[13:43]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Umræða um stöðu geðsjúkra og þjónustu við þá er yfirgripsmikil og því munu mörg mjög mikilvæg hagsmunamál þessa fólks ekki ná inn í stutta utandagskrárumræðu. Læknisfræðileg meðferð er góð hér á landi en þó vantar meira framboð af sjúkrahústengdri þjónustu og fjölbreyttari meðferðarúrræðum utan sjúkrahúsanna.

Biðlistar eru eftir þjónustu á BUGL og Reykjalundi, svo dæmi séu tekin. Eru þeir viðvarandi og valda bæði óþörfum þjáningum og þjóðfélagslegum kostnaði. Sárast vantar þó þjónustu utan sjúkrahúsanna, þjónustu sem tengist heilsugæslunni og félagsþjónustunni. Hvernig stendur á því að enn vantar bæði sálfræðinga og iðjuþjálfa í þjónustu heilsugæslunnar? Hvernig stendur á því að svo erfiðlega gengur að koma á hæfingar- og endurhæfingarþjónustu fyrir geðsjúka og aðra þá sem eiga erfitt með að fóta sig í hraða nútímaþjóðfélags, þjónustu sem sparar þegar á heildina er litið?

Það er von að kallað sé eftir stefnumótun í málefnum geðsjúkra. Verið er að draga úr ríkisútgjöldum og bitnar það ekki síst á heilbrigðisþjónustunni sem verður að draga saman þjónustu eða halda í besta falli óbreyttum rekstri.

Stefna ríkisstjórnarinnar dregur úr möguleikum á að koma á fót aukinni eða nýrri þjónustu og breyttum áherslum því að öll ný starfsemi kallar á fleiri stöðugildi og þau liggja ekki á lausu hjá hinu opinbera í dag. Þá er ljóst að verulegir fjármunir gætu sparast í aukinni og samhæfðri þjónustu opinberra aðila utan sjúkrahúsanna, m.a. með þverfaglegum meðferðar- og þjónustuteymum. Starfsendurhæfingarverkefni Fjölmenntar og Geðhjálpar er gott dæmi um starfsemi sem bæði er fyrirbyggjandi og hefur mikið endurhæfingargildi. Þrátt fyrir mikilvægi þessarar starfsemi hefur hið opnbera ekki tryggt hana fjárhagslega og er hún því öll í uppnámi.

[13:45]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Þótt góður hugur liggi að baki utandagskrárumræðu í tilefni alþjóðageðheilbrigðisdagsins dugar tveggja mínútna innlegg í málið fremur skammt. Mig langar að rifja upp að í þessum sal var fyrir tveimur árum rætt um heilbrigðismál í lengdri utandagskrárumræðu. Hún var mjög gagnleg. Hún dýpkaði og skerpti áherslur í málaflokknum. Það væri gagn að slíkri umræðu um málefni geðsjúkra á hinu háa Alþingi.

Ég er þeirrar skoðunar að stjórnvöld hafi um langt árabil rekið of einhæfa stefnu í málefnum geðsjúkra. Á síðustu árum hafa verið gerðar tilraunir til að rétta kúrsinn af, ekki síst fyrir frumkvæði og atbeina notenda geðheilbrigðisþjónustunnar og aðstandenda þeirra. Við höfum í allt of ríkum mæli lagt áherslu á stofnanaþjónustu fyrir geðsjúka. Við eigum satt að segja Norðurlandamet í fjölda sjúkrarýma fyrir geðsjúka og lengd sjúkrahúsdvalar þeirra.

Geðfatlaðir vilja eiga möguleika á að búa utan stofnana, sjálfstæðri búsetu með stuðningi samfélagsins ef þess er þörf. Þeir vilja vera eins virkir þátttakendur í lífinu og nokkur er kostur og hafa áhrif á mótun þjónustunnar. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin er sammála þessum áherslum og bendir á betri árangur meðferðar langveikra geðsjúkra utan stofnana. Hún hvetur til frekari uppbyggingar á slíkri þjónustu.

Í svari við fyrirspurn minni til hæstv. félagsmálaráðherra síðastliðið vor kom fram að um 90 geðfatlaðir voru á biðlista eftir félagslegum búsetuúrræðum. Það er mikið ánægjuefni að í fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir hinu háa Alþingi er gert ráð fyrir sérstöku átaki til að fjölga slíkum úrræðum. Sú ráðstöfun er eitt merki um breyttar áherslur í málefnum geðsjúkra.

Geðsjúkdómar eru langvinnir. Við leggjum áherslu á að fólk með langvinna sjúkdóma af líkamlegum toga sé stutt til sjálfshjálpar í eigin umhverfi sé þess nokkur kostur.

Geðfatlaðir eiga þar að sitja við sama borð.

[13:47]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, fyrir þá mikilvægu umræðu sem hér fer fram. Geðsjúkdómar snerta fjölmarga í samfélaginu og ekki einungis þá sem veikjast heldur einnig aðstandendur þeirra. Fullyrða má að viðhorf til geðsjúkdóma hafi tekið umtalsverðum breytingum til batnaðar á síðustu áratugum.

Ég varð þeirrar ánægju aðnjótandi fyrir um það bil ári að kynnast mjög jákvæðri starfsemi sem geðfatlaðir starfrækja. Það er klúbburinn Geysir. Markmið klúbbsins er m.a. að brjóta upp félagslega einangrun og gera félagsmenn virka í samfélaginu.

Öllum má ljóst vera að stjórnvöld verða að sinna þessum *málaflokki mun betur en gert er*. Það er nauðsynlegt að bregðast við vanda þeirra hundruða sjúklinga bæði barna og fullorðinna sem bíða eftir heilbrigðisþjónustu.

Mér fannst því miður hæstv. heilbrigðisráðherra ekki gefa skýr svör. Svörin virtust samtíningur úr fjárlögum liðinna ára en ekki yfirlit um stöðu mála. Það er með öllu óþolandi að það skorti á að ráðuneyti félagsmála og heilbrigðis- og dómsmála vinni saman að farsælli lausn á þessum málaflokki. Oft vísar hver á annan og mál erfiðra einstaklinga velkjast um í kerfinu. Dæmin sanna því miður að það getur verið mjög dýrt fyrir samfélagið að leysa ekki strax úr erfiðum málum. Að endingu komast málin í algert óefni og allar lausnir verða mjög dýrar.

Ég vona sannarlega að umræðan á hinu háa Alþingi skili geðfötluðum ávinningi og verði til að þessum málaflokki verði sinnt betur en hingað til. Ég trúi því að ef þessi málaflokkur yrði settur í forgang þá mundi það skila okkur betra þjóðfélagi.

[13:49]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Frú forseti. Að mörgu er að hyggja þegar málefni geðfatlaðra komast á dagskrá þingsins. Mig langar að nefna nokkur atriði sem hafa verður í huga við nauðsynlega og tímabæra stefnumótun í þessum málaflokki.

Þrátt fyrir að ýmislegt hafi verið gert, eins og hér kom fram, er enn þá skortur á heildarsýn og lausnum í málaflokknum. Kerfin vinna enn ekki nægilega saman. Enn er skortur á samþættingu milli ráðuneyta og sveitarfélaga og t.d. ríkir enn óvissa í menntamálum þessa hóps, þá sérstaklega í málum Fjölmenntar í samstarfi við Geðhjálp. Endurtekin óvissa í þessu máli býður heim öryggisleysi fyrir alla aðila. Það er sérstaklega slæmt fyrir þennan hóp því að við vitum vel að mennt er máttur.

Gera verður þarfagreiningu með tilliti til úrræða eins og sjúkrahúsvistunar, neyðarvistunar, eftirfylgni við einstaklinga, búsetuúrræða og endurhæfingar, svo að eitthvað sé nefnt. Skýrari ákvæði þarf í lög um málefni fatlaðra. Þau eru ekki nægilega skýr í dag og yfirsýnina í málaflokknum vantar einnig þar, því er beint til félagsmálaráðherra. Þar ætti heildarsýnin auðvitað að vera.

Efla þarf samstarf milli ráðuneyta félagsmála, dómsmála og heilbrigðis. Það virkar engan veginn eins og er. Það bitnar á málaflokknum og tekur of langan tíma að setja fram lausnir. Enn er t.d. ekki búið að ganga frá samningum við sálfræðinga og félagsráðgjafa í Tryggingastofnun ríkisins en slíkt fer að verða afar brýnt þar sem biðtíminn er langur hjá geðlæknum. Með því væri einnig hægt að efla fyrirbyggjandi úrræði.

Huga þarf að mikilvægi heilsugæslunnar, eins og kom fram. Mikilvægt er að fjölskyldur fólks með geðraskanir séu studdar með öllum ráðum. Við þekkjum biðlistana sem eru að sliga barnafjölskyldur og þrír mánuðir er langur tími fyrir fjölskyldur með börn með veikindi af þessum toga. Sama er upp á teningnum á Reykjalundi. Þar er talað um að hætt sé að skrá á biðlista. Það er ekki nógu gott.

Einnig þarf að skoða lyfjakostnaðinn. Hann er of hár fyrir þennan hóp sem hefur lítið milli handanna. Við þurfum að hefjast handa, vinna saman og taka til í þessum *málaflokki*.

[13:52]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Aukin þekking, fræðsla og einlæg og hreinskiptin opinber umræða, frásagnir sjúklinga sjálfra og aðstandenda þeirra hafa orðið til að auka skilning okkar á geðsjúkdómum og sporna gegn rótgrónum fordómum. Skóli án aðgreiningar, leikskóli og grunnskóli þar sem fötluðum og ófötluðum er kennt hlið við hlið, leggur það líka af mörkum að vinna gegn fordómum og skapa skilning á mismunandi kjörum og aðstæðum bæði nemenda og fjölskyldna þeirra.

Framfarir í læknavísindum og ný og betri lyf hafa á örfáum áratugum valdið byltingu í allri hjúkrun og umönnun geðsjúkra og þau hafa orðið til að skapa sjúklingum allt aðra og meiri möguleika til að taka virkan þátt í samfélaginu og lifa og starfa utan stofnana. Það er kjarninn í stefnu stjórnvalda, að til boða standi fjölbreytt og sveigjanleg úrræði. *Hópurinn sem á þjónustunni* þarf að halda er svo fjölbreyttur og þarfir einstaklinganna eru óskaplega mismunandi. Stefnan, sem glöggt sér merki í fjárlögum síðustu ára og frumvarpi næsta árs, er að efla grunnþjónustuna í forvörnum og allri eftirfylgni við geðsjúklinga og gera geðheilbrigðisþjónustu að eðlilegum þætti heilsugæslunnar. Til þess er þverfaglegt samstarf innan heilsugæslunnar aukið með fjölgun sálfræðinga, félagsráðgjafa og iðjuþjálfa og haldið áfram að samstilla úrræði heilbrigðis- og félagsmálayfirvalda, útrýma gráu svæðunum.

Ekki er ýkjalangt síðan geðsjúkir voru einangraðir og innilokaðir og áttu sjaldnast afturkvæmt út í samfélagið. Innlagnir eiga að vera neyðarúrræði í bráðatilvikum. Lokaðar deildir ættu einungis að vera fyrir þá sem hefur sýnt sig að séu hættulegir sjálfum sér og öðrum. Innan skamms á að opna slíka deild, framlög til þess eru tryggð í fjárlagafrumvarpinu. Sá kostnaður auk annars kostnaðar sýnir óumdeilanlega, frú forseti, að það er ekki hægt að tala um niðurskurð í geðheilbrigðisþjónustu.

[13:54]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Svo er að skilja á talsmönnum ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans að Íslendingar hafi

slegið mörg heimsmet í því hve vel við stöndum okkur á þessu sviði. Ég held að það sé rangt. Ég veit ekki um heimsmetin en við stöndum okkur ekki vel. Það kemur ekki heim og saman við að mörg hundruð einstaklingar skuli vera á biðlista eftir að komast í viðtal við lækni og það taki iðulega 3–5 mánuði að fá viðtal.

Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir að taka þessa umræðu upp. Hún er brýn, svo brýn að við ættum að ræða málefni geðveikra á Alþingi á hverjum einasta degi þar til úrlausn fæst og ástandið verður bætt.

Það er erfitt að leggja almenna algilda mælistiku á sjúkdóma. Það er erfitt að gera upp á milli þeirra. Sjúkdómar eru allir erfiðir, eðli máls samkvæmt. En geðveikin sker sig frá öðrum sjúkdómum að því leyti að hún herjar ekki aðeins á þann sem haldinn er henni heldur á allt umhverfið. Á fjölskylduna, á vinnustað aðstandenda hins geðsjúka manns. Hún gegnsýrir allt umhverfið.

Menn stæra sig af því að hér sé verið að treysta þjónustuna, treysta aðstöðu geðsjúkra. Hvernig kemur það heim og saman við þá staðreynd, sem fram kom í máli málshefjanda, að á síðustu átta árum hefur deildum á Landspítalanum með 100–120 rúmum verið lokað. Arnarholti var lokað, þar eru 20 rúm. Við tölum um þetta sem 20 rúma deild en nær væri að tala um heimili 20 einstaklinga sem eru reknir út. Til hvers? Til þess að ríkisstjórnin eigi fyrir sínum gæluverkefnum. (Forseti hringir.) t.d. að byggja montbústað fyrir sendiherrann í Berlín fyrir 250 millj. kr. Þetta er pólitík þessarar ríkisstjórnar og ástæða til að mótmæla henni.

[13:57]

Katrín Fjeldsted:

Frú forseti. Umræðunni sem hér fer fram er rétt að fagna í ljósi þess að geðsjúkir voru lengi hulin stærð í þjóðfélaginu. Segja má að þeir, ásamt öðrum fötluðum, hafi verið meðhöndlaðir eins og óhreinu börnin hennar Evu. Jákvæð umræða í dagblöðum, ekki síst af hálfu þeirra sem sjálfir hafa veikst, er sannarlega af hinu góða. Fjölmargir aðilar, þar á meðal Geðhjálp, hafa lagt mikið af mörkum í málefnum geðsjúkra.

En heilbrigðisþjónustan hefur einnig þekkt sinn vitjunartíma. Með samstarfi er hægt að lyfta grettistaki. Í Reykjavík hefur þjónusta við geðfatlaða utan sjúkrahúsa markvisst verið efld. Geðteymi er tengt heimahjúkrun í Reykjavík og starfa þar tveir hjúkrunarfræðingar og tveir sjúkraliðar.

Í ágúst á síðasta ári var ráðinn til heilsugæslunnar í Reykjavík iðjuþjálfi sem fylgir geðsjúkum eftir þegar út í þjóðfélagið er komið. Hann vinnur að því að mynda tengslanet við aðstandendur og heldur vikulega hópfundi, m.a. með hópi sem nefnist Hugarafl. Á þeim 14 mánuðum sem liðnir eru hafa vel á annað hundrað einstaklingar notið þjónustu þessa eina iðjuþjálfa. Þörfin er mikil svo að við blasir að halda þurfi áfram á sömu braut.

Frá og með 1. desember næstkomandi fer af stað tilraunaverkefni við Heilsugæsluna í Grafarvogi. Um er að ræða teymisvinnu sem lýtur að börnum og unglingum. Ráðnir hafa verið sálfræðingur, iðjuþjálfi og félagsráðgjafi. Þjónustan verður hverfisbundin og hún er fjármögnuð af heilbrigðisráðuneyti. Brýnt er að skipuleggja teymisvinnu milli geðdeilda og heilsugæslu þannig að fækka megi komum sjúklinga á spítala. Heilsugæslan hefur staðið að slíku samstarfi við fleiri aðila, svo sem í mæðravernd og í þjónustu við aldraða heilabilaða einstaklinga, svo módelið er fyrir hendi. Vonandi er sá tími liðinn að geðfatlaðir verði útundan í þjóðfélaginu en þó eru veikindi þeirra oft þannig að þeir leita ekki endilega eftir hjálp og ráðþrota aðstandendur vita ekki alltaf hvert þeir geta leitað. Í stað þess að gengið sé milli Pontíusar og Pílatusar þarf að einfalda stýrikerfið. Ég bið hæstv. heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar.

[13:59]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur hófstillta en alvöruþrungna ræðu þar sem hún vakti athygli á þeim mikla vanda sem við okkur blasir. Það er til skammar fyrir okkur öll hvernig við höfum búið að geðfötluðum í samfélaginu. Svo einfalt er málið. Ég ætla mér ekki í þessari umræðu að hengja einstaka stjórnmálamenn eða stjórnmálaflokka upp á snaga í því sambandi. Þetta er vandamál sem við verðum að taka á öllsömul.

Í umræðunni heyri ég ekki betur en að fullur vilji sé hjá stjórnarandstæðingum sem og stjórnarliðum til að viðurkenna vanmátt okkar í þessum efnum. Bent hefur verið á fjölmörg úrræði sem við þurfum að grípa til. Ég trúi því líka að hæstv. ráðherra, þegar hann stendur upp úr moldrykinu og lítur yfir, skynji í eigin störfum vandann í þessum efnum. Allt of margir standa utan gátta og eru nánast úti á túni, fá ekki úrræði sem þeir þurfa á að halda. Eins og bent hefur verið á sækja þeir sér í sumum tilvikum ekki þá hjálp sem þeir þurfa og enginn er til að vísa þeim rétta leið.

Þetta er veruleiki sem við verðum að horfast í augu við. Það eru ekki eingöngu biðlistar eftir stofnanarými heldur líka eftirfylgnin. Það er verið að útskrifa þessa sjúklinga, auðvitað ekki læknaða heldur enn þá sárlasna. Það vantar mikið upp á að kerfið fylgi þeim eftir á nýjan leik út í lífið.

Það er auðvelt að standa hér og gagnrýna, ég er fyllilega meðvitaður um það. En ég trúi því að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin öll hafi fundið fyrir þunga þessarar umræðu og þverpólitískum vilja til að taka á þessum málum af fullum þunga. Ég a.m.k. býð mig fram til aðstoðar við hæstv. ráðherra, ríkisstjórnina og þingheim við að gera eitthvað. Látum ekki bara duga að tala um málið heldur látum verkin tala.

[14:01]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að við notum það tækifæri sem alþjóðageðheilbrigðisdagurinn gefur okkur til þess að ræða málefni geðsjúkra á hinu hv. Alþingi.

Níunda þessa mánaðar varð félagið Geðhjálp 25 ára og ég tel að það starf sem félagið hefur sinnt hafi hjálpað okkur við að opna augu almennings gagnvart þessum hópi og skilað góðu starfi.

Í umræðunni hér hefur komið fram að við höfum staðið okkur mjög illa og verið til skammar. Þetta er auðvitað alrangt. Það hefur margt mjög gott verið gert í málefnum geðsjúkra. Hér er búið að benda á að þjónustan sé góð, hér

eru fleiri sjúkrarúm fyrir geðsjúka en annars staðar. Við erum með fleiri lækna á hvern íbúa hér á landi en annars staðar og búið er að auka líka framlög til lyfja handa þessum hópi. Útgjöld hafa því vaxið og gæði þjónustunnar hafa þar af leiðandi aukist. Fordómar í garð fólks með geðraskanir hafa einnig minnkað mjög hin seinni ár og er það vel.

Hæstv. heilbrigðisráðherra fór yfir það í ræðu sinni hvernig geðheilbrigðisþjónustan hefur verið aukin og ég vil sérstaklega fagna því hve ráðherra og ráðuneytið hefur lagt mikla áherslu á forvarnir til handa þessum hópi, þ.e. að efla grunnþjónustuna og efla heilsugæsluna. Mér finnst það mjög eftirtektarvert og ég vil sérstaklega tengja það við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, en hún beinir nú í vaxandi mæli sjónum að forvörnum gegn geðrænum kvillum og bendir á þá staðreynd að hlutfall sjúkdóma af geðrænum toga fer vaxandi með tilliti til heildarsjúkdómabyrði, þ.e. þetta er vaxandi vandamál í nútímasamfélögum og þess vegna ber okkur að stunda forvarnir.

Það er því mjög eðlilegt að menn beini sjónum að því sem er yfirskrift þessa dags, þ.e. að tengja hreyfingu við andlegt heilbrigði, en það er mjög mikilvægt að hreyfa sig til þess að bæta andlegt ástand sitt og endurskoða lífsviðhorf sitt.

[14:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu. Ég er alveg sannfærð um að þó að hún hafi verið stutt muni hún koma einhverju til skila. Hér hefur verið komið að mjög mikilvægum þáttum og þetta eru brýn verkefni sem þarfnast úrlausna.

Mig langar til að þakka ráðherra fyrir svörin en kalla eftir svari við því frá honum hvenær búast megi við því að sálfræðiþjónusta verði niðurgreidd eins og geðlæknisþjónusta.

Vissulega er það fjölbreyttur hópur sem við erum að ræða um sem þarf að sinna á margvíslegan hátt. Það er vandi sem þarf að leysa úr. Það vantar göngudeildarúrræði eins og komið hefur fram. Það vantar meðferðarúrræði með lyfjagjöfinni og það vantar eftirfylgni. Öllum ber saman um það. Við leysum ekki þann vanda með sjúkrarúmum.

Síðan vil ég nefna starfsendurhæfinguna, að koma fólki út í lífið og gera það að virkum þjóðfélagsþegnum. Lyfin duga ekki ein og sér. Það þarf að nýta aðrar leiðir. Gera þarf heilsugæslunni kleift að sinna þessum hópi betur. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO hefur lagt áherslu á að efla þjónustuna utan sjúkrahúsa og ég tek undir það. Ég vil einnig nefna að þegar við erum að virkja þennan hóp sjúklinga og koma honum aftur út í lífið er óþolandi hvernig opinberar stofnanir hafa komið fram við þá sem veikjast af geðrænum sjúkdómum.

Ég þekki nýlegt dæmi um ungan mann sem var umsvifalaust sagt upp störfum hjá opinberri stofnun þegar hann veiktist af geðrænum sjúkdómi. Þar var hvorki umburðarlyndi né skilningur. En veikist maður af öðrum sjúkdómi, krabbameini eða fær hjartaáfall, þá fær viðkomandi veikindaleyfi og er fagnað þegar hann kemur aftur til starfa eftir að hafa tekist að ná sér. Á þetta benti Morgunblaðið einmitt í leiðara á geðheilbrigðisdaginn.

Þessi framkoma endurspeglar fordóma stjórnvalda gagnvart þessum veikindum (Forseti hringir.) og skilningsleysi. Stjórnvöld verða að sýna gott fordæmi að þessu leyti.

[14:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að hefja þessa umræðu og ég vil þakka fyrir þá málefnalegu umræðu sem hér hefur verið um þetta alvarlega málefni. Ég fagna því að það virðist vera samstaða hjá þingmönnum um þá meginstefnubreytingu í málefnum geðsjúkra að það eigi að efla þjónustu við þá utan stofnana. Það er einmitt það sem við höfum verið að gera. Ég legg sérstaklega áherslu á þau þverfaglegu teymi sem hafa verið að vinna, bæði í tengslum við barnaspítalann og að fylgjast með þeim sem eru alvarlega sjúkir og koma út af sjúkrahúsum og eflingu starfsins í heilsugæslunni sem snýr að geðsjúkum. Við þurfum að efla þetta starf og höfum verið að vinna að því að efla það.

Við höfum komið á fót samstarfsnefnd þriggja ráðuneyta, hún er búin að starfa í eitt ár, þ.e. dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis, til þess að aðstoða við mál alvarlega geðsjúks fólks. Það eru mjög flókin vandamál sem fylgja því sem þessi þrjú ráðuneyti þurfa að vinna saman að. Við þurfum að efla það starf, en við höfum þegar komið því af stað og samstarfsnefndin hefur unnið í heilt ár að þeim málum.

Varðandi sjúkrarúmin. Þegar við erum að leggja áherslu á að þjóna geðsjúkum fyrir utan stofnanir og við höfum þegar fleiri rúm en í nágrannalöndunum, finnst mér skjóta skökku við að hafa hér uppi gífuryrði varðandi rúmin. Við þurfum að efla þessa þjónustu úti í samfélaginu og ég heyri að þorri þeirra sem talað hafa hér er sammála um það. (**Gripið fram í:** Gripið fram í.)

Ég vil svo nefna sálfræðiþjónustuna. Við höfum því miður ekki ramma til þess að gera þetta núna, en þetta er eitt af því sem við þurfum að huga að. (Forseti hringir.) Því miður er tíminn svo stuttur að það er ekki hægt að gera öllu þessu viðamikla máli skil á örfáum mínútum. Ég verð því að skilja eitthvað eftir á borðinu.

Tryggur lágmarkslífeyrir, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 8. mál. — Þskj. 8.

[14:09]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér enn á ný fyrir þingsályktunartillögu sem flutt er af okkur í þingflokki Frjálslynda flokksins.

(**Forseti** (JóhS)**:** Það er of mikill kliður í salnum.)

Flutningsmenn ásamt þeim sem hér stendur eru hv. þingmenn Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson og Gunnar Örlygsson.

Málið hefur áður verið flutt hér í sölum Alþingis og var fyrst lagt fram á 127. löggjafarþingi en komst þá ekki til umræðu. Það var einnig flutt á síðasta þingi, 130. þingi, og náði þá heldur ekki inn í umræðu. Það var hins vegar rætt á

128. þingi og var vísað til nefndar, sent heilbrigðis- og tryggingaefnd, og var aldrei afgreitt þaðan út.

Þrátt fyrir að málið hafi verið flutt í þrígang í sölum Alþingis hefur ekki náðst að senda það út til umsagnar og fá fram viðhorf um þann málatilbúnað sem settur er fram í því. Það ber að harma, sérstaklega að málið skyldi ekki hafa verið sent út á 128. þingi en þá var því vísað til nefndar í febrúar, ef minni mitt þrýtur ekki.

Því miður er ekki stafkrók að finna í gögnum Alþingis um að málið hafi verið sent út og þar af leiðandi hafa engar umsagnir um það borist og þess ekki að vænta að félagasamtök sem málið varðar sérstaklega, sem eru auðvitað samtök eldri borgara, Landssamband eldri borgara, hafi tekið beina afstöðu til þess, þeim hefur ekki verið sent það sem þingmál. Hins vegar er ýmislegt sem forsvarsmenn eldri borgara hafa látið frá sér fara í ræðu og riti sem nánast smellpassar við það mál sem við erum að mæla fyrir hér.

Í skýrslu ASÍ frá því í mars 2003, Velferð fyrir alla — áfangaskýrsla, sem kom út fyrir einu og hálfu ári voru þessi mál rædd og beinlínis gerðar tillögur um það að í málaflokknum undir málefnum aldraðra þar sem rætt var um hinar þrjár lífeyrisstoðir sem Íslendingar almennt búa við þegar kemur fram á efri ár, sem eru grunnstoðin, þ.e. lífeyrisbótakerfið frá almannatryggingum, lífeyriskerfið sem er hið almenna lífeyriskerfi og þriðja stoðin er svo viðbótarlífeyririnn sem hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförnum árum og sem vonandi flestir Íslendingar taka orðið þátt í í dag.

Þetta eru þær stoðir sem ellilífeyrisþegar framtíðarinnar byggja á. Sett hefur verið fram sú kenning, virðulegi forseti, m.a. af einum ágætum þegni þessa lands, núverandi ríkissáttasemjara, Ásmundi Stefánssyni, að árið 2040 verði lífeyriskerfið orðið það öflugt að meginþorri lífeyrisþega í landinu hefði það bara mjög gott og þá þyrfti jafnvel ekki að koma til það sem er grunnstoðin í lífeyriskerfinu í dag, þ.e. almannatryggingar.

Ég vil leyfa mér að draga þá bjartsýni nokkuð mikið í efa. Ég hef sjálfur haldið því fram í þessum ræðustól að það sem menn voru að spá fyrir nokkrum árum að árið 2015 eða 2020 yrði lífeyrissjóðakerfið orðið það öflugt að menn gætu almennt lifað af lífeyriskerfinu einu saman. Ég hef dregið það mjög í efa og ég er jafnframt ekki viss um að sú framsetning að árið 2040 sé það ár eða það viðmið sem menn geti stólað á í þessum efnum sé raunveruleiki, því miður. Það kemur auðvitað til af því að hér er enn þá fólk sem er á lágum launum. Ég býst við að það verði ævinlega svo í framtíðinni að einhver hluti þjóðarinnar verði á lágum launum og leggi þar af leiðandi litlar fjárhæðir fyrir í lífeyrissjóð, bæði í almennan lífeyrissjóð og hafi jafnvel ekki tök á að leggja fyrir í hinum sérstaka sparnaði sem er ætlaður sem þriðja stoðin í lífeyriskerfinu.

Fólk hefur síðan misjafna atvinnuþátttöku af ýmsum orsökum og misjafnar tekjur og þar af leiðandi mun alltaf talsverður hluti lífeyrisþega búa við tiltölulega skertan lífeyri og skerta möguleika til framfærslu ef hann á að byggja á lífeyriskerfinu einu og sér. En ég held að það felist einfaldlega í þjóðfélagi okkar eins og það er og ég geri ráð fyrir að þannig muni það að hluta til verða í framtíðinni þó ég geri mér vissulega vonir um að sífellt fleiri ellilífeyrisþegar muni hafa það gott í framtíðinni og sé sammála þeirri skoðun að þannig muni það verða, en eftir sem áður mun þó alltaf verða nokkuð stór hópur fólks sem mun ekki hafa nægilega afkomu.

Þá er ég kominn að efni þess máls sem við flytjum hér, sem er tillaga til þingsályktunar um tryggan lágmarkslífeyri. Tillagan gengur einfaldlega út á það að hífa þá ellilífeyrisþega upp í tekjum, rauntekjum, sem lægstar hafa tekjurnar í dag. Við í rauninni leggjum það til sem við teljum nauðsynlegt til að ellilífeyrisþegar komist þokkalega af með því að leggja fram þessa tillögu, þingsályktunartillögu, og vonandi í þeirri von að þingflokkar á Alþingi taki tillögunni jákvætt og hún fái góða og efnislega umfjöllun í nefnd.

Hún byggir á því efnislega að við leggjum til að 50 þús. kr. lífeyrir úr lífeyrissjóði skerði engar samsettar bætur lífeyrisþegans, hvorki tekjutryggingu, tekjutryggingarauka, heimilisuppbót eða aðrar samsettar lágmarksbætur lífeyrisþegans. Í dag er það svo að lífeyrisgreiðslur úr lífeyrissjóði skerða ekki grunnlífeyrinn, en við lýsum þeirri almennu stefnumótun okkar að greiðslur og réttur manna í lífeyrissjóði upp að 50 þús. kr. skerði í raun engar samsettar bætur, hvort sem þær eru samsettar úr grunnlífeyrinum, tekjutryggingunni, tekjutryggingaraukanum, heimilisuppbótinni eða öðrum þeim samsettum bótum sem eru lágmarksbætur lífeyrisþegans.

Við leggjum til að fyrir hverjar 10 þús. kr. umfram 50 þús. kr. komi aftur til skerðing vegna viðbótarlífeyrisins og við segjum í tillögutextanum að fyrir hverjar 10 þús. kr. sem greiddar eru úr lífeyrissjóði sem er umfram 50 þús. verði skerðingin einn fimmti þess sem nú er, þ.e. 9%, því bætur skerðast nú um 45%, þ.e. tekjutryggingin og tekjutryggingaraukinn skerðist um 45% af þeim upphæðum sem viðkomandi fær úr lífeyrissjóði. Við leggjum til að fyrir næstu 10 þús. kr. verði skerðingin einn fimmti þess sem nú er, það þýðir 9%. Við værum sem sagt að lækka skerðinguna af hverjum þúsund krónum inni í þessum 10 þús. kr. sem þarna er talað um úr því að vera 4.500 kr. eins og þær eru í dag niður í það að vera 900 kr., eða 90 kr. af hverjum þúsund kr. sem menn eru að fá í bótum.

Þannig höldum við áfram og tökum næstu 10 þús. kr. og tölum þar um að skerðingin verði tveir fimmtu þess sem er í dag, eða 18%, o.s.frv. og síðan koll af kolli, en ef bæturnar eru umfram 80 þús. verða þær fjórir fimmtu þess sem nú er, sem eru 36%, og síðan tæki þá við aftur sú skerðing sem núna er í lögum og yrði 45% á bætur vegna lífeyrisþega sem væru umfram það sem hér er miðað við.

Við höfum sett þetta svona upp til þess að bæturnar skerðist ekki með einni ákvörðun um 45%, heldur komi skerðingin í þrepum eftir því sem lífeyrisþegar eiga meiri lífeyrisrétt. Við teljum eðlilegt að það gerist með þessum hætti í stað þess að það sé ein ákveðin skerðing, 45%. Þessi skerðing var fyrir nokkrum árum 67% en var lækkuð niður í 45%, að mig minnir 2001, og frá sama tíma var fellt úr reglugerð sem þá hafði verið í framkvæmd um nokkurn tíma það ákvæði að ákveðin upphæð lífeyrisbóta skerti ekki bæturnar. Þetta var í 5. gr. viðkomandi reglugerðar ef ég man þetta mál rétt. Það er þá hægt að fletta því upp til nánari skoðunar.

Landssamband eldri borgara hefur beinlínis bent á hvað til þyrfti að koma varðandi tekjur ellilífeyrisþeganna. Þeir hafa bent á hvernig skattleysismörkin hafa þróast og þeir hafa bent á kaupmátt ráðstöfunartekna ellilífeyrisþega og tekið dæmi þar um. Ég veit að allir þingmenn hafa fengið þennan pappír sendan nýlega þar sem gerð er grein fyrir þróun skattleysismarka annars vegar og síðan stöðu ellilífeyrisþeganna hins vegar. Ég ætla ekki að fara sérstaklega yfir það hér í minni fyrstu ræðu en auðvitað væri fullt tilefni til þess að tala um það í löngu máli.

Hæstv. forseti. Þar sem þetta mál er flutt í fjórða sinn geri ég mér vonir um að það komist a.m.k. það langt í meðförum þingsins að sú nefnd sem fær það til umfjöllunar, væntanlega heilbrigðis- og tryggingarnefnd, sendi málið út til umsagnar og þeir sem málið varðar fái tækifæri til að taka afstöðu til þess og koma með ábendingar, því þetta er ekki óbreytanlegt, þó að ríkisstjórnarmeirihlutinn álíti það að þegar ríkisstjórnin leggur hér fram texta sé hann óbreytanlegur. Það hefur aldrei verið skoðun þess sem hér stendur að hann leggi fram svo fullkomin mál að þau séu óbreytanleg og engu megi breyta. Þess vegna væri það mjög æskilegt að eftir að umsagnir hefðu borist um málið væri það tekið til gaumgæfilegrar skoðunar. Því miður hefur slík skoðun ekki orðið enn þá um þetta mál þegar mælt hefur verið fyrir því á hv. Alþingi.

Ég vonast til að fara nánar yfir þetta í seinni ræðu minni, um hvað þetta þýðir í raun og veru í bótum og tekjum o.s.frv. En tíminn er liðinn.

[14:24]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli kollega míns, hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar, er þetta í fjórða skipti sem þetta þarfa mál er tekið til umræðu hér í þinginu, en því miður hefur það aldrei fengið að fara þá eðlilegu leið að koma til kasta nefnda sem er miður. Því vona ég að þetta máli fái nú að fara lengra en áður hefur tekist og er ég nokkuð viss um að við meðferð slíks máls sem hér er til umræðu muni margt athyglisvert koma í ljós.

Hvernig er málum háttað í dag, frú forseti? Ef maður reynir að færa þetta yfir á almennt mannamál og forðast reglugerðamálið er staða eldri borgara í dag með þeim hætti að þeir greiða 75–80% af umframtekjum sínum, þ.e. yfir 71 þús. kr. til 130 þús. kr. Það eru 75–80% þessara tekna sem fara í skerðingar í dag. Því spyr maður: Er þetta eðlileg þróun á kjörum eldri borgara í landinu? Ég tel svo ekki vera.

Þingmál okkar er í hnotskurn þetta: Við leggjum til að tekjur eldri borgara frá lífeyrissjóðum upp að 50 þús. kr. komi ekki til skerðingar á samsettum bótum lífeyrisþega.

Við getum líka rætt það í stuttu máli hvað það skyldi nú kosta ríkissjóð að fara þá leið.

Í fyrsta lagi eru meðalgreiðslur til lífeyrisþega í dag frá lífeyrissjóðum einhvers staðar á bilinu 46 þús. kr. ef ég man rétt. Ef ég man líka rétt er hlutfall lífeyrisþega í landinu um 20%, sem gefur okkur það að hér eru 40–50 þúsund lífeyrisþegar og meðalgreiðslur þeirra eru 46 þús. kr. Ef mál sem þetta næði fram að ganga þar sem mörkin yrðu 50 þús. kr. þar sem ekki kæmi til skerðingar á samsettum bótum mundi skerðing til ríkissjóðs á tekjum þar að lútandi verða á bilinu 4–5 milljarðar kr. svona fljótreiknað. Hvernig fæ ég þetta út? Við gerum okkur grein fyrir að með 40–50 þúsund lífeyrisþegum í landinu og meðalgreiðslum þeirra upp á 46 þús. kr. á mánuði, þá mundu tekjur daprast hjá ríkissjóði um 23 þús. sinnum fjöldi lífeyrisþega. Það er tala upp á 10–12 milljarða. Við verðum líka að gera okkur grein fyrir að tekjuskattur kemur á móti, hann mun aukast hjá ríkinu, eða sem nemur 38–40% af þessari sömu upphæð. Það gefur okkur það að við erum komin niður í tölu sem hleypur á bilinu 6–7 milljarðar sem yrði sá kostnaður fyrir ríkið, ef þessi leið yrði farin, í stórbættum kjörum eldri borgara í landinu.

Ekki má heldur gleyma því að við vitum að þessir 6–7 milljarðar sem kæmu aukalega í vasa eldri borgara sem sannarlega þurfa á þeim að halda færu ekki inn á einhvern söfnunarreikninginn. Þessir peningar yrðu notaðir og þeir færu áfram út í þjóðfélagið og út í samfélagið og kæmu í enn frekari mæli í tekjum til ríkissjóðs t.d. í formi virðisauka, matarskatts o.s.frv.

Ég geri því ráð fyrir fljótt á litið að þessi tillaga Frjálslynda flokksins mundi kosta ríkissjóð um 4–5 milljarða kr.

Hvað mundi ávinnast? Þeir sem þekkja til sögu lífeyrissjóðskerfisins á Íslandi, þeir eru nú flestir betri en ég í því, gera sér grein fyrir þeim þremur meginstoðum sem byggja upp lífeyrissjóðskerfi Íslendinga í dag sem eru grunnstoðin, þ.e. almannatryggingakerfið, í öðru lagi lífeyrissjóðskerfið sem er ávöxtunarleiðin og verður nú kannski ofan á áður en langt um líður og verður þá sú grunnstoð sem við leitumst eftir og svo í þriðja lagi þessi viðbótarsparnaður sem margir hverjir hafa valið sér í dag. Grunnstoðin í dag, almannatryggingakerfið, gerir það að verkum að komið er á móts við einstaklinga í landinu sem aldrei nutu þess að vera úti á vinnumarkaði, t. d. húsmæður og fleiri.

Ef þetta mál nær fram að ganga þar sem við tryggjum að eldri borgarar fá ekki skerðingu á fyrstu 50 þús. krónunum frá lífeyrissjóðum, þá komum við til móts við um 25–35% eldri borgara í dag sem eiga um mjög sárt að binda í fjárhagslegum skilningi. Það er mikið þarfaþing að þetta mál nái í gegn.

Hverjir hafa svo mælt með þessari leið? Með leyfi, frú forseti, vil ég vitna í skýrslu ASÍ, Velferð fyrir alla, en þar segir á bls. 37:

„Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að afkomuvandi aldraðra sé fyrst og fremst vandi þeirra sem hafa starfað á almennum vinnumarkaði og áttu ekki kost á að greiða iðgjald til lífeyrisjóðs fyrr en hann varð almennur með kjarasamningum. Hann er enn fremur vandi þeirra sem ekki hafa myndað neinn lífeyrisrétt, þar sem þeir hafa ekki komist á vinnumarkað vegna heimilisstarfa, fötlunar eða langvarandi veikinda og hafa af þeim sökum þurft að reiða sig á lágmarksrétt frá almannatryggingum."

Áfram segir að Alþýðusambandið leggi því áherslu á eftirfarandi heildaraðgerðir, með leyfi forseta:

„Til að jafna þennan mun þarf að beita tekjutengdum lífeyri frá almannatryggingum með frítekjumörkum vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum. Tekjutengingin þarf að breytast í samræmi við auknar greiðslur frá lífeyrissjóðunum til eftirlaunaþega."

Akkúrat þarna kristallast sú leið sem Frjálslyndi flokk-

urinn leggur hér fram í dag. ASÍ mælir með þeirri leið. Það er sorglegt til þess að vita að þetta mál hafi verið tekið til umræðu hér á Alþingi Íslendinga nú í fjórða skiptið en aldrei fengið tilhlýðilega meðferð í störfum nefnda. Er það því von mín að málið fari nú lengra, því mikil þörf er á kjarabótum eldri borgara í landinu og ég vonast innilega til að málið fái þá þörfu umræðu sem það sannarlega á skilið.

[14:31]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ástæða þess að ég bið um andsvar við ræðu hv. þm. varðar ekki efnisatriði málsins, heldur orð hans um það og þá ósk hv. þm. að þetta mál fari lengra en það hefur gert áður. Þá vil ég einnig halda því til haga að alla jafna eru öll mál, sem er vísað til heilbrigðis- og tryggingaefndar, send til umsagnar.

Vegna orða framsögumanns og 1. flutningsmanns þessarar tillögu til þingsályktunar er kannski rétt að taka fram að í fyrra var þessu máli útbýtt 31. mars, en komst aldrei á dagskrá þingsins, það náði aldrei 1. umr. hér í þingsal, þar af leiðandi var málinu aldrei vísað til heilbrigðis- og tryggingaefndar og fór því aldrei út til umsagnar í það skiptið. Árið áður, eða á þinginu þar á undan, var mælt fyrir málinu 13. febrúar og greidd atkvæði 17. febrúar um að vísa því til nefndar, en ég minni háttvirta þingmenn á að þinginu lauk 10. mars það ár, þannig að ég efa að það hafi verið fundur í heilbrigðis- og tryggingaefnd á þeim tíma.

Það sem ég vildi bara leiðrétta og gefa skýringar á er hvers vegna málið hafði ekki náð lengra a.m.k. á tveimur síðustu þingum. Ég geri mér vonir um fyrst málið er komið svona snemma núna að að lokinni 1. umr. verði því vísað til heilbrigðis- og tryggingaefndar og svo sem venja er um mál í þeirri nefnd og eflaust fleirum, umsvifalaust sent til umsagnar viðkomandi aðila og þá hugsanlega aðila sem flutningsmaður og aðrir sem að málinu standa leggja sérstaka áherslu á.

[14:33]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz fyrir þarfar ábendingar. Það kom líka fram í andsvari hennar að ekki er um efnislega gagnrýni á málið að ræða sem er að mínu viti mikið gleðiefni og vil ég því leyfa mér að vonast til að málið fái mikla og góða framgöngu í meðförum þingsins. Ég vil þó ítreka mikilvægi þess að mál sem þetta komist til atkvæðagreiðslu í þinginu, þ.e. eftir 3. umr. Þetta er mál af þeirri gerð sem þarf að komast inn í þingið á þeim fleti þar sem allir 63 þingmenn okkar Íslendinga munu annaðhvort ýta á já- eða nei-hnappinn.

Af orðum hv. þm. Jónínu Bjartmarz að dæma, þar sem ekki kom efnisleg gagnrýni á málið, er ég nokkuð bjartsýnn á að svo verði.

[14:34]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins örstutt til að halda því til haga sem rétt er. Ég sagði hér í þessum stól fyrir augnabliki síðan að ég væri með andsvari mínu ekki að taka efnislega afstöðu til málsins. Þar með er ekki sagt að ég taki neikvætt í málið, en bara til að leiðrétta það hjá hv. þm. þá sagðist ég ekki taka efnislega afstöðu.

Hins vegar get ég deilt þeirri skoðun með þingmanninum og geri það, að það mætti vera meira um að ákveðin mál sem þingmenn eru flutningsmenn að kæmu í þingsal að lokinni góðri yfirferð og umfjöllun í nefndum, þannig að þingheimur gæti tekið afstöðu til þeirra. Það er nefnilega svo sorglegt þegar maður fer yfir söguna síðustu missirin, þá eru eingöngu ákveðin tiltekin mál — eins og ólympískir hnefaleikar og annað — sem hafa þótt þess verð að þingmenn fengju að taka afstöðu til þeirra í þessum þingsal, en ekki mörg önnur þjóðþrifamál sem mörg okkar mundu vilja sjá þingheim taka afstöðu til. (**Gripið fram í:** Þetta er með ólíkindum.)

[14:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa mig samþykkan meginhugsuninni í þessu þingmáli, en með því hreyfir Frjálslyndi flokkurinn við mjög mikilvægu velferðarmáli, kjörum aldraða.

Með lagasetningu árið 1996 um lífeyrissjóði, almennri rammalöggjöf um lífeyrissjóðina, var tekin mjög afdrifarík og stefnumarkandi ákvörðun. Við ætlum að fara inn á þá braut að fjármagna efri árin ef svo má að orði komast, með sjóðsmyndun, með því að efla lífeyrissjóði. Með þessum lögum voru allir landsmenn, bæði launamenn og atvinnurekendur, skyldaðir til að greiða í lífeyrissjóði í þessu skyni, (Gripið fram í.) allir skyldaðir til að greiða í lífeyrissjóði. Síðan hafa lífeyrissjóðirnir verið að eflast og það er alveg ljóst að þegar fram líða stundir þá mun almannatryggingakerfið verða víkjandi. Hlutföllin hafa breyst mjög á undanförnum árum. Hlutur almannatrygginga við fjármögnun efri áranna hefur verið að dragast saman, en hlutur lífeyrissjóðanna að aukast. Við erum að stíga ýmis skref á öðrum sviðum sem ríma við þessa mynd, þessa ákvörðun. T.d. byggir samningurinn sem gerður var við öryrkja, og var reyndar brotinn á þeim eins og alþjóð þekkir, á þeirri hugsun að lífeyrissjóðirnir fjármagni efri árin. En hugsunin í þessum samningi er einmitt sú að einstaklingar sem fara snemma út af vinnumarkaði eða komast ekki inn á vinnumarkað sökum örorku fái hlutfallslega hærri bætur út úr almannatryggingakerfinu, en hinir sem hafa verið í starfi fá greitt úr lífeyrissjóðum sínum. Þetta er þróunin sem nú á sér stað.

Við erum bara ekki komin mjög langt á veg þó ástandið sé að breytast, því stór hluti þjóðarinnar býr við mjög slök lífeyriskjör. Lífeyrissjóðirnir voru tiltölulega seint stofnaðir og fjármunir rýrnuðu í mörgum þessum sjóðum og þeir því ekki mjög burðugir. Það er t.d. ekki saman að jafna lífeyriskjörum hjá hinu opinbera, hjá ríki og sveitarfélögum annars vegar og á almennum vinnumarkaði hins vegar, þótt þetta sé að breytast líka.

Eins og ég skil þetta frumvarp þá er hugmyndin sú að koma til móts við þá einstaklinga sem ekki njóta ríkra réttinda í lífeyrissjóði. Það er lagt til að þeir sem eru með undir 50 þús. kr. á mánuði úr lífeyrissjóði fái aukinn stuðning í gegnum almannatryggingakerfið. Ég tel þetta vera mjög góða hugsun.

Í rauninni má líta á þetta sem eins konar brú á milli kynslóða, á milli kerfa. Þegar fram líða stundir þá hygg ég að ekki verði þörf á þessu, en þetta er mjög mikilvæg brú á milli þeirra kerfa sem við búum við; annars vegar gamla kerfisins þar sem almannatryggingakerfið var ráðandi og þess kerfis sem er nú í smíðum og er að dafna, lífeyrissjóðskerfisins, en það er stór hópur lífeyrisþega sem ekki nýtur ávinningsins af eflingu lífeyrissjóðanna á undanförnum árum.

Ég vil því lýsa stuðningi við þá hugsun sem hér kemur fram. Ég tek undir með þingmönnum Frjálslynda flokksins að mjög er mikilvægt að þetta fái rækilega umræðu og skoðun í nefnd, verði ekki einvörðungu sent út til umsagnar. Það er alveg rétt sem fram kom að yfirleitt eru öll frumvörp send til umsagnar, en síðan ekki söguna meir. Þau fást ekki rædd í nefndum. Reyndar er ekki hægt að alhæfa um það, t.d. hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, reynt að stuðla að því í þeirri nefnd að mál sem koma frá stjórnarandstöðunni fái slíka umfjöllun. Þetta er því engin algild regla að frumvörpum sé úthýst, en allt of oft gerist það að séu frumvörp ekki ættuð úr stjórnarherbúðunum eða frá meiri hlutanum, þá fái þau ekki efnislega umfjöllun inni í þingnefndum.

Ég hvet til þess að þetta frumvarp verði hið fyrsta sent til umsagnar og fái síðan góða og vandaða efnislega umferð í þingnefnd og komi að sjálfsögðu síðan inn í þingsal þar sem við getum að nýju tekið afstöðu til þess.

[14:42]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Okkur er dálítill vandi á höndum að hanna velferðarkerfi sem er réttlátt gagnvart öllum. Það var gert að skyldu 1974 að allir launþegar skyldu greiða í lífeyrissjóði. Síðan eru 30 ár liðin. 1980 var síðan komið á þeirri skyldu að allir landsmenn, stjórnendur og aðrir, ættu að borga í lífeyrissjóði. Það eru komin 24 ár síðan. Núna fyrst erum við þess vegna að sjá fólk sem er að fara á eftirlaun og er með nokkuð þokkalegan lífeyri, samt ekkert of, vegna þess hve tíminn er enn stuttur. Það er reiknað með að menn starfi svona 40–50 ár á vinnumarkaði.

Ég var formaður Landssambands lífeyrissjóða á sínum tíma. Þá var aðalvandinn sá að engin viðurlög voru við því að bregðast skyldunni um að greiða í lífeyrissjóð. Menn töluðu um og gátu reiknað út að um 30–40 þúsund manns sem áttu að borga í lífeyrissjóð gerðu það ekki. Þeir létu borga sér út 6% sem atvinnurekandinn átti að greiða og borguðu ekki 4% í lífeyrissjóð. Svindluðu sem sagt á kerfinu. Fóru ekki að lögum. Þetta er sá hópur manna sem núna stendur frammi hjá Tryggingastofnun og vill fá óskertar bætur og sem hæstar bætur. (**Gripið fram í:** ... líka stimpla.) ... sem hæstar bætur. Það hefur oft verið talað um að þetta hafi sérstaklega verið sjálfstæðir atvinnurekendur sem þarna stungu 10% í vasann, ávöxtuðu hann væntanlega og eru núna án lífeyrisréttar fyrir dyrum Tryggingastofnunar.

Margir lífeyrisþegar töluðu við mig á þeim árum og enn þann dag í dag um að þeir hafi verið búnir að borga í 40 ár í lífeyrissjóð, þ.e. fern árslaun samtals, en þeir stæðu eiginlega jafnfætis þeim sem hefðu aldrei borgað í lífeyrissjóð. Þingmenn þekkja örugglega að við töluðum um þetta, vegna þess að það er búið að bæta svo kjör aldraðra í gegnum Tryggingastofnun að einstaklingur fær með grunnlífeyri, tekjutryggingu — tekjutryggingu, athugið það, frú forseti — heimilisuppbót og sérstakri heimilisuppbót, vel yfir 90 þús. kr. á mánuði, hafi hann engar tekjur annars staðar. Ef hann fær einhverjar tekjur annars staðar þá er upphæðin skert, þ.e. hann fær lágmark 90 þús. kr. á mánuði. Hún er skert bæði vegna tekna og vegna lífeyris úr lífeyrissjóði.

Þetta gerir það að verkum að þeir sem hafa borgað í lífeyrissjóð í fjölda ára eru nánast jafnsettir og þeir sem aldrei greiddu neitt, nánast jafnsettir og þeir sem komu sér hjá því að greiða eða voru aldrei á vinnumarkaði, en þeir eru sem betur fer ekki voðalega margir.

Við verðum að hafa annað sjónarmið í huga, sem er hinn vinnandi maður. Sá sem er að koma börnunum sínum upp á sama tíma, sem kostar heilmikið, koma sér upp húsnæði, sem kostar líka heilmikið og borga skatta og skyldur út um allt. Við megum ekki láta þann sem lifir á bótunum vera með betri lífskjör en þann sem greiðir bæturnar, eða hvað? Það þykir ekki réttlátt. Tillagan gengur einmitt út á það.

Ef við gerum ráð fyrir því að maður sé með 90 þús. kr. úr lífeyrissjóði, t.d. öryrki sem var með 140 þús. kr. og fær lífeyri frá lífeyrissjóðnum. Með framreikningi getur hann vel farið í 90 þús. kr. úr lífeyrissjóði. Samkvæmt hugmyndunum á að skerða hann um 9 þús. kr. Hann fær sem sagt 81 þús. kr. úr almannatryggingum og 90 þús. kr. úr lífeyrissjóðnum. Hann er með 171 þús. kr. en var með 140 þús. Hann hækkar við að fara á lífeyri. Hvað segja þeir sem vinna eða unnu við hliðina á honum og eru með 140 þús. kr. á mánuði þegar þeir borga. Þeir borga nefnilega Tryggingastofnun með virðisaukaskatti, greiðslum og sköttum yfirleitt. Þeir sem eru með 140 þús. kr. á mánuði standa því undir bótum upp á 170 þús. kr. samkvæmt tillögunni. Þetta er ekki nógu sanngjarnt. (Gripið fram í.) Þeir eru að vinna, frú forseti, þeir eru að koma upp börnunum sínum og koma sér upp húsnæði. Þeir eiga ekkert að bíða eftir því hvað gerist þegar þeir eru orðnir 67 ára. Grundvallarspurning sem mér finnst að við þurfum að velta fyrir okkur er: Hvað ætlum við að lesta mikið hinn vinnandi mann til þess að menn geti haft það gott í ellinni? Ég held að við séum komin vel yfir mörkin og sérstaklega þegar maður horfir á lífeyrisskuldbindingar opinberra starfsmanna sem eru ógreiddar um 170 milljarðar. Við síðasta kjarasamning grunnskólakennara fyrir þremur árum jukust lífeyrisskuldbindingar almennings um 23 milljarða, sem hinn vinnandi maður verður að greiða að sjálfsögðu. Þetta þarf líka að hafa í huga.

Við þurfum að hafa í huga að þeir sem borguðu fern árslaun í lífeyrissjóð alla tíð, 10% launa í 40 ár, séu ekki hlunnfarnir og tillagan er góð fyrir þá. Við þurfum hins vegar líka að hafa í huga að sá sem vinnur í dag og borgar lífeyri almannatrygginga sé ekki með lakari lífskjör en sá sem þiggur bæturnar. Það gerir tillagan ekki. Hún nefnilega gerir það að verkum að mjög margir geta verið með lakari laun, sérstaklega lágtekjufólk, með lakari lífskjör en þeir bótaþegar sem þeir greiða.

Mér er bent á að það sé ekki lengur til sérstök heimilisuppbót. Maður man ekki allar þessar breytingar og öll þessi nöfn.

Menn þurfa að skoða alla þætti málsins, að við séum ekki að refsa þeim sem borga í 40 ár í lífeyrissjóð, sem við gerum í dag, þeir fá lítið fyrir sinn snúð fyrir þessi fern árslaun vegna þess hve bætur almannatrygginga eru orðnar háar. Hins vegar þurfum við að athuga að þeir sem vinna og greiða bætur almannatrygginga með sköttum sínum séu ekki verr settir en hinir sem þiggja bæturnar. Það er mjög mikið umhugsunarefni.

[14:50]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom ýmislegt fram í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Hann talaði um að sumir hafi ekki borgað brúsann á sínum tíma, borgað í lífeyrissjóðina. Hann benti líka á að kjör eldri borgara hafi lagast í gegnum árin.

Í fyrsta lagi vil ég benda hv. þm. Pétri H. Blöndal á að árið 1990 var skatthlutfall af tekjum eldri borgara 5,5%, en í dag árið 2004 er skatthlutfallið komið í 11,1%. Fjölmargir eldri borgarar hafa margoft í greinum og ræðum sýnt fram á rýrnandi kaupmátt eldri borgara síðasta áratuginn.

Vinnandi maður greiðir brúsann, sagði hv. þm. líka í ræðu sinni. Það er rétt hjá honum að hinir yngri þurfi náttúrlega að standa straum af velferðarkerfinu í blóma lífs síns, fólk sem hefur kraft og getu til þess að vinna og er á besta aldri til þess. Það er eðlilegt. En það breytir því ekki að það er líka kostnaður, frú forseti, sem myndast við fátæktina. Er það aukin lyfjagjöf? Er það fjölgun öryrkja? Svo má lengi telja.

Eru til kannanir sem geta sagt okkur hversu mikill kostnaður bætist ofan á velferðarkerfið okkar við fátæktina eina? Hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal gert sér í hugarlund hvort það séu stórar tölur. Mig grunar að þær séu allháar.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom réttilega inn á í sinni ágætu ræðu þegar hann talaði um brú á milli kerfa og er mjög vel orðað hjá hv. þm. Hv. þm. Pétur H. Blöndal veit að við erum að fara á milli lífeyriskerfa. Grunnstoðin, almannatryggingakerfið sem er við lýði í dag, mun heyra sögunni til eftir 15–30 ár og við tekur nýtt kerfi. Það breytir því ekki að samkvæmt opinberum stofnunum eins og til að mynda Ráðgjafarstofu heimilanna mælast 30%, þriðji hver eldri borgari í landinu, undir fátæktarmörkum.

Því vil ég spyrja hv. þm.: (Forseti hringir.) Hvað hyggst ríkisstjórnarflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, gera í málefnum eldri borgara (Forseti hringir.) á næstu missirum?

[14:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Við höfum tvær stoðir lífeyris á Íslandi, það eru lífeyrissjóðirnir sem greiða verðtryggðan lífeyri miðað við verðlag og hins vegar almannatryggingar sem greiða lífeyri sem hefur hækkað, eins og laun, miklu meira en verðlag.

Vandi eldri borgara er lífeyrir frá lífeyrissjóðunum. Sá sem tók lífeyri fyrir fimm eða sjö árum hefur sömu kaupgetu, en miðað við laun hefur sá lífeyrir lækkað um helming vegna þess hve launin hafa hækkað mikið í landinu. Það að eldri borgarar greiði hærri tekjuskatt eins og allir landsmenn er vegna þess hve launin og bætur frá almannatryggingum hafa hækkað mikið. Þeir borga ekki aukinn skatt af bótunum frá lífeyrissjóðunum. Ef menn ætla að láta lífeyrissjóðina greiða hærri bætur eða betri verðtryggingu mætir það útlánunum hjá þeim og það geta þeir ekki. Þeir ná ekki þeirri ávöxtun. Ég efast um að íslenskir lífeyrissjóðir hafi náð ávöxtun umfram laun síðustu fimm eða sex árin, en þeir hafa náð mjög góðri ávöxtun umfram verðlag á stundum.

Þetta er því miklu flóknara kerfi. Það er mjög varasamt að grípa inn í það, en að sjálfsögðu munum við skoða þetta í hv. heilbrigðis- og tryggingaefnd þar sem ég sit og láta reikna út dæmi og sjá hvernig þetta kemur út. En við megum ekki segja að þeir sem eru aldraðir séu fátækir. Sá sem er með 140 þús. kr. í laun er líka fátækur og er með börn og að koma sér upp húsnæði. Hann þarf að borga þetta kerfi. Fátækt hans er ekki síður dýr en fátækt þess sem þiggur bætur og ég hef einmitt heyrt mjög marga kvarta undan mikilli skattlagningu.

[14:54]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hægt að tala endalaust um þessi mál og fara í alls konar hringi og kasta athyglinni frá kjarna þingmálsins sem er til umræðu. Þingmálið er ekki svo flókið, hv. þm. Pétur H. Blöndal.

Það er vandi í þjóðfélaginu sem snýr að fjárhag eldri borgara og hv. þm. viðurkenndi það í svari sínu við andsvari mínu að vandinn væri fyrir höndum. Hv. þm. svaraði ekki spurningu minni um það hvernig ríkisstjórnarflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, hyggst taka á þeim vanda. Það komu engin svör um það. Engu að síður er vandinn mikill.

Málið er í eðli sínu einfalt, þó svo tal hv. þm. hafi verið mjög flókið. Það snýr að því að mynda brú á milli kerfa til að tryggja að eldri borgarar standi ekki frammi fyrir því óréttlæti að þær 50 þús. kr. sem koma til aukatekna umfram 70 þús. kr. séu ekki teknar til baka 80% eða 90%. Það er mjög óeðlilegt. Opinberar stofnanir eins og Hjálparstofnun kirkjunnar og Ráðgjafarstofa heimilanna setja fátæktarmörkin á ákveðinn stað samkvæmt viðurkenndum alþjóðlegum formúlum. Við getum ekki litið fram hjá þeim í okkar ríka landi. Hér er um sértækt þingmál að ræða sem mun kosta ríkissjóð 3–4 milljarða á endanum, það á eftir að koma í ljós í störfum nefndanna. En ég held að sá sparnaður sem komi til vegna fátæktargildrunnar sé afskaplega vanmetinn og er ekki reiknaður með í tölum mínum, aukinn lyfjakostnaður, sjúkralega og svo má lengi telja. Það getur tekið á að eiga ekki skildinginn. Það getur tekið af heilsu fólks að eiga ekki skildinginn. (Forseti hringir.) Þarna eru vanreiknaðar tölur.

[14:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég nefndi vandann sem felst í því að lífeyrir frá lífeyrissjóðunum hækkar eins og verðlag en ekki eins og laun. Ég nefndi að það er ekki hægt að laga það, vegna þess að þá þyrfti að hækka verðtryggingu á útlánum og tel að mönnum finnist nóg um eins og staðan er í dag. Þann hluta vandans, helminginn af öllum tekjum lífeyrisþega, lögum við því ekki með stjórnvaldsákvörðunum.

Hv. þm. talar um 3–4 milljarða eins og ekkert sé. Hver

skyldi borga það? Hver skyldi borga það annar en almenningur sem menn sumir hverjir eru ekki með jafnháar tekjur og gert er ráð fyrir að þeir fái sem lífeyrisþegar. Tillagan gerir því vissulega í því að laga stöðu þeirra sem hafa greitt í lífeyrissjóð í 30–40 ár svo þeir eru betur settir. Hins vegar lagar hún stöðuna það mikið að þeir fara upp fyrir það sem þeir höfðu í laun. Þá er kominn sá vandi að þeir sem borga almannatryggingakerfið, þann lífeyri, verða með lakari stöðu en þeir sem þiggja bæturnar og höfðu sambærileg laun áður. Þetta er illleysanlegur vandi.

Ég fullyrði að ríkisstjórnin hefur tekið á þessu. Hún hefur hækkað bætur almannatrygginga mjög myndarlega undanfarin ár og þarf ekkert að skammast sín fyrir það. Vandinn er hins vegar lífeyrir frá lífeyrissjóðunum.

[14:58]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get alveg tekið undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal að það sé vandi að hanna velferðarkerfi. Ég tel tillöguna sem við mælum fyrir og þær umræður sem hafa spunnist í kringum hana mjög áhugaverðar. Tillagan er góð til þess að velta upp því samhengi sem við búum við í dag varðandi stoðir í lífeyriskerfinu.

Mér finnst ábyrgðarlaust hjá hv. þm. að halda því fram að menn hafi sérstaklega verið að svindla á lífeyrissjóðskerfinu á sínum tíma og komið sér hjá því að greiða í lífeyrissjóði. Atvinnurekendur höfðu t.d. dálitla sérstöðu að þessu leyti ef ég man rétt. Þeir þurftu að greiða í lífeyrissjóð fyrir fram áður en skattlagt var. Það var gert eftir á. Það eru því ýmsar ástæður fyrir því að menn eru misjafnlega settir í lífeyriskerfinu í dag. Þeir eru verst settir sem lægst höfðu launin, ég held að það fari ekkert á milli mála, og okkur greinir ábyggilega ekkert á um það, mig og hv. þm. Pétur H. Blöndal.

Þegar hv. þm. spyr hvað við ætlum að lesta mann mikið sem er með 140 þús. kr. held ég að hann ætti að spyrja þá sem eru með honum í flokki hvað þeir ætli að gera í sambandi við skattkerfið, niðurfellingu hátekjuskatts og lækkun á tekjuskattsprósentunni. Það er ekki verið að koma til móts við láglaunafólk með þessari stefnu ríkisstjórnarinnar.

[15:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Skerðingin núna er 45%, síðan kemur tekjuskattur ofan á það og ég hef heyrt mjög marga kvarta undan því, með réttu, að þeir sjái ósköp lítið af hækkuninni sem verður hjá lífeyrissjóðnum þannig að að því leyti er þessi tillaga réttmæt. Ef við hins vegar horfum á þann sem er að greiða þetta, launþegann, og það verðum við alltaf að gera, má hann ekki vera verr settur. Við getum ekki hækkað mann við það að fara á lífeyri úr 140 þús. upp í 170 þús. kr. Það er greitt af þeim sem unnu með honum áður á 140 þús. kr. Þetta er vandinn. Kannski má segja að grunnlífeyrir almannatrygginga sé orðinn allt of hár. Það er kannski það sem kristallast út úr umræðunni.

Varðandi það að menn hafi svindlað á kerfinu, það var ósköp einfalt að reikna út. Launin í þjóðfélaginu eru þekkt, menn áttu að borga 10% í lífeyrissjóð en gerðu það ekki og það var hægt að reikna út að 40 þús. manns greiddu ekki í lífeyrissjóð á þessum upphafsárum lífeyrissjóðanna, frá 1980 þegar allir áttu að greiða í lífeyrissjóð. Síðan var sett eftirlit með því fyrir u.þ.b. átta árum — ríkisskattstjóri átti að fylgjast með því — og þá jukust skilin allverulega. Þeir sem greiddu ekki í lífeyrissjóð þá standa núna uppi í Tryggingastofnun og krefjast þess að geta lifað af bótunum en gleyma 10% sem þeir greiddu ekki í lífeyrissjóð og gátu þá sparað miðað við hina.

Hvað er verið að gera? Það er verið að lækka tekjuskatt t.d. um 1% sem þýðir að maðurinn sem er með 140 þús. kr. verður þá með 1.400 kr. meira til ráðstöfunar. Það er kannski ekki mikið en það er stefnt að því að fara upp í 4% og þá eru menn með fjórum sinnum þá tölu í hverjum einasta mánuði.

[15:02]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við bætum okkur ekki mikið á því að þvarga um þetta, ég og hv. þingmaður. Við erum ekki á sömu skoðun að því er varðar breytingar á skattkerfinu svo að það sé nefnt hér. Það er alveg ljóst að sú flata prósentulækkun sem á að taka upp í sambandi við tekjuskattslækkunina mun nýtast láglaunafólkinu miklu síður en hálaunafólkinu. Það liggur bara algjörlega fyrir. Þar til viðbótar er svo verið að fella niður hátekjuskattinn þannig að ef einhverjir eru að lesta meira á þá sem hafa lægri launin er það núverandi ríkisstjórn.

Hæstv. fjármálaráðherra segir líka í fjárlagafrumvarpinu að skattþegum hér á landi hafi fjölgað á undanförnum árum. Eðlilega. Skattleysismörkin hafa ekki fylgt launununum eftir. Í staðinn fyrir að vera 71 þús. ættu þau núna að vera að nálgast 100 þús., þ.e. ef þau hefðu fylgt raungildi sínu frá árinu 1988. Það liggur einfaldlega fyrir að við höfum aukið skattbyrði á þá sem lægri hafa launin. Sama stefnan er enn í gangi þannig að ég held að það sé margt sem ríkisstjórnarflokkarnir gætu gert til að laga stöðu þeirra sem lægri hafa launin. Þeir eiga til þess afl í þingi ef þeir vilja fara aðra leið en að vera alltaf að stefna á það að lækka launin hjá þeim sem lægstar hafa tekjurnar.

[15:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að leggja orð í belg um lífeyrismálin. Þessi tillaga til þingsályktunar sem hér er til umræðu hefur komið fram í þinginu áður og full ástæða er til að ræða kjör lífeyrisþega reglulega á meðan staðan er eins og hún er.

Áður en ég byrja að tala um þessa tillögu langar mig að gera athugasemdir við nokkur atriði sem hafa áður komið fram í umræðunni, m.a. þá staðhæfingu að þetta hafi aðallega verið sjálfstæðir atvinnurekendur sem ekki hafa borgað í lífeyrissjóð, þeir hafi verið svo margir sem ekki greiddu í lífeyrissjóð. Við verðum að muna að á þessum tíma var fjöldi kvenna ekki úti í atvinnulífinu, (**Gripið fram í:** ... tekjurnar?) fjöldi kvenna sem alls ekki tók þátt í atvinnulífinu, var ekki með tekjur og á engan rétt í lífeyrissjóðum. Lífeyrissjóðirnir eru þannig að það er ekki sameiginlegur lífeyrissjóður hjóna. Þess vegna er stór hluti þeirra sem á að fara að rétta kjörin hjá samkvæmt þessari tillögu

gamlar konur, fullorðnar konur sem þurfa að draga fram lífið á almannatryggingagreiðslunum einum saman.

Það er svo komið að allir lífeyrisþegar, bæði aldraðir og öryrkjar, greiða skatt. Skattleysismörkin eru komin niður fyrir lægstu bætur. Það er breyting sem hefur orðið á undanförnum árum því að áður voru skattleysismörkin undir lágmarksbótum.

Menn hafa líka verið að ræða það hér að lífeyrissjóðirnir séu að taka við af almannatryggingunum, að lífeyrisgreiðslurnar, þ.e. ellilífeyrir og örorkugreiðslurnar, séu farnar að koma frá lífeyrissjóðunum en auðvitað er alltaf ákveðinn hópur sem þarf að treysta á almannatryggingarnar. Þess vegna ætti að vera hægt að gera svona leiðréttingar eins og hér er verið að leggja til. Ég ætla ekki að taka beina afstöðu til þessarar leiðar en mér sýnist að hérna sé verið að hækka frítekjumarkið og þrengja skerðingarregluna verulega miðað við reglurnar eins og þær eru í dag. Í dag er það svo að grunnlífeyririnn skerðist um 25% tekna umfram frítekjumark og síðan aðrir bótaflokkar um 45%, þ.e. tekjutryggingin og tekjutryggingaraukinn. Þarna er greinilega verið að bæta verulega kjör þeirra sem þurfa að treysta á almannatryggingarnar og þar er auðvitað þessi hópur kvenna sem ég nefndi. Auðvitað væri full ástæða til að skoða nánar stöðu aldraðra kvenna sem hafa margar hverjar engan rétt í lífeyrissjóðunum.

Líka hefur verið komið aðeins inn á framfærslukostnað. Við vitum það og þekkjum að framfærslukostnaður hefur verið reiknaður út fyrir einstaklinga og hann er mishár eftir því hver er að reikna. Í fjárlagaumræðunni í byrjun mánaðarins kallaði ég eftir því hjá hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hann gæti upplýst mig um framfærslukostnað aldraðs einstaklings en sá kostnaður lá ekki fyrir. Auðvitað vitum við það að eftir því sem árin færast yfir koma alls konar kostnaðarliðir inn. Þó að tekið sé tillit til þess í heilbrigðiskerfinu og aldraðir þurfi að greiða lægra gjald fyrir heilbrigðisþjónustu og lyf er þó nokkur hópur aldraðra sem ekki hefur tök á því að greiða fyrir þessa þjónustu, hefur ekki tök á því að leysa út lyfin sín. Það er rétt sem kom fram áðan í umræðunni að fátækt getur verið samfélaginu mjög dýr. Fátækt leiðir af sér veikindi, þunglyndi, vanlíðan og það að fólk nýtir sér ekki heilbrigðiskerfið eins og það þyrfti. Það er dýrt að láta fátækt viðgangast.

Vegna þessa þingmáls langar mig að minna á þingmál sem Samfylkingin hefur flutt nokkrum sinnum um afkomutryggingu aldraðra og öryrkja. Þar er nálgunin svolítið önnur en í þessu þingmáli þeirra hv. þm. Frjálslynda flokksins. Þar er lagt til í þingsályktunartillögu að samtök aldraðra og öryrkja komi að því að koma á afkomutryggingu fyrir lífeyrisþega þannig að enginn þurfi að búa við fátækt eða óvissu um kjör sín. Við höfum lagt þetta til. Reyndar kom ríkisstjórnin á ákveðinni samráðsnefnd við aldraða fyrir kosningar en ástandið í þeim málum er þannig að sú samráðsnefnd hefur ekki verið kölluð saman síðan fyrir kosningar. Eitthvað hefur þó verið gert í þeim málum sem þessi nefnd lagði til en allt of margt er óuppfyllt eins og óskirnar um bætt kjör frá Tryggingastofnun sem er einmitt samhljóða tillögunni hér um að bæta kjör lífeyrisþega.

Auðvitað getur þjóðfélag varla talist velferðarþjóðfélag nema vel sé búið að öldruðum og öryrkjum og þeim séu tryggð sómasamleg kjör. Ég veit að þó nokkuð stór hópur aldraðra og öryrkja býr við bágborið ástand, sérstaklega aldraðir. Í síðustu viku var ég á fundi með stórum hópi aldraðra þar sem þessi mál einmitt komu til umræðu og menn voru mjög ósáttir við þau kjör sem þeir búa við. Grunnlífeyrir hefur t.d. ekki hækkað nema um 600 kr. frá árinu 2002 og síðan tekjutryggingin um 3.000 kr. Auðvitað kemur tekjutengingin þarna mjög grimmt inn og síðan skatturinn þannig að þetta eru mjög litlar hækkanir þegar upp er staðið. Hjá þeim sem eru á almannatryggingagreiðslunum einum saman er oft mjög þröngt í búi.

Tími minn er senn á enda en mig langar í lokin til að benda á að meira en helmingur aldraðra er með framfærslueyri undir lágmarkslaunum. Það kemur einmitt fram í greinargerð með þessu þingmáli okkar um afkomutryggingu til aldraðra. Það segir líka sína sögu að 40% lífeyrisþega hafa óskerta tekjutryggingu frá almannatryggingunum. Það er allstór hópur sem þarf enn þá að treysta á almannatryggingarnar og mun verða á næstu árum. Þó að framtíðarsýnin sé björt að mati sumra er það ekki svo alls staðar. Það gagnast ekki þeim sem búa við þessi kjör í dag þó að e.t.v. verði kjörin betri eftir 10, 20 eða 30 ár þannig að ég held að virkilega þurfi að taka á í þessum málaflokki.

[15:12]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og þær undirtektir við það mál sem við höfum hér verið að ræða, um að tryggja ellilífeyrisþegum lágmarkslífeyri sem væri þá verulega hærri en hann er í dag. Vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram áðan vil ég með leyfi forseta fá að vitna í bréf frá Landssambandi eldri borgara sem okkur þingmönnum voru send. Þar segir, með leyfi forseta:

„Greiðslur almannatrygginga til ellilífeyrisþega fylgja ekki lengur lágmarkslaunum. Greiðslur almannatrygginga fylgdu áður launaþróun lágmarkslauna í landinu en með lögum frá 1995 var þessu breytt. Þannig var hækkun ellilífeyris og tekjutryggingar í takt við þróun lágmarkslauna þar til gliðnun byrjar við gildistöku laganna og mismunurinn eykst ár frá ári þótt tekist hafi að stöðva aukningu þessa mismunar tímabundið árið 2003. Bætur í dag ættu að vera 16.248 kr. hærri á mánuði ef þessu hefði ekki verið breytt," segir í þessu bréfi.

Það hefur líka komið fram í umræðunni að mikill fjöldi ellilífeyrisþega tekur óskerta tekjutryggingu. Ég held að hv. þm. sem var síðust í ræðustól á undan mér hafi sagt að 40% væru með óskerta tekjutryggingu. Það þýðir þá að þá eru tekjur viðkomandi ellilífeyrisþega til viðbótar við grunnlífeyrinn undir 24.639 kr. á mánuði en það eru jú þær tekjur sem menn mega hafa án þess að tekjutryggingin skerðist. Hins vegar er þá tekjutryggingaraukinn auðvitað horfinn sem og heimilisuppbótin.

Ef við skoðum einstök dæmi í þessu ferli þá sýnist mér, miðað við það sem ég var að skoða á vef Tryggingastofnunar ríkisins, að ef einstaklingur hefur ekkert annað en bætur, hvorki tekjur né lífeyristekjur, þá sé lágmarkssamsettur lífeyrir slíks tryggingaþega 83.440 kr. á mánuði. Síðan getur hann sótt um ákveðnar viðbótarbætur. Það fer eftir mati hvort hann fær þær. Þá er mögulegt að hann geti farið að

nálgast um 90 þús. kr. eins og ég held að hv. þm. Pétur Blöndal hafi nefnt áðan. En þá verður að sækja sérstaklega um sérstakar viðbætur. Þetta er það sem almennt stendur til boða ef menn hafa engan lífeyri og engar tekjur, algjört lágmark.

Ef menn hins vegar hafa einhverjar tekjur, hvort sem það eru lífeyrissjóðstekjur eða aðrar atvinnutekjur, þá geta þeir haldið fullri tekjutryggingu þó þeir hafi 24 þús. kr. í tekjur. Eftir það byrjar tekjutryggingin að skerðast, þ.e. um 45% af tekjutryggingunni miðað við þá upphæð sem kemur umfram þá tölu.

Með þessari tillögu okkar erum við að leitast við að hækka rauntekjur þeirra sem lægstar hafa lífeyristekjurnar og minnst réttindi eiga í lífeyrissjóðum. En í þessu sama fréttabréfi sem ég vitnaði til áðan var sagt, með leyfi forseta:

„Erfitt er að meta hver meðallífeyrir er frá lífeyrissjóðum en lauslegt mat gefur til kynna að hann sé e.t.v. um 50 þús. kr. á mánuði." — árið 2003 — „Mjög stór hluti ellilífeyrisþega er því undir þessu marki."

Því er ekki er óeðlilegt að taka dæmi um tekjur úr lífeyrissjóði upp á 45.860 kr. eins og þeir gera í þessu bréfi. Þeir útfæra það síðan í töflu og sýna hvaða niðurstaða kemur út úr slíku dæmi.

Ég nefndi það áðan að skattleysismörkin eru núna 71.270 kr. minnir mig. Þau ættu að vera tæplega 100 þús., 99.500 og einhverjar krónur ef ég man rétt, ef þau hefðu fylgt sömu viðmiðum og áður. Þar af leiðandi eru mun fleiri farnir að borga tekjuskatt. Það bitnar á ellilífeyrisþegunum. Það liggur alveg í hlutarins eðli að jafnvel sá sem hefur algjörar lágmarksbætur frá Tryggingastofnun, 83–84 þús. kr. er einnig að greiða skatt því skattleysismörkin eru, eins og ég sagði áðan, 71 þús. kr. Lágmarksbæturnar eru því ekki einu sinni skattfrjálsar. Síðan mundu náttúrulega lágmarksbæturnar skerðast ef viðkomandi ellilífeyrisþegi aflaði sér einhverra tekna. Þá byrjuðu að skerðast tekjutryggingaraukinn og heimilisuppbótin og svo koll af kolli alveg þangað til eftir sæti eingöngu grunnlífeyririnn. En jafnvel hann getur horfið ef tekjurnar eru nógu háar. Ef ég man rétt þá byrjar grunnlífeyrir að skerðast við um það bil 134 þús. kr. í tekjur. Bótakerfið er nú þannig hannað að bæturnar ýta öðrum tekjum út. Að vísu er það tekið fram, eins og ég gat um í ræðu fyrir hádegið, að ef um fjármagnstekjur er að ræða þá virka þær ekki nema 50% til skerðingar. Það var nú af öðru tilefni sem ég dró það fram hér í umræðu í morgun undir máli sem var verið að ræða þá.

Ég get tekið dæmi um ellilífeyrisþega sem mundi njóta þess að fullu, hefði 50 þús. kr. út úr lífeyrissjóði og mundi þar af leiðandi engar skerðingar fá vegna 50 þús. kr. eins og tillagan gengur út á, þá yrðu heildartekjur hans í viðkomandi dæmi — miðað við að hann héldi ellilífeyrinum, tæpum 22 þús. kr., tekjutryggingunni, sem er tæplega 42 þús., og tekjutryggingaraukanum, sem er um 22.500 kr. og síðan 50 þús. kr. út úr lífeyrissjóði — þ.e. bruttótekjur um 133 þús. kr. Skattleysismörkin væru eftir sem áður 71 þús. kr. Þannig mundu 62 þús. kr. reiknast til skatts, því eftir sem áður mundi viðkomandi greiða skatt þótt hann væri laus við jaðaráhrifin af skerðingu lífeyristeknanna vegna 50 þús. kr. Af þeim 62 þús. kr. mundi hann borga tæplega 30 þús. kr. í skatt, 38,58%, tæplega 30 þús. kr. Rauntekjur í viðkomandi tilfelli væru því um 103 þús. kr.

Það munar um það að vera kominn rétt yfir 100 þús. kr. í rauntekjur eftir skatta. En eins og dæmið lítur út í dag, miðað við 50 þús. kr., þá sýnist mér að rauntekjurnar yrðu 81 þús. kr. rúmlega. Mismunurinn á milli stöðunnar í dag, þar sem lífeyristekjurnar skerða sérstaka tekjutryggingu, heimilisuppbót og tekjutryggingu um 45%, og þess sem yrði við slíka breytingu sem hér er gert ráð fyrir er rauntekjuhækkun upp á 23 þús. kr. á mánuði. Það er vissulega mikil breyting fyrir viðkomandi ellilífeyrisþega. Rauntekjur hans mundu hækka um einn fimmta. Það væri vissulega mikil breyting.

Ég held að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi haft rétt fyrir sér áðan í umræðunni um þetta mál. Það má auðvitað líta svo á að með þessari framsetningu, að leggja fram þingsályktunartillögu til umfjöllunar hér í þingi og nefnd, séum við að búa til brú á milli kerfa, að tryggja að þeir sem lakast eru settir komist betur af en þeir gera í dag.

Ég ætla samt að endurtaka, svo það liggi skýrt fyrir, að þótt okkar framsetning gangi út frá 50 þús. kr. og síðan 9% aukna skerðingu fyrir hverjar 10 þús. kr. umfram það þar til ákveðnu marki er náð, eða 45%, þá gerum við okkur grein fyrir því að ef málið verður skoðað og sett í samhengi, krufið til mergjar, þá kunni að þurfa að gera ráð fyrir annarri upphæð svo Alþingi í heild sinni geti fallist á málið, þótt það miði að því að bæta lífeyriskerfið og byggja þá brú sem hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi.

Ég tek einnig undir þau orð hv. þm. Péturs H. Blöndals, að það er vandasamt að hanna lífeyriskerfi. Ég tek undir þau ummæli hans.

Við í Frjálslynda flokknum teljum ekki að málið sem við setjum hér fram sé eini sannleikurinn í málinu. Við teljum hins vegar að með því að reifa það gefist tilefni til þess að skoða það ofan í kjölinn og velta því upp hvernig við getum bætt stöðu þeirra sem lökust lífeyrisréttindi hafa á næstu áratugum þótt vonandi hafi menn það mjög gott eftir árið 2040, ef svo vill vera láta. Þetta mál snýst um að taka á því vandamáli sem núna er til staðar og hverfur ekki sjálfkrafa að mínu mati. Enn þá er fjöldi fólks með lág laun í okkar þjóðfélagi. Sumir geta aðeins stundað takmarkaða vinnu af ýmsum ástæðum. Fólk er heimavinnandi eða í hlutastörfum. Sauðfjárbændur hafa t.d. mjög lág laun og margir að vinna sér inn lítil lífeyrisréttindi.

Það er full ástæða til að skoða sérstaklega stöðuna hjá þeim sem lökust hafa lífeyrisréttindin í þjóðfélaginu þegar þeir komast á elliár. Þessi tillaga gengur út á að bæta stöðu þeirra.

Í skýrslunni Velferð fyrir alla lagði ASÍ til eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Til að jafna þennan mun þarf að beita tekjutengdum lífeyri frá almannatryggingum með frítekjumörkum vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum. Tekjutengingin þarf að breytast í samræmi við auknar greiðslur frá lífeyrissjóðunum til eftirlaunaþega."

Þarna er sama hugsun og í málinu sem hér er til umræðu. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Gera verður ráð fyrir að tekjutengdur lífeyrir frá al-

mannatryggingum verði við lýði þar til hið almenna lífeyriskerfi nær fullum þroska.“

Hvenær nær kerfið fullum þroska? Sumir hafa sagt að það verði 2040. Ég dreg það mjög í efa. Ég held að því miður muni alltaf verða til nokkur hópur fólks með lakan lífeyrisrétt sem veitir ekki af því að við lítum til þess að hanna lífeyriskerfið þannig að það taki á þeim vandamálum. Hinir sem betur hafa það geta þá horft til þess að við hlið þeirra verði ekki aðrir þegnar sem hafi það bara talsvert skítt.

[15:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eitt atriði sem ég ætlaði að gera athugasemd við. Það er að nota lágmarkslaun sem viðmið.

Ég minnist þess að þegar ég byrjaði að vinna að loknu námi var endalaust talað um það í kjarasamningum, aðrir þingmenn þekkja það örugglega líka, hver lægstu launin væru. Það þurfti að gera eitthvað fyrir lægst launaða fólkið. Alltaf var þessi sami söngur. Svo var eitthvað gert fyrir lægst launaða fólkið. Hvað gerðist strax í kjölfarið? Allir aðrir hækkuðu um sömu prósentu, uppmælingafólkið og allir. Aldrei tókst að laga kjör þeirra sem höfðu lægstu launin. Það tókst aldrei miðað við hina.

Svo gerist það að aðilar vinnumarkaðarins tóku sig saman um að hækka lægstu launin og láta það ekki hafa áhrif neins staðar, hvorki á uppmælingu, á aðra taxta eða á lífeyri. Þetta var ákveðið samkomulag, frú forseti. Þess vegna skil ég ekki af hverju menn leyfa sér að miða lífeyrinn við lægstu laun, sem voru tvöfölduð. Það voru örfáir á þessum launum. Fólk sem vann á kössum í Hagkaup, mest konur. Gert var samkomulag um að hækka þessi laun umfram allt annað. Þess vegna mega menn ekki miða við það þegar þeir bera saman lífeyri, laun og annað slíkt. Það væri mjög óheiðarlegt.

Menn geta miðað við meðallaun eða eitthvað slíkt en að miða við lægstu launin, sem voru með samstilltu átaki aðila vinnumarkaðarins hækkuð umfram allt annað, mega menn ekki gera.

[15:29]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem ég vitnaði til áðan er bréf sem ég held að öllum í þingflokki mínum hafi borist. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Pétri H. Blöndal hafi borist það líka. Textinn sem ég las var úr bréfi frá Landssambandi eldri borgara þar sem fjallað er um kaupmátt ráðstöfunartekna og greiðslur almannatrygginga samanborið við þróun lágmarkslauna í landinu.

Ég verð nú að segja að ég held að Landssamband eldri borgara verði að fá að miða við það sem þeir telja eðlilegt að bera saman við í bréfum sínum til okkar.

[15:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Nokkrir af forustumönnum í samtökum aldraðra voru í verkalýðshreyfingunni áður. Þeir stóðu meira að segja sjálfir að þessu samkomulagi og tóku sjálfir ákvörðun um að lífeyrir og aðrar bætur og uppmæling skyldu ekki fara eftir lágmarkslaunum. Þeir vita nákvæmlega um hvað er að ræða þannig að mér finnst það ábyrgðarhluti að bera svo bætur og lífeyri saman við þennan sama taxta sem var samstillt átak allra að reyna að hækka án þess að það hefði áhrif úti um allt í þjóðfélaginu.

Strandsiglingar, fyrri umr.

Þáltill. JBjarn o.fl., 161. mál (uppbygging). — Þskj. 161.

[15:31]

Flm. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytjum tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar. Flutningsmenn eru auk mín hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að undirbúa það að strandsiglingar verði eðlilegur hluti af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Ráðherra móti stefnu og aðgerðaáætlun og leggi fram lagafrumvörp í þessu skyni, ef með þarf, þannig að ríkið geti tryggt reglulegar strandsiglingar til allra landshluta með því að bjóða út siglingaleiðir. Ráðherra láti meta kostnað við að halda uppi reglulegum strandsiglingum um allt land miðað við skilgreinda þjónustu og geri tillögur um siglingaleiðir sem bjóða á út. Ráðherra skili niðurstöðum til Alþingis eigi síðar en 1. febrúar 2005.“

Í greinargerð með tillögunni segir:

Á síðustu árum hafa strandsiglingar smám saman verið að leggjast af hér á landi og allt útlit er fyrir að 1. desember nk. verði þær úr sögunni með öllu. Flutningsmenn telja að ekki verði við það unað enda má fullyrða að sjóflutningar meðfram strandlengjunni séu verulega vannýttur samgöngukostur. Því leggja þeir til að samgönguráðherra verði falið að undirbúa að strandsiglingar verði hafnar með tilstyrk hins opinbera á grundvelli útboða. Brýnt er að ráðherra grípi til aðgerða áður en Eimskipafélagið leggur af þennan þátt starfsemi sinnar þann 1. desember nk. enda gefur augaleið að eftir það verði róðurinn þyngri að tryggja slíkar samgöngur.

Á 128. löggjafarþingi lögðu flutningsmenn ásamt Árna Steinari Jóhannssyni, þáverandi þingmanni, fram tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar. Þar var lagt til að samgönguráðherra yrði falið að skipa nefnd, strandsiglinganefnd, er léti gera úttekt á þjóðhagslegu gildi þess að hér við land væru öflugar strandsiglingar með sérstakri hliðsjón af umhverfis- og byggðaáhrifum, umferðaröryggi og fleiru. Samgöngunefnd lagði til að þeirri tillögu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Í svari við fyrirspurn frá mér til samgönguráðherra á síðasta löggjafarþingi um framgang þeirrar tillögu kom fram að ráðherra hefði ekki skipað strandsiglinganefnd en að ráðuneytið hefði í störfum sínum talið eðlilegt að stofnanir þess beindu athygli að strandsiglingum á grundvelli ábendinga og ágætra hugmynda í greinargerð með tillögunni. Ráðherra tók þá fram að hann teldi að tillagan hefði verið þarft innlegg í umræðuna og að við endur-

skoðun á samgönguáætlun hlyti að verða litið til ákveðinna þátta í henni.

Sú tillaga sem nefndarmenn nú leggja fram gengur lengra en sú sem lögð var fram á 128. löggjafarþingi að því leyti að í henni felst að hafinn verði beinn undirbúningur að því að ríkið bjóði út strandsiglingar og tryggi þannig öllum landshlutum þessa mikilvægu þjónustu. Það hefur líka breyst síðan í fyrra að boðað hefur verið að þær strandsiglingar sem voru þá í gangi leggist af.

Þess er vert að geta að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur fallist á að aðstoðarkerfi sem Bretar hafa komið á til að færa flutninga af vegum og yfir í siglingar og hóflegur styrkur ríkis til slíkra aðgerða brjóti ekki gegn samkeppnisreglum bandalagsins. Einnig hafa nýlega verið fluttar af því fréttir að Evrópusambandið sjálft hyggist nú stórauka framlög til að efla sjósamgöngur og auka flutninga á sjó, ám og vötnum og siglingaleiðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og annarri mengun og létta álagi af vegum. Í því sambandi má nefna að talið er að ending vega í sumum landshlutum verði helmingi minni en nú er ef þungaflutningar aukast sem svarar því vörumagni sem nú er flutt sjóleiðis.

Flutningsmenn telja mikilvægt að útboð á siglingaleiðum geti hafist eigi síðar en haustið 2005. Því er hér lagt til að ráðherra skili tillögum sínum sem allra fyrst og eigi síðar en 1. febrúar nk.

Með framangreindri tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar frá 128. löggjafarþingi fylgdi ítarleg greinargerð og vísa flutningsmenn til hennar hvað varðar ýmis rök fyrir mikilvægi þess að strandsiglingar við allt landið verði tryggðar, svo sem hvað varðar umhverfissjónarmið, byggðaáhrif og samkeppnisstöðu sjóflutninga gagnvart landflutningum.

Frú forseti. Með þingsályktunartillögunni fylgja fylgiskjöl til frekari útskýringar, grein hv. þm. Ögmundar Jónassonar í Morgunblaðinu 4. ágúst sl., ritstjórnargrein Morgunblaðsins frá 5. ágúst, fréttatilkynning frá Landvernd frá 3. ágúst og grein undirritaðs í Morgunpósti VG 8. ágúst.

Ég ætla aðeins til viðbótar því sem ég hef þegar sagt vitna til fréttatilkynningarinnar frá Landvernd, með leyfi forseta:

„Í vikunni sem leið tilkynntu Eimskip að fyrirtækið hygðist leggja niður strandsiglingar við Ísland. Er þetta í beinu framhaldi af þeirri þróun sem hefur átt sér stað í vöruflutningum síðustu ár. Skipum í strandsiglingum hefur fækkað óðum á meðan sífellt hefur bæst í her vöruflutningabifreiða sem þeysa um vegi landsins. Ástæða þessarar þróunar er sögð vera sá flutningshraði sem krafist er í samfélagi okkar.

Umræðan í tengslum við þessa ákvörðun Eimskipa hefur fyrst og fremst beinst að áhrifum hennar á slit vega og aukna hættu í umferðinni. Stórir vöruflutningabílar geta valdið miklu tjóni og alvarlegum slysum lendi þeir í árekstri auk þess sem flutningur hættulegra efna á vegum getur verið varasamur. Vegaslit vörubíla er margfalt á við fólksbíla og svo virðist sem ekki hafi tekist að færa kostnaðinn við vegaslit yfir á vörubíla í samræmi við notkun þeirra.

Landvernd vill vekja athygli á því að neikvæðar afleiðingar vöruflutninga á landi eru ekki eingöngu bundnar við slys og vegaslit. Landflutningar fela í sér allt að sjöfalt meiri losun koldíoxíðs en strandflutningar og hefur losun koldíoxíðs frá landflutningum aukist um 67% á tímabilinu 1983–2002. Aukið magn koldíoxíðs í andrúmsloftinu er helsta ástæða þeirra hættulegu loftslagsbreytinga sem nú verða sífellt sýnilegri. Aukin áhersla Eimskipa á landflutninga er því afar neikvæð þróun í þessu samhengi."

Þetta segir m.a. í ályktun Landverndar. Í grein sem ég skrifaði í Morgunpóst Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hinn 8. ágúst segir svo, með leyfi forseta:

„Samgöngur erusá þáttur í þjónustu hvers samfélags sem ræður hvað mestu um grunngerð þess. Vöru- og fólksflutningar eru því ekkert einkamál einstakra fyrirtækja þótt margir haldi að svo sé. Samgöngur og flutningar til og frá landinu svo og innan lands eru ein af grunnstoðum sjálfstæðrar þjóðar. Framkvæmd þeirra getur eftir atvikum verið í höndum einkaaðila. Það er hlutverk löggjafans og framkvæmdarvaldsinsað búa þessari þjónustu umgjörð á hverjum tíma sem er í samræmi við ábyrgð, hagsmuni, alþjóðlegar skuldbindingar og langtímastefnu stjórnvalda í samgöngumálum. Þetta var gert með stofnun Ríkisskipa og Flugfélags Íslands á sínum tíma. Þörfin og ábyrgðin á mikilvægi þessarar þjónustu fyrir þjóðina er óbreytt þótt hún sé á höndum einkaaðila.

Það þótti mikið framfaraspor og viss tímamót þegar Alþingi að tillögu samgönguráðherra Sturlu Böðvarssonar samþykkti á sl. ári samgönguáætlun til næstu 12 ára. Kostir þess vinnulags voru, að litið er samræmt á uppbyggingu samgöngumannvirkja og tilhögun samgangna á sjó, á landi og í lofti. Í þeirri áætlun eru tilgreind markmið í samgöngum með tilliti til umhverfiskrafna, öryggismála, hagkvæmni og byggðasjónarmiða m.a. Jafnt stjórnarliðar sem stjórnarandstæðingar lofuðu þau vinnubrögð og ræddu einmitt um mikilvægi sjóflutninga og samkeppnisstöðu þeirra við flutning á búlkvörum um landið. Með samræmdri samgönguáætlun væri hægt að fylgja eftir grunnstefnu hins opinbera í samgöngumálum þjóðarinnar.

Annað kemur svo á daginn. Tímabundin gróðafikn þeirra ræður ferð og stefnu ríkisstjórnarinnar í samgöngumálum er gefið langt nef. En hún getur þó sjálfri sér um kennt.

Í skýrslu nefndar um flutningskostnað sem samgönguráðuneytið lét vinna 2003 er rakin gífurleg hækkun flutningskostnaðar á síðustu árum þrátt fyrir meinta hagræðingu:

„Samþjöppun aðila í landflutningum og þátttaka skipafélaga gerir það að verkum að tveir flutningsaðilar eru með nær alla landflutninga á Íslandi — fákeppni er því ráðandi í þessum flutningum. Samfara þessu hafa gjaldskrár flutningsaðila hækkað verulega umfram þróun neysluvöruvísitölu."

„Í sumum tilfellum hafa sjávarútvegsfyrirtækin brugðist við með því að láta frystitogarana landa eins nálægt útflutningshöfn og hugsast getur. Aðilar kvarta yfir ógagnsæi gjaldskrár flutningsfyrirtækja og hafa tilfinningu fyrir því að ekki sé samkeppni í land- og sjóflutningum."

Tveir aðilar, Eimskip og Samskip, eru nær allsráðandi í flutningum bæði á sjó og landi og geta í krafti þeirrar stöðu gert það sem þeim sýnist.

Það er afar óeðlilegt samkeppnislega séð að sami aðili eigi og reki flutningsnetið bæði á sjó og á landi. En eftir að bæði Eimskip og Samskip lögðu undir sig að mestu alla landflutninga hafa þau í krafti fákeppnisstöðu sinnar útilokað eðlilega og nauðsynlega samkeppni. Ekki bætir úr skák að sumir eigendur þessara fyrirtækja eru jafnframt ráðandi í öðrum stórfyrirtækjum landsins og geta beitt þeim til fjölþættari samþjöppunar og einokunar í atvinnulífinu. Það er afar brýnt að brjóta þessa samþjöppun upp og skapa eðlilegt samkeppnisumhverfi í vöruflutningum."

Þetta er sú staða, frú forseti, sem við stöndum frammi fyrir. Verði nú eins og horfir til 1. desember leggjast strandsiglingar af þannig að við höfum bara höfnina á Grundartanga og síðan er engin önnur útflutningshöfn fyrr en á Eskifirði og svo aftur í Reykjavík. Ég trúi því ekki að þetta sé vilji þingsins í þróun samgöngu- og flutningsmála hér á landi. Þetta skerðir samkeppnisstöðu einstakra strandbyggða.

Það vill svo til að ég þekki til á Sauðárkróki. Formaður samgöngunefndar Skagafjarðar, Brynjar Pálsson, sagði mér að þessi breyting þýddi að 1.200–1.500 40 feta gámaeiningar sem nú fara um höfnina mundu ekki lengur gera það en það er reyndar aðalútflutningsvara steinullarinnar. Auk þess er það an flutt nærri þrefalt magn af steinull með bílum til Reykjavíkur sem áður var flutt á sjó. Við sjáum að bara þetta eitt þýðir fyrir þessa höfn 7–8 millj. kr. tap. Margfeldið er svo með auknu álagi á vegum og fari svo að flutningskostnaður verði hærri skerðir þetta samkeppnisstöðu þessa fyrirtækis.

Ef við tökum hafnirnar á Vestfjörðum er staðan enn verri þar því að það eru enn verri vegasamgöngur frá höfnunum á Vestfjörðum til Eskifjarðar, Reykjavíkur eða Grundartanga.

Frú forseti. Það er brýnt að tekið verði á þessum málaflokki, strandsiglingum, með samfélagslegri ábyrgð og því leggjum við til, flutningsmenn tillögunnar, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að ráðherra grípi til aðgerða og vinni þegar í stað sem tryggi að strandflutningar, áætlunarflutningar meðfram ströndum landsins, verði fastur og ákveðinn liður í þjónustu landsmanna hringinn í kringum landið. Það má gera með þeim hætti að siglingaleiðin sé skilgreind, skilgreindar séu lágmarkskröfur og lágmarksþjónusta boðin út þannig að sem mestrar hagkvæmni verði þar gætt.

[15:47]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Málið sem hér er til umræðu, þingsályktunartillaga um strandsiglingar, er gott svo langt sem það nær. Ég hjó eftir því að hv. 1. flutningsmaður Jón Bjarnason sagði að hér væri stórmál á ferðinni og það er rétt. En hann taldi að samfélagslegt átak þyrfti að gera í samgöngumálum. Ég get tekið undir það með honum en hvernig á að standa að því máli þegar það liggur ljóst fyrir, eins og hv. þm. vitnaði oft til, í skýrslu nefndar um flutningskostnað að það er 70% dýrara að flytja gám með sjávarafurðum frá Vestfjörðum landleiðina en sjóleiðina? Hvernig má það vera að virðulegir atvinnurekendur í hinum dreifðu byggðum noti ekki sjóflutninga meira en raun ber vitni? Mun það frekar gerast með lagaboðum eða því að stofnað verði til einhvers konar skipaútgerðar ríkisins? Mun það gerast? Eða mun markaðurinn fylgja eigin lögmálum eins og hann hefur gert?

Enn eru stundaðar strandsiglingar. Eitt skipafélag siglir á Vestfirði og á skip sem heitir Jaxlinn. Vestfirðingar segja mér að þegar grannt sé skoðað, að teknu tilliti til alls kostnaðar við lestun og losun skips, sé flutningur á 40 feta gámi frá Vestfjörðum til Reykjavíkur sjóleiðina 30% ódýrari með skipi en að fara landleiðina, að teknu tilliti til alls kostnaðar.

Við höfum miklar upplýsingar um óhagræðið af landflutningunum. Ég vil með leyfi forseta vitna í grein sem birtist í Morgunblaðinu 11. október:

„Vöruflutningabifreiðar losa allt að sjö sinnum meiri koltvísýring út í andrúmsloftið en skip í strandflutningum, að því er fram kemur í verkefni Tinnu Finnbogadóttur, viðskiptafræðinema við Kaupmannahafnarháskóla, þar sem borin eru saman áhrif landflutninga og strandflutninga, sem kynnt var á málþingi Landverndar og Umhverfisstofnunar Háskóla Íslands á dögunum. ... Fram kemur að landflutningar jukust um 46% milli áranna 1990 og 2000 en vöruflutningar með skipum drógust saman um 10%. Ástæðan er einkum sögð auknar kröfur um ferskleika varnings, bætt vegakerfi, stærri og hagkvæmari flutningabílar og ójafnar greiðslur úr Flutningsjöfnunarsjóði." — Ég hélt að Flutningsjöfnunarsjóður starfaði helst varðandi flutning á olíu. — „Þrátt fyrir þetta séu landflutningar mun dýrari kostur en strandflutningar og er verðmunurinn allt að 340%."

Þetta segir Tinna Finnbogadóttir varðandi rannsóknarniðurstöðu sína. En ég hlýt að velta því upp, í ljósi alls sem hér hefur verið vitnað til: Hvers vegna leita þá aðilar í atvinnurekstri á landsbyggðinni ekki í þennan farveg með vöruflutninga? Hvers vegna leita þeir ekki eftir sjóflutningum? Hvers vegna eru landflutningar svona miklir?

Í þessari margumræddu skýrslu, sem hv. þm. Jón Bjarnason vitnaði til og vitnað er til í þingsályktunartillögunni, er að mörgu leyti skýrt af hverju svo er, með leyfi forseta:

„Þegar strandferðaskipin voru flest fluttu þau neyslu- og fjárfestingavöru í samkeppni við vöruflutningabifreiðar. Á þeim tíma komu millilandaskip við á mörgum höfnum og lestuðu fyrst og fremst fiskafurðir til útflutnings."

Í skýrslunni segir einnig m.a., með leyfi forseta:

„Af viðræðum við flutningsaðila og aðra aðila má ráða að fyrir þessari breytingu séu nokkrar meginástæður:

Stórauknar kröfur eru um hraða og sveigjanleika í flutningum. Neytendur krefjast sífellt meiri ferskleika vörunnar."

Það er eðlilegt að neytendur úti á landi vilji ekki að matvara sé um borð í skipi í upp undir viku áður en henni er skilað á land og þeir séu að kaupa vörur á síðasta söludegi.

Næstu ástæður sem tíndar eru til eru eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Byggðaþróun og fækkun íbúa á einstökum svæðum á landsbyggðinni gerir það að verkum að flutningsmagn fer minnkandi. Ef sjóflutningar eiga að vera hagkvæmir þarf ákveðið magn flutninga að vera til staðar vegna hins háa fasta kostnaðar við flutningana.

Birgðahald vöru á landsbyggðinni hefur stórminnkað. Til þess að draga úr kostnaði við birgðahald hafa seljendur eins lítið af birgðum og mögulegt er í sinni vörslu og þurfa því hraða í flutningum til að endurnýja birgðir sem gengið hefur á.“

Svo að ég vitni áfram í skýrslu um flutningskostnað segir í framhaldi af þessu, með leyfi forseta:

„Hagkerfið einkennist í ríkari mæli af stöðugu flæði vöru fremur en óreglulegu flæði og birgðahaldi. Samkvæmt upplýsingum eins flutningsaðila eru flutningar til landsbyggðarinnar að stærstum hluta matvara, önnur neysluvara og hráefni til framleiðslufyrirtækja. Flutningar frá landsbyggðinni eru að stærstum hluta fiskur, fiskafurðir og önnur framleiðsluvara.

Samræming innanlandsflutninga í eitt flutningakerfi hefur skapað betri nýtingu flutningatækja í báðar áttir. Tómir frystigámar eru nú lestaðir með neysluvöru út á land og koma til baka lestaðir fiski. Áður fór fullur bíll með neysluvöru út á land og tómur til baka og á sama tíma fór tómur gámur með skipi út á land og fullur til baka með næsta skipi. Þessi aukna áhersla á landflutninga hefur leitt til þess að net landflutninga er orðið þéttara en áður. Árið 1993 gaf Landvari, samtök landflutningamanna, út verðskrá með upplýsingum um flutningsleiðir félaga innan sinna vébanda. Á þessum lista var að finna 67 áfangastaði. Nú eru Flytjandi og Landflutningar að flytja vörur á um það bil 90 áfangastaði. Ferðum á hvern áfangastað hefur líka fjölgað og þjónustan hefur verið bætt. Algengt er að ferðir á helstu staði séu farnar um það bil fimm sinnum í viku, þ.e. alla virka daga, og fleiri ferðir á dag á stærri staðina.“

Hér er kannski málið í hnotskurn, skýringarnar á því hvers vegna þetta hefur gerst, að sjóflutningarnir eru komnir á land. Auðvitað er það virðingarvert og nauðsynlegt, ég tek undir það, ef koma má á frekari flutningum á sjó. Það væri af hinu góða en skýringin liggur hér.

[15:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég held að það hlytu að teljast mikil tíðamót í samgöngusögu þjóðarinnar og þó víðar væri leitað ef svo fer sem horfir, að frá og með áramótum eða 1. desember leggist reglubundnar og skipulagðar strandsiglingar af við landið, með þeirri undantekningu sem fólgin er í myndarlegu framtaki einkaaðila til að sinna slíkri þjónustu við Vestfirði og þeirri takmörkuðu þjónustu sem er rekin með stuðningi ríkisins og tengist samgöngum við byggðar eyjar við landið. Að því slepptu stefnir í að strandsiglingar leggist af.

Hér er að mörgu að hyggja. Hið fyrsta sem ég nefni er að það er ekki einu sinni svo að öruggt sé að fyrir þessu liggi hreinar samkeppnislegar forsendur, þ.e. óbjagaðar að öllu leyti. Látum það vera ef það væri hrein markaðsleg eða samkeppnisleg niðurstaða að sjóflutningar væru á engan hátt samkeppnisfærir. En það er ekki einu sinni víst að svo sé. Í því sambandi þarf að athuga þá stöðu sem markaðsráðandi fákeppnishringar í flutningum eru komnir í. Það getur verið að þröngt séð frá þeirra sjónarhorni sé hagkvæmara að efla landflutningana og nýta þau tæki sem þar eru. En það er ekki þar með sagt að þjóðhagslegum hagsmunum sé best borgið með því eða að dæmið liti þannig út ef öðruvísi væri í pottinn búið. Jafnvel þótt svo væri teljum við flutningsmenn þessarar tillögu ekki að menn ættu að gefa sér að þar með væri niðurstaðan að engar strandsiglingar ættu að vera við Ísland.

Menn eiga að spyrja sig að því hvaða byggðarlegum, umhverfislegum og öryggislegum markmiðum sé náð ef menn stuðla að því að hér verði strandsiglingar. Á hvers kostnað verður það ef þær verða hér ekki? Það er augljóst að ef strandsiglingar leggjast af þá verður það á kostnað umhverfisins og á kostnað byggðasjónarmiða. Það yrði einnig á kostnað samgönguöryggissjónarmiða, a.m.k. í tvennum skilningi. Samgöngurnar sem slíkar væru með siglingunum bæði fjölbreyttari og öruggari og menn hefðu sjóinn upp á að hlaupa ef landleiðir teppast og öfugt. Auk þess kemur inn í myndina umferðaröryggi á vegunum. Það er tvímælalaust neikvætt að auka enn á þá miklu flota flutningabíla sem streyma um þjóðvegina sem eru víða vanbúnir til að takast á við það verkefni.

Þegar menn lögðu niður Skipaútgerð ríkisins, sem er kannski upphafið að því sem við okkur blasir, þá sagði ég úr þessum ræðustól, ég held að ég muni það rétt, að hvað sem um þessa ákvörðun mætti segja og hve umdeild hún kynni að vera pólitískt og byggðapólitískt þá væri eitt a.m.k. öruggt, þ.e. að hún væri tekin 10–15 árum of snemma vegna ástands vegakerfisins sem enn síður var þá og er ekki enn í stakk búið til að takast á við þetta verkefni með sómasamlegum hætti.

Ef menn vilja líta til þessara raka, sem að mínu mati eru miklu meira en fullnægjandi, þá liggur málið ljóst fyrir. Stjórnvöld, ef þau vilja hafa meðvitaða samgöngustefnu í heiðri, eiga að ráðast í það viðfangsefni að skilgreina þarfir fyrir strandsiglingar, skoða hvað þarf til að koma þeim á og hvaða aðferðir eru þeim vænlegastar. Fyrir liggja miklu meira en nógu haldbær rök til að ráðast í það og það gera aðrar þjóðir allt í kringum okkur.

Aðferðirnar blasa við mönnum. Við flutningsmenn erum ekki að leggja til að endurreisa opinbera skipaútgerð, alls ekki. Það þarf ekki. Hér má nota þær aðferðir sem eru viðurkenndar og margreynt er að standast allar kröfur evrópska samkeppnisréttarins, að skilgreina þjónustuna og bjóða hana út þannig að þeir sem treysta sér til að veita tiltekna þjónustu fyrir lægst endurgjald eða fyrir minnstan stuðning fái verkefnið. Það væri nákvæmlega sama aðferð og er notuð þegar þjónusta við Vestmannaeyjar er boðin út, að lægstbjóðandi í rekstur Herjólfs, sem treystir sér til að halda þar uppi siglingum með tiltekinni tíðni o.s.frv., fær verkefnið. Sama gildir um rekstur ferju við Eyjafjörð, til Hríseyjar og út í Grímsey. Sama gildir um áætlunarflug á þá staði sem þurfa á stuðningi að halda til að halda uppi reglubundnum samgöngum að þessu leyti.

Norðmenn leggja umtalsverða fjármuni í að viðhalda siglingum meðfram sinni strönd væntanlega vegna þess að niðurstaðan er sú að ella mundu þær ekki viðhaldast, a.m.k. af sömu gæðum og þeir vilja hafa. Grænlendingar gera það, Bretar gera það og Evrópusambandið sjálft hefur nýlega boðað að það ætli af þessum sömu ástæðum, umhverfisástæðum, og umferðaröryggisástæðum einkum og sér í lagi að leggja stóraukna fjármuni í að efla á nýjan leik sam-

göngur og færa meiri flutninga á sjóinn og siglingaleiðir, þ.e. ár og skipaskurði. Og það væri kostulegt ef Ísland, eyja með byggðina dreifða hringinn í kring á ströndinni, sæi ekki ástæðu til þess a.m.k. að huga að þessu máli.

Það er engin deila um að góðar og greiðar samgöngur á landi og flutninganet á landi er nauðsynlegt. Það er enginn að tala um að þetta sé annaðhvort eða. Auðvitað þurfa að vera slíkar leiðir fyrir dagvöru og vöru með takmarkað geymsluþol, létta vöru og vöru sem þarf að komast hratt á áfangastað. En það er ekki þar með sagt að flytja þurfi allt steypustyrktarjárn, þungavinnuvélar, sekkjavöru eða hvað það nú er, sem er alls ekki tímaháð og er ekki háð síðasta neysludegi, allt á landi eða meira og minna framleiðsluvörur landsbyggðarinnar, frystar sjávarvörur, þegar gámur eftir gám eftir gám leggur af stað á flutningabílum um hávetur á norðausturhorni landsins þegar verið er að frysta þar síld og loðnu. Hvaða vit er í því að reyna ekki að hafa þetta með skipulegri og umhverfisvænni hætti þegar það blasir við að við erum á háskalegri braut hvað varðar mikla losun koldíoxíðs eða gróðurhúsalofttegunda og fleira í þeim dúr? Hvort sem við lítum til annarra landa, horfum á samkeppnisreglurnar og bara skilgreinum stöðuna hér þá ber allt að sama brunni. Það er mikil afturför og sérstaklega háskalegt að mínu mati varðandi framtíðarþróunarmöguleika atvinnulífs úti um landið ef þessi samgöngumöguleiki eða samgöngukostur er alls ekki fyrir hendi og það er stór hætta á því að svo verði ef stjórnvöld vakna ekki til meðvitundar um hvað er að gerast. Ef svo fer að engar skipulagðar strandsiglingar eru hér þá hafa menn þær ekki til að reikna með ef þeir eru að skoða mögulega iðnaðarkosti eða annað því um líkt úti á landi. Menn geta þá jafnvel notað það sjálfkrafa og strax sem afsökun fyrir því að það sé tómt mál að tala um að byggja slíka starfsemi upp annars staðar en hér í 101 eða svo gott sem.

Ég held að það sé gríðarlega mikilvægt að menn takist á við þetta verkefni, í öllu falli skoði það mjög rækilega og komi þá með rökin ef þau eru einhver fyrir því að ráðast ekki í það.

[16:03]

Útbýting:

Blönduvirkjun, 196. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 196.

Fjármálafyrirtæki, 197. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 197.

Grunnlínukerfi símans, 202. mál, fsp. GÖrl, þskj. 202.

Skráning nafna í þjóðskrá, 204. mál, fsp. KJúl, þskj. 204.

Starfræksla fastanefndar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á Íslandi, 193. mál, þáltill. ÁÓÁ o.fl., þskj. 193.

Starfsmenn Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli, 199. mál, fsp. MÁ, þskj. 199.

Styrkur til loðdýraræktar, 195. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 195.

Tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum, 198. mál, fsp. MF, þskj. 198.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 194. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 194.

[16:04]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg ljóst, bæði mér og síðasta ræðumanni, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að góðar samgöngur eru undirstaða fyrir þróun byggðar og atvinnulífs. Við erum alveg sammála um það. En hvernig má það vera í ljósi þeirra staðreynda að það er dýrara að flytja gám landleiðina en sjóleiðina? Hvernig má það vera að fyrirtæki úti á landi, sem vilja auðvitað stuðla að því að atvinnulíf sé þar gott og góður rekstur, flytja vöru sína landleiðina frekar en sjóleiðina þegar menn tala um það sem allt frá 30% og upp í 70% dýrari kost en hann er frekar valinn? Getur það verið, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að það sé eitthvað að hjá atvinnurekandanum sjálfum eða jafnvel sveitarfélögunum? Eru sveitarfélögin ekki í neinu samstarfi um að koma sér saman um að nýta eina höfnina annarri frekar? Ég nefni t.d. Skagaströnd og Sauðárkrók. Er einhver samvinna þar á milli? Eða er það kannski hluti af málinu að ef gámurinn er kominn á bíl á annað borð sé miklu betra að keyra hann til Reykjavíkur en að hann fari í eitthvert annað sveitarfélag til einhverrar annarrar hafnar þar sem kannski er einhver núningur á milli sveitarstjórna í þessum málum?

Ég hef það á tilfinningunni að hér vinni sveitarfélög ekkert saman og að það sé m.a. hluti af málinu að eitt sveitarfélag geti ekki hugsað sér að keyra gám í annað sveitarfélag til annarrar hafnar þar sem það sveitarfélag fengi þá skipagjöldin, vörugjöldin, hafnargjöldin og hvað þessi gjöld heita. Þau séu ekkert að láta aðra hafa þessi gjöld og keyri gáminn bara til Reykjavíkur.

[16:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka formanni samgöngunefndar fyrir að taka þátt í umræðunni. Ég tók afstöðu hans þannig í ræðu hans fyrr að hann væri opinn fyrir því að þetta yrði skoðað þó að hann gæfi sér svo sem ekkert í því, sem er í sjálfu sér prýðilegt hugarfar og þá fara menn yfir málin.

Varðandi það sem hv. þm. nefnir þá ætla ég ekki að útiloka að í einhverjum tilvikum hafi mönnum verið mislagðar hendur í því. Annars staðar hafa menn þó beinlínis verið að reyna að bregðast við þessu, tryggja þetta með því t.d. að sameina hafnir í hafnasamlög. Það var augljóst mál að menn stóðu frammi fyrir því að tekjum var að verða mjög misdreift milli hafna á ákveðnum svæðum, t.d. við Eyjafjörð, og þá fóru menn þá leið að menn reyndu að stofna hafnasamlög yfir stærri svæði þannig að það skipti þá ekki öllu máli frá hvaða höfn siglingarnar fóru fram. Tekjurnar jöfnuðust út og þar voru þá vöruhafnir og fiskihafnir innan sama hafnasamlags.

Ég held að annar vandi í þessu sé sá sem ég nefndi, að það er ekki víst að það sé alveg rétt gefið í þessu. Landflutningarnir eru náttúrlega í miklu fákeppnisumhverfi og það er alveg ljóst að þungaflutningarnir á vegunum eru ekki skattlagðir í samræmi við það slit sem þeir valda. Við vitum af hverju. Menn hafa að sjálfsögðu hikað við að hækka þungaskatt eða kílómetragjald þannig að það endurspeglaði hið raunverulega álag á vegunum vegna þess að þá mundi það stórhækka flutningsgjöld úti um landið og það er hinn endinn á málinu, sem er mjög neikvætt.

Ástæðan fyrir því að svona óhönduglega hefur tekist er held ég líka að við misstum af tækifærinu til að endurskipuleggja strandsiglingarnar á meðan þar voru umtalsverðir flutningar og áður en þetta fór að síga allt saman upp á landið. Það eru ekki nema 15 ár síðan þrjú skipafélög sigldu á ströndina, Skipaútgerð ríkisins, Eimskipafélag Íslands og Samskip. Ég reyndi sem samgönguráðherra á sínum tíma mikið til að koma þessum aðilum saman vegna þess að ekkert eitt af þessum félögum rak þetta með hagnaði. En þá hefði eitt félag sjálfsagt getað rekið sig með bærilegri afkomu án stuðnings ríkisins. Það kann að kunna stuðning ríkisins í byrjun ef við ætlum að endurreisa strandsiglingakerfið en það gæti vel verið að það yrði sjálfbært innan fárra ára.

[16:08]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það alveg ljóst í mínum huga sem formanns samgöngunefndar að við munum auðvitað skoða málið með opnu hugarfari. Það er hins vegar spurning hvernig á að fara með það. Það er alveg rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á að menn hafa verið að hiksta við að setja hið rétta verð á ekinn kílómetra versus þyngd vegna þess, eins og hv. þm. kom inn á, að það mun auðvitað leiða til hærra vöruverðs úti á landi. Og ekki viljum við stuðla að því. Það þýddi bara enn meira óhagræði og jafnvel tilflutninga á fólki.

Ég nefndi áðan þennan flutningsmáta og hvort hafnirnar ynnu ekki saman. Það var mjög athyglisvert þegar hafnasamlögin voru stofnuð og þá bjóst ég við því að það mundi gerast sem hv. þm. kom inn á áðan varðandi hafnasamlög, að það yrðu þá bara einhverjar ákveðnar tilteknar hafnir sem önnuðust útflutning og alla aðdrætti en reyndin hefur orðið sú að það eru allar hafnir enn við lýði og þær krefjast fjármagns áfram út úr ríkisstyrkjum eins og ekkert hafi gerst.

Það þarf líka að hugsa hvort það geti verið, eins og ég nefndi áðan þegar ég nefndi t.d. Skagaströnd og Sauðárkrók, að menn segi sem svo: Það er búið að setja 40 feta gám upp á bíl og það kostar að keyra hann til Sauðárkróks eða öfugt frá Sauðárkróki til Skagastrandar. Það er ekki svo mikill munur á kostnaði að keyra hann til Reykjavíkur heldur en að keyra hann á Sauðárkrók eða Skagaströnd. Þetta gæti hugsanlega verið skoðað og er þá hægt að styrkja þessa flutninga á milli svæða til þess að búa til alvöruútflutningshafnir? Það er mál sem þarf að skoða.

[16:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt. Eitt af því sem kæmi augljóslega upp til skoðunar strax í framhaldinu þegar búið væri að skilgreina þjónustuna og ákveða viðkomuhafnirnar væru flutningaleiðir á landi til að fóðra þær hafnir. Það er engin ástæða til að ætla að þær þyrftu endilega að vera eins margar og þær voru áður þegar strandferðaskip skipafélaganna að ég tali nú ekki um Ríkisskip komu nánast inn á hverja einustu höfn. Það er að sjálfsögðu engin ástæða til þess t.d. að strandferðaskip færi að leggja upp að mörgum höfnum við utanverðan Eyjafjörð, svo að dæmi sé aftur tekið þaðan.

Veruleikinn er sá að langflestar hafnir landsbyggðarinnar eru að verða að hreinum fiskihöfnum og flutningaskipakomur þangað eru mjög óreglulegar og fyrst og fremst til þeirra hafna sem af og til senda frá sér stórfarma, þ.e. fiskimjöl eða annað því um líkt. Gámarnir fara í stórum stíl orðið á landi.

Ég þakka formanni samgöngunefndar fyrir góð orð um að samgöngunefnd muni skoða þetta mál vel. Ég þóttist reyndar alltaf vita að það mundi koma við viðkvæma taug, snerta streng í brjósti hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar þegar í hlut ættu störf sjómanna. Ekki veitir af að reyna að efla eitthvað á nýjan leik hina íslensku farmannastétt og við skulum gefa okkur að á tveimur strandferðaskipum sem þjónuðu ströndinni og sigldu hvort á móti öðru, t.d. með vikulegri áætlun, yrði góð stétt íslenskra farmanna.

Ég held að það sé geysilega mikið að vinna með því að skoða hvort ekki sé hægt að koma þessu á og ef sú þjónusta, það merka framtak við Vestfirðina stendur undir sér á þann hátt sem það er rekið í dag sjáum við að það hlýtur að vera hægt með tiltölulega litlum stuðningi að útfæra slíkt net þannig að það taki til landsins alls. Mér segir svo hugur að um leið og slíkt strandsiglingakerfi með reglubundinni áætlun væri búið að festa sig í sessi mætti, ef það yrði ekki strax sjálfbært eða fljótlega alveg sjálfbært, halda því úti með kannski 50–100 millj. kr. stuðningi ríkisins á ársgrundvelli á grundvelli útboðs.

[16:13]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum afar brýnt mál sérstaklega í ljósi þess, eins og fram hefur komið í ræðum fyrri ræðumanna, að strandsiglingarnar í kringum landið eru nánast aflagðar með tilliti til flutninga. Sú sem hér stendur vill halda því fram að það séu ekki bara umhverfisleg, byggðaleg eða öryggisleg sjónarmið sem þar með séu í uppnámi heldur ekki síður menningarleg sjónarmið. Að minnsta kosti naut ég þess í ríkum mæli í bernsku minni að sigla með föður mínum, sjómanninum, á ströndina aftur og aftur og vil meina að sú menning sem hefur náðst að viðhalda til þessa dags við hafnir strandbæjanna okkar sé í húfi líka með því að flutningar á sjó eru nánast aflagðir. Af þeim orsökum snart það kannski streng í hjarta mínu þegar ég föstudaginn 1. september árið 2000 klippti út forsíðufrétt úr dagblaðinu Degi, sem kemur ekki lengur út og er kannski tímanna tákn, en fréttin hljóðaði svo með leyfi forseta:

„Ellefu vörubílar taka við af Mælifellinu." — Ellefu vöruflutningabílar taka við af Mælifellinu, og svo segir auðvitað í undirfyrirsögn: „Landsbyggðamenn óttast frekari byggðaröskun í kjölfar þess að Samskip hefur hætt strandsiglingum. Akureyrarhöfn tapar stórfé og álag á þjóðvegina eykst." — Þetta sagði dagblaðið Dagur föstudaginn 1. september árið 2000.

Eftir að þessi frétt birtist og eftir að Mælifellið lauk siglingu sinni í kringum Ísland með vöruflutninga í þágu landsbyggðarinnar hefur sigið enn á ógæfuhliðina þar sem Eimskip er nú líka hætt. Ég verð að segja að þau sjónarmið sem ráða því að skipafélögin hafa ákveðið að hafa þennan hátt-

inn á eru að mörgu leyti skiljanleg, í fyrsta lagi vegna þess sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson gat um í sinni ræðu, það er fljótvirkara kerfi að nota vegina og landflutningana. Við erum í auknum mæli að flytja dagvöru á milli staða og það skiptir verulegu máli að fólk fái hana án þess að þurfa að bíða eftir henni.

Hins vegar verður líka að segjast eins og er að ríkisvaldið hefur ákveðna ábyrgð í þessum efnum og ríkisvaldið hefur ekki staðið þannig undir ábyrgð sinni að þykja megi sómi að. Við höfum við borðin okkar, þingmenn, verið að fara yfir samgönguáætlanir ríkisstjórnarinnar. Við höfum í höndunum afar merka skýrslu frá starfshópi sem samgönguráðherra skipaði á sínum tíma sem fjallaði um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Allar þær skýrslur og yfirlýsingar sem við höfum frá ríkisstjórninni varðandi samgöngur stefna í eina átt. Við ætlum okkur að reyna að minnka losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Það er ásetningur okkar í öllum þessum skýrslum og yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar að gera það.

Ef hugur fylgdi máli í þessum efnum hefði ríkisstjórnin tekið til meðferðar það mál sem við hér fjöllum um. Það er ljóst og segir meira að segja í ýmsum af þessum skýrslum — ég get bara vitnað beint í skýrsluna um gróðurhúsalofttegundirnar en þar segir að í samanburði við flutninga á vegum séu flutningar á sjó taldir vænlegri kostur með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda. Þar segir reyndar líka að eðli skipaflutninga valdi því að miklu magni sé safnað saman til flutninga í stórum flutningaeiningum og það sé kannski líka helsti veikleiki sjóflutninga því að þeir séu mun seinvirkari en flutningar á vegum. Ríkisstjórnin er sér fullkomlega meðvituð um að það er ódýrara og hagkvæmara í umhverfislegu tilliti að flytja vörur sjóleiðina en landleiðina. Ríkisstjórnin hefur ekki treyst sér til að grípa til þeirra aðgerða sem er í hennar valdi að gera og þá vil ég fyrst og fremst nefna þungaskattinn sem að sjálfsögðu ætti í því umhverfi sem við búum í og miðað við þær yfirlýsingar sem ríkisstjórnin hefur gefið að endurspegla kostnaðinn við flutningana.

Sannleikurinn er sem sagt sá að menn hafa hikað við að setja, eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson orðaði það áðan, hið rétta verð á ekinn kílómetra í þungaskattskerfi okkar og þar af leiðandi endurspeglar þungaskatturinn ekki kostnaðinn við slitið á vegunum og slitið á umferðarmannvirkjunum almennt. Að sjálfsögðu ætti þungaskatturinn að hækka í samræmi við það slit sem stórir bílar valda.

Ríkisstjórnin hefur líka skirrst við að hækka aðflutningsgjöldin og vörugjöldin af stærri bílunum. Ríkisstjórnin hefur hvatt til aukinnar notkunar stórra bíla og hún hefur með þessu sleifarlagi sínu varðandi þungaskattinn hvatt til þess að landflutningar taki við af sjóflutningum. Ríkisstjórnin þarf ekki að vera neitt undrandi yfir því ástandi sem við nú horfum fram á. Það er í hennar valdi að bregðast við og auðvitað ætti hún að gera það af manndómsskap eins og yfirlýsingar hennar í samgönguáætlunum og öðrum stefnumarkandi plöggum gefa til kynna. Má þar t.d. nefna ritið Velferð til framtíðar sem fjallar um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi en þar gefur ríkisstjórnin út yfirlýsingar sem lúta að sjálfbærum samgöngum og telur sig vera meðvitaða um hvað þurfi að gera í þeim efnum til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem við erum skuldbundin til að gera.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi í ræðu sinni erindi Tinnu Finnbogadóttur sem haldið var á málþingi Landverndar og Umhverfisstofnunar Háskóla Íslands á föstudaginn var. Ég varð þeirrar ánægju aðnjótandi að sitja þetta málþing og hlusta á erindi Tinnu Finnbogadóttur sem er nemi við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn. Hún fjallaði einmitt um landflutninga og strandflutninga og það var afar athyglisvert að hlusta á hana. Í máli hennar kom fram að kostnaðurinn við að flytja eitt tonn með skipi væri um 6 þús. kr. en að sama skapi um 30 þús. kr. þegar reiknaður væri flutningskostnaður á hvert tonn á stórum flutningabíl. Þar hafði Tinna reiknað inn í alla þætti, líka slitið á vegunum, alla þá þætti sem í raun og veru samfélagið þarf að borga fyrir flutninginn á þessum þungu förmum um landið þvert og endilangt.

Það er alveg ljóst að það þarf að grípa hér til aðgerða og best væri auðvitað að þær aðgerðir væru í samræmi við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar svoleiðis að við þyrftum ekki að standa hér oftar en þörf krefur til að halda því fram að það sé tvískinnungur í stefnu stjórnvalda hvað þetta varðar. Ég tel að stjórnvöld hafi í hendi sér möguleikana á því að endurreisa strandflutningana. Auðvitað kann að vera að við séum orðin of sein, við hefðum átt að nota tækifærið meðan færi gafst en ég trúi því þó að enn sé hægt að grípa eitthvað í taumana.

[16:21]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert sem hv. þm. kom að varðandi flutningana, sjóflutninga versus landflutninga. Mér finnst hins vegar mjög hæpið að segja að eins og komið er sé það ríkisstjórninni að kenna. Það liggur ljóst fyrir eins og hv. þm. kom inn á í ræðu sinni að landflutningar eru miklu dýrari en sjóflutningar. Þess vegna endurtek ég það enn: Hvernig má það vera að samt sem áður flytji menn vörur í jafnríkum mæli með flutningabílum landleiðina, þrátt fyrir þá staðreynd að það er miklu ódýrara að fytja með skipi? Þetta er bara stóra spurningin og hvað svo sem ríkisstjórnin gerir mun það ekki breyta þessu neitt. Það er mér alveg ljóst.

Hins vegar eru það atvinnurekendurnir í hinni dreifðu byggð sem gætu breytt þessu. Ríkisstjórnin þarf ekki að koma til. Það liggur alveg ljóst fyrir hvor kosturinn er vænlegri og ódýrari.

Svo er auðvitað margt annað sem þarf að skoða í þessu. Ég nefni t.d. þennan Jöfnunarsjóð olíuvara. Það er greitt sérstaklega fyrir sjóflutninga þar. Þeir eru nánast lagðir af og farið að flytja allt með bílum en það er greitt úr jöfnunarsjóði eins og flutt sé með skipi. Það er í mörg horn að líta en ég get ekki fundið þeim orðum stað með neinum rökum að þetta sé ríkisstjórninni að kenna, þetta ástand á vegum og flutningur landleið versus sjóleið í ljósi þeirra staðreynda að það er ódýrara að flytja með skipi.

Hvers vegna er það ekki gert?

[16:23]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil ekki frekar en hv. þingmaður ástæðu þess að atvinnurekendur hafa kosið að nota landflutningana í auknum mæli og leggja af flutninga með skipum. Ég skil satt að segja ekki hvers vegna það er þar sem það er hagkvæmara að fara sjóleiðina eins og hv. þm. hefur getið um í ræðum sínum. Einfalt reikningsdæmi.

Ég velti fyrir mér ábyrgð atvinnurekenda annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar. Eitt af því sem ríkisstjórnin hefur tekið á sig og viðurkennir í þeim plöggum sem fjalla um sjálfbærar samgöngur er það að breyta hugarfari. Ríkisstjórnin hefur ákveðið það og gefið út yfirlýsingar um að það þurfi að breyta hugarfari fólks, og þá líka atvinnurekenda. Þá vinnu sem fólgin er í því að breyta hugarfari hefur ríkisstjórnin ekki sett í gang. Að því leytinu til segi ég enn og aftur: Ríkið ber þarna ákveðna ábyrgð. Við berum þá ábyrgð varðandi þungaskattinn að hann endurspegli þann kostnað sem er í raun og veru af akstri þessara stóru flutningabíla um þjóðvegina og ríkið ber líka þá ábyrgð að halda úti ákveðnum áróðri fyrir stefnumiðum sínum sem eru fólgin í sjálfbærum samgöngum.

[16:24]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að breyta hugarfari fólks er góðra gjalda vert. Hvernig er það hægt í ljósi þeirra staðreynda sem við erum með skrifaðar niður, upplýsinga um þennan verðmismun flutninga á landi versus á sjó? Við vitum það og við komum inn á það áðan — ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddum þau vandamál sem fylgja því að hækka þungaskattinn. Hv. þm. talaði um að það væri eðlilegt að hækka þungaskattinn. Við megum þá ekki gleyma því að meginhluti matvörunnar er fluttur landleiðina vegna hraða og þeirrar kröfu sem fólkið úti á landi gerir auðvitað um að fá ekki matvöru á síðasta söludegi. Það er ósköp eðlileg krafa þannig að ef það er hugur hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að það sé eðlilegt að hækka þungaskattinn á þessum bílum og beina þeim spjótum í þá átt þannig að menn fari frekar að flytja sjóleiðina er þetta óhagræði gagnvart einstaklingunum. Þá er þingmaðurinn um leið að leggja til að hinni dreifðu byggð verði mismunað með íþyngjandi sköttum sem koma fram í verði matvörunnar.

[16:26]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum í stjórnkerfi okkar ýmsan mekanisma sem jafnar kjör fólks með tilliti til búsetu og ég tel að við höfum það í hendi okkar að jafna út líka þennan flutningskostnað til þess að það þurfi ekki endilega að bitna á neytendunum í hinum dreifðu byggðum þó að flutningskostnaðurinn yrði meiri. Ég tel að það þurfi fyrst og fremst að gera þetta vegna þess að við þurfum að fæla flutningsaðilana fyrir alvöru frá því að nota flutninga á landi jafnmikið og þeir gera.

Við þurfum að hvetja þá til að nota sjóflutningana og við hefðum átt að gera það miklu fyrr eins og ég sagði í ræðu minni. Kannski erum við búin að missa tækifærið til að endurreisa sjóflutningana sem mér þykir þá mjög miður. Kannski hefðum við átt að bregðast við af miklu meira afli miklu fyrr en það er svo sem einfalt að standa hér og tala í viðtengingarhætti um þetta mál. Ég tel í öllu falli að hér sé um mikla ábyrgð að ræða sem hvílir á okkur sem í þessum sal erum. Sú umræða sem hér hefur farið fram gerir það vonandi að verkum að atvinnurekendur og flutningsaðilar skoði þetta aðeins hjá sér og reyni þá að svara þeirri spurningu sem hv. formaður samgöngunefndar varpaði fram í ræðum sínum:

Hvers vegna í ósköpunum eru menn að flytja á landi þegar það virðist vera miklu ódýrara að flytja á sjó?

Svo vil ég að lokum segja að það er ánægjulegt að hv. formaður samgöngunefndar skuli taka virkan þátt í þessari umræðu. Ég tel að hún sé þess eðlis að það sé skapandi og jákvætt fyrir okkur að skiptast á skoðunum um þetta. Þó að við snúum kannski ekki við tímahjólinu í þessum efnum skiptir það máli að opna aftur möguleikana á strandsiglingunum því að þetta er spurning um að hafa kerfi þar sem ekki er annaðhvort eða, heldur þar sem við getum séð til þess að vörur séu fluttar bæði á sjó og landi, og ekki síður á sjó.

[16:28]

Útbýting:

Grunnlínukerfi símans, 201. mál, fsp. GÖrl, þskj. 201.

[16:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er mjög gagnleg og góð umræða sem hér fer fram en tildrög þessa þingmáls, tildrögin að því að það er lagt fram, eru eins og kunnugt er að í ágústbyrjun var skýrt frá því að frá og með 1. desember nk. muni Eimskipafélag Íslands hætta strandsiglingum. Þá er fyrirséð að strandsiglingar muni leggjast af við Ísland. Það er ekki vegna þess að Eimskipafélag Íslands sé á vonarvöl. Á sama tíma var upplýst að hagnaður fyrir afskriftir á árinu 2004 væri áætlaður 2.300 millj. og gert er ráð fyrir að afkoma ársins 2005 verði 3.000 millj. og um 3.500 millj. árið 2006. Þetta eru áætlanir sem kynntar voru í sumar.

Þegar Skipaútgerð ríkisins var einkavædd árið 1992 trúðu margir því að Eimskip og Samskip mundu stunda grimma samkeppni sín í milli og að þetta mundi færa landsmönnum góða þjónustu á hagkvæmum kjörum. Þeim sem óskuðu þessa, sem við væntanlega gerðum öll, varð hins vegar ekki að ósk sinni. Nú stöndum við frammi fyrir því að strandsiglingarnar leggist af. Skipafélögin telja sig hafa meiri arð af annarri starfsemi en sjóflutningum við Íslands strendur og þar er komin skýringin á því að þau taka ákvörðun um að leggja strandsiglingarnar niður.

Við þessu er lítið hægt að segja annað en að ræða hvernig brugðist skuli við. Það gerum við tillögu um í þessari þingsályktunartillögu en þar leggjum við til að samgönguráðherra verði falið að undirbúa það að strandsiglingar verði eðlilegur hluti af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins og við erum með tillögu um að strandsiglingarnar verði boðnar út.

Ég kannaði þessi mál nokkuð í sumar og kynnti mér ýmis gögn sem reidd hafa verið fram í tengslum við þessa umræðu. Þar á meðal rakst ég á umsögn frá Félagi ísl. skip-

stjórnarmanna sem var send samgöngunefnd þegar samgönguáætlun fyrir árin 2003–2006 var til umræðu á Alþingi. Í þeirri umsögn er lögð áhersla á að samgöngumál séu skipulögð sem samstæð heild í stað þeirrar tilhögunar sem áður var að líta á hvern hinna þriggja þátta samgangna sem afmarkaðar stærðir skipulagslega og hagrænt og þá er vísað að sjálfsögðu í land-, loft- og sjóflutninga. Með þessari umsögn eru mjög fróðleg samanburðardæmi sem Félag ísl. skipstjórnarmanna setti fram. Ég ætla að lesa nokkrar línur upp úr umsögninni, með leyfi forseta, en félagið leggur mikla áherslu á að í samgönguáætlun þurfi að meta hagrænt gildi mismunandi samgöngumáta.

„Með því að leggja niður sementsflutninga með Skeiðfaxa milli Akraness og Reykjavíkur voru sömu flutningar færðir á vegakerfi landsins. Til að flytja sama magn á þeirri tímeiningu sem skipið flutti þarf lest 10 sementsflutningabíla og er orkunotkun þeirra varlega áætluð um 800% meiri en fer til að knýja skipið sömu leið, með tilheyrandi aukningu í útblæstri og mengun. Bílalestin leggur slitálag á 49 km af vegakerfi landsins, en skipið notar við sömu störf tvo viðlegukanta, vita og önnur leiðarmerki sjófarenda, auk eigin tæknibúnaðar."

Síðar segir í umsögninni og enn er Félag ísl. skipstjórnarmanna með samanburðardæmi og hef ég lesturinn, með leyfi forseta:

„Mánafoss" — minnsta skipið í strandflutningum fyrir utan olíuskip og báta — „flytur um 3.300 tonn af vörum. Flytji Mánafoss það magn af vörum í órofinni siglingu milli Reykjavíkur og Akureyrar tekur það um 27 klst. miðað við meðalaðstæður. Með því að flytja sama magn á vegakerfinu þessa leið, á sama tíma, þurfa 28 fulllestaðir vöruflutningabílar með tengivagni að fara 3 ferðir hver, á milli Reykjavíkur og Akureyrar."

Síðan er nánari útlistun á þeim samanburði.

Í þessari umræðu hafa komið fram margar umhugsunarverðar ábendingar, t.d. frá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni um til að mynda verðlag, að það séu ýmsir aðrir þættir en verðið sem ráði því hvaða kost menn kjósi. Hraðinn við að fá vöruna til sín er eitt atriði en þá er spurning hvort við þurfum að hafa sama hraðann á að koma mjólkurvöru landshorna á milli og traktorsgröfum. Þegar það gerist að allt vegakerfi landsins er hannað með það í huga að hægt sé að flytja þungavélar á vegunum, þá eru menn ekki á neinni skynsemisbraut enda hlýtur það að stríða gegn þjóðarhag.

Ég vil leggja áherslu á það sem kom fram í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um viðhorfið, um afstöðu okkar og viðhorf. Ef það er þjóðhagslega skynsamlegra að beina flutningunum á sjóinn af vegunum í nánast öllu tilliti, peningalegu, með tilliti til umhverfisins eða hvernig sem á málið er litið, þá er okkar sameiginlega verkefni að hrinda þessu í framkvæmd. Það er málið. Við erum ekkert niður njörvuð í einhverri einni leið til að ná því markmiði fram. Það sem við viljum gera er að efla strandsiglingar, koma þeim á að nýju og það er rétt sem kom fram í máli Guðmundar Hallvarðssonar að fjárfestingin er til staðar, hafnirnar eru til staðar. Þær eru notaðar fyrir fiskiskip og krefjast viðhalds og áframhaldandi fjárfestingar þannig að einnig er á þetta að líta. Með öðrum orðum, það er mjög gott að hlusta á hve jákvætt menn almennt taka í þessar tillögur en að sjálfsögðu þarf að skoða þær rækilega í samgöngunefnd.

[16:36]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Þeirri ágætu og málefnalegu umræðu sem hér á sér stað ber að fagna. Í rauninni er það afskaplega merkilegt, svo merkilegt að fleiri en einn þingmaður hafa haft orð á því að þetta sé sérstaklega málefnaleg umræða og vissulega er mikið til í því og allt of sjaldan gerist það að umræða nær að verða svona fagleg og afslöppuð eins og raun ber vitni nú. Oftar en ekki verða þetta skylmingar gjarnan á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Þessari umræðu ber því að fagna.

Hér er á ferðinni afskaplega merkilegt og stórt mál og ber að lýsa ánægju með fram komna þingsályktunartillögu um það. Tilefnið er náttúrlega ærið eins og hér hefur komið fram í umræðunni að þann 1. desember nk. hætta sjóflutningar á hafnir í kringum landið og eftir það eru allir vöruflutningar komnir upp á vegi landsins. (**Gripið fram í:** Nema til Vestfjarða.) Nema til Vestfjarða, eins og hér er kallað fram í réttilega. Þetta er auðvitað mjög stórt mál sem er mikilvægt að skoða nákvæmlega því að afleiðingarnar eru nokkuð margvíslegar. Má þar í fyrsta lagi benda á hinar umhverfislegu afleiðingar að útblástur mun verða allt að sjöfalt meiri en ef sambærilegir flutningar færu fram á sjó og með hliðsjón af Kyoto og því að við viljum halda umhverfi okkar tiltölulega hreinu þá hlýtur það að vera umhugsunarefni.

Í annan stað má draga fram hin byggðalegu áhrif af þessu. Fram hefur komið hjá forsvarsmönnum ýmissa fyrirtækja á landsbyggðinni sem eru að hasla sér völl og eru háðir því að fá aðföng og koma vöru sinni á markað, sem er á höfuðborgarsvæðinu, að hinn aukni kostnaður kunni að ríða þeim að fullu og þar með standa þessir mikilvægu sprotar í atvinnulífi landsbyggðarinnar í hættu og kunna að veikja landsbyggð.

Þar af leiðandi erum við komin að þriðju ástæðunni sem eru hinar efnahagslegu afleiðingar sem af þessu hljótast ef þetta er dýrari leið. Ef þetta veikir stoðir atvinnulífs þá hefur það auðvitað bein og óbein áhrif á efnahagslíf okkar. Síðast en ekki síst ber að draga öryggissjónarmiðið fram, vaxandi umferð á vegum sem ekki voru hannaðir með hliðsjón af þessari miklu og vaxandi umferð stórra ökutækja, svo ekki sé minnst á þann kostnað sem það hefur í för með sér gagnvart skattborgurum má segja, því að þessir stóru bílar ekki einungis slíta yfirborði heldur líka undirlagi vega margfalt á við venjulega fólksbíla svo skiptir tugum og það er auðvitað kostnaður sem skattborgarar standa frammi fyrir. Afleiðingar þessarar þróunar eru því mjög alvarlegar fyrir samfélagið í heild sinni.

Hvað veldur þessari breytingu? Það er í rauninni mjög erfitt að skilja það eins og fram hefur komið í umræðunni. Ef þessi leið er dýrari af hverju leita menn þá ekki að hinum ódýrustu lausnum? Mjög oft heyrist sem svar við þessari spurningu að það sé krafa markaðarins, að markaðurinn þurfi á dagvöru að halda. Vissulega gildir það um suma vöruflokka svo sem matvöru, dagblöð og því um líkt og verður ekkert undan því vikist. Þá má líka benda á að sú

þróun hefur orðið og að sumu leyti jákvæð fyrir atvinnulífið í sjávarbyggðum að ferskfiskframleiðsla hefur verið að aukast þar sem menn gera út á flugfisk svokallaðan og þurfa að koma afurð sinni sem fyrst á Keflavíkurflugvöll. Þar getur flutningurinn ekki tekið marga daga þannig að það eru sannarlega rök, en það gildir hins vegar ekki um nærri allar vörur sem fara af landsbyggðinni og hingað eða út á landsbyggðina. Það er því mjög erfitt að átta sig á af hverju þróunin verður með þessum hætti. Þá hljótum við að spyrja um hver lausnin sé. Hún er vissulega ekki einföld og eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vék að lýtur þetta að viðhorfi. En hvernig á að breyta viðhorfi heillar þjóðar? Það gerir auðvitað engin ríkisstjórn, það er almennt átak en ég hef mesta trú á að það gerist með umræðu eins og hér fer fram og upplýsingum og fræðslu. En hvernig ætlum við að leysa þetta?

Ríkisútgerð hefur verið nefnd en ef við horfum raunsætt á það er ekki almennur áhugi á því að taka upp ríkisútgerð eins og hér var. Umhverfið hefur þannig breyst. Fara útboðsleið eins og felst í þessari þingsályktunartillögu og hér hefur verið bent á af hálfu þingmanna Vinstri grænna, að ríkisvaldið leggi ákveðna peninga til og bjóði síðan verkið út. Það er svo sem ein leið. Ég hef hins vegar trú á því að eftir 1. desember muni skapast þau skilyrði að framtakssamir einstaklingar sjái sér viðskiptatækifæri í þessu alveg eins og hefur gerst á Vestfjörðum, með Jaxlinn, þar sem framtakssamur einstaklingur fjárfestir í ágætu skipi sem hefur staðið sig með prýði. Ég trúi því að sá grundvöllur miðað við þörfina sem er úti á landi muni skapast. En það er eins og hér hefur verið bent á bundið ýmsum þáttum og ekki síst því að fá atvinnurekendur úti á landsbyggðinni og þá sem þurfa á slíkri þjónustu að halda til að standa svolítið saman. Það er auðvitað ákveðið lykilatriði því að það eru þeir sem eru þá kaupendur þjónustunnar og þurfa þá að standa saman.

Menn geta rætt um stjórnvaldsaðgerðir og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir velti því upp að setja mætti þennan kostnað inn í þungaskattinn, en þá stangast það auðvitað á við það sem menn hafa talað um byggðastefnu. Hv. þm. Jón Bjarnason hefur verið ötull talsmaður þess að leggja meiri skatt á þessa þyngri bíla því að þeir slíti meira. Fyrir því eru efnisleg rök en afleiðingar þess eru þá ekki síður þær að kostnaður fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni yrði enn meiri þannig að málið er að sjálfsögðu langt frá því að vera einfalt. Skattlagning er ein leiðin til að stýra þessu en hefði þessi neikvæðu áhrif.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram. Ég er í samgöngunefnd og tek undir með hv. formanni nefndarinnar, Guðmundi Hallvarðssyni, að það verður spennandi í rauninni fyrir nefndina að glíma við þetta úrlausnarefni því ég held að það sé þverpólitískur vilji fyrir að koma einhverri breytingu þarna á þó að lausnin sé á engan hátt einföld. En þetta er verðugt verkefni fyrir nefndina og trúi ég að hún muni finna hina skynsamlegustu lausn í málinu.

[16:44]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var margt athyglisvert sem kom fram í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Mig langar að nefna eitt, vegna þess sem hann sagði um strandferðirnar og flutningana á Vestfirði og nefndi þar skipið Jaxlinn, að eftir áreiðanlegum heimildum sem ég hef er þetta skipafélag búið að kaupa tvö skip til viðbótar. Að vísu er þá hugmyndin að bæta við einu skipi í strandflutninga. Fram hefur komið hjá Eimskipafélagsmönnum að þeir muni jafnvel eftir 1. desember nota þá þjónustu ef það hentar þeim.

Ég vil einnig segja að ég hef margvitnað til skýrslu nefndar um flutningskostnað sem var sett á laggirnar af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hún var skipuð þremur aðilum úr iðnaðar-, samgöngu- og fjármálaráðuneytinu og þeir unnu gott verk. Þar kom m.a. fram eins og hv. þm. Hjálmar Árnason kom inn á varðandi flutningana til og frá hinni dreifðu byggð, að það er annars vegar matvaran sem mun verða áfram á vegum hvort sem okkur líkar betur eða verr og síðan er það hinn ferski fiskur eða svokallaði flugfiskur sem er í vaxandi mæli fluttur af hinni dreifðu byggð á Keflavíkurflugvöll.

En það sem kom fram almennt í máli manna þegar verið var að ræða um þessa flutninga, af hverju land en ekki sjór o.s.frv., að það beri að nota strandflutninga þegar því verði við komið, en þó kom fram hjá mönnum að strandferðaskipin séu vondur kostur. Tíðni og ferðatími skipti þar miklu máli. Það er það sem ræður þessu, það eru þessar vikulegu siglingar. Það líða sjö dagar á milli. Það er stór hluti af málinu. En bæði matvara og auðvitað ferskur fiskur mun verða áfram á þjóðvegum hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

[16:47]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru merkisupplýsingar sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson dregur hér upp að útgerð Jaxlsins skuli vera búin að fjárfesta í tveimur skipum til viðbótar. Þar notuðu menn tækifæri sem skapaðist, tóku mið af þeim aðstæðum sem voru orðnar á Vestfjörðum og í ljós kemur að það reynist vera rekstrargrundvöllur fyrir Jaxlinum. Hann veitir þá þjónustu sem hentar Vestfirðingum og þá um leið útgerð skipsins. Það eru akkúrat þær aðstæður sem skapast eftir 1. desember hringinn í kringum landið sem munu væntanlega laða fram slíka einstaklinga og guð gefi að viti á gott að þessi ágæta útgerð ætli að hugsa lengra en eingöngu til Vestfjarða.

En það breytir ekki því að spyrja verður hvort komi á undan eggið eða hænan. Því skipaferðir þurfa auðvitað að vera reglulegar og áreiðanlegar til þess að neytendur og fyrirtæki notfæri sér þjónustuna. Að slík útgerð eins og Jaxlinn rekur geti staðist, eða einhver annar sem hyggst vera með siglingar hringinn í kringum landið, er mikið komið undir þeim sem gætu notfært sér slíka þjónustu og þá vísa ég enn og aftur til atvinnurekenda sem reka fyrirtæki úti á landsbyggðinni. Þeir þurfa að standa saman og skipuleggja sig þannig að grundvöllur fyrir skip eins og Jaxlinn eða önnur sambærileg verði til staðar og þróunin bendir eindregið til að þarna sé kominn ákveðinn rekstrargrundvöllur fyrir aðra vöru en dagvöruna.

[16:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var ágæt ræða sem hv. þm. flutti og hann vakti máls á ýmsum umhugsunarverðum þáttum. En varðandi viðhorfið og að breyta viðhorfi þjóðarinnar þá liggur mér við að segja að mest þurfi að breyta viðhorfinu hjá okkur öllum hér í salnum. Ég minnist þess þegar Skipaútgerðin var einkavædd 1992 að mikið var býsnast yfir því hve mikill stuðningur kæmi úr ríkissjóði til strandsiglinganna. Ég held að menn hafi verið búnir að reikna sig upp í milljón á dag eða þar um bil. Það eru hins vegar smáaurar miðað við þá fjárfestingu sem menn urðu að ráðast í vegna allra þungaflutninganna á landi. Þessu hafa menn gleymt en nú er þetta að renna upp fyrir mönnum. Þetta er hluti af þessari viðhorfsbyggingu.

Við leggjum til útboð, hv. þm. nefndi skipaútgerð eða ríkisrekið fyrirtæki. Þó við séum ekki að leggja það til þá get ég alveg trúað mönnum fyrir því að ég er ekkert feiminn við að tala um ríkisrekstur og við megum gæta okkur svolítið á því að verða ekki svo hrædd við samfélagslega rekin fyrirtæki eða starfsemi að það verði nánast bannorð. Skipaútgerðin var sett á fót á sínum tíma til þess að leysa tiltekið vandamál efla samgöngur. Nú stöndum við enn á ný frammi fyrir þessu.

Spurningin sem ég ætlaði að beina til hv. þm. er þessi: Ef það fer svo að einhverjar siglingar fara af stað, einhver fyrirtæki sem vísa til sjóflutninga milli Reykjavíkursvæðisins og Vestfjarða og á öðrum leiðum, er ekki hætt við að slíkt kerfi yrði gloppótt? Við skulum ekki gleyma því að við erum háð duttlungum þessara fyrirtækja eftir sem áður.

[16:51]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég trúi því mjög vel að hv. þm. óttist ekki að tala tæpitungulaust um ríkisrekstur. Það er alveg rétt sem hv. þm. bendir á að grundvallaratriðið fyrir því að slík þjónusta í sjóflutningum hringinn í kringum landið yrði notuð, er að siglingar séu öruggar og tíðnin sé hæfileg hvað sem það svo sem þýðir. En þar hangir þetta auðvitað saman. Þess vegna vísa ég til þess hversu mikilvægt er að atvinnurekendur úti á landsbyggðinni, sem kvarta mjög undan auknum kostnaði eftir að flutningar eru að færast yfir á vegina af sjónum og eru dýrari og ógna tilveru fyrirtækjanna, skipuleggi sig vitandi að þetta eru hagsmunir þeirra fyrirtækja og byggðarlaga. Það er mikilvægt að þeir skipuleggi sig saman til þess að búa þennan markað til. Það virðast Vestfirðingar hafa gert. Þar hafa verið mjög reglulegar og áreiðanlegar siglingar og þess vegna hefur markaðurinn notfært sér þjónustuna og þar með skapað rekstrargrundvöll fyrir Jaxlinn. Og ég trúi því, af því að markaðurinn er auðvitað miklu stærri á Norðurlandi og fyrir austan og hringinn í kringum landið en eingöngu á Vestfjörðum, að ef atvinnurekendur skipuleggja sig með þessum hætti og búa þannig til markað þá verði auðveldara að gera þessar siglingar það öruggar og tíðar að það ýti enn frekar undir að menn notfæri sér þjónustuna.

[16:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má vel vera að þetta gerist en ég rifja upp umræðurnar sem fram fóru 1992. Þá trúðu menn því að hér yrði bullandi samkeppni milli Samskipa og Eimskipafélagsins. Nú liggur niðurstaðan fyrir. Strandsiglingarnar eru að leggjast af vegna þess að fyrirtækin sjá sér ekki hag í því að reka þessa starfsemi ekki endilega vegna þess að hún geti ekki haft hagnað í för með sér heldur vegna þess að það er hægt að fjárfesta annars staðar fyrir enn þá meiri hagnað, hugsanlega á erlendri grundu. Það er þetta sem er að gerast. Og þá þarf samfélagið að koma inn í myndina.

Fyrr á tíðum var höfðað til samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja og þeirra sem stýrðu þeim. Það var talað um Eimskipafélagið sem óskabarn þjóðarinnar o.s.frv. Nú erum við hætt að gera þessar kröfur til fyrirtækjanna sem er umhugsunarefni í sjálfu sér og kannski svolítið áhyggjuefni líka. En það er á þessum forsendum sem við leggjum til að ríkið og við öll komum sameiginlega að þessu máli.

[16:54]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að menn litu á það að samkeppni milli Samskipa og Eimskipafélagsins og hugsanlega annarra mundi keyra verð niður og halda uppi góðri þjónustu eins og gerðist um hríð. Síðan verður þessi breyting og af hverju verður hún? Ein ástæðan er örugglega sú þróun sem ég nefndi áðan sem hefur orðið með flutning ferskfisks og flugfisks. Þessi vara þolir ekki sjóflutning, tíminn einfaldlega leyfir það ekki. Ýmislegt kann óneitanlega síðan að vera til í því sem hv. þm. nefnir hvað varðar hina glæsilegu útrás, ég segi glæsilegu útrás íslenskra skipafélaga. Þau hafa verið að hasla sér völl í alþjóðasiglingum ekki bara hingað til lands heldur í alþjóðlegu umhverfi og milli landa erlendis án þess að skip þeirra komi hingað og þar með eru fyrirtækin e.t.v. orðin svo stór að áherslur þeirra liggja þar. En þá er líka hægt að gagnálykta og segja: Skapast þá ekki einmitt tækifæri fyrir minni fyrirtæki eins og Jaxlinn er mjög gott dæmi um? Þar eru komnar aðstæður fyrir minni fyrirtæki sem einbeita sér að því að finna sér markað og skipuleggja sig og vinna með markaðnum. Þau gætu einbeitt sér að þessu tiltekna verkefni og í krafti smæðar sinnar ættu þau að geta blómstrað sem er e.t.v. erfiðara fyrir stór fyrirtæki á tiltölulega litlum markaði. Þetta kann að vera ein af skýringunum en hér er einnig spennandi verkefni fyrir samgöngunefnd að fara yfir þegar við tökum þetta þingmál til skoðunar.

[16:56]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Það er ljóst að það er öllu landsbyggðarfólki mikið áhyggjuefni ef þessi hagkvæmi flutningamáti verður aflagður. Þeir sögðu það til forna suður við Miðjarðarhaf að siglingar væru nauðsyn, „navigasjónin“ var nauðsyn. Þá var Íslands ógæfa hvað mest á þjóðveldisöld þegar við hættum siglingum en núna stöndum við frammi fyrir þessum kostum.

Það er líka spurning hvaða áhrif þetta hefur á kennara-

deiluna. Þetta er kannski langsótt en auðvitað mun það hafa áhrif á rekstur ef umsvif og tekjur af strandsiglingum fjölda sveitarfélaga minnka, af því að fjárhagsleg aðkoma sveitarfélaganna er að höfnunum. Og tekjur hafnasjóða munu stórlækka þar sem mikið fjármagn liggur í höfnum vítt um land.

Auðvitað mun þetta líka hafa áhrif á störf, t.d. við hafnirnar og störf sjómanna. Flutningar munu áfram verða í einhverju horfi þannig að störf geta flust til en þetta mun hafa gríðarlega mikil áhrif. Menn standa frammi fyrir staðreyndum eins og hv. 8. þm. Reykv. s., Guðmundur Hallvarðsson benti á áðan. Það er talað um hraða og sveigjanleika og að byggðaþróunin hafi haft í för með sér að birgðasöfnunin er ekki með sama hætti og áður. Menn eru sammála um að það gæti verið 30% ódýrara að flytja eftir sjóleiðinni en samt er hún ekki notuð sem skyldi. Frammi fyrir þessu stöndum við.

Áhrif þess að öll þungaumferð færist á vegakerfið mun orsaka mikið slit á vegum. Hvað umferðaröryggi í vegakerfinu varðar er einnig spurning um hvernig samgönguyfirvöld ætli að bregðast við auknum þungaflutningum á þjóðvegunum. Það má gagnrýna allar ríkisstjórnir og fyrir margt en mér finnst þó núverandi ríkisstjórn hafa staðið sig hvað best í samgöngumálum. Víða á landsbyggðinni má sjá ákveðna uppbyggingu í vegakerfinu. Margt hefur vel tekist og menn eiga að njóta þess sem þeir gera vel. T.d. er verið að bæta þjóðveg 1 eftir suður- og austurleiðinni með göngum undir Almannaskarð. Ég hefi beitt mér fyrir því og talað fyrir styttingu á vegabótum á þjóðvegi 1 milli Reykjavíkur og Akureyrar og reyndar áfram að Mið-Austurlandi. Núverandi þjóðveg 1 má að mínu viti stytta um 10% milli Reykjavíkur og Akureyrar. Á Mið-Norðurlandi má stytta hann um 20 km og hluti af þeirri styttingu kostar um 900 millj. en sparar 310 millj. á ári samkvæmt svari samgönguráðherra við fyrirspurn minni. Sú tala miðaðist við það þegar bensínverð var um 90 kr. en er nú orðið um 110 kr. og ég reikna því með að slík stytting mundi borga sig upp á tveim árum. Það er auðvitað ófært að slíkur aukinn kostnaður verði á þessum miklu flutningum á svo langri leið og umferðaröryggi kemur einnig til.

Sundabraut, sem er mikið mannvirki og mun verða mikil lyftistöng fyrir höfuðborg og landsbyggð varðandi aðkomu til Reykjavíkur, má stytta um 8,5 km. Það má laga margar beygjur á þjóðveginum og þó ekki sé nema um 100, 200 eða 300 metra að ræða þá telur þetta allt á langri leið. Í Borgarfirðinum þarf að laga veginn og einnig veginn í Norðurárdal í Skagafirði. Síðan þarf auðvitað að huga að dýrari aðgerðum ef sjóflutningar fara allir á þjóðveginn. Tökum t.d. Öxnadalsheiðina, Bakkaselsbrekkuna og Hábunguna sem er erfiðasti hjallinn. Ég er alveg viss um að þar mætti gera stutt jarðgöng svipað og er verið að gera í Almannaskarði og þá mundu bílstjórar þungaflutningsbíla losna við að þurfa að setja keðjur á bílana fyrir þá brekku. Það verður að huga að þessu og það fyrr en seinna þar sem ljóst er að þessir flutningar fara af stað innan tveggja mánaða. Hv. 5. þm . Norðaust. Steingrímur J. Sigfússon benti réttilega á að þetta væri ótímabært en þetta er bara staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Það er komið að þessu tímamarki. Það verður engin önnur leið en þjóðvegur 1 sem tekur við þessari umferð, menn geta talað um aðra valkosti í vegamálum og samgöngumálum en þjóðvegur 1 er það sem við erum með núna. Það á að bæta þá fjárfestingu, nýta hana betur. Og gera það tafarlaust því þar er um stórsparnað að ræða og ofan á það bætist umferðaröryggi og þarfir flutningsaðila.

Ég ítreka að ef sjóflutningarnir verða komnir á vegina eftir tvo mánuði verður að gera flutningsaðilum kleift að fara nokkuð hindrunarlaust um erfiðar brekkur og þröskulda, þeim verður að ryðja úr vegi. Og af því að hér eru tveir hv. þingmenn, Guðmundur Hallvarðsson og Hjálmar Árnason, sem báðir sitja í þeirri merku nefnd, samgöngunefnd, væri mjög kært að heyra viðhorf þeirra til þessara hluta.

[17:02]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. að við eigum að skoða þjóðveg eitt. Ég lít svo á að það hafi verið áhersla okkar á síðustu árum og áratugum og hafa orðið ótrúlegar framfarir þar en erum þó ekki alveg búin að loka hringveginum. Það stendur fyrir dyrum að fara í endurskoðaða samgönguáætlun og þá eru einmitt verkefni þingsins og samgöngunefndar að skoða atriði eins og hv. þm. benti á, að taka af hæstu hóla, verstu beygjur og þar fram eftir götunum.

Hins vegar megum við ekki gleyma því að enn þá búa mörg landsvæði við dapurleg skilyrði og eru ekki að berjast við hæðir, hóla og beygjur heldur að ná sér auðveldlega upp úr drullu og aur og er það einfaldlega ekki bjóðandi.

Það sem veldur mér hins vegar mestum áhyggjum er að þegar lagt var í þetta mikla uppbyggingarstarf á vegakerfi okkar, og ber að þakka það sem vel hefur verið gert, er það hannað og forsendur miðaðar við umferð sem þá var ráðandi. Það sem hefur verið að breytast er að flutningarnir hafa verið að færast í vaxandi mæli af sjó og yfir á þjóðvegina með miklu stærri, fleiri og þyngri bílum en ef til vill vegakerfið er hannað fyrir. Hvaða langtímaáhrif mun það hafa þegar stórir trukkar með tengivagna mylja ekki aðeins yfirborðslagið heldur líka undirstöðurnar? Þar kunnum við að sjá fram á gífurlegan kostnað við að endurbyggja það sem þegar hefur þó verið gert. Þetta eru stærstu áhyggjur mínar.

[17:04]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gleðst yfir því sem fram kom í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar og ábendingum hans um þjóðveg 1. Það er sá vegur sem við búum við og hann þurfum við að bæta. Því erum við innilega sammála. Við erum einnig sammála um að mörg svæði landsins búa enn við ófremdarástand í samgöngumálum. Það er kannski ekki við hæfi að nefna einstök svæði en auðvitað má nefna Suðurfirðina á Barðaströnd og eins norðausturhornið sem ég þekki nokkuð vel. En flutningarnir munu fara um þjóðveg 1 innan tveggja mánaða. Því nefni ég hluti eins og Bakkaselsbrekkuna. Menn setja sig í stórhættu að fara með gríðarþunga bíla niður brekkuna, svona þröskuld á veginum eins og gert er. Þetta er farið að velta á tugum tonna og hagkvæmnin kallar

vitanlega alltaf á að bílarnir séu þyngri og stærri. Ég held því að hvað brýnast verk fyrir yfirvöld samgöngumála sé að tryggja veginn og þá flutninga sem um hann fara að þeir verði greiðir og öruggir.

[17:06]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það. Við þurfum að skoða erfiðustu hjallana á þjóðvegi 1, en jafnhliða megum við ekki gleyma öðrum vegum. Má nefna að í kringum 70 einbreiðar brýr eru á hringveginum, á þjóðvegi 1, og mikið úrlausnarefni sem okkur ber að fara í að leysa það vegna þess að einbreiðar brýr kalla á slysahættu, ég tala nú ekki um þegar umferðin er að vaxa á þjóðvegunum. Við megum hins vegar ekki gleyma okkur í samgönguáætluninni um hvaða vegir eru mikilvægastir að fara í lagfæringar á. Við ræðum um þá breytingu sem verður 1. desember þegar sjóflutningar eru allir komnir á land og til hvaða úrræða ber að grípa. Það er verðugt verkefni samgöngunefndar sem við munum glíma við. Ég tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að þetta er kannski eitt af þeim málum sem getur orðið nokkuð góð þverpólitísk samstaða um og ber að fagna því, sérstaklega í virðulegum þingsal.

[17:07]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki minnkar óeining okkar hv. þm. Hjálmars Árnasonar eftir því sem við tölum lengur hvor við annan úr þessum stóli. Ég er innilega sammála hv. þm. um að einbreiðum brúm verður að fækka. Ég var áðan að leggja góð orð til stjórnvalda um að þau hefðu um margt staðið sig vel í samgöngumálum og ítreka það því oftar heyrir maður skammirnar en þakkirnar. Þó er nýverið búið að breikka brú við rætur Holtavörðuheiðar og fyrsta einbreiða brúin á leiðinni Reykjavík–Akureyri er Síká í Hrútafirði. Það er nýbúið að tvíbreikka brú yfir Hrúteyjarkvísl sem er steinsnar frá Hriflu, ekki nema eins og kílómetri frá þeim merka bóndabæ í minni sveit. (Gripið fram í.) Það þarf að bæta þá hluti og er verið að gera það.

En eins og ég hef sagt áður hef ég mestar áhyggjur af þungaflutningum, erfiðum þröskuldum sem þarf að fara yfir. Ég mæli eindregið með hagkvæmum vegstyttingum og geti maður bent á vegstyttingu sem borgar sig á tæpum þremur árum, tveimur og hálfu ári, verður að skoða svoleiðis mál. En það má ekki gleyma þeim sem búa við slæmar samgöngur. Við hv. þm. Hjálmar Árnason deilum skoðunum í því máli.

Íþróttaáætlun, fyrri umr.

Þáltill. GÖrl o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

[17:09]

Flm. (Gunnar Örlygsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um íþróttaáætlun. Flutningsmenn að tillögunni eru sá sem hér stendur sem og hv. þm. Þuríður Backman, Kristján L. Möller, Steingrímur J. Sigfússon og Guðjón A. Kristjánsson. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa og leggja fram áætlun um markmið og stefnu ríkisins í íþróttamálum til fimm ára. Í áætluninni komi m.a. fram markmið ríkisins hvað varðar eflingu almennings- og afreksíþrótta, hvernig tryggt verði að öll börn hafi jafna möguleika til að stunda íþróttir innan og utan skóla, og gerð grein fyrir fjáröflun til íþróttamála og fjárstuðningi ríkisins við íþróttastarf í landinu og uppbyggingu íþróttamannvirkja. Að auki verði í áætluninni fjallað um rannsóknir sem ríkið tekur þátt í á sviði íþróttamála.

Áætlunin verði unnin í samstarfi við íþróttahreyfinguna, íþróttakennara og sveitarfélög og lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi."

Svofelld greinargerð fylgir með ályktuninni, með leyfi forseta:

„Gildi íþrótta fyrir líkamlega og andlega vellíðan fólks er fyrir löngu viðurkennt. Á síðustu árum hefur áhugi almennings á íþróttum vaxið mikið enda kemur sífellt betur í ljós hvernig þær efla þrek og þrótt ungra sem aldinna. Þá hafa sjónir manna einnig beinst að hlut þeirra í forvörnum gegn vímuefnaneyslu og öðru miður góðu líferni. Þrátt fyrir þetta liggur ekki fyrir skýr stefnumörkun ríkisins í íþróttamálum til lengri tíma. Flutningsmenn telja að ríkinu beri að setja niður skýra stefnu í íþróttamálum og tryggja þannig vöxt íþróttamála.

Mikilvægi þess að ríkið geri áætlanir yfir fyrirhuguð verk í tilteknum málaflokkum hefur sýnt sig og dugar þar að vísa til jafnólíkra flokka sem jafnréttismála og vegamála þar sem ráðherra yfir hvorum málaflokki er skylt samkvæmt lögum að leggja fram áætlun á hverjum tíma. Með framlagningu áætlana er fólki ekki aðeins gerð grein fyrir hvert ríkið stefnir heldur vekur það einnig umræður. Þá geta einstaklingar og frjáls félagasamtök stuðst við áætlanir ríkisins, t.d. í íþróttum, þegar þeir setja sér markmið. Því er mikilvægt að horft sé til lengri tíma en eins árs í senn eins og algengt er hjá ríkinu þar sem fjárlög hvers árs eru látin ráða stefnunni.

Í 1. gr. íþróttalaga, nr. 64/1998, merkja íþróttir „hvers konar líkamlega þjálfun er stefnir að því að auka líkamlegt og andlegt atgervi, heilbrigði og hreysti". Menntamálaráðherra fer með yfirumsjón íþróttamála að því leyti sem ríkið lætur þau til sín taka og meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga á sviði íþróttamála skal vera að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði, sbr. 2. og 3. gr. íþróttalaga.

Íþróttahreyfingin hefur unnið þarft og óeigingjarnt starf. Ótal dæmi eru um að sjálfboðaliðar hafi lyft grettistaki í íþróttamálum og sama hvar farið er um landið gegna ungmenna- og íþróttafélögin lykilhlutverki í barna- og unglingastarfi. Það er viðurkennt, m.a. í íþróttalögum, að íþróttastarf utan skóla er fyrst og fremst í höndum einstaklinga og félaga þeirra. Það þýðir þó ekki að ríkið komi ekki að þeim málum og beri þar engar skyldur. Framlög ríkisins til íþróttamála utan skóla eru veruleg en það vantar upp á að þar sé fylgt fastri stefnu. Með íþróttaáætlun ætti að verða auðveldara fyrir ríki, sveitarfélög og íþróttahreyfinguna að setja sér markmið um fé til málaflokksins frá ríkinu og

þannig væri tryggt að fjármunir rötuðu þangað sem þeirra er þörf og að sett markmið náist bæði í almennings- og afreksíþróttum.

Í íþróttaáætlun þarf að kveða skýrt á um fjármögnun og styrki ríkisins til íþrótta. Þar verður að sýna fram á að árleg framlög geti tryggt almennan rekstur íþróttahreyfingarinnar auk þess sem gera þarf áætlun yfir styrki til sérsambanda. Einnig er mikilvægt að tekið verði á jöfnun ferðakostnaðar íþróttamanna eftir landsvæðum en í því tilliti má vísa til 135. máls 130. löggjafarþings, sem er tillaga til þingsályktunar um ferðasjóð íþróttafélaga. Þá er æskilegt að skoðaðir verði kostir þess að veita fyrirtækjum sem styrkja íþróttahreyfinguna skattaívilnanir.

Margvíslegt gott starf hefur verið unnið í samvinnu ríkis, sveitarfélaga og íþróttahreyfingarinnar á síðustu árum og ljóst að starf þessara aðila þarf að vera samræmt. Því leggja flutningsmenn áherslu á að ráðherra hafi samráð við sveitarfélög og íþróttahreyfinguna við gerð íþróttaáætlunar."

Hæstv. forseti. Að mínu mati eru mikil sóknarfæri hérlendis á sviði samfélagslegs hlutverks íþrótta. Fyrir það fyrsta ber að nefna vakningu á sveitarstjórnarstigi samfélagsins þar sem umræða hefur orðið um framlög til iðkunar yngstu þátttakendanna. Hafnarfjörður reið á vaðið með því að greiða æfingagjöld fyrir 10 ára og yngri.

Ég velkist ekki í vafa um að að fáum árum liðnum mun Hafnarfjörður standa framar öðrum sveitarfélögum landsins að því er varðar heilbrigði, þroska og félagslega stöðu þegnanna. Þessi vinna skilar sér til baka hvernig sem á það er litið. Einmitt í þessu viðhorfi glitrar á kjarnann sem endurspeglar mikilvægi þingmálsins sem hér er til umræðu.

Í öðru lagi vil ég nefna að um áramót tók nýr ráðherra við stjórnartaumunum í menntamálaráðuneytinu sem sér um íþróttamál innan ríkisvaldsins. Þar er um að ræða hæstv. menntamálaráðherra Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur sem ég hygg að hafi meiri skilning á gildi íþrótta í samfélaginu en flestir forverar hennar hingað til. Það ræðst af þeirri reynslu sem bæði hún og fjölskylda hennar býr yfir á þessum vettvangi.

Í þriðja lagi felast tækifæri í að virkja kraftinn sem fylgir útivist, íþróttum og heilsufarsvakningu landsmanna. Slíkan kraft er ekki hægt að virkja til fulls nema í vel skipulögðu umhverfi íþróttamála. Ég tel að málaflokkurinn íþróttir eigi fullt erindi inn á Alþingi Íslendinga. Ég vil gera umræðuna um íþróttir og gildi þeirra í samfélaginu að pólitísku umræðuefni. Það er afar mikilvægt að 63 háttvirtir alþingismenn Íslendinga skilji allir til hlítar þau sóknarfæri sem almennings- og afreksíþróttum fylgja fyrir íslenska þjóð.

Hæstv. forseti. Á síðasta þingi sat ég í félagsmálanefnd sem hafði m.a. til meðferðar jafnréttisáætlun. Ég viðurkenni að ég hafði mjög takmarkaða þekkingu á jafnréttismálum áður en ég hóf störf með nefndinni. En eftir að hafa tekið þátt í störfum nefndarinnar um jafnréttisáætlun íslenska ríkisins til næstu ára var ég orðinn nokkuð vel upplýstur um jafnréttismál í landinu. Fyrir vikið skildi ég umræðuna betur en áður og er því sem stjórnmálamaður betur í stakk búinn til að leggja mitt af mörkum til umræðunnar um ókomin ár.

Herra forseti. Við hér á löggjafarsamkundunni tölum svo til aldrei um íþróttir í sölum hins virðulega Alþingis. Með þessu þingmáli er reynt að færa almennt skipulag og fjárframlög til íþrótta inn til löggjafans. Ég tala um fjárframlög, herra forseti, en ekki styrki. Í því sjónarmiði er að finna skilning á gildi íþróttanna, í framlögum til íþrótta getur falist sparnaður fyrir þjóðfélög. Með orðunum „opinber fjárstyrkur" er helst átt við greiðasemi stjórnmálamanna til ákveðinna dægurmála. Svo er ekki í þessu tilfelli. Ég vil að íþróttir fái þennan stall hjá löggjafanum. Rúmlega 150 þúsund Íslendingar stunda íþróttir á Íslandi í dag. Íþróttir koma okkur öllum við.

Til eru erlendar rannsóknir sem upplýsa um efnahagslegan stuðul íþrótta í hverju samfélagi fyrir sig. Víða í nágrannalöndunum er blásið til sóknar gegn offitu, reykingum, þunglyndi og hreyfingarleysi með öflugu skipulagi og kynningu á íþróttum. Framsýni og fyrirhyggja verða að vera ofan á þegar kemur að stefnu í íþróttamálum. Þjóðríki spara sér umtalsverðar fjárhæðir með því að leggja ofuráherslu á öflugt skipulag og mikla kynningu íþrótta og hollra lifnaðarhátta.

Íslenskir stjórnmálamenn og allir sem fylgjast með þjóðfélagsumræðunni vita um aukin útgjöld hins opinbera til velferðarkerfisins. Stærstan þátt í þessum útgjöldum má rekja til bágrar heilsu þjóðarinnar. Aukin útgjöld innan heilbrigðiskerfisins, stóraukinn lyfjakostnaður, fíkniefnavandi og áfengisdrykkja, fjölgun öryrkja og svo má lengi telja. Deilur um útgjöld hins opinbera til heilbrigðiskerfisins hafa verið daglegt brauð milli stjórnarandstöðu og stjórnarliða.

Ég tel að með fyrirhyggju og framsýni stjórnmálamanna geti íslenska ríkið spornað við mörgum vandamálum í framtíðinni sem tengjast auknum útgjöldum hins opinbera til velferðarkerfisins. Ég tel umræðu um gildi íþrótta á löggjafarsamkundu þjóðarinnar bera vott um gott hyggjuvit, skynsemi og framsýni. Ég trúi ekki öðru en hæstv. menntamálaráðherra sé slíkri umræðu fylgjandi.

Ég efast ekki um að áhugi á íþróttum er til staðar innan ríkisstjórnarinnar. Málið snýst ekki um þann áhuga heldur hvernig hægt er að virkja áhugann og nýta hann, hvernig má upplýsa menn um gildi íþrótta o.s.frv. Það verður einungis gert með því að gera íþróttir að pólitísku umræðuefni á Alþingi. Það er ekki nóg að hæstv. menntamálaráðherra starfi náið með íþróttahreyfingunni. Ég vil sjá alla löggjafarsamkundu þjóðarinnar starfa náið með íþróttahreyfingunni. Sú verður raunin ef þetta þingmál nær fram að ganga.

Herra forseti. Ég er sannfærður um að með krafti, trú og athygli íslenskra stjórnmálamanna megi virkja kraftinn sem fylgir sjálfboðaliðastarfi þúsunda Íslendinga í íþróttaheiminum. Afraksturinn yrði sá að með tímanum yrði betri heilsa, líkamleg og andleg, raunin hjá íslenskri þjóð. Með því að fela hæstv. menntamálaráðherra það verkefni að leggja fram áætlun um markmið og stefnu ríkisins í íþróttamálum tel ég að stórt skref yrði stigið í þá átt að gera íþróttamál að pólitísku umræðuefni hjá löggjafanum. Sú umræða mun skila sér til samfélagsins í aukinni vitund og auknum skilningi stjórnvalda á gildi almennings- og afreksíþrótta á samfélag okkar.

[17:21]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég held að nokkuð sé til í því hjá hv. 1. flutningsmanni þessarar þingsályktunartillögu, Gunnari Örlygssyni, að fjárfesting í íþróttum og reyndar í hollu og uppbyggjandi tómstundastarfi sé fjárfesting til framtíðar sem skili sér í ávinningi og hagnaði, félagslegum og hugsanlega einnig fjárhagslegum.

Við erum öll sammála um að börn og unglingar eigi að búa við jafnrétti til náms, til skólagöngu og til náms. Á síðustu árum hefur fléttast inn í þá jafnréttishugsun umræða um uppbyggjandi tómstundastarf. Þá er litið til íþróttanna. Menn hafa litið til margvíslegs listnáms og bent á þar sitji ekki öll börn og unglingar við sama borð. Ég hef ekki á takteinum upphæðirnar sem fólk greiðir fyrir listnám barna sinna en ég gæti trúað að það hlaupi á 50–100 þús. kr. á ári sem fólk borgar fyrir myndlistarnám, fyrir tónlistarkennslu o.s.frv. Einnig er talsverður tilkostnaður við íþróttir.

Eins og fram kom í máli hv. þm. veita ríki og sveitarfélög íþróttahreyfingunni margvíslegan stuðning. Ég er sammála honum og öðrum flutningsmönnum þessarar tillögu um að það er mikilvægt að koma þeim stuðningi í markvissari farveg en nú er við lýði. Út á það gengur þetta þingmál.

Mig langar til að gera eina athugasemd eða fyrirvara við málið og ætla að reifa það lítillega, þ.e. varðandi þá hugmynd að ívilna þeim fyrirtækjum skattalega sem veita stuðning við íþróttahreyfinguna. Ég er ekki viss um að ég sé fylgjandi því að fara þá leið. Menn hafa einnig rætt þetta varðandi stuðning við listir, að veita skattaívilnun til fyrirtækja sem styðja listamenn með fjárframlögum. Ég hef ákveðnar efasemdir um þá leið.

Við erum í raun farin að ganga ansi langt út á þá braut að fyrirtæki og fjármálamenn stýri menningar- og listalífi þjóðarinnar. Það sjáum við reglulega auglýst rækilega í fjölmiðlum þegar forstjórar stöndugra fyrirtækja, fyrirtækja sem eru aflögufær, eru orðnir veitendur gagnvart listunum og menningunni. Ég lasta það ekki þegar þeir sýna myndarskap í þessum efnum en við skulum ekki gleyma því að valdið, stefnumótandi ákvörðunarvald, er að færast á hendur þessara aðila. Það er að færast og hverfa úr greipum okkar sem störfum í þessum sal, á þinginu, yfir á handhafa fjármagnsins. Ég er ekki fylgjandi þeirri þróun og vil vara við því að við göngum lengra út á þá braut.

Ég tel að þetta eigi að gerast með almennri skattlagningu og síðan fjárveitingum til íþróttafélaganna, svo við komum aftur að þeim. Það væri fróðlegt að sjá kortlagningu á stuðningnum við íþróttahreyfinguna. En ég tek undir með hv. þm., að það er mjög mikilvægt að fara skipulega í þessa vinnu.

Ég hef stundum sagt frá því að ég gerði mikið grín að því í kringum árið 1990 þegar sett var niður nefnd á vegum samgönguráðuneytisins. Í nefndina voru settir vegagerðarmenn til að reyna að finna út hvers vegna menn legðu vegi, til hvers við hefðum vegagerð. Mér fannst þetta óskaplega fyndið, að menn þyrftu nefndarstarf til að finna þetta út. En það er langt síðan ég hætti að hlægja að þessu. Menn leggja vegi í margvíslegu skyni, t.d. til að komast hratt á milli staða eða til að njóta landslags. Það eru ýmsar ástæður fyrir því að menn leggja vegi. Það er reyndar nokkuð sem ég tel að við þurfum að ræða betur og við annað tækifæri en í umræðu um íþróttir og stuðning við íþróttahreyfinguna.

Hæstv. forseti. Ég kem fyrst og fremst til að lýsa yfir stuðningi við meginhugsun þessarar þingsályktunartillögu. Ég vek athygli á því að tveir þingmenn úr þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru meðflutningsmenn á þingmálinu. Það eru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Þuríður Backman.

[17:28]

Flm. (Gunnar Örlygsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig að hv. þm. Ögmundur Jónasson styður að mestu leyti þingmálið sem hér er til umræðu. Hann gerir þó smávægilegar athugasemdir við málið sem vissulega má ræða. Það er kannski ekki meginþemað í málinu, hvort veita eigi fyrirtækjum ívilnanir fyrir að koma að íþróttahreyfingunni. Það er í raun minnsti hluti þessa þingmáls. Það sem skiptir mestu máli er það sem nú á sér stað, umræðan um íþróttir í sölum Alþingis.

Fyrir mér er þetta ákvæði er varðar skattaívilnanir til fyrirtækja alls ekki heilagt. Umfram allt vil ég að þingmálið komist inn í menntamálanefnd, fái þar tilhlýðilega meðferð og afgreiðslu og verði jafnvel ofan á í atkvæðagreiðslu í þinginu. Það skiptir mig mestu máli við meðferð þessa máls.

[17:29]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um íþróttaáætlun sem hv. 1. flutningsmaður Gunnar Örlygsson mælti fyrir og gerði vel og vandlega grein fyrir málinu og þeirri hugsun sem í því felst. Verði tillagan samþykkt, sem við gerum okkur vonir um sem styðjum málið og flytjum, mun æska landsins á komandi árum fá notið þess í ríkum mæli ef sú hugsun sem í ályktuninni felst nær fram að ganga þar sem menntamálaráðherra er falið að undirbúa og leggja fram áætlun um markmið og stefnu ríkisins í íþróttamálum til fimm ára.

Það er einnig ljóst, hæstv. forseti, að þátttaka æskunnar í því starfi og þjálfun sem unga fólkið fær, og verður vonandi betur tryggð með góðum vilja Alþingis ef þessi ályktun nær fram að ganga, mun örugglega einnig veita fólki fram eftir ævinni og þegar það eldist betra líf og betri heilsu, og skilningur á gildi íþrótta og íþróttaþjálfunar ásamt því ungmennastarfi sem því fylgir mun auðvitað fara vaxandi ef þessi áætlun nær fram að ganga.

Það er auðvitað einnig markmið að við viljum tryggja að öll börn hafi jafna möguleika til að stunda íþróttir innan og utan skóla eins og segir í ályktunargreininni. Við teljum, flutningsmenn, að það sé eðlilegt að ætlast til að vinna við slíka áætlun þurfi nokkurn tíma. Því leggjum við til að stefnumótunin komi ekki fram á þessu þingi heldur næsta haust að ári liðnu. Það þarf að vanda mjög til svona verks og vinna það vel og undirbyggja það með eins mikilli samstöðu og unnt er meðal þeirra sem starfa á Alþingi, í stjórnmálaflokkunum, og auðvitað einnig með fulltrúum þeirra sem að íþróttamálum og æskulýðsmálum koma í landinu, íþróttahreyfingunni, sveitarfélögunum, ungmennafélögun-

um o.s.frv.

Sú þjálfun og samskiptaefling sem sem unga fólkið fær í gegnum íþrótta- og ungmennastarf hefur auðvitað mikið verið unnin af sjálfboðaliðum á undanförnum árum. Það er örugglega hægt að bæta þar í og efla með því að fara þá leið sem hér er lögð til, að búa til sérstaka áætlun sem væri síðan lögð fyrir þingið um þá stefnu sem ríkisvaldið á hverjum tíma vill stefna að í íþróttamálum til næstu fimm ára. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt og mjög gott að fara í málið með þeim hætti sem hér er lagt upp með. Mér finnst augljóst að með slíkri íþróttaáætlun ætti að vera auðveldara fyrir ríkið og sveitarfélögin og íþróttahreyfinguna að setja sér markmið, m.a. um það fé sem rennur til málaflokksins frá ríkinu og hvernig tryggt er að þeir fjármunir færu til þeirra verkefna sem menn teldu mest þörf á og menn settu sér markmið bæði í almenningsíþróttum og afreksíþróttum.

Til þess að slíkt megi verða þarf auðvitað að liggja fyrir í íþróttaáætluninni algerlega skýr stefnumörkun sem fylgja fjármunir og skuldbindingar því við vitum mætavel að ef málin eru ekki unnin með þeim hætti á hv. Alþingi verður eftirfylgnin ekki sú sem skyldi. Hún þarf að liggja fyrir helst til langs tíma. Ég held að fimm ár séu alveg hæfilegur rammi til að marka fjármagn inn í fyrir slíka starfsemi. Og þá þurfa menn auðvitað að leggja mat á það gildi sem af því er, hvað fæst út úr því.

Ég tel einboðið að til framtíðar litið muni þjóðin hagnast á því að búa sér til íþróttaáætlun þar sem lagt er upp með samstarf á þessum vettvangi, bæði varðandi fjármögnun og ekki síður íþróttastarfið, þjálfunina og eflingu samskipta ungmenna. Þeir sem þess fá notið munu búa að því alla sína ævi að hafa tekið þátt í íþróttastarfi og fengið til þess leiðbeiningu og þjálfun.

Auðvitað hefur margt gott verið unnið í samvinnu ríkis og sveitarfélaga og íþróttahreyfingarinnar á liðnum árum. Alþingi hefur styrkt slíkt starf á undanförnum árum, m.a. veitt sveitarfélögum og íþróttafélögum vítt og breitt um landið styrki til að halda landsmót, bæði í fullorðinsíþróttum og einnig í unglingaíþróttum. Það er segin saga að þar sem slík stórmót hafa verið haldin hefur íþróttastarfsemi á staðnum notið þess í ríkum mæli. Það hefur iðulega þurft að framkvæma mikið fyrir slík stórmót og leggja í kostnað í sambandi við íþróttamannvirki. Staðirnir hafa svo notið þess að slík mannvirki hafa verið reist þar og búa að því á komandi árum. Þegar slíkar hátíðir eru haldnar eins og keppnisíþróttamótin, verður það líka til þess að efla áhuga unga fólksins í viðkomandi byggðarlögum til að taka þátt í íþróttastarfi og í störfum íþróttahreyfingarinnar sem slíkrar. Ég þekki það ágætlega úr minni heimabyggð, vestur á Ísafirði, og verð var við að þar hefur íþróttahreyfingunni vaxið fiskur um hrygg og fengið betri aðstöðu á liðnum árum og það ber auðvitað að þakka.

Ég held hins vegar að sú þingsályktunartillaga sem við ræðum hér sé mjög þörf til þess að mótuð verði einhver stefna eins og áætlunin gerir ráð fyrir, til fimm ára, og menn reyni að kortleggja hvaða fjármunum við viljum verja í því skyni.

[17:38]

Útbýting:

Landsdómur og ráðherraábyrgð, 203. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 203.

Mannréttindaskrifstofa Íslands, 200. mál, fsp. KolH, þskj. 200.

Út af dagskrá voru tekin 7.–11. mál.

Fundi slitið kl. 17:38.

10. FUNDUR

mánudaginn 18. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Tryggur lágmarkslífeyrir, þáltill., 8. mál, þskj. 8. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Strandsiglingar, þáltill., 161. mál, þskj. 161. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Íþróttaáætlun, þáltill., 11. mál, þskj. 11. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Einkamálalög og þjóðlendulög, stjfrv., 190. mál, þskj. 190. — 1. umr.
5. Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, stjfrv., 191. mál, þskj. 191. — 1. umr.
6. Fórnarlamba- og vitnavernd, frv., 13. mál, þskj. 13. — 1. umr.
7. Breyting á kennitölukerfinu, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Fyrri umr.
8. Atvinnuvegaráðuneyti, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Fyrri umr.
9. Forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
10. Skráning nafna í þjóðskrá, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Jón Kristjánsson heilbrrh., 4. þm. Norðaust.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.

Tilkynning um dagskrá.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að loknum atkvæðagreiðslum um þrjú fyrstu dagskrármálin fer fram utandagskrárumræða um rússneskan herskipaflota við Ísland. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon en hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:01]

Útbýting:

Gjaldþrotaskipti, 205. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 205.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skipan nefndar á vegum fjármálaráðuneytis.

[15:01]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um störf þingsins vegna þess að sl. föstudag var send út fréttatilkynning frá fjármálaráðuneytinu. Efnið var skipan framkvæmdanefndar um stofnanakerfi og rekstur verkefna ríkisins. Í tilkynningunni segir m.a. að hlutverk nefndarinnar sé að gera tillögur um endurskoðun á stofnanakerfi ríkisins, frá markmiðum um aukna skilvirkni og hagkvæmni og betri þjónustu við borgarana. Í þessa nefnd voru skipaðir fjórir karlmenn tilnefndir af forsætisráðherra, fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og heilbrigðisráðherra.

Mér fannst skjóta talsvert skökku við í umræðunni um jafnréttismál að fjórir karlar væru skipaðir í þessa nefnd og verð því að spyrja hvort hæstv. ráðherrum finnist þessi málaflokkur ekki koma konum við. Eða hverju sætir þetta? Það verður að segjast að manni er nokkuð brugðið við þessa skipan. Það að á árinu 2004 séum við enn að sjá nýskipaðar nefndir sem eru einungis settar körlum er auðvitað hneyksli.

Í vor samþykkti Alþingi áætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum til fjögurra ára. Sú áætlun gengur alls ekki nógu langt að mínu mati en þar stendur þó skýrt að það sé verkefni allra ráðuneyta að jafna kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnum. Þetta er lagleg byrjun, svo ekki sé meira sagt, og kemur eins og blaut tuska framan í konur og ekki síður Alþingi sem hefur gert samþykktir sem ráðherrarnir ganga hér þvert á. Ekki vantar konurnar sem eru hæfar til að sitja í þessari framkvæmdanefnd. Það vantar hins vegar sárlega hugmyndaflug ráðamanna í þessu landi til að skipa hæfar konur til slíkra starfa. Þar er kannski komin ástæðan fyrir því að ríkisbáknið þenst út og illa gengur að hagræða hjá ríkinu. Það vantar konurnar.

Ég krefst skýringa af hálfu fjármálaráðherra og annarra þeirra ráðherra sem í hlut eiga á því hvers vegna ekki var farið að jafnréttisáætluninni og hvernig standi á því að á árinu 2004 sé konum enn haldið frá áhrifum í samfélaginu með því að skipa nefndir á vegum ríkisins sem eru einungis settar körlum. Þetta er óþolandi ástand.

Að sama skapi hljótum við sem sitjum á Alþingi að krefjast þess að það verði endurskipað í þessa nefnd og farið að samþykktum Alþingis um jafnari stöðu karla og kvenna í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera.

[15:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa nokkurri furðu minni á því að mál af þessu tagi skuli tekið upp undir liðnum um störf þingsins. Ég tel að hér sé um að ræða tilraun til að drepa á dreif og kasta rýrð á merkilegt framtak sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að ráðast í til þess að koma hreyfingu á stofnanakerfi ríkisins og rekstur verkefna á vegum þess. Það er verið að drepa þessu góða máli á dreif með málflutningi af því tagi sem við heyrðum hér áðan. Markmiðið með þessari nefnd er að reyna að vinna að auknum

sveigjanleika og meiri hagræðingu í ríkisrekstrinum.

Þessi starfshópur mun starfa tímabundið. Hann er samsettur á grundvelli tilnefninga frá fjórum ráðherrum og tilviljun ein réði því að fjórir karlmenn sitja í hópnum og engar konur. Ég tel reyndar að kynferði nefndarmanna sé aukatriði hvað varðar efnisatriði þessa máls og ég hélt satt að segja að við í stjórnmálum á Íslandi og á Alþingi værum komin lengra í umræðum okkar um jafnréttismál en svo að við þyrftum að rjúka upp til handa og fóta út af einni tiltekinni nefnd sem skipuð er tímabundið til verkefna. (**Gripið fram í:** Hún fær sinn tíma.) Mér þætti vænt um ef fyrirspyrjandi mætti vera að því að hlusta á skýringarnar sem hér eru gefnar. Hér er um að ræða tímabundna nefnd og kynferði nefndarmanna kemur efnisatriðum þessa máls ekki við að mínum dómi.

Fjármálaráðuneytið stendur mjög vel að jafnréttismálum. Hlutfall kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ráðuneytisins er hátt miðað við önnur ráðuneyti, fjöldi kvenna meðal sérfræðinga í ráðuneytinu er mjög mikill. Við störfum eftir sérstakri jafnréttisáætlun en um þessa nefnd er það að segja að tilviljun ræður því hvernig hún skipast að þessu leyti til. Það er ekkert hneykslismál að í henni séu karlar, ekkert frekar en ef í henni væru bara tómar konur. Er ekki frétt um það í Morgunblaðinu í dag að þrjár konur hafi farið á vegum þingsins til Evrópuráðsins og engir karlar? Er það ekki hneykslismál, hv. þingmaður?

[15:06]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjármálaráðherra verður einfaldlega að gera betur en hann gerði í svari sínu. Það vill svo til að það er hlutverk Alþingis Íslendinga að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu og hann getur illa, hæstv. ráðherrann, kveinkað sér undan því að honum sé bent á að með þessari skipan er þverbrotin sú áætlun ríkisstjórnarinnar að skipa jafnt í ráðherranefndir á vegum ríkisins. Þeir hafa ákveðið það sjálfir, þessir herrar, og þeir geta ekki einu sinni staðið við það sem þeir hafa ákveðið sjálfir.

Það skiptir engu máli þó að einhver tilviljun ráði því að það komi einn frá hverju ráðuneyti. Það segir okkur bara það að það eina sem hæstv. ráðherrum dettur í hug er að skipa karl þegar skipa á einn í nefnd. Hugmyndaflugið er ekki meira og það er ósköp einfaldlega þannig, hæstv. forseti, að þessi vinnubrögð eru ekki boðleg og þess vegna ber að ræða þau hér á hinu háa Alþingi. Framkvæmdarvaldið verður að hlusta á það sem hér er sagt vegna þess, hæstv. forseti, að það gengur ekki að skipa fjóra karla í tímabundna nefnd á vegum ríkisins með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Það gengur þvert á allt sem þessi ríkisstjórn hefur ákveðið.

[15:07]

Björgvin G. Sigurðsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli. Það er alls ekki rétt sem hæstv. fjármálaráðherra segir, að það sé aukaatriði hvernig skipist í slíka nefnd á vegum hins opinbera. Það er algjört meginmál og algjört aðalatriði að fulls jafnræðis kynjanna sé gætt og það er að sjálfsögðu hneyksli á árinu 2004 að hið opinbera skuli ekki hafa komið sér upp vinnureglum sem tryggi jafna skipan kynjanna í allar slíkar nefndir. Það er ástæða til að benda á mikilvægi þess að taka upp breytt vinnubrögð við slíka nefndarskipan til að koma í veg fyrir að svo óheppilega skipist til sem gerir í því tilfelli sem hér um ræðir, að eintómir karlar séu skipaðir í nefndina.

Til að mynda hefur hv. þm. Jóhann Ársælsson á öðrum vettvangi viðrað ágætar hugmyndir sem kæmu í veg fyrir að svo hallaði á annað kynið eða, eins og hér um ræðir, að það sé engin kona í nefndinni. Þær reglur eru þess eðlis að dregið sé um skipanina þannig að öðrum hvorum aðilanum beri að skipa aðila af öðru kyninu og þá hinum af hinu kyninu. Með því væri algjörlega útilokað að slíkt hneyksli eins og hér um ræðir ætti sér stað. Þannig er fullt jafnræði kynjanna í nefndunum tryggt að fullu og öllu og engin leið að við þurfum að horfa fram á að slíkir hlutir gerist sem hér um ræðir.

Ég skora á hæstv. fjármálaráðherra að taka málið upp aftur, endurskoða skipan í nefndina og tryggja jafnan hlut kynjanna í þessari nefnd sem og öðrum.

[15:09]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur fyrir að vekja athygli á þessu máli hér og mér finnst fullkomlega málefnalegt að taka það til umræðu á þinginu.

Nú er það alveg rétt sem fram kom í máli hæstv. fjármálaráðherra að vegna tilviljana getur það gerst að nefndir séu aðeins skipaðar körlum eða konum. Það getur gerst. En menn geta líka stýrt ákvörðunum sínum í samræmi við jafnréttisáætlun sem Alþingi hefur samþykkt. Þannig hefði hæstv. fjármálaráðherra getað hagað ákvörðun sinni á þann veg þegar hann fékk tilnefningar frá öðrum ráðuneytum um karla í nefndina að skipa sjálfur konu.

[15:10]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Ég verð að byrja á að lýsa yfir furðu minni með viðbrögð hæstv. fjármálaráðherra yfir því að þetta mál skuli tekið upp með þessum hætti á Alþingi Íslendinga. Ég verð að lýsa yfir furðu minni á því að hæstv. fjármálaráðherra skuli mæta í pontu með gömlu klisjuna úr Sjálfstæðisflokknum um að kynferði skipti ekki máli. Ég hélt satt best að segja, virðulegi forseti, að eftir síðustu kosningar hefðu sjálfstæðismenn og ekki síst ráðherrar lært það að auðvitað skiptir kynferði máli. Þetta var klisjan sem dundi yfir flokknum fyrir síðustu kosningar og skilaði þingflokknum því að konum fækkaði stórlega.

Virðulegi forseti. Við erum nefnilega komin lengra en svo að við höldum gömlum klisjum á lofti eins og þeirri að kynferði skipti ekki máli. Er það orðið gamaldags að fara eftir jafnréttisáætlunum? Er það orðið gamaldags að fara eftir landslögum? Ég verð að minna hæstv. ráðherra á að honum er skylt að fara eftir ákveðnum reglum þegar hann framkvæmir vald sitt, ekki bara eftir landslögum heldur líka eftir þeim áætlunum sem hann hefur sjálfur sett sér eða Alþingi hefur sett framkvæmdarvaldinu. Þar með talið er það

að jafna skuli hlut kynjanna þegar verið er að skipa í nefndir og ráð.

Valdi ráðherranna eru einfaldlega ákveðin takmörk sett og hæstv. ráðherrar verða að fara að læra það, ekki bara þegar þeir skipa hæstaréttardómara heldur líka þegar þeir skipa í nefndir og ráð.

[15:12]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar ég las fréttatilkynninguna um skipan þessarar nefndar og sá að þarna voru einungis karlmenn leið mér eins og ég byggi í samfélagi einhvers staðar á miðöldum. Þegar ég heyrði síðan svar hæstv. fjármálaráðherra áðan við fyrirspurn minni leið mér eins og ég væri komin eitthvað aftur á víkingatímann vegna þess að svarið var eintómar gamlar klisjur og eiginlega ekki boðlegar.

Ég verð að segja alveg eins og er að það kemur fyrir í allri þessari umræðu um jafnréttismál að maður verði frekar leiður en reiður því að það er augljóst að við konur, og karlar auðvitað líka, jafnréttissinnar, þurfum endalaust að vera á tánum. Það er árið 2004 og það var verið að skipa nefnd einungis með fjórum karlmönnum. Þetta er ekki boðlegt, virðulegi forseti, en það sem maður veltir fyrir sér er hvað hægt sé að gera til að menn fylgi sínum eigin áætlunum sem eru í jafnréttisáætlun til fjögurra ára. Manni dettur helst í hug hvort það væri réttast að beita ráðherra fésektum fari þeir ekki að samþykktum Alþingis í þessum efnum. Það er kannski tungumál sem þeir skilja, tungumál peninganna því að ekki virðast þeir skilja hugtakið jafnrétti.

Virðulegi forseti. Ég er hér með 12 eintök af umræddri jafnréttisáætlun sem ég vil afhenda hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Ég geri þá kröfu að þau kynni sér hana vel og gangi með hana á sér svo að þau verði sér ekki aftur til skammar með þeim hætti sem þau hafa gert nú. Telji ráðherrar ríkisstjórnarinnar sig ekki bundin af samþykktum Alþingis tel ég þau ekki vera starfi sínu vaxin og það er þannig í þessu máli. Alþingi getur allt eins farið heim miðað við þann sýndarveruleika sem við búum við, ef samþykktir okkar eru ekki virtar af framkvæmdarvaldinu.

[15:14]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það var afar vond ræða sem hæstv. fjármálaráðherra flutti hér áðan og það kom mér á óvart hvað hann var hvumpinn yfir þeirri góðu ábendingu sem hann fékk. Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra áðan var það tilviljun eða óheppni að mál skipuðust eins og þau gerðu. Ég hefði talið, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra ætti að grípa einmitt inn í þetta við slíkar aðstæður og skipa konu í þessa nefnd til að leysa úr eða takast á við það ólán eða óheppni sem átti sér stað við skipunina.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að taka þessari ábendingu vel, skipa konu í nefndina og takast þannig á við verkefnið í anda þeirrar jafnréttisáætlunar sem hefur verið samþykkt í stað þess að flytja hér þá vondu ræðu, virðulegi forseti, sem hæstv. ráðherra flutti hér áðan. Eins og hefur komið fram virðist hæstv. ráðherra ekki hafa fylgst með þeirri þróun sem átt hefur sér stað í umræðu um jafnréttismál.

[15:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Litlu verður nú Vöggur í Samfylkingunni feginn. Hér er hann allt í einu kominn með það sem hér hefur verið kallað mál, hneykslí, eitthvað til að velta sér upp úr, eitthvað til að kalla sjónvarpsstöðvarnar til og láta mynda þann skrípaleik þegar verið er að leggja hér á borðin eins og hver annar þingvörður skjöl sem allir ráðherrar eiga og hafa aðgang að.

Alveg eins og í gærkvöldi þegar Samfylkingin uppgötvaði þetta, þá var auðvitað hringt í ríkissjónvarpið sem tekur fullan þátt í þessu. Það hefur verið mikill fréttaskortur hjá sjónvarpsstöðinni í gærkvöldi úr því að þetta skyldi verða ein aðalfréttin. Af hverju er talað við þennan þingmann en ekki einhvern annan? Auðvitað vegna þess að þingmaðurinn hefur sjálfur gefið sig fram við sjónvarpsstöðina. Það sjá allir í gegnum þetta.

Málefnaþurrð Samfylkingarinnar er slík að hún þarf að koma með svona gervimál inn á Alþingi helgina sem hún heldur flokksstjórnarfund. Hún hefur ekkert betra fram að færa. Örvænting þingmanna Samfylkingarinnar er slík og vandamál þeirra við að koma sér í fréttirnar, troða sér í sviðsljós fréttanna, að það þarf að draga upp þvílíkt mál, eins og þingmenn segja hér, hneykslismál.

Ég segi að það er málflutningur Samfylkingarinnar sem er hneyksli. Ef menn kynna sér hvernig þessi mál eru í pottinn búin sjá það allir. Fjármálaráðuneytið vinnur eftir sérstakri jafnréttisáætlun en hér er ekki um að ræða venjulega nefnd á vegum þess. Það er ævinlega fylgt 20. gr. jafnréttislaga þegar ráðuneytið skipar í nefndir. Þetta er samstarfsnefnd á vegum ráðherranna í ríkisstjórninni, á vegum ríkisstjórnarinnar, og þess vegna er þetta mál svo vaxið sem raun ber vitni. (Gripið fram í.)

Út í hafsauga með þennan málflutning og þessi frammíköll þingmanna Samfylkingarinnar sem hér hafa ævinlega ekkert fram að færa nema frammíköll, öskur, skvaldur og fliss.

[15:18]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þá var nú fyrri ræðan betri. Ja, hvílík hörmung. Hæstv. ráðherra er að verja gjörð sem er ríkisstjórninni til skammar. Ríkisstjórnin hefur sett sér jafnréttisáætlun og hún nær ekki lengra en það að hæstv. ráðherrar tala ekki einu sinni saman þegar þau ætla að skipa í nefndir. Þau vita ekki hvert af öðru.

Hvers lags framgangur er það eiginlega á jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar að menn skuli ekki einu sinni ræða saman um nefndir sem þeir tilnefna í sjálfir? Það segir allt um það hvað það er mikil meining á bak við þá áætlun.

Tryggur lágmarkslífeyrir, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 8. mál. — Þskj. 8.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.

Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Strandsiglingar, frh. fyrri umr.

Þáltill. JBjarn o.fl., 161. mál (uppbygging). — Þskj. 161.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Íþróttaáætlun, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÖrl o.fl., 11. mál. — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Rússneskur herskipafloti við Ísland.

[15:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nýleg koma rússnesks herskipaflota upp að ströndum landsins hefur rifjað upp þá tíma er Morgunblaðið birti af aðdáunarverðri eljusemi og með reglubundnu millibili myndir af sovéskum flugvélum sem komu upp undir landið og herinn á Keflavíkurflugvelli flaug til móts við. Ef óþarflega langt leið á milli slíkra heimsókna að mati Morgunblaðsins voru sóttar gamlar myndir inn á lager og birtar til að halda mönnum við efnið.

Nú er öldin önnur. Rússneskur herskipafloti kemur upp að Íslands ströndum og hefur hér langdvalir fast upp við tólf mílna landhelgismörkin. Það er Landhelgisgæslan íslenska sem uppgötvar flotann í könnunarflugi, eftirlitsflugvélar frá Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu eru sagðar hafa komið og kíkt á herlegheitin en engin mynd hefur birst á útsíðum Morgunblaðsins af verndaranum á Keflavíkurflugvelli og hinum óboðnu erlendu gestum.

Auðvitað hefur enginn í alvöru áhyggjur af því að Rússar hafi eitthvað misjafnt í hyggju í garð okkar Íslendinga, hvorugur aðilinn á sökótt við hinn. Hitt er öllu alvarlegra, það andvaraleysi sem íslensk stjórnvöld virðast hafa sýnt í þessu tilviki hvað varðar það að reyna að bægja þessum ófögnuði frá ströndum landsins og af fiskimiðum okkar. Við eigum að sjálfsögðu að halda öllu hernaðarbrölti og heræfingum eins fjarri landinu og kostur er og gildir þá einu hver á í hlut. Alvarlegust er þó sú ógn sem umhverfinu getur stafað af slíkum heimsóknum, sérstaklega ef í hlut eiga kjarnorkuknúin eða mögulega kjarnorkuvopnuð farartæki.

Jafnvel þótt svo sé ekki sýnir olíuflekkur á sjónum við herskipin, væntanlega tengdur umskipun á olíu á hafinu, hvað getur verið að varast. Langanesbjörgin eru einnig vélarvana skipum ómjúkur landtökustaður áveðurs í foráttubrimi ef svo bæri undir.

Í rússneska herskipaflotanum voru m.a. flugmóðurskipið Kúsnetsov aðmíráll, tæplega 60 þús. tonn að stærð, og kjarnorkuknúna beitiskipið Pétur mikli, rúmlega 23 þús. tonna kláfur og sagður í mjög lélegu ástandi. Eins er líklegt að kafbátar, þess vegna kjarnorkuknúnir, hafi tekið þátt í leiknum neðan sjávar. Rússneski norðurflotinn, eins og hann er á sig kominn, er að margra dómi alvarleg ógn við umhverfið á norðurslóðum þó að hann haldi sig í höfn á Kólaskaga, hvað þá þegar hann er kominn hér upp undir fjörur.

Þess misskilnings hefur gætt í umræðunni að skipin hafi verið utan íslenskrar lögsögu. Því fer víðs fjarri. Skipin héldu sig vissulega utan 12 mílna landhelgismarkanna en þau voru djúpt inni í íslensku 200 mílna sérefnahagslögsögunni. Samkvæmt 56. grein hafréttarsamningsins fer strandríkið með fullveldisréttindi hvað varðar m.a. verndun lífrænna sem ólífrænna náttúruauðlinda innan sérefnahagslögsögunnar og með lögsögu hvað varðar verndun og varðveislu hafrýmisins.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nýsettum lögum nr. 33/2004, nær íslenska mengunarlögsagan yfir alla sérefnahagslögsöguna út að 200 mílum og til landgrunnsins alls. Einnig má nefna alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 o.fl. Það er því síður en svo að við höfum ekkert á bak við okkur í því að reyna að bægja þessum ófögnuði frá landinu.

Auðvitað væri staða okkar sterkari ef við hefðum friðlýst allt íslenska hafsvæðið fyrir kjarnokuvopnum og bannað þar umferð kjarnorkuknúinna skipa eins og ég hef margoft lagt til með frumvarpi hér á Alþingi og í gegnum tíðina hefur verið stutt af þingmönnum allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins.

Herra forseti. Mikla undrun vekur að það var fyrst eftir að skipin voru búin að vera hér uppi við landsteina í tæpan hálfan mánuð sem íslensk stjórnvöld byrjuðu að leita eftir skýringum hjá Rússum. Þetta mál vekur margar áleitnar spurningar og gefur tilefni til að yfir það verði farið, m.a. vegna mögulegra sambærilegra tilvika í framtíðinni.

Ég vil því leyfa mér að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. dómsmálaráðherra, yfirmanns Landhelgisgæslunnar, sem til viðbótar gæslu lögsögunnar fer þar með mengunareftirlit:

1. Hvenær varð Landhelgisgæslunni ljóst að meðal hinna rússnesku herskipa væri kjarnorkuknúið skip?
2. Tilkynnti Landhelgisgæslan umhverfisyfirvöldum um málið?
3. Telur dómsmálaráðherra mögulegt að líta svo á að kjarnorkuknúin skip séu tilkynningarskyld innan mengunarlögsögu Íslands, sbr. 12. gr. laga nr. 33/2004?
4. Hverju sætir að svo lengi dróst að hafa samband við rússnesk yfirvöld og óska skýringa á dvöl herskipanna hér?
5. Kom aldrei til álita að beina tilmælum til rússnesku herskipanna um að hverfa frá landinu?
6. Telur dómsmálaráðherra í ljósi reynslunnar af þessu máli þörf á styrkja stöðuna til gæslu og mengunareftirlits innan lögsögunnar með frekari lagaákvæðum?

[15:26]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Á 20 ára bili, frá því um 1970 fram undir 1990, urðum við vitni að stöðugum vexti sovéska herflotans á Norður-Atlantshafi. Var þá gripið til öflugra gagnráðstafana til að stemma stigu við ógninni af honum hér á landi og annars staðar. Vöktu þær ráðstafanir oft ákafar deilur, m.a. hér á Alþingi, t.d. þegar ákveðið var að efla ratsjárvarnir landsins í samvinnu við Bandaríkjaher innan vébanda Atlantshafsbandalagsins. Ratsjáreftirlit er að sjálfsögðu mikilvægt þegar um er að ræða æfingar flugmóðurskips við landið.

Eftir hrun Sovétríkjanna lagðist flotinn mikli á Kólaskaga Rússlands við festar og mörg skipa hans eru ónýt eða illa haffær. Hinn 24. september sl. afhenti fulltrúi sendiráðs Rússlands íslenska utanríkisráðuneytinu orðsendingu þess efnis að floti Rússlands áformaði að senda herskipasveit ásamt flugmóðurskipinu Admiral Kúsnetsov til margvíslegra æfinga á norðurhluta Atlantshafs 25. september til 25. október og yrði m.a. æft flug herflugvéla og þyrlna frá borði flugmóðurskipsins.

Á hefðbundnu gæsluflugi hinn 29. september varð Landhelgisgæslan fyrst vör við fimm rússnesk herskip, beitiskip, tundurspilli, birgðaskip og tvö björgunarskip, fyrir akkeri á Digranesgrunni út af Vopnafirði. Var að nýju flogið yfir fimm herskip þarna 2. október og síðar þann sama dag sást rússenska orrustubeitiskipið Pétur mikli á siglingu um 24 sjómílur austnorðaustur af akkerisstað skipanna fimm.

Hinn 9. október voru sjö rússenesk herskip fyrir akkeri á Þistilfjarðargrunni, 8–15 sjómílur utan við 12 sjómílna mörkin, sömu sex skip og áður og flugmóðurskipið Admiral Kúsnetsov og var það tengt með slöngu við birgðaskipið Sergej Osípov og sást úr lofti olíubrák á sjónum út frá skipunum. Við svo búið var varðskip sent á svæðið. Var það þar 10.–13. október og tóku varðskipsmenn m.a. sýni af olíubrákinni sem sást.

Hinn 11. október flaug P-3 Orion kafbátaleitarvél frá norska hernum yfir svæðið og jafnframt Nimrod-eftirlitsþota frá breska flughernum. Landhelgisgæslan flaug til eftirlits að morgni laugardags 16. október en þá voru skipin horfin af svæðinu.

Utanríkisráðuneytið óskaði hinn 11. og 14. október skýringa á ferðum herskipanna hjá rússneska sendiráðinu. Hinn 15. október ítrekaði íslenska sendiráðið í Moskvu beiðni um skýringar. Þann sama dag barst tilkynning frá rússneska utanríkisráðuneytinu um að æfingunni væri lokið og að skipin væru á förum af svæðinu út af Þistilfirði. Rússnesk stjórnvöld fullyrða að æfingin hafi verið áfallalaus.

Rætt hefur verið um kjarnorkuhættu af skipunum. Flugmóðurskipið, hið eina í rússneska flotanum, er ekki kjarnorkuknúið. Á sl. sumri var það í viðgerð og kom úr henni í september. Orrustubeitiskipið Pétur mikli er kjarnorkuknúið og það var einnig í viðgerð á liðnu sumri fram undir lok ágúst.

Rússum er samkvæmt alþjóðalögum heimilt að stunda flotaæfingar eins og þessar. Hvorki alþjóðasamningar né hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna bannar slíkar æfingar. Samkvæmt íslenskum lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nær íhlutunarréttur Landhelgisgæslunnar ekki til herskipa.

Eftir hrun Sovétríkjanna eru nýmæli að rússnesk herskip séu við æfingar svo fjarri heimahöfn á Kólaskaga. Hvort æfingar þeirra nú séu til marks um þáttaskil í ferðum rússneskra skipa á Norður-Atlantshafi skal ekkert fullyrt. Fyrir 30 árum hóf sovéski flotinn sókn út á Norður-Atlantshaf til að ná þar hernaðarlegum yfirburðum en þau markmið náðust ekki vegna öflugra gagnráðstafana. Æfingar rússneska flotans nú byggjast ekki á sambærilegri stefnu og Sovétstjórnin fylgdi á sínum tíma. Gagnráðstafanir eru þess vegna ekki af sama toga og áður.

Íslensk stjórnvöld munu fylgjast náið með framvindu mála og leggja mat á þróunina í samvinnu við yfirvöld ríkja við Norður-Atlantshaf og sérstaklega við Bandaríkjastjórn á grundvelli varnarsamnings ríkjanna.

[15:31]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta var ekki gott svar hjá hæstv. dómsmálaráðherra. Það undirstrikaði það andvaraleysi sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að hefði einkennt viðbrögð íslenskra stjórnvalda í málinu. Ég verð að taka dýpra í árinni en hv. þm. Ég verð að segja að þetta stappar nærri gáleysi af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Hæstv. dómsmálaráðherra svaraði að vísu ekki þeirri spurningu sem hv. þm. beindi til hans, þ.e. hvenær íslensk stjórnvöld gengu úr skugga um hvort kjarnorkuknúin skip kynnu að vera í flotanum. Hins vegar kom það alveg skýrt fram hjá honum að íslensk stjórnvöld hófu ekki að leita upplýsinga um hvers konar skip væru þarna á ferðinni fyrr en þau höfðu verið hérna í hálfan mánuð.

Herra forseti. Samfylkingin skilgreindi um helgina mengunarslys á hafsvæði við Ísland sem eina af alvarlegustu hættunum sem steðjað gæti að Íslendingum og nákvæmlega það átti að vera ofarlega í huga stjórnvalda á þessum tíma. Hvers vegna? Vegna þess að öll heimsbyggðin veit í hvers konar ástandi rússneski flotinn er. Aðalflotaforingi rússneska hersins lýsti því yfir í apríl að beitiskipið Pétur mikli sem var hérna væri hættulegt og gæti sprungið í loft upp og það er kjarnorkuknúið.

Herra forseti. Það þarf ekki nema einn rússneskan ryðkláf, kjarnorkuknúinn, til þess að sökkva á íslensku hafsvæði til þess að við Íslendingar séum komnir í verulega vond mál. Það dugar ekki, herra forseti, að það komi ekki skýrt fram hjá hæstv. dómsmálaráðherra hvort það hafi virkilega verið þannig að Landhelgisgæslan, dómsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið hafi ekki gert umhverfisstjórnvöldum viðvart um að þarna var á ferðinni kjarnorkuknúið skip sem aðalflotaforinginn, samkvæmt fréttum sem allir geta lesið á netinu, hefur lýst sem hættulegu.

[15:33]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Málið um Rússaskipin vekur athygli á því að þörf er að huga að málefnum Landhelgisgæslunnar og þeim búnaði sem hún hefur yfir að ráða. Orion-flugvélar sem löngum hafa haldið uppi eftirliti með umferð um íslenska lögsögu eru ekki staðsettar hér lengur frekar en aðrar

eftirlitsflugvélar. Þær flugvélar sinna verkefnum sem Bandaríkjaher telur brýnni en eftirlit með íslenskri lögsögu og þó má ætla að varnarliðið hafi fylgst með ferðum flotans með ratsjá.

Ljóst er af fréttum fjölmiðla að á meðan flotinn var á ferð um alþjóðlegt hafsvæði undan landinu hafi Landhelgisgæslan ekki haft tök á að fylgjast með ferðum hans jafnreglulega og æskilegt mætti teljast. Það þurfti að sinna reglulegu eftirliti Fokker-véla Gæslunnar á þessu tímabili og á meðan var gripið til þess ráðs að leigja flugvél Flugmálastjórnar til að fljúga yfir og kanna ferðir flotans.

Herra forseti. Ég vil leggja áherslu á að eðlilegt er að taka málið til umfjöllunar á Alþingi og eðlilegt að huga að því í framhaldinu hvernig rétt sé að byggja upp Landhelgisgæsluna til að tryggja að yfirleitt sé fullnægjandi eftirlit með íslenskri landhelgi og íslenskri fiskveiðilögsögu. Ekki síst er það þarft með tilliti til þess að líkur hafa verið leiddar að því að hér hafi verið á ferð kjarnorkuknúin skip sem eru, a.m.k. á ófriðartímum, búin kjarnavopnum.

Herra forseti. Ábyrgðin á verndun fiskveiðilögsögu okkar kallar á fastmótaðar áætlanir um viðbrögð í þeim tilvikum sem hér um ræðir.

[15:35]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Það er ansi aum ríkisstjórn sem er ekki fær um að gæta grundvallaröryggishagsmuna eigin þjóðar þegar eitthvað bjátar á eins og þegar Rússar komu hingað í heimsókn. Þetta var gríðarlega alvarlegt mál. Skipin lágu á grunnslóðinni rétt undan landi í marga daga, hálfan mánuð, 15 sjómílur frá ströndum landsins, um það bil 30 kílómetra. Þetta er álíka vegalengd og frá Kvosinni í Reykjavík upp á Akranes. Það var öll vegalengdin upp að ströndum landsins þar sem skipin lágu.

Við vitum að skipin eru í lélegu ásigkomulagi, við vitum að Rússar hafa hvað eftir annað lent í mjög alvarlegum slysum í Norðurhöfum með kafbáta sína, K-19 árið 1961 norður af Íslandi, Komsomolets við Bjarnarey árið 1989 og Kursk árið 2000 í Barentshafi. Hvað hefði gerst ef eitthvað hefði komið fyrir, ef komið hefði upp bilun í skipunum? Hvað hefðu Íslendingar getað gert? Við hefðum sáralítið getað gert.

Hvers vegna í ósköpunum var rússneski sendiherrann ekki kallaður á fund ríkisstjórnarinnar um leið og menn gerðu sér grein fyrir því hvers konar ófögnuður var kominn að ströndum og hann krafinn skýringa og jafnframt komið á framfæri við hann harðlegum mótmælum gegn því að skipin væru hér og Rússar beðnir um að hypja sig héðan hið fyrsta? Að sjálfsögðu hefði átt að gera það.

Hvað eru menn að æfa á heræfingum? Þeir eru að æfa stríð, styrjöld, þeir eru að æfa gagnárásir á önnur herskip, hugsanlega flugvélar, hugsanlega kafbáta. Þeir eru jafnvel að æfa innrás í landið. Það er ekki flóknara en það. Þetta voru Rússar sennilega að æfa meðan þeir lágu hér í hálfan mánuð ef þeir voru ekki að reyna að gera við einhverja af kláfum sínum.

Þetta atvik leiðir líka hugann að því sem hv. þm. Jónína Bjartmarz benti á og það eru málefni Landhelgisgæslunnar. Fyrst hæstv. dómsmálaráðherra er hér til svara er sjálfsagt að spyrja hann: Hvað líður undirbúningi að smíði nýs varðskips? Við verðum að fara að huga að því að smíða nýtt varðskip, ekki bara eitt heldur fleiri, ekki herskip heldur skip sem eru fær um að mæta svona flota um leið og hann birtist og fylgjast alvarlega með honum. Þetta er mjög alvarlegt mál og má aldrei endurtaka sig.

[15:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra sagði í svari sínu að hvorki alþjóðasamningar né hafréttarsáttmálinn næðu til þeirra heræfinga sem við fjöllum um. Hvað segir það okkur? Það segir okkur talsvert um það ofurvald sem hernaðarhagsmunirnir hafa að segja þegar núverandi ríkisstjórn okkar er annars vegar. Hún er allt of höll undir þá hagsmuni. Þessa dagana er spurt og ósköp eðlilegt að spurt sé: Eiga kjarnorkuknúin skip að eiga griðland í íslenskri lögsögu? Mitt svar er afdráttarlaust nei. Það er ekki bara vegna þeirra sjónarmiða sem við í Vinstri grænum höfum í friðarmálum og að við teljum að öryggishagsmunum þjóðarinnar sé betur borgið annars staðar en innan hernaðarbandalagsins NATO. Nei, það er ekki síður vegna umhverfissjónarmiða, því sigling kjarnorkuknúinna skipa um lögsögu okkar býður heim hættu á óbætanlegu umhverfisslysi.

Þess vegna er aðgerðaleysi og andvaraleysi íslenskra stjórnvalda nú svo ámælisvert. Það er mat mitt að kjarnorkuknúin skip séu tilkynningarskyld í íslenskri lögsögu á grundvelli 12. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda sem umhverfisnefnd Alþingis hafði til umfjöllunar á síðasta vetri. Fyrrverandi hæstv. umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, staðfesti þann skilning minn í umræðu á þinginu um frumvarpið á 128. löggjafarþingi þar sem hún taldi ekki nein tvímæli um að geislavirkur úrgangur heyrði til hættulegum efnum og heyrði sem slíkur undir lögin. Dýrmætasta lögsaga okkar ætti að vera friðuð fyrir umferð kjarnorkuknúinna skipa og einnig fyrir flutningi með losun kjarnorkuúrgangs.

Krafan sem Vinstri grænir gera á stjórnvöld er afdráttarlaus. Alþingi Íslendinga á að friða lögsöguna fyrir siglingum kjarnorkuknúinna skipa, að ekki sé talað um skip sem eru hlaðin kjarnavopnum.

[15:39]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, fyrir að hefja umræðuna. Umræða um öryggis- og varnarmál er að sjálfsögðu mjög mikilvæg og minnir okkur á stöðu okkar í þeim efnum. Eins og menn þekkja þurfum við sökum smæðar okkar að vera í samstarfi við aðra aðila nú eins og undanfarna áratugi. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi varaformaður Alþýðubandalagsins, hefði miklar áhyggjur af vígbúnaði Rússa og kallaði til ábyrgðar hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason, en hlutirnir breytast. Á síðustu áratugum voru þetta mikil deilumál eins og menn þekkja. Þá skiptust flokkarnir nokkuð á Alþingi Íslendinga og þrír lýðræðisflokkar stóðu fyrir ábyrgri stefnu í öryggis- og varnarmálum en á móti var Alþýðubandalagið.

Hlutirnir hafa hins vegar breyst og lýðræðisflokkanir eru orðnir tveir, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, en Samfylkingin hefur tekið upp stefnu gamla Alþýðubandalagsins í þessum málaflokki. Það er svolítið kaldhæðnislegt því formaður flokksins, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, kom og vísaði í stefnu Samfylkingarinnar, sem var tilkynnt um helgina, að leggja niður loftvarnir við Ísland.

Ég vek athygli á því, af því að hér hafa menn komið upp og bent á mikilvægi þess að þær séu góðar sem og aðrar varnir Íslands, að ef við færum eftir stefnu Samfylkingarinnar, virðulegi forseti, værum við eina landið í Evrópu sem sæi ástæðu til þess að leggja niður loftvarnir á þessum tíma.

Ég fagna umræðunni, virðulegi forseti og vonast til þess að vinstri menn sjái að sér.

[15:42]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir fréttaskýringar af flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar á laugardaginn. Sá ágæti maður hefur ekki lesið nógu vel. Þar var margt rætt og m.a. settar fram nýjar hugmyndir um öryggis- og varnarmál Íslands. Mig langar af þessu tilefni að benda hv. þm. á að eins og er eru engar Orion-kafbátaleitarvélar hjá varnarliðinu í Keflavík og það veit enginn hvort þær koma til baka. Eins og er eru þar líklega fjórar orrustuþotur engum vopnum búnar. Svo vil ég spyrja hv. þm.: Hvaða loftvarnir eru það? Það er kannski kominn tími til að fara að tala um málin eins og þau eru.

Vegna þess sem hér var hafið máls á vil ég ítreka það sem áður kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að okkur stafar án nokkurs vafa meiri hætta af kjarnorku- og mengunarslysi einhvers konar í Norðurhöfum en nokkru öðru. Það gæti einfaldlega kippt grundvellinum undan atvinnuvegum þjóðarinnar og lífi okkar hér ef kjarnorkuslys yrði í Norðurhöfum. Í því ljósi er vægast sagt ógnvænlegt að lesa það á fréttavef BBC að beitiskipið Pétur mikli sem var fyrir utan ströndum okkar í nokkrar vikur í haust hafi verið kallað til hafnar fyrr á árinu vegna þess að það væri í ótryggu ástandi. Yfirmaður rússneska flotans sagði í fréttum að það gæti sprungið upp hvenær sem er, það væri svo illa fyrir því komið. Við vitum að rússneski flotinn er að stórum hluta að hruni kominn. Málið þarf að ræða bæði með tilliti til þess hvernig alþjóðlega er hægt að hjálpa Rússum til þess að koma í veg fyrir slys (Forseti hringir.) og hvernig við ætlum að hafa eftirlit með umferðinni í sjónum.

[15:44]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Hin langa vera rússneskra herskipa hér við land leiðir hugann að vörnum landsins og varnarsamningi okkar. Við höfum verið fullgildir meðlimir í NATO frá upphafi og verið í farsælu samstarfi við Bandaríkjamenn gagnvart vörnum landsins á grundvelli varnarsamnings okkar við þá. Sú uppákoma með veru rússneskra skipa upp við land sýnir enn á ný að mikilvægt er að standa vel að öllu NATO-samstarfi í framhaldinu og viðhalda traustum vörnum landsins, en við höfum átt í viðræðum um þann samning við Bandaríkjamenn. Ég tek undir þær raddir sem efast mjög um gildi þeirrar nýju stefnu Samfylkingarinnar. Ég tel að hún sé mjög hæpin einmitt gagnvart varnarsamningi okkar við Bandaríkjamenn.

Virðulegur forseti. Ég vil tengja veru rússneskra herskipa hér við land við umhverfisþátt málsins. Alla vega eitt þessara skipa var kjarnorknúið eins og fram hefur komið. Það er altalað að rússneska flotanum er mjög illa við haldið. Þar er um að ræða mikinn fortíðarvanda frá tíma Sovétríkjanna, frá tímum kommúnismans.

Virðulegur forseti. Við Íslendingar erum mjög háðir sjávarútvegi og markaðir okkar eru mjög viðkvæmir. Vera rússneska flotans getur haft neikvæð áhrif á þá markaði ef eitthvað kemur upp á. Við Íslendingar höfum mótað stefnu um aðaláherslur okkar varðandi baráttu á umhverfisvettvangi, alþjóðlega, og þar hafa aðalmálin verið loftslagsmál og varnir gegn mengun hafsins. Gagnvart mengun hafsins hefur aðalumræða verið geislamengun og mengun vegna þrávirkra lífrænna efna, gagnvart geislamengun hefur þar verið Sellafield og mengun frá Kólaskaga og fyrrum Sovétríkjunum.

Ég tel eðlilegt að fram komi úr þessum stóli á Alþingi að við teljum mjög óæskilegt að Rússar séu hér upp við land með flota sinn. Ég tel að (Forseti hringir.) það skipti máli að þau skilaboð komi héðan.

[15:46]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ef rússneskur herskipafloti hefði lagst upp við landsteinana fyrir tveimur, þremur áratugum hefði heyrst hljóð úr horni, ekki bara hér á landi heldur einnig í Washington og í höfuðstöðvum NATO í Brussel. Ástæðan fyrir harðari viðbrögðum fyrr á tíð en nú er ekki sú að Íslendingar hafi þá óttast meira hættuna af kjarnorkuknúnum herskipum á gjöfulum fiskimiðum rétt undan Íslandsströndum. Ef eitthvað er eru menn nú meðvitaðri um hættuna af kjarnorkuvopnum og kjarnaofnum. Ástæðan fyrir hvellinum sem hefði orðið fyrr á tíð er að sjálfsögðu sú að Bandaríkin hefðu talið sér ógnað. Bandaríkin hefðu litið á komu Rússanna inn á sitt áhrifasvæði sem ögrun og ógnun.

Nú er öldin hins vegar önnur. Nú er bandarískum ráðamönnum sama. Þeir líta ekki á Rússa sem ógnun við hagsmuni sína. Þess vegna þegja þeir. En það sem verra er, þess vegna þegja íslenskir ráðamenn líka. Er það vegna þess að okkur stafi engin hætta af veru herskipanna hér á Íslandsmiðum? Jú, það hefur komið rækilega fram í þessum umræðum. Það eru allir á því máli.

Þess vegna spyrjum við: Hvers vegna þessi þögn? Hún er að sjálfsögðu vegna þess að ríkisstjórn Íslands samsamar sig bandarískum öryggishagsmunum en ekki íslenskum öryggishagsmunum. Það er dapurlegt.

[15:48]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fá að nota seinni hluta ræðutíma míns flokks til að viðra aðeins þær ályktanir sem við megum draga af þessum atburði. Eins og ég sagði áðan í ræðu

minni er þetta mjög alvarlegur atburður. Ég hygg að hvergi annars staðar í Norður-Atlantshafi hefði nokkur þjóð liðið það að þessi floti lægi svona nálægt ströndum þetta langan tíma. Norðmenn hefðu t.d. aldrei liðið það að þessi tiltekni floti með umræddum skipum og með þessum vopnabúnaði hefði legið rétt fyrir utan strendur Finnmerkur við Norður-Noreg eða annars staðar við Norður-Noreg í svo langan tíma. Slík skip hefðu áreiðanlega verið hrakin á brott með diplómatískum aðferðum, þ.e. með því að beita Rússa þrýstingi.

Hvað þýðir þetta í raun og veru? Er þetta það sem koma skal? Erum við hugsanlega að sjá það núna að Rússar fari að gera sig meira gildandi á norðanverðu Atlantshafi en við höfum séð mörg undanfarin ár? Er þetta kannski fyrsta heimsókn af mörgum sem við munum fá hingað upp að Íslandsströndum, getur það verið? Ef svo er, hvernig ætlum við þá að mæta því?

Ég held að mjög mikilvægt sé að við Íslendingar setjumst niður núna og reynum að hugleiða það hvernig við ætlum að mæta slíkum heimsóknum í framtíðinni. Hvernig ætlum við að bregðast við ef við verðum þess áskynja að kjarnorkuknúin skip, flotadeildir komi upp að ströndum landsins, hugsanlega með einhverja kafbáta í eftirdragi neðan sjávar, liggjandi hér á okkar ríkustu fiskimiðum dögum saman? Við verðum að koma upp einhvers konar viðbragðsáætlun varðandi þetta. Þar tel ég að Landhelgisgæslan hafi að sjálfsögðu eðlilegu hlutverki að gegna. En til þess að hún geti gert það þarf að bæta flugvélakost hennar en það þarf líka að bæta skipakostinn. Það er gríðarlega mikilvægt að þeim skipum, þessum gömlu varðskipum sem við höfum í dag verði hreinlega lagt, og við förum út í það að láta smíða fleiri en eitt nýtt varðskip sem geti tekið á eftirliti með svona flota, geislamengun, annarri mengun og öðru þess háttar. Það er mergurinn málsins.

[15:50]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Það er vissulega rétt að hagsmunir Íslendinga liggja í því að vernda efnahagslögsögu okkar fyrir mengun og koma í veg fyrir eftir þeim leiðum sem færar eru að slys verði og bregðast við ef slíkt á sér stað.

Í umræðunni sem fram hefur farið í dag hefur hins vegar komið fram afar mikill misskilningur af hálfu ýmissa hv. þingmanna sem hér hafa talað.

Í fyrsta lagi er vert að hafa í huga að flotaæfing af því tagi sem átti sér stað er fullkomlega heimil á þeim stað sem hún fór fram samkvæmt alþjóðalögum og alþjóðlegum sáttmálum. Tólf mílna landhelgin er friðhelg gagnvart slíkum aðgerðum, nema með fullu samþykki stjórnvalda, en efnahagslögsagan er það ekki. Það er klárt samkvæmt alþjóðalögum og alveg ljóst að íslensk stjórnvöld hafa ekki beinan íhlutunarrétt í aðgerðir eða æfingar á því hafsvæði. Ef hv. þingmenn eru að tala um að íslensk stjórnvöld hafi sýnt vanrækslu með því að hlutast ekki til um þessar aðgerðir eða hafa í frammi beinar íhlutunaraðgerðir, þá eru sömu hv. þingmenn að biðja íslensk stjórnvöld um að ganga á svig við alþjóðlegar reglur sem á þessu sviði gilda.

Þetta er mjög mikilvægt að hafa í huga af því að þær umræður sem hafa átt sér stað hérna hafa verið mjög villandi að þessu leyti.

Einnig er kannski rétt að taka fram af því menn hafa rætt um hættuna af rússneska flotanum og vitna til orða rússnesks flotaforingja. Ef menn leita vel á netinu munu þeir finna ummæli sama flotaforingja þar sem hann tók þau ummæli sín til baka að nefnt beitiskip gæti sprungið í loft upp. Menn ættu því að skoða þann þátt aðeins betur.

Hins vegar er athyglisvert að heyra af hálfu Samfylkingarinnar sem talað hefur í dag, (Forseti hringir.) að þá er annars vegar sagt að íslensk stjórnvöld vanræki eftirlitsskyldu en (Forseti hringir.) á sama tíma er talað um að hér eigi að afnema allar loftvarnir.

[15:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og eftir atvikum svör að svo miklu leyti sem þau fengust. Ég sakna þess að hæstv. umhverfisráðherra sem sat hér í salnum skyldi ekki sjá sér fært að taka þátt í umræðunni og vonandi ber ekki að túlka það þannig að umhverfisráðherra og umhverfisráðuneytið hafi ekkert um þetta mál að segja eða hafi ekkert skoðað það eða velt því fyrir sér.

Þeim beinu spurningum sem hæstv. dómsmálaráðherra svaraði ekki, ef til vill hefur hann ekki talið sig hafa tíma til þess, get ég sem best beint til hans í formi fyrirspurnar og mun taka það til athugunar eftir umræðuna.

Það er mér vel ljóst og öðrum sem hafa lesið t.d. þetta ágæta plagg hér og aðra viðeigandi alþjóðasamninga að þeir banna ekki heræfingar af þessu tagi inni í sérefnahagslögsögunni. En það er furðulegt að heyra menn túlka þá með þeim hætti sem hér var m.a. gert síðast, að gera stöðu okkar sem veikasta í því sambandi. Það er alveg ljóst að við höfum í alþjóðahafréttarsamningnum, í alþjóðasamningum um varnir gegn mengun frá skipum og í mörgum fleiri samningum stöðu til að beita okkur með ýmsum hætti þegar í hlut á verndun og varðveisla auðlinda innan sérefnahagslögsögunnar. Við eigum auðvitað að túlka þá möguleika okkur í hag.

Ég fullyrði það, m.a. með vísan í 58. gr. hafréttarsáttmálans sem leggur samningsaðilum þær skyldur á herðar að taka tillit til skyldna strandríkjanna að þessu leyti, að við getum með því t.d. að skilgreina dvöl kjarnorkuknúins skips sem umhverfisógnun, beitt okkur í því sambandi. Þó svo væri nú ekki að við teldum okkur hafa beinar lagastoðir, þá ættum við að sjálfsögðu að beina þeim eindregnu tilmælum til Rússa að þeir hefðu sig á brott. Það hefði verið algert lágmark.

Ég hlýt að segja, frú forseti, að mér finnast öll þessi dauflegu viðbrögð íslenskra stjórnvalda bera vott um mikið andvaraleysi, alveg einkennilegt andvaraleysi. Að menn skuli fyrst vakna til meðvitundar eftir tæpan hálfan mánuð, (Forseti hringir.) að ekki skuli heyrast bofs frá umhverfisráðuneytinu og hæstv. dómsmálaráðherra skuli ekki geta svarað einni einustu (Forseti hringir.) efnislegri spurningu um þetta mál.

[15:55]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég tel mig hafa svarað efnislega öllum

þeim spurningum sem fram komu. Það er hins vegar að sjálfsögðu fyrirspyrjanda að meta hvort hann telji svörin fullnægjandi.

Ég vil líka láta þess getið að það er rangt að halda því fram að íslensk stjórnvöld hafi ekki látið þetta mál til sín taka. Eins og fram kom í máli mínu var það 29. september sem Landhelgisgæslan fyrst sá þessi skip og síðan var fylgst með þeim þangað til þau fóru héðan út úr okkar nágrenni og út úr lögsögu okkar. Það var síðan tilkynnt þegar sást til Péturs mikla á siglingu hér. Það er eina kjarnorkuknúna skipið sem er í þessum flota, ofan sjávar a.m.k. Við Íslendingar höfum engan tækjabúnað til að fylgjast með ferðum kafbáta og verðum þar að treysta á bandamenn okkar og Bandaríkjamenn. Þannig að við erum ekki í stakk búnir til þess að fylgjast með kafbátum og höfum aldrei verið.

Ef menn eru að tala um að fara út í slíkar aðgerðir, þá er verið að tala um miklu meiri hervæðingu hér en meira að segja ég hef orðað nokkru sinni í þessum sal eða annars staðar. Ég veit ekki til þess að menn hafi verið að tala á þann veg, nema það beri að skilja orð þingmanns Frjálslyndra sem hér hefur talað á þann veg að hann vilji að við komum okkur upp slíkum búnaði. Þá er það algjört nýmæli í þessum umræðum.

Ég tel að þegar litið er til þessara mála verði að líta á alla heildarmyndina og sjá hvernig hún lítur út. Við getum ekki og það hefur enginn haldið því fram að rússnesku skipin hafi verið hér í óvinveittum tilgangi. Menn hafa haft áhyggjur af mengun af þeim. Það er vissulega ástæða til þess að hafa slíkar áhyggjur.

Ég gat þess í máli mínu að rússneski flotinn er ekki í góðu ásigkomulagi, en hins vegar þegar menn eru þar að vitna í flotaforingja og ummæli þeirra um skipin, þá held ég að menn verði að segja söguna alla. Þessi viðkomandi flotaforingi sem formaður Samfylkingarinnar vitnaði oftar en einu sinni í hefur dregið ummæli sín til baka, ef formaðurinn hefði fyrir því að kynna sér staðreyndir málsins.

Einkamálalög og þjóðlendulög, 1. umr.

Stjfrv., 190. mál (gjafsókn). — Þskj. 190.

[15:58]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á einkamálalögum, nr. 91/1991, og þjóðlendulögum, nr. 58/1998. Frumvarp um sama efni var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Við gerð þessa frumvarps hefur verið tekið mið af niðurstöðu meiri hluta allsherjarnefndar frá því í vor og breytingartillögum hennar. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum laga um meðferð einkamála um skilyrði gjafsóknar og miðar það að því að setja skýrari reglur um gjafsókn, þannig að efnalítið fólk geti fengið fjárstuðning úr ríkissjóði til þess að reka mál fyrir dómstólum. Jafnframt verði nýtt sem best það fjármagn sem ætlað er að kosta gjafsóknarmál, en það liggur fyrir að útgjöld ríkissjóðs vegna veitingar gjafsóknar aukast á hverju ári og er ekki séð fyrir endann á því nema á verði tekið.

Gert er ráð fyrir að gjafsóknarheimildir byggist á því grundvallaratriði að efnalítið fólk geti leitað réttar síns fyrir dómstólum. Einnig verður á því byggt að nægjanlegt tilefni sé til málshöfðunar og að eðlilegt megi teljast að málssókn sé kostuð af almannafé. Fellt verði á brott ákvæði um að gjafsókn sé hægt að veita þegar úrlausn máls hefur svokallað almennt gildi en það skilyrði hefur afar víðtæka skírskotun og þykir ekki forsvaranlegt að verið sé að kosta málshöfðun eða málsókn einstaklings af almannafé á grundvelli svo almenns ákvæðis. Enn fremur er í frumvarpinu lagt til að settur verði skýrari grundvöllur undir heimild dómsmálaráðherra til að kveða nánar á um veitingu gjafsóknar í reglugerð, þar með talið hvenær nægilegt tilefni sé til veitingar gjafsóknar, þau atriði sem líta ber til við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda og heimildir til takmörkunar á gjafsókn. Er þannig stefnt að því að unnt verði að veita gjafsóknarnefnd nánari leiðbeiningar á þeim atriðum sem líta beri til við mat á því hvort skilyrði séu fyrir veitingu gjafsóknar og um leið verði þau sjónarmið sem liggja að baki ákvörðunum nefndarinnar gegnsærri. Er að því leyti tekið mið af álitum umboðsmanns Alþingis um starfshætti stjórnvalda við veitingu gjafsóknar. Fyrrnefnd reglugerðarheimild hefur verið vandlega ígrunduð í ráðuneytinu og hef ég í hyggju að kynna allsherjarnefnd málið til hlítar með því að senda henni drög að reglugerð þegar málið kemur þangað til umfjöllunar.

Jafnframt er í frumvarpinu lögð til breyting á lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta þannig að í lögin verði tekið ákvæði um gjafsókn sem er sérstaklega sniðið að þörfum og hagsmunum þeirra sem aðild eiga að þjóðlendumálinu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[16:00]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið var þetta mál lagt fram á síðasta þingi og fór í gegnum allsherjarnefnd. Við náðum að fara þar yfir málið og senda frá okkur nefndarálit en síðan fór það ekki lengra hér í þinginu. Allsherjarnefnd gaf sér því nokkurn tíma á vorþinginu til þess að fjalla um þetta mál og kallaði m.a. fjölda manns fyrir nefndina. Þar á meðal voru þeir er skipuðu á þeim tíma gjafsóknarnefnd sem hæstv. ráðherra hafði ekki með í ráðum við smíði þessa frumvarps og ég geri athugasemdir við hér á eftir. Auk þess kom fram fjöldi umsagna til allsherjarnefndar. Það verður að segjast eins og er, virðulegi forseti, að flestar voru þær umsagnir neikvæðar að því er varðar meginefnisbreytinguna í frumvarpinu.

Frumvarpið er þrjár greinar og það felur í fyrsta lagi í sér þrengingu á þeim skilyrðum sem núgildandi lög um meðferð einkamála setja gjafsókn í einkamálum.

Í öðru lagi felur það í sér reglugerðarheimild fyrir dómsmálaráðherra til að kveða nánar á um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar.

Í þriðja lagi er lagt til að lögfest verði sérstök gjafsóknarheimild í lögum um þjóðlendur.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í allsherjarnefnd leggjast alfarið gegn þessu frumvarpi og gerðu það í meðferð nefndarinnar í vor. Tilgangur frumvarpsins virðist sá helstur að þrengja verulega að möguleikum almennings til að leita réttar síns með málshöfðun gagnvart stjórnvöldum og opinberum aðilum. Það er, virðulegi forseti, ekki sú þróun sem við viljum sjá eiga sér stað í lýðræðisríki í upphafi 21. aldarinnar.

Frumvarpið mun, verði það að lögum, fela í sér útilokun á möguleikum til gjafsóknar í málum sem geta varðað einstaklinga og almenning miklu. Slíkar takmarkanir eru á skjön við aukna réttarvitund almennings sem ég tel vera mjög af hinu góða, virðulegi forseti, og er m.a. kannski ástæðan fyrir því að slíkum málum hefur fjölgað og kostnaður ríkisins þar af leiðandi aukist eitthvað í þessum málum.

En ekki aðeins er það svo að þetta stangist á við aukna réttarvitund almennings heldur stangast þetta líka á við hefðir sem hafa þróast í öðrum lýðræðisríkjum og ég vil að við horfum líka til, virðulegi forseti. Auk þess eru tillögurnar illa rökstuddar og tilefni breytinganna er ekki nægilega skýrt. Ég undrast það, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra skuli ekki koma hér með frekari röksemdir fyrir þessum breytingum en þær sem koma fram í frumvarpinu og komu fram í vor sem mikil gagnrýni var á, þar sem einungis er talað um að ekki sé forsvaranlegt að hafa svo almennt orðað ákvæði sem grundvallað er á auknum útgjöldum almennings.

Þetta eru ekki boðlegar skýringar, herra forseti, eða boðleg rök fyrir þessum breytingum sem geta varðað almenning miklu. Þar vísa ég máli mínu til stuðnings m.a. til þeirra umsagna sem komu til hv. allsherjarnefndar.

Fyrsta grein frumvarpsins felur ekki í sér neina efnisbreytingu í raun og veru en í henni segir að dómsmálaráðherra sé eftir sem áður heimilt að setja reglugerð um starfshætti gjafsóknarnefndar. Ég geri ekki athugasemdir við þessa grein og ætla ekki að eyða frekari orðum í hana.

Ég hef hins vegar miklar athugasemdir, virðulegi forseti, fram að færa við 2. gr. frumvarpsins sem felur í sér meginbreytinguna sem lögð er til að núgildandi lögum, en þar kemur fram að mínu mati alvarleg atlaga að möguleikum almennings til gjafsóknar í málum sem þó kunna að varða miklu fyrir almenning og varða miklu fyrir almannahagsmuni.

Í gildistíð eldri einkamálalaga tíðkaðist það að gjafsókn var veitt í þeim tilvikum sem greinir í b-lið 1. mgr. 126. gr. núgildandi laga, þ.e. ef mál hafði verulega almenna þýðingu eða varðaði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagsmuni um einkahagi umsækjanda. Þessi heimild var þó í gömlu lögunum. Í eldri lögum var þessi heimild þó háð velvilja ráðherra sem gat hafnað umsókn þótt málið teldist mikilsvert. Það ákvæði sem nú er komið inn í lögin og er í lögunum í dag og hæstv. ráðherra vill breyta er hins vegar efnislega tekið upp úr 16. gr. frumvarps til laga um opinbera réttaraðstoð sem var lagt fram á 112. og 113. löggjafarþingi, þannig að þetta ákvæði sem við höfum í núgildandi lögum var þannig liður í viðleitni til þess að víkka út heimildir til ókeypis lögfræðiaðstoðar fyrir almenning, sem er ekki vanþörf á hér á landi ef miðað er við nágrannalöndin.

Reyndar hafa margsinnis verið lögð fram á Alþingi mál í þessu skyni og má af umræðum um slík mál ráða að mikill vilji — og þess vilja hefur gætt í öllum eða a.m.k. langflestum stjórnmálaflokkanna í umræðum um slík mál — hefur verið til að auka slíka þjónustu en ekki til að þrengja að henni, eins og hæstv. ráðherra er að gera í þessu máli.

Ég er því þeirrar skoðunar að réttara hefði verið af hæstv. ráðherra að fara þá leiðina að auka möguleika almennings á ókeypis réttaraðstoð í stað þess að takmarka slíkar heimildir enn frekar eins og lagt er til í frumvarpinu. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 126. gr. einkamálalaga, sem nú á að fella út, hefur verið í lögum rúman áratug og ekki er hægt að ráða það, virðulegi forseti, af gögnum sem voru lögð fyrir hv. allsherjarnefnd að ákvæðið hafi valdið vandkvæðum í framkvæmd. Eins og ég sagði í upphafi skortir að mínu mati rökstuðning fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að skilyrðið um gjafsókn skv. b-lið 1. mgr. sé „afar víðtækt og þykir ekki forsvaranlegt að verið sé að kosta málshöfðun eða málsvörn einstaklinga af almannafé á grundvelli svo almenns ákvæðis."

Svona er það orðað, virðulegi forseti.

Þetta var m.a. rökstutt í umsögnum sem bárust allsherjarnefnd að væru alls ekki nægileg rök eða nægilega vel ígrunduð rök fyrir því að breyta ákvæði sem getur varðað almenning svo miklu. En ekki er að finna annan rökstuðning fyrir niðurfellingu þessarar heimildar og því hlýtur að mega ráða að fyrst og fremst sé verið að fella þetta ákvæði niður í sparnaðarskyni.

Ég hlýt því að velta fyrir mér, virðulegi forseti, hvort þarna sé akkúrat það svið sem við þurfum að grípa til sparnaðar á. Er það svo að fé almennings hafi verið sóað í óhóflega réttaraðstoð fyrir almenning? Má skilja það svo, virðulegi forseti, að breytingin sé til komin þess vegna? Hvað er að gerast í öðrum löndum?

Gjafsóknarmálum hefur vissulega fjölgað verulega á undanförnum árum, sem er fyrst og fremst til marks um aukna réttarvitund almennings. Almenningur er orðinn meðvitaðri um rétt sinn og sækir hann frekar en kannski áður var. Ég tel, virðulegi forseti, að það sé af hinu góða og það eigi einmitt að hvetja til þess að það sé gert.

Fulltrúi dómsmálaráðuneytisins áætlaði fyrir allsherjarnefnd í vor að sparnaður með frumvarpinu gæti numið 10–15 millj. kr. árlega, sem er einungis örlítið hlutfall af heildarkostnaði ríkisins vegna gjafsókna. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég tel vandséð hvernig hægt sé að réttlæta slíkan sparnað á kostnað þeirra ríku almannahagsmuna og hagsmuna einstaklinga sem í húfi eru. Ég tel því að þarna sé verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni og þess vegna leggst ég gegn þessari breytingu í því formi sem hún liggur fyrir í frumvarpinu.

Reyndar er gert ráð fyrir að áfram sé inni heimild til gjafsóknar í málum þar sem efnahag umsækjenda er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans yrði honum ofviða. Guði sé lof, virðulegi forseti, fær það ákvæði nú að standa áfram. En sú heimild hrekkur hins vegar skammt þegar þess er gætt að við mat á því hvort gjafsókn sé veitt á grundvelli efnahags umsækjanda hefur verið höfð hliðsjón

af skattleysismörkum á hverjum tíma. Þetta kom fram fyrir hv. allsherjarnefnd í vor.

Heimildin er þess vegna afar þröng auk þess sem réttlætisrök geta að sjálfsögðu verið fyrir heimild til gjafsóknar alveg burt séð frá efnahag. Þrengingin sem lögð er til í frumvarpinu mun fela í sér að gjafsókn verður útilokuð í málum sem eru mikilsverð réttlætismál fyrir hagsmuni einstaklinga og almennings.

Samkvæmt upplýsingum sem gjafsóknarnefnd gaf allsherjarnefnd í vor kunna slík mál t.d. að varða heimtu skaðabóta fyrir varanlega örorku, þegar örorka er mikil en aflahæfi verulega skert, málið varðar bætur fyrir missi framfæranda, lífeyrisréttindi, atvinnuréttindi og eignaréttindi, réttindi varðandi friðhelgi einkalífs og önnur hefðbundin mannréttindi. Þetta kom m.a. fram í máli gjafsóknarnefndarmanna sem komu fyrir nefndina í vor. Eru þetta málin, virðulegi forseti, sem hæstv. ráðherra telur óþarfi að veita gjafsókn í? Hvaða mál eru það, virðulegi forseti, sem hæstv. dómsmálaráðherra telur óþarfi að veita gjafsókn í og telur ekki forsvaranlegt að sóa fé almennings í að veita gjafsókn?

Einnig eru dæmi um, virðulegi forseti, eftir því sem kom fram í allsherjarnefnd í vor, að gjafsókn hafi verið veitt á grundvelli þessarar heimildar vegna ófrjósemisaðgerðar og vönunar þar sem vafi lék á um heimild til aðgerðanna. Einnig gætu mál vegna læknamistaka fallið hér undir. Eru þetta mál, virðulegi forseti, sem hæstv. dómsmálaráðherra telur ekki forsvaranlegt að veita fé almennings í, nema í þeim tilvikum sem efnahag umsækjenda er verulega ábótavant? Erum við ekki að tala um mannréttindi, virðulegi forseti, í slíkum málum? Ég hefði haldið að þá skipti efnahagur fólks ekki öllu máli.

Þá gæti gjafsókn samkvæmt b-lið 1. mgr. 126. gr., sem er verið að fella hér niður, verið veitt í málum þar sem einstaklingar leita réttar síns gagnvart stjórnvöldum. Slík mál gætu t.d. verið vegna umhverfismála, kærur vegna kosninga eða vegna ráðherraúrskurða að því er gjafsóknarnefnd greindi okkur frá í allsherjarnefnd í vor.

Ég tel einnig, eins og ég hef reyndar aðeins minnst á áður, að það skorti verulega á að gerð sé nægileg grein fyrir markmiðum þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu og tek þar með undir gagnrýni sem m.a. kom fram í umsögn Lögmannafélags Íslands um þetta atriði. Þar segir m.a. að þau rök sem fram komi í frumvarpinu fyrir breytingunni fullnægi ekki þeim kröfum sem gera verði til rökstuðnings og tilgreiningar tilefnis og markmiðs með ráðgerðum breytingum.

Ef markmið frumvarpsins er fyrst og fremst, eins og lesa má út úr athugasemdum við frumvarpið, að lækka kostnað ríkissjóðs vegna gjafsókna þyrfti það að koma skýrt fram í athugasemdum og ég hlýt að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra að því áður en lengra er haldið hvort það sé rétt skilið að það sé fyrsta og síðasta markmið sem hann hefur að leiðarljósi þegar hann leggur fram þetta frumvarp.

Síðan er sér kafli, sem er 3. gr. frumvarpsins, þ.e. breyting á gjafsóknarheimild þjóðlendulaga. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilt sé að veita aðila máls sem rekið er á grundvelli þjóðlendulaga, nr. 58 frá 1998, gjafsókn eða gjafvörn ef mál hans hefur að mati gjafsóknarnefndar verulega almenna þýðingu eða varðar verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjenda.

Það er í sjálfu sér eðlilegt að heimild sé veitt til gjafsóknar í slíkum málum, ég tel svo vera. En með hliðsjón af því að til stendur að fella heimildina niður í öllum öðrum málum þá hljómar einkennilega að gera þessa undantekningu. Og ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst það ekki heldur nægilega rökstutt í athugasemdum við frumvarpið af hverju þessi málaflokkur er sérstaklega tekinn út úr. Röksemdir fyrir því að gera undantekningu í þjóðlendulögunum eru þar af leiðandi jafnfátæklegar og allar aðrar röksemdir sem fylgja þessu frumvarpi.

Jafnræðisrök eru nefnd til sögunnar, þ.e. að þar sem málarekstur sé þegar hafinn vegna ákvörðunar óbyggðanefndar á einu svæði þyki rétt að sömu reglur gildi vegna mála sem rekin yrðu á öðrum svæðum. En auðvitað eiga þessar röksemdir við um alla aðra málaflokka, virðulegi forseti. Af hverju í ósköpunum hafa mál vegna ákvörðunar þjóðlendunefndar það mikla sérstöðu að hæstv. ráðherra telur réttlætanlegt að gera undantekningu hvað þau varðar? Það má með sömu jafnræðisrökum halda því fram í öðrum málaflokkum að það eigi líka við, að ástæða sé til að gera undantekningu.

Þessi málatilbúnaður er því bara til marks um það að mínu mati hversu vanhugsað það er að fella þessa almennu heimild brott úr einkamálalögum. Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að með þessari breytingu þrengi ríkisstjórnin markvisst að möguleikum almennings til að sækja rétt sinn gagnvart stjórnvöldum og opinberum aðilum og þar er að mínu mati horft til fortíðar, því miður, virðulegi forseti. Verið er að fara aftur í tímann í þeirri þróun sem við höfum séð hingað til hér á landi, þótt fátækleg hafi verið hefur hún þó verið í rétta átt. Og ef horft er til annarra ríkja er alls staðar verið að stefna í öfuga átt í ljósi þess hversu mannréttindi eru viðurkenndari nú og það að borgararnir eigi þann sjálfsagða rétt að sækja sín mál sín gagnvart opinberum aðilum, þá hefur þróunin verið í öfuga átt. En hér á landi, virðulegi forseti, er verið að fara allt aðrar leiðir sem ég tel miður og verð því að lýsa því yfir hér strax í 1. umr. að ég er alfarið á móti þeirri efnisbreytingu sem kemur fram í frumvarpinu.

Ég hefði talið eðlilegra og meira í anda nútímalegra vinnubragða, virðulegi forseti, að auka möguleika almennings til opinberrar réttaraðstoðar frekar en að þrengja enn verulega að honum. Mér finnst það fátækleg rök að nefna þær 10–15 millj. kr. sem hugsanlega kunna að sparast vegna breytinganna þegar hafðir eru í huga almennir hagsmunir og e.t.v. möguleikar almennings til þess að sækja mál sín fyrir gagnvart stjórnvöldum.

Ég vil líka nefna að samkvæmt þessum tillögum yrði t.d. ekki talið mögulegt að sækja gjafsókn ef menn vildu leita sér aðstoðar fyrir erlendum dómstólum eins og Mannréttindadómstóli Evrópu. Í löndunum í kringum okkur hefur verið talið æskilegt að fólk ætti möguleika á að sækja sér slíka réttaraðstoð, eins og m.a. kom fram hjá bæði fulltrúa Lögmannafélagsins og einhvers staðar víðar í umsögnum, því í ljósi þess hvernig þróunin hefur verið eiga mannréttindi að sjálfsögðu ekki bara að snúast um fjárhag fólks.

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst eins og heyra má af

þessari ræðu minni að ég treysti mér til þess núna strax við 1. umr., sem ég geri ekki mjög oft, að lýsa mig andsnúna meginefni þessa frumvarps einkum í ljósi þess að það fékk góða umfjöllun í hv. allsherjarnefnd og því miður þá hefur hæstv. dómsmálaráðherra tekið mið af athugasemdum allsherjarnefndar og þeim breytingum sem meiri hluti allsherjarnefndar lagði til. Hann hefur hins vegar ekki tekið mið af þeim alvarlegu athugasemdum sem komu fram hjá minni hlutanum eða í fjölda umsagna sem komu fram um málið.

[16:17]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, Bryndísar Hlöðversdóttur. Þess ber að geta að ég er áheyrnarfulltrúi í allsherjarnefnd og sat fundi nefndarinnar þegar fjallað var um þetta mál og lýsti mig samþykka niðurstöðu minni hlutans, þ.e. nefndaráliti því sem birt var á þskj. 1661 á síðasta löggjafarþingi.

Það sem var rakið hér í ræðu síðasta hv. þingmanns og er, að mati okkar sem erum andsnúin þessu frumvarpi, ámælisvert að það skuli eiga að fella niður almenna heimild til gjafsóknar á grundvelli þess að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjenda.

Það kom fram í umfjöllun allsherjarnefndar um málið að slík mál sem hér um ræðir gætu t.d. verið vegna umhverfismála. Einnig voru nefndar kærur vegna kosninga og kvartanir eða kærur vegna ráðherraúrskurða. Þannig að hér er um að ræða ákveðið bragð stjórnvalda til að koma sér undan kærum vegna ráðherraúrskurða, þar sem almenningur telur sig eiga eitthvað sökótt við ráðherrana og stjórnsýslu þeirra og hefur hingað til heyrt undir gjafsóknarákvæði, en nú á að fækka þessum gjafsóknarmálum fyrst og fremst með því að koma í veg fyrir að mál af þessu tagi verði rekin á grundvelli gjafsókna.

Þetta vekur sannarlega athygli, vegna þess að þetta stríðir auðvitað gegn þeirri þróun sem hefur verið og er í nágrannalöndum okkar mjög sýnileg og markast t.d. í umhverfismálunum af samningi sem nefndur er Árósasamningurinn og stendur fyrir dyrum að fullgilda hér á Íslandi.

Árósasamningurinn gerir ráð fyrir því að tryggja almenningi réttláta málsmeðferð og greiðan aðgang að upplýsingum í umhverfismálum. Ég sé ekki betur og við í allsherjarnefndinni sem fjölluðum um málið á síðasta ári, en að efni þessa frumvarps stangist illilega á við þær skyldur sem stjórnvöld ætla sér að undirgangast og þurfa að undirgangast, samkvæmt þessum samningi, Árósasamningnum. Ég sé ekki betur en það sé útilokað samkvæmt núgildandi reglum að fá heimild til gjafsóknar til þess að sækja mál fyrir alþjóðlegum dómstólum. Á því virðist engin breyting ætla að verða samkvæmt þessu frumvarpi.

Slíka heimild má hins vegar sjá í reglum nágrannaríkja okkar og þess vegna væri eðlilegt að taka upp sambærileg ákvæði hér á landi, en ekki að byrja rétt áður en við gerumst fullgildir aðilar að Árósasamningnum og undirgöngumst það að leiða ákvæði hans í lög hér á landi, að þrengja löggjöf okkar þannig að það verði ekki pláss fyrir gjafsókn á þessu sviði.

Þetta breytir auðvitað gífurlega miklu. Þetta breytir t.d. því að fólk sem ætlar sér að gæta hagsmuna náttúruverndar og umhverfisverndar verður þá sjálft að kosta málsókn sína, því náttúran og umhverfið eiga sér engan talsmann eða málsvara — sérstaklega ekki þegar ríkisstjórnin er eins innréttuð og raun ber vitni — að jafnvel þó um sé að ræða málshöfðun gegn stjórnvöldum sem hafa að mati einstaklinganna brotið rétt á þeim sem eiga að gæta þessara hagsmuna að öðru leyti.

Það er því augljóst, frú forseti, að hér er um mjög mikilvæg mál að ræða. Mér finnst að þessi mál hljóti að geta varðað einstaklinga og almenning mjög miklu. Það er í sjálfu sér ámælisvert að hæstv. dómsmálaráðherra skuli ekki eyða á það orði í ræðu sinni hér áðan að þessi atriði voru öll til umfjöllunar í allsherjarnefnd þegar við fjölluðum um málið á síðasta þingi. Hæstv. ráðherra hefði svo sannarlega getað komið inn á þessi atriði og svarað þeim með einhverjum hætti í ræðu sinni, t.d. því hvað kvartað var undan lélegum rökstuðningi í greinargerð með frumvarpinu.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir gat um hér áðan að rökstuðningurinn sem greinargerðin byggir á er afar veikur og það virðist vera að fela eigi hæstv. ráðherra að meta þessa hluti í reglugerðarheimildum án þess að löggjafinn komist með sín sjónarmið að borðinu. Þannig að ég held að svona víð reglugerðarheimild og illa rökstudd eins og gert er ráð fyrir að hér verði lögleidd sé ámælisverð og varasöm og hefði talið að hér hefði þurft að standa mun betur að málum og undirbyggja mun betur þann rökstuðning sem hæstv. ráðherra hefur fyrir þessum breytingum, ef hann hefur þá einhvern rökstuðning.

Það kom líka fram í umfjöllun allsherjarnefndar um málið að ekki væri líklegt að breytingarnar mundu leiða til mikils sparnaðar, þannig að ég sé ekki að þetta mundi skipta sköpum hvað það varðar þó að einhver mál sem gætu kannski verið þrjú, fjögur, fimm á ári, svo skotið sé út í bláinn, mundu fylgja með í þessum gjafsóknarpakka.

Það er alveg ljóst að almenningur er orðinn meðvitaðri um þann rétt sem hann hefur samkvæmt lögum til að leita heimilda til gjafsókna. Við í allsherjarnefnd fengum mjög fína yfirferð frá aðilum í gjafsóknarnefndinni varðandi það hvernig þær heimildir sem eru veittar eru rökstuddar. Ég verð að staðfesta það hér að það virðist vera afar vel og skynsamlega á málum haldið í þeirri nefnd og mjög rökfastur málflutningur nefndarmanna sem komu fyrir nefndina. Ég sé því ekki annað en að hæstv. dómsmálaráðherra verði að skoða ofan í kjölinn á nýjan leik hvað hér er á ferðinni og svara með einhverju móti þeirri gagnrýni, sem er mjög málefnaleg, sem hefur komið fram á þetta mál. Ég held að það verði að gerast í 1. umr.

[16:24]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Frú forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra mælir fyrir þessari lagabreytingu sem hér er til umræðu. Mér fannst hæstv. dómsmálaráðherra leggja mikið út af því að kostnaður við þessi mál væri að aukast. Auðvitað ber hæstv. dómsmálaráðherra sem vörslumanni ríkisfjár á sínum pósti að passa upp á þessa hluti og er það vel að svo sé. Það er aftur spurning hvers vegna þetta er að aukast.

Ég vil ætla, hæstv. dómsmálaráðherra leiðréttir mig þá í því, að almennt sé málum fyrir dómstólum að fjölga, umfang löggjafar sem sett er fyrir þegnana er allt að verða meira og af því getur leitt meiri ágreining en þar sem löggjöf er lítil að vöxtum og einföld. Það glímum við auðvitað við í hinum hefðbundnu dómstólum óháð gjafsókn.

Hér er verið að fara nokkuð inn á það að ákvarða þessa hluti í reglugerðum. Ég er mjög mótfallinn því að reglugerð leysi allt af hólmi. Við eigum að mæla ítarlega fyrir um hlutina í löggjöf og ég hefi talið og flutt um það þingsályktunartillögu á yfirstandandi þingi og áður í tvígang, um eftirlit Alþingis með framsali löggjafarvalds, af því Alþingi hefur að mínu viti gengið allt of langt í því að framselja löggjafarvald til framkvæmdarvaldsins og það þarf að skerpa skilin sem mælt er fyrir um í 2. gr. stjórnarskrár. Það er auðvitað Alþingi sem fer með löggjafarvaldið. Hér erum við að tala um það sem snýr að dómsmálum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fella burt b-lið 126. gr. laganna eins og hann hljóðar núna, þar sem rætt er um mál sem hafa verulega almenna þýðingu. Ég hef litið þannig á þau mál sem stundum hafa verið kölluð prófmál, að eitt mál varðar marga, að þeir sem eru að leggja í slík mál gerast vissir brautryðjendur, ryðja slóð fyrir aðra og taka það á sínar herðar. Það réttlætismál að mínu viti að hið opinbera leggi sitt til að auðvelda þeim þá göngu. Það léttir líka það sem á eftir fer.

Hæstv. dómsmálaráðherra talaði um að kostnaður hefði aukist hér. Mig langar til að spyrja hann hvort hann hafi upplýsingar um að kostnaður vegna gjafsóknarmála hafi vaxið og hvort það sé þá línuleg fylgni. Hefur gjafsóknarmálakostnaður verið að vaxa umfram annan kostnað af auknum málafjölda?

[16:27]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar umræður. Að vísu hefur lítið nýtt komið fram í þeim miðað við umræður sem fóru fram á síðasta þingi og það er ljóst að þeir sem voru á móti þessu máli þá hafa ekki skipt um skoðun þrátt fyrir umræður um málið og þrátt fyrir að að sjálfsögðu hafi verið færð rök fyrir þessum breytingum. Mér finnst svolítið einkennilegt að tala hér hvað eftir annað um þessi atriði. Sömu þingmennirnir tala um að það vanti rök þótt þeir séu ósammála máli sem er ekki það sama og að rök vanti í málum. Mér finnst það einkennilegur málflutningur, virðulegi forseti, að hlusta á ræður sí og æ um þessi mál og eins það þótt menn séu ósammála málum þá geti þeir ekki fallist á þau rök sem eru flutt fyrir máli. Það er heldur takmarkað umburðarlyndi fyrir skoðun annarra sem menn sýna með því.

Varðandi útgjöldin til gjafsóknarmála þá vil ég bara vísa til þess sem ég svaraði á síðasta þingi. Það voru mjög ítarlegar upplýsingar lagðar fram þá. Það hefur einnig verið spurt um þetta mál núna í upphafi þessa þings. Það er verið að taka upplýsingarnar saman, þannig að ég verð að vísa til þess. Ég er ekki með tölurnar hér á hraðbergi, enda taldi ég það ónauðsynlegt miðað við að þær hafa verið lagðar fram og verið er að vinna úr þeim núna vegna fyrirspurna sem komu fram hér í þinginu og þær munu að sjálfsögðu liggja fyrir.

Ef mönnum finnst fjárhæðin 10–15 millj. lág, er það þá ekki til marks um að þessi mál séu ekki mörg og þess vegna sé ekki ástæða til að fara þannig orðum um þetta eins og háttvirtir þingmenn voru að gera; að það væri verið að vega að einhverjum gífurlegum réttindum og réttlætismálum með því að setja þessar reglur svona skýrar. Það hefur komið í ljós við framkvæmd málanna og framkvæmd þessara reglna að það er nauðsynlegt að setja skýrari reglur um þetta, setja í lagarammann ákveðnari viðmið heldur en eru í núgildandi lögum og það er verið að gera með þessu frumvarpi.

Það hefur að sjálfsögðu verið rætt um þessi mál við gjafsóknarnefnd og haft samstarf við hana í mörgu tilliti þegar litið er á gerð frumvarpsins, auk þess sem nefndin kom að sjálfsögðu fyrir allsherjarnefnd á sl. vetri eins og fram hefur komið. Henni er því fullkunnugt um málið sem er til umræðu.

Þegar hv. þm. gera því skóna að með frumvarpinu og breytingunum sé verið að vega að sérákvæðum, eins og í svonefndum Árósasamningi sem hugsanlegt er að verði lögfestur hér eða hvaða aðferð sem menn viðhafa, að setja einhverjar skorður við því sem menn gangast undir með gerð þess samnings er alrangt. Þegar menn setja sérreglur og sérlög ganga þau framar þeim reglum sem settar eru á þann almenna hátt sem gert er með gjafsóknarreglunum. Það er því ástæðulaust að vera með slíkar lagaskýringar og leggja mál út á þann veg sem gert var, að með almennu reglunum sé verið að takmarka einhverjar sérreglur sem kunna að verða lögfestar og ganga lengra og hafa gildi hvað sem hinum almennu reglum líður.

Varðandi það að rökin í málinu séu óljós eru þau náttúrlega mjög einföld og skýr. Verið er að leggja á ráðin um það með breytingunum að fjárhagur þess sem hefur málsókn ráði. Það er meginreglan sem verið er að árétta með frumvarpinu og verið að draga þá línu skýrar en í gildandi lögum. Það þarf enginn að fara í grafgötur um það. Menn geta verið því sammála eða ósammála, en þurfa ekki að standa og kvarta undan því að það vanti rök fyrir jafneinfaldri reglu og þarna er sett.

Einnig er rétt að hafa í huga að ef menn fara í mál, hvort sem þeir eru auðugir eða nota gjafsóknarréttinn, fá þeir sakarkostnaðinn greiddan sér dæmdan ef þeir vinna málið. Þetta er hin einfalda og skýra regla sem menn þurfa að hafa í huga, sérstaklega lögfræðingar sem hér taka til máls og fjalla um þessi mál. Það má ekki gleyma því að vinni menn mál og séu með gott mál fá þeir sakarkostnaðinn greiddan og þurfa ekki að bera hann.

Vikið hefur verið að reglugerðinni og ég get tekið undir með þingmönnum að heimildin er rík í frumvarpinu til setningar á reglugerð. Við upphaf umræðunnar sagði ég að reglugerðarheimildin hafi verið vandlega ígrunduð í ráðuneytinu og að ég hefði í hyggju að kynna allsherjarnefnd málið til hlítar með því að senda henni drög að reglugerðinni þegar málið væri þar til umfjöllunar. Það er því ekki verið að fara á bak við þingmenn eða allsherjarnefnd varðandi setningu reglugerðarinnar, heldur verður málið kynnt fyrir þingmönnum og allsherjarnefndinni á þann veg að þeir munu fá drögin til skoðunar.

Ég held því að ekki sé hægt að nálgast málið þannig að

það hafi verið illa að því staðið eða einhver rök í málinu skorti, sérstaklega ekki þegar litið er til þess að málið var til umræðu á þingi sl. vetur. Álit meiri hluta allsherjarnefndar liggur fyrir. Það hefur verið fjallað um það. Það liggja einnig fyrir umsagnir manna um þetta hjá nefndinni. Síðan geta menn verið sammála eða ósammála eins og gengur og náttúrlega hlutverk okkar líka að vera ósammála ef svo ber undir og menn verða að sætta sig við það, út á það ganga stjórnmálin öðrum þræði.

Sagt var að það skorti rök, m.a. þegar rætt væri um þjóðlendumálin í frumvarpinu. Það segir sérstaklega t.d. í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið að ákvæðið byggist bæði á því að ríkið hafi haft frumkvæði að lagasetningunni um þjóðlendurnar og kröfugerð og að mál vegna ákvarðana óbyggðanefndar séu þegar hafin á einu landsvæði þannig að eðlilegt þyki að sömu reglur gildi um ákvarðanir nefndarinnar á öðrum svæðum.

Ég sé ekki annað en að þetta séu mjög skýr og góð rök fyrir því að taka málið þeim tökum sem gert er í frumvarpinu og hafa ákvæði frumvarpsins með þessum hætti. Ég veit ekki hvaða einfaldari og skýrari rök menn þurfa til þess að átta sig á því að þjóðlendumálið hefur algera sérstöðu þegar litið er til mála af þeim toga þar sem ríkið hefur fallist á að greiða kostnað við málsókn. Þetta styður mig því enn í þeirri skoðun að þær sífelldu fullyrðingar að hér skorti einhver rök eiga ekki við rök að styðjast og eru úr lausu lofti gripnar til þess að villa mönnum sýn þegar málið er til umræðu. Einnig það tal að það sé einhver þróun, eins og það séu einhverjir náttúrukraftar á ferðinni í heiminum sem leiði til þess að ríkið eigi að standa undir kostnaði við málaferli hvers og eins þegar honum dettur í hug að stefna ríkinu eða einhverjum öðrum á einhverjum óljóst skilgreindum forsendum, að það sé náttúruþróun eða einhver heimsþróun sem við séum að fara á mis við með því að taka á málum eins og sagt er í frumvarpinu. Það er álíka mikil rökleysa og að halda því fram að það skorti rök fyrir því að hafa sérstök ákvæði um þjóðlendumálin í frumvarpinu.

[16:36]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að hæla hæstv. ráðherra fyrir það að hann gaf yfirlýsingu um að reglugerðin yrði kynnt fyrir allsherjarnefnd áður en hún verður birt. Það er sannarlega virðingarvert og ekki vanþörf á í málum sem hafa verið gagnrýnd eins og þetta mál. Það er því virðingarvert og ég tek það sérstaklega fram.

Komið hefur fram í umræðunni að hér sé um fremur lága upphæð að ræða og ekki mörg mál. Þetta er engu að síður upphæð sem skiptir sköpum fyrir þá einstaklinga sem hlut eiga að máli. Það er alveg ljóst að b-liður 126. gr. sem gjafsóknarnefnd hefur haft tök á að veita fólki gjafsókn út á hefur ekki verið mikið notaður en hefur verið notaður í málum þar sem fólk hefur stefnt ríkinu vegna t.d. ráðherraúrskurða.

Þess vegna sýnist mér alveg augljóst að hæstv. ráðherra sé að beita sér fyrir því að slík mál komi ekki lengur upp á borð sem gjafsóknarmál. Það verði eingöngu fólk sem á umtalsverða fjármuni umleikis sem getur farið í þannig mál eða treystir sér til þess. Auðvitað veit hæstv. ráðherra eins vel og við öll að það er undir hælinn lagt hvort mál vinnast fyrir dómi eða ekki. Fólk getur aldrei vitað fyrir fram hvort mál vinnast eða ekki og kannski allra síst mál af því tagi sem hér um ræðir, þar sem stjórnsýslulegur vafi getur leikið á um stjórnsýslulegar athafnir hæstv. ráðherra.

Ég segi því enn og aftur að það er ámælisvert að hér skuli verið að taka úr sambandi möguleika á gjafsókn þess fólks og þeirra mála sem hér um ræðir. Ég stend því fast við gagnrýni mína.

[16:38]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Verið er að ákveða, ef frumvarpið verður að lögum, að þeir fjármunir úr ríkissjóði sem nýta skuli til gjafsókna skuli renna til þeirra sem minnst fjárforræði og minnst fjárráð hafa í landinu. Þau mál sem hv. þm. ber sérstaklega fyrir brjósti tel ég að snerti ekki þann hóp fólks. Ég held að aðrir standi í málaferlum en þeir sem þurfa í raun og veru á fjárstuðningi ríkisins að halda til þess að stofna til málaferla. Verið er að leggja á ráðin um að þeir opinberu fjármunir séu nýttir í þágu þeirra sem þurfa á þeim að halda, vegna þess að þá skortir fé til þess að fara í málaferli.

Þeir sem hv. þm. ber fyrir brjósti eru ekki í þeim flokki. Það er alveg ótvírætt að mínu mati að það fólk er ekki að velta þeim málum fyrir sér sem hv. þm. gerir að umtalsefni.

[16:39]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst andsvar hæstv. ráðherra staðfesta það sem ég sagði í fyrra andsvari mínu, að það er einmitt það sem hæstv. ráðherra ætlar að forðast með lagasetningunni. Hann ætlar að forðast það að einstaklingar geti fengið gjafsókn ef þeir telja sig eiga eitthvað sökótt við hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni, telja hæstv. ráðherra misfara á einhvern hátt með vald sitt. Það er ósköp eðlilegt að menn vilji reyna að komast undan slíkum málum og segja: „Þeir verða bara að kosta það sjálfir þeir einstaklingar úti í bæ sem vilja setja spurningarmerki við stjórnvaldsaðgerðir hæstv. ráðherra."

Ég er því ekki að gera athugasemdir við það að efnalítið fólk fái gjafsókn, en ég geri athugasemdir við það að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar skuli beita sér fyrir því að ráðherrarnir komist hjá því að fá á sig málshöfðanir sem fólk færi mögulega ekki út í fengi það ekki gjafsókn. Þar eru t.d. umhverfismálin hátt skrifuð, mál er varða kosningar og önnur mál sem lúta beinlínis að stjórnsýslu hæstv. ráðherra.

Ég get ekki annað en mótmælt hæstv. ráðherra enn einu sinni varðandi það að ekki sé fótur fyrir ásökunum okkar um að málin séu illa rökstudd, þá spyr ég hæstv. ráðherra: Hvaða rökstuðningur er það varðandi það að fella niður b-lið í 126. gr., þar sem segir í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Ákvæði b-liðar er afar víðtækt og þykir ekki forsvaranlegt að verið sé að kosta málshöfðun eða málsvörn einstaklinga af almannafé á grundvelli svo almenns ákvæðis."

Þetta er eini rökstuðningurinn. En auðvitað hefur hæstv.

ráðherra komið inn á það í andsvari sínu hvað býr raunverulega að baki.

[16:42]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt að árétta að frumvarpið gengur út á að tryggja að fjármunir úr ríkissjóði til gjafsóknar renni til þeirra sem ekki hafa fjárhagslega burði til þess að fara í málaferli, hvers kyns málaferli. Ef einhver ætlar að fara í mál við ríkið án þess að hafa til þess fjárhagslega burði á hann rétt á gjafsókn. Það er ekkert flóknara en það.

Ég tel hins vegar að í þeim málaflokki sem hv. þm. ber sérstaklega fyrir brjósti og hefur gert að umtalsefni sé auðvelt að afla fjár á annan veg en að leita til ríkisins og það eigi ekki við almennt um þann málaflokk og þau mál sem hv. þm. ber fyrir brjósti. Þeim mun almennari sem málstaðurinn er og kröfugerðin í slíkum málum, þeim mun auðveldara er að afla fjár almennt til þess að fara í slík mál. Þar eiga ekki þau rök við sem eru grundvallarrökin á bak við hugmyndafræðina um gjafsókn, að auðvelda þeim sem hafa ekki fjárhagslega burði til þess að fara í mál, hvers kyns mál. Málið snýst um það en ekki hitt, að mismuna mönnum eftir því hvernig málatilbúnaðurinn er heldur að taka mið af því hvernig fjárhagslegir burðir einstaklinganna eru.

Mér finnst einkennilegt að þetta sjónarmið sé að engu haft í umræðunum og talið að það sé skortur á rökum þegar það er lagt til grundvallar, sem er grunnhugmyndin á bak við gjafsóknarhugmyndina frá upphafi til enda. Sérstakir hugsjónamenn geta svo alltaf bætt við og hengt einhverja pinkla og sagt: Í málaflokki mínum vil ég að ríkið borgi líka ef mér dettur í hug að fara í mál við ríkið eða einhvern annan.

Það er bara ekki þannig. Gjafsóknin snýst ekki um það heldur að sjá til þess að fólk sem ekki hefur fjárhagslega burði geti farið í málaferli.

[16:44]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Ekki hafa andsvör eða frekari svör hæstv. ráðherra í málinu sannfært mig, heldur þvert á móti sýnt fram á og sannað það sem ég hélt fram í fyrri ræðu minni, að með frumvarpinu er hæstv. ríkisstjórn fyrst og síðast að koma í veg fyrir eða þrengja möguleika almennings til þess að sækja mál á hendur opinberum aðilum. Það er ekkert annað sem býr að baki, virðulegi forseti.

Hæstv. dómsmálaráðherra segir, og hann má eiga það að hann segir það hreint út, að honum finnist eðlilegt að hafa það fyrirkomulag að borgararnir geti sótt mál gagnvart stjórnvöldum ef þeir telja á sér brotið, m.a. vegna mannréttinda, en einungis eðlilegt að þeir fái gjafsókn ef þeir hafi bágan efnahag.

Ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, að miðað hefur verið við skattleysismörk í þessum efnum, sem mér er sagt að séu í kringum 72 þús. kr. í dag. Hæstv. dómsmálaráðherra telur eðlilegt að þeir sem eru yfir þeim mörkum, yfir þeim tekjum, eigi ekki rétt á að fá gjafsókn í málum sem hér hafa verið talin upp af hugsjónafólkinu, sem hæstv. dómsmálaráðherra kallar svo, andstæðingum þessa frumvarps. Hvaða mál vorum við að tala um? Meðal annars öll helstu mannréttindi, t.d. réttindi er varða friðhelgi einkalífs og önnur hefðbundin mannréttindi. Ef borgararnir vilja sækja það gagnvart hæstv. dómsmálaráðherra Birni Bjarnasyni og telja á sér brotið þá fá þeir ekki gjafsókn í þeim málum samkvæmt tillögum hans nema að tekjur þeirra séu 72 þús. kr. eða þar undir.

Mér finnst þetta, virðulegur forseti, undarlegur málflutningur. Ég verð að segja eins og er, að mig hryllir við þessum málflutningi. Ef vandamálið væri svo gríðarlega stórt og kostnaður ríkisins svo gríðarlegur af þessum málum að ástæða væri til að halda að óeðlileg þróun væri í gangi þá mundi ég skilja hæstv. dómsmálaráðherra betur.

Aðspurður gat ráðherra ekki svarað því hvort þessi fjölgun væri meiri en fjölgun mála fyrir dómstólum á sama tíma. Kann að vera, virðulegi forseti, að það sé eðlileg skýring á þessari aukningu, að málum fyrir dómstólum hafi einfaldlega fjölgað og hlutfall mála af þessu tagi sé hið sama og áður hefur verið? Þessu verður hæstv. dómsmálaráðherra að svara. Ég hefði talið eðlilegra að hann svaraði því áður en hann legði fram slíkt frumvarp á grundvelli sparnaðar. (**Dómsmrh.:** Það var gert á þinginu í fyrra.) Þessu var ekki svarað á þinginu í fyrra, virðulegi forseti. Þá var svarað fyrirspurn hv. þm. Guðjóns Ólafs Jónssonar, ef ég man rétt. Þar kom ekki fram hlutfall þessara mála. Þar komu fram tölur og fjöldi mála en eftir því sem ég best man kom það ekki fram hvort hlutfall gjafsóknarmála af heildarfjölda dómsmála væri stærra. Auðvitað hlýtur það að vera grundvallarstærð í þessu máli.

Ég sé ekki betur en að fyrir hæstv. dómsmálaráðherra liggi fyrirspurn þar sem nákvæmlega þetta kemur fram. Þetta er grundvallaratriði. (**Dómsmrh.:** Henni verður svarað.) Henni verður svarað en ég hefði haldið, virðulegi forseti, að betra væri fyrir hæstv. dómsmálaráðherra að skoða þetta áður en hann leggur fram sparnaðarhugmyndir af því tagi sem hér birtast, sem geta varðað hagsmuni almennings svo miklu.

Ég hef þvert á móti harðnað í andstöðu minni. Mér finnst af máli hæstv. dómsmálaráðherra að dæma sem hann sýni ákveðna lítilsvirðingu, og það kemur mér á óvart, málum þar sem borgararnir sækja rétt sinn gagnvart ríkisvaldinu. Kannski hefur hann verið allt of lengi við völd. Það kann að ráða því að hann er farinn að horfa til þess sem ákveðins óþarfa að almenningur og borgarar þessa lands skuli sækja rétt sinn, m.a. í mannréttindamálum. Jú, allt í lagi, þeir geta fengið gjafsókn ef þeir eru bláfátækir og tekjur þeirra eru undir 72 þús. kr. en ekki ef þeir hafa 73 þús. kr. eða 74 þús. kr. í tekjur. Mér finnst að í máli hæstv. dómsmálaráðherra birtist okkur alvarleg þróun. Ég vara við því að þessi leið sé farin án þess að fyrir liggi svör við ákveðnum grundvallarspurningum sem ég hef minnst á.

Mér virðist hæstv. dómsmálaráðherra láta að því liggja að það hafi verið vandamál við framkvæmd þessara mála, verið einhver lausung í þessu. Hann talaði um það áðan að óeðlilegt væri að menn gætu endalaust fengið gjafsókn í málum sem jafnvel væru ekki nægilegt tilefni málssóknar, væru illa rökstudd o.s.frv. Ég held að hæstv. dómsmálaráðherra viti það jafn vel og ég að það er til reglugerð um

starfshætti gjafsóknarnefndar. Þar er mjög skýrt um þetta fjallað. Í 2. gr. þeirrar reglugerðar segir m.a., með leyfi forseta:

„Umsókn skal vera ítarlega rökstudd og þar skal meðal annars fjallað um:

a. helstu málsatvik, málsástæður og lagarök,

b. hvort nægilegt tilefni sé til málshöfðunar eða málsvarnar,

c. fjölskylduhagi umsækjanda ...“ — o.s.frv.

„d. hvort úrlausn máls hafi almenna þýðingu ...“

Þetta er mjög ítarlega tilgreint í reglugerðinni. Ég veit að hæstv. dómsmálaráðherra veit jafn vel og ég að gjafsóknarnefnd hefur starfað eftir mjög skýrum reglum. Þær eru birtar á vef hæstv. dómsmálaráðherra, þ.e. vef dómsmálaráðuneytisins.

Mér finnst ekki rétt að láta að því liggja og gefa í skyn að einhver lausung hafi verið á þessu, að þetta sé opin bók fyrir almenning, að ná sér í fría málssókn fyrir dómstólum eins og framkvæmdin hefur verið. Þvert á móti þá virtist mér, í umfjöllun allsherjarnefndar og eftir að hafa rætt við þá sem fyrir nefndina komu, að ekki hafi verið neinir hnökrar á þessari framkvæmd. Sú röksemdafærsla gengur einfaldlega ekki upp.

Eftir standa, að því er mér finnst, lítilsgild rök hæstv. ráðherra fyrir því ástæða sé til að þrengja að möguleikum borgaranna til að sækja rétt sinn ef þeir telja á sér brotið. Við skulum muna það, virðulegi forseti, að um er að ræða mál þar sem fólk telur á sér brotið af hendi opinberra aðila eða stjórnvalda. Ég tel að þrengt sé um of að möguleikum fólks til málssóknar með því að miða það við skattleysismörk að fólk eigi rétt á gjafsókn.

Mér finnst að hæstv. dómsmálaráðherra ætti ekki að þurfa að leggja í slíka vegferð. Ég stend við það sem ég sagði áðan og fleiri hafa sagt það. Mér finnast þetta vera illa rökstuddar breytingar. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir endurtók það sem við báðar og fleiri höfum nefnt hérna til sögunnar úr greinargerð með frumvarpinu, að það þyki „ekki forsvaranlegt að verið sé að kosta málshöfðun eða málsvörn einstaklinga af almannafé á grundvelli svo almenns ákvæðis.“

Ef það hefðu verið raunveruleg vandamál með framkvæmdina, ef það hefði verið lausung á málinu og það óskýrt, ákveðin réttaróvissa í gangi og ef gjafsóknarnefnd hefði veitt slíkar heimildir á grundvelli geðþóttaákvarðana, þá mundi ég skilja hæstv. dómsmálaráðherra. En svo virðist bara ekki hafa verið. Ég bið hæstv. dómsmálaráðherra að upplýsa það ef svo hefur verið, hafi verið ávísað ótæpilega á ríkissjóð á grundvelli gjafsóknarákvæðisins.

Enn og aftur: Ég hef frekar herst í trú minni og afstöðu gegn þessu frumvarpi, virðulegi forseti.

[16:52]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki gert að því þótt fólk forherðist í trúnni í umræðum af þessu tagi. Það er ekki vandamál sem ég þarf að glíma við í þessu máli. Ég sannfærist alltaf betur og betur um að nauðsynlegt sé að setja um málið skýrari reglur. Í greinargerð með frumvarpinu eru m.a. settar fram röksemdir fyrir því að setja skýrari reglur, ef hv. þingmenn hafa fyrir því að lesa það. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er þannig ætlunin að gera skilyrði fyrir veitingu gjafsóknar skýrari og tekur frumvarpið að því leyti mið af álitum umboðsmanns Alþingis.“

Hér kemur fram að þetta er m.a. gert vegna álita umboðsmanns Alþingis til þess að taka af skarið um álitamál sem hann hefur vikið að. (**BH:** Reglugerðin ...) Maður stendur í þessum ræðustól af og til og er skammaður fyrir að hafa álit umboðsmanns Alþingis að engu. En þegar álit hans er notað sem rök í frumvarpi af þessum toga og sagt frá því í greinargerðinni að það sé tekið mið af álitum umboðsmanns Alþingis þá er það haft að engu, sagt að það hafi ekkert komið fram og ekkert liggi fyrir um að einhverjir aðilar hafi bent á nauðsyn þess að gera ákvæðin skýrari.

Ég skora á hv. þm. að kynna sér þessi álit umboðsmanns Alþingis og þau álitamál sem upp hafa komið við framkvæmd laganna. Ég stóð að því á sínum tíma að setja umrædd ákvæði í lög. Ríkisstjórn sem ég var í og studdi stóð að því að setja þau í lög. Sú röksemdafærsla þingmannsins að ég hafi verið andvígur því að þessi leið yrði farin er náttúrlega eins fráleit og verið getur. Ég er hins vegar maður til þess, þegar ég að hnökrar hafa verið á framkvæmdinni, að gera bragarbót á og reyna að gera hana skýrari þannig að menn velkist ekki í vafa og að fjármunirnir nýtist þeim sem í raun þurfa á því að halda að ríkið styrki þá til málssóknar.

[16:54]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra er ekkert að gera neitt skýrara. Hann er að taka út ákveðna heimild í b-lið 1. mgr. 126. gr. einkamálalaganna. Hann er að taka hana út, virðulegi forseti. Það er ekki rétt að með því séu viðkomandi ákvæði gerð skýrari. Það er bara ekki rétt. Það er verið að fella niður ákveðna heimild. Hins vegar kann að vera að komið væri til móts við álit umboðsmanns Alþingis með því að setja inn skýra reglugerðarheimild eða eitthvað slíkt í lögin. Hæstv. ráðherra heldur því fram að umboðsmaður Alþingis hafi farið fram á þessa breytingu. Deilan snýst um að taka út þessa tilteknu gjafsóknarheimild. Það er hæstv. dómsmálaráðherra að gera og um það snýst deilan.

Ég bið hæstv. dómsmálaráðherra um að benda mér á það álit umboðsmanns Alþingis þar sem hann — fróðlegt væri ef það væri hreinlega lesið upp úr því, virðulegi forseti — leggur til að þessi tiltekna gjafsóknarheimild sé felld úr lögunum. Ég bið hæstv. dómsmálaráðherra að sýna mér það. Þá skal ég fremur beina gagnrýni minni að umboðsmanni Alþingis, hafi hann lagt það til. Umboðsmaður Alþingis kann að hafa lagt til breytingar á öðrum atriðum, t.d. að skýrar reglugerðarheimildir séu í lögum, sem er eðlilegasti hlutur í heimi, eins og 1. gr. gerir ráð fyrir. Mér finnst ansi ólíklegt, og leyfi mér að efast stórlega um það hér, virðulegi forseti, að umboðsmaður Alþingis hafi lagt til að þessi tiltekna heimild b-liðar 1. mgr. 126. gr. einkamálalaganna yrði felld út úr íslenskum lögum.

Auðvitað er verið að gera lög skýrari með því að fella þau niður, það má alveg segja það. En ég leyfi mér að efast um að umboðsmaður Alþingis hafi lagt það til.

[16:56]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Frumvarpið er náttúrlega til umræðu í heild. Ég veit ekki hvers vegna hv. þm. heldur því fram að ekki megi líta til þeirra ákvæða frumvarpsins sem koma til móts við álit umboðsmanns Alþingis og það sé eitthvað sem ekki má ræða í þingsalnum, þótt hv. þm. sé á móti tilteknu ákvæði í frumvarpinu. Frumvarpið er m.a. flutt til að taka á málum vegna álits umboðsmanns Alþingis.

Eins og ég benti á í ræðu minni áðan þá hafði þingmaðurinn ekkert fyrir sér í því þegar hún sagði að ekki væri rökstutt í frumvarpinu hvers vegna sérstaklega væri vikist undan því að breyta ákvæðum um þjóðlendumál og ákvarðanir óbyggðanefndar. Ég rakti skýr rök fyrir því. Þannig er sama hvaða atriði ég tek upp og ræði við hv. þm., röksemdafærslan hjá þingmanninum stenst bara ekki þótt hún telji mig skorta rök fyrir mínu máli. Hins vegar stenst ekki röksemdafærsla hv. þm.

Hitt er ljóst að okkur greinir á um ákveðið atriði í frumvarpinu. Það er í sjálfu sér ekki ámælisvert að þingmenn séu ekki sammála um alla hluti í þingsalnum. En það er ekki eina atriðið í þessu frumvarpi. Það eru fleiri atriði í frumvarpinu og m.a. er tekið á málum sem snerta álit umboðsmanns Alþingis.

[16:57]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Deilan snýst um tiltekið ákvæði þessa frumvarps og það veit hæstv. dómsmálaráðherra jafn vel og ég. Ágreiningurinn er fyrst og fremst um niðurfellingu liðarins, sem oft hefur verið nefndur til sögunnar. Ég leyfi mér a.m.k. að draga þá ályktun af ræðu hæstv. dómsmálaráðherra að hann haldi því ekki fram að umboðsmaður Alþingis hafi lagt til niðurfellingu þessa liðar. Það er umdeildast í þessu máli og á því byggi ég andstöðu mína.

Varðandi þjóðlenduákvæðið þá er ekki rétt að ég hafi sagt að engin rök hafi verið færð fyrir því. Ég sagði að sú röksemdafærsla væri jafnfátækleg og önnur röksemdafærsla í frumvarpinu. Ég dró það m.a. fram að til sögunnar væru nefnd jafnræðisrök, þ.e. að þar sem málarekstur sé hafinn vegna ákvarðana óbyggðarnefndar á einu svæði þyki rétt að sömu reglur gildi vegna mála sem rekin eru á öðrum svæðum.

Ég benti líka á, virðulegi forseti, og trúi ekki öðru en hæstv. dómsmálaráðherra hafi heyrt það, að því nákvæmlega sama megi halda fram varðandi aðra málaflokka. Það eru önnur mál í gangi í öðrum málaflokkum þar sem fólk nýtur rýmri réttinda en sá sem yrði fyrir nýju lögunum hæstv. dómsmálaráðherra ef þau verða einhvern tímann að lögum. Ég undrast þetta, þótt ég ímyndi mér að ástæðan sé sú að þjóðlendulögin hafa ákveðna sérstöðu vegna þess að þar fer ríkið beinlínis gegn einstaklingum og á frumkvæðið að því. En auðvitað upplifa þeir einstaklingar sem telja sig órétti beitta af hálfu ríkisvaldsins eða opinberra aðila það nákvæmlega sama, að þeir séu óréttir beittir.

Á fundi hjá hæstv. allsherjarnefnd var meira að segja nefnt dæmi um það þegar einstaklingur er pikkaður út vegna þess að nota á hann sem prófmál í málssókn skattyfirvalda gagnvart tilteknum hópi einstaklinga. Það má með sömu rökum segja að í slíkum málum þurfi að gæta jafnræðis og allir eigi þá að njóta gjafsóknar í slíkum málum. Ég sé ekki að rök séu fyrir því að draga þjóðlendulögin sérstaklega út, með fullri virðingu fyrir rétti þeirra sem þar eiga í hlut.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, 1. umr.

Stjfrv., 191. mál (heildarlög). — Þskj. 191.

[17:00]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Í frumvarpinu, sem lagt var fram á 130. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga, er lagt til að lögfest verði heimild til að birta Stjórnartíðindi eingöngu á rafrænu formi. Þá eru einnig lagðar til nokkrar breytingar sem miða að því að gera birtingu laga, stjórnvaldserinda og milliríkjasamninga í senn skilvirkari og ódýrari. Frumvarpið er samið af nefnd sem skipuð var af dóms- og kirkjumálaráðherra í september árið 2000. Nefndinni var falið að gera tillögur um framtíðarskipulag á birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla og þar með talið að endurskoða gildandi lög með tilliti til möguleika á rafrænni birtingu samhliða eða í stað hefðbundinnar birtingar.

Nefndin hóf starf sitt með því að undirbúa rafræna birtingu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs á netinu. Í því skyni var útbúinn sérstakur gagnagrunnur Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs sem var opnaður á netinu í febrúar árið 2002.

Góð reynsla af útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðsins á netinu varð til þess að heimilað var með lögum nr. 165/2002 að hætta prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs og gefa það eingöngu út á rafrænu formi, þó þannig að þeir sem þess óska geti keypt prentaða útgáfu af því.

Með frumvarpi því sem nú liggur fyrir er lagt til að lögfest verði sams konar heimild til að birta Stjórnartíðindi eingöngu á rafrænu formi. Ljóst er að rafræn birting laga og annarra settra réttarreglna getur haft ýmsa kosti í för með sér, einkum þá að auðvelda aðgengi að þeim og að stuðla að sparnaði og hagræðingu þegar fram í sækir. Þó þarf að tryggja að lögin séu aðgengileg þannig að réttaröryggi sé tryggt. Því þarf ýmsum skilyrðum að vera fullnægt svo að rafræn birting komi til álita.

Fyrirkomulag rafrænnar birtingar þarf í fyrsta lagi að taka mið af því að búnaður sem flestra nýtist. Þeim sem ekki geta nýtt sér upplýsingatæknina verði gert kleift að nálgast lögin með hefðbundnum hætti, þ.e. í prentuðu formi.

Í öðru lagi þarf rafræn birting að vera svo örugg að ekki fari á milli mála hvaða lög gilda á hverjum tíma. Um þessi atriði og fleiri vísast að öðru leyti til greinargerðar með frumvarpinu.

Aðrar efnisbreytingar sem felast í frumvarpinu eru eftir-

farandi:

Lagt er til að birting á EES-reglum og öðrum þjóðréttarreglum, sem leiða þarf í landsrétt, verði gerð skilvirkari þannig að nægilegt sé við innleiðingu þeirra að vísa til birtingar þeirra í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB eða í C-deild í stað þess að birta þær jafnhliða í A-deild eða B-deild Stjórnartíðinda eftir atvikum.

Þá er lagt til að heimilað verði í undantekningartilvikum að birta þjóðréttarreglur á erlendu máli, en heimildin er bundin því afdráttarlausa skilyrði að viðkomandi samningur varði afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda tungumál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar.

Loks er lagt til að tekið verði af skarið um gildistöku birtra fyrirmæla í lögum og að kveðið verði sérstaklega á um að birt fyrirmæli skuli binda alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra ef þau geyma ekki aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

Að öðru leyti felur frumvarpið í sér einföldun á orðalagi og efnisskipan, eða skýringar á atriðum sem talin hafa verið felast í gildandi lögum um birtingu laga og stjórnvaldserinda, nr. 64/1943, með síðari breytingum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[17:03]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að segja að ég kann betur að meta tóninn í því frumvarpi sem hæstv. dómsmálaráðherra mælir fyrir nú en því síðasta sem við ræddum hér. Ég held að þarna sé verið að stíga skref sem er ekki bara eðlilegt og sjálfsagt, heldur nauðsynlegt og geti orðið mjög til bóta fyrir borgara landsins og ekki síst fyrir þá sem vinna að lögfræði eða þurfa að kynna sér þau gögn sem hér eiga í hlut. Ég tel því að frumvarpið sé af hinu góða og mjög æskilegt.

Mér sýnist líka að til undirbúnings hafi verið vandað og menn velt fyrir sér hugsanlegum álitaefnum sem upp kynnu að koma því auðvitað er birting laga og stjórnvaldserinda vandmeðfarin og þarf að gæta þess að horft sé til allra þeirra sjónarmiða sem þarf að taka tillit til og virðist það allt saman hafa verið skoðað ofan í kjölinn í þessari vinnu.

Ég held að flestir sem vinna að lögfræði séu sammála um að það hafi orðið algjör bylting í þessum efnum þegar fólk fór að fá aðgang eða möguleika á því að ná sér í rafræn gögn, hvort sem um er að ræða lög eða dóma Hæstaréttar, úrskurði umboðsmanns o.s.frv. Auðvitað er það orðið miklu aðgengilegra og auðveldara, bæði fyrir lögfræðinga sem þurfa að fjalla um einstök mál og borgarana að nálgast þessi gögn. Það hlýtur að vera tilgangurinn með birtingu slíkra gagna að þau séu aðgengileg. Ég álít að með því að fá þau yfir á rafrænt form séu miklu meiri líkur á að aðgangur sé góður og greiður en þegar svo var ekki.

Ég vil sérstaklega nefna að auk þess að það er ánægjulegt að lagt sé til að heimilað verði gefa Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað eingöngu út á rafrænu formi að ákveðnum skilyrðum fullnægðum, þá er líka fjallað um birtingu á EES-reglum og öðrum þjóðréttarreglum sem leiða þarf í landsrétt, að það verði gert skilvirkara en nú er. Ég held að þar sé mikið verk að vinna og þurfi að laga verulega það ástand sem nú er. Í sjálfu sér sé ég ekki hætturnar í því að heimilað verði að birta þjóðréttarreglur á erlendu máli að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ég held að það hljóti að vera betra að hafa slíkar reglur a.m.k. aðgengilegar á erlendu máli en að hafa þær jafnóaðgengilegar og þær eru í dag. Ég vil t.d. nefna af því að ég hef reynslu af því sjálf nýverið að leita að ákveðnum gögnum frá Evrópuráðinu að það er ekki fyrir hvern sem er að fara inn á heimasíðu Evrópuráðsins og finna þar einhverjar tilteknar samþykktir, jafnvel þó að maður sé vanur að leita að slíkum gögnum á netinu. Það er mikill frumskógur og að mörgu leyti mjög óaðgengilegt a.m.k. fyrir þá sem ekki eru vanir að gera slíka hluti.

Ég held því að það sé af hinu góða að heimildir stjórnvalda hér á landi til þess að koma þessum upplýsingum á framfæri við almenning séu auknar. Jafnvel þótt það kosti í einhverjum tilvikum að gera þurfi það á erlendri tungu er það þó skárra en að fólk sé tiltölulega ómeðvitað um reglurnar í mörgum tilvikum.

Ég vil líka velta því upp í þessu samhengi, þó að það sé ekki að því er mér skilst á málasviði hæstv. dómsmálaráðherra, hvaða reglur séu viðhafðar um hvaða samningar eða sáttmálar eða skuldbindingar sem við höfum tekist á hendur, íslenska ríkið, eru þýddar. Mér finnst í raun og veru alveg með eindæmum hve lítið af þeim samþykktum sem koma frá Evrópuráðinu eru þýddar á íslenska tungu. Ég veit ekki hvaða vinnureglur gilda hjá þýðingardeild utanríkisráðuneytisins í þeim efnum, en mér finnst að þarna þurfi að gera einhverja bragarbót á, það þurfi í miklu ríkari mæli að þýða þessar reglur þó að það þurfi að sjálfsögðu að vera einhverjar hömlur á því en að helstu samþykktir t.d. Evrópuráðsins, sem Ísland hefur tekist á hendur að fullgilda eða við höfum samþykkt með þátttöku okkar í Evrópuráðinu, séu þýddar á íslenska tungu. Mér finnst allt of mikið um að svo sé ekki.

Ég þekki ekki nákvæmlega vinnulagið þarna en ég hef rekið mig á að það er ansi mikið af slíkum samþykktum sem mundu jafnvel teljast til grundvallarsamþykkta sem ekki hafa verið þýddar, og ég tel að það sé miður. Þó að ég beini því kannski ekki til dómsmálaráðherra, ég held að það eigi heima hjá hæstv. utanríkisráðherra, vildi ég draga það fram í umræðunni hér.

[17:09]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Frú forseti. Hér mælir hæstv. dómsmálaráðherra fyrir merku nýmæli í því hvernig birta á þegnunum þá löggjöf eða þær reglur sem þegnunum ber að fara eftir. Það má auðvitað líta á þetta í samhengi allt frá þjóðveldisöld þegar lög voru kynnt af lögsögumanni og var þá bara úr munni og höfði þess manns. Síðan gerist það með prentuðu máli að þetta er bætt og er aðgengilegra. Nú er kominn þriðji birtingarmátinn sem er mjög merkur og í takt við þá tækni sem menn ráða yfir í dag, að birta þetta rafrænt. Þess vegna er það frumvarp sem hæstv. dómsmálaráðherra mælir fyrir í dag barn nútímans og mjög athyglisvert. Auðvitað þarf að gæta að því að sú birting sé nokkuð örugg. Ég veit að tækn-

in á að sjá til þess af því réttaráhrifin hafa alltaf miðast við það hvenær birtingin fer fram.

Ég tek mjög jákvætt undir málið og það nýmæli sem hæstv. dómsmálaráðherra mælir hér fyrir og tel að það muni horfa til bóta fyrir réttaröryggið af því að með fullri virðingu fyrir Stjórnartíðindum í því formi sem þau eru gefin út í dag og dreifingu þeirra, er ekki ólíklegt að rafræn birting verði enn aðgengilegri fyrir þegna landsins. Ég lýsi stuðningi við það frumvarp sem hér er flutt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:11]

Útbýting:

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 208. mál, stjfrv. (dómsmrh.) þskj. 208.

Varnir gegn mengun hafs og stranda, 206. mál, frv. GÞÞ, þskj. 206.

Fórnarlamba- og vitnavernd, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 13. mál. — Þskj. 13.

[17:11]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Frumvarp það sem ég mæli hér fyrir og er á þskj. 13 er endurflutt. Því var dreift á síðasta þingi en var þá ekki útrætt. Við flutningsmenn þess höfum kosið að endurflytja það óbreytt. Flutningsmenn auk mín eru hv. þingmenn Steingrímur J. Sigfússon og Þuríður Backman.

Frumvarpið er í átta greinum og gerir ráð fyrir því að fórnarlömbum mansals skuli gefinn kostur á fórnarlamba- og vitnavernd. Í fórnarlamba- og vitnavernd felst að útlendingi sem er fórnarlamb mansals og hefur verið vistaður ólöglega á Íslandi, skuli gefinn kostur á sérstöku tímabundnu dvalar- og atvinnuleyfi til eins árs með heimild til framlengingar. Fórnarlambaverndin gengur framar vitnaverndinni samkvæmt frumvarpi þessu, þannig að ef fórnarlamb mansals treystir sér ekki til eða getur ekki einhverra hluta vegna vitnað gegn hinum brotlegu, skerðir það á engan hátt rétt hans til þeirrar aðstoðar sem þessi lög gera ráð fyrir. Ég mun koma nánar að því á eftir, virðulegur forseti, hvernig ég rökstyð þá reglu sem kemur fram í 2. gr. frumvarpsins.

Þeir sem þiggja fórnarlamba- og vitnavernd samkvæmt frumvarpi þessu skulu taka þátt í áætlun um félagslegan stuðning þann tíma sem þeir þiggja verndina. Þeim skal jafnframt standa til boða félagsleg, sálræn og lögfræðileg aðstoð, læknishjálp og þjónusta túlka, sem og starfsþjálfun og aðstoð við atvinnuleit. Þá skal þeim einnig standa til boða aðstoð við að sækja um ótímabundið dvalar- og atvinnuleyfi þegar fórnarlamba- og vitnaverndinni lýkur.

3. gr. frumvarpsins fjallar um það að fórnarlömb mansals sem gefinn er kostur á fórnarlamba- og vitnavernd skuli hafa 30 daga umþóttunartíma til að ákveða hvort þau þiggja verndina, en meðan á umþóttunartímanum stendur hafi þau bráðabirgðadvalarleyfi hér á landi.

4. gr. fjallar um það að þegar dvalar- og atvinnuleyfi skv. 1. mgr. 2. gr. rennur út, eigi lög um útlendinga og lög um atvinnuréttindi útlendinga við. Ef þeir sem hafa þegið fórnarlamba- og vitnavernd sækja um dvalar- og atvinnuleyfi, skal samvinna þeirra við yfirvöld metin þeim til tekna við úrlausn þess hvort ný leyfi fást veitt.

5. gr. fjallar um fimm manna nefnd um fórnarlamba- og vitnavernd sem frumvarpið gerir ráð fyrir að dómsmálaráðherra skipi vegna framkvæmdar laga þessara. Verkefni nefndarinnar skulu fyrst og fremst vera þau að kanna hvort grunur um mansal sé á rökum reistur. Nefndinni er líka gert að taka ákvörðun um veitingu dvalar- og atvinnuleyfis og taka ákvörðun um endurnýjun dvalar- og atvinnuleyfis.

6. gr. gerir ráð fyrir að Vinnumálastofnun gefi út atvinnuleyfin og Útlendingastofnun dvalarleyfin.

7. gr. fjallar um það að að öðru leyti en leiðir af lögum þessum gildi lög um útlendinga og lög um atvinnuréttindi útlendinga eftir því sem við á um þau fórnarlömb mansals sem þiggja fórnarlamba- og vitnavernd samkvæmt lögum þessum.

8. gr. er síðan gildistökugrein.

Frú forseti. Það er alveg ljóst af þessu frumvarpi að því er ætlað að festa í lög ákveðin réttindi til handa svokölluðum fórnarlömbum mansals. Þetta er sem sagt mál sem fjallar um fórnarlamba- og vitnavernd og er það í fullu samræmi við skuldbindingar aðildarríkja samnings Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að sporna við skipulagðri fjölþjóðlegri glæpastarfsemi. Sá samningur var undirritaður fyrir Íslands hönd þann 13. desember árið 2000 en bíður enn fullgildingar.

Við þennan samning voru svo gerðir tveir viðaukar og öðrum þeirra er ætlað að taka sérstaklega á mansali, ekki síst stöðu kvenna og barna, og sporna við slíkri glæpastarfsemi auk þess sem honum er ætlað að tryggja þolendum slíkra glæpa vernd og aðstoð. Það er ekki hvað síst í ljósi þessa viðauka sem nefndur er Palermo-sáttmálinn eða Palermo-samningurinn sem þetta frumvarp er samið og flutt.

Hæstv. forseti. Samkvæmt upplýsingum úr skýrslu Sameinuðu þjóðanna um mansal má gera ráð fyrir því að hundruð þúsunda karla, kvenna og barna séu árlega seld ólöglega á milli landa vítt og breitt um heiminn. Til skamms tíma töldu menn að þetta fólk væri viljugir þátttakendur í hinu ólöglega athæfi, fólk sem sjálfviljugt flýði fátækt og eymd í heimalöndum sínum í von um að eitthvað skárra væri í boði á hinum ríku Vesturlöndum. En hin síðari ár hafa nýjar hliðar á þessari ólöglegu starfsemi orðið meira og meira áberandi. Það er sú starfsemi sem tengist hinum svokallaða kynlífsmarkaði Vesturlanda. Í slíkum tilfellum er oft um nauðung eða um upplogin gylliboð að ræða og er ofbeldi og hótunum gjarnan beitt til að beygja fórnarlömbin undir vilja þeirra sem mansalið stunda. Fólk greiðir oft háar upphæðir fyrir flutninginn sem oft á sér stað við óviðunandi aðstæður og endar svo oftar en ekki í nauðungarvinnu, í vændi eða sem þátttakendur í öðru ólöglegu athæfi í móttökulandinu.

Konur sem eru seldar sem kynlífsþrælar lenda oftar en ekki í afar grófu ofbeldi og er gjarnan nauðgað hvað eftir annað áður en sala frá einum aðila til annars á sér stað. Það eru til ótal dæmi um hroðalega meðferð þeirra og það er

ekki óalgengt að þær séu látnar þjóna vændiskúnnum upp í 18 klukkustundir á dag alla daga vikunnar. Þær eru í flestum tilfellum algjörlega háðar kúgurum sínum sem eru oft þá eigendur vændishúsanna um leið. Þessar konur eru yfirleitt án vegabréfs í landi sem þær vita jafnvel ekki hvað heitir og þær eru neyddar til að láta af hendi stærstan hluta þeirra peninga sem kúnnarnir greiða fyrir vændið, enda eru þær sagðar þurfa að endurgreiða háar fúlgur fyrir fargjald, húsaleigu og uppihald. Konunum er haldið innilokuðum á vændishúsunum eða þeim er ekið milli kúnna af hinum svokölluðu eigendum sínum og venjulega eru þær fluttar ört á milli staða eða landa til að tryggja að þær geti alls ekki myndað nein tengsl við vændiskúnnana. Slíkt gæti orðið til þess að einhverjir tækju upp á því að fá samúð með þeim og vilja bjarga þeim. Þessar konur eru varaðar við því að leita til lögreglu, heilbrigðisyfirvalda eða þeirra samtaka sem aðstoða fólk sem orðið hefur fyrir ofbeldi. Reyni þær slíkt kallar það á grófar líkamlegar refsingar, barsmíðar og endurteknar nauðganir, eða þá að því er hótað að eitthvað komi fyrir fjölskyldur þeirra í heimalöndunum. Allt gerir þetta yfirvöldum afskaplega erfitt fyrir með það að ná til fórnarlamba mansals.

Það er mat okkar flutningsmanna þessa frumvarps, virðulegi forseti, að samhliða lögfestingu ákvæðisins í 227. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, þar sem mansal er gert að sérstöku refsilagabroti hefði að sjálfsögðu átt að lögfesta ákvæði um fórnarlamba- og vitnavernd, enda er slíkt í samræmi við ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna, sem áður var nefndur, og í samræmi við það sem nágrannalönd okkar eru að opna augu sín fyrir að þurfi að gera. Það er líka í samræmi við tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um skammtímadvalarleyfi til handa fórnarlömbum mansals sem aðstoða yfirvöld við að koma upp um þá sem grunaðir eru um að standa að eða stuðla að mansali. Þegar greinargerðin sem frumvarpinu fylgir var skrifuð beið þessi tillaga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins afgreiðslu en mér er ekki kunnugt um það akkúrat á þessari stundu hvar hún er stödd í ferlinu. En það er sem sagt alveg ljóst að tilmælin eru í samningunum og í tilskipunum og í þeim tilmælum sem eru að koma til okkar hvaðanæva að og þar er kveðið skýrt að orði.

Varðandi aðgerðir í Evrópu til þessa má segja að nokkuð mörg lönd í Evrópu hafi nú þegar skilgreint mansal sem sérstakt refsilagabrot en þau hafa ekki öll tryggt jafnhliða vernd fórnarlambanna, eða það er mismunandi með hvaða hætti slíkt kemur fram í lagasetningunum. Tvö lönd má nefna sem reyna virkilega að tryggja rétt fórnarlamba mansalsins en það eru Belgía og Ítalía. Ítalska fórnarlambaverndin er útfærð í 18. gr. laga nr. 286 frá 1998 og í 27. gr. forsetatilskipunar nr. 394 frá 1999 en þessar greinar gera ráð fyrir vegabréfsáritun vegna verndunar erlendra borgara. Þar er lögð áhersla á að yfirvöld greini aðstæður einstaklinganna sem grunur leikur á að hafi verið seldir mansali til Ítalíu og setji af stað sérstaka áætlun um að aðstoða viðkomandi með hvaðeina sem þarf til að losa þá undan valdi þeirra sem hafa gerst brotlegir við lög og alþjóðasamninga með því að stunda mansal. Í frumvarpinu sem hér er mælt fyrir er þetta ítalska atriði haft til sérstakrar hliðsjónar. Það má segja að Ítalir hafi gengið hvað lengst í þessum efnum þar sem þeir skilyrða ekki fórnarlambaverndina við það að fórnarlambið vitni gegn hinum brotlegu. Ég kem nánar að því síðar, frú forseti.

Almennu rökin fyrir fórnarlamba- og vitnaverndinni í tengslum við mansal eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi eru þar auðvitað til grundvallar mannúðarsjónarmið en mannréttindi þess fólks sem lendir í klóm nútímaþrælasala hafa sannarlega verið brotin. Það hefur verið niðurlægt og oft hefur þetta fólk verið beitt grófu ofbeldi. Til að það fólk sem lendir í höndum þessara glæpamanna geti endurheimt mannlega reisn sína og aftur orðið virkir þegnar í samfélaginu þarf að styðja við það svo um munar.

Í öðru lagi má nefna þau rök að með því að fá fórnarlömbin til samvinnu við yfirvöld megi auðvitað auka líkurnar á að lögreglu takist að koma upp um þá glæpamenn sem stunda ólöglegan innflutning eða sölu á fólki. Í því frumvarpi sem ég hér tala fyrir er samvinna fórnarlambsins við viðkomandi yfirvöld, um að vitna gegn hinum brotlegu, ekki gerð að skilyrði fyrir dvalarleyfi eða þeirri aðstoð sem skylt yrði að veita fórnarlömbunum samkvæmt frumvarpinu, heldur er lögð áhersla á að líkurnar aukist á því að fórnarlambið vitni gegn hinum brotlegu fái það dvalarleyfi og félagslega og réttarfarslega aðstoð. En samkvæmt þessu frumvarpi er það ekki gert að skilyrði og það sæki ég, eins og ég sagði áðan, í ítölsku lögin.

Ef ekki er í lögum heimild til sérstaks dvalarleyfis fyrir fórnarlömb mansals er yfirvöldum nauðugur einn sá kostur — þannig standa málin hér hjá okkur núna — að senda þau úr landi. Það er aðeins trygging fyrir því að þau lendi aftur í klóm glæpamannanna og þar með er ljóst að hörmungar þessara einstaklinga halda áfram.

Samstarf yfirvalda og fórnarlambs getur verið með því móti að fórnarlambið gefi upplýsingar um grunaða einstaklinga, leggi fram ákæru eða beri vitni fyrir dómi en það er eins og áður sagði samt ekki gert að skilyrði fyrir verndinni í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.

Í ljósi þess sem áður er sagt um það hversu erfitt er fyrir yfirvöld að ná sambandi við fórnarlömb mansals er mikilvægt að þeim sé gert það ljóst að þau eigi rétt á dvalarleyfi og að þau hafi tíma til umþóttunar. Þann tíma er líka mikilvægt að sjá fórnarlömbunum fyrir húsnæði, heilbrigðisþjónustu og annarri nauðsynlegri aðstoð. Um þennan umþóttunartíma er getið í 3. gr. frumvarpsins.

Það er mikilvægt að yfirvöld geri sér grein fyrir því að fórnarlömb mansals, sem oftast eru konur og börn, hafa að öllum líkindum gengið í gegnum miklar þjáningar, verið í lífshættu og verið beitt líkamlegu ofbeldi. Einnig ber að hafa í huga að staða þeirra sem lenda í þessum aðstæðum er einatt afskaplega veik. Alþjóðlegir glæpahringir notfæra sér neyð og fátækt fólks og eru því sekir um að notfæra sér yfirburðastöðu sína gagnvart fátækum fórnarlömbum. Aðgerðir lögregluyfirvalda verða því einatt að byggjast á virðingu fyrir einstaklingnum sem í hlut á og taka mið af sjálfsögðum mannréttindum og mannúðarsjónarmiðum. Til að auðvelda yfirvöldum að ná til fórnarlambanna er svo nauðsynlegt að eiga gott samstarf við frjáls félagasamtök sem starfa að mannúðarmálum og samtök sem starfa með innflytjendum eða fórnarlömbum ofbeldis. Það er ekki ólíklegt að vitneskja um veru fórnarlamba mansals í landinu berist

einmitt fyrst til slíkra samtaka. Þess vegna er afar mikilvægt að stjórnvöld efli skipulegt samstarf við slík samtök.

Rökin fyrir því að dvalarleyfið þurfi að vera til eins árs í senn en ekki til skemmri tíma eru byggð á raunsæju mati á því hversu langan tíma tekur að vinna mál af þessu tagi og einnig er líklegra að fórnarlömbin telji sér borgið ef tíminn er þetta langur. Líklegra er að fórnarlömbin séu tilbúin að ganga til samstarfs við stjórnvöld ef þau eiga tryggt dvalarleyfi í landinu í a.m.k. eitt ár en ef eingöngu væri um örfáa mánuði að ræða. Frumvarpið sem hér er talað fyrir nær til einstaklinga sem hafa verið vistaðir á Íslandi fyrir milligöngu einstaklinga eða samtaka sem komið hafa þeim í ólögleg störf og/eða í þjónustu á sístækkandi klám- og kynlífsmarkaði. Það tekur hins vegar ekki til þeirra einstaklinga sem eingöngu eru viðkomufarþegar, svokallaðir transitfarþegar, á Íslandi og grunur fellur á við hefðbundið vegabréfaeftirlit slíkra farþega. Talið er ljóst af atburðum síðustu missira að verið sé að smygla fólki í gegnum Ísland til Vesturheims en einnig eru til staðar ýmsar vísbendingar um að nektarstaðir á Íslandi kaupi til landsins stúlkur sem tengjast alþjóðlegum samtökum sem útvega stúlkur til starfa á slíkum stöðum. Vegna alls þessa getum við átt von á því að það styttist í að fórnarlömb nútímaþrælaverslunar verði vistuð á Íslandi, ef það er ekki þegar hafið, og þá er mikilvægt að hafa löggjöf sem getur tekið á slíkum málum með afgerandi hætti. En það er einmitt slík löggjöf sem hér er til umfjöllunar og sem ég nú hef mælt fyrir. Í lok máls míns vil ég einungis ítreka að tilmæli Norðurlandaráðs til Norðurlandaþjóðanna varðandi þetta mál eru afar afdráttarlaus. Það hafa komið tilmæli um að fórnarlamba- og vitnavernd af því tagi sem hér hefur verið talað fyrir verði leidd í lög í öllum löndunum. Það kæmi í veg fyrir að yfirvöld ættu það úrræði eitt þegar upp koma svona mál að senda fórnarlömb mansalsins aftur inn í hringiðu þrælahaldsins eftir að mál þeirra hafa verið leyst eða til skoðunar hjá yfirvöldum.

Að lokinni þessari umræðu mælist ég til þess að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar.

[17:28]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það mál sem hér er til umræðu snýr að fórnarlömbum mansals. Það er náttúrlega gríðarlega alvarlegt og ber að skoða gaumgæfilega. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er mikill sérfræðingur á þessu sviði og langar mig að beina til hennar nokkrum spurningum til að fá gleggra ljós á málið.

Hvað ætli þessi málaflokkur varði marga árlega hér á Íslandi? Nú kom fram í greinargerðinni eða í ræðu hv. þingmanns að þetta er gífurlega stór málaflokkur úti í heimi og væri fróðlegt að fá álit hennar á umfanginu. Ég geri mér ljóst að þessi mál eru ekki þegar uppi á borðinu en þó ætti að vera komin einhver mynd á það hvað þessi málaflokkur er stór, eða gæti orðið stór hér á landi.

Önnur spurning sem mig langar að beina til hv. þingmanns varðar 3. gr. Í greinargerðinni kemur fram að þetta séu mjög alvarlegir glæpir og að þetta fólk er beitt þvingunum. Ef ég skil 3. gr. rétt er þetta umþóttunartími eftir að umrædd fimm manna nefnd hefur tekið ákvörðun um að veita fólki dvalar- og atvinnuleyfi. Þess vegna langar mig að beina þeirri spurningu til hv. þingmanns hvort það þurfi 30 daga frestinn í ljósi þess. Málið hefur þá eflaust verið í kerfinu um einhvern tíma. Er 30 daga fresturinn hugsaður til þess að umræddri fimm manna nefnd takist að vinna málið á þeim tíma?

Annað sem ég tel vert að fara yfir varðar 5. gr. Ef umrædd nefnd veitir dvalar- og atvinnuleyfi til eins árs vegna gruns um mansal en frekari rannsókn leiðir í ljós að fyrri grunsemdir séu rangar á þá ekki að vera heimild til þess að svipta fólk sem hefur sótt um dvalar- og atvinnuleyfi þeim leyfum? Það yrði þá til þess að lögin yrðu ekki misnotuð.

Að öðru leyti tel ég mjög þarft að hreyfa við þessum málum.

[17:32]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson beindi til mín þremur spurningum og mér er ljúft og skylt að svara þeim.

Hann spurði í fyrsta lagi hvað mörg svona mál gætu mögulega komið upp á ári eða hvað þessi málaflokkur varðaði marga á ári. Það er auðvitað ekki vitað hversu umfangsmikill þessi málaflokkur gæti orðið á Íslandi eða er í dag. Hins vegar get ég nefnt dæmi um að á Spáni hefur það vakið athygli upp á síðkastið að menn telja sig hafa nokkuð glögga mynd af því núna hvernig umhorfs er í vændisiðnaðinum á Spáni en þar er sagt að um 300 þúsund konur stundi nú vændi, 300 þúsund í heildina á öllum Spáni, og það er talið að níu af hverjum tíu séu útlendingar eða af erlendu bergi brotnar og langflestar eða mjög margar ólöglegir innflytjendur í landinu.

Þetta er því gífurlega stórt mál og tölur frá Grikklandi eru jafnvel enn svakalegri en frá Spáni og líka frá Ítalíu. Ég hef enga ástæðu til að halda annað en að þessi angi sé kominn hingað til Íslands eða teygi sig hingað þar sem hann er orðinn þetta útbreiddur um álfuna.

Varðandi 3. gr. og umþóttunartímann þá er það rétt sem hv. þm. sagði að þetta er tími sem fórnarlömbin eiga að hafa til umþóttunar um hvort þau þiggi verndina eftir að nefndin hefur úrskurðað að þau fái hana. Þetta er eingöngu hugsað vegna þess að það er svo erfitt fyrir fórnarlömbin að taka þessa ákvörðun, hvort þau treysta sér til að fara í gegnum það prógramm sem verið er að bjóða. Nánari ákvæði um þetta yrði sett í reglugerð og sömuleiðis yrði það reglugerðarmál sem kæmi til með að taka á þeirri (Forseti hringir.) mögulegu misnotkun sem hv. þm. gerði að umtalsefni í þriðju og síðustu spurningu sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á kennitölukerfinu, fyrri umr.

Þáltill. SigurjÞ, 14. mál. — Þskj. 14.

[17:34]

Flm. (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir þingsályktunartillögu sem

felur í sér að Alþingi feli ráðherra Hagstofu Íslands að gera úttekt á þeim forsendum sem liggja að baki kennitölukerfi einstaklinga hér á landi. Borið verði saman form kennitölu einstaklinga hér á landi og í nágrannaríkjum með tilliti til þess hvort þar sé notast við sambærileg kerfi til auðkenningar og hvort í þeim felist augljósar persónuupplýsingar. Þá verði metnir kostir og gallar þess að taka upp nýtt kerfi sem væri laust við persónuupplýsingar og gæti staðið við hlið núverandi kennitölukerfis þannig að fólk hefði val um kennitölu.

Frú forseti. Tillaga þessi var áður lögð fram á 130. löggjafarþingi, þ.e. á síðasta þingi, en ekki vannst tími til að mæla fyrir henni. Samkvæmt upplýsingum frá þjóðskrá var hætt að nota nafnnúmer hér á landi um áramótin 1987/1988 og kennitölur teknar upp til að auðkenna einstaklinga. Einstaklingar fæddir 1975 og síðar fengu ekki nafnnúmer heldur kennitölur.

Kennitölukerfið hefur reynst vel að öðru leyti en því að í kennitölum okkar felast persónuupplýsingar. Oft hefur verið bent á að kennitölur séu notaðar óhóflega hér á landi og þeim mun bagalegra þykir fólki að þurfa sífellt að veita persónulegar upplýsingar ef það kærir sig ekki um það.

Það eru sjálfsögð réttindi að fólk geti valið um það hvort það veitir persónulegar upplýsingar á borð við fæðingardag sinn og ár eða ekki. Rétt er að geta þess að í ríkjum þar sem íbúafjöldi hleypur á hundruðum milljóna, eins og t.d. í Bandaríkjunum, eru notaðar kennitölur sem veita engar persónuupplýsingar um viðkomandi einstakling. Mér hefur heyrst hér í umræðunni að þó nokkrir háttvirtir þingmenn séu miklir aðdáendur Bandaríkjanna og get ég heils hugar tekið undir með þeim að það má ýmislegt læra af Bandaríkjamönnum og m.a. að skoða hvort ekki eigi að fara sömu leið og Bandaríkjamenn og vera með kennitölukerfi sem veitir ekki persónulegar upplýsingar.

Þó nokkrir hafa sett sig í samband við þann sem hér talar og lýst yfir ánægju með að þetta mál skuli vera flutt hér og ég vil grípa niður í eitt af þeim bréfum sem mér hafa verið send í tölvupósti. Það er frá karlmanni á sjötugsaldri og hann sagði, með leyfi frú forseta:

„Það er orðið löngu tímabært að breyta umræddu kennitölukerfi. Það sýnir sig að þetta kennitölukerfi ýtir undir fordóma vegna aldurs einstaklinga á þeim tímum þegar allir eiga að vera sætir, ungir, ríkir til þess að vera gjaldgengir í samfélaginu.“

Tæknilega á ekki að vera neinum vandkvæðum bundið að gera fólki mögulegt að velja hvort það notar þá kennitölu sem hið opinbera hefur úthlutað því eða sækir um aðra sem ekki felur í sér neinar persónuupplýsingar. Eflaust mætti innheimta hóflegt gjald af þeim sem kjósa sér kennitölu úr hinu nýja auðkennakerfi ef kerfið þætti ella of kostnaðarsamt fyrir ríkissjóð, en við höfum nú dæmi um það varðandi bílnúmerin að menn geta valið sér einkanúmer.

Að lokum vil ég að þessari þingsályktunartillögu verði vísað til allsherjarnefndar og vonast til að hún fái umfjöllun og farsæla afgreiðslu í allsherjarnefnd.

Of oft vill brenna við við afgreiðslu mála frá stjórnarandstöðunni að þau fái ekki umfjöllun eða afgreiðslu í nefndum. Hér er um borðleggjandi mál að ræða sem háttvirtir þingmenn ættu að geta sameinast um hvar í flokki sem þeir standa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuvegaráðuneyti, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 15. mál. — Þskj. 15.

[17:39]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir þingsályktunartillögu sem við flytjum öll, háttvirtir þingmenn Samfylkingarinnar.

Í þessari tillögu er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa lagabreytingar sem eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að setja á stofn eitt atvinnuvegaráðuneyti. Samhliða verði þau atvinnumálaráðuneyti sem nú starfa, þ.e. iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti, lögð niður.

Við teljum að þetta sé mikilvægt til þess að gera stjórnsýsluna skilvirkari og til að hagræða og koma stjórnsýslunni nær nútímanum. Við teljum ekki síst nauðsynlegt að stíga þetta skref til þess að skapa ráðuneyti sem fari með stjórnsýslu og stefnumörkun málefna allra atvinnugreina sem er að finna hér á landi, ekki bara þeirra sem falla undir þessi þrjú ráðuneyti sem ég hef lagt til að verði lögð niður heldur líka atvinnugreinar sem hafa orðið til á síðustu árum, jafnvel áratugum, en hafa í reynd hvergi átt höfði sínu að halla.

Ég nefni ferðaþjónustu, sem á sínum tíma var sérstaklega holað niður í samgönguráðuneytinu af engum sérstökum rökum. Ég þekki það mál vel vegna þess að ég sat í ríkisstjórn þegar menn tóku þá ákvörðun. Það má líka nefna þekkingariðnað og upplýsingatækni og aðrar skyldar greinar.

Ég vil taka það fram, frú forseti, að þó að hér sé lagt til að stokka upp ráðuneyti og stofnanir sem beinlínis tengjast atvinnuvegum með formlegum hætti innan verkaskiptingar eins og hún er skilgreind í reglugerð um Stjórnarráð þá er hér í reynd um að ræða, að okkar tillögu, fyrsta skrefið að allsherjaruppstokkun Stjórnarráðsins. Það væri hægt að hafa langt mál til að skýra út hugmyndir sem hafa orðið til í vinnu Samfylkingarinnar, nú um tveggja ára skeið, varðandi þessa uppstokkun á Stjórnarráðinu. Ég tel hins vegar að það skref sem við stígum hér með þessari þingsályktunartillögu sé eðlilegt fyrsta skref. Það er líka ákaflega heppilegt vegna þess að þarna er um að ræða mjög afmarkaðan þátt af Stjórnarráðinu í dag. Þarna er um að ræða að leggja niður þrjú ráðuneyti sem tilheyra í reynd skiptingu sem er ekki lengur við lýði.

Stjórnarráðið hefur ekki breyst að neinu marki síðan 1969. Þá tel ég frá stofnun umhverfisráðuneytisins 1989, 20 árum eftir síðustu meiri háttar uppstokkun á Stjórnarráðinu. Á þessum tíma hafa átt sér stað gríðarlegar breytingar í atvinnulífinu. Á sínum tíma var Stjórnarráðið, kannski eðlilega, ákveðin endurspeglun á atvinnulífinu eins og það greindist þá. Á þeim tíma greindist atvinnulífið í þrennt, í sjávarútveg, landbúnað og iðnað, og fjármálalífið endur-

speglaði þá skiptingu. Það varð til Búnaðarbanki, Iðnaðarbanki og Fiskveiðasjóður. Það má segja að sjóðakerfið sem hið opinbera stóð fyrir og bankarnir, sem þá voru ríkisbankar, hafi algjörlega í einu og öllu endurspeglað þessa hefðbundnu skiptingu í atvinnulífinu. Og kannski ekki óeðlilegt að Stjórnarráðið hafi á þeim tíma líka endurspeglað hana sem það gerði svo sannarlega með því að atvinnugreinarnar féllu undir þessi þrjú ráðuneyti, iðnaðarráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið. Á þessum tíma, eins og 1969, má kalla að það hafi ekki verið neinar aðrar atvinnugreinar sem ekki féllu beinlínis undir þessa hefðbundnu skiptingu atvinnulífsins.

Síðan hefur margt gerst. Það hafa orðið tæknibyltingar sem hafa leitt til fæðingar nýrra atvinnugreina sem ekki er hægt að skilgreina með rökrænum hætti í einhverja af þessum þremur upprunalegu kvíslum atvinnulífsins. Og það hefur orðið algjör breyting á fjármálalífi samfélagsins, viðskiptalífið og fjármálalífið hefur verið miklu sneggra til þess að laga sig að breytingum á atvinnulífinu sem hafa sprottið af nýjum og stundum gjörbreyttum framleiðsluháttum.

Það má eiginlega segja, frú forseti, að þeim breytingum sem hófust í fjármálalífi þjóðarinnar fyrir hartnær 20 árum hafi lokið í febrúar á þessu ári þegar Búnaðarbankinn hætti að vera til undir því nafni. Þá má segja að fjármálalífið hafi endanlega hætt að endurspegla skiptingu atvinnulífsins í þessar þrjár hefðbundnu greinar.

Hins vegar er athyglisvert að umræddar breytingar og þessar byltingar hafi algerlega liðið fram hjá húsum Stjórnarráðsins. Stjórnarráðið hefur með engu móti dregið dám af þeim breytingum og það hefur staðið niðurnjörvað lítt breytt árum saman. Þráinn innan kerfisins gegn breytingum og stöðnunin, íhaldssemin hefur verið slík að endurteknar ríkisstjórnir hafa ekki náð fram þeim vilja sínum að breyta verkaskiptingu Stjórnarráðsins og ná almennilegri uppstokkun sem endurspeglaði betur atvinnulífið í dag. Þetta birtist í því að núverandi ríkisstjórn hefur haft t.d. í stefnuyfirlýsingu sinni frá því að hún varð til 1995 að ráðast í uppstokkun Stjórnarráðsins. Það hefur ekki tekist.

Fyrrverandi forsætisráðherra, hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson, var spurður að því af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur undir lok síðasta kjörtímabils hvað liði framkvæmd þessa fyrirheits. Hæstv. utanríkisráðherra var nógu ærlegur til að svara því að það væri mjög ólíklegt að nokkrar breytingar yrðu gerðar á því kjörtímabili og hann bætti því við að málið væri það flókið og viðamikið og erfitt að í slíkar breytingar ættu menn einungis að ráðast í upphafi kjörtímabils og ég er alveg sammála því. Það er ekki síst þess vegna sem þessi tillaga er flutt hér í fyrsta skipti.

Skammt er liðið frá upphafi kjörtímabils og ef flokkarnir á þinginu bæru gæfu til að ná höndum saman um þetta mikla verkefni held ég að það mundi skipta máli og flýta fyrir því að hægt væri að ráðast í þetta.

Markmið okkar sem leggjum fram tillöguna er margþætt. Í fyrsta lagi teljum við mjög mikilvægt að laga Stjórnarráðið og ekki bara ráðuneytin heldur líka stofnanir þeirra að þeim gríðarlega miklu breytingum sem ég hef verið að lýsa og hafa orðið í atvinnuháttum. Þessar breytingar speglast að nánast engu leyti í uppbyggingu Stjórnarráðsins. Í annan stað teljum við að ráðuneytum hafi fjölgað úr hófi fram og löngu sé orðið tímabært að fækka þeim og gera starfsemi þeirra skilvirkari með því að sameina verkefni. Í þriðja lagi, og það skiptir ekki minnstu máli, eru stofnanir hinnar íslensku stjórnsýslu allt of margar miðað við þau verkefni sem þær hafa fengið í fang sitt af samfélaginu, þær eru of smáar og eru þess vegna ekki nægilega öflugar í mörgum tilvikum til þess að takast á hendur þau öflugu og flóknu verkefni sem nútímalegt og margþætt tæknisamfélag býr til.

Í fjórða lagi, og það er ekki í síðasta lagi, er tímabært að gera uppstokkun á Stjórnarráðinu, stofnunum og ráðuneytum til að gera rekstur hins opinbera skilvirkari, hagræða með sameiningu og draga þannig úr kostnaði skattborgaranna.

Ég nefndi það áðan, frú forseti, að frá þeim tíma er menn breyttu verkum innan Stjórnarráðsins síðast hafa sprottið fram nýjar atvinnugreinar og á sama tíma hafa þær hefðbundnu atvinnugreinar sem fyrir eru dvínað að styrk og þær skipta minna máli. En það er eins og við sem förum hér með lagasetningu, ekki síst fjárlagasetningu, höfum ekki tekið mið af þessu.

Ég skal taka tvö dæmi, frú forseti. Upplýsingatæknin sem er nýlega orðin til leggur til landsframleiðslunnar 5,5% en segja má að hún hafi til skamms tíma velkst eins og sprek í Stjórnarráðinu. Það er ekkert sérstakt ráðuneyti sem í raun og sann tekur sig af upplýsingatækni og við sjáum t.d. þegar við skoðum fjárlögin að framlög til upplýsingatækni er að finna ákaflega víða. Þau eru ekki markviss og þau eru ekki hnitmiðuð.

Andspænis þessu höfum við gamla hefðbundna og vissulega mikilvæga atvinnugrein eins og landbúnað sem hefur í kringum sig heilt ráðuneyti, viðamikið stoðkerfi margra dýrra stofnana, þar á meðal heilan háskóla, en hún leggur einungis til 1% af landsframleiðslunni.

Í dag er það orðin viðtekin skoðun að hið opinbera eigi ekki að gera neinn greinarmun á mismunandi atvinnugreinum. Ríkisvaldið á að skapa öllum atvinnugreinum sömu skilyrði til að vaxa. Þetta er vinnuaðferðin í atvinnulífinu sjálfu og við sem flytjum þessa þingsályktun teljum að öllum þessum greinum, gömlum og nýjum væri best komið saman í einu öflugu atvinnuvegaráðuneyti. Þar yrði stjórnsýslan og stefnumörkun fyrir atvinnulífið í heild færð til nútímans. Stefnan yrði skýrari og áhrif sérhagsmuna yrðu miklu minni. Ég er sannfærður um að gríðarmikill sparnaður mundi felast í að sameina þrjú ráðuneyti í eitt og sömuleiðis að ráðast samhliða í það að styrkja stofnanir með því að sameina þær og fækka. Ég tel að einungis sparnaður vegna stjórnunarkostnaðar gæti numið háum fjárhæðum. Ég er þeirrar skoðunar að með því að fækka ráðuneytum og sameina verkefni mætti spara milljarða kr. á hverju ári og mér finnst það merkilegt að ríkisstjórnin sem stöðugt er með aðhald á vörunum skuli ekki hafa ráðist í vinnu til að meta þetta.

Fyrsta skrefið þegar menn ráðast í hluti af þessu tagi er að skilgreina hvaða verkefnum væri hægt að steypa saman, hvaða nefndir má leggja niður og hvaða stofnanir er hægt að sameina. Ég tel einnig að það ætti að vera meginregla

þegar menn ráðast í uppstokkun af þessu tagi og eru sérstaklega að huga að auðlindaráðuneytunum og auðlindum, að innan sama ráðuneytis á ekki að meta og fylgjast með framvindu auðlinda annars vegar og taka ákvarðanir um nýtingu þeirra hins vegar. Þetta er hagsmunaárekstur sem með nútímastjórnsýslu á að skilja að. Þetta mundi t.d. þýða svo ég taki dæmi, frú forseti, að ef þetta yrði samþykkt og við mundum búa til eitt öflugt atvinnuráðuneyti mundi innan þess vera tekin ákvörðun um nýtingu auðlindanna í hafinu en það yrði hins vegar gert á grundvelli upplýsinga sem unnar væru og framleiddar í öðru ráðuneyti. Ég tel því að yrði þetta samþykkt mundi það fela í sér að hinn líffræðilegi partur af Hafrannsóknastofnun yrði t.d. fluttur úr hinu nýja atvinnuvegaráðuneyti yfir í umhverfisráðuneyti og þar tel ég reyndar að allar þær stofnanir sem fylgjast með ástandi auðlinda, lifandi auðlinda, auðlinda af jarðefnatoga eða annarra auðlinda ættu að vera og ég gæti í sjálfu sér sett fram ákveðnar hugmyndir hvernig það ætti að vera en ég held að þetta skipti máli.

Ég get þess svona í framhjáhlaupi, frú forseti, að t.d. sú breyting við að flytja Hafró frá því ráðuneyti sem tekur ákvörðun um nýtingu auðlindanna í hafinu yfir til umhverfisráðuneytisins mundi í reynd fella fjötra af stofnuninni. Mér finnst sú stofnun vera dæmi um stofnun sem er reyrð í viðjar vanahugsunar og þar sem er mjög erfitt að ná fram nýrri hugsun eins og við erum þó að sjá í þessum vísindum. Enda sjáum við hversu niðurstöður og þekkingarframleiðsla stofnunarinnar virðist vera úr takti við það ástand sem við erum með öðrum hætti að upplifa í hafinu.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa frekari orð um tillöguna en ég tel að með samþykkt hennar væri stigið ákaflega mikilvægt skref að nútímavæðingu Stjórnarráðsins. Ég er þeirrar skoðunar og við sem flytjum þetta mál að yrði hún samþykkt ætti næsta skrefið að vera að fara skipulega í að endurmeta stöðu annarra ráðuneyta líka því að ég tel að það ætti að vera hægt ef menn fara hugvitssamlega og án fordóma í þá vinnu að fækka ráðuneytunum niður í sjö til átta.

[17:54]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um stofnun atvinnuvegaráðuneytis. Eins og fram kom í máli hv. framsögumanns, Össurar Skarphéðinssonar, standa allir þingmenn Samfylkingarinnar á bak við þetta mál og það sýnir kannski þann þunga sem við viljum setja á það og teljum að nú þurfi að taka þetta í alvöru á dagskrá.

Þetta mál snýst um að setja á laggirnar eitt nýtt og öflugt ráðuneyti atvinnumála í stað þeirra fjögurra sem nú eru fyrir hendi, þ.e. landbúnaðar-, sjávarútvegs-, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis. Við leggjum á það áherslu í þingsályktunartillögunni að þeirri uppstokkun verði hraðað eins og kostur er án þess þó að flanað sé að neinu og við leggjum til að undirbúningi stofnunar hins nýja ráðuneytis verði lokið fyrir árslok 2006. Við höfum því um það bil tvö ár til að gaumgæfa með hvaða hætti við getum best staðið að slíkri breytingu.

Af hverju erum við að flytja þingsályktunartillögu eins og þessa? Svarið við því er einfalt. Þessi ráðuneyti eins og þau standa í dag eru börn síns tíma þegar landbúnaður og sjávarútvegur t.d. voru nánast einu burðarásar atvinnulífsins í landinu. Báðar þessar greinar voru mjög miðstýrðar og sóttu mikið til ríkisins um sín daglegu rekstrarmál. Við munum t.d. að ekki er langt síðan verðlagsráð sjávarútvegsins var aflagt. Ætli okkur þætti ekki undarlegt í dag ef til væri eitthvað sem héti verðlagsráð sjávarútvegsins sem verðlegði alla titti sem upp úr hafinu kæmu eins og gert var áður fyrr?

Við aukinn iðnað og fjármálaumsýslu komu síðan ráðuneyti iðnaðar og viðskipta og ef við ætlum að halda okkur við það að atvinnuvegir sem vaxa upp og eru orðnir nokkuð stórir í efnahagslífi landsmanna þyrftum við núna að fara að huga að stofnun ferðamálaráðuneytis, hugbúnaðarráðuneytis jafnvel, líftækniráðuneytis, lyfjamálaráðuneytis og svo mætti lengi telja. Ætli öllum þeim sem þessu velta fyrir sér í alvöru þætti það ekki hálfundarleg áhersla ef við teldum að við þyrftum að setja upp sérráðuneyti fyrir hvern þann atvinnuveg sem fer að skipta verulegu máli í efnahagslífi landsmanna.

Nei, frú forseti. Núverandi skipulag er tímaskekkja og full ástæða er fyrir okkur að taka til endurskoðunar það kerfi sem nú er. Í greinargerð með tillögunni eru dregin fram ákaflega skýr rök um vægi einstakra atvinnugreina og hvernig þau hafa breyst í gegnum tíðina.

Sá sem hér stendur var 10 ára gamall þegar núverandi skipan var komið á að mestu. Ástandið hefur lítið breyst nema umhverfisráðuneytið hefur komið síðan. Veltum því fyrir okkur í alvöru hve margir hlutir á Íslandi hafa staðið óbreyttir nánast síðan árið 1969. Þeir eru ekki margir og full ástæða fyrir okkur að stjórnkerfi ríkisins taki einhverjum breytingum líka á svo löngum tíma sem hér um ræðir.

Við höfum heyrt það hjá þeim sem stjórna landinu í dag að nú sé mikil ástæða til og nauðsynlegt miðað við breytta tíma að sameina sveitarfélög í landinu. Rökin eru þau að nauðsynlegt sé að taka þetta upp reglulega og skoða hver verkefni sveitarfélaga séu og hvort við þurfum ekki að gera einhverjar breytingar á þeirri skipan sem verið hefur til langs tíma. Í raun og veru getum við talað á nákvæmlega sama hátt um ráðuneytin. Er ekki full ástæða til að skoða reglulega miðað við þær breytingar sem eru í þjóðlífi okkar hvort ástæða sé til að velta fyrir sér breytingu á ráðuneytaskipan?

Sveitarstjórnarmönnum hefur oft verið legið á hálsi fyrir að þeir séu seinir til, vilji helst ekki ræða sameiningu sveitarfélaga og rökin sem heyrst hafa eru þá þau að það séu einhverjar smákóngar heima í héraði sem passi sitt og haldi utan um sitt og engu megi breyta. Getur verið að við séum að horfa á einhverja hliðstæðu þegar kemur að því að velta fyrir sér hvort breyta mætti hlutverki ráðuneyta, fækka þeim, sameina eða breyta verkaskiptingu á einhvern hátt?

Hér talaði flutningsmaður um að hugsanlega gætu sparast einhverjir fjármunir við þetta og auðvitað ber að velta því fyrir sér í alvöru hvernig við getum farið best með það fé sem okkur er treyst fyrir að fara með. Ef við tökum saman þá fjármuni sem fara til aðalskrifstofa þeirra ráðuneyta sem um ræðir er gert ráð fyrir í fjárlögum ársins 2005 að til aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytis fari 204 milljónir, 172 til sjávarútvegsráðuneytis, 139 til iðnaðarráðuneytis og 122 milljónir til aðalskrifstofu viðskiptaráðuneytis. Samtals

gera þetta 637 milljónir eingöngu til aðalskrifstofa þessara ráðuneyta. Ef við berum þetta saman við önnur ráðuneyti og tökum fjárveitingar sem ætlaðar eru til aðalskrifstofa hinna ráðuneytanna á sama ári þá eru það um það bil 3.370 millj. kr. Þar munar reyndar mestu um utanríkisráðuneytið með 832 milljónir en önnur ráðuneyti eru smærri. Við erum sem sagt að tala um væntanlegar fjárveitingar á árinu 2005 til aðalskrifstofu ráðuneytanna upp á 4 milljarða kr. Við hljótum að geta velt því fyrir okkur í alvöru hvort þarna sé ekki matarhola til að ná fram einhverjum sparnaði í stað þess að fara að eins og ríkisstjórnin sem ætlar nú fram með 1% sparnaðarkröfu á alla, flata sparnaðarkröfu á alla. Er ekki nær að velta því fyrir okkur hvort við getum ekki sparað frekar í aðalskrifstofum ráðuneyta eða með því að breyta hlutverki og jafnvel fækka ráðuneytum?

Þegar ráðuneyti sem eru fyrir hendi finna að verkefnum er að fækka er alltaf hætta á að það geti kannski orðið erfitt að réttlæta tilveru þeirra. Má þá ekki búast við að þau fari að leita verkefna, komi fram með ný verkefni sem þau telja eðlilegt og sjálfsagt að þau þurfi að sinna með þeim fjármunum sem þarf til þess þannig að í raun séu ráðuneytin að viðhalda sjálfum sér með því að finna upp ný verkefni þegar önnur detta af borðum þeirra?

Sá sem hér stendur tók þátt í því að flytja tillögu á síðasta þingi um að skoða fækkun ríkisstofnana og ég segi það sama í fullri einlægni með ráðuneytin. Að sjálfsögðu eigum við að skoða líka hvort ekki sé full ástæða til þess að fækka þeim. Alla vega tel ég, frú forseti, að það sé full ástæða fyrir okkur til að ræða hugmyndina í fullri alvöru. Ég sé ekki betur en að það sem við leggjum til í þessari þingsályktunartillögu falli mjög vel að málflutningi stjórnarliða hvað varðar aðrar stofnanir og aðra málaflokka en ráðuneytin sjálf. Við þurfum að passa upp á að það séu ekki bara einhverjir smákóngar að passa stólana sína heldur séum við í alvöru að velta fyrir okkur hvernig við gerum þetta best.

Það er kominn tími til þess, frú forseti, að við gerum eitthvað í þessu máli í alvöru og vona ég að stjórnarliðar taki þátt í umræðunni og þeirri vinnu með okkur við að ná fram breytingu. Í alvöru talað hefur verið óbreytt ástand nánast frá 1969 og ég sé þegar ég horfi yfir salinn að allir þeir eða flestir sem hér sitja inni muna vel eftir árinu 1969. Hvernig voru hlutirnir þá? Viljum við hafa þá svoleiðis áfram? (Gripið fram í.) Gott væri að fá Trúbrot aftur, það er alveg rétt, en við þurfum að taka á því að breyta þessu.

[18:03]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um stofnun atvinnuvegaráðuneyta, hv. þm. Össur Skarphéðinsson er 1. flutningsmaður tillögunnar og meðflutningsmenn eru aðrir hv. þm. Samfylkingarinnar.

Eins og kom fram hjá 1. flutningsmanni felst í þingsályktunartillögunni að ríkisstjórninni yrði falið að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar í því skyni að setja á stofn nýtt öflugt atvinnuvegaráðuneyti í stað landbúnaðar-, sjávarútvegs-, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta.

Þingsályktunartillagan er allrar athygli verð og verðskuldar að hún sé rædd. Rökstuðningur sem fram kom í ræðu 1. flutningsmanns stenst ágætlega og er hægt að taka undir markmið með tillögunni eins og hún kemur fram varðandi uppstokkun á Stjórnarráðinu. Það er kominn tími til að endurskipuleggja og endurskoða skipulag Stjórnarráðsins og ekki síst verkaskiptingu þess.

Þetta mál hefur verið til umræðu um nokkurt skeið og þess sjást m.a. merki í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá 1999 og í landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins. Á landsfundi flokksins árið 2003, á síðasta ári, var t.d. samþykkt tillaga um þetta efni, þ.e. að sameina fagráðuneyti atvinnuveganna í eitt ráðuneyti atvinnumála. Ég fagna því að þingmenn Samfylkingarinnar eru sammála ríkisstjórnarflokkunum og sérstaklega Sjálfstæðisflokknum um þessar áherslur og því hlýt ég að styðja þingsályktunartillöguna.

Eins og ég sagði áðan kom þetta m.a. fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar árið 1999. Þá kom ákvæði um að endurskoða ætti lög um Stjórnarráð Íslands, um skipan ráðuneyta og verkefni þeirra. Það sem m.a. kom fram í stjórnarsáttmálanum var að hliðsjón yrði höfð af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Hluti af þessum breytingum var m.a. að byggðamál færðust undir iðnaðarráðuneytið og Seðlabankinn undir forsætisráðuneytið. Þannig má sjá að ákveðnar breytingar hafa verið gerðar í Stjórnarráðinu frá 1969 þó að ég nefni aðeins tvær. Þær hafa verið frekar smáar í sniðum en eins og kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og jafnframt í greinargerð með þingsályktunartillögunni var stærsta breytingin stofnun umhverfisráðuneytisins fyrir tveimur áratugum eða svo.

Heildarendurskoðun hefur hins vegar ekki gengið eftir. Á síðustu missirum hafa komið fram góðar skýrslur um mat á Stjórnarráðinu og hvernig það virkar. Ég nefni t.d. tvær skýrslur, „Starfsskilyrði stjórnvalda og eftirlit með starfsemi þeirra" og skýrslu um ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna ríkisstofnana, en í niðurstöðum þeirra komu fram sjónarmið sem tengja stöðu stjórnsýslunefnda, sjálfstæðra stjórnvalda og þá útvíkkun á stjórnarráðslögum að þau tækju til stjórnkerfisins í heild þar sem lögleiða mætti ákveðna meginreglu um heildarskipulag þess. Frá því segir m.a. í bók um Stjórnarráð Íslands frá 1970–2004 sem kom út fyrr á þessu ári. Það er mjög gott yfirlit yfir sögu Stjórnarráðsins og þær breytingar sem hafa átt sér stað á þessu árabili, frá 1970 þegar heildarlög um Stjórnarráðið gengu í gildi.

Eins og ég sagði áðan hefur innan raða Sjálfstæðisflokksins verið rætt töluvert um stofnun ráðuneytis atvinnumála. Það kom m.a. fram í landsfundarályktun frá 2003. Jafnframt hafa komið fram margar aðrar tillögur varðandi Stjórnarráðið, bæði í landsfundarályktunum og á fundum innan flokksins. Ég man t.d. eftir tillögu um að jafnréttismál yrðu færð til forsætisráðuneytisins í þeim tilgangi að sá málaflokkur fengi aukið vægi og þá yrði í meira mæli tryggt að jafnréttismál yrðu samþætt öllum geirum samfélagsins. Þá hafa komið tillögur um að sveitarstjórnar-, skipulags- og byggingarmál yrðu sameinuð undir eitt ráðuneyti. Komið hefur fram tillaga um að ferðaþjónustan verði meginsvið ráðuneytis eftir endurskoðun á verkefnum Stjórnarráðsins og endurskoðun á verkaskiptingu. Við höfum líka rætt um að aðskilja heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið í tvö ráðuneyti enda er það gríðarlega stórt ráðuneyti, bæði að verkefnaumfangi og fjármálaumfangi. Við

höfum rætt um að sameina ákveðna þætti í starfsemi félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis og ég hef m.a. í þessum ræðustól og í blaðagreinum bent á að málefni langveikra barna eru skipt milli heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis og hið sama á við um geðsjúka og geðfatlaða sem eru í raun sami hópurinn. Það fer bara eftir því hvort málefni hans eru félagslegs eða heilbrigðis eðlis hjá hvaða stofnunum ráðuneyta þau falla. Hvort tveggja fellur undir annars vegar félagsmálaráðuneytið og hins vegar heilbrigðisráðuneytið.

Það er alveg ljóst að við höfum á undanförnum missirum rætt um þessi tvö málefni, langveik börn annars vegar og geðsjúka og geðfatlaða hins vegar, og komist að raun um að ástæðan fyrir því að mörg þeirra mála sem þau varða falla á milli stafs og hurðar er einmitt vegna þess að þau falla undir tvö ráðuneyti. Það er því full ástæða til að skoða verkefni ráðuneyta með hliðsjón af því sem við getum þá kallað verkferla.

Ég nefndi áðan að ný bók hefði verið gefin út um sögu Stjórnarráðsins á þessu ári. Það er gagnmerkt rit og vel þess virði að líta á en þar kemur m.a. fram að atvinnumálaráðuneytið sem hér er lagt til að verði myndað var reyndar til fram til ársins 1969. Þá féllu sjávarútvegsráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið undir atvinnuvegaráðuneyti þannig að hugmyndir í þessa veru voru uppi á sínum tíma. Þetta var gert svona en síðan var tekin ákvörðun um að skipta því upp í fleiri ráðuneyti. Nú erum við komin til baka með hugmyndir um að sameina þau aftur í eitt ráðuneyti.

Reyndar er svolítið skemmtilegt að segja frá því að það var Hannibal Valdimarsson sem vildi árið 1969 fara aðrar leiðir en niðurstaða varð um, þ.e. að skipta ráðuneytum upp. Hann vildi hafa eitt stórt atvinnumálaráðuneyti yfir landbúnað, sjávarútveg, iðnað og viðskipti þannig að þar fara saman sjónarmið fyrrverandi foringja Alþýðuflokksins og foringja Samfylkingarinnar í dag.

Ég vil að lokum ítreka það að ég styð þessa þingsályktunartillögu. Ég tel fulla ástæðu til að fara í heildarendurskoðun á Stjórnarráðinu, lögum um það og endurskipulagningu á verkefnum og verkaskiptingu en í rauninni má telja að þessi þingsályktunartillaga gangi — ef eitthvað er — of skammt. Það má taka mun stærri skref en hér er lagt til og í rauninni þarf ekki að taka atrennuna í smáum skrefum.

[18:11]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það hefur sýnt sig í mörgum umræðum á Alþingi alveg eins og í dag að menn úr öllum flokkum, held ég a.m.k., sem hér hafa haft fulltrúa hafa haft þá skoðun að það ætti að endurskoða Stjórnarráðið. Bent hefur verið á þá vankanta, þá skörun sem er víða milli ráðuneyta og þá óhagkvæmni sem af því leiðir og peningasparnað sem gæti orðið. Hann er auðvitað alltaf mikilvægur en aðalatriði málsins er auðvitað að skipulagið virki, verkaskipti milli ráðuneyta séu eðlileg og að málaflokkar séu á þeim stað þar sem skynsamlegast er að ráða þeim málum til lykta sem þar eiga undir.

Hins vegar hefur sýnt sig í gegnum tíðina að á svona málum er ekki tekið við stjórnarmyndanir. Þá takast menn á um það hvaða ráðuneyti eru til skiptanna milli þeirra flokka sem ætla að mynda ríkisstjórn og frá því er engin undantekning eða hefur ekki verið á undanförnum árum, hvaða flokkar sem hafa átt í hlut. Það hefur nefnilega litlu verið breytt hvað þetta varðar nema þá að fjölga ráðuneytum eins og raun ber vitni, og ráðherrum. Nú eru ráðherrarnir 12 eins og postularnir og það er tala sem er kannski erfitt að hnika frá. Það er umhugsunarefni hvort það yrði jafnerfitt að fækka ráðherrum um fimm eða sex eins og það reyndist Framsóknarflokknum erfitt að fækka sínum ráðherrum um einn í vetur.

Skyldi það vera að pólitískir erfiðleikar flokka hafi beinlínis komið í veg fyrir að tekið væri á þessum málum af skynsemi? Ég held að aðalástæðan fyrir því að ekki er búið að breyta Stjórnarráðinu sé að pólitísku flokkarnir sem hér hafa verið við völd hafa ekki treyst sér til að taka á málinu þó að til staðar séu þau sjónarmið sem hér hafa svo skýrt komið fram. Þess vegna finnst mér að Alþingi þurfi að koma til og ég held að það sé einnar messu virði að flytja tillögu af því tagi sem hér er gert. Mér finnst að Alþingi eigi að þrýsta á og að sú sameiginlega skoðun svo margra sem raun ber vitni á þessu máli eigi að komast til skila með því að þessi þingsályktunartillaga verði samþykkt.

Hv. 2. þm. Reykv. n., Ásta Möller, sagði áðan að sér fyndist of skammt gengið með þessari tillögu. Það yrði æðimikil breyting þótt ekki yrði gert annað en hér er til lagt. Það yrði mesta breyting á Stjórnarráðinu sem sést hefur held ég síðan lýðveldið var stofnað því að hitt hefur allt verið tekið í smærri skrefum en því sem hér er lagt til.

Þó felst fleira í tillögunni en það að fækka ráðuneytum og steypa þeim saman í eitt. Það felst í tillögunni að endurskoðun fari fram á verkefnum annarra ráðuneyta og ég vil draga athygli að því að Ríkisendurskoðun gæti leikið þar hlutverk. Það er reyndar nefnt í greinargerðinni. Þó að það sé hvergi sagt berum orðum er eitt af hlutverkum Ríkisendurskoðunar að endurskoða Stjórnarráðið. Það eru engar aðrar stofnanir tilteknar sem Ríkisendurskoðun á að endurskoða. Auðvitað er það í verkahring Ríkisendurskoðunar að fara yfir starfsskipulag Stjórnarráðsins og benda á hvað betur megi fara í þeirri stjórnskipun sem gildir. Þess vegna bendum við á að það þurfi að skoða þetta mál líka og út úr því gætu komið skynsamlegar ábendingar sem gætu leitt til pólitískrar niðurstöðu.

Það sem er svo mikilvægt í þessu er að svona hugmyndir séu ræddar í dálítilli fjarlægð frá kosningum og stjórnarmyndunum. Það er alveg nóg að eiga við þá andstöðu sem við sem viljum breyta þessu eigum auðvitað vísa frá þeim ráðherrum sem finnst stólarnir hitna undir sér. Þess vegna er svo nauðsynlegt að menn fáist við þetta mál sem mest þegar á leiðinni er að verða til einhver ný ríkisstjórn þar sem menn þurfa að skipta stólum. En það er auðvitað ekki boðlegt eins og hér hefur verið bent á hversu mjög starfsemi ráðuneytanna skarast. Við höfum farið yfir það fyrr í umræðum að bara í einum litlum firði á Íslandi geta t.d. iðnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið, umhverfisráðuneytið og viðkomandi sveitarfélag átt lögsögu í málefnum sem varða nýtingu á botninum og/eða fiskeldi sem fari fram í viðkomandi firði.

Þannig liggur þetta allt saman þvers og kruss milli ráðuneyta og öll höfum við í starfi okkar rekist á fólk sem bók-

staflega skilur hvorki upp né niður vegna þess að því er vísað fram og til baka í kerfinu af þeim stjórnkerfislegu ástæðum að það er skörun í verkefnum ráðuneytanna. Þetta er eitthvað sem þarf að fara mjög vandlega yfir. Ég held að þessi tillaga sé í raun og veru býsna róttæk og ef henni fylgir endurskoðun og yfirferð af því tagi sem til er stofnað getur hún skilað miklu. Ég tel fulla ástæðu til að leggja áherslu á að það verði skoðað að Ríkisendurskoðun fari yfir málefni Stjórnarráðsins í heild og a.m.k. er það okkar hugmynd að ef þessi þingsályktunartillaga verður samþykkt sé í henni fólgin stefnumörkun. Líka er verið að benda á að það þurfi endurskoðunar við sem ekki er lagt til að verði breytingar á þarna.

Ég vil nefna að það þarf auðvitað að skoða fleiri ráðuneyti með það fyrir augum að komið verði á betri verkaskiptingu. Ég hef ekki tíma til að fara nákvæmlega yfir það en mér finnst t.d. að samgönguráðuneytið sé kannski orðið svolítið lítið í samanburði við önnur ráðuneyti, verkefni þess smá og þess vegna ætti að skoða það alveg sérstaklega í samhengi við þá endurskoðun sem þyrfti að fylgja þessari þingsályktunartillögu ef hún verður samþykkt hér sem ég hef góða von um að verði gert vegna þeirra undirtekta sem hafa nú þegar komið fram.

[18:19]

Útbýting:

Greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 207. mál, frv. GÖg o.fl., þskj. 207.

[18:19]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og þingflokki Samfylkingarinnar fyrir að hafa lagt fram þessa þingsályktunartillögu á hinu háa Alþingi. Ég tel að hér sé verið að hreyfa við máli sem við ættum í rauninni alltaf að vera með í stöðugri endurskoðun, þ.e. hvernig við högum stjórnskipan, tilhögun varðandi ráðuneyti og verkaskiptingu á milli þeirra.

Hér hafa verið fluttar ágætar ræður fram að þessu og mörg góð rök tínd fram. Ég ætla svo sem ekki að fara að endurtaka þau. Ég get tekið undir allt sem fram hefur komið til þessa. Það er fyllilega kominn tími til þess eins og ég nefndi áðan að fara yfir þessi ráðuneyti og sameina þau í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Ég tel að það yrði mjög til bóta og þarna mundu þá um leið gefast tækifæri til að spara og hagræða í ríkisrekstrinum. Við þurfum líka að skoða þær stofnanir sem heyra undir þessi ráðuneyti í dag, hvort það sé ekki einmitt ástæða til að sameina stofnanir. Hér erum við m.a. að tala um stofnanir innan sjávarútvegs og líka innan landbúnaðargeirans, einkum og sér í lagi innan þeirra tveggja greina. Einnig væri vert að skoða hvort ekki væri ástæða til að flytja stofnanir frá þeim ráðuneytum sem þær heyra undir í dag til annarra ráðuneyta, þá sérstaklega kannski umhverfisráðuneytisins. Hér er ég þá að tala um stofnanir sem í dag heyra undir landbúnaðarráðuneytið, t.d. Landgræðsluna og Skógræktina, en einnig Hafrannsóknastofnun. Ég hef oft verið hugsi yfir þeirri stofnun á undanförnum missirum og hallast æ meira að því að rétt sé að henni verði komið fyrir í framtíðinni undir umhverfisráðuneyti. Hafró ætti að fara undir umhverfisráðuneytið.

Hér er talað um að undirbúningi að stofnun hins nýja ráðuneytis verði lokið fyrir árslok 2006. Það er kannski frekar mikil bjartsýni því að ég hef einhvern veginn lúmskan grun um að þó að hv. þm. Ásta Möller í Sjálfstæðisflokki taki undir þetta og telji ekki einu sinni nógu langt gengið sé kannski ekki voðalega mikill vilji hjá núverandi ríkisstjórn til að fara í þessa vinnu. Þetta er hluti af valdaskiptingu þeirra tveggja flokka sem eru í ríkisstjórninni í dag, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, og valdakerfi þeirra, hvernig þeir hafa skipt ráðuneytunum á milli sín.

Það vekur athygli mína að framsóknarmenn eru gersamlega fjarverandi við þessa umræðu nú síðdegis. Maður hlýtur að spyrja sig hvort það sé með ráðum gert því það er alveg ljóst að ef þessar breytingar færu í gegn yrði sennilega tekinn spónn úr aski þeirra þar sem þeir hafa í dag landbúnaðarráðuneytið og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Það eru einnig vonbrigði að enginn þeirra ráðherra sem þessi ráðuneyti heyra undir skuli sjá sér fært að vera við umræðuna. Ég veit reyndar að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra er stödd erlendis þannig að hún er löglega afsökuð en víst hefði verið gaman að sjá hér bæði hæstv. sjávarútvegsráðherra og hæstv. landbúnaðarráðherra og fá að heyra sjónarmið þeirra og skoðanir á þessum breytingum. Eins og ég sagði áðan, hæstv. forseti, eru þetta hlutir sem okkur ber skylda til að hafa í stöðugri endurskoðun og því fagna ég þingsályktunartillögunni.

Ég vænti þess, þó að ég sé reyndar ekki mjög bjartsýnn á það, að tillagan komist án mikilla skakkafalla í gegnum þingnefnd og verði afgreidd á þessu þingi þannig að menn fari virkilega að einhenda sér í það að vinna að þessum breytingum sem ég tel að mörgu leyti löngu tímabærar og mjög svo nauðsynlegar.

[18:23]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég þakka þær prýðisgóðu umræður sem hér hafa orðið í dag um þessa þingsályktunartillögu okkar þingmanna Samfylkingarinnar um að stofna eitt öflugt atvinnuvegaráðuneyti og leggja samhliða niður þau atvinnuráðuneyti sem fyrir eru, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti. Mér þótti vænt um að heyra þær góðu undirtektir sem tillagan fékk hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni, formanni þingflokks frjálslyndra, og 2. þm. Reykv. n., Ástu Möller. Mér þótti gott að heyra hv. þm. Ástu Möller segja það skýrt og skorinort að hún styddi tillöguna. Hún taldi meira að segja umhendis að komast að þeirri niðurstöðu að þarna væri stigið nægilega stórt skref, hún hefði viljað ganga lengra.

Eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar er í tillögunni lagt til að samhliða því að þetta nýja ráðuneyti verði búið til verði gerð stjórnsýsluúttekt á Stjórnarráðinu öllu með það fyrir augum að kanna hvort hægt væri að sameina fleiri ráðuneyti. Hv. þm. Ásta Möller taldi upp fjölmargar hugmyndir sem hefðu komið fram og við flestar þeirra kannaðist ég. Það er ekkert nýtt undir sólinni. Þessi hugmynd um atvinnuvegaráðuneyti var fyrst rökrædd af alvöru þar sem ég var viðstaddur í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks undir forsæti Davíðs Oddssonar.

Ég held að það hafi verið 1994 sem menn ræddu hugmyndina í alvöru. Ef minni mitt brestur ekki held ég að það hafi jafnvel verið minnst á hana í hinni merku Viðeyjaryfirlýsingu, þeirrar ríkisstjórnar sællar minningar.

Ástæðan fyrir því að ég rek þetta hér er að ... (**Gripið fram í:** 1991.) 1991? Engu að síður minnist ég þess að þetta var rætt 1994 af alvöru í ríkisstjórninni sjálfri, þó óformlega. En því rifja ég þetta hér upp að þetta er mjög erfitt mál. Það er fyrirstaða innan Stjórnarráðsins, hjá embættismannakerfinu, sem er eðlileg miðað við gangvirki þeirrar flóknu vélar og sömuleiðis er alveg ljóst að það er líka pólitísk mótspyrna hjá t.d. ýmsum ráðherrum. Það hef ég alltaf vitað og við höfum alltaf vitað það sem að þessu höfum komið.

Ég rifja það upp, herra forseti, að ég viðraði þessar hugmyndir lítillega hér í fyrra af öðru tilefni. Þá stóð yfir umræða við hæstv. landbúnaðarráðherra og ég nefndi þetta þar sem verið var að tala um stofnanir sem tengdust honum. Eins og menn muna fuðraði hæstv. landbúnaðarráðherra upp. Honum fannst þetta alveg skelfilegt vegna þess að með þessu væri verið að leggja niður landbúnaðarráðuneytið.

Það er alveg hárrétt. Með þessu væri verið að leggja niður landbúnaðarráðuneytið. Eins og ég sagði í ræðu minni er þar um að ræða dvínandi grein hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Hlutfall landbúnaðar af landsframleiðslunni er einungis 1%, hlutfall ferðaþjónustunnar er 4,5% og, eins og ég gat um, upplýsingatækninnar 5,5% þannig að munurinn er alveg gríðarlegur. Samt höfum við landbúnaðarráðuneytið, sem hefur heilan ráðherra, sem hefur heilan háskóla, sem hefur margar undirstofnanir til að sinna þessari grein sem stöðugt færri hafa framfærslu af og minna umleikis. Samt sem áður tekst ekki innan þessa ráðuneytis að hlúa þannig að þessum vaxtarsprotum sem sannarlega teygja sig upp úr moldinni svo að viðunandi sé.

Ég er þeirrar skoðunar t.d. að ef það tækist að ná þessu ráðuneyti til fæðingar, atvinnuvegaráðuneytinu, yrði það miklu betra fyrir ýmsa vaxtarsprota í landbúnaði og hugsanlega hefðbundna grein eins og sauðfjárrækt en er í núverandi fyrirkomulagi. Ég held t.d. að í landbúnaði sjáist örla í framtíðargreinar sem kunni að skipta miklu í framtíðinni þar sem er samþætting á plöntukynbótum og ákveðinni erfðatækni sem ég held að gæti þættast við ólíka atvinnugrein sem er framleiðsla á lyfjum. Það er þegar vísir að þessu. En það er hvergi pláss fyrir þetta neins staðar, hvergi rými í Stjórnarráðinu til að taka nákvæmlega þetta sem sker á múra margra ráðuneyta. Það er ekki hægt að marka pólitíska stefnu um hvernig hægt sé að styðja svona nýjar hugmyndir á frumbýlingsárunum eins og gert var í árdaga þeirra hefðbundnu atvinnugreina sem í dag hafa malað gull inn í íslenskt samfélag.

Ég held t.d. að það sem kalla mætti hefðbundna en þó nýja atvinnugrein eins og hrossarækt gæti dafnað betur í skjóli stórs atvinnuvegaráðuneytis þar sem menn hefðu ákveðna sjóði til að styðja við nýsköpun, rannsóknir og framþróun en þyrftu ekki sjálfkrafa að veita þessum sjóðum öllum í hefðbundnu greinarnar. Ég dvel við landbúnaðarráðuneytið sem mér er síður en svo illa við en ég tel það einfaldlega dæmi um þessar miklu breytingar sem hafa orðið í atvinnulífinu. Hægt væri að fara lið fyrir lið yfir allar þær stofnanir sem eru innan landbúnaðarráðuneytisins og finna þeim stað annars staðar.

Ég er auðvitað þeirrar skoðunar t.d. að það sé sóun að Landbúnaðarháskólinn nýstofnaði sem vissulega var búinn til úr þremur skólum skuli vera þar undir en ekki undir menntamálaráðuneytinu sem kann að reka skóla og gerir það vel. Undir handarjaðri þess hafa t.d. orðið til fyrsta flokks háskólar á síðustu árum. Ég segi undir handarjaðri og meina þá í jarðvegi þeirrar pólitísku stefnu sem þar hefur verið mótuð um háskólana, að mörgu leyti skynsamlega. Ég tel að þetta umhverfi þurfi t.d. fyrir Landbúnaðarháskólann. Ég er þeirrar skoðunar að Skógrækt og Landgræðsla eigi að vera í sömu stofnun og að obbi þeirrar stofnunar, þ.e. eftirlits- og matshlutverkið, eigi ekki að vera í landbúnaðarráðuneytinu í dag, hvað þá heldur hinu nýja atvinnuvegaráðuneyti heldur í umhverfisráðuneytinu.

Ég er þeirrar skoðunar að kannski sjáum við hvergi hversu nauðsynlegt er að brjóta þetta upp eins og þegar við skoðum matvælaframleiðslu. Hvernig skilgreinum við Íslendingar okkur? Að minnsta kosti að hluta til sem matvælaframleiðsluþjóð enn þá. Við erum að framleiða fisk og hann hefur verið undirstaðan á uppbyggingu samfélagsins og það eru sífellt harðari kröfur um gæði matvælaframleiðslunnar. Við munum aldrei ná því að selja hágæðakjöt nema við stöndum undir öllum kröfum um eftirlit.

Þegar við skoðum matvælaframleiðslu á Íslandi kemur í ljós að eftirlit með matvælum er haft undir sjávarútvegsráðuneytinu, landbúnaðarráðuneytinu, umhverfisráðuneytinu og hugsanlega enn þá að hluta til undir heilbrigðisráðuneytinu. Þetta er ákaflega flókið og erfitt, og það er erfitt eins og þeir sem hafa staðið í matvælaframleiðslu vita að fylgja þeim kröfum og því pappírsverki öllu sem tengist þessu. Þess vegna viljum við setja upp eitthvað sem við gætum kallað matvælastofnun sem fylgir allri matvælaframleiðslu á Íslandi eftir. Hún væri t.d. vel staðsett undir slíku nýju ráðuneyti.

Það er þessi hugsun sem við þurfum að hafa að leiðarljósi, að gera hlutina einfaldari og skilvirkari, gera þá þannig úr garði að þeir hæfi betur atvinnulífinu og henti betur til að ýta undir aukna verðmætasköpun í samfélaginu. Það gera núverandi ráðuneyti atvinnumála ekki í nægilega ríkum mæli.

Ég nefndi það áðan að hægt væri að fara svona yfir landbúnaðarráðuneytið og ég er þeirrar skoðunar að hægt væri að fara yfir allar stofnanir landbúnaðarráðuneytisins og finna þeim stað annars staðar, hjá öðrum ráðuneytum. Ýmis verkefni væri hægt að vista út, hreinlega setja á markað eins og ýmiss konar eftirlit með fóðri og aðföngum, og líka þessar sjö ríkisstofnanir sem allt í einu hafa orðið til og heita „landshlutabundin skógræktarverkefni“. Hvers vegna er það ekki sett á almennan markað í upphafi með einhvers konar þjónustusamningum? Þarna er ekki um neitt annað að ræða en útþenslu ríkisins. Nýjar ríkisstofnanir eru að koma upp og það er allt í fínu lagi að ríkið taki ákvörðun um að verja fjármunum sínum með þessum hætti en það er skynsamlegast að gera það þá í krafti einhvers konar samninga þar sem ríkið kaupir ákveðna þjónustu eða framleiðslu af öðrum og notar hana síðan til að byggja upp þessa skóga.

Þetta tel ég nú.

Þegar búið er að fara svona yfir landbúnaðarráðuneytið er eiginlega ekkert eftir af því — fyrirgefðu, hv. þm. Jón Bjarnason, þetta er ekki sagt ráðuneytinu til hnjóðs — nema þessir miklu búvörusamningar. Þá spyr maður sig: Erum við að verja fjármununum nægilega vel? Ég er þeirrar skoðunar að hægt væri að verja peningunum sem í dag fara í óþarfa yfirbyggingu og í það að reka of litlar stofnanir miklu betur í að styðja það sem ég tel að verði í framtíðinni vaxtarsprotar í landbúnaði. Allar atvinnugreinar rísa og hníga alveg eins og lifandi verur. Þær rísa alltaf upp aftur og ég tel að landbúnaður eigi öðruvísi en samt bjarta framtíð fyrir höndum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta en ég er sem sagt þeirrar skoðunar að þarna væri hægt að spara fjármuni og, sem skiptir kannski mestu, búa til stoðkerfi fyrir atvinnulíf sem er miklu betra, sérstaklega betra fyrir vaxtarsprotana. Ég er þeirrar skoðunar almennt að við á Alþingi eigum að setja sem fæst lög sem varða atvinnulífið en við eigum hins vegar að hafa skilvirkt eftirlit, skilvirkar og sterkar eftirlitsstofnanir sem hafa eftirlit með því að atvinnulífið dafni en við eigum fyrst og fremst að leyfa atvinnulífinu að setja sínar eigin reglur eins og við sjáum í fjármálalífinu í vaxandi mæli. Það á hins vegar að vera hlutverk ríkisins að því er stuðning varðar og pólitísk nýmæli hvað stefnumótun varðar að einbeita sér fyrst og fremst að því sem nýtt er. Við eigum ekki að einbeita okkur að því sem hægt er að kalla sólarlagsgreinar heldur sólrisugreinar og þær eru svo sannarlega fyrir hendi. Þegar ég stóð fyrst í þessum ræðustól og talaði um atvinnumál fyrir 12 árum hafði ég ekki einu sinni hugmynd um að sumar af þessum greinum sem í dag eru byrjaðar að mala gull yrðu til þegar ég yrði orðinn 51 árs gamall og formaður Samfylkingarinnar og stæði hérna og malaði um þessa sömu hluti. Nema nú skil ég þá miklu betur.

Ég vil svo segja að ég er alveg sammála því sem hv. þm. Ásta Möller sagði. Það er hægt að fara svona í fleiri ráðuneyti. Ég tel t.d. miklum vafa undirorpið að það eigi að vera til ráðuneyti eins og samgönguráðuneyti. Ferðamálin eiga að vera undir atvinnuvegaráðuneytinu og samgöngur eru einfaldlega of veigalítill og einfaldur þáttur þrátt fyrir allt í samfélaginu til að þær verðskuldi heilt ráðuneyti. Ég er þeirrar skoðunar t.d. að það sem í dag er kallað dóms- og kirkjumálaráðuneyti eigi að efla töluvert þannig að það gæti t.d. tekið við málefnum sveitarfélaga, málefnum útlendinga sem núna eru undir félagsmálaráðuneytinu, þ.e. vinnumarkaðspartinum, og samgöngunum og ýmsu fleiru. Það er ráðuneyti sem ætti að styrkja og efla. Við gætum kallað það hvað sem við vildum, innanlandsráðuneyti eða hvað sem er, en það yrði stærra og þróttmeira.

Heimurinn hefur bara verið að breytast þannig að það er rökrétt að hnitmiða meira atgervi í því ráðuneyti og þannig væri hægt að fara yfir sviðið. Hv. þm. Ásta Möller benti t.d. á hvernig múrarnir millum ráðuneyta eins og heilbrigðisráðuneytisins annars vegar og félagsmálaráðuneytisins hins vegar koma niður á fólki, oft með sorglegum hætti. Það er alveg hárrétt hjá henni. Þeir múrar sem þarna eru á milli koma niður t.d. á geðsjúkum og geðfötluðum einstaklingum. Vegna þess að ekki hefur tekist að brjóta niður múrana einangrast menn innan þeirra og okkur tekst ekki að færa t.d. búsetu slíkra einstaklinga yfir á annan vettvang þar sem það er ódýrara fyrir samfélagið og miklu betra fyrir þá sjálfa, yki lífsgæði þessara einstaklinga. Þá erum við komin inn fyrir vébönd annars ráðuneytisins sem þar átti að taka að sér kostnaðinn, eða sveitarfélag.

Það er ekki gott þegar kerfið verður til þess að rýra möguleika fólks á lífshamingju og það er að gerast í því tiltekna máli sem hv. þm. drap hér á. Ég hef fullan skilning á því og hef kynnt mér það. Svona mætti í reynd lesa sig frá ráðuneyti til ráðuneytis og komast að því að það er hægt að sameina þau og þannig fækka þeim en miklu meira gildir þetta þó um stofnanir hinnar íslensku stjórnsýslu. Þær eru einfaldlega allt of litlar, allt of veikar til að geta sinnt af nægilegum þrótti þeim verkefnum sem margþætt og flókið tæknisamfélag er að kasta í fangið á þeim. Og ég tel að tillaga okkar sé a.m.k. mjög ærleg viðleitni til að svara þessum nýju kröfum, svara þessum breytingum, og svo er auðvitað hægt að spinna út frá henni. Það kann vel að vera að hér sé einungis um lítið skref að ræða en það er fyrsta skrefið og það er tekið að yfirveguðu máli.

Við horfum á þá staðreynd að ríkisstjórnin hefur — þrátt fyrir að hafa allar götur frá 1995 og þrátt fyrir allar samþykktir landsfunda einstakra flokka eins og Sjálfstæðisflokksins — ekki náð því að koma þessu í verk. Það er ástæða fyrir því og sú ástæða er ekki viljaleysi ráðherranna. Hún er miklu frekar að það er innbyggð mótspyrna, bæði mekanísk og hjá einstaklingum í kerfinu, og þá er spurningin: Er betra að byrja á þessu í minni skrefum? Í staðinn fyrir að segja: Við ætlum að stokka upp allt stjórnkerfið, gætum við sagt: Við ætlum að taka þennan ákveðna afmarkaða hluta. Það er sú nálgun sem við höfum kosið.

Ég gleymdi síðan að geta þess, herra forseti, að ég legg til að tillagan verði send til allsherjarnefndar að umræðu lokinni.

[18:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í upphafi andsvars míns undirstrika að ég tel nauðsynlegt að menn séu með stjórnsýsluna í stöðugri endurskoðun eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á. Áherslur breytast eðlilega í síbreytilegu samfélagi.

Það sem ég vildi koma aðeins inn á er hugtakið atvinnuvegaráðuneyti. Það slær mig að menn séu að fara nokkra áratugi aftur í tímann í hugmyndafræði sem getur ekki verið ætlun hv. þingmanna. Með því er verið að gefa í skyn að sumt sé atvinna og annað ekki, þeir sem vinni að landbúnaði, sjávarútvegi og ferðamálum stundi atvinnu en þeir sem vinni að menntun, rannsóknum eða þeir sem vinna í ýmsum verslunar- og þjónustustörfum séu ekki að sinna atvinnu. Ég er ekki alveg sáttur við þessa nálgun, ég segi það eins og er.

Fyrir mér er allt atvinna. Ég velti fyrir mér hvort hv. flutningsmenn hafi hugleitt þessa orðanotkun og þessa skilgreiningu. Ég set spurningarmerki við það að sum verkefni séu kölluð atvinna og þá hljóti hin verkefnin að vera ekki atvinna. Eða hvernig mundi hv. þm. Össur Skarphéðinsson skýra þetta út fyrir mér?

[18:41]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þakklátur fyrir þann stuðning sem skein auðvitað í gegnum orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar við mál okkar. Ég veit að sem framfarasinnuð stjórnmálahreyfing styður Vinstri hreyfingin – grænt framboð umbótamál af þessu tagi. Það er mér líka gleðiefni að hv. þm. sem hefur sérfræðiþekkingu á landbúnaði skuli í reynd vera jákvæður gagnvart hugmyndinni. Ég vil bara undirstrika að máli mínu var með engu móti beint gegn þeirri ástkæru atvinnugrein sem hann hefur varið drjúgum parti af lífi sínu til að efla og hlúa að.

Hv. þm. spyr hvort við sem flytjum þetta mál höfum velt því fyrir okkur að með nafngiftinni sem tengd er hinu nýja ráðuneyti kunni menn óafvitandi að gera lítið úr þeim sem starfa við annars konar atvinnu og þjónustu. Við veltum þessu fyrir okkur, töluvert, og komumst að þeirri niðurstöðu að alveg eins og framtíðin er falleg er fortíðin líka stundum í hillingum ákveðins bjarma og einmitt vegna þess að þetta nafn er gamalkunnugt, á sér ákveðna sögu, ákváðum við að nota það, atvinnuvegaráðuneyti, kannski vegna þess að það hefur í áranna rás verið brúkað um þá breytingu sem þarna er lögð til.

Hins vegar er nafngiftin sem slík okkur ekki föst í hendi og vissulega mundum við vilja fá tillögu frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni um það hvað ætti að kalla slíkt ráðuneyti. Ég veit að það yrði til að greiða fyrir samþykkt málsins ef hann af snilld sinni gæti lagt til eitthvert hagyrði um það fína ráðuneyti sem við erum orðnir sammála um að stofna, ég og hv. þingmaður.

[18:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka öll mildileg orð í minn garð. Ég er sammála þeirri áherslu sem hv. þm., flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu, eru með gagnvart ferðaþjónustunni. Ég vil nefna það sérstaklega. Ég tel að staða hennar innan stjórnsýslunnar sé engan veginn nógu sterk. Hún er líklega komin í 2. sæti sem mikilvægasta útflutningsgrein þjóðarinnar, gjaldeyrisskapandi atvinnugrein. Þetta er líka sú atvinnugrein sem með beinum eða óbeinum hætti sér fyrir flestum störfum hér á landi og áfram er hún hornreka eða fær a.m.k. ekki þann sess í stjórnsýslunni sem mér finnst að henni beri. Mér finnst hún alltaf vera afgangsstærð í umræðunni þegar verið er að ræða um forgangsröðun áherslna af hálfu ríkisins og reyndar líka á vissan hátt þingsins. Ég er sammála því að veg hennar þurfi að auka.

Hitt svo, hvað ráðuneytin heita — ég get alveg lagt til að þetta heiti bara allt landbúnaðarráðuneyti og við setjum umhverfisráðuneytið undir landbúnaðarráðuneytið. Að mínu viti ætti það langbest heima þar, undir góðri stjórnsýslu og góðum landbúnaðarráðherra. Undir góðri ríkisstjórn ættu umhverfismálin langbest heima undir landbúnaðarráðuneytinu og það mætti alveg skoða það.

[18:44]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er algjörlega ósammála því að landbúnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið eigi heima vel saman. Það er reynsla af því. Við höfum séð sama ráðherra fara með þau mál, ráðherra Framsóknarflokksins, og það var bara alveg skelfileg reynsla þrátt fyrir góðan vilja þess ágæta manns sem gegndi stöðunni.

Staðreyndin er einfaldlega sú að þar er um að ræða hagsmuni sem eru í eðli sínu ólíkir og það verður árekstur millum þessara hagsmuna ef þeir eru vistaðir saman. Þess vegna held ég að það sé miklu betra að fara þá leið að skilja að ákvörðun um nýtingu auðlinda, hafa það í einu ráðuneyti, og hins vegar mat, eftirlit og vöktun auðlindanna sem framleiða þekkinguna og stöðu hennar. Í krafti þeirra upplýsinga á annað ráðuneyti að taka ákvörðun um nýtingu. Þannig held ég að við getum útilokað ákveðna hagsmunaárekstra sem eru í kerfinu. Ég sé t.d. þá hagsmunaárekstra koma fram innan sjávarútvegsráðuneytisins og er þess vegna þeirrar skoðunar að sá hluti af hinni miklu stofnun Hafrannsóknastofnun sem á að fylgjast með þróun stofna í hafinu eigi ekki að vera þar, einungis sá hluti þar sem unnið er að niðurstöðu um tillögur að nýtingu.

Að öðru leyti, herra forseti, tel ég að við hv. þm. Jón Bjarnason séum að mörgu leyti sammála um þetta eins og svo margt annað. Ég er viss um að ef hann skoðar þetta mál vel sér hann að það er mjög til framdráttar íslenskri alþýðu vegna þess að þarna er verið að reyna að skjóta frekari stoðum undir velmegun hennar og skilvirka meðferð fjármuna sem hún innir af höndum og setur í hendur hæstv. fjármálaráðherra. Ég veit að það er það sem hv. þm. vill og hún sameinar okkur, velferð íslenskrar alþýðu.

[18:46]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt á því að lýsa yfir stuðningi við þingsályktunartillöguna og tel löngu orðið tímabært að endurskoða verkaskiptingu ráðuneytanna. Ég tel að menn ættu að hraða þessu þannig að vinnan liggi fyrir þegar jarðvegur verður fyrir því að skipta ráðuneytunum upp. Við sáum að það var mjög erfitt að fækka ráðherrum annars ríkisstjórnarflokksins um einn og hvað þá ef farið verður í þessa breytingu, það gæti orðið enn erfiðara. Þess vegna hef ég þá trú að það verði ekki farið í breytinguna fyrr en við ríkisstjórnarskipti.

Mönnum hefur verið tíðrætt um matvælaeftirlit og matvælaöryggi og telja að matvælaöryggi yrði betra með einni allsherjarstofnun, matvælastofnun, og vissulega má fara yfir þann málaflokk. En ég tel mikilvægast af öllu varðandi matvælaeftirlit að farið sé úr því fari að atvinnuvegaráðuneytin séu með eftirlitsstofnanir sínar, við sjáum að landbúnaðarráðuneytið er með yfirdýralækni og sjávarútvegsráðuneytið er með Fiskistofu. Ég tel að menn gætu farið þá leið án þess að breyta nokkru í verkaskiptingu ráðuneyta, að flytja allt matvælaeftirlit yfir í umhverfisráðuneytið. Ég tel öll rök hníga að því að neytendavernd verði tryggð þar.

Þó að eftirlit sé allra góðra gjalda vert er það ekki endilega svarið við matvælaöryggi. Það þekki ég. Það liggur oft í menningu og ég er á því að stofnun húsmæðraskólanna hafi skipt hvað mestu hvað varðar matvælaöryggi á Íslandi, þ.e. að þeir hafi innleitt virðingu og skilning á þrifum og góðu hreinlæti.

Eins tel ég að við ættum að huga að því að aflétta þess-

um ströngu reglum. Menn ættu að íhuga, sérstaklega hvað varðar landbúnaðinn, að skoða hvort ekki eigi að leyfa heimagerð matvæli í meira mæli en nú er gert. Erlendis, t.d. í Frakklandi og víðar, eru heimagerð matvæli á mörkuðum en hér er hæstv. landbúnaðaráðherra mjög á móti því að sameina ráðuneyti en hins vegar mjög fylgjandi fækkun sláturhúsa og sameiningu þeirra og að koma öllum sláturhúsum og slátrun í útflutningshús. Ég tel að það sé misráðið.

Ef hæstv. landbúnaðarráðherra er umhugað um sparnað ætti hann einmitt að skoða þá tillögu sem hér liggur fyrir með opnum huga. Ég tel að hún geti verið mun vænlegri leið til sparnaðar fyrir almenning í landinu og geti skilað mun meiri árangri en t.d. sú stefna að sameina sláturhús í einhver útflutningshús. Hæstv. landbúnaðarráðherra notar einhverjar matvælareglugerðir til þess að gera minni sláturhúsum ókleift að starfa. Ég er á því að sú ráðagerð sé eitt dæmi um að landbúnaðarráðuneytið sé að misnota eftirlitsþáttinn til þess að framkvæma pólitíska stefnu. Þess vegna eru það enn ein rökin fyrir því að landbúnaðurinn fari í atvinnumálaráðuneytið og ég tel einfaldlega að landbúnaðinum yrði betur borgið þar en að vera sér og sérstaklega í höndum hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðna Ágústssonar.

Að lokum vil ég enn og aftur lýsa yfir stuðningi við málið og tel að það sé vel þess virði að fara sem fyrst í vinnuna svo hún liggi fyrir þegar jarðvegur verður fyrir breytingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning nafna í þjóðskrá, fyrri umr.

Þáltill. SigurjÞ, 17. mál. — Þskj. 17.

[18:52]

Flm. (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég tala fyrir máli sem lagt var fyrir 130. löggjafarþing, þ.e. í fyrra, en ekki vannst tími til að mæla fyrir því. Það felur í sér að Alþingi álykti að fela hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands að ráða bót á því að löng nöfn skuli ekki vera skráð fullum stöfum í þjóðskrá.

Hvert skráð nafn má nú einungis taka 31 stafbil. Fjölmörg íslensk nöfn sem teljast ekki óvenjuleg á nokkurn hátt, t.d. nafnið Sigríður Kristbjörg Sigurðardóttir, eru of löng til þess að uppfylla þessi ströngu skilyrði. Málið varðar að öllum líkindum ekki mjög marga en þó má gera ráð fyrir að það skipti þá er málið varðar mjög miklu.

Ef vilji er fyrir hendi hlýtur að vera unnt að finna tæknilega lausn á skráningarvandanum svo að fólk sem heitir löngum nöfnum, jafnvel þremur fornöfnum, sem er ekki óalgengt, fái nöfn sín skráð rétt í þjóðskrá. Málið er einfalt og auðskilið réttlætismál sem óþarfi er að fjölyrða frekar um.

Herra forseti. Að lokum vil ég óska þess að málinu verði vísað til hv. allsherjarnefndar.

[18:53]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég á dóttur sem heitir Ingveldur Esperansa Össurardóttir og af þeim ástæðum styð ég málið. Nafn hennar er of langt til þess að komast fyrir í þjóðskránni.

[18:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Mér finnst málið vera gott og nauðsynlegt. Nöfn á Íslendingum eru misjöfn að lengd og er hluti af okkar ágætu þjóðareinkennum sem við eigum að halda í og leyfa fólki að njóta þeirra mannréttinda að hægt sé að skrá þau nöfn í þjóðskrá sem það er skírt. Ég styð því mál hv. þm. eindregið.

[18:54]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Það mál sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson mælir fyrir virðist kannski ekki vera mjög stórt, en enginn þarf að fara í grafgötur með að það er stórt öllum þeim sem það varðar. Ég tek undir með hv. þm. að ég trúi ekki öðru en að hægt sé að finna tæknilega lausn á þessu, að það sama gangi yfir alla þegna landsins varðandi skráningu í þjóðskrá. Ég styð málið.

[18:55]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Félagi minn, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, hefur mælt fyrir tveimur þingsályktunartillögum í kvöld, annars vegar um bætta skráningu nafna í þjóðskrá og hins vegar um að fólki verði leyft að skrá kennitölu með öðrum hætti en gert er í dag. Hvort tveggja tel ég vera sjálfsagt réttlætismál og vil lýsa því yfir að þó hann sé eini flutningsmaður þessara tillagna stendur allur þingflokkur Frjálslynda flokksins að baki honum í þessum málum.

Varðandi þetta með kennitölurnar er það ósköp eðlileg og sjálfsögð krafa að fólk geti fengið að breyta þeim, að það þurfi ekki í hvert einasta sinn sem það segir kennitölu sína að þylja upp fæðingardag, mánuð, ár og eitthvert númer. Ef fólki finnst það á einhvern hátt vera bagalegt er alveg sjálfsagt að það fái einhver önnur númer í staðinn. Kerfið er úrelt eins og það er í dag og minnir svolítið á gamla bílnúmerakerfið þegar bílar voru skráðir á einstök sveitarfélög, ef svo má segja, hvert sveitarfélag eða svæði hafði eigin einkennisbókstaf. Fólk keyrði um og maður gat séð langar leiðir hvaðan fólk var að koma, hvar það átti heima. Þetta var að vísu svolítið skemmtilegt þegar maður var lítill og var að velta því fyrir sér hvaðan bílarnir væru sem maður mætti eða var á eftir á þjóðvegunum eða hvaða ökumenn voru að aka í Reykjavík. Það var talað um að landsbyggðarökumenn væru miklir fantar, kynnu ekki að keyra og menn gátu bent á þá og sagt: Þarna sjáið þið. Þarna sjáið þið að þessi er utan af landi.

Í dag er þetta ekki lengur svona sem betur fer. Bílnúmerin eru skráð með frekar tilviljunarkenndum hætti og það ætti að sjálfsögðu að gilda hið sama um kennitölurnar. Ef fólk vill hafa aðra tölu á það að sjálfsögðu að fá það.

Varðandi nöfnin, að fólk geti fengið að skrá full nöfn í þjóðskrá er það sjálfsagt mannréttindamál og svo augljóst

að furðu sætir að ekki skuli hafa verið bætt úr báðum þessum málum fyrir löngu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 10. mál.

Fundi slitið kl. 18:58.

---

11. FUNDUR

þriðjudaginn 19. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Einkamálalög og þjóðlendulög, stjfrv., 190. mál, þskj. 190. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, stjfrv., 191. mál, þskj. 191. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fórnarlamba- og vitnavernd, frv., 13. mál, þskj. 13. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Breyting á kennitölukerfinu, þáltill., 14. mál, þskj. 14. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Atvinnuvegaráðuneyti, þáltill., 15. mál, þskj. 15. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Skráning nafna í þjóðskrá, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Varnir gegn mengun hafs og stranda, frv., 206. mál, þskj. 206. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
8. Veðurþjónusta, stjfrv., 183. mál, þskj. 183. — 1. umr.
9. Náttúruvernd, stjfrv., 184. mál, þskj. 184. — 1. umr.
10. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 192. mál, þskj. 192. — 1. umr.
11. Þriðja kynslóð farsíma, stjfrv., 160. mál, þskj. 160. — 1. umr.
12. Forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
13. Dómstólar, frv., 12. mál, þskj. 12. — 1. umr.
14. Talsmaður neytenda, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Fyrri umr.
15. Vegalög, frv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.

[13:31]

Útbýting:

Aflahlutdeild, 210. mál, fsp. JÁ, þskj. 210.

Fjármálafyrirtæki og vátryggingastarfsemi, 211. mál, stjfrv. (viðskrh.) þskj. 213.

Greiðslur yfir landamæri í evrum, 212. mál, stjfrv. (viðskrh.) þskj. 214.

Heimilisofbeldi, 209. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 209.

Kjarasamningar grunnskólakennara og lífeyrisskuldbindingar, 180. mál, svar fjmrh., þskj. 211.

Tilhögun þingfundar.

[13:32]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti vill taka fram að þess verður freistað að taka fyrir og ljúka umræðu um 7. dagskrármálið svo greiða megi um það atkvæði og koma því til 2. umr. Væntir forseti að umræðan um það gangi fljótt og vel fyrir sig.

Einkamálalög og þjóðlendulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 190. mál (gjafsókn). — Þskj. 190.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, frh. 1. umr.

Stjfrv., 191. mál (heildarlög). — Þskj. 191.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fórnarlamba- og vitnavernd, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 13. mál. — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Breyting á kennitölukerfinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. SigurjÞ, 14. mál. — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Atvinnuvegaráðuneyti, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 15. mál. — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Skráning nafna í þjóðskrá, frh. fyrri umr.

Þáltill. SigurjÞ, 17. mál. — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Varnir gegn mengun hafs og stranda, 1. umr.

Frv. umhvn., 206. mál (mengunarlögsaga). — Þskj. 206.

[13:35]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar er ekki um stórvægilegar breytingar að ræða.

1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að orðin „í landhelgi" í 1. mgr. 2. gr. laganna falli brott.

2. gr. gerir ráð fyrir að 10. töluliður 3. gr. orðist svo: Mengunarlögsaga Íslands: Hafsvæðið sem nær yfir innsævi að meðtalinni strönd að efstu flóðmörkum á stórstraumsflóði, landhelgi og efnahagslögsögu, landgrunn Íslands og efstu jarðlög, samanber lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

3. gr. gerir ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi.

Frumvarpið skýrir sig sjálft en í örstuttu máli fór svo í meðförum þingsins síðastliðið vor að þá varð ákveðin skilgreining til þess að heimildir íslenskra stjórnvalda samkvæmt lögunum eru takmarkaðri innan landhelgi en utan. Það var að sjálfsögðu ekki ætlunin og því er þetta frumvarp lagt fram og afskaplega mikilvægt að við náum þessari breytingu fram eins hratt og mögulegt er því að hver maður sér að við það verður ekki unað að heimildir íslenskra stjórnvalda í þessu máli séu takmakaðri innan landhelgi en utan.

Góð sátt var um málið í umhverfisnefndinni og stendur hún öll að frumvarpinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.

Veðurþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 183. mál. — Þskj. 183.

[13:38]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um veðurþjónustu.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem þáverandi umhverfisráðherra skipaði 3. október 2003 til að semja frumvarp um veðurþjónustu þar sem skilgreint væri hver þáttur hins opinbera skyldi vera í almennri veðurþjónustu og veðurtengdri öryggisþjónustu, sbr. 1. gr. laga um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985. Jafnframt var það verkefni nefndarinnar að gera tillögur um það hvernig opinberri veðurþjónustu væri best komið fyrir.

Í nefndinni áttu sæti auk fulltrúa ráðuneytisins og Veðurstofu Íslands fulltrúi samgönguráðuneytis og fulltrúi Samtaka atvinnulífsins.

Frumvarpið var áður flutt á 130. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Á undanförnum árum hefur opinber veðurþjónusta, einkum sú þjónusta sem Veðurstofa Íslands sinnir verið til athugunar frá ýmsum hliðum. Samkeppnisráð skilaði í lok 2002 niðurstöðu um starfsemi Veðurstofu Íslands á samkeppnismarkaði. Sérstakur starfshópur skipaður fulltrúum frá umhverfisráðuneyti og samgönguráðuneyti fjallaði á árinu 2002 um veðurþjónustu opinberra stofnana.

Í júní árið 2003 lauk stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á starfsemi Veðurstofu Íslands en hún fór fram að frumkvæði Veðurstofunnar og ráðuneytisins. Gerð er grein fyrir niðurstöðum framangreindra athugana í athugasemdum með frumvarpinu og viðbrögðum við þeim.

Á alþjóðavettvangi hefur á síðustu áratugum verið unnið að því að gera veðurþjónustu á breiðum grundvelli skilvirkari og ódýrari. Hlutverk ríkisins sem þjónustuaðila hefur verið til umfjöllunar síðustu árin hjá Alþjóðaveðurfræðistofnuninni. Þrettánda allsherjarþing stofnunarinnar 1999 samþykkti stefnumarkandi yfirlýsingu, svokallaða „Genfaryfirlýsingu", um veðurþjónustu og hlutverk og rekstur þjóðarveðurstofa. Á þeim grundvelli samþykkti framkvæmdaráð Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar árið 2003 yfirlýsinguna, „Hlutverk og rekstur ríkisveðurstofa". Í Genfaryfirlýsingunni segir m.a. að veður og veðurfar hafi áhrif á daglegt líf flestra jarðarbúa og að meira en aldarlöng reynsla hafi sýnt fram á mikla þjóðhagslega hagkvæmni skilvirkrar veðurþjónustu fyrir þjóðir sem reka hana og viðhalda henni. Fáar atvinnugreinar eða einstök fyrirtæki eru algjörlega óháð veðri og kostnaður vegna röskunar starfsemi af völdum veðurs verður seint ofmetinn. Mikilvægasta hlutverk veðurstofa er talinn þáttur þeirra í öryggisþjónustu varðandi líf og eignir og sá þáttur sem þær eiga í að draga úr áhrifum náttúruhamfara.

Mun ég nú víkja að efni frumvarpsins en opinber veðurþjónusta er skilgreind í frumvarpinu sem grunnþjónusta og rekstur grunnkerfa henni tengdri.

Grunnþjónusta er miðlun rauntímagagna, vinnsla á almennum veðurspám og spám um almennar veðurhorfur, öryggisþjónusta og önnur veðurþjónusta sem Íslandi ber

skylda til að veita samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum þar um. Starfsemi sérþjónustu Veðurstofu Íslands skal rekin sem sjálfstæð eining og vera fjárhagslega aðskilin frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Enn fremur er í frumvarpinu það nýmæli að kveðið er á um að aðgangur að þeim gögnum sem Veðurstofan framleiðir eða aflar við rekstur grunnkerfa á grunnþjónustu verði afhent þeim sem þess óskar gegn greiðslu einungis þess kostnaðar sem hlýst af afhendingu þeirra.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á lögum um Veðurstofu Íslands, nr. 30/1985, aðallega í þá veru að fella niður nokkra liði þar sem fjallað er sérstaklega um veðurþjónustu. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að framangreind lög gildi áfram.

Frú forseti. Ég tel að verði frumvarp þetta að lögum verði verkefni hins opinbera á sviði veðurþjónustu mun betur skilgreint en verið hefur og muni gera grundvöll fjárveitinga til þessa málaflokks skýrari.

Ég hef rakið efni frumvarpsins í megindráttum og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhverfisnefnd.

[13:43]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tel við hæfi að byrja á að vekja athygli þingheims á því að hér er á ferðinni fyrsta mál nýs hæstv. umhverfisráðherra og þó að það sé gamalt, frá því í fyrra, nýtur það auðvitað þeirra hveitibrauðsdaga sem hinn nýi hæstv. umhverfisráðherra gengur nú í gegnum. Í Ameríku, þaðan sem ýmislegt er haft í pólitíkinni, held ég að hveitibrauðsdagar séu skilgreindir sem 100 dagar og mér reiknast svo til að hveitibrauðsdagar hæstv. umhverfisráðherra muni þá standa nokkurn veginn fram á aðfangadag. Ég veit eiginlega ekki hvað við í umhverfisnefndinni eigum að gera á meðan.

Það mál sem hér um ræðir fellur að mínu viti vel inn í þennan hveitibrauðsramma. Það kom fram í fyrra, það var vel unnið sem ekki öll mál voru frá ráðuneytinu þá. Við samfylkingarmenn erum sammála meginpartinum í þessu frumvarpi, að aðskilja annars vegar opinbera grunnþjónustu sem sjálfsagt er að Veðurstofan veiti — í því felst m.a. að viðhalda sínu veðurathugunarkerfi og vakta þann þátt í náttúrufarinu og varðveita gögnin til frambúðar — en hafa síðan sér þá þætti í starfi Veðurstofunnar sem teljast vera samkeppnisþættir, og hafa á síðustu árum valdið nokkrum óróa og vanda, þannig að það sé ljóst hvernig með þá er farið og hvaða fjármál standa þar að baki og að öðrum er heimilt að keppa við Veðurstofuna í þeim efnum. Í framtíðinni hygg ég að til greina komi, ef þróunin er í þá átt, að Veðurstofan hætti að sinna þeim þáttum og láti þá öðrum eftir sem betur eru til þess fallnir, en það er ekki á dagskrá núna heldur fyrst og fremst þetta. Við eigum auðvitað að gera það víðar, bæði á verksviði umhverfisráðuneytisins og annars staðar, að aðskilja grunnþjónustuna og síðan samkeppnisþætti.

Því miður er hæstv. samgönguráðherra ekki við þessa umræðu en hann mætti vel taka sér til fyrirmyndar það sem núverandi hæstv. umhverfisráðherra og sá síðasti, sem bar það fyrst fram, þá hæstv. nú hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, hafa tekið sér fyrir hendur að gera hér. Ég tel að það sé mjög þarft. Þar sem fram voru komnar í fyrra ítarlegar umsagnir um málið og allar heldur jákvæðar að mig minnir tel ég að það geti farið fljótt í gegnum umhverfisnefnd og það nýtur þar a.m.k. í öllum meginatriðum stuðnings okkar samfylkingarmanna.

[13:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umfjöllunar frumvarp til laga um veðurþjónustu. Ég get tekið undir það með fyrri ræðumanni, hv. þm. Merði Árnasyni, að það er óhætt að óska hæstv. umhverfisráðherra til hamingju með þetta fyrsta mál sem hún fylgir hér úr hlaði í sínu nýja embætti.

Sömuleiðis get ég tekið undir það að málið virðist vel unnið. Það er vel að því staðið í alla staði. Þannig var staðið að samningu frumvarpsins að auk aðstoðarmanns umhverfisráðherra og lögfræðings í umhverfisráðuneytinu áttu Siglingastofnun og Samtök atvinnulífsins auk veðurstofustjóra aðild að nefndinni sem samdi frumvarpið. Frumvarpið er ekki flókið eða margslungið en gefur mjög glögga mynd af því hlutverki sem stjórnvöld ætlast til að Veðurstofan komi til með að fullnægja og fylla út í.

Þær greinar sem umsagnaraðilar sem rituðu umhverfisnefnd bréf í fyrra gerðu einhverjar athugasemdir við eru þær sem varða sérþjónustu, þjónustusamninga og aðgang að gögnum. Það vekur óneitanlega athygli að þeir sem gera yfir höfuð athugasemdir við frumvarpið eru aðilar sem einhverra hluta vegna hafa ákveðið að koma út á markaðinn og ætla sér að keppa við Veðurstofuna að einhverju leyti um sölu á þjónustu. Þetta eru fyrirtæki eins og Veður ehf., Íslenska útvarpsfélagið og síðan fyrirtæki sem ég man ekki hvað heitir. Það sést ekki á þessari umsögn. Jú, það heitir Halo, ef ég man rétt. Svo gerir Landsvirkjun nokkrar athugasemdir. En að öðru leyti eru þeir fjölmörgu aðilar sem fengu málið til umsagnar nokkuð sáttir við þetta. Engar efnislegar athugasemdir voru gerðar af okkar stærstu stofnunum sem þurfa að reiða sig á þjónustu Veðurstofunnar og það gefur manni til kynna að nokkuð góð sátt sé um þetta mál og það er auðvitað afar mikilvægt þegar mál af þessu tagi eru lögð fram á hinu háa Alþingi og þegar endurskoða þarf í grunninn stofnun á borð við Veðurstofu Íslands.

Þannig háttar þó til, eins og við vitum sem höfum starfað um nokkurt skeið í umhverfisnefnd, að fjármál stofnunarinnar hefur borið á góma hjá okkur oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Ég tel alveg eðlilegt að geta þess hér við þetta tækifæri þegar verið er að efna til uppstokkunar og tiltektar í málaflokknum að eðlilegt sé að skoða á sama tíma hvernig fjármál stofnunarinnar standa. Þau hafa ekki alltaf staðið vel. Veðurstofustjóri hefur komið fyrir umhverfisnefnd oftar en einu sinni og borið sig upp við nefndina varðandi ákveðna þætti fjármála stofnunarinnar. Ég tel því eðlilegt að umhverfisnefnd taki það til skoðunar á sama tíma og við skoðum þetta mál í grunninn að það verði tryggt að afkoma stofnunarinnar verði slík að henni sé gert kleift að standa undir þeim skyldum sem með þessu nýja frumvarpi eru lagðar henni á herðar.

Að svo mæltu geri ég ráð fyrir að vinnan við málið

verði frjó og þurfi ekki að taka langan tíma í nefndinni og geri ráð fyrir að gestir komi fyrir nefndina sem geti þá gefið gleggri mynd af því sem skýrir sig ekki sjálft í greinargerð með frumvarpinu.

[13:50]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki neinu við að bæta ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um þau almennu sjónarmið sem varða þetta mál sem hér er verið að ræða um, um veðurþjónustuna.

Ég vildi bara nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra um ákveðin tilvik, ákveðin atriði í veðurþjónustunni, þ.e. veðurþjónustuna á Hveravöllum. Henni var lokað í sumar þrátt fyrir mikil andmæli flestra sem tengdust þjónustu hennar. Hún var gerð sjálfvirk með þeim hætti að sú skráning sem þar fer fram er einungis á þeim atriðum sem hægt er að skrá sjálfvirkt, þ.e. á hitastigi og vindhraða og þess háttar. Hins vegar var skráning á hinu raunverulega veðri, skýjahæð, úrkomu, skyggni og öðru því um líku sem einungis er hægt að mæla og taka og gera grein fyrir með því að vera á staðnum, felld niður.

Mjög ákveðnar athugasemdir komu t.d. frá öllum þeim útivistarklúbbum og -hópum sem ferðast um hálendið. Það komu mjög alvarlegar athugasemdir frá flugmönnum sem eru háðir því að fljúga sjónflug yfir hálendið og höfðu notað einmitt veðurathugunina á Hveravöllum sem stuðning, til þess að fá upplýsingar um skýjafar.

Þar fyrir utan má minna á þau öryggissjónarmið sem hafa þar verið þessu fylgjandi bæði hvað varðar veður og viðveru á þessum stað sem er fjölfarinn árið um kring. Veðurþjónustan var hluti af öryggismálum sem þarna voru uppi.

Ég mótmælti því á Alþingi í fyrra að þetta skyldi verða gert. Engu að síður var þetta samt látið yfir landsmenn ganga. Svo hef ég heyrt að ýmsir aðilar hafi áhuga á því að hjálpa ríkinu við að koma upp aftur þessari þjónustu — þetta munaði ríkið kannski nokkrar milljónir króna, tvær, þrjár, fjórar eða eitthvað svoleiðis — eða bjóða ríkinu samstarf um að koma á veðurþjónustu á Hveravöllum ásamt annarri öryggisþjónustu sem þar þyrfti að vera. Ég held að borist hafi erindi til hæstv. ráðherra um þetta þar sem ríkinu er boðið samstarf um að halda uppi öryggismálum og veðurþjónustu og öðru slíku á Hveravöllum. Ég vil því inna ráðherrann eftir því hvort svo sé.

Ég vil líka koma þeirri athugasemd hér á framfæri að við það að gera veðurathugunarstöðvar sjálfvirkar þá mæla þær ekki hið raunverulega veður. Sumar athugunarstöðvar liggja t.d. meðfram þjóðvegum landsins og kannski sérstaklega þar er mjög mikilvægt að fá upplýsingar um hvers konar veður er, þ.e. hver sé skýjahæðin, hvert skyggnið sé o.s.frv. Sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar mæla það ekki. Mér þætti t.d. ágætt að vita hvernig veðrið er á Blönduósi en það er erfitt því að þar er nú komin sjálfvirk stöð og maður veit ekkert um skýjahæð eða hvernig skyggnið er, hvort þar sé t.d. skafrenningur, bylur eða þá hvernig úrkoman hagar sér. Ef maður er að keyra þessar löngu vegalengdir er mjög mikilvægt að veðurupplýsingar séu glöggar og gefi þau skilaboð sem óskað er eftir. Ég vildi líka koma þessu á framfæri, þ.e. að hafa öryggissjónarmiðin í huga, hið raunverulega veður, þegar verið er að skipuleggja þessa mikilvægu þjónustu.

Frú forseti. Ég vék sérstaklega að Hveravöllum og hef mikinn áhuga á að þar sé haldið uppi góðri þjónustu.

[13:55]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir góðar undirtektir við frumvarpið sem er hér til umfjöllunar. Það er alveg hárrétt að hér er um endurflutt mál að ræða þar sem í raun er verið að svara kalli tímans og setja sérþjónustuna í markaðsumhverfi þannig að hún verði aðskilin frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Það er mjög eðlilegt.

En ég vil bregðast sérstaklega við því sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði um veðurþjónustuna á Hveravöllum. Í raun er verið að fækka mönnuðum stöðvum. Þetta tengist auðvitað líka bara hreinlega tækniframförum og nýjungum í mælingum og öðru slíku. Þegar upp er staðið verður þjónustan kannski bara enn þá nákvæmari ef veðurstöðvarnar eru sjálfvirkar. Ég get þó tekið undir þau sjónarmið sem hann var að nefna hérna um ýmsa þætti. Þar er mannsaugað kannski nærmara til þess að meta en þessar sjálfvirku stöðvar. En ég á ekki von á því að þarna verði farið til baka. Það er búið að taka þessar ákvarðanir. Ég vil líka taka það fram að mér hefur ekki borist erindi þess efnis, a.m.k. ekki enn þá.

Af því að hann nefndi að verið gæti áhugavert að fá t.d. upplýsingar um það hvernig veðrið væri á einstökum stöðum þá vil ég líka benda á að það er álitamál hvort Veðurstofan ætti endilega að annast slíkt. Ég bendi honum á að í Grundarfirði hefur einstaklingur gert þetta með því að hreinlega er hægt að fara á netið og sjá myndir af staðnum. Þetta gæti því verið áhugavert verkefni fyrir áhugasaman einstakling, t.d. á Blönduósi og víðar. Hægt er að taka sér þetta til fyrirmyndar.

[13:57]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir tiltölulega jákvæða afstöðu til þeirra mála sem ég bar hér upp.

Það er sjálfsagt að huga að og innleiða alla hina bestu tækni í veðurþjónustu. Ég tel veðurþjónustuna hins vegar vera hluta af grunnupplýsingakerfi fyrir almennt mannlíf og atvinnulíf í landinu. Ég tel að hún sé ekki atvinnurekstur í sjálfu sér að öðru leyti heldur eigi hún að gefa sem bestar upplýsingar fyrir mannlífið og atvinnulífið.

Eins og ég vakti athygli á þá skiptir einmitt m.a. skyggnið máli fyrir þjóðvegakerfið en það kemur ekki fram í þeim tæknivæddu mælingum og mælitækjum sem nú eru notuð.

Ég tel líka að veðurþjónustan sé hluti af öryggiskerfinu, almennu öryggiskerfi landsmanna, og þess vegna eigi ekki að kasta henni út á einkamarkað. Hitt má vel vera, eins og hæstv. ráðherra minntist á, að verið geti að semja megi við einstaklinga um ákveðna þjónustu enda sé þá hægt að treysta á hana.

En ég ítreka það að komi erindi til hæstv. ráðherra um

að taka þátt í að byggja upp öryggisþjónustu á Hveravöllum sem m.a. taki til góðra upplýsinga um veður þá vænti ég þess að hún taki þeim tilmælum vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, 1. umr.

Stjfrv., 184. mál (eldri námur). — Þskj. 184.

[14:00]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Frumvarpið er í meginatriðum samið af starfshópi sem umhverfisráðherra skipaði í júní 2003 til að gera tillögur til ráðuneytisins um það með hvaða hætti væri hægt að binda leyfum töku efna úr námum.

Samkvæmt gildandi lögum skal afla framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar fyrir allri efnistöku á landi og úr hafsbotni innan netlaga. Þetta gildir um allar námur þar sem efnistaka hófst eftir gildistöku náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, þ.e. eftir 1. júlí 1999. Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, ná einnig til slíkrar efnistöku ef hún nær tilteknu umfangi eða er á náttúruverndarsvæðum. Um öll ný efnistökusvæði gilda því ákveðnar reglur sem tryggja að sveitarstjórnir og önnur stjórnvöld á borð við Umhverfisstofnun geta haft áhrif á hvernig efnistaka fer fram.

Hins vegar hefur ekki verið talið að framangreint ákvæði nái til eldri efnistökusvæða, þ.e. þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999. Þar sem mikill meiri hluti náma í landinu fellur undir þann flokk hefur af þessum sökum ekki tekist að koma á eðlilegu eftirliti með stórum hluta þeirra efnisnáma sem í landinu eru. Til að taka af allan vafa er í frumvarpi þessu lagt til að skýrt verði kveðið á um að um eldri námur gildi sömu reglur og um nýjar. Gert er ráð fyrir að þetta verði gert í tveimur áföngum.

Tilgangurinn með frumvarpinu er ekki að koma í veg fyrir efnistökuna heldur fyrst og fremst að tryggja virkt eftirlit af hálfu náttúruverndaryfirvalda og vönduð vinnubrögð svo efnistakan fari fram í sátt við umhverfið. Síðast en ekki síst mun frágangur náma verða með sambærilegum hætti þegar efnistöku lýkur, hvort sem um er að ræða gamlar eða nýjar námur.

Í frumvarpinu er í fyrsta áfanga lagt til að eftir 1. júlí 2007 þurfi framkvæmdaleyfi sveitarstjórna fyrir efnistöku í eldri námum þegar eitt af eftirfarandi skilyrðum á við:

Í fyrsta lagi þegar áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25 þús. fermetra eða meira. Í öðru lagi þegar áætlað er að taka 50 þús. rúmmetra af efni eða meira á viðkomandi efnistökusvæði. Í þriðja lagi þegar áætluð er samanlögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökusvæða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði upp á 25 þús. fermetra eða meira. Og í síðasta lagi þegar efnistaka fer fram á verndarsvæði.

Gert er ráð fyrir að lög um mat á umhverfisáhrifum taki einnig til þessara náma eins og um nýja framkvæmd væri að ræða. Það þýðir að í flestum tilfellum ber að tilkynna efnistökuna til Skipulagsstofnunar sem tekur ákvörðun um hvort hún skuli fara í mat á umhverfisáhrifum. Allra stærstu námurnar í þessum flokki verða hins vegar sjálfkrafa matsskyldar, þ.e. þar sem fyrirhuguð er stækkun efnistökusvæðis um 50 þús. fermetra eða meira eða þar sem fyrirhugað er að teknir verði yfir 150 þús. rúmmetrar af efni.

Í öðrum áfanga frumvarpsins er gert ráð fyrir að eftir 1. júlí 2010 þurfi allar starfandi námur framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Eftir þann tíma eiga sömu reglur að gilda um allar námur í landinu og efnistaka að vera samræmd með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum.

Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni 1. umr. vísað til háttvirtrar umhverfisnefndar.

[14:04]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er um brýnt mál að ræða, þ.e. efnistaka á eldri námum.

Ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. umhverfisráðherra hvort til standi að taka á heildarendurskoðun náttúruverndarlaganna. Það er orðið brýnt að taka á 17. gr., hvað varðar akstur utan vega og skilgreina vegi þannig að hægt verði að taka á þessum málaflokki og öðru sem tengist beint því máli sem við ræðum núna, þ.e. stjórnsýsluúrræði Umhverfisstofnunar. Þau eru fátækleg.

Í 73. gr. laganna segir að nota skuli dagsektir en í 76. gr. er fjallað um refsiábyrgð fyrir dómstólum. Ég tel brýnt að fara yfir það að auðvelda Umhverfisstofnun að taka á brotum með stjórnsýsluákvörðun þannig að þessi mál geti gengið hratt og vel fyrir sig.

Segjum að einhver gangi ekki frá námu eins og honum er skylt að gera samkvæmt lögum. Þá er hægt að ákvarða honum dagsektir eins og lögin eru, samkvæmt 73. gr. Samkvæmt þeim má knýja menn til framkvæmda, sem þeim er skylt að gera. En setjum svo að sá sem skyldaður er til að ganga frá námu dragi lappirnar. Hvað gerist þá? Þá gerist ekki neitt vegna þess að í lögum um aðför segir í 71. gr. að þegar viðkomandi hefur loksins komið sér að verki, þ.e. að ganga frá námunni, þá falli dagsektir niður. Dagsektirnar eru því ónýtt ákvæði og þessu þarf nýr hæstv. umhverfisráðherra að breyta.

Það væri fróðlegt að fá svar við þessum tveimur spurningum, annars vegar því hvort ekki sé rétt að fara yfir stjórnsýsluúrræði til að fá lögin til að virka og einnig til að gæta að jafnræði meðal þeirra verktaka sem annars vegar starfrækja námur og ganga vel frá námum og þeirra sem ganga síður frá námum.

Ég tel brýnt að einhver framför verði í málaflokknum. Þetta mál þolir enga bið. Fleiri mál er varða umhverfismál búa við veik stjórnsýsluúrræði og mundi auðvelda allan framgang málaflokksins ef tekið yrði á þessu atriði.

[14:08]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Hæstv. umhverfisráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingu á náttúruverndarlögum er varða eldri námur. Óhætt er að segja að þar sé tímabær breyting á ferðinni. Náttúruverndarsamtökin og Landvernd hafa lengi kallað eftir skarpari reglum og lagasetningu um

þau mál. Þá má nefna að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur gert málið að umræðuefni, bæði á þingi sem í fjölmiðlum og þá sérstaklega rætt um sárið í Ingólfsfjalli.

Eins og hv. þingmenn vita eru eldri malarnámur víða eins og sár í landslaginu. Því miður er víða illa um þær gengið og illa gengið frá þeim sem ekki eru lengur í notkun.

Mig langar að nota tækifærið og inna hæstv. ráðherra eftir nokkrum atriðum í frumvarpinu. Ég vona að hún geti svarað þeim við þessa umræðu. Það fyrsta sem ég staldra við er að í 1. gr. er lagt til að eftir 1. júlí 2007 verði efnistaka óheimil nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórna, samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga o.s.frv. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, frú forseti, hvers vegna miðað er við þessa dagsetningu, eftir tæp 3 ár. Síðari áfangi á að ganga í gildi 2010 ef ég hef lesið frumvarpið rétt. Mér finnst þetta helst til langur tími og vildi gjarnan vita hvaða rök búa að baki hjá ráðherra og ráðuneyti.

Þá segir í greinargerð, frú forseti, að með þessari lagabreytingu, verði hún samþykkt, verði komið böndum á stóran hluta af þeim námum sem í landinu eru. Mig fýsir að vita hve stóran hluta er um að ræða, hve margar námur við erum að tala um? Veit það einhver? Er til úttekt á landsvísu um hve margar námur eru á Íslandi, bæði þær sem hætt er að nota og hinar sem enn eru í notkun?

Samkvæmt skrá Vegagerðarinnar sem einnig er nefnd í greinargerðinni, eru nú skráðar 3.040 námur á Íslandi. Þar af er rúmur helmingur, 55% af þeim eða 1.658 námur, skráðar ófrágengnar. Einnig segir að talið sé að helmingur þeirra, þ.e. hinna ófrágengnu, sé enn í notkun. Þetta er, frú forseti, gífurlegur fjöldi náma. Ég verð að segja að ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að vitað væri um yfir 3 þús. námur í landinu. Þetta hangir saman við fyrri spurningu mína: Yfir hve stóran hluta þessara náma mun þessi lagabreyting taka yfir, ef samþykkt verður? Einnig væri gott að vita hvort einhver veit nákvæmlega hve margar námurnar eru, hvort Vegagerðin hafi í raun gert tæmandi skrá yfir þær.

Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Starfshópurinn telur því að ekki eigi að vera miklum vandkvæðum bundið að binda hinar eldri námur leyfum á sama hátt og þær nýju. Jafnframt telur hann nauðsynlegt að í framkvæmdaleyfi skuli gerð grein fyrir stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta samkvæmt leyfinu, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði."

Annars staðar í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Umfangsmesta efnistakan er sjálfkrafa matsskyld." — Við vitum að það er samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. — „Starfshópurinn telur nauðsynlegt að fram geti farið mat á umhverfisáhrifum allrar efnistöku sem áætluð er í framtíðinni. Fari efnistaka fram á svæði sem þegar hefur verið raskað kann það að leiða til þess að umhverfisáhrif hennar verði talin minni en ella. Það kemur þó ekki sjálfkrafa í veg fyrir að umhverfismat geti farið fram."

Ef ég hef skilið það rétt sem segir í greinargerðinni er starfshópur ráðuneytisins að leggja til að í framtíðinni verði allur námugröftur, allar malarnámur, settar undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Núna eru þær allar tilkynningarskyldar en fara ekki sjálfkrafa í mat. Mig langar að spyrja hæstv. umhverfisráðherra hvort þetta sé fyrirætlan hennar, að koma því þannig fyrir. Ef svo væri mundi ég fagna því af því að ég held að það sé eina ráðið til að ná böndum yfir þessa starfsemi, að hún sé ekki bara tilkynningarskyld heldur þurfi hún að fara í umhverfismat. Fjöldi námanna gefur það til kynna og líka umfang margra þeirra. Þetta eru um margt gífurlega stórar námur.

Að allra síðustu langar mig að koma inn á tvö atriði. Í d-lið 1. gr. frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„d. efnistakan fer fram á verndarsvæði, sbr. iii-lið 2. tölul. 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, eða á svæði sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi."

Hefur ekki komið til álita í umhverfisráðuneytinu að efnistaka á svæði sem fyrirhugað er að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun væri óleyfileg? Ég mundi halda að það væri skynsamlegt að gefa ekki kost á malarnámi á svæði sem er friðlýst eða á að friðlýsa. Það væri fróðlegt að heyra hvað hæstv. ráðherra hefur um það að segja.

Ég get ekki séð að í þessu frumvarpi sé neitt sem gefur ríkisvaldinu einhvers konar neyðarrétt sem hefði þyngra vægi en einkaeignarrétturinn. Nú kemur fram að flestar námur eru í einkaeign en það má færa fyrir því gild rök að stundum þurfi að taka fram fyrir hendurnar á eigendum lands sem augljóslega ástunda náttúruspjöll. Svo virðist sem ríkisvaldið hafi, eins og lögin eru núna, engin úrræði til þess. Síðasta spurning mín til hæstv. umhverfisráðherra er um hvort það hafi verið rætt við undirbúning þessa máls. Hver er skoðun hennar á því að ríkisvaldið hafi einhvers konar neyðarrétt til að koma í veg fyrir náttúruspjöll?

[14:16]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Því ber að fagna að nú skuli lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd sem varðar eldri námur og frágang þeirra. Það er sannarlega orðið tímabært að sjá þetta mál hér á okkar borðum því mikið ófremdarástand hefur ríkt í þessum málum um nokkra hríð. Það sést vel á greinargerð sem fylgir frumvarpinu þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum og athugasemdum starfshópsins sem vann þessar tillögur fyrir ráðuneytið að víða hefur verið pottur brotinn og í raun og veru skammarlegt að við skulum viðurkenna að hér hafi staðið á annað þúsund námur opnar og ónotaðar um árabil án þess að við höfum getað gert nokkuð í því að loka þeim eða ganga þannig frá þeim að sómi væri að.

Það segir í 49. gr. náttúruverndarlaganna að efnistökusvæði skuli ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár og ég veit ekki betur en Náttúruvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, hafi gert gangskör að því við umhverfisráðherra á síðustu missirum að reyna að fá fjármagn í að ganga frá þessum námum eins og lög gera ráð fyrir en það hefur ekki fengist.

Það verður að taka þessi mál það föstum tökum að gengið verði frá opnum og ónotuðum námum og ég sé ekki

alveg í hendi mér hvort þetta bráðabirgðaákvæði er fullnægjandi hvað það varðar. Það verður að sjálfsögðu skoðað afar gaumgæfilega í umhverfisnefndinni en í öllu falli er þó alveg ljóst að það sem bráðabirgðaákvæðið hefur í för með sér er allt til bóta. T.d. má nefna að eftir 1. júlí 2007 skuli efnistaka vera óheimil nema að fengnu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar á svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni var hafin fyrir 1. júlí 1999 og fullnægir þeim skilyrðum sem tíunduð eru í ákvæðinu. Þetta er því allt til bóta og ekki síst að eftir 1. júlí 2010 skuli þurfa að afla framkvæmdaleyfis fyrir alla efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 samkvæmt ákvæði VI. kafla náttúrverndarlaganna.

En það þarf samt sem áður að skoða hvort bráðabirgðaákvæðið nær nægilega vel yfir þennan málaflokk og það verður að sjálfsögðu ítarlega skoðað í umhverfisnefndinni.

Eins og ég hóf mál mitt á að segja hafa þessi mál verið í miklum ólestri hingað til og að reglurnar sem við höfum búið við hafi einungis talist ná til eldri námanna að mjög takmörkuðu leyti er auðvitað mjög alvarlegt og umhverfisnefnd verður að sjá til þess að þetta bráðabirgðaákvæði, úr því verið er að hreyfa við þessum málaflokki á annað borð, sé fullnægjandi þannig að við getum talið sóma að.

Sjálfri hefur mér alltaf fundist hálfankannalegt og ekki kannski nægilega vel að orði kveðið í 49. gr. varðandi frágang efnistökusvæða, en í henni segir, með leyfi forseta:

„Að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi.“

Það verður að vera alveg ljóst hverjar kröfur beri að gera til þeirra er ganga frá efnistökusvæðum og vera skilgreint með fullnægjandi hætti hvað löggjafinn á við þegar talað er um að ganga snyrtilega frá efnistökusvæði. Sjá verður til þess að Umhverfisstofnun geti gengið eftir því svo viðunandi sé að gengið sé þannig frá efnistökusvæðum að sem minnst vegsummerki sjáist og svæðið falli vel að umhverfinu, en verði ekki flakandi sár sem endalaust ómi söguna út í loftið.

Það er rétt að taka undir það sem starfshópurinn segir, og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, að eðlilegt sé að öll efnistaka í landinu lúti sömu reglum og mér sýnist bráðabirgðaákvæðið sem hér er lagt til að sé bætt inn í náttúruverndarlögin komi til með að gera, að langmestu leyti. En það þarf líka að skoða gaumgæfilega í umhverfisnefndinni hvort hér sé nægilega mikið að gert.

[14:22]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Það var beint til mín nokkrum spurningum og ég mun reyna að svara þeim eftir bestu getu.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson nefndi hvort til stæði að fram færi heildarendurskoðun á náttúruverndarlögunum. Það hafa ekki verið hugmyndir um heildarendurskoðun á lögunum en hins vegar er starfshópur að störfum sem er sérstaklega að fjalla um akstur utan vega, og þá munu þau atriði sem þingmaðurinn nefndi hér áðan í ræðu sinni vera tekin sérstaklega til skoðunar, t.d. skilgreining á því hvað er vegur og ýmislegt fleira.

Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson nefndi í ræðu sinni að það þarf að ríkja jafnræði á milli þeirra sem eru í efnistökunni. Ég tel að þar eigi samkeppnissjónarmið einmitt að ráða svo allir séu jafnsettir. Það getur auðvitað ekki gengið að hlutirnir séu með þeim hætti að þeir sem eru að fara að opna nýjar námur séu settir undir allt aðrar reglur en aðrir, þetta er auðvitað sanngirnismál.

Hins vegar hvað snertir dagsetningarnar sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir nefndi, og fannst vera gefinn of langur aðlögunartími, þá er það í raun og veru svo að fram að þessu hafa menn túlkað lögin á þann hátt að þau næðu ekki yfir eldri námur og þá er eðlilegt að gætt sé hófs og gefinn aðlögunartími. Það má svo auðvitað alltaf deila um hversu langur hann á að vera. Í þessu tilfelli var verið að reyna að þræða meðalhófið með því að setja dagsetningarnar niður með þessum hætti.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir nefndi að þetta eru nokkuð margar námur. Í greinargerðinni kemur fram að þær séu yfir þrjú þúsund og af þeim er rúmlega helmingurinn ófrágenginn. Um helmingur ófrágenginna náma er í notkun, u.þ.b. 800 talsins. Sumar eru með leyfi en aðrar munu hins vegar verða aflagðar.

En ef við lítum á viðmiðanirnar sem eru settar fram í frumvarpinu þá eru það u.þ.b. 100 námur sem falla undir þessi ákvæði en það er ekki nákvæm tala, það eru u.þ.b. 100 námur.

Hvað snertir þá niðurstöðu starfshóps ráðuneytisins hvort allar námur verði matsskyldar í framtíðinni þá er það reyndar ekki svo. Þær sem eru matsskyldar eru þær námur sem eru yfir ákveðnum mörkum og eins og ég nefndi í ræðu minni áðan er það þar sem er fyrirhuguð stækkun efnistökusvæðis um 50 þúsund fermetra eða meira og þar sem fyrirhugað er að teknir verði yfir 150 þúsund rúmmetrar af efni. Þetta eru þessar viðmiðanir en í frumvarpinu er hins vegar verið að gera eldri námurnar tilkynningaskyldar með ákveðnum hætti.

Síðan nefndi hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir malarnám á friðlýstum svæðum og nefndi þar neyðarrétt, hvort hann ætti að vera fyrir hendi. Ég tel raunar að það eigi að vera hægt að sjá fyrir þessu með tilkynningaskyldunni en ég er hins vegar tilbúin að skoða málið og ég beini því til umhverfisnefndar að fara mjög vandlega yfir það í umfjöllun sinni og ég fagna umræðunni sem hefur farið hér fram. Hér um mál að ræða sem var alveg ljóst að þurfti að taka á og ég treysti því að málið verði skoðað mjög vel í umhverfisnefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 1. umr.

Stjfrv., 192. mál (hollustuháttaráð). — Þskj. 192.

[14:27]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 7 frá 1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir: Frumvarpið er samið í umhverfisráðuneytinu í samráði við Samtök atvinnulífsins og Samband íslenskra sveitarfélaga. Í því er lagt til að hollustuháttaráð, sem nú

starfar samkvæmt 17. gr. laganna, verði lagt niður í núverandi mynd og í stað þess verði skipuð þriggja manna samstarfsnefnd.

Hlutverk hollustuháttaráðs er samkvæmt núgildandi lögum að fjalla um þá þætti sem falla undir lögin og varða atvinnustarfsemi svo sem samhæfingu krafna og eftirlits. Enn fremur skal ráðherra leita álits ráðsins um þá þætti er varða atvinnustarfsemi svo sem lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár.

Ráðið hefur verið skipað níu mönnum, þ.e. fulltrúum frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, ASÍ, Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa og landlæknisembættinu auk forstjóra Umhverfisstofnunar og formanni tilnefndum af ráðherra. Ráðið hefur starfað síðan 1998 og þykir reynslan af störfum þess ekki gefa tilefni til að halda því áfram í núverandi mynd.

Upphaflega var tilgangur ráðsins að skapa samráðsvettvang milli stjórnsýslunnar annars vegar og atvinnulífsins hins vegar um eftirlit og kröfur sem settar hafa verið á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Segja má að sú skipan hollustuháttaráðs sem verið hefur hafi ekki náð að fylgja því hlutverki eftir með markvissum hætti. Í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af störfum ráðsins er því lagt til að hlutverki þess og samsetningu verði breytt svo að um verði að ræða lögbundið samráðsferli sem snýr að stjórnvöldum annars vegar, þ.e. umhverfisráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og atvinnulífinu hins vegar, þ.e. Samtökum atvinnulífsins. Er gert ráð fyrir að hin nýja samráðsnefnd fjalli áfram um stefnumarkandi þætti er falla undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og varða atvinnustarfsemi. Að auki er lagt til að nefndin geti haft frumkvæði að því að taka upp slík mál við ráðherra og sveitarfélögin en hollustuverndarráði er ekki ætlað slíkt hlutverk samkvæmt núgildandi lögum. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni 1. umr. vísað til umhverfisnefndar.

[14:30]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég tek undir að það má endurskoða hollustuháttaráð og skipan þess en ég er svo sem ekki sannfærður um að sú skipan sem nú er tekin upp sé sú besta. Áður en lengra er haldið finnst mér rétt að gera smávægilega athugasemd við greinargerð með frumvarpinu en í henni kemur fram að kostnaður við rekstur heilbrigðis- og mengunareftirlits á vegum sveitarfélaganna sé að mestu leyti borinn uppi af atvinnulífinu, eða sem nemur ¾ hlutum kostnaðar. Þá finnst mér rétt að taka fram að eftirlitsgjöldin eru venjulega 60–70% af tekjum heilbrigðiseftirlitanna og 30–40% eru bein framlög sveitarfélaganna. Þar af greiða opinber fyrirtæki af þessum 60–70% tæpan helming, eða um 40%. Það eru þá eftirlitsgjöld með vatnsveitum sem eru talsverð, eftirlitsgjöld með sundlaugum, leikskólum, skólum, sjúkrahúsum og svona má lengi telja. Samtök atvinnulífsins standa ekki alfarið undir ¾ hlutum kostnaðarins. Mér finnst rétt að taka þetta fram í umræðunni áður en lengra er haldið.

Það sem ég átta mig ekki alveg á varðandi tilgang þessarar samstarfsnefndar er hlutverk hennar. Það væri ágætt að fá nánar að vita um það. Fram kemur að það eigi að fjalla um þætti sem varða atvinnustarfsemi, svo sem „lagabreytingar og stefnumarkandi reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár". Það væri gott að fá nánar að vita hvað átt er við. Ég tel í sjálfu sér að samstarf atvinnulífsins og þeirra sem fara með eftirlit sé mjög mikilvægt og það sé mjög góð reynsla af fulltrúum atvinnulífsins í heilbrigðisnefndum yfirleitt. Þess vegna mætti skoða hvort þessi samstarfsnefnd ætti þá ekki að vera jafnvel samstarfsnefnd þeirra sem fara með eftirlitið og atvinnurekenda. Ég varpa fram þessari hugmynd.

Eins og áður segir væri ágætt að fá nánar að vita um hlutverk þessarar nýju samstarfsnefndar.

[14:33]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni um það að gott væri að fá meira að heyra um hvað þessari nefnd er ætlað að gera. Það er frekar óljóst í greinargerðinni með frumvarpinu, rætt um „lögbundið samráðsferli" en ekki tekið fram um hvað það snúist eða hvað í því felist nema það að menn eigi að skoða saman, þessir þrír, ýmsar reglugerðir og þau mál sem upp koma.

Ljóst er að hin eldri nefnd eða hollustuháttaráðið svokallaða þykir ekki hafa heppnast vel og því spyr ég mig hvort ekki sé rétt að hvetja hæstv. ráðherra til að ganga skrefinu lengra og losa skattgreiðendur í landinu við þennan litla sepa út úr ríkisvaldinu. Væntanlega er ætlast til þess að skattgreiðendur greiði þessi laun. Hins vegar sé aðilum falið að hafa það samráð sem eðlilegt er í hverju tilviki og ekki endilega bara við sveitarfélög og Samtök atvinnulífsins heldur líka við ýmsa þá aðra sem þarna er um að ræða.

Ég geri ráð fyrir að flest þau mál sem þessi nefnd mundi fjalla um varði líka starfsmenn á þeim vinnustöðum sem yfirleitt um ræðir og hefur valdið því að t.d. Alþýðusamband Íslands var sett inn í gömlu nefndina. Með því að stofna þessa þriggja manna nefnd er um leið verið að taka Alþýðusamband Íslands og þar með fulltrúa starfsmanna út úr hinu lögbundna samráðsferli. Ég áskil mér allan rétt til að hugleiða það í nefndarstarfi í umhverfisnefnd hvort það er rétt eða ekki.

Fyrstu viðbrögð mín eru því þau að í greinargerðinni sé ekki gerð almennilega grein fyrir því um hvað þessi nefnd eigi að fjalla og sú spurning vaknar hvort hún sé til nokkurs hlutar.

[14:36]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Eins og ráðið er skipað í dag eru í því níu menn sem koma úr mjög ólíkum áttum og eiga mjög ólíka aðkomu að málum. Það er fjallað nokkuð um þetta í greinargerðinni, t.d. það að forstjóri Umhverfisstofnunar sé lögskipaður inn í hollustuháttaráðið sem auðvitað gefur augaleið að er ekki heppilegt. Í raun og veru er verið að einfalda hlutina, ekki síst í ljósi þeirrar reynslu sem hefur fengist af störfum ráðsins. Þess vegna er verið að breyta hlutverkinu og samsetningunni þannig að um verði að ræða lögbundið samráðsferli sem snýr að þessum þremur aðilum, þ.e. um-

hverfisráðherra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum atvinnulífsins, og þá er gert ráð fyrir að hin nýja samráðsnefnd fjalli áfram um stefnumarkandi þætti sem falla undir lögin um hollustuhætti og mengunarvarnir og varða atvinnustarfsemi.

Því til viðbótar er líka verið að leggja til að nefndin geti haft frumkvæði að því að taka upp slík mál við ráðherra og sveitarfélögin en hollustuháttaráði er ekki ætlað slíkt hlutverk samkvæmt núgildandi lögum. Ég tel að hér sé um breytingu að ræða sem eigi að vera til bóta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þriðja kynslóð farsíma, 1. umr.

Stjfrv., 160. mál. — Þskj. 160.

[14:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli öðru sinni fyrir frumvarpi til laga um þriðju kynslóð farsíma en frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi og varð ekki útrætt þá.

Í ársbyrjun 2004 skipaði samgönguráðherra stýrihóp til að vinna að gerð fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005–2010. Með henni er stefnt að því að móta heildarstefnu í fjarskiptamálum á Íslandi til þess m.a. að kortleggja með hvaða hætti stjórnvöld geti komið að frekari uppbyggingu í fjarskiptamálum, m.a. í ljósi þess að fjarskiptafyrirtæki telja ekki markaðsforsendur fyrir uppbyggingu. Stýrihópnum er m.a. ætlað að skoða og gera tillögur um stefnu stjórnvalda er varðar gagnaflutninga, tengingar á landsbyggðinni, farsímasamband á þjóðvegum og fleira. Áætlanir mun ég leggja fyrir Alþingi þegar þar að kemur.

Með áætluninni munum við marka okkur stefnu til næstu ára sem ætlað er að leggja grunn að framþróun íslensks samfélags með því að bjóða bestu, ódýrustu og öruggustu rafrænu samskiptin með breytingu fjarskipta- og upplýsingatækni.

Við lifum á tímum örra breytinga fjarskiptatækninnar. Upplýsingatækni og fjölmiðlun er að renna saman í einn farveg þar sem aukinn hraði gagnasendinga og lækkun kostnaðar opnar nýja möguleika fyrir dreifingu og móttöku efnis. Þetta gjörbreytir hefðbundnu fyrirkomulagi fjölmiðlunar, talsímaþjónustu og gagnaflutnings sem allt getur nú runnið í gegnum sama tækið. Þróun þessara mála er hröð og stjórnvöld verða að fylgja henni eftir og leggja hönd á plóginn þegar á þarf að halda. Ég minni á þátttöku ríkisins í lagningu sæstrengs á vegum fyrirtækisins Farice þar sem samgönguráðherra hafði forgöngu um þá framkvæmd þegar framtak fjarskiptafyrirtækjanna brast. Í dag er eignarhald á Farice í höndum símafyrirtækja á Íslandi og í Færeyjum og á vegum samgönguráðuneytisins. Engum blöðum er um það að fletta að það var bráðnauðsynlegt og þjóðhagslega hagkvæm framkvæmd sem, eins og fjarskiptin, leggur grunn að sjálfstæðu íslensku samfélagi.

Þetta rifja ég upp af því tilefni að ég mæli fyrir því frumvarpi sem er á dagskrá vegna þess að allt tengist þetta framförum og mikilvægum áföngum okkar í uppbyggingu fjarskiptakerfanna.

Frumvarpið sem hér er lagt fram er nokkru seinna á ferðinni en víðast annars staðar í Evrópu. Þegar litið er til reynslunnar þar af uppbyggingu þriðju kynslóðar farsíma er ljóst að það var rétt ákvörðun að flýta sér hægt við úthlutun og uppbyggingu hér á landi. Víða í Evrópu voru tíðnir fyrir þriðju kynslóð farsíma boðnar hæstbjóðanda. Mörg uppboðanna fóru fram þegar óhófleg bjartsýni var um afkomumöguleika net- og hátæknifyrirtækja, einnig þekkt sem dotcom-æði. Þessi mikla bjartsýni á möguleikum fjarskipta og upplýsingatækninnar leiddi til óraunhæfra tilboða í tíðnir fyrir þriðju kynslóð farsíma. Mörg fjarskiptafyrirtæki lentu í vandræðum þegar bólan sprakk og á daginn kom að langt væri í land með þjónustu sem byggði á þriðju kynslóð farsíma, þ.e. að hún næði fótfestu á markaðnum. Þetta leiddi til verulegrar skuldsetningar og jafnvel gjaldþrota fyrirtækja og skertrar fjárhagslegrar getu annarra til uppbyggingar neta og þjónustu auk þess sem leyfum var skilað. Að auki hafa þessi uppboð leitt til dýrari þjónustu vegna mikils kostnaðar af leyfunum þannig að allt lenti þetta fyrir rest á neytendum, þ.e. notendum fjarskiptatækninnar.

Í dag býr fjarskiptamarkaðurinn við allt önnur ytri skilyrði. Það hefur orðið veruleg uppbygging neta og reynsla er að komast á fjöldaframleiddan notendabúnað fyrir hina svokölluðu þriðju kynslóð farsíma. Einnig hefur orðið nokkur þróun og aukið framboð á þjónustu sem krefst afkastagetu þriðju kynslóðarinnar, svo sem myndsímaþjónusta, margmiðlun og gagnaflutningaþjónusta. Markaður fyrir slíka þjónustu er að sjálfsögðu frumskilyrði fyrir velgengni þessarar þriðju kynslóðar farsíma.

Í Bretlandi er þegar starfrækt þriðju kynslóðar þjónusta sem nær til allra helstu borga þar í landi og þar er nú þegar á aðra milljón áskrifenda. Annars staðar í Evrópu er þriðja kynslóðin að taka verulega við sér þótt útbreiðslan sé enn langt undir upphaflegum væntingum. Þriðju kynslóðar farsímaþjónustan hefur hins vegar náð verulegri útbreiðslu í Asíu, sérstaklega í Japan og Kóreu en þar hefur orðið sprenging í útbreiðslunni eftir nokkuð erfiða byrjun. Þetta m.a. má þakka lækkandi verði á notendabúnaði og fjölbreyttari þjónustu.

Ríflega níu af hverjum 10 Íslendingum nota farsíma í daglegu lífi og internetnotkun hér á landi er meðal þess mesta sem þekkist í heiminum. Þess er að vænta að Íslendingar taki vel við framboði á nýrri kynslóð GSM-síma og nýti sér þá tækni þegar hún verður fyrir hendi. Með þriðju kynslóðinni er aukin áhersla lögð á gagnaflutninga og nýir möguleikar opnast fyrir samskipti með háum sendingarhraða og fjölbreytta þjónustu sem ugglaust mun hugnast Íslendingum vel sem eru afskaplega áhugasamir um alla þessa tækni að því er virðist. Þegar við skoðun notkunina blasir það við.

Ljóst er að þróunin í Evrópu er veruleg vísbending um að þessi tækni sé að taka við sér og verða almennari. Nauðsynlegt er að löggjafarvaldið hér tryggi að til staðar sé nauðsynlegur lagarammi um þessa nýju tækni þegar fjarskiptafyrirtæki sjá sér hag í því að byggja upp þjónustuna. Þá er nauðsynlegt að það sé gert með þeim hætti að til hagsbóta sé fyrir almenning alls staðar á landinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir hófsamri gjaldtöku en þar er lagt til að efnt verði til útboðs, þ.e. svokallaðrar fegurðarsamkeppni, þar sem m.a. er tekið tillit til hraða uppbyggingar og útbreiðslu ásamt þjónustu eftir mannfjölda á svæðum. Einnig verður að hafa í huga að um leið og þriðja kynslóð farsíma verður almenn erlendis munu ferðamenn gera kröfu um aðgang að sambærilegri þjónustu hér á landi.

Virðulegi forseti. Markmið frumvarps þessa er að afla heimildar til að úthluta tíðnum fyrir þriðju kynslóð farsíma, tryggja hagsmuni neytenda og virkja samkeppni á íslenskum farsímamarkaði. Frumvarpið er í litlu breytt frá því frumvarpi sem lagt var fram á síðasta þingi.

Frumvarpið sem hér er lagt fram kveður á um nokkur atriði er varða þriðju kynslóð farsíma sérstaklega, en að öðru leyti gilda almenn ákvæði fjarskiptalaganna. Frumvarpið gerir ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun úthluti tíðnum, sem er í samræmi við lögbundið hlutverk stofnunarinnar samkvæmt fjarskiptalögum. Í frumvarpinu er sett fram það skilyrði að rétthafar tryggi útbreiðslu þriðju kynslóðar farsímaþjónustu til 60% íbúa eftirfarandi svæða hvers um sig:

a. höfuðborgarsvæðis,
b. Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands vestra,
c. Norðurlands eystra og Austurlands,
d. Suðurlands og Suðurnesja.

Rétthöfum er heimilt að hafa samstarf um að uppfylla þessa kröfu að uppfylltum skilyrðum fjarskiptalaganna um reiki og samkeppni. Nái þeir ekki samningum um reiki verða þeir að byggja upp þjónustuna sjálfir.

Í frumvarpinu er miðað við að tíðnigjald verði 190 millj. kr. á hvert leyfi, en afsláttur verður veittur fyrir aukna útbreiðslu utan höfuðborgarsvæðisins. Veittur er 10 millj. kr. afsláttur fyrir hvern hundraðshluta yfir 60% útbreiðslu og er hann veittur strax í upphafi leyfistímans. Leyfisgjaldið verður þó aldrei lægra en 40 millj. kr. Þessu ákvæði er ætlað að stuðla að aukinni útbreiðslu þjónustunnar. Til þess að fá hámarksafslátt af tíðnigjaldi, þ.e. að greiða 40 milljónir í tíðnigjald, þarf rétthafi að tryggja a.m.k. 75% útbreiðslu á hverju svæði. Það gefur augaleið að afslátturinn hvetur til aukinnar útbreiðslu og uppbyggingu þjónustunnar á landsbyggðinni og er það markmiðið með honum.

Ég legg áherslu á að uppbygging þjónustunnar á að taka mið af viðskiptaáætlun fyrirtækjanna, þannig að ekki felast í þessu kröfur um uppbyggingu sem ekki eiga sér markaðslegar forsendur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir allt að fjórum tíðniúthlutunum og að undangengnu almennu útboði. Frumvarpið gerir ráð fyrir útboði í formi svokallaðrar fegurðarsamkeppni eins og fyrr er nefnt. Nokkrar ástæður eru fyrir þessu vali.

Í fyrsta lagi má benda á reynsluna í Evrópu, þar sem niðurstaða útboðanna leiddi til fjárhagslega veikari fyrirtækja sem getur leitt til dýrari þjónustu og hægari uppbyggingu vegna skerts fjárhags. Tíðni fyrir farsímaþjónustu er verðmæt. Íslensku fyrirtækin eru misjafnlega fjárhagslega burðug eða vel í stakk búin til þess að bjóða í tíðnirnar. Því þykir hvorki ástæða né sanngjarnt að keppt sé um tíðni á fjárhagslegum forsendum einum, eins og ýmsir hafa lagt áherslu á.

Það er einnig vilji minn að frumvarpið stuðli áfram að hagkvæmum gjöldum fyrir fjarskiptaþjónustu hér eftir sem hingað til. Með því að rétthafar greiði hóflegt gjald miðað við 75% útbreiðslu er stuðlað að því að helstu farsímafyrirtækin ráði við að tryggja sér tíðni. Einnig að þeir hafi eftir sem áður góða burði til að byggja upp þjónustuna enn frekar af þeim metnaði sem felur það í sér að tryggja hér bestu fjarskiptaþjónustu.

Frumvarpið miðar að því að tíðni fyrir þriðju kynslóðar farsímaþjónustu verði boðin út með það að markmiði að tryggja bestu fáanlegu þjónustu sem víðast á landinu. Gert er ráð fyrir að bjóðendur sendi inn viðskiptaáætlun um hvernig þeir ætla að haga uppbyggingu þjónustunnar. Í útboðslýsingu verða settir fram þeir þættir sem ráða munu vali á bjóðendum og vægi þeirra skilgreint. Þó er ljóst eins og fram kemur í greinargerð að tilboðin verða annars vegar metin á grundvelli hversu mikil útbreiðslan verður og hins vegar hvenær áskrifendur umsækjenda muni njóta aðgangs að svokallaðri UMTS-neti hans. Þessar upplýsingar skulu koma fram í viðskiptaáætlun bjóðanda sem er hluti af tilboðsgögnum hans. Með þessu er best tryggt að sem flestir landsmanna njóti þjónustunnar sem fyrst.

Frumvarpið miðar við að gildistími leyfanna takmarkist við fimmtán ár, sem er nokkuð lengri tími en leyfi fyrir ýmsa aðra þjónustu er. Mikill kostnaður fylgir því að byggja upp þriðju kynslóðar farsímaþjónustu. Fimmtán ára gildistími eykur lýkur á að fjarskiptafyrirtækin vinni að frekari uppbyggingu farsímaþjónustunnar og að fjárfestingin beri sig.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til samgöngunefndar.

[14:51]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni merkilegt mál og stórmerkilegt í samhengi samgöngu- og samskiptabyltingarinnar sem við erum að upplifa þessi missirin.

Það sem ég vildi spyrja hæstv. samgönguráðherra út í og hef mjög miklar efasemdir um er sú útboðsleið sem hér er lagt upp með og samgönguráðherra fjallaði nokkuð um í framsögu sinni og talaði um að ekki væri hagkvæmara eða betra að fara út í samkeppni á fjárhagslegum forsendum. Um þessa afstöðu ráðherrans hef ég miklar efasemdir og vil spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann telji tryggt að geðþóttaákvarðanir ráði ekki þarna um og hvernig reglum jafnræðis og sanngirni verði gætt í slíkri útboðsleið, eða fegurðarsamkeppni, sem hlýtur alltaf að vera háð fegurðarmati þess sem metur og velur inn í þetta og legg ég til að hann endurskoði þetta. Vísa ég í því sambandi til þess að Morgunblaðið benti á í leiðara sínum í mars í fyrra og brýndi þar hæstv. ráðherra mjög að fara leið uppboðs en ekki útboðs og er hægt að taka mjög eindregið undir þær hugmyndir Morgunblaðsins og hvet ég ráðherra til að endurskoða þessa leið.

Undir þetta tók hv. þm. Sjálfstæðisflokksins, núverandi hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, í grein í Morgunblaðinu 8. desember árið 2000, þar sem hún segir, með leyfi forseta:

„Ekki er líklegt að tortryggni gæti við úthlutun leyfanna ef uppboð er valið, hvorki meðal almennings né farsímafyrirtækja."

Þetta vegur, frú forseti, mjög þungt að mínu mati í þeim rökstuðningi mínum og byggir undir þá skoðun mína að það eigi að fara uppboðsleiðina en ekki útboðsleiðina. Það á í því andrúmslofti að koma í veg fyrir tortryggni sem gætir í garð stjórnmálamanna og stjórnvalda í dag. Það á að girða fyrir slíkar geðþóttaákvarðanir eins og samgönguráðherra leggur hérna til og fara leið hreins uppboðs þar sem allir hafa jafnan aðgang að kökunni.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseta láðist að geta þess að þar sem þrír hv. þingmenn óskuðu að veita andsvar við ræðu hæstv. ráðherra, þá er ræðutíminn styttur í síðari umferð í eina mínútu.)

[14:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst nú heldur ósanngjarnt hjá hv. þm. að vitna til ummæla sem féllu í hita umræðunnar um þriðju kynslóð farsíma árið 2000. (Gripið fram í.) Mikið vatn er runnið til sjávar frá þeim tíma og miklar breytingar hafa orðið sem ég rakti einmitt í ræðu minni. Þessi bóla sem átti að leysa allt sem var í mikilli uppsveiflu árið 2000 leiddi til þess að menn sáu fyrir sér mikla tekjuöflunarmöguleika fyrir ríkissjóði Evrópuríkjanna og víðar með því að bjóða upp, láta hæstbjóðendur kaupa leyfin. Reynslan af þessu varð alveg hörmuleg. Það er skemmst frá því að segja að ég tel að við höfum mikla reynslu í útboðum, þess vegna förum við þessa leið í fyrsta lagi.

Í annan stað er algerlega fráleitt að tala um hugsanlegar geðþóttaákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar við úthlutun á slíkum leyfum, því nokkuð vel er girt í kringum þetta með löggjöfinni og þeim reglum sem settar eru og verða gegnsæjar og öllum ljósar fyrir fram.

Að síðustu tel ég að með þeirri aðferð sem við veljum hér í frumvarpinu — það er fróðlegt að vita að samfylkingarþingmenn eru á móti henni — viljum við tryggja útbreiðslu. Við viljum ekki úthluta leyfum á forsendum uppboðsleiðar þar sem sá fær sem vill borga mest og er líklegastur til þess að draga allra mest úr útbreiðslunni og uppbyggingarhraðanum vegna þess hversu kostnaðurinn er mikill við leyfisveitinguna.

Fegurðarsamkeppnin er því í þágu mikillar útbreiðslu og mikillar þjónustu, sérstaklega út um land.

[14:56]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ekki þótti mér þetta sannfærandi röksemdafærsla hjá hæstv. ráðherra þó ég taki að sjálfsögðu undir það og ætli að koma inn á það í ræðu minni hérna á eftir að mikilvægast er að tryggja landsbyggðinni aðgang að þjónustunni.

Ég fullyrði að þessi leið fegurðarsamkeppninnar á vali á þeim sem í þessi verkefni ráðast leiðir til þess að pólitískt moldviðri skapast um þá leið. Sjónarmið samkeppninnar eru að mínu mati fyrir borð borin af því að fegurðin í þessu dæmi er í auga þess sem veitir en ekki í almennum, gagnsæjum reglum. Þetta mun skapa pólitískt moldviðri, hæstv. samgönguráðherra. Ég skora á þig að endurskoða þessa leið og fara þá leið sem ég hef lagt til og við höfum talað fyrir, þ.e. hreinu uppboði, en ekki þessa fegurðarsamkeppnisleið þar sem geðþóttinn ræður og hægt er að vefengja það val sem fram fer.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti beinir því til hv. þm. að ávarpa ráðherrann sem hæstvirtan.)

[14:57]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er nú svo að talið er að hægt sé að koma fyrir á landsvísu sex leyfum, þ.e. að úthluta sex leyfum. Við höfum valið þann kostinn hins vegar að takmarka þetta við útgáfu fjögurra leyfa fyrir þriðju kynslóð farsíma vegna þess að við teljum að það sé að svo komnu máli ekki líklegt að markaðurinn beri fjárfestingu fleiri kerfa. Með því að velja að gefa út eða veita fjögur leyfi teljum við að tryggt sé að samkeppni geti orðið á þessum markaði.

Ég vísa algerlega á bug öllum vangaveltum hv. þingmanns um pólitískar geðþóttaákvarðanir. Ég tel að rétt sé að ræða það í þingnefndinni hvaða hættur liggi þar helst (Forseti hringir.) og girða þá fyrir þær með endurbótum á frumvarpinu.

[14:59]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég tel það ágætisleið að afsláttur komi inn ef menn byggi upp þjónustu umfram 60% sem er lágmarksútbreiðsla.

Það sem mig langar að spyrja hæstv. samgönguráðherra er hvers vegna miðað er við 60%. Mér finnst það vera heldur lágt. Nú höfum við ADSL-kerfið og allir eru sammála um, og ég veit ekki betur en hæstv. samgönguráðherra sé sammála því einnig, að það kerfi þurfi að byggja enn frekar upp. En þarna erum við með 60%. Ef ég skil 4. gr. rétt mun koma fullur afsláttur þegar það er búið að ná 75% útbreiðslu. Er það ekki heldur lágt miðað við það hve mikil óánægja er með t.d. ADSL-kerfið?

Nú er vitað mál að dýrast er að byggja upp síðustu 15%. Er ekki einmitt skynsamlegt að láta þá afsláttinn fara að tikka?

Ég er sammála þeirri aðferð að það sé afsláttur. Ég held að það sé mjög mikilvægt. En hvort við ættum þá ekki að láta afsláttinn fara að byrja að koma þegar sá sem ætlar að starfrækja kerfið sé kominn með það upp fyrir 80%?

[15:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er mat þeirra sem best þekkja til þessara hluta á tæknisviðinu að það sé mjög ólíklegt að símafyrirtækin treysti sér fyrsta kastið miðað við þá tækni og þann búnað sem við búum yfir í dag að ná að dekka svæði í samræmi við það sem frumvarpið gerir ráð fyrir umfram 60%, eða 75%, nema með feiknarlega miklum kostnaði. Það er talið mjög ólíklegt í þeim áfanga sem við gerum ráð fyrir hér að við náum miklu meiri útbreiðslu en svo að það miðist fyrst og fremst við þéttbýli. Þetta er ekki tækni sem hægt er að bera saman við gagnaflutninga á grundvelli ADSL-tækninnar. Það er allt annað mál. Það er fastlínubúnaður sem reyndar getur gengið inn á netkerfi,

þráðlaus netkerfi, þannig að það er algjörlega ósambærilegt.

Ég tel að við verðum að fikra okkur áfram með nýtingu þessarar tækni. Sú leið sem hér er farin gerir hóflegar kröfur um útbreiðslu sem á að geta tryggt það fyrst og fremst að við náum þessu innan þéttbýlisins. Þessi búnaður verður ekki alveg á næstu árum fyrir mesta dreifbýlið. Kostnaðurinn er svo gífurlegur að það er ekki hægt að ætlast til þess að notendur greiði fyrir hann en noti hins vegar NMT-kerfin og GSM-síma áfram í mesta dreifbýlinu, á meðan það er og annan búnað sem er hagkvæmari fyrir notendur.

[15:03]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Á máli hæstv. ráðherra var að heyra að það lægju fyrir miklir útreikningar á því hvar mörkin væru og hvað borgaði sig og hvað ekki fyrir fjarskiptafyrirtækin. Það væri greinilegt að til að ná umfram þessi 60% þyrfti að hvetja þau með afslætti, ef ég skildi hann rétt. Þá væri fróðlegt að vera upplýstur um það hér hve stór sveitarfélög verða þá undanskilin þessari tækni, eru þau með íbúatölu undir 1.000 eða undir 1.500? Nú liggja þessir útreikningar fyrir.

Síðan er annað sem væri fróðlegt að fá fram í umræðunni og það er ákvörðun á leyfisgjaldinu. Hvað var haft til hliðsjónar við ákvörðun á því? Nú skilst mér að gjaldið sé talsvert hærra en t.d. í Noregi.

[15:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hvað varðar leyfisgjaldið sem hér er lagt upp með þá var tekin ákvörðun um þá upphæð með þeim hætti að við erum að reyna að gera okkur í hugarlund að það skapi tilteknar tekjur án þess að það sé íþyngjandi fyrir viðkomandi fjarskiptafyrirtæki. Það liggja ekki að baki því neinir mjög flóknir útreikningar, heldur er reynt að nálgast þessar upphæðir þannig að þær geti flokkast undir það að vera sanngjarnar miðað við þau umfangsmiklu viðskipti sem geta orðið þarna í framtíðinni.

Hvað varðar þau mörk sem þingmaðurinn nefndi, þá liggur það ekki neitt sérstaklega fyrir hvaða stærð af sveitarfélögum eigi að rúmast innan þessa, heldur er þarna miðað við 60% útbreiðslu að lágmarki (Forseti hringir.) og það ætti að ná yfir langmest af þéttbýlinu.

[15:05]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins nokkrar spurningar til hæstv. samgönguráðherra þegar hann hefur flutt þetta mál hér enn einu sinni. Vonandi klárast það nú.

Það er annars vegar af því hann nefndi hér í stuttu andsvari áðan NMT-kerfið, þá langar mig að spyrja hann út í hvað við getum búið við NMT-kerfið lengi, hvenær mun því verða lokað og detta út? Það er mikilvægt öryggistæki á þjóðvegum. Og vegna þess að ráðherra sagði líka að það yrði fyrst og fremst í þéttbýli og ólíklegt væri að það sem við erum að tala um nú, þ.e. þriðja kynslóð farsíma, mundi ná á ýmsa dreifða staði þá er rétt að hafa í huga og ítreka það að enn þá vantar mikið á sendafjölda til þess að GSM-síminn, vegna þess hve hann er mikið öryggistæki, nýtist á ýmsum ferðaleiðum fólks hér á landi Ég kem kannski nánar að því í ræðu á eftir.

Það er rétt sem hér kom fram og ég vil taka undir það sem hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni gat um áðan að það er mjög dýrt að ná í síðustu prósentin til að ná almennri útbreiðslu. Þess vegna vil ég ítreka spurninguna og spyr því hæstv. ráðherra hvort ekki hafi komið til tals þegar þetta frumvarp var samið að setja upp meiri afslátt og hreinlega jafnvel gjaldfrelsi gagnvart ýmsum minni stöðum, þó svo að ég geri mér grein fyrir að við erum að tala mjög langt fram í tímann gagnvart þriðju kynslóð farsíma á ýmsum stöðum.

Ég tek þetta sem dæmi vegna þess sem við höfum áður rætt um hér, virðulegi forseti, þ.e. útbreiðslu ADSL-kerfisins. Með 92% útbreiðslu eins og nú er í ADSL eru t.d. ekki nema fjórir staðir á Vestfjörðum sem njóta þess í kjördæmi hæstv. ráðherra. Áður höfum við rætt um ýmsa staði í Norðausturkjördæmi og staði sem hafa farið sjálfir út í uppbyggingu á sínum kerfum til þess að nýta ADSL-þjónustu, sem ég tel algjörlega óviðunandi.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka hér í fyrra andsvari mínu þá spurningu til hæstv. ráðherra hvort ekki hafi verið talað um að hafa stighækkandi afslátt vegna þess.

[15:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst hvað varðar NMT-kerfið, sem er auðvitað allt annar handleggur ef svo mætti segja, þá er í gangi samningur á milli samgönguráðuneytisins og Landssímans um að NMT-kerfinu verði ekki lokað nema að það sé verulega góður fyrirvari á því. Það eru engar tímasetningar svo ég viti hjá Símanum um lokun á því kerfi. Ég held að það sé ekki á næsta ári. Ég held að það sé alveg ljóst, enda væri það þá ekki í samræmi við samninginn sem á milli ráðuneytisins og Símans er.

Það er alveg ljóst að NMT-kerfið, fyrsta kynslóð farsíma, er á útleið. Það voru ýmsir sem vonuðust til að GSM-símarnir tækju við en við höfum ekki enn þá sætt okkur við þá útbreiðslu sem GSM-símakerfið gefur tilefni til. Ég hef sagt að enn um sinn þyrftu símafyrirtækin að ná að greiða niður meira af þeirri fjárfestingu áður en byrjað yrði að fjárfesta í næstu áföngum eins og þriðju kynslóðinni.

Það er alveg ljóst að við Íslendingar þurfum mjög á þessari fjarskiptatækni, farsímatækninni, að halda í okkar stóra og dreifbýla landi. Þess vegna er mikilvægt að símafyrirtækin finni leiðir sem duga til þess að hægt sé að byggja upp þá þjónustu. Því förum við varlega í þeirri kröfu. Ég tel að afsláttaraðferðin sem hér er veitt, afsláttur á gjaldinu umfram 60%, sé líkleg til þess að hraða uppbyggingunni. Ég held að það væri mjög óskynsamlegt að gera svo harðar kröfur til símafyrirtækjanna að þau treysti sér ekki til að setja upp þessa þjónustu. Það blasir við ef við gerum of harðar kröfur.

[15:10]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það sem hæstv. ráðherra sagði í lokin. Spurning mín var einmitt sett fram til þess að

athuga hvort ráðherrann væri sammála því að stigmagnandi afsláttur yrði veittur fyrir dreifingu til hinna dreifðu byggða, þannig að við sætum ekki uppi og þyrftum að rífast um það eftir fimm, sex eða sjö ár á hinu háa Alþingi líkt og er að gerast núna með ADSL-þjónustuna til ýmissa smástaða sem sitja eftir, sem eru skildir eftir í mónó, ef svo má að orði komast, meðan allir aðrir eru í steríó, svo maður noti gamla samlíkingu. (**Gripið fram í:** Mónó var nú ágætt.) Já, kannski í huga hæstv. samgönguráðherra, en ég held að það sé nú úrelt samt sem áður og menn sætti sig ekki við það.

Önnur spurning sem ég vil leggja fyrir hæstv. ráðherra er um vinnu vegna fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005–2010. Eins og sagt hefur verið frá á heimasíðu ráðuneytisins stendur hún yfir. Nefnd sem er skipuð embættismönnum á að kanna m.a. breiðbandsvæðingu landsins, stafrænt sjónvarp, farsímasamband á þjóðvegum og fleira. Þessum stýrihópi var ætlað að skila nýrri fjarskiptaáætlun eigi síðar en 1. september 2004, núna sem sagt. Ég vil nota hér (Forseti hringir.) stutt andsvar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort þeirri vinnu sé lokið.

[15:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get svarað því að vinnu þessa ágæta stýrihóps við undirbúning að tillögu að fjarskiptaáætlun er ekki lokið. Það hefur komið í ljós að þetta er geysilega mikið verkefni og þróunin er ör. Það eru stöðugt að koma upp ný og ný atriði sem þarf að taka tillit til. Ég ákvað að gefa þeim frekari frest til að skila vinnu sinni. Það sem m.a. hefur haft áhrif á framvindu þeirrar vinnu eru þær miklu hræringar sem eru á fjarskiptamarkaði og útvarps- og sjónvarpsmarkaði, en ég hafði vonast til að meira samstarf næðist á milli útvarps- og fjarskiptafyrirtækjanna en raunin hefur orðið á. Það hefur litað þessa vinnu að einhverju leyti. Það stefnir í að við ljúkum þessu fyrir áramótin, ég á ekki von á öðru.

[15:13]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim sem hafa komið upp í andsvörum í dag og hæstv. ráðherra sjálfum að hér er mjög merkilegt mál á ferðinni og vonandi náum við að afgreiða það frá Alþingi í vetur. Við í samgöngunefnd munum hefja vinnu í málinu eftir þessa umræðu og afgreiðslu þess eftir 1. umr.

Það eru nokkur atriði sem er freistandi að koma aðeins inn á við þessa umræðu og fróðlegt að lesa frumvarpið og greinargerðina svona í því ljósi hve ör þessi þróun hefur verið. Hún beinir að sjálfsögðu sjónum að því sem hv. þm. Kristján L. Möller kom aðeins inn á áðan, sem er ADSL-kerfið og hve hlutur landsbyggðarinnar er rýr í því sambandi þar sem Síminn ákvað og setti upp skilgreind efri mörk um að hann færi ekki með lagningu háhraðatengingarinnar ADSL inn á svæði sem væru undir ákveðinni íbúatölu. Það er mjög ámælisvert að slík ákvörðun hafi verið tekin á sínum tíma, enda er Síminn í eigu hins opinbera. Síminn er þjónustufyrirtæki fyrir fólkið í landinu og átti að sjálfsögðu að nota auð sinn og mátt til að byggja upp háhraðanet fyrir helst alla landsmenn í staðinn fyrir að vera að vesenast með fjármagn sitt og auð í því að kaupa upp hálfgjaldþrota sjónvarpsfyrirtæki eins og Skjá einn. Þar eru mjög óeðlilega að málum staðið að Síminn skuli ekki hafa beitt áhrifum sínum og auði til þess að tryggja öllum landsmönnum aðgang að háhraðaneti, ADSL-kerfinu. Beindi ég skriflegri fyrirspurn í fyrra til hæstv. samgönguráðherra um hvernig þeim málum væri háttað.

Í svarinu kom í ljós að hinar dreifðu byggðir hafa almennt ekki aðgang að háhraðaneti. Þar gilda gömlu símalínurnar nema þar sem einkafyrirtæki eins og eMax og Ábótinn hafa haslað sér völl og eru að bjóða upp á háhraðatengingar í gegnum örbylgjusenda. Ég sjálfur keypti mér slíka þjónustu um daginn, hún er ágæt en hún er dýr miðað við hina og það er algjörlega óboðlegt að hinar dreifðu byggðir séu settar svona hjá. Eftir þá samskiptabyltingu sem hefur átt sér stað í heiminum á síðustu árum eru þau byggðarlög, þau heimili og þau svæði þar sem ekki er aðgengi að fyrsta flokks fjarskiptaþjónustu einfaldlega annars flokks. Þau eru ekki samkeppnishæf við önnur byggðarlög eða önnur svæði af því að fólk í dag setur sig ekki niður nema það hafi aðgang að lágmarksþjónustu og lágmarkssamskiptum í gegnum háhraðann.

Þriðja kynslóð farsíma er vissulega enn ein samskiptabyltingin. Þar erum við að horfa fram á að inn í farsímana færist verulegir gagnaflutningar og mjög hár bithraði. Þetta er augljóslega veruleg breyting. Það er athyglisvert atriði sem menn hafa staldrað við hérna í dag um hvernig stjórnvöld hyggist tryggja slíka þjónustu dreifðu byggðunum og litlu þéttbýlisþorpunum sem eru undir einhverju sem markaðurinn skilgreinir sem arðvænlegt að setja upp netið hjá.

Í frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Eftir því sem auknar kröfur eru gerðar um útbreiðslu á strjálbýlum svæðum hækkar kostnaður á hvern notanda þar sem færri notendur verða um hvern sendi. Gera má ráð fyrir að markaðurinn kalli á útbreiðslu á þéttbýlisstöðum með fleiri en 2.000 íbúa sem samsvarar almennt 40–60% útbreiðslu í landshlutum.

Lagt er til að lágmarkskrafa um útbreiðslu verði 60% á hverju svæði. Ef gerðar eru enn meiri kröfur til útbreiðslu verður lítið svigrúm fyrir bjóðendur að veita viðbótarþjónustu umfram lágmarkskröfur og verður þá erfitt að gera upp á milli bjóðenda.“

Allt er þetta satt og rétt. Nú búum við þó svo vel, ef svo má segja, að við Íslendingar eigum mjög öflugt fjarskiptafyrirtæki, Símann. Um leið og við horfum fram á þessa mestu samskiptabyltingu sem þriðja kynslóð farsíma augljóslega er eru uppi umræður um að skora á hæstv. samgönguráðherra og stjórnendur Símans að tryggja öllum landsmönnum, óháð því hvar þeir búa, aðgang að háhraðatengingu eða einhverju sem er sambærilegt við hana. Það eru margar leiðir færar í því. Ekki er endilega verið að krefjast þess að menn leggi strengi í jörð heim að hverjum sveitabæ heldur getur Landssíminn tekið þátt í sömu þróun og fyrirtækin sem ég nefndi hérna áðan, eMax og Ábótinn. Þau ásamt fleirum eru að setja upp senda og varpa efni með háhraðatengingum þannig á milli bæja og auðvitað á Símann sem þjónustufyrirtæki okkar Íslendinga í samskiptum að koma að slíkri þróun eins og ég gat um hérna áðan í

staðinn fyrir að fara með fjármagn sitt inn í sjónvarpsfyrirtæki og fjölmiðlafyrirtæki. Það er ekki hans hlutverk, það vitum við öll hér. Hlutverk hans er að tryggja öllum Íslendingum góða og samkeppnishæfa þjónustu við það besta sem gerist.

Þess vegna er ástæða til að nota þessa umræðu hér um leið og við tölum um hvernig við tryggjum öllum Íslendingum, þegar að því kemur, aðgengi að þessari þriðju kynslóð. Ástæða er til að beina því til hæstv. samgönguráðherra hvort menn nánast gangi út frá því að dreifbýlið muni einfaldlega sitja hjá, verði ekki með í þeirri samskiptabyltingu sem þriðja kynslóð farsíma klárlega er. Það væri mjög dapurleg byrjun á góðu máli að vera búinn að gefa sér það að af því að það er svo dýrt komi dreifbýlið til með að sitja fyrir utan þetta.

Ef við sættum okkur við þá stöðu sem er uppi í dag, að dreifbýlið hafi ekki aðgang að háhraðaneti og almennilegum samskiptum við internetið, erum við einfaldlega að segja við íbúana að þeir verði ekki með í samfélagi framtíðarinnar. Við erum að tala um að til séu að verða stéttir í dag eftir menntun og aðgengi að henni. Við erum að setja dreifbýlið í aðra stétt, í annan flokk, með því að gera því ekki kleift að taka þátt í nútímasamskiptum. Í dag lærir fólk í gegnum háhraðanet, internetið. Í dag vinnur fólk í gegnum það. Í dag skapar fólk sér tækifæri í gegnum netið og aðgengi að því. Það eru svo breyttir tímar sem betur fer.

Þarna felast einmitt kannski stærstu tækifærin fyrir landsbyggðina og dreifbýlið ef það hefur aðgengi að því. Svo er ekki í dag, því miður. Dreifðu byggðirnar hafa margar hverjar, allt of margar, ekki aðgang að öðru en gömlu símalínunum sem eru algjörlega úrelt samskiptaaðferð í dag. Gagnaflutningurinn er slíkur og samskiptin með þeim hraða og með þeim hætti að símalínutenging er algjörlega úrelt. Og það er óboðlegt að menn skuli sætta sig við það, séu að ganga inn í það núna að selja Símann, hvenær sem það nú verður gert — ríkisstjórninni hefur ekki gengið það enn sem skyldi eins og hún lagði upp með. Þegar sú sala fer fram verður að setja í samninginn stíft ákvæði sem gerir eigendum Símans í framtíðinni skylt að veita öllum Íslendingum aðgengi að einhvers konar háhraðaneti.

Ég endurtek það sem ég sagði hérna áðan að í því sambandi er ekki verið að krefjast þess að strengur sé endilega lagður í jörð heim á hvern einasta bæ, heldur eru margar aðrar lausnir mögulegar. Síminn, þjónustufyrirtæki okkar Íslendinga, verður að taka þátt í að varpa háhraðanum, eftir öðrum leiðum þá og miklu ódýrari. Það er ekki hægt að bera það saman hvað það er miklu ódýrara. Þótt það sé að sjálfsögðu ekki eins gott, öruggt og pottþétt eins og strengurinn er það samt sem áður aðgengi að einhverju sem hægt er að kalla háhraða. Við erum ekki að setja fólk hjá eða afsetja það í þeirri samskiptabyltingu sem hefur átt sér stað. Eins og fram kemur í ýmsum athyglisverðum tölum í frumvarpinu er notkun Íslendinga á farsímum og nútímatækninni alveg ævintýraleg. Tíföldun frá árinu 1997, segir hérna. Íslendingar eru fljótir, og fljótari en aðrar þjóðir, að temja sér tæknina og nota hana sér til framdráttar og tækifærasköpunar.

Þess vegna er mjög mikilvægt að hæstv. samgönguráðherra og stjórnvöld tryggi það við útbreiðslu þriðju kynslóðar farsíma að hinar dreifðustu byggðir verði ekki settar fullkomlega hjá í því sambandi. Þess vegna blandaði ég inn í umræðuna hérna áðan þeirri stöðu sem uppi er í háhraðanettengingum og hve ósanngjörn staðan er þar. Ég er ekki í neinum vafa um að hæstv. samgönguráðherra er mikill áhugamaður um öfluga og sterka landsbyggð. Ég er sannfærður um að hugur hans stendur til þess að tryggja dreifðu byggðunum aðgengi að einhverju sem gæti kallast boðlegur háhraði. Ég brýni hann mjög og beini þeim tilmælum til hans að hann gangi fram fyrir skjöldu og einbeiti sér að því að leiða þetta mál til lykta og tryggi að Síminn taki þátt í uppbyggingunni með þeim fyrirtækjum sem bjóða nú þegar sumum svæðum landsins aðgengi að háhraða í gegnum örbylgjusendi.

Það er hægt að nefna einstök svæði í því sambandi ef á þarf að halda. Ekkert mælir gegn því að þjónustufyrirtæki okkar Íslendinga, Síminn, komi að þeim málum og beiti auðæfum sínum og afli til að þjónusta fólkið í landinu en ekki til að mylja undir einhverja flokksgæðinga sem eru í allt öðrum bisness en fjarskiptaflutningum. Brýni ég ráðherrann mjög til að beita sér fyrir þessu, enda væri hér um mikið þjóðþrifamál að ræða sem ég er ekki í neinum vafa um að yrði mikil sátt um á meðal Íslendinga, enda almennur vilji til þess að jafna stöðu þegnanna.

Hér er ekki um að ræða sértækar aðgerðir í neikvæðum skilningi til að þjónusta fámenn byggðarlög, heldur er verið að tala um að jafna tækifæri fólks og aðgengi að upplýsingabyltingunni svo að fólkið á þessum svæðum geti tekið þátt og skapað sér sín eigin tækifæri. Það þarf enginn að rétta því neitt upp í hendurnar. Það þarf bara að jafna leikinn og jafna aðgengi fólks að slíkum hlutum. Um það snýst þetta mál, að gera öllum Íslendingum kleift að skapa sér ný tækifæri, mennta sig, hafa atvinnu sína í gegnum tölvuna og netið heima hjá sér. Möguleikarnir þar á atvinnusköpun og menntun eru gríðarlegir. Þá er ég ekki endilega að tala um hina formlegu menntun, heldur er netið þvílíkur brunnur upplýsinga og menntunarmöguleikar miklir sé rétt á málum haldið og það rétt notað. Það er alveg endalaust og það má flytja langt mál um það.

Í framhaldi af svari samgönguráðuneytisins til mín í fyrra um það hvaða svæði á landinu hafa ekki aðgengi að háhraða hef ég lagt fram aðra fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um þetta mál. Ég spyr hann hvort hann hyggist beita sér fyrir því að þessi svæði hafi með einhverjum hætti tækifæri og möguleika í gegnum aðkomu Símans til að tryggja sér aðgengi að slíku. Ég bind miklar vonir, frú forseti, við samgönguráðherra sem er eins og ég sagði áðan mikill áhugamaður og baráttumaður fyrir öflugri landsbyggð, fyrir því að Ísland verði allt í byggð og að jafnstaða Íslendinga til tækni-, samgöngu- og samskiptamála sé góð og sanngjörn.

Við erum bara að tala um sanngjarnan leik. Til þess byggjum við upp hin félagslegu jöfnunarfyrirtæki og þjónustufyrirtæki. Á sínum tíma laut samskiptafyrirtækið gamla Póstur og sími að sjálfsögðu þeim reglum en nú eru breyttir tímar og sem betur fer bullandi samkeppni á fjarskiptamarkaði. Við horfum á mjög öflug og glæsileg fyrirtæki eins og Og Vodafone hasla sér völl og það er núna með um 40% af markaðshlutdeild í farsímanotkun á Íslandi og

20–25% í heildarpakkanum. Það er uppgangur hjá mjög glæsilegu fyrirtæki. Síminn er þjónustufyrirtæki okkar Íslendinga. Því ber skylda að mínu mati, frú forseti, til að koma að þessu máli með þeim hætti sem ég rakti hér áðan.

Annað sem ég kom inn á í andsvari við hæstv. samgönguráðherra var um útboðs- og uppboðsleiðir. Ég ætla svo sem ekki að fara að endurtaka það. Sjálfur hef ég mjög eindregna sannfæringu fyrir því að hæstv. samgönguráðherra trampi þarna ákveðnar villigötur hvað varðar útboðsleiðina og þar sé hætta á því að fólk geti vefengt valið, þar ráði geðþótti en ekki reglur jafnræðis og sanngirni. Vísaði ég sérstaklega í leiðara Morgunblaðsins frá því í fyrra þar sem Morgunblaðið taldi leið uppboðs vænlegri en leið útboðs og bryndi hæstv. ráðherra til að fara þá fyrri. Undir þær hugmyndir hef ég tekið mjög eindregið og skorað á ráðherrann að endurskoða þessa leið.

Hér er gert ráð fyrir að þeir sem fá úthlutað rásum verði valdir í svokallaðri fegurðarsamkeppni. Það fyrirbrigði er einhvers konar hugmyndasamkeppni um þjónustu við notendur og vekur efasemdir um að rétt hafi verið á málum haldið. Það er ekki tryggt að geðþótti ráði ekki för og réttlætisreglur gildi, enda erum við að tala um úthlutun á takmörkuðum gæðum sem er mjög mikilvægt að almennar og gagnsæjar reglur gildi um þar sem ekki er búið að velja fyrir fram þá sem fá úthlutað. Ég held því ekki fram að svo sé, alls ekki. Ég ætla hæstv. ráðherranum það ekki. Hins vegar er hin leiðin heilbrigðari og eðlilegri. Þarna eru sjónarmið samkeppninnar í hávegum höfð og komið í veg fyrir að pólitískt moldviðri og upppot skapist yfir því hverjir verða valdir. Þá verður stjórnvöldum síður brigslað um að hygla einhverjum flokksgæðingum og hampa klúbbum í kringum sig eins og auðvelt er að gera þegar útlit er fyrir að verið sé að handvelja einhverja aðila sem eru mjög handgengnir framkvæmdarvaldinu og stjórnarherrunum.

Ég er alls ekki að ætla það, því fer fjarri að ég ætli samgönguráðherra að svo verði að málum staðið. Ég vil hins vegar tryggja að komið verði í veg fyrir það og að menn fari því aðrar leiðir. Þannig eiga menn að standa að hlutum, rétt eins og með aðrar takmarkaðar auðlindir í eigu þjóðarinnar.

Það er út frá því í rauninni óskiljanlegt af hverju hæstv. ráðherra hefur ekki kosið að fara þá leið þar sem þetta hefur verið rætt oft áður og margbent á, sagði hið mikla og máttuga Morgunblað. Það hefur bent mjög ítrekað á það í skrifum sínum og í umfjöllun um fjarskiptamál, þriðju kynslóðina og útboð á þessum tíðnisviðum.

Ég held því að engum blandist hugur um að ekki sé hægt að afgreiða það sem léttvægar aðfinnslur pólitískra andstæðinga að fara aðra leið en hér er lögð til. Það eru mjög brýn og sterk sjónarmið sem knýja á um að þannig sé staðið að málum, að uppboðsleiðin sé farin en ekki útboðið og fegurðarsamkeppnin svokallaða enda svo margt sem veikir þá leið þó svo að að sjálfsögðu séu líka rök fyrir henni.

Ég held að það megi ná þeim markmiðum fram öðruvísi. Það eru vissulega dæmi um það frá Evrópulöndunum, t.d. Bretlandi og Þýskalandi, og hæstv. samgönguráðherra kom inn á í svari sínu til mín áðan, að menn hafi farið allt of geyst á sínum tíma. Það var á þeim tíma sem spennan var í algjöru hámarki í kringum samskiptabyltinguna alla og netvæðinguna. En það á alls ekki að hræða okkur frá líkt og Morgunblaðið benti á í leiðara í mars í fyrra, enda eru tímarnir mjög breyttir og mikið jafnvægi komið á í öllu háttalagi manna hvað varðar fjarskiptatæknina og fjarskiptabyltinguna og þá hagnaðarvon sem að sjálfsögðu var að finna þar og glapti marga og örugglega fyrirtækin sem buðu svo himinháar fjárhæðir í tíðnisviðin að ekki var hægt að standa undir því með nokkru móti eða ná því aftur til baka.

Nú eru breyttir tímar og engin ástæða til að ætla að þeir sem bjóða í þriðju kynslóðina hjá okkur, þegar að því kemur, gangi fram með svo glannalegum hætti að það verði fyrirtækjunum ofviða að standa undir gjaldinu og öllu saman.

Það má týna margt fleira til, en tími minn er á þrotum. Við munum að sjálfsögðu fara mjög ítarlega í málið í samgöngunefndinni og fleiri munu taka til máls í dag. Við munum vonandi ná fram gagngerum breytingum á málinu í nefndinni og ég hlakka til að heyra hvað hv. formaður nefndarinnar hefur um málið að segja. En ég hef lokið máli mínu í þessari umferð, virðulegi forseti.

[15:33]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefur farið ágætlega yfir málið og mál sem því tengjast og hafa oft borið á góma hjá okkur þingmönnum Samfylkingarinnar í umræðum um fjarskiptamál. Frumvarpið sem við ræðum, þ.e. um þriðju kynslóð farsíma, blandast inn í það sem hv. þm. gerði að umræðuefni og var líka gert að umræðuefni við hæstv. samgönguráðherra í stuttum andsvörum áðan, að mjög margir íbúar lítilla sveitarfélaga á landsbyggðinni hafa verið skildir eftir í mónó, sem hæstv. ráðherra telur þó ekki vera slæmt, á meðan aðrir hafa fengið steríó. (Gripið fram í.) Það er álíka og ráðherrabíll hæstv. samgönguráðherra væri gamall Trabant (**Gripið fram í:** Nei, nei.) á meðan forsætisráðherra keyrði um á rándýrum Benz.

Ég hygg að hæstv. samgönguráðherra yrði ekki ánægður ef ráðherrabíll hans væri Trabant. (**Gripið fram í:** Trabantinn er ágætur.) Trabantinn var ágætisbíll og hafði það sér til ágætis að ef keyrt var á hliðina á honum sprakk hann stundum til baka. (**Gripið fram í:** Hvaða árásir eru þetta á Trabantinn?) Þetta eru ekki árásir á þann ágæta bíl heldur samlíking um þá íbúa sem hafa ekki fengið að njóta háhraðatenginga eins og ADSL-tenginga. Framsóknarflokkurinn ætlar að reyna að slíta sig aðeins frá og koma með það fram við sölu Símans að fyrst verði gengið í að öll minni sveitarfélög landsins fái ADSL-þjónustu og ber að fagna því, en það hefði verið æskilegt að framsóknarmenn hefðu reynt að gera það fyrr svo þetta hefði ekki þurft að fara eins og það hefur gert.

Með öðrum orðum, virðulegi forseti, er ég mjög ósáttur við að fjölmargir íbúar landsbyggðarinnar hafi þurft að sitja eftir. Ég tel það ólíðandi mismunun og tel t.d. að börn og unglingar sitji ekki við sama borð við að stunda nám, vegna þess að margt fer fram í gegnum háhraðatengingar og netið. Íbúar þessara staða sitja ekki við sama borð við að sækja framhaldsnám sem er mjög vinsælt og mikið stundað. Þess vegna er það gert að umræðuefni hér, vegna þess að það

kemur ekki til fyrr en eftir fimm, sjö eða tíu ár að við förum að tala um það hvers vegna ákveðin byggðarlög hafa ekki aðgang að þriðju kynslóð farsíma. Ég held að það sé tölu-vert langt í þetta þrátt fyrir allt.

Ég hef áður sagt og tekið sem dæmi að mér finnst ólíð-andi að íbúar lítils byggðarlags, Hríseyjarhrepps, sem telur um 180 manns, hafi þurft fyrir eigin reikning að koma sér upp öllum stofnbúnaði við háhraðatengingu. Þessu er hæstv. samgönguráðherra ekki sammála. Þess vegna er mjög alvarlegt mál að Síminn, þetta mikla og öfluga ríkis-fyrirtæki sem græðir á tá og fingri, skuli ekki hafa beitt t.d. þeirri tækni að bjóða upp á þetta í gegnum gervihnattasam-band í stað þess að leggja ljósleiðara sem getur verið dýrt. Það er eins og Síminn hafi setið algjörlega eftir. Það má eiginlega segja sem svo, svo við höldum okkur áfram við Trabant-líkinguna, að Síminn hafi hálfpartinn setið eftir í Trabant meðan önnur fjarskiptafyrirtæki, minni og ekki eins fjárhagslega sterk, buðu upp á aðrar lausnir. En mér finnst algjörlega ólíðandi að íbúar litlu byggðarlaganna þurfi að borga allan stofnkostnað, sem getur verið 2–4 millj. kr. Því er eðlilegt að það sé gert að umtalsefni við 1. umr. um þriðju kynslóð farsíma, vegna þess að hér eru menn þó að setja inn ákveðna varnagla, ákveðna prósentu-tölu skipt eftir landsvæðum. Það ber að fagna því, hvort sem prósentutalan er rétt eða röng og ætla ég ekki að tjá mig um það hér og nú.

Virðulegi forseti. Þetta er í raun tímamótafrumvarp í sögu fjarskipta, vegna þess að í fyrsta skipti er lagt til að út-hluta leyfum, þessari auðlind, og taka fyrir það gjald, nokk-urs konar auðlindagjald. Það hefur ekki verið greitt til ríkis-valdsins fyrir útvarp, sjónvarp og GSM-tíðni, svo þetta er dálítið tímamótafrumvarp hvað það varðar.

Fyrir nokkrum árum hefði þriðja kynslóð farsíma verið kölluð bylting þó menn noti ekki það orð í dag, en hún er náttúrlega mjög góð og það sem koma skal. Auðvitað reiknar maður með því að þegar þessu hefur verið úthlutað og símafyrirtæki fara af stað með þetta verðum við Íslend-ingar fljótir að tileinka okkur þá tækni og sláum ábyggilega í því heimsmet fyrr en varir í fjölda þriðju kynslóða farsíma á hvern íbúa, eins og í ýmsum öðrum málum.

Þriðja kynslóð farsíma hefur margt fram yfir GSM, sér-staklega hraðann. Hún hefur hins vegar þann ókost að send-arnir fyrir þriðju kynslóð farsíma draga styttri vegalengdir, því þarf fleiri senda og er meiri kostnaður sem því fylgir. Þetta segi ég því enn þá hefur okkur ekki tekist að gera meginleiðir í þjóðvegakerfinu GSM-tengdar, ef svo má að orði komast. Það vantar enn þá mikið upp á og stór hluti af þjóðvegakerfi landsins er utan GSM-sambands, sem er mjög slæmt. Einnig segi ég þetta með tilliti til þess sem ég spurði um áðan og hæstv. samgönguráðherra svaraði ágæt-lega, um samkomulag á milli samgönguráðuneytis og Sím-ans, um NMT-kerfið, fyrstu kynslóð farsíma.

Ég óttast hins vegar, virðulegi forseti, og á kannski eftir að kynna mér það betur, að NMT-kerfið sé að líða undir lok, jafnvel á næsta ári. Ekki vegna þess að um samningsrof sé að ræða hjá Landssímanum gagnvart samgönguráðuneyt-inu, sem ég vona að verði fylgt eftir út í ystu æsar ef hægt er, heldur vegna þess að varahlutir og annað slíkt fáist hreinlega ekki í NMT-kerfið og svo gott sem hætt að fram-leiða það sem þarf til að halda því kerfi gangandi. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál, t.d. vegna þess að bátaflotinn notast mikið við kerfið. Ég held að það sé ágætt að sam-göngunefnd fari í gegnum þetta þegar frumvarpið kemur þangað og skoði NMT-kerfið, hvort tækniútbúnaðurinn í það sé jafnvel að detta fyrr út en við höfum gert ráð fyrir. Þá er það ný staða sem þarf að skoða, sérstaklega með því að auka sendafjölda fyrir GSM-kerfið.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að taka meiri tíma í að ræða frumvarpið við 1. umr. Ég er aftur kominn í ágæta samgöngunefnd og get fjallað um málið þar og tekið þátt í vinnunni og farið í gegnum þetta. Þetta er, eins og fram hefur komið, endurflutt mál. Nefndinni bárust athugasemdir í fyrra og umsagnir frá aðilum sem ég ætla heldur ekki að fara að rekja hér, en komu fram.

Ég vil segja að lokum, virðulegi forseti, að ég held að samgöngunefnd ætti að skoða það mjög alvarlega og vel og vænti þess að við höfum stuðning hæstv. samgönguráðherra fyrir því að skoða þá leið sem við höfum rætt um í stuttum andsvörum, bæði ég og hv. þm. Sigurjón Þórðarson, þ.e. með 75% markið og afslættina sem koma þar á eftir, hvort það væri leið til þess að gera það að verkum að þriðja kyn-slóð farsíma nái fyrr til ýmissa byggðarlaga við sjávarsíð-una. Þá er ég ekki að tala um hvern einasta sveitabæ, ég er ekki að tala um síðustu 5% í farsímavæðingu eins og menn hafa talað um, heldur síðustu 15%, að auka þá afslætti og hafa þá stigvaxandi vegna þessa. Ég er dálítið skotinn í þeirri hugmynd og vil að hún verði skoðuð alvarlega og vænti þess að samgöngunefnd fari í gegnum það og mun beita mér fyrir því. Ef það er vitræn leið held ég að það sé miklu betra að taka hana upp strax og vænti þess þá að samgönguráðherra styðji þá hugmynd ef hún er fær.

Virðulegi forseti. Þegar við ræddum hér póst- og fjar-skiptalög vorum við rosalega grobbin og ánægð með að setja ákvæði inn um ISDN, en rétt eftir að búið var að því var ISDN ekkert sérstakt og er bara gamalt, ég ætla ekki að segja drasl, en hægfara og hundleiðinlegt kerfi sem enginn notar í dag. Sem dæmi um muninn að vinna við ADSL-kerfi eða ISDN-kerfi þá nenna alþingismenn sem hafa sum-ir ISDN á lögheimili sínu stundum ekki að fara inn á það. En í upphafi síðasta kjörtímabils var ISDN það sem alþing-ismenn höfðu og voru þá rosalega ánægðir með það. Þetta segi ég bara til þess að sýna fram á hina öru þróun sem þarna er ... (**Gripið fram í:** Eins og Trabant og Benz.) eins og Trabant og Benz, já. Ef menn hefðu horft aðeins lengra fram í tímann eða unnið það frumvarp kannski einu, tveim-ur árum seinna, hefði ekki staðið ISDN, heldur kannski ADSL sem alkvæðaþjónusta.

Þannig er þetta nú, virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra sagði áðan um vinnuna við fjarskiptaáætlunina að breyting-in og framþróunin væri svo ör að kannski gæti nefndin aldrei lokið störfum vegna þess að alltaf er að koma eitt-hvað nýtt inn. Það er nú þannig.

Ég held hins vegar að þetta sé svo mikilvægt orðið í rekstri eins þjóðfélags að nauðsynlegt sé að við tileinkum okkur alla þessa tækni strax. Þess vegna segi ég enn og aft-ur að ólíðandi og óþolandi mismunun á sér stað í landinu frá hendi t.d. ríkisfyrirtækisins, þó það sé komið með hf. fyrir aftan sig, Landssímans því að íbúar alls landsins eiga

ekki kost á ADSL-þjónustu. Nú sagði ég alls landsins. Það er auðvitað ekki það sem maður á við heldur svona allstærsta hlutann, ekki samt upp á hvern einasta sveitabæ vegna þess að það verður bara ekkert endilega hægt. Þó verið sé að vinna að ISDN Plús eða hvað það nú heitir þá er það ágætt. En auðvitað þyrfti þetta að fara allt á þennan veg.

[15:46]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem var og er ágæt. Hún minnir okkur á að að jafnaði þegar fjarskiptamál eru annars vegar þá taka menn allt sviðið. Hér erum við að tala um frumvarp til laga sem snýst um það að úthluta þessum þriðju kynslóðar leyfum. En hér ræða menn að sjálfsögðu fjarskiptamálin svona í víðu samhengi.

Af því tilefni langar mig til að fara nokkrum orðum um fjarskiptamálin almennt. Í fyrsta lagi er ég mjög undrandi á hinum neikvæða tóni sem kom mjög skýrt fram hjá hv. þingmanni sem síðast talaði, Kristjáni L. Möller, í garð Símans. Staðreyndirnar eru þær að mjög fá ríki bjóða upp á betri fjarskiptaþjónustu en er á Íslandi. Hvers vegna skyldi það nú vera? Jú, það er vegna þess að Síminn hefur staðið sig alveg feiknarlega vel í uppbyggingu þessarar þjónustu. Og hann hefur staðið sig ekki síður eftir að fjarskiptalögin gerðu kröfu um að hann ætti í samkeppni við önnur símafyrirtæki og kannski enn betur eftir það. Staðreyndin er sú að upplýsingatæknin er meira notuð hér í gegnum tölvurnar en nokkurs staðar annars staðar. Íslendingar nota internetið alveg ótrúlega mikið og það er m.a. vegna þess hversu útbreitt þetta er. Hvers vegna er þetta svona útbreitt? Vegna þess að við settum ákvæði í fjarskiptalögin sem hv. þm. Kristján L. Möller nefndi hér um að allir skyldu eiga kost á ISDN-tengingunni. Það var algert tímamótaverk. Ef þetta frumvarp er tímamótafrumvarp þá var það tímamótafrumvarp sem var lagt fram haustið 1999 og varð að lögum sem tóku gildi 1. janúar 2000 sem gerðu þá kröfu til símafyrirtækisins að ISDN-tengingarnar væru í boði alls staðar.

Ég get alveg tekið undir það að síðan hefur þróunin verið sú að við gerum meiri kröfur. Síminn, svo ég nefni hann aftur, hefur brugðist við þessu með því að bæta þjónustu sína. Hér var nefnt það sem er kallað ISDN Plús og hefur verið í boði m.a. til bænda sem eru innan Ferðaþjónustu bænda. Það er sítenging sem skiptir mjög miklu máli.

Þetta vildi ég nefna sérstaklega án þess að fara út í tæknileg atriði vegna þess að ég vil hvetja menn til að gæta þess að leyfa Símanum, sem þeir gera svona geysilega miklar kröfur til, að njóta sannmælis því það ágæta fyrirtæki á það svo sannarlega skilið enda er, eins og nýlega hefur verið upplýst, verðlagning og verðlag, þ.e. símgjöld hjá símafyrirtækjunum á Íslandi — og þau eru fleiri — með því lægsta sem gerist.

Ég mátti til með að leggjast í þessa vörn. Ég er nú yfirleitt í sókninni þegar fjarskiptin eru annars vegar. Það hefur verið hlutskipti okkar á Íslandi að sækja mjög hratt fram. En ég bregst til varnar ef menn snúast með ósanngjörnum hætti gagnvart símafyrirtækjunum á Íslandi. Ég er tilbúinn til þess að verja öll símafyrirtækin þegar þau eiga það skilið að hlaupið sé í vörn.

Hv. þm. Kristján L. Möller nefndi hér NMT-farsímabúnaðinn og -þjónustuna. Ég vil segja að samkvæmt samningnum sem ég nefndi hér í andsvari eru ákvæði sem eiga að tryggja það að ef Síminn segir ekki upp þeim samningi fyrir næstu áramót þá verður hann í gildi næstu þrjú árin þannig að það liggur alveg fyrir. En hvort búnaðurinn er að renna sitt skeið, það veit ég ekki. Ég held að það væri mjög gagnlegt einmitt eins og kom fram að samgöngunefndin færi yfir það. Það væri af hinu góða.

Aðeins út af því þá vil ég nefna það hérna að stundum hefur heilmikið verið rætt um hvort farsímarnir séu öryggistæki. Símafyrirtækin hafa verið að skjóta sér í skjól og reynt segja þjóðinni að farsímar séu ekki öryggistæki, í það minnsta ekki GSM-símarnir. Engu að síður auglýsa símafyrirtækin símþjónustuna, GSM-símþjónustuna, sem öryggistæki. Ég horfi á það m.a. í alveg spánýrri sjónvarpsauglýsingu sem er mjög skemmtileg. Þar eru þrír félagar í útreiðatúr, tveir á góðum hestum en einn á nauti. Sá á nautinu dettur náttúrlega af baki og situr eftir í eyðimörkinni með GSM-farsímann sinn. Hvaða ábending er það til notenda? Jú, ábending um að þeir séu öruggir í auðninni með símann sinn.

Annað símafyrirtæki auglýsir á svipuðum nótum þar sem ungt par er í óbyggðum, væntanlega á Íslandi, alveg örugglega, þar sem er hraun og urð og grjót en vegur og bilaður bíll. Herrann er að reyna að gera við bílinn en stúlkan er úti í kanti með farsímann sinn að reyna að ná sambandi við foreldrana, væntanlega til þess að ... (**Gripið fram í:** Á réttum stað ...) Akkúrat á réttum stað. Það er því mjög ríkulega vakin athygli á því að GSM-símarnir séu öryggistæki. Þess vegna hef ég ekki viljað láta símafyrirtækin komast upp með annað en að kalla eftir því á móti. (**KLM:** Er Síminn þá ekki að standa sig?) Síminn er að standa sig mjög vel og hann hefur þetta öryggistæki mjög víða í góðu standi. En við erum að gera kröfur og ég heyri það hér hjá þingmönnum að þeir vilja gera kröfur þannig að fólk sé ævinlega hvar sem það er innan þessara öryggismarka. Það blasir alveg við að ef við viljum vera örugg þá verðum við að kynna okkur hvort sendarnir ná til okkar þar sem við viljum vera. Það er staðreynd. En síminn skiptir miklu máli, þ.e. þessi tækni.

Ég þakka hv. 7. þm. Suðurk. ábendingar. Ég tel að hann hafi góð færi á því í samgöngunefndinni að koma með sínar ábendingar um útbreiðslu og kröfur o.s.frv. við umfjöllun nefndarinnar. Ég hvet hann því til þess. Ég vil bara segja það sem kom fram hjá mér lauslega í andsvörum að ég er ósammála honum og Morgunblaðinu um aðferðafræðina. Hvers vegna? Jú, ég vil fara þessa leið, fegurðarsamkeppnisleiðina, vegna þess að í fyrsta lagi tel ég að við tryggjum betur útbreiðsluna með því að gera þessar kröfur. Ýmsum finnst ekki nóg að gert með útbreiðslu, samanber frumvarpið. Ég tel skynsamlegt að fara varlega inn í þessa veröld og gera ekki of miklar kröfur til þess að fæla ekki símafyrirtækin frá. En ég vil gera þessar kröfur og láta fyrirtækin keppa um að þær verði enn þá meiri því það er ekkert sem bannar það. Hins vegar tel ég ekki skynsamlegt að velja þá leið sem ýmsir fóru, að láta fyrirtækin keppa á grundvelli verðsins, vegna þess að það mun fyrst og síðast lenda á notendum. Þeim mun hærra verð sem símafyrirtækin bjóðast

til þess að borga fyrir leyfin þeim mun hærri verða símareikningarnir sem notendur þurfa að greiða. Það blasir við. Ég held því að leiðin sem hér er valin verði farsæl. Ég vona að hv. þingmenn geti sameinast um að afgreiða þessa löggjöf á þeirri forsendu.

Ég tel varðandi ábendingarnar sem hér hafa komið fram að skoða beri þessa útbreiðslukröfu, að sjálfsagt sé að líta yfir það. Hins vegar er þá algerlega nauðsynlegt að kalla fulltrúa símafyrirtækjanna fyrir samgöngunefndina til þess að fara yfir þetta þannig að þingmenn fái mat símafyrirtækjanna á útbreiðslukröfunum, því það skiptir máli að allar upplýsingar liggi fyrir þegar málið er afgreitt endanlega.

Að öðru leyti þakka ég enn og aftur fyrir viðbrögðin við þessu frumvarpi og vænti þess að eiga gott samstarf við þingmenn um að koma þessu í gegnum þingið fyrir jól og þannig að þetta frumvarp verði að lögum.

[15:56]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra sagði að Síminn hefði staðið sig feiknarlega vel. Það má ábyggilega taka undir það á mörgum sviðum í rekstri Símans, hins vegar ekki öllum. Ég andmæli því og neita því að fram komi neikvæður tónn í garð Símans þó við séum að draga hér fram ýmislegt varðandi ADSL-þjónustu Símans eins og staðan er í dag. Ég neita því. Ég tel t.d. ekki að neikvæður tónn í garð Símans hafi komið fram hjá hæstv. samgönguráðherra, virðulegi forseti, þó hann hafi gagnrýnt það að Síminn og símafyrirtækin líti ekki á GSM-síma sem öryggistæki, eins og hæstv. ráðherra gerir og við erum sammála um. Ég tel að hæstv. samgönguráðherra hafi ekki verið með neikvæðan tón í garð símafyrirtækjanna þó hann bendi á þessi atriði og hafi lýst auglýsingunum vel.

Ég vil aðeins í lokin, virðulegi forseti, spyrja hæstv. samgönguráðherra út í það hvað Síminn hefur staðið sig feiknarlega vel á þessum sviðum, eins og hann orðaði það. Getur verið að Síminn hafi staðið sig feiknarlega vel gagnvart íbúum Hríseyjarhrepps, svo við tökum dæmi, sem fá ekki þessa þjónustu eins og flestir íbúar landsins, sitja ekki við sama borð og aðrir og geta ekki veitt börnum og unglingum sömu möguleika og eru á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Trabant versus Mercedes Benz? Telur hæstv. ráðherra að Síminn, sem einu sinni var hér við Austurvöll, hafi staðið sig feiknarlega vel með því að láta þessa 180 íbúa borga fjárfestinguna sjálfa í stað þess að fjármagna þessa tæknilausn sjálfur og bjóða notendum að kaupa þjónustuna bara eins og annars staðar, t.d. í Stykkishólmi, Siglufirði eða hvar sem er? Er þetta að standa sig feiknarlega vel?

[15:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Óskir byggðarlaganna eru misjafnar. Ég tel ekkert óeðlilegt við það að önnur fyrirtæki en Síminn komi að því að þjóna einstökum byggðum. Hér er Hrísey nefnd sérstaklega. Ég tel það ekkert óeðlilegt. Við vitum að uppi í Borgarfirði er Borgarbyggð að semja við lítið fjarskiptafyrirtæki um þá sömu þjónustu og gerð er að umtalsefni hér fyrir Hrísey. Ég tel að það sé bara ... (Gripið fram í.) Ég sé ekkert óeðlilegt við það. Við erum á markaði í þessu. Ég minni á það.

Síminn hefur skyldum að gegna á grundvelli fjarskiptalaganna hvað varðar gagnaflutninga upp til þessarar ISDN-tengingaþjónustu. Hann hefur bætt um betur og útvíkkað þá þjónustu. Ég verð að segja alveg eins og er að ég veit ekki hvaða gögn hv. þingmaður er að tosa út og inn af internetinu ef ISDN Plús dugar honum ekki. Ég hef þessar tengingar heima hjá mér. *Ég hef haft þær heima hjá mér í* Stykkishólmi og ISDN-tengingin dugar mér algerlega sem þingmanni og ráðherra. Ég hef alveg nægan tíma til þess að bíða eftir þessari hröðu og fínu þjónustu. En ef menn gera meiri kröfur þá er náttúrlega eðlilegt að þeir kaupi dýrari tengingar og dýrari búnað til tenginga. Það er á margt að líta í þessu.

Ég vona svo sannarlega að þessar litlu byggðir fái sem besta þjónustu. En við sitjum uppi með það að sjálfsögðu að símafyrirtækin eru í samkeppni. (Forseti hringir.) Og það er ekki eingöngu hægt að gera kröfu til eins fyrirtækis.

[16:01]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara út í umræðu um ISDN Plús í Stykkishólmi og hvort ráðherrann hafi nógan tíma til að nota það, það er þá allt í lagi og getur vafalaust verið rétt. Hins vegar vitum við, og ég hygg að hæstv. ráðherra viti það líka, að töluverður munur er á því, hvort sem um er að ræða gagnasendingar sem menn ná sér í eða niðurhölun eða hvað menn kalla þetta, þegar hann talar um misjafnar óskir byggðarlaga. Það er alveg *rétt*, þær geta verið það. En það eru ekki misjafnar óskir byggðarlaga, milli Hríseyinga og Reykvíkinga eða Stykkishólmsbúa, um að sitja við sama borð, þ.e. að hafa möguleika á að kaupa þessa þjónustu af Símanum sem er með miklu meiri markaðshlutdeild en aðrir, það er bara svoleiðis. Þetta er bara nútíminn í fyrirtækjarekstri þegar menn eru farnir að reka fyrirtæki á mörgum stöðum á landinu. Þetta bauð *Síminn* ekki upp á.

Ég tel, virðulegi forseti, að Síminn hafi ekki staðið sig feiknalega vel gagnvart þessum litlu byggðarlögum út um landið. Ég tek Hrísey sem dæmi vegna þess að þar voru frumkvöðlar sem tóku forustu, byggðu þetta upp, borguðu stofnkostnað. Það er það sem ég er að gagnrýna og er ósáttur við en ég heyri að samgönguráðherra er ekki ósáttur við, og þar er kannski munurinn á jafnaðarmanni og kapítalista í Sjálfstæðisflokknum. Jafnaðarmenn líta þannig á að þetta séu jöfn skilyrði og fólk eigi að sitja við sama borð. Það er hægt að inna þessa þjónustu af hendi og það hefði Síminn getað gert. Hvers vegna hann gerði það ekki, hvers vegna hann notaði ekki gervihnattasamband er mér algerlega *óskiljanlegt*.

Ég vil í lokin, virðulegi forseti, spyrja hæstv. samgönguráðherra hvort fyrirtæki sem hefur staðið sig svona feiknarlega vel gagnvart litlu stöðunum á landsbyggðinni, í mínu kjördæmi og í kjördæmi ráðherrans, neiti að vera með aðra tækni en ljósleiðara. Er ómögulegt að fá Símann til að athuga gervihnattasendingar?

[16:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki auðvelt í stuttum andsvarstíma að fara út í skýringar á flóknum tæknilegum atriðum eins og þeim hvort betra sé að velja gervihnattasambönd eða fastlínutengingar. Það liggur í augum uppi fyrir flesta að fastlínukerfin, ég tala ekki um ljósleiðara, skapa miklu meiri möguleika. Það blasir við.

En í mörgum tilvikum duga gervihnattasambönd og ég veit ekki annað en Síminn hafi nýtt sér það. Vonandi tekst okkur að byggja þetta hægt og bítandi upp. En ég vil af þessu tilefni sem hv. þm. hefur gefið hér vekja athygli á að Síminn er að vinna að því og leggja á ráðin um að nýta koparinn til þess að koma á mjög öflugum gagnaflutningamöguleikum og m.a. þeim möguleika að tengja sjónvörp inn á símalínurnar um landið allt. Ég tel að þegar þetta verður að veruleika, sem fullyrt er að sé innan seilingar, muni margt breytast mjög mikið og að þá muni sannast að þetta ágæta fyrirtæki er að leggja sig mjög fram um að finna hagkvæmustu og bestu lausnirnar fyrir okkur, og ég er alveg jafnsannfærður um að fyrirtækið Og Vodafone, svo fleiri fyrirtæki séu nefnd, er á höttunum eftir því að finna leiðir til að þjóna viðskiptavinum sínum.

Ég tel að þar liggi besta tryggingin fyrir okkur, að samkeppnin efli þessi fyrirtæki til átaka í þágu neytendanna en ekki að við stjórnmálamennirnir hringjum og skipum einhverjum ríkisforstjórum til verka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

[16:06]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og flyt ég þessa tillögu ásamt öðrum hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þeim Jóni Bjarnasyni, Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman og Ögmundi Jónassyni. Tillögutextinn er svohljóðandi, eins og lesa má á þskj. 16, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að forræði rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma flytjist frá iðnaðarráðherra til umhverfisráðherra og að flokkun vatnsfalla og jarðhitasvæða samkvæmt henni verði lögð fyrir Alþingi til nánari ákvörðunar um verndun og nýtingu þeirra.“

Virðulegi forseti. Í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sem ber heitið Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi — framkvæmdaáætlun til aldamóta var greint frá því að gerð yrði áætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Fyrirmyndin var fengin frá Noregi þar sem lokið var vinnu við að flokka vatnsföll, reyndar ekki bara lokið vinnunni heldur var hún búin að fara tvisvar sinnum í gegnum endurskoðunarferli þegar við hófumst handa og áætlun Norðmanna var sem sagt höfð til hliðsjónar sem fyrirmynd fyrir þá vinnu sem fór fram hér.

Í upphafi var ljóst að íslensk stjórnvöld viku frá aðferðafræði Norðmanna í a.m.k. einu veigamiklu atriði þar sem hérna var ekki gert ráð fyrir að áætlunin væri á forræði umhverfisráðherra heldur iðnaðarráðherra. Umhverfis- og náttúruverndarsinnar voru almennt jákvæðir gagnvart því að hefja ætti þessa vinnu við rammaáætlunina og létu í ljósi vonir um að hún yrði notuð til að friða þau vatnsföll og þau jarðhitasvæði sem ekki væri ásættanlegt að fórna til orkuvinnslu vegna neikvæðra umhverfisáhrifa þó svo að menn gagnrýndu það harðlega strax í byrjun að vinnan skyldi vera á forræði iðnaðarráðherra en ekki umhverfisráðherra. Einnig gagnrýndu menn að ekki virtist ljóst fyrir fram hvernig farið yrði með þessar niðurstöður sem væntanlega kæmu út úr vinnunni. Það hefur verið gagnrýnt alveg fram á þennan dag.

Í nóvember 2003 voru gerðar opinberar niðurstöður fyrsta áfanga rammaáætlunar og gefnar út í veglegu riti sem dreift var raunar líka í þingskjali til þingmanna á síðasta ári ásamt skýrslu hæstv. iðnaðarráðherra varðandi rammaáætlunina. Sú skýrsla iðnaðarráðherra var lögð fram á þskj. 548 á síðasta löggjafarþingi. Þar gerir hæstv. iðnaðarráðherra grein fyrir því hvernig hún vill líta á meginniðurstöður fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar en hún segir að það beri að líta á þá vinnu sem grunn fyrir mat á frumáætlunum virkjana og stjórnvöld geti nýtt niðurstöðurnar sem grundvallarstefnumörkun í orku- og náttúruverndarmálum. Þá segir einnig í skýrslunni að iðnaðarráðherra muni geta notfært sér niðurstöðurnar við stefnumörkun í frumrannsóknum ríkisins í orkumálum og við útgáfu rannsóknar- og nýtingarleyfa nýrra virkjana. Reyndar eru þessar yfirlýsingar sambærilegar við það sem sagt er í inngangi rits um niðurstöður fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar sem skrifaður er af verkefnisstjóranum eða formanni verkefnisstjórnarinnar, Sveinbirni Björnssyni.

Af því sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur sagt varðandi þetta bæði í ræðu og riti er alveg ljóst að iðnaðarráðherra ætlar sér að taka ákvarðanir á grundvelli þeirrar vinnu sem nú liggur fyrir og stjórnvöld hafa greinilega ekki í hyggju að gefa flokkun þeirri sem fólgin er í niðurstöðum fyrsta áfanga rammaáætlunarinnar neitt skuldbindandi vægi eða lagagildi. Einnig þar fara íslensk stjórnvöld allt aðra leið en í Noregi eins og áður sagði því að í Noregi tók norska Stórþingið rammaáætlunina til ítarlegrar umfjöllunar og samþykkti hana loks með endanlegri flokkun þeirra vatnsfalla sem hún náði til. Flokkarnir voru fjórir og gildi þeirra var eftirfarandi: Í fyrsta flokkinn áttu að fara þeir kostir sem orkufyrirtækin gátu þá þegar sótt um heimildir til að virkja. Í annan flokkinn fóru þeir kostir sem settir voru í biðstöðu á þeirri forsendu að ekki lægju fyrir nægileg gögn til að taka afstöðu til þeirra. Í þriðja flokkinn fóru þeir kostir sem alls ekki voru taldir standa orkufyrirtækjunum til boða og þá fyrst og fremst vegna óásættanlegra umhverfisáhrifa. Þó var ekki talið útilokað að kostir í flokki þrjú kæmu einhvern tíma til álita en þó ekki fyrr en vel væri gengið á virkjanakosti í fyrsta flokki. Í fjórða og síðasta flokkinn fóru þeir kostir sem voru taldir verðmætastir út frá náttúruverndarsjónarmiði og þeir voru umsvifalaust friðlýstir.

Segja má að íslensk stjórnvöld hafi sleppt því að kynna aðferðafræði eða fara eftir slíkri aðferðafræði eins og Norðmennirnir fóru eftir og það verður að teljast fráleitt að forræði þessa máls verði áfram á hendi eins af atvinnumálaráðuneytunum sem eðli máls samkvæmt hefur nýtingar- og framkvæmdaáform í fyrirrúmi, eins og komið hefur fram í ræðum þeim sem iðnaðarráðherra hefur haldið um málið og sömuleiðis í þeim plöggum sem iðnaðarráðuneytið hefur gefið út varðandi rammaáætlunina.

Þess vegna flytjum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð þessa tillögu en hún gerir ráð fyrir að forræði þessara niðurstaðna rammaáætlunarinnar og áframhaldandi vinna verði framvegis undir yfirstjórn og á ábyrgð umhverfisráðuneytisins. Auk umhverfis- og náttúruverndar fer það ráðuneyti með skipulagsmál sem tengjast náið þeim ákvörðunum sem vinna að rammaáætlun á að leggja grunn að. Sú formbreyting á yfirstjórn rammaáætlunar er einnig brýn vegna framhaldsvinnu að verkefninu en það gefur auðvitað augaleið að hér er um umhverfis- og skipulagsmál að ræða fyrst og fremst en það eru einmitt málaflokkar sem eiga heima í umhverfisráðuneyti en ekki í iðnaðarráðuneyti.

Í niðurlagi skýrslu iðnaðarráðherra sem getið var hér að framan kemur fram að áætlað sé að vinna annan áfanga áætlunarinnar á næstu þremur til fjórum árum. Þeirri vinnu muni stýrt af fámennari verkefnisstjórn en þeirri sem vann fyrsta áfangann og verkefnisstjórnin verði, ef tillögur og hugmyndir hæstv. iðnaðarráðherra ná fram að ganga, eingöngu skipuð fulltrúum frá iðnaðar- og umhverfisráðuneyti auk helstu hagsmunaaðila.

Ég vara við því, hæstv. forseti, að verkefnisstjórnin verði gerð fámennari eða færri einstaklingar komi til með að koma að vinnunni sem framkvæmd verður í áframhaldinu. Það er afar mikilvægt að rammaáætlunin verði áfram unnin á jafnbreiðum grunni og þessi fyrsti áfangi var unninn en segja má að lauslega áætlað hafi um 70 manns átt beina aðkomu að þessari vinnu í gegnum faghópana og verkefnisstjórnina og þá eru eflaust ekki taldir allir sérfræðingarnir sem þessir faghópar leituðu síðan til með ráðleggingar.

Af því sem hér hefur verið fært fram má ljóst vera að rammaáætlun ríkisstjórnarinnar verður ekki það tæki sem henni var ætlað nema hún lúti forræði þess ráðherra sem fer með umhverfisvernd og skipulagsmál og Alþingi fjalli um hana og taki ákvarðanir með hliðsjón af niðurstöðunum. Það er lykilatriði í framkvæmd rammaáætlunarinnar að vega og meta kostina með tilliti til ólíkra nota í tilfelli vatnsfalla og jarðhitasvæða. Þá þarf að leggja mat á möguleika svæðisins sem virkjanasvæðis annars vegar og hins vegar sem verndarsvæðis. Síðan þarf að bera saman niðurstöðurnar og taka skynsamlegar ákvarðanir út frá heildarhagsmunum.

Hér á landi hefur setið að völdum ríkisstjórn sem talið hefur þjóð sinni trú um að eina bjargræðið í atvinnumálum sé fólgið í mengandi málmbræðslum, eimyrjuspúandi. Í samræmi við þá stefnu hefur verið vaðið hér áfram án allrar fyrirhyggju og ráðist hefur verið í risavaxnar virkjanaframkvæmdir á viðkvæmu hálendi Íslands, framkvæmdir sem eiga eftir að valda óbætanlegu tjóni á risavöxnu landsvæði við norðanverðan Vatnajökul, landsvæði sem nær alla leið til sjávar í Héraðsflóa. Núverandi ríkisstjórn hefur lítið gert til að vega saman ólíka kosti orkuvinnslu til stóriðju annars vegar og náttúruvernd til útivistar og ferðamennsku hins vegar. Umhverfisráðherra þessarar ríkisstjórnar hefur setið í sjálfskipuðu stofufangelsi virkjanaáformanna á meðan iðnaðarráðherra hefur dregið stóriðjuvaltarann yfir allt sem fyrir er. Við sem erum vinstri græn höfum frá stofnun okkar flokks í febrúar 1999 gert allt sem í okkar valdi hefur staðið til að benda þjóðinni og stjórnvöldum á hversu öfugsnúið þetta ráðslag allt er. Með þessari þingsályktunartillögu gerum við enn eina tilraunina og verði hún samþykkt gæti hún orðið nýjum umhverfisráðherra kærkomið tækifæri til að hefja fána umhverfis- og náttúruverndar til vegs í ráðuneyti umhverfismála, leysa þá skúffu í skrifborði iðnaðarráðherra sem umhverfisráðuneytið hefur verið úr álögum.

Að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, óska ég eftir að málinu verði vísað til umfjöllunar í umhverfisnefnd og síðan til síðari umræðu.

[16:16]

Katrín Fjeldsted:

Frú forseti. Þessi tillaga er einföld og skýr og kveður á um að forræði rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma flytjist frá iðnaðarráðherra til umhverfisráðherra og að flokkun vatnsfalla- og jarðhitasvæða samkvæmt henni verði lögð fyrir Alþingi til nánari ákvörðunar um verndun og nýtingu þeirra.

Ég las þessa tillögu með áhuga og greinargerðina sömuleiðis en þar er rakið hvernig staðið var að málum þegar farið var í þá vinnu sem er kölluð rammaáætlun, út frá framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar á árinu 1997 sem kallaðist „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, framkvæmdaáætlun til aldamóta." Þar var greint frá því að gerð yrði áætlun til langs tíma um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Þarna var reynt að leiða saman þessi andstæðu sjónarmið, sem eru annars vegar nýting og hins vegar verndun. Flestir fögnuðu þessu mjög, þetta var samstarf og samráð iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra. Og þótt margir hefðu viljað að málið væri á borði umhverfisráðherra sættu menn sig við að þetta væri gert svona einmitt af því að það var verið að reyna að brúa bil milli andstæðra sjónarmiða. Mér fannst það mjög jákvætt.

Þetta starf var síðan unnið á árunum 1999–2003 og eftir fjögurra ára vinnu var skilað skýrslu um þá virkjanakosti sem fyrir liggja á Íslandi og vegið og metið út frá ýmsum sjónarhornum hversu hátt ætti að setja náttúruverndarsjónarmiðið og hversu æskilegt væri að virkja á þessum stöðum. Í stuttu máli sagt var nokkuð skýr niðurstaða með um helming þessara virkjana, það vantaði jú upplýsingar um nokkuð stóran hluta þeirra, ég held að fjallað hafi verið um 43 virkjanakosti og einungis voru til næg gögn um 20. En niðurstaða var a.m.k. fengin.

En mér hnykkti nokkuð við þegar ég áttaði mig á því snemma í þessu ferli að það væri ekki ljóst hvað ætti að gera við niðurstöðu rammaáætlunar, fyrsta áfanga, og í skýrslu sem verkefnisstjórnin ásamt iðnaðarráðuneytinu gaf út fyrir tæpu ári er boðað að annar áfangi verði fámennari

og það má gera því skóna að einungis iðnaðarráðuneytið skipi í þá verkefnastjórn.

Nú finnst mér ekki aðalatriðið hversu margir eru í verkefnisstjórn af þessu tagi heldur hverjir koma að því að stýra málinu, þ.e. hvort það eru eingöngu atvinnumálaráðuneyti, eins og iðnaðarráðuneytið, eða hvort ráðuneytin eru saman eins og var í upphafi og finnst síðari kosturinn auðvitað allur annar og betri. Það skiptir líka máli að til séu kallaðir þeir sérfræðingar sem best þekkja málin, svokallaðir valinkunnir sæmdarmenn, sem skiluðu sér mjög rækilega inn í verkefnisstjórnina enda voru gæði starfsins í samræmi við það.

Það að fara ekki eftir fyrirmyndinni sem sett var, þ.e. vinnunni sem fengin var frá Noregi, og vista mál af þessu tagi hjá umhverfisráðuneytinu held ég að hafi verið mistök. Hvort þau voru vísvitandi þori ég ekki að segja en ég tel a.m.k. mjög mikilvægt að virkjanakostir framtíðarinnar verði ekki síður á borði umhverfisráðherra en á borði iðnaðarráðherra og legg mikla áherslu á það. Þess vegna er ég mjög hlynnt þessari þingsályktunartillögu því að hún segir einmitt þetta.

Þeir fjórir kostir eða flokkar sem síðasti ræðumaður nefndi hér sem vatnsföll í Noregi féllu í voru: Í fyrsta lagi kostir sem orkufyrirtæki gátu sótt um heimild til að virkja strax. Í öðrum flokki voru biðstöðumál þar sem ekki voru nægar upplýsingar. Í þriðja flokk féllu virkjanakostir sem menn töldu ekki rétt að taka afstöðu til og þóttu ólíklegir og í fjórða lagi þeir kostir sem voru taldir verðmætastir og því friðlýstir. Mér finnst augljóst af lestri skýrslunnar sem kom út á vegum rammaáætlunar og iðnaðarráðuneytisins að þar séu fyrir kostir sem þurfi að friðlýsa en ég hef ekki séð neina hreyfingu í þá átt. Að vísu liggur fyrir ein þingmannatillaga um friðlýsingu Þjórsárvera. Og ég boða hér með að ég ætla að leggja fram og er með í undirbúningi þingsályktunartillögu í svipuðum dúr til að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað í ljósi þess sem fram kemur í rammaáætlun þannig að friðlandsmörkin taki mið af náttúrufari og landslagi og því verði jafnframt lýst yfir að fallið sé frá öllum virkjanaáformum á svæðinu. Að auki, segir í þessari væntanlegu þingsályktunartillögu, að einnig verði sótt um að Þjórsárver komist á heimsminjaskrá UNESCO.

Eins og margir vita voru tveir merkir fræðimenn og vísindamenn á ferð um landið í sumar sem báðir hafa komið að heimsminjaskrá UNESCO og áttu þátt í því að Þingvellir voru metnir inn á þá skrá. Samkvæmt áliti þeirra beggja kæmi þetta vel til greina. Ég tel því rétt að láta á það reyna fyrir hv. Alþingi að fá þessa þingsályktunartillögu mína samþykkta.

En, forseti, eins og ég sagði áðan, tek ég heils hugar undir þessa þingsályktunartillögu. Mér finnst hún rétt skref og ég tel eðlilegt að umhverfisráðherra hafi forræði í þessu máli, í versta falli báðir ráðherrarnir, en alls ekki eingöngu iðnaðarráðherra.

[16:24]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Frú forseti. Ég vil fá að hefja mál mitt á því að þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og þingflokki Vinstri grænna fyrir að hafa lagt fram þessa þingsályktunartillögu á hinu háa Alþingi. Ég verð að viðurkenna að ég vissi hreinlega ekki af því fyrr en ég fór að skoða þetta mál að það væri með þeim hætti sem hér var rakið í framsöguræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og satt best að segja rak mann í rogastans.

Þetta á jú allt upphaf sitt í því að ríkisstjórnin samþykkir árið 1997 framkvæmdaáætlun um umhverfismál. Þar er sem sagt ákveðið að iðnaðarráherra skuli í raun og veru hafa forgang í þessu máli, ekki umhverfisráðherra eins og manni hefði þótt mjög eðlilegt og sjálfsagt. En það er sem sagt iðnaðarráðherra sem er látinn leiða þetta starf, þ.e. leggja mat á og flokka ýmsa virkjanakosti bæði vatnsafls og hita, háhita, jarðhita, skoða hluti eins og orkugetu, hagkvæmni og annað þjóðhagslegt gildi — en svo á líka að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúruminningarminjar og einnig á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði. Maður fær strax á tilfinninguna að þarna sé gildi auðlindanna í raun og veru sett í annað sæti, þ.e. vatnsafls, fallvatna og síðan jarðvarma, háhitasvæða, að gildi þessara náttúruauðæfa með tilliti til náttúruverndar sé í öðru sæti.

Það er sem sagt iðnaðarráðuneytið sem fær að ráða ferðinni og það kom strax í huga manns svona hálfspaugileg samlíking; þetta væri svona svipað og að láta rónana stjórna Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. En að öllu gamni slepptu er þetta alveg háalvarlegt mál.

Mér finnst alveg sjálfsagt að þessu sé breytt og því kippt í liðinn og þetta starf verði fært undir umhverfisráðuneytið því að þetta er jú umhverfismál fyrst og fremst.

Þetta gerir það líka að verkum að maður sannfærist um að einnig sé tími til kominn að fara að skoða þessi ráðuneyti sem hafa með nýtingu náttúruauðlinda að gera, landbúnaðarráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið og iðnaðarráðuneytið, og sameina þau undir eitt ráðuneyti, þ.e. atvinnuvegaráðuneyti. Og jafnframt verði látin fara fram heildarendurskoðun á öllum stofnunum sem heyra undir þessi ráðuneyti og síðan hugleitt mjög alvarlega hvaða stofnanir ættu í raun frekar heima undir umhverfisráðuneytinu og veita umhverfisráðuneytinu þá jafnframt sjálfkrafa meira vægi í stjórnsýslu okkar. Hér er ég náttúrlega að tala um þetta tiltekna mál sem við erum að ræða núna, hæstv. forseti, en einnig koma í hugann stofnanir eins og t.d. Hafrannsóknastofnun, Landgræðslan, ég tel að báðar þessar stofnanir ættu miklu frekar heima undir umhverfisráðuneytinu. Ég var frekar skeptískur á þá hugmynd til að byrja með en eftir því sem tíminn líður sé ég æ betur og sannfærist um að þessar stofnanir eiga ekki að vera undir sérfagráðuneytum þar sem hagsmunir þeirra sem vilja nýta auðlindirnar stangast á við hagsmuni hinna sem vilja stjórna nýtingu þeirra og líka reyna að vernda þær, að svona stofnanir eigi miklu frekar heima undir umhverfisráðuneytinu í framtíðinni.

[16:28]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur gert grein fyrir þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér liggur frammi á þskj. 16, um að forræði rammaáætlunar um

nýtingu vatnsafls og jarðvarma flytjist frá iðnaðarráðherra til umhverfisráðherra og að flokkun vatnsfalla og jarðhitasvæða samkvæmt henni verði lögð fyrir Alþingi til nánari ákvörðunar um verndun og nýtingu þeirra, eins og segir í þingsályktunartillögunni.

Virðulegi forseti. Staðan í dag er sú að fyrsta áfanga rammaáætlunar er lokið en fyrsti áfanginn hefur í raun enga stjórnsýslulega stöðu. Þetta er vinnuplagg sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur umsjón með, sem er í hrópandi mótsögn við það sem maður hefði talið að ætti að vera samkvæmt samþykkt sem ríkisstjórnin gerði 1997, að móta framkvæmdaáætlun um umhverfismál en fela iðnaðarráðherra forræðið yfir áætluninni „Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi — framkvæmdaáætlun til aldamóta".

Ég held að það hafi ekki verið að óathuguðu máli að fela iðnaðarráðherra ábyrgð á framkvæmdaáætluninni. Samkvæmt hugmyndafræði núverandi ríkisstjórnar er það stóriðjustefnan sem ræður framkvæmdum og möguleikum á framkvæmdum bæði hvað varðar virkjanir og stóriðju hér á landi. Slíkar framkvæmdir hafa gengið fyrir umhverfisvernd og sjálfbærri þróun. Til marks um þetta má horfa til Kárahnjúkavirkjunar sem nú er verið að reisa. Hún kom sannarlega mjög sterkt inn í þessa rammaáætlun sem svæði sem ætti að vernda. Hins vegar var ráðist í virkjun sem er algerlega andsnúin hugmyndafræðinni um sjálfbæra þróun og getur aldrei og mun aldrei geta staðið undir því að teljast sjálfbær framkvæmd.

Í ljósi þessa er ekki skrýtið, þótt það hafi kannski ekki verið þaulhugsað eða úthugsað en það lá í hlutarins eðli, að iðnaðarráðherra hefði málið á sinni könnu, til að geta farið með þessa rammaáætlun eins og hentar stefnu ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum. Til marks um þær hugmyndir sem nú eru uppi til að styrkja byggð og búsetu í landinu má nefna að hæstv. iðnaðarráðherra fer um sveitir og lofar stóriðju í næstum hvern fjörð. Til þess þarf vatnsafl. En það er ekki byrjað á því, þegar slíkar hugmyndir eru kynntar fyrir sveitarstjórnarmönnum, að fara yfir málið á forsendum sjálfbærrar þróunar, á þeim forsendum að meta vatnsöflin og hvaða kostir komi til greina til þess að uppfylla raforkuþörf verðandi stóriðju. Nei, það er byrjað á að staðsetja stóriðjuna og síðan kemur hitt í framhaldinu.

Við ættum auðvitað að líta til Norðmanna og fara að þeirra dæmi, nota rammaáætlunina til þess sem hún er ætluð. Síðan væri hægt að fara í rannsóknir og virkjanir á þeim svæðum sem þessi vinna segir til um að þjóðin sé sátt við. Þessi vinna er rétt hafin, er rétt farin í gang og langt frá því að vera tilbúin þannig að taka megi einhverjar ákvarðanir um áframhaldandi stóriðju sem stendur. Samt vinna menn hörðum höndum að því að halda áfram stóriðjuuppbyggingunni hér á landi.

Ábyrgðin á rammaáætluninni ætti að liggja hjá umhverfisráðherra og verndun náttúrunnar, verndun umhverfisins, ætti að sitja í fyrirrúmi með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Auðvitað viljum við öll framþróun þótt við höfum mismunandi framtíðarsýn. Við getum hins vegar notað rammaáætlunina eins og Norðmenn, til að stuðla að sjálfbærri þróun eins og a.m.k. titill samþykktar ríkisstjórnarinnar sagði til um.

Ég tek undir það að mikilvægt hafi verið við fyrsta áfangann að svo margir lærðir og leikir skyldu að koma að málinu. Ég tel að framhaldið eigi að vinna á sama hátt þannig að njóta megi vinnu breiðs hóps margra aðila. Þó *má segja að það er einn ókostur við vinnuna að áætluninni* og að mati á umhverfisáhrifum. Það kemur ekki alveg inn í þessa vinnu en snertir það, þ.e. að við erum fámenn þjóð og stundum er það okkur til trafala að eiga ekki marga sérfræðinga á ákveðnum sviðum. Það getur hugsanlega takmarkað aðkomu þeirra að öðrum málum ef þeir sinna sérfræðistörfum annaðhvort við gerð rammaáætlunar eða mat á umhverfisáhrifum. Ég held að það sé nokkuð sem við þurfum að hafa í huga, að binda ekki svo hendur sérfræðinga okkar að þær geti ekki nýst til annarra hluta.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta sé alveg skýrt. Við teljum að þessi málaflokkur eigi að vera hjá umhverfisráðherra. Þetta er mikilvæg vinna. Við eigum að vinna mjög ákveðið að því að koma á rammaáætlun og fara eftir henni.

[16:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða stórmál. Það hefði verið æskilegt og mjög fróðlegt að heyra viðbrögð hæstv. umhverfisráðherra við þessu þingmáli. Það er engin tilviljun að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs stendur allur á bak við 1. flutningsmann þingmálsins, *hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, við flutning þessa máls.* Málið snertir grundvallarstefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þ.e. hvort nálgast eigi umræðu og ákvarðanir um nýtingu á orkulindum landsins út frá forsendum náttúruverndar og sjónarmiðum um sjálfbært samfélag eða á grundvelli iðnaðarhagsmuna. Að sjálfsögðu hljóta iðnaðarhagsmunir og efnahagslegir þættir í víðum skilningi að koma til álita við slíka ákvarðanatöku en spurningin er: Hvað á að vera í fyrirrúmi?

Ég er reyndar á því að ef efnahagslegir þættir hefðu verið krufnir til mergjar þegar ákvörðun var tekin um Kára*hnjúkavirkjun á sínum tíma þá hefðu menn aldrei ráðist í* það fyrirtæki. En hvað um það. Með þessu þingmáli leggjum við áherslu á að umhverfið, náttúran og sjálfbært samfélag eigi að vera í fyrirrúmi. Því er þessi tillaga sett fram. Við erum með öðrum orðum að segja: Það á að hugsa til langs tíma en ekki til skamms.

[16:38]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Ég tel að flestir geti verið sammála því að tvenns lags sjónarmið eru uppi þegar hugað er að virkjanakostum.

Annars vegar er orkunýtingin og hún er til að byggja upp atvinnu og styrkja byggðir, afla gjaldeyristekna og tryggja velferðarkerfi okkar, hið sameiginlega velferðarkerfi okkar sem veitir ekki af því að eflist. Hinn kosturinn er umhverfismálin og víst eru þeir til sem leggjast gegn virkjanakostum.

Í minni heimabyggð háttar þannig til að þar er mikil orka ónýtt. Hvers vegna vill fólkið þar að hugað verði að virkjunum og orkunýtingu? Það er út af því að þær byggðir hafa orðið að ganga í gegnum það að kvótinn, fiskurinn í

sjónum, hefur flust frá byggðunum. Þær veikjast þess vegna. Einnig veikjast byggðirnar þar sem landbúnaðurinn er á undanhaldi, það er öllum ljóst. Þessar byggðir fá lítið sem ekkert inn á sín svæði í formi opinberra starfa. Þess vegna hafa menn víða áhyggjur um hinar dreifðu byggðir. Menn sjá það sem kost í að efla byggð og styrkja eignir sínar. Ég hef bent á að vítt og breitt um landið hafa eignir fólks, ævisparnaðurinn sem bundinn er í fjórum veggjum heimilisins, orðið nánast ekki að neinu út af breytingu á atvinnuháttum. Þess vegna tel ég að fólk sé fylgjandi því að nýta orku til að treysta byggðir.

Auðvitað verður alltaf að fara varlega. Ég lít þannig á að tilgangur tillögunnar sem hér er lögð fram af hv. flutningsmönnum sé að tryggja að svo verði. En mér fyndist þó helst til langt gengið ef málaflokkurinn færi allur undir umhverfisráðuneytið. Hv. þm. Katrín Fjeldsted benti á að kannski mætti skipta þessum málaflokki milli ráðuneyta. En ég veit að hugsunin í tillögunni er góð. Hún er a.m.k. umræðugrundvöllur.

Ég minni enn og aftur á að landsbyggðin þarf virkilega á því að halda að nýir atvinnukostir séu byggðir upp. Mér er hugsað til heimabyggðar minnar sem er orkupottur, bæði í formi fallvatna og ekki síður jarðhita. Þar er mestur jarðhiti fólginn í jörðu á Íslandi utan Reykjanesskaga. Það eru þau tvö svæði sem bera af.

Ég hef líka bent á orkukostinn sjóðandi lághita. Í sjóðandi lághita er tífalt meiri orka falin í iðrum Íslands en á háhitasvæðunum. Það hefur ekkert verið hugað að því að virkja þann kost. Honum fylgja ekki uppistöðulón. Það er alveg ljóst að landsbyggðin kallar á að þar sé byggt upp öflugt atvinnulíf. Því má aldrei gleyma.

[16:41]

Útbýting:

Byggð og búseta í Árneshreppi, 213. mál, fsp. JBjarn, þskj. 215.

Framlög aðalsjóðs sveitarfélaga til fræðslumála, 82. mál, svar félmrh., þskj. 212.

Skilgreining á háskólastigi, 214. mál, þáltill. HjÁ og DJ, þskj. 216.

Umgengni um nytjastofna sjávar ofl., 215. mál, frv. ÖHJ o.fl., þskj. 217.

[16:42]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá umræðu sem fram hefur farið um þingsályktunartillögu okkar um forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Ég vil fara örfáum orðum um þær vangaveltur sem fólk hefur komið með.

Fyrst vildi ég beina orðum mínum til hv. þm. Örlygs Hnefils Jónssonar. Þótt þessi umræða sé ekki um nýtingu orkunnar sem slíkrar heldur um rammaáætlunina og forræði hennar þá kom hv. þm. inn á að öflugt atvinnulíf væri forsenda byggðar í landinu. Ég tek undir með hv. þm. hvað það varðar. Hins vegar fullyrði ég að öflugt atvinnulíf er sannarlega hugsanlegt á þessu landi til sjávar og sveita án stóriðju. En hingað til hefur hæstv. iðnaðarráðherra, sem stjórnar líka byggðamálum, aðeins haft eitt tilboð til byggðanna í landinu. Það tilboð heitir stóriðja.

Byggðirnar hafa verið sveltar til hlýðni undir stóriðjustefnu þessarar ríkisstjórnar. Það er vandamálið. Sjóndeildarhringurinn hjá þessari ríkisstjórn leyfir ekki aðra kosti en stóriðju. Menn hjá ráðuneytunum kunna að laða til sín stóra erlenda auðhringa. Þeir kunna að selja undan okkur landið til sömu auðhringa fyrir virkjanaáform sem tilheyra þessari stóriðju en það virðist ekki hafa hvarflað að ráðherrum okkar að kannski mætti þjálfa fólkið okkar í ráðuneytunum í að útvega annars konar atvinnutækifæri og byggja upp annars konar iðnað.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum oft verið skömmuð fyrir að segja að við viljum „bara eitthvað annað“ — innan gæsalappa Framsóknarflokksins. Ég vil í því sambandi vitna til orða hagfræðings nokkurs sem hefur skipt sér mikið af þessum málum, Sigurðar Jóhannessonar, sem er öflugur hagfræðingur á sínu sviði. Hann hefur einmitt sagt, í ræðum um þessi mál, að það eigi að hjálpa fólki úti á landi að gera eitthvað annað, treysta á hugarflug og hugmyndir fólksins sem byggir landið í stað þess að koma upp ríkisskipaðri stóriðju á stalínískan máta. Auðvitað færi það byggðarlagi hv. þm. Örlygs Hnefils Jónssonar miklu betur að byggja upp öflugt atvinnulíf í kringum annað en stóriðju. En ekki meira um þessi mál núna.

Mig langar að fara örfáum orðum um ummæli hv. þm. Katrínar Fjeldsted. Ég þakka sannarlega þann stuðning sem þessi tillaga hefur hjá henni. En varðandi hugmyndir hennar um að flytja þingsályktunartillögu um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum þá vil ég taka fram að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa flutt slíka tillögu, að ég held árlega síðan flokkurinn varð til. Við höfum talað fyrir henni hvað eftir annað og fengið umsagnir um hana í nefnd. Þessi tillaga hefur fengið mjög jákvæðar umsagnir og mikinn stuðning.

Það er auðvitað hryllilegt það slyðruorð sem ríkisstjórnin þarf að reka af sér í þessu máli. Auðvitað á fyrir löngu að vera búið að stækka friðland Þjórsárvera og hverfa frá öllum virkjanaáformum, þar með við Norðlingaölduveitu og annars staðar í Þjórsá. Þjórsárver eru perla á heimsmælikvarða og eiga auðvitað, eins og hv. þm. benti á, heima á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna.

En á meðan við tölum um það, ég og hv. þm. og fleiri náttúruverndarsinnar hér inni þá fara stjórnvöld offari í áformum sínum í að taka upptakakvíslir Þjórsár og virkja þær. Fyrir hvað? Fyrir áframhaldandi stóriðjuuppbyggingu.

Á sama tíma erum við að fá tölur frá atvinnufyrirtækjum úti um land sem eru í ferðaþjónustu, ég nefni bara Íslenska fjallaleiðsögumenn. Hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum hefur veltan af ferðamönnum, sem eru flestir erlendir þó íslenskum ferðamönnum fari líka fjölgandi, en velta Íslenskra fjallaleiðsögumanna virðist vaxa ár frá ári um 60% á milli ára. Eru menn svo glámskyggnir að þeir ímyndi sér að ferðamenn sem fara upp á hálendið með Íslenskum fjallaleiðsögumönnum séu komnir til að skoða virkjanalón, mannvirki og framkvæmdir?

Ónei, auðvitað er þetta fólk komið til að skoða náttúruperlur á borð við Þjórsárver og aðrar náttúruperlur í ósnortinni auðn Íslands. Það eru þessi verðmæti sem við verðum að fara að viðurkenna að séu jafn verðmæt eða jafnvel verðmætari en þau sem eru fólgin í að virkja fall-

vötnin okkar til stóriðju.

Það er ekki langt síðan ég heyrði annan hagfræðing, sem er líka mikilsvirtur í samfélaginu, halda því fram — og það er náttúrlega eitthvað sem hefur verið fjallað um og skrifaðar lærðar greinar um — að tapið á Kárahnjúkavirkjun verði að öllum líkindum 36 milljarðar. 36 milljarða tap á Kárahnjúkavirkjun samkvæmt útreikningi hagfræðingsins Þorsteins Siglaugssonar, og á þeim sama fundi sem var nýverið haldinn í Reykjavíkurakademíunni kom fram að nú þegar væri Landsvirkjun búin að eyða um 20 milljörðum í framkvæmdina.

Þorsteinn Siglaugsson leyfði sér að segja, og ég ætla að taka undir orð hans, að af því reikningsdæmi sæist að enn borgaði sig fyrir okkur Íslendinga að hætta við Kárahnjúkavirkjun bara út frá efnahagslegum forsendum, því ef maður dregur 20 milljarða frá 36 þá eru þó 16 milljarðar sem stjórnvöld virðast ætla að halda áfram að tapa. En meðan *við erum þeim megin í dæminu borgar sig sem sagt út frá* þessum sjónarmiðum að hætta við Kárahnjúkavirkjun. Þegar búið væri að eyða 36 milljörðum í hana borgaði sig ekki lengur peningalega að hætta við hana. Þetta eru nú þær vangaveltur sem menn eru með í þessum efnum hér í kringum okkur.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson talaði um að það hefði komið sér á óvart þegar hann las þessa þingsályktunartillögu að forræði rammaáætlunarinnar væri á höndum iðnaðarráðherra og ég lái honum það ekki. Ég er sannfærð um að það er fjöldi fólks sem hefur heyrt talað um þessa rammaáætlunarvinnu sem gerir sér enga grein fyrir því að iðnaðarráðherra stjórni henni, svo langsótt er það nú. Það er því alveg eðlilegt að fólk reki í rogastans þegar það kemst að því að ríkisstjórnin hafi komið þessari vinnu þannig fyrir að iðnaðarráðherra, stóriðjupostuli ríkisstjórnarinnar, hafi rammaáætlunarvinnuna á forræði sínu, og það er sannarlega orðið tímabært að því ábyrgðarmikla hlutverki verði skipt á milli ráðuneyta og það sett á hæstv. umhverfisráðherra og umhverfisráðuneytið.

Hv. þm. Þuríður Backman talaði um sjálfbæra þróun og hversu erfitt virtist vera fyrir ríkisstjórnina að skilja hugtakið og hugmyndafræðina sem liggur að baki sjálfbærri þróun. Það er alveg skelfilegt hvernig ríkisstjórnin reynir í auknum mæli að skreyta sig með fjöðrum sem tilheyra sjálfbærri þróun og er skemmst að minnast hátíðahaldanna á íslensku menningarhátíðinni sem haldin var í París nýlega, en þar voru bæði ráðamenn og jafnvel forkólfar í orkuiðnaði að halda lærðar tölur um sjálfbæra þróun, vitandi að *enginn fótur er fyrir því að virkjanaáform* Íslendinga eins og þau líta út núna séu með sjálfbærum hætti. Það er ekki hægt að kalla virkjun eins og Kárahnjúkavirkjun sjálfbæra virkjun eða stæra sig af því að við nýtum endurnýjanlegar orkulindir okkar þegar við gerum það á þann hátt sem raun ber vitni, með *gífurlegum uppistöðulónum* sem valda gífurlegri eyðileggingu, ekki bara á lónstæðinu sjálfu heldur á svo stóru svæði umhverfis, og eins og ég sagði í fyrri ræðu minni varðandi Kárahnjúkavirkjun, allt til sjávar í Héraðsflóa.

Þegar fyrsti áfangi rammaáætlunarinnar sem liggur fyrir er skoðaður þá kemst maður að því hversu lítið er eftir af vatnsafli eða ég tala nú ekki um stórum fallvötnum sem á eftir að virkja á Íslandi, sem er í raun og veru mjög merkilegt. Það má segja að aðeins séu tvær stórár eftir, a.m.k. þegar horft er á þessa stóriðjufíkn, og það eru Jökulsá á Fjöllum og Hvítá í Árnessýslu. Það eru stóru fallvötnin sem eftir eru og maður spyr sig: Ætla menn í þær ár? Ef stóriðjuáform iðnaðarráherra og ríkisstjórnarinnar halda áfram á þeirri siglingu sem þau hafa verið á hingað til þá er ekki um mikið annað að ræða en Hvítá í Árnessýslu og Jökulsá á Fjöllum, það er bara þannig. Í jarðhitanum skortir okkur gífurlega rannsóknir og núna hefur hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórnin öll komið því svo fyrir með breytingum á raforkulögunum að orkufyrirtækin eru öll komin í kapphlaup um að virkja fallvötnin okkar. Menn þekkja kapphlaupið bæði hvað varðar vatnsföllin og háhitasvæðin. Það er varla lengur til það háhitasvæði á landinu þar sem ekki er búið að setja inn borpall og borpallarnir útheimta stórt borplan og þangað þarf að leggja vegi og það þýðir að nú þegar er búið að *skemma* með *rannsóknarleyfum* stóran hluta af háhitasvæðunum okkar, sem eru einstök á heimsmælikvarða mörg hver.

En ég segi og ítreka enn og aftur: Vinnan við rammaáætlunina er gífurlega mikilvæg en hún verður að vera gerð með réttum formerkjum. *Hún verður að vera gerð á grund*velli umhverfismála, umhverfissjónarmiða, náttúruverndar, og eins og ég hef sagt áður, þetta er í eðli sínu skipulagsmál sem heyrir auðvitað undir umhverfisráðherra en ekki iðnaðarráðherra. Hér eru því öll rök, skynsemdarrök sem mæla með því að þessi þingsályktunartillaga verði samþykkt og forræði vinnunnar verði flutt úr skúffu iðnaðarráðherra, þar sem ekkert mun verða gert með þetta, og inn til umhverfisráðherra sem við skulum vona að taki nú brýningum og sjái til þess. — Ég tek undir orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar, auðvitað hefði maður óskað eftir því að hæstv. umhverfisráðherra væri hér viðstaddur og þá ekki síður hæstv. iðnaðarráðherra. En það er sá plagsiður hæstv. ráðherra að þeir telja sig aldrei þurfa að vera viðstadda þegar verið er að ræða þingmál almennra þingmanna. Það er auðvitað skammarlegt að þeim málum sem hér um ræðir skuli ekki vera sýnd meiri virðing af hæstv. ráðherrum en þetta.

Hæstv. forseti. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur orðið og treysti því að þessi þingsályktunartillaga fái öfluga umfjöllun í umhverfisnefnd og vona auðvitað að hún eigi síðan eftir að líta dagsins ljós í 2. umr. í þinginu innan skamms.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 1. umr.

Frv. ÞBack og JBjarn, 19. mál (öryggi, staðlar). — Þskj. 19.

[16:54]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á vegalögum, nr. 45/1994, með síðari breytingum. Meðflutningsmaður minn er hv. þm. Jón Bjarnason. Þetta er 19. mál þingsins á þskj. 19.

Hér er annars vegar lögð til sú breyting á vegalögum um að á eftir 8. gr. laganna komi ný grein, 8. gr. a, svohljóðandi:

„Við gerð þjóðvega og við verulegar endurbætur á þjóðvegum skal þess gætt að þeir verði svo öruggir í notkun sem best verður á kosið að teknu tilliti til notkunar og aðstæðna hverju sinni."

Þá er lagt til að við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

„Í vegáætlun skulu taldir upp þeir veghönnunarstaðlar sem notaðir skulu við vegagerð á því tímabili sem áætlunin nær til."

3. gr. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Herra forseti. Okkur er öllum umhugað um að auka öryggi í umferðinni og umferðarslysin og banaslysin eru allt of mörg. Sannarlega hefur hönnun vega batnað og vegagerð sömuleiðis. En hraðinn á vegunum hefur einnig aukist og umferðin er stöðugt þyngri og meiri þannig að breytingar sem gerðar voru fyrir fáum árum eru úreltar í dag og einbreiðar brýr, sem þóttu góðar fyrir 20 árum eru orðnar slysagildra í dag. Það þarf því stöðugt að vera vakandi og bæta alla þætti sem geta dregið úr umferðarslysum og þetta á ekki síður við um hönnun veganna og þeirra staðla sem notaðir eru.

Þetta frumvarp var flutt á síðasta löggjafarþingi og því dreift en ekki náðist að ræða það og það er því endurflutt óbreytt. En eins og ég sagði hefur alvarlegum slysum og banaslysum fjölgað í umferðinni með bættu vegakerfi og auknum hraða, og gegn þeirri geigvænlegu þróun þarf að vinna með öllum tiltækum ráðum og ekki síst horfa til allra hugsanlegra öryggisþátta við hönnun og lagningu vega.

Markmið þessa frumvarps er að lögfesta að ávallt sé þess gætt við gerð þjóðvega að öryggi vegfarenda verði sem best tryggt. Vegagerðin hefur markað sérstaka stefnu í umferðaröryggismálum þar sem m.a. er lögð áhersla á að hafa öryggissjónarmið í fyrirrúmi við hönnun, lagningu, viðhald og þjónustu vega. Jafnframt verði lögð áhersla á að miðla upplýsingum um ástand vega og akstursaðstæður til vegfarenda í því augnamiði að auka öryggi í umferðinni.

Þetta er svo sannarlega gert, við höfum fylgst með því undanfarna tvo sólarhringa í þeim veðurham sem hefur geisað, að komið hafa fram upplýsingar um ástand vega og ábendingar um hvar vegir séu lokaðir vegna illfærðar. Þetta á auðvitað eins við um vatnsveður, skriðuföll o.fl.

Enn fremur verði merkingum hagað þannig að þær stuðli að auknu öryggi. Sett hafa verið fram markmið um fækkun umferðarslysa fram til ársins 2012 og verður framkvæmdaáætlunum hagað í samræmi við þau. Frumvarpi þessu er ætlað að stuðla að auknu öryggi allra vegfarenda á þjóðvegum landsins auk þess að styðja við og styrkja innra starf Vegagerðarinnar í umferðaröryggismálum.

Ég vil taka það fram að Vegagerðin sem stofnun vinnur vel og mikið að umferðaröryggismálum og þetta frumvarp er ekki til þess að slá neinni rýrð á þá vinnu. En það vantar fjármagn til að vinna samkvæmt ýmsum hugmyndum sem Vegagerðin hefur uppi og því teljum við flutningsmenn þessa frumvarps að með því að festa þetta í lög styrkjum við Vegagerðina í að leggja fram hugmyndir um framkvæmd vega og samgöngumannvirkja.

Á undanförnum árum hefur þjóðvegakerfi landsins batnað mikið. Nýir vegir hafa verið byggðir upp sem eru gjörólíkir eldri vegum hvað snertir þægindi og öryggi í notkun. Kröfur þeirra sem nota vegina hafa líka aukist mikið. Flutningsmenn leggja til að lögfest verði skylda til að gæta að öllum öryggisatriðum og meta nauðsyn einstakra öryggisþátta við vegagerð, svo sem að setja upp vegrið þar sem útafakstur getur haft alvarlegar afleiðingar og aðskilja gagnstæða umferð með svæði á milli akbrauta.

Í frumvarpinu felst ekki breyting á íslenskum rétti enda hvílir slík skylda óumdeilanlega á framkvæmdaraðilum á grundvelli óskráðra réttarreglna. Það að ákvæði um þessa skyldu sé sett inn í vegalög getur þó haft áhrif í þá átt að gerðar verði auknar kröfur um þessi atriði.

Flutningsmenn telja að ekki sé hægt að ganga lengra en hér er gert í að skylda framkvæmdaraðila til að mæta ýtrustu kröfum um öryggi við hönnun og lagningu vega. Ávallt verður eitthvert mat að fara fram og má lagatextinn ekki binda hendur framkvæmdaraðila um of. Því er lagt til að þeim verði veitt svigrúm til að framkvæma slíkt mat með tilliti til notkunar og aðstæðna hverju sinni. Ákvæði 1. gr. vekur því ekki upp hlutlæga skyldu framkvæmdaraðila, heldur verður ábyrgð þeirra áfram matskennd að einhverju leyti.

Ákvæði 1. gr. er takmarkað við þjóðvegi samkvæmt upptalningu í III. kafla vegalaga, nr. 45/1994. Áfram munu því óskráðar réttarreglur gilda um gerð annarra vega.

Við vegagerð, eins og aðrar stórar verklegar framkvæmdir, er stuðst við viðurkennda staðla bæði hvað varðar uppbyggingu vega og við mat á nauðsyn öryggisbúnaðar. Þannig er það ekki og má ekki vera háð breytilegum ákvörðunum ráðamanna hvaða kröfur skal gera um slík atriði við gerð vega hverju sinni.

Ég tel að við munum mörg þá tíma þegar farið var í fyrsta verulega átakið í að malbika hringveginn. Þá lögðu hv. þm. á það höfuðáherslu að ná sem flestum kílómetrum og var það vitaskuld að kröfu íbúa á viðkomandi svæðum þar sem öllum var mjög umhugað um að fá malbik á sem lengstan veg um þjóðvegakerfið. Á þeim tíma var ekki alltaf hugað að öryggisatriðum eða vegirnir hannaðir eins og þeir eru í dag. Ýmsar kröfur koma einnig frá notendum þjóðveganna og íbúum svæðanna sem þrýsta á um að farið verði í framkvæmdir sem kosta þá ekki eins mikið. Þá er gripið til hönnunar sem kostar þá ekki eins mikið og ef ýtrustu öryggisatriðum væri sinnt.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að fest verði í lög sú regla að staðlar sem notaðir skulu við gerð þjóðvega hverju sinni skuli tilteknir í vegáætlun. Með því að birta staðla í vegáætlun gefst ráðamönnum og almenningi tækifæri til að kynna sér þá og gagnrýna val þeirra.

Alvarlegustu afleiðingar umferðarslysa verða þegar bílar aka hvor framan á annan. Samkvæmt rannsóknarnefnd umferðarslysa verða þessi slys þegar ökumenn missa stjórn á ökutæki — oft vegna hálku eða snjóa, sofna við stýri eða missa einbeitingu við aksturinn. Því verða þessi óhöpp hvar sem er á þjóðvegum landsins. Í Noregi, Svíþjóð og víðar hafa verið gerðar tilraunir með svokallaða 2+1 vegi með vegrið á milli akstursstefna, en það eru vegir sem auðvelda

framúrakstur og hindra árekstra. Þessi útfærsla eykur umferðaröryggi um leið og hún eykur umferðarrýmd veganna. Í Svíþjóð hafa verið lagðir meira en 1.000 km af þessum vegum og hefur banaslysum á þeim fækkað um 90%. Þessar og aðrar upplýsingar koma fram í skýrslu Línuhönnunar hf. sem unnin var að beiðni Vegagerðarinnar og kom út árið 2001. Skýrslan gefur ástæðu til að ætla að svokallaðir 2+1 vegir séu vænlegur kostur við nýbyggingar vega og lagfæringar á eldri vegum hér á landi.

Herra forseti. Það má sjá hönnun í þessa átt á Vesturlandsvegi. Að vísu eru þar akreinaskipti en vegrið er ekki sett á milli. Slíkt fylgir þó þessari hönnun ef það á að fylgja henni út í ystu æsar til að forða árekstri milli tveggja ökutækja úr gagnstæðum áttum.

Margt mætti telja upp sem þarfnast sérstakrar aðgæslu við hönnun vega og vegagerð. Þekktum slysavöldum frá vegagerð fyrri tíma þarf að útrýma, svo sem einbreiðum brúm, og úrbætur á svokölluðum „svörtum blettum" í vegakerfinu verður að setja í forgangsröð við gerð samgönguáætlunar. Ég tel að reynt sé eftir besta megni að gera það en eins og um margt annað hefur vantað fjármagn til að fara hraðar í þessa uppbyggingu.

Þau svæði sem liggja að þjóðvegum landsins þarf að móta með tilliti til öryggis ökumanna ef útafakstur og slys ber að höndum. Háir kantar, skurðir og gil auka líkur á alvarlegum slysum á fólki við útafakstur eða bílveltur. Brattar brekkur, brattar hlíðar, vegir við sjó og vötn og krappar beygjur kalla á vegrið í meira mæli en sett hafa verið upp til þessa.

Alvarlegustu árekstrar í þéttbýli eru á gatnamótum. Hönnun gatnamóta fer eftir umferðarþunga og þar verða öryggissjónarmið að vega þungt í stað þess að meta hönnun að mestu leyti eftir kostnaði mannvirkisins. Í því sambandi má nefna umdeild gatnamót á Miklubraut – Kringlumýrarbraut án þess að ég fari nokkuð frekar út í þá umræðu.

Mikið fræðslu- og forvarnastarf er sífellt unnið á sviði umferðaröryggismála og ekki vafi á að allt slíkt skilar árangri. En forvarnir felast ekki eingöngu í fræðslu, heldur einnig og ekki síður í hönnun og gerð þess umhverfis sem umferðinni er búið. Þar verður að tryggja öryggi til hins ýtrasta.

Sem fylgiskjal fylgja teikningar úr skýrslu Línuhönnunar, verkfræðistofu, til Vegagerðarinnar frá því í júní 2001 um hönnun þessara vega, 2+1. Ég veit að Vegagerðin þekkir vel til þessarar hönnunar en hún væri örugglega notuð á fleiri stöðum ef fjármagn væri til þess. Það er ekki ástæða til að auka enn frekar rými undir þjóðbrautir eins og gert hefur verið núna við Reykjanesbrautina þar sem eru fjórar akreinar, tvær í hvora átt. Það er vissulega nægjanlegt að hafa þessa skiptingu 2+1 á þeim vegarköflum þar sem mikill umferðarþungi er og viðvarandi eins og við aðkomu inn í bæi eða milli ákveðinna staða. Ég tel þetta vera hönnun sem Vegagerðin muni skoða betur í framtíðinni og ef þetta frumvarp verður að lögum mun það styrkja Vegagerðina í þessum framkvæmdum.

Vegriðin og það að setja upp vírnet eða vírgirðingar á milli akbrauta eru öryggisþættir sem við þyrftum að nota miklu víðar en gert er í dag en, enn og aftur, fjármagn hefur skort til þess að fara í verulegar breytingar.

Með þessu frumvarpi er ekkert farið inn á aðra öryggisþætti eins og merkingar, rásir fyrir búfé og annað sem sannarlega heyrir undir öryggismál, heldur er athyglinni beint að hönnun veganna.

Herra forseti. Að þessari umræðu lokinni legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. samgöngunefndar.

[17:09]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Það frumvarp sem hér er til umræðu og hv. 1. flutningsmaður Þuríður Backman hefur talað fyrir víkur að öryggi í umferðarmálum sem er þjóðþrifamál og ég vænti að allir geti verið sammála um.

Um 1. gr. frumvarpsins, hvort almennt sé nauðsyn á að setja svona brýningu inn í vegalög, vil ég kannski ekki margt segja. Ég held að það mundi svo sem ekki skemma neitt fyrir lögunum en ég vil trúa því og tel að Vegagerðin hafi staðið sig um flesta hluti vel og hljóti að gæta mjög að öryggismálum við vegalagningu hverju sinni. Auðvitað er sjálfsagt að taka tillit til svona áréttingar en ég vil um flest hæla samgönguyfirvöldum fyrir þær samgöngubætur sem unnar hafa verið. Ég hef gert það áður úr þessum stól. Varðandi landsbyggðarmálin finnst mér núverandi ríkisstjórn ekki síst hafa staðið sig vel í samgöngumálum. Ég vil segja að þar hefur hún staðið sig hvað best því að þótt betur megi gera og menn séu kannski sjaldnast ánægðir — við vitum um staði sem þurfa virkilega endurbætur — hefur maður ár frá ári séð að verið er að bæta samgöngukerfið um hinar dreifðu byggðir. Það er vel og fyrir það á að hrósa samgönguyfirvöldum.

Eins og hv. þm. Þuríður Backman vék að og kemur fram í greinargerð flutningsmanna kemur margt þar fram sem lýsir jákvæðu viðhorfi til þess sem Vegagerðin er að gera. Maður finnur líka á eigin skinni hvað það er orðið auðveldara á allan hátt að ferðast um landið. Það eru ekkert voðalega mörg ár síðan að ef maður átti leið úr Reykjavík og norður í land, eins og minni för er oft háttað, hringdi maður jafnvel á bæ eins og Kot í Norðurárdal til að spyrja hvernig veður væri. Það er nóg að fara 10–15 ár aftur í tímann. Nú er hægt að fara inn á internet, Textavarp og víðar til að fá upplýsingar um þetta. Þetta er til fyrirmyndar og ég tel að Vegagerðin sé mjög snögg að tileinka sér nýjustu tækni í þessu. Þetta er ekki það dýrasta í öryggismálum en eykur gríðarlega öryggi vegfarenda. Síðast í dag og í gær vorum við að glíma við slæmt veður vítt um land og þá er umferðaröryggi í hættu sett en það er gott fyrir fólk að slá þá af ferð sína af því að það getur séð að víða eru hættur.

Mér finnst andi hins ágæta frumvarps sem hér er lagt fram allur hníga í þá átt að auka umferðaröryggi. Ég hef áður sagt að um það getum við verið sammála. Auðvitað hefur maður verulegar áhyggjur af því ástandi sem mun skapast innan eins og hálfs mánaðar þegar allir strandflutningar fara inn á þjóðvegakerfið. Ýmislegt má bæta og auðvitað þarf að láta hina fjölfarnari vegi sitja fyrir. Það má fækka beygjum á leiðinni Akureyri – Reykjavík. Það eykur umferðaröryggi og styttir leiðir.

Í umræðu um strandsiglingar nýverið benti ég á að líka má taka af erfiða þröskulda á veginum. Ég nefni Bakkasels-

brekkuna og Öxnadalsheiði. Ég held að það sé hægt þar, til þess að gera á ódýran hátt, með því að gera stutt veggöng undir hábungu heiðarinnar. Þannig má losna við verstu brekkuna á leiðinni Akureyri – Reykjavík og jafnframt þann stað þar sem hábunga heiðarinnar er, þar sem veðravítin verða verst og þar sem mest úrkoma og snjór fellur. Ég tel það til fyrirmyndar að hafa farið í stutt veggöng eins og undir Almannaskarð sem var mikill þröskuldur og mjög hættulegur. Það verður allt annað að fara um veg á þeim slóðum þegar sú framkvæmd verður tekin í notkun sem verður fljótlega.

Hv. flutningsmaður Þuríður Backman nefndi hér, og það kemur líka fram í greinargerðinni, þann möguleika að breikka vegi. Auðvitað hlýtur það að vera framtíðarmúsík. Best væri að það væri þegar orðið en við erum fá, fátæk og smá og byggjum stórt land. Á endanum hljóta þó vegir að verða breikkaðir. Það er hárrétt eins og hér kemur fram í greinargerð og í máli hv. þm. Þuríðar Backman að hvað alvarlegustu slysin verða á þessum þröngu vegum þar sem bílar eru að mætast. Þess vegna hefur maður áhyggjur af því og ber ugg í brjósti þegar allir þungaflutningarnir verða komnir á vegina.

Ég tek undir flest af því sem kom fram í máli hv. þm. Þuríðar Backman og bendi á að Vegagerðin stendur sig vel. Ég vil ítreka það. Starfsmenn hennar fara upp fyrir allar aldir og maður sér þá virkilega á þjóðvegunum. Sagan segir af þingeyskum bónda sem fór aldrei svoleiðis á milli þar sem leiðir voru varðaðar að hann væri ekki að berja snjó af vörðunum til þess að huga um þá sem á eftir kæmu, að þeir sæju örugglega vörðurnar. Maður sér starfsmenn Vegagerðarinnar fara reglulega um með bíla til að hreinsa vegstikurnar og allt er þetta gert til þess að auka umferðaröryggi.

[17:15]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Frumvarp það sem hér er til umræðu, um breytingu á vegalögum, er að mörgu leyti hið besta mál. Það eru þó nokkur atriði sem nauðsynlegt er að komi fram eins og komið var inn á í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Í fyrsta lagi vil ég taka undir það sem hér hefur komið fram hvað varðar Vegagerðina. Hún er ein af fáum ríkisfyrirtækjum sem hafa aðlagað sig mjög að breyttum starfsháttum og Vegagerðin hefur unnið mjög vel að vegamálum. Við erum öll sammála um það.

Síðasta breyting sem gerð var í umferðaröryggismálum var að Umferðarstofa og umferðaröryggismál eru komin til samgönguráðuneytisins og það er af hinu góða. Fyrir nokkrum dögum var samgöngunefnd einmitt í heimsókn hjá Umferðarstofu til þess að ræða mál og skoða og sjá hvað þar væri verið að gera. Var það m.a. gert með tilliti til þess að Umferðarstofa er nú komin til samgönguráðuneytisins.

Það leiðir auðvitað hugann að því sem er eðlilegt og þar sem brugðist var rétt við. Áður fyrr hannaði Vegagerðin vegina en eftirlit og öryggismál voru í höndum lögreglunnar, þ.e. það voru annars vegar samgönguráðuneytið og hins vegar dómsmálaráðuneytið sem komu að báðum þessum málum og var eðlilegt að þar yrði breyting á.

Varðandi það sem hér hefur verið talað um í sambandi við breidd á vegum þá er Vegagerðin nú byrjuð að starfa eftir ákveðnum stöðlum, Evrópustöðlum, þ.e. nú er unnið að breikkun þjóðvegar 1 úr 6,5 m í 7,5 m. Það er auðvitað af hinu góða og fólk finnur þá breytingu. Þó að ekki sé hér nema um einn metra að ræða er allt annað að aka á þjóðvegi 1 þar sem hefur verið breikkað upp í 7,5 m.

Það sem ég vildi aðeins koma að í greinargerð hv. 1. flutningsmanns, Þuríðar Backman, er þar sem segir í textanum:

„Flutningsmenn leggja til að lögfest verði skylda til að gæta að öllum öryggisatriðum og meta nauðsyn einstakra öryggisþátta við vegagerð, svo sem að setja upp vegrið þar sem útafakstur getur haft alvarlegar afleiðingar og aðskilja gagnstæða umferð með svæði á milli akbrauta."

Ég held að í mörgum tilfellum geti verið mjög erfitt að setja vegrið til að skipta akbrautum. Hins vegar held ég að það sé mál sem sé allrar athygli vert og það er að hafa bil á milli akbrauta. Við sjáum að í mörgum tilfellum væri mjög erfitt að koma vegriði við, t.d. þar sem er snjóþungt á veturna. Það er mál sem er erfitt viðureignar og þess vegna væri öryggisins vegna rétt að hafa bil á milli akreina.

Í greinargerðinni er líka komið inn á þann vanda sem snýr að þjóðvegi 1 þar sem við búum enn við það að þar eru um 60 einbreiðar brýr. Vegagerðin hefur unnið ötullega að því að fækka einbreiðum brúm. Ég held að nú á stuttum tíma hafi einar 13 einbreiðar brýr verið tvöfaldaðar þannig að það er unnið að því ljóst og leynt. Eins og komið var inn á áðan er takmarkað fjármagn til þess að laga þjóðveg 1 en það er auðvitað það mál sem mest brennur á. Í ljósi þess sem við höfum rætt hér um áður og þeirra staðreynda að erlendir ferðamenn sem koma til landsins nota bílaleigubíla í ríkara mæli en þeir gerðu áður — samgöngunefnd var nýlega á fundi hjá samtökum í ferðaþjónustu þar sem það kom einmitt fram hve þessi aukning er mikil — er nauðsynlegt að vinna að enn frekari upplýsingagjöf og öryggistillögum til erlendra ferðamanna sem ferðast hér á vegunum með tilliti til þess að það er enn mikið um malarvegi.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur hins vegar gefið út ágætan bækling á erlendum tungumálum sem dreift er í bílaleigubíla þannig að fólk getur nokkuð áttað sig á vegakerfinu hér á landi en því miður hefur það ekki dugað til.

Í greinargerðinni er texti sem mig langar aðeins að vitna til, með leyfi forseta, en þar segir svo:

„Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að fest verði í lög sú regla að staðlar sem notaðir skulu við gerð þjóðvega hverju sinni skuli tilteknir í vegáætlun." — Ég tel að það sé ekkert óeðlilegt en hins vegar er það orðið þannig núna að þegar Vegagerðin gerir áætlun um vegaframkvæmdir eru vegrið og annar öryggisbúnaður tekin inn í dæmið hvað varðar heildarkostnaðinn. Síðan segir: — „Með því að birta staðla í vegáætlun gefst ráðamönnum og almenningi tækifæri til að kynna sér þá og gagnrýna val þeirra." — Hérna hlýtur að vanta gagnrýna og/eða lofa.

Síðan er komið inn á mjög viðkvæmt mál sem eru mislæg gatnamót. Hv. framsögumaður Þuríður Backman vildi ekki annað en geta mislægra gatnamóta og vitnaði þá til Miklubrautar/Kringlumýrarbrautar. (**ÞBack:** Sem dæmi.) Það er dæmi um hvernig ekki á að vinna í slíkum málum.

Minnug þess að 1992, ef ég man rétt, voru þessi mislægu gatnamót tekin út úr aðalskipulagi og hafa verið að hoppa þar inn og út annað slagið. Það skyldi þó aldrei vera að það séu einhverjir samherjar hv. 1. flutningsmanns í borgarstjórn sem eigi þar hlut að máli? Það er grafalvarlegt mál. Þegar litið er til þess að það eru milli 85 og 90 þúsund bílar sem fara þarna á dag er málið auðvitað orðið mjög alvarlegt þegar verið er að slá úr og í með þennan öryggisþátt. Auðvitað skipta öryggismál í umferðinni almennt, hvort sem það er í Reykjavík eða úti í hinni dreifðu byggð, okkur alþingismenn máli, hvar á landinu sem við búum, hvaðan sem við komum, og samkvæmt slysaskýrslum sem við höfum skoðað liggur ljóst fyrir að alvarlegustu slysin verða í dreifbýlinu. Það er líka umhugsunarefni vegna þess að þeir vegir sem við höfum byggt upp og mest og best á þjóðvegi 1 eru orðnir þannig að fólk freistast til að keyra hratt á þeim. Bílar eru orðnir miklu betri og tæknibúnaður mikill í þeim og á stundum, á virkum dögum frá hausti og fram á vor, er kannski ekki mikil umferð á þessum vegum og þá freistast menn til að keyra þar mjög hratt.

En tengt þessari umferð og þegar rætt er um mislæg gatnamót þá kemur auðvitað fleira upp í huga minn eins og t.d. það sem hér er lagt með sem fylgiskjal þar sem talað er um 2+1 veg í skýrslu Línuhönnunar og teikningar sýndar með. Það er ekki langt síðan ég var á fundi á Selfossi þar sem þessi mál voru mjög til umræðu og auðvitað vilja menn fá greiðari umferð austur fyrir fjall þegar það liggur fyrir að umferð um Suðurlandsveg, um Hellisheiði að Selfossi, er orðin nærri ámóta og á Keflavíkurveginum. Það er ósköp eðlilegt að aðilar geri meiri kröfu um betra vegakerfi en hins vegar er takmarkað fé til skiptanna og auðvitað ber að leggja mikla áherslu á öryggisþáttinn í vegagerðinni og vegaframkvæmdinni og að sjálfsögðu í upphafi hönnunarinnar sjálfrar.

Það leiðir líka hugann að því hvernig staðið er að ökukennslu ungra ökumanna hér á landi. Getur verið að hér í þéttbýlinu sé ungmennum bara kennt að aka bifreið á löglegum hraða innan borgarmarkanna — við vitum að Hvalfjarðargöngin eru æfingasvæði líka, þar eru ökukennarar ekki greiðsluskyldir ef þeir eru með nemendur með sér — en að prófi loknu þegar unga fólkið er komið með ökuskírteini og það situr eitt í bíl og keyrir t.d. austur fyrir fjall þar sem ökuhraðinn er frá 90–100, getur verið að það hafi ekki fengið æfingu í að aka á þeim hraða sem almennt gerist utan bæjar?

Það mál sem hér er lagt fram er um margt athyglisvert og mun verða vísað til hv. samgöngunefndar sem mun auðvitað skoða það og fara yfir það með Vegagerðinni. En ég endurtek að það er mikill munur á starfsemi Vegagerðarinnar frá fortíð til nútíðar, öryggi og góð vinnubrögð setja svip sinn á allt þeirra verk. Og eins og ég gat um í upphafi máls míns mun tilfærsla Umferðarstofu og öryggisþátta á vegum til samgönguráðuneytisins og þá um leið Vegagerðarinnar auðvitað létta mönnum róðurinn í því að stuðla að enn frekari öryggi á vegum sem er auðvitað full ástæða til.

Eins og ég sagði, herra forseti, mun málinu verða vísað til samgöngunefndar og þar mun það fá ítarlega skoðun og umfjöllun.

[17:28]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég er meðflutningsmaður á þessu frumvarpi til laga um breytingu á vegalögum sem hv. þm. Þuríður Backman mælti fyrir. Ég vil í upphafi máls míns þakka góðar undirtektir hv. þingmanna sem hér hafa talað um frumvarpið.

Það er í hæsta máta eðlilegt að litið sé til öryggismála við endurbætur á þjóðvegum og hönnun nýrra vega ekki síst í ljósi þess að nú hafa öryggismál á þjóðvegum verið færð frá dómsmálaráðuneyti og undir samgönguráðuneyti. Auk þess var samþykkt á Alþingi sérstök átaksáætlun í umferðaröryggismálum með skilgreindum markmiðum um að fækka umferðarslysum til ársins 2012 og því er eðlilegt að við tökum til umræðu atriði sem hafa sérstaklega áhrif á öryggismál á þjóðvegum landsins og það er markmið þessa frumvarps. Í því felst engan veginn að það sé verið að gagnrýna þau verk sem hafa verið unnin til þessa, fjarri því, og ég get tekið undir þau orð sem hér hafa fallið um góða frammistöðu Vegagerðar ríkisins.

Megininntak þessa frumvarps er að við vegagerð og verklegar framkvæmdir verði stuðst við viðurkennda staðla — það er væntanlega gert nú þegar — en að þetta verði fært inn í vegáætlun eftir hvaða stöðlum nýir vegir og meiri háttar endurbætur eru gerðar, hvaða kröfur eru gerðar t.d. til öryggismála og eðlilegt að þeir staðlar séu birtir í vegáætlun þannig að hægt sé að sjá hvar ætlunin er að hafa slíka vegi og þá er líka hægt að koma fram athugasemdum ef ástæða er til um þá öryggisstaðla.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum einmitt verið með tillöguflutning sem hefur miðað að því að auka öryggi á þjóðvegum landsins. Við höfum lagt þunga áherslu á að fjarskiptasamband, GSM-símasamband verði aðgengilegt á öllum aðalþjóðvegum landsins, við teljum það gríðarlega mikilvægt öryggisatriði.

Hv. þm. Þuríður Backman hefur áður flutt tillögu um að gerð séu á skipulegan hátt sérstök göng undir þjóðvegina þar sem megi reka búfé í gegn án þess að þurfa að fara upp á og yfir vegina, sem ég tel mjög mikilvægt að fái ákveðinn sess, fái ákveðna stöðu í vegalögum, og að tekið sé tillit til þess því að mikil umferð er á vegunum og getur verið til mikilla vandræða að komast þar yfir, bæði gangandi og með búfé, og því mikilvægt að það sé einmitt tekið inn í hönnun veganna. Skipulega gerð göng fyrir búfé undir aðalþjóðvegi landsins þar sem brýnast er tel ég vera mikilvægan hluta af vegagerð.

Hér hefur verið minnst á einbreiðar brýr og þær eru allt of margar enn á aðalþjóðvegum landsins. Þegar við erum með öryggisáætlun í umferðinni er ástæða til að fara í að meta forgangsröðun við endurbætur á þjóðvegum landsins einmitt með tilliti til öryggismála. Það hefur ekki formlega verið gert, sem væri þó eðlilegt í tengslum við það þegar við höfum samþykkt nýja átaksáætlun í öryggismálum á þjóðvegum landsins. Við flutning á þessum verkefnum til Vegagerðarinnar væri eðlilegt að sú vegáætlun sem lýtur einmitt að öryggismálum væri formlega endurskoðuð.

Einnig hefur verið minnst á vegrið sem er líka mikilvægur þáttur í öryggismálunum og er mjög mikilvægt að komi inn í vegáætlun. Þegar verið er að birta hvers konar

vegi eigi að leggja þá eigi vegrið að vera við hinar ýmsu aðstæður. Mér er ekki kunnugt um að beinar fastar reglur séu um hvar skuli vera vegrið og sjálfsagt er aldrei hægt að binda það svo. Við þekkjum það hér á Alþingi að eindregnar áskoranir hafa komið um að sett séu vegrið á mjög hættulega vegarkafla, þar sem mikil hálka myndast og bratt er fram af. Komið hafa fram miklar og eindregnar óskir þeirra sem nota slíka vegi um að þar verði bætt úr sem skjótast. Þetta er oft á tiltölulega nýlögðum vegum og mér er minnisstætt einmitt slíkt á Vestfjörðum fyrir tveimur árum. Þó að þetta sé ekki allt unnið í einu sé ljóst hver ætlunin sé í upphafi með öryggismál vega í nýbyggingu eða meiri háttar endurbótum.

Síðan er hitt atriðið sem hér er nefnt, þ.e. að kanna sérstaklega að vera með þrískiptan veg, að vera með tvær meginakreinar og síðan með reglulegu millibili eftir því sem þörf getur verið á þriðju akreininni fyrir framúrakstur eða annað slíkt sem nauðsynlegt er. Við erum allt of gjörn á að fara strax yfir í dýrustu lausnina, vera með fjórar akreinar, sem er kannski ekki þörf á. Við sjáum það þegar við keyrum hérna yfir Hellisheiðina þar sem skipt er í þrjár akreinar upp brekkur. Það yrði nú bara ófremdarástand ef ekki væri þessi þriðja akrein víða þar upp brekkur til að mæta þeirri þörf sem er þar, að sumir bílar verða að hægja á upp brekkurnar en aðrir geta haldið eðlilegum hraða og þá er þessi þriðja akrein mikilvæg.

Þetta er mun minni stofnkostnaður en að fara út í fjórar akreinar og auk þess kannski ekki heldur þörf á fjórum akreinum víða. En ekki síst í ljósi þeirra miklu þungavöruflutninga á flutningabílum á mjóum þjóðvegum landsins er kannski orðið mjög brýnt að koma upp þriðju akreininni með reglulegu millibili þar sem hætta væri á að mynduðust umferðarhnútar til að leysa þar úr. Ég held að skoða eigi þetta í alvöru, það sé mjög mikilvægt að skoða þetta og setja það jafnvel inn í einhverja forgangsröð við endurbætur á eldri þjóðvegum og við nýja þjóðvegi.

Við þekkjum þetta á leiðinni norður, upp Borgarfjörðinn, yfir Holtavörðuheiðina og áfram norður, að upp brekkur geta flutningabílar teppt umferðina langtímum saman. Ellegar þegar við erum með á sumrin hópa af bílum sem eru með stór fellihýsi, tjaldvagna eða hvað það nú er og aka hægar en almenn umferð gengur og þá geta þeir teppt umferðina langtímum saman. Þetta er því svo sannarlega atriði sem mér finnst mikilvægt að koma inn í vegalögin og að þessi þáttur sé formlega skoðaður þegar verið er að kanna hvernig megi bæði auka afkastagetu þjóðveganna og tryggja öryggi á þeim, þ.e. að þriðja akreinin komi inn með reglulegu millibili.

Ég vil síðan ítreka það að öryggismál á vegum eru orðin mikilvægur þáttur nú, t.d. hálkuvarnir, endurskoðaðar reglur um hálkuvarnir, því að um leið og vegirnir eru bornir upp og þeir malbikaðir þá verja þeir sig lengur snjó og um leið eykst á þeim hálkan. En við viljum komast greitt, ekki bara vegna þess að búið sé að moka heldur viljum við líka komast eftir veginum þó að það sé hált, þannig að reglulegar hálkuvarnir eru líka atriði í þessum öryggismálum sem er ástæða til að nefna hér.

Herra forseti. Þetta frumvarp okkar lýtur að því að öryggismálin verði með beinum hætti tekin inn í vegáætlun, öryggisþættirnir skoðaðir formlega og í hönnun nýrra vega séu fylgistaðlar hvað þetta varðar settir í vegáætlun svo hægt sé að fjalla um þá.

Annars vísa ég til góðrar framsögu hv. þm. Þuríðar Backman sem rakið hefur þetta mál ítarlega. Ég held að við getum öll verið sammála um að öryggismál á þjóðvegum landsins er eitt brýnasta hagsmunamál allra þeirra sem um vegina fara og endurskoðun á forgangsröðun þeirra þátta sem lúta að öryggismálum verður að vera stöðug.

[17:39]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því að hv. þm. Jón Bjarnason lét að því liggja að það væri eðlilegt og rétt í ljósi öryggismála á þjóðvegi 1 og vegum landsins að það væri Vegagerðin sem mundi raða upp forgangsverkefnum með tilliti til öryggismála, ég skildi hann þannig.

Ég tel að það gæti verið af hinu góða. Hins vegar hef ég nú meira orðið var við það á hinu háa Alþingi að þingmenn hinna dreifðu byggða hafi nú ekki verið með þá sýn á vegamálin alltaf, því miður. Þá hefur kjördæmið frekar verið sett í forgang og á þeim málum hamast án tillits til — ja ef við nefnum þjóðveg 1 þar sem eru 60 einbreiðar brýr og mikið af ferðamönnum. Á sama tíma erum við öll að tala um að auka þurfi ferðaþjónustuna, við viljum fá fleiri ferðamenn og það hefur vissulega tekist. Ég get nefnt sem dæmi að bara í júlímánuði liggja þær upplýsingar fyrir að erlendir ferðamenn á bílaleigubílum keyptu þá eldsneyti fyrir 115 milljónir, bara í júlímánuði. Við sjáum því hvað er að gerast, hvernig þróunin er.

Við verðum aldeilis að taka til hjá okkur og taka af einbreiðar brýr, óþarfa beygjur á þjóðvegi 1 og leggja áherslu á það. Ekki að fara upp um fjöll og firnindi til að leggja þar bundið slitlag.

Ég get heils hugar tekið undir það með hv. þm. Jóni Bjarnasyni að það væri ekki svo fráleitt að biðja Vegagerðina um að forgangsraða verkefnum. En við auðvitað færum þá eftir því.

[17:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að öryggismálin hafa verið færð til Vegagerðarinnar. Þess vegna er eðlilegt að Vegagerðin taki þau meira inn í áætlanagerð sína og forgangsröðun sem þeir hjá Vegagerðinni leggja til við Alþingi sem það síðan metur að lokum, en þeir leggi til þessa frumvinnu, það er eðlilegt. En öryggismálin eru þegar komin til þeirra.

Ég tek alveg undir sjónarmið hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, þ.e. um mikilvægi öryggisins gagnvart ferðaþjónustunni. Erlendir ferðamenn eru í auknum mæli farnir að koma og aka um á bílaleigubílum, sem mér finnst gott. Þá koma þeir á sjálfstæðan hátt og ferðast um landið og kaupa þjónustu, bensín, olíur, gistingu og margt fleira.

En ég tek líka undir það að við eigum fyrst og fremst að hugsa um aðalleiðir í byggð, að þær séu öruggar. Það er fáránlegt eins og komið hefur fram hér á þingi og einstaka

þingmenn hafa verið að reyna að slá sig til riddara með að það sé orðið brýnt mál að fara að leggja uppborna hálendisvegi þvert yfir landið meðan verulega skortir á að vegir í byggð beri þá umferð sem þar er nú þegar. Það er bara ábyrgðarhluti þegar þingmenn sem vilja láta taka sig alvarlega standa að tillöguflutningi um slíkt, að menn fari að ráðast í hálendisvegi þvers og kruss um landið en vegir í byggð eru í fjársvelti. Ég tek alveg heils hugar undir þau orð hv. þm.

[17:43]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu frumvarpi til laga sem hv. alþingismenn Þuríður Backman og Jón Bjarnason flytja er nokkuð lagt upp úr vegakerfi sem kallast 2+1. Misjafnar sögur um það öryggi heyrir maður, t.d. hjá Íslendingum sem hafa ferðast í Svíþjóð og víðar og hafa notað þetta vegakerfi. Því er nauðsynlegt að skoða þetta mjög vel.

Við vorum að tala um erlenda ferðamenn á vegum, þjóðvegi 1. Því miður hafa orðið of mörg slys á erlendum ferðamönnum sem hafa verið á bílaleigubílum. Nokkuð hefur verið reynt að koma til móts við það, eins og ég gat hér um áðan, og á Slysavarnafélagið Landsbjörg, sem búið hefur til bæklinga og dreift í bílaleigubíla, þakkir skildar fyrir það.

En eitt vantar og það eru merkingar á erlendum tungumálum á þjóðvegi 1. Við Íslendingar erum jú stoltir af tungumáli okkar og viljum halda því vel til haga, en ég held að við komumst ekki hjá því að taka upp merkingar, t.d. á ensku, þar sem kaflaskil verða af bundnu slitlagi yfir á malarvegi o.s.frv. Við eigum mikið verk fyrir höndum í því.

Við erum þó sammála um eitt, ég og hv. þm. Jón Bjarnason, sem er gott, og það er áherslan sem á að leggja á þjóðveg 1. Síðan heyrist mér að hann sé ekki fráhverfur því að Vegagerðin hafi yfirráð yfir niðurröðun verkefna með tilliti til öryggis í vegaframkvæmdum.

[17:45]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir þær áherslur hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að bæta merkingar á þjóðvegum á erlendum tungumálum. Ég tel það afar brýnt. Við erum að markaðssetja okkur sem ferðamannaþjóð. Við fáum fjölda ferðamanna til landsins og þá eigum við líka að bjóða upp á þessa þjónustu. Ég tek því alveg undir þau sjónarmið.

Ég ítreka þau sjónarmið mín að Vegagerðin hefur fengið öryggismálaþáttinn til sín og því eðlilegt að hún leggi upp rök og forsendur fyrir þeirri forgangsröðun sem þar er. Þó þingmenn taki að einhverju leyti ábyrgð á lokaniðurstöðunni verður hún að byggjast á faglegri vinnu Vegagerðarinnar sem hún tekur með formlegum hætti í áætlanagerð sína.

Að lokum vil ég árétta það sem við höfum rætt um mikilvægi þess að byggja upp þjóðveg 1 og vegaframkvæmdir í byggð. Þess vegna get ég ekki stillt mig um annað en að harma það að í fjárlögum fyrir næsta ár er lagður til nærri 1.900 millj. kr. niðurskurður frá gildandi vegaáætlun, sem ég tel vera ranga forgangsröðun. Það er eitt brýnasta málið að byggja upp aðalþjóðvegi landsins, bæta öryggi á vegunum. Þó mikið hafi verið gert á undanförnum árum er eitt stærsta atvinnumál þjóðarinnar að byggja upp gott vegasamband í byggð á Íslandi.

[17:47]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka jákvæðar undirtektir hv. þm. sem hafa tekið til máls og tjáð sig um frumvarpið. Til þess að taka af allan vafa er frumvarpið á engan hátt gagnrýni á Vegagerð ríkisins, heldur miklu frekar til að styðja það góða starf sem Vegagerðin vinnur og styðja og styrkja þá vinnu sem snýr að öryggismálum, enda er Öryggisstofan hjá samgönguráðuneytinu og Vegagerðin ber m.a. ábyrgð á þeim þætti. Við flutningsmenn frumvarpsins teljum því að með því að setja þetta í vegalögin styðjum við Vegagerðina í þeirri vinnu sem hún vinnur í dag.

Ef gæta á ýtrustu öryggisþátta og bestu hönnunar er það því miður þannig að það er oft dýrari útfærsla og dýrari framkvæmd. Þá standa menn frammi fyrir vali: Á að setja upp 3+2, eða þriðju akreinina í þann vegarkafla sem verið er að leggja nýjan eða bæta? Við skulum taka sem dæmi svæðið í kringum Selfoss eða þéttbýliskjarnana eða eigum við að láta núverandi staðla á þjóðvegi 1 duga? Á að hanna breytingu á vegi með tilliti til þess að hægt sé að koma þar fyrir vegriði, eða eigum að láta það duga eins og hefur verið í gegnum árin að vona hið besta, að ekkert slys verði?

Þetta kallar á aukið fé í mörgum tilvikum og er styrkt sú vinna sem Vegagerðin vinnur í dag, þ.e. að horfa á hönnunina með tilliti til öryggisþátta. Þetta er brýning í vegalögin, en engin gagnrýni á Vegagerðina.

Verið er að skera niður fjárframlög til samgöngumála. Það tel ég mjög miður, því ef við viljum sinna þeim brýnu málum sem við tölum um og eins að halda áfram eðlilegri uppbyggingu þjóðvegakerfisins megum við illa við því að dregið sé úr fjárframlögum til samgöngumála eins og verið er að gera núna.

Ég tel að við þurfum líka að horfa mjög heildstætt á samgöngumál. Það er ljóst að verið er að leggja niður strandflutningana þannig að þungaflutningarnir eru allir að fara yfir á þjóðvegina. Það er hluti af þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir, álagið mun aukast enn frekar.

Ég tel ekki rétt að undirbúa vegakerfið fyrir að taka á móti meiri umferðarþunga, m.a. með því að gera áætlun um þriðju akreinina þar sem ástæða er til í erfiðum brekkum o.s.frv., heldur eigi miklu frekar að horfa til þess að halda uppi strandflutningunum og halda þungaflutningunum á sjó eins og verið hefur því það er líka dýrt að setja alla flutningana yfir á land.

Bil á milli akbrauta til þess að draga úr slysahættu finnst mér vera hönnun sem við höfum ekki nýtt okkur til þessa. Þetta sér maður víða erlendis, annaðhvort með vegriði á milli eða þéttum gróðri. Það ættum við sannarlega að geta gert.

Hvað varðar þætti eins og einbreiðar brýr erum við með um 60 brýr á þjóðvegi 1. Það er mikil slysahætta og líður varla það sumar að ekki verði alvarleg slys við þessar brýr.

Við Íslendingar sem keyrum þjóðvegina og þekkjum vel aðstæður vörum okkur betur en erlendir ferðamenn. Því miður lenda þeir frekar í alvarlegum slysum en Íslendingar.

Það má líka horfa til malarveganna og öryggisþáttanna þar. Það er auðvitað ekki verið að leggja það til í frumvarpinu að allir malarvegir verði malbikaðir, en að hafa góðar merkingar í vegaköntunum þegar breytingar verða frá malbiki yfir í malarvegi og með það góðum fyrirvara að bílar geti hægt á sér. Þær merkingar sem við höfum í dag eru bæði of smáar og alls ekki nógu áberandi, heldur ekki á þeim köflum þar sem verið er að laga malbikið á því tímabili þegar lausamölin er enn þá hættuleg ofan á nýlögðu malbikinu. Þá kafla þarf að merkja miklu betur. Frumvarpið tekur í sjálfu sér ekki til þess, en ég tek sannarlega undir allar þær ábendingar sem fram hafa komið um það.

Af því að mislæg gatnamót eru nefnd í frumvarpinu sem þáttur í samgönguöryggi þjóðveganna verður líka að horfa til hönnunar gatnamótanna. Það er ekki nóg að þau séu mislæg, því við höfum líka tiltölulega ný mislæg gatnamót þar sem hönnunin er með þeim hætti að umferðin er svo flókin að þeir sem hafa farið þar um tala um lítið öryggi eða flóknar umferðarleiðir. Við erum að tala um alla þætti, ekki bara mislæg gatnamót heldur líka hvernig þau eru hönnuð.

GSM-fjarskiptasambandið á þjóðvegum landsins er sannarlega öryggistæki. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum margsinnis í þessum ræðustóli ítrekað það og flutt um það þingsályktunartillögu að efla GSM-fjarskiptasambandið. Þó það sé ekki hluti af öryggisþáttum samgöngumannvirkja í dag er þetta samt sem áður samtvinnað og þarf að horfa á GSM-fjarskiptasambandið með tilliti til þess.

Að lokum vil ég þakka fyrir góðar undirtektir og brýna fyrir hv. fjárlaganefnd að horfa vel til vegáætlunar við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins og til þeirra öryggisþátta allra sem við þurfum að bæta, ekki bara í ár heldur á komandi árum og varast að draga svo úr framkvæmdafé að það komi niður á öryggi þjóðveganna.

[17:57]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn hafa víða um vegi farið en hv. flutningsmaður, Þuríður Backman, mátti á engan hátt taka ummæli mín fyrr í umræðunni þannig að ég teldi að í hinu ágæta frumvarpi fælist gagnrýni á Vegagerðina. Öll umræðan hefur að mínu viti verið mjög jákvæð í garð þeirrar ríkisstofnunar, Vegagerðarinnar. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu og hv. 8. þm. Reykv. s., Guðmundur Hallvarðsson, nefndi það og ég tel mig fara rétt með, að fáar ríkisstofnanir hafa brugðist eins vel við og Vegagerðin í að nýta tækni og þar eru hlutir mjög til fyrirmyndar.

Þetta hefur verið góð umræða hjá okkur í dag. Það er gott að heyra þær áherslur sem fram komu hjá hv. þm., að auðvitað þarf að bæta þá þjóðvegi sem mest eru notaðir og þjóðvegur 1 hefur verið mikið í umræðunni. Smávægilegar bætur eins og að laga beygjur og fleira styttir leiðir, eykur umferðaröryggi og er þjóðhagslega hagkvæmt.

Umræðan sem hefur orðið með frumvarpinu er þörf og umræða um það. Ég tek heils hugar undir allt sem þar var sagt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:58]

Útbýting:

Skýrsla um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005, 216. mál, skýrsla (iðnrh.) þskj. 218.

Út af dagskrá voru tekin 13.–14. mál.

Fundi slitið kl. 17:59.

---

12. FUNDUR

miðvikudaginn 20. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Veðurþjónusta, stjfrv., 183. mál, þskj. 183. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Náttúruvernd, stjfrv., 184. mál, þskj. 184. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 192. mál, þskj. 192. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Þriðja kynslóð farsíma, stjfrv., 160. mál, þskj. 160. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, þáltill., 16. mál, þskj. 16. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Vegalög, frv., 19. mál, þskj. 19. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Varnir gegn mengun hafs og stranda, frv., 206. mál, þskj. 206. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Um klukkan 3.30 síðdegis fer fram umræða utan dag-

skrár um kaup Landssímans á Skjá einum. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

Útbýting:

Húsnæðismál, 220. mál, stjfrv. (félmrh.) þskj. 223.

Útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl, 217. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 220.

Athugasemdir um störf þingsins.

Sameining Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík.

[13:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Í gær undirritaði hæstv. menntamálaráðherra samkomulag um sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Sameiningin felur í sér afnám efnahagslegs jafnréttis til náms á háskólastigi á Íslandi því með henni verður nám í ákveðnum tæknigreinum ekki lengur í boði í landinu nema gegn greiðslu hárra skólagjalda.

Það hangir meira á spýtunni því Háskólinn í Reykjavík ætlar sér líka að hefja kennaranám á háskólastigi. Ef fjárlagafrumvarpið er skoðað kemur í ljós að HR fær hækkað framlag sem nemur 60 ársnemum í kennaranámi næsta haust sem þýðir væntanlega 120 ársnemar árið 2006. Á sama tíma standa Kennaraháskólinn og Háskóli Íslands sveittir við að takmarka nemendafjölda vegna þess þrönga stakks sem ríkisstjórnin sníður þeim í fjárlögum. Hvað er eiginlega í gangi, hæstv. forseti? Er að myndast einhver sjálftökuréttur ákveðinna aðila varðandi fjármuni til menntunar?

Hæstv. fjármálaráðherra heldur því fram í Morgunblaðinu í dag að við séum eftirbátar annarra þjóða í tæknigeiranum. Ég spyr: Höfum við verið eftirbátar vegna þess að við höfum ekki innheimt skólagjöld af stúdentum í tæknigreinum? Eða eftirbátar vegna þess að stjórnvöld hafa ekki séð sóma sinn í að leggja það fé til opinberu háskólanna sem þeir hafa þurft til að vaxa og dafna eða hafa ekki forráðamenn Tækniháskólans, áður Tækniskóla Íslands, gengið á milli Heródesar og Pílatusar til að biðja um skilning á fjárþörf tæknimenntunar í landinu?

Herra forseti. Hér þarf að leita svara við mörgum spurningum því að í Tækniháskólanum eru ekki eingöngu nemar á háskólastigi. Þar er líka rekin raungreinadeild ætluð starfandi iðnaðarmönnum og verkmenntuðu fólki. Hvað verður um hana? Á það fólk sem ætlar sér að taka ígildi stúdentsprófs að fara að borga 200 þús. kr. í skólagjöld á ári?

Herra forseti. Það er greinilegt að hér er einhvers konar stefnumörkun í gangi en hún fer öll fram á bak við tjöldin, með baktjaldamakki og laumuspili. Alþingi Íslendinga er ekki upplýst, ekki heldur menntamálanefnd Alþingis og ég leyfi mér að efast um að stjórnarflokkarnir hafi umboð kjósenda sinna til að ganga svona langt á markaðsvæðingu náms á háskólastigi.

Hæstv. forseti. Með lymskubrögðum er sjálfstæðismönnum að takast að gera allt nám á háskólastigi gjaldskylt. (Forseti hringir.) Skólagjaldapólitík Sjálfstæðisflokksins er sú menningarpólitík sem rekin er á Íslandi. Ég mótmæli henni.

[13:34]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Þess var ekki að vænta að hv. upphafsmaður umræðunnar hafi séð tækifærin sem felast einmitt í því að sameina þessa tvo skóla. Þegar ég kom í ráðuneytið komu forráðamenn þessara tveggja skóla báðir að máli við mig og vildu halda áfram að reyna að efla starfsemi skólanna og voru með mjög svipaðar hugmyndir uppi um það, þ.e. að auka áfram rekstrarfræðina í báðum skólunum og koma á laggirnar verkfræðinámi. Ég taldi einsýnt að rétt væri að skoða aukna samvinnu þessara háskóla og hugsanlegt samstarf sem leiddi til þess að menn sáu þennan kost sem var mjög fýsilegur og er mjög fýsilegur að því leytinu til að hér er tækifæri fyrir íslenskt mennta- og atvinnulíf til þess að efla og bæta samfélag okkar bæði inn á við og út á við og sérstaklega í þeirri alþjóðlegu samkeppni sem við erum í. Þess vegna, virðulegi forseti, er alveg ljóst að hér er um tækifæri að ræða sem ég taldi rétt að grípa. Báðir rektorar skólanna komu að málinu með mjög opnum huga og hafa unnið að sameiningunni í mjög mikilli samvinnu og mikil og góð vinna sem fram fór í kringum málið allt.

Það er rétt að miðað við tölur frá OECD höfum við aðeins verið eftirbátar annarra hvað viðkemur tækni- og verkfræðimenntun og það er ekkert út af einhverju aðgengi annarra háskóla að ríkinu eða ríkissjóði. Menn hafa sýnt með rökum fram á að það hefur vantað ákveðna þætti í raungreinakennslu, m.a. hér á landi, og þetta er einmitt liður minn í því að bæta og efla raungreinar, tækni- og verkfræðimenntun innan lands.

Ástæðan fyrir kennslufræðinni er m.a. sú, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) ég kem að því síðar hver sú ástæða er.

[13:36]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Sameining skóla á háskólastigi getur verið góður kostur og sjálfsagt að kanna það ítarlega. Hins vegar ber tilkynningin um fyrirhugaða sameiningu Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík undarlega að, án nokkurrar umræðu, ekki orð á Alþingi, ekki orð í menntamálanefnd, einungis tilkynningar og fréttir í fjölmiðlum. Það er ámælisvert.

Fyrirhuguð sameining vekur einnig upp margar spurningar eins og þá hvort farið hafi fram kannanir á öðrum sameiningarkostum á háskólastigi. Fyrirhuguð sameining kemur að sjálfsögðu vel til greina og getur verið góður kostur en þá þarf að liggja fyrir að aðrir sameiningarkostir séu síðri og þetta hafi í för með sér öflugri tæknimenntun og síðast en ekki síst aðgengi að grunntækninámi óháð efnahag og án gjaldtöku umfram hefðbundin skráningargjöld. Það er óásættanlegt ef ekki verður í boði grunntækninám og nám í frumgreinadeild Tækniháskólans án greiðslu

skólagjalda. Ríkið á að tryggja framboð á grunntækninámi án gjaldtöku eins og öðru grunnnámi á háskólastigi. Það er að mínu mati skilyrði fyrir slíkri sameiningu að nemendur nú og til framtíðar í grunntækninámi og í frumgreinadeild tæknináms eigi kost á því að stunda slíkt nám án greiðslu hárra skólagjalda líkt og í öðru grunnnámi á háskólastigi.

Það er alger forsenda fyrir slíkri sameiningu, en að því skilyrði uppfylltu kemur hún að sjálfsögðu vel til greina og getur verið sóknarfæri í því að efla enn frekar háskólanámið á Íslandi og ekki síst nám í tæknigreinunum því því fer fjarri að nægjanlega vel sé staðið að tækninámi á Íslandi. Við erum verulegir eftirbátar annarra þjóða í því nú þegar og það verður að efla. Það verður því að vera alger forsenda fyrir sameiningunni að tækninámið eflist verulega og ekki verði innheimt skólagjöld fyrir nám í grunntækninámi eða frumgreinadeild.

[13:38]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Í Tækniháskóla Íslands eru kenndar margar þær námsgreinar sem hvergi eru kenndar annars staðar. Þar hefur verið byggt upp mikilvægt tækninám sem nemendur eru bundnir við að sækja í þann skóla. Vandi skólans á undanförnum árum hefur hins vegar verið markvisst fjársvelti af hálfu stjórnvalda, af hálfu menntamálaráðuneytisins. Kannski er það ástæðan fyrir þeim orðum hæstv. menntamálaráðherra að við höfum um margt verið eftirbátar annarra þjóða í tæknimenntun. En það var hægt að leiðrétta og oft verið á það bent. Skólinn hefur verið með tugi ef ekki hundrað millj. kr. halla á undanförnum árum sem var ekki bættur fyrr en á síðasta ári þegar honum var breytt í háskóla.

Hitt er svo sérmál ef nú á að fara að sameina skólana með þeim hætti að taka upp skólagjöld í því námi sem hvergi er annars staðar í boði. Skólagjöldin í Háskólanum í Reykjavík eru 200 þús. kr. á ári. Manni verður spurn: Eru ríkisstjórnarflokkarnir sammála um þessa aðgerð? Verið er að fara inn á gersamlega nýja braut og fróðlegt að heyra stefnu Framsóknarflokksins í málinu.

Við þekkjum einkavæðingarstefnu Sjálfstæðisflokksins og að allt eigi að greiðast með notendagjöldum og skólagjöldum. Hún kemur okkur ekki á óvart. En stefna Framsóknarflokksins, hver er hún? Er það tilviljun að í dag kemur fram þingsályktunartillaga frá tveimur þingmönnum Framsóknarflokksins, formanni þingflokks og varaformanni menntamálanefndar, um að skipa eigi sérstaka nefnd til að skoða háskólastigið? Bíddu nú við. Hvað er að gerast? Ég vil fá svör, frú forseti. Er Framsóknarflokkurinn sammála þeirri vegferð sem verið er að fara í um rekstur á Tækniháskóla Íslands með skólagjöldum, rekstur á sérnámi með skólagjöldum?

[13:41]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Tilgangur sameiningar Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands er réttmætur. Efla á samskipti atvinnulífs og skólans og mun það án efa vera forsenda framþróunar og aukinnar samkeppnishæfni í atvinnulífi hér á landi. (**Gripið fram í:** Hvað með skólagjöldin?) Þetta hljómar vel og við höfum í mörg ár talað um að efla þurfi tæknimenntun í landinu. Ég tel engan vafa leika á því að sameiningin muni stuðla að því. Hins vegar eru mörg atriði sem við þurfum að skoða og eiga eftir að koma til umræðu í þinginu. Þar ber auðvitað hæst umræða um skólagjöld.

Í viljayfirlýsingunni sem undirrituð var í gær er gert ráð fyrir að háskólinn hafi heimild til að innheimta skólagjöld. Það er engin nýbreytni í tilfelli Háskólans í Reykjavík en er nýtt fyrir Tækniháskólann. Þar eru námsleiðir sem hingað til hafa ekki borið skólagjöld. Má þar nefna heilbrigðisgreinar eins og geislafræði, meinafræði og t.d. frumgreinadeild.

Ég ítreka að ég fagna sameiningunni og tel að í henni felist mikil tækifæri. En málið á eftir að fá þinglega meðferð og við munum og eigum eftir að fá að sjá nánari útfærslu sem og röksemdafærslu málsaðila.

[13:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það verður að segjast alveg eins og er að manni koma vinnubrögð ríkisstjórnarinnar svolítið á óvart. Hægt var að ráða af ræðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur að Framsóknarflokkurinn sé hlynntur stefnumótuninni. Samt virðist hvorki stefnumótunin né skólagjöldin hafa verið rædd í ríkisstjórnarflokkunum og ekki í þingflokkunum. Hvað þá að við í stjórnarandstöðunni höfum fengið nokkra vitneskju um að verið væri að breyta stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki og gera Tækniháskólann, sem er ríkisháskóli, að einkaskóla og stefna á skólagjöld.

Virðulegi forseti. Mér kemur afar mikið á óvart hvernig unnið er í þessum málaflokki og hefði talið eðlilegt að fram færu einhverjar viðræður um slíka stefnumótun. Ég skil vel áhuga hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerðar K. Gunnarsdóttur, að skoða ýmislegt sem varðar skólamálin, en mér finnst framsetningin eins og hún birtist okkur með fréttum í Morgunblaðinu afar merkileg og furða mig á því að svona skuli vera unnið.

Ég hefði talið eðlilegt að málið bæri að með allt öðrum hætti og menn hefðu meiri vitneskju um það sem verið væri að gera varðandi stefnu í menntamálum hér á landi en málsmeðferðin ber með sér.

[13:44]

Böðvar Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna mjög þeirri ákvörðun sem kynnt var í gær um sameiningu Tækniháskólans og Háskóla Íslands. Ég er sannfærður um að stærri skóli gefur stærri tækifæri og meiri möguleika bæði fyrir skólann og fyrir nemendur. Það er mjög mikilvægt fyrir nemendur sem útskrifast úr íslenskum háskólum og taka í auknum mæli þátt í alþjóðlegum vinnumarkaði, að skólarnir sem þeir útskrifast úr séu stórir og virtir á alþjóðavettvangi. Ef einingarnar eru of litlar er ekki víst að prófin sem menn fá hafi þá vigt sem nauðsynleg er á alþjóðlegum vinnumarkaði. Þetta er mjög mikilvægt og þess vegna fagna ég mjög þeirri ákvörðun sem kynnt var í gær.

[13:45]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé fyllilega ástæða til þess að fagna samkomulagi því sem hér er til umræðu um sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands. Þessi sameining á ekki að þurfa að koma neinum á óvart því hún hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum á síðustu vikum. Það er alveg ljóst af fréttum að báðir aðilar eru mjög ánægðir með þetta samkomulag og þessa tilhögun enda hefur einnig komið fram að báðir stefndu að því að fara inn á svið sem þóttu áhugaverð og tilefni til þess að efla. Því er alveg ljóst að með sameiningu þessara tveggja stóru og góðu skóla verður til öflugri háskóli. Það verður ákveðin hagræðing, það verða samlegðaráhrif og það er alveg ljóst að þarna myndast tækifæri til þess að efla menntun fyrir landsmenn.

Ég held einmitt að aðkoma menntamálaráðherra að þessu máli tryggi það að þessi nýi og sameinaði skóli fái góðan heimanmund og góðan stuðning frá stjórnvöldum. Ég held því að við ættum að nota tækifærið og óska hæstv. menntamálaráðherra til hamingju með að taka ákvörðun sem þessa sem sýnir kjark hennar í þessu máli eins og svo mörgum öðrum sem við höfum orðið vitni að á síðustu vikum.

[13:46]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þegar maður horfir aðeins um öxl og skoðar söguna verður maður þess áskynja að héðan frá hinu háa Alþingi voru samþykkt ný lög um Tækniháskóla Íslands, að ég best veit, árið 2002. Þau tóku gildi um mitt það ár. Þá var sem sagt settur á stofn Tækniháskóli Íslands, háskóli atvinnulífsins eins og sagt var með miklum lúðrablæstri og söng af hálfu ríkisstjórnarinnar. Tækniskólanum gamla var breytt í háskóla og hann hélt áfram að útskrifa fólk á háskólastigi, fólk með menntun í tæknifræði, iðnfræði, meinatækni, geislafræði og rekstrarmenntun. Þannig hefur þetta verið fram á þennan dag.

Núna berast þessir fréttir um hluti sem hafa verið í burðarliðnum um nokkurn tíma, nokkurra vikna skeið alla vega. En þegar þessar fréttir berast um að sameina eigi Háskólann í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands þá hlýtur maður að staldra við og spyrja sig: Hvað hefur eiginlega gerst frá miðju ári 2002? Hefur nokkuð gerst síðan þá sem ekki var hægt að sjá fyrir m.a. á hinu háa Alþingi? Nú sat ég ekki á Alþingi þegar þessi lög voru afgreidd héðan. En hvernig stendur á því að þetta er allt í einu gert núna og hvernig stendur á því að það læðist að manni sá grunur að þetta hafi ekki verið rætt í þingflokkum stjórnarflokkanna og þetta hafi ekki verið rætt í ríkisstjórn? Svo á eftir að ræða þetta á hinu háa Alþingi sem betur fer segi ég. Ég reikna með að fara muni fram mjög ítarlegar umræður um þetta á hinu háa Alþingi því að nú þarf að breyta lögum ef þetta á að verða að veruleika.

Frjálslyndi flokkurinn hefur í sjálfu sér ekki hafnað því að taka skólagjöld af námi á háskólastigi, en þá erum við að tala um sérhæft háskólastig. Við leggjum hins vegar mikla áherslu á að í grunnmenntun á háskólastigi eigi að gilda jafnræði og að skólagjöldum eigi að halda í algeru lágmarki.

[13:48]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég segi fyrir mitt leyti að sameiningar háskóla gætu leitt til ýmislegs góðs. Mér finnst að við eigum að skoða það heildrænt fyrir allt háskólastigið betur hvort skynsamlegt sé að sameina háskóla og þá hverja.

Hins vegar varðandi akkúrat þetta dæmi þá vil ég eins og aðrir hér slá varnagla við því að þessar sameiningar gætu leitt til aukinnar gjaldtöku af nemendum í grunnnámi á háskólastigi.

Virðulegi forseti. Ég kem aðallega upp vegna þess að mér finnst vanta inn í þessa umræðu og líka í þær upplýsingar sem hafa komið fram um þessa sameiningu og það er hvort eignir Tækniháskólans hafi verið verðmetnar, hvert virði þeirra sé og hvort greitt sé fyrir þær beint eða hvort ríkið eignist ákveðinn hlut í skólanum eða sjálfseignarstofnuninni. Ég vil varpa spurningu til menntamálaráðherra: Stendur til að ríkið eigi hlut í þessari nýju sjálfseignarstofnun eða verða eignir Tækniháskóla Íslands heimanmundur skólans inn í þetta hjónaband skólanna tveggja?

[13:50]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er fátt um svör hjá hæstv. menntamálaráðherra varðandi þá pólitík sem hér er rekin, þ.e. varðandi skólagjöldin. Við getum ekki horft fram hjá því að í Tækniháskóla Íslands er ekki bara fólk á háskólastigi. Þar eru líka iðnaðarmenn sem hafa lokið iðnaðarnámi að taka raungreinadeildapróf sem er ígildi stúdentsprófs. Eiga þessir nemar nú að fara sjálfkrafa inn í sjálfseignarstofnun sem innheimtir 200 þús. kr. í skólagjöld á ári? Við verðum að fá svör við þessum spurningum. Og hér segja þingmenn stjórnarliða að þetta hafi ekki átt að koma neinum á óvart. Þetta kemur fólki náttúrlega það mikið á óvart að ekki er lengra síðan en í morgun að menntamálanefnd Alþingis sat á fundi þar sem var listi yfir þingmálin sem menntamálaráðherra ætlar að leggja fram í vetur. Eitt þingmál á þeim lista var í morgun skráð frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands. Embættismaður hæstv. ráðherra varð að tilkynna okkur að þessu yrði breytt því frumvarp yrði flutt um afnám laga um Tækniháskóla Íslands.

Auðvitað kemur þetta okkur á óvart. Auðvitað er þetta illa undirbúið og það er skammarlegt að ekki skuli eiga sér stað umræða í samfélaginu um svona stóra ákvörðun áður en hún er tekin. Hvers vegna erum við ekki frekar að ræða mögulega sameiningu verkfræðideildar Háskóla Íslands og Tækniháskóla Íslands? Hvers vegna ekki? Það er stór pólitísk spurning sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn verða að svara. Þess vegna ítreka ég spurningu hv. þm. Jóns Bjarnasonar: Er Framsóknarflokkurinn og hv. þingmenn hans sáttir við það ráðslag sem hér er haft á hlutunum? Hér er verið að kippa úr sambandi efnahagslegu jafnrétti fólks til náms á Íslandi. Og það er greinilegt að það á að fara að innheimta skólagjöld af nemum í grunnnámi, jafnvel í námi sem hvergi annars staðar er í boði en þá fyrir þau háu skólagjöld.

[13:52]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér er verið að efla og auka tækifæri ungra íslenskra námsmanna til þess að grípa þau tækifæri sem gefast núna þegar kemur að tækni- og verkfræðinámi. Ég vil aðeins fara í gegnum forsögu þessa. Það er alveg ljóst, og ég vona að menn hafi tekið eftir því, að fyrir um það bil sex vikum síðan var send út fréttatilkynning. Allir voru látnir vita að í hönd færu viðræður um hugsanlega aukna samvinnu og hugsanlega um sameiningu þessara tveggja háskóla. Það er alveg kristaltært. Send var út fréttatilkynning um að þessar viðræður ættu sér stað og að þessum viðræðum yrðu væntanlega gefnar fjórar til sex vikur til þess að komast að niðurstöðu. Allir gátu því fylgst með þessu ferli. Þetta ætti ekki að koma (Gripið fram í.) nokkrum á óvart.

Síðan vill svo vel til að niðurstaðan var sú sem var kynnt í gær, þ.e. viljayfirlýsing um að sameina eigi þessa tvo skóla, sem ég enn og aftur ítreka að er tækifæri fyrir íslenskt menntafólk. Þessi viljayfirlýsing fór í gær í gegnum ríkisstjórn þar sem henni var vel fagnað. Hún hefði auðvitað ekki farið í gegnum ríkisstjórn nema á þeim grundvelli að allir hefðu verið henni sammála og allir vitað um hana. Svo einfalt er það.

Það kemur svo sem ekkert á óvart að hér eru þingmenn, til að mynda frá Samfylkingu, á móti þessari sameiningu og segja að það átti ekki að gera hana svona og það á ekki að gera hana á hinsegin og að þetta séu fínar sameiningar en bara ekki þessi. Ég vil meina að ég hefði sýnt ákveðið ábyrgðarleysi, ákveðið andvaraleysi ef ég hefði ekki gripið tækifærið sem ég sá felast í því að sameina þessa tvo skóla. Það er verið að efla tækni- og verkfræðimenntun í íslensku atvinnu- og menntalífi. Við erum líka með nám í kennsluréttindum, þ.e. kennslufræði sem verður með sérstaka áherslu á raungreinar. Allt er þetta gert með það í huga að efla okkur þegar kemur að tækni- og verkfræðimenntun.

Veðurþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 183. mál. — Þskj. 183.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 184. mál (eldri námur). — Þskj. 184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 192. mál (hollustuháttaráð). — Þskj. 192.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Þriðja kynslóð farsíma, frh. 1. umr.

Stjfrv., 160. mál. — Þskj. 160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 16. mál. — Þskj. 16.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Vegalög, frh. 1. umr.

Frv. ÞBack og JBjarn, 19. mál (öryggi, staðlar). — Þskj. 19.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Varnir gegn mengun hafs og stranda, 2. umr.

Frv. umhvn., 206. mál (mengunarlögsaga). — Þskj. 206.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 13:58.

13. FUNDUR

miðvikudaginn 20. okt.,
að loknum 12. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Opinber verkefni og þjónusta á landsbyggðinni, fsp. KLM, 81. mál, þskj. 81.

Til iðnaðarráðherra:

2. Jöfnun starfsskilyrða atvinnuveganna milli landshluta, fsp. KLM, 84. mál, þskj. 84.

Til viðskiptaráðherra:

3. Uppgreiðslugjald, fsp. JóhS, 87. mál, þskj. 87.
4. Fjármálaeftirlitið, fsp. JóhS, 157. mál, þskj. 157.

Til menntamálaráðherra:

5. Minjagildi kirkjumuna og kirkjugarða, fsp. ÁRJ, 109. mál, þskj. 109.
6. Brottfall úr framhaldsskóla, fsp. BjörgvS, 189. mál, þskj. 189.

Til samgönguráðherra:

7. Símtöl til Grænlands, fsp. ÁRJ, 112. mál, þskj. 112.
8. Veggjöld, fsp. JÁ, 149. mál, þskj. 149.

Til heilbrigðisráðherra:

9. Heilsugæslustöðin á Raufarhöfn, fsp. KLM, 120. mál, þskj. 120.

Til landbúnaðarráðherra:

10. Sláturhús í Búðardal, fsp. JBjarn, 141. mál, þskj. 141.

Opinber verkefni og þjónusta á landsbyggðinni.

Fsp. KLM, 81. mál. — Þskj. 81.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Í byggðaáætlun sem samþykkt var 3. maí 2002 getur að líta margar fallegar hugmyndir og góðan texta settan á blað. Þar stendur m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 2002–2005. Meginmarkmið áætlunarinnar verði eftirfarandi.“ — Markmiðin eru síðan talin upp í fimm liðum.

Allt eru þetta góð orð á blaði þó að stundum finnist manni ekki eins mikið gert úr þeim hlutum sem þar eru settir á blað. Einn liðurinn sem á eftir fylgir snýr að eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni sem er samkvæmt áætluninni á ábyrgð forsætisráðherra eða forsætisráðuneytisins. Meginhugmyndin þar var að gerð yrði áætlun um að fjölga verkefnum og störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins, t.d. með því að efla þær stofnanir sem fyrir eru í tengslum við endurskipulagningu opinberra stofnana, með fjarvinnslu, með flutningi verkefna frá opinberum aðilum til fyrirtækja þegar nýjar opinberar stofnanir eru settar á fót og hugsanlega með flutningi stofnana.

Markmiðið með þessu átti að vera, virðulegi forseti, að efla stærstu byggðarlögin — ég tek fram að þar stendur stærstu byggðarlögin — á landsbyggðinni jafnframt því sem opinber verkefni og þjónusta yrðu endurskipulögð og starfsemin gerð árangursríkari. Opinberar stofnanir á landsbyggðinni áttu ekki aðeins að hafa svæðisbundið þjónustuhlutverk með höndum heldur yrðu stofnanir sem þjóna öllu landinu einnig staðsettar á landsbyggðinni.

Hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra setti málið í gang í janúar 2003 í aðdraganda kosninga. Hann fór skiljanlega að dusta rykið af málum og fékk til liðs við sig hv. þm. Halldór Blöndal, forseta Alþingis, og hv. þm. Magnús Stefánsson til að gera enn eina skýrslu og gera forsætisráðuneyti grein fyrir því hvernig þetta ætti að fara.

Niðurstaðan var sett fram í skýrslu og í framhaldi af því, virðulegi forseti, kemur fram að áfram eigi að vinna að þessu verkefni. Það var ekki tímasett eða skipulagt hvernig það ætti að gerast heldur fjallað um það á almennan hátt, sem sagt falleg orð á blaði rétt einu sinni í sambandi við byggðamál.

Í lokin segir að forsætisráðherra muni í framhaldi af þessari skýrslu vinna áfram að gerð tillagna og áætlun um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni. Að því var stefnt að þessi tillaga lægi fyrir á næstu mánuðum. Það var sú tillaga sem hv. þm. Halldór Blöndal tók þátt í að skila hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra.

Í framhaldi af því sem hér hefur verið sagt vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra eftirfarandi spurningar sem sett er fram á þskj. 81:

„Hvað líður gerð áætlunar um að auka verkefni og fjölga störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins?“

[14:03]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, Kristjáns Möllers, fór forsætisráðherra þess á leit við alþingismennina Halldór Blöndal og Magnús Stefánsson, í byrjun árs 2003, að vera með sér í ráðum um þau mál sem hann rakti og ég ætla ekki að rekja frekar. Þeir funduðu með einstökum ráðherrum og öfluðu upplýsinga um hvaða verkefni og störf hefðu verið færð til landsbyggðarinnar eða áform væru um að færa þangað. Þeir skiluðu skýrslu sinni til forsætisráðuneytisins í nóvember.

Í skýrslunni kemur m.a. fram að í viðræðum við ráðherra ríkisstjórnarinnar hafi komið fram vilji til að nýta þau tækifæri sem gæfust til að styrkja opinbera þjónustu á landsbyggðinni með því að flytja þangað verkefni og störf sem bæði eru takmörkuð við staðbundna þjónustu sem og þjónustu við stærri svæði.

Skýrsluhöfundar benda á að því séu ýmsar skorður settar hversu hratt og í hve ríkum mæli slíkur flutningur á verkefnum og störfum geti orðið. Í því sambandi vilja þeir að áhersla verði einkum lögð á eftirfarandi:

„Að styrkja þær stofnanir sem eru til staðar á landsbyggðinni, m.a. með því að færa til þeirra verkefni þar á meðal frá öðrum ráðuneytum. Í því sambandi megi m.a. nefna menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, rannsóknastofnanir, embætti sýslumanna og skattstofur.

Að fjölga störfum sem krefjast háskólamenntunar. Beina beri athygli sérstaklega að einum byggðarkjarna í hverjum landsfjórðungi sem síðar með margfeldisáhrifum getur haft jákvæð áhrif á störf og búsetu í nálægum byggðarlögum. Í því sambandi beri einkum að hyggja að eflingu menntastofnana og sjúkrahúsa. Jafnframt sé mikilvægt að styrkja þá vísa að rannsóknastarfsemi sem byggðir hafa verið á landsbyggðinni með fjölgun verkefna og samstarfi fleiri stofnana."

Þegar skýrsluhöfundar, hv. þingmenn Halldór Blöndal og Magnús Stefánsson, ræddu við einstaka ráðherra haustið 2003 var kjörtímabilið nýlega hafið og takmarkað ráðrúm hafði gefist til að móta aðgerðir í þessa veru á kjörtímabilinu. Því hefur forsætisráðherra farið þess á leit við þá að afla að nýju upplýsinga um áform einstakra ráðherra um að auka verkefni og fjölga störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins.

Skýrsluhöfundar hafa skrifað ráðherrum bréf þar sem þessara upplýsinga er óskað og er þess að vænta að svör þeirra berist á næstu dögum og vikum. Í framhaldi af þeim svörum verður hugað nánar að mótun áætlunar um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.

Ég vil hins vegar taka fram að áætlanir eru góðra gjalda verðar. Menn mega ekki tala, eins og mér fannst hv. þm. gera, eins og almennt sé ekkert að gerast í þessum málum. Hér var sérstaklega lögð áhersla á menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir og rannsóknastofnanir. Það er verið að byggja upp skóla um allt land. Ég vil nefna Háskólann á Akureyri, Hvanneyri og Bifröst. Ég vil nefna háskólasetur á Vestfjörðum og Austurlandi. Þessi starfsemi er öll í miklum blóma. Það hefur tekist að efla verulega heilbrigðisstofnanir úti á landi og rannsóknastarfsemi fer vaxandi.

Nýlega kom fram að aðeins hefði fjölgað í tveimur landshlutum á síðasta ársfjórðungi, það er á Austurlandi og Suðurlandi. Það er víða blómlegt í landinu öllu. Þess vegna mega menn ekki tala á Alþingi með þeim hætti að það sé nákvæmlega ekkert að gerast, eins og mér finnst hv. þm. oft gera og tala kjarkinn úr landsmönnum.

[14:07]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Frú forseti. Frumatvinnuvegir landsbyggðarinnar, sjávarútvegur og landbúnaður, hafa því miður verið á undanhaldi. Auðvitað horfir landsbyggðin til þess að opinberum störfum verði fjölgað þar þótt ekki væri nema í hlutfalli við það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu. Það að setja niður opinber störf á ákveðnum stöðum treystir byggð og treystir eignir fólksins sem byggir þá staði. Ég hef bent á að víða á landsbyggðinni hafa fasteignir fólks rýrnað. Það mun vera til skoðunar hjá Alþingi eftir að ég flutti þingsályktunartillögu um það efni.

Það treystir eignir fólks á höfuðborgarsvæðinu þegar opinberum störfum fjölgar hér og eins og ég segi mundi hið sama gerast á landsbyggðinni. En það er rétt sem hæstv. forsætisráðherra segir, að sitthvað hefur verið gert og það ber að þakka.

Ég lagði fram fyrirspurn á 128. löggjafarþingi til allra ráðuneyta og ráðherra um hvernig störfum hefði fjölgað í viðkomandi ráðuneytum og hver skiptingin væri milli landshluta.

[14:08]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér alveg rétt sem hæstv. forsætisráðherra benti á í lok ræðu sinnar, að margt hefur gerst á landsbyggðinni, ýmis störf verið flutt þangað og margt af því hefur tekist afar vel. Þess vegna skilur maður ekki hvers vegna hægagangurinn er svo mikill. Af hverju gefa menn þá ekki frekar í.

Það gekk t.d. mjög vel að flytja Landmælingar Íslands upp á Akranes. Við höfum séð Háskólann á Akureyri blómstra og þar fram eftir götunum. Hvers vegna gefum við hreinlega ekki í, tökum djarfar ákvarðanir og höldum þessu áfram? Veiðimálastofnun fór upp í Borgarfjörð, Landhelgisgæslan suður í Keflavík, þótt þyrlan geti verið hér áfram og svo má lengi telja. Fram hafa komið ótal hugmyndir en afskaplega lítið hefur verið um efndir.

[14:09]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra hefur látið hafa eftir sér að nú sé komið að atvinnuuppbyggingu í Norðvesturkjördæmi. Það er vel. Út er komin skýrsla á vegum bæjarstjórnar Ísafjarðar um fækkun starfa á Ísafirði og Vestfjörðum. Hefur hæstv. forsætisráðherra gripið þá skýrslu á lofti og fylgt henni eftir að einhverju marki?

[14:10]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Það var að mörgu leyti athyglisvert að hlusta á svör hæstv. ráðherra áðan. Þar kom fram að verið er að gera nýja skýrslu og nýjar tillögur til að vinna eftir. Einnig kom fram að hv. ráðamenn vita hvað þarf að gera. Þeim verður aftur á móti allt of lítið úr verki.

Ég ítreka það sem kom fram í máli hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar, að í Norðvesturkjördæmi hefur opinberum störfum farið fækkandi. Ég vil nota þetta tækifæri til að minna ráðherrann aftur á orð hans um að röðin væri komin að því kjördæmi ef hæstv. ríkisstjórn ætlar að láta verða af því að fjölga opinberum störfum úti á landi. Á því er sannarlega þörf.

Ég bendi einnig á að þær stofnanir sem hafa verið í vexti og ráðherrann taldi upp eru ekki í vexti fyrir frumkvæði ríkisstjórnarinnar heldur fyrir frumkvæði þeirra sem þeim stjórna.

[14:11]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er gott að hv. þm. Kristján L. Möller skuli hafa vakið máls á því hvernig unnið er að því að fjölga verkefnum og opinberum störfum úti á landi. Það er sérstaklega ánægjulegt að hann skuli gera það nú í dag. Eftir tvo daga munum við fara saman til Akureyrar til að fagna því að tekið verði í notkun mikið rannsóknarhús við Háskólann á Akureyri sem hinar ýmsu rannsóknastofnanir ríkisins standa að. Það mun gerbreyta öllum möguleikum háskólans, Akureyringa, Norðurlands og raunar landsbyggð-

arinnar allrar til að láta að sér kveða á þeim vettvangi.

Víðar á landinu er unnið að uppbyggingu á ýmsum stofnunum og ýmsum stöðum en auðvitað er ekki hægt að gera áætlun um þessi efni í eitt skipti fyrir öll. Við verðum að vinna að þessu jafnt og þétt og fylgjast með því sem er að gerast. Það endurspeglast m.a. í þeim fjárlögum sem samþykkt verða fyrir næsta ár.

[14:12]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það virðist ekki hafa verið mikið gagn af þeirri áætlun eða hugmyndum sem fram komu fyrra skiptið úr því að það þarf strax að vinna aðra skýrslu um þessi mál.

Það er svo sem hægt að taka undir það sem hæstv. forsætisráðherra sagði, að áætlanir væru ekki uppspretta alls. En þær sýna þó vilja manna til þess að gera einhverja hluti og það hefur farið ótrúlega langur tími í að undirbúa það sem hér er um að ræða.

Ég held t.d. ekki að margir í Norðvesturkjördæmi kannist við efndir af því tagi sem hér hefur verið lýst, hreint ekki. Ég held að það sé fyrir löngu kominn tími til að menn sýni svolítið á spilin sín og hvað þeir vilja gera í þessum málum. Sumir í Norðvesturkjördæmi segja að byggðastefna ríkisstjórnarinnar sé eitt allsherjar „Halló Akureyri". Það er svolítið til í því. Það er nefnilega þannig að byggðamálin koma afar misjafnlega niður af hendi þeirra sem hafa völdin í þessu landi.

[14:14]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Mér finnst það reyndar orðið hálffarsakennt þegar ég heyri af munni hæstv. forsætisráðherra að það skref sem nú er tekið til að flytja störf af þessu tagi út á landsbyggðina sé að fá hv. þingmenn Halldór Blöndal og Magnús Stefánsson aftur til að gera nýja skýrslu. Þeir hafa nýlokið skýrslu sem liggur fyrir hjá hæstv. viðskiptaráðherra og hæstv. forsætisráðherra. Hvað er að henni? Hvers vegna í ósköpunum þarf að fá þessa ágætu menn til að endurvinna þetta? Væri ekki frekar ráð að koma á slíkri endurvinnslu úti á landsbyggðinni til að skapa störf þar? Af því að hæstv. forsætisráðherra sagði að menn mættu ekki misvirða það sem þó væri vel gert þá verð ég að rifja upp að menn hafa lofað hlutum sem ekki hafa gengið eftir.

Hæstv. forsætisráðherra sagði 15. ágúst 1999, þegar hann var viðstaddur opnun starfsstöðvar Íslenskrar miðlunar á Stöðvarfirði, að hann teldi sjálfsagt að ríkið keypti þjónustu af þeim einkaaðilum til að styðja það framtak. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra: Efndi hann það nokkurn tímann?

[14:15]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er ævinlega verið að semja skýrslur á skýrslur ofan um það hvernig atvinnumál þróast, m.a. á landsbyggðinni. Sú stefna hefur jú verið mótuð sem hér hefur komið fram að fjölga eigi opinberum störfum á landsbyggðinni. Eftirfylgnin er hins vegar engin. Það var líka skrifuð um það skýrsla árið 2001 hvað mundi gerast á Vestfjörðum ef kvótasett yrði í smábátunum, í ýsu, ufsa og steinbít. Þar var spáð að störfum mundi fækka um 100 í fiskvinnslu og 200 í sjómannsstörfum í smábátum á Vestfjörðum. Því miður gekk það að stærstum hluta eftir en ég hef ekki orðið var við nokkrar einustu efndir á nokkurri stefnu af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að koma á móts við þann samdrátt og efla atvinnustigið á landsbyggðinni.

Ég spyr þá hæstv. forsætisráðherra úr því hann minntist á háskóla á Vestfjörðum: Mun forsætisráðherra styðja það að við fáum að stofna háskólasetur á Vestfjörðum?

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Ég verð að segja að mér þótti svar hæstv. forsætisráðherra heldur snubbótt. Hann notaði megnið af tíma sínum til að lesa orðrétt upp úr skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar 2002–2005 um þennan kafla, segja okkur svo frá því að hv. þm. Halldór Blöndal og Magnús Stefánsson hefðu einhvern tímann skrifað skýrslu og að hans fyrsta verk hefði verið að biðja þá að skrifa fleiri skýrslur.

Hæstv. forsætisráðherra. Það hefur fyrir löngu komið fram að fólk lifir ekki á skýrslum einum saman. Það er komið nóg af skýrslum í byggðamálum. Okkur vantar aðgerðir. Ég get tekið undir það sem hæstv. forsætisráðherra sagði hér um háskólana og allt þetta. Þetta er flott og fínt og allir sammála um það. Þetta er mjög gott, álverið fyrir austan o.s.frv. Við erum að tala um þau byggðarlög sem eru að mélast niður enn þá, byggðarlög sem njóta ekki ávaxtanna af þessu. Hvað t.d. með lítið byggðarlag sem telur 1.500 manns í dag og er að tapa 70 manns frá sér á þessu ári vegna samdráttar í sjávarútvegi? Gera menn sér grein fyrir því að tekjusamdráttur sveitarfélagsins er 20 millj. vegna þessa fólks? Gera menn sér t.d. grein fyrir því svari um framlög sveitarfélaga til fræðslumála við fyrirspurn minni sem var dreift í gær? Við getum talað um það í sambandi við verkfallið. 70–80% af tekjum sveitarfélaga úti á landi fara til fræðslumála. Hvernig í ósköpunum eiga þessi sveitarfélög að taka þátt í einhverri atvinnuuppbyggingu eða öðru slíku til að halda í íbúana sem við viljum ekki missa í burtu?

Nei, hæstv. forsætisráðherra, það þarf að gera betur en að lesa hér upp úr gömlum skýrslum. Það þarf að fara í aðgerðir gagnvart þessum litlu byggðarlögum sem eins og ég segi njóta ekki ávaxtanna af háskólunum, álverinu, nýsköpunarmiðstöðinni eða einhverju öðru. Það eru fleiri sveitarfélög í landinu.

Ég verð að segja alveg eins og er (Forseti hringir.) að mér leiðist það þegar skapillur forsætisráðherra kemur hingað og að þegar maður vogar sér að tala við hæstv. (Forseti hringir.) forsætisráðherra um byggðamál telji hann að menn séu að tala kjarkinn, ekki bara úr landsbyggðarfólki (Forseti hringir.) heldur bara landsmönnum öllum.

[14:18]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Mér heyrist hv. fyrirspyrjandi vera í eitthvað vondu skapi í dag. Ekki veit ég af hverju.

Það er alveg rétt hjá honum og öðrum, það er ekki nóg að semja skýrslur. Það er verið að vinna á grundvelli þess

sem kom fram í skýrslu þessara ágætu þingmanna á sviði menntamála, heilbrigðismála og rannsóknastarfsemi. Er eitthvað að því að því sé fylgt eftir og það sé komið nánar að því eins og hefur verið ákveðið? Ég botna ekkert í þessum málflutningi.

Hér koma menn og segja: Það á ekkert að semja fleiri skýrslur. Gott og vel. (**KLM:** Aðgerðir.) Gott og vel, aðgerðir. Svo kemur hv. þm. og segir: Hvað á að gera fyrir 1.500 manna byggðarlag sem er að tapa störfum? Gæti verið að til stæði að bæta samgöngur til þessa sama byggðarlags, er það hugsanlegt? Ekki minntist hv. þm. á það þótt alveg sé ljóst að víða í landinu er veruleg andstaða gegn því.

Svo kemur hv. þm. upp skipti eftir skipti og segir að ekkert sé verið að gera í þessum málum. Mér þætti gaman að vita hvernig hv. þm. talar í eigin þingflokki um þessi mál. Fær hann engar undirtektir þar? Er það þess vegna sem það liggur oft svona mikið við í þingsalnum?

Það er margt jákvætt að gerast, hv. þingmaður, um allt land. Það er mikilvægt að viðurkenna það, sem mér finnst að hv. þm. sé mjög tregur til, en um leið ber að sjálfsögðu að viðurkenna að víða má betur gera.

Jöfnun starfsskilyrða atvinnuveganna milli landshluta.

Fsp. KLM, 84. mál. — Þskj. 84.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Í upphafi máls míns vil ég hæla hæstv. ríkisstjórn fyrir allt það góða sem hægt er að gera í byggðamálum og hefur verið gert, m.a. í háskólum, álver fyrir austan, nýsköpunarmiðstöð fyrir norðan, Impra o.s.frv. Það er allt saman gott og blessað sem gert hefur verið en það er svo margt annað sem ekki hefur verið gert, hefur verið sett á blað sem áform, áætlanir, samþykkt 2002 en er ekki mikið komið til framkvæmda.

Þess vegna hef ég leyft mér að leggja fyrirspurn fyrir hæstv. iðnaðarráðherra um hvað líði aðgerðum til þess að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis sem boðaðar eru í núgildandi byggðaáætlun. Þar segir m.a. um þennan kafla, með leyfi forseta:

„Að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á mismunandi starfsskilyrðum atvinnuveganna eftir landshlutum og á áhrifum þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt til jöfnunar starfsskilyrða. Skoðaðar verði sérstaklega skattalegar aðgerðir og í því sambandi horft til reynslu nágrannaþjóða. Á grundvelli rannsóknar verði lagðar fram tillögur um aðgerðir."

Markmiðið var að „fá niðurstöðu um það hver sé raunverulegur mismunur á starfsskilyrðum fyrirtækja og sjálfstætt starfandi atvinnurekenda eftir landshlutum, svo sem um áhrif flutningskostnaðar og reglna um þungaskatt og áhrif tryggingagjalds og virðisaukaskatts. Jafnframt verði rannsökuð áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt í þessu skyni."

Ábyrgð á þessari framkvæmd, virðulegi forseti, var á höndum iðnaðarráðuneytisins. Til að stytta hæstv. iðnaðarráðherra tímann við lestur á eftir tek ég fram að iðnaðarráðherra fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun á Akureyri að gera um þetta skýrslu og út kom bók, Fólk og fyrirtæki, mjög góð bók, með fullt af góðum tillögum.

Hér hefur verið rætt um starfsskilyrði og minnst á skatta, eins og virðisaukaskatt, þungaskatt og annað, og jöfnun skilyrða atvinnurekstrar, atvinnufyrirtækja, sama hvar þau eru á landinu. Ég tek sem dæmi um hvað hæstv. ríkisstjórn hefur gert, svo það líti ekki út sem ekkert hafi verið gert. (Gripið fram í.) Í skattkerfisbreytingunni 2001 beitti hæstv. iðnaðarráðherra sér, og ríkisstjórnin, fyrir breytingum á lækkun tekjuskatts lögaðila úr 30% í 18% árið 2001 og lækkun eignarskatts á lögaðila en hækkaði tryggingagjald. Hvaða áhrif hafði þetta á starfsskilyrði landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis? Jú, í Reykjavík og á Reykjanesi græddu fyrirtækin 2,7 milljarða kr. á þessari skattkerfisbreytingu. Á Norðurlandi vestra græddu fyrirtækin 2 millj. kr. á þessum skattkerfisbreytingum, aðeins 2 millj., á Vesturlandi og á Vestfjörðum var hagnaðurinn af þessari skattkerfisbreytingu 4 millj. kr.

Landsbyggðarfyrirtækin fengu ekki að njóta skattalegs ávinnings vegna þessara breytinga. Það er þetta sem ég er að spyrja um hér: Hvað hefur verið gert annað en að auka þennan mismun og minnka starfsskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu?

[14:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á að taka fram að ég fer ekki með skattamál í ríkisstjórninni. (**KLM:** ... en þú samþykktir það.) Það verður að hafa hlutina rétta. Þegar hv. þm. koma með fyrirspurnir hérna varða þær tiltekna ráðherra.

Í núgildandi byggðaáætlun er fjallað um að ríkisstjórnin láti fara fram heildarathugun á mismunandi starfsskilyrðum atvinnuveganna eftir landshlutum og á áhrifum þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt til jöfnunar starfsskilyrða. Þessi athugun hefur þegar farið fram. Eins og kom fram hjá hv. þingmanni fól ég sem iðnaðarráðherra Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun við Háskólann á Akureyri að gera heildarúttekt á búsetuskilyrðum fólks og fyrirtækja í landinu. Rannsóknin var unnin á tímabilinu frá júlí 2002 til janúar 2003 og birtust niðurstöður hennar í skýrslunni Fólk og fyrirtæki.

Í skýrslunni er m.a. bent á að flokka megi byggðaaðgerðir í fjóra hluta:

1. Beinn og óbeinn fjárhagslegur stuðningur, svo sem lánveitingar, áhættufjármagn, ábyrgðir o.fl.

2. Óbeinir hvatar, svo sem samgöngubætur, aðgerð í menntamálum o.fl.

3. Niðurgreiðslur á ýmsum kostnaði, svo sem flutningskostnaði, námskostnaði, húshitun o.fl.

4. Skattalegir hvatar til ákveðinna svæða.

Í skýrslunni er sérstaklega bent á aðgerðir hvað varðar flutningskostnað, menntun, samgöngubætur og fjarskipti sem mikilvægar áherslur. Einnig er bent á að samhliða

verði þrír meginbyggðarkjarnar á landsbyggðinni efldir til að þessar áherslur skili sér með sem mestum árangri.

Unnið hefur verið markvisst að þessum áherslum sem og öðrum er þessu tengist í byggðaáætluninni, enda verður að hafa í huga að flestar aðgerðir á sviði byggða- og atvinnumála hafa bein og óbein áhrif á starfsskilyrði fyrirtækja. Í þessu sambandi má m.a. nefna eftirtaldar aðgerðir og áherslur:

1. Lækkun flutningskostnaðar. Iðnaðarráðuneytið hefur verið að kanna möguleika á að teknar verði upp endurgreiðslur til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni á hluta flutningskostnaðar. Byggt er á tillögum starfshóps sem samgönguráðherra skipaði haustið 2001 og greinargerð Byggðastofnunar um málið. Umfjöllun um þessar tillögur stendur yfir.

2. Efling menntunar á landsbyggðinni. Iðnaðarráðuneytið hefur unnið í samstarfi við menntamálaráðuneytið um eflingu náms á landsbyggðinni þar sem verja á 300 millj. í þrjú ár til verksins. Þetta varðar verkefni svo sem háskólanámssetur á Egilsstöðum, fræðslusetur á Húsavík, eflingu þjónustu vegna háskólanáms og símenntunar á Vestfjörðum, eflingu símenntunarstöðva um land allt sem og mörg önnur verkefni.

3. Samgöngubætur. Ekki þarf að rekja hér þær margvíslegu og umfangsmiklu aðgerðir sem eru í gangi varðandi samgöngubætur víða um land en góðar samgöngur á milli sem og innan svæða eru meðal hornsteina í sjálfbærri þróun byggða sem og starfsskilyrðum atvinnulífsins. Á árinu 2003 var ákveðið að verja verulegum fjárhæðum til samgöngubóta á landsbyggðinni að upphæð 4,2 milljarðar kr. Enn er verið að vinna að verkefnum sem þessu tengjast eins og allir vita sem hér eru.

4. 230 millj. varið til lækkunar á dreifingarkostnaði á raforku. Í tengslum við ný lög um raforkukerfi verður 230 millj. kr. varið á ári til lækkunar á dreifingarkostnaði á raforku sem bætir m.a. starfsskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni. Þetta kemur til framkvæmda á næsta ári.

5. Fjarskipti í dreifbýli. Unnið hefur verið að endurbótum er varða fjarskiptamál í dreifbýli, svo sem með verkefni samgönguráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis, „Upplýsingatækni í dreifbýli“, þar sem unnið er m.a. að því að stórbæta flutningsgetu grunnnetsins og fleira og verkefninu „Rafrænt samfélag“ sem hefur m.a. að markmiði að auka nýsköpun, menntun og menningarstarfsemi, bæta heilsugæslu og efla lýðræðið.

6. Byggðarkjarnar efldir. Í júlí 2004 var undirritaður vaxtarsamningur Eyjafjarðarsvæðisins þar sem áhersla er lögð á að efla Eyjafjarðarsvæðið sem byggðarkjarna Norðurlands með markaðstengdum aðgerðum þar sem m.a. er lögð áhersla á eflingu klasa í atvinnulífi. Einnig er starfandi verkefnisstjórn um byggðaaðgerðir á Vestfjörðum sem þegar hefur skilað tillögum um aðgerðir sem þegar hefur verið hrint í framkvæmd eða eru í frekari vinnslu sem miða að því að efla Ísafjörð sem byggðarkjarna Vestfjarða.

Hæstv. forseti. Það er hægt að nefna ýmsar aðrar aðgerðir sem ekki komast að í þessu stutta svari en það vill svo vel til að á morgun verður umræða á hv. Alþingi um framkvæmd byggðaáætlunar. Þar getum við farið vítt og breitt yfir sviðið og ég kvíði ekki þeirri umræðu því að ég tel mikilvægt að fara yfir stöðuna. Það vill svo vel til að ég get fullyrt það að staða landsbyggðarinnar hefur batnað mikið.

[14:29]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Því ber að fagna að á morgun verður hægt að taka ærlega umræðu um byggðamál við hæstv. ráðherra byggðamála því að fyrir þeim málum verður ekki gerð grein í stuttu máli.

Ráðherra talaði áðan um að þrjá byggðarkjarna ætti að styrkja sérstaklega. Ég vil benda á að til að það þjóni tilgangi þurfa samgöngur við þá að vera góðar en því er ekki að heilsa í öllum tilfellum, allra síst á Ísafjarðarsvæðinu þar sem samgöngur milli suður- og norðurfjarða eru útilokaðar stóran hluta ársins.

Nú háttar svo til að samkvæmt fjárlögum þessa árs og á næsta ári líka er fyrirhugaður stórfelldur niðurskurður einmitt í vegamálum. Því skýtur skökku við að það eigi að fara að byggja upp kjarna til að þjóna stórum svæðum en ekki eigi jafnframt að tryggja að samgöngur við þessa tilteknu kjarna séu viðunandi.

[14:31]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Frú forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra fór hér yfir ýmsa þætti sem verið væri að bæta í þeim málum að jafna aðstöðu.

Ég vil staðnæmast við samgöngubætur. Ég hef hælt ríkisstjórninni úr þessum stól fyrir að mér finnst hún um margt hafa staðið sig vel í samgöngubótum á landsbyggðinni. Maður sér að þar er verið að vinna við framkvæmdir. Það er vel.

Það er eins og með efni þessara byggðarkjarna, byggðirnar kalla á það að samgöngur séu bættar. Sú er helsta krafan í vaxtarsamningi fyrir Eyjafjarðarsvæðið að til að jafna skilyrði þurfi að bæta samgöngur. Það er verið að vinna vel í því og fyrir það eigum við að þakka. Auðvitað þarf að gera betur. Ég tala fyrir því að unnið verði að samgöngubótum á þjóðvegi 1, leiðinni Reykjavík – Akureyri. Það mun styrkja allt norðaustursvæðið og Austurland. Það þarf að huga að því sama fyrir Vestfirði, þeir hafa kallað á vegstyttingar.

[14:32]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég spurði hæstv. forsætisráðherra fyrr í umræðunni um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni en því miður varð lítið um svör. Ég ætla samt að reyna aftur og spyrja nú hæstv. iðnaðarráðherra.

Hún ræddi um að ein aðgerð í byggðamálum væri að jafna raforkuverð. Nú erum við að ræða um starfsskilyrði atvinnuveganna. Þess vegna væri fróðlegt að fá fram hjá hæstv. ráðherra hvort þessi aðgerð muni þá lækka raforkuverð til fyrirtækja frá því sem nú er. Sér hún það svo? Nú greiða fyrirtæki á landsbyggðinni 30% hærra verð fyrir orkuna og það væri fróðlegt að fá fram hjá hæstv. ráðherra hvort þetta muni leiða til einhverrar lækkunar, þessi aðgerð sem hún boðaði. Þá ég við lækkun til fyrirtækja.

[14:33]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði að ástandið á landsbyggðinni hefði batnað mikið. Það er alveg örugglega rétt, á sumum svæðum hefur ástandið batnað mikið. En það hefur hreint ekki batnað á öðrum svæðum. Sá er helsti vandinn í þessum byggðamálum, að ástandið er mjög dapurlegt á stórum svæðum þar sem ekki hefur verið hægt að koma til móts við þau svæði í sambandi við atvinnutækifæri og aðra hluti, hvort sem það hefur verið af pólitískum ástæðum eða öðrum.

Ég ætlaði líka að nefna annað í þessu sambandi af því að hæstv. ráðherra nefndi þetta með niðurgreiðslur á raforku. Ég veit ekki betur en að þeir fjármunir séu fyrst og fremst ætlaðir til að bæta upp hækkanir sem verða á raforku vegna breytingarinnar. Ég spyr bara hæstv. ráðherra hvort það sé virkilega þannig að þetta sé byggðaframlag. Þá hefur okkur verið gerð grein fyrir þessu máli með algjörlega öfugum formerkjum.

[14:34]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra sagði að ástandið hefði batnað mikið á landsbyggðinni. Eins og fram hefur komið er það eflaust rétt hvað varðar mjög fá tiltekin svæði. Á öðrum svæðum er ástandið því miður alls ekki nógu gott.

Hér voru þuldar upp ótal tölur úr miðstýringu ríkisstjórnarvaldsins á því hvernig peninga landsmanna skuli aflað og þeim eytt til að bæta ástandið á landsbyggðinni. Mér finnst menn alltaf gleyma einu grundvallaratriði í þessu, því að búið er að svipta allt of margar byggðir allt í kringum landið möguleikum sínum til þess að bjarga sér sjálfar á eigin spýtur, til þess að einkaframtakið fái að leysa úr mörgum af þessum vandamálum. Hér á ég að sjálfsögðu við það helsi sem ríkir í þessum byggðum hvað varðar það að fá að nýta sína fremstu auðlind — fiskinn í hafinu.

Þetta er ekkert voðalega flókið mál. Lítum á Vestfirði. Þar eru þorskurinn og ýsan sem ekki má veiða vegna kvótakerfisins búin að éta upp alla rækju við Ísafjarðardjúpið og við Arnarfjörð. Á Siglufirði geta menn ekki veitt rækju vegna þess að verðið er svo lágt — en fá þeir að veiða fisk þegar nóg er af honum við ströndina? Nei, alls ekki, ekki nema borga fyrir hann til kvótagreifanna eða eiga kvóta. Íbúarnir hafa hvorugt.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín var mjög skýr. Hún var um það hvað líður aðgerðum til þess að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis, landsbyggðarfyrirtækja gagnvart fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Ég tók hér dæmi um skattkerfisbreytingarnar 2001, hvernig þær gögnuðust höfuðborgarfyrirtækjunum en engan veginn landsbyggðarfyrirtækjunum vegna þess að þau borguðu ekki mikla skatta fyrir. Þau borguðu jafnvel enga eignarskatta en þau þurftu í framhaldi af þessari skattkerfisbreytingu að borga hærra tryggingagjald. Ég tók hér tölur um þessar breytingar. Svo kemur hæstv. iðnaðarráðherra og ber það af sér og segir að skattamál falli ekki undir sig. Víst er það alveg hárrétt og það vita allir að sem betur fer heyra skattamál ekki undir hæstv. iðnaðarráðherra.

Ég tek þetta sem dæmi um ríkisstjórn sem hæstv. ráðherra er aðili að. Þarna var verið að íþyngja atvinnurekstri á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgaratvinnurekstri. Fyrirtækin úti á landi standa ekki betur eftir þessa breytingu. Ég tek þetta bara sem dæmi um breytinguna. Hún getur hafa verið jákvæð og góð gagnvart höfuðborgarsvæðinu, að lækka skatta á fyrirtækin. Ekki ætla ég að gagnrýna það, ég mælti með því hér á sínum tíma, en ég bendi bara á að þarna var ekkert gert fyrir landsbyggðarfyrirtækin. Það var það sem ég spurði út í, virðulegi ráðherra, hvað liði aðgerðum í að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna út frá því sem hér hefur verið sagt. Talað er um að skattalegar aðgerðir verði skoðaðar sérstaklega í því sambandi og horft til reynslu nágrannaþjóðanna. Svo kemur hæstv. ráðherra og segir okkur einu sinni enn: Það er enn þá verið að skoða flutningskostnaðinn — en ekkert er gert. Hvergi sér þess stað í fjárlögum.

Virðulegi forseti. Það er mjög alvarlegt mál fram undan núna sem skekkir samkeppnisstöðu atvinnurekstrar á landsbyggðinni og atvinnufyrirtækja þeirra, þ.e. þegar sjóflutningum verður hætt 1. desember nk. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi farið um ýmsa staði í kjördæminu okkar — ég veit að hún hefur gert það (Forseti hringir.) og hefur þá væntanlega fengið upplýsingar um hvernig þetta muni íþyngja ákveðnum iðnfyrirtækjum í Eyjafirði þótt ekki séu tekin fleiri dæmi vegna þess að tími er ekki til.

[14:38]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. getur verið viss um að ég fer heilmikið um landið og veit tiltölulega vel hvernig ástandið er. Því miður er það ekki alls staðar gott, það skal alveg sagt hér úr þessum stóli. Hins vegar stend ég við það sem ég sagði áðan um að ástandið hefur batnað mjög þegar litið er á heildina. Ég er ánægð með það og stolt yfir því enda sýna tölur batnandi árferði. Það er hægt að sýna það með tölum. Við getum farið betur yfir það í lengri umræðu hér á morgun.

Talað var um opinber störf. Hv. þm. búsettir á Sauðárkróki hafa jafnvel haft stór orð um að lítið af opinberum störfum sé flutt á landsbyggðina en það vill svo til að Byggðastofnun var einmitt flutt til Sauðárkróks. Það er ágætt að halda því til haga. Það var ekki lítil stofnun, það var stór stofnun. Það er sjálfsagt að hrista höfuðið yfir því ef hv. þingmönnum finnst það sæma.

Í sambandi við raforkukerfið var það þannig í gamla kerfinu að Rarik, sem er landsbyggðardreifitæki, þurfti að jafna á milli dreifbýlis, milli sveita og bæja innan kerfisins. Það var álitið að það væru um 500 millj. sem þessar óarðbæru einingar kostuðu. Við fórum í gegnum þetta allt í fyrra, ég hélt að ég þyrfti kannski ekki að gera það aftur núna. Þeir fjármunir sem núna koma á fjárlögum eru til að greiða þennan kostnað vegna þess að fyrirtækið mun ekki gera það í nýju markaðskerfi. Þetta eru nýir fjármunir sem lagðir eru fram til þess að taka á þessu og þetta mun þýða

það að öllum líkindum, þótt ég geti ekki fullyrt það á þessari stundu, að raforkuverð hjá Rarik mun lækka þegar þeir þurfa ekki lengur að standa í þessum kostnaði sjálfir.

Talandi um samgöngur er það náttúrlega orðið þannig, ef við tölum um norðausturhornið, að einungis um fimm kílómetrar á milli Akureyrar og Egilsstaða eru ekki malbikaðir. Á föstudaginn á að taka í notkun nýjan veg við Tjörnes. Hvert sem horft er er verið að vinna landsbyggðarmönnum í hag í sambandi við samgöngumál.

Alltaf má betur gera og við skulum tala um það á morgun.

Uppgreiðslugjald.

Fsp. JóhS, 87. mál. — Þskj. 87.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Mikillar óánægju gætir með þá skilmála sem bankarnir hafa sett fyrir nýjum fasteignalánum, að hægt sé að taka uppgreiðslugjald ef lán eru greidd upp fyrir gjalddaga. ASÍ og Neytendasamtökin hafa sent Samkeppnisstofnun kvörtun vegna þessa og óskað eftir að Samkeppnisstofnun kanni heimild bankanna til að krefjast uppgreiðsluálags.

Sömuleiðis hefur verið gagnrýnt í skilmálum bankanna og kallað eftir rökstuðningi fyrir ákvæðum sem kveða á um að lántakendur skuldbindi sig til viðskipta við bankann allan lánstímann, kannski 40 ár, ella verður lántakendum refsað með vaxtahækkun og gjaldtöku.

ASÍ kallar slíkt vistarband sem orki mjög tvímælis, og sannarlega teljast þau að mínu viti til óeðlilegra viðskiptahátta.

Neytendasamtökin benda á að lögin um neytendalán geri ráð fyrir rétti neytenda til að standa skil á skuldbindingum sínum fyrir gjalddaga og að hvergi í lögunum sé sá réttur skilyrtur á nokkurn hátt. Telja Neytendasamtökin að fjármálafyrirtæki séu með uppgreiðsluþóknun að rýra ótvíræðan lagalegan rétt neytenda, oftast með einhliða ákvæði í lánasamningi. Samtökin benda einnig á að í lögunum sjálfum og lögskýringargögnum bendi allt til þess að ætlun löggjafans hafi ekki verið sú að heimila uppgreiðsluþóknun vegna neytendalána.

Neytendasamtökin nefna líka að skiptar skoðanir hafi verið um það hvort lán einstaklinga sem tryggð eru með veði í fasteign falli undir lögin um neytendalán. Upphaflega féllu slík lán ekki undir lögin. Hins vegar var gildissvið laganna útvíkkað með lagabreytingu sem tók gildi þann 14. desember 2000. Það sé því óumdeilanlegt að veðlán einstaklinga sem tekin voru eftir lagabreytinguna falli undir lögin. Þessi skoðun Neytendasamtakanna er í samræmi við nefndarálit efnahags- og viðskiptanefndar í desember árið 2000.

Það eru vissulega, herra forseti, í hæsta máta óeðlilegir viðskiptahættir að fólki sé refsað, það þurfi að greiða tugi og hundruð þúsunda fyrir að ætla að greiða upp skuldir sínar. Því er eftirfarandi fyrirspurn beint til hæstv. viðskiptaráðherra:

Telur ráðherra að innheimta uppgreiðslugjalds hjá fjármálafyrirtækjum samrýmist lögum um neytendalán?

Hver er skoðun ráðherra á uppgreiðslugjaldi?

Er ráðherra reiðubúin að beita sér fyrir lagabreytingum svo tekin verði af öll tvímæli um að óheimilt sé að innheimta uppgreiðslugjald ef núgildandi lög eru óljós í því efni?

Þekkist það í nágrannalöndum okkar að fjármálafyrirtæki hafi heimild til innheimtu uppgreiðslugjalds þegar fólk vill greiða upp skuldir sínar?

[14:43]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrsti liður fyrirspurnarinnar lýtur að túlkun laga og um þetta atriði eru skiptar skoðanir. Bankarnir og aðrar lánastofnanir hafa talið sér heimilt að áskilja sér uppgreiðslugjald en ASÍ og Neytendasamtökin hafa opinberlega dregið í efa að slíkar þóknanir samrýmist lögum um neytendalán. Fram hefur komið í fjölmiðlum að kærur hafi verið sendar til Samkeppnisstofnunar og Fjármálaeftirlits.

Úrskurðarvald um þessi atriði og túlkun laga er að sjálfsögðu hjá eftirlitsaðilum og dómstólum en ekki hjá ráðherra. Rétt er hins vegar að benda á að í 16. gr. núgildandi laga um neytendalán er uppgreiðslugjald ekki bannað berum orðum og er því vandséð að lánasamningar um slíka þóknun séu andstæðir lögunum. Þessi skoðun fær stoð í gögnum frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hvað varðar tilskipun um neytendalán sem íslensku reglurnar eru byggðar á. Dönsk lög um neytendalán hafa einnig verið túlkuð á sama veg en þau hafa að geyma svipuð ákvæði.

Hvað varðar annan lið fyrirspurnarinnar er rétt að taka fram að í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu er nú verið að vinna að þessum málum. Þann 14. september sl. skipaði ég nefnd til að vinna að samkomulagi um lánveitingar og mun hún m.a. fjalla um uppgreiðslugjald. Markmið með skipun nefndarinnar er að stuðla að bættum viðskiptaháttum og kveða á um lágmarksvernd í viðskiptum neytenda við lánveitendur. Um er að ræða útvíkkun á núgildandi samkomulagi um notkun ábyrgðarskuldbindinga sem gert var árið 2001. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, Sambands íslenskra sparisjóða, Sambands íslenskra tryggingafélaga, Landssamtaka lífeyrissjóða, Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Íbúðalánasjóðs, Neytendasamtaka og viðskiptaráðuneytis.

Þrátt fyrir að uppgreiðslugjald sé ekki alfarið bannað hér á landi, þó um það sé deilt, leiða almenn sanngirnisrök og ýmis lagaákvæði til þess að lánastofnun hafi ekki ótakmarkað svigrúm í þessum efnum. Uppgreiðslugjald verður að vera hófstillt og í tengslum við þann kostnað sem fellur á lánastofnunina vegna uppgreiðslunnar. Bankar og aðrar lánastofnanir sem taka uppgreiðslugjald verða því að færa rök fyrir þeirri ákvörðun sinni og sýna fram á að kostnaður fylgi uppgreiðslunni.

Uppgreiðslugjald er helst hægt að rökstyðja með tilliti til hagsmuna lánveitenda við þær aðstæður þegar vextir lækka á langtímalánum með föstum vöxtum. Þá má einmitt búast við miklum uppgreiðslum, m.a. vegna endurfjár-

mögnunar eins og við höfum orðið vitni að á síðustu mánuðum. Vel kemur til greina að settar verði frekari skorður við uppgreiðslugjaldi en slíkar tillögur verður að skoða vel og vinna í samráði við hagsmunaaðila. Einnig þarf að taka mið af vinnu sem á sér stað innan Evrópusambandsins hvað varðar nýja tilskipun um neytendalán.

Svarið við þriðja lið fyrirspurnarinnar er játandi, þ.e. að það þekkist í nágrannalöndum okkar að fjármálafyrirtæki hafi heimild til innheimtu uppgreiðslugjalds. Lausleg könnun leiddi í ljós að óvíða er uppgreiðslugjald alfarið bannað en í sumum löndum hafa verið settar takmarkanir á slíkar þóknanir svo sem í Noregi, á Bretlandseyjum og í Benelúxlöndunum. Í Danmörku gilda svipuð ákvæði og hér á landi og ekkert bann er við slíku gjaldi.

[14:47]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mikilvæga mál upp, ekki síst í ljósi þess að einmitt nú um stundir og vegna hraðra og mikilla breytinga á lánamarkaði, ekki síst er varðar húsnæðislán bankanna, stendur fjöldi manns frammi fyrir því að greiða upp lán og taka önnur sem lántakendur telja hagkvæmari og henta sér betur.

Ráðherra talaði um sanngirnisrök og að skoða það að reisa skorður við því að lánastofnanir geti innheimt uppgreiðslugjald þegar fólk greiðir skuldir sínar. Ég vil því nota þetta tækifæri og skora á hana að ganga lengra en það og vinna að lagaheimild sem gerir það óheimilt að innheimta uppgreiðslugjald af lánum. Þetta er ósanngjörn gjaldtaka og fyrir því eru sanngirnisrök og það er réttlætismál að óheimilt sé að innheimta uppgreiðslugjald þegar fólk er að endurfjármagna lán sín. Þetta er mjög mikilvægt mál einmitt nú um stundir og skora ég á hana að beita afli sínu til þess.

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, en mér fannst nú, virðulegi forseti, að þau væru nokkuð opin í báða enda og erfitt að átta sig á afstöðu hæstv. ráðherra til uppgreiðslugjaldsins. Fyrirspurn númer tvö gengur einmitt út á það hvort ráðherra sé reiðubúin að beita sér fyrir lagabreytingu og taka af öll tvímæli í þessu efni. Það er auðvitað óþolandi og gengur ekki að fólki sé refsað svona harkalega eins og bankarnir gera ef það ætlar að greiða upp skuldir sínar.

Við getum tekið sem dæmi 8 millj. kr. lán, ef einhver ætlar að greiða það upp, þá þarf hann kannski að greiða 160 þús. kr. í uppgreiðslugjald. Slíkt gengur auðvitað ekki.

Ég fagna því þó sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að hún telji að til greina komi að setja skorður við uppgreiðslugjaldi og ég hvet ráðherrann til að fylgja því eftir.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hafi kynnt sér nefndarálit efnahags- og viðskiptanefndar á árinu 2000 þegar fjallað var um neytendalán þar sem þetta ákvæði var útvíkkað. Gert var ráð fyrir að lánasamningar sem tryggðir eru með veði í fasteign séu undanþegnir lögum um neytendalán — það hafi verið gert áður — og gert var ráð fyrir að þeim yrði breytt þannig að það taki til lánasamninga sem Íbúðalánasjóður gerir eða annarra sambærilegra fasteignaveðlánasamninga sem gerðir eru vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Sem sagt, efnahags- og viðskiptanefnd útvíkkaði þetta þannig að þessi lán falla undir lögin um neytendalán að mínu viti ótvírætt og það er í samræmi við það sem Neytendasamtökin segja, að samkvæmt lögum um neytendalán eigi einstaklingar ótvíræðan rétt til að greiða lán sín upp fyrir gjalddaga og það án nokkurra takmarkana eða skilyrða.

Ég hvet því hæstv. ráðherra til að fylgja þeirri yfirlýsingu sem hún tók þó hér fast eftir og að settar verði skorður við uppgreiðslugjaldi og auðvitað helst af öllu að fella það niður.

[14:51]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel mjög eðlilegt að umræða komi hér upp um þetta mál á hv. Alþingi þar sem þetta hefur verið mikið til umfjöllunar í þjóðfélaginu. Eins og kom fram í máli mínu skipaði ég nefnd þegar í september sem er að fjalla um þessi mál og m.a. það hvort uppgreiðslugjaldið eigi rétt á sér og þá líka hvort setja þurfi einhverjar skorður við því í lögum hversu hátt það megi vera, því að mín skoðun er sú að það þurfi að stilla því í hóf ef yfirleitt á að vera heimilt að beita slíkri gjaldtöku.

Þess vegna er það nú sem ég vil ekki kveða upp úr um hluti á þessari stundu að málin eru til umfjöllunar. Ég ítreka það líka sem fram kom í máli mínu áðan að úrskurðarvald er ekki hjá ráðherra í þessum efnum þegar óljóst er eða ekki er hægt að segja algjörlega ótvírætt hvað lög þýða, eins og er í þessu tilfelli. En ég hef fullan skilning á því sem hv. þm. er að fara með máli sínu og hún mun þá fylgjast með því hvað kemur út úr því nefndarstarfi sem er í gangi.

Fjármálaeftirlitið.

Fsp. JóhS, 157. mál. — Þskj. 157.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í október árið 2003 setti Fjármálaeftirlitið fram umræðuskjal um hvort ástæða væri til að rýmka heimildir eftirlitsins til að greina frá framkvæmd eftirlits og niðurstöðu í einstaka málum. Rökin sem Fjármálaeftirlitið setti fram voru að aukin upplýsingagjöf um framkvæmd og niðurstöður eftirlits gætu stuðlað að auknu markaðsaðhaldi gagnvart þeim sem starfa á fjármálamarkaði. Slíkar upplýsingar mundu eiga þátt í að leiða í ljós styrkleika og veikleika þeirra sem eftirlitið beinist að. Fjármálaeftirlitið benti líka á varnaðaráhrifin af auknu gegnsæi.

Fram hefur einnig komið hjá forstjóra Fjármálaeftirlitsins að hann lýsir áhyggjum sínum af því að um takmarkaðar heimildir stofnunarinnar sé að ræða til að greina frá athugasemdum sínum við markaðsaðila og úrskurði í einstaka málum.

Athyglisvert er einnig að nýlega kom fram hjá KB-banka að þrýsta þyrfti á löggjafann um að auka heimildir

Fjármálaeftirlitsins til að tjá sig. KB-banki spyr hvernig það megi vera að ef eftirlitið þurfi að hafa afskipti af viðskiptum eða innri málefnum fyrirtækja að markaðurinn sé ekki upplýstur um það.

Ég er sannfærð um að það muni veita mikilvægt markaðsaðhald og stuðla að bættu viðskiptaumhverfi á fjármálamarkaði ef Fjármálaeftirlitið fengi slíkar heimildir. Fjármálaeftirlitið hefur oft að ósekju sætt gagnrýni um að aðgerðir þess séu veikar, Fjármálaeftirlitið sem stofnun sé veik og þar sé lítið aðhafst. Ég tel að skýringin sé sá leyndarhjúpur sem hvílir yfir aðgerðum sem FME grípur til gagnvart eftirlitsskyldum aðilum sem sjaldnast koma fram opinberlega.

Rýmka þarf einnig heimildir Fjármálaeftirlitsins til að beita stjórnvaldssektum. Í Evrópusamstarfi verðbréfaeftirlita og í nýjum tilskipunum Evrópusambandsins er stefnan sú að unnt verði að ljúka innherjasvikamálunum sjálfum með stjórnvaldssektum í stað þess að setja þau í hefðbundna refsimeðferð. Þessi umræða beinist að verðbréfamarkaðnum, einkum markaðssvikum, þ.e. innherjasvikum og markaðsmisnotkun þar sem þörfin er mest. Fordæmi um viðurlög á stjórnsýslustigi er m.a. að finna í starfsemi og heimildum Samkeppnisstofnunar og skattrannsóknarstjóra.

Í nýlegri tilskipun Evrópusambandsins um markaðssvik er kveðið á um að eftirlitsaðilar skuli búa yfir heimildum til þess að beita stjórnsýsluviðurlögum þegar reglur sem byggja á tilskipuninni eru brotnar. Jafnframt er kveðið sérstaklega á um að tryggja þurfi eftirlitsaðilum heimild til að greina opinberlega frá beitingu stjórnsýsluviðurlaga.

Fyrirspurn mín til hæstv. viðskiptaráðherra um þetta efni hljóðar svo:

„Mun ráðherra beita sér fyrir lagaheimild sem eykur gegnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins, til að mynda með því að rýmka heimildir til þess að greina frá framkvæmd eftirlits og niðurstöðum í einstökum málum?

Telur ráðherra rétt að Fjármálaeftirlitið fái heimildir til að beita sektum, t.d. fyrir innherjasvik, og hvaða áhrif hefði það haft á mál sem komið hafa til kasta þess og tengjast innherjasvikum ef slíkar heimildir hefðu verið fyrir hendi sl. þrjú ár?“

[14:55]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir auknu gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins. Því er til að svara að ég hef hug á að beita mér fyrir því og tel mikilvægt að heimildir Fjármálaeftirlitsins til að birta opinberlega niðurstöður sínar í eftirliti með verðbréfamarkaði verði rýmkaðar. Fjármálaeftirlitið fjallar ekki opinberlega um einstök mál eða málefni eftirlitsskyldra aðila nema mælt sé fyrir um upplýsingaveitingu í lögum. Eftirlitsskyldir aðilar eða almenningur eiga því ekki aðgang að niðurstöðum í einstökum málum nema þær séu birtar af öðrum en Fjármálaeftirlitinu. Þetta hefur verið gagnrýnt m.a. vegna þess að þetta leiðir til þess að varnaðaráhrif af aðgerðum Fjármálaeftirlitsins eru minni en ella og stuðla ekki að bættri framkvæmd á fjármálamarkaði í heild. Á móti kemur að það þjónar ekki hagsmunum heildarinnar að öll verkefni Fjármálaeftirlitsins séu gerð opinber.

Meginverkefni Fjármálaeftirlitsins er fjárhagslegs eðlis, þ.e. að fylgjast með styrkleika eftirlitsskyldra aðila að standa við skuldbindingar sínar. Fyrirbyggjandi eftirliti er ætlað að stuðla að sterkari áhættustýringu og innra eftirliti, greina veikleika í tíma og leiða þá til lykta þannig að sem minnst tjón hljótist af.

Framkvæmd og niðurstöður slíks eftirlits geta ekki verið opinberar fyrr en eftir að hætta er liðin hjá. Það er fyrst og fremst í eftirliti með verðbréfamarkaði þar sem telja verður að gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins eigi að vera meira. Þróunin er sú í Evrópu að fjármálaeftirlit greini í ríkari mæli frá einstökum málum, einkum málum sem varða starfsemi á verðbréfamarkaði. Í nýrri tilskipun Evrópusambandsins um markaðssvik verður fjármálaeftirlitum almennt heimilt að birta opinberlega upplýsingar um þau tilvik þar sem viðurlögum eða öðrum stjórnvaldsaðgerðum er beitt.

Í frumvarpi því um verðbréfaviðskipti sem nú er í smíðum í viðskiptaráðuneytinu er tekið á gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins og heimildir þess rýmkaðar.

Þá spyr hv. þm. um hvort rétt sé að Fjármálaeftirlitið fái heimildir til að beita sektum fyrir innherjasvik. Ástæða er til að geta þess að Fjármálaeftirlitið hefur fengið heimildir til að beita stjórnvaldssektum við brotum er varða tilkynningarskyldu fruminnherja, birtingu upplýsinga um viðskipti fruminnherja og innherjaskrá svo dæmi séu tekin. Hins vegar hefur eftirlitið ekki heimild til að beita stjórnvaldssektum sem viðurlög við innherjasvikum.

Það þarf að íhuga það mjög vandlega hvort rétt sé að Fjármálaeftirlitið fái slíkar heimildir. Það er meginregla í íslenskum rétti að dómstólar annist ákvörðun refsinga, jafnt fésekta sem refsivistar með dómi, að undangenginni opinberri rannsókn. Þrátt fyrir þetta hafa verið lögfest ýmis ákvæði í íslenskum lögum er varða eftirlit með einstaklingum og lögaðilum sem veita stjórnvöldum heimildir til álagningar stjórnvaldssekta. Þetta er í samræmi við þróunina í viðskiptalöggjöfinni í Evrópu en þar er tilhneigingin í þá átt að auka vægi stjórnvaldssekta, m.a. vegna varnaðaráhrifa þeirra í eftirliti með markaði.

Ég er þeirrar skoðunar að æskilegt sé að stefna að því að Fjármálaeftirlitið fái heimildir til stjórnvaldssekta en áður en til þess kemur þurfi að fara mjög vandlega yfir viðurlög við efnahagsbrotum.

[15:00]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur varðandi starfsskilyrði og starfsramma Fjármálaeftirlitsins. Ég tel mjög mikilvægt að gagnsæi í störfum eftirlitsins sé aukið og eftirlitið gefi mun reglulegar út eða skýri frá niðurstöðum eða framgangi rannsókna- og eftirlitsstarfa. Mér finnst eins og eftirlitið er nú sé það líkt og að dómari væri án flautu á knattspyrnuvelli eða bíll æki um án flautu.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson, höfum lagt fram tillögu til þingsályktunar um eflingu á starfsemi og sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins. Við veltum því fyrir okkur hvort staða þessi er þegar of veik að heyra beint undir ráðherra

sem hefur verið mjög umsvifamikill einmitt í viðskiptalífinu og ekki veitt af að hafa sérstakt eftirlit með þannig að það sé ástæða til að efla sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins.

[15:01]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það gleymist stundum í þessari umræðu að hlutverk Fjármálaeftirlitsins er fyrst og fremst að tryggja trúverðugleika á markaðnum, þ.e. að litlir og meðalstórir fjárfestar treysti sér til að setja fjármuni á þennan markað. Það er afar slæmt þegar reglurnar eru þannig úr garði gerðar að ekki megi birta rannsóknir og úrskurði sem kveðnir eru upp þegar grunur leikur á að menn hafi ekki spilað samkvæmt þeim reglum sem fyrir eru settar og slíkt dregur úr trúverðugleik markaðarins. Þess vegna er mjög mikilvægt að það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur verið að tala fyrir nái fram að ganga og þetta eftirlit verði miklum mun virkara. Hlutverk ríkisins er að setja reglur og tryggja trúverðugleika markaðarins til þess að fjárfestar séu tilbúnir til að setja fjármagn inn á þennan markað og eins og staðan er núna er þetta ekki í nægilega góðu horfi. Ég vil því hvetja hæstv. ráðherra til að segja meira, virðulegi forseti, en aðeins að stefnt skuli að.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil fagna því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að hún ætlar að beita sér fyrir því að sett verði lög sem munu auka gegnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins og ég skil ráðherrann svo, og hún mótmælir því þá ef svo er ekki, að slíkt frumvarp muni fljótlega sjá dagsins ljós hér á þinginu. Það þarf virkilega að efla Fjármálaeftirlitið, gera það virkara og auka trúverðugleika og traust á því, og ég held að þetta sé ágæt leið til þess.

Mér fannst hæstv. ráðherra aftur á móti frekar draga lappirnar að því er varðar fyrirspurn nr. 2 hvort ráðherrann telji rétt að Fjármálaeftirlitið fái heimild til að beita sektum t.d. vegna innherjasvika. Hæstv. ráðherra stefnir að því að fá slíkar heimildir en þá þarf að fara yfir viðurlög við efnahagsbrotum áður. Ég spyr hæstv. ráðherra hvernig hún hyggst vinna að þessu máli áfram. Ég hafði fullan hug á að setja fram frumvarp um þetta efni en ef það er í fullri vinnslu hjá hæstv. ráðherra og málið lítur dagsins ljós á þingi fljótlega þá mun ég auðvitað halda að mér höndum í því efni.

Ég sé ekki hvernig hæstv. ráðherra kemst hjá að beita sér fyrir slíkri lagasetningu að það komi heimildir til að beita sektum fyrir innherjasvik. Í því sambandi minni ég á, eins og ég nefndi í framsögu minni áðan, að í Evrópustarfsemi verðbréfaeftirlita og í nýjum tilskipunum Evrópusambandsins er stefnan sú að unnt verði að ljúka innherjasvikamálunum sjálfum með stjórnvaldssektum og ég tel það afar mikilvægt tæki fyrir Fjármálaeftirlitið að hafa slíkar heimildir og ég spyr: Hvað er það sem mælir frekar á móti því að Fjármálaeftirlitið fái tafarlaust þannig heimildir án þeirrar rannsóknar sem ráðherrann er að boða að fari fram á viðurlagakaflanum við efnahagsbrotum þegar t.d. skattrannsóknarstjóri og Samkeppnisstofnun hafa slíkar heimildir til að beita viðurlögum á stjórnsýslustigi? Þar eru fordæmin og ég spyr ráðherra: Eftir hverju erum við að bíða?

[15:05]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er mjög mikilvægt að vandað sé til löggjafarinnar og þeirra frumvarpa sem lögð eru fram af okkar hálfu og þessi mál eru til athugunar og hv. þm. skildi mig alveg rétt áðan þar sem ég sagði að við værum að athuga hvort ekki væri rétt að Fjármálaeftirlitið fengi heimildir til stjórnvaldssekta. En þessi mál snúa líka að dómsmálaráðuneytinu og það þarf að hafa samráð í þeim.

En mér finnst þegar hv. þingmenn koma hér og tala mikið um að efla þurfi Fjármálaeftirlitið þá verði að hafa í huga að það er ekkert smáræði sem það hefur verið eflt. Það er öflugt og þegar talað er um að þessi mál séu ekki í nægilega góðu horfi þá finnst mér það í raun ekki alveg sanngjarnt því ég held því fram að þarna séu mál í góðu lagi. Ég ítreka það sem kom fram áðan að vegna þess hvernig Fjármálaeftirlitið starfar, samkvæmt lögum, þá vitum við ekki og almenningur veit ekki hvað þar er verið að vinna. Ég veit það ekki heldur þó að ég fari með þessi málefni fyrir hönd ríkisstjórnarinnar því Fjármálaeftirlitið er algerlega sjálfstætt og ráðuneytið sem slíkt hefur ekki nokkur afskipti af vinnubrögðum þeirra. Ég trúi því og hef margoft sagt það á hv. Alþingi að ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en þar sé staðið vel að málum en það sem hv. þm. spyr um er hins vegar umhugsunarefni og það er eitt af því sem við erum að fara yfir í mikilli alvöru.

Minjagildi kirkjumuna og kirkjugarða.

Fsp. ÁRJ, 109. mál. — Þskj. 109.

[15:07]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Í kirkjum landsins og í kirkjugörðum víða um land eru merkir gripir og minjar sem hafa mikið menningarlegt gildi fyrir okkur sem þjóð. Við vinnslu þingsályktunar minnar um Hólavallagarð var mér bent á að Fornleifavernd hafi ekki stöðugildi til að sinna málefnum kirkjugarða og kirkjuminja sem stofnuninni ber að gera samkvæmt lögum. Fornleifavernd ríkisins ber samkvæmt V. kafla þjóðminjalaga, nr. 107/2001, að ákveða friðlýsingu og varðveislu kirkjugripa í samráði við þjóðminjavörð og friðlýsa kirkjugarða og legsteina og minningarmörk í kirkjugörðum. Þá ber stofnuninni að halda skrá yfir friðlýsta gripi og minningarmörk í kirkjugörðum.

Þegar Fornleifavernd ríkisins var sett á stofn var ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni til þessa hluta minjavörslunnar og svo er enn. Lausráðinn starfsmaður hefur verið að sinna þessu en ekki er fjármagn til staðar til að halda því áfram. Það sem hefur gert mögulegt að sinna þessu hingað til er að kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma og kirkjugarðaráð hafa greitt fyrir þetta starf frá 2002. Eins hefur Kjalarnesprófastsdæmi greitt fyrir skráningu á minjum 100 ára og eldri í kirkjugörðum í því prófastsdæmi. Reynt hefur verið að bæta úr þessu ástandi með því að halda fyrirlestra

fyrir prófastsdæmin um skráningu og varðveislu minningarmarka og eins um skráningu og varðveislu kirkjugripa og nú er að fara af stað verkefni um öryggismál í kirkjum landsins. En eftir að landið opnaðist eins mikið og raun er er mikil hætta á að gripir hverfi úr kirkjum og þá jafnvel úr landi.

Það er mjög mikið af merkum og gömlum gripum í kirkjunum og því er mikilvægt að Fornleifavernd geti sinnt þessu verkefni sómasamlega því að hér eru ákveðin menningarverðmæti í húfi. Því spyr ég, herra forseti, hæstv. menntamálaráðherra hvort hún áformi að tryggja Fornleifavernd ríkisins það að geta sinnt skráningu og mati á minjagildi kirkjumuna og kirkjugarða landsins.

[15:09]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Rétt í upphafi og að gefnu tilefni vil ég sérstaklega geta þess ótengt þessari fyrirspurn að ég var reiðubúin til að svara fleiri fyrirspurnum, til mín hefur verið beint mörgum fyrirspurnum en mér skilst að bæði vegna takmarkaðs tíma í dag og vegna þess að fjöldi fyrirspurna bíði meðal annars annarra ráðherra þá er það mjög skiljanlegt að ég komist ekki að nema með tvær í dag. En ég vildi láta þingheim vita af því að ég hefði verið reiðubúin til að svara fleiri spurningum í dag.

Virðulegi forseti. Fyrirspyrjandi, hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, spyr hvort ráðherra áformi að tryggja að Fornleifavernd ríkisins geti sinnt skráningu og mati á minjagildi kirkjumuna og kirkjugarða landsins. Ef við förum aðeins yfir það sem stendur í þjóðminjalögum frá 2001 um verksvið Fornleifaverndar ríkisins — herra forseti, það er eitthvert ryk í loftinu hérna. Ég vildi að það væri eitthvað sem stæði í manni en það er ekki það. Svo glottir hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég hélt að það væri miskunnsami Samherjinn eins og hann hefur iðulega alltaf verið (Gripið fram í.) Já, það er rétt, ég þakka fyrir. — En það er sérstaklega getið um verksvið Fornleifaverndar ríkisins í þjóðminjalögum frá árinu 2001 en samkvæmt þeim lögum er það m.a. hlutverk Fornleifaverndarinnar að annast eftirlit, skráningu og friðun kirkjugripanna og jafnframt að halda skrár yfir minningarmörkin í kirkjugörðum og friðlýsa þau, þ.e. sem telst rétt að vernda út frá sögulegu og listrænu gildi.

Fornleifaverndin er ung stofnun, eins og kunnugt er, og er enn í uppbyggingu og vexti. Stofnunin fær á fjárlögum 36,6 millj. kr. til starfsemi sinnar. Er það á ábyrgð forstöðumanns að forgangsraða þeim verkefnum sem stofnunni eru falin lögum samkvæmt innan fjárhagsramma hennar og á fjárlögum undanfarinna ára hefur stofnunin fengið nokkra hækkun umfram verðlagsbætur m.a. til að mæta tilfallandi kostnaði vegna neyðarrannsókna á fornleifum. Á vegum Fornleifaverndar hefur verið unnið að skráningu og mati á minningarmörkum í Hólavallagarði í Reykjavík eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á og í kirkjugörðum Kjalarnesprófastsdæmis í samvinnu við Fornleifavernd og kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis og héraðsnefndar Kjalarnesprófastsdæmis og með stuðningi kirkjugarðaráðs. Það er rétt að geta þess sérstaklega að mikið hefur áunnist í því efni.

Í þessu sambandi vil ég, herra forseti, upplýsa þingheim um að nú er unnið að stefnumótun um minjavernd og minjavörslu fyrir tilstilli menntamálaráðuneytisins. Að því verki loknu verður enn frekar hægt að vinna markvisst að því að leysa verkefni og úrlausnarefni sem að málaflokknum snúa.

[15:13]

Drífa Hjartardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi. Ég held að það sé mjög merkilegt, og miklu máli skiptir að vel sé haldið utan um minjagripi kirkna og kirkjugarða. Kirkjur landsins geyma margar mestu gersemar sem við eigum í fornminjum okkar. Það eru til mörg gömul líkneski frá kaþólskum tíma sem hafa ekki verið tekin úr kirkjunum — þó að við séum ekki kaþólsk — og gamlir kaleikar og margir fagrir gripir og merkilegir og sannarlega er vert að vel sé hugað að bæði með skráningu og varðveislu þeirra og það var mjög ánægjulegt að heyra svar hæstv. menntamálaráðherra hér áðan.

[15:14]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fá að koma á framfæri þökkum til fyrirspyrjanda, hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Hér er verið að hreyfa við að mörgu leyti mjög merkilegu máli.

Það er alveg ljóst að við Íslendingar eigum mikið af merkilegum kirkjugripum og ég er einn af þeim sem hafa mjög gaman af því að koma í kirkjur víða á landinu, fara inn í þær, dást að listaverkum sem þar eru og eiga þar kyrrláta stund með sjálfum mér.

Ég minnist þess að í fyrra var áhugaverð umræða einmitt um kirkjugripi og varðveislu þeirra. Hv. varaþingmaður Samfylkingarinnar Önundur Björnsson kom þeim umræðum af stað og þar var m.a. talað um þetta; öryggismál í kirkjum og kirkjugripi og hvort við ættum ekki að gera meira af því að nota þá kirkjugripi sem í dag eru í geymslum Þjóðminjasafnsins og þjóðin fær ekki að nota, hafa þá meira til sýnis á þeim stöðum sem þeir eiga heima, þ.e. í kirkjum landsins. Þess vegna fagna ég því ef menn eru farnir að líta nánar á öryggismál varðandi kirkjugripi í kirkjum landsins.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fagna því að farin sé af stað stefnumótun um minjavernd. En þar sem ég var að spyrja um skráningu og sérstaklega um verndun á þessum gripum og einnig menningarverðmætum í kirkjugörðum þá er ljóst að frá næstkomandi áramótum verður engin fjárveiting til þess að sinna því starfi. Ég veit að þetta hefur verið sett í forgang hjá stofnuninni en það er ekki svigrúm til þess. Það er eitt stöðugildi sem stofnunina vantar til að geta sinnt því stjórnsýsluhlutverki sem henni ber lögum samkvæmt að gera, þ.e. að sinna skipulegri skráningu og mati á minjagildi kirkjumuna og kirkjugarða. Ég held að það sé mjög mikilvægt að ráðherra

geri stofnuninni kleift að sinna þessu starfi. Þó svo að stefnumótunin fari í gang þarf að sinna því engu að síður. Legsteinar veðrast og ekki verður hægt að lesa á þá eftir því sem tíminn líður og auk þess þarf auðvitað að auka öryggi í kirkjum og skrá þá gripi sem þar eru, sem margir eru mjög mikilvægir.

Virðulegi forseti. Ég skora á hæstv. ráðherra að sjá til þess að á meðan stefnumótunarvinnunni vindur fram tryggi hún að unnt verði að sinna því starfi áfram sem verið er að vinna hjá Fornleifaverndinni.

[15:17]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir með fyrirspyrjanda og hv. þm. Drífu Hjartardóttur um að í kirkjum landsins, hvort sem það eru einkakirkjur eða kirkjur í opinberri eigu, er oft og tíðum að finna mikla dýrgripi, bæði frá kaþólskum tíma sem lúterskum sið, sem auðvitað er vert og þarflegt að skrá. En eins og ég gat um áðan í fyrra svari mínu hefur Fornleifaverndin framlög samkvæmt fjárlögum upp á rúmar 36 millj. kr. Þau framlög hafa hækkað og nokkuð umfram verðlag og það er forstöðumanns þessarar stofnunar sem annarra ríkisstofnana að forgangsraða innan sinnar stofnunar. Ef viðkomandi forstöðumaður forgangsraðar þessu framarlega efast ég ekki um að hægt er að veita þessu merka verkefni brautargengi.

Brottfall úr framhaldsskóla.

Fsp. BjörgvS, 189. mál. — Þskj. 189.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Brottfall úr íslenskum framhaldsskólum er töluvert vandamál í skólakerfi okkar og í samanburði við brottfall erlendis sést að það er töluvert hærra hér og skólasókn ungs fólks talsvert minni. Einn samanburður á ástundun 18 ára fólks á Norðurlöndunum leiddi t.d. í ljós að Íslendingar á þeim aldri eru á bilinu 65–70% við nám í framhaldsskólum á meðan hlutfallið er yfir 90% t.d. í Svíþjóð þar sem skólaástundun er mjög mikil. Á þessum aldri eiga að sjálfsögðu sem allra flestir að vera við nám til að auka möguleika sína í atvinnulífi og þroska kosti sína. Brottfall tekur hins vegar við í allt of mörgum tilfellum og fáir sem snúa til baka til náms síðar á lífsleiðinni hafi þeir fallið brott. Þó að margir skólar hafi náð prýðilegum árangri í að stemma stigu við brottfalli og það hafi dregið úr því víða er það samt allt of mikið. Í svari menntamálaráðuneytisins í fyrra til þess sem hér stendur, um fjölda nemenda sem fallið höfðu brott, kemur t.d. í ljós að brottfall úr verknámi samkvæmt þeirri skilgreiningu sem þar er notuð er töluvert hátt þar sem fram kemur að 2.757 nemendur í það heila höfðu hætt námi en 18.250 hófu það haustið áður og þar er sérstaklega hátt brottfall úr verknáminu. Ber því að beina sjónum sérstaklega að því hvaða leiðir eru færar til að draga úr því og m.a. í endurskoðun á starfsnáminu.

Þá er athyglisvert að skoða brottfallið í ljósi aldurs hópsins og hefur Gísli Baldvinsson starfs- og ráðgjafi bent á ýmsar athyglisverðar tölur í skrifum sínum, bæði á vefsíðu sinni og í grein í Morgunblaðinu fyrr á árinu þar sem hann rekur brottfallið bæði eftir aldri og námsbrautum. Gísli bendir einnig á leiðir og hvaða leiðir hafi verið farnar annars staðar. Hann segir t.d. í grein sinni að engin ákvæði um náms- og starfsráðgjöf séu í grunnskólalögum með beinum hætti og engin ákvæði um að starfs- og námsráðgjafi skuli starfa í grunnskólum landsins í fullri stöðu. Telur hann sem sérfræðingur í málaflokknum mjög mikilvægt að beina sjónum að grunnskólanum sérstaklega þegar unnið er gegn brottfalli. Það skiptir mestu máli að þar sé forvörnin. Í Danmörku er t.d. einn náms- og starfsráðsgjafi á hverja 300 nemendur. Það eru því margar aðrar leiðir. Einnig má benda á að efla starfsnám með styttri námsbrautir, starfs- og námsráðgjöf hvers konar og öflugt verknám þar sem vel er við það gert. Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra í framhaldi af svarinu sem ég fékk frá ráðuneytinu í fyrra um brottfallið, hvort einhverjar leiðir séu í vændum til að stemma enn frekar stigu við brottfalli ungs fólks úr framhaldsskólum.

[15:21]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi Björgvin G. Sigurðsson spyr mig hvort til standi að grípa til sérstakra aðgerða til að minnka brottfall úr framhaldsskólum. Í upphafi svars míns við þessari fyrirspurn vil ég sérstaklega leggja áherslu á að íslenska framhaldsskólakerfið er mjög sterkt. Í boði eru um 100 námsleiðir, þar af 87 iðn- og starfsnámsbrautir.

Það sem einkennir kerfi okkar er sveigjanleikinn sem einstaklingar nýta sér óspart og við viljum alls ekki draga úr. Ég tel að sú aukna aðsókn sem verið hefur í framhaldsskóla landsins undanfarin tvö ár og lækkun brottfalls á sama tíma gefi til kynna að brottfall sé á undanhaldi.

Í lögum um framhaldsskóla er skýrt mörkuð sú stefna stjórnvalda að allir nemendur sem lokið hafa grunnskólanámi skuli eiga kost á að hefja nám á framhaldsskólastigi og allir nemendur eigi að geta fundið þar nám við hæfi. Jafnframt er lögð áhersla á að námsval nemenda sem innritast í framhaldsskóla taki mið af námsstöðu þeirra við lok grunnskóla. Það er mikilvægt. Þannig eru meiri líkur á að nemendur ráði við það nám sem þeir leggja stund á og minni líkur á brottfalli úr námi. Ég tel því að á síðustu árum hafi margt verið gert til að sporna gegn brottfalli úr framhaldsskólum. Verður áfram unnið í anda þess sem hér hefur komið fram, enda sýna tölur að dregið hefur úr brottfalli á framhaldsskólum á síðustu árum. Þannig hefur t.d. komið í ljós að brottfall fyrsta árs nemenda úr framhaldsskólum minnkaði frá skólaárinu 1999–2000 til skólaársins 2002–2003 úr 16,5% í 11,5%. Brottfall frá hausti 2002 til haustsins 2003 var í heild 19,3% ef miðað er við nemendur í dagskóla, kvöldskóla og fjarnámi. Fimm árum áður var brottfallið þremur prósentustigum hærra eða 22,3%. Sé hins vegar einungis miðað við dagskólanemendur í fullu námi var brottfall milli áranna 2002 og 2003 12,4%. Jafnframt sýna tölur frá Hagstofu Íslands að hlutfallsleg þátttaka ald-

ursárganganna 16–20 ára í námi á framhaldsskólastigi hefur farið mjög vaxandi á síðustu árum.

Einnig hefur komið í ljós að frá árinu 2000 hefur prófþátttaka nemenda í framhaldsskólum verið að aukast. Eftir þeim gögnum sem liggja fyrir hefur nýting eða virkni aukist um tæp 5% á þessum árum eða úr tæplega 78% í tæplega 83%. Í aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 1999 segir að framhaldsskóli skuli leitast við að draga úr brottfalli nemenda, m.a. með skýrari námskröfum, aukinni upplýsingamiðlun um námskröfur, fjölbreyttara námsframboði, ekki síst starfsnámi og upplýsingum um starfsmöguleika að námi loknu. Í námskránni er lögð áhersla á að skólar bjóði upp á fjölbreytt nám þannig að allir nemendur geti fundið nám við hæfi. Með reiknilíkani og samningum við skóla um árangursstjórnun hefur frá árinu 1998 verið unnið gegn brottfalli í framhaldsskólum. Hafa fjárveitingar til framhaldsskóla frá þessum tíma miðast við þann fjölda nemenda sem þreytir próf og fjölda þreyttra eininga en ekki fjölda innritaðra nemenda. Í þessu kerfi er því innbyggður hvati fyrir framhaldsskóla til að vinna gegn brottfalli þar sem fjárveitingar eru háðar því hve vel gengur að halda nemendum við nám í skóla. Jafnframt hefur verið unnið að því að skapa nemendum skilyrði við hæfi, svo sem með viðleitni til að efla starfsnám og almenna braut. Til dæmis er nú í gangi mjög merkileg tilraun um starfsnám á vinnustöðum sem lofar góðu og lýkur þeirri tilraun árið 2005.

Með starfrækslu almennra námsbrauta í mörgum framhaldsskólum hefur verið reynt að koma til móts við ólíkar þarfir og mismunandi undirbúning nemenda úr grunnskóla og búa þá þannig undir frekara nám á framhaldsskólastigi. Frá árinu 2002 hefur verið gert sérstakt átak í að styrkja almennu námsbrautirnar og hafa fjárframlög til þeirra verið hagstæðari en til annarra námsbrauta. Skólum er nú gert kleift að hafa námshópa á almennum brautum minni en áður tíðkaðist.

Gera má einnig ráð fyrir, herra forseti, að stytting námstíma til stúdentsprófs, úr fjórum árum í þrjú, muni að einhverju leyti draga úr brottfalli. Námstími á framhaldsskólastigi hér á landi er lengri en almennt gerist í nágrannalöndunum og því er meiri hætta á að nemendur hætti námi eða geri hlé á námi sínu þegar námslok eru langt undan.

[15:26]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Brottfall er sorgarsaga bæði fyrir einstaklinga og samfélag. Fram kom á fundi fjárlaganefndar með fulltrúum menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis um daginn að fleiri gangi til prófs á framhaldsskólastigi nú en áður en það kom jafnframt fram á sama fundi að fjármálaráðuneytið hyggst ekki greiða til fulls fyrir þreyttar einingar. Þess sér m.a. stað í uppgjöri við skóla á framhaldsskólastigi og get ég nefnt sem dæmi að 20 nemendaígildi vantar upp á hjá Fjölbrautaskóla Vesturlands fyrir síðasta ár. Ráðuneytið hyggst þannig refsa þeim skólum sem standa sig vel. Það er þá það sem til þarf til að hvetja skólana eða hitt þó heldur, og það var reyndar greinilegt á þessum fundi að það var ágreiningur á milli ráðuneytanna um hvernig fara ætti með þessi mál.

[15:27]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram í svari hæstv. menntamálaráðherra að í reiknilíkaninu sem notað er til að reikna út framlög til framhaldsskóla væri innbyggður hvati til að sporna við brottfalli. Það er rétt að svo hefur verið hingað til en nú virðist vera ákveðin stefnubreyting þar, a.m.k. hjá fjármálaráðuneytinu, vegna þess að í fjáraukalögum segir, með leyfi forseta:

„Nemendaspá bendir til þess að fjöldi ársnemenda geti orðið allt að 1.100 umfram forsendur fjárlaga og er miðað við að lækka meðalframlag á nemanda frá því sem gert hafði verið ráð fyrir.“

Með öðrum orðum það er stefna fjármálaráðuneytisins að takist skólastjórnendum vel upp að sporna við brottfalli og fleiri nemendur þreyti próf þá verði meðalframlag á nemanda lækkað. Það verði sem sagt farið í það að krukka í reiknilíkanið og sá hvati sem var fyrir hendi fyrir skólastjórnendur að tryggja það að nemendur gengju til prófs hyrfi með þessu.

Það er rétt að það virðist ekki vera vilji til þess hjá menntamálaráðuneytinu að fara þessa leið og vona ég satt best að segja að hæstv. menntamálaráðherra vinni þetta stríð þegar upp er staðið.

[15:28]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Það verður að hafa í huga hverjar eru ástæður brottfalls. Þær eru auðvitað margvíslegar og málið alls ekki einfalt. Í fyrsta lagi má nefna að þegar atvinnuástand er mjög gott og mikil þensla í samfélaginu virðist það vera mikil freisting hjá ungu fólki að fara og útvega sér atvinnu í stað þess að sitja í skóla. Það snertir með öðrum orðum ákveðið verðmætamat og lífsgæðakapphlaup hjá ungu fólki sem er verulegt áhyggjuefni.

Í öðru lagi má segja að starfsgreinaráðin sem skipuð eru fulltrúum atvinnulífsins hafi ekki virkað sem skyldi. Lagarammi er til staðar þar sem gert er ráð fyrir að atvinnulífið í gegnum starfsgreinaráðin þrýsti á skólana um að taka upp starfsmenntabrautir. Á því hefur verið heldur mikill skortur, líklega vegna metnaðarleysis, og það er ástæða til að hafa áhyggjur af því. Skólarnir endurspegla því ekki það atvinnulíf sem er til staðar í dag. Það eru hins vegar að verða breytingar. Það má benda á nýauglýsta flugliðabraut á vegum Fjölbrautaskóla Suðurnesja innan ferðaþjónustunnar. Mjór er mikils vísir, en betur má ef duga skal.

[15:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þátttakan í umræðunni sýnir að þingmönnum er annt um þá námsmenn sem kunna að lenda í brottfalli í framhaldsskólunum. Því miður hefur brottfallið verið alvarlegt vandamál og til marks um afrekasögu Sjálfstæðisflokksins, að eftir að hafa farið með menntamálaráðuneytið nær óslitið í liðlega 20 ár höfum við nánast heimsmet í brottfalli. Guð láti gott á vita ef við erum á réttum vegi í því eins og hæstv. ráðherra segir.

Brottfallið verður hins vegar víðar en innan framhaldsskólans, það verður líka í grunnskólanum. Af því tilefni að

nú er verkfall í grunnskólanum langar mig að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvort hún hafi ekki áhyggjur af því að það verkfall leiði til aukins brottfalls í efstu bekkjum grunnskólans og hvernig hún hyggist bregðast við því.

[15:31]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Einhvern veginn finnst mér að brottfall í framhaldsskólanum komi meira við unga drengi en ungar stúlkur, sé ofboðslega kynbundið. Þær ástæður held ég að þurfi að skoða. Eflaust eru ástæður brottfalls eins margar og þeir einstaklingar sem hverfa frá námi. Það er gott að heyra hjá hæstv. menntamálaráðherra að brottfall sé að minnka. Ég heyri að unnið er í þessum málum og treysti því að það verði gert, enda nýtist okkar ágæta skólakerfi miklu betur, þær fjárfestingar sem þar eru og þeir starfsmenn sem þar eru, ef sett er undir þann leka sem brottfallið er auk þess sem það geta verið persónulegir erfiðleikar í einstökum dæmum.

[15:32]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Brottfall framhaldsskólanema upp á 10%–15% er allt of há tala og grafalvarlegt mál. Við megum aldrei slá af í því að fylgjast mjög grannt með því. Ástæður brottfalls eru að sjálfsögðu mjög margar, nánast jafnmargar og fjöldi þeirra nemenda sem fellur úr skóla á hverjum tíma. Hins vegar tel ég það mjög alvarlegt mál, ef það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni áðan, að hið opinbera sé farið að krukka í reiknilíkanið sem skólarnir hafa haft því ég tel að vandamálið verði fyrst og fremst leyst innan skólanna.

Skólarnir verða að hafa hvata til þess einmitt að vera á varðbergi með því að veita nemendum aðhald, með því að fylgjast vel með nemendum, með því að bregðast við með þeim hætti að þeim nemendum sem á einhvern hátt eru að hrasa í námi verði komið til hjálpar og þeir studdir áfram. Það er alveg hrikalegt þegar nemendur hætta í skóla vegna þess að menntun er það mikils virði.

[15:33]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Verið er að ræða um brottfall úr framhaldsskóla. Það er of mikið og hefur verið til margra ára, en fram kom á fundi í fjárlaganefnd með menntamálaráðuneytinu að brottfallið var mest þegar verkfall framhaldsskólakennara var það árið. Þess vegna er það mjög alvarlegt mál þegar kennarar fara í verkfall. Það kom líka fram að reiknilíkanið hefur orðið til þess að nú ganga mun fleiri til prófs á hverju ári en áður fyrr þannig að reiknilíkanið hefur þó skilað þeim árangri.

Eins og fram kom hjá hæstv. menntamálaráðherra eru skólarnir að bregðast við þessu sem betur fer og verið að gera margt gott á mjög metnaðarfullan hátt.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem fram hafa farið um þetta alvarlega og brýna mál og þau svör sem fengist hafa. En betur má ef duga skal, sagði hv. þm. Hjálmar Árnason, og vissulega má hafa þau orð að sönnu, enda líkt og hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi áðan eigum við Íslendinga líklega heimsmet í brottfalli úr framhaldsskólum. Þess vegna eru ákveðin vonbrigði að heyra frá hæstv. ráðherra að ekki eigi að grípa til frekari og sértækari aðgerða til að sporna gegn brottfalli þannig að því megi koma niður í það sem viðunandi má teljast og eðlilegt því það er óeðlilega hátt. Vegna þess að nefnt var hvort mikill munur væri á brottfalli eftir kynjum þá er hann töluverður og töluvert meira brottfall á meðal ungra karla en kvenna. En slæmt er það hjá báðum kynjum.

Því er mjög mikilvægt að stuðla að því að brottfallið minnki og skólasókn aukist enda bendir þróunin til þess að samsetningin á íslensku vinnuafli sé ekki að breytast. Nú eru um 40% með stutta skólagöngu og ekki próf úr framhaldsskólum. Einnig má benda á að aukin sókn í framhaldsskóla er að miklu leyti, samkvæmt tölum úr fjárlagafrumvarpinu, eldri nemendur og fjarnám en fækkun í hinum eiginlega framhaldsskólaaldri um 6%–7%. Það er alvarlegt mál að skólasókn þess aldurshóps sé að dragast saman um leið og það er mjög gleðilegt og ánægjulegt að hún er að aukast hjá þeim sem eldri eru, sérstaklega í fjarnáminu þó svo brottfall úr fjarnámi sé geysilega hátt en nefndar hafa verið tölur á borð við 53%, en það er önnur saga.

Ég hvet hæstv. ráðherra eindregið til að skoða frekari aðgerðir til að vinna gegn brottfalli, sérstaklega starfs- og námsráðgjöf í skólunum og auknu framboði á styttri námsbrautum og öflugu verknámi.

[15:36]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég, eins og hv. fyrirspyrjandi, fagna umræðunni um brottfallið en meginmálið í þessu öllu er að við erum að minnka brottfallið í framhaldsskólunum. Það er stóri árangurinn sem hefur náðst á undanförnum missirum en auðvitað höldum við áfram stefnu okkar til þess að minnka það. Það er aldrei ásættanlegt að brottfall sé til staðar í skólakerfinu og að sjálfsögðu munu allar aðgerðir okkar m.a. miðast við að reyna að minnka brottfall en ég vil síður tala um sértækar aðgerðir. Ég er að tala um almennar aðgerðir. Hvaða almennu aðgerðir er ég að tala um? Ég er að tala um gríðarlega breytingu á skólakerfinu með því að stytta námstímann til stúdentsprófs. Það eru mjög miklar líkur á því að með því að stytta námstímann til stúdentsprófs komi brottfall til með að minnka.

Í öðru lagi tengist stytting námstíma til stúdentsprófs endurskoðun á aðalnámskrám og þá sérstaklega námskránum varðandi starfsnám. Þar munum við skoða vel þær námsbrautir og námsval sem er til boða.

Ég vil benda á það sem mér finnst skipta mjög miklu máli varðandi alla umræðuna í tengslum við verknámið og starfsnámið, að við tölum ekki eins og oft vill verða niður til starfsnámsins, niður til verknámsins, heldur eigum við öll hér inni, ágæti og hv. þingheimur, sem og allir í samfélaginu að reyna að tala námið frekar upp. Með þetta í huga hef ég m.a. haft samband við Samtök iðnaðarins sem fara væntanlega með mér í að breyta viðhorfum samfélagsins,

breyta viðhorfum fólks, ekki síst foreldra þegar þeir eru að leiðbeina börnunum sínum hvert þau eigi að fara því starfsnám er mjög merkileg og skemmtileg valbraut eða tækifæri fyrir ungt fólk. Lykilinn að þessu öllu saman held ég að sé að breyta viðhorfum.

Umræður utan dagskrár.

Kaup Landssímans í Skjá einum.

[15:39]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Kaup Landssímans í Skjá einum eru óskiljanleg, sama hvernig á þau er litið. Þau auka ekki verðmæti Landssímans áður en það fyrirtæki verður selt. Kaupin eru í algeru ósamræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að einkavæða ríkisfyrirtæki því hér er verið að ríkisvæða einkafyrirtæki.

Hins vegar er ekki flókið að skilja skýringuna á kaupunum þegar maður skoðar málið. Sjálfstæðisflokkurinn er að nota sjóði ríkishlutafélagsins Landssímans til þess að bjarga flokksbræðrum sínum úr skuldasúpu Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. sem rekur Skjá einn og í leiðinni er Sjálfstæðisflokkurinn að koma sér upp sjónvarpsstöð til framtíðar.

Varnir ríkisstjórnarinnar hafa verið fáar en það eina sem hefur komið fram af hálfu hæstv. fjármálaráðherra er að kaupin auki verðmæti Landssímans. Það er bara rangt. Þrír sérfræðingar stórbankanna hafa verið spurðir um það í fjölmiðlum og enginn þeirra hefur treyst sér til að fullyrða um að það auki verðmæti fyrirtækisins. Þvert á móti hefur verið sagt að líklegt sé að það hafi lítil sem engin áhrif svo markaðurinn er ósammála því sem hæstv. ráðherra segir. Það er athyglisvert að allir þátttakendur í hjálparstarfinu fyrir Íslenska sjónvarpsfélagið tengjast innsta kjarna Sjálfstæðisflokksins. Forstjóri Landssímans, sem hefur verið í trúnaðarkjarna forustu flokksins um langt árabil, hefur sagt að hann hafi lagt hugmyndina til við stjórn fyrirtækisins. Helstu ráðgjafar hans voru tveir, annar er yfirmaður þróunarsviðs Símans og sá var áður aðstoðarmaður forsætisráðherra, hinn er yfirmaður breiðbandsins og var kosningastjóri sama forsætisráðherra. Sá sem stærsti hluturinn var keyptur af er fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Það er því alveg sama hvar maður ber niður. Alls staðar er það kjarninn úr forustu Sjálfstæðisflokksins sem situr á fleti fyrir.

Hvað kostar hjálparstarfið við þurfandi vini Sjálfstæðisflokksins? Það fæst ekki einu sinni uppgefið. Það er í stíl við allt annað að verðið á hlutnum er leyndarmál. Hvílík vinnubrögð. Af því að hæstv. samgönguráðherra er í salnum hlýtur manni að verða hugsað til sóunarinnar sem í þessu felst varðandi dreifikerfið, því ofan á kostnaðinn kemur sóunin sem felst í því að ævintýrið mun væntanlega leiða til þess að ekki tekst samstaða um að byggja upp eitt dreifikerfi. Ævintýri Sjálfstæðisflokksins mun þegar upp er staðið leiða til milljarða sóunar í óþarfa dreifikerfi fyrir landsmenn.

Það vekur sérstaka undrun hvernig hæstv. ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa blessað kaup Landssímans á Skjá einum í bak og fyrir. Þeir eru nýbúnir, ásamt ríkisstjórninni, að kjöldraga nánast allt samfélagið í ofbeldisfullri viðleitni til þess að knýja fram lög gegn því að markaðsráðandi fyrirtæki mættu eiga nema mjög takmarkaðan hlut í ljósvakamiðli. Var þá sú stefna og sá slagur bara allt í plati? Það er greinilegt. Það er greinilegt að markaðsráðandi fyrirtæki mega eiga eins mikið og þau vilja ef Sjálfstæðisflokkurinn þarf á því að halda, ef hann þarf að búa í haginn fyrir flokksgæðinga sína og ef hann þarf að búa í haginn fyrir notalega sjónvarpsstöð til framtíðarinnar því það er auðvitað ætlunin. Auðvitað á að sameina breiðbandið og Skjá einn og koma því svo í hendur réttra manna.

Um þetta snýst málið og ekkert annað og þá er sjálfsagt að henda prinsippum fyrir björg. Mér finnst, herra forseti, ömurlegt að sjá þetta gerast á 21. öldinni.

Herra forseti. Ég vil í tengslum við umræðuna spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Hvað kostaði hluturinn sem Landssíminn keypti í Skjá einum? Kemur sú 300 millj. kr. skuld sem fyrirtækið hefur í Landsbankanum til viðbótar þeirri upphæð?

Ég vil líka spyrja í tilefni af kaupunum hvort ríkisstjórnin sé fallin frá þeirri stefnu að berjast gegn því að markaðsráðandi fyrirtæki megi eiga nema mjög takmarkaðan hlut í ljósvakamiðli. Það er ekki úr vegi að spyrja líka hæstv. ráðherra hvort hann sé sammála yfirmanni Ríkisútvarpsins um að það skjóti skökku við að ríkishlutafélagið Landssíminn hf. sé orðinn aðaleigandi að sjónvarpsfyrirtæki sem undirbýður RÚV innan lands á auglýsingamarkaði og yfirbýður það á efnismarkaði erlendis?

Að síðustu: Telur hann að það sé eðlilegt, líkt og útvarpsstjóri, að gengið verði úr skugga um hvort RÚV njóti sömu kjara hjá Landssímanum og dótturfyrirtækið eins og Skjá einn?

[15:43]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Áburður hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar í garð Sjálfstæðisflokksins er að sjálfsögðu ekki svaraverður. En það er athyglisvert að hann kallar það ofbeldisfulla viðleitni að beita sér fyrir lagasetningu á Alþingi eins og gert var síðasta vor. Ofbeldisfull viðleitni að þingmenn taki sig saman og samþykki lagafrumvarp.

Herra forseti. Það virðist algerlega hafa farið fram hjá málshefjanda, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, og reyndar fleirum sem hafa tjáð sig um málið að Síminn er ekki lengur hefðbundin ríkisstofnun eins og hún var. Landssíminn er núna hlutafélag í eigu ríkisins og fleiri aðila, eins og fram hefur komið í fréttum undanfarna daga, og starfar á virkum samkeppnismarkaði. Félagið telst ekki opinber aðili heldur er það aðili að einkarétti. Við stofnun hlutafélagsins rofnuðu stjórnsýslutengsl fyrirtækisins við ráðuneyti. Fyrirtækið lýtur því ekki skipunarvaldi neins ráðuneytis um innri málefni þess, heldur er sérstök stjórn sem eigendur kjósa sem ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart hluthöfunum og hefur það verkefni að gæta hagsmuna félagsins og hluthafanna. Það hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að stjórnendur félagsins hafi ekki axlað þá ábyrgð.

Stjórn Landssímans hefur einnig víðtækar skyldur og ábyrgð samkvæmt hlutafélagalögum sem er unnt að virkja

hafi fyrirtækið ekki farið að lögum eða misfarið að einhverju leyti með vald sitt.

Símanum er ekki heimilt að veita mér upplýsingar umfram aðra hluthafa, upplýsingar sem markaðurinn hefur ekki aðgang að. Ég leita því ekki eftir slíkum upplýsingum hjá félaginu. Fyrirtækið er skráð fyrirtæki á markaði og það hlýtur að lúta reglum markaðarins. Þess vegna hef ég ekki upplýsingar umfram það sem fram hefur komið í fjölmiðlum um hvað Landssíminn greiddi fyrir hlutinn í Skjá einum eða skuldamál hans við Landsbankann. Stjórnendur Símans hafa það hlutverk að vinna að hag fyrirtækisins, m.a. að sinna kröfum viðskiptavina sinna og verja þær miklu eignir sem fyrirtækið á í fjarskiptakerfum um allt land. Það hefur komið fram hjá forsvarsmönnum Símans að í þeim tilgangi hafi Síminn umfangsmikil áform um að nýta fjarskiptakerfi sitt til sjónvarpsdreifingar. Síminn vill bæði nota hefðbundnar símalínur með svokallaðri DSL-tækni og eins ljósleiðarakerfi sitt, hið svokallaða breiðband.

Í byrjun árs freistaði Síminn þess að ná náinni samvinnu um þessi áform við helstu eigendur sjónvarpsefnis í landinu. Lengst voru viðræðurnar komnar við Norðurljós þegar forsvarsmenn þess fyrirtækis slitu viðræðum við Símann og ákváðu að fara aðrar leiðir eins og þeim var að sjálfsögðu fullkomlega heimilt og uppfæra sitt eigið lokaða kerfi. Þá setti Síminn aukinn kraft í að ræða við aðra handhafa efnis og í framhaldinu keypti Síminn eins og kunnugt er fjórðungshlut í Íslenska sjónvarpsfélaginu og síðan hafa Síminn og tengdir aðilar keypt viðbótarhluti þannig að nú ráða þeir yfir rúmlega helmingi félagsins sem rekur Skjá einn.

Síminn hyggst á næstunni, eins og fram hefur komið, semja við aðra hluthafa um framtíðarskipulag félagsins og hins gagnvirka sjónvarps sem boðið verður upp á um kerfi Símans. Og það fer ekkert milli mála að þróunin er alls staðar hin sama að það er sífellt nánari samvinna sem fer fram milli fjarskiptarekstrar og sjónvarpsrekstrar um allan heim. Nægir að benda á skyld fyrirtæki í nálægum löndum því til sannindamerkis og einnig þá staðreynd að Norðurljós hafa ásamt tengdum aðilum skuldbundið sig til þess að ráðast í 10 milljarða kr. kaup á Og fjarskiptum hf. sem reka vörumerkið Og Vodafone. Um þessi tæknilegu málefni ætla ég ekki að fjölyrða frekar enda hygg ég að þingmenn séu þeim vel kunnugir.

Mér finnst athyglisvert, herra forseti, það sem hv. þingmaður sagði um sölu Símans. Ég tel að stjórnendur Símans séu, með þeim ráðstöfunum sem þeir hafa gert, að styrkja hag fyrirtækisins, gera það að betri söluvöru og auka verðmæti þess. En mér heyrist að Samfylkingin í allri sinni málefnafátækt sé núna að ganga í lið með Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem reynir með kjafti og klóm og öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir sölu Símans. Mér þætti vænt um ef það kæmi fram hér hvort svo er eða ekki, hvort það er þannig að Samfylkingin gangi erinda Vinstri grænna hvað varðar sölu Símans. Þá leggst nú lítið fyrir kappana í þeim flokki.

[15:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. samgönguráðherra má vita það að við verðum öllum liðsmönnum fegnir sem hjálpa okkur í baráttunni fyrir því að koma í veg fyrir það óhæfuverk að Síminn verði seldur og einkavæddur. Það liggur náttúrlega við, herra forseti, ef málið væri ekki jafnalvarlegt og raun ber vitni að það væri gaman að vitna til gárunganna sem hafa verið með þá kenningu að kaup Símans í Skjá einum sé aðferð til að ná til baka einhverju af þeim fjármunum sem runnu út úr Símanum ófrjálsri hendi til að lappa upp á fyrirtæki hér á mánuðum áður.

En auðvitað er staðan sú að þau merkilegu tíðindi hafa gerst með þessum kaupum og áframhaldandi kaupum að Síminn er orðinn að fjölmiðlafyrirtæki. Skjár einn er samkvæmt skilningi hlutafélagaréttar orðinn dótturfyrirtæki Símans og mun birtast innan samstæðu fyrirtækisins ef svo heldur sem horfir. Þetta vekur auðvitað mjög margar spurningar og þar á meðal: Hvað er Síminn í dag? Hæstv. fjármálaráðherra talar hér á þeim nótum að hann sé ríkinu óviðkomandi þó hann fari með 99% hlutafjár í Símanum en Síminn virðist heldur ekki vera hlutafélag því það er ekki hægt að virkja hefðbundnar leiðir hlutafélagaréttar til þess að komast að málefnum Símans. Hvað er Síminn þá í dag? Einhvers staðar mitt á milli þess að vera ríkisfyrirtæki og hlutafélag? Gengur hann sjálfala? Kemur hann engum við? Er engin eigendaábyrgð til staðar á bak við fyrirtækið? Eða hefur hæstv. fjármálaráðherra aldrei lesið hlutafélagalög? Veit hann ekki að höfuðábyrgðina bera að lokum hluthafar?

Sú staða sem með þessu kemur upp hvað varðar Símann sem markaðsráðandi fyrirtæki í fjarskiptum og með einokunaraðstöðu að miklu leyti en jafnframt orðinn að fjölmiðlafyrirtæki er auðvitað kúnstug og hvað eiga aðrir að segja sem sækja undir Símann með sína þjónustu eins og Ríkisútvarpið? Gengur þetta fyrirkomulag upp? Hvar eru samkeppnisyfirvöld á vegi stödd í þessu? Síðan verður það þannig ef áformin um einkavæðingu ganga eftir að kaupandi Símans fær fjölmiðil í kaupbæti eða á kannski að láta Símann (Forseti hringir.) selja fjölmiðlahlutann réttum aðila rétt áður en einkavæðingin er fram eins og gert var með eignarhlut Landsbankans í VÍS áður (Forseti hringir.) en helmingaskiptin fóru fram í bankaheiminum?

[15:51]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Oft heyrist í þingsal að kjörnir fulltrúar eigi ekki að vera með afskipti bein eða óbein af rekstri ríkisstofnana eða fyrirtækja í eigu ríkisins. Hins vegar heyrast svo aftur þær raddir inn á milli að kjörnum fulltrúum er ætlað að vera með bein eða óbein afskipti og jafnvel ætlast til þess að þeir hafi slík afskipti.

Þessi umræða snýst dálítið í hringi. Um hvað snýst málið? Löglega kjörin stjórn Símans ehf. hefur tekið sjálfstæða ákvörðun. Hún hefur tekið ákvörðun um að fjárfesta í fjölmiðlafyrirtæki og þá hljóta eðlilega að vakna upp ýmsar spurningar, m.a. spurningin hvers vegna? Ég kann ekki svör við því frekar en aðrir í þessum sal og það má gagnrýna stjórn Landssímans fyrir að hafa ekki kynnt ástæður þess. Það hefur verið látið að því liggja að með þessu móti sé verið að auka verðmæti fyrirtækisins, verið sé að nýta þá fjárfestingu sem til staðar er og gera fyrirtækið þannig söluvænlegra. Það kann að vera rétt en ég held ég hljóti að vísa á bug þeim alvarlegu ásökunum sem hv. formaður Samfylk-

ingarinnar ber á alla stjórnarmenn Símans. Þetta eru mjög alvarlegar ásakanir og eru í rauninni það alvarlegar að þær hljóta að koma hér frekar til umræðu.

Stóra spurningin er hins vegar um fjölmiðlun og þátttöku ráðandi aðila á fjarskiptamarkaði og þá rifjast óneitanlega upp umræða frá því í vor og sumar. Það hlýtur að vera álitamál Samkeppnisstofnunar, umsögn og úrskurður hennar hlýtur að hafa sitt að segja um þessa ákvörðun. Komi í ljós að Síminn sé of ráðandi á markaði til að vera með beina aðild að fjölmiðlamarkaði hlýtur sá þáttur fyrirtækisins að vera seldur sérstaklega undan fyrirtækinu að öðru leyti. Heilbrigð samkeppni í fjarskiptum og á fjölmiðlamarkaði er sú sýn sem við viljum sjá. Hvort sú er raunin með þessum kaupum hlýtur Samkeppnisstofnun að svara fljótlega.

[15:53]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til umræðu ríkisvæðingin á Skjá einum, kaup ríkisfyrirtækisins Landssímans á einkafyrirtækinu Skjá einum. Í fyrstu ætlaði Landssíminn eingöngu að kaupa enska boltann en lenti þá að sögn forsvarsmanna fyrirtækisins í því að kaupa hlut í sjónvarpsstöð. En síðan var ákveðið að ríkið fjárfesti enn frekar í gegnum Landssímann. Ástæðan fyrir því var að sögn Morgunblaðsins að einhver orðrómur var uppi um að fjárfestar sem ríkisstjórnin hefur horn í síðu á höfðu hug á að fjárfesta í einkafyrirtækinu og nú á ríkið skyndilega 50,4% í Skjá einum. Það var sem sagt verið að koma í veg fyrir að óæskilegir fjárfestar fjárfestu í fyrirtækinu. Allar útskýringar forstjóra og stjórnarformanns Landssímans á þessum kaupum hafa vægast sagt verið illskiljanlegar og þokukennt þvaður sagt í því skyni að drepa málinu einfaldlega á dreif.

Málið er nefnilega einfalt. Það snýst um hreina og tæra spillingu, pólitíska spillingu. Það er augljóst öllum þeim sem eitthvað kynna sér málið nema þá helst innvígðum sjálfstæðismönnum sem trúa í einu og öllu því sem flokksforustan segir.

Hæstv. fjármálaráðherra Geir H. Haarde hefur misnotað eigur almennings í einhverri undarlegri pólitískri herför gagnvart Norðurljósum. Að vísu segir hæstv. fjármálaráðherra sér til málsbóta að hann hafi ekki vitað hvað fram hafi farið í fyrirtækinu en það má öllum ljóst vera að hann er að segja ósatt. Það er ekkert vit í þessu málatilbúnaði.

Furðulegast er þó af öllu að þeir sem standa fyrir þessari ríkisvæðingu eru sífellt að klifa á einkavæðingu. Það er algert bull. Þessi ríkisvæðing, sama hvað hv. þm. Hjálmar Árnason segir, mun að öllum líkindum lækka verð fyrirtækisins, lækka verðið á Símanum. Hæstv. fjármálaráðherra hefur sýnt að hann hefur engan áhuga á (Forseti hringir.) samkeppni á fjarskiptamarkaði með því að svara ekki spurningum sem hefur ítrekað verið beint til hans.

[15:56]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Sú sérkennilega staða er komin upp að í skjóli Sjálfstæðisflokksins er fyrirtæki í nær 100% ríkiseign og í markaðsráðandi stöðu farið að misnota aðstöðu sína í samkeppni um að ná undirtökunum á fjölmiðlamarkaði. Það vekur líka furðu að Framsóknarflokkurinn virðist ekkert hafa við það að athuga að í aðdraganda á sölu á Símanum sé skattfé, fé almennings, notað til þess að ná meiri hluta í einkarekinni sjónvarpsstöð sem sumir líta á sem áhættufjárfestingu í stað þess að fjármagna frekar uppbyggingu dreifikerfisins. Hvaða forsendur búa baki þessum kaupum? Var verið að bjarga fjárhagslega illa stöddu fyrirtæki og þá í hvaða tilgangi? Kannski til einkavinavæðingar þegar búið er að styrkja fjárhagsstöðu fyrirtækisins með almannafé.

Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra: Hver er lína flokksins frá í sumar um að markaðsráðandi fyrirtæki megi ekki eiga í fjölmiðli? Gildir sú lína bara fyrir sum markaðsráðandi fyrirtæki en ekki önnur? Eru sjálfstæðismenn virkilega búnir að snúa stefnu sinni svo á hvolf að í stað þess að einkavæða ríkisfyrirtæki ríkisvæði þeir einkafyrirtæki? Hvar eru prinsippin í stefnu flokksins í þessu efni? Eru það kannski bara viðskiptaáform einnar valdablokkar í atvinnulífinu sem móta stefnu flokksins frá einum tíma til annars? Það verður að rannsaka forsendu fyrir þessum kaupum eins og við í Samfylkingunni höfum lagt til að Ríkisendurskoðun geri þar sem m.a. verði lagt mat á arðsemi þessarar fjárfestingar og hvaða áhrif hún hefur á verðmat á Símanum.

Það verður líka að skoða þá hagsmunaárekstra sem þessu máli tengjast, bæði pólitíska og viðskiptalega. Fyrr getur sala á Símanum ekki farið fram. Allur ferill þessa máls vekur vissulega upp tortryggni og almenningur sem borgar brúsann af öllu saman á heimtingu á því að engu verði leynt.

[15:58]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. 92% landsmanna hafa nú aðgang að svokallaðri ADSL-þjónustu Símans. Þetta er kjarni málsins í þessari umræðu vegna þess að tækninni hefur fleygt svo fram á allra síðustu árum að nú er hægt án verulegs kostnaðar að flytja stafrænt sjónvarpsefni um gamla koparvírinn, gömlu símalínuna, beint til neytandans. Þá hefur slík fjarskiptatenging það fram yfir tengingu um örbylgjunet að gagnkvæmni er innbyggð í hana þannig að hægt verður að panta sjónvarpsefni eða stöðva útsendingu eftir þörfum hvers og eins, en á það mun reyna mjög í framtíðinni.

Sjónvarpsvæðing ADSL-kerfisins mun gera það arðbært að láta það ná til enn fleiri staða úti á landi en nú er sem er keppikefli ýmissa byggðarlaga úti á landi eins og við þingmenn landsbyggðarinnar vitum fullvel. Með kaupum sínum á Skjá einum er búið að tryggja umferð og viðskipti um þessa nýju fjarskiptaleið, en það er auðvitað forsendan fyrir að ráðast í að byggja hana upp að einhver vilji nota hana. (Gripið fram í.) Samkvæmt reglum Evrópska efnahagssvæðisins fá öll fjarskiptafyrirtæki, hvort sem Síminn á í þeim eða ekki, þjónustuna við sama verði. Þetta veit hv. þm. Össur Skarphéðinsson og væri honum nær að gefa ekki annað í skyn. Hin nýja fjarskiptaleið Símans opnar fyrir það að nýir aðilar geti stofnað og rekið sjónvarpsfyrirtæki sem ná til landsins alls. Stöð 2 og ríkissjónvarpið munu ekki lengur sitja ein að slíkri aðstöðu. Síminn er með öðrum orðum að opna dyrnar fyrir nýjum aðilum í sjónvarpsrekstri sem hingað til hafa verið þeim lokaðar. Það er forsendan

fyrir frjálsri fjölmiðlun og frjálsri skoðanamyndun í landinu.

[16:00]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjármálaráðherra veitti okkur sýnikennslu í hinum myrkari hliðum hlutafjárvæðingar ríkisstofnana. Þegar ásakanir eru uppi um að þær séu misnotaðar þá segir fulltrúi okkar, eiganda stofnunarinnar, í þessu tilviki Símans, að sér komi málið ekki við, hann hafi ekki leyfi til að spyrjast fyrir um gang mála. Málshefjandi, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hefur farið rækilega í saumana á hinni pólitísku hlið þessa máls sem er vægast sagt skuggaleg. Það er skuggalegt þegar stofnanir ríkisins, eða fyrirtæki eru notuð sem pólitísk fjárfestingartæki með eða án vitundar hæstvirtra ráðherra. Það eru fleiri pólitíkusar á sveimi, eins og fram hefur komið, en hæstv. ráðherra.

Ég ætla að víkja að einni samfélagslegri hlið þessa máls. Forsvarsmenn Símans segja að það sé eðlilegt, heppilegt og æskilegt að fjárfesta í sjónvarpsfyrirtæki af viðskiptaástæðum, þ.e. til þess að flytja sjónvarpsefni. Það vakti athygli mína þegar forsvarsmenn Símans sátu fyrir svörum í Kastljósi ríkissjónvarpsins fyrir nokkrum dögum og voru spurðir hvers vegna í ósköpunum þeir hefðu fjárfest í þessu fyrirtæki, hvers vegna ekki Norðurljósum, en ég spyr hins vegar þeirrar spurningar sem enginn spurði þá, en þjóðin spyr: Hvers vegna ekki samvinnu við Ríkisútvarpið? Er það orðið bannorð að nota sameignir þjóðarinnar í þágu þessarar sömu þjóðar? Á alltaf og undir öllum kringumstæðum undir forustu þessarar ríkisstjórnar að stefna til sundrungar í stað þess að sameina kraftana? Og ég spyr um þá nefnd sem er starfandi — þó að hæstv. samgönguráðherra sé ekki fyrir svörum hér — í samgönguráðuneytinu, nefnd sem starfar einmitt að því að sameina kraftana, búa til dreifikerfi sem gagnast öllum, öllum sjónvarpsstöðvum í landinu. Þessi viðleitni gengur þvert á það.

[16:02]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir umræðuna. Við höfum undanfarið heyrt ýmislegt um kaup Símans á Skjá einum. Við verðum að ætla að stjórn Símans fari út í þessi kaup á viðskiptalegum forsendum. Rök þeirra snúa að því að nýta betur þá miklu fjárfestingu sem liggur í fjarskiptakerfunum. Þetta á að skila góðum arði til eigenda félagsins.

Sterkustu rökin eru þau að framkvæmdin sjálf, að dreifa stafrænu sjónvarpsefni um ADSL-kerfið, mun flýta fyrir almennri uppbyggingu dreifikerfisins víða um landið. Rök sumra aðila um að Síminn sé nú að troða sér inn á fjölmiðlamarkað eru einkennileg. Ég veit ekki betur en að Síminn hafi verið á þeim markaði árum saman. Hann hefur verið þar með breiðbandið og ástæða þess að farið var af stað með breiðbandið á sínum tíma var nákvæmlega sú að nýta kerfið betur líkt og nú er verið að gera.

Eins og við vitum stóð til að selja Símann árið 2000. Það tókst ekki. Er eðlilegt að hafa fyrirtæki í spennitreyju allan þann tíma sem söluferlið tekur? Það tel ég ekki og sérstaklega ekki ef ferlið tekur fjögur til fimm ár. Ég viðurkenni þó alveg hér að ég hefði kannski frekar viljað sjá Símann tryggja aðgang að ADSL-þjónustu á landsbyggðinni þar sem hana er ekki að hafa. Hins vegar verðum við að binda vonir við að sú vinna taki kipp eftir þessi kaup. Við verðum að skilja raddir landsmanna sem geta ekki t.d. stundað fjarnám við almennileg skilyrði eða hafið fyrirtækjarekstur vegna þess að netaðgangur er ekki til staðar. Og það er einkennilegt að það hafi kannski þurft enska fótboltann til þess. En þessar raddir eiga fullan rétt á sér og ég tel að stjórnvöld verði að taka pólitíska ákvörðun um áframhaldandi uppbyggingu dreifikerfis og gagnaflutninga líkt og t.d. þau tóku ákvörðun á sínum tíma um að gera landið allt að einu gjaldsvæði.

[16:04]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson rakti í ræðu sinni bendir mjög margt til þess að hér sé pólitísk spilling á ferðinni. Hv. þm. rakti það mjög vandlega hvers vegna við setjum þessar ásakanir fram og það er algerlega óásættanlegt að hæstv. ráðherra svari því til að það sé ekki svaravert. Þegar svona alvarlegar ásakanir koma fram þá verður hæstv. ráðherra að svara þeim. Hann verður að svara því hvort þessar ásakanir eiga við rök að styðjast. En allt sem við sjáum í þessu máli bendir til þess að um pólitíska spillingu sé að ræða.

Við hljótum líka að spyrja okkur hvað er verið að kaupa. Hvað er það sem verið er að kaupa? Er verið að kaupa dreifikerfið? Nei. Er verið að kaupa húsnæðið? Nei. Hvað er verið að kaupa? Það er verið að kaupa efni og maður spyr: Hefði ekki verið ódýrara fyrir Símann að ráða innkaupastjóra á Landssímann til að kaupa efni í stað þess að eyða öllum þessum fjármunum í þetta fyrirtæki? Það er verið að kaupa efni og ná tökum á fjölmiðli. Hæstv. ráðherra getur heldur ekki sagt í ljósi þess að hann er handhafi allt að 99% hlutafjár í félaginu að hann sé bara fjarstaddur og komi málið ekkert við. Ef hann er andvígur þessu máli þá lætur hann stjórnina fara. Ellegar er hann að samþykkja þetta með gjörðum sínum. Hver er ábyrgð handhafa hlutabréfsins gagnvart almenningi þegar fé er ráðstafað með þessum hætti og menn sitja og samþykkja það án þess að segja nokkurn skapaðan hlut?

Nei, virðulegi forseti, það hefur eitthvað fjarað undan eldhugum Sjálfstæðisflokksins sem eitt sinn sögðu að það ætti að einkavæða þessa hluti en ekki ríkisvæða þá og að stjórnmálamenn ættu ekki að hafa afskipti af þessum hlutum. Með þögn sinni er fjármálaráðherra í reynd að samþykkja þessi kaup og það eru ný tíðindi í þessari umræðu að það skuli vera stefna Sjálfstæðisflokksins að ríkisvæða fjölmiðlamarkaðinn.

[16:07]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Kaup Landssímans á hlut í Skjá einum eru fullkomlega eðlileg. Hér er stjórn Landssímans að fjárfesta til framtíðar, sem mun væntanlega auka verðmæti fyrirtækisins og gera það söluvænna þegar horft er til skemmri og lengri tíma.

Upphafsmaður þessarar umræðu, hv. þm. Össur Skarp-

héðinsson, er einn helsti samsæriskenningamaður þingsins. Ásakanir hans eru ekki svara verðar og ætla ég ekki að svara þeim. Á sama tíma, virðulegi forseti, er Samfylkingin í fylkingarbrjósti í R-lista samstarfi í Reykjavík. Þar situr fulltrúi þeirra í stjórn Orkuveitunnar sem fjárfestir með kaupum á fyrirtækjum sem eru í alls konar rekstri. Þá virðist í lagi að opinber fyrirtæki séu að fjárfesta. Ég tala nú ekki um alla þá fjármuni sem hafa gufað upp í fjárfestingum Orkuveitunnar. Talið er, virðulegi forseti, að milli 3 og 4 milljarðar kr. hafi tapast á fjárfestingum í Línu.Neti og Tetra. Ég veit ekki hvað hefur tapast í risarækjunum. Í staðinn eru orkureikningar heimilanna, í Reykjavík og nágrannasveitarfélögunum, hækkaðir eftir þörfum, heita vatnið hvað mest og þá helst yfir hásumarið.

Ég held að Samfylkingin þurfi að líta í eigin barm og Vinstri grænir einnig, þar sem þeir eru talsmenn miðstýringar og ríkisvæðingar á flestum hlutum, áður en þeir gagnrýna aðra sem eru þó að fjárfesta af skynsemi.

[16:08]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Það er athyglisvert hvernig talsmenn Sjálfstæðisflokksins forðast við þessa umræðu eins og köttur heitan graut að koma að kjarna þessa máls. Kjarni málsins er þessi: Það eru ekki viðskiptalegar forsendur fyrir kaupum Landssímans á Skjá einum. Það hefur komið fram hjá sérfræðingum og í þessari umræðu hefur ekkert komið fram af hálfu talsmanna Sjálfstæðisflokksins sem sýnir annað.

Hv. þm. Halldór Blöndal er látinn koma hingað til að tala um ADSL-kerfið og hv. þm. Gunnar Birgisson er látinn koma hingað til að ráðast á framsóknarmanninn Alfreð Þorsteinsson og tala um Línu.Net. Það er málflutningurinn. En þeir koma ekki að kjarna málsins. Hver eru rökin fyrir því að Sjálfstæðisflokkurinn er að hverfa frá 15 ára gamalli stefnu sinni um að selja ríkisfyrirtæki og er í reynd farinn að taka upp ríkisvæðingu einkafyrirtækja? Um það snýst málið.

Hv. þm. Hjálmar Árnason sagði að umræðan færi í hringi. Hv. þm. tók til máls í fjölmiðlum og sagðist hissa. Í þessari umræðu er hann ekki hissa heldur ver hann kaupin. Hver fer í hringi, herra forseti?

Þá er meiri bragur á hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur sem kom hingað og var krítísk á þetta. Hún kom að einu mikilsverðu atriði málsins sem ég er sammála, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur bent á. Væri ekki betra fyrir landsmenn og sérstaklega þá sem búa úti á landsbyggðinni að einokunargróðanum sem Síminn er að beita til þess að fara í hin vafasömu kaup á Skjá einum hefði verið veitt til að bæta gagnaflutningakerfið og stoppa í GSM-götin. Að sjálfsögðu hefði það verið betra og um það erum við sammála. (**Gripið fram í:** Það er verið að bæta gagnaflutningakerfið.)

Hæstv. fjármálaráðherra kom hingað og sagði: Ég get ekki fremur en aðrir upplýst um verðið á Landssímanum. Hann hefur vopnin. Hann getur boðað til hluthafafundar. Þá er hægt að upplýsa um hinar viðskiptalegu forsendur og hvað ævintýrið kostar. Hvernig má það vera, herra forseti, að ekki sé hægt að upplýsa um hvað þetta kostar?

[16:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það var spurt að því áðan í tvígang hvort ríkisstjórnin væri fallin frá stefnu sinni varðandi fjölmiðla í landinu. Hv. fyrirspyrjandi, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, spurði að því. Svarið er: Auðvitað ekki. Það hefur ekkert verið gert. Það er búið að endurskipa nefnd til að vinna í því máli en Síminn, eins og önnur fyrirtæki, starfar á grundvelli þeirra laga sem gilda hverju sinni. Á hann að starfa á grundvelli laga sem felld voru úr gildi? Er það krafa þingmannsins?

Skrípaleikur, hv. þm. ... (**ÖS** : Hafið þið ekki stefnu?) Það kemur þessu máli ekki við, það varðar stjórnendur fyrirtækisins. Það eru stjórnendur fyrirtækisins sem taka ákvarðanir og nú er þingmanninum vel skemmt. Hann er orðinn alger fylgihnöttur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessu máli og mikil er niðurlæging Samfylkingarinnar að verða slíkur fylgihnöttur VG hvað varðar sölu Símans. Það er niðurlægjandi.

Hv. þm. vill ekki heyra svörin við spurningunum sem hann bar fram sjálfur. Hann vill það ekki vegna þess að honum líkar þau ekki, vegna þess að honum líkar ekki sannleikurinn í þessu máli.

Viðskiptalegar forsendur liggja að baki fjárfestingum Símans. Ég treysti stjórnendum hans betur til að leggja mat á það heldur en hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. Þið verðið bara að fyrirgefa, ég treysti þeim betur til þess. Það er auðvitað kjarni málsins. Til þessa hafa þessir menn verið valdir, til þess er stjórnin valin á aðalfundi og hún velur síðan stjórnendur fyrirtækisins til að taka slíkar ákvarðanir. Þannig mun það verða.

Aðalatriðið er að losa Símann úr þeim viðjum sem þetta fyrirkomulag bindur fyrirtækið í (Gripið fram í.) og koma honum úr 99% eigu ríkisins yfir í eigu alls almennings. Það er auðvitað nærtækast og það væri mikil lágkúra Samfylkingarinnar að bregðast þeim málstað, ef það er að gerast hér.

[16:13]

Útbýting:

Aðsókn að Háskóla Íslands, 219. mál, fsp. KJúl, þskj. 222.

Grunnafjörður, 218. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 221.

Um fundarstjórn.

Fyrirkomulag utandagskrárumræðu.

[16:14]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það er óvenjulegt að ég kveðji mér hljóðs um fundarstjórn forseta en ástæðan er sú að ég hef þrásinnis rætt það á fundum með formönnum þingflokka að eigi skuli beina fyrirspurnum í utandagskrárumræðum til annarra ráðherra en þess sem verður fyrir svörum hverju sinni. Ég vil minna þá á það að gefnu tilefni í lok þessarar umræðu.

[16:14]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er ákaflega óvenjulegt, að ég ekki segi út í

hött, að forseti Alþingis, sem hér hefur verið kjörinn, taki til máls sem þingmaður úr þessum stól og fari með boðskap sem hann á að flytja sem forseti Alþingis úr forsetastóli.

Það verður að krefjast þess af forseta Alþingis að hann geri mun á málflutningi sínum sem forseta annars vegar og sem þingmanns hins vegar. Ég fer fram á það við hann að hann gæti að þeim mun eftirleiðis.

[16:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil nú koma þér til varnar. Ég tel ekkert athugavert við fundarstjórn forseta hér og finnst ósæmilegt að 2. þm. Norðaust. komi hér óbeint með árásir á starfandi forseta því það gat ekkert annað tilefni verið fyrir hv. þm. Halldór Blöndal til að koma í ræðustól en það að finna að því að forseti skyldi ekki setja ofan í við þingmenn sem leyfðu sér þann munað að vekja athygli á því að auðvitað væri þetta mál skylt samgönguráðherra.

Ég er líka fullkomlega ósammála því að þegar mál liggur þannig að það snerti beint starfssvið fleiri en eins ráðherra og þeir hæstv. ráðherrar eru í salnum megi ekki nefna þá á nafn, það sé eitthvert bannorð. Hæstv. ráðherrum er eins og öðrum frjálst að taka þátt í þessari umræðu. Þeir geta sett sig á mælendaskrá og ættu auðvitað að gera það. Það er vandræðalegt að sjá hæstv. ráðherrana sitja hér þegjandi undir umræðum sem varða þá mjög og nota ekki möguleika sína til að blanda sér í þær, koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Á dögunum sat t.d. hæstv. umhverfisráðherra undir umræðu um rússneska herskipaflotann inni í íslensku mengunarlögsögunni og sagði ekki eitt einasta orð. Er það þá vegna þess að viðkomandi hæstv. ráðherrar hafi engar meiningar um málið? Nei, auðvitað er mönnum fullfrjálst að bera fram til þeirra spurningar og vekja athygli á ábyrgð þeirra í viðkomandi málaflokki en hins vegar er ljóst að þeir geta ekki krafið þá svara. Það er þá viðkomandi hæstv. ráðherrum í sjálfsvald sett hvort þeir taka þátt í umræðunni. Menn geta eingöngu krafið þann ráðherra svara sem umræðunni er beint til hverju sinni.

Ég tel að á engan hátt hafi hér verið staðið óeðlilega að málum, hvorki af hálfu þeirra þingmanna, eða þess þingmanns held ég sem vakti athygli á viðveru samgönguráðherra, né heldur forseta sem stjórnaði þessum fundi með prýði. Ég legg til að hv. þm. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust., hemji skapsmuni sína betur en þetta ber vitni um, sem og auðvitað þeir sjálfstæðismenn sem greinilega eru eitthvað mismunandi vel stemmdir þessa dagana.

Út af dagskrá voru tekin 7.–10. mál.

Fundi slitið kl. 16:18.

---

14. FUNDUR

fimmtudaginn 21. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Varnir gegn mengun hafs og stranda, frv., 206. mál, þskj. 206. — 3. umr.
2. Byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005, skýrsla, 216. mál, þskj. 218. — Ein umr.
3. Fjármálafyrirtæki og vátryggingastarfsemi, stjfrv., 211. mál, þskj. 213. — 1. umr.
4. Greiðslur yfir landamæri í evrum, stjfrv., 212. mál, þskj. 214. — 1. umr.
5. Veggjald í Hvalfjarðargöng, þáltill., 75. mál, þskj. 75. — Fyrri umr.
6. Umgengni um nytjastofna sjávar o.fl., frv., 215. mál, þskj. 217. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:32]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 10. þm. Reykv. s., Ágústi Ólafi Ágústssyni, dagsett 21. október:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi suður, Kristrún Heimisdóttir lögfræðingur, Reykjavík, taki sæti á Alþingi á meðan, en Einar Karl Haraldsson, 1. varamaður á listanum, getur ekki tekið sæti að sinni á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.“

Borist hefur bréf frá 1. varaþingmanni Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi suður, Einari Karli Haraldssyni, dagsett 15. október 2004, þar sem segir svo:

„Vegna anna á næstunni get ég ekki tekið sæti Ágústs Ólafs Ágústssonar, 10. þm. Reykv. s., sem verður fjarverandi vegna setu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 24. október til 7. nóvember næstkomandi.“

Kjörbréf Kristrúnar Heimisdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Kristrún Heimisdóttir, 10. þm. Reykv. s., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[10:34]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Kristrún Heimisdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Tilkynning um dagskrá.

[10:34]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill láta þess getið að tvær utandagskrárumræður eru fyrirhugaðar í dag. Hin fyrri hefst nú á eftir, áður en gengið verður til dagskrár, og er um uppkaup á bújörðum og samþjöppun framleiðsluréttar. Málshefjandi er hv. þm. Jón Bjarnason. Hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, verður til andsvara.

Hin síðari hefst um kl. 1.30 í dag, að loknu hádegishléi, og er um áfengisauglýsingar. Málshefjandi er hv. þm. Mörður Árnason. Hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, verður til andsvara.

Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

[10:35]

Útbýting:

Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð, 83. mál, svar viðskrh., þskj. 219.

Umræður utan dagskrár.

Uppkaup á bújörðum og samþjöppun framleiðsluréttar.

[10:35]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Öldum saman var meginhluti jarða í eigu fárra stóreignamanna, kóngsins og biskupsstólanna. Frumkvöðlar sjálfstæðisbaráttunnar á 19. öld töldu brýnt fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og framfarir í landbúnaði að bændur ættu jarðirnar. Sjálfseignarbóndinn var þar í lykilhlutverki.

Með svokölluðum ábúðarlögum var þessari stefnu fylgt eftir þannig að þeir sem höfðu jarðirnar á leigu fengu á þeim lífstíðarábúðarrétt sem setti þá nánast að fullu upp að hlið sjálfseignarbóndans. Fjölskyldubúin voru grunneining í landbúnaði. Þetta hefur reynst þjóðinni farsælt og um þessa stefnu hefur ríkt sátt til þessa.

Stuðningur hins opinbera við landbúnað hefur annars vegar miðast við að rækta og bæta hin náttúrulegu gæði landsins til framtíðar og hins vegar að tryggja neytendum framleiðslu hollrar og góðrar vöru á hagstæðu verði. Með dreifðri búsetu skapast forsendur fyrir því að gæði landsins séu vernduð og nýtt á sjálfbæran hátt. Sú sjálfsagða krafa við landnýtingu og matvöruframleiðslu er nær okkur en margur heldur. En þessi stefna krefst þess að bændurnir, landeigendurnir, sitji jarðirnar og myndi samfélag þar sem að hver styður annan. Þeir búvörusamningar sem ríkið hefur gert við bændur hafa byggt á því að þeirri grunnhugsun sé fylgt.

Núverandi landbúnaðarráðherra hefur ítrekað lagt áherslu á stöðu sjálfseignarbóndans og fjölskyldubúa sem grunneiningu og að meðferð landgæða og búvöruframleiðslan lúti kröfum um sjálfbæra þróun. Sérlög um landbúnað þurfa fyrst og fremst að lúta að hagsmunum byggðanna og hagsmunum þeirra sem vilja búa í sveit og stunda þar sinn atvinnuveg.

Síðastliðið vor voru gerðar veigamiklar breytingar á jarðalögum og ábúðarlögum. Sumar voru eðlilegar en aðrar stuðluðu því miður að því að veikja stöðu sjálfseignarbóndans og fjölskyldubúsins sem grunneiningar. Í stað þess að skerpa á og skýra forkaupsrétt sveitarfélaga að jörðum var hann afnuminn. Í stað þess að skilgreina samfélagslegar kvaðir á landeigendur var frjálsræði í ráðstöfun og meðferð lands aukin. Réttur ábúanda á leigujörðum var skertur verulega. Innlausnarréttur ábúanda gagnvart sameigendum sínum var afnuminn. Aðkoma sveitarfélaganna að meðför og ráðstöfun lands til landbúnaðarnota var skert verulega, þvert á markmið laganna sem getið var að framan.

Ég varaði við þessum flausturslegu breytingum. Frekar hefði þurft að skýra og styrkja samfélagskvaðir sem leggja verður á þá sem fara með forsjá lands og búvöruframleiðslu. Nú vakna menn upp við vondan draum. Fjársterkir einstaklingar, félög og fyrirtæki, kaupa í stórum stíl upp bújarðir, jafnvel í fullum rekstri. Þeir flytja framleiðsluréttinn milli jarða en setja aðrar í eyði. Sjálfseignarbóndinn, fjölskyldubúið, er ekki lengur grunneining heldur réttlitlir leiguliðar stóreignamanna.

Í Ríkisútvarpinu 14. október síðastliðinn var haft eftir Ólöfu Hallgrímsdóttur, formanni Félags kúabænda í Suður-Þingeyjarsýslu, að það sé afturhvarf til fortíðar að bændur verði leiguliðar auðmanna. Talið er að jarðir í höndum sama lögaðila geti skipt tugum nú þegar. Vissulega hafa verið keyptar jarðir sem fallið hafa úr ábúð en það hafa gjarnan verið jaðarbyggðir og ekki um raðuppkaup að ræða. Stuðningur við landbúnaðinn í formi beingreiðslna, sem ætlaður var til að tryggja búsetu dreifðra byggða og heilnæma framleiðslu, er notaður til hins gagnstæða, til að fjármagna skipulögð uppkaup á jörðum.

Gangi þessi þróun eftir er verið að rústa búsetu og framleiðslumunstri sem löggjafinn hefur orðið ásáttur um og taldi sig stuðla að. Forsendur núgildandi búvörusamninga, bæði í mjólk- og sauðfjárafurðum, hljóta að vera í uppnámi. Sveitarfélögin, heilu byggðarlögin, standa agndofa og varnarlaus gagnvart því sem er að gerast.

Ég leyfi mér því að beina eftirtöldum spurningum til hæstv. landbúnaðarráðherra:

Er ríkisstjórnin sátt við, ef fram fer sem nú horfir, að jarðir og framleiðsluréttur í landbúnaði færist á fárra manna hendur og bændur verði gerðir að réttlitlum leiguliðum?

Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagasetningu eða grípa til annarra aðgerða sem hindra uppkaup einstaklinga og fyrirtækja á bújörðum og samþjöppun framleiðsluréttar?

Hefur ráðherra í hyggju að beita sér fyrir setningu laga eða tryggja með öðrum hætti búsetuskyldu á jörðum, aukinn rétt leiguliða, stöðu sjálfseignarbænda og fjölskyldubúskapar sem grunneiningar í landbúnaði?

Að lokum: Hvernig er löggjöf háttað í nágrannalöndum hvað varðar kröfur um eignarhald, búsetuskyldu og með-

ferð framleiðsluréttar á jörðum í samanburði við íslensk lög?

Herra forseti. Hér er um grafalvarlegt mál að ræða og ég vænti þess að hæstv. ráðherra gefi góð svör.

[10:40]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Vitur kona sem dásamaði uppgang og fegurð Íslands fyrir skömmu sagði eitthvað á þá leið að Ísland væri ilmvatn ævintýranna. Já, það er á mörgum sviðum sem er mikill uppgangur og miklar breytingar á Íslandi. Það á líka við íslenskar sveitir.

Ég tók við starfi landbúnaðarráðherra fyrir fimm og hálfu ári. Þingið hefur oft rætt við mig á þeim tíma. Ég tók við þessu starfi af bjartsýni og trú. Ég hafði mikla trú á íslenskum landbúnaði og nýjum tækifærum sveitanna og talaði fyrir þeim. Umræðan í þinginu og víðar snerist um að ég sem landbúnaðarráðherra yrði að beita mér fyrir því að koma með fjármagn frá ríkinu til að kaupa upp bújarðir, leysa bændur undan ánauð þannig að þeir gætu fengið verð fyrir eignir sínar. Sem sé, ríkið átti að kaupa bújarðirnar. Þá þótti gamaldags að bera nafnið bóndi. Í dag er það heiðursnafn og tíska margra í samfélaginu.

Ríkisstjórnin gerði nýja búvörusamninga við kúabændur, við sauðfárbændur, veitti stuðning til hestamennskunnar og gerði stórbrotna áætlun um skógrækt með samþykki þingsins. Sveitirnar fóru að rísa til sóknar á ný. Staðan í dag er sú að mikil nýsköpun er í íslenskum sveitum. Í áratugi hefur ekki verið jafnmikil nýsköpun í íslenskum sveitum. Búgreinarnar fjárfesta og bændurnir byggja upp, stækka og styrkja bú sín, sem þóttu of lítil til að lifa af þeim til að unga fólkið vildi taka við búunum. Sársaukinn blasir auðvitað við og við finnum til þegar góðar bújarðir hverfa úr hefðbundnum landbúnaði sem ekki þarf lengur á að halda undir matvælaframleiðslu. Búin urðu að stækka og þar með fækkar þeim sem eru í hefðbundnum landbúnaði.

En góðri þróun og mikilvægri fylgja alltaf ókostir og gallar eins og nefnt hefur verið í þessari umræðu. Ég fagna hins vegar því að Íslendingum þykir í dag vænt um sveitina sína. Þeir eiga sumarhús í náttúrunni, kaupa sér jarðir, flytja þangað úr þéttbýlinu, gerast hestamenn, skógræktarmenn, ferðaþjónustubændur eða vinna í bæjarfélögunum. Þetta er gott fólk sem styrkir lífið í sveitinni, kemur með nýja strauma inn í sveitarfélögin, gerist góðir íslenskir sveitamenn þótt þeir mjólki ekki kýr og fóðri ekki ær. Þeir fást við margt annað sem styrkir búsetuna. Þetta er þróun sem við stöndum frammi fyrir.

Ég hef haft uppi varnaðarorð um hátt kvótaverð og skuldsetningu yngri bænda. Ég hef talað um búskapinn í vel reknum fjölskyldubúum og gerði það síðasta vetur hér og víða. Ég hef á Alþingi og víðar verið snupraður og fengið að heyra að ég væri rómantískur, gamaldags landbúnaðarráðherra sem skyldi ekki kall hins nýja tíma. Gott ef vinur minn, Sigmund, teiknaði mig ekki á skinnskóm á fullri ferð með landbúnaðinn inn í torfbæina á nýjan leik.

En nú er umræðan önnur. Hinn hefðbundni landbúnaður er í mikilli þróun. Mörg ný tækifæri blasa við í íslenskum sveitum. En breytingarnar eru, eins og ég hef oft sagt, sársaukafullar. Við finnum til í stormum samtíðarinnar og það er sárt að sjá góðar bújarðir hverfa. Við getum brugðið okkur austur fyrir fjall og farið austur í Ölfus í stutta ferð. Þegar ég fór til þings voru þar fimmtán kúabú en nú er þar eitt. Þó er búið á öllum jörðunum og á öllum jörðunum býr gott fólk. Það hefur skapað sér ný tækifæri og nýja atvinnu. Ölfusið er fullbyggt. Aðrir hafa fengið tækifærið til að mjólka kýrnar og hugsa um sauðféð. Þannig hefur sú þróun verið og ég efast ekki um að hún er mikilvæg.

Það má kannski segja, eins og maðurinn sagði: Kýrin keppir ekki við það að sofa út á sunnudögum. Þess vegna er Ölfusið of nærri þéttbýlinu og stórborginni. Það gefur mönnum önnur tækifæri til þess að lifa þar með fjölskyldum sínum. Þetta eru staðreyndirnar.

Ég segi við spurningum hv. þingmanns: Það eru 4.200 lögbýli í ábúð af 6.400 jörðum. (Forseti hringir.) Þar af eru 2.500 með framleiðslurétt. Jarðirnar eru sem betur fer í eigu fjölskyldnanna og einstaklinganna (Forseti hringir.) að stærstum hluta. Ég tel sjálfsagt að fara yfir spurningar hv. þingmanns með þingheimi og í ráðuneyti mínu mun ég gera það (Forseti hringir.) en ég mun ekkert gera sem stöðvar þessa þróun. Ég tel hana á margan (Forseti hringir.) hátt hafa verið gagnlega.

[10:46]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Það er fáránlegt að íslenska ríkið sé að styðja auðmenn, búandi víðs fjarri, til mjólkurframleiðslu með vinnuafli á meðan margir bændur þyrftu að eiga kost á meiri framleiðslurétti. Nær væri að stuðningur ríkisins kæmi til þeirra. Hugsun löggjafans með nýlegum samningi við mjólkurframleiðendur var stuðningur við neytendur og að styrkja stöðu þeirra sem hafa framfæri sitt af landbúnaði, ekki að búa til lénsbændur og vinnuhjú. En lausnin á þessum vanda getur ekki falist í uppkaupum sveitarfélaga á bújörðum og framleiðslurétti, til þess eru þau flest allt of veikburða og það er ekki þeirra hlutverk.

Nýlegur samningur ríkisins við mjólkurframleiðendur er væntanlega hvatinn að þeirri þróun sem við ræðum hér en sá samningur er framleiðendum afar hagstæður og afkomutrygging til langs tíma. Við höfum mörg dæmi um kaup efnamanna á laxveiðijörðum og nú bætast við dæmin sem hér er rætt um en við höfum engin dæmi um að auðmenn fjárfesti í jörðum til sauðfjárræktar. Það er enn ein staðfestingin á smánarlegum kjörum bænda innan þeirrar búgreinar. Bændurnir bláfátækir, kjöt flutt út undir framleiðsluverði, þróun sláturhúsamála stjórnlaus og vitlaus.

Virðulegi forseti. Stuðningur ríkisins við íslenskan landbúnað er greinilega á villigötum þegar hann annars vegar lendir í vasa ríkisbubba sem ekki hafa framfærslu sína af landbúnaði og heldur hins vegar bændum í fjötrum fátæktar. Það er kannski ekki nema von að hann sé á villigötum þegar horft er til þess sem við urðum vitni að áðan, að sjá hæstv. landbúnaðarráðherra svífa á rósrauðu skýi og láta ekki svo lítið að svara þeim spurningum sem til hans var beint af hv. fyrirspyrjanda. (Gripið fram í.)

[10:48]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Sl. vor voru ný jarðalög samþykkt á Al-

þingi og með þeim voru sett ný heildarlög um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land, stuðlað að skipulegri nýtingu þess og tryggt að land sem er vel fallið til búvöruframleiðslu yrði varðveitt til slíkra nota svo sem kostur er. Með þessu nýja lagaumhverfi var verið að færa löggjöf um jarðir fram til nútímans og samræma þeim meginreglum sem gilda um aðrar fasteignir í íslenskri löggjöf en eins og flestir vita var löggjöfin orðin nokkuð úrelt.

Miklar breytingar hafa orðið í íslenskum landbúnaði. Með auknu frelsi til athafna og frjálsri sölu á fullvirðisrétti hafa búin stækkað, þeim hefur fækkað og rekstur þeirra styrkst. Þróunin hefur verið sú að 1. september á síðasta ári voru kúabændur 931 en 1. september sl. voru þeir 889. Þeim hefur fækkað um 42, eða 0,8 á viku. Þessi þróun er að mínu mati mjög jákvæð vegna þess að með þessu er verið að styrkja þær einingar sem eru að stækka við sig. Að mínu viti er það mjög jákvæð þróun þegar þéttbýlisbúar hafa verið að kaupa jarðir, setjast að í sveitunum og hafa með því auðgað mannlíf og styrkt það. Mest er um vert að um jarðirnar sé vel hugsað og um þær vel gengið.

Jarðir hafa hækkað í verði og margir hafa notað tækifærið, selt jarðir sínar, söðlað um og snúið sér að öðru. Það er aftur umhugsunarvert hvort of mikil samþjöppun á fullvirðisrétti sé ekki eitthvað sem þarf að skoða en það verður tíminn að leiða í ljós.

Það hlýtur líka að vera einstaklingsbundið hvað menn kjósa að gera við eigur sínar og réttindi. Enginn vill setja menn í átthagafjötra — eða er það, hv. fyrirspyrjandi? Það væri gaman að heyra það. Og þegar hann ræðir um réttindi sveitarfélaganna eru þau tryggð í gegnum byggingar- og skipulagslög.

[10:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er tímabært held ég að velta fyrir sér þeirri meginstefnu sem þessi ríkisstjórn hefur staðið fyrir á undanförnum árum. Hvert hefur verið meginmarkmið ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks? Það hefur verið að binda atvinnufrelsi einstaklinga í ýmsum atvinnugreinum til sjávar og sveita, hefta atvinnufrelsi manna með því að setja upp hin svokölluðu framseljanlegu kvótakerfi til sjávar og sveita.

Margsinnis hefur verið bent á það, m.a. í skýrslum frá Byggðastofnun, til hvers slíkt mundi leiða. Það mundi fækka hinum sjálfstæðu atvinnurekendum. Það mundi fækka hinum sjálfstætt starfandi mönnum, þetta ylli samþjöppun og yki vald og eignir fárra. Sú hefur þróunin verið. Það er afleiðing af stjórnarstefnunni og það sem er að ske núna í sveitunum er nákvæmlega það sem við ræddum hér, að mig minnir í lok mars, þegar tekin var umræðan um ábúðarlögin og jarðalögin. Sá sem hér stendur varaði þá m.a. við því hvert væri stefnt með því að gefa sveitarstjórnum engan ígripsrétt um það hvernig jörðum yrði ráðstafað. Þó að það kunni vel að vera eðlilegt að eignamenn eignist eina og eina jörð í sveitum — og vonandi að þeir búi þá þar — er ekki eðlilegt að eignamenn safni til sín jörðum. Það var akkúrat það sem ég varaði við í umræðunni í vor, að það væri óeðlilegt að sveitarstjórnir hefðu ekki nein áhrif á það hvernig ætti að nýta jarðir sem eru undirstaða atvinnu og byggðar í hinum dreifðu byggðum.

[10:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hverjir eiga Ísland? var einu sinni spurt og það var fundað um þetta mál fyrir 20 árum vítt og breitt um landið. Þá þótti ýmsum nóg um hvernig fjármunir og völd söfnuðust á fárra hendur. Nú jaðrar við að það megi fara að spyrja í eintölu. Fiskurinn í sjónum, þræðirnir í fjármála- og stórfyrirtækjaheiminum liggja í örfárra manna hendur og nú er röðin komin að landinu, að jörðinni undir fótum okkar með því að hafin eru stórfelld uppkaup bújarða, ekki bara eyðijarða eða jarða sem eru að fara úr ábúð á jaðarsvæðum, nei, góðra bújarða í miðjum sveitum í fullum rekstri. Um er að ræða hreina spekúlatífa fjárfestingu þar sem menn eru að veðja á það að jarðnæði fari hækkandi í verði á komandi áratugum. Bændur, þ.e. þeir sem ekki bregða búi við þessar breytingar, verða leiguliðar og við förum 200–300 ár aftur í tímann, hæstv. landbúnaðarráðherra. Það er nefnilega rétt hjá teiknaranum Sigmund að undir þínu forustuleysi eru þeir hlutir að gerast að bændur verða í stórum stíl ánauðugir leiguliðar á jörðum sínum. (**Landbrh.:** Það man nú enginn ...) Ríkisstjórnin flýtur nefnilega verra en sofandi að feigðarósi. Breytingarnar sem hér voru gerðar á jarða- og ábúðarlögum veiktu stöðu ábúenda og sveitarfélaganna í staðinn fyrir að styrkja hana. Möguleikar samfélagsins til að verja sig minnka, möguleikar til að tryggja búsetuna og til að tryggja landbúnaðinum aðgang að landinu en sá var auðvitað tilgangur jarða- og ábúðarlaga á sínum tíma. Þannig er líka fyrirkomulagið í löndunum í kringum okkur, t.d. í Danmörku þar sem gengið er svo langt að ábúðarskylda fylgir eign á bújörðum.

Það verður að stöðva þessa óheillaþróun með tiltækum lagalegum og praktískum ráðstöfunum og með því að nota stuðningskerfið við landbúnaðarframleiðsluna og búsetu í sveitum þannig að það styðji við búsetu, raunverulega heils árs búsetu á jörðunum í formi búsetutengds grunnstuðnings. Hæstv. landbúnaðarráðherra og ríkisstjórnin verða að fara að vakna af dvala sínum og drattast út úr híðinu.

(**Forseti** (BÁ)**:** Að gefnu tilefni vill forseti minna hv. þingmenn á að beina máli sínu til forseta en ekki til einstakra hæstv. ráðherra eða hv. þingmanna.)

[10:55]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er rætt hefur eðlilega á sér margar hliðar, tengist m.a. þróun landbúnaðar síðustu árin, aukinni fjölbreytni, tækniþróun og fleiru. Eðlilega vakna líka upp ýmsar spurningar þegar þetta mál er rætt, t.d. þær hvort setja eigi hömlur við því að bændur og landeigendur geti selt jarðir sínar og losað þar með fjármagn sem þeir hafa skapað í jarðaverði með framlagi ævistarfs síns.

Miðað við umræðuna í dag vaknar upp spurningin hvort menn vilji að ríkið leysi til sín jarðir á einhverju matsverði, eða sveitarfélög jafnvel — og síðan hvað? Það er ýmislegt sem kemur upp í þessari umræðu en staðreyndin er sú að sveitirnar heilla marga. Margir vilja búa þar eða hafa einhvers konar athvarf og það er að mörgu leyti mjög jákvætt

fyrir sveitir landsins. Það er ekkert nýtt í sögunni að ýmsir aðilar kaupi upp jarðir, jafnvel fleiri en eina og fleiri en tvær.

Nýir eigendur jarða taka gjarnan til hendi, leggja fjármagn í að lagfæra og byggja þær upp, vilja koma upp starfsemi og búskap sem er yfirleitt annars konar en hinn hefðbundni. Það eru mörg jákvæð dæmi um að fjársterkir aðilar kaupi upp bújarðir, flytji jafnvel heimilisfesti eða lögheimili fjölskyldu sinnar, skapi þannig fámennum sveitarfélögum auknar tekjur, taki þátt í mannlífi og félagslífi o.s.frv. Hins vegar má auðvitað velta því fyrir sér, og ég tel eðlilegt að það sé rætt, hvort framleiðendur t.d. mjólkur eigi ekki jafnframt að vera ábúendur jarða sem eigendur þeirra þar sem mjólkurframleiðslan fer fram. Mér finnst mjög eðlilegt að það mál sé rætt. Búeiningarnar í hefðbundnum búgreinum hafa þó verið að stækka og þurfa að gera það að mati flestra, m.a. til að styrkja rekstrargrundvöllinn, og það sem við ræðum í dag er auðvitað einn anginn af því máli.

[10:57]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Sú þróun sem við ræðum hérna í dag um uppkaup á bújörðum og framleiðslurétti á sér bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Það er að sjálfsögðu gott og jákvætt að verðmæti bújarða aukist og þær nái raunvirði ef svo má segja og að aukið fjármagn streymi þannig til sveitanna. Þeir sem það kjósa geta þá losað um eignir sínar fyrir viðunandi verð og slegið niður tjöldum sínum annars staðar ef þeir svo kjósa. Þetta er að því leyti jákvæð þróun sem á sér stað og verður fróðlegt að fylgjast með hvernig henni vindur fram.

Hins vegar er fullkomlega óviðunandi að ríkisvaldið taki þátt í stofnun einhvers konar lénsbændaveldis með því að niðurgreiða landbúnaðarframleiðslu fjársterkra athafnamanna t.d. mjólk eða aðrar landbúnaðarafurðir. Fyrir það þarf að girða áður en lengra er haldið á þessari braut. Það þarf að finna leiðir til að koma í veg fyrir að slíkt eigi sér stað eins og hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir fjallaði um í ræðu sinni áðan. Það verður að tryggja að því fjármagni almennings sem nú er sett í niðurgreiðslu og framleiðslu landbúnaðarvara sé varið til að styðja raunverulega bændur sem hafa lifibrauð sitt og framfærslu af landbúnaði og ekki síður að fjármagnið nýtist til að bæta hag neytenda. Greiðslurnar eru ætlaðar til stuðnings bændum og neytendum, ekki umsvifamiklum fjárfestum úr öðrum greinum. Auð þeirra þarf ekki að niðurgreiða úr sjóðum hins opinbera. Þeir eiga að standa undir sinni framleiðslu sjálfir og um leið er það vissulega jákvætt að aukið fjármagn skuli með þessum hætti koma inn í landbúnaðinn.

Gangi það eftir að hið opinbera beini fé í sjóði fjárfestanna með þeim hætti sem hér um ræðir er sú sátt sem þó hefur ríkt um niðurgreiðslur hins opinbera á landbúnaðarafurðum í fullkomnu uppnámi og þarfnast endurskoðunar hið fyrsta. Og það er ástæða til að skora á hæstv. landbúnaðarráðherra að reisa þær skorður sem þarf og að fjármagnið sem er varið til stuðnings landbúnaðarframleiðslu nýtist eins og til er ætlast en ekki í sjóðum þeirra sem næga peningana eiga fyrir.

[11:00]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Landbúnaður á Íslandi hefur verið bundinn í kvaðir í mjög langan tíma. Afleiðingin er mjög mikil fátækt í þeirri grein. Við höfum losað um þessar kvaðir í mjólkurbúskapnum. Þar hefur verið frjálsara framsal, enda hefur hagur þeirra bænda batnað og þeir hafa getað selt eignir sínar og framleiðslurétt sinn.

Hagur sauðfjárbænda er enn þá bundinn í höftum og þar er fátæktin mest í landinu. Því þarf að breyta og leyfa frjálst framsal þar líka.

Áður fyrr þegar hallarekstur bænda leiddi til þess að þeir flosnuðu af jörðum sínum þá horfðum við á tómar gluggatóftir á eyðibýlunum og það er enn svo um allt land. Það sem er að gerast núna er að bændur hafa getað selt framleiðslurétt sinn og landið annars vegar og horfið frá sínum hallarekstri með sæmd, hafa getað horfið inn í þéttbýlið eða til annarra starfa með sæmilegan lífeyri. Það var ekki svo. Þetta er mikil breyting og ég held að það sé, að öðrum ólöstuðum, hv. þingmanni Drífu Hjartardóttur aðallega að þakka hve miklu var breytt síðasta vor í jarðalögunum.

Það eru breyttir tímar. Margir borgarbúar vilja búa úti á landi og þeir búa þar fyrst að sumarlagi en þeir munu seinna búa þar að vetrarlagi líka vegna þess að bættar samgöngur og bætt fjarskipti gera mönnum kleift að vinna hvar sem er. Þetta verða miklar breytingar sem við horfum fram á. Það er hins vegar spurning hvort beingreiðslurnar séu ekki orðnar of háar þegar fyrirtækin eru orðin mjög stór, ef það er orðið þannig að það sé mjög arðbært að reka t.d. mjólkurbú. Auðvitað leita menn að hagkvæmni stærðarinnar.

Ég bíð eftir því, herra forseti, að sama þróun eigi sér stað hjá sauðfjárbændum þannig að þeir geti líka horft framan í fólk þegar þeir þurfa að bregða búi og þurfi ekki að horfa fram á fátækt.

[11:02]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst stjórnarliðar forðast það eins og heitan eldinn að ræða kjarna málsins, ræða kjarna þeirrar umræðu sem við höfum stofnað til í dag. Hún snýst að sjálfsögðu um það að auðmenn eða hópar auðmanna virðast vera að kaupa upp jarðir með þeim nýtingarrétti og framleiðslurétti sem fylgir og koma á fót einhvers konar leiguliðakerfi. Það er sú framtíðarsýn sem margir hafa áhyggjur af og það er sú framtíðarsýn sem við höfum verið að ræða í dag.

Mér þykir margt benda til að þessir menn hafi uppgötvað að það að hafa vald yfir nýtingarrétti á náttúruauðlindum landsmanna, að hafa vald yfir framleiðslurétti á grundvallarnauðþurftum eins og t.d. matvælum, verði mjög dýrmætt í framtíðinni. Við höfum séð það gerast í sjávarútvegi, þ.e. með kvótum sem þessi ríkisstjórn hefur stutt með ráðum og dáð á undanförnum áratugum, kvótastýrðri framleiðslu á matvælum, þ.e. fiskafurðum. Núna höfum við fengið kvótastýrða framleiðslu á öðrum matvælum, þ.e. mjólk og sennilega mun það sama verða með kjötvörur í framtíðinni ef fram fer sem horfir. Þetta hafa þessir menn séð og þeir sjá í

hendi sér að ef rétt verður á málum haldið, ef þeir spila og makka rétt við þá ríkisstjórn sem nú er við völd muni það skila þeim gríðarlegum auðæfum í framtíðinni. Þetta gæti jafnvel leitt til þess að eftir 10–15 ár muni til að mynda Baugsveldið hafa á sinn hendi 75% af framleiðslurétti jarða í landinu til að framleiða mjólkurafurðir. Hvað gera bændur þá, hæstv. landbúnaðarráðherra?

[11:04]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er til háborinnar skammar að hæstv. landbúnaðarráðherra skuli leyfa sér í umræðum utan dagskrár um jarðasölumál að byrja ekki að svara spurningum hv. fyrirspyrjanda fyrr en rauða ljósið á luktinni fer að loga. Við þingmenn viljum skiptast á skoðunum við hæstv. ráðherra um sjónarmið hans. Hann gerði ekki tilraun til að svara einni einustu spurningu í þeim ræðutíma sem honum var ætlaður. Þetta er til skammar og lýsir auðvitað því hugarfari sem hæstv. ráðherra er haldinn í þessu máli.

Hvað sagði hæstv. ráðherra í lokaorðum sínum? Við megum ekkert gera sem stöðvar þessa þróun, ég tel hana mjög gagnlega, sagði hæstv. ráðherra. Meinar hann það í alvöru að það sé mjög gagnlegt fyrir þróunina í landbúnaði að auðmenn og fjárfestingarfyrirtæki fjárfesti í kvótanum í mjólkurframleiðslunni? Er það jákvæð þróun? Þetta sagði hæstv. ráðherra.

Sannleikurinn er auðvitað sá að með þeirri þróun sem farin er í gang breytist mjög margt í sveitunum. Það fyrsta sem fólk verður vart við þegar einkaaðili er búinn að kaupa jörð er að það kemur keðja og skilti á veginn sem liggur heim að jörðinni og þar stendur: Einkavegur. Með öðrum orðum aðgengi þjóðarinnar um landið verður takmarkað. Þetta hefur gerst á jaðarsvæðum þar sem jarðir hafa verið keyptar og ganga núna kaupum og sölum í auknum mæli. En nú er nýmæli að það er farið að gerast í auknum mæli á blómlegum bújörðum. Þær eru keyptar upp, jarðir eru girtar af og það kemur stórt skilti: Einkavegur. Þetta hamlar gegn sjálfbærri þróun. Þetta hamlar gegn stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Sjálfbær þróun byggir að stórum hluta á því hvernig búsetu í landinu er háttað og það verður að gæta að því að landið sé aðgengilegt fyrir einstaklinga sem vilja búa á landinu. Við höfum talað um að nauðsynlegt sé að auðvelda kynslóðaskiptin í landbúnaði. Lykillinn að því er að jarðir og framleiðsluréttur sé til staðar og það verði ekki svo óheyrilega dýrt að það komi í veg fyrir að ungt fólk geti hafið búsetu í sveitunum.

[11:06]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Áður en ný jarða- og ábúðarlög tóku gildi var þó nokkur skriður kominn á þá þróun að fjárfestar væru að fjárfesta í bújörðum, í sumum tilfellum jarðir í fullum rekstri og í sumum ekki. Framkvæmdin er sú að starfskraftur hefur umsjón með daglegum rekstri þó að fjárfestirinn sé hinn eiginlegi framleiðandi afurða og handhafi beingreiðslna. Oftast er þetta gert þannig að hlutafélag kaupir bújörð og gerir síðan samning við undirverktaka um rekstur búsins eða jarðarinnar. Verktakinn gerir svo reikning fyrir vinnu sinni og útlögðum kostnaði við rekstur jarðarinnar.

Með þessari aðferð er eitthvað um að einstakir lögaðilar hafi eignast fleiri en eina jörð og haft í búrekstri. Ég vil í því sambandi benda á að t.d. í dönsku lögunum er rík byggingarskylda og eigandi er skyldugur til að hafa fasta búsetu á einni þeirra jarða sem reknar eru saman í minnst átta ár eftir kaup. Þá eru takmörk fyrir því hvað hver einstakur aðili má eiga margar jarðir og reka saman. Þá eru einnig takmörk fyrir því hve marga hektara jarðareigandi má reka eða hafa á leigu til búrekstrar í dönsku lögunum. Einnig eru kvaðir um að viðkomandi hafi tiltekna lágmarksbúfræðimenntun.

Herra forseti. Mér finnst að við eigum að skoða þá þróun sem hér á sér stað og reyna að vega og meta hugsanlegar ógnanir sem í því kann að leynast fyrir íslenskan landbúnað svo og hugsanleg tækifæri til frekari tekjuaukningar fyrir sveitir landsins.

Við skulum ekki gleyma því að nýju fólki fylgja oft nýjar hugmyndir og ný sýn sem í kunna að leynast tækifæri fyrir samfélagið í sveitum landsins.

[11:08]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu þó að ég verði að lýsa miklum vonbrigðum með ræðu hæstv. ráðherra því þegar hann hafði lokið því að hlæja að sjálfum sér í ræðustól sagði hann að lokum: Það verður ekkert gert til að hafa áhrif á eða breyta þeirri þróun sem í gangi er.

Ég held að íslenskir bændur hafi ekki hlegið að ræðu ráðherra. Ég held að íslenskum bændum sé ekki hlátur í hug að heyra þá skoðanabræður koma hér upp, Pétur H. Blöndal og Guðna Ágústsson, hæstv. ráðherra í landbúnaðarmálum. Ég held að það veki þeim ekki hlátur.

Ég dró í upphafi upp alvarlega mynd af því sem er að gerast, að jarðir eru að færast í uppkaupum á fárra manna hendur. Þar er ekki um að ræða að einstaklingar séu að kaupa sér jörð undir sumarbústað eða til þess að flytja heimili sitt á fyrr eða síðar meir. Nei, hér er um skipulögð uppkaup á jörðum að ræða, jörðum í framleiðslu, skipuleg uppkaup á framleiðslurétti.

Það hefur verið forsenda í skipulagi landbúnaðar allt fram til þessa að jarðir séu setnar af þeim sem eiga þær og nýta þær svipað og hv. þm. Dagný Jónsdóttir benti á úr dönsku lögunum. Ég verð því að lýsa þungum áhyggjum af þeirri þróun sem nú er komin svo hratt í gang, mjólkurlítrinn er kominn í 300 kr., áskriftin að beingreiðslunum sem verið er að kaupa til þess að fjármagna jarðakaup stóreignamanna. Hæstv. ráðherra landbúnaðarmála kemur hér í ræðustól, hlær að sjálfum sér og segir: Ég skal ekkert gera. Og sálufélagi hans, Pétur H. Blöndal, fagnar því að landbúnaðarlöggjöfin skuli fyrst og fremst snúa að þeim sem eru að flytja burtu en ekki að þeim sem vilja búa áfram á jörðum sínum.

[11:10]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég fullyrði úr þessum ræðustóli að ef einhver kemur og biður um skriflegt svar við fyrirspurn um þá 900 kúabændur sem eru starfandi í landinu að 95% þeirra eru sjálfseignarbændur, eiga jarðir sínar og stunda

sinn búskap. Svo geta menn haft áhyggjur af einhverri nýrri þróun.

Menn hafa fordæmt gömlu lögin eða lofað gömlu lögin. Ég ætla að nefna einhver dæmi. Sveitarfélag stöðvaði svissneskan auðmann sem vildi kaupa bújörð á Íslandi í vor og nýtti forkaupsréttinn. Hvað gerði sveitarfélagið svo? Það auglýsti jörðina, valdi sér kjölfestufjárfesti, samdi við þá auðmenn sem hér er verið að tala um undir rós um að þeir keyptu jörðina, fengju hana í sínar hendur og byggðu svo stórt fjós á henni. Það munu þeir gera næsta sumar.

Vissulega er ákveðin þróun í kringum þetta. En þeir menn sem hér er talað um undir rós eru kannski ekki að leita sér að bújörðum sem slíkum þó að þeir hafi áhuga á búskap og reki sauðfjárbú og kúabú. Þeir eru jafnframt í jaðarbyggðum að mér sýnist, af því að ég hef kynnt mér þau mál, að kaupa sér jarðir með virkjanakosti og aðra möguleika í íslenskri náttúru. Það er því sjálfsagður hlutur að fara yfir þetta allt.

Jarðirnar eru verðmætar í dag. Þær voru verðlausar víða um land en eru verðmætar í dag. Þær eru lykileign sem sóst er eftir. Það er það góða.

Ég er þakklátur fyrir þessa umræðu. Þessir hv. þingmenn skömmuðu mig með sama hætti fyrir fimm árum. Þeir gera það enn. Ég veit að það er gott að búa við nöldrið sitt, það heldur manni við efnið. Ég mun halda áfram að reyna að þróa íslenskan landbúnað þannig að fólki líði vel í sveitum, þar séu ný og góð tækifæri og hinar hefðbundnu búgreinar blómstri og þróist eins og þær gera í dag.

Varnir gegn mengun hafs og stranda, 3. umr.

Frv. umhvn., 206. mál (mengunarlögsaga). — Þskj. 206.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005, ein umr.

Skýrsla iðnrh., 216. mál. — Þskj. 218.

[11:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég flyt Alþingi skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar vegna ársins 2002 í samræmi við 13. gr. laga um stofnunina. Jafnhliða geri ég grein fyrir framvindu byggðaáætlunar eins og sama lagagrein gerir ráð fyrir. Skrifleg skýrsla um framvinduna hefur verið lögð fyrir Alþingi.

Hlutverk Byggðastofnunar eins og það er skilgreint í lögum er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin m.a. að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífinu. Byggðastofnun fylgist einnig með þróun byggðar í landinu og skipuleggur vinnu við atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra svo nokkrir þættir úr starfsemi stofnunarinnar séu nefndir.

Starfsemi Byggðastofnunar skiptist í fjögur svið, fyrirtækjasvið, lögfræðisvið, rekstrarsvið og þróunarsvið.

Segja má að starfsemi Byggðastofnunar hafi verið með nokkuð hefðbundnu sniði þegar á heildina er litið. Lokið er öllu umstangi sem leiddi af flutningi stofnunarinnar til Sauðárkróks og ró komin á starfsemina. Á síðasta ári var lögð mikil áhersla á innra starf stofnunarinnar. Hafa henni verið settar heildstæðar starfsreglur og þær gefnar út í formi handbókar fyrir stjórn og starfsfólk. Meginþættir handbókarinnar eru verklagsreglur fyrir útlána- og fjármálastarfsemi stofnunarinnar, reglur um störf stjórnar Byggðastofnunar, siðareglur fyrir stofnunina, starfsmannastefna auk þess sem fleira mætti nefna. Eru þessar reglur birtar með aðgengilegum hætti á heimasíðu stofnunarinnar, byggdastofnun.is. Starf þetta þarf eðli máls samkvæmt stöðugt að halda áfram en megintilgangur þess er að leitast við að tryggja góða stjórnsýslu í málefnalegu og gegnsæju starfi Byggðastofnunar. Þannig er nú skýr verkaskipting á milli stjórnar annars vegar og forstjóra, forstöðumanna og starfsmanna stofnunarinnar hins vegar og áhersla lögð á eftirlits- og stefnumótunarhlutverk stjórnar.

Ársfundur Byggðastofnunar 2003 var haldinn á Höfn í Hornafirði þann 13. júní og að honum loknum var haldið málþing um aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á landsbyggðinni að lánsfjármagni. Fundurinn var vel sóttur og umræður líflegar. Byggðastofnun fékk rúmlega 287 millj. kr. framlag úr ríkissjóði árið 2003. Ekki var um að ræða sérstök framlög úr ríkissjóði í afskriftareikning Byggðastofnunar á árinu. Alls greiddi stofnunin út á árinu 2003 ný lán að fjárhæð 1,7 milljarðar kr. en útgefin lánsloforð 2003 námu alls um 2,6 milljörðum kr.

Á árinu 2003 þurfti stofnunin að afskrifa endanlega veitt lán að fjárhæð alls 606 millj. kr. Að langstærstu leyti er þar um að ræða útlán frá árinu 1998 til og með 2000 og því ljóst að á því árabili hefur verið tekin mikil áhætta í útlánum stofnunarinnar. Á árinu 2002–2003 hefur verið mikið tap af reglulegri starfsemi stofnunarinnar, mest um 480 millj. kr. árið 2002. Tap þetta er allt tilkomið vegna þeirra útlánatapa sem stofnunin hefur orðið fyrir. Hefur þetta leitt til þess að eiginfjárhlutfall stofnunarinnar samkvæmt reglum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, hefur enn lækkað og nam í árslok 2003 10,85%. Þess má til samanburðar geta að í árslok 2001 nam eiginfjárhlutfall stofnunarinnar 16,45%.

Niðurstaða efnahagsreiknings Byggðastofnunar var rétt rúmlega 15 milljarðar kr. um síðustu áramót og hafði hækkað um rúm 12% á árinu. Lífeyrisskuldbindingar voru 501 millj. kr. í ársbyrjun en 572 millj. kr. í árslok. Eigið fé í árslok var 1 milljarður 699 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi og stóð nánast í stað frá fyrra ári. Mikið útlánatap hefur haft í för með sér að stofnunin hefur orðið að leysa til sín mikið af fasteignum víðs vegar um landið og eru nú í eigu stofnunarinnar fullnustueignir sem bókfærðar eru hátt í 600 millj. kr.

Framlög Byggðastofnunar til atvinnuþróunarfélaga námu alls 115 millj. kr. á árinu og hafa hækkað um 8 millj.

kr. frá fyrra ári. Styrkveitingar Byggðastofnunar hafa dregist saman á undaförnum árum og voru um 27 millj. kr. árið 2003. Þá hefur einnig dregið mjög úr hefðbundnum hlutafjárframlögum til fyrirtækja á starfsævi stofnunarinnar.

Undanfarna mánuði hefur í ört vaxandi mæli borið á uppgreiðslum á útlánum Byggðastofnunar. Veruleg vaxtalækkun hefur undanfarna mánuði orðið á langtímalánum á íslenskum lánamarkaði. Mikil samkeppni viðskiptabankanna hefur leitt til þess að fjölmörgum úr hópi viðskiptavina Byggðastofnunar bjóðast nú betri vaxtakjör en stofnunin getur boðið. Þannig má ætla að uppgreiðslur síðustu 12 mánaða nemi allt að 1,5 milljörðum kr. Þegar skoðað er hvaða lán hafa verið greidd upp kemur í ljós að þar er einkum um lán með öruggum tryggingum að ræða, einkum tryggð með veði í fiskiskipum og varanlegum veiðiheimildum og skuldarar sem reynst hafa öruggir greiðendur að lánum sínum. Þetta leiðir til þess að hreinar vaxtatekjur stofnunarinnar dragast stórlega saman, úr 441 millj. kr. árið 2003 en stefna í að vera kringum 250 millj. kr. í ár. Haldi sú þróun áfram mun stofnunin sitja eftir með mun veikara útlánasafn en áður og hætt er við að vanskil sem hlutfall af heildarútlánum muni aukast. Þó ber auðvitað að fagna auknum möguleikum fyrirtækja á landsbyggðinni að sækja aukið fjármagn.

Sérstaða Byggðastofnunar á lánamarkaði hefur jafnan verið sú að stofnunin hefur lögskilgreint starfssvæði og hlutverk. Hún veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum á starfssvæði sínu lán á almennt hagstæðari kjörum en viðskiptabankarnir, hún veitir lán til lengri tíma og gefur lántakendum lengri aðlögun fram að fyrsta gjalddaga. Þá er stofnunin þolinmóðari ef vanskil verða.

Undanfarnar vikur og mánuði hefur átt sér stað umræða innan Byggðastofnunar um stöðu hennar og framtíðarhlutverk í breyttu viðskiptaumhverfi. Ljóst er að á undanförnum missirum hafa orðið miklar breytingar að því er varðar stoðkerfi atvinnulífs á landsbyggðinni þar sem fleiri aðilar og stofnanir koma nú að málum en áður. Þetta kallar á nýjar áherslur og ný vinnubrögð af hálfu Byggðastofnunar þar sem skýr framtíðarsýn er lykilatriði.

Byggðastofnun hefur með höndum erlent samstarf á sviði byggðamála og atvinnuþróunar. Forstöðumaður þróunarsviðs stofnunarinnar situr í sérfræðiráði Nordregio, sem er norræn rannsóknastofnun á sviði skipulags- og byggðamála, og í NÄRP, norrænu embættismannanefndinni um stefnu í byggðamálum. Byggðastofnun hefur auk þess faglegt samstarf við ýmsa erlenda háskóla og rannsóknastofnanir og umsjón með tveimur alþjóðlegum verkefnum á sviði byggðamála fyrir Íslands hönd. Þetta er annars vegar NORA, Norræna Atlantsnefndin, sem veitir styrki til samstarfsverkefna er tengjast þróun atvinnulífs, nýsköpun og rannsóknarstarfsemi á starfssvæði sínu og Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, NPP, en Íslendingar gerðust aðilar að áætluninni á árinu 2002 eins og tillaga var gerð um í gildandi byggðaáætlun. Norðurslóðaáætluninni er ætlað að stuðla að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir og/eða stunda rannsóknir á sameiginlegum viðfangsefnum norðurslóða.

Áhersluverkefni geta verið af þrennum toga:

1. Verkefni tengd samgöngu- og fjarskiptamálum.

2. Verkefni tengd atvinnuþróun og vistvænni nýtingu náttúruauðlinda.

3. Verkefni tengd eflingu samfélaga á norðurslóðum.

Það er gaman að segja frá því að íslenskir aðilar eru nú þegar þátttakendur í fjölmörgum verkefnum innan áætlunarinnar.

Næst mun ég að fara nokkrum orðum um framkvæmd byggðaáætlunar og fylgja þannig úr hlaði skriflegri skýrslu um framvinduna sem lögð hefur verið fyrir Alþingi.

Alþingi ályktaði þann 3. maí 2002 að fela ríkisstjórninni að vinna að framkvæmd stefnumótandi áætlunar um byggðamál fyrir árin 2002–2005. Meginmarkmið áætlunarinnar skyldu verða eftirfarandi:

a. Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.

b. Að aðstoða byggðarlög á landsbyggðinni við að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum með því að efla sveitarfélögin, veita markvissan stuðning við atvinnuþróun, menntun, trausta samfélagsþjónustu og uppbyggingu grunngerðar.

c. Að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.

d. Að auðvelda byggðum landsins að rækta menningu sína, auðga með því þjóðlífið og skapa fjölbreytilegri kosti fyrir borgarana í búsetu og lífsstíl. Í því felst m.a. að stuðla að varðveislu byggðar sem á sér rótgróna sögu og hefur menningarsögulegt gildi, svo og að virða tengsl fólks í fámennum byggðarlögum við átthaga sína með því að gera því kleift að búa þar áfram.

e. Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi.

Aðgerðir til að ná fram meginmarkmiðum byggðaáætlunar byggjast á fimm meginstoðum sem eru traust og fjölbreytt atvinnulíf, öflug byggðarlög, aukin þekking og hæfni, bættar samgöngur og áhersla á sjálfbæra þróun. Samþykkt Alþingis fylgdu tillögur um 22 beinar aðgerðir til að ná fram meginmarkmiði byggðaáætlunarinnar. Aðgerðirnar eru ekki tæmandi og taka ekki til allra þeirra viðfangsefna sem stefnumarkandi áherslusvið tilgreind í byggðaáætluninni snerta. Til þess að tryggja sem best framgang gildandi byggðaáætlunar var bryddað upp á þeirri nýbreytni að fela tilteknum ráðuneytum og Byggðastofnun ábyrgð á framkvæmd framannefndra aðgerða. Auk þess var skipuð sérstök verkefnisstjórn til að hafa yfirumsjón með framkvæmd byggðaáætlunarinnar. Þetta gerir framkvæmd áætlunarinnar markvissari og auðveldar eftirlit með henni.

Skemmst er frá því að segja að vinna er hafin við flestar aðgerðanna 22 eins og kemur skýrt fram í skýrslunni um framvindu byggðaáætlunar sem ég hef lagt fyrir þingið en þar er farið rækilega yfir framkvæmd hverrar aðgerðar um sig. Í skýrslunni er einnig vikið að ýmsum fleiri aðgerðum sem stjórnvöld hafa staðið að og miða í átt að meginmarkmiðum byggðaáætlunarinnar. Það er rétt að taka fram að þarna er vissulega ekki um tæmandi upptalningu að ræða.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja framkvæmd þessara aðgerða til hlítar hér en mig langar þó að fara yfir helstu atriði við framkvæmd byggðaáætlunarinnar og tæpa á örfáum aðgerðum sem eru ýmist komnar til framkvæmda eða í farvatninu. Ráðuneytið hefur lagt og mun áfram leggja mikið upp úr því að byggð í landinu þróist á grunni þekkingar og nýsköpunar. Þessi áhersla endurspeglast í aðgerðum ráðuneytisins.

Með byggingu raforkuvers við Kárahnjúka og samningum um byggingu álvers á Reyðarfirði er stigið eitt stærsta spor sem stigið hefur verið á síðari árum til að bæta lífskjör og afkomumöguleika fólks á Austfjörðum þaðan sem fólksflótti hefur verið hvað mestur á undanförnum árum. Framkvæmdin hefur þegar haft mjög mikil áhrif á atvinnuástandið og íbúaþróun á Austurlandi þó svo hún sé rétt farin af stað. Þá hefur ákvörðun ríkisstjórnarinnar um sérstakt 700 millj. kr. framlag til þess annars vegar að leggja fram hlutafé í sprotafyrirtæki og fyrirtæki í skýrum vexti og hins vegar að styðja rekstur vel mótaðra stuðningsverkefna til að styðja grunngerð nýsköpunar og atvinnuþróunar augljós áhrif til að bæta starfsskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni. Sérstakt átak sem ríkisstjórnin ákvað að ráðast í til að flýta samgöngubótum er til þess fallið að draga úr mismunun á lífskjörum fólks og bæta rekstrarskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni. Hér er ástæða til að benda á að samkvæmt áliti Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnunar Íslands eru samgöngubætur sú aðgerð sem best er til þess fallin að bæta afkomu og lífskjör íbúa landsbyggðarinnar.

Sérstök byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð hefur að markmiði að efla búsetu á Norðurlandi og hafin er vinna við byggðaáætlun fyrir Vestfirði, þar sem stefnt er að eflingu byggðar vestra. Uppbygging Háskólans á Akureyri og rannsóknarstarfs honum tengt hefur haft mjög mikil og jákvæð áhrif á byggðaþróun á Akureyri. Hið sama má segja um uppbyggingu framhaldsnáms víðs vegar um landið.

Samningar um byggingu menningarhúsa á landsbyggðinni munu gera almenningi auðveldara að rækta menningu sína og auðga þar með þjóðlífið.

Starf Impru, nýsköpunarmiðstöðvar á Akureyri, hefur verið eflt til muna. Fjárveitingar á fjárlögum til atvinnuþróunarfélaga hafa hækkað verulega milli áranna 2003–2004 eða úr rúmlega 101 millj. í rúmlega 119 millj. Með því hefur styrkari stoðum verið skotið undir það mikilvæga starf sem félögin vinna.

Mjög mikilvægt er að árangur náist í því sameiningarátaki sem nú er að fara af stað. Sameiningarnefnd sem félagsmálaráðherra skipaði hefur skilað fyrstu tillögum og er stefnt að því að kosið verði um sameiningu í apríl næstkomandi. Efling sveitarfélaganna í landinu er mjög brýnt verkefni þannig að unnt verði að fela þeim fleiri verkefni en nú er. Vilji sveitarfélögin vera gjaldgeng sem góður búsetuvalkostur verða þau að hafa þann íbúafjölda innan vébanda sinna að sveitarfélagið geti boðið upp á þá þjónustu sem krafa er gerð um í nútímasamfélagi.

Vaxtasamningur Eyjafjarðarsvæðisins var undirritaður í júlí 2004. Samningurinn er samkomulag einkaaðila og opinberra aðila þar sem sett eru markmið um uppbyggingu svæðisins í tilteknum vaxtargreinum með áherslu á hagvöxt og fyrirtækjaklasa. Stefnt er að því að mynda fjóra klasa en þeir eru mennta- og rannsóknarklasi, heilsuklasi, ferðaþjónustuklasi og matvælaklasi.

Verkefnisstjórn byggðaáætlunar fyrir Vestfirði hóf störf í október 2003 en í henni sitja fulltrúar byggðarlaga á Vestfjörðum. Verkefnisstjórn hefur unnið að tillögugerð og að áfangaskýrslu og stefnir að því að hægt verði að gera vaxtarsamning fyrir Vestfirði sem gildir fyrir árin 2005–2008. Samningurinn er samkomulag einkaaðila og opinberra aðila þar sem sett eru markmið um uppbyggingu svæðisins í tilteknum vaxtargreinum með áherslu á hagvöxt og fyrirtækjaklasa. Stefnt er að því að mynda þrjá klasa en þeir eru sjávarútvegs- og matvælaklasi, mennta- og rannsóknarklasi og menningar- og ferðaþjónustuklasi.

Þessa dagana er verið að taka í notkun nýtt og glæsilegt rannsóknar- og nýsköpunarhús við Háskólann á Akureyri sem mun án nokkurs efa verða allri rannsóknar- og nýsköpunarstarfsemi á landinu til framdráttar. Jafnframt styrkist sú starfsemi sem í húsinu verður mjög stöðu Háskólans á Akureyri en ekki verður lögð of þung áhersla á hversu mikil áhrif háskólinn hefur á að efla Akureyri og bæta búsetuskilyrði þar og víða um land.

Vinna við að bæta möguleika til háskólanáms víðar á landsbyggðinni er í fullum gangi. Þannig er í gangi vinna við að móta skipulag og koma með tillögur um fjármögnun þekkingar háskólanámssetra á landsbyggðinni. Þetta er starf sem skiptir mjög miklu máli að vel takist til um því bætt aðstaða til náms og möguleikar á að vinna að rannsóknum er grundvallaratriði í bættri samkeppnisstöðu hinna einstöku svæða.

Hæstv. forseti. Hér verða ekki fleiri atriði upp talin en vísað til skýrslunnar um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005. Eins og áður kom fram ákvað ríkisstjórnin á árinu 2003 að verja 700 millj. kr. til atvinnuátaks á landsbyggðinni og var Byggðastofnun falið að ráðstafa 500 millj. kr. af því fé. Skyldi 350 millj. kr. vera varið til hlutafjárkaupa í álitlegum sprotafyrirtækjum og 150 millj. kr. til að styrkja verkefni sem líkleg væru til að efla grunngerð og nýsköpun á starfsvæði stofnunarinnar. Alls bárust Byggðastofnun 98 umsóknir um hlutafjárframlög, samtals að fjárhæð um 1 milljarður og 750 millj. kr. og var ákveðið að fjárfesta í 23 verkefnum. Þá er stofnunin nú þegar þátttakandi í fjölda verkefna um eflingu grunngerðar og nýsköpunar á landsbyggðinni, og ráðstöfun 150 millj. kr. er þannig langt komin og mun væntanlega ljúka fyrir næstu áramót.

Ef áætlanir verða að veruleika er ljóst að mikill fjöldi starfa mun skapast í kjölfar þessara verkefna á næstu árum.

Í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir þinginu er gerð grein fyrir framvindu byggðaáætlunar og störfum Byggðastofnunar. Að mörgu fleiru hefur verið unnið á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta er varðar uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni á undanförnum missirum. Hefur umtalsverðum fjármunum verið varið til þeirra verkefna. Hér vil ég nefna hugmyndir um byggingu rafskautaverksmiðju í Hvalfirði en slík verksmiðja mundi skapa um 100 ný störf. Þá hefur ráðuneytið tekið þátt í athugun á undirbúningi á byggingu kalkþörungaverksmiðju í Arnarfirði, álþéttiverksmiðju á Akureyri, pólýolverksmiðju á Húsavík, kísilduftsverksmiðju við Mývatn og vikurvinnslu á Mýrdalssandi.

Lög um endurgreiðslu vegna kvikmynda og kynning á þeim hefur haft umtalsverð áhrif á atvinnulíf landsbyggðarinnar. Á undanförnum árum hafa kvikmyndaverkefni velt milljörðum króna.

Þá hefur mikil vinna farið í staðarvalsrannsóknir vegna hugmynda um stóriðju á Norðurlandi. Mikill áhugi er meðal álfyrirtækja á því verkefni og öllum hér inni sem á annað borð hafa heimsótt Austurland á síðustu mánuðum ætti að vera ljóst hvílík áhrif slík uppbygging gæti haft.

Nýverið birti Hagstofa Íslands tölur um búferlaflutninga það sem af er árinu. Þær tölur sýna að víða er fækkun fólks. Sú fólksfækkun stafar ekki fyrst og fremst af atvinnuleysi því víða þar sem fækkunin er mest er atvinnuleysi lítið eða ekkert, svo sem á Norðurlandi vestra. Við þessu verður að bregðast enn frekar. Ég tel að það verði best gert með því að efla samkeppnishæfni einstakra svæða og skapa forsendur til að bjóða upp á sem jöfnust og best búsetuskilyrði, svo sem bættum samgöngum í víðasta skilningi, betra aðgengi að menntun og afþreyingu og þeirri þjónustu sem nútímalífshættir krefjast. Jafnframt verði atvinnulífinu sköpuð skilyrði til að nýta staðbundna kosti til verðmætasköpunar.

Það þarf að gera með því að efla enn frekar stuðning við nýsköpun og frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja með því að tryggja næg framboð af menntun vinnuafls og ekki síst með því að skapa atvinnulífinu sömu starfsskilyrði að öðru leyti og í helstu samkeppnislöndum okkar.

Nú er tæpt ár eftir af tíma núgildandi byggðaáætlunar. Ég hef fyrir nokkru falið Byggðastofnun og starfsmönnum ráðuneytisins að hefja vinnu við gerð byggðaáætlunar fyrir tímabilið 2006–2009. Ég vænti þess að geta lagt þá áætlun fram á haustþingi 2005.

Að lokum vil ég nefna að á vegum iðnaðarráðuneytisins er nú verið að kanna möguleika á að teknar verði upp endurgreiðslur til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni á hluta flutningskostnaðar. Eftirlitsstofnun EFTA setur slíkum styrkveitingum skorður og nú er verið að vinna að nánari útfærslum endurgreiðslukerfisins og að upplýsingaöflun áður en kerfið verður formlega borið undir Eftirlitsstofnunina.

Hæstv. forseti. Ég er bjartsýn á framtíð landsbyggðarinnar. Það er mat mitt að framvinda byggðaáætlunar sé vonum samkvæmt. Hins vegar tel ég eðlilegt að áætlunin verði nú skoðuð í ljósi fenginnar reynslu og metið hvort þörf sé á að endurskoða tiltekna þætti hennar.

[11:34]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að þessi skýrsla skuli loks vera komin á dagskrá Alþingis. Menn sakna þess að hún hafi ekki verið rædd í vor eftir að hún var lögð fram en að hún sé rædd nú, þetta seint, er þó skárra en ekki.

Ég hef eina spurningu til hæstv. ráðherra. Í því þingskjali sem hér hefur verið dreift er fjallað um aðrar aðgerðir stjórnvalda. Þar er fjallað um hvað verið sé að gera í iðnaðarráðuneytinu, í heilbrigðisráðuneytinu, umhverfisráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og landbúnaðarráðuneytinu. Það vekur athygli mína, herra forseti, að hér er ekkert um aðrar aðgerðir í þeim ráðuneytum sem Sjálfstæðisflokkurinn stýrir. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hverju það sæti að það er ekki verið að vinna í neinum öðrum aðgerðum stjórnvalda í ráðuneytum Sjálfstæðisflokksins.

[11:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. þingmanns um að skýrslan skyldi ekki rædd í vor vil ég fyrst segja að ég reyndi ítrekað að fá hana rædda hér á hv. Alþingi en því varð ekki fyrirkomið einhverra hluta vegna. Það er því ekki við mig að sakast í þeim efnum, bara svo að það liggi fyrir.

Síðan spyr hv. þm. um ráðuneyti sjálfstæðismanna. Ég hef engin svör við því, þetta er sú skýrsla sem unnin er á grundvelli upplýsinga sem berast frá ráðuneytunum. Ég bara hef ekki svör við því á þessari stundu en mun athuga hvernig á þessu stendur.

[11:36]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ósköp eðlilegt að hæstv. iðnaðarráðherra hafi ekki svör á reiðum höndum um þetta sem ég spurði um. Mér finnst það dálítið sláandi að ráðuneyti sjálfstæðismanna skuli ekki skila gögnum hingað inn um þetta eins og hæstv. ráðherra fjallar um. Þau gögn hafa ekki borist. Þess ber þó að geta að fyrst þegar skýrslan var gerð í vor skilaði eitt ráðuneyti Framsóknarflokksins, utanríkisráðuneytið, ekki inn gögnum. Það er dálítið sérstakt, eins og ég gerði hér að umtalsefni, að ráðuneyti Sjálfstæðisflokksins skilar engu hingað inn. Því spyr ég ráðherrann enn frekar út í þetta: Getur verið að einhver ágreiningur sé milli ríkisstjórnarflokkanna í þessum málum? Ég mun líka koma að því í ræðu minni á eftir að frá þeirri skýrslu sem var lögð fram í vor og til þeirrar sem lögð er fram nú er töluvert mikill munur í mörgum köflum þar sem meginmarkmið og framkvæmd er ekki útskýrt. Það á svolítið við um málaflokka sem falla undir ráðherra Sjálfstæðisflokksins.

[11:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það þurfi engrar skýringar við að sú skýrsla sem lögð er fram núna sé ekki nákvæmlega eins og sú sem lögð var fram í vor, það er einfaldlega vegna þess að borist hafa nýjar upplýsingar. Verkefni hafa líka verið í gangi sem hafa þokast áfram o.s.frv. Mér finnst þetta ekki vera alveg málefnalegt að koma með þetta svona í upphafi því að ég hef ekki gert neinn sérstakan samanburð á ráðuneytum framsóknarmanna og ráðuneytum sjálfstæðisráðherra í þessu sambandi og tel það ekki mitt hlutverk. Hv. þm. verða bara að lesa skýrsluna eins og hún kemur fyrir.

[11:38]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta vera allsérstæð skýrsla. Þetta er svona samtíningur á verkefnunum en í rauninni er voðalega erfitt að meta árangur í byggðamálum. Ef ég hefði gert svona skýrslu hefði ég reynt að tína út hvernig raun-

verulega er hægt að meta stöðuna. Ég tel að það hefði verið best gert þannig að menn reyndu að bera saman fjölgun íbúa eða íbúaþróun og fjölgun eða fækkun starfa. Hvers vegna er það ekki gert?

[11:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eflaust hægt að vinna þetta á ýmsan hátt. Það hefur svo sem verið unnið á ýmsan hátt að því að reyna að átta sig á þróun byggðar. Sú aðferð sem hefur verið beitt og er ekki beitt núna er sú aðferð að teikna landið upp í mismunandi litum og segja: Þetta er vaxtarsvæði og hitt er hnignandi svæði o.s.frv. Þessu hefur verið hætt og ég held að það sé mikilvægt. Ég er þó fyrst og fremst að greina frá því hvernig gengur með þau verkefni sem lögð var áhersla á í byggðaáætlun. Það er mitt hlutverk. Og það kemur fram í þessari skýrslu. Hvort að hún er fullnægjandi og hvort hún veitir fullnægjandi svör verður hv. þm. að meta en a.m.k. er gerð tilraun til að greina frá því hvar við stöndum með þessi verkefni.

[11:40]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé augljóst að ef menn ætla að meta árangur verkefnanna hljóta þeir að skoða íbúaþróun og fjölgun eða fækkun starfa. Ég held að það hljóti að vera augljóst. Ég skil ekki hvernig á að vera hægt að meta byggðaþróun öðruvísi.

[11:40]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hægt að fylgjast með byggðaþróun í gegnum tölur frá Hagstofunni. Samkvæmt þróun á 3. ársfjórðungi vill svo til (Gripið fram í.) að það er fjölgun í tveimur landshlutum, ef þannig má að orði komast, annars vegar á Austurlandi og hins vegar Suðurlandi. Fækkun hefur hins vegar orðið á höfuðborgarsvæðinu, um 88 manns. Nú er ég ekki að gleðjast sérstaklega yfir því en það er allt í lagi að hafa þessar tölur í huga þegar verið er að ræða byggðaáætlun. Þetta er þróun íbúa í landinu.

Um það hve mörg störfin eru nákvæmlega á hverju svæði hef ég ekki upplýsingar en ég veit a.m.k. að þeim fjölgar mikið á sumum landsvæðum. Sjálfsagt er eitthvert samhengi á milli þessarar íbúaþróunar og fjölgunar starfa. Þá er ég að hugsa bæði um Suðurland og Austurland.

[11:41]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra, þar sem hún fjallaði í upphafi máls síns um störf Byggðastofnunar, árangur af þeim og mat á því hvernig þar hefði til tekist — ég held að hæstv. ráðherra hafi sagt eitthvað á þá leið að afskriftir á árunum 1998–2000 hefðu verið mjög miklar, 600 millj. eða meira, og þar hefði greinilega verið tekin mikil áhætta, á þeim árum. Metur hæstv. ráðherra það svo að stjórnin sem þá sat í Byggðastofnun hafi tekið áhættu langt út fyrir það sem eðlilegt getur talist? Eða hvað á hæstv. ráðherrann við?

Þegar núna verður mikil uppgreiðsla lána sitja þá ekki eftir lán með mikilli áhættu og hvernig ætlar ráðherrann að meta það í framtíðinni?

[11:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jú, það er hægt að segja að það sé þannig núna eftir að það hefur verið þetta mikið um uppgreiðslur lána að þau lán sem eftir eru eru með meiri áhættu en þau sem greidd hafa verið upp. Það er ákveðið áhyggjuefni sem ég kom inn á í ræðu minni.

Ég hef ekkert metið störf stjórnar í samhengi við það hverjir hafa setið þar. Ég fór hér einfaldlega með tölur. Gríðarleg áhætta hefur verið tekin hjá Byggðastofnun í lánamálum og það er alveg skiljanlegt — ég hef fullan skilning á því — og viljinn er sá að reyna að styrkja byggðir á viðkomandi stöðum, og styrkja atvinnulífið. Allt hefur þó sín takmörk og kannski er mönnum ekki greiði gerður endilega með því að fá lán ef starfsemin er vonlaus fyrir fram. Ég tel að með nýjum vinnubrögðum sé lögð meiri áhersla á að meta lánsumsóknir og veita einungis lán þeim fyrirtækjum sem eiga von.

[11:44]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Ég þakka svörin og vil tjá þá skoðun mína að ég held að það hljóti ævinlega að vera svo að Byggðastofnun taki meiri áhættu í lánum sínum en almennar lánastofnanir. Það er beinlínis hlutverk hennar að standa að því að reyna að efla atvinnu og byggð í landinu. Til þess getur Byggðastofnun eðlilega þurft að taka áhættu og þess vegna ítreka ég það að ég átta mig ekki alveg á því hvað hæstv. ráðherrann átti við þegar hún tók sérstaklega árin 1998–2000 sem ég held að hæstv. ráðherra hafi nefnt í ræðu sinni sem sérstaklega mikið áhættutímabil. Eða getur hæstv. ráðherrann upplýst hversu háar upphæðir um er að ræða sem núna sitja eftir í Byggðastofnun sem áhættulán?

[11:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki með nákvæmar tölur um hvað telst vera áhættulán og hvað ekki en ég endurtek það sem ég sagði áðan, þau lán sem Byggðastofnun er með úti í dag eru að tiltölulega stórum hluta áhættulán þar sem um uppgreiðslu lána hefur verið að ræða að svo miklu leyti sem raun ber vitni. Þetta er bara staðreynd sem liggur fyrir og það þarf að horfa á málið út frá slíkum staðreyndum upp á framtíðarstörf stofnunarinnar.

[11:46]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að staldra við eitt atriði sem ég mun fjalla ítarlegar og betur um í dag í ræðu minni, um það sem segir í skýrslunni um rafræna menntun og fjarvinnslu. Síminn, þjónustufyrirtæki okkar Íslendinga í fjarskiptum, hefur skilgreint ákveðin byggðarlög sem of óarð-

bær til að leggja þangað háhraðanet í gegnum ADSL-kerfi og með því eru þau afsett og sett í 2. flokk. Þarna er um að ræða dreifbýlið og smærri byggðarlög. Þau eru svipt aðgengi að upplýsingahraðbrautinni og jöfnum tækifærum til að byggja upp fjarvinnslu hvers konar og fyrir íbúana að mennta sig í gegnum netið.

Íbúarnir eru afsettir á þennan hátt og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún muni — ekki síst út frá þeim markmiðum sem fram koma í skýrslunni — beita áhrifum sínum og afli til að tryggja að allir íbúar Íslands, hvort sem þeir búa í dreifbýli eða smærri byggðarlögum, hafi aðgang að háhraðaneti. Þá er ég ekki að tala um að menn þurfi að leggja streng heim á hvern einasta bæ heldur eru til margar aðrar lausnir eins og í gegnum örbylgju og fleira. Það þarf hins vegar aðkomu Símans og opinberra aðila að þessu verkefni.

[11:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. veit heyrir þessi málaflokkur undir samgönguráðherra en hins vegar kemur fram í skýrslunni að það er búið að vinna heilmikið á þessu sviði. Auðvitað höfum við öll þá von og það markmið að öll heimili í landinu hafi háhraðatengingu. Ég veit að það er hægt að fara aðrar leiðir en þær að leggja ljósleiðara og ýmislegt er að gerast í tæknimálum sem gefur okkur von um að þetta verði einfaldara en við kannski vissum áður.

Þetta verður ekki gert öðruvísi en með aðkomu Símans, sagði hv. þm., og í tengslum við sölu Símans er samkomulag um það milli stjórnarflokkanna að gera þarna ákveðið átak sem ég trúi að verði landsbyggðinni mjög í hag.

[11:48]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil áfram nota tækifærið til að hvetja hæstv. ráðherra til að fylgja jákvæðni sinni til málsins eftir með því að beita sér fyrir því að þegar og ef Síminn verður seldur yfirleitt verði salan skilyrt þannig að hann taki þátt í því félagslega og þjóðfélagslega verkefni að tryggja öllum landsmönnum aðgang að háhraðaneti. Þær byggðir sem hafa ekki aðgang að háhraðatengingu verða einfaldlega ekki samkeppnishæfar í framtíðinni. Málið er svo einfalt — þar sest fólk ekki að.

Ef við beitum ekki afli samfélagsins og samstöðunnar til að tryggja þessum dreifðu byggðum og smærri byggðarlögum aðgengi að háhraðaneti og aðgengi að internetinu, aðgengi að upplýsingahraðbrautinni, aðgengi að þeirri upplýsingabyltingu sem er í gangi og er í vændum og þeim tækifærum sem hún veitir, erum við einfaldlega að slá þessar byggðir af. Það er svo einfalt mál og þess vegna eigum við að beita afli samfélagsins til að tryggja að svo megi verða sem við erum að ræða hér.

[11:49]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að þetta er gríðarlega mikilvægt mál og m.a. þess vegna hefur verið farið út í verkefnið Rafrænt samfélag sem er eitt af áhersluatriðum byggðaáætlunar. Þar unnu tveir sveitarfélagaklasar til verðlauna, og verðlaunin voru þau að taka þátt í verkefninu með aðstoð ríkisvaldsins. Þetta er annars vegar sveitarfélag á Suðurlandi og hins vegar á Norðurlandi og ég bind miklar vonir við þetta verkefni, líka til þess að sem allra flestir geti höndlað þetta mikilvæga upplýsingamál sem er það að kunna á þessi samskipti.

[11:50]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég sagði áðan að það væri gott að loksins skyldi komast á dagskrá þingsins að ræða skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005. Áðan kom fram hjá hæstv. ráðherra að hún hefði mikið gert til að koma skýrslunni á dagskrá í vor en það hefði ekki tekist. Þá er væntanlega við hæstv. forseta Alþingis að sakast.

Mér fannst í raun og veru dálítið táknrænt að skýrslan skyldi ekki hafa komist fyrr á dagskrá vegna þess að mér finnst oft og tíðum sem menn á hinu háa Alþingi veigri sér mikið við það að eyða tíma sínum í að ræða um byggðamál og byggðaáætlanir. Ég sé ekkert eftir þeim tíma og er stoltur af því að færa þau mál oft í tal þó að ég skaprauni hæstv. ráðherrum eins og í gær þegar þau pirrast yfir því að rædd skuli vera mál sem betur mega fara.

Í upphafi máls míns núna vil ég líka taka undir það sem hæstv. ráðherra sagði í gær, að sannarlega er verið að vinna að mörgum ágætum málum á mörgum stöðum á landinu. Þau gagnast bara ekki öllum. Ég verð að nefna þetta, virðulegi forseti, eins og ég hef nefnt með byggingu álvers fyrir austan sem gagnast vel á Miðausturlandi en ekki t.d. þegar komið er á Vopnafjörð eða suður á Stöðvarfjörð, svo að ég taki dæmi.

Það sem við erum að færa í tal er það sem við sjáum, að skórinn kreppir á öðrum stöðum og ýmislegt má betur fara. Þá kannski snýst það sérstaklega um rekstrarskilyrði fyrirtækja og búsetuskilyrði fólks sem er jafnréttismál.

Ég sagði áðan að ég sæi mikinn mun á þeirri skýrslu sem dreift var í vor og átti að ræða hér og hinni sem dreift er núna. Það er töluvert mikið búið að breyta henni, og kem ég að því síðar, að ég tali nú ekki um fyrstu skýrsluna sem ég fékk í gær. Þá brá mér verulega vegna þess að maður þarf ekki annað en að taka á henni, hún var miklu þynnri en hinar. Ég spurði sjálfan mig: Hvað er nú á ferðinni? Ég margfletti í gegnum skýrsluna í gærkvöldi og skildi ekkert hvað væri á ferðinni þar til ég áttaði mig á því að inni í því gagni, a.m.k. því eintaki sem ég hafði fengið, kom blaðsíða nr. 25 á eftir síðu nr. 8. Það vantaði svona mikið inn í hana. Rétt áður en ég fór að sofa kom það upp í huga mér eitt augnablik hvort það hefði kannski verið táknrænt að svo margar síður vantaði í skýrsluna. Svo þegar ég fór á netið kom í ljós að mistök höfðu átt sér stað við prentun eða heftun eða guð má vita hvað það var, a.m.k. er meira í skýrslunni sem betur fer.

Ég ræddi áðan um ráðuneytin og hæstv. ráðherra gat ekki svarað um framsóknarráðuneytin versus sjálfstæðisráðuneytin, um aðrar aðgerðir stjórnvalda svo það komi skýrt fram, en það er líka sá munur á skýrslunni sem lögð var fram í vor þar til núna að það er búið að taka ýmislegt

út úr ýmsum köflum. Það finnst mér mjög athyglisvert og ég vil spyrja hæstv. ráðherra, sem mun þá geta svarað því hér á eftir, hvers vegna það sé. Þetta er um meginhugmyndirnar, merkislýsingin á hverjum kafla fyrir sig og markmiðið, markaðssetning ef svo má að orði komast. Margt af því var tekið út, t.d. kaflinn um athugun á búsetuskilyrðum fólks, meginhugmyndin þar og markmið. Þetta eru falleg orð á blaði og ég get alveg undir þau þó að ég gagnrýni stundum að ekki sé unnið eftir þeim.

Athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna, bæði meginhugmyndir og markmið, er líka farin út og hefur verið sett inn í einn lítinn kafla. Það stendur að iðnaðarráðherra hafi falið Hagfræðistofnun Háskólans og Byggðarannsóknastofnun að skrifa nýja bók, nýja skýrslu. Annað stendur ekki í þessu, því miður. Það er það sem ég sakna, að ekki skuli vera sagt frá því hérna hvað kom fram við athugun á búsetuskilyrðum fólks. Hvar er það sem fólk á landsbyggðinni býr ekki við jafnrétti gagnvart höfuðborgarsvæðinu? Og af hverju er það ekki skilgreint hér og sett upp? Af hverju förum við ekki í þær aðgerðir eins og margoft hefur verið lofað? Af hverju er ekkert sett niður í skýrslu byggðamálaráðherra um starfsskilyrði atvinnuveganna? Þetta vantar. Ég tala nú ekki um ljósleiðarann sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson ræddi hérna áðan og ætlar að ræða um, ég ætla ekki að eyða lengri tíma í núna. Meginhugmyndin sem stendur í gömlu skýrslunni er, með leyfi forseta:

„Notendur greiði sama verð fyrir gagnaflutninga á landinu öllu.“

Markmiðslýsingin er líka mjög góð en í nýju skýrslunni er hún farin út. Hverju sætir það, hæstv. ráðherra? Ég spyr, virðulegi forseti. (Gripið fram í.) Það er gott, virðulegi forseti, ef hæstv. byggðamálaráðherra hefur skipt um skoðun frá því að ætla að skila auðum síðum upp á einar 14–15 blaðsíður en ég ætla ekki að eyða meiri tíma í það.

Virðulegi forseti. Þessi skýrsla sem hér er rædd — ég sagði að það væri gert vonum seinna og væri betur að það væri gert oftar — gefur ekki tilefni á 15 mínútum til að fara í gegnum þetta allt saman lið fyrir lið. Þó væri sannarlega full ástæða til að gera það. Ég ætla að fara yfir nokkur atriði sem snúa að því að skekkja samkeppnisstöðu fólks á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu, ef svo má að orði komast. Ég ætla að nefna verri lífskjör, mismun sem jafnaðarmenn geta ekki sætt sig við. Ég held að í eðli sínu séum við, flestir Íslendingar, dálítið miklir jafnaðarmenn. Það er ekki hægt að sætta sig við það sem er að gerast hér. Hið sama á við um rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja. Tökum dæmi sem er að gerast núna og ríkisstjórn segir: Okkur kemur þetta ekki við. Þegar rætt er við hæstv. samgönguráðherra, sem var hér áðan en er því miður farinn, um að sjóflutningar eigi að hætta 1. desember segir hann bara: Okkur kemur þetta ekki við, okkur kemur þetta ekki við. Alveg eins og með kennaraverkfallið. Okkur kemur þetta sannarlega við vegna þess að þetta mun skekkja samkeppnisstöðu atvinnurekstrar á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Á ég að nefna eitt dæmi?

Við í sjávarútvegsnefnd heimsóttum t.d. Sæplast á Dalvík og fengum þar sýnt á glæru hvernig það mun fara þegar sjóflutningar hætta og þeir þurfa að fara að flytja allt landleiðina. Þar fyrir utan spái ég því að taxtar á landflutningum muni hækka um leið og sjóflutningarnir hætta og, það sem verra verður, ég spái því líka að flutningafyrirtækin muni lokka frystitogarana suður til sín á höfuðborgarsvæðið einn af öðrum og bjóða þeim fría löndun, kannski frían flutning á mannskap heim o.s.frv. gegn því að koma suður og landa. Þá verður þetta tekið af bæði sem tekjur fyrir hafnirnar og vinna fyrir fólkið þarna. Olíugjaldið sem ríkisstjórnarflokkarnir samþykktu að taka upp á næsta ári mun líka stórhækka flutningskostnað á landinu. Hæstv. ráðherra ræddi ekki um það. Það verður núna með öðrum orðum tekjustofn fyrir ríkissjóð, fyrir flutningabíla sem keyra yfir margar heiðar í ófærð. Í mótvindi t.d. munu þessir bílar eyða miklu meiri olíu og greiða miklu meiri skatt til ríkissjóðs, og er þó nóg fyrir. Ég spái því, virðulegi forseti, því miður, að þetta muni hækka flutningsgjöld.

Hæstv. byggðamálaráðherra ræddi enn einu sinni um og kenndi einhverju apparati úti í Brussel um að ekki séu komnar einhverjar aðgerðir í jöfnun flutningskostnaðar eins og margoft hefur verið lofað og talað um af hæstv. ráðherra á tyllidögum og fyrir kosningar. Þessa sér hvergi stað í fjárlögum. Það er ekki endalaust hægt að kenna Brussel um svona aðgerðaleysi. Við þurfum ekkert samþykki í Brussel fyrir því að lækka skatta af flutningastarfsemi, virðulegi forseti. Það er auðveld leið. Sú leið sem ég m.a. benti á við olíugjaldið var því miður ekki tekin upp, að setja hina sérstöku mæla í flutningabíla, láta þá greiða eftir því og gefa t.d. möguleika á miklum afslætti ef keyrt væri á næturnar. Hæstv. ríkisstjórn hlustaði því miður ekki á það.

Annað atriði sem ég vil nefna á þessum stutta tíma er tekjustofnar sveitarfélaga. Skertar tekjur sveitarfélaga gera það að verkum að sveitarfélögin úti á landi geta skaffað íbúum sínum minni þjónustu en gerist og gengur annars staðar. Íbúar úti á landi vilja sömu þjónustu frá sveitarfélagi sínu og gerist annars staðar, hvort sem það varðar skóla, vegi, félagsþjónustu eða annað. Þetta hefur verið skert mjög í tíð núverandi ríkisstjórnar. Skattkerfisbreytingin 2001 þar sem mönnum gafst tækifæri til að setja rekstur sinn yfir í einkahlutafélög stórskerti tekjur sveitarfélaga og að mati Vilhjálms Vilhjálmssonar, formanns Sambands sveitarfélaga, sem ég kalla stundum höfuðborgarsveitarfélaganna, skertust tekjurnar um milljarð.

Hvaða afleiðingar hefur þetta í för með sér? Jú, það gerir það t.d. að verkum að þau sveitarfélög eru til sem verja allt að 90% til fræðslumála, eins og kom fram í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn minni nú fyrir nokkrum dögum. Það er alveg með ólíkindum hvernig þetta er að fara. Hvaða áhrif hafði þessi skattkerfisbreyting á fyrirtækjarekstur í landinu? Mjög alvarlegar afleiðingar. Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu stórgræddu á tekjuskattsbreytingunni, á lækkun skattprósentunnar, á lækkun eignarskattsins og upptöku og hækkun tryggingagjaldsins. Ég sagði það í gær að fyrirtæki á þessum tíma og á þáverandi verðlagi í Reykjavík og á Reykjanesi græddu 2,7 milljarða kr. á þessari skattkerfisbreytingu. Fyrirtækin á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og Vesturlandi græddu heilar 6 millj. kr.

Það er þetta sem ég er að tala um, virðulegi forseti.

Í þessari skýrslu er verið að tala um að jafna rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja en það hefur ekki verið gert á

neinn hátt heldur farið í þveröfuga átt eins og ég bendi á. Er hæstv. ráðherra byggðamála virkilega stolt af því að sitja í ríkisstjórn sem beitir sér fyrir aðgerðum sem koma svona misjafnlega niður á þegnum og fyrirtækjarekstri í landinu? Ég segi nei. Ég var sammála því að lækka tekjuskattsprósentuna en ekki hvernig það er gert. Af hverju er þá ekki gengið í það sem gerir það að verkum að fyrirtæki á landsbyggðinni víðast hvar skila ekki miklum hagnaði, að lækka flutningskostnaðinn sem er brýnasta hagsmunamál landsbyggðarinnar? Nei, það er ekki gert vegna þess að einhverjum vondum körlum úti í Brussel er kennt um það.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan gefst ekki mikill tími til að fara í gegnum þessa skýrslu á 15 mínútum eftir 30 mínútna inngangserindi hæstv. ráðherra. En ég á aðrar 15 mínútur og mun nota þær á eftir og ræða um aðra þætti sem snúa að þessu.

Ég vil í lokin á þessum ræðutíma segja að það sem ég nefndi um sjóflutningana og landflutningana — af því að hæstv. samgönguráðherra er kominn inn vil ég nefna það að ég var að tala um sjóflutningana og að ég er mjög ósáttur við þau orð samgönguráðherra þegar hann var spurður út í sjóflutninga að ríkisvaldinu komi þeir ekki við. Auðvitað kemur okkur við hvernig þetta er og við eigum að stuðla að því ef hægt er að hafa sjóflutninga áfram. Það má alveg hugsa sér þá leið að styrkja sjóflutninga til ákveðinna staða á landsbyggðinni, þ.e. með flutningsstyrkjum. Evrópusambandið er t.d. mest í því að leyfa slíka „mismunun" ef svo má að orði komast. Það mætti alveg hugsa sér það til einhverra meginhafna og það væri líka öryggisatriði gagnvart umferð á þjóðvegum. Af því að hæstv. samgönguráðherra er hér og hefur tekið við umferðaröryggismálunum þá er það líka ákveðið öryggisatriði að fá ekki allan þann flutning sem nú fer í sjóflutningum upp á þjóðvegi landsins og skapar stórhættu á þjóðvegunum. Auðvitað eigum við að hugsa upp leiðir og skoða hvort hægt er að koma til móts við þetta, t.d. að bjóða út sjóflutninga eins og gert var með flugið til ákveðinna staða. Mér finnst alveg fullkomlega koma til greina að skoða þá leið.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan um þessa skýrslu þá er margt ágætt sett þar fram. Mér finnst hins vegar vanta töluvert mikið á efndirnar. Ég tek sem dæmi endurgreiðslu námslána, punkt nr. 20, með ágætismeginhugmynd og ágæta markmiðslýsingu í þeirri skýrslu sem dreift var í vor. Í skýrslunni núna er meginhugmyndin og markmiðslýsingin tekin út og í svari hæstv. fjármálaráðherra við fyrirspurn minni um málið kom einfaldlega fram að það hefði ekkert verið gert í því og stæði ekki til að gera neitt.

Ég nefndi áðan háhraðatengingarnar, þá fínu markmiðslýsingu sem var í gamla gagninu um að notendur greiði sama verð fyrir gagnaflutninga á landinu öllu. Meginhugmyndin var sú, markmiðslýsingin var líka góð, ábyrgðin á höndum samgönguráðuneytisins, allt þetta er farið út. Hvers vegna er það farið út? Er það vegna þess að einhverju ráðuneyti finnst óþægilegt að hafa slíka lýsingu? Ég var mjög ánægður með hvernig þetta var sett upp og að einstök ráðuneyti voru gerð ábyrg fyrir framkvæmdinni á þessum hluta byggðaáætlunar. Mér fannst þetta mjög góð markmiðssetning en ég verð mjög hissa, svo ég segi nú ekki meira, ef þetta er að detta út eitt af öðru núna. Ég vil ekki trúa því að ráðuneytin treysti sér ekki til að vinna þessi verkefni, að þau séu að beita sér fyrir því að þetta sé tekið út úr skýrslu hæstv. byggðamálaráðherra sem flutt er hér nú.

Virðulegi forseti. Ég hef gert nokkur atriði úr þessari skýrslu að umtalsefni. Mörg önnur bíða þess að verða tekin út og rædd og eins ég sagði áðan mun ég gera það á eftir. Ég mun m.a. tína til og sýna reikninga fyrir flutningi á einu tonni af sementi vestur á firði þar sem flutningskostnaðurinn er jafnhár og innkaupsverðið á sementinu. Hvernig í ósköpunum á kaupmaðurinn í Bolungarvík að selja þetta sement? Það væri gaman að heyra útlistun á því hjá hæstv. byggðamálaráðherra, sem jafnframt er viðskiptaráðherra, hvernig reka eigi fyrirtæki á landsbyggðinni sem býr við þessi ofurflutningsgjöld og hvernig á að leggja á og hafa smávegis fyrir rekstri miðað við slíka álagningu.

[12:05]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Kristjáni Möller um að margt jákvætt hefur verið gert í byggðamálum. Það var alveg hárrétt hjá honum eins og hann byrjaði ræðu sína.

Þar sem um ríki og sveitarfélög er að ræða þá veit hann ósköp vel að nefnd um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga er að störfum núna þar sem verið er að tala um að sveitarfélögin fái aðra tekjumöguleika. Sú nefnd mun skila áliti innan skamms. Ég vil svo spyrja hv. þm.: Hvernig stendur á því að mörg sveitarfélög, að mig minnir 67 sveitarfélög í landinu, nýta ekki alla þá tekjumöguleika sem þau hafa rétt á? Það er líka umhugsunarvert.

Varðandi einkahlutafélögin þar sem rætt er um einn milljarð. Sú upphæð hefur ekki verið staðfest. Hafa ekki orðið til fyrirtæki og atvinnutækifæri, tækifæri til atvinnusköpunar með því að létta sköttunum af þessum fyrirtækjum? Má aldrei nokkurn tíma breyta neinu í skattamálum hér á landi? Er aldrei rétti tíminn til þess? Við höfum verið að létta sköttum af fyrirtækjum og það er vel því að þau hafa mikla þörf á því.

Aðalumkvörtunarefni til fjármálaráðuneytisins hefur verið á þann veg að gerð sé of há krafa í endurgjaldið. Það eru aðalkvartanirnar sem hafa komið þangað en allir greiða að sjálfsögðu sína staðgreiðslu.

[12:07]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að svara nokkrum af þeim spurningum sem hv. þm. Drífa Hjartardóttir beindi til mín. Hún minntist á að ég hefði talað um að margt jákvætt hafi verið gert. Það er sannarlega rétt, en má ég þá snúa þessu við og spyrja hv. þm. sem er landsbyggðarþingmaður eins og ég: Er hv. þm. sammála mér um að þrátt fyrir að margt jákvætt sé gert vanti samt mjög margt eins og t.d. að jafna rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja og að jafna búsetuskilyrði fólks?

Varðandi það hvort öll sveitarfélög nýti tekjustofna sína. Ég hef ekki hugmynd um það. En auðvitað er það líka hluti af vandamálunum ef sveitarstjórnir þurfa að hækka skatta sína mikið. Það skiptir í raun og veru engu máli hver stjórn-

ar þeim sveitarfélögum, hvort það eru sjálfstæðismenn, samfylkingarmenn eða einhverjar sameiginlegar stjórnir. Ég kann ekki að reikna út hve mikið meiri tekjur sveitarfélögin gætu fengið ef þau nýttu útsvarið sitt í topp.

Ég minni líka á skammir ríkisstjórnarinnar til sveitarfélaganna fyrir aðhaldsleysi í fjármálum sínum og skattheimtu. Stundum er það svo.

Varðandi eignarhaldsfélögin og milljarðinn. Ég hef þá tölu frá Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, og fyrrverandi varaformanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, núverandi hæstv. félagsmálaráðherra Árna Magnússyni. Þeir töluðu um það á sínum tíma að þetta hafi skert tekjur sveitarfélaganna um einn milljarð.

Í lokin varðandi skattaívilnun. Má aldrei gera neina skattbreytingu? Jú, það má gera og ég hældi þeim fyrir það sem gert hefur verið, að lækka skatta á atvinnustarfsemi. En ég spyr á móti hv. þm. Drífu Hjartardóttur, og ég hef sýnt fram á það með rökum, virðulegi forseti: Getur verið að síðasta skattkerfisbreytingin hafi mismunað mjög fyrirtækjarekstri? Og má ég minna hv. þm. á hvernig skattkerfisbreytingin kom út fyrir sérskattumdæmi Vestmannaeyja sem er í kjördæmi hv. þm.? (Forseti hringir.) Fyrirtækjarekstur í Vestmannaeyjum borgaði að mig minnir 30 millj. kr. meira (Forseti hringir.) eftir skattkerfisbreytinguna en fyrir.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Má ég minna hv. þm. á að virða ræðutíma.)

[12:10]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við gætum aldeilis skipst á skoðunum í allan dag en um margt erum við sammála.

Ég vil vara þingmenn við því að draga upp of svarta mynd af búsetuskilyrðum úti á landi því það er mjög jákvætt að búa á landsbyggðinni. Það er mjög barnvænt samfélag, nærsamfélagið er mjög gott og ég vara þingmenn við því að draga upp of dökka mynd, því hver vill flytja í það sveitarfélag þar sem allt er að fara til fjandans? Það er margt gott að gerast úti á landi en auðvitað má margt gera betur og það eru áform um að gera það.

Ég vil minna á eitt mjög jákvætt sem hefur verið gert til að bæta búsetuskilyrðin. Það eru símenntunarstöðvarnar og fjarnámið, jöfnun námskostnaðar og jöfnun húshitunarkostnaðar þannig að það hefur margt verið gert.

Hvað varðar skattheimtu og sveitarfélögin þá held ég að það sé kominn tími til að sveitarfélögin hafi sjálf ákveðið lögræði yfir því hvernig þau haga skattheimtu sinni. Þau gætu þá gert það eftir því sem þau vildu og í ákveðinn tíma, kannski haft hærri skattheimtu í nokkur ár ef á þyrfti að halda og síðan lækkað skattana aftur. En það er umhugsunarvert að öll þessi sveitarfélög nýti ekki skattstofna sína. Mér finnst það verulegt umhugsunarefni þegar sveitarfélögin kalla eftir meira fjármagni frá ríkinu.

[12:12]

Kristján L. Möller *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil ítreka þá spurningu mína sem ég lagði fram hér í stuttu andsvari hvort hv. þm. væri sammála þeirri aðgerð sem gerð var við skattkerfisbreytinguna og kom þannig út fyrir fyrirtækjarekstur í Vestmannaeyjum að það hafði eins og ég sagði í för með sér 30 millj. kr. skattahækkun miðað við sömu rekstrarskilyrði á verðgildi ársins 2001 þegar við ræddum þetta frumvarp, meðan fyrirtækjarekstur í Reykjavík og Reykjanesi græddi 2,7 milljarða á málinu? Það er þetta sem ég er að gagnrýna. Fyrirtækjarekstur á landsbyggðinni naut ekki ávaxtanna af þessari skattkerfisbreytingu vegna þess að þau voru í eðli sínu að borga litla skatta, vegna þess að þau voru m.a. að borga há flutningsgjöld og þau fengu ekki mikla lækkun á eignarsköttunum vegna þess að eignarskattar úti á landi eru ekki mjög háir af því að íbúðaverð og húsnæðisverð fyrirtækja er svo lágt skrifað en þessi fyrirtæki urðu að greiða hærra tryggingagjald. Ég trúi því ekki að hv. þm. sé sammála þessu.

Ég neita því að ég sé sífellt að draga upp svarta mynd af ástandinu á landsbyggðinni. Ég er að færa í tal raunveruleikann. (**Samgrh.:** Er það?) Heyrist mér nú koma eitthvert baul hér á hægri hönd frá hæstv. samgönguráðherra sem tekur því sennilega illa að það skuli vera rætt um þetta og bíð ég spenntur eftir að heyra í hv. 1. þm. Norðvest. í umræðunni á eftir um byggðamál,.

Það er jákvætt að búa úti á landi, það er sannarlega rétt, það vitum við sem höfum búið þar. Þar er barnvænt og allt það. Það er bara ekki nóg. Fólk þarf atvinnu. Fólk þarf jöfn lífsskilyrði og sættir sig ekki við annað. Fólk á Raufarhöfn sættir sig ekki við að hafa ekki háhraðatengingu eins og fólk hefur á Suðurlandi. Þetta er bara lífsmottó fólks í dag. Og varðandi atvinnuleysi og atvinnuleysisskráningu, eins og hæstv. ráðherra talaði um áðan, þá skulum við horfa á íbúaskrána vegna þess að hún er líka talning á atvinnuleysi af því að fólk neyðist til að flytja í burtu.

[12:14]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að hlusta á hv. þm. Kristján L. Möller ræða um sjóflutninga og landflutninga. Hann talar um að sjóflutningar leggist af en það er nú svo að enn þá eru sjóflutningar til Vestfjarða. Ég hef margkomið inn á það í þessum ræðustól og spurt þingmenn dreifbýlisins: Í skýrslu sem liggur fyrir frá samgönguráðuneytinu kemur fram að það er 30–70% dýrara að flytja vörur landleiðina en með sjóflutningum en hvernig má þá vera að atvinnurekendur í hinni dreifðu byggð flytji í jafnríkum mæli og raun ber vitni landleiðina? Munu flutningar á landi leggjast af ef stofnuð verður Skipaútgerð ríkisins? Munu þeir flutningar leggjast af ef styrkur verður veittur sérstaklega til landflutninga?

Það hefur meira að segja komið fram hjá sumum stjórnarandstæðingum að það væri eðlilegt að leggja hærri skatta á landflutningana sem þýðir hærra vöruverð úti á landi. Ég verð að segja eftir að hafa hlustað á stjórnarandstæðinga tala út og suður eins og þeir gera hér að þá áttar maður sig ekkert á stöðunni. Það er bara ríkisvaldið sem á að koma til. En hvað með fólkið sjálft í hinni dreifðu byggð? Hvað með atvinnurekendur sem enn eru að flytja landleiðina í ljósi þeirra upplýsinga hve miklu dýrara er flytja landleiðina en sjóleiðina? Af hverju flytja þeir ekki sjóleiðina? Munu sjó-

flutningar aukast ef landflutningarnir verða styrktir? Þetta er algjörlega út í hött. Menn tala hér út og suður.

Hæstv. forseti. Nei, hér er annað að en að það sé allt ríkinu að kenna að sjóflutningar séu að leggjast af. Það er hinni dreifðu byggð sjálfri að kenna. Og getur verið að það séu undirliggjandi deilur á milli sveitarfélaga um að koma sér ekki saman um að nota einhverja ákveðna höfn?

[12:16]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. sagði. Ég hygg hins vegar að í sjóflutningum undanfarinna ára hafi aðallega þungaflutningar á vörum eins og frábærar útgerðarvörur frá Sæplasti verið fluttar sjóleiðina, ekki með bílum vegna þess að þetta er rúmfrek vara á t.d. járni til vélsmiðjanna til úrvinnslu og jafnvel á vörunni til baka. Tökum 3X-Stál á Ísafirði sem dæmi. Það er frábært fyrirtæki en um langan veg að flytja.

Hins vegar er allt annað mál með lausavöruna, matvöruna. Það er ósköp eðlilegt að menn vilji geta tekið hana daglega, með daglegum ferðum flutningabíla. Það er kannski mest í fiskflutningum og öðru sem kreppir að. Það eru vikulegar siglingar á meðan bílarnir eru með daglegar ferðir næstum því um allt land. Í því liggur munurinn. Ég þekki það sem gamall kaupmaður að ég gat aldrei notað sjóflutninga. Líka vegna þess að oft og tíðum var verið að flytja of litlar einingar og þrátt fyrir allt hagkvæmara að flytja þær með bíl en sjóleiðina.

Þetta er mjög alvarlegt mál og við höfum stundum rætt það, ég og hv. þm., í samgöngunefnd. Ég er mjög ósáttur við að stjórnvöld skuli ekki koma að málinu og skoða leiðir. Mér finnst það mjög skrýtið og alvarlegt að þegar fyrirtæki í Bolungarvík kaupir eitthvert smotterí af múrblöndu og öðru slíku efni fyrir 21 þús. kr. í kjördæmi hæstv. ráðherra, Sturlu Böðvarssonar, að það kosti 19 þús. kr. að flytja það vestur. Hvað fær ríkissjóður af 19 þús. kr.? Ég segi alveg hiklaust um 8 þús. kr. Það eru strax 4 þús. kr. í virðisaukaskatt sem greiðast til ríkissjóðs og það er þetta sem ég gagnrýni við skattheimtuna.

[12:18]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján L. Möller kemur að málinu eins og það blasir við. Það er ákveðið vandamál sem blasir við hinni dreifðu byggð í sambandi við flutningana. Það er rétt að vikulegar ferðir skipanna eru mjög óhentugar og óþénugar. (**Gripið fram í:** ... og fáar hafnir.) Sveitarfélögin hafa ekki komið sér saman um að byggja upp ákveðnar útflutningshafnir innan kjördæmanna. Það er vegna þess, og enginn hefur mótmælt því þá ég hef haldið því fram, að sveitarfélögin geta ekki unnið sameiginlega að því að gera einhverja eina höfn útflutningsvænni en aðra og vinna þannig að markmiðum þess sem hv. þm. kemur inn á. Það er til vansa fyrir hina dreifðu byggð að sjóflutningar skuli ekki halda áfram í ljósi þess sem ég hef sagt. Eðlilega ætti að vera miklu meira um sjóflutninga en raun ber vitni.

Það er eðlilegt að fólk á landsbyggðinni vilji ekki fá matvöru síðasta söludags á borðið hjá sér eða í hillur verslananna. Við höfum talað um ferska fiskinn, svokallaðan flugfisk, sem fer daglega í flug og er orðið miklu meira um en var. Þegar atvinnurekendur úti á landi eru spurðir hvers vegna þeir noti ekki sjóflutningana er svarið þetta: Það eru of strjálar ferðir og mikið óhagræði af sjóflutningunum. Það kostar ákveðið að koma vörunni um borð í skipið, frá borði aftur og keyra hana á þann stað þar sem menn ætla að brúka vöruna hvar svo sem það er.

Það er því svo margt sem er undirliggjandi, það er svo margt sem hefur breyst, eins og hv. þm. Kristján L. Möller kom inn á í ræðu sinni, við erum á fleygiferð í umhverfi breytinga. Hraðinn og kröfurnar eru orðnar það miklar að menn kæra sig ekkert orðið um að nota sjóflutninga, telja það staðnaðan og úreltan flutningamáta.

[12:21]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Af því að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson gerir hafnirnar enn að umtalsefni og af hverju menn noti þær ekki skulum við taka Vestfirði sem dæmi. Eru strandsiglingar Eimskips ekki bara til Ísafjarðar? Þá er eftir allt suðursvæðið. Ekki væri skynsamlegt að flytja vöruna með skipi til Ísafjarðar og keyra hana svo suður á Patreksfjörð. Við skulum hafa í huga að þetta er hluti af vandamálinu. (Gripið fram í.)

Fyrir norðan hafa skipin hins vegar komið við á Sauðárkróki, Siglufirði, Akureyri og Húsavík, á fleiri stöðum. Ég sagði áðan að mér fyndist fullkomlega eðlilegt að skoða hvort haldið væri úti strandsiglingum eins og á Ísafirði með skipulegum og góðum ferðum út frá því.

Hitt atriðið sem hv. þm. nefndi var með fiskflutningana. Það snýr að skattheimtunni. Ímyndum okkur 40 feta gám af fiski á bryggju. Ef gámurinn er tekinn, settur á sleða og keyrður suður í flutningabíl þarf viðkomandi ekki að borga hafnargjöldin og hvað þetta allt saman heitir til hafnarinnar og ég tek það skýrt fram að gámurinn er á hafnarsvæðinu. Ef hann er hins vegar hífður í hina áttina um borð í skipið fær hann öll gjöldin á sig. Það er náttúrlega dálítið hjákátlegt.

Virðulegi forseti. Ég hygg og vona að hv. þm., formaður samgöngunefndar, komi að umræðunni á eftir um byggðaáætlunarskýrsluna. Ég trúi ekki að menn þurfi að gretta sig vegna þess. (Gripið fram í.) Ég trúi ekki öðru vegna þess að þetta er það mikilvægt í skýrslunni, sjóflutningur og annað slíkt, og hygg að við munum ræða þetta fram eftir degi. Ég vona að hv. þm. sem hefur jafnmiklar áhyggjur af málinu og ég og við höfum oft rætt saman komi með innlegg í umræðuna alveg eins og maður bíður spenntur og miklu spenntari eftir því að hæstv. samgönguráðherra komi.

[12:23]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Skýrsla um framvindu byggðaáætlunar er um margt athyglisverð og sýnir að margt hefur tekist vel til þó alltaf megi gera betur. Stjórnvöld hafa beitt sér fyrir margháttuðum aðgerðum til hagsbóta fyrir landsbyggðina og margt af því hefur bætt mjög stöðu landsbyggðarinnar þó enn séu ýmis vandamál til staðar.

Mér finnst hafa verið vaxandi skilningur á því á undanförnum árum að menntun sé eitt af stóru landsbyggðarmál-

unum. Það var ekki mikið talað um hana fyrir nokkrum árum þegar rætt var um landsbyggðarmál en nú held ég að allir séu sammála um að uppbygging menntastofnana á landsbyggðinni sé eitt af því sem skiptir hvað mestu í þróun landsbyggðarmála. Getið er um það í skýrslunni að menntamálaráðuneytið og iðnaðarráðuneytið hafi gert með sér samkomulag í fyrra um átak í uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni þar sem lögð er áhersla á eflingu náms með fjarskipta- og upplýsingatækni og til þess varið 100 millj. kr. á ári næstu þrjú árin. Í skýrslunni kemur fram að á þessu ári fari fjármunirnir í háskólanámsetur á Egilsstöðum, fræðasetur á Húsavík, eflingu þjónustu vegna háskólanáms og símenntunar á Vestfjörðum, eflingu símenntunarmiðstöðva um allt land, kjarnaskóla og framhaldsskóla á landsbyggðinni vegna starfsmenntunar, þróunarverkefni í grunnskólum í dreifðum byggðum á Vestfjörðum, þróun framhaldsskóla á Snæfellsnesi, háskóla vegna skipulags og þróunar námsframboðs í fjarkennslu, skráningarvinnu í menningarstofnununum og miðlun menningarefnis.

Þetta eru allt saman mjög mikilvæg verkefni og landsbyggðinni til hagsbóta. Þessu til viðbótar má geta þess að á undanförnum árum hefur orðið gríðarleg uppbygging í háskólastofnunum á landsbyggðinni. Háskólinn á Akureyri reið á vaðið og tókst einstaklega vel til. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hefur vaxið og dafnað og er mjög mikilvæg stofnun á landsbyggðinni og starfsemin í Viðskiptaháskólanum á Bifröst, sem er einkaskóli, hefur vaxið með ótrúlegum hraða. Það er gríðarleg aðsókn í þann skóla og mikil uppbygging og kraftur í starfseminni. Þetta er allt af hinu góða. Ég held að þetta skipti landsbyggðina mjög miklu máli og ekki síður fjarkennslan sem fer vaxandi um allt land. Menn sitja með sveittan skallann vítt og breitt um landið og nema við Háskólann á Akureyri, Viðskiptaháskólann á Bifröst, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og fleiri skóla í gegnum tölvur og þurfa ekki að fara langar leiðir til náms. Þetta er mjög mikilvægt.

Ég held að ákvörðun ríkisstjórnarinnar fyrir tveimur árum um stórátak til atvinnusköpunar á landsbyggðinni hafi skipt verulegu máli. Þar voru lagðir margir milljarðar fyrst og fremst til samgöngubóta, en einnig 700 millj. kr. til að efla atvinnulífið í formi hlutafjár og styrkja til nýsköpunar. Þetta hefur skilað verulegum árangri og fyrst og fremst samgöngubæturnar náttúrlega sem skipta landsbyggðina miklu máli. Við höfum séð að þar hefur átakið gert verulegt gagn. Ekki síður peningurinn sem veittur var til hlutafjárkaupa og til að styrkja sprotastarfsemi vítt og breitt um landið. Þar hefur Byggðastofnun haft með úthlutun peninganna að gera og er lokið að koma hinum 350 millj. kr. til 23 aðila vítt og breitt um landið. Starfsmenn Byggðastofnunar lögðu mikla vinnu í að kanna umsóknir og mjög margar umsóknir bárust. Ég held að þarna hafi tekist afskaplega vel til og ég er viss um að mörg þessara fyrirtækja eigi eftir að skila mörgum störfum á landsbyggðinni og þeim peningum sem ríkisstjórnin lagði í þetta sé vel varið. Þó mönnum finnist þetta kannski ekki stór upphæð held ég að hún eigi eftir að gera mjög mikið gagn. Það er langt komið að úthluta styrkjunum, 150 millj. kr., og vonandi mun það ekki síður takast vel til. Menn hafa lagt mjög mikla vinnu í að rannsaka umsóknirnar og reyna að beina þeim peningum þangað sem þeir koma að mestu gagni.

Það er engum blöðum um það að fletta að það hafa verið gríðarlegar framkvæmdir í vega- og jarðgangagerð á undanförnum árum sem hefur gerbreytt aðstöðu landsbyggðarmanna hvað samgöngur varðar. Við sjáum það ef við förum hringveginn og við sjáum það ef við förum Vestfirðina og víðar um landið að alls staðar hefur ríkið verið að byggja upp öflugt vegakerfi, einnig jarðgöng, Fáskrúðsfjarðargöng, Almannaskarðsgöng, væntanleg Siglufjarðargöng. Allt ógurlega fjárfrekar framkvæmdir sem nýtast fyrst og fremst landsbyggðinni. Það má ekki gleymast þegar rætt er um byggðamál að það hefur orðið alger bylting í samgöngumálum á undanförnum árum og sjálfsagt aldrei í Íslandssögunni verið gert meira í þeim málum sem skiptir fólkið í hinum dreifðu byggðum geysilega miklu máli þó auðvitað bíði þar enn stór verkefni og í okkar fámenna en stóra landi verður sjálfsagt aldrei lokið að fullu því sem þarf að gera í samgöngumálum.

Eitt af því sem mér finnst að hafi tekist afskaplega vel í byggðamálunum á undanförnum árum er tilkoma atvinnuþróunarfélaganna. Ég held að það hafi fyrst og fremst verið fyrir frumkvæði Egils Jónssonar sem þá var formaður stjórnar Byggðastofnunar að farið var með þau mál í þann farveg sem núna er. Áður var Byggðastofnun að dreifa styrkjum, milljón hér og milljón þar, til einstakra sveitarfélaga og alls konar félaga sem voru að reyna að vinna að atvinnusköpun. Þetta skilaði ekki miklu. Þetta voru einyrkjar og kannski menn í hálfu starfi hjá sveitarfélögunum sem voru að vinna annað eftir hádegi og ég held að það hafi nánast ekkert komið út úr þessu.

Sú breyting varð þarna fyrir frumkvæði Egils Jónssonar á sínum tíma að farið var út í það að stofna til eins atvinnuþróunarfélags í hverju kjördæmi sem Byggðastofnun styddi með mjög myndarlegum hætti. Í stað þess að menn væru að paufast einn og einn í hverju horni er núna í öllum gömlu kjördæmunum eitt félag með 3, 4, kannski 5 starfsmenn sem vinna saman og þeir eru allir sammála um að þetta sé miklu betri aðferð og nýtist betur. Fjárframlög til þessa hafa verið aukin jafnt og þétt og voru, ef ég man rétt, 103 millj. í hittiðfyrra, 115 millj. í fyrra og yfir 120 millj. í ár. Ég tel að flest þessi félög, ef ekki öll, vinni afskaplega gott starf. Þau eru yfirleitt vel mönnuð. Menn hafa fengið þarna til starfa mikla áhugamenn um uppbyggingu á landsbyggðinni sem hafa unnið ágætt starf og ég held að þetta hafi verið mjög góð breyting frá því sem áður var í sambandi við styrki til atvinnuþróunar á landsbyggðinni.

Í skýrslunni er minnst á samvinnu opinberra sjóða, á bls. 5, þ.e. talað um aukna samvinnu opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnulífsins. Minnt er á að haldnir hafi verið fundir með fulltrúum Ferðamálasjóðs, Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Lánasjóðs landbúnaðarins, Orkusjóðs, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Byggðastofnunar þar sem menn hafi skipst á upplýsingum og talað um að gera þurfi þetta með skipulegum hætti. Ég er alveg sammála því að þessar stofnanir þurfa að vinna saman. Ég hef reyndar verið þeirrar skoðunar að það ætti að sameina nokkra af þessum sjóðum. Það var mikið rætt í sambandi við lagasetninguna um Byggðastofnun fyrir einum fjórum árum og voru flestir

sammála því að þessum sjóðum þyrfti að þrýsta eitthvað saman en þegar til á að taka er alltaf einhver andstaða við það og kannski ýmis ljón í veginum. Það hefur þó orðið úr að Ferðamálasjóður hefur verið færður til Byggðastofnunar. Ég held að það hafi verið ágætisaðgerð og tekist vel til en það er mikilvægt að þessir sjóðir vinni saman og rekist ekki á í störfum sínum.

Hér er rætt um endurgreiðslu flutningskostnaðar á bls. 7 þar sem bent er á að iðnaðarráðuneytið sé að kanna möguleika á að taka upp endurgreiðslu til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni vegna hás flutningskostnaðar. Það held ég að sé mjög mikilvægt. Flutningskostnaðurinn er mjög hamlandi fyrir starfsemi úti á landi og við höfum oft heyrt menn tala um að fyrirtæki sem eru að framleiða úti á landi og selja á höfuðborgarmarkaðnum eða flytja vöruna til Reykjavíkur til að koma henni í skip til útlanda kvarta undan þessum flutningskostnaði. Reyndar þarf ekki að fara lengra en norður fyrir Hvalfjörð þar sem dregið hefur úr mönnum að setja upp starfsemi þar vegna flutningskostnaðar og kostnaðar við Hvalfjarðargöng. Flutningskostnaðurinn skiptir máli og ég fagna því að ráðuneytið skuli vera með það mál í athugun.

Á bls. 14 er minnst á alþjóðlegt samstarf og bent á að við þurfum að fylgjast vel með stefnu annarra þjóða í byggða- og atvinnumálum og reyna að nýta okkur hugmyndir þeirra, draga lærdóm af reynslu annarra þjóða. Ég tek eindregið undir þetta. Ég held að það skipti mjög miklu máli því að byggðaþróunarvandamál sem við höfum verið að stynja undan á undanförnum árum er ekki sérískenskt fyrirbrigði. Þetta er alþjóðlegt vandamál. Ég minnist þess þegar ég var staddur í Bandaríkjunum fyrir 2–3 árum að mér var sagt að í sögu Bandaríkjanna hefði aldrei verið meira vandamál en núna hinn rosalegi flutningur fólks frá dreifbýlinu til stórborganna. Þetta er vandamál líka víða um Evrópu og þess vegna er þetta ágætisábending. Þetta hefur reyndar verið rætt á vettvangi Byggðastofnunar og ákveðið þar að auka samskipti við aðrar þjóðir. Menn telja það mjög gagnlegt og við höfum gert allt of lítið af þessu. Stjórn Byggðastofnunar og starfsmenn hafa hins vegar ákveðið að efla mjög þessi samskipti og gera könnun á því hvað aðrir eru að gera í þessum málum.

Hæstv. ráðherra gerði ágæta grein fyrir starfsemi Byggðastofnunar. Ég ætla engu við það að bæta öðru en því að taka fram að það er afskaplega gott starfslið í Byggðastofnun. Þar eru eitthvað yfir 25 manns. Því var spáð á sínum tíma að erfitt yrði að manna stofnunina með hæfu fólki þarna úti á landi og aðeins einn starfsmaður stofnunarinnar flutti með henni frá Reykjavík en sem betur fer tókst afskaplega vel til og mikill fjöldi fólks hefur sótt um stöður þar, bæði í upphafi og eins þegar stöður hafa losnað. Menn hafa vandað sig við mannaráðningar og það er afskaplega hæft og gott starfsfólk þarna.

Við höfum oft heyrt í umræðunni að það er ósköp auðvelt að sparka í Byggðastofnun, bölva henni og tala um að þar sé allt ómögulegt en oft finnst mér vera talað af mikilli vanþekkingu. Sem betur fer finnst mér þessi gagnrýni hafa farið dvínandi á undanförnum árum, m.a. vegna þess að þetta fólk vinnur afskaplega góða vinnu.

Það má segja frá því líka að þarna er mjög samhent stjórn sem er skipuð mönnum úr hinum ýmsu flokkum í pólitíkinni en þeir hafa aldrei í neinu tilfelli sem ég man eftir látið það trufla störf sín í Byggðastofnun. Þvert á móti hafa þeir unnið afskaplega vel saman eins og vera ber.

Eitt hefur gerst núna, bankarnir eru farnir að sinna landsbyggðinni aftur. Við munum það fyrir tveimur árum eða svo að bankarnir voru búnir að loka á landsbyggðina nema stærstu fyrirtækin. Nú hefur það gerst að bankarnir hafa farið eins og ryksugur um landsbyggðina og náð fyrirtækjum í viðskipti, boðið þeim hagstæð lán. Það er mjög jákvætt. Það er jákvætt í byggðaþróuninni ef bankarnir fara að sinna landsbyggðinni betur og það hafa þeir gert núna. Það hefur leitt til þess að menn hafa í stórum stíl greitt upp lán sín hjá Byggðastofnun sem mun væntanlega gera lánastarfsemi þeirrar stofnunar erfitt fyrir þó að það sé náttúrlega ekki hennar að vera að standa í samkeppni.

Vandamálið við þetta er hins vegar kannski það að bankarnir velja bestu kúnnana. Þeir velja þá sem hafa yfir aflaheimildum að ráða, stærstu iðnfyrirtækin og þau fáu fyrirtæki í ferðaþjónustunni sem standa vel. En gott og vel, þetta er breyting sem á margan hátt er jákvæð. Vandamálið er þó að lánastarfsemi Byggðastofnunar sitji eftir með þá sem eiga erfiðast.

Það er rétt að minna á að margs háttar atvinnustarfsemi á landsbyggðinni hefur stóraukist á undanförnum árum. Það má minna á stóriðjuna í Reyðarfirði sem er stærsta byggðamál sögunnar og á eftir að skapa þar gríðarlega mörg störf og vonandi velsæld. Uppbyggingin á Grundartanga hefur tekist vel. Þar eru allt að 400 störf, það er verið að stækka Norðurál og stendur til að stækka það meira, stækka járnblendiverksmiðjuna, byggja rafskautaverksmiðju. Það er í pípunum að byggja kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal og stálpípuverksmiðju í Keflavík. Fiskeldið er að rísa víða um land með mörg störf og margt fleira mætti til tína eins og hæstv. ráðherra gerði reyndar í ræðu sinni. Það er augljóst að það er mikill uppgangur í atvinnustarfsemi víða um land þó að vandamálin séu enn veruleg á einstökum landsvæðum, þá kannski fyrst og fremst á Norðvesturlandi.

Það er augljóst af þessari skýrslu að margt hefur verið gert og margt er í pípunum til að efla landsbyggðina þó að auðvitað megi alltaf gera betur. Eins og fram kom í ræðu hæstv. iðnaðarráðherra hefur sú breyting orðið að íbúum tveggja landsbyggðarsvæða hefur fjölgað á sama tíma og fækkað hefur á höfuðborgarsvæðinu. Það hefði þótt frétt fyrir nokkrum árum.

[12:38]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni fyrir yfirferð hans. Við höfum oft verið samstiga í ýmsu í umræðum um byggðamál.

Því langar mig að spyrja hv. þingmann út í nokkuð sem snýr að rekstrarskilyrðum fyrirtækja. Í því dæmi sem ég tók áðan sat hv. þm. sem aðalmaður hér á þingi, þ.e. við skattkerfisbreytinguna 2001 sem ég hef gert að umtalsefni nokkrum sinnum þar sem tekjuskattur fyrirtækja var lækkaður úr 30% niður í 18%, eignarskatturinn lækkaður að mig minnir um helming þá en tryggingagjald fyrirtækja hækkað. Þetta hafði þær afleiðingar í för með sér sem ég sagði áðan

og vil segja núna rétt til upprifjunar að fyrirtækjarekstur í Reykjavík og á Reykjanesi, þeim tveimur skattumdæmum, hagnaðist um 2,7 milljarða kr. Fyrirtækjarekstur í hinu gamla kjördæmi Vesturlandskjördæmi hagnaðist á þessum sama tíma og með nákvæmlega sama útreikningi og sama samanburði um 4 millj. kr. Telur hv. þm. þetta eðlilegt og að þarna sé gætt jafnræðis milli atvinnurekstrar á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu?

[12:40]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú hef ég ekki séð neinar tölur á prenti um það sem hv. þm. er að segja. Þetta eru hans orð og ég ætla ekki ... (**KLM:** ... nefndarálitinu.) Ef ég mætti aðeins ljúka máli mínu fyrir pirringnum í hv. þingmanni er ég að segja það að ég er ekki með neitt um þetta í höndunum. Ég tel hins vegar að þær skattbreytingar sem þessi ríkisstjórn hefur gengist fyrir fyrir fyrirtækin í landinu hafi styrkt atvinnulífið með þeim hætti að það er aldrei sterkara en eftir þær.

Af því að hann nefnir Vesturland held ég að ég megi fullyrða að atvinnulífið á Vesturlandi er í miklum blóma. Ég minnist þess að þegar ég byrjaði á Alþingi 1991 var bölvað basl í atvinnurekstri vítt og breitt um Vesturland. Það hefur bara gjörbreyst, það er allt annað ástand og það er kannski fyrst og fremst að þakka því að ríkisstjórnin hefur breytt skattumhverfi fyrirtækjanna, lækkað tekjuskattinn, fellt niður aðstöðugjaldið og fleira í þeim dúr. Eignarskatturinn er á förum. Allt þetta styrkir atvinnulífið í landinu og við verðum að líta á það jákvætt, hv. þingmaður.

[12:41]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Með þessari skattkerfisbreytingu komu fram gögn úr efnahags- og viðskiptanefnd frá ríkisskattstjóra um þær tölur sem ég nefndi. Af því að hv. þm. skýlir sér á bak við það að hann hafi þær ekki ætla ég að snúa spurningunni við.

Segjum sem svo að þær upplýsingar sem ég fer hér með séu réttar — telur þá hv. þm. að þessi skattkerfisbreyting hafi komið jafnt út fyrir allan atvinnurekstur, sama hvort hann var á Vesturlandi eða á höfuðborgarsvæðinu? Mig varðar ekkert um atvinnulífið, hvernig það var á þeim ömurlegu árum 1990–1991 þegar erfiðleikar voru miklir. Aðeins þetta, ef þær tölur eru réttar sem ég er hér að nefna telur þá hv. þm. að þarna hafi jafnræðis verið gætt í skattkerfisbreytingum gagnvart fyrirtækjarekstri á Vesturlandi og í Reykjavík og á Reykjanesi?

[12:42]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki að skýla mér á bak við eitt eða neitt. Ég bendi á að þær breytingar sem þessi ríkisstjórn hefur gengist fyrir í skattamálum hafa rifið upp atvinnulífið í landinu og stórbætt atvinnuástandið. Þetta er í stíl við annað sem ríkisstjórnin hefur verið að gera í sambandi við uppbyggingu atvinnulífsins, breyta skattkerfinu, fella niður aðstöðugjaldið, lækka tekjuskatt fyrirtækjanna, afnema eignarskattinn og gera svo ótal margt annað til að byggja upp atvinnulífið í landinu. (Gripið fram í.)

Það er alltaf hægt að nöldra út af einhverju en, hv. þingmaður, við verðum að líta heildstætt á hvernig þetta kemur út fyrir atvinnulífið í heild. Það kemur auðvitað alveg stórkostlega vel út. Það er táknrænt fyrir Samfylkinguna að enda svo ræðu sína á því að sig varði ekkert um það sem ég hef verið að segja um hvernig þetta var áður. Auðvitað skiptir máli hvernig ástandið var fyrir 13 árum, hv. þingmaður, þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar kom að öllu í molum eftir Samfylkinguna sem nú er og vinstra liðið í landinu. Atvinnulífið var allt í rúst. (**KLM:** Var það ríkisstjórn ...?) Atvinnulífið var allt í rúst, hv. þingmaður, hvað sem þú galar fram í. Það er alveg táknrænt fyrir þessa gömlu kreppukrata að koma svo hér og segja: Mig varðar ekkert um hvernig ástandið var.

Það sem skiptir máli, hv. þingmaður, er hvernig ástandið er í dag og hvað þessi ríkisstjórn hefur gert til að bæta ástand atvinnufyrirtækjanna í landinu. Það er það sem skiptir máli og það er alveg með ólíkindum að koma hér og segja að sig varði ekkert um hvernig ástandið var þegar vinstri stjórnin hrökklaðist frá með allt á hælunum.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill minna hv. þingmenn á að ávarpa forseta.)

[12:44]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Mér finnst skýrslan sem við erum að fjalla um hér, skýrsla byggðamálaráðherra um framvindu byggðamála, algjörlega ófullnægjandi. Hvers vegna segi ég það? Jú, það er ófullnægjandi hvernig árangurinn er metinn. Ekkert mat er lagt á fjölgun starfa á landsbyggðinni í fyrsta lagi. Í öðru lagi er ekkert yfirlit yfir íbúaþróun á landsbyggðinni. Ég tel að ef við ætlum að halda áfram að fjalla um byggðamál með einhverjum vitrænum hætti verðum við að hafa einhverjar mælistærðir sem við berum saman á milli ára en tölum ekki um einstök verkefni út og suður, eins og mér finnst því miður stundum að ríkisstjórnarflokkarnir vilji gera. Þeir tala um eitt og eitt verkefni, forðast að ræða um sum mál og ég tel að við verðum að koma þessari umræðu á vitrænna svið en nú er. Það er ekkert vit í því að fjalla um 30 blaðsíðna skýrslu og við fáum engar mælistærðir, hvernig við mælum árangurinn. Það er sagt frá einhverjum milljónum sem fara í hin og þessi verkefni. Ég tel að þessu þurfi að breyta. Ég á von á að margir aðrir hv. þm. séu mér sammála um að þetta gangi ekki lengur.

Almennt í umræðu um byggðamál finnst mér vera kominn tími til að ræða hlutina. Í gær var verið að tala um byggðamál og mér heyrðist á hæstv. byggðamálaráðherra að ég væri hálfvanþakklátur fyrir það að ríkisstjórnarflokkarnir hefðu flutt Byggðastofnun til heimabæjar míns, Sauðárkróks. Ég spyr: Eigum við sem búum á landsbyggðinni að vera eitthvað sérstaklega þakklát fyrir það að stofnun eins og Byggðastofnun sé flutt út á land? Hvar á hún betur heima en úti á landi? Ég spyr. Mér finnst það bara ósköp eðlilegt. Ég segi það, eigum við sem búum úti á landi að vera eitthvað sérstaklega þakklát fyrir að lagðir séu vegir? Mér finnst þetta bara sjálfsagt mál.

Svo getum við líka snúið dæminu við og sagt að einhverra hluta vegna væri stofnun sem fjallaði um borgarmál

staðsett austur á fjörðum og þá ættu Reykvíkingar að vera sérstaklega þakklátir yfir því að stofnunin yrði flutt suður á land. Nei, ég held að það væri bara eðlilegt mál sem þyrfti ekki að fjölyrða mikið um.

Fleira er athyglisvert við þessa skýrslu, t.d. að ekkert er fjallað um einn helsta atvinnuveg landsbyggðarinnar, sjávarútveginn. Það er náttúrlega mjög sérstakt, svo að ekki sé meira sagt. Það er eftir öðru að ríkisstjórnarflokkarnir forðast að ræða sjávarútvegsmál en auðvitað vita allir, og örugglega skýrsluhöfundar, að það hvernig komið er fyrir sjávarútvegi landsmanna er ein helsta ástæðan fyrir því hvernig komið er í sjávarbyggðunum. Auðvitað eigum við að ræða það í svona skýrslu, mér finnst það. Ég tel að skýrslan sé hálfhlægileg þegar ekkert er fjallað um sjávarútvegsmál, eða nánast ekki neitt.

Það er annað sem þarf að tala um í sambandi við byggðamálin. Það má helst ekki minnast á vanda landsbyggðarinnar, þá er verið að draga kjark úr fólki. Það virðist ekki mega tala um hlutina eins og þeir eru. Ég hafna því alfarið. Hvernig ætlum við að komast fyrir raunverulegan vanda landsbyggðarinnar ef við tölum ekki um meinið?

Hvað sem því líður ætla ég að halda mig við skýrsluna. Í inngangi að henni kemur heildarmat Byggðastofnunar og það er eins og áður, þar er ekkert fjallað um fjölda starfa eða íbúaþróun. Að vísu eru ágætisverkefni tíunduð. Það kom fram að ríkisstjórnin hefði veitt 700 millj. kr. framlag til að auka hlutafé í sprotafyrirtækjum. Það er mjög vel, það ber að þakka. Ef eitthvert verulegt gagn ætti að vera að skýrslunni kæmi auðvitað fram um hversu mörg störf hefði fjölgað úti á landi vegna þessara upphæða.

Síðan er fjallað enn og aftur um menningarhús, talað um samning um byggingu menningarhúsa. Ég veit ekki hvað menn ætla að fjalla lengi um þau. Er ekki komið á annan áratug sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa fjallað um menningarhúsin? Kannski má velta því upp hvers vegna menn fjalli ekki um fjölgun starfa og íbúaþróun á landsbyggðinni. Hvers vegna hafa menn það ekki inni í þessari skýrslu?

Hér verður innan tíðar umræða um fjölgun eða fækkun starfa í sjávarplássi og þegar ég grennslaðist fyrir um það um daginn kom í ljós að störfum hafði fækkað um 100 í einungis litlu sjávarþorpi í valdatíð Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins.

Svo er í skýrslunni fjallað um stuðningsverkefni fyrir frumkvöðla en ekkert kemur fram hvað störfum hafi fjölgað mikið við þau. Hérna er t.d. ágætisverkefni tíundað í skýrslunni, Brautargengi, 15 vikna námskeið fyrir konur til að hvetja þær til atvinnusköpunar. Mér skilst að 60 konur af landsbyggðinni hafi sótt þetta námskeið. Hverju hefur það skilað? Það vantar algerlega í skýrsluna. Hins vegar eru tíundaðir samningar Byggðastofnunar við atvinnuþróunarfélögin og á bls. 5 í skýrslunni kemur fram að þar hafi störfum fjölgað um fjögur. Auðvitað ber að þakka það sem vel er gert. Síðan er skýrslan því miður full af skýrsluskvaldri eins og ég kalla það. Verið er að vitna í lög og reglugerðir og mjög lítið kjöt er á beinunum hvað varðar í rauninni afrakstur þessarar vinnu.

Á bls. 6 er síðan fjallað lítillega um stækkun sveitarfélaga. Í sjálfu sér finnst mér mjög þarft verk að skoða stækkun sveitarfélaga en ég tel að það sé enn ein leiðin til að forðast að ræða raunverulegan vanda landsbyggðarinnar, það að fara allt í einu að ræða um sameiningu sveitarfélaga. Það er líka annað athugavert við þá vinnu. Þegar nefndin sem á að fjalla um sameiningu sveitarfélaga var sett saman var Frjálslyndi flokkurinn settur út. Það er með ólíkindum að hæstv. félagsmálaráðherra skuli beita svo ólýðræðislegum vinnubrögðum því að ég er sannfærður um að Frjálslyndi flokkurinn hafði miklu meira fram að færa varðandi byggðamál en Framsóknarflokkurinn, eða a.m.k. sýna tölur um íbúaþróun að sagan er Framsóknarflokknum mjög óhliðholl. Hann hefur reynst mjög slæmur fyrir landsbyggðina í þessari níu ára setu. Það sjá allir sem fara í gegnum tölur Hagstofunnar.

Ég tel að hæstv. félagsmálaráðherra ætti að fara að dæmi hæstv. menntamálaráðherra, fjölga í nefndinni og koma okkar góðu sjónarmiðum í Frjálslynda flokknum inn í hana. Ég er alveg sannfærður um að það mundi liðka fyrir málinu frekar en hitt.

Síðan er það í fjórða lagi á bls. 7, efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni. Hæstv. forseta þingsins Halldóri Blöndal og hv. þm. Magnúsi Stefánssyni var falið að skrifa nýja skýrslu, skilst mér, og engin störf koma út úr því.

Í fimmta lagi er í skýrslunni fjallað um athugun á búsetuskilyrðum fólks og í sjötta lagi athugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna. Þó svo að það hafi verið rætt á þingi að rafmagnsverð hjá fyrirtækjum á landsbyggðinni sé 30% hærra en á höfuðborgarsvæðinu er ekki fjallað um það í skýrslunni. Hins vegar er rætt um flutningsjöfnun, enn og aftur. Hæstv. byggðamálaráðherra ræddi um flutningsjöfnun hér. Ég veit ekki hvað hún er búin að gera það í mörg ár en ekkert kemur út úr því. Hið eina sem hefur gerst er að sú litla flutningsjöfnun sem var í landinu var aflögð, þ.e. flutningsjöfnun á sementi. Mér finnst furðulegt að talað skuli vera um flutningsjöfnun á vörum ár eftir ár og ekkert gerist nema þá að það versni.

Um byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð er ágætur kafli og mér sýnist á þeim kafla að þar komi til fimm störf. Ég reiknaði þetta út og sló á að það væru fimm störf, ekki meira. Það er hins vegar ekkert tekið á vanda Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Sérstaklega í Ólafsfirði hefur störfum farið fækkandi í sjávarútvegi, m.a. vegna fiskveiðistjórnarkerfisins eða óstjórnar í því. Ég tel að þar sé um mikinn vanda að ræða og skýrsla um byggðaáætlun sem hefði einhvern raunverulegan metnað tæki sérstaklega á þeim atriðum þar sem út af ber. Það væri einblínt á sjávarbyggðirnar.

Hér er í áttunda lagi fjallað um eflingu núverandi landbúnaðarskóla sem fræðslu-, rannsóknar- og þróunarsetur og ég tel að það sé mjög gott mál. Því miður kemur ekkert fram hvað störfum fjölgar. Hvað varðar landbúnaðarráðuneytið hefur hæstv. landbúnaðarráðherra verið þekktastur fyrir það nú síðustu árin að fækka sláturhúsum og hann virðist leggja sum byggðarlög nánast í einelti, svo sem í Búðardal. Maður furðar sig á því.

Í níunda lagi er fjallað um eflingu fiskeldis og ég tel að það sé mjög gott mál. Hér kemur fram að helmingi af andvirði steinullarverksmiðjunnar sem svarar til 105 millj. kr. hafi verið varið til tveggja verkefna á sviði fiskeldis. Ég tel að það sé mjög gott mál og fyrir það ber að þakka.

Síðan kemur kafli um fjarskiptamál í dreifbýli, það er m.a. UD, upplýsingatækni í dreifbýli. Við Ísafjarðardjúp stendur byggð höllum fæti og fólk hefur sótt um það árum saman að tengjast með ISDN-tengingu. Ekkert gerist þó og það fæst varla svar frá Landssímanum þangað til nú nýlega að svar kom um að viðkomandi fengju ekki að vera tengdir með ISDN-tengingu. Þetta gerir náttúrlega fólki illkleift hreinlega að stunda nútímalífshætti. Það er ekki hægt að greiða reikninga í heimilisbanka því slíkt krefst þessara tenginga, þetta er orðið það þungt umhverfi. Það er í raun-inni með ólíkindum að hæstv. byggðamálaráðherra skuli ekki hafa metnað fyrir því að halda þessum bæjum í byggð og tengja þá sérstaklega. Þarna stendur byggð hvað höllust-um fæti og það er mjög mikilvægt að þeir séu tengdir og verði í byggð, líka út frá öryggissjónarmiðum.

Síðan er það jöfnun verðs á gagnaflutningum. Fram kemur að Landssíminn hafi náð samkomulagi við sam-gönguráðherra frá 16. mars 2001 sem tryggi uppbyggingu ATM-gagnaflutningsneta. Þetta lítur allt vel út á pappírn-um. En því miður er raunveruleikinn sá að þau sveitarfélög eða þau fyrirtæki sem geta einungis tengst með þessum hætti þurfa að greiða 55 þús. kr. fyrir símtengingu. Flest þeirra kæmust vel af með ADSL sem kostar 3.500 kr. Ég sé að þarna er stór og mikill munur á búsetu- og starfsskilyrð-um fyrirtækja á þessum svæðum og ég hefði talið að það ætti að vera eitt af forgangsverkefnum að leysa þetta mál.

Ég sé að tíma mínum er að ljúka og reikna með að fjalla í næstu ræðu um síðari hluta skýrslunnar sem er jafnþunnur og fyrri hlutinn.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:59]

Varnir gegn mengun hafs og stranda, frh. 3. umr.

Frv. umhvn., 206. mál (mengunarlögsaga). — Þskj. 206.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, BöðJ, DJ, DrH, EKG, GuðjG, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JónK, KF, KÓ, KolH, KHG, KHeim, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SigurjÞ, SF, SJS, StB, ÞBack, ÖJ, ÖHJ.

29 þm. (ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, BH, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, JóhS, JGunn, JBjart, KJúl, KLM, LB, RG, SAÞ, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 229)

Umræður utan dagskrár.

Áfengisauglýsingar.

[13:33]

Mörður Árnason:

Forseti. Frakkland, sunnan Signu, er eitthvert mesta vín-ræktarland Evrópu. Það má heita hluti af almennri menntun að þekkja helstu vínræktarhéruð Frakka og helstu vín frá því landi. Því má ekki gleyma að sumar víntegundir heita beinlínis í höfuðið á frönskum héruðum, Champagne, Cognac. Þó eru auglýsingar á áfengi takmarkaðar verulega í Frakklandi. Þar eru t.d. engar áfengisauglýsingar sýndar í sjónvarpi, hvað sem líður tegund eða styrkleika. Í auglýs-ingum annars staðar má myndefni bara vera söluvaran sjálf með umbúðum sínum og í auglýsingatexta skal fyrst og fremst fjallað um uppruna og eðli viðkomandi víntegundar. Skilyrði er að þar sé líka viðvörun um afleiðingar ofneyslu áfengis samkvæmt lögum frá 1991.

Á Íslandi eru hins vegar óáreittar auglýsingar um allar tegundir áfengis. Þær eru í dagblöðum, þar á meðal Morg-unblaðinu, í sjónvarpi, þar á meðal Skjá 1, hinu nýja ríkis-sjónvarpi, í tímaritum og utan húss á almannafæri, hvað sem lögin segja því að yfirvöld framfylgja ekki lögunum. Þess vegna hafa vínsalar, framleiðendur og innflytjendur tekið lögin í sínar hendur og ganga sífellt lengra í auglýs-ingamennsku sinni.

Það er athyglisvert fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra að auglýsingum um áfengi, sérstaklega um bjórtegundir, er fyrst og fremst ætlað að höfða til ungs fólks og til unglinga. Það er sá hópur sem auðveldast er að innræta neysluvenjur og vörutryggð, oftast með því að reyna að gera vörumerkið flott og kúl og sexað, samanber sjónvarpsauglýsingar um ungt fólk, fjör og bjór, um ungt fólk, rokk og bjór, um ungt fólk, hold og bjór.

Franskar vínauglýsingar eru barnaleikur miðað við Ís-land. Ungt fólk í vínræktarlandinu Frakklandi nýtur miklu betri verndar fyrir áfengisáróðri árið 2004 en reyndin er á Íslandi.

Hæstv. heilbrigðisráðherra er hér til svara, m.a. vegna þess að það hefur reynst í geitarhús ullar að leita að spyrja um afstöðu hjá hæstv. dómsmálaráðherra, Birni Bjarnasyni, til áfengisauglýsinga. Hæstv. ráðherra veit að það er oft rætt um fjóra þætti í forvörnum við afleiðingum áfengis. Einn er aðgengi sem mjög hefur aukist á síðustu árum hér á landi og verður að telja eðlilega þróun. Annar er áfengis-kaupaaldur sem í raun er þremur til fimm árum lægri en landslög kveða á um hér og við mörg teljum ástæðu til að skapa um betri venju og sátt með nýju aldursmarki. Þriðji er verð sem hér er þegar við efstu hugsanleg mörk. Fjórði er svo auglýsingarnar. Nú hlýtur hæstv. heilbrigðisráðherra að svara því hvort það er að hans ráðum að þar er um þess-ar mundir gefið sérstaklega eftir.

Forseti. Hæstv. ráðherra sagði um þetta mál nokkuð brattur á síðasta þingi, 5. maí, í vor að honum sýndist að ráðherrar í ríkisstjórninni þyrftu, með leyfi forseta, „að setj-ast niður og fara yfir málið og hvernig hægt er að útbúa löggjöf sem heldur".

Og áfram sagði hæstv. ráðherra:

„Við verðum að útbúa löggjöfina þannig að það sé auð-

veldara að fara eftir henni en núna er en það kostar vinnu. Menn gera það ekki á öðru hné sér ...“ Það er rétt hjá ráðherranum.

Nú er hins vegar komið haust og liðinn hálfur sjötti vinnumánuður frá 5. maí sl. Þess vegna er hér spurt, og hæstv. ráðherra er í þetta sinn beðinn að svara skýrt og ekki með því að klaga spurningarnar í aðra:

Telur heilbrigðisráðherra núna í lagi að áfengi sé á Íslandi auglýst eins og almenn neysluvara? Sé svo ekki, hyggst heilbrigðisráðherra þá beita sér fyrir því að hætt verði að auglýsa áfengi í dagblöðum, tímaritum, sjónvarpi og annars staðar á almannafæri? Sé svo, með hvaða hætti má þá búast við að heilbrigðisráðherra beiti sér fyrir því að áfengisauglýsingar leggist af á Íslandi?

[13:38]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á áfengismálum og áfengisneyslu sem hefur farið hér ört vaxandi á liðnum áratug. Ég þakka sérstaklega fyrir það að vakin skuli athygli á þessum málum með umræðu utan dagskrár, ekki síst vegna þess að mér gefst þá tækifæri til að ræða niðurstöðu fundar sem Ísland stjórnaði á vettvangi Norðurlandanna á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn á mánudaginn var um áfengismál. Á þessum fundi gerðist það sögulega og ánægjulega í norrænu samstarfi að norrænir ráðherrar málaflokksins sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu og töluðu þannig einum rómi í nokkrum meginatriðum. Þetta eitt sér markar í fyrsta lagi nokkur tímamót því afstaða og aðstæður landanna eru mjög mismunandi eins og kunnugt er.

Í öðru lagi eru norrænu ráðherrarnir sammála um að áfengi beri ekki að skoða sem hverja aðra vöru. Í því felst sú sameiginlega skoðun að gilda skulu sérstakar reglur um þessa sérstöku vöru, áfengið. Menn eru sammála um að neysla áfengis hafi víðtækar heilsufarslegar afleiðingar og í þessu felst líka sú skoðun að áfengisneysla hafi í mörgum tilvikum mjög alvarlegar félagslegar afleiðingar.

Í þriðja lagi sammæltust norrænu ráðherrarnir svo um að halda fram þessari stefnu Norðurlandanna á vettvangi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og síðast en ekki síst gagnvart Evrópusambandinu. Í því sambandi samþykktu ráðherrarnir að hvetja til þess að Evrópusambandslöndin hækkuðu skattlagningu á áfengi í því skyni að draga úr neyslunni og koma í veg fyrir ofneyslu. Vandinn í Evrópusambandslöndunum er sá mikli munur sem er á skattlagningu áfengis. Fram hefur komið að skattlagningin er tuttuguföld í Svíþjóð borið saman við Búlgaríu, svo dæmi sé tekið.

Varðandi heilsufarslegar afleiðingar er rétt að taka það fram að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin lítur svo á að ofneysla áfengis sé einn þeirra sjö þátta sem valdi flestum sjúkdómum sem ekki teljast til smitsjúkdóma. Áfengi er í þriðja sæti áhættuþáttar sem þyngst vegur í þeim sjúkdómum sem valda meira en 70% sjúkdómsbyrðar samfélaganna á Vesturlöndum.

Áfengisneysla hefur farið ört vaxandi á Norðurlöndum undanfarin missiri. Ísland er þar ekki undantekning. Áfengisneysla hér hefur aukist meira en annars staðar, eða um 37% frá árinu 1995 mælt í alkóhóllítrum. Til samanburðar er neysluaukningin í Svíþjóð 11% og í Noregi 23%. Hér er um opinberar sölutölur að ræða.

Í yfirlýsingu sem norrænu heilbrigðis- og félagsmálaráðherrarnir sendu frá sér að loknum fundinum á Norðurbryggju sem ég gat um áðan er hvatt til aukinnar samvinnu í áfengismálum á vettvangi Norðurlandanna. Það er hvatt til þess að ekki sé litið á áfengi sem hverja aðra vöru, heldur vöru sem hefur áhrif á heilbrigði þjóða og félagslegar aðstæður í löndunum. Það er líka hvatt til þess að hver þjóð fyrir sig fylgi virkri áfengisstefnu sem miðist við að draga úr neyslunni sem hefur aukist mjög í öllum löndunum, ekki síst á Íslandi þegar litið er t.d. yfir liðin tíu ár.

Í yfirlýsingu ráðherranna er bent á að alþjóðavæðing og alþjóðleg viðskipti hafi torveldað löndunum að framfylgja áfengismálastefnu sem ákvörðuð er í hverju landi fyrir sig og lýsa ráðherrarnir áhyggjum af þessu.

Norrænu heilbrigðis- og félagsmálaráðherrarnir eru þeirrar skoðunar að Norðurlöndin verði að vinna saman að því að halda fram heilbrigðis- og félagslegum sjónarmiðum á þeim alþjóðlega vettvangi þar sem teknar eru ákvarðanir sem geta haft áhrif á stefnuna í áfengismálum. Hvatt er sérstaklega til þess að Norðurlöndin beiti sér fyrir því að sjónarmiðum lýðheilsu verði gert hátt undir höfði á vettvangi Evrópubandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Bein svör mín við spurningum hv. þingmanns eru þessi:

Af því sem hér er sagt á undan er heilbrigðismálaráðherra ekki þeirrar skoðunar að áfengi eigi að auglýsa eins og hverja aðra vöru, enda gengur það gegn lögum. Það er bannað á Íslandi að auglýsa áfengi. Heilbrigðisráðherra treystir því að þeim lögum sé framfylgt í samræmi við vilja Alþingis. Að öðru leyti vísa ég til þess svars sem ég gaf við þessari fyrirspurn í vor í fyrirspurnatíma hér á Alþingi, og fyrirspyrjandi vitnaði reyndar til.

[13:43]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda, Merði Árnasyni, fyrir að taka þetta mál upp. Ég hélt að umræðan ætti að snúast fyrst og fremst um áfengisauglýsingar og bann við þeim en ekki skattlagningu á brennivíni í Evrópusambandinu og á Norðurlöndum sem er umræða sem er góðra gjalda verð.

Sem kunnugt er eru áfengisauglýsingar bannaðar samkvæmt íslenskum lögum. Þetta er nokkuð sem áfengissölum er ekki að skapi og þá hafa þeir um tvo kosti að velja, annaðhvort að vinna að því að fá lögunum breytt eða brjóta þau, í besta falli að finna leiðir til að fara á bak við þau.

Áfengissalar hafa valið síðari kostinn. Þeir brjóta lögin. Í seinni tíð hafa þeir verið að færa sig upp á skaftið og hefur keyrt um þverbak í sumar. Þess vegna er vel til fundið af hv. málshefjanda að taka þetta mál í upphafi þings til umræðu utan dagskrár til að ganga eftir því hvernig stjórnvöld hyggist bregðast við þessari ósvífnu og yfirveguðu aðferð til að brjóta íslensk lög. Þar sem sölumennirnir hafa ekki haft þrek og siðferðilega burði til að hlíta landslögum, sem er dapurlegt hlutskipti í sjálfu sér, og hafa ekki viljað fara hinar lýðræðislegu leiðir er ekki um annað að ræða en að gera annað tveggja, að sjá til þess að landslögum sé fylgt —

það er ekki gert. Hæstv. ráðherra segist treysta því að landslögum verði fylgt. Þeim er ekki fylgt. Það er verið að spyrja hvað stjórnvöld hyggist gera í því efni — eða reyna að stoppa upp í öll þau göt sem kunna að opna leiðir fyrir áfengissalana til þess að fara (Forseti hringir.) á bak við landslög. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs (Forseti hringir.) mun fljótlega tala fyrir þingmáli með tillögu í þessu efni.

[13:45]

Böðvar Jónsson:

Hæstv. forseti. Ótvírætt er að áfengisauglýsingar hafa birst í íslenskum fjölmiðlum um nokkurt skeið með beinum og óbeinum hætti. Þegar bann var sett við þessum auglýsingum á sínum tíma var fjölmiðlaumhverfið allt annað en það er í dag. Þá var hægur vandi að koma í veg fyrir að auglýsingar sem þóttu óæskilegar birtust landsmönnum í sjónvarpi eða í blöðum. Nú er öldin hins vegar öll önnur, fjölmiðlar hafa breyst, þeim hefur fjölgað og nýir miðlar hafa bæst við sem ekki voru til áður. Ég tel að bann við slíkum auglýsingum hér á landi nú sé úr takt við tímann og skili ekki lengur þeim árangri sem að var stefnt á sínum tíma.

Þegar svo er komið að lögin skila ekki lengur tilætluðum árangri er eðlilegt að endurskoða þau og breyta þeim eða fella úr gildi þau ákvæði sem ekki virka eins og þau eiga að gera, eins og á við um 20. gr. áfengislaganna sem fjallar um bann við auglýsingum á áfengi.

Ég skil mjög vel þær áhyggjur margra að áfengisauglýsingar geti haft áhrif á börn og unglinga og jafnvel ýtt undir neyslu þeirra á viðkomandi vörum. Þess vegna væri mjög eðlilegt að samhliða slíkri breytingu á auglýsingum um áfengi yrði skerpt á 20. gr. útvarpslaganna en hún fjallar einmitt um vörn barna gegn ótilhlýðilegum auglýsingum. Þannig mætti t.d. takmarka birtingartíma slíkra auglýsinga eða tryggja að þeim væri ekki beint gegn börnum og unglingum beint.

Við hljótum öll að vera sammála um það, hæstv. forseti, að ofneysla áfengis er bæði skaðleg og óæskileg. Hins vegar er bjór og léttvín ekkert annað en dagleg neysluvara á fjölmörgum heimilum. Ég er ósammála því viðhorfi að feluleikur með ákveðnar vörur komi í veg fyrir notkun þeirra. Ég tel miklu vænlegra að íslensk börn og unglingar alist upp við að umgangast slíkar vörur með gát og hógværð eins og hefur tíðkast hjá velflestum börnum í löndunum í kringum okkur.

[13:47]

Gunnar Örlygsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hv. málshefjanda, Merði Árnasyni, fyrir að taka þetta mál hér til umræðu.

Á nýrri fjarskiptaöld tel ég með öllu ómögulegt að banna áfengisauglýsingar og tel ég því brýnt að lögin verði endurskoðuð. Flest heimili á landinu búa yfir gervihnattasambandi og geta því tekið á móti fjölmörgum sjónvarpsstöðvum gegn vægri greiðslu. Eins og flest okkar vita eru áfengisauglýsingar ekki bannaðar á flestum, ef ekki öllum, erlendu sjónvarpsstöðvunum. Fyrir þessar sakir liggur í augum uppi að það missir marks að hafa í gildi lög sem banna áfengisauglýsingar á Íslandi. Þar fyrir utan má bæta við umræðuna þeim samkeppnisbresti sem innlendir framleiðendur á áfengum drykkjum búa við. Innflytjendur áfengra drykkja hafa vissulega forskot á innlenda framleiðendur í þessum skilningi. Ég hefði frekar talið að styrkja ætti innlendan iðnað en að mæla með lögum sem gera honum erfitt fyrir.

Sú afstaða að banna með öllu áfengisauglýsingar er skiljanleg. Án efa býr þar góður hugur að baki. Persónulega trúi ég ekki mikið á boð og bönn nema að litlu leyti þegar kemur að forvörnum af ýmsu tagi. Ég hef ávallt talið vænlegra að feta leið kynningar og öflugs skipulags með heildarstefnumótun löggjafans á fyrirbæri sem kallast heilbrigði, hreyfing og hollir lifnaðarhættir. Í þessu skyni vann ég ásamt fleiri þingmönnum að þingsályktunartillögu um íþróttaáætlun en hún var lögð fyrir Alþingi í síðustu viku.

Því miður er það svo, hæstv. forseti, að á meðan hv. leikmenn löggjafans rífast um hvort leyfa eigi áfengisauglýsingar er svo til aldrei á Alþingi talað um heilbrigði, holla lífshætti eða mataræði. Að mínu viti yrði stórt skref stigið í forvarnabaráttunni með innleiðingu íþrótta- og heilsuáætlunar til starfa löggjafans.

[13:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Áfengisauglýsingar eru bannaðar með lögum á Íslandi. Þau lög eru brotin nánast daglega. Hæstv. ráðherra var spurður að því hér hvort hann mundi beita sér fyrir því að farið væri eftir þessum lögum því það er alveg ljóst að með því að brjóta þau er farið gegn m.a. heilbrigðisáætlun sem samþykkt hefur verið hér á Alþingi. Þar eru forgangsverkefni m.a. áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir og börn og ungmenni, svo ég nefni bara fyrstu tvö atriðin af sjö sem talin eru upp í heilbrigðisáætlun.

Áfengisneysla hefur aukist frá 1995, segir hæstv. ráðherra í ræðu sinni, og mest á Íslandi, um 37%. Í heilbrigðisáætlun okkar segir í aðalmarkmiði um áfengis-, vímuefna- og tóbaksvarnir, með leyfi forseta:

„1.a Áfengisneysla á hvern íbúa verði ekki meiri en 5,0 lítrar af hreinu alkóhóli á íbúa 15 ára og eldri og nánast engin hjá þeim sem yngri eru.

1.b Dregið verði úr áfengis- og vímuefnaneyslu fólks undir lögaldri um 25%.“

Hvernig í ósköpunum ætlum við að ná þessum markmiðum með því að láta þetta allt óátalið? Það getur vel verið að það þurfi að endurskoða lögin en þau gilda núna í landinu og auðvitað ætti það að vera á hendi hæstv. heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir því að farið verði að þeim lögum.

Ég minni á að undir hæstv. ráðherra er allt lýðheilsustarf og Lýðheilsustöð. Þar er fjöldi ráðgjafa um þessi mál. Ég spyr hæstv. ráðherra:

Hefur hann heyrt eitthvað frá ráðgjöfum sínum í vímuefnaráði um þessar auglýsingar? Hafa þeir gefið honum ráð um hvernig eigi að beita sér gegn þessum auglýsingum?

Ég minni einnig á að með því að láta þetta óátalið förum við ekki heldur að þeim markmiðum sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur sett sér varðandi þennan málaflokk.

Ég tel, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) fulla ástæðu til þess að hæstv. ráðherra taki til hendinni þó að málaflokkurinn heyri ekki beint undir hann.

[13:52]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Í allri umræðu um áfengisauglýsingar þarf að svara einni grundvallarspurningu, þ.e.: Er áfengi eins og hver önnur vara eða er áfengi sérstök vara sem réttlætir að það megi víkja frá almennu viðskiptalegu umhverfi, svo sem varðandi auglýsingu vörunnar?

Hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, hefur svarað þessari grundvallarspurningu eins og hér hefur komið fram. Áfengi er ekki eins og hver önnur vara. Þannig hafa íslenskir þingmenn einnig svarað. Í 20. gr. áfengislaga kemur fram að áfengisauglýsingar eru bannaðar. Þó fylgir hér böggull skammrifi því að fram kemur undanþága þar sem segir að framleiðandi sem framleiðir áfengi megi nota firmanafn í tengslum við auglýsingu á drykkjum sem eru ekki áfengir. Þannig er alveg ljóst að innflytjendur og framleiðendur geta smokrað sér fram hjá auglýsingabanninu. Það hafa þeir gert. Það hefur borið mjög mikið á dulbúnum auglýsingum þar sem óáfengir drykkir eru auglýstir upp en það er greinilegt að ætlunin er að koma áfengum drykkjum á framfæri.

Í skýrslu sem vinnuhópur ríkislögreglustjóra setti fram í nóvember 2001 kemur fram að einn íslenskur framleiðandi byrjaði að framleiða óáfenga drykki að því er virðist einungis til að koma áfengu drykkjunum á framfæri. Þrjár erlendar bjórtegundir voru mikið auglýstar og sagðar óáfengar en þegar til átti að taka voru þær ekki til sölu, þ.e. óáfengar. Auðvitað var þannig verið að auglýsa upp áfenga drykki.

Ég tel að við þurfum að sporna við þessu með einhverjum hætti. Sú nefnd sem hefur skoðað þetta einna best er nefnd ríkislögreglustjóra og í niðurstöðu hennar er sagt að betur þurfi að skýra lagatextann þannig að menn viti hvað þeir mega og hvað ekki. Ég tel mjög æskilegt að þingið skoði það og veit að það er búið að flytja þingmál sem hægt er að skoða í framhaldinu, í þinglegri meðferð.

[13:54]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Það er bannað samkvæmt lögum að auglýsa bæði tóbak og áfengi hér á landi. Ákvæði laga um bann við tóbaki af öllu tagi eru skýr og afdráttarlaus og þeim hefur verið fylgt eftir. Beinar tóbaksauglýsingar sjást ekki en þrátt fyrir skýlaust bann við að auglýsa tóbak er mjög erfitt að koma í veg fyrir óbeinar upplýsingar í myndbirtingum og kvikmyndum. Bann við áfengisauglýsingum er ekki eins afdráttarlaust. Undanþágurnar eru of víðar og matskenndar. Þetta hafa framleiðendur og dreifingaraðilar notfært sér og ganga alltaf lengra og lengra í að auglýsa merki sín. Þeir munu halda því áfram og verða djarfari í beinum auglýsingum þar til gripið verður inn í þessa óviðunandi þróun með breytingu á áfengislögunum.

Fólki er farið að blöskra hve augljósar og áberandi áfengisauglýsingarnar eru orðnar. Neytendasamtökin hafa vakið athygli á því að lög um bann við áfengisauglýsingum eru brotin nær daglega í íslenskum fjölmiðlum og krefjast þess að ríkisstjórn og Alþingi grípi til viðeigandi ráðstafana til að stöðva þessar ólöglegu auglýsingar, hvort sem um hreinar áfengisauglýsingar er að ræða eða auglýsingar um áfengan bjór, dulbúnar sem léttöl eða auglýsingar fyrir áfengi, dulbúnar sem kynningar eða umfjöllun.

Algengasti mótleikur auglýsenda við banninu er sá að láta eina vöru auglýsa aðra, láta líta svo út sem verið sé að auglýsa drykk sem heimilt er að auglýsa en auglýsa í raun og veru áfengi. Mikil orka og fjármunir auglýsenda fara í að finna leiðir til að sniðganga lögin án þess að það leiði til opinberrar saksóknar. Það er meira að segja svo langt gengið að hvað eftir annað eru börn notuð í áfengisauglýsingum.

Herra forseti. Framleiðendur og dreifingaraðilar áfengis eru í raun að gefa löggjafanum langt nef (Forseti hringir.) með markvissum og útsmognum áfengisauglýsingum.

[13:56]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Markmið heilbrigðisáætlunar í áfengisvörnum til ársins 2010 gera ráð fyrir að Íslendingar dragi úr neyslu áfengis frá því sem nú er. Í raun þyrftum við því að herða reglur um áfengi, og gerast þær þó ekki strangari í hinum vestræna heimi.

Stjórnvöld hafa ýmis stjórntæki til að stýra aðgengi að áfengi og hafa áhrif á áfengisneyslu landsmanna, áfengiskaupaaldur, ríkisverslun með áfengi, bann á auglýsingum og hátt verð á áfengi. Hugmyndir um breytingar á öllum þessum þáttum hafa verið ræddar í þessum sölum og eiga þær marga stuðningsmenn meðal þingmanna. Hvers vegna hafa þessar breytingar ekki gengið eftir? Jú, stjórnmálamenn hika við að gera þær breytingar á áfengislöggjöf sem gætu stuðlað að aukinni áfengisneyslu, aukinni unglingadrykkju, ölvunarakstri og slysum í kjölfar þess. Á hinn bóginn, hver vill taka þátt í þeim skollaleik sem viðgengst um áfengisauglýsingar hér á landi? Hér birtast nánast daglega upplýsingar um áfengi í fjölmiðlum, á netinu og á auglýsingaskiltum. Eru þetta auglýsingar eða upplýsingar? Hvar liggja mörkin? Er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að birta auglýsingar á heimasíðu sinni undir merkjum upplýsinga og er vörulisti sem dreift er í vínbúðum stofnunarinnar eitthvað annað en auglýsingabæklingur? Hvað mundum við kalla bjórkynningu sem stendur nú yfir í vínbúðum ríkisins?

Hvaða tvískinnungur er það hjá stjórnvöldum að beita ströngustu reglum í áfengismálum á Vesturlöndum en eyða á sama tíma stórum fjárhæðum í að laða fólk að vínbúðum ríkisins?

Frá lögleiðingu bjórsins 1989 hefur drykkjumynstur Íslendinga gjörbreyst. Veikara áfengi hefur leyst sterkari drykki af hólmi. Með ákveðinni einföldun má segja að drykkjuómenning hafi breyst í vínmenningu. Vínmenningin kallar á upplýsingar. Reglur um auglýsingar á áfengi þurfa að taka mið af þessum þjóðfélagsbreytingum. Ég tel að endurskoða þurfi auglýsingabann á áfengi. Við þá endurskoðun verði m.a. tekið mið af öðrum löndum þar sem auglýsingar á léttum vínum og bjór eru leyfðar við ákveðnar aðstæður, t.d. í blöðum og tímaritum, en bannað að beina auglýsingum að börnum og ungmennum.

[13:58]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegur forseti. Ég leyfði mér þann munað að taka með mér upp í ræðustól hins háa Alþingis lagasafnið okkar frá árinu 2003 sem við þingmenn sem sitjum hér á löggjafarþingi þjóðarinnar eigum öll að eiga eintak af. Ég fletti upp á áfengislögum, nr. 75/1998, og þau eru í sjálfu sér afskaplega skýr. Í 20. gr. þeirra segir, með leyfi forseta:

„Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu."

Síðan fylgja með ýmsar undanþágur á þessum auglýsingum og annað þess háttar sem ég ætla ekki að rekja hér.

Ég tel alveg óþolandi að við sem sitjum á löggjafarþingi þjóðarinnar, förum með löggjafarvaldið, lítum það eitthvað jákvæðum augum að menn einhvers staðar úti í bæ brjóti landslög markvisst og skipulega, lög sem jafnvel eru ekki eldri en þetta, frá 1998. Þetta hljótum við að fordæma, sama hvar í flokki við stöndum og sama hvaða skoðun við annars höfum á þessum lögum. Við hljótum að fordæma það því þetta dregur úr trúverðugleika okkar sem sitjum hér á löggjafarþinginu. Þetta grefur undan trúverðugleika löggjafans sjálfs.

Það má vel vera að tími sé kominn til að endurskoða þessi lög. Ég hef í sjálfu sér ýmsar efasemdir um það. Ég hef hlustað á ræður hér í dag af miklum áhuga og ég er alveg reiðubúinn að fara í þá vinnu að skoða lögin, líta á þau á ný og athuga hvort einhver ástæða sé til að breyta. Ég efast reyndar um það, ég hef á vissan hátt ekki mikið álit á miklum boðum og bönnum í þjóðfélaginu og tel það forvarnastarf sem félagi minn, hv. þm. Gunnar Örlygsson, benti á áðan kannski vænlegra til árangurs. Það að menn brjóti lög er hins vegar óþolandi.

[14:00]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Frú forseti. Spakvitur maður sagði: Bakkus er skemmtilegur ferðafélagi en það er ekki hægt að hugsa sér verri farastjóra. Áfengislög, sem hér hefur verið vitnað til, skýra að hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Við höfum líka nýleg lög um Lýðheilsustöð. Þar er skilgreint helsta hlutverk Lýðheilsustöðvar, að annast áfengis- og vímuvarnir. Hnykkt er á þessu í 6. gr. laganna þar sem segir að hlutverk áfengis- og vímuvarnaráðs sé að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir, sérstaklega meðal barna og ungmenna, og hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt. Þarna er skýrt eftirlitshlutverk með þeim lögum sem verið er að brjóta eins og þingmenn segja.

Þegnar þessa lands vita að þeim ber að fara að lögum. Þegnar þessa lands sjá þegar lög eru brotin með augljósum og lævísum hætti með áfengisauglýsingum. Tvískinnungur í þessum málum er verstur og ólíðandi því að hægri höndin verður að vita hvað sú vinstri gerir.

Frú forseti. Ég tel að það séu bara tveir kostir í stöðunni. Annaðhvort heimila menn áfengisauglýsingar eða menn framfylgja lögunum. Það er enginn millivegur. Sú skylda verður hins vegar aldrei tekin af okkur, að okkur ber að gæta bræðra okkar og systra og ekki síst ungmenna landsins.

[14:02]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur skilgreint ofneyslu áfengis sem eitt mesta heilbrigðisvandamál mannkyns. Þess vegna hafa flestar þróaðar þjóðir gripið til ýmissa aðgerða gegn þeirri vá. Einn þeirra þátta er að takmarka auglýsingar eins og Alþingi Íslendinga hefur samþykkt lög um. Þá ber að sjálfsögðu að hafa eftirlit með framkvæmd slíkra laga af þar til gerðum eftirlitsaðilum. En við hljótum að spyrja okkur hvort þau lög endurspegli þann veruleika sem við lifum við í dag. Hver er staðan?

Eins og fram hefur komið er bannið sniðgengið með ýmsum hætti þar sem snjallir auglýsingamenn og auglýsingastofur notfæra sér tvíræðni í myndmáli og texta þar sem bjór er auglýstur í líki pilsners og fræðileg umfjöllun fer fram um einstakar áfengistegundir, allt gert í því skyni að selja meira. Þegar við förum upp í flugstöð erum við komin í annað umhverfi. Þar blasa við auglýsingar í flugvélunum. Þá eru þær enn beinskeyttari og lúta allar að því sama, að selja meira áfengi.

Þetta er breyttur heimur. Það var auðvelt að grípa til banns þegar hér voru fáir fjölmiðlar og samskipti okkar við útlönd voru helst í kringum vorskipin. Við búum á tölvuöld þar sem ungmenni lifa og hrærast í tölvuheimi meira og minna eftirlitslaust, á sjónvarpsöld þar sem þau hafa aðgang jafnvel að tugum erlendra sjónvarpsrása. Meira að segja í svokallaðri innlendri dagskrárgerð, í íþróttaþáttum, auglýsir meðallið í enska boltanum þekkta danska bjórtegund. Við hljótum því að leiða hugann að því að taka til endurskoðunar gildandi lög sem banna þetta alveg og leggja meiri áherslu á að byggja upp sterka einstaklinga sem kunna að taka sjálfstæðar ákvarðanir og verjast slíkum auglýsingum.

[14:05]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég fagna umræðunni sem fram hefur farið um áfengisauglýsingar. Ég held að tvennt sé ljóst í henni: Annars vegar að lögin standa, þau eru brotin og við krefjumst þess öll að þess verði gætt að þau séu það ekki. Þessi lög eru ekki ómerkari en önnur lög og sá veruleiki sem við blasir og síðasti hv. ræðumaður talaði um er m.a. til kominn vegna þess að menn hafa ekki staðið við að láta lögin gilda. Menn hafa látið vínsalana komast upp með að brjóta þau. Menn hafa látið peningahagsmuni ráða ferðinni í þessum málum en ekki hagsmuni ungs fólks og unglinga.

Á hinn bóginn hafa menn rætt um að sjálfsagt sé að taka lögin til endurskoðunar á þinginu. Það ræðum við á þinginu og sitt sýnist hverjum um hvernig eigi að endurskoða þau. Sumir vilja færa þau nær því sem gildir einhvers staðar annars staðar. Nú má minna á að alls staðar í þeim heimshluta sem við tilheyrum eru áfengisauglýsingar takmarkaðar og mjög víða bannaðar með öllu. Öðrum þykir ástæða til að opna þetta. Það má auðvitað minna frjálsræðishetjurnar á að það er fleira bannað en áfengisauglýsingar. Það er líka bannað að auglýsa tóbak hér á landi. Það er bannað að aug-

lýsa lyfseðilsskyld lyf. Bannað er að auglýsa læknisþjónustu með markaðslegum hætti vegna þess að við teljum hana ekki af því tagi. Skotvopn eru ekki auglýst á Íslandi og frjálsræðishetjurnar ættu kannski að skoða veruleikann í kringum þetta hér og í öðrum löndum miðað við þá opnun sem hér hefur farið fram.

Eitt veldur mér vonbrigðum í umræðunni, sem annars hefur verið ágæt og við eigum sem betur fer eftir að endurtaka með einhverjum hætti í vetur, og það eru svör ráðherrans. Hæstv. heilbrigðisráðherra vísar í svari sínu til ummæla sem ég las í fyrirspurn minni þar sem hann segir að hann ætli að hefja vinnu í þessu efni og sagði það fyrir 6 mánuðum. Nú kemur hann aftur og vísar til þess að hann ætli að hefja vinnu. Ef einhvern tíma hefur verið talað í hring þá gerir hæstv. heilbrigðisráðherra það og ég bið hann að rjúfa hringinn, rjúfa vítahringinn sem hann og ríkisstjórn hans hafa komið upp (Forseti hringir.) í kringum þessi mál.

[14:07]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og vil taka fram örfá atriði í lokin. Hlutverk heilbrigðisráðuneytisins í þessu efni er að sjá um forvarnir. Lýðheilsustöð gegnir því hlutverki fyrir okkur. Lýðheilsustöð hefur margsinnis kært framkvæmd á áfengisauglýsingabanninu, m.a. ítrekað á þessu ári. Það er hlutverk hennar. En aðalatriðið finnst mér vera að berjast gegn sívaxandi áfengisneyslu í landinu eins og ég kom inn á í inngangserindi mínu og til þess verðum við að hafa sem breiðasta samstöðu. Þess vegna fór ég í gegnum það í inngangserindi mínu sem síðast hefur verið gert í þessum málum á samnorrænum vettvangi. Ég tel afar mikilvægt að við höfum samvinnu við nágrannaþjóðirnar í þessu efni.

Það er alveg rétt að við höfum ekki náð þeim markmiðum sem við settum okkur í heilbrigðisáætlun. Við þurfum að gera það. Hins vegar varðandi breytingu á lögunum og framkvæmd laganna er það gersamlega óeðlilegt að ég fari að ræða það mál sem er á verksviði annars ráðherra og ég ætla ekki að gera það. (Gripið fram í.) Það sem ég hef sagt stendur en það er gersamlega óeðlilegt að beina til mín fyrirspurnum um endurskoðun laganna því það er á verksviði annars ráðherra og rétt að ræða það á réttum vettvangi. Skoðanir mínar liggja mjög ljóst fyrir, gerðu það í vor og gera það núna. Það stendur ekkert upp á mig í þessu sambandi, ekki neitt.

[14:09]

Útbýting:

Göng undir Bakkaselsbrekku og Öxnadalsheiði, 223. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 226.

Virkjanleg orka í Þingeyjarsýslum, 222. mál, fsp. ÖHJ, þskj. 225.

Þjónustugjöld á náttúruverndarsvæðum, 221. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 224.

Byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005, frh. einnar umr.

Skýrsla iðnrh., 216. mál. — Þskj. 218.

[14:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég hef þá á nýjan leik fyrir hönd okkar þingmanna umræður um skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar sem fram fór fyrir hádegi áður en umræðan um áfengisauglýsingar upphófst. Ég ætla aðallega að halda mig við skýrslu hæstv. ráðherra en gera minna efni úr ræðu hennar sem mér fannst vera svolítið í 17. júní stíl hæstv. landbúnaðarráðherra þar sem allt er svo bjart og fagurt að hvergi ber skugga á.

Það er auðvitað gott að menn séu bjartsýnir og ekki á að tala úr mönnum kjark að kljást við málin en slík bjartsýni má ekki vera byggð á botnlausu óraunsæi eða fullkominni afneitun. Það er öllu verra ef fleiri en hæstv. landbúnaðarráðherra eru á slíku algeru afneitunarstigi gagnvart viðfangsefnum sínum að engar efasemdir komast að, að menn sannfæra sig um að allt sé í himnalagi og þar með þurfi ekki að hafa áhyggjur af nokkrum sköpuðum hlut. Þetta er líka taktík, þegar menn koma og vekja athygli á því sem aflaga þá fer er upphafinn söngurinn um að menn eigi ekki að vera of neikvæðir og sjá allt svart, það megi ekki draga kjarkinn úr mönnum og það megi ekki gera of lítið úr möguleikunum á landsbyggðinni og hvað það nú er. Þetta heyrir maður æðioft í umræðunni um byggðamál og ég er löngu vaxinn upp úr því að láta þetta hafa mikil áhrif á mig. Ég held að það verði að ræða hlutina nákvæmlega eins og þeir eru. Það er ekkert fyrir einhvern orðavaðal á blaði gefandi, hvort sem það er í skýrslum eða ræðum ráðherra, ef verkin þýða eitthvað allt annað. Þess vegna skulum við fara aðeins yfir skýrslu ráðherrans og hin fallegu orð í byggðaáætlun. Ég skal þá taka að mér að vera umboðsmaður þess vonda á staðnum og vera leiðinlegar og fara yfir það hvaða innstæður eru fyrir ýmsu af því sem þarna hefur verið sett á blað eða hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni. Tökum til að mynda staflið a í meginþáttum byggðaáætlunar, að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu. Hvernig miðar mönnum í þeim efnum? Aftur á bak. Aðstöðu- og launamunur vex ár frá ári.

Tökum launaþróunina. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra kallar fram í nei, að það sé ekki að draga í sundur í lífskjörum á landsbyggðinni og t.d. á suðvesturhorninu. Hefur hæstv. ráðherra aldrei heyrt af rannsóknum kjararannsóknarnefndar? Hvað stendur í nýjasta hefti kjararannsóknarnefndar þegar annar ársfjórðungur 2004 er gerður upp? Þar kemur fram að enn dregur í sundur í launaþróun á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Laun á höfuðborgarsvæðinu hækkuðu um 4,3% en laun utan höfuðborgarsvæðisins um 3,6%. Enn einn ársfjórðungurinn bætist í sarpinn þar sem dregur í sundur í launaþróuninni. Þetta er eitt af því allra neikvæðasta sem í gangi hefur verið undanfarin ár. Gjáin í launum milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar er sífellt að breikka, m.a. vegna þess að ýmiss konar vel launuð stjórnunarstörf, góðar tekjur í sjávarútveginum, hafa látið mjög undan síga. Höfuðstöðvar fyr-

irtækja hafa flust á suðvesturhornið, útibú sitja eftir í byggðarlögunum þar sem hæst launuðu störfin hafa verið skorin ofan af.

Frú forseti. Ef við tökum nokkrar stéttir og skoðum hvernig þetta er í veruleikanum hefur verkafólk að meðaltali tæplega 160 þús. kr. í heildarlaun, en 140 þús. kr. á landsbyggðinni. Þar munar rúmum 17 þús. kr. Hjá iðnaðarmönnum er munurinn einna minnstur, en þó eru um 8 þús. kr. hærri meðallaun á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk hefur að meðaltali tæplega 45 þús. kr. hærri laun á mánuði á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Mestur er þessi munur hjá stjórnendum sem hafa yfir 100 þús. kr. hærri laun að meðaltali á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, tæpar 449 þús. kr. á höfuðborgarsvæðinu og 343.100 á landsbyggðinni. Sá munur er að aukast samkvæmt vönduðustu gögnum sem við höfum í höndunum um þessi mál, rannsóknum kjararannsóknarnefndar.

Svo mikið fyrir þau orð um að markvisst sé unnið að því að draga úr mun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaganna í landinu. Svo bætist við að það hallar á landsbyggðina á mjög mörgum öðrum sviðum. Dregið hefur verið úr jöfnun af hálfu stjórnvalda undanfarin ár. Síðast í vor flutti sá sami hæstv. ráðherra og hér á undir frumvarp um að fella niður t.d. flutningsjöfnun á sementi. Flutningsjöfnun á olíuvörum heldur ekki vegna þess að menn fela núna mismunandi verð í þessum vöruflokki í formi afslátta og þar fram eftir götunum. Dregið hefur verið úr ýmiss konar jöfnunaraðgerðum og einkavæðing og markaðsvæðing margra þátta hefur leitt til þeirrar viðhorfsbreytingar að menn hætta að skilgreina hlutina sem þjónustu, sem almannaþjónustu þar sem menn hafa skyldum að gegna, og markaðslögmálin eru innleidd. Á hverjum bitnar það, hæstv. ráðherra?

Stafliður b í meginþáttum byggðaáætlunar er að efla sveitarfélögin. Hvernig gengur það? Hefur mikið áunnist í því að efla sveitarfélögin undanfarin ár? Þá þýðir ekki að vísa í einhver framtíðarplön. Menn hafa haft ærinn tíma til þess. Framsóknarflokkurinn er búinn að fara með félagsmálaráðuneytið í á tíunda ár. Hvernig hefur gengið að efla sveitarfélögin? Þau hafa safnað skuldum hvert einasta ár sem framsóknarmaður hefur setið í félagsmálaráðuneytinu. Það er staðreynd. Og eru enn að því. (**BJJ:** Hefur ekkert verið framkvæmt þar?)

Síðan mætti fara yfir margt fleira, frú forseti. Hér er t.d. talað um að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi. Mest var nú mærðin í máli hæstv. ráðherra þegar hún talaði um stóriðjuframkvæmdirnar á Austurlandi og allt hið góða sem af þeim hlytist. Hæstv. ráðherra útskýrði að vísu ekki hvernig stæði þá á því að íbúunum fækkaði engu að síður í Austfirðingafjórðungi á fyrri helmingi þessa árs. Það verður tæplega flokkað undir fjölbreytni í atvinnulífi, a.m.k. ekki í öðrum byggðarlögum og öðrum landshlutum, sem þarna er gert.

Fjálglega er talað um þróunarstarf í atvinnumálum, nýsköpunarstarf o.s.frv. Þetta höfum við allt heyrt. Á fót eru settar ýmsar stofnanir og ýmis batterí í þeim efnum en hvað er svo að gerast í reynd þegar grannt er skoðað? Það er algert fjársvelti gagnvart nýsköpun í atvinnulífinu, í hinu almenna fjölbreytta atvinnulífi, sérstaklega á landsbyggðinni. Aðgangur til nýsköpunar í atvinnumálum á landsbyggðinni er minni nú en hann hefur verið um langt árabil. Af hverju er það? Það er af því að enginn er að fjárfesta. Það er ekkert laust fé. Það er gat í fjárfestingarmálum í þeim efnum. Nú brosir hæstv. ráðherra alveg út að eyrum yfir þessu bulli. Ég man að hæstv. ráðherra nefndi 700 milljónirnar ... (Gripið fram í.) — Ja, ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra telji þetta vera mikið bull. — Það var vitnað í 700 milljónirnar í Byggðastofnun.

Hver er staðan? Hvernig meta fagaðilar hana? Þeir gera það þannig að það sé fjárfestingargat. Vissulega er af veikum mætti verið að reyna að gera ýmislegt til að kanna möguleika og skoða tækifæri í gegnum atvinnuþróunarfélög, nýsköpunarmiðstöð, svo langt sem það nær, þótt þar séu ákaflega litlir fjármunir á ferðinni. Hvað tekur svo við? Hvað tekur við? Ekkert fjármagn er að leita í frekari uppbyggingu fyrirtækja úti um landið. Það sem var þó til staðar í Nýsköpunarsjóði og framtakssjóðum á sínum tíma er búið. Það er búið að binda það allt saman. Nýsköpunarsjóður er ekki að fjárfesta eina einustu krónu í nýjum tækifærum um þessar mundir. Hann á nóg með að verja það sem komið er.

Ég er ekki bara að túlka þetta svona. Ég hef í höndunum gögn frá einmitt Nýsköpunarsjóði þar sem beinlínis er dregið upp að þar sé það sem kallað er fjárfestingargat. Ef við tökum ferlið í nýsköpun fyrirtækis eða þróun fyrirtækis og höfum fjárþörfina hér á lóðrétta ásnum og þroskasögu fyrirtækisins eða þróun eða aldur á hinum lárétta er það þannig að þótt eitthvað sé reynt í upphafinu, t.d. í formi stuðnings við að gera viðskiptaáætlanir og kortleggja möguleika, blasir við að um leið og fjárþörf fyrirtækisins vex, um leið og komið er upp í uppbyggingarfasann, kemur gat. Það er enginn að leggja neina peninga sem nokkru nemur fyrr en að fyrirtækin eru orðin svo stór að þau vekja athygli stórfjárfestanna. Yfirleitt gerist það ekki fyrr en þau eru komin á markað og búið að skrá þau. Hvert leitar fjárfestingarfjármagn stóru aðilanna í dag? Úr landi. Það streymir allt úr landi. Öflugir fjárfestar sem voru til, t.d. á níunda og tíunda áratug síðustu aldar, eru í grófum dráttum hættir að fjárfesta innan lands.

Fjárfestingarsjóðirnir hafa runnið saman í stærri einingar og þeir nenna ekki að líta á hlutina fyrr en um milljarðaveltu er að ræða. Niðurstaðan, mat sérfræðinga, t.d. í nýsköpunarsögu er sú að það sé algert fjárfestingargap frá upphafsskrefunum og þangað til fyrirtækin, þau fáu sem því ná þá, eru orðin nógu stór til að vekja athygli stórfjárfestanna og stofnanafjárfestanna.

Nýsköpunarsjóður, framtakssjóðirnir, Byggðastofnun — við erum að tala um smáaura borið saman við þörfina sem í raun og veru þyrfti að sinna. Þetta er bara svona, frú forseti. Það þýðir ekkert að setja falleg orð á blað um eitthvað alveg gagnstætt ef engar innstæður eru fyrir því.

Ég held að eitt það langalvarlegasta sem steðjar núna að landsbyggðinni hvað þessa hluti snertir sé hversu lítið, því miður, er að gerast hvað varðar raunverulega grósku að þessu leyti, þ.e. hugmyndirnar eru til staðar, þær eru margar, en um leið og á að fara að taka á, byggja fyrirtækin eitt-

hvað upp, koma þeim í stand til þess að hefja framleiðslu eða umtalsverða starfsemi eru gríðarlegir erfiðleikar við að fá til þess fjármögnun, alveg sérstaklega úti um landið. Við vitum alveg hvernig bankarnir og fleiri aðilar hafa tekið að hegða sér upp á síðkastið, það er nánast það sama og að lýsa því yfir að menn geti sleppt því að reyna ef póstnúmerið byrjar á hærri tölu en einum eða tveimur. Þetta er bara þannig, því miður.

Ég veit að hæstv. ráðherra þekkir það vel sjálf, af ferðalögum t.d. um kjördæmi okkar, hvílíkur rosalegur barningur það hefur oft verið fyrir fyrirtæki sem eru þó búin að sanna sig að fá fyrirgreiðslu, að fá bara lágmarksfjármögnun jafnvel gegn fyrstu veðum í húsnæði eða skipum eða hverju sem er. Það verður auðvitað að ræða þessa hluti, frú forseti, eins og þeir eru.

Ég held að bágur fjárhagur sveitarfélaganna, erfiðleikar hvað varðar þróunarstarf og sérstaklega uppbyggingu í atvinnulífinu, sem og það að dregið hefur í sundur hvað varðar lífskjör og aðstöðu að ýmsu leyti milli landsbyggðar og þéttbýlisins, einkum suðvesturhornsins, sé það sem er mönnum langmótdrægast í byggðalegu tilliti. Það sem þarf er ekki bara það að menn komi með eitt stykki stórlausn í pakka og þar með gufi allur vandi upp, eins og einhverjir menn telja sér kannski trú um að sé að gerast á Austfjörðum núna. Reynslan af því mun verða sambærileg og annars staðar, því miður, ef menn taka ekki á gagnvart þeim þáttum sem með þurfa þá að fylgja ef menn eiga að geta nýtt sér slíkt og unnið úr því. Bæta þarf hinar almennu aðstæður til búsetu. Hvernig gera menn það? Menn gera það með því að bæta hinar undirliggjandi forsendur búsetunnar, í formi bættra samgangna, bættra fjarskipta, greiðari aðgangs að menntun og þjónustu, að tryggja að almannaþjónustan sé til staðar og annað í þeim dúr.

Á hvaða braut er ríkisstjórnin í þeim efnum, t.d. með einkavæðingu Landssímans? Er líklegt að þegar frá líður verði það sérstaklega til góðs möguleikum afskekktari svæða, strjálbýlli héraða í landinu, til að fylgja með í þróun fjarskiptanna? Ég segi nei. Í skýin eru skrifaðar einhverjar óljósar hugmyndir manna um að stoppa í götin mögulega með einhverjum þeirra tekna sem menn hafi af sölu Símans svona til að þetta líti betur út í byrjun. Hvað um framhaldið? Hvað eftir fimm ár? Hvað eftir 10 ár? Hver á þá að tryggja að afskekktari héruð geti áfram verið fullgildir þátttakendur í upplýsingasamfélaginu á samkeppnisfærum forsendum? Einkaaðilar? Markaðurinn? Hvernig ætla menn að gera þær kröfur til hans þegar fyrsta boðorðið er arður til eigendanna? Það fer ekki saman og það vita allir.

Það stangast því miður, frú forseti, mjög margt hvað á annars horn í þessum byggðaáherslum hæstv. ríkisstjórnar. Áformin eru falleg og vissulega eru ljós í myrkrinu eins og uppbygging Háskólans á Akureyri sem menn grípa jafnan til þegar allt um þrýtur og benda á. Er allt rétt um það. Það var eitt það gæfulegasta sem menn hafa lengi gert í byggðamálum ef við viljum flokka það sem slíkt frekar en menntunarmál eða menningarmál. (Gripið fram í.)

Það dugar skammt að benda á eitt slíkt dæmi. Skárra væri það þótt eitthvað jákvætt hafi verið að gerast. Reyndar finnst mér uppbyggingin þar sem á að mynda höfuðmótvægið í byggðamálum hökta í hægagangi, að það skuli t.d. taka 10 ár að koma í gagnið nýbyggingu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Hvers konar afköst eru það? Það er ekki mikið til þess að hrósa sér af.

[14:25]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að veita andsvar núna, ef einhvern tímann hefur verið.

Hv. þm. sagði í upphafi ræðu sinnar að hann ætlaði að taka að sér að vera leiðinlegur. Honum fórst það alveg sérstaklega vel úr hendi. (**SJS:** Þakka þér fyrir.) Það er ekki hægt að hugsa sér annað eins svartagallsraus í einum þingmanni eins og það sem fram kom hjá hv. þingmanni. Ég veit ekki hvaða fólk hv. þingmaður hittir þegar hann er á ferð um landið. Hann hittir ekki sama fólkið og ég, svo mikið er víst. Ég reyni líka að forðast Vinstri græna þegar ég er á ferðinni. (Gripið fram í.) Já. Hann gat ekki hrakið eitt orð úr ræðu minni þar sem hann sagði að ég hefði verið með einhverjar skýjaborgir og allt of mikið af fallegum orðum. Ekki eitt orð gat hann hrakið. Datt niður í það einu sinni að vera jákvæður þegar hann fór að tala um Háskólann á Akureyri. Það er fullt af jákvæðum hlutum að gerast á landsbyggðinni og það veit hv. þm. Hann bara kýs að tala á annan veg. Hann er ekki svo skyni skroppinn.

Hvað er svo sem verið að gera í nýsköpunarmálum? Til hefur orðið nýr sjóður sem heitir Tækniþróunarsjóður. Hann er með 200 millj. í ár og verður með 340 millj. á næsta ári til að taka á þeim þætti mála og hann er á vegum ráðuneytis míns og skiptir sköpum. Nýsköpunarsjóður hefur vissulega verið of veikur. Við breyttum lögunum sl. vor til að styrkja hann og það verður gert.

Hv. þm. talar um Símann, að það sé ekki líklegt til að bæta þjónustuna við landsbyggðina ef hann verði seldur. Hvað gerðist með bankana? Hvað stóð ég oft í þessum stól að rífast við Vinstri græna á síðasta vetri og vetrinum þar á undan um sölu bankanna? En þeir töldu að ekki mætti selja bankana því það yrði svo óhagstætt fyrir landsbyggðina og landsmenn alla. Það var gert, og hvað eru bankarnir að gera? Hvað hefði orðið um þennan yndislega ríkisbanka sem hv. þm. Vinstri grænna vildu að yrði til í landinu áfram þótt annar yrði seldur? Ætli hann hefði ekki staðið sig vel í samkeppninni núna við bankana sem eru að bjóða landsmönnum öllum miklu betri kjör?

Svona mætti halda áfram. Hv. þingmaður talar um að samgöngur séu ekki í nægilega góðu lagi. Hvað er að gerast á því landsvæði sem við þekkjum best til, þegar Tjörnesið verður opnað á morgun? Bundið slitlag frá Reykjavík og nánast til Kópaskers. Svo er verið að vinna að jarðgöngum á tveimur stöðum á Austurlandi og þannig mætti áfram telja.

Þannig að ég held að hv. þingmaður ... (Forseti hringir.) og svo kemur hann með kolrangar tölur um byggðaþróun á Austurlandi í ofanálag.

[14:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst gott að ég gat aðeins komið blóðinu á hreyfingu í hæstv. ráðherra. Ég dreg ekki í land með

eitt einasta atriði af því sem ég sagði. Við getum farið út í það að reyna að bera saman það fólk sem við hittum á förnum vegi en ég hef t.d. heimsótt margar sveitarstjórnir á undanförnum vikum. Ég verð að segja alveg eins og er að þegar maður kemur úr slíkum leiðangri og hefur kannski hitt fjögur til sex meðalstór þéttbýlissveitarfélög á landsbyggðinni liggur ekkert sérstaklega vel á manni. Ég verð að segja alveg eins og er að það gerir það ekki. Þá er ég búinn að ræða við fólk sem er í örvæntingu sinni og öngum að láta reikna út hvort það geti bjargað sér til nokkurra missira með því að selja barnaskólann, íþróttahúsið eða hitaveituna. Þá liggur ekkert sérstaklega vel á mér. Það er bara þannig.

Það þýðir ekkert að tala um hlutina í einhverjum rósrauðum skýjum úr tengslum við veruleikann. Það eru miklir erfiðleikar víða í sveitarfélögunum og hjá ýmsum undirstöðugreinum á landsbyggðinni. Hvað með sjávarútveginn, rækjuiðnaðinn o.s.frv.? Er hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, byggðamálaráðherra, búandi á einhverri annarri plánetu en við hin? Hvernig er þetta? Hefur ráðherrann aldrei heimsótt Siglufjörð á undanförnum vikum?

Úr því að hæstv. ráðherra ber á móti því sem ég var að segja um t.d. fjármagn til nýsköpunar í atvinnumálunum ætla ég að lesa gögn frá sérfræðingum sem starfa undir hæstv. ráðherra í Nýsköpunarsjóði. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Ekki á sér stað mikil samkeppni í fjármögnun nýsköpunarverkefna þar sem svo til engin eru á markaðnum (fjárfestingargat).“

Þeir kalla það fjárfestingargat, sérfræðingarnir sem vinna með þetta dag frá degi, vegna þess að þeir stofnanafjárfestar og sjóðir sem áður voru virkir eru horfnir á braut. Fé þeirra streymir núna fyrst og fremst til útlanda. Það er svo gaman að fjárfesta í Búlgaríu eða Bretlandi eða hvar það er en ekki á Íslandi. Nýsköpunarsjóður er tómur. Hann er bundinn. Hann er fastur. Það er hætt að setja meira fé inn í framtakssjóðina. Þetta er veruleikinn, frú forseti, hann er bara svona.

[14:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. dró nú nokkuð í land á milli ræðna sinna. (**SJS:** Nú? Ekki heyrði ég það.) Hann talaði um fjárfestingargat og það er einmitt það gat sem verið er að stoppa upp í með Tækniþróunarsjóði sem ég nefndi áðan og hef ekki fleiri orð um það.

Hv. þm. nefndi annað í fyrri ræðu sinni og það varðaði fjölbreytt atvinnulíf. Þá lét hann að því liggja að það eina sem ríkisstjórnin, og þá sérstaklega sá ráðherra sem hér stendur, hugsaði um væri álver. Það er nú aldeilis ekki því verið er að vinna að gífurlega mörgum málum. Ég get talið upp margar verksmiðjur. Ég taldi þær upp áðan og ætla ekki að endurtaka það. En svo er það líka þekkingariðnaðurinn, t.d. í sambandi við kvikmyndagerð. Þar er nú ekkert smáræði á ferðinni. Hér er verið að vinna þrjár stórar kvikmyndir á heimsmælikvarða og það skapar ekki fá störf og þetta er á grundvelli laga sem eru í gildi og heyra undir viðskiptaráðuneytið um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.

Svona mætti áfram telja. Það er alls staðar verið að reyna að vinna að því að bæta kjör fólksins í landinu og ekki síst á landsbyggðinni. En ég ætla ekkert að halda því fram, og hef aldrei gert það, að það sé alls staðar allt í lagi. Það dettur mér ekki í hug. Þess vegna heldur vinnan áfram.

Svo er það eitt sem hv. þm. hafði einnig miklar áhyggjur af, þ.e. að góðar tekjur í sjávarútvegi væru ekki lengur til staðar. Hann er einmitt fulltrúi og formaður þess flokks sem vill helst eyðileggja það sjávarútvegskerfi sem er í landinu og hvernig skyldu lífskjörin þá verða á landsbyggðinni og hjá því fjölmarga fólki sem vinnur í sjávarútvegi? Þar er ég hrædd um að yrði breyting á.

[14:32]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hélt að framsóknarmenn væru hættir með þessar ræður um þá þjóðhættulegu menn sem ætluðu að eyðileggja sjávarútveginn eftir ýmsar æfingar á undanförnum missirum. Þeir segja að við sem höfum barist fyrir ábyrgum breytingum á þessu kerfi sem færðu réttindin aftur til byggðanna, séum stórhættulegir menn og séum að eyðileggja þetta. Þetta á sem sagt áfram að vera í höndum nýju, fínu fjárfestanna sem hegða sér eins og raun ber vitni undanfarna daga, banna félagsmönnum sínum eða starfsmönnum að vera í stéttarfélögum svo dæmi sé tekið. Það er von að menn séu hreyknir af stuðningi sínum við slíkt.

Tvennt vil ég koma inn á sem hæstv. ráðherra nefndi. Einkavæðing bankanna, nú á það að hafa gefist allt svona óskaplega vel. Það er rétt að að einu leyti gekk einkavæðing bankanna mjög vel. Hún skilaði þeim sem fengu bankana í helmingaskiptum stjórnarflokkanna gríðarlegum gróða, óheyrilegum gróða. En ég veit ekki til þess að hinir einkavæddu bankar hafi verið að slíta sér sérstaklega út í þjónustu við landsbyggðina. Ætli það sé nú ekki frekar hið gagnstæða og ætli það sé ekki þannig að menn hrósi happi í þeim byggðarlögum sem eru svo heppin að eiga sína eigin sparisjóði, eiga sínar eigin lánastofnanir sem hefur m.a. dugað mönnum víða vel til þess að koma að atvinnuuppbyggingu á stöðunum?

Það er löng leiðin úr útibúum stórbankanna með höfuðstöðvar í Reykjavík sem eru opin í tvo, fjóra klukkutíma þrjá daga í viku hingað suður til Reykjavíkur, svo að ég tali nú ekki um London þar sem er fínast að búa í dag. Það er geysilega löng leið fyrir mann sem þarf fyrirgreiðslu í stórbanka á norðausturhorninu að sækja hana alla í Notting Hill hverfið í London.

Varðandi samgöngumálin sem hæstv. ráðherra nefndi þá hafa vissulega verið framkvæmdir, langþráðar framkvæmdir sem nuddast áfram og eru að komast í gagnið eins og á Tjörnesi. Þakka skyldi það. Hvað eru menn búnir að bíða lengi eftir þeim úrbótum?

En hvað er ríkisstjórnin að gera? Hún er að skera niður vegafé um 1.600–1.700 milljónir á þessu ári miðað við vegáætlun, 1.900 milljónir á næsta ári miðað við vegáætlun og 2.000 milljónir 2006. Þetta er veruleikinn, niðurskurður upp á 5,5–6 milljarða á hinni fínu samgönguáætlun Sturlu Böðvarssonar og ríkisstjórnarinnar sem var varla kólnuð þegar byrjað var að skera hana niður.

[14:34]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi byggðaáætlun var rædd á Alþingi 2002 og nánast luku hér allir upp einum munni um að í henni væru mörg góð áform. Það voru sem sagt ekki deilur um að byggðaáætlunin væri skynsamleg að ýmsu leyti og í henni væru mörg góð áform.

En þessi byggðaáætlun var í raun úrelt það sama haust. Við bentum á það hér með tillöguflutningi vegna þess að það var fyrirséð af þeim sem vildu til þess horfa að skapast mundi mikið ójafnvægi í byggðamálum því að það haust lá fyrir að framkvæmdir við álver og stóriðju á Austurlandi yrðu að veruleika. Byggðaáætlunin sem slík lagði fyrst og fremst áherslu á að styrkja Akureyrarsvæðið og sú stefnubreyting sem fólst í henni var ekki að öllu leyti væn öðrum byggðum í landinu því að það er ekki neitt gott fyrir önnur byggðarlög í landinu að þurfa að keppa við tvö höfuðborgarsvæði eins og í stefnir. Þetta er ekki sagt til þess að láta það koma fram að ég sé á móti því sem gert hefur verið á Eyjafjarðarsvæðinu og á Akureyri, þvert á móti. Ég fagna þeim áföngum sem þar hafa náðst. En það var alveg fyrirséð strax haustið 2002 að það mundi stefna í ójafnvægi.

Þess vegna fluttum við hv. þm. Gísli S. Einarsson tillögu til þingsályktunar það haust gegn ójafnvægi í byggðamálum. Sú þingsályktunartillaga fékk ekki afgreiðslu. Við hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir fluttum hana aftur síðasta haust. Hún fékk ekki heldur afgreiðslu þá. Nú segir hæstv. ráðherra í ræðu sinni að endurskoða þurfi fyrirætlanirnar sem séu í byggðaáætlun og það er svo sem hægt að fagna því þó seint sé.

En það fór, eins og ég sagði áðan, ekki milli mála að þetta ójafnvægi mundi myndast og hefði þurft að setja strax af stað skoðun á því hvernig mætti mæta því á öðrum landsvæðum. Það var ekki gert og þeirri áætlun sem hér liggur fyrir er lýst á einum stað í þessu plaggi. Hvernig er henni lýst? Henni er lýst þannig að það er heildarmat Byggðastofnunar á því hver áhrifin hafi verið og þar eru fimm atriði tiltekin. Í fyrsta atriðinu er farið yfir byggingu raforkuvers við Kárahnjúka og byggingu álvers og því lýst að af þessu séu mikil áhrif. Allt er rétt um það.

Í öðru lagi er talað um þetta 700 millj. kr. framlag til þess annars vegar að leggja fram hlutafé í sprotafyrirtæki og fyrirtæki í skýrum vexti og hins, að styðja rekstur vel mótaðra stuðningsverkefna. Og hvert fóru þessir fjármunir? Þeir fóru nánast allir á sömu svæðin, á þetta landsvæði á suðausturhorni landsins.

Í þriðja lagi var sérstakt átak í að flýta samgöngubótum og því er fullkomlega hægt að fagna. En það var nánast ekki fyrr búið að ákveða að hafa þetta átak en orðið var ljóst að ekki yrði hægt að framfylgja því. Ég held að 1.800 hundruð millj. kr. hafi vantaði upp á að hægt væri að eyða þeim peningum sem ríkisstjórnin hafði ætlað að gera og síðan er búið að boða niðurskurð í vegamálum eins og farið var yfir áðan. Þetta tókst því ekki aldeilis.

Fjórða atriðið var sérstaka áætlunin fyrir Eyjafjörð og eins og ég sagði áðan þá er allt gott um hana að segja.

Fimmta atriðið var bygging menningarhúss á landsbyggðinni.

Nú segi ég: Hvað skyldu menn á norðvesturhorni landsins hafa fundið mikið fyrir þessum fimm atriðum sem Byggðastofnun lýsir að hafi verið áhrifin af byggðastefnunni sem þarna var framkvæmd? Ég held að menn hafi ekki æðimikið orðið varir við áhrif af þessu einmitt á þeim landsvæðum þar sem fyrirséð var að myndast mundi ójafnvægi gagnvart öðrum hlutum landsins.

Auðvitað áttu menn að fara yfir þessi mál upp á nýtt þegar ljóst var í hvað stefndi á norðausturhorni landsins. En ekki var á það hlustað frekar en margt annað sem lagt er til hér af stjórnarandstæðingum.

Af því að ég nefndi vegamálin þá er náttúrlega sannleikurinn sá að hvað sem okkur finnst um allar aðrar framkvæmdir og tilraunir til þess að koma til móts við byggðarlögin í landinu þá hafa samgöngubætur alla tíð skipt mestu máli. Það vill nú svo til að í þessari viku var verið að kynna skýrslu þar sem farið var yfir hvaða áhrif Hvalfjarðargöngin hefðu haft á byggðarlögin sem eru aðliggjandi þeim. Og hver er niðurstaðan? Hún er sú að hin jákvæðu áhrif hafi verið gríðarleg. Hvað var þarna að gerast? Hvað eru Hvalfjarðargöng? Þau eru 5 kílómetra langur vegur í staðinn fyrir rúmlega 50 kílómetra langan veg og reyndar 60 þegar Akranes er haft í huga. Það er sem sagt vegstytting um milli 50 og 60 kílómetra sem hafði þessi gríðarlegu áhrif. Það er þess vegna sem mönnum svíður það sárt að sjá fram á að nú eigi að fara að bakka í þeirri sókn til betri samgöngumannvirkja sem hefur þó verið í gangi. Það er ekki gott. Ég tel reyndar að það sé alveg sérstök ástæða til þess að menn snúi af þeirri braut vegna þess að hún kemur fyrst og fremst niður þar sem síst skyldi, þ.e. á þeim svæðum sem hafa orðið út undan. Það er búið að taka hér ákvarðanir um það í hvað eigi að eyða mestu fjármununum á næstu árum. Það eru jarðgöng út Eyjafjörð.

Ég held að fyrst og fremst vanti út á Vestfirði samgönguátak sem komi byggðarlögum þar í almennilegt vegasamband, framtíðarvegasamband. Það gerist ekki með niðurskurði í vegamálum. Það gerist með því að menn ákveði að flýta þar framkvæmdum. Ég held að allra mestu máli skipti að menn geri það. Númer eitt til að koma til móts við landsbyggðina er að bæta vegakerfið og samgöngurnar. Það hefur virkað. Það er ekki margt sem hefur virkað þannig að menn hafi séð raunverulegan árangur annað en þetta. Það hefur líka virkað þannig að menn hafi jú séð árangur að settir hafa verið fjármunir í að auka starfsemi í menntamálum, framhaldsskólum og háskólum úti á landi. Það hefur raunverulega virkað og á það þurfa menn að leggja mikla áherslu.

Það er heldur ekki hægt að neita því að stórkostlegir hlutir í stóriðjumálum, eins og fyrir austan, hafa virkað. En þeir virka á tilteknum afmörkuðum svæðum. Slíkar ákvarðanir eru í sjálfu sér ekki byggðamál. Það er ekki hægt að reka byggðastefnu á þeim grundvelli að það eigi að byggja stóriðju einhvers staðar. Það getur aldrei gengið. Menn verða að hafa yfirsýn og möguleika af öðru tagi til þess að hægt sé að koma til móts við þarfir landsbyggðarinnar án þess að koma með eitt stykki stóriðju. Það er ekki hægt að mæta í byggðarlögin með álver upp á vasann. Svoleiðis gengur ekki. Það vantar reyndar stefnumörkun núverandi ríkisstjórnar um það hvar eigi að setja niður slíka starfsemi í landinu.

Ég hef ekki oft hælt hæstv. landbúnaðarráðherra. En hann lagði það þó á sig og gerði það í sambandi við fiskeldi að búið er að reita niður landið og ákveða hvar megi setja fiskeldi af ýmsu tagi, í hvaða fjörðum megi hafa það. En það er engin áætlun til um það hvar eigi að hafa álver og stóriðju, engin. Við megum sem sagt eiga von á hæstv. iðnaðarráðherra með einhverja Alcoa-menn upp á arminn hvar sem er á landinu þar sem þeim þóknast að væri nú hægt að setja niður álver og þá er bara að taka því. Það er ekki til neitt um hvað menn vilja í þessu efni, því miður. En það þyrfti sannarlega.

Eitt af þeim atriðum sem skiptir að mínu viti gríðarlegu máli er að efla sveitarfélögin. Ríkisstjórnin er að burðast við að gera það en hefur að ég tel ekki tekið ákvarðanir sem skipta nógu miklu máli til að skila árangri. Ég óttast að niðurstaðan verði að átakið muni bíða verulegt skipbrot og það muni vanta verulega upp á að til verði heildstæð stór sveitarfélög sem tekið geti til sín aukna þjónustu og byggt upp öflugt menntaumhverfi. Þar með mun ekki vera hægt að bjóða upp á sambærilega þjónustu í öllum sveitarfélögum. Það gerist ekki nema sveitarfélögin, flest eða öll verði það sterk að þau geti tekið við auknum verkefnum frá ríkinu.

Ég get ekki flutt ræðu um þessi mál án þess að minna á það sem hefur virkað öfugt á undanförnum árum. Hvað sem hæstv. ráðherra segir um þetta steinbarn sem eignarhaldið á veiðiréttinum er þá er fiskveiðistjórnin ein helsta ástæðan fyrir þrengingum margra byggðarlaga, að réttindin til að stunda grundvallaratvinnuveginn gufuðu upp, urðu að eign sem var keypt og seld á milli hinna stóru í útgerðinni. Eftir sitja þeir sem þar eiga heima án þess að geta bjargað sér þegar útgerðin sem þeir unnu hjá er horfin á braut.

Það var þó alltaf möguleiki í slíkum byggðarlögum, að menn tækju sig saman og færu í útgerð eða fiskvinnslu. En það gerist ekki lengur vegna þess að eignarhaldið á veiðiréttinum kemur í veg fyrir það. Eignarhald á hvaða veiðirétti? Eignarhald á sameign þjóðarinnar, fiskimiðunum við landið. Þessi sameign þjóðarinnar var einkavædd án þess að það væri nokkurn tímann rætt opinberlega hvað menn væru í raun að gera. Það er nú það sem er í gildi þrátt fyrir allt.

Vitanlega væri gaman að ræða um margt í yfirferð um þessa skýrslu um byggðaáætlun. Ég vil hins vegar leggja áherslu á að það getur verið hættulegt að setja sér markmið ef menn eru ekki tilbúnir að endurskoða þau, eins og ljóst má vera að þarf að gera. Ég kalla eftir því sem menn sjá nú í spilunum til að koma til móts við þau byggðarlög sem orðið hafa út undan, vegna þess að byggðaáætlunin virkar eins og hún gerir. Byggðastofnun hefur réttilega lýst áhrifunum af því sem menn eru að gera.

Það má ekki taka orð mín þannig að ég sé að setja út á allt í áætluninni. Mér finnst margt gott sem menn hugsa hér um og framkvæma. En heildaráhrifin eru því miður þannig að þau koma ákaflega misjafnlega niður. Mjög stór landsvæði sitja eftir í miklum erfiðleikum.

Ég get ekki annað en notað síðustu mínútuna sem ég hef í þessa ræðu til að nefna það sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson endaði andsvar sitt til hv. þm. Kristjáns Möllers á, þ.e. að þeir hefðu tekið við hörmulegu búi af vinstri mönnum. Hvað skyldi Sjálfstæðisflokkurinn hafa setið lengi við völd á síðustu 26 árum? 22 ár, hv. þm. Guðjón Guðmundsson. Hverjir skyldu fyrst og fremst bera ábyrgð á ástandinu á þeim tíma? Eru það ekki þeir sem hafa verið við völd? Var ekki Sjálfstæðisflokkurinn við völd í landinu á þessum árum, eða misminnir mig eitthvað?

[14:49]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristjáni Möller sárnaði mjög andsvar mitt í morgun og galaði svo fram í að ég varð að hækka rödd mína til að geta flutt mál mitt. Nú heyri ég að mínum ágæta félaga, hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, hefur ekki líkað það heldur, að ég skyldi minna á hvernig ástandið var þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við völdum í byrjun tíunda áratugarins.

Það var ekki nóg með að ríkissjóður væri á kúpunni. Það var ekki nóg með að öll ríkisfyrirtæki væru á kúpunni. Atvinnulífið í landinu var allt á kúpunni. Það þýðir ekkert að koma og segja að það sé Sjálfstæðisflokknum að kenna. Við höfðum búið við vinstri stjórnir og algjöra óáran og óstjórn árum saman. Það er einfaldlega það sem stjórnvöld hafa verið að berjast við, að ná þessu upp. Það hefur tekist bærilega eins og ég gerði grein fyrir hér í ræðu minni.

Það hefur tekist að efla atvinnulífið, m.a. með þeim skattbreytingum sem hv. þm. Kristján L. Möller gerði lítið úr, þ.e. lækkun tekjuskatts á fyrirtæki, afnámi aðstöðugjaldsins og afnámi eignarskattsins. Allt þetta hefur orðið til að byggja upp öflugt atvinnulíf í landinu. Það verður bara að hafa það þótt mönnum sárni þetta. Þetta er einfaldlega sannleikurinn.

Hv. þm. minntist á fiskveiðistjórnarkerfið sem væri rót alls ills í byggðunum. Ekki ætla ég að gerast sérstakur talsmaður eða varðhundur þess kerfis. Ég hef oft gagnrýnt ýmsa þætti þess og er ekkert alánægður með það. Hv. þm. nefndi að hér áður þegar upp kom vandi í byggðarlögum og menn misstu skipin eða fóru á hausinn hafi menn bara tekið sig saman og keypt ný skip. Það sem síðan hefur gerst er að við veiðum jafnvel helmingi minna af þorski en við gerðum á þeim árum. En þá gátu menn veitt eins og þeir vildu, keypt skip og farið að veiða.

Ég held að það ráði ekki svo miklu í þessu sambandi hvort við búum við þetta kvótakerfið eða annað. Við getum ekki lengur veitt takmarkalaust vegna þess að fiskstofnarnir þola það ekki. Hér hefur fyrst og fremst orðið sú breyting að menn reyna að halda aflanum innan skynsamlegra marka.

[14:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vandinn við fiskveiðistjórnarkerfið er fyrst og fremst að menn þurfa að kaupa veiðiréttinn af öðrum sem fyrir eru í greininni. Væri sá veiðiréttur til boða fyrir alla á jafnræðisgrundvelli þá gætu menn stofnað fyrirtæki í sjávarútvegi og keppt við hina sem fyrir eru.

Varðandi það að mér hafi sárnað að vinstri mönnum skyldi kennt um það ástand sem var hér þegar Davíð Oddsson komst til valda þá er það nú ekki alls kostar rétt. Mér fannst það hins vegar svolítið undarlegt að skrifa það allt á kostnað ríkisstjórnar sem sat í skamman tíma á undan. Ef ég man rétt var ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar á undan

þeirri ríkisstjórn sem hv. þm. kennir um allt sem miður hefur farið og þar á undan var Steingrímur Hermannsson við völd ásamt Sjálfstæðisflokknum. Þar á undan var Gunnar Thoroddsen við völd ásamt vinstri flokkunum. Ég veit ekki betur en hann hafi verið sjálfstæðismaður ásamt fleirum í þeirri ríkisstjórn. Svona má telja aftur á bak. Ég komst að þeirri niðurstöðu að ef farið væri aftur til ársins 1974 þá hafi Sjálfstæðisflokkurinn verið við völd í um 22 ár af þessum 26.

Ég held að þróunin geti ekki skrifast sérstaklega á vinstri flokkana í þessu landi á þeim tíma. Við getum auðvitað rætt það fram og til baka. Sú ríkisstjórn skilaði þó af sér þeirri stöðu gagnvart verkalýðshreyfingunni sem varð til að koma á stöðugleika. Á því byggðu þær ríkisstjórnir sem á eftir komu. Ég tel að það hafi verið afar mikilvæg niðurstaða en því miður stefnir í að sá stöðugleiki gæti raskast núna. Það væri afar óheppilegt ef svo vildi til.

[14:54]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við getum karpað um þetta endalaust, félagarnir. En vegna söguskýringanna vil ég minna á að ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var ekki ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins. Til hennar var blásið gegn vilja Sjálfstæðisflokksins.

Af því hv. þm. nefndi ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar þá var sá ágæti forsætisráðherra að burðast við að gera eitthvað af viti, enda voru vinstri menn fljótir að taka af honum höfuðið og setja hann af í beinni útsendingu í sjónvarpinu. Hann fékk ekki einu sinni að tóra sem forsætisráðherra nema í eitt ár. Þá tóku þeir við aftur og komu öllu á heljarþröm.

Það hefur ekkert upp á sig að karpa um þetta. Staðreyndin er auðvitað að þegar við komum til valda 1991 þá var allt í rúst og allt á heljarþröm. Við sem urðum samferða inn á þing þá, hv. þm. og ég, munum hvernig ástandið var hér á Alþingi fyrstu árin. Þá var endalaust skorið niður og gerðar óvinsælar ráðstafanir til að reyna að ná þessu fyrir vind. Það hefur tekist með miklum myndarbrag og menn eiga að fagna því. Menn verða að viðurkenna að ástandið var svona. Þessi vinstri stjórn, sem auðvitað vildi vel eins og allar ríkisstjórnir, kom hér öllu á kaldan klaka.

[14:55]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svolítið gaman að því hvernig hv. þm. velur orðin. Sumar stjórnir kýs hann að kalla vinstri stjórnir en aðrar ekki. Alþýðuflokkurinn var með Sjálfstæðisflokknum í stjórn frá 1991 og þurfti að taka ákvarðanir um ýmsar óvinsælar ráðstafanir. Þær voru nauðsynlegar á þeim tíma. Þá voru allt aðrir tímar en hafa verið á síðustu tveimur kjörtímabilum. Það er ekki hægt að bera þau saman.

Það er ekki fyrst og fremst afrek ríkisstjórna sem hafa ráðið öllu. Margs konar áhrif viðskipta við útlönd og annað hefur stuðlað að þeim árangri sem náðst hefur. Sá árangur hefur m.a. náðst af því að gera samninga við erlend ríki, m.a. með þeim samningi sem núna á afmæli, EES-samningnum. Þótt ég hafi ekki stutt hann á sínum tíma þá hef ég séð þann jákvæða árangur sem af honum hefur orðið.

Það er svo sem hægt að tala endalaust um fortíðina en mér fannst ástæða til að nefna að menn eiga margt sameiginlegt, margir flokkar, úr fortíðinni. Það getur verið ágætt að rifja það upp öðru hvoru en mér finnst ekki ganga að hengja bara bjölluna á einn kött í því, það getur aldrei gengið upp.

[14:57]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu skýrsla iðnaðarráðherra um byggðaáætlun 2002–2005. Eðli málsins samkvæmt er um mjög umfangsmikið efni að ræða en í upphafi máls míns vil ég þó segja að ég tel að margt hafi áunnist í byggðamálum á þessu tímabili þótt alltaf megi gera betur. Að því stefnum við.

Það liggur í hlutarins eðli að í ræðunni mun ég einkum benda á það sem betur má fara. Þótt margt hafi áunnist, eins og ég hef áður sagt, held ég að ræða mín verði ekki ólík öðrum ræðum sem hér hafa verið fluttar. Að sjálfsögðu mun ég nefna punkta sem ég tel að betur megi fara í framkvæmd byggðaáætlunar.

Síðan áætlunin var sett fram árið 2002 hafa margir ánægjulegir hlutir litið dagsins ljós. Þar ber náttúrlega hæst framkvæmdir við álver í Reyðarfirði. Þar er um áratugalanga baráttu Austfirðinga að ræða og segja má að samstarf Austfirðinga, sérstaklega sveitarstjórnarmanna þar, og ríkisstjórnarinnar í þessu máli hafi verið til fyrirmyndar. Það segir okkur að það er nauðsynlegt að sýna frumkvæði, líkt og Austfirðingar gerðu varðandi atvinnuuppbyggingu á Austurlandi. Frumkvæðið þarf að koma úr byggðunum sjálfum og oftar en ekki eru stjórnvöld reiðubúin að koma að málum og liðsinna mönnum.

Hér hefur mikið verið rætt um fólksfjöldatölur og fólksfækkun á landinu. Ég vil nefna að á þriðja ársfjórðungi þessa árs birti Hagstofan tölur sem eru aldeilis ekki í takt í við þróunina á umliðnum árum. Reyndar eru tölurnar allt öðruvísi en þær sem við höfum séð síðastliðinn áratug. Einungis á tveimur landsvæðum voru aðfluttir umfram brottflutta. Það var ekki á höfuðborgarsvæðinu heldur var það á Austfjörðum og á Suðurlandi. Öðruvísi mér áður brá. Ég tel að sú stefna sem hæstv. ríkisstjórn, undir forustu hæstv. iðnaðarráðherra, hefur beitt sér fyrir sé farin að bera ávöxt.

Hins vegar stöndum við frammi fyrir þeim veruleika að ákveðin landsvæði heyja varnarbaráttu nú um stundir. Því er ekki að leyna og við megum ekki loka augunum fyrir því. Um þau svæði væri hægt að taka fjöldamörg dæmi. Ég ætla að taka nokkur dæmi. Við getum byrjað á að nefna byggðirnar við utanverðan Eyjafjörð, þar sem búa um 4.500 manns, á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði. Þar á fólksfækkun sér stað. Það er nauðsynlegt og það er skylda stjórnvalda að hlúa að þeim byggðum og skapa það umhverfi og aðstæður að þær nái að vaxa og blómstra.

Ef við tökum það sem horfir við þessum byggðum getum við tekið sem dæmi þann vaxtarsamning við Eyjafjörð, Eyjafjarðarsvæðið, sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur beitt sér sérstaklega fyrir. Sá samningur og sá vöxtur sem mun

verða á Eyjafjarðarsvæðinu í framtíðinni mun verða þessum byggðum mikil lyftistöng. Íbúar þeirra horfa mjög til þeirrar framtíðar að Eyjafjörðurinn verði eitt atvinnusvæði og þar horfum við sérstaklega á samgöngubætur milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar með Héðinsfjarðargöngum sem munu skapa mikil sóknarfæri fyrir þessi byggðarlög.

Við höfum einnig horft hér á tillögu til þingsályktunar sem liggur fyrir þessu þingi, tillögu um stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð sem þingmenn allra flokka koma að. Ég fullyrði að slík stofnun mundi styrkja byggð til muna við utanverðan Eyjafjörð.

Ég ætla að gera hér að umtalsefni annað málefni sem gæti styrkt sjávarbyggðir hringinn í kringum landið og þar með þessar byggðir líka en það er úthlutun veiðigjaldsins. Það er skilyrðislaus krafa frá sjávarbyggðum hringinn í kringum landið að þeir fjármunir sem af veiðigjaldinu munu koma skuli renna til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar í sjávarbyggðunum.

Það er kveðið á um úthlutun veiðigjaldsins í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks þar sem segir reyndar að „hugað verði að því að veiðigjaldið sem íslenskur sjávarútvegur greiðir muni renna til sjávarbyggðanna til uppbyggingar". Íslenskur sjávarútvegur er staðsettur á landsbyggðinni. Meginstarfsemi íslensks sjávarútvegs fer fram á landsbyggðinni. Alþingi ákvað á síðasta kjörtímabili að setja sérstakt gjald á sjávarútveginn, svokallað veiðigjald. Ef það gjald á að renna í sameiginlega sjóði okkar landsmanna og á að renna út úr þessum sjávarbyggðum erum við að lögleiða og innleiða sérstakan landsbyggðarskatt sem ég mun ekki geta staðið að.

Íslenskur sjávarútvegur er þannig uppbyggður að hann leitast við að hagræða í rekstri sínum. Ég á ekki von á því miðað við núverandi ástand í rekstrarumhverfi íslensks sjávarútvegs að störfum muni fjölga í einhverjum mæli í þeirri atvinnugrein. Því er það lífsspursmál fyrir þessi sveitarfélög sem byggja afkomu sína nær alfarið á sjávarútvegi að það fjármagn renni til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar í viðkomandi sveitarfélögum. Annars er um hreinan landsbyggðarskatt að ræða, eins og ég hef áður sagt hér, og slíkt er óásættanlegt.

Það er barátta á fleiri landsvæðum. Ég get nefnt að það er mikil barátta í Þingeyjarsýslum. Það landsvæði hefur þann kost að þar eru mjög mörg tækifæri fyrir hendi vegna þeirra náttúruauðlinda sem Þingeyingar búa að og við bindum miklar vonir við kísilduftsverksmiðju og öfluga atvinnuuppbyggingu tengda orkufrekum iðnaði. Ég vil þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir skörulegan framgang í þeim málum þó að allt sé ekki orðið ljóst.

Hér hefur verið minnst á það að samgöngumál skipti mjög miklu máli í byggðalegu samhengi. Ég er sammála því. Því getum við horft á það hvað göng um Vaðlaheiði gætu gert fyrir Eyjafjarðar- og Þingeyjarsvæðið. Ég tel að ef sú framkvæmd yrði aftarlega á forgangslista íslenskra stjórnvalda mundi ég vilja sjá að athugaðir yrðu kostir einkaframkvæmdar við þá framkvæmd því að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem mundi efla Þingeyjarsýslur og Eyjafjarðarsvæðið til mikilla muna.

Ég tek undir með hæstv. iðnaðarráðherra sem sagði áðan að við yrðum að horfa á ný tækifæri í byggðamálum. Ég vil hrósa enn og aftur hæstv. iðnaðarráðherra fyrir framsýni í mörgum málum sem því tengjast. Þar horfi ég sérstaklega á menntamálin. Ég sé að hv. þm. Sigurjón Þórðarson hlær hér mikið en ég hef ekki orðið var við það að tillögur Frjálslynda flokksins í byggðamálum hafi verið upp á marga fiska. Ég vil sem sagt horfa á menntamálin. Við getum tekið sem dæmi þekkingarsetur Þingeyinga sem hefur valdið straumhvörfum í Þingeyjarsýslum. Hæstvirtir iðnaðar- og menntamálaráðherrar hafa komið mjög myndarlega að uppbyggingu þess seturs. Þar hefur ungu menntuðu fólki úr Þingeyjarsýslum gefist kostur á að flytja í heimahaga sína og vinna störf sem hæfa menntun þess.

Við horfum einnig á vaxtartækifæri tengt þessu á Vestfjörðum, tengt háskólasetri og líka á Austurlandi. Þetta eru þeir vaxtarbroddar sem landsbyggðin getur byggt á til framtíðar því að það er staðreynd að menntunarstig íslensku þjóðarinnar er að hækka. Það unga fólk sem elst upp til að mynda á Ísafirði, Egilsstöðum eða Húsavík verður að geta sótt heim og unnið störf sem tengjast menntun þess, annars er til lítils unnið.

Það er óumdeilanlegt — ég held að við séum sammála um það, mörg sem hér erum — að það er bráðnauðsynlegt og í raun og veru réttlætismál að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. Ég verð að segja að ég sakna tillagna frá mörgum ráðuneytum í þeim efnum í þeirri ágætu skýrslu sem iðnaðarráðherra hefur kynnt hér. Við getum haldið áfram að taka dæmi. Við getum tekið dæmi um eftirlitsstofnanir sjávarútvegsins en sjávarútvegurinn fer fram á landsbyggðinni.

Hjá Fiskistofu t.d. sem hefur eftirlitshlutverk gagnvart íslenskum sjávarútvegi, sem nánast að öllu leyti er á landsbyggðinni, eru einungis sex starfsmenn staðsettir á landsbyggðinni og sinna eftirliti gagnvart íslenskum sjávarútvegi. Reyndar er það fagnaðarefni að starfsmönnum hefur fjölgað á Fiskistofu á Akureyri, úr tveim stöðugildum í fimm. En betur má ef duga skal þar. Hins vegar hefur störfum á Vestfjörðum fækkað úr tveimur í eitt.

Ég spyr mig þeirrar spurningar, og er trúlega ekki einn um það, hvort þetta séu eðlileg hlutföll. Ég er til að mynda sem þingmaður landsbyggðarinnar sammála því að ráðuneytin eigi að vera staðsett á höfuðborgarsvæðinu vegna nálægðar við Alþingi og vegna stjórnskipulegra þátta — en hvers vegna er þá ekki eftirlitsiðnaðurinn með sjávarútvegi staðsettur á landsbyggðinni? Það er ekki eðlilegt að um eða innan við 10% starfsmanna Fiskistofu séu staðsett á landsbyggðinni þegar yfir 90% af þeirri starfsemi fer þar fram. Hér er hlutföllunum snúið á hvolf.

Ég er hér einungis að taka eitt dæmi af handahófi en hægt er að taka mörg fleiri. Það er því sjálfsögð og eðlileg krafa að hlutfall opinberra starfsmanna hækki á landsbyggðinni og að því ber að stefna.

Ég verð að segja hér að við ræðu hv. 5. þm. Norðaust., Steingríms J. Sigfússonar, varð ég satt best að segja orðlaus, í fyrsta lagi vegna þess hvernig hv. þm. talaði um þá miklu atvinnuuppbyggingu sem nú á sér stað á Austurlandi. Þar er bjartsýnin í brjósti fólks og mikill hugur í fólki gagnvart þeirri uppbyggingu sem þar er byrjuð að eiga sér stað og mun eiga sér stað. Svo undrast ég þann bölmóð sem kom fram í máli hans þegar við horfum til að mynda á

Eyjafjarðarsvæðið, þann vaxtarsamning sem þar er búið að gera og þá framtíðarsýn sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur þar mótað. Ef þetta eru ekki áætlanir og ef þetta ber ekki vott um framkvæmdir hæstv. ríkisstjórnar í byggðamálum síðustu árin átta ég mig ekki alveg á því hvað hv. þm. var að fara. Það hefur mikið áunnist í byggðamálum, sérstaklega á þessum tveimur landsvæðum, vil ég meina. Það má líka gera margt annað.

Hæstv. forsætisráðherra hefur sagt að hann vilji einbeita sér að því að efla atvinnumál í Norðvesturkjördæmi. Ég hef trú á því að þar verði efndir á.

Við getum líka spurt okkur annars. Ef þeir þrír flokkar sem nú mynda stjórnarandstöðu á þingi hefðu verið við völd værum við þá að horfa á atvinnuuppbyggingu á Austurlandi, við stóriðju þar, með vinstri græna í ríkisstjórn? Ég held ekki. Með Samfylkinguna hálfklofna í því máli? Ég held ekki. Værum við að horfa á það að við styddum myndarlega við íslenskan landbúnað með Samfylkinguna við völd og alla þá krata sem þar eru innan borðs? Ég held ekki. Ég hef hlustað á margar ræður úr þessum stóli Alþingis þar sem ákveðnir þingmenn Samfylkingarinnar eru afskaplega hissa á því hvað við verjum miklum fjármunum til landbúnaðarmála og niðurgreiðslu á matvöru. Þar er um stórkostlegt byggðamál að ræða.

Værum við að horfa á öflug fyrirtæki í sjávarútvegi ef þessir þrír flokkar hefðu staðið hér að stjórn mála? Nei, aldeilis ekki. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar koma hér upp og kvarta yfir því að rekstrarskilyrði íslensks sjávarútvegs séu mjög erfið. Það er að miklu leyti vegna utanaðkomandi aðstæðna, vegna gengismála, afurðamála og annars slíks. Nei, það sem þessir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar vildu sjá í sjávarútvegsmálum er jú það að þeir vildu taka kvótann af þeim sterku sjávarútvegsfyrirtækjum sem eru að glíma við mjög erfið skilyrði á markaði. Þeir vildu taka allan kvótann af Fiskiðjunni Skagfirðingi, Eskju, Síldarvinnslunni, Þormóði ramma – Sæbergi, ÚA, Samherja, úthluta þeim bara eitthvað annað og tala um að einn sægreifi eigi hvert fyrirtæki. Sægreifarnir — það er þeirra orð.

Þetta eru almenningsfyrirtæki. Hverjir eiga stærstan hlut í íslenskum sjávarútvegi hér á landi í dag? Það eru lífeyrissjóðir. Það eru lífeyrissjóðir íslensku þjóðarinnar, sameign okkar allra. Það er ekki einhver einn maður sem á Samherja. Það var kannski þannig árið 1988 eða 1990 en við lifum bara einfaldlega ekki við þannig veruleika í dag.

Hv. stjórnarandstaða kemur hér og talar um réttlæti í íslenskum sjávarútvegi sem mundi setja ekki bara lífeyrissjóðakerfið og eignir okkar allra landsmanna, bankakerfið og allan okkar þjóðarbúskap á annan endann og talar svo í hinu orðinu um hvað það sé hrikalegt að sjávarútvegurinn búi við erfið skilyrði. Reyndar geta íslensk stjórnvöld lítið að því gert. Það er dálítill tvískinnungur í þessu máli.

Ég held að hv. stjórnarandstaða verði að taka sig saman í andlitinu í byggðamálum — ég er búinn að nefna hér þrjá grundvallarþætti sem snerta byggðir landsins — áður en hún heldur áfram að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að mörgu leyti ágæta frammistöðu í byggðamálum.

[15:12]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að beina nokkrum spurningum að hv. þingmanni, varaformanni sjávarútvegsnefndar. Ég var á Siglufirði fyrir skömmu að undirbúa utandagskrárumræðu sem verður von bráðar. Það var mjög góður fundur og ég fór víða. Þar voru menn mér almennt sammála hvað varðar mjög miklar áhyggjur af nýliðun í sjávarútvegi. Það er eitt af vandamálunum við þetta kerfi sem hv. þm. var hálft í hvoru að mæra að óhægt er með nýliðun. Hefur hann engar áhyggjur af því? Þetta eru áhyggjurnar sem fólkið hefur á Siglufirði.

Síðan er hitt sem er alveg borðleggjandi að það er minni fisk að fá á miðunum fyrir norðan en fyrir sunnan. Í kvótakerfi borgar sig frekar að leigja fiskinn fyrir norðan og láta veiða hann fyrir sunnan, þeir sem eru handhafar kvótans og búa á Siglufirði, í Ólafsfirði eða hvar sem er. Það er mjög óskynsamlegt að veiða minni fisk. Hefur hv. þingmaður ekki áhyggjur af þessu og telur hann ekki að það þurfi að leiðrétta?

Svo er annað sem mig langar að spyrja hann. Hv. þingmaður mærir þá skýrslu sem hefur verið hér til umfjöllunar og mér finnst vera ansi þunn, vægast sagt. Hefði ekki verið nær að menn legðu á borðið einhverjar mælistærðir um það hvernig við mælum árangurinn í byggðamálum? Við fengjum hér tölur um fjölda starfa, hvernig fjölgun starfa hefði þróast og upplýsingar um íbúaþróun? Ég hefði talið það miklu nær þannig að við gætum verið hérna í vitrænum samræðum um þróunina.

[15:14]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir miður ef hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefur ekki hlustað betur en þetta á mál mitt. Ég fór sérstaklega yfir vanda byggða við utanverðan Tröllaskaga og hvaða úrbætur ég vildi sjá í atvinnumálum á þeim stöðum.

Mér þykir miður að einn hv. þingmaður skuli ætla að halda hér utandagskrárumræðu um málefni eins sveitarfélags á landsbyggðinni sem er að mörgu leyti í mjög svipaðri aðstöðu og mörg önnur sveitarfélög. Af hverju erum við að beina sjónum okkar sérstaklega að þessu eina sveitarfélagi? Er það til þess að auka jákvæða umfjöllun um viðkomandi sveitarfélag? Hver er tilgangurinn?

Ég leyfi mér að stórefast um (**Gripið fram í:** Má ekki ...?) að hv. þm. Sigurjón Þórðarson viti mjög mikið um atvinnuástand á Siglufirði. Þar er nýlega búið að stofna fiskmarkað. Þormóður rammi – Sæberg fær ekki fólk í störf sem hann auglýsir eftir á Siglufirði. Þar eru 15 einstaklingar á atvinnuleysisskrá og alveg sama hvað Þormóður rammi – Sæberg auglýsir eftir starfsfólki, hann nær ekki að fullmanna starfsemi sína. 25 ný störf hafa orðið til á sl. tveimur árum við iðgjaldaskráningu Sparisjóðs Siglufjarðar á vegum sparisjóðanna og KB-banka. Það er því margt mjög jákvætt að gerast og ég er ekki að segja að það sé einhver glæsimynd af Siglufirði, en hvað vill hv. þingmaður? Við erum að fara í mjög miklar samgöngubætur sem eru göng um Héðinsfjörð. Búið er að vinna mjög mikið í ofanflóðavörnum við Siglufjörð upp á um 2 milljarða, þannig að

stjórnvöld hafa verið að auka öryggi íbúa og munu bæta samgöngur við íbúa Siglufjarðar.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég veit ekki hvað hv. þingmanni gengur til að taka sérstaklega út eitt sveitarfélag á landsbyggðinni og ætla að draga upp sérstaklega dökka mynd af því ástandi sem þar er. Þar með er ég ekki að segja að ástandið þar sé eitthvað betra en annars staðar á mörgum stöðum á landinu.

[15:16]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. spurði: Hvað vill hv. þm.? Ég vil fá svör við þeim spurningum sem ég bar upp. Því miður kaus hv. þm. Birkir J. Jónsson að svara einhverju allt öðru og tala um Siglufjörð og eitt og annað.

Ég ætla þá að endurtaka spurningar mínar:

Hefur hv. þm. ekki áhyggjur af því að engin nýliðun verði í greininni, þar með talið á Siglufirði?

Hefur hv. þm. engar áhyggjur af því að það borgi sig ekki að veiða minni fisk sem er á miðunum fyrir norðan?

Ég hef engan áhuga á því að vera með einhverja neikvæðni í garð Siglufjarðar. Þó svo að menn geti talið upp einhver störf þar ætla ég að geyma þá umræðu, hún á að vera uppbyggileg. Ég hafði sannast sagna haldið að Birkir J. Jónsson hefði viljað fagna því sérstaklega að fá að ræða vandamál heimabæjar síns. Mér kemur það mjög á óvart að hann sé hvumpinn yfir því.

Hvað ég veit um atvinnulífið á Siglufirði, ég veit ýmislegt, enda hef ég starfað í bænum undanfarin ár.

[15:18]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt ég þyrfti ekki að svara þeirri fyrirspurn sem fylgir í töfluyfirliti yfir búferlaflutninga úr sveitarfélögum eftir ársfjórðungum árið 2004, sem er öllum aðgengilegt. Ég hélt ég þyrfti ekki að lesa upp úr þeirri töflu úr ræðustól Alþingis. (**MÞH:** Lestu upp úr henni fyrir okkur.)

Hins vegar er mjög áhugavert að velta fyrir sér þeirri stefnu sem Frjálslyndi flokkurinn vill. (**MÞH:** Ætlar þingmaðurinn að svara spurningunum eða ekki?)

(**Forseti** (JóhS)**:** Vilja hv. þm. gjöra svo vel að gefa ræðumanni frið til þess að svara andsvarinu.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir. Það er greinilegt að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins eru mjög viðkvæmir gagnvart þeirri atvinnustefnu sem þeir hafa boðað, enda sagði ég það í ræðu minni áðan að við ætluðum að reka hér öflugan sjávarútveg og við ætluðum að verja arðinum af því veiðigjaldi sem verður tekið af íslenskum sjávarútvegi til uppbyggingar í bæjarfélögum eins og Siglufirði, Ólafsfirði eða Dalvíkurbyggð. Hv. þingmenn Frjálslynda flokksins og annarra vilja flytja kvótann eitthvert annað, til einhverra annarra.

[15:19]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg með ólíkindum að hlusta á nýskipaðan varaformann sjávarútvegsnefndar Alþingis standa hér í ræðustól og flytja mál sitt. Ég vil aðeins benda á nokkrar staðreyndir í skýrsluformi sem ég tók með mér af skrifstofu minni þegar ég hlustaði á hann í sjónvarpinu áðan.

Hér er skýrsla Byggðastofnunar frá október 2001, Áhrif kvótasetningar á aukategundir hjá krókabátum á byggð á Vestfjörðum. Þar kemur fram að miðað við samdrátt í afla til vinnslu upp á 6.200 tonn af slægðum afla — vegna þess að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn kvótasettu trillurnar í ýsu, ufsa og steinbíti — er gert ráð fyrir að ársverkum í landvinnslu á Vestfjörðum fækki um 93, miðað við upplýsingar frá Samtökum fiskvinnslustöðva. Gert er ráð fyrir að störfum við smábátaútgerð fækki um 160–200. Þetta hefur allt gengið eftir.

Um daginn var sjávarútvegsnefnd Alþingis á ferð — það var reyndar áður en hv. þm. varð varaformaður, áður en hann vann það níðingsverk með félögum sínum að reka rýting í bak Kristins H. Gunnarssonar og (Gripið fram í.) úthýsa honum úr sjávarútvegsnefnd — og hitti trillukarla við Eyjafjörð, Svæðisfélagið Klett. Og hvað sögðu þeir um niðurlagningu dagakerfisins sem framsóknarmenn og sjálfstæðismenn stóðu fyrir? Þeir sögðu orðrétt, með leyfi forseta:

„Hið breytta umhverfi sem blasir við mönnum á nýju fiskveiðiári með niðurfellingu dagakerfisins er langt frá því að vera bjart. Borðleggjandi er að störfum við fiskveiðar mun fækka til muna þar sem útgerð færabáta mun dragast verulega saman á okkar svæði, t.d. sjáum við fram á samdrátt sem nemur 20–30 bátum, eða allt að 50 störf bara í veiðum. Einnig er það okkur mikið áhyggjuefni hversu erfitt er fyrir nýja aðila að komast inn í kerfið eins og það er orðið með kvóta á alla báta og tegundir."

Frú forseti. Við í Frjálslynda flokknum höfum barist gegn þessari þróun með kjafti og klóm. Við höfum gert það af ábyrgð og við höfum gert það af heilindum. Það er alveg ótrúlegt að þurfa að heyra þennan fúkyrðaflaum og þessar rangfærslur úr munni nýskipaðs varaformanns sjávarútvegsnefndar. Þetta boðar ekki gott.

[15:21]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort mér misheyrðist eitthvað í máli hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, en ég heyrði ekki betur en úr ræðustóli hafi komið frá honum mikill fúkyrðaflaumur í minn garð og félaga minna í Framsóknarflokknum, þar sem talað var um níðingshátt og rýting í bak og annað slíkt. Mér finnst það ekki sæmandi úr ræðustóli Alþingis. Ef hv. þm. finnur einhver sambærileg orð úr mínum munni, þá skal hann benda á þau í andsvari sínu á eftir. Annars ætla ég ekki að rekja frekar munnsöfnuð hv. þm. sem mér finnst oft og tíðum ekki til sóma, hvort sem það er úr þessum ræðustóli eða á öðrum vettvangi.

Við verðum að sætta okkur við fiskveiðistjórnarkerfið og við hljótum að geta rætt það á málefnalegum nótum að við erum ósammála um leiðir í fiskveiðistjórnarkerfinu og í kvótakerfinu.

Fyrirtæki eins og Þormóður rammi – Sæberg skapar á annað hundrað störf á Siglufirði og Ólafsfirði. Þetta er mjög mikilvægur vinnustaður. Nýlega var sett á fót fyrirtæki í Ólafsfirði sem ágætur maður, Sveinn Jónsson, bóndi á

Kálfskinni, og er okkur framsóknarmönnum að góðu kunnur, hefur nú stofnsett og þar vinna um 20 manns. Ég mundi ekki útiloka að það geti orðið vöxtur í því.

Það eina sem ég hef sagt í þessum málflutningi — ég hef ekki komið inn á málefni dagabáta sem reyndar eltu fiskinn á sínum tíma hringinn í kringum landið og höfðu oftar en ekki aðstöðu á fleiri en einum stað, þannig að ég veit ekki hversu mikil byggðafesta var í því — er að ég vil verja arðinum af núverandi sjávarútvegskerfi af auðlindagjaldinu til nýsköpunar og uppbyggingar í hinum dreifðu byggðum.

[15:23]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem mér kemur í huga er gamalt máltæki: Það læra börnin sem fyrir þeim er haft. Hv. þm. Birkir J. Jónsson minnir mig á hæstv. landbúnaðarráðherra í tilsvörum sínum í ræðustól. Hann fer eins og köttur í kringum heitan graut og segir helst ekki neitt af viti, því miður. Þetta eru eintómir útúrsnúningar. Ég kom hérna fram með staðreyndir sem liggja fyrir á blaði, grjótharðar staðreyndir. (**Gripið fram í:** Hvar eru staðreyndirnar?) Þingmaðurinn forðaðist að tala um þetta, sem er alveg með ólíkindum.

Hér hefur verið talað um Siglufjörð. Sjávarútvegsnefnd þingsins var líka á Siglufirði. Þar eru mikil vandræði, m.a. vegna samdráttar í rækjuveiðum sem menn ráða ekki við vegna viðskiptaástæðna og niðursveifla hefur orðið í rækjuveiðum. En ég spurði einmitt einn af forsvarsmönnum bæjarstjórnar þar: Hvað með fiskinn, er fiskur hér í firðinum fyrir utan? Nógur fiskur. Ekki hefur verið jafnmikil fiskigengd í mörg, mörg ár. En vandamálið með Siglfirðinga er að þeir mega ekki veiða fiskinn. Byggðarlaginu er meinað að nýta mikilvægustu auðlind sína sem er fiskurinn í sjónum. Gegn þessu hamla núverandi ríkisstjórnarflokkar, m.a. með nýskipaðan varaformann sjávarútvegsnefndar og ráðherra byggðamála í fararbroddi.

[15:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Formaður iðnaðarnefndar talaði hér áðan. Greinilegt er að skipt hefur verið um forrit í formanni iðnaðarnefndar frá þeim formanni sem var í nefndinni í fyrra. Svona ræðu hefði maður aldrei heyrt frá honum. Hann nefnilega gerir sér grein fyrir áhrifum af eignarhaldinu í sjávarútveginum. Framsóknarflokkurinn er einmitt klofinn, a.m.k. stuðningsmenn hans, í tvær fylkingar hvað varðar afstöðuna til þess hvort þetta eigi að vera svona.

Það er annars merkilegt að menn skuli ekki geta annað en hlaupið í vörn fyrir einstök fyrirtæki þegar verið er að ræða um sjávarútvegsmál. Það er náttúrlega ekki tími til að tala um þau mál núna. Við höfum ekki lagt það til að kvóta væri úthlutað eitthvert, eins og hv. þm. sagði. Við höfum lagt til að komið væri á kerfi þar sem allir sem vildu vinna í sjávarútvegi sætu við sama borð til að sækja eftir þeim kvóta á leigumarkaði. Jafnræði væri og það kæmist á ástand sem hægt væri að líkja við ástand í öðrum atvinnugreinum.

Það er eins og í hv. þingmönnum og ríkisstjórninni í heild og stuðningsmönnunum hennar sé skipt um forrit þegar talað er um landbúnaðarmál annars vegar og sjávarútvegsmál hins vegar. Þá eiga að gilda allt aðrar forsendur en í öllum öðrum atvinnugreinum í landinu. Þá skal ekki jafnræði gilda.

Ég minni hv. þingmann á að iðnaðarnefnd fer með byggðamál. Hvað er það sem hrjáir byggðir landsins, fyrst og fremst sjávarútvegsbyggðirnar? Það er það ástand að ekki skuli vera jafnræði til að nýta auðlindina, að það skuli vera búið að kippa fótunum undan því fólki sem byggði upp á ströndinni, eins og hefur verið gert með þessu kerfi.

[15:27]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns geta þess að í Framsóknarflokknum eru menn ekki forritaðir sérstaklega til að þeir hafi skoðanir á málum. Ég var fyrst og fremst að gera grein fyrir áherslum og sjónarmiðum mínum hvað þetta varðar. Þegar hv. þingmaður talar um tvær fylkingar og tvær stefnur í Framsóknarflokknum, þá er það ekki þannig. Við höfum ákveðið og markað stefnu okkar á flokksþingi Framsóknarflokksins og eftir því hefur þingflokkur Framsóknarflokksins unnið. Fyrir síðustu kosningar fór þingflokkurinn fram með núverandi stefnu í sjávarútvegsmálum. Við erum ekkert að koma aftan að kjósendum í þeim efnum. Stefna okkar í þeim efnum er ljós.

Af því að hv. þm. talar um tvær fylkingar og tvær stefnur getur flokkur eins og Samfylkingin trúlega leyft sér það, til að mynda í skattamálum og öðrum málum þar sem ég held að þeir hafi lofað öllum þeim skattalækkunum sem mögulegar eru, nema þeir kannski skipta hópnum í tvennt eða eitthvað slíkt. Ég hef ekki orðið var við einhverja eina heildstæða stefnu Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum.

Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann sé ekki sammála mér um það að hið ytra umhverfi sem íslenskur sjávarútvegur býr við nú, afurðaverð, gengismál og annað slíkt, hefði ekki getað mætt þeim erfiðu aðstæðum á 9. áratug síðustu aldar, þar sem allt logaði í gjaldþrotum. Sjávarútvegsfyrirtæki urðu yfirleitt gjaldþrota einu sinni í mánuði, það þótti til tíðinda ef liðu meira en tveir, þrír mánuðir án þess að eitthvert sjávarútvegsfyrirtæki færi í greiðsluþrot. Við erum búin að byggja upp mjög öflugt sjávarútvegskerfi, öflug sjávarútvegsfyrirtæki, sem hafa viðhaldið og haldið uppi hagvexti hér í landi og kaupmáttaraukningu til hagsbóta fyrir alla. Ég vara við þeirri stefnu eða þeim stefnum sem Samfylkingin hefur lagt til í sjávarútvegsmálum.

[15:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt því ekki fram að menn væru forritaðir í Framsóknarflokknum, en það er kannski skipt um stöður eftir því hvaða forrit er í viðkomandi. Það sýnist mér að hafi verið gert núna.

Annað vil ég segja og það ætti hv. þingmaður að kynna sér. Aðstæður í sjávarútvegi núna eru ekki slæmar. Ef menn bera saman fiskverð og ýmislegt annað sem við kemur sjávarútveginum við það sem var á þeim árum sem hv. þingmaður vísaði til, þá munu menn aldeilis sjá að það hefur orðið mikill munur á. (**Gripið fram í:** En olíuverðið?) Olíuverð hefur stundum verið hærra en nú, þó ýmislegt sé

sagt um það í fréttum.

En um landbúnaðarmálin, Guð almáttugur! Að ungt fólk í Framsóknarflokknum skuli ætla að ganga í þessi gömlu fótspor á gúmmískónum, það er óskaplegt. Landbúnaðarstefna Íslendinga er aftan úr grárri forneskju og Framsóknarflokkurinn hefur varið hana með oddi og egg fram að þessu og það örlar ekki fyrir breytingu, ekki hjá þeim yngstu einu sinni.

[15:30]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér nú á blankskóm en ekki gúmmískóm, en hv. þm. má nota þau orð um okkur unga fólkið í Framsóknarflokknum sem honum sýnist.

Ég vil halda hér einu til haga og þá kannski sérstaklega sem formaður iðnaðarnefndar. Ég rakti í máli mínu að mörg sveitarfélög og margir landshlutar glíma við mjög erfið vandamál. Ég rakti líka að núverandi ríkisstjórn hefur lýst því yfir að hún muni reyna að mæta þessum sveitarfélögum og þessum landsvæðum í þeim vandamálum. Það er alveg á hreinu að ég var ekki að draga upp neina glansmynd af byggðastefnu stjórnvalda. Ég gat þess sérstaklega í upphafi máls míns að ég yrði trúlega frekar á þeim nótunum að benda á það sem betur mætti fara og það gerði ég, en það er einfaldlega svo að það er ekki allt djöfullegt í byggðamálum okkar Íslendinga. Þannig er það ekki og verður vonandi ekki.

[15:31]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi byrja á að þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir þá ágætu skýrslu sem hér liggur fyrir þó að ég hafi kannski ýmislegt við hana að athuga. Þegar grannt er skoðað má þar eitt og annað betur fara, held ég.

Ég vil aðeins víkja að stöðu Byggðastofnunar af því að ráðherra gaf tilefni til þess í upphafi ræðu sinnar. Með útrás bankanna út á landsbyggðina, sem ég tel mjög gleðilega, hefur staða Byggðastofnunar auðvitað breyst mjög. Þannig eru góð fyrirtæki á landsbyggðinni í stórum stíl að greiða upp lán sín hjá Byggðastofnun sem hefur aftur á móti síðan áhrif á rekstrarstöðu Byggðastofnunar. Það er ástand sem þarf með einhverjum hætti að bregðast við. Ég held að við verðum jafnvel að endurskoða lánapólitík og lánastefnu Byggðastofnunar með algerlega nýjum hætti þegar sú staða er komin upp að stóru lánastofnanirnar eru einfaldlega farnar að slást um fyrirtæki á landsbyggðinni.

Það má horfa til ýmissa þátta í því og kannski ræða sérstaklega þá vaxtastefnu og vaxtapólitík sem gilt hefur innan Byggðastofnunar þar sem allir hafa búið við sömu kjör. Það má færa rök fyrir því þegar horft er til tilgangs Byggðastofnunar að það ættu að vera lægri vextir á þeim svæðum sem eiga undir högg að sækja hvað íbúaþróun og atvinnulíf snertir til þess að auka samkeppnishæfni þeirra svæða. Ég held að þetta sé atriði sem við megum gjarnan skoða. Það má einnig skoða og færa nokkur rök fyrir því að ákveðnar atvinnugreinar gætu hugsanlega borið aðra vexti sem væri þá óháð því hvar fyrirtæki væru staðsett og þá kannski frekar þær sem eiga undir högg að sækja á þeim svæðum þar sem menn vildu efla þær atvinnugreinar.

Þetta eru allt atriði sem er mjög nauðsynlegt að skoða með opnum huga því ég held að við höfum stundum þá áráttu að festa okkur í einhverjum farvegi og ákveðnum hjólförum sem við eigum erfitt með að rífa okkur upp úr.

Þetta var um stöðu Byggðastofnunar og eins og ég segi er mjög nauðsynlegt að skoða stöðu hennar, hvaða þörf við höfum fyrir Byggðastofnun. Þó svo að ég sé þeirrar skoðunar að það sé því miður enn þá full þörf á að reka lánastarfsemi á vegum Byggðastofnunar getur það samt sem áður verið breytt hlutverk í lánastarfseminni sem við horfum til.

Aðeins varðandi þá skýrslu sem hér liggur fyrir. Það er leitt að ráðherra skyldi þurfa að víkja sér úr salnum þegar ég fer yfir hana. Ég tel að þó svo að margt ágætt komi fram í skýrslunni sé alveg hörmuleg ritstjórn á henni. Fyrir þá sem ekki eru að skoða byggðamál frá degi til dags er afar erfitt að átta sig á uppbyggingu skýrslunnar. Ég tek undir það með hv. þm. Kristjáni L. Möller að fyrri skýrslan sem lögð var fram á síðasta þingi er mun betur upp sett en sú sem við erum nú með fyrir framan okkur. Til þess að skilja markmið og meginhugmyndir hvers verkefnis fyrir sig af þeim 22 verkefnum sem hér liggja fyrir er algjörlega nauðsynlegt að mínu mati þegar verið er að gera grein fyrir þeim að fram komi hver sé meginhugmyndin að baki verkefnunum og hvert sé markmiðið með þeim. Ég harma að það skyldi ekki vera gert með þeim hætti.

Skýrslan er þannig uppbyggð að talin eru upp fimm meginmarkmið í upphafi. Síðan eru stefnumarkandi áherslusvið eins og það heitir. Yfir þessum verkefnum er verkefnisstjórn sem skipuð er fulltrúum ráðuneyta. Í verkefnisstjórninni eru fulltrúar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, menntamálaráðuneytis, samgönguráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Fyrr í skýrslunni er tekið fram að það séu tiltekin ráðuneyti, væntanlega þau sem upp eru talin, eða Byggðastofnun sem beri ábyrgð á framkvæmd hverrar aðgerðar. Ég er eiginlega nokkuð hissa á því að í verkefnisstjórninni skuli ekki vera fulltrúi frá Byggðastofnun sem ber þó ábyrgð á ákveðnum verkefnum þarna. Að mínu mati hefði það verið mjög til bóta og ég tel heldur verra að svo sé ekki.

Hér liggur einnig fyrir heildarmat Byggðastofnunar á árangri þessara verkefna. Af því að kallað hefur verið eftir í umræðunni að ekki liggi fyrir mat á árangri þá segir í niðurlagi heildarmats Byggðastofnunar á árangrinum, með leyfi forseta:

„Það er mat stofnunarinnar að skýrslan lýsi framkvæmd áætlunarinnar með fullnægjandi hætti og að samkvæmt henni sé vinna við flesta liði í viðunandi farvegi. Hins vegar verður ekki hægt að meta árangur að fullu fyrr en að áætlunartímabilinu lýkur.“

Það er kannski ástæðan fyrir því að ekki er hægt að leggja betra mat á það sem fram kemur í skýrslunni að áætlunartímabilinu er ekki lokið.

Ef við lítum til þeirra verkefna sem talin eru upp og eru 22 að tölu, þá vildi ég aðeins hlaupa á nokkrum þeirra og nefni fyrst verkefni nr. 1, Endurskipulagningu atvinnuþróunar á landsbyggðinni – nýsköpunarmiðstöð á Akureyri.

Þarna held ég að hafi verið mjög vel að verki staðið. Reyndar hefði mátt telja hér upp mun fleira í skýrslunni en þarna koma fram verkefni sem Impra hefur verið að vinna að og eru mjög mörg góð verkefni, stuðningsverkefni fyrir fyrirtæki í rekstri, stuðningsverkefni fyrir frumkvöðla og þjónusta við atvinnuþróunarfélög og síðan er minnst á nýja samninga Byggðastofnunar við atvinnuþróunarfélögin. Ég held að mjög upplýsandi hefði verið að fá aðeins yfirlit yfir hvað atvinnuþróunarfélögin hafa verið að vinna því þar fer fram afskaplega merkilegt starf að mínu mati sem mætti gjarnan vera haldið meira á lofti, en atvinnuþróunarfélögin eru í samstarfi við Byggðastofnun og hafa nýst mjög vel hvert á sínu svæði.

Annars staðar er minnst á eflingu sveitarstjórnarstigsins. Það er tillaga frá verkefnisstjórn um í rauninni þetta sama, að það þarf auðvitað að endurskipuleggja og stöðugt að huga að því hvernig vinna á að atvinnuþróunarstarfi og nýsköpunarstarfi á landsbyggðinni. Ég tel að þar sé víða verk að vinna og þurfi að huga meira að samruna og samvinnu einstakra sjóða og verkefna, stofnana og annarra sem vinna að þessum málaflokki.

Það kemur einmitt fram í verkefni nr. 2 sem heitir Auk*in samvinna opinberra sjóða sem vinna að eflingu atvinnu*lífs. Og ég tek undir hvert orð þar sem segir: „Það er álit Byggðastofnunar að fenginni reynslu að samstarf þetta þurfi að vera með formlegum hætti á reglulegum samráðsvettvangi. Ekki er nægilegt að einungis forstjórar og stjórnarformenn viðkomandi sjóða hittist, heldur þarf að vera virkt samstarf á milli almennra starfsmanna einnig."

Þarna er mjög nauðsynlegt að menn vinni betur. Þetta á við sjóði eins og Ferðamálasjóð, sem reyndar er kominn undir Byggðastofnun, Framleiðnisjóð landbúnaðarins, Orkusjóð, Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og Byggðastofnun. Þessar stofnanir þurfa allar að vinna mun meira saman en nú er og auka upplýsingaflæði *sín á milli til* þess að auka skilvirkni þessa opinbera stuðningskerfis sem við svo sannarlega styðjum og stöndum að, en út úr því heildarkerfi mætti kannski koma meiri skilvirkni.

Ég sé að tíma mínum er senn að ljúka en ég vildi hlaupa hér á nokkrum verkefnum til viðbótar. Það er t.d. efling sveitarstjórnarstigsins. Ég hef aðeins heyrt það í umræðunni að menn hafa verið að gera lítið úr því verkefni en það er sannfæring mín að með því að efla sveitarstjórnarstigið vinnum við mjög vel að byggðamálum. Það verkefni sem nú er í gangi hefur m.a. lagt þær línur að leggja eigi meiri áherslu á nærþjónustuverkefni á sviði velferðarmála, að þau verði í auknum mæli hjá sveitarfélögunum. Einnig á atvinnuþróunarstarf, að sveitarfélögin komi meira að því og verði sterkari gerandi í því þróunarstarfi sem fram fer heima í héraði, að ég tali ekki um framkvæmd opinbers eftirlits sem gjarnan mætti koma nær þeim sem fyrir því verða.

Hér er einnig byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð. Ég tel það mjög merkt verkefni en meginhugmyndin er að styrkja byggð við Eyjafjörð svo að fólki fjölgi þar á næstu árum, a.m.k. um 2%–3%. Þarna eru lagðar línur og mjög spennandi ef tekst að efla svæðið til mótvægis við höfuðborgarsvæðið á Miðnorðurlandi.

Hér er einnig verkefnið um að efla fiskeldi. Þar eru auðvitað endalaus sóknarfæri í íslensku atvinnulífi. Sjávarútvegsráðherra hefur stofnað sérstakan sjóð, AVS-sjóð, sem ætlað er að standa á bak við átak til að auka virði íslenskra sjávarafurða.

Hæstv. forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka, en að lokum vil ég nefna listann í lok skýrslunnar um aðrar aðgerðir stjórnvalda. Það er ákaflega ánægjulegt að ráðuneyti hafi yfir höfuð áhuga á því að auka og vinna að verkefnum á landsbyggðinni, en þarna vantar greinilega ýmis verkefni sem ég held að hefðu mátt fljóta með og koma m.a. fram í ágætum bæklingi sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur gefið út og fjallar um menntamál og fleiri góð mál sem verið er að vinna að á landsbyggðinni.

[15:47]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir fór yfir nokkra kafla úr skýrslunni og ræddi þá sem gott er að ræða um en sleppti ýmsum öðrum, enda ekki mikill tími. Ég ætla að freista þess að leggja spurningu fyrir hv. þm. og óska eftir áliti á því sem snýr að jöfnun rekstrarskilyrða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni gagnvart höfuðborgarsvæðinu *líkt og ég hef lagt fyrir annan þingmann* Sjálfstæðisflokksins fyrr í dag, en fékk ekki svar við. Spurningin snýr að skattkerfisbreytingunni sem gerð var 2001 og var að margra dómi ágæt að mörgu leyti en hafði ýmsa galla. Einn gallinn að mínu mati var sá að lækkun á eignarskattinum og hækkunin á tryggingagjaldinu gagnvart atvinnufyrirtækjum, lögaðilum, hafði þau áhrif sem ég hef áður nefnt og hygg að hv. þm. hafi hlustað á en skal árétta, að fyrirtæki í Reykjavík og á Reykjanesi græddu 2,7 milljarða kr. á breytingunni en fyrirtæki á Vesturlandi, Norðurlandi vestra og Vestfjörðum högnuðust um 6 eða 7 millj. kr. Ég veit að ég þarf ekki að útskýra fyrir hv. þm. hvers vegna þetta er vegna þess að *landsbyggðarþingmaður eins og hún gerir sér grein fyrir* því.

Ég vil því spyrja hv. þm. hvort skattkerfisbreytingin hafi verið góð að hennar mati og hvort jafnræðissjónarmið hafi ráðið gagnvart öllum atvinnurekstri á landinu.

[15:49]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alltaf skemmtilegt þegar menn festa sig í einstöku atriði. Ég held að skattkerfisbreytingin hafi skilað sér afskaplega vel til atvinnulífsins í landinu, ekki síst til landsbyggðarinnar. Ef við horfum eingöngu til *tryggingagjaldsins mun það hækka hjá starfsmannafrekum* fyrirtækjum og þar sem hár hluti af rekstrarkostnaði snýr að launagreiðslum. Ég hef hins vegar ekki heildarúttekt á því, þó hv. þm. Kristján L. Möller nefni tölur, hvernig skattkerfisbreytingarnar komu við einstök landsvæði hvað varðar tekjuskattinn og hvað varðar önnur atriði í þeim skattbreytingum sem þarna urðu.

Ég fagna því ef fyrirtæki eru almennt orðin það stöndug að þau eru farin að borga skatta sem virðist vera þar sem tekjur ríkissjóðs af t.d. tekjuskatti fyrirtækja hafa stórlega vaxið. Ef ekki kemur tekjuskattur af fyrirtækjum á landsbyggðinni tel ég það miður. Ef hins vegar skattkerfisbreytingin *í heild skilar atvinnulífinu betri starfsskilyrðum er það*

eitthvað sem við hljótum öll að fagna. Ég trúi ekki öðru en hv. þm. taki undir það.

[15:51]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er önnur tilraun mín til þess að fá þá tvo sjálfstæðismenn sem hér hafa talað til þess að koma með athugasemd um það sem ég hef nefnt og allir þekkja, vegna þess að þetta er fest í þingskjöl. Bæði hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir og hv. þm. Guðjón Guðmundsson hafa farið eins og köttur í kringum heitan graut að svara því og ég mun ekki reyna frekar að fá svör við spurningunni hjá sjálfstæðismönnum að sinni.

[15:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst þetta frekar ódýr leið til þess að komast frá málinu að tölur sem hann tíundar séu festar í þingskjöl. (Gripið fram í.) Það getur vel verið, en þá skulum við meta þær saman þegar við höfum aðstæður til þess, hv. þm., hvernig þær koma út.

Ég er algjörlega sannfærð um að breytingarnar á skattkerfinu sem við sjálfstæðismenn höfum staðið fyrir hafa skilað sér mjög vel til atvinnulífsins. Ég held að full ástæða sé til að árétta það eftir endalaust og botnlaust svartagallsraus samfylkingarmanna.

[15:52]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum skýrslu hæstv. iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005.

Ég vil í upphafi máls míns láta í ljós mat mitt á viðfangsefnum sem þessum. Byggðaáætlun og byggðaaðgerðir eiga að stærstum hluta að vera hluti af hinum almennu verkefnum sem sýslað er með af hálfu stjórnsýslunnar gagnvart landinu öllu. Sértækar aðgerðir, smáar og stórar, í byggðamálum geta verið réttlætanlegar í neyðartilfellum, en þær munu ekki gagnast sem algild stefna gagnvart þjónustu eða uppbyggingu atvinnulífs um landið. Því fleiri sértækar aðgerðir sem grípa þarf til, því erfiðara verður að koma á föstum grunni fyrir samkeppnishæft atvinnulíf og búsetu í landinu. Ef stöðugt þarf að grípa til margra afmarkaðra og sértækra aðgerða segir það okkur bara eitt, að eitthvað sé í ólagi með grunninn, grunn atvinnulífsins og búsetunnar í landinu. Sérstakar byggðaaðgerðir eiga fyrst og fremst rétt á sér við afmörkuð tilvik, sérstakt og afmarkað átaksverkefni eða til að mæta einhverjum áföllum. Ég mun því í ræðu minni fjalla meira um hina almennu grunnþætti sem hafa áhrif á samkeppnishæfni atvinnulífs og búsetu í landinu og ég tel að eigi að standa vörð um og efla.

Það skiptir máli hvernig velferðarþjónustan er byggð upp. Það skiptir máli að allir, hvar sem þeir eru í landinu, hafi jafnan rétt til þess að sækja heilsugæslu og sjúkrahúsþjónustu. Það skiptir máli að allir hafi jafnan rétt til þess að sækja menntun. Það skiptir máli að hægt sé að búa sem lengst í eðlilegu fjölskyldulífi í heimabyggð, t.d. hvað menntun barna og unglinga varðar. Þetta eru grunnatriði sem skipta byggð og búsetu miklu máli. Stefna núverandi ríkisstjórnar sem lýtur að því að skerða og takmarka velferðarkerfið mun því bitna harðast á fólki sem býr í hinum dreifðu byggðum landsins. Þess vegna er mikilvægt að standa vörð um velferðarþjónustuna svo jöfnuður ríki meðal landsmanna. Sértækar aðgerðir hvað þetta varðar munu lítt stoða til þess að styrkja samkeppnishæfnina.

Hér hefur verið rætt um samgöngumál. Góðar samgöngur á milli landshluta, innan landshluta og innan svæða skipta höfuðmáli fyrir samkeppnishæfni byggðar og atvinnulífs á viðkomandi svæðum. Þetta virðist seint nóg áréttað. Úti um sveitir landsins þarf fólk í æ ríkari mæli að sækja atvinnu fjarri heimilum sínum og bújörðum í næsta þéttbýlisstað eða annað. Börnum er ekið í skóla lengri og lengri vegalengdir vegna breytinga í samfélaginu. Til þess að það gangi upp með eðlilegum hætti þurfa samgöngur að vera góðar. Eitt brýnasta málið úti um sveitir landsins er að efla og styrkja vegakerfið innan héraða, safnvegina og tengivegina, í sveitunum þar sem fólkið sem við fjöllum um býr. Það þarf að styrkja samkeppnishæfni í búsetunni, það þarf að nýta sér þá vegi og aka á þeim og hafa möguleika til þess. Einnig að aðalvegir innan landshluta og milli landshluta séu byggðir upp.

Vissulega hefur í auknum mæli verið unnið að bótum í þeim málum á síðustu árum, enda ætti aukið fjármagn að vera til þess með vaxandi þjóðartekjum. Engu að síður horfum við upp á að vegáætlun sem lögð er fram af miklum metnaði, samþykkt samhljóða á Alþingi, um áherslur og verkefni í vegamálum til næstu tíu ára, er eitt það fyrsta sem er skorið niður, á þessu ári um 1.600 til 1.700 millj. kr., á næsta ári um 1.900 millj. kr. og á þarnæsta ári um nærri 2 milljarða. Vegáætlun hafði skapað væntingar og vissulega er þörf á henni. Hún hefði ekki verið samin með þessum hætti nema þörf væri fyrir verkefnin. Því er það mikið áfall að einmitt skuli vera gripið til þess að skera niður til samgöngumála í landinu.

Þarna skipta einhverjar sértækar byggðaaðgerðir hvað samgöngumál varðar engu máli, nema ef einhver annar tekjustofn er settur til þess að taka á einstakri framkvæmd.

Ég vil einnig nefna flutningskostnaðinn. Á undanförnum þingum höfum við rætt mikið um flutningskostnað. Hæstv. samgönguráðherra beitti sér fyrir sérstakri úttekt á flutningskostnaði í landinu fyrir tveimur árum. Í þeirri úttekt kom í ljós að flutningskostnaður á milli landshluta hafði vaxið gríðarlega, langt umfram verðlagsþróun í landinu. Þrátt fyrir að menn teldu að þeir væru að ná fram hagræðingu þá virtist sú hagræðing ekki skila sér í lækkun á flutningskostnaði á milli landshluta.

Hæstv. iðnaðarráðherra tók að sér að vinna tillögur um hvernig mætti ná fram sérstökum flutningsjöfnuði og bæta þar nokkuð úr. Það eina sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur beitt sér fyrir í þeim efnum og er sjáanlegt er að fella niður þá flutningsstyrki sem voru, fella niður flutningsstyrkinn á sementi sem leiddi til að það stórhækkaði í verði víða um land. Þetta er eina sýnilega aðgerðin sem hæstv. ráðherra hefur beitt sér fyrir. Um hitt, hvernig eigi að koma til móts við aukinn flutningskostnað að öðru leyti og jafna hann, sjást engar tillögur.

Hér hefur verið rætt um fjárhag sveitarfélaganna. Það þýðir lítið að tala um byggðaaðgerðir ef fjárhagsgrunnur sveitarfélaganna er veikur. Tekjustofnar og fjárhagsgrunnur

sveitarfélaganna verða að vera með þeim hætti að sveitarfélögin geti veitt þjónustu, verið samkeppnisfær við önnur svæði á landinu um að veita almenna þjónustu: leikskóla, öldrunarþjónustu, grunnskóla o.s.frv. Ef sveitarfélögin eru ekki samkeppnisfær hvað þetta varðar þá skipta sértækar byggðaaðgerðir í afmörkuðum atriðum litlu máli.

Hvað þetta varðar virðist ríkisstjórnin fljóta sofandi að feigðarósi. Við heyrum æpandi þörf fyrir að tekjustofnar sveitarfélaganna verði bættir. Það er kannski eitt stærsta byggðamálið í dag, að styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

Annað mál tengist samgöngumálunum, þ.e. strandsiglingarnar. Hæstv. iðnaðarráðherra kom ekki inn á þau afrek í byggðamálum sem þar verða en frá 1. desember næstkomandi eru allar líkur á að skipulagðar strandsiglingar við landið leggist af. Hvað þýðir það? Þær hafa verið að skreppa saman á undanförnum árum og flutningarnir verið að færast upp á þjóðvegina. Það þýðir að byggðirnar meðfram ströndum landsins verða ekki jafnsamkeppnishæfar og áður. Þær urðu til og byggðu atvinnu sína á því að vörur kæmu með sem hagkvæmustum hætti, með skipum. Hafnir sem hafa verið byggðar upp missa tekjur og verkefni. Allur kostnaður af þungaflutningum verður mun meiri en annars væri.

Ég tel að ef strandsiglingar leggjast af þá verði það gríðarlegt áfall í byggðamálum á Íslandi. Það er þjóðhagslega óhagkvæmt. Það hefur verið sýnt fram á það í umræðum áður. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum flutt um það þingsályktunartillögu að nú þegar verði tekið á málum með strandsiglingar og stefnt að því að koma þeim á aftur, ekki síðar en á næsta ári. Að þessu er ekki vikið í byggðaumræðu hæstv. iðnaðarráðherra. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum áherslu á almenn atriði sem styrkja samkeppnishæfni atvinnulífsins og búsetu vítt og breitt um landið.

Einnig mætti tína til ýmis sértæk atriði, t.d. þátttöku og kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna út um land í einstökum þáttum. Í húsaleigubótum hefur hlutur sveitarfélaganna vaxið gríðarlega en hlutur ríkisins lækkað að sama skapi og er þetta þó samstarfsverkefni. Við eyðingu refa og minka hefur hlutur sveitarfélaganna stórhækkað en hlutur ríkisins lækkað. Þetta er þó samningsbundið samstarfsverkefni.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa flutt tillögu á Alþingi um nauðsyn þess að GSM-samband komist á um alla byggð og á aðalþjóðvegum landsins. Samkeppnishæfni búsetunnar er m.a. háð því að nútímafjarskipti séu þar aðgengileg öllum. Það tel ég eitt af mestu byggðamálunum.

Ég verð síðan, frú forseti, að minnast á eina atvinnugrein enn, þ.e. ferðaþjónustuna. Ferðaþjónustan er einn mesti vaxtarsproti í atvinnulífi þjóðarinnar. Hún er nú komin í a.m.k. 2. sæti ef ekki 1. sæti í gjaldeyrisöflun. Hún veitir meiri atvinnu nú úti á landi en nokkur annar atvinnuvegur einn og sér. Þess vegna er það dapurlegt að í fjárlögum næsta árs eru fjárveitingar til ferðamála skornar niður. Fjárveitingar sem ætlaðar hafa verið til markaðssóknar í ferðamálum hafa verið skornar niður um 170 millj. kr. Það hefði frekar verið þörf á að bæta þar í og auka. Ég tel að ríkið hefði átt að koma mjög myndarlega að því að byggja upp upplýsingamiðstöðvar ferðamála sem störfuðu á heilsársgrunni sem víðast um landið. Slík þjónusta nýtist öllum og væri til að styrkja þessa atvinnugrein.

Ég skora á hæstv. samgönguráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra að taka af krafti á málum ferðaþjónustunnar. Hún er einn mesti vaxtarsprotinn í íslensku atvinnulífi og afar mikilvæg fyrir atvinnulíf, byggð, búsetu og þjónustu um allt land.

Frú forseti. Nefna mætti fleiri almenn atriði sem taka þarf á til að styrkja samkeppnishæfni byggðar og búsetu um land allt.

[16:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér er til umræðu skýrsla vegna byggðaáætlunar og hefur verið til umfjöllunar í þinginu það sem af er þessum degi. Ég tel afar mikilvægt að byggðaaðgerðir séu ræddar í þinginu og hv. þingmönnum gefist færi á að fara yfir þau verkefni sem sett eru upp og unnin á forsendum byggðaáætlunar.

Það fer ekki á milli mála að aðgerðir til að efla byggðirnar hafa skilað árangri á margan hátt. Engu að síður hefur íbúum verið að fækka á ýmsum svæðum á landsbyggðinni. Það er staðreynd sem ekki er hægt að víkja sér undan að takast á við. Það veldur í mörgum tilvikum vandkvæðum hjá sveitarfélögum þegar veruleg fækkun verður og tekjur sveitarfélaganna lækka. Í því ljósi leggur ríkisstjórnin að sjálfsögðu mikla áherslu á að leita allra leiða til að treysta byggðina í landinu og hamla gegn þeirri óæskilegu þróun að fólki fækki í blómlegum byggðum.

Stjórnvöld hafa beitt sér fyrir margvíslegum aðgerðum. Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem fer með byggðamál í ríkisstjórninni, hefur gert grein fyrir þeim í skýrslunni sem hér liggur fyrir. Hún fór mjög ítarlega yfir þau verkefni sem unnið hefur verið að á undangengnum missirum.

Á vettvangi samgönguráðuneytisins er fjallað um mjög marga og mikilvæga þætti sem skipta miklu þegar hugað er að aðgerðum til að tryggja og efla byggðina í landinu. Tilgangurinn með því er auðvitað að bæta lífskjörin í landinu. Það að við byggjum landið allt, byggjum upp samgöngukerfið og atvinnulífið er fyrst og fremst til að nýta kosti þess, nýta auðlindirnar við ströndina, auðlindir í hafinu og auðlindir á landi. Við þurfum að nýta þá kosti sem landið hefur upp á að bjóða, m.a. í ferðaþjónustu. Það er mikilvægt verkefni.

Á vegum samgönguráðuneytisins er unnið á mörgum sviðum sem tengjast byggðaaðgerðum. Talað hefur verið um að samgöngumál, fjarskiptamál, ferðaþjónusta og menntamál séu þættir sem hafa afgerandi áhrif á byggðaþróun. Góðar samgöngur, góð fjarskipti og góð menntun styrkir atvinnulíf á landsbyggðinni. Til þess að við getum eflt atvinnulífið á landsbyggðinni þurfum við vel menntað fólk og góðar búsetuaðstæður.

Því ber að fagna að á sviði menntamála höfum við tekið mjög á á undangengnum árum. Við höfum byggt upp framhaldsskóla vítt og breitt um landið. Þeim fjölgar enn vegna þess að það er krafa íbúanna að við reynum að tryggja ungu fólki menntun í heimabyggð og reynum að bæta þannig aðstæður heimilanna. Þess vegna er framhaldsskólunum í

landinu að fjölga. Það er mikill vilji til þess að efla framhaldsskóla úti á landi.

Með sama hætti höfum við unnið að því að efla háskólastarfsemi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, Viðskiptaháskólann á Bifröst og Háskólann á Akureyri. Segja má að lyft hafi verið grettistaki með starfsemi Háskólans á Akureyri í þágu byggðanna. Ég leyfi mér að fullyrða að svo sé.

Á Hólum í Hjaltadal er mikilvæg háskólastarfsemi og vaxandi. Ég bind miklar vonir við starfsemina þar og er sannfærður um að hún mun skipta miklu máli. Á Vestfjörðum leggja menn á ráðin um hvernig megi efla háskólastarf og rannsóknir á háskólastigi. Það er mikill vilji til að finna leiðir til að það megi verða og að því er unnið.

Þetta vildi ég nefna alveg sérstaklega, þ.e. atriði sem ekki er fjallað sérstaklega um í byggðaáætluninni en eru mikilvægur þáttur í þessu sameiginlega verkefni okkar.

Í annan stað vil ég nefna samgöngumál, þ.e. vegamál, hafnamál og flugmál eru geysilega mikilvægur þáttur í öllum byggðaaðgerðum. Við höfum stóraukið framlög okkar til samgöngumála þótt við verðum að hægja á framkvæmdum öðru hvoru.

Við höfum byggt upp Reykjavíkurflugvöll í þágu innanlandsflugsins. Það er ekki svo lítil byggðaaðgerð, ekki bara fyrir Reykjavík, sveitarfélagið sem hýsir flugvöllinn, heldur er innanlandsflugið mikilvægt fyrir þróun byggðarinnar í landinu, fyrir þjónustu við íbúa landsins og vegna ferðaþjónustunnar.

Ég held að það sé nauðsynlegt að rifja það upp og minna á að endurbygging Reykjavíkurflugvallar, uppbygging flugvallanna um allt land og umbætur í flugöryggi eru geysilega mikilvægt byggðamál. Það hefur sýnt sig að innanlandsflugið er að ná vopnum sínum að nýju. Það er aukning í innanlandsfluginu og það er vel. Það er m.a. út af aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir.

Við höfum verið að auka framlög til ferjusiglinga, t.d. til Herjólfs sem hefur fjölgað ferðum sínum. Á þessu ári eru settar ríflega 700 millj. kr. til þess að sinna ferjurekstrinum í landinu. Við látum yfir 160 millj. kr. til þess að styrkja sérleyfisstarfsemina í landinu, það er í þágu byggðanna. Sérleyfin hafa verið að styrkjast með endurskipulagningu og á næsta ári er gert ráð fyrir verulega miklum breytingum með útboði á sérleyfisleiðunum í landflutningunum en við höfum látið aukna fjármuni inn í þetta.

Við höfum verið að styrkja flugið en á þessu ári veitum við yfir 160 millj. kr. í styrki vegna flugs og það er í þágu byggðanna. Á vettvangi samgöngumálanna höfum við því verið að ná verulega miklum árangri og er ástæða til að tíunda það hér.

Framkvæmdir í vegamálum eru að allra mati geysilega mikilvæg byggðaaðgerð. Fyrir nokkrum dögum var greint frá úttekt á áhrifum Hvalfjarðarganga. Þar kom í ljós hversu geysimikla þýðingu göngin hafa fyrir byggðirnar norðan þeirra og hve miklar hagsbætur fylgja slíkri mannvirkjagerð í samgöngumálum. Við erum að vinna í jarðgöngum fyrir austan og við erum að vinna við framkvæmdir í vegamálum í öllum landshlutum sem munu skila sér mjög rækilega í traustari og öflugri byggðum bæði til lengri og skemmri tíma litið. Þetta vildi ég nefna sérstaklega í þessari umræðu.

Ferðaþjónustan hefur verið nokkuð til umræðu hér. Menn hafa réttilega bent á að styrking og efling íslenskrar ferðaþjónustu er meðal mikilvægra byggðaaðgerða. Náttúra og saga landsins ásamt öllum þeim möguleikum sem tengjast ferðaþjónustunni er einnig mikilvæg auðsuppspretta fyrir okkur. Þess vegna hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir því að ganga til samstarfs við aðila í ferðaþjónustunni um sérstakt landkynningarátak. Við höfum gert það undir merkjum Iceland Naturally í Ameríku og við erum að skoða hvort við eigum að gera það í Evrópu einnig. Frá árinu 2002 höfum við látið stóraukna fjármuni í markaðsaðgerðir, í raun inni landkynningu um allan heim í samstarfi við ferðaþjónustuaðila. Þetta hefur skilað sér í miklum vexti í ferðaþjónustunni.

Frá árinu 1998 hefur aukning gistinátta orðið geysileg. Til dæmis hefur vöxtur í gistinóttum erlendra ferðamanna á Vestfjörðum orðið um 83% á tímabilinu 1998 til 2003. Þetta er geysilega mikil aukning sem hefur einnig orðið í öðrum landshlutum en hvergi jafnmikil hlutfallslega og þar. Aðgerðir í samstarfi við atvinnugreinina hafa því skilað sér í fleiri störfum í ferðaþjónustunni, auknum gjaldeyristekjum, og áður en álverið á Grundartanga bættist við var ferðaþjónustan næststærsti atvinnuvegurinn, mælt á mælikvarða gjaldeyristekna. Hún fer nú væntanlega aftur fyrir iðnaðinn og stóriðjuna þegar vöxtur verður svo mikill þar. (Gripið fram í.) Í gjaldeyristekjum er það þannig. Þetta vil ég nefna hér sérstaklega.

Það eru margir sem eiga þátt í að efla ferðaþjónustuna og að efla byggðirnar á forsendum ferðaþjónustu. Ég vil þar nefna t.d. flugfélögin. Þar er hlutur Flugleiða auðvitað langstærstur en vegna leiðakerfis þeirra koma ferðamenn hingað allan ársins hring. Önnur flugfélög hafa einnig unnið gott starf sem skiptir miklu máli því allt er þetta þáttur í að efla ferðaþjónustuna og þar með byggðirnar.

Á vegum ráðuneytanna, t.d. í samstarfi við iðnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið, hafa verið veittir styrkir til landshlutasamtaka ferðaþjónustunnar og sveitarfélaganna til þess að markaðssetja landshluta. Norðlendingar hafa unnið mjög athyglisvert verkefni í markaðsaðgerðum, samstarf Norðurlandsins alls sem ég held að aðrir landshlutar ættu að taka sér til fyrirmyndar. Það verkefni var unnið með styrk frá ráðuneytunum á forsendum byggðaaðgerða, svo ég taki eitt agnarlítið dæmi. Landkynning, samstarf, sérstakar markaðsaðgerðir og öflug kynning hefur því skilað sér í þessari miklu aukningu hjá ferðaþjónustunni.

Virðulegi forseti. Tíminn líður hratt. Fjarskiptin hafa verið hér til umræðu eins og fyrri daginn og ég má til með að nefna að á vegum samgönguráðuneytisins hefur verið unnið mikið starf í því að efla fjarskiptaþjónustuna í landinu en auðvitað gerist það fyrst og fremst á vegum fyrirtækjanna sem eru í fjarskiptum. En breytingar á fjarskiptalögunum voru lykillinn að þessu, annars vegar að komið er á frelsi í fjarskiptum og hins vegar sú einstaka krafa í íslenskum fjarskiptalögum að hver einasti notandi fastlínukerfanna hjá markaðsráðandi fyrirtæki ætti að hafa aðgang að ISDN-tengingum, sem hefur síðan þróast mjög hratt eins og við þekkjum.

Í dag er staðreyndin sú að menn horfa ítrekað til þess að fjarskiptin efli byggðirnar. Aðgangur að háhraðatengingum

fyrir sjónvarps- og útvarpssendingar á forsendum stafræna kerfisins er framtíðin og að því þarf að vinna og stefna að. Það er gert með þeirri vinnu sem nú er í gangi í samgönguráðuneytinu við að stilla upp fjarskiptaáætlun þar sem lagðar verða línur um það hvað stjórnvöld ætla sér að gera í fjarskiptum í framtíðinni. Ég tel að það sé mjög áhugavert verkefni sem ég vænti góðs samstarfs við þingmenn um því að það er e.t.v. ekki sísta aðgerðin í þágu byggðamála á Íslandi.

[16:24]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra ágæta ræðu. Hann nefndi margt athyglisvert en ég ætla að staldra sérstaklega við þar sem hæstv. ráðherra lauk máli sínu. Þar talaði hann um að fjarskiptin efli byggðirnar og skipti öllu máli fyrir viðgang og samkeppnishæfi þeirra.

Í því samkomulagi sem gert var og hann ræddi um var Landssímanum gert að uppfylla skilyrði um háhraðatengingar á þéttbýlisstaði með 150 íbúa eða fleiri, alls 69 þéttbýliskjarna. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað líður frekara samkomulagi við Landssímann, þjónustufyrirtæki okkar í samskiptum, við það að gefa öllum íbúum landsins, bæði í þéttbýliskjörnum sem eru með minna en 150 íbúa eða í hinu hreina dreifbýli, aðgengi að háhraðatengingu annað hvort í gegnum örbylgju eða með öðrum hætti? Stendur til að gera slíkt samkomulag við Símann á næstunni?

[16:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um í ræðu í þinginu fyrir stuttu hefur Síminn unnið feiknarlega vel að þessum uppbyggingum. En fleiri koma þar að, Lína.Net, Fjarski og símafyrirtækið OgVodafone sem er að stórefla starfsemi sína. Ég lít því svo á að við þurfum að sjálfsögðu að gera ráð fyrir aðkomu allra þessara fjarskiptafyrirtækja og ekki síður litlu fjarskiptafyrirtækjanna sem hafa verið að koma inn á þetta þjónustusvið.

Í gangi eru viðræður við Símann undir forustu samgönguráðuneytisins þar sem við erum að leggja línur um með hvaða hætti Síminn endurnýjar m.a. þann samning sem var gerður um háhraðatengingar og flutninga um landið þar sem verði er mjög stillt í hóf og er það sama um allt land. Ég vænti þess því að þetta skýrist.

Hins vegar er Síminn á fullri ferð án nokkurs eftirrekstrar af hálfu ráðuneytisins.

[16:26]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ágætt að Síminn sé á fullri ferð í öðrum verkefnum en að kaupa upp illa stödd fjölmiðlafyrirtæki. En ég vil taka undir það að það er um að gera að nýta sér þjónustu hinna smærri fyrirtækja til að veita háhraðatengingunum áfram og einnig þeirra fyrirtækja sem hafa veitt þá þjónustu í ýmsum sveitarfélögum og má þar nefna eMax, Ábótann ehf. og fleiri prýðileg fyrirtæki.

En ég tel að hið opinbera eigi að hafa milligöngu í þessu máli með því að gera samkomulag um að hvert einasta heimili á landinu hafi aðgengi að háhraðanettengingu með einhverjum hætti. Hið opinbera á að nýta afl og kraft Símans til þess og ganga úr skugga um að þetta verði gert. Að sjálfsögðu á að gera þjónustusamninga við þessi smærri fyrirtæki sem hafa veitt alveg prýðilega þjónustu víða um land nú þegar og hafa með framgöngu sinni bylt búsetumöguleikum á þeim svæðum.

[16:27]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að Síminn væri á fleygiferð í að auka þessa þjónustu sína. Það hittist þannig á að ég fékk bréf, dagsett 20. þessa mánaðar, frá Símanum þar sem hann segir m.a. að ADSL-væðing á vegum Símans sé á fleygiferð.

Hvers vegna er það? Jú, það er vegna þess að verið er að leggja áherslu á að koma stafrænu sjónvarpssendingunum og útvarpssendingunum í gegnum heimtaugarnar, í gegnum koparinn og nýta sér þá möguleika.

Í bréfinu segir m.a. að nú sé unnið að því að ADSL verði tengt t.d. á Flateyri, í Búðardal, á Flúðum, Djúpavogi og Suðureyri. Það er því vilji Símans að nýta þessi kerfi og þær fjárfestingar. Forsendur fjarskiptalaganna voru m.a. þær að aðgangurinn bæði að heimtaugunum og að netunum væri til staðar sem skylda (Forseti hringir.) og Síminn gerir sér mjög vel grein fyrir því og er þess vegna að byggja þetta svona upp.

[16:28]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Í skýrslunni sem var dreift sl. vor sagði m.a. um jöfnun verðs á gagnaflutningi, með leyfi forseta:

„Meginhugmynd: Notendur greiði sama verð fyrir gagnaflutninga á landinu öllu. Markmiðið: Að mishár fjarskiptakostnaður skekki ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja og stofnana eftir staðsetningu þeirra. Að þessi munur verði jafnaður með jöfnunargreiðslum úr ríkissjóði. Þessu má líkja við jöfnun á raforkukostnaði sem hefur tíðkast á Íslandi um árabil.

Nú er svo komið að aðgengi að góðum fjarskiptum fer að vega álíka mikið við rekstur fyrirtækja og aðgengi að raforkunetinu. Jöfnun fjarskiptakostnaðar lýtur því sömu rökum og jöfnun raforkukostnaðar."

Þetta var á ábyrgð samgönguráðuneytisins. Getur hæstv. samgönguráðherra sagt mér hvers vegna hann telji að þetta hafi dottið út úr skýrslunni því þetta er dottið út. Ég spyr þess vegna: Er horfið frá þeim góðu markmiðum sem sett eru upp í því sem ég las hér upp?

[16:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur ekki verið af mínum völdum sem eitt eða neitt hefur verið tekið út úr þessari skýrslu þannig að ekki þýðir að spyrja mig um það.

Hins vegar hjálpar tæknin okkur heilmikið í þessu öllu saman og einnig samkeppnin þannig að kannski mun ekki til þess koma að ríkissjóður þurfi að greiða með þessu. En þetta er sú meginlína sem var lögð og ekkert hefur í raun inni breyst í því.

Einmitt í viðræðunum sem eru og hafa verið í gangi á milli samgönguráðuneytisins og Símans í samráði við einkavæðingarnefndina erum við að reyna að finna leiðir til þess að standa þannig að málum að unnið verði á þennan hátt. Ég vona að okkur takist það (Forseti hringir.) eins og ég veit að hv. þingmaður leggur ríka áherslu á.

[16:31]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að ekki er horfið frá þeim markmiðum sem þarna eru þó að þetta sé horfið úr skýrslunni.

Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að það gleður mig mjög að sjá eftirfarandi texta í þessum kafla og það segir mér að spurningar okkar m.a. til hæstv. samgönguráðherra hafa borið árangur, vegna þess að hér stendur, með leyfi forseta:

„Innan Símans er verið að kanna möguleika á háhraðasambandi í dreifbýli eftir hagkvæmari leiðum."

Það er þá í gegnum örbylgjusamband eða annað slíkt. Guð láti á gott vita. En betra hefði verið ef þetta hefði verið gert fyrr.

Við hæstv. samgönguráðherra áttum orðaskipti í gær út af ISDN-tengingum sem eru til nokkurra þéttbýlisstaða á landinu. Það hef ég gagnrýnt og tel mjög miður vegna þess að fjarskipti efla byggðirnar, eins og hæstv. samgönguráðherra sagði. Ég tók ISDN sem dæmi og líkti því við Trabant og sagðist viss um að hæstv. samgönguráðherra yrði ekki ánægður ef hann þyrfti að keyra á Trabant meðan aðrir ráðherrar væru á Bensum. Það er ekki eingöngu þetta með ISDN-ið heldur er líka „bensínið" (Forseti hringir.) á Trabantinn dýrara vegna þess að dýrara er að kaupa þjónustuna í gegnum (Forseti hringir.) ISDN en ADSL.

[16:32]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkur er það jafnljóst og hv. þingmanni að hagstæðara er að vera í sítengingu en vera með upphringibúnað ef notkun er mikil. Hins vegar getur verið hagkvæmara að nota ISDN-tengingarnar ef notkun er lítil. Þess vegna var gerður sérstakur samningur við Símann um uppsetningu á búnaði sem kallaður er ISDN Plús og er ígildi ADSL-tengingarinnar vegna þess að þar er um sítengingu að ræða sem m.a. ferðaþjónustubændur um allt land hafa notað vegna þess að sambandið er stöðugt. Þegar verið er að panta þjónustu er um sítengingu að ræða en ekki upphringibúnað.

Þetta er því allt saman á sæmilegu róli. Við verðum stundum að sýna smábiðlund.

[16:33]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra út í þá sem verst eru staddir í fjarskiptamálunum, þau lögbýli sem eiga ekki kost á ISDN-tengingum. Í skýrslunni kemur fram að þetta séu 65–70 býli á landinu. Ég veit að ýmsir hafa beðið í sjö ár eftir svari. Nýlega fékkst svar um að þessi 65–70 býli, eins og stendur á blaðsíðu 11, sem ekki eiga möguleika á ISDN-tengingu, a.m.k. nokkur þeirra, yrðu ekki tengd.

Það væri fróðlegt að fá að heyra stefnu hæstv. ráðherra hvað þessa staði varðar.

[16:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Samkvæmt upplýsingum frá Símanum, svo ég vitni í sama bréfið og ég vitnaði í áðan og dagsett var 20. þessa mánaðar, þá hafa 64 lögbýli ekki tengst. Það er satt að segja algjört ævintýri og á sér sennilega fáar hliðstæður í Evrópu að svo mikill árangur hafi náðst.

Ég hef ekki upplýsingar um hversu hratt verður hægt að tengja þessi býli og í sumum tilvikum er kannski alls ekki hægt að uppfylla kröfurnar með þeim leiðum sem eru til staðar í dag nema með þvílíkum ógnarkostnaði að það væri varla forsvaranlegt. Þarna þarf því auðvitað að líta til aðstæðna á hverjum stað. En vonandi tekst fyrr en síðar að leysa þau mál (Forseti hringir.) þar sem óskað er eftir því að þau verði leyst. En það er ekki alls staðar.

[16:36]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að fjarskipti skipta mjög miklu máli fyrir hinar dreifðu byggðir og við eigum að hafa þær sem bestar.

Í kaflanum um jöfnun verðs á gagnaflutningum er gerð grein fyrir ATM-netinu. Nú hef ég heimildir fyrir því að fyrir þá staði sem eiga þann eina kost að tengjast ATM-netinu, þ.e. þar sem ekki er ADSL-samband, sé kostnaðurinn 55 þús. kr. fyrir sambandið. En mörg þau fyrirtæki og stofnanir gætu hæglega nýtt sér og hafa ekki þörf fyrir meira samband en ADSL. Fróðlegt væri að fá að heyra afstöðu hæstv. ráðherra til þessa, en mér skilst að verðskráin hafi ekki breyst frá árinu 2001 hvað þetta varðar.

[16:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get kannski ekki svarað miklu um þetta tiltekna tilvik vegna þess að ég hef ekki upplýsingar um hvað þar er á ferðinni. Ég held að eðlilegast sé að leita upplýsinga hjá Símanum og fá svör sem hljóta að liggja fyrir þar. Ég hef því miður ekki upplýsingar um þetta.

[16:37]

Örlygur Hnefill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgönguráðherra hefur í ítarlegu máli sínu rætt um hvað samgöngumál, málaflokkur hans, skipta miklu máli fyrir byggðamál. Það er hárrétt og fær stuðning í skýrslu sem hér er rædd í dag frá Háskóla Íslands og Byggðarannsóknastofnun, að samgöngubætur séu þær aðgerðir sem best séu fallnar til þess að bæta afkomu og lífskjör á landsbyggðinni.

Menn eiga að njóta þess sem vel er gert og að mínu mati hefur margt verið vel unnið í samgöngumálum. Við sem búum á landsbyggðinni sjáum það. Sama gildir um ferðaþjónustuna. Hæstv. samgönguráðherra kom inn á hana og mikilvægi hennar og auðvitað brýnir maður hann til áframhaldandi góðra verka. Þetta er gríðarlega mikilvægt í

byggðamálum, þ.e. samgöngumál og ferðaþjónusta.

[16:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir undirtektir við ræðu mína. Ég er honum sammála um að það skiptir miklu máli að við nýtum okkur þá kosti sem ferðaþjónustan gefur við uppbyggingu atvinnulífsins á landsbyggðinni. Auðvitað eru samgöngumálin einnig lykill að því.

Við getum tekið sem dæmi aðkomu ferðamanna að þjóðgarðssvæðinu við Jökulsárgljúfur og að Dettifossi. Bætt vegasamband er lykill að frekari uppbyggingu þar og ég hef mikinn áhuga á því að það megi ná fram að ganga sem fyrst. En það er mikið verkefni og stórt. En ég fagna þeim góða skilningi sem hv. þingmaður hefur á þessu og það kemur mér ekki á óvart.

[16:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra hélt hér almenna ræðu um þessi málefni. Það var út af fyrir sig ágætt. En hæstv. ráðherra er líka 1. þm. Norðvesturkjördæmis og í byggðamálunum hallar fyrst og fremst á það kjördæmi og hefur gert og það stefnir í að þannig verði áfram. Stefnt hefur í ójafnvægi í byggðamálum. Strax og fyrir lá að slíkar framkvæmdir yrðu sem nú eru í gangi á Austfjörðum stefndi í þetta ójafnvægi.

Hæstv. ráðherra hefur tekið að sér þyngsta pokann í niðurskurði hvað varðar vegamálin núna. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Ætlar hann að beita sér fyrir því að ráðist verði í átak í vegamálum því að vissulega eru þau a.m.k. eins mikilvæg og hann lýsti hér áðan sem byggðaaðgerðir og mundu skila byggðarlögunum mestu í því kjördæmi þar sem hæstv. ráðherra er 1. þm.? Ætlar hann að beita sér fyrir slíku átaki á næstunni?

[16:41]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á mjög auðvelt með að svara þessari spurningu og fagna henni vegna þess að við stöndum í miðju átaki í vegamálum, m.a. í Norðvesturkjördæmi, og ekki síst með góðum stuðningi hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Ég held því að við getum sameinast um og verið sammála um að átak í vegamálum á þessu svæði skiptir miklu. Við getum nefnt ótal dæmi. Mikið er um að vera í Djúpinu og miklar framkvæmdir eru fram undan á Vestfjarðavegi á Barðaströnd. Við erum nýbúin að endurbyggja Bröttubrekku og ný brú yfir Kolgrafarfjörð hefur verið tekin í notkun núna. Þetta hefur mikil áhrif á byggðamunstrið og byggðirnar á þessu svæði. Þverárfjallsvegur hefur mjög mikil áhrif. Svo er það endurbygging vegar í Norðurárdal í Skagafirði og Staðholtstungum í Borgarfirði. Allt eru þetta framkvæmdir innan seilingar þannig að við erum í miðju átaki.

Ég held því að við getum ekki skotið okkur á bak við að samgöngumálin á þessu svæði séu til trafala eins og við þingmenn þessa kjördæmis stefnum að að framkvæmdir verði á þessu svæði.

[16:43]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta svolítið undarlegt svar. Þó að allt sé gott um það að segja sem hæstv. ráðherra taldi upp þá vantar gríðarlegar framkvæmdir á suðurfjörðum Vestfjarða og tengingar á Vestfjörðum, og reyndar fleira sem ég hef ekki tíma til að fara yfir hér, til að hægt sé að segja að viðunandi samband sé komið á.

Við sjáum að gríðarlegir fjármunir munu fara í jarðgöng og aðrar slíkar framkvæmdir annars staðar á landinu núna á næstunni og þegar niðurskurðurinn í vegamálum sem liggur fyrir er tekinn með inn í þetta dæmi get ég ekki séð annað en að skoða þurfi þessi mál upp á nýtt. Mér finnst full ástæða til að það verði skoðað að fara í átak í vegamálum einmitt sem byggðaaðgerð á því svæði þar sem hallar á. Mér finnst hæstv. ráðherra vera of ánægður með það sem hann er að gera ef hann telur að hann sé í miðju átakinu vegna þess að það þarf að taka ákvarðanir um að gera miklu betur.

[16:44]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er enginn vandi að hafa þá skoðun að við gætum notað miklu meiri fjármuni í (Gripið fram í.) vegaframkvæmdir. Frestun framkvæmda skiptir mjög miklu máli að mati allra þeirra sem fjalla um efnahagsmál á Íslandi í dag. Það er vilji ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna að stuðla að stöðugleika í efnahagsmálum og það er samdóma álit allra þeirra sem fjalla um efnahagsmál í dag að við getum ekki annað en tekið tillit til þeirra aðstæðna.

Sem samgönguráðherra og 1. þm. Norðvesturkjördæmis get ég ekki skotið mér undan ábyrgð hvað það varðar. Eftir sem áður eru í gangi meiri framkvæmdir í vegamálum í Norðvesturkjördæmi en áður hafa verið og það stefnir ekki í annað en að bærilega verði gengið fram í því ef okkur tekst að koma verkum (Forseti hringir.) í gegnum nálarauga umhverfismats og leyfisveitingar sveitarfélaga.

[16:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið meðan hæstv. samgönguráðherra er enn í salnum og hefja mál mitt á því að víkja orði að ræðu hans, sem var að mörgu leyti ágæt. Ég ætla að fara um hana nokkrum orðum ef hæstv. samgönguráðherra mætti vera að því að hinkra í þrjár til fjórar mínútur meðan ég fer yfir það sem snýr beinlínis að málaflokki hans.

Hæstv. samgönguráðherra sagði réttilega — enda má hann gjörla vita hvað það þýðir að „hamla“ — að við værum að hamla gegn fólksfækkun. Við erum að því, okkur hefur ekki tekist að stöðva fólksfækkunina víða á landinu eða snúa þróuninni við þó vonandi gerist það á komandi missirum og árum eins og á Austfjörðum. En hið gamla orð að „hamla“, sem er komið af því að róa árabát á móti veðri eða vindum, getur þýtt að maður fari aftur á bak. Ég veit að hæstv. ráðherra veit af straumum í Breiðafirði, að þar er auðvelt að hamla og fara á fleygiferð aftur á bak.

Við erum að sumu leyti að gera það í byggðamálunum. Ég geri fastlega ráð fyrir að við séum öll þess sinnis hér

inni, og þar með hæstv. ráðherra samgöngumála, Sturla Böðvarsson, að reyna að komast áfram og sitja ekki á sama stað og að snúa við byggðaþróun og byggja undir það að byggðirnar haldi velli og helst eflist.

Þá kem ég að því sem ég vil nefna áður en hæstv. samgönguráðherra yfirgefur salinn. Það eru samgöngumálin, vegna þess að það sem fyrirhugað er í niðurskurðaráætlun ríkisstjórnarinnar í fjárlögum er að draga verulega saman í samgöngumálum, hægja þar á framkvæmdum. Ég óttast mjög, eins og áður hefur komið fram í máli mínu, að dregið verði úr samgöngum m.a. í Norðvesturkjördæminu þar sem mikil þörf er á að halda áfram uppbyggingu á vegakerfinu. Ekki ber að vanþakka það sem þar hefur unnist, þar hafa unnist áfangar, en á þessu landshorni, sérstaklega Vestfjörðunum, er mjög mikið ógert í samgöngumálum eins og hæstv. samgönguráðherra veit mætavel. Þess vegna, þrátt fyrir að við fáum nýja áfanga eins og á Snæfellsnesinu með þverun fjarða og því sem hefur gerst í Ísafjarðardjúpi og á hluta af Barðaströndinni, eins og yfir Kletthálsinn og fleiri svæði sem við höfum verið að taka fyrir, er geysimikið eftir. Ég vil leggja það sérstaklega í umræðuna að hæstv. samgönguráðherra beiti sér mjög hart fyrir því að sá niðurskurður sem gert er ráð fyrir í fjárlagarammanum bitni ekki á því svæði þar sem ég fullyrði að engin þensla er mælanleg.

Það er ekki bara ég sem segi svo. Ég hygg að bæjarstjórnarmenn á Ísafirði hafi tekið nákvæmlega svo til orða, ef ég man rétt, á sameiginlegum fundi sem við vorum á, ég og hæstv. samgönguráðherra, í mars sl. um atvinnumál á Ísafirði. Þar voru bæjarstjórnarfulltrúar einmitt að vara við því hvert stefndi í atvinnumálum á Vestfjarðasvæðinu. Þar var m.a. lögð fyrir samantekt bæjarstjórnarmanna um hvernig þróun opinberra starfa ætti sér stað á Vestfjörðum. Ef ég man rétt úr skýrslunni — ég ætla ekki að fara að lesa hana, hún er reyndar fyrir framan mig eins og fjöldamargar skýrslur um byggðamál á undanförnum árum og ég gæti verið hér í marga klukkutíma að fara í gegnum — var verið að tala um að opinberum störfum gæti fækkað um tíu á næstu mánuðum og missirum á Ísafjarðarsvæðinu.

Ég veit að eitthvað af því hefur snúist til betri vegar, m.a. var verið að opna snjóflóðarannsóknastöð á Ísafirði og er það vel, en það er ekki nóg að hafa áætlanir í byggðamálum. Við höfum haft margar áætlanir, þetta er ekki sú fyrsta, til þess að reyna að sporna við þróuninni, en fólki hefur einfaldlega fækkað á Vestfjörðum og störfum hefur fækkað. Það má orða það svo að af Vestfjarðasvæðinu hafi menn flutt út atvinnuleysi frá svæðinu með því að fólk sem ekki fékk þar vinnu við sitt hæfi fór af svæðinu.

Ég veit að ráðherrann þekkir þetta mætavel, en það sem ég vildi einkum víkja að í máli hans var að við látum það ekki henda að þurfa að fara hamlandi aftur á bak í vegamálum á næstu mánuðum og missirum vegna þess að það er jú sú aðgerð sem getur orðið til þess, m.a. í Norðvesturkjördæminu og sérstaklega á Vestfjarðasvæðinu, að halda uppi atvinnustigi og þeirri þróun að stytta vegalengdir og efla svæðið með samgöngubótunum.

Ég hef svo oft rætt í þessum ræðustóli um fiskveiðistjórnarkerfið og ætla ekki að gera það í mjög löngu máli nú en vekja athygli á því að það sem við höfum aðhafst þar á undanförnum árum hefur orðið til þess að dregið hefur saman í sjávarútvegi og störfum hefur frekar fækkað. Þeim hefur vissulega einnig fækkað vegna tækniþróunar en það fer ekkert á milli mála að þær kvótasetningar sem við höfum verið að setja á undanförnum árum hafa fækkað störfum.

Hins vegar ber að fagna því mjög sem hefur gerst í ferðaþjónustunni. Ég held að hæstv. samgönguráðherra hafi notið stuðnings flestallra þingmanna í þeim málum sem hann hefur unnið að í sambandi við ferðaþjónustuna. Þar er vissulega verið að undirbyggja atvinnuveg sem er sívaxandi og mun m.a. halda uppi byggð og störfum á landsbyggðinni í framtíðinni og því ber vissulega að fagna.

En það ber líka að benda á að einmitt í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að draga saman í fjárveitingum varðandi markaðssetningu í ferðaþjónustunni, sem ég held að sé alls ekki rétt hugsun miðað við það sem við uppskerum við að efla ferðaþjónustuna og fjölga ferðamönnum um okkar ágæta land. Þar kemur vegakerfið enn og aftur inn í og rétt að vekja athygli á því að þegar við gerum hina nýju áfanga í vegakerfum, m.a. að fara undir fjöll með jarðgöngum, er það svo skrýtið að sumir ferðamenn hafa enn þá áhuga á að aka yfir fjöllin, yfir hina gömlu vegi. Þess vegna vil ég beina því til hæstv. samgönguráðherra að hann hugi að því varðandi vegagerðina að gömlum vegum sé haldið opnum þó að nýir séu teknir í notkun. (Gripið fram í.) Það þarf að hreinsa vegina einu sinni í upphafi sumars svo aka megi yfir þá slysalaust yfir hásumartímann og óhætt sé að vísa ferðamönnum á þær leiðir. Þetta er allt hluti af ferðamennskunni. Sumt fólk vill endilega keyra lengri leið en styttri og við þurfum að taka tillit til þess.

Við þurfum einnig að taka tillit til þess varðandi ferðamannaþjónustuna að vegmerkingar séu með þeim hætti að útlendingar fái skilið hvað við erum að reyna að vísa þeim veginn með. Ég hef oft nefnt þetta áður og ætla ekki að gera það að lengra máli hér.

Að öðru leyti get ég tekið undir mjög margt sem hæstv. ráðherra sagði varðandi samgöngumálin og stefnumótun í þeim, t.d. um Reykjavíkurflugvöll, hvaða þýðingu hann hefur fyrir landsbyggðina. Ég vil einnig minna á, af því að mér fannst að ráðherrann legði mest upp úr því að Flugleiðir væri sá aðili sem mest hefði fjölgað möguleikum að og frá landinu, ég held að hin nýju lággjaldaflugfélög hafi átt þar drjúgan þátt og munu vonandi eiga það í framtíðinni. Síðan megum við náttúrlega ekki gleyma því að við erum komin með nýja og öfluga ferju inn á Austfirði, þannig að það er fjöldamargt sem betur fer sem stuðlar að því að efla samgöngurnar.

Þetta er náttúrlega orðin allt of mikil lofræða að sumu leyti (**Gripið fram í:** Góð ræða.) um þessi mál, en auðvitað er sumt af því sem hefur gerst jákvætt og annað neikvætt. Það fer ekkert á milli mála að mínu viti að sumt af því sem við höfum aðhafst í stjórnkerfinu, eins og varðandi sjávarútvegsmálin, hefur verið mjög neikvætt fyrir byggðirnar. Það er einfaldlega þannig og ekki hægt að mæla á móti því.

Ég tók eftir því í skýrslunni sem við ræðum, virðulegur forseti, — tíminn flýgur svo hratt að maður kemst ekki yfir helminginn af þeim skýrslum sem eru á borðinu — var örlítill texti um sjávarútvegsmál. Þar segir, með leyfi forseta,

á bls. 10:

„Sjávarútvegsráðherra hefur stofnað sérstakan sjóð, AVS-sjóð, sem ætlað er að standa á bak við átak til að auka virði íslenskra sjávarafurða. Á vegum sjóðstjórnar er starfandi sérstakur fiskeldishópur sem m.a. fer með söfnun upplýsinga, samhæfingu, kynningu og stefnumótun varðandi eldi sjávardýra. Á undafönum árum hefur sjávarútvegsráðherra árlega veitt sérstaka styrki til fiskeldisrannsókna."

Svo segir að sjávarútvegsráðherra hafi látið semja skýrslu um uppbyggingu seiðaeldis á þorski á Íslandi o.s.frv.

Ég fann aðallega þetta um sjávarútvegsmál í skýrslunni. (**Gripið fram í:** Mjög jákvætt.) Já, rosalega jákvætt. Það stendur ekki orð um hvað hafi komið út úr skýrslunni, bara að hún hafi verið unnin.

Ég gagnrýni að ekki skuli reynt að greina frá því og sýna með tölulegum upplýsingum hvað hafi verið unnið á vegum sjóðsins annað en að stofna deildir, ráð o.s.frv., hvert hafi verið veitt fé og til hvers það hafi leitt. Mér finnst allt of mikil yfirborðsmennska í skýrslunni um þróun byggðamála og atvinnumála á landsbyggðinni, að afgreiða málið með þessum hætti.

Ég man eftir því að í skýrslunni birtist sú framsetning um aukið verðmæti í sjávarútvegi að hægt væri að auka verðmæti sjávarafurða mjög mikið með því að breyta vinnsluleiðum og auka ferskfiskvinnslu og ferskfiskútflutning. Þar komum við enn og aftur, virðulegi forseti, að vegakerfi landsins og flutningum um þjóðvegina. Það fer ekkert á milli mála að það er mjög mikilvægt hvernig við stöndum að því og ég tel að þar megum við ekki slaka á.

Virðulegur forseti. Ég hef verulegar áhyggjur af því að í kjördæminu sem ég er þingmaður fyrir, Norðvesturkjördæmi, verði það sem kallað hefur verið þensla látin bitna á vegaframkvæmdum í kjördæminu. Við höfum ekki orðið vör við slíka þenslu í kjördæminu annars staðar en í syðsta hlutanum, Hvalfirði, en þar er talsvert að gerast sem mun efla atvinnustigið, þótt ekki sé mikið að gerast þar í stærri atvinnumálum. Ég held að menn verði að horfa til einhverra annarra átta en að hægja á framkvæmdum í Norðvesturkjördæmi, við megum ekki við því að hætt verði við stóra áfanga sem hafa verið fyrirhugaðir þar í mörg ár. Þar á ég við samtengingu norðurs- og suðursvæðis með jarðgöngum úr Dýrafirði í Arnarfjörð, veginn um Barðaströnd fyrir Gufufjörð, Djúpafjörð og yfir Þorskafjörð, áfangann um Ísafjarðardjúpið að fara yfir Mjóafjörð o.s.frv. Þetta eru allt bráðnauðsynlegar aðgerðir þar sem vegirnir eru slakir og ófærir stóran hluta ársins. Ég vil ítreka það í lok máls míns að það er full þörf á þessum framkvæmdum.

[17:01]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa farið fram fróðlegar og um margt ágætar umræður um byggðamál, hvað gert hefur verið, hvað betur má fara og hvar vantar upp á. Ég ætla ekki að fara inn í endurtekningar á því heldur staldra við nokkur atriði sem vekja áhuga minn sérstaklega og eru að mínu mati meðal lykla að því að byggðastefna standi undir nafni og sé þess bær að ná því hlutverki sem hún á að ná sem er að vera forsenda nýsköpunar og eflingar allrar landsbyggðarinnar.

Þar ætla ég að byrja á máli sem ég kom inn á í andsvörum við hæstv. samgönguráðherra áðan og lítils háttar í umræðu um þriðju kynslóð farsíma fyrr í vikunni, mál sem lýtur að háhraðatengingum fyrir smærri þéttbýlisstaði með undir 150 íbúum og dreifbýli. Af því tilefni ætla ég að leggja út af skriflegu svari við fyrirspurn sem ég bar fram á síðasta löggjafarþingi til hæstv. ráðherra samgöngumála.

Þar spurði ég hann:

1. Hvaða sveitarfélög á landinu hafa háhraðatengingar og hver ekki?

2. Hver er íbúafjöldi þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa háhraðatengingar, sundurgreint eftir sveitarfélögum?

Við þessari fyrirspurn fékk ég mjög vandað svar, og var og er mjög þakklátur fyrir að í ráðuneytinu var þetta tekið saman af mikilli kostgæfni. Út úr þeirri samantekt kom greinargott yfirlit yfir stöðu mála sem er hreint ekki nógu góð. Vonandi stendur það til bóta á næstu mánuðum og missirum, ég bind vonir við að þessu verði gjörbreytt. Á meðan við búum við það að mikill fjöldi Íslendinga býr ekki við háhraðatengingar og góðan aðgang að upplýsingahraðbrautinni, internetinu og upplýsingabyltingunni erum við einfaldlega að setja þennan hluta samfélagsins af í samkeppni um bættar og öflugar byggðir af því að hvorki fleiri né færri en 22.417 Íslendingar, samkvæmt þessu svari fyrir nokkrum mánuðum, hafa ekki aðgang að háhraðatengingu að hluta eða neinu leyti. Þarna er búið að taka sérstaklega út úr og skilgreina, í þrennu lagi, ADSL-möguleika, gervihnattasamband og örbylgjusamband.

Sprottið hafa upp mörg öflug fyrirtæki sem veita þessa þjónustu. Þau hafa verið að veita hana í mörgum byggðarlögum, m.a. Grímsnesi, uppsveitum Árnessýslu að hluta og víðar, og gefst íbúum þar þá í raun og veru í fyrsta sinn kostur á að kaupa sér — vissulega gegn töluverðu gjaldi en kaupa sér samt — ágæta háhraðatengingu. Þó að það jafnist að sjálfsögðu ekki á við ADSL-tenginguna og þá sítengingu sem hún býður upp á er þetta samt, má segja, að einhverju leyti á pari við það. Það er a.m.k. ekki um að ræða hægfara tengingar eða upphringibúnað heldur nokkuð stabílar háhraðatengingar þannig að það hefur breytt þessu verulega.

Kjarninn í málflutningi mínum og skilaboðum til stjórnvalda og þeirra sem fara með samskiptamálin í landinu, byggðamálin í landinu og hlutabréf okkar Íslendinga í Símanum er að ríkisvaldið beiti Símanum fyrir sig til að hafa milligöngu um það að hvert einasta heimili á Íslandi hafi aðgengi að háhraðanettengingu innan einhvers ákveðins tíma. Eins og ég benti á erum við ekki að tala um að leggja streng eða kapal heim á hvern bæ eða hvert heimili heldur að beita þeim möguleikum sem tæknin og tæknibyltingin býður upp á, örbylgjunni, gervihnöttunum og því öllu. Að sjálfsögðu þykir mér það einnig liggja í augum uppi að skipt verði við þau fyrirtæki sem veita þessa þjónustu nú þegar, Snerpu á Ísafirði, eMax, Ábótann, Tengi og hvað þau nú heita, þessi öflugu fyrirtæki sem sprottið hafa upp, en fyrir milligöngu stjórnvalda og Símans. Það á að vera skilgreint verkefni sem yfirvöld hafa með höndum að tryggja öllum íbúum Íslands byggða aðgengi að háhraðatengingum.

Í ágætum köflum í skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunarinnar sem við erum að ræða í dag er

fjallað um fjarskiptamál í dreifbýli, eflingu náms með fjarskipta- og upplýsingatækni, fjarvinnslu, rafrænt samfélag, rafræna menntun og fleiri háleit markmið sem öll fela í sér gríðarleg tækifæri fyrir landsbyggðina og fyrir hinar dreifðu byggðir. Eins og aldrei verður of oft bent á erum við fyrst og fremst að tala um að veita íbúum þessara svæða jafnstöðu, jöfn tækifæri á við aðra íbúa Íslands til að nýta tækifærin til að skapa sér sín eigin tækifæri í gegnum menntun, fjarskiptin og þá endalausu möguleika sem samskiptabyltingin hefur opnað okkur nútímamönnum til að mennta okkur, jöfn tækifæri til að afla okkur upplýsinga, skapa okkur atvinnutækifæri og eiginlega vinna við hvað sem er, að heiman að hluta. Það opnar svo sannarlega á búsetu fyrir utan suðvesturhornið eins og hugur æ fleiri stendur sem betur fer til að nýta sér. Þar er háhraðasamband við netið algjört grundvallaratriði.

Það er t.d. engin leið að sætta sig við það að ala upp börn og unglinga án þess að veita þeim aðgengi að almennilegri nettengingu. Það er partur af menntun, uppeldi og þátttöku barna og unglinga í nútímasamfélagi að hafa aðgengi að fyrsta flokks tengingum við netið og umheiminn til að þau megi nýta það til góðra hluta sér til bæði afþreyingar, upplýsingaöflunar og sjálfsmenntunar hvers konar. Internetið hefur náttúrlega fyrst og síðast opnað okkur öllum endalausa möguleika á því að afla okkur upplýsinga til símenntunar hvers konar og til að viða að okkur upplýsingum með býsna einföldum og tiltölulega ódýrum hætti. Menn gátu ekki einu sinni gert sér í hugarlund áður fyrr að okkur gæfist kostur á því á þessum tíma.

Það má líka benda á að fjarvinnsla á vegum hins opinbera hefur brugðist. Hv. þm. Kristján L. Möller spurði ráðuneytin að því á síðasta löggjafarþingi hvernig þeim málum væri háttað og í ljós kom að sá málaflokkur var í molum, hafði brugðist fullkomlega. Má segja að landsbyggðin hafi að hluta til verið svikin um þau fyrirheit sem henni voru gefin fyrir nokkrum missirum um þá möguleika sem fælust í fjarvinnslu og að hið opinbera mundi leggjast á sveifina og færa fjarvinnsluverkefni með mjög myndarlegum hætti út um byggðir til að það mætti verða einhvers konar undirstaða og lyftistöng fyrir frekari fjarvinnsluverkefni.

Við höfum rætt töluvert í dag um mikilvægi samgangna og að sjálfsögðu eru þær algjört lykilatriði til að byggðirnar styrkist og efli stöðu sína og að þar verði vörn snúið í sókn. Þar á eftir er upplýsingahraðbrautin orðin jafnmikilvæg og góðar akbrautir fyrir bíla og aðrar slíkar samgöngur. Það er ekki nóg í dag að leggja góða vegi. Fólk, hvort sem það hefur búsetu að hluta eða fullu í dreifbýli, sest ekki þar að í dag nema hafa aðgengi að fyrsta flokks háhraðatengingu. Það bara er þannig og því verður að sjálfsögðu ekkert snúið við. Við eigum að leggja fé og afl úr okkar sameiginlegu sjóðum, úr sjóðum okkar sameiginlegu fyrirtækja eins og Símanum, til að tryggja öllum þessa þjónustu. Þó að hún kosti útgjöld úr slíkum fyrirtækjum og sjóðum margborgar það sig og þetta er bara hluti af þjónustunni sem verður að veita í dag. Án hennar og án þessara tækifæra er ekki um að ræða jafnstöðu þegnanna eða jöfn tækifæri til að nýta sér þau endalausu færi sem upplýsingabyltingin hefur fært okkur.

Ég skora á yfirvöld að beita sér af fullu afli í því. Ég ætla ekki að fara út í umræðu um hlutverk Símans en hann er ríkisfyrirtæki, Síminn er í eigu þjóðarinnar, þjóðin hefur byggt upp þetta eitt voldugasta og ríkasta fyrirtæki á landinu og það á að sjálfsögðu að veita eigendum sínum þá þjónustu sem þeir þurfa hverju sinni. Við höfum byggt þetta glæsilega fyrirtæki upp til að það standi undir þeirri þjónustu sem nútíminn kallar á. Síminn á að vera milligönguaðili að því að veita öllum Íslendingum aðgengi að háhraðatengingum. Síðan eiga fyrirtækin sem ég nefndi hér áðan að sjálfsögðu að sjá um framkvæmdina. Við eigum að efla þau fyrirtæki, þau eru að brjóta í blað, veita mjög metnaðarfulla og fína þjónustu víða og það er mikilvægt að viðgangur þeirra verði áfram en að Síminn og hið opinbera verði milligönguaðili í málinu.

Við höfum rætt hérna um mikilvægi menntunarinnar og uppbyggingu framhaldsskólanna úti á landsbyggðinni, og háskólasetranna, þekkingar- og háskólanámssetranna. Í því samhengi vil ég skora á yfirvöld að beita sér fyrir því að með sama hætti og byggð hafa verið háskólasetur, þekkingarsetur Þingeyinga á Húsavík, háskólasetur fyrir Austurland á Egilsstöðum og þekkingarsetur á Ísafirði, verði fjarnámsmiðstöðvunum á Suðurlandi, Suðurnesjum og Norðurlandi vestra breytt í sömu veru. Ég vil að þar verði til öflug háskólasetur og að símenntunarstöðvarnar og fræðslunetin verði efld með auknu fjármagni þannig að þau standi undir því að verða fyrsta flokks háskóla- og þekkingarsetur. Þetta er mjög góð þróun og henni ber að fylgja eftir af fullum krafti. Það er mikilvægt að staðið sé við bakið á því starfi sem þar er unnið. Litlu mátti muna fyrir ári að illa færi fyrir sumum fræðslunetunum þar sem átti að halda aftur af fjárframlögum til þeirra. Það hefði þýtt gríðarlegan niðurskurð á starfinu. Þau veita íbúum á stórum svæðum aðgengi að glænýjum tækifærum og miklum möguleikum í gegnum aukna menntun, aukna skólagöngu, án þess að fólk þurfi að flytja tímabundið eða alveg til höfuðborgarinnar eða annarra þéttbýlisstaða sem bjóða upp á slíkt nám. Menn geta stundað nám sitt í heimabyggð sem er algjört grundvallaratriði fyrir nútímabyggðastefnu og það helst að sjálfsögðu fullkomlega í hendur við aðgengi að háhraðatengingum og internetinu eins og ég gat um áðan. Allt spilar þetta saman.

Korterið er fljótt að líða og tími minn að verða búinn í þessari fyrri ræðu minni við þessa umræðu. Ég vildi varpa því fram að lokum að ég held að það sé mjög mikilvægt að næst beinum við sjónum okkar enn frekar að fullorðinsfræðslunni, hún verði skilgreind upp á nýtt, efld verulega og dregin saman í eitthvað sem kallast mætti framhaldsskóli fyrir fullorðna. Það er fráhrindandi fyrir fullorðið fólk að fara inn í framhaldsskólana. Það er bara eðlilegt, þar eru yngri kynslóðir, þetta eru unglingaskólar. Öldungadeildirnar eru að mörgu leyti liðnar undir lok, markaðurinn mettaðist o.s.frv. Ég held að það væri mjög gagnlegt að stofnsetja eftir ítarlega skilgreiningu framhaldsskóla fyrir fullorðna sem tengdist fræðslunetunum, háskólasetrunum og menntasetrunum öllum úti um hinar dreifðu byggðir og að ríkisvaldið kæmi að rekstri slíks framhaldsskóla með sama hætti og annarra framhaldsskóla í landinu. Það vantar þennan miðpunkt og þessa kjölfestu í fullorðinsfræðsluna.

Allir vita að það háir mjög mörgum hlutum landsbyggð-

arinnar eins og tölur sýna hve einsleit samsetning á vinnuaflinu er víða og það vantar meiri breidd í það. Við þurfum fyrst og fremst að veita því fólki sem þar er fyrir aðgengi að frekari menntun með styttri námsbrautum án þess að það þurfi að rífa sig upp til að flytja í burtu eða að setjast á skólabekk í skólum sem eru í raun og sanni ungmennaskólar, eðlilega. Þess vegna þarf að setja á stofn slíkan framhaldsskóla fyrir fullorðna. Ég legg þá hugmynd inn í umræðuna hérna í lokin og mun ræða hana miklu betur í síðari ræðu minni og síðar á þinginu í vetur. Ég held að þetta sé eitt af mikilvægustu verkefnum okkar á næstunni, þ.e. að veita fólki með stutta skólagöngu nýtt tækifæri til náms.

[17:16]

Útbýting:

Breytingar á húsnæðismarkaði, 93. mál, svar félmrh., þskj. 231.

Rannsóknarstofa heilsugæslunnar í Reykjavík, 227. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 233.

[17:18]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég biðst forláts á þeim töfum sem urðu á komu minni í þingsal. Ég gerði mér ekki grein fyrir að sá þingmaður sem var á mælendaskrá á undan mér gekk skyndilega úr skaftinu og sat á skrifstofu minni og var að undirbúa ræðuna sem ég ætla að halda núna.

Við ræðum í dag skýrslu hæstv. iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005 á hinu háa Alþingi. Ef maður lítur á skýrsluna er þetta einhvers konar ástandsskýrsla ríkisstjórnarinnar þar sem hún leitast við að horfa um öxl og mæra afrek sín í byggðapólitík síðustu tvö árin.

Eins og landsmenn hafa því miður fengið að kenna á hafa byggðamálin verið á könnu hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, og það vakti því nokkra kátínu *mína að sjá í póstkassa þingmanna í morgun fallegan bækling* sem búið var að dreifa til okkar eins og gotti í skóinn. Frá hverjum var bæklingurinn? Hann var frá iðnaðar- og viðskiptaráðherra Framsóknarflokksins. Þetta er áróðursbæklingur í dýru og vönduðu broti þar sem klifað er á stórkostlegum afrekum í byggðastefnu stjórnarinnar.

Hann er náttúrlega fullur af mikilli skrúðmælgi sem einkennist af slagorðakenndum upphrópunum í bland við mjög fallega hönnun og hefur eflaust kostað skildinginn. Já, það kostar að hanga eins og hundur á roði á valdastólunum þegar maður hefur aðeins 15% fylgi landsmanna á bak við sig eða vonandi þaðan af minna.

En hvað segir í bæklingnum sem mér sýnist að sé unninn úr skýrslunni, hinni 27 blaðsíðna skýrslu sem við höfum rætt í dag á hinu háa Alþingi?

Mig langar að vitna aðeins í fyrstu síðu, en þar eru markmið byggðastefnu ríkisstjórnarinnar skilgreind á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Markmið byggðastefnu á Íslandi er að jafna og bæta *lífskjör og skapa öllum landsmönnum hagstæð búsetuskil*yrði. Til þess að tryggja búsetu á landsbyggðinni þarf að stuðla að traustu og fjölbreyttu atvinnulífi sem býður sérhæfðu og menntuðu fólki tækifæri. Við framkvæmd byggðaáætlunar hefur iðnaðarráðuneytið lagt áherslu á“ — og hér kemur stórt letur — „þróun byggðar á grundvelli þekkingar og nýsköpunar og staðið“ — hér kemur minna letur — „í samvinnu við önnur ráðuneyti og fjölmarga aðila víðs vegar um landið að framsæknum verkefnum í þessum anda.“

Svo eru hin framsæknu verkefni kynnt hvert á fætur öðru bæklinginn í gegn.

Það er líka komið inn á verkefnin í skýrslunni sem liggur fyrir hinu háa Alþingi sem virðist, eins og ég sagði áðan, vera einhvers konar tilraun til að líta um öxl tvö ár aftur í tímann og velta líka aðeins fyrir sér framtíðinni. Í skýrslunni kemur fram að hvorki meira né minna en fulltrúar níu ráðuneyta hafa tekið þátt í að vinna að byggðaáætluninni í gegnum sérstaka verkefnastjórn. Mér finnst skýrslan öll bera þess merki að ótalmörg ráðuneyti hafa komið að verkefninu og verð að segja alveg eins og er að það gerir það að verkum að mér finnst þetta allt saman hálfruglingslegt þegar maður les í gegnum það, eins og þetta sé ekki nógu heilsteypt og markvisst. Það leiðir þá aftur hugann að þeim hugmyndum sem fram hafa komið á Alþingi um að fækka beri ráðuneytum og einfalda stjórnsýsluna í litla landinu okkar, m.a. með því að sameina iðnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið og sjávarútvegsráðuneyti undir nýtt atvinnuvegaráðuneyti. Þá hefðum við getað fækkað þeim ráðuneytum sem unnu að áætluninni úr níu í sex. Ég tel að það hefði orðið til bóta.

Í byrjun skýrslunnar er komið að framkvæmdunum á Austurlandi. Þar eiga sér stað mestu framkvæmdir Íslandssögunnar og núverandi ríkisstjórn sem ber náttúrlega ábyrgð á þeim framkvæmdum. Ég vil, áður en ég held áfram, lýsa því yfir að ég lýsi fullum stuðningi við þær framkvæmdir og það sem verið er að gera á Austfjörðum, enda allt of seint að snúa við, ákvörðun hefur verið tekin, við höfum hafið framkvæmdirnar og ég tel að okkur beri öllum að vinna að því sem ein samhent þjóð að útkoman úr þeim framkvæmdum verði okkur öllum til heilla.

Hins vegar hnýt ég um eina setningu á bls. 3 og hefði gaman af því að fá svar hjá hæstv. iðnaðar- og byggðamálaráðherra við því. Hér stendur nefnilega að framkvæmdin fyrir austan, þ.e. Kárahnjúkavirkjun og bygging álvers á Reyðarfirði, hafi þegar haft mjög mikil áhrif á atvinnuástand og íbúaþróun á Austurlandi þó svo að hún sé rétt farin af stað.

Virðulegi forseti. Ég er með frétt úr fjölmiðli frá 13. október sl. frá útvarpsstöðinni Bylgjunni þar sem fram kemur að aðfluttum erlendum ríkisborgurum hafi fjölgað. Af útlendingum hér á landi eru Portúgalar langfjölmennastir eða um 90. Þá fjölgun má einmitt rekja til framkvæmdanna á Austurlandi. Hins vegar hefur Austfirðingum á Austfjörðum fækkað um 12, og fjölgunin á Austurlandi hefur aðeins verið vegna aðfluttra útlendinga. Það væri gaman að fá hreinskilið svar frá hæstv. ráðherra hvort þetta bendi ekki til þess að við séum að gera eitthvað rangt fyrir austan því ekki ætluðum við að fara út í þessar gríðarlegu framkvæmdir til þess að bæta atvinnuástand í Portúgal eða bæta byggðamál í Portúgal. Við ætluðum að gera þetta fyrir okkur, fyrir byggðina og fyrir fólkið sem býr á Austurlandi. Það væri góðra gjalda vert að taka svolitla umræðu um

þetta á Alþingi þó mér sýnist reyndar því miður að ríkisstjórnarflokkarnir kinoki sér við því að taka umræður um þau vandamál sem við glímum við á hverjum tíma og barmi sér sáran undan því að fara í umræður um þau vandamál sem á bjáta á hverjum tíma.

Gott dæmi um það var þegar hv. þm. Birkir J. Jónsson kvartaði yfir því að Frjálslyndi flokkurinn hefði vogað sér að biðja um utandagskrárumræðu um atvinnuástandið á Siglufirði, sem er þó hlutur sem sjálfsagt er að ræða því ástandið þar er nokkuð slæmt. Það er skylda okkar stjórnmálamanna að taka á þeim vandamálum sem upp koma á hverjum tíma. Við eigum ekki að kinoka okkur við því að ræða þau mál og við eigum alls ekki kvarta yfir því að það verði hugsanlega neikvæð umræða, því hvernig getur það verið neikvæð umræða þegar við ræðum vandamál sem steðja að einhverju bæjarfélagi með það að leiðarljósi að reyna að bæta úr þeim vandamálum? Ég get ekki ímyndað mér að það sé neikvætt, það hlýtur að vera jákvætt. Það er farið í þá umræðu af góðum og opnum huga, alla vega af hálfu okkar sem höfum óskað eftir henni. En nóg um það, frú forseti.

Í gær var umræða í fyrirspurnatíma um flutning opinberra starfa út á landsbyggðina. Þar var m.a. komið stuttlega inn á landbúnaðarskólana. Við höfum jú stofnað nýjan landbúnaðarháskóla á Hvanneyri, flutt þangað Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Ég vona svo sannarlega að sá skóli megi verða öflugur í framtíðinni og okkur öllum til heilla. Ég kom aðeins inn á það í máli mínu í gær að mér þætti ríkisstjórnin ekki sýna nógu mikið áræði í því að íhuga að flytja ríkisstofnanir út á land, að þar væri alls ekki nóg að gert og alls ekki nógu hratt unnið. Mér finnst það skjóta mjög skökku við því mér þykir flutningur ríkisstofnana út á land hafa verið mjög vel heppnaður. Við sjáum Byggðastofnun á Sauðárkróki, Landmælingar Íslands á Akranesi, stofnun Háskólans á Akureyri og fleiri dæmi mætti telja. Þá hlýtur maður að spyrja: Hvers vegna er ekki meira gert af þessu? Af hverju má t.d. ekki flytja Veiðimálastofnun til Landbúnaðarháskólans í Borgarfirði þar sem ríkustu laxveiðiár landsins eru? Hvers vegna í ósköpunum eigum við að láta aðalstöðvar Veiðimálastofnunar kúldrast í iðnaðarhverfi á Ártúnshöfða innan um bílaverkstæðin þar? Sú stofnun er mjög mikilvæg og sinnir mjög dýrmætu og merkilegu starfi sem varðar fiskrækt í ám og vötnum landsins sem við höfum nýlega fengið staðfest í skýrslu að skilar okkur gríðarlegum tekjum á hverju ári. Því er mjög mikilvægt fyrir byggðina í landinu að sú stofnun verði flutt í sitt rétta umhverfi ef svo má segja og jafnframt efld eins og kostur er.

Önnur stofnun sem mig langar að nefna í þessu sambandi er Landhelgisgæslan. Mér þykir alveg þess virði að íhuga mjög vandlega að hún verði flutt til Suðurnesja, þ.e. skipin, og jafnvel flugvélin þeirra líka á Keflavíkurflugvöll þótt þyrlurnar gætu að sjálfsögðu haft bækistöð á Reykjavíkurflugvelli í grennd við bestu og stærstu sjúkrahús okkar og þar sem umferðin er oftast mest, því þyrlurnar eru jú eins og við vitum oft notaðar þegar alvarleg slys verða á vegum okkar.

Fleiri hugmyndir mætti nefna. Það má t.d. flytja stóran hluta af starfsemi Hafrannsóknastofnunar út á land. Það er engin ástæða til að dengja því öllu saman í eitt hús við Skúlagötu í Reykjavík, það er hægt að sinna þeim stofnunum frá stöðum eins og Ísafirði, Akureyri og jafnvel Vestmannaeyjum eða Hornafirði.

Ég sé að tími minn líður hratt, allt of hratt, en hér er líka nefnt fiskeldi og þá hnaut ég um eitt, að þegar Steinullarverksmiðjan var seld — þetta er á bls. 10 í skýrslunni — er greint frá því að andvirði hennar var m.a. notað til samgöngubóta og til annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem ættu verulegra hagsmuna að gæta vegna þeirrar verksmiðju. Þar var m.a. varið 35 millj. kr. til að ljúka tilraunum við barraeldi í samvinnu við Nýsköpunarsjóð. Nú veit ég ekki betur en það eldi sé orðið gjaldþrota og því langar mig að spyrja hvort þeir peningar hafi tapast.

Gaman væri að fá að vita hvað varð um þessar 70 milljónir sem fóru til fiskeldisrannsókna við Hólaskóla. Ég spyr af einskærri forvitni en ekki vegna þess að ég hafi neinn grun um að þeim peningum hafi endilega verið illa varið.

Annars tel ég að hið opinbera ætti að fara frekar varlega í þorskeldi. Ég vil segja það, og tel mig hafa nokkurt vit þar á sem háskólamenntaður í fiskeldisfræðum, að þorskeldi muni seint verða stundað með hagkvæmum hætti. Afkastageta Íslandsmiða er það gríðarleg ef rétt er að málum staðið að veiðar munu alltaf verða samkeppnisfærari en þorskeldið í framtíðinni, þ.e. ef við höldum rétt á spilunum varðandi nýtingu fiskstofna. En ég ætla nú ekki að fara nánar út í þá sálma í þessari ræðu.

Hið sama má kannski segja um laxeldið. Við sem erum í sjávarútvegsnefnd Alþingis fengum nýlega mjög áreiðanlegar heimildir um að laxeldið er því miður langt í frá að skila þeim hagnaði sem menn höfðu vonast til og málsmetandi menn í þeirri grein sögðu við okkur að sennilega yrðu Norðmenn alltaf miklu samkeppnisfærari en við í því að ala lax. Hins vegar tel ég að bleikjueldi eigi mikla framtíð fyrir sér á Íslandi og sjálfsagt að hið opinbera og þá þeir sem fara með byggðamál hér á landi líti nánar og með jákvæðari huga til þeirra hluta.

Ég ætla svo sem ekki að hafa ræðu mína miklu lengri núna. Ég hefði að sjálfsögðu viljað nota tíma minn til að koma inn á það sem ég tel mál málanna hvað varðar landsbyggðina, eða eitt af málum málanna. Það er að sjálfsögðu framkvæmd sjávarútvegsstefnu okkar sem ég tel að hafi haft mjög neikvæð áhrif á byggðir landsins. Þetta er málaflokkur sem ég tel að auðvelt væri að kippa í liðinn án þess að allt of mikil áhætta væri tekin varðandi nýtingu á fiskstofnum. Ef réttar aðgerðir yrðu viðhafðar þar, þ.e. ef okkur einhvern tíma tækist að fá stjórnarflokkana til að sjá ljósið og koma fyrir þá vitinu í þeim málum ef svo má segja, þá gætum við unnið þar verk sem jöðruðu nánast við kraftaverk. Þar á ég að sjálfsögðu við það að þessum litlu byggðum allt í kringum landið verði gefið aukið frelsi til að nýta sínar mikilvægustu náttúruauðlindir sem eru að sjálfsögðu fiskurinn í sjónum. Það er nú einu sinni svo að það er alveg sama hversu mörg hundruð milljónum við eyðum í þessi byggðaverkefni því það er bara staðreynd að þessar byggðir risu upphaflega vegna nálægðar sinnar við fiskstofnana í hafinu sem eru auðæfi þeirra og aldrei verður af þeim tekin sú staðreynd að þær standa fyrst og fremst og falla með því. Allt annað eru hlutir sem verða og munu byggjast þar ofan

á. Það er staðreynd sem við verðum að fara að skilja.

Umræðu frestað.

Fjármálafyrirtæki og vátryggingastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 211. mál (EES-reglur). — Þskj. 213.

[17:33]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, sem er 211. mál þingsins á þskj. 213.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, til að innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipana Evrópuráðsins.

Meginmarkmið tilskipunarinnar um fjármálasamsteypur er að setja lágmarksákvæði í lög og reglur sem lúta að eftirliti með fjármálasamsteypum, en fjármálasamsteypur eru samstæður félaga sem hafa veruleg umsvif á banka- og verðbréfasviði annars vegar og vátryggingasviði hins vegar. Meginmarkmiðin með eftirliti með fjármálasamsteypum eru eftirfarandi:

Koma í veg fyrir að unnt sé að nota sama fjármagnið oftar en einu sinni, hvort sem um er að ræða eigið fjármagn eða annars konar fjármagn, til þess að uppfylla mismunandi eiginfjár- og gjaldþolskröfur innan fjármálasamsteypu.

Gera kröfu um lágmarkseiginfé/gjaldþol í samræmi við viðurkenndar útreikningsaðferðir sem unnt er að nota við að mæla eiginfjárkröfur og gjaldþolskröfur í fjármálasamsteypu og til þess að gera sér grein fyrir fjárhagslegri stöðu fjármálasamsteypunnar.

Gera kröfur til fjármálasamsteypu um að hún setji upp innra eftirlit til að fylgjast með, mæla og stýra viðskiptum innan samstæðunnar annars vegar og áhættusamþjöppun hins vegar.

Tryggja eftirlit með fjármálasamsteypu í heild og samvinnu eftirlitsaðila.

Tryggja sambærilegt eftirlit með fjármálasamsteypum sem eru með höfuðstöðvar eða yfirstjórn utan Evrópska efnahagssvæðisins, en starfa engu að síður innan svæðisins.

Tilskipunin verður innleidd með þessu frumvarpi og nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur. Í dag er engin fjármálasamsteypa starfandi hér á landi sem fellur sjálfkrafa undir ákvæði tilskipunarinnar.

Tilskipunin um slit lánastofnana felur í sér að endurskipulagning fjárhags og slit fara einvörðungu fram í því landi þar sem lánastofnunin hefur skráðar höfuðstöðvar og gilda lög heimaríkisins að meginstefnu um fjárhagslega endurskipulagningu og slit. Þetta er í samræmi við aðra skipan sem kveðið er á um í bankalöggjöf Evrópusambandsins um starfsleyfi og eftirlit með fjármálastofnunum.

Tilskipunin felur í sér að úrskurður lögbærs yfirvalds um heimild lánastofnunar, sem rekur útibú í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðinu, til að leita greiðslustöðvunar eða nauðasamninga eða um slit hennar hefur áhrif á öllu svæðinu, þ.e. tekur bæði til lánastofnunarinnar og útibúa hennar. Jafnframt er gert ráð fyrir að löggjöf heimaríkis gildi að meginstefnu um endurskipulagninguna eða slitin, þ.e. löggjöf þess ríkis þar sem aðalstöðvar lánastofnunarinnar eru og þar sem starfsleyfi hennar er gefið út. Tilskipuninni er þannig ætlað að koma í veg fyrir að kröfuhöfum verði mismunað með því að mismunandi lög gildi um endurskipulagningu eða slit lánastofnunar annars vegar og útibúa hennar hins vegar.

Hæstv. forseti. Ég mæli með að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Dagskrá fundarins.

[17:36]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég verð að gera athugasemdir við það þegar hlaupið er svona á milli liða eins og hér hefur verið gert. Mér finnst það lágmarkskurteisi frá hendi hæstv. forseta sem stýrir fundi og lætur þetta ganga hérna fram að við *fulltrúar flokkanna sem hér sitjum fáum þá að vita hvað er* á dagskrá og hvað hæstv. forseti er að hugsa í þessu.

Nú ætla ég ekki að gera vesen vegna þess að tekin eru fyrir af dagskrá mál hv. varaþingmanna sem eru að hverfa út af þingi eftir þennan dag þannig að þeir geti mælt fyrir frumvörpum sínum og heldur ekki vegna þess sem verið er að gera hér við þriðja dagskrárliðinn. En ég leyfi mér, virðulegi forseti, að spyrjast fyrir um framhaldið þegar þetta er búið. Og nú þegar klukkan er tuttugu mínútur í sex á fimmtudegi og margir þingmenn eru í burtu og hafa gert ráðstafanir þá mælist ég til þess að umræðu um annan dagskrárliðinn, þ.e. Byggðaáætlun fyrir 2002–2005 verði frestað í framhaldi af því eða að við höldum áfram kannski til rúmlega sex — eitthvað svoleiðis — en svo verði þeirri umræðu frestað.

Ég mælist til þess, virðulegi forseti, að ekki verði teknir upp þeir stjórnunarhættir sem viðhafðir voru hér áður vegna þess að ég held að það auðveldi ekki þingstörf. Ég legg til að forseti leyfi okkur þingmönnum sem hér eru í sal og eigum eftir að taka aftur til máls að vita hvert framhaldið er og ég vil spyrja virðulega forseta hvort samkomulag gæti ekki orðið um að fresta umræðunni um byggðamál þegar klukkan verður orðin svona korter yfir sex. Ég segi fyrir mitt leyti að við sem erum á mælendaskrá eigum eftir að ræða hér ýmis mál og kannski kalla til ráðherra.

[17:38]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka fram að hv. þingmaður var staddur hér í salnum þegar hæstv. ráðherra var að tala. (**Gripið fram í:** Nei, ...) Hv. þingmaður var staddur í salnum og ... Var hv. þingmaður að grípa fram í, hv. þm. Kristján L. Möller? (**KLM:** Ég var ekki í salnum.) Það hefur þá verið líkamn-

ingur hv. þingmanns.

Það er svo að hv. þingmaður hafði fullar heimildir og fulla möguleika til að óska eftir því að umræðu yrði frestað ef hann svo kaus, sem hann ekki gerði. Það er alkunna að farið er á milli dagskrármála og þarf forseti ekki að biðja leyfis til þess að stjórna fundi svo að þau mál sem á dagskrá eru séu tekin fyrir eins og hentugt þykir hverju sinni. Hefur svo verið meðan Alþingi hefur setið og þarf ekki um það að ræða.

[17:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil koma hér upp til þess að tjá þá skoðun mína að það er alveg sjálfsagt að taka þau mál fyrir sem forseti vill taka fyrir. En ég vil jafnframt mælast til þess að málið sem við ræddum hér lengi dags verði ekki rætt langt fram á kvöld. Ég hef hugsað mér að taka aftur til máls í því þó að ég sé ekki kominn á mælendaskrá og hefði gjarnan vilja heyra frá hæstv. forseta hvernig hann hugsar sér framhaldið. Hugsar hann sér að vera hér fram yfir sjö eða eitthvað lengur?

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil af þessu gefna tilefni taka fram að fundarstjórn forseta hefur verið algjörlega eðlileg. Það liggur ekki fyrir á þessari stundu hvernig framhaldið verður.)

Greiðslur yfir landamæri í evrum, 1. umr.

Stjfrv., 212. mál (EES-reglur). — Þskj. 214.

[17:40]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum. Það er 212. mál þingsins á þskj. 214.

Með frumvarpinu eru innleidd í íslenskan rétt ákvæði reglugerðar Evrópuráðsins nr. 2560/2001, um greiðslur yfir landamæri í evrum.

Reglugerðin fjallar um greiðslur yfir landamæri í evrum. Markmið hennar er að tryggja að gjöld vegna slíkra greiðslna verði hliðstæð því sem gerist í greiðslum innan lands. Reglugerðin kveður á um að gjöld stofnunar fyrir færslu fjármuna í evrum yfir landamæri skuli vera þau sömu og gjaldfærslur sömu stofnunar vegna sams konar færslu fjármuna í evrum innan lands. Reglugerðin tekur annars vegar til rafrænnar greiðslumiðlunar í evrum yfir landamæri og hins vegar færslu fjármuna yfir landamæri. Reglugerðin nær til færslna að fjárhæð allt að 12.500 evrur en frá og með 1. janúar 2006 hækkar fjárhæðin í 50.000 evrur. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að aðildarríki geti ákveðið að rýmka beitingu hennar þannig að hún gildi einnig um gjaldmiðil þess. Þannig hafa sænsk stjórnvöld ákveðið að reglugerðin skuli ná til sænsku krónunnar. Norðmenn hafa á hinn bóginn ákveðið að reglugerðin skuli ekki gilda um norsku krónuna. Í frumvarpinu er ekki lagt til að reglugerðin nái til íslensku krónunnar.

Reglugerðin mun ekki hafa mikil áhrif hér á landi vegna þess að mjög lítið er um innlendar millifærslur í evrum.

Hæstv. forseti. Ég mælist til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veggjald í Hvalfjarðargöng, fyrri umr.

Þáltill. GuðjG, 75. mál. — Þskj. 75.

[17:42]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forseta þá lipurð sem hann sýnir okkur varaþingmönnum, en við hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson hverfum af þingi í kvöld og okkur þykir að sjálfsögðu vænt um að fá að mæla fyrir þeim þingmálum sem við höfum lagt fram.

Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um veggjald í Hvalfjarðargöng.

Tillagan sem er á þskj. 75 er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita leiða til að fella niður eða lækka verulega veggjald í Hvalfjarðargöng."

Gerð Hvalfjarðarganga sem voru tekin í notkun 11. júlí 1998 var einkaframkvæmd. Veruleg andstaða var við þessa framkvæmd á sínum tíma, ekki síst meðal stjórnmálamanna og fjármálastofnana, auk þess sem almenningur var svona mátulega trúaður á að eitthvert vit væri í þessu. Það er fróðlegt að lesa ræður þingmanna frá þessum tíma þar sem einn segir t.d. að nær væri nú að eyða þessum peningum í menningarstofnanir en þessi Hvalfjarðargöng.

Þeir einstaklingar sem höfðu frumkvæði að þessu verki gáfust ekki upp og héldu ótrauðir áfram að sannfæra þá sem þurfti að sannfæra um ágæti þessa verkefnis. Þessir einstaklingar eiga mikinn heiður skilinn fyrir frumkvæði sitt og dugnað sem leiddi til þess að Hvalfjarðargöng urðu að veruleika, en einstaklega vel tókst til með gerð ganganna og almenn ánægja er með þau þó að trúlega styttist í að þau anni ekki sívaxandi umferð og verður væntanlega innan örfárra ára að ráðast í framkvæmdir til að bæta úr því.

Umferð um göngin hefur aukist jafnt og þétt úr einni milljón bíla fyrsta árið í 1,4 milljónir bíla á ári. Til samanburðar má geta þess að árið áður en göngin voru tekin í notkun fóru 747 þúsund bílar fyrir Hvalfjörð og með Akraborginni. Umferðin hefur því nær tvöfaldast á þessum sex árum.

Það er einkahlutafélagið Spölur sem á og rekur göngin. Eins og fram kemur í þingskjali eiga sex aðilar tæp 88% hlutafjárins í Speli, þ.e. Grundartangahöfn, Sementsverksmiðjan, Íslenska járnblendifélagið, Skilmannahreppur, Vegagerðin og Akraneskaupstaður, en smærri hluthafar eiga rúmlega 12%. Veggjöld hafa staðið undir afborgunum, vöxtum og rekstrarkostnaði ganganna. Á veggjöldin leggst 14% virðisaukaskattur.

Á sex ára afmæli ganganna 11. júlí síðastliðinn höfðu um 7,1 milljón bíla farið um göngin. Þá höfðu bíleigendur greitt rúmlega 5 milljarða króna í veggjöld að viðbættum

rúmlega 700 milljónum í virðisaukaskatt.

Þegar göngin voru gerð var felldur niður virðisaukaskattur af framkvæmdinni upp á 937,6 millj. kr. Það styttist því óðum í að virðisaukaskattur af veggjöldunum nái þeirri upphæð sem felld var niður og finnst mér að sjálfsögðu fráleitt að halda áfram skattlagningu á veggjöldin þegar því marki er náð.

30. júní síðastliðinn námu langtímalán Spalar ehf., sem á og rekur göngin, 5.353 millj. kr. Þar af var skuld við ríkissjóð 2.250 millj. kr. en sú skuld er þannig til komin að ríkið lánaði Speli 1.300 millj. kr. til framkvæmdanna sem með verðbótum og vöxtum stendur í 2.250 millj. kr. Ríkið lagði ekkert í gerð Hvalfjarðarganga en sá hins vegar um vegagerð að göngunum sem kostaði, ef ég man rétt, 700–800 millj. kr.

Þegar göngin voru gerð lá fyrir að ráðast yrði í mjög kostnaðarsamar endurbætur á Vesturlandsvegi sem farinn var að gefa sig vegna mikillar umferðar. Þá voru ýmsar upphæðir nefndar um kostnað sem af því hlytist. Talað var um að þær endurbætur mundu kosta allt að 2 milljörðum kr. Hafi svo verið hafa Hvalfjarðargöngin strax sparað ríkinu á annan milljarð króna auk þess sem Vesturlandsvegurinn hefði væntanlega þurft enn frekari endurbætur og viðhald á þeim rúmlega sex árum sem liðin eru síðan göngin voru tekin í notkun.

Mér finnst ekki ósanngjarnt að ætlast til þess að ríkið leggi til fjármagn til að lækka verulega og helst fella alveg niður veggjaldið sem notendur ganganna verða að greiða. Það er ekki síst sanngjarnt þar sem ríkið hefur síðan lagt tugi milljarða króna til gangagerðar og annarra stórframkvæmda í vegamálum vítt og breitt um landið.

Ég nefni jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, sem eru álíka löng og Hvalfjarðargöng. Ég nefni göng undir Almannaskarð og það að ákveðið hefur verið að hefja gangagerð milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar sem mun kosta meira en Hvalfjarðargöng. Áður hafði ríkið staðið fyrir gerð Vestfjarðaganga. Einnig hefur á undanförnum árum verið lagt mikið fjármagn í vegagerð, m.a. eru framkvæmdir hafnar við tvöföldun Reykjanesbrautar sem mun kosta 4–5 milljarða kr.

Það er sammerkt með öllum þessum samgöngumannvirkjum að notkun þeirra er gjaldfrí, að Hvalfjarðargöngum einum undanskildum. Það hlýtur að teljast sanngirnismál að landsmenn sitji við sama borð varðandi notkun samgöngumannvirkja. Stór hópur fólks fer daglega um Hvalfjarðargöng fram og til baka, til skóla og vinnu. Það fólk greiðir háar fjárhæðir fyrir notkun ganganna. Þannig greiðir einstaklingur sem fer daglega um göngin til vinnu rúmlega 200 þús. kr. á ári í veggjald. Til að greiða þá upphæð þarf hann að hafa um 350 þús. kr. í tekjur, þegar reiknað er með sköttum og skyldum.

Það kom fram hjá formanni stjórnar Spalar ehf. nýlega að væntanlega þyrfti að innheimta veggjald næstu 12 árin til að greiða upp skuldir fyrirtækisins en 40% þeirra eru við ríkissjóð. Á þessum 12 árum þarf því einstaklingur sem sækir vinnu um Hvalfjarðargöng að þéna a.m.k. 4,2 millj. kr. til að standa undir gangagjöldum á sama tíma og notendur annarra ganga og samgöngumannvirkja greiða ekki eina krónu.

Þannig mun t.d. íbúi Mosfellsbæjar sem vinnur í stóriðjunni á Grundartanga nota 350 þús. kr. af árlegum tekjum sínum til að greiða fyrir notkun Hvalfjarðarganga á sama tíma og íbúi Fáskrúðsfjarðar sem vinnur í stóriðjunni á Reyðarfirði greiðir ekki eina krónu fyrir notkun Fáskrúðsfjarðarganga. Íbúi á Flateyri sem sækir vinnu til Ísafjarðar greiðir ekki eina krónu fyrir notkun Vestfjarðaganga og íbúi á Siglufirði sem sækir vinnu til Dalvíkur mun ekki greiða eina krónu fyrir notkun Siglufjarðarganga. Þá er ekki gert ráð fyrir veggjöldum á Reykjanesbraut þrátt fyrir þá miklu umferð sem þar er og þá miklu fjármuni sem lagðir eru í tvöföldun Reykjanesbrautar.

Í fyrradag kynntu Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi mjög ítarlega og vandaða skýrslu um áhrif Hvalfjarðarganga á búsetuskilyrði og búsetuþróun á Vesturlandi. Skýrslan byggist á rannsókn sem staðið hefur frá haustinu 2002. Verkefnið var fjármagnað af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Vegagerðinni, samgönguráðuneytinu, Byggðastofnun og Speli ehf. Skýrslan byggist m.a. á umferðarkönnun sem Vegagerðin gerði og víðtækri spurningakönnun á vegum Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri þar sem á níunda hundrað svara bárust.

Samkvæmt skýrslunni er talið ljóst að lífskjör og lífsgæði Vestlendinga hafa batnað með tilkomu Hvalfjarðarganganna en jafnframt sé augljóst að þau mundu aukast enn frekar við lækkun eða niðurfellingu veggjaldsins. Í skýrslunni kemur m.a. fram að marktækar vísbendingar séu um að veggjaldið hafi haldið aftur af hækkun fasteignaverðs og að draga megi þá ályktun að lækkun gjaldsins komi til með að auka virði fasteigna á Vesturlandi. Bent er á að fasteignaverð lækki að jafnaði um 0,31% fyrir hvern kílómetra sem fasteignin fjarlægist höfuðborgarsvæðið. Á grundvelli þess má ætla að fasteignaverð hafi hækkað eða eigi eftir að hækka um 18,6% á Akranesi en 13% annars staðar á Vesturlandi vegna þeirrar vegstyttingar sem Hvalfjarðargöngin höfðu. En gangagjaldið stendur í vegi fyrir því að þessi áhrif komi endanlega fram.

Einnig kemur fram að Vestlendingar spari allnokkuð við sig ferðir um Hvalfjarðargöngin vegna veggjaldsins, m.a. ferðir vegna verslunar, afþreyingar, menningarviðburða og heimsókna til ættingja. 82,3% svarenda í spurningakönnuninni töldu veggjaldið of hátt.

Í skýrslunni er getið um að fram hafi komið í viðtali við starfsmann hjá Fiskmarkaði Íslands að flutningskostnaður hafi ekki lækkað við opnun ganganna vegna hins háa veggjalds. Svo virðist sem að það sé ógæfa notenda Hvalfjarðarganga að gerð þeirra hafi verið einkaframkvæmd. Hefði ríkið gert göngin hefðu þau verið gjaldfrí eins og önnur samgöngumannvirki landsmanna.

Það er óviðunandi fyrir þá sem fara um Hvalfjarðargöng að þurfa einir notenda samgöngumannvirkja hér á landi að greiða gjald í þessi mannvirki. Þess eru mörg dæmi að veggjaldið hafi dregið úr áhuga á og hreinlega komið í veg fyrir að fyrirtæki settu upp starfsemi norðan Hvalfjarðar. Þá má geta þess að allt að 500 manns nota göngin daglega vegna vinnu og skóla.

Forstöðukona Svæðisvinnumiðlunar á Vesturlandi segir mér að gangagjaldið komi í veg fyrir að fólk á atvinnuleysisskrá norðan Hvalfjarðar sæki vinnu sem býðst sunnan

fjarðar. Það er því augljóst byggðamál að veggjaldið falli niður eða a.m.k. lækki verulega. Því er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að leita leiða til að fella niður eða a.m.k. lækka verulega veggjaldið í Hvalfjarðargöng. Til þess eru ýmsar leiðir. Ég nefndi hér fyrr í ræðu minni virðisaukaskattinn, ég nefni þær 2.250 millj. kr. sem Spölur ehf. skuldar ríkinu og er væntanlega svipuð upphæð og göngin hafa sparað ríkinu í endurbótum og viðhaldi á Vesturlandsvegi. Loks nefni ég væntanlega sölu Símans sem mun gefa ríkissjóði marga tugi milljarða kr., en rætt hefur verið um að nota hluta söluandvirðisins til samgöngumála. Ekki væri ósanngjarnt að eitthvað af því færi til að rétta hlut þeirra sem nota Hvalfjarðargöng og einir Íslendinga greiða fyrir notkun samgöngumannvirkis.

Herra forseti. Hér er mikið sanngirnismál á ferðinni að mínu áliti. Ég legg til að þessari tillögu verði að lokinni fyrri umræðu vísað til samgöngunefndar.

[17:53]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að byrja á því í þessu andsvari — ég veit ekki hvort það er leyfilegt en ég ætla að láta reyna á það — að lýsa yfir ánægju með þessa þingsályktunartillögu. Ég velti upp þeirri spurningu, með hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni, vegna þess að þetta virðist algjörlega borðleggjandi mál: Hvað telur hv. þm. að hafi staðið í veginum fyrir því að stjórnvöld og hæstv. samgönguráðherra hafi fyrir löngu lagst á árar með þeim sem vilja lækka gjaldið og taka virðisaukaskattinn af? Hvað stendur í veginum fyrir því að stjórnvöld hafi ekki fyrir löngu tekið þetta skref, sérstaklega í ljósi þess að það væri mikið framfaraskref fyrir byggðirnar í sunnanverðu kjördæminu?

[17:54]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði, að hér er mikið sanngirnismál á ferðinni. Umræða um gjaldið í göngin hefur þess vegna orðið mikil og farið vaxandi. Það er ástæða til þess að velta því fyrir sér hvers vegna menn hafa verið svo tregir í taumi við að lækka þetta gjald og koma til móts við möguleika til þess, sem vissulega eru til staðar.

Það er t.d. ljóst að ríkið tekur 14% í virðisaukaskatt af veggjaldi um göngin. Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni fyrir menn þegar menn vita að samningurinn er því marki brenndur að ríkið eignast þetta umferðarmannvirki skuldlaust á 20 árum. Skyldi það ekki vera nóg fyrir ríkið, að fá þetta mikla og góða mannvirki skuldlaust í hendur eftir 20 ára rekstur ganganna?

Nei, það er ekki nóg. Menn vilja innheimta af þessu virðisaukaskatt og hafa a.m.k. fram að þessu ekki verið færir um að ná fram lækkunum á gjaldinu. Það verður að svara fyrir þetta við þessa umræðu. Mér finnst bera vel í veiði að hæstv. samgönguráðherra er hér í salnum og getur svarað spurningum um þessi efni. Ég átti á dagskrá þingsins í gær fyrirspurn til hans um sama efni. Ég býst við að fái ég góð svör við þeim spurningum sem ég ætlaði þar að leggja fram muni ég draga þá fyrirspurn til baka. Mér finnst sú umræða alveg eins geta farið fram hér og nú.

Ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra um hvenær kæmi til framkvæmda boðuð lækkun virðisaukaskatts á veggjald í Hvalfjarðargöngum og hvaða aðgerðir hæstv. ráðherra hefði í undirbúningi til að lækka gjaldið eða fella það niður. Yfirlýsingar hæstv. ráðherra um þetta liggja fyrir.

Hann sagði í svari við fyrirspurn frá mér 29. mars síðastliðinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er hins vegar ljóst að ég hef verið mikill áhugamaður um að Spölur lækkaði þetta gjald. Til viðbótar hef ég lýst því yfir að þegar gengið verður í að lækka virðisaukaskattinn falli gjaldið þar undir lægra þrepið eins og að er stefnt.“

Þessi yfirlýsing liggur fyrir frá hæstv. ráðherra. Hvar í ósköpunum er þessi hluti málsins staddur? Heldur Framsókn þessu máli kannski í gíslingu eða var ekki innstæða fyrir yfirlýsingu hæstv. ráðherra? Það er að mínu viti kominn tími til að standa við þessi orð og það fyrir nokkuð löngu.

Hæstv. forseti. Það kom fram í skýrslu nefndar sem hæstv. ráðherra samgöngumála skipaði að ýmsar leiðir aðrar væri hægt að fara til að lækka gjöld í göngin. Meðal annars mætti yfirtaka hamfaratryggingu og hryðjuverkaárásatryggingu sem eru á göngunum og fá þannig fram lækkun á gjaldinu fyrir að nota þau. Hefur hæstv. ráðherra uppi ráðagerðir um það og hvaða ráðagerðir eru það?

Það liggja fyrir yfirlýsingar hæstv. ráðherra samgöngumála um að hann sé á móti yfirtöku ríkisins á hlutverki Spalar í Hvalfjarðargöngunum og þar með niðurfellingu veggjaldsins. Þess vegna hlýtur maður að spyrja: Hvaða skoðun hefur hæstv. ráðherra á tillögu þeirri sem hér er til umræðu, um að fella niður veggjaldið í göngin? Getum við kannski gert okkur vonir um að sú tillaga sé fyrirboði stefnubreytingar? Hv. þm. Guðjón Guðmundsson er samflokksmaður hæstv. ráðherra svo að það er eðlilegt að menn spyrji um það.

Síðan hlýt ég að spyrja í öðru lagi út í niðurstöður stefnumörkunar um gjaldtöku vegna samgöngumannvirkja, þ.e. veggjöld, sem ráðherra sagði í vor að mundu liggja fyrir á þessu hausti.

Ráðherrann sagði nefnilega 5. desember í fyrra, í umræðum utan dagskrár, með leyfi forseta:

„Upp úr áramótum“ — þ.e. síðustu áramótum — „er að vænta tillagna frá starfshópi sem ég skipaði sem mun vinna að framtíðarstefnu í gjaldtöku vegna fjármögnunar samgöngumannvirkja. Ef við ætlum að halda áfram uppbyggingu samgöngukerfisins á landi með sama hraða og hingað til á næstu árum verðum við að halda opnum möguleikunum á sérstakri fjármögnun verkefna sem rúmast ekki í samgönguáætlun. Sundabraut og áformuð brúarmannvirki og jarðgöng væru dæmi um stór verkefni sem rúmast ekki með viðunandi hætti innan núverandi tekjumöguleika samgönguáætlunar og þess vegna er slík vinna í gangi. Því erum við að móta stefnu um gjaldtöku sem við munum kynna síðar á Alþingi.“

Hér talaði hæstv. ráðherra um Sundabraut. Svo vill til að Hvalfjarðargöng eru eina samgöngumannvirkið þar sem veggjald er greitt en yrði veggjald sett á Sundabraut þá yrðu menn tvisvar skattlagðir á leiðinni milli Vesturlands og höf-

uðborgarinnar. Samt er unnið að feiknadýrum framkvæmdum á Reykjanesbraut, svo dæmi sé tekið, en ekki hafa verið uppi áform um að taka þar veggjald og ekki heldur vegna jarðganga sem verið er að grafa og til stendur að grafa. Getur það verið framtíðin að þeir sem koma að norðan og vestan til höfuðborgarsvæðisins borgi en þeir sem koma að sunnan og austan borgi ekki? Að greitt verði í Hvalfjarðargöngin ein og ekki í önnur sambærileg samgöngumannvirki?

Hæstv. ráðherra svaraði annarri fyrirspurn frá mér sem hér segir, með leyfi forseta:

„Ég tek undir það með hv. þm. hve mikilvægt er að við mörkum klára stefnu hvað þetta varðar. Það er einmitt það sem unnið er að um þessar mundir eins og fram kom í svari mínu áðan. Þegar nauðsynlegri undirbúningsvinnu er lokið verður að sjálfsögðu hægt að kynna þá vinnu fyrir þinginu. Ég geri ráð fyrir að þá verði hægt að gera grein fyrir málinu gagnvart hv. samgöngunefnd.

Við þurfum að vanda okkur við þetta verk því að hér er um stórt mál að ræða. Ef við ætlum að taka upp gjaldtöku vegna notkunar á umferðarmannvirkjum verður eitt yfir alla að ganga. Það þarf þess vegna að undirbúa mjög vandlega og að því er unnið."

Ég spyr: Hvað er að frétta af starfshópnum? Áramótin eru löngu liðin. Hverjar eru tillögur hópsins? Af hverju hefur hæstv. ráðherra ekki gert samgöngunefnd grein fyrir tillögunum eins og hann lofaði? Munu tillögurnar tryggja að eitt verði látið yfir alla ganga, eins og hæstv. ráðherra sagði?

Mér finnst alveg full ástæða til að spyrja þessara spurninga hérna. Fái ég viðunandi svör mun ég draga til baka fyrirspurn mína sem liggur fyrir á dagskrá þingsins.

[18:02]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það mál sem við erum hér að ræða, niðurfelling á gjaldtöku eða veruleg lækkun á veggjöldum í Hvalfjarðargöngum, er hið þarfasta. Auðvitað hafa menn áður rætt það eins og kom fram í máli síðasta ræðumanns, m.a. með fyrirspurnum hér á þingi.

Ég vil tjá þá skoðun mína að það sé orðið fyllilega tímabært að vinna að því að fella niður þessa gjaldtöku. Það kann vel að vera skynsamlegt að gera það í áföngum, enda mælir sú tillaga sem hér er lögð fram ekki nákvæmlega fyrir um hvernig þetta skuli gert, heldur að að þessu skuli stefnt og að til þess verði sett af stað vinna sem færi m.a. fram í samgöngunefnd þar sem sá sem hér stendur á sæti. Ég fagna því að þessi tillaga skuli komin fram og þakka hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni fyrir að hafa komið með þetta mál í þessum búningi inn í þingið.

Það fer ekkert á milli mála, hæstv. forseti, að ein af arðsömustu framkvæmdum til langs tíma litið sem við getum staðið að í vegamálum hér á landi er að stytta vegalengdir, hvort sem við gerum það með jarðgöngum undir fjallvegi, undir firði eða með þverun fjarða eða öðrum þeim vegaframkvæmdum sem hafa veruleg áhrif til þess að stytta vegalengdir milli landsvæða, atvinnusvæða og líka innan héraða. Það sem við gerum í þessari vegagerð hef ég stundum í ræðum mínum kallað varanlegar lausnir, þ.e. að við séum þá hætt að líta til þess að klöngrast mikið yfir fjallvegi til framtíðar, heldur horfum til þess að gera varanlegar lausnir sem leiða til varanlegrar vegstyttingar og varanlegra samgöngubóta.

Ég tel að allt sem við gerum í þá veru þótt dýrt sé þegar það er framkvæmt skili sér margfalt fyrir þjóðfélagið þegar upp er staðið. Ég held að Hvalfjarðargöngin t.d. og Vestfjarðagöngin undir Breiðadals- og Botnsheiðar hafi sýnt það rækilega í báðum tilvikunum að umferðaröryggi á þessum leiðum hefur margfaldast. Sem betur fer hefur alvarlegum slysum og jafnvel dauðaslysum, eins og fyrir Hvalfjörð og yfir heiðarnar fyrir vestan, fækkað þar sem þau voru áður algeng. Lítið er um slys í Hvalfjarðargöngum og Vestfjarðagöngum. Það fer ekkert á milli mála að með slíkum vegaframkvæmdum erum við ekki bara að stytta leiðir heldur erum við að auka umferðaröryggið geysilega mikið.

Við erum líka að tryggja að fólk viti nokkurn veginn 100% að það komist á milli staða, nánast við hvaða veðuraðstæður sem er. Þótt vissulega geti þau veður gert á landi hér að menn komist jafnvel ekki um láglendisvegina heyrir það til algjörra undantekninga.

Þess vegna hefur sá sem hér stendur verið mikill talsmaður þess að þegar við horfum til endurbóta á vegakerfinu sættum við okkur við það í sumum tilvikum að keyra lengur á malarvegunum en fá í staðinn varanlegar lausnir sem duga mönnum áratugum saman, lausnir sem stytta vegalengdir, efla samgöngumöguleikana á milli staða og ekki síst auka umferðaröryggið og öryggi vegfarenda.

Ég hef margsagt það úr þessum ræðustól að þannig vildi ég sjá hugsunina í sambandi við vegaframkvæmdir. Við verðum að sætta okkur við að þurfa jafnvel að aka einhver ár á malarvegi og fá í staðinn varanlega samgöngubót sem við búum að áratugum og öldum saman. Jarðgöng eru vissulega dæmi um slíkt.

Það er líka algjörlega rétt sem kom fram í máli hv. flutningsmanns að Hvalfjarðargöngin eru einu göngin þar sem tekið er gjald. Hér standa yfir kostnaðarsamar framkvæmdir og ekki eru tekin nein gjöld fyrir og stendur ekki til, a.m.k. eins og stefnumótun er í dag. Menn höfðu miklar efasemdir um framkvæmdirnar undir Hvalfjörð á sínum tíma. Menn höfðu talsverða vantrú á því að vel tækist að gera göng undir fjörð eins og gerð voru í Hvalfirði.

Hingað hefur komið fólk frá öðrum löndum til að kynna sér hvernig þessi göng hafa reynst og það hefur tekið mið af því í öðrum löndum að við framkvæmdum hér nokkuð sem menn voru kannski hálfhræddir við, sumir. Áhuginn var vissulega til staðar en menn óttuðust að eitthvað við framkvæmdina gengi ekki upp þar sem farið yrði undir sjó. Reynslan hefur hins vegar sýnt að þetta var ástæðulaus ótti enda er tækniþekkingin það mikil orðin hér á landi og hefur farið vaxandi með aukinni jarðgangagerð. Ég tel því enga spurningu um að við eigum að horfa til þess að gera jarðgöng þar sem við viljum horfa til varanlegra lausna.

Ég held að það sem lagt er upp í þessari tillögu um niðurfellingu eða verulega lækkun gjaldtöku í Hvalfjarðargöngum eigi fyllsta rétt á sér. Ég styð þess vegna tillöguna um að að því verði unnið. E.t.v. þurfa menn að vinna verkið og greiða skuldirnar niður í áföngum með því að ríkið taki þær að sér en að því ber auðvitað að stefna sem allra fyrst

og búa til um það skynsamlega áætlun og skynsamlega niðurstöðu.

[18:10]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegur forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni fyrir að leggja fram þingsályktunartillögu um það að veggjaldið í Hvalfjarðargöng verði fellt niður. Það er enginn vafi á því að þessi göng eru ein stórkostlegasta samgöngubót sem við Íslendingar höfum fengið. Það hefur margoft sýnt sig og sannað á undanförnum árum. Þau hafa stytt leiðina vestur og norður um land verulega, aukið umferðaröryggi stórlega og eflaust sparað okkur mörg mannslífin frá því þau voru opnuð og einnig forðað því að fólk slasaðist mjög alvarlega og fengi jafnvel ævilöng örkuml. Þannig slys voru árviss viðburður á veginum fyrir Hvalfjörð á sínum tíma þegar hann var í fullri notkun. Þessi göng hafa líka styrkt byggðir, bæði á Vesturlandi og eflaust á Norðurlandi líka. Ég held að ekki leiki nokkur vafi á því. Umferð um göngin er stöðugt að aukast.

Í könnunum sem gerðar hafa verið hefur komið fram að um 40% þeirra sem nota göngin eru af höfuðborgarsvæðinu, 40% eru af Vesturlandi og þar af koma um 18% frá Akranessvæðinu. Ég bý sjálfur á Akranesi og skil mjög vel þau sjónarmið að fólki þar og víðar á Vesturlandi finnist ósanngjarnt að það þurfi að bera hitann og þungann af því að greiða niður þessi mjög svo nytsömu og góðu mannvirki. Það eru mjög skiljanleg sjónarmið.

Hins vegar er ég svolítið hræddur við það að afnema hreinlega gjöldin í þessi göng, ekki það að ég sé á móti þessum röksemdum, alls ekki. Það má ekki skilja orð mín svo. Hins vegar óttast ég að það muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir svona hugmyndir í framtíðinni, þ.e. að við förum út í mikilvægar samgöngubætur á miklum samgönguæðum, brýnar samgöngubætur, í upphafi með það fyrir augum að samgöngumannvirkin verði greidd niður með veggjöldum en eftir örfá ár komi upp þær raddir að ríkið taki við öllum pakkanum. Þetta mundi draga úr trúverðugleika slíkra framkvæmda í framtíðinni og þá jafnframt kannski vilja ríkisvaldsins til þess einmitt að styðja slíkar hugmyndir. Ríkisvaldið mundi eðlilega óttast að fá þennan skuldahala í hausinn eftir nokkur missiri hvort eð er. Það mundi síðan aftur bitna á öðrum vegaframkvæmdum sem mundu annars gagnast hinum dreifðu byggðum landsins, vegaframkvæmdum sem erfiðara væri að greiða niður með svona veggjöldum en væru engu að síður nauðsynlegar og mikilvægar til að viðhalda byggð í landinu. Það tel ég á margan hátt mjög nauðsynlegt.

Mér dettur til að mynda í hug ein framkvæmd sem ég tel að við ættum alvarlega að íhuga að fara út í og greiða þá niður með vegtollum með svipuðum hætti og við höfum verið að greiða niður Hvalfjarðargöngin. Ég er að tala um að klára að breikka Reykjanesbrautina. Mér skilst að til að klára það verkefni, frá Hafnarfirði og alla leið út í Reykjanesbæ, þurfi eitthvað á bilinu einn og hálfan til tvo milljarða. Þarna er mikil umferð og ég tel vel skoðandi að drífa í að klára þessa miklu samgöngubót núna. Við höfum þegar hafist handa og erum komin mjög vel áleiðis fyrir peninga úr ríkissjóði en við ættum þá að fara út í það núna að klára þetta dæmi með svona gjaldtöku. Það væri vel athugandi því þetta er mikið öryggismál. Af þessu er mikið hagræði, ekki síst þjóðhagslegt.

Hvað varðar hins vegar Hvalfjarðargöngin og gjöldin í þau tel ég alveg skilyrðislaust að hið opinbera ætti strax að fella niður virðisaukaskattinn af veggjaldinu í göngin. Það finnst mér alveg fáránleg skattlagning og mjög erfitt að réttlæta hana því ríkið ber engan kostnað af þessum göngum. Langt í frá. Sennilega hafa þau sparað ríkinu mjög miklar fjárhæðir, t.d. í viðhaldi á veginum fyrir Hvalfjörð, kostnaði við að halda þeim vegi opnum, t.d. yfir vetrartímann, og ekki síst kostnaði sem hlaust af slysum sem urðu þar áður fyrr.

Þeir sem aka í gegnum Hvalfjarðargöngin í dag borga bifreiðagjöld sín en einnig gjöld sem eru m.a. á eldsneyti sem þeir eyða þegar ekið er um göngin. Hvers vegna í ósköpunum ætti ríkið að leggja 14% virðisaukaskatt á gjaldið í göngin? Það kemur fram í þingsályktunartillögu hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar, að frá því að göngin voru opnuð sumarið 1998 er ríkið búið að hala inn 700 millj. kr. í virðisaukaskattstekjur af veggjaldi. Þetta eru miklir peningar sem hafa þá m.a. verið teknir út úr hagkerfum byggðanna, t.d. á Vesturlandi. Ef við reiknum gróft, t.d. ef 18% af umferðinni um göngin er frá Akranesi, þá má varlega áætla að hlutur Akurnesinga eingöngu sé u.þ.b. 100–130 millj. kr. af þessum ósanngjarna skatti. Þennan skatt á að fella niður strax. Hæstv. samgönguráðherra ýjaði að því í þingræðum í fyrravor að menn væru að skoða þetta, helst að lækka virðisaukaskattinn en hugsanlega að fella hann niður. Hann lét í það skína, eða mér fannst a.m.k. að þar væri um að ræða undirbúning að stjórnarfrumvarpi um breytingu á virðisaukaskattslögum þar sem þetta yrði framkvæmt.

Ég vil bara fá að nota tækifærið nú, hæstv. forseti, til að hvetja ríkisstjórnina til að fara strax í þetta, drífa þetta í gegn og afnema þennan ósanngjarna skatt og sjá til þess að slíkur skattur verði ekki innheimtur af svona veggjöldum í framtíðinni. Það væri fyrsta skrefið. Þetta mundi eflaust líka leiða til þess að umferð um Hvalfjarðargöngin mundi enn aukast. Í kjölfar þess mundu tekjur Spalar aukast og þær tekjur væri þá annaðhvort hægt að nota til þess að greiða skuldirnar sem hvíla á göngunum í dag niður á skemmri tíma en við sjáum fyrir okkur núna eða þá hreinlega að lækka veggjöldin. Hvort tveggja gæti verið niðurstaðan.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns þá geld ég svolítinn varhuga við því að fella göngin alfarið niður, vegna þess að mér finnst velgengni Hvalfjarðarganganna — en margir voru í upphafi mjög gagnrýnir á að sú mikla framkvæmd mundi ganga upp — hafa verið svo stórkostleg að ég tel að við ættum hiklaust að íhuga þá hugmynd að endurtaka þennan leik hvað varðar mikilvægar samgöngubætur á stórum umferðaræðum á landinu og einkum og sér í lagi á Suðvesturlandi þar sem virkilega þarf að taka til hendinni, t.d. eins og ég nefndi áðan á Reykjanesbraut, hugsanlega á Hellisheiði og líka með lagningu svokallaðrar Sundabrautar.

[18:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Áhugi þingmanna sem hér hafa talað og flutningsmanns á þeirri tilhögun mála í Hvalfjarðargöngum að veggjaldið sé tekið til endurskoðunar og eins og tillagan gerir ráð fyrir, annaðhvort fellt niður eða lækkað verulega, er vissulega skiljanlegur. Það er auðvelt að skilja íbúa á Akranesi og nærsveitum sem daglega eða mjög reglubundið fara þessa leið, að þeir vilji sitja við sama borð og aðrir og þurfi ekki að borga sérstakan vegtoll á sinni dags daglegu ferð um þjóðvegakerfið. Ég get mjög vel skilið þau sjónarmið.

Ég hlýt þó að mæla viss varnaðarorð hér, fyrst og fremst vegna þess að hér á í hlut verkefni sem ráðist var í á tilteknum forsendum. Þær lágu alveg skýrt fyrir. Það var reyndar ekki síst að frumkvæði heimamanna sem hrintu verkinu af stað með því að leggja upp með þær forsendur frá byrjun að um sjálffjármagnaða framkvæmd yrði að ræða sem í raun og veru gerði það að verkum að skriður komst á málin. Það var þannig að jarðgöng undir Hvalfjörð voru hvergi inni á vegáætlun og hvergi í sjónmáli á grundvelli þeirrar áætlanagerðar í vegamálum eða samgöngumálum sem voru uppi í kringum 1990 þegar þetta mál komst á verulegan skrið.

Auðvitað er sama uppi á teningnum í dag ef það sem eftir stendur af skuldum vegna þessarar framkvæmdar yrði fært yfir á Vegagerðina og tekjustofna hennar og tekið inni í vegáætlun, þá verða að sjálfsögðu þeir fjármunir sem færu í að afskrifa þetta mikla mannvirki ekki notaðir í annað. Það yrði þá að byggja á því að pólitísk samstaða tækist um að taka þetta inn í vegáætlun og nota hefðbundna tekjustofna Vegagerðarinnar til að borga verkið.

Ég vil líka taka undir það sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns og hann tók að nokkru leyti af mér ómakið. Það er ekki hægt annað en hafa í huga hvaða fordæmi væri þá gefið gagnvart framkvæmdum sem menn leggja af stað með á tilteknum forsendum, þ.e. að innheimt yrði veggjald og framkvæmdirnar stæðu að verulegu leyti undir sér sjálfar. Líklegt er að sambærileg rök gætu fljótlega átt við í fleiri tilvikum og þá yrði horfið frá þessu. Ég nefni strax tvö dæmi sem rædd hafa verið á sömu forsendum, þ.e. jarðgöng undir Vaðlaheiði og Sundabraut. Í báðum tilvikum hafa menn gefið sér að um vegtoll yrði að ræða, sem stæði að verulegu leyti eða jafnvel alfarið undir viðkomandi framkvæmd. Það er ansi líklegt að menn yrðu fljótt tortryggnir í garð slíkra hugmynda og reiknuðu með að hið sama gæti orðið uppi á teningunum, að þær kæmu síðan eftir eitthvert árabil og ryddu sér þannig braut inn í vegáætlun og tækju mikið pláss til sín, svo ég tali nú ekki um framkvæmd af stærðargráðu Sundabrautar upp á kannski 15 milljarða kr. eða svo. Það verður því líka að hafa fordæmið sem hér er á ferðinni í huga.

Sumir hafa líka nefnt möguleikann á því, ef ég hef heyrt rétt, að lagður yrði vegur yfir Stórasand í einkaframkvæmd og jafnvel komið niður á Þingvöll, hvort sem gjaldtökuhliðið yrði nú í þjóðgarðinum eða einhvers staðar annars staðar. Ég held að það verði að ræða þessa hluti alveg eins og þeir liggja fyrir, því þótt við viljum sýna mikinn skilning og velvilja í garð slíkra sjónarmiða þá geti verið erfitt að réttlæta aðstöðumun af þessu tagi út frá ýmsum öðrum forsendum.

Staðreyndin er líka sú að fjármögnun sérstakra vegaframkvæmda víða í löndunum í kringum okkur hefur verið að færast í auknum mæli yfir á þetta form. Við þekkjum stórframkvæmdir eins og Eyrarsundsbrúna. Við þekkjum samgöngumannvirkin í kringum Ósló og mörg önnur slík. Í þau hefði ekki verið ráðist og þau alls ekki orðið á döfinni nema vegna þess að samkomulag tókst um að þau yrðu a.m.k. að verulegu leyti fjármögnuð með gjöldum.

Ég tel hins vegar að þarft sé að fara yfir þetta hvort sem um er að ræða tillöguflutning eða fyrirspurnir eða hvað sem í þá átt gengur, ég tel tímabært og eðlilegt að slíkt komi fram. M.a. vegna þess að það eru álitamál uppi sem er sjálfsagt að fara yfir, þegar verkið eða áætlunartímabilið er þetta langt komið eins og raun ber vitni. Þar á ég við hluti eins og t.d.: Hversu hratt á að borga framkvæmdina upp? Hversu skammur á afskriftartíminn á mannvirki af þessu tagi að vera? Það skiptir talsverðu máli. Hvernig á að haga gjaldskránni? Hver eiga að vera hlutföll t.d. milli lausaumferðar og þeirra sem fá meiri afsláttarkjör út á reglubundin afnot af mannvirkinu? Ég tel að þar megi vel ganga lengra í þá átt að hlífa þeim sem nota þetta að staðaldri og leggja meiri hluta greiðslubyrðarinnar á lausaumferð. Ég tel ekkert að því að þeir sem nota Hvalfjarðargöngin einstöku sinnum og eiga erindi af og til norður eða vestur um land í fríum, borgi þúsund krónur eða meira. Augljóst mál er hins vegar að hundruð króna í hverri einustu ferð fyrir aðila sem nota þetta að staðaldri er tilfinnanleg gjaldtaka.

Svo ég tali nú ekki um að ríkið á auðvitað ekki að hafa þetta að sérstakri féþúfu í gegnum skattkerfið. Þar finnst mér vera svigrúm til að koma verulega til móts við þessi sjónarmið, t.d. með því að fella niður virðisaukaskattinn og nota allt það svigrúm sem þar skapast til aukinna afsláttа fyrir fastanotendur en hreyfa ekki við gjaldskránni til lækkunar fyrir lausaumferð. Það kæmi væntanlega eitthvað til móts við þessi sjónarmið og gæti sætt menn við þau.

Það má heldur ekki horfa fram hjá því að rekstrarkostnaður mannvirkis af þessu tagi er umtalsverður, a.m.k. á kílómetra borið saman við almenna vegi. Að tekið sé tillit til slíks að einhverju leyti hlýtur að teljast eðlilegt sjónarmið í ljósi forsögu málsins og hvernig til þessa var stofnað.

Það er atriði í sjálfu sér þegar samið er um hlutina eða í þá er ráðist á tilteknum forsendum að menn virði þær forsendur og reyni eftir föngum og eins og sanngirnisrök mæla fyrir um að láta þær halda. Annars held ég að í framtíðinni verði erfitt að skapa tiltrú og samstöðu um hluti af þessu tagi ef menn verða of ístöðulitlir í því að halda sig við það sem samið hefur verið um.

Ég á a.m.k. ákaflega erfitt með annað, herra forseti, í ljósi aðildar minnar að þessu máli á sínum tíma en að halda þessum hlutum til haga, svo það sé rifjað upp og á það minnt hvernig að þeim var búið á sínum tíma. Það er staðreynd og einnig er með öllu óvíst að ráðist hefði verið í Hvalfjarðargöng, eða þá a.m.k. hvenær, ef það hefði ekki einmitt verið gert á nákvæmlega þeim forsendum sem alltaf lágu fyrir, að verkið ætti að standa undir sér sjálft. Enda ættu menn þá valið og það er eðlismunur á þessari framkvæmd og ýmsum öðrum að það er í sjálfu sér valkvætt hvort menn nýta sér þann kost eða ekki.

[18:26]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst ástæða til þess að spyrja hv. þm. hvort hann telji að það sé viðsættanlegt vegna þeirra mannvirkja sem hann taldi hér upp og aðrir hafa talið upp áður, þ.e. ef Sundabraut yrði notuð sem gjaldstofn fyrir veggjöld, að þeir sem koma norðan og vestan að höfuðborginni borgi fyrir það að keyra yfir samgöngumannvirkin eða undir þau eins og göngin, en að þeir sem koma að sunnan eða austan borgi ekki neitt.

Ég held að það sé ekki viðsættanlegt að hér sé höfð uppi stefna í gjaldtöku af samgöngumannvirkjum sem mismunar með þessum hætti. Það eru mjög dýr samgöngumannvirki annars staðar líka, m.a. er verið að byggja upp veginn til Keflavíkur, Reykjanesbrautina. Engum hefur dottið í hug að það ætti að fara að innheimta gjald vegna þess. Það er verið að byggja hér upp samgöngumannvirki á leiðinni þaðan og inn í borgina. Menn hljóta að þurfa að svara þessu.

Síðan langar mig til að spyrja: Hverja væri hugsanlega verið að svíkja með því að breyta frá þessari framkvæmd hvað varðar innheimtuna, þá sem hafa þennan samning? Ég geri ekki ráð fyrir að gengið yrði þannig frá málum við þá aðila að þeir yrðu sviknir af samningum sínum. Hverjir eru það þá sem væri verið að svíkja og hvaða tiltrú væri svo sem verið að breyta með því þó menn leystu þennan samning til sín með einhverjum hætti? Ég átta mig alls ekki á því. Það verður þá það eina að það væri vegna þess að menn hefðu tekið þessa framkvæmd fram fyrir í vegáætlun (Forseti hringir.) að hv. þm. ætti við það.

[18:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki þrasa við hv. þm. Jóhann Ársælsson út af þessu máli. Athugasemdir mínar voru færðar fram af góðum hug og velvilja og ég lýsti einmitt skilningi á sjónarmiðunum sem að baki tillögunni liggja. Mér finnst þarft að þetta sé skoðað en ég mælti ákveðin varnaðarorð og hafði fyrirvara í ljósi þess hvernig þetta mál er í pottinn búið og ég vísa til þess.

Ég ætlaði reyndar að koma að, en hafði ekki tíma til þess, þörfinni fyrir að skoða þessi mál heildstætt og móta þá eftir atvikum einhverja stefnu sem gæti tekið til þess ef ráðist verður í fleiri slíkar framkvæmdir, ég tala nú ekki um á sama samgöngusvæði. Það er augljóst mál að það gengi illa upp að hlaða slíkri gjaldtöku hverri ofan á aðra ef t.d. Sundabrautin tæki við af Hvalfjarðargöngum og menn ættu að borga á tveimur stöðum. Ég held að það yrði að leysa þau mál með einhverjum öðrum hætti, t.d. með því að samræma gjaldtökuna og stilla henni í hóf og hún væri í takt við þann ávinning sem er af viðkomandi framkvæmd.

Menn mega ekki gleyma því að hugsunin er sú að með þeirri aðferð nái menn fram samgöngubótum sem skila mönnum mjög miklum ávinningi og menn njóta hans þá umfram það sem ella væri. Ef um valkvæðan kost er að ræða standa ýmis sanngirnisrök áfram fyrir því að menn greiði að einhverju leyti fyrir hagræðið sem menn hafa af því að nýta sér viðkomandi framkvæmd.

Ég held reyndar að mjög brýnt sé að taka þessi mál til skoðunar hér á suðvesturhorninu, út af þeim dýru og miklu framkvæmdum allt í kringum og í höfuðborginni, stórborginni við botn Faxaflóans. Það kynni vel að koma út úr slíkri skoðun einhvers konar norskt fyrirkomulag, Óslóarsvæðisfyrirkomulag, þannig að þetta væri meira samræmd gjaldtaka sem gengi úr einum sjóði til mismunandi úrbóta á svæðinu. Þannig er þetta t.d. á Óslóarsvæðinu og ekki eyrnamerkt einstökum gatnamótum eða einstökum jarðgöngum þar, heldur er ákveðið svæði innan tiltekins gjaldhrings. Ein leiðin væri einn gjaldtökusjóður af þessu tagi fyrir landið í heild (Forseti hringir.) sem stæði undir slíkum sérverkefnum.

[18:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Meinið er að hæstv. samgönguráðherra situr hljóður og hefur enga grein gert fyrir því hvaða stefna er uppi. Hann lýsti því yfir 5. desember í fyrra að nefnd sem væri einmitt að fjalla um þessi málefni, þ.e. einhverja stefnu um veggjöld eða gjaldtöku af samgöngumannvirkjum, ætti að skila eftir áramótin en ekkert hefur bólað á því hvaða stefnumörkun er í gangi á vegum ráðuneytisins eða hæstv. ráðherra. Það hefði verið gott ef hæstv. ráðherra hefði komið inn í umræðuna, eins og ég óskaði eftir í upphafi hennar, og gert mönnum grein fyrir því hvernig málin standa.

Ég er sammála hv. þm. og vil ekki útiloka að veggjöld séu notuð til uppbyggingar á samgöngumannvirkjum, en menn verða að finna sanngjarna leið sem lendir ekki á tiltölulega fáum með miklum þunga eða tiltölulega takmörkuðum svæðum með miklum þunga. Það verður ekki gert nema með einhverri samræmdri áætlun sem tekur til þeirra mannvirkja sem væru byggð upp með þessum hætti. Fram að þessu hafa menn talað um Sundabrautina og Hvalfjarðargöngin og það mundi þýða að mjög ójafnt væri skipt hvað þá hluti varðaði.

[18:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist að við séum ekki svo mjög ósammála þegar upp er staðið, nema þá kannski helst um það hvort til álita komi í stöðunni og sé kostur að fella gjaldið með öllu niður sem ég hlýt að lýsa vissum efasemdum um en á hinn bóginn miklum vilja til þess að skoða það. Vísa ég þá bæði til þess að breyta gjaldskránni, skoða afskriftartímann og samræma þetta þeirri stefnu sem menn þurfa nauðsynlega að móta til að takast á við möguleg önnur tilvik af þessu tagi.

Ég vísa aftur til þess sem ég hef verið að draga inn í umræðuna frá Noregi og BOMA-peningakerfisins sem þeir nota vegna stórframkvæmdanna á Óslóarsvæðinu.

Dæmi sem er nauðaskylt Hvalfjarðargöngunum er auðvitað Vaðlaheiðargöngin sem mikill áhugi er á fyrir norðan og væri gríðarlega góð samgöngu- og byggðaaðgerð á því svæði, sennilega eitt það gáfulegasta sem menn gætu gert þar í því sambandi, næst á eftir því þegar menn stofnuðu háskólann, því það mundi stórbæta aðstæður austur um allt Norðurland og tengingu Norðurlands og Austurlands. Það væri aftur valkvæður kostur. Víkurskarðsvegur og Dalsmynni yrði áfram opið, meira að segja gamla Vaðlaheiðin

fyrir þá sem vilja fara hana sér til yndisauka, og þeim vegum yrði haldið við og þeir yrðu opnir. Menn ættu valið ef þeir vildu nýta sér hagræðið og styttinguna sem fólgin væri í því að stinga sér undir Vaðlaheiðina og spara sér 15 km og vond veður um vetur o.s.frv., og borguðu eitthvað. Þeirri gjaldtöku yrði auðvitað að stilla þannig í hóf að nýtingin yrði mikil og hún tæki eitthvert mið af ávinningnum sem menn hefðu af því að njóta samgöngubótanna. Einhvern veginn svona verður að reyna að nálgast þetta, á efnislegum og sanngjörnum forsendum að sjálfsögðu. Ég tel mjög mikilvægt að reyna að hafa gjaldskrána þannig að hún sé sanngjörn, endurspegli með sanngjörnum hætti hagræðið hvort sem menn skjótast þetta einstöku sinnum eða nota slík mannvirki að staðaldri.

[18:35]

Jón Bjarnason:

Forseti. Hér hefur verið rætt um tillögu til þingsályktunar um veggjald í Hvalfjarðargöng sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson flytur. Þessi mál hafa verið rædd á undanförnum þingum og enn fremur liggur fyrir Alþingi fyrirspurn frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um sama efni.

Ég hef ekki miklu að bæta við það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rakti, bæði um tilurð fjármögnunar og framkvæmdar Hvalfjarðarganganna og líka þau atriði sem er sjálfsagt, skylt og nauðsynlegt að endurskoða hvað viðvíkur gjaldtöku og upphæð þeirra gjalda.

Ég held að nauðsynlegt sé að halda því til haga að framkvæmdin fellur í eigu ríkisins eftir 20 ára notkun og verður þá með eðlilegum hætti hluti af samgöngumannvirkjum í eigu ríkisins.

Það er nauðsynlegt þegar þessi mál eru rædd að horfa á þau í stærra samhengi. Er þetta stefna eða eðlilegur þáttur í samgöngumannvirkjagerð í einstaka tilvikum að fara út í gjaldtöku? Eiga þær framkvæmdir að vera á vegum einkaaðila eða á vegum ríkisins? Ríkið getur alveg farið í ákveðnar framkvæmdir og tekið þá ákvörðun að innheimta hluta af þeim stofnkostnaði í formi gjaldtöku. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að vegaframkvæmdir eigi almennt að vera á ábyrgð ríkisins. Ríkið ætti að geta náð lánsfjármagni á hagkvæmari kjörum en einkaaðilar, þannig að þá hefur ríkið miklu frekar í hendi sér að stýra gjaldtökunni, ef hún er valin, hlutfalli hennar og lengd gjaldtökutímabilsins. Þetta þarf allt að ræða þegar málin eru skoðuð heildstætt sem verður að gera.

Varðandi upphæð veggjaldanna í Hvalfjarðargöng finnst mér alveg einboðið að skoðað sé hvort lækka megi þá gjaldtöku. Hvort ríkið eða hlutafélagið sem er rekstraraðili er að taka til sín óeðlilega háan hlut. Hvort lækka megi þau gjöld sem renna til ríkisins eins og virðisaukaskattinn eða tryggginguna sem verður að greiða vegna öryggis í göngunum. Þarna er líka um háar upphæðir að ræða sem hafa áhrif á upphæð gjaldanna. Þetta átti að greiðast upp á 20 árum. Er eðlilegt að slík mannvirki séu greidd svo hratt upp að einungis fjórðungur úr kynslóð borgi það upp? Þetta má allt líka skoða finnst mér. Lánin sem á mannvirkjunum voru er hægt að ræða um, breytt lánskjör o.s.frv. Er hægt að greiða þau hraðar upp? Allt þetta verður að taka með í reikninginn þegar þetta er skoðað.

Að sjálfsögðu er stefnt að því að gjaldtakan sé sem allra lægst og ekki sé verið að innheimta hærri gjöld en nauðsynlegt er. Því er mikilvægt að fara í skoðun sem tekur mið af því að lækka gjöldin, dreifa þeim á notendur, láta fasta notendur greiða mun minna ef um gjaldtöku er að ræða, en aðra meira. Það er alveg sjálfsagt og ég styð eindregið að farið verði ofan í þessi mál svo að þetta valdi þeim notendum sem yrðu háðir að nota göngin sem minnstri byrði og notkunin komi þeim sem best. Ég styð það mál eindregið.

Ég get ekki annað en vikið aðeins að því sem stendur í greinargerð hjá hv. flutningsmanni þar sem honum dettur í hug að nota hugsanlegt söluverð Símans til þess að greiða niður stofnkostnaðinn við Hvalfjarðargöngin. Ég man umræðuna sem var þegar verið var að selja bankana, þá átti að gera allt fyrir söluandvirði bankanna. Það átti að byggja menningarhús, búa til veggöng, bara nefndu það, allt átti að gera fyrir andvirði af sölu bankanna. Þegar upp var staðið reyndist þetta ekki neitt sérstaklega há upphæð og hafði engin afdrifarík áhrif á framkvæmdir í landinu, síður en svo. Nú byrjar aftur sami söngurinn: Þið fáið ekki menningarhús á Vesturlandi, Norðurlandi eða hvar það er, nema Síminn verði seldur. Það á að búa til jarðgöng hér og jarðgöng þar fyrir andvirði Símans o.s.frv. Einnig á að greiða niður allar skuldir ríkisins fyrir andvirði Símans.

Mér finnst þetta vera mjög fátækleg umræða og rangt innlegg í umræðuna. Síminn skilar nú þegar 2,3 milljarða kr. arði á ári til ríkisins. Vita menn það? Og skilar 7–8 milljarða kr. hagnaði á ári sem er verulega há renta miðað við það fjármagn sem menn tala um að sé söluandvirði hans.

Í góðum málum og í góðum hug eiga menn ekki að blanda svona löguðu saman. Auk þess hélt ég að það væri stefna Sjálfstæðisflokksins, sem ég reyndar styð, að menn eigi ekki að blanda sértækum tekjustofnum of mikið inn. Við höfum það í vegáætluninni, en ríkissjóður er jú bara einn ríkissjóður, hann er ekki margir ríkissjóðir. Allt saman er þetta á einum stað.

Ég verð því að lýsa mig mjög andvígan því að menn tengi sölu Símans við einhverjar vegabætur. Styrk Símans og Símann á að nota til þess að efla fjarskiptakerfið. Ríkið á að eiga Símann sem skilar á þriðja milljarð kr. í arð á ári og á að nota hann til þess að efla fjarskiptin um land allt. Það held ég að við hljótum að gera verið sammála um.

[18:43]

Örlygur Hnefill Jónsson:

Herra forseti. Þingsályktunartillaga sú sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson mælir fyrir er allrar athygli verð. Málið varðar vissulega marga og er grunnsjónarmið umferðar um þjóðvegakerfið. Ljóst er að Hvalfjarðargöngin hafa valdið byltingu í samgöngum og þess njóta allir sem fara vestur, norður og austur um land. Ekki er minni ávinningurinn sem þessi mikla samgöngubót hefur haft á byggðaþróun. Það er rökstuðningur þess sem rætt var fyrr í dag, um skýrslu hæstv. iðnaðarráðherra, að samgöngubætur eru gríðarlega mikið byggðamál og hæstv. samgönguráðherra, sem hér er, kom ítarlega inn á það mál.

Norðan Hvalfjarðar hafa áhrifin verið þau að byggð hefur eflst og við sjáum virka byggðastefnu vestur um og upp

Borgarfjörð og mér finnst hún hafa náð alla leið upp að Bifröst. Þá er ógetið þess mikla fjárhagslega ávinnings sem göngin hafa haft á eignir fólks sem býr norðan Hvalfjarðar en hann er gríðarlegur.

Ég skildi ábendingar og varnaðarorð sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lét falla. Auðvitað þarf að skoða þessi mál, en hv. þm. nefndi Eyrarsundsbrúna. Ég held að ákveðið vandamál með Eyrarsundsbrúna og gjaldtöku af henni sé að gjaldtakan er þannig að menn nota enn ferjukerfi þar. Þess vegna er þingsályktunartillagan sem hér er flutt þörf. Hér er talað um að leita leiða til lækkunar. Það er slæmt ef gjaldtakan er farin að hafa áhrif á að menn veigri sér við að flytja fyrirtæki norður fyrir Hvalfjörð. Þetta er hlutur sem þarf að skoða og því er þingsályktunartillagan gott innlegg í þá umræðu.

[18:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hér er til umræðu þingsályktunartillaga um gjaldtöku í Hvalfjarðargöngin. Nú hefur komið í ljós, af þeim umræðum sem hér hafa orðið, að það er gagnlegt að ræða málið. Ég á von á að þingmenn velti þessu fyrir sér á næstunni við afgreiðslu tillögunnar og meðferð hennar í nefnd.

Undanfarna daga hafa orðið miklar umræður um áhrif Hvalfjarðarganganna á byggð og búsetu, efnahag og afkomu þeirra sem næst því samgöngumannvirki búa og starfa. Það fer ekki á milli mála og hefur komið býsna vel fram í umræðunni í dag að áhrifin eru talin geysilega jákvæð. Það sýnir okkur og sannar hve mikil áhrif samgöngumannvirki hafa á byggðirnar. Það skiptir því heilmiklu máli að byggja samgöngumannvirkin eins hratt upp og hægt er. Við sjáum verkefnin hvert sem við lítum. Við áttum okkur á því að byggðirnar eiga mikið undir því að okkur megi takast að byggja hratt, og enn hraðar þótt við höfum byggt samgöngumannvirkin hraðar upp síðustu missiri en nokkru sinni fyrr.

Við í þinginu þurfum að finna leiðir til að vinna að byggingu samgöngumannvirkja án þess að setja efnahagslífið á annan endann. Það hefur heilmikil áhrif að þrýsta miklum fjármunum í framkvæmdir. Það þekkjum við og höfum m.a. rætt um í dag.

Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar áðan hefur afstaða mín hvað varðar gjaldtöku vegna þessa umferðarmannvirkis verið skýr. Ég tel að við ættum að leita allra leiða til að Hvalfjarðargöngin megi verða sem hagkvæmust fyrir notendur. Hvaða leiðir eru færar til þess? Jú, þær eru til. Það er nauðsynlegt að skoða þær. Það hefur verið vilji minn að svo sé gert. Ég hef lagt mitt af mörkum til að leita þeirra leiða.

Leiðirnar sem menn hafa rætt eru í fyrsta lagi að fella gjaldið algerlega niður og færa þann kostnað til ríkissjóðs. En það þarf tvo til. Spölur hefur lögvarinn rétt til að reka þessi göng enn um sinn og þyrfti auðvitað að fara samningaleiðina ef niðurstaða þingsins yrði sú að falla frá þeirri leið, að framkvæmdin sé á forsendum einkafjármögnunar. Þá þyrfti að skoða það.

Ef við förum áfram þá leið að innheimta gjald þarf að leitast við að það verði hóflegt. Ég get þannig svarað að einhverju leyti — ég veit ekki hvort tími gefst til þess að svara henni í umræðu um þessa þingsályktunartillögu — fyrirspurn hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Mér sýnist að það gefist ekki færi á því.

Ég tel í fyrsta lagi að það eigi að fjalla um virðisaukaskattinn í þessu sambandi. Mín skoðun er sú að þar eigi að verða breyting sem gæti leitt til þess að lækka gjaldið. Það er hluti af stjórnarsáttmálanum, að endurskoða virðisaukaskattskerfið. Ég hef lýst þeirri skoðun sem við sjálfstæðismenn höfum lýst, að lækka eigi lægra þrepið sem gangagjaldið fellur undir. Ég tel að við eigum, í endurskoðun virðisaukaskattsálagningarinnar, að taka þetta mál sérstaklega til meðferðar. Það er vilji minn, þannig að það sé alveg skýrt og klárt hver hann er.

Í annan stað kemur upp spurningin um hversu hratt eigi að greiða þetta niður og hvernig fjármögnun skuli háttað. Ég hef lagt þá spurningu fyrir stjórn Spalar og lagt á það nokkurn þunga. Ég tel það skyldu stjórnar Spalar að leita leiða til þess að endurfjármagna eða standa þannig að rekstri ganganna að hægt verði að lækka gjaldið. Ég tel að það hljóti að vera möguleikar á að fara í þá vinnu í samstarfi stjórnvalda og stjórnar hlutafélagsins í þeim tilgangi að ná árangri til hagsbóta fyrir notendur ganganna.

Ég undirstrika að Spölur hefur lögvarinn rétt til að reka göngin. Það verður ekki svo auðveldlega gengið með valdi inn í að taka ráðin af þeim. Það liggur fyrir.

Spurt var um stefnumörkun. Hv. þm. Jóhann Ársælsson upplýsti réttilega að á vegum samgönguráðuneytisins hefur verið í gangi vinna við að móta stefnu um gjaldtöku vegna notkunar umferðarmannvirkja. Ég tel afar mikilvægt að við á þingi tökum afstöðu til þess. Ég er mjög ánægður með afstöðu margra þingmanna sem hefur komið fram og góðan skilning á því að ástæða sé til að skoða áfram þá leið að fjármagna umferðarmannvirki með gjaldtöku. Ég vil ekki að það verði slegið út af borðinu til frambúðar. Þess vegna er verið að vinna að þessum málum.

Ég fékk sérfræðinga til þess að fara vandlega í þessi mál og leita upplýsinga, m.a. út fyrir landsteinana. Það er góður hópur að vinna í þessu. Ég lít svo á að ástæða sé til að í tengslum við endurskoðun samgönguáætlunar liggi niðurstöðurnar fyrir. Þetta er mjög vandasöm vinna. Við verðum að greina kosti og galla slíkrar framkvæmdar og hvaða möguleikar eru til staðar. Þessi vinna er á lokastigi hjá ráðuneytinu og verður síðan að sjálfsögðu kynnt fyrir þeim aðilum sem eðlilegt er að komi að málinu, áður en langt um líður.

Ég fagna hins vegar þessari umræðu og tel að hún geti verið gagnleg. Ég vænti þess að samgöngunefnd fjalli rækilega um málið.

[18:53]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi nota tækifærið og spyrja hæstv. samgönguráðherra einnar spurningar. Hann talaði skýrt um það sem hann fór yfir, hvaða kostir væru í stöðunni og hvað væri til skoðunar. En spurning mín lýtur að umferðaröryggginu, þ.e. þeirri staðreynd að umferð um Hvalfjarðargöng er þegar mjög mikil og mun örugglega halda áfram að vaxa á næstu árum, eins og göngin geta annað. Það hljóta náttúr-

lega að vera einhver takmörk fyrir því hvað göngin geta borið mikla umferð. Spurningin sem ég var að velta fyrir mér varðandi umferðaröryggið, að því gefnu að göngin dugi til fyrir umferðina á næstu árum og að því gefnu að menn komist að þeirri niðurstöðu að gjaldtakan geti jafnvel fallið niður, án þess að ég sé neitt að gera því skóna með þessari spurningu: Telur hæstv. samgönguráðherra að eftir sem áður, vegna umferðarþungans í göngunum, þyrfti að vera til staðar eftirlitsskýli vegna öryggismála? Eða með hvaða hætti mundu menn tryggja að hægt yrði að bregðast við alvarlegu slysi í Hvalfjarðargöngum eða umferðarslysi? Það þarf ekki að vera alvarlegt til að úr verði umferðarhnútur. Þá er ég að velta fyrir mér eftirlitsskýli eða eftirliti sem gæti snarlega stöðvað umferð í göngin úr báðum áttum. Hvernig hefur það verið hugsað í framtíðinni?

[18:56]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef svo sem ekki hugleitt það í smáatriðum sem hv. þm. spyr um, þ.e. þegar hætt verður að innheimta — það liggur fyrir að það kemur að þeirri stund að ekki verður innheimt gjald, þegar búið er að greiða upp stofnkostnaðinn. Í mínum huga er ljóst að ekki verður hægt að hafa göngin eftirlitslaus. Það sé ég ekki að geti orðið.

Jarðgöngin eru þannig rekin að þau þurfa heilmikið eftirlit og það er óhjákvæmilegt að þar verði varðmenn, hvar sem þeir verða staðsettir, sem geta gripið inn í til að loka göngunum og tekið ákvarðanir ef óhapp verður og nauðsynlegt að efna til aðgerða til hjálpar þeim sem verða fyrir óhappi í göngunum.

Eins og fram kom fyrr hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fylgir heilmikill rekstrarkostnaður svona jarðgöngum. Það ber að líta til þess. En þetta er svar mitt.

[18:57]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að halda því til haga sem hv. 5. þm. Norðaust., Steingrímur J. Sigfússon, vék að áðan, að það var allt í óvissu um það á sínum tíma hvort hægt yrði að ráðast í Hvalfjarðargöng. Þegar ég varð samgönguráðherra árið 1991 hafði Alþingi nýverið samþykkt lög um Hvalfjarðargöng, að þau yrðu reist á þeim forsendum að einkaaðilar stæðu fyrir byggingu ganganna og undir þeim yrði staðið með veggjöldum. Eins og sumir hv. þm. muna ef til vill var samningur við hluthafa með þeim hætti að við töldum hann óviðunandi. En nýir samningar tókust við Spöl um gerð og rekstur ganganna sem síðan hefur verið í gildi. Eins og hv. þingmenn vita voru einmitt mjög snarpar umræður á Alþingi um það hvort skynsamlegt væri að ráðast í þessi göng og varað við því að illa færi.

Það er ljóst í mínum huga að ef ekki hefði verið ráðist í þessi göng á einkagrundvelli, á þeim forsendum að staðið yrði undir þeim með veggjöldum, þá væru göngin ekki komin enn þann dag í dag. Það hefði aldrei orðið samkomulag um að leggja til hliðar þá fjármuni sem þurfti til að ráðast í gerð ganganna og draga frá öðrum framkvæmdum í landinu.

Það er rétt sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði áður, að göngin fyrir vestan hafa skipt sköpum. Þingflokkur Alþýðuflokksins lagðist þó á sínum tíma gegn því að göngin yrðu látin ná til Súgandafjarðar, eins og hv. þm. veit. Það hefur ævinlega staðið mjög mikill styr um það hvort í fyrsta lagi væri rétt að fara í vegabætur eins og jarðgöng og í öðru lagi hvernig eigi undir þeim að standa.

Þegar hv. þm. Jóhann Ársælsson fór að tala um það áðan að ekki væri sanngjarnt að þeir á Vesturlandi þyrftu að greiða bæði veggjald fyrir að fara Hvalfjarðargöng og síðan Sundabraut og endurtók það, olli það nokkurri undrun hjá mér því við höfum áður farið yfir það í þessum sal að í samningnum um Hvalfjarðargöng er sérstaklega tekið fram að óheimilt sé að innheimta veggjald af öðrum framkvæmdum sem ráðist yrði í á leiðinni frá Hvalfirði að hafnarmannvirkjum í Reykjavík. Það er því alveg ljóst að það getur ekki til þess komið meðan veggjald er tekið af Hvalfjarðargöngum að veggjald verði tekið af Sundabraut. Þetta er öldungis ljóst í þeim samningum sem fyrir liggja. Ef ráðist yrði í einhverja slíka framkvæmd og menn hygðust taka veggjald yrði því að fara í sérstaka samninga um það, sem ég hef ekki trú á að gert verði.

Ég vil í annan stað taka fram vegna þeirra orða sem Guðjón A. Kristjánsson sagði áðan að það er einmitt veruleg spurning um það hvort senn líði ekki að því að Hvalfjarðargöngin eins og þau eru nú anni ekki þeirri umferð sem um þau fer og þá skapist hættuástand í göngunum og tafir, og að menn verði áður en varir að fara að hugsa fyrir því að fara í önnur göng undir Hvalfjörð því ljóst er að ekki eru forsendur til að breikka þau göng sem nú eru, ódýrara yrði að fara í önnur göng.

Menn geta auðvitað velt því fyrir sér hvort líklegt sé að á sama tíma og menn eru að velta fyrir sér öðrum Hvalfjarðargöngum, fallist ríkissjóður á að taka þá 5 milljarða sem eftir eru af byggingarkostnaði ganganna á sig. Sú leið er auðvitað ekki fýsileg. Þeir menn sem mest eiga undir þessum göngum hljóta þess vegna að fara mjög gætilega í þá umræðu að ekki verði við það staðið að undir göngunum verði risið með veggjaldi.

Ég vil líka taka það fram, eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að norðan lands gera menn sér grein fyrir því að hagkvæmni jarðganga undir Vaðlaheiði er veruleg, en menn átta sig líka á að það mun dragast úr hömlu að í slík göng verði ráðist ef menn ætlast til þess að undir þeim verði staðið eingöngu af fé úr Vegasjóði. Þess vegna er þrýstingur á að samkomulag megi takast milli ríkis og Norðlendinga um hvernig staðið verði að byggingu þeirra ganga þegar þar að kemur og nauðsynlegum undirbúningi er lokið og hvort möguleikar séu t.d. á því að úr ríkissjóði yrði greiddur t.d. þriðjungur kostnaðar við jarðgöngin, kannski meir, og hafa menn þá í huga og til hliðsjónar það verð sem menn greiða fyrir að fara í gegnum Hvalfjarðargöngin.

Þá væri eðlilegt að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tæki þetta mál upp með mikilli varkárni eins og hann gerði, vegna þess að á hans tíma sem samgönguráðherra var svo komið að fyrirsjáanlegt var að menn yrðu að velta fyrir sér hvort nauðsynlegt yrði að standa undir vegaframkvæmdum einmitt með veggjaldi. Þegar ég tók við embætti samgönguráðherra lá fyrir ítarleg skýrsla um þau efni og auðvitað,

eins og alltaf þegar ný mál eru tekin upp, var ýmislegt í þeim niðurstöðum sem menn áttu erfitt með að kyngja, en brýnasta verkefnið eins og það horfði við mér var að ljúka því verki sem þá hafði verið unnið af forvera mínum í sambandi við Hvalfjarðargöngin. Það var brýnasta verkefnið.

Þess vegna er ég mjög ánægður yfir því að hæstv. samgönguráðherra skuli nú hafa tekið málið upp að nýju til þess að reyna að glöggva sig á hvort hægt verði að nota veggjald í vissum tilvikum í framtíðinni til þess að greiða fyrir miklum framkvæmdum.

Það er auðvitað rétt að við förum á fámenna staði. Ef við horfum til Vestfjarða, Súgandafjarðar, Flateyrar og Ísafjarðar, munar ekki mikið um veggjald sem þar yrði innheimt. Við getum sagt hið sama um Eyjafjörð, milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, vegna þess að þar er engin hjáleið. Á hinn bóginn sýnist okkur að ekki séu forsendur fyrir því að við ætlumst til þess að göng undir Vaðlaheiði sitji fyrir öðrum framkvæmdum nema að hluta til verði staðið undir þeim með veggjaldi og ég vil segja að sem mestum hluta af framkvæmdarkostnaði við þau göng.

[19:06]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forseti þingsins, hv. þm. Halldór Blöndal, er fyrrverandi samgönguráðherra og þekkir þessi mál ágætlega. Hann var að senda núverandi hæstv. samgönguráðherra sneið með því að tala um að þetta ákvæði væri í samningum við Spöl. Ég held hins vegar að hæstv. samgönguráðherra eigi ekki þá sneið skilið. Ég er viss um að hann veit vel um þetta ákvæði og hefur talað um að það kæmi til greina að fjármagna Sundabraut með veggjöldum þrátt fyrir ákvæðið. Auðvitað þýðir það að ná þarf samkomulagi við Spöl um einhvers konar endurskoðun á þeim samningi sem þar er. Auðvitað er það líka svo að innheimta á veggjöldum, ef hún verður notuð áfram, getur farið fram öðruvísi en gert er í Hvalfjarðargöngum. Spölur gæti sem best séð um þá innheimtu, þó að hún yrði algjörlega sjálfvirk á Sundabrautinni.

Það hafa líka verið skoðaðar hugmyndir um að bæta við Hvalfjarðargöngin í áföngum og fyrir liggja ákveðnar hugmyndir um hvernig standa ætti að því. Ég held að það geti allt farið heim og saman. Fyrst og fremst þurfa menn að horfa til þess að sanngirni sé í þeim gjöldum sem á eru lögð og að þau komi ekki niður með mjög harkalegum hætti á einstökum svæðum. Ég held að hægt sé að vinna út úr þessum hlutum skynsamlegar niðurstöður og mér finnst að við séum svo sem allir samherjar í þeirri hugsun sem er hér. Ég fyrir mitt leyti útiloka ekki veggjöld.

[19:08]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki á hvað hv. þm. á við með því að ég hafi verið að andmæla því sem hæstv. samgönguráðherra sagði og að vera að snúa út úr því sem hann sagði. Samsæriskenning að þessu leyti fellur auðvitað um sjálfa sig vegna þess að ekki eru efni til hennar. Á hinn bóginn getum við auðvitað tekið upp umræður undir þessum dagskrárlið um veg að Gunnunesi og þar fram eftir götunum, en ég tel að ekki séu efni til þess og þess vegna sé rétt að halda Sundabraut fullkláraðri utan við það sem við ræðum hér.

Á hinn bóginn held ég að það sé alveg ljóst, hv. þm., að engin skynsemi er í því og engar forsendur að ætla að mæta auknum umferðarþunga eða meiri umferðarþunga um Hvalfjörð með því að leggja í kostnað við að reyna að breikka þau göng sem nú eru. Ég held að engum detti það í hug sem hefur velt málinu fyrir sér. Aftur á móti liggur það fyrir að til þess að mæta slíku yrði að fara í ný jarðgöng. Ég held að það sé alveg borðleggjandi. Ég sé ekki, herra forseti, að ástæða sé til að fara í einhverjar stælur út af því hér, það mun á sínum tíma koma í ljós hvor okkar hefur rétt að mæla í því. En að ætla að klastra upp á jarðgöng eins og hv. þm. var að gefa í skyn, er hvergi gert, einfaldlega vegna þess að það borgar sig ekki og er ekki arðvænlegt.

[19:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekki að tala um að klastra upp á þessi göng með nokkrum hætti. Ég veit hins vegar af því að menn hafa skoðað hugmyndir um að bora önnur göng við hliðina á þessum, en gera það í fleiri en einum áfanga þannig að það væri fyrst hægt að bæta úr þeim vanda sem er í göngunum, sem felst í því að það er einungis ein akrein upp úr göngunum að sunnanverðu. Þess vegna væri hægt að skipta kostnaði við þessi göng. Nú veit ég ekki hvort það er hagkvæmt og menn eiga auðvitað eftir að fara betur yfir það. En þær hugmyndir gengu ekki út á það að breikka göngin sem nú eru eða klastra með einhverjum hætti við það mannvirki, heldur að taka nýju göngin í áföngum. Meira veit ég svo sem ekki um það mál. Ég veit bara að þessar hugmyndir hafa verið ræddar.

Það er ekki hægt að slíta umræðuna um Sundabrautina úr samhengi við þetta, einfaldlega vegna þess að þetta ákvæði er í samningnum við Spöl. Þannig að ef menn ætla að fjármagna hana með veggjöldum, verður eitthvað að gerast hvað varðar samninginn við Spöl. Ég sé ekki að það þurfi að vera neinn óskaplegur ásteitingarsteinn ef menn fara í þá hluti með jákvæðum hætti. Ég veit að hjá Speli hafa menn einmitt velt fyrir sér þeim hlutum, leitað sér ýmissa upplýsinga erlendis frá og þekkingar á því hvernig samgöngumannvirki eru fjármögnuð með veggjöldum og eru örugglega tilbúnir til að taka þátt í því að finna lausnir sem gætu hentað hvað þetta allt saman varðar.

[19:12]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég vil bara í lokin þakka fyrir ágætar og málefnalegar umræður um þessa tillögu og ágætar undirtektir.

Það kom fram sá ótti hjá hv. þingmönnum Magnúsi Þór Hafsteinssyni og Steingrími J. Sigfússyni og reyndar Halldóri Blöndal líka um að ef gjöldin yrðu felld niður í Hvalfjarðargöngin kæmi það í veg fyrir að sú aðferð yrði notuð við aðrar stórframkvæmdir á næstu árum. Ég minni þá á í því sambandi að tillaga mín gengur út á að fella niður eða lækka verulega veggjaldið í Hvalfjarðargöng. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson nefndi í þessu sambandi Reykjanesbrautina. Ég minni á að það virðist engum manni hafa

dottið í hug að leggja veggjöld á þá framkvæmd.

Eini vegurinn sem nefndur hefur verið er Sundabrautin en eins og kom fram í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra um daginn yrði hann að hluta til einkaframkvæmd. Þess vegna er ég ánægður með það hjá fyrrverandi samgönguráðherra, hv. þm. Halldóri Blöndal, að það sé ákvæði um það í Hvalfjarðargangasamningnum að ekki verði um tvísköttun að ræða á þeirri leið.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi að sú framkvæmd, Hvalfjarðargangaframkvæmdin, hefði verið á ákveðnum forsendum sem er auðvitað alveg rétt. Hún var á þeim forsendum að menn greiddu veggjald, en mér finnst einfaldlega að síðan hafi forsendur breyst með svipuðum framkvæmdum og ríkið hefur verið að fara í, Fáskrúðsfjarðargöng, væntanleg Siglufjarðargöng og Reykjanesbraut, sem kosta álíka og Hvalfjarðargöngin. Þarna verða ekki tekin nein veggjöld.

Mér finnst eins og ég sagði í ræðu minni það ákveðið brot á jafnræði þegnanna að maðurinn sem býr í Mosfellsbæ og vinnur í álverinu á Grundartanga noti 350 þús. kr. af árlegum tekjum sínum til að borga í göngin, á sama tíma og maðurinn á Fáskrúðsfirði sem kemur til með að vinna í álverinu á Reyðarfirði borgar ekki eina krónu. Það er einfaldlega að mínu mati ósanngjarnt og á því þarf að taka.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi einnig að það væri mikill rekstrarkostnaður af svona göngum. Það er auðvitað hárrétt og það verður væntanlega líka mikill rekstrarkostnaður á öðrum göngum, Fáskrúðsfjarðargöngum og Siglufjarðargöngum þar sem ekki á að rukka. Hann nefndi líka að hann vissi ekki hvort eða hvenær þessi göng hefðu orðið að veruleika ef ekki hefði verið ráðist í þau með þeirri aðferð sem gert var. Það er auðvitað alveg hárrétt að því getur enginn svarað.

Hv. þm. Halldór Blöndal bætti um betur og taldi fullvíst að göngin hefðu ekki orðið að veruleika og að ekki hefði verið lagt fé í þá framkvæmd ef ekki hefði verið ráðist í þau með þessum hætti á sínum tíma. Ég er ekki sammála því. Ég er alveg viss um að Hvalfjarðargöng hlytu að hafa orðið á undan Fáskrúðsfjarðargöngum og væntanlegum Siglufjarðargöngum í röðinni þegar kom að stórframkvæmdum. Það er ekki spurning. Þess vegna er ég ósammála þessum ágætu hv. þingmönnum Norðausturkjördæmis að Hvalfjarðargöngin hefðu ekki komið til greina ef þau hefðu ekki verið gerð með þessum hætti.

Ég endurtek svo að sparnaður ríkisins af þessum göngum er stórkostlegur. Göngin hafa sparað ríkinu mjög miklar framkvæmdir í endurbótum og viðhaldi á Vesturlandsveginum og mér finnst að það megi að hluta til mæta því sem ríkið á hjá Speli. Einnig tel ég alveg sjálfgefið að virðisaukinn falli niður þegar skatturinn hefur náð þeirri upphæð sem felld var niður af virðisauka við framkvæmdina, það voru 937,6 milljónir. Nú þegar eru komnar talsvert á áttunda hundrað milljónir í virðisaukaskatt af umferðinni og nálgast því óðum að þetta jafnist út.

Ég þakka aftur kærlega fyrir þessa ágætu umræðu og vona að málið fái vandaða umfjöllun í samgöngunefnd þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umgengni um nytjastofna sjávar o.fl., 1. umr.

Frv. ÖHJ o.fl., 215. mál (refsiákvæði, breyting ýmissa laga). — Þskj. 217.

[19:16]

Flm. (Örlygur Hnefill Jónsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir þakkir hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar til forseta fyrir þá tillitssemi sem hann sýnir okkur varaþingmönnum og má í leiðinni þakka starfsmönnum þingsins fyrir lipurð sem þeir sýna okkur jafnframt.

Herra forseti. Ég flyt hér lagafrumvarp um breytingu á helstu lagabálkum um fiskveiðistjórn. Það eru lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, það eru lög 38/1990, um stjórn fiskveiða, það eru lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og það eru lög 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Tillaga um breytingar á öllum þessum lögum varðar að fella niður lágmarksrefsingu vegna brota á lögunum, reglum settum samkvæmt þeim, viðkomandi lögum, eða leyfisbréfum sem varða nú lágmarkssektum að fjárhæð 400 þús. kr.

Ekki er gerð tillaga um að breyta refsiákvæðum laganna þar sem mælt er fyrir um að brot gegn ákvæðum laganna sjálfra, eins og er í 16. gr. laga 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og 13. gr. laga 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, varði sektum að lágmarki 600 þús. kr. og hámarki 6 milljónir.

Hér hefur hið háa Alþingi mælt fyrir um refsinguna í lögum. Hins vegar er ótækt að mínu mati að hafa lágmarksrefsingar 400 þús. kr. við brotum á reglugerðum eða leyfisbréfum sem sett eru í ráðuneytum og sem hið háa Alþingi skoðar aldrei. Reglugerðir frá sjávarútvegsráðuneytinu sem getið er um á vef Stjórnarráðsins á sviði þessara laga og sjávarútvegslaga, eru 311. Þessar reglugerðir byggja á þeim lögum sem hér er lagt til að breytt verði m.a. og varða brot á reglugerðum þá 400 þús. kr. sekt að lágmarki eins og löggjöfin er nú.

Um ýmsar tegundir reglugerða er þarna að ræða. Nefna má reglugerð um hrognkelsaveiðar og það má nefna reglugerð um ígulkeraveiðar. Hver maður sér það í hendi sér að ef sá sem fæst við ígulkeraveiðar í einhverjum mæli lendir í svona sekt þá efast ég um að mikið verði eftir af ávinningi hans af veiðunum.

Ef litið er til annarra atvinnugreina, t.d. landbúnaðar, sést að ef brot á reglum á sviði landbúnaðar varða í öllum tilvikum 400 þús. kr. lágmarkssekt þá yrði víða þröngt í búi, magnast mundu harðindin og hryggur yrði búandinn þar. Meðalsauðfjárbóndi gæti lent í því að brjóta slíkar reglur í tvígang og þá væri farinn ávinningur búsins í sektir og örlítið í málskostnað.

Refsitæknilega tel ég ótækt að hafa þann hátt á sem nú er viðhafður í fiskveiðistjórnarreglunum. Löggjafinn mælir fyrir um lágmarkssekt en síðan er stöðugt ungað út reglugerðum sem mæla fyrir um alls kyns háttsemi og varða þessi föstu viðurlög, 400 þús. kr.

Ég ítreka að aðrar atvinnugreinar þurfa ekki að búa við þetta. Nefna má lög um flokkun og mat á gærum og ull.

Brot á þeim varðar sektum. Svo eru til lög um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Brot á þeim varðar sektum. En í fiskveiðistjórninni erum við komnir í þessar háu fjárhæðir.

Í 1. gr. hegningarlaganna segir að eigi skuli refsa manni, nema hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem refsing er lögð við í lögum, eða má öldungis jafna til hegðunar, sem þar er afbrot talin.

Í fiskveiðistjórnarlögunum er kveðið á um refsingarnar. Háttsemin er ákvörðuð með reglugerðum löngu seinna.

Í 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, lögum nr. 33/1944, segir:

„Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað."

Herra forseti. Ég tel því að andi stjórnarskrárinnar mæli nokkuð gegn þessu, að framgangsmátinn sé sá að sett eru lög með refsiramma og síðan sé framkvæmdarvaldinu heimilt að setja reglugerðir á grundvelli þeirra og þær reglugerðir aldrei bornar undir Alþingi einu sinni.

Það má benda á hegningarlögin og hvernig staðið er að vinnubrögðum þar. Þar er í einstökum greinum laganna mælt fyrir og lýst refsiverðri háttsemi. Síðan er í þeirri sömu grein mælt fyrir um hver refsing sé við viðkomandi háttsemi. Ég hef verið að benda á að hér er skilið á milli viðurlaga og háttsemi.

Eins og framkvæmdin er í þeim lagagreinum sem við flutningsmenn frumvarpsins mælum fyrir að breytt verði þá er í rauninni fyrst ákveðinn í þessum fernum lögum refsirammi frá 400 þús. kr. til 4 milljóna og síðan ákveður framkvæmdarvaldið að setja ótakmarkaðan fjölda reglugerða. Þar eru þá undantekningarlaust lágmarksviðurlög 400 þús. kr.

Mér er til efs, og vil endurtaka það, að þetta standist stjórnarskrá og veit ekki hvaða augum ágætir prófessorar í stjórnskipunarrétti og refsirétti líta þetta.

Ég ítreka það, herra forseti, að gríðarlegur fjöldi reglugerða byggir á þessum fernu lögum. Ef maður fer á vef Stjórnarráðsins þá eru til, eins og ég sagði, samtals 311 reglugerðir á sviði sjávarútvegsmála og engin atvinnugrein ætla ég að búi við annan eins fjölda reglugerða.

Því er alveg ljóst að ef menn lenda í smávægilegum brotum, jafnvel af gáleysi, þá varða þessi brot hinum þungu refsingum sem hér er lagt til að verði felldar niður varðandi lágmarkið. Að óbreyttri löggjöf geta dómstólar ekki hnikað frá lágmarkssektum, 400 þús. kr., og það er með öllu óásættanlegt. Dómstólar eru fullfærir um að skoða þessi brot og meta alvarleika þeirra. Sum geta verið það smávægileg að menn séu dæmdir í 20 þús., 30 þús. eða 40 þús. kr. sekt. Ég ætla ekki að fjalla meira um það. En þá verður búið að opna fyrir þann möguleika dómstóla að þurfa ekki að standa frammi fyrir því að geta ekki hnikað frá 400 þús. kr. lágmarki. Dómsvaldið er ágætlega skipað hér og því er fullkomlega treystandi til að taka á þessum málum.

Herra forseti. Ég vil að lokum fagna þeirri góðu samstöðu sem náðst hefur með flutningi þessa lagafrumvarps. Flutningsmenn þess eru úr öllum þingflokkum. Þar af eru sjö hv. þingmenn sem eiga sæti í sjávarútvegsnefnd og vænti ég þess og trúi að málið fái góðan framgang í nefndinni og á Alþingi enda tel ég að með þessu muni nást ívið meiri sátt um þetta en verið hefur.

Herra forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að máli þessu verði vísað til hæstv. sjávarútvegsnefndar.

[19:25]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Ég kem hér til þess að lýsa yfir stuðningi mínum og þakka hv. þm. Örlygi Hnefli Jónssyni fyrir það frumkvæði sem hann hefur haft að því leggja fram þetta frumvarp til laga, þessa breytingu á ýmsum lögum. Ég er einn af flutningsmönnum og sit í sjávarútvegsnefnd og fagna því að þetta mál komi til okkar. Nú þegar hv. 1. flutningsmaður hefur mælt fyrir málinu vil ég segja að það er sérstaklega gott að hann skuli hafa fært það hér inn. Það er tími til kominn að það sé gert.

Ég þekki dæmi, virðulegi forseti, um það sem mundi í þessu sambandi flokkast undir smávægilegt gáleysi. Útgerðarmenn á litlum bát, einyrkjar eins og hér er fjallað um, sem róa á smábátum sínum án mikilla aflaheimilda finna þungt fyrir þessum refsingum. Gáleysið sem um er að ræða var að viðkomandi útgerðarmanni láðist að merkja einn drekann upphafsstöfum og skráningarnúmeri viðkomandi báts. Svo kom eitthvert apparatið til eftirlits, Fiskistofa eða hvað það nú var, og sá að þetta var ómerkt. Það var kært og sektin var 400 þús. kr. Þetta er mjög alvarlegt mál. Við getum tekið annað dæmi bara að merking af línubelg eða einhverju svoleiðis fari af og sjáist ekki tiltekið tímabil. Þá er hægt að sekta svona.

Ég tek því undir það enn einu sinni sem hér er sett fram að lágmarkssektarákvæði verði fellt úr gildi og það lagt í hendur dómara að meta fésektina eftir því hvað brotið er alvarlegt og hvort það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þetta er mikilvægt atriði.

Það var líka fróðlegt fyrir mig að heyra um hitt atriðið sem hv. þingmaður nefndi áðan, allar þessar reglugerðir, þessar 311 eða hvað þær voru nú margar, á sviði sjávarútvegs. Við sjáum náttúrlega hvílíkt reglugerðafargan er í kringum þetta mál.

Virðulegi forseti. Ég vil segja það enn einu sinni vegna flutnings þessa máls að það er mjög ánægjulegt að hv. þingmaður skuli hafa tekið sig til og flutt það hér inn. Það er í raun undarlegt að það skuli ekki hafa verið gert fyrr og ég lýsi yfir fullum stuðningi við málið þegar það kemur til hv. sjávarútvegsnefndar.

[19:28]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á fernum lögum sem snúa að fiskveiðum innan og utan landhelgi okkar. Ég vil, eins og hv. þm. Kristján L. Möller, þakka 1. flutningsmanni fyrir að koma með þetta mál hér inn. Ég reikna með því að ástæðan fyrir því sé kannski störf sem hv. flutningsmaður hefur með höndum utan þings sem lögmaður, að hann hafi orðið var við það hvernig dómarar þurfa að beita þessu lágmarksrefsiákvæði. Ég tel að það sé ef til vill kveikjan að því að þetta mál er flutt inn í þingsali.

Einnig vil ég hæla 1. flutningsmanni, Örlygi Hnefli

Jónssyni, fyrir að safna saman meðflutningsmönnum sem að mestu leyti koma úr sjávarútvegsnefnd. Sjö meðflutningsmenn sýnist mér að sitji í sjávarútvegsnefndinni. Eins eru meðflutningsmenn þessa lagafrumvarps úr öllum flokkum sem nú sitja á Alþingi. Það sýnir okkur kannski betur en margt annað hversu gott mál er hér á ferðinni.

Málið snýst í raun ekki um að minnka refsingar ef brot á umræddum lögum eru slík að viðurlög ættu að vera svipuð og fyrir brot á öðrum lögum, langt í frá. Það er heldur ekki verið að breyta á neinn hátt því hvað skuli teljast brot. Það er ekki verið að breyta á nokkurn hátt skilgreiningu brota. Það sem verið er að gera með flutningi þessa frumvarps er einfaldlega að auka valfrelsi dómara, gefa dómurum kost á því, ef aðstæður eru með þeim hætti, að ákvarða refsingu en vera ekki bundnir af lágmarksrefsingu upp á 400 þús. kr.

Lágmarkssektir samkvæmt gildandi lögum eru 400 þús. kr. og það er alveg burt séð frá því hvers eðlis brotið er sem verið er að dæma fyrir, hvort það er framið vísvitandi og af ásetningi og miklum brotavilja eða hvort það er framið af gáleysi eða jafnvel þekkingarleysi á lögum. Jafnvel smávægilegar yfirsjónir sem allir eru sammála um að enginn ásetningur væri í þýða að ef dómari kemst að því að sá sem fyrir rétti er hafi brotið lögin á hann engan annan kost en að sakfella með aldrei minni sekt en upp á 400 þús. kr.

Við flutningsmenn þessa frumvarps viljum að dómarar hafi aukið frelsi til að meta hve há sektin á að vera og við viljum ekki sjá að brot á lögum um umgengni við nytjastofna sjávar eða lög sem snúa að þeirri atvinnugrein verði harðari hvað varðar lágmarksrefsingar en einhver brot sem við getum sagt að séu sambærileg brot á öðrum lögum.

Við höfum öll heyrt, herra forseti, dæmi um smávægileg brot á lögum um stjórn fiskveiða, jafnvel brot sem löghlýðnir menn geta varla komist hjá því að fremja. Eftir að fiskur er kominn í veiðarfæri og kominn um borð í bát er erfitt fyrir þann sem þar stendur að meta hvað við skal gera ef aðstæður eru þannig. Hann má ekki losa sig við fiskinn í sjóinn, það er brottkast og það er brot á lögum sem þýðir 400 þús. kr. lágmarkssekt. Hann má ekki hirða fiskinn ef hann á ekki fyrir honum kvóta eða fyrirséð er að hann geti ekki náð í kvóta fyrir þeim fiski sem hann ber að landi. Ef hann kemur með hann að landi og verður uppvís að því þarf að sekta hann um 400 þús. kr. samkvæmt gildandi lögum. Hans eini kostur í sjálfu sér til að brjóta ekki lög er að éta fiskinn á staðnum. Það getur svo sem verið ágætislausn ef um einn fisk er að ræða. Ef þeir eru fleiri og þótt þeir séu jafnvel ekki mjög margir — ekki treysti ég mér til að éta 10 kíló af steinbít t.d. á einu bretti þannig að þá yrði ég að koma með hann að landi og gæti tekið séns á því að vera dæmdur í 400 þús. kr. sekt ef enginn er kvótinn, og steinbítskvótinn jafnvel búinn.

Ég held, herra forseti, að þegar óréttur blasir við með jafnskýrum hætti og hér um ræðir — ég held að allir sem velta fyrir sér og skoða sum af þeim málum sem menn hafa verið dæmdir í 400 þús. kr. sekt. geri sér grein fyrir að þar hafi í raun verið framinn óréttur — vil ég stuðla að því að réttarbót verði á. Þess vegna kemur þetta frumvarp hér fram. Vonandi fær það, þótt 1. flutningsmaður sé úr stjórnarandstöðuflokki, skjóta meðferð í sjávarútvegsnefnd. Ég treysti því a.m.k. miðað við þann fjölda flutningsmanna úr þeirri góðu nefnd sem er á þessu frumvarpi til laga að það fái hraða málsmeðferð þar og komi hér inn til 2. umr. og verði að lögum á þessu þingi.

Ef það gerist ekki, ef okkur tekst ekki að koma því fljótt og vel í gegnum sjávarútvegsnefndina og aftur hingað inn er greinilega enn ekki nóg að leggja hér fram frumvarp til laga sem allir eru sammála um að er mikil réttarbót ef flokkslitur viðkomandi er ekki réttur. Það ætla ég að vona að verði ekki í þessu máli, herra forseti, og mun örugglega leggja mitt af mörkum og styðja málið með ráðum og dáð í sjávarútvegnefnd.

[19:34]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp til laga sem hv. þm. Örlygur Hnefill Jónsson mælti fyrir áðan er mikið fagnaðarefni og mjög skynsamleg ráðstöfun. Hann hefur fengið með sér ótal flutningsmenn úr öllum flokkum, þar af eina sjö úr sjávarútvegsnefnd, og sá sem hér stendur og talar er einn af þeim. Ég á fyrir vikið ekki von á öðru en að þetta frumvarp fái skjóta og örugga meðferð í nefndinni, hagsmunaaðilar og aðrir þeir sem málið varðar munu að sjálfsögðu skila umsögnum sínum en þær umsagnir hljóta að verða jákvæðar því hér er um sjálfsagt réttlætismál að ræða.

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hafa fallið dómar sem hafa verið mjög ósanngjarnir og hafa misboðið réttlætiskennd landsmanna mjög gróflega vegna þess að refsiviðurlögin við þeim afbrotum — sem oft hafa verið lítil — hafa gersamlega verið út yfir öll skynsamleg mörk. Menn hafa sem sagt fengið dóma, 400 þús. kr. sekt eða 40 daga fangelsi fyrir litlar sem engar yfirsjónir, oft og tíðum fyrir yfirsjónir þar sem nánast hefur verið sannað að annaðhvort hafi verið um gáleysi að ræða eða þá hreinlega handvömm af hálfu opinberra embættismanna.

Ég get nefnt dæmi um trillukarl sem var dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða árið 2001 fyrir að henda eða sleppa út 50 smáþorskum þegar hann var á línuveiðum, einyrki, fullorðinn maður. Hann fékk 400 þús. kr. sekt fyrir þetta ellegar 40 daga í fangelsi. Þessi dómur olli gríðarlegri reiði á Vestfjörðum og menn muna enn mjög vel eftir þessu máli.

Ég man eftir einu máli í fyrra þar sem Hæstiréttur kvað upp dóm sem ég varð mjög reiður yfir. Það var afskaplega ósanngjarn dómur. Þar var fátækur einyrki sem stundaði línuveiðar við suðurströndina, með svokallaðri línulóð — það er lína sem er eingöngu fyrir lúðu, stórlúðu, mjög stórir krókar, sem aðrir fiskar en stórlúða geta ekki bitið á — honum varð það á vegna handvammar í sjávarútvegsráðuneytinu sem sendi ekki út viðunandi tilkynningar til sjómanna að leggja þessa línu í hólf sem var friðað fyrir línuveiðum til að vernda smákeilu. Þessi maður var ekki að veiða keilu enda var hann ekki með veiðarfæri til að veiða hana. Hann var hins vegar með línu sem var með mjög stórum krókum. Þessi maður var hirtur af heilu varðskipi, þessi eini maður þar sem hann var við veiðar, og dreginn inn til Vestmannaeyja eins og hver annar glæpamaður og yfir honum var réttað. Málið fór alla leið í Hæstarétt. Í fyrrahaust, ef ég man rétt, þ.e. fyrir réttu ári, kvað Hæstiréttur upp dóm í málinu þar sem þessi maður var dæmdur í 400 þús. kr. sekt, afli var gerður upptækur, sömuleiðis veiðarfærin og

honum var hótað fangelsi ef hann greiddi ekki sektina. Þessi maður hafði verið þarna að stunda sín heiðarlegu störf í góðri trú. Í raun og veru efaðist enginn um að hann hefði verið að veiðum þarna í góðri trú. Ég efast meira að segja um að hæstaréttardómararnir hafi verið í vafa um það en þeir gátu eiginlega ekki dæmt öðruvísi vegna þess að lagabókstafurinn var með þessum hætti.

Það er alveg ljóst að þegar lagabókstafurinn er svona ofboðslega strangur og ferkantaður á alla vegu misbýður þetta réttlætiskennd landsmanna og þetta hlýtur að grafa undan virðingu allra, bæði fyrir okkur sem erum hér, löggjafarvaldinu, líka fyrir dómsvaldinu og fyrir þeim reglum sem eru í gildi hverju sinni. Þegar upp er staðið elur þetta á uppreisnaranda. Íslendingar hafa að vísu mjög mikið langlundargeð en það hefur oft sýnt sig að fyrr eða síðar sýður upp úr og menn fá nóg.

Ég tel að þetta frumvarp sé mikil bragarbót og miklu sanngjarnara. Hér er tekið á sektarákvæðunum ef mönnum verður eitthvað á. Þessi þröskuldur, þessi lágmarksþröskuldur sem var mjög hár, 400 þús., er strikaður út. Það er hið besta mál. Hér mun sennilega þá heilbrigð skynsemi og heilbrigð réttlætiskennd dómara í framtíðinni fá að ráða því hvernig dómar í svona málum falla.

Hitt er svo annað mál, hæstv. forseti, að þetta mál vekur upp íhugun um hvernig við höfum smíðað bæði lagaramma og líka ofboðslegan reglugerðafrumskóg í kringum fiskveiðistjórnarmál okkar. Við höfum komið á fót Fiskistofu sem er orðið geysilega stórt bákn sem á vissan hátt má líta á sem eins konar lögregluvald því hún hefur jú vald til að beita menn svokölluðum stjórnsýslusektum þótt mál fari hvorki fyrir dóm né séu rannsökuð almennilega. Bátar eru hreinlega bara sviptir veiðileyfum í ákveðinn tíma og menn sviptir lífsbrauði sínu ef þeir gerast brotlegir við fiskveiðilöggjöfina. Þetta finnst mér mjög alvarlegt mál. Þarna er hægt að dæma menn í stjórnsýslusektir og refsa þeim fyrir einhverjar yfirsjónir en síðan er hægt að refsa þeim í annað sinn með því að kæra þá og senda málin fyrir dóm. Þetta hefur verið gert. Þarna tel ég hreinlega að verið sé að brjóta mannréttindi. Það er verið að refsa mönnum tvisvar sinnum fyrir sömu yfirsjónirnar. Og það hefur verið gert.

Ég tel mjög brýnt að þessi tilteknu mál verði send fyrir Mannréttindadómstól Evrópu til að fá niðurstöðu í þau. Ég tel að stjórnvöldum sé óheimilt að gera þetta. Ég veit að í Noregi hafa menn komist að slíkri niðurstöðu. Það er ekki hægt að beita menn stjórnsýslusektum og dæma þá síðan aftur fyrir rétti fyrir sama mál. Það er hreinlega ólöglegt. Þetta eru mannréttindabrot. Hérna verður ríkisvaldið að taka þá ákvörðun að annaðhvort afnema stjórnsýslusektir, senda bara öll mál fyrir dómstóla og fá niðurstöðu þar, eða láta þessar stjórnsýslusektir duga, láta þar við sitja.

Þessi fiskilögregla sem við höfum á Íslandi í dag, Fiskistofa — það hefur komið fram áður í þessum ræðustól hér á hinu háa Alþingi að í þann málaflokk, rekstur Fiskistofu, eyðum við umtalsverðum fjármunum og miklu meiri fjármunum en við t.d. eyðum í fíkniefnalögregluna. Það er líka mikið umhugsunarefni. Þessi ofboðslegi eftirlitsiðnaður sem hefur verið komið á fót í kringum sjávarútveginn og fiskveiðar tel ég að sé algerlega óþarfur og eigi upphaf sitt í eins konar móðursýki, furðulegri móðursýki. Þarna er verið að kasta á glæ miklum fjármunum sem væri miklu betur varið til annarra og skynsamlegri verka, t.d. til hafrannsókna sem mjög skortir á að við höfum nægt fjármagn til að stunda almennilega.

Það kom fram í morgun á fundi sjávarútvegsnefndar þar sem við fengum á fund okkar forstjóra Hafrannsóknastofnunar til að ræða fjárlög að Hafrannsóknastofnun býr við gríðarlega kröpp kjör og á í mjög miklum vandræðum, m.a. með að afla nauðsynlegra gagna sem gætu nýst okkur m.a. í samningaviðræðum við Norðmenn. Hér er ég að tala um norsk-íslenska síldarstofninn sem er nú farinn að veiðast í bland við íslenska síld fyrir austan land. Hafrannsóknastofnun hefur ekki peninga til að fylgjast með þessu, til að greina þennan afla, til að safna upplýsingum um það hversu mikið af þessari norsk-íslensku síld veiðist núna við Ísland, vegna þess að þar ríkir yfirvinnubann. Starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar er bannað að vinna yfirvinnu. Þetta er náttúrlega alveg fáránlegt. Það sjá allir að hér er um gríðarlegt hagsmunamál að ræða fyrir okkur Íslendinga. Við stöndum í erfiðum samningaviðræðum við Norðmenn og við náum ekki að afla okkur nógu góðra gagna vegna þess að hjá Hafrannsóknastofnun ríkir yfirvinnubann.

Það er svo sem hægt að flytja mjög langa ræðu um þetta. Mér blöskra allar þessar reglugerðir og það hvernig þeim hefur verið framfylgt, hvernig menn nánast hafa verið hundeltir fyrir litlar sem engar yfirsjónir, á meðan aðrir jafnvel — við höfum líka dæmi um hitt — á meðan stjórnvöld hafa séð í gegnum fingur sér með yfirsjónir annarra. Þar hefur oft læðst að manni sá grunur að þar ráði jafnvel að einhverju leyti för hversu mikinn kvóta menn eiga, þ.e. að kvótasterkir aðilar fái vægari dóma fyrir yfirsjónir sínar, afbrot sín, en þeir sem eru fátækir og eiga enga kvóta. Það er náttúrlega hróplegt ranglæti þegar slíkt á sér stað.

Ég tel mig hafa haldfastar sannanir fyrir því að slíkt hafi reyndar átt sér stað þó að ég ætli ekki að fara út í það hér í smáatriðum. Eflaust mun gefast betri tími til að fara í það síðar, og ekki vanþörf á.

Að lokum, herra forseti, vil ég enn og aftur ítreka ánægju mína með frumvarpið. Eins og ég sagði hér áðan á ég fyllilega von á því að það fari mjög fljótt í gegnum sjávarútvegsnefnd, að þetta mál verði ekki látið daga þar uppi eins og reyndar allt of mörg góð mál sem hafa komið fram á hinu háa Alþingi. Það hefur verið mælt fyrir þeim hér í þessum ræðustól, þau hafa verið send inn í sjávarútvegsnefnd, allt ferlið sett í gang, umsagnir hafa borist en síðan hefur ekkert gerst. Ég tel að mál sé að slíkri málsmeðferð á Alþingi linni.

Alþingi er stofnun sem er dýr í rekstri. Í hana er eytt bæði miklum tíma og peningum og sjálfsagt og eðlilegt að mál sem á annað borð er vísað til þingnefnda komi út úr þeim aftur og fái almennilega afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Annað er hreinlega óverjandi gagnvart skattborgurum og í raun og veru vanvirðing við þingið sem löggjafarsamkomu.

[19:44]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu þarft mál um sektarákvæði er varðar ýmis lög um stjórn fiskveiða og eftirlit með þeim, um umgengni um nytjastofna sjávar og veiðar innan

og utan lögsögu, svo einhver dæmi séu tekin af lögum um sjávarútveg.

Hæstv. forseti. Ég taldi lengi að hægt væri að einfalda lögin um stjórn fiskveiða og gera breytingar. Ég tel reyndar enn að að því muni draga. Eins og kerfið hefur þróast á undanförnum árum þá held ég að það muni aldrei ganga upp til framtíðar. Ég tel að það geti aldrei gengið að menn tíni hverja fisktegundina á fætur annarri inn í kvótakerfið. Þegar grundvallarlögin um stjórn fiskveiða, sem nú eru í gildi, lög nr. 38/1990, voru sett þá settu menn inn í kerfið ýmsar breytingar varðandi framsal kvóta, leigu o.s.frv. og breyttu ýmsum ákvæðum sem áður höfðu verið í lögum um stjórn fiskveiða.

Fiskveiðum hefur verið stjórnað með ýmsum hætti síðan árið 1976, ef ég man rétt. Fyrstu lögin sem sett voru um fiskveiðar og nýtingu lögsögunnar voru um nýtingu landgrunnsins á sínum tíma, landgrunnslögin. En þetta er bara örstutt upprifjun á sögunni, virðulegi forseti.

Á undanförnum árum hefur tegundum í kvótakerfinu sífellt verið fjölgað. Það er sífellt verið að draga fleiri og fleiri fisktegundir inn í lagaverkið eða réttara sagt reglugerðaverkið. Það er jú hæstvirtur ráðherra sjávarútvegsmála sem ákveður hvort kvótasetja eigi þessa fisktegundina eða hina. Við gerum það ekki hér á Alþingi, að ákveða að sandkoli, skrápflúra eða skötuselur verði sett í kvóta. Það gerir hæstv. sjávarútvegsráðherra.

Það vekur margar spurningar þegar við sjáum hvernig öll þessi lög hafa þróast og allt reglugerðafárið sem þar kemur ofan á, m.a. hvort hægt er að hafa málin í þeim farvegi til framtíðar. Er yfirleitt ásættanlegt að sjávarútvegsráðherra geti gert tiltölulega einföld lög, sem sett voru árið 1984 um að taka upp kvótakerfi á fimm fisktegundum, svo flókin að þau séu nánast orðin óframkvæmanleg? Það hefur einmitt gerst smátt og smátt í gegnum lagasetninguna en þó einkanlega með því að tína sífellt fleiri fisktegundir inn í kvótakerfið og gera fisktegundir kvótaskyldar í veiðum þar sem þær eru nánast stakur meðafli. Þetta hefur hins vegar gerst.

Við búum við það að lífkerfið á hafsvæðinu við landið er að breytast ört. Miklar breytingar hafa orðið á síðustu þremur, fjórum árum með hlýnandi sjó. Fisktegundirnar hafa ekki hugmynd um að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi sett þær í kvóta og synda ekki bara við suðurströndina, eins og þær gerðu þegar þær voru settar í kvóta.

Eins og menn kannski muna voru veiðar á skötusel, þeirri virðulegu tegund, upprunalega settar í kvóta frá fjórum útgerðarstöðum, Þorlákshöfn, Vestmannaeyjum, Hornafirði og Grindavík. En þessi fisktegund hefur með hlýnandi sjó tekið sér það fyrir sporð, ekki fyrir hendur, að synda norður með Vesturlandinu og norður fyrir land. Ég hygg að hún sé um þessar mundir, með hlýnandi sjó, farin að nálgast heimabyggð hv. þm. Örlygs Hnefils Jónssonar, sem eftir því sem ég best veit býr ansi nærri Húsavík. Ætli skötuselurinn sé ekki kominn þangað og farinn að veiðast þar í grásleppunet. Mér kæmi ekki á óvart þótt ýmsum sem þar hafa stundað grásleppuveiðar áratugum saman verði nokkuð hverft við í fyrsta skipti sem þeir sjá skötusel í neti.

En nú er þetta bundið í kvóta og Norðlendingar mega una við það, ef þeir ætla að koma með þann fisk að landi og landa honum til verðs, að leigja kvótarétt fyrir þessum kílóum af skötusel af einhverjum sem fékk úthlutað þeim rétti hér suður á landi, (**Gripið fram í:** Ef þeir fá hann.) þ.e. ef þeir fá hann.

Það er hins vegar svo, af því að skötuselur er ágætismatur, að menn komast ágætlega yfir það að éta með konu sinni, börnum, fjölskyldu og vinum, nokkur kíló af skötusel og gera það. Þannig er skötuselurinn, sem kominn er norður fyrir Vestfirði, inn á Húnaflóa og norður fyrir land, ekki allur skráður í kvóta. Menn vita ekkert um hvað veiðist af skötusel hér við land.

Ég tek þetta dæmi til að sýna fram á fáránleikann sem fylgir lögunum um stjórn fiskveiða, að hæstv. sjávarútvegsráðherra skuli hafa þetta vald og noti það eins og hann hefur notað það á undanförnum árum.

Það er hægt að nefna margar fleiri fisktegundir sem dregnar hafa verið inn í reglugerðafarganið. Þá bætist auðvitað alltaf ein reglugerðin við, eitt ákvæði við reglugerðina og eitt ákvæði varðandi sektirnar. Þegar upp er staðið sitja menn uppi með það að fjöldamargar fisktegundir í kvótakerfinu veiðast sem meðafli, tegundir sem þeir sækjast alls ekkert eftir. Menn veiða nokkra fiska og ef vel ætti að vera þyrftu þeir að útvega sér kvóta fyrir viðkomandi tegund til að standast lagaákvæðin. Hin aðferðin er að losa sig við fiskinn fyrir borð. Það gera menn í ýtrustu neyð.

Inn í lögin um stjórn fiskveiða var hins vegar sett örlítið ákvæði um að menn mættu landa svokölluðum Hafró-afla. Það var eilítið til bóta. Það verður að segjast eins og er. Hafró-aflinn, sem ekki þarf að færa til aflamarks, held ég að hafi á síðasta ári fært okkur um 170 millj. kr. í tekjur, ef ég man rétt. Hann hefur fært okkur nokkur hundruð milljóna á þeim árum sem heimilt hefur verið að koma með brot af fiski að landi sem ekki telst til aflamarks, með því að tilkynna hann fyrir fram og selja hann á fiskmarkaði aðgreindan eftir tegundum.

Þetta er þó ekki öll sagan. Meðafli kemur um borð við alls konar veiðar. Það hefur t.d. gerst við kolmunnaveiðar og síldveiðar í flotvörpu, að menn hafa fengið meðafla og ekki endilega átt kvóta fyrir meðafla. Þar hafa sektarákvæðin hins vegar verið allt önnur, eins og menn geta séð í skriflegu svari sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar á síðasta þingi varðandi það hvernig farið hefði verið með meðafla hjá nokkrum skipum sem fengu aðrar fisktegundir með kolmunna- eða síldarafla. Menn hafa því aldeilis ekki setið við sama borð að því er framkvæmd laganna varðar. Ég minni enn og aftur á hið klassíska dæmi af trillukarlinum sem fékk 12 kíló af karfa fyrir nokkrum árum. Hann var sviptur veiðileyfi í hálfan mánuð og borgaði stórsekt fyrir, yfir 400 þús. kr. ef ég man rétt.

Virðulegi forseti. Við Íslendingar höfum lengi verið ansi gúanósinnaðir og metið mikils þær veiðar. Þær hafa vissulega fært okkur störf og aukið auð þjóðfélagsins. Í botnfisknum, sem mest af eftirlitinu snýr að og Fiskistofa hefur mestar áhyggjur af og Hafrannsóknastofnun alveg sérstaklega að því er varðar þorskinn, eru hins vegar verðmætin. Botnfiskaflinn er um 25% af magninu en uppsjávarfiskur hins vegar, loðna, kolmunni og síld, um 72–73% aflans sé horft til magnsins. Þegar við skoðum hins vegar verðmætin

fyrir þessar tegundir þá gefur botnfiskurinn, sem er ekki nema 25% af lönduðum afla, okkur um 75–80% af verðmætinu. En uppsjávarfiskurinn gefur okkur 12% af verðmætunum þegar þau eru metin. Þetta má auðvitað sjá í upplýsingum frá Hagstofunni um útflutningsverðmæti, aflaverðmæti og heildarafla. Samt er það svo að ef botnfiskveiðiaflinn kemur með í uppsjávarveiðarfærin þá fær hann ekki endilega í sömu meðferð.

Allt þetta reglugerðafargan hefur gert það að verkum að menn fá á sig dóma fyrir ótrúleg atvik. Það er engu logið til um hvernig það hefur gengið fyrir sig á undanförnum árum. Þess vegna er það mjög þarft mál, sem hér er flutt, um það að breyta lágmarkssektarákvæðunum. Þau eru oft á tíðum ekki í nokkru samræmi við tilefnið. Ég geri ekki lítið úr því að beita sektarákvæðum í alvarlegum brotum, þegar menn hafa vísvitandi, jafnvel árum saman eins og sést hafa dæmi um og verið viðurkennt, stundað brottkast á fiski í nánast hverri veiðiferð eins og mig minnir að hafi verið upplýst í máli vestur á Snæfellsnesi ekki alls fyrir löngu. Dómurinn í því máli varð hins vegar mildari en vegna 53 fiska um borð í bát norður í Tálknafirði. Þar var hver fiskur miklu dýrari miðað við dóminn frá Snæfellsnesi og allt annað verðlag á fiskinum á Snæfellsnesi. (Gripið fram í.)

Það er mikið ósamræmi í þessum málum og full þörf á að taka þau til umfjöllunar. Ég þakka hv. þm. Örlygi Hnefli Jónssyni fyrir frumkvæðið að því að flytja þetta mál, sem þingmenn úr öllum flokkum styðja. Ég vona sannarlega að málið fái góða meðferð í sjávarútvegsnefnd og síðan hér í þingsal. Ég vil láta það verða lokaorð mín að ég tel tíma kominn á það, miðað við að ríkisstjórnarflokkarnir virðast nú ætla að lafa á líminu hjá Framsókn út kjörtímabilið, að við þingmenn í stjórnarandstöðunni skoðum í alvöru hvort ekki eigi að taka það vald af sjávarútvegsráðherra að geta endalaust fjölgað fisktegundum í kvóta og gert framkvæmd fiskveiðistjórnarinnar miklu erfiðari og vitlausari en þyrfti að vera.

[19:57]

Flm. (Örlygur Hnefill Jónsson):

Herra forseti. Ég þakka háttvirtum þingmönnum sem hér hafa tekið til máls fyrir góð orð í garð frumvarpsins og ábendingar og þann stuðning við málið sem komið hefur fram í ræðum þeirra. Ég þakka einnig háttvirtum þingmönnum sem eru meðflutningsmenn mínir á þessu máli. Ég þakka þá góðu samstöðu sem mér finnst hafa orðið um þetta mál, jafnt í stjórn sem stjórnarandstöðu. Ég vænti þess að það fái beggja skauta byr í gegnum nefndina, sjávarútvegsnefnd, og þingið.

Að lokum ítreka ég að ég legg til að frumvarpinu verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 20:00.

---

15. FUNDUR

mánudaginn 25. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.,
Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.

Fjarvistarleyfi:
Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Varamenn taka þingsæti.

[13:31]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Borist hafa tvö bréf um forföll þingmanna. Hið fyrra er frá 6. þm. Suðurk., Hjálmari Árnasyni, dagsett 21. október og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi, Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Síðara bréfið er frá 8. þm. Suðurk., Kjartani Ólafssyni, dags. 21. október og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í New York og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðurk., Böðvar Jónsson fasteignasali, Njarðvík, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Ísólfur Gylfi Pálmason og Böðvar Jónsson hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðnir velkomnir til starfa á ný.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[13:32]

Útbýting:

Almannatryggingar, 229. mál, frv. ÞBack og ÖJ, þskj. 235.

Byggingarmál Iðnskólans í Reykjavík, 237. mál, fsp. MÁ, þskj. 245.

Eignir Tækniháskóla Íslands, 228. mál, fsp. KJúl, þskj. 234.

Fiskveiðistjórnarkerfi, 232. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 238.

Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, 233. mál, fsp. ÞBack og MF, þskj. 239.

Friðlandið í Þjórsárverum, 225. mál, þáltill. KF, þskj. 228.

Innheimtulög, 224. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 227.

Mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, 235. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 241.

Málefni langveikra barna, 231. mál, fsp. JóhS, þskj. 237.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa, 236. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 242.

Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, 230. mál, þáltill. SJS, þskj. 236.

Staðbundnir fjölmiðlar, 234. mál, þáltill. DJ o.fl., þskj. 240.

Söluandvirði hlutabréfa í Fjölni á Þingeyri, 151. mál, svar iðnrh., þskj. 232.

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, 226. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 230.

Fundi slitið kl. 13:38.

16. FUNDUR

þriðjudaginn 2. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Fjármálafyrirtæki og vátryggingastarfsemi, stjfrv., 211. mál, þskj. 213. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Greiðslur yfir landamæri í evrum, stjfrv., 212. mál, þskj. 214. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Umgengni um nytjastofna sjávar o.fl., frv., 215. mál, þskj. 217. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Veggjald í Hvalfjarðargöng, þáltill., 75. mál, þskj. 75. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Breytingar á stjórnarskrá, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Fyrri umr.
7. Talsmaður neytenda, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Fyrri umr.
8. Rannsókn á þróun valds og lýðræðis, þáltill., 21. mál, þskj. 21. — Fyrri umr.
9. Sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Fyrri umr.
10. Efling starfsnáms, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Fyrri umr.
11. Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, þáltill., 28. mál, þskj. 28. — Fyrri umr.
12. Rekstur skólaskips, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Fyrri umr.
13. Aðgangur allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu, þáltill., 31. mál, þskj. 31. — Fyrri umr.
14. Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frv., 35. mál, þskj. 35. — 1. umr.
15. Vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, frv., 33. mál, þskj. 33. — 1. umr.
16. Verðbréfaviðskipti, frv., 34. mál, þskj. 34. — 1. umr.
17. Hlutafélög, frv., 36. mál, þskj. 36. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Geir H. Haarde fjmrh., 1. þm. Reykv. s.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Jón Kristjánsson heilbrrh., 4. þm. Norðaust.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

Breytt fyrirkomulag við útbýtingu þingskjala.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill bjóða hv. þingmenn velkomna til starfa á nýjan leik eftir kjördæmaviku.

Eftir umræður í forsætisnefnd og að höfðu samráði við þingflokkana hefur verið ákveðið að hætta útbýtingu þingskjala á borð þingmanna í þingsalnum. Þess í stað verða ný þingskjöl látin liggja frammi í hliðarherbergi, svokölluðu blaðamannaherbergi, þar sem dagskrárskjölin, þ.e. skjöl í þeim málum sem eru á dagskránni, eru líka látin liggja frammi, þingmönnum til hagræðis.

Um útbýtinguna munu því eftirleiðis gilda þessar reglur:

Forseti les tilkynningu um útbýtingu þingskjala í upphafi fundar, eða síðar á fundi eftir því sem tilefni eru til, eins og verið hefur, sbr. 8. og 53. gr. þingskapa.

Í öðru lagi liggja þingskjöl sem útbýtt er á fundi frammi á sérstöku sérmerktu borði í hliðarsal.

Í þriðja lagi verður dagskrám þingfunda útbýtt á borð þingmanna í upphafi fundar, svo sem verið hefur.

Í fjórða lagi verður með dagskránni lagður á borð þingmanna útbýtingarlisti með skrá yfir þau skjöl sem útbýtt er við upphaf fundarins. Listi yfir þingskjöl sem útbýtt er eftir að þingfundur hefst, þ.e. síðar á fundinum, fylgir með útbýtingarlista við upphaf fundar næsta dag.

Í fimmta lagi ákveður forseti hverju sinni ef sérstakar ástæður eru fyrir því hvort tilteknum þingskjölum — eða öðru efni — skuli útbýtt í þingsalnum.

Forseti vill jafnframt geta þess að starfsfólk skrifstofunnar og þingverðir munu eftir því sem unnt er aðstoða þingmenn við að finna skjöl sem útbýtt hefur verið á fundi, dagskrárskjöl funda eða önnur þingskjöl. Eins er ástæða til að minna hv. alþingismenn á að á forsíðu vefs Alþingis er birtur listi yfir ný þingskjöl og þar er líka unnt að skoða þau skjöl í heild sinni.

[13:33]

Útbýting:

Aukatekjur ríkissjóðs, 243. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 254.

Bifreiða-, ferða- og risnukostnaður, 130. mál, svar fjmrh., þskj. 249.

Búvöruframleiðslan og stuðningur við byggð í sveitum, 240. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 251.

Græðarar, 246. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 257.

Göng undir Bakkaselsbrekku og Öxnadalsheiði, 223. mál, svar samgrh., þskj. 258.

Heimilisofbeldi, 209. mál, svar dómsmrh., þskj. 261.

Kynjahlutföll í stjórnum hlutafélaga, 89. mál, svar fjmrh., þskj. 247.

Kynjahlutföll í stjórnum lífeyrissjóðanna, 86. mál, svar fjmrh., þskj. 260.

Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, 245. mál, þáltill. ÞBack, þskj. 256.

Ríkisendurskoðun, 242. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 253.

Sala áfengis og tóbaks, 241. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 252.

Stjórn fiskveiða, 239. mál, frv. JÁ o.fl., þskj. 250.

Stjórnmálaþátttaka, áhrif og völd kvenna, 244. mál, þál-

till. JBjart o.fl., þskj. 255.

Stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ, 238. mál, þáltill. JBjarn og KolH, þskj. 248.

Varnir gegn umferðarslysum, 111. mál, svar samgrh., þskj. 259.

Veiði í vötnum á afréttum, 126. mál, svar landbrh., þskj. 246.

Þrífösun rafmagns, 104. mál, svar iðnrh., þskj. 244.

Breyting á starfsáætlun Alþingis.

[13:35]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að á fundi forsætisnefndar í morgun voru samþykktar eftirfarandi breytingar á starfsáætlun Alþingis 2004–2005, vetrarþingi:

Umræðum um starfsskýrslur Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis, sem ræða átti fimmtudaginn 5. nóv. nk., verður frestað þar til síðar.

Nefndarfundir fimmtudaginn 18. nóv. falla niður. Þess í stað verður þingfundur þann sama dag á venjulegum tíma. Þá mun fara fram 2. umr. um fjáraukalög 2004 en ekki þriðjudaginn 16. nóv. eins og starfsáætlun segir.

Tilkynning um stjórnir þingflokka.

[13:35]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill tilkynna um stjórnir þingflokka á þessu þingi eins og venja er til, þótt seint sé. Þær verða skipaðar með sama hætti og á síðasta þingi.

Varamenn taka þingsæti.

[13:36]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hafa þrjú bréf um forföll þingmanna, hið fyrsta frá 2. þm. Norðaust., Halldóri Blöndal, dags. 29. okt., og hljóðar svo:

„Sem ég er á förum til útlanda í erindum Alþingis get ég ekki sótt þingfundi á næstunni. Óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi, Sigríður Ingvarsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Annað bréf er frá hv. 10. þm. Suðvest., Gunnari Örlygssyni, dags. 1. nóv., og hljóðar svo:

„Þar sem ég get ekki, af einkaástæðum, sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að varamaður minn, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Sigríður Ingvarsdóttir og Sigurlín Margrét Sigurðardóttir hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðnar velkomnar til starfa á nýjan leik.

Þriðja bréfið er frá 5. þm. Norðaust., Steingrími J. Sigfússyni, dags. 29. okt., og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðausturkjördæmi, Bjarkey Gunnarsdóttir leiðbeinandi, Ólafsfirði, taki sæti mitt á Alþingi á meðan þar sem 1. varamaður á listanum, Hlynur Hallsson, er forfallaður."

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 1. varaþingmanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, í Norðaust., Hlyni Hallssyni, dags. 28. okt. 2004:

„Ég get því miður ekki að þessu sinni vegna sérstakra anna tekið sæti Steingríms J. Sigfússonar á Alþingi."

Kjörbréf Bjarkeyjar Gunnarsdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki tekið sæti á Alþingi áður og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Bjarkey Gunnarsdóttir, 5. þm. Norðaust., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:38]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Bjarkey Gunnarsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Rannsókn kjörbréfs.

[13:38]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að þegar hefur verið óskað eftir því að ræða um störf þingsins. Ég mun, ef enginn hreyfir andmælum, víkja örlítið frá þingsköpum í því sambandi og taka fyrir 1. lið dagskrár, Rannsókn kjörbréfs, áður en sú umræða hefst.

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 6. þm. Norðaust., Arnbjörgu Sveinsdóttur, dags. 29. okt. 2004:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi, Hilmar Gunnlaugsson, lögmaður á Egilsstöðum, taki sæti mitt á Alþingi á meðan en 1. varamaður á listanum tekur nú jafnframt sæti á Alþingi sem varamaður fyrir Halldór Blöndal."

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Hilmari Gunnlaugssyni sem er nú 2. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðaust. eftir afsögn Tómasar Inga Olrichs. Jafnframt hefur kjörbréfanefnd haldið fund áður en þingfundur hófst til að fjalla um kjörbréfið.

[13:39]

Frsm. kjörbn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd kom saman og fór yfir kjörbréf Hilmars Gunnlaugssonar, 3. varaþingmanns Sjálfstæðisflokksins í Norðaust., sem landskjörstjórn gaf út 1. nóv. sl. Kjörbréfanefnd leggur einróma til að kjörbréf

Hilmars Gunnlaugssonar verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Hilmars Gunnlaugssonar samþ. með 41 shlj. atkv.

[13:40]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hilmar Gunnlaugsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Hilmar Gunnlaugsson, 6. þm. Norðaust., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:41]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Hilmar Gunnlaugsson hefur undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umsvif varnarliðsins.

[13:41]

Böðvar Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að bjóða hæstv. utanríkisráðherra velkominn til starfa og lýsa sérstakri ánægju minni með að sjá hann hér á ný.

Eins og öllum er kunnugt hafa orðið miklar breytingar á störfum og veru varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli á síðustu mánuðum. Í síðustu viku bárust fréttir af því, m.a. úr blöðum varnarliðsins sjálfs, að verið væri að flytja mikið af hergögnum úr landi og að fyrirhugaður væri mikill niðurskurður á veru varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Þar sem hæstv. utanríkisráðherra er kominn til starfa langar mig að óska eftir því að hann svari hvort eitthvað sé að frétta af þessu máli, hvort honum sé það kunnugt, hvort þær fréttir sem bárust í síðustu viku um flutning hergagna séu réttar og hvort eitthvað sé að frétta af viðræðum íslenskra stjórnvalda og Bandaríkjamanna um veru varnarliðsins.

[13:42]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni góð orð í minn garð. Ég mun á morgun svara fyrirspurn sem liggur fyrir um einstaka þætti sem snúa að þessum málum og mun því ekki víkja að þeim hér þingvenju samkvæmt.

Eins og hv. þm. Böðvar Jónsson veit átti ég á sínum tíma, meðan ég gegndi starfi forsætisráðherra, fundi með Bandaríkjaforseta um þessi efni og þar var ákvarðað að málin skyldu ganga til utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Colins Powells, og ég mun hitta hann að máli 16. þessa mánaðar, árdegis. Vona ég að á þeim fundi megi takast að færa þetta mál í fastari farveg þannig að úr óvissu gagnvart varnarstöðunni dragi og að vissa ríki í þeim efnum sem allra fyrst.

[13:43]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. málshefjandi sagði, það er gaman að sjá hæstv. utanríkisráðherra svona hressan á meðal okkar og ég hlakka til þess að eiga við hann ýmsar orrustur í nánustu framtíð.

Ég vil líka þakka hv. málshefjanda fyrir að hafa tekið þetta mál hér upp. Það er með ólíkindum að hlusta á fregnir og lesa tíðindi af varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Aftur og aftur er það staðhæft í fjölmiðlum að verið sé að flytja í burtu varnaratgervi, vopn og jafnvel mannafla og að fyrirhugaður sé verulegur niðurskurður á mannafla og liðssafnaði á Keflavíkurflugvelli.

Það verður að hreinsa loftið með einhverjum hætti og mér fannst hæstv. utanríkisráðherra ekki gera það áðan. Hann gerir það e.t.v. í svari sínu á morgun en það liggur fyrir að óvissan er mikil, og hún fer vaxandi. Það eru stöðugar fregnir af því að verið sé að flytja vopn í burtu, og herflugvélar. Það gengur ekki að Bandaríkjamenn taki einhliða ákvarðanir. Við höfum gert ákveðið tvíhliða samkomulag við Bandaríkin. Þessari ríkisstjórn hefur ekki auðnast að ná fram þeirri bókun sem skýrir þann samning út í ystu æsar en það er auðvitað partur af fullveldi hverrar þjóðar að hafa nægjanlegar loftvarnir. Menn hljóta að setja spurningarmerki við það hvort svo sé í dag.

Þær fregnir t.d. sem hafa verið staðfestar, að herþotur fljúgi án vopna, minna óneitanlega á það þegar þessi ríkisstjórn ætlaði sér að efla öryggi á vegum með því að setja þar upp sérstakar pappalöggur. Því miður duga Íslendingum ekki neinar pappavarnir eða pappaþotur. Við þurfum að fá skýr svör í þessu, og einhliða ákvarðanir af hálfu Bandaríkjamanna ganga ekki. Þessi ríkisstjórn verður að taka fastar á í þessu efni. Það verður að skýra málið.

[13:46]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir góðar óskir til hæstv. utanríkisráðherra með að vera kominn aftur til starfa.

Enn og aftur heyrum við af niðurskurði hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli án þess að það virðist vera á nokkurn hátt í takti við samninga milli íslenska ríkisins og bandarísku ríkisstjórnarinnar. Þetta virðist vera eitthvað sem er bara að gerast, eins og menn segja, og enginn getur gert við vegna þess að Bandaríkjastjórn sé að skera niður fjármuni og því hafi þetta í raun ekkert með samninginn um varnarsamstarfið milli Íslands og Bandaríkjanna að gera.

Við sem búum á Suðurnesjum horfum oft á tíðum á þetta í forundran og setjum þetta að sjálfsögðu í atvinnulegt samhengi. Sveitarstjórnarmenn hafa lengi leitað skýringa og svara hjá hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra um hvað þarna sé að gerast. Ítrekað höfum við óskað eftir því að fá fund með þessum tveimur hæstv. ráðherrum en engin formleg viðbrögð hafa fengist. Í raun leyfi ég mér að kalla þetta lítilsvirðingu við þá sveitarstjórnarmenn sem hafa tekið að sér að vinna á vettvangi sveitarstjórna á Suðurnesjum að ekki skuli takast að ná fundi þessara tveggja hæstv. ráðherra til að ræða þau alvarlegu mál sem þarna eru í gangi.

Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. utanríkisráðherra vegna þeirra upplýsinga sem fram komu hér að hann eigi fund með Colin Powell 16. nóvember hvort hann sé til-

búinn til þess í framhaldi af þeim fundi að beita sér fyrir einhvers konar samráði og samvinnu við sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum til að mæta þeim vanda sem þegar er orðinn og til að mæta því sem hugsanlega getur komið upp í viðræðum þeirra tveggja, því við verðum með einhverjum hætti að viðurkenna vandann í atvinnulegu tilliti sem niðurskurðurinn í varnarstöðinni þýðir fyrir Suðurnes og ráðast í einhverjar mótvægisaðgerðir á svæðinu.

[13:48]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð annarra þingmanna sem hafa fagnað komu hæstv. utanríkisráðherra til þings á nýjan leik. Ég fagna því einnig sem fram kom í svari hans að hann muni innan tíðar hitta Colin Powell að máli vegna þessa alvarlega máls sem upp er komið.

Mér datt reyndar í hug þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson steig í pontu áðan að öðruvísi mér áður brá því ég veit ekki betur en hann sé gamall herstöðvarandstæðingur (Gripið fram í.) en hefur lýst því yfir hversu alvarlegt málið er. Ef ég kann hrafl úr stefnu hans ágæta flokks þá veit ég ekki betur en þeir hafi ályktað að allar loftvarnir skuli fara héðan í brott þannig að viðhorf hv. þm. er greinilega að breytast. En ég fagna því að fundurinn verði haldinn 16. nóvember næstkomandi.

[13:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég, sem og aðrir sem hafa tekið til máls, fagna því að hæstv. utanríkisráðherra er mættur til leiks og mun taka að fullu þátt í þingstörfum.

Varðandi það mál sem hér er til umræðu um fækkun í herafla og brottkvaðningu herbúnaðar frá Keflavíkurflugvelli sem hefur verið í fréttum undanfarið vil ég í fyrsta lagi árétta þá skoðun mína og flokks míns, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að við teljum að Ísland eigi fyrst og fremst að vera boðberi friðar og það sé ekki hlutverk okkar að vera með erlendan her. Þess vegna sé það í sjálfu sér fagnaðarefni hvað það varðar að herinn fari.

Hitt er líka alvarlegt ef íslenskir ráðamenn berja stöðugt höfðinu við steininn og sjá ekki hvað er að gerast af hálfu Bandaríkjamanna með brottflutning hersins héðan. Ljóst er að grípa þarf til sérstakra aðgerða á Suðurnesjum hvað varðar atvinnumál því að sjálfsögðu hefur vera hersins skaffað atvinnu þar. Það að hann skuli vera að fara héðan í áföngum með tæki sín og tól og fjöldi manns missir atvinnu sína í kjölfarið á einmitt að kalla á ábyrgð af hálfu stjórnvalda um að viðurkenna það, sætta sig við það, fallast á það og fagna því, en jafnframt að byggja upp og koma til móts við íbúana með þátttöku í uppbyggingu á öðrum atvinnuvegi sem er Íslandi miklu frekar sæmandi.

[13:51]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar held ég að öllum hér inni sé sæmst að telja gamla herstöðvarandstæðinga í sínum röðum áður en þeir byrja að telja þá í öðrum flokkum, líklega öllum nema þingmönnum Sjálfstæðisflokksins.

Í annan stað taldi hann Samfylkinguna hafa ályktað um þessi mál nýverið. Það er rangt hjá þingmanninum. Við erum hins vegar í mjög mikilli málefnavinnu sem verður lögð fyrir landsfund á næsta ári. Sú vinna er öll uppi á borði. Það eru óvenjuleg vinnubrögð sem mörgum reynist reyndar erfitt að skilja og þar hefur ýmislegt verið rætt, en það er opin umræða og hugmyndirnar eru öllum opnar.

Að síðustu finnst mér mesta fréttin í umræðunni á milli sjálfstæðismannanna Böðvars Jónssonar og Davíðs Oddssonar að þeir hafi einhverjar upplýsingar um úrslit forsetakosninganna í Bandaríkjunum sem við hin höfum ekki, að Colin Powell verði áfram í embætti 16. nóvember. Ég veit reyndar að embættistakan er í janúar en þetta er samt svolítið skondið í ljósi þess að í dag fara fram forsetakosningar í Bandaríkjunum.

[13:53]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta síðasta var nú dálítið sérstakt því að hvernig sem kosningar fara situr ríkisstjórn Bandaríkjanna til 20. janúar á næsta ári. (**ÞSveinb:** Ég sagði það líka.) Jú, hv. þm. reyndi að redda sér út úr þessu en þetta var nú ekki mjög gott.

En látum það vera. Ég sé á umræðunni að það var vel til fundið hjá hv. þm. Böðvari Jónssyni að taka þetta mál upp, það var ekki vanþörf á því.

Ég vil líka fagna því hvað hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, talaði einarðlega um málið vegna þess að auðvitað kom það manni á óvart að varaformaður sama flokks og formaður framtíðarnefndar var með allt aðra línu í málinu. Það verður að segjast alveg eins og er að sú lína og þær yfirlýsingar sem komu frá varaformanni í fjölmiðlum voru svo sannarlega ekki hjálplegar í þeirri viðkvæmu stöðu sem við erum í núna þannig að ég fagna því með hve afdráttarlausum hætti formaður Samfylkingarinnar talaði í þessum efnum.

Varðandi vopn á Keflavíkurflugvelli vil ég taka fram að þær herþotur sem þar eru og við þurfum virkilega á að halda að séu þar til staðar eru öllum þeim vopnum búnar, eða vopnin eru til staðar, sem þær þotur þurfa á að halda. Jafnframt vil ég taka fram að þó að Orion kafbátaleitarflugvélarnar hafi verið færðar til suður á bóginn og Bandaríkjamenn hafi flutt burt ákveðinn vopnabúnað sem þeim tilheyrir þá er vopnabúnaður þar til staðar á vegum NATO sem þær sprengjuleitarflugvélar geta notað ef til kasta kemur. Þetta vil ég taka fram en að öðru leyti mun ég svara spurningum sem lúta að þessum efnum í samræmi við fyrirspurn sem mér er kunnugt um að hv. þm. Mörður Árnason hefur lagt fram í þinginu.

[13:54]

Böðvar Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eftirláta öðrum þingmönnum að flokka menn í fyrrverandi eða núverandi herstöðvarandstæðinga. Ég fagna því í hvert skipti sem menn hætta að vera herstöðvarandstæðingar og koma hinum megin við.

Það er ánægjulegt að heyra hjá hæstv. utanríkisráðherra að fundur sé fyrirhugaður 16. nóvember og það verður fróðlegt að heyra hvað kemur út úr honum. Mér finnst

ástæða til þess að flytja honum bestu óskir um gott gengi fyrir hönd lands og þjóðar í þeim viðræðum.

Fjármálafyrirtæki og vátryggingastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 211. mál (EES-reglur). — Þskj. 213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Greiðslur yfir landamæri í evrum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 212. mál (EES-reglur). — Þskj. 214.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umgengni um nytjastofna sjávar o.fl., frh. 1. umr.

Frv. ÖHJ o.fl., 215. mál (refsiákvæði, breyting ýmissa laga). — Þskj. 217.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Veggjald í Hvalfjarðargöng, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðjG, 75. mál. — Þskj. 75.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Breytingar á stjórnarskrá, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 9. mál (endurskoðun). — Þskj. 9.

[13:57]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu sem þingmenn Samfylkingarinnar flytja um endurskoðun stjórnarskrár. Eins og fram kom á liðnu sumri og síðasta vori voru miklar umræður um að nauðsynlegt væri að breyta stjórnarskránni. Þær umræður hófust síðan á flug þegar hæstv. þáverandi forsætisráðherra flutti merkilega ræðu í tilefni af 100 ára afmæli heimastjórnar á málþingi í háskólanum. Ráðherrann sagði þá að það væri ætlan núverandi ríkisstjórnar, sem illu heilli situr enn þá, að ráðast í endurskoðun á stjórnarskránni. Hæstv. ráðherra gat þess jafnframt að það væri áform og vilji ríkisstjórnarinnar að sú endurskoðun lyti fyrst og fremst að I. og II. kafla stjórnarskrárinnar og tæki þar með einkum á skipan forseta embættisins og áhrifum og völdum forsetans. Þessu var lýst yfir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Í kjölfar þeirra hörðu deilna sem urðu hér um fjölmiðla í vor og sumar voru þessi áform ítrekuð af hæstv. ríkisstjórn. Þá var jafnframt aftur og aftur vísað til ummæla sem m.a. ég og forustumenn annarra stjórnarandstöðuflokka áttum að hafa látið frá okkur fara um vilja okkar til þess að taka þátt í því að endurskoða stjórnarskrána, fyrst og fremst með það fyrir augum að fara í þessa kafla. Ég hef að vísu nokkrum sinnum leiðrétt þetta, bæði fyrir mína hönd og annarra pólitíska vandamanna, en ég vil í upphafi máls míns undirstrika að það hefur aldrei af hálfu Samfylkingarinnar verið tekið undir það að ráðast eigi í endurskoðun stjórnarskrárinnar fyrst og fremst til þess að huga að stöðu forsetans. Við höfum ítrekað sagt það og leggjum á það áherslu enn í dag að það séu mörg önnur atriði sem stjórnarskrá tengjast sem nauðsynlegt er að skoða.

Ég vil líka að gefnu tilefni, af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er fjarstaddur, rifja það upp að sá ágæti þingmaður, formaður VG, lagði sömu áherslu í blaðaviðtali þar sem þetta bar á góma. Það þingmál sem ég ræði hér og flyt fyrir hönd Samfylkingarinnar felur einmitt í sér þau stefnuatriði sem við í Samfylkingunni teljum að eigi að koma til álita þegar stjórnarskráin verður tekin til endurskoðunar.

Það skiptir líka ákaflega miklu máli að strax í upphafi sé lögð á það áhersla að endurskoðun stjórnarskrárinnar er mál sem varðar alla þjóðina, ekki bara okkur sem sitjum á hinu háa Alþingi, ekki ríkisstjórnina, heldur fyrst og fremst þjóðina, stjórnarskrárgjafann. Til hans hljótum við að leita um ráð og hugmyndir þegar kemur að því að endurskoða stjórnarskrána. Þess vegna er í tillögunni lögð rík áhersla á að sú nefnd sem hugsanlega verður skipuð til þess að endurskoða stjórnarskrána beiti sér fyrir málstefnum, málfundum og samræðu við þjóðina til að ná fram þessum hugmyndum. Þetta mál á ekki að loka inni í nefnd, þetta á að vera opin og lýðræðisleg umræða sem allir þegnar þjóðarinnar koma að. Við í Samfylkingunni ætlum okkur ekki þá dul að segja til um vilja þjóðarinnar í þessu efni. Við sem stjórnmálahreyfing höfum lagt fram ákveðin áhersluatriði sem við teljum að eigi að vera veganesti inn í umræðuna.

Í stuttu máli, herra forseti, ætla ég að gera grein fyrir þessum atriðum, í fyrsta lagi að rætt verði í stjórnarskrárnefnd með hvaða hætti megi tryggja sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum. Þetta hefur um langt skeið verið baráttumál jafnaðarmanna, raunar allt frá því að jafnaðarstefnan hófst til vegs snemma á síðustu öld. Í vaxandi mæli hefur verið lögð meiri áhersla á þetta tiltekna mál og sú áhersla hefur komið fram innan fleiri flokka en bara Samfylkingarinnar. Ég tel, herra forseti, að um þetta mál eigi að vera hægt að ná góðri samstöðu vegna þess að aðrar stjórnmálahreyfingar, t.d. Framsóknarflokkurinn, hafa reifað málið og

gert um það samþykktir á fundum sínum. Það er að skapast breiður vilji til þess að í stjórnarskrá verði kveðið fast á um það að sameiginlegar auðlindir sem hægt er að sýna fram á að ekki eru helgaðar af einkaeignarrétti eigi að vera þjóðareign. Auðlindanefndin, sem allir flokkar áttu sæti í sem þá sátu á Alþingi og skilaði af sér árið 2000, skilgreindi þetta mjög ítarlega og ég segi fyrir hönd Samfylkingarinnar að við teljum að þeirri skilgreiningu eigi að fylgja. Með vissum hætti snertir uppruni þeirrar skilgreiningar okkur sem sitjum hér á þinginu vegna þess að það var litið til þess að árið 1928 skilgreindi þetta þing þjóðareign þegar sett voru lög um sameign þjóðarinnar á Þingvöllum sem núna er orðin að formlegum þjóðgarði.

Í öðru lagi teljum við einboðið að í stjórnarskrá verði sett ákvæði um það að tiltekinn hluti landsmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál. Þetta er eitt af því sem skiptir hvað mestu máli varðandi breytingar á stjórnarskránni og ég vil að gefnu tilefni, herra forseti, taka það alveg skýrt fram að ekki er hægt að leggja rétt forseta lýðveldisins til þess að synja lagafrumvarpi staðfestingar og skjóta því til þjóðarinnar til þjóðaratkvæðagreiðslu að jöfnu við þjóðaratkvæðagreiðslu eins og hér er um rætt. Þetta tvennt er óskylt. Ég segi það að gefnu tilefni, það hefur komið fram af hálfu ýmissa talsmanna ríkisstjórnarinnar, m.a. í viðtölum við hæstv. forsætisráðherra, að hægt sé að gera einhvers konar skipti á málskotsrétti forseta lýðveldisins og farvegi sem stjórnarskrá tryggði fyrir tiltekinn minni hluta landsmanna að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Svo er ekki. Þarna er um að ræða tvö aðskilin og að mínu viti óskyld mál.

Við í Samfylkingunni erum almennt þeirrar skoðunar að í vaxandi mæli þurfi að skapa landsmönnum, bæði á vettvangi landsmála en líka innan sveitarfélaga, möguleika á því að hafa bein áhrif á ákvarðanir sem varða líf þeirra og umhverfi. Ég er reyndar þeirrar skoðunar þó að ekki sé rétt að slá það í gadda í stjórnarskrá að með stækkun sveitarfélaga sem við í Samfylkingunni höfum barist fyrir skapist möguleikar til þess að flytja í vaxandi mæli viðameiri og flóknari verkefni yfir til sveitarfélaganna, framhaldsskólann, heilsugæslu, alla umönnun aldraðra o.s.frv. Ég er þeirrar skoðunar, og við erum þeirrar skoðunar að þegar þau skipti og skil hafa orðið í samfélaginu að það er búið að ná slíkum áfanga eigi með lögum að skapa skilyrði til þess að íbúarnir geti haft bein áhrif á stærstu ákvarðanir í þessum stóru málaflokkum, einkum skipulags-, umhverfis-, heilsugæslu- og skólamálum að ógleymdri umhverfisvernd. Þetta vil ég nefna hérna vegna þess að mér er það mál ákaflega hugleikið.

Við í Samfylkingunni höfum líka með hryggð í huga fylgst með því hvernig þrígreining ríkisvaldsins hefur orðið óljósari og hvernig krumla framkvæmdarvaldsins hefur í vaxandi mæli lagt sig og lukið yfir löggjafann og því miður líka seilst inn á svið dómsvaldsins — ég er þá auðvitað að vísa til skipunar hæstaréttardómara síðustu missirin. Við teljum að það verði að veita framkvæmdarvaldinu meira aðhald. Stjórnarskráin talar á tveimur stöðum um slíkt aðhald, hægt er að kjósa sérstakar nefndir samkvæmt 39. gr., og sömuleiðis minnir mig að í 26. eða 28. gr. geti þingnefndir tekið sér vald til þess að rannsaka mál og brjóta til mergjar. Það hafa nefndir stundum reynt að gera og við í stjórnarandstöðunni höfum reynt að ná því fram að þingnefndir rannsaki tiltekin mál sem upp hafa komið. Það hefur ekki skilað miklum árangri og það hefur aldrei tekist, a.m.k. ekki í sögu lýðveldisins, að nýta ákvæði stjórnarskrárinnar til þess að setja upp sérstaka rannsóknarnefnd vegna þess að það þarf meiri hluta til þess. Ef lýðræðið á að virka og ef Alþingi á að geta haft eftirlit með framkvæmdarvaldinu verður að setja skýrt ákvæði í stjórnarskrána um þetta mál og við sem flytjum þessa tillögu teljum að eitt af því sem eigi að skoða við endurskoðun stjórnarskrárinnar sé að tiltekinn minni hluti þingheims geti krafist þess að slík nefnd verði sett á laggir. Ég held að þetta muni skipta ákaflega miklu máli í framtíðinni til þess að löggjafinn, Alþingi, geti staðið undir þeirri eftirlits- og rannsóknarskyldu sem fjallað er um í stjórnarskránni.

Í þessari tillögu er sömuleiðis lagt til að mannréttindakaflinn sem við náðum svo ágætri samstöðu um að breyta 1994 verði endurskoðaður með það fyrir augum að ákvæði alþjóðlegra mannréttindasáttmála sem við staðfestum taki gildi jafnskjótt og ríkisstjórn Íslands staðfestir þá með undirskrift viðeigandi ráðherra. Við teljum þetta þarft og brýnt og að þetta sé hluti af því að bæta réttarvernd íslenskra þegna.

Sömuleiðis vekjum við eftirtekt á nauðsyn þess, herra forseti, að hægt sé að breyta stjórnarskrá með svipuðum hætti og frændþjóðir okkar á Norðurlöndunum hafa gert þannig að hægt sé að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana og til samtaka sem vinna að friði og frelsi í viðskiptum millum þjóða. Í dag er ákvæði í stjórnarskrá sem heimilar ríkisstjórn og forseta að gera þetta. Það er hins vegar álitamál hvort ýmiss konar samningar þar sem við erum í reynd að afsala okkur með varanlegum hætti hluta af fullveldi okkar standist þetta ákvæði. Í vaxandi mæli hefur risið álitamál um að það standist stjórnarskrána að framselja vald gegnum alþjóðasamninga, hugsanlega í gegnum EES-samninginn.

Ég rifja það upp að þegar þingheimur samþykkti aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu komust menn að þeirri niðurstöðu eftir yfirferð vísra manna að þar værum við á gráu svæði. Samt sem áður var talið að þanþol stjórnarskrárinnar væri það mikið að það brysti ekki vegna þessa. Síðan hafa orðið viðamiklar breytingar á innra gangvirki Evrópusambandsins sem hafa leitt til þess að möguleikar okkar til að hafa áhrif á gerðir og tilskipanir þess hafa snöggtum minnkað. Þetta er kannski ekki farið að koma fram í daglegum samskiptum Íslands við Evrópusambandið, í gegnum samninginn um EES, en hitt liggur alveg ljóst fyrir að þau áhrif sem við töldum ásættanleg þá minnka smám saman og er jafnvel hægt að segja frá mánuði til mánaðar. Þetta gerir það að verkum að við þurfum líka að skoða breytingu af þessu tagi.

Í tillögunni er enn fremur lagt til að kannað verði hvort ekki sé tímabært í ljósi þjóðfélagsbreytinga að huga að breytingum á ákvæðum stjórnarskrár um samband ríkis og kirkju. Ég segi það ærlega, herra forseti, að þetta er umdeilt atriði. Það er umdeilt meðal þjóðarinnar hvort þarna eigi að skilja betur á milli. Það er umdeilt í flokkunum, t.d. í Samfylkingunni. Í okkar röðum er fólk sem er alfarið þeirrar

skoðunar að svo eigi að gera. Aðrir eru á móti því. Ég er þeirrar skoðunar með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrárinnar um trúfrelsi að ekki sé hægt að segja að hér ríki formlegt og fullkomið trúfrelsi nema þarna sé skilið á milli. Það er mín skoðun. En ég tek það fram að sumir í mínum flokki eru annarrar skoðunar.

Tillögugreinin sem hérna liggur fyrir er ákaflega væg. Þar er einfaldlega verið að leggja til að hugað verði að því hvort tímabært sé að skoða þessar breytingar.

Herra forseti. Ég hef í allra stystu máli farið yfir þær almennu tillögur sem við í Samfylkingunni viljum leggja inn í umræðuna. Það eru tvær aðrar sem þyrfti að reifa betur, um afnám heimildar til bráðabirgðalaga og eins frekar um endurskoðun mannréttindakaflans, en það mun hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir gera síðar í umræðunni og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar munu skýra betur og með meiri dýpt einstakar tillögugreinar sem hér eru.

Ég legg til, herra forseti, að tillögunni verði síðan vísað til sérstakrar nefndar um meðferð stjórnarskrár.

[14:13]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór yfir efni þessarar tillögu að nokkru leyti. Ég ætla hins vegar að gera að aðalumtalsefni þau atriði tillögunnar sem eru ný, má segja, og komu ekki fram í fyrri tillögu sem Samfylkingin lagði fram á síðasta þingi og var að mörgu leyti svipaðs efnis. Í báðum tillögunum er þó um að ræða að gerð sé heildarendurskoðun á stjórnarskránni og áhersluatriði okkar talin upp í tillögunni.

Ég held að í þeirri tillögu sem við sjáum hér og þingflokkur Samfylkingarinnar leggur fram komi fram öll þau helstu atriði sem mikilvægt er að skoða í tengslum við endurskoðun á stjórnarskránni. Ég vil líka segja í upphafi að ég er ekki þeirrar skoðunar að brýnasta verkefnið þar sé að endurskoða forsetaembættið og hvort ástæða sé til að leggja það niður. Orðræðan frá því í sumar í tengslum við fjölmiðlamálið og allur ferill þess máls hefur þvert á móti styrkt mig í þeirri skoðun minni að ástæða sé til að halda forsetaembættinu úti.

Ég ætla að koma aðeins inn á c-, b- og g-liði tillögunnar. Í fyrsta lagi ætla ég aðeins að fjalla um að við leggjum hér til að eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu sé styrkt, m.a. með því að stjórnarskrá tryggi að sérstakar eftirlitsnefndir séu settar á fót sé þess krafist af þriðjungi þingmanna. Við þekkjum það að skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar eins og hún er í dag er gert ráð fyrir því að meiri hluti þingmanna geti krafist þess að settar verði á fót slíkar nefndir. Þetta ákvæði hefur alls ekki orðið grundvöllur þess virka þingeftirlits sem því er ætlað að vera samkvæmt stjórnarskránni og eins og reyndin hefur verið í nágrannaríkjum okkar þar sem eftirlitsnefndir á borð við þær sem 39. gr. stjórnarskrárinnar heimilar hafa verið mjög mikilvægur lýðræðisgrundvöllur. Slíkar nefndir hafa oft orðið rótin að því að kafað er djúpt ofan í einstök mál sem upp koma og jafnvel eftir langa vinnu slíkra nefnda kemur til þess að ráðherraábyrgð verður virk og jafnvel ábyrgð annarra embættismanna í kerfinu.

Það hefur dregið mikinn dilk á eftir sér að mínu mati að hafa nefndirnar ekki virkar hér á landi og m.a. gert það að verkum að þingeftirlit er mjög lítið virkt hér miðað við það sem gerist í nágrannalöndunum. Við höfum jú ýmis úrræði í stjórnarskrá og í lögum. Alþingi getur sinnt eftirlitshlutverki sínu t.d. með skýrslubeiðnum, með fyrirspurnum til ráðherra, með því að krefja ráðherra svara í utandagskrárumræðum o.s.frv. og við höfum auk þess styrkt þetta eftirlit m.a. með stofnun embætta umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar.

Eigi að síður er það þannig að á meðan þingið er eini aðilinn sem getur farið af einhverri dýpt ofan í mál sem upp koma í tengslum við hugsanleg embættisafglöp eða vanrækslu t.d. ráðherra og meðan þingið gerir það ekki að kafa ofan í málið í formi þess að setja upp slíka eftirlitsnefnd fer málið aldrei neitt lengra. Það er því engin tilviljun að mínu mati að ráðherraábyrgð hefur verið afskaplega lítið virk hér á landi miðað við Norðurlöndin t.d. og nágrannalöndin. Ráðherrar segja mjög sjaldan af sér á Íslandi og lögin um ráðherraábyrgð og landsdóm eru nánast dauður bókstafur í dag. Það er eitt af því sem er mjög mikilvægt að skoða líka í tengslum við endurskoðun á stjórnarskránni.

Í ljósi þess að það hefur ekki dugað til að meiri hluti þingsins geti sett á fót rannsóknarnefndir, meiri hlutinn sem hér situr hverju sinni hefur ekki haft vilja til þess að kafa ofan í slík mál, þá leggjum við til að það sé nóg að þriðjungur þingmanna krefjist slíkrar nefndar. Það sé þá meiri möguleiki til þess að Alþingi sem löggjafarstofnun geti sinnt eftirlitshlutverki sínu með framkvæmdarvaldinu sem er mjög mikilvægur grundvöllur lýðræðisins.

Ég tel einnig að það væri rétt — það er reyndar ekki lagt til beint í þessari tillögu en ég tel að það væri eitt af því sem skoða þyrfti í tengslum við slíka endurskoðun — að breyta 39. gr. þannig að það væri ekki skilyrði að þingmenn ættu þar sæti. Þannig er það samkvæmt greininni eins og hún er í dag en t.d. í danskri lagaframkvæmd er hægt að skipa menn utan þings í slíkar nefndir, sérfræðinga, rannsóknardómara o.s.frv. Það teldi ég að væri mjög æskileg breyting og hef í hyggju að leggja fram frumvarp í þá veru.

Ég tel líka nauðsynlegt, herra forseti, að í þessu samhengi yrðu sett sérstök lög sem væru málsmeðferðarreglur um það hvernig meðferð mála skuli vera fyrir nefndum eins og 39. gr.

Við sáum það hér í stóra málinu í sumar þegar 26. gr. var til umfjöllunar, um málskot forsetans, að það vissi enginn hvernig ætti að framkvæma slíka þjóðaratkvæðagreiðslu. Það vantar í raun og veru allt kjöt á beinin með þessum greinum og það er sama með 39. gr. Danir settu sér slíkar reglur fyrir ekki svo löngu síðan, mig minnir að það hafi verið upp úr 1990. Það er heill lagabálkur sem kveður á um það hver staða manna sem koma fyrir slíka nefnd er, þeim er skylt að bera vitni, svipað og gildir þegar menn eru kallaðir fyrir dómstól. Það eru ekki sams konar reglur en má segja svipaðar reglur, þannig að það sé alveg skýrt málsmeðferðarkerfi sem tæki gildi þegar slík nefnd færi af stað. Ég tel að það vanti í okkar lög.

Ég vil líka nefna athyglisverða tillögu sem birtist hér varðandi mannréttindi í stjórnarskrá. Mannréttindakafli stjórnarskrárinnar er kannski með því nýlegra sem er í stjórnarskránni, hann var endurskoðaður 1995 en byggist að

mörgu leyti á úreltu fyrirkomulagi sem er upptalning réttinda, annars vegar í stjórnarskrá og hins vegar byggir hann líka á tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar, sem þýðir að mannréttindareglur eða -samningar taka ekki gildi gagnvart íslenskum borgurum fyrr en þau eru leidd í íslensk lög. Þetta teljum við ástæðu til að endurskoða og byggjum þar á hugmynd sem Guðmundur Alfreðsson setti fram í afar athyglisverðri grein í afmælisriti Gunnars G. Schram og heitir „Tillaga um mannréttindi í stjórnarskrá", þar sem hann leggur til að í stað upptalningar réttinda- og frelsisákvæða verði upphafskafli stjórnarskrárinnar stuttur og laggóður og innihaldi aðeins tvær greinar sem feli það m.a. í sér að mannréttindareglur njóti stjórnarskrárverndar þegar þær eru þjóðréttarlega skuldbindandi fyrir íslenska ríkið samkvæmt staðfestum milliríkjasamningi. Þannig verði það skýrara hvaða reglur gildi þegar um mannréttindi er að ræða, en tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar býður upp á að það er svolítið miklum vafa undirorpið oft á tíðum hvað gildir þegar kemur að mannréttindum sem eru byggð á alþjóðlegum samningum.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tíma á þessum átta stuttu mínútum sem við höfum til að fjalla um þingsályktanir til að fara dýpra ofan í málið en kann að vera að ég kveðji mér hljóðs öðru sinni ef ég tel ástæðu til.

[14:21]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér merkilega og vel unna tillögu sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði ágætlega grein fyrir áðan, þeim atriðum sem hann komst yfir, og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir fyllti upp í þær eyður.

Ég ætla að staldra við örfá atriði og nefna svo enn eitt sem ekki er hér að finna en ég er sérstakur áhugamaður um beint lýðræði og þjóðaratkvæðagreiðslur og rétt borgaranna til að fara fram á þjóðaratkvæðagreiðslur um þau mál sem tiltekinn hluti borgaranna kýs að kalla í þjóðaratkvæði í beint lýðræði, í beina ákvarðanatöku fólksins sjálfs, og hef í tví- eða þrígang flutt sérstaka tillögu til þingsályktunar um eflingu beins lýðræðis en það er einn af stólpunum í þeirri tillögu sem við ræðum í dag, um breytingar á stjórnarskrá. Þá verð ég að nefna sérstaklega kaflann Landið eitt kjördæmi sem fjallar um að gera landið allt að einu kjördæmi og jafna atkvæðisrétt allra Íslendinga til fulls, en slíka stjórnarskrárbreytingu tel ég vera eitt albrýnasta málið sem við stöndum frammi fyrir á vettvangi lýðræðis og mannréttinda því það eru að mínu mati hrein og klár mannréttindi að allir Íslendingar hafi jafnan atkvæðarétt, að atkvæði allra Íslendinga vegi jafnþungt. Þar fyrir utan yrði slíkt kosningakerfi, ef svo má segja, að landið sé eitt kjördæmi, ákaflega einfalt og auðskilið fyrirkomulag þar sem það væri mjög gagnsætt hvernig leikar fara og stjórnmálaflokkar fá þann þingmannafjölda sem atkvæði þeim greidd segja til um en ekki eftir einhverjum flóknum uppbótarreglum sem fáir bera fullt skynbragð á. Þetta mál hefur verið reifað áður með mjög skýrum hætti. Fyrstur gerði það Héðinn Valdimarsson, forustumaður Dagsbrúnar og þingmaður. Hann flutti frumvarp þess efnis að landið yrði gert að einu kjördæmi árið 1927 og er sú greinargerð glæsilegt vitni um framsýni Héðins og félaga hans og þeirri ríku mannréttindahugsun sem lá til grundvallar allri jafnaðarstefnu þeirra.

Síðar flutti hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson málið og byggir á sömu hefðinni og sama málinu og svo lítur það dagsins ljós í tillögunni sem við ræðum í dag. Það er vel við hæfi þar sem tæp 80 ár eru liðin frá því að Héðinn flutti fyrst tillögu sína um að gera landið að einu kjördæmi og hið gamla kjörorð Héðins „Einn maður — eitt atkvæði" á við sem aldrei fyrr og á enn fullt erindi við okkur. Vonandi nær þetta fram að ganga eins og margt annað sem hér er lagt til og mjög mikilvægt að mannréttindi okkar Íslendinga séu jöfnuð að þessu leyti.

Annað mál sem ég vil reifa, sem er ekki að finna í þessu plaggi enda ekki eitt af stefnumiðum Samfylkingarinnar eða neins annars stjórnmálaflokks á Íslandi svo að ég viti eins og sakir standa, er um beina kosningu framkvæmdarvaldsins. Vilmundur heitinn Gylfason flutti um þetta þingsályktunartillögu í upphafi níunda áratugarins sem byggði mjög á grein sem Gylfi Þ. Gíslason, faðir Vilmundar, skrifaði í Helgafell töluvert löngu áður, í lok sjöunda áratugarins. Það er mjög glæsileg grein sem er mönnum efniviður í þessar hugmyndir enn þá og höfum ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir að undanförnu verið að ræða og kanna kosti og galla þessara hugmynda um beina kosningu framkvæmdarvaldsins. Hvernig sem þeirri vinnu mun að lokum farnast og hvaða niðurstaða sem kemur út úr henni eru þetta spennandi og öflugar hugmyndir sem okkur ber að taka upp núna rúmum 20 árum eftir að Vilmundur Gylfason flutti um það mjög merkilegt og gott þingmál, um beina kosningu framkvæmdarvaldsins, þar sem slíkt fyrirkomulag getur verið mjög heppilegt. Þar er að finna algeran aðskilnað á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds en einn stærsti gallinn við það lýðræðisfyrirkomulag sem við búum við í dag, fyrir utan ójafnræði atkvæða, er hvernig framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið rennur saman og sem aldrei fyrr á seinustu árum og missirum og mjög mikilvægt að skoða hvaða leiðir við höfum til að girða fyrir að svo sé og styrkja löggjafarvaldið sem slíkt og skilja það eins mikið frá framkvæmdarvaldinu og hugsast getur.

Vissulega eru til aðrar leiðir eins og þær að ráðherrar gegni ekki þingmennsku. Það er áhrifaríkleið til að styrkja þættina hvern með sínum hætti og skilja á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Slík leið hugnast mörgum enda er hún ábyggilega ágæt og væri alla vega ágætisvarða á þeirri leið að skilja rækilega á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, en ég er mjög spenntur fyrir þeirri leið að kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu þó svo að það sé enn sem komið er bara viðhorf mitt. Ég hef ekki leitt það til lykta heldur er ég að velta málinu fyrir mér og skoða kosti þess og galla. Það mætti hugsa sér að þeir sem hefðu safnað tilskildum meðmælendafjölda væru kjörgengir í slíka framkvæmdarvaldskosningu þannig að það gæfi raunverulega mynd af fjölda atkvæðisbærra manna í landinu. Síðan yrði kosið á milli þeirra sem hafa skilað inn fullgildum framboðum en svo yrði önnur umferð þar sem kosið yrði á milli tveggja efstu frambjóðendanna, þeirra tveggja sem hafa hlotið flest atkvæði. Þannig færi fram síðari umferð forsætisráðherrakosningarinnar, eða hvað við mundum kalla embættið sem við kysum um, og síðan mundum við

skilgreina reglur eftir hvaða leiðum beinkjörinn forsætisráðherra veldi ríkisstjórn sína, hvort sem hann þyrfti að fá einstaka ráðherra samþykkta í þinginu eða hvernig valið á þeim færi fram. Þetta eru allt útfærsluatriði og allt þættir í þeirri skemmtilegu og spennandi hugmynd sem þeim sem hér stendur þykir bein kosning framkvæmdarvaldsins vera.

Eins og ég gat um áðan erum við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir að skoða þetta mál upp á nýtt og höfum að sjálfsögðu til hliðsjónar hina mjög svo vönduðu þingsályktunartillögu Vilmundar Gylfasonar og skrif Gylfa Þ. Gíslasonar um þessi mál. Þetta eru mjög efnismikil og vönduð skrif og gaman að bera þau saman við þá lýðræðisþróun sem hefur átt sér stað og lýðræðisástandið á Íslandi í dag, sem mjög auðvelt er að fullyrða að sé ákaflega bágborið og að löggjafinn hafi verið fótumtroðinn af framkvæmdarvaldinu á síðustu árum.

Ég held því að það sé ákaflega brýnt að skoða allar hugmyndir af fullri alvöru um beina kosningu framkvæmdarvaldsins og fullan aðskilnað á milli þessara þátta þannig að flæðið þarna á milli sé ekkert heldur að skýrt sé kosið annars vegar inn á löggjafann og hins vegar sé kosið beinni kosningu um framkvæmdarvaldið. Þetta mun að sjálfsögðu koma til frekari umræðu síðar en ég vildi reifa þetta í umræðunni um breytingar á stjórnarskránni.

[14:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég held að umræðan sem hér fer fram sé þörf því endurskoðun stjórnarskrárinnar er löngu orðin tímabær og allir stjórnmálaflokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi hafa verið sammála um það nokkuð lengi.

Margir hafa tjáð sig í ræðu og riti um nauðsyn þess en í þingmáli Samfylkingarinnar kemur fram afstaða okkar til helstu breytinga sem við teljum að þurfi að gera. Í greinargerðinni kemur líka fram hversu áríðandi við teljum að almenningur í landinu taki þátt í því gríðarlega mikilvæga starfi. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kvað fast að orði um þessa hluti áðan en ég vil aðeins fara nánar yfir þetta.

Í umræðum um stjórnarskrána og lýðræðismálin kemur alltaf fram að flestir sjá sömu vandamál við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Fólkinu í landinu, kjósendunum, finnst það ekki vera hlutverk þeirra sem fara með völdin að setja sjálfum sér reglur til að fara eftir. Og það skyldi engan undra í ljósi reynslu síðustu ára af því hvernig menn fara með völd sín.

Margir hafa sett fram hugmyndir um sérstakt stjórnlagaþing en ekki liggur í augum uppi hvernig eigi að velja fólk til að sitja á slíku þingi. Um það hefur engin góð tillaga komið fram. Það er skoðun mín að sjálfsprottið stjórnlagaþing þar sem kjósendur en ekki stjórnmálamenn ræði sjálfan grundvöll stjórnskipunarinnar, þ.e. stjórnarskrána, geti vel heppnast. Mér finnst rökin fyrir þessu vera að þá sé valdið komið frá fólkinu í landinu. Með almennum kosningum færir fólkið völdin til fulltrúa á Alþingi. Þessir fulltrúar geta á hverjum tíma eins og nú farið að nota valdaaðstöðu sína ótæpilega, jafnvel farið að setja reglur um óeðlileg völd sér til handa, taka pólitísk réttindi frá þjóðinni eða setja lög sem örugglega stríða gegn þjóðarvilja. Um þetta eru sannarlega dæmi.

Einstaklingar hafa talað til Alþingis í fjölmiðlum og bent á það sem betur má fara en reynslan sýnir að á þá er takmarkað hlustað af ráðamönnum. Sagt er að valdið spilli öllum sem lengi hafa með það farið og á slíkt við um Alþingi eins og aðrar valdastofnanir. Þar á ég ekki bara við stjórnarliða á Alþingi. Alþingi er og á að vera æðsta valdastofnun landsins. Það hlutverk hefur Alþingi sem heild, þ.e. bæði stjórn og stjórnarandstaða á hverjum tíma. Og því þarf stjórnarandstaða á hverjum tíma líka að líta í eigin barm. Verðum við óhlutdrægir fyrir hönd Alþingis gagnvart þjóðinni við það verkefni að endurskoða stjórnarskrána af því að við erum í stjórnarandstöðu? Ég segi nei. Við verðum það ekki. Auðvitað viljum við til valda. Ef stutt væri síðan við hefðum haft völdin væri líklegt að við stæðum nær stjórnvöldum en almenningi í afstöðu okkar til þess að takmarka völd Alþingis eða framkvæmdarvaldsins.

Traust almennings á alþingismönnum er ekki mikið og síst er hægt að treysta því að við getum sett okkur eigin leikreglur hjálparlaust. Augljóslega þurfa stjórnvöld jafnt sem stjórnarandstaða á leiðbeiningum að halda. Við endurskoðun stjórnarskrárinnar þarf að styðjast við ríkan þjóðarvilja. Slíkan þjóðarvilja er ekki hægt að mæla í kosningum til Alþingis þó að breytingar á stjórnarskrá séu líka í húfi í slíkum kosningum. Alþingi þarf þess vegna vel og grandgæfilega ræddar leiðbeiningar um breytingar á stjórnarskránni frá valdgjafanum, þ.e. fólkinu í landinu. Ef trúverðuglega væri unnið að málinu bæri Alþingi að taka slíkar leiðbeiningar mjög alvarlega. Og hvað er eðlilegra en að þjóðin, þegar henni finnst tími til kominn, setjist á rökstóla og tali til Alþingis, ríði fjölmenn til Þingvalla á nútímavísu? Ég held að það sé orðið tímabært. Þetta getur þjóðin gert undir forustu fólks sem stendur utan við stjórnmálaflokkana. Meðlimir stjórnmálaflokka geta vel tekið þátt í starfi af því tagi sem svona sjálfsprottið stjórnlagaþing vinnur en forustan má auðvitað ekki verða bitbein flokkapólitíkur.

Í þessu landi er fjölmargt áhugafólk um betra lýðræði. Og hvað er áhugaverðara fyrir fólk sem hefur áhuga á þjóðfélaginu og leikreglum þess en að taka þátt í virkri umræðu um sjálfar grunnreglurnar? Eins máls hreyfingar eru þekkt fyrirbæri. Nú er réttur tími til stefnu fyrir starf sem gæti orðið afar mikilvægt við endurskoðun stjórnarskrárinnar sem vonandi lýkur fyrir næstu kosningar til Alþingis. Spurningin er einungis hverjir hafa eldinn til að vekja lýðræðismeðvitundina með þjóðinni og virkja hana með þeim krafti að Alþingi taki mark á boðskapnum. Ég hvet til þess að láta okkur stjórnmálamönnum ekki einum eftir að fjalla um þessi mikilvægustu lýðræðismál okkar tíma. Mér finnst þessir hlutir vera þannig að vandi okkar þingmanna sé gríðarlegur. Við höfum auðvitað farið yfir þau málefni sem okkur finnst að eigi að breyta en mér finnst við ekki í raun og veru hafa umboð til þess að ákveða fyrir hönd þjóðarinnar hvaða reglur hæfi best. Þess vegna þarf að finna leiðir til að virkja umræðu í þjóðfélaginu.

Ég hef ekki á annað að benda en það sem ég var að setja fram, þ.e. að þegar almenningi finnst tími til kominn að breyta reglunum þá fari fram virk og almenn umræða í þjóðfélaginu, með þátttöku þeirra sem þekkja vel til, og síðan verði til einhvers konar alþingi almennings í landinu. Alþingi hlýtur þá að taka tillit til hugmynda sem þar koma

fram. Ég læt mér ekki detta í hug að stjórnarskrá verði til einhvern sunnudaginn á Þingvöllum þar sem punktur verði settur aftan við það sem menn settu þar á blöð heldur að grundvallaratriði í endurskoðun stjórnarskrárinnar komi a.m.k. frá almenningi í landinu þannig að alþingismenn, sem eiga að bera ábyrgð á að úr þessum umræðum verði niðurstaða, hafi eitthvað til að byggja á. Mér finnst að þetta sé hægt en til þess að svo verði þurfa einhverjir í samfélaginu að finna hjá sér hvöt til að fara í slíka vinnu.

[14:38]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er á ferðinni hið merkasta mál sem nauðsynlegt er að fái þinglega meðferð og komi aftur inn í sali þingsins svo hægt sé að greiða atkvæði um það. Það er orðið til vansa fyrir þingið hvernig ár eftir ár koma fram tillögur um breytingar á stjórnarskránni sem allar sem ein sofna í sérkjörinni nefnd sem skipuð er til að fjalla um þessi mál. Mörg af þeim málum sem hér er rætt um að verði endurskoðuð hafa komið fram í þingbúningi ár eftir ár en aldrei hlotið afgreiðslu.

Þrátt fyrir að ég sé einn af flutningsmönnum þessarar tillögu til þingsályktunar um breytingar á stjórnarskránni þá hef ég verið talsmaður þess að stjórnlagaþing sem fjalli um breytingu á stjórnarskránni verði sett á fót og reyndar flutt um það þingmál á árunum 1994–1995, fyrir 10 árum. Það voru reyndar tvö frumvörp, frumvarp til stjórnarskipunarlaga um að efna ætti til stjórnlagaþings til að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og eins útfært frumvarp til laga um hvernig þetta stjórnlagaþing ætti að vera skipað og nefni ég það sérstaklega af því að síðasti ræðumaður, hv. 2. þm. Norðvest., sagði að lítið hefði komið fram um mótaðar eða fullskapaðar reglur um hvernig slíkt þing skyldi skipað. Það var nákvæmlega útlistað í frumvarpi til laga um stjórnlagaþing þar sem velja átti 41 fulltrúa til stjórnlagaþingsins sem áttu að koma úr öllum kjördæmum. Allir nema þingmennirnir sjálfir gátu komið til greina á slíkt stjórnlagaþing. Það átti sér þá skýringu að margar breytingar á stjórnarskránni eru þess eðlis að þingmenn ættu að mínu viti ekki að fjalla um þær sjálfir vegna þess að breytingarnar snerta iðulega þá sjálfa. Við þekkjum hvernig hefur farið um tillögur og frumvörp sem hafa komið fram um breytingu á kjördæmaskipan. Það tekur langan tíma að koma þeim í gegnum þingið og um þær eru skiptar skoðanir og yfirleitt horft á málin út frá sjónarhorni þingmanna sem eru að máta sjálfa sig í þær reglur sem eru uppi hverju sinni. Mér finnst því að sérstakt stjórnlagaþing eigi að fjalla um það mál og ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að það er langt frá því að samstaða sé um að fara þá leið að efna til stjórnlagaþings til þess að endurskoða stjórnarskrána á Alþingi.

Ég nefni t.d. mál sem stjórnlagaþing ætti að fjalla um en það eru lögin um ráðherraábyrgð, breytingar á þeim, og um landsdóm. Ég nefni einnig að ráðherrar afsali sér þingmennsku þannig að það eru ýmis mál í stjórnarskránni sem snerta þingmennina sjálfa sem stjórnlagaþing ætti að fjalla um.

Varðandi málið sem nú er til umræðu þá nefndi ég að hér er farið í tillögur um það að hverju þessi endurskoðun eigi að lúta og það eru níu mál, mjög brýn og stór mál hvert um sig sem eru tekin hér upp, sem þeir sem hafa talað á undan mér hafa farið yfir. Ég nefni sérstaklega að tiltekinn hluti landsmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta er mál sem ég ásamt fleiri þingmönnum í Samfylkingunni höfum flutt a.m.k. átta sinnum og það hefur alltaf fengið sömu meðferð á þinginu, virðulegi forseti. Það fer í þessa sérstöku nefnd sem á að fjalla um stjórnarskrárbreytingar og sofnar þar og fær aldrei umfjöllun. Það er oft og iðulega þannig að þingmenn sem eru kjörnir í þá nefnd eru ekki einu sinni kallaðir saman til að fjalla um þessi mál sem er til vansa fyrir þingið.

Sama gildir um mál sem ég hef flutt um rannsóknarnefndir þingsins, að þingið hafi starfhæfa rannsóknarnefnd sem geti tekið á málum sem upp koma og rannsakað þau. Um það hefur nokkrum sinnum verið flutt þingmál en ekki náð fram að ganga. Þá erum við að tala um að til sé sérstök rannsóknarnefnd sem hafi heimild til að rannsaka mál að eigin frumkvæði og að nefndin sé ekki háð því, eins og kveður á um í 39. gr. stjórnarskrárinnar, að meiri hluti þingsins geti fellt að slík rannsókn fari fram. Örlög þeirra 50 eða 60 tillagna sem hafa verið fluttar um stofnun sérstakrar rannsóknarnefndar á grundvelli 39. gr. stjórnarskrárinnar hafa orðið þau að engin þeirra hefur náð fram að ganga nema ein ef ég man rétt. En þá var um að ræða rannsóknarnefnd sem þingið þurfti ekki að staðfesta eða samþykkja að væri sett á laggirnar.

Virðulegi forseti. Ég tel mikilvægt að þessi mál komi til endurskoðunar næst þegar við mönnum okkur upp í að endurskoða stjórnarskrána og ég tel að bæði lögin um ráðherraábyrgð og landsdóm sem ég hef nefnt hafi iðulega verið flutt sem sérstök þingmál. Fyrir þessu þingi liggur m.a. að heildarendurskoðun á lögum um landsdóm og lögum um ráðherraábyrgð fari fram, það komi einnig til skoðunar þegar stjórnarskráin verður endurskoðuð en tillagan sem nú liggur fyrir þinginu hefur það að markmiði að einfalda framkvæmd laga og kanna hvort tryggja eigi tilteknu hlutfalli alþingismanna málshöfðunarrétt samkvæmt lögunum. Jafnframt hafa verið kannaðir kostir þess og gallar að leggja af landsdóm en ábyrgð á hendur ráðherrum verði komið fram fyrir almennum dómstólum.

Ég sé að tíma mínum er að ljúka en ég vil nefna eitt mál enn sem ég tel að eigi að koma til skoðunar þegar ráðist verður í breytingu á stjórnarskránni. Það mál hefur ekki verið flutt á Alþingi í langan tíma. Það eru breytingar á lögum um kosningar til Alþingis. Að veitt verði heimild til að valfrelsi við kosningar til Alþingis verði sem mest og ég minni þar á frumvarp sem var flutt fyrir mörgum árum, sennilega 20 árum, af Magnúsi H. Magnússyni og fleiri þingmönnum sem hafði það að markmiði að veita kjósendum sem allra mest valfrelsi við kosningar til Alþingis og veita þeim kost á að ráða alfarið röðum frambjóðenda á viðkomandi framboðslista um leið og kosning fer fram. Ég tel að þetta mál eigi að koma til skoðunar. Það sem var athyglisvert varðandi málið þegar það var flutt fyrir 20 árum var að það var afgreitt inn í þingið aftur með sérstöku nefndaráliti frá meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar sem mælti með að málið yrði samþykkt. Formaður og framsögumaður meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar á þeim tíma er núverandi forsætisráðherra Halldór Ásgríms-

son sem mælti með að frumvarpið yrði samþykkt. Fróðlegt væri að vita hvort hann er sama sinnis nú.

[14:46]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, hefur fylgt úr hlaði tillögu til þingsályktunar sem allir þingmenn Samfylkingarinnar flytja, um breytingar á stjórnarskrá. Hún er lögð hér fram í tilefni 60 ára lýðveldisafmælisins, en svo virðist vera, þegar þetta er sagt, að á afmælisdögum lýðveldisins taki menn sig til og breyti stjórnarskránni örlítið samanber það sem samþykkt var árið 1995 í tilefni af hálfrar aldar afmælinu þegar mannréttindakaflanum var umbylt og hann færður í nútímahorf. Þá var jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sett í stjórnarskrána, en hún hafði verið ólögfest meginregla fram að þeim tíma.

Þetta er ansi merk tillaga vegna þess að hún tekur á mörgum liðum. Hér eru nefndir níu liðir sem rétt væri að skoða. Auðvitað þarf að færa blessaða stjórnarskrána okkar meira til nútímans, en í greinargerð sést hvernig stjórnarskránni hefur verið breytt af og til, þó lítið og mest í kringum kjördæmabreytingar.

Virðulegi forseti. Ég fer aðeins í gegnum nokkur atriði á þeim stutta tíma sem okkur er skammtaður í þetta og byrja á a-liðnum um sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum. Auðvitað eigum við að vera búin að festa í stjórnarskrá að fiskurinn í sjónum sé sameign okkar allra þannig að það sé bundið í stjórnarskrá. Ég verð að segja að mér finnst töluvert undarlegt þegar útgerðarmenn segja að þeir eigi fiskinn í sjónum vegna kvóta sem þeim hefur verið úthlutað vegna reglu sem var á viðmiðunarárum. Virðulegi forseti. Ég kann miklu betur við það sem aðrir útgerðarmenn segja, þ.e. að þeir hafi nýtingarrétt á þessari sameiginlegu auðlind okkar. Auðvitað á þetta að vera fast í stjórnarskrá og mig minnir að margir stjórnmálaflokkar hafi talað um það.

Ég minnist þess líka, virðulegi forseti, að þegar ég var ungur maður á fundi hjá Alþýðuflokknum þá fjallaði (Gripið fram í.) Bragi Sigurjónsson, þáverandi þingmaður, um tillögu sem hann flutti hér fyrir lifandi löngu. Ég man nú ekki einu sinni hvaða ár það var. Hún var um að heitt vatn í iðrum jarðar væri ekki eign viðkomandi landeigenda. Síðan kom framkvæmdaraðilinn, ríkisvaldið eða sveitarfélagið og boraði langt niður í jörðina, 1.500–2.000 metra, eins og nú tíðkast, til að ná í heitt vatn, þá þurfti hann að greiða sérstakt gjald til viðkomandi landeigenda vegna þess. Auðvitað er heitt vatn í iðrum jarðar svo og fallvötnin sameign allra landsmanna.

Segja má sem svo, virðulegi forseti, að við séum að stíga hér örlítið skref í áttina að því að festa þetta inn kannski ómeðvitað, að hafa það svoleiðis en krefjast þess að ákveðið gjald komi fyrir. Þá á ég við veiðileyfagjald fyrir fiskinn í sjónum. Og nýverið var flutt frumvarp í Alþingi um svokallaða þriðju kynslóð farsíma, að fram skuli fara útboð varðandi það og greiðast til ríkisins, til samfélagsins, fyrir notkun á þeirri auðlind.

Hér er líka fjallað um að skoða möguleika á nýtingu nýrrar tækni til kosninga. Vegna þess að dagurinn í dag er kosningadagur í Bandaríkjunum vil ég segja að ég vona að Bandaríkjamenn klúðri ekki kosningum sínum með nýrri tækni að menn fari hér fleiri ár aftur í tímann og hræðist að taka upp nýja tækni við kosningar eftir þennan dag.

Ég ætla að sleppa því hér að ræða það að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana. Auðvitað er hárrétt að taka það upp núna vegna þess að e.t.v. neyðumst við til þess að ganga í Evrópusambandið eftir einhver ár. Þá finnst mér betra að vera búinn að vinna þá vinnu sem nauðsynleg er gagnvart stjórnarskránni í tæka tíð þannig að það sé þá orðið virkt og ekki þurfi að vinna í einhverjum spreng þegar að því kemur.

Að lokum, virðulegi forseti, langar mig að fara í einn lið sem snýr að því að gera landið allt að einu kjördæmi. Ég eins og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar er hlynntur því að gera landið að einu kjördæmi, að jafna atkvæðisrétt manna sama hver þeir búa á landinu. En ég vil gera það í framhaldi af því að við höfum viðurkennt að allir eigi að búa við sömu lífskjör. Ég vil með öðrum orðum jafna lífskjör í landinu til þess að jafna atkvæðisvægi í beinu framhaldi af því. Ég vil gera þetta samhliða. Virðulegi forseti. Mér finnst það ekki bráðnauðsynlegasta atriðið að jafna atkvæðisrétt á meðan ýmislegt annað í þjóðfélaginu er á þann veg að mjög hallar á þá sem taldir eru hafa örlítið meira atkvæðavægi en hinir sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

Skal ég nefna nokkur dæmi. Ríkið á og rekur heilbrigðisþjónustuna í landinu, hátæknisjúkrahús í Reykjavík o.s.frv. Engum dettur í hug að byggja upp mörg hátæknisjúkrahús eða sjúkrahús í hverju einasta byggðarlagi landsins. Þetta, að sækja sér aðgang að heilbrigðisþjónustunni, má jafna í gegnum skattkerfið.

Sama má segja um menntun og við stígum ákveðin skref í þá átt þó svo að betur megi fara. Mér virðist að menn hafi sama rétt til að sækja um og fá jafnhá lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna hvort sem þeir sækja Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri eða Bifröst. Þarna er verið að jafna aðgang að námi án tillits til þess hvar skólinn er og það er gott.

Þetta gildir hins vegar ekki til dæmis um framhaldsskóla. Fyrir foreldra að senda ungling sinn í framhaldsskóla getur kostað stórfé í ákveðnum byggðarlögum. Lítið skref er stigið í þá átt að jafna þennan námskostnað og betur má ef duga skal vegna þess að töluvert hallar á þá sem hafa meira atkvæðavægi. Þeir hafa minni jöfnun hvað þetta varðar.

Ríkið beitir hins vegar þeirri aðferð að nota sömu skattprósentu sama hvar er á landinu. Ég greiði sama tekjuskatt á Siglufirði, sömu skattprósentu og þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu og það er auðvitað alveg hárrétt. Ríkið hefur stigið ákveðin skref til þess að hafa sömu verðskrá milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. En þar líka má gera betur en verið hefur.

Virðulegi forseti. Ef við göngum í að virkja þessi jafnréttissjónarmið sem ég tek sannarlega undir þá vil ég, svo að það komi skýrt fram, að við gerum það á öllum sviðum. Það gerum við auðvitað best með því að fólk sitji við sama borð við að sækja þá þjónustu sem ríkinu ber að leggja fram, eins og ég tók hér fram um heilbrigðisgeirann og það t.d. að stunda nám, sækja sér menntun. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Þess vegna segi ég að um leið og við fjöllum

um 100% jafnt atkvæðavægi milli allra landsmanna, sem við gerum best með einu kjördæmi — og ég tek skýrt fram að ég er sammála því — þá verðum við í leiðinni að jafna lífskjörin svo í landinu sem mest má og ganga þá skref í átt til jafnaðar í þeim efnum líka.

[14:54]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég fagna þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér hefur verið lögð fram á Alþingi og er til umræðu í dag um breytingar á stjórnarskrá. Ég vil fyrst segja að ég er algerlega sammála því að Alþingi skipi nefnd til þess að koma sér saman um tillögur til breytinga á stjórnarskránni. Að óbreyttu fyrirkomulagi er eðlilegt að Alþingi sjálft hafi málið í sínum höndum en ekki ríkisstjórnin. Það var lengst af þannig á síðustu öld að stjórnarskrárbreytingar voru viðfangsefni Alþingis undir forustu stjórnmálaflokkanna en ekki viðfangsefni ríkisstjórnarinnar. Ég geri mikinn greinarmun á því og tel það miklu æskilegra fyrirkomulag að stjórnmálaflokkarnir og Alþingi hafi málið í sínum höndum en það sé ekki á forræði framkvæmdarvaldsins.

Í öðru lagi vil ég taka undir þau sjónarmið sem hér hafa verið reifuð, að alþingismenn eru að mörgu leyti í erfiðri stöðu til að fjalla um breytingarnar sem gera á á stjórnarskránni vegna þess hversu nátengdir þeir eru breytingunum sjálfum. Þeir eru í allnokkrum mæli að fjalla um eigin stöðu. Þess vegna hef ég haft töluverðan áhuga á þeim hugmyndum sem fram hafa komið um stjórnlagaþing og mér finnst að rökstuðningurinn á bak við að halda slíkt þing sé mjög sterkur, að stjórnlagaþing þar sem valdir eru fulltrúar þjóðarinnar með einhverjum hætti ákveði í raun tillögurnar sem þjóðin á síðan að kjósa um og sem síðan eiga að vera leikreglurnar sem þingið á að starfa eftir. Það skiptir máli að sá sem vinnur eftir einhverjum leikreglum geti ekki sjálfur breytt þeim að eigin vild þegar honum hentar.

Við sáum dæmi um það áþreifanlega á liðnu sumri að það er greinilegt að fyrirkomulagið sem við búum við í dag veitir æðstu valdamönnum landsins of mikil tök á því að ráða því hvernig leikreglurnar eru sem þeim er gert að vinna eftir. Það er ekki æskilegt að menn séu í þeirri stöðu að geta safnað miklu valdi í sínar hendur. Við skulum ekki gleyma því að þingræðið byggir á því að löggjafarvald og framkvæmdarvald eru mjög samtvinnuð og því til viðbótar er okkar löggjöf þannig að handhafi framkvæmdarvaldsins ræður því hvernig dómsvaldið er skipað. Við erum því með allar greinar ríkisvaldsins á höndum þeirra einstaklinga sem eru valdamestir í stjórnmálunum hverju sinni.

Þetta fyrirkomulag er óæskilegt. Það hefur gengið sér til húðar. Það þarf ekki annað en að vísa til þeirra atburða sem orðið hafa á liðnu ári til þess að undirstrika það að við getum ekki búið við það fyrirkomulag að menn geti ráðið miklu um það að breyta þeim ramma eða leikreglum sem þeim er ætlað að starfa eftir.

Það þætti nú ekki góð latína í knattspyrnuleik ef leikmennirnir gætu í miðjum leiknum ákveðið að breyta þeim leikreglum sem dómarinn á að dæma eftir og ef þeir væru komnir í sókn upp hægri vænginn og það ætti að dæma þá rangstæða og boltann af þeim, að þá gæti lið sagt: „Ja, við ætlum að breyta leikreglunum þannig að við getum haldið áfram okkar sókn eða skipt dómaranum út og sett annan dómara inn á.“ (**KLM:** Upp hægri kantinn.) Menn sjá auðvitað að svoleiðis lagað getur ekki gengið. Leikreglur eru settar. Þær eru grundvöllur lýðræðislegs fyrirkomulags og þeir sem vinna eftir þeim mega ekki ráða of miklu um þær og geta breytt þeim að eigin hentugleika hverju sinni. Þetta held ég að við ættum að undirstrika.

Herra forseti. Það er margt sem ég vildi nefna sem ekki er tími til að hafa orð á í þessari ræðu. Ég nefni samt fáein atriði. Ég vil fyrst undirstrika að ég tel að við eigum að breyta hlutunum þannig að þær stjórnarskrárbreytingar sem þingið kemur sér saman um eigi að leggja fyrir þjóðina sjálfstætt í kosningum þar sem kosið yrði um hverja og eina breytingartillögu. Þannig segði þjóðin til um það hvort þær nái fram að ganga. Jafnvel þótt við höfum fyrirkomulagið að öðru leyti eins, að þingið ákveði hvaða tillögur skuli lagðar fyrir og samþykki þær með lögum og taki þær til afgreiðslu á seinna þingi þá lægi afstaða þjóðarinnar til tillagnanna sjálfra alltaf fyrir. Það tel ég grundvallaratriði því að fyrirkomulagið eins og það er hér á landi hefur þróast þannig að stjórnarskrárbreytingar hafa horfið út úr kosningabaráttunni. Um þær hefur í raun ekki verið kosið.

Ég tel í öðru lagi að ekki eigi að hrófla við stöðu forseta Íslands. Hann á að hafa málskotsrétt sinn áfram en það má skoða hvort setja eigi efnislegar viðmiðanir sem forsetinn hafi til hliðsjónar þegar hann ákveður hvort beita eigi þeim rétti eða ekki.

Ég tel, herra forseti, að það ætti að breyta dálítið eðli þingræðisins. Sá vandi sem við höfum átt við að stríða hér á landi, of samtvinnað framkvæmdarvald og Alþingi, er líka vandi sem við sjáum erlendis, sem leiðir til þess að of mikil völd eru í höndum of fárra manna, þ.e. leiðtoga flokkanna. Það dregur úr völdum þjóðþinganna og það getum við t.d. séð í Bretlandi. Ég held að við eigum að stíga það skref að setja ráðherrana út af þingi. Þeir eiga ekki að sitja á þingi. Ef við höfum þá reglu að þeir megi koma aftur inn á þingið þegar þeir hafa misst ráðherrasæti sitt þá eigum við að tryggja að þeir séu ekki í þingflokkunum og taki ekki ákvarðanir um störf þingsins.

Ég vil að lokum, herra forseti, segja að skipulagið sem við höfum kosið okkur, lýðræðisskipulagið, byggist á stjórnmálaflokkum. Þeir eru mikilvægasta grunneining lýðræðisfyrirkomulagsins. Þess vegna þurfum við að rækta stjórnmálaflokkana. Þeir þurfa að vera öflugir og aðlaðandi fyrir almenning til að starfa í. Það þarf að vera ljóst að þeir sjálfir starfi eftir lýðræðislegum leikreglum og séu ekki háðir öðrum öflum í þjóðfélaginu í það miklum mæli að ætla megi að afstaða þeirra í mikilvægum málum ráðist af því, svo sem fjárhagslegum stuðningi eða slíku. Þess vegna þurfum við að hafa sérstök ákvæði um stöðu stjórnmálaflokkanna, herra forseti.

[15:03]

Kristrún Heimisdóttir:

Virðulegi forseti. Það er afar brýnt verkefni að breyta stjórnarskrá Íslands. Það hefur raunar legið fyrir allt frá því að Kristján IX. afhenti þjóðinni stjórnarskrána fyrir margt löngu. Það er ekki bara vegna þess að það sé mikilvægt menningarinnar vegna, vegna þess að við þurfum að búa í

siðaðra samfélagi eða vegna þess að það sé fallegra þegar við komum til alþjóðlegs samstarfs á einhverju sviði að geta bent á að við séum lýðræðisríki, heldur er það raunverulega brýnt verkefni fyrir atvinnulíf, þjóðlíf, menningarlíf og frjálsa hugsun í landinu.

Það er þess vegna mikið fagnaðarefni að þetta þingmál skuli komið fram, þessi tillaga sem lögð er fram af öllum þingmönnum Samfylkingarinnar. Þau málefni sem hér eru lögð fram eru á margan hátt mjög mikilvæg og sum hver meira að segja ný, nýbreytni í þeirri löngu lýðræðisumræðu og umræðu um stjórnarskrá sem staðið hefur á Íslandi í áratugi.

Reyndin er sú að utan stjórnmálaflokka, utan hinnar reglulegu umræðu stjórnmálamanna, hefur farið fram mjög virk og öflug umræða um lýðræðismál og stjórnarskrána í áratugi, sem stjórnmálaflokkum og hinu háa Alþingi hefur því miður ekki alltaf tekist að taka nægjanlegt mark á.

Ég vil sérstaklega nefna, sem nýjar og merkilegar tillögur í þingsályktunartillögunni sem hér liggur fyrir, tillöguna um að mannréttindaákvæði alþjóðlegra samninga hljóti samstundis gildi í íslenskum rétti, þ.e. að menn hverfi frá þeirri kenningu, sem raunar er í framkvæmd orðin löngu úrelt en er þó beitt í orði kveðnu og því fólki sem er ætlað að fylgja þessu eftir í opinberum störfum eins og lögfræðingum og stjórnmálafræðingum er kennt, að á Íslandi ríki enn þá tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar. Í raun er þessi kenning ekki meira en orðin tóm og á stanslausu undanhaldi. Þess vegna væri til réttarbóta fyrir almenning, einstaklingana, hvort sem það er blind stúlka í Háskóla Íslands eða einstakir öryrkjar sem fá öfluga lögmenn til að fara með mál sitt fyrir Hæstarétt, að fá slíka úrbót sem stjórnarskrárbreyting af þessu tagi mundi fela í sér, þ.e. að ákvæði alþjóðlegra mannréttindasáttmála teldust samstundis hluti af íslenskum landsrétti.

Það væri sömuleiðis gríðarlegt framfaramál ef óskorað yrði kveðið upp úr um að bráðabirgðalög séu aldrei annað en algjört neyðarúrræði. Að sjálfsögðu hefur orðið mjög mikil þróun í þeim efnum í rétta átt. Mat á því hefur meira að segja komið til kasta Hæstaréttar og í sératkvæði hefur verið bent á að bráðabirgðalögum megi raunar ekki beita eins og gert hefur verið, samkvæmt núgildandi ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þarna gæti verið brýnt að bæta úr enda þekkja allir að notkun bráðabirgðalaga á Íslandi hefur verið allt of mikil í gegnum tíðina og mun meiri en í nágrannalöndum okkar.

Ég nefndi áðan að breytingar á stjórnarskránni væru ekki bara menningarlegt mál heldur vörðuðu einnig beina, grjótharða hagsmuni fólks frá degi til dags. Þar skiptir ekki sístu máli ákvæði sem bent er á að þurfi að koma inn í stjórnarskrána, þ.e. ákvæði um hvernig standa eigi að framsali valds til alþjóðlegra stofnana. Vegna þess sem áður hefur komið fram í umræðunni er sjálfsagt að tiltaka að þetta mál varðar ekki einungis þá stöðu sem upp kæmi ef svo kynni að fara að Íslendingar tækju ákvörðun um að ganga í Evrópusambandið. Segja má að vegna þess hve illa var staðið að því þegar við gengum inn í Evrópska efnahagssvæðið megi halda því fram fullum fetum að á Íslandi sé nú uppi óþolandi réttaróvissa fyrir einstök fyrirtæki, fyrir Íslendinga sem einhverra hluta vegna hafa hug á að leggja út í atvinnurekstur á hinu Evrópska efnahagssvæði, á innri markaði Evrópu. Þeir eru undirseldir reglum sem iðulega eru óljósar og óljóst hvaða verkan hafa á Íslandi vegna þess að samspil íslenskra yfirvalda við hin evrópsku yfirvöld eru svo óljós.

Þetta er almennt viðurkennt. Hin óljósa réttarstaða réttarheimilda frá hinu Evrópska efnahagssvæði er viðurkennd í íslensku samfélagi, er rædd úti í samfélaginu, en hefur mér vitandi ekki verið rædd fyrr á hinu háa Alþingi. Sú umræða hefur a.m.k. ekki borist víða.

Að svo mæltu vil ég taka sérstaklega undir orð hv. 2. þm. Norðvest. Ég taldi ræðu hans áðan sérlega merkilega vegna þess að það er viðbúið að á Íslandi muni almenningur taka þá ákvörðun að setja fram kröfugerðir gagnvart hinu háa Alþingi, gagnvart ríkisstjórn, stjórnmálaflokkum eða öðrum valdhöfum sem því miður virðast stundum háðir þeim viðhorfsbresti, vil ég nefna, að líta svo á að breytingar á stjórnarskránni séu samningsatriði eða samkomulagsatriði milli stjórnmálamanna. Ég vil með öðrum orðum halda því fram að það liggi nærri því að vera eins konar misbeiting valds þegar menn ganga að því sem vísu að breyting á efnisatriðum stjórnarskrár sé samkomulagsatriði milli þingflokka, stjórnmálaflokka eða þeirra sem eiga sæti á Alþingi. Hversu valdamiklir sem þeir kunna að vera og hversu skýrt umboð sem þeir kunna að hafa til að gegna tilteknum embættum, hvort sem það er á Alþingi eða í ríkisstjórn, þá er stjórnarskrárgjafinn, samkvæmt íslenskri stjórnskipunarhefð, almenningur í landinu, þ.e. kosningarbærir menn í landinu. Þeir eiga að fara með þetta vald. Jafnvel þótt íslensk stjórnskipun sé svo óvenjuleg að gert sé ráð fyrir að aðferðin til að breyta stjórnarskránni sé sú að þjóðþing sem málið er borið undir sé kosið tvisvar sinnum en ekki bara einu sinni þá ber stjórnmálamönnunum og þingmönnunum ávallt að ganga út frá því sem vísu að hin eiginlegi stjórnarskrárgjafi sé þjóðin.

Það er síðan úrlausnarefni, eins og þingmenn hafa komið inn á, nákvæmlega hvernig vísa eigi málum til þjóðarinnar. Hv. 2. þm. Reykv. s. hefur þó komið fram með athyglisverða tillögu um þjóðfund. Íslendingar þekkja þjóðfund úr sögu sinni, við eigum sögulegt dæmi um slíkt.

Þetta verkefni er samt sem áður ekki jafnerfitt og menn kunna að halda. Nágrannaþjóðir okkar, t.d. Finnar, eru nýbúnar að gera þetta, að breyta stjórnarskrá sinni með geysilega góðum árangri. Það væri létt verk, fyrir þá sem raunverulega vildu ganga í það verk að breyta stjórnarskránni að nútímahætti, að taka upp þær aðferðir sem notaðar hafa verið í nágrannalöndum okkar með góðum árangri.

[15:11]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Málið sem hér hefur verið til umræðu er að mörgu leyti þarft mál og merkilegt. Lagt er til að stjórnarskráin komi nánast öll til endurskoðunar. Ég tel að sjónarmið samfylkingarmanna, flutningsmanna þessa frumvarps, og okkar sem störfum í Frjálslynda flokknum fari að mörgu leyti saman í þessum málum. Það vill svo til að við höfum flutt tillögu til þingsályktunar um kosningar til Alþingis, um að gera landið að einu kjördæmi. Sjónarmið okkar eru því hin sömu í afstöðu okkar til þess. Við höfum og iðulega

tekið upp að að sjálfsögðu ætti að festa í stjórnarskránni ákvæði um að auðlindir Íslands, sameiginlegar auðlindir, væru þjóðareign. Við teljum að það beri að festa í stjórnarskrá.

Ég sé hins vegar í greinargerð Samfylkingarinnar á einum stað eitthvað á þá leið að núverandi ríkisstjórn hafi sýnt þessu atriði nokkurn áhuga og meira að segja stigið skref í þá átt. Ég held ég verði nú að lýsa vonbrigðum mínum með það hve ríkisstjórnin hefur lítið aðhafst í þessum málum. Ég sé satt að segja ekki að hæstv. ríkisstjórn sé með neina tilburði í þá veru, á því kjörtímabili sem nú stendur yfir, að setja slík ákvæði inn í stjórnarskrá. Betur ef satt væri.

Ég tek hins vegar undir það sem sagt er í tillögunni um að festa í stjórnarskrá ákvæði um sameiginlegar auðlindir landsmanna. Ég hef haft sérstakan áhuga á því varðandi auðlindir í sjó, fiskstofna okkar, að þeir séu sameign þjóðarinnar. Ég tel algjörlega skýrt að nýting útgerðarmanna á aflaheimildum þeirra sé nýtingarréttur en ekki eignar- og söluréttur. Ég teldi gott að staðfesta það í stjórnarskrá.

Almennt tek ég undir efni þeirrar tillögu sem hér er til umræðu, um það að skipa nefnd níu manna sem fari yfir þessi mál og þessa endurskoðun. Hins vegar þarf að ræða fjölmargt í því sambandi. Að því er m.a. vikið í tillögunni.

Það er full ástæða til að gera að umræðuefni stöðu stjórnmálaflokkanna í landinu eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson vék að í ræðu sinni áðan.

Mér finnst það mikið áhyggjuefni og hefur lengi fundist að stjórnmálaflokkar skuli ekki vera með opið bókhald og þar sjáist hvernig flokkarnir eru styrktir, hvaðan þeir fá fjármagn sitt o.s.frv. og að almenningur geti fengið að sjá með hvaða hætti stjórnmálaflokkarnir fá þá fjármuni sem renna til starfsemi þeirra því að iðulega hefur farið fram umræða í þjóðfélaginu um að stjórnmálaflokkar fái mismunandi mikið fé frá ákveðnum hagsmunaaðilum.

Ég hef áður sagt í þessum ræðustól að ég heyrði það í síðustu kosningabaráttu að ákveðin öfl hér á landi hefðu tekið sér það fyrir hendur að tryggja að Framsóknarflokkurinn fengi mikið fé til kosningabaráttu sinnar til að viðhalda mætti því stjórnarmunstri sem nú er í landinu.

Við upplifum þessa dagana, virðulegi forseti, fréttir af störfum olíufurstanna, ef hægt er að orða það svo, þar sem menn hafa algjörlega brugðist því trausti sem til þeirra var borið við meðferð fjármuna frá almenningi og ákvarðanir um hvað almenningur í landinu og atvinnureksturinn ætti að greiða fyrir ákveðna þjónustu. Ég dreg enga dul á það að ég óttast mjög að víðar sé pottur brotinn í þjóðfélaginu í starfsemi atvinnurekstrar, félagasamtaka og stjórnmálaflokka en í því máli sem Samkeppnisstofnun hefur verið að skoða núna varðandi olíuviðskiptin hér á landi. Og ég held að ekki sé hægt að víkja að þessari umræðu öðruvísi en að segja bara eins og það kemur manni fyrir sjónir eftir að hafa gluggað dálítið í þessa þúsund blaðsíðna skýrslu að þá kemst maður helst að þeirri niðurstöðu að olíufélögin hafi rekið ákveðna mafíustarfsemi á Íslandi og að sú starfsemi hafi jafnvel náð út fyrir landsteinana og til annarra landa.

Ég er ekki að segja með þessu að ég sé að jafna stjórnmálaflokkunum við þetta, að með því að vera með falið bókhald sé um slíkt að ræða en ég tel að sú umræða sem nú fer fram gefi fyllilega tilefni til þess að þjóðin eigi kröfu á því að þær stofnanir, stjórnmálaflokkarnir sem eru undirstaða lýðræðisskipulags okkar, sjái til þess að bókhald þeirra verði opnað og það sé opið almenningi. Feluleikur með grundvöll stjórnmálaflokkanna að því er varðar fjármögnun þeirra og fjárhagsstöðu getur ekki haldið áfram miðað við þær uppákomur sem við upplifum í okkar ágæta þjóðfélagi um þessar mundir. Ég tel að þeir forustumenn í olíufélögunum sem þar hafa starfað með þeim ósköpum sem upplýst hefur verið séu ekki hæfir til trúnaðarstarfa fyrir annað fólk eins og þeir hafa komið fram. Þetta vildi ég láta koma fram í umræðunni

Hið misjafna atkvæðavægi sem löngum hefur verið gert að umræðuefni í þjóðfélaginu og verið notað sem afsökun fyrir því að landsbyggðin gæti hugsanlega haft minni réttindi í einhverju öðru, m.a. í heilbrigðiskerfinu, vegakerfinu og öðrum aðstæðum, tel ég að eigi að afnema og að gera eigi landið að einu kjördæmi, það sé engin ástæða til að viðhalda þeim rökum að völdin séu í Reykjavík vegna þess að atkvæðavægið sé misjafnt.

[15:19]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Í þessari tillögu þingmanna Samfylkingarinnar er hreyft ýmsum atriðum er lúta að grundvallargildum í samfélagsgerð okkar. Í níu atriðum eru tiltekin ýmis atriði sem sérstaklega þarf að huga að hvað varðar breytingar og endurskoðun á stjórnarskrá og er upptalningin langt í frá tæk.

Ég hafði, frú forseti, gert mér vonir um það í því ljósi að á síðustu vikum og mánuðum hefur umræðan um stjórnarskrána, veikleika hennar og styrkleika eftir efnum og ástæðum, verið mjög ofarlega á baugi í hinni almennu umræðu í þessu húsi og í þjóðfélaginu öllu, þá hafði ég gert mér í hugarlund að þingmenn væru tilbúnir í eldhúsdag um þau atriði. Því miður er því ekki að heilsa því að mér sýnist á mælendaskránni að það séu einkum og sér í lagi þingmenn Samfylkingarinnar, þ.e. flutningsmenn sjálfir, og aukinheldur að ógleymdum síðasta ræðumanni, hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, og hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni sem hafa lagt hér orð í belg. Með öðrum orðum að þegar til stykkisins kemur virðist áhugi a.m.k. stjórnarliða á stjórnarskránni, sem þeir stundum tala hátt og mikið um, ekki vera meiri en þessi.

Ég hirði svo sem ekkert um það og læt mér það í léttu rúmi liggja en vil þó kalla mjög ákveðið eftir því úr þessum ræðustól að þau yfirlýstu markmið stjórnarliða og oddvita stjórnarflokkanna um að setja á enn eina stjórnarskrárnefndina verði að veruleika fyrr en síðar en ekki bara spjall út í himingeiminn. Því staðreyndin er sú að þó að stjórnarskrá verði aldrei þannig úr garði gerð að hún svari öllum þeim álitaefnum sem upp koma í samfélaginu við lagasetningu eða við túlkun laga þá er það auðvitað eftirtektarvert að í síauknum mæli, m.a. í þessum sal og úr þessum ræðustól, hafa þingmenn, þeir sem setja lögin, borið brigður á það að tiltekin lagasetning standist ákvæði stjórnarskrár.

Ég ætla ekki að leggja dóm á það í hve mörgum tilfellum slík gagnrýni á rétt á sér og hvenær ekki en ég skynja það á mínum beinum að þetta fer mjög vaxandi. En það sem er verra er að við sem setjum landinu lög og erum kjör-

in sérstaklega til þess erum sum hver a.m.k. farin að tala á þann veg að það sé eðlilegt og sjálfsagt að dómstólar landsins, Hæstiréttur, kveði upp úr um það og séu raunverulega sá aðili einn og sér sem kveða eigi upp úr um hvort þessi eða hin lagafrumvörpin séu í samræmi við stjórnarskrá. Þannig á það auðvitað ekki að vera. Ef það er svo að trekk í trekk og aftur og aftur koma upp álitamál um að tiltekin atriði í stjórnarskrá séu óljós og óskýr, þá eigum við auðvitað og okkur ber að taka á þeim atriðum og reyna að skilgreina þau með þeim hætti að landi og lýð sé ljóst hvað átt er við. Þarna þarf auðvitað að fara varlega og ég er ekki að kalla eftir því að menn hlaupi hér upp til handa og fóta í hvert einasta skipti og leggist í stjórnarskrárpælingar og breytingar á henni. Þetta á auðvitað að vera grundvallarplagg sem á að lifa lengur en dægur, mánuð, missiri eða ár, þetta á að vera gagn sem við getum byggt á og land og lýður getur trúað og treyst á.

Upptalningin í fyrirliggjandi tillögu, frú forseti, er þess eðlis að flest atriðin hafa verið mjög vakandi og ofarlega á baugi í almennri þjóðfélagsumræðu og það er því löngu kominn tími til að menn komist að niðurstöðu á einn eða annan veg í þeim efnum. Að landið og miðin séu þjóðareign er yfirlýst stefna allra flokka, liggur mér við að segja, a.m.k. í seinni tíð.

Ég held að það blandist líka engum hugur um mikilvægi þess að koma til móts við þann vilja almennings í landinu að þjóðaratkvæðagreiðslur verði snar þáttur við ákvörðun mikilvægra málefna. Við höfum aldrei nýtt okkur það ákvæði og það er dauður bókstafur.

Ég nefni líka eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu sem hægt væri að setja hér á langar ræður um og hafa verið settar á langar ræður og flutt fjölmörg frumvörp um ár eftir ár. Raunar er ýmis þau ákvæði einnig að finna í þingsköpum Alþingis sem löngu er brýnt að við förum yfir og endurskoðum frá grunni og raunar liggja fyrir tillögur í þá veru, m.a. frá þeim sem hér stendur.

Ég nefni líka það sem fyrri ræðumenn hafa nefnt, að skoða Ísland í samfélagi þjóðanna í þessu samhengi. Við getum auðvitað ekki búið við að það séu enn þá uppi álitamál, tíu árum síðar, að Alþingi Íslendinga hafi hugsanlega, og margir halda sennilega, gert rangt þegar ákvörðun var tekin um að ganga inn í hið Evrópska efnahagssvæði. Ég held að við þurfum að horfast í augu við þann veruleika og þær breytingar og öru þróun sem átt hefur sér stað einkum á síðustu árum hvað varðar Ísland í samfélagi þjóðanna og alþjóðasamninga í því samhengi, og læt ég þá algjörlega liggja á milli hluta hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu þó að við þurfum auðvitað að hafa það bak við eyrað.

Þetta eru allt mál sem brenna á okkur og við þurfum að takast á við og skapa hinn pólitíska vilja og hið pólitíska þrek til að gera það. Það stendur ekki á flutningsmönnum í því sambandi. Ég vek athygli á orðræðu formanns flokksins, Össurar Skarphéðinssonar, í inngangsræðu hans með þessari tillögu til þingsályktunar þar sem hann kvað upp úr með að hér væri ekki hinn stóri sannleikur á ferð, það væri ekki endilega þannig að allir flutningsmenn væru nákvæmlega sammála um öll einstök atriði upp á punkt og prik í þeim álitamálum sem hér eru vakin upp. Ég nefni til að mynda efasemdir mínar um að það eigi að gera róttækar breytingar á samskiptum ríkis og kirkju. Ég vil nefna það sérstaklega hér til sögu, en ég er að sönnu algjörlega tilbúinn til að fara í gegnum þá umræðu og ræða hana til hlítar.

Ég vil hins vegar að lyktum leggja sérstaka áherslu á atriði sem hér er að finna og ég hef raunar ásamt félögum mínum tvívegis flutt frumvarp um og vil láta koma fram við þessa umræðu að ég hef í hyggju að flytja aftur frumvarp um á næstu dögum og það varðar „Landið eitt kjördæmi". Ég hef átt þess kost að sitja í tveimur stjórnarskrárnefndum, annars vegar 1995 og hins vegar 1998 og 1999 þar sem gerð var síðasta stóra breytingin á kjördæmaskipan í landinu. Hún var að sönnu mjög umdeild og voru alls ekki allir á eitt sáttir um hana en mat flokkanna þá og flestra þingmanna var samt sem áður að betra væri að taka eitt skref þótt lítið væri heldur en að sitja uppi með ónýtt fyrirkomulag eins og hið gamla var. Ég held hins vegar að þetta hafi eingöngu verið áfangaskref og í ljós hafi komið þegar kjördæmin stækkuðu, bæði landfræðilega og þingmönnum fjölgaði, að þá hafi menn séð fram á að það er vel gerlegt að vinna við þær kringumstæður og eingöngu spurning um tíma en ekki hvort við tökum hið stóra skref að endingu og gerum landið allt að einu kjördæmi.

Ég heyri það úr öllum flokkum, ekkert síður úr stjórnarflokkunum, Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki, að fylgi við þá hugmynd er stórvaxandi og sérstaklega vek ég athygli á því af því að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gengur nú inn í salinn, fráfarandi umhverfisráðherra, sem hefur talað mjög fyrir þessum sjónarmiðum og raunar miklu, miklu fleiri. (Forseti hringir.) Tími minn er búinn. Frú forseti. Það er eingöngu tímaspursmál að minni hyggju hvenær landið verður eitt kjördæmi.

[15:28]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Sú tillaga til þingsályktunar sem hér er til umræðu, um breytingar á stjórnarskrá, er flutt af þingmönnum Samfylkingarinnar. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hélt hér góða ræðu og væri ágætt ef hv. þingmaður hefði tök á að fylgjast með ræðu minni líka.

Frú forseti. Þau atriði sem talin eru upp í tillögunni er að mínu viti eðlilegt að séu rædd og skoðuð. Þingsályktunartillagan felur í sér að skipuð verði nefnd allra þingflokka til að endurskoða stjórnarskrána og ég styð það sjónarmið að allir þingflokkar eigi aðild að slíkri endurskoðun.

Varðandi atriðin sem síðan eru talin upp eins og t.d. aliðinn: „að gera tillögur um hvernig tryggja má í stjórnarskrá sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum, svo sem lifandi auðlindum í hafi eða öðrum sem kunna að finnast á eða í hafsbotni, auðlindum í fallvötnum, auðlindum í fjarskiptarásum í lofti, þjóðlendum, svo og öðrum náttúruauðlindum sem enginn á og álíta má sameiginlega arfleifð þjóðarinnar" þá tel mjög eðlilegt að réttarstaða á þessari sameign þjóðarinnar sé tryggð og ef ástæða er til þess að breyta stjórnarskrá þar um þá sé nauðsynlegt að það verði gert. Við upplifðum umræðuna um fiskveiðistefnuna þar sem fiskveiðiheimildirnar voru teknar af byggðunum og eru komnar í hendur örfárra manna þannig að byggðirnar vítt og breitt um landið, byggðir sem urðu til á grundvelli þess

að nýta auðlindirnar meðfram ströndum landsins, standa nú uppi án þess að hafa þar lengur aðgang að og slíkt er náttúrlega bara fullkomið óréttlæti. Það þarf því ekki aðeins að tryggja sameign þjóðarinnar, heldur líka að tryggja rétt íbúanna á viðkomandi svæðum til þess að hafa forgangsrétt til auðlinda sinna. Það höfum við þingmenn Vinstri grænna einmitt lagt til í okkar sjávarútvegsstefnu, að hluti af fiskveiðiheimildunum sé bundinn við byggðirnar.

Þá vil ég og víkja að þeirri umræðu sem nú á sér stað og því sem er að gerast í uppkaupum á jörðum vítt um land. Fyrr á öldum voru jarðeignir á landinu annaðhvort í eigu örfárra stóreignamanna, kóngsins eða biskupsstólanna. Hluti þeirrar sjálfstæðisbaráttu sem hófst um 1800 og lyktaði með endanlegu fullu sjálfstæði var einmitt að fela landið í forsjá ábúendanna, sjálfseignarbænda. Það var litið á það sem hluta af sjálfstæðisbaráttunni að vera með mjög dreifða eignaraðild þannig að segja mætti að þjóðin ætti landið. Nú er land aftur að færast á örfárra manna hendur, bæði landið og náttúruauðlindir sem því tilheyra. Ég tel þetta mjög varhugaverða þróun, ekki aðeins gagnvart landeigninni sem slíkri heldur einnig gagnvart því hvernig við nytjum land, bæði til lengri og skemmri tíma. Þessi þróun ógnar líka þeim sáttmála sem hefur verið um framleiðslu á búvörum og nýtingu landsins gæða á sjálfbæran hátt fyrir þjóðina alla.

Ég tel tímabært að skoða hvort ekki eigi einmitt að festa í stjórnarskrána að land skuli vera að grunni til í eigu þjóðarinnar, ekki bara þjóðlendur heldur land allt. Ég teldi mjög hættulegt ef t.d. uppkaup á jörðum sem nú eiga sér stað leiddu síðan áfram til þess að þær söfnuðust á örfárra manna hendur, þá jafnframt útlendinga og/eða til stórfyrirtækja.

Þarna eru mörg brýn atriði sem ég tel að ætti að taka inn í þessa umræðu. Ég er sammála flutningsmönnum um nauðsyn þess að taka á því. Þjóðin á að eiga óskoraða sameiginlega eign og forsjá á auðlindum sínum.

Einnig vil ég árétta þjóðaratkvæðagreiðsluna, að ákveðinn hluti landsmanna og ákveðinn hluti þingmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál. Jafnframt er mjög mikilvægt að þjóðaratkvæðagreiðslur fari fram á sjálfstæðan hátt og séu ekki gerðar að hluta af alþingiskosningum eins og nú er. Það er veruleg skerðing á lýðræðinu að láta alþingiskosningar einar ráða stjórnarskrárbreytingum, þetta á að vera sjálfstæð ákvörðun hverju sinni af hálfu þjóðarinnar hvernig atkvæði eru greidd um breytingar á stjórnarskránni. Þetta tel ég kannski einna brýnast að taka á varðandi lýðræðið, aðkomu þjóðarinnar að stjórnarskránni og breytingum hennar.

Ég get hins vegar ekki tekið undir og er ekki sannfærður um mikilvægi þess að gera landið að einu kjördæmi. Ef út í það yrði farið yrði samtímis að tryggja lýðræði gagnvart hinu pólitíska starfi í landinu, tryggja opinn aðgang að framboðum. Ég óttast að ef keyrt yrði eins og við núverandi lagaumgjörð inn í eitt kjördæmi mundi það auka verulega á flokksræðið í landsstjórnmálunum. Þetta má svo sem allt skoða.

Ég tel að sú kjördæmabreyting sem var gerð síðast hafi verið mjög vanhugsuð. Við höfum byggt á því að kjördæmin mynduðu eins konar starfseiningar eða félagslegar einingar en kjördæmabreytingin sem var gerð síðast tók ekkert mið af því að mínu mati. Það að skipta Reykjavík upp í tvö kjördæmi er dæmi um vitleysuna og líka það að mynda eitt stórt Norðvesturkjördæmi eins og við höfum nú sem er fjarri því að vera samgönguleg eða félagsleg eining.

Ég tel að kjördæmabreytingin síðasta hafi frekar orðið til þess að veikja lýðræðislegan rétt almennings í landinu og möguleika á nánu samstarfi og tengslum milli þings og þjóðar, á milli þingmanna og kjósenda þeirra. Ekkert af þessu er þó óbreytanlegt og er sjálfsagt að þetta sé allt saman endurskoðað reglulega ef ástæða er til.

Frú forseti. Ég kom hingað fyrst og fremst til að lýsa almennum stuðningi við þau sjónarmið að sett verði í gang nefnd allra þingflokka sem fari í gegnum þau atriði sem þarna eru nefnd og fleiri. Þó er ég ekki þar með að lýsa stuðningi við ýmislegt í greinargerðinni eða aðra þætti sem þar eru tíundaðir.

[15:36]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu þakka öllum hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og með ýmiss konar hætti lýst stuðningi við tillöguna eða a.m.k. mörg meginatriði hennar. Ég vil sérstaklega þakka þeim hv. þm. Jóni Bjarnasyni, Guðjóni A. Kristjánssyni og Kristni H. Gunnarssyni sem ekki eru í Samfylkingunni fyrir þau sjónarmið sem þeir lögðu hérna fram. Sömuleiðis óska ég hv. þm. Kristrúnu Heimisdóttur til hamingju með ákaflega fína jómfrúrræðu sem varpaði gleggra ljósi á eitt tiltekið atriði þessarar tillögu en okkur öðrum hafði auðnast sem um það höfðum fjallað.

Ég held að það merkilegasta sem hér hefur komið fram í umræðunni sé að það virðist almennur vilji til þess að þau atriði sem eru lögð fram í tillögu Samfylkingarinnar verði hluti af lýðræðislegri umræðu um endurbætur á stjórnarskránni. Spurningin er síðan: Með hvaða hætti er best að haga þeirri umræðu? Ég verð að viðurkenna að ég er dálítið skotinn í hugmyndinni sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði hér fram um þjóðfund. Ég er þeirrar skoðunar að því meiri samstaða sem næst um að koma þessari umræðu á sem breiðastan grundvöll, því betra.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson undirstrikaði þá skoðun sína að hann teldi að hvernig sem þessari siglingu yrði háttað ætti það að verða svo í framtíðinni að um hverja einstaka breytingu sem lögð væri til á stjórnarskránni þyrfti þjóðin sérstaklega að greiða atkvæði. Ég er sammála því. Mér finnst að það væri mjög til bóta að fara þá leið.

Hv. þm. Jón Bjarnason ræddi þann möguleika að auðlindin „land" yrði líka tekin upp í ákvæðið sem við leggjum til um sameign á auðlindum í þjóðareigu. Þetta er ákaflega athyglisvert. Í tillögunni er lagt til að þjóðlendur verði lýstar þjóðareign en það er mjög erfitt hygg ég lagalega að lýsa lönd þjóðareign. Miklar deilur hafa verið í landinu um það hver eigi tiltekið landsvæði eins og hv. þm. vita. Ég held að þetta þyrfti að skoða ákaflega vel áður en það yrði upp tekið. Hins vegar er þetta hugmynd sem sjálfsagt er að ræða í þessu ferli öllu saman.

Ég fagna því sérstaklega að heyra þann hljómgrunn sem tillaga okkar um sameignarákvæðið virðist eiga. Ég reifaði

það í flutningsræðu minni að a.m.k. Framsóknarflokkurinn hefur tekið á því máli með flokkslegum hætti og samþykkt stuðning við það viðhorf. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson vandaði föðurlega um við mig sem 1. flutningsmann þingsályktunartillögunnar þegar hann sagði að hann gæti ekki verið sammála mér og þeim sem tillöguna flytja, sagði að ríkisstjórnin hefði þó stigið ágæt skref varðandi þetta tiltekna ákvæði. Ég er eigi að síður þeirrar skoðunar að það brjóti í blað þegar ein ríkisstjórn lýsir því yfir í sameiginlegri starfslýsingu tveggja flokka að stefna beri að því að taka slíkt ákvæði upp í stjórnarskrá. Að sönnu var það með þeim hætti orðað að einungis átti við auðlindir í hafi. Það er samt sem áður mikilvægt. Ef hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson vill getur hann notað þetta sem svipuól til þess að reka ríkisstjórnina áfram í því efni. Hún hefur gefið fullt tilefni til þess.

Ég tel að eins og umræðunni um stjórnarskrána hefur undið fram á síðustu missirum hafi orðið ein meginbreyting. Eftir að við samfylkingarfólk byrjuðum fyrst að reifa hér þjóðaratkvæði hefur það gerst að orðin er breið samstaða um það í samfélaginu að ákvæði um þjóðaratkvæði verði tekið upp. Ýmsir af helstu fjölmiðlum landsins hafa ítrekað skrifað til stuðnings því viðhorfi. Flokkar af ólíkum toga hafa lýst stuðningi við það og ýmiss konar fjöldasamtök eins og hlutar af verkalýðshreyfingunni hafa gert það líka. Þeir sem áður höfðu það á tilfinningunni að þeir væru eins og Jóhannes skírari í árdaga, rödd hrópandans í eyðimörkinni, eru með allt öðrum hætti að upplifa sinn eigin málflutning. Við finnum að hann á sér skýra samsvörun meðal þjóðarinnar.

Ég er þeirrar skoðunar að hin mikla umræða um málskotsrétt forsetans og þær deilur sem stóðu um fjölmiðlalögin illræmdu sem hér voru samþykkt á vordögum og jafnharðan úr gildi numin þegar leið á sumarið hafi svipt hulu frá sjónum manna varðandi þetta. Ég held að sú atburðarás hafi leitt þetta mál inn í kastljósið og nánast helft þjóðarinnar varð að daglegum þátttakanda í umræðu um málið sem ég lít á sem eitt af burðarákvæðum stjórnarskrárinnar. Í framhaldinu var ákaflega auðvelt að feta sig áfram og tala og rökstyðja rétt þjóðarinnar til þess að taka sjálf ákvörðun um meginefni sem eru til ákvörðunar í samfélaginu.

Hv. þm. Jón Bjarnason tók undir þetta og gat þess jafnframt að líka þyrfti að vera sérstakt ákvæði í stjórnarskránni sem heimilaði tilteknum hluta þingmanna að óska eftir eða krefjast þjóðaratkvæðis, þá væntanlega um lagafrumvarp líkt og menn hafa í Danmörku. Þá vil ég segja eftirfarandi: Ég tel að slíkt ákvæði mætti að ýmsu leyti leggja að jöfnu við málskotsrétt forseta. Ég er þeirrar skoðunar. Ég sé að hv. þm. er mér ósammála um þetta. Víst væri gaman að rökræða við hann síðar um það en þetta er eitt af því sem við þurfum að skoða ákaflega vel. Auðvitað er hugsanlegt að við höfum þetta þrennt til staðar áfram: málskotið, þennan rétt sem hv. þm. gerði að umræðuefni í ræðu sinni og síðan einn almennan farveg líka fyrir tiltekinn minni hluta þjóðarinnar til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hvað sem því líður er ljóst að þetta er eitt af því sem tekur huga manna þegar verið er að ræða endurskoðun á stjórnarskránni. Ég vil túlka það svo að menn eru almennt að verða betur áskynja um nauðsyn þess að skapa umhverfi þar sem beint lýðræði er áhrifaríkara, og hreinlega gildari þáttur í þjóðlífinu en hingað til. Ég ætla ekki að fara út í mikla umræðu um það, frú forseti. Samfylkingin hefur hins vegar haft ákveðið frumkvæði á þessu sviði. Við höfum lagt hér fram nokkrar þingsályktunartillögur og jafnvel frumvörp sem varða beint lýðræði. Það er eftirtektarvert að Samfylkingin mótaði stefnu um íbúalýðræði fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar á flokksstjórnarfundi sem flokkurinn hélt á Akureyri. Í kjölfar þess hefur íbúalýðræði í vaxandi mæli verið tekið upp í sveitarfélögum sem öll eiga það sameiginlegt að Samfylkingin kemur með einhverjum hætti þar að stjórnun.

Ég held þess vegna að það skipti máli að flokkar leggi sig í umræðu um þessi mál og taki ákvörðun. Mér finnst eins og að hér sé enginn ágreiningur um þennan þátt af þeim lýðræðisumbótum sem Samfylkingin hefur verið að reifa hér í dag og á umliðnum árum.

Umbætur á lýðræði og bætt lýðræði, aukinn réttur borgaranna, vernd borgaranna, eru ákaflega snar þáttur af málefnastarfi og stefnu Samfylkingarinnar. Við höfum það mikla starf sem leiddi til þess að við höfum flutt hér á þriðja tug þingmála samanlagt, að ég hygg, sem einhvern veginn tengjast þessum þáttum. Það var áður en sú þunga atburðarás varð sem hér setti samfélagið allt á hvolf í tengslum við fjölmiðlalögin.

Í kjölfar þeirrar atburðarásar hefur hulunni verið svipt af því hvernig ríkisstjórnarflokkarnir vanvirða lýðræðið með margvíslegum hætti og hve nauðsynlegt er fyrir okkur, sem unnum lýðræðinu, að standa vörðinn og standa fast gegn ásælni framkvæmdarvaldsins. Ég hef stundum kallað þetta ráðherraræði og líka kallað þetta rassvasalýðræði. Mér hefur fundist sem staðan á hinu háa Alþingi sé í vaxandi mæli þannig að þingflokkar stjórnarflokkanna séu í helgreipum ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórninni er ráðið af einum eða tveimur mönnum. Það einkenndi atburðarásina sem tengdist fjölmiðalögunum.

Ég þori að fullyrða, frú forseti, að enginn stjórnarliði hafði ríka sannfæringu fyrir þeirri málafylgju sem forustumenn stjórnarflokkanna sýndu í því máli. Þeir tróðu málinu í gegn. Ég efa að þeim hefði tekist það fyrir tíu árum. En þróunin á þeim tíma sem ég hef setið á þingi og í tíð núverandi ríkisstjórnar, frá árinu 1995, hefur verið sú að hér eru menn farnir að valsa um eins og þeir eigi ríkisvaldið. Þeir virða ekki lengur skiptingu þess í mismunandi valdþætti. Það er nauðsynlegt að við alþingismenn stöndum vörð um þá skiptingu. Þessi tillaga er að stórum hluta innlegg í þá umræðu og er að stórum hluta varðstaða af okkar hálfu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:47]

Útbýting:

Menningarkynning í Frakklandi, 115. mál, svar forsrh., þskj. 243.

Starfslok og taka lífeyris, 247. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 263.

Stuðningur stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn, 248. mál, þáltill. ÍGP, þskj. 266.

Talsmaður neytenda, fyrri umr.

Þáltill. ÞSveinb o.fl., 18. mál. — Þskj. 18.

[15:47]

Flm. (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis talsmanns neytenda.

Auk mín flytja tillöguna háttvirtir þingmenn Samfylkingarinnar Jóhanna Sigurðardóttir, Mörður Árnason, Rannveig Guðmundsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson.

Tillagan hljóðar svo, frú forseti:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að setja á fót embætti talsmanns neytenda til þess að styrkja stöðu hins almenna neytanda á frjálsum markaði. Í því skyni verði undirbúnar nauðsynlegar lagabreytingar í samráði við Neytendasamtökin og verkalýðshreyfinguna. Embættið fari með framkvæmd laga sem lúta að óréttmætum viðskiptaháttum og neytendavernd, auk löggjafar um öryggi vöru og markaðsgæslu. Talsmanni neytenda verði frjálst að taka upp hvert það mál er varðar hagsmuni neytenda og sækja mál fyrir dómstólum ef þurfa þykir. Embættið hafi sjálfstæðan fjárhag og sinni erindrekstri fyrir íslenska neytendur.

Viðskiptaráðherra leggi fram frumvarp þar að lútandi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en á haustþingi 2005."

Í greinargerð með tillögunni segir m.a., frú forseti, að efling neytendaverndar og -réttar hafi hingað til ekki verið forgangsverkefni íslenskra stjórnvalda. Það sem þó hefur verið fest í lög á liðnum áratug má að miklum hluta rekja til aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Öflug neytendavernd er hins vegar ein af forsendum þess að markaðshagkerfið virki með eðlilegum hætti.

Markaðsumhverfi neytenda á Íslandi hefur tekið miklum og hröðum breytingum síðastliðinn áratug. Alþjóðavæðing viðskiptalífsins hefur haft mikil áhrif markaðssamfélagið og stöðu neytenda innan þess. Vöruframleiðsla og verslun er nú skipulögð á heimsvísu og neytendur þurfa að bregðast við breyttum aðstæðum með öflugra starfi og samvinnu á alþjóðlegum vettvangi. Ný fyrirbrigði, eins og netverslun, sala erfðabreyttra matvæla, sameiginleg mynt í Evrópusambandinu og nýir alþjóðlegir viðskiptasamningar, svo að nokkur dæmi séu nefnd, kalla á frekari samvinnu neytenda þvert á landamæri.

Góð neytendavernd getur að einhverju leyti komið í veg fyrir sóun samfélagslegra verðmæta og er til þess fallin að bæta lífskjör með því að auka samkeppnishæfni framleiðslu og verslunar. Hún tryggir stöðu neytenda gagnvart fyrirtækjum, með öðrum orðum samkeppnisstöðu neytenda á markaði, og kemur á betra jafnvægi á milli hagsmuna neytenda annars vegar og framleiðenda og auglýsenda hins vegar. Hún er einnig nauðsynlegt öryggistæki og forvörn í samfélagi sem vill lágmarka kostnaðinn sem það ber af slysum og tjónum vegna framleiðslugalla á vöru eða ófullnægjandi hönnunar. Frá gildistöku EES-samningsins hefur staða neytenda hér á landi styrkst en fram á síðasta áratug 20. aldar var lagasetning á sviði neytendamála fábreytt. Fyrstu lög um lausafjárkaup voru sett árið 1922 og almenn samningalög tóku gildi árið 1936. Að vísu má segja að hin fábreytta lagaflóra, a.m.k. á fyrri hluta síðustu aldar, hafi að nokkru leyti endurspeglað stjórn efnahagsmála, t.d. opinbera verðlagsstýringu og stöðu neytenda með tilliti til hennar.

Ísland er eina norræna landið þar sem ekki er sérstakt embætti umboðsmanns eða talsmanns neytenda. Annars staðar á Norðurlöndum á lagasetning um neytendavernd sér um það bil þriggja áratuga sögu. Þar virðist vitund almennings og stjórnvalda um gildi neytendaverndar hafa verið vakin mun fyrr en hér á landi og er litið á hana sem samfélagslega þjónustu sem endurspeglast m.a. í sterkum ríkisstyrktum félagasamtökum og ríkisreknum stofnunum á sviði neytendamála, enda teljast Norðurlandaþjóðirnar í fremstu röð í þessu efni. Sem dæmi má nefna embætti umboðsmanns neytenda í Danmörku. Hann getur beitt ýmsum aðferðum við að koma erindi sínu til skila, t.d. almennri fræðslu, birtingu leiðbeininga og reglna um tilteknar markaðsfærslur, almennum tilmælum sem gert er ráð fyrir að menn fylgi möglunarlaust, eða lögsókn ef þörf krefur. Fleiri góðar fyrirmyndir um starf talsmanns neytenda er að finna í nágrannalöndum og hægur leikur að velja leið sem hentar íslensku samfélagi vel og tekur jafnframt mið af því sem best gerist.

Í júní árið 1999 skilaði starfshópur á vegum viðskiptaráðuneytisins áliti til ráðherra er bar yfirskriftina „Stefnumörkun í málefnum neytenda". Í álitinu gerir starfshópurinn tilraun til þess að forgangsraða málefnum sem snúa að neytendavernd. Í því má finna margar ábendingar um atriði sem betur mættu fara í íslenskri neytendavernd. Þar er að finna margar ábendingar um margt sem mætti betur fara í íslenskum neytendarétti og tillögur t.d. um að komið verði á fót upplýsinga- og leiðbeiningaþjónustu til neytenda. Það er ástæða til þess að benda á að í þessu fimm ára gamla áliti er lögð áhersla á það við ráðherra viðskipta að neytendavernd verði skipað með sama hætti og um ræðir í nágrannalöndum og í samræmi við markmið um neytendavernd á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Það er kannski óþarfi að taka það fram en frekar lítið hefur verið gert með þetta álit þótt reyndar hafi borist fréttir af vinnu að nýrri lagasetningu eða nýjum frumvörpum í viðskiptaráðuneytinu.

Eins og fyrr segir heyra neytendamál undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið og undirstofnun þess, Samkeppnisstofnun, sem samkvæmt orðanna hljóðan er yfirvald í samkeppnismálum og eftirlitsaðili. Frjáls félagasamtök, svo sem Neytendasamtökin, Kvenfélagasambandið sem rekur Leiðbeiningastöð heimilanna og verkalýðshreyfingin hafa einnig mikilvægu þjónustuhlutverki að gegna og standa vörð um réttindi neytenda þótt með ólíkum hætti sé. Starf Samkeppnisstofnunar felst m.a. í að hafa eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, röngum og villandi auglýsingum, verðkönnunum og miðlun upplýsinga til neytenda, auk þess að setja reglur um verðmerkingar. Auk samkeppnislaganna hefur Samkeppnisstofnun eftirlit með framkvæmd laga um neytendalán, alferðir, húsgöngu- og fjarsölusamninga og lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Stofnunin gegnir víðtækara hlutverki í neytendamálum en sambærilegar stofnanir gera í nágrannalöndunum.

Meðal þess sem fjallað er um í áliti starfshópsins frá 1999 er sú staðreynd að neytendamáladeild Samkeppnisstofnunar hafi aldrei verið sérgreind frá öðru starfi stofnunarinnar. Svo segir í áliti starfshópsins á bls. 9, með leyfi forseta:

„Rökin sem mæla gegn núverandi skipulagi eru m.a. þau, að Samkeppnisstofnun hefur það hlutverk að fylgjast með markaðinum og vera hlutlægur úrskurðaraðili ef svo ber undir, sem leggur dóm á hvort eðlilegum leikreglum sé fylgt á markaði. Eðli máls samkvæmt getur Samkeppnisstofnun því ekki tekið afstöðu til hagsmunagæslu fyrir einn aðila markaðarins gegn öðrum."

Flutningsmenn þessarar tillögu taka undir rökin sem færð eru í áliti starfshópsins frá 1999 og í nýrri skýrslu um íslenskt viðskiptaumhverfi, sem kom út í september í haust, um að neytendahluti starfsemi Samkeppnisstofnunar verði færður frá henni og leggja til að hann heyri undir nýtt embætti talsmanns neytenda. Verkefni talsmanns neytenda verði m.a. að veita fyrirtækjum nauðsynlegt aðhald gegn óheftri markaðsfærslu, hafa eftirlit með að lögum og reglum um neytendavernd sé fylgt, upplýsa neytendur um réttindi sín á markaði, tala máli neytenda og gæta hagsmuna þeirra í hvívetna, samkvæmt orðanna hljóðan.

Hér er lagt til að talsmaður neytenda starfi ekki hjá Samkeppnisstofnun eða lúti forstjóra hennar. Embætti talsmanns þarf að vera sjálfstætt, vinna sjálfstætt og vera fjárhagslega sjálfstætt. Það útilokar þó ekki að það starfi undir sama þaki og skyldar stofnanir ellegar frjáls félagasamtök. Vissulega væri nokkur nýbreytni í slíkri ráðstöfun. Til dæmis má hugsa sér að hægt væri að vista embættið við hlið Neytendasamtakanna og samnýta aðstöðu með þeim hætti. Slíkt fyrirkomulag gæti einnig styrkt og auðveldað aðgang hins almenna borgara að þjónustu þeirra. Það verður að teljast til hægðarauka fyrir hinn almenna neytanda, auk þess sem vænta má að starfsemi talsmanns neytenda verði sýnilegri fyrir vikið. Flutningsmenn telja mikilvægt að kanna allar leiðir í þessu efni með opnum hug. Mestu máli skiptir að fara vel með almannafé.

Frú forseti. Það er löngu tímabært að stjórnvöld taki neytendamál fastari tökum en hingað til hefur verið gert. Stofnun embættis talsmanns neytenda er skref í þá átt en jafnframt er brýnt að mótuð verði heildstæð stefna í málefnum neytenda, um réttindi þeirra og neytendavernd almennt. Vel heppnuð stefnumótun, sem leggur umhverfisvernd og gott viðskiptasiðferði til grundvallar, kemur samfélaginu öllu til góða og er nauðsynleg til þess að veita viðskiptalífinu aðhald, stuðla að bættu atvinnulífi og meiri samkeppni á milli fyrirtækja. Öflug neytendavernd er forsenda þess að neytendur geti nýtt sér kosti hins frjálsa markaðshagkerfis.

Ég legg að lokum til, frú forseti, að þessari þingsályktunartillögu verði að lokinni fyrri umræðu vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[15:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 7. þm. Suðvest. fyrir frumkvæði hennar í að koma þessu máli til þingsins. Við fjöllum hér um mjög mikilvægt mál fyrir neytendur. Öflug neytendavernd er grundvallaratriði hjá þeim sem búa við markaðsskipulag, eigi það að virka til hagsbóta fyrir neytendur. Það vantar verulega upp á að löggjöf okkar í neytendamálum sé virk og traust til hagsbóta fyrir neytendur. Þar erum við nokkuð aftar en aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við. Þar má m.a. nefna aðrar Norðurlandaþjóðir sem fyrir löngu hafa komið á fót talsmanni eða umboðsmanni eins og hér er lagt til.

Við þekkjum það í þjóðfélagi okkar þar sem fólk býr við hvað hæstan framfærslukostnað miðað við þær þjóðir sem við berum okkur saman við, við þekkjum frá umliðnum árum það samsæri sem viðhaft hefur verið í atvinnulífinu gegn neytendum. Þar er hægt að nefna tryggingafélögin sem hlunnfóru neytendur um marga tugi milljarða króna og þurftu ekki að sæta neinni refsingu fyrir og við þekkjum grænmetisgeirann þar sem neytendur bjuggu við þau vinnubrögð á þeim vettvangi að þar var stundað samráð til þess að geta haldið uppi háu verðlagi. Svo er náttúrlega nýjasti skandallinn, samsæri gegn neytendum sem olíufélögin hafa stundað í heilan áratug sem kostað hefur þjóðfélagið um 40 milljarða kr. Þetta er það umhverfi sem við búum í og við vitum að sú leið sem er líkleg til að tryggja að svona gerist ekki er að við búum við öfluga neytendavernd. Stór liður í því er að stofna embætti talsmanns neytenda.

Eftir að ákveðið hafði verið að leggja fram þessa tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis talsmanns neytenda bárust spurnir af því að viðskiptaráðherra væri með slíkt mál í smíðum. Það er ekki komið inn í þingið en var kynnt efnahags- og viðskiptanefnd í morgun. Það frumvarp sem við fórum lauslega yfir segir mér að margt þarf að laga í frumvarpinu ef það á að gagnast neytendum eins og ætlanin er. Í því máli sem við fjöllum um hér er einmitt lögð áhersla á tvö grundvallaratriði sem ekki er að finna í frumvarpi viðskiptaráðherra, þ.e. að embætti talsmanns eða umboðsmanns neytenda vinni sjálfstætt og sé fjárhagslega sjálfstætt og að embættið eða neytendavernd verði skipuð með sama hætti og um ræðir í nágrannalöndunum í samræmi við markmið um neytendavernd á hinu Evrópska efnahagssvæði. Eins og málið er úr garði gert af hálfu viðskiptaráðherra er langt í frá að það standist. Þess vegna á þessi tillaga fullan rétt á sér. Við gerum auðvitað kröfu um að hún fái þinglega meðferð og verði höfð til hliðsjónar þegar gengið verður frá fullbúnu frumvarpi um stöðu talsmanns neytenda.

Nú má um það deila hvort embættið eigi að heita „talsmaður neytenda" eða „umboðsmaður neytenda". Margt mælir með því að skoða beri að embættið heiti „umboðsmaður neytenda" eða „stofnun embættis umboðsmanns neytenda" þannig að ekki verði það skör lægra en t.d. embætti umboðsmanns barna sem hefur gert mjög marga góða hluti á þeim árum sem það hefur starfað. Í því frumvarpi sem viðskiptaráðherra mun leggja fyrir þingið fer því fjarri að talsmaður neytenda hafi sama sess og t.d. umboðsmaður barna. Samt hefur verið litið svo á að illa hafi verið búið að umboðsmanni barna, fámennt starfslið og ótal verkefni sem þar er að sinna, en í frumvarpinu hjá hæstv. viðskiptaráðherra um Neytendastofu og talsmann neytenda er gert ráð fyrir að talsmaður neytenda verði staðsettur í nýrri stofnun sem á að heita Neytendastofnun og á

að taka við af Löggildingarstofunni. Þar er verið að hræra saman ýmsum ólíkum verkefnum sem Löggildingarstofa hefur haft. Því þarf að gjörbreyta og taka út ýmis verkefni og skilgreina betur til þess að þetta verði sú stofnun neytenda og talsmaður neytenda sem nauðsynlegt er.

Þarna er t.d. gert ráð fyrir að Neytendastofa fari með rafmagnsöryggismál, eins og kveðið er á um í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raflagna. Jafnframt er rætt um það í frumvarpinu að lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara falli þarna undir og fleira sem ég sé ekki að geti átt heima þarna með eðlilegum hætti.

Síðan er einungis gert ráð fyrir í frumvarpi ráðherra að þau sex stöðugildi sem nú eru á neytendasviði Samkeppnisstofnunar verði flutt yfir í Neytendastofu og ekki verði um viðbótarstarfsfólk að ræða nema þennan eina talsmann neytenda. Hann þarf að sækja til Neytendastofunnar sjálfrar um starfslið og undir því er komið að hann geti sinnt eðlilega sínu verki. Hann mun ekki hafa sambærileg verk á sinni könnu eins og t.d. er hjá umboðsmönnum neytenda annars staðar á Norðurlöndunum. Hann mun ekki vinna að stefnumótun eða rannsóknum sem er þó mjög nauðsynlegt að umboðsmaður geri og hann hefur ekki á sérstöku starfsliði að skipa. Stefnumótun á þessu sviði verður á hendi sérstaks forstjóra Neytendastofu og Neytendastofunnar sjálfrar en ekki hjá talsmanni neytenda.

Ég hef því dálitla ástæðu til að drepa á þetta hér um leið og við ræðum þetta mikilvæga mál sem er flutt undir forustu hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur. Ég vona að sú nefnd sem fær bæði þessi mál til meðferðar, tillöguna sem við ræðum hér og síðan það frumvarp til laga sem viðskiptaráðherra flytur um Neytendastofu og talsmann neytenda, beri gæfu til þess að gjörbreyta frumvarpi viðskiptaráðherra þar sem tekið verður tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í þessari tillögu um stofnun embættismanns, talsmanns neytenda. Ég gagnrýni það harðlega að hæstv. viðskiptaráðherra skuli ekki við undirbúning þessa máls um Neytendastofu og talsmann neytenda hafa haft betra og nánara samstarf við Neytendasamtökin og verkalýðshreyfinguna en raun ber vitni. Þeir aðilar búa yfir margvíslegri þekkingu í þessum málum.

Mikilvægast er þó að við getum lent þessu máli hér á þingi þegar það verður fullbúið og hefur fengið meðferð í þingnefnd þannig að sómi sé að fyrir okkur. Nógu lengi hefur verið beðið eftir því að fá hér umboðsmann eða talsmann neytenda sem tryggi betur hag neytenda og stuðli að bættri neytendavernd.

[16:07]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég tel að markmið þessarar tillögu sé mjög gott, þ.e. að efla hag neytenda. Ég get heils hugar tekið undir að ekki er vanþörf á því nú, dæmin sanna það. Við höfum olíumálið þar sem verið er að hafa af neytendum, öllum sem hafa bílpróf, ótrúlegar upphæðir. Þegar saman safnast eru það milljarðar króna sem olíufélögin hafa rakað til sín.

Aftur á móti er ég ekki jafnsannfærður um að rétt sé að stofna enn eina örstofnunina. Það kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að embætti talsmanns neytenda ætti ekki að vera skör lægra en embætti umboðsmanns barna. Ég tek undir það. Það embætti kostar samt um 25 millj. kr. Ég tel að ef við ætluðum að verja frekar hag neytenda yrði fjármununum betur varið með því að efla Samkeppnisstofnun. Hún hefur um 180 millj. til ráðstöfunar. Mér finnst eins og staðan er nú að menn ættu að horfa til þess að efla Samkeppnisstofnun því að mál eru árum saman að velkjast innan stofnunarinnar. Það er full þörf á því að efla hana. Ef við ætlum að ná fram markmiðum tillögunnar tel ég bestu leiðina vera að veita fjármuni í Samkeppnisstofnun og síðan að skoða hvaða leiðir eru til að efla Neytendasamtökin í stað þess að fara í enn eina örstofnunina.

Eins og áður segir höfum við málið með samráð tryggingafélaganna — ég man ekki hvað það tók mörg ár, var það fjögur ár að velkjast í rannsókn hjá Samkeppnisstofnun, eða var það lengur? Síðan eru það heildarsamtök þeirra sem veita internetþjónustu í samkeppni við ríkisrekið fyrirtæki og það tekur á annað ár að fá einhvern botn í kvörtun. Þá er hægt að áfrýja málinu til áfrýjunarnefndar. Sú málsmeðferð hvað varðar viðskiptaumhverfið er algjörlega óviðunandi og full þörf á að endurskoða og skoða með opnum hug hvaða leiðir eru færar til að ná fram markmiðunum. Ég er ekki að draga úr því að það þarf greinilega, hvert málið rekur hér annað. Við þurfum að skoða hvernig við getum náð fram því markmiði að bæta hag neytenda. Að því leyti get ég tekið undir markmið frumvarpsins þótt ég hafi vissar efasemdir um sjálfa leiðina, að stofna enn eina stofnunina.

Þar sem gallar eru á því að fara þá leið að setja málaflokkinn með auknum þunga inn í Samkeppnisstofnun kemur fram í greinargerðinni að Samkeppnisstofnun geti ekki tekið afstöðu til hagsmunagæslu fyrir einn aðila markaðarins gegn öðrum. Það má vel taka undir það en er þá ekki önnur leið að skoða það einfaldlega að efla Neytendasamtökin? Ég tel að það væri fín leið.

[16:11]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég hef mikla samúð með sjónarmiðum síðasta hv. ræðumanns, Sigurjóns Þórðarsonar, og er ekki hrifinn af því að fjölga ríkisstofnunum, litlum eða stórum. Hins vegar er þessi málaflokkur auðvitað fyrir hendi í ríkisstofnunum eða hjá starfsmönnum ríkisins, annars vegar í neytendamáladeild Samkeppnisstofnunar og hins vegar í viðskiptaráðuneytinu. Við höfum — mér liggur við að segja í áratugi og ég held að það sé rétt — í áratugi kvartað yfir því að þeim starfsmönnum sem þarna er um að ræða hafi ekki verið gefið svigrúm til þess að gera nægilega vel á þessu sviði, og hreinlega yfir því að í nútímasamfélagi af því tagi sem hér er upp komið þarf einfaldlega meira fé, fleiri starfsmenn til að sinna þessum málaflokki.

Það er auðvelt og einfalt eins og hv. 1. flutningsmaður gerir í greinargerð sinni eða þeirri greinargerð sem hún hefur haft yfirstjórn með að semja að vísa einfaldlega til Norðurlanda, til norrænu ríkjanna, þeirra sem við þekkjum best hér á Íslandi. Þegar yfir þau er flogið sér maður að þar er alls staðar um að ræða slíka umboðsmenn neytenda eða talsmenn af einhverju tagi í tengslum við einhvers konar ríkisstofnanir sem víða eru þó fámennar miðað við fólks-

fjöldatölur þar og einkar skilvirkar. Ég held að því megi koma fyrir hér.

Ég tek mjög undir það líka með síðasta hv. ræðumanni að brýn þörf er á því að efla Neytendasamtökin. Neytendasamtökin eru hins vegar frjáls félagasamtök sem ekki geta tekið að sér það verkefni sem umboðsmönnum eða talsmönnum neytenda er falið þar sem þeir eru til. Það er eðlismunur á starfi slíkra frjálsra félagasamtaka og því starfi sem umboðsmaður neytenda eða talsmaður sinnir, og sinnir í þeim krafti að hann er fulltrúi ríkisvaldsins með nokkrum hætti þó að hann sé ekki og eigi aldrei að vera fulltrúi ráðherra eða ríkisstjórnar.

Það er t.d. eitt sem þarf að gera við það að koma neytendamálum betur fyrir hér á Íslandi, það að athuga með hvaða hætti menn ætla að hafa framtíðarskipulag á því sem nú heitir kvörtunar- og leiðbeiningarþjónusta Neytendasamtakanna. Þau ein sjá um hana en njóta að vísu að hluta til fjárveitingar frá Alþingi, í gegnum viðskiptaráðuneytið, en sú þjónusta er í heild sinni kostuð af ríkisvaldinu í hinum norrænu ríkjunum og þykir engum það tiltökumál.

Í greinargerðinni er einmitt fjallað um það að umboðsmaður eða talsmaður neytenda geti sem hægast starfað í tengslum við frjáls félagasamtök af því tagi sem við þekkjum í Neytendasamtökunum okkar og slíkt samstarf gæti orðið, held ég, árangursríkt og áhugavert vegna þess að Neytendasamtökin hafa frá upphafi þrýst á um að hagsmuna neytenda sé gætt og hafa verið í fararbroddi við að kynna fyrir þjóðinni þau sjónarmið sem þá þóttu nýstárleg. Sumum þóttu þau afkáraleg. En þau hafa nú valdið því að það er að takast pólitísk samstaða um að stofna til þess embættis sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Að minnsta kosti er á leiðinni — það upplýsti hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir þeim sem ekki vissu það fyrir — frumvarp frá viðskiptaráðherra sem heitir svipuðu nafni um talsmann neytenda.

Það var nú erindið í ræðustólinn að ég vildi segja, án þess að ætla að fara að tala um annað þingmál en það sem liggur fyrir, að einkum þrennt skiptir máli um það hvort vel tekst til í þessu efni eða ekki. Ég nota orðið talsmaður vegna þess að það er notað bæði í tillögu okkar Þórunnar Sveinbjarnardóttur og fleiri samfylkingarmanna og í frumvarpi ráðherrans. Ég held að það fyrsta sé það að talsmaðurinn njóti fulls sjálfstæðis. Hann verður að njóta fulls sjálfstæðis og hann verður að hafa burði til að koma fram sem sá fulltrúi neytenda sem hann á að vera. Það þýðir að það verður að vera skýrt hvaða valdsvið hann á að hafa og hvert erindi hans er.

Í tillögunni er það orðað svo, með leyfi forseta:

„Talsmanni neytenda verði frjálst að taka upp hvert það mál er varðar hagsmuni neytenda og sækja mál fyrir dómstólum ef þurfa þykir."

Í norrænu ríkjunum á einmitt umboðsmaður neytenda að geta höfðað mál. Hann á að geta gert tillögur um breytingar á lögum og hann á að geta með sínum hætti stuðlað að setningu reglna um nánari umferðarreglur á markaðnum og sums staðar tíðkast það að honum er gert að segja almennt álit sitt á ákveðnum hlutum. Þá er það þannig að menn taka mark á því áliti vegna þess að embættið hefur unnið sér virðingu og yfirleitt þarf ekki meira um það að fjalla og ekki um þau sár að búa frekar.

Þetta skiptir verulegu máli og þar með skiptir máli að hæfi hans sé vel skilgreint. Það er svo með ákveðnum hætti hér í tillögunni. En á það vantar í því þingmáli sem ég ætlaði ekki að ræða mikið eða a.m.k. því sem ég hef séð af því. Þar eru sem sé engar hæfiskröfur í raun og veru, ekki einu sinni lögmannskröfur að ég hygg. En á Norðurlöndum er gert ráð fyrir dómarahæfi í þessu starfi.

Í öðru lagi verður, eins og stendur í tillögunni, embættið að hafa sjálfstæðan fjárhag. Fjárveitingar til þess verða að vera alveg skýrar og það á ekki að þurfa að sækja undir aðra en fjárveitingavaldið sjálft um peningana, með milligöngu ráðuneytis auðvitað eins og þurfa þykir. Það má ekki vera þannig og það er vís dauði að talsmaðurinn sé settur sem skrifstofumaður í einhverja aðra stofnun og forstöðumanni þeirrar stofnunar sé gert að biðja um fjármagn fyrir talsmanninn og síðan að úthluta því til hans eins og annarra skrifstofumanna sinna.

Í þriðja lagi verður talsmaðurinn að hafa full ráð yfir sínu starfsliði. Hann verður að geta annast stefnumótun og hann verður að hafa verkstjórn í sínum höndum með þeim starfsmönnum sem undir hann heyra og það má ekki vera þannig að hann þurfi að leita leyfis einhvers annars, einhvers forstöðumanns yfir einhverju sem kemur honum ekki við, til þess að nýta það starfslið eða skipa því fyrir.

Ég held að þetta sé sá þrefaldi grundvöllur sem talsmaður neytenda eða umboðsmaður verður að standa á til þess að vera ekki bara einhver brandari. Þessa er gætt í þessari þingsályktunartillögu og ég vona að svo verði líka í því þingmáli sem að lokum verður hér samþykkt sem ný lög um talsmann eða umboðsmann neytenda, vonandi í vetur.

[16:19]

Kristrún Heimisdóttir:

Frú forseti. Það hefur verið sagt, og mikið er til í því, að markaður sé aðeins frjáls ef neytendur knýja hann áfram. Það er vafalaust umhugsunarefni fyrir okkur öll á Íslandi, sérstaklega nú á þessum síðustu og verstu tímum, hversu margir markaðir á Íslandi eru sannarlega ekki knúnir áfram af neytendum. Því er mikið fagnaðarefni að það skuli vera komið í slíkt hámæli í opinberri umræðu að nú hilli undir það að til verði einhvers konar stofnun eða talsmaður neytenda á Íslandi.

Ég vil sérstaklega taka undir það sem hv. þm. Mörður Árnason sagði áðan um hæfnisskilyrði þess einstaklings sem tæki að sér slíkt embætti. Það skiptir meginmáli. Það er ómetanlegt og forsenda trúverðugleika embættisins að viðkomandi aðili búi við það sem hv. þm. Mörður Árnason lýsti.

Nauðsynlegt er að gera greinarmun á því hvað samkeppniseftirlit annars vegar er og neytendarannsóknir hins vegar. Samkeppniseftirlit og starfsemi Samkeppnisstofnunar kom til á Íslandi upp úr því að við gengum í Evrópska efnahagssvæðið. Hún er að verða tíu ára gömul og var stofnuð upp úr Verðlagsstofnun. Fyrir einhvers konar sögulegt slys færðist alls kyns aukastarfsemi undir Samkeppnisstofnun, þar á meðal hlutir sem ættu að heita neytendarannsóknir en ekki verið sinnt sem skyldi. Neytendarannsóknir hafa hins vegar raunverulega ekki verið til á Íslandi í þeim mæli sem nauðsynlegt er í því evrópska nútímamarkaðs-

samfélagi sem Ísland er sem betur fer orðið.

Samkeppniseftirlit á fyrst og fremst að varða eftirlit og eftirfylgni með hegðun fyrirtækja á markaði. Neytendarannsóknir eiga að ganga út á það að skoða hvers konar vöru, hvers konar þjónustu og hvers konar verk einstaklingar, neytendur á markaði, fá í hendur þegar þeir greiða fyrirtækjum sem bjóða til sölu vöru sína, þjónustu eða verk. Þetta snýst um það hvers konar efndir séu á bak við þau loforð, hvað felist í því sem neytendurnir fá afhent.

Þetta eru allt annars konar viðfangsefni en þau sem Samkeppnisstofnun hingað til hefur að mestu leyti verið að fást við. Þetta viðfangsefni hefur verið algjörlega vanrækt á Íslandi og á þessu er satt að segja talsvert lítil þekking hérlendis.

Það sem skiptir kannski hvað mestu máli nú, ef út í það verður haldið að koma á fót slíku embætti hér á Íslandi, er að til þess verði varið nægum fjármunum til þess að viðkomandi starfsemi njóti trúverðugleika bæði hjá almenningi og ekki síður hjá fyrirtækjunum í landinu. Neytendarannsóknir eru flókin og oft kostnaðarsöm starfsemi. Það þarf að greina tiltekna vöru, tiltekin matvæli frá matvælafyrirtækjum eða flókna tæknivöru sem flutt er inn til landsins. Þetta eru kostnaðarsamar aðgerðir. Þetta krefst þekkingar og krefst þess að það sé gert á réttan hátt. Til þess að ekki verði betur heima setið en af stað farið verður að leggja nægilega fjármuni og nægilega mikið afl í þetta til að íslensk fyrirtæki taki mark á þessu og til að íslensk fyrirtæki njóti þess sem þarna er á ferðinni og þetta verði sannanlega til þess fallið að styrkja vöruframboð og þá þjónustu sem íslenskum neytendum er boðin.

[16:24]

Flm. (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Frú forseti. Mig langar til að nota tækifærið og þakka þátttökuna í þessari umræðu um þingsályktunartillögu um stofnun embættis talsmanns neytenda. Eins og hv. þingmenn hafa komið inn á í sínum ræðum eru verkefnin ærin og brýn í þessum efnum.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir rifjaði hér upp með okkur samsærin, sem hún svo kallaði, gegn neytendum, tryggingafélaganna, grænmetissalanna, olíufélaganna nú hið síðasta. Allt heitir þetta einu nafni ólöglegt samráð.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson taldi markmið málsins vera gott en hann var ekki sannfærður um að setja ætti á fót nýja stofnun. Vissulega eru það veigamikil rök hvort setja eigi á fót enn eina ríkisstofnunina. En mér segir svo hugur um að hér sé ekki um neina venjulega stofnun að ræða heldur þjónustuembætti við neytendur í landinu og því megi náttúrlega útfæra starfsemi þessa embættis með nýstárlegum hætti eins og ég kom inn á í ræðu minni hér fyrr.

Ég er sammála hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni að svo sannarlega ber bæði að efla starf Neytendasamtakanna og einnig Samkeppnisstofnunar. Um það hafa þingmenn Samfylkingarinnar flutt margar ræður við ýmis tilefni á hinu háa Alþingi og á það skal minnt vegna Neytendasamtakanna að það gerist hvergi á Norðurlöndunum nema á Íslandi að meiri hluti þess fjár sem er notaður til reksturs Neytendasamtakanna komi frá félagsmönnum en ekki ríkinu. Því er einmitt öfugt farið á Norðurlöndunum þar sem ríkisstyrkt félagasamtök eru stór og öflug og það þykir eðlilegt og í raun hlutverk ríkisins að halda úti og styðja við frjáls félagasamtök með þessum hætti. Auk þess, eins og oft hefur verið rætt á hinu háa Alþingi, ber auðvitað að efla Samkeppnisstofnun til muna, þ.e. markaðssvið hennar. Þar hafa starfsmenn búið við fjársvelti sem hefur valdið því að það hefur tekið mánuði og ár að ljúka verkefnum sem hefðu þurft að taka skemmri tíma.

Frú forseti. Hlutverk ríkisvaldsins er nefnilega að stuðla að ákveðnu jafnvægi á hinum frjálsa markaði. Staða fyrirtækjanna, seljendanna og auglýsendanna, er eins og málum er háttað í dag einfaldlega miklu sterkari en staða neytendanna. Hlutverk ríkisvaldsins er að stuðla að betra jafnvægi þannig að hinn frjálsi markaður sé, eins og hv. þm. Kristrún Heimisdóttir orðaði það, knúinn áfram af neytendunum en ekki fyrirtækjunum. Aðeins þannig virkar hið frjálsa markaðshagkerfi eins og við viljum að það virki best, þ.e. með sterkum fyrirtækjum og sterkum neytendum. Eins og staðan er í dag á Íslandi er ójafnvægið þarna á milli óþolandi og þannig að við verðum að gera gangskör að því að bæta ástandið.

Frú forseti. Að lokum vil ég einnig taka undir orð hv. þm. Marðar Árnasonar um hinar þrjár forsendur þess að embætti talsmanns neytenda sé — ég vil leyfa mér að orða það þannig — þess virði að setja það á fót, þ.e. að það hafi fullt sjálfstæði, skýrt valdsvið og að embættismaðurinn, talsmaðurinn, hafi vel skilgreint hæfi og hæfni til starfans, hafi sjálfstæðan fjárhag og hafi full ráð yfir sínu starfsliði. Ég kom ekki inn á það í framsöguræðu minni en það er rétt að samkvæmt þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið frá viðskiptaráðuneytinu þá væri sá talsmaður sem lagt er til að taki til starfa samkvæmt hugmyndum hæstv. viðskiptaráðherra í raun bara venjulegur starfsmaður í ríkisstofnun sem heitir Neytendastofa. Það held ég að hún eigi að heita. En það er ekki það sem við í Samfylkingunni erum að tala um. Við viljum sjálfstæðan öflugan talsmann neytenda sem hefur fullt umboð til þess að leiðbeina, lögsækja ef þörf krefur, og vera í því hlutverki á hinum frjálsa markaði að hafa tækin og forsendurnar til þess að tala máli neytenda á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling starfsnáms, fyrri umr.

Þáltill. BjörgvS o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

[16:29]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hérna öðru sinni þingsályktunartillögu okkar í Samfylkingunni um eflingu starfsnáms og styttri námsbrauta, nú í töluvert breyttri mynd frá því í fyrra eftir að málið hefur hlotið umræður í menntamálanefnd þar sem við þingmenn Samfylkingar lögðum ríka áherslu á að hér væri um þverpólitískt mál að ræða sem væri mjög brýnt að afgreiða frá Alþingi en svæfa ekki þyrnirósarsvefni inni í nefnd einn ganginn enn eins og gerist allt of oft með mörg góð mál á hinu háa Alþingi. Þá taldi ég mig hafa nokkurt vilyrði fyrir því frá forustumönnum stjórnarflokkanna í

menntamálanefnd að málið, fram komið öðru sinni, yrði litið mjög jákvæðum augum í nefndinni og ef allt færi eins og best á horfði yrði það afgreitt út úr henni og til 2. umr. Við fengum fjölda ágætra umsagna um málið sem að sjálfsögðu voru notaðar til að efla það og styrkja til hins ýtrasta.

Þetta er mjög mikilvægt mál, það er mjög brýnt að efla iðnnám í landinu. Að mörgu leyti er iðnnámið öflugt og stendur nokkuð styrkum fótum í iðnskólunum sjálfum en innan fjölbrautaskólanna hefur hallað verulega undan fæti bæði vegna fjárskorts og þess hvernig reiknilíkanið skammtar fé til framhaldsskólanna sem hafa lagt flestar verknámsgreinar af á kennsluskrám. Verknámið er því ekki nema að litlu leyti kennt í svokölluðum fjölbrautaskólunum og hefur færst að verulegu leyti í stóru iðnskólana og verknámsskólana á höfuðborgarsvæðinu með nokkrum undantekningum, t.d. mjög öflugum verknámsskólum á Akureyri og í Fjarðabyggð.

Mjög brýnt er að skjóta miklu styrkari stoðum undir verknámið og iðnnámið en hefur verið gert og því leggjum við til með þessari tillögu að Alþingi álykti að fela starfshópi skipuðum fulltrúum þingflokkanna, Samiðnar, Samtaka iðnaðarins, Félags framhaldsskólanema, Félags framhaldsskólakennara, Iðnnemasambandsins, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Verslunarráðs Íslands og fulltrúa skólastjóra verknámsskólanna, að vinna tillögur um átak til að efla starfsnám og styttri námsbrautir og stofnun styttri námsbrauta, með það að markmiði að efla starfsnámið verulega, draga úr brottfalli, eyða úreltri aðgreiningu milli bóknáms og verknáms, endurskoða samsetningu náms í grunnskólum með sérstöku tilliti til verknáms.

Það er einn af mikilvægustu þáttunum í þessu. Um helgina var ég á þingi Iðnnemasambandsins og ávarpaði þingið á laugardaginn ásamt hæstv. menntamálaráðherra og Inga Boga Bogasyni frá Samtökum iðnaðarins. Þar spunnust mjög uppbyggilegar og skemmtilegar umræður um stöðu iðnnáms og það var sem ferskur andblær fyrir mig að mæta þarna á iðnnemaþingið og ræða málið beint og millilíðalaust við þá sem í eldlínunni standa en þetta var mjög hressilegt og kraftmikið þing þar sem tekið var á mörgum málum. Það sem upp úr stóð, eins og ég nefndi áðan, var að mjög eftirsóttar verknámsgreinar eins og t.d. hárgreiðsla og allt sem tengist háriðnum hefur færst nánast algjörlega á höfuðborgarsvæðið og er t.d. ekki kennt á Akureyri, en er reyndar kennt fyrir austan, í Neskaupstað. Þetta er dæmi um hvernig allt er að færast hingað en þeim greinum sem nemendur úti á landi geta valið fækkar.

Annað í sambandi við kynninguna á iðnnáminu sem mörgum iðnnemum liggur þungt á hjarta er hið nöturlega viðhorf sem allt of margir hafa til verknámsins. Ekki er neinu einu þar um að kenna heldur er þetta andrúmsloft og viðhorf í garð verknámsins sem skapaðist fyrir árum og áratugum síðan þegar litið var svo á að verknámið væri einhvern veginn annars flokks, væri ekki jafnmerkilegt og bóknámið. Þarna væri um að ræða einhvers konar tossabekk fyrir þá sem einhverra hluta vegna væri ekki fært að ganga bóknámsveginn.

Um þetta spunnust mjög fjörugar umræður manna í millum á iðnnemaþinginu og við fórum að ræða um leiðir til að breyta viðhorfinu og sérstaklega hjá nemendunum sjálfum. Að mínu mati er langbesta leiðin til að gera það í gegnum grunnskólann, að leggja af þessa hefðbundnu kennslu á smíðum og saumaskap sem viðgengist hefur áratugum saman í grunnskólanum og taka þess í stað upp nokkurra vikna námskeið í hverri grein fyrir sig, mánaðarnámskeið í málmiðnum, mánuð í þessu, mánuð í hinu, og kynna þannig fyrir börnum og unglingum mismunandi og ólíkar verknámsgreinar. Þannig fái þau beint í æð hvað þetta er skemmtilegt nám og geti svo tekið afstöðu til þess sjálf hvað og hvort þau vilji nema síðar.

Hitt sem mér fannst standa upp úr umræðum á þessu iðnnemaþingi, og er eitt af mikilvægustu atriðunum, er að þeim nemendum sem fara í starfsnámið séu ljósir kostirnir sem þeir hafa til að byggja ofan á nám sitt síðar. Þar komum við aftur inn á hitt meginatriðið í þessari þingsályktunartillögu sem er að fjölga styttri námsbrautum sem er alltaf galopinn skóli, galopnar dyr og auðvelt að byggja ofan á síðar, hvenær sem hentar námsmanninum, hvenær sem hann vill gera hlé á þátttöku sinni á atvinnumarkaðnum og fara aftur í skóla. Á þennan hátt er hægt að byggja ofan á námsbraut sem hefur verið tekin og bæta nýju réttindanámi við og það sé þannig mjög greið og augljós leið fyrir iðnaðarmenn og verknámsnema að fara aftur inn í skóla, inn í tækniháskólann eða aðra skóla.

Þá kemur sérstaklega upp í hugann sú aðgerð Háskóla Íslands í haust að hætta að nota undanþágu sem skólinn hefur haft til að taka inn stúdenta af starfsnámsbrautum. Þetta er að mínu mati mjög ruddaleg og neikvæð aðgerð af hálfu Háskóla Íslands. Ég veit vel að Háskóli Íslands var að beita neyðarúrræðum vegna fjárskorts frá hinu opinbera með því að skera niður það sem hægt var án þess að ganga meira á námið en hann gerði. Að mínu mati er þetta mjög neikvæð staða, sérstaklega þar sem starfsnámsstúdentum var annaðhvort ekki gerð grein fyrir því að þeir gætu ekki fengið inngöngu í háskóla síðar eða það að undanþágum hefur verið beitt í svo mörg ár að komin var hefð á hana og nemendurnir hafa gengið út frá því sem vísu að þeir gætu komist inn í háskólann og lært þar eitthvað meira. Enda eru engin rök fyrir því að stúdentspróf af starfsnámsbraut sé ekki jafngilt stúdentsprófi af bóknámsbraut. Það má ræða út frá mörgum sjónarhornum sérstaklega þar sem fleiri einingar eru á bak við stúdentspróf af verknámsbraut en af öðrum brautum. En þetta á að sjálfsögðu að vera á hreinu, það á ekki að nota þetta til að fæla fólk frá frekari menntun því það er þá, eins og ég segi, mjög ruddaleg og neikvæð aðgerð og vonandi verður háskólunum gert kleift eða gert skylt að taka við þessum stúdentum eins og öðrum á næsta ári. Það þarf að breyta þessum reglum og skýra þær.

En aftur að tillögunni sem við þingmenn Samfylkingarinnar flytjum öðru sinni í talsvert breyttri mynd. Þegar ég flutti tillöguna í fyrra rakti ég sögulegan bakgrunn verknámsins á Íslandi. Er það skemmtileg saga sem er ágætlega rakin í bók Helga Guðmundssonar um sögu Iðnnemasambandsins og iðnnemahreyfingarinnar í 100 ár, sem kom út 1998. Þar er sérstaklega skemmtilega sagt frá fyrsta iðnnemanum, sem var Jón Jónsson Matthíasson, sonur Jóns Matthíassonar prests á Hólum árið 1530. Verknámið á sér því langa sögu og stendur traustum fótum á Íslandi. Upp úr þar síðustu aldamótum tók iðnnámið stór stökk og hefur

þróast hröðum skrefum yfir í það sem við þekkjum í dag. Meðal annars með tilkomu fjölbrautaskólanna, stóra fjölbrautaskólans í Breiðholti 1975, Fjölbrautaskólans á Selfossi 1981 og fleiri öflugra fjölbrautaskóla sem voru stofnaðir sérstaklega til að bjóða upp á bæði bóknám og verknám, öflugt og fjölbreytt nám af báðum gerðum. Þá voru margir mjög bjartsýnir á að vegur iðnnámsins væri nokkuð tryggur og greiður og góður.

En fljótlega fór að halla undan fæti af því að reiknilíkanið er þannig byggt upp að það er kostnaðarsamt að halda verknáminu úti og því er freistandi fyrir skólana, sem eru að sjálfsögðu í eilífum barningi í rekstrinum, að leggja af fámennar verknámsgreinar einfaldlega til að spara peninga þar sem það er svo miklu, miklu ódýrara að mennta stúdenta á bóknámsbrautum. Þróunin hefur því verið mjög neikvæð og núna blasir við skortur á iðnmenntuðu fólki í einstökum greinum eins og kom fram í viðtali við Baldur Gíslason, skólastjóra Iðnskólans í Reykjavík — en sá merkilegi skóli á nú 100 ára afmæli og er ástæða til að óska honum til hamingju með það — að t.d. er fyrirsjáanlegur skortur á járniðnaðarmönnum svo hundruðum skiptir á næstu árum. Þetta er því um margt neikvæð staða og það er mjög margt annað sem þarf að skoða til að efla iðnnámið frekar og breyta viðhorfunum í garð þess og hvetja verulega til aukinnar þátttöku í því.

Brottfall úr íslenskum framhaldsskólum er verulega hátt og við Íslendingar eigum heimsmet í brottfalli úr framhaldsskólum. Þar er brottfallið sérstaklega hátt úr verknáminu. Þessu þarf að breyta og þar er öflug námsráðgjöf strax í grunnskóla algjört lykilatriði. Þar erum við miklir eftirbátar Norðurlandaþjóðanna sem hafa náð framúrskarandi tökum á að minnka brottfallið niður í lítið sem ekki neitt, sérstaklega í Svíþjóð. Aðgerðir gegn brottfalli er einn af mörgum þáttunum sem spila inn í mikilvægi þess að efla starfsnámið og stytta námsbrautirnar. Fjölgun styttri námsbrauta skiptir að mínu mati verulegu máli til að efla framhaldsskólastigið. Mikilvæg viðbót við framhaldsskólamenntun er fjölbreytt framboð styttri námsbrauta í hinum ýmsu starfsgreinum í þjónustu og öðrum störfum sem ekki heyra undir neinar faggreinar en eru miðaðar að því að leið fólks til að bæta við sig nýjum greinum sé alltaf greið. Og, eins og ég gat um áðan, að fólk geti alltaf með greiðum og augljósum hætti bætt ofan á nám sitt.

Við flutningsmenn þessarar tillögu erum þess fullvissir að framboð á slíkum styttri námsbrautum mundi valda miklum breytingum fyrir marga unga einstaklinga sem eru óráðnir um hvert þeir eigi að fara í menntun, hafa ekki áhuga á bóknámi, treysta sér ekki til að skuldbinda sig í langt iðnnám, enda sýnir hið mikla brottfall að mörgum hentar það illa, en styttri námsbraut gæti verið fyrsti áfanginn á menntagöngu mjög margra.

Ég spurði hæstv. menntamálaráðherra í fyrra um brottfall á milli ára og það kom ágætlega greinargott svar. Reyndar var deilt um hvaða aðferðir væru notaðar til að skilgreina brottfall en svarið sýndi að brottfallið úr verknáminu er yfir 20%, jafnvel á þriðja tug prósenta. Það er reyndar svolítið erfitt að henda alveg reiður á því af því að margir eru samningsbundnir og hverfa frá skráðu námi til að fara á samning o.s.frv. En þó liggur fyrir að brottfallið úr verknáminu er allt of mikið og tel ég að slíkar styttri námsbrautir gætu skipt þar mjög miklu máli.

Annað sem er algjört lykilatriði í þessu öllu er virðingin fyrir verknáminu, viðhorfin í garð iðnnámsins eins og það leggur sig. Þau hafa verið neikvæð og okkur til mikils skaða. Þau hafa orðið til þess að allt of margir fara í bóknám sem þeir hætta eftir kannski eitt, tvö ár, enda er brottfallið úr framhaldsskólunum langmest á fyrsta og öðru ári. Það má segja að það sé alveg gríðarlegt og þróunin, eins og staðan er núna, er þannig að það eru yfir 40% af vinnuaflinu á Íslandi með styttri skólagöngu en framhaldsskólapróf, þ.e. grunnskólapróf en ekki framhaldsskólamenntun, og þróun síðustu ára sýnir að þetta er ekkert að breytast. Ætla mætti að þetta væri að breytast, því æ fleiri úr hverjum árgangi útskrifast úr framhaldsskóla o.s.frv., en samkvæmt tölum frá fullorðinsfræðslu atvinnulífsins er þetta ekkert að breytast og þróunin stendur í stað. Á sumum landsvæðum eins og sums staðar á Norðurlandi vestra er þetta hlutfall miklu, miklu hærra, samsetningin er ekki nógu góð. En ég kem kannski betur að því síðar, ég hef einungis náð að tæpa á örfáum atriðum í þessari þingsályktunartillögu núna.

[16:45]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég get tekið heils hugar undir markmið þingsályktunartillögunnar, þ.e. að efla verknám. Það er allt of oft bara talað um það og lítið gert og löngu orðið tímabært að gera átak í þeim málum. Að vísu finnst mér sá starfshópur sem á að skipa samkvæmt þingsályktunartillögunni nokkuð stór og hefði talið vænlegra að hafa hann minni og þá væri markvisst unnið að þessu góða máli.

Einnig kemur fram ágætismarkmið í þingsályktunartillögunni, að stofna styttri námsbrautir, vegna þess að það er ágætt að hafa markmiðið nálægt sér. Það getur verið sérstaklega gott fyrir unglinga sem finnst árið mjög langt og hvað þá fjögur ár, að hafa markmiðið nálægt sér. Það veit maður m.a. úr íþróttum að það getur verið gott að hafa þannig markmið. Menn geta náð einni tröppu og þá er hægt að fara í þá næstu.

Eins tel ég rétt að hafa reiknilíkön til viðmiðunar en reiknilíkön í menntakerfinu eru nokkuð gölluð. Samkvæmt reiknilíkönum væri mjög gott fyrir þjóðfélagið að allir væru að læra lögfræði og viðskiptafræði en ef maður skoðar heildarhagsmuni þjóðfélagsins skiptir verulega miklu máli að vernda fjölbreytileikann hvað varðar menntun. Einnig skiptir verulegu máli að tekið sé tillit til minni skóla og minni deilda, sérstaklega hvað varðar verknám og raunvísindi.

Ég vil minnast á ákveðið nám sem virðist ekki vera í uppáhaldi hjá hæstv. menntamálaráðherra og ég ætla að nota tækifærið hvað eftir annað að minna hana á það og það er fiskvinnslunám. Það er alveg ótrúlegt að þjóð sem byggir svo mikið á sjávarútvegi skuli vera búin að leggja niður fiskvinnslunám. Maður spyr sig um forgangsröðunina, sérstaklega ef skoðað er hverjir eru gæðastjórar í fyrirtækjum og jafnvel framleiðslustjórar í sjávarútvegsfyrirtækjum sem margir telja að séu mjög vel rekin og hæla sér af. Þeir hafa margir hverjir ef ekki flestir gengið í fiskvinnsluskóla. Ríkisstjórnin sem situr við völd talar nú stundum um að efla

verknám og lítið gerist. Það er enginn fiskvinnsluskóli eða menntun í fiskvinnslu í landinu. Það finnst mér alveg ótrúlegt og vel þess virði að minnast á það hér.

Að lokum ætla ég að ítreka það enn og aftur að það er ekki nóg að hafa reiknilíkön hvað varðar menntun heldur verður þjóðfélagið að hugsa um að varðveita fjölbreytileikann.

[16:48]

Útbýting:

Einkaleyfi, 251. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 269.

Skattgreiðslur Alcan á Íslandi, 258. mál, fsp. GÁS, þskj. 276.

Staða hjóna og sambúðarfólks, 252. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 270.

Æfingaakturssvæði, 257. mál, fsp. GÁS, þskj. 275.

[16:49]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson hefur gert ágætlega grein fyrir tillögu til þingsályktunar um eflingu starfsnáms og styttri námsbrauta sem við nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar flytjum. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom víða við og minntist á flest það sem máli skiptir. Ég vil þó bæta örfáum atriðum við sem tengjast tillögunni á ýmsan hátt.

Það var athyglisvert að á haustdögum þegar hæstv. menntamálaráðherra þurfti að bregðast við þeim tíðindum að ýmsir nemendur hefðu ekki fengið svör um það hvort þeir fengju skólavist í framhaldsskólum kom fram að það væri þó a.m.k. búið að tryggja það að allir þeir nemendur sem lokið hefðu grunnskóla sl. vor fengju inngöngu í framhaldsskóla.

Frú forseti. Þetta viðhorf segir því miður allt of mikið um almennt viðhorf til menntunar, að menntun eigi ætíð að vera í einhverri beinni línu og hvert skólastig að taka sjálfvirkt við af öðru. Þannig er málum ekki almennt háttað heldur er auðvitað fjöldi nemenda sem hefur nám á einhverju skólastigi eða hefur nám á einhverri braut, tekur sér síðan hlé af ýmsum ástæðum og kemur svo aftur í skólana, tekur jafnvel hlé langtímum saman af félagslegum ástæðum, fjárhagslegum ástæðum eða ástæðum sem geta verið af fjölmörgum toga, og að æðsti yfirmaður menntamála á Íslandi skuli ætla að afgreiða þann hóp sem sækir um nám í framhaldsskólum á þennan hátt nær auðvitað ekki nokkurri átt árið 2004.

Þannig er t.d. með margs konar starfsnám að nemendur þurfa að gera hlé á náminu í skólunum jafnvel vegna námsins og sækja sér starfsþjálfun á vinnumarkaði. Það mátti jafnvel skilja orð hæstv. menntamálaráðherra á þann hátt að þeir nemendur væru settir í annað eða þriðja sæti gagnvart því að fá skólavist í framhaldsskólum. Skilaboð af þeim toga eru að sjálfsögðu ekki til þess fallin að efla starfsnám eða styttri námsbrautir. Þetta eru skilaboð um að ef menn passi ekki inn í einhvern fyrir fram ákveðinn farveg í skólakerfinu geti þeir átt von á hverju sem er.

Frú forseti. Ég ætla að ræða frekar um það sem tengist beint þingsályktunartillögunni eins og það hvernig sá ágæti starfshópur sem að henni kemur verði saman settur. Það má að vísu taka undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni að samsetningin kallar á býsna stóran hóp sem hugsanlega yrði ekki mjög snöggur að ljúka störfum, en auðvitað þekkjum við það að stórir hópar geta myndað með sér minni hóp sem sér um ákveðna framkvæmd og keyrir málið hraðar áfram. Það er hins vegar nauðsynlegt þegar mál eru sett í slíkan farveg að öll sjónarmið komi að borðinu. Það er algjört lykilatriði þegar við horfum til starfsnáms að fullur skilningur sé á milli skólanna og atvinnulífsins hverju verið er að velta fyrir sér og hvað leið við viljum fara.

Það hefur því miður ekki alltaf verið full og trygg tenging á milli atvinnulífsins og skólanna. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar í skólum landsins varðandi það að setja á stofn stuttar námsbrautir sem því miður hafa ekki allar náð fram að ganga af þeirri einföldu ástæðu að það hefur ekki náðst fullur taktur við atvinnulífið. Nemendur eru nú almennt býsna skynsamur hópur sem veltir fyrir sér hlutunum og alveg ljóst að námsbrautir sem settar eru af stað sem ekki tryggja ákveðin réttindi eða skila sér með einhverjum hætti t.d. til betri launa á vinnumarkaði ná ekki fótfestu. Þess vegna er mjög brýnt að fulltrúar allra þeirra aðila sem nefndir eru í tillögunni eigi seturétt við borðið þegar um málið er fjallað því að ella er hætta á því að verkefnið skili ekki þeim árangri sem flutningsmenn vonast eftir.

Við getum líka horft á ýmsa þætti varðandi það hvernig málin hafa þróast á undanförnum árum og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom inn á. Það er alveg ljóst að hinir stærri skólar á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið sífellt stærra hlutfall af starfsnáminu til sín af ýmsum ástæðum, bæði vegna þess að tækniþróunin er gífurlega ör og við sem lítil þjóð höfum ekki efni á því að tryggja öllum skólum um allt land sömu aðstæður til þess að þeir séu í fararbroddi varðandi ýmsar tækninýjungar þó þannig sé það sem við viljum sjá það, að skólarnir séu ef eitthvað er skrefinu á undan atvinnulífinu vegna þess að skólarnir eru jú að undirbúa nemendur fyrir framtíðina en ekki fortíðina og þurfa þess vegna að vera í fararbroddi.

Því miður hefur starfsnámið veikst of mikið á landsbyggðinni vegna þess að menn hafa ekki varast þá þróun og hafa ekki passað að veita nægjanlegt fjármagn til þeirra skóla sem hafa oft af veikum mætti haldið uppi starfsnámi af ótrúlegri fjölbreytni miðað við aðstæður. Því miður hefur dregið úr því á seinni árum vegna margs konar skipulagsbreytinga og ekki síður vegna þess að fjármagninu hefur verið stýrt á ákveðinn hátt til skólanna.

Þá komum við að hinu margumrædda reiknilíkani sem hefur verið notað um nokkurt skeið til þess að útdeila fjármagni til framhaldsskólanna. Ég vil segja það, frú forseti, svo að það sé enginn misskilningur, að ég hef verið talsmaður reiknilíkansins mjög lengi og tel það vera nauðsynlegt vegna þess að þá getum við betur fylgst með því hvernig fjármagninu er deilt út. En það er auðvitað algjört skilyrði til þess að slíkt reikniverk nái tilætluðum árangri að það sé endurskoðað reglulega og aðlagað breyttum aðstæðum og síðast en ekki síst að forsendur þess séu virtar af öllum aðilum. Því miður höfum við mjög nýlegt dæmi, þ.e. í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004, um það hvaða hundakúnstum er beitt þegar ekki er vilji til þess að láta nægjanlegt fjármagn renna m.a. til framhaldsskólanna.

Þeirri aðferð hefur oft verið beitt á undanförnum árum að viðurkenna ekki allan nemendafjöldann og hafa þar af leiðandi ekki rétta forsendu í margföldunarverkinu þegar fjármunum er útdeilt. Núna er hins vegar gripið til hinnar leiðarinnar, þ.e. nú á að taka mark á — að því er sagt er en það verður að hafa fyrirvara á því hvort sú fullyrðing stenst — þeim tölum sem koma frá skólunum um nemendafjölda en þá er viðmiðunartalan sem notuð er varðandi kostnað á nemendur lækkuð, þannig að í raun og veru sitjum við á sama stað; þegar forsendur eru ekki virtar er ekki hægt að gera ráð fyrir því að reiknilíkanið skili réttri tölu. Þá fara menn oft á tíðum að tala illa um reiknilíkanið sem er út af fyrir sig annað mál. En reiknilíkanið hefur því miður, fyrir utan þá vankanta sem menn hafa skapað utan um það, ekki fengið að þróast í eðlilegum takti við breyttar forsendur.

Frú forseti. Það er miklu fleira sem hægt væri að ræða í tengslum við þessa ágætu tillögu en þar sem tími minn er úti læt ég máli mínu lokið.

[16:57]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég þakka þá umræðu sem fram hefur farið um þessa þingsályktunartillögu um að efla iðnnám og styttri námsbrautir. Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að hér er um þverpólitískt mál að ræða sem ég tel mjög mikilvægt að ná samstöðu um og afgreiða frá þinginu í vetur þar sem mjög brýnt er að efla starfsnámið og láta það ekki reka á reiðanum og mörg mjög brýn mál innan borðs sem ég nefndi áðan, eins og samsetning náms í grunnskólunum og hve mikilvægt er að gera verknáminu hærra undir höfði þar.

Annað sem mér gafst ekki tími til að nefna í fyrri ræðu minni er fyrirhuguð stytting á námstíma til stúdentsprófs. Það er lagt til í skýrslu starfshóps, sem væntanlega mun verða grunnurinn að þingmáli frá hæstv. menntamálaráðherra síðar í vetur, að námstími til stúdentspróf verði skorinn niður um eitt ár. Það er frekar glannalega að farið í þeirri skýrslu því eins og það blasir við mér er verið að gengisfella stúdentsprófið mjög harkalega þar sem ekki er verið að lengja skólaárið í neinu samræmi á móti. Ég held því að blikur séu á lofti þar þó að ég styðji markmiðið í sjálfu sér, að stytta námstíma til stúdentsprófs.

Það hlýtur að vekja athygli hvernig breyta eigi verknáminu og námstíma til verknámsins til samræmis við það. Ef skera á námstíma til stúdentsprófs niður um eitt ár hljóta menn að ætla að gæta einhvers samræmis við iðnnámið. Því hefði verið fróðlegt ef hæstv. menntamálaráðherra hefði verið við umræðuna í dag og getað svarað spurningum er varða verknámið, hvort almennt eigi að stytta það um eina önn eða tvær eða hvað. Þetta er svolítið flókið mál en við munum taka það til umræðu síðar í vetur.

Annað sem ég vildi nefna sérstaklega lýtur að iðnmeistaranáminu. Það er skoðun mín og margra sem ég hef rætt þessi mál við að meistarakerfið sé orðið býsna úrelt. Oft er um að ræða býsna alvarlegan skort á iðnmeisturum þannig að það er erfitt fyrir sveina að komast á samning eða komast til meistara.

Svo er mikið ósamræmi á milli greina um umfangið í meistarakerfinu og verulegt ósamræmi á milli landa hvernig meistaranáminu er háttað. Ég velti því upp hvort ekki væri í raun og veru best að leggja af iðnmeistaranámið eins og við erum með það í dag og taka upp miklu straumlínulagaðra og nútímalegra iðnmeistaranám sem miklu greiðara aðgengi er að og nemendum gert kleift að fara í á þeim forsendum.

Verknámsnemar eru oft eldra fólk en bóknámsnemar, fólk sem hefur farið í nám, verið á vinnumarkaði og kemur svo aftur til náms. Punkturinn er um lánshæfi verknámsins, lánshæfi framhaldsskólanámsins almennt. Ég held að við þurfum að endurskoða það alveg upp á nýtt og jafnvel að líta til þess hvort við ættum að binda lánshæfi framhaldsskólanáms, bæði bóknáms og verknáms, við ákveðinn aldur. Að uppfylltum einhverjum skilyrðum geti t.d. nemendur í framhaldsskóla, hvort sem er í verknámi eða bóknámi, sem hafa náð 18 ára aldri sótt um framfærslulán til lánasjóðsins. Sérstaklega þarf líka að endurskoða hvers konar jöfnun á námskostnaði á milli landshluta en þar gilda býsna tyrfnar og ósanngjarnar reglur á köflum.

Ég er nokkuð sannfærður um að fjármunum væri vel varið til þess að gefa nemendum í framhaldsskólunum kost á framfærsluláni. Ég held að við mundum auka töluvert námsþátttökuna í framhaldsskólunum með því að gera námið á einhverjum tímapunkti lánshæft, bæði bóknám og verknám. Það mundi gera svo mörgum kleift að fara aftur í nám, ungu fólki sem er snemma komið með fjölskyldu eða hefur farið út á vinnumarkaðinn og er komið með skuldbindingar, fólk sem hefur ekki kost á því annaðhvort að vera á framfærslu foreldra eða forráðamanna eða vera launalaust í framhaldsskóla. Ég held að við þurfum að skoða það á Alþingi með mjög opnum augum hvort við eigum ekki að breyta framhaldsskólanáminu þannig að eftir 18 ára aldur verði það almennt lánshæft. Ég held að í því væri mikil réttlætisbót, og að þeim fjármunum til þess hluta menntakerfisins og skólamálanna væri mjög vel varið enda er eitt af meginatriðunum að efla þátttökuna og fjölga þeim sem útskrifast úr framhaldsskólum.

Frú forseti. Samkvæmt opinberum tölum útskrifast innan við 70% íslenskra framhaldsskólanema, þ.e. af þeim sem fara í framhaldsskóla, ekki öllum árgangnum. Það er ekki nema rétt rúmur helmingur sem fer í framhaldsskóla. Meðaltalið er hins vegar 82% innan OECD og yfir 90% í Svíþjóð. Þetta himinháa brottfall er klárlega einn stærsti vandi skólakerfis okkar og þar eru lausnirnar breytt samsetning á náminu í grunnskólunum, miklu meiri og öflugri námsráðgjöf í grunnskólunum líka og hlutir eins og það að nám í framhaldsskóla við 18 ára aldur verði lánshæft, a.m.k. að uppfylltum einhverjum skilyrðum. Öll þessi atriði eru mjög mikilvæg að mínu mati til að efla starfsnámið sérstaklega og ég held að aðgerðir til þess, þar á meðal styttri námsbrautir, séu algjör lykill að því að efla skólakerfið.

Við verðum að skoða sérstaklega að námið skaðist ekki af fyrirhugaðri styttingu á námstíma til stúdentsprófs en þá umræðu geymum við þar til síðar og sjáum hvort það mál kemur inn í þingið. Ég vil aftur þakka kærlega þeim sem tóku þátt í umræðunni og hafa lagt þessu máli lið og ég vona að framgangur þess í menntamálanefnd núna í haust verði eins og ádráttur var gefinn um í fyrra, að þingsályktunartillagan verði afgreidd frá nefndinni og að við megum sjá þverpólitíska samstöðu um það að efla starfsnámið og

fjölga styttri námsbrautum í framhaldsskólunum. Fyrst hv. formaður menntamálanefndar gat ekki verið við umræðuna er bara von að hann taki hressilega á málinu þegar það kemur til kasta nefndarinnar síðar í haust og að það verði afgreitt frá Alþingi í vetur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 28. mál. — Þskj. 28.

[17:05]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Hér kemur enn eitt málið í dag frá stjórnarandstöðunni. Auðvitað er synd að ekki skuli vera fleiri stjórnarþingmenn, ráðherrar eða nefndarformenn til staðar í þingsal til að hlýða á mál okkar og taka þátt í umræðunni en þetta eru örlög okkar stjórnarandstöðuþingmanna. Við megum búa við þetta. Það væri gaman að sjá þinghaldið ef stjórnarandstaðan legði ekki fram nein mál, ríkisstjórnin þyrfti að halda uppi þinghaldinu og halda uppi umræðunni um stjórnarfrumvörpin. Þau stjórnarfrumvörp sem komin eru fram á þessu þingi mundu ekki nægja lengi í umræður eða þingfundahald ef því væri að skipta.

Hér mæli ég, frú forseti, fyrir tillögu til þingsályktunar um stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar í annað sinn. Þessa tillögu flutti ég nokkurn veginn óbreytta á síðasta löggjafarþingi. Þá var hún send út til umsagnar. Eru komnar þó nokkrar umsagnir um hana og mun ég í máli mínu fara að nokkru yfir þær.

Það er þó merkilegt við þessa þingsályktunartillögu, frú forseti, að hún er flutt af fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á Alþingi. Þeir þingmenn eiga það sameiginlegt að sitja allir í umhverfisnefnd Alþingis. Þetta eru auk mín hv. þm. Dagný Jónsdóttir, Gunnar Birgisson, Rannveig Guðmundsdóttir og Sigurjón Þórðarson. Hér tel ég vera um að ræða tillögu sem á sér breiðan pólitískan stuðning og ég treysti því sannarlega að þegar samgöngunefnd fær þessa tillögu til umfjöllunar öðru sinni taki hún hana til jákvæðrar skoðunar með þetta í huga og taki einmitt einnig mið af þeim jákvæðu umsögnum sem bárust á síðasta löggjafarþingi en nefndinni vannst ekki tími til að fara yfir þá.

Tillögutextinn felur það í sér að Alþingi álykti að ríkisstjórninni verði falið að skipa nefnd með fulltrúum samgönguráðuneytis, umhverfisráðuneytis, Vegagerðarinnar, Umferðarstofu, samtaka sveitarfélaga og samtaka hjólreiðafólks. Hlutverk nefndarinnar verði að undirbúa áætlun og lagabreytingar sem geri ráð fyrir hjólreiðum sem viðurkenndum og fullgildum kosti í samgöngumálum. Hjólreiðabrautir verði sérstaklega skilgreindar og þeim fundinn staður í vegalögum auk þess sem kveðið verði á um ábyrgð eða þátttöku ríkisvaldsins í gerð þeirra. Þannig verði komið upp sérstöku stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar sem ríkisvaldið sjái um eða taki þátt í að kosta í samstarfi við sveitarfélögin. Hjólreiðabrautakerfið skal tengja saman þéttbýlisstaði og hjólreiðastíga einstakra sveitarfélaga við þjóðvegakerfið. Einnig skal gert ráð fyrir stofnbrautum gegnum þéttbýlisstaði með svipuðu fyrirkomulagi og gildir um þjóðvegi í þéttbýli.

Að lokum segir í þessum tillögutexta að samgönguráðherra eigi að leggja fyrir Alþingi frumvarp í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar eigi síðar en ári eftir samþykkt tillögunnar.

Eins og ég sagði, frú forseti, fengum við nokkuð margar umsagnir um þetta mál á síðasta löggjafarþingi. Þar var mjög jákvætt tekið í það. Þetta voru aðilar eins og Árvekni (átaksverkefni um slysavarnir barna og unglinga), Eyþing, Hjólreiðafélag Reykjavíkur, Íslenski fjallahjólaklúbburinn, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Landssamtök hjólreiðamanna, Landvernd, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Umferðarráð og Umferðarstofa.

Það var ýmis fróðleikur í þessum umsögnum og mig langar að nota tækifærið, frú forseti, og fara aðeins yfir það sem segir í umsögn Íslenska fjallahjólaklúbbsins. Hann fagnaði mjög þingsályktunartillögunni sem eðlilegt má teljast því að Íslenski fjallahjólaklúbburinn er skipaður öflugu fólki sem notar hjólin sem samgöngutæki og hjólar í hvernig veðri og hvernig færð sem er, hefur verið til mikillar fyrirmyndar í þessum efnum og hefur tekið virkan þátt í allri umræðu um umferðarmál, umferðaröryggismál ekki síst, á síðustu missirum. Það hefur Hjólreiðafélag Reykjavíkur gert líka og Landssamtök hjólreiðamanna. Þetta eru allt félög og samtök sem hafa verið í broddi fylkingar í þessum efnum.

Íslenski fjallahjólaklúbburinn telur hjólreiðar vera raunhæfan kost í samgöngumálum okkar Íslendinga. Það vanti bara aðstöðuna. Vilji fólksins sé til staðar og það sé ekki ásættanlegt fyrir okkur sem erum íbúar í þessu kyrrsetusamfélagi að við skulum ekki geta notað hjólin okkar sem skyldi sem samgöngutæki. Þau segja að þetta hljóti að vera vænlegur kostur, jafnt fyrir almenning sem þarf á því að halda að hreyfa sig — minnst 45–60 mínútur á dag segir í öllum skýrslum og heilbrigðisáætlunum sem ég hef lesið um þau mál — en ekki síður vænlegur kostur fyrir stjórnvöld því að auðvitað er þetta í alla staði miklu ódýrari samgöngumáti og hagkvæmari út frá öllum efnahagslegum mælikvörðum en þessi ótrúlegi einkabílismi sem ræður ríkjum í umferðinni hér.

Fjallahjólaklúbburinn segir öll umferðamannvirki vera dýr og umferð bíla svo mikla að það horfi til stórvandræða. Það sé erfitt fyrir fólk að komast á milli staða á höfuðborgarsvæðinu og svo telja þau upp nokkur atriði sem vert sé fyrir nefndina að taka tillit til þegar um málið verður fjallað þar. Þar vill Íslenski fjallahjólaklúbburinn fyrst nefna að ekkert hafi verið hugsað fyrir umferð hjólandi vegfarenda milli Keflavíkur og Reykjavíkur og ekki heldur í kringum Seyðisfjörð sem sé afar hvimleitt þar sem við fáum í auknum mæli ferðamenn hingað til landsins sem noti hjólin sem ferðamáta og því sé nauðsynlegt að bæta við þeim möguleikum fólks að hjóla frá Keflavík og hingað til Reykjavíkur og ekki síður frá Seyðisfirði inn á þjóðvegakerfið. Það vantar líka að gera ráð fyrir hjólandi fólki á vegöxlum á landsbyggðinni, t.d. við breikkun vega og nýbyggingar brúa. Ég minnist þess að hæstv. samgönguráðherra sagði það beinlínis í ræðu fyrir tveimur árum eða svo að ekki

væri ætlast til þess að hjólað væri á vegöxlunum. Það var í umræðu um Reykjanesbraut og breikkun hennar.

Íslenski fjallahjólaklúbburinn segir ófremdarástand ríkja og stórhættulegt að fara á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Einnig segir hann ófremdarástand ríkja varðandi merkingar, það vanti allar merkingar á hjólreiðastíga og sömuleiðis þurfi að skilgreina hver ábyrgð sé á lagningu þeirra, bæði í þéttbýli og utan þess. Það þarf sömuleiðis, segja þau, að taka tillit til fjölda bíla á dag og umferðarhraða í þessum efnum og gera síðan staðla fyrir hjólavegi.

Þetta eru þau tæknilegu atriði sem fagfólkið hefur bent á í umsögnum sínum og kemur auðvitað til með að koma upp á borð samgöngunefndar þegar þar að kemur.

Umferðarráð gefur líka mjög jákvæða umsögn um málið og tekur undir nauðsyn þess að mörkuð verði stefna um hönnun og merkingu hjólreiðabrauta í þéttbýli og dreifbýli og segir að slíkt geti án efa orðið lóð á vogarskálar aukins umferðaröryggis. Stjórnin er því sammála að aukið tillit verði tekið til hjólreiðamanna við hönnun nýrra mannvirkja og að hjólreiðar verði raunhæfur kostur í samgöngumálum hér á landi.

Þetta er alveg sammerkt með öllum þeim sem gefa hér umsagnir. Það er kominn tími til að við efnum og uppfyllum þær samgönguáætlanir sem við höfum samþykkt í þessum sal og hæstv. ríkisstjórn hefur talað fyrir með hæstv. samgönguráðherra í broddi fylkingar en það eru áætlanir okkar um sjálfbærar samgöngur. Ég held því fram að þessi tillaga sé í fullu samræmi við alla stefnumörkun sem í þessum sal hefur farið fram og á vettvangi annarra sem koma að umferðarmálum í landinu. Ég tel vera fullan samhljóm í tillögunni og skuldbindingum Íslendinga á alþjóðavettvangi hvað þetta málefni varðar. Nægir þar að nefna áætlanir um sjálfbær Norðurlönd.

Við höfum nýsamþykkta stefnu fyrir Norðurlönd um sjálfbæra þróun. Hún var gefin út 2001, geri ég ráð fyrir, og hún hefur hlotið sérstakt samþykki á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Þar er lögð mjög mikil áhersla á þessa þætti. Umferðaröryggi verður að hafa í hávegum og umferðaröryggi hjólreiðafólks verður að halda í heiðri. Gera þarf sérstakar áætlanir hvað það varðar því að öryggisleysi í umferðinni hefur, eins og allir vita, letjandi áhrif á notkun þessara samgönguhátta og það má segja að íslensk stjórnvöld hafi ekki sem skyldi hugað að öryggi hjólreiðafólks. Stofnbrautakerfi eins og það sem hér er mælt fyrir mundi að sjálfsögðu bæta þar talsvert úr.

Saga þessa máls er orðin nokkuð löng. Þegar vegalögum var síðast breytt á 125. löggjafarþingi var það gert með stjórnarfrumvarpi sem fjallaði um reiðvegi og girðingar. Þegar það mál var til umfjöllunar í samgöngunefnd kom upp sú tillaga að kannski ætti líka að setja hjólreiðastíga inn í vegalögin. Eftir að þau mál komu til umfjöllunar í samgöngunefnd á sínum tíma voru hjólreiðastígar settir inn í vegalögin. En þar eru þeir eingöngu nefndir sem fyrirbæri í vegakerfinu, algerlega án rökstuðnings eða áætlunar um hvernig hjólreiðastígum verði fyrir komið eða hver ætti að bera fjárhagslega ábyrgð á að leggja þá. Þeir fóru því nánast munaðarlausir inn í vegalög og hafa verið munaðarlausir í kerfinu síðan. Þeir hafa alls ekki sambærilega heimild eða skilgreiningu á við þá sem reiðvegir hafa í vegalögum. Það er sannarlega kominn tími til að bæta þar um betur og gera hjólreiðastígunum jafnhátt undir höfði í vegalögum og reiðvegum.

Þannig hefur málið þróast nokkuð í áranna rás. Fluttar hafa verið sambærilegar tillögur við þessa en nú er svo komið að fram er komin tillaga sem á stuðning í öllum stjórnmálaflokkum og er bæði rökstudd með stefnu stjórnvalda í samgöngumálum og alþjóðasamningum sem við erum aðilar að.

Það má náttúrlega nefna í framhjáhlaupi hversu sjálfsagt er að horfa til hjólreiða sem samgöngumáta þegar losunarmálin, sem eru nú ofarlega á baugi, eru til umræðu. Ekki losum við gróðurhúsalofttegundir við að nota hjól sem samgöngutæki. Við flutningsmenn tillögunnar teljum að málið gæti verið þungt lóð á vogarskálarnar í átt til sjálfbærra samgangna og til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda.

Sjálfbærar samgöngur eru til umræðu alls staðar í nágrannalöndum okkar, ekki hvað síst í tengslum við fyrrnefnda Kyoto-bókun. Það er því nauðsynlegt að Íslendingar gangi fram fyrir skjöldu, sýni að þeir séu ábyrgir gerða sinna og viti hvað það þýðir að undirrita sáttmála á borð við Kyoto-sáttmálann eða Kyoto-bókunina. Það er ekki hægt að gera það bara í sunnudagafötunum og ætla svo ekki að framfylgja þeim ákvæðum eða gera neitt til að framfylgja þeim ákvæðum sem bókunin hefur að geyma.

Það er líka kominn tími til að við hættum að flokka hjólreiðar eingöngu með útivist og heilsusamlegri hreyfingu. Hjólin eru framleidd sem samgöngutæki. Fólk vill nota þau sem samgöngutæki. Það sem upp á vantar er að hjólareiðastígarnir séu þannig úr garði gerðir að fólk geti notað hjól sem samgöngutæki.

Ég óska eftir því, frú forseti, að að lokinni fyrri umræðu um þessa tillögu verði henni vísað til síðari umræðu og samgöngunefndar til umfjöllunar.

[17:18]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft máli sem er á margan hátt athyglisvert. Þótt hv. þm. hafi haft orð á því að þetta sé ekki spurning um hreyfingu eða útivist þá snýst málið engu að síður um það öðrum þræði. Hjólin eru vissulega samgöngutæki en eru líka tæki til að komast í hreyfingu og útivist sem er út af fyrir sig mjög jákvætt.

Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs er sú að í tillögunni er talað um að koma beri upp sérstöku stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar sem ríkisvaldið sjái um eða taki þátt í að kosta í samstarfi við sveitarfélög. Við vitum að það er almennt þannig með stofnbrautakerfi fyrir vegi að umferðin sem stendur undir þeim kostnaði, þeirri fjárfestingu. Þetta er auðvitað dálítið sérstakt varðandi stofnkostnað eða innri mannvirki í samfélagi okkar, þ.e. umferðin stendur undir vegunum og við leggjum sérstök gjöld á bíla eða öllu heldur á notkun á bílum.

Ég vildi spyrja hv. þm. hvort hún hefði velt því fyrir sér með hvaða hætti ætti að standa undir þeirri fjárfestingu sem falist gæti í þessu stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, hvort hv. þm. sjái almennt fyrir sér að það yrði hluti af stofnbrautauppbyggingu í landinu og bílaumferðin greiddi þá fyrir það. Eða sér hv. þm. fyrir sér að hjólreiðarnar standi undir upp-

byggingu á stofnbrautakerfinu alveg eins og við höfum varðandi bílana?

Mér finnst að þetta þurfi að liggja fyrir þegar málið kemur til nefndarinnar, a.m.k. einhverjar hugmyndir í þá veru. Ég leggst ekki gegn þessu máli, nema síður sé. Ég vildi hins vegar að málið yrði a.m.k. sett í eðlilegt samhengi, að við skoðuðum það í samhengi við uppbyggingu stofnbrauta í landinu að öðru leyti.

[17:20]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa spurningu.

Ég geri ekki ráð fyrir því í hugmyndum mínum um sjálfbærar samgöngur að hjólreiðarnar eða hjólreiðafólk eigi að standa straum af kostnaði við uppbyggingu þessara mannvirkja. Ég tel hins vegar sjálfsagt að ráðast í verkið og tel að á alþjóðavettvangi höfum við skuldbundið okkur til að búa til vettvang fyrir hjólreiðafólk innan samgöngukerfisins. Sú uppbygging sparar kostnað á öðrum sviðum. Hún dregur úr kostnaði við umferðarslys og dregur úr kostnaði af sliti vega. Það dregur úr kostnaði við ótal aðra þætti að setja fleiri hjólreiðamenn út á göturnar.

Að mínu mati eiga hjólreiðamenn að vera á frímiða í samgöngukerfinu. Öll hin neikvæðu áhrif bílaumferðar eru þekkt og þau eru þess eðlis að það er ekki óeðlilegt að bensínið sé skattlagt eða umferð skattlögð til að standa að hluta til straum af kostnaði við samgöngur. En við vitum líka að það er ekki einhlítt í okkar samgöngukerfi, að allir vegir á Íslandi séu byggðir fyrir það sem umferðin um viðkomandi veg greiðir eða hlutdeild þessarar viðkomandi umferðar. (**MÁ:** Eins og vegirnir á Vestfjörðum.) Já, vegirnir á Vestfjörðum eða hvar sem er á landsbyggðinni eru greiddir úr sameiginlegum sjóðum okkar. Auðvitað greiðir umferðin á höfuðborgarsvæðinu stóran hluta af vegalagningu úti á landi. Við vitum það og um það hefur ríkt ákveðið samkomulag. En það er kannski ekki samkomulag sem á að gilda um aldur og ævi og ekki endilega sjálfgefið að sú skipting verði ævinlega til staðar.

Hvað svo sem um bílaumferðina má segja og kostnaðinn sem umferðarmannvirkin okkar útheimta vil ég að það sé alveg skýrt samkvæmt þessari tillögu að hjólreiðafólkið eigi að fá frímiða í umferðinni vegna þess að það dregur umtalsvert úr kostnaði á öðrum sviðum.

[17:23]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Umferðin greiðir fyrir stofnbrautakerfið í landinu. Það er einfaldlega þannig. Við höfum bensíngjald og við höfum gjald sem við leggjum á dísilbíla og þau standa undir þessari fjárfestingu. Það þarf ekki að deila um það. Það liggur bara fyrir.

Það er hárrétt sem hv. þm. vakti athygli á, að þessu er ekki skipt jafnt þannig lagað, að sumir bílar borga ekki nákvæmlega þá notkun sem þeir hafa af vegunum o.s.frv. Um það getum við deilt.

Það sem ég var einfaldlega að fiska eftir var: Er það hugmynd hv. þm. að sá gjaldstofn sem við höfum í dag, þ.e. bensíngjald og olíugjald, þungaskattur o.s.frv., skuli standa undir þeirri viðbótarfjárfestingu sem hér er lagt til að ráðast í? Ég segi ekki að hún sé ekki skynsamleg og útiloka ekki að þetta geti verið mjög skynsamlegt.

Ég var einfaldlega að fiska eftir hugmyndum þingmannsins varðandi þá umferð sem í dag borgar vegina. Við erum stöðugt að gera kröfur um að farið verði hraðar í alla uppbyggingu á umferðarmannvirkjum fyrir bifreiðir. Er hv. þm. á þeirri skoðun að eðlilegt væri að sú umferð sem við skattleggjum í dag að hluta muni standa undir þessum viðbótarkostnaði?

Mér heyrðist hv. þm. í raun leggja það til, að það væri eðlilegt að bensíngjaldið, þungaskatturinn og dísilgjöldin og allt sem því tilheyrir, færu þá í það að greiða upp þessar stofnbrautir. Mér finnst mikilvægt að það sjónarmið sé a.m.k. skýrt.

[17:24]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svar mitt við þessari spurningu er: Já, ég sé það þannig fyrir mér að þeir gjaldstofnar sem nú eru til staðar í samgöngukerfinu eigi að standa undir þeirri viðbótarfjárfestingu sem fólgin yrði í að gera þjóðvegi okkar og stofnbrautirnar þannig úr garði að þær séu líka fyrir hjólreiðafólk.

Ég minni á að við erum með reiðvegi inni í vegalögum og hestamenn eru ekki skattlagðir sérstaklega fyrir reiðvegina, sem hið opinbera leggur. Það kostar ekkert sérstaklega fyrir hestamenn að fara eftir þessum reiðvegum. Okkur finnst það bara sjálfsagt að boðið sé upp á gott kerfi fyrir fólk sem stundar hestamennsku.

Við höfum skrifað upp á það í nýjustu stefnumörkunum okkar varðandi samgöngumál að hjólreiðarnar eigi sinn sess í samgöngukerfi okkar. Og vegna þess hve jákvæður þáttur samgangnanna þetta er og hve mikið hann sparar á öðrum sviðum þá tel ég eðlilegt að sú fjárfesting sem kæmi til viðbótar í þessum efnum verði greidd af þeim sjóðum sem nú þegar standa undir samgöngukerfinu.

[17:26]

Mörður Árnason:

Forseti. Mér er ánægja að leggja orð í þennan belg, þó aðallega til að fagna þeirri tillögu sem hér er fram komin í annað skipti svo ég muni eftir en hún á sér væntanlega einhverja forvera eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir rakti í ræðu sinni.

Hjólreiðar hafa aukist mjög hin síðari ár á Íslandi sem annars staðar. Eftir að fyrsta skeiði borgartíma lauk voru þær einkum barna og unglinga. Í mínu ungdæmi og þeirra sem hér eru staddir, hygg ég, var varla sá fullorðinn maður sem fór upp á hjólhest án þess að það þætti undarlegt eða hann eitthvað undarlegur.

Nú hefur þetta breyst eins og háttvirtur 1. flutningsmaður rakti. Það er ekki aðeins um það að ræða að menn hafi vegna heilsubyltingarinnar hér á síðustu árum, á síðustu 15–20 árum, tamið sér hjólreiðar sem íþrótt eða sem heilsuræktaraðferð heldur eru þær einnig samgöngutæki fyrir vaxandi hóp fólks. Hjólin nota menn aðallega á styttri leiðum innan bæjar en einnig, hinir djörfustu og framsýnustu, á milli borgarhverfa og jafnvel á milli bæja og héraða. Þetta á við um Íslendinga en einnig ferðamenn, sem er athyglisvert

fyrir þingheim og kannski einkum hv. 4. þm. Norðvest., sem einmitt er formaður Ferðamálaráðs.

Ferðamennska á reiðhjólum er sífellt að aukast og er mjög algeng aðferð í Evrópu, Mið-Evrópu og Suður-Evrópu sem jafnvel Íslendingar fara utan til þess að stunda. En þessi ferðamáti er líka að aukast hér og hjólreiðar um landið gætu, ef fram yrði fylgt þeirri tillögu sem hér liggur fyrir og öðrum af því tagi, orðið einn kosturinn í ferðamennsku hér í framtíðinni. Þetta eru ekki endilega puttalingar, sem menn tala um með nokkrum hroka, eða einhverjir fátæklingar. Þetta getur einmitt verið vel stöndugt millistéttarfólk sem kýs að eyða peningunum sínum með öðrum hætti í sumarfríum en að kosta til mikilla ferða á bílum, eða gera þetta meðfram.

Ein af ástæðunum fyrir því að hjólreiðar hafa getað aukist hér í Reykjavík er sú að undir forustu Reykjavíkurlistans hefur orðið gjörbreyting á hjólreiðastígunum í borginni. Jafnvel þótt þeim finnist ekki mikið um sem hafa verið í Kaupmannahöfn eða á öðrum slíkum stöðum þá er þetta mikill munur frá því sem áður var. Stígakerfið í Reykjavík er eitt af því sem telja má til árangurslista borgaryfirvalda og almennings, borgarbúa, síðustu tíu árin.

Menn þekkja hins vegar að hjólreiðar fara ekki vel saman við aðra umferð. Auðvitað leita menn ákveðinnar málamiðlunar og lausna í þeim efnum. En þeir kannast við það, sem hafa stigið upp á hjólhest, að hjólreiðar fara ekki vel saman við bifreiðaumferð þar sem hún er mest. Það er ekki þægilegt að vera á hjóli á Miklubrautinni þótt það gangi betur á minni götum. Þeir sem reynt hafa við Vesturlandsveginn vita að það er ekki heiglum hent að fást við hann þegar hann er í góðu formi.

Það er raunar ekki almennilegt heldur að stilla saman hjólreiðamönnum og gangandi fólki þó að það hafi þurft að gera t.d. á stígunum í Reykjavík með ákveðnum málamiðlunum. Það vill halla á hina gangandi sem stundum hrökkva undan ógætilegum riddurum reiðhjólsins. Þannig að þó að ekki verði á allt kosið er æskilegast að hjólreiðastígarnir séu einir og sér, fyrir reiðhjól eingöngu, þó að ekki sé hægt að gera þær kröfur miðað við ástandið hér.

Ég rakti hvernig þessi mál standa í Reykjavík. Ég þekki ekki vel til annarra sveitarfélaga en ég hygg að Reykjavík standi einna fremst í þessu. Sjálfsagt eru þau ýmis úti á landsbyggðinni sem standa sig vel. En það er athyglisvert að meðan hjólreiðaaðstaða batnar í Reykjavík og vonandi víðar í sveitarfélögunum þá er það öfugt undir landstjórninni því þar versnar í raun og veru aðstaða hjólreiðarmanna með því að þeim er ekki sinnt þegar vegir eru gerðir betri. Tvö dæmi úr framförum síðustu ára sem hv. framsögumaður rakti að nokkru má nefna um það, annars vegar er leiðin til Keflavíkur og hins vegar eru Hvalfjarðargöngin þar sem hjólreiðamönnum er í raun og veru gert að fara annaðhvort lengri leiðina sem tekur nokkuð drjúgan tíma fyrir hjólreiðamann eða þá að sníkja sér með einhverjum hætti far sem yfirvöldin gera ekki ráð fyrir í gegnum Hvalfjarðargöngin.

Ég mæli með samþykkt þessarar tillögu og vonast til að af henni verði. Ég sé að þar hafa safnast saman menn úr mörgum flokkum og ég held að við ættum að geta gert þetta. Margt stuðlar að því og þar á meðal auðvitað þau rök sem nú verða æ sýnilegri og augljósari í ljósi loftslagsbreytinganna og skuldbindinga okkar gagnvart Kyotosamkomulaginu sem nú er að ganga í gildi og þó að þar sé íslenskt ákvæði losar það okkur ekki undan því að hugsa til lengri tíma en þeirra nokkurra ára sem íslenska ákvæðið er fast í hendi.

Ég vil segja aðeins út af hugleiðingum hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, að sjálfsögðu réttmætum, um það hver eigi að kosta þessa hluti — nefndin mundi væntanlega ræða um það líka — að í framtíðinni kemur til greina ýmisleg fjármögnun í því skyni. Það kann að verða staðan eftir nokkur ár þegar settar verða upp verksmiðjur sem ganga á gróðurhúsalofttegundir að þær þurfi að kaupa sér þann kvóta sem um ræðir. Menn hafa talað um að slíkar verksmiðjur gætu að einhverju leyti bætt upp mengandi starfsemi sína með því að rækta skóg og kannski verður reyndin sú þegar ég og hv. 4. þm. Norðvest. erum komnir á efri ár að þá muni álverksmiðjurnar borga okkur fyrir að stunda hjólreiðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:33]

Útbýting:

Komur á heilsugæslustöðvar o.fl., 253. mál, fsp. JBjart, þskj. 271.

Lögfræðiaðstoð við þolendur heimilisofbeldis, 255. mál, fsp. JBjart, þskj. 273.

Sendiherrar, 254. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 272.

Rekstur skólaskips, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 29. mál. — Þskj. 29.

[17:34]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um rekstur skólaskips. Flutningsmenn ásamt mér eru þingmenn úr öllum flokkum. Það eru hv. þingmenn Jóhann Ársælsson, Guðmundur Hallvarðsson, Þuríður Backman, Kristinn H. Gunnarsson, Björgvin G. Sigurðsson, Jón Bjarnason og Magnús Þór Hafsteinsson. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að stuðla að því að aftur verði boðið upp á fræðsluferðir fyrir grunnskólanema um fiskveiðar, vinnulag til sjós, fiskifræði og líffræði sjávarins, með sama eða svipuðu sniði og gert var um borð í rannsóknarskipinu Dröfn RE í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina.“

Starfsemi skólaskipsins er verkefni sjávarútvegsráðuneytisins sem fékk Fiskifélag Íslands og Hafrannsóknastofnunina til að annast það. Fjármagn til þessa verkefnis kom frá ráðuneytinu og Alþingi. Hafrannsóknastofnunin lagði til skip með áhöfn og sá um kennsluna um borð. Fiskifélag Íslands skipulagði áætlun skipsins og sá um kynningu fyrir skólana, tók á móti skráningum og raðaði skólunum í ferðir. Fiskifélagið sá einnig um samskiptin við

skólana þegar kom að ferðum, m.a. breytingum á ferðum vegna veðurs eða af öðrum ástæðum.

Á undanförnum árum hefur nemendum í efstu bekkjum grunnskólans verið boðið í námsferðir með skólaskipinu Dröfn. Í ferðunum hafa krakkarnir fengið að kynnast sjávarútveginum og vinnunni um borð í fiskiskipum. Líffræðingur og fiskifræðingur frá Hafrannsóknastofnun hafa verið með í för og frætt krakkana um hinar ýmsu sjávarlífverur sem lifa í sjónum og starfsemi Hafrannsóknastofnunar er kynnt. Skipstjórinn kynnir fyrir nemendum stjórntæki skipsins, veiðarfæri og vinnslulínur. Siglt er út á sjó og trollinu kastað og þegar búið er að toga fá krakkarnir að gera að aflanum undir handleiðslu áhafnarinnar og líffræðings. Óhætt er að segja að um sé að ræða metnaðarfulla dagskrá þar sem nemendur kynnast mörgum hliðum á þessari mikilvægu atvinnugrein Íslendinga. Hver ferð tekur að jafnaði tvær og hálfa til þrjár klukkustundir og oftast nær voru nemendur u.þ.b. 15 í hverri ferð.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir námsferðum með skólaskipinu og langt frá því að hægt hafi verið að anna eftirspurn. Frá 1998 hafa um 7.600 nemendur alls staðar að af landinu farið með skólaskipinu og fengið að kynnast þessari mikilvægu atvinnugrein. Fyrirkomulag ferðanna hefur þróast í gegnum árin og er almenn ánægja með hvernig að þeim er staðið. Skólaskipið hefur verið starfrækt með þessu sniði frá 1998 til vormissiris á þessu ári, 2004. Vegna minni fjárveitinga liggur verkefnið niðri um þessar mundir.

Nú er fyrirsjáanlegt að þetta verkefni leggist af vegna fjárskorts og flutningsmenn telja afar mikilvægt að aftur verði boðið upp á fræðsluferðir með svipuðu sniði í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélagið til að nemendur eigi kost á að kynnast verklagi við fiskveiðar og kynnast lífríki sjávar.

Eins og áður sagði hafa yfir 7 þúsund nemendur farið í þessar ferðir ásamt kennurum. Margir kennarar hafa bent á nauðsyn þess að þessi fræðsla verði hafin að nýju sem fyrst og fylgir hér lýsing eins þeirra á ferðinni til fróðleiks, með leyfi forseta:

„Ég hef farið á hverju ári síðustu fjögur eða fimm ár og þetta er bæði mjög fróðlegt og vel skipulagt verkefni sem krakkarnir hafa ótrúlega gaman af. Meira að segja mestu pempíur (á bæði við stelpur og stráka) voru komin á kaf í aðgerð þegar við vorum búin að draga inn trollið. Skipulagið var eins og hér segir:

1. Skipstjóri tók á móti hópnum.

2. Yfirstýrimaður og fiskifræðingur kynntir fyrir hópnum.

3. Yfirstýrimaður fór yfir björgunarbúnað skipsins, gúmmíbáta og bjargbelti o.fl.

4. Fiskifræðingur skýrði út hvað ætti að gera í ferðinni, kynnti Hafró, sýndi myndband.

5. Veiðarfæri kynnt (ýmiss konar).

6. Sýnt hvernig taka á sjósýni og lesa á sjótanka, einnig var háfi dýpt í sjóinn.

7. Tækjakostur í brú sýndur og farið yfir hvernig tækin eru notuð.

8. Fiskitrolli kastað og farið yfir nokkra hluti þess og sýnt hvernig það virkar.

9. Sýnt hvernig fiskur er mældur sem kemur í trollið, aldursgreindur, hvar heilinn í honum er o.fl.

10. Fræðst um það svæði sem verið er á (ekki mörg börn sem vita hvað Kollafjörður heitir og að Engey er við hlið Viðeyjar).

11. Haldið heim." — Þetta er lýsing á ferð í Faxaflóa.

„Við erum þjóð sem fáum mestar tekjur af fiskveiðum og okkur ber skylda til að kynna þessa atvinnugrein fyrir æsku landsins. Mér þótti miður að heyra í vor að líklega yrðu ekki fleiri ferðir farnar þar sem þetta er eina leiðin fyrir mjög marga krakka til að komast í tæri við sjómennsku."

Ef nánar er gerð grein fyrir verkefninu á árunum frá 1998 þá er ég hér með yfirlit fyrir framan mig yfir ferðir skólaskipsins Drafnar sem Hafrannsóknastofnunin á og hefur gert út til rannsókna á innfjörðum og einnig á dýpri miðum varðandi rækju- og fiskileit, seiðaeftirlit og seiðamælingar. Árið 1998 fóru 560 nemendur á Faxaflóasvæðinu í ferðir og á hringferð um landið sem stóð frá 28. október til 30. nóvember fóru 640 nemendur í slíkar ferðir eða alls 1.200 nemendur. Árið 1999 fóru 750 nemendur á Faxaflóasvæðinu og 550 sem komu um borð í skipið á hringferðinni eða alls 1.300 nemendur. Árið 2000 fóru 846 nemendur á Faxaflóasvæðinu og 340 á hringferðinni eða 1.186 alls. Á árinu 2001 fóru 550 á Faxaflóasvæðinu og sama tala á hringferðinni um landið eða alls 1.100 nemendur. Árið 2002 fór 1.151 nemandi alls og þar af 533 á hringferðinni. Árið 2003 fóru 1.305 nemendur og þar af 702 á hringferðinni um landið. Árið 2004 var eingöngu farið í ferðir í Faxaflóann á tímabilinu 1. mars til 25. mars. Þá voru farnar 27 ferðir og fóru 376 nemendur í þær en síðan féll þetta starf niður, því miður.

Tillagan gengur út á að reyna að koma þessu fyrirkomulagi aftur á og tryggja að skólabörnum hér á landi gefist kostur á að kynna sér líffræði sjávarins, veiðar og nýtingu og rannsóknir eins og þær eru stundaðar hér á landi og hvaða auðlegð felst í því að nýta okkar fiskislóð og fiskstofna og hvernig standa þurfi að því. Ég held að þetta sé mjög góður og gagnlegur fróðleikur fyrir æsku landsins og afar slæmt að þetta verkefni skuli hafa fallið niður sem Fiskifélagið og Hafrannsóknastofnun hafa séð um á undanförnum árum með miklum ágætum en sjávarútvegsráðuneytið styrkt fjárhagslega auk þess sem komið hafa fjárveitingar í það frá Alþingi. Við viljum þess vegna flytja þetta mál til að reyna að koma því aftur af stað að slík starfsemi verði rekin hér á landi.

Það er rétt að geta þess að Hafrannsóknastofnunin hefur lagt Dröfninni, a.m.k. um tíma. Reyndar var það upplýst í umræðu í þinginu, mig minnir að sjávarútvegsráðherra hafi upplýst að það stæði til að selja Dröfnina og að Hafrannsóknastofnun hygðist nota andvirðið af sölu skipsins til að kaupa tæki í hin hafrannsóknaskipin sem eftir væru, þ.e. Bjarna Sæmundsson og hið nýja skip Árna Friðriksson.

Virðulegur forseti. Hér á landi hefur verð fyrir fiskiskip lækkað allverulega á undanförnum árum og kvótalaus fiskiskip eru ekki mikils virði hér og ég býst nú ekki við að sjávarútvegsráðherra setji kvóta á Dröfnina til að gera hana að söluvöru.

Samkvæmt upplýsingum mínum er ekki ólíklegt að fyrir Dröfnina fengjust í kringum 10 millj. kr. plús/mínus 2–4 milljónir í aðra hvora áttina eða sem sagt allt niður í 6–8

milljónir og upp í kannski 14 þegar best léti. Þá ályktun dreg ég einfaldlega eftir að hafa hringt í skipasala og velt því upp hvað kvótalaus skip af svipaðri stærð sem er hugsanlegt að nýta til fiskveiða hafa verið að seljast á. Þetta skip er byggt sem fiskiskip og hefur verið notað sem slíkt á undanförnum árum í gegnum rannsóknirnar.

Það er ekki eftir stórum fjármunum að slægjast, virðulegur forseti, með því að selja þetta skip. Ég dreg því mjög í efa að hagkvæmt sé fyrir Hafrannsóknastofnun að selja Dröfnina. Dröfnin hefur á undanförnum árum verið að sinna innfjarðarverkefnum eins og rækjurannsóknum. Ég tel að ef einhvern tíma hafi verið þörf á að fylgjast með líffræðilegri þróun hér á landi þá sé full þörf á því nú um stundir þegar hitafar sjávar hefur verið að breytast eins hér hefur gerst á undanförnum árum. Rækjustofnar innfjarða hafa látið á sjá vegna þess að inn hafa gengið fisktegundir eins og þorskur og ýsa sem gengið hafa á þá stofna í verulegum mæli. Ef einhvern tíma hefur verið þörf á því að fylgjast með ástandinu í fjörðunum þá er það núna því að varla ætla menn að standa uppi alveg þekkingarsnauðir um það hvernig áframhaldandi breytingar verða innfjarða þó það sem mönnum var talin trú um fyrir nokkrum árum að yrði þeirra lífsviðurværi áratugum saman inn í framtíðina, þ.e. rækjuveiðar innfjarða, hafi hrunið. Nú stendur ekki steinn yfir steini í þeirri vísindaráðgjöf sem gefin var áratugum saman um að íbúar hinna ýmsu sjávarbyggða þar sem hægt var að stunda innfjarðarrækjuveiðar mundu búa að því alla tíð að fá notið þeirra veiða. Ég held að ekki veiti af því að halda úti skipi til að fylgjast með ástandi lífríkis sjávar og ég held að það sé best gert með því að nýta skip eins og Dröfnina sem kostar ekki mikla fjármuni. Hafrannsóknastofnun á skip sem hún hvort sem er fær sáralítið verð fyrir þó að það væri selt og ég dreg mjög í efa, virðulegi forseti, að ríkisstofnunin Hafrannsóknastofnun sé að fara réttar leiðir í því að halda hér uppi hagkvæmustu rekstraráætlun fyrir innfjarðarannsóknir og rækjurannsóknir með því að losa sig við þetta skip. Þá verður kannski farið að stunda þessar rannsóknir á stærri og dýrari skipum sem ekki er beinlínis þörf á við innfjarðarannsóknir eða þá með öðrum hætti sem alls ekki er víst að spari nokkurt einasta fé í rekstri stofnunarinnar, hvað þá heldur að því verkefni sem við hér erum að leggja til að verði vakið til lífsins verði sinnt af þessari stofnun. Það þarf að finna málinu annan farveg því að varla ætlum við, fiskveiðiþjóðin Íslendingar, að standa svo að málum í framtíðinni að gefa æskunni enga möguleika á að fræðast um lífríki sjávar og þá atvinnuhætti og möguleika sem í því felast, og verða þá að finna þessu annað rekstrarform.

[17:49]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þegar fréttir bárust af því í fyrravetur að til stæði að leggja skóla- og hafrannsóknaskipinu Dröfn rak mann eiginlega í rogastans og átti nánast erfitt með að trúa þessum fréttum því að bæði þótti sýnt, að maður hélt alla vega, að þetta skip væri hagkvæm rekstrareining fyrir Hafrannsóknastofnun, einkum til að stunda rannsóknir á minni fiskstofnum eða nytjastofnum ef svo má segja, þ.e. stofnum inni á fjörðum og flóum, og líka til að stunda aðrar hafrannsóknir lengra frá landi, ekki síst um sumartímann. Þannig hafði Dröfnin verið nýtt um margra ára bil og ekki var annað að sjá en það gengi vel. Hún er ódýrt skip með tiltölulega fámennum mannskap sem skilaði þó miklu þegar í land var komið.

Þetta skip gegndi einnig mikilvægu hlutverki sem skólaskip eins og fram kom í máli hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar áðan. Þúsundir nemenda hafa átt þess kost að fá að fara á sjó með þessu skipi í stuttar ferðir, ferðir sem tekið hafa frá nokkrum klukkutímum og kannski upp í heilan dag, þar sem nemendum á grunnskólastigi einkum og sér í lagi hefur verið veitt ákveðin innsýn í bæði fiskveiðar, almenna sjósókn og þær aðferðir sem eru viðhafðar um borð í svona rannsóknaskipum.

Ég þekki vel til þessara starfa sjálfur vegna þess að ég hef sjálfur farið í svona leiðangra og þá sem kennari eða leiðbeinandi bæði hér við land og einnig erlendis. Ég veit af eigin reynslu að svona starfsemi er ákaflega verðmæt. Hún veitir okkur einstakt tækifæri til þess að æskan fái að verða vitni að því hvað í raun og veru felst í hafinu umhverfis landið. Nemendur fá að kynnast notkun veiðarfæra. Þeir fá að kynnast því hvernig svona skip líta út að innan. Þeir fá að kynnast því hvernig þeim er siglt, hvaða tækjabúnað þarf til að stjórna þeim. Þeir fá einnig að kynnast því hvernig fiskur er veiddur, hvernig hann er fenginn um borð, hvernig unnið er að honum um borð og hvaða aðferðir eru viðhafðar hjá vísindamönnum við að afla sér gagna í svona leiðöngrum. Þá á ég t.d. við hluti eins og tegundagreiningar, lengdarmælingar, athuganir á magainnhaldi, kynþroska og öðru þess háttar. Aðra líffræðilega hluti mætti nefna, t.d. tegundir, þ.e. hvernig hinar ólíku tegundir líta út og hvernig þær eru byggðar upp út frá líffræðilegu tilliti, ef svo má segja.

Það er ekki sjálfgefið að æskan í dag hafi aðgang að þessari þekkingu eins og hún hafði kannski hér á landi fyrir örfáum áratugum síðan þegar krakkar, ekki síst á landsbyggðinni, ólust að verulegu leyti upp í tengslum við lifandi ys og þys á bryggjunum. Það er heldur ekki sjálfsagt mál að börn á höfuðborgarsvæðinu eigi þess nokkurn kost að fá svona þekkingu á lífríki hafsins og því hvernig fiskveiðar fara fram eða hvernig hafrannsóknir fara fram.

Því er mikill skaði að því að þessu skipi skuli hafa verið lagt og með ólíkindum er að ekki skuli finnast peningar í okkar ríka þjóðfélagi til þess að halda úti svona skipi, til að halda úti svona menntun. Ég á í raun mjög bágt með að skilja hvers vegna þetta er ekki hægt. Það mætti t.d. hugsa sér að aflaverðmæti svona skips, þ.e. sá fiskur sem veiddist yrði seldur á markaði. Þar af leiðandi mundu þó a.m.k. fást einhverjar tekjur á móti þeim kostnaði sem hlýst af því að reka skip með þessum hætti.

Einnig mætti hugsa sér að menntamálaráðuneytið legði peninga í þetta, ekki bara sjávarútvegsráðuneytið og Fiskifélag Íslands, eins og verið hefur. Menntamálaráðuneytið gæti með einhverjum hætti komið að því að reka svona skip. Ég er alveg viss um að mjög mikill áhugi er meðal kennara hér á landi til að taka þátt í svona verkefni, m.a. líffræðikennara en líka kennara í öðrum námsgreinum.

Ég er líka sannfærður um að áhugi er fyrir því að stunda þessa starfsemi hjá Hafrannsóknastofnun. Ég trúi ekki öðru

en að þar sé líka áhugi á því vegna þess að þar gera menn sér mjög vel grein fyrir því að það er mikilvægt að uppfræða æsku landsins um lífríkið í hafinu. Þarna höfum við að verulegu leyti brugðist á undanförnum árum. Ég bendi á að við Íslendingar eigum ekkert sædýrasafn sem þykir þó sjálfsagður hlutur alls staðar í löndunum í kringum okkur, sædýrasafn sem sýnir fólki hvernig lífríkið í hafinu lítur út. Slíkt safn hefur ekki verið til hér áratugum saman.

Sem betur fer samþykkti hið háa Alþingi í fyrra þingsályktunartillögu þar sem stjórnvöldum var falið að athuga möguleikana á því að hefja hönnun og byggingu slíks safns hér á landi. Vonandi verður það að veruleika sem allra fyrst því ef vel verður að verki staðið þar verður hægt að búa til einstakan sýningarglugga, ekki bara fyrir okkur Íslendinga heldur líka fyrir erlenda ferðamenn, sýningarglugga sem veitti okkur innsýn í mjög einstakt og mjög ríkt lífríki í hafinu í kringum Ísland. Það er afskaplega ríkt og miklu ríkara en við gerum okkur grein fyrir.

Ég vona að þessi þingsályktunartillaga fái góða meðferð í þinginu og góða afgreiðslu. Ég bendi á að að henni standa þingmenn úr öllum flokkum. Það ætti því að segja manni að þessi tillaga, þar sem Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að stuðla að því að aftur verði boðið upp á fræðsluferðir fyrir grunnskólanema með svona skipi, verði að veruleika. Við ættum í sama vetfangi að huga að því hvort ekki væri rétt að gefa framhaldsskólanemendum einnig kost á að fara á sjó með svona skipum til að vinna ákveðin verkefni og afla sér þekkingar og síðast en ekki síst háskólanemum einnig í tengslum við ákveðin námskeið sem þeir tækju þá bæði við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, svo að dæmi séu tekin. Svona skip eru í rekstri í löndunum í kringum okkur, m.a. í Noregi og eins og ég nefndi áðan þá hef ég einmitt tekið þátt í svona kennsluleiðöngrum þar. Það er alveg ómetanlegt fyrir háskólanema í sjávarútvegsfræðum eða líffræði hafsins að eiga kost á að fara í námsferðir með svona skipum þar sem þeim er kennt skipulega hvernig vinna um borð í rannsóknarskipum fer fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 35. mál (vanskil á vörslufé). — Þskj. 35.

[17:56]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, og lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum.

Flutningsmenn ásamt mér eru þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkunum, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Ögmundur Jónasson, Drífa Hjartardóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Sólveig Pétursdóttir, Pétur H. Blöndal, Guðlaugur Þór Þórðarson og Guðjón Hjörleifsson.

Kjarni þessa frumvarps er sá að gert er ráð fyrir að lágmarksfésekt við tilteknum skattalagabrotum sem lögfest var árið 1995 eigi ekki við þegar um svokölluð vanskil á vörslufé er að ræða og brotamaður hefur skilað réttilega skilagrein svo að ljóst má vera að ekki sé um að ræða tilraun til undanskots.

Ástæða er til að leggja á það áherslu að vanskil á vörslufé vegna greiðsluerfiðleika eru mjög ólík öðrum skattalagabrotum. Slík brot hafa sjaldnast þau einkenni sem algengt er að fylgi því sem höfum kallað skattsvik í daglegu tali, svo sem vanhöld á færslu bókhalds. Ekki er heldur fyrir að fara þeirri leynd sem einkennir skattsvik og önnur skattalagabrot. Oft eiga brotlegir við þessar aðstæður sér málsbætur umfram þá sem fremja önnur skattalagabrot og skýringarnar eru jafnan þær að forsvarsmenn fyrirtækja hafa lent í greiðsluerfiðleikum sem oft enda með gjaldþroti.

Þó svo að þessi brot séu annars eðlis þá höfum við illu heilli sett upp þannig regluverk að það hefur leitt til þess að menn fá gríðarlega þunga dóma. Í fyrsta lagi er um að ræða lágmarksfésektir sem eru mjög háar. Menn geta einfaldlega sett sig í spor fólks sem hefur átt í greiðsluerfiðleikum sem hafa t.d. endað með gjaldþrotum og hafa þess vegna haft það í för með sér að það hefur ekki getað staðið skil á vörslufénu. Það er augljóst þegar um er að ræða mjög háar sektir að menn eru ekki í neinum færum til þess að borga þær. Þá er það oft og tíðum þannig að þeir hafa fengið vararefsingu sem er fangelsi. En þegar svo háttar til að menn hafa ekki getað borgað sektina og enda í fangelsi vegna vararefsingar þá eiga þeir heldur ekki möguleika á reynslulausn eins og er þó almenna reglan í okkar lögum.

Við höfum orðið vitni að miklum mannlegum harmleik víða í þjóðfélaginu þar sem þetta hefur gerst. Menn hafa lent í greiðsluerfiðleikum, hafa verið að berjast til hins ýtrasta, til síðasta blóðdropa, í rekstri sínum til að koma í veg fyrir gjaldþrot til að hægt sé að halda áfram rekstri, oft og tíðum mikilvægum atvinnurekstri sem snertir hagsmuni fjölda fólks, m.a. í litlum byggðarlögum. Þetta hefur leitt til þess að menn hafa dregið að greiða vörslufé í þeirri von að úr mundi rætast með rekstur fyrirtækisins. Menn hafa haldið bókhald, skilað skýrslum og reynt að vinna með þeim hætti að hægt væri að halda atvinnurekstrinum áfram og síðan þegar í þrot er komið standa menn frammi fyrir ókleifum skafli, eru búnir að rýja sjálfa sig inn að skinni, setja sjálfa sig í ábyrgð, kreista út allt lánsfé sem þeir hafa haft með tryggingunum sem þeir hafa boðið fram og eiga þess vegna enga möguleika á að standa skil á þessu vörslufé þegar í óefni er komið. Það er augljóst mál að þeir sem eru komnir í slíkar aðstæður eru ekki hinir dæmigerðu skattsvikarar sem við viljum ná utan um. Þetta er fólk sem lendir í óviðráðanlegum aðstæðum sem enginn getur gert við.

Í ýmsum tilvikum er um að ræða yngra fólk. Það er líka um að ræða fólk sem hefur verið að setja á stofn það sem menn hafa kallað sprotafyrirtæki og oftar en ekki hefur verið talað af mikilli velvild um slík fyrirtæki úr þessum ræðustól vegna þess að menn hafa séð að forsendan fyrir því að okkur miði eitthvað áfram í þessu þjóðfélagi er að til staðar sé fólk sem er tilbúið til þess að hætta eigin fjármunum í því skyni að byggja upp atvinnurekstur. Við höfum orðið

vitni að því m.a. í þeirri uppbyggingu sem varð hér fyrir fáeinum árum svo ég taki dæmi í nýtækni, tölvum og slíkri þjónustu sem reis upp og hafði heilmikið að segja um vöxt og viðgang þjóðfélagsins. Síðan þegar sló í bakseglin — þessi fyrirtæki voru oft og tíðum vanfjármögnuð vegna þess að menn trúðu á þann mikla vöxt sem flestir töldu sig sjá fyrir sér í þessum atvinnugreinum — þá gerðist það mjög hratt að mörg fyrirtæki urðu gjaldþrota, mjög margir sem höfðu lagt sig fram og höfðu unnið merkilegt starf og skaffað fólki vinnu, forsvarsmenn slíkra fyrirtækja lentu í vandræðum og verða núna fyrir barðinu á þessari óréttlátu löggjöf.

Þetta mun leiða til þess að fólk sem horfir upp á slíka reynslu hugsar sig tvisvar um áður en það stofnar til nýs atvinnurekstrar. Ég held að það sé ekki góð framtíðarsýn fyrir þjóðfélagið ef okkar best menntaða fólk, unga háskólamenntaða fólkið sem þekkir vel lagaverkið og regluverkið, viðskiptafræðingarnir okkar, ungu lögfræðingarnir okkar, allt þetta unga góða fólk sem við viljum að sé í forsvari í atvinnurekstri, hugsar sig tvisvar um áður en það stofnar eigin fyrirtæki og fer frekar í skjól stóru fyrirtækjanna þar sem engin hætta er á að menn lendi í að verða rukkaðir um vörslufé.

Þess vegna megum við ekki, virðulegi forseti, ganga þannig frá löggjöfinni, jafnvel þó við viljum ná utan um og koma í veg fyrir að menn stundi skattsvik, að við hræðum venjulegt fólk frá því að taka þátt í atvinnurekstri sem í eðli sínu hlýtur alltaf að vera áhættusamur.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mjög mörg orð um þetta mál. Þetta er mál sem hefur fengið nokkra umfjöllun. Þetta frumvarp var lagt fram í fyrra og var komið til efnahags- og viðskiptanefndar. Það var augljóst af viðtökunum sem það fékk innan nefndarinnar að um það gat tekist mjög breið pólitísk samstaða. Maður varð líka var við í opinberri umræðu sem fór fram um frumvarpið að það átti sér mjög marga velvildarmenn en það er ekki mjög algengt að frumvörp af þessu taginu sem snerta skattamál sem eru ekki mál sem vekja athygli í fyrirsögnum dagblaðanna, kalli á jafnmikil viðbrögð og þetta frumvarp gerði. Þess vegna held ég, virðulegi forseti, að það væri þinginu til sóma og væri mjög í réttlætisátt ef okkur auðnaðist að ljúka þessu máli á næstu vikum. Það hafði fengið efnislega meðferð innan efnahags- og viðskiptanefndar en í bardaganum síðastliðið vor var engin von til að hægt væri að ljúka því. Ég held að allar forsendur séu til þess að efnahags- og viðskiptanefnd, sem ég legg til að fái þetta mál til umfjöllunar, geti lokið því á tiltölulega skömmum tíma og við getum gert það að lögum í allra síðasta lagi nú fyrir jólin.

[18:04]

Hilmar Gunnlaugsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessu frumvarpi og hvet til að það nái fram að ganga á þessu þingi. En það breytir ekki mati mínu á því að of skammt sé gengið, einkum í þeim þætti frumvarpsins sem lýtur að breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

Í mínum huga er staðgreiðsluskattur ekki vörslufé í sama skilningi og virðisaukaskattur. Staðgreiðsla er hluti af launagreiðslu til starfsmanna. Í þessu samhengi er fróðlegt að líta til þeirra vanefndaúrræða sem annars vegar starfsmenn og hins vegar ríkið hafa vegna þessara launa. Í báðum tilvikum geta aðilar krafist dráttarvaxta og þá getur starfsmaður rift ráðningarsamningi sínum alveg eins og ríkið getur sent lögreglu og látið loka atvinnustarfsemi eftir 30 daga.

Síðan hefur ríkið búið sér til tekjustofn sem að mínu mati er afar hæpinn. Það er hið svokallaða álag sem jafngildir einu prósentustigi í allt að 10 daga sem vanskil vara, þ.e. fyrstu 10 dagana. Það, hæstv. forseti, eru 365% sem í mörgum tilvikum bætast ofan á dráttarvexti.

Í fræðilegri umfjöllun telst álag til refsikenndra viðurlaga. Í mínum huga er um okurvexti af hálfu ríkisins að ræða þar sem ríkið hefur misbeitt valdi sínu til að setja leikreglurnar. Auðvitað eiga allir að greiða skuldir sínar. Það er hins vegar blákaldur veruleiki að fjölmargir lenda í þeirri aðstöðu að geta ekki, a.m.k. tímabundið, staðið við allar skuldbindingar sínar á nákvæmlega réttum tíma og þá á að mati þess er hér stendur að ríkja jafnræði. Ríkisvaldið á ekki að komast upp með að beita valdi sínu í svo miklum mæli að gengið sé út fyrir allt meðalhóf.

Hæstv. forseti. Það má með góðum vilja finna gild rök fyrir því að innheimta ríkisins njóti einhverrar sérstöðu umfram almennar kröfur. En að búa sér til aukatekjur á kostnað þeirra sem eru veikir fyrir, t.d. smáir atvinnurekendur, verður að teljast hæpið og er þá einkum verið að horfa til hins 365% álags. Ég spyr, herra forseti: Er ekki nægilegt að reikna dráttarvexti og geta lokað atvinnurekstri ef ekki er greitt innan 15 daga frá eindaga? Í þessu samhengi get ég ekki annað en rifjað upp dóm Hæstaréttar frá 1988. Þar var einstaklingur dæmdur fyrir það sem almennt var kallað okurlánastarfsemi. Hann var fundinn sekur um að hafa lánað peninga gegn kröfum um 88% ársávöxtun þegar leyfilegir hámarksvextir voru 21%. Hann krafðist, hæstv. forseti, 67% meiri vaxta en leyfilegt var. Því spyr ég: Getur það talist eðlilegt með því að kalla okurvextina álag að ríkið krefjist 365% meiri vaxta en dráttarvextir Seðlabanka Íslands eru á hverjum tíma? Það er meira en fimmfalt grófara en okurlánarinn úthrópaði var fundinn sekur um 1988.

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir því að í frumvarpinu sem nú liggur fyrir þinginu er ekki gert ráð fyrir breytingum á reglum um álag. En það er von mín að sá vinkill verði tekinn til skoðunar í meðferð málsins í þinginu þó ég vilji ekki á nokkurn hátt bregða fæti fyrir þær tillögur sem þar koma fram.

Ég sagði í upphafi ræðu minnar að ég fagnaði þessu frumvarpi og legði til að það yrði samþykkt. Viðurlagaákvæði þau sem hér eru til umræðu eru mér einkar hugleikin og hafa verið það allt frá því að ég lenti í þeirri reynslu að neyðast til, starfandi sem dómari við Héraðsdóm Austurlands, að dæma frumkvöðul og einyrkja á grundvelli þessara óbilgjörnu viðurlaga og refsiákvæða. Núverandi ákvæði eru ósanngjörn og þeim þarf að breyta. Ég ítreka því von mína um að Alþingi gangi a.m.k. jafnlangt og núverandi frumvarp gerir ráð fyrir.

[18:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég er einn af meðflutningsmönnum þessa frumvarps og tel að hér sé verið að hreyfa miklu réttlætismáli sem ég vonast til að verði nú tekið til endanlegrar afgreiðslu á Alþingi og gert að lögum.

Menn geta lent í rekstrarörðugleikum af ýmsum toga og eru margar ástæður fyrir því. Sumir sem hafa rekið fyrirtæki eða verið með eigin rekstur hafa á engan hátt reynt að fela neitt í starfsemi sinni og allt hefur verið réttilega talið fram og öllum ljóst hverjar skyldur þeirra eru og hvað þeir eiga að greiða jafnvel þó að ekki væri mögulegt að inna allar greiðslur af hendi á réttum tíma. Þá er hart að refsingin skuli vera með þeim hætti sem hv. síðasti ræðumaður gerði mjög skilmerkilega grein fyrir. Ég óska honum til hamingju með fyrstu ræðu sína í þinginu og ég held að hann hafi undirstrikað það mjög vel í máli sínu hversu óréttlát afgreiðsla og meðferð á mönnum sem lenda í rekstrarörðugleikum getur verið þegar vanskil verða á vörslufé vegna greiðsluerfiðleika. Þetta eru talin saknæm brot og þar að auki eru þeir beittir bæði álögum og refsingum sem reiknuðum álögum ríkisins fylgir.

Ég tel að þetta sé mjög þarft mál eins og ég sagði í upphafi máls míns og ætla ekki að lengja umræðuna um þetta. Það eru margir flutningsmenn að þessu frv. og ég treysti því að það fái skjóta og góða meðferð og lögum verði breytt í þá veru sem málið leggst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 1. umr.

Frv. EKG, 33. mál (æðarvarp). — Þskj. 33.

[18:11]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir litlu frumvarpi um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.

Frumvarpið er í sjálfu sér ekki mikið að vöxtum en það getur skipt máli og tilgangurinn er fyrst og fremst sá að stuðla að betri sambúð æðarbænda og grásleppuveiðimanna, grásleppukarla, og það verður ekki gert nema breyta þessum tilteknu lögum.

Í lögunum er það þannig að frá tilteknu tímabili, þ.e. frá 15. apríl til 14. júlí má ekki án leyfis varpeiganda, þ.e. eiganda æðarvarps, leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en sem nemur 250 metrum frá stórstraumsfjörumáli. Þetta hefur í langflestum tilvikum gengið ágætlega og ekkert orðið þess valdandi að árekstrar yrðu. En allt breytist og það hefur færst í vöxt að grásleppútíminn lengist og sé ekki lengur frá 15. apríl til 14. júlí heldur hefjist 1. apríl og jafnvel sums staðar enn fyrr. Þetta hefur orðið til þess að í einstaka tilvikum, og ég undirstrika í einstaka tilvikum, hafa orðið árekstrar þar sem hagsmunir æðarbænda og grásleppuveiðimanna hafa ekki farið saman. Í þessum tilvikum þarf að búa til reglur sem tryggja að báðir aðilar geti stundað atvinnurekstur sinn í friði, að grásleppukarlinn trufli ekki æðarræktandann og æðarræktandinn sé ekki að leggja óþarfa stein í götu grásleppuveiðimannsins. Til þess að svo verði er nauðsynlegt að breyta lögunum þannig að sá tími sem er takmarkaður á lagningu grásleppuneta eða annarra neta í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en sem svarar 250 metrar frá stórstraumsfjörumáli verði lengdur. Hann verði færður frá 15. apríl fram til 1. apríl. Þannig mundi, að mínu mati, í langflestum tilvikum vera hægt að koma í veg fyrir óþarfa árekstra sem ég veit að bæði grásleppukarlar og æðarræktendur vilja vera án. Ég undirstrika að í langflestum tilvikum gengur þessi sambúð prýðilega enda eru það oft og tíðum sömu aðilarnir, sá sem stundar æðarrækt er oft líka grásleppukarl og hefur því eðlilega mjög góðan skilning á störfum hins. Í flestum tilvikum leysist þetta af sjálfu sér líka vegna þess að í báðum tilvikum eru menn að nýta náttúruna og skilja að það þarf að gera í góðri sambúð. Engu að síður þarf í þessum tilvikum að skýra umferðarreglurnar dálítið og í þessu frumvarpi er lagt til að það sé gert með þeim hætti sem ég hef þegar lýst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 34. mál (hagsmunir smárra fjárfesta). — Þskj. 34.

og

Hlutafélög, 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 36. mál (réttur smárra hluthafa). — Þskj. 36.

[18:15]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tveimur frumvörpum til laga, annars vegar frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 33/2003, um verðbréfaviðskipti, og hins vegar frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum. Meðflutningsmenn mínir eru í báðum tilvikum hv. þm. Halldór Blöndal, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Árnason, Steingrímur J. Sigfússon og Guðjón A. Kristjánsson og eru fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Alþingi.

Ég ætla ekki að fara mjög náið út í efnisatriði frumvarpanna, þau skýra sig með lestri þeirra og af greinargerðinni. Þó vil ég vekja athygli á því að hér er um samkynja mál að ræða að því leytinu að báðum frumvörpunum er fyrst og fremst ætlað að styðja við hlut hinna minni hluthafa í hlutafélagi.

Það er gert með ýmsum hætti. Í fyrsta lagi er verið að

leggja til miklu skýrari reglur um það sem kallað er „skyldir aðilar" þegar einn aðili innan hlutafélags er að selja öðrum sem er skyldur. Lagt er til að hugtakinu „skyldir aðilar" sé bætt við gildandi lög og þannig skilgreint að maki og börn verði talin skyld viðkomandi einstaklingi. Við teljum ekki ástæðu til að ganga mikið lengra en erum þarna með tilteknar skilgreiningar í því sambandi til þess að ekkert fari á milli mála.

Enn fremur er líka leitt inn í lögin nýtt hugtak sem við köllum „veltuhraða", sem er velta skráðra bréfa í einum eða fleiri flokkum hlutabréfa á skráðum markaði, og er fundinn þannig að fyrir hvern mánuð á 12 mánaða tímabili er reiknað hlutfall veltu með bréf félags í viðkomandi mánuði og markaðsvirði þess í lok mánaðarins. Hlutfallið er síðan margfaldað með 12 og veltuhraði síðustu 12 mánaða er síðan fundinn með því að taka meðaltal þessa hlutfalls síðustu 12 mánuði.

Þarna er fyrst og fremst verið að reyna að tryggja að þegar um er að ræða sölu með hlutabréf í félögum þar sem ætla má að markaðsverðmæti komi ekki endilega skýrt fram vegna þess að um sé að ræða sölu hlutabréfa sem fer fram í svo litlum mæli að ekki hafi orðið til eðlilegt markaðsverð. Við erum með öðrum orðum fyrst og fremst að reyna að búa til reglu sem tryggir sanngjarnt verð á hlutabréfum þegar markaðurinn sér ekki um að búa verðmætið til.

Þetta getur auðvitað átt sér stað á ýmsum sviðum. Í Kauphöll Íslands hafa t.d. ýmis hlutafélög farið út af markaðnum af ýmsum ástæðum, m.a. vegna þess að markaðurinn með bréfin hefur verið lítill. Því má segja sem svo að það hafi aldrei orðið til neitt raunverulegt markaðsverðmæti. Við vitum að það eru tilteknar reglur um svokallaða yfirtökuskyldu sem gera ráð fyrir því að aðili eða aðilar sem eru tengdir, sem eru komnir með 40% í eign tiltekins hlutafélags, beri að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð. Þá skiptir miklu máli að yfirtökutilboðin séu gerð með sanngjörnum hætti og sá sem gerir tilboðið sé ekki að sölsa undir sig eignir, kannski duldar eignir, úr einhverju hlutafélagi með því að bjóða fram lágt verð sem getur gerst ef ekki er um að ræða mikil viðskipti með viðkomandi bréf. Hins vegar er gert ráð fyrir því að það sé skoðað tólf mánuði aftur í tímann og borgað sé hæsta verð sem borgað hefur verið af viðkomandi tilboðsgjafa á því tímabili. En ef um mjög lítil viðskipti er að ræða þá getur það auðveldlega gerst að verðið sé svo lágt að ekki sé hægt að búa til raunverulegt markaðsverð. Þess vegna erum við að reyna að innleiða hugtakið „veltuhraði" og skýra betur hugtakið „skyldir aðilar". Við teljum að við séum með þeim hætti að koma í veg fyrir að menn geti sölsað undir sig eignir í einhverju hlutafélagi með óeðlilegum og ósanngjörnum hætti.

Í hinu frumvarpinu sem lýtur að hlutafélagalögunum segir svo:

„Hlutafélagi er óheimilt að kaupa eignir af hluthöfum, stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum félagsins eða félögum sem þessir aðilar eiga ráðandi hlut í nema áður hafi verið aflað sérfræðiskýrslu. Sama gildir um kaup félags á eignum af móðurfélagi þess og þeim sem tengdir eru aðilum."

Þarna er einfaldlega verið að fara leið sem við þekkjum í löggjöf annarra þjóða og er fyrst og fremst til þess fallin að leggja ábyrgðina á þá sem eru í þessu tilviki að kaupa og tryggja það að menn geti ekki búið til eitthvert falskt markaðsverð og eignast þannig hlut í félagi. Með öðrum orðum, bæði frumvörpin hafa einfaldlega þann megintilgang að reyna að teysta stöðu minni hluthafa.

Það er heilmikil þörf á þessu því það hefur orðið gríðarleg breyting í þjóðfélagi okkar. Það var þannig áður fyrr að eignamyndun almennings, hins venjulega meðaljóns á Íslandi, fór fyrst og fremst fram í gegnum íbúðarhúsin. Menn lögðu til hliðar upphæðir, menn byggðu sér hús, lögðu á sig mikla vinnu við húsbyggingarnar, við breytingar á húsnæði sínu og þannig eignuðust menn eignir. Það var hið venjulega eignarform hins venjulega Íslendings. Þetta hefur verið að breytast, að langflestu leyti sem betur fer, vegna þess að menn hafa núna möguleika á því að spara, leggja fé til hliðar, fjárfesta í hlutabréfum, skuldabréfum og öllum þeim sparnaðarformum. Menn eru með öðrum orðum allt í einu farnir að festa eignir sínar ekki endilega í steinsteypunni heldur í ýmsum óefnislegum hlutum eins og t.d. hlutabréfum og öðru slíku sem eru þá að mynda m.a. stofn að nýrri eign og líka mynda stofn að lífeyri fólks í framtíðinni.

Ég varpaði fram fyrirspurn til fjármálaráðherra á sínum tíma um þessi mál. Þá kom í ljós að árið 1990 höfðu 40 þús. manns keypt sér hlut í fyrirtækjum á því ári en voru 80 þús. eða 40% framteljenda árið 1999. Auðvitað breytist þetta milli ára, stundum árar vel og margir hafa áhuga á því að kaupa hlutabréf. Við höfum líka verið að nota skattafslátt í þessu tilviki en allt lýtur þetta að því að almenningur í dag, hinn venjulegi maður á Íslandi í dag, á hlutabréf. Hann hlýtur þess vegna að hafa töluverðar áhyggjur af því að staða hans sé ekki nægjanlega vel tryggð.

Við höfum í löggjöfinni á undanförnum árum reynt að tryggja stöðu minni hluthafanna, ég nefndi áðan 40% regluna sem kveður á um það að menn hafi skyldu til að gera yfirtökutilboð ef þeir eiga 40% í fyrirtæki. Það er gert til þess að tryggja það að lítill hluthafi verði ekki áhrifalaus vegna þess að stór hluthafi sé búinn að eignast stóran hlut í fyrirtækinu og er alveg augljóst mál að þróunin hefur verið í þessa átt. Við höfum fyrst og fremst verið að reyna að búa til skjól fyrir minni hluthafana í fyrirtækjunum einfaldlega vegna þess að við sjáum að það mikil þörf á því. Þessi breyting sem ég hef verið að rekja hefur leitt til þess að venjulegur hluthafi er einstaklingur sem er ekki endilega dag hvern að fylgjast nákvæmlega með rekstrinum eða nákvæmlega með því hvert verðmæti fyrirtækisins er að öllu leyti, heldur treystir á það að lög og reglur gefi honum það skjól sem hann leitar eftir.

Þess vegna þurfum við að tryggja það að minni hluthafarnir geti áhyggjulausir lagt hluta af sparnaði sínum m.a. í atvinnurekstur því það skiptir mjög miklu máli frá margvíslegum sjónarhóli séð að almenningur sé þátttakandi í atvinnulífinu. Þannig getur orðið til eignamyndun, þannig getur almenningur fengið hlut í verðmætisaukningunni og þannig getur það gerst líka að almenningur skilji betur þarfir atvinnulífsins og atvinnulífið fengið síðan áhættufjármagn til þess að byggja sig upp, þjóðfélaginu til framdráttar.

Bent hefur verið á að þetta kunni að vera leið til þess að

jafna kjörin í landinu. Við höfum reynt að gera það með skattalegum aðgerðum, við höfum reynt að gera það í gegnum kjarasamninga með því að lyfta upp lægstu launum. Við þekkjum það að þetta eru hins vegar býsna erfið mál. Þess vegna getur það skipt miklu máli að meðaljóninn geti líka eignast hlutabréf í þeim fyrirtækjum sem hafa verið að hækka, fjármálafyrirtækjunum, og notið ávaxtanna af því hlutfallslega fyrir sjálfan sig á borð við þá sem auðugari eru og leggja í þessar fjárfestingar.

Það gerist ekki nema almenningur sé algjörlega sannfærður um það og viti fyrir víst að hann verði ekki hlunnfarinn, það muni verða fyrir því séð með lögunum að almenningur geti lagt peningana í þessa fjárfestingu og þurfi ekki að hætta á að verða einhverju því að bráð sem hann ekki getur séð fyrir, óttast t.d. að stóru hákarlarnir komi og hrammsi til sín fyrirtækið og skilji litla karlinn eftir algjörlega varnarlausan í fyrirtæki sínu.

Þess vegna, virðulegi forseti, hefur sú þróun verið í okkar löggjöf að við höfum verið að reyna að styrkja stöðu minni hluthafans og frumvörpin tvö eru sannarlega liður í því sama, að bæta stöðu minni hluthafanna, gera það að verkum að minni hluthafarnir geti óáreittir og óhræddir tekið þátt í því að fjárfesta í atvinnulífinu.

Ég vil í því sambandi nefna það að frumvörpin komu fram á Alþingi á sl. vetri. Þau fengu ekki umfjöllun vegna þess að ekki var tími til þess hér í þingsölum. Málið kallaði hins vegar á gríðarlega miklar umræður úti í þjóðfélaginu, m.a. hjá ýmsum sérfræðingum sem létu í sér heyra og margir voru ekki á eitt sáttir um málið og það er ósköp eðlilegt. Hér er verið að takast á um gífurlega mikla hagsmuni, milljarðahagsmuni, vegna þess að fyrirtækin eru sem betur fer mikils virði hér á landi um þessar mundir og þess vegna er ekkert óeðlilegt við það að tekist sé á um þessi mál. En þá verða menn að hafa það í huga að frumvörpin hafa það einfaldlega að markmiði að tryggja stöðu þeirra sem minni eru innan fyrirtækjanna og ekkert óeðlilegt við það að einhverjum finnist þar of mikið að gert og vilji hafa rýmra svigrúm fyrir sjálfan sig til þess að leika á þessum mikla markaði. Ég vil einfaldlega segja að það er óeðlilegt að við búum þannig til löggjöfina eða leikreglurnar að menn geti leikið á þeim markaði án tillits til þeirra sem minni eru og starfa innan þess markaðar, þ.e. minni hluthafanna, einstaklinganna í landinu.

Ég vil í því sambandi sérstaklega fagna því að sú nefnd sem hæstv. viðskiptaráðherra skipaði einhvern tíma á sl. vetri eftir að frumvörpin litu dagsins ljós hefur að ýmsu leyti tekið undir þau sjónarmið sem hér koma fram, ekki að öllu leyti en að ýmsu leyti. Það er enginn vafi á því að sá andi sem svífur svo greinilega yfir vötnunum í frumvörpunum hefur ratað inn í tillögur nefndarinnar. Nú á eftir að láta á það reyna hvort það sé pólitískur styrkur til þess að koma málinu fram í þeim búningi eða einhverjum svipuðum búningi í gegnum þingið. Það mun veturinn skera úr um. Ég tel að það skipti mjög miklu máli fyrir þingið og fyrir umræðuna alla að það liggi fyrir kristaltær afstaða þingmanna úr öllum flokkum sem vilja leggja sitt lóð á vogarskálarnar til þess að tryggja að leikreglurnar séu sem sanngjarnastar, sérstaklega fyrir veikari aðilann, hinn almenna hluthafa, hinn minni hluthafa í atvinnurekstrinum. Ég held að það sé atvinnulífinu til góða og ég tala nú ekki um þeim einstaklingum sem vilja auka eignir sínar með því að taka þátt í því að fjárfesta í íslensku atvinnulífi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–9. og 13. mál.

Fundi slitið kl. 18:28.

---

17. FUNDUR

miðvikudaginn 3. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Starfsmenn Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli, fsp. MÁ, 199. mál, þskj. 199.

Til umhverfisráðherra:

2. Þjóðgarður norðan Vatnajökuls, fsp. MÁ, 118. mál, þskj. 118.

Til landbúnaðarráðherra:

3. Sláturhús í Búðardal, fsp. JBjarn, 141. mál, þskj. 141.

4. Styrkur til loðdýraræktar, fsp. SigurjÞ, 195. mál, þskj. 195.

Til dómsmálaráðherra:

5. Kynbundið ofbeldi, fsp. KolH, 170. mál, þskj. 170.

6. Mannréttindaskrifstofa Íslands, fsp. KolH, 200. mál, þskj. 200.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Um klukkan 3.30 síðdegis fer fram umræða utan dagskrár um árásir á íslenska starfsmenn utanríkisþjónustunnar í Kabúl í Afganistan. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund. Gert er ráð fyrir atkvæðagreiðslum að henni lokinni.

[13:32]

Útbýting:

Aflahlutdeild, 210. mál, svar sjútvrh., þskj. 264.

Breytt hlutföll aldurshópa eftir árið 2010, 249. mál, þáltill. ÍGP, þskj. 267.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, 92. mál, svar dómsmrh., þskj. 262.

Taxtar tannlækna, 261. mál, fsp. JGunn, þskj. 279.

Vegaskrá, 260. mál, fsp. JGunn, þskj. 278.

Starfsmenn Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli.

Fsp. MÁ, 199. mál. — Þskj. 199.

[13:33]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir að hafa skilið eftir svör við þessum spurningum á þeim litla blaðamannafundi sem hér var sviðsettur í gær og hlakka til að heyra svör hans við þeim. Fyrirspurnirnar eru þessar:

1. Hvaða breytingar í stöðugildum hafa orðið á íslensku starfsliði Bandaríkjahers á Keflavíkurvelli frá 1. janúar 2003 til 1. október 2004?

2. Hver var fjöldi bandarískra hermanna á Keflavíkurvelli 1. janúar 2003 og 1. október 2004?

3. Hver var fjöldi bandarískra starfsmanna Bandaríkjahers á Keflavíkurvelli, annarra en hermanna, 1. janúar 2003 og 1. október 2004?

Það eru margar ástæður fyrir því að spurt er að þessu en ein er a.m.k. sú að um svipað leyti í fyrra, 28. nóvember, var efnt til utandagskrárumræðu. Hv. þm. Jón Gunnarsson gerði það og þá var þáverandi hæstv. utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, til svara. Hann sagði m.a. þetta við spurningunni um hvort eitthvað meira væri fram undan af uppsögnum Íslendinga, með leyfi forseta:

„Við höfum engar upplýsingar um það og við höfum enga ástæðu til þess að ætla að svo verði. Utanríkisráðuneytinu hafa ekki borist neinar tilkynningar um það og engar hugmyndir um verulegan samdrátt á næstu þremur árum hafa verið kynntar stjórnvöldum."

Síðan fer maður í Morgunblaðið — gagnasafn. Þar er frétt fimmtudaginn 20. maí 2004: Tíu sagt upp hjá flotastöðinni. Það eru skrifstofumenn og lagermenn. 22. júní: Um 20 starfsmönnum varnarliðsins sagt upp. Tíu úr mötuneytinu, sjö slökkviliðsmenn og fjórir skrifstofustarfsmenn. 30. september 2004 er sagt að 17 hafi hætt á þremur mánuðum, hjá slökkviliðinu þrír til viðbótar, og um daginn var líka frétt um uppsagnir hjá slökkviliðinu sem er alveg sérstakt mál og þyrfti að fara að kanna sérstaklega því að eitt af því sem menn eru kannski sammála um í þessu er að einhvern tíma komi að því, hvernig sem þetta veltist nú með Bush og Powell, að við tökum við þessum alþjóðaflugvelli sem sjálfstæð og fullvalda þjóð. Þá þurfum við þar slökkvilið og við þyrftum að vita hvernig slökkviliðið á að vera búið.

Bakgrunnur málsins er sá að við þurfum að gæta að því með þetta herlið og þennan herbúnað að við þurfum auðvitað að ganga í það að meta varnarþarfir okkar sem nú eru aðrar en þær sem menn ætluðu að væru í kalda stríðinu og við þurfum að ganga frá framtíðarskipan í tengslum við atvinnumál á Suðurnesjum. Þetta hefur verið vanrækt, var vanrækt í tíð fyrrverandi utanríkisráðherra en nú er kominn nýr hæstv. utanríkisráðherra sem getur ráðið bót á málinu og svarar nú þessum spurningum.

[13:36]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það var upplýsandi að fá það skilgreint að stjórnarandstaðan lítur svo á að umræður um störf þingsins séu blaðamannafundir.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, hefur hv. þm. Mörður Árnason á þskj. 199 beint til mín þremur spurningum um starfsmenn Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli.

Í fyrsta lagi er spurt: Hvaða breytingar í stöðugildum hafa orðið á íslensku starfsliði Bandaríkjahers á Keflavíkurvelli frá 1. janúar 2003 til 1. október 2004? Svar: Þann 1. janúar 2003 voru íslenskir starfsmenn varnarliðsins samtals 905. Í október 2004 voru þeir 712. Starfsmönnum hefur því fækkað um 193 á tímabilinu.

Í öðru lagi er spurt: Hver var fjöldi bandarískra hermanna á Keflavíkurvelli 1. janúar 2003 og 1. október 2004? Svar: Þann 1. janúar 2003 voru 1907 hermenn á Keflavíkurflugvelli. Þann 1. október voru þeir 1554 og hafði því fækkað um 353 á tímabilinu. Stærstur hluti þessarar fækkunar felst í 300 manna liði og tengist því að P–3 kafbátaleitarflugvélar flotans eru ekki lengur staðsettar hér á landi eins og kunnugt er.

Í þriðja lagi er spurt: Hver var fjöldi bandarískra starfsmanna Bandaríkjahers á Keflavíkurvelli, annarra en hermanna, 1. janúar 2003 og 1. október 2004? Svar: Þann 1. janúar 2003 voru þeir starfsmenn 111 en 1. október 2004 hafði þeim fækkað í 104.

Hæstv. forseti. Með þessum hætti tel ég mig hafa svarað þeim fyrirspurnum sem hv. þm. Mörður Árnason hefur lagt fyrir mig.

[13:39]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Þær upplýsingar sem hæstv. utanríkisráðherra hefur tilkynnt þingheimi undirstrika þann veruleika sem mörg okkar hafa haft grun um, að samdráttur í starfsemi varnarliðsins væri að gerast hægt og hljótt, nánast að næturþeli, án þess að íslensk yfirvöld hefðu um það neitt að segja eða afskaplega lítið.

Ég vil eingöngu undirstrika mikilvægi þess í þessari stuttu athugasemd að aðilar að varnarsamningnum, Íslendingar og Bandaríkjamenn, geti með sameiginlegum hætti og frjálsum samningum gert út um það með hvaða hætti umfangið verði í Keflavík, ekki að það verði einhliða ákvörðun af hálfu Bandaríkjastjórnar sem ráði þar för. Þess vegna legg ég þunga áherslu á að menn ljúki samningum um framtíðarfyrirkomulag varna Bandaríkjamanna á Íslandi þannig að allir aðilar geti verið sáttir við sitt.

[13:40]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hér komu fram áhugaverðar upplýsingar í svari hæstv. utanríkisráðherra við þeirri fyrirspurn sem hér liggur fyrir. 20% samdráttur á þessum tíma hjá íslenskum starfsmönnum á Keflavíkurflugvelli á sama tíma og hermönnum fækkar hlutfallslega minna og bandarískum starfs-

mönnum enn minna hlutfallslega en íslenskum starfsmönnum svo munar meira en helming.

Upplýsingarnar sýna okkur að íslenskum starfsmönnum hefur fækkað um 193 eða rúm 20%. Aftur á móti hefur erlendum starfsmönnum eða bandarískum starfsmönnum varnarliðsins fækkað um sjö eða rétt í kringum 6%.

Það gengur ekki, frú forseti, að við stöndum hér ár eftir ár og veltum fyrir okkur hvað er að gerast á Keflavíkurflugvelli og að við fáum alltaf þau svör að það sé ekkert að gerast, en þegar svörin eru skoðuð betur aftur í tímann kemur í ljós að svo virðist sem íslensk yfirvöld hafi ekki hugmynd um hvað þarna er að gerast.

[13:41]

Böðvar Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir fyrirspurnina og jafnframt fyrir þau svör sem hér hafa verið lögð fram. Ef við lítum fram hjá varnarlega sjónarmiðinu í málinu er þetta stórt mál fyrir Suðurnesin í atvinnulegu tilliti. Í óformlegum fyrirspurnum og könnunum hefur komið í ljós að þjónustufyrirtæki á Suðurnesjum hafa allt að 20% af veltu sinni af íbúum sem búa á flugvellinum. Þess vegna var ánægjulegt að heyra svar hæstv. utanríkisráðherra í gær um þann fund sem fyrirhugaður er með Colin Powell þann 16. nk. og jafnframt mikilvægt að haft verði gott samráð við sveitarstjórnirnar á Suðurnesjum eins og hæstv. utanríkisráðherra kom reyndar inn á í viðtölum í gær.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir upplýsingarnar. Þær sýna svart á hvítu frá yfirvöldum það sem greinar Morgunblaðsins og fréttir af vellinum hafa gefið í skyn, að þrátt fyrir orð fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra um að ekki hafi neinar tilkynningar borist um verulegan samdrátt á næstu árum og að hann hafi í nóvember í fyrra enga ástæðu til að ætla að frekari samdráttur verði, þá fer sá samdráttur fram.

Það bendir til þess að íslensk stjórnvöld, utanríkisráðherrar okkar fyrr og nú, hafi í raun og veru enga hugmynd um hvert stefnir með þessa stöð og þeir hafa heldur engar áætlanir um það hvert stefnir með þessa stöð. Þeir hafa ekki í gangi neina vinnu að því að meta hvernig varnarhagsmunum Íslands er best borgið á þeim nýju tímum sem upp eru runnir og eru í þeim skrefum að senda bréf og erindi vestur á bóginn og biðja þar um áheyrn og reyna með einhverjum persónulegum hætti að bjarga því sem bjargað verður af leifum af gömlum tíma, því stöðin í Keflavík er það fyrst og fremst í núverandi ástandi. Það telja Bandaríkjamenn og hyggjast ekki hafa fyrir því að vinna það verk sem Íslendingar eiga að vinna og sem okkur ber að vinna, sem okkur er skylt að vinna og hæstv. utanríkisráðherra á að fara í fararbroddi fyrir, að skilgreina varnarhagsmuni Íslendinga í framtíðinni og skapa um það einingu og sátt í íslenskum stjórnmálum hvernig því skuli háttað, hvað við eigum að taka að okkur sjálfir og hvaða skuldbindingar eiga að fylgja varnarsamningnum við Bandaríkin og hvernig við eigum að hafa samstarf við aðra bandamenn okkar um varnar- og öryggismál Íslands.

[13:44]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Vegna þessara orða vil ég taka fram að það er algerlega ljóst að bæði núverandi hæstv. forsætisráðherra sem utanríkisráðherra og ég í fyrra starfi mínu höfum fylgt því mjög fast fram gagnvart samherjum okkar innan Atlantshafsbandalagsins annars vegar og gagnvart Bandaríkjamönnum hins vegar að gildi samstarfsins í NATO og varnarsamningsins sérstaklega verði í heiðri haft og þær grundvallarforsendur sem liggja á bak við veru okkar í Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningsins við Bandaríkin. Þessu höfum við fylgt báðir fram, vil ég leyfa mér að fullyrða, af mikilli einurð og eindrægni.

Auðvitað er það þannig og það þekkja menn að málin eru þannig vaxin og þeirrar gerðar að þau eru ekki rædd opinberlega með sama hætti og önnur þau dægurmál sem uppi eru. Þetta er viðurkennt á Íslandi til að mynda með sérstakri sérstöðu utanríkismálanefndar þingsins umfram allar aðrar nefndir í þinginu. Ég vil leyfa mér að halda því fram að við höfum báðir tveir, hæstv. núverandi forsætisráðherra, þáverandi utanríkisráðherra og ég, hvor í sínu starfi, fylgt þessum sjónarmiðum fram, meginsjónarmiðum hvers ríkis, ekki gömlum sjónarmiðum heldur sígildum og sínýjum sjónarmiðum, að tryggja öryggi borgara ríkisins gegn hvers konar vá út á við. Þessu höfum við fylgt fram af einurð og festu og ég andmæli því að það hafi ekki verið gert.

Þjóðgarður norðan Vatnajökuls.

Fsp. MÁ, 118. mál. — Þskj. 118.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég vona að á þessu sviði sé að vænta betri svara en í launhelgum utanríkisþjónustunnar þar sem málin eru rædd fyrir luktum dyrum og stunduð vinnubrögð sem eiga meira skylt við 19. öldina en þá 21.

Ég spyr hér um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls, að sjálfsögðu af einlægri forvitni og áhuga. Eins og við vitum var tekin saman mikil skýrsla, árangur af góðu starfi sem allir stjórnmálaflokkar lögðu sitt til og margir fræðimenn. Niðurstöður hennar voru þær að lagt var til að stofnaður yrði þjóðgarður sem tæki yfir Vatnajökul og eins mikil öræfi norðan hans og mögulegt væri. Þessu var vel tekið á sínum tíma og fagnað og ekki annað vitað þá en að ríkisstjórnin hygðist fara að tillögunum eða hefja undirbúning að því að fara að tillögum þessarar nefndar.

Síðan gerðist það í sumar, sem auðvitað ber að fagna, að þjóðgarðurinn við Skaftafell var stækkaður en ekki var alveg augljóst samhengi þeirra viðburða eða þeirrar yfirlýsingar — af því að það er ekki orðið enn — og síðan áætlananna um þjóðgarðinn sem lagður var til í skýrslunni.

Það eina sem hefur sést um þetta í plöggum frá ríkisstjórninni hér fyrir þinginu er byggðaáætlun hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Í henni er í kaflanum um þjóðgarða talað um að unnið sé að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs á vegum Umhverfisstofnunar og síðan að öðrum þjóðgarði norðan Vatnajökuls. Nú er ég líka hættur að skilja — er þá

um tvo þjóðgarða að ræða sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og hæstv. umhverfisráðherra eru að stofna?

Ég tek a.m.k. eftir því að í skýrslunni er talað um að sú uppbygging sem æskileg er og brýn ef þjóðgarðurinn á að komast á fót muni nema um 600 millj. kr. alls. Í fjárlögum fyrir næsta ár er þessu efni helguð 3,1 millj. kr. þannig að ekki virðist mikill gangur vera fyrirhugaður í þjóðgarðsstofnuninni árið 2005. Það er ákaflega brýnt að fá svör við þessu, m.a. vegna þeirrar legíónar af virkjana- og stóriðjuáformum og hugmyndum sem nú koma fram. Ég vona að þetta endi ekki þannig að þjóðgarðurinn verði stofnaður utan um það sem eftir er þegar búið er að virkja og setja upp stóriðju því að sá þjóðgarður mundi að vísu vekja athygli víða um heim en hann mundi seint komast á heimsminjaskrána.

[13:50]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Nefnd um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæðis norðan Vatnajökuls skilaði tillögum til ráðuneytisins sl. vor. Í henni voru hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Magnús Stefánsson, Steingrímur J. Sigfússon, Össur Skarphéðinsson sem og Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu, sem var formaður nefndarinnar.

Tillögur nefndarinnar eru mjög ítarlegar og þær draga fram sérstöðu svæðisins norðan Vatnajökuls sem fullyrða má að í náttúrfarslegu tilliti sé einstakt í heiminum. Í skýrslu nefndarinnar eru færð mjög sannfærandi rök fyrir því mati. Gerð er tillaga um svæði norðan Vatnajökuls sem nefndin telur rétt að gert verði að þjóðgarði.

Nefndin leggur þó áherslu á að sérstaða svæðisins norðan Vatnajökuls mótist ekki síst af samspili jökuls og eldvirkni svæðisins og því sé mikilvægt að líta á svæðið norðan Vatnajökuls og jökulinn sjálfan sem eina heild og að þjóðgarður norðan Vatnajökuls yrði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði og svæðið allt, jökullinn og nærliggjandi áhrifasvæði sem rétt þykir að verði hluti þjóðgarðsins, undir einni samræmdri yfirstjórn.

Auk svæðisins norðan Vatnajökuls sem tillögur nefndarinnar snúa fyrst og fremst að telur nefndin rétt að við stofnun þjóðgarðsins verði einnig hugað að öðrum jaðarsvæðum við austur- og suðurhluta jökulsins. Slíkur þjóðgarður yrði að mati nefndarinnar einstakur í heiminum hvað varðar stærð og fjölbreytileika og mundi að mati kunnugra verða aufúsugestur á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna um markverða staði í heiminum.

Eins og fram kemur í tillögum nefndarinnar er stofnun þjóðgarðs sem tekur til áhrifasvæðis norðan Vatnajökuls mjög umfangsmikið verkefni sem krefst margháttaðs undirbúnings, m.a. samningaviðræðna við landeigendur þar sem ljóst er að hluti þess lands sem lagt er til að verði hluti þjóðgarðs er í einkaeign. Það er ekki gert ráð fyrir því að allt það land sem lagt er til að verði innan þjóðgarðsmarkanna þurfi að vera í eigu þjóðarinnar heldur geti það verið áfram í einkaeign með samningum við yfirstjórn þjóðgarðsins.

Einnig er gert ráð fyrir því að hefðbundnar landnytjar geti haldist mikið til óbreyttar, þ.e. veiðinytjar og beitarafnot á grundvelli sjálfbærrar nýtingar.

Nauðsynlegt getur verið að stofnun þjóðgarðs af þessari stærð fari fram í nokkrum áföngum og vinna mætti að því verki jafnt og þétt á næstu 5–8 árum þannig að þjóðgarðurinn yrði fullmótaður á tímabilinu 2010–2012. Tillögur nefndarinnar eru nú til meðferðar hjá ríkisstjórn og ég vænti þess að mjög fljótlega verði ákveðið hvernig staðið verði að frekari undirbúningi Vatnajökulsþjóðgarðsins og þeirra áhrifasvæða jökulsins sem æskilegt má telja að verði í framtíðinni hluti hans. Ég legg þó áherslu á að mikil vinna er fyrir höndum að skoða málið nánar í samráði við landeigendur og heimamenn.

Ég vil að lokum geta þess að í síðustu viku gekk ráðuneytið frá reglugerð um stækkun Skaftafellsþjóðgarðs sem líta ber á sem fyrsta skref í stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Með þeirri stækkun er Skaftafellsþjóðgarður nú stærsti þjóðgarður í Evrópu. Hér er auðvitað verið að hreyfa mjög mikilvægu máli sem er sameiginlegt áhugamál okkar sem sitjum á þingi. Stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs kemur í kjölfarið á samþykktri þingsályktunartillögu hér á Alþingi.

Til þess að bregðast við því sem hv. þm. Mörður Árnason nefndi áðan, hvort um tvo þjóðgarða væri að ræða, vil ég segja að hugsunin er sú að á endanum verði um einn þjóðgarð að ræða sem nái þá alveg sunnan að, yfir jökulinn og til strandar að norðan. Hins vegar er nú þegar búið að fara í stækkun á Skaftafellsþjóðgarðinum eins og ég nefndi áðan. Fjárlagavinnan stendur yfir. Þingmaðurinn saknaði þess að ekki væru meiri fjármunir ætlaðir til þessara mála en raun ber vitni en svarið við því er að ekki er búið að taka ákvörðun í ríkisstjórn um framhald málsins. Eins og ég nefndi áðan verður það þó mjög fljótlega.

[13:55]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert að ríkisstjórnin skuli ætla að reyna að bjarga því sem bjargað verður af ómetanlegu landsvæði fyrir norðan Vatnajökul þegar búið er að reisa eina stærstu vatnsaflsvirkjun Evrópu, Kárahnjúkavirkjun.

Ég vil bara að það komi fram í tengslum við fyrirspurn hv. þm. Marðar Árnasonar að yfirlýsingar hæstv. umhverfisráðherra yfir þessu svæði sem hún telur í náttúrufarslegu tilliti vera einstakt á heimsvísu og eiga möguleika á að komast inn á heimsminjaskrá og mögulegum þjóðgarði á svæðinu norðan Vatnajökuls hvílir skuggi. Sá skuggi er óafmáanlegur, skuggi Kárahnjúkavirkjunar.

Það er tvískinnungur fólginn í því hjá stjórnvöldum að ætla sér að breiða yfir þau gífurlegu náttúruspjöll sem þarna eru framkvæmd með því að stofna þjóðgarð í kringum virkjun sem stendur eins og fleygur í hjarta væntanlegs garðs.

[13:56]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Frú forseti. Ég þakka fyrirspurnina og það svar sem komið hefur hér fram.

Hv. þm. Mörður Árnason talaði um að þingmenn væru í fríi í síðustu viku, í kjördæmavikunni, en þá ferðuðust einmitt þingmenn í Suðurkjördæmi um Suðurland. Þá kom í ljós mikill áhugi heimamanna, bæði í Austur- og Vestur-

Skaftafellssýslu, á málinu og auðvitað er mjög brýnt að hreyfa því. Menn sjá mörg tækifæri varðandi þessa náttúruperlu, bæði í náttúrulegu tilliti en líka í atvinnulegu tilliti. Miklu máli skipta ný störf sem skapast í þjóðgarðinum og þess vegna er mjög brýnt að hraða ákvörðunartöku hvað þetta varðar.

Ég minni á að þingmenn Suðurkjördæmis voru á ferð og ég veit að margir aðrir þingmenn voru ekki heldur í frí í kjördæmavikunni þó að einhverjir reykvískir þingmenn kunni að hafa verið það.

[13:57]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir að hreyfa þessu máli í þingsölum og einnig hæstv. umhverfisráðherra fyrir þau svör sem fram komu. Ég hefði þó kannski viljað heyra aðeins skýrari svör frá hæstv. ráðherra. Það er rétt sem fram kom að hér er um umfangsmikið verkefni að ræða og m.a. þarf að ráðast í samninga við landeigendur og ræða við hlutaðeigandi sveitarfélög.

Mér fannst vanta upp á að hæstv. ráðherra segði okkur hvenær sú vinna gæti í raun farið í alvöru fram. Þó að ekki sé búið að taka ákvörðun í ríkisstjórn langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hverjar tillögur hennar í því máli séu.

Einnig kom fram að til verkefnisins er 3,1 millj. á fjárlögum ársins 2005. Mig langar að spyrja hæstv. umhverfisráðherra hvort hún muni leggja til frekari fjárveitingar í þetta verkefni á árinu 2005.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka fyrir þessar stuttu umræður og sérstaklega fyrir svör umhverfisráðherra sem voru eins skýr og glögg og þau gátu orðið. Var við því að búast af hæstv. umhverfisráðherra.

Úr því að það er bara 3,1 millj. í þeim potti sem til þessa er ætlaður hljóta svörin við fyrirspurn hv. þm. Jóns Gunnarssonar að vera þannig að það sé ekki fyrr en á árinu 2006 sem starfið á að hefjast. Ég er ekki ánægður með það og ég hvet hæstv. umhverfisráðherra til að beita sér í málinu þannig að starfið hefjist fyrr. Ég tel í raun og veru — hér var minnst á Kárahnjúka og ég er sammála því að skuggi hvíli yfir svæðinu af þeirra völdum — að þetta hafi verið kannski einhver afbötun, einhver leið til að láta sárin gróa og semja um einhvers konar sættir í því erfiða máli.

Þá er kannski rétt að hraða verkinu í kringum það. Ég hvet hæstv. umhverfisráðherra til að reyna að fá ríkisstjórnina til að taka þessa ákvörðun. Það skiptir auðvitað miklu máli að hæstv. umhverfisráðherra fylgi fram þeirri viljayfirlýsingu, þeirri stefnumótandi yfirlýsingu sem ég tel að hún hafi gefið í dag, hún sé þessu sammála, hún stefni að Vatnajökulsþjóðgarði einum saman í lokin í svipuðum dúr og sagt er frá í skýrslu nefndarinnar. Ég tel að ég hafi haft nokkuð fyrir snúð minn í þessari fyrirspurn.

Svo er rétt að leiðrétta hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason með það að ég hafi verið að veitast að því hvernig menn verðu tíma sínum. Það var ég ekki að gera í umræðum um kjördæmaviku, heldur var ég að finna að tímasetningu kjördæmavikunnar þrem vikum eftir að þing hefst eftir fjögurra mánaða sumarhlé svo að það sé á hreinu.

[14:01]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessar ágætu umræður. Það er alveg ljóst að það er mikill áhugi á þessu stóra máli á Alþingi og mikill stuðningur, a.m.k. túlka ég umræðurnar svo. Ég efast heldur ekki um það miðað við fyrri umfjöllun málsins.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason lagði áherslu á að hraða þyrfti ákvörðunartökunni. Ég tek undir það með honum og öðrum þeim sem hafa rætt málið hér í dag. Ég vildi líka geta þess að núna í október átti ég fundi fyrir austan, bæði á Hornafirði, í Suðursveit og á Kirkjubæjarklaustri, og það kom mjög glögglega fram á þeim fundum sem voru opnir öllum að fólk hefur miklar væntingar til Skaftafellsþjóðgarðsins og hins nýja Vatnajökulsþjóðgarðs í framtíðinni í tengslum við atvinnuuppbyggingu. Það er engin spurning að fólk lítur á þetta sem heilmikið tækifæri í þeim efnum.

Hvað varðar frekari fjárveitingar til þessarar vinnu tengjast þær að sjálfsögðu ákvörðunum sem teknar verða í framhaldi af nefndarstarfinu.

Ég legg áherslu á að hér verður um einstakan þjóðgarð að ræða sem yrði gott tæki til frekari markaðssetningar á Íslandi í þágu ferðaþjónustu eins og fólk á þessum svæðum leggur áherslu á. Að mati sérfræðings í málefnum ferðaþjónustu á Íslandi má ætla að slíkur þjóðgarður gæti aukið aðsókn ferðamanna til Íslands um allt að 5% og það gæti aukið gjaldeyristekjur þjóðarinnar um 4 milljarða króna á ári — og það er ekki lítið.

Sláturhús í Búðardal.

Fsp. JBjarn, 141. mál. — Þskj. 141.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna málefna sláturhússins í Búðardal en í þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum fyrir árið 2002–2005 segir svo um Dalabyggð, með leyfi forseta:

„Í Dalabyggð [...] hefur fólki fækkað mikið og samdráttur verið í atvinnulífi, einkum í landbúnaði. Þetta svæði þyrfti verulegan stuðning af opinberri hálfu einungis til þess að treysta þá búsetu sem þar er nú fyrir hendi.“

Dalir og nærliggjandi héruð eru mikil sauðfjárræktarsvæði enda landkostir þar víða góðir til þess búskapar. Fá héruð eru eins háð landbúnaði og íbúar í Dalabyggð. Hvert starf, hvert fyrirtæki sem veitt getur vinnu utan bús er því afar mikilvægt og margfeldisáhrif þess mikil. Þess vegna slær það þessa byggð illilega þegar stórum vinnustað eins og sláturhúsinu í Búðardal er skyndilega lokað og fjöldi fólks missir af vinnutekjum sem það á ekki kost á að sækja annað. Í sláturhúsinu í Búðardal hafa unnið 50–60 manns haustmánuðina sem slátrun stendur yfir og um fimm störf að vetrinum eða reiknað í 15–20 ársstörf. Vinnulaun hafa verið u.þ.b. 25–30 millj. kr. auk margþættrar þjónustu sem

nýtur góðs af þeim umsvifum sem annars er ekki fyrir hendi. Það gefur því augaleið að lokun 20 manna vinnustaðar í 650 manna samfélagi hefur gríðarleg áhrif.

Byggðastofnun, verkfæri stjórnvalda til byggðaaðgerða, á 95% í sláturhúsinu. Maður skyldi því ætla að hæg væru heimatökin að beita sér fyrir þeim nauðsynlegu endurbótum sem þarf að gera á húsinu til að það geti starfað með eðlilegum hætti og fylgt þar með líka ákvæðum byggðaáætlunar.

Endanleg ákvörðun stjórnvalda um lokun hússins kom í september að áliðinni slátrun og þótti heimamönnum þar á sér brotið. Önnur sláturhús hafa starfað undir miklu álagi með löngum vinnudegi og vel að merkja mönnuð að stórum hluta með tímabundnu erlendu vinnuafli sem fer með vinnulaunin sín beint úr landi. Í Búðardal voru það Íslendingar, það voru heimamenn í Dölum sem unnu verkin. Nú er ekkert sláturhús frá Selfossi vestur um að Hvammstanga nema lítið hús í Króksfjarðarnesi sem býr líka við mjög óvissa framtíð. Flutningur á sláturfé er gríðarlegur, m.a. yfir varnarlínur, og óvíst hvaða áhrif svo langur flutningur hefur á gæði kjötsins.

Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra í ljósi þess sem ég hef sagt hér:

1. Hvernig samræmist það stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og eflingu atvinnulífs í Dalabyggð og nærsveitum að láta loka sláturhúsinu í Búðardal með þeim hætti sem gert var í haust?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgerðum sem stuðla munu að áframhaldandi rekstri sláturhúss og kjötvinnslu í Búðardal?

[14:06]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr:

„Hvernig samræmist það stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og eflingu atvinnulífs í Dalabyggð og nærsveitum að láta loka sláturhúsinu í Búðardal?“

Hv. þm. Jón Bjarnason þarf að átta sig á því að sláturhúsinu í Búðardal var ekki lokað heldur uppfyllti það ekki kröfur um löggildingu eða sláturleyfi sem ráðuneytið getur ekki gefið út fyrr en að fengnum meðmælum yfirdýralæknis. Það eru lög frá Alþingi.

Þann 1. janúar 2004 tók gildi ný reglugerð, nr. 461/2003, um slátrun og meðferð sláturafurða, en hún er sett með stoð í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum.

Í II. kafla reglugerðarinnar um löggildingu, 3. gr., segir svo:

„Landbúnaðarráðuneytið löggildir sláturhús, kjötgeymslur og kjötvinnslustöðvar að fengnum meðmælum yfirdýralæknis til fimm ára í senn í samræmi við ákvæði laga nr. 96/1997.“

Í III. kafla sömu reglugerðar um starfsleyfi, 6. gr., segir m.a. svo:

„Rekstraraðili sláturhúss skal hafa sláturleyfi frá embætti yfirdýralæknis, sbr. 20. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli. Sækja skal um sláturleyfi áður en starfsemi hefst og þegar eigendaskipti verða.“

Í bréfi ráðuneytisins 25. september 2003 heimilaði ráðuneytið afurðastöðinni í Búðardal slátrun á sauðfé á síðastliðnu hausti að tillögu embættis yfirdýralæknis en einnig sagði í bréfinu:

„Enn fremur leggur embættið til að ekki verði heimiluð aftur slátrun í húsinu fyrr en að lokið er að fullu þeim endurbótum sem gera þarf á sláturhúsinu svo það uppfylli kröfur reglugerðar nr. 641/2003, um slátrun og meðferð sláturafurða, og reglugerðar nr. 40/1999, um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum þeirra.“

Þessum endurbótum var ekki sinnt að mati yfirdýralæknis og því voru ekki forsendur til þess fyrir ráðuneytið að löggilda sláturhúsið samkvæmt núgildandi reglugerð.

Hv. þm. spyr einnig:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir aðgerðum sem stuðla munu að áframhaldandi rekstri sláturhúss og kjötvinnslu í Búðardal?“

Það er ekki í höndum landbúnaðarráðherra að taka ákvörðun um hvort verði áframhaldandi rekstur á sláturvinnslu og kjötvinnslu í Búðardal. Sú ákvörðun er fyrst og fremst í höndum eigenda og stjórnenda Dalalambs. Þeir verða hins vegar að uppfylla núgildandi lög og reglugerðir eins og gerð er krafa um hvað sláturhúsin varðar.

Hinn 20. júlí eða svo gengu fulltrúar Dalamanna á minn fund eftir margar raunir undangengin ár. Sveitarfélagið tapaði 20 milljónum á síðasta hausti. Þar áður urðu þeir fyrir miklu áfalli, bæði sveitarfélagið og ekki síður bændur í miklum afföllum. Þeir komu til mín til þess að spyrja mig og leita ráða hvort þeir ættu að halda áfram slátrun.

Ég sagði að það væri þeirra mat. Ég ætlaði hvorki að hvetja þá né letja. Þeir yrðu sjálfir að taka ákvarðanir um hvað þeir vildu gera við sína peninga. Ég gæti heils hugar stutt það sem landbúnaðarráðherra að það væri slátrað í Búðardal og kannski væri það mikilvægt fyrir Vesturland allt að það væri gert. En þeir yrðu að gera það á sína ábyrgð.

Ég var því hreinn og heiðarlegur en bætti við: Þið verðið að átta ykkur á því að nýjar og hertar kröfur hafa verið gerðar til allra sláturhúsa í landinu og þau munu nú öll uppfylla reglugerð sem sett hefur verið um málið. Þið verðið því eins og aðrir að ganga til verka og hafið gert áætlanir um að endurbyggja ykkar hús upp á 50, 60 milljónir — sem er rétt hjá hv. þingmanni að Byggðastofnun á — en það verðið þið að ganga í og hafa klárt fyrir haustið.

Þessum vinum mínum í Dalasýslu hef ég verið heiðarlegur í tilsvörum, tekið þeim vel og sagt þeim að þeir verði eins og aðrir að ganga til verka í sínum húsum. Það er ekki mitt verk að segja Byggðastofnun fyrir verkum í hvað hún leggur fjármagn sitt, en þetta hús á hún.

Hér hefur oft verið gagnrýnd úrelding sláturhúsanna en ég fann það á þessum fulltrúum Dalamanna, þeir sögðu mér það sjálfir eins og margir hafa gert, að sú úrelding sem átt hefur sér stað til þess að skapa bændum betri tekjur og lægri sláturkostnað hafi skilað þeim árangri að verð mundi hækka í haust og betri staða blasti við á markaði.

Ég vil hafa það hér á hreinu að sláturhúsinu hefur ekki verið lokað. Þeir hafa fullar heimildir samkvæmt lögum og reglugerðum til að klára sitt hús en þeir verða að gera það í tíma til þess að fá leyfið.

[14:12]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra kennir um reglugerð um slátrun og meðferð sláturafurða. En hefur hann gætt jafnræðis í því hvernig hann hefur framfylgt reglugerðinni? Ég efast um að svo sé, ég stórefast um það. Það er alvarlegur hlutur þegar hæstv. ráðherra fer ekki að jafnræðisreglu og er jafnvel að brjóta á atvinnuréttindum byggðarlaga sem berjast í bökkum með að halda atvinnu í byggðarlaginu.

Mér finnst það með ólíkindum að hann sé hér að skjóta sér á bak við reglugerðina, sérstaklega í ljósi þess að hann hefur dregið að svara þeim sem stendur hér hvernig hann hafi framfylgt reglugerðinni. Við eigum von á að svar berist í þingið innan tíðar og það verður þá fróðlegt að sjá hvort hann hafi gætt jafnræðis. Ég efast um það, enda kemur fram í grein sem ég ritaði í Morgunblaðinu í dag að þeir sem reka sláturhúsið hafa farið fram á umræddar upplýsingar og ekki fengið nein svör.

[14:13]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það er auðvitað rétt sem hæstv. landbúnaðarráðherra sagði að vandinn liggur að einhverju leyti í lagasetningu frá 1997 en ekki síður í þeim reglugerðum sem settar hafa verið í landbúnaðarráðuneytinu. Þær endurspegla þá stefnu, úreldingarstefnuna og líka útflutningsstefnuna, að setja öll sláturhús á Íslandi í sama mót, gera sömu kröfur í stað þess að gera mönnum kleift að reka minni sláturhús á minni stöðum, selja jafnvel til nærsveita og vera ekki undirseldir því að selja í stóru húsin, keyra með fé hundruð kílómetra landsenda á milli og undirseldir þeim kjörum sem sláturleyfishafarnir bjóða. Við vitum að það eru ekki bestu kjörin í bænum, sauðfjárbændur hafa kvartað mjög undan því verði sem þeir hafa fengið hjá sláturleyfishöfum. Vandinn liggur í því að reyna að setja allt í sama mótið og leyfa ekki fjölbreytni í landbúnaði.

[14:14]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Sláturhús í héruðum sem byggja nánast allt sitt á sauðfjárbúskap skipta afskaplega miklu máli. Í kjördæmaviku sem nefnd var hér fyrr í dag átti ég þess kost að heimsækja lítið sláturhús á Klaustri og nú geri ég mér betur grein fyrir því hversu miklu svona vinnustaður skiptir á svæði þar sem laun bænda sem stunda sauðfjárbúskap eru afskaplega lág.

Annað sem maður hefur kannski áhyggjur af í þessu sambandi er hinn mikli flutningur á sláturfé yfir verndarlínur ef mikil samþjöppun verður á sláturhúsum í landinu. Ég hefði áhuga á að heyra hjá hæstv. landbúnaðarráðherra hvort hann deili ekki með mér áhyggjum af þeim áhrifum sem þessir miklu flutningar geta haft á sauðfjárveikivarnir í þeirri erfiðu baráttu sem yfirvöld standa þar í. Mikilli varnarbaráttu sem þau virðast eiga í um þessar mundir.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég þakka umræðuna. Hins vegar svaraði hæstv. ráðherra því miður ekki spurningu minni. Ég vitnaði í þingsályktunartillögu um byggðamál þar sem einmitt er lögð áhersla á að styrkja byggð og atvinnulíf í Dalasýslu. Þess vegna spurði ég hann hvernig það samræmdist stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum eða hvað hún hygðist ella gera til eflingar atvinnulífi annað en að loka sláturhúsinu í Búðardal. Byggðastofnun á nánast allt húsið, 95%, og ef hann á að framfylgja byggðaáætlun er eðlilegt að hún gerði þær endurbætur sem þyrfti.

Í sláturhúsinu í Búðardal hafa eingöngu unnið Íslendingar og útsvarið af vinnulaununum sem þar falla til rennur til viðkomandi héraðs. Í öðrum sláturhúsum, stórum sláturhúsum, er stór hluti, kannski meginhlutinn víða, tímabundið erlent vinnuafl sem fer með launin úr landi. Þjóðhagslega erum við hér á rangri braut.

Hagræðingin í sláturhúsunum sem hefur verið gumað af hefur leitt til lokunar margra húsa. Þessi hagræðing átti að skila bændum auknum tekjum en gerir það ekki. Það er búið að vera stríð í haust um að ná viðhlítandi verði fyrir lambakjöt en tókst ekki og ríkið ver stórmiklu ... (**Landbrh.:** ... 5–6%.) Ef ráðherra tekur 2–3 ár aftur í tímann og verðhækkanir á tímabilinu miðað við þá hækkun sem bændum var lofað sem ávinningi af þessari hagræðingu. En ávinningurinn er sá að tugir fólks í byggðunum, hvort sem það er í Dalasýslu eða annars staðar, er enginn eða minni en enginn. Menn tapa stórfé af launum sínum. Nú er verið að loka á Kirkjubæjarklaustri.

Ég skora á hæstv. ráðherra að taka á þessu máli málefnalega og reyna að vinna með heimamönnum að því að áfram verði rekið sláturhús í Búðardal.

[14:18]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Kannski sem betur fer rekur landbúnaðarráðuneytið ekki sláturhús. Það rekur ekki heldur mjólkurbú. Þessi fyrirtæki eru í höndum bændanna sjálfra. Það vita hv. þm. Og ég er sannfærður um að ef þessi atvinnuvegur hefði ekki gengið í gegnum hin miklu gjaldþrot og erfiðleika eins og hann hefur gert síðustu árin í kjötbaráttunni sem hefur geisað væri staðan öll önnur. Ef við réðum því hvar húsin væru og gætum stillt þeim upp væri þeim öðruvísi stillt upp en er gert í dag. Þetta er það sem bændurnir standa frammi fyrir og verða að vinna úr.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson starfaði við heilbrigði, var heilbrigðisfulltrúi í sinni sveit áður en hann var kjörinn á þing. Hann veit meira um þessi mál en margur annar og hann þekkir jafnræðisregluna. Hann þekkir það líka að nágrannar Dalamanna hafa lagt tugi og hundruð milljóna í að fullnægja reglum um sín sláturhús. Það er líka jafnræðisregla þegar kemur að Dalabyggð. Málið er flóknara en það sýnist í fljótu bragði en ég vona sannarlega að Dalamenn nái tökum á sínu húsi, geti endurbætt það og gert slátrun fjárins að atvinnu sinni heima fyrir. Gegn því stend ég ekki. Sem landbúnaðarráðherra verð ég fyrst og fremst að fara að þeim lögum og þeim reglum sem gilda um þetta.

Ég get tekið undir með hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur. Ég vildi á ný sjá lítil sláturhús víðar og kannski koma þau síðar, lítil hús sem hafa sérslátrun á hendi og matvælavinnslu í kringum hana. Það er ekkert útilokað.

Þetta er allt bundið við lög og reglur, að menn fari að þeim. Málið í Dölunum snýst um það. Ég hef sagt Dalamönnum það sjálfum og þeir hafa viðurkennt að ég hef alltaf talað af hreinskilni við þá, og ég vona af drengskap og þeim sannleika að þeir verði að fara að reglum eins og aðrir hvað þetta varðar.

Styrkur til loðdýraræktar.

Fsp. SigurjÞ, 195. mál. — Þskj. 195.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Nýlega samþykkti ríkisstjórnin að styðja við bakið á loðdýraræktinni og veita henni 116 millj. kr. í styrk. 20 millj. koma til greiðslu á þessu ári og hefur verið lagt til að nánast allri upphæðinni verði varið til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri. Á árinu 2003 voru reknar í landinu átta fóðurstöðvar og hafa fjórar þeirra fóðurframleiðslu sem aðalstarfsemi. Fjórar eru einkareknar og framleiða fóður til eigin nota sem hluta af búrekstrinunum.

Einkareknu fóðurstöðvarnar framleiddu á síðasta ári 1.950 tonn sem er 26% af heildarframleiðslu í landinu en sameiginlegu fóðurstöðvarnar framleiddu 5.500 tonn af fóðri sem er þá afgangurinn, 74% af heildarframleiðslunni. Helsti vandi sameiginlegu fóðurstöðvanna er að afkastageta þeirra er ekki fullnýtt, einungis 21% er nýtt af afkastagetunni. Landbúnaðarráðuneytið hefur falið Sambandi íslenskra loðdýraræktenda að búa til úthlutunarreglur þar sem á að úthluta 20 millj. af ríkisstyrknum sem áður var getið um og voru samþykktar reglur sem mismuna algjörlega og mjög gróflega þessum einkareknu. Lagt er til að þær sem framleiða fjórðunginn fái ekki eina krónu af styrknum en þær sem framleiða 74% fái allan ríkisstyrkinn. Þetta er náttúrlega mjög furðulegt og stangast á við allar jafnræðisreglur svo við rifjum það upp hér enn og aftur.

Það er margt sem bendir til að einkareknu stöðvarnar séu síst óhagkvæmari og þess vegna getur það varla verið í öllu hagræðingartali hæstv. landbúnaðarráðherra að verið sé að leggja stein í götu þeirra sem standa betur að rekstrinum, eða síst verr. Því vil ég spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra í ljósi alls jafnræðis sem hefur verið minnst á hér:

Hvernig munu stjórnvöld tryggja að jafnræðis verði gætt við úthlutun á 116 millj. kr. styrk til loðdýraræktar sem nýlega var ákveðinn?

[14:23]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Loðdýraræktin hefur á síðustu árum verið í hljóðri framför og verið að ná árangri á mörgum sviðum, bæði í kynbótum, stærð skinna og verði og stendur nokkuð framarlega á mörkuðum í dag. Stærsti vandi þeirra er fóðurframleiðslan. Það er ekki verið að leggja stein í götu einkarekinna stöðva. Hvers vegna völdu þeir sem fóru út úr hinum almennu fóðurstöðvum bændanna það að reka einkareknar stöðvar? Það eru hagsmunir þeirra sem réðu því. Þeir kusu að hafa þær heima hjá bæjum sínum vegna þess að það var hagkvæmara fyrir þá. Þeir völdu þá leið.

Ég ætla að reyna að svara þessari fyrirspurn hv. þingmanns: Hvernig munu stjórnvöld tryggja að jafnræðis verði gætt við úthlutun á 116 millj. kr. styrk til loðdýraræktar sem nýlega var ákveðinn?

Í september 2003 skipaði ég nefnd til að leita lausna á þeim bráða rekstrarvanda sem steðjaði að loðdýraræktinni í landinu. Jafnframt fól ég nefndinni að huga að mögulegum leiðum til þess að jafna samkeppnisstöðu greinarinnar gagnvart framleiðendum í öðrum löndum, draga úr áhrifum verðsveiflna á mörkuðum og á annan hátt auka rekstraröryggi í greininni til langs tíma.

Nefndin skilaði lokaáliti í maí sl. Þar eru settar fram hugmyndir um aðgerðir til þess að verð á loðdýrafóðri hér á landi lækki og verði hliðstætt því sem gerist í samkeppnislöndunum.

Ríkisstjórnin ákvað í ágúst sl. að beita sér fyrir því að á næstu fimm árum verði samtals 116 millj. kr. varið til slíkra aðgerða með hliðsjón af fyrrnefndu nefndaráliti og í samráði við búgreinina þannig að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru nýtist sem best fyrir atvinnugreinina í heild.

Ég hef nú, hv. þingmaður, skipað nefnd til að hafa umsjón með þessu verkefni. Eitt aðalmarkmið nefndarinnar er að tryggja að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru nýtist greininni sem best til eflingar á sameiginlegum þáttum sem leiða til þess að raunlækkun náist á loðdýrafóðri til allra loðdýrabænda á Íslandi. Í stað þess að greiða stuðninginn beint til bænda í formi niðurgreiðslna á fóður eins og gert hefur verið á undanförnum árum hefur nefndin ákveðið sem fyrstu aðgerðir að allar fóðurstöðvar í landinu — þess vegna á maður ekki að þurfa að hlusta á fullyrðingar manna úr þessum stól um eitthvað allt annað. Þeir geta þá á göngunum spurt sig til um hluti — geti sótt um stuðning til hagræðingarverkefna sem stuðla að lækkun fóðurverðs og ráðast þannig að rótum vandans. Þetta er mjög skýrt. Jafnræðisreglu í þessu máli er gætt og þarna koma allir til greina. Tveir fulltrúar greinarinnar sitja í þessari nefnd og svo einn fulltrúi úr ráðuneytinu.

Nefndin mun fjalla um þær umsóknir sem berast og afgreiða með hliðsjón af því hvernig þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru nýtist sem best fyrir atvinnugreinina í heild, sem sé alla loðdýrabændur, hvort sem þeir reka einkareknar stöðvar eða eru í félagslegu starfi um fóðurframleiðslu sína. Ég vil hafa það alveg skýrt að engin ákvörðun hefur verið tekin í þá veru sem hv. þm. var að tala um í ræðu sinni, heldur er verið að fjalla um þetta á faglegum nótum til að reyna að efla þessa atvinnugrein sem virðist hafa þróast mjög ört á síðustu árum og eiga nýja og heilmikla möguleika í landinu. Ber að þakka þeirri góðu félagshyggju og forustumönnum loðdýrabænda sjálfra sem hafa sett mark sitt á það í baráttunni að þeir vilja leggja allt á sig til að verða fremstir, verða bestir, ná þeim árangri eins og í nágrannalöndum og um víða veröld að þeir geti staðið sjálfstæðir í rekstri sínum og náð háu verði á mörkuðum. Ég hygg að þessi aðgerð gefi þeim nýja von, þessi stuðningur sem er ekki stór á ári hverju en hann gefur þeim nýja von til þess að geta unnið af miklu skipulagi að atvinnugrein sinni og að hún verði að fimm árum liðnum miklu öflugri atvinnugrein en hún hefur verið síðustu árin.

[14:28]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Loðdýrarækt í landinu hefur átt í afskaplega miklum erfiðleikum í gegnum tíðina eins og við flest þekkjum sem hér sitjum og gerum okkur grein fyrir. Kannski er ekki undarlegt að upp séu komnar hugmyndir um að styrkja þá grein sérstaklega til einhvers tíma. Við hljótum þó eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson var að tala um að gera ráð fyrir því að sá stuðningur verði með þeim hætti að allir standi jafnir.

Hæstv. landbúnaðarráðherra upplýsti okkur um að svo væri. Ég hjó þó eftir því í svari hæstv. ráðherra að hann sagði að allir gætu sótt um og þar af leiðandi setið við sama borð.

Ég er að velta fyrir mér, frú forseti, hvort einhverjar úthlutunarreglur séu fyrir fram niður settar þannig að maður geti gert sér grein fyrir því hvort allir standi jafnir. Er kannski í úthlutunarreglum eitthvað um að þeir sem einkareki fóðurstöðvar eigi ekki möguleika á styrk? Það getur verið jafnræði því að allir geta sótt um en ég spyr: Eru úthlutunarreglur gagnsæjar þeim sem sækja um?

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir svörin og vil taka þátt í gleði hans yfir að mikill árangur sé í loðdýraræktinni. Ég vonast svo sannarlega til að þessi atvinnugrein eigi eftir að braggast en ástæðan fyrir því að ég bar upp spurninguna var ekki af einhverjum ókunnugleika, heldur stóð til að þeim sem rækju einkarekna fóðurgerð yrði mismunað.

Ég er ánægður yfir því að landbúnaðarráðuneytið ætli að koma málum þannig fyrir að svo verði ekki. Ég tel það mjög nauðsynlegt. Ég taldi þó allt eins víst að hæstv. landbúnaðarráðherra gæti hugsað sér að mismuna vegna ýmissa verka upp á síðkastið, m.a. þess sem við vorum að ræða hér fyrr, hvernig hann hefur framfylgt reglum um slátrun og sláturhús. Þess vegna tel ég að það hafi verið mjög brýnt að fá það á hreint að þessum einkareknu stöðvum verði ekki mismunað. Ég fagna því.

[14:31]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega undarlegt að hlusta á þennan hv. þm., Sigurjón Þórðarson. Hann minnir mig æ meir á Gróu á Leiti. Hann býr hér til sögur og kjaftagang um málefni sem hann veit að eru með öðrum hætti. Hann segir: Það stóð til að mismuna, ráðherra er líklegur til að mismuna.

Svona talar þessi hv. þm. úr þessum stól. Þetta lærir hann sjálfsagt í föðurhúsum sínum í flokknum, ekki efast ég um það.

En það liggur sem sé fyrir, sem aldrei stóð til annað, að reyna að hafa loðdýraræktina sem heild og þessir menn sem þar hafa unnið mjög faglega munu fara yfir það.

Hinar fjóru fóðurstöðvar sem einkareknar eru eru auðvitað hjá stærstu búunum sem hafa verið að gera það mjög gott. Þeir telja kannski líka áríðandi að hinir séu með og kannski hafa félagslegu stöðvarnar búið meira við vandamál fortíðarinnar því að hinir drógu sig frá þeim. Það kann að vera að á einkareknu stöðvunum sé fóðurverð lægra en á hinum vegna þess að hali hefur verið á félagslegu stöðvunum.

Það er engin spurning að við höfum ekki rétt til að mismuna. Það verður farið yfir þetta þannig að það nýtist greininni sem heild fyrst og fremst.

Þess vegna segi ég, hæstv. forseti, að það er í rauninni sorglegt í svona fyrirspurnatímum að hlusta á dylgjur eins og þessi hv. þm. úr Skagafirði hefur vanið sig á.

Kynbundið ofbeldi.

Fsp. KolH, 170. mál. — Þskj. 170.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Talsvert hefur verið fjallað um heimilisofbeldi í fjölmiðlum upp á síðkastið, ekki síst vegna umdeilds dóms sem féll í Héraðsdómi Reykjaness fyrir skemmstu, og hafa í því sambandi verið dregin fram ýmis dæmi um framkvæmd laga og reglna í sambandi við heimilisofbeldi. Virðist þeim nokkuð ábótavant, eða í besta falli margt sem þarf að gefa gaum.

Fyrir rúmu ári kom út skýrsla frá eftirlitsnefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna sem hingað kom til að kynna sér m.a. ástand velferðarmála. Í skýrslu þessarar nefndar eru ýmsar ábendingar til íslenskra stjórnvalda, þar á meðal ábendingar um að löggjöf varðandi heimilisofbeldi þurfi endurskoðunar við.

Nú er það svo að í dómsmálum er varða heimilisofbeldi er fyrst og fremst dæmt út frá tveimur greinum almennra hegningarlaga en það eru greinar 217 og 218. Þær fjalla hins vegar ekki um heimilisofbeldi sem slíkt heldur um líkamsárásir. Það er alkunna að heimilisofbeldi fylgja ekki alltaf áverkar og svo sannarlega er ekki í öllum tilfellum um líkamsmeiðingar að ræða heldur miklu óáþreifanlegri atriði eins og einangrun, efnahagslega stjórnun, hótanir og kúgun af ýmsum toga. Hér er um ofbeldi að ræða sem leiðir af sér stöðugan ótta fórnarlambanna, ótta sem þau losna ekki undan á meðan sambýlið við ofbeldismanninn varir. Á það kannski lítið skylt við líkamsárás sem framkvæmd er í skyndingu á götu úti og sem greinar 217 og 218 eru kannski fyrst og fremst hugsaðar fyrir.

Auðvitað eru fleiri greinar í almennum hegningarlögum sem koma til álita þegar dæmt er fyrir heimilisofbeldi. Það eru t.d. greinar um húsbrot, ofsóknir og hótanir og einnig ýmsar greinar sem varða nauðungar- og frelsissviptingarbrot.

Það er kannski ekki sjálfgefið að lagabreytingar þurfi til hvað þetta varðar en þó hafa þjóðirnar í kringum okkur verið að endurskoða lög sín í ljósi þessa og í því sambandi nægir að nefna Svíþjóð og Noreg. Í Svíþjóð eru nýleg lög sem ná yfir heimilisofbeldi og kallast „kvinnofrid“, eða friðhelgi kvenna, og svo er ég hér með nýlega skýrslu frá Noregi þar sem stjórnskipuð nefnd kemst að þeirri niðurstöðu að Norðmenn þurfi að bæta löggjöf sína að þessu

leyti, m.a. með því að skilgreina heimilisofbeldi sérstaklega í lögunum.

Meðal þess sem nefnt er í þessari skýrslu hér er að nauðsynlegt sé að konum sé skipaður réttargæslumaður undir öllum kringumstæðum, ekki bara þegar um alvarlegri brot eða kynferðisbrot er að ræða. Einnig eru hérna tilmæli er varða gjafsókn sem er athyglisvert fyrir okkur Íslendinga að skoða þegar til stendur að þrengja ákvæði íslenskra laga um slík atriði. Norska nefndin leggur til ýmis atriði sem styrkja stöðu fórnarlamba heimilisofbeldis, kvenna og barna, innan dómskerfisins og fer ég ekki nánar út í þau hér.

Spurningarnar sem ég legg fyrir hæstv. dómsmálaráðherra eru eftirfarandi, virðulegi forseti:

1. Hvernig verður brugðist við tilmælum eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda varðandi ofbeldisbrot gegn konum?

2. Má vænta endurskoðunar á ákvæðum almennra hegningarlaga er varða heimilisofbeldi og annað kynbundið ofbeldi?

[14:36]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Spurt er:

1. Hvernig verður brugðist við tilmælum eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenskra stjórnvalda varðandi ofbeldisbrot gegn konum?

2. Má vænta endurskoðunar á ákvæðum almennra hegningarlaga er varða heimilisofbeldi og annað kynbundið ofbeldi?

Nefnd sú sem vísað er til í fyrirspurninni starfar samkvæmt alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem fullgiltur var af Íslands hálfu árið 1979. Aðildarríki samningsins skila reglulega skýrslum til nefndarinnar um framkvæmd samningsins á landsvísu. Ísland skilaði sinni þriðju skýrslu árið 2001 og var hún tekin fyrir af nefndinni í maí 2003. Fulltrúar Íslands kynntu skýrsluna fyrir nefndarmönnum og svöruðu spurningum þeirra. Í lok athugasemda nefndarinnar dags. 23. maí 2003 hvetur nefndin Ísland til að taka upp sérlöggjöf um heimilisofbeldi en Íslandi ber að skila næstu skýrslu til nefndarinnar árið 2008 og mun þá svara athugasemdum nefndarinnar.

Í tilefni af fyrirspurninni er rétt að rifja upp að í tæpan áratug hafa málefni er varða heimilisofbeldi skipað veigamikinn sess í störfum dómsmálaráðuneytisins. Dómsmálaráðherra skipaði árið 1995 nefnd til að kanna umfang heimilisofbeldis hér á landi og voru niðurstöður rannsóknar nefndarinnar birtar í skýrslu árið 1997. Í framhaldi af því skipaði þáverandi dómsmálaráðherra þrjár nefndir til að kanna meðferð mála þessara í dómskerfinu hjá lögreglu og til að gera tillögur um forvarnaaðgerðir um hjálparúrræði fyrir þolendur heimilisofbeldis og um meðferðarúrræði fyrir gerendur.

Nefndirnar skiluðu skýrslum sínum og tillögum vorið 1998. Allar framangreindar skýrslur voru kynntar Alþingi. Í skýrslunum voru lagðar fram tillögur til nauðsynlegra umbóta vegna heimilisofbeldis, þar á meðal tillögur um breytingar á refsi- og réttarfarslöggjöf. Engar tillögur voru lagðar fram um sérrefsilöggjöf vegna heimilisofbeldis.

Margar af tillögum nefndanna hafa náð fram að ganga, sbr. lög 36/1999, um breyting á lögum um meðferð opinberra mála sem bæta réttarstöðu brotaþola, lög nr. 39/2000, um breyting á almennum hegningarlögum, sem lögfesta ákvæði um vitnavernd, og lagaákvæði um nálgunarbann, sbr. lög nr. 94/2000.

Á vettvangi dómsmálaráðuneytisins er nú enn hugað að inntaki ákvæða almennra hegningarlaga og laga um meðferð opinberra mála þegar kemur að því að rannsaka, ákæra og dæma heimilisofbeldi. Ofbeldið sem slíkt er vitaskuld refsivert. Það greinir hins vegar heimilisofbeldi frá öðrum tegundum ofbeldis að þolandi sætir slíkri kúgun af hálfu brotamanns að örðugt getur reynst að kæra verknaðinn til lögreglu. Ráðuneytið mun kanna sérstaklega hvort setja beri verklagsreglur um kvaðningu réttargæslumanns þegar fórnarlamb heimilisofbeldis leitar til bráðamóttöku sjúkrahúsa.

Athugun dómsmálaráðuneytisins byggist á fyrirliggjandi skýrslum og gögnum ásamt viðtölum við þá sem til málaflokksins þekkja. Við mat á refsilöggjöfinni er mikilvægt að hafa í huga að ofbeldi er þegar refsiverður verknaður og alls ekki víst að sérákvæði um heimilisofbeldi leysi nokkurn vanda. Öðru máli gæti gegnt um þætti er varða rannsókn heimilisofbeldis, þ.e. ákvæði í lögum um meðferð opinberra mál.

Ég bind vonir við að unnt sé að finna úrbætur til að taka á þessum málum hvað réttarvörslukerfið varðar. Félagsleg úrræði og almenn fræðsla skipta þó ekki síður máli en refsiúrræði þegar um þessi viðkvæmu mál er rætt.

[14:42]

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda, hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, fyrir að hefja umræðu um þetta mikilvæga mál. Að stórum hluta er það hlutverk okkar þingmanna að koma lögum yfir kynbundið ofbeldi, hverju nafni sem það kann að nefnast, en þetta ofbeldi tengist yfirleitt konum.

Í flestum tilfellum er það maki eða sambýlismaður sem er ofbeldismaðurinn. Þetta ofbeldi er oft falið, sér í lagi vegna þess að því fylgir mikil skömm og brýtur niður sjálfsmynd þeirra sem fyrir því verða.

Þolendur ofbeldisins þurfa á öryggi að halda. Lagalegu verndina vantar. Ef við lítum yfir farinn veg í svona málum þurfum við ekki að líta langt. Skoðum bara nýfallinn dóm Héraðsdóms Reykjaness í heimilisofbeldismáli. Þar fékk gerandi nánast enga refsingu fyrir glæpinn og skuldinni skellt á þolanda ofbeldisins, nefnilega konuna.

Þessu þurfum við að breyta. Þetta er smánarblettur á þjóðfélaginu. Það er of stutt á milli lífs og dauða þegar heimilisofbeldi er annars vegar. Lítilfjörlegt ofbeldi getur orðið að óhugnanlegasta glæp sem skilur eftir sig djúpa hryggð og særindi þeirra er málið varðar. Við verðum að koma lögum yfir þetta, annað er okkur ekki fært. Skiptir þá engu máli hvaða fylkingu við fylgjum.

Við verðum líka að taka orð eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna alvarlega. Við erum ekki það velferðarþjóðfélag sem við segjumst vera ef við gerum ekkert í málinu.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir þau svör sem hann gaf við þessum fyrirspurnum mínum. Mér þykir sérstaklega ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðherra skuli ætla að láta kanna það hvort skipa skuli réttargæslumann í hvert sinn sem fórnarlömb heimilisofbeldis leita til slysavarðstofu eða neyðarmóttöku eða þeirra stofnana sem gera má ráð fyrir að þessi fórnarlömb leiti til. Mér þykir ánægulegt að heyra að hæstv. ráðherra skuli vilja fara yfir framkvæmd þessara reglna sem við nú búum við og athuga hvort þar sé hægt að gera betur. Hér er auðvitað um mjög alvarleg brot að ræða og afleiðingar heimilisofbeldis eru svo alvarlegar og koma svo víða niður á saklausu fólki að það er nauðsynlegt fyrir okkur að skoða þessi mál gaumgæfilega á hverjum tíma.

Það er talið að á hverju ári leiti 140 þolendur til slysavarðstofu vegna heimilisofbeldis. Þar sem þessi brot eru með þeim hætti að það er erfitt að fjalla um þau og erfitt að höndla þau er mjög nauðsynlegt að öll framkvæmd reglna okkar sé með þeim hætti að réttur þessa fólks sé tryggður og réttarstaða þess örugg.

Ég tek undir með hæstv. ráðherra að auðvitað hafa verið gerðar ýmsar úrbætur, bæði félagslegar og sömuleiðis úrbætur í lögum. Samt sem áður er alveg ljóst að við þurfum að standa betur þessa vakt. Ég tel nauðsynlegt að þingið, allir alþingismenn, bæði stjórn og stjórnarandstaða, taki saman höndum og geri þær bragarbætur, þær úrbætur sem nauðsynlegar eru í þessum efnum, svoleiðis að gera megi allt sem hægt er til að lágmarka þann skaða sem þessi alvarlegu ofbeldisbrot valda fólki.

Mannréttindaskrifstofa Íslands.

Fsp. KolH, 200. mál. — Þskj. 200.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef ákveðið að leggja spurningar fyrir hæstv. dómsmálaráðherra sem varða Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ástæða þess er sú að í fréttum fyrir skemmstu var vakin athygli á því að Mannréttindaskrifstofa Íslands hefði verið svipt helmingi þess fjárframlags sem hún hefur notið frá ríkinu síðan 1998, en þá var sem kunnugt er gert samkomulag við nokkurn fjölda félagasamtaka sem starfa á sviði mannréttindamála um rekstur skrifstofunnar. Þetta eru t.d. samtök á borð við Rauða krossinn, Barnaheill, Samtökin 78, Öryrkjabandalagið og fleiri.

Í nýframlögðu fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár er ekki gert ráð fyrir því að dómsmálaráðuneytið leggi Mannréttindaskrifstofunni til þær 4 milljónir sem hún hefur notið þaðan á undanförnum árum en skrifstofan nýtur sömuleiðis framlags frá utanríkisráðuneytinu að upphæð 4 milljónir. Það er óbreytt samkvæmt fjárlagafrumvarpinu.

Í fjölmiðlum hefur hæstv. dómsmálaráðherra gefið þá skýringu að forsendur þessar fjárveitingar séu brostnar þar sem Mannréttindaskrifstofan hafi ekki staðið við samkomulagið frá 1998 með því að hætta að greiða Mannréttindastofnun Háskóla Íslands 15% af fjárveitingum skrifstofunnar.

Nú ber þess að geta að árið 1998 þegar þetta samkomulag var gert voru þessir tveir aðilar, þ.e. Mannréttindaskrifstofa Íslands og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands báðar að óska eftir fjárframlagi frá hinu opinbera til sinnar starfsemi. Það varð að ráði eftir samkomulag og samtöl aðila að þetta kæmi í einni fjárveitingu, þ.e. frá tveimur ráðuneytum en í sameiginlegri fjárveitingu til Mannréttindaskrifstofunnar og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands var gert að eiga samstarf með sín mál við Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Kannski hefur þetta samkomulag eða samstarf aldrei gengið almennilega upp vegna þess að þó þessir tveir aðilar starfi báðir á sviði mannréttindamála þá hafa þeir ekki starfað á sama vettvangi og hlutverk Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands verið annað samkvæmt stofnsamþykkt hennar. Þess ber líka að geta að Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands sem eiga aðild að Mannréttindastofnun Háskóla Íslands hafa spurt sjálf sig hvort þau eigi að starfa svo náið með frjálsum félagasamtökum í Mannréttindaskrifstofunni.

En það er sem sagt margt við þetta að athuga að mínu mati, hæstv. forseti. Mér sýnist utanríkisráðuneytið ekki vera á sama máli og hæstv. dómsmálaráðherra hvað þetta varðar af því að þar eru engar breytingar gerðar á framlögunum samkvæmt frumvarpinu. Mér virðist það líka nokkuð ámælisvert og jafnvel ömurleg stjórnsýsla að gera svona lagað án samráðs við fólk. Í þriðja lagi hvarflar líka að manni að hæstv. dómsmálaráðherra sé að refsa Mannréttindaskrifstofu Íslands fyrir neikvæðar umsagnir sem skrifstofan hefur gefið um stjórnarfrumvörp upp á síðkastið.

En spurningar þær sem ég hef lagt fyrir hæstv. dómsmálaráðherra er að finna á þingskjali þannig að ég tel ekki ástæðu til að eyða ræðutíma mínum í að lesa þær upp hér.

[14:48]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Spurt er:

„1. Hverjar eru ástæður þess að ekki er gert ráð fyrir fjárframlagi frá dómsmálaráðuneyti til Mannréttindaskrifstofu Íslands í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005?“

Því er til að svara að undanfarin fimm ár hafa fjárframlög sem merkt hafa verið Mannréttindaskrifstofu á fjárlögum skipst á milli skrifstofunnar og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands, en að Mannréttindastofnuninni standa Háskóli Íslands, Dómarafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands.

Þessi skipting fjárframlaganna byggðist á skriflegum samningi milli þessara mannréttindasamtaka sem gerður var að tilhlutan dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins, en bæði ráðuneytin styrkja starfsemi þessara samtaka.

Samkvæmt 2. gr. samnings þessa sem tók gildi 1. janúar 1999 var við það miðað að 15% af almennum fjárveitingum hins opinbera til skrifstofunnar rynnu til Mannréttindastofnunar til fræðilegra rannsókna. Eftir þessu samningsákvæði hefur verið farið undanfarin ár þangað til á þessu ári að Mannréttindastofnunin fær enga hlutdeild í fjárveitingunni. Það byggist á því að samningnum var sagt upp af hálfu

Mannréttindaskrifstofu miðað við árslok 2003 og telur Mannréttindaskrifstofan sig ekki lengur bundna af því að deila fjárveitingunni með Mannréttindastofnuninni.

Þessi uppsögn bindur hins vegar ekki hendur ráðuneytisins og þegar Mannréttindastofnunin ritaði ráðuneytinu fyrr á þessu ári og óskaði eftir að fá beina fjárveitingu til sín í stað niðurfallinnar hlutdeildar í fjárveitingu Mannréttindaskrifstofunnar — Mannréttindaskrifstofan ritaði einnig ráðuneytinu og bað um hærri fjárframlög — varð að ráði að hætta að eyrnamerkja fjárveitinguna ákveðnum samtökum heldur ætla hana mannréttindamálum þannig að bæði þessi samtök gætu sótt um fé til verkefna á sviði mannréttindamála af þessum fjárlagalið.

Þá er spurt:

„2. Er það ásetningur ríkisstjórnarinnar að Mannréttindaskrifstofu Íslands verði lokað?"

Að sjálfsögðu ekki og ég vil minna á að Mannréttindaskrifstofan hefur notið fjárframlaga frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu árlega frá árinu 1996. Þó að fjárveiting til mannréttindamála sé ekki lengur eyrnamerkt Mannréttindaskrifstofu Íslands kemur ekkert í veg fyrir að hún geti notið stuðnings af þeirri fjárveitingu sem af ráðuneytinu er ætluð til að styrkja verkefni á sviði mannréttindamála. Það getur hins vegar ekki verið á valdi Mannréttindaskrifstofu Íslands að ákveða að Mannréttindastofnun Háskóla Íslands fái ekki lengur hlutdeild í fjárveitingu ráðuneytisins til mannréttindamála, og eins og ég hef rakið er það ástæðan fyrir því að ákveðið var að leggja til að umrædd fjárveiting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til mannréttindamála væri ekki lengur eyrnamerkt Mannréttindaskrifstofu Íslands eingöngu.

Loks er spurt:

„3. Með hvaða hætti vilja stjórnvöld þróa samstarf við frjáls félagasamtök á sviði mannréttindamála og fjárhagsleg samskipti þessara aðila?"

Stjórnvöld vilja eiga gott samstarf við öll þau frjálsu félagasamtök sem stuðla vilja að varðveislu og eflingu mannréttinda hér á landi. Það verður best gert með því að styðja t.d. með fjárframlögum verkefni sem unnin eru á vegum slíkra samtaka og ætla má að horfi til eflingar fræðslu og vitundar almennings um grundvallarréttindi sín.

Í tilefni af orðum fyrirspyrjanda um að í þessari ákvörðun fælist einhver andúð á störfum Mannréttindaskrifstofu þá er það algjörlega úr lausu gripið og á ekki við nein rök að styðjast.

Þá vil ég einnig geta þess að ráðuneytið gerði Mannréttindaskrifstofu grein fyrir því með bréfi hinn 11. júní síðastliðinn að ekki væri sjálfgefið að Mannréttindaskrifstofan hefði fasta áskrift á fjárlagaliðinn þannig að það er ekki þannig að Mannréttindaskrifstofan hafi ekki vitað að þarna kynnu að verða breytingar.

Loks vil ég láta þess getið að ég hef átt viðræður við forráðamenn Mannréttindaskrifstofunnar og greint þeim frá afstöðu ráðuneytisins þannig að það hefur ekki með neinum hætti af hálfu ráðuneytisins verið farið leynt með þessar ákvarðanir.

[14:52]

Kristrún Heimisdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir þessa fyrirspurn og hæstv. ráðherra fyrir hans svör.

Mannréttindastofnun Íslands vinnur mjög merkilegt frumkvæðisstarf sem hefur náð að skjóta rótum og byggjast upp á Íslandi fyrir styrk frá hinu opinbera. Hið alþjóðlega net sérfræðinga sem Mannréttindaskrifstofan hefur aðgang að gegnum sambærilegar skrifstofur erlendis gerir það að verkum að sérlega skynsamlegt er að veita til hennar almannafé. Þetta er ómetanlegt fyrir íslenskt samfélag sem byggir mjög á og þarf að fylgjast með alþjóðlegum straumum í mannréttindamálum. Ég fagna því þess vegna ef svar hæstv. dómsmálaráðherra gefur til kynna að fjárhag Mannréttindaskrifstofunnar kunni þrátt fyrir allt, þrátt fyrir þær fréttir sem bárust af þessu máli, að vera borgið til framtíðar og ég skora á hann að halda áfram að styðja þetta merkilega starf og byggja undir það að á Íslandi geti starfað svona sjálfstæð mannréttindaskrifstofa í þeim stíl sem er annars staðar á Norðurlöndum.

[14:53]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég vil einnig þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir þessa fyrirspurn og hæstv. ráðherra fyrir hans svör.

Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt um nauðsyn þess að halda úti mannréttindaskrifstofu því að þær fréttir sem við fengum um niðurskurð á framlaginu voru mjög slæmar. Þessar 4 milljónir skiptu höfuðmáli fyrir stofnunina til þess að hún gæti starfað. Auðvitað eru 4 milljónir mjög litlir peningar í fjárlögum sem hlaupa á hundruðum milljarða. Þær skipta hins vegar mjög miklu máli fyrir starfsemi Mannréttindaskrifstofunnar og þá sem þurfa að eiga hana að.

Það sætti vissulega mikilli furðu að heyra að það hefði verið einhliða ákvörðun ráðherra að fella þessi framlög niður því að þannig kom það jú fyrir sjónir í fjölmiðlum og frá forsvarsmönnum skrifstofunnar. Það sem dómsmálaráðherra bar fyrir sig var ósamkomulag við aðila innan Háskóla Íslands.

Við getum ekki búið við það ástand að engin stofnun á borð við Mannréttindaskrifstofuna sé starfandi í landinu. Þetta gildir ekki síst varðandi aðstoð við innflytjendur sem þurfa eðlilega á aðstoð að halda til að þekkja rétt sinn t.d. gagnvart atvinnurekendum og hinu opinbera.

[14:54]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Í fjárlögum ársins 2005 segir um það atriði sem við erum að ræða hér, með leyfi forseta:

„Þá er heiti viðfangsefnisins 1.45 Mannréttindaskrifstofa breytt og verður Mannréttindamál. Framlag að fjárhæð 4 millj. kr. er óbreytt en fyrirhugað er að það verði veitt til verkefna á sviði mannréttindamála."

Eðlilegt er því að hæstv. dómsmálaráðherra sé spurður að því hver muni veita og hvaða reglur muni gilda. Mun verða farið með þetta fé eins og ráðstöfunarfé ráðherra og

mun ráðherra eingöngu taka ákvörðun um hvernig því verði varið?

Og í framhaldi af þeim svörum sem hæstv. ráðherra gaf hér er eðlilegt að spurt sé: Hyggst ráðherra taka 1.200 þús. kr. af þessum 4 millj. kr. og veita þeim þá til Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands, sem jafngildir 15% af 8 milljónum, og ganga 2,8 milljónir þá til Mannréttindaskrifstofu Íslands eins og áður var?

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra þessi svör og umræðuna sem hér hefur orðið um þessa fyrirspurn mína.

Það sem hv. 10. þm. Suðurk., Jón Gunnarsson, sagði hér rétt á áðan er auðvitað mergurinn málsins. Ef það er ætlun hæstv. ráðherra að veita áfram þessa fjármuni til mannréttindamála, eins og kemur fram í frumvarpinu, hver mun þá veita? Hvernig munu reglurnar vera? Eftir hvers konar umsóknum verður leitað? Verður auglýst? Allt þetta þarf að vera alveg á hreinu.

Stjórnvöld verða að gera sér grein fyrir því að samskiptareglur milli stjórnvalda og frjálsra félagasamtaka eru afar mikilvægar. Þær þurfa að vera gegnsæjar og öllum ljósar þannig að fólk viti hver vilji stjórnvalda er á hverjum tíma.

Ekki skal ég draga úr því sem hæstv. ráðherra sagði að gott samstarf þurfi að vera milli stjórnvalda og þeirra sem starfa að mannréttindamálum á grasrótarstiginu. Það er virkilega leiðinlegt til þess að vita að ekki skyldi vera haft samráð við Mannréttindaskrifstofu Íslands áður en þessi ákvörðun var tekin og bréfið 11. júní skrifað og sent sem boð að ofan.

Ég spyr: Hvað hafði breyst annað en það að Mannréttindaskrifstofa Íslands var að óska eftir hærra fjárframlagi og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands hafði ekki verið sátt við samstarfið og báðir aðilar vildu vera sér? Af hverju var ekki hægt að ræða þessi mál og leysa þau öðruvísi en gert var, með valdboði og skilaboðum sem síðan koma í fjárlögum íslenska ríkisins?

Það er alveg nauðsynlegt að Mannréttindaskrifstofa Íslands geti haldið áfram sínu öfluga starfi og það er rétt sem hv. þm. Kristrún Heimisdóttir sagði áðan að við erum aðilar í gegnum Mannréttindaskrifstofuna að alþjóðlegu neti sérfræðinga sem skiptir okkur verulegu máli og við erum ekki að borga of mikla fjármuni fyrir allt það sem við erum að fá til baka í þessu starfi. Átta milljónir fyrir þessa skrifstofu núna á síðustu tveimur árum hefur verið of lítið. Það þarf aukin fjárframlög og ég treysti því að hv. fjárlaganefnd takið málið til alvarlegrar skoðunar.

[14:58]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég tel að öll stjórnsýsla í þessu máli hafi verið til fyrirmyndar. Það sem ráðuneytið var að gera 11. júní var að svara bréfi frá Mannréttindaskrifstofunni sem er dagsett 7. júní, bregðast við því bréfi og lýsa skoðun sinni. Því má alveg eins spyrja: Hvers vegna hafði Mannréttindaskrifstofan ekki samband við ráðuneytið á annan hátt en bréflega?

Venjulega er það nú svo að þegar menn fá bréf þá svara þeir bréfunum og það er það sem var gert. Ég er nú ekki vanur því að þess sé krafist af opinberum aðilum að þeir efni til funda þótt þeir fái bréf. Þeir svara bréfum og það gerðum við og lýstum okkar skoðun og brugðumst við eins og vera ber þegar slík erindi berast í ráðuneytið. Þessi gagnrýni á því ekki við nein rök að styðjast frekar en gagnrýnin í fyrri ræðu hv. þingmanns.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það af hálfu ráðuneytisins hvernig staðið verði að ráðstöfun á þessu fé. Það á nú fyrst eftir að samþykkja fjárlögin og sjá hvernig þessu verður hagað í endanlegri gerð fjárlaganna. Þegar það hefur verið gert eru ýmsar leiðir til þess að ráðstafa lið eins og þessum. Eðlilegast er að mínu mati að auglýsa og þá geta þeir sem eru að sinna verkefnum á sviði mannréttindamála sótt um styrki og síðan sé það ráðuneytisins að ákveða hverjir fái styrkinn á grundvelli umsókna. Það er ein leið.

Það eru því margar leiðir til að bregðast við þessu. Ég tel skynsamlegustu leiðina í þessu máli að menn taki mið af því hvað í fjárlögum fyrir árið 2005 stendur eftir að Alþingi hefur afgreitt þau, ráðuneytið auglýsi síðan eftir styrkjum og svo sé tekið á málum miðað við umsóknir.

Fundi slitið kl. 15:00.

---

18. FUNDUR

miðvikudaginn 3. nóv.,
að loknum 17. fundi.

Dagskrá:

1. Breytingar á stjórnarskrá, þáltill., 9. mál, þskj. 9. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Talsmaður neytenda, þáltill., 18. mál, þskj. 18. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Efling starfsnáms, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, þáltill., 28. mál, þskj. 28. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Rekstur skólaskips, þáltill., 29. mál, þskj. 29. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frv., 35. mál, þskj. 35. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, frv., 33. mál, þskj. 33. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Verðbréfaviðskipti, frv., 34. mál, þskj. 34. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Hlutafélög, frv., 36. mál, þskj. 36. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:
Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Geir H. Haarde fjmrh., 1. þm. Reykv. s.,
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.,
Jón Kristjánsson heilbrrh., 4. þm. Norðaust.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

[Fundarhlé. — 15:00]

Umræður utan dagskrár.

Árásir á íslenska starfsmenn utanríkisþjónustunnar í Kabúl í Afganistan.

[15:31]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. 114. gr. almennra hegningarlaga er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hver, sem ræður menn innan íslenska ríkisins til erlendrar herþjónustu, skal sæta fangelsi allt að 2 árum."

Þarna er afdráttarlaust kveðið á um að það standist ekki íslensk lög að ráða menn til erlendrar herþjónustu. Það er því ekkert undarlegt að ríkisstjórn Íslands reyni allt hvað hún getur að sýna fram á að íslenska gæslusveitin í Kabúl í Afganistan sé ekki hersveit. En sannast sagna er málatilbúnaðurinn mjög ósannfærandi.

Staðreyndir blasa við okkur. Á Kabúl-flugvelli í Afganistan er hópur Íslendinga sem hefur fengið herþjálfun, ber vopn, marghleypur og hríðskotabyssur sem ætlast er til að beitt verði í bardaga ef þörf krefur. Íslendingarnir bera hermannstitla, eru flestir liðþjálfar eða majórar og eru undir stjórn ofurstans Hallgríms Sigurðssonar, sem er æðsti yfirmaður allfjölmenns herliðs á flugvellinum í Kabúl.

Upplýsingaþjónusta Bandaríkjanna greindi frá aðkomu Íslendinganna í fréttabréfi í júníbyrjun með svofelldum hætti, með leyfi forseta:

„Liðsveitir undir forustu NATO taka við hernaðarsvæði Kabúl-flugvallar. ISAF, International Security Assistance Force, tók við stjórn 1. júní. Tyrkneskar þyrlur bætast við liðsaflann."

Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Með þessu lýkur yfirtöku hernaðarhluta flugvallarins frá þýska flughernum til ISAF, stjórnað af NATO. Ísland er forustuþjóðin sem útvegar starfssvið og tæki fyrir stjórn flugvallarins ... Aðstoðaryfirstjórnandi ISAF, Wolfgang Korte undirhershöfðingi, yfirfærði stjórn alþjóðaflugvallarins í Kabúl frá M. Kuhn, ofursta frá Þýskalandi, til Halla Sigurðssonar, ofursta frá Íslandi."

Halldór Ásgrímsson þáverandi utanríkisráðherra og þýski aðstoðarvarnarmálaráðherrann Klaus-Günther Biederbick voru viðstaddir sérstaka athöfn á Kabúl-flugvelli af þessu tilefni. Íslenskir fjölmiðlar voru einnig mættir og í viðtölum sem tekin voru við Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, gerði hann lítið úr hernaðarhlutverki Íslendinga. Fulltrúar NATO hafa hins vegar lagt áherslu á hernaðarlega þýðingu íslensku sveitarinnar og það hefur stjórnandi hennar Hallgrímur Sigurðsson einnig gert.

Í viðtali við Morgunblaðið 15. júní síðastliðinn sagði Hallgrímur, sem áður hafði stýrt flugvellinum í Pristina í Kosovo, með leyfi forseta:

„Þetta er öðruvísi, þetta er meira miðað við hernaðaraðgerð hérna. Þetta er náttúrlega hliðið inn í Afganistan fyrir alla herina, þannig að allir birgðaflutningar fara hér í gegn. Þetta er miklu stærra verkefni en í Kosovo, ég hafði 120 manna lið í Kosovo, en er með um 900 manns hérna undir minni stjórn."

Í fréttum hefur ítrekað komið fram að talsmenn NATO líta á Íslendingana í Kabúl sem hverja aðra hermenn. Í því sambandi má t.d. vitna í yfirlýsingar talsmanns NATO í frétt Stöðvar 2 á mánudaginn. Hann sagði það mál Íslendinga hvernig þeir skilgreindu sína menn. Spyrjið yfirmenn þjóðarinnar að þessu, sagði hann. Það hafa menn reynt að gera en með takmörkuðum árangri. Hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson segir að þrátt fyrir öll ytri einkenni geti það ekki staðist að Íslendingar hafi herflokk í Afganistan, einfaldlega vegna þess að Íslendingar hafi ekki her.

Nú er spurning hvort fyrrverandi forsætisráðherra og núverandi hæstv. utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, ætli að bera sömu skýringar á borð fyrir okkur. Ef hann hins vegar gerir það hljótum við að vilja vita hver réttarstaða Íslendinganna í Kabúl er. Yrði ekki litið á þá sem hermenn ef til átaka kæmi? Hvað með réttarstöðu þeirra, tryggingar o.s.frv.? Við höfum verið rækilega minnt á að um er að ræða raunverulega hættu á að mennirnir skaðist sjálfir eða valdi öðru fólki skaða. Ég vil beina eftirfarandi fimm spurningum til hæstv. utanríkisráðherra:

1. Hvaða lagastoð var fyrir því að koma á fót vopnaðri liðssveit Íslendinga í Afganistan sem bera hertitla og lúta heraga?

2. Hver er réttarstaða íslensku gæslusveitarmannanna hvað varðar eigin tryggingar og skaða sem þeir kunna að valda öðrum?

3. Ef friðargæsluliði vegur ríkisborgara þess ríkis sem hann er að friða, hver fer með lögsögu yfir rannsókn málsins og hverjir geta verið hugsanlegir eftirmálar?

4. Ef íslenskur friðargæsluliði er tekinn til fanga af óvinveittum aðilum, t.d. vígasveitum, nyti hann verndarákvæða Genfarsáttmálans um meðferð stríðsfanga?

5. Kemur til greina að verða við nýframkomnum óskum Bandaríkjamanna um að sameina gæsluliðið í Afganistan bandarískum hersveitum sem þar heyja svokallað stríð gegn hryðjuverkum?

[15:36]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa íslensk stjórnvöld markvisst unnið að aukinni þátttöku Íslands í

friðargæslu. Nú eru friðargæsluliðar við störf í Afganistan, Sri Lanka, Bosníu-Hersegóvínu og Kosovo. Þetta er á þriðja tug manna.

Þátttaka í friðargæslu felur að okkar mati í sér aukin tækifæri fyrir okkur til að leggja okkar af mörkum, sem við öll viljum, til að stuðla að friði og stöðugleika í heiminum. Það má auðvitað vera ljóst að við Íslendingar reynum seint að leika lykilhlutverk á alþjóðavettvangi í þessum málum. En við einbeitum okkur að ákveðnum afmörkuðum verkefnum. Þess vegna getur framlag okkar skipt nokkru máli. Ég tel að okkur beri í þeim efnum skylda til að styðja við hlutverk bandamanna okkar í NATO og annarra alþjóðlegra samtaka á borð við Sameinuðu þjóðirnar í baráttu þeirra fyrir friði og um leið fyrir okkar eigin öryggi. Ég tel ekki að sérstaka lagastoð þurfi til þess, umfram það sem ríkisvaldið almennt hefur til að standa að friðargæslu af þessu tagi. Það er ljóst að þeir sem þarna eru á okkar vegum sinna borgaralegum störfum svo sem kennslu og þjálfun í brunavörnum, flugumferðarstjórn og fleiri þess háttar hlutum.

Á hinn bóginn hljóta aðilar á slíkum svæðum, friðargæslusvæðum, að vera færir um að verja sig ef til árása á þá kemur. Það felst í eðli friðargæslu að menn sem stunda friðargæslu starfa á svæðum þar sem ógn er á ferðinni, ella þyrfti enga friðargæsluliða.

Hér er um að ræða borgara sem fengið hafa örskamma þjálfun í beitingu þeirra vopna sem þeir hafa til að verja sjálfa sig og við lítum því ekki á þá sem hermenn. Á hinn bóginn, vegna þeirra spurninga sem hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi, hafa þeir réttarstöðu hermanna innan NATO ef til þess kæmi sem hv. þm. nefndi sérstaklega. Þetta getur farið ágætlega saman, að þessir menn gegni þeim störfum sem þeir gegna, hafi þjálfun og atbeina til að verja sjálfa sig og félaga sína og jafnframt hafi þeir réttarstöðu hermanna gagnvart NATO og lúti þeirri vernd sem þeirra réttarstöðu fylgir.

Umræðan hér, ég vil nefna það sérstaklega, tengist auðvitað hörmungum sem urðu í Kabúl nýlega þegar ráðist var á íslenska friðargæsluliða. Við hljótum að fordæma þær árásir og þær yfirlýsingar Talibana sem árásunum fylgdu. Við lítum þannig á að árás á íslenska friðargæsluliða sé um leið árás á almenning í Afganistan. Við vitum að 90% þeirrar þjóðar styður þær aðgerðir sem þarna eru á ferðinni en 10% þjóðarinnar reyna enn að koma í veg fyrir að landið gangi lýðræðisveginn.

Við skulum hafa í huga að þótt Afganistan sé fjarlægt land þá er öryggi heimsbyggðarinnar, okkar sjálfra sem annarra, undir því komið að friður og frelsi ríki í þessum hluta heimsins sem og annars staðar. Skálkastjórnir eða skálkaöfl nær og fjær ógna heimsfriðnum. Að sjálfsögðu skipum við Íslendingar okkur í hóp þeirra þjóða sem berjast gegn slíku.

Það er hins vegar rétt, eins og ég nefndi áðan, að Kabúl er og verður lengi enn hættulegur staður. Friðargæslu þarf ekki þar sem engin er ógnin. Því er auðvitað nauðsynlegt að tryggja eins og fært er öryggi friðargæsluliðanna, að öryggi þeirra sé sem mest og engin óþörf áhætta sé tekin vegna þeirra.

Í kjölfar árásarinnar á íslensku friðargæsluliðana hefur ítarlega verið farið yfir þessa atburði, aðdraganda atburðanna og aðstæður allar. Þá er verið að skoða starfshætti friðargæsluliða og reglur um þá. Einnig er verið að athuga sérstaklega hvort þjálfun þeirra sé nægjanleg. Einnig hefur verið ákveðið að yfirmannaskiptum á Kabúl-flugvelli, sem fram áttu að fara um næstu mánaðamót, verði flýtt. Nýr yfirmaður fer til Kabúl þann 10. nóvember og mun hann endurskoða öryggismál í samvinnu við núverandi yfirmann flugvallarins. Að lokinni þeirri endurskoðun mun nýr yfirmaður taka við.

Við tökum mjög nærri okkur þann skaða sem okkar menn urðu fyrir um leið og við lýsum aðdáun okkar á æðruleysi þeirra og aga eftir að ógnirnar dundu yfir og þökkum guði fyrir að ekki fór verr í þetta skiptið. Ég ítreka að starfsemi íslensku friðargæsluliðanna hefur verið mjög árangursrík. Stefna íslenskra stjórnvalda er óbreytt og áfram verður staðið með bandalagsþjóðum okkar í friðargæslunni í Afganistan. Ég vona að um það geti ríkt bærilegur friður.

[15:41]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka málshefjanda, hv. þm. Ögmundi Jónassyni, fyrir að setja þetta mál á dagskrá. Það er með íslensku friðargæsluna eins og ýmislegt annað í stefnu stjórnvalda að þar var farið af stað með stefnu án þess að hún væri beinlínis lögð fyrir Alþingi Íslendinga eða rædd í þaula þegar ákvörðunin var tekin í upphafi. Saga friðargæslunnar er nú tíu ára gömul. Það var árið 1994 sem fyrstu gæsluliðarnir voru sendir til Bosníu-Hersegóvínu. Hún hefur samkvæmt ákvörðun stjórnvalda stækkað mjög að vöxtum á undanförnum árum og miklir fjármunir verið veittir í friðargæsluverkefni Íslands á erlendri grundu.

Sú sem hér stendur hefur alltaf gert athugasemdir við þetta verkefnaval ríkisstjórnarinnar vegna þess að til eru mörg nærtækari verkefni við uppbyggingu eftir stríð og þróunarsamvinnu á erlendri grundu. Ég hef líka gert athugasemdir við að íslensk stjórnvöld skuli leyfa sér að flokka friðargæsluna sem þróunarsamvinnu en það er ekki efni þessarar umræðu.

Eins og fram kom í máli hæstv. utanríkisráðherra eru íslensku friðargæsluliðarnir ekki óbreyttir borgarar. Hann svaraði því mjög skýrt áðan. Þeir eru hermenn samkvæmt skilgreiningum Genfarsáttmálans og staða þeirra í Kabúl er staða hermanna, hvað sem yfir dynur. Þeir lúta heraga og taka skipunum yfirmanna sinna möglunarlaust um það sem gera þarf. Þetta staðfestir það sem hefur alltaf blasað við, að friðargæslan sem slík er hermennska undir öðrum formerkjum og til hennar þarf helst af öllu þjálfaða hermenn ef vel á að vera og vel á að ganga. Það verður því að skoðast sem mikil ábyrgð íslenskra stjórnvalda að senda menn til þessara verkefna með þá litlu þjálfun sem þeir hafa hér heima fyrir.

[15:44]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og komið hefur fram hjá hæstv. utanríkisráðherra eru friðargæsluliðar okkar ekki hermenn. Það er alls ekki hægt að segja að þeir séu hermenn í venjulegum skilningi þess orðs. Þeir sinna borgaralegum verk-

efnum, eru í flugumsjón, slökkviliðsstarfi, löggæslu og öðru slíku. Það blasir auðvitað við að á ófriðarsvæðum, þar sem þeirra er þörf, þurfa þeir að vera vopnaðir.

Ég átta mig alls ekki á þessari umræðu. Ég hélt að Íslendingar vildu almennt stuðla að friði og sinna friðargæslu og að sjálfsögðu viljum við á sama tíma að friðargæsluliðar okkar geti varið sig. Það er hættulegt að vera á þessum svæðum.

Það hefur komið fram að framlög til friðargæslunnar hafa stóraukist. Á tveimur árum hafa þau tvöfaldast. Í fjárlögum næsta árs verður bætt við 130 millj. kr. og fara þá næstum því 500 millj. kr. í friðargæsluna. Ég tel að við ættum að vera mjög stolt af því að hafa eflt friðargæslu og farið í verkefni þar sem þeirra er þörf. Og ég bara spyr: Vilja menn að þessir friðargæsluliðar séu óvopnaðir?

Hvað hefði heyrst á Alþingi ef verr hefði farið með okkar menn, sem lentu því miður í þessari árás? Hvað hefðu menn sagt ef þeir hefðu verið óvopnaðir? Þá held ég að hefði heyrst hljóð úr horni á Alþingi. Þá hefði krafan verið að þeir ættu að vera vopnaðir og það væri algerlega óábyrgt að hafa þá þar óvopnaða. Ég tel að Vinstri grænir verði að skýra mál sitt betur þegar þeir halda því fram, og Samfylkingin líka eins og hér hefur komið fram, að þetta séu hermenn. Þeir eru ekki hermenn í hefðbundnum skilningi þess orðs heldur friðargæsluliðar sem eru að takast hættuleg störf á hendur, störf sem eru mjög mikilvæg fyrir samfélag okkar. Við eigum að vera stolt af því sem þeir eru að gera.

[15:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Friðargæslustörf okkar Íslendinga hafa verið mikið til umræðu eftir að gæsluliðar urðu fyrir sprengjuárás á götunum í Kabúl. Það hefur einnig komið í ljós að friðargæsluliðar okkar fá stutta hermennskuþjálfun og bera almennt vopn auk sérstakra einkennisbúninga. Ég er ekki hlynntur því að við förum í störfum okkar í hermennskuhlutverkið, enda býður það hættunni heim. Þetta leiðir að sjálfsögðu til þess að fólk í viðkomandi löndum telur gæsluliða hermenn. Öfgamenn telja þá óvini og verður skotmörk til árásar. Í ljósi þess að það telst hrein heppni að friðargæsluliðar eru á lífi eftir árás sem varð öðru fólki að bana vaknar sú spurning hvort alls öryggis hafi verið gætt og hvernig ferðum þeirra um hættusvæði er hagað.

Við í Frjálslynda flokknum erum hlynnt því að starfa að uppbyggingu og friðargæslu með það að markmiði að koma að störfum og aðstoð til eflingar friði í heiminum. Spyrja má: Er nauðsynlegt að Íslendingar klæðist einkennisbúningum sem að flestu leyti eru eins og hermannafatnaður?

Því miður fylgir hætta því að starfa á hættusvæðum þó að í góðum tilgangi sé og þess vegna þarf mikla aðgæslu og einnig mikinn og góðan undirbúning. Vopnaburður er vafalaust öryggisatriði á hættulegustu svæðum sem við störfum á en spurt er:

Voru, og eru, ferðir okkar fólks út fyrir verkefnissvæðið nauðsyn og var svo í þessu tilviki? Hvernig tekur hæstv. utanríkisráðherra á málum í ljósi þess sem gerðist í Kabúl? Verður að lokinni þeirri rannsókn atburða gerð grein fyrir niðurstöðu hennar hér á hv. Alþingi?

[15:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Árið 1994 sendum við Íslendingar fyrstu friðargæsluliðana á vettvangi til Bosníu-Hersegóvínu. Þá sendum við lækna og annað hjúkrunarfólk sem stundaði hjálparstarf, mannúðarstarf, meðal nauðstaddra íbúa. Það fólk starfaði reyndar undir merkjum Sameinuðu þjóðanna. Nú erum við búin að koma okkur upp her — her sem starfar undir merkjum hernaðarbandalagsins NATO í Kabúl í Afganistan, meira að segja í verkefnum sem hinar bandalagsþjóðirnar voru tregar til að taka að sér. Þá spratt fram hæstv. fyrrverandi utanríkisráðherra, núverandi hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, og bauð fram íslenska karlmenn, lét færa þá í hermannabúninga og borgaði undir þá ferðir til Noregs svo að þeir gætu lært vopnaburð sem við hér heima héldum í einfeldni okkar að væri bara spurning um að kenna þeim að meðhöndla skammbyssur. Nei, hríðskotarifflar skyldu það vera. Svo fengu þessir íslensku karlmenn offisera- og majoratitla og voru sendir til Afganistans með byssubranda og borðalagðar húfur til að byggja upp herflugvöll fyrir NATO.

Nú hafa þessir íslensku karlmenn orðið fyrir árás, fyrstu árásinni sem íslenskir friðargæsluliðar verða fyrir á erlendri grund í einu aumkunarverðasta stríði heimssögunnar, stríði Bandaríkjastjórnar gegn hryðjuverkum. Hæstv. utanríkisráðherra svarar því aðspurður í þessari umræðu að réttarstaða þessara íslensku karlmanna á þessari erlendu grund sé staða hermanna.

En við lítum á þá sem friðargæsluliða, sagði hæstv. utanríkisráðherra.

Frú forseti. Er ekki um slíkan tvískinnung að ræða að hér verði að taka mál öðrum tökum en lítil utandagskrárumræða á Alþingi getur gert?

Hæstv. utanríkisráðherra segir að á árás á friðargæsluliðana okkar sé litið eins og árás á afganskan almenning.

Hæstv. forseti. Gerð var árás á friðargæsluliðana íslensku vegna þess að þeir eru hermenn. Þeir líta út eins og hermenn — og þeir eru hermenn. Þessi árás kostaði saklausa borgara lífið í Afganistan.

[15:51]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Við fordæmum harðlega árás á friðargæsluliða okkar í Afganistan. Það þarf að leita allra leiða til að tryggja öryggi þeirra sem best og að svona atburðir endurtaki sig ekki. Það hefur alltaf legið fyrir að störf friðargæsluliða eru fráleitt hættulaus, enda sinna þeir störfum á ótryggum svæðum þótt hernaðarátökum sé lokið. Af þeim sökum þurfa þeir að nota viðeigandi búnað til að geta varist árásum, svo sem skotheld vesti og handvopn. Íslenskir friðargæsluliðar eru hins vegar ekki þjálfaðir sem hermenn. Friðargæslan er ekki hersveit. Að reyna að halda einhverju öðru fram er hreinn útúrsnúningur og furðulegur málflutningur. (**Gripið fram í:** Davíð segir það.)

Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hljóta að átta sig á því að flugsamgöngur í Afganistan eru geysilega mikilvægar, enda er landið mjög erfitt yfirferðar. Uppbygging og endurskipulagning flugvallarins í Kabúl er því nauðsynleg fyrir endurreisn landsins. Íslendingar hafa vakið athygli á

alþjóðavettvangi fyrir að taka að sér þetta erfiða verkefni. Verkefni íslensku friðargæslunnar er hluti af ábyrgð okkar sem NATO-ríkis. Við verðum að leggja okkar af mörkum.

Friðargæsluliðar okkar hafa sýnt mikið hugrekki og fórnfýsi við að sinna nauðsynlegum störfum í þágu friðar og uppbyggingar á stríðshrjáðum svæðum. Ég vil þakka þeim sérstaklega vel unnin störf við erfiðar aðstæður. Markmið starfsins er auðvitað að aðstoða við að koma þjóðfélaginu á réttan kjöl á ný. Hins vegar er það því miður svo að ekki vilja allir sjá uppbyggingu og framfarir í Afganistan.

Þar er alþjóðasamfélaginu vandi á höndum.

[15:53]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Hin alvarlega árás á íslenska friðargæsluliða á dögunum færir okkur heim sanninn um að veður eru válynd í okkar ágæta heimi. Ég hygg að ekki nokkur maður vilji ekki að við Íslendingar öxlum ábyrgð þegar kemur að því að tryggja stöðugleika og frið í fjarlægum heimsálfum. Um það er ekki deilt í þessari umræðu að mínu áliti. Hin áleitna spurning sem hefur vaknað er hins vegar: Hvernig veljum við okkur þau verkefni sem við hæfi eru, hvað kunnum við best og hvað getum við best?

Staðreyndin er sú sem margoft hefur komið fram í þessum sal að við Íslendingar erum herlaus þjóð og viljum vera herlaus þjóð. Því hljótum við að spyrja okkur sjálf hvort við séum best til þess fallin að vera á vettvangi þar sem herþjálfunar og -reynslu er krafist?

Ég rifja það upp eins og fleiri hér í þessari umræðu að á tímum friðargæslunnar á síðustu 10 árum sem allnokkur almenn sátt hefur verið um hefur einkum og sér í lagi verið lögð á það áhersla að læknar, hjúkrunarfólk, fjölmiðlafræðingar, stjórnmælafræðingar, lögfræðingar, viðskipta- og hagfræðingar og fleiri aðilar af þeim toga komi þar að verki, enda kunnum við þar vel til verka.

Spurning vaknar: Eru íslenskir lögreglumenn í stakk búnir til að takast á við þann vanda sem við er að etja á stöðum þar sem jafnófriðlegt er og raun ber vitni um í Kabúl? Það er spurning sem við þurfum að fara yfir og ræða á öfgalausan og hófstilltan hátt.

Ég vænti þess að þessi tíðindi kalli ekki á það að við hættum við hálfkarað verk. Engin krafa er uppi um það, a.m.k. ekki af minni hálfu. Ég hygg hins vegar að jafnframt þurfum við að setjast niður yfir þessi mál í utanríkismálanefnd og skoða vandlega hvar við eigum að leggja hönd að verki, hvað við getum best gert og hvar við komum mest að gagni.

[15:55]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er ríkur þáttur í alþjóðlegu starfi að stilla til friðar á átakasvæðum, að beita sér fyrir því að þar sem stríð hefur ríkt komist á friður. Þess vegna er friðargæsla nauðsynlegur hluti í alþjóðastarfi sem við eigum að styðja við bakið á.

Ég tel ekkert athugavert við það að við beitum okkur fyrir slíku starfi og leggjum okkar af mörkum til að standa straum af kostnaði við það starf.

Það sem mér finnst vera álitamál — vegna þess að við erum herlaus þjóð og vopnlaus þjóð — er hvaða verkefni við mörkum okkur á þessu sviði. Ég sé ekkert athugavert við það að menn sinni borgaralegum störfum eins og slökkvistörfum, flugumsjón eða löggæslu séu þau á svæðum þar sem hættuástand er ekki þannig að menn þurfi að bera vopn sér til varnar. Það sem við þurfum að ræða opið og hreinskilið, m.a. hér á Alþingi, er hvernig við viljum haga okkar þætti í þessum efnum.

Ég geri ekki lítið úr því, herra forseti, að þeir sem starfa á þessum vettvangi um þessar mundir fyrir okkar hönd geri það vandlega og vel og að þeir hafi sinnt störfum sínum af prýði.

Það er margt óútskýrt í umræðunni sem við eigum eftir að taka eins og um hina réttarlegu stöðu. Hver er staða Íslendinga á þessum svæðum erlendis? Undir hvaða lög eru þeir settir? Heyra þeir undir íslensk lög í störfum sínum? Hvað ef um átök væri að ræða og vopnaviðskipti, hvaða lög taka á því ef eitthvað ber út af?

Margt fleira af þessum toga er ástæða til að ræða og skýra áður en við komumst að endanlegri niðurstöðu um hvernig við viljum skipa þessum málum.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir umræðu um málið.

[15:57]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Frjálslyndi flokkurinn hefur ekkert við það að athuga að við Íslendingar sendum fólk á okkar vegum til að vinna að friðar- og uppbyggingarstarfi á óróasvæðum víða um heim. Látum liggja á milli hluta hvort slíkir starfsmenn þurfi í ljósi aðstæðna að starfa í hernaðarumhverfi þar sem menn bera vopn og stunda herfræðilegt titlatog. Það er þá lágmarkskrafa að íslensk stjórnvöld sjái til þess að slíkir menn hljóti viðunandi þjálfun til að bera vopn til að nota í sjálfsvörn, menn sem starfa í stríðsástandi. Því miður er ekki hægt að segja að það gildi um íslenska friðargæsluliða í ljósi þess sem gerðist í Kabúl. Þar fór flest úrskeiðis þegar okkar menn voru í verslunarferð, gráir fyrir járnum. Lítil afgönsk stúlka og ung bandarísk kona létu lífið eftir að Íslendingarnir gáfu hryðjuverkamanni færi á sér.

Í Kastljóssþætti á mánudaginn kom fram að mennirnir þrír litu ekki á sig sem hermenn. Þeir sögðust vera friðargæsluliðar á vegum utanríkisráðuneytisins, menn sem sinntu sínum daglegu verkum við slökkvistörf og flugumsjón á flugvellinum í Kabúl. Einn mannanna sagði að hann hefði aðeins fengið tveggja vikna þjálfun hjá norska hernum og ekki í hermennsku, nei, heldur í því hvernig menn eiga að hegða sér í hernaðarumhverfi. Þrátt fyrir að þessir menn hafi að eigin sögn ekki fengið neina þjálfun í hermennsku eru þeir vopnaðir skammbyssum og hríðskotarifflum með hjálma í hermannabúningum og skotheldum vestum, líta sem sagt út eins og hermenn í hvert sinn sem þeir hætta sér út fyrir flugvallargirðinguna.

Innan girðingar eru þeir ávallt vopnaðir skammbyssum að eigin sögn.

Þetta hræðilega atvik sem varð í Kabúl, þetta tilræði við okkar menn þar, hlýtur að vekja upp margar og miklar

spurningar. Við hljótum núna að verða að láta þetta verða okkur víti til varnaðar. Okkur ber að setjast niður og fara yfir alla þætti þessa máls. Það er sjálfsagt og eðlilegt að beina þeirri spurningu til hæstv. utanríkisráðherra hvort ekki verði látin fara fram rannsókn á því sem gerðist þarna. Einnig er skýlaus krafa að séð verði til þess að þessir menn fái almennilega þjálfun í framtíðinni.

[15:59]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Íslendingar eiga að vera boðberar friðar á alþjóðavettvangi. Þar eigum við að koma fram með opna lófa í nafni friðar. Við erum vopnlaus þjóð og í því hefur styrkur okkar á erlendum vettvangi legið. Þegar við gengum í Atlantshafsbandalagið var gerður um það skýr fyrirvari að Íslendingar væru ekki með her, bæru ekki vopn, eða tækju þátt í stríði í öðrum löndum. Það kom því eins og köld gusa framan í íslensku þjóðina þegar ljóst var að undir flaggi friðarstarfs höfðu íslenskir ríkisborgarar verið settir undir alvæpni sem hluti af vopnuðum herjum NATO í Afganistan. Í fréttum Ríkisútvarpsins 1. nóvember síðastliðinn kom fram að þeir hefðu hlotið herþjálfun og til þess er ætlast að þeir taki þátt í bardögum ef þörf krefur. Þeir bera marghleypur, hríðskotariffla og hermannstitla, eru liðþjálfar, majórar og ofurstar. Þeir hafa jafnvel komið sér upp íslenskri hermennskuorðu — skrýtið reyndar að hún skuli fyrst vera veitt Norðmanni.

Þjóðin var ekki spurð þegar íslenskir borgarar voru sendir sem hermenn til Afganistan. Fyrrverandi utanríkisráðherra Halldór Ásgrímsson flækist undan og segir að þetta séu ekki hermenn. Talsmenn NATO og samstarfsmenn þeirra í Kabúl segja einfaldlega að þeir séu hermenn og hæstv. utanríkisráðherra hefur nú staðfest í umræðunni að þeir hafi stöðu hermanna innan herja NATO.

Að taka einhliða ákvarðanir um að setja Íslendinga undir vopn sem hermenn í fjarlægu landi er að mínu viti lögbrot. Ég tel að slíkt sé fullkomlega andstætt vilja þjóðarinnar. Það eru næg önnur verkefni til friðarstarfa í heiminum sem henta betur afli okkar og ímynd en að setja Íslendinga undir vopn í öðrum löndum.

[16:01]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hvað eftir annað hefur þess verið krafist að Íslendingar tækju meiri þátt í friðargæslustörfum. Sú krafa hefur ekki síst komið úr þessum ræðustól. Þess vegna sætir það mikilli furðu að nú skyndilega skuli friðargæslan verða fyrir sérstökum árásum, einkanlega frá þingmönnum Vinstri grænna, m.a. háttvirtum málshefjanda Ögmundi Jónassyni. Hann gengur svo langt að kalla friðargæslustarfsemina „að hreinsa upp eftir bandaríska herinn". Það er ömurlegur málflutningur.

Má ég minna á að tíu þúsund manns vinna að friðargæslu í Afganistan á vegum NATO og í umboði Sameinuðu þjóðanna sem grundvallast á ekki færri en þremur ályktunum þeirra. Það er ástæða til að undirstrika að íslenskir friðargæsluliðar hafa staðið sig frábærlega við störf sín, bæði í Kosovo og Afganistan. Það leikur enginn vafi á því að vera þeirra og stjórn á alþjóðaflugvellinum í Kabúl átti veigamikinn þátt í að nýafstaðnar kosningar gengu almennt vel fyrir sig. Það er m.a. okkar framlag til að bæta ástandið í þessu hrjáða landi sem árum saman bjó við kúgun og ógnarstjórn hryðjuverkamanna.

Fólk frá 23 þjóðlöndum er þátttakendur á flugvellinum í Kabúl, þar af er fólk frá öllum Norðurlöndunum. Það er huggulegt fyrir þessar þjóðir að vita hvaða einkunnagjöf þær fá fyrir starfsemi sína hjá einstökum þingmönnum á Íslandi.

Ég vil þó undirstrika góðan skilning hv. þm. og formanns Samfylkingarinnar, Össurar Skarphéðinssonar, sem sagði í viðtali við Stöð 2 um daginn um starfsemina í Kabúl, með leyfi virðulegs forseta:

„Þetta er hluti af því að við höfum afráðið sem þjóð, að axla meiri byrðar innan NATO og í alþjóðlegu hjálparstarfi og það þýðir líka að við erum að taka á okkur meiri áhættu. Hvort sem þarna er því um að ræða her eða ekki her erum við þeirrar skoðunar," virðulegi forseti, „að Ísland eigi í vaxandi mæli að axla alþjóðlegar byrðar.

Þetta hefðu sumir hv. þingmenn Samfylkingarinnar mátt kynna sér áður en þeir fóru í ræðustól áðan. Það er bókstaflega skylda okkar að tryggja friðargæslufólki allt það öryggi sem á er kostur. (Forseti hringir.) Liður í því er þjálfun og vopnabúnaður þar sem það á við. Ég trúi því ekki að háttvirtir þingmenn, sem hér gera kröfu til þess að allt friðargæslufólk sé dregið frá Afganistan — það hlýtur að vera krafan — ætlist til að gagnvart friðargæsluliðum okkar sé ekki gætt fyllsta öryggis.

[16:04]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nú er slæmt að hafa ekki nema tvær mínútur.

Málið hefur skýrst nokkuð en ekki mikið, alla vega ekki fyrir framsóknarmönnum. Fulltrúi flokksins, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, sagðist ekkert skilja í þessari umræðu. Á henni sjálfri var að skilja að í Afganistan væru vissulega íslenskir borgarar. Þeir eru þungvopnaðir, þeir hafa fengið herþjálfun og bera hertitla en eru eftir sem áður venjulegir borgarar, væntanlega þá dulbúnir sem hermenn. Ef þessir menn eru borgaralegir friðargæsluliðar, dulbúnir sem hermenn, þá er asni líka hestur.

Hæstv. utanríkisráðherra sagði að Íslendingarnir í Kabúl hefðu réttarstöðu NATO-hermanna, hermanna NATO. Hann sagði jafnframt að hann liti ekki svo á að lagastoð þyrfti fyrir því að taka ákvörðun um að koma á sveit sem hefði réttarstöðu hermanna.

Þetta tel ég rangt og rekast á við íslensk lög. Ég vitnaði í upphafi máls míns til 114. gr. almennra hegningarlaga. Ég tel að þetta þurfum við að ræða nánar og hvet til að málið verði tekið upp í utanríkismálanefnd þingsins að þessu leyti.

Síðan er margt óljóst um tryggingar Íslendinganna í Kabúl. Ég hef ekki tíma til að fara nánar út í þá sálma. En um eitt vil ég spyrja hæstv. utanríkisráðherra sem hann drap ekki á í máli sínu, þ.e. um óskir Bandaríkjanna um að sameina friðargæsluliðið, sem svo er kallað, í Afganistan amerískum hersveitum sem eiga að heyja stríð gegn svonefndum hryðjuverkum. (Forseti hringir.) Óskir um þetta komu frá

Bandaríkjunum um miðjan mánuðinn og voru til umræðu í evrópskum fjölmiðum. Hvernig hyggjast íslensk stjórnvöld bregðast við þeirri ósk eða kröfu Bandaríkjastjórnar?

[16:06]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Engin afstaða hefur verið tekin til þeirra þátta sem hv. þm. nefndi síðast. En málið yrði að sjálfsögðu rætt í utanríkismálanefnd áður en nokkur afstaða yrði tekin til slíkra beiðna.

Mér finnst ríkja nokkur misskilningur í öllu þessu máli. Ég held þó að þarft hafi verið að ræða það, sérstaklega vegna þeirra hörmulegu atburða sem áttu sér stað. En það hefur engin meginbreyting orðið á málinu síðan árið 1994. Hæstv. fyrrverandi utanríkisráðherra, núverandi hæstv. forsætisráðherra, á auðvitað þakkir skildar fyrir áhuga hans á að byggja upp friðargæsluna. Við skulum þakka honum það.

En það er óþarfi að sleppa því að fyrrverandi utanríkisráðherra Jón Baldvin Hannibalsson hóf þessa starfsemi. Þeir fulltrúar sem þá gegndu störfum sem vitnað var til voru í hermannabúningum og voru vopnaðir, fengu sams konar þjálfun í norskri og breskri hernaðarsamvinnu. Á þessu hefur því engin breyting orðið í tíu ár.

Það getur ekki verið að þingmenn komi í þennan ræðustól og þykist ekki hafa vitað neitt um þetta. Ég trúi því ekki upp á þá þingmenn sem hér sitja, að þeir hafi ekki haft hugmynd um hvernig þetta var í pottinn búið. Þetta hefur verið nákvæmlega eins í tíu ár, algjörlega sama fyrirkomulagið. Tugir manna hafa gegnt slíkum störfum.

Ég sé engan eðlismun á því hvort verið er að kenna mönnum brunavarnir eða að stunda hjúkrunar- og hjálparstörf — hvort tveggja er þýðingarmikið fyrir uppbyggingu þjóðfélaga, engan mun. (**ÖJ:** En að skjóta fólk?) Fólk að störfum á hættusvæðum verður að fá leyfi til að verja sig.

Ég vek athygli á því að þessi starfsemi er alls staðar stunduð í umboði Sameinuðu þjóðanna. Ég held að þeir sem tala hátt um friðarstarfsemi og friðarvilja, sem vilja kannski kvaka hæst í þeim efnum og þykjast meiri friðarmenn en sumir aðrir, verði hjákátlegir ef þeir vilja ekki fylgja orðum sínum eftir með athöfnum.

Breytingar á stjórnarskrá, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 9. mál (endurskoðun). — Þskj. 9.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til sérn. án atkvgr.

Talsmaður neytenda, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞSveinb o.fl., 18. mál. — Þskj. 18.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Efling starfsnáms, frh. fyrri umr.

Þáltill. BjörgvS o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 28. mál. — Þskj. 28.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Rekstur skólaskips, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 29. mál. — Þskj. 29.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 35. mál (vanskil á vörslufé). — Þskj. 35.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, frh. 1. umr.

Frv. EKG, 33. mál (æðarvarp). — Þskj. 33.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Verðbréfaviðskipti, frh. 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 34. mál (hagsmunir smárra fjárfesta). — Þskj. 34.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 36. mál (réttur smárra hluthafa). — Þskj. 36.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

[16:13]

Útbýting:

Nýting sveitarfélaga á tekjustofnum, 163. mál, svar félmrh., þskj. 265.

Rannsóknarmiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu, 250. mál, þáltill. ÍGP, þskj. 268.

Útlán banka og sparisjóða, 256. mál, fsp. JóhS, þskj. 274.

Vinnustaðanám, 259. mál, fsp. KolH, þskj. 277.

Fundi slitið kl. 16:14.

---

19. FUNDUR

fimmtudaginn 4. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál, stjfrv., 220. mál, þskj. 223. — 1. umr.
2. Textun, frv., 20. mál, þskj. 20. — 1. umr.
3. Fæðingar- og foreldraorlof, frv., 22. mál, þskj. 22. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Geir H. Haarde fjmrh., 1. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

[10:32]

Útbýting:

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 264. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 285.

Innflutningur í gámum, 262. mál, fsp. GHall, þskj. 283.

Listnám fatlaðra, 265. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 286.

Virðisaukaskattur af listmunagerð, 263. mál, fsp. ÍGP, þskj. 284.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að klukkan 1.30 í dag, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um þróun verðbólgu í sambandi við kjarasamninga. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Húsnæðismál, 1. umr.

Stjfrv., 220. mál (hámark lánshlutfalls). — Þskj. 223.

[10:33]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2003 er kveðið á um að haldið verði áfram endurskipulagningu á húsnæðismarkaði í samræmi við markmið um íbúðalánasjóð. Lánshlutfall almennra íbúðalána verði hækkað á kjörtímabilinu í

áföngum í allt að 90% að verðgildi eigna að ákveðnu hámarki og að leigumarkaður íbúðarhúsnæðis verði efldur.

Í kjölfar þessarar stefnumörkunar var þegar hafist handa um undirbúning að umræddum breytingum með það að leiðarljósi að lánshlutfall fyrir almenna lántakendur yrði eins hátt og kostur væri og með eins góðum kjörum og unnt væri að veita. Sett var á fót verkefnisstjórn og ráðgjafarhópur skipaður fulltrúum félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis sem starfaði sumarið 2003 og fram á það haust. Í þeim undirbúningi var farið ítarlega yfir valkosti við hækkun hámarkslána og haft samráð við hagsmunaaðila. Samhliða því var nefndum falið að fara yfir stöðu viðbótarlánakerfisins og stöðu á leigumarkaði.

Það frumvarp sem hér er fylgt úr hlaði er afrakstur þeirrar vinnu. Það fylgir í kjölfar breytinga á lögum um skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs sem tóku gildi 1. júlí sl. Þær breytingar hafa þegar haft mikil áhrif til lækkunar á útlánsvöxtum sjóðsins. Nú í byrjun nóvember eru vextir Íbúðalánasjóðs af almennum lánum og viðbótarlánum 4,3% en voru þar til breytingin tók gildi 5,1% af almennum lánum og 5,3% af viðbótarlánum. Hér er því, hæstv. forseti, um afar mikilvæga kjarabót að ræða fyrir heimilin í landinu.

Húsnæðismarkaður á Íslandi hefur undanfarna áratugi einkennst af skorti á fjármögnun. Atbeina ríkisins hefur þurft til að tryggja fjármagn til kaupa á íbúðarhúsnæði þar sem viðskiptabankarnir hafa verið tregir til að veita lán nema með háum vöxtum. Í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar voru á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs nú í sumar og ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA frá 11. ágúst sl. þess efnis að starfsemi Íbúðalánasjóðs samræmdist ákvörðun EES-samningsins komu viðskiptabankarnir fram með tilboð til almennings um lánafyrirgreiðslu um kaup fasteigna sem eru að einhverju leyti sambærileg við þau kjör sem Íbúðalánasjóður hefur veitt. Þau kjör sæta þó takmörkunum sem leiða til þess að ekki sitja allir landsmenn við sama borð. Það þýðir að íbúar á landsbyggðinni eiga síður möguleika en aðrir á að fjármagna íbúðarkaup. Þannig er með engu móti hægt að halda fram að lánsframboð bankanna taki til landsins alls.

Enn fremur má spyrja sig: Hvað gerist á húsnæðismarkaði þegar kemur að viðskiptum með það húsnæði sem nú er sett að veði fyrir lánum bankanna? Hvernig gerast kaupin á eyrinni þegar viðskiptavinur einnar bankastofnunar kaupir af viðskiptamanni annarrar? Hver ber þá kostnaðinn af vaxtamuninum og er þá hætta á að þau góðu kjör sem nú eru í boði gangi að einhverjum hluta til baka?

Þrátt fyrir að sú breyting sem orðið hefur á lánsframboði sé jákvæð fyrir þróun íslensks húsnæðismarkaðar er jafnljóst að Íbúðalánasjóður og sú fyrirgreiðsla sem sjóðurinn veitir er forsenda fyrir jöfnum aðgangi almennings að lánsfé til fasteignakaupa óháð búsetu eða fjárhagslegri forsögu. Ljóst er að atburðarásin á lánamarkaði undanfarna mánuði sýnir með skýrum hætti að tilvist og lánaframboð Íbúðalánasjóðs felur í sér nauðsynlegt aðhald gagnvart viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Í frumvarpinu sem nú er lagt fram er á engan hátt hvikað frá markmiðum gildandi laga um að Íbúðalánasjóði beri að stuðla að með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum óháð búsetu og að fjármunum verði sérstaklega varið til að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Einn liður í því að uppfylla þetta markmið sjóðsins er sú þjónusta sem hann veitir viðskiptavinum sínum á tímum ófyrirsjáanlegra atburða í lífi þeirra sem oftar en ekki leiða til greiðsluerfiðleika og jafnvel vanskila. Íbúðalánasjóður hefur þannig svigrúm og heimildir til frystingar lána, lengingar þeirra eða eftir atvikum styttingar skuldbreytingar og fleira sem ætla má að ekki verði í sama mæli í boði í bankakerfinu.

Bankar og sparisjóðir skilyrða útlán sín með þeim hætti að til þess að njóta bestu vaxtakjara hjá þeim þarf viðkomandi einnig að vera með umtalsverð viðskipti og það eru einkum hinir efnameiri sem eiga auðvelt með að uppfylla slík skilyrði. Hjá Íbúðalánasjóði njóta hins vegar allir lántakendur sem uppfylla lánshæfismat sömu vaxtakjara. Sjóðurinn uppfyllir því í dag mjög vel þau markmið sem honum ber að starfa eftir og innleiðing 90% íbúðalána mun gera honum kleift að gera enn betur. Þeir sem telja sig geta fengið betri lánskjör annars staðar geta að sjálfsögðu kosið að nýta sér ekki þjónustu sjóðsins.

Bankarnir gera nú kröfu um 1. veðrétt sem forsendu hagstæðra íbúðalána. Þetta skilyrði veldur því að mikilvægt er að hámarkslán Íbúðalánasjóðs sé svo hátt að kaupendur hóflegs íbúðarhúsnæðis eigi möguleika á heildstæðri fjármögnun hjá Íbúðalánasjóði því að ella þurfi kaupendur að sækja viðbótarfjármögnun á mun lakari kjörum en bankarnir bjóða ef þeir fá 1. veðrétt. Þess vegna er það afar mikilvægt, hæstv. forseti, að fjárhæð hámarksláns þróist áfram með þeim hætti að lánafyrirgreiðsla Íbúðalánasjóðs sé raunverulegur valkostur við kaup á hóflegu íbúðarhúsnæði. Einungis þannig verður tryggt til lengri tíma að markmið um áframhaldandi jöfn tækifæri til lántöku óháð búsetu og efnahag náist.

Íbúðalánasjóður er tæki til jöfnunar í húsnæðismálum og starfsemi hans er ekki markmið í sjálfu sér. Hins vegar er mikilvægt að muna að tilvist og frumkvæði í fjármögnun sjóðsins hefur haft lykiláhrif á þær jákvæðu breytingar sem hafa orðið á húsnæðislánamarkaði að undanförnu. Því hef ég sagt, hæstv. forseti, og er rétt að árétta að ég tel hlutverki Íbúðalánasjóðs hvergi nærri lokið.

Í frumvarpi því sem hér er mælt fyrir er gert ráð fyrir að hækkun lánshlutfallsins taki gildi 1. janúar 2005. Samhliða verður hætt að veita viðbótarlán enda mætir hið breytta lánakerfi Íbúðalánasjóðs þörfum tekju- og eignaminni kaupenda og greiðsluskylda sveitarfélaga í varasjóð viðbótarlána fellur um leið brott. Til að undirbúa þessa breytingu hefur hámarksfjárhæð almennra lána Íbúðalánasjóðs hækkað í áföngum að undanförnu. Hámarkslánið er nú 11,5 millj. kr., bæði vegna nýs og notaðs húsnæðis. Jafnframt hefur verið sett þak á heildarlán sjóðsins og getur samanlögð fjárhæð almenns láns og viðbótarláns ekki verið hærri en 13 millj. kr.

Eins og kunnugt er hafa sveitarfélögin ábyrgst viðbótarlánin. Nú er gert ráð fyrir í frumvarpinu að ríki og sveitarfélög taki upp viðræður um hlutverk sveitarfélaga á sviði húsnæðismála og framtíð varasjóðs viðbótarlána. Félagsmála-

ráðuneytið hefur þegar sent Sambandi ísl. sveitarfélaga formlegt erindi með beiðni um slíkar viðræður.

Hæstv. forseti. Vegna breyttrar fjármögnunar leiguíbúðalána er í frumvarpinu lögð til breyting varðandi vaxtaákvörðun þeirra lána. Er gert ráð fyrir að leiguíbúðafélög geti valið um breytilega vexti eða fasta vexti og að lántaki beri þá áhættu sem hlýst af föstum vöxtum með því að honum verði gert að greiða uppgreiðsluþóknun. Sjónarmið laga um neytendalán eiga ekki við um þessar lánveitingar sem eingöngu eru veittar til lögaðila en með því að bjóða fasta vexti er Íbúðalánasjóði hins vegar mögulegt að bjóða lægri vexti af þessum lánum en nú er mögulegt og ætti það að vera til þess fallið að styrkja leiguíbúðamarkaðinn enn frekar hér á landi.

Sl. haust skipaði ég nefnd til að yfirfara stöðu leigumarkaðar og gera tillögur um aukið framboð leiguíbúða. Jafnframt var nefndinni falið að gera greiningu á biðlistum eftir félagslegu húsnæði hjá sveitarfélögum eða félagasamtökum. Gallup var falið að gera úttekt á leigumarkaði og gerð var sérstök könnun á biðlistum eftir leiguhúsnæði. Einnig var gerð úttekt á sérstöku átaki í byggingu leiguíbúða sem var ákveðið í ágúst 2002.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að staðan á leigumarkaði er góð og hefur að öllum líkindum aldrei verið betri. Könnun Gallups sýnir að meiri hluti leigjenda telur ástandið gott, að þeir búi við öruggar aðstæður og gæði húsnæðis séu fullnægjandi.

Á tímabilinu 2002–2004 hefur Íbúðalánasjóður veitt lán til um 2000 leiguíbúða. Átakið hefur haft mjög jákvæð áhrif bæði til fjölgunar leiguíbúða og til þátttöku nýrra aðila á almennum leigumarkaði. Leiguverð er í jafnvægi og framboð á vönduðu leiguhúsnæði hefur aukist og leitt til þess að lélegt húsnæði hefur því sem næst horfið af markaðnum.

Húsaleigubótakerfið hefur reynst vel og tilraun Reykjavíkurborgar með sérstakar húsaleigubætur fyrir fólk á biðlistum eftir félagslegu húsnæði virðist gefa góða raun. Samkvæmt athugunum nefndarinnar má ætla að tekjulægstu hóparnir þurfi frekari aðstoð til að standa undir leigugreiðslum á almennum markaði. Til að styrkja stöðu þeirra hefur einkum tvennt komið til álita: annars vegar sérstakar húsaleigubætur og stofnstyrkir til sérhópa á borð við öryrkja, aldraða og námsmenn. Hins vegar leggur nefndin til að leitað verði leiða til að lækka byggingarkostnað og kanna hvort endurskoða megi ákvæði byggingarlaga eða reglugerðar með það fyrir augum að auka svigrúm varðandi lágmarksstærðir herbergja og geymslna. Þá er lagt til að samræmd verði framkvæmd á stimpilskyldu lána og framboð lóða vegna leiguíbúða verði aukið.

Nefndin hefur unnið gott starf og ég mun í framhaldi gera tillögur um úrbætur er byggja á tillögum hennar. Því er við að bæta að gert er ráð fyrir að ráðgjafarnefnd varasjóðs húsnæðismála verði heimilt að ákvarða að raunvextir á ávöxtuðu fjármagni sjóðsins verði færðir upp til annarra verkefna hans og þar með verði bætt úr fjárvöntun vegna innlausnar sveitarfélaga á félagslegum íbúðum og sölu þeirra á almennum markaði sem nemur um 50–60 millj. kr. á ári. Þessi breyting mun ekki skaða sjóðinn sem hefur mjög sterka eiginfjárstöðu.

Hæstv. forseti. Samkvæmt lögum um húsnæðismál er félagsmálaráðherra heimilt að ákveða hámark íbúðalána til einstakra lántaka með reglugerð. Við gildistöku laga þeirra sem hér er flutt frumvarp til breytinga á er gert ráð fyrir að hámarkslánið verði 13 millj. kr. en það hækki síðan áfram í áföngum á kjörtímabilinu. Ekki er gert ráð fyrir því, hæstv. forseti, að framangreind hækkun hámarkslána sjóðsins muni valda neinni hækkun á áætluðum heildarútlánum hans frá síðustu áætlun heldur má gera ráð fyrir að samdrátturinn sem sjóðurinn var farinn að reikna með vegna aukinnar samkeppni á fjármagnsmarkaði verði minni en ella vegna þessara breytinga. Auk þess má benda á að samhliða er sett þak á heildarlán sem sjóðurinn veitir, þ.e. samanlagt almennt íbúðalán og viðbótarlán og það þak verði 13 millj. Ekkert slíkt þak var áður fyrir hendi þannig að gera má ráð fyrir að þessi breyting muni hamla gegn hugsanlegri útlánaaukningu.

Um önnur atriði en þau sem hér hafa sérstaklega verið tíunduð vísa ég til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[10:45]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að frumvarp er komið fram þar sem meginmarkmiðið er að lánshlutfall verði hækkað í 90%.

Sú samkeppni sem nú er komin upp á markaðnum um fasteignaviðskipti er jákvæð og hefur stuðlað að vaxtalækkun og mikilvægt að Íbúðalánasjóður hafi fulla burði til að taka þátt í þeirri samkeppni. Ekki er vafi í mínum huga að það á að styðja við bakið á Íbúðalánasjóði eins og hægt er til þess því að engin reynsla er komin á það enn hvort þau hagstæðu lánskjör í fasteignaviðskiptunum sem bankarnir bjóða nú séu komin til að vera eða hvort tilgangurinn sé einungis að ýta Íbúðalánasjóði út af markaðnum líkt og tryggingafélögin gerðu við FÍB þegar það félag kom fram með hagstæðar tryggingar gegn okri og samtryggingu tryggingafélaganna í bifreiðatryggingum.

Þó að ég fagni framkomnu frumvarpi hef ég ýmislegt við það að athuga og ýmsar spurningar fram að færa við hæstv. félagsmálaráðherra. Það er afar mikilvægt að við áttum okkur á því hvaða áhrif auknir lánamöguleikar í fasteignaviðskiptum hafa á þenslu, verðbólguþróun, einkaneyslu og efnahagslífið í heild. Félagsmálanefnd verður að fara vandlega yfir þá hlið málsins. Það er auðvitað auðvelt að meta áhrifin út frá þeim gefnu forsendum sem á borðinu liggja varðandi Íbúðalánasjóð sem er aðeins hluti af heildardæminu. Þar er gegnsæi sem þarf að vera til að meta áhrifin en annað gildir um bankana og sparisjóðina. Undrar mig satt að segja sinnuleysi aðila eins og Seðlabankans en lítið hefur heyrst frá þeim um mikla útlánaþenslu bankanna en útlánin hafa vaxið mikið og munu auka þenslu, verðbólgu og fasteignaverð sem ég mun koma að síðar.

Seðlabankinn hefur mjög beitt stýrivöxtum undanfarið en um það eru deildar meiningar hvaða áhrif hækkun stýrivaxta hefur á langtímaskuldbindingar eins og eru nú með auknum útlánum í bönkum, sparisjóðum og Íbúðalánasjóði.

Ég sé að í morgun ræðir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, aðeins um þessi auknu útlán í Fréttablaðinu og hann telur þessi nýju lán áhyggjuefni og segir að ekki hafi verið hugað nægilega vel að fjármögnun þessara lána eða arðsemi að teknu tilliti til afskrifta, rekstrarkostnaðar og annarra tekna.

Þetta segir mér að verið geti að það séu veikar stoðir undir þessu hjá einhverjum lánastofnunum, þeim útlánum sem þær bjóða nú, og það er brýnt að fylgst sé vel með því.

Ég vil spyrja hæstv. húsnæðisráðherra að því hvort einhverjar upplýsingar liggi fyrir varðandi endurfjármögnun á fasteignalán banka og sparisjóða og hvort hann sem félagsmálaráðherra eða hæstv. viðskiptaráðherra hafi haft frumkvæði að því að fá fram heildarmyndina og samanlögð áhrifin af auknum útlánum ekki bara hjá Íbúðalánasjóði heldur öðrum lánastofnunum einnig þannig að hægt sé að leggja mat á efnahagslegu áhrifin af mikilli innspýtingu fasteignalána á markaðinn. Ég hef að vísu lagt fram fyrirspurn til hæstv. viðskiptaráðherra um þetta mál og það verður fróðlegt að sjá hvort bankarnir sleppi við að svara þeirri fyrirspurn í skjóli hlutafélagalaganna, en það gengur auðvitað ekki að bankarnir komist upp með að svara ekki slíkum fyrirspurnum þannig að hægt sé að meta heildaráhrifin.

Í þessu frumvarpi er farið mjög varlega í sakirnar eins og varðandi þak á hámarksfjárhæð. Nokkuð óljóst er í frumvarpinu að mér sýnist hvort 90% þakið eigi að taka gildi í áföngum eða hækkun á lánshlutfalli eigi að taka gildi að fullu um næstu áramót, en í orðum hæstv. ráðherra áðan mátti heyra að 90% lánshlutfallið eigi að taka gildi um áramót og ber að fagna því að menn séu ekki að teygja lopann í því efni, nógu erfiðlega mun Íbúðalánasjóði vegna í því að halda í hlut sinn í fasteignaviðskiptunum sem að stórum hluta eru nú komin yfir til bankanna.

En þó að ég tali fyrir því að útlánum sé hagað með þeim hætti að við missum ekki allt úr böndunum í meiri verðbólgu og óeðlilega hækkun á fasteignaverði sé ég ekki hverju það breytir í stöðunni nú varðandi hin efnahagslegu áhrif hvort strax á morgun verði farið í 90% lánshlutfall og hámarksfjárhæðin fari t.d. strax í 15–16 milljónir þegar bankarnir vaða fram algjörlega óheft varðandi þak á hámarksfjárhæð og með 80% lánshlutfall.

Hver verður afleiðing þess að bíða svona með að hækkun á lánshlutfallinu taki gildi eða að fara lengra varðandi hámarksfjárhæðina? Það mun ekki draga neitt úr útlánaþenslu, afleiðingin verður bara sú að bankarnir fá stærri hlut til sín af kökunni þegar svona er haldið á málum. Ég heiti hæstv. ráðherra stuðningi í því að afgreiða þetta mál fljótt og vel í nefndinni þannig að hægt verði að fara fyrr í hækkun á lánshlutfallinu, í 90%. Ég skora á hæstv. ráðherra að endurskoða ákvörðun sína varðandi hámarksfjárhæðina vegna þess að afleiðingin verður einungis sú að Íbúðalánasjóður mun í vaxandi mæli missa hlutdeild sína í fasteignaviðskiptum ef svo hægt er farið í sakirnar. Þetta hefur engin áhrif á verðbólguna eða þensluna, þessi viðskipti munu bara flytjast til yfir í bankana frá Íbúðalánasjóði.

Hæstv. ráðherra verður að líta til þess að meðalfjárhæð hvers kaupsamnings síðustu vikuna í október var 17,5 millj. til 20,8 millj. eftir því hvaða vika í október sl. var valin til viðmiðunar. Þetta kemur fram í gögnum frá Fasteignamati ríkisins. Miðað við hámarksfjárhæð Íbúðalánasjóðs sem er nú 11,5 millj. lánar Íbúðalánasjóður einungis að hámarki 55–60% af meðallánum vegna íbúðakaupa eins og þau eru nú í október.

Hvað er hægt að kaupa stóra fasteign og fá 90% hluta lánað fyrir henni hjá Íbúðalánasjóði eftir þessa breytingu? Jú, íbúðin miðað við 11,5 millj. má ekki kosta meira en 12,7–12,8 millj. til að fá fullt lán hjá Íbúðalánasjóði miðað við 90% lánshlutfall og heldur meira þegar lánið er komið upp í 13 millj. um áramótin. Það dugar í mesta lagi fyrir þriggja herbergja íbúð en áætlað meðalverð á þriggja herbergja íbúð í Reykjavík í október er 12,9 millj. kr.

Ég nefni líka það ákvæði þessa frumvarps sem enn þrengir að Íbúðalánasjóði í samkeppni hans við bankana að gert er ráð fyrir að öll áhvílandi lán á íbúðum dragist frá hámarkslánsfjárhæðinni, 11,5 millj. Ég spyr ráðherrann: Er þá alveg sama á hvaða veðrétti lánin eru og hversu óhagstæð þau eru, á í öllum tilvikum að draga þau frá hámarkslánsfjárhæðinni? Það veikir sannarlega stöðu Íbúðalánasjóðs verulega ef til viðbótar því að svona hægt er farið í sakirnar miðað við það sem er að gerast hjá bönkunum á líka að draga áhvílandi lán frá heildarfjárhæðinni.

Nei, það er alveg ljóst að ef samkeppnisstaða Íbúðalánasjóðs verður ekki aukin meira en hér er gert ráð fyrir munu bankarnir fyrr en seinna taka til sín obbann af öllum lánaviðskiptum vegna fasteignakaupa. Áhrifin verða þau að bankarnir auka bara hlutdeild sína í fasteignaviðskiptum, endurfjármögnun á eldri lánum Íbúðalánasjóðs mun aukast og niðurstaðan verður sú að enn meira dregur úr samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs.

Það er viðurkennt í frumvarpinu að hækkun á lánshlutfalli í 90% og hækkun á hámarksfjárhæð hafi ekki þensluáhrif vegna lánaframboðs bankanna og það er nákvæmlega það sem ég er að segja. Það stendur hér, með leyfi forseta:

„Ljóst er að hækkun hámarksláns og lánshlutfalls Íbúðalánasjóðs í 90% hafa ekki lykiláhrif á ákvörðun fólks um endurfjármögnun, þegar í boði eru sambærileg lán sem veitt eru án hámarksfjárhæðar og án tengsla við íbúðakaup. Þau þensluáhrif sem umsagnaraðilar gerðu ráð fyrir að breytingin gæti haft eiga því að vera komin fram í kjölfar þess lánaframboðs bankanna sem þegar hefur átt sér stað, óháð hækkun hámarksláns Íbúðalánasjóðs."

Ég spyr hæstv. ráðherra: Vildi hæstv. ráðherra ganga lengra í að 90% lánin tækju gildi strax og hámarksfjárhæðin yrði hækkuð meira? Var það svo að hæstv. ráðherra vildi gera það en að málið hafi verið stoppað í ríkisstjórninni? Ég hygg að hæstv. ráðherra sjái að í samkeppni við bankana er ekkert vit í því að fara svona hægt í sakirnar.

Ég spyr: Hvert var álit Seðlabankans sem lítið virðist stugga við bönkunum? Ég geri ráð fyrir að álit Seðlabankans, sem við verðum auðvitað að fá fram í félagsmálanefnd, hafi kannski haft sitt að segja um það að ekki hafi verið gengið lengra varðandi hámarksfjárhæðina eða að taka 90% lánin fyrr í gildi. Hvert var álit Seðlabankans nákvæmlega, hæstv. forseti?

Ég vil aðeins fara yfir fasteignaverðið og áhrifin af breytingunni en það er full ástæða til að hafa áhyggjur af því að auknir lánamöguleikar fólks, sem eru af hinu góða,

hverfi í hækkun á fasteignaverði sem hefur hækkað ótrúlega mikið á undanförnum mánuðum og missirum. Þegar litið er á verð á íbúðum í fjölbýli og sérbýli í september til október á þessu ári miðað við sömu mánuði á síðasta ári, 2003, koma í ljós miklar verðhækkanir. Þannig hefur t.d. fjögurra herbergja íbúð í Reykjavík hækkað úr 13,7 millj. í 15,1 millj. á einu ári eða um 1,4 millj. kr. Verulegur hluti af auknum lánum hverfur því í hærra fasteignaverð. Ef litið er til sérbýla var meðalverð í sérbýli í október 2003 rúm 21 millj. kr. en í október 2004 er fasteignaverð í sérbýli komið í tæpar 26 millj. og hefur hækkað um tæpar 5 millj. á einu ári eða nálægt 25% hækkun. Það verður að skoða þessa hlið á málinu vegna þess að það er ótækt að auknir lánamöguleikar hverfi bara í hærra fasteignaverð og geri því ekki annað en að auka skuldir heimilanna.

Það er líka ástæða til að nefna ýmislegt sem fram hefur komið um áhrifin inn í framtíðina og hækkun á fasteignaverði og þenslu í þjóðfélaginu. Þar vil ég vitna til greiningardeildar KB-banka í september en þar kemur fram að samkvæmt spálíkaninu muni lítil sem engin hækkun verða á fasteignaverði fram til loka 2004 en fyrstu þrjá fjórðunga næsta árs muni hækkunin verða um 8% og þá til viðbótar því sem ég var að nefna. Síðan kemur fram að verð á stærri eignum sé viðkvæmara fyrir vaxtastigi en smærri og því má ætla að stærri eignir hækki meira í verði en þær minni, og það hefur þegar komið fram.

Það kemur einnig fram hjá greiningardeild Landsbankans að lægri vextir og aukið framboð á lánsfé kyndi undir eftirspurn bæði til einkaneyslu og fjárfestingar og líklegt er að eftirspurnin beinist að stórum hluta að innflutningi og auki enn frekar viðskiptahalla. Auk þess kemur fram að áhrifin muni þó að mestu leyti koma fram á fasteignamarkaði og sýna sig í hærra fasteignaverði og síðar auknu framboði á húsnæði.

Það sem er athyglisvert er að húsnæðisliður vísitölunnar hefur hækkað um 6% á sama tíma og aðrir þættir hafa hækkað um 1,1%. Hækkun húsnæðisverðs hefur því haft veruleg áhrif á verðbólgu á síðustu mánuðum. Það er alveg ljóst, herra forseti, og fólk þarf að borga fyrir það í hærra verði á vöru og þjónustu og það hækkar vissulega skuldir heimilanna.

Síðan kemur fram hjá greiningardeild Landsbankans að íbúðaverð gæti hækkað um 10–15% á næstu tveimur árum umfram það sem annars hefði orðið, þ.e. miðað við óbreytt framboð. Aukist framboð nýrra eigna fljótt í samræmi við eftirspurn verða áhrifin minni. Við gætum því átt von á að verð á íbúðarhúsnæði á næstu tveimur árum geti hækkað um 10–15%. Áhrif þeirrar hækkunar á verðbólgu eru talin á bilinu 0,5–1% prósent á ársgrundvelli.

Því er einnig spáð hér að þegar líður fram á annan ársfjórðung næsta árs megi eiga von á því að langtímavextir fari að þokast upp að nýju vegna hækkunar á erlendum vöxtum, hækkunar á stýrivöxtum Seðlabanka og væntingar um aukið framboð. Þessa hlið ber okkur vissulega að skoða líka á hv. Alþingi og í félagsmálanefnd þegar við veltum fyrir okkur niðurstöðunni.

Ég vil líka nefna, herra forseti, að veltan á fasteignamarkaði hefur aukist umtalsvert og er hægt að vísa í þinglýsta kaupsamninga í október á síðasta ári en þá voru þinglýstir kaupsamningar sem gerðir voru vegna íbúða í fjölbýli um 9 milljarðar kr. en tæpir 12,3 milljarðar í október sl. eða ári seinna og er aukningin 35% á einu ári. Veltan á fasteignamarkaði í sérbýli er enn meiri. Í október 2003 voru þinglýstir kaupsamningar í sérbýli tæpir 3,2 milljarðar en eru 4,9 milljarðar í október sl. og þar er aukning á veltunni 52% að því er varðar sérbýli. Er þar örugglega líka um að ræða verulega hækkun á verði íbúða sem eykur þessa veltu.

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hæstv. ráðherra nefndi áðan um það sem Íbúðalánasjóður hefur vissulega fram yfir bankana. Landsmenn eiga jafnari aðgang að Íbúðalánasjóði og lít ég þá sérstaklega til landsbyggðarinnar. Þarna er jafnréttispunktur í lögum um Íbúðalánasjóð og bankarnir virðast ekki hafa verulegan áhuga á að veita landsbyggðinni aðgang til jafns við höfuðborgarsvæðið. Ef á bjátar hjá lántakendum þá er miklu betri staða hjá þeim varðandi greiðsluerfiðleikalán, skuldbreytingar, lægri kostnað, lántökugjald, kostnað vegna vanskila o.s.frv. Uppgreiðslugjald í bönkunum er náttúrlega alger svívirða og nú er Samkeppnisstofnun að skoða hvort ólöglegt sé að láta fólk greiða hundruð þúsunda króna ef það ætlar að gera upp skuldir sínar. Því er refsað fyrir gera upp skuldir sínar með himinháu uppgreiðslugjaldi.

Svo er það stimpilgjaldið. Það þarf að fara að vinda sér í að fella niður þessi stimpilgjöld sem fólk þarf að reiða fram og eru 200–300 þús. kr. Ég spyr um skoðun hæstv. ráðherra á stimpilgjaldinu.

Ég spyr líka um viðbótarlánin. Þau eru núna komin í 4,3%. En er hagstæðara fyrir þá sem fá viðbótarlán að fella þau alveg niður þannig að fólk sem er innan tilskilinna tekjumarka gangi bara inn í almenna kerfið? Fólk borgar núna engin stimpilgjöld af viðbótarláninu en núna þarf það að fara að borga stimpilgjald af allri fjárhæðinni. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað á að koma í staðinn? Er ráðherra reiðubúinn til þess að lækka lántökugjaldið á móti, þetta eina prósent t.d. niður í hálft prósent, til þess að vega þarna upp á móti? Þetta fólk borgar í lántökugjald núna hálft prósent en það verður eitt prósent þegar þessi breyting gengur fram. Núna eru viðbótarlánin afborgunarlaus fyrsta árið en það verður ekki við þessa breytingu.

Mér sýnist því og spyr ráðherrann um það: Verða kjör þeirra sem geta fengið viðbótarlán núna ekki óhagstæðari við þessa breytingu vegna þess að þeir þurfa að fara að borga stimpilgjald, lántökugjaldið verður hærra og ekki afborgunarlaust fyrsta árið o.s.frv.? Mun ráðherra grípa til einhverra aðgerða til þess að vega á móti því, t.d. lækka lántökugjaldið?

Mig undrar að ráðherrann nefnir að staðan á leigumarkaðnum sé góð, leiguverð í jafnvægi o.s.frv. Það má vera að svo sé á almenna leigumarkaðnum, að þetta hafi leitað jafnvægis þar. En staðan á leigumarkaðnum hjá þeim sem þurfa að leita sér húsnæðisaðstoðar, t.d. hjá sveitarfélögunum eða Öryrkjabandalaginu eða t.d. námsmenn, hefur bara lítið batnað. Enn eru biðlistar mjög langir. Bara hjá Félagsbústöðum bíða 900 manns eftir leiguíbúðum og þetta er fátækt fólk sem getur ekki fengið húsaskjól með öðrum hætti. Hjá Félagsstofnun stúdenta bíða 300–400. Nærri 300 eru á biðlista hjá Öryrkjabandalaginu, þar af bíða, virðulegi forseti, 77 geðfatlaðir einstaklingar eftir leiguíbúðum, hvorki

meira né minna en 77 geðfatlaðir einstaklingar.

Ég spyr um vexti af þessum íbúðum. Þeir eru núna 4,9%. Er nú ekki full ástæða til þess, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra vindi sér í að lækka þá vexti? Ég spyr: Er á döfinni að lækka vextina á leiguíbúðunum? Ég held að nauðsynlegt sé að fá svar við því við þessa umræðu.

Ég sé að tíma mínum er að ljúka, virðulegi forseti. Ég hef beint ýmsum spurningum til hæstv. ráðherra. Ég held að staðan sé raunverulega sú að hæstv. ráðherra hafi verið píndur af Sjálfstæðisflokknum til að ganga ekki lengra varðandi þá breytingu sem hér er að ganga í gegn um hækkun á lánshlutfalli. Ég hygg að sjálfstæðismenn séu þeirrar skoðunar að það eigi að flytja þetta allt inn í bankana, öll fasteignaviðskipti, og framsóknarmenn eiga í miklum erfiðleikum með að halda hlut Íbúðalánasjóðs í þeirri breytingu. Ég spyr ráðherrann: Telur hann hér nægjanlega langt gengið? Er hann ekki sammála mér um að það muni engin áhrif hafa á þenslu, verðbólgu eða hækkun á fasteignaverði þó að hann gangi lengra í þessu efni? Íbúðaviðskiptin, fasteignaviðskiptin munu einungis flytjast í auknum mæli til bankanna.

[11:05]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tel að með þessu frumvarpi sé verið að stíga mikið framfaraspor og fagna þessum lagabreytingum. En ég vil taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að ég tel að við þurfum að stíga enn fleiri skref í tengslum við þessar breytingar og vek þar sérstaklega athygli á tillögu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að viðmiðunarverðið verði hækkað hið snarasta. Gert er ráð fyrir að það verði 13 milljónir þegar lögin taka gildi eða koma til framkvæmda í ársbyrjun. En það er mjög brýnt að hækka þessa viðmiðun og hafa ber þar í huga að bankarnir sem vilja Íbúðalánasjóð helst feigan bjóða 80% lán af ótilgreindri upphæð. Við verðum að skoða þessi mál í því stóra samhengi.

Ég hef verið að rifja upp hvað breyst hafi á sviði húsnæðismála á undanförnum tveimur áratugum og það er ekki lítið. Þegar Sigtúnshópurinn kom til sögunnar í upphafi níunda áratugarins — reyndar var þá aðeins liðið á þann áratug. Það mun hafa verið árið 1983 — reis hér upp mikil hreyfing í landinu vegna þess sem kallað var misgengis launa og lána. Vorið 1983 var vísitala launa tekin úr sambandi í óðaverðbólgu en lánin æddu upp á við, verðtryggð. Þessu var harðlega mótmælt að sjálfsögðu.

Þegar þetta gerist var framlag hins opinbera til húsnæðiskaupandans um 17% af verði meðalíbúðar. Eins og ég sagði þá geisaði mikil verðbólga á þessum tíma og lánin voru greidd út í áföngum þannig að að raungildi var þessi upphæð miklu minni. Hún var sennilega 11–12%, það sem verið var að lána.

Nú erum við að tala um að hækka þetta viðmið upp í 90% þannig að hér hafa átt sér stað framfarir að þessu leyti þó að það séu ýmsar dekkri hliðar á húsnæðismálunum sem ég ætla einnig að víkja að í máli mínu, hliðar sem hljóta að valda okkur miklum áhyggjum. En þetta vildi ég hafa sagt í upphafi.

Við erum að verða vitni að miklum breytingum á húsnæðismarkaði. Mér finnst athyglisvert að skoða hvernig viðbrögð samfélagsins og þá einkum forsvarsmanna í fjármálakerfinu hafa verið við þessum tillögum.

Þegar 90% lánin voru fyrst kynnt kviknuðu miklir eldar í samfélaginu. Menn sögðu að stöðugleika í landinu væri í voða stefnt, þetta mundi skapa mikla þenslu, fasteignaverð mundi hlaupa upp úr öllu valdi o.s.frv.

Hvað gerist síðan? Síðan fara bankarnir að bjóða mun lægri vexti en höfðu verið í boði hjá Íbúðalánasjóði og miklu rýmri skilyrði að öllu leyti. Þá heyrist ekki mukk frá sömu aðilum. Þá er engin hætta á þenslu eða offramboði. Þá er ekkert varað við því að íbúðaverð fari upp úr öllu valdi.

Hvers vegna skyldi þetta vera? Jú, það er vegna þess að mikil hagsmunabarátta á sér stað í samfélaginu um hvert eigi að stefna íbúðalánakerfinu. Á að stefna því inn í bankana, inn í fjármálakerfið sem núna er búið að eignast fiskinn í sjónum og vill núna eignast öruggasta veð sem til er í hverju samfélagi, íbúðir landsmanna? Það er þetta sem er að gerast. Þessum veðum, þessum verðmætum, vilja fjármálastofnanirnar ná frá hinu opinbera, frá Íbúðalánasjóði og stefna þeim yfir í bankakerfið. Um þetta snýst slagurinn. Ég þekki þetta mjög vel. Ég veit hvernig bankar og fjármálastofnanir hafa leitað til lífeyrissjóða á liðnum árum um samstarf um húsnæðislán af þessu tagi.

Hvað gerðist á síðasta ári? Jú, Samtök banka og verðbréfafyrirtækja kærðu ríkið til Evrópudómstólsins, til ESA og vildu fá þar staðfesta þá óskhyggju sína að lánastarfsemi á vegum hins opinbera væri ekki heimil lögum samkvæmt eða samkvæmt reglum og skilmálum hins innra markaðar.

Þegar þessir aðilar höfðu ekki árangur af þessu, hvað gerist þá? Þá líða 11 dagar frá því að þeir ná ekki sinni ósk fram um að eignast húsnæðiskerfið ókeypis og þeir byrja að niðurborga og niðurgreiða og niðurbjóða, fara með vextina niður. Ellefu dagar líða. Þegar þeir fá þetta ekki á silfurfati þá skal farin þessi leið. Nú byrjar mikill slagur. Einn bankinn byrjar. Nokkrir klukkutímar líða og aðrir fylgja í kjölfarið. Þeir eru síðan að breyta skilmálum sínum á næstu klukkutímum frá því að þetta gerist. Fyrstu tilboð KB-banka voru t.d. á þá leið að menn gætu ekki greitt lánin upp, að það væri óheimilt með öllu. Síðan líða nokkrir dagar. Þetta er gagnrýnt og þá kemur tilboð um að kúnninn geti greitt lánin upp gegn 2% álagi á eftirstöðvarnar. Þannig hefur þetta síðan verið að gerast.

Náttúrlega er ógeðfelldast í þessu af hálfu bankanna að þeir hafa viljað eignast viðskiptavini sína, éta þá með húð og hári. Þeir hafa sett þau skilyrði að tvennt af þrennu skuli uppfyllt, vísaviðskipti, greiðsluþjónusta eða viðbótarlífeyrissparnaður. Tvennt af þessu þrennu skal uppfyllt til að menn fái lánin. Það er ekki verið að bjóða lán án nokkurra skilyrða. Verið er að krefjast þess að menn gerist þegnar bankans. Fyrst áttu þeir ekki að komast út og nú þegar fallið var frá því þá yrði það samkvæmt sérstakri gjaldtöku.

Við hljótum að skoða það í nefndinni líka þegar þetta kemur til kasta félagsmálanefndar hvort Íbúðalánasjóður þurfi ekki að sitja við svipuð kjör og bankarnir. Þó að ég hafi ekki verið hlynntur uppgreiðsluálagi þá hljótum við að vega saman annars vegar uppgreiðsluálagið og hagsmunina af því fyrir Íbúðalánasjóð og hins vegar vextina. Bankarnir

eru fyrir neðan. Þeir eru ívið lægri með sína vexti en Íbúðalánasjóður. Væri hægt að lækka þá enn meira með því að skoða þetta samspil?

Ég hef ekki tekið afstöðu til þess en þetta eru hlutir sem við þurfum að sjálfsögðu að skoða vegna þess að við þurfum að ræða þetta í þessu breiða samhengi við samkeppnina sem bankarnir og fjármálastofnanirnar eru farin að veita Íbúðalánasjóði. Við verðum að gera það. Ég er ekki að segja að ég sé fylgjandi þessu. Ég er bara að segja að við þurfum að ræða þessa hluti í samhengi.

Þá vil ég víkja að öðrum þáttum sem ég sagði að væru alvarlegir í húsnæðiskerfi okkar, mjög alvarlegar brotalamir í húsnæðiskerfi okkar. Þótt framfarir hafi orðið gagnvart húsnæðiskaupandanum eiga þær við um þá sem á annað borð hafa efni á því að festa kaup á íbúð. Hópur þeirra sem ekki hafa efni á því hefur stækkað, þeirra sem ekki standast skilyrðin til að festa kaup á íbúð. Þá er ég að tala um fátækt fólk, fátækasta hluta samfélagsins á leigumarkaði.

Fyrir ekki svo ýkja löngu voru vextir á félagslegum lánum 1%, lánum sem gengu til aðila sem sjá skjólstæðingum sínum fyrir húsnæði, aðila á borð við Öryrkjabandalagið, námsmannasamtök og sveitarfélög. Síðan voru þeir færðir upp í 3,5%. Gera menn sér grein fyrir því hvaða afleiðingar slík vaxtahækkun hefur? Mönnum reiknast t.d. til hjá Reykjavíkurborg að þetta hafi þýtt 25% hækkun á húsaleigu. Þetta er samhengi hlutanna og núna eru lánin til þessara aðila orðin enn kostnaðarsamari, þ.e. sambærileg við það sem lánað er til eignarhúsnæðis, 4,3% að undanskildu sérstöku átaksverkefni sem er á ívið lægri vöxtum.

Við vitum að um þetta voru miklar deilur í ríkisstjórninni. Þar komu tvær leiðir til álita, annars vegar að lækka vexti eða hafa stuðninginn í formi lágra vaxta og hins vegar að reiða fram sérstök stofnframlög, að félagslegir aðilar fengju tiltekna upphæð eftir fyrir fram gefnum kvörðum til stuðnings framtaki sínu. Það var önnur leiðin. Við vitum alveg hvað þarna gerðist. Sjálfstæðisflokkurinn var þessu andvígur. Það urðu talsverð átök um þetta á sínum tíma en það náði ekki fram að ganga. Það hefði verið í lagi ef hitt hefði náð fram að ganga og vextirnir verið lækkaðir en það var ekki gert. Þvert á móti hafa þeir farið hækkandi. Þetta er það sem ég tel að við þurfum að taka til skoðunar í húsnæðiskerfinu, á hvern hátt við getum komið með myndarlegri hætti til móts við þá aðila sem sinna félagslegum þörfum.

Auðvitað er þá hin leiðin eftir, þ.e. önnur leið sem er vissulega farin, að greiða húsaleigubætur. Húsaleigubæturnar má hækka og Reykjavíkurborg hefur t.d. farið inn á þá braut sem mér finnst vera mjög skoðunarverð og ágæt, þ.e. að reiða fram sérstakar húsaleigubætur til þeirra sem eru á lægsta kaupinu, hafa minnst handa á milli. Þeir fá sérstakar húsaleigubætur. Þær eru ætlaðar fyrir það fólk sem ekki fær inni í félagslegu húsnæði. Hins vegar hef ég áhyggjur af því að það kunni að vera verr sett en hinir og úr því þarf að bæta. Það er tæknilegs og pólitísks eðlis að ráða bót á slíku.

Í lokin vil ég aftur koma ögn að þeim kerfisbreytingum sem við stöndum frammi fyrir því að ég hef grun um að þeir séu margir enn sem vilji Íbúðalánasjóðinn feigan og vilji takmarka umsvif hans. Menn hafa í því sambandi t.d. bent til Noregs. Þar hefur opinbera íbúðalánakerfið takmarkaðri verkefni. Þá er hugsunin sú að opinbera húsnæðiskerfið láni þeim sem hafa minnstar tekjur, opinberir aðilar sjái um þann hóp í samfélaginu, en bankar og fjármálafyrirtæki láni hinum sem hafa sæmileg fjárráð. Allt hljómar þetta ágætlega þangað til dæmið er gert upp og reiknað út.

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það að lánsfjármagnið sem opinbera kerfið yrði að afla yrði dýrara. Ótraustari veð væru að baki því fjármagni en þeim peningum sem bankarnir öfluðu sjálfir. Þeir væru með allt sitt pottþétt en opinberu aðilarnir yrðu að þjónusta þau svæði þar sem veðin væru ótraust. Bankarnir töluðu um virk og óvirk veð. Þeir aðilar sem tala svona vilja að opinbera kerfið hafi óvirku veðin, það sjái um þau, og eigi síðan að fara út á fjármálamarkað og afla lánsfjármagns til að setja inn á þessi svæði. Ef við ætlum að halda okkur við þá formúlu, þá hugsun að Íbúðalánasjóður sé sjálfbær, hann fái ekki utanaðkomandi peninga, yrði niðurstaðan sú að lánin sem yrðu veitt til þeirra svæða þar sem veðin eru óvirk — þá erum við fyrst og fremst að tala um landsbyggðina — yrðu dýrari. Þar yrðu vextirnir hærri. Viljum við þetta? Nei. Þetta bæri vott um mjög slæmt bisnessvit. En þetta vilja bankarnir að sjálfsögðu. Bankarnir og fjármálafyrirtækin vilja þetta að sjálfsögðu, og það eitt er alveg víst að þau eru ekkert hætt.

Þetta mun nú verða tekið til umfjöllunar í félagsmálanefnd og ég vil alveg í blálokin enn taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að við hröðum afgreiðslu þessa máls og tökum viðmiðunaruppháðirnar til endurskoðunar. Þær verða að eiga sér samsvörun í veruleikanum. Hvað kostar húsnæðið í raunveruleikanum? Ef við svörum ekki því kalli, ef við horfum ekki á þær viðmiðanir er hinn kosturinn sá að fólki verði einfaldlega ýtt inn í bankakerfið, inn í gin ljónsins.

[11:23]

Böðvar Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að fagna framkomnu frumvarpi sem hæstv. félagsmálaráðherra hefur mælt fyrir, um hækkun lánshlutfalls Íbúðalánasjóðs í 90% af kaupverði íbúða. Ég tel að þetta sé eðlilegt og jákvætt framhald þeirrar breytingar sem var gerð árið 1999 þegar viðbótarlán komu í stað þess félagslega íbúðakerfis sem þá hafði verið við lýði um nokkurt skeið. Þetta auðveldar auðvitað jafnframt fólki að kaupa eignir og hvetur almenning til þess að kaupa og eiga íbúðarhúsnæði sitt fremur en að leigja. Ég tel það vera góða stefnu og jákvæða þó að vissulega sé einnig nauðsynlegt að hafa til staðar virkt leigukerfi á íbúðarhúsnæði.

Það má segja að til margra ára hafi ég ekki verið neinn sérstakur stuðningsmaður Íbúðalánasjóðs. Ég taldi, og tel reyndar enn, að ýmis verkefni mætti færa yfir í aðrar fjármálastofnanir. Engu að síður nýttu bankarnir ekki vel það tækifæri sem þeir fengu í lok sumars þegar þeir hófu að veita íbúðalán með sambærilegum eða jafnvel betri kjörum en Íbúðalánasjóður hafði veitt. Ég er þeirrar skoðunar reyndar að bankarnir hafi með ákveðnum aðgerðum sínum gert það að verkum að Íbúðalánasjóður mun verða hér fastur í sessi til margra ára.

Ég er sammála því sem hér hefur komið fram að sú

ákvörðun bankanna að bjóða mismunandi kjör eftir búsetu hafi verið algjörlega óviðunandi ákvörðun. Hún leiddi til þess að ekki er annað mögulegt fyrir Íbúðalánasjóð en að halda sínu striki og vera áfram leiðandi á sviði íbúðalána í landinu. Það er ekkert annað en eðlilegt að miða lánshlutfall við verð á húsnæði og þar af leiðandi yrðu lán lægri á landsbyggðinni en þau eru á höfuðborgarsvæðinu vegna lægra verðs en það að mismuna landsbyggðinni með lægra lánshlutfalli var hins vegar óviðunandi.

Ég vil reyndar taka það skýrt fram að ég fagna mjög innkomu bankanna á þennan markað. Ég tel hana sérlega jákvæða. Bankarnir hafa nú orðið raunverulegur valkostur fyrir íbúðakaupendur sem eru í lánshugleiðingum og samkeppni á þessu sviði hefur auðvitað eins og á öðrum sviðum orðið til góðs og lækkað vaxtagreiðslur fólksins í landinu. Samkeppnin á reyndar eftir að lækka þær enn frekar því að hún á eftir að færast yfir á önnur svið eins og við höfum þegar séð dæmi um með auglýsingum um lægri lán hjá bílafyrirtækjum og bílasölum. Þrátt fyrir þessa jákvæðu innkomu gerðu bankarnir þau grundvallarmistök að bjóða mismunandi lánshlutfall eftir byggðarlögum. Það er ástæðan fyrir því að ég styð þetta frumvarp heils hugar og ég tel það mikla bót fyrir íbúðamarkaðinn í landinu. Ég tek undir það sem kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að atburðarásin á lánamarkaði undanfarna mánuði sýnir með skýrum hætti að tilvist og lánaframboð Íbúðalánasjóðs felur í sér nauðsynlegt aðhald gagnvart viðskiptabönkum og sparisjóðum."

Ég vil að þetta komi skýrt fram vegna þess að í þessum stól eru menn farnir að túlka samskipti stjórnarflokkanna, aðrir en þeir sem að þeim koma. Ég held að það sé mikilvægt að þetta komi fram.

Í frumvarpinu eru þó nokkur atriði sem mér finnst rétt að nefna lítillega. Eins og hæstv. félagsmálaráðherra kom inn á munu viðbótarlán sem veitt hafa verið með samþykki sveitarfélaganna falla niður við þessa breytingu. Sveitarfélögin hætta þar með greiðslu í varasjóð viðbótarlána en þær greiðslur hafa verið um 300 millj. kr. á ári. Þetta er mjög jákvætt skref fyrir sveitarfélögin í landinu og mikilvægt innlegg í umræður um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þrátt fyrir að upphæðin sé ekki stór er þetta engu að síður gjaldaliður hjá sveitarfélögunum og skref í þá átt að lækka þann kostnað sem þau hafa af skylduverkefnum sínum.

Sjóðurinn er nú um 1.100 millj. kr. og mun áfram verða til og standa til tryggingar þeim viðbótarlánum sem veitt hafa verið frá árinu 1999. Fram til þessa hafa viðbótarlán að langmestu leyti verið veitt út á minni eignir, út á tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir. Það er eðlilegt. Þar sem viðbótarlánin hafa verið til tekjuminni og eignalítilla einstaklinga eru þau veitt fremur út á minni eignir en hinar stærri.

Það segir sig líka sjálft að velta slíkra íbúða á markaði er hraðari en hinna stærri. Það eru örari skipti eigenda á litlum íbúðum en hinum stærri sem fólk velur sér oft sem framtíðarhúsnæði. Ég held að ekki sé óeðlilegt að telja að á næstu fimm árum muni verða eigendaskipti að stórum hluta þeirra eigna sem nú hafa áhvílandi viðbótarlán. Áður þurftu sveitarfélögin að yfirfara umsóknir og samþykkja breytingar á skuldurum í tilfellum þegar eigendaskipti áttu sér stað en eftir þessa breytingu verður það Íbúðalánasjóður einn sem veitir samþykki fyrir nýjum greiðanda að slíkum lánum. Um leið mun ábyrgð sveitarfélaganna falla niður og þá hlutverk þeirra sem varasjóðs viðbótarlána sem ábyrgðaraðila ef illa fer.

Frá árinu 1999 þegar sjóðurinn var settur á fót hafa greiðslur úr honum verið tiltölulega litlar sem betur fer. Ef áfram heldur sem horfir, þ.e. ef ástand á íbúðamarkaði verður gott áfram, verð fer hækkandi og ör skipti verða á eigendum, má einnig reikna með því að útgreiðslur úr sjóðnum verði tiltölulega litlar á næstu árum. Mér er kunnugt um að framlög í þennan sjóð voru óafturkræf samkvæmt reglum um hann og lögum en mér finnst þó ástæða til að ræða hvort ekki væri rétt að skoða að sveitarfélögunum yrðu greidd til baka þau framlög sem þau hafa sett í sjóðinn á síðustu fimm árum. Þar er um að ræða umtalsverðar upphæðir sem væri í sjálfu sér ekki vanþörf á fyrir sveitarfélögin að fá inn í rekstur sinn. Að minnsta kosti held ég að hægt væri að skoða þann möguleika að þegar eigendaskipti hafa átt sér stað á umtalsverðum fjölda þessara lána eða ákveðinni upphæð og ábyrgðin hafi þar með færst af varasjóði viðbótarlána og yfir til Íbúðalánasjóðs séu forsendur fyrir því að skoðað verði hvort ekki sé hægt að endurgreiða sveitarfélögunum úr þessum sjóði í sama hlutfalli og þau hafa greitt inn í hann á síðustu fimm árum.

Hæstv. forseti. Að því gefnu að sveitarfélögin hafi greitt 300 millj. kr. í sjóðinn á árinu 2003, sem var 5% af heildarfjárhæð þeirra viðbótarlána sem voru veitt þá, fáum við út að fjárhæð viðbótarlána á árinu 2003 hafi verið um 6 milljarðar kr. Það er rétt, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom inn á áðan, að viðbótarlánin voru með lántökugjald sem var 0,5% í stað 1% sem er af venjulegum lánum sjóðsins og af þeim var ekki greitt stimpilgjald. Það þýðir með öðrum orðum að tekjur Íbúðalánasjóðs vegna hækkaðra lántökugjalda, að því gefnu að heildarupphæð lána verði með sama hætti og áður, munu hækka um 30 millj. kr. á ári og á sama hátt munu tekjur ríkissjóðs vegna stimpilgjalda hækka um 90 millj. kr. á ári.

Fyrir nokkrum vikum var til umræðu í þinginu nauðsyn þess að lækka kostnað fólksins í landinu vegna lántöku- og stimpilgjalda. Ég vil í tilefni af þeirri umræðu og málinu hér ítreka þá skoðun mína sem fram kom þá, að rétt sé að skoða hvort ekki sé mögulegt og ekki sé að skapast færi til þess að lækka þann kostnað fólksins í landinu með því að lækka eða fella niður stimpilgjöld af lánum til húsnæðiskaupa.

Vegna orða hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að stöðugt dragi úr samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs og reyndar einnig orða hv. þm. Ögmundar Jónassonar finnst mér rétt að geta þess að mikilvægt sé að Íbúðalánasjóður þræði þann gullna meðalveg í samkeppni sem er eðlilegur hjá ríkisstofnun sem er í samkeppni við fyrirtæki á almennum markaði. Íbúðalánasjóður er í yfirburðastöðu á íbúðamarkaði og hann þarf ekki og hann á ekki að fara í auglýsingaherferðir eða markaðsaðgerðir til að reyna að drepa niður samkeppni heldur fremur að vinna með þeim hætti að fleiri fyrirtæki geti einnig starfað á þeim markaði.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum nefna það að allar breyt-

ingar í þessa átt á lánakerfi húsnæðismarkaðarins setja markaðinn í biðstöðu þar til niðurstaða hefur fengist úr því máli sem verið er að ræða og þær breytingar sem verið er að leggja til eru um garð gengnar. Það er nokkuð víst að sala á íbúðarhúsnæði, sér í lagi úti á landi þar sem bankarnir hafa ekki verið að bjóða upp á 80% lánshlutfall, að þeir markaðir fara í biðstöðu þar til afgreiðsla hefur farið fram á frumvarpinu.

Íbúðamarkaðurinn hefur verið nokkuð sérstakur á þessu ári. Hann hefur einkennst af miklum breytingum á sviði lána en hann hefur jafnframt verið stöðugt undir þeirri pressu og umræðu að miklar breytingar séu fram undan á lánsmarkaðnum. Mér er kunnugt um að biðstaða hafi verið víða um land á sölu íbúðarhúsnæðis um nokkurra mánaða skeið í vor vegna fyrirhugaðra breytinga og svo verður aftur þar til frumvarp þetta verður afgreitt frá þinginu.

Það er gert ráð fyrir að lögin taki gildi frá 1. janúar 2005. Vissulega er það ekki langur tími en mér finnst ástæða til þess að nefna þetta við þær nefndir sem fá frumvarpið til umfjöllunar að þær vinni hratt og dragi ekki að afgreiða frumvarpið sem lög frá Alþingi sem allra fyrst þannig að sú starfsstétt sem hefur atvinnu sína af því að selja húsnæði, sér í lagi úti á landsbyggðinni, þurfi ekki að bíða aðgerðalaus þar til frumvarpið fær afgreiðslu þingsins.

[11:35]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns þar sem hann lýsir þeirri skoðun sinni að fella eigi niður stimpilgjöldin, einkum af lánum í fasteignaviðskiptum. Við í Samfylkingunni höfum margítrekað þá stefnu okkar og lagt fram um það þingmál að það verði í forgangi fram yfir margt annað sem menn vilja sjá í lækkun skatta.

Ég vil því spyrja hv. þm. hvort hann telji ekki að lækkun stimpilgjalda vegna íbúðarhúsnæðis eða lækkun stimpilgjalda almennt eigi að vera í forgangi umfram það að fara í almenna tekjuskattslækkun um 4%, sem helst gagnast þeim sem mest hafa fyrir, hvort við eigum ekki að setja þetta í forgang og sammælast um það.

Ég vil einnig spyrja hv. þm. varðandi þá hámarksfjárhæð sem hæstv. ráðherra kynnti, 11,5 millj. kr. nú og 13 millj. kr. um áramót, hvort hann geti verið sammála mér um það að hér er of varlega farið í sakirnar og að ganga eigi lengra í að hækka hámarksfjárhæðina til þess að Íbúðalánasjóður verði samkeppnishæfur á við bankana sem eru með ekkert þak á hámarksfjárhæðinni, og hvort hann geti ekki verið mér sammála um það að þetta muni engu breyta fyrir þensluna á markaði eða verðbólguna vegna þess að þetta muni einungis flytja viðskiptin í meira mæli yfir til bankastofnana.

Hv. þm. nefndi það um daginn í umræðum um húsnæðismál að hann væri sammála skoðun minni að auka ætti sveigjanleika varðandi veðröð annarra lána þannig að Íbúðalánasjóður mundi heimila að lántakendur geti skuldbreytt óhagstæð lán svo að það væri meiri sveigjanleiki í veðröðinni. Hv. þm. tók undir það um daginn og ég vil spyrja hann hvort hann hafi eitthvað fylgt því máli eftir í þingflokki sínum þannig að það verði meiri sveigjanleiki sem eykur enn á samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs.

[11:37]

Böðvar Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil geta þess sérstaklega að ég var þeirrar skoðunar að endurskoða beri og reynt verði að finna því farveg að lækka kostnað fólksins í landinu varðandi stimpilgjöld og lántökugjöld. Ég er hins vegar ekki sammála því að það sé í forgangi umfram það að lækka tekjuskattinn. Það er mál sem við eigum að ganga í númer eitt, að lækka tekjuskatt, og ég vona að fljótlega komi fram frumvarp um með hvaða hætti það verður gert á þessu kjörtímabili.

Um það hvort ekki sé eðlilegt að hækka hámarkslán Íbúðalánasjóðs, má vel vera að ástæða sé til þess að fara með þakið hærra en 13 millj. Þó er nauðsynlegt að fara varlega í sakirnar og ég ítreka þau orð sem ég sagði áðan að Íbúðalánasjóður er með yfirburðastöðu á íbúðamarkaði. Hann þarf auðvitað að gæta hagsmuna sinna en hann á að fara þann gullna meðalveg sem er eðlilegt að ríkisfyrirtæki í samkeppni við fyrirtæki á almennum markaði fari. Þess vegna er nauðsynlegt að Íbúðalánasjóður skoði það og fari rólega í að hækka hámarkslán.

Ég get ítrekað það sem ég sagði um daginn að ég er sammála hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að Íbúðalánasjóður á að veita veðleyfi þegar einstaklingar og aðilar óska eftir því að fá að skuldbreyta öðrum lánum en Íbúðalánasjóði. Ástæðan fyrir því er einmitt sú sama, að Íbúðalánasjóður á ekki að setja svo stíf skilyrði að fólk geti ekki skuldbreytt lánum sínum með eðlilegum hætti. Það skiptir ekki máli hvort Íbúðalánasjóður er á 1., 2. eða 3. veðrétti ef hann er innan þeirra eðlilegu veðmarka sem hann setur sér venjulega um veðhlutfall af hámarksverði húsnæðis.

[11:39]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því síðasta sem fram kom í máli hv. þm. varðandi veðmörkin og að auka eigi heimildir til þess að veita veðleyfi til þess að skuldbreyta öðrum lánum. Það væri ágætt að fá það fram í umræðunni á eftir hvort hæstv. ráðherra hafi eitthvað skoðað það mál nánar, sem ég tel mjög mikilvægt að verði gengið í.

Ég lýsi vonbrigðum mínum með það sem hv. þm. nefnir varðandi forgang í skattalækkunum. Að lækka stimpilgjöldin mundi gagnast öllum íbúðarkaupendum. Ef þau yrðu felld niður mundi það spara venjulegum íbúðarkaupanda um 200–300 þús. kr. Það mundi gagnast atvinnulífinu, ekki síst litlum og meðalstórum fyrirtækjum, og það mundi gagnast t.d. landsbyggðinni sem hv. þm. ber fyrir brjósti mjög vel.

En hv. þm. vill frekar lækka tekjuskattinn með þeim hætti sem ríkisstjórnin stefnir að sem skilar sér í vasa þeirra sem mest hafa fyrir. Það hefur verið sýnt fram á það með margvíslegum hætti og ég lýsi vonbrigðum mínum með þá forgangsröðun sem hv. þm. setur fram um þennan þátt málsins.

Varðandi hámarksfjárhæðina þá var svar hv. þm. nokkuð óljóst og loðið um að það ætti að hækka hana, passa yrði upp á að ganga ekki of langt í því efni þar sem þetta væri

ríkisstofnun, væntanlega til þess að bankarnir hefðu meira svigrúm. En það er alveg ljóst, af því að hv. þm. nefndi landsbyggðina í þessu sambandi og mikilvægi hlutverks Íbúðalánasjóðs fyrir landsbyggðina, að ef ekki verður gengið lengra í þessu efni, að hækka hámarksfjárhæðina, getur það gengið að Íbúðalánasjóði dauðum vegna þess að það er auðvitað það sem bankarnir vilja. Hlutverk Íbúðalánasjóðs er það mikilvægt á húsnæðismarkaðnum að við verðum að standa dyggan vörð um að hann geti með eðlilegum hætti gegnt hlutverki sínu. Liður í því er að ganga nú þegar lengra í að hækka hámarksfjárhæðina en hæstv. ráðherra áformar.

[11:41]

Böðvar Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir það að niðurfelling eða lækkun stimpilgjalda mun gagnast öllum íbúðarkaupendum en lækkun tekjuskattshlutfallsins gagnast mun fleirum. Þess vegna er það skoðun mín að lækkun á tekjuskattsstofninum eigi að ganga fyrir í lækkunum á hlutföllum í skattamálum. Það er mjög mikilvægt að það sé gert númer eitt, eins og fram hefur komið, og ýmsar aðrar skattalækkanir verði skoðaðar í framhaldi af því.

Hvað varðar hækkun hámarkslána ítreka ég það sem ég hef áður sagt að ég tel Íbúðalánasjóð vera í yfirburðastöðu á þessum markaði og hann verður að gæta hófs í því að berja ekki niður samkeppni. Þess vegna sagði ég að mér finnst að fara þurfi varlega í að hækka hámarksfjárhæðina og finnst í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að miðað sé við 13 milljónir í upphafi árs. Vissulega hlýtur það þó að verða skoðað af ráðherra, ráðuneytismönnum og fulltrúum í Íbúðalánasjóði hvort ekki sé eðlilegt að hún fylgi svo eðlilegri þróun og hækkun á íbúðamarkaði til frambúðar.

[11:43]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og hefur komið fram í þessum umræðum ríkir breið samstaða hjá þeim sem hafa tjáð sig um þetta ágæta frumvarp og menn telja almennt að það sé til mikilla bóta. Það hefur líka komið fram, sem ég vil nefna sérstaklega, að stjórnarandstaðan hefur látið liggja að því að Sjálfstæðisflokkurinn vilji Íbúðalánasjóð út af markaði, hefur vænt hann um það, en það er alveg ljóst að svo er alls ekki miðað við ræðuna sem hv. þm. Böðvar Jónsson hélt áðan. Það sem ég heyrði af ræðu hans var að hann fullyrti að Íbúðalánasjóður mundi verða fastur í sessi lengi, um nokkra framtíð eða í einhver ár, og því er alveg ljóst að þessi fulltrúi Sjálfstæðisflokksins telur að Íbúðalánasjóður hafi mjög miklu hlutverki að gegna.

Það hefur líka verið breið samstaða milli allra stjórnmálaflokka á Íslandi um að standa vörð um það meginmarkmið að íbúarnir geti búið við öryggi í húsnæðismálum. Að þeir geti á góðum eða viðráðanlegum kjörum eignast eigin húsnæði eða hafi ella möguleika á að leigja húsnæði einnig á góðum eða viðráðanlegum kjörum. Þetta hefur verið hin almenna pólitíska sýn og við viljum viðhalda henni.

Það kom fram í ræðu hæstv. félagsmálaráðherra að leigumarkaðurinn stendur frekar vel um þessar mundir. Gallup-könnun sýndi að fólk hefur almennt frekar góðan aðgang að leiguhúsnæði og húsnæði er gott. Það má segja að búið sé að taka út af markaðnum lélegar íbúðir og á árunum 2002–2004 hefur Íbúðalánasjóður lánað til um 2.000 leiguíbúða þannig að það er veruleg innspýting og alveg ljóst að leiguíbúðaverð er í jafnvægi.

Það kom einnig fram að starfandi nefndir hafa verið að skoða íbúðalánamál og markaðinn og að leitað hefur verið leiða til að lækka byggingarkostnað. Einnig stendur til að kanna hvort endurskoða eigi ákvæði byggingarlaga og/eða byggingarreglugerðar með það fyrir augum að auka svigrúm varðandi lágmarksstærðir herbergja og geymslna. Af þessu tilefni vil ég taka sérstaklega fram, virðulegur forseti, að þetta er einmitt mál sem hefur oft komið upp í umræðunni. Er hægt að lækka byggingarkostnað, sérstaklega á smáíbúðum, með því að breyta þeim kvöðum sem gerðar eru til byggingaraðila, verktaka og fleiri um hvernig þessar íbúðir eiga að líta út? Þetta hefur einnig verið m.a. til skoðunar í umhverfisráðuneytinu og þar stendur núna yfir skoðun á breytingum á skipulags- og byggingarlögum í tveimur nefndum. Haldin var ráðstefna fyrir stuttu til að fá fram hugmyndir um hvernig væri hægt að breyta reglugerð, hugsanlega lögum til að lækka byggingarkostnaðinn og þar er verið að skoða eftirfarandi atriði: Er hægt að minnka kröfur varðandi geymslur? Er hægt að minnka kröfur varðandi sérþvottahús þannig að fólk geti til dæmis tekið þvottavélar sínar inn á baðherbergi? Er hægt að breyta fyrirkomulagi íbúða með sérhópa í huga, svo sem námsmenn, þannig að kröfurnar verði ekki eins miklar og þær eru í dag?

Mér finnst þetta mjög athyglisverð umræða og langar að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra, ef hann hefur eitthvað skoðað hvernig málin standa, hvort eitthvað nýtt hafi komið í ljós. Það gæti verið mjög ákjósanlegt fyrir allan íbúðamarkaðinn ef hægt væri að auka sveigjanleika varðandi kröfur í byggingum þannig að byggingarkostnaður lækkaði. Er honum kunnugt um að svo sé?

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að 90% lánin voru eitt af aðaláherslumálum okkar framsóknarmanna í síðustu alþingiskosningum. Við fundum að afar æskilegt væri að koma málinu í framkvæmd til að auka kjarabætur fólks. Við lögðum mikið upp úr að koma málinu á framfæri og við erum núna að koma því í höfn. Við erum mjög ánægð með þetta mál og ég er einnig mjög ánægð með hversu jákvæður tónn er í hinum stjórnmálaflokkunum út í þetta. Hæstv. félagsmálaráðherra setti vinnuna við frumvarpið í gang og að því hefur verið unnið í samræmi við hagsmunaaðila. Slíkt er afar gott til þess að málið verði unnið eins heildstætt og hægt er.

Eins og ýmsir hafa gert tel ég ástæðu til að rifja upp það sem átti sér stað í sumar. Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór ágætlega yfir það en þá fór í gang mikil umræða um húsnæðismarkaðinn og komu fram mikil viðbrögð bankanna. Þau viðbrögð komu í kjölfar breytinga á skuldabréfaútgáfu Íbúðalánasjóðs þar sem sú breyting var hvatinn til að bankarnir fóru skyndilega að keppast við að lækka vexti og bjóða lán til íbúðarkaupenda. Þetta var afar sérkennileg atburðarás. Að mörgu leyti er hún mjög jákvæð en bankarnir hafa ekki hreyft sig neitt á þessum markaði svo heitið getur fyrr en í sumar.

En það er önnur forsenda fyrir því að bankarnir gátu hreyft sig svona mikið. Það var bæði þessi breyting á skuldabréfaútgáfunni en það var líka einkavæðing bankanna. Ef hún hefði ekki komið til á sínum tíma er alveg ljóst að þeir hefðu ekki brugðist við eins og þeir gerðu í sumar. Þetta eru því samverkandi áhrif.

Virðulegi forseti. Ég vil líka gera að umtalsefni hvað þetta er mikil kjarabót fyrir neytendur eða íbúðakaupendur. Tökum tvö dæmi um hjón eða sambúðarfólk sem ætlar að kaupa sér íbúð og gamla kerfið er skoðað og síðan er það borið saman við nýja kerfið. Ef þessi hjón þurfa t.d. á 13 millj. kr. láni að halda til þess að kaupa sér þokkalega íbúð þá er ljóst að í gamla kerfinu er hægt að hugsa sér að 9,2 millj. hefðu verið teknar í fasteignaverðbréfi með 5,1% vöxtum og tekið yrði viðbótarlán upp á 3,8 millj. með 5,3% vöxtum, samtals 90% lán til íbúðarkaupa. Ef við tökum annað dæmi til samanburðar í nýja kerfinu um sama fólk sem tekur 90% lán upp á 13 millj. með 4,3% vöxtum þá er ljóst að í nýja kerfinu borgar þetta sama fólk 87 þús. kr. lægra í afborganir og vexti á fyrsta ári en í gamla kerfinu. Á lánstímanum borgar það tæpum 3,5 millj. kr. lægri afborganir og vexti. Hér er því óumdeilanlega um geysilega mikla kjarabót að ræða fyrir almenning, tæplega 90 þús. kr. á fyrsta ári og rétt undir 3,5 millj. kr. á lánstímanum.

Mig langar líka að draga fram að auk þess að vera mjög hagstæð fyrir íbúðakaupendur þá léttir þessi breyting líka mjög mikið á sveitarfélögunum og er því mjög jákvæð fyrir þau. Það helgast af því að viðbótarlánin falla niður þannig að sveitarfélögin losna við að greiða í varasjóð viðbótarlána en á síðasta ári námu þessi framlög rúmlega 300 millj. kr. Samkvæmt 6. gr. getur varasjóður húsnæðismála aukið tækifærin til að greiða sveitarfélögunum tap vegna sölu á félagslegum íbúðum á almennum markaði og svo næst að sjálfsögðu fram vinnusparnaður vegna þess að sveitarfélögin þurfa ekki að sýsla með þessi viðbótarlán í framtíðinni. Þetta léttir um a.m.k. 300 millj. kr. af sveitarfélögunum og það kom fram í umræðunum að það væri kannski ekkert voðalega mikið en þetta er mjög há upphæð, þetta eru 300 millj. kr. Þetta er því mjög jákvætt fyrir sveitarfélögin sem hafa borið sig illa upp á síðkastið vegna tekjustofna sinna. Þó ber að hafa í huga að hæstv. félagsmálaráðherra og félagsmálaráðuneytið munu eiga viðræður við sveitarfélögin í kjölfar þessa um hvernig þau koma að húsnæðismálum. Miðað við tóninn á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldinn var fyrr í vikunni virðast sveitarfélögin ekkert vera að flýta þeim viðræðum.

Það hefur komið fram í umræðunni, virðulegi forseti, að við viljum almennt verja Íbúðalánasjóð. Hann hefur gegnt mjög mikilvægu hlutverki vegna þess jafnréttis sem hann hefur boðið upp á. Fólk getur fengið lán óháð búsetu og óháð fjárhagslegri forsögu. En bankarnir einbeita sér að svokölluðum virkum markaðssvæðum og menn vita ekki alveg hvernig þeir hafa hugsað sér að koma til móts við landsbyggðina. Þeir hafa ekki gert það ekki á sama hátt og Íbúðalánasjóður. Bankarnir hafa heldur ekki sýnt að þeir muni koma með sams konar félagsleg úrræði og Íbúðalánasjóður gerir ef fólk lendir í þröng, en þá hefur Íbúðalánasjóður fryst lánin í allt að 3 ár, lengt í lánum og skuldabreytt vanskilum. Það er mörgum til efs að bankarnir munu eitthvað skoða það að koma til móts við þá sem lenda í vandræðum. Íbúðalánasjóður hefur þessa félagslegu sýn sem bankarnir hafa ekki sýnt burði til að feta auk þess að Íbúðalánasjóður sinnir líka landsbyggðinni. En það er ekki þar með sagt að þessi innkoma bankanna eigi ekki rétt á sér. Íbúðalánasjóður hefur borið ægishjálm yfir aðra á þessum markaði en það er líka vegna þess að hann hefur sinnt honum, en það hafa aðrir ekki gert. Það má vel hugsa sér að markaðshlutdeild Íbúðalánasjóðs minnki eitthvað. Ef ég man rétt er hún um eða yfir 80% þannig að það er svo sem ekkert óeðlilegt að aðrir komi inn á þennan markað með góð kjör. Á sama tíma viljum við halda þessari góðu stöðu gagnvart landsbyggðinni og gagnvart þeim sem hugsanlega lenda í vandræðum með afborganir og þurfa úrræði. Við viljum líka sjá hvort bankarnir hafi þol í þetta, hvort þeir hafi úthald. Enn sem komið er er því þörf á Íbúðalánasjóði og eins og fram hefur komið í umræðunni þá vilja fulltrúar stjórnmálaflokkanna sem hér hafa talað almennt verja Íbúðalánasjóðinn.

Ég tel að þetta frumvarp sé afar gott og fagna því að þingmenn segjast vilja vinna tiltölulega hratt að þessu máli í félagsmálanefndinni og við munum reyna að gera það þannig að hið nýja fyrirkomulag taki gildi frá og með næstu áramótum. Þetta er afar gott mál og til mikilla hagsbóta fyrir neytendur. Á sama tíma skil ég mjög vel að þeir sem vilja verja Íbúðalánasjóð ræða mikið um hve há þessi hámarkslán eigi að vera, hversu hátt þetta þak á að vera vegna þess að við viljum ekki að öll þessi lán færist beint yfir í bankakerfið að öllu óbreyttu.

[11:57]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var mikilvægt að fá innlegg hv. formanns félagsmálanefndar um þetta mál en þangað fer málið til meðferðar. Hv. þm. nefndi að flýta afgreiðslu málsins og við höfum tekið undir það í ræðustól. Ég vil heita formanni nefndarinnar öllum stuðningi í því máli en spyr hv. þm. hvort við getum ekki sammælst um að reyna að flýta málinu það mikið að það taki gildi 1. desember nk. Ég held að það liggi mikið á. Ég held að bankarnir séu á hraðferð að taka þennan markað meira og minna til sín og við verðum bara að efla samkeppnisstöðu sjóðsins og ein leið í því væri t.d. að flýta gildistöku frumvarpsins.

Ég vil líka spyrja hv. þm. hvort hún sé ekki tilbúin að skoða það sem ég nefndi í máli mínu áðan, þ.e. að skoða það að lækka lántökugjöldin hjá Íbúðalánasjóði. Þar ber ég fyrir mig t.d. viðbótarlánunum sem nú á að fella niður, þau bera einungis 0,5% lántökugjald en munu ef ekki verður breyting á bera 1% lántökugjald. Viðbótarlánin bera heldur engin stimpilgjöld nú en munu bera stimpilgjöld eftir þessa breytingu, þ.e. þeir lántakendur sem núna falla innan tekjumarkanna sem veita rétt til viðbótarlána. Ég held að mikilvægt væri fyrir framkvæmd málsins að við gætum náð saman um að lækka lántökugjaldið.

Ég vil líka spyrja hv. þm. af því að hún tjáði sig ekki um hámarksfjárhæðina hvort hún sé ekki sammála mér í því að hér sé of skammt gengið að hámarksfjárhæðin sé eingöngu 11,5 millj. nú og eigi að fara í 13 millj. um nk. áramót. Ég held að það sé afar mikilvægt að breið samstaða náist um

að fara hærra með þessar fjárhæðir til þess að Íbúðalánasjóður verði samkeppnishæfur við bankana, ella mun enn aukast streymið inn til bankanna varðandi útlánin. Ég hef nefnt það hér að við erum ekki að auka þensluna með því að fara hærra varðandi hámarksfjárhæðir heldur erum við einungis að treysta stöðu Íbúðalánasjóðs og að viðskiptin flytjist ekki eins og nú stefnir inn til bankanna.

[11:59]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi hvort flýta eigi afgreiðslu málsins þannig að hið nýja fyrirkomulag taki gildi 1. desember þá er eðlilegt að það verði rætt við umfjöllun málsins í félagsmálanefnd. Við munum að sjálfsögðu senda þetta mál út til umsagnar. En svona ber málið að til stjórnarflokkanna og inn í þingið og sjálfsagt hefur hæstv. félagsmálaráðherra skoðað alla fleti þess. Þetta er sem sagt niðurstaða í þessu frumvarpi eins og það lítur út í augnablikinu og við getum ekkert kveðið upp úr með það hér og nú hvort einhverjar breytingar verði gerðar á því.

Ég get heldur ekki kveðið upp úr með hvort við munum gera einhverjar tillögur um breytingar á lántökugjöldunum á þessari stundu. Við hljótum að skoða það líka í félagsmálanefnd eins og allar greinar þessa máls.

Varðandi hámarksfjárhæðina og spurninguna um hvort þetta gengur of skammt, hvort hún ætti að vera hærri þá er það mat hæstv. félagsmálaráðherra sem fer með þennan málaflokk að sú upphæð sem nefnd er í frumvarpinu sé ásættanleg, hámarkið 13 millj. og nú þegar er búið að breyta reglugerð þannig að það er 11,5 millj. sem er hámarksfjárhæðin. Það kom líka mjög skýrt fram bæði hjá hæstv. félagsmálaráðherra og öðrum sem hér hafa talað að það er æskilegt og nauðsynlegt að þessi upphæð þróist í takt við það sem er að gerast á húsnæðismarkaðnum. Ráðherrann hefur möguleika í reglugerð að breyta henni og að sjálfsögðu mun hann eins og eðlilegt er fylgjast með þróun á húsnæðismarkaði þannig að það er ekki útilokað að gerðar verði breytingar á henni í reglugerðum til hækkunar eftir því hvernig mál þróast áfram.

[12:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þessa síðasta, að eðlilegt sé að skoða þetta með tilliti til þróunar á markaðnum: Hver er þróunin á markaðnum? Verð á þriggja herbergja íbúð er um 13 millj. kr. og það liggur fyrir að lán Íbúðalánasjóðs nú duga ekki fyrir nema um 50% af meðalverði íbúðar. Bankarnir hafa ekki þak á hámarkslánsfjárhæðum sínum. Fólk gæti þannig fengið 20–30 millj. kr. lánaðar þar á meðan það fær einungis 11,5 millj. kr. úr sjóðnum. Ef þetta á að þróast í takt við það sem er í raunveruleikanum, það sem er að gerast hjá bönkunum þá á auðvitað strax að fara hærra. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra tjái sig um það á eftir hvort hann er ekki tilbúinn til að svo verði.

Mér finnst reyndar ófært, miðað við stöðuna, að það skuli allt í reglugerð, breytingar á hámarksfjárhæðinni. Ég vil að við höfum skoðun á því í þinginu hver sú hámarksfjárhæð á að vera og þá komi skýrt fram í nefndaráliti ef menn telja rétt að hafa þetta áfram í reglugerðum.

Varðandi gildistökuna þá munum við skoða það atriði. Ég heyri að hv. þm. vill að við reynum að flýta afgreiðslu málsins. Við höfum afgreitt stærri mál en þetta á þeim 3–4 vikum, sem við höfum til stefnu. Ég heiti stuðningi við að flýta gildistökunni. Það munar um hverja einustu viku sem Íbúðalánasjóður fær auknar heimildir. Ef ég skil hv. þm. rétt þá er hún opin fyrir því að skoða lántökugjaldið, að við reynum að sammælast um lækkun á því. Við munum ræða þetta áfram í félagsmálanefnd. Hv. þm. útilokar ekkert af því sem ég hef sagt og við munum reyna að ná sameiginlegri niðurstöðu við afgreiðslu málsins í félagsmálanefnd.

[12:04]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, við munum skoða þetta mál vel í nefndinni. En þótt ég tali um að við getum skoðað málin eins og eðlilegt er þá gef ég ekki út nein loforð um breytingar á þessu. Ég bið hv. þm. um að oftúlka ekki orð mín.

Varðandi það hvort hámarksfjárhæðin er rétt eða ekki þá er þetta a.m.k. mat hæstv. ráðherra sem leggur málið fram. Hann hefur auðvitað öll úrræði til að skoða þá upphæð faglega. Það má líka benda á, eins og gert var af fulltrúa Sjálfstæðisflokksins áðan, hv. þm. Böðvari Jónssyni, að þetta er nokkuð vandmeðfarið, að verja Íbúðalánasjóð þannig að hann haldi vissri stöðu gagnvart íbúðakaupendum. En það er ekki eðlilegt, þegar aðrir koma inn á markaðinn, að hann útiloki aðra frá markaðnum. Þetta er hinn gullni meðalvegur sem menn þurfa að feta.

Varðandi það sem fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, um að við ættum að hafa skoðun á því hvort fjárhæðin væri í reglugerð eða ekki, þá bendi ég á að eins og fyrirkomulagið er núna hefur ráðherra svigrúm til að breyta fjárhæð í reglugerð. Ég átta mig ekki á því hvort þingmaðurinn vildi meina að við ættum að setja það í lög en með því væri svigrúmið miklu minna og það þyrfti að fara í gegn lagafrumvarp í hvert einasta skipti sem hæstv. félagsmálaráðherra vildi hreyfa þessari tölu. Ég vara við því og tel að með því yrði kerfið miklu staðnaðra. Ég held að margt mæli með því að hafa fyrirkomulagið eins og það er núna, að hafa þessa upphæð í reglugerð.

[12:06]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Við erum að fjalla um frumvarp til laga um breytingar á lögum um húsnæðismál. Í því frumvarpi sem hér er til umræðu felst að lánshlutfall almennra íbúðalána mun hækka í allt að 90% af verðgildi eignar að ákveðnu hámarki.

Hér verður lögfest, ef allt gengur að óskum, eitt af stærri kosningaloforðum á síðari árum, vil ég meina, sem Framsóknarflokkurinn beitti sér fyrir í aðdraganda síðustu kosninga. Á flestum þeim fundum sem frambjóðendur flokksins héldu kom fram að stefnan væri að hækka lánshlutfall almennra íbúðalána í allt að 90% af verðgildi eignar, að ákveðnu hámarki. Auk þess, og ekki síst, yrði húsnæðislánakerfið tekið til endurskoðunar með það að markmiði að lækka vexti og greiðslubyrði íslenskra heimila af húsnæðislánum.

Hæstv. félagsmálaráðherra Árni Magnússon hefur fylgt

þessu stefnumáli myndarlega úr hlaði. Strax að afloknum síðustu kosningum setti hann af stað mikla og vandaða vinnu við endurskipulagningu á fyrirkomulagi húsnæðislána, sem afgreidd var hér á síðasta þingi og við þekkjum sérstaklega vel sem þá sátum í félagsmálanefnd þingsins. Sú kerfisbreyting sem þá átti sér stað, að afnema húsbréfakerfið og taka upp íbúðalánakerfi, var forsendan fyrir því frumvarpi sem hér er lagt fram. Það var forsendan fyrir 90% húsnæðislánunum.

Við horfum á þá þróun sem hefur átt sér stað síðan kerfisbreytingin var lögfest, að vextir hafa nú lækkað úr 5,1% í 4,3%. (Gripið fram í.) Því er hér um mjög mikla kjarabót að ræða fyrir íslensk heimili og ég er viss um að hv. formaður Samfylkingarinnar er sammála okkur framsóknarmönnum um að um gríðarlegt framfaramál er að ræða og trúlega eina mestu kjarabót sem íslenskar fjölskyldur og íslensk heimili hafa fengið á síðari árum.

Ef við hugum að heildarskuldum íslenskra heimila þá getum við gert ráð fyrir því að þær séu á bilinu 800–900 milljarðar kr. Ef við gefum okkur að vextir af húsnæðislánum og jafnvel öðrum neyslulánum hafi lækkað um 1% á þessum stutta tíma, eða allt að því, þá erum við að tala um 6–8 milljarða kr. lægri greiðslubyrði íslenskra heimila vegna lána sem fjölskyldurnar hafa þurft að taka til að koma sér þaki yfir höfuðið. 6–8 milljarðar kr. eru mjög miklir peningar og munar um minna í bókhaldi heimilanna. Ef við leggjum saman vaxtabætur og barnabætur þá reiknast mér til að ríkið verji samanlagt um 9 milljörðum kr. til þeirra mála. Þannig skiptir 6–8 milljarðar kr. lægri greiðslubyrði heimilanna gríðarlega miklu máli og er mikil kjarabót.

Í kjölfar kerfisbreytinga sem við samþykktum á síðasta þingi hefur hafist gríðarleg samkeppni á húsnæðislánamarkaðnum, sem ég fagna verulega. Bankarnir sem áður fyrr treystu sér ekki til þess að lána til húsnæðiskaupa á vöxtum undir 5,1% eru farnir að bjóða vexti upp á 4,2%. Öðruvísi mér áður brá en reyndar eru ekki sömu skilmálar á þeim lánum og þeim lánum sem Íbúðalánasjóður býður.

Við hljótum að velta fyrir okkur þeim áhrifum sem samkeppnin hefur. Bankarnir eru ekki einvörðungu að lána til húsnæðiskaupa heldur er oftar en ekki um hrein og bein neyslulán að ræða. Skuldlaus eigandi húsnæðis upp á 30 millj. kr. getur farið inn í banka og fengið 24 millj. kr. lán og getur náttúrlega farið með þá fjármuni að vild, keypt sér sumarhús, bíl og annað slíkt. Ég held að sú breyting sem hefur átt sér stað hvað þetta varðar muni auka einkaneysluna í landinu allverulega og hafa mjög þensluhvetjandi áhrif. Því er vert að minnast þess málflutnings sem bankarnir viðhöfðu í aðdraganda síðustu kosninga þegar við framsóknarmenn hófum umræðu um að hækka lánshlutfall almennra íbúðalána upp í allt að 90% af verðgildi eigna. Þá heyrðust varúðarorð frá bönkum og forsvarsmönnum banka um að hér væri um mjög hættulegt mál að ræða, að við mundum auka mjög á þenslu í íslensku samfélagi.

En í kjölfar þeirra kerfisbreytinga sem hér áttu sér stað treystu bankarnir sér til að lána allt að 80% af verðgildi eignar, óháð því hvort það lán færi í húsnæði eða til annarra þarfa sem viðkomandi hefði. Því er þetta kannski ekki að öllu leyti jákvæð þróun, sérstaklega ef við horfum á það í ljósi efnahagslegra aðstæðna.

Greiðslubyrði íslenskra heimila hefur lækkað í kjölfar þessa, um milljarða síðan þessi samkeppni hófst og síðan kerfisbreytingin átti sér stað. Við hljótum að fagna þeirri þróun og þeirri vinnu sem hæstv. félagsmálaráðherra hefur lagt í þessi mál.

Við getum líka spurt okkur að því í ljósi nýrra aðstæðna á markaði hvort bankarnir séu komnir til að vera í hinni miklu og hörðu samkeppni við m.a. Íbúðalánasjóð og hvort Íbúðalánasjóður sé ekki nauðsynlegt aðhald gagnvart bönkunum. Ég held að í ljósi sögunnar hafi það sýnt sig að íslenskir bankar, og reyndar bankar yfir höfuð, eru svo sem engar félagsmálastofnanir. Ég tel því nauðsynlegt að við treystum tilveru Íbúðalánasjóðs. Reyndar er þetta ekki eina forsenda þess að Íbúðalánasjóður verði áfram við lýði heldur hníga fleiri rök að því sem ég mun koma frekar að í máli mínu á eftir.

Það sem við ræðum hér er frumvarp til laga um að lánshlutfallið hækki í 90% af verðgildi eignar að ákveðnu hámarki. Því er ekki að leyna að mikið hefur verið spurt, m.a. úr þessum ræðustól og reyndar úti í þjóðfélaginu líka: Hvenær koma 90% lánin? Hvenær ætla framsóknarmenn að standa við loforðin um 90% lánin? Ætlið þið ekki að fara að hrinda þessu stóra kosningamáli ykkar í framkvæmd? Nú er það orðin raunin.

Ég tel að hér sé um mjög vandmeðfarin mál að ræða og vil í framhaldinu þakka hæstv. félagsmálaráðherra. Hann á svo sannarlega hrós skilið fyrir hversu vel hann hefur haldið á þessu vandasama máli varðandi breytingar á húsnæðislánakerfinu. Við getum tekið sem dæmi að heildarútlán Íbúðalánasjóðs eru um 500 milljarðar kr. Það segir sig sjálft að þær breytingar sem eru gerðar hverju sinni á húsnæðislánakerfinu skipta mjög miklu máli, ekki bara hvað varðar húsnæðislánamarkaðinn heldur og samfélagið allt.

Frumvarpið sem hér er til umræðu er afrakstur verkefnisstjórnar og ráðgjafahóps sem hæstv. ráðherra skipaði sumarið 2003. Hann starfaði fram á haust það ár. Þar voru fulltrúar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og fulltrúar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis. Hér hefur verið haldið vel á málum og ég vil halda því til haga.

Það var einnig mikill léttir þegar niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA lá fyrir fyrr á árinu, þ.e. að íslenskum stjórnvöldum væri heimilt að bjóða landsmönnum öllum jafnrétti í íbúðakaupum óháð búsetu eða efnahag. Þetta er gríðarlega mikilvægt atriði og í raun spurningin um það — þá er ég að tala um tilveru Íbúðalánasjóðs og það félagslega hlutverk sem hann gegnir — að hér búi ein þjóð í einu landi. Það er staðreynd að bankarnir hafa fram á þennan dag ekki boðið íbúum landsbyggðarinnar sömu kjör hvað íbúðalán varðar og íbúum höfuðborgarsvæðisins og annarra stærri þéttbýlisstaða bjóðast. Þeir hafa hreinlega sagt að ógerlegt sé fyrir banka að bjóða sams konar kjör á lánum til íbúa í Reykjavík og íbúa á Vopnafirði, svo dæmi sé tekið. Þetta hafa margir forsvarsmenn bankanna sagt og því er ljóst að það félagslega hlutverk sem Íbúðalánasjóður gegnir að þessu leyti er mjög mikilvægt. Ég held að við sem hér erum inni hljótum öll að stefna að því að íbúar landsbyggðarinnar sitji við sama borð og aðrir íbúar þessa lands þegar kemur að fjárhagni til þess að koma sér upp hús-

næði. A.m.k. samræmist slíkt ekki stefnu Framsóknarflokksins í þeim efnum.

Ég vil ekki draga neitt undan því hér að við erum ekki einvörðungu að tala um stefnubreytingu í húsnæðismálum heldur líka um gríðarlegt byggðamál. Hér er um mjög mikið byggðamál að ræða og mér finnst oft fara mjög lítið fyrir þeim vinkli í þessari umræðu því að það er mjög mikilvægt að allir hafi jafnan aðgang að lánsfjármagni í því ljósi m.a. að treysta byggð um allt land.

Ég vil taka undir margt sem hv. þingmenn hafa nefnt í umræðunni og taka upp nokkra punkta, m.a. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Ögmundur Jónasson hafa velt upp varðandi hámarkslánið og hvernig sjóðurinn á að bregðast við því umhverfi sem nú er á íslenskum húsnæðismarkaði. Samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna mun hámarkslánið hækka í 13 millj. kr. á næsta ári og það er bundið í reglugerð þannig að því er hægt að breyta með nokkuð skömmum fyrirvara. Íbúðalánasjóður mun því geta fjármagnað íbúð upp á 14,3 millj. kr. að 90% hluta.

Það er eðlilegt að menn spyrji sig að því: Er það hóflegt íbúðarverð, er það verð á fjögurra herbergja íbúð í Reykjavík? Ég vil leyfa mér að segja að svo er ekki, oftar en ekki, auðvitað getum við kannski fundið einhverjar slíkar íbúðir. Ég legg því mjög mikla áherslu á það hér að sjóðnum verði gert kleift að mæta þeim aðstæðum sem eru fyrir hendi á húsnæðismarkaðnum og ég hef ekki trú á öðru en hæstv. félagsmálaráðherra vilji standa þannig að verki og hann hefur sýnt það fram á þennan dag. Ég vil árétta hér að það er ekkert sem mælir því mót að talan 13 millj. sem gefin hefur verið upp núna muni ekki hækka þegar fram líða stundir og ég tel mig hafa heimildir fyrir því að lánið muni hækka á kjörtímabilinu í framhaldi af þessu.

Ég mun ekki taka undir þann málflutning að Íbúðalánasjóður fari að lána til íbúða sem kosta 20, 30 eða 40 millj. kr. Slíkt samræmist ekki félagslegu markmiði sjóðsins en félagslegt markmið hans er að bjóða öllum hæfilegt íbúðarhúsnæði á hæfilegu verði.

Við getum líka tekið upp annan punkt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson ræddi áðan er varðar skilmála á þeim lánum sem Íbúðalánasjóður veitir. Eins og íbúðalánin eru í dag eru lántakendur Íbúðalánasjóðs varðir fyrir uppgreiðsluálagi þannig að öllum er heimilt að greiða upp lán sín hjá Íbúðalánasjóði án þess að þurfa að borga krónu fyrir. Aftur á móti eru þau lán sem bankarnir og fjármálafyrirtæki eru að veita í dag með hinu svokallaða uppgreiðsluálagi og getur slíkt álag numið allt að 2% af lánsupphæð þannig að af 10 millj. kr. láni mun það í einhverjum tilvikum kosta lántakandann 200 þús. kr. að greiða upp slíkt lán ef aðstæður breytast á markaði og vextir lækka.

Mér finnst vert að velta því upp í umræðunni hvort ekki sé rétt að við á löggjafarsamkundunni veitum Íbúðalánasjóði það svigrúm að hann geti boðið húsnæðislán með sömu skilmálum og verið er að bjóða á almennum bankamarkaði og þar af leiðandi er ljóst að vextir Íbúðalánasjóðs gætu verið lægri en þeir eru í dag. Ég velti þessu einungis upp hér án þess að ég fullyrði nokkuð í þeim efnum en mér finnst mjög vert að skoða þennan vinkil á málinu. En ég dreg ekkert úr þeim jákvæðu áhrifum sem núverandi fyrirkomulag hefur, þ.e. að við verndum lántakendur Íbúðalánasjóðs fyrir þessu uppgreiðsluálagi, en trúlega mættum við gera ráð fyrir að ef við byðum upp á hinn valkostinn tækju flestir þann kost og það er ófyrirséð hvaða kostnað það gæti leitt af sér fyrir framtíðarlántakendur sjóðsins. Ég held að við þurfum að skoða þetta mjög vel í starfi hv. félagsmálanefndar því að hér er um mjög stóra spurningu að ræða en ég vil skoða þetta mál mjög vel.

Annað varðandi frumvarpið sem hér er til umræðu og er mjög gleðilegt er að samkvæmt kostnaðarumsögn eða fylgiskjali frá félagsmálaráðuneytinu og skrifstofu sveitarstjórnarmála er álitið að fjárhagsleg áhrif frumvarpsins verði jákvæð fyrir sveitarfélögin og ég tel það mjög gleðilegt mál. Talið er að um 300 millj. kr. muni sparast í rekstri sveitarfélaganna á landinu við gildistöku þessara laga þar sem sveitarfélögunum hefur verið gert að greiða um 300 millj. á ári í varasjóð viðbótarlána sem mun falla niður við breytingar á lögunum. Mér finnst mjög jákvætt í ljósi þeirrar erfiðu fjárhagsstöðu sem mörg sveitarfélög glíma við að þau losni undan þessari kvöð.

Ég tek aftur á móti undir með hæstv. félagsmálaráðherra að það er mjög áríðandi að við opnum á þá umræðu hvert verður framtíðarhlutverk sveitarfélaganna í húsnæðismálum og félagslega þættinum hvað það varðar. Við vitum, ef við horfum á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, að þau standa sig ansi misjafnlega í félagslega þættinum sem á þeim hvílir í þeim efnum. Reykjavíkurborg hefur að mörgu leyti staðið sig ágætlega í því þó að alltaf megi gera betur. Aðrir staðir, ónefnd sveitarfélög í nágrannabyggðum Reykjavíkur, sinna mjög lítið því mikilvæga hlutverki sem þau eiga að gegna í þeim efnum og jafnvel er það svo í sumum sveitarfélögum að þar eru örfáar félagslegar íbúðir og oft og tíðum finnst manni að stefna stjórnvalda í þeim sveitarfélögum sé sú að fólk sem þarf á slíkum félagslegum úrræðum að halda búi ekki í viðkomandi sveitarfélögum. Ég á erfitt með að sjá annað.

Annað jákvætt varðandi áhrifin á sveitarfélögin er að *afgreiðsla veittra viðbótarlána mun væntanlega hætta og talið* er samkvæmt fylgiskjali frá félagsmálaráðuneytinu að þar muni 20 millj. kr. sparast þannig að sparnaður sveitarfélaganna af því frumvarpi sem hér um ræðir er um 320 millj. kr. og munar um minna í erfiðum rekstri þeirra.

Ég vil að lokum fagna því frumvarpi sem hæstv. ráðherra hefur lagt hér fram og ég efa ekki að hv. félagsmálanefnd mun taka þetta stóra og mikilvæga mál til nákvæmrar endurskoðunar. Ég er hlynntur tilgangi laganna og á ekki von á því að það frumvarp sem hér hefur verið lagt fram muni breytast neitt gríðarlega í störfum nefndarinnar en legg áherslu á að nefndin mun vinna fljótt og vel í þessu máli, enda er hér um gríðarlegt hagsmunamál að ræða fyrir fjölskyldurnar í landinu.

[12:24]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þingmaður mjög hugrakkur áðan þegar hann var að berja sér á brjóst út af barnabótunum. Þar er hv. þingmaður kominn út á hálan ís. Veit hv. þingmaður ekki að frá 1995–2004 eru barnabætur samtals 10 milljörðum lægri en þær hefðu verið ef árleg útgjöld

hefðu verið hin sömu og árið 1995 allt tímabilið? (Gripið fram í.) Á hverju ári hafa þær lækkað um 1 milljarð. Hv. þingmaður þyrfti að standa að því að hækka barnabæturnar um 1 milljarð á næsta ári til þess að raungildið sé það sama og árið 1995. Ótekjutengdar barnabætur, svo að ég rifji það upp fyrir hv. þingmann, voru 56% af heildarfjárhæðinni en eru komnar niður í 19% nú. Hv. þingmaður skyldi því vara sig á að ræða mikið um barnabætur.

Varðandi það sem hv. þingmaður nefndi að hér sé um að ræða eitt af stærri kosningaloforðum síðari ára þá verður hann að taka með í reikninginn að þetta breytir litlu núna nema hámarksfjárhæðin fylgi þeirri þróun sem er á markaðnum. Annars skiptir þetta afskaplega litlu fyrir íbúðakaupendur.

Ef við erum að tala um 11,5 millj. og svo 13 millj. um áramótin þá er í mesta lagi hægt að fá svona sæmilega þriggja herbergja íbúð fyrir þá fjárhæð. Fjárhæðin þyrfti að fara strax í 16 millj. til þess að vera samkeppnishæf við það sem er að gerast á markaðnum þannig að hægt væri að kaupa 18 millj. kr. íbúð sem væri þá sæmileg fjögurra herbergja íbúð. Annars skilar þetta litlu fyrir fólk.

Ég spyr hv. þingmann hvort hann sé ekki sammála mér í því að við þurfum að fara hærra varðandi hámarksfjárhæðina þegar í stað ef Íbúðalánasjóður á að vera samkeppnishæfur við bankana og ef þetta á að skila einhverju fyrir íbúðarkaupendur. Ég held að við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd og við skulum reyna að sammælast um að það verði niðurstaðan. Við förum strax í 16 millj. kr. heildarfjárhæð á 90% lánum.

[12:26]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir taka stórt upp í sig þegar hún sagði áðan að það loforð sem framsóknarmenn gáfu fyrir síðustu kosningar skipti afskaplega litlu máli fyrir fólkið í landinu. (**JóhS:** Ég sagði að það mundi ekki gera það nema ...) Mundi ekki gera það. En þá vil ég minna hv. þingmann á að við sem sitjum bæði í félagsmálanefnd þingsins vorum í mjög mikilli vinnu á síðasta löggjafarþingi við að endurskipuleggja húsnæðislánakerfið. Það frumvarp sem ráðherrann lagði fram þá hefur valdið því að vextir af húsnæðislánum hafa lækkað úr 5,1% niður í 4,3%. Svo segir hv. þingmaður þegar vextir hafa lækkað um hátt í 1% af húsnæðislánum að það skipti afskaplega litlu máli fyrir fólkið í landinu. Ég verð að segja að ég skil ekki svona málflutning. Og þegar hv. stjórnarliðar hafa líka gefið út að það hámarkslán sem hæstv. ráðherra er búinn að gefa út að verði 13 millj. um næstu áramót sé kannski einungis byrjun á langri vegferð, skiptir það heldur engu máli? Að hjón með eitt barn geti keypt sér nokkuð góða og þokkalega þriggja herbergja íbúð hér í bæ, skiptir það ekki máli fyrir fólk? Mér finnst þetta afskaplega villandi og neikvæður málflutningur.

Auk þess vil ég andmæla því sem hv. þingmaður nefndi áðan að hámarkslánið ætti að vera bundið í lög. Slíkt yrði mjög þungt í vöfum ef félagsmálaráðherra þyrfti að koma inn á Alþingi í hvert skipti sem hann vildi hækka hámarkslánið og fara í gegnum þrjár umræður í þinginu í því skyni að hækka það. Ég veit ekki hvert hv. þingmaður er að fara í málflutningi sínum en mér finnst mjög mikilvægt að þetta sé bundið í reglugerð.

[12:28]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það síðasta sem hv. þm. nefndi þá gat ég þess að mér fyndist slæmt að við gætum ekki lýst skoðunum okkar á því við atkvæðagreiðslu um málið hver hámarksfjárhæðin ætti að vera. Ég held að það sé til leið til þess. Við setjum þetta í ákvæði til bráðabirgða um að hámarksfjárhæðin verði 16 millj. kr. þegar þessi lög taka gildi og hæstv. ráðherra haldi áfram reglugerðarheimild sinni. Ég er tilbúin að sættast á það.

Varðandi það að þetta skipti litlu máli þá verð ég að segja að það er sannfæring mín að þetta breyti litlu fyrir utan það að hámarksfjárhæðin verður hærri. Fólk getur þegar farið í bankana og keypt sér sæmilega þriggja herbergja íbúð fyrir þá lánamöguleika sem þar eru. Ég veit að hv. þm. hlýtur að vera mér sammála um að það er nauðsynlegt fyrir Íbúðalánasjóð að hann fylgi þeirri þróun sem er á markaði ef hann á ekki að lognast út af og bankarnir að yfirtaka hann. Hvorugt okkar vill sjá það. Ég er sannfærð um það.

Ef hámarksfjárhæðin hefði fylgt launaþróun í gegnum árin þá ætti hún sennilega að vera á bilinu 16–18 millj. kr. Ætli meðal þriggja herbergja íbúð kosti ekki 13–14 millj. kr., eitthvað á því bili. Eins og áformin eru nú er því varla hægt að fá stærri íbúð fyrir 13 millj. kr. og 90% lán.

Ég vil spyrja hv. þm., af því að hann nefnir vextina. Telur hann ekki kominn tíma til að lækka vexti á leiguíbúðum, sem eru allt að 4,9%? Þeir voru 1% og menn stóðu vörð um það á sínum tíma að vextirnir á leiguíbúðunum yrðu ekki hærri.

Ég er hissa á því að Íbúðalánasjóður geti ekki farið lægra með vexti sína en 4,3% þegar um er að ræða ríkisábyrgð á þessum lánum, sem menn töldu að mundu skila því að hægt væri að hafa vextina 1% lægri en er hjá bönkunum.

[12:30]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom svo sem ekki margt nýtt fram í andsvari hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Mér gefst því færi á að bregðast frekar við fyrra andsvari hennar. Hv. þm. gerði athugasemdir við samanburð minn á barnabótum og vaxtabótum og þeim lækkunum á greiðslum heimilanna af húsnæðislánum sem þessi kerfisbreyting vissulega hefur valdið.

Hv. þm. kemur með samanburð um að ríkisstjórnarflokkarnir skuldi barnafólki í landinu marga milljarða frá árinu 1995. Ég hef oft kallað eftir því úr ræðustól hvaða forsendur liggja að baki slíkum útreikningum. Ég hef aldrei fengið það uppgefið. (**JóhS:** Ég sendi hv. þm. það, þær liggja fyrir.) Ég þakka fyrir það ef ég fæ upplýsingar (**JóhS:** Það eru upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu.) um það. Það hefði verið gott að heyra hv. þm. fagna því að ríkisstjórnarflokkarnir ætli sér að hækka barnabætur um allt að 3 milljarða kr. á kjörtímabilinu, (**JóhS:** Eftir að hafa tekið af því 9 milljarða.) 3 milljarða sem munu koma tekjulágu barnafólki í landinu mest til góða.

En fyrir hverju er hv. þm. að berjast hvað mest? Fyrir hverju er Samfylkingin að berjast í skattamálum? Jú, það á að lækka skattprósentuna. Það á að afnema stimpilgjaldið. Það á að lækka virðisaukaskatt, jafnvel afnema hann. Það á að hækka skattleysismörk. Ég hef ekki heyrt í neinu máli, sem mælt hefur verið fyrir á Alþingi, að Samfylkingin sé á móti skattalækkunum í viðkomandi málaflokkum. Nei. Samfylkingin lofar öllum skattalækkunum. Ef við mundum leggja þetta saman þá hlyti það að nema tugum milljarða kr. Mér finnst hart til þess að vita hvernig hv. þingmenn tala um barnabótakerfið sem kemur láglaunafólki og barnafólki hvað mest til góða á meðan þeir einbeita sér að því að tala um að við eigum að lækka alla skatta í þjóðfélaginu og tala með óábyrgum hætti í þeim efnum.

[12:33]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég brosti út í annað þegar hv. þm. Birkir J. Jónsson sagði í upphafi ræðu sinnar að hér væri verið að uppfylla eitt stærsta kosningamál síðari ára. Mér varð þá strax hugsað til barnakorta Framsóknarflokksins, sem enn hafa ekki orðið að veruleika og voru barmmerki þeirra í kosningabaráttunni fram að því að 90% lánin komu til umræðu.

En varðandi yfirlýsinguna um að verið væri að uppfylla eitt stærsta kosningamál síðari ára þá vil ég koma inn á úr hvaða jarðvegi þetta kosningamál er sprottið og umræðan um það. *Hækkun á lánshlutfalli og lækkun á vöxtum hefur* sprottið af mikilli stöðnun í húsnæðislánakerfinu og það var þrýstingur frá neytendunum sjálfum, neytendum þessara lána, sem bjuggu við háa vexti, verðbætur ofan á vextina, lágt lánshlutfall af íbúðunum og það að íbúðir höfðu farið það ört hækkandi að fólk átti erfitt með að leggja fram útborgun á móti láni Íbúðalánasjóðs. Við skulum halda því til haga að staðan var ekki beysin. Þess vegna fagna ég því frumvarpi sem hér er fram komið. Ég tel að með því séu stigin mörg framfaraspor.

Eins og ég sagði hafa orðið miklar breytingar á húsnæðislánamarkaði. Ég nefni sem dæmi að tveggja herbergja íbúð hefur frá árinu 1997 hækkað um hátt í 100% til dagsins í dag. Íbúðir hafa hækkað það mikið í verði að grípa þarf til róttækra aðgerða eins og gert er í þessu frumvarpi að mörgu leyti.

Ég vil einnig fjalla aðeins um innkomu bankanna. Ég tel að innkoma bankanna á þennan markað hafi ýtt við Íbúðalánasjóði, ýtt við ríkisstöllinu og því að þetta frumvarp sé fram komið núna, fyrr heldur en ég bjóst við. Ég verð að viðurkenna það. Ég tel innkomu bankanna á þennan markað mjög góða. Samkeppnin um neytendur er af hinu góða. Neytendur eru mjög mismunandi, með mismunandi efnahag og með mismunandi þarfir.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi áðan eða talaði eins og við þyrftum að verja Íbúðalánasjóð sérstaklega. Ég tel okkur ekki vera í þeirri stöðu. Ég sé Íbúðalánasjóð ekki sem Tuma þumal í samkeppni við bankana um húsnæðislánin. Ég tel að sjóðurinn standi ágætlega og maður hefur heyrt það þaðan. Ég tel að hann hafi líka mikilvægan tilgang. En þegar samkeppnin um hin almennu húsnæðislán er orðin svo mikil sem raun ber vitni þá eigum við auðvitað að spyrja okkur um tilganginn. Við eigum líka að kafa vel í hver markmið Íbúðalánasjóðs eiga að vera umfram almennar lánveitingar. Í þessu sambandi vil ég aðallega nefna þrennt sem ég tel að eigi að vera markmið Íbúðalánasjóðs umfram almennar lánveitingar. Hér hefur verið nefndur jafn aðgangur allra landsmanna að lánum, góðum húsnæðislánum sem bankarnir veita ekki en Íbúðalánasjóður vissulega gerir. Í öðru lagi má benda á aðgengi félagasamtaka og sveitarfélaga að lánsfé til uppbyggingar leiguíbúða. Í þriðja lagi, og ekki síst, ber sjóðnum að veita ákveðna aðstoð til hinna efnaminni til húsnæðiskaupa.

Ég vil velta því aðeins upp hvort við náum þessum markmiðum með frumvarpinu. Varðandi fyrsta markmiðið, þ.e. jafnan aðgang allra landsmanna að sæmilegum lánum til húsnæðiskaupa, þá tel ég að frumvarpið nái því. Bankarnir miða ekki inn á landsbyggðina heldur sækja þeir á höfuðborgarsvæðið og má eiginlega segja að þeir miði á millitekjur og hærri tekjur á höfuðborgarsvæðinu, að það sé markhópur þeirra.

Varðandi betra aðgengi félaga og samtaka að lánsfé til uppbyggingar á leiguíbúðum þá tel ég þetta frumvarp ekki ná því markmiði. Lengi vel var samkomulag um að hreyfa ekki við vöxtum á þeim lánum, að mig minnir til ársins 1998, þegar þeir vextir voru 1%. En þegar félagslega íbúðalánakerfið var lagt niður hækkuðu þeir vextir upp í 4,9%. Afleiðingarnar höfum við séð í því að uppbyggingin á leiguíbúðum, t.d. á vegum stúdentafélaganna, hefur snar*minnkað. Hún hefur líka minnkað á vegum sveitarfélaga og* verðið hefur hækkað. Það er alvarlegast.

Hina litlu uppbyggingu sjáum við auðvitað af biðlistunum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór ágætlega yfir áðan. Það eru biðlistar eftir félagslegu húsnæði í Reykjavík og biðlistar eftir stúdentaíbúðum, svo að tvö dæmi séu tekin. En það sem er alvarlegast er hækkunin á verðinu. Hún er bein afleiðing hækkunar á vöxtum Íbúðalánasjóðs til félaga sem byggja upp leiguíbúðir.

Hv. þm. Birkir J. Jónsson kom inn á að einstaka sveitarfélög hefðu staðið sig illa í uppbyggingu á félagslegu húsnæði og þar tel ég að sami vandi sé á ferðinni. Við vitum öll, eftir umræðuna undanfarna daga, hvernig sveitarfélögin standa fjárhagslega. Þegar þau hafa ekki aðgang að betri lánum en þetta þá er augljóst að þau sem hafa minna umleikis sækja síður um lánin.

Varðandi uppbyggingu á leiguíbúðum þá tel ég að við verðum — mér finnst allt of lítið um það rætt í tengslum við húsnæðismálin á Íslandi — að sjá til að hér verði til eitthvað sem heiti raunverulegur valkostur í húsnæðismálum, þ.e. að það verði raunverulegur valkostur að leigja. Það á t.d. við um ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði og vill síður binda sig, sér fyrir sér að fara í nám síðar meir o.s.frv. Í dag býr það við gríðarlegt óöryggi á leigumarkaði, óöryggi varðandi tímalengd leigusamninga og óöryggi varðandi verð. Leigan er há og ég tel að Íbúðalánasjóður gæti komið betur að uppbyggingu leiguíbúða, að því að búa til þann valkost, ekki síst fyrir ungt fólk, til þess að fara út í langtímaleigu, búa til leigukost fyrir þá sem vilja fara í langtímaleigu.

Þriðja markmiðið sem ég tel að eigi að vera markmið Íbúðalánasjóðs umfram almennar lánveitingar er aðstoð til

hinna efnaminni við húsnæðiskaup. Ég tel að í frumvarpinu séu ákveðnir annmarkar að því leyti og þættir sem við verðum að skoða mun betur. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom inn á stimpilgjaldið áðan en þarna er í raun verið að rýra kjör eða möguleika þeirra sem uppfylla skilyrði til viðbótarlána vegna þess að nú er stimpilgjald lagt að fullu á 90% lánin. Þetta tel ég að við þurfum að skoða.

Í allri umræðunni um húsnæðismálin tel ég að almennt verði að endurskoða tilveru stimpilgjaldsins. Ég hefði helst viljað sjá að það yrði lagt niður. Þessa umræðu verðum við auðvitað að taka samhliða þeim breytingum sem hafa orðið. Ég heyri að um málið er töluverður samhljómur í salnum. Ég heyrði það hjá hv. þm. Böðvari Jónssyni áðan. Þetta er ósanngjarn skattur og ég hvet þingheim og félagsmálanefnd til að taka frumvarp Margrétar Frímannsdóttur um afnám stimpilgjalda á húsnæðiskaup til meðferðar og umfjöllunar samhliða þessu frumvarpi.

Ég tek einnig undir með þeim sem hafa talað um að ganga beri lengra varðandi 13 millj. kr. hámarkið. Ég tel að 13 millj. kr. hámarkið gangi gegn þriðja markmiðinu sem ég nefndi áðan, þ.e. aðstoð til hinna efnaminni við húsnæðiskaup. Efnaminna fólk með stórar fjölskyldur þarf meira en 13 millj. kr. hámarkið. Ég tel að þetta verði að vera hærra og verði að vera í takt við raunveruleikann á húsnæðismarkaðnum. Ég vona sannarlega að nefndin ræði þetta betur.

Í tengslum við hámarkið hefur verið rætt um samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs. Auðvitað er það ákveðinn faktor. Ég er ekki ein af þeim sem vilja að ríkisstofnanir séu í samkeppni við fyrirtæki á almennum markaði en engu að síður tel ég að um Íbúðalánasjóð gildi önnur lögmál vegna þeirra mikilvægu þátta og markmiða sem hann á að standa fyrir og stefna að, vegna þessa þríþætta tilgangs hans sem ég fór yfir áðan. Ég tel að Íbúðalánasjóður sé mikilvægur. Engu að síður fagna ég þeim fjölbreyttu lánamöguleikum sem í boði eru í dag. Ég tel að þetta verði einungis til góðs fyrir flesta. Hins vegar verður að skoða hámarkið og prósentuhlutfallið til handa félögum og samtökum sem byggja upp leiguíbúðir. Ég tel að þá vexti verði að lækka aftur. Sömuleiðis tel ég að ræða þurfi alvarlega um stimpilgjaldið og tilverurétt þess í þessari umræðu.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill að gefnu tilefni minna háttvirta þingmenn á að vísa með réttum hætti hver til annars í ræðustól.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:45]

[13:30]

Útbýting:

Lánasjóður sveitarfélaga, 269. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 290.

Stjórnarskipunarlög, 266. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 287.

Stuðningur við einstæða foreldra í námi, 268. mál, þáltill. BjG, þskj. 289.

Þingleg meðferð EES-reglna, 267. mál, þáltill. KHeim o.fl., þskj. 288.

Umræður utan dagskrár.

Þróun verðbólgu og forsendur kjarasamninga.

[13:31]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er frumskylda sérhverrar ríkisstjórnar að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar virðist hins vegar vera of veik til að hún geti tryggt þennan nauðsynlega stöðugleika. Það eru æ fleiri teikn á lofti um að ríkisstjórnin sé að missa tökin á verðbólgunni þannig að forsendur kjarasamninga kunni að bresta.

Greiningardeild Landsbankans spáir því að innan árs muni verðbólgan fara yfir þolmörk Seðlabankans og að lokum yfir 6%. Þetta er meira en tvöfalt það hámark sem peningastefna Seðlabankans leyfir. Bankinn segir fullum fetum að ríkisstjórnin sé að gera sömu mistök og í síðustu uppsveiflu og að ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar læri ekki neitt af reynslunni.

Hagdeild ASÍ hefur tekið í sama streng. Hún birti fyrir skömmu spá þar sem gert er ráð fyrir því að verðbólgan muni sprengja forsendur kjarasamninga um þróun verðlags. Þetta er falleinkunn á fyrsta prófinu sem lagt er fyrir nýjan forsætisráðherra.

Þessi staða á ekki að þurfa að koma upp. Þær umbætur í efnahagsmálum sem ríkisstjórnir jafnaðarmanna, framsóknarmanna og sjálfstæðismanna hafa gert í efnahagsmálum frá því á seinni hluta níunda áratugarins hafa ekki aðeins búið til kraftmikið heldur líka sveigjanlegt efnahagskerfi. Reglubundnar dýfur af þessu tagi eru þess vegna ekkert lögmál. Það er hægt að komast hjá þeim ef ríkisstjórn fylgir ábyrgri stefnu eins og er sérstök nauðsyn á tímum þenslu eins og núna þegar miklar fjárfestingar í stóriðju skapa vaxandi viðskiptahalla.

Ríkisstjórnin hefur hins vegar ekki fylgt nægilega ábyrgri stefnu. Dæmi um það eru gáleysislegar yfirlýsingar hennar um 23 milljarða skattalækkanir sem skapa væntingar sem hvetja landsmenn til eyðslu. Þetta er ekki sísta ástæðan fyrir gríðarlegum og vaxandi viðskiptahalla sem meira að segja ríkisstjórnin sjálf segir núna að muni skapa vandkvæði.

Helmingur viðskiptahallans stafar af mikilli aukningu í einkaneyslu. Ég fullyrði að þessa aukningu má að stórum hluta rekja til gálausra og eyðsluhvetjandi yfirlýsinga um skattalækkanir sem ríkisstjórnin hefur verið vöruð við af Hagfræðistofnun háskólans, ASÍ og Seðlabankanum. Svo þykist hæstv. ríkisstjórn ætla að vinna gegn þenslunni með því að skila afgangi á fjárlögum. Því trúir enginn maður og allra síst þær fjármálastofnanir sem starfa á markaðnum. Þær þekkja feril ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Það var þessi ríkisstjórn sem ætlaði að skila samtals 75 milljörðum í afgang á árunum 2000–2003. Niðurstöðurnar urðu 10 milljarðar í halla. Það var þessi ríkisstjórn sem sprengdi sinn eigin útgjaldaramma á þessum tíma um 28 milljarða á ári að meðaltali. Það þætti ekki góður rekstur á hóteli mömmu.

Lausatök ríkisstjórnarinnar eru svo ábyrg fyrir því að knýja Seðlabankann til að hækka stýrivexti sem hækka fjármagnskostnað og greiðslubyrði einstaklinga og smærri fyrirtækja en ekki þeirra fyrirtækja sem eru nægilega sterk til

að taka lán erlendis. Þess vegna munu afleiðingar vondrar efnahagsstjórnunar bitna langverst á einstaklingunum, fjölskyldunum og smáfyrirtækjunum.

Frú forseti. Þegar gengið var frá kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í mars gekk verkalýðshreyfingin út frá því að verðbólgan yrði nálægt 2,5% sem er verðbólgumarkmið Seðlabankans. Í dag er verðbólgan komin vel upp fyrir það, því er spáð að hún fari í 4% á næsta ári og greiningardeild Landsbankans spáir því að hún fari að lokum yfir 6% ef ríkisstjórnin grípur ekki í taumana. Fái verðbólgan að þróast með þeim hætti sem hagdeild ASÍ hefur spáð er veruleg hætta á því að kjarasamningum verði sagt upp í árslok 2005 og þá er veruleg hætta á því að stöðugleikinn bresti.

Ég vil því spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hvað ætlar þessi ríkisstjórn að gera til að koma böndum á verðbólguna og tryggja að stöðugleikinn haldist?

[13:36]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það hefur ekkert nýtt eða óvenjulegt komið upp í efnahagsmálum síðustu vikur sem réttlætir þá svartsýni sem kemur fram hjá hv. málshefjanda Össuri Skarphéðinssyni um þessi mál. Það er alveg ljóst og búið að vera lengi að þær miklu framkvæmdir sem eru í landinu, og þá sérstaklega í kringum virkjanir og stóriðju, hefðu í för með sér nokkra þenslu í þjóðfélaginu. Við höfum vitað það frá upphafi. Þetta eru mestu framkvæmdir Íslandssögunnar.

Það var ákveðið að því er varðar fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 2004 að fjárlögin fyrir það ár yrðu mun aðhaldssamari en fjárlögin fyrir 2003. Það er líka gert ráð fyrir aðhaldssömum fjárlögum árið 2005 þó að breytingin frá 2004 til 2005 sé ekki jafnmikil og var milli áranna 2003 og 2004.

Það er hins vegar rétt að verðbólguvæntingar hafa nokkuð aukist, m.a. vegna þess að mikil íbúðalán hafa verið hjá bönkunum sem er ekki neikvætt, heldur fyrst og fremst jákvætt því að þar hefur almenningur fengið tækifæri til að endurskipuleggja fjárhag sinn og koma stuttum lánum yfir í löng. Vissulega léttist greiðslubyrði meðal almennings vegna þessara ráðstafana og verður til þess að almenningur hefur meira á milli handanna til ráðstöfunar til neyslu. Það liggur fyrir en það er löngu tímabært að hér á landi verði sambærilegt lánaumhverfi í sambandi við íbúðalán og í löndunum í kringum okkur. Það hefur verið okkur til vansa hvernig þetta kerfi hefur verið.

Það er hins vegar rétt að olíuverð hefur hækkað umfram það sem var áætlað á sínum tíma. Fasteignaverð hefur jafnframt hækkað og virði eigna er meira.

Hv. þm. sagði að kjarasamningar kæmu til endurskoðunar haustið 2005. Það er rétt. Það var gert ráð fyrir því í forsendum kjarasamninga að verðbólga yrði þá u.þ.b. 3%. Í spá fjármálaráðuneytisins sem birtist með fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að verðbólga í nóvember 2005 verði 3,2% sem er u.þ.b. það sama og var gert ráð fyrir í forsendum kjarasamninga. Þetta er vissulega spá og það er full ástæða til að taka undir það að gæta þurfi aðhalds og varkárni í þessu sambandi.

Ég vil biðja hv. þingmann að vera ekki alltaf svona svartsýnn í efnahagsmálum. Í desember 2000 kom hann hér upp og talaði um rothögg fyrir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Í maí 2001 talaði hann um brotlendingu efnahagsstefnunnar. Á fundi á Ísafirði í mars árið 2003 var hann þar ásamt talsmanni Samfylkingarinnar og taldi að vegna efnahagsstefnunnar mundu öll þau störf sem áynnust vegna framkvæmdanna á Austurlandi og Grundartanga tapast, talaði þá um 5 þús. störf. (**ÖS:** Vitleysa.) Var það? Auðvitað var þetta tóm vitleysa en það var nú samt sagt.

Ég bið hv. þingmann að tala fólk ekki inn í þessa svartsýni.

Í dag birtist tilkynning frá fyrirtækinu Century sem ætlar að byggja upp á Grundartanga fyrir miklar fjárhæðir, fjárfesta þar fyrir marga milljarða. Vegna hvers? Vegna þess að þeir hafa trú á íslensku viðskiptaumhverfi og íslensku efnahagslífi. Það skiptir að sjálfsögðu miklu máli að menn hafi þessa trú. Það er engin ástæða til að óttast að stöðugleiki verði ekki hér áfram en við skulum hins vegar viðurkenna að það er mikið álag á efnahagskerfið. Það er þó engin ástæða til annars en að ætla að efnahagskerfið þoli það. Við leggjum allt þetta á efnahagskerfið til að skapa meiri verðmæti, fá fleiri störf og minnka atvinnuleysið. Þess vegna er hin mikla uppbygging og það mun að sjálfsögðu verða íslenskum launþegum til góðs.

[13:41]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég held að það sé ástæða til að vera á varðbergi gagnvart því sem gæti gerst í þróun efnahagsmála og er nú þegar í gerjun og að koma fram. Ég tek undir orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar hvað það varðar. Ég varð fyrir vonbrigðum með orð hæstv. forsætisráðherra sem virðist taka þessi mál af of mikilli léttúð að mínu viti.

Það er ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans að taka á efnahagsstjórninni á hverjum tíma. Möguleikar Seðlabankans eru hækkun stýrivaxta eins og við höfum verið að reyna á undanförnum mánuðum. Þeir geta tekið lán hjá viðskiptabönkunum og takmarkað fjármagn í umferð. Þeir geta hækkað bindiskyldu bankanna. Seðlabankinn hefur ekki mörg önnur tæki. Seðlabankastjóri hefur hins vegar lýst áhyggjum af stöðu mála, einmitt með því að hækka stýrivextina. Stýrivextir Seðlabankans hafa ekki áhrif á þau lán sem tekin eru í erlendri mynt. Þeir munu því fyrst og fremst virka gagnvart þeim sem eru háðir lánum á innanlandsmarkaði: einstaklingum, minni fyrirtækjum, sprotafyrirtækjum, nýsköpunarfyrirtækjum, sem sagt grasrót íslensks atvinnulífs. Hún mun fyrst og fremst verða fyrir barðinu á þessari tegund efnahagsstjórnar Seðlabankans. Og ég er ekki sammála að þetta sé rétt. Ég tel þetta rangt.

Ég vil því spyrja forsætisráðherra hvort ekki væri rétt að Seðlabankinn athugaði aðrar leiðir eins og að hækka bindiskylduna aftur. Hún var lækkuð úr 4% í 2% um síðustu áramót og gerði það að verkum að tugir milljarða komust í umferð. Er ekki rétt að skoða það að hækka bindiskylduna eða að Seðlabankinn taki lán hjá viðskiptabönkunum og takmarki þannig peninga í umferð en níðist ekki alfarið og eingöngu á einstaklingum, sprotafyrirtækjum og grasrót íslensks atvinnulífs?

[13:43]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það þarf meira aðhald í opinberum fjármálum, hefur Seðlabankinn hvað eftir annað sagt, og flestir ef ekki allir sem ég þekki hafa tekið undir þetta. Það hefur hins vegar verið minna um leiðsögnina, hvaða aðhald þetta eigi að vera. Þó er nauðsynlegt að við reynum að átta okkur á því og við eigum að gera það sjálf.

Ég viðurkenni fúslega, virðulegi forseti, að það eru ekki aðhaldsfjárlög sem við erum að fjalla um á þessu hausti. Það er því miður nokkur þensla í þeim, það er þensla í félagsmálum, heilbrigðismálum, menntamálum o.s.frv. Ég hef verið talsmaður þess að við ættum að gæta meira hófs gagnvart almennri þjónustu, gagnvart kostnaðarstigi hins opinbera. Því miður hef ég átt fáa stuðningsmenn í mínum eigin flokki og enga í stjórnarandstöðunni, ekki svo ég þekki, þeir hafa þá farið með veggjum ef svo er. (Gripið fram í.) (**EKG:** Koma núna.) Kannski koma þeir núna, við skulum vona það.

Þrátt fyrir þetta mega menn vita að það er einn rauður þráður í ríkisfjármálunum og fjármálum hins opinbera almennt sem skiptir máli og hefur úrslitaáhrif á það hvernig til tekst. Það eru launamál hins opinbera. Í fjárlagafrumvarpi því sem nú liggur fyrir er reiknað með um 90 milljörðum í bein laun, samtals með almannatryggingum af óbeinum launum er þetta 140–150 milljarðar. Það þarf að átta sig á því hvaða tölur eru á ferðinni. Það er rétt sem fram hefur komið, við þekkjum ekki hvers vegna verðbólga fer af stað í öllum tilfellum en hitt er líka rétt að væntingar almennings hefur veruleg áhrif. Því er nauðsynlegt að menn tali tæpitungulaust og af hreinni einurð um launaþróunina sem verður að vera hin sama og á almennum markaði.

[13:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég hef að undanförnu í nokkur skipti vikið að því í þessum ræðustól að sú þensla sem hefur mælst í þjóðfélaginu og Seðlabankinn er m.a. oft að vara við, mælist varla á sumum landsvæðum, t.d. ekki í mínu kjördæmi, Norðvesturkjördæminu. Þar finnur fólk ekki fyrir þenslu, enda er hún ekki þar til staðar.

Atvinnuleysið er of mikið og meira en stjórnvöld hafa gert ráð fyrir. Hagvöxtur er góður, en því miður fer verðbólgan heldur vaxandi. Verkalýðshreyfingin lagði sitt af mörkum með kjarasamningum til að tryggja stöðugleika og hefur þannig reynt að leggja góðan grunn að því að viðhalda og helst auka kaupmátt. Það er slök framtíðarsýn hjá ríkisstjórninni að ætla að nota atvinnuleysið sem hagstjórnartæki til að ná fram stöðugleika. Ríkisstjórnarflokkarnir ætla með skattlagningu sinni að auka ójöfnuð í þjóðfélaginu og framkvæma markvisst þá stefnu að lækka skatta á hátekjufólk, m.a. með 2% skattalækkun sem tekur gildi um næstu áramót. Þar er verið að lækka skatta á mánaðartekjur sem eru yfir 440 þús. og tæp 900 þús. kr. hjá hjónum. ASÍ vill efla tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins og segir í ályktun nýverið svo, með leyfi forseta:

„Inngrip stjórnvalda hafa falist í því að láta persónuafsláttinn á stundum hækka minna en verðlag, lækka hátekjuskattinn og nú að lögfesta afnám hans. Einnig má nefna að síðast þegar skattprósentan var lækkuð, var persónuafsláttur lækkaður sérstaklega, til þess að draga úr áhrifum skattalækkunarinnar á þá tekjulægri! Þessi þróun hefur leitt til þess að dregið hefur úr tekjujöfnun skattkerfisins.“

Þetta segja nú heildarsamtök launþega. Þau leggja til að skattleysismörkin verði hækkuð, tekið verði upp lægra skattþrep, það verði sem sagt tekjujafnað í gegnum skattkerfið.

Frjálslyndi flokkurinn hefur stutt það að slík tekjujöfnun færi fram, m.a. með hækkun persónuafsláttar og þar með hækkun skattleysismarkanna.

[13:48]

Kristrún Heimisdóttir:

Virðulegi forseti. Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er nýfarin frá Íslandi eftir reglubundna heimsókn. Niðurstaða hennar er skýr áminning til stjórnenda ríkisfjármála í landinu. Verðbólga fer vaxandi. Væntingar eru allt of miklar. Stjórnvöld ættu að einbeita sér að því að hemja eftir föngum ójafnvægið sem virðist vera að byggjast upp.

Þess vegna er ástæða til þess að rifja upp að þegar illa horfði í kosningabaráttu fyrir einu og hálfu ári hófu valdamenn í landinu mjög eftirminnilegt sjálfshól um meint einstök tækifæri til að lækka skatta. Skilaboðin til almennings voru: Með okkur verða allir ríkir. Það kann að fara svo að sagan dæmi þann boðskap sem eitthvert mesta lýðskrum síðari tíma á Íslandi og til að bjarga einkahagsmunum sínum, öndvert almannahagsmunum, munu þeir e.t.v. keyra áfram þennan ranga kúrs, en gestsauga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sá að fréttirnar af tækifærum ríkisstjórnarinnar voru alltaf stórlega ýktar.

Í niðurstöðu sendinefndarinnar segir nefnilega, og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson var að óska eftir leiðsögn áðan úr ræðustól, (**EOK:** Nei, ...) a.m.k. er komin leiðsögn frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og hún er þessi: Helst ætti ríkisstjórnin að fresta öllum fyrirhuguðum skattalækkunum sem kynntar eru í fjárlagafrumvarpinu og það ætti helst að hugsa til möguleika á slíku árið 2007.

Eftir að Seðlabanki Íslands varð sjálfstæður hefur verið auðvelt fyrir stjórnendur ríkisfjármála að skreyta sig með lánsfjöðrum. Meginábyrgðina á því að halda stöðugleika og jafnvægi í íslensku hagkerfi ber Seðlabankinn og á meðan sefur ríkisstjórnin værum svefni í hinum húsunum í kringum Arnarhól.

[13:50]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að við keyrum efnahagslífið mjög hart um þessar mundir. Samhliða því var alltaf vitað að einhverjar aukaverkanir yrðu, þó þær séu í algjöru lágmarki. Meðal stærstu áhrifavalda eru stóriðjuframkvæmdir, þróun fasteignaverðs og olíuverð í heiminum. Það er alveg ljóst að við getum ekki haft áhrif á alla þessa þætti, en stjórnvöld hafa gripið inn í verðbólguþróunina með ýmsum hætti. Má m.a. nefna aðhald í ríkisfjármálum í því sambandi.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árin 2003–2004 var mikið aðhald og aukningin ekki mikil fyrir næstu fjárlög. Þó var málaflokkur velferðarmála aukinn að raunvirði og á móti er

dregið töluvert úr fjárfestingum ríkissjóðs. Innkoma bankanna á íbúðalánamarkaði á þátt í verðbólguvæntingum. Eðlilega hefur orðið mikil ásókn í ný lán en með þeim sér fólk fram á að lækka greiðslubyrði heimilanna. Ég fagna mjög þessu útspili bankanna og vona innilega að fólk noti hin nýju lán til að lækka virkilega greiðslubyrðina. Reyndar leyfi ég mér að efast um að svo sé í öllum tilfellum.

Það er þó óneitanlega einkennilegt að fylgjast með útspilum bankanna, sérstaklega í ljósi þess að þeir vöruðu mjög við kosningaloforði okkar framsóknarmanna um 90% lán. Þeir sögðu að íbúðalánin sem við lofuðum hefðu gríðarlega þensluhvetjandi áhrif. Hvað má þá segja um lán þeirra sem ekki eru einungis til íbúðakaupa, heldur í einhverjum tilvikum neyslulán sem hafa án efa áhrif á þenslu?

Virðulegi forseti. Menn hafa trú á íslensku viðskiptalífi og er það ánægjulegt. Það segir margt um stöðuna í íslensku efnahagslífi. Það þarf samspil margra til að halda verðbólgunni í skefjum og við vonum auðvitað að allir leggi sitt af mörkum líkt og verið hefur.

[13:52]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu skiptir máli að það takist að halda stöðugleika í verðlagi og efnahagslífinu almennt. Þar geta stjórnvöld haft áhrif. Þær kröfur hafa verið reistar á hendur sveitarfélögum og ríkisvaldinu að þau sýni aðhald og dragi þannig úr eftirspurn og þenslu. Hér skiptir máli hvar borið er niður.

Hæstv. forsætisráðherra og fyrrverandi utanríkisráðherra sagði í sumar að öllu máli skipti að ekki yrði skorið niður í utanríkisþjónustunni. Ég er ekki alveg viss um að ég sé sammála forgangsröð hæstv. ráðherra, en hitt er rétt að stundum þarf að forgangsraða. Ég vil þó gera greinarmun á tvennu. Annars vegar framkvæmdum og hins vegar rekstri heilbrigðisþjónustunnar, skólakerfisins o.s.frv. Þar erum við komin að hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Þar vill hann bera niður. Í orðum sínum sló hann opinbera starfsmenn utan undir í öðru hvoru orði. (**EOK:** Rétt.) Rétt, segir hv. þm. Ég spyr: Við hverja er hann að miða úti í þjóðfélaginu þegar hann talar um eðlilega og heppilega launaþróun? Er hann að tala um bankastjórana? Er hann að tala um sjálftökuliðið? Er hann að tala um hátekjuhópinn í samfélaginu? Er hann að tala um þingmenn eða ráðherra þegar hann segir sjúkraliðanum og kennaranum að halda sig á mottunni? Ég vísa þeim orðum og þeim hugmyndum til föðurhúsanna. (Gripið fram í.)

Hitt er svo annað mál (Gripið fram í.) að ríkisstjórnin á sök á þenslunni. Hvers vegna? Vegna stóriðjuframkvæmda. Í sumar fór hún um landið með sendisveitum frá erlendum álfyrirtækjum og sýndi þeim íslenska fossa og íslenska náttúru og sagði: Allt þetta skal vera ykkar.

Sjá menn ekki samhengi hlutanna? Þetta er samhengið. Það er til þess að viðhalda þeirri stefnu sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar og talsmaður Sjálfstæðisflokksins, vill, að láta stíga á almennt launafólk.

[13:54]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég tek undir varnaðarorð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um að launaþróun opinberra starfsmanna sé langt umfram launaþróun á almennum markaði. Laun opinberra starfsmanna, sérstaklega lífeyrisréttindi, eru greidd af öðrum landsmönnum og valda þenslu ekki síður en önnur útgjöld opinberra aðila. Ég treysti því eftir ræðu hv. framsögumanns að hann og allur flokkur hans styðji aðhald við fjárlagagerð sem við stöndum núna fyrir, þar sem á að skera niður framkvæmdir og hafa mikinn afgang eða þá að hann dragi slíkar hugmyndir til baka. Enn fremur að hann styðji okkur í því að lækka skatta á laun því þannig heldur launþeginn sem hefur gert kjarasamninga stærri hluta af launum sínum eftir og getur þar af leiðandi ráðið betur við þá verðbólgu sem hugsanlega myndast vegna þeirra framkvæmda sem allir vissu að mundi valda ákveðinni þenslu.

Frú forseti. Eitt orð um áhrif skattalækkana. Hv. framsögumaður stendur að tillögu um lækkun virðisaukaskatts í stað tekjuskattslækkana ríkisstjórnarinnar um sömu upphæð. Áhrif slíkrar skattalækkunar á þenslu eru örugglega ekki minni. Ég legg því til að hv. þm. styðji ríkisstjórnina í skattalækkunum á tekjur. Hafi menn áhyggjur af tekjuskattslækkuninni verður að hafa í huga að þeir skattar hafa hækkað sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, vegna þess hvernig tekjuskattskerfið er uppbyggt. Þess vegna er skattalækkunin eingöngu leiðrétting og menn ættu ekki að hafa áhyggjur af henni. Enginn. (Gripið fram í.)

[13:56]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það er full þörf á því að hafa áhyggjur af þróun efnahagsmála. Það er gífurlegur viðskiptahalli og hækkandi verðbólga. Það eru ekki einungis verðbólguvæntingar sem eru að hækka, heldur verðbólgan sjálf. Verðbólgan er mun meiri en gert var ráð fyrir í markmiðum ríkisstjórnar í síðustu fjárlögum. Markmið ríkisstjórnar nú er að verðbólgan verði 3,5% á næsta ári. Ýmsar aðgerðir ríkisstjórnarinnar vinna gegn því markmiði. Þá vil ég fyrst nefna skattalækkanirnar, sérstaklega þær sem ná eingöngu til þeirra sem eru tekjuhærri. Skattalækkanir munu án efa auka peningamagn í umferð, sem er þensluhvetjandi.

Eina leiðin til þess að skattalækkun sé raunhæf er að til sé innstæða fyrir henni. Það er gert með aðhaldi í ríkisfjármálunum. Því miður sjást þess ekki nein merki í fjárlögum fyrir næsta ár. Það er mikið áhyggjuefni.

Á hverjum mun verðbólgan bitna? Hún mun fyrst og fremst bitna á þeim sem skulda. Minni fyrirtækjum og heimilunum í landinu og sérstaklega þeim sem eru að fjárfesta í húsnæði. Oft er barnafólk að fjárfesta í æ dýrara húsnæði. Það er verulegt áhyggjuefni. Ég tel að við á hinu háa Alþingi ættum að beita öllum ráðum til þess að vinna bug á verðbólgunni.

Það er óvíst að sú leið sem ríkisstjórnin ætlar að fara, að skilja Seðlabankann einan eftir með vandann og helsta tæki hans er að hækka stýrivexti, muni duga, því miður. Það mun einungis ná til heimilanna en ekki til bankakerfisins, sem fjármagnar sig í síauknum mæli erlendis frá, og stærri

fyrirtækja. (Forseti hringir.) Ég tel að ríkisstjórnin verði að gera sitt til að halda (Forseti hringir.) friði á vinnumarkaði.

[13:58]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. málshefjanda, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, fyrir að taka þetta mikilvæga mál til umræðu, en vil byrja á því að nefna hlut þeirra sem ekki geta sagt upp samningum sínum ef verðlagsþróunin verður eins og spáð hefur verið, sem eru lífeyrisþegar, örorku- og ellilífeyrisþegar, og spyrja hæstv. forsætisráðherra: Ef verðlagsforsendur fara fram úr fjárlögum verður þá lífeyrisþegum ekki örugglega bættur sá skaði? Ég bið hann að svara þeirri spurningu á eftir.

Annars er athyglisvert í umræðunni að heyra hv. þm. Einar Odd Kristjánsson og Pétur H. Blöndal ráðast svo harkalega að fjarstöddum hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, og segja að kjarasamningar fjármálaráðuneytisins hafi allir verið úr böndunum og að allt aðhald skorti í ríkisrekstrinum. Það er nokkuð annar tónn en heyrist hjá hæstv. forsætisráðherra sem virðist ekki alveg búa við sama veruleika og hv. þingmenn. Hann segir að ekkert hafi gerst sem gefi tilefni til þessarar umræðu. Nei, nei, herra forsætisráðherra, það er bara hagdeild Alþýðusambands Íslands sem hefur sagt að forsendur kjarasamninga geti brostið á næsta ári. Það er nú heldur betur ástæða til þess að ræða málin. Það er ekki ástæða fyrir hæstv. forsætisráðherra að segja að það sé engin ástæða til að óttast og það sé bara gott að fólk sé að taka húsnæðislán.

Hvaða skilaboð eru það frá hæstv. forsætisráðherra? Það eru skilaboð til almennings og atvinnulífs um að óhætt sé að keyra neyslu og fjárfestingar eins og hverjum og einum hugnast. Það eru neyslu-, eyðslu- og fjárfestingarhvetjandi skilaboð frá stjórnvöldum sem eiga þvert á móti á þenslutímum sem þessum að standa traustum fótum í þessum stól í veruleikanum og vara við óhóflegri bjartsýni, vegna þess að þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson varaði við því í desember árið 2000, (Forseti hringir.) og menn hlustuðu ekki, fór verðbólgan í 9% árið eftir. Það hækkaði skuldir heimilanna í landinu um tugi milljarða að missa þannig stjórn á efnahagsmálunum og tala í tómri bjartsýni, herra forsætisráðherra.

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég vil minna hv. þm. á að beina máli sínu til forseta en ekki til einstakra þingmanna eða ráðherra.)

[14:01]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og hér hefur komið fram er staðan viðkvæm og okkur ber að taka hana alvarlega.

Formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, segir hér að brýnt sé að tryggja stöðugleikann. Við skulum aðeins athuga hvað bæði Samfylkingin og Vinstri grænir vilja í því sambandi. Hér hafa þeir haft uppi þann málflutning, sérstaklega Samfylkingin, að lækka beri skatta — það sagði Samfylkingin líka í síðustu kosningabaráttu — það á að hækka skattleysismörk, það á að lækka virðisaukaskatt, jafnvel afnema hann, það á að afnema stimpilgjöld og þar að auki leggja þingmenn stjórnarandstöðunnar fram nánast daglega tillögur um mjög aukin útgjöld upp á tugi milljarða. Þetta er nú allur stöðugleikinn sem stjórnarandstaðan hefur sýnt vilja til að halda uppi. (**Gripið fram í:** Taka það allt til baka.)

Varðandi aðhald í fjárlögum er alveg ljóst að stjórnarflokkarnir eru að setja aukið fjármagn til velferðarmála, svo sem til málefna fatlaðra, heilbrigðismála og menntamála. Á móti er dregið mjög verulega úr framkvæmdum, úr fjárfestingum, þannig að hér er verið að sýna aðhald í fjárlagagerðinni. Það eru samt nokkrir þættir sem valda þensluhættu eins og hefur líka komið hér fram, m.a. stóriðjuframkvæmdirnar. Það er ekkert nýtt, það var alltaf vitað, og Samfylkingin studdi þau áform — nánast hver einasti þingmaður Samfylkingarinnar studdi þau áform.

Af hverju erum við að fara út í þá framkvæmd? Meðal annars til að geta staðið undir velferðarkerfinu sem hv. þm. Ögmundur Jónasson ræðir afar oft um að þurfi að gera. Ég er honum sammála um það (**ÖJ:** Hvað á að gera ...?) þannig að sú framkvæmd er einmitt til þess fallin (Gripið fram í.) að styrkja efnahagslífið þannig að við getum staðið undir félagsmálum, menntamálum og heilbrigðismálum. (**ÖJ:** ... Þetta er alrangt.)

Ég vil minna hv. þingmann á að mjög stór launþegasamtök studdu þá framkvæmd (Gripið fram í.) þannig að það er löngu vitað af mögulegri þensluhættu og nú er um að gera að við tökum höndum saman (Gripið fram í.) og reynum að verjast henni.

Varðandi það að hér séu gáleysislegar yfirlýsingar um skattalækkanir frá stjórnvöldum (Gripið fram í.) vísa ég því algjörlega á bug. Það hefur löngu verið ljóst að stjórnarflokkarnir ætla sér að lækka hér skatta (Forseti hringir.) og það er ekkert nýtt í því.

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að halda ró sinni og vera ekki sífellt að grípa fram í fyrir ræðumönnum á þeim stutta tíma sem þeir hafa í ræðustólnum í þessari umræðu.)

[14:04]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar tók af mér ómakið. Ég ætlaði að rifja hér upp litla sögu um minni gullfisksins og bera það saman við minni hæstv. forsætisráðherra. Gullfiskurinn man u.þ.b. þrjár mínútur aftur í tímann og það hefur komið í ljós að hæstv. forsætisráðherra man töluvert lengra aftur í tímann en hann man ekki þrjú ár. Þau varnaðarorð sem við í Samfylkingunni fluttum hér um viðskiptahalla, um gengi og verðbólgu, gengu því miður öll eftir. Viðskiptahallinn jókst hömlulaust upp úr aldamótunum síðustu, leiddi til áhlaups og gengisigs, leiddi til þess að verðbólgan fór hér úr böndunum.

Hæstv. forsætisráðhera brýtur í blað. Hann er búinn að vera í tæpa tvo mánuði í embætti og við vitum öll um þá ólgu sem er í samfélaginu núna. Hæstv. forsætisráðherra er áhyggjulausasti maður á öllu jarðríki. Það hefur komið fram að hæstv. forsætisráðherra hefur ekki áhyggjur af kennaraverkfalli. Hæstv. forsætisráðherra hefur ekki áhyggjur af verðbólgu. Hæstv. forsætisráðherra hefur ekki áhyggjur af neinu. (**Gripið fram í:** Hvað gerðist ...?) Þetta er allt í fínum málum hjá hæstv. forsætisráðherra.

Frú forseti. Ætli hæstv. forsætisráðherra viti hvernig hin gálausu tök og hinar gálausu og ábyrgðarlausu yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, t.d. varðandi skattalækkanir, eru að leika ákveðin viðhorf í samfélaginu? Við erum ekki búin að ljúka kennaraverkfalli, það er miðlunartillaga í gangi og kennarar eru að taka ákvörðun um það þessa dagana hvort þau eigi að samþykkja hana eða ekki. Við heyrum núna í fréttum að forustumenn kennara í Reykjavík segja það fullum fetum að verðbólguspá næstu ára sé þannig að það sé til lítils að samþykkja miðlunartillöguna vegna þess að launahækkanirnar verði étnar upp af verðbólgunni sem þessi maður hefur engar áhyggjur af.

Hæstv. forsætisráðherra kemur hér með heimakokkaða verðbólguspá úr fjármálaráðuneytinu frá því (Forseti hringir.) í haust. En hann tekur ekki mark á ASÍ, hann tekur ekki mark á Seðlabankanum, hann tekur ekki mark á Landsbankanum, hann telur ekki mark á Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. (Forseti hringir.) Hann er áhyggjulausasti maður í heimi. Gaman væri að vera svona. (Forseti hringir.)

[14:06]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það er mjög merkilegt að hlusta á stjórnarandstöðuna í þessu máli.

Ég hlustaði hér í morgun á umræðu um húsnæðismál. Þá var það frumvarp gagnrýnt fyrir það að húsnæðislánin væru ekki hækkuð nógu mikið, það ætti að hækka þau miklu meira. Það er sem sagt hvatt til þenslu fyrir hádegi en reynt að draga úr henni eftir hádegi (**ÖS:** Það er Árni Magnússon sem vill hækka meira.) í þeirri trú að menn geti þá væntanlega hvatt til þenslu fyrir hádegi daginn eftir og dregið úr henni eftir hádegi sama dag. Þetta er náttúrlega málflutningur sem ekki er hægt að taka mark á.

Ég sagði aldrei hér að ég hefði engar áhyggjur af þessari stöðu. Ég sagði hins vegar að ástæða væri til að fagna því að Íslendingar fengju sambærileg húsnæðislán og gengur og gerist í kringum okkur. Ég vona að það verði ekki til þess að auka neyslu eða eyðslu okkar fólks. En var ekki kominn tími til þess að Íslendingar gætu farið að fjármagna húsnæðismál sín með langtímalánum en ekki skammtímalánum með yfirdráttarvöxtum? Skiptir það ekki launþega þessa lands miklu máli? Og skiptir það ekki launþega þessa lands miklu máli að því er spáð 2005 að kaupmáttur muni vaxa um rúm 3% og því er spáð 2006 að kaupmáttur ráðstöfunartekna muni vaxa um rúm 4%? Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur aldrei vaxið jafnmikið og í tíð þeirra flokka sem nú eru í ríkisstjórn, aldrei, hvorki fyrr né síðar. Er það ekki það sem skiptir meginmáli í þessu sambandi?

Við höfum þrátt fyrir allt, þrátt fyrir allar svartsýnisspár, viðhaldið stöðugleikanum og við ætlum að gera það áfram.

Húsnæðismál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 220. mál (hámark lánshlutfalls). — Þskj. 223.

[14:09]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Við höldum nú áfram að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál sem umræða hófst um í morgun, sem sagt um að taka upp 90% lán með ákveðnu þaki, eins og hér hefur komið fram, og breyta því kerfi sem verið hefur í gildi.

Allt er þetta gott og blessað vegna þess að segja má um Íbúðalánasjóð að hann sé mikill jafnréttissjóður, ef svo má að orði komast. Hann mismunar ekki fólki, a.m.k. ekki eins mikið og aðrir, eftir því hvar þeir búa á landinu. Kem ég kannski að því síðar þegar ég ræði um fasteignalán bankanna.

Þess vegna er mikilvægt að menn standi dyggan vörð um Íbúðalánasjóð eins og ræðumenn hafa sagt hér í morgun, og að hann sé varinn vegna þess að við vitum auðvitað að það er töluverð ásókn lánastofnana — við fylgdumst með því í vor og sumar — í að þessi opinberi sjóður leggist af og fari inn í bankakerfið. Þess vegna segi ég að það er mikilvægt að standa dyggan vörð um þennan sjóð.

Sá opinberi sjóður sem hér er verður að gæta jafnræðis og jafnréttis milli þegna landsins, sama hvar þeir búa. Þetta segi ég Íbúðalánasjóði til hróss. Hér hefur nefnilega komið fram að fasteignalán bankanna gæta ekki jafnræðisins, íbúar höfuðborgarsvæðisins þar sem veðin eru tryggari að mati bankanna fá hærri lán en íbúar landsbyggðarinnar og alls konar þröskuldar eru settir þar inn.

Þegar ég segi þetta um Íbúðalánasjóð og hæli honum verð ég samt sem áður að segja að Íbúðalánasjóður er því miður — og hefur verið undanfarin ár — í ákveðnu hlutverki gagnvart landsbyggðarfólki og mér líkar það ekki. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. félagsmálaráðherra nokkurs — hann situr hér í salnum meðan umræða er um frumvarp hans eins og ráðherrar eiga að sjálfsögðu að gera. Ég er sem sagt að ræða um Íbúðalánasjóð sem vefengir stundum söluverð húsnæðis á landsbyggðinni, vefengir það markaðsverð sem sett er upp í kaupum og sölum milli aðila og á það til að senda sérfræðinga að sunnan, eins og sagt er stundum, SAS-ara, til viðkomandi byggðarlags að skoða viðkomandi eign og jafnvel að reyna að verðfella hana eða lækka verðið. Ég spyr hæstv. félagsmálaráðherra hvort þetta séu eðlileg vinnubrögð hjá Íbúðalánasjóði allra landsmanna sem ég hef hér verið að dásama og hæla. Mér finnst ljóður á því hvernig þetta er gert. Nú hlýtur það að vera svo, virðulegi forseti, að markaðsverð íbúða, sama hvar það er á landinu, hlýtur að vera það verð sem kaupandi og seljandi hafa komið sér saman um. Þess vegna á Íbúðalánasjóður að lána út á það verð líkt og gert er hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem aðilar koma sér saman um söluverð. Ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvað honum finnist um þetta atriði og hvort það muni kannski minnka eða leggjast af með þessum breytingum hér eða hvort íbúðaseljendur og -kaupendur á landsbyggðinni þurfi áfram að búa við að þetta verði gert svona.

Bankarnir hafa í samkeppni við Íbúðalánasjóð komið

fram á markaðinn á sumrinu, sem er af hinu góða, skapað fjölbreytta lánamöguleika, lengri tíma og allt það, til að byggja upp þessa miklu og bestu eign hverrar fjölskyldu, þ.e. húsnæði, og boðið þar mikið lán sem er ekki boðið öllum landsmönnum, jafnvel ekki þegar viðkomandi peningastofnanir eru á viðkomandi stöðum. Það geta verið hömlur á. Við skulum ekki gleyma því að á sumum stöðum er bankastarfsemin að dragast saman og hefðbundnir bankar jafnvel að fara í burtu. Eftir sitja hinir ágætu sparisjóðir sem eru bankastofnanir margra byggðarlaga og sem ég því miður óttast að geti ekki tekið þátt í þessari samkeppni mjög lengi.

Það hefur líka komið fram, virðulegi forseti, að lánin sem peningastofnanir bjóða með þeim vöxtum sem þær gera og engum hámörkum geti verið þensluhvetjandi, séu með öðrum orðum neyslulán. Það er vitað mál, eins og fram hefur komið, að fólk er að skuldbreyta lánum, taka óhagstæð lán, þess vegna til utanferða, bílakaupa og annars slíks og skuldbreyta þeim yfir í betri lán. Það getur auðvitað verið þensluhvetjandi eins og getið er um í umsögn fjármálaráðuneytisins þar sem varað er við þessu.

Í því sambandi vil ég segja að þetta mun náttúrlega fyrst og fremst hækka fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu eins og gerst hefur í mörg ár, eins og fram kom í ræðu hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur. Hún tók dæmi um að tveggja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um allt að 100% frá árinu 1997. Ég þykist vita að þetta sé hárrétt og að hækkunin sé jafnvel meiri.

Virðulegi forseti. Til hvers leiðir hækkað fasteignaverð? Jú, til hækkunar á húsnæðislána- eða húsnæðisþætti vísitölu neysluverðs. Til hvers leiðir það svo? Jú, til hækkunar fasteignalána hjá öllum landsmönnum, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu, heldur alls staðar, jafnt á Raufarhöfn sem Reykjavík, eða Kópavogi eða Kópaskeri. Það gerir það að verkum að íbúar þessara staða þurfa að greiða meira af lánum sínum en áður. Þeir njóta ekki ávaxtanna við hækkun fasteignaverðs, að hægt sé að selja viðkomandi fasteign hærra verði og greiða upp lánin. Þetta vildi ég nefna, vegna þess að það er allt of sjaldan rætt um vísitölu neysluverðs, hvernig hún og húsnæðisþátturinn er fundin út. Mér virðist að það mælist fyrst og fremst hækkunin á höfuðborgarsvæðinu sem leiðir til þessara víxlverkana allra.

Ég get ekki látið hjá líða, virðulegi forseti, að nefna svar hæstv. félagsmálaráðherra við fyrirspurn frá mér um lánveitingar Íbúðalánasjóðs á síðasta þingi, sem er í raun og veru mjög merkilegt svar. Við sjáum fjölda lána og annað slíkt og við sjáum líka hvernig viðkomandi lán hafa lánast út frá Íbúðalánasjóði eftir sveitarfélögum sem er því miður spegilmynd af byggðaröskun og byggðaþróun undanfarinna ára. Ég horfi hér til félagsmálaráðherra, og kannski þess vegna rifjast upp orð hæstv. fyrrverandi félagsmálaráðherra, Páls Péturssonar, sem sagði að Framsóknarflokkurinn hefði gleymt landsbyggðinni í markaðssetningu sinni á höfuðborgarsvæðinu. Ég skil ekki af hverju þetta kemur allt í einu upp í hugann þegar ég horfi hér til hægri á hæstv. núverandi félagsmálaráðherra, að gleyma landsbyggðinni í markaðssetningu á höfuðborgarsvæðinu. En nóg um það.

Í frumvarpinu er líka fjallað um áhrif sem niðurlögn á viðbótarlánum hefur á sveitarfélögin í landinu. Það er gott. Ég vil þó að haft sé í huga að viðbótarlánin og þau fjárhagslegu útgjöld sem sveitarfélögin hafa orðið fyrir undanfarin ár með viðbótarlánunum var náttúrlega eitt af þeim verkum og ákvörðunum Alþingis sem fóru til sveitarfélaganna, juku útgjöld þeirra án þess að tekjustofn kæmi á móti. Þess vegna er gott að þetta skuli fara. En betur má ef duga skal í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og vita það allir sem sátu fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í síðustu viku að það vantar mikið upp á.

Ég vara við því að hæstv. félagsmálaráðherra og stjórnarliðar almennt rjúki upp og fagni þeim smáupphæðum sem fara þarna. Ég segi smáupphæðum, vegna þess að þetta er lítið brot af því sem á sveitarfélögin hefur hallað í fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga, sama hvort það eru 300 millj. kr. sem detta út eða reksturskostnaður viðkomandi sveitarfélags sem lagður er inn. Ég fagna því að þetta skuli vera sett svo vel inn þegar þetta er að detta út og menn geti skreytt sig með þeim rósum hér nú og vænti þess að hæstv. félagsmálaráðherra, ráðherra sveitarstjórnarmála, setji það eins vel inn í öðrum frumvörpum sem kunna að auka álögur á sveitarfélög vegna ákvarðana sem teknar eru á hinu háa Alþingi, að það sé sett inn á jafnmarkvissan hátt eins og að hver afgreiðsla kosti um 5 þús. kr. á viðbótarlánum og allt reiknað eins og hér kemur til.

Án þess að ég ætli að fara að ræða um fjárhagsleg samskipti fagna ég því að þetta skuli fara þarna út, en segi líka að það er margt annað sem á eftir að koma til. Ég vara því hæstv. stjórnarliða við því að fagna þessu og segi að þetta er bara lítið hænuskref í átt að því að koma þessu í eðlilegt horf þarna á milli. Við heyrðum undirliggjandi óánægjurödd sem liggur í sveitarstjórnarmönnum þar sem meira að segja forusta Sambands íslenskra sveitarfélaga, á ég þá sérstaklega við formann sambandsins, virtist aðeins vera farinn að byrsta sig og hrista sig í vörn fyrir sveitarfélögin, bara til að hafa sagt það á fjármálaráðstefnu. Ég hélt eitt augnablik að það ætti að fara að kjósa formann í framhaldi af ræðu formannsins, það væri formannskjör seinna um daginn, en það var nú ekki. Mér fannst þetta vera framboðsræða. Vonandi er það rétt byrjunin á hörkuforustu Sambands íslenskra sveitarfélaga gagnvart ríkinu í þeim samningum sem eiga að gerast í þessum mánuði. Við höfum ekki meira en þennan mánuð til að ganga í það.

Ég vil líka segja með viðbótarlánin, virðulegi forseti, af því að fjallað er um þau í 8. gr., að nú þarf ekki lengur samþykki viðkomandi húsnæðisnefndar til að yfirtaka þau lán eins og áður. Það er ágætt og má leiða líkur að því að íbúðarhúsnæði sem er með viðbótarláni sé sölulegra en önnur sem eru ekki með viðbótarláni. Auðvitað er húsnæði alltaf sölulegra þegar það er með hagstæðu láni. Á móti kemur að ef menn vilja skuldbreyta, því þessi lán eru með hærri vöxtum en þau sem á að bjóða eftir samþykkt frumvarpsins, mun það kosta stimpilgjöld og lántökukostnað sem er af hinu verra. Með öðrum orðum getur fólk tekið nýtt lán og greitt upp lánin sem voru fyrir, en þarf þá að greiða stimpilgjald og lántökukostnað og allt það þannig að fjárhagslegur ávinningur fer kannski þar. Hin ósanngjörnu stimpilgjöld geta því leitt til þess að sá einn hagnast sem kannski síst skyldi, þar sem ríkissjóður fær af slíkum skuldbreytingum. Það er algjörlega óþolandi að við skuldbreytingu á láni,

jafnvel hjá hinum opinberu sjóðum, skuli þurfa að fara þessa leið og greiða stimpilgjöld og lántökukostnað.

Ég vil minnast á félagslegar íbúðir. Í frumvarpinu er fjallað um að setja meiri peninga í varasjóð húsnæðismála og auka þar með tækifæri sveitarfélaga að greiða upp og taka á sig tap vegna sölu á félagslegum íbúðum. Þetta finnst mér vera mjög mikilvægt atriði og tel að félagsmálanefnd eigi að skoða það og hæstv. félagsmálaráðherra líka, að sett sé örlítið meira í sjóðinn til þess að auðvelda sveitarfélögum um allt land að selja sig út úr kerfinu, ef svo má að orði komast, vegna þess að við vitum að hér áður fyrr var mikið byggt af félagslegu húsnæði sem er svo núna vegna íbúafækkunar og annarra þátta, allt of mikið framboð af. Þess vegna vantar að taka húsnæðið og gera sveitarfélögunum kleift að losa þetta út á hinn almenna markað og greiða upp mismun sem er á lánum sem standa á þessu og markaðsvirði á því sem það selst á. Það léttir líka mjög fjárhagsstöðu fjölmargra sveitarfélaga ef það er gert.

Virðulegi forseti. Þetta vil ég að verði veganesti félagsmálanefndar. Ég á ekki sæti í þeirri nefnd, en ég vænti þess að málið verði tekið upp og skoðað í þeirri ágætu nefnd, ásamt því að ég tek undir það sem hér hefur verið sagt og skal hafa það lokaorð mín, að ég tel ákaflega mikilvægt að félagsmálanefnd vinni málið mjög hratt og fljótlega svo breytingin geti tekið gildi 1. janúar nk. vegna þess að þegar verið er að breyta um kerfi eins og þetta vitum við að það hefur áhrif á markaðinn, fólk fer að bíða og hætta og ástæðulaust að Alþingi taki sér allt of langan tíma í þetta. Ég trúi ekki öðru en hægt sé að skapa sátt um að vinna þetta fljótt og vel og klára þetta áður en Alþingi fer heim í jólafrí.

[14:25]

Hilmar Gunnlaugsson:

Hæstv. forseti. Ég vil nota þetta tímabundna tækifæri mitt á þingi til þess að taka aðeins þátt í umræðunni. Ég þekki nokkuð vel til fasteignamála á mínu svæði, Austurlandi, og hef kynnst bæði virkum og óvirkum markaðssvæðum.

Vegna ummæla í morgun er ljóst að menn virðast hafa mestar áhyggjur af stöðu Íbúðalánasjóðs þó, eins og hæstv. félagsmálaráðherra kom inn á áðan, að sjóðurinn væri ekki takmark heldur kjör viðsemjenda hans, sérstaklega á landsbyggðinni eins og mál virðast vera að þróast. Ef við gefum okkur að hagsmunir Íbúðalánasjóðs skipti lántakendur miklu máli verður að fara varlega í þessi mál. Það er ljóst að með 90% lánum er verið að taka ákveðna áhættu. Vegna orða hv. 3. þm. Norðaust., Kristjáns L. Möllers, um markaðsverð er fullkomlega eðlilegt að Íbúðalánasjóður, eins og aðrir sem lána út á veð, gangi tryggilega úr skugga um að um tryggt veð sé að ræða. Það þekkist því miður að það sem er sett á pappír sé ekki endilega markaðsvirði. Þess vegna er eðlilegt að það sé kannað. (**Gripið fram í:** Er verið að falsa eitthvað?) Því miður er alltaf sú hætta til staðar. Það verður að spyrja sig og stunda gagnrýna hugsun í þessum efnum. Þess vegna tel ég fullkomlega eðlilegt að það sé kannað, þó það verði auðvitað að gera það þannig að það hleypi ekki kostnaðinum of mikið upp.

Það er ljóst að Íbúðalánasjóður mun verða fyrir meiri áhættu með þessu kerfi. 90% lán þýða, alla vega þar sem ég þekki til, að þar sem ekki er virkur markaður fylgist einfaldlega ekki að markaðshækkun og hækkun lána þegar um verðtryggð lán er að ræða. Fasteignir lækka oft kannski ekki í krónum talið en þegar lánin hækka, og 90% lán eru fljót að éta upp eigið fé í fjárfestingunni, þarf að fara mjög varlega. Ég vil lýsa yfir ákveðnum áhyggjum með þetta og vona að það stökkvi ekki allir um of, eins og rætt hefur verið um í dag, að nýta sér það frelsi sem vissulega fylgir þessu til fulls. Það er engin nauðsyn til þess.

Vegna umræðunnar í morgun vil ég mótmæla því að endalaust sé verið að stilla bönkum og Íbúðalánasjóði upp sem einhverjum andstæðum. Sem dæmi um það var í morgun verið að gera því skóna að bankarnir væru búnir að draga línu í kringum höfuðborgina og hugsuðu ekki um neitt annað. Af því að ég þekki betur til en það veit ég að vissulega skipta bankarnir landinu upp í virk og óvirk markaðssvæði, en það er ekki verið að draga einhverja línu á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Ég verð að segja eins og er að ég er orðinn hundleiður á því þegar þingmenn leyfa sér að einfalda hlutina með þessum hætti, að menn séu hólfaðir í tvö hólf. Það verður að vera málefnaleg umræða um þetta. Hún er ekki málefnaleg þegar landsbyggðin er öll sett undir einn hatt og höfuðborgarsvæðið undir annan.

Vegna umræðunnar um að bönkum og Íbúðalánasjóði sé stillt upp sem andstæðum þá geta þeir aðilar unnið ágætlega saman í dag. Ég fæ reyndar ekki betur séð en verið sé að gera það að tillögu að hætta því upp að ákveðnu marki, þ.e. þegar verið er að kaupa fasteignir sem eru aðeins í hærri kantinum geta einstaklingar í dag tekið lán á 1. veðrétt og svo fullt lán hjá Íbúðalánasjóði. Mér sýnist að verið sé að gera það að tillögu að þetta verði lagt niður. Það er að mörgu leyti miður að verið sé að stilla fólki upp annaðhvort eða. Mér finnst að Íbúðalánasjóður eigi ekki að þurfa að vera settur í þá stöðu.

Almennt séð er auðvitað um nokkuð jákvætt mál að ræða í þeim skilningi að þetta mun væntanlega örva fasteignamarkaðinn og vonandi hleypa lífi í óvirku svæðin og gera þau virkari en það verður að fara varlega í þessu máli.

[14:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að við ræðum hér eitt af þeim málum sem sennilega næst góð samstaða um í þinginu og að allir stjórnmálaflokkar telji það sem stefnt er að vera gott mál eins og stundum er sagt um málefni sem hér eru rædd. Að minnsta kosti á það við um þann sem hér stendur að ég tel að sú stefna sem hér er sett fram, að auka lánshlutfall Íbúðalánasjóðs, sé af hinu góða og sé í raun og veru bráðnauðsynleg miðað við hvernig mál hafa þróast í landinu á undanförnum missirum. Það er auðvitað svo, því miður, að lánskjör og lánsfjárhæðir eru misjafnar hér á landi eftir því hvar verið er að lána út á fasteignir þó að það sé sjálfsagt rétt hjá hv. síðasta ræðumanni að ekki sé hægt að draga þessa línu eingöngu utan um höfuðborgarsvæðið sem sérstakt lánasvæði sem bankarnir vilja eingöngu lána á, heldur ráðist það auðvitað dálítið af mati viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana á því hvaða verðmæti þeir

telja í ákveðnum eignum. Ég tel hins vegar að hlutverk Íbúðalánasjóðs sé að efla sem mest jafnræði með fólki hér á landi varðandi lánamöguleika til að eignast eigið húsnæði. Íslendingar hafa í ríkum mæli viljað eiga sitt húsnæði sjálfir og mjög margir stefna að því sem sérstöku takmarki á ævinni að eignast sitt eigið húsnæði. Í sjálfu sér tel ég það af hinu góða þó að vissulega eigi það ekki beinlínis að vera skylda hvers og eins að kaupa sér húsnæði ef hann vill heldur vera á leigumarkaði.

Mér sýnist alveg ljóst að frumvarp það sem við erum með í höndunum og erum að ræða sé til þess fallið að efla möguleika fólks til að eignast húsnæði. Ég tek undir það sem sagt er í greinargerð með frumvarpinu að landsmenn sitja ekki allir við sama borð að því er varðar lánskjör og lánafyrirgreiðslu, annars vegar víða á landsbyggðinni og hins vegar á þeim markaðssvæðum þar sem íbúðaverð hefur hækkað markvisst á undanförnum árum sem er að stærstum hluta á höfuðborgarsvæðinu þótt það sé ekki einhlítt.

Bankarnir komu inn á þennan markað fyrir aðeins örfáum missirum með miklum látum í kjölfar þess að þeir höfðu ekki náð því fram að ríkinu væri í raun og veru ekki heimilt að reka Íbúðalánasjóð og kappsmál fjárfestingarbankanna og viðskiptabankanna var að komast inn á húsnæðismarkaðinn. Þegar hins vegar sú staðreynd lá fyrir og það var staðfest að starfsemi Íbúðalánasjóðs stæðist allar reglur, niðurstaða í því máli kom fram í ákvörðun sem lá fyrir frá ESA í ágúst sl., fóru bankarnir beint inn í virka samkeppni á íbúðalánamarkaði og út af fyrir sig er ekkert nema gott um það að segja. Maður spyr sig hins vegar að því þegar svo er komið að fjárfestingarstofnanir setja á fulla ferð inn á húsnæðismarkaðinn og sækjast eftir 1. veðrétti eigna hvort viðskiptabankarnir telji að það séu e.t.v. bestu tryggingarnar fyrir lánsfé hér á landi að festa lánin við íbúðarhúsnæði.

Ég minni á það, hæstv. forseti, að á undanförnum árum hafa lánastofnanir hér á landi fjárfest eða stutt við fjárfestingar í því sem ég kalla að taka veð í góðu sumri, þ.e. í syndandi fiski í sjónum, sem enginn veit frá ári til árs hvort verður nákvæmlega það sama árið eftir eða árið þar á eftir og ég hef nú stundum varað menn við því að árferðið á Íslandsmiðum væri ekki stabílt fyrirkomulag. Ég held að menn séu að upplifa þetta og sum veðin sem tekin voru t.d. í innfjarðarrækju fyrir ekki svo löngu síðan eru einskis virði í dag, svo ég minni bara á það. Framsýni bankastofnana í því að taka tryggingar hefur því ekki alltaf verið mikil hér á landi.

Samt sem áður hafa íbúðarhúsin okkar löngum verið talin nokkuð góð veð. Það er auðvitað líka vegna þess að það er séð til þess að við tryggjum þessar eignir okkar og þar af leiðandi er áhættan minni en ella væri. Almennt hefur íbúðaverð farið hækkandi hér á landi þó að það eigi ekki við alls staðar og sum landsvæði hafa orðið að una því að íbúðaverð hafi breyst verulega til lækkunar en það hefur yfirleitt gerst samfara því að önnur breyting hefur orðið í viðkomandi byggðarlögum eins og tekjusamdráttur eða breytingar á atvinnumöguleikum. Þar er auðvitað búið við ákaflega óstöðugt umhverfi sem við þekkjum öll sem höfum tekið hér einstaka sinnum umræðu um byggðamál, fiskveiðistjórnarmál og fleiri mál sem ég ætla ekki að blanda mikið meira inn í þessa umræðu.

Ég tel hins vegar að það mál sem við erum með í höndunum og erum að ræða sé af hinu góða. Ég held að það sé einnig góð þróun að fólki sé boðið upp á endurfjármögnun sem bankarnir tóku upp með þeim með hætti sem þeir gerðu undanfarin missiri. Það er hins vegar ekkert launungarmál að þegar fólk endurfjármagnar lán sín er það venjulegast gert til að lækka greiðslubyrði og fólk hefur þá meira ráðstöfunarfé handa á milli. Það er auðvitað æskilegt en það væri líka æskilegt að eitthvað af því aukna ráðstöfunarfé sem fólk fær fari ekki allt í eyðslu. Það væri æskilegt að fólk notaði auknar ráðstöfunartekjur sínar að hluta til sparnaðar svo framarlega sem það ætti þess kost og hefði ráð á því.

Allt spilar þetta saman við stefnumálin almennt. Við ræddum áðan um skattamálin og ég hef oft nefnt að ég tel útþenslu ríkisstjórnarinnar í skattamálum að því er varðar að lækka sérstaklega skatta á hátekjur bjóða upp á aðferð sem ekki gagnist okkur til þess að viðhalda stöðugleika og sé þvert móti frekar til að auka óstöðugleika og reyndar einnig til þess gert að auka kaupmátt þeirra sem hafa alveg þokkalegan og góðan kaupmátt fyrir og er engin ástæða til að fara þannig í málin. Ég verð að segja alveg eins og er að ég undrast mjög þá stefnu ríkisstjórnarinnar þó að menn afsaki þetta ævinlega með því að sú ákvörðun hafi verið tekin fyrir löngu að lækka skatta á hátekjur og síðan að afnema þær. Ég tek auðvitað eftir því að verkalýðshreyfingin er sammála mér í því og þeir telja að það sé ekki rétt stefnumótun hjá ríkisstjórninni að fara í skattalækkanir með þeim hætti sem hún boðar.

Ég tel rétt eins og staðan er í þjóðfélaginu núna varðandi lánamarkaðinn að við reynum að flýta þessu máli ef hægt er en ég legg jafnframt áherslu á að menn vandi vel málsmeðferðina og fari gaumgæfilega yfir málið í nefndinni. Mér sýnist frv. hafa verið ágætlega unnið og að hægt sé að hæla hæstv. ráðherra fyrir að það virðist hafa verið skoðað vel miðað við þá greinargerð sem því fylgir. Ég lýsi einfaldlega yfir stuðningi míns flokks við málið og mun ræða það betur þegar það kemur úr nefnd eftir að hafa verið skoðað þar og tel að það eigi að fá eins fljóta en jafnframt vandaða meðferð og kostur er.

[14:43]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Síðastliðið sumar fékk Íbúðalánasjóður óvænta samkeppni og var ekki seinna vænna að kæmist á samkeppni í lánveitingum til einstaklinga. Þessi samkeppni er þess eðlis að veitt er mjög hátt hlutfall í lánveitingum og ekki er endilega verið að spyrja í hvað peningarnir fara og sú forsjárhyggjan sem er í gangi hjá Íbúðalánasjóði er ekki til staðar. Menn þurfa ekki endilega að taka fullt lán. Menn þurfa ekki endilega að taka þau til ákveðins tíma o.s.frv. Það er sem sagt komin miklu meiri og sveigjanlegri samkeppni við Íbúðalánasjóð. Hann rauk að sjálfsögðu upp til handa og fóta og frumvarpið sem við sjáum í dag er afleiðingin þess að Íbúðalánasjóður er í rauninni að reyna að bjarga eigin skinni í þessari samkeppni. Þó að hann sé enn þá með eitthvað ívið lægri vexti held ég að stóraukin þjónustulund samkeppnisaðilanna á markaðnum geri honum

mjög erfitt um vik.

Menn hafa rætt talsvert mikið um hvort þessi nýju lán séu ekki þensluhvetjandi og það er ekki spurning að þau verða það að einhverju leyti. Ég skipti þeim hópi manna sem fær þarna minni greiðslubyrði í tvennt. Ég hef séð greiðslubyrði sem hefur lækkað um allt að helming hjá þeim sem eru í miklum vandræðum, en hvað gera þeir við afsláttinn? Sumir eru í þeirri stöðu að þeir eru að sigla beint í gjaldþrot, því miður allt, allt of margir, eins og fréttir hafa borið með sér. En ef þeim er forðað frá gjaldþroti með því að þeir ráða við greiðslurnar þá er það mjög jákvætt og kannski ein jákvæðasta niðurstaðan af þessari samkeppni. Þeir munu ekki auka eyðslu sína, þeir munu auðvitað bara borga eins og þeir geta þannig að sá hópur mun ekki valda þenslu. Svo er það sá hópur sem ræður við núverandi greiðslubyrði og fær allt í einu jafnvel helmingslækkun. Hvað gerir hann við peningana sem hann hefur þá til ráðstöfunar? Menn hafa bent á og kannski með réttu að margir muni auka eyðsluna, kaupa sér bíl, fara í utanlandsferðir, taka aukin lán upp í greiðslubyrðina sem þeir geta ráðið við, og það er ákveðin hætta. Við slíkt fólk vil ég segja að 90% lánveiting er mjög hættuleg, ég kem betur inn á það á eftir, og menn ættu að huga betur að því að auka hraða eignamyndunar, þ.e. að borga niður skuldir eða jafnvel að mynda sparnað. Þeir sem aldrei hafa átt peninga í banka ættu að reyna að ímynda sér það hversu huggulegt það er og unaðslegt að eiga kannski 2, 3 milljónir í banka til að grípa til ef eitthvað bjátar á svo sem veikindi, atvinnuleysi, skilnaður eða fleira þannig að menn séu ekki algerlega berskjaldaðir fyrir áföllum. En það sem menn ættu fyrst og fremst að gera er að nota þessa auknu greiðslugetu til að auka sparnað eða greiða niður skuldir.

Menn hafa líka rætt hér um landsbyggð og höfuðborgarsvæði og menn reyna alltaf að stilla þessu upp sem einhverjum andstæðum. Það er ekki þannig. Ég tek undir með hv. þm. Hilmari Gunnlaugssyni, þingmanni Austurlands, sem sagði að við ættum frekar að tala um virk og óvirk svæði, þ.e. virk svæði þar sem eignir eru seljanlegar, þar er auðvelt að lána alveg sama hvar sú eign er, hvort sem hún er á Reyðarfirði, í Reykjavík eða í Keflavík, og hins vegar svæði sem eru óvirk þar sem getur verið ákveðin hætta fólgin í því að lána vegna þess að lánveitandinn getur hugsanlega eignast eignina og ekki losnað við hana aftur. Það getur verið ákveðið vandamál. En ég held að miðað við þá þjónustulund sem þessir aðilar sýna á höfuðborgarsvæðinu og þá miklu peninga sem þeir hafa í höndunum og þurfa að koma í vinnu muni þeir leita út á landsbyggðina, þ.e. út á virk svæði þar, ekki síður en til Reykjavíkur.

Auðvitað vantar þá oft og tíðum staðbundna þekkingu vegna þeirrar miðstýringar sem var á lánamarkaðnum á Íslandi, hann var mjög miðstýrður og öll þekkingin liggur í Reykjavík. Þá kemur kannski að því að veita útibúum og sparisjóðum úti á landi aukið vægi í lánveitingum, þeim aðilum sem hafa staðbundna þekkingu, sem vita að þessi eign er handónýt og hin er mjög góð, að Jón borgar alltaf allar sínar skuldbindingar og Gunnar borgar aldrei neitt. Það er slík staðbundin þekking sem er mjög mikilvæg þegar menn stunda lánveitingar.

Það sem ég vil benda á í þessu sambandi og lítið hefur komið fram eru gæði útlána. Þegar menn eru farnir að lána 80% af kaupverði fasteignar eða verðmætis má lítið út af bera þannig að eignin fari í mínus, að einstaklingurinn skuldi meira en hann á. Einungis 10% verðlækkun á fasteignaverði getur valdið því. Fasteignir eru vara sem hægt er að framleiða og verið er að framleiða núna á höfuðborgarsvæðinu óhemjumikið af fasteignum þannig að þessi hækkun á fasteignum heldur nokkuð örugglega ekki áfram og það kann að koma ákveðin lækkun á fasteignum eins og gerst hefur á hlutabréfum þar sem lækkunin var heil 20% eða nálgaðist það þegar verst lét en hefur reyndar gengið til baka. Þá gæti það hæglega gerst að fasteignir lækki um 10% og það ættu menn að hafa mjög alvarlega í huga þegar þeir eru að veðsetja og taka lán allt að 90%. Þetta þurfa einstaklingar að hafa í huga og þetta þurfa lánveitendur sérstaklega að hafa í huga, þeir þurfa að treysta mjög vel á lántakann þegar þeir lána slíkt, og það gæti orðið mjög hættulegt fyrir lánastofnanir í landinu ef almenn lækkun yrði á fasteignaverði.

Ég get ekki látið hjá líða að geta um umsögn fjármálaráðuneytisins. Það var mjög skemmtilegt að sjá í frumvarpinu að þar kemur fram mat á áhrifum frumvarpsins á kostnað sveitarfélaga. Það er samkvæmt nýju samkomulagi sem gert hefur verið og er mjög til bóta. Væri skemmtilegt, frú forseti, að sjá líka umsögn um kostnað atvinnulífsins eða einstaklinga af frumvörpum. Það kemur vonandi í framtíðinni að farið verði að meta það hvað t.d. eftirlitsiðnaðurinn kostar fyrirtæki og einstaklinga.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins er ekki minnst einu orði á þær gífurlegu skuldbindingar sem gætu myndast hjá Íbúðalánasjóði ef vextir í landinu lækkuðu nú almennilega mikið, ef raunvextir færu niður í 2%. Þá væri Íbúðalánasjóður með feiknarlegar skuldbindingar, hundruð milljarða í lánum sem eru með föstum vöxtum sem honum ber að greiða og eru með ríkisábyrgð. Þetta hefur ekki verið rætt og þetta kemur ekki fram í umsögn fjármálaráðuneytisins, en gæti skipt milljörðum eða milljarðatugum ef vextir í landinu lækka, og ég sakna þess í umsögn fjármálaráðuneytisins að sú áhætta er til staðar.

[14:51]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mikilvæga mál og þær góðu undirtektir sem það hefur undantekningarlítið fengið hjá þeim hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni.

Hér hefur að sjálfsögðu margt verið reifað og inn á marga hluta málsins komið og ég ætla, hæstv. forseti, að snerta á flestu af því sem hér hefur verið rætt.

Í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur kom fram við upphaf umræðunnar spurning um hvort menn hefðu velt fyrir sér hvernig háttað væri endurfjármögnun banka og sparisjóða á þeim lánum sem þeir nú, góðu heilli, bjóða á húsnæðislánamarkaðnum og ég ítreka að ég fagna framboði þeirra á markaðnum. Sá er hér stendur hefur ekki haft frumkvæði að slíkri athugun enda kannski varla á mínu verksviði en þó vil ég, með leyfi forseta, vitna til nýlegs álits Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem fjallar m.a. um breytinguna á húsnæðislánamarkaðnum. Í sjálfu sér má segja að í áliti

hans komi ekkert nýtt fram hvað varðar Íbúðalánasjóð og álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á starfsemi hans en það vekur athygli að sjóðurinn varar við þeirri hættu sem skapast þegar bankar og sparisjóðir fjármagna langtímalán í formi íbúðalána á lágum vöxtum með skammtímalánum og erlendum lántökum með tilheyrandi gengisáhættu. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn varar við því ójafnvægi sem myndast milli meðallíftíma eigna og skulda í efnahagsreikningi fjármálastofnananna við þær aðstæður.

Svipaðan tón mátti heyra í máli forstjóra Fjármálaeftirlitsins á ársfundi þess í gær þar sem forstjórinn sagði, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið telur brýnt að þeir viðskiptabankar og sparisjóðir sem bjóða upp á þessi lán hugi vel að áhættustýringu og áhættustöðu sinni vegna þessarar nýju og auknu starfsemi. Svör við ítarlegri upplýsingabeiðni um þetta gefa til kynna að í sumum tilvikum hafi verið ítarlega farið yfir áhættustýringu í þessu sambandi. Í öðrum tilvikum er ljóst að ekki hefur verið hugað nægilega vel að fjármögnun lánanna í upphafi eða arðsemi þessara lána að teknu tilliti til þátta eins og afskrifta, rekstrarkostnaðar og annarra tekna. Brýnt er að Íbúðalánasjóður undirbúi sig vel undir breytta tíma þar sem hann er ekki lengur einn á þessum markaði. Nýlegar breytingar á fyrirkomulagi starfsemi hans og breyttar markaðsaðstæður kalla á miklu nákvæmari áhættufjárstýringu en áður. Fjármálaeftirlitið mun fylgjast vel með framvindunni en með lagabreytingum á þessu ári fellur Íbúðalánasjóður nú að fullu undir eftirlit þess."

Þetta finnst mér ástæða til að komi hér fram, hæstv. forseti.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spyr líka um það hvort félagsmálaráðherra hafi haft frumkvæði að athugun Seðlabankans á áhrifum af lánum bankanna og þeirri breyttu stöðu sem nú er upp komin. Því er til að svara að ég hef gert það. Ég hef fært það í tal við forsvarsmenn Seðlabankans að nauðsynlegt sé að slíkt álit fari fram, slík vinna fari fram, slík athugun eigi sér stað og tel brýnt að það verði gert.

Sömuleiðis er því til að svara hv. þingmanni að að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu að félagsmálanefnd fái aðgang að því áliti sem Seðlabankinn vann fyrir félagsmálaráðuneytið varðandi þær hugmyndir sem liggja til grundvallar því frumvarpi sem við fjöllum hér um þó að segja megi, hæstv. forseti, að það álit sé að mörgu leyti úrelt því að það fór fram áður en sú breytta staða varð uppi á húsnæðislánamarkaði sem nú er orðin staðreynd.

Til þess að taka af öll tvímæli vil ég líka svara hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur afdráttarlaust um það að þetta frumvarp gerir ráð fyrir því að strax um áramót, ekki síðar, eða við gildistöku laganna, verði Íbúðalánasjóði heimilt að lána allt að 90% af kaupverði hóflegs íbúðarhúsnæðis.

Hér hefur þingmönnum orðið talsvert tíðrætt um hámarkslánið og hvers vegna það eigi ekki að hækka hraðar og meira. Um það má, hæstv. forseti, eflaust endalaust deila. Ég vil þó undirstrika það að hámarkslán Íbúðalánasjóðs hefur hækkað mikið á þessu ári. Það hefur hækkað úr 8 millj. vegna notaðs húsnæðis og 9 millj. vegna nýrra húsnæðis í 11,5 millj. hvort tveggja. Frumvarpið sem við ræðum nú gerir ráð fyrir að það verði 13 millj. um áramótin og haldi síðan áfram að hækka á kjörtímabilinu.

Það er hins vegar afar mikilvægt, eins og komið hefur fram í umræðunni hvað eftir annað í dag, hæstv. forseti, að hámarkslán Íbúðalánasjóðs taki mið af þeim aðstæðum sem eru á húsnæðislánamarkaðnum þannig að honum verði gert kleift að uppfylla markmið sín. Við höfum skilgreint það svo að það sé að veita öllum almenningi aðgang að 90% lánum vegna meðalhúsnæðis upp að ákveðnu hámarki.

Hv. þm. spurði líka hvort ráðherra hefði viljað ganga lengra en frumvarpið gerir ráð fyrir og svarið við því er nei. Ég tel að þarna sé farið fram af skynsemi og hófsemd og síðan, eins og áður sagði, hæstv. forseti, þarf að meta stöðuna eftir því sem henni vindur fram.

Hv. þm. spurði um viðbótarlánin og hvort farið hefði fram athugun á því hvort hagkvæmara væri að vera í gamla kerfinu, þ.e. því kerfi sem var við lýði um síðustu áramót, eða hinu sem hér er boðað. Eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, formaður félagsmálanefndar, rakti áðan sparast strax á fyrsta ári við breytinguna hjá þeim sem tekur hámarkslán í nýja kerfinu nokkrar þúsundir króna þrátt fyrir hærri lántökukostnað. Eftir það er sparnaðurinn um 90 þús. kr. á ári þau 39 ár sem eftir eru af lánstímanum þannig að það sést auðvitað, hæstv. forseti, að hér er um mikla hagsmuni að ræða fyrir fjölskyldurnar í landinu.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson rakti í máli sínu aðkomu og athugasemdir bankanna að þeim hugmyndum sem liggja til grundvallar því máli sem við ræðum hér. Það er auðvitað rétt sem þingmaðurinn rakti að bankarnir hafa snúið við blaðinu. Í bréfi sem þeir rituðu félagsmálaráðuneytinu 4. júní í fyrra hafa þeir uppi allnokkur varnaðarorð og segja að þær hugmyndir sem þar voru uppi geti leitt til hækkaðs fasteignaverðs, geti leitt til hækkunar verðtryggðra vaxta,ýti undir verðbólgu, það sé eðlilegt að lánshlutfallið hækki ekki eða a.m.k. mun minna vegna lána til dýrara húsnæðis og þannig mætti áfram telja. En bankarnir hafa nú snúið við blaðinu og tekið þá ákvörðun að taka virkan þátt í samkeppninni á þessum markaði og það er vel.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson og sömuleiðis hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fjölluðu um stöðu annarra á húsnæðislánamarkaði en þeirra sem eiga kost á að eignast eigið húsnæði. Ég rakti í máli mínu í morgun, hæstv. forseti, að nefnd sem fjallaði sérstaklega um um biðlista eða bið eftir félagslegu húsnæði og stöðu leiguhúsnæðismarkaðarins hefur komist að þeirri niðurstöðu að tekjulægstu hóparnir í samfélaginu þurfi væntanlega á frekari aðstoð að halda til að standa undir leigugreiðslum á almennum markaði. Þar kemur ýmislegt til álita, m.a. sérstakar húsaleigubætur og stofnstyrkir til sérhópa á borð við öryrkja, aldraða og námsmenn. Við munum skoða það í framhaldi af þessu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir minntist sömuleiðis á húsnæðismál geðfatlaðra. Það er út af fyrir sig sérmál sem er til umfjöllunar sameiginlega hjá félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti. Ég vonast til að við getum kynnt um þau ákveðna áætlun á næstu mánuðum.

Hv. þm. Böðvar Jónsson undirstrikaði í þessari umræðu, sem mér finnst ástæða til að gera líka, hæstv. forseti, að samstaða er um málið milli stjórnarflokkanna. Það kemur skýrt fram í stjórnarsáttmála. Sömuleiðis get ég vitnað til ummæla hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, formanns þing-

flokks sjálfstæðismanna, frá því í sumar. Hann sagði, og ég tek undir það, að sú staða sem uppi er á húsnæðislánamarkaði undirstriki enn frekar nauðsyn þess að við viðhöldum sterku húsnæðislánakerfi með Íbúðalánasjóð í fararbroddi.

Umræðan um varasjóð viðbótarlána fer nú fram milli félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í umræðunni hefur verið komið inn á hlutverk sveitarfélaganna í húsnæðiskerfinu.

Katrín Júlíusdóttir rakti í máli sínu að innkoma bankanna á húsnæðislánamarkað hefði ýtt við ríkisreknu bákni. Hið sama mátti merkja af máli hv. þm. Péturs Blöndals. Nú ætla ég ekki að deila um, hæstv. forseti, hvort kom á undan hænan eða eggið. Í öllu falli er ljóst að sú þróun sem orðið hefur á húsnæðislánamarkaðnum í sumar hefur ekki síst orðið vegna þeirra hugmynda sem liggja til grundvallar því frumvarpi sem við ræðum hér, breyttrar fjármögnunar Íbúðalánasjóðs með lækkun vaxta til hagsbóta fyrir fjölskyldurnar í landinu. Allt er það af hinu góða.

Hv. 3. þm. Norðaust., Kristján Möller, gerði að umtalsefni vinnureglur Íbúðalánasjóðs sem gera ráð fyrir því að ef kaupverð húsnæðis fer verulega fram úr fasteignamati hringi viðvörunarbjöllur og viðeigandi mál sé kannað. Ég tel það eðlilega varnaðarráðstöfun. Það er fráleitt svo að í hverju tilviki á landsbyggðinni séu fasteignasalar fengnir til þess að meta viðkomandi fasteignaviðskipti en það er eðlilegt að hjá Íbúðalánasjóði, eins og öðrum lánastofnunum, viðhafi menn ákveðna varúðarreglu ef fasteignaviðskiptin eða verðgildi kaupsamninganna fer langt fram úr því sem venjulega gerist á viðkomandi svæði.

Hv. þm. Hilmar Gunnlaugsson gerði regluna um 1. veðrétt að umtalsefni og raunar sömuleiðis hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Það er rétt að minna á að bankarnir gera sambærilega kröfu varðandi sín lán. Við búum við virka samkeppni á þessum markaði og það er ekki óeðlilegt að hún leiði til ákveðinna breytinga í samskiptum bankanna og Íbúðalánasjóðs. Það er líka ástæða til að undirstrika að Eftirlitsstofnun EFTA hefur bent á að í nýju húsnæðislánakerfi orkaði tvímælis að Íbúðalánasjóður færi aftar í veðröðina en aðrir lánveitendur. Með því væri í raun verið að veita óbeina ríkisábyrgð á lánum annarra en Íbúðalánasjóðs. Reglan um fyrsta veðrétt er sömuleiðis undirstrikun þess að Íbúðalánasjóði er ætlað að sinna lánveitingum vegna kaupa á minna og meðalstóru húsnæði en ekki hinum verðmeiri eignum, a.m.k. ekki þegar kemur að 90% lánshlutfalli.

Hæstv. forseti. Ég tel að ég hafi hér í máli mínu snert á flestu því sem fram hefur komið í umræðunni. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði um stimpilgjöldin. Ég tek undir með hv. þm. Böðvari Jónssyni hér í umræðunni að stimpilgjöldin séu aftar í forgangsröðinni en þær skattalækkanir sem ríkisstjórnin hefur boðað að hún muni ganga til þótt vissulega megi færa haldbær rök fyrir því að þar sé um skattlagningu að ræða sem ástæða væri til að skoða. Þær skattalækkanir sem ríkisstjórnin hefur boðað og varða m.a. lækkun tekjuskatts, hækkun barnabóta, eignarskattslækkun og þar fram eftir götum eru hins vegar framar í röðinni þegar kemur að því að ákveða hvernig við viljum ráðstafa þeim góða árangri sem hefur náðst við rekstur ríkissjóðs undir forustu þeirrar ríkisstjórnar sem hér fer með völd.

[15:06]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég hafði ætlað að láta mér nægja andsvör en tel, miðað við það sem fram kom hjá ráðherra, að ég þurfi heldur lengri tíma þótt ég ætli ekki að teygja lopann í þessu máli. Ég vil þakka ráðherra fyrir svörin sem hann reyndi af bestu samvisku að svara en ég þarf ýmislegt að ítreka við hann eftir að hafa hlýtt á mál hans.

Varðandi viðbótarlánin þá gerir hæstv. ráðherra ekki mikið úr því að eftir þessa breytingu þurfa þeir sem hafa fengið viðbótarlán, eða hefðu fengið þau ef þetta frumvarp hefði ekki verið lagt fram og yrði óbreytt að lögum, að greiða fullt stimpilgjald sem þeir ekki þurftu að gera áður og greiða 1% lántökugjald. Ráðherrann bendir á að sparnaður viðkomandi við þessa breytingu sé verulegur en hæstv. ráðherra verður að líta til þess varðandi vaxtalækkunina úr 5,3% í 4,3%, að vextirnir hefðu lækkað þótt þetta frumvarp hefði ekki komið fram. Vextir á viðbótarlánunum hlutu að lækka niður í 4,3%.

Ég bendi á það að fyrir nokkrum mánuðum, sennilega á fyrri hluta þessa árs, voru vextir úr útboðum húsnæðisbréfa vegna viðbótarlána komnir niður í 4,28%. Ætlaði ráðherrann þá virkilega að halda þessum vöxtum í 5,3% eins og þeir voru, miðað við að vextir í útboði á húsnæðisbréfum voru 4,28%? Það er ekki hægt að telja það sem sérstakan sparnað hjá fólki við þessa breytingu.

Mér fannst ráðherrann ekki svara því um lántökugjaldið hvort hann væri tilbúinn að lækka það niður í hálft prósent t.d., úr einu prósenti í hálft prósent, til að vega upp á móti stimpilgjöldunum sem fólk þarf að fara að borga en greiddi ekki áður og það að fólk þarf að greiða 1% lántökugjald í staðinn fyrir hálft prósent áður, þ.e. þeir sem voru innan tiltekinna tekjumarka til að geta fengið viðbótarlán.

Ég ítreka því spurningu mína um viðbótarlánið og finnst ekki hægt að bera fyrir sig að verulegur sparnaður verði hjá fólki vegna vaxtalækkunarinnar. Vaxtalækkunin hlaut að verða engu að síður þó að þessi breyting hefði ekki orðið. Staðan á lánamarkaðnum er slík að vextir í útboði húsnæðisbréfa gáfu tilefni til þess að lækka vexti á viðbótarlánum miklu fyrr en gert var.

Mig langar að fara aðeins út í álit Seðlabankans. Ráðherra upplýsti að hann hefði leitað álits Seðlabankans og það hefði legið fyrir áður en staðan breyttist á fasteignamarkaðnum. Var ekki ástæða til að leita álits Seðlabankans á nýjan leik eftir þessa breyttu stöðu, eftir innkomu bankanna á lánamarkaðinn? Staðan er gjörbreytt og ætla má að álit Seðlabankans sé allt annars eðlis eftir þá breytingu.

Ég hef nefnt það, og ég heyri ekki að ráðherra mótmæli því, að það mundi ekkert breytast fyrir þensluna í þjóðfélaginu að hækka hámarksupphæðina meira en ráðherrann ætlar sér vegna þess að það eina sem gerist er að bankarnir fá ella meiri hlutdeild í fasteignaviðskiptunum. Þenslan verður ekkert meiri og ég vísa því á bug sem hæstv. forsætisráðherra sagði áðan, að það væri einhver tvískinnungur í málflutningi Samfylkingarinnar út af því að við vildum hækka hámarksfjárhæðirnar í húsnæðislánum. Hvað vakir fyrir okkur? Að standa vörð um stöðu Íbúðalánasjóðs vegna þess að hann þarf að vera til a.m.k. í einhvern tíma í viðbót þótt það sé ekki meginmarkmið, meðan bankarnir eru að

sanna það að lág vaxtakjör í fasteignaviðskiptum séu til frambúðar?

Við erum ekki að tala um aukna þenslu á markaðnum, ég vil ítreka það út af orðum hæstv. forsætisráðherra, þótt við leggjum til að hækka hámarksfjárhæðina. Við viljum fyrst og fremst að passa upp á tilveru Íbúðalánasjóðs sem þarf að vera til til hagsbóta fyrir landsmenn meðan við sjáum hverju fram vindur í þessum málum. Ég óttast það mjög, og hygg að það eigi eftir að koma á daginn, að hlutur bankanna í fasteignaviðskiptum eigi eftir að vaxa meira vegna þess hve hægt er hér farið í sakirnar.

Hæstv. ráðherra nefndi að hann muni halda áfram að hækka hámarksfjárhæðina á kjörtímabilinu. Hann er búinn að upplýsa um áform sín um áramótin. En hver er framtíðin í þeim efnum? Hvaða áætlun liggur fyrir um hækkun á þeim hámarksfjárhæðum? Það er nauðsynlegt að við sem eigum að fjalla um þessi mál í félagsmálanefnd og í þinginu fáum að vita um áform ráðherra í þessu efni. Það skiptir verulegu máli við að leggja mat á stöðuna.

Ég spyr hæstv. ráðherra, af því að hann segir að hann sé sáttur við að nema staðar við 11,5 millj. kr. núna og svo um 13 millj. kr. um áramótin: Telur hann að með breytingunum, þessum fjárhæðum, þessum hámarksfjárhæðum, sé Íbúðalánasjóður að fylgja þróun á markaði? Svar mitt við því er nei. Meðalverð á íbúðum var 17,5 millj. kr. nú í október og ekki hægt að fá fyrir þessar 13 millj. kr., sem eiga að koma um áramótin lán hjá Íbúðalánasjóði, nema fyrir góðri þriggja herbergja íbúð. Það er ekki að halda í við þróunina á markaði.

Ég er ekki að tala um það að Íbúðalánasjóður eigi að fara að lána fyrir stórum einbýlishúsum upp á 20–30 millj. kr. Ég er að tala um það að Íbúðalánasjóður geti þegar verið samkeppnisfær að því er varðar fjögurra herbergja íbúðir og kannski minni raðhús, geti kannski lánað 90% af eignum sem kosta um 18 millj. kr. Það eru að vísu engin raðhús en a.m.k. góðar íbúðir í fjölbýli. Hér er því ekki fylgt eftir þróuninni á markaði eins og mér fannst hæstv. ráðherra nefna áðan að væri markmiðið með frumvarpinu.

Ég vil líka spyrja ráðherrann út í gildistökuna, ég nefndi það einnig áðan: Er ráðherra fylgjandi því — af því að hér stendur formaður félagsmálanefndar — að við setjum okkur það vinnumarkmið í félagsmálanefnd að frumvarpið geti tekið gildi 1. desember? Allt skiptir þetta máli fyrir samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs.

Ég vil líka spyrja, af því að hæstv. ráðherra nefndi það ekki, en ég viðraði í máli mínu áðan áhyggjur mínar af því hvernig fasteignaverð er að blása upp og greiningardeildir bankanna spá enn meiri hækkun á næsta ári, 10–12% hækkun til viðbótar: Óttast ráðherra það ekki og hefur hann engar áhyggjur af því fyrir þá sem eru að kaupa í fyrsta sinn, að auknir möguleikar á lánamarkaði, hærri lán hjá bönkunum og Íbúðalánasjóði, hverfi bara í hækkun á fasteignaverði og því fylgi verri skuldastaða og aukin greiðslubyrði viðkomandi einstaklinga? Það er út af fyrir sig ekki eins slæmt fyrir þá sem eru að skipta um eignir. Þeirra eignir hækka þá samhliða, nema að vísu sérbýlin og einbýlishúsin en verð á þeim virðist núna á fljúgandi ferð.

Ungt fólk sem er að koma inn á markaðinn í fyrsta sinn og festir kaup á sinni fyrstu íbúð tekur hærri lán en það þurfti fyrir ári síðan til að kaupa samsvarandi íbúð. Hækkun á lánshlutfallinu og auknir lánamöguleikar hverfa því í hækkun á fasteignaverði hjá ungu fólki sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Hefur ráðherrann engar áhyggjur af því?

Ég sé að tími minn er að verða búinn. Ég hef áhyggjur af stöðu leiguíbúða og biðlistarnir hafa lítið grynnkað að því er varðar leiguíbúðir hjá sveitarfélögum og félagasamtökum. Ég spyr hæstv. félagsmálaráðherra: Hvenær má vænta þess að við sjáum aðgerðir fyrir þá sem verst standa á húsnæðismarkaðnum, fólkið sem hefur lítið milli handanna og á enga möguleika aðra en að fá leiguíbúðir hjá sveitarfélögum eða félagasamtökum? Þar erum við að tala um námsmenn, einstæða foreldra, fólk sem þarf að lifa kannski af 100 þús. kr. á mánuði eða rétt þar um og fer með stærsta hlutann af tekjum sínum, kannski ¾, í leigu á almenna markaðnum. Ég spyr: Hvenær má þetta fólk vænta úrlausna hjá hæstv. ráðherra? Munum við fljótlega sjá frumvarp um þau mál á þinginu sem við gætum afgreitt fljótt og vel til að bæta hag þeirra sem þurfa að vera á leigumarkaði og ráða hvorki við leiguna á almenna markaðnum né að eignast sjálft þak yfir höfuðið?

[15:16]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir spurningar hennar.

Fyrst vil ég koma að umræðunni um þróun vaxta í húsnæðislánakerfinu og stöðu þeirra sem þurftu á viðbótarláni að halda. Annars vegar í því kerfi sem hefur verið við lýði til þessa og hins vegar í kerfinu sem við leggjum til að verði samþykkt í þessu frumvarpi.

Eins og ég kom inn á fyrr í máli mínu, hæstv. forseti, þá er það þannig að þeir sem hefðu tekið hámarkslán í hinu fyrra kerfi, 13 millj. kr. á þeim vöxtum sem þá voru í boði, 5,1% vegna almenna lánsins og 5,3% vegna viðbótarlánsins, hefðu á fyrsta árinu — með lægri lántökukostnaði en hér er gert ráð fyrir — greitt 12 þús. kr. meira en þeir gera á fyrsta árinu samkvæmt hinu nýja kerfi. Í 39 ár eftir það borga þeir 90 þús. kr. minna á ári. Ég tel að það sé ekki hægt að taka skýrara dæmi um hvaða áhrif þær breytingar sem nú eru að verða á húsnæðislánamarkaðnum fyrir frumkvæði og forustu ríkisstjórnarinnar hafa fyrir fólkið í landinu. (**JóhS:** Hefðu vextir ekki lækkað þrátt fyrir þessar breytingar?)

Síðan kemur hv. þm. og segir að þetta hefði allt saman gerst hvort eð var. Það gerist ekkert í þessu lífi af sjálfu sér. Þetta er afleiðing þeirra breytinga sem þingið samþykkti í sumar, breytinga á lögum um fjármögnun Íbúðalánasjóðs, sem hefur leitt af sér mun lægri vexti í þessu kerfi.

Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að frá því að sá er hér stendur tók við keflinu í félagsmálaráðuneytinu hafa vextir af viðbótarlánum lækkað úr 5,7% í 4,3%. Halda menn að það gerist af sjálfu sér og það sé bara eitthvað sem komi með vindinum? Það gerist vegna skýrrar stefnumörkunar og vegna þess að ríkisstjórnin ber hag fólksins í landinu fyrir brjósti.

Hv. þm. spurði eftir áliti Seðlabankans og ég hygg að ákveðins misskilnings gæti í því, hæstv. forseti. Ég leitaði

eftir áliti Seðlabankans á sínum tíma á þeim hugmyndum sem liggja til grundvallar þessu máli. Það álit liggur fyrir, félagsmálanefnd mun að sjálfsögðu fá það. Ég hef þegar óskað eftir því við Seðlabankann að hann meti nú áhrif þessa nýja lánaframboðs bankanna og við þurfum að sjálfsögðu að horfa til þess.

Í dag hefur ítrekað verið spurt, hæstv. forseti, hvort of hægt sé farið í sakirnar við hækkun hámarkslánsins. Hv. þm. spyr: Hvað ber framtíðin í skauti sér, hvað á að fara hátt, fylgir sjóðurinn markaðnum? Ég tók það skýrt fram í máli mínu fyrr í dag, hæstv. forseti, að það er auðvitað mjög mikilvægt að hámarkslánið þróist með tilliti til aðstæðna á markaði þannig að sjóðnum verði kleift að sinna því markmiði sínu að lána 90% af meðalverði hóflegs íbúðarhúsnæðis. En þegar talað er um meðalverð húsnæðis þá erum við ekki að tala um verð á stórum eignum og ég hygg að við séum sammála um það, ég og hv. þm., að það er ekki endilega hlutverk Íbúðalánasjóðs að lána 90% af kaupverði dýrustu eignanna.

Hæstv. forseti. Rétt í lokin vil ég nefna varðandi leiguíbúðirnar og þá hópa sem þar eru kannski sérstaklega til umfjöllunar eins og aldraða, námsmenn og öryrkja, að sú nefnd sem ég fól að fara yfir þau mál, með þátttöku allra helstu hagsmunaaðila, aðila vinnumarkaðar, námsmanna og fleiri, er rétt núna að skila af sér niðurstöðum sínum. Við þurfum að sjálfsögðu einhvern tíma til að fara yfir þær, meta og taka afstöðu til hverju við viljum fylgja eftir í tillögunum. En ég vonast til þess, hæstv. forseti, að á næstu mánuðum takist að vinna úr þeim tillögum sem þar koma fram.

[15:21]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af einhverjum ástæðum svarar hæstv. ráðherra ekki öllum spurningunum sem ég lagði fyrir hann. Ég nefndi gildistökuna, breytinguna á henni, ég kallaði eftir skoðun ráðherrans á þeirri hækkun sem hefur orðið á fasteignaverði og því sem spáð er hér á næsta ári. Ég nefndi áhyggjur mínar varðandi ungt fólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið í fyrsta sinn, hvernig allir þessir auknu lánamöguleikar hverfa inn í hækkun á fasteignaverði. Ég nefni líka, virðulegi forseti, að ráðherrann talar ekkert um eða sýnir nein viðbrögð við því sem ég nefndi varðandi lántökugjaldið, hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir lækkun á lántökugjaldi á móti því að fólk sem áður fékk viðbótarlán þarf nú að fara að greiða fullt lántökugjald, 1%, og líka stimpilgjald.

Varðandi vaxtalækkunina á viðbótarlánunum þá er það svo, virðulegi forseti, að útboð húsnæðisbréfa vegna viðbótarlána voru komin niður í 4,28% áður en frumvarpið sem hæstv. ráðherra er að vísa í var lögfest. Á markaðnum voru vaxtakjörin með þeim hætti að hægt var að lækka viðbótarlánin miklu fyrr og það var alveg óháð þeim breytingum sem urðu á lögunum á sl. vori. Það liggur fyrir.

Mér finnst því ráðherra enn þá skulda upplýsingar um hvort hann sé tilbúinn að lækka lántökugjaldið sem ég held að mundi gera mjög mikið til þess að bæta fólki sem áður bjó við lægra lántökugjald og stimpilgjald þetta upp.

Ég vil segja að mér finnst forgangur ráðherra sem hann nefndi hér fyrr í máli sínu afar sérstakur. Hann telur að það eigi heldur að lækka skatta á hátekjufólki með 4% tekjuskattslækkun sem nýtist helst þeim sem betur hafa það, en að afnema stimpilgjöldin.

[15:23]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga ef félagsmálanefnd gengur svo vasklega til verks sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kallar hér eftir, að gildistaka þessara laga verði fyrr en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Ég væri því manna fegnastur.

Hvað varðar hækkun fasteignaverðsins þá er það rétt sem hv. þm. hefur rakið hér í máli sínu að því er spáð að fasteignaverð muni halda áfram að hækka. Það er hins vegar vert að árétta, hæstv. forseti, að fasteignaverð hér á höfuðborgarsvæðinu hefur farið mjög hækkandi á undanförnum missirum og árum án tillits til þeirra hugmynda sem uppi hafa verið um breytingar á húsnæðislánakerfinu. Sú þróun var byrjuð löngu áður en þær voru fyrst reifaðar og er í nokkru samræmi við það sem gerist á viðlíka svæðum í löndunum í kringum okkur.

Hvað lántökugjaldið varðar, hæstv. forseti, þá rakti ég það hér með skýrum hætti í máli mínu áðan. Á fyrsta ári í hinu nýja kerfi hækkar lántökugjaldið í eitt skipti um 70 þús. kr. Í 39 ár þar á eftir borgar sá sem tekur hámarkslánið 90 þús. kr. minna á ári. Þarna erum við annars vegar að tala um 70 þús. kr. í hærra gjald, hins vegar um 3,5 millj. kr. á föstu verðlagi í lægri greiðslubyrði. Ég tel að þessi samanburður, hæstv. forseti, svari spurningunni mjög skýrt.

[15:25]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka ráðherra svörin en jafnframt lýsa vonbrigðum mínum með að hann opnar ekkert á þann möguleika að lækka lántökugjaldið á móti auknum kostnaði hjá þessu fólki. Okkur greinir greinilega á um hvort breytingin sé til fyrir hagsbóta fyrir fólk sem hefur haft viðbótarlán áður að fara inn í hið nýja kerfi.

Hæstv. ráðherra getur ekki mótmælt því að fyrir mörgum mánuðum síðan, sennilega u.þ.b. ári, var uppi sú staða að lækka vexti á viðbótarlánum niður í 4,3%, eins og þeir eru núna. Þetta frumvarp eða frumvarp ráðherrans frá síðasta þingi hafði því ekkert með það að gera.

Við munum auðvitað reyna að vinna þessu máli skjótan framgang í nefndinni en ég mun leita eftir samstöðu um að lækka lántökugjaldið og reyna að ná samstöðu um að hækka þessa hámarksfjárhæð sem ráðherrann stefnir verði 13 millj. Ég tel að það eigi að gera það vegna þess að ég ber hag sjóðsins fyrir brjósti líkt og ráðherrann. Ég tel að ég sé að ráðleggja honum vel með því að hvetja hann til þess að endurskoða afstöðu sína til þessarar hámarksfjárhæðar.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. ráðherra: Hvert er álit Íbúðalánasjóðs, stjórnar sjóðsins og forustumanna, til hámarksfjárhæðarinnar? Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa leitað til stjórnar sjóðsins eða forustumanna stofnunarinnar um hvort það væri ásættanleg niðurstaða að fara í 11,5 millj. núna og svo 13 millj. um áramótin. Ég spyr að lokum um það, hæstv. forseti, hvort fyrir liggi álit Íbúðalánasjóðs

varðandi hámarksfjárhæðina og hvort þeir væru fylgjandi þeim hugmyndum sem ég hef lagt fram í þessu efni, að við förum þegar í 16 millj. kr. þak á hámarksfjárhæð.

[15:27]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þessarar síðustu spurningar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þá liggur það fyrir að af hálfu Íbúðalánasjóðs er lögð áhersla á, eins og ég hef rakið í máli mínu í dag, að sjóðnum verði gert kleift með hámarksláninu að vera virkur þátttakandi á húsnæðislánamarkaðnum hvað varðar lán allt að 90% til kaupa á hóflegu íbúðarhúsnæði. Hver sú krónutala á nákvæma að vera getur menn sjálfsagt greint á um bæði hér inni á hinu háa Alþingi og annars staðar.

En ég ítreka það sem ég hef þegar sagt að ég tel að við séum á réttri braut. Hámarkslánið hefur hækkað talsvert hratt á þessu ári, úr 8 og 9 millj. í 11,5. Það hækkar samkvæmt þessu frumvarpi í 13 millj. um áramótin og vilji er til að hækka það enn frekar áfram út kjörtímabilið þannig að sjóðurinn verði áfram virkur þátttakandi í lánveitingum til kaupa á húsnæði upp að hóflegu marki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Textun, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 20. mál (sjónvarp, kvikmyndir o.fl.). — Þskj. 20.

[15:29]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um textun. Hér er að sjálfsögðu átt við textun myndefnis. Meginefni frumvarpsins markast í fyrstu tveimur greinum þess.

Samkvæmt 1. gr. er markmið laganna að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum sömu möguleika til fræðslu og afþreyingar og þeim sem eru heyrandi. Markmiðsgreinarnar ber að túlka rúmt og hin almenna regla laganna er sú að allt efni sem framleitt er og sent út eða dreift skuli veita heyrandi og heyrnarskertum sömu möguleika til að meðtaka og skilja efni.

Í 2. gr. er talað um gildissvið laganna sem er afmarkað. Samkvæmt henni skulu allar sjónvarpsstöðvar sem hafa leyfi samkvæmt útvarpslögum til sjónvarpsreksturs, kvikmyndaframleiðendur, kvikmyndahús, framleiðendur auglýsinga-, fræðslu- og kynningarefnis, myndbanda- og mynddiskaframleiðendur og aðrir þeir sem dreifa slíku efni sjá til þess að efnið sé textað. Dreifingaraðilum hér á landi ber að sjá til þess að efnið sé textað og tekur það m.a. til alls efnis sem framleitt er erlendis óháð tungumáli og sýnt eða dreift á Íslandi. Eigi skiptir máli hvort efnið er selt eða leigt. Sú mikilvæga takmörkun er þó á gildissviði laganna að þeim er aðeins ætlað að ná til þeirra sem framleiða, útvarpa eða dreifa á annan hátt efni í atvinnuskyni.

Eins og áður sagði er frumvarpi þessu ætlað að tryggja að heyrnarskertir og heyrnarlausir njóti þeirra mannréttinda að geta notið frétta-, upplýsinga-, fræðslu-, kynningar-, auglýsinga- og afþreyingarefnis til jafns við þá sem heyra. Einungis hluti þess efnis sem sent er út á sjónvarpsstöðvum eða aðgengilegt er á myndböndum og stafrænu formi er með íslenskum texta ef tungumálið er íslenska. Flestar erlendar kvikmyndir og erlent sjónvarpsefni er með íslenskum texta til að almenningur geti notið þess til fulls og þykir það sjálfsagt og eðlilegt. Heyrnarskertir og heyrnarlausir fá ekki notið þessa sjónvarpsefnis, kvikmynda eða myndbanda nema það sé textað.

Á Alþingi hafa textunarmál oft verið til umræðu og á 126. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktun nr. 33/2001, um textun íslensks sjónvarpsefnis. Hins vegar virðist samþykkt Alþingis litlu hafa skilað í reynd. Efni líðandi stundar er að miklu leyti ekki textað og er það mjög bagalegt. Þá þarf einnig að hafa í huga að um tímabundnar fjárveitingar hefur verið að ræða til þessara þarfa.

Samkvæmt upplýsingum frá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er talið að um 25 þús. manns séu meira og minna heyrnarskertir að einhverju leyti þannig að þeir nái ekki að heyra efni sjónvarpsins. Textun veitir fullkomið aðgengi að upplýsingum og eru það sjálfsögð mannréttindi og mikið jafnréttismál. Annars staðar á Norðurlöndum er textun innlends efnis sjálfsögð í rekstri sjónvarpsstöðvanna. Talið er að textun stuðli að bættri lestrargetu heyrnarskertra barna, unglinga og annarra sem eru í lestrarnámi eða eiga við lestrarörðugleika að stríða. Þá er textun mikilvægur stuðningur við nýbúa sem eru að læra málið. Það auðveldar þeim að skilja efnið geti þeir fylgst með skjátextanum jafnframt því sem þeir hlusta og sjá atburði.

Textun er atvinnuskapandi og gefur færi á nýjum atvinnumöguleikum. Hjá BBC í Bretlandi störfuðu t.d. sex starfsmenn við textun í byrjun en þeir eru núna 90, eða voru það árið 2002. BBC hefur verið í fararbroddi á þessu sviði í Evrópu á síðustu missirum og voru 78% af öllu efni breska ríkissjónvarpsins textuð á síðasta ári, þar á meðal íþróttafréttir, fréttir, þingmál og bíómyndir, og er ekki gerður neinn greinarmunur á því hvort um beina útsendingu er að ræða eða ekki. Frá árinu 1996 hefur textun á innlendu sjónvarpsefni aukist stöðugt. Þess má einnig geta að í Bretlandi voru samþykkt lög þess efnis að 50% innlends efnis yrðu textuð, og var gefinn átta ára aðlögunartími til að ná markmiðinu. Það á að hafa náðst í ár. Ekkert vandamál er að senda texta út í beinni útsendingu þar og eru t.d. allar beinar útsendingar frá breska þinghúsinu textaðar en nú er verið að vinna að nýrri tækni sem breytir tali í texta.

Íslendingar hafa sýnt að þeir eru fljótir að gleypa við allri nýrri tækni. Því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að þeir gerðu það í þessu máli. Stór hópur gæti notið góðs af.

Rétt er að geta þess að á Norðurlöndunum hefur komið fram að fólk missir eitthvað af heyrninni um þrítugt en aldursviðmiðið var áður um fimmtugt. Ástæðan fyrir því er sú að nú verða unglingar fyrir stöðugt meira hávaðaáreiti sem gerir það að verkum að heyrnin skerðist fyrr á ævinni en áður. Ekki er til nein rannsókn sem hægt er að styðjast við þar sem ekki fór að bera á þessu fyrr en mjög nýlega en gera má ráð fyrir að sá hópur sem ekki heyrir í sjónvarpi fari stækkandi í framtíðinni, og aldursbilið mun breikka verulega. Því er mikilvægt að veita þessum hópi aðgengi, sem og þeim hópi sem fyrir er.

Ég tel að hjá þingmönnum sé fullur vilji til að koma textun í framkvæmd. Umræður um málið á síðustu þingum sýna það og sanna. Það sem stöðvað hefur málið er að einblínt hefur verið á Ríkisútvarpið, sjónvarp sem einu stöðina sem á að texta, hinum stöðvunum er það ekki skylt. Textun er illframkvæmanleg þrátt fyrir góðan vilja æðsta yfirmanns RÚV, þ.e. menntamálaráðherra, en það vantar sama metnað hjá undirmönnum hans. Textun þarf að setja í lög og gera jafnar kröfur til allra stöðva um að texta innlent sjónvarpsefni og veita þeim stuðning.

Hér kann að vísu að vera um nokkuð dýra fjárfestingu að ræða en ég tel að þeim peningum sem væri til þess varið væri vel fórnað. Nú tel ég kominn tíma til aðgerða af hálfu okkar hv. þm. og ég vona vissulega að sem flestir styðji þetta mál.

Nánar um efni frumvarpsins. Í 3. gr. er kveðið á um skyldu til textunar. Minni kröfur eru gerðar til efnis sem sýnt er beint (bein útsending) enda getur það stundum verið örðugt tæknilega. Hins vegar er gert ráð fyrir að aðilar skuli gera allt sem í þeirra valdi stendur til að texta efni jafnóðum, t.d. með aðstoð textavélar en þessi tækni er í stöðugri þróun. Ef ekki er unnt að texta efnið jafnóðum skal það endursýnt innan 48 klukkustunda með íslenskum texta. Í 3. mgr. 3. gr. er hins vegar kveðið á um undanþágu frá textun ef um er að ræða beint endurvarp frá erlendum sjónvarpsstöðvum þar sem ekkert er unnið með dagskrána að öðru leyti. Ef efnið væri hins vegar tekið upp og sýnt síðar í sjónvarpi, á myndbandi eða sem kvikmynd væri skylt að texta. Ákvæði þetta er sama efnis og 2. mgr. 8. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000.

Í 4. gr. er kveðið á um sérstakan fimm ára aðlögunartíma frá gildistöku laganna. Í samræmi við markmið laganna er stefnt að því að allt efni verði textað fimm árum eftir gildistöku þeirra. Gera verður ráð fyrir því að í upphafi fylgi aukinni textun nokkur kostnaðarauki og er því kveðið á um að ríkið leggi til fjármuni með stofnun Textunarsjóðs sem auðveldi fyrirtækjum að koma sér upp nauðsynlegum tækjabúnaði og þekkingu til að uppfylla markmið laganna. Komi nýir aðilar inn á markaðinn eftir gildistöku laganna skulu þeir uppfylla sömu kröfur og þeir sem fyrir eru þar sem þeir eru þá staddir í aðlögunarferlinu.

Í 5. gr. er kveðið á um stofnun Textunarsjóðs. Mjög mikilvægt er að nægileg fjárveiting fáist til sjóðsins svo markmið laganna náist. Gert er ráð fyrir að um tímabundið fjárframlag sé að ræða og að markaðsaðilar hafi náð að laga sig að breyttu umhverfi að loknum aðlögunartíma.

Í 6. gr. er kveðið á um viðurlög við brotum á lögunum en ráðherra er veitt heimild til að beita aðila þvingunarúrræði í formi dagsekta ef ekki er uppfyllt skylda um textunarhlutfall efnis.

Í 7. gr. er tekið fram að lögin skuli aðeins gilda um efni sem sent er út, framleitt eða dreift eftir gildistöku laganna. Eldra efni sem orðið hefur til er því ekki skylt að texta ef það hefur þegar verið framleitt eða því dreift. Eldra ótextað efni væri hins vegar skylt að texta ef senda ætti það út að nýju, hefja dreifingu á ný eða endurgera það. Gert er ráð fyrir að Textunarsjóður geti styrkt textun á eldra ótextuðu efni svo að hægt sé að gera það sem aðgengilegast heyrnarskertum og heyrnarlausum.

Hæstv. forseti. Ég tel að hér sé verið að hreyfa ákaflega þörfu máli og eins og ég hef sagt áður treysti ég því að þetta þingmál fái góðan stuðning hv. þingmanna og að við vonandi ljúkum því á þessu hv. þingi og setjum lög um aðgengi heyrnarskertra og aukna möguleika þeirra með textun myndefnis.

[15:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. 1. flutningsmanni að hér er um afar þarft mál að ræða. Ég vil meina að hér sé um mannréttindamál að ræða og ég tel að Frjálslyndi flokkurinn njóti þess að hafa nú innan vébanda sinna og í sinni forustu hv. þm. Sigurlín Margréti Sigurðardóttur sem hefur auðvitað komið svo um munar skriði á þau mál sem varða málefni heyrnarlausra á hinu háa Alþingi.

Málum textunar myndefnis hefur samt sem áður verið hreyft nokkuð oft í þessum sal. Við þingmenn höfum reynt aftur og aftur að efla möguleika heyrnarlausra á því að fylgjast með myndefni, bæði í sjónvarpi og kvikmyndum. Má segja að afar hægt hafi gengið í þeim efnum, jafnvel þó að ævinlega hafi vilji virst vera til staðar hjá ríkisstjórninni að gera bragarbætur. Það segir manni bara eitt, nefnilega að það er nauðsynlegt að setja textun á sjónvarpsefni og myndefni í lög. Ég er sannfærð um að mál af þessu tagi nýtur mjög mikils stuðnings í þessum þingsal sem og úti í samfélaginu. Stuðningurinn kemur strax í ljós í flutningsmannaflóru frumvarpsins en auk tveggja þingmanna Frjálslynda flokksins standa þingmenn frá Samfylkingunni og Vinstri grænum að málinu og ég treysti því að þingmenn frá stjórnarflokkunum komi til liðs við okkur í þessum þremur flokkum og málið verði á endanum stutt svo vel í nefndinni sem fær það til umfjöllunar að það komi hingað aftur til 2. umr. og endanlegrar afgreiðslu.

Þær vangaveltur sem koma upp þegar maður fer yfir efni frumvarpsins eru svo sem nokkrar og ég vil gera örfáar þeirra að umtalsefni, virðulegur forseti. Fyrst langar mig að staldra við það að 2. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir því að vissir aðilar hafi þá skyldu með höndum að texta það efni sem þeir í atvinnuskyni senda út, framleiða eða dreifa, þ.e. sjónvarpsstöðvar sem hafa leyfi til sjónvarpsútsendinga, framleiðendur íslensks auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefnis, framleiðendur íslenskra kvikmynda og loks aðrir aðilar sem dreifa hér á landi kvikmyndum og auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefni, hvort sem það er til sölu eða leigu. Það eru fyrst og fremst skyldur á herðar þessara aðila sem löggjöfin kæmi til með að leggja.

Það sem vekur kannski athygli fólks, fólk kann að setja spurningarmerki við eða efasemdir kunna að vakna um er 1. töluliður 2. gr., þ.e. allar sjónvarpsstöðvar sem hafa leyfi til sjónvarpsútsendinga samkvæmt útvarpslögum. Fólk kann að segja: Æ, er þetta ekki bara mál sem Ríkisútvarpið á að sjá um? Meðan við höfum Ríkisútvarp á þetta þá ekki bara að vera mál þess? Svarið við þeirri spurningu er að sjálfsögðu nei. Þessa skyldu verður að leggja á herðar allra sem annast útsendingar sjónvarpsefnis vegna þess að það er svo mikilvægt að þar sé ekki farið í manngreinarálit, þ.e. að það verði þá til einhver ein stöð sem heyrnarskertir geta hlustað á eða horft á en aðrar ekki. Það er afar mikilvægt að

þetta ákvæði 2. gr. nái til allra þeirra aðila sem hafa leyfi til sjónvarpsútsendinga samkvæmt útvarpslögum.

Hingað til hefur raunin auðvitað verið sú að Ríkisútvarpið hefur staðið eitt sjónvarpsstöðva sæmilega á bak við þessa textun meðan hún er að slíta barnsskónum. Hún er hins vegar enn á barnsskónum þannig að Ríkisútvarpið þarf eins og kemur fram í greinargerð þessa frumvarps að gera svo miklu betur. Ein af ástæðum þess að Ríkisútvarpið hefur ekki getað gert betur er sú að ekki hefur verið ætlað nægilegt fjármagn til verkefnisins. Það fjármagn sem ríkisstjórnin hefur getað sett í þetta mál eða hefur valið að setja í málið hefur verið tilviljanakennt og alls ekki með þeim hætti sem hefði þurft að vera. Ekki hefur verið mörkuð um þetta sérstök stefna.

Ríkisútvarpið hefur ákveðna sérstöðu í þessum efnum. Ákveðinn eðlismunur er vissulega á Ríkisútvarpinu og öðrum stöðvum þar sem lagalegar skyldur hvíla á Ríkisútvarpinu umfram stöðvar í einkaeign. Það er mjög mikilvægt í mínum huga að Ríkisútvarpinu sé gert það kleift að halda sérstöðu sinni og að Ríkisútvarpinu sé gert kleift að leiða umræðuna og draga vagninn í þessum efnum. Við verðum — og auðvitað hefði fyrir löngu átt að vera búið að kippa slíku í liðinn — að sjá til þess að Ríkisútvarpið geti staðið þessa vakt með sóma.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir því að sé ekki hægt að texta útsendingu samtímis verði stöðvum gert að endursýna viðkomandi efni innan 48 klukkustunda og þá með íslenskum texta. Þetta er lagaskylda sem gæti verið erfitt fyrir stöðvar að uppfylla ef þær hafa ekki þeim mun meiri bandvídd eða þeim mun fleiri rásir sem þær geta notað fyrir efni sitt. Að þessu leyti held ég að þarna komi Ríkisútvarpið og sérstaða þess líka við sögu því að í byrjun held ég að Ríkisútvarpið verði kannski eina stöðin sem geti mögulega uppfyllt þessa kvöð. Þá er líka að líta til þess að frumvarpið gerir ráð fyrir fimm ára aðlögunartíma sem ég tel afar skynsamlegt. Ég held að við ættum að geta með þeim fimm ára aðlögunartíma gefið aðilum á markaði, þ.e. þeim sem reka einkastöðvar, ákveðið svigrúm til að standa undir skyldunum sem þetta frumvarp leggur þeim á herðar.

Þá er eitt sem ég held að skipti verulegu máli að fólk fari að átta sig á að þurfi að skoða með tilliti til textunar fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta en það eru DVD-diskarnir og framleiðsla þeirra. Vera kann að þeir sem eru að framleiða þessa diska eða dreifa þeim geri sér ekki alveg grein fyrir því að þegar viðkomandi efni er með íslensku tali þarf samt að texta það líka á íslensku. Þar þarf að verða þessi vitundarvakning sem mál af þessu tagi getur leitt til, þ.e. að það nægir okkur ekki að hafa DVD-disk í höndunum sem er á íslensku, hann þarf líka að vera textaður á íslensku. Það er algjört skilyrði og ég hef svo sem heyrt bæði hér á landi og í útlöndum að mikill misbrestur sé á því að framleiðendur og dreifendur efnis á DVD-diskum átti sig á þessu.

Það er kannski eins með það og annað í þessum málum að það þarf að kynna það fyrir þeim sem hlutaðeigendum. Það þarf að standa vel að kynningu á efni þessa frumvarps meðal almennings, meðal fyrirtækja, framleiðenda kvikmynda- og sjónvarpsefnis, auglýsinga- og fræðsluefnis til að boðskapur og skilaboð frumvarpsins komist vel til skila og fólk nái að opna augu sín fyrir því hvað þetta er þýðingarmikið.

Ég sagði áðan að Ríkisútvarpið ætti að vera kyndilberi í þessum efnum og auðvitað hefur það reynt að vera það þó að því hafi ekki tekist sem skyldi. Ríkisútvarpið ber auðvitað við ýmsu, bæði því að tækjabúnaður þess sé ekki nægilega öflugur og sömuleiðis að það fái ekki næga fjármuni. Samt sem áður er ekki hægt að afsaka það að Ríkisútvarpið skuli ekki hafa sett þetta mál framar í forgangsröðina þannig að ég held að Ríkisútvarpið sem þó státar af því að hafa á síðasta ári þrefaldað mínútufjöldann í textuðu efni frá árinu þar áður verði að minnast þess að það hafði sjálft áform um að fimmfalda þetta magn á árinu 2003. Það náði ekki að gera betur en að þrefalda. Við sjáum á þessu að þó að viljinn sé góður þarf miklu meira til.

Ríkisvaldið og hæstv. menntamálaráðherra þurfa að taka í taumana og sjá til þess að jarðvegurinn sé þannig úr garði gerður að þetta verði hægt og Ríkisútvarpinu verði gert kleift að standa betur að þessum málum en hingað til hefur verið hægt.

Ég vil í lok máls míns, virðulegi forseti, lýsa óánægju minni með það að hæstv. menntamálaráðherra skuli ekki vera við þessa umræðu. Sannarlega hefði verið fengur að því að geta skipst á skoðunum við hæstv. ráðherra um þetta mikilvæga mál sem eins og ég sagði í upphafi er mannréttindamál og sjálfsagt að fái hér framgöngu.

[15:49]

Útbýting:

Barnabætur, 273. mál, fsp. SigurlS, þskj. 294.

Lögverndun á starfsheiti táknmálstúlka, 272. mál, fsp. SigurlS, þskj. 293.

Málefni barna með bráðaofnæmi, 271. mál, fsp. SigurlS, þskj. 292.

[15:50]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hérna er flutt öðru sinni þetta mikilvæga frumvarp til laga um textun. Þegar hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir var síðasta vetur á Alþingi í fyrsta sinn flutti hún það ásamt öðru mjög merkilegu máli um móðurmál heyrnarlausra. Síðan hefur ekkert gerst í þessum málum og þau svæfð í nefnd eins og svo mörg önnur þjóðþrifamál sem ætti að vera auðvelt að ná þverpólitískri samstöðu um á Alþingi. Þingmenn stjórnarflokkanna ættu ekki að flýja afgreiðslu og umræður um jafnbrýn þjóðfélagsmál og þetta með þögninni.

Aðgengi að upplýsingum jafngildir aðgengi að samfélaginu, svo einfalt er það mál. Á þeirri sjónvarpsöld sem við lifum og miðað við hve mikilvægu hlutverki fjölmiðlarnir gegna í samfélagi okkar, ljósvakamiðlarnir og sérstaklega sjónvarpsstöðvarnar, hafa þeir gríðarleg afþreyingarleg, menningarleg og lýðræðisleg áhrif á samfélagið. Sá sem hefur ekki aðgengi að sjónvarpsfréttum og umfjöllun um málefni samfélagsins hefur einfaldlega ekki aðgengi að samfélaginu. Það er svo einfalt og þess vegna segir réttilega í greinargerð með þessu prýðilega frumvarpi um textun að hér sé um að ræða mannréttindamál.

Orðið mannréttindi er oft notað af miklu gáleysi og það

gengisfellt með alls konar skrumi og dellu sem sögð er vera mannréttindi. Þetta mál fellur hins vegar klárlega undir það hugtak. Í nútímasamfélagi sem er uppbyggt eins og okkar og í einu ríkasta samfélagi heimsins er slíkt mál mannréttindamál.

Einungis tvennt getur afsakað það að lög um textun séu ekki til staðar, annars vegar fátækt samfélagsins og hins vegar frumstæði og fáfræði einhvers konar. Í töflu í greinargerðinni sjáum við lista yfir samanburðarþjóðir og þar kemur fram að textun á mánuði hjá ríkisstöðvum þessara landa er ákaflega mismikil. Eina dæmið sem er hægt að bera saman við stöðu Íslands er Albanía, þjóðfélag sem fellur akkúrat í þann flokk að vera bæði fátækt og frumstætt eftir þá hörmulegu áratugi sem á undan eru gengnir í sögu þess lands. Þar er textun á mánuði fyrir erlent mál engin. Á Íslandi er þetta einn klukkutími. Svo koma þau lönd sem skara algerlega fram úr, Bretland og Danmörk, Bretland sérstaklega þar sem þessi mál eru í ótrúlega góðu horfi. Í frumvarpinu kemur fram hve mjög Bretunum hefur fleygt fram og með hvaða hætti breska ríkissjónvarpið, BBC, hefur gengið fram með því að þróa tæknina og texta útsendingar úr breska þinginu, texta meira og minna allt sitt innlenda efni. Þetta er mjög merkileg þróun og mætti verða ríkissjónvarpinu íslenska til fordæmis.

Það er óhætt að fullyrða hér að framganga Ríkisútvarpsins í þessu máli er til skammar. Hún er stofnuninni til skammar og hún er yfirmönnum Ríkisútvarpsins til skammar, að sjálfsögðu líka þeim hæstv. ráðherra menntamála sem nú situr og þeim sem á undan hafa gengið. Kannski er þetta sérstaklega hneisa fyrir Sjálfstæðisflokkinn sem hefur linnulítið og óslitið nánast farið með menntamálaráðuneytið áratugum saman. Það er þeim undarlega flokki til vansa og skammar hvernig þessum málum er háttað.

Í fyrsta lagi er komið í veg fyrir að táknmál heyrnarlausra sé viðurkennt sem móðurmál þeirra og í öðru lagi er komið í veg fyrir að jafnbrýnt mál og þetta frumvarp til laga um textun nái fram að ganga með því að svæfa málið í nefnd. Menn ættu að brjóta odd af oflæti sínu og pólitískum skotgrafahernaði og fylkja sér um mál sem ætti að vera jafnþverpólitískt og sjálfsagt og þetta sem við ræðum hér, textun sjónvarpsefnis. Furðu sætir að málið sé ekki komið á frekari rekspöl. Ég minnist þess í umræðum í fyrra að eftir að sá sem hér stendur og fleiri höfðu skorað á þingmenn stjórnarflokkanna að taka þátt í umræðunum og kynna okkur viðhorf flokka sinna mættu í púltið þeir hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson og Kristinn H. Gunnarsson. Ég man ekki betur en að hv. þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins hafi talað líklega um að þetta væri hið ágætasta mál sem ekkert ætti að koma í veg fyrir að næði fram að ganga þó að ég muni ekki nákvæmlega orð hans eða hafi ræðu hans hér.

Það er ástæða til að skora á hv. þingmanninn að mæta hingað aftur eigi hann þess kost eða senda einhvern af fulltrúum sínum í ræðustól. Einhver 22 þingmanna Sjálfstæðisflokksins hlýtur að sjá sér fært að vera við umræðu um eitt brýnasta mál þingsins. Ég segi eitt brýnasta mál þingsins af því að hér er um að ræða mál sem lýtur að mannréttindum heyrnarlausra og heyrnarskertra á Íslandi. Það er rakið prýðilega hve stór hópur þetta er. Við erum ekki einungis að tala um fólk sem fæðist heyrnarlaust eða verður það á lífsleiðinni, heldur þann stóra hóp Íslendinga sem verður fyrir einhvers konar heyrnarskerðingu á ævinni. Eldri borgarar landsins þekkja það líka, við lifum æ lengur og þegnar Íslands sem eiga sem betur fer æ lengri ævi en á síðari áratugum er mjög mörgum þannig farið að heyrnin skerðist og fólk á erfitt með að fylgjast með íslensku sjónvarpsefni sé það ekki textað. Heyrnarskert fólk á erfitt með að fylgjast með fréttum og því sem fer fram í samfélaginu, á erfitt með að njóta íslensks afþreyingarefnis hvers konar, einfaldlega af því að það er ekki textað.

Það er eiginlega stórundarlegt, virðulegi forseti, af hverju þessi mál eru í þeim skammarlega farvegi sem þau eru í á Íslandi árið 2004. Við erum ein af ríkustu þjóðum veraldar og höfum um áratuga skeið búið meira og minna við góðæri og gott efnahagsástand, að sjálfsögðu með allri sinni litríku sögu. Þjóðin hlýtur að líta á það sem forgangsmál að búa svo um hnútana að allir hafi jafnt aðgengi að samfélaginu. Hafi menn ekki aðgengi að samfélaginu í gegnum upplýsingar og sjónvarp eru menn einfaldlega útilokaðir frá því og mismunað mjög gróflega. Það að hér séu ekki lög sem skylda þá aðila sem hafa leyfi til sjónvarpsútsendinga samkvæmt útvarpslögum og framleiðendur íslensks auglýsinga-, fræðslu-, kynningar- og sjónvarpsefnis að texta efni sitt þarfnast skýringa. Ég trúi ekki öðru en að stjórnarmeirihlutinn og þingmenn stjórnarflokkanna taki höndum saman við stjórnarandstöðuflokkana og veiti þessu brýna máli brautargengi í vetur.

Það var mjög þarft þegar hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir flutti þessi mál í fyrra, þetta mál og málið um að táknmál yrði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Taldi þá margur að þegar þessi brýnu mál yrðu komin með svo vönduðum og afgerandi hætti inn á Alþingi Íslendinga sæju menn lag að vinna þau áfram í nefndinni og koma þeim aftur til 2. og svo 3. umr. og málið yrði að lögum. Ég trúði sjálfur að svo yrði og er ástæða til að nota þetta tækifæri hér til að skora á forustumenn og þingmenn stjórnarflokkanna að endurskoða hug sinn og veita því brautargengi. Málið er mjög mikilvægt og eitt af réttlætismálum okkar tíma að það nái fram að ganga. Ekki höfum við þá afsökun að íslenskt samfélag hafi ekki efni á að texta sjónvarpsefni með þeim hætti sem hér er lagt til og í öðru lagi er alveg ágætur og sanngjarn aðlögunartími þar sem fimm ár eru gefin frá gildistöku laganna þar til allt innlent efni skuli vera textað. Þetta er tekið í mjög sanngjörnum þrepum eins og hér segir.

Alls staðar annars staðar á Norðurlöndunum þykir textun innlends sjónvarpsefnis sjálfsagt mál. Sjálfsagt brygði mörgum í brún að upplifa á hve frumstæðum nótum þessi mál eru stödd á Íslandi og að Alþingi Íslendinga skuli árið 2004 þurfa að ræða jafnsjálfsagt mál og þetta. En það væri mjög sorglegt ef þessi ríkisstjórn ætlaði að humma það fram af sér að þetta mál komi til kasta Alþingis, verði afgreitt út úr nefnd og Alþingi gefist kostur á að greiða atkvæði um málið og það færist fram á næsta kjörtímabil að samþykkja lög um textun sjónvarpsefnis. Það væri mjög dapurlegt af því að þá værum við áfram að útiloka þúsundir ef ekki tugþúsundir Íslendinga frá því að vera virkir þátttakendur í samfélaginu með því að fylgjast með þjóðfélagsumræðu í gegnum fréttir og annað efni og njóta þeirrar af-

þreyingar sem íslenskt sjónvarpsefni býður upp á.

Það verður fróðlegt að heyra í þingmönnum stjórnarflokkanna en það er dapurlegt að hæstv. menntamálaráðherra skuli ekki geta verið við þessa umræðu. Hún mun kannski hafa tækifæri til að gera með einhverjum öðrum hætti grein fyrir afstöðu sinni í málinu og ýta á eftir því að málið verði afgreitt úr nefnd og komi fyrir Alþingi aftur þannig að Alþingi Íslendinga gefist kostur á að afgreiða það. Ég efast ekki um að ef slíkt mál kæmi til kasta þingsins og atkvæðagreiðslu þá væri yfirgnæfandi eða algjör meiri hluti með málinu. Ég ætla engum alþingismanni íslenskum það að vera á móti jafnsjálfsögðu máli og þessu.

Í sjálfu sér er ekki ástæða til að rekja það frekar hve aftarlega við erum á merinni í þessum efnum. Þó má nefna nokkrar tölur. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að 80% af öllu innlendu efni á BBC, ITV og Rás 4 í Bretlandi er textað. Það hlýtur að teljast stórbrotinn árangur. Íslensku sjónvarpsstöðvunum er samkvæmt frumvarpinu ætlaður þriggja ára aðlögunartími frá gildistöku þessara laga til að ná sama marki. Í öðrum löndum er ástandið misgott en þó alls staðar miklu betra en hér. Þróunin í Bretlandi er hins vegar sérstaklega athyglisverð.

Það er Ríkisútvarpinu til skammar hvernig málum er fyrir komið og að forustumenn þeirrar stofnunar skuli ekki hafa beitt sér fyrir því að stofnunin gangi fram fyrir skjöldu, leiði þessa þróun og sýni það án þess að vera skipað eða skikkað til þess af Alþingi Íslendinga að sinna þessum stóra þjóðfélagshóp. Þetta er ríkisútvarp okkar allra sem ber skylda til að tryggja að allir hafi aðgang að sjónvarpsefninu sem miðlað er í gegnum það. Það er ástæða til að skora á þá sem fara fyrir stofnuninni að bæta þar verulega úr þótt stjórnarflokkarnir standi í veginum fyrir því að þetta mál nái fram að ganga.

Engan sé ég enn þá frá Sjálfstæðisflokknum í salnum. Hér er mættur einn þingmaður Framsóknarflokksins en við sjáum til hverju fram vindur í umræðunni. Ég ætla ekki að hafa lengra mál að þessu sinni en vil aftur segja að það að hvernig þessum málum er fyrir komið á Íslandi er samfélaginu til skammar. Þetta er einn af smánarblettunum á þjóðfélaginu. Ég skora því enn og aftur á þingmenn stjórnarflokkanna að brjóta odd af oflæti sínu og taka þátt í því með stjórnarandstöðunni að þetta mál megi ná fram að ganga í vetur.

[16:04]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti taka það fram að samkvæmt fjarvistaskrá er hæstv. menntamálaráðherra með leyfi í dag.

[16:04]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess sem fram kom í ræðu hv. þm. vil ég í andsvari við hann árétta afstöðu mína til málsins. Ég lét hana koma fram á síðasta þingi þegar málið var þá rætt. Ég fagna því að málið er endurflutt. Ég tel það nauðsynlegt og er tilbúinn að vinna að því að það fái brautargengi á Alþingi, hvort sem það verður nákvæmlega með þeim hætti sem þingmálið gerir ráð fyrir eða þingnefnd telur rétt að taka málið öðrum tökum eða í öðrum skrefum en gert er ráð fyrir. Það læt ég þingnefndinni eftir að athuga.

Það sem mestu máli skiptir er að koma þessum málum áleiðis frá því ástandi sem nú er sem er algjörlega óviðunandi.

[16:05]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að bregðast svo skjótt við og gera okkur grein fyrir afstöðu sinni, líkt og hann gerði í umræðum um þetta mál síðasta vetur. Ég gleðst mjög yfir því og endurtek að í raun efast ég ekki um að flestir þingmenn stjórnarflokkanna séu sama sinnis. Mér þykir a.m.k. ólíklegt að menn séu á móti frumvarpinu og þess vegna er kannski enn þá ríkari ástæða til að brýna menn til að taka þátt í umræðunni, gera grein fyrir afstöðu sinni og vinna þessu máli brautargengi.

Ég tek jafnframt undir það að mestu máli skiptir að þetta verði að lögum. Útfærslan og hvernig þetta tiltekna þingmál breytist í meðförum nefndar kemur bara í ljós. Þingnefndinni ber að laga málið til og breyta því ef menn telja að svo þurfi að gera, að það þurfi að lengja aðlögunartíma eða slá eitthvað af kröfunum, slá t.d. af endursýningarkröfu innan 48 stunda, sem ég tek undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að gæti reynst mörgum stöðvum örðug.

Allt eru þetta útfærsluatriði sem sjálfsagt er að breyta til hins betra svo að málið verði sem best úr garði gert þannig að sjónvarpsstöðvarnar geti raunverulega sinnt þessari þá orðnu lagaskyldu sinni.

Ég þakka hv. þm. fyrir að taka þátt í umræðunni og gera okkur grein fyrir afstöðu sinni og vona að við sjáum síðar í umræðunni fleiri þingmenn stjórnarflokkanna spretta upp í salnum.

[16:07]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Það er í raun til vansa fyrir hið háa Alþingi að svona mál þurfi að koma fyrir þingið í tvígang. Þetta frumvarp ætti að vera löngu lögfest. Það er skammarlegt af þjóð sem telur sig ríka að tryggja ekki öllum þegnum sínum sambærilegt aðgengi að upplýsingasamfélaginu.

Við teljum okkur gjarnan standa mjög framarlega í flestum þáttum er snúa að tækni en þegar við skoðum þessa austurrísku könnun sem vísað er til í frumvarpinu má sjá að við stöndum mjög höllum fæti. Þessi mál hafa of oft komið til umræðu á hinu háa Alþingi án þess að sýnilegur árangur hafi orðið, þrátt fyrir þingsályktunartillögu síðasta vor.

Eins og hv. þm. kom inn á áðan kom fram í áðurnefndri könnun að við stöndum álíka vel og hið fátæka land Albanía. Ég vil eiginlega ekki trúa því að hæstv. menntamálaráðherra vilji hafa málin í þeim farvegi. Ef maður horfir til þess að einungis sé um einn tími á viku af textuðu efni í ríkissjónvarpinu þá er það í raun sorglegt. Við sem heyrum mundum seint sætta okkur við svo lélega þjónustu í upplýsingavæddu samfélagi. Eins og fram hefur komið er þetta hreint og klárt mannréttindamál sem setja þarf í lög.

Hópurinn sem þjónustuna þarf er orðinn stór, um 25 þúsund eins og fram hefur komið. Vert er að hafa í huga að það er annar hópur sem fer ört stækkandi, þ.e. aldraðir, sem

gera má ráð fyrir að komi til með að nýta sér textaða þjónustu í auknum mæli.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fimm ára aðlögunartíma og lagt til að stofnaður verði textasjóður sem styrki aðila til að koma sér upp tækjabúnaði og styðji við innleiðingu nýrrar tækni sem til þarf. Mér þykir mikilvægt að einblína ekki einungis á ríkissjónvarpið heldur skoða málið í víðu samhengi og gera sömu kröfu til allra þeirra sem sjónvarpa innlendu efni. Það er nefnilega ekki okkar sem heyrandi erum að ákveða á hvaða stöð heyrnarskertir og heyrnarlausir skuli horfa. Við viljum öll hafa valkosti en hinn hópurinn, þ.e. heyrnarskertir og heyrnarlausir, eiga að sjálfsögðu að hafa þá líka.

Ég tek undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að lestrargeta verður betri þegar þeir sem búa við þann vanda að vera heyrnarskertir eða heyrnarlausir hafa, frá því að þeir byrja að horfa á sjónvarp, fyrir framan sig textað íslenskt efni. Það kemur nefnilega fram strax í skóla hjá þeim sem eru heyrnarskertir að þeim gengur hægar í námi ef þeir hafa ekki notið sömu þjónustu og við heyrandi og þeir eru tilbúnari til að sinna sínu námi ef þeir fá þessa þjónustu.

Ég tek að sjálfsögðu undir það með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að allir flokkar sjái sóma sinn í því að styðja slíkt mannréttinda- og jafnréttismál sem þetta er.

Það kom fram á ráðstefnu Öryrkjabandalags Íslands að aðgengi að upplýsingasamfélaginu væri almennt mjög skammt á veg komið, hvort heldur sem er í textuðu efni, útgefnu námsefni eða öðru sem þessi hópur þarf á að halda. Við sem íslensk og rík þjóð stöndum okkur því ekki vel í þessum málum.

Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að fimm ára aðlögunartími verði gefinn til að skila verkinu með sóma og að allt íslenskt efni verði orðið textað. Ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að lögin nái nema til þeirra sem framleiða, útvarpa eða dreifa efni í atvinnuskyni. Það hefur sýnt sig að kostnaðurinn fer minnkandi um leið og samkeppni á sér stað. Því er mikilvægt, eins og áður segir, að gera sömu kröfur til allra sem sýna innlent efni.

Mjög mikilvægt er að það verði skýrt, við umfjöllun og vinnu fjárlaga, að fjárveitingar verði til frambúðar en ekki bara í eitt ár í senn. Það er lágmarkskrafa að heyrnarlausir og heyrnarskertir eigi sömu möguleika til fræðslu og afþreyingar og hinir heyrandi. Ég vona að hæstv. menntamálaráðherra beiti sér fyrir því á þessu þingi að hinum stóra hópi heyrnarlausra og heyrnarskertra verði sinnt með sóma og þetta mikilvæga frumvarp nái fram að ganga.

[16:12]

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Frumvarpið sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson mælti fyrir, um textun á innlendu sjónvarpsefni, er mjög mikilvægt innlegg í þau mál sem lúta að bættu upplýsingaaðgengi fyrir stóran hóp landsmanna. Talað var um 10% í því samhengi. Það er há tala og segja má að það sé skammarlegt að jafnstór hópur fái upplýsingaaðgengi sínu ekki fullnægt.

Það eru sjálfsögð mannréttindi að hafa aðgang að upplýsingum. Ríkissjónvarpið er eina sjónvarpið sem eitthvað hefur sent út textað af innlendu sjónvarpsefni. Í þessari viku eru aðeins þrír þættir sendir út textaðir en það eru Spaugstofan, Í brennidepli og Stundin okkar. Allir eru þessir þættir um hálftímalangir. Það liggur ljóst fyrir að margir innlendir þættir eru gerðir fyrir fram og ættu því að vera nokkuð auðveldir til textavinnslu svo að hægt sé að senda þá út með texta.

Fyrir árið 2004 er áætlað að 2,5 millj. kr. fari í textun á innlendu efni. Tölur fyrir 2005 liggja ekki fyrir.

Frú forseti. Ég verð að segja að ég er nokkuð viss um að meiri hluti þeirra 10% þjóðarinnar sem um er að ræða borgar fullt afnotagjald ríkissjónvarpsins, a.m.k. gerir mitt heimili það.

Nýverið á þessu ári tóku Norðurljós upp stafræna tækni í útsendingum hjá sér. Mér hefur verið tjáð að með stafrænni tækni aukist möguleikarnir á að efni sé sent út textað.

Mér var tjáð í samtali við starfsmann Norðurljósa með þekkingu á stafrænni tækni að þeir mundu vilja notfæra sér þennan möguleika. En sem stendur er upphafskostnaðurinn mikill. Á eigin ábyrgð get ég sagt að með samþykkt frumvarpsins og tilkomu svokallaðs Textunarsjóðs trúi ég að fjárframlag úr þeim sjóði mundi styrkja þá yfir erfiðasta hjalla upphafskostnaðarins sem þarf til að textun geti orðið að veruleika.

Skjár einn, yngsta sjónvarpsstöðin hérlendis og sem er í meirihlutaeigu íslenska ríkisins, hefur ekki textað innlent efni að neinu ráði frá upphafi til dagsins í dag. Í samtali við starfsmann Skjás eins kom fram að þeir væru áhugasamir fyrir því, sér í lagi ef til stuðnings kæmi frá stjórnvöldum til að mæta upphafskostnaði, og erum við þar aftur komin að ágæti Textunarsjóðs.

Ég leyfi mér að bæta því að þeir sem ekki heyra hljóðið í sjónvarpi en hafa farið til útlanda og séð þar textað efni hafa sagt mér að þeir upplifi allt annan heim með því að fá upplýsingarnar jafnóðum og er það mikill kostur.

Þess má einnig geta að í nýafstöðnum kosningum í Bandaríkjunum voru kosningavökur helstu sjónvarpsstöðva sendar út textaðar og það í beinni útsendingu.

BBC í Bretlandi hefur á síðasta ári sent út textað efni í stafrænni útsendingu. Einnig má nefna að Sky Channel hefur nú hafið útsendingar á sérstakri táknmálsrás, en margir heyrnarlausir vinna við þá stöð, við tæknivinnslu, þáttagerð og að öðru sem lýtur að rekstri sjónvarpsstöðvarinnar.

Ég hef engu við það að bæta sem flutningsmaður sagði í ræðu sinni nema að ég vil ítreka það enn og aftur að mikilvægt er að frumvarp þetta verði að lögum, svo framarlega sem stjórnvöld geta hugsað sér að bæta upplýsingaaðgengi 10% landsmanna.

Ég vona heils hugar að þetta frumvarp fái jákvæða umfjöllun í menntamálanefnd.

Herra forseti. Ég sakna verulega nærveru menntamálaráðherra hér í dag.

[16:18]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið í ræðum hv. alþingismanna um þetta frumvarp er hér á ferð afar þarft og gott mál. Þetta frumvarp til laga um textun er flutt af þingmönnum stjórnarandstöðu, þ.e. tveimur þingmönnum Frjálslynda flokksins, einum þingmanni Vinstri grænna og

þremur þingmönnum Samfylkingar.

Þegar maður skoðar markmið þessara laga sem við vonum að verði samþykkt þá eru þau að tryggja heyrnarskertum og heyrnarlausum aðgang að upplýsingum, afþreyingar- og fræðsluefni til jafns við þá sem hafa fulla heyrn. Hér er að sjálfsögðu um fullgilt mannréttindamál að ræða og þarf í raun ekki að eyða mörgum orðum í það eða beita mikilli röksemdafærslu til að allir skilji að þetta á að vera sjálfsagt og eðlilegt mál.

Í ágætri greinargerð með frumvarpinu kemur fram að um eða yfir 10% landsmanna eiga annaðhvort við heyrnarskort eða heyrnarleysi að stríða. Mér finnst það vera til marks um það hversu hógvær þessi hópur hefur verið í kröfum sínum fram til þessa, hversu lágvær þessi hópur hefur verið í kröfum sínum fram til þessa, að við Íslendingar skulum ekki komnir lengra á leið við að texta innlent sjónvarpsefni fyrir þetta fólk. Eins og fram kemur hér í töflu og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson benti á áðan erum við á svipuðu róli og Albanía í þessu efni.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst þetta alveg hreint með ólíkindum því að mjög mikið af því sjónvarpsefni sem sent er út í dag, til að mynda fréttir, er þegar til á texta þegar það fer í loftið. Nánast allir fréttatímar eru klárir á texta í handriti áður en þeir fara í loftið. Það eina sem ekki er til á texta 100%, ef svo má segja, eru viðtalsbútar við viðmælendur fréttamanna. Allt annað er tilbúið og textað. Því er mjög erfitt að skilja hvers vegna sjónvarpsstöðvarnar sem reka fréttastofu hafa ekki fyrir löngu séð sóma sinn í að sjá þó alla vega til þess að fréttatímarnir fari út textaðir. Það er ekkert mál að koma þessu við, ekki nokkurt minnsta mál og ætti í raun ekki að vera mikill kostnaður.

Ríkissjónvarpið hefur um margra ára bil lagt út í þann kostnað að hafa fréttaþuli sem tjá sig á táknmáli. Það hafa verið örstuttir fréttatímar síðdegis á hverjum degi þar sem þulir segja fréttir á táknmáli. Þennan kostnað yrði hægt að fella niður ef fréttirnar væru sendar út textaðar. Þarna mundu þá sparast peningar á móti þeim óverulega kostnaði sem hlytist af því að senda fréttir út textaðar. Þessu mætti kippa í liðinn strax um leið og þetta frumvarp tæki gildi og ætti í raun að gera það nú þegar.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur áðan þá eru þrír þættir í sjónvarpinu textaðir, þ.e. Spaugstofan, Í brennidepli og Stundin okkar. Ég veit ekki til þess að Stöð 2 til að mynda texti einn einasta þátt. Þetta er að sjálfsögðu til mikils vansa og það er enn og aftur til marks um hversu hógvær þessi stóri þjóðfélagshópur er að bæði Stöð 2 og Ríkissjónvarpið, annars vegar stöð seld í áskrift fyrir miklar fjárhæðir, mjög dýrt áskriftarsjónvarp, sennilega eitt það dýrasta í heiminum, og síðan RÚV, þ.e. ríkissjónvarpið, þar sem fólk borgar afnotagjöld, að þessar stöðvar skuli ekki sjá sóma sinn í því að fara út í að greiða þann kostnað sem hlýst af því að texta sjónvarpsefni fyrir þó þennan stóra þjóðfélagshóp sem hlýtur, herra forseti, að vera mikilvægur markhópur m.a. fyrir auglýsingar. Þetta er hópur sem borgar afnotagjöld sín fullu verði. Þetta er hópur sem ég veit ekki til að fái neinn afslátt á áskriftargjöldum sínum til Stöðvar 2. Samt er þetta stór þjóðfélagshópur sem fer á mis við mjög mikið af því efni sem sent er út frá þessum stöðvum og ekki bara innlenda þætti. Þessi hópur fer líka á mis við — gleymum því ekki — hann fer líka á mis við stóran hluta þeirra auglýsinga sem eru sendar út á þessum stöðvum og þó að margir telji auglýsingar meinlegan og leiðinlegan áróður þá hafa þær oft og tíðum töluvert upplýsingagildi.

Þetta fólk er neytendur alveg eins og við öll hin og þetta fólk býr ekki — vona ég alla vega — við svo verulega verri fjárhag en öll við hin að það geti ekki tekið þátt í neysluþjóðfélaginu á sama hátt og aðrir borgarar þessa lands. Þetta fólk er engir annars flokks borgarar. Þetta eru ekkert verri Íslendingar en við hin þó að þeir eigi við heyrnarörðugleika að stríða.

Þarna ættu menn því strax að gera bragarbót. Sjónvarpsstöðvarnar ættu að sjá sóma sinn í því að lagfæra þetta, t.d. með því að einhenda sér strax í að fréttatímarnir fari út textaðir og fara síðan að undirbúa sig fyrir að þetta frumvarp verði vonandi að lögum á þessu þingi. Nú er tiltölulega langur tími eftir af þinginu og ég hreinlega vænti þess, hef miklar væntingar um það, að þetta frumvarp fái afgreiðslu út úr menntamálanefnd. Það verður mjög gaman að sjá þær umsagnir sem munu berast frá sjónvarpsstöðvunum, þ.e. hvernig þær bregðast við þessu, hvaða skoðanir þær hafa á þessu frumvarpi. Það verður líka mjög áhugavert að fylgjast með vinnsluferli frumvarpsins í hv. menntamálanefnd og ég hlakka til þegar frumvarpið kemur hingað aftur til 2. umr.

Eitt aðeins að lokum, herra forseti. Hér er talað um Textasjóð og sagt að ríkið eigi að bera kostnað af því að styrkja fyrirtæki til tækjakaupa og styrkja þau til að greiða annan kostnað sem af þessu kann að hljótast. Ég efast um að þessi kostnaður þurfi að vera svo ofboðslega hár fyrir sjónvarpsstöðvarnar. Í greinargerðinni sem fylgir með frumvarpinu kemur fram að verið er að þróa nýja tækni sem gerir það að verkum að sífellt verður auðveldara og ódýrara að texta sjónvarpsefni þannig að ég get ekki ímyndað mér annað en að sjónvarpsstöðvarnar ættu að geta tekið stóran hluta af þessum kostnaði á sín breiðu bök á sama hátt og þessar sjónvarpsstöðvar hafa tekið á sig þann kostnað sem hlýst af því t.d. að talsetja barnaefni á íslensku. Hér hefur um árabil verið heill her af leikurum úti í bæ að talsetja erlent sjónvarpsefni fyrir íslensk börn. Ekki er að sjá annað en að til hafi verið peningar fyrir því. Hvernig stendur þá á því að lagt er út í þann kostnað að íslenska efni fyrir börnin blessuð, blönk börnin, en hins vegar tíma menn ekki að leggja út í kostnað til að texta sjónvarpsefni fyrir fólk sem er þó í fullri vinnu að langmestum hluta? Þetta finnst mér alveg hreint með ólíkindum og gersamlega óskiljanlegt.

[16:26]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Við lok þessarar umræðu vil ég þakka þeim hv. þingmönnum sem tóku til máls og tóku allir vel í að þetta mál fengi góðan framgang. Ég vonast vissulega til þess, eins og ég sagði áður að þetta frumvarp eigi stuðning í öllum stjórnmálaflokkum sem starfa á hv. Alþingi og að málinu ljúki á þann farsæla hátt að hér setjum við efni þess í lög. Það kann auðvitað að vera við vinnslu í hv. nefnd að mönnum finnist eitthvað þurfa skoðunar við eða jafnvel

komi einhverjar tillögur um breytingar. En ég tel að það sé nokkuð sem menn geti skoðað og að sjálfsögðu reyna menn að lenda málinu með þeim besta stuðningi sem fáanlegur er og með það að markmiði að málið náist fram.

Ég vil svo bara að lokum þakka þessa umræðu og legg til að frumvarpinu verði vísað til menntamálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fæðingar- og foreldraorlof, 1. umr.

Frv. ÖJ og JóhS, 22. mál (orlofslaun). — Þskj. 22.

[16:27]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Þetta frumvarp hefur áður verið flutt og varð þá eigi útrætt. Frumvarpið var sent ýmsum aðilum til umsagnar, bæði samtökum launafólks og einnig atvinnurekendasamtökum. En þannig fór að allar umsagnir verkalýðshreyfingarinnar, þ.e. frá Starfsgreinasambandinu, BSRB og Kennarasambandi Íslands, voru mjög jákvæðar. Jafnframt kom fram að Alþýðusamband Íslands tæki eindregið undir efni frumvarpsins og vildi láta reyna á það álitamál sem frumvarpið fjallar um fyrir dómstólum.

En áður en lengra er haldið ætla ég að reifa efni frumvarpsins sem ég hefði náttúrlega átt að byrja á að gera. Það gengur út á að einstaklingar sem fá greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði meðan á fæðingarorlofi stendur njóti einnig greiðslna úr þeim sjóði í orlofi, í sumarleyfi sínu.

Við sem stöndum að þessu frumvarpi, ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, viljum ekki sætta okkur við að fólk á almennum vinnumarkaði verði af þessum réttindum. Hjá hinu opinbera, bæði ríki og sveitarfélögum, hefur náðst samstaða um það milli verkalýðshreyfingar, milli samtaka launafólks annars vegar og atvinnurekenda hins vegar, að semja um slíkar greiðslur þannig að fólk fái tryggð þessi réttindi í orlofi.

Við höfum bent á að það gæti ekki hafa verið markmið eða hugsun löggjafans á sínum tíma að skapa réttindi sem ætu upp önnur réttindi þannig að fólk sem fari í fæðingarorlof eigi ekki rétt á sumarorlofi fyrir vikið. Það getur ekki hafa verið tilgangur löggjafans. Enda fór og svo þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi spurningum til hæstvirts þáverandi félagsmálaráðherra um þetta efni í þingsal að fram kom í ræðustól að þetta væri ekki hugsunin og reynt yrði að sjá til að Fæðingarorlofssjóður greiddi slík orlofslaun.

Þetta fór síðar til úrskurðar hjá aðskiljanlegum aðilum. Niðurstaðan var sú, sem síðan var staðfest í undirrétti, að fólki bæri ekki þessi réttur, einvörðungu rétturinn til að fara í orlof en ekki til þess að fá greiðslu í orlofi. Ég geri ráð fyrir að Alþýðusambandið láti enn reyna á þetta fyrir dómstólum en við viljum hins vegar taka af öll tvímæli í þessum lögum. Það er ágreiningur um túlkun laganna, það er alveg ljóst, en ráðherrar hafa gefið yfirlýsingar sem styðja málstað okkar mjög. Nú viljum við láta reyna á hvort ekki er þingvilji til að taka af tvímæli í þessu efni.

Ég legg til að þetta frumvarp fari til umfjöllunar í félagsmálanefnd þingsins og fái þar skjóta og vonandi jákvæða afgreiðslu.

[16:32]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið hér til að lýsa því yfir fyrir hönd Frjálslynda flokksins að við styðjum frumvarp þetta heils hugar. Við erum reyndar ekki með sem flutningsmenn á því en okkur þykir þetta sjálfsagt réttlætismál sem þurfi að leiðrétta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:33.

---

20. FUNDUR

föstudaginn 5. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál, stjfrv., 220. mál, þskj. 223. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Textun, frv., 20. mál, þskj. 20. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fæðingar- og foreldraorlof, frv., 22. mál, þskj. 22. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 235. mál, þskj. 241. — 1. umr.
5. Einkaleyfi, stjfrv., 251. mál, þskj. 269. — 1. umr.
6. Byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005, skýrsla, 216. mál, þskj. 218218. — Frh. einnar umr.

Fjarvistarleyfi:

Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Um klukkan 1.30 í dag, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um skýrslu Samkeppnisstofnunar um verðsamráð olíufélaganna. Málshefjandi er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Hæstv. viðskiptaráðherra Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Atkvæðagreiðslur verða um kl. 1.30, að loknu matarhléi.

[Fundarhlé. — 10:33]

Mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, 1. umr.

Stjfrv., 235. mál (matsferli, málskotsréttur, úrskurðarnefnd o.fl.). — Þskj. 241.

[10:37]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Frumvörp sama efnis voru lögð fram af hálfu þáverandi umhverfisráðherra á 130. löggjafarþingi en hlutu ekki afgreiðslu á því þingi.

Með hliðsjón af umsögnum sem bárust umhverfisnefnd Alþingis við umfjöllun þeirra hafa verið gerðar breytingar á frumvarpinu og ég geri grein fyrir þeim helstu.

Markmiðsákvæði frumvarpsins sbr. 1. gr. hefur verið breytt til samræmis við a-lið 1. gr. gildandi laga. Í ákvæðinu koma fram viðmið eins og nú gilda um þær framkvæmdir sem falla undir lögin, þ.e. eru mats- og tilkynningarskyldar samkvæmt viðaukum við þau. Þá er lögð til sú breyting að skilgreining laganna á umtalsverðum umhverfisáhrifum verði ekki felld brott heldur haldist óbreytt frá gildandi lögum. Lagt er til að matsskýrsla framkvæmdaraðila sem Skipulagsstofnun ber að auglýsa verði kölluð frummatsskýrsla sbr. 9. gr. frumvarpsins en ekki matsskýrsla eins og nú er. Þegar framkvæmdaraðili hefur hins vegar lokið endanlega við gerð frumvarpsskýrslu eftir að umsagnar- og athugasemdaferli er lokið kallist hún matsskýrsla. Gerð er tillaga um nánari tilgreiningu á því hvernig áhrif Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum skuli vera sett fram og ljóst sé að í álitinu beri að fjalla um afgreiðslu framkvæmdaraðila á þeim athugasemdum og umsögnum sem berast við kynningu á frumvarpsskýrslu sbr. 10. gr. Þá hefur verið gerð breyting á hæfniskröfum tveggja af þeim þremur nefndarmönnum úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sem Hæstiréttur tilnefnir sbr. 21. gr. Einn þeirra skal hafa lokið háskólaprófi á sviði skipulagsmála og annar á sviði umhverfismála. Þá er lagt til að sveitarstjórn sé heimilt að binda framkvæmdaleyfi skilyrðum sem sett eru í samræmi við skipulagsáætlanir sveitarfélagsins sbr. 22. gr. Einnig að öllum þeim sem veita leyfi til framkvæmda vegna matsskyldra framkvæmda beri að birta opinberlega ákvörðun sína um útgáfu leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar innan viku frá útgáfu leyfisins sbr. 13. gr.

Frumvörpin eru samin af nefnd sem þáverandi umhverfisráðherra skipaði 24. október 2001 en henni var upphaflega falið það hlutverk að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum. Í nefndinni áttu sæti auk þeirra fulltrúa sem skipaðir voru án tilnefningar fulltrúar frá Skipulagsstofnun, samtökum atvinnulífsins, Sambandi ísl. sveitarfélaga og umhverfisverndarsamtökum. Í ákvæði III til bráðabirgða í gildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum er kveðið á um endurskoðun þeirra laga en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2003. Við endurskoðunina skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að sameina og samræma mat, sbr. 11.–13. gr., við leyfisveitingar fyrir einstökum framkvæmdum, í hvaða mæli skipulagsáætlanir geti komið í stað mats á umhverfisáhrifum framkvæmdar og hvort færa beri ábyrgð á mati til framkvæmdaraðila í ríkari mæli en gert er í lögum þessum.“ Jafnframt var nefndinni falið að meta hvort taka þurfi til endurskoðunar önnur ákvæði laganna í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra.

Vinna við endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum kallaði á breytingar á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum, einkum vegna tengingar mats á umhverfisáhrifum við leyfisveitingar fyrir einstakar framkvæmdir og var nefndinni jafnframt falið að vinna breytingar þar að lútandi.

Lög um mat á umhverfisáhrifum byggjast í grundvallaratriðum á tilskipunum Evrópusambandsins nr. 83/337/EBE, samkvæmt breytingu á þeirri tilskipun, og nr. 97/11/EB sem eru hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og ber því íslenskum stjórnvöldum að sjá til þess að ákvæðum tilskipunarinnar sé framfylgt hér á landi. Af sömu ástæðum hafa m.a. öll önnur ríki Norðurlanda fært í lög sín ákvæði tilskipunarinnar og öll ríki Evrópusambandsins. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er ákvörðunarferli stjórnvalda vegna mats á umhverfisáhrifum með öðrum hætti en tíðkast annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Hér á landi er gert ráð fyrir að það sé hluti af matsferli að fallast á eða leggjast gegn framkvæmd en annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu er sú ákvörðun í höndum lögskipaðra leyfisveitenda.

Þetta atriði var rætt ítarlega í umhverfisnefnd Alþingis þegar lögin voru til afgreiðslu hjá Alþingi árið 2000 og varð niðurstaða þeirrar umræðu að bæta við fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði í lögin. Við samningu frumvarpsins kynnti nefndin sér löggjöf um mat á umhverfisáhrifum á Norðurlöndum þó einkum danska löggjöf. Þá voru við samningu frumvarpsins teknar til sérstakrar skoðunar þær efnis- og formkröfur um mat á umhverfisáhrifum sem leiða má af skuldbindingum Íslands að Evrópurétti samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og með hvaða hætti mat á umhverfisáhrifum framkvæmda fer fram hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins. Reglur um mat á umhverfisáhrifum byggjast á framangreindum tilskipunum og af aðfaraorðum og ákvæðum tilskipunarinnar má ráða að matsferli því sem þær kveða á um sé fyrst og fremst ætlað að tryggja að við veitingu framkvæmdaleyfis liggi fyrir helstu upplýsingar um þá þætti umhverfisáhrifa framkvæmdar sem máli skipta og nánar er lýst í tilskipuninni og að tekið sé mið af þessum upplýsingum í samráði við stofnanir og almenning við útgáfu framkvæmdaleyfis. Aðildarríkjunum er í sjálfsvald sett hvort matsferlið er fellt inn í gildandi ferli vegna veitingar framkvæmdaleyfis í aðildarríkjunum eða sérstakt ferli sett á fót vegna mats á umhverfisáhrifum.

Tilskipunin gerir ekki kröfu um að sett sé á fót sérstakt

matsferli óháð leyfisveitingaferli vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi heldur eingöngu að þær upplýsingar um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar og það samráðsferli við stofnanir og almenning sem kveðið er á um í tilskipuninni séu undanfari ákvörðunar um framkvæmdaleyfi og þessi atriði séu tekin til umfjöllunar við ákvörðun þar um. Með öðrum orðum skal leyfisveitandi vera meðvitaður um umhverfisáhrif framkvæmdar og athugasemdir almennings þegar hann tekur afstöðu til umsóknar framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda.

Tilskipanir Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum mæla fyrir um aðferð fremur en efnisviðmið. Af þeim má ráða að áhersla er lögð á þær upplýsingar og gögn sem fram koma í matsferlinu og þær séu lagðar til grundvallar ákvörðun um framkvæmdaleyfi. Í því felst ekki að ákvörðun um framkvæmdaleyfi sé í samræmi við niðurstöður matsins en hins vegar að efnislegu upplýsingarnar sem fram koma í matsferlinu séu grundvöllur ákvörðunar um framkvæmdaleyfi. Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Í matsferlinu verður ekki tekin afstaða til þess hvort fallast beri á með eða án skilyrða eða leggjast gegn framkvæmd sem lýst hefur verið með fullnægjandi hætti í matsskýrslu framkvæmdaraðila.

2. Matsferlið miði að því að matsskýrsla framkvæmdaraðila lýsi sem best og dragi fram öll veigamikil umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og geri grein fyrir athugasemdum almennings og umsagnaraðila við framkvæmdina svo leyfisveitanda séu ljós öll efnisatriði málsins þegar fjallað er um leyfi til framkvæmda.

3. Álit Skipulagsstofnunar við endanlega matsskýrslu framkvæmdaraðila verði umfjöllun um matsferlið og niðurstöðu matsskýrslu.

4. Enginn vafi leiki á því að leyfisveitandi taki í samræmi við viðeigandi lög ákvörðun um hvort leyfa skuli viðkomandi framkvæmd, þegar fyrir liggur matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar, og að leyfisveitanda beri að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar.

5. Málskotsréttur til æðra stjórnvalds vegna matsskyldra framkvæmda verði bundinn við leyfi til framkvæmda á sveitarstjórnarstigi, þ.e. framkvæmda- og byggingarleyfi, og takmarkist við þá aðila sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta, umhverfisverndarsamtök og önnur hagsmunasamtök eftir nánari reglum.

Ég geri nú grein fyrir helstu breytingum og nýmælum frumvarpsins. Gerðar eru nokkrar breytingar á markmiðsákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 1. gr. frumvarpsins, og lagt til að eitt af markmiðunum sé að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar, en rétt þykir að þetta komi efnislega fram í markmiðsgreininni. Þá er lögð til í 3. gr. skilgreining á umhverfisverndarsamtökum en þeim er veittur málskotsréttur til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og til ráðherra eins og ég mun síðar gera grein fyrir. Einnig er lagt til að hugtakið frummatsskýrsla verði skilgreint. Þannig verði gerður greinarmunur á annars vegar frummatsskýrslu og hins vegar matsskýrslu.

Lagðar eru til nokkrar breytingar er varða vinnslu og efni matsskýrslu. Í matsskýrslu, sbr. 8. gr., skuli m.a. koma fram tillögur framkvæmdaraðila um mótvægisaðgerðir og umhverfisvöktun þar sem það á við og er það liður í að bæta matsskýrsluna og auka ábyrgð framkvæmdaraðila á matinu.

Í þeim tilgangi að tryggja samræmi og gæði matsskýrslu framkvæmdaraðila er lagt til að í niðurstöðum matsskýrslu skuli geta um flokkun og viðmið umhverfisáhrifa einstakra þátta framkvæmdarinnar en að Skipulagsstofnun gefi út leiðbeiningar um það, sbr. 15. gr. frumvarpsins. Framkvæmdaraðila ber við gerð matsskýrslu að hafa slíkar leiðbeiningar til viðmiðunar þegar vægi umhverfisáhrifa er metið í skýrslunni. Leiðbeiningum Skipulagsstofnunar er alltaf ætlað að auka skilvirkni og samræma vinnubrögð í matsferlinu og auðvelda Skipulagsstofnun og öðrum þeim sem fjalla um matsskýrsluna að gefa álit sitt á henni. Skipulagsstofnun skal kynna frummatsskýrslu með auglýsingum. Kynning hennar og réttur til athugasemda fer fram með sama hætti og er í gildandi lögum.

Sú breyting er hins vegar lögð til að Skipulagsstofnun beri að senda framkvæmdaraðila að lokum þær athugasemdir og umsagnir sem stofnuninni hafa borist og vinnur hann úr þeim gögnum við gerð matsskýrslu. Framkvæmdaraðili tekur síðan afstöðu til þeirra í endanlegri matsskýrslu sinni til Skipulagsstofnunar. Með þessu fær framkvæmdaraðili rétt til þess að ljúka matsskýrslu sinni á grundvelli þeirra athugasemda sem berast kunna frá almenningi og umsagnaraðilum í kynningarferlinu svo að matsskýrslan verði eins vel útbúin og unnt er frá hendi framkvæmdaraðila áður en Skipulagsstofnun gefur álit sitt á henni.

Eins og ég hef gert grein fyrir er ákvörðunarferli stjórnvalda um mat á umhverfisáhrifum með öðrum hætti hér en annars staðar. Sérstaða Íslands borið saman við önnur lönd er því mikil hvað varðar það úrskurðarvald sem Skipulagsstofnun hefur. Telja verður eðlilegra að hlutverk Skipulagsstofnunar sé að samræma gerð matsáætlana og matsskýrslna og treysta gæði þeirra en það sé ekki hlutverk stofnunarinnar að ákveða hvort hafna eða leyfa skuli framkvæmd, heldur sé slík ákvörðun í höndum viðkomandi leyfisveitenda. Í frumvarpinu er lagt til að í stað þess að Skipulagsstofnun kveði upp úrskurð um mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmda gefi hún álit sitt á matsskýrslu framkvæmdaraðila, sbr. 10. gr. Í áliti stofnunarinnar komi þannig fram hvort skýrsla framkvæmdaraðila um mat á umhverfisáhrifum uppfylli skilyrði laganna og þeirra reglugerða og leiðbeininga sem settar eru á grundvelli þeirra og jafnframt hvort umhverfisáhrifum sé lýst á fullnægjandi hátt. Sé það mat Skipulagsstofnunar að setja þurfi frekari skilyrði fyrir framkvæmdinni en lagt er til í skýrslunni, svo sem um mótvægisaðgerðir, ber stofnuninni að tilgreina skilyrðin í áliti sínu og færa rök fyrir þeim.

Lagt er til að leyfi til framkvæmda teljist framkvæmda- og byggingarleyfi sveitarstjórna samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, svo og önnur leyfi til starfsemi og framkvæmda samkvæmt sérlögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda, sbr. 3. gr. Hér er um að ræða upptalningu á þeim leyfum sem framkvæmdaraðili kann að þurfa að afla

vegna matsskyldrar framkvæmdar sinnar en slík leyfi geta verið í höndum margra stjórnvalda. Sem dæmi má nefna að það þarf leyfi iðnaðarráðherra fyrir orkuverum sem eru 1.000 kw eða stærri, sbr. 4. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, og til nýtingar auðlinda úr jörðu, sbr. 6. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og starfsleyfi Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar þarf til starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allir leyfisveitendur vegna matsskyldra framkvæmda skulu kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um hana, sbr. 13. gr. Sé leyfi veitt þar sem tekið er á einhverjum eða öllum þáttum með öðrum hætti en fram kemur í álitinu þarf leyfisveitandi að geta fært rök fyrir niðurstöðum sínum. Þar sem um er að ræða álit Skipulagsstofnunar bindur það ekki hendur þess stjórnvalds sem fer með útgáfu leyfis til framkvæmda.

Við útgáfu framkvæmdaleyfis ber sveitarstjórn, eins og á við um aðra leyfisveitendur, að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar, sbr. 22. gr. Þar sem Skipulagsstofnun gefur álit sitt um matsskýrslu framkvæmdaraðila, eins og áður segir, er skýrslan þar með grundvöllur þess álits og þykir því eðlilegt að sveitarstjórn hafi kynnt sér matsskýrsluna áður en hún tekur afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Markmiðið með þessu er að sveitarstjórn geti tekið upplýsta ákvörðun um útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli allra þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmda. Sveitarstjórn er heimilt að binda framkvæmdaleyfið þeim skilyrðum sem fram kunna að koma í áliti Skipulagsstofnunar og ef hún gerir það getur hún tekið skilyrðin upp í framkvæmdaleyfi að hluta eða að öllu leyti. Jafnframt er sveitarstjórn heimilt að binda framkvæmdaleyfi skilyrðum sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins. Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum sem kunna að vera sett í áliti Skipulagsstofnunar að því marki að aðrir sem veita leyfi til framkvæmda samkvæmt sérlögum hafi ekki gert það, sbr. 22. gr.

Lagðar eru til breytingar á kæruheimild vegna mats á umhverfisáhrifum sem lagðar eru til vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til á ferli matsskyldra framkvæmda. Eins og gerð hefur verið grein fyrir er lagt til að matsferlið verði nátengdara en áður leyfisveitingum viðkomandi framkvæmdar. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum úrskurði Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum sem kæranlegar eru til ráðherra heldur er þess í stað lagt til að stofnunin gefi álit sitt á matsskýrslu framkvæmdaraðila. Eftir þá breytingu væri óeðlilegt að það álit yrði kært til umhverfisráðherra eitt og sér heldur er lagt til í þess stað að það verði borið undir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála í tengslum við kæru á ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfis, sbr. 12. gr. b. Hér er því um nýtt hlutverk úrskurðarnefndar að ræða en hún mun áfram hafa það hlutverk að kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál.

Heimilt er að skjóta til umhverfisráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka, skv. 6. gr., sé matsskyld og er það ekki breyting frá því sem nú er. Þá er hægt að kæra aðrar ákvarðanir Skipulagsstofnunar til ráðherra svo sem um endurskoðun matsskýrslu. Lagt er til að réttur til að skjóta framangreindum ákvörðunum til ráðherra og úrskurðarnefndar verði einungis bundinn við þá sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta sem tengjast hinni kærðu ákvörðun, sbr. 12. og 21. gr. Sé um að ræða ákvarðanir vegna framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum eiga umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem eiga varnarþing á Íslandi jafnframt sama rétt, enda séu félagsmenn samtakanna 50 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna eftir því sem fyrir kann að vera mælt í lögum eða samtökum þeirra. Umhverfisverndarsamtök eru skilgreind sem samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin almennri aðild og gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til á kæruheimild eru til samræmis við það sem gildir á Norðurlöndum en réttur til málskots hefur hvergi á Norðurlöndum verið eins víðtækur og hér á landi. Lagt er til að frestur ráðherra til að úrskurða í kærumálum verði lengdur í tvo mánuði frá því að kærufrestur rann út en hann er nú fjórar vikur vegna ákvarðana um matsskyldu framkvæmda. Jafnframt er gert ráð fyrir að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hafi allt að þrjá mánuði til að úrskurða frá því að henni berst mál í hendur og er því um að ræða lengingu á núgildandi fresti um einn mánuð.

Gert er ráð fyrir að í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála eigi sæti fimm menn í stað þriggja nú en við úrlausn einstakra mála skuli nefndin að jafnaði skipuð þremur mönnum. Í viðamiklum málum skal nefndin hins vegar vera fullskipuð. Yfir nefndina skal skipaður forstöðumaður sem jafnframt er formaður nefndarinnar og hefur starfið að aðalstarfi. Það er breyting frá því sem nú gildir en starf formanns er hlutastarf. Breytingunum er ætlað að auka skilvirkni í starfi nefndarinnar.

Herra forseti. Ég hef rakið efni frumvarpsins í megindráttum og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhverfisnefnd.

[10:58]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir mál sitt. Mér finnst ástæða til þess í upphafi umræðunnar að fagna því sérstaklega fyrir hönd okkar óbreyttra þingmanna að hér situr nýr forseti Norðurlandaráðs, 4. þingmaður Suðvesturkjördæmis.

Málið er endurflutt frá því í fyrra og er stórt og mikilvægt eins og greina mátti á umfjöllun hæstv. umhverfisráðherra um það. Í fyrra var því lýst af hálfu okkar samfylkingarmanna að við styddum eitt af aðalatriðum málsins, að ákvörðunarvald og ákvörðunarskylda skyldi færð frá embættismönnum í stjórnsýslunni, hversu góðir og ágætir sem þeir kunna að vera, til stjórnmálamanna, til fulltrúa almennings. Þetta stendur enn og ástæða til að ítreka stuðning okkar við það. Við teljum að sú skipan sem var tekin upp hafi

ekki gefist vel af ýmsum ástæðum, það sé óeðlilegt að fela embættismönnum slíkt vald og setja á þá þá skyldu. Í reynd hefur komið í ljós að stjórnmálamenn hafa ekki sætt sig við að embættismenn hefðu þetta ákvörðunarvald heldur í raun tekið það frá þeim í a.m.k. einu afar mikilvægu máli sem stríð hefur staðið um í samfélaginu.

Við létum hins vegar í ljós efasemdir um marga aðra efnisþætti og lögðumst beinlínis gegn sumum þeirra. Það er ástæða til að fara yfir þá þótt umfjöllunin bíði að sjálfsögðu umhverfisnefndar. Ég tel þó ástæðu til að fara yfir nokkur atriði af því tagi.

Rétt er að taka það fram að þetta mál var eitt af helstu málum vetrarins í starfi umhverfisnefndar í fyrra. Kallað var eftir umsögnum og gestir komu á fund nefndarinnar. Þetta tók töluvert mikinn tíma. Hins vegar var umræða meðal nefndarmanna sjálfra um málið ekki hafin að gagni og í raun ekki komin fram afstaða einstakra nefndarmanna til ýmissa efnisatriða í frumvarpinu.

Ég get þess sérstaklega að í fyrra var í umhverfisnefnd lítt fjallað um skipan mála í öðrum löndum, í grannríkjum okkar, umfram það sem stendur í greinargerðinni. Það er mikilvægt að gera það nú. Ég nefni t.d. að eitt af því sem við þurfum að fara í gegnum er hin norska skipan í vatnsaflsmálum. Það er eitt mikilvægasta og viðkvæmasta þeirra sviða sem falla undir mat á umhverfishrifum. Um þetta fjallaði hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nýlega í ágætri þingsályktunartillögu og er ástæða til að halda áfram þeirri umræðu sem hún hóf þar. Ég vil nota tækifærið og biðjast forláts á því að hafa ekki getað verið viðstaddur þá umræðu. Það var full ástæða til þess.

Eitt af því sem almennt þarf að ræða í tengslum við frumvarp þetta, vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi, er hver eigi að vera þáttur framkvæmdarvalds, löggjafa og almennings í ákvörðunum um framkvæmdir sem geta skaðað umhverfið. Þar er mikilvægt að menn taki réttar og skynsamlegar ákvarðanir, ekki bara fyrir sjálfa sig og þær kynslóðir sem nú eru uppi heldur líka kynslóðir í framtíðinni. Ég ætla að koma aðeins að því í lok þessa máls.

Þær mikilsverðu breytingar hafa orðið frá því í fyrra að umtalsverð umhverfisáhrif, það hugtak „umtalsverð umhverfisáhrif", er aftur komið inn sem mælikvarði eins og í núgildandi lögum. Þetta er afar mikilvægt. Það var gagnrýnt harðlega í fyrra að þetta skyldi fellt út og í raun fengust aldrei almennileg svör við því hvers vegna það var gert. Þau voru tæknileg. Sagt var að erfitt væri að meta umtalsverð umhverfisáhrif en í raun fengust ekki svör við því nákvæmlega af hverju það væri. Ég fagna því mjög að þetta sé komið inn aftur og það ber að virða það sérstaklega við hinn nýja hæstv. umhverfisráðherra sem málið flytur. Hún býr auðvitað að því að í umræðunni í fyrra, á þinginu og í nefndinni sjálfri, kom þetta sérstaklega fram.

Ég skil frumvarpið svo, fyrir utan þá skilgreiningu sem þessu fylgir í textanum sjálfum, að þetta verði nánar útfært í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. Við þurfum að skoða hvort það er nægilegt eða hvort skýra þurfi það betur í lagatextanum. En þetta er mjög mikilvæg breyting og bætir frumvarpið verulega.

Annað sem ég minnist frá gagnrýninni í fyrra er að nýtt orðalag er til bóta. Nú er talað um frummatsskýrslu en ekki matsskýrslu þegar átt er við drög framkvæmdaraðilans. Þetta er kannski ekki mjög mikilvægt lagatæknilegt atriði en það lýsir ákveðnum sjónarmiðum, ákveðnum anda, sem mér þykir miklu vænni en var í fyrri gerð.

Eftir standa ýmsar efasemdir og gagnrýni sem við þurfum að ræða. Ég vil fyrst nefna að samkvæmt frumvarpinu er verið að færa töluverða ábyrgð og töluvert vald til framkvæmdaraðilans frá stjórnsýslunni. Þetta þurfum við enn að athuga mjög rækilega og jafnframt hvaða burði eftirlitsaðilinn, Skipulagsstofnun einkum, hefur til að meta rannsóknir og staðhæfingar framkvæmdaraðila.

Enn eitt vil ég nefna frá því í fyrra. Um úrskurðarnefndina er nú getið í síðari hluta frumvarpsins en var áður í sérstöku frumvarpi. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála er óbreytt frá fyrri gerð frumvarpsins. Í henni sitja fimm menn, þar af eru tveir frá umhverfisráðherra og þrír frá Hæstarétti. Hún getur úrskurðað öll saman, þrír menn eða fimm menn. Ákvörðunin er formanns, sem er annar af mönnum umhverfisráðherra í nefndinni. Þannig er hugsanlegt að í úrskurðum frá nefndinni hafi tveir menn, skipaðir af umhverfisráðherra, meiri hluta. Þetta var gagnrýnt í fyrra en hefur ekki breyst. Þetta er ákaflega óheppilegt. Ég reikna ekki með því að þetta sé af ráðum gert og ég get ekki reiknað með því. Hins vegar kemur upp óskemmtileg staða í úrskurðarnefndinni sem á að vera sjálfstæð og endanlegt úrskurðarvald, að þar skuli tveir menn frá umhverfisráðherra geta tekið ákvarðanir sjálfir með tveimur atkvæðum gegn einu, ef þannig verkast, um mikilvæg málefni. Það getur verið einfalt að breyta þessu og ég fer fram á það að hæstv. ráðherra svari því á eftir hve mikla áherslu hún leggur á þetta mál og af hverju það þarf að vera svona.

Enn nefni ég gagnrýnisatriði frá því í fyrra. Hér situr enn við það sama um skilyrði við málskot eða kærur. Þau eru annars vegar bundin við lögvarða hagsmuni og hins vegar við sérstök umhverfissamtök með tiltekinn félagafjölda. Í fyrra var þráspurt um af hverju þetta þyrfti að vera svona, af hverju við gætum ekki haldið okkur við það sem vel hefði reynst af fyrri skipan, þ.e. að málskotsrétturinn væri tiltölulega almennur. Því var aldrei svarað en eingöngu vísað til þess, eins og hæstv. ráðherra gerði áðan, að þetta væri víðtækara, þótt það væri þrengt núna, en annars staðar. Það var talin afsökun fyrir þrengingu ákvæðanna.

Forseti. Hið íslenska samfélag og landið sjálft auðvitað líka er öðruvísi en annars staðar. Við erum fámenn þjóð, sem er bæði galli og kostur. Það er kostur að því leyti að við teljum okkur öll eiga hagsmuna að gæta alls staðar á Íslandi. Það er mikið um flutning milli svæða á landinu. Hér er miklu síður en annars staðar hægt að tala um að menn séu bundnir héruðum eða einstökum sveitum. Við öll sem hér sitjum og allir þeir sem á hlýða eiga sennilega ættir að rekja til margra héraða, ekki bara eins eða tveggja. Það er sjaldgæft að menn reki ættir sínar í nokkra liði til eins héraðs. Bara það stillir mönnum þannig upp, einstaklingum á Íslandi, að þeir hugsa um allt landið.

Á öllu landinu er mikil þekking bæði meðal leikra og lærðra á náttúrufari og umhverfi landshorna þar sem menn búa ekki. Flestir Íslendingar hafa ferðast um eigið land meira en annarra þjóða menn hafa gert um sín lönd. Hér er mikið um sjálfstæða fræðimenn, bæði menntaða og

ómenntaða. Það er talinn einn af helstu kostum okkar í náttúru- og umhverfisefnum þegar erlendir menn koma að skoða þau. Allt mælir með því að á Íslandi sé mjög víðtæk skilgreining á því hverjir geti kært og gert athugasemdir en ekkert sem mælir sérstaklega með þrengingu skilyrðanna fyrir því. Það hefur a.m.k. aldrei komið fram og hefur ekki valdið umtalsverðum vandræðum hingað til hjá Skipulagsstofnun, að menn hafi sent þar inn kærur eða athugasemdir. Þær hafa ósköp einfaldlega verið flokkaðar, taldar upp og úr þeim tekin þau efnisatriði sem máli skipta. Ég sé enga ástæðu til að breyta því.

Á hinn bóginn er eftirtektarvert að þessi tillaga í frumvarpinu, um að aðeins umhverfissamtök megi gera athugasemdir, þ.e. umhverfissamtök sem skilgreind eru með vissum hætti, endurskoðuðu bókhaldi, aðalfundargerð og 50 félögum, er farin að hafa áhrif. Ég var um daginn viðstaddur, að vissu leyti af tilviljun, stofnun nýrra umhverfissamtaka á Íslandi, á stofnfundi þeirra. Þar er um að ræða Náttúruvaktina, ágætisfólk sem hefur tekið sig saman og stofnað samtök. Á stofnfundi þeirra var umræða um hvort þetta ættu að vera almenn umhverfisverndarsamtök eða hvort þau ættu að einbeita sér að tilteknum þáttum sem félagar þeirra hafa mestan áhuga á nú um stundir. Því var svarað til af frumkvöðlunum að þetta ættu að vera almenn umhverfissamtök, þau yrðu að vera með almenna stefnuskrá og búa sig með sérstökum hætti vegna þess að í frumvarpi sem fram hefði komið í fyrra og kæmi fram aftur núna væru ákvæði um að einungis slík samtök gætu talist hæf til að veita umsagnir og gera athugasemdir við framkvæmdir sem þeim koma við.

Þá spyr maður: Er ætlast til þess að löggjafinn setji sérstök fyrirmæli um hvernig samtök landsins eigi að vera? Það er ákaflega sérkennilegt og í raun þvert á þá þróun sem undanfarna áratugi hefur verið í félagsmálum og slíkum samtökum. Annars vegar eru skipuleg samtök sem hafa bókhald, aðalfundi, fasta félaga og innheimta af þeim félagsgjöld. Hins vegar eru hópar, óformlegri og lauslegri hópar, sem upp spretta í kringum einstök mál eða við sérstakar aðstæður. Slík samtök skipta miklu máli, hafa sig mjög í frammi og hafa mikil áhrif í skamman tíma en leggjast síðan kannski af eða breytast í eitthvað annað. Þetta er fullkomlega eðlilegt og ekkert við þessu að gera. Aftur á móti óeðlilegt að löggjafinn skipti sér af því hvernig slík samtök eru byggð upp.

Það væri eðlilegt og ósköp einfalt að fella umrædd ákvæði niður þannig að menn hafi almennan kæru- og athugasemdarétt án tillits til þess hvort þeir eru félagar í samtökum eða ekki. Ég hef ekki enn skilið þetta og fer fram á að hæstv. umhverfisráðherra, sem tekur þetta upp frá fyrra frumvarpi, skýri fyrir okkur hvers vegna lögin þurfa að vera svona að hennar viti.

Í fyrra var jafnframt gagnrýnt að ekki væri nein grein gerð fyrir því hvernig frumvarpið tengdist nýrri tilskipun frá Evrópusambandinu, tilskipun nr. 2003/35/EB. Ég fagna því að nú er kafli um þá tilskipun á bls. 13 í þingskjalinu. Í fyrra var spurt að því af hverju ekki væri um hana fjallað. Svörin við því voru lítil.

Síðan gerðist það í fyrra, til upprifjunar, að vegna þessara spurninga svaraði þáverandi ráðherra því til að lögfræðingar ráðuneytisins hefðu farið í gegnum tilskipunina og teldu að frumvarpið færi ekki í bág við hana en það var nánar spurt eftir gögnum frá þessum lögfræðingum. Þau komu ekki fram og í ljós kom að þau höfðu ekki verið til. Þetta var ekki lögfræðileg vinna heldur var gefið einhvers konar munnlegt álit á málinu. Ætla mátti að verið væri að reyna að bregðast með litlum þrótti við þeirri gagnrýni sem fram hafði komið. Nú er svolítill kafli um þessa tilskipun þar sem hún er kynnt og henni lýst en ekkert er getið um hvaða áhrif hún kunni að hafa á frumvarpið eða hvernig hún muni virka, sem er leitt og í raun og veru dálítið skrýtið eftir gang mála í fyrra.

Það verður að vekja athygli á því enn einu sinni að þessi tilskipun er ekki einhver framtíðarmúsík heldur stendur beinlínis í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar hafa aðildarríkin frest til 25. júní 2005 til að innleiða ákvæði hennar og er nú unnið að innleiðingunni í samráði við utanríkisráðuneytið.“

Nú er nóvember 2004 og ef miðað er við venjulegan gang mála á þinginu verður þetta frumvarp ekki samþykkt eða afgreitt fyrr en á síðari hluta þingsins. Þá verða einn eða tveir mánuðir þangað til kominn er 25. júní 2005. Þess vegna hefði mátt gera ráð fyrir að í greinargerðinni væri skýrari kafli um hvaða áhrif hin nýja tilskipun hefði á það efni sem við erum að ræða um. Ég vil biðja hæstv. umhverfisráðherra að skýra betur fyrir okkur af hverju ekki er fjallað nánar um þetta.

Það eru ýmis önnur atriði sem þarf að fjalla um en ég ætla ekki að gera það nú. Það verður auðvitað gert í umhverfisnefnd.

Ég vil segja þetta að lokum. Í mínum huga eru nú meiri efasemdir um þetta mál en voru um svipað leyti í fyrra, þrátt fyrir að frumvarpið sé orðið annað og betra. Þar veldur einkum sá straumur virkjana og stóriðjuhugmynda, tillagna og áforma sem leikið hefur um Ísland á síðustu árum. Ég tel að við þurfum að athuga betur en gert hefur verið og átta okkur betur á hver hugur almennings og kjörinna fulltrúa um einstakar framkvæmdir er og taka ákvarðanir í samræmi við það. Framkvæmdir sem valda umtalsverðum umhverfisáhrifum geta ekki bara verið mál fyrirtækja, framkvæmdavaldshafa og embættismanna. Við verðum að skoða þessar breytingar mjög vel í tengslum við þetta frumvarp og ég vænti þess að það verði gert í umhverfisnefnd.

[11:19]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér nýframkomið frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og þetta mun vera í þriðja sinn sem Alþingi Íslendinga fjallar um löggjöf byggða á tilskipunum sem raktar eru í greinargerð, þ.e. tilskipunum Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum.

Umfjöllun Alþingis um þetta mál hefur ævinlega verið flókin, yfirgripsmikil, oft erfið og um hana hefur verið tekist á, bæði hér í þingsölum og eins í nefndarvinnunni hjá umhverfisnefnd.

Ég á alveg von á því að áfram verði þetta mál flókið og þungt í vöfum í umfjöllun þingsins og umfjöllun umhverfisnefndar. Og þó svo nefndin hafi varið talsverðum tíma á

síðasta vetri í umfjöllun um frumvarpið sem þá lá fyrir er þetta nýja frumvarp talsvert breytt. Því ber að fagna, eins og hv. þm. Mörður Árnason gat um, að í nokkrum veigamiklum atriðum hefur verið tekið mark á umsögnum sem þinginu bárust á síðasta vetri. Það er eðlilegt að því sé fagnað en það léttir okkur kannski ekkert róðurinn. Það gerir málið ekki slétt og fellt eða einfalt í umfjöllun.

Hvers vegna er svona umfangsmikið og flókið fyrir okkur að fjalla um þessa löggjöf, lög um mat á umhverfisáhrifum? Í fyrsta lagi vegna þess að það er ekki löng hefð fyrir vinnubrögðum af því tagi sem hún kallar á og í öðru lagi vegna þess að stjórnvöld hafa átt afskaplega erfitt með að fara að þessum lögum frá því þau voru upphaflega sett. Það hefur verið umdeilt hvernig framkvæmd laganna hefur verið í samfélaginu, þáttur stjórnvalda hefur verið umdeildur og sömuleiðis þáttur Skipulagsstofnunar. Að mörgu leyti hefur verið erfitt, bæði fyrir almenning og umhverfisverndarsamtök að koma að þessari vinnu eða hafa veruleg áhrif á hana og það hefur sætt mikilli gagnrýni í tengslum við framkvæmdir sem umhverfisverndarsamtök hafa verulega þurft að beita sér gagnvart. Síðast en ekki síst hafa umhverfisyfirvöld ekki sýnt í verki að þeim sé umhugað um að koma í veg fyrir umhverfisspjöll í viðkvæmri náttúru Íslands.

Þetta helgast að hluta til af því að lög um mat á umhverfisáhrifum eru fyrst og fremst lög sem segja fyrir um vinnuaðferðir við að meta áhrif stórframkvæmda á umhverfið. Þetta eru vinnureglur þeirra sem koma að máli framkvæmdaraðilanna, umhverfisyfirvalda, Skipulagsstofnunar og sömuleiðis eru þetta ákveðnar samskiptareglur umhverfisverndarsamtaka. Þessi lög fela ekki í sér neinar kríteríur varðandi náttúruvernd eða umhverfisvernd. Oft hafa umhverfisverndarsinnar viljað nota þessi lög sem ákveðinn ventil í þessum efnum, þ.e. til að reyna að stemma stigu við framkvæmdum sem hafa verulega neikvæð áhrif á umhverfið. Það hefur ekki reynst léttvægt. Til marks um það má benda á að ákvæðið um að Skipulagsstofnun geti hafnað framkvæmd á grundvelli verulegra, óafturkræfra umhverfisáhrifa hefur einungis einu sinni verið notað. Það tengdist framkvæmd sem áformuð var í Grændal sem er upp af Hverageröi og er eina dæmið síðan við settum þessi lög, þar sem vinnan við matsskýrslur framkvæmda hefur leitt í ljós að framkvæmdirnar væru svo umtalsverðar að hætta bæri við þær. Eitt skipti af nokkur hundruð tilvikum sem þessi lög hafa verið notuð og unnið eftir þeim út í hörgul. En það segir okkur einmitt að lögin eru ekki og hafa aldrei getað verið sá ventill sem umhverfisverndarsamtök hafa verið að vona. Þá spyr maður sig: Hvar á ventillinn að vera? Hvar eigum við að tryggja að framkvæmdaraðilar geti ekki unnið veruleg óafturkræf spjöll á umhverfi okkar og ég tala ekki um viðkvæmri náttúru landsins? Þær kríteríur þurfa að vera í umhverfisverndarlögum og náttúruverndarlögum og það hefur ævinlega skort á það að stjórnvöld hafi viljað viðurkenna samspil þessara laga og náttúruverndarlaga. Við verðum að horfast í augu við að kríteríurnar sem eru til staðar í náttúruverndarlögum okkar, þó að þau séu kannski ekki fullkomin, þá eru þær þó þess eðlis að í mörgum tilfellum gætu þær stöðvað óráðsíuframkvæmdir, framkvæmdir sem valda verulegum spjöllum vegna þess að þar eru verndarákvæðin skilgreind. Og við verðum að gera okkur grein fyrir því að verndarákvæði laga þurfa að vera rétthærri en hingað til hefur verið, vegna þess að lögin um mat á umhverfisáhrifum hafa verið notuð ein og sér án tillits til náttúruverndarlaganna okkar. Þetta er að hluta til það sem gerir umfjöllun um þetta lagafrumvarp erfiða, vegna þess að við verðum að horfa á hvernig stjórnvöld hafa praktíserað starf sitt, hvernig þau hafa unnið eftir þessum lögum hingað til og því hefur verið verulega ábótavant, herra forseti.

Hv. þm. Mörður Árnason minntist áðan á tilskipun Evrópusambandsins um aðkomu almennings og umhverfisverndarsamtaka að réttlátri málsmeðferð og aðgang að ákvarðanatöku í umhverfismálum. Þetta er atriði sem ég held að umhverfisnefnd verði að taka til mjög rækilegrar skoðunar. Við skulum ekki gleyma því, herra forseti, að við búum í heimi sem á undanförnum árum hefur verið að vakna til aukinnar vitundar um umhverfisvernd. Tilskipun Evrópusambandsins frá því í maí, 26. maí 2003, nr. 2003/35/EB sýnir svo óyggjandi er þennan nýja hugsunarhátt og þær nýju kröfur sem hvíla á stjórnvöldum landa. Þetta á ekki síst við um þjóðir þeirra landa þar sem enn má finna talsvert af ósnortinni náttúru, eins og á Íslandi. Þessi tilskipun ásamt þeim hugsunarhætti og tíðaranda sem hefur skotið rótum ætti að tryggja að almenningur hefði mjög greiðan aðgang að ákvarðanatöku varðandi framkvæmdir af því tagi sem lög um mat á umhverfisáhrifum ná yfir. Í því sambandi erum við skuldbundin til að fara að setja í löggjöf mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana þar sem gerðar eru áætlanir um stærri svæði og þar sem matið á umhverfisáhrifunum er í raun og veru stöðugt til skoðunar. Og í mati á skipulagsáætlunum yrðu til skoðunar áhrif mannlegra þátta og umsvifa í umhverfinu, ekki einstakra framkvæmda heldur almenn áhrif. Það skiptir verulegu máli að almenningur, nærsamfélagið, hafi alltaf greiðan aðgang að öllum upplýsingum og réttlátri málsmeðferð í þessu sambandi.

Íslensk stjórnvöld hafa líka þverskallast við í þessum efnum. Þau hafa enn ekki innleitt ákvæði Árósasamningsins í lög. Það hefur verið þráspurt um það í þinginu hvers vegna íslenska ríkisstjórnin hefur ekki enn innleitt Árósasamninginn og því hefur verið borið við að það þurfi svo umfangsmiklar breytingar á annarri löggjöf, ýmissi löggjöf sem stjórnvöld hafa ekki árætt að setja fram í frumvarpsformi. Í mínum huga lýsir þetta engu öðru en því að stjórnvöld skortir vilja til að samþykkja þau breyttu viðmið sem ríkja orðið í samfélagi nágrannaþjóða okkar, viðmið sem ganga út á það að almenningur eigi þess alltaf kost að segja skoðanir sínar á því sem gert er í umhverfismálum.

Annað til marks um þennan trega vilja er að enn er inni í frumvarpinu ákvæði um að umhverfisverndarsamtök þurfi að vera svo og svo stór og hafa svona og svona bókhald og líta svona og svona út til þess að þau séu yfir höfuð tæk til að gefa umsagnir um matsskýrslu eða álit Skipulagsstofnunar. Stjórnvöld á Íslandi sýna þannig að enn eru þau ekki tilbúin til að opna á einfaldan og auðveldan aðgang umhverfisverndarsamtaka að þessum málum og það er ámælisvert.

Það er örugglega hægt að tryggja það, hæstv. forseti, að sú tilskipun sem hér um ræðir verður tekin til sérstakrar

skoðunar í umhverfisnefnd. Þar verður Árósasamningurinn líka til skoðunar og ég held að umhverfisnefnd hljóti að verða að tryggja að í þessari löggjöf verði þátttaka almennings við gerð áætlana og framkvæmd ýmissa stórframkvæmda í tengslum við umhverfismál gulltryggð.

Hingað til hafa skipulagsyfirvöld auglýst, með ákveðnum fresti sem tilgreindur hefur verið í þessum lögum, tillögur að matsáætlunum sem framkvæmdaraðilar vinna og síðar matsáætlanirnar sjálfar.

Nú er kominn upp — ég veit reyndar ekki hvað ég á að kalla það — einhver pempíugangur gagnvart því hvað hlutirnir eiga að heita í þessum efnum. Ég hef ekki séð að við ættum í verulegum vandræðum með að fjalla um tillögur að matsáætlunum og matsáætlanir framkvæmdaraðila og síðar matsskýrslur. Ég sé ekki að neitt kalli á að búa til þessar nýju frummatsskýrslur, að auglýsa þær og setja í umsagnarferli en ekki matsáætlanirnar sjálfar. Ég held að aukinn rökstuðning þurfi fyrir þessum breytingum sem ég sá aldrei mælt með í umfjöllun nefndarinnar á síðasta ári. Búrókratían í tengslum við hvað hlutirnir heita, hvað skýrslurnar heita og hvernig þær eru hanteraðar, það er einhver kerfislægur hugsanagangur sem ég næ ekki alveg að skilja. Þó má vera að hægt sé að útskýra það fyrir manni eða komast að niðurstöðu um hvernig þessum hlutum verði best fyrir komið hvað þetta varðar.

Einnig þurfum við að taka til umfjöllunar hvernig tilskipunum er framfylgt í nágrannalöndum, framkvæmd löggjafar um mat á umhverfisáhrifum. Það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að allur gangur er á því hvernig menn framkvæma, fjalla um og framfylgja í heimabyggðum, í sínum ranni. Þetta verður auðvitað tekið til sérstakrar umfjöllunar í nefndinni og skoðað gaumgæfilega.

Einn lapsus held ég að sé alvarlegur í þessu frumvarpi sem verður að skoða gaumgæfilega í nefndinni. Hann lýtur að leyfisveitingunum sjálfum. Nú er það svo, virðulegi forseti, að fjöldinn allur af stofnunum og einstökum aðilum þarf að gefa leyfi áður en framkvæmdir geta hafist. Það hafa verið áhöld um hvenær nákvæmlega þau leyfi eru til staðar sem heimila framkvæmdina. Hvað felur þetta framkvæmdaleyfi í sér?

Í umfjöllun nefndarinnar á síðasta ári kom fram að þarna væri kannski ekki nógu skýrt kveðið að orði í frumvarpinu. Ég sé ekki að því hafi verið breytt. Mér sýnist þetta eins og í frumvarpinu frá því í fyrra. Því kann að vera að huga þurfi sérstaklega að því hver staða hinna einstöku leyfisveitenda er gagnvart þessum lögum og hvenær hið eiginlega framkvæmdaleyfi er í raun fengið.

Ég tek undir gagnrýni hv. þm. Marðar Árnasonar á úrskurðarnefndina og þá tvo fulltrúa sem ráðherra kemur til með að eiga í henni samkvæmt þessu lagafrumvarpi. Ég held að hafa þurfi sterkari rök fyrir slíku ráðslagi en ég hef heyrt hæstv. umhverfisráðherra leggja fram hingað til. Ég kem til með að beita mér fyrir því að það verði skoðað gaumgæfilega í nefndinni og athugað hvort þörf sé á að ráðherrann hafi þetta mikla vald í úrskurðarnefndinni.

Enn eitt vildi ég nefna, herra forseti. Það varðar hina lögvörðu hagsmuni. Við eigum eftir að deila um hvernig við skilgreinum lögvarða hagsmuni í þessu tilliti. Hingað til hafa einstaklingar getað kært án þess að hafa lögvarðari hagsmuni en svo að búa í nálægu byggðarlagi eða verða fyrir áhrifum af viðkomandi framkvæmd. Mér sýnist sá réttur illa þrengdur með hugmyndunum sem komu fram í frumvarpinu í fyrra og eru í frumvarpinu núna.

Það verður að tryggja að réttur almennings og lögvarðir hagsmunir séu þannig skilgreindir að fólk geti sótt sín mál. Ekki kemur náttúran eða umhverfið sjálft til með að geta það. Ef umhverfisyfirvöld ætla ekki að slá skjaldborg um náttúruvernd á Íslandi þá verða umhverfisverndarsamtök og einstaklingar í samfélaginu að geta gert það. Það verður að gera þeim mögulegt að sinna því samkvæmt lögum og þessi lög gera þeim kleift að standa vörð um umhverfið.

Þetta mál snertir grundvallarsjónarmið varðandi náttúruvernd og verðmætamat. Stjórnvöld hafa á síðustu missirum keyrt á brjálaðri stóriðjustefnu og hægt er að fullyrða að umhverfisvernd og náttúruvernd eiga undir högg að sækja hjá ríkisstjórninni enn sem fyrr. Því skiptir verulegu máli að löggjöfin sem Alþingi Íslendinga setur varðandi umhverfismál sé yfirgripsmikil og tryggi það að náttúruvernd og umhverfisverndarsjónarmið verði metin einhvers þegar framkvæmdir eru annars vegar. Verði það ekki gert verður þess ekki langt að bíða að Íslendingar glati stærstum hluta náttúruverðmæta sinna, náttúruverðmæta sem t.d. eru fólgin í ósnortnum vatnsföllum, ósnortnum víðernum og því landslagi sem við eigum, samspili elds og íss á miðhálendi Íslands.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég óttast verulega gildismat ríkisstjórnarinnar og um hagsmuni náttúrunnar á Íslandi þegar hún fer slíku offari í stóriðjustefnu sinni. Ríkisstjórnin verður að átta sig á því að náttúruvernd snýst um varðveislu grunnverðmæta, verðmæta sem þjóðinni hefur verið falin umsjón með. En það offors sem stjórnvöld hafa sýnt í þessum málum gefur manni ekki góðar vonir.

Allt á þetta eftir að koma upp í frekari umfjöllun umhverfisnefndar um málið. Þar eiga menn eflaust eftir að takast á. Við eigum eflaust oft eftir að reyta hár okkar yfir þessari löggjöf, ég tala ekki um þegar við förum að skoða viðaukana þar sem talið er upp hvað er matsskylt og tilkynningarskylt. Þeir eiga eftir að verða mjög erfiðir en ég treysti því að umhverfisnefnd fái góðan tíma og svigrúm til að vinna verk sitt. Það er öruggt að hún er öll af vilja gerð.

[11:37]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Lögin um mat á umhverfisáhrifum eru lítið annað en tæki til að setja umhverfismál og skipulagsmál í ákveðið ferli. Þau eru hins vegar ekki mælikvarði á hvernig það er gert. Við höfum séð hvernig þessum lögum hefur verið framfylgt hingað til. Yfirleitt hafa allar framkvæmdir verið leyfðar af Skipulagsstofnun og hafi þær ekki fengið leyfi hefur umhverfisráðherra snúið úrskurðum við. Lögin eru kannski ekki mælikvarði á hvernig framkvæmdir verða metnar heldur segja þau til um lagalegt ferli fyrir umhverfismálin.

Hins vegar má segja að frumvarpið er betra nú en það var í vor þegar við fjölluðum um frumvarp sama efnis. Það má fara yfir lagatæknileg atriði hvað það varðar. Það er betra að tala um frummatsskýrslur en drög að matsskýrslu.

Drög eru skjöl sem eru í vinnslu og þetta orðalag skýrara fyrir þá sem koma að málinu, að tala um frummatsskýrslu.

Við verðum einnig að vara okkur því í framkvæmdinni, ef þessi lög verða samþykkt, að samkvæmt þessu frumvarpi verður sveitarstjórnum falið aukið hlutverk. Það verður að tryggja að sveitarfélögin hafi bolmagn til að sinna þeim málum þokkalega. Einnig verður að tryggja fjármálin. Í 25. gr. frumvarpsins kemur fram að styrkja eigi gjaldtökuheimild sveitarfélaganna. Ég tel mjög mikilsvert að hugað verði sérstaklega að þessum þætti vegna þess að sveitarfélögin eru liðlega 100 og mun að líkindum fækka. Það verður mjög erfitt fyrir mörg þeirra að fara í gegnum þetta ferli. Það var mjög þungt fyrir Skipulagsstofnunina að fara í gegnum áfrýjunarferlið og síðan jafnvel fyrir dómstóla, hvað þá fyrir sveitarfélög sem verða kannski 1–2 þúsund manns.

Varðandi málskotsréttinn segir í 12. gr. frumvarpsins:

„Umhverfisverndar- og hagsmunasamtök sem varnarþing eiga á Íslandi njóta sama réttar, enda séu félagsmenn samtakanna 50 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kæran lýtur að.“ — Það er að skjóta málinu til ráðherra.

Síðan er nákvæm skilgreining á umhverfissamtökum og hvaða skilyrði þau þurfa að uppfylla, m.a. að þau þurfa að vera opin fyrir almenna aðild, gefa út ársskýrslur og endurskoða þarf bókhald þeirra. Í sjálfu sér er ekkert fjallað um það hver eigi að fara yfir þessa þætti. Ég tel að ef menn ætla að hafa þennan hátt á þá þurfi það að koma fram. Ef menn gera svo ríkar kröfur til umhverfisverndarsamtaka hefði ég talið að það ætti að skilgreina hagsmunasamtök líka. Hagsmunasamtök eru ekki skilgreind. Einnig mætti ætla að þegar menn eru með hagsmunasamtök sem, eins og hér segir, í þurfa að vera fleiri en 50 félagsmenn séu menn jafnvel að útiloka ýmis hagsmunasamtök. Ég tel t.d. að í Samorku séu færri en 50 félagsmenn. Ég tel að það þurfi að fara betur yfir þessa þætti og gæta samræmis.

Ýmislegt annað þarf að fara yfir. Það er ekki langt síðan þessi lög tóku gildi og ýmsir framkvæmdaraðilar hafa verið að læra á þau. Ég tel einna mesta ágallann við þessar breytingar þann að verktakar og aðrir voru búnir að læra á lögin sem eru í gildi. Þau eru farin að ganga þokkalega smurt fyrir sig. Ég tel að þegar við breytum ferlinu eins og gert er ráð fyrir þurfi að fara í mikið kynningarátak á ný og ganga úr skugga um að þeir sem lögin varða fái góða kennslu og upplýsingar um hvernig skuli vinna samkvæmt nýju lögunum.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu miklu lengri. Ég ítreka að ég tel að þær breytingar sem orðið hafa frá því að við sáum frumvarpið á síðasta þingi séu til bóta.

[11:43]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er afar mikilvægt mál sem við tökum til umræðu í dag. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um hversu gífurlega mikilvægt er að hægt sé að ná samstöðu í þinginu um löggjöf af þessu tagi. Löggjöf um mat á umhverfisáhrifum er grundvallaratriði í því að ákvarðanataka á þeim vettvangi verði ásættanleg. Að undangenginni þeirri endurskoðun sem nauðsynleg er þarf löggjöf um þessa þætti að vera sett í sátt allra flokka. Að mínu mati á ekki að keyra löggjöf af þessu tagi í gegn með meirihlutavaldi á Alþingi.

Ég er sérstaklega ánægð með það, og vil taka það fram, að samstaða skyldi vera um það á síðasta vetri, eftir þá miklu vinnu sem fram fór í umhverfisnefnd Alþingis, að geyma afgreiðslu málsins, fara í frekari skoðun á þeim athugasemdum sem fram höfðu komið og athuga hvað hægt væri að gera betur. Í því sambandi vil ég bæði nefna fyrrverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttur, og hæstv. umhverfisráðherra Sigríði Önnu Þórðardóttur, sem var formaður umhverfisnefndar á síðasta vetri. Þær höfðu skilning á því og gerðu sér grein fyrir því hve miklu máli skipti að vinna eins og unnt væri að setningu laganna með því að ná samkomulagi við alla þá sem hafa gert veigamiklar athugasemdir, ná samkomulagi flokkanna og innan umhverfisnefndar. Þetta finnst mér stóra málið í vinnunni við þessi lög.

Hv. þm. Mörður Árnason er talsmaður fulltrúa Samfylkingarinnar í þessu máli innan umhverfisnefndar og var sá sem fór yfir athugasemdir Samfylkingarinnar í upphafi umræðu og ég þarf ekki að endurtaka það sem hann benti á hér og tek ég undir orð hans.

Hins vegar vil ég gjarnan árétta nokkur atriði, bæði frá umræðunni í fyrra og varðandi grundvallaratriði sem þurfa að vera í lagi í löggjöf eins og þessari.

Eitt var þetta með að búið var að taka út umtalsverð umhverfisáhrif og ótti okkar við hvað það þýddi að taka orðið „umtalsverð“ út. Mörg okkar töldu að með því væri í raun verið að veikja lögin. Það er mjög jákvætt að búið er að koma þessu í fyrra horf og taka það inn að ekki verði óafturkræf umhverfisspjöll og nota þessi lýsingarorð vegna þess að lögin eiga að sjálfsögðu að vera mælistika á áhrifin á umhverfið. Þess vegna verður að vera til skilgreining á því hver áhrifin á umhverfið eru. Þetta er gífurlega mikilvægt atriði.

Hv. þm. Mörður Árnason sagði í ræðu sinni að hann hefði meiri efasemdir núna en þegar við hófum þessa umræðu í fyrra. Ég skil Mörð afskaplega vel vegna þess að það er líka hægt að nota annað og stærra orð og segja að margir þeirra sem eru uppteknir af umhverfismálunum séu óttaslegnari en áður vegna þess að svo mikil efnahagsleg hagsmunamál stangast á við verndun umhverfisins. Við höfum svo oft rekið okkur á það hversu efnahagslegu þættirnir geta vegið gífurlega þungt í ákvörðunum bæði hjá einstaklingum og ekki síður ákvörðunum sem ríkisstjórn tekur. Þess vegna erum við kannski öll óttaslegnari en oft áður og gerum okkur enn betur grein fyrir hve mikilvægt er að lögin séu eins vel úr garði gerð og unnt er til þess að þau standi fyrir þeirri vernd sem þeim er ætlað.

Þess vegna vil ég benda á nokkuð sem við töluðum um líka hér í fyrra, þ.e. að t.d. í náttúruverndaráætluninni er byggt á ákveðnu tölulegu mati. Þar er reynt að búa til skilgreiningar, reynt að búa til mælistiku á hvað séu of mikil umtalsverð áhrif til að hægt sé að sættast á þau. Þar, sem er verið að fjalla um skyld mál þó að þau séu öðruvísi, eru eins konar rauð flögg af því að verið er að reyna að búa til mælingar. Við þurfum líka einhverjar mælingar og flokkun varðandi það hvað séu umtalsverð umhverfisáhrif.

Við erum með vinnu í gangi við ákveðna flokkun og það eru rammaáætlanirnar. En það er samt öðruvísi flokkun en við þurfum að vera með hér þegar við erum að setja allt umhverfið undir. En vinnan, eins og hún hefur farið fram, við rammaáætlun er skilgreiningarvinna lík því sem þörf er á þegar farið er af stað með fyrsta frummat vegna þess að einhver óskar eftir að framkvæma.

Ég nefndi það líka í fyrra að umhverfislöggjöfin í Bandaríkjunum þykir með því besta sem til er og þar hafa menn ekki hikað við að nota einmitt þetta, þ.e. umtalsverð umhverfisáhrif. Ekki síst hefur það þótt mjög mikilvægt vegna þess að þetta er forsendan þegar og ef það gerist að mál fara fyrir dómstóla vegna þess að smátt og smátt myndast viðmiðun með úrskurðum stjórnvaldsdómstóla, viðmiðun sem verður notuð þegar á að fara í önnur og ný mál. Þess vegna er það ekki orðið tómt þegar við tölum um hversu mikilvægt sé að taka inn umtalsverð umhverfisáhrif heldur viljum við leggja áherslu á hvað það þýðir að vera með það í löggjöf, vera með það inni sem mælikvarða og viðmiðun og að tryggt sé að mælikvarði skapist sem fólk geti notað í framtíðinni.

Ég spurði í síðustu umræðu: Væri hægt að virkja Gullfoss ef framkvæmdaraðili ákvæði það? Ég spyr vegna þess að við gerðum okkur grein fyrir því að í frumvarpinu eins og það lá fyrir í fyrra var ætlast til — og það er gott — að gerð yrði matsskýrsla — hún heitir nú frummatsskýrsla — og hún færi til Skipulagsstofnunar og hún kæmi með athugasemdir. En hvergi var í lögunum nógu sterkur ventill sem tryggði að ef of miklar athugasemdir bærust þá gæti framkvæmdaraðilinn ekki látið þær sem vind um eyru þjóta. Þar var ekki nógu skýr ventill sem tryggði að framkvæmdaraðili gæti ekki látið athugasemdir, hversu alvarlegar sem þær væru, sem vind um eyru þjóta. Honum var fyrst og fremst ætlað að kynna sér þær, athugasemdir og matsskýrslur. En í raun setti ekkert honum stólinn fyrir dyrnar.

Þess vegna er það mjög til bóta núna að framkvæmdaraðilinn verður að taka rökstudda afstöðu til þess álits sem kemur frá Skipulagsstofnun um áhrifin þannig að það liggi fyrir þegar ákvörðun er tekin að frummatsskýrsla hafi verið unnin, að Skipulagsstofnun fari yfir hana og veiti sitt álit, jákvætt eða neikvætt, og að framkvæmdaraðili geti ekki farið af stað fyrr en hann hefur komið með rökstuðning fyrir því að hann geti gert það sem hann ætlar að gera og geti svarað þessum athugasemdum. Þetta eru gífurlega mikilvæg atriði og þess vegna er gott að þetta er komið inn.

Eitt fannst mér aldrei verða almennilega skýrt í umræðunni í fyrra og mér þætti mjög gott ef hæstv. umhverfisráðherra mundi nefna það hér. Það er hvað gerist í því ferli þegar ráðherra en ekki sveitarstjórn er með leyfisveitinguna fyrir framkvæmd. Alveg eins og kveðið er á um í orkulögunum er lokaákvörðunin hjá ráðherra. Ákvarðanir koma ekki hérna fyrir þingið og gerði hv. þm. Mörður Árnason það einmitt að umtalsefni í framsögu sinni fyrir okkar hönd hér í morgun. Hvernig verður ferli ákvörðunar og hvert má kæra það ferli þegar ráðherra á í hlut? Gott væri að fara yfir það af því að þetta líka er eitt af því sem menn hafa miklar áhyggjur af.

Enn annað vil ég nefna úr umræðunni í fyrra og það er þegar framkvæmdaraðili, við skulum segja sveitarstjórn, ætlar að fara í framkvæmd, ekki endilega mjög stóra eða alvarlega. Þá þarf að vera tryggt að þar sé haldið rétt á málum. En það vantaði leiðbeininguna til sveitarfélags eða framkvæmdaraðila um hvernig vinnu á að fara í á upphafsstiginu. Er þá ekki Skipulagsstofnunar að koma með leiðbeininguna til sveitarstjórnarinnar eða þess framkvæmdaraðila sem á í hlut til þess að fyrir liggi einhver forskrift að því hvernig ætlast sé til að farið sé í vinnuna?

Svo verð ég náttúrlega að nefna það enn einu sinni, af því að ég er búin að nefna það svo oft, að það að fara í matsvinnu og vinna mat á umhverfisáhrifum getur verið alveg gífurlega stórt mál. Ef ekki þarf neins staðar að fá leyfi fyrir því hvers konar röskun á að verða eða heimilt er að fara í við umhverfismat þá er oft búið að gera stóru spjöllin sem við erum einmitt að reyna afstýra með umhverfismati.

Ég nefni sem dæmi Torfajökulssvæðið af því að þar var farið í einhverjar tilraunaboranir þó ekki sé það nú langt komið. En við skulum segja að mikil vinna fari í gang við mat á umhverfisáhrifum þess að virkja jarðhitann í Torfajökli. Til þess að fara í umhverfismatið þarf margar borholur og öðruvísi vegi en þá slóða sem eru fyrir hendi í dag. Koma þarf fyrir miklum tækjabúnaði. Það verður jarðvegsrask og margs konar annað rask í kringum þetta mikla ferðamannasvæði og þessa einu af okkar stóru náttúruperlum. Áður en til þess kemur að taka ákvörðun um virkjun á grundvelli umhverfismats hafa því þegar orðið umhverfisspjöll. Ég hef mjög miklar áhyggjur af þessu og við höfum rætt þetta í Samfylkingunni.

Við í Samfylkingunni teljum það grundvallaratriði að ákvörðun sé alltaf gegnsæ og forsendur skýrar því að það á að vera hægt að rökstyðja kæru. Það er grundvallaratriði. Ef farið er með mál fyrir dómstóla mundi dómstóll eingöngu fjalla um það hvort lagaákvæðum væri fullnægt. Því verður allt ferlið að vera gegnsætt og skýrt og til að almenningur geti gert sér grein fyrir ákvörðun og forsendum hennar þá er líka gífurlega mikilvægt að leyfisveitandi viðhafi gagnsæ vinnubrögð til að ljóst sé hvort þarna séu hlutir í lagi eða ástæða til að bregðast við.

Virðulegi forseti. Á Alþingi hafa aftur og aftur verið fluttar tillögur um að vinna grunnnáttúrufarskort. Flutt hafa verið sérstök þingmál um það og fyrir liggur eftir ítrekaða umræðu á Alþingi að náttúrufarskort vantar. Ef framfylgja á því lagafrumvarpi sem við erum að ræða og vinna faglega að þessum mikilvægu þáttum verða að vera til náttúrufarskort. Það verða að vera til góð grunnkort því út frá þeim grunnkortum er unnið allt sem við erum hér að tala um.

Þessi grunnkort eru ekki til. Þau kosta ekki mikið. Hér hafa verið fluttar tillögur og ítarlega fjallað um þetta og það var líka þannig í fyrra þegar umhverfisnefnd kom með ábendingar um fjárlögin til fjárlaganefndar að þá lagði hún áherslu á að það yrði að veita peninga í gunnkortagerðina. Kortavinna var hafin og það var búið að veita, held ég, í tvígang smáa fjárhæð í þessa grunnkortagerð. Umhverfisnefndin benti á að til yrðu að vera náttúrufarskort ef fara ætti í faglega vinnu til grundvallar góðum ákvörðunum þegar náttúra Íslands er annars vegar og ef tryggja ætti að hér yrðu ekki unnin umhverfisspjöll. Það er svo einfalt.

Þess vegna verða það mín lokaorð að segja að við verð-

um að setja góða löggjöf á umhverfissviði og við munum náttúrlega fara jafnítarlega og með jafnjákvæðu hugarfari í þessa vinnu í umhverfisnefnd og við gerðum í fyrra og ég treysti því að þar verði góð samstaða um að ná sameiginlegri niðurstöðu. En þetta er angi af sama meiði, annars vegar löggjöfin og hins vegar grunnkortagerðin. Því verður einnig að setja peninga og vinnu í náttúrufarskort þannig að ekki standi á svo mikilvægum grunngögnum þegar gera þarf það sem hér er lagt til.

[12:00]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem fram hefur komið í athugasemdum hv. þm. Marðar Árnasonar og Rannveigar Guðmundsdóttur í Samfylkingunni né heldur það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði áðan. Mig langar þó við 1. umr. um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlögum að reyna að varpa almennu ljósi á það viðfangsefni sem hér er á ferðinni og um leið tek ég auðvitað undir margt af því sem fram hefur komið í umræðunni.

Hér er á ferðinni frumvarp til laga um vinnubrögð, um aðferð við að meta umhverfisáhrif framkvæmda, tæki fyrir sveitarstjórnir, önnur stjórnvöld og framkvæmdaraðila til þess að geta með góðu móti, og í ferli sem öllum er kunnugt, á upplýstan og gegnsæjan hátt metið umhverfisáhrif framkvæmda og komið í veg fyrir óafturkræf umhverfisspjöll.

Eins og allir vita hafa þau lög um mat á umhverfisáhrifum sem eru í gildi ekki komið í veg fyrir umhverfisspjöll, a.m.k. leyfi ég mér að leggja það mat á löggjöfina eins og hún er. Ég vona að breytingar á löggjöfinni núna gangi þannig frá aðferðafræðinni að ekki verði um það að ræða að þegar búið er að setja stopp á framkvæmdir komi hinn pólitíski aðili, ráðherrann í þeim tilvikum sem við vitum um, og snúi við ákvörðun þess aðila sem stoppaði framkvæmd.

Jafnframt er mjög mikilvægt að við ræðum í hv. umhverfisnefnd og á hinu háa Alþingi um náttúruverndina, um umhverfisverndina í þessu samhengi, vegna þess að umhverfismatið er aðferð. Við ætlum að komast í gegnum það vonandi í vetur að ná sátt um vinnubrögðin og aðferðina við að meta umhverfisáhrif framkvæmda en það er langt því frá að hið háa Alþingi hafi lagt á sig þá vinnu sem þarf að mínu áliti til að ná sátt um náttúruvernd á Íslandi, um umhverfisvernd á landinu öllu.

Vissulega höfum við náttúruverndarlög og vissulega var samþykkt náttúruverndaráætlun á síðasta þingi en það er samt þannig, virðulegi forseti, að friðlýsing má sín lítils ef ákveðið er að lyfta hagsmunum stóriðjunnar hærra. Það virðist sem svo að þau ákvæði og það sem þó er í gildi í lögum og reglugerðum megi sín lítils ef það er á annað borð einbeittur vilji stjórnvalda að framkvæma, burtséð frá því hver áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið eru.

Kárahnjúkavirkjunin er að sjálfsögðu gleggsta dæmið um það og mér virðist því miður að hugsanleg eyðilegging Þjórsárvera, sem að hefur verið sótt mjög lengi, verði að raunveruleika fyrr en síðar. Þá staldrar maður við hvaða þýðingu það hafi að setja í lög friðlýsingar og annað sem á að vernda náttúruna ef alltaf er hægt að koma úr annarri átt og ógilda í raun með vinstri hendinni það sem sú hægri gerði.

Þá verður einnig að skoða vinnubrögð við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda í ljósi þeirra miklu áætlana sem uppi eru, mikilla hugmynda og mikilla áætlana, um stækkun álvera, um nýtt álver á Norðurlandi og um virkjanaframkvæmdir margs konar sem því mundi líklega fylgja. Hvernig á þetta að ríma saman við ekki bara ferlið í umhverfismatinu heldur eitthvað sem einu sinni var kölluð rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma á Íslandi? Sú áætlun var sett af stað fyrir fimm árum. Lokaútgáfa hennar hefur enn ekki litið dagsins ljós og enn er ekkert vitað hvaða gildi hún mun hafa í umræðuna. Þetta þýðir einfaldlega að skoða verður umhverfisverndina á Íslandi með allt þetta í huga, ekki bara þau lög og það frumvarp sem við erum með í höndunum í dag heldur líka út frá áætlunum stjórnvalda um virkjanaframkvæmdir og stóriðju og um vilja okkar í ljósi þess hvernig við ætlum í raun að tryggja umhverfisvernd og náttúruvernd sem stendur undir nafni.

Ég leyfi mér að gera þetta að umræðuefni við 1. umr. frumvarpsins vegna þess að ég held að það skipti mjög miklu máli að hv. umhverfisnefnd velti þessu fyrir sér og hafi til hliðsjónar í umfjöllun sinni um málið, og efast reyndar ekkert um það. Nú vill þannig til að ég sat ekki í umhverfisnefnd á sl. vetri en ég sat þar á síðasta kjörtímabili og þekki nokkuð til vinnunnar við mat á umhverfisáhrifum og lögin sem sett voru árið 2000. Sú reynsla sem við höfum fengið af þeirri löggjöf og sú umræða sem hefur orðið og þær ákvarðanir sem hafa verið teknar hljóta að leggja það á herðar hv. umhverfisnefndar að skoða málið í mjög heildstæðu samhengi við umhverfisverndarstefnu, stóriðjustefnu og annað sem er á dagskránni á Íslandi.

Mig langar einnig að taka undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni sem minntist á hlutverk leyfisveitendanna, m.a. hlutverk sveitarstjórnanna, samkvæmt þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Mér sýnist við fyrstu skoðun að mikil ábyrgð sé lögð á herðar þeirra. Það verður að sjálfsögðu að búa svo um hnútana að sveitarstjórnir um allt land ráði við það verkefni sem þeim er falið, og ef þær ráði ekki við það þá fái þær til þess aðstoð og fjármagn, og að ekki sé enn einu sinni verið að færa verkefni yfir á sveitarstjórnarstigið sem í raun sé hjá einhverjum óumbeðið og kannski þannig um hnútana búið að menn fái lítinn fyrirvara á því hvernig þeir eigi að stjórna málunum.

Hér var minnst á viðaukana í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þeir eru svo sannarlega umfjöllunarþarfir og kannski það sem stóð mest í a.m.k. okkur stjórnarandstæðingum við setningu laganna árið 2000 hvað skyldi vera í viðaukum og hvað ekki, hvað skyldi vera matsskylt og hvað skyldi vera í viðauka 2, minnir mig að það heiti, sem sagt mat lagt á það í hvert skipti hvort um umhverfismat sé að ræða.

Mig langar til að nefna eitt lítið dæmi. Þó að ég þekki þá framkvæmd ekki til hlítar skilst mér að á Vatnaheiði á Snæfellsnesi sé verið að ráðast í virkjunarframkvæmd, líklega er hún undir 1.000 kw. Eins og hv. þingmenn muna varð þó nokkur umræða um lagningu þjóðvegar um svokallaða

Vatnaleið og kallaði á mikla umræðu um rask og umhverfi svæðisins. En nú sýnist mér að verið sé að ráðast í virkjanaframkvæmd á svæðinu sem kallar á heilmikið rask þó lítil sé, vegalagningu og annað það rask hvað varðar vötnin á svæðinu sem ég veit ekki til að hafi verið lagt sérstakt mat á frá þeim sem veita leyfi til slíkrar framkvæmdar. Þetta er eitthvað sem við þurfum að hafa í huga í umræðunni vegna þess að það eru ekki bara litlu virkjanirnar sem virðast geta dottið af himnum ofan heldur líka stóru framkvæmdirnar. Við þurfum að skoða það mjög vel í umhverfisnefnd hvar við getum sett öryggisventilinn á virkjanaleyfin sem koma ekki lengur fyrir Alþingi samkvæmt nýjum raforkulögum, hvernig hægt sé að koma því þannig fyrir að það sé ekki á valdi stjórnvalda, að koma í veg fyrir stórkostlegar framkvæmdir eða hafa eitthvað um þær að segja. Ég skil málið þannig að hægt sé að halda fram með nýjar hugmyndir um virkjanir, um stækkun álvera, um allt sem að því snýr sem er það helsta sem er í umræðunni — án þess að það sé nógu stór þröskuldur sem þarf að fara yfir þar sem fram fer einhvers konar skoðun á því hvað verið er að gera við umhverfið og hvernig verið er að ráðstafa landinu í heild sinni.

Þetta eru vissulega bara hugleiðingar mínar við 1. umr. um málið en ég held samt að þetta sé eitthvað sem hv. umhverfisnefnd ætti að skoða af fullri alvöru og reyna að fá yfirsýn yfir, stöðu framkvæmda, áætlanir, hugmyndir, yfirsýn yfir stöðuna samkvæmt breytingunum ef samþykktar verða, hverju það breytir fyrir þá sem eiga hlut að máli, sveitarfélögin og aðra, og síðast en ekki síst að skoða það sem hér hefur margoft verið bent á við umræðuna, hlutverk almennings í ferlinu og þeirra sem ekki eiga samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins lögvarinna hagsmuna að gæta. Eins og fram hefur komið hafa nánast engin rök verið færð fyrir því að þrengja þurfi þennan rétt svo mikið sem raun ber vitni.

Ef ég hef skilið þetta rétt þýðir það að ef aðeins er um umhverfisverndarsamtök með 50 félaga eða fleiri að ræða sem hafi almenna umhverfisvernd að markmiði sínu, skili bókhaldi og haldi fund einu sinni ári og allt það — þó að ekki hafi komið fram hver eigi að hafa eftirlit með því — geti ekki svokallaðar einsmálshreyfingar lagt hönd á plóginn eins og hingað til, t.d. hálendishópurinn. Það er bara þannig í samtímanum og í lýðræðislegri umræðu í dag að einsmálshreyfingar skipta einmitt svo miklu máli fyrir upplýsta umræðu, fólkið sem leggur á sig alla vinnuna við að upplýsa hvernig staðið er að tiltekinni framkvæmd á tilteknu svæði, hvort sem það er í Hvalfirði, við Kárahnjúka eða einhvers staðar annars staðar, og upplýsa almenning um það hvað er á ferðinni og veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald við umhverfisvernd.

Mér sýnist að hér sé verið að leggja til að slíkar hreyfingar eigi ekki lögvarinna hagsmuna að gæta. Ég get ekki séð hvernig það á að ganga upp ef við ætlum að starfa í anda þess lýðræðis sem við mærum alla daga.

Frú forseti. Fleira hef ég ekki að segja við umræðuna en vænti þess að hv. umhverfisnefnd fari mjög vandlega aftur yfir frumvarpið og kalli til alla þá aðila sem þörf krefur við þá vinnu.

[12:14]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil nefna nokkur atriði við 1. umr. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Hér hafa verið haldnar ágætar ræður og verið bent á mörg mikilvæg atriði sem taka þarf aukið tillit til við endurskoðun laganna. Það er svo sannarlega afturför ef verið er að draga úr eða skerða aðkomu félagasamtaka og einstaklinga að matsferli og umsögnum um það. Það yrði svo sannarlega afturför og í engum takti við þróun þess samtíma sem ég hélt að við værum sammála um að fylgja.

Ég vil í upphafi skora á hv. umhverfisnefnd sem fær málið til meðferðar og hæstv. umhverfisráðherra að stíga mjög varlega til jarðar. Það hefði miklu frekar verið ástæða til þess að gera aðgengi almennings og samtaka greiðara að málinu og vera ekkert að blanda í umræðuna að ekki megi tefja þetta og hitt. Það eru alltaf veikar röksemdir í stórmálum sem þessum sem oft á tíðum er verið að taka ákvörðun um til mjög langrar framtíðar.

Annað atriði sem ég vil draga í umræðuna er hvernig matsskýrslurnar eru unnar og þau vísindalegu og faglegu gögn sem þar eru unnin og dregin til. Ég verð að láta í ljós þá skoðun mína að það sé röng nálgun að fela stórum og sterkum hagsmunaaðilum það hlutverk að vinna rannsóknir og matsskýrslur fyrir mjög umdeildar aðgerðir sem snerta náttúruna, sérstaklega til langs tíma. Það er mjög erfitt að ætlast til þess að stórir og sterkir framkvæmdaraðilar geti unnið slíkt starf hlutlaust þrátt fyrir eindreginn og góðan vilja til þess, enda þekkjum við í gegnum umræðuna á síðustu árum að mælst hefur verið til þess við vísindamenn, sem hafa verið að vinna ákveðin verk samkvæmt bestu vitund, þekkingu sinni og vísindaheiðri, að þeir breyti þeim niðurstöðum og því mati sem þeir hafa unnið til þess að þóknast niðurstöðum sem virkjunaraðilinn eða framkvæmdaraðilinn vill fá. Þá umræðu þekkjum við úr samfélaginu og við þekkjum hana á þingi. Margir þessara aðila eru orðnir einn af stærstu verktökum í vísinda- og rannsóknastarfi á landinu og mér finnst rangt að þeir aðilar skuli jafnframt hafa þetta hlutverk. Rannsóknirnar eiga að vera unnar á ábyrgð almennings, á ábyrgð ríkisins og þjóðarinnar óháð hugsanlegum hagsmunaaðilum sem gætu verið að véla beint um einkahagsmuni sína.

Í framhaldi af þessu vil ég líka benda á hinn stóra veikleika sem er að mínu mati í lögum um mat á umhverfisáhrifum og ekki er heldur tekið á í frumvarpinu, að aðrir möguleikar, önnur gildi þeirra náttúrugæða sem verið er að meta umhverfisáhrif á, önnur gildi til eins og virkjanaframkvæmda, lúta í lægra haldi vegna þess að þeir aðilar sem þar ættu að koma að hafa hvorki fjármagn né afl til þess að gera þær rannsóknir eða úttektir sem hægt er að byggja niðurstöður á.

Ef við tökum t.d. virkjanaumræðuna hvílir sú hlið sem snýr að því að taka vatnsföll eða aðra orkugjafa til virkjunar til annarra nota nánast alfarið á sveitarfélögunum. Ef við förum í stórt verkefni er það virkjunaraðilinn sem rannsakar viðkomandi náttúruauðlind til þess að virkja hana en síðan hvílir það á öðrum aðilum að rannsaka aðrar hliðar á málinu og þeir eru yfirleitt fjárvana. Við kynntumst þeirri umræðu fyrir austan.

Nú blasir umræðan líka við okkur t.d. í Skagafirði sem ég þekki vel. Þar er tilbúin virkjun sem heitir Villinganesvirkjun. Hún er búin að fara í gegnum matsferli og í gegnum Skipulagsstofnun. Þar er einn veikleikinn. Skipulagsstofnun afgreiðir hana og leggst ekki gegn henni en bendir á hina og þessa mjög alvarlega vankanta sem þurfi að fylgjast með eftir á. Það er nauðsynlegt að fylgjast með skaðanum eftir á. Það er því ekki tekið á málunum fyrir fram. Mat á umhverfisáhrifum þeirrar virkjunar sem nú stendur alveg tilbúin og bíður bara eftir því að sveitarfélagið gefi virkjunarleyfi fyrir hana var mjög afmarkað. Það er ekkert rannsakað hvaða áhrif virkjunin hefur á svæðið fyrir neðan virkjunarstaðinn, á allt ósa- og vatnasvæði Héraðsvatna til sjávar, en talið er nauðsynlegt að fylgjast mjög náið með hvað muni gerast ef virkjað verður. Hvers konar vinnulag er þetta? Auk þess er þarna virkjun í miðju vatnasvæði þar sem á að stífla stór gljúfur, náttúruperlur sem þegar eru nýttar í vinsælar og heimsfrægar fljótasiglingar. Á að stífla þetta eina gljúfur? Þetta hefur inngrip í allt vatnasvæði héraðsins sem ekki er tekið á. Það er því litið mjög afmarkað á stífluna og mat á umhverfisáhrifum nær sáralítið út fyrir stíflustæðið. Hvaða vinnubrögð eru þetta? Síðan er bara sagt: Nauðsynlegt er að fylgjast mjög náið með hvað gerist fyrir neðan. Svo eru virkjunaraðilarnir það sterkir að þeir beita þrýstingi með ýmsum hætti til að koma verkinu áfram, reyna t.d. að fara fram hjá sveitarstjórn eins og mögulegt er, sem er hinn lögformlegi aðili sem gefur virkjunar- og skipulagsleyfið. Sveitarfélagið hefur ekkert fjármagn til þess að geta bent á aðra möguleika, önnur gildi svæðisins, eða að matsskýrslan hafi ekki verið unnin nógu þokkalega hvað varðar önnur atriði í héraðinu. Þegar það gefur að lokum virkjunarleyfið verður það því bara að styðjast við þessa mjög takmörkuðu og sérhæfðu matsskýrslu.

Ég tel því mjög mikilvægt til þess að þetta verði í raun virkt, að sveitarfélögin sem bera þá ábyrgð að gefa út virkjunarleyfið, meta málið í heild sinni bæði út frá náttúrulegum og efnahagslegum gildum fyrir sitt svæði og fyrir landið allt, fái miklu sterkari stöðu til þess að fá fjármagn. Ef virkjunaraðilinn á að fá rétt til þess að rannsaka svæðið til virkjunarframkvæmda ætti sveitarfélagið að fá jafna upphæð til þess að rannsaka svæðið til annarra hluta og í heild sinni. Það ræður enginn við fjármagn stórra örfárra fyrirtækja eins og hér er á orkumarkaðnum, það ræður enginn við að meta málin frá öðru sjónarhorni en þau hafa lagt upp með.

Ég tel þetta vera hinn stóra veikleika í frumvarpinu, að ekki er tekið á þeim möguleikum að skoða gildi þeirra atriða sem verið er að meta til annarra hluta en markmiðið sem er sett af framkvæmdaraðilanum. Matsrannsóknirnar og -aðgerðirnar ættu því ekki að vera í höndum hagsmunaaðila, heldur á höndum hins opinbera. Það mundi líka skapa aukið frjálsræði og frelsi hjá þeim vísindamönnum sem eru að vinna þau verk, að þeir geti unnið það svo sannarlega í friði á grunni vísindalegrar þekkingar sinnar og vísindalegum heiðri og þurfi ekki að vera undir pressu þeirri sem við þekkjum í umræðunni, eins og ég hef áður vikið að, bæði á þingi og í samfélaginu.

Frú forseti. Ég vildi koma þessu sérstaklega að og vitna að öðru leyti til ágætra ræðna hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, Þórunni Sveinbjarnardóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur til almennra þátta sem lúta að þessum málum, en ítreka að eigi matsferlið í raun að vera virkt sem við treystum á verða hagsmunir framkvæmdaraðilans til ákveðinna skilgreindra þátta að vera unnir á vísindalegan og heiðvirðan hátt, en einnig aðrir þættir. Almenningur verður að eiga sína aðkomu og sveitarfélögin sem gefa endanlega út leyfi verða að hafa styrk og fá formlega stöðu til þess að geta framkvæmt þær rannsóknir og athuganir sem þau þurfa að gera til þess að geta tekið ákvörðunina með tilliti til bæði sérhagsmuna og heildarhagsmuna út frá hinu víðasta sjónarhorni. Það skortir mikið á að svo sé.

Ég skora því bæði á hæstv. umhverfisráðherra og hv. umhverfisnefnd að taka þessa þætti vel til skoðunar við endurskoðun á frumvarpinu þegar það fer til nefndar til að tryggja að vinnan sé fagleg og heildstæð.

[12:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þær upplýsingar sem fram hafa komið í umfjöllun hv. þm. Ég verð að viðurkenna að mig hnykkir við að heyra það sem þingmaðurinn segir. Verið er að tala um tvær virkjanir, Skatastaða- og Villinganesvirkjun. Ef það er rétt að framkvæmdaraðili geti núna tekið ákvörðun út frá svo takmarkaðri matsskýrslu sem þingmaðurinn lýsir er það ekki það vinnulag sem við höfum haldið að verið væri að reyna að festa í sessi. Það er mjög alvarlegt mál ef svo er. Við erum með gljúfrin þarna, það er mjög mikið gljúfur sem nær langt inn á hálendið og annað gljúfur sem liggur þvert á það. Þarna er um mikla náttúrufegurð að ræða og við eigum í vanda með náttúrufegurðina af því að hún er aldrei í neinum mælieiningum. Náttúrufegurð er eiginlega ekki tekin með í neinu mati og á t.d. við um Langasjó og fleira. Svo er það vatnasviðið og áhrif breytinga á framburði til sjávar á lífríki í sjónum og við ströndina. Þetta er svo stórt mál að ef það er rétt að þetta hafi ekki verið skoðað finnst mér mikilvægt að hæstv. umhverfisráðherra segi okkur frá því hvort það breytist með nýju lögunum.

Ég vil líka nefna það að í umræðunni í fyrra var Samfylkingin með áform um að setja fram tillögu um að í tengslum við löggjöfina þyrfti að stofna sjóð þar sem smærri sveitarfélög og vanbúin gætu sótt um framlag til rannsóknar- og vísindavinnu sem þyrfti að fara fram áður en ákvörðun yrði tekin af hálfu þess sveitarfélags sem framkvæmdaraðila.

[12:29]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að spyrja um þessi atriði.

Það er náttúrlega matsatriði hvenær hverjum finnst verkið vera nógu vel unnið. Afstaða manna til þess hvenær verkið er nógu vel unnið hefur líka breyst hratt á síðustu árum. Afstaða til verks ef það byggir á upplýsingum langt aftur í tímann hefur líka breyst. Það er því mat mitt að vinnan við mat á umhverfisáhrifum Villinganesvirkjunar sé af og frá fullnægjandi til þeirra þátta sem ég nefndi og hv. þm.

kom inn á.

Ég tel að í 5. gr. frumvarpsins sé einmitt verið að vísa til þess að þarna megi betur gera því þar segir, með leyfi forseta:

„Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega."

Verið er að vísa til þess vandamáls sem upp getur komið, enda er alveg fráleitt eins og í Skagafirði að meta eina mjög afmarkaða litla virkjun sérstaklega sem er í raun lykillinn að öllu vatnasvæðinu sem verið er að fjalla um. Þess vegna hefði mátt skoða það allt í stærra samhengi ef á annað borð væri verið að fara út í þetta, einnig önnur verðmæti svæðisins fyrir utan áhrif á heildina niður allt vatnasvæðið, niður öll Héraðsvötnin, meira að segja þar sem eru náttúruverndarsvæði. Það hefur afar takmörkuð skoðun farið fram á áhrifum á það.

[12:31]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Mig langar til að bæta aðeins í þessa umræðu af því að hér hafa komið til tals tvö svæði sem ég þekki nokkuð til og í báðum tilfellum finnst mér augljóst hvað skortir á í þeim lögum og reglugerðum sem við höfum varðandi mat og verndun svæða.

Í fyrsta lagi varðandi þá virkjun sem hér hefur komið til tals á Vatnaheiði á Snæfellsnesi. Þar er um að ræða 2 megavatta virkjun og mér er kunnugt um að íbúum á því svæði hnykkti við þegar þeir sáu þær framkvæmdir sem þar eru hafnar vegna þess að auglýsingin, einhver lítil auglýsing þar sem auglýst var eftir athugasemdum, hafði algjörlega farið fram hjá þeim. En það mun vera þannig að það er nóg að auglýsa eftir athugasemdum og ef þær berast þá ber að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum.

Ég tel augljóst að við þurfum að setja skýrari ákvörðun um hvernig beri að auglýsa þannig að það sé nokkuð tryggt að íbúar viðkomandi svæða verði varir við það þegar eitthvað slíkt eins og þarna er um að ræða er í bígerð. Búið er að móta fyrir vegi handan árinnar þar sem vegurinn yfir Vatnaheiði liggur og þangað eru komnar stórar pípur sem að vísu verða grafnar í jörð og síðan verður byggt þarna stöðvarhús. Það verður stífla við annað tveggja stöðuvatna sem eru þarna ofar í heiðinni og þau notuð sem miðlunarlón þannig að um er að ræða umtalsverðar framkvæmdir sem ekki er skylt að setja í umhverfismat nema fram komi athugasemdir frá íbúunum.

Hitt svæðið sem um er að ræða er í Skagafirði og matið sem fram fór á Villinganesvirkjun náði að langmestu leyti aðeins til næsta umhverfis fyrirhugaðrar virkjunar eða hugsanlegrar virkjunar ætla ég nú að segja frekar þar sem ekki er alveg víst, sem betur fer, að af virkjun verði.

Þannig hagar til í Skagafirði að vatnasvið Héraðsvatna er að stórum hluta á miklu flatlendi og á árum áður flæmdust vötnin um flatlendi fjarðarins fram og til baka. Nú hefur þeim hins vegar verið beint í frekar þröngan farveg en þau hafa hlaðið undir sig og renna eftir miklu flatlendi eins og ég sagði og skapast reyndar oft flóðahætta á vissum árstímum.

Öðrum megin Hegraness við ósa Héraðsvatnanna er friðland fugla og hinum megin við austari ósa Héraðsvatna liggur fyrir tillaga í nýsamþykktri náttúruverndaráætlun um friðun vegna mjög fjölbreytts fuglalífs og náttúru. Sérfræðingur sem ég kom að máli við sagði mér að ef virkjað yrði framm í Skagafirði væri mjög líklegt að verja þyrfti alla strandlengjuna vegna þess að framburðurinn minnkar og þá þarf væntanlega að verja alla árbakkana lengst fram eftir firði.

Og mér er spurn: Hvernig kemur þetta við friðlandið? Þegar við erum með friðlönd erum við þá ekki að vernda svæðin sem næst því ásigkomulagi sem náttúran skilaði þeim í okkar hendur? Mér finnst algjörlega ósamrýmanlegt að haga málum þannig að við stöndum hugsanlega frammi fyrir því eftir nokkur ár að þurfa að setja fyrirhleðslur og varnir meðfram öllum árbökkum eins og þeir leggja sig lengst fram eftir firði eins og í þessu tiltekna tilfelli. Mig langar að varpa þeirri spurningu til hæstv. umhverfisráðherra hvernig hún metur stöðu friðlanda og verndaðra svæða í svona samhengi og hvort ekki þurfi að tryggja í náttúrurverndaráætlun að sérstakt tillit sé tekið til þess þegar einhverjar slíkar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi eins og í því tilfelli sem ég er að benda hér á.

[12:37]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir þá ágætu umræðu sem orðið hefur hér um þetta mikilvæga mál. Ég veit að umhverfisnefnd mun leggja sig fram um að fara mjög vandlega yfir frumvarpið. Það var til umfjöllunar í nefndinni í fyrra. Þær breytingar sem hafa verið gerðar á frumvarpinu frá því í fyrra eru í raun og veru í kjölfar þeirra umræðna sem þar urðu og þeirra ábendinga sem fram komu við meðferð málsins og ýmissa ábendinga sem komu frá umsagnaraðilum.

Það var nefnt að hér væri um mjög flókið mál að ræða og ég tek undir það. Þetta eru líka mál sem eru svo mikilvæg að nauðsynlegt er að það sé nokkur sátt um hvernig lögin um mat á umhverfisáhrifum eigi að vera. Því finnst mér ástæða til að þarna sé sérstaklega vandað til verka. Það kom réttilega fram við umræðuna að ástæðan fyrir því að málið var ekki klárað síðastliðið vor var fyrst og fremst sú að menn vildu fá lengri tíma til þess að fara yfir efni frumvarpsins.

Margt hefur verið nefnt hér og margir þingmenn hafa dvalið við úrskurðarnefndina og gagnrýnt að tveir menn komi frá umhverfisráðherra í nefndina og hafa jafnvel talið að enginn ætti að vera skipaður í nefndina af umhverfisráðherra. Gert er ráð fyrir því að starfsmaður nefndarinnar verði jafnframt formaður og verið er að styrkja úrskurðarnefndina. Ég tel algjörlega einboðið að ekki sé unnt að skipa formanninn öðruvísi en að ráðherra geri það. Þar að auki bendi ég á að mjög margar úrskurðarnefndir eru starfandi í stjórnsýslunni þar sem ekki eru sett niður ákvæði með jafnströngum hætti og gert er í þessu lagafrumvarpi en Hæstiréttur tilnefnir þrjá aðila í nefndina. Ef þetta er borið saman við ýmsar aðrar nefndir af svipuðu tagi þá er verið

að gera mjög strangar kröfur hér. Ég legg líka áherslu á að úrskurðarnefndin hefur starfað algjörlega sjálfstætt og mér finnst ekki nokkur ástæða til að verið sé að draga í efa að svo verði áfram.

Málskotsrétturinn hefur líka verið gerður að umtalsefni af hálfu þingmanna og það hefur verið gagnrýnt að hann sé þrengdur. Ég vil af því tilefni taka sérstaklega fram að breytingarnar sem verið er að leggja til í frumvarpinu eru til samræmis við það sem gildir á Norðurlöndum og ég vísa þá í almennar athugasemdir við frumvarpið, en réttur til málskots hefur hvergi á Norðurlöndum verið eins víðtækur og hér á landi. Þá er líka tekið af skarið um það, eins og í 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, að ákvarðanir Skipulagsstofnunar verði aðeins kærðar til ógildingar eða breytinga og það þýðir að ekki yrði heimilt að kæra ákvarðanir stofnunarinnar til staðfestingar einvörðungu. Ég verð að viðurkenna að mér finnst að það eigi að tryggja fullkomlega rétt almennings til þess að geta átt aðild að málskoti í gegnum umhverfisverndarsamtök og óttast ekki að þessi ákvæði komi í veg fyrir að menn geti komið að málum með þeim hætti.

Það var nefnt að kannski væri verið að hafa áhrif á hvernig félagasamtök störfuðu. Ég tel að með þessum ákvæðum sé alls ekki verið að reyna að hafa áhrif á það. Það er fyrst og fremst verið að gera þetta með sama hætti og tíðkast í nágrannalöndunum sem við berum okkur jafnan saman við.

Nýja tilskipunin, þ.e. 2003/35/EB, er gerð að umtalsefni. Ég vil nefna sérstaklega að hún er enn þá ekki hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Verið er að skoða málið í undirnefnd EFTA og umhverfisráðuneytið vinnur líka að þessum málum í samráði við utanríkisráðuneytið. Það er alveg ljóst varðandi dagsetninguna sem nefnd er í frumvarpinu, 25. júní 2005, að okkur er ekki skylt að klára málið fyrir þann tíma. Ég vil a.m.k. að það sé ljóst. Málið er í skoðun. Ég vil líka taka fram að það er sérstaklega nefnt á bls. 13 í greinargerðinni að í tilskipuninni eru ákvæði um að „almenningur sem málið varðar" skuli hafa aðgang að áfrýjunarleið fyrir dómstólum eða hlutlausum aðila samkvæmt lögum, og ýmislegt fleira er tíundað í greinargerðinni. Við teljum að þetta sé í raun og veru þegar fyrir hendi. En það eru hins vegar margir aðrir lagabálkar sem þarf að skoða í þessu sambandi og það er auðvitað eitthvað sem getur tekið tíma. Það er m.a. ástæðan fyrir því að málið er í skoðun í undirnefnd EFTA.

Hér var leyfisveitingaferlið líka nefnt og hvað gerist þegar ráðherra er leyfisveitandi og ýmislegt fleira þar að lútandi. Ég vil sérstaklega taka fram að allar framkvæmdir þurfa framkvæmdarleyfi sveitarstjórna og vísa ég þar í 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins.

Athygli mín hefur verið vakin á því að í 3. gr. f-liðar þurfi að gera lagfæringar á stafliðum. Ég bið nefndina að lagfæra þau atriði sem greinilega þarf að laga.

Ég tel að ég hafi farið nokkurn veginn yfir það sem hér hefur komið fram þótt vitanlega væri hægt að verja miklu lengri tíma í að ræða frumvarpið.

Um það sem þingmenn voru að ræða síðast, um einstakar framkvæmdir, vil ég segja að mér er ekki kunnugt um hvort fullyrðingar hv. þm. Jóns Bjarnasonar um virkjanamál í Skagafirði eiga við rök að styðjast, varðandi það að þar hafi ekki verið staðið að verki eins og vera ber. Ýmislegt fleira var nefnt og það getur vel verið að það sýni okkur kannski hve vakandi almenningur og þeir sem hafa áhuga á þessum málum þurfa að vera t.d. gagnvart auglýsingum á framkvæmdum. Það getur vel verið að eitthvað sé hægt að bæta það ferli þannig að menn taki betur eftir.

Varðandi friðlönd og verndun þeirra vísa ég fyrst og fremst á náttúruverndarlögin. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nefndi sérstaklega náttúrufarskortin og ég tek undir það með henni að þar er um gríðarlega mikilvæga vinnu að ræða. Það starf kemur að miklu gagni afar víða þegar öll þessi mál eru skoðuð.

[12:47]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir að fara yfir þau atriði sem hún nefndi. Ég hefði þó gjarnan viljað fá meiri pólitík í ræðu hennar við lok umræðunnar, sem hefur vissulega verið nokkuð pólitísk og tekið á stefnu og framkvæmd stjórnvalda á þeim lögum sem hér um ræðir.

Hæstv. umhverfisráðherra nefndi sérstaklega í seinni ræðu sinni að ekki yrði heimilt að kæra til staðfestingar. Ég minni á að það er verulega umdeilt atriði. Hvers vegna er það umdeilt? Það er umdeilt vegna þess að það kom fyrir í tilfelli Kárahnjúkavirkjunar þar sem úrskurður Skipulagsstofnunar gekk gegn framkvæmdinni, úrskurðurinn var kærður til ráðherra og síðan til staðfestingar. Úrskurður ráðherra var kærður til staðfestingar þegar hún hafði snúið við úrskurði Skipulagsstofnunar.

Ég minni á að í svo gífurlega stórum framkvæmdum þar sem svo mikið er undir þá hefur þessi réttur verið nýttur, þ.e. að kæra til staðfestingar. Mér finnst liggja í hlutarins eðli að stjórnvöld séu með þessari breytingu meðvitað að koma af höndum sér fyrirsjáanlegum kærum vegna stórframkvæmda. Mér finnst það mjög miður.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra beinnar spurningar varðandi það sem hún segir um undirnefnd EFTA, sem hefur til athugunar tilskipun nr. 2003/35/EB. Ég spyr hæstv. ráðherra: Vinna íslensk stjórnvöld að því í undirnefnd EFTA að koma málum þannig fyrir að þau þurfi ekki að taka upp eða innleiða tilskipun nr. 2003/35/EB ?

[12:49]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég tók skýrt fram í ræðu minni áðan er þetta til skoðunar í undirnefnd EFTA. Þar eru margir aðrir lagabálkar undir. Ég tók líka fram að við teldum að við hefðum þegar komið inn í íslenskan rétt ýmsu af því sem er tekið fram í greinargerð um innihald tilskipunarinnar.

Á þessu stigi þekki ég ekki út í hörgul hvernig menn vinna á vegum utanríkisráðuneytisins að þessu máli. Hins vegar er alveg ljóst að það er ekki komið að því að okkur sé skylt að taka málið inn í íslensk lög á þessu stigi. Mér finnst þó mjög líklegt að svo verði. Það er auðvitað hluti af innleiðingarferlinu.

[12:50]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti svar hæstv. umhverfisráðherra gefa til kynna að möguleiki væri á að yfirvöld í utanríkisráðuneytinu skoðuðu þessa tilskipun með það í huga hvort nægilega mikið af ákvæðum tilskipunarinnar hafi verið innleidd og þau kannski komist hjá því að innleiða hana að fullu og öllu.

Ég vara við því að íslensk stjórnvöld fari þannig í þessi mál. Sannleikurinn er sá að íslensk stjórnvöld hafa verið skussar í umhverfismálum. Friðlýsingar hafa ekki haldið. Framkvæmdaraðilum er heimilt að gera matsáætlanir og matsskýrslur um framkvæmdir sem ganga á friðlönd okkar. Umhverfisráðherrar hafa sagt það fullum fetum að breyta megi friðlýsingum og það hafa þeir gert. Þeir hafa breytt friðlýsingum samkvæmt náttúruverndarlögum til að koma fyrir stórframkvæmdum á friðlýstum svæðum. Það er full ástæða, virðulegi forseti, til að tortryggja stjórnvöld hvað þetta varðar.

Ég held að það sé veruleg þörf á að hafa auga með íslenskum stjórnvöldum sem eru í þessu tilfelli, eins og hæstv. umhverfisráðherra segir, að verki í utanríkisráðuneytinu. Við þurfum að athuga hvað þau eru að gera í þessum efnum, hvort þau reyna að koma sér hjá því að innleiða þau ákvæði sem þessi tilskipun kveður á um. Tilskipuninni er ætlað að tryggja rétt almennings í umhverfismálum, aðkomu einstaklinga og umhverfissamtaka að réttlátri málsmeðferð. Ég bið fólk, sérstaklega umhverfisnefndina, að vera vakandi fyrir því að tilskipunin rati í íslensk lög og sömuleiðis að Árósasamningurinn, sem þessi tilskipun byggir á, verði lögfestur á Íslandi.

[12:52]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekkert í máli mínu gaf tilefni til viðbragða hv. þm. Ég beini því til umhverfisnefndarinnar að fara vel yfir þessi mál þegar málið kemur til nefndar.

[12:53]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Þær athugasemdir sem fram komu í ræðu minni áðan vörðuðu í fyrsta lagi það að dæmi eru þess að andi laganna hafi ekki náð fram að ganga, þ.e. að sá andi laganna að gefa landsmönnum færi á að gera athugasemdir við tilteknar fyrirhugaðar framkvæmdir. Þegar maður verður var við slíkt hlýtur að liggja næst fyrir að reyna að bæta lögin. Það var markmiðið með þeim athugasemdum sem hér voru gerðar í því efni.

Mér finnst frekar billega sloppið hjá hæstv. ráðherra að benda á náttúruverndarlög varðandi hitt dæmið sem ég kom með, þ.e. óshólmasvæði Héraðsvatna. Það hlýtur að vera þannig að lög eigi að spila saman. Nú erum við að tala um mat á umhverfisáhrifum og lög um mat á umhverfisáhrifum fjalla um það, ekki náttúruverndarlög. Ef við gætum þess ekki að setja sterk og skýr ákvæði inn í lög um mat á umhverfisáhrifum þá getum við ekki vænst þess að á málunum verði tekið annars staðar. Ef við gætum þess ekki að skoða t.d. hvað við erum að gera í þessu tilfelli þá hættum við ekki einungis á mikinn fjárhagslegan skaða sem þjóðin gæti orðið fyrir vegna viðnámsaðgerða heldur hættum við á óbætanlegan skaða á náttúrunni.

Mér finnst ekki hægt að beina sjónum annað þegar bent er á leiðir til að lagfæra aðferðafræði okkar til verndar náttúrunni.

[12:55]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Ég tek undir það með hv. þm. að ef við getum bætt vinnubrögð þá er einboðið að menn geri það. En þar með er ekki endilega sagt að ætíð þurfi að koma til breytingar á lögum. Ég nefndi áðan dæmi um auglýsingar og að auðvelt ætti að reynast að lagfæra framkvæmdina. Það má hreinlega spyrja hvort fræða þurfi almenning betur um rétt sinn og annað sem því tengist.

[12:56]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tek undir með hæstv. ráðherra. Ég tel að umræðan hafi verið góð og málefnaleg og í henni komið fram margt sem nefndin þarf að skoða og enn fleira sem skoða þarf almennt. Þar vil ég sérstaklega nefna þátt tveggja hv. þingmanna úr Norðvesturkjördæmi sem nefnt hafa brýn mál og spyrja hvernig koma megi fyrir betri kynningu og háttalagi samkvæmt þessum lögum í tengslum við þau mál. Ég held að það þurfi hreinlega að skoða þau mál og ég fagna því að mér virðist hæstv. umhverfisráðherra taka því fordómalaust, hvort sem það þarf að gera með breytingu á lögum, brýningu í lögunum, með sérstökum reglugerðarákvæðum eða með vinnulagsreglum sem umhverfisráðuneytið eða undirstofnanir þess kynnu að semja til leiðbeiningar.

Ég vil líka segja það strax að ég held að það sé rétt hjá hæstv. umhverfisráðherra að þetta er flókið mál og mikilvægt. Ég fagna því að hún stefnir að sátt um málið í vinnu þingsins. Þetta er vel sagt og ég held að vinna í nefndinni takist vel ef hún tekur mið af orðum ráðherrans.

En varðandi einstaka hluti er ég ekki ánægður með svör ráðherra um úrskurðarnefndina. Það hefur út af fyrir sig ekki verið gagnrýnt, a.m.k. ekki sterklega, að umhverfisráðherra eigi þátt í skipan nefndarinnar, að umhverfisráðherra skipi jafnvel formann hennar. Það sem hefur verið gagnrýnt er hlutur ráðherrans, að tveir nefndarmenn af fimm skuli skipaðir af honum beint án sérstakra skilyrða, nema um hæfi formanns, og að þeir tveir, ef formaðurinn vill því að hann er mikilsráðandi í nefndinni, geti myndað sjálfa úrskurðarnefndina og haft þar meiri hluta. Það er einkum þetta sem hefur verið gagnrýnt. Ég hef ekki fengið svör við því hvers vegna svo þarf að vera.

Auðvitað mætti einnig spyrja tæknilegra spurninga um af hverju Hæstiréttur eigi að skipa hina þrjá. Nú er tiltekið sérstaklega hvaða verksvið þeir skuli hafa og tveir þeirra eru á verksviði sem Hæstiréttur hefur ekkert með að gera. En það skulum við ræða betur í nefndinni.

Mér fannst jafnframt leiðinlegt að fá ekki almennileg svör frá hæstv. umhverfisráðherra þegar rætt var um kæruskilyrðin því að svörin sem hæstv. umhverfisráðherra gaf

voru nákvæmlega þau sömu og fyrrverandi umhverfisráðherra gaf í fyrra, þ.e. að fara að tala um útlönd. En útlönd eru ekki Ísland. Ísland er Ísland og á Íslandi eiga að gilda þau skilyrði í þessum efnum og öðrum sem helgast af því hver við erum og hvert ástandið er hér. Við höfum sem betur fer haft mjög víðtækan rétt hingað til. Það er engin ástæða, svo að fram hafi komið, til að þrengja hann, nema sú að það sé svona einhvers staðar annars staðar.

Í máli hæstv. umhverfisráðherra kemur fram að hún vilji tryggja rétt almennings til umsagnar á þessu sviði. Ég efast ekkert um þann vilja og spyr þess vegna: Af hvaða ástæðum? Er það vegna vinnutilhögunar, vegna þess að það hafi gengið illa hingað til? Eða hvaða ástæður eru fyrir því að Alþingi þarf að setja umhverfissamtökum sérstök skilyrði um hvernig þau eigi að vera í laginu til að geta haft sitt að segja um þessi efni? Það er engin þörf á þessu.

Ég nefndi sérstakt dæmi um það að þetta væri hugsanlega þegar farið að valda óheppilegum áhrifum. Ég nefndi dæmi um að samtök sem voru stofnuð fyrir nokkrum vikum og álitu að þau þyrftu að haga sér á tiltekinn hátt vegna væntanlegra laga þar sem eðlilegra hefði verið að haga félagsstarfinu með öðrum hætti sem hentar þeim samtökum betur. Mér þykir leitt að hafa ekki heyrt betri rök fyrir þessu.

Um tilskipunina er það að segja að ef ekki á að leggja fram enn eitt frumvarp um mat á umhverfisáhrifum á næsta þingi, þegar tilskipunin hefur verið innleidd í íslensk lög, þá þarf nefndin að taka það að sér að fara yfir vinnuna að því í þessum ráðuneytum tveimur og athuga hvernig sú vinna fellur að frumvarpinu. Ég hef ekki séð nein gögn og ekki heyrt neitt annað en ummæli fyrrverandi og núverandi hæstv. umhverfisráðherra um að þessi tilskipun sé í lagi. Þessi tilskipun skiptir hins vegar mjög miklu vegna þess, eins og bent hefur verið á í umræðunni, að hún kemur í framhaldi af Árósasamningnum.

Ef hæstv. umhverfisráðherrum, núverandi og fyrrverandi, finnst sérkennilegt að athyglin beinist að þeirri tilskipun þá er svarið það ... (Gripið fram í.) Ég átti við tvo síðustu umhverfisráðherra en ekki hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Júlíus Sólnes, Eið Guðnason eða aðra þá sem því starfi hafa sinnt. En ástæðan fyrir því að athyglin beinist að tilskipuninni er að sjálfsögðu sú að tortryggnin er eðlileg. Íslensk stjórnvöld hafa ekki treyst sér til að gerast aðilar að þeim samningi sem tilskipunin byggist á, Árósasamningnum. Það hefur verið spurt um það fram og aftur á þinginu hvers vegna svo sé ekki. Svörin hafa aldrei fengist. Og fyrst íslensk stjórnvöld eru hrædd við að verða aðilar að Árósasamningnum sjálfum þá er eðlilegt að tortryggja afstöðu sömu stjórnvalda til þeirrar tilskipunar Evrópusambandsins sem samningurinn byggist á. Þannig er það og þá þarf að ganga eftir því í nefndarstarfinu hvernig þessu er háttað.

Mér finnst líka að í máli annarra ræðumanna hafi komið fram athyglisverð atriði. Ég vil kannski sérstaklega nefna það sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson minntist á, þar sem hann tók undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur frá því í fyrra í umræðum og í nefndinni, að styrkja þurfi minni sveitarstjórnir til að geta komið almennilega fram í þessum efnum, til að geta farið í gegnum rannsóknir og mat sem fyrir liggur og tekið þátt í ferlinu eins og þær eiga að gera. Á sveitarstjórnarstiginu eru ósköp einfaldlega vanmáttugar sveitarstjórnir víða um land sem ekki geta uppfyllt kröfurnar.

Ég vil líka segja varðandi almennt atriði sem hv. þm. Jón Bjarnason vakti athygli á, að það er að sjálfsögðu raunverulegt vandamál að rannsóknirnar séu á vegum framkvæmdaraðila. Þótt því sé mætt með því að Skipulagsstofnun sé gert að fara yfir þessar rannsóknir og heimta betri rannsóknir og meiri þar sem um það er að ræða þá er þetta galli. Við höfum dæmi um að rannsóknarmenn hafi verið settir út af sakramentinu hjá framkvæmdaraðila sem ekki hefur verið ánægður með rannsóknir þeirra. Rannsóknarmenn eru sem sé háðir forsögn framkvæmdaraðilans og vilja hans um hvað eigi að koma út úr rannsóknunum og það getur ekki talist gott þótt Skipulagsstofnun eigi að vera mótvægi í þessu. Það er spurning hvort með einhverjum hætti sé hægt að losa um þessi tengsl þó að ég taki undir að mér þyki heppilegt að framkvæmdaraðili kosti rannsóknir þær sem um er að ræða.

Ég vil aðeins að lokum fagna, ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, hinum jákvæðu ummælum hæstv. ráðherra um náttúrufarskortin sem skipta munu okkur verulegu máli í framtíðinni. Ég minni á tillögur hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur um þau frá því í fyrra. Ég sé að í hólf okkar hefur borist bréf frá Náttúrufræðistofnun Íslands um ársfund sem á að halda eftir viku. Helmingurinn af honum er um náttúrufarskortin, sem er mikið áhugamál Náttúrfræðistofnunar. Hún telur brýnt að vinna þau vegna þess að án þeirra er ekki hægt að leggja almennilegt mat á hin frægu umhverfisáhrif sem hér er um rætt.

Að lokum vil ég ítreka að það hefur lýst sér í umræðunni að við höfum áhyggjur af framtíðinni í þessum efnum. Við höfum kannski meiri áhyggjur af henni núna en áður. Eftir Kárahnjúkavirkjun sem hér var samþykkt á þinginu við miklar deilur — um virkjunina ríkir jafnvel enn þá djúpstæður ágreiningur í samfélaginu, jafnvel þó að framkvæmdir séu hafnar og lítið meira við því að gera — var því heitið af hálfu stjórnvalda, virkjunarmanna og þeirra sem einhvern veginn lentu Kárahnjúkavirkjunarmegin í þessari umræðu allri, að við mundum taka upp önnur vinnubrögð og skapa sátt um framtíðina. Sú sátt hefur lýst sér þannig, í vor, sumar og haust, að yfir dynur hver hugmyndin, tillagan og hver áformin á fætur öðrum um virkjanir. Þar er ekki sinnt um umhverfisþáttinn og almenningur virðist lítið eiga að hafa um þau mál að segja. Þetta þurfum við að skoða vel hér í þinginu, m.a. í tengslum við málið sem hér um ræðir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:07]

Mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 235. mál (matsferli, málskotsréttur, úrskurðarnefnd o.fl.). — Þskj. 241.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Húsnæðismál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 220. mál (hámark lánshlutfalls). — Þskj. 223.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Textun, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 20. mál (sjónvarp, kvikmyndir o.fl.). — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fæðingar- og foreldraorlof, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ og JóhS, 22. mál (orlofslaun). — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Skýrsla Samkeppnisstofnunar um verðsamráð olíufélaganna.

[13:34]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Fyrir rúmlega 11 árum voru samþykkt á Alþingi samkeppnislög og var um málið breið pólitísk samstaða. Var það trú alþingismanna að virk samkeppni mundi bæta lífskjör almennings á Íslandi og stuðla að kröftugu og öflugu atvinnulífi og heilbrigðari viðskiptaháttum. Ári áður en samkeppnislög tóku gildi, þ.e. 1992, hafði allur olíuinnflutningur til landsins verið gefinn frjáls og ríkið hætt afskiptum af verðlagningu olíufélaganna. Viðskiptalífið fagnaði þessu og hét því að auknu frelsi fylgdu framfarir.

Ljóst er hins vegar af atburðum síðustu daga að þar töluðu sumir hverjir tungum tveim. Ákvörðun samkeppnisráðs um samráð olíufélaganna sýnir að stjórnendur olíufélaganna ákváðu strax í upphafi að nýta sér nýfengið viðskiptafrelsi til að auðgast á kostnað íslenskra neytenda og fyrirtækja. Þessi ákvörðun samkeppnisráðs sýnir alveg ótrúlega skipulagt, umfangsmikið og alvarlegt brot gegn samkeppnislögum og í gegn skín fyrirlitning á viðskiptavinum og almenningi, þeir nefndir andskotar og fífl af stjórnendum olíufélaganna eins og fram kemur í tölvupóstum þessara manna.

Samráð olíufélaganna tengdist allri starfsemi fyrirtækjanna. Samráð var haft um verð á eldsneyti til neytenda og fyrirtækja, félögin skiptu með sér mörkuðum og viðskiptavinum. Olíufélögin unnu að því að takmarka alla afslætti og reyndu hvað þau gátu að halda nýjum keppinautum frá markaðnum. Í samráðinu lögðu olíufélögin alveg sérstaka áherslu á að halda uppi verði á landsbyggðinni og hótuðu erlendum fyrirtækjum til þess að koma í veg fyrir að íslenskir útvegsmenn gætu keypt ódýrari olíu í Færeyjum. Brotavilji forstjóra olíufélaganna var harður og einbeittur og skoruðu þeir hver á annan að eyða og fela öll gögn um afbrot sín.

Þetta sannaða samráð olíufélaganna stóð í á níunda ár. Að mínu viti er alveg ljóst að það hefur skaðað íslenskt samfélag. Sé beitt mælikvörðum frá OECD má meta samfélagslegt tjón af samráðinu á þessum tíma á 44 milljarða.

Viðskipti með olíuvörur eru mikilvæg í hinu íslenska hagkerfi, bæði fyrir heimilin í landinu og fyrirtækin. Í ljósi þessa er það skýrt í mínum huga að forstjórar olíufélaganna stóðu fyrir aðför að samfélaginu. Olíuforstjórarnir gerðu aðför að almenningi með því að hafa af fólki fé og samráðið hækkaði afborganir og skuldir heimilanna í landinu. Forstjórarnir gerðu aðför að undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar með því samsæri sínu að halda uppi verði og eyða samkeppni.

Í Bandaríkjunum er talað tæpitungulaust um stjórnendur fyrirtækja sem standa í samráði og þeir kallaðir af þarlendum yfirvöldum vel klæddir þjófar. Eftir að hafa lesið ákvörðun samkeppnisráðs get ég tekið undir þessa lýsingu á samráðsmönnum og ég fordæmi þetta samsæri gegn lífskjörum landsmanna.

En hvað er til ráða gegn slíkri misnotkun á viðskiptafrelsi? Ég tel rétt að fagna því að Samkeppnisstofnun hafi komið upp um þetta samráð og skilað af sér vandaðri niðurstöðu. Alþingi verður síðan að tryggja að Samkeppnisstofnun hafi það svigrúm sem hún þarf til áframhaldandi baráttu gegn þessum ófögnuði.

Opinber viðbrögð olíufélaganna við ákvörðun samkeppnisráðs valda mér miklum vonbrigðum. Í því sambandi verðum við að hafa í huga að enginn vafi er um sekt olíufélaganna, einfaldlega sökum þess að játningar liggja fyrir um fjölmörg brotanna. Þrátt fyrir þetta hefur ekkert olíufélaganna beðið viðskiptavini sína afsökunar eða boðið fram bætur. Engin iðrun eða tilraun til að vinna aftur traust viðskiptavina. Þess í stað lýsti stjórnarformaður eins félagsins því yfir í fjölmiðlum að hann bæri fullt traust til forstjóra

félagsins sem er einn af lykilmönnum í þessu samráði. Þessi yfirlýsing er með eindæmum og að mínu viti vanvirða við almenning. Hún lýsir forherðingu.

Í þessu ljósi tel ég að taka eigi það alvarlega til skoðunar að fara að fordæmi Breta og taka upp ákvæði í samkeppnislög sem geri það kleift að banna forstjórum og öðrum stjórnendum fyrirtækja er taka þátt í samráði að gegna stjórnunarstöðum í fyrirtækjum í allt að 15 ár. Þessi regla er réttlætt í Bretlandi með vísan til þess að vernda þurfi trúverðugleik markaðarins og almennings fyrir forstjórum sem sýnt hafa það af sér að þeir eru óhæfir til að stýra fyrirtækjum samkvæmt reglum markaðarins.

Jafnframt vonast ég til þess að viðskiptaráðherra beini því til Fjármálaeftirlitsins að kannað verði að núverandi og fyrrverandi forstjórar olíufélaganna sem sitja í stjórnum banka uppfylli hæfisskilyrði laga um fjármálafyrirtæki.

Að lokum á almenningur skilyrðislausan rétt á því að lögregla ljúki rannsókn sinni og látið verði reyna á refsiábyrgð stjórnenda olíufélaganna fyrir þessa alvarlegu aðför þeirra að lífskjörum almennings í landinu.

[13:40]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þær tilfinningar sem bærðust í huga mér þegar úrskurður um samráð olíufélaganna var kynntur voru af tvennum toga. Annars vegar sár vonbrigði yfir því að stór fyrirtæki á markaði sem skipta íslenskt atvinnulíf og þjóðarbú afar miklu máli skuli bregðast trausti viðskiptavina og samfélagsins með því að fara gegn leikreglum viðskiptalífsins. Hins vegar ánægja með að samkeppnislögin og samkeppnisyfirvöld sem eiga að sjá til þess að ólögmætar samkeppnishömlur séu upprættar skuli virka.

Síðustu áratugina hafa það verið almenn viðhorf á Vesturlöndum að ein af meginforsendum efnhagslegra framfara og aukinnar hagsældar sé virk samkeppni sem stuðlar að lægra vöruverði, eykur vöruframboð og vöruþróun og þrýstir niður kostnaði við framleiðslu, dreifingu og sölu. Takmörkun eða hindrun á samkeppni leiðir aftur á móti til þess að verð á vöru og þjónustu verður hærra en ella og gæðin lakari. Samkeppnishindranir slæva einnig hvata til nýsköpunar á markaði. Ólögmætt samráð fyrirtækja er alvarleg samkeppnishindrun, dregur því úr hagsæld og hefur í för með sér margvíslegan skaða fyrir almenning, fyrirtæki og þjóðfélagið í heild.

Af þeirri ástæðu hefur frá upphafi verið lagt bann við ólögmætu samráði í samkeppnislögum og voru þau ákvæði laganna stórefld með breytingum á árinu 2000.

Ég hef áður vitnað til orða æðsta yfirmanns samkeppnismála hjá Evrópusambandinu sem fyrir nokkrum árum lýsti ólögmætu samráði keppinauta við krabbamein hins frjálsa hagkerfis.

Hjá Efnahags- og framfarastofnuninni, OECD, hefur verið sýnt fram á að ólögmætur ávinningur af verðsamráði sé að meðaltali 10% af söluverði en tjón samfélagsins af samráðinu geti numið allt að 20% af þeim viðskiptum sem samráðið hefur áhrif á. Með öðrum orðum þýðir verðsamráð að jafnaði 10% hærra verð en ella, en tjón samfélagsins er talið enn meira.

Eftir því sem ég hef haft tök á að kynna mér hina viðamiklu ákvörðun samkeppnisráðs um ólögmætt samráð olíufélaganna virðist mér hafa verið vel vandað til verka. Ljóst virðist af hinni stóru skýrslu að Samkeppnisstofnun hafi ráðist í mjög umfangsmikið verkefni þegar stofnunin hófst handa við rannsókn sína. Verður að virða það við stofnunina sem er fámenn. Sumir hafa hnýtt í hana og fundist rannsókn hennar hafa tekið óhóflega langan tíma. Eftir að umfang rannsóknarinnar er nú orðið kunnugt verð ég að segja að mig undrar ekki að hún hafi tekið þann tíma sem raun ber vitni. Ákvörðunin ber með sér að fram hefur farið mjög víðtæk gagnaöflun og gagnaúrvinnsla er varðar nánast allan rekstur þriggja stórra fyrirtækja á íslenskan mælikvarða yfir tæplega níu ára tímabil. Þá er einnig ljóst að þurft hefur að glíma við mjög flókin lögfræðileg og hagfræðileg úrlausnarefni. Heimildir mínar benda einnig til þess að svo yfirgripsmikið stjórnsýslumál sem þetta hefði tekið jafnlangan ef ekki lengri tíma hjá samkeppnisyfirvöldum í nágrannalöndum okkar.

Því hefur oft verið haldið fram að vegna ónógra fjárveitinga til Samkeppnisstofnunar hafi henni ekki verið unnt að sinna störfum sínum sem skyldi. Í ráðherratíð minni hafa framlög til stofnunarinnar aukist um 50 millj. kr. Sú viðamikla rannsókn og skýrslugerð sem hér er til umræðu sýnir svo að ekki verður um villst að stofnunin er fær um að ráðast í hin flóknustu mál með miklum árangri.

Engu að síður er nauðsynlegt að gera betur og efla samkeppnisyfirvöld enn frekar. Þau þurfa að hafa burði til að hafa frumkvæði að athugunum á einstökum mörkuðum samhliða því sem öðrum málum er sinnt. Því hefur verið tekin ákvörðun um það af hálfu stjórnvalda að leggja fram frumvörp á næstunni þar sem tillögur er að finna um eflingu samkeppnisyfirvalda og skarpari löggjöf á því sviði.

Eins og ég sagði í upphafi, hæstv. forseti, er ég ánægð með að samkeppnislögin virka í þessu máli. Ólöglegt samráð fyrirtækja er ekki liðið og verður ekki liðið hér á landi. Um það er sátt í samfélaginu.

[13:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við höfum fengið innsýn í vinnubrögð íslenskra einokunarfyrirtækja. Vissulega er ekki hægt að alhæfa út frá vinnubrögðum íslensku olíufélaganna um vinnubrögð almennt í einokunarumhverfi en tilhneigingin í slíku umhverfi er augljós. Hjá einokunarfyrirtækjum sem eru rekin með hagnað að markmiði er líklegt að þau nýti sér umhverfi sitt til hins ýtrasta, jafnvel þótt ekki sé um að ræða alvarleg lögbrot eins og í þessu tilviki.

Olíufélögin eru talin hafa valdið þjóðhagslegu tjóni sem nemur yfir 40 milljörðum króna. Þau hafa stolið milli 5 og 10 milljörðum af einstaklingum, fjölskyldum, fyrirtækjum, útgerðinni í landinu, sveitarfélögum og ríkisstofnunum. Á máli samkeppnisráðs heitir þetta að ávinningur olíufélaganna af samráði sé um 6,5 milljarðar króna.

Nú spyr ég: Hvað er að gerast annars staðar í einokunarumhverfi? En fyrst og fremst er ástæða til að spyrja í þessum sal: Hvað er að gerast í höfði ráðherra ríkisstjórnarinnar? Hvaða lærdóm skyldi hún draga af þessu máli? Boðorð hennar númer eitt, tvö og þrjú er að koma öllum arðvænleg-

um eignum þjóðarinnar í hendur þessara aðila, inn í einokunarumhverfið.

Hæstv. viðskiptaráðherra flutti hér tilfinningaþrungna ræðu um ágæti markaðsbúskapar. Ég spyr: Hvaða lærdóm dregur hún? Á áfram að berja höfðinu við steininn eða verður breytt um kúrs?

[13:47]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hér í dag er rædd skýrsla Samkeppnisstofnunar um verðsamráð olíufélaganna. Þetta mál er mjög alvarlegt og ef rétt reynist verða menn að standa ábyrgir fyrir gjörðum sínum.

Til ársins 1994 var verð á olíu og bensíni undir verðlagsákvæðum, þ.e. lögvarið samráð. Auðvitað tekur það einhvern tíma fyrir fyrirtæki að laga sig að breyttum aðstæðum en það afsakar ekki atburðarásina. Í kjölfar þessarar skýrslu hafa ýmsir farið um bæinn með snærishönkina undir hendinni til að hengja þá aðila sem hafa verið í skotlínu í þessum málum. Slíkt finnst mér óviðfelldið og við verðum að muna að enginn er sekur fyrr en sekt er sönnuð. (Gripið fram í.)

Fullyrðingar í skýrslu Samkeppnisstofnunar eru glannalegar að mati dr. Tryggva Þórs Herbertssonar og dr. Jóns Þórs Sturlusonar sem segja í skýrslu til Skeljungs hf. að ekki sé, með leyfi forseta, „með nokkru móti hægt að draga þá ályktun að háttsemi olíufélaganna á árabilinu 1998 til 2002 hafi leitt til minni samkeppni og aukinnar álagningar ...“ Enn fremur segja þeir að mat Samkeppnisstofnunar „á meintum ávinningi Skeljungs hf. [...] sé algjörlega órökstutt og að líkur séu á að hækkun framlegðar sem lögð er til grundvallar eigi sér aðrar og eðlilegar skýringar ...“

Þetta segir okkur að skiptar skoðanir eru um niðurstöðu þessa máls, þ.e. sektirnar, þrátt fyrir að viðurkennt sé að ólöglegt samráð hafi átt sér stað. Þegar þetta er orðin staðreynd finnst mér að það þurfi að koma þeim fjármunum beint til viðskiptavina olíufélaganna, ekki beint í ríkissjóð.

Í framhaldi af þessu máli veltir maður fyrir sér samruna eða samráði félaga, eða samruna og hagræðingu. Það má nefna t.d. matvælamarkaðinn, lyfjamarkaðinn og fleira sem þyrfti að skoða í framhaldi af þessu máli.

[13:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Áratugum saman hefur verið í umræðu meðal þjóðarinnar að olíufélögin hefðu með sér samráð, verðsamráð á olíu og bensíni. Einnig að markaði væri skipt milli félaganna. Öllum var ljóst að svokölluð flokksholl fyrirtæki framsóknarmanna versluðu við Esso-olíufélagið og fyrirtæki sem sjálfstæðismenn stjórnuðu versluðu að mestu við Skeljung. Almælt var einnig að þessi olíufélög væru miklir bakhjarlar núverandi ríkisstjórnarflokka og forstjórar þeirra tilheyrðu oftast núverandi valdaflokkum ríkisstjórnarinnar sem og öðrum valdablokkum í þjóðfélaginu eins og SH og SÍF.

Almannarómur var viss um að verðið væri ákveðið með samráði. Máltækið segir að sjaldan ljúgi almannarómur. Þeir sem urðu ósáttir í viðskiptum áttu síðan þann valkost að versla við Olís sem einnig var þó í samráði með félögunum.

Ríkisstjórnarflokkarnir voru á liðinni öld mjög vilhallir félögum sínum og bakhjörlum. Flesta venjulega borgara gat þó varla órað fyrir að starfsemi olíufélaganna þriggja væri eins lík mafíustarfsemi og nú birtist í skýrslunni sem ég er með hérna fyrir framan mig, fyrri hluta hennar. Þar segir, með leyfi forseta, á bls. 104:

„Hvað sem atvikum fyrir 1. mars 1993 líður er a.m.k. ljóst að gögn málsins sýna að olíufélögin hafa frá gildistöku samkeppnislaga haft með sér yfirgripsmikið óslitið samráð um verð, markaðsskiptingu og gerð tilboða.“

Síðan birtist á níu blaðsíðum tafla frá 1993–2001 um verðsamráð olíufélaganna. Í lok hennar segir, með leyfi forseta:

„Framangreind tafla sýnir skýrlega reglubundin og umfangsmikil viðskipti milli félaganna á árunum 1993–2001 varðandi atriði sem tengjast verðlagningu, markaðsskiptingu og gerð tilboða. Telur samkeppnisráð að í þessu hafi falist áframhaldandi röð athafna sem hafi haft eitt og sama markmið sem var að draga úr samkeppni milli olíufélaganna.“

Skýrara getur það varla verið, hæstv. forseti. Upplýsingar liggja fyrir um að hér hafi verið brotin lög, og jafnvel játningar. Það ætti ekki að þurfa frekar vitnanna við.

[13:52]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Árið 1997 báðu þingmenn Samfylkingarinnar um skýrslu frá viðskiptaráðherra um hvort olíufélögin gætu í krafti markaðsstöðu og verðsamráðs samið um skiptingu markaðar og verðlagningu á vöru og þjónustu. Vegna fjárskorts gat Samkeppnisstofnun ekki ráðist í þetta verkefni og taldi sig þurfa til þess 10–15 millj. kr. Stjórnarliðar felldu tillögu okkar um að stofnunin fengi þetta fjármagn.

Það var þjóðfélaginu dýrt að fella þá tillögu. Það gaf olíufurstunum athafnafrelsi til að fléttta almenning miskunnarlaust fjórum árum lengur í einu grófasta og svívirðilegasta þjófnaðarmáli sögunnar. Þannig rökuðu þessir forkólfar olíufélaganna til sín mörgum milljörðum frá almenningi, og tap samfélagsins í heild skiptir tugum milljarða.

Það verður prófsteinn á hvort við búum í bananaþjóðfélagi eða siðmenntuðu lýðræðisþjóðfélagi þar sem allir eru jafnir fyrir lögum hvort olíufurstarnir verða látnir sæta ábyrgð. Refsilöggjöfin á að ná til þeirra eins og annarra sem brjóta af sér og óþolandi er að fyrning sekta verði þeirra skjól.

Ránsfengnum verða olíufélögin líka að skila til baka í formi skaðabóta og sekta í samræmi við gífurlegt umfang þessa lögbrots og það verður að koma í veg fyrir að olíufurstarnir velti sektargreiðslum sínum yfir á almenning.

Þátt borgarstjórans í þessu máli er ekki hægt að verja. Hann verður að axla sína ábyrgð og ég fæ ekki séð hvernig Þórólfi Árnasyni er sætt sem borgarstjóra. En það er ósanngjarnt að gera hann að blóraböggli meðan öðrum er hlíft. Ég kalla eftir yfirheyrslum fjölmiðla yfir höfuðpaurunum sjálfum, ég kalla eftir að þeir beri fulla ábyrgð sem í skjóli

stjórnarflokkanna hafa skipt markaðnum á milli sín árum saman, makað þar sjálfir krókinn og látið almenning borga brúsann af ósvífnum lögbrotum sínum sem skaðað hafa allt samfélagið.

[13:54]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Undanfarna daga hefur ríkt mikil reiði í þjóðfélaginu í kjölfar úrskurðar Samkeppnisstofnunar um samráð olíufélaganna. Það er eðlilegt enda ljóst að þetta mál snertir alla í landinu á einn eða annan hátt.

Við hljótum þó að fagna því að samkeppnislögin og samkeppnisyfirvöld okkar eru að virka. Verkefnið var afar viðamikið og hafa margir gagnrýnt hversu langan tíma það tók. Sú gagnrýni á rétt á sér en þó hafa framlög til stofnunarinnar aukist í ráðherratíð hæstv. viðskiptaráðherra og sjáum við nú að Samkeppnisstofnun ræður vel við erfið mál. Ég tel þó að áfram þurfi að efla hana og verða tillögur þar að lútandi ræddar hér í þinginu á næstu mánuðum.

Ég skil vel viðbrögð fólks við úrskurðinum. Allt lítur út fyrir að olíufélögin hafi hlunnfarið heimilin í landinu og ekki síst á landsbyggðinni þar sem komið var í veg fyrir alla samkeppni. Útgerðirnar sem tengjast mörgum fjölskyldum beint fara afar illa út úr þessu samráði og kannski gera ekki allir sér grein fyrir því að sjómenn taka sjálfir þátt í því að greiða olíukostnað skipanna. Þarna er verið að tala um gríðarlegar upphæðir og á næstu dögum eigum við án efa eftir að sjá fleiri útreikninga ýmissa samtaka um hversu mikið þau telja sig eiga inni hjá olíufélögunum.

Ég leiði hugann að því hvort svona staða sé uppi á fleiri sviðum markaðarins. Meginmálið er þó að samkeppnislögin eru að virka og þjóðin mun ekki líða ólögmætt samráð fyrirtækjanna í landinu.

[13:56]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Skýrsla Samkeppnisstofnunar sem hér er rædd er á köflum eins og reyfari, því miður. Stórfyrirtæki halda skipulega uppi verði á olíu og bensíni og raka að sér hagnaði. Þau gera þetta í skjóli helmingaskipta milli ríkisstjórnarflokkanna, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

Menn tala hér um 40 milljarða, menn tala um 80 milljarða í fréttum í dag sem íslenskt samfélag hafði verið hlunnfarið um. Hverjir borga? Atvinnulífið, einstaklingar, heimilin í landinu, sérstaklega þeir sem búa úti á landi, útgerðin, flutningsaðilarnir. Kannski er ekki að undra þó að flutningskostnaður hafi hækkað langt umfram verðlag síðustu ár. En þessir sömu aðilar áttu jafnvel hlut í viðkomandi flutningsfyrirtækjum svo að siðferðið var nú ekki upp á marga fiska. Bændur, landbúnaður er einn af stærri notendum olíu og bensíns. Var á bætandi að íþyngja rekstri þeirra með þessum hætti eins og hér hefur verið lýst ef satt reynist og Samkeppnisstofnun hefur gert grein fyrir?

Þetta er gríðarlega alvarlegt mál. Hvernig verður þetta endurgreitt? Ætlum við bara að kasta öllum syndum aftur fyrir okkur og segja: Ja, nú ætlum við að sjá eftir þessu og lofum bót og betrun?

Það er fallegt að iðrast en hvernig ætlum við að greiða þeim sem hafa verið hlunnfarnir? Er nokkur munur á þessu og öðrum þjófnaði í raun? Líti hver í sinn barm. Er þetta nokkuð annað? Og hvernig bætum við þá þeim sem urðu fyrir þessum þjófnaði? Það verður náttúrlega að endurgreiða þeim það. Hver er tryggingin fyrir því að þetta sé ekki lengur við lýði í fákeppnissamfélaginu á fjármálamarkaðnum, tryggingamarkaðnum, vöru- og þjónustumarkaðnum, hinum einkavædda markaði? Hver er tryggingin fyrir því? Sömu aðilar eru þarna innan búðar víðast hvar. (Forseti hringir.)

Frú forseti. Hér þarf heldur betur að taka til meira en að iðrast.

[13:58]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum 10–15 árum hefur það gerst í þessu landi að okkur hefur tekist að umbreyta öllu viðskiptaumhverfi Íslands, örugglega þjóðinni til mikillar blessunar. Þetta leiðindamál sem er til umræðu nú hér og í þjóðfélaginu, sagan um olíufélögin, er örugglega einhverjar eftirhreytur af þeim miklu umbreytingum. Það virðist vera sem þessi félög hafi alls ekki getað áttað sig á því hvað var að gerast og haldið sig í gamla farinu, haldið sig við gamla samráðið.

Það er hið hörmulega og ber að segja það eins og er, auðvitað er þetta hörmulegt. Íslensk lög ná yfir alla. Við höfum fulla ástæðu til að treysta íslenskum eftirlitsstofnunum. Við höfum fulla ástæðu til að treysta íslenskri lögreglu, íslensku ákæruvaldi og ekki hvað síst íslenskum dómurum. Þetta mál mun ganga fram eins og lög gera ráð fyrir og við skulum vita að auðvitað er engin miskunn ef menn hafa brotið þessi lög.

Hins vegar ætla ég að segja að ég sé enga ástæðu til þess og kem ekki auga á það hví við ættum að nota þetta mál til að vera með einhver pólitísk hnútuköst, ég get ekki komið auga á það. (Gripið fram í.) Þetta er hörmulegt mál sem við skulum harma eins og alltaf á að gera þegar samborgaranum verður eitthvað á og brýtur lög. (**Gripið fram í:** Nú?) Ég sé ekki heldur ástæðu til þess hér á þessum stað að einstakir stjórnmálamenn séu að nota tækifærið til að kasta og sparka í þá sem liggja.

[14:00]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er vægast sagt dapurleg upplifun að lesa það sem kemur fram í skýrslu Samkeppnisstofnunar um ólögmætt samráð olíufélaganna. Þetta samráð hlýtur að teljast eitt alvarlegasta tilræði sem framið hefur verið gegn efnahagskerfi þjóðarinnar. Árum saman hafa menn stundað kaldrifjað misferli þar sem þjóðin hefur verið blekkt og niðurlægð.

Það er nánast sama hvar gripið er niður í skýrsluna, misferlið hefur bitnað á okkur öllum. Almennir borgarar, fyrirtæki, sveitarfélög og opinberar stofnanir, allir hafa verið arðrændir markvisst og skipulega af þessum olíufélögum, ekki síst landsbyggðin þar sem olíufélögin notuðu einokunaraðstöðuna til að skipta eldsneytismörkuðum á milli sín og svindluðu á sjávarútvegsfyrirtækjunum sem eru burðarásar byggðanna. Gríðarlegir fjármunir hafa verið plokkaðir af byggðunum í skjóli verðsamráðs, fjármunir sem hefðu get-

að farið til að greiða fólki hærri laun eða til að stuðla að uppbyggingu í héruðum landsins. Enginn vafi leikur á því að efnahagur landsmanna hefur borið þungan skaða af þessu.

Skýrsla Samkeppnisstofnunar vekur margar alvarlegar spurningar um íslenskt efnahagslíf. Það er jú öllum ljóst að þeir sem hljóta að bera höfuðábyrgðina í þessu máli eru meðal áhrifamestu manna viðskiptalífsins. Ég er að tala um forstjóra, stjórnarformenn og stjórnarmenn olíufélaganna. Í þessum hópi eru menn sem margir hverjir hafa bein tengsl við innstu kjarna stjórnmálaflokka á borð við Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn.

Frú forseti. Við hljótum að krefjast þess að þeir sem hafa borið ábyrgð á þessu samráði verði látnir svara fyrir misgjörðir sínar, að þeir verði dregnir til ábyrgðar. Við, þjóðin öll, treystum þessum mönnum þó að mörg okkar hafi grunað að pottur væri brotinn í verðmyndun olíufélaganna. Fáa eða enga grunaði þó að svik þeirra væru jafnvíðtæk og nú hefur komið á daginn. Hér verður að stinga djúpt svo notað sé orðatiltæki úr heimi olíugreifanna. Það er réttmætt að beita olíufélögin þungum stjórnvaldssektum og þeir fjármunir ættu að fara óskertir til samgöngubóta. Síðan á að draga forstjóra, stjórnarformenn og stjórnarmenn olíufélaganna til ábyrgðar.

[14:02]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Frú forseti. Fá mál hafa hrist jafnduglega upp í íslensku þjóðfélagi og það mál sem er hér til umræðu og er það ekki nema von. Fólki svíður eðlilega þetta ótrúlega athæfi sem var viðhaft um langt skeið hjá olíufélögunum, brotin beindust gegn almenningi og þau eru alvarleg. Samfélagslegur skaði er talinn vera metinn á um 40 milljarða kr. og sumir telja hann reyndar vera langtum meiri. Markmiðið var aukin hagnaðarvon fyrirtækjanna sem í hlut áttu, greiðendur eru íslenskir neytendur og þeim er nóg boðið.

Það jákvæða í málinu er sú staðreynd að samkeppnisyfirvöld hafa sannað getu sína til að takast á við erfiðustu og viðamestu mál sem hugsast getur þrátt fyrir að þau hafi jafnan búið við fremur rýrar fjárveitingar af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég treysti því að nú verði samstaða um það á Alþingi að efla Samkeppnisstofnun verulega og fela henni þau aðföng sem þarf til að gæta réttar íslenskra neytenda í framtíðinni. Greinilegt er að ekki er vanþörf á.

Við hljótum að spyrja okkur í kjölfar þessa máls: Hvað ber að gera til að koma í veg fyrir að ámóta atferli fái þrifist í íslensku viðskiptalífi í framtíðinni? Burt séð frá þeirri alvarlegu atlögu sem forstjórar fyrirtækjanna gerðu að íslenskum neytendum snýst málið líka um viðskiptasiðferði. Hvers vegna viðgangast slík vinnubrögð í viðskiptalífinu, í skjóli hvers viðgangast þau? Hversu langt teygir þetta samráð anga sína því að eins og fram hefur komið eru margir þeirra sem koma að stjórnun olíufélaganna gerendur víða annars staðar í viðskiptalífinu? Sumir þeirra bera jafnvel ábyrgð á því að hafa tekið þátt í samráði gegn öðrum fyrirtækjum sem þeir voru sjálfir í forsvari fyrir. Stjórnunar- og eignatengsl eru hér gríðarlega mikil en eins og menn vita tók það Samkeppnisstofnun óhemjulangan tíma að taka saman samantekt um þau tengsl og m.a. vegna fjárskorts.

Einbeitum okkur að þessum þáttum, komum í veg fyrir fleiri slík mál, tökum lagaumhverfið til vandlegrar skoðunar. Ég vil sérstaklega taka undir þá tillögu sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson lagði hér fram um að taka upp bresku regluna um setu manna í stjórnum. Slík regla væri óneitanlega til bóta.

[14:04]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Á þeim tímamótum sem málið er nú eftir niðurstöðu Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs er rétt að huga að því hvernig halda beri á því til framtíðar. Ég tel að í fyrsta lagi beri stjórnvöldum að leggja sig fram um að tryggja að þær sektir sem verða að lokum greiddar verði greiddar af eigendum fyrirtækjanna en ekki af almenningi. Það væri mikil háðung ef svo til tækist að olíufélögin gætu sótt sektargreiðslur í vasa almennings, þess sem er þolandi í þessu máli öllu. Það er því mikilvægt í mínum huga að tryggja að sektargreiðslurnar verði greiddar af eigendum félaganna en ekki almenningi.

Í öðru lagi ber okkur að tryggja að Samkeppnisstofnunin valdi þeim verkefnum sem henni eru falin. Mörg stór og mikil verkefni hafa verið á borði embættismanna Samkeppnisstofnunar árum saman, miklu lengur en eðlilegt er og stundum verið til skaða fyrir framgang mála. Við þurfum að bæta úr því þannig að stofnunin verði öflug og geti veitt aðilum á þessum markaði öflugt aðhald í tíma.

Í þriðja lagi þarf að upplýsa þátt einstaklinga í þessu máli og þar mega yfirvöld eins og ríkislögreglustjóraembættið ekki láta sitt eftir liggja. Menn verða að hraða rannsókn málsins, upplýsa þátt hvers og eins einstaklings sem ábyrgð kann að bera á þessu athæfi og birta þeim ákæru ef ástæða er til.

Í fjórða lagi þarf ríkissjóður að huga að því að bæta þeim skaðann sem orðið hafa fyrir honum, almenningi. Ríkissjóður hefur hagnast á þessu athæfi og það er engin ástæða fyrir ríkissjóð að sitja uppi með einhvers konar verðlaunafé fyrir ólögmætt samráð. Við eigum að bæta almenningi þann skaða sem hann hefur orðið fyrir í þessu máli.

[14:06]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Vegna umræðunnar sem hér hefur farið fram er nauðsynlegt að það liggi skýrt fyrir að sú skýrsla sem liggur fyrir er niðurstaða stjórnvalds eftir að þeir sem sakaðir hafa verið um lögbrot hafa komið sínum andmælum á framfæri. Hér er því ekki um að ræða einhvers konar frumskýrslu eða drög að niðurstöðu, um er að ræða niðurstöðu stjórnvalds sem er að mestu leyti sönnuð og játuð hvað varðar þau brot sem borin eru á þá sem um ræðir.

Einnig vil ég nefna að sú hagfræðiskýrsla sem vitnað er til eru orð þeirra sjálfra sem hana skrifa. Hún fjallar ekki um samráðið á neinn hátt og þeir taka skýrt fram að þeir voru ekki upplýstir um hversu víðfeðmt þetta samráð væri þegar þeir skrifuðu hana. Þar af leiðandi segja þeir sjálfir að það dragi úr gildi þeirra eigin skýrslu.

Virðulegi forseti. Um nokkuð langt skeið hefur hér oft og tíðum farið fram umræða um samkeppnismál. Sumir

flokkar á þinginu hafa slegið sér á brjóst og sagt: Við erum talsmenn samkeppninnar — a.m.k. á tyllidögum og hátíðisdögum. En það er athyglisvert að mínu viti hvernig sú umræða hefur að nokkru leyti birst í því sem kalla má samtryggingu, hvernig menn hafa að einhverju leyti lagst í vörn fyrir það sem hér hefur verið gert. Það er mitt mat að þetta mál reyni á skipulag samfélagsins, það reyni á hvort allir séu jafnir fyrir lögum, það reyni á hvort skipulagið sé það traust og sterkt að hægt sé að taka á þessu máli og það er krafa almennings í málinu. Við getum aldrei sagt um stórfyrirtæki, sem hafa aðgang að mikilli sérfræðiþjónustu, að þau hafi ekki áttað sig á að lögum hafi verið breytt og það hafi tekið þau tíu ár. (Forseti hringir.) Það eru ekki boðleg rök á hinu háa Alþingi, virðulegi forseti.

[14:09]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir umræðuna. Það hefur komið fram í henni og reyndar í fjölmiðlum líka að Samfylkingin hafi óskað eftir rannsókn á samráði olíufélaganna árið 1997 en stjórnvöld hafnað því. Hér finnst mér vera fært nokkuð í stílinn því að hið rétta er að Samfylkingin óskaði á sínum tíma eftir skýrslu frá viðskiptaráðherra um viðskipta- og samkeppnishætti í banka-, olíu-, trygginga- og flutningaviðskiptum. Slík skýrslugerð hefði ekki orðið grundvöllur húsleitar og síðan stjórnvaldssekta (Gripið fram í.) og hefði í raun ekki byggt á samkeppnislögum ef farið hefði verið í þá vinnu.

Samkeppnisstofnun er algjörlega sjálfstæð stofnun og hún tekur ekki við fyrirmælum. Sama er að segja um Fjármálaeftirlitið af því að það var nefnt hér af hv. þingmönnum. Fjármálaeftirlitið er sjálfstætt og það tekur heldur ekki við fyrirmælum hvorki frá mér né hv. Alþingi.

Það er athyglisvert að þingmenn Samfylkingarinnar tala í öðru orðinu um mikilvægi sjálfstæðis eftirlitsstofnana en í hinu orðinu að ýmist ég sem viðskiptaráðherra eða Alþingi eigi að beina tilmælum til þessara stofnana um að fara út í eitt og annað.

Ræður hv. þingmanna Vinstri grænna voru hefðbundnar, þeir eru á móti frjálsum markaði, frjálsu markaðskerfi (Gripið fram í.) og eru u.þ.b. að verða eini flokkurinn í Evrópu sem hefur þá stefnu. (Gripið fram í.) Nú held ég að hv. þingmönnum sé farið að líða svolítið illa, en það sem ég vil þó enda á að segja er það að eins og kom fram í máli mínu áðan hefur sú ákvörðun verið tekin af hálfu stjórnvalda að efla samkeppniseftirlit í landinu og á næstu dögum munu frumvörp birtast sem (Forseti hringir.) fela í sér þá tillögu og ég er ákaflega stolt af því.

[Fundarhlé. — 14:12]

Einkaleyfi, 1. umr.

Stjfrv., 251. mál (EES-reglur, einkaréttur lyfja). — Þskj. 269.

[14:18]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli sem iðnaðarráðherra fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum. Frumvarpið er á þskj. 269, 251. mál þingsins.

Frumvarpið er flutt vegna innleiðingar eins þáttar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/27/EB í íslenskan rétt en sá þáttur snýr að einkaleyfum. Tilskipunin heyrir hins vegar almennt undir starfssvið heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og er einnig gert ráð fyrir breytingu á lyfjalögum vegna hennar.

Með tilskipuninni er gerð breyting á eldri tilskipun nr. 2001/83/EB, um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum. Ákvæði 1. gr. frumvarpsins snerta 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um einkaleyfi en þar segir að einkaréttur samkvæmt einkaleyfi taki ekki til tilrauna með efni uppfinningar. Hins vegar er lagt til vegna innleiðingarinnar að auk þess verði tekið sérstaklega fram að einkarétturinn taki m.a. ekki til rannsókna og prófana og annarra tengdra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf og endurbætt lyfjaform. Í þessu felst að framleiðanda samheitalyfs er heimilt að gera hér á landi allar rannsóknir og prófanir og aðrar tengdar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru í því skyni að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf án þess að slíkt brjóti gegn einkaleyfisrétti eða vottorðum um viðbótarvernd lyfja. Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að málinu verði vísað að lokinni þessari umræðu til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

[14:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sannfærður um að þetta mál horfir mjög til heilla og bóta fyrir iðnaðinn í landinu. Þetta er samt ákaflega flókið mál og til þess að taka af allan vafa langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að þetta frumvarp tryggi frekar og jafnvel auki rétt þeirra framleiðenda hér á landi sem eru að eða hyggjast framleiða samheitalyf. Þetta frekar bætir stöðu þeirra en hitt, ekki satt?

[14:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt ályktað hjá hv. þingmanni að þetta hefur áhrif á framleiðslu samheitalyfja hér á landi og á að gera framleiðendum mögulegt að stunda rannsóknir og þróun lyfja á einkaleyfatímabili. Þetta getur skipt miklu máli og þetta er tilskipun frá Evrópusambandinu, svokallað Bolar-ákvæði, sem hefur verið nokkuð lengi í umræðunni en nú virðist vera að okkur sé orðið heimilt að

stíga þetta skref sem er til hagsbóta fyrir atvinnulífið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Byggðaáætlun fyrir árin 2002–2005, frh. einnar umr.

Skýrsla iðnrh., 216. mál. — Þskj. 218.

[14:22]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Eins og fram hefur komið í umræðunni um skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar til þessa eru margar góðar fyrirætlanir settar á blað í skýrslu hæstv. ráðherra. Ef ég rifja aðeins upp helstu markmiðin með áætluninni eru þau eftirfarandi, með leyfi forseta:

„a. Að draga úr mismun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga í landinu og skapa íbúum á landsbyggðinni sem hagstæðust búsetuskilyrði.

b. Að aðstoða byggðarlög á landsbyggðinni við að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum í atvinnuháttum með því að efla sveitarfélögin, veita markvissan stuðning við atvinnuþróun, menntun, trausta samfélagsþjónustu og uppbyggingu grunngerðar.

c. Að treysta búsetuskilyrði á landsbyggðinni með því að efla þau byggðarlög sem eru fjölmennust, hafa mest aðdráttarafl fyrir fólk og bestu möguleika til uppbyggingar atvinnulífs, skóla, menningarlífs og opinberrar þjónustu.

d. Að auðvelda byggðum landsins að rækta menningu sína, auðga með því þjóðlífið og skapa fjölbreytilegri kosti fyrir borgarana í búsetu og lífsstíl. Í því felst m.a. að stuðla að varðveislu byggðar sem á sér rótgróna sögu og hefur menningarsögulegt gildi, svo og að virða tengsl fólks í fámennum byggðarlögum við átthaga sína með því að gera því kleift að búa þar áfram.

e. Að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og að fyrirtæki á landsbyggðinni geti nýtt atvinnukosti sína sem best með sjálfbæra nýtingu auðlinda og góða umgengni um náttúru landsins að leiðarljósi.

Lagt var til að þær aðgerðir sem beitt yrði til að ná fram meginmarkmiðum byggðaáætlunar byggðust á eftirtöldum meginstoðum: Traustu og fjölbreyttu atvinnulífi, öflugum byggðarlögum, aukinni þekkingu og hæfni, bættum samgöngum og áherslu á sjálfbæra þróun.“

Þetta eru vissulega fín markmið og frábært ef maður hefði séð að að þeim hefði verið unnið að einhverju marki undanfarin ár. Það er þó svo að mér ofbýður við þennan lestur og mér er skapi næst að kasta skýrslunni frá mér. Mér dettur í hug: Er verið að draga dár að fólki? Við skulum hafa í huga að við erum að fjalla hér um áætlun sem nær yfir tímabilið 2002–2005, tímabil sem er að verða lokið. Maður skyldi því ætla að verkefnin og fyrirætlanirnar væru komnar vel á veg og að þeirra sæi stað um land allt. Þessi byggðaáætlun á að vera fyrir allt landið, ekki satt?

Því miður er staðan sú eftir að sjálfstæðismenn og framsóknarmenn hafa haft byggðamál í sínum höndum í tíu ár, allt of langan tíma, að byggð er að hruni komin á heilu landsvæðunum og á þeim sömu stöðum býr fólk víða við sára fátækt. Ráðherra byggðamála kannast reyndar ekkert við að til séu nein sérstök svæði þar sem meðaltekjur eru áberandi lægri en meðaltekjur á Íslandi. Það kom fram í viðræðum sem ég átti við hana á síðasta þingi.

Því sárar er að hlusta á hæstv. ráðherra sem hafa tekið þátt í umræðunum hér. Hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, talar eins og allt sé í himnalagi í landbúnaðarmálum og hæstv. byggðamálaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, lætur eins og það sé helber ósanngirni að minna hana á þá ábyrgð sem hún ber á byggðaþróun, á þeim afdrifaríku afleiðingum sem aðgerðaleysi, afskiptaleysi og rangar ákvarðanir í skattamálum og samgöngumálum, svo eitthvað sé nefnt, hafa í för með sér.

Hér hafa verið rakin áhrif skattbreytinga til aukinnar mismununar á aðstöðu fyrirtækjarekstrar á suðvesturhorninu andspænis landsbyggðinni. Það gerði hv. þm. Kristján Möller. Þessum hæstv. ráðherrum sem ég nefndi hér kemur það víst ekkert við.

Líka hefur verið rakið hvernig framkvæmdir í vegamálum hafa verið dregnar saman og verða dregnar saman á næstu árum, samtals um 4 milljarða á næstu tveim árum þrátt fyrir það að þessir sömu hæstv. ráðherrar og allir ráðherrar viti að engar aðgerðir eru líklegri til að treysta byggð en einmitt samgöngubætur. Ráðherrann veit líka að til þess að atvinnurekstur blómstri um allt land þarf að jafna samkeppnisstöðu.

Mér barst bréf nýlega, afrit af bréfi til Símans, þar sem íbúar og aðstandendur atvinnufyrirtækja við Ísafjarðardjúp óskuðu eftir að mark yrði tekið á umleitan þeirra og bréfum sem þeir hafa skrifað á undanförnu þrem og hálfu ári, fyrst fyrir þrem og hálfu ári og margítrekað, um að þeim yrði komið í viðunandi tengingu við umheiminn þannig að þeir gætu rækt atvinnustarfsemi sína á sambærilegan hátt og aðrir landsmenn sem búa á þéttbýlissvæði, stundað nám og fleira sem einmitt er verið að minnast á hér sem forsendur þess að byggðaþróun geti orðið viðunandi. Þessu hefur ekki verið svarað.

Það hefur komið fram í umræðum á Alþingi að ráðherrar telja það ekki hlutverk sitt að skipta sér af starfsemi Símans vegna þess að hann sé orðinn hlutafélag. Það er eftir sem áður svo, herra forseti, að Síminn er að stærstum hluta til í eigu okkar landsmanna allra og það er samgönguráðherra sem fer með hlutabréf ríkisins. Það hlýtur því að vera hlutverk ríkisstjórnarinnar að ýta við þessu fyrirtæki ef það er raunverulega meining ráðherranna að það eigi að koma lagi á samgöngumál, bæði í lofti og á láði.

Við þekkjum stöðu sveitarfélaganna. Þau eru látin engjast árum saman. Þróun í land- og sjóflutningum er látin fara eins og verða vill og reyndar beinlínis stuðlað að því að flutningur færist alfarið á land með óhagstæðum flutningsjöfnunargreiðslum og olíugjaldi sem mismunar bifreiðaeigendum. Afleiðingar þess eru mikil mengun, stóraukin hætta á vegum sem eru alls ekki undir það búnir eða fyrir það byggðir að flytja svona mikla umferð á þeim og þunga, mikill aukakostnaður fyrir fyrirtæki landsins, tilheyrandi verðhækkanir á vöru og stóraukið slit vega.

Það kom fram í rannsókn Tinnu Finnbogadóttur, sem er nemi við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn, að flutn-

ingar á landi eru allt að 340% dýrari en flutningar á sjó. Vegslit af völdum bifreiða, 10 tonna og þyngri, er miklu meira og alvarlegra þar sem þessar bifreiðar mylja undirlag veganna miklu verr en bifreiðar, 4 tonna og léttari, og gjaldið sem er sett á þessar bifreiðar er ekki í neinu samræmi við það slit sem af þeim hlýst.

Ríkisstjórnin hefur ríkar ástæður og full efni til þess að hafa hönd í bagga og stýra því hvernig flutningar fara fram á landi og í kringum landið, á láði eða á legi. En þetta kemur þeim víst ekkert við frekar en annað.

Hæstv. ráðherra hefur það fyrir sið þegar ég ræði við hana um byggðamál að minna mig á að Byggðastofnun var flutt til Sauðárkróks. Ráðherrann telur sjálfsagt að hún stingi upp í okkur þingmenn með því að minna á þau örfáu dæmi sem hægt er að finna um aðgerðir og uppbyggingu utan Akureyrar og Miðausturlands. Svo er þó hreint ekki og gagnrýni okkar beinist, svo það sé skýrt tekið fram, ekki að því sem verið er að gera á Akureyri og Miðausturlandi. Það er hreint ekkert of mikið. En það þarf að hafa hönd í bagga víðar og það má ekki láta fólk engjast í óvissu árum saman.

Ég tók eftir því ásamt mörgum fleirum að um leið og Byggðastofnun var flutt norður á Sauðárkrók voru settar á fót tvær stofnanir á Akureyri sem hafa með höndum sams konar verkefni og Byggðastofnun er ætlað að hafa. Ég hefði hins vegar talið eðlilegt og ákjósanlegra að Byggðastofnun sjálf væri efld til frekari verka en að útdeila verkum og verkefnum til annarra og hugsanlega gera Byggðastofnun óþarfa með tímanum. Ég vona að það sé ekki ætlun hæstv. ráðherra því að þá væri illa farið með fé skattborgaranna og óorði komið á flutning ríkisstofnana út á land.

Það er líka augljóst að ef tryggja á að Byggðastofnun geti sinnt þeim verkefnum sem henni er ætlað þarf að auka möguleika hennar á styrkveitingum í stað lána. Það er nefnilega þannig, hæstv. ráðherra, að á ýmsum svæðum landsins er ekki til fjármagn til að standa undir nýsköpun og stofnsetningu fyrirtækja. Þetta á ráðherrann reyndar að vita. Það er ekki hægt að krefja um mótframlag þegar engir peningar eru til og það kann einmitt að vera meðal skýringa á því að færri umsóknir komu úr Norðvesturkjördæmi en úr kjördæmi hæstv. byggðamálaráðherra í 700 millj. kr. sem rætt er um í skýrslunni sem við erum að fjalla um, 700 millj. kr. sem veittar voru til uppbyggingar eða sérstaks átaks í atvinnumálum fyrir síðustu kosningar.

Jafnframt þarf að efla atvinnuráðgjöf á svæðum en ekki planta fleiri ráðgjöfum niður á Akureyri þó að þeir sem þar starfa séu allir góðra gjalda verðir. Nýlega gengu einmitt á fund fjárlaganefndar aðilar úr Norður-Þingeyjarsýslu sem sárvantar liðsstyrk, vantar eitt stöðugildi í viðbót til að geta sinnt þeim verkefnum við atvinnuuppbyggingu sem fyrir liggja.

Ég man líka að búið er að flytja Landmælingar ríkisins til Akraness. Það er mál þeirra sem til þekkja að afar vel hafi tekist til enda hafa heimamenn lagt sig fram um að greiða götu stofnunarinnar. Nú er hins vegar gert ráð fyrir stórskertum framlögum til hennar í frumvarpi til fjárlaga. Gert er ráð fyrir að felld verði niður 30 millj. kr. fjárveiting til kortagerðar stofnunarinnar en það er verkefni sem var gerður samningur um í stefnumótun hennar og hluti af árangursstjórnarsamningi sem var gerður við hana í upphafi. Það er ljóst að ef staðið verður við þetta ákvæði í fjárlögum mun þessi stofnun þurfa að segja upp fjölda manns.

Það liggur við að manni falli allur ketill í eld þegar maður stendur frammi fyrir svona vinnubrögðum, og hvað á maður eiginlega að halda? Fylgir enginn hugur máli þegar verið er að koma starfsemi fyrir utan Reykjavíkur?

Það er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra sýni þess merki að hún þekki aðstæður á Íslandi öllu og láti sig varða hvernig hagur fólksins er. Hún verður að beita áhrifum sínum á þeim svæðum landsins sem virkilega er þörf fyrir og vinna í þeim anda sem þessi byggðaáætlun sem við erum að tala um hér er sett fram í. Markmiðin eru virkilega góð eins og ég sagði í upphafi máls míns. Íbúum næstum alls Norðvesturkjördæmisins, íbúum norðausturhornsins og á suðausturhorni landsins, svo eitthvað sé nefnt, hlýtur að þykja nóg um afskiptaleysi hæstv. ráðherra. Þeir bíða óþreyjufullir eftir að hún sýni þess merki að hún þekki til aðstæðna þar og vilji láta til sín taka í anda byggðaáætlunar sem nú hefur bráðum runnið sitt skeið. Vonandi fáum við að sjá næstu áætlun í góðum anda líka og áætlun sem betur verður framfylgt en þeirri sem hér er til umræðu.

[14:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er eiginlega dálítið hissa á þeirri ræðu sem hér var flutt, ég get ekki annað sagt. Mér finnst ákveðinn hroki felast í því að bera það hér á borð að ég þekki ekki til landsins alls. Ég held að hv. þingmaður ætti bara að kynna sér dagbók mína og átta sig á því hvað ég fer mikið um landið.

Svo finnst mér eins og hún sé farin að yfirbjóða kollega sinn úr Norðausturkjördæmi, Kristján Möller, sem talar hér næst. Ég gæti gjarnan spurt hann að því, þó að það falli kannski ekki vel að þessu andsvari, hvort hann sé ekki sammála hv. þingmanni um að það sé verið að gera allt of mikið á Akureyri af minni hálfu og hálfu stjórnvalda.

Þetta var ræða sem mér finnst eiginlega ekki vera boðleg.

[14:38]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra verður bara að meta það sem hroka ef henni finnst það vera hrokafullt sem ég hef sagt í dag. Það er einfaldlega þannig að mér svíður að sjá afskiptaleysi ráðherrans af stórum svæðum landsins sem ég fer um. Ég veit að umbjóðendur mínir í Norðvesturkjördæmi eru mér hjartanlega sammála um að lítið verði vart við aðgerðir af hálfu ráðherrans og ráðuneytis hennar í því kjördæmi.

Ég tók það sérstaklega fram í ræðu minni áðan að ég teldi ekki að neitt væri ofgert, hvorki á Miðausturlandi né á Akureyri, þannig að það er ekkert hægt að snúa neinu upp á mig í þeim efnum. Það er vissulega gott að byggja upp á Akureyri og í Eyjafirði en það þarf að líta víðar við. Þó að ég segi að það þurfi að líta víðar við þýðir það ekki að ég telji neitt ofgert á Akureyri eða á Miðausturlandi, þvert á móti.

Mér finnst að það eigi að sinna málum áður en heilu

landsvæðin eru komin að fótum fram en þannig er ástandið að verða mjög víða á landinu.

[14:39]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Hér í lok viku, á föstudegi, tökum við til umræðu og höldum áfram að ræða skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar fyrir árin 2002–2005. Í dag er 5. nóvember. Þetta er skýrsla sem hefði að sjálfsögðu, eins og áður hefur verið sagt, átt að ræðast síðasta vor. Við hefðum átt að fjalla um hana þá en það var ekki gert. Hæstv. ráðherra kennir forseta þingsins um það að skýrslan hafi aldrei komist á dagskrá. Hún hefur lýst því við fyrri umræðu að hún hafi mikið gert til að koma skýrslunni á dagskrá.

Ég hef áður sagt „betra er seint en aldrei" og held mig við það þó að það sé alltaf slæmt þegar umræða er slitin í sundur. Það er eðlilegt að þetta sé mikið rætt. Það er kannski heldur ekkert óeðlilegt við það að í sal Alþingis í dag eru aðeins þrír alþingismenn á þessari stundu við að ræða skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar. Ég tek þó skýrt fram að það eru nokkrir á mælendaskrá. Það er kannski sýnishorn af því hvernig byggðamálaumræða hefur þróast á hinu háa Alþingi hin síðari ár.

Ég hef sagt það áður og vitnað í orð hæstv. fyrrverandi félagsmálaráðherra, Páls Péturssonar, sem hann sagði úr ræðustól, að Framsóknarflokkurinn hefði gleymt landsbyggðinni þegar hann hóf markaðssókn fyrir formann Framsóknarflokksins á höfuðborgarsvæðinu. Hann hefur þó ekki miklu meira atkvæðamagn bak við sig en formaður stúdentaráðs í kosningum til stúdentaráðs, en sleppum því nú. Auðvitað sakna ég þess að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn skuli ekki koma hér í umræðu, einkanlega sjálfstæðismenn sem eru yfirleitt á harðahlaupum frá þessu máli og ræða það ógjarnan á Alþingi.

Mörg atriði hefði ég viljað ræða í seinni ræðutíma mínum um þessa skýrslu en verð því miður að stikla á stóru, fara bara yfir nokkur atriði. Ég var búinn að fara yfir fáeina þætti, m.a. að nefna það og vekja athygli þingsins á því að sú skýrsla sem lögð var fram á þessu hausti er töluvert mikið öðruvísi en sú skýrsla sem hæstv. ráðherra lagði fram á vorþingi. Ýmsir merkilegir markmiðakaflar, kaflar um hver beri ábyrgð á framkvæmdinni og hverju eigi að ná í þeim efnum, eru fallnir út. Hæstv. iðnaðarráðherra, ráðherra byggðamála, hefur ekki getað svarað því á sannfærandi hátt hvers vegna þetta er farið út. Nefni ég t.d. afslátt vegna lána hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna sem átti að vera á herðum hæstv. fjármálaráðherra. Ég spurði hæstv. fjármálaráðherra út í það sl. vor og svörin voru þau að nánast ekkert væri verið að gera í málinu. Nú hefur þetta verið fellt út úr skýrslunni, þ.e. markmiðasetningin og áformin, hin göfugu, fallegu orð sem sett voru í þessa skýrslu og sett inn í áætlunina sem svo kemur í ljós að er ekkert annað en orðin tóm. Því miður.

Ég gæti tekið mörg atriði. Ég hef áður rætt um það að byggðamál snúast orðið miklu meira um það sem mundi kallast jöfn lífskjör og jöfn búsetuskilyrði fólks, sama hvort það býr í Reykjavík eða á Raufarhöfn, í Kópavogi eða á Kópaskeri. Það er auðvitað ólíðandi, eins og ég hef áður sagt, að fólk á þeim stöðum þar sem ríkið rekur ekki framhaldsskóla skuli þurfa að leggja fram miklar og háar upphæðir umfram íbúa landsins sem sitja í þeim sveitarfélögum þar sem ríkið rekur framhaldsskóla og borgar kennurum laun. Þetta fólk þarf að punga út miklum fjármunum til að mennta unglinga sína og það er náttúrlega óþolandi og ólíðandi.

Nú skal ég taka það skýrt fram, virðulegi forseti, að töluverðum upphæðum er varið til jöfnunar námskostnaðar. Það er mikið og gott atriði í sambandi við jafnræði og jöfnun búsetuskilyrða en hins vegar vantar meiri peninga, miklu meiri, vegna þess að þetta er ekki jafnað nóg.

Sama má segja um ótal mörg önnur atriði, t.d. fyrir íbúa landsbyggðarinnar sem þurfa að leita sér lækninga suður til Reykjavíkur. Þar munar líka miklu á að jafnræðis sé gætt. Þetta á auðvitað að gerast í gegnum skattkerfið, eins og kom fram og var svo fallega sagt í lögunum sem við ræddum í gær, þ.e. breytingar á lögum um húsnæðissjóð, 90% lánin. Þar er sagt að jöfnunaraðgerðirnar skuli gera í gegnum skattkerfið og eigi að gera það í leiðbeiningum um greinarnar. Þetta er fallega sagt og vonandi að það verði tekið fyrir á fleiri stöðum.

Virðulegi forseti. Á þeim stutta tíma sem ég hef ætla ég að gera að umtalsefni tekjustofna sveitarfélaga og það hvernig ríkisvaldið, ríkisstjórn og Alþingi, hafa sífellt verið að setja meiri kvaðir, lög og reglugerðir á sveitarfélögin án þess að tekjustofnar hafi fylgt með. Þetta segi ég hér í umræðu um byggðamál vegna þess að það er auðvitað mjög mikilvægt atriði í sambandi við byggðamál að öll sveitarfélög á landinu hafi tekjustofna til að sinna lögboðnum framkvæmdum og ákvörðunum sem sveitarfélögin eiga að sinna, svo og lögbundinni þjónustu. Sveitarfélög vítt og breitt um landið geta það alls ekki vegna þess hve lágur tekjustofninn er orðinn.

Þetta ætla ég að gera að umtalsefni vegna þess að svokallaðri fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga er nýlokið. Þar voru flutt mörg mjög merkileg erindi og sýnt fram á hvernig sífellt hafi verið að fara á verri hliðina fyrir sveitarfélögin í fjárhagslegum samskiptum ríkis og bæja. Þar féllu t.d. orð hjá formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og þau að það gengi illa að toga ríkisvaldið að þessu borði, þ.e. til að ræða á vitrænan hátt, eins og hann sagði, við ríkisvaldið um tekjustofna sveitarfélaga. Þar sagði þessi sami maður þau orð að samskipti ríkis og sveitarfélaga væru ekki nógu góð. Hann tók svo dæmi af efnahagsmálum, kjarasamningamálum og fjárhagslegum samskiptum.

Það kom líka fram hjá sambandinu, formanni, að stjórn þess væri mjög ósátt við þá samráðsfundi sem haldnir væru milli ríkisins og sveitarfélaganna. Hann sagði að þeir gögnuðust lítið sveitarfélögunum og að umræðurnar væru ekki mjög vitrænar. Virðulegi forseti. Ég hef hér eftir það sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga sagði um samskipti ríkisvaldsins og sveitarfélaganna. Þó að ég geri mér grein fyrir því að þessi mál heyri undir félagsmálaráðherra er engu að síður rétt að draga þau hér fram í þessum efnum.

Ég ætla ekki að hafa allt eftir að þessu sinni sem kom fram á ráðstefnunni en ég vil líka taka sem dæmi umsögn bæjarstjórans á Akureyri. Hann er einn af þremur í tekju-

stofnanefnd og er að reyna að semja við ríkið um þessi atriði. Hann orðaði það svo að það væri dapurt að sitja fundi við umboðslausa aðila frá ríkisvaldinu og sagði að við værum nánast í sömu sporum og í desember 2003. Þetta segir margt um fjárhagslegu samskiptin og ég ítreka að ég geri þetta hér að umtalsefni vegna þess að sveitarfélögin eru náttúrlega stærstu atvinnurekendur vítt og breitt og í mörgum sveitarfélögum á landinu þó að svo sé ekki hér á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélögin eiga að sinna lögbundinni þjónustu við íbúana, sama hvort það er í skólamálum, leikskólamálum, öldrunarmálum, annarri félagslegri þjónustu eða hverju sem er. Þau geta það ekki vegna þess að sífellt er verið að þrengja að þeim.

Ég ætla að grípa aðeins niður í nokkur atriði sem komu fram í ágætu erindi bæjarstjórans á Akranesi þar sem hann bar saman hvernig þetta hefði þróast hjá sveitarfélögunum gagnvart ýmsum ákvörðunum sem hafa komið frá hinu háa Alþingi. Hann tók sem dæmi að kostnaðurinn vegna húsaleigubóta hjá Akureyrarbæ hefði aukist úr 10 millj. í 50 millj. frá 1990 til 2003. Það má taka fleiri málaflokka sem þarna voru teknir sem dæmi. Kostnaður t.d. vegna barnaverndar hefur á sama tíma eða frá árinu 1990 til 2003 hjá Akureyrarbæ aukist úr 5 millj. kr. í 20 millj. kr. Kostnaður vegna liðveislu hefur hækkað úr 5 millj. í 22 millj. frá 1990–2003 hjá Akureyrarbæ.

Það var ansi merkilegt sem sagt var á þeim fundi um grunnskólana, orðrétt, með leyfi forseta:

„Það sem mátti ekki gera meðan ríkið annaðist grunnskólann er orðið að skyldu eftir að sveitarfélögin tóku við.“

Ég vek athygli á þessu orðalagi, virðulegi forseti. Þetta eru orð sem skólastjórnandi hafði um kerfið eftir að ríkið losaði sig við grunnskólana og færði þá til sveitarfélaganna. Síðan hefur margt annað í rekstri grunnskóla stóraukist vegna ákvarðana og reglugerða frá Alþingi og frá menntamálaráðuneyti.

Það má t.d. líka fjalla um þessi fjárhagslegu samskipti þegar menn tala um styttingu náms til stúdentsprófs. Þá er gert ráð fyrir tilfærslu verkefna til grunnskólanna, aukinnar endurmenntunar og aukinnar námsráðgjafar. Þarna er verið að færa þetta í rauninni frá ríkinu til sveitarfélaganna. Hver á að borga brúsann? Sveitarfélögin að mati hæstv. ríkisstjórnar.

Það má halda áfram svona, virðulegi forseti, en tími gefst ekki til að fara í gengum þessi fjárhagslegu samskipti.

Ég vil aðeins segja það að lokum um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga að mikil þörf er á því að niðurstaða komi út úr þeim viðræðum sem eru í gangi nú milli sveitarfélaganna og ríkisvaldsins í tekjustofnanefndinni. Frá þessari nefnd verða að koma tillögur um bráðaaðgerðir til að rétta af fjárhag sveitarfélaganna í því sem búið er að gera þar sem skuldir hafa verið að hlaðast upp.

Hitt er svo næsta verkefni sem verður auðvitað að vinna samhliða vegna þeirrar ákvörðunar sem ríkisstjórnin hefur tekið, þ.e. að efna til allsherjaratkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga næsta vor. Ef ekki verður búið að koma tekjustofnum sveitarfélaganna í eðlilegt horf, ef ríkisvaldið verður ekki búið að gefa eftir hluta af þeim skatti sem innheimtur er til sveitarfélaganna, spái ég því að engar sameiningarkosningar verði í landinu, það verði ekki hægt að leggja það fyrir íbúa landsins, íbúa byggðarlaga úti um allt land, að fara að greiða atkvæði um slíkar sameiningartillögur ef sveitarfélögin eiga að vera jafnfjársvelt og þau eru núna frá hendi ríkisins vegna þeirra atriða sem ég hef hér tekið nokkur dæmi um í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Ég geri mér grein fyrir því, virðulegi forseti, að það eru alvarleg orð sem ég færi hér fram um þessar fyrirhuguðu sameiningarkosningar. Það er sannarlega þörf á því að fækka sveitarfélögum og sameina þau, a.m.k. þessi allra minnstu, til þess að þau geti betur innt af hendi þá þjónustu sem þarf gagnvart íbúunum. En málið er að mínu mati mjög alvarlegt og er í mjög þröngri stöðu.

Ég ætla rétt í lokin, virðulegi forseti, að nefna í þessu sambandi að þegar hæstv. ríkisstjórn tók ákvörðun um — ég vek athygli á því að það er hæstv. ríkisstjórn með ráðherra byggðamála innan borðs — að fara í skattkerfisbreytinguna sem gerð var og auka möguleika á því að færa rekstur úr einkarekstri yfir í einkahlutafélög hafði það í för með sér að mati núverandi hæstv. félagsmálaráðherra, fyrrverandi varaformanns Sambands íslenskra sveitarfélaga, að sveitarfélögin töpuðu um 1.000–1.300 millj. kr. Þetta, virðulegi forseti, hefur sveitarfélögunum aldrei verið bætt, að ekki sé nú rifjað upp aftur í tímann þegar Íslendingar stóðu í biðröðum hjá verðbréfastofum á gamlársdag til að kaupa sér hlutabréf og nýta sér skattafslátt. Auðvitað var sá skattafsláttur líka gefinn með því að fella niður svo og svo miklar tekjur til sveitarfélaganna.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins nefna þennan eina þátt sem á sannarlega erindi inn í umræðu um skýrslu um byggðamál. Fjárhagsstaða mjög margra sveitarfélaga á landinu er það döpur, það léleg, að þau geta ekki innt af hendi til borgaranna þá lögbundnu þjónustu sem sveitarfélögin eiga að veita, þá sjálfsögðu þjónustu sem íbúar vítt og breitt um landið vilja fá frá sveitarfélagi sínu. Stóru sveitarfélögin sem flest eru á höfuðborgarsvæðinu geta innt þessa þjónustu af hendi og eru sífellt að auka hana. Það geta þau vegna þess að tekjur til þeirra hafa aukist, m.a. vegna búferlaflutninga.

[14:54]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við erum að ræða 30 blaðsíðna skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðamála. Ég vil segja það í upphafi máls míns að þetta er ákaflega léleg skýrsla. Þetta er eitt það lélegasta sem ég hef lesið vegna þess að þetta er samtíningur. Ef við tökum saman skýrslu og skoðum markmið og leiðir er æskilegt að menn hafi eitthvað að leiðarljósi, geti borið saman. Menn verða að vera með einhverjar mælistærðir til að mæla árangur en ekki bara að tína saman einhver verkefni héðan og þaðan úr ráðuneytunum. Það eru alveg furðuleg vinnubrögð og skrýtið að horfa upp á það núna, sérstaklega í ljósi þess hvernig byggðir landsins standa víða.

Til að hafa eitthvert vit í svona skýrslugerð tækju menn saman þróun íbúa og einnig tækju menn saman hvort störfum væri að fækka eða fjölga í viðkomandi byggðarlagi. En það er ekki gert. Nei, það er bara samtíningur af einhverjum verkefnum og svo er ekki hægt að sjá hvort störfum fækkar

eða fjölgar. Hverju skilar verkefnið? Það er ómögulegt að sjá það þegar verið er að lesa í gegnum þessi verkefni.

Ég var búinn að fara í gegnum helminginn af skýrslunni í fyrri ræðu minni og m.a. kominn í gegnum fjarskipti. Þar þarf að gera verulega bragarbót, bæta fjarskiptakerfið og jafna gagnaflutning til landsbyggðarinnar.

En meginatriðið raunverulega í skýrslunni er það sem á vantar, umfjöllun um meginatvinnuvegi landsbyggðarinnar. Lítið er fjallað um sjávarútvegsmál, nánast ekkert. Ein helsta aðgerð Framsóknarflokksins, þar sem þeir stóðu allir saman sem einn, meira að segja hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, var að kvótasetja trillurnar. Það er nú eitt af því sem kemur landsbyggðinni og Norðvesturkjördæminu — sem hæstv. forsætisráðherra sagði að kominn væri tími til að fara að athuga — mjög illa, sérstaklega norðanverðum byggðunum. Það ættu allir að sjá. Það er ekkert fjallað um það.

Eini kaflinn um sjávarútvegsmál er um AVS-sjóðinn sem er skammstöfun á „aukið virði sjávarfangs". Sá sjóður er einmitt eins og ekki á að skipuleggja rannsóknasjóði. Þar er búið að hólfa niður 200 millj. kr. í ákveðna rannsóknarflokka þar sem hagsmunaaðilar í viðkomandi atvinnugrein, fiskeldi, þeir sem fara fyrir hópnum þar, eru leiðandi í fiskeldi. Það væri miklu nær og miklu betra fyrir landsbyggðina að auka hreinlega fé til samkeppnissjóða en ekki að hólfa þetta rannsóknafé niður og hafa síðan hagsmunaaðila í forsvari fyrir því hvaða rannsóknir á að fara í og hverjar ekki. Það er ekki vænlegt til árangurs.

Síðan spurði ég fyrr í umræðunni hvort rafmagnsverð til fyrirtækja á landsbyggðinni mundi hækka eða lækka og það væri mjög fróðlegt að fá svör við því hjá hæstv. iðnaðarráðherra. Eins og staðan er núna er rafmagn sem fyrirtæki á landsbyggðinni greiða 30% hærra en það sem fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu greiða. Auðvitað er löngu orðið tímabært að jafna þann mun ef menn meina eitthvað með byggðaáætlunum og fagurgala um að jafna búsetuskilyrði og allt það. Stundum virðist þetta vera algjört þvaður sem engin meining er á bak við.

Maður sannfærist eiginlega um það þegar maður les í gegnum skýrsluna. Það er verið að telja upp verkefni og meira að segja verkefni sem koma landsbyggðinni varla við. Jú, þau koma henni við en því miður hefur fjármagnið í þeim verkefnum mestmegnis runnið til höfuðborgarsvæðisins.

Þá vil ég nefna fráveitumál í kafla á bls. 23:

„Unnið er samkvæmt lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum. Ríkið tekur þátt í kostnaði ..." og svo segir hér áfram að heildarframlag ríkisins til fráveitumála verði 2,2 milljarðar. Í skýrslu um byggðamál hefði maður haldið að þessir fjármunir hefðu þá runnið til byggðanna. Nei, þessir fjármunir hafa mestmegnis runnið til höfuðborgarsvæðisins, og það sem landsbyggðin þarf helst á að halda er að farið verði í raunverulegar undirbúningsrannsóknir og það verði metið hver raunveruleg þörf er á því að fara í dýrar mengunarvarnir á fámennum stöðum. Nei, þetta er í kafla um fráveitumál þótt það ætti betur heima í kafla um höfuðborgarsvæðið því ég hugsa að þangað hafi 80% runnið af þeim 2,2 milljörðum sem eru taldir upp í skýrslu um byggðamál.

Síðan eru fleiri kaflar hérna. Það er námskeið um klasa, langur kafli um það á bls. 20, og eftir því sem ég kemst næst í þeim kafla er þetta eflaust ágætisnámskeið, tveggja daga námskeið sem var haldið í Reykjavík. Ég veit í rauninni ekki hvað það hefur fjölgað mörgum störfum, eða fækkað. Hefur þetta fjölgað störfum? Það væri fróðlegt að fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvort þarna hafi náðst verulegur árangur. Svona getur maður lengi haldið áfram.

Meðal annars er fjallað um heilbrigðismál og í rauninni er alveg ómögulegt að átta sig á þeim kafla. Þetta er almennt hjal um fjarlækningar og bráðarannsóknir, fjarlækningar fyrir sjómenn — ef við erum að ræða byggðamál ættum við náttúrlega að vera að fara yfir það hvað þetta hefur fjölgað eða fækkað störfum. Mér hefði þótt það eðlilegt en það kemur ekki hér fram.

Svo er kafli á bls. 22 um þjóðgarða. Störfum þar hefur fjölgað um þrjú. Það verður að þakka sérstaklega fyrir það. Þar er vel að verki staðið, það eru þrjú störf þar.

Í mörgum þeirra verkefna sem við ræðum um nú kemur ekkert fram um árangur þeirra.

Á bls. 18 er eitt mál sem alltaf er verið að tala um, endurgreiðsla námslána. Það er búið að tala mikið um það og ekkert gerist. Þetta er rosalega flókið mál. Ég veit eiginlega ekki hvar það ætlar að enda. Mér finnst hreinlegra að menn bara segi: Nei, við ætlum ekki að gera þetta, í staðinn fyrir að gefa einhvern ádrátt um að þetta verði mögulega gert. Ég eiginlega skil ekki hvað hæstv. byggðamálaráðherra er að fara.

Ef maður fer yfir skýrslu um íbúaþróun og atvinnuþátttöku í sjávarbyggðum landsins er augljóst að fjölmörg störf hafa tapast. Það á að tala um hlutina eins og þeir eru en ekki einhver verkefni út og suður sem segja ekki neitt og er erfitt að átta sig á.

Förum aftur í landbúnaðarmálin. Ég ræddi um trillurnar áðan og það mál telst aðför að landsbyggðinni. Nú hefur hæstv. landbúnaðarráðherra verið í þeim verkum að fækka sláturhúsum, oft með mjög ómálefnalegum hætti og ekki gætt jafnræðis. Maður áttar sig ekki á því. Í rauninni væri miklu nær að hæstv. byggðamálaráðherra og landbúnaðarráðherra færu yfir það með íbúum landsbyggðarinnar hvernig best væri að auka sem mest virði landbúnaðarafurða á þeim stöðum sem afurðirnar eru framleiddar. Ég tel að miklu nær væri að hafa þá stefnu að vera með minni sláturhús og vera úti í byggðunum í staðinn fyrir, eins og stefnan er nú, að menn fækki sláturhúsum og fari út í að uppfylla kröfu sem er í rauninni lítið annað en viðskiptalegar hindranir, tæknilegar viðskiptahindranir Evrópusambandsins. Ríkisstjórnin er að eltast við þær og notar til þess ómældar fjárhæðir. Hún notar mjög háar upphæðir til að fækka störfum. Þetta er alveg furðulegt. Hún notar mikið fé til að skaða landsbyggðina, notar skattfé almennings til þess.

Maður verður líka að virða það sem vel er gert. Það er þarna ágætisverkefni um rafrænt samfélag sem virðist skila þó nokkrum störfum, átta störfum sýnist mér. Ég hefði talið miklu nær að vera með fleiri svoleiðis verkefni í staðinn fyrir að fara í aðgerðir sem ganga þvert á hagsmuni landsbyggðarinnar.

Svo er þessi tónn gagnvart okkur landsbyggðarfólki sem

mér finnst algerlega óþolandi, tónn sem kom m.a. fram um daginn í umræðunni um að Byggðastofnun hefði verið flutt út á land. Auðvitað á hún að vera úti á landi. Ég tel að ég sem íbúi á Sauðárkróki eigi ekkert að þakka það sérstaklega. Mér finnst bara eðlilegt að Byggðastofnun sé þar og að verkefni séu flutt í meira mæli út á land. Það má bera það saman, eins og ég sagði fyrr í umræðunni, að ætlast væri til að fólk á höfuðborgarsvæðinu þyrfti að þakka sérstaklega fyrir að einhver stofnun í borgarmálefnum væri staðsett t.d. fyrir austan og flutt til höfuðborgarinnar. Það væri alger fjarstæða að þakka það sérstaklega. Það væri bara eðlilegur hlutur.

Ef skynsemi væri í efnahagsstjórninni núna og menn ætluðu að vera sniðugir væri stefnan sú að fjölga störfum í meira mæli úti á landi. Hér hefur verið þensla en samdráttur úti á landsbyggðinni en samt er ekkert brugðist við. Verið er að draga saman í heilbrigðisstofnunum víða í Norðvesturkjördæminu þrátt fyrir orð hæstv. forsætisráðherra. Það sýnir hvað mikið er að marka hvað þessir háu herrar segja. Forsætisráðherra segir að komið sé að Norðvesturkjördæminu en þegar farið er yfir fjárlagafrumvarpið er þar samdráttur. Það væri fróðlegt að fá að heyra hjá hæstv. byggðamálaráðherra hver stefnan er varðandi það kjördæmi sem stendur hvað verst. Þá á ég við norðurhlutann.

Það er a.m.k. ekki mikið samræmi í orðum og athöfnum. Ég tel vænlegra upp á framtíðina að gera að þegar hæstv. byggðamálaráðherra kemur hér næst með skýrslu verði hún betur úr garði gerð. Það verður að gera þá kröfu. Það er mjög auðvelt að gera betur. Ég hef verið að kynna skýrsluna á fundum um landið og fólk er rosalega hissa á því að hægt sé að búa svona til og svo eigi að ræða þessa vitleysu þar sem ekki eru notaðar neinar mælistikur. Ég veit eiginlega ekki hvað menn ætla sér með svona vinnubrögðum.

Það væri fróðlegt að heyra hvers vegna ekki var farið yfir það hversu mörgum störfum verkefnin skiluðu. Hvers vegna hafa menn ekki einhverjar mælieiningar til að bera saman? Það er með öllu óskiljanlegt.

Ég tel það forsenduna fyrir því, ef við ætlum að halda áfram að ræða byggðamál, að við séum ekki að ræða hérna einstök verkefni, hvort sem það eru svona voðaverk, vil ég segja, eins og að setja trillurnar í kvóta og fækka sláturhúsum, að við ræðum málin á vitrænum grunni þar sem við förum yfir íbúaþróun í sjávarbyggðunum og skoðum t.d. hvaða áhrif aðgerðir eins og að fækka sláturhúsum hafa. Ég hefði talið það og ég mælist til þess að hæstv. byggðamálaráðherra geri betur en þetta. Þetta er ákaflega slöpp skýrsla, ég segi ekki meira.

[15:09]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég flutti hér ræðu við umræður um þetta mál fyrir viku þar sem ég fór fyrst og fremst í gegnum þau atriði sem lúta að samkeppnishæfni byggðanna. Það eru grunnstoðir atvinnulífsins og búsetunnar um allt land sem skipta meginmáli. Einstakar sértækar aðgerðir eiga að vera í algjöru lágmarki, eiga bara að vera til að grípa til ef einhver áföll eða eitthvert sérstakt átak er í gangi, en hinn almenni grunnur verður fyrst og fremst að vera fyrir hendi.

Fjármálaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga er nýafstaðin þar sem mjög greinilega kom fram sú erfiða staða sem mörg sveitarfélög eru í vegna þess að ríkisvaldið heldur þeim með skipulegum hætti í fjársvelti. Stöðugt fleiri verkefni eru færð til sveitarfélaganna án þess að þeim fylgi fjármagn. Verkefnin eru bæði lúmskt færð til þeirra og einnig með því að ríkið stendur ekki með eðlilegum hætti við þá samninga og samskipti sem hefur verið gengið út frá að væru milli þessara aðila.

Ég spyr hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og byggðamálaráðherra hvort ríkisstjórnin sé með í bígerð eitthvert sérstakt átak til að jafna og styrkja tekjugrunn sveitarfélaganna til að þau geti axlað þau samfélagslegu verkefni sem þeim er falið samkvæmt lögum. Ég held að eitt hið mikilvægasta núna í byggðamálum sé að það verði gert. Verði það ekki gert skipta litlu máli einstakar sértækar aðgerðir sem hæstv. ráðherra beitir sér fyrir í einhverjum gæluverkefnastíl eins og vinnulagið hefur verið hjá hæstv. ráðherra innan þess málaflokks sem hún hefur og sem kallast byggðamál.

Það eru þessi stóru atriði sem skipta máli. Verði tekjugrunnur sveitarfélaganna ekki styrktur verður mönnum mikill vandi á höndum og erfitt að ætla að bæta það upp með einhverjum sértækum aðgerðum.

Annað mál sem hæstv. ráðherra hefur líka farið í kringum eins og heitan graut er flutningsjöfnunarmálin. Við erum búin að ræða þetta hér á undanförnum þingum. Skýrslur hafa verið unnar, a.m.k. tvær frekar en ein, ef ekki þrjár, sem sýna fram á gríðarlega hækkun á flutningskostnaði á vörum úti um allt land, langt umfram verðlagsþróun og þrátt fyrir að flutningsfyrirtækin telji sig hafa verið að vinna stórátak í hagræðingu, hætta strandsiglingum og telji sig hafa unnið að hagræðingu. Samt stórhækkar flutningskostnaður. Eitt af kosningamálum Framsóknarflokksins fyrir síðustu alþingiskosningar var að það átti að lækka og jafna flutningskostnaðinn. Við fáum kannski að heyra það aftur fyrir næstu kosningar að það sé áfram á stefnuskrá Framsóknarflokksins. Þetta er mál sem hæstv. byggðamálaráðherra er með á sínum höndum nú — og ekkert gerist. Við fengum jú umræðuna um olíufélögin hér áðan og skýrslu Samkeppnisstofnunar sem sýnir að olíufélögin hafa með skipulegum hætti haldið uppi verði á olíu sem hefur komið einmitt hart niður á flutningsaðilunum. Áttu ekki sömu aðilar þá líka eignarhlutinn í sumum flutningsfyrirtækjunum? Hvernig ætlar hæstv. iðnaðarráðherra að ná þessu til baka, þessum ofteknu gjöldum á flutningana í landinu?

Hvað líður þeim aðgerðum sem hæstv. ráðherra ætlaði að beita sér fyrir varðandi flutningsjöfnunina? Því er svarað hér að þetta sé í einhverju þjarki við einhvern dómstól eða í einhverri nefnd úti í Brussel. Það er mjög auðvelt að skjóta sér á bak við svoleiðis en ekki stórmannlegt. Þetta skiptir máli.

Jöfnun á námskostnaði. Sérstakur sjóður á að jafna kostnað námsmanna í framhaldsnámi. Nemendur sem þurfa að fara um langan veg frá heimilum sínum í framhaldsskóla geta sótt í hann. Sú fjárhæð stendur gjörsamlega í stað, hún fylgir ekki einu sinni verðbólgu, hvað þá að þar sé verið að

auka og bæta í. Ef svo fer fram sem nú horfir samkvæmt tillögum í fjárlagafrumvarpi verður hann skertur til einstaklinga ef eitthvað er vegna þess að þeim einstaklingum fjölgar sem sækja þetta nám. Það fjölgar í þessum árgangi og samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum í fjárlaganefnd mun þörfin fyrir þetta fjármagn aukast. Hvað þá með að hækka framlagið til þessara einstaklinga?

Hvað líður því, hæstv. byggðamálaráðherra, að jafna námskostnað hjá ungu fólki? Það er aðgerð sem kemur öllum vel hvar sem þeir búa á landinu en þurfa að sækja skóla um langan veg. Hvað líður umræðunni um tónlistarskólana? Ungt fólk sem þarf að fara úr byggðum sínum til stórþéttbýlisins, hvort sem það er til Akureyrar eða Reykjavíkur, til að sækja framhaldsskóla þar vegna þess að þeir eru ekki í heimabyggð þeirra en tónlistarnám er hluti af námi þeirra.

Í fyrsta lagi verða þeir að borga stórfé fyrir að sækja slíkt nám og í öðru lagi er verið að vísa þeim þaðan út nú um áramótin. Það er ekki að furða þó að fjöldi ungs fólks verði að flytja lögheimili sitt úr heimabyggð sinni á haustin þegar það fer í skóla til þess að eiga möguleika á að sækja almenna þjónustu sem ætti að vera sjálfsögð. Ég vil inna hæstv. byggðamálaráðherra eftir því hvernig hann sé að vinna að því að jafna þennan kerfisbundna aðstöðumun sem ungt fólk af landsbyggðinni býr við og skiptir gríðarlegu máli.

Ég vil líka inna hæstv. byggðamálaráðherra eftir því hvað ráðherrann hyggst gera í sambandi við samgöngumálin. Er það liður í að styrkja byggðirnar að skera samgönguáætlun niður um 1.600–1.700 milljónir á þessu ári, um 2 milljarða á næsta ári og aðra tvo á þarnæsta ári? Er það liður í að styrkja byggðirnar? Ég held ekki. Ríkisstjórnin er að keyra fram vanhugsaðar skattalækkanir sem síðan bitna á landsmönnum með niðurskurði í samgönguáætlun. Niðurskurður samgönguáætlunar er nauðsynlegur til að vega á móti lækkun skatta sem fyrst og fremst gagnast hátekjufólki. Skattalækkanir gagnast ekki almenningi úti um land, því miður. Hinar stóru byggðaaðgerðir sem ríkisstjórnin er með, eins og skattalækkanirnar, koma fyrst og fremst hátekjufólkinu til góða og það býr ekki úti um land. Og þá verður að skera niður þær framkvæmdir og þjónustu sem er virkilega til styrktar landsbyggðinni eins og samgöngumálin.

Þetta er nú stefnan í byggðamálum í hnotskurn, landsbyggðin er látin taka á sig niðurskurð í samgöngumálum til þess að bera skattalækkanir ríkisstjórnarinnar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Eru þetta sanngjarnar byggðaaðgerðir, skattalækkunum á fólki mætt með niðurskurði á vegaframkvæmdum úti um land?

Ég vil minnast á eitt sértækt atriði sem var til umræðu fyrr í vikunni og snýr að byggðamálum, það snertir sláturhúsin. Gert hefur verið stórátak í hagræðingu í sláturhúsum. Þeim hefur verið lokað og þau lögð niður sem átti að verða til þess að hækka verð til bænda. Sú hefur reyndar ekki orðið raunin, því miður. Heill landshluti er nú án sláturhúss, allt Norðvesturland að undanskildu litlu sláturhúsi í Króksfjarðarnesi og óvíst er hvort það verður starfrækt áfram. Sláturhúsinu í Búðardal var lokað, það fékk ekki að fara í gang á sl. hausti. Í því húsi hefði verið hægt að hafa upptökuhús fyrir stærra svæði á Vesturlandi en það var ekki gert.

En það sem er sértækt við þetta er að sláturhúsið er 95% í eigu Byggðastofnunar. Þetta er atvinnutækifæri þessarar byggðar sem hefur á undanförnum árum, þegar það hefur starfað, skaffað fólkinu sem býr þar 25–30 millj. kr. í vinnulaun. Fólk hefur getað unnið þar hlutastarf sem hefur skipt það gríðarlegu máli. Þetta hús á Byggðastofnun. En eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið lætur hún sig þetta engu varða, þessi mál eða hvernig er hægt að nýta þessa eign.

Þó stendur í þingsályktunartillögunni, en við erum að ræða árangur af henni hér, með leyfi forseta:

„Í Dalabyggð [...] hefur fólki fækkað mikið og samdráttur verið í atvinnulífi, einkum í landbúnaði. Þetta svæði þyrfti verulegan stuðning af opinberri hálfu einungis til að treysta þá búsetu sem þar er nú fyrir hendi.“

Þetta hérað er einmitt gríðarlegt landbúnaðarhérað og treystir á það. Sem betur fer er öflug mjólkurvinnsla í Búðardal. En þarna á Byggðastofnun mannvirki sem hefur verið nýtt allt til þessa og skaffað atvinnu.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, sem fer með þetta sláturhús sem er í eigu Byggðastofnunar, en Byggðastofnun heyrir beint undir ráðherrann, hún er deild í iðnaðarráðuneytinu og forstöðumaður hennar er ráðinn af iðnaðarráðherra og heyrir síðan beint undir hann, og ef ráðherrann getur ekki svarað þessu nú þá ætti hún að hugleiða spurninguna: Hvað ætlast Byggðastofnun fyrir með sláturhúsið í Búðardal? Ætlar hún að standa með heimamönnum um uppbyggingu á slátrun þar áfram eða hvernig á að nýta þessa stóru eign sem Byggðastofnun á þarna?

Við höfum falleg orð í byggðaáætlun um að gera eigi átak í að styrkja og efla atvinnulíf þarna á svæðinu, sem veruleg þörf er á, en heldur lítið hefur orðið um efndir hvað þetta varðar.

Það er sjálfsagt að koma líka að öðrum verkefnum á svæðum eins og þar en þarna er atvinnutæki sem Byggðastofnun á og því er eðlilegt að hún standi skil á því hvernig það verður best nýtt fyrir heimamenn og eigi samstarf um það með þeim.

Frú forseti. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að breyta um kúrs í atvinnumálum á heilu landsvæðunum. Eina sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur dottið í hug er að setja álver í alla firði og á öll nes. Maður heyrir framsóknarmenn á Ísafirði tala um að það ætti að setja álver á Ísafjörð o.s.frv. Þetta er það eina sem kemst í huga hæstv. iðnaðarráðherra.

Ég tel að þetta sé rangt. Það er stórhættulegt að vera með alla sína orku eða stóran hluta hennar bundna í einni atvinnugrein. Það er líka stórhættulegt að ætla að vera með brúttó útflutningstekjur sínar bundnar að stórum hluta í einni atvinnugrein. Nettó er ekki svo mikið að hafa út úr þessari álbræðslu en hún gefur stórar umsetningstölur í útflutningsgreinum.

Ég tel að á norðvestursvæðinu séu t.d. miklir möguleikar í ferðamálum. Á fundi kjördæmisþings Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi sem haldið var nú um síðustu helgi var einmitt ályktað um ferðamálin.

Þar stendur, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í

Norðvesturkjördæmi leggur til að hafin verði stórsókn í uppbyggingu á kjördæminu sem sérstöku ferðaþjónustusvæði og gerð verði sérstök átaksáætlun til næstu fimm ára sem hafi það að markmiði að treysta grunnstoðir ferðaþjónustunnar á svæðinu. Þingið skorar á Alþingi og ríkisstjórn að veita til þessa verkefnis a.m.k. 1 milljarði króna árlega næstu fimm árin."

Gera þarna stórátak. Það er búið að vinna mikla grunnvinnu á þessu svæði til að það geti verið öflugt ferðaþjónustusvæði en fjármagn vantar til að styrkja innviði þess, styrkja markaðsstarf og kynningarstarf. Og ég er viss um að verði það gert mun blómgast þarna mjög öflugt atvinnulíf í takt og sátt við umhverfi sitt.

[15:25]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við erum nú að taka fyrir seinni hálfleik, ef svo má segja, í umræðu um skýrslu hæstv. byggðamálaráðherra, byggðaskýrslu, en fyrri umferðin fór fram fyrir viku. Í fyrri ræðu minni sem ég hélt þá fór ég vítt og breitt yfir fyrri hluta skýrslunnar og kom þar víða við en endaði ræðuna á því að koma aðeins inn á sjávarútvegsmálin. Ég vil nú fá að lýsa því yfir að ég er frekar ósáttur við þessa skýrslu hvað það varðar hvernig stjórnvöld hafa staðið sig í þeim málum. Öllum er jú ljóst að sjávarútvegurinn skiptir mjög miklu máli fyrir hinar dreifðu byggðir landsins.

Í inngangi skýrslunnar er farið yfir byggðaáætlun sem Alþingi samþykkti 3. maí 2002. Ég hnýt um nokkur atriði þar. Byggðaáætlun er rifjuð upp í innganginum og þar er farið yfir meginþætti hennar þar sem fram kemur að í þessari byggðaáætlun eru tólf stefnumarkandi áherslusvið. Fyrsta áherslusviðið er einmitt nýting sóknarfæra í atvinnulífi.

Það er skoðun mín að þetta sé einmitt kjarninn í því sem við eigum að gera þegar byggðamál eru annars vegar, þ.e. að nýta þau sóknarfæri sem við höfum fyrir hendi í atvinnulífinu hverju sinni. Við eigum að sjá til þess að einkaframtakið úti á landsbyggðinni fái að láta til sín taka, stjórnvöldum ber skylda til þess að skapa ramma til þess að svo megi verða.

Þarna tel ég því miður að stjórnvöld hafi brugðist allhrapallega að mörgu leyti, þó að vísu hafi margt gott verið gert líka og ég ætla svo sem ekkert að draga úr því. En það sem einkanlega hefur valdið óánægju hjá mér á undanförnum árum er það hvernig stjórnvöld hafa haldið á spilunum þegar sjávarútvegurinn er annars vegar. Við vitum að hann er gríðarlega mikilvægur mjög víða um land og margar af byggðunum meðfram ströndinni eiga allt sitt undir honum. Í mínum huga er alveg klárt að þessar byggðir eru að mörgu leyti hryggjarstykkið í mannlífi úti á landi því þar er að finna ýmsar þjónustustofnanir sem eru síðan gríðarlega mikilvægar fyrir t.d. landbúnaðarbyggðirnar þar í kring.

En til þess að þær byggðir sem eru yfirleitt alltaf við ströndina, þessar lykilbyggðir ef svo má segja, fái að rækja hlutverk sitt verða þær að hafa ákveðið þjónustustig og þær verða að hafa ákveðið atvinnustig líka. Það verður að vera fyrir hendi ákveðin starfsemi lykilþátta í þessum byggðum til að þær geti sinnt hlutverki sínu.

Á undanförnum árum tel ég að núverandi ríkisstjórn hafi hreinlega veist mjög harkalega að þessum byggðum með aðgerðum sínum. Það hefur komið í ljós að slíkar aðgerðir hafa verið algjörlega ónauðsynlegar. Ég held að ég hljóti enn og aftur að hvetja stjórnvöld og hæstv. byggðamálaráðherra til þess að íhuga það mjög vandlega hvort við höfum ekki verið að gera mjög alvarleg mistök t.d. með því að hefta atvinnufrelsi fólksins sem býr í þessum byggðum til að stunda útgerð. Þá er ég að tala um smábátana og jafnvel báta af millistærð, sem hafa verið mjög algengir og hafa nánast haldið atvinnulífi þessara staða uppi, hvort við ættum ekki einmitt að veita þeim meira frelsi til að nýta mikilvægustu náttúruauðlindir þessara byggða sem eru jú fiskurinn í sjónum allt í kringum landið.

Við sjáum að fiskigengd hefur víða aukist mjög mikið samfara hækkandi hitastigi í hafinu, til að mynda er nú mjög mikil fiskigengd fyrir utan allt Norðurland. Það er mikil fiskigengd við Vestfirði, jafnvel svo mikil fiskigengd í Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi að fiskurinn sem þar er hefur étið upp alla rækjuna og nú er komið upp neyðarástand í mörgum byggðum á Vestfjörðum vegna þess að rækjan er horfin. Það er mjög mikið af fiski í fjörðunum en menn eru bundnir í allt of mikil höft, þeir ná ekki að nota sóknarfærin til að nýta auðlindirnar með þeim hætti sem þeir ættu að gera, einmitt vegna núverandi fiskveiðistjórnarkerfis.

Hið sama má segja um Norðurland. Ég var staddur á Siglufirði á dögunum og þar voru menn einmitt að barma sér yfir því að atvinnuástandið væri frekar dapurt. Það eru erfiðir tímar í úthafsrækjuveiðum, lélegur afli, hátt olíuverð og afurðaverð hefur lækkað, afkoman sem sagt slæm. Ég spurði hina ágætu bæjarstjórnarmenn á Siglufirði: Hvað með fiskinn, er ekki nógur fiskur í firðinum og hér fyrir utan? Jú, það er nógur fiskur, það vantar ekki, en við fáum bara ekki að veiða hann. Það vantar kvóta, að manni heyrðist.

Þetta tel ég, hæstv. forseti, vera mjög slæmt. Við stjórnmálamenn náum aldrei með ákvörðunum okkar að aðlaga lög og reglugerðir nógu fljótt að sveiflunum í lífríki hafsins. Ég tel að við ættum að láta litlu bátana sem eru heftir af veðri og sjólagi og öðru þess háttar hreinlega í friði og leyfa þeim að veiða, þó undir ákveðnum skilyrðum, þ.e. með ákveðnum veiðarfæratakmörkunum o.þ.h., þannig að við hefðum alla vega smá hemil á sókninni ef á þyrfti að halda, en þar fyrir utan að veita fólkinu sem býr á þessum stöðum frelsi til að lifa af þessari auðlind sinni.

Margt af því sem hefur verið gert er mjög slæmt. Af því að hæstv. byggðamálaráðherra er frá Norðausturlandi langar mig einmitt að fara yfir nokkur atriði sem beinlínis varða fólk í kjördæmi hennar, fólk sem ég hef hitt og talað við og leyfa henni að heyra hvað það hefur sagt mér.

Fyrir það fyrsta var ég staddur á Akureyri í haustbyrjun ásamt sjávarútvegsnefnd Alþingis á árlegri ferð hennar um landið. Þar hittum við smábátamenn frá Eyjafirði úr félaginu Kletti, Eyjafirði, svæðisfélag smábátaeigenda allt frá Ólafsfirði að Tjörnesi. Þeir tjáðu okkur að endalok hins svokallaða dagakerfis hjá trillunum sem núverandi ríkisstjórn ákvað illu heilli sl. vor, gegn mikilli andstöðu smábátamanna, hefði haft mjög alvarleg áhrif. Þeir létu okkur hafa skjal með ákveðnum áherslupunktum sem þeir afhentu

öllum í sjávarútvegsnefnd Alþingis, undirritað af Pétri Sigurðssyni, formanni Kletts. Þar segir, með leyfi forseta:

„Lok dagakerfisins, fækkun starfa og nýliðun í útgerð er úr sögunni.

Hið breytta umhverfi sem blasir við mönnum á nýju fiskveiðiári með niðurfellingu dagakerfisins er langt frá því að vera bjart. Borðleggjandi er að störfum við fiskveiðar mun fækka til muna þar sem útgerð færabáta mun dragast verulega saman á okkar svæði. Til dæmis sjáum við fram á samdrátt sem nemur 20–30 bátum eða allt að 50 störf bara í veiðum. Einnig er það okkur mikið áhyggjuefni hversu erfitt er fyrir nýja aðila að komast inn í kerfið eins og það er orðið með kvóta á alla báta og tegundir. Stjórn Kletts telur enn, þrátt fyrir lagasetningu frá Alþingi á síðasta ári, að krafan um frjálsar handfæraveiðar eigi fyllilega rétt á sér."

Þetta eru skilaboðin sem við, nefndarmenn í sjávarútvegsnefnd, vorum beðnir um að koma til skila á hinu háa Alþingi og nú hefur það verkefni verið leyst af hendi.

Það sem mennirnir eru að segja þarna er mjög alvarlegt. Þeir koma frá stöðum eins og Ólafsfirði, Dalvík, Hrísey, Grenivík og Húsavík og eru að segja okkur að þeir hafi orðið fyrir miklu áfalli. Byggðirnar þeirra hafi orðið fyrir miklu áfalli, vegna þess að atvinnufrelsi þeirra hafi verið skert alvarlega vegna stjórnvaldsaðgerða sem voru ákveðnar í þessum sal. Stjórnvaldsaðgerðir sem ég tel að hafi verið gersamlega óþarfar því eins og ég sagði áðan hefur fiskigengd undan Norðurlandi verið að aukast töluvert mikið, t.d. er þar nú að finna mjög mikið af ýsu sem var varla að finna þar áður. Ýsan hefur komið þangað einfaldlega vegna þess að nýliðun í ýsustofninum hefur verið mjög góð. Umhverfisskilyrði hafa verið með þeim hætti að ýsustofninn hefur aukið útbreiðslu sína og er nú fyrir öllu Norðurlandi, en menn fá því miður ekki að veiða hann því þeir hafa ekki kvóta fyrir honum. Það er mjög slæmt.

Ég fór einnig til Húsavíkur. Þar voru menn að veiða og þar var líka mjög mikill fiskur rétt fyrir utan ströndina. Þar hittum við einnig smábátamenn og menn á minni bátum sem voru að veiða fisk. Þeir voru ekki að veiða úr eigin kvóta. Nei, þeir voru að veiða fyrir stórt fyrirtæki á staðnum sem er í eigu fyrirtækis sem er með aðalstöðvar sínar á Akureyri að mjög stórum hluta. Þessir menn gátu fengið að veiða upp á náð og miskunn á sínum eigin heimamiðum vænan þorsk. Þeir fengu fast verð fyrir þorskinn, 50 kr. á kílóið. Fyrirtækið lét þá hafa kvóta, dró síðan af þeim ákveðna upphæð í kvótaleigu og sjómennirnir sátu eftir með í mesta lagi einn þriðja af því verðmæti sem þeir hefðu annars fengið fyrir fiskinn ef þeir hefðu átt hann heilan og óskiptan.

Þetta er, hæstv. forseti, ekki mjög gæfulegt fyrir byggðir landsins þegar atvinnutæki byggðarinnar og fjárfestingin sem liggur í þeim og þeir tekjumöguleikar sem atvinnutækin geta útvegað mönnum eru nýtt til þess að veiða fisk í sjónum sem fjarstaddir, fjarlægir aðilar telja sig eiga. Sjómennirnir eru látnir borga hátt leiguliðaverð til þessara aðila fyrir að fá að róa til fiskjar á eigin heimamiðum. Þetta er afskaplega ósanngjarnt.

Ég er með annað dæmi um vestfirskan bát sem á tímabilinu 10. febrúar til 6. apríl í fyrra veiddi 182 tonn af þorski og ýsu. Heildarverðmætið var 25 millj. Af því fóru 17 millj. í að greiða kvótaleigu. Eftir sat útgerðin með rétt rúmar 7 millj. kr., þ.e. megnið af aflaverðmæti bátsins. Peningarnir fyrir þann afla runnu út úr byggðunum til einhverra annarra aðila sem sátu langt í burtu, kannski á suðvesturhorninu, kannski einhvers staðar fyrir norðan, hver veit. Þangað runnu sem sagt peningarnir, arðurinn af auðlindinni. Byggðirnar fengu ekki að njóta hans. Þetta er afskaplega slæmt. Þarna hafa margar byggðir því miður orðið að lúta mjög í lægra haldi vegna óréttláts kerfis.

Ég tel mjög brýnt að þessu verði breytt þannig að byggðirnar fái aftur atvinnuréttindi sín til baka og að fólkið í byggðunum geti lifað við auðlindir sínar og fengið að njóta arðsins af þeim heilum og óskiptum.

Ég vil aðeins að lokum, frú forseti, koma inn á annað atriði sem er talið í skýrslu iðnaðarráðherra sem stefnumarkandi áherslusvið, þ.e. 10. liðurinn, Bættar samgöngur, og 11. liðurinn, Greiður aðgangur að fjarskipta- og upplýsingatækni. Þetta er hvort tveggja gríðarlega mikilvægir þættir.

Það hefur margt mjög gott verið gert í samgöngumálum af núverandi ríkisstjórn, það skal alveg viðurkennast. Virkilega skemmtilegt að fara um landið og sjá þann stórhug sem hefur ríkt í samgöngumálum hér á landi á undanförnum árum. Við getum að sjálfsögðu rifist endalaust um forgangsröðina, en við höfum virkilega lyft grettistaki á undanförnum áratugum í samgöngumálum og ég ætla svo sannarlega að vona að þeirri stefnu verði haldið áfram. Þetta eru þau tvö lykilatriði sem geta eflt byggðirnar okkar til lengri tíma litið fái þær að njóta náttúruauðlinda sinna og að samgöngumálin og fjarskiptamálin séu í góðu lagi. Okkur á hinu háa Alþingi, stjórnmálamönnunum, ber skylda til að þetta sé í góðu lagi.

Ég vil að við förum að hugsa samgöngumálin svolítið öðruvísi en við höfum gert og reynum að flýta okkur frekar en hitt við að fara út í mikilvægar samgönguframkvæmdir. Ég tel að lausnin á því, sérstaklega sem snýr að suðvesturhorninu þar sem umferðin er mest, hljóti að verulegu leyti að felast í því að við leyfum einkaframtakinu að njóta sín meira en verið hefur í því að fjármagna og fara út í dýrar samgönguframkvæmdir. Reynslan af því hvernig farið var út í framkvæmdina á Hvalfjarðargöngunum og fjármögnun á henni er afskaplega góð. Ég tel að við ættum að skoða þá möguleika í fullri alvöru hvort ekki sé ástæða til að nota svipaðar lausnir m.a. til að lagfæra veginn yfir Hellisheiði og ljúka við tvöföldun Reykjanesbrautarinnar og halda okkur síðan við þá vegáætlun sem fyrir liggur í dag, nota þá peninga til þess að bæta enn frekar samgöngur á landsbyggðinni því þar er svo sannarlega mjög margt ógert þó mikið gott hafi verið gert á undanförnum árum.

Ég vil að lokum taka það fram að ef Landssíminn verður seldur er gersamlega nauðsynlegt að grunnnetið verði skilið frá til að gæta hagsmuna landsbyggðarinnar, það verði áfram undir stjórn og í eigu hins opinbera. Ég hef lokið máli mínu.

[15:40]

Útbýting:

Diplómatavegabréf, 270. mál, fsp. GÖg, þskj. 291.
Fíkniefni, 91. mál, svar dómsmrh., þskj. 280.
Kyoto-bókunin, 274. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 295.

[15:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð í lok umræðunnar sem er orðin býsna löng og ekkert nema gott um það að segja. Það er ánægjulegt að hv. þm. hafa mikinn áhuga á byggðamálum. Það eru svo sem ekki ný tíðindi. Ég bið hv. þm. að hafa skilning á því að þó svo byggðamál heyri undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið fer ég ekki með alla þá málaflokka sem varða landsbyggðina, því í raun varða flestir málaflokkar landsbyggðina að einhverju leyti, sérstaklega sjávarútvegsmál og samgöngumál. Það eru aðrir ráðherrar sem fara með þá málaflokka þannig að ég tel ekki ástæðu til að fara mikið inn í þá, með virðingu fyrir kollegum mínum. Engu að síður er nóg um að tala og mjög margt sem fram hefur komið í umræðunni sem á fullan rétt á sér og annað á minni rétt á sér að mínu mati, eins og gengur, en það er bara eins og pólitíkin er.

Af því að hér eru hv. þm. sem töluðu í lokin vil ég bregðast við örfáum atriðum sem þeir komu inn á, t.d. í sambandi við rafmagnsverðið. Við erum að fara inn í nýtt kerfi þar eins og allir vita. Ríkisvaldið mun ekki stjórna því hvaða verðlagning verður viðhöfð, að öðru leyti en því að Orkustofnun gefur út verðskrá hvað varðar sérleyfisþættina og síðan gerist annað á markaðnum. Það sem ég tel að muni koma í ljós eftir að breytingin hefur átt sér stað er að landsbyggðin muni búa frekar við lægra verð en áður vegna þess að Rarik verður ekki lengur skyldað til þess að standa undir þeim félagslega kostnaði sem er í kerfinu, en þetta á allt eftir að sýna sig betur. Eins má segja að Hitaveita Suðurnesja mun taka meiri þátt í flutningskerfinu almennt eftir breytinguna.

Það mátti skilja á máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar í sambandi við Byggðastofnun að ég hefði vald yfir þeirri stofnun þannig að ég stjórnaði þar daglegum rekstri. Það er ekki þannig. Það er stjórn fyrir stofnuninni sem fer með daglegan rekstur og stofnunin heyrir undir iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Svo er líka rétt að nefna það að stofnunin þarf að lúta lögum á bankamarkaði sem gerir það að verkum að mjög þröngar skorður eru settar við það sem bæði ráðherra og stjórnarmenn mega hafa afskipti af einir og sér. Það eru stjórnarfundirnir sem ráða ríkjum.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson var mikið í sjávarútvegsmálunum eins og oft áður. Ég þekki þau sjónarmið sem hann kynnti ákaflega vel, en engu að síður vil ég halda því til haga að sjávarútvegsmálin eru í raun ekki málaflokkur sem ég ber ábyrgð á, en hef þó stutt þá stefnu sem uppi hefur verið í þeim málaflokki og er ekki áhugasöm um að hlaupa frá því og ber þar mikla ábyrgð eins og aðrir stjórnarsinnar. Við höfum talið að það væri mikils virði þegar á heildina er litið að viðhalda kvótakerfinu.

Ég vil segja það í lokin að ég var í þessari viku á fundi norrænna byggðamálaráðherra í Stokkhólmi. Þá áttaði maður sig betur á því en áður að þetta er stór málaflokkur í öllum þessum löndum, meira að segja í Danmörku sem manni finnst kannski vera þannig vaxin að hún þurfi ekkert á mikilli byggðastefnu að halda. Engu að síður er rekin byggðastefna þar líka. Ég tel að við getum nýtt okkur þetta samstarf meira en við höfum gert fram að þessu, t.d. í gegnum það rannsóknastarf sem fram fer á vegum stofnunar sem Norðurlönd eiga og hefur komið með ýmsar mikilvægar ábendingar.

Ég vil halda því fram, þó svo að þessi umræða hafi kannski ekki verið mikið á jákvæðu nótunum, að við séum að ná árangri í byggðamálum. Mér finnst ástandið á landsbyggðinni betra en það hefur verið oft áður þó að ég geri mér fulla grein fyrir erfiðleikum á vissum landsvæðum og tel mig hafa alveg þokkalega yfirsýn hvað það varðar. Ég legg mig fram eins og ég get. En það er nú bara þannig að það skiptir miklu máli að heimamenn hafi frumkvæði. Svo eru náttúruauðlindirnar líka misjafnlega settar um landið.

En alltaf er nú verið að reyna að bæta úr og þannig mun ég reyna að starfa áfram.

[15:46]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka undir með hæstv. byggðamálaráðherra í því að hér vantar ráðherrana, ráðherra atvinnumála, svo hægt sé að ræða við þá um byggðamál vegna þess að byggðamál eru oft atvinnumál. Hér sárvantar hæstv. sjávarútvegsráðherra og hæstv. landbúnaðarráðherra. Það er í raun furðulegt að þeir skuli ekki sinna þessari umræðu betur en raun ber vitni.

Hæstv. byggðamálaráðherra talaði um árangur og ég vil fá að forvitnast um hvernig hún meti árangur í byggðamálum. Ég hef kvartað yfir því hér ítrekað að það vanti einhverjar mælistærðir, þ.e. íbúaþróun eða fækkun eða fjölgun starfa. Því væri fróðlegt að vita hvernig hún metur árangurinn vegna þess að við höfum ekki þær mælieiningar sem ég hefði talið vænlegar til þess að meta árangur.

[15:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Bara til þess að koma í veg fyrir misskilning þá var ég ekki að gagnrýna aðra ráðherra fyrir að vera ekki hér á staðnum vegna þess að ég tel ekki að þeir í sjálfu sér hafi sérstakar skyldur þegar við fjöllum um byggðamál. Þá er ráðherrann sem fer með byggðamál til andsvara.

En hvað árangur varðar tel ég fjölgun á Austurlandi t.d. ákveðinn árangur og fjölgun á Suðurlandi en hins vegar fækkun á höfuðborgarsvæðinu núna eins og á síðasta missiri sem mælt var. Ég er ekki að gera neitt allt of mikið úr þessu en mér finnst þetta — og á ferðum mínum um landið hefur mér fundist líka að andrúmsloftið sé þannig að fólk sé frekar jákvæðara og tilbúið að berjast fyrir eflingu byggðarlaga sinna. Það er mjög mikilvægt.

Það er þetta sem ég meina þegar ég segi að það hafi orðið árangur.

[15:49]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tók þetta nú sem gagnrýni á þessa ráð-

herra og þó svo að hún hafi ekki verið að gagnrýna þá beint tel ég það gagnrýni vert að hæstv. ráðherrar skuli ekki sinna þessari umræðu betur. Þó verður að minnast á þá sem hafa verið hér viðstaddir og virða það við þá. Ef ég man rétt var hæstv. samgönguráðherra hér. Aðrir hafa í raun ekki komið hér í salinn þó svona mikilvæg mál hafi verið til umræðu sem mörg hver snerta kjördæmi þeirra. Það er í rauninni furðulegt hvað þeir lítilsvirða málaflokkinn með þessu.

Vegna þess að hæstv. ráðherra talaði um árangur fyrir austan, á Austurlandi, þá ætla ég að vitna í útprent frá Fjölmiðlavaktinni. Þar kemur fram að innfæddum Austfirðingum hafi fækkað um 12 en fjölgunina sem hefur verið á Austfjörðum má rekja til útlendinga.

Við skulum þó ekki dvelja of lengi við fækkun eða fjölgun á þessum ársfjórðungi heldur eiga þessar upplýsingar að liggja hér fyrir þegar við ræðum byggðamál og líka um fækkun og fjölgun starfa. Umræða eins og þessi um þessa skýrslu, um verkefni út og suður, skilar ákaflega litlu. Ég hefði talið miklu vænlegra til að örva vitrænar umræður um málaflokkinn að hafa þessar tölur uppi á borðinu og í skýrslunni.

Fundi slitið kl. 15:51.

21. FUNDUR

mánudaginn 8. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
   a. Verðsamráð olíufélaganna.
   b. Húsnæðislán bankanna.
   c. Gatnamót Kringumýrarbrautar og Miklubrautar.
   d. Afleiðingar verkfalls grunnskólakennara.
   e. Afsláttur af raforku.
   f. Veggjald í Hvalfjarðargöng.
2. Einkaleyfi, stjfrv., 251. mál, þskj. 269. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Græðarar, stjfrv., 246. mál, þskj. 257. — 1. umr.
4. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 208. mál, þskj. 208. — 1. umr.
5. Nýting stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga, þáltill., 53. mál, þskj. 53. — Fyrri umr.
6. Sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Fyrri umr.
7. Aðgangur allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu, þáltill., 31. mál, þskj. 31. — Fyrri umr.
8. Varðveisla Hólavallagarðs, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Fyrri umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.,
Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.,
Kjartan Ólafsson, 8. þm. Suðurk.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Varamenn taka þingsæti.

[15:02]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hafa tvö bréf um forföll þingmanna. Hið fyrra er frá 2. þm. Norðvest., Jóhanni Ársælssyni, dagsett 5. nóv. og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda á vegum Alþingis og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi, Gísli S. Einarsson, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Síðara bréfið er frá 5. þm. Norðvest., Guðjóni Arnari Kristjánssyni, dagsett 4. nóv. og hljóðar svo:

„Hér með óskar undirritaður tímabundins leyfis frá þingstörfum með vísan til 53. gr. þingskapa og að 2. varaþingmaður Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi, Pétur Bjarnason, taki sæti á Alþingi frá og með 8. nóvember til og með 21. nóvember."

Þá hefur borist svohljóðandi bréf frá 1. varamanni Frjálslynda flokksins í Norðvest., Steinunni K. Pétursdóttur, dagsett 4. nóv.:

„Vegna starfa minna hef ég ekki tök á að taka sæti Guðjóns Arnars Kristjánssonar sem 1. varamaður Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi að þessu sinni."

Kjörbréf Gísla S. Einarssonar og Péturs Bjarnasonar hafa þegar verið rannsökuð og samþykkt. Þeir hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðnir velkomnir til starfa að nýju.

[15:03]

Útbýting:

Almenningssamgöngur í Eyjafirði, 276. mál, fsp. BjG, þskj. 298.

Endurskoðun skaðabótalaga, 275. mál, þáltill. ÁRJ, þskj. 297.

Fjármagnstekjuskattur, 165. mál, svar fjmrh., þskj. 296.

Íslenska táknmálið, 277. mál, frv. SigurlS o.fl., þskj. 299.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Verðsamráð olíufélaganna.

[15:04]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Olíufélögin hafa orðið uppvís að glæp. Þau hafa staðið fyrir ólöglegu verðsamráði sem hefur kostað samfélagið háar upphæðir, fast að 40 milljörðum segir Samkeppnisstofnun. Hagnaður olíufélaganna sem má rekja beint til þessa ólögmæta athæfis er að mati Samkeppnisstofnunar 6 milljarðar.

Þegar einhver stelur er ætlast til þess í siðuðu samfélagi að sá sem stelur bæti þjófnaðinn að fullu. Olíufélögin hafa að vísu fengið sekt en sú sekt er miklu minni en hagnaðurinn sem má rekja til hins ólögmæta athæfis. Mér finnst þess vegna eðlilegt að olíufélögin endurgjaldi samfélaginu með einhverjum hætti til þess að bæta skaðann að fullu.

Nú hefur það líka gerst að olíufélögin hafa iðrast opinberlega, þau hafa beðist afsökunar og ef hugur fylgir máli hjá olíufélögunum, ef um er að ræða eitthvað annað en kattarþvott og yfirklór, hljóta þau líka að vera til viðræðu um það að bæta samfélaginu skaðann. Það tel ég að sé í rauninni eina leiðin til að ná sáttum við samfélagið.

Ég tel þess vegna eðlilegt í framhaldi af afsökunarbeiðni olíufélaganna að á það verði látið reyna hvort þau séu reiðubúin til að endurgreiða samfélaginu það sem Samkeppnisstofnun segir að þau hafi með rangindum af því tekið. Mér finnst eðlilegt að hæstv. forsætisráðherra hafi for-

göngu um slíkar viðræður. Ég vil því inna hæstv. forsætisráðherra eftir því hvort hann telji ekki rétt í framhaldi af afsökunarbeiðni olíufélaganna að láta reyna á vilja þeirra til að bæta samfélaginu þann mikla skaða sem þau hafa unnið því og hvort hann muni ekki íhuga að beita sér fyrir slíkum viðræðum hið fyrsta.

[15:06]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er meginstarf Alþingis að setja lög. Við höfum sett lög um Samkeppnisstofnun og við höfum sett lög um þau mál sem hér er verið að fjalla um. Samkeppnisstofnun hefur fellt úrskurð sinn og sett fram sektir á olíufélögin sem nema ef ég man rétt eitthvað milli 2 og 3 milljörðum króna. Síðan hefur komið fram að olíufélögin muni áfrýja þeim úrskurði, fyrst til úrskurðarnefndar og síðan hugsanlega til dómstóla. Jafnframt hefur komið fram að málefni olíufélaganna eru til lögreglurannsóknar.

Við verðum að sjálfsögðu að fara að lögum og mál þessi verða að halda áfram í samræmi við þau lög sem Alþingi hefur sett. Nú kemur formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og ætlast til þess að forsætisráðherra landsins og ríkisstjórn grípi inn í það ferli. Hefur hv. þm. ekki heyrt um aðskilnað dómsvalds, framkvæmdarvalds og löggjafarvalds? Eigum við að breyta því? Er hann að leggja til breytingu á stjórnarskránni? Nei, að sjálfsögðu eiga þessi mál að halda áfram í réttu ferli. Hér er um mjög alvarleg brot að ræða en við verðum að treysta á dómskerfi okkar í þessu máli. Við verðum að treysta á réttarkerfi okkar í þessu máli og við verðum að hafa þolinmæði til þess að þau mál gangi fram með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir.

[15:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er alveg fráleitt af hæstv. forsætisráðherra að hlaupa í þessa vörn fyrir olíufélögin. Er þetta forsætisráðherra olíufélaganna? Ég spyr.

Málið er einfaldlega þannig að það liggur fyrir að olíufélögin hafa með rangindum tekið af fólki 6 milljarða. Það liggur fyrir að það á að sekta þau um 2,6 milljarða. En það liggur líka fyrir að olíufélögin hafa beðist afsökunar opinberlega. Þau virðast a.m.k. í orði kveðnu iðrast og það hlýtur að vera réttur samfélagsins að óska eftir því að þau bæti að fullu þann skaða sem þau hafa unnið einstaklingum og fyrirtækjum.

Það liggur líka fyrir að mati lögfræðinga að það verði ákaflega erfitt fyrir einstök fyrirtæki og einstaklinga að leita réttar síns. Þess vegna er fullkomlega rökrétt að gengið sé eftir því að þau bæti samfélaginu í heild þann skaða sem þau hafa unnið.

Það er enginn að tala um að grípa inn í dómsvaldið. Það er enginn að tala um að rugla með einhverjum hætti skiptingu ríkisvaldsins í hina þrjá þætti. Það er verið að tala um (Forseti hringir.) að hæstv. forsætisráðherra komi fram sem leiðtogi. Er ekki kominn tími til þess að hann fari að hafa áhyggjur af einhverju? Hæstv. forsætisráðherra hefur ekki (Forseti hringir.) áhyggjur af olíufélögunum, hann hefur ekki áhyggjur af kennaraverkfallinu. Af hverju hefur hann áhyggjur?

[15:09]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef m.a. áhyggjur af málflutningi hv. þingmanns. Að sjálfsögðu er ég ekki sérstakur forsætisráðherra olíufélaganna og alveg fráleitt að þingmaðurinn leyfi sér að segja slíkt. En ég er að sjálfsögðu forsætisráðherra á grundvelli þeirra laga og reglna sem við höfum sett á Alþingi. Og ég vænti þess að hv. þingmaður vilji virða þau lög og reglur líka.

Af hverju settum við á stofn Samkeppnisstofnun? Var það ekki til að fjalla um þessi mál? Af hverju settum við á stofn úrskurðarnefnd samkeppnismála? Var það ekki til að fjalla um þessi mál? Af hverju settum við lög um það hvernig skyldi taka á málum sem þessum fyrir dómstólum? Svo kemur hv. þm. hér og vill að forsætisráðherra landsins fari að kalla fyrir sig olíufélögin. Mér finnst þetta alveg fráleitt og mér finnst full ástæða til að hafa áhyggjur af þingmanninum.

[15:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér finnst vera til skammar hvernig forsætisráðherra lýðveldisins hleypur í vörn fyrir olíufélögin. Það er enginn að tala um að kalla fyrir sig einn eða annan. Það sem við erum að tala um er að reyna að ná sáttum í þessu máli. Það liggur fyrir að þjóðfélagið er allt í uppnámi. Þjóðfélagið er sárt. Það eru flakandi undir á samfélaginu vegna þessa máls, vegna þess að olíufélögin hafa með rangindum tekið miklar upphæðir af samfélaginu. Það er fullkomlega eðlilegt að menn reyni að leita sátta í því máli, sérstaklega þegar olíufélögin hafa sagt að þau iðrist, og þau biðjast afsökunar.

Hver á að hafa forgöngu um það hvort þau séu e.t.v. til í að bæta samfélaginu þann skaða með einhverjum hætti í frjálsum viðræðum? Það er að sjálfsögðu forsætisráðherra. En auðvitað gengur það ekki ef hæstv. forsætisráðherra lítur á sig sem talsmann olíufélaganna gagnvart þjóðinni eins og hann hefur gert hér.

[15:11]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég held að það séu fleiri en olíufélögin sem þurfa að biðjast afsökunar. Mér fyndist að hv. þingmaður ætti að biðjast afsökunar á þeim ummælum sínum að ég sé hér sérstakur talsmaður olíufélaganna. Hvað á þetta að þýða?

Ég er talsmaður þeirra laga og þeirra reglna sem Alþingi hefur sett. Er ekki ljóst að þegar hefur verið úrskurðuð mikil sekt í þessu máli? Er ekki ljóst að það mun síðan ganga áfram? Er ekki líka ljóst að þessi mál eru til lögreglurannsóknar? Hvað er þingmaðurinn að fara? Mér þætti vænt um að hann útskýrði það nákvæmlega hvernig þetta á að fara fram sem hann er að lýsa. Við eigum að efla þær stofnanir sem hafa með þessi mál að gera og gleðjast yfir því að við eigum öflugar stofnanir sem koma upp um svona mál og hafa það aðhald á markaðnum sem raun ber vitni. Það er það sem skiptir máli.

Húsnæðislán bankanna.

[15:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Bankarnir keppast nú um að bjóða lán á lágum vöxtum og í stað þess að lána tiltekið hlutfall af verðgildi eignar eru nú boðin 100% lán. Allt lítur þetta vel út við fyrstu sýn en þegar farið er að rýna í smáa letrið er iðulega annað upp á teningnum.

Ég held að mörgum hafi brugðið í brún þegar upplýst var í fréttum Stöðvar 2 í gær hverjir skilmálar eru fyrir 100% íbúðalán hjá Íslandsbanka. Í fréttinni kom fram að þeir sem sækja um slík lán verða að taka lánatryggingu og skila blóð- og þvagsýni til læknis. Meðal þess sem fólk þarf að svara á sérstöku eyðublaði er hvort foreldrar eða systkini þeirra hafi haft hjarta- eða æðasjúkdóma, geð- eða taugasjúkdóma, berkla, krabbamein, sykursýki eða sjúkdóma sem geta verið arfgengir. Sumt af þessu samkvæmt fréttinni stríðir reyndar gegn lögum um persónuvernd.

Hér er um að ræða fyrirtæki á markaði en fyrirtæki engu að síður sem starfar samkvæmt lagaramma sem hér er settur, samkvæmt landslögum. Þegar um er að ræða að þegnunum sé mismunað á þennan hátt samkvæmt heilsufari er ástæða til að beina spurningum til hæstv. ráðherra sem fer með bankamálin. Hefur það verið rætt á vegum ráðuneytisins eða undirstofnana þess hvort ástæða sé til að skerpa á lögum um persónuvernd eða öðrum lögum sem koma í veg fyrir eða eiga að koma í veg fyrir grófa mismunun af þessu tagi?

[15:15]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er með þetta mál eins og það sem talað var um hér á undan að það er ekki þannig að ráðherrar hafi afskipti af öllu því sem fram fer í þjóðfélaginu.

Við höfum komið því þannig fyrir í sambandi við bankana að þeir starfa samkvæmt lögum þar um, en stofnanir eins og Fjármálaeftirlitið hafa miklu hlutverki að gegna í sambandi við þá starfsemi sem fer fram í fjármálastofnunum. Eins og ég hef margoft tekið fram fer ég ekki með stjórn þeirrar stofnunar. Fjármálaeftirlitið er algjörlega sjálfstætt og ég hef ekki upplýsingar um það að hvaða málum þeir eru að vinna hverju sinni.

Af því að hv. þm. talar hér um lög um persónuvernd vil ég taka fram að þau heyra ekki undir ráðuneyti mitt, heldur undir dómsmálaráðuneytið. Í því tilfelli er því eins farið, Persónuvernd er sjálfstæð stofnun og starfar ekki samkvæmt tilmælum frá dómsmálaráðherra.

Með lagasetningu okkar höfum við komið okkur upp umhverfi og farvegi fyrir tilfelli eins og þetta þar sem við hljótum að treysta á að eftirlitið sé með þeim hætti sem þarf að vera og það sé tekið á þegar farið er út fyrir velsæmi í sambandi við mál eins og þetta. Ég heyrði þetta líka í fréttum eins og hv. þingmaður í gærkvöldi og hef ekkert frekari svör en hann við spurningunni.

[15:16]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Mér finnst ástæða til þess að þeir ráðherrar sem málið tekur til skoði það sérstaklega og þá hvort ástæða er til að skerpa á lögum til að koma í veg fyrir grófa mismunun af þessu tagi.

Bankar og fjármálastofnanir hafa skyldum að gegna gagnvart samfélaginu. Slíkar stofnanir eiga að þjónusta það. Það hefur oft verið sagt, sérstaklega af hálfu þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr, að ríkið eigi ekki að vera að vasast í því sem einkafyrirtæki geti gert eins vel. Nú er að koma á daginn á hvern hátt bankarnir þjónusta landsmenn, mismuna tilteknum byggðasvæðum og nú á að mismuna sjúku fólki sem er haldið illkynja sjúkdómum. Mér finnst full ástæða til að löggjafarvaldið taki þessi mál til skoðunar, og einnig framkvæmdarvaldið og allir þeir sem eiga að gegna eftirlitshlutverki.

Gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar.

[15:18]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra vegna samgöngumála hér í Reykjavík og þá er ég nánar tiltekið að ræða mislæg gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Eins og menn þekkja er afskaplega mikil þörf fyrir þá samgöngubót. Í Reykjavík er sú sérstaka staða uppi að á meðan í flestum kjördæmum eru sveitarstjórnarmenn að sækja á ríkisvaldið um hinar ýmsu samgöngubætur má færa rök fyrir því, virðulegi forseti, að þetta snúist við hér í Reykjavík þar sem ríkisvaldið í raun inni er tilbúið með fjármuni en meiri hlutinn hér í borg hefur ekki áhuga á að nýta þá fjármuni. Eru þessi mislægu gatnamót ekki eina dæmið um slíkt.

Ég vildi því nota tækifærið, virðulegi forseti, og spyrja hæstv. samgönguráðherra nokkurra spurninga í tengslum við þetta:

Hver er staða þeirrar vinnu sem unnin hefur verið vegna undirbúnings mislægra gatnamóta á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar?

Hver er kostnaðurinn sem fallið hefur til hjá Vegagerðinni?

Hvert sér samgönguráðherra fyrir sér að verði framhald þessa máls?

[15:19]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þingmanns vil ég segja að í fyrsta lagi liggur ekki fyrir á mínu borði hver kostnaður við undirbúning og hönnun þessara mislægu gatnamóta við Kringlumýrarbrautina er en það er alveg ljóst að búið er að eyða verulegum fjármunum í undirbúning í nokkuð langan tíma. Það lá fyrir að verulegur hluti af frumáætlun hafði verið unninn og ég geri mér í hugarlund að það séu háar fjárhæðir sem búið er að eyða í þetta.

Staða verksins gagnvart þeim áformum sem uppi voru um mislæg gatnamót er að hætt var við þau vegna skipulagsástæðna og afstöðu Reykjavíkurborgar. Engu að síður er áfram unnið að þessu verki í þeim tilgangi að ná fram í fyrsta lagi bráðabirgðaaðgerð sem bætir verulega umferðarflæðið þarna sem var á grundvelli tillögu hönnuða. Ég tel það þó bráðabirgðaaðgerð sem vonandi verður hægt að fara lengra með á næsta ári. Við þurfum að hugsa til framtíðar í

þessu og staða málsins er sú að ég geri ráð fyrir því að Vegagerðin haldi áfram að vinna að undirbúningi mislægra gatnamóta í þeim tilgangi að þegar tími gefst til og færi gefst í samstarfi við borgaryfirvöld verði hægt að fara í þessa framkvæmd, þriggja hæða mislæg gatnamót sem eru að allra mati sem þekkja vel til mjög góð lausn og getur mjög vel fallið að þessum gatnamótum.

Ég vonast til að í framtíðinni verði hægt að fara í þá framkvæmd og að því er unnið á vegum samgönguráðuneytis og Vegagerðar.

[15:22]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Það liggur fyrir að hér hefur verulegum fjármunum nú þegar verið varið í þetta verkefni og það væri æskilegt að fá þær upplýsingar hjá hæstv. ráðherra á hvaða bili það er.

Það er í sjálfu sér ánægjulegt ef menn ætla að fara sem allra fyrst í bráðabirgðaaðgerð á næsta ári og að á sama hátt eru menn ekki hættir að undirbúa það að fara út í framtíðarverkefni hvað þetta varðar. Það segir sig sjálft og allir vita það, allir sem hafa keyrt í gegnum Reykjavík, að það er mikil þörf á mislægum gatnamótum á þessu svæði. Þetta eru þau gatnamót á landinu þar sem flest slysin verða, og þar sem í tísku er að reikna út þjóðhagslegan ávinning er ekki nokkur vafi að það er mikill ávinningur af því að fá þessa miklu samgöngubót. Hún nýtist ekki bara Reykvíkingum, heldur svo miklu fleirum, bæði í nágrannasveitarfélaginu og í rauninni landinu öllu.

Afleiðingar verkfalls grunnskólakennara.

[15:23]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Í grunnskólum landsins hefur á þessu skólaári tapast yfir ein milljón skóladaga vegna verkfalls kennara og tregðu ríkisvaldsins við að koma að deilunni með því að gera upp við sveitarfélögin og gera þeim þannig kleift að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Í kvöld dregur til tíðinda í kjaradeilu kennara og sveitarfélaga en þá mun liggja fyrir hvort miðlunartillaga ríkissáttasemjara verður samþykkt eða felld. Margt bendir þó til þess að hún verði felld af kennurum og að verkfall bresti á aftur á morgun.

Burt séð frá því hvort verkfallið verður lengra er staðan sú að grunnskólabörnin í landinu hafa orðið af lögbundinni kennslu í sex vikur á þessu skólaári. Glatast hefur stór hluti þessa missiris og vandséð er hvernig börnunum verður bættur skaðinn sem þau verða fyrir á skólagöngu sinni allri. Þó að rekstur grunnskólans sé á forræði sveitarfélaga í landinu og hafi undir þeirra stjórn eflst gríðarlega og batnað stórum frá því sem var þegar ríkið hafði með rekstur skólans að gera er ábyrgðin á fræðslu- og menntamálum stjórnvalda og undan henni geta þau ekki vikist.

Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra hvort það hafi verið rætt í ríkisstjórn hans að beina til sveitarfélaganna einhverjum jákvæðum tillögum að samræmdum aðgerðum til að bæta börnum landsins skaðann sem þau hafa orðið fyrir á námi sínu vegna kjaradeilunnar. Ef það hefur ekki verið rætt nú þegar í ríkisstjórninni, mun þá hæstv. forsætisráðherra beita sér fyrir því að afleiðingar kennaraverkfallsins fyrir menntun barnanna verði teknar þar upp? Hyggst hann leggja til við ríkisstjórn sína að leggja til samræmdar aðgerðir við sveitarfélögin í landinu til að mæta afleiðingum verkfallsins fyrir skólagöngu barnanna?

[15:25]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég deili áhyggjum hv. þingmanns í sambandi við þetta mál og auðvitað gerum við það öll hér í salnum. Við skulum vona að leiðir finnist til að leysa málið.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur rætt afleiðingar þessa verkfalls í ríkisstjórninni og það liggur fyrir að menntamálaráðuneytið er að fara yfir það með hvaða hætti verður hægt að vinna upp þá töf sem hefur orðið á námi. Við skulum vona að sú töf verði ekki meiri en orðið er. Að því máli er unnið á vegum menntamálaráðuneytisins í samvinnu við fræðsluyfirvöld hjá sveitarfélögunum og skólana í landinu. Menntamálaráðherra hefur upplýst ríkisstjórnina um það.

[15:26]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svarið að því leytinu að ég gat ekki skilið það öðruvísi en svo að vinna væri hafin á vegum menntamálaráðherra og honum væri kunnugt um að fram kæmi tillaga frá hæstv. ríkisstjórn um að beina því til fræðsluyfirvalda sveitarfélaganna að koma með leiðir til úrbóta til að bæta börnum landsins skaðann sem þau hafa orðið fyrir á skólagöngu sinni og hvernig unnt verði að vinna upp þá töf sem orðið hefur á námi barnanna.

Auðvelt er að halda því fram, virðulegi forseti, að verði verkfallið lengra, bresti á aftur með verkfalli, sé þetta skólamissiri ónýtt í grunnskólum landsins. Það hefur gengið svo langt að sex vikur hafa tapast nú þegar og ef það er að marka þær fréttir sem berast að utan og þann orðróm sem er í gangi meðal kennara verður miðlunartillaga ríkissáttasemjara að öllum líkindum felld. Við munum vita það í kvöld.

Því vil ég beina því til hæstv. forsætisráðherra, fyrst við erum að ræða þetta eitt mikilvægasta mál sem komið hefur upp lengi í fræðslu- og menntamálum landsins, hvort hann hafi í undirbúningi einhverjar aðgerðir eða lausnir til að koma að deilunni verði miðlunartillaga ríkissáttasemjara felld í kvöld, annaðhvort af kennurum eða sveitarstjórnarmönnum eða báðum aðilunum.

[15:27]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég held að það sé alveg augljóst að auðvitað eru engar slíkar áætlanir uppi. Menn verða að sjálfsögðu að bíða eftir þeirri niðurstöðu sem verður og gefa launanefndum sveitarfélaganna og kennaranna tækifæri til að ræða þá stöðu.

Ég vil taka það fram út af ummælum hv. þingmanns að auðvitað verður aldrei hægt að bæta algjörlega upp slíka töf á námi sem orðin er. Það er nauðsynlegt að gera það besta

úr málum og það er það sem menntamálaráðuneytið vinnur að í samvinnu við skólayfirvöld og fræðsluyfirvöld og mun að sjálfsögðu gera sitt besta í þeim efnum. Það eru skólarnir sem þetta mun fyrst og fremst hvíla á, skólarnir í landinu og kennararnir munu fyrst og fremst vinna fram úr því hvernig best er að bæta upp þessa töf.

[15:28]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og skora á hæstv. forsætisráðherra að beita sér fyrir því að fram komi tillaga frá stjórnvöldum um hvernig hægt verði að bæta börnunum upp þann mikla skaða sem orðið hefur á skólagöngu þeirra þar sem tapast hafa heilar sex vikur af þessu skólamissiri.

Hann nefndi það tóm sem launanefnd sveitarfélaga og samninganefnd kennara þurfa að fá til að ræða málin og í því samhengi vildi ég inna hann eftir því hve langan frest er hægt að gefa þeim til viðbótar áður en ríkisstjórnin kemur að deilunni með einhverjum hætti, t.d. eins og við höfum bent á hér að gera sveitarstjórnunum grein fyrir því að gert verði upp við þær með svo myndarlegum og sanngjörnum hætti af hálfu hins opinbera svo að þau geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum og samið við kennara með réttmætum og sanngjörnum hætti eins og ríkisvaldið gaf tóninn um með samningunum við framhaldsskólakennara fyrir nokkrum missirum. Þessar stéttir eiga að og verða að fylgjast að.

Afsláttur af raforkuverði.

[15:30]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ný raforkulög taka gildi 1. janúar næstkomandi og þá breytist margt í rekstrarumhverfi raforkufyrirtækja. Hæstv. iðnaðarráðherra var falið það verk að setja fjölmargar reglugerðir. Sumar hverjar eða kannski engin er komin fram.

Það hefur alltaf verið vitað líka að margt ætti eftir að koma upp, því miður, ýmis vandamál í sambandi við framkvæmd þessara laga. Eitt þeirra atriða sem er að koma upp núna og hefur verið rætt um er að afslættir Landsvirkjunar og t.d. Rariks eru að falla út sem m.a. hefur það í för með sér að t.d. fiskeldisfyrirtæki munu þurfa að borga 100% meira í raforkukostnað en á þessu ári ef ekkert verður að gert. Þetta er, eins og ég áður sagði, vegna þess að Landsvirkjun gefur ekki lengur afslátt til Rariks og Rarik bætir ekki við svo ég taki dæmi. Það mun hafa þessi áhrif. Í kjördæmaviku okkar kom m.a. fram í Norðausturkjördæmi, virðulegi forseti, að raforkukostnaður Silfurstjörnunnar í Öxarfirði mundi hækka úr 25 milljónum í 50 milljónir ef þetta gengur fram.

Sama má segja um garðyrkjubændur þó ég sé ekki með tölur á hraðbergi í þeim efnum. En þar munu afslættir líka detta út og þá mun raforkukostnaður þeirra hækka mikið nema eitthvað verði gert og ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég varð ekki var við að iðnaðarráðherra hafi mikið fjallað um þetta eða þá að í meðförum iðnaðarnefndar á síðasta þingi hafi mikið verið fjallað um málið eða það komið upp. Þess vegna langar mig að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra hvernig ráðherra hyggist bregðast við þessum vanda eða hvað ríkisstjórnin ætli að gera í þessu máli sem dúkkar upp eftir nokkrar vikur.

[15:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Já, það er rétt að það eru taka gildi ný lög um raforkuumhverfið sem hafa gríðarlega miklar breytingar í för með sér og segja má að við séum að fara inn í gjörbreytt umhverfi þar sem allt verður meira og minna uppi á borðinu og sýnilegt. En í því umhverfi sem við erum að fara út úr hefur ýmislegt óljóst verið viðhaft og engin hefur í raun vitað nákvæmlega hvernig raforkuverð hefur orðið til. Þetta mun breytast með nýjum raforkulögum. Það er jákvætt að mínu mati. En það er hins vegar alveg rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að það hefur þær afleiðingar varðandi ýmislegt sem hefur verið vitað og varðar t.d. afslætti og jafnvel flutninga á afgangsorku og annað slíkt, að ekki verður hægt að framkvæma með sama hætti í nýju lögunum þegar þau hafa tekið gildi. Það er áhyggjuefni út af fyrir sig. En að sjálfsögðu verður unnið í því og þegar hefur hafist ákveðin vinna sem snýr að því að reyna að átta sig á hvernig hægt er að koma til móts við þau mikilvægu fyrirtæki sem þarna eiga í hlut og hv. þingmaður nefndi.

Ég hef átt nokkra fundi bæði með fulltrúum þessara fyrirtækja og eins innan ráðuneytis um þetta málefni og að sjálfsögðu er þetta líka málefni landbúnaðarráðuneytisins þar sem þessi fyrirtæki heyra undir það. Ég vil lýsa yfir áhyggjum eins og hv. þingmaður gerði en mun hins vegar beita mér eins og mér er unnt til að sjá til þess alla vega að þessi starfsemi leggist ekki af.

[15:34]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir að upplýsa þingheim um að unnið sé að þessu og að komið verði til móts við þessi fyrirtæki. Ég vona sannarlega að það verði gert.

Annað atriði sem ég vil spyrja um er af svipuðum toga. Það er vegna sömu fyrirtækja sem munu þá fella niður afslætti sína sem hafa verið liður í því að lækka húshitunarkostnað um 11 þúsund Íslendinga mest til sveita með því að niðurgreiða rafhitunarkostnað.

Í fjárlögum á þessu ári eru 860 milljónir og áætlaðar 890 milljónir á næsta ári. Þegar afslættir þessara fyrirtækja falla niður mun húshitunarkostnaður 11 þúsund Íslendinga sem allir búa í Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi, þ.e. landsbyggðarkjördæmunum, hækka nema niðurgreiðslurnar verði auknar töluvert mikið. Ég hef töluverðar áhyggjur af því að þessar 30 milljónir sem þarna eru settar inn dugi ekki til að koma til móts við þessa niðurfelldu afslætti þessara orkufyrirtækja. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Verður brugðist við þessum vanda á svipaðan hátt og lýst var hér áðan?

[15:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé svigrúm innan þess ramma sem núna liggur fyrir í sambandi við niðurgreiðslu vegna húshitunar. Það er svigrúm að mínu mati. Ef eitthvað annað kemur í ljós þá verður náttúrlega að bregðast við því.

Eins og hv. þingmaður veit hafa framlög verið stórhækkuð í tíð núverandi ríkisstjórnar til þess að greiða niður húshitunarkostnað á landsbyggðinni eða þar sem menn njóta ekki jarðhitans. Ég held að við getum verið tiltölulega stolt af því hvernig að þeim málum hefur verið staðið.

[15:36]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins árétta þetta og segja að ég óttast að svigrúmið sem hæstv. iðnaðarráðherra talar um í þessum fjárlagalið sé ekki nægjanlegt til að mæta þessum hækkunum og líka spilar inn í fjölgun þeirra sem munu fá niðurgreiðslu eftir breytingar sem gerðar voru á lögunum, ýmsar kærur og fleira sem ég hef ekki tíma til að rekja hér nú.

Aðalatriðið er að hæstv. ráðherra nefnir að brugðist verði við þessu. Má ég þá, virðulegi forseti, spyrjast fyrir um hvort brugðist verði við þessum vanda, bæði hjá fiskeldisstöðvunum og garðyrkjubændum, áður en lögin taka gildi, áður en 1. janúar rennur upp?

[15:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ítreka það að við erum að fara inn í gjörbreytt umhverfi þar sem allt er uppi á borðinu en ýmislegt sem viðhaft var var kannski minna uppi á borðinu. Ég er ekki að gera lítið úr því að það hafi verið mikilvægt fyrir þær atvinnugreinar sem hér voru nefndar. En þegar við tökum upp frjálsa samkeppni á þessu sviði þá eru okkur ákveðin takmörk sett eins og allir vita.

En það sem ég get sagt og endurtek hér er að mér finnst þetta mikilvægir málaflokkar og atvinnugreinar og innan þeirra marka sem ég hef möguleika á mun ég beita mér fyrir því að þarna verði alla vega enginn skellur.

Veggjald í Hvalfjarðargöng.

[15:38]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að koma þessari fyrirspurn að. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. samgönguráðherra og spyr um stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi lækkun eða niðurfellingu vegskatts um Hvalfjarðargöng.

Eiga Íslendingar, og þá þeir sem mestra hagsmuna hafa að gæta, íbúar Norðvesturkjördæmis, von á aðgerðum í þessa átt? Ef svo er, hvenær?

Það er líklegt að kostnaður vegna samgöngubóta um Hvalfjörð, ef af hefði orðið, nemi þeim kostnaði sem varð þegar stofnað var til Hvalfjarðarganganna. Þess vegna hlýtur að vera sanngjörn krafa allra Íslendinga og sérstaklega þeirra sem eiga ríkastra hagsmuna að gæta að vegskatturinn verði felldur niður. Þetta og mál sem lúta að Arnkötludalsleið eru ein ríkustu samgöngumálin sem að okkur lúta, íbúum Norðvesturkjördæmis. Því spyr ég um vegskatt um Hvalfjarðargöng.

[15:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að þetta er tæplega óundirbúin fyrirspurn vegna þess að hún liggur skriflega fyrir í þinginu frá hv. þingmanni Norðvesturkjördæmis Jóhanni Ársælssyni. Því er kannski ekki ástæða til að eyða mjög miklum tíma í umræður um þetta. En það liggur fyrir að ýmsir hafa áhuga á því að lækka gjaldið vegna notkunar á Hvalfjarðargöngunum og sá sem hér stendur er meðal þeirra. Þingmenn úr öllum flokkum hafa vakið athygli á því að mjög æskilegt væri að lækka þetta gjald og af hálfu samgönguráðuneytisins hefur verið lögð áhersla á það við stjórn Spalar að leita allra leiða til þess að lækka þetta gjald.

Gert er ráð fyrir að endurskoðuð verði innheimta virðisaukaskatts og það er samkvæmt stjórnarsáttmála og ég hef vakið athygli á því í umræðum um lækkun á virðisaukaskatti að ég hef gert ráð fyrir því að til þess komi að skatturinn lækkaði á þessum þætti, þ.e. gjaldið er í lægra þrepi virðisaukaskattsins og ég tel eðlilegt að það verði skoðað í þeirri heildarendurskoðun. Breytingar á álagningu virðisaukaskatts gætu og ættu að leiða til lækkunar gjaldsins.

En aðalatriðið er að í viðræðum milli Spalar, samgönguráðuneytis og Vegagerðar er verið að leita leiða til að lækka gjaldið. Ég tel eðlilegt að taka þessa umræðu að öðru leyti þegar fyrirspurnin sem ég benti á verður hér til umræðu og á dagskrá síðar á þinginu.

[15:41]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin og að hafa bent á að þessar spurningar liggja að einhverju leyti fyrir. En ég vil bara ítreka að aldrei er of oft spurt góðra spurninga sem nauðsynlegt er að fá svör við. Það er alveg öruggt mál. Þetta er svo mikið hagsmunamál fyrir íbúa Norðvesturkjördæmis að það ætti í rauninni að koma upp í hverjum fyrirspurnatíma til að leggja áherslu á að þetta á að taka af. Ég skora á hæstv. samgönguráðherra að beita sér í þessu máli af fullum þunga en ekki láta einhverja menn, eins og ég vil næstum segja, úti í bæ vera að ræða málin.

[15:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég met að sjálfsögðu áhuga þingmannsins á þessu máli og geri ekki lítið úr honum. Það er nú ekki um það að ræða að einhverjir menn úti í bæ séu að fjalla um þetta heldur eru það stjórnendur Spalar, þess hlutafélags sem fengu með sérstökum samningi við ríkið leyfi til að grafa göngin. Þeir hafa fullt vald og fullan rétt til þess að fjalla um þetta mál.

Ég hef lýst þeim vilja mínum að allra leiða verði leitað í samstarfi við stjórn Spalar til þess að lækka gjaldið og ég á von á því að þeir ágætu stjórnendur leggi sig fram við að finna leiðir til þess.

Einkaleyfi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 251. mál (EES-reglur, einkaréttur lyfja). — Þskj. 269.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Græðarar, 1. umr.

Stjfrv., 246. mál. — Þskj. 257.

[15:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um græðara. Í kjölfar þingsályktunar um stöðu óhefðbundinna lækninga sem samþykkt var á Alþingi 3. maí 2002 skipaði ég nefnd sem falið var að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga á Íslandi og bera hana saman við stöðu mála annars staðar á Norðurlöndunum, í Evrópusambandinu og í Bandaríkjunum.

Verkefni nefndarinnar var að skoða stöðu óhefðbundinna lækninga, gera tillögur um hvernig koma skuli til móts við vaxandi umsvif á sviði óhefðbundinna lækninga og að taka afstöðu til þess hvort viðurkenna skuli nám í þeim með veitingu starfsréttinda. Í áfangaskýrslu nefndarinnar sem lögð var fram á Alþingi, 130. löggjafarþingi, var gerð grein fyrir upphafsvinnu nefndarinnar sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að æskilegt væri að gefa þeim græðurum kost á tiltekinni viðurkenningu hins opinbera að uppfylltum ákveðnum menntunarlegum og faglegum kröfum. Með þessu móti yrði starfsemi græðara settur ákveðinn rammi og komið á fót virku eftirliti sem væri til hagsbóta jafnt græðurum og þeim sem nýta sér þjónustu þeirra. Ákveðið var að þetta yrði best gert með lagasetningu og er frumvarpið sem hér er kynnt *meginniðurstaðan af starfi nefndarinnar.*

Óhefðbundnar lækningar hafa lengi verið stundaðar í einhverri mynd í öllum samfélögum. Viðhorf til þessara mála eru mismunandi milli landa, munur er á því hvaða aðferðir óhefðbundinna lækninga hafa náð fótfestu í menningu ólíkra þjóða og í hve miklum mæli almenningur nýtir sér þær. Í Noregi og Danmörku hafa nú verið sett lög um starfsemi þeirra sem vilja veita óhefðbundna meðferð og í Svíþjóð er unnið að undirbúningi að lagasetningu.

Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins kemur fram að komið skuli á fót frjálsu skráningarkerfi græðara en með því er átt við að græðurum er ekki skylt að skrá sig í skráningarkerfið heldur sé það val hvers og eins. Kveðið er á um að skráningarkerfið skuli vera í umsjá Bandalags íslenskra græðara. Í umsjóninni felst: að færa á skrá þá græðara sem þess óska að því tilskildu að þeir uppfylli skilyrði um félagsaðild, taka af skrá þá sem þess kunna að óska og afskrá þá sem ekki uppfylla lengur sett skilyrði fyrir skráningu. Mikilvægt er að umsjónaraðili með kerfinu tryggi að skráðar upplýsingar séu ávallt réttar og að allar breytingar séu færðar inn reglulega. Bandalagi íslenskra græðara er heimilt að innheimta skráningargjald af hverjum einstaklingi sem skráir sig í skráningarkerfið. Gjaldið skal vera hóflegt og einungis ætlað til að standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af rekstri og viðhaldi skráningarkerfisins. Gert er ráð fyrir að sú viðurkenning sem skráning felur í sér verði græðurum og einstökum fagfélögum þeirra hvatning til að sækjast eftir aðild að skráningarkerfinu. Aðeins þeir græðarar sem fá skráningu hafa heimild til að kynna sig sem skráða græðara á því sviði sem þeir starfa. Skráning er til marks um að þeir uppfylli tilteknar menntunarlegar og faglegar kröfur og felur í sér ákveðinn gæðastimpil sem nýtist græðurum við að kynna starfsemi sína og veitir jafnframt notendum þjónustunnar ákveðnar upplýsingar um gæði hennar. Nefndin telur að verði þetta frumvarp að lögum hafi það í för með sér ávinning fyrir þá sem vilja nýta sér heilsutengda þjónustu græðara, samhliða því að starfsumhverfi græðara verður bætt.

Frumvarp til laga um græðara var sent til umsagnar fjölda aðila um miðjan júlí 2004 og voru viðbrögð almennt jákvæð. Samkvæmt frumvarpinu skal eins og áður segir komið á fót frjálsu skráningarkerfi fyrir græðara sem leggja stund á heilsutengda þjónustu utan hins almenna heilbrigðiskerfis. Með almennu heilbrigðiskerfi er átt við alla heilbrigðisþjónustu sem veitt er af löggiltu heilbrigðisstarfsfólki, hvort sem ríkið tekur þátt í kostnaði vegna hennar eða ekki. Meginhersla er lögð á neytendavernd og að efla faglega ábyrgð þeirra sem veita heilsutengda þjónustu eins og hún er skilgreind í frumvarpinu. Í athugasemd við 2. gr. frumvarpsins er nánar skýrt hvað átt er við með heilsutengdri þjónustu. Þeim sem veita slíka þjónustu hefur verið valið samheitið græðarar sem oft hefur komið fyrir í þessari framsöguræðu. Orðið er gamalkunnugt orð í íslensku máli og hentar vel til að afmarka þann fjölbreytta og sundurleita hóp sem veitir heilsutengda þjónustu eins og hún er skilgreind í frumvarpinu. Einnig hefur orðið græðari verið notað um skeið af bandalagi nokkurra fagfélaga sem veita heilsutengda þjónustu, þ.e. Bandalagi íslenskra græðara sem stofnað var árið 2000.

Fram að þessu hefur engin lögformleg skilgreining verið til á heilsutengdri þjónustu græðara. Græðarar hafa ekki notið opinberrar viðurkenningar. Samkvæmt frumvarpinu er græðurum veitt ákveðin viðurkenning af hálfu hins opinbera ef þeir skrá sig í skráningarkerfi það sem frumvarpið fjallar um. Slík skráning er háð skilyrðum og leggur vissar skyldur og faglegar kröfur á herðar einstökum fagfélögum sem fá aðild að skráningarkerfinu og þeim einstaklingum sem skrá sig í það.

Í drögum að reglugerð sem lögð eru fram sem fylgiskjal með frumvarpi þessu er kveðið á um þær kröfur sem fagfélög þurfa að uppfylla til að hljóta aðild að skráningarkerfinu. Kröfurnar lúta m.a. að menntunarlegum og faglegum kröfum sem einstaklingar þurfa að uppfylla til að teljast fullgildir félagar í viðkomandi fagfélagi.

Í meðfylgjandi drögum að reglugerð sem lögð er fram sem fylgiskjal með frumvarpinu er kveðið á um að almenningur skuli eiga greiðan aðgang að upplýsingum um hvort græðari sé skráður og í hvaða starfsgrein. Þetta er mikilvægt til þess að hver sá sem vill nýta sér þjónustu græðara geti gengið úr skugga um hvort græðari sá er hann leitar til uppfylli þær kröfur sem kveðið er á um í frumvarpi þessu

og reglugerðum sem á því byggja.

Herra forseti. Frumvarpinu sem hér er lagt fram er eins og áður segir ætlað að hafa í för með sér ávinning fyrir þá sem vilja nýta sér heilsutengda þjónustu græðara, jafnhliða því sem starfsumhverfi græðara verði bætt.

Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbrigðis- og trygginganefndar og til 2. umr.

[15:51]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frumvarp er komið fram í þinginu. Ég var einn af flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar sem var samþykkt hér 2002 sem síðan varð til þess að farið var í þá vinnu sem nú hefur skilað sér inn í þingið sem frumvarp um græðara. Ég get ekki annað en verið ánægð með það. Við lestur frumvarpsins sé ég að víðtæk sátt hefur verið um hvernig frumvarpið er úr garði gert. Leitað hefur verið til fjölmargra félagasamtaka og stofnana um umsagnir. Síðan hefur verið höfð til fyrirmyndar lagasetningin á Norðurlöndunum en bæði í Noregi og Danmörku tóku gildi á þessu ári lög um óhefðbundnar lækningar.

Ég vil líka segja að mér finnst orðið græðari gott orð yfir þá sem stunda þessa heilsutengdu þjónustu eða óhefðbundnar lækningar og er sannfærð um að þessi lagasetning veitir bæði þeim sem nýta sér þjónustu græðaranna betri stöðu og sömuleiðis er þetta betra starfsumhverfi fyrir þá sem sinna óhefðbundnum lækningum.

Mig langar aðeins til að spyrja hæstv. ráðherra út í atriði sem er ekki alveg óskylt þessu, áhugamál mitt sérstakt, þ.e. hvort hæstv. ráðherra væri tilbúinn að taka einnig inn í svona lagasetningu aðra heilsutengda þjónustu, heilsurækt. Nú veit ég ekki hvort ráðherrann er að hlusta á mig þar sem ég sé að hann er að tala við fyrrverandi umhverfisráðherra en ég var sem sagt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann væri tilbúinn til að samþykkja svipaða lagasetningu yfir þá sem veita heilsutengda þjónustu sem felst í hreyfingu og líkamsrækt.

Nú hefur það gerst á Norðurlöndunum að læknar hafa vísað í æ auknari mæli á hreyfingu í stað þess að fara inn á heföbundna læknisþjónustu. Við lestur þessa frumvarps finnst mér ekki óeðlilegt að sá hópur, þ.e. þeir sem sinna líkamsrækt og heilsutengdri þjónustu sem felst í því að fólk hreyfi sig og geri það á réttan hátt, fái einhverja svipaða stöðu. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann sé tilbúinn að standa að því.

Ég hyggst leggja fram þingsályktunartillögu í þá veru í vetur þar sem farið yrði í svipaða vinnu og hér hefur verið farið í hvað varðar hreyfingu. Ég hef mikinn áhuga á því að það verði gert. Ég vildi gjarnan heyra í hæstv. ráðherra um það. Auðvitað munum við síðan fara yfir þetta mál í heilbrigðis- og trygginganefnd og skoða það lið fyrir lið og hvort eitthvað mætti betur fara. Við fyrsta yfirlestur líst mér vel á málið og er tilbúin að styðja að það verði að lögum sem fyrst. Ég fagna því að þingsályktunin sem Lára Margrét Ragnarsdóttir, fyrrverandi þingmaður og núverandi varaþingmaður, átti frumkvæði að skuli hafa skilað sér með þessum hætti inn í þingið.

[15:56]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni sem talaði hér á undan mér, hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, og fagna því að þetta frumvarp sé komið hér fram. Við sem vorum hér á síðasta kjörtímabili fylgdumst mjög vel með framgangi þingsályktunartillögu hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur sem var 1. flutningsmaður tillögu um að skipa nefnd sem átti að gera úttekt á stöðu óhefðbundinna lækninga á Íslandi og bera saman við stöðu mála erlendis. Við vitum að töluverður áhugi er á þessu frumvarpi úti í samfélaginu, bæði meðal þess stóra hóps fólks sem málið varðar og mundi falla undir skilgreiningu græðara og jafnframt þess stóra hóps fólks sem nýtur þjónustu þeirra stétta sem falla undir græðara. Það kemur m.a. fram í skýrslu frá þeirri nefnd sem skipuð var í kjölfar samþykktar þingsályktunartillögunnar að á 15 ára tímabili, frá 1985 til 2000, fjölgaði þeim sem nýttu sér þessa þjónustu græðara úr 6% og upp í tæplega 30%. Það segir að þetta meðferðarform nýtur mikillar velvildar og álits meðal þjóðarinnar.

Mig langaði að draga fram að í nefndaráliti hv. heilbrigðis- og trygginganefndar með þingsályktunartillögunni þegar hún kom til afgreiðslu í hinu háa Alþingi sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Nefndin telur brýnt að ráðist verði í þá vinnu sem tillaga þessi gerir ráð fyrir. Ljóst er að svokallaðar óhefðbundnar lækningar eru stundaðar hér á landi í talsverðum mæli með þegjandi samþykki yfirvalda. Það skortir tilfinnanlega regluramma um þessa starfsemi svo að unnt sé að hafa eftirlit með henni og vernda hagsmuni notenda þessarar þjónustu sem og starfsöryggi og heiður þeirra sem sannanlega hafa aflað sér þekkingar til að veita hana. Segja má að þessi starfsemi hafi hingað til farið fram í einhvers konar lagalegu tómarúmi með afskiptaleysi yfirvalda og er mikilvægt að ráða bót á því vegna eðlis þjónustunnar. Áður en af því getur orðið verður þó að vinna ákveðna grunnvinnu. Tillaga þessi gengur út á að ráðist verði í þessa vinnu og þannig stigið fyrsta skrefið að því markmiði að mynda lagaramma utan um þessa starfsemi."

Síðan segir einnig í nefndarálitinu, með leyfi forseta:

„Nefndin vill koma þeirri afstöðu sinni á framfæri að ekki eigi að leggja áherslu á löggildingu starfsréttinda í þessum greinum heldur geti viðurkenning náms og réttinda verið nægjanleg í flestum tilvikum. Í slíkum viðurkenningum felst mikilvæg neytendavernd."

Í rauninni má segja að það frumvarp sem við erum núna að fjalla um fari nákvæmlega eftir þeim ramma og þeim hugmyndum sem nefndin lagði til.

Í mínum huga er tilgangur þessa nýja frumvarps í fyrsta lagi að skilgreina hvað felst í heilsutengdri þjónustu græðara og í öðru lagi að gæta hagsmuna neytandans. Það er mjög mikilvægt og þýðir m.a. að þjónusta sem er boðin sé viðurkennd af stjórnvöldum og uppfylli ákveðin skilyrði um gæði og öryggi. Hún á líka að fela í sér að þjónustan sé háð eftirliti stjórnvalda, að þeir sem veita þjónustuna séu skráðir og hafi grundvallarþekkingu í ákveðnum greinum heilbrigðisvísinda og hafi undirgengist tilteknar reglur, þar á meðal siðareglur sem eiga að tryggja hag neytandans. Hér á ég við siðareglur viðkomandi stéttar. Síðan er líka mjög

mikilvægt að upplýsingar liggi fyrir þannig að almenningur geti áttað sig á hvaða einstaklingar eru viðurkenndir af stjórnvöldum og hverjir eru það ekki. Loks er í þriðja lagi tilgangur frumvarpsins að viðurkenna stöðu græðara í íslensku samfélagi og kveða á um réttindi þeirra og skyldur og skapa þeim betri starfsaðstæður.

Í máli hæstv. ráðherra kom fram að Danir og Norðmenn hafa farið svipaða leið og hér er lögð til og hafa nýlega sett lög um græðara sem eru á svipuðum nótum, þ.e. að viðurkenna græðara með því að þeir fái skráningu sem slíkir að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hér er auðvitað gerður greinarmunur annars vegar á löggiltum heilbrigðisstéttum sem meðhöndla sjúka svo sem læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar og fleiri heilbrigðisstéttir sem fá starfsleyfi hjá heilbrigðisráðuneytinu, og hins vegar græðurum sem eru skráðir, reyndar er skráningarkerfið frjálst samkvæmt þessu frumvarpi sem ég tel vera alveg viðunandi. Það er því gerður ákveðinn greinarmunur á þessu.

Mig langar í örfáum orðum að fjalla um stöðu þess sem kallað er óhefðbundnar lækningar í öðrum löndum, en t.d. í Kína, Víetnam og Kóreu er það sem við köllum óhefðbundnar lækningar hið hefðbundna. Meira að segja í skýrslu eða öllu heldur ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til stjórnvalda um hvernig haga eigi þessum málum þá er talað um „traditional medicine", ekki óhefðbundnar, „untraditional", heldur traditional, þannig að það sem er óhefðbundið hjá okkur er hefðbundið í mörgum öðrum ríkjum, m.a. Austurlanda. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég datt ofan á eru á sjöunda hundrað þúsund læknar í Kína sem mundu falla undir skilgreiningu óhefðbundinna lækninga, sem væru þá hefðbundnar hjá þeim, og sú meðferð sem þeir veita er að fullu greidd af sjúkratryggingakerfinu.

Síðan er líka vert að benda á að í Ástralíu og Indlandi og fleiri stöðum er háskólanám fyrir lækna, hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga og fleiri í óhefðbundinni meðferð. Rannsóknastofnanir í óhefðbundnum meðferðarformum eru t.d. starfandi í Noregi, Japan, Þýskalandi, Kanada og Bandaríkjunum en einnig í Indlandi, Indónesíu og Sameinuðu arabísku furstadæmunum svo fáein lönd séu nefnd.

Þetta innlegg mitt er til þess að undirbyggja það að við förum varlega í því að gefa til kynna að þetta sé ósannreynd og óvísindaleg meðferð. Ég vil því gera sérstaklega að umfjöllunarefni 2. gr. frumvarpsins þar sem segir að þessi meðferð byggist fremur á hefð og reynslu en gagnreyndum vísindalegum niðurstöðum. Það er dálítil hætta á að verið sé að gera lítið úr þeim raunverulega árangri sem sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að er ekki lakari en árangur af því sem við köllum hefðbundnar meðferðir.

Í skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar til stjórnvalda eru m.a. gefin dæmi um rannsókn þar sem tveir hópar sjúklinga með mismundi sjúkdóma en samt sem áður sambærilegir fóru í meðferð þar sem annar hópurinn fékk það sem við mundum kalla hefðbundna meðferð, lyfjameðferð og slíkt með framleiddum lyfjum, og hinn hópurinn fékk meðferð sem mundi falla undir óhefðbundna meðferð. Niðurstaðan af þessu eftir eitt ár var að óhefðbundna meðferðin var ódýrari. Það voru færri aukaverkanir af óhefðbundinni meðferð, það var meiri fylgni milli álits sjúklinga á árangri og raunverulegs árangurs meðferðar og viðurkenning sjúklings á hlutverki meðferðaraðila í að leysa heilbrigðisvandann var einnig meiri, og það var 53–63% hagkvæmara að beita óhefðbundinni meðferð með tilliti til árangurs en hefðbundinni. Þetta var bæði hagkvæmara og árangursríkara þannig að við skulum aðeins staldra við þegar við segjum eða gefum í skyn að meðferðin sé óvísindaleg.

Þarna er hins vegar verulegur óplægður akur og það er oft erfitt að finna aðferðir til að rannsaka áhrif tiltekinnar meðferðar en það er mikil þróun í gangi í þessum efnum. Þess vegna beini ég því til hv. heilbrigðisnefndar að hún skoði orðalag 2. gr. frumvarpsins þannig að ekki sé verið að gera lítið úr þessum meðferðum. Ég er þeirrar skoðunar og ég veit að margt af því sem mundi falla undir starfssvið græðara er í rauninni framkvæmt af heilbrigðisstéttum sem hluti af starfi þeirra inni á spítölum og er í rauninni viðurkennd meðferð þó að sú meðferð fái ekki sömu viðurkenningu þegar hún er í höndum græðara og nefni ég þar t.d. nálastungumeðferð og nudd og slíkt sem hefur verið sýnt fram á að hefur mjög góð áhrif á sjúklinga.

Mér sýnist að öðru leyti að það frumvarp sem hér er til umræðu taki mið af ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um hvernig á að taka á þessum málum þannig að það er af hinu góða.

Að lokum langar mig aðeins að draga fram 8. gr. frumvarpsins sem snýr að auglýsingum. Fyrirsögn 8. gr. er reyndar Starfsheiti og kynning en ég ætla sérstaklega að varpa spurningu til hæstv. heilbrigðisráðherra hvað varðar þær takmarkanir sem þar koma fram varðandi auglýsingar á þessari starfsemi. Þeir hópar sem mundu falla undir þessi lög hafa í dag engar slíkar takmarkanir og ég hef ekki séð að það hafi verið til trafala. Sannarlega þurfa þessir aðilar að gæta að ákveðnum siðareglum og að þeir séu ekki að lofa meiru en þeir geta staðið við, en ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þeir auglýsi þjónustu sína hér eftir sem hingað til. Reyndar er það skoðun mín að við höfum gengið of langt varðandi heilbrigðisstéttir að þeir megi ekki auglýsa þjónustu sína því hvenær eru auglýsingar upplýsingar og er ekki sjúklingum nauðsynlegt að hafa upplýsingar þegar þeir taka ákvörðun um til hvers þeir eiga að leita.

Í því sambandi langar mig að benda á þjónustu tannlækna. Verðlagning á þjónustu tannlækna er frjáls í dag en fólki er það yfirleitt ekki ljóst. Fólk heldur að það gangi að föstum taxta þegar það fer til tannlæknis, en það er öðru nær. Og meðan fólk hefur ekki upplýsingar um hvað kostar t.d. að senda barnið sitt í tannréttingar þar sem er gríðarlegur verðmunur á milli tannlækna, hvernig í ósköpunum á fólk að geta metið hvar bestu þjónustuna er að fá, hvar eru mestu gæðin fyrir besta verðið, hvert er hagkvæmast að leita? Þessar upplýsingar liggja ekki á lausu nema fólk hreinlega hringi á milli staða þannig að því er í raun og veru gert mjög erfitt fyrir.

Ég legg áherslu á að 8. gr. verði endurskoðuð í nefndinni og horft verði til þess að þessar stéttir auglýsa í dag og það hefur ekki skapað vanda, og um leið vil ég lýsa yfir þeirri skoðun minni að ég tel að við göngum of langt varðandi þetta atriði hjá heilbrigðisstéttum í dag.

Almennt séð tel ég að frumvarpið sé til mikilla bóta fyr-

ir stöðu græðara og stöðu neytenda og það sé mikið framfaramál að það fari í gegn. Það hefði e.t.v. mátt gerast fyrr en það er eins og með svo mörg mál að þau koma seint fram hér á landi, við förum stundum heldur varlegar en aðrar þjóðir en kannski má segja að þegar við tökum okkur til þá gerum við það vel.

[16:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði aðeins að þakka hv. þingmanni fyrir fróðlega og góða yfirferð um þessi mál í ræðu sinni og spyrja hv. þingmann hvort hún hefði einhverja tillögu um hvernig við ættum að breyta 2. gr. Ég get alveg tekið undir það að þetta sé ekki alveg í takt við reynsluna, sérstaklega þegar litið er til fjarlægra heimsálfa varðandi þá sem sinna þessari heilbrigðisþjónustu eða heilsutengdu þjónustu þar, því vissulega má segja að í Austurlöndum byggir þessi þjónusta á gagnreyndum vísindalegum niðurstöðum. Við þurfum því kannski að breyta 2. gr. og ég vil spyrja hv. þingmann hvort hún sé með ákveðna tillögu um hvernig best væri að breyta henni. En ég er alveg sammála því að mér finnst hún eiginlega ekki geta staðið svona í ljósi þess í hverju þessi heilsutengda þjónusta felst úti í hinum stóra heimi.

Síðan get ég tekið undir með hv. þingmanni í sambandi við takmarkanir á auglýsingunum. Ég get ekki séð að við eigum að takmarka það eitthvað miðað við hvernig þetta er í dag. Nuddarar og aðrir geta auglýst í dag og mér finnst engin ástæða til að við þurfum þrengja það eitthvað þó að komið sé ákveðið starfsumhverfi í kringum þjónustu þessara hópa.

[16:11]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég velti því einmitt fyrir mér hvernig hægt væri að orða þetta með einhverjum þeim hætti sem sneiddi hjá þessum vanköntum sem eru núna á greininni en ég komst ekki að neinni niðurstöðu um það og hafði kannski ekki heldur mikinn tíma til að velta því fyrir mér. En ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir nefndina að fá góðar umsagnir, að fá umsagnir frá þeim aðilum sem eiga þarna hagsmuna að gæta og kannski ekki síður frá þeim fagfélögum þar sem eru löggiltar starfsstéttir vegna þess að ég veit t.d. að hjúkrunarfræðingar telja að ýmis meðferð sem þeir veita hefur í raun og veru, þó að hún sé innan þeirra starfssviðs, ákveðna samsvörun í ýmsu sem græðarar eru að gera, og þá sérstaklega hjúkrunarfræðingar sem hafa aukið við menntun sína á einhverju tilteknu sviði.

Ég tel því að það ætti einmitt að leita til lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara og fleiri stétta til að fá sjónarmið þeirra á því hvernig þetta ætti að hljóða. Ég hef ekki lausn á því en vildi nota tækifærið og benda á að þetta er kannski ekki nákvæmlega eins og við viljum hafa það og í rauninni ekki í samræmi við sannleikann í málinu, þó svo, eins og ég sagði áðan, að það séu ákveðnir erfiðleikar með aðferðafræði við að sannreyna óhefðbundnar meðferðir. Hvernig ætlum við að sannreyna það t.d. að nudd hafi áhrif á ónæmiskerfið? Reyndar er það kannski óheppilegt dæmi vegna þess að það eru einmitt rannsóknir sem benda til þess að nudd hafi jákvæð áhrif á ónæmiskerfið. En þetta er þá verkefni nefndarinnar að skoða.

[16:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að þurfum auðvitað að senda málið út til umsagnar og fá álit fjölmargra. Þó svo að frumvarpsdrögin hafi verið send út mjög víða til umsagnar þurfum við engu að síður að fá umsagnir inn í nefndina. Það er einmitt fín ábending hjá hv. þingmanni að skoða það sérstaklega að fá löggiltar stéttir til að segja álit sitt eins og t.d. á 2. gr. Ég er alveg sannfærð um að við munum gera það í nefndinni að fá sem flesta að málinu og laga það sem við teljum að betur mætti fara í frumvarpinu. Síðan get ég ekki séð að neitt ætti að vera því til fyrirstöðu að við getum afgreitt málið úr nefndinni að því loknu því það er, eins og mér heyrist allir vera sammála um, hið þarfasta mál bæði fyrir almenning og þá sem veita þessa þjónustu.

[16:14]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara stutt athugasemd. Það var leitað til ýmissa aðila við vinnslu frumvarpsins en það var samt sem áður einn aðili sem hafði séð frumvarpið á fyrri stigum í umsögnum og kom á óvart hvað það hafði breyst mikið frá því að hann hafði fengið það til umsagnar og þangað til endanlega útgáfan kom. Ég held því að það sé ástæða til að leita sérstaklega til þessara aðila til að sjónarmið þeirra komi þá fram um hvað betur mætti fara.

[16:15]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því frumvarpi sem heilbrigðisráðherra hefur nú mælt fyrir. Eins og umræðan í þingsalnum ber glöggt vitni um er þetta ekki nýtt mál í þinginu og heyrist á ræðumönnum sem hér hafa talað á undan mér að um þetta hefur verið fjallað töluvert í þinginu og sérstaklega í heilbrigðis- og trygginganefnd. Eins og kom fram í máli ræðumanna kemur þetta frumvarp fram í kjölfarið á þingsályktunartillögu sem samþykkt var á Alþingi 2002 og heilbrigðisnefnd fjallaði töluvert um á sínum tíma.

Þegar þetta mál var í heilbrigðisnefnd fengum við bæði tilteknar umsagnir inn í nefndina og fengum gesti á okkar fund frá Bandalagi íslenskra græðara og fleiri aðilum sem höfðu sterkar og góðar skoðanir á þessu. Þar kom m.a. fram að þetta er mjög fjölbreyttur og sundurleitur hópur sem hefur í almennri umræðu gengið eða setið undir því að stunda það sem við kölluðum í þingsályktunartillögunni óhefðbundnar lækningar.

Markmiðið eins og ég skil með frumvarpinu núna og í takt við þingsályktunartillöguna er að veita ákveðna viðurkenningu tilteknum hópi þeirra sem hafa stundað óhefðbundnar lækningar. Einhvern veginn segist mér svo hugur að þá flokkist þessi hópur svolítið niður. Það kom í ljós í meðferð heilbrigðis- og trygginganefndar að margir af þeim sem hafa verið að veita þessa þjónustu eru með margra ára háskólanám að baki en aðrir hafa jafnvel bara sótt ákveðin

helgarnámskeið. Það er náttúrlega ljóst að með frumvarpinu, ef að lögum verður, er verið að tryggja ákveðna neytendavernd. Verið er að tryggja það að almenningur geti gert sér svolitla grein fyrir því hvað stendur á bak við þjónustutilboð frá hverjum og einum.

Það sem ég velti svolítið fyrir mér og langaði til að beina spurningu til ráðherra um er að við töluðum alltaf um þetta sem óhefðbundnar lækningar. Eins og kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu er í dönsku og norsku lögunum, sem nýbúið er að setja, talað um óhefðbundna meðferð sem er svona aðeins í takt við þá orðnotkun sem við höfum tileinkað okkur á Íslandi, en hins vegar er í þessu frumvarpi talað um heilsutengda þjónustu græðara. Spurning hvort ráðherra getur að einhverju leyti skýrt fyrir okkur af hverju þessi orðnotkun er valin.

Hins vegar vil ég taka undir það sem hefur komið fram hjá öðrum ræðumönnum að mér finnst heitið græðari óskaplega gott og ég held að full sátt sé um að nota það, líka meðal Bandalags íslenskra græðara og þeirra aðildarfélaga sem þar heyra undir. En ef ráðherra vildi aðeins skýra fyrir okkur hvers vegna þessi orðnotkun er valin í frumvarpinu væri það gott.

Eins og kom fram í máli hv. þm. Ástu Möller er sín hvor sýnin á þetta, þ.e. í okkar vestrænu samfélögum og síðan víða í Asíu og Afríku. Við og á vettvangi WTO lítum á þetta sem svona jaðarþjónustu eða viðbótarþjónustu og umræðan hér áðan og andsvör hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur bera þess líka merki að við eigum svolítið erfitt með að fóta okkur í þessu, hvað það er sem við í raun-inni viljum að heyri undir þessa almennu heilbrigðisþjónustu og hins vegar það hvað við teljum að eigi að falla undir þetta óhefðbundna.

Mér fannst orðaskipti þessara tveggja hv. þingmanna fyrst og fremst bera þess merki hvað við enn eigum erfitt með að fóta okkur í því hvað eigi að vera hvað.

Það kom líka fram hjá hv. þm. Ástu Möller að margir hjúkrunarfræðingar telja sig og örugglega læknar vera að veita þjónustu sem eftir sem áður telst óhefðbundin, ég nefni bara sem dæmi nálastungur og annað. Ég veit ekki annað en að læknar séu gjarnir á að beita henni, en síðan sé sérstakt félag þeirra sem einungis veita slíka þjónustu.

Það sem þetta snýst kannski að hluta til um er að við erum með eitthvað ákveðið sem heitir almennt heilbrigðiskerfi þar sem við erum búin að tryggja greiðsluþátttöku almannatrygginga en síðan erum við með heilsutengda þjónustu, eins og það heitir í frumvarpinu, sem stendur þar fyrir utan.

Þetta er held ég að hluta til kappsmál margra þeirra sem veita óhefðbundnar lækningar, heilsutengda þjónustu, að komast inn í þetta almenna heilbrigðiskerfi og að fleiri geti þá notið þeirrar þjónustu.

Málið ber þess merki, eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra líka, að frumvarpið er unnið í sátt. Í nefndinni sem vann frumvarpið áttu sæti aðilar m.a. frá Bandalagi íslenskra græðara. Frumvarpið var líka sent til umsagnar víða. Ég geri ráð fyrir að þegar búið er að vísa frumvarpinu til heilbrigðis- og trygginganefndar munum við eftir sem áður senda það til umsagnar og fá líka á fund nefndarinnar gesti, bæði fulltrúa heilsutengdrar þjónustu, eins og það heitir í frumvarpinu, og jafnframt einhverja fulltrúa frá hinu almenna heilbrigðiskerfi eða talsmenn þess.

Mig langar sérstaklega að vekja athygli í þessu tilviki á vinnubrögðum sem ég tel vera til mikillar fyrirmyndar. Eins og frumvarpið ber með sér er í nokkrum tilvikum rætt um eða nefndar reglugerðarheimildir. Til að mynda segir hér að ráðherra skuli með reglugerð kveða á um þær kröfur sem fagfélög þurfa að uppfylla til að eiga aðild að skráningarkerfinu, þessu frjálsa. Einnig er talað um lágmark vátryggingarfjárhæðar sem ráðherra skuli ákvarða með reglugerð. Síðan er jafnframt gert ráð fyrir að heiti eins og alvarlegir sjúkdómar og aðgerðir sem veita meðferð sem fylgir alvarleg áhætta, það skuli skilgreint betur í reglugerð.

Síðan er um kynningar og auglýsingar, takmarkanir á því sem ræðumenn hér á undan nefndu líka.

Það sem ég vildi hrósa er að drög að reglugerðunum fylgja frumvarpinu. Við eigum þá hægara með að átta okkur á heildarmyndinni og jafnframt að ræða það við þá gesti og umsagnaraðila sem heilbrigðis- og trygginganefnd mun leita til.

Ég tel að þessi vinnubrögð séu mjög til fyrirmyndar þegar um er að ræða nokkuð víðtækar reglugerðarheimildir eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Mig langar að lokum, herra forseti, að fagna því að frumvarpið er fram komið. Grunnvinnan var unnin af fyrrverandi hv. þingmanni, Láru Margréti Ragnarsdóttur. Hún hélt síðan áfram í heilbrigðis- og trygginganefnd sem vann þetta mál vel og faglega, afgreiddi það frá sér og til þingsins. Það hefur síðan skilað sér í þessu frumvarpi sem enn er búið að leggja frekari vinnu í af hálfu ráðherra og er gleðilegt að það skyldi ekki dragast að koma frumvarpinu inn í þingið. Síðan geri ég ráð fyrir að þegar það er komið í heilbrigðis- og trygginganefnd fái það þar eins og önnur mál vandaða og góða yfirferð.

[16:22]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég vil eins og fleiri hv. þingmenn sem þegar hafa tekið til máls fagna því að þetta frumvarp skuli vera komið fram, frumvarp til laga um græðara. Ég tel eins og fleiri að frumvarpið sé unnið með þeim hætti eins og ég hefði gjarnan viljað sjá fleiri frumvörp unnin þar sem fram kemur þingsályktunartillaga, málið er síðan unnið í heilbrigðis- og trygginganefnd og unnið áfram í heilbrigðisráðuneytinu og eftir því sem best verður séð með vönduðum vinnubrögðum og margir hafa komið þar að.

Með frumvarpinu er verið að fylla upp í það tómarúm sem hefur verið varðandi þá fjölmörgu einstaklinga sem hafa stundað hér óhefðbundnar lækningar eins og við höfum kallað það eða flokkað þá fjölmörgu sem stunda ýmiss konar heilbrigðistengda þjónustu sem hefur verið í lagalegu tómarúmi. Það hefur verið til baga vegna þess að þeir einstaklingar sem hafa sótt þjónustu inn í þennan geira hafa ekki haft nokkra einustu möguleika á að vita hvort starfsemin sé viðurkennd eða ekki. Hér erum við að fá þennan ramma sem vonandi dugar til þess að þessi fyrrnefnda óhefðbundna starfsemi geti blómstrað áfram en með þeim gæðakröfum sem á þarf að halda.

Með frumvarpinu munu verða viðurkennd bæði náms-

og starfsréttindi hverrar stéttar því þær eru fjölmargar. Ljóst verður hvað felst í starfi græðara og hvaða menntunar verður krafist og hvaða einstaklingar eru viðurkenndir sem græðarar og að þeir séu skráningarskyldir. Það sem skiptir líka máli er að sérhver stétt og sérhver einstaklingur mun hafa ákveðnar siðferðilegar skyldur og ekki síst þagnarskylduna.

Það er alveg ljóst, hæstv. forseti, að þrátt fyrir heilbrigðisþjónustuna eins og við þekkjum hana í dag á Íslandi og ég tel að við stöndum nokkuð framarlega hvað varðar þekkingu og veitta almenna heilbrigðisþjónustu, sérstaklega á háskólasjúkrahúsunum, þá eru stöðugt fleiri einstaklingar sem leita út fyrir hina hefðbundnu heilbrigðisþjónustu, ekki síst einstaklingar sem eru haldnir langvinnum og alvarlegum sjúkdómum sem þrátt fyrir góða, vísindalega sannaða meðferð á sjúkrahúsunum telja að það vanti eitthvað umfram það og leita til ýmissa einstaklinga, inn á mismunandi svið, hvort sem það eru nú nálastungur, nudd, grasameðferð, heilun eða hvað það nú er sem fólk telur sig geta fengið betri bót, a.m.k. betri líðan þó það fái ekki bata. Ég tel því að mjög mikilvægt sé að viðurkenna þessa starfsemi, koma utan um hana ákveðnum böndum en þó ekki þannig að það komi í veg fyrir að hún geti blómstrað.

Ég tel einnig að með frumvarpinu felist ákveðin viðurkenning á heilsutengdri þjónustu græðara. Hún er samt sett aðeins skörinni lægra en sú heilbrigðisþjónusta sem við erum vön. Það er heldur ekki hægt að setja allt undir sama hatt því að orðið græðari nær yfir einstaklinga sem eru allt að því sjálfmenntaðir eða hafa lítið nám að baki og einnig þá sem hafa mjög langt og erfitt háskólanám að baki, þannig að orðið græðari spannar mjög vítt svið. Það eina sem er sameiginlegt er að þau falla ekki undir okkar hefðbundna eða vestræna módel.

Það er kannski til umhugsunar fyrir okkur að reyna að komast út úr þeirri núverandi skilgreiningu hvað er hefðbundið og óhefðbundið. Það sem talað er um sem hefðbundið er út frá menningarheimi okkar og okkar vestrænu skilgreiningu og þekkingu eins og við notum innan heilbrigðisþjónustunnar, sérstaklega læknisfræðinnar. Spurning hvort við náum ekki í framtíðinni að skilgreina frekar heilbrigðisþjónustuna út frá álfum eins og okkar, sem vestræna meðferð, og síðan afríska eða asíska eftir uppruna, því margar þessar fræðigreinar byggja á árþúsunda þekkingu og reynslu og að baki margra liggur, eins og ég sagði áðan, mjög langt háskólanám.

Ég tel að frumvarpið um græðara, ef það verður að lögum, verði fyrsta skrefið til þess að koma a.m.k. hluta þessarar starfsemi undir skilgreiningu á heilbrigðisþjónustu þannig að hún verði viðurkennd sem hluti af heilbrigðiskerfi okkar og að þeir einstaklingar sem hana sækja fái einnig stuðning og greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

[16:29]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vildi leggja örfá orð í belg um þetta ágæta mál sem er hér til umræðu. Þetta mál er enn ein sönnun þess að þingsályktunartillögur sem samþykktar eru hér á þinginu hafa oft á tíðum mjög góð áhrif og verða að veruleika.

Eins og hér hefur verið komið inn á var þetta mál sent til margra umsagnaraðila, þeir voru 60 talsins. Þar á meðal var frumvarpið sent til Bandalags íslenskra græðara, en það var stofnað árið 2000. Bandalagið hefur einmitt notað þetta orð „græðari" sem er mjög fallegt og kjarnyrt íslenskt orð. Mér finnst fara vel á að nota það í þessu sambandi, um óhefðbundnar lækningar eða óhefðbundna meðferð, ef maður ætti að vera nákvæmari.

Aðildarfélög bandalagsins eru nokkur og mig langar að nefna þau: Acupunkturfélag Íslands, Cranio sacral félag Íslands, Cranio, félag höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnara, Félag íslenskra heilsunuddara, Félag lithimnufræðinga, Organon, félag hómopata, Samband svæða- og viðbragðsfræðinga á Íslandi og Svæðameðferðarfélag Íslands. Við heyrum af þessum lestri, virðulegi forseti, að félögin sinna þjónustu á mjög víðtæku sviði.

Segja má að í frumvarpinu felist neytendavernd, gerðar eru kröfur um aukið öryggi og reynt að tryggja gæði eins og kostur er í þessu frjálsa skráningarkerfi sem græðarar geta skráð í ef þeir hafa áhuga á því og uppfylla ákveðnar menntunarkröfur og faglegar kröfur. Það eru einnig gerðar kröfur til þeirra. Þeim er t.d. skylt að virða þagnarskyldu og einnig, eins og fram kemur í 4. gr., að taka tryggingar. Þar kemur fram að skráðum græðurum er skylt að hafa ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi vegna tjóns sem leitt gæti af mistökum eða gáleysi í störfum þeirra. Þeir geta líka lagt fram ábyrgð í ákveðnum tilvikum.

Málið veitir því vernd fyrir neytandann en það er einnig mjög gott fyrir græðarana sjálfa að fá einhvers konar viðurkenningu í þessu frumvarpi. Með því að ná inn á skráningarlistann geta þeir sagt að þeir séu skráðir græðarar og í því felst ákveðin viðurkenning. Ég tel mjög brýnt að þetta mál fái góða skoðun, m.a. vegna þessa stóra hóps sem nýtir sér þjónustu græðara í dag, sem fer mjög vaxandi.

Ég hef skilið það svo að góð sátt sé um þetta mál og m.a. hafi læknar talið að frumvarpið væri í ásættanlegu formi og hafi ekki mikið við það að athuga.

Hér hefur farið fram umræða um 2. gr. frumvarpsins, þ.e. skilgreininguna á því hvað er græðari. Þar kemur fram að með orðinu græðari sé átt við þá sem leggja stund á heilsutengda þjónustu utan hins almenna heilbrigðiskerfis en með slíkri þjónustu er átt við þjónustu sem byggist fremur á hefð og reynslu en gagnreyndum vísindalegum niðurstöðum. Ég get ekki tekið undir að orðanna hljóðan, virðulegur forseti, geri lítið úr græðurum, þ.e. með því að vísa í hefð og reynslu. Stundum kemur á daginn að það sem hefur verið byggt á hefð og reynslu reynist síðar hægt að sanna vísindalega, að menn hafi verið á réttri leið.

Varðandi nálastungur má t.d. nefna að þar er aðferð sem menn hafa stundað mjög lengi, m.a. í Kína. Þar gerðu menn kort af mannslíkamanum þar sem fram komu, nálastungupunktarnir, kort sem þróað var í mörg hundruð ár út frá reynslunni. Þegar vísindin urðu fullkomnari og menn gátu mælt þessa punkta með rafbylgjum þá kom í ljós, að ég held, yfir 90% fylgni á þessum punktum og svo korti sem gert var út frá rafbylgjunum með vísindalegum nálgunum. Þar sannaði hefðin sig, að eitthvað var á bak við hana. Nálastungupunktarnir breyttust ekki mikið við rafbylgjurn-

ar þegar kortið var kannað með þeim hætti.

Ég tel mjög gott að fólk geti nýtt sér þjónustu græðara. Það er æskilegt, jákvætt og gott fyrir hvern þann sem getur nýtt sér þá þjónustu. Hins vegar er önnur hlið á málinu sem maður þarf að spyrja sig að, þ.e.: Hvað kostar meðferðin? Mun hún kosta skattborgarana eitthvað? Eins og við vitum er mikill vöxtur í heilbrigðiskerfinu og útgjaldaaukning. Við veitum mjög góða þjónustu en það þarf að forgangsraða í heilbrigðiskerfinu. Það er alveg ljóst að í fjárlögunum fyrir næsta ár fara 122,5 milljarðar kr. til heilbrigðismála. Það eru um 45% af útgjöldum ríkisins. Þar af eru 8,5 milljarðar kr. hækkun, þ.e. raunhækkun, og þá hefur ekki verið tekið tillit til verðlags eða verðbóta. Þetta er raunhækkun upp á 8,5%. Mér finnst það afar há tala. Ég var að reyna að ímynda mér og reyna að giska á hve mikil raunaukningin væri á því sem fer í heilbrigðiskerfið. Þetta eru 8,5%, sem er geysilega mikið.

Hér fór fram utandagskrárumræða um daginn um þenslu í samfélaginu, þróun verðbólgu og áhrif hennar á kjarasamninga. Þar kom upp sú krafa, sem eðlileg er, að sýnt væri aðhald í fjárlögum, sem er það hagstjórnartæki sem stjórnvöld geta beitt. Á sama tíma er krafa um aðhald í fjárlögum sem við vissulega beitum, m.a. með því að takmarka mjög fjárfestingar. Hins vegar er 8,5% raunaukning í heilbrigðismálum. Ég held að þáð ríki mikil sátt um þá raunaukningu. Ég hef a.m.k. ekki heyrt stjórnarandstöðuna gera miklar athugasemdir við það. Það er reyndar raunaukning líka í menntamálunum og félagsmálum.

Við verðum því að forgangsraða, virðulegur forseti, og þess vegna vil ég sérstaklega benda á að í umsögn fjárlagaskrifstofu segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Sjúkratryggingar koma ekki til með að greiða eða taka þátt í kostnaði einstaklinga sem leita eftir heilsutengdri þjónustu græðara. ... Ekki er því talið að frumvarpið leiði til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð verði það óbreytt að lögum."

Af þessu er ljóst að við erum ekki að feta okkur inn á þá braut að skattborgarar greiði fyrir þessa þjónustu í gegnum fjárlög. Það er algjörlega skýrt og mér finnst mikilvægt að það komi fram í þessari umræðu, sérstaklega vegna orða hv. þm. Þuríðar Backman áðan. Það er a.m.k. ekki meiningin með þessu frumvarpi að ríkið taki þátt í kostnaðinum.

Ég vil benda líka á það að í 7. gr. segir, virðulegur forseti:

„Heilbrigðisstofnun er heimilt að koma til móts við óskir sjúklinga sem vilja nýta sér heilsutengda þjónustu græðara sé það í samræmi við stefnu stofnunarinnar."

Í greinargerðinni segir um 7. gr., virðulegur forseti:

„Enn fremur er í 7. gr. tekið fram að heimilt sé að koma til móts við óskir sjúklinga sem vilja nýta sér heilsutengda þjónustu græðara inni á heilbrigðisstofnun sé það í samræmi við stefnu stofnunarinnar."

Almennt er það þannig að meðferðir á stofnunum eru ókeypis í okkar kerfi. Ég túlka þetta sem svo að þrátt fyrir að veitt sé heilsutengd þjónusta græðara á heilbrigðisstofnun þá verði hún greidd af viðkomandi sjúklingi en ekki skattborgurum. Annars væri ekki samræmi milli frumvarpsgreinanna og umsagnar fjármálaráðuneytisins.

Ég vildi gera þetta að sérstöku umtalsefni vegna hins mikla vaxtar í heilbrigðiskerfinu. Þessi þjónusta sem græðarar veita er mjög mikilvæg og æskileg og sjálfsagt mun koma upp spurning um hvort það eigi að greiða hana, hvernig, með hvaða skilyrðum o.s.frv. En það er a.m.k. alveg ljóst að í þessu frumvarpi er ekki opnað á það.

Ég sé líka, virðulegur forseti, að við fetum hér sömu leið og menn hafa gert í Noregi og Danmörku, að setja upp frjálst skráningarkerfi. Það þýðir að menn komast þar inn ef þeir uppfylla ákveðnar menntunar- og faglegar kröfur.

Ég tel vel staðið að verki. Málið er búið að fá víðtæka skoðun og ég tel að það muni flýta mjög fyrir skoðun málsins í heilbrigðisnefnd þingsins.

[16:40]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég staldraði aðeins við það sem hv. þm. sagði rétt áðan varðandi þjónustu græðara þegar þeir koma inn á heilbrigðisstofnanir. Ég lít öðruvísi á þessa grein eða skil hana á annan hátt en hv. þm. Mér virðist að þetta eigi við ef sjúkrahúsin taka ákvörðun um að tiltekin þjónusta, sem er þá veitt innan veggja sjúkrahússins, gæti þá verið í höndum græðara en gæti hins vegar einnig verið í höndum löggiltra starfsstétta. Eins og ég rakti í máli mínu áðan er í ýmislegt í störfum löggiltra fagstétta, t.d. hjúkrunarfræðinga og sjúkraþjálfara, sem græðarar sinna einangrað og veita eingöngu þá þjónustu.

Ég lít svo á að ef sú þjónusta er veitt inni á sjúkrahúsi vegna tilvísunar frá þá heilbrigðisstéttum, hjúkrunarfræðingum, læknum eða öðrum sem um það hafa að segja, þá sé það greitt af viðkomandi heilbrigðisstofnun en ekki af sjúklingnum sjálfum, sé sú meðferð veitt vegna tilvísunar frá heilbrigðiskerfinu.

Það verður áhugavert að heyra svar hæstv. ráðherra á eftir varðandi þetta atriði en ég gat ekki á mér setið að koma upp og ræða þetta mál. Það skiptir verulegu máli.

[16:42]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er mjög ánægð með að hv. þm. Ásta Möller skuli spyrja út í þetta. Ég tel mjög mikilvægt að átta sig á því hvað þetta þýðir nákvæmlega. Eins og ég skil frumvarpið þá er hægt að veita þjónustu á stofnun ef það er í anda stofnunarinnar en síðan kemur mjög skýrt fram í umsögn fjármálaráðuneytisins að það eigi ekki að greiða eða taka þátt í kostnaði einstaklinga sem leita eftir heilsutengdri þjónustu græðara og frumvarpið leiði ekki til aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð.

Ef heilbrigðisstofnun kallar inn græðara og hann veitir þjónustu inni á stofnuninni, nýja þjónustu, þá er ekki greitt fyrir hana. Þá hlýtur sjúklingurinn sjálfur að greiða það.

Enda spyr maður sig: Ef það ætti að fara að greiða meðferðina á stofnuninni, af skattfé borgaranna, af stofnuninni sjálfri sem er á fjárlögum. Af hverju er það þá ekki greitt úti í bæ? Hver er munurinn þá?

Mér finnst þetta mjög áhugaverð spurning og það getur vel verið að hæstv. heilbrigðisráðherra geti varpað skýrara ljósi á þetta. En ég skil það þannig að frumvarpið leiði ekki til aukinna útgjalda og ekki verði sett nýtt fé í þjónustu græðara. Það hlýtur að útiloka að stofnanir geti greitt fyrir

þjónustu græðara inni á stofnunum.

[16:44]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri kannski ágætt að hæstv. heilbrigðisráðherra greiddi úr þessum vanda hjá okkur. Ég skildi það þannig að umsögn fjármálaskrifstofunnar væri í þá veru að það væri ekki gert ráð fyrir að sjúkratryggingar Tryggingastofnunar greiddu græðurum, þeir færu sem sagt ekki inn á samning hjá Tryggingastofnun og fengju ekki greitt þar.

Sé hins vegar tekin ákvörðun um að sjúklingur, sem er inni á heilbrigðisstofnun, þurfi á tiltekinni meðferð að halda sem er í höndum græðara, þá er það hluti af þeirri meðferð og órjúfanlegt frá annarri meðferð innan stofnunarinnar en það væri ágætt að heyra frá hæstv. ráðherra um það efni.

Í þessari umræðu kom upp í huga mér að Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands er að vissu leyti greidd af opinberu fé. Fólk greiðir hins vegar ákveðið daggjald sem stendur ekki undir nema hluta af þeim kostnaði sem meðferðin kostar. Það er alveg ljóst að þar fer fram meðferð, leirböð og annað, sem mundi falla undir óhefðbundna meðferð. Í raun hafa heilbrigðisyfirvöld að vissu leyti viðurkennt, á þessu endurhæfingarsviði, meðferð sem er greidd af opinberu fé að einhverju leyti. Það mætti skoða það aðeins.

[16:46]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að rétt sé að hæstv. heilbrigðisráðherra varpi ljósi á þessa spurningu, hvað þetta nákvæmlega þýðir. Ef það er óljóst getum við líka kallað eftir því í nefndinni. Ég held að mjög brýnt sé að kveða upp úr með þetta. Eins og við vitum eru nokkrar stéttir sem vilja gjarnan fá endurgreiðslur frá Tryggingastofnun, fá endurgreiðslur af skattfé borgaranna. Mér finnst þetta grundvallarspurning. Það er prinsippspurning fyrir hvað á að greiða og hvað ekki.

Það er svo mikill vöxtur í heilbrigðisútgjöldunum. Við erum að auka útgjöld um 8,5% núna milli ára, samt í aðhaldsumhverfi. Við þurfum virkilega að vanda okkur og forgangsraða varðandi það hvað almennur skattpeningur á að fara í í þessu sambandi. Þetta segi ég ekki til að gefa í skyn að þessi þjónusta sé ekki mikilvæg. Ég held að hún sé mjög mikilvæg og geti hjálpað afar mörgum.

[16:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem fram hefur farið um þetta mál og þær jákvæðu undirtektir sem frumvarpið hefur fengið. Það er rétt að þetta er ekki í fyrsta skipti sem það kemur til kasta þingsins, fyrst í formi þingsályktunar og síðan afrakstur samþykktarinnar nú í frumvarpi.

Nokkrum spurningum hefur verið beint til mín og ég ætla að reyna að svara þeim eftir bestu getu. Ég veit að síðan fer heilbrigðis- og trygginganefnd vandlega yfir frumvarpið.

Í fyrsta lagi var spurning frá hv. 4. þm. Reykv. s. um heilsutengda þjónustu, hreyfingu og líkamsrækt, hvort ég sé reiðubúinn að standa að frumvarpi um slíkt. Því er til að svara að ég er opinn fyrir öllu sem varðar neytendavernd og að setja reglur um að fagleg sjónarmið ráði varðandi þá þjónustu sem veitt er utan hins almenna heilbrigðiskerfis, eins og stendur í 2. gr. frumvarpsins. Ég get ekki sagt um það á þessu stigi með hverjum hætti slíkt yrði eða með hvaða hætti slíkt bæri að en þetta frumvarp ber með sér að ráðuneytið er reiðubúið að skoða þau mál.

Síðan var staðnæmst við orðalag í 2. gr.: „Með heilsutengdri þjónustu græðara er átt við þjónustu sem einkum tíðkast utan hins almenna heilbrigðiskerfis og byggist fremur á hefð og reynslu en gagnreyndum vísindalegum niðurstöðum.“ — Það er alveg rétt að hefð, reynsla og vísindalegar niðurstöður, áreiðanlegar líka þótt mig bresti þekkingu til að tala tæmandi um þau mál, eru mismunandi eftir því hvaða menningarheim við búum við. Ég hef heimsótt bæði spítala og lyfsölu í Kína og það eru mjög ólíkar hefðir sem þar eru uppi, m.a. í lyfsölunni þar sem menn standa með vigt og vigta jurtir í poka. Síðan er biðröð eftir þeim og það er talið bara hefðbundið og langreynt sem þar er selt.

Auðvitað gæti nefndin farið ofan í þetta orðalag og fengið þau sjónarmið sem uppi eru um þetta en frumvarpið ber vissulega keim af því að þarna er verið að samræma ýmis sjónarmið. Ég held að þetta sé atriði sem væri rétt fyrir nefndina að kalla eftir umsögnum um, en umsagnir um frumvarpið eru til í stórum bunkum eins og greinargerðin ber með sér.

Frumvarpið samræmir ýmis sjónarmið. Af þeirri rót er 1. mgr. 2. gr. þar sem sagt er: „Með orðinu græðari í lögum þessum er átt við þá sem leggja stund á heilsutengda þjónustu utan hins almenna heilbrigðiskerfis.“ — Orðalagið „heilsutengd þjónusta“ er angi af þessu.

Varðandi auglýsingarnar í 8. gr. er um heimildarákvæði að ræða og það eru engin áform um það, a.m.k. ekki hjá mér, að fara að herða reglur í þessu efni. Hins vegar er þá miðað við að sambærilegar reglur gildi og um auglýsingar annarra heilbrigðisstétta. Síðan er það aftur mál sem við gætum rætt. Auðvitað þarf að fara fram umræða um hvernig auglýsingar í almenna heilbrigðiskerfinu eru, hvort við höfum gengið þar of langt eða hvort ástæða er til að breyta þar til á einhverjum póstum. Við erum með tiltölulega strangar reglur í því eins og kom fram hjá hv. þm. Ástu Möller. Það er aftur sérmál en ég undirstrika að þarna er um heimildarákvæði að ræða.

Síðan voru nokkur skoðanaskipti um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þessari starfsemi. Í 2. gr. kemur fram að hér er átt við þjónustu utan hins almenna heilbrigðiskerfis sem Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í. Það er hin almenna regla. Ef svo skyldi hins vegar fara að spítalar kölluðu eftir þjónustu græðara og sjúklingurinn væri lagður inn á spítala hygg ég að það sama mundi gilda um hann og aðra sem eru lagðir inn á spítala. Ég tel að þar sem rætt er um heilbrigðisstofnanir í þessu sambandi eigi þetta við um þjónustu spítala. Ég veit reyndar ekki í hve ríkum mæli slíkt mundi verða eða hvort einhver dæmi eru fyrir slíku, að spítalar mundu kalla eftir þjónustu græðara inn á stofnun sína. Ég hygg að ef svo væri og sjúkling-

urinn væri skráður inn mundu gilda um hann sömu reglur og um aðra sem þar liggja. Þetta er sú tilfinning sem ég hef fyrir þessu máli.

[16:55]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég hafði orð á í ræðu minni áðan eru mörkin um margt óljós og þessi síðustu orðaskipti eru einmitt til marks um það. Í skilgreiningunni í frumvarpinu segir að við séum annars vegar að tala um almenna heilbrigðiskerfið sem eru vísindalega gagnreyndar aðferðir og hins vegar tölum við um heilsutengda þjónustu græðara. Þá segir að hún tíðkist einkum „utan hins almenna heilbrigðiskerfis og byggist fremur á hefð og reynslu ...“

Þetta er einmitt vandi okkar í dag. Til að mynda er uppi á Reykjalundi verið að nota nálastungur sem verkjastillandi meðferð. Það kostar ekki að vera á Reykjalundi. Ég sé fyrir mér að við fáum nálastungusérfræðing inn á Landspítala – háskólasjúkrahús og þá hlýtur sú þjónusta að greiðast af sjúkrahúsinu, alveg á sama hátt og mönnum er gefinn kostur á annarri verkjastillandi meðferð.

Þessi umræða sýnir fyrst og fremst hvað mörkin eru um margt óljós. Við erum að tala um lækna eins og uppi á Reykjalundi með heföbundna menntun sem hafa svo bætt þessu við sig sem að þeirra mati gefur oftar en ekki betri raun en heföbundin lyfjameðferð.

[16:56]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála þessari útleggingu hv. þingmanns. Hér er vissulega um að ræða margs konar starfsemi. Það er alveg rétt. Sumir hafa lokið háskólanámi, margra ára háskólanámi, og nálastungur eru m.a. stundaðar uppi á Reykjalundi. Og það er alveg rétt, þar er greitt fyrir þá sjúklinga eins og aðra inni á þeirri stofnun.

[16:57]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem ég vildi árétta og kom skýrlega fram í orðum hæstv. heilbrigðisráðherra er sá skilningur minn á þessu ákvæði í frumvarpinu að heilbrigðisstofnunum sé heimilt að koma til móts við óskir sjúklinga sem vilja nýta sér þetta þar sem það er í samræmi við stefnu stofnunarinnar. Í því hlýtur að felast að það er sjúklingunum að kostnaðarlausu.

Þetta er ekkert eina dæmið. Við vitum að t.d. á Landspítalanum fá menn geðheilbrigðisþjónustu. Innifalið í henni er þjónusta sálfræðinga. Samt tekur ríkið ekki þátt í kostnaði við sálfræðiþjónustu úti í bæ. Það sem þetta byggist á er það að við erum ekki með kostnað sjúklinga af innlögnum á sjúkrahús eða aðrar heilbrigðisstofnanir en ýmis sambærileg þjónusta og læknismeðferð kostar sjúklinga sem sækja slíkt utan stofnana.

Ég er bara mjög sátt við þessa skýringu hæstv. heilbrigðisráðherra. Það er ágætt að hún fylgi okkur inn í nefndina. Það þýðir samt ekki aukin útgjöld fyrir heilbrigðiskerfið eða hið opinbera vegna þess að það fellur þá innan ramma þeirra fjárveitinga sem sjúkrahúsin eru með.

[16:58]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna umræðunnar um það hvenær væri greitt fyrir þjónustu þessara einstaklinga langar mig að spyrja hæstv. ráðherra af því að það er nú tækifæri til þess — ég hef áður spurt hann út í greiðslur fyrir störf þeirra sem veita húðflúr, sérstaklega konum sem láta byggja upp brjóst eftir brjóstnám vegna brjóstakrabbameins. Yrði það greitt ef spítali fengi þann sem sérhæfir sig í húðflúri inn á spítalann til að byggja upp geirvörtu á konu sem brjóstið hefur verið tekið af alveg eins og borgað er fyrir það þegar læknir flytur húð og græðir annars staðar sem er mun erfiðari og ekki eins árangursrík aðferð? Ég vildi gjarnan fá svar frá hæstv. ráðherra um þetta. Málið snýst um hvað gerist ef slík meðferð kæmi inn á spítalann því þarna erum við farin að viðurkenna öðruvísi þjónustu en þessa heföbundnu.

[16:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki óyggjandi svör við þessu. Það er almenn regla að fyrir sjúklinga sem eru inni á spítölum er sú þjónusta greidd sem er talið óhjákvæmilegt að veita þeim þar. Ég get ekki lagt á það mat án þess að ráðgast við mér fróðari menn hvort slík tilvik kæmu upp í húðflúri eða uppbyggingu eftir aðgerðir. Almenna reglan er sú að sú þjónusta sem er talið nauðsynlegt að veita meðan á spítalavist stendur er greidd af fjárveitingu viðkomandi spítala eins og fram hefur komið hér.

Ég get því miður ekki svarað þeirri spurningu svo óyggjandi sé hvort það getur komið upp á spítalanum að óhjákvæmilegt sé að veita þessa þjónustu.

[17:00]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem hæstv. ráðherra getur ekki svarað þessari spurningu þá vil ég hvetja hann til þess að hefja vinnu við að bjóða þennan möguleika inni á sjúkrahúsum. Þetta er bæði ódýrara og árangursríkara. Þar sem við erum núna að viðurkenna starfsemi t.d. græðara þá ættu auðvitað þeir sem veita húðflúr í lækningaskyni, eins og þeir sem byggja upp geirvörtur, að fá sambærileg réttindi og aðstöðu og græðararnir. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að taka þetta mál sérstaklega fyrir því ég veit að mjög margar konur hafa þurft að fara í þessa meðferð eftir krabbamein og brjóstnám. Þær bíða eftir svari frá hæstv. ráðherra um hvort hann muni viðurkenna þessa þjónustu húðflúrara inni á spítala, eins og þjónustu græðaranna.

[17:02]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég skildi hæstv. heilbrigðisráðherra á stofnunin sjálf að greiða útgjöld sem felast í því ef sjúklingar vilja nýta sér þjónustu græðara á heilbrigðisstofnun sé það í samræmi við stefnu stofnunarinnar. Af því tilefni langaði mig aðeins að velta dálitlu upp: Getur staðan orðið sú — ég er nú ekki að segja að hún verði þannig — en gæti hún orðið þannig að til yrðu kallaðir græðarar, t.d. heilsunuddarar eða meðferðaraðilar sem sinna nálastungum, í auknum mæli á heilbrigðisstofnanir til að lina þján-

ingar fólks í talsvert stórum stíl? Þá þyrfti að forgangsraða upp á nýtt á þessum stofnunum af því að væntanlega þýddi það talsverð útgjöld að kalla inn svona meðferðaraðila á stofnanirnar.

[17:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þjónustu sem veitt er inni á stofnunum þá er það í valdi framkvæmdastjórar, sviðsstjóra, lækningaforstjóra, hjúkrunarforstjóra hverrar stofnunar hvaða þjónusta er veitt. Auðvitað kemur líka til kasta ráðuneytisins og fjárveitingavaldsins ef um mikla útþenslu er að ræða og menn ætla að fara inn á ný svið. Það breytir ekki þeirri almennu reglu sem gildir núna og menn hafa verið að ræða um hvort væri rétt og það er allt annað mál að sjúkrahúsvist er mönnum að kostnaðarlausu þó rukkað sé fyrir fjölmargar rannsóknir inni á stofnunum.

[17:04]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að við þurfum að fara mjög ítarlega yfir þetta í nefndinni. Ég þekki nú ekki nákvæmlega hvernig þetta er núna, þ.e. hvort verið sé að kalla til utanaðkomandi græðara inn á heilsustofnanir eða hvort hér verði um alveg nýja tegund þjónustu að ræða sem við sinnum ekki í dag. Ég velti líka upp samkeppnissjónarmiðum. Ef það verður kallað á græðara inn á stofnanir í auknum mæli og greitt fyrir hvert skipti, af stofnuninni væntanlega, eitthvert gjald, koma þá ekki upp erfið samkeppnissjónarmið gagnvart öðrum sem eru ekki inniliggjandi á stofnunum og þurfa að borga úr eigin vasa fyrir þjónustu græðara?

Við getum kannski ekki komist algerlega að þessu í þessari umræðu. En ég tel mjög brýnt að heilbrigðisnefnd skoði þetta algjörlega ofan í kjölinn þannig að það sé algjörlega skilgreint hvaða braut við erum að feta í þessu efni.

[17:05]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega sjálfsagt að heilbrigðis- og tryggingnefnd fari yfir þetta mál. Það er sjálfsagt að fara yfir þau sjónarmið. Ég er nú þeirrar skoðunar að þetta frumvarp muni ekki breyta miklu um þetta. Eins og var hér tíundað áðan vinna t.d. stofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði og Reykjalundur kannski svona til hliðar við þetta svið eða í tengslum við þessa þjónustu. En ég hef ekki trú á að það verði bylting í þessu. Það er verið að koma á skráningarkerfi fyrir þá sem vinna utan heilbrigðiskerfisins. Það held ég að verði stærstu áhrifin af þessu frumvarpi. En það er sjálfsagt að fara yfir málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 1. umr.

Stjfrv., 208. mál (kirkjugarðsgjald o.fl.). — Þskj. 208.

[17:07]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Frumvarp þetta fjallar einkum um gagngera breytingu á grundvelli kirkjugarðsgjalds sem stendur undir rekstri kirkjugarða í landinu. Nú er fjárhæð kirkjugarðsgjalds ákveðin sem fast árlegt gjald sem miðast við fjölda sóknarbarna 16 ára og eldri í viðkomandi sókn. Kirkjugarðsgjaldið losar nú 3 þús. kr. á ári fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri. Það tekur hækkunum milli ára í samræmi við hækkun á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga næstliðinna tveggja ára á undan gjaldárinu. Kirkjugarðsgjaldið hefur því ekki í raun tekið mið af raunverulegum kostnaði við rekstur kirkjugarðanna.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að kirkjugarðsgjald taki mið af reiknilíkani sem mæli raunverulegan kostnað við greftranir og rekstur kirkjugarða. Hluta gjaldsins er ætlað að renna í Kirkjugarðasjóð sem nýtir fé til að jafna aðstöðu kirkjugarða með lánum eða styrkjum. Lagt er til að þessi hlutur verði aukinn, m.a. til þess að sjóðurinn geti aðstoðað kirkjugarða sem fá minna fé vegna kerfisbreytingarinnar og til að auðvelda þeim að laga sig að breytingunum.

Kirkjugarðasamband Íslands hefur síðan árið 2000 beitt sér fyrir gerð reiknilíkans um útreikning kirkjugarðagjalds og skiptingu þess. Sambandið gaf m.a. út skýrslu vorið 2003 þar sem ítarlega er fjallað um fjármál kirkjugarða. Síðan hefur starfshópur dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og Kirkjugarðasambandsins unnið áfram að útfærslu á gjaldalíkaninu. Málið var lagt fyrir Kirkjuþing haustið 2003 sem heimilaði fyrir sitt leyti flutning frumvarpsins og breytingar þar að lútandi. Breyturnar sem notaðar verða fyrir útreikning kirkjugarðsgjaldsins verða aðeins tvær, þ.e. fjöldi látinna á næstliðnu ári annars vegar og hins vegar stærð grafarsvæða í umhirðu. Við útdeilingu gjaldsins mun Kirkjugarðasjóður hins vegar nota fleiri breytur.

Ráðgert er samkomulag milli dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og Kirkjugarðasambands Íslands þar sem nánar verði kveðið á um greiðslur samkvæmt líkaninu. Tekið er mið af því að sömu grundvallarverkefni þarf að vinna í sérhverjum kirkjugarði án tillits til fjölda íbúa í sókn. Með þessu fyrirkomulagi verður framlag til kirkjugarðanna ekki lengur lögboðið. Hins vegar er ekki unnt að útiloka að stjórnvöld telji óhjákvæmilegt vegna aðhalds í ríkisfjármálum að líta til þessara útgjalda eins og annarra.

Fjárveiting til kirkjugarða í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2005 er byggð á nýja reiknilíkaninu og nemur um 715 millj. kr. sem er svipuð fjárhæð og hefði verið eftir gamla kerfinu.

Virðulegi forseti. Nokkrar minni háttar breytingar á kirkjugarðalögunum er einnig að finna í þessu frumvarpi.

Fyrst má nefna að kirkjugarðsstjórnir geta sameinast, í öðru lagi að forstjóri Fornleifaverndar ríkisins eða fulltrúi hans eigi sæti í kirkjugarðaráði í stað þjóðminjavarðar, í þriðja lagi að kirkjugarðsstjórnir sendi legstaðaskrá, þ.e. skrár um hvar látnir menn eru jarðsettir, ekki aðeins til

sóknarprests heldur einnig til legstaðaskrár kirkjugarðaráðs á netinu, í fjórða lagi að með samþykki biskups geti kirkjugarðaráð ákveðið að hætt skuli að grafa í kirkjugarði þar sem sókn er orðin fámenn eða íbúarnir eru allir farnir og sjaldan eða aldrei hefur verið jarðsett í garðinum á undanförnum árum. Í fimmta lagi er sú breyting lögð til sem vikið var að hér að framan að til Kirkjugarðasjóðs skuli renna hærra hlutfall en áður af kirkjugarðsgjaldi, þ.e. allt að 12% í stað 8%, svo að kirkjugarðaráð hafi svigrúm til að jafna aðstöðu kirkjugarða og auðvelda aðlögun í breytt kerfi. Þá er einnig lagt til að Kirkjugarðasjóði verði heimilað að veita smæstu kirkjugörðum fjárframlag í stað hlutdeildar í heildarframlagi, en þar er um að ræða kirkjugarða þar sem að jafnaði er jarðsett einu sinni eða tvisvar á ári eða sjaldnar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[17:11]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Markmið lagasetningarinnar er að gjörbreyta útreikningum á kirkjugarðsgjaldinu og koma með nýtt reiknilíkan. Það er erfitt að leggja dóm á það svo sem. Ég tel aftur á móti rétt að ræða hér hvort ekki sé rétt að endurskoða það fyrirkomulag sem við höfum á þessu, þ.e. lögum um kirkjugarða.

Þjóðkirkjan heldur því fram að nánast sé búið að aðskilja ríki og kirkju og hefur reyndar gert fjárkröfur á hendur ríkinu, m.a. varðandi þjóðgarðinn á Þingvöllum og það er spurning hvort við eigum að vera að hafa þessa starfsemi í höndum eins trúfélags. Ég tel vel koma til greina einmitt að ræða það í tengslum við þetta frumvarp hvort ekki eigi að koma þessum málaflokki í heild sinni yfir til sveitarfélaganna. Mér finnst nærtækt að gera það sérstaklega ef litið er á lögin um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu því þá hafa sveitarfélögin ýmsar skyldur sem er rétt að yfirfara og spurning hvort ekki sé einfaldlega rétt að sveitarfélögin annist þennan málaflokk alfarið.

Í 12. gr. laganna kemur fram að sveitarfélag hafi þær skyldur að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði og efni í girðingu. Ég tel miklu eðlilegra að sveitarfélagið hefði þennan málaflokk í heild sinni.

Einnig má skoða hvernig stjórn kirkjugarða er fyrirkomið. Í 8. gr. laganna kemur fram að hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar sé sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar.

Síðan segir í 9. gr., með leyfi forseta:

„Nú hafa tvær eða fleiri sóknir sameiginlegan kirkjugarð ... og skulu þá sóknarnefndir hver um sig kjósa einn mann úr hópi aðalmanna og varamanna í nefndinni ...“

Nú eru margar sóknir í Reykjavík þannig að stjórnin hér hjá kirkjugörðunum er ansi fjölmenn. Ég hef svona vissan efa um svo fjölmenna stjórn. Ég held að um 18 manns sitji í þeirri stjórn. Ætli það sé heppilegt til þess að stýra þeirri samfélagsstofnun sem kirkjugarðarnir eru og á þetta verkefni ekki fremur heima hjá sveitarfélögunum? Það væri forvitnilegt að fá að heyra afstöðu hæstv. ráðherra dóms- og kirkjumála hvað varðar það efni.

[17:14]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég hef í raun ekkert frekar um þetta efni að segja en fram hefur komið. Frumvarpið lýtur að reiknilíkaninu og fyrirkomulagsatriðum sem ég nefndi til að einfalda starfsemina, sérstaklega í hinum fámennari byggðum, og tekur mið af því að menn vilji líta til þess.

Ég get svo sem ekki heldur sett mig í spor hv. síðasta ræðumanns sem er heiðinn, ef ég veit rétt, og er ekki í þjóðkirkjunni og vill veg hennar ekki mikinn. Það er sjónarmið sem er sjálfsagt að ræða hvort menn eigi að fela kirkjulegum yfirvöldum að sinna þessu eða láta þau fjalla um þessi mál.

Ég er ekki að gera tillögu um það hér. Ég er að gera tillögur um fyrirkomulagsatriði og nýskipan varðandi útreikninga á gjöldum til kirkjugarðanna. Hitt er annað mál sem hv. þm. getur að sjálfsögðu rætt og komið með tillögur um, að taka þetta úr höndum kirkjulegra yfirvalda og flytja þetta til sveitarfélaganna, en frumvarpið snýst ekki um það. Ég hef ekki þá skoðun og mun ekki flytja frumvarp um það efni.

[17:16]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Fram kom í máli hæstv. ráðherra að ég er ekki í þjóðkirkjunni. Hann má þó ekki ætla að ég vilji ekki veg hennar sem mestan. (**Gripið fram í:** Viðurkenndu það.) Ég ætla honum heldur ekki þó svo hann tilheyri þjóðkirkjunni að hann vilji ekki Ásatrúarfélaginu vel, vegna þess að ég hef ekki fundið annað en mikinn góðvilja hjá hæstv. ráðherra í garð okkar ágæta félags.

[17:16]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vék ekki með neinum hætti að Ásatrúarfélaginu eða öðrum trúfélögum svo það sé ástæða fyrir mig til að svara andsvarinu á annan veg en þann að að sjálfsögðu er trúfrelsi í landinu þó ákvæði stjórnarskrárinnar séu þannig að hér er einnig starfandi þjóðkirkja. Frumvarpið sem ég flyt raskar ekkert þeirri skipan eða hvernig menn eru jarðsettir hér á landi. Þetta er spurning um reiknilíkan. Spurning um yfirstjórn kirkjugarða í fámennum byggðarlögum.

Ég hef átt gott samstarf við Ásatrúarfélagið og vil taka það sérstaklega fram, af því að við erum hér nefndarmenn í Þingvallanefnd t.d., að við höfum átt gott samstarf við það félag og vitum að Þingvellir sem friðlýstur helgistaður allra Íslendinga er að sjálfsögðu líka griðastaður fyrir menn í Ásatrúarfélaginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýting stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 53. mál. — Þskj. 53.

[17:18]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar, um nýtingu stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga, sem ég flyt ásamt hv. þingmönnum Össuri Skarphéðinssyni, Margréti Frímannsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur og Ágústi Ólafi Ágústssyni.

Efni tillögunnar er að Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd sem geri úttekt á kostum þess og göllum út frá læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu sjónarmiði að heimila nýtingu stofnfrumna úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum.

Hér á landi er ekki heimilt samkvæmt lögum að vinna með stofnfrumur úr fósturvísum manna. Lög um tæknifrjóvganir frá 1996 banna hvers konar rannsóknir, tilraunir og aðgerðir á fósturvísum manna, ef þær eru ekki liður í glasafrjóvgunarmeðferð eða greiningum arfgengra sjúkdóma í fósturvísunum sjálfum. Á það hefur þó verið bent að þessi lög voru sett hér á landi tveimur árum áður en rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum manna hófust að ráði árið 1998.

Víða um heim fer nú fram umræða um notkun stofnfrumna úr fósturvísum manna í læknisfræðilegum tilgangi og fer umræðan fram á vettvangi siðfræði, vísinda, trúar og stjórnmála. Um er að ræða unga vísindagrein, en rannsóknir hófust á níunda áratugnum. Þegar hefur náðst mikill árangur í rannsóknum á eiginleikum stofnfrumna í því markmiði að nýta þær í náinni framtíð til lækninga á alvarlegum sjúkdómum. Þó að miklar vonir séu bundnar við notkun þessara frumna ber þess að geta að enn finnst engin lækning þar sem stofnfrumum úr fósturvísum er beitt.

Íslenskir vísindamenn hafa hins vegar unnið að rannsóknum á vefjasértækum stofnfrumum og í Blóðbankanum hefur verið unnið með blóðmyndandi stofnfrumur frá árinu 1995.

Það er ástæða til þess að geta þess að fyrir um ári var birt ítarleg grein um stofnfrumurannsóknir í Morgunblaðinu. Þar kom fram að í Blóðbankanum hafi verið unnið með blóðmyndandi stofnfrumur frá 1995 en þá einangruðu Kristján Orri Guðmundsson, dr. Leifur Þorsteinsson, líffræðingur í Blóðbankanum, og dr. Sveinn Guðmundsson, forstöðulæknir Blóðbankans, þær úr fylgju- og naflastrengsblóði í samstarfi við prófessor Ásgeir Haraldsson á Barnaspítala Hringsins.

Ég og einn annar flutningsmaður frumvarpsins, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, gerðum okkur ferð í Blóðbankann fyrir skömmu þar sem við kynntum okkur þessi mál. Það er alveg ljóst að þar fer fram mjög merkileg rannsókn vísindamanna á stofnfrumum sem vert er að gefa gaum. Við sáum í heimsókninni í Blóðbankann að vísindamenn sem að þessu mikilvæga verki vinna búa við mjög þröngar og erfiðar aðstæður og ljóst að við þurfum að búa miklu betur að vísindamönnum okkar til þess að takast á við þetta brýna framtíðarverkefni á sviði læknavísinda.

Þá er nýlega hafin hér á landi stofnfrumumeðferð sjúklinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, en Íslendingar hafa þurft að sækja slíka meðferð til útlanda. Slíkri meðferð er beint gegn ýmsum illkynja blóðsjúkdómum. Komið hefur fram í fjölmiðlum að eigin stofnfrumur hafi verið græddar í sex einstaklinga hér á landi á þessu ári eftir lyfjameðferð við illkynja blóðsjúkdómum, en batavonir sjúklinga hafa aukist mjög við þá meðferð.

Í nýlegu viðtali við Þórarin Guðjónsson, doktor í frumulíffræði, kemur fram að stofnfrumurannsóknir miði að því að nýta stofnfrumur til lækninga á ýmsum vefjarýrnunarsjúkdómum þar sem frumur hafa skemmst. Sérstaklega hafi sjónum verið beint að svokölluðum stofnfrumum úr fósturvísum manna, þ.e. fósturvísum sem verða til við glasafrjóvganir og er ekki ætlað að verða að fóstrum og því eytt. Rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum eru umdeildar, ekki síst út frá siðfræðilegum sjónarmiðum. Til marks um það má benda á að stofnfrumurannsóknir voru mikið hitamál í nýafstöðnum kosningum í Bandaríkjunum en Bush forseti bannaði opinberan fjárstuðning ríkisins við rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum, en Kerry, frambjóðandi demókrata til forsetakjörs, sagði að hann mundi aflétta þessu banni ef hann næði kjöri. Þetta er til marks um það að hér er auðvitað mjög umdeilt mál á ferðinni.

Rannsóknir vísindamanna beinast fyrst og fremst að því að nýta með upplýstu samþykki, sem er mjög mikilvægt, kynfrumugjafa umframfósturvísa sem verða til við glasafrjóvganir og ella yrði eytt. Enn sem komið er hefur ekki fengist nein niðurstaða um það hvort hægt sé að nota stofnfrumur til lækninga, en vísindamenn beina sjónum sínum að því að hægt sé að lækna sjúkdóma eins og alzheimer, sykursýki, mænuskaða og parkinsonveiki.

Það vakti athygli mína í Daily Mail, sem ég sá í gær og kom út í októbermánuði, grein um hvað stofnfrumur fá áorkað í lækningamætti. Þó í því tilviki hafi verið farin leið og gengið lengra en við leggjum til í frumvarpinu um nýtingu stofnfrumna, en við leggjum einungis til að heimilt sé að nýta umframfósturvísa sem verða til við glasafrjóvganir sem ella yrði eytt er hér mjög merkilegt dæmi um hvað stofnfrumur fá áorkað í lækningamætti. Í greininni kom fram að blind 64 ára gömul kona í Bandaríkjunum fékk sjónina aftur eftir að læknar græddu í hana frumur úr fóstri sem hafði verið eytt. Læknarnir sem framkvæmdu aðgerðina segja að þessi góði árangur veki vonir um að hægt verði að hjálpa fjölda fólks með þessum hætti í framtíðinni, en aðgerðin var framkvæmd af læknateymi við háskóla í Kentucky. Þeir fjarlægðu sjónhimnufrumur úr fóstri sem hafði verið eytt og græddu þær í vinstra auga konunnar. Fyrir aðgerðina var umrædd kona blind á vinstra auga og hafði mjög litla sjón á hægra auga. Talið var að hún yrði algjörlega blind innan fárra ára en með þessari lækningameðferð hefur hún nú næga sjón með vinstra auganu til að geta lesið bækur og tölvupóst.

Ég nefni þetta sem dæmi um hvað hér eru á ferðinni merkileg vísindi í læknavísindunum og hvað hægt er að gera með stofnfrumur í lækningaskyni.

Ástæða er til að ítreka að ekki liggur enn fyrir hvort hægt verði að nota stofnfrumurnar til lækninga. Sumir vara líka við of mikilli bjartsýni í þessum efnum. Í Læknablað-

inu á sl. ári er grein um eiginleika stofnfrumna; frumusérhæfing og ný meðferðarúrræði eftir Þórarin Guðjónsson og Eirík Steingrímsson. Þar kemur eftirfarandi fram í samantekt þeirra um efnið, með leyfi forseta:

„Ekki leikur nokkur vafi á að rannsóknir á stofnfrumum hafa veitt mikilvægar upplýsingar um þroskun og sérhæfingu frumna. Auk þess er ljóst að miklar vonir eru bundnar við notkun stofnfrumna til lækninga. Vara skal þó við of mikilli bjartsýni enda oft erfitt að yfirfæra niðurstöður sem fást í frumurækt eða dýramódelum yfir á manninn."

Síðar í samantektinni segir: „Sem stendur er ómögulegt að svara spurningunni um það hvort frekar eigi að nota stofnfrumur úr fósturvísum eða fullorðinsstofnfrumur til lækninga enda eru frekari rannsóknir nauðsynlegar áður en þeirri spurningu verður svarað. Enn fremur er enn ekki ljóst hvort hentugra verði að græða stofnfrumurnar sjálfar í sjúklinga eða leyfa þeim að sérhæfast að hluta eða öllu leyti í rækt fyrir ígræðslu."

Í nýlegri grein í Læknablaðinu kemur fram að í mörgum löndum hafi verið losað um hömlur á rannsóknum á stofnfrumum úr fósturvísum. Svíar og Bretar eru mjög virkir í slíkum rannsóknum, en þær eru t.d. bannaðar í Noregi, og í Danmörku er nú mjög til umræðu að leyfa þær. Þórarinn Guðjónsson, doktor í frumulíffræði, segir í greininni að til sé að verða ný vísindagrein innan lífvísindanna sem nefna megi vefjaverkfræði. Standi rannsóknirnar undir væntingum séu í raun fá takmörk fyrir því til hvers megi nota stofnfrumur. Þar á hann bæði við viðgerðir á vefjum og uppbyggingu heilla líffæra en þar við bætist að stofnfrumur gætu nýst afar vel til þess að prófa á þeim virkni og sérhæfni lyfja. Með því móti sé hægt að stytta tímann sem nú *fer í lyfjaprófanir á mönnum og draga verulega úr kostnaði* við lyfjaþróun. Fram kom einnig hjá Þórarni að stofnfrumurannsóknir úr fósturvísum manna séu leyfðar í mörgum löndum, að sjálfsögðu með mjög ströngum skilyrðum sem varða siðfræðileg álitamál.

Ég tel fulla ástæðu til að taka það fram að umræðan um stofnfrumurannsóknir hefur blandast saman við umræðuna um einræktun sem hófst að ráði árið 1997 þegar vísindamönnum í Skotlandi tókst að þróa aðferð til að einrækta ána Dolly. Kjarni líkamsfrumu var fluttur yfir í kjarnalaust egg og á þann hátt var hægt að búa til einstakling sem innihélt sama erfðaefnið og var í líkamsfrumunni. Þegar talað er um einræktun er afar brýnt, virðulegi forseti, að gera greinarmun á einræktun í æxlunarlegum tilgangi og einræktun í læknisfræðilegum tilgangi. Í seinna tilfellinu er fósturvísirinn sem verður til við kjarnaflutning einungis ræktaður áfram þar til hann kemst á kímblöðrustig en þá er hægt að einangra stofnfrumur til rannsókna og/eða lækninga.

Rannsóknahópur í Newcastle á Englandi hefur nýlega fengið grænt ljós til einræktunar í læknisfræðilegum tilgangi. Áætlunin gengur út á að flytja kjarna úr líkamsfrumu sykursýkissjúklings yfir í kjarnalaust egg og einangra síðan stofnfrumur úr kímblöðrunni sem myndast. Á þann hátt er vonast til að sérhæfa megi frumurnar til þess að framleiða insúlín og græða þær aftur í sjúklinginn. Með þessu móti er hægt að komast fram hjá þeim stóra vanda sem læknavísindin eiga oft við að etja, sem sé að líkaminn hafni frumum sem komið er fyrir í honum. Þess ber að geta að flest nágrannalönd hafa sett lög sem banna einræktun manna í æxlunarlegum tilgangi en eru með til umfjöllunar möguleikann á einræktun í læknisfræðilegum tilgangi.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er vísað í könnun sem var gerð hér á landi meðal íslenskra lækna, lögfræðinga og presta þar sem spurt var um viðhorf til notkunar stofnfrumna úr fósturvísum til lækninga. Það er skemmst frá því að segja, virðulegi forseti, að það er ítarlega farið yfir könnunina í greinargerð með málinu og niðurstaðan er sú, sem er nokkuð athyglisverð, að einungis 8% þátttakenda lýstu sig algerlega mótfallna slíkum lækningum og mikill meiri hluti áleit þær réttlætanlegar.

Ég fagna því að hæstv. ráðherra er viðstaddur umræðuna. Það er afar mikilvægt nú við 1. umr. að fá fram afstöðu hans til þessa mikilvæga máls. Við leggjum á það mikla áherslu að hægt sé að ná góðri samstöðu um þetta mál hér á hv. Alþingi. Það skiptir verulegu máli að við byrjum á að feta okkur inn á þessa braut. Hér er farið hægt í þetta mál. Við þurfum líka meira fjármagn til stofnfrumurannsókna heldur en vísindamenn hafa til umráða nú.

Ég spyr ráðherrann: Er hæstv. ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að hægt sé að efla hér á landi stofnfrumurannsóknir til lækninga og að veitt verði til þess fjármagn?

Síðan spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann telji rétt að kannaðir verði kostir þess og gallar út frá læknisfræðilegu og siðferðilegu sjónarmiði að heimilað verði að nota stofnfrumur úr fósturvísum til lækninga alvarlegra sjúkdóma eins og hér er lagt til.

Ég vil minna á það hér í lokin að það hefur verið mjög kallað eftir því að þessi umræða yrði tekin upp á Alþingi sem ég hef hér og aðrir þingmenn Samfylkingarinnar beitt okkur fyrir. Það hefur verið kallað eftir því víða í vísindaheiminum að hér á landi yrði farið að ræða þessi mál eins og annars staðar er gert. Það kemur t.d. fram í fræðigrein í Læknablaðinu árið 2003, með leyfi forseta, að nauðsynlegt sé að Ísland taki afstöðu til notkunar stofnfrumna úr fósturvísum í læknisfræðilegum tilgangi líkt og nágrannalöndin og aðrar þjóðir hafa gert á síðustu árum. Viðfangsefnin séu flókin og krefjist nokkurrar grunnþekkingar líkt og önnur siðferðileg álitamál lífssiðfræðinnar. Þörf sé bæði á almennri og þverfaglegri umræðu um mál af þessu tagi áður en samfélagið velur hvernig á að nýta þau tækifæri sem ný þekking og tækni skapa.

Virðulegi forseti. Ég sé að tíma mínum er lokið, en ég ítreka að ég held að mikilvægt sé að þessi umræða fari fram á meðal fagfólks, stjórnmálamanna og almennings eins og kallað hefur verið eftir af vísindaheiminum. Það er megintilgangur þessarar tillögu og ástæða þess að við fórum af stað með hana hér inn í þingið, en markmiðið með flutningi hennar er að Alþingi móti stefnu um hvort heimila eigi með lögum að nota stofnfrumur úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga alvarlegra sjúkdóma.

Ég legg til málinu verði vísað til síðari umr. og hv. heilbrigðisnefndar að lokinni þessari umræðu.

[17:33]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka 1. flutningsmanni þessarar tillögu fyrir þann áhuga sem hún sýnir með því að flytja

hana. Hér er hreyft mjög stóru og vandasömu máli sem þarfnast umræðu og vinnu. Framlögð tillaga felur í sér að gerð verði úttekt á kostum og göllum þess að heimila nýtingu stofnfrumna úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum. Tillagan gerir ráð fyrir að skipuð verði nefnd og einnig er lagt til hverjir skipi hana. Nefndin á að skila af sér eftir rúmlega ár.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur látið sig vísindasiðfræði miklu skipta, þar með er talin umræða um stofnfrumur. Við höfum tekið þátt í samráði innan lands og á erlendum vettvangi, bæði innan Norðurlandanna og á Evrópuvettvangi og á alþjóðlegum vettvangi. Ýmsir þættir vísindasiðfræði hafa á margan hátt þótt til fyrirmyndar hér á landi og vakið athygli.

Núgildandi lög sem snerta rannsóknir á stofnfrumum eru fyrst og fremst lög nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, en þar eru hvers konar rannsóknir á fósturvísum bannaðar ef þær eru ekki þáttur í glasafrjóvgunarmeðferð eða sjúkdómaleit í fósturvísunum sjálfum. Þessi lög eru orðin átta ára gömul. Margt mælir með því að úttekt verði gerð að nýju á málinu í heild sinni út frá þeim sjónarmiðum sem það snerta, svo sem læknisfræði, siðfræði og trúmálum.

Ég undirstrika að það er mikil þörf á umræðu í þessu efni og mér er kunnugt um að fyrirhuguð er ráðstefna um þau í vetur, en það tel ég vera mjög af hinu góða. Víða hefur komið fram að mörg lönd hafa losað um hömlur sínar á rannsóknum á þessu sviði, en eigi að síður er ljóst að miklar rannsóknir eru fram undan áður en læknisfræðilegt notagildi þessara frumna verður ljóst.

Ég tel eðlilegt að þessi mál verði skoðuð. Ég tel að tillaga flutningsmanns eigi að njóta allrar athygli og fá ítarlega og jákvæða meðferð hér á Alþingi. Ég vil ekki svara fyrir fram spurningum sem snerta niðurstöður um fjármagn til rannsókna og lækninga alvarlegra sjúkdóma. Tillagan gerir ráð fyrir að skipuð verði nefnd sem fari yfir þau atriði. Ég undirstrika að þetta er stórt og vandasamt mál og að ítarleg umræða þarf að fara fram um það, en tillagan vísar í þá átt að sú vinna verði sett af stað. Afstaða mín til málsins er jákvæð en að öðru leyti er það í valdi þingsins að ákveða hvað gert verður.

[17:38]

Útbýting:

Norræni fjárfestingarbankinn, 284. mál, stjfrv. (fjmrh.) þskj. 307.

Nýr þjóðsöngur, 279. mál, þáltill. SI og HilmG, þskj. 301.

Sektakerfi lögreglunnar, 128. mál, svar dómsmrh., þskj. 281.

[17:38]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég kem fyrst og fremst hér upp til að lýsa yfir stuðningi mínum við þetta ágæta mál. Það gladdi mig að heyra hvað hæstv. heilbrigðismálaráðherra tekur jákvætt í það. Í tillögunni er gengið út frá því að skipuð verði nefnd af hálfu heilbrigðisráðherra sem geri úttekt á kostum og göllum málsins og það held ég að sé mjög þarft. Um leið og skipuð er nefnd með aðkomu þeirra aðila sem nefndir eru í tillögunni, og þar er komið víða við því þetta er stór nefnd, þar verða fagmenn og fræðimenn af mörgum og mismunandi sviðum, þá erum við í rauninni líka að ýta undir umræðu úti í samfélaginu. Í athugasemdum, eða greinargerð með þessari þingsályktunartillögu, er m.a. vísað til könnunar sem var gerð hér á landi um viðhorf manna til þessara álitaefna, þar sem markhópurinn var læknar, lögfræðingar og prestar.

Það kemur m.a. fram að afstaðan og viðhorfin eru mjög mismunandi. Þarna er þó einungis um þrjár háskólamenntaðar stéttir að ræða. Maður veltir fyrir sér hvernig dreifingin hefði orðið ef fleiri hefðu verið teknir með í könnunina.

Eins og hv. 1. flutningsmaður, Jóhanna Sigurðardóttir, vakti athygli á, voru það ekki nema 8% sem settu sig alfarið gegn því að þessi leið væri farin.

Niðurstaðan sem kemur fram, og er áréttuð í fræðilegri grein sem birtist um þetta mál í Læknablaðinu í fyrra, er helst sú að mikil þörf sé á þjóðfélagslegri umræðu um málið. Ég held að það eigi við um þetta eins og ýmis önnur mál sem hafa verið til umfjöllunar í heilbrigðis- og tryggingaefnd, það sem okkur vantar mest varðandi nýja tækni, nýja möguleika í læknisfræðinni, og okkur vantar einnig í þessa umræðu, er siðfræðiumræða. Í gegnum áratugina höfum við verið svolítið fátæk af umræðu þar sem fræðigreinar eru leiddar saman. Það vantar siðfræðiumræðu tengda trúarlegum sjónarmiðum með aðkomu læknisfræðinnar, en læknisfræðin fæst jú fyrst og fremst við þessi mál.

Að skipuð verði nefnd í máli eins og þessu, sem hefur það hlutverk að ræða kosti og galla málsins, nefnd sem síðan skili tilteknum niðurstöðum til þessa álitaefnis, finnst mér hafa þann kost helstan að slíkt kallar á umræðu úti í samfélaginu. Eina sem ég velti fyrir mér er hvort þessi starfstími, 1. janúar 2006, er kannski of skammur. Ég tók ekki eftir hvort það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra áðan, en ég veit að einhvern tíma á næstu mánuðum er áætluð ráðstefna um þetta álitaefni. Ég held að öll svona umræða þurfi að gerjast mikið í samfélaginu, þannig að þetta fari ekki út í að líkjast kosningabaráttunni í Bandaríkjunum, þar sem menn standa með öðrum hvorum frambjóðandanum, Kerry eða Bush.

Mér finnst eðlilegt að mál sem hefur orðið að hita- og kosningamáli í Bandaríkjunum og skipt þjóðinni í tvær fylkingar þar, fái þá umræðu sem svona nefndarskipan býður upp á.

Ég geri ráð fyrir að að lokinni umræðunni hér verði þessu máli vísað til heilbrigðis- og tryggingaefndar. Ég hlakka til þess að nefndin fjalli um málið þar og fái ef til vill til sín einhverja gesti sem viðra mismunandi sjónarmið. En ég er í aðalatriðum jákvæð út í þetta mál, vegna þess að það býður upp á umræðu sem ég held að sé mjög nauðsynleg eins og á ýmsum öðrum sviðum læknisfræðinnar þar sem siðfræðin, trúfræðin og annað þarf að koma inn í, ég nefni t.d. álitaefni varðandi snemmómskoðun og annað sem við höfum aðeins verið að fjalla um.

Það hefur komið í ljós að Svíar og Bretar séu mjög virkir í þessu, Norðmenn hafi bannað þetta og Danir séu að hugsa sig um. Það er alveg ljóst að hafi aðrar þjóðir heimilað þessa nýtingu á fósturvísum til rannsókna og lækninga, ef þessi vinna fer nú þegar fram í öðrum löndum og í al-

þjóðlegu vísindasamfélagi þá stöðvar slíkt ekki við nein landamæri. Það segir sig alveg sjálft þegar stór hluti þeirrar þjóðar sem við höfum mest samstarf við er kominn af stað í þessa vinnu, þá hljótum við a.m.k. að þurfa að taka afstöðu til þess og fara í gegnum umræðuna sem því fylgir.

Ég hef svolítinn fyrirvara við starfstímann af því ég held að umræðan þurfi tíma til að þróast. Svo velti ég því líka fyrir mér af því könnunin náði til lækna, lögfræðinga og presta, af hverju við höfum ekki lögfræðing í nefndinni.

Ég vonast til að þetta mál verði afgreitt til heilbrigðis- og trygginganefndar eftir þessar umræður og fái þar jákvæða afgreiðslu þannig að umræðan geti þá hafist, sem ég tel að hljóti að vera okkur til góðs.

[17:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér þingsályktunartillögu um nýtingu stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga sem Jóhanna Sigurðardóttir er 1. flutningsmaður að. Ég er einn af meðflutningsmönnum. Ég fagna því að menn hafa tekið vel í tillöguna í þessari umræðu. Málið mun fara til heilbrigðis- og trygginganefndar þar sem ég á sæti og ég hlakka til að fá að fjalla um þetta mál þar. Við höfum verið að fást þar við ýmsar siðfræðilegar spurningar. Auðvitað koma slík mál oft til kasta nefndarinnar þar sem við erum með heilbrigðiskerfið undir og vísindi tengd því.

Hér er verið að leggja til mjög mikilvægt og tímabært starf eins og bent hefur verið á. Notkun stofnfrumna í vísindum er nýjung. Ég verð að segja að mér finnst tillagan að nefndinni vera góð. Þarna er verið að kalla saman, eins og lagt er til, mjög breiðan hóp til að ræða málið og gera úttekt á kostum og göllum þess út frá læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu sjónarmiði að heimila nýtingu stofnfrumna úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum.

Ég get tekið undir það með hv. formanni heilbrigðis- og trygginganefndar að e.t.v. er nefndinni gefinn of skammur tími til að vinna þetta starf en það er þá minnsta mál fyrir okkur í nefndinni að breyta tímamörkum nefndarinnar. Við getum lagt til að nefndin ljúki störfum síðar ef okkur virðist tíminn vera of skammur sem ég gæti vel trúað að væri rétt.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór ágætlega yfir það í ræðu sinni þegar hún mælti fyrir málinu í hverju þetta felst og hver staða þessarar vísindagreinar er. Ég er enginn vísindamaður en mér finnst þetta vera ákaflega merkilegt starf allt saman og nýtt. Hér kemur einmitt í ljós að það er ekki heimilt að vinna með stofnfrumur úr fósturvísum manna hér á landi. Lögin um glasafrjóvgunarmeðferðina voru sett tveim árum áður en rannsóknir á stofnfrumum úr fósturvísum manna hófust, eða 1998, þannig að þetta eru allt miklar nýjungar og því mjög tímabært og mikilvægt að við vinnum þessa vinnu, vinnum heimavinnu okkar í þessum málum.

Miklar vonir eru bundnar við notkun stofnfrumna í lækningum. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti einmitt á það hér að sums staðar í nágrannalöndum okkar er gengið lengra en við leggjum til hér. Menn hafa náð miklum árangri í að nota þessar frumur. Fólk hefur t.d. fengið sjónina aftur eins og hv. þingmaður benti á dæmi um.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. Ég fagna því að ráðherra tók vel í að þessi vinna færi af stað og líka formaður heilbrigðis- og trygginganefndar. Ég get ekki séð annað, a.m.k. ef ég ályktа út frá þessari umræðu, en að þetta mál muni verða afgreitt úr nefndinni í vetur ef umræðan í nefndinni verður jafnjákvæð og hér í þingsalnum. Ég vil þakka fyrir hana og fagna því að menn taka vel í málið. Við munum áreiðanlega taka höndum saman um að afgreiða það að farið verði út í þessa merkilegu vinnu.

[17:49]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Mig langaði að koma hér upp og hafa örfá orð um þá þingsályktunartillögu sem hér er til umræðu, um nýtingu stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga. Fyrsti flutningsmaður er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Þar kemur fram að gerð er tillaga um að stíga í rauninni örstutt skref í þá átt að skoða hvað felst í nýtingu stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga. Eiginlega er fyrsta skrefið í skoðunartímabilinu að skipa nefnd sem á að gera úttekt á kostum þess og göllum út frá læknisfræðilegu, siðfræðilegu og trúarlegu sjónarmiði að heimila nýtingu stofnfrumna úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum. Eins og ég segi er þetta er í rauninni fyrsta skrefið, þ.e. að skoða kosti og galla í þessu máli. Síðan getum við þá byggt frekari ákvarðanir á því.

Ég tek í sjálfu sér ekki neina afstöðu til þess hverjir eiga að skipa í nefndina en kannski vantar einhvern inn í upptalninguna. Ég geri í sjálfu sér ekki neinar athugasemdir við það frekar.

Ég athugaði í dag þegar ég var að skoða þessa þingsályktunartillögu hvort málið hefði komið til umfjöllunar á síðustu þingum. Mér taldist til að a.m.k. á síðustu fimm þingum hefði þetta efnisorð, stofnfruma, ekki verið tekið til umfjöllunar. Sama má segja þegar skoðað er hvað hefur verið fjallað um slík mál t.d. í Morgunblaðinu sl. tvö ár. Það er ekki mjög mikið þótt birst hafi einstaka frétt um hvað hefur verið að gerast, fréttir um umræðu erlendis og síðan náttúrlega frétt sem sneri að stofnfrumumeðferð sjúklinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi þar sem eigin stofnfrumur voru notaðar í lækningaskyni. Ég man eftir þeirri umræðu, þetta þótti mjög merkilegur viðburður og miklar framfarir í læknavísindum hér á landi.

Þótt þessi umræða hafi ekki farið mjög hátt hérlendis hefur hún gert það erlendis. Eins og kom fram í framsöguræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur var þetta mál eitt af stóru málunum í forsetakosningunum í Bandaríkjunum núna fyrir stuttu. Miklar og mjög skiptar skoðanir voru um málið. Þetta tekur til mjög margra þátta, siðfræði, vísinda, trúar og stjórnmála. Ég tel einmitt mjög mikilvægt að við hefjum þessa umræðu hér á landi.

Eins og kemur fram í þingsályktunartillögunni er bannað samkvæmt lögum að vinna með stofnfrumur úr fósturvísum manna hér á landi. Það er tekið fram í lögum. Ég bendi á að þegar við settum lög um tæknifrjóvganir 1996 fórum við þá leið, að mjög vel athuguðu máli, að heimila tæknifrjóvgun með gjafaeggi. Þar gengum við framar en aðrar þjóðir, a.m.k. hafa Danir ekki leyft slíkar tæknifrjóvg-

anir. Þessi ákvörðun var tekin að vel íhuguðu máli með mörg siðfræðileg sjónarmið undir. Þetta hefur leitt til þess að núna, eftir að tæknifrjóvgunardeildin fór út fyrir veggi Landspítalans og verður reyndar opnuð formlega á föstudaginn, hefur það komið fram að Danir hafa sérstaklega leitað eftir upplýsingum hér á landi til að fá að komast í slíka meðferð sem er bönnuð í Danmörku.

Ég er ekki að segja að við ættum að leggja til grundvallarlagabreytingar varðandi stofnfrumugerð til að nýta okkur þær í viðskiptalegum tilgangi en það sem ég er að segja er að þegar niðurstaða er fengin eftir ítrekaða umræðu, önnur niðurstaða en aðrar þjóðir hafa fengið, gefur það líka ákveðna möguleika, ekki bara á viðskiptalegum grundvelli, heldur líka sem snýr að vonum fólks til annars og betra lífs en það hefði annars átt kost á. Ég er m.a. að tala um tilvik varðandi gjafaegg. Varðandi stofnfrumur eins og hefur komið fram í máli ýmissa hv. þm. eru ýmsar vonir bundnar við rannsóknir á stofnfrumum og hvaða möguleika það mun hugsanlega gefa til lækninga á sjúkdómum sem ekki hafa verið taldar mögulegar fyrr. Í því tilviki sem við erum hér að skoða erum við náttúrlega að tala um fósturvísa manna og við þurfum að gæta þar siðfræðilegra sjónarmiða. Á hinn bóginn segir það sig sjálft að þegar verið er að nota stofnfrumumeðferð eða stofnfrumur úr eigin líkama til notkunar í sama líkama horfum við ekki á þetta með sama hætti.

Við ræddum fyrr í dag töluvert um óhefðbundnar lækningar, mál sem kom einmitt frá þingmanni. Í huga mínum er það dálítið sambærilegt mál sem hefur ekki verið til umræðu hér á landi í sama mæli og erlendis. Ég tel að þetta sé mjög gagnleg umræða og ég tel sjálfsagt að styðja að sú vinna fari fram sem þingsályktunartillagan leggur til.

[17:55]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því fyrir hönd okkar flutningsmanna þessarar tillögu að þakka fyrir þær jákvæðu undirtektir sem hún hefur hlotið í umræðunni. Ég tel að það sýni fordómaleysi af hálfu hv. þingmanna en líka ákveðna framsýni af hálfu hæstv. ráðherra að hafa tekið svo jákvætt í tillöguna. Ég skildi hæstv. ráðherra þannig að hann segði fyrir sitt leyti að hann fylgdi meginefni tillögunnar, þ.e. að sett verði niður nefnd til að skoða þetta frá þeim þríþætta sjónarhóli sem þar er rakinn.

Ég er sjálfur þeirrar skoðunar, frú forseti, að þetta mál, þ.e. þeir möguleikar sem felast í stofnfrumum, boði byltingu í læknavísindunum. Það getur vel verið að sú bylting taki, eins og svo oft í vísindunum, töluvert langan tíma að rísa og dafna og ná fullum þroska en það er enginn vafi um það í mínum huga að þetta er næsta bylting læknavísindanna. Þarna er í reynd að raungerast ákveðin draumsýn margra vísindamanna sem sáu fyrir þann möguleika að hugsanlegt væri að nota stofnfrumur, rækta þær og nota í læknisfræðilegum og vísindalegum tilgangi en líka í þeim tilgangi að koma í veg fyrir mein í fólki.

Stofnfrumur sem hér er um að ræða eru í reynd tvíþættar, það má segja að stofnfrumur séu tvenns konar. Í fyrsta lagi eru þær sem ég held að á íslensku séu kallaðar fullorðinsstofnfrumur og eru þannig að þær er hægt að sérhæfa út í ýmsar vefjagerðir, oftast eina, en stofnfrumur úr fósturvísum eru sérstakar að því leyti til að þær eiga eðli máls samkvæmt eftir að sérhæfast og skapa heilan mannslíkama þannig að úr þeim verða til frumur sem eiga eftir að sérhæfa sig í allar gerðir vefja sem finnast í mannslíkamanum. Hugmyndin á bak við nýtingu stofnfrumna er því m.a. sú að hægt sé að rækta stofnfrumur og síðan græða í einstaklinga í tilteknu umhverfi og fá það umhverfi til þess að laða fram eiginleika þess í stofnfrumunum og þegar þær fjölga sér mynda þær líffæri. Þetta er sem sagt algjör bylting.

Í framtíðinni er hugsanlegt að með þessum hætti sé hægt að nota þessa eiginleika stofnfrumna t.d. til þess að rækta hjartavöðva í tilviki þar sem hjartadrep hefur orðið og skapa þannig þokkalega heilt hjarta úr hjarta sem hefur orðið fyrir áfalli. Með sama hætti vænta menn þess að einhvern tímann í framtíðinni verði hægt að rækta taugafrumur og búa þannig aftur til taugaleiðara og koma í veg fyrir, hugsanlega í langri framtíð, verstu afleiðingarnar af slysi sem verða þar sem taugabrautir ganga í sundur, eins og t.d. í mænu, a.m.k. við ákveðna mænuskaða. Þetta er algjör og augljós bylting.

Hér hafa hv. flutningsmaður og aðrir farið yfir ýmsa aðra möguleika, ýmsa sjúkdóma sem við glímum við í dag. Með vissum hætti má segja að það séu sjúkdómar sem tengjast aukinni ævilengd, ellitengdir sjúkdómar. Þetta eru sjúkdómar eins og parkinsons- og alzheimersveiki. Í þeim tilvikum sem menn ætla sér að nota stofnfrumur eru menn að ræða um það að græða ósérhæfðar stofnfrumur á þá staði í mannsheilanum þar sem einhvers konar skemmd hefur orðið og þar sem heilinn hefur hætt að framleiða ákveðin boðefni. Skortur á þeim getur leitt til þess að alvarlegir sjúkdómar framkallast eins og þeir sem ég nefndi.

Með því að græða stofnfrumur á þessa staði er hægt að leiða aftur til þess að framleiðslan hefjist á ný og hugsanlega hægt að koma í veg fyrir þessa sjúkdóma. Ég segi hugsanlega. Auðvitað fagna ég því. Menn eiga alltaf að vera fullir af efa og vekja ekki of miklar væntingar en það er engin spurning samt í mínum huga um að þetta eru hlutir sem munu nást í framtíðinni, hvort sem það verður eftir 10 ár, 20, 50 eða fleiri. Þetta er læknisfræðilegur möguleiki sem menn hafa sýnt fram á að gengur upp í dýrum og gengur upp í tilraunaglösum.

Það siðferðilega vandamál sem menn glíma við, sem er ósköp eðlilegt, stafar af tvennu. Í fyrsta lagi er sá möguleiki uppi að með þessari aðferð sé hægt að fjöldaframleiða einstaklinga. Ræktun á stofnfrumum og kjarnaskipti á stofnfrumum sem eiga eftir að sérhæfa sig getur leitt til þess að hægt sé að fjöldaframleiða alveg eins einstaklinga. Þetta er sá möguleiki sem er ræddur í vísindaskáldsögum.

Hins vegar stöndum við kannski aðallega frammi fyrir því siðferðilega spursmáli: Hvenær verður einstaklingur til? Við erum sökum þeirra eðliskosta sem einkenna stofnfrumur úr fósturvísum fyrst og fremst að hugsa um þá vegna þess að það eru svo miklu meiri möguleikar þar. Fósturvísarnir sem við tölum um eru umframfósturvísar sem ekki hafa verið notaðir við glasafrjóvganir. Það er fortakslaust kveðið á um að þetta megi ekki gera. Á þeim tíma sem við settum lögin sem hv. þm. Ásta Möller gat um áðan minnist ég þess ekki að við höfum mikið rætt þetta vegna þess að

málið var svo skammt komið og önnur siðferðileg úrlausnarefni tóku hug okkar allan. Eigi að síður var þetta framsæknasta löggjöf sinnar tegundar þá.

Ef ég man rétt flutti hæstv. dómsmálaráðherra hana. En eins og ég hef stundum sagt og sagan á eftir að sýna var sú löggjöf sem hæstv. þáverandi dómsmálaráðherra, Þorsteinn Pálsson, beitti sér fyrir á ýmsum dómsmálatengdum sviðum framúrstefnulöggjöf sem ég held að eigi eftir að halda nafni hans hærra á lofti en margt annað sem hann gerði annars staðar.

Herra forseti. Það sem ég ætlaði að ræða um sérstaklega er þetta: Hvenær verður einstaklingur til? Með því að nota stofnfrumur úr umframfósturvísum erum við eigi að síður ekki að gera annað en að nýta frumur sem verða til mjög snemma á þroskaskeiði fósturvísisins áður en kemur að svokölluðu kímblöðrustigi. Það þarf ansi sterkt hugmyndaflug og mjög sterkar tilfinningar tel ég til þess að komast að þeirri niðurstöðu að við séum þá að meðhöndla lífveru sem hægt er að skilgreina sem einstakling. En um þetta snýst auðvitað deilan og spurningin er: Er verjanlegt að nota frumur úr fósturvísi af þessu tagi til þess að rannsaka — það er það eina sem við erum að velta fyrir okkur að verði kannað — eða nota í framtíðinni til þess að framleiða vefi í tilraunaglösum á tilraunastofum sem hugsanlega er hægt að nota til þess að framleiða hormóna eins og insúlín eða vaxtarhormón eða ýmiss konar efni? Í framtíðinni er hugsunin sú, eins og ég sagði, að með þeim hætti verði hægt að búa til heil líffæri eða vísi að líffærum í líkama einstaklings sem gerir viðkomandi einstaklingi kleift að lifa miklu betra lífi en ef hann hefði gengið með sjúkt líffæri og þar með ekki gengið heill til skógar.

[18:03]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil taka undir þakklæti hv. þingmanna til hv. flutningsmanns þingsályktunartillögunnar. Þetta er mjög þörf umræða. Við erum með marga duglega og ákafa vísindamenn sem vilja að sjálfsögðu rannsaka og finna lausnir á ýmsum vandamálum á heilbrigðissviðinu og víðar. Þeir lenda oft í þeirri stöðu að nálgast siðfræðimörk sem við glímum við. Annars vegar erum við með sjúkt fólk, alzheimersjúklinga, krabbameinssjúklinga o.s.frv. og hins vegar erum við með skilgreiningu á því hvað er maður og helgi hans.

Ég held að umræðan sem tillagan kallar fram sé mjög þörf, sérstaklega skilgreiningin á því hvað er maður og hver helgi hans er. Það hefur nefnilega verið breytingum undirorpið í ýmsum þjóðfélögum hvað er skilgreint sem maður. Við erum t.d. með þá skilgreiningu í sambandi við fósturreyðingar að eyða megi fóstrum ef ekki er gengið lengur með en 12 vikur og í undantekningartilvikum 20 vikur. Í sjálfu sér gerist ekkert sérstakt við 12 vikur hjá fóstrinu sem réttlætir það að segja að í gær var það ekki maður og á morgun er það orðið maður, eða fyrir fimm mínútum var það ekki maður og núna er það orðið maður. Skilgreiningin er því afskaplega loðin og fljótandi og kannski ekki nægilega góð.

Við ræðum ýmiss konar siðferðileg vandamál, t.d. snemmómskoðanir þar sem verið er að vinsa úr ákveðna einstaklinga sem gætu verið veikir en eru það ekki endilega. Þar með er verið að vinsa úr og eyða lífvænlegum fóstrum og hugsanlega yrðu einhver alheilbrigð.

Það sem við ræðum hér er líka siðferðilegt vandamál varðandi það hvort við eigum að heimila það að nota fósturvísa sem eins konar varahluti fyrir fólk, búa til hjarta, búa til leg jafnvel. Ég vil gjarnan varpa upp þeirri hugmynd hvað mundi gerast ef vísindamenn byggju til leg utan líkama og notuðu það síðan til þess að framleiða einstaklinga með glasafrjóvgun. Það er sem sagt mikið af siðferðilegum vandamálum.

Annað vandamál sem ég hef oft hugleitt í sambandi við glasafrjóvganir er að það eru nokkrar frumur sem koma til greina, nokkrir einstaklingar, og viðkomandi læknir eða sérfræðingur velur úr einn einstakling til að lifa. Hann er næstum því guð almáttugur, hann skapar einstakling, hvorki meira né minna. Ég veit ekki til þess að nokkur hafi velt vöngum yfir því hvað sé í rauninni verið að gera. Það eru fjórar frumur, tvær geta orðið stúlkur og tvær geta orðið drengir, og það er ljóshært og dökkhært og ég veit ekki hvað, og svo er ein valin úr og plantað í legið og verður fullburða einstaklingur. Við erum því með mjög mörg siðferðileg vandamál sem ég vona að þingsályktunartillagan kalli fram virka umræðu um.

Varðandi það hvort tímaramminn sé of stuttur eða of langur held ég að hann sé of stuttur. Það er það mikið að gerast í vísindunum, það er það mikil þróun í gangi að við ættum ekki að hafa tímarammann lengri en þetta. Hins vegar á okkur ekki að bera nein skylda til þess að fara að tillögum nefndarinnar heldur er henni fyrst og fremst ætlað það hlutverk í mínum huga að skapa umræðu um þetta mikla vandamál sem við stöndum frammi fyrir, sem sagt: Hvenær er frumuklasi orðinn maður og hvenær er hann ekki maður og hvenær verður hann helgur?

[18:08]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það er ástæða til að þakka þá jákvæðu umræðu sem fram hefur farið um málið. Hún hefur verið öfgalaus og menn verið opnir fyrir því að skoða málið út frá öllum hliðum en gera sér auðvitað virkilega grein fyrir því að hér er á ferðinni mjög stórt mál sem þarf að skoða mjög vandlega og út frá ýmsum hliðum, læknisfræðilegum, siðferðilegum og trúarlegum sjónarmiðum. Ég fagna því hve þingmenn eru jákvæðir fyrir því. Það er afar gott innlegg í málið að fá þau jákvæðu viðbrögð sem fram komu hjá hæstv. ráðherra og reyndar einnig fulltrúum stjórnarflokkanna sem hafa talað, formanni heilbrigðis- og tryggingganefndar, Jónínu Bjartmarz, hv. þm. Ástu Möller og hv. þm. Pétri H. Blöndal. Við fögnum því, aðrir flutningsmenn sem hafa líka talað, hve jákvæð viðbrögð málið fær.

Það er alveg ljóst að vísindamenn hafa verið að kalla eftir því að þjóðþingið taki upp þá umræðu sem á sér stað og hefur átt sér stað á undanförnum missirum og árum á öllum þjóðþingum í kringum okkur. Vísindasamfélagið hefur kallað eftir því að sú umræða fari einnig fram á þessu þjóðþingi. Ég hef fundið fyrir afar sterkum viðbrögðum frá fagfólki og vísindafólki við tillögunni þar sem henni er mjög fagnað og ég er viss um að viðbrögðin við umræðunni

í þessum sal gleðji það fólk þegar það heyrir hve vel því er tekið að ráðast í þessa athugun.

Það er reyndar svo að þó að við mundum samþykkja þingsályktunartillögu um heimild til nýtingar stofnfrumna úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum, að þá er það líka hagur þeirra sem væru á móti því að það fari fram umræða um kosti og galla út frá þeim sjónarmiðum sem við höfum talað um. Ég hvet til þess, ef tillagan verður samþykkt og þó að hún verði ekki samþykkt — en mér heyrist hljómgrunnur vera fyrir henni — að umræðan fari fram um það úti í þjóðfélaginu og ekki síst innan heilbrigðis- og vísindasamfélagsins.

Það er auðvitað ekki nægjanlegt að samþykkja bara tillöguna eins og hún er lögð upp. Vísindamenn þurfa þannig aðbúnað að þeir geti farið í þessar rannsóknir. Við eigum mjög menntað vísindafólk og okkur ber skylda til þess að búa þeim þá aðstöðu hér á landi að þeir geti sinnt þessari vísindagrein þannig að við missum þá ekki alla úr landi heldur gerum þeim kleift að fara í þessar rannsóknir hérna og að við eflum allan aðbúnað og aðstöðu þeirra til að fara út í stofnfrumurannsóknir. Við verðum líka að veita til þess nauðsynlegt fjármagn svo, eins og ég segi, að vísindamenn okkar og vísindasamfélagið sé í stakk búið til að takast á við þá byltingu sem við sjáum hugsanlega í framtíðinni á læknasviðinu með því að fara út í að heimila nýtingu á stofnfrumum úr fósturvísum til rannsókna og lækninga.

Hér hefur aðeins verið komið inn á nefndina sem á að fela þetta verkefni. Ég skoðaði það mjög vandlega með meðflutningsmönnum mínum hvernig nefndin ætti að vera skipuð. Við leggjum til að nefndina skipi fulltrúi landlæknisembættisins, Læknafélags Íslands, Siðfræðistofnunar, Prestafélags Íslands, vísindasiðanefndar, læknadeildar Háskóla Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahúss, Krabbameinsfélagsins og heilbrigðisráðuneytisins. Ég held að nefndin sé mjög faglega og vel skipuð. Það má vel vera, eins og hv. þm. Jónína Bjartmarz nefndi áðan, að taka ætti fulltrúa frá lögfræðistéttinni í hópinn en þeir voru í þeim hópi sem var talin ástæða til þess að spyrja sérstaklega í sérstakri rannsókn og könnun um afstöðu þeirra við að fara út í að heimila nýtingu á stofnfrumum eins og hér er lagt til.

Ég held að sú nálgun sem er í tillögugreininni, að kanna fyrst og fremst kosti og galla og menn meti þá og fari svo út í það sem ég tel að þurfi að fylgja með, að búa vísindamönnum okkar aðstöðu til þess að sinna því að fara út í þessar rannsóknir, sé afar mikilvæg. Við getum ekki eingöngu breytt lagaumhverfinu og heimilað að hægt sé að fara út í slíkar rannsóknir eins og hér er lagt til, heldur skiptir líka máli að við fylgjum því vel eftir þannig að veitt verði nauðsynlegt fjármagn til þess að hægt verði að fara af fullum metnaði út í þessar rannsóknir ef þær verða heimilaðar, bæði til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum.

Virðulegi forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að tefja málið eða störf þingsins frekar vegna þess að hér eru komin fram afar mikilvæg og jákvæð viðhorf þeirra þingmanna sem hér hafa talað, bæði úr stjórnarflokkum og stjórnarandstöðu, og ekki síst hæstv. ráðherra sem vekur vonir um að tillagan fái jákvætt brautargengi á þingi og verði vonandi samþykkt sem allra fyrst eftir að hún hefur fengið þinglega meðferð í hv. heilbrigðisnefnd.

[18:15]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsti því yfir í ræðu minni áðan að ég styddi málið, aðallega út frá því að það gengur út á að skoða þessi mál, hvetja til umræðunnar og að aðilar vísindasamfélagsins komi saman hver út frá sínu sjónarhorni, siðfræðingar, trúfræðingar, læknar o.fl.

Mér fannst aðeins í seinni ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, 1. flutningsmanns frumvarpsins, að hún væri komin svolítið á undan sér, að það þyrfti að skapa læknunum starfsumhverfi til að sinna þessum rannsóknum og það kostaði fjármagn. Ég er alveg sammála því að ef niðurstaðan verður sú á Alþingi að þetta verði það sem meiri hluti Alþingis vill og við viljum gera þá þarf auðvitað að tryggja fjármagnið. Ástæðan fyrir því að ég kem upp núna er kannski fyrst og fremst og eingöngu til að árétta að málið gengur eingöngu út á það að gera úttekt á kostum og göllum, fá fram afstöðu með og á móti, rök með og á móti því að heimila þetta. Það var á þeirri forsendu sem ég studdi málið þó að ég útiloki ekki að að þeirri úttekt lokinni, ef niðurstaðan er sú að það eigi heimila þetta og breyta lögunum, að þá þurfi auðvitað fjármagn að fylgja. Málið gengur út á að gera úttekt á kostum þess og göllum út frá læknisfræðilegum, siðfræðilegum og trúarlegum sjónarmiðum að heimila nýtingu stofnfrumna úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum. Ég styð þá afstöðu eins og ég gerði grein fyrir fyrr í ræðu minni.

[18:17]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri engar athugasemdir við þetta andsvar hv. þingmanns vegna þess að eins og hv. þingmaður les í tillögugreinina sjálfa gengur hún eingöngu út á það að gerð verði úttekt á kostum þess og göllum út frá læknisfræðilegu, siðferðilegu og trúarlegu sjónarmiði að heimila nýtingu á stofnfrumum úr fósturvísum manna til rannsókna og lækninga á alvarlegum sjúkdómum. Þetta eru efnisatriði tillögunnar og ég tek alveg undir þau.

Ég var náttúrlega komin aðeins lengra vegna þess að ég tel málið það brýnt. Ef það verður niðurstaðan að heimila að fara út í lagabreytingar eftir að nefndin er búin að komast að niðurstöðu og hugsanlega leggja til lagabreytingar verður að fylgja málinu eftir. Við verðum þá að bæta aðbúnað og aðstöðu vísindamanna okkar til þess að þeir geti farið út í þær mikilvægu rannsóknir sem við værum þá að heimila með því að breyta lagalegu umhverfi til þess að þeir geti farið út í þessar rannsóknir og lækningar á sjúkdómum eins og við stefnum hér að.

[18:18]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Vegna þessarar umræðu í andsvari og svari við andsvari verð ég að taka fram að ég styð það að rætt verði um málið og að umræðan verði sett í gang, en það er alls ekki þar með sagt að ég styðji endilega einhverja fyrir fram gefna niðurstöðu.

Það getur vel verið að það komi út úr umræðunni að

heimilt sé að nota stofnfrumur og það getur vel verið að sú niðurstaða sannfæri mig um það en það er ekkert víst. Það getur líka komið út úr þessu að það megi alls ekki nota stofnfrumur til rannsókna þannig að við skulum ekki gefa okkur neitt um það fyrir fram. Stuðningur minn við þingsályktunartillöguna byggist eingöngu á því að hún býr til umræðu um málið og ég tel hana vera mjög brýna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:19]

Útbýting:

Meðferð aflaheimilda, 285. mál, fsp. MÞH, þskj. 308.

Samræmt gæðaeftirlit með háskólum, 283. mál, fsp. KolH, þskj. 305.

Styrking efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, 281. mál, fsp. JóhS, þskj. 303.

Þjónustutilskipun Evrópusambandsins, 282. mál, fsp. ÖJ, þskj. 304.

Aðgangur allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu, fyrri umr.

Þáltill. JBjarn, 31. mál. — Þskj. 31.

[18:20]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um aðgang allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að beita sér fyrir því, í krafti eignarhluta ríkisins í Landssíma Íslands, að fyrirtækið setji sér það markmið og hefjist þegar handa um að tryggja öllum landsmönnum aðgang að GSM-farsímakerfinu. Jafnframt felur Alþingi ráðherra að undirbúa og leggja fram frumvarp til breytinga á fjarskiptalögum þess efnis að GSM-farsímakerfið verði skilgreint sem öryggis- og neyðarkerfi í byggð og á aðalþjóðvegum landsins."

Með tillögunni fylgir greinargerð sem ég vil hér rekja:

Tillaga þessi var síðast flutt á 130. löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd. Hún var send til umfjöllunar í samgöngunefnd og fékk nefndin nokkuð margar umsagnir um tillöguna. Umsagnir samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi, Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra voru afar jákvæðar svo og umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar sem í sínu erindi lögðu sérstaka áherslu á mikilvægi GSM-sambands fyrir ráðstefnuþjónustu og fundahald. Auk þess bárust líka mjög afdráttarlausar stuðningsyfirlýsingar frá flestum samtökum á Vestfjörðum, Samtökum sveitarfélaga, ferðaþjónustuaðilum og öðrum aðilum á Vestfjörðum svo dæmi séu tekin sem hvöttu eindregið til þess að tillagan yrði samþykkt og tekið alvarlega og með átaki á GSM-farsímaþjónustunni um allt land.

Ekki þarf að deila um mikilvægi þess að fjarskipti séu traust. GSM-kerfið hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum og almenningur sem og opinberir aðilar treysta á það í æ ríkari mæli. Allmikið vantar þó upp á að kerfið nái til allra byggða landsins. Þá er það algjörlega nú undir símrekanda komið hversu hratt brugðist er við bilunum í kerfinu en slíkt getur haft verulega þýðingu í öryggistilliti.

Það velkist enginn í vafa um að samkeppnishæfni búsetu og atvinnulífs er háð nútímafjarskiptum. Notkun GSM-farsíma hefur breiðst hratt út, einkum meðal ungs fólks og í viðskiptalífinu. Samkvæmt upplýsingum Póst- og fjarskiptastofnunar eru nú, þegar þessi tillaga er samin, milli 230 og 250 þúsund GSM-farsímanúmer í notkun hér á landi. Það að svæði í byggð séu í GSM-símasambandi er í hugum fjölmargra einn af mælikvörðum á það hvort nútíminn hafi haldið þar innreið sína. GSM-símasamband er mikilvægt fyrir eflingu ferðaþjónustu og viðskipta í hinum dreifðu byggðum. Ferðafólk og vegfarendur vítt og breitt um landið treysta orðið á að í byggð og á helstu þjóðvegum landsins sé GSM-farsímasamband. Það er því gríðarlegt hagsmunamál fyrir atvinnulífið og alla íbúa landsins að eiga greiðan og öruggan aðgang að nútímafjarskiptum. Annað felur í sér mismunun. Gagnvart svo mikilvægri almannaþjónustu sem GSM-símafjarskipti eru orðin eiga íbúar landsins alls að búa við jafnrétti óháð búsetu hvað varðar aðgengi að þessari þjónustu. Í þessu samhengi verður jafnframt að leggja áherslu á að ekki verði slegið slöku við að efla gæði og öryggi annarrar fjarskiptaþjónustu, svo sem í almenna símkerfinu og NMT-farsímakerfinu. Því miður, herra forseti, virðist þjónusta og tilurð NMT-farsímakerfsisins vera í mikilli óvissu og hver framtíð þess verður.

Ljóst er að talsverður kostnaður fylgir því að tryggja landsmönnum aðgang að GSM-kerfinu í allri byggð og á aðalþjóðvegum, og víða verður það ekki rekið á viðskiptagrunni frekar en mörg önnur almannaþjónusta. Því er nauðsynlegt og eðlilegt að gera þá kröfu að ríkisvaldið tryggi öllum íbúum þjóðarinnar jafnt aðgengi að þessari þjónustu.

Unnt er að tryggja hámarksöryggi og útbreiðslu GSM-farsímakerfisins með ýmsum hætti. Nærtækast er að fela Landssíma Íslands, sem er að nær öllu leyti í eigu þjóðarinnar, að ráðast í verkið. Með því einu að lækka arðsemiskröfuna sem gerð er til fyrirtækisins má ná markmiðinu án þess að veita til þess fé úr ríkissjóði. Hvað varðar aðra hlutahafa í félaginu þarf að vera tryggt að þeir eigi innlausnarrétt á hendur ríkinu á sínum hlutum ef þeim líkar ekki sú ákvörðun. Rétt er að minnast á í þessu sambandi að á þessu ári er gert ráð fyrir að arður til ríkisins af rekstri Landssíma Íslands nemi 2,3 milljörðum kr. Það er því ljóst að Landssíminn sem fyrirtæki er gott og arðbært og er þess vegna mikilvægt að ríkið eigi það áfram.

Hugnist mönnum ekki sú leið sem að framan greinir má tryggja útbreiðslu kerfisins með því að setja á það alþjónustukvaðir, en slíkar kvaðir falla að uppbyggingu þeirra fjarskiptalaga sem nú eru í gildi. Yrði sú leið farin hlýtur að teljast eðlilegt að fela Landssímanum að sjá um að uppfylla slíkar kvaðir, enda rekur fyrirtækið stærstan hluta þess fjarskiptakerfis sem fyrir er í landinu.

Skilgreining GSM-farsímakerfisins sem öryggis- og neyðarkerfis í fjarskiptalögum leiðir til þess að tryggja verður þjónustuna, og það er líka hægt að fara þá leið samkvæmt fjarskiptalögum.

Þegar tillagan var send út til umsagnar á síðasta þingi

bárust fjöldamargar umsagnir um tillöguna. Ég vil t.d. vitna hér í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um tillöguna, með leyfi forseta:

„Samtök ferðaþjónustunnar hafa oft vakið athygli á að mikið vantar upp á að þjónustunet GSM-kerfisins nái um allt land eins og sjá má af meðfylgjandi mynd. Fyrir ferðaþjónustuna skiptir það orðið mjög miklu máli að ferðamenn, bæði innlendir og erlendir, geti treyst því að ná sambandi hvar sem er á landinu. Er það í fyrsta lagi mikið öryggisatriði fyrir ferðamenn að þeir geti leitað sér upplýsinga eða aðstoðar hvar sem þeir eru niður komnir."

Áfram segir í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar:

„Í öðru lagi og ekki síður mikilvægt er að með þeirri áherslu sem lögð hefur verið á uppbyggingu ferðaþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins þá er það oft grunnkrafa frá þeim sem t.d. skipuleggja fundi og ráðstefnur að þar sé GSM-samband. Hefur þetta orðið til þess að gististaðir sem ekki eru innan þjónustusvæðis eru sniðgengnir og einnig heilu landsvæðin.

Samtökin taka því undir þessa ályktun um að unnið verði markvisst að því að efla útbreiðslu kerfisins. Núverandi langdrægt NMT-kerfi er eingöngu þekkt innan Norðurlandanna og er nánast alfarið bundið við íslenska notendur og kemur því ekki erlendum gestum að gagni. GSM-kerfið er hins vegar notað um allan heim og væri mikill styrkur fyrir ferðaþjónustuaðila á Íslandi að geta kynnt það að hvar sem menn væru á landinu væru þeir í sambandi við umheiminn." — Þetta segir í umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar, þess atvinnuvegar sem vex hvað hraðast nú á Íslandi og er að verða einn af stærstu gjaldeyrisskapandi atvinnuvegum þjóðarinnar. Lögð er áhersla á að sá atvinnuvegur byggir einmitt á því að hægt sé að nýta og nota landið allt til fjölþættrar ferðaþjónustu en eitt af skilyrðunum til að það sé hægt er að þar sé fjarskiptasamband með eðlilegum hætti, bæði í byggð á þeim stöðum sem koma til greina sem funda- og ráðstefnustaðir og einnig á þjóðvegakerfinu.

Ég vil einnig benda á í hvers konar stöðu málið er nú að bæði fyrirtækin sem eru á fjarskiptamarkaðnum, Landssími Íslands og OgVodafone, keppast nú við að byggja upp GSM-farsímaþjónustuna á þéttbýlissvæðinu í kringum höfuðborgina og nágrenni hennar vegna þess að þar telja þeir arðsemina vera mesta. Á því svæði er víða komið upp tvöfalt GSM-kerfi og tvöfalt kerfi af sendum en út um stóra hluta landsins er enginn sendir vegna þess að þeir, að mati símafyrirtækjanna, uppfylla ekki þá arðsemiskröfu sem þau gera.

Þetta held ég að sé rangt mat hjá þeim því það skiptir máli ef maður ætlar að vera þekktur fyrir að veita góða þjónustu að geta veitt hana um allt land. Notendur sem eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu þurfa líka oft að fara út um land og það skiptir þá máli þegar þeir meta gæði fjarskiptaþjónustu sinnar hvort þeir geti hringt í öryggisskyni, staddir uppi á Steingrímsfjarðarheiði, á fundi á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp eða norður á Ströndum eða með sprungið dekk eða bilaðan bíl á Þverárfellsvegi eða Öxnadalsheiði, að geta þá hringt og látið vita af sér.

Þetta er því ekki einkamál íbúanna sem búa á þessum stöðum, þetta er samfélagsmál. Þess vegna er lögð áhersla á það í þessari tillögu að ríkið, að við hér á Alþingi öxlum hina eðlilegu ábyrgð á því að fjarskiptasamband eins og GSM-fjarskiptasamband sé tryggt og öruggt á öllum aðalþjóðvegum, aðalleiðum í byggð og líka þar sem byggð og búseta er vítt og breitt meðfram ströndum landsins og inn til dala.

Herra forseti. Ég vil víkja hér að einu klassísku erindi sem við þingmenn fáum. Ég er ekki að fagna því að það þurfi að senda okkur svona erindi en hér er ég með undirskriftaskjal frá öllum íbúum og fulltrúum atvinnufyrirtækja við Ísafjarðardjúp, það eru líklega nálægt 30 manns sem hafa ritað nöfn sín hér undir, þar sem þeir skora á Símann og á Alþingi að fylgja því eftir að fjarskiptaþjónustan við allt Ísafjarðardjúp verði bætt þannig að fólk og fyrirtæki þar geti notið eðlilegs öryggis og þjónustu sem fjarskiptasambandið veitir.

Ég minnist þess þegar fjárlaganefnd var á ferðinni um Vestfirði núna í haust. Við byrjuðum ferðina um suðurfirðina og síðan var ekið áfram norður. Það var athyglisvert að einstaka staðir á leiðinni voru merktir þar sem sagt var að hægt væri að ná sambandi gegnum síma, örfáir staðir. Þá var rútan látin stoppa þar því fjárlaganefnd var náttúrlega skipuð stórmerkilegu fólki sem þurfti alltaf af og til að vera í símasambandi. Það var á vissan hátt upplifun að heyra þennan ágæta hóp segja stöðugt: Ja sko, ég get rétt talað við þig núna en svo verðurðu að bíða í tvo klukkutíma því að við ökum núna næstu tvo klukkutímana og erum þá ekki í neinu GSM-farsímasambandi. Svona gekk leiðin fyrir Vestfirði og þetta þekkjum við sem förum þar oft. En þegar maður er í rútu þá er hægt að tala í símann og svo hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur þá er líka hægt að stoppa og tala í símann.

En eins og getur nú komið fyrir að bíll bili eða að það springi dekk á þessum hörðu malarvegum, þá er það bágt að geta ekki látið vita af sér, ég tala nú ekki um ef alvarlegri óhöpp verða. Í nútímasamfélagi viljum við hafa þetta öryggi, tæknin er fyrir hendi og hún er ekki svo dýr. Það vantar bara viljann sem þarf að vera fyrir hendi og einnig þá samfélagslegu ábyrgð sem ég kalla hér eftir gagnvart þessari þjónustu.

Herra forseti. Ég hef hér mælt fyrir tillögu minni um GSM-farsímasambandið í byggð og á öllum aðalþjóðvegum landsins. Þetta er brýnt mál fyrir jafnrétti í búsetu, fyrir atvinnulíf, fyrir öryggi um allt land og þar eiga menn að horfa á landið sem heild en ekki bara á einhverja afmarkaða staði sem reiknað hefur verið út að muni skila arði út frá *einhverjum gefnum forsendum*. Þetta er þjónusta við landið í heild og það er eðlilegt að Landssími Íslands verði áfram í eigu ríkisins og honum verði falið að annast þessa þjónustu fyrir alla landsmenn.

[18:35]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. flutning þessarar þingsályktunartillögu og taka undir orð hans, það er ekki miklu við ágæta greinargerð hans að bæta.

En kannski ég grípi niður í ferð fjárlaganefndar um Vestfirði, það er reynsla sem ég þekki mjög vel. Það er ekki við því að búast að oft hafi verið stoppað í þessari ferð, t.d. á leiðinni til Patreksfjarðar. Því þegar maður er á leiðinni

þangað og héðan — hingað og héðan liggja flestar leiðir — þá er GSM-samband í Búðardal en síðan þarf ekki að stoppa þessa umtöluðu rútu fyrr en tveimur klukkutímum síðar, á Skálanesi og þá má aka í tæpa tvo tíma þangað til komið er á Patreksfjörð.

En ég legg áherslu á að GSM-farsímakerfið verði skilgreint sem öryggis- og neyðarkerfi í byggð. Við höfum, eins og hv. flutningsmaður gat um, haft NMT-símkerfið og það hefur nýst okkur allvel undanfarna tvo áratugi síðan það var tekið upp líklega 1983 eða 1984. Hins vegar fullyrði ég af eigin reynslu að af einhverjum ástæðum hefur NMT-samband, a.m.k. á þeirri leið sem ég gat um áðan, stórlega versnað. Ég kann ekki tæknilegar skýringar á því, ég hef bara reynslu mína og sögur annarra um það. Þess utan er GSM að taka við eins og réttilega er getið um hér í greinargerð. Það er alþjóðlegt kerfi sem ferðamenn sem koma hingað nota og því sjálfsagt að reyna að skilgreina það þannig að þeir geti notað það hér.

Það hefur löngum verið talað um að eftir því sem byggð eyðist eða eigi erfiðara uppdráttar þurfi að finna eitthvað sem komi í staðinn. Lengst af hefur ferðaþjónustuna borið hæst í því sambandi sem er kannski ekki órökrétt þar sem hún er sú grein sem hefur vaxið mjög mikið. Hins vegar er erfitt að ætla henni stað í dreifðum byggðum miðað við þær aðstæður sem henni eru þar búnar núna. Með hverju árinu og með hverjum áratug sem líður eru gerðar meiri kröfur um fjarskipti, um tengsl við umheiminn á allan hugsanlegan hátt. GSM-síminn er ekki lengur notaður einungis sem sími heldur mjög fjölþætt tæki til samskipta milli manna og milli heimsálfa .

Hvernig eiga menn við svo mismunandi aðstæður, þar sem huga þarf að fjöldamörgu, t.d. húsakynnum, umhverfi og ýmsu öðru, að byggja upp ferðaþjónustu? Ég nefni sem dæmi — eftir því sem ég best veit er enginn þessara staða með GSM-farsímakerfi — t.d. Laugarhóll í Bjarnarfirði, Reykjanes við Djúp, Núpur í Dýrafirði, Bjarkarlundur, Flókalundur, Laugar í Dalasýslu. Ég veit ekki til að neinn þessara staða hafi GSM-samband. Ég veit reyndar ekki alveg um Laugar, síðast þegar ég var þar var ekki hægt að ná í GSM-síma þar. Þarna eru stórkostlegar aðstæður til að koma upp góðri, öflugri og fjölþættri ferðaþjónustu með þessum annmarka þó. Hann getur að vísu verið kostur í einstöku tilvikum en ef bjóða á upp á fjölbreytta þjónustu þá gengur þetta ekki. Við getum ekki byggt alla okkar ferðaþjónustu á landsbyggðinni upp á sérvitringum sem eingöngu vilja komast í frið, við þurfum að hafa þessa nýju samskiptatækni.

Það segir sína sögu, eins og segir í greinargerð, að umsagnir sveitarfélaga, bæði á Suðurlandi, Norðurlandi eystra og vestra hafa verið jákvæðar og sömuleiðis hafa Samtök ferðaþjónustunnar — sem er kannski ekki svo skrýtið — lagt sérstaka áherslu á gildi þess að þetta mál nái fram að ganga.

Það var gerð mjög vel grein fyrir gagnsemi GSM-farsímakerfisins, ég tek undir það sem hér hefur verið sagt og ítreka að GSM-kerfið verði skilgreint sem öryggis- og neyðarkerfi í byggð og á aðalþjóðvegum landsins og mér finnst ekki óeðlilegt að eignarhluti ríkisins í Landssíma Íslands verði nýttur til þess að setja þau markmið að Landssíminn taki þetta mál að sér og þegar verði hafist handa um að tryggja aðgang að GSM-kerfinu.

[18:40]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Bjarnasyni fyrir öflugan málflutning með þessari tillögu.

Ég vil bara árétta hversu mikilvægt er að við nýtum styrk Landssímans til þess að byggja upp þessa þjónustu. Og ég vil vara við þeim hugmyndum og áróðri sem talsmenn hafa uppi á sölu Landssímans um að nota eigi andvirðið til að byggja upp. Það hefur aldrei þótt gott að selja björninn úti í skógi óveiddan og sama er með þetta.

Auk þess, hverjum á þá að fela að byggja upp kerfið ef búið er að selja fyrirtækið en ríkið þykist samt ætla að standa að þessari þjónustu? Þetta eru hrein öfugmæli í munni þeirra sem hugsa um það eitt að selja bestu eignir ríkisins, selja þjónustufyrirtækin, almannaþjónustuna og sérstaklega þjónustu sem hefur grundvallarþýðingu og hægt er að græða á.

Landssími Íslands er rekinn þannig að hann skilar miklum arði núna, eins og ég benti á áðan, áætlað er að hann skili 2,3 milljörðum í ár í arði til ríkisins og 6–7 milljörðum í hagnað á árinu, þannig að ekki er vandinn þar. En þjónustan sem hann á að veita, hana vilja landsmenn fá, við viljum fá gott fjarskiptasamband, gott fjarskiptanet um allt land. Það tryggir jöfnuð, búsetu og samkeppnishæft atvinnulíf um allt land. Auk þess er GSM-farsímaþjónustan grundvallaröryggistæki í byggð og á aðalþjóðvegum landsins og þess vegna er afar brýnt að ríkið axli þá skyldu sína og sjái til að þessi þjónusta verði um allt land.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að þessari þingsályktunartillögu verði vísað til hv. samgöngunefndar og að hún fái þar góða, trausta og örugga afgreiðslu þannig að við getum afgreitt hana á þessu þingi sem afdráttarlausan vilja þingsins til þessa máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varðveisla Hólavallagarðs, fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 40. mál. — Þskj. 40.

[18:43]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um varðveislu Hólavallagarðs. Fyrsti flutningsmaður er sú sem hér stendur en ásamt mér hv. þingmenn Bryndís Hlöðversdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Össur Skarphéðinsson, Jónína Bjartmarz, Guðmundur Hallvarðsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson, Magnús Þór Hafsteinsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Mörður Árnason, Helgi Hjörvar, Ágúst Ólafur Ágústsson og Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að vinna að því að tryggja varðveislu, uppbyggingu og kynningu á þeim menningarsögulegu verðmætum

sem eru fólgin í kirkjugarðinum við Suðurgötu, Hólavallagarði."

Þessi þingsályktunartillaga var áður flutt á 130. löggjafarþingi. Þá var hún ekki afgreidd úr nefnd en send til umsagnar og hefur verið tekið tillit til athugasemda í umsögnum sem allar voru mjög fylgjandi samþykkt hennar.

Tillagan er nú lögð fram að nýju í örlítið breyttri mynd. Áður var gert ráð fyrir að henni yrði vísað til forsætisráðaherra en hér er ákveðið að senda hana til menntamálaráðherra og fer hún því síðan til menntamálanefndar enda kannski eðlilegra vegna þeirra menningarsögulegu verðmæta sem eru í garðinum.

Garðurinn var aðalkirkjugarður Reykjavíkur frá árinu 1838 en árið 1932 var búið að úthluta öllum leiðum í garðinum. Enn er þó jarðsett í frátekin leiði í Suðurgötugarði og er fyrirsjáanlegt að svo verði enn um sinn. Á síðasta ári voru teknar 28 grafir í garðinum, þar af 27 duftgrafir. Reiknað er með að svipaður fjöldi grafa verði tekinn árlega næstu áratugi og þeim fari jafnvel fjölgandi ef líkbrennsla eykst.

Mikilvægt er að varðveita kirkjugarðinn fyrir komandi kynslóðir. Það er jafnframt þýðingarmikið fyrir sögu Íslands og menningu. Minningarmörkin segja sína sögu um þróun bæjarins og fólkið sem lifði þar og bjó fyrrum. Margir legsteinar hljóta að hafa kostað stórfé þegar þeir voru settir upp og sýna hvernig fyrri kynslóðir mátu minningu látinna. Hverfi minnismerkin hverfur einnig hluti sögunnar. Víða eru legsteinarnir illa farnir en þó er unnið að viðgerðum en auðvitað eru þetta allt saman forgengilegir hlutir sem tímans tönn vinnur á og við sem flytjum þetta mál teljum að ekki megi glatast.

Í janúar 2003 samþykkti borgarráð Reykjavíkur deiliskipulag sem þróunarhópur Hólavallagarðs hafði látið vinna. Í því er gert ráð fyrir að Hólavallagarður njóti hverfisverndar. Hverfisvernd er ekki formleg friðlýsing en ber að skoða sem viljayfirlýsingu borgaryfirvalda um að fara að öllu með gát sem umsjónaraðili garðsins. Með hverfisverndinni voru settar reglur um umgengni og þróun garðsins. Við undirbúning deiliskipulagsins var gerð úttekt á minningarmörkum í garðinum og úttekt á trjágróðri, en hvort tveggja er mikilvæg forsenda frekari friðunar.

Í umsögn um þetta þingmál bendir Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður á að segja megi að garðurinn sé merkt „minjasafn" þar sem saga okkar birtist í hnotskurn. Gildi Hólavallagarðs frá sjónarhóli þjóðminjavörslunnar felist ekki síst í þeirri heildarmynd sem þar er varðveitt með einstökum hætti í evrópsku samhengi. Þjóðminjasafnið muni leggja áherslu á nálægðina við hinn merka minjagarð. Nálægð garðsins muni gera Þjóðminjasafninu kleift að flétta slíkri miðlun inn í starfsemi sína og byggja þar á rannsóknum sínum.

Í skýrslu sem gerð var um minningarmörk í Hólavallagarði segir að á því leiki vart vafi að garðurinn sé með merkustu kirkjugörðum hérlendis og jafnvel þótt víðar væri leitað í Norður-Evrópu. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Fyrst ber að nefna að engin meiri háttar röskun hefur orðið á garðinum frá því að hann var vígður ef frá er talin lagning stígs gegnum garðinn frá Ljósvallagötu að Suðurgötu, en sú framkvæmd var nauðsynleg til að bæta aðkomu að garðinum. Garðurinn heldur því sínum upphaflega svip frá því að fyrst var grafið í hann og þar til lokið var við síðustu stækkun hans í upphafi fjórða áratugar síðustu aldar. Ólíkt því sem sjá má í eldri kirkjugörðum í Norður-Evrópu hefur elsti hluti garðsins verið látinn algjörlega óhreyfður, stígar ekki verið skipulagðir og engir hlutar hans sléttaðir til að koma fyrir bekkjum eða öðru slíku. Heildarsvip garðsins hefur því ekki verið raskað og gönguferð milli minningarmarka í garðinum er því sem ferð í tíma þar sem sjá má þróunina í gerð þeirra, auk þess sem garðurinn er heimild um list- og táknfræði, persónusögu og ættfræði og stefnur í byggingarlist, auk annars sem nefna mætti.

Hólavallagarður er einnig mjög gróinn og mun vera þar að finna hátt á annað hundrað plantna, og er grasafræðin eitt af því sem full ástæða væri að rannsaka og þá gildi garðsins sem grasagarðs. Í deiliskipulagi um garðinn segir um gróðurinn:

„Hin röksemdin fyrir hverfisvernd garðsins er vegna gróðursins í garðinum. Trjárækt á Íslandi varð ekki almenn fyrr en eftir aldamótin 1900. Gróðursetning í garðinum hófst að marki á árunum milli stríða. Í elsta hluta garðsins eru tegundir sem eiga rætur sínar í tilraunum frá þeim tíma. Í öðrum hluta garðsins er að finna einkennandi gróður frá eftirstríðsárunum. Auk þess er í garðinum ákaflega fjölbreytilegur blómgróður sem á rætur sínar að rekja til heimilisgarða á síðustu öld."

Annað sem gerir Hólavallagarð mjög merkan er að þar er að finna tiltölulega mikið af járnsteyptum minningarmörkum, aðallega krossum, auk fjölda járnsteyptra grindverka. Hlutfallslega eru mörg slík minningarmörk varðveitt hér á landi en erlendis hafa pottjárnskrossar og -girðingar oft farið forgörðum af ýmsum ástæðum þar sem víða var öllu járni í kirkjugörðum safnað saman í styrjöldum og það brætt til hergagnagerðar. Fjölmörg grindverk úr smíðajárni eru einnig í garðinum og eru þau merk heimild um handverk og hönnun gömlu íslensku járnsmiðanna. Garðurinn er því merk söguleg heimild um ýmsar iðngreinar, svo sem járnsmíði.

Í deiliskipulagi um garðinn segir:

„Önnur meginrökin fyrir því að lýsa garðinn hverfisverndaðan er að í garðinum hefur varðveist eitt merkasta og heillegasta safn af minningarmörkum á Íslandi og þó víðar væri leitað. Þau gefa mjög gott yfirlit um þróun stílbrigða og handbragðs sem nær yfir nærri 170 ára tímabil. Garðurinn hefur enn fremur verið skilgreindur sem eitt mesta útiminjasafn landsins. Einstök minnismerki eru auk þess mikilvæg sem sýnishorn handverks í evrópsku samhengi (járnkrossar og girðingar)."

Á mörgum legsteinum frá því um miðbik síðustu aldar er að finna lágmyndir af þeim sem þar hvíla og eru margar þeirra eftir listamennina Einar Jónsson og Ríkarð Jónsson. Eru þessar lágmyndir því merkar heimildir um list þeirra.

Flutningsmenn hafa í greinargerðinni lagt til hvernig skipan nefndar, sem lagt er til að skipa í þingsályktunartillögunni, skuli háttað sem og verksviði hennar. Ekki er talið óeðlilegt að í nefndinni sem skipuð yrði eigi sæti fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og samgönguráðuneyti, Þjóðminjasafni, Fornleifavernd ríkisins, Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma og Reykja-

víkurborg, en ráðherra skipi formann. Einnig hefur Fornleifavernd bent á mikilvægi þess að fulltrúi með þekkingu á gróðurfari garðsins sitji í nefndinni.

Verkefni nefndarinnar skal vera að gera tillögur um hvernig best megi varðveita einstakt menningarsögulegt yfirbragð garðsins vegna minningarmarka, heildarmyndar hans og ræktunarsögu, svo að hann fái að lifa sem minjasafn fyrir komandi kynslóðir. Henni ber að líta til annarra landa um verndun og nýtingu gamalla sögulegra kirkjugarða í ljósi þess að þessi garður er elsti óspillti kirkjugarður í Norður-Evrópu og jafnvel Evrópu allri. Margvíslegar úttektir hafa verið unnar á ýmsum þáttum garðsins á vegum Þjóðminjasafns Íslands og fleiri aðila. Rétt er að nefndin kynni og nýti sér þau gögn í vinnu sinni.

Nefndin skal gera tillögur að breytingum á lögum sem garðinn varða í ljósi verndunar hans, þó svo að hann sé enn í notkun og geti verið áfram um einhver ár eða áratugi, svo sem undir duftker. Einnig skal nefndin gera tillögur að lagabreytingum, m.a. í þá veru að hægt verði að friða garðinn og aðra merkilega garða, eins og t.d. Alþingisgarðinn. Samkvæmt íslenskum lögum er unnt að friða gömul hús en ekki er þar að finna skýra heimild um friðun garða. Þó er ekki loku fyrir það skotið að unnt sé að friðlýsa kirkjugarða. Á það bendir Fornleifavernd ríkisins í umsögn sinni, en það er nokkuð langsótt heimild að mínu mati. Þetta tel ég að nefndin ætti að skoða.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar samkvæmt lögunum. Þá er rétt að benda á að það er skýr heimild til þess að friðlýsa minningarmörk í kirkjugörðum, sbr. 21. gr. laganna um kirkjugarða.

Á meðan grafið er í kirkjugarð er hann ekki verndaður og leiði má slétta 75 árum eftir að gröf var tekin, eins og lög eru nú. Til var merkur garður hér í borginni, Víkurgarður, en hann er nánast algjörlega glataður. Því er mikilvægt að grípa til lagasetningar og aðgerða á meðan Hólavallagarður er enn í svo upprunalegu horfi.

Nefndin meti hvort ástæða er til að breyta lögum um minjar eins og garðinn í ljósi fyrirkomulags í öðrum löndum, en um slíka garða gilda mismunandi lög, eins og t.d. í Bretlandi, National Heritage Act, og síðan má náttúrlega líta til Danmerkur og Noregs þar sem annar háttur er hafður á en hér.

Huga þarf að því hvernig garðurinn geti nýst sem grasagarður fyrir almenning svo að hann geti notið fjölbreytileika gróðursins og einnig fyrir námsmenn til að læra um flóru landsins. Í garðinum eru ljóslifandi dæmi um fjölbreytilegt handverk, steinsmíði, myndhögg, járnsmíði og fleiri list- og iðngreinar. Nefndin geri tillögur um það hvernig hægt er að varðveita, kynna og kenna námsmönnum sögu og eðli þessara greina og hvernig hægt væri að gera kynnisferðir í garðinn að lið í list- og iðnnámi. Sama á við um söguna sem hefur víða skírskotun í garðinum og ætti nefndin að gera tillögur um hvernig gera mætti garðinn hluta af sögukennslu og bókmenntafræðslu. Í garðinum er hinsta hvíla marga þjóðskálda, stjórnmálamanna, embættismanna, presta og biskupa, listamanna og fleiri sögufrægra manna, jafnvel sögupersóna úr bókmenntunum.

Einnig ber að huga að nýtingu garðsins sem aðdráttarafls fyrir ferðamenn eins og gert er víða erlendis þar sem gamlir og sögulegir kirkjugarðar draga til sín þúsundir ferðamanna árlega. Það eru mörg dæmi um kynningarferðir undir mismunandi formerkjum og ljóst að áhuga skortir ekki hjá Íslendingum, eins og sýndi sig þegar Þjóðminjasafnið bauð upp á kynnisferðir um garðinn ekki alls fyrir löngu. Í ljósi þess hve sérstæður Hólavallagarður er í Evrópu ætti að huga að því að fá hann viðurkenndan sem „Evrópuminjar“ undir European Heritage Program.

Mikilvægt er að nefndin sem skipuð yrði vinni samhliða og í góðu samstarfi við þróunarnefnd Hólavallagarðs og einnig að fjármagn verði tryggt svo unnt verði að setja kraft í þá vinnu sem nauðsynleg er svo að Hólavallagarður standi undir nafni sem einn af merkustu kirkjugörðum Norður-Evrópu. Vel væri við hæfi að samþykkja tillögu sem þessa á 100 ára afmæli heimastjórnar í ljósi þess sögulega mikilvægis sem garðurinn gegnir, en þar hvíla ýmsir af helstu baráttumönnum og sjálfstæðishetjum Íslendinga, svo sem Jón Sigurðsson forseti og Hannes Hafstein, fyrsti ráðherra Íslands, auk ýmissa annarra framámanna þjóðarinnar. Enn er tækifæri til að láta verða af því á þessu merka afmælisári því að enn lifa tæpir tveir mánuðir af því.

Ég minni á að allar umsagnir um þetta þingmál hafa verið ákaflega jákvæðar. Einnig hefur menntamálaráðherra talað mjög jákvætt í mín eyru um mikilvægi þess að fara í þá vinnu sem lögð er til í þessari þingsályktunartillögu. Ég vonast til þess að þegar þetta mál, sem ég tel réttast að fari til hv. menntamálanefndar, kemur til nefndar fari fljótt af stað umfjöllun um málið. Það þarf ekki að senda það aftur út til umsagnar því að athugasemdir í umsögnum sem bárust þegar málið var sent til umsagnar á síðasta þingi hafa verið færðar inn í greinargerðina með málinu nú. Það ætti því að vera möguleiki á að afgreiða málið frá nefndinni ef ríkur vilji verður til þess, en ég trúi ekki öðru en að svo verði. Þetta er mikilvægt menningarmál fyrir okkur öll, ekki síst Reykvíkinga og þá sem búa á suðvesturhorninu.

Virðulegi forseti. Ég sé að tíma mínum er nánast lokið og ég vísa málinu til hv. menntamálanefndar og síðan til síðari umræðu að umfjöllun þar lokinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 18:59.

22. FUNDUR

þriðjudaginn 9. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Græðarar, stjfrv., 246. mál, þskj. 257. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 208. mál, þskj. 208. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Nýting stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga, þáltill., 53. mál, þskj. 53. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Aðgangur allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu, þáltill., 31. mál, þskj. 31. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Varðveisla Hólavallagarðs, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Lánasjóður sveitarfélaga, stjfrv., 269. mál, þskj. 290. — 1. umr.
7. Rannsóknarnefnd umferðarslysa, stjfrv., 236. mál, þskj. 242. — 1. umr.
8. Sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Fyrri umr.
9. Stjórnarskipunarlög, frv., 37. mál, þskj. 37. — 1. umr.
10. Dýravernd, frv., 39. mál, þskj. 39. — 1. umr.
11. Vextir og verðtrygging, frv., 41. mál, þskj. 41. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti vill geta þess að þegar að loknum atkvæðagreiðslum um fimm fyrstu dagskrármálin hefst umræða utan dagskrár um verkfall grunnskólakennara. Málshefjandi er hv. þm. Pétur Bjarnason. Hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

Útbýting:

Gjald af áfengi og tóbaki, 280. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 302.

Umferðarsektir, 110. mál, svar dómsmrh., þskj. 282.

Græðarar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 246. mál. — Þskj. 257.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 208. mál (kirkjugarðsgjald o.fl.). — Þskj. 208.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Nýting stofnfrumna úr fósturvísum til rannsókna og lækninga, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 53. mál. — Þskj. 53.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Aðgangur allra landsmanna að GSM-farsímakerfinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JBjarn, 31. mál. — Þskj. 31.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Varðveisla Hólavallagarðs, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRJ o.fl., 40. mál. — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Verkfall grunnskólakennara.

[13:34]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Kennarar hafa nú fellt miðlunartillögu ríkissáttasemjara með um 93% atkvæða, og líklega er mun hærra hlutfall hjá grunnskólakennurum einum sér þar sem skólastjórnendur greiddu einnig atkvæði um sinn samning sem þeir töldu viðunandi. Þetta er mjög afgerandi niðurstaða og sýnir að þær áherslur sem ríkissáttasemjari setti fram í miðlunartillögunni voru ekki réttar, eins og hann hefur sjálfur sagt. Málið er á byrjunarreit að nýju. Tugþúsundir heimila eiga aftur í erfiðleikum vegna þessarar stöðu og óvíst er hvaða áhrif verkfallið mun hafa á framtíð þeirra barna sem fyrir þessu verða.

Ég mætti tveimur börnum á göngu klukkan 8 í morgun. Þau voru á ferð milli húsa, ekki með skólatöskur í höndunum heldur plastpoka, e.t.v. á leið til ömmu eða frænku. En ekki eru öll börn svo heppin að eiga slíkt athvarf.

Börnin og heimilin eru mun verr sett nú þegar verkfall hefst að nýju en þau voru fyrir, og var vandinn þó ærinn. Ítrekað hefur verið reynt að fá svör hæstv. forsætisráðherra eða viðbrögð ríkisstjórnar vegna þessa ástands en án árangurs.

Nú sný ég máli mínu til hæstv. menntamálaráðherra. Ég get ekki trúað því að ráðherra menntamála komi það ekki við þegar börn fá ekki kennslu svo vikum og mánuðum skiptir. Milljón skóladagar barna eru þegar farnir í súginn á þessu hausti og stefnir nú fram eftir næstu milljón. Hæstv. menntamálaráðherra sagði m.a. í viðtali við Morgunblaðið þegar verkfalli var frestað að börnin væru sigurvegarar dagsins. Sá sigur er að engu orðinn. Í stríði af þessu tagi verða engir sigurvegarar. Það tapa allir.

Kennarar eru gerðir að blórabögglum í deilunni og hafa verið það frá upphafi. Það eru þó tveir aðilar að þessari deilu auk þolendanna. Kennarar hafa stöðugt orðið að svara til saka á meðan sveitarstjórnir hafa staðið til hlés í skjóli launanefndar sem aftur ber fyrir sig bágan fjárhag sveitarfélaga og umboðsleysi sitt til að bjóða kjör sem gætu leyst þessa deilu.

Forsvarsmenn sveitarfélaga hafa lítt verið dregnir til ábyrgðar á þessu ófremdarástandi, hvorki af fjölmiðlum né almenningi hvað þá af öðrum stjórnvöldum. Það er þó ljóst að staða þeirra er afskaplega þröng.

Rétt er að minna á að skömmu fyrir verkfall lögðu kennarar fram tillögu að skammtímasamningi til vors sem hefði e.t.v. getað komið í veg fyrir þetta verkfall. Þar var gert ráð fyrir tveggja tíma kennsluafslætti sem nú er talið ásættanlegt, 3,5% hækkun strax og 3% um áramót. Þessi samningur hefði gefið ráðrúm til samninga til langs tíma en launanefnd hafnaði honum strax.

Máttleysi launanefndar sveitarfélaganna til að leysa þessa deilu er orðið ljóst og deilan í harðari hnút en nokkru sinni. Hver er þá ábyrgð ríkisins á málefnum grunnskólans? Ég vil nefna nokkra þætti en af ýmsu er að taka: ábyrgð menntamálaráðherra á að framfylgja lögum sem kveða á um fræðslu barna og ungmenna; samninga sem ríkið hefur gert við eigin starfsmenn, m.a. framhaldsskólakennara, sem eru síðan viðmið fyrir kröfur grunnskólakennara; stóraukna kröfur með lagasetningu um grunnskólann eftir flutning grunnskóla til sveitarfélaga til viðbótar við mjög vanreiknaðan heimanmund á sínum tíma; skattkerfisbreytingar sem hafa stórlega skert getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra: Telur ráðherrann lengur verjandi að ríkisstjórnin aðhafist ekkert meðan börn á skólaaldri eru svipt lögboðinni skólagöngu vikum og mánuðum saman? Er ekki tími hjásetu ríkisstjórnarinnar löngu liðinn? Hvað telur ráðherrann að ríkisstjórnin geti gert til að höggva á þennan hnút, og þá hvenær? Eigum við e.t.v. að þurfa að þola þetta ástand til frambúðar?

[13:39]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Staðan í kennaradeilunni er grafalvarleg. Málið er nú þannig vaxið að skólabörnin hafa verið send heim og óvissan tekin við um framhaldið. Áhyggjur mínar í dag snúa fyrst og fremst að börnunum og stöðu fjölskyldnanna í landinu. Staða þeirra er erfið.

Það er erfitt að útskýra fyrir börnunum hvers vegna kennsla falli niður á ný eftir að þau hafa verið einungis rúma viku í skólanum að loknu sex vikna verkfalli. Börnin okkar eiga rétt á menntun samkvæmt lögum og margir benda á að með því að fella niður kennslu svo vikum og mánuðum skiptir, eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á, sé verið að hafa þennan rétt af æsku landsins. Við verðum, virðulegi forseti, að hafa hugfast að við höfum á undanförnum árum og áratugum viðurkennt ákveðin grundvallaratriði í samfélagi okkar og búið okkur til leikreglur sem styðjast m.a. við alþjóðasáttmála. Til þeirra reglna heyrir m.a. verkfallsréttur kennara.

Það er ljóst samkvæmt umboðsmanni barna að þegar ósamrýmanleg réttindi mætast, eins og í þessu tilfelli réttur barna til menntunar og réttur kennara til að fara í verkfall, verður annar rétturinn að víkja. Réttur kennara til verkfalls er sértækur réttur meðan réttindi barnanna okkar til menntunar er almennur. Þegar svo ber undir getur þessi ömurlega staða komið upp, þ.e. að börnin eru send heim, í verkfall eins og umboðsmaður barna bendir á. Það undirstrikar að réttur kennara til að fara í verkfall er í raun ríkari en réttur barnanna til að ganga í skóla.

Það breytir hins vegar engu um alvarleika málsins fyrir börnin, fyrir heimili landsins, fyrir kennarana og fyrir sveitarfélögin.

Menntamálaráðuneytið mun að sjálfsögðu reyna að tryggja í samvinnu við fræðsluyfirvöld sveitarfélaganna og kennara að sú kennsla sem fellur niður vegna verkfalls verði bætt upp eins og kostur er. En með hverjum verkfallsdeginum sem líður mun hins vegar reynast erfiðara að bæta tjónið að fullu. Þetta er óásættanlegt ástand í nútímaþjóðfélagi og ég hef lýst því yfir að þegar þessari deilu lýkur verðum við í sameiningu að leita allra leiða til að reyna að koma í veg fyrir að ástand í líkingu við það sem nú ríkir geti endurtekið sig. Víða ríkir örvænting og margir krefjast

þess að ríkið skerist í leikinn með einhverjum hætti, eins og lagasetningu. Lagasetning þar sem gripið er með beinum hætti inn í kjaradeilu hlýtur hins vegar ávallt að mínu mati að vera neyðarúrræði. Við höfum reynslu af slíkri lagasetningu og hún er slæm. Hún leysir lítinn vanda og skýtur honum einungis á frest, líkt og báðir deiluaðilar hafa þegar bent á. Lagasetning er því að mínu mati þrautalending.

Ýmsir hafa einnig sagt að ríkið eigi bara að koma með meiri pening inn í deiluna. Slíkt tal er að mínu viti óábyrgt og frekar í ætt við tækifærismennsku. Reyndar er það svo að ríkið kemur að úrlausn þessara mála því það er ekki spurt þegar það er skuldbundið upp á marga milljarða króna vegna lífeyrisskuldbindinga einna saman.

Við verðum líka að horfast í augu við það að þótt sveitarfélögin ættu allan ríkissjóð gætu þau ekki komið til móts við ýtrustu kröfur kennara. Það væri skammgóður vermir á lausn deilunnar fyrir samningsaðila því stöðugleiki í efnahagsmálum er allra mál og væri til lítils unnið ef umsamdar kauphækkanir yrðu étnar strax upp af verðbólgu.

Samkvæmt ummælum ýmissa manna úr verkalýðsforustunni og frá Samtökum atvinnulífsins er fylgst grannt með gangi mála í kennaradeilunni og rétt að fólk geri sér grein fyrir að þeir munu ekki sitja aðgerðalausir ef samningar tefla stöðugleikanum og hinum svonefndu rauðu strikum í tvísýnu.

Virðulegi forseti. Verkefni dagsins er því ærið, að bæta kjör kennara þannig að ásættanlegt sé fyrir þá að sinna sínum mikilvægu störfum og án þess að slíkir samningar feli í sér ógnun við kærkominn stöðugleika. Samninganefndirnar koma á morgun saman í húsakynnum ríkissáttasemjara. Meðan menn eru að hittast er enn von. Jafnframt vonast ég til að tíminn verði nýttur til hins ýtrasta og að menn sitji við samningaborðið þannig að lausn fáist hið fyrsta.

Er óskandi að það gangi eftir ásamt því að samningarnir verði til þess fallnir að áfram verði svigrúm til þróunar og nýsköpunar í skólastarfi.

[13:44]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Þyrnirós svaf í heila öld. Þessi hæstv. menntamálaráðherra hefur sofið í heilt verkfall. Hæstv. menntamálaráðherra hefur sofið í sex vikur og mér sýnist á þessari ræðu að hæstv. menntamálaráðherra ætli að halda þeim svefni áfram. Það var ekkert að finna í ræðunni sem með einhverjum hætti gæti liðkað fyrir lausn verkfallsins. Ræðan var tröllauknar umbúðir utan um ákaflega lítið innihald. Hæstv. ráðherra hefur hingað til sýnt alveg ótrúlegt sinnuleysi í deilunni og það eina sem hún hefur gert hingað til er að tala niður til kennara og líkja þeim við þrýstihópa á borð við hunda- og kattaeigendur.

Frú forseti. Svo kemur hæstv. menntamálaráðherra hingað og talar um stöðugleikann í samfélaginu. Er það virkilega þannig að svefn hæstv. menntamálaráðherra sé svo djúpur að hún geri sér ekki grein fyrir því hvað er að gerast í þessu samfélagi? Er það virkilega þannig að sjálf hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki fylgst með því hvað það er sem kennarar gefa upp sem eina af ástæðunum fyrir því að þeir felldu miðlunartillöguna? Má ég benda hæstv. ráðherra á viðtöl t.d. við Jón Pétur Zimsen sem er í stjórn Kennarafélags Reykjavíkur og Önnu Maríu Jónsdóttur, trúnaðarmann í Vogaskóla, sem segja í fjölmiðlum að ein af ástæðunum fyrir því að ekki sé hægt að samþykkja miðlunartillöguna sé sú að verðbólgan sé að fara úr böndunum og það sé alveg ljóst að hún muni gera meira en að éta upp þær launahækkanir sem verið er að bjóða?

Með öðrum orðum, frú forseti, hafa lausatök ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsætisráðherra á efnahagsmálunum, leitt til þess að verðbólgan er farin úr böndum og það er ein af ástæðunum fyrir því að kennarar treystu sér ekki til að samþykkja miðlunartillöguna. Það er þess vegna sem ég segi: Þessi ríkisstjórn ber ábyrgð og hún á töluvert stóra sök á því að kennarar felldu miðlunartillöguna.

[13:46]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Það ástand sem nú hefur skapast má segja að ógni menntastigi þjóðarinnar. Kennaradeilan er komin í alvarlegan hnút. Hverjar eru lausnir? Þær eru sannarlega ekki einfaldar þó að ýmsir dragi upp hér afskaplega einfaldar lausnir á því, ríkið komi inn og þar með sé málið einfaldlega leyst. Málið er ekki svo einfalt.

Ég fullyrði að samfélagið haldi kennarastéttinni að mörgu leyti í gíslingu. Ég vísa þar m.a. til yfirlýsinga frá ýmsum verkalýðsfélögum og samtökum þeirra þar sem kveðið er á um það að ef gengið verði til samninga við kennara séu aðrir kjarasamningar einfaldlega lausir með þeim afleiðingum sem því fylgja.

Hvaða þýða slíkar yfirlýsingar? Fela þær í sér að mennt sé máttur og að menntamál skuli hafa ákveðinn forgang? Augljóslega ekki. Ég vil nota þetta tækifæri, frú forseti, til að skora á þessi sömu verkalýðsfélög og samtök þeirra til þess að gefa beinlínis út yfirlýsingu sem feli í sér viðurkenningu á því að mennt sé máttur og feli í sér viðurkenningu á því að þau muni una þeim samningum sem kennarar vonandi ná sem fyrst. Með slíkri yfirlýsingu væri a.m.k. stigið fyrsta skrefið í átt til lausnar og þar með í rauninni að losa kennarastétt úr þeirri gíslingu sem aðrir hópar halda henni í.

Með slíkri yfirlýsingu, frú forseti, væri jafnframt verið að viðurkenna að menntun sé mikilvæg og að menntamál þurfi, þjóðarinnar vegna, að hafa ákveðinn forgang.

[13:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Réttur barnanna okkar til að ganga í skóla er óumdeildur. Réttur kennara til að fara í verkfall er líka óumdeildur. Hann er hins vegar neyðarréttur og honum var beitt hér í mikilli neyð. Það verður að rifja það upp hér í þessari umræðu að kennarar settu fram viðræðuáætlun sína í janúar sl., 20. janúar lá hún á borðinu. Samningar voru lausir í mars og eftir ítrekaðar tilraunir kennara til að fá menn að samningaborði greiddu þeir í maí atkvæði um verkfall og verkfallið var boðað 20. september. Í millitíðinni komu kennarar með tilboð um samning til eins árs sem hefði getað forðað verkfalli. Það var ekki tekið í þá útréttu hönd.

Kennarar hafa gert allt sem í þeirra valdi hefur staðið til að koma í veg fyrir þetta verkfall. Launanefnd sveitarfélaga

segir okkur ævinlega að sveitarfélögin hafi ekki bolmagn til að koma til móts við kröfur kennara. Hvers vegna hafa sveitarfélögin ekki bolmagn? Er það kannski vegna þess að tekjustofnanefndin hefur ekki unnið vinnuna sína, tekjustofnanefndin sem við viljum að vinni að því að finna réttláta skiptingu tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga? Eða er það vegna þess að samkomulagið frá 1996 sem við gerðum um flutning skólanna yfir til sveitarfélaganna stenst ekki tímans tönn, þarf endurskoðunar við?

Það er alveg ljóst að stjórnvöld í þessu landi bera ábyrgð á því í hvaða hnút deilan er. Stjórnvöld, þar með talin ríkisstjórn, verða að koma að lausn deilunnar. Hún er fólgin í því að sveitarfélögin fái aukið bolmagn til að standa við þær kröfur sem kennarar setja og við skulum ekki gleyma því að kennarar eru stéttin sem ber ábyrgð á grunnmenntun þessarar þjóðar, á grunnmenntun þjóðarinnar sem hefur ákveðið að hækka menntunarstig sitt. (Forseti hringir.)

Hvers metum við störf þeirra?

[13:50]

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda Pétri Bjarnasyni fyrir að færa þetta mál á dagskrá Alþingis hér í dag. Aftur er skollið á verkfall kennara þegar aðeins er vika liðin síðan gert var hlé á verkfalli þeirra sem þá hafði varað í sex vikur. Enn virðist engin lausn í sjónmáli.

Kennarar felldu miðlunartillögu ríkissáttasemjara með mjög afgerandi hætti í gær þegar 93% kennara greiddu atkvæði gegn tillögunni og þar með hófst verkfall að nýju. Eins og allir vita varðar það 4.300 kennara og 45 þús. grunnskólabörn. Um þriðjungur allra heimila á landinu verður með einhverjum hætti fyrir barðinu á verkfallinu og þolinmæði allra er á þrotum.

Verst bitnar verkfallið þó á börnum þessa lands sem eru í reiðileysi án menntunar vikum og mánuðum saman. Við getum alls ekki boðið þeim upp á þetta lengur. Við erum að eyðileggja menntun þeirra til framtíðar.

En það er ekki hægt að áfellast bara kennarana fyrir það. Augljóslega nást engir samningar nema kennarar fái verulegar kjarabætur. Það er m.a. vegna þess að kennarar miða auðvitað við nýlega kjarasamninga milli framhaldsskólakennara og ríkisins þar sem kjör framhaldsskólakennara voru leiðrétt verulega. Kjör grunnskólakennara hafa hins vegar ekki verið leiðrétt lengi.

Samfélagið krefst þess núna að menntamálaráðherra, æðsti yfirmaður menntamála í landinu, leiti bráðabirgðalausnar til að mæta þessum vanda. Góður grunnskóli hefur gífurlega þýðingu fyrir samfélag okkar, fátt er mikilvægara en að byggja upp gott skólakerfi og það byggist að sjálfsögðu á góðri kennslu. Við fáum ekki góða kennara og góða kennslu nema kennarar fái viðunandi laun.

[13:53]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég verð að segja að ég varð fyrir vonbrigðum með það að kennarar skyldu fella miðlunartillögu ríkissáttasemjara í gær en það kom mér ekki á óvart. Ekki vegna þess að tillagan sem slík hefði verið slæm, heldur vegna þess að í Fréttablaðinu birtist á laugardaginn á forsíðu afar ótímabær og óábyrg yfirlýsing frá æðsta yfirmanni skólamála hér í Reykjavík, Stefáni Jóni Hafstein, um það að sveitarfélögin væru með útspil uppi í erminni ef kennarar mundu fella tillöguna.

Hvað gekk manninum eiginlega til að gefa út slíka yfirlýsingu? Hvernig dettur leiðtoga Samfylkingarinnar í borgarstjórn í hug að beinlínis hvetja kennara til að fella tillöguna áður en atkvæðagreiðslu um hana er lokið og slá sig til riddara með því að tilkynna kennurum að þeirra bíði eitthvað betra ef þeir felli tillöguna? Hvernig gátu kennarar túlkað þessi orð Stefáns Jóns Hafsteins öðruvísi en svo að þeirra biði betra tilboð ef þeir felldu tillöguna?

Þó svo að talsmenn annarra sveitarfélaga hafi fram að þessu verið hógværir í yfirlýsingum sínum í málinu er ekki við því að búast að samningar náist þegar forsvarsmenn sveitarfélaganna tala með þessum hætti.

Frú forseti. Sú staða sem komin er upp í kennaradeilunni er algjörlega óþolandi fyrir skólabörn, foreldra, þjóðfélagið og almenning allan. Tjónið er orðið mikið og ég lýsi fullkominni ábyrgð á hendur fulltrúum sveitarfélaganna og forustu Kennarasambandsins á því hvernig staða málsins er.

Það þýðir ekkert að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að gera ekki neitt. Sveitarfélögin vissu alveg þegar þau fjölguðu kennurum og starfsfólki skólanna um tugi prósenta að það mundi kosta eitthvað. Kennarar vita líka að ef gengið verður að kröfum þeirra mun efnahagslíf hér brenna yfir og það er hætt við því að kjarasamningar losni eins og ASÍ hefur varað við. Menn verða að setjast niður og semja og ég bendi kennurum og forsvarsmönnum Kennarasambandsins á það að ef ríkið grípur inn í þessa deilu með lagasetningu verður það engum til góðs, (Forseti hringir.) hvorki kennurum né þjóðfélaginu. Allir munu tapa á slíkum gjörningi.

[13:55]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Grunnskólastarfið í landinu er í uppnámi og nú blasir við sú nöturlega staðreynd að framhald verður á kjaradeilunni, kjaradeilu þar sem ríkir þrátefli. Hæstv. menntamálaráðherra og forsætisráðherra hafa í sex vikna verkfalli grunnskólakennara, þar sem börnin fá ekki lögbundna menntun sína, látið sem þeim komi deilan ekki við.

Nú verður sinnuleysi ráðherranna að ljúka. Þeim kemur málið við, þeirra er ábyrgðin. Skólamissirið bankar í að vera ónýtt, vel yfir ein milljón skóladaga hefur glatast og börnin í landinu eru svikin um lögbundinn rétt sinn til grunnskólamenntunar, fræðslu sem menntamálayfirvöld bera ábyrgð á að veitt sé. Þeirri ábyrgð verður ekki komið yfir á aðra, enda er það ríkisvaldið sem bæði skammtar verkefnin og tekjurnar til að sinna þeim. Ríkið verður að gera upp við sveitarfélögin og veita þeim sanngjarna tekjustofna þannig að þau geti sinnt lögbundnum verkefnum og greitt kennurum og öðrum starfsmönnum sínum sanngjörn laun. Ábyrgðin á deilu kennara og sveitarfélaga er á ábyrgð ríkisvaldsins. Ekki einungis skammtar ríkið sveitarfélögunum tekjustofnana, snuðar þau um uppgjör á öðrum sviðum, heldur gekk ríkið á undan með skilyrðislausu fordæmi þegar samið var við framhaldsskólakennara fyrir nokkrum árum. Þessar tvær stéttir eiga og verða að fylgjast að í launalegu tilliti.

Með samningum ríkisins við kennara í framhaldsskólum skildi á milli stéttanna. Það bil verður nú að brúa. Það verður ekki gert án aðkomu ríkisvaldsins.

Þá verður hæstv. menntamálaráðherra að svara því skýrt hvort og þá hvaða tillögur hún muni leggja til samræmdra aðgerða til að mæta afleiðingum verkfallsins á skólagöngu barnanna.

[13:57]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er hálfsorglegt að standa hér í dag og ræða enn um verkfall grunnskólakennara í landinu. Sorglegt, segi ég, því að auðvitað vonuðust menn til að samningar mundu nást löngu fyrir þennan tíma. Það hefur ekki gengið eftir og því miður er ekki margt í spilunum. En þó höldum við auðvitað í vonina á meðan deiluaðilar tala saman.

Nú ganga skoðanakannanir og umræðan út á að lög verði sett á kennara. Ég skil vel að sumir styðji þá hugmynd enda vill fólk fá skólana í gang og að lífið fari að ganga sinn vanagang. Mér hugnast ekki slík lagasetning og tek undir með hæstv. menntamálaráðherra að slíkt sé algjört neyðarúrræði. Ég tel að afleiðingar yrðu slæmar fyrir alla aðila og ekki síst fyrir nemendur.

Í fyrsta lagi hefur heyrst í umræðunni að margir kennarar muni segja upp störfum ef samningar nást ekki. Við megum ekki við að missa góða kennara. Í öðru lagi sýnir reynslan frá árinu 1989 að það tók mörg ár að fá kennara aftur inn í skólana til starfa. Mórallinn verður slæmur og þetta hefur skaðleg áhrif á nemendur.

Ég hef heyrt af því í morgun að kennarar hafi haft samband við samtök sín og túlkað stöðuna þannig að hv. menntamálanefnd hafi fjallað sérstaklega um lagasetningu á verkfallið. Sú túlkun er kannski ekki óeðlileg í ljósi umræðu í fjölmiðlum undanfarið. Ég vil taka það hér skýrt fram að þetta er ekki rétt og stjórnvöld hafa ekki tekið neina afstöðu til lagasetningar. Það er mjög mikilvægt að skilaboð frá stjórnvöldum séu skýr.

Ég vil segja hér að lokum að það er augljóst að samfélagið getur ekki endalaust horft á auðar skólastofur og spurningin sem við stöndum frammi fyrir er: Hvenær brestur þolinmæðin?

[13:59]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Almennt deila menn ekki um mikilvægi menntunar og þar af leiðandi skólastarfs, allra síst er ágreiningur um mikilvægi grunnskólans enda er eðli máls samkvæmt og samkvæmt orðanna hljóðanna sjálfur grunnurinn lagður þar að menntun okkar.

Íslenski grunnskólinn er í mjög örri þróun og ræður jákvæður uppbyggingarandi þar ríkjum. Vandinn er sá að þeir sem starfa innan veggja skólans sætta sig ekki við þau kjör sem þeim er boðið upp á og þess vegna ákvað kennarastéttin, ekki hluti hennar, öll kennarastéttin, um 4.500 manns, að leggja niður vinnu og knýja þannig fram betri kjör. Þetta er nokkuð sem menn gera ekki að gamni sínu, allra síst fólk sem hefur takmörkuð fjárráð. Ég hef vissulega áhyggjur af nemendum, börnunum og unglingunum, en ég hef líka áhyggjur af þessu fólki, 4.500 fjölskyldum sem heyja erfiða kjarabaráttu.

Nú er deilan í hnút. Sumum finnst sá hnútur vera illleysanlegur, svo illleysanlegur að þeir tala um lög eða gerðardóm. Gerðardómur þarf hins vegar að byggja á tilteknum forsendum, lögin þurfa að hafa innihald. Ég fagna þeim yfirlýsingum sem fram komu hjá hæstv. menntamálaráðherra hvað þetta snertir. Á þessari hlið málsins virðist hún hafa skilning. Hún hefur hins vegar engan skilning á eigin ábyrgð eða ábyrgð ríkisstjórnarinnar í lausn deilunnar. Kannski á að tala við Sjálfstæðisflokkinn á því tungumáli einu sem hann skilur, leggja út af heilagri ritningu frjálshyggjunnar og tala um framboð og eftirspurn.

Það er eftirspurn eftir kennslu en það er ekki framboð á þeim kjörum sem boðið er upp á. (**Gripið fram í:** Einkaskóla?) Það þarf að horfast í augu við þetta. Ríkisstjórnin á að koma með yfirlýsingu um að hún ætli að treysta, bæta og styrkja tekjustofna sveitarfélaganna og á þeirri yfirlýsingu verður þessi deila leyst en aðeins á þeim grundvellinum.

[14:01]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Nú er hafið verkfall á ný eftir stutt hlé og það kemur í sjálfu sér fáum á óvart nema hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra sem héldu vart vatni af hrifningu yfir tillögu sáttasemjara. Hæstv. forsætisráðherra taldi að tillaga sáttasemjara fæli í sér mikla kjarabót og hæstv. menntamálaráðherra sá ástæðu til að fagna sérstaklega miðlunartillögunni en hún var í raun algerlega ótæk. Hvers vegna? Jú, samningar kennara voru bundnir mörg ár fram í tímann og eina uppsagnarákvæðið var þarnæsta haust, og það var ansi loðið. Ekkert tillit var tekið til starfsreynslu kennara, og miðað við þær blikur sem eru á lofti í efnahagsmálum er ekki gæfulegt að binda kjör sín mörg ár fram í tímann. Það er umræða í þjóðfélaginu um að verðbólgan sé mögulega að fara af stað og hún hefur farið af stað á þessu ári. Þess vegna er óskiljanlegt að botna ekkert í því að miðlunartillagan sé ekki samþykkt. Það var í rauninni furðulegt að leggja svona miðlunartillögu fram.

Í ljósi slæmrar fjárhagsstöðu sveitarfélaganna sem voru rekin með rúmlega tveggja milljarða halla á síðasta ári hefur maður vissan skilning á erfiðri aðstöðu þeirra. Það er kominn tími til þess að hæstv. menntamálaráðherra fari að átta sig á því að hún er ekki einungis menningarmálaráðherra, heldur menntamálaráðherra og þarf að fara að einbeita sér að öðru en að klippa bara á borða og opna og loka söfnum. Það er kominn tími til þess að fara að huga að grunnskólanum, hvernig eigi að fara að því að leysa þessa deilu og í rauninni að fara að vinna markvisst að lausn málsins.

Að lokum ætla ég að enda mál mitt á því að þrátt fyrir dapra ræðu sem var mjög innihaldslítil fyrr í umræðunni er það von mín að hæstv. menntamálaráðherra fari að átta sig á alvarleika málsins.

[14:04]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Hæstv. menntamálaráðherra sagði áðan að málið væri grafalvarlegt og það eru orð að sönnu. Ég óttast

að þessi deila verði ekki leyst fyrr en nær dregur jólafríi.

Mér finnast þó sýnu alvarlegri þau orð og ummæli sem hv. formaður Samfylkingarinnar hafði uppi áðan þegar hann sagði að samningsaðilar treystu ekki þeim samningi sem nú var felldur vegna þess að verðbólgan væri úr böndum. Hann sagði að verðbólgan væri úr böndum og að þeir treystu ekki efnahagsástandinu. Mér finnst hv. formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson, bíta í skottið á sjálfum sér og hlaupa í hringi.

Við vitum að ef farið verður að fyllstu kröfum kennara þá fyrst fer verðbólgan úr öllum böndum og þá fyrst eru allir kjarasamningar komnir upp fyrir þau rauðu strik sem sett hafa verið.

Mig langaði í þessari umræðu að draga fram þá þætti sem ekki hafa verið mjög mikið í umræðunni að mér finnst varðandi þessa kjaradeilu, þ.e. vinnutímatilhögun kennara. Hún er með allt öðrum hætti en við þekkjum á okkar hefðbundna vinnumarkaði. Mér sýnist sem kennarar skili á bilinu 130–140 klukkustundum í vinnu á mánuði (**ÖJ:** Svona eins og þú) en almenningur á þessum vinnumarkaði sem vissulega er í spennu er á bilinu 200–250 tímar á mánuði. (**Gripið fram í:** Það er rugl.) Það er það sem fólk er að tala um í dag og það er munur þar á. Margir spyrja spurninga út af þessu.

Í þessari umræðu hefur verið rætt þó nokkuð um agavandamál í skólunum, og mér er spurn hvort í þeirri umræðu sem verið hefur sé tekið rétt og faglega á þeim þætti mála. Ég var fyrir skemmstu í Bandaríkjunum þar sem verið var að lýsa agamálum í skólum og þau eru með allt öðrum hætti en hér tíðkast. (**ÖJ:** ... aga kennara?)

[14:06]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum undirtektir við þetta mál. Flestir þeirra gera sér greinilega ljósa grein fyrir þeim mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir. Ég hefði gjarnan viljað eyða lengri tíma í að ræða orð síðasta ræðumanns um vinnutíma kennara, agamál í skólum og fleira. Þar er ljóst að hann talar af mikilli vanþekkingu og ég er alveg tilbúinn að leggja mitt af mörkum til að uppfræða hann utan þessa tíma sem er knappur.

Ég lýsi hins vegar vonbrigðum með undirtektir hæstv. ráðherra. Þar voru engin svör, engin úrræði. Aðeins eitt erum við algjörlega sammála um, það er að bæta þurfi kjör kennara stórlega, við erum algjörlega sammála um það. En það voru mikil vonbrigði að hún skyldi tala um þessa hluti á almennum nótum og engu öðru. Það var ekkert tekið á vandanum, það var ekkert ýjað að því að ríkisstjórnin mundi koma með nokkur úrræði. Það er ljóst að sá vandi er mikill sem við stöndum frammi fyrir og hann þarf að leysa á varfærinn hátt. Sveitarfélögin verða að styrkja tekjustofna sína til þess að þau ráði við þetta verkefni.

Við þurfum á menntuðu og hæfu starfsfólki að halda í skólum landsins. Á því veltur framtíð barna okkar og þar með framtíð þjóðarinnar. Það er mikils um vert að ekki skapist ástand með vanhugsuðum aðgerðum sem orsakað gætu fjöldauppsagnir kennara í vetur eða vor. Við skulum gera okkur grein fyrir að það gæti komið til og þá erum við illa sett.

Eftir standa staðreyndir málsins í dag. Tugþúsundir barna eru án skólanáms og vita varla hvað þau eiga til bragðs að taka. Heimili þeirra eru í miklum vanda. Það er fullkomið ábyrgðarleysi að horfa á þetta gerast viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, án þess að aðhafast nokkuð. Það verður að bregðast við þessu ástandi tafarlaust með aðgerðum sem tryggja með einhverjum hætti að skólastarf hefjist að nýju. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að stjórnvöld bregðist börnum og foreldrum í þessu vandasama máli.

[14:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil undirstrika það sem ég hef margoft sagt og það hefur líka komið fram í þessari umræðu að það blandast engum hugur um það að laun kennara eru síst of há. En ég bjóst satt að segja við, virðulegi forseti, að heyra hér einhverjar lausnir, einhverjar raunhæfar lausnir (Gripið fram í.) en ekki tækifærismennsku. Ég hélt að stjórnarandstaðan hefði efnt að eigin frumkvæði til utandagskrárumræðu til þess að koma með raunhæfar lausnir á kennaraverkfallinu. (Gripið fram í.) Hver er síðan lausnin?

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill biðja þingheim að sýna ráðherra þá virðingu að hafa hljóð meðan hún talar, á þeim stutta tíma sem hún hefur hér til umráða.) (**ÖJ:** Það þarf að sýna þingmönnum virðingu.)

Ég þakka fyrir, virðulegi forseti. En hver er síðan lausnin hjá stjórnarandstöðunni? Jú, það er að dæla meiri pening inn í deiluna (Gripið fram í.) og ég verð satt best að segja, frú forseti, að frábiðja mér svona málflutning, svona tækifærismennsku, svona hringekjumálflutning, rússíbanamálflutning stjórnarandstöðunnar.

Hvað eru þeir að segja í eina röndina? Þeir eru að segja: Meiri pening inn í deiluna til þess að ógna m.a. stöðugleikanum. Síðan í hina röndina (Gripið fram í.) er verið að deila á ríkisstjórnina fyrir aðhaldsleysi í peningamálum. Ég bið um samræmi í málflutningi stjórnarandstöðunnar en ekki að koma hingað og vera eins og einhverjir fagurgalar og ala á þeim falsvonum (**Gripið fram í:** En málflutningur stjórnarinnar?) hjá kennurum, foreldrum og fjölskyldum í þessu landi að það sé hægt að leysa deiluna með því einu að dæla bara meiri pening inn í hana. Þessi málflutningur er ekki boðlegur. (**Gripið fram í:** Hvað með ráðherrana?)

Lánasjóður sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 269. mál (heildarlög). — Þskj. 290.

[14:10]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Lánasjóð sveitarfélaga. Um er að ræða frumvarp til nýrra heildarlaga sem ætlað er að leysa af hólmi lög nr. 35/1966.

Lánasjóður sveitarfélaga er sameign allra sveitarfélaganna í landinu og starfar samkvæmt lögum undir yfirumsjón ríkisstjórnar. Meginmarkmið sjóðsins samkvæmt lögunum er að stuðla að því að íslensk sveitarfélög geti útvegað sér eins hagstætt lánsfé og kostur er á hverjum tíma.

Með frumvarpi því sem hér er mælt fyrir er ekki ætlunin að víkja frá því meginmarkmiði en vegna breytinga á fjármálalegu umhverfi og þróunar sveitarfélaga var kominn tími til að endurskoða ýmis ákvæði laganna sem að mörgu leyti eru úr sér gengin.

Fyrirhugaðar breytingar á lagaumhverfi sjóðsins voru unnar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og stjórn lánasjóðsins og miða þær fyrst og fremst að því að aðlaga rekstur sjóðsins eftir því sem kostur er að almennum starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði og draga verulega úr afskiptum ríkisins af stjórn og rekstri sjóðsins.

Mun ég nú gera nánari grein fyrir helstu breytingum sem felast í frumvarpinu.

Samkvæmt gildandi lögum skipar félagsmálaráðherra stjórn lánasjóðsins og fjármálaráðherra skipar endurskoðendur hans. Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að æðsta vald í málefnum sjóðsins verði fært til sveitarfélaganna. Gert er ráð fyrir að svokallaður eigendafundur, þar sem sæti eiga fulltrúar sem sveitarfélögin hafa kosið til setu á landsþingum Sambands íslenskra sveitarfélaga, fari með æðsta valdið í málefnum sjóðsins, kjósi honum stjórn og endurskoðanda og samþykki ársreikning og skýrslu stjórnar. Enn fremur er gert ráð fyrir að lánasjóðurinn muni framvegis starfa sem lánafyrirtæki eftir lögum um fjármálafyrirtæki undir eftirliti og á grundvelli starfsleyfis Fjármálaeftirlitsins.

Í tengslum við framangreindar breytingar eru með frumvarpinu felld brott fjölmörg ákvæði gildandi laga sem kveða í smáatriðum á um stjórn, rekstur og útlánastarfsemi sjóðsins. Eðlilegra er að slík ákvæði verði að finna í samþykktum lánasjóðsins sem eigendafundur samþykkir og starfsreglum sem stjórn sjóðsins setur og þá í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki og lög um hlutafélög eftir því sem við á.

Ein mikilvægasta breytingin sem tengist því að færa rekstrarskilyrði sjóðsins í átt að því sem almennt gerist á fjármálamarkaði er niðurfelling árlegra framlaga til sjóðsins úr ríkissjóði og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fjárhagsstaða lánasjóðsins er sterk og ekki er talin þörf á slíkum framlögum til að tryggja meginmarkmið sjóðsins. Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga skal árlegt framlag jöfnunarsjóðs til lánasjóðsins nema 6,1% af tilgreindum tekjum jöfnunarsjóðsins eða sem nemur nú um 250 millj. kr. á ári. Á undanförnum árum hafa framlögin þó þrívegis verið skert í samræmi við samkomulag um að þeir fjármunir rynnu til stofnframkvæmda við einsetningu grunnskólans. Enn fremur má geta þess að ríkissjóður hefur ekki lagt sjóðnum til fjármuni frá árinu 1983 þar sem ekki hefur í fjárlögum verið kveðið á um slíkt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sjóðnum verði heimilt að lána stofnunum og fyrirtækjum sem alfarið eru í eigu sveitarfélaga, eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Enn fremur getur sjóðurinn veitt ábyrgð á lánum sveitarfélaga og stofnana eða fyrirtækja í þeirra eigu í stað beinnar lánveitingar ef það er talið hagstæðara fyrir lántakann. Eins og áður sagði er fjárhagsstaða sjóðsins sterk en vegna lánastefnu hans hafa lánveitingar að mestu verið takmarkaðar við eigið fé sjóðsins.

Hæstv. forseti. Sjóðurinn uppfyllir auðveldlega lágmarkskröfur laga um fjármálafyrirtæki um eigið fé enda var eiginfjárhlutfall hans í lok árs 2003 um 71%. Útlán sjóðsins til sveitarfélaga voru á sama tíma um 12,6 milljarðar sem samsvarar u.þ.b. 9% af heildarskuldum sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra við lánastofnanir. Er það mun lægri hlutdeild en hjá samsvarandi lánasjóðum í öðrum norrænum ríkjum.

Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og reglugerð þar sem vægi krafna og sveitarfélaga er ákveðið 20% þyrfti eiginfjárhlutfall sjóðsins ekki að vera nema 1,6% sem er nálægt meðaltali systursjóða lánasjóðsins á Norðurlöndum. Fyrirhugaðar breytingar á lagaumhverfi sjóðsins munu því auka samkeppnishæfni hans til muna, hæstv. forseti, og skerpa á forræði sveitarfélaganna á sjóðnum. Að öðru leyti vísa ég við þessa umræðu til athugasemda við frumvarpið og einstakra greina þess.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. félagsmálanefndar og 2. umr.

[14:15]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir að kynna þetta mál um endurskoðun laga um Lánasjóð sveitarfélaga og í sjálfu sér er löngu tímabært að endurskoða þau lög. Eins og fram kom í máli ráðherrans eru þau að verða 40 ára gömul og allt umhverfið auðvitað gjörbreytt frá því að þau voru sett.

Það má út af fyrir sig velta fyrir sér hvort þörf er á sérstökum lánasjóði fyrir sveitarfélögin en það hefur verið afstaða forustu Sambands íslenskra sveitarfélaga að þrátt fyrir breytingar á fjármálamarkaði sé enn þá þörf á slíkum sjóði og verði á komandi árum. Frumvarpið sem hér er lagt fram er unnið í ágætu samráði við sveitarfélögin sem eðli málsins samkvæmt hljóta að hafa talsvert um málið að segja, enda frumvarpið í eðli sínu í þá veru að flytja ákvörðunarvald í þessum málum í ríkari mæli til sveitarfélaganna og frá ríkinu eins og eðlilegt er og í samræmi við sjálfsforræði sveitarfélaganna. Þar með hlýtur einnig ábyrgðin á fjársýslunni og stöðu sjóðsins frá einum tíma til annars fyrst og fremst að vera þeirra sem um sjóðinn fjalla og þá sveitarfélaganna að þessum lögum gengnum en ekki ríkisins eins og nú er.

Ég held þess vegna að í öllum aðalatriðum horfi málið til framfara en við munum auðvitað á næstu vikum og mánuðum fara yfir það í félagsmálanefnd og leita eftir þeim sjónarmiðum sem um það kunna að vera og áskiljum okkur rétt til að gera breytingar ef þurfa þykir, en í aðalatriðum hljóti að vera nokkuð víðtæk samstaða um málið.

[14:17]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram eru lögin um Lánasjóð sveitarfélaga nokkuð gömul, þau eru að stofni til frá 1966. Verið er að breyta sjóðnum með þessu frumvarpi þannig að hann verði meira í takt við það sem gildir á fjármálamarkaðnum í dag og einnig til að koma til móts við þróunina sem orðið hefur hjá sveitarfélögunum. Hér er því verið að laga rekstur þessa sjóðs að almennum starfsskil-

yrðum á markaði.

Það sem ég vildi sérstaklega draga fram í umræðunni er einmitt það sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra áðan, þ.e. hvaða svigrúm sú breyting skapar sem fjallað er um í frumvarpinu að með niðurfellingu þeirra framlaga sem jöfnunarsjóði hefur verið skylt að leggja til lánasjóðsins losna fjármunir hjá jöfnunarsjóðnum og þeir geta þá nýst í önnur framlög til sveitarfélaga. Má áætla að aukið ráðstöfunarfé sjóðsins af þessum sökum verði 40 millj. kr. árið 2005, eða á næsta ári, 105 millj. kr. árið 2006 og eftir það um 240 millj. kr. á ári.

Ég tel að hér sé um mjög jákvætt skref að ræða. Mikil umræða hefur verið um fjárhagsstöðu sveitarfélaga upp á síðkastið eins og bæði heyrðist í nýafstaðinni utandagskrárumræðu en ekki síður í almennum umræðum á vettvangi sveitarfélaganna og því vildi ég gjarnan draga þetta sérstaklega fram.

Í síðustu viku var hér umræða um breytingar á húsnæðislánum, breytingar á starfsemi Íbúðalánasjóðs, 90% lánin. Í þeirri umræðu kom einnig fram að framlög sveitarfélaga í varasjóð vegna viðbótarlána munu falla niður af því að viðbótarlánin sjálf falla niður, og þar munu einnig losna rúmlega 300 millj. Að vísu stendur til að ræða við sveitarfélögin um aðkomu þeirra að húsnæðismarkaðnum en það er a.m.k. alveg ljóst að það verður talsverður léttir hjá sveitarfélögunum vegna þess að þau munu þá ekki leggja fé í varasjóð viðbótarlána.

Einnig er rétt að það komi fram að líklega losnar fé hjá jöfnunarsjóðnum þegar stofnframlögin sem veitt hafa verið úr honum til einsetningar grunnskólans, eins og gert hefur verið samkvæmt samkomulagi í mörg ár, fjara út og það er fé sem líklega verður til umræðu varðandi tekjustofna og fjárframlög frá jöfnunarsjóði til sveitarfélaga.

Ég vildi því draga það sérstaklega fram, virðulegur forseti, að hér er að skapast svigrúm, verði frumvarpið að lögum, sem mun verða nýtt til að bæta stöðu jöfnunarsjóðsins og þar með bæta framlög til sveitarfélaga sem er að myndast nokkuð víðtæk samstaða um að skoða þurfi mjög náið á næstunni.

[14:21]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir dró hér fram sérstaklega að verði frumvarpið að lögum muni það laga stöðu jöfnunarsjóðs gagnvart sveitarfélögunum. Það kemur fram og er alveg rétt að áætla má að aukið ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2005, verði frumvarpið að lögum, sé um 40 millj. kr. En mig langar þá að spyrja hv. þingmann á móti: Tekjuskattslækkunarhugmyndir ríkisstjórnarinnar um 1% munu væntanlega lækka tekjuskatt um 5 milljarða kr. og mun það þá væntanlega lækka tekjur jöfnunarsjóðs um rúmar 100 millj. eða um talsvert hærri tölu en kemur þarna inn í staðinn, 40 millj. kr. Ef hv. þingmaður horfir til þess að það sé nauðsynlegt að styrkja stöðu jöfnunarsjóðs og að sveitarfélög komi betur út úr jöfnunarsjóði eftir en áður þá langar mig að spyrja hv. þingmann með hvaða ráðum á að bæta í jöfnunarsjóðinn fyrir þeim rúmu 100 millj. sem 1% tekjuskattslækkun ríkisstjórnarinnar mun svipta sjóðinn?

[14:22]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og hv. þm. Jón Gunnarsson veit stendur núna yfir umræða á milli ríkisins og sveitarfélaganna um tekjustofna sveitarfélaganna og þar fer þessi umræða meira eða minna fram. Ég vil líka draga fram að ríkið hefur núna komið með viðbótarfé til sveitarfélaganna upp á nokkur hundruð millj. kr. sem sveitarfélögin telja reyndar að sé of lítið. Eins og fram kom á ráðstefnu sem við sóttum bæði, ég og hv. þm. Jón Gunnarsson, telja sveitarfélögin að þar sé einungis um innborgun að ræða. Þau telja sig eiga meira fé útistandandi en það er mjög umdeilt.

Það er ómögulegt að segja á þessu stigi hvernig fer með framtíðarfyrirkomulag varðandi tekjustofna sveitarfélaga. Að sjálfsögðu munu sveitarfélögin halda fram sínum hagsmunum og benda á þau atriði sem þau telja að þau ættu að fá bætt. Ég bind auðvitað vonir við að tekjustofnanefndin eða sú nefnd sem er að skoða fjármálastöðu sveitarfélaga og tekjustofna þeirra nái samkomulagi, en eins og staðan er núna er mikið tog þar á ferðinni. En ég held að við getum sameinast um það, ég og hv. þingmaður, að það sé mjög mikilvægt að hún komist að niðurstöðu en þetta er geysilega flókið af því að fjárhagsstaða sveitarfélaganna er svo misjöfn. Þau eru svo misstór og eiga svo misjafnlega erfitt eða misjafnlega létt með að sinna og leysa sín mikilvægu verkefni.

[14:24]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær undirtektir sem frumvarpið hefur fengið í þingsal. Eins og fram kom í ræðum hv. þingmanna Jóns Gunnarssonar og Sivjar Friðleifsdóttur hefur þetta mál m.a. áhrif á fjárhag sveitarfélaganna. Og vegna þess sem fram kom í máli hv. þm. Jóns Gunnarssonar er rétt að halda því til haga, hæstv. forseti, að með lækkun tekjuskattsins má gera ráð fyrir að umsvifin í samfélaginu aukist, að tekjur innheimtar af virðisaukaskatti aukist þar með og jöfnunarsjóður á hlutdeild í þeim tekjum eins og þeim skatttekjum sem þingmaðurinn gerði að umtalsefni þannig að á endanum er ekki ósennilegt að jafnan standist nokkurn veginn þótt tíminn verði auðvitað að skera úr um það.

Hæstv. forseti. Að endingu ítreka ég tillögu mína um að málið verði sent hv. félagsmálanefnd til umfjöllunar og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa, 1. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 242.

[14:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Um síðustu áramót voru umferðar- og umferðaröryggismál flutt til samgönguráðuneytis frá dóms- og kirkjumála-

ráðuneytinu með breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Í upphafi þessa árs var hafin vinna í samgönguráðuneytinu við endurskipulagningu þessa málaflokks á tvennum vígstöðvum. Annars vegar með undirbúningi þingsályktunartillögu um umferðaröryggismál fyrir árin 2005–2008 sem lögð verður fyrir Alþingi innan tíðar. Til þess að halda utan um það verk var skipaður sérstakur stýrihópur og var honum falið að móta nýja heildarstefnu í umferðaröryggismálum, endurmeta markmið og útbúa framkvæmdaáætlun um umferðaröryggisaðgerðir. Hins vegar var hafist handa við undirbúning löggjafar um rannsóknarnefnd umferðarslysa. Var farið yfir stjórnsýslu málaflokksins og er árangur þess starfs m.a. það frumvarp sem hér liggur fyrir. Var m.a. leitað umsagnar rannsóknarnefndar umferðarslysa, ríkislögreglustjóra, ríkissaksóknara, Sambands íslenskra tryggingafélaga og Umferðarstofu.

Ég ítreka sérstaklega að gefnu tilefni að hlutverk lögreglu við rannsókn umferðarslysa mun ekki breytast með þessu frumvarpi. Umferðarslysin hér á landi eru óásættanleg með öllu. Því þarf að leita allra leiða til að koma í veg fyrir slysin. Áður en ég geri grein fyrir frumvarpinu vil ég fara nokkrum orðum um þau markmið í umferðaröryggismálum sem ég hef sett fram.

Í fyrsta lagi verður einbreiðum brúm á þjóðvegum landsins fækkað skipulega. Þessar slysagildrur eru allt of margar en endurbygging þeirra tekur sinn tíma. Á næstu tólf mánuðum er gert ráð fyrir að 20 einbreiðar brýr verði teknar úr notkun.

Í öðru lagi verði mikið lagt í það að ná samkomulagi við sveitarstjórnir í kringum landið að banna lausagöngu búfjár og hrossa, sérstaklega við þjóðveg 1. Lausagangan skapar mikla hættu.

Í þriðja lagi verða slysarannsóknir efldar, m.a. með lögfestingu þess frumvarps sem hér er til umræðu. Fjárfesting í rannsóknum skilar sér í aukinni þekkingu á slysagildrum og fækkun slysa. Ég kem betur að þessu markmiði síðar.

Í fjórða lagi verði vegmerkingar bættar. Hér er sérstaklega verið að tala um leiðbeinandi hraðamerkingar á erfiðum vegarköflum, t.d. kröppum beygjum. Vegagerðin metur þá ákveðna vegarkafla, finnur út æskilegan hámarkshraða á því vegbili og setur upp sérstakar merkingar.

Í fimmta lagi vil ég nefna að Umferðarstofa mun gefa út sérstakt myndband fyrir erlenda ferðamenn um þær aðstæður sem hér eru og undirbúa þannig erlenda gesti betur en nú er gert áður en þeir leggja í að ferðast um vegi landsins. Erlendir ferðamenn lenda í allt of mörgum slysum á þjóðvegum landsins. Við því þarf að bregðast.

Í sjötta lagi mun ég eins og áður sagði leggja fram endurskoðaða umferðaröryggisáætlun sem verður á ábyrgð Umferðarstofu að fylgja eftir. Ný áætlun verður lögð fram með tímasettum aðgerðum til fjögurra ára, skýrum markmiðum, kostnaður áætlaður og ábyrgð verkefna verður skýr.

Í sjöunda lagi verður hraðaeftirlit eflt í samstarfi við lögregluna. Rannsóknir sýna að öflugt og markvisst hraðaeftirlit er árangursríkasta leiðin til að vinna gegn hraðakstri sem er meginorsök alvarlegustu umferðarslysanna.

Í áttunda lagi vil ég nefna þær miklu framkvæmdir sem eru á vegakerfinu um allt land um þessar mundir. Þær eru allar til þess fallnar að auka umferðaröryggi.

Nokkrar stórframkvæmdir Vegagerðarinnar vil ég nefna sérstaklega. Þær munu hafa mikil áhrif til bætts umferðaröryggis. Ég vil nefna fyrsta áfanga við tvöföldun Reykjanesbrautar sem nýlega var lokið við. Unnið er að breikkun Vesturlandsvegar í Mosfellsbæ, lagður verður nýr vegur um Stafholtstungur í Borgarfirði. Vegur um Norðurárdal í Skagafirði verður endurbættur. Nýr vegur um Svínahraun verður settur af stað og framkvæmdir við jarðgöng í Almannaskarði eru hafnar. Allt eru þetta tímamótaframkvæmdir og fleiri mætti nefna sem stórauka umferðaröryggi á viðkomandi vegarköflum.

Í níunda lagi viljum við breyta viðhorfi almennings og á það hef ég lagt ríka áherslu, að breyta viðhorfi almennings til hraðaksturs. Það er staðreynd að of mörgum finnst sjálfsagt að aka á ólöglegum hraða. Á sama tíma er hraðakstur algengasta orsök alvarlegra slysa.

Í tíunda lagi eru sérfræðingar ráðuneytisins og Umferðarstofu að leggja mat á fýsileika þess að svokölluðum ökugerðum eða æfingaakstursvæðum verði komið upp. Á fundi samgönguráðherra Norðurlandanna nýverið voru kynntar tillögur Svía um nýjar aðgerðir til að koma í veg fyrir umferðarslys með því að draga úr hraðakstri og ölvunarakstri. Ástæða er til að læra af reynslu nágranna okkar í Evrópu og munum við fylgjast grannt með framvindunni hjá þeim.

Ég vík þá að frumvarpi því sem hér er til umræðu. Hér á landi er ekki að finna heildstæða löggjöf um rannsóknir umferðarslysa í formi almennra laga. Í 115. gr. a umferðarlaga, nr. 50/1987, ásamt síðari breytingum, er þó ákvæði um að ráðherra geti skipað sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa. Er gert ráð fyrir því að nefndarmenn skuli hafa sérfræðiþekkingu, svo sem að því er varðar umferðarlöggjöf, löggæslu, slysalækningar, umferðarskipulag, bifreiðatækni eða vátryggingar.

Í reglugerð nr. 681/1998 er fjallað um hlutverk og skipulag rannsóknarnefndar umferðarslysa. Þar er m.a. ákvæði þess efnis að nefndin skuli starfa sjálfstætt og óháð öðrum stjórnvöldum og rannsóknaraðilum. Nefndarmenn skulu vera þrír og skipaðir af samgönguráðherra.

Því frumvarpi sem hér er lagt fram er ætlað að skjóta frekari stoðum undir lagagrundvöll starfsemi rannsóknarnefndar umferðarslysa og skapa henni þannig réttarstöðu til samræmis við aðrar rannsóknarnefndir á sviði slysa og ófara, svo sem flugslysa og sjóslysa. Ljóst er þó að ekki er hér um sambærilegar rannsóknir að ræða að öllu leyti, og er í frumvarpi þessu að nokkru vikið frá því fyrirkomulagi sem t.d. er mælt fyrir um í lögum nr. 35/2004, um rannsókn flugslysa, auk þess sem skilgreining verkefna nefndanna er með nokkuð ólíkum hætti. Markmiðið er hins vegar hið sama, að koma í veg fyrir slys með því að auka skilning á orsökum þeirra með umfangsmiklum og nákvæmum rannsóknum.

Meginatriði frumvarpsins lúta einkum að eftirfarandi atriðum: Hlutverki og markmiðum rannsóknarnefndarinnar, skipulagi nefndarinnar, framkvæmd rannsókna af hálfu nefndarinnar, samningu skýrslna í tengslum við störf nefndarinnar og að aðgangi að gögnum hjá nefndinni.

Samkvæmt frumvarpinu skulu rannsóknir nefndarinnar miða að því einu að leiða í ljós orsakir umferðarslysa til að koma í veg fyrir að sams konar umferðarslys verði aftur og stuðla að því að umferðaröryggi megi aukast. Rannsóknir umferðarslysa skulu bæði ná til rannsókna einstakra umferðarslysa svo og til flokka umferðarslysa eða umferðarslysa sem teljast af sama tagi. Með flokki umferðarslysa er átt við afmarkaðar tegundir umferðarslysa sem hafa tiltekin einkenni, svo sem banaslys. Með slysum af sama tagi er hins vegar t.d. átt við öll slys sem verða á einhverjum tilteknum gatnamótum eða tiltekinni tegund gatnamóta á ákveðnu tímabili. Áhersla skal lögð á að ekki er ætlunin með frumvarpi þessu að hagga því fyrirkomulagi sem nú er á rannsókn lögreglu á umferðarslysum.

Skipulag nefndarinnar mun verða með nokkuð áþekkum hætti og hjá rannsóknarnefnd flugslysa. Í nefndinni skulu því eiga sæti þrír menn sem samgönguráðherra skipar til fimm ára í senn og skal einn þeirra skipaður formaður. Jafnframt skal samgönguráðherra skipa varamenn til sama tíma.

Samgönguráðherra skipar nefndinni sérstakan forstöðumann. Forstöðumaðurinn verði skipaður til fimm ára í senn. Forstöðumaður nefndarinnar sé jafnframt rannsóknarstjóri hennar og stýri rannsóknarverkefnum á vegum nefndarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir því að rannsóknarnefndin geti tilnefnt staðgengil forstöðumanns, svo sem vegna forfalla, leyfa eða sambærilegra atvika.

Lagt er til að nefndin gefi út og birti skýrslu um störf sín ár hvert. Í skýrslunni skal m.a. vera að finna yfirlit yfir helstu störf nefndarinnar á yfirstandandi starfsári, tölfræðilegar samantektir auk almennra tillagna um öryggisúrbætur á sviði umferðarmála.

Nefndin getur líka, telji hún tilefni til, samið sérstaka skýrslu um niðurstöðu einstaks slyss. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir sem gera má til þess að afstýra frekari slysum af sömu eða líkum orsökum eða draga úr afleiðingum þeirra. Skýrslur nefndarinnar skulu gerðar opinberar.

Jafnframt er gert ráð fyrir að nefndin geti beint tilmælum til viðeigandi aðila um úrbætur í umferðaröryggismálum eftir því sem rannsókn gefur tilefni til og skulu þeir sem tillögum er beint til taka tilhlýðilegt tillit til þeirra og hrinda þeim í framkvæmd ef við á. Þetta er mikilvægt nýmæli.

Hæstv. forseti. Ég hef í stuttu máli rakið meginatriði frumvarps til laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa. Ég legg til að málinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og samgöngunefndar.

[14:37]

Guðmundur Hallvarðsson:

Frú forseti. Hér er athyglisvert og þarft mál á ferðinni sem gefur tilefni til væntinga um að breyttar umferðarvenjur og hættir verði teknir upp af ökumönnum. Vonandi mun svo verða. Það var athyglisvert að hlusta á þá punkta sem hæstv. samgönguráðherra taldi upp varðandi þetta lagafrumvarp og þá tíu liði sem hæstv. ráðherra taldi upp yfir markmið með lagasetningunni.

Athyglisvert er að skoða skýrslu rannsóknarnefndarinnar um slys í umferðinni 2003 með hliðsjón af þeim liðum sem hæstv. ráðherra taldi upp. Það er t.d. athyglisvert að sjá, svo ég vitni aðeins í ummæli úr skýrslunni, með leyfi forseta:

„Í gögnum rannsóknarnefndarinnar kemur fram að flestir ökumenn sem hlutdeild eiga að banaslysum eru á aldrinum 17–24 ára. Í mörgum slysum hefur nefndin skráð reynsluleysi ungra ökumanna og röng viðbrögð þegar ökutæki fer að renna til, ýmist sem meðverkandi þátt eða meginorsök slyss.“

Í annan stað segir, með leyfi forseta:

„Um 10% þeirra sem farast í umferðarslysum á Íslandi eru erlendir ríkisborgarar, og ákveðið hlutfall þeirra eru erlendir ferðamenn.“

Síðar segir að til þessa verði að taka tillit varðandi hönnun vega, hraðamerkingar og merkingar á hættulegum kröppum beygjum og fleiri atriðum sem inn á er komið og rannsóknarnefnd umferðarslysa telur til meginþátta sem virkilega þurfi að skoða.

Fleira mætti nefna sem rannsóknarnefndin hefur bent á, m.a. að framanákeyrslur eru algengastar í nágrenni Reykjavíkur. Um 70% framanákeyrslna verða í 50 km radíus frá Reykjavík og á Suðurlandsvegi, Vesturlandsvegi og Reykjanesbraut þar sem nauðsynlegt er að aðgreina umferð úr gagnstæðum áttum með leiðara og koma með því í veg fyrir framanákeyrslur. Stigið er skref í þá átt með vegaframkvæmdum á Reykjanesbraut og er það vel.

Eitt þyrfti þó að skoða sem nefnt er í skýrslunni, þ.e. þann þyngdarmun sem orðinn er á bifreiðum:

„Samkvæmt tölfræði rannsóknarnefndarinnar er þyngdarmunur ökutækja í árekstrum áberandi þáttur. Árekstrar jeppa og fólksbifreiða, þyngdarmunur tvö- til þrefaldur, eru algengir í banaslysum en einnig árekstrar jeppa og fólksbifreiða við stærri ökutæki, svo sem flutningabifreiðar, þyngdarmunur sexfaldur eða meiri. Í ljósi aukinna landflutninga ýtir þessi staðreynd enn frekar á að umferð úr gagnstæðum áttum á umferðarmestu vegunum verði aðgreind.“

Eins og hæstv. ráðherra kom líka inn á í sambandi við hraðamerkingar og umferðarmerkingar eru þær að sjálfsögðu nauðsynlegar til glöggvunar fyrir erlenda ferðamenn sem eru í auknum mæli farnir að ferðast á eigin vegum og nota bílaleigubíla til að ferðast um landið. Þar er mikil þörf á að taka upp nýjar merkingar og jafnvel með erlendum, t.d. enskum, texta til aðgreiningar.

Ég vil vitna í fleira athyglisvert í þessari skýrslu og vil, með leyfi forseta, enn vitna til hennar:

„Hraðamerkingar á vegum miðast í dag við hámarkshraða við bestu aðstæður hverju sinni. Þó eru ýmsir staðir í þjóðvegakerfinu, þar sem ógerlegt eða hættulegt er að aka svo hratt. Þeir eru oftast ekki hraðamerktir sérstaklega.“

Allar þær vegmerkingar sem hér hafa verið settar upp miðast við bestu aðstæður. Eins og fram hefur komið hjá hæstv. samgönguráðherra og af hálfu Vegagerðarinnar hlýtur því að þurfa að setja upp varúðarskilti, plúsa þar sem miðað er við bestu aðstæður en mínusa þar sem menn ættu að athuga sinn gang og eins hvað varðar krappar beygjur o.s.frv.

Í skýrslunni er einnig komið inn á slitna hjólbarða. Ég minnist þess er ég var á ferðalagi í Suður-Englandi og dekk

skemmdist undir bifreiðinni sem ég ók. Ég fór inn á næsta dekkjaverkstæði og bað þá um að gera við dekkið, sem þýddi að það þurfti að setja kappa í það. Það kom ekki til greina, ég yrði að kaupa mér nýtt dekk á viðkomandi dekkjaverkstæði. Forsvarsmaður þess sagði að hann kæmi ekki nálægt þeirri dekkjaviðgerð, þeir bæru ábyrgð á því að þeir sem færu frá þessu dekkjaverkstæði væru á öruggum hjólbörðum og ekkert annað.

Ég velti því fyrir mér hvort skoða ætti þetta mál. Því miður kemur fram í skýrslunni að of mikið sé um að ökutæki séu á mjög lélegum hjólbörðum sem ekki standast skoðun eða kröfur um öryggi. Þess vegna væri eðlilegt að taka upp gott samstarf, fyrst um sinn áður en gripið yrði til annarra aðgerða, við hjólbarðaverkstæði um að þau taki upp ríkt eftirlit og gefi ábendingar til ökumanna sem koma á dekkjaverkstæði á lélegum dekkjum, sem of mikið virðist um samkvæmt þessari ágætu skýrslu.

Ég vil koma aftur að ungu ökumönnunum. Það er mikið talað um að hér sé hraðakstur og það er líka talað um hvað það hafi mikil áhrif að lögreglan sé sýnileg. Ég hef oft velt því fyrir mér og ætla ekki annað en að ökukennarar séu meðvitaðir um þá þróun vega og tæknibúnaðar bifreiða að þeir fylgi eftir þeim breytingum sem orðið hafa hvað hraðakstur áhrærir. Við vitum að ökukennarar hafa samið við þá sem stjórna Hvalfjarðargöngum við fyrirtækið Spöl um að æfa ökumenn sem eru að taka ökuréttindi í að aka Hvalfjarðargöngin og er það vel. Að sama skapi hlýt ég að spyrja hvort ökukennarar sinni því að fara með þá sem eru að læra á bifreiðar, ungt fólk, út úr bænum og taki upp þann hraða sem almennt er á vegum út frá höfuðborginni, þ.e. um 90–100 km hraða. Eða getur verið að kennsla ungs manns sem er að taka bifreiðapróf miðist fyrst og fremst við að aka innan höfuðborgarsvæðisins á 40–50 km hraða? Ég á ekki von á því að það sé hin almenna regla. Hins vegar hlýtur það að vera umhugsunarefni hvort það eigi ekki að vera hluti af verkefninu að kennarar í umferðinni taki þetta upp. Að sjálfsögðu mun einnig koma til góða, eins og kynnt var í ræðu hæstv. samgönguráðherra, að sett verði upp sérstakt æfingasvæði fyrir námsmenn sem eru að læra til ökuprófs.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín lengri, en vitna enn til þessarar merku skýrslu sem hefur verið gefin út og bendi á að víða eru hættur og margt sem þarf að skoða. Ég nefni mislæg gatnamót og umferðarslys við gatnamót þar sem stöðvunarskylda er ekki virt eða aðgæsluleysi ökumanna þegar komið er að gatnamótum, jafnvel hraðakstur og fleira sem lýtur að gáleysi ökumanns.

Virðulegi forseti. Ég fagna frumvarpinu og mun vinna því heils hugar framgang þegar það kemur til umfjöllunar í hv. samgöngunefnd.

[14:47]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna efni frumvarpsins að mestu leyti, en það vakna ósjálfrátt nokkrar spurningar, vegna þess að verið er að leggja til að skipuð verði þriggja manna nefnd sem hefur forstöðumann, fjórir einstaklingar sem er verið að veita afar víðtækt vald og heimildir, m.a. til að taka skýrslur af fólki á vettvangi án þess að þess sé getið að þeim beri skylda til þess að bera skýrslurnar undir þá einstaklinga sem hlut eiga að máli. Þeim er heimilt að hljóðrita skýrslurnar. Allir fjórir einstaklingarnir geta farið á vettvang og rannsakað slys að eigin frumkvæði, að mér sýnist, og eiga að hafa óhindraðan aðgang að vettvangi umferðarslyss sem gæti að mínu mati hugsanlega stangast á við störf lögreglu á staðnum. Einnig má ganga í læknaskýrslur og upplýsingar frá vátryggingafélögum, læknum og öllu heilbrigðisstarfsfólki. Innlendum aðilum er skylt að veita nefndinni, þessum fjórum einstaklingum, allar þær upplýsingar og aðstoð sem hún fer fram á.

Rannsóknarnefndin á að vera sjálfstæð og óháð stjórnvöldum eftir því sem fram kemur í greinargerðinni. Ég spyr hæstv. ráðherra, þar sem þessi þriggja manna nefnd með formanni hefur í raun og veru mjög víðtækar heimildir: Kom ekki til greina að nefndin hefði aðsetur hjá Umferðarstofu og heyrði undir hana? Ef svo er ekki, hvers vegna? Mér fyndist eðlilegt að þarna væri um samstarf eða samrekstur að ræða.

Í 15. gr. er kveðið á um að rannsóknarnefnd umferðarslysa geti endurupptekið mál þótt rannsókn nefndarinnar sé lokið, sbr. 12. gr., ef fram koma ný og mikilvæg gögn að hennar mati. Þessir fjórir einstaklingar meta það þá. Síðar segir, með leyfi forseta:

„Þegar sérstaklega stendur á getur samgönguráðherra falið rannsóknarnefnd umferðarslysa að rannsaka nánar tiltekið umferðarslys eða sérstök atriði sem tengjast umferðarslysi ef ný gögn eða upplýsingar koma fram eftir að rannsókn rannsóknarnefndarinnar er lokið.“

Mér hefði fundist eðlilegra að þarna væri aðeins um annan aðilann, ráðherra, að ræða, þannig að sækja þyrfti sérstaklega um að fá að taka upp mál að nýju. Það stingur svolítið í augu hversu víðtækar heimildir nefndin fær, ekki síst að hún getur tekið upp öll mál að eigin frumkvæði. Það er ekki kveðið á um það hvar starfsmenn nefndarinnar skuli hafa aðsetur, ég sé það ekki í fljótu bragði. Ég viðurkenni, virðulegi forseti, að ég var rétt að renna yfir frumvarpið meðan verið var að mæla fyrir því. Umsögn fjárlagaskrifstofu vekur líka athygli miðað við hið víðtæka hlutverk sem nefndin hefur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að samgönguráðherra skipi þrjá menn í rannsóknarnefnd umferðarslysa. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipaður verði forstöðumaður nefndarinnar sem annist daglegan rekstur hennar og að hann verði einnig rannsóknarstjóri umferðarslysa.

Í kostnaðarmati frá samgönguráðuneytinu er gert ráð fyrir að kostnaður verði 10 millj. kr. á ári verði frumvarpið að lögum. Að mati fjármálaráðuneytisins á sá kostnaður að rúmast innan fjárheimilda samgönguráðuneytisins.“

Þetta finnst mér vera afar óraunhæf tala þar sem um er að ræða launaðan starfsmann sem getur samkvæmt efni frumvarpsins kallað til sérfræðinga á öllum sviðum, ekki endilega ríkisstofnana sem eru starfandi og ber skylda til þess að veita þessar upplýsingar, heldur líka sérhæft fagfólk. Ég reikna líka með því að þetta kalli á einhvern annan rekstur, skrifstofurekstur, þar sem nefndin hefur fast aðsetur og spyr hæstv. ráðherra: Miðað við hvaða umfang er þessi tala fundin út? Ef reiknuð eru út laun og launatengd gjöld eins starfsmanns og samrekstur skrifstofu er ekki

mikið eftir fyrir sérfræðiaðstoðina sem þyrfti hugsanlega að kaupa.

Þetta stingur svolítið í augu miðað við hið víðtæka hlutverk sem nefndin og rannsóknarstjórinn hefur, að geta farið að eigin frumkvæði til rannsóknar á slysstað meti nefndin það svo. Mér hefði fundist eðlilegt að í þeim tilvikum sem lögreglan mæti það svo að kalla þyrfti til sérstaka rannsóknarnefnd til þess að meta orsök og afleiðingar slyss væri nefndin kölluð til, en ekki að eigin frumkvæði.

Ég spyr hæstv. ráðherra, ég býst nú við að þetta verði allt saman skoðað vel í nefndinni, hvort það hafi ekkert komið til greina í undirbúningi frumvarpsins að nefndin væri skipuð, hún hefði samstarf eða samrekstur með Umferðarstofu og í þeim tilvikum sem lögregla á vettvangi mæti það svo að það þyrfti sérstaka rannsókn á orsök og afleiðingu slyss væri hún kölluð til. Síðan er það kostnaðarmatið sem fram kemur í fylgiskjali.

[14:54]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Um leið og hæstv. samgönguráðherra hefur fylgt úr hlaði frumvarpinu um rannsóknarnefnd umferðarslysa vakna auðvitað upp mjög margar spurningar eins og fram komu hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, 1. þm. Suðurk., og ég get sleppt að tala um.

Eins og fram kemur er verið að setja á stofn rannsóknarnefnd umferðarslysa til þess að setja punktinn yfir i-ið, ef svo má að orði komast, í rannsóknarnefndum þar sem flest slys verða, þ.e. þetta er sett upp í takt við rannsóknarnefnd flugslysa og rannsóknarnefnd sjóslysa eins og fjallað er um í greinargerð með frumvarpinu. Í 1. gr., um almenn ákvæði, er fjallað um að samgönguráðherra skuli í reglugerð tilgreina nánar hvað falli undir umferðarslys í lögum þessum. Þetta er auðvitað mjög veigamikið atriði, vegna þess að sem betur fer eru flugslys ekkert voðalega mörg, sjóslys eitthvað fleiri en þó ekkert í líkingu við umferðarslys. Það stendur því náttúrlega og fellur með því hvernig þetta verður tilgreint, hvaða slys á að rannsaka og hver ekki. Þess vegna vil ég segja það strax í upphafi máls míns, virðulegi forseti, að ég tel mjög mikilvægt að samgönguráðherra sýni samgöngunefnd drög að reglugerð sem hann hyggst setja um hvernig slys verða skilgreind, vegna þess að öðruvísi er ekki hægt að fjalla um frumvarpið.

Það er hárrétt sem hv. 1. þm. Suðurk., Margrét Frímannsdóttir, fjallaði um áðan, þ.e. um umsögn fjármálaráðuneytisins, að kostnaðarmat samgönguráðuneytis sé um 10 millj. kr. og að mati fjármálaráðuneytisins á sá kostnaður að rúmast innan fjárheimilda samgönguráðuneytisins. Þetta er að mínu mati algjörlega óraunhæft og með ólíkindum að menn ætli að setja þetta upp á þennan hátt. Það mun kosta miklu meira en 10 millj. kr. að reka rannsóknarnefnd umferðarslysa, sem vill standa undir nafni og rannsaka þau fjölmörgu umferðarslys sem því miður verða í landinu, og mörg hver mjög alvarleg.

Ég kann ekki nákvæmlega að segja hvernig eitt starf er metið í samgönguráðuneytinu með launatengdum gjöldum, skrifstofuaðstöðu og öllu því. Við skulum líka hafa í huga að inn í þetta kemur ferðakostnaður. Rannsóknarnefndin gæti þurft, hvort sem það er rannsóknarstjóri eða nefndin öll, eins og rannsóknarnefnd flugslysa og sjóslysa sem þarf oft að fara frá Reykjavík og út á land, þar sem því miður mörg alvarleg slys verða í vegakerfi landsins.

Ég þykist vita að í skilgreiningu hæstv. samgönguráðherra hvaða umferðarslys falli undir þetta og hver ekki geti þau því miður mörg gerst úti á landi í því vegakerfi sem þar er búið við. Nægir t.d. bara að nefna akstur útlendinga á malarvegum sem þekkja ekki og vara sig ekki á þeim aðstæðum sem oft skapast þegar menn fara út af malbiki og inn á malarveg eða þrönga vegi eða einbreiðar brýr. Nefndin þarf því örugglega oft á tíðum að taka sér ferð á hendur til þess að skoða umferðarslys úti á landi.

Hvernig í ósköpunum geta menn þá reiknað með því að þetta kosti 10 millj. kr.?

Til að fyrirbyggja allan misskilning, virðulegi forseti, er ég ekki að mæla gegn þeirri hugmynd sem hér er sett fram. Hún er allra góðra gjalda verð. Það er mikil þörf á því að rannsaka og setja lög um rannsókn umferðarslysa eins og hér er lagt til, þó ég ætli ekkert endilega að segja að þessi lög taki algjörlega á þeim og séu „súperfín", ef svo má að orði komast. En það er ljóður að halda að hægt sé að gera þetta fyrir þessa upphæð. Það er útilokað. Ég skil ekki af hverju verið er að setja þetta þannig fram að þetta verði gert svona.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan — ég held að það sé mjög mikilvægt að drög að reglugerðinni komi til nefndarinnar. Ég mun alla vega, sem nefndarmaður í hv. samgöngunefnd, óska eftir því að það komi skilgreining á því hvað á að fella undir umferðarslys til þess að kostnaðarmeta verkefnið, því við höfum ekkert að gera með að setja þetta af stað ef það getur ekki rekið sig vegna peningaskorts. Þá þarf að sækja meiri pening í ríkissjóð til þess að gera þetta, vegna þess að við ætlumst til þess að nefndin muni standa undir nafni og rannsaka þau fjölmörgu slys sem verða, til þess að við lærum af þeim, getum jafnvel komist að göllum í veghönnun eða eitthvað svoleiðis. Nægir að nefna hina svörtu bletti í vegakerfinu sem Vegagerðin hefur skilgreint og menn hafa hægt og sígandi verið að vinna á.

Virðulegi forseti. Það þarf ekki og ég ætla ekki að taka meiri tíma í að ræða um frumvarpið við 1. umr. Ég á sæti í hv. samgöngunefnd og þangað mun málið koma og við munum fara vel yfir þetta. Ég tek undir að það er ágætt að setja heildstæða löggjöf um málið, að þetta sé tekið úr þeim farvegi sem það er í núna þó ég geri mér líka grein fyrir því að rannsóknarnefnd umferðarslysa, eins og hún hefur verið sett miðað við 115. gr. a í umferðarlögum, hefur vafalaust verið að skila ágætu starfi.

Þrátt fyrir að ég andmæli kostnaðarmati samgönguráðuneytisins vil ég ítreka að ég held að hér sé gott frumvarp og góð hugmynd á ferðinni, en það getur vel verið að það þurfi að fara töluvert vel yfir það í hv. samgöngunefnd. Við höfum nógan tíma til að gera það sem eftir lifir af þessu þingi.

[15:01]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Eins og aðrir þeir sem hér hafa talað fagna ég þessu frumvarpi sem ég tel í meginatriðum gott. Mér finnst ánægjulegt að sjá að ríkisvaldið hyggur á sérstakar

aðgerðir til að varna óhöppum í umferðinni. Ég minnist þess að fyrir skömmu voru umræður í fjölmiðlum um ávinning íbúa Reykjavíkur vegna framkvæmda sem borgin hefur haft uppi á undanförnum árum til að liðka fyrir umferð og koma í veg fyrir slys, og ávinningurinn þar af var talinn í milljörðum árlega. Það er ljóst að það er til nokkurs að vinna. Þegar við tölum um ávinninginn, eins og var verið að ræða um hér í Reykjavíkurborg, er þó ekki verið að ræða um þjáningar manna og jafnvel skaða á heilsu sem varir alla ævi.

Erindi mitt upp í ræðustólinn er þó fyrst og fremst það að ég tók eftir að ráðherra minntist á bann við lausagöngu búfjár við þjóðveg 1. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki hafi komið til greina að hafa annað viðmið en eingöngu þjóðveg 1, t.d. fjölda bíla sem fer um tiltekna vegi daglega — nú vitum við að það er umferðartalning á öllum helstu leiðum — því að ég hygg að okkur sé öllum kunnugt um að slys af völdum búfjár verða ekki bara við þjóðveg 1. Þau eru á vissum vegum mjög tíð, vissum vegum öðrum en þjóðvegi 1 og ekkert síður þar en við þjóðveg 1 þó að þau verði því miður mörg einmitt við þjóðveg 1.

Mig langar að heyra álit ráðherra á því hvort ekki sé hægt að koma við einhverjum reglum svo að hægt sé að taka inn fleiri svæði en eingöngu þjóðveg 1.

[15:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir ágætar undirtektir við það frumvarp sem hér er til umfjöllunar en vildi fara nokkrum orðum um þær ábendingar og athugasemdir sem komið hafa fram.

Í fyrstu vil ég nefna ábendingar hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar þar sem hann vakti athygli á því sem fram kemur í nýlegri skýrslu rannsóknarnefndar umferðarslysa um áföll ungra ökumanna í umferðinni og hátt hlutfall þeirra í slysasögunni. Af þessu tilefni er kannski rétt að geta þess að þetta hlutfall hefur farið lækkandi, þ.e. ungu ökumennirnir standa sig betur í umferðinni og það er afskaplega mikilvægt. Því ber að fagna og vonandi tekst okkur að ýta undir þá jákvæðu þróun, m.a. með þeim aðgerðum sem ég tíundaði í framsöguræðu minni. Það er skaðlegt, held ég, að hv. þm. Kristján L. Möller skuli ekki hafa verið í salnum til að hlusta á framsöguræðuna enda bar ræða hans þess kannski vott að nokkru leyti. Að sjálfsögðu gefst þingmönnum færi á að lesa það í þingtíðindum.

Sama er að segja um ábendingu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar um mikilvægi hjólbarða og áhrif lélegra hjólbarða í sambandi við slys. Það kemur fram í rannsóknargögnum rannsóknarnefndarinnar og verður eitt af því sem þarf að taka sérstaklega til skoðunar. Þetta eru allt saman atriði sem ég tel mikilvægt að huga að og rannsóknarnefndin mun væntanlega gera það, hefur og gert sem og fleiri.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir fór efnislega yfir frumvarpið og ég vil þakka fyrir það. Hún velti fyrir sér hvort nefndinni væru veittar of víðtækar heimildir, nefndarmönnum og rannsóknarstjóranum. Nú er það þannig að við höfum sniðið frumvarpið vegna rannsóknarnefndar umferðarslysa að langmestu leyti og hugmyndafræðilega séð algjörlega eftir lögunum um rannsóknarnefnd sjóslysa og flugslysa af fenginni reynslu. Grundvallaratriðið í þessu öllu saman er m.a. það að rannsóknarnefndin sé óháð, sjálfstæð, og geti gengið til verks við að rannsaka án utanaðkomandi afskipta eða áhrifa. Til þess þarf hún að fá býsna víðtækar heimildir. Engu að síður þarf hún að sjálfsögðu að eiga afskaplega gott samstarf við lögregluna. Það er mjög mikilvægt enda eru verulega margar ályktanir sem rannsóknarnefnd þarf að draga m.a. byggðar á rannsóknum lögreglu. Engu að síður teljum við, og það kemur skýrt fram í frumvarpinu, að nefndin verði að hafa víðtækar heimildir til þess að geta staðið að rannsóknunum. Það ber að undirstrika alveg sérstaklega að ekki er verið að veita heimildir til að rannsaka slys í umferðinni til þess að geta stofnað til málshöfðunar eða finna sök. Það er algjört grundvallaratriði í þessu, alveg eins og er í lögum um hinar rannsóknarnefndirnar tvær.

Það er jafnframt rétt ábending að það er mjög mikilvægt að vinna rannsóknarnefndarinnar stangist ekki á við vinnu lögreglunnar, þ.e. að ekki verði árekstrar á milli rannsóknarnefndar, eða rannsóknarstjóra í flestum tilvikum, og lögreglu. Það skiptir miklu máli. Ég held að ekki sé ástæða til að ramma það sérstaklega inn í löggjöfina. Við höfum verið að þróa starfið á grundvelli þeirrar heimildar í umferðarlögunum sem við höfum haft og beitt til þess að rannsóknarnefndin gæti starfað. Það er komin töluvert mikil reynsla af þessu og ég hef ekki heyrt annað en að reynsla af samstarfi starfsmanns nefndarinnar og lögreglu hafi verið býsna góð. Engu að síður tel ég nauðsynlegt að huga að þessu öllu saman en þarna hafa ekki að því er virðist skapast vandræði svo að talin væri ástæða til að fjalla sérstaklega um það í frumvarpinu.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir velti fyrir sér hvort eðlilegra hefði verið að nefndin væri inni á vettvangi Umferðarstofu eins og hún er í raun og veru núna. Hún er þar til húsa en hefur samt starfað sjálfstætt. Við skoðuðum þetta að sjálfsögðu mjög vandlega og ýmsir höfðu þá afstöðu að ekki væri ástæða til að setja þennan lagaramma utan um umferðarslysarannsóknirnar. Ég er algjörlega ósammála því. Slysin í umferðinni eru risavaxin þegar mælt er á mælikvarða sjóslysa og flugslysa og ég tel að það séu og eigi að vera þau skýru skilaboð með þeirri löggjöf sem hér er lagt til að verði sett að við ætlum okkur að beita öllu okkar afli til þess að reyna að koma í veg fyrir slys, m.a. með rannsóknum. Þess vegna legg ég þetta frumvarp hér fram, til þess að fá skýrar lagaheimildir til að sinna rannsóknum vegna umferðarslysa og leita allra leiða til að læra af þeim slysum sem verða. Sá er fyrst og fremst tilgangurinn, að geta komið með rökstuddar ábendingar til allra sem að þessum málum starfa.

Þá kem ég einmitt að því atriði sem veldur því að ég taldi ekki eðlilegt að þetta væri undir Umferðarstofu, þ.e. sem þáttur í starfsemi hennar. Svo getur farið að rannsóknarnefndin komist að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa rannsakað og unnið að sínum málum, að það þurfi bæði að gera tillögur til úrbóta og athugasemdir við ökutæki, við eftirlit með ökutækjum, skráningu ökutækja og jafnframt útfærslu vegakerfisins o.s.frv. þannig að ábendingarnar geta beinst að Umferðarstofu ekki síður en Vegagerðinni og ökumönnum. Þess vegna tel ég svo mikilvægt að nefndin sé sjálf-

stæð, sé ekki undir neinum af þessum stofnunum ríkisins þannig að hún lúti einhverju agavaldi sem gæti hugsanlega leitt til þess að rannsókninni yrði beint frá því sem betur mætti fara hjá ríkisstofnunum sem eiga að hafa eftirlit með öryggisþáttunum á vegunum, hjá ökumönnum og ökutækjunum. Þetta er ástæðan fyrir því að það var ekki valið að hafa rannsóknarnefndina undir Umferðarstofunni.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir benti á 15. gr. og ákvæði hennar þar sem m.a. var fjallað um endurupptöku mála. Nú muna þeir sem eru nokkuð gamlir í hettunni eftir mikilli umræðu um rannsóknir flugslysa á síðasta kjörtímabili. Þar var m.a. rætt mjög um það að heimildir skorti til endurupptöku mála. Þess vegna var gerð sú breyting á lögum um rannsóknarnefnd flugslysa að ef um nýjar upplýsingar er að ræða getur nefndin tekið mál upp að nýju og rannsakað og ef sérstaklega stendur á getur ráðherrann beint því til nefndarinnar að endurupptaka mál í þeim tilgangi að tryggja að öllu sé til skila haldið og niðurstaðan sé hin rétta vegna þess að ný atriði hafi komið upp o.s.frv.

Ég tel að þetta sé nauðsynlegur kostur, annars vegar að nefndin geti tekið upp rannsókn þó að henni hafi verið lokið og hins vegar að í algjörum undantekningartilfellum geti ráðherra beint rannsókn til nefndarinnar. Þarna er um heilmikið víðtækar heimildir að ræða en það beinist allt í þann sama farveg að tryggja sem best aðkomu nefndarinnar, rannsóknina og að allar upplýsingar séu klárar og liggi á borðinu, jafnvel sé heimilt að taka málið upp að nýju ef nýjar upplýsingar berast. Þetta er það helsta sem hér kom fram.

Hvað varðar mat á kostnaði við nefndina — það kom fram hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller að hann efaðist um að þetta dygði. Í því frumvarpi til fjárlaga sem liggur fyrir þinginu er verið að tvöfalda þá upphæð sem til þessara rannsókna er ætluð og ég taldi alveg nauðsynlegt að gera það um leið og ég legði frumvarpið fram því að það var þá þegar undirbúið, þegar fjárlagafrumvarpið var unnið, að þetta frumvarp kæmi fram. Við höfum verið að skera mjög við nögl vegna þessara rannsókna. Núna erum við samt að gera ráð fyrir því að u.þ.b. tvöfalda upphæðina sem er á fjárlögum á næsta ári og við verðum, held ég, síðan að sjá hvað setur með það og meta stöðuna. Út af fyrir sig er ekki gert ráð fyrir því að nefndin öll ferðist um landið eins og hv. þm. Kristján L. Möller virtist gera ráð fyrir. Yfirleitt fer starfsmaður nefndarinnar og frumrannsakar og síðan fer nefndin öll ofan í þá rannsókn og þá vinnu sem rannsóknarstjórinn framkvæmir, eða starfsmaður nefndarinnar núna. Auðvitað er reynt að standa skynsamlega að þessu og halda kostnaði í lágmarki.

Hv. þm. Kristján L. Möller nefndi að það þyrfti að skýra betur samkvæmt 1. gr. hvað átt væri við með flokkun slysa, það þyrfti að liggja fyrir reglugerðartillaga. Það er sjálfsagt að nefndin fari yfir það og ráðuneytið mun koma með sínar upplýsingar inn í nefndina til þess að hægt sé að vanda þá vinnu alla en ég tel að þetta sé bara af hinu góða. Allar þessar ábendingar eru réttmætar og ástæða til að taka tillit til þeirra.

Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir minntist á lausagöngu búfjár og að verið væri að reyna að herða á reglum þar að lútandi. Þarna er víða pottur brotinn og ég tek undir með hv. þm. um að huga þurfi að fleiri vegarköflum en einungis þjóðvegi 1 hvað þetta varðar, þetta er eitt af því sem þarf að skoða. Þetta varðar kannski frekar umfjöllun um samgönguáætlunina en það þarf að leggja aukna áherslu á bann við lausagöngu búfjár og girðingar með vegum sem ég tel einu raunhæfu leiðina til að koma í veg fyrir þá hættu sem stafar af búfé á þjóðvegum landsins. Ég held því að hv. samgöngunefnd ætti að skoða það alveg sérstaklega þegar þar að kemur.

Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir nefndi framkvæmdir á vegum borgarinnar sem hafi dregið úr slysum, það er allt saman hárrétt. En ég vil benda á að langstærstu aðgerðirnar hvað þetta varðar eru á vegum ríkisins, á vegum Vegagerðarinnar, t.d. mislægu gatnamótin á Breiðholtsbrautinni í Mjóddinni, Stekkjarbakkagatnamótin og Víkurlandsvegargatnamótin. Þar að auki má nefna margs konar aðgerðir, eins og úrbótaaðgerðir á þeim parti vegakerfisins á höfuðborgarsvæðinu sem fellur undir þjóðvegakerfið. Það er ágætt samstarf milli borgaryfirvalda og Vegagerðarinnar í því skyni að bæta gatnakerfið og það hefur náðst heilmikill árangur. Slysin verða úti á þjóðvegum landsins og við eigum að beina sjónum okkar að því.

Liður í þessu öllu saman er að efla rannsóknir. Þetta frumvarp er flutt hér í þeim tilgangi að við getum lært af því sem er ekki í lagi og bætt þar úr.

En að öðru leyti þakka ég fyrir ágætar undirtektir hjá þingmönnum við frumvarpinu sem hér er til meðferðar.

[15:18]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann hefur gefið en það er ýmislegt sem mér fyndist mega ræða betur, t.d. hvað varðar samskipti Umferðarstofu, lögreglu og þessarar nefndar. Sjálfsagt verður það gert í störfum samgöngunefndar.

En hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni áðan að umfang umferðarslysa miðað við sjó- og flugslys væri gífurlegt og þess vegna væri ekki síður ástæða til að setja á fót þetta rannsóknarbatterí en þau sem væru starfandi fyrir vegna flugslysa og sjóslysa. Það er alveg rétt. Ég reikna með því að starf þessarar nefndar geti orðið mun meira en hinna tveggja sem eru starfandi fyrir vegna sjóslysa og flugslysa. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár er áætluð fjárveiting yfir 31 millj. kr. á hvora nefnd.

Mér finnst það segi sig sjálft að 10 milljónir duga ekki þó að hæstv. ráðherra segi að verið sé að tvöfalda fjárframlagið, þá er þetta kostnaðarmat fjármálaráðuneytis. Þetta er ekki eitthvað sem á að vera út í loftið heldur geri ég kröfu til þess, eins og ég sagði áðan, að þegar kostnaðarmat á frumvarpið kemur í fylgiskjali þá sé umsögn fjármálaráðuneytis rétt. Og hvernig metur fjármálaráðuneytið þetta umfang þegar kostnaðurinn á að vera 10 milljónir en er yfir 31 milljón áætlað á hvora hinna nefndanna?

[15:20]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að það er töluvert meiri kostnaður við flugslysarannsóknirnar. Við fylgjumst t.d. með því þessa dagana þar sem starfsmenn og

rannsóknarstjóri flugslysanefndar eru á ferðalögum til Austurlanda vegna rannsóknar og því fylgir feiknarlegur kostnaður. Það er líka mikill kostnaður sem fylgir rannsóknum vegna sjóslysa en þau eru annars eðlis. Það er kannski vegna þess að þar er hvert einasta slys og hver einasti viðburður rannsakaður.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa hefur valið þann kostinn að taka fyrst og fremst alvarlegustu slysin til rannsóknar en ég tel líklegt að síðar muni þetta þróast áfram. Við megum ekki gleyma því að það er stutt síðan farið var að rannsaka umferðarslysin með þessum hætti. En auk þess þá nýtist rannsókn lögreglu á vettvangi að sjálfsögðu vel fyrir nefndina því þar er um tiltekin samlegðaráhrif að ræða.

Í tímans rás kann vel að vera að munum við vilja leggja meiri fjármuni í rannsóknir og þá þarf að skoða það. En ég undirstrika að á næsta ári erum við samkvæmt fjárlagafrumvarpinu að tvöfalda þessi framlög frá því sem er á þessu ári og ég vona að þingmenn samþykki þá tillögu. En að sjálfsögðu þarf að skoða hvort þarna þurfi að gera betur og ef svo er þá hefur samgönguráðuneytið tiltekna fjárhæð til umferðaröryggisaðgerða á safnlið í ráðuneytinu og því er hægt að bregðast við ef á þarf að halda.

[15:23]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég er fyrst og fremst að gera athugasemdir við hér er að kostnaðarmat fjármálaráðuneytis á að vera á heildarkostnaðinn sem frumvarpið felur í sér. Það á ekki að miðast við þá upphæð sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga heldur mat á raunkostnaði sem framkvæmd þessara laga mun fela í sér. Og það er alveg ljóst að það verður meira en 10 milljónir. Það er það sem málið snýst í raun og veru um.

Nefndin hefur mjög víðtækar heimildir og þó að hún styðjist við skýrslur lögreglu, skýrslur starfandi heilbrigðisstétta, sem eru þegar á launum hjá ríkinu, þá kostar tími þeirra einstaklinga sem á að nýta þarna peninga. Og þegar þarf að fara yfir skýrslu með lögreglunni þá kostar það peninga og tími lögreglunnar er tekinn í það.

Þetta þurfum við að hafa í huga en ég fagna því auðvitað ef ráðuneytið hefur borð fyrir báru og getur lagt út meira fjármagn ef farið er umfram þessar tíu milljónir. En ég geri hins vegar kröfu um að kostnaðarmat fjármálaráðuneytis á frumvörpum sem hér eru flutt sé jafnan raunhæft. Þar verður að vera um raunhæfar tölur að ræða, ekki óskhyggju, og ef Alþingi tekur ákvörðun um að skipa þessa nefnd með starfandi forstöðumanni þá verði henni gert kleift að sinna hlutverki sínu samkvæmt því sem segir í frumvarpinu en ekki sniðinn svo þröngur stakkur að hún geti það ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

[15:25]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á síðasta þingi fluttum við þingmenn Suðurkjördæmis, sem eru auk mín hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Lúðvík Bergvinsson, Kjartan Ólafsson, Björgvin G. Sigurðsson, Guðjón Hjörleifsson, Magnús Þór Hafsteinsson og Jón Gunnarsson, tillögu til þingsályktunar um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda.

Í tillögugreininni segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra að ganga frá samningum um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda og leggja fyrir Alþingi nauðsynlegar lagabreytingar eigi síðar en 1. október 2005."

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir, með leyfi forseta:

„Tillaga þessi var áður flutt á 130. löggjafarþingi og fylgdi þá svohljóðandi greinargerð: „Tillaga þessi er flutt vegna þess að nauðsynlegt er að taka nú þegar til skoðunar stöðu þeirra barna á grunnskólaaldri sem búa við alvarlegan geðrænan eða félagslegan vanda. Það er löngu ljóst að ekki er hægt að sinna lögboðinni kennslu þeirra í almennum bekkjardeildum og víða skapast veruleg vandamál vegna þessa bæði hvað varðar líðan barnanna og einnig fyrir skóla þeirra. Þá er ljóst að í grunnskólanum er ekki hægt að veita þeim þá sérhæfðu meðferð sem þau þurfa vegna veikinda sinna, enda er það hlutverk heilbrigðiskerfisins.

Reykjavíkurborg skipaði sérstakan starfshóp til þess að skoða stöðu þessara mála hjá borginni. Sá starfshópur skilaði skýrslu og tillögum til úrbóta í maí 2003 (sbr. fylgiskjal). Heilbrigðisráðherra hefur reifað þær hugmyndir að ráða til starfa verkefnisstjóra sem meðal annars verði ætlað að samþætta ýmis málefni er varða börn með geðrænan eða félagslegan vanda. Þar er um viðamikið verkefni að ræða sem að líkindum mun taka nokkurn tíma þar til heildartillögur um meðferð þessara barna liggja fyrir.

Það er mat flutningsmanna að það þoli ekki bið að vinna að úrbótum í málefnum barna með geðrænan og félagslegan vanda í grunnskólakerfinu. Því er þessi tillaga flutt. Hefðbundinn skóli með ákveðinni stundaskrá, hefðbundinni lengd kennslustunda og frímínútna er kerfi sem gagnast nemendum með geðrænan eða félagslegan vanda illa eða alls ekki. Jafnframt líður sumum þessara ungu nemenda illa vegna þess flókna og síbreytilega félagslega veruleika sem skólinn endurspeglar. Slök félagsfærni, léleg sjálfsmynd, ábyrgðarleysi eða árásargirni leiðir til tíðra árekstra við aðra í leik og starfi og samveru með fjölskyldunni. Í verstu tilvikum verða þessir nemendur utangarðsfólk, með enga framhaldsmenntun, háðir fíkniefnum, hneigjast til afbrota, glíma við geðsjúkdóma og með stopula atvinnu. Hætta er á að þeir geti ekki séð sér farborða og haldið heimili á fullorðinsárum. Kostnaður samfélagsins vegna erfiðleika þeirra getur orðið verulegur. Til að reyna að koma í veg fyrir að

svo fari þurfa sumir nemendur mikinn sérstuðning og annað umhverfi en þekkist almennt í grunnskólum hérlendis.

Segja má að þessir nemendur skiptist gróflega í tvo flokka: þá andfélagslegu og þá vanvirku. Vanlíðan þeirra andfélagslegu birtist í árásum á skólafélaga eða kennara og starfsfólk og eignaskemmdum sem oft eru unnar í stjórnlausum bræðisköstum. Vanlíðan hinna vanvirku getur endurspeglast í þunglyndi, kvíðaköstum og verulega skertri sjálfsmynd. Báðir þessir hópar þurfa sérstuðning sem beinist að námi þeirra og félagslegri stöðu. Jafnframt þarf að hafa með sumum í þessum hópi mikið eftirlit og aðstoð, innan sem utan skólastofu. Fyrir þennan hóp þarf að búa til námsumhverfi utan heimaskólans sem er sveigjanlegra, margbreytilegra og rólegra en hefðbundinn skóli. Þetta námsumhverfi þarf að mæta þörfum hvers einstaklings með skýrum og mælanlegum náms- og hegðunarmarkmiðum.

Til að skilgreina þennan hóp má hafa þá almennu reglu að leiðarljósi að um sé að ræða nemendur sem sakir alvarlegra geðrænna erfiðleika hafi ekki tekið viðunandi framförum í sínum heimaskóla og þurfi á öðru námsumhverfi að halda um lengri eða skemmri tíma. Ljóst sé að heimaskóli viðkomandi hafi gert sitt ýtrasta til að draga úr erfiðleikum nemandans. Ef skilgreina á þennan hóp nánar má hafa til hliðsjónar vinnureglu II sem eru núgildandi viðmiðunarstig fyrir geðraskanir hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þar er að finna skilgreiningar á úthlutunarreglum sjóðsins vegna fjölþátta hegðunartruflana, verulegra truflana varðandi tilfinningar og félagslega aðlögun og viðvarandi og alvarleg einkenni geðrofs eða geðhvarfa. Skilyrði fyrir úthlutun jöfnunarsjóðs er að erfiðleikar af þessu tagi leiði til umfangsmikils stuðnings vegna félagslegra þátta, tilfinningalegra þátta og hegðunarþátta, og þörf sé á sérhæfðri ráðgjöf og í mörgum tilvikum eftirliti.

Í grunnskólum á þjónustusvæði skólaskrifstofu Suðurlands eru um þessar mundir u.þ.b. tíu nemendur sem eiga í verulegum erfiðleikum með skólaveru sína og nám vegna alvarlegra hegðunar- og tilfinningaraskana.

Hjá skólaskrifstofu Suðurlands hafa verið lagðar fram hugmyndir um að á vegum Heilbrigðisstofnunar Selfoss verði stofnuð í tilraunaskyni dagdeild fyrir geðfötluð börn. Börn með geðfatlanir eða svo alvarlega vanlíðan að venjuleg skólaganga gagnast þeim lítt eða ekkert fái tímabundið dagvistun á deildinni. Þar sjái ríkisvaldið fyrir meðferðarfulltrúum, læknis- og sálfræðiþjónustu og húsnæði (a.m.k. að hluta til), en lögheimilissveitarfélög viðkomandi barna greiði fyrir kennsluna eins og lög gera ráð fyrir. Ekki yrði um sérstakan skóla að ræða, heldur félli kennsla í deildinni í hlut þess skóla sem næstur yrði, allt eftir því hvar dagdeildin yrði. Lögð yrði áhersla á að þau börn sem eru í dagvist á deildinni haldi áfram að sækja félagslíf í sínum heimaskóla eins og kostur er og missi ekki tengslin við hann. Reikna mætti með að börnin yrðu á deildinni í mislangan tíma eftir því hversu alvarleg og langvinn veikindi þeirra eru, en færu aftur í sinn heimaskóla strax og þess er nokkur kostur.

Þess má geta að á Suðurlandi er eitt stöðugildi sálfræðings á heilsugæslustöðvum sem sinnir börnum og unglingum. Það mætti nota þessa stöðu að einhverju leyti til að sinna meðferð á dagdeildinni, enda hafa þeir sem þessari stöðu sinna oft unnið með þessum börnum og foreldrum þeirra. Sérfræðingarnir sem starfa á skólaskrifstofu Suðurlands gætu tekið þátt í að skipuleggja hvernig best væri að hanna nám og námsaðstæður fyrir nemendurna.

Ríkisvaldið rekur nokkur meðferðarheimili á landinu, þar á meðal Torfastaði og Geldingalæk á Suðurlandi. Börnin á Geldingalæk sækja grunnskólann á Hellu. Á þessum meðferðarheimilum greiðir ríkið fyrir meðferð og kennslu barnanna og þau eru vistuð þar allan sólarhringinn. Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafa rekið skóla fyrir börn með vandamál af þessu tagi og borið allan kostnað af því. Þar eru börnin meðan á skóladegi stendur, eins og gert er ráð fyrir í þessari tillögu, en á eigin heimili eða fósturheimili þess á milli. Þar er að mati flutningsmanna ekki um rétta kostnaðarskiptingu að ræða því að það er ríkisins að sjá um meðferð barna með geðrænan og félagslegan vanda.

Það er nauðsynlegt að börn með geðrænan eða félagslegan vanda njóti kennslu á grunnskólastigi eins og lög gera ráð fyrir en samhliða verða þau að fá meðferð við sjúkdómi sínum. Það verður ekki gert í almennum bekkjardeildum. Því er þessi tillaga flutt."

Það var mælt fyrir þessari tillögu hér á síðasta þingi og hún fór til umfjöllunar í félagsmálanefnd. Ég veit ekki af hverju sú varð niðurstaðan vegna þess að í mínum huga á hún frekar heima í menntamála- og heilbrigðis- og trygginganefnd en í félagsmálanefnd. Engu að síður var það félagsmálanefnd sem sendi tillöguna út til umsagnar. Margar umsagnir bárust og það verður að segja þá sögu eins og hún er að þær eru allar jákvæðar. Allir telja þörf á sérúrræðum fyrir börn með alvarlegar geðraskanir sem eru í grunnskólum landsins. Allir eru sammála um að þau fái ekki þá þjónustu sem þau eiga að fá samkvæmt lögum, bæði lögum um heilbrigðisþjónustu og grunnskólalögunum, þau séu út undan í skólakerfinu.

Við hv. þm. Suðurk. unnum þessa tillögu í nánu samstarfi við skólaskrifstofu Suðurlands og einnig forstöðumann svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Suðurlandi. Frá því að tillagan var flutt og nú í haust hafa þessir tveir einstaklingar, þ.e. forstöðumaður svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra og forstöðumaður skólaskrifstofu á Suðurlandi, skoðað þessi mál enn betur og farið yfir þær umsagnir sem bárust, lagað ýmislegt í tillögum sínum frá því sem var og tekið tillit til þeirra fáu athugasemda sem komu í umsögnum um tillöguna.

Það var mér nær óskiljanlegt að Alþingi skyldi ekki ná að afgreiða tillöguna fyrir lok þinghalds sem dróst meira að segja fram á sumar. Þetta er að mínu mati eitthvert mikilvægasta málið sem þingið hefur fengið til umfjöllunar, þ.e. þessi börn, þessir einstaklingar sem eru í skólum um allt land, ekki bara á Suðurlandi. Það má nefnilega heimfæra þá rannsókn sem hefur átt sér stað á Suðurlandi á allt landið. Viðbrögðin sem við fengum í umsögnum, símtölum og tölvupósti við tillögunni sýndu að alls staðar á landinu er vilji til að taka á málinu. Við töldum eðlilegt að rekin væri slík tilraunadeild í eitt ár á meðan menn væru að forma reksturinn og síðan tækju ríki og sveitarfélög við rekstrinum í eðlilegri kostnaðarskiptingu, þ.e. að ríkið sæi um heilbrigðisþáttinn og sveitarfélögin um kennsluna.

Nú hafa þau ánægjulegu tíðindi gerst á Suðurlandi að

Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi, fulltrúar sveitarfélaganna þar, hafa tekið mjög jákvætt í stofnun þessarar sérdeildar. Ég reikna með því, virðulegi forseti, að hvað sem verður um tillöguna hér getum við reiknað með því að slík tilraunadeild verði sett á laggirnar á Suðurlandi.

Engu að síður ber okkur sem sitjum á Alþingi að axla ábyrgð í umræðu um kjör þessara einstaklinga, þessara barna, um möguleika þeirra til að fá heilbrigðisþjónustu og að mennta sig í grunnskólanum. Okkur ber skylda til þess að ræða það, okkur ber skylda til þess að afgreiða málið vegna þess að ríkið ber þarna ríkar skyldur og á að axla þær. Það er ekki hægt að ýta þeim á undan sér, ævinlega á kostnað þessara einstaklinga sem eru í grunnskólum landsins, eða réttara sagt, virðulegi forseti, ættu að vera í grunnskólum landsins þessa dagana.

Það er auðvitað dálítið kaldranalegt að við skulum mæla fyrir tillögu um rétt þessara einstaklinga sem eru nokkur hundruð á landinu sem þurfa mjög mikið og mjög nauðsynlega á sérkennslu að halda vegna geðraskana sama dag og hér hefur verið hálftímautandagskrárumræða um stöðu barna í grunnskólum landsins almennt, um að réttur þeirra til náms sé ekki virtur þessa dagana, að ríkið hunsi algjörlega þá ábyrgð sem er á herðum þess og að hæstv. ráðherra menntamála svarar með útúrsnúningum spurningum þingmanna um það hvernig ríkið ætli að bregðast við. Því máli hefur heldur ekki verið sinnt af yfirvöldum, hvorki yfirvöldum grunnskólans, skólamála almennt í landinu, hæstv. menntamálaráðherra né heilbrigðisráðherra.

Það er kominn tími til að taka á þessu máli. Ég vil biðja hæstv. forseta að skoða þær umsagnir sem hafa borist áður en það er metið hvert tillagan fer. Ég geri að tillögu minni að hún fari til menntamálanefndar og til umsagnar heilbrigðis- og trygginganefndar. Hafi félagsmálanefnd tekið umsagnirnar sem bárust og fjallað um tillöguna á síðasta þingi ætti hún að skila skriflegri greinargerð til þessara nefnda. En ég bið hæstv. forseta og starfsmenn þingsins að meta með mér hvert eðlilegast sé að hún fari þegar hún verður afgreidd til frekari vinnu.

[15:38]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Hér hefur verið mælt fyrir tillögu til þingsályktunar um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda. Ég vil í upphafi máls míns þakka 1. flutningsmanni, hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, fyrir það frumkvæði sem hún hefur átt í þessu máli og þá miklu vinnu sem mér er kunnugt um að hún hafi lagt í það.

Þessi tillaga til þingsályktunar er ákaflega einföld. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra að ganga frá samningum um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda og leggja fyrir Alþingi nauðsynlegar lagabreytingar eigi síðar en 1. október 2005."

Hér er ekki verið að setja fram þingsályktunartillögu um að eitthvað sé kannað eða eitthvað sé skoðað. Það er álit okkar flutningsmanna, en ég er einn af þeim, að þetta mál sé fullkannað og að fyrir liggi með óyggjandi hætti að nauðsynlegt sé að ganga í þessi mál eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni.

Við teljum að það sé algjör nauðsyn að taka nú þegar til skoðunar stöðu þeirra barna á grunnskólaaldri sem búa við alvarlegan geðrænan eða félagslegan vanda. Það má segja að í nokkuð mörg ár hafi umræðan gengið út á það að öll börn eigi að vera í hinum hefðbundna grunnskóla í sínu sveitarfélagi og að sjálfsögðu er ekkert annað en gott að segja um það ef það er hægt. Það verður að vera hægt að sinna þessum börnum í hinum almenna grunnskóla þannig að þau njóti þeirrar kennslu sem grunnskólinn á að veita þeim en jafnframt sé með einhverjum hætti meðferðarúrræði sem taki á þeim vanda sem börnin eiga í. Álit okkar er að í hinum hefðbundna grunnskóla hafi því miður oft orðið misbrestur á því og að ákveðinn fjöldi barna búi við skarðan hlut í grunnskólunum. Þrátt fyrir góðan vilja, bæði sveitarfélaga og skólastjórnenda, hefur ekki tekist að taka á vanda þeirra barna sem verst standa.

Þessi börn fá í raun og veru ekki lögbundna kennslu vegna þess að hegðan þeirra kemur oft og tíðum í veg fyrir það og ekki verður séð að hægt verði að tryggja að þau fái fullnægjandi meðferð nema með einhverjum sértækum aðgerðum utan hins hefðbundna grunnskóla.

Það er jafnframt mat okkar sem flytjum þessa þingsályktunartillögu að þetta mál þoli enga bið. Eins og fram kom í máli 1. flutningsmanns, hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, eigum við hálferfitt með að skilja af hverju þetta mál dagaði uppi á síðasta þingi og fékk ekki framgang. Núna leggjum við sem hér flytjum þessa þingsályktunartillögu, þingmenn nánast allra flokka, traust okkar á það að þingmenn hinna flokkanna hjálpi okkur að ýta við þessu máli í nefnd þegar það verður komið þangað.

Eins og fram kom í máli 1. flutningsmanns má segja að þeir nemendur sem um er að ræða skiptist gróflega í tvo flokka, þ.e. þá sem sýna andfélagslega hegðan eins og það er kallað, valda óróa, bæði í bekkjardeildum og í skólanum. Hún birtist í árásum á skólafélaga, kennara, starfsfólk og eignaskemmdum oft og tíðum. Þeim börnum sem sýna slíka hegðan líður engan veginn vel. Oft er tekið á vanda þeirra með einhverjum hætti vegna þess að hann er mjög sýnilegur. Síðan eru önnur börn sem eru vanvirk, eru með athyglisbrest án þess að vera ofvirk og oft og einatt verða þau algjörlega út undan í núverandi skólakerfi og sigla í gegnum grunnskólann fram á fullorðinsár án þess að um greiningu sé að ræða eða að hinn almenni grunnskóli geri sér grein fyrir þeim vanda sem þessi börn eiga í.

Að sjálfsögðu á að reyna allt heima, í heimaskólanum, eins og mögulegt er til að sinna þessum börnum. Það er þó nauðsynlegt að einhver úrræði séu tæk þegar allt bregst á heimaslóðum.

Það kom fram í framsöguræðunni að hjá skólaskrifstofu Suðurlands hafa verið lagðar fram hugmyndir að svona dagdeild fyrir geðfötluð börn og búið er að leggja mikla vinnu í hana. Ég held að ekki sé hægt að segja annað en að sveitarfélögin á þessu svæði séu tilbúin til að axla þá ábyrgð sem fylgir því að keyra svona tilraun. Hæstv. heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra þurfa þó að koma að málinu og keyra það ríkisins megin. Við gerum okkur að

sjálfsögðu grein fyrir því að það er á könnu sveitarfélaganna að greiða fyrir grunnskólamenntun barna með lögheimilisfesti í viðkomandi sveitarfélagi en það er ekkert síður á könnu ríkisins að greiða fyrir meðferð vegna hegðunarröskunar barnanna.

Því þurfa bæði sveitarfélögin og ríkið að koma að þessu máli og vinna það í sameiningu. Ef vel tekst til á Suðurlandi sjáum við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu fyrir okkur að þetta geti orðið módel að sams konar uppsetningu annars staðar á landinu þar sem fyrir eru þær stofnanir sem hér um ræðir, skólayfirvöld, skólamálaskrifstofa, heilbrigðisstofnun og öflugt félagsmálabatterí þannig að allir aðilar geti tekið höndum saman og tekið þau börn í faðminn sem þurfa á þessari sérstöku meðferð að halda. Þannig er strax á unga aldri barnanna hægt að reyna að koma í veg fyrir vandræði síðar meir.

Umsagnir um þingsályktunartillöguna þegar hún var til meðferðar hjá félagsmálanefnd voru, eins og fram kom, allar mjög jákvæðar. Ekki ætti að þurfa að eyða mjög löngum tíma í umsagnir á þessu stigi málsins, reyna heldur að flýta meðferð þess þannig að það komist til afgreiðslu.

Við höfum verið að horfa á það undanfarnar vikur að börn í grunnskólum landsins hafa nánast verið afgangsstærð, vil ég leyfa mér að segja. Ekki hefur tekist að ná samkomulagi sem tryggi þessum börnum öllum skólavist. Börn mega aldrei verða afgangsstærð hjá okkur, hinum fullorðnu, hvað þá börn sem eiga í þeim vanda sem hér um ræðir. Það er algjörlega nauðsynlegt að börn með geðrænan eða félagslegan vanda njóti kennslu á grunnskólastigi eins og lög gera ráð fyrir en það verður að tryggja þeim leiðir eins og við leggjum til hér í þessari þingsályktunartillögu, að þau fái meðferð við sjúkdómi sínum á sama tíma. Við teljum að þetta verði ekki gert í hinum almennu bekkjardeildum og því leggjum við hér fram þessa þingsályktunartillögu.

[15:46]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í dag er hér um mjög athyglisvert og gott mál að ræða. Þetta mál er mjög mikilvægt bæði fyrir þau börn sem eiga í vanda og einnig fyrir önnur börn sem eru samvistum við einstaklinga með geðraskanir og hegðunarvandkvæði í skólakerfinu.

Ég þekki bæði sem foreldri og fyrrverandi kennari mörg dæmi um börn með alvarleg hegðunarvandamál í bekkjardeildum og um einstakling með geðröskun í almennri bekkjardeild og hvaða áhrif það hefur á bekkjarheildina og samfélagið að hafa slíka einstaklinga innbyrðis og hvílíkur léttir það er bæði fyrir viðkomandi einstakling og bekkjarheildina þegar viðeigandi úrræði fást loksins fyrir þann sem á við slíkan vanda að etja.

Það er mjög athyglisvert að ræða þetta mál einmitt núna í því umhverfi sem við erum, þ.e. þegar deila kennara og sveitarfélaganna stendur yfir og fjárhagur sveitarfélaganna er stöðugt í umræðunni því að þetta er einmitt dæmi um það þegar sveitarfélögin taka ein á sig hlutverk sem heilbrigðiskerfið ætti líka að axla með þeim eins og bent hefur verið á í þessari umræðu.

Ég þekki dæmi um einhverft barn sem hefur beðið árum saman eftir formlegri greiningu og sveitarfélagið hefur tekið að sér að axla þær byrðar sem fylgja þeirri þjónustu sem þetta barn þarf í skólakerfinu. En sveitarfélagið fær ekki þær endurgreiðslur sem því ber og sem það hefði fengið strax ef greining hefði legið fyrir. Það er alveg klárt að um er að ræða einhverft barn því að í þessu tilfelli sem ég þekki á þetta einhverfa barn systkini sem hefur verið greint og tvö frændsystkini sem hafa verið greind þannig að einkennin eru alveg skýr. En þetta barn sem ég er að ræða um er orðið það gamalt að það er alltaf sett aftar á biðlistann. Það færist ekkert fram af því að yngri börnin ganga fyrir. Þetta er enn eitt dæmið um að sveitarfélögin axla vel ábyrgðina og það hlutverk sem þeim er ætlað í grunnskólalögunum en ríkið sleppur því forsvarsmenn sveitarfélaganna gera sér grein fyrir því að með því að sinna vel börnunum meðan þau eru á grunnskólaaldri er verið að vinna fyrirbyggjandi starf.

Við í fjárlaganefnd heyrðum einmitt frásögn ungrar konu í morgun sem hafði horft upp á bróður sinn fara á mjög erfiða vegu. Hún glímdi sjálf við svipaða erfiðleika en tók öðruvísi á þeim og gat með aðstoð haldið sig á góðri leið og réttri braut, skulum við segja, á meðan bróðir hennar var og er í vanda. Við heyrðum því í raun talandi dæmi um það í morgun hversu mikilvægt er að taka á vandamálunum eins og fljótt og mögulegt er.

Með því að samþykkja þá þingsályktunartillögu sem hér er fyrirliggjandi erum við að veita einstaklingum möguleika á hamingjusömu lífi og að þeir verði nýtir og góðir þjóðfélagsþegnar einmitt með þjónustu við þá á uppeldisskeiði samanber söguna sem ég sagði áðan og hv. þm. Jón Gunnarsson nefndi einnig.

Vonandi fær þessi þingsályktunartillaga betri og skjótari afgreiðslu en reyndin varð á síðasta þingi.

[15:50]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst og fremst taka undir með þeim tveimur hv. flutningsmönnum sem hafa hér mælt fyrir tillögunni, Margréti Frímannsdóttur og Jóni Gunnarssyni og svo hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur sem mælti hér áðan. Ég er einn flutningsmanna tillögunnar og hér er um að ræða mjög mikilvæga tillögu sem getur skipt sköpum í meðferðarúrræðum fyrir þá einstaklinga í okkar samfélagi sem eiga kannski hvað erfiðast af öllum, þ.e. börn sem glíma við geðrænan eða félagslegan vanda eins og rakið var hérna mjög ítarlega og af mikilli vandvirkni í máli annarra flutningsmanna sem hér hafa talað í dag.

Hvernig til tekst á grunnskólagöngu og barnsaldri þessara einstaklinga skiptir öllu máli fyrir það hvernig þeim mun vegna í lífinu til framtíðar. Fari hlutir úrskeiðis í grunnskólagöngu barna sem búa við slík alvarleg vandamál, geðræn og félagsleg, þá er mjög erfitt að búa svo um hnútana að þau rétti úr kútnum síðar.

Eins og segir í tillögunni þá skiptir rétt námsumhverfi öllu máli varðandi úrræði fyrir þessi börn, þ.e. að þau geti komist út úr umhverfi hins hefðbundna skóla sem hentar oft mjög illa þegar glímt er við þeirra alvarlegu og erfiðu vandamál sem um leið skapa nýja og aðra erfiðleika fyrir önnur börn sem þurfa á hefðbundinni kennslu að halda en

búa ekki svo illa að eiga við slíka erfiðleika að stríða. Margfeldisáhrifin af því að börn með alvarleg geðræna og félagslega erfiðleika þurfa að vera í hinum almenna skóla og venjulegum bekkjum eru því veruleg. Því er mjög brýnt að bregðast við því með því að koma á fót úrræðum eins og þessi tillaga kveður á um. Bundnar eru miklar vonir við að hún verði samþykkt núna frá Alþingi. Þar ályktar Alþingi að fela heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra að ganga frá samningum um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda og leggja fyrir Alþingi nauðsynlegar lagabreytingar eigi síðar en 1. október 2005. Eftir tæpt ár mun þá Alþingi vera að vinna að lagabreytingum sem bæta úrræði þessa viðkvæma hóps verulega. Þetta eru þau börn sem þurfa á langmestum stuðningi að halda og þetta eru þeir einstaklingar í þjóðfélaginu sem þurfa á langmestum og vandvirknislegum stuðningi að halda til að þeir megi fóta sig í lífinu og vinna bug á erfiðleikum sínum og vandamálum þannig að þeir komist út í lífið sem betri og hæfari einstaklingar til að glíma við samfélagið allt og taka þátt í því af fullum krafti en leiðist ekki út í að verða utangarðsmenn, eiturlyfjasjúklingar, glæpamenn eða margir aðrir sem við sjáum daglega á götum borgarinnar og víða annars staðar. Þetta ógæfufólk á sér margt varla viðreisnar von af því að það fékk ekki þau úrræði sem það þurfti að fá þegar það var á barnsaldri, á grunnskólaaldri. Náum við að veita börnum með geðrænan og félagslegan vanda þau úrræði sem þau þurfa á að halda strax á barnsaldri, ná þannig utan um vandamál þeirra, ná þannig að hjálpa þeim að vinna sig út úr vandanum þá er mikill sigur unninn og mörgum mannslífum bjargað og mörgum fjölskyldum forðað frá ólýsanlegum harmleikjum, samanber sögur sem flestir þekkja úr sínu umhverfi.

Lengra ætla ég ekki að hafa þetta heldur tek undir orð þeirra sem hafa mælt hér áður og hvet Alþingi eindregið til að veita þessari mjög svo góðu og vönduðu tillögu brautargengi.

[15:55]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það kemur í ljós að þrátt fyrir að umsögn sem ég hef hérna fyrir framan mig sé stíluð á félagsmálanefnd Alþingis þá mun heilbrigðis- og trygginganefnd hafa sent hana út þannig að ég legg til, virðulegi forseti, að tillagan verði aftur þá send til heilbrigðis- og trygginganefndar.

Mig langar að þakka mínum ágætu flokksfélögum, hv. þingmönnum, sem hér eru í salnum fyrir umræðuna, því þó að tillagan sé flutt af þingmönnum allra flokka þá eru þeir sem hér hafa talað allt saman þingmenn Samfylkingarinnar sem reyndar hafa tekið þetta mál upp á vettvangi flokksins oftar en einu sinni og oftar en tvisvar og gert að baráttumáli sínu.

Mig langar, virðulegi forseti, við lok þessarar umræðu til þess að fara örstutt yfir tvær umsagnir sem eru sýnishorn af þeim umsögnum sem bárust.

Það er annars vegar umsögn frá sveitarfélaginu Árborg, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda.

Nú er til um umræðu á Alþingi tillaga til þingsályktunar um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda. Tillagan er flutt af þingmönnum Suðurkjördæmis.

Lengi hefur verið ljóst að erfitt er að sinna lögboðinni kennslu þessara nemenda í almennum bekkjardeildum í grunnskólum og ekki hægt að veita þá sérhæfðu meðferð sem þeir þurfa á að halda vegna veikinda sinna. Með þeim úrræðum, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, yrði stigið stórt skref til hagsbóta fyrir þessi börn og aðstandendur þeirra.

Bæjarstjórn sveitarfélagsins Árborgar fagnar framkominni þingsályktunartillögu og hvetur Alþingi til að samþykkja hana.“

Hitt er umsögn frá Félagi íslenskra sérkennara. Þar segir, með leyfi forseta:

„Umsögn um: Tillögu til þingsályktunar um stofnun sérkennslu og meðferðardeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda.

Legg til að breyting verði gerð á texta ályktunarinnar, hann verði þannig:

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra að ganga frá samningum um stofnun einnar eða fleiri sérkennslu- og meðferðardeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda og leggja fyrir Alþingi nauðsynlegar lagabreytingar ...“

Í tillögu okkar flutningsmanna er talað um eina deild sem verði tilraunaverkefni. En þarna er Félag íslenskra sérkennara að leggja áherslu á að slíkar deildir þurfi að vera um allt land og við erum sammála því.

En síðan segir í greinargerð þessarar umsagnar, með leyfi forseta:

„Í áratug hefur opinber stefna íslenskra stjórnvalda verið sú að öllum nemendum á grunnskólastigi skuli þjónað í heimaskóla ...

Ljóst er að þetta er ekki alltaf framkvæmanlegt gagnvart öllum nemendum. Veikindi (líkamleg eða geðræn), misþroski eða aðlögunarerfiðleikar geta gert þetta óframkvæmalegt um lengri eða skemmri tíma. Börn eða unglingar geta af ýmsum orsökum verið ófær um sinna skólagöngu sér að gagni í stórum hópi eða jafnvel í litlum hópi inni í stórum skóla vegna geðrænna veikinda eða félagslegra aðlögunarerfiðleika.

Nauðsynlegt er að hafa þá stefnu að allir nemendur séu í sama skóla og læri félagslega færni samhliða bóklegu námi þegar þeir eru hæfir til að meðtaka lærdóminn. Jafnframt er nauðsynlegt að hafa einhver úrræði til að þoka áfram námi þeirra og auka þroska og félagslega færni undir stjórn sérfræðinga ef almenn skólaúrræði nýtast ekki af fyrrgreindum orsökum.

Slíkum deildum þarf að vera unnt að koma upp á nokkrum stöðum á landinu þar sem sérhæft starfsfólk er til staðar.“

Síðan segir í lok umsagnarinnar sem er undirrituð af Ólafi Ólafssyni, formanni Félags íslenskra sérkennara, með leyfi forseta:

„Undirritaður hefur rannsakað skólagöngu fanga og það er ótvíræð niðurstaða þeirrar rannsóknar að mjög stór hluti fanga fékk ekki viðunandi kennslu í grunnskóla og/eða

meðferð við geðrænum erfiðleikum sínum. Stór hluti þeirra hefur enga menntun til að byggja á í lífinu og er vanhæfur til að takast á við líf í nútímasamfélagi, en skólastarfi er ætlað að undirbúa þegnana undir það."

Undir þetta ritar, eins og áður segir, Ólafur Ólafsson, formaður Félags íslenskra sérkennara.

Þriðju umsögnina ætla ég að nefna hér vegna fjarveru hæstvirts ráðherra. Þessi umræða var á dagskrá í dag og hefur áður verið á dagskrá þingsins. Hún var hér til umræðu á síðasta þingi og þá voru hæstv. ráðherrar, hvorki menntamála né heilbrigðisráðherra, við.

Í umsögn heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis, og ég býst við að það hafi verið svipað frá menntamálaráðuneytinu, segir, með leyfi forseta:

„Í bréfi heilbrigðis- og trygginganefndar er leitað umsagnar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um áðurgreinda tillögu til þingsályktunar.

Ráðuneytið telur ekki tilefni til að gefa umsögn að svo stöddu þar sem heilbrigðis- og tryggingaráðherra mun tjá sig um þingsályktunina í umræðu á Alþingi ef þurfa þykir."

Það er sem sagt alveg ljóst að hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ekki talið að hann þyrfti að tjá sig um tillöguna í dag.

Virðulegi forseti. Við höfum rætt stöðuna sem er uppi í dag og það verkfall sem bitnar auðvitað hart á öllum grunnskólanemum landsins, en e.t.v. harðast á þeim sem búa við þá erfiðleika sem við nefnum í þingsályktunartillögunni, geðræn vandamál af ýmsum toga. Það lýsir því í hvers lags limbói málefni þeirra barna eru, að þau eru á gráu svæði, að þegar verið er að fjalla um undanþágur til kennslu vegna barna með geðrannsóknir sem verða að hafa ákveðið munstur yfir daginn og búa við ákveðið öryggi frá degi til dags, að ekki er talað um það sem heilbrigðismál. Það er ekki talað um það. Það má vera að matið fari fram í undanþágunefnd eða í umræðum innan skóla eða meðal sveitarstjórnarmanna í þá veru, en það er alla vega ekki talað um það sem heilbrigðisvandamál sem það er ekkert síður en að þau séu án kennslu. Þetta tefur þroska þeirra og getur eyðilagt fyrir þeim ekki bara þann tíma sem verkfallið stendur heldur um langa framtíð. Því miður.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum ítreka þakkir mínar fyrir umræðuna. Vonandi nær tillaga okkar fram að ganga svo að þau börn sem hér um ræðir geti horft til bjartari framtíðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:02]

Útbýting:

Fatlaðar konur, 289. mál, fsp. SigurlS, þskj. 312.

Grásleppuveiðar, 291. mál, fsp. GE, þskj. 314.

Háhraðanettengingar í dreifbýli, 286. mál, þáltill. BjörgvS o.fl., þskj. 309.

Húðflúrsmeðferð eftir brjóstakrabbamein, 290. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 313.

Húsaleigubætur, 172. mál, svar félmrh., þskj. 306.

Jafnréttisáætlun og skipan í stöður, 288. mál, fsp. AKG, þskj. 311.

Notkun risabora við jarðgangagerð, 292. mál, fsp. HilmG, þskj. 315.

Staðgreiðsluskattar og virðisaukaskattur, 293. mál, fsp. HilmG, þskj. 316.

Styrkir til foreldra sem ættleiða börn frá útlöndum, 287. mál, þáltill. GÖg o.fl., þskj. 310.

Þjóðfáni Íslendinga í þingsal Alþingis, 294. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 317.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. KLM o.fl., 37. mál (kosningaaldur). — Þskj. 37.

[16:03]

Flm. (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Ég flyt frumvarp til stjórnarskipunarlaga, sem er 37. mál á þingskjali 37, um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Auk mín eru flutningsmenn að frumvarpinu hv. þingmenn Ágúst Ólafur Ágústsson, Katrín Júlíusdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir og Björgvin G. Sigurðsson.

1. gr. hljóðar svo: „Í stað orðanna „eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram" í 1. mgr. 33. gr. stjórnarskrárinnar kemur: verða 18 ára og eldri á kosningaári."

Virðulegi forseti. Í frumvarpinu er lagt til að breyta aldursmörkum vegna kosninga til Alþingis og um leið til sveitarstjórna þannig að allir sem verða 18 ára á kosningaári hafi kosningarrétt, en ekki aðeins þeir sem eru orðnir 18 ára á þeim degi sem kosið er. Að mínu mati er þetta mikið sanngirnismál. Mér finnst eðlilegt að öllu því unga fólki sem verður 18 ára á árinu sé gefinn kostur á því að kjósa, en ekki eingöngu þeim sem eru orðnir 18 ára þegar kosning fer fram.

Síðast, virðulegi forseti, var þessum kafla stjórnarskrárinnar breytt og það staðfest af fyrrverandi forseta Íslands, Vigdísi Finnbogadóttur, 1. júní 1984. Þá var kosningaaldur færður úr 20 árum niður í 18 ár. Ef minni mitt svíkur ekki fengu 18 ára og eldri fyrst að kjósa árið 1986 í kosningum til sveitarstjórna á Íslandi og í alþingiskosningum árið eftir, 1987, var kosið til Alþingis eftir ákvæðinu. Frá því að sú samþykkt var gerð með breytingu á stjórnarskránni eru liðin 20 ár. Mér finnst eðlilegt, miðað við það sem ég er að flytja, að sú breyting sé sett inn að miðað sé við almanaksárið.

Virðulegi forseti. Í greinargerð með frumvarpinu stendur um þau atriði sem ég hef fjallað um, með leyfi forseta:

„Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Þar sem í frumvarpinu er gerð tillaga um breytingu á stjórnarskránni skal fara eftir ákvæði 1. mgr. 79. gr. hennar um þingrof verði frumvarpið samþykkt. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta eftir þingrof og kosningar verður að breyta ákvæðum kosningalaga til samræmis við efni frumvarpsins. Tillögur að breytingum á ákvæðum laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, og ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, eru birtar með frumvarpinu sem fylgiskjal."

Virðulegi forseti. Ég geri ekki ráð fyrir að þessi ágæta tillaga hljóti samþykki, alla vega ekki á þessu þingi, þó svo

að það væru kostir við það. Það yrði þá þingrof í framhaldi af því og þjóðin gæti gengið til nýrra kosninga og reynt að koma nýrri ríkisstjórn að, en ég reikna nú ekki með því. Engu að síður er frumvarpið flutt þó ekki sé lengra liðið á kjörtímabilið til þess að koma málinu á dagskrá, skapa umræðu um það og koma því til nefndar. Enda segir hér að við flutningsmenn vonumst til þess að frumvarpið fái ítarlega meðferð á þinginu og í þeirri sérnefnd sem það á að fara til.

Virðulegi forseti. Það er ekki eingöngu að kosningaaldrinum yrði breytt, vegna þess að samkvæmt 34. gr. stjórnarskrárinnar verður kjörgengi manna hið sama þannig að þeir sem verða 18 ára á almanaksárinu eru jafnframt kjörgengir til að bjóða sig fram til Alþingis eða sveitarstjórnarkosninga.

Hvers vegna er frumvarpið flutt? Aðallega er það vegna þess að við gerum okkur grein fyrir því að unglingar nú til dags hafa miklu meiri tækifæri til og fylgjast með pólitík, taka jafnvel þátt í starfi stjórnmálaflokka, enda eru sumir stjórnmálaflokkar með allt niður í 16 ára einstaklinga í prófkjörum. Það hefur sést, þó mér sé ekki alveg kunnugt um það hvaða aldursmörk menn setja á unglinga til að ganga í viðkomandi stjórnmálaflokka nema unglingahreyfingar viðkomandi flokka.

Virðulegi forseti. Ég tel þetta vera sanngirnismál, vegna þess að ég man eftir því að þegar ég var að skoða þetta mál fyrir síðustu kosningar birtist í Morgunblaðinu, föstudaginn 9. maí, viðtal við fjóra unglinga sem áttu afmæli á kjördag, 10. maí. Það var ansi merkilegt að lesa viðtalið við þau, þó ég ætli ekki að hafa orð á fyrirsögn greinarinnar, enda fylgdi með frá viðkomandi unglingi sem rætt var við að hann reiknaði ekki með að blaðamaðurinn mundi birta það og sagt innan gæsalappa. En það er nú annað mál.

Þarna var sem sagt rætt við fjóra unglinga sem fengu kosningarrétt 10. maí sl., við alþingiskosningarnar sem þá voru, en ekki viðtal við þá unglinga sem áttu afmæli og urðu 18 ára daginn eftir, 11. maí, þegar úrslit úr viðkomandi kosningum tóku að berast fram eftir nóttu. Mér finnst því sanngirnismál að miðað sé við almanaksárið, eins og hefur margoft komið fram, að 18 ára og eldri á kosningaári fái kosningarrétt.

Virðulegi forseti. Ég legg til, samkvæmt 42. gr. þingskapalaga, að frumvarpinu verði vísað til sérnefndar. Vænti ég þess að Alþingi framfylgi því og frumvarpið fari út til umsagnar í þjóðfélaginu.

[16:10]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hv. 1. flutningsmaður frumvarps til stjórnarskipunarlaga, Kristján L. Möller, gerði ágæta grein fyrir viðhorfum okkar fimm þingmanna Samfylkingarinnar sem flytjum málið. Okkur og þeim sem hér stendur þykir það réttlætismál, sanngirnismál, að mörkin séu dregin við almanaksárið, við skólaárganginn ef svo má segja. Einhvers staðar þarf að draga mörkin, væri hægt að segja, og af hverju er sanngjarnara að draga þau við almanaksár en við afmælisdag? Þá er alltaf einhver sem er einum degi frá því að komast í hópinn. Meginrökin fyrir því, að mínu mati, eru að um er að ræða mörk sem eru dregin í sambandi við skólaárið. Þetta er sá hópur sem fylgist að í gegnum skólann og skipar bekki. Þá er verið að halda línu, að draga ein mörk þar sem önnur eru dregin. Samræming nokkurs konar. Jafnframt vil ég sjá sömu breytingar annars staðar, eins og þegar verið er að tala um að jafna réttindi eftir aldri, að færa t.d. áfengiskaupaaldurinn úr 20 árum niður í 18 ára. Það er annað þingmál sem ég er flutningsmaður að. Þar held ég að við ættum einnig að miða við almanaksárið en ekki afmælisdaginn.

Ég held við ættum almennt að notast við almanaksárið í stað afmælisdaga, draga línuna sem víðast á sama stað. Það er ekki víst að það henti af praktískum ástæðum þegar kemur að bílprófi því þá værum við með 4.500 til 5.000 einstaklinga sem hefðu rétt á að fá bílpróf á sama degi. Það getur vel verið að það sé erfitt viðureignar þó að mér þætti það sanngjarnt og eðlilegt að draga þau mörk á sama stað hvað varðar kosningaaldurinn, áfengiskaupaaldurinn og ýmis önnur réttindi og jafnframt skyldur sem einstaklingar öðlast við ákveðinn aldur.

Ég held að við ættum almennt að breyta þessu viðhorfi og miða við almanaksárið í stað afmælisdagsins og draga öll mörkin á sama stað. Þá eru jafnaldrar sem eru saman í bekk og fylgjast að í gegnum skólann að öðlast réttindin á nákvæmlega sama tíma. Þá er ekki einn félagi sem fær að kjósa af því hann á afmæli 10. maí en ekki hinn af því hann á afmæli 11. maí. Þeir eru í sama árgangi og öðlast því réttindin á sama tíma.

Jafnframt þessu hef ég verið mjög jákvæður fyrir því að skoða hvort við ættum að lækka kosningaaldurinn um tvö ár, úr 18 ára niður í 16 ára. Mér finnst mjög margt styðja að það væri réttlátt og sanngjarnt þó ég sé ekki búinn að gera upp hug minn endanlega í því og hef ekki ákveðið að halda því fram sem afstöðu minni í málinu er mjög margt sem styður það að lækka eigi kosningaaldurinn úr 18 ára í 16 ára. Verið er að skoða það í Bretlandi.

Tímarnir eru svo breyttir. 16 ára einstaklingur tekur fullan þátt í samfélaginu. Hann er að ljúka grunnskólagöngu sinni og fara út í lífið, oftast vonandi í framhaldsskóla. Hefur lokið barnæskunni ef svo má segja í gegnum skólagönguna og er að fara að takast á við lífið með öðrum hætti. 16 ára einstaklingur í nútímasamfélagi er einfaldlega orðinn það upplýstur og virkur þátttakandi í þjóðfélaginu að mér þætti ekki óeðlilegt að 16 ára aldurinn yrði kosningaaldur.

Hvað mælir í sjálfu sér gegn því? Hvorki bernska né fáfræði. Það eru mjög svo þroskaðir og upplýstir einstaklingar á þessum aldri í nútímasamfélaginu, orðið fullorðið fólk að miklu leyti þó svo að þeir flokkist sem börn upp að 18 ára aldri. Ég held að það sé eitthvað sem við ættum að taka upp til alvarlegrar skoðunar jafnframt þessum umræðum öllum um stjórnarskrárbreytingar, lýðræðismálin, kosningamálin — við ræddum hér í síðustu viku merkilega tillögu til stjórnarskrárbreytinga um mörg brýn atriði eins og jöfnun atkvæðisréttar, beint lýðræði og margt, margt annað — hvort við ættum að lækka kosningaaldurinn úr 18 ára í 16. Það væri mjög skemmtilegt ef t.d. ungliðahreyfingar stjórnmálaflokkanna og önnur samtök sem ungmenni skipa tækju upp virka umræðu, lýðræðislega umræðu um einmitt þetta mál, um kosti og galla þess að lækka kosningaaldurinn úr 18 ára í 16. Hvað mælir sérstaklega á móti því? væri hægt að spyrja. Sjálfsagt geta menn tínt ýmislegt til en um leið er

mjög margt sem styður það.

Ég mundi vilja umræðu hérna á næstunni sem leiddi þetta til lykta. Þetta er mál sem væri þá hægt að taka til umræðu í þinginu á þessu kjörtímabili, a.m.k. væri það af hinu góða að umræða færi fram. En það er annað mál og seinni tíma mál.

En þessa breytingu á stjórnarskipunarlögum, að breyta kosningaaldrinum og kjörgenginu þannig að miðað sé við almanaksár en ekki fæðingardag, styð ég eindregið og heils hugar og vona að hún fái jákvæða meðferð í þinginu eins og flutningsmenn ítreka hér. Ég vonast til að frumvarpið fái ítarlega og vandaða meðferð í þinginu þannig að hægt sé að afgreiða þessa sanngirnisbreytingu á yfirstandandi þingi og byrja á því að draga línuna alltaf á sama stað, draga hana við almanaksárið en ekki við fæðingardag einstaklinganna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dýravernd, 1. umr.

Frv. SigurjÞ og AKG, 39. mál (dýrahald í atvinnuskyni). — Þskj. 39.

[16:17]

Flm. (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum, og óska eftir að málinu verði vísað til umhverfisnefndar.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 130. löggjafarþingi en ekki náðist að mæla fyrir því þar sem ekki vannst tími til þess. Það miðar að því að auka heimild Umhverfisstofnunar til þess að beita sér fyrir endurbótum á dýrahaldi í atvinnuskyni þar sem misbrestur hefur orðið á starfseminni.

Í úrskurði umhverfisráðuneytisins sem kveðinn var upp 20. nóvember 2003 var niðurstaðan að Umhverfisstofnun hefði ekki heimild til að gera kröfu um fjölda starfsmanna þar sem stundað er dýrahald í atvinnuskyni. Það er þó nauðsynlegt og frumforsenda þess að unnt sé að tryggja góða umhirðu og meðferð dýra. Þess vegna er lagt til að bætt verði inn í 12. gr. laganna ákvæði sem mælir fyrir um að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um fjölda starfsmanna þar sem slík atvinnustarfsemi fer fram.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. laganna getur Umhverfisstofnun beitt þeirri stjórnvaldsþvingun að krefjast þess af eiganda eða umsjónarmanni dýra að hann bæti úr þeim þáttum sem ekki samræmast ákvæðum laganna. Ekki er minnst á áminningu í ákvæðinu og er lagt til að stofnunin geti áminnt sem og krafist tiltekinna úrbóta. Er það í samræmi við þvingunarúrræði annarra laga sem stofnunin starfar eftir, svo sem laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ekki er í gildandi lögum að finna skýra heimild til að svipta eiganda eða umsjónarmann dýra því rekstrarleyfi sem Umhverfisstofnun veitir skv. 12. gr. laganna. Heimildarsvipting skv. 5. mgr. 18. gr. laganna, sem og 20. gr., þjónar ekki sama tilgangi. Nauðsynlegt er að slíka heimild sé að finna í lögum. Það er því nauðsynlegt að bæta úr því og er það gert í því lagafrumvarpi sem er hér til umræðu.

Dýraverndarmál voru talsvert í sviðsljósinu á síðasta ári m.a. vegna hundaræktarbúa. Ekki verður tekin efnisleg afstaða til þeirra deilna sem fóru fram m.a. í fjölmiðlum og úti í samfélaginu, en ég tel einsýnt að það þurfi að bæta og skýra stjórnsýslumörk embætta sem fjalla um þessi mál vegna þess að það hefur ítrekað komið fram að embætti hafa tekist á um hver mörk þeirra hafi verið. Það frumvarp sem hér er til umræðu mun án nokkurs efa skýra og greiða úr málum og vera til bóta, ekki einungis fyrir þá sem eru áhugasamir um dýravernd heldur mun það bæta réttarstöðu þeirra sem halda dýr í atvinnuskyni.

Það varð ákveðinn misbrestur á síðasta ári við framkvæmd laganna og er eitt skýrasta dæmið þegar yfirdýralæknir greip fram fyrir hendurnar á Umhverfisstofnun sem var búin að gera ákveðna kröfu um úrbætur á hundaræktarbúi. Að vísu gerði yfirdýralæknir það með því fororði að hann vildi ekki láta dýrin líða fyrir stjórnsýslu, að hans sögn, og þess vegna greip hann strax inn í. En því miður urðu afskipti yfirdýralæknis af málinu til þess að málið tafðist og skapaði í rauninni ótrúlega flækju. Yfirdýralæknir gerði kröfu um úrbætur sem hann hafði enga lagastoð fyrir. Það kemur fram hjá starfsmanni yfirdýralæknis að hann hafi gert kröfu um ákveðnar úrbætur sem áttu að ná fram innan tveggja mánaða frests. En síðan var þeim kröfum ekki fylgt eftir af yfirdýralækni og er það ótrúlegt.

Í nýlegu bréfi frá embætti yfirdýralæknis fellst hann í rauninni á það að embætti yfirdýralæknis hafi ekkert með þennan málaflokk að gera. En í bréfi frá héraðsdýralækni Gullbringu- og Kjósarumdæmis, Gunnari Erni Guðmundssyni, segir, með leyfi forseta:

„Undirritaður vill taka það fram að embættið hefur ekki eftirlit með hundaræktarbúum.“

Samt sem áður hafði sama embætti gert kröfu og gefið frest og þvælt stjórnsýsluna þannig að það er einsýnt að hér þarf að skýra mál og greiða úr til þess að dýraverndarmál fái eðlilega afgreiðslu í kerfinu. Frumvarpið sem hér er til umræðu mun án nokkurs efa greiða úr málum og bæta heimildir Umhverfisstofnunar til þess að taka á málum sem varða dýravernd ef upp kemur grunur um að úr þurfi að bæta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:24]

Útbýting:

Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 295. mál, stjfrv. (umhvrh.) þskj. 322.

Út af dagskrá var tekið 11. mál.

Fundi slitið kl. 16:26.

23. FUNDUR

miðvikudaginn 10. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál sbr. 42. gr. þingskapa.
2. Lánasjóður sveitarfélaga, stjfrv., 269. mál, þskj. 290. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Rannsóknarnefnd umferðarslysa, stjfrv., 236. mál, þskj. 242. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, þáltill., 24. mál, þskj. 24. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 37. mál, þskj. 37. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Dýravernd, frv., 39. mál, þskj. 39. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

[13:31]

Útbýting:

Frávísanir framhaldsskóla og háskóla, 101. mál, svar menntmrh., þskj. 319.

Athugasemdir um störf þingsins.

Lokun veiðisvæða á grunnslóð.

[13:31]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég lýsi eftir hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um störf þingsins til að ræða þá staðreynd að sjávarútvegsráðuneytið hefur lokað stærstum hluta grunnslóðar á sunnanverðum Breiðafirði fyrir línuveiðum. Þetta gerðist með reglugerð sem ráðuneytið gaf út og tók gildi 6. nóvember. Ég vek athygli á því að þessi lokun er ótímabundin.

Þetta veiðibann hefur vakið hörð viðbrögð meðal þess fólks sem á afkomu sína undir fiskveiðum og fiskvinnslu, ekki síst á norðanverðu Snæfellsnesi en þessi mið eru heimamið báta sem róa frá höfnum þar. Bannið þvingar flotann til að sækja á dýpri mið lengra frá landi og það býður hættunni heim á þessum árstíma þegar veður eru válynd. Sóknarmöguleikar bátanna eru stórlega skertir. Þessu veiðibanni hefur verið líkt við að 100–200 manna vinnustað sé lokað fyrirvaralaust í einu vetfangi.

Ekki er annað að sjá en að þessi lokun sé nánast byggð á geðþóttaákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunar. Hún nær yfir gríðarlega stórt svæði, allt frá Gufuskálum í vestri og til mynnis Hvammsfjarðar. Bannið er sagt koma til vegna þess að mikið af smáfiski sé á þessari slóð og nauðsyn beri til að vernda hann svo að veiða megi hann seinna þegar hann er orðinn stærri.

Málið er samt að sáralítil mælingagögn liggja til grundvallar. Þorskafli sem lengdarmældur var hjá línubátum var rétt við þau mörk sem reglugerðir kveða á um og það er að fjórðungur veiddra þorska megi ekki vera undir 55 sentímetrum að lengd. Rétt rúm 25% af afla féllu undir þessa skilgreiningu en megnið af honum var á bilinu 50–55 sentímetrar, þ.e. fiskur sem er hálfur metri að lengd. Sjómenn hafa bent á að þeir telji að þessi fiskur sé orðinn kynþroska, hann er með hrognasekki. Einnig benda þeir á að dregið hafi úr vexti þorsks á þessum slóðum og hann sé því minni en áður miðað við aldur. Margt bendir til að það sé rétt. Ekki er tekið mið af neinum líffræðilegum þáttum við þessa ákvörðun, þátta á borð við aldur miðað við lengd, kynþroska og holdafar fisksins. Þetta er mjög ámælisvert. Atvinnuöryggi og lífsafkoma fólks er í hættu.

Ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra:

Hvers vegna hlustar hann ekki á fiskifræði sjómanna í þessu máli, manna sem eru á fiskimiðunum dögum saman? Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þessi svæði verði tafarlaust opnuð fyrir veiðum áfram, og lög og reglur um svæðalokanir endurskoðaðar?

[13:34]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er sjálfsagt að svara fyrirspurnum hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar. Það er hins vegar einkennilegt að hafa þann hátt á í þessu máli þar sem farið er eftir hefðbundnu vinnulagi varðandi lokanir vegna smáfisks að vera með upphrópanir um geðþótta og að litlar rannsóknir liggi að baki þar sem við höfum áratuga reynslu af því að vinna á þennan hátt.

Því er hins vegar til að svara að sex skyndilokanir hafa átt sér stað á þessu svæði í haust og í framhaldi af því lagði Hafrannsóknastofnun til að fjórum af grynnstu svæðunum yrði lokað með reglugerðarbreytingu. Hlutfall af smáfiski, þ.e. undir 55 sentímetrum, hefur verið frá 36% og upp í 73% á þessum svæðum. Inni á þeim hafa hins vegar verið aðrar tegundir líka, t.d. mjög góð ýsa en hins vegar í svo litlu magni að þótt vegið sé saman í útreikningunum vegur það ekki upp á móti þessu háa hlutfalli.

Hins vegar hafa sjómenn bent á að þarna gæti verið um að ræða eldri fisk en 3–4 ára eins og algengast er í kringum 55 sentímetrana. Svona hugmyndir hafa komið upp áður, bæði fyrir norðan og vestan, og sýni sem tekin hafa verið í haust á þessu svæði benda til þess að gagnstætt því sem var í þeim tilfellum sem ég nefndi fyrir norðan og vestan gæti þetta átt við rök að styðjast. Þess vegna hafa verið gerðar ráðstafanir til að kanna frekar hvort þarna gæti verið um eldri fisk að ræða. Verði niðurstöður þess eðlis að um eldri fisk sé að ræða verður reglugerðarlokunin endurskoðuð, frú forseti.

[13:36]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega um mikið alvörumál

að ræða þar sem 70–80% af vinnusvæði þessara báta hefur verið lokað og smábátunum sem stunda þessar veiðar er beint á djúpmið. Þeim er beint á djúpmið á þeim árstíma þegar veður eru válynd og varasamt að stunda smábátaveiðar á þeim svæðum.

Ég fagna yfirlýsingu hæstv. sjávarútvegsráðherra um að þarna sé um að ræða staðreyndir með stærð fisksins sem gæti átt við rök að styðjast. Ég trúi því og treysti að það verði skoðað hið allra fyrsta því að mjög brýnt er að fljótt verði brugðist við.

Ég vil vekja athygli á öðru. Það er dálítið sérkennilegt og hefur komið fram oftar en einu sinni við lokanir að gerðar eru mælingar á tveimur stöðum. Það er langt á milli mælinga og síðan er svæðinu öllu á milli þeirra lokað. Stundum hafa þar verið á milli sjómenn sem hafa sótt á allt aðrar veiðar og svæðinu er lokað fyrir þeim. Þetta þekki ég af Vestfjörðum. Í stað þess að loka svæðum, af hverju er ekki lokað fyrir veiðar á ákveðnum fisktegundum? Það vita allir sem stunda línuveiðar að það er hægt að stýra veiðunum með beituvali. Það er ekki sama beita, það er ekki sama agn sem er notað til að veiða ýsu og þorsk. Með lokun vegna þorskmælinga á afmörkuðum svæðum hefur komið fyrir að stórum svæðum hefur verið lokað fyrir þá sem eru að sækja allt aðrar tegundir á þessu sama svæði.

Þetta þarf að athuga því að með því að skipta um beitutegundir er það nánast eins og að skipta um veiðarfæri. Það er hægt að stýra þessum smábátum í þær tegundir sem þeir ætla sér að veiða. Dæmi um það af þessu svæði sem nú var lokað er einmitt sjómaður sem hafði landað af ýsumiðum, sem hér kom fram að væru að vísu takmarkaðar, ég þekki það ekki nægilega vel, en hann bauð Fiskistofumönnum að skoða afla sinn og mæla hann. Þeir höfðu ekki áhuga á því. Hann verður fyrir barðinu á þessu, rétt eins og hinir sem voru á þorskveiðunum.

[13:38]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu alvarlega máli. Það sem er að gerast þarna er að verið er að loka fyrir möguleika smábáta til sjósóknar á mjög stóru svæði. Atvinnuöryggi hundruða manna er í hættu, þ.e. beitningar- og fiskverkunarfólks, afkomu þess er raunverulega stefnt í voða. Það eru ekki nægar forsendur eftir því sem ég hef upplýsingar um til að grípa til þessara aðgerða. Það versta er að þessari stjórnvaldsaðgerð eða reglugerðarlokun sem hefur svona víðtæk áhrif er beitt án samráðs við viðkomandi aðila. Það finnst mér það versta vegna þess að yfirlýst stefna Hafrannsóknastofnunar er að hafa meira samráð við sjómenn. Í þessu tilviki er það alls ekki gert.

Ég vil gera harða athugasemd við þetta og óska eftir því við hæstv. sjávarútvegsráðherra að hann beiti sér fyrir því að nú þegar verði samráðsfundur með þeim aðilum sem þarna eiga hlut að máli. Það er merkilegt að kynnast því að verið er að loka fyrir fiskveiðar á þorski sem er 50–55 sentímetra langur. Hann er sennilega fjögurra ára því hann er orðinn kynþroska samanber fisk sem ég veiddi inni í Hvalfirði um síðustu áramót. Ég fékk í verulegu magni 55 sentímetra þorsk stútfullan af hrognum, lét Hafró vita en fékk engin svör. Þetta er kannski dæmi um öfgar á hinn veginn.

Ég ítreka áskorun mína til hæstv. sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir því að haldinn verði fundur nú þegar eða á næsta mögulega degi til þess að ljúka málinu við Breiðfirðingana.

[13:40]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að hefja þetta mál til umræðu. Hér erum við að ræða ákveðna stjórnvaldsaðgerð sem er lokun á stórum hluta Breiðafjarðar fyrir línuveiðum. Staðan er slík við Breiðafjörð að hörpudisksveiðin hefur hrunið. Veiðar á hörpudiski eru ekki leyfðar en svo var þó áður og slíkar veiðar voru til skamms tíma einn aðalatvinnuvegur fólksins í bæjunum, bæði í Stykkishólmi og Grundarfirði. Nú voru þarna um 70 bátar sem hafa verið á línu og skyndilega kemur boðun um þessa lokun með tveggja sólarhringa fyrirvara. Um 200 manns hafa atvinnu sína af þessu og ég vil vekja athygli á því að þetta eru línuveiðar, sú veiðiaðferð sem er talin fara hvað best með fiskinn.

Ég held að mjög rík ástæða sé til að hæstv. sjávarútvegsráðherra kanni þau vinnubrögð sem beitt er við lokanir af þessu tagi sem snerta líka svo marga íbúa eins og í þessu tilviki. Það er sjálfsagt að sýna varúð og fyllstu gát í fiskvernd en vinnubrögðin verða að vera þannig að þau séu bæði trúverðug og þeim framfylgt af sanngirni. Mér sýnist að þarna þurfi bæði að vera með tryggari stoðir hvað varðar rannsóknir, til að taka svona afdrifaríkar ákvarðanir um ótímabundna lokun, og hins vegar er líka brýnt að vera með mjög náið samráð við heimafólk um framkvæmd á slíkum aðgerðum.

[13:43]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það eru eðlilegar ástæður sem liggja að baki því hjá Hafrannsóknastofnun og sjávarútvegsráðuneytinu að fylgjast með fiskimiðum og veiðum í því skyni að vernda fiskstofnana fyrir ofveiði eða veiði á smáum fiski. Menn telja óskynsamlegt að veiða hann í of ríkum mæli. Hins vegar ber að líta til fleiri sjónarmiða en fiskstofnanna einna í því sambandi og eitt af þeim sjónarmiðum er atvinnulífið sjálft sem er byggt á þessari atvinnugrein og störf þess fólks sem á atvinnu sína undir þessari sjósókn. Við ákvarðanir um friðun og í hve ríkum mæli menn taka ákvarðanir í þeim efnum verða þeir að taka mið af því að ganga ekki of nærri atvinnuhagsmunum of margra. Ég hvet hæstv. ráðherra til að líta á málið í því ljósi og veit að hann hefur skilning á því eftir umræður um svipað mál annars staðar á landinu.

Ég vil einnig hvetja ráðherrann til að líta á tvö önnur atriði. Ég fagna því reyndar að það kom fram í máli hans að hann mundi beita sér fyrir því, annars vegar að skoða betur gögn um aldur á þorski og hins vegar að gera frekari rannsóknir á stærð þorksins. Ég hef fengið fréttir af nýlegri athugun í þeim efnum eftir að bannið tók gildi sem leiddi í ljós að stærð á fiski, þorski í þeirri veiðiferð, var yfir lágmarksstærðarmörkum. Ég tel fyllstu ástæðu til að líta á

þetta mál aftur og ég fagna því að fram kom hjá hæstv. ráðherra að hann muni beita sér fyrir því og endurskoða málið í ljósi þess.

[13:45]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er um það að ræða að skerða atvinnufrelsi manna og stjórna fiskveiðum eingöngu eftir tommustokk og stærðfræði. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort fyrir liggi upplýsingar um næringarástand fisksins og kynþroska og um hver vöxtur fisksins er. Ég get ekki séð annað en að menn renni blint í sjóinn, taki upp tommustokkinn, mæli og fái niðurstöðu: Ja, hér eru veiðar bannaðar.

Hæstv. ráðherra talaði um að um hefðbundna aðferð væri að ræða við að stjórna fiskveiðum. Ég held að það sé orðið löngu tímabært og er sannfærður um að við ættum að skoða líffræðina í þessu sambandi, ekki eingöngu stærðfræði og einhverja tommustokksfræði vegna þess að það hefur ekki reynst vel.

Ég skora á hæstv. ráðherra að segja okkur frá því hvort þessir þrír þættir sem ég nefndi hafi verið skoðaðir, næringarástand, kynþroski og vöxtur fisksins. Hafi það ekki verið gert er það skerðing á atvinnufrelsi þeirra 200 manna sem komast þarna ekki á sjóinn. Þetta er fáránleg aðferð og í raun furðulegt að menn skuli ætla að halda svona áfram vegna þess að reynslan af stjórninni og hinni sífelldu vernd á smáfiski er einfaldlega ekki góð.

[13:46]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjávarútvegsráðherra gerði athugasemd við að ég notaði orðið geðþóttaákvarðanir í þessu sambandi. En ég spyr: Hvernig í ósköpunum á maður að geta komist hjá því að sá grunur læðist að manni þegar maður fær fréttir af þeim gögnum sem liggja fyrir varðandi þessa ákvörðun?

Reyndin er sú að megnið af þessum svokallaða smáþorski sem mennirnir hafa verið svo ólánsamir að veiða á línur sínar er á bilinu 50–55 sentímetrar á lengd. Þetta er þorskur sem er hálfur metri á lengd. Þetta er enginn smáfiskur. En viðmiðunarmörkin í reglugerðunum eru svo vitlaus og svo ferköntuð að þar er talað um að 25% af aflanum megi ekki vera undir 55 sentímetrum og eftir þessu fara menn.

Það er hárrétt sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson benti að heilbrigð fiskveiðistjórn snýst ekki um tommustokka og tölfræði. Heilbrigð fiskveiðistjórn á að snúast um líffræði og vistfræði. Ég veit ekki hversu oft þarf að endurtaka þetta til að stjórnvöld skilji. Ég tala hér um líffræði og vistfræði í víðasta skilningi orðanna, bæði líffræði og vistfræði fiskstofnanna í hafinu en líka um mannlífið á landi. Við megum ekki gleyma því.

Hér líta menn bæði fram hjá líffræði og vistfræði og fram hjá mannlífinu í landi. Menn nota gersamlega fáránleg viðmiðunarmörk til að taka ákvarðanir, sem ég kalla geðþóttaákvarðanir fyrst engar rannsóknir liggja á bak við þær.

Hvers vegna hefur þessi fiskur ekki verið aldursgreindur? Hvers vegna er ekki holdafar fisksins athugað? Hvers vegna eru engar hafrannsóknir af viti stundaðar á þessu svæði? Hvers vegna eru eftirlitsmenn frá Fiskistofu og síðan Fiskistofa látin taka svona ákvörðun út frá löngu úreltri reglugerð sem notuð er í sjávarútvegsráðuneytinu? Hvers vegna er þetta ekki rannsakað? Manni er spurn.

Einnig hlýtur að vakna sú spurning: Er stjórnvöldum hreint og beint illa við að stundaðar séu línuveiðar hér við land, vistvænar veiðar? Sá grunur gæti læðst að manni því að við vitum jú að hæstv. sjávarútvegsráðherra var á móti línuívilnun og ríkisstjórnin einnig.

[13:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég held að enginn lái manni það að undrast ýmislegt sem fram kemur í þessari umræðu og hjá háttvirtum þingmönnum sem töluðu á eftir mér.

Það er að sjálfsögðu rétt að hugsa um líffræði og vistfræði í fiskveiðistjórn. En gera háttvirtir þingmenn sér ekki grein fyrir því að bæði tommustokkurinn og stærðfræðin eru mikilvæg tæki fyrir þessar greinar til þess að byggja rannsóknir á? Hæð og lengd er mæld með tommustokki. Ef ekki væri tommustokkurinn þá mundi hv. þm. Sigurjón Þórðarson ekki vita hversu hár hann er. Þetta er mjög mikilvæg og líffræðileg mæling sem þar er um að ræða. (**MÞH:** Það er ekki eina mælitækið.)

Herra forseti. Síðan er eins og háttvirtir þingmenn hafi ekki hlustað á það sem ég var að segja. Ég sagði áðan að þessi 55 sentímetra viðmiðun væri til að vernda fisk á bilinu þriggja til fjögurra ára, sem er undir þeirri stærð. Þegar liðið er fram á þennan tíma ársins er fjögurra ára fiskurinn venjulega kominn yfir þessa stærð. En það sem sjómenn hafa verið að benda á, sem fellur undir kategóríuna „fiskifræði sjómannsins“, er að sá fiskur sem þarna um ræðir sé hugsanlega eldri vegna þess að hann sé orðinn kynþroska. Í haust hafa verið gerðar mælingar sem benda til þess að þetta gæti verið rétt. Þess vegna hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að fara í frekari í rannsóknir á þessu og mæla þetta enn frekar. Niðurstöður úr þeim rannsóknum gætu legið fyrir strax eftir helgina og þá verður ákvörðun um reglugerðarlokun endurskoðuð ef tilefni er til. (**MÞH:** Um að 200 manns verði atvinnulaus.)

Lánasjóður sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 269. mál (heildarlög). — Þskj. 290.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 242.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Sérkennslu- og meðferðardagdeild fyrir börn með geðrænan vanda, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 24. mál. — Þskj. 24.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. KLM o.fl., 37. mál (kosningaaldur). — Þskj. 37.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Dýravernd, frh. 1. umr.

Frv. SigurjÞ og AKG, 39. mál (dýrahald í atvinnuskyni). — Þskj. 39.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 13:55.

---

24. FUNDUR

miðvikudaginn 10. nóv.,
að loknum 23. fundi.

Dagskrá:

Til fjármálaráðherra:

1. Skattgreiðslur Alcan á Íslandi, fsp. GÁS, 258. mál, þskj. 276.

Til félagsmálaráðherra:

2. Atvinnuleysi, fsp. JóhS, 78. mál, þskj. 78.
3. Heimilislausir, fsp. JóhS, 153. mál, þskj. 153.

Til menntamálaráðherra:

4. Sameining Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, fsp. KolH og JBjarn, 96. mál, þskj. 96.
5. Vinnustaðanám, fsp. KolH, 259. mál, þskj. 277.

Til umhverfisráðherra:

6. Eyðing minka og refa, fsp. ÞBack, 97. mál, þskj. 97.
7. Hreindýrarannsóknir, fsp. ÞBack, 169. mál, þskj. 169.

Til samgönguráðherra:

8. Símtöl til Grænlands, fsp. ÁRJ, 112. mál, þskj. 112.
9. Háhraðatengingar, fsp. BjörgvS, 188. mál, þskj. 188.

Til heilbrigðisráðherra:

10. Undirbúningur í heilbrigðiskerfinu vegna umskorinna kvenna, fsp. ÁRJ, 113. mál, þskj. 113.
11. Samræmd áfengisstefna á Norðurlöndum, fsp. JóhS, 117. mál, þskj. 117.
12. Heilsugæslustöðin á Raufarhöfn, fsp. KLM, 120. mál, þskj. 120.
13. Vinnutilhögun unglækna, fsp. ÁÓÁ, 158. mál, þskj. 158.

Til viðskiptaráðherra:

14. Lágmarkshlutfall kynja í stjórnum hlutafélaga, fsp. JóhS, 90. mál, þskj. 90.

Til iðnaðarráðherra:

15. Sementsverð á landsbyggðinni, fsp. SigurjÞ, 152. mál, þskj. 152.
16. Blönduvirkjun, fsp. SigurjÞ, 196. mál, þskj. 196.

Til dómsmálaráðherra:

17. Gjafsókn, fsp. JBjart, 167. mál, þskj. 167.
18. Lögfræðiaðstoð við þolendur heimilisofbeldis, fsp. JBjart, 255. mál, þskj. 273.

Til sjávarútvegsráðherra:

19. Veiðiregla, fsp. SigurjÞ, 181. mál, þskj. 181.

Skattgreiðslur Alcan á Íslandi.

Fsp. GÁS, 258. mál. — Þskj. 276.

[13:55]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Frú forseti. Ég hef beint svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra:

„Hver eru viðbrögð ráðherra við óskum Alcan á Íslandi og Hafnarfjarðarbæjar um að skattgreiðslur fyrirtækisins taki mið af almennri umgjörð íslenskra skattareglna?“

Ástæðan fyrir fyrirspurn minni er m.a. sú að fyrir liggja erindi, annars vegar fyrirtækisins og hins vegar Hafnarfjarðarbæjar, til hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra Valgerðar Sverrisdóttur. Fyrra erindið er frá fyrirtækinu frá 28. maí 2003 og frá Hafnarfjarðarbæ þann 13. október síðastliðinn.

Það má svo sem velta því fyrir sér af hverju ég spyrji ekki hæstv. iðnaðarráðherra um viðbrögðin við þessum erindum en kannski liggur svarið einfaldlega í því að hæstv. iðnaðarráðherra hefur ekki gert svo lítið að svara þeim. Því taldi ég farsælast að leita upplýsinga hjá fjármálaráðherra sem fer með skattamál íslenska ríkisins.

Það eru vitaskuld tvær hliðar á þessum peningi. Alcan á Íslandi, Straumsvík, greiðir samkvæmt samningi við íslenska ríkið og Hafnarfjarðarbæ samkvæmt gömlum reglum, gömlum viðmiðum, sem í raun þýðir með talsverðri einföldun að ríkissjóður fær meira í sinn hlut en Hafnar-

fjörður minna en ef skattlagt væri samkvæmt almennum skattareglum sem gilda um velflest önnur fjölþjóðleg stóriðjufyrirtæki á Íslandi. Hafnarfjarðarbær hefur til að mynda reiknað út að ef þetta fyrirtæki væri skattlagt eins og önnur í bæjarfélaginu þá mundu tekjur af fasteignaskatti og lóðagjöldum tvöfaldast, verða tvöfalt hærri en er í dag samkvæmt viðmiðunum um framleiðslugjald sem gilt hefur um langt árabil í Straumsvík. Með öðrum orðum færu tekjur bæjarsjóðs af því úr 93 millj. kr. á ári í tæpar 180 millj. kr.

Á hinn bóginn má vænta þess að ef ríkissjóður færi að óskum fyrirtækisins um að fella samninginn að almennri skattaumgjörð hér á landi þá mundu skatttekjur ríkisins að sama skapi lækka umtalsvert. Það væri fróðlegt að fá tölfræðilegar upplýsingar frá hæstv. ráðherra um þau efni.

Ég minnist þess að hæstvirtir fjármálaráðherrar, núverandi og fyrrverandi, hafa margsinnis lýst því yfir að samningar við fyrirtæki sem hasla sér völl hér á landi, sérstaklega á vettvangi stóriðju, ættu að falla að almennum skattalögum og skattareglum. Ég spyr því: Hver er afstaða ráðherrans til þessara tilteknu erinda og hvernig mun ríkisstjórnin svara þeim?

[13:58]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Þannig er að skattamál Íslenska álfélagsins í Straumsvík eru sérstök að því leyti að um þau er fjallað í sérstökum samningi sem gerður var upprunalega 1966 á grundvelli laga sem þá voru samþykkt á Alþingi. Samningurinn gerir ráð fyrir því að í stað þess að greiða gjöld samkvæmt hinum almennu íslensku skattalögum greiði fyrirtæki þetta sérstakt framleiðslugjald sem síðan hefur tekið nokkrum breytingum í áranna rás.

Ég er almennt þeirrar skoðunar — og það er rétt eftir haft hjá hv. þingmanni — að heppilegra sé að fyrirtæki af þessu tagi lagi sig að hinum almennu reglum á Íslandi hvað varðar skatta enda hafa þær reglur á undanförnum árum mjög breyst í átt að því sem almennt gerist í fyrirtækjarekstri í öðrum löndum.

Í samningnum sem gildir við Íslenska álfélagið er ákvæði þess efnis að fyrirtækið geti, ef það kýs svo, breytt því fyrirkomulagi sem nú er í gildi og fært sig yfir í hið almenna skattkerfi. Um það þarf að vísu formlega séð að semja en í rauninni er það ákvörðun fyrirtækisins sjálfs hvort það kýs að gera þetta. Ég vil þá segja það sem svar við hinni beinu spurningu í þessari fyrirspurn um það hver afstaða mín sé að ég er mjög jákvæður gagnvart því að fyrirtækið geri þetta.

Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda liggur fyrir erindi í iðnaðarráðuneytinu og það hefur verið til meðferðar milli iðnaðarráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins eins og nauðsynlegt er varðandi slíkt mál. Því verður væntanlega svarað fljótlega.

Vandinn hefur hins vegar verið sá, eins og oft er, að e.t.v. gæti fyrirtækið hugsað sér að fá eitthvað örlítið meira út úr slíkum viðskiptum en sem svarar því sem segir í skattalögunum eins og þau eru núna. Þar stendur hnífurinn í kúnni sýnist mér efnislega án þess að ég vilji vera að reifa hér hvað það er sem fyrirtækið muni fá í svar frá ríkinu. Öll fyrirtæki sem hafa aðstöðu til reyna auðvitað að koma ár sinni vel fyrir borð og þetta fyrirtæki sem er góður samstarfsaðili okkar til mjög margra ára og hefur lagt drjúgt í búið í Hafnarfirði í mörg ár vill auðvitað reyna að styrkja stöðu sína gagnvart framtíðinni í þessum efnum.

Afstaða okkar er sú að fyrirtækið er velkomið inn í hið nýja íslenska skattumhverfi sem við höfum verið að gjörbreyta og bæta á undanförnum árum en það getur ekki vænst þess að því til viðbótar fái það sérstök hlunnindi eða réttindi umfram aðra. Í rauninni stendur valið fyrir þetta fyrirtæki um það hvort það vilji halda sig við það fyrirkomulag sem nú er eða hvort það vilji breyta til og fara yfir í óbreytt íslenskt skattkerfi eins og það er á hverjum tíma. Það held ég að sé ákvörðun sem fyrirtækið verður bara sjálft að gera upp við sig. Ég hef enga sérstaka skoðun á því ef það er réttur fyrirtækisins samkvæmt samningnum eins og ég held að sé.

Síðan er það óháð þessu hvað verður um hækkun Hafnarfjarðar í þessu máli sem eins og ég sagði áðan hefur notið mjög góðs umfram önnur sveitarfélög af þessu fyrirtæki. Það er vel, það er fínt en tekjur Hafnarfjarðar af þessu máli eins og þær eru í dag markast auðvitað af samkomulagi sem upphaflega var gert um skiptingu framleiðslugjaldsins sem fyrirtækið greiðir milli ríkis og bæjarfélags.

Þetta held ég, virðulegi forseti, að sé málið í hnotskurn. Síðan má kannski bæta því við að vafalaust er þessi samningur frá 1966 með breytingum öðruvísi en hann væri ef hann væri gerður nýr á árinu 2004. Það á við um svo margt sem gert er. Hann er hins vegar alveg skýr hvað varðar efni málsins og eftir honum ber að fara þangað til aðilar semja um eitthvað nýtt.

[14:03]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Bæði spurning hv. þingmanns og svar hæstv. fjármálaráðherra gefur okkur tilefni til að beina sjónum að þessum samningum sem gerðir eru við stórfyrirtæki í þungaiðnaði á Íslandi. Spurningin er um það til hve langs tíma þessir samningar eru gerðir og hvaða fríðinda þessi fyrirtæki njóta þegar þau koma inn á okkar íslenska markað. Þau eru þess eðlis að það er eðlilegt að við setjum spurningarmerki við þau.

Mér fundust koma fram í svari hæstv. fjármálaráðherra ákveðin atriði sem gefa okkur tilefni til vangaveltna, í öllu falli það, um þessa langtímasamninga. Ég er sjálf hlynnt því að þessi fyrirtæki komi inn í íslenskt skattumhverfi og meginreglan í þessum efnum ætti auðvitað að vera að þau starfi á Íslandi samkvæmt íslenskum skattalögum en ekki við þau gífurlegu fríðindi og þá langtímasamninga sem hafa tíðkast hingað til.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Þau voru skýr svo langt sem þau náðu. Hann sagði efnislega að þessu fyrirtæki eins og öðrum sem nytu einhverra sérsamninga vegna þess hversu gamlir þeir væru stæði til boða að ganga inn í óbreytt íslenskt skattkerfi. Hann sagði jafnframt að þetta tiltekna fyrirtæki væri eftir því sem hann vissi best að sækja einhvern aukaafslátt af almennum skattareglum í því

sambandi. Nú kann ég ekki skil á því og væntanlega getur ráðherrann útskýrt það betur.

Ég spurði hins vegar hvað það þýddi fyrir tekjur ríkissjóðs ef svo færi að þetta fyrirtæki gengi inn í hið almenna íslenska skattkerfi sem ég hygg að við séum flest sammála um að eigi að gerast með þessi fyrirtæki eins og önnur. Ég rakti það hér áðan og vil í því samhengi taka það sérstaklega út úr að Hafnarfjarðarbær hefur séð af umtalsverðum tekjum í áranna rás, allt frá 1966, vegna þess að fyrirtækið hefur notið sérsamninga við íslenska ríkið um hið svokallaða framleiðslugjald. Ef Hafnarfjarðarbær hefði getað skattlagt þetta fyrirtæki eins og önnur í bæjarfélaginu mundu skatttekjur á ári hverju hækka um helming. Ég hafna þeim yfirlýsingum ráðherra hér að Hafnarfjarðarbær hafi notið einhvers umfram önnur sveitarfélög í þessum efnum. Það er bara þannig að sveitarfélög hringinn í kringum landið hýsa smá og stór fyrirtæki og eiga samkvæmt almennum skattreglum að taka af þeim fasteignaskatta og lóðaleigu, eins og venja er til. Það er alveg óþarfi að leggja lykkju á leið sína og sjá einhverjum ofsjónum í því sambandi.

Grunur minn er sá, og það er kannski meginatriði fyrirspurnar minnar, að ríkissjóður sé kannski hikandi við að færa þetta til hinna almennu reglna vegna þess að það þýði í raun að tekjur sveitarfélagsins hækki en tekjur ríkissjóðs lækki. Þekkja menn það orðfæri enda er það ekki alveg nýtt í þessum sal. Það er með öðrum orðum verið að snuða sveitarfélögin og ríkissjóður heldur sínu óbreyttu.

[14:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Frú forseti. Þessi síðasta setning er eiginlega alveg óskiljanleg, er náttúrlega bara skætingur þegar verið er að tala alvarlega um mikilvægt mál sem er fyrirkomulag skatta á álverið í Straumsvík. Ég vil segja að alveg frá byrjun hefur staðsetningin á þessu álveri í Straumsvík verið búhnykkur fyrir Hafnarfjörð og bæjarbúana þar. Ég fagna því, tel að það sé mjög fínt og hafi alla tíð verið fyrir þetta bæjarfélag.

Ég hef ekki upplýsingar tiltækar um tekjur ríkisins af þessu fyrirtæki og hvernig þær mundu breytast ef núverandi framleiðslugjald yrði lagt niður og fyrirtækið færi inn í almenna skattkerfið. Það er ekki aðalatriðið í þessu máli og það er ekki það sem við erum að skoða þegar verið er að taka afstöðu til breytinganna. Fyrirtækið getur farið fram á þessar breytingar og á rétt á þeim og ef fyrirtækið á rétt á þeim er það ekki aðalatriði málsins hvaða áhrif það hefur á tekjur ríkissjóðs eða skiptingu tekna milli ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar.

Það er eitt sem ég vildi segja út af síðari ræðu þingmannsins. Hann notaði orðalag sem ég kannast ekki við að hafa sjálfur notað um auka... (**GÁS:** ... góðs ... sveitarfélög ... búhnykkur ...) Nei, það var ekki það. Ég var að gefa í skyn að fyrirtækið vildi fá heldur meira fyrir sinn snúð en næmi reglunum í almennu skattalögunum. Ég hygg að nokkuð sé til í að fyrirtækið vilji fá notið góðs af núverandi almennum skattareglum en jafnframt notið einhverra réttinda sem er að finna í gildandi kerfi. Við getum ekki sætt okkur við það en það sem meira er er að slík afgreiðsla bryti væntanlega í bága við ríkisstyrkjareglur Evrópska efnahagssvæðisins vegna þess að þetta fyrirtæki er ekki á svokölluðu byggðakorti Eftirlitsstofnunar EFTA.

Atvinnuleysi.

Fsp. JóhS, 78. mál. — Þskj. 78.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Full ástæða er til að hafa áhyggjur af atvinnuleysinu hér á landi, ekki síst viðvarandi atvinnuleysi sem hefur verið í langan tíma hjá 4–6 þús. manns. Langtímaatvinnuleysi er orðið ískyggilegt að mínu mati og einhverjir hópar virðast vera að festast í því. Þrátt fyrir mikinn vöxt og miklar framkvæmdir virðist atvinnuleysið halda áfram að aukast, t.d. á næsta ári, og atvinnuleysið nú í byrjun vetrar hefur aukist frá því á sama tíma í fyrra. Atvinnuleysi hefur vaxið mikið, t.d. hjá ungu fólki sem er mikið áhyggjuefni og fram hefur komið að helmingur allra atvinnulausra er undir 35 ára aldri. Þriðjungur er langtímaatvinnulaus og það fólk hefur verið atvinnulaust í sex mánuði eða lengur.

Hæstv. ráðherra hefur ekki enn svarað fyrirspurn minni frá því í byrjun október um langtímaatvinnulausa. Kalla ég eftir því að fá svar við þeirri fyrirspurn og hvernig hann hyggist bregðast við því að hlutfall langtímaatvinnulausra hefur hækkað úr 19% af öllum atvinnulausum árið 2002 í 26,4% árið 2003. Svo er nú komið að í ágúst 2004 hafði hlutfall langtímaatvinnulausra aukist úr 19% frá árinu 2002 og í 34%, hvorki meira né minna, í ágúst sl.

Lítillega hefur dregið úr atvinnuleysi milli ágúst- og septembermánaðar sem eru sennilega nýjustu tölur, þ.e. þá frá sl. septembermánuði. Þá var því spáð að nú í nýliðnum október mundi atvinnuleysi aukast enn og verða allt að 2,9%. Það er vissulega áhyggjuefni að ekkert virðist ætla að draga úr atvinnuleysinu og spáir fjármálaráðuneytið 2,7% atvinnuleysi á næsta ári og ASÍ reyndar mun meira, þ.e. 3%.

Atvinnuleysi meðal kvenna, einkum á höfuðborgarsvæðinu, er mjög mikið. Það var 3,7% í september en hafði heldur minnkað frá ágúst þegar það var 4,4%. Þó að atvinnuleysi hafi heldur minnkað milli ágúst- og septembermánaðar hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem það er mest á landinu eru nú að meðaltali um 73%, hvorki meira né minna, virðulegi forseti, á landinu öllu á þessu svæði, á höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu var í september atvinnuleysi að meðaltali 3,1%, á landsbyggðinni 1,9% og á landinu öllu 2,6%. Þessi þróun hefur alveg snúist við frá því sem áður var þegar atvinnuleysi var yfirleitt minna á höfuðborgarsvæðinu.

Er full ástæða til að hæstv. vinnumálaráðherra leiti skýringa á því hvað veldur og hvernig við því eigi að bregðast. Um það snýst þessi fyrirspurn sem ég tel óþarft að lesa. Hún er í tveim töluliðum um að ég kalli eftir meginskýringum þess að 75% allra atvinnulausra er á höfuðborgarsvæðinu, hvernig við eigi að bregðast og hvernig hægt sé að snúa við þessari ófugþróun.

[14:12]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fyrir mig fyrirspurn um atvinnuleysi. Að því er varðar atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu var 3.371 einstaklingur að meðaltali án atvinnu á fyrstu níu mánuðum þessa árs hér á þessu svæði. Á sama tíma voru 1.396 einstaklingar að meðaltali atvinnulausir á landsbyggðinni. Þessar tölur svara til þess að 71% atvinnulausra hafi að meðaltali komið frá höfuðborgarsvæðinu þessa mánuði.

Engu að síður, hæstv. forseti, er það nokkuð sveiflukennt yfir árið hve hátt hlutfall atvinnulausra kemur héðan af höfuðborgarsvæðinu þar sem meiri sveiflur í atvinnuleysi eru á landsbyggðinni samanborið við höfuðborgarsvæðið. Það verður því að varast að skoða einungis einstaka mánuði í þessu samhengi. Sem dæmi má nefna að stór hluti atvinnulausra, eða um 70–75% á síðustu árum, hefur komið af höfuðborgarsvæðinu yfir sumarmánuðina. Þetta hlutfall hefur hins vegar tekið breytingum yfir vetrarmánuðina þegar hlutfall þeirra sem hafa búsetu á höfuðborgarsvæðinu er um 50–65% allra atvinnulausra á landinu. Á þeim tíma er atvinnuleysið hvað mest á landsbyggðinni.

Atvinnuleysi meðal fólks er mælt sem hlutfall af mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði samkvæmt áætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Þegar þessar hlutfallstölur eru skoðaðar, skipt eftir kyni, lítur vissulega út fyrir að atvinnuleysi meðal kvenna sé tæplega helmingi meira en atvinnuleysi meðal karla á fyrstu níu mánuðum þessa árs. Athyglisvert er þó, hæstv. forseti, að skoða þetta betur og velta því upp hvað stendur á bak við þessar hlutfallstölur. Staðreyndin er sú að konur á vinnumarkaði eru færri en karlar en eins og áður sagði er atvinnuleysi reiknað á áætluðum fjölda þátttakenda á vinnumarkaði. Þar af leiðandi er munurinn á meðalfjölda atvinnulausra minni milli kvenna og karla en hlutfallstölurnar virðast gefa til kynna við fyrstu sýn.

Þegar skoðaður er meðalfjöldi á atvinnuleysisskrá að jafnaði fyrstu níu mánuði þessa árs kemur í ljós að 2.274 karlar og 2.493 konur voru á skrá að jafnaði á mánuði. Þegar einungis er litið til fjölda atvinnulausra á þessu tímabili að meðaltali voru 9% fleiri konur á skránni að jafnaði en karlar.

Í ljósi framangreinds má eflaust velta fyrir sér við hvað eigi að miða þegar meta skal hvort ráðast skuli í sértæk vinnumarkaðsúrræði, hreinar fjöldatölur eða hlutfallstölur reiknaðar út frá áætluðum mannafla á vinnumarkaði. Vinnumarkaðsúrræði svæðisvinnumiðlana eru ætíð ætluð þeim sem eru í atvinnuleit á hverjum tíma, óháð kyni, búsetu, aldri eða þjóðerni. Reynt er að meta hverju sinni hvaða hópar þurfi sérstaka athygli svæðisvinnumiðlana. Á þessu ári, hæstv. forseti, er t.d. lögð sérstök áhersla á þá einstaklinga sem hafa verið langtímaatvinnulausir og ungt fólk á atvinnuleysisskrá, bæði konur og karla. Stjórn Vinnumálastofnunar lagði m.a. áherslu á að svæðisvinnumiðlanir stæðu fyrir skemmri námskeiðum eða menntasmiðjum fyrir yngsta aldurshópinn. Í því sambandi var undirstrikuð þörfin á vinnumarkaðsúrræðum fyrir ungar mæður í atvinnuleit. Að því er varðar hóp langtímaatvinnulausra var lögð áhersla á menntunar- og starfstengd úrræði.

Þrátt fyrir framangreint hefur sjónum sérstaklega verið beint að atvinnumálum kvenna í víðara samhengi og má ekki rugla því saman hér. Margar þær aðgerðir sem hafa miðast við að auka fjölbreytni í atvinnulífi eða greiða aðgengi kvenna að fjármagni til atvinnurekstrar hafa leitt til þess að dregið hefur úr atvinnuleysi meðal kvenna á einstökum svæðum. Í því samhengi má nefna styrki sem sérstaklega eru ætlaðir til atvinnumála kvenna, Lánatryggingasjóð kvenna og atvinnu- og jafnréttisráðgjafa sem staðsettir hafa verið á Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Suðurlandi.

Hæstv. forseti. Það hefur verið mikill hagvöxtur í landinu að undanförnu en á sama tíma höfum við illu heilli þurft að horfast í augu við að 4–6 þús. manns séu að jafnaði án atvinnu í hverjum mánuði. Sá fjöldi nemur um 3–3,5% af áætluðum mannafla á innlendum vinnumarkaði. Við vitum hins vegar að atvinnuleysið hefur verið sveiflukennt í gegnum tíðina og má núna merkja þá ánægjulegu þróun að dregið hefur úr fjölda atvinnulausra nær stöðugt frá því í febrúar sl. Þó fór ekki að verða vart við fækkun kvenna á atvinnuleysisskrá á höfuðborgarsvæðinu fyrr en í júlí sl. en þeim hefur fækkað síðan þá. Í lok september var 3.891 án atvinnu, 1.765 karlar og 2.126 konur. Við skulum vona að þróunin í átt að minnkandi atvinnuleysi haldi áfram, hæstv. forseti.

Því skal ekki neitað að það hefur hvarflað að þeim sem hér stendur að við séum e.t.v. að horfa fram á breytta tíma í þróun atvinnuleysis hér á landi þó að ég telji nú raunar of snemmt að segja til um það. Engu að síður er þýðingarmikið að við séum vakandi og reiðubúin að mæta nýjum aðstæðum. Í því sambandi skiptir mjög miklu máli að allir vinni saman í nánu samstarfi að því markmiði að ná árangri við að draga úr atvinnuleysi. Þar á ég við stjórnvöld, samtök aðila vinnumarkaðarins, sveitarfélögin og fyrirtækin í landinu. Við verðum öll að axla ábyrgðina og leggjast á eitt við að finna lausnir sem eru vænlegar til árangurs.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en býst varla við því að hæstv. ráðherra hafi kveikt nokkra von í brjóstum einhverra þeirra 4–6 þús. sem eru atvinnulausir ef svo vill til að þeir hafi verið að hlýða á mál hans. Hæstv. ráðherra eyddi mestu af tíma sínum í að lesa upp tölur úr skýrslum Vinnumálastofnunarinnar um atvinnuleysi sem við höfum öll aðgang að. Ég var hins vegar að kalla eftir viðbrögðum ráðherrans. Hver er meginskýring þess að yfir 70% allra atvinnulausra eru á höfuðborgarsvæðinu? Ég gat ekki heyrt að ráðherrann véki neitt að því sem er bein spurning til ráðherrans og hvernig hann ætlaði þá að bregðast við því. Það voru engin úrræði eða aðgerðir sem ráðherrann nefndi, því miður.

Það voru heldur engin úrræði hjá hæstv. ráðherra um það hvernig hann ætlar að snúa við þeirri öfugþróun að 4–6 þús. manns eru að jafnaði á atvinnuleysisskrá.

Við stöndum frammi fyrir því að harkan á vinnumarkaðnum hefur aukist, meiri kröfur eru gerðar til fólks og það er örugglega ein skýringin á langtímaatvinnuleysinu. Hæstv. ráðherra nefndi jú menntunar- og starfstengd úrræði

fyrir langtímaatvinnulausa en það þarf að gera miklu meira. Það þarf að ráðast í það miklu meira en gert hefur verið að greina vandann, leita eftir skýringum og vinna markvisst að því að þetta fólk fái lausn mála sinna á vinnumarkaðnum. Mér fannst vanta mikið upp á, virðulegi forseti, að í svari ráðherrans kæmi fram að hann ætlaði eitthvað að gera í þessu máli. Það er ekki nóg að lýsa einhverjum áhyggjum ef þeir sem völdin hafa gera svo ekkert í málinu.

Ráðherrann nefndi hér styrki til atvinnumála kvenna. Þetta er sjóður sem hefur starfað í sennilega 10–15 ár og gert mikið gagn en fjármagn til hans hefur ekkert aukist. Ég veit að þetta fjármagn hefur nýst mjög vel. Ég hefði t.d. viljað heyra ráðherrann segja að hann mundi auka fjármagn í þennan sjóð sem gagnast konum mjög vel. (Forseti hringir.) En ég kalla frekar, virðulegi forseti, eftir úrræðum ráðherrans.

[14:20]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Vinnumarkaðsúrræði til handa atvinnulausum eru ætluð til þess að auka atvinnutækifæri þeirra á vinnumarkaðnum, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir þekkir.

Eins og fram kom í máli mínu áðan, hæstv. forseti, hef ég engar og trúi raunar ekki á töfralausnir til að leysa þennan vanda. Við höfum hins vegar, eins og ég rakti áðan, gripið til margvíslegra aðgerða til þess að bregðast við vanda þeirra sem eru atvinnulausir. Við höfum einkum beint sjónum okkar á þessu ári að þeim sem búa við langtímaatvinnuleysi, þ.e. þeim sem hafa verið atvinnulausir í sex mánuði eða lengur, ungu fólki og raunar eldra fólki á vinnumarkaði sömuleiðis. Þekkt eru þau úrræði sem beitt hefur verið og verður beitt áfram, sérstaklega gagnvart konum á atvinnuleysisskrá.

Hv. þm. gerði hér að umtalsefni skriflega fyrirspurn um langtímaatvinnuleysi. Því er til að svara að það svar hefur krafist allnokkurrar yfirlegu, er nú tilbúið til undirritunar í félagsmálaráðuneytinu og verður sent þinginu í þessari viku.

Það sem ég tel mikilvægast í þessum efnum er að við gefumst ekki upp, leggjum ekki upp laupana, grípum ekki til þess ráðs að segja að svona sé þetta hjá nágrannaþjóðum okkar og lítið sé við þessu að gera. Við eigum ekki að líða atvinnuleysi á Íslandi. Það hefur verið grundvöllur þeirra efnahagslegu framfara sem átt hafa sér stað í landinu, þeirra lífsgæða sem íslenska þjóðin býr við, að hér hefur verið næga vinnu að hafa og ég vonast til þess að þannig verði það áfram.

Ég vil rétt að lokum, hæstv. forseti, nefna að nú er að störfum á mínum vegum nefnd sem fer yfir lögin um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Að því starfi koma aðilar vinnumarkaðarins og fleiri. Tilgangurinn er að byggja hér upp skilvirkara og betra stuðningskerfi við atvinnulausa og ég vænti mikils af starfi þeirrar nefndar.

Heimilislausir.

Fsp. JóhS, 153. mál. — Þskj. 153.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það eru ekki mörg ár síðan við byrjuðum að sjá miklar breytingar á þessu samfélagi. Þá á ég við það að í samfélaginu er að verða sýnilegt fólk sem á hvergi höfði sínu að halla, fólk sem er á vergangi, lifir utan þjóðfélagsins, fólk sem er með brotna sjálfsímynd og kallar eftir hjálp samfélagsins.

Í svari félagsmálaráðherra til mín á síðasta þingi um aðstæður heimilislausra kom fram að alls voru 102 fullorðnir taldir heimilislausir í fjórum sveitarfélögum, Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Akureyri. Þar af voru 74 karlar en 28 konur og í hópnum voru einnig einstæðar mæður með börn á framfæri. Meginþorri þessa fólks er í Reykjavík og er frá 20 ára til sjötugs. Rúmlega þriðjungur þess á við fíkniefnavanda að etja og fjölmargir í hópnum eru geðfatlaðir.

Viðbrögð félagsmálaráðherra sem komu fram á síðasta þingi lýstu góðum vilja ráðherrans en nú er kallað eftir aðgerðum. Það er þyngra en tárum taki í þjóðfélagi sem vill kenna sig við velferð og mannréttindi að það taki ekki hiklaust og af festu á málefnum heimilislausra og finni úrlausn á þeim málum.

Ráðherrann sagðist á síðasta þingi hafa fullan hug á að gera könnun á stöðu þessara mála. Hefur slík könnun verið gerð, virðulegi forseti? Ráðherrann sagði líka að fundin yrði lausn á þörfum geðfatlaðra fyrir húsnæði en samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér eru nú 77, hvorki meira né minna, geðfatlaðir einstaklingar sem bíða eftir húsnæði á vegum Öryrkjabandalagsins. Það eru nýjar upplýsingar.

Það segir sig því sjálft að málið þolir ekki bið. Við höfum ekki efni á því, virðulegi forseti, að bíða lengur eftir aðgerðum stjórnvalda þegar á annað hundrað manns eru heimilislausir og bíða úrlausnar, þar á meðal á annan tug einstaklinga sem eru hættulegir umhverfi sínu samkvæmt fyrra svari ráðherrans, eru á götunni og ógna umhverfi sínu eins og fram kom í svarinu. Þessa ógn ber að taka alvarlega og bregðast við til að fyrirbyggja að þessir einstaklingar skaði sjálfa sig eða aðra. Hér er um að ræða sjúka einstaklinga sem þurfa á hjálp samfélagsins að halda, ýmist vegna fíkniefnaneyslu eða alvarlegra geðrænna vandamála. Um getur líka verið að ræða fólk sem ekki getur séð sjálfu sér farborða af ýmsum ástæðum. Það veit ekki gististað sinn frá einni nótt til annarrar og ég kalla hér eftir áformum ríkisstjórnarinnar og tillögum til úrlausnar fyrir heimilislausa. Það er ekki vonum seinna, virðulegi forseti, að á þessu máli sé tekið.

[14:25]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér í þinginu.

Í framhaldi af umræðum á Alþingi sl. vor hélt ég samráðsfund með fulltrúum Félagsþjónustunnar í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði og á þann fund komu einnig full-

trúar frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og lögreglunni í Reykjavík.

Í ljós kom að sá vandi sem hér er um rætt er margþættur og lausn finnst ekki án þess að félagslega kerfið, heilbrigðiskerfið og löggæslan vinni saman. Meðal annars kom í ljós á þessum fundi okkar að skilgreining á hugtakinu „heimilisleysi" var nokkuð á reiki. Aðilar ákváðu því að mínu frumkvæði að stofna samráðshóp um þessi mál. Hópurinn var skipaður í ágúst og hefur fengið það verkefni að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hugtakið heimilisleysi og í framhaldi að setja fram áætlun um samstillt viðbrögð til að koma í veg fyrir heimilisleysi á höfuðborgarsvæðinu en ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda að það hlýtur að vera verkefni sem við tökum höndum saman um. Í hópnum eiga sæti fulltrúar framangreindra aðila.

Hæstv. forseti. Starfshópurinn hefur komist að sameiginlegri vinnuskilgreiningu um hugtakið heimilisleysi enda er það forsenda þess að vinnan beri árangur og að niðurstaðan verði raunhæf. Aflað hefur verið gagna frá umræddum sveitarfélögum og frá lögreglunni í Reykjavík, það var farið yfir upplýsingarnar og þær bornar saman til að tryggja heildaryfirsýn yfir viðfangsefnið. Nú er verið að taka saman í grófum dráttum upplýsingar um viðkomandi einstaklinga sem að mati hópsins búa við heimilisleysi, þ.e. kyn þeirra, aldur og heilsufar, bæði líkamlegt og andlegt, lifibrauð, þ.e. hvort viðkomandi býr við fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, örorkubætur eða annað, samskipti við stofnanir ýmiss konar, gróft mat á meginorsök vanda viðkomandi o.fl. Svo virðist sem nánast allur hópurinn haldi til í Reykjavík, hæstv. forseti.

Þegar þessar upplýsingar liggja fyrir verður mögulegt að leggja til aðgerðir og tillögur um samráð með það að markmiði að koma í veg fyrir að fólk verði heimilislaust á höfuðborgarsvæðinu. Það er stefnt að því að samráðshópurinn skili mér skýrslu eigi síðar en 15. janúar nk.

Við þetta vil ég bæta, hæstv. forseti, að nú hefur hafist samstarf félagsmálaráðuneytis við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um málefni geðsjúkra sérstaklega og búsetumál þess hóps. Tillögur um aðgerðir til þess að bregðast við því verkefni eiga að liggja fyrir í lok þessa árs eða byrjun hins næsta.

Sömuleiðis hefur verið settur af stað hópur sem ætlað er að bregðast við bráðum vanda þeirra sem geðsjúkir eru og m.a. komu til umfjöllunar hér á hinu háa þingi í vor, þ.e. þeirra sem talið er að hætta geti stafað af. Félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, lögreglan og félagsþjónusta viðkomandi sveitarfélaga hafa tekið höndum saman um að bregðast við vanda þessara einstaklinga á hverjum tíma og það er óhætt að segja, hæstv. forseti, að sú aðferð hefur þegar borið nokkurn árangur.

[14:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Hér kom fram að 77 geðfatlaðir bíða eftir húsnæði hjá Öryrkjabandalaginu og 20–30 þeirra eru á götunni. Það fólk er að mestu leyti hér í Reykjavík og við sjáum það úti á Austurvelli nánast daglega.

Það er gott sem kemur fram hér hjá hæstv. ráðherra að kerfin eru að vinna saman og hafa komist að niðurstöðu um það að koma sér saman um merkingu hugtaksins heimilisleysi og hvert sé lifibrauð þessa hóps. En hvenær má gera ráð fyrir úrræðum fyrir þessa heimilislausu?

Fyrir nokkrum dögum, þegar snjóaði fyrsta daginn í vetur, gekk ég yfir Austurvöll snemma morguns og sá að undir hvítri snjóbreiðunni lá heimilislaus maður og svaf. Það er orðið mjög brýnt að raunveruleg úrræði komi fyrir þetta fólk þannig að við þurfum ekki í þessu velferðarsamfélagi að horfa upp á það að sjúkt fólk liggi sofandi á bekkjunum úti á Austurvelli þegar maður kemur snemma morguns til vinnu. (Forseti hringir.)

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvenær má búast við úrræðum? Við getum ekki beðið fram yfir áramót eftir því að úrræði fáist.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég finn í svörum ráðherra eins og á síðasta þingi góðan vilja hjá honum til að finna lausn á þessum málum. Hæstv. ráðherra er að vinna að því. En hér er spurt um efndir. Ráðherrann segist hafa skipað nefnd í ágúst sl., samráðsnefnd aðila, félagskerfisins, heilbrigðiskerfisins og löggæslunnar, til að skoða vanda þessa hóps. Ég velti fyrir mér: Af hverju var þessi nefnd ekki skipuð fyrr? Vandinn lá fyrir, hefur legið fyrir lengi, var rakinn á síðasta þingi en það er ekki fyrr en í ágúst sem þessi nefnd er skipuð.

Það kemur upp í huga mér hvort niðurstaðan hjá þessari nefnd og framkvæmd ríkisstjórnar verði með sama hætti og þegar ríkisstjórnin skilaði af sér á síðasta þingi, virðulegi forseti, niðurstöðu sinni um hvernig eigi að taka á vanda fátækra í Reykjavík. Það voru ekki nokkur úrræði sem ríkisstjórnin lagði þá fram, vísaði öllu á sveitarfélögin. Því miður óttast ég að það geti farið eins núna en það má bara ekki verða, virðulegi forseti.

Hæstv. ráðherra segir að það eigi skila skýrslu 15. janúar. Með því verður fylgst og ég óska eftir því að hæstv. ráðherra komi með þessa skýrslu inn í þingið, að við fáum að ræða þessa stöðu og niðurstöðuna sem úr því kemur og þá verði lögð fram skýr áætlun um það hvernig eigi að finna lausn á þessum vanda. Það er ekki boðlegt í velferðarsamfélagi okkar að við þurfum að rekast á, ekki einn sem er á vergangi heldur stundum tugi saman í miðborginni sem ráfa um í reiðileysi og eiga hvergi höfði sínu að halla.

Ég spyr líkt og síðasti ræðumaður: Hvaða áætlun liggur fyrir af hálfu heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra til að leysa búsetuvandamál 77 geðfatlaðra einstaklinga? Liggur fyrir einhver áætlun um það hvernig henni verður hrint í framkvæmd? Hvenær megum við eiga von á að sjá lausn í þessu máli? Það er orðin skömm að því, virðulegi forseti, ef ekki verður tekið fljótt á því.

[14:32]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessa umræðu. Það er hverju orði sannara sem fram kom í máli fyrirspyrjanda og hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að hér er verkefni sem brýnt er að við tökumst á við. Ég tel hins vegar mikilvægt, eins og fram kom í máli mínu áðan,

að hér taki menn höndum saman og séu sammála um með hvaða hætti á að takast á við vandann. Það er það verkefni sem blasir við okkur núna og við höfum verið að vinna að frá því að við áttum þá umræðu sl. vor sem hér hefur komið til tals. Þótt sá hópur sem ég gerði að umtalsefni hafi ekki formlega verið skipaður fyrr en í ágúst kom hópurinn saman strax í kjölfar umræðunnar í vor og hefur að mínu viti unnið vel að því verkefni sem honum var falið.

Ég mun að sjálfsögðu gera mitt ýtrasta til að upplýsa um niðurstöðu þeirrar vinnu sem ég hef rakið að farin er af stað. Það blasir við að við þurfum að taka á búsetuvanda geðsjúkra og sjúkra og geðfatlaðra með kannski líkum hætti, hæstv. forseti, og gert var varðandi fatlaða. Á sínum tíma var sett upp metnaðarfull áætlun sem tók til fimm ára og ríkisstjórnin hefur séð til þess að á hverju ári hafa fjármunir verið veittir til þess að bregðast við þeim vanda sem þar var uppi. Við sjáum nú fyrir enda þess verkefnis, þ.e. biðlistunum í málefnum fatlaðra verður brátt eytt, og ég vil gjarnan sjá álíka áætlun verða til hvað varðar búsetumál geðsjúkra og geðfatlaðra og eins og ég rakti í máli mínu áðan vonast ég til að sú áætlun líti dagsins ljós eigi síðar en í lok þessa árs eða byrjun þess næsta.

Sameining Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Fsp. KolH og JBjarn, 96. mál. — Þskj. 96.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Sú sem hér stendur átti fyrir skemmstu orðastað við hæstv. menntamálaráðherra úr þessum stóli um samkomulag um sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík og ég gagnrýndi með hvaða hætti Sjálfstæðisflokkurinn er að knýja allt nám á háskólastigi inn á braut skólagjalda. Sérstaklega væri þetta áberandi með þessum sameiningaráformum þar sem þar með stæðu ákveðnar námsbrautir í tækninámi ekki til boða nema gegn háum skólagjöldum. Ég segi háum skólagjöldum því að um þessar mundir er háskólanám í Háskólanum í Reykjavík gjaldfært upp á 200 þús. kr. á ári í skólagjöld. Ég hef lagt áherslu á að með því að fara þessa leið sem hæstv. menntamálaráðherra er að fara varðandi þessa sameiningu sé efnahagslegu jafnrétti til náms ógnað.

Hæstv. menntamálaráðherra sagði í þessum umræðum að hún vildi efla nám í tæknigreinum og verkfræði og það mátti skilja á ummælum hennar að þar vildi hún leggja mesta áherslu á verkfræðinámið. Tækninámið virðist eiga að vera hornreka við þessa sameiningu. Ef það er menntapólitísk niðurstaða stjórnvalda að Tækniháskólinn sem stofnaður var með lögum frá Alþingi fyrir tveimur árum og hefur í raun aldrei fengið byr í seglin skuli lagður niður þarf að svara því hvernig best verði staðið að því, hvernig því námi sem skólinn hefur boðið upp á hingað til verði best fyrir komið innan annarra stofnana. Síðan þetta var hafa komið upp hugmyndir, bæði frá Félagi geislafræðinga og lífeindafræðinga sem áður kölluðust meinatæknar um að ákveðnir þættir í heilbrigðisgreinunum sem Tækniháskólinn hefur kennt verði fluttir til læknadeildar Háskóla Íslands og Stefán B. Sigurðsson, forseti læknadeildar, hefur ekki tekið því fjarri.

Ég verð að segja að mér finnist sú tillaga vera skynsamleg úr því sem komið er en það má líka spyrja hvort ekki hefði verið skynsamlegt að menntamálayfirvöld skoðuðu það hvort ekki mætti flytja verkfræðinámið eða þann þátt námsins í Tækniháskólanum yfir til verkfræðiskorar verkfræðideildar Háskóla Íslands.

Það er í fleiri horn að líta í þessum efnum, virðulegi forseti, og mér sýnist allt ráðslag hæstv. menntamálaráðherra í þessu máli hafa einkennst af óðagoti og flumbrugangi. Hún hefur ekki komið með nein haldbær rök fyrir sameiningu þessara tveggja skóla en vonandi sýnir hún við þessa umræðu að hún hafi eitthvað til málanna að leggja, hafi hugsað þetta lengra en skilja mátti af ræðu hennar úr þessum stóli 20. október sl.

Tækniháskóli Íslands er nýr háskóli sem byggir á gömlum merg. Meðal þess sem hann býður nemendum sínum upp á er nám við svokallaða frumgreinadeild en hún er hugsuð til undirbúnings undir háskólanám, ætluð starfandi iðnaðarmönnum og verkmenntuðu fólki. Í henni er boðið upp á nokkurs konar ígildi stúdentsprófs raungreina og hlýtur að vera eðlilegt í þessu sambandi að leggja þá spurningu fyrir hæstv. ráðherra hvort hún sjái fyrir sér að þeir nemendur verði framvegis rukkaðir um 200 þús. kr. í skólagjöld á ári. Þá væri skörin farin að færast upp í bekkinn, hæstv. forseti. Sjálfstæðismenn virðast hættir að sjá fótum sínum forráð í þessum efnum. Að öðru leyti eru spurningar mínar á þskj. 96 og tel ég ekki ástæðu til að fara frekar í þær hér.

[14:37]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi Kolbrún Halldórsdóttir hefur beint til mín nokkrum spurningum og ég mun svara athugasemdum hennar í lok þessa svars míns eða í seinna svari mínu en ég mun halda mig við það sem formið segir okkur, þ.e. að reyna að svara þeim spurningum sem voru lagðar fyrir mig á sínum tíma af hv. fyrirspyrjanda.

Fyrsta spurningin var: Hvað líður áformum um sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík?

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum var 19. október undirrituð viljayfirlýsing um stofnun einkahlutafélags sem taki yfir starfsemi Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands. Aðilar að þessari viljayfirlýsingu eru menntamálaráðherra, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Verslunarráð Íslands fyrir hönd sjálfseignarstofnunar, Verslunarráðs Íslands um viðskiptamenntun. Við undirritun samkomulagsins kom fram mikil ánægja allra með þennan áfanga og er þess vænst að sameiningin muni efla enn frekar menntun í landinu og þar með auka verulega samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Af hálfu ríkisstjórnarinnar er yfirlýsing þessi að sjálfsögðu háð því að Alþingi fallist á þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að af sameiningu háskólanna verði. Verður frumvarp sem inniheldur þær breytingar lagt fram á á Alþingi mjög fljótlega. Varðandi fjárskuldbindingar gagnvart hinum nýja skóla eru þær

vitanlega sömuleiðis háðar samþykki hv. Alþingis.

Stefnt er að því að á næstu vikum verði gengið frá samþykktum fyrir einkahlutafélagið sem reki háskólann og hann fái formlegt starfsleyfi síðan frá ráðuneytinu. Það er stefnt að undirritun samnings sem taki til kennslu og rannsókna eigi síðar en í júní 2005 og mun hann ná til fimm ára. Við sameiningu verður til næststærsti háskóli landsins með öfluga tengingu við íslenskt atvinnulíf sem ætlað er að marka skólanum sérstöðu á komandi árum. Einnig verður sérstök áhersla lögð á að auka áhuga ungs fólks á raunvísindum og tæknigreinum og tryggja að gæði menntunar á þeim sviðum standist alþjóðlegan samanburð. Hvort tveggja er að mínu mati forsenda þess að hér verði áfram framþróun og að við eflum enn frekar þessa mikilvægu samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Önnur spurningin hljóðaði svo: Hverjar væru meginforsendur fyrir slíkri sameiningu ef af yrði?

Meginforsendurnar eru nokkrar varðandi þessa sameiningu. Í fyrsta lagi var af minni hálfu lögð áhersla á að nýr skóli mundi mæta aukinni eftirspurn eftir tækninámi. Tækninámið er lykilatriði í þessari sameiningu ásamt verkfræðináminu sem hefur vaxið mjög hratt á síðustu árum, þ.e. tækninámið. Mjög mörgum sem sótt hafa um vist í Tækniháskólanum á síðustu árum hefur t.d. verið vísað frá. Í öðru lagi er aukin áhersla á framboð á tækni- og verkfræðimenntun og það er í samræmi við ályktanir vísinda- og tækniráðs en hlutfallslega færri hafa stundað slíkt nám hér á landi en í þeim ríkjum sem almennt eru höfð til viðmiðunar í slíkum samanburði. Við höfum oft rætt um það í þessum ágæta sal hvernig hægt er að efla og auka tæknimenntað fólk. Í þriðja lagi var sú sjálfsagða krafa lögð fram að skólarnir tveir og þau samtök sem standa að þeim mundu ná saman um markmið og stefnu hins nýja skóla í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Í fjórða lagi var lögð fram sú krafa af minni hálfu að hlúð yrði sérstaklega að frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands og að sú starfsemi fengi áfram að blómstra.

Í þriðja lagi var spurt: Hvaða áhrif hefði möguleg sameining skólanna á tækifæri iðnaðarmanna til framhaldsnáms og hver yrðu afdrif raungreinadeildarprófs Tækniháskólans?

Eins og ég gat um áðan er sérstök áhersla lögð á það af minni hálfu að hinn nýi háskóli bjóði upp á nám sem er sambærilegt námi í frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands. Þetta er afar mikilvæg leið fyrir fólk úr atvinnulífinu, fyrir iðnmenntaða menn og konur sem hafa hug á því að tengjast og fara inn í skólafarveginn aftur. Það hefur gefist afar vel.

Fjórða spurning var: Hafa kostir þess að sameina Tækniháskóla Íslands og verkfræðideild Háskóla Íslands verið skoðaðir til samanburðar?

Í svari við þessari spurningu verðum við að hafa í huga aðdragandann að fyrirhugaðri sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Þessir tveir skólar höfðu álíka sýn á framtíðina. Báðir skólarnir lögðu mjög mikla áherslu á tengsl við atvinnulífið, tækni- og alþjóðaumhverfið. Það var svo komið að báðir skólarnir voru með framtíðarsýn sem stefndi að aukinni uppbyggingu tækni- og verkfræðigreina. Ég átti í upphafi þessa árs fundi með rektorum beggja skólanna sem leiddi í ljós að þeir höfðu sambærilegar skoðanir í mögulegri þróun skólanna. Ég taldi því einboðið að skoða þann möguleika hvort þessir skólar gætu hugsanlega farið út í aukna samvinnu og hugsanlega sameiningu. Síðan varð raunin sú að mikil áhersla var lögð af hálfu bæði forsvarsmanna Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands að þarna væri tækifæri sem menn ættu ekki að láta ganga sér úr greipum, tækifæri til að auka og fjölga tækni- og verkfræðimenntuðu fólki hér á landi og auka um leið samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

[14:43]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það getur verið góður kostur að sameina skóla á háskólastigi til að ná meira afli í skólana okkar og meira afli inn í menntakerfið. Betra tóm gefst til að ræða það þegar þetta mál kemur inn í þingið en lítið á þessari einu mínútu sem ég hef hér.

Ég vildi spyrja hæstv. menntamálaráðherra: Voru aðrir kostir skoðaðir en þeir sem hér eru til umræðu, svo sem samvinna við Viðskiptaháskólann á Bifröst? Forsendan fyrir þessari sameiningu segir hæstv. ráðherra að sé vilji beggja skóla til að byggja upp verkfræði- og tækninám. Er sá vilji ekki jafnmikið til staðar á Bifröst? Var sá kostur skoðaður einnig, kostirnir svo vegnir og metnir, hvor væri þá betri? Þarna er verið að færa hinu nýja félagi mikil verðmæti sem felast í Tækniháskólanum sem slíkum þannig að það er mjög brýnt að allir kostir séu skoðaðir vel þó svo að þessi kostur reynist vonandi ágætur.

Einnig vildi ég nefna það og skora á hæstv. ráðherra að tryggja það að nemendur fái aðild að hinu nýja háskólaráði skólans en svo er ekki samkvæmt fyrirliggjandi tillögum.

[14:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. menntamálaráðherra vegna þessarar umræðu um sameiningu Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík: Hvert er kostnaðarmat ríkisins á eigum ríkisins í Tækniháskóla Íslands og hvernig er það metið inn í þetta einkahlutafélag sem er verið að stofna um þetta samstarf?

Þegar umræðan um þetta kom upp var verðmatið á Háskólanum í Reykjavík ljóst en það kom aldrei fram, eða ég varð ekki vör við þær upplýsingar, hvert matið á Tækniháskólanum inn í þetta einkahlutafélag væri. Þess vegna vildi ég gjarnan fá upplýst hérna hvernig þær eru metnar í eigu ríkisins sem verða lagðar inn í þetta einkahlutafélag þegar þessir skólar eru orðnir ein stofnun.

[14:45]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Undirtektir við sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík hafa verið góðar. Það er greinilegt að mikill grundvöllur er fyrir því að efla og sameina og við höfum rætt það í þinginu hvort við séum e.t.v. komin með of marga skóla í landinu. Ég held að það sé mjög jákvætt að við reynum að efla það sem fyrir er og jafnvel að fara þá leið að sameina. Hins vegar er alveg ljóst að við verðum að horfast í augu við hin ýmsu verkefni sem fylgja slíkri sameiningu og fagna ég því sérstaklega yfirlýs-

ingu hæstv. menntamálaráðherra að hlúð verði sérstaklega að frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands því að ég hef rætt við nemendur í þeim skóla og þeir hafa miklar áhyggjur af stöðu þeirrar deildar og einnig hafa þeir nokkrar áhyggjur af tæknifræðinni sem slíkri. Ég held því að það sé mjög mikilvægt að við fáum fljótlega skýr svör í þessu máli vegna þess að margir eru í ákveðinni óvissu í þessu ferli.

[14:46]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Er ekki nokkuð hratt af stað farið í að sameina þessa skóla? Eru menn ekki að fara þarna fram úr sér, er ekki hæstv. ráðherra að fara þarna verulega fram úr sér?

Búið er að stofna háskólaráð, það er verið að ganga frá samþykktum fyrir einkahlutafélag sem á að yfirtaka skólana, en það eru ekki enn komin lög frá Alþingi um að þetta skuli gera. Eigum við ekki fyrst að taka umræðuna í þinginu og marka síðan þessum skóla lagalegan ramma áður en farið er að skipa háskólaráð?

Mér finnst þetta alveg forkastanleg vinnubrögð. Hvort sem það er skynsamlegt eða ekki að fara í þessa sameiningu á að taka þá umræðu í þinginu, kveða á um áherslur skólans ef Alþingi samþykkir að sameina þá, kveða á um áherslur um námsbrautir, um meginverkefni, um það hvort hann verður rekinn á skólagjöldum eða ekki. (Forseti hringir.) Ætlar Framsókn t.d. að samþykkja það að allt háskólanám á þessu sviði verði rekið á skólagjöldum? Ekki er það að heyra á skrifum sumra þeirra í blöðum. (Forseti hringir.) Þetta mál verður fyrst að taka fyrir á þingi, hæstv. ráðherra, en ekki úti í bæ.

(**Forseti** (ÞBack): Ég bið hv. þingmenn að virða tímamörk af því að þau eru svo knöpp.)

[14:48]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þingmönnum fyrir að taka þátt í umræðunni. Það er greinilegt að þingmönnum er mikið niðri fyrir varðandi þessa sameiningu og það er alveg ljóst af svörum hæstv. menntamálaráðherra að undirbúningur undir sameininguna hefur ekki farið fram, hann er allur í skötulíki.

Það er alveg ljóst af þeim pappírum sem hv. þingmenn hafa fengið, m.a. frá stjórn BÍSN, Bandalags íslenskra námsmanna, (Gripið fram í.) sem hét einu sinni Bandalag íslenskra sérskólanema en hefur breytt um nafn, að það á að ganga fram hjá nemum, fram hjá stúdentum sjálfum varðandi stofnun háskólaráðs. Það á ekki að hafa þá með í ráðum og aðstandendur BÍSN segja að þeim sé treyst til að takast á við íslenskt atvinnulíf en það eigi ekki að treysta þeim fyrir aðkomu að stefnumótun hins nýja skóla. Það er auðvitað alveg grafalvarlegt.

Það er líka alvarlegt að hæstv. ráðherra skuli ekki svara okkur neinu varðandi frumgreinadeildina. Frumgreinadeildin er á framhaldsskólastigi og ætlar hæstv. ráðherra að krefja nemendur um skólagjöld í einkaháskóla fyrir nám sem er á framhaldsskólastigi? Það er alveg eðlilegt að við fáum svör við því í þessari umræðu hvernig hún sér fyrir sér framhaldsskóladeild í þessu nýstofnaða einkahlutafélagi sínu.

Ég ætla líka að benda hæstv. menntamálaráðherra á grein sem birtist í Morgunblaðinu 13. september sl. þar sem Einar H. Jónsson, sem er formaður Tæknifræðingafélags Íslands, lætur í ljósi mjög alvarlegar áhyggjur af því að tæknifræðin verði fyrir borð borin við stofnun þessa nýja skóla. Hann ber fyrir sig stjórn Tæknifræðingafélags Íslands og segir að hún hafi af því miklar áhyggjur að fyrirhuguð sameining komi til með að bitna á tæknifræðináminu og menntun íslenskra háskólamenntaðra tæknimanna verði einsleitari en nú er.

Ætlar hæstv. ráðherra ekki að svara þessu? Ætlar hún að láta sér nægja að svara í klisjukenndum upphrópunum um að nú eigi að hlúa sérstaklega að frumgreinadeildinni, (Forseti hringir.) það eigi að búa til samkeppnishæfni fyrir íslenskt atvinnulíf, þetta sé gífurlegt tækifæri? Frú forseti. Ég auglýsi eftir innihaldi í svör ráðherrans en ekki (Forseti hringir.) klisjukenndum upphrópunum eins og komu fram í svari hennar.

[14:50]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er erfitt að koma hingað upp eftir að hafa hlustað á þröngsýni og í rauninni afturhald í menntamálum þegar kemur að umræðu um menntastefnu. Það er alveg á hreinu að tæknimenntunin verður undirstaða þess sem kemur til með að vera í þessum nýja sameinaða háskóla og einn helsti drifkrafturinn sem verður þar innan veggja.

Ég vil sérstaklega undirstrika að það er svolítið sérstakt að vera að tala hér um sameiningarmál og það er kærkomið tækifæri fyrir okkur sem erum hér inni að tala um sameiningarmál háskóla en við hefðum aldrei rætt um sameiningu háskóla ef stefna til að mynda hv. þingmanns hefði verið uppi eða annarra stjórnarandstöðuflokka því þá hefðu ekki verið neinir sjálfstæðir háskólar til eða fjölbreytni í háskólamálum landsins í dag, því það átti ekki að veita öðrum félögum eða hópum eða einstaklingum tækifæri til að stofna frábæra háskóla (Gripið fram í.) eins og Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og fleiri skóla. Það vita allir að það hefur beinlínis verið talað niður til þeirra einkaskóla sem hafa verið starfræktir hér á landi og sjálfstæðu skólanna. Það er því eðlilegt að næsta skref í háskólamálum landsins verði að við reynum að huga að samvinnu, aukinni samvinnu og aukinni samræmingu og sameiningu eins og við erum að gera með þessum nýja, stóra og góða háskóla sem vonandi verður af. (Gripið fram í.)

Mér finnst það mjög sérstakt að verið sé að hnýta í það að menn sýni forsjálni með því að stofna háskólaráð. Eins og ég gat einmitt um áðan er þetta allt auðvitað háð samþykki, og ég vona að menn hafi verið að hlusta, allt er þetta háð samþykki Alþingis, samþykki þess hvaða fjármagn við komum til með að setja í þetta og hvaða meðhöndlun frumvarpið hlýtur hjá menntamálanefnd þingsins þegar þar að kemur og síðan þegar það kemur til afgreiðslu í þessum sal. Mér finnst menn einmitt sýna forsjálni í því að vera búnir að stofna háskólaráð í samvinnu við nemendur. (Forseti hringir.) Þeir hafa komið sérstaklega að undirbúningshópi varðandi sameininguna og þar af leiðandi fagna ég því sér-

staklega að menn séu tilbúnir (Forseti hringir.) þegar þar að kemur til að fara af stað af krafti með þennan sameinaða háskóla.

Vinnustaðanám.

Fsp. KolH, 259. mál. — Þskj. 277.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Í skýrslu sem hæstv. fyrrv. menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, talaði fyrir á síðasta þingi og fjallar um framkvæmd skólahalds á framhaldsskólastigi á skólaárunum 1999–2002 er sérstakur kafli sem fjallar um námskrárgerð í starfsnámi. Í honum kemur fram að á tímabilinu sem um ræðir hafi verið lögð aukin áhersla á þann þátt starfsnáms sem fer fram á vinnustað. Menntamálaráðherra skipaði sérstakan vinnuhóp á árinu 2001 sem mun hafa verið ætlað að fjalla um fyrirkomulag vinnustaðanáms og fjármögnun þess og hópurinn skilaði tillögum til ráðherra árið 2002. Á grundvelli þeirra ákvað síðan ríkisstjórnin að ráðast skyldi í tilraun um nám og kennslu á vinnustað sem ætlað væri að leiða í ljós hvernig tilhögun þessa hluta starfsnáms yrði best fyrir komið og hvernig tryggja mætti fjármögnun vinnustaðanáms til frambúðar. Samhliða þessu hafa síðan starfsgreinaráðin beint sjónum sínum í ríkari mæli að námi og kennslu á vinnustað og hafa a.m.k. tvö þeirra skilað ítarlegum greinargerðum þar um.

Af þessu tilefni hef ég lagt fram spurningar fyrir hæstv. menntamálaráðherra um það hverjar séu niðurstöður þessarar tilraunar sem ráðist var í 2002 og hvers sé að vænta varðandi tilhögun þessa hluta starfsnáms sem fram fer á vinnustað og hvernig gert sé ráð fyrir að fjármögnun vinnustaðanáms verði tryggð til frambúðar.

Það er afar mikilvægt, virðulegi forseti, að hugleiða þátt starfsnámsins í flóru framhaldsnáms. Starfsnámsbrautir hafa gengið í gegnum mikið umbrotaskeið síðasta áratug eða svo þar sem breytingar hafa verið gerðar á námskrám, námsbrautir verið fluttar til, kjarnaskólar starfsgreina verið stofnaðir og tengsl aukin milli starfsnáms og atvinnulífs. Starfsgreinaráð hafa verið stofnuð og símenntunarmiðstöðvum verið komið á fót sem ætlað er að sinna starfstengdu námi. Umsýsla námssamninga og framkvæmd sveinsprófa hefur verið flutt frá ríkinu og til annarra aðila og svona mætti eflaust áfram telja.

Þessar breytingar hafa ekki allar gengið sem skyldi. Hin nýstofnuðu starfsgreinaráð hafa virkað misvel, tilfærsla kjarnagreinanna hingað á höfuðborgarsvæðið hefur verið gagnrýnd af þeim sem vilja gæta hagsmuna landsbyggðarfólks og nú upp á síðkastið er farið að bera á því að stúdentar frá starfsnámsbrautum eigi erfiðara með að komast að í háskólanámi en aðrir stúdentar, nokkuð sem eflaust helgast af fjöldatakmörkunum í opinbera háskóla sem komnar eru til vegna þess þrönga stakks sem fjárlagafrumvarpið setur háskólum um nemendafjölda en það er aftur önnur saga sem við getum kannski ekki farið nánar út í hér.

En allt þetta gerir starfsnámsbrautum og nemendum í starfsnámi erfitt fyrir og viðheldur í raun því ástandi sem enginn virðist vilja að sé ríkjandi. Við þekkjum það úr stjórnmálunum að allir flokkar hafa uppi fögur áform fyrir kosningar um að efla starfsnámið og tryggja stöðu þess til frambúðar. Þess vegna spyr maður sig: Hvers vegna gengur svona hægt eða í öllu falli ekki nægilega ljúflega og átakalaust með þessi áform? Kannski samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi komi með einhverjar lausnir eða (Forseti hringir.) hæstv. menntamálaráðherra sem hefur tækifæri til að svara spurningum mínum í þessari umræðu.

[14:56]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Kolbrúnu Halldórsdóttur, fyrir þessa fyrirspurn um tilraun með vinnustaðanám, sem var í tveimur liðum.

Áður en ég kem efnislega að því svari vil ég sérstaklega undirstrika að til að mynda varðandi fyrirhugaða styttingu námstíma til stúdentsprófs hefur sérstök áhersla verið lögð á það af minni hálfu að farið verði sérstaklega yfir starfsnámið, yfir iðnnámið, varðandi styttingu námstíma til stúdentsprófs. Það er ekki eingöngu það að ég hafi lagt áherslu á að við eigum að líta á allt skólakerfið sem eina heild frá leikskóla og upp úr og reyna að auka samfelluna á milli skólastiga heldur hefur sérstök áhersla verið lögð á það af minni hálfu að auka og efla starfsnámið og sérstaklega að nýta tækifærið í tengslum við fyrirhugaða styttingu námstíma til stúdentsprófs, þannig að þegar farið verður yfir námskrárnar þegar þar að kemur verður sérstök áhersla lögð á einmitt þessa tegund náms.

Eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á eru ákvæði um starfsnám í 25. gr. laga um framhaldsskóla frá 1996. Þar skiptist starfsnámið á skóla og vinnustaði eða fer eingöngu fram í skóla. Með vinnustaðanámi er átt við þann hluta starfsnáms á framhaldsskólastigi sem fer fram úti í fyrirtækjunum sem taka nemendur að sér.

Í desember 2002 samþykkti ríkisstjórnin tillögu þáv. menntamálaráðherra um að ráðast í tilraun um vinnustaðanám. Tilrauninni var ætlað að leiða í ljós hvort unnt væri að skipuleggja vinnustaðanám með öðrum hætti en nú er og jafnframt styrkja það og efla með aukinni þátttöku og ábyrgð fyrirtækja. Skipaður var sérstakur starfshópur til þess að hafa yfirumsjón með tilrauninni og var samið við tilteknar fræðslustofnanir um framkvæmdina.

Ég skrifaði síðan undir þessa tilraun í mars á þessu ári ásamt þeim aðilum sem eiga hlut að máli. Tilraunin tekur til sex starfsgreina og stendur yfir þetta ár og fram til loka ársins 2005. Þátttakendur eru fyrirtæki og nemendur í hársnyrtiiðn, kjötiðn, prentsmíði, vélvirkjun, sjúkraliðar og loks nemendur í diplómanámi fyrir verslunarstjóra við Bifröst.

Að mati ráðuneytisins fór tilraunin vel af stað og hún lofar góðu um framhaldið. En ekki verða dregnar ályktanir né teknar ákvarðanir um framtíðina fyrr en niðurstöður sérstakrar úttektar á tilrauninni liggja fyrir en það verður væntanlega ekki fyrr en á fyrri hluta árs 2006 þar sem tilraunin rennur út við lok ársins 2005.

Meðal þess sem skoðað verður í tengslum við tilraunina

er fjármögnun vinnustaðanáms, þ.e. hvort unnt sé að finna leið til þess að umbuna fyrirtækjum sem axla þá ábyrgð að taka nemendur til náms innan sinna vébanda og annast síðan kennslu þeirra og leiðbeiningu á vinnustað. Starfshópurinn sem fyrr var nefndur hefur skoðað ýmsar leiðir í þessum efnum og skilað mér áfangaskýrslu um hugmyndir sínar en endanlegar tillögur verða fyrst gerðar þegar niðurstöður tilraunanna liggja fyrir. Miðað við fyrstu hugmyndir manna er ljóst að eindreginn vilji er til þess að auka ábyrgð fyrirtækjanna í vinnustaðanámi og stuðla að markvissari kennslu og þá þarf að skoða hvort ríkið getur komið til móts við þau fyrirtæki sem sýna metnað til þess að standa vel að kennslu nemenda sinna. Fari svo að tilraunin geti af sér nýtt fyrirkomulag vinnustaðanáms á Íslandi þá er ljóst að mínu mati að þar er um tímamótaviðburð að ræða og gerbreytingu á tilhögun starfsnáms sem viðgengist hefur alla tuttugustu öldina hér á landi.

[15:00]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Hérna fer fram nauðsynleg og ágæt umræða um mikilvægt menntamál, þ.e. vinnustaðanám og starfsnám úti á vinnustöðunum. Það er mjög nauðsynlegt að það sé mjög öflugt og að því sé greið leið til þess að við náum að efla iðnnámið og starfsnámið eins og vilji stendur til og gera það áfram að enn þá betri kosti fyrir nemendur á framhaldsskólastigi. Þar er mjög nauðsynlegt, eins og hér er rætt um, að fjármögnun sé tryggð. En jafnframt þarf að gæta þess að samræmis sé gætt og ákveðið eftirlit sé með gæðum og framkvæmd vinnustaðanáms því eins og fram hefur komið í máli sumra iðnnema er þar víða pottur brotinn og mjög misjafnlega að nemendunum búið sem stunda nám úti á vinnustöðunum. Þó svo að sjálfsögðu sé það langoftast mjög gott og til fyrirmyndar þá er oft pottur brotinn og réttindi þeirra á reiki fyrir þeim sjálfum þannig að einnig þarf að tryggja samræmingu og eftirlit með náminu.

[15:01]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Í þessari umræðu finnst mér mikilvægt að skoða þá skilgreiningu sem nú er verið að semja um þessa verkþætti vinnustaðanáms sem neminn á að kynnast og sjá þarf til þess að atvinnulífið fari eftir þeirri skilgreiningu sem verður ofan á. Þeir sem stunda nám eins og vinnustaðanám og eru á námssamningi skila sér ekki nægilega vel til sveinsprófs þegar á samningstímann líður og einhvern veginn þarf að tryggja að atvinnurekendur sjái sér ekki hag í því, því iðnnemar eru jú gjarnan á mun lægri launum. Það er hlutverk þess sem hefur nema á samningi að sjá til þess að hann skili sér til sveinsprófs að loknum námstíma. En meistarar bera fyrir sig að námsleiðir séu svo margar og þær séu ekki vel skilgreindar.

Tilgangur vinnustaðanáms er m.a. sá að búa nemendur undir aukna ábyrgð og sjálfstæði í störfum sínum og ætti námskráin að kveða á um að ferilbók fylgi hverjum nemanda í öllu starfsnámi þar sem gerð er grein fyrir verklegri þjálfun hans í vinnustaðanáminu og þar sé lýsing á verkefnum og mat meistara á framgöngu hans, verktækni og starfshæfni. Allt vinnustaðanám ætti að setja þannig upp að það hvetji nemann til að skila sér til sveinsprófs og tryggja sér ákveðin réttindi.

[15:03]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð þingmanna og hæstv. ráðherra um áherslur á starfsnám. Ég vil þó leiðrétta hæstvirtan ráðherra í því að þetta séu einhver tímamót. Ég vil vekja athygli á því að ákveðinn hluti búnaðarnámsins í búnaðarskólunum hefur um áratugi verið skipulagður sem formlegt starfsnám á meðal bænda eða í fyrirtækjum og stofnunum sem eru að vinna á þeirra vegum og mikil reynsla hefur þar áunnist. Það er mjög mikilvægt að gerðir séu samningar, eins og hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir nefndi hér, að verkefnið á vinnustaðnum sé skilgreint og að kennarinn fylgi því mjög nákvæmlega eftir. Það er skólinn sem ber ábyrgð á náminu en viðkomandi vinnustaður er í ákveðnu kennarahlutverki. Ég skora á hæstvirtan ráðherra að kynna sér þá löngu og miklu hefð sem er fyrir þessu námi innan búnaðarskólanna og svo er reyndar einnig í öðrum löndum.

Það er mjög mikilvægt að sá tími sem varið er (Forseti hringir.) til vinnustaðanáms sé metinn líka til eininga þannig að nemendur fái hann í námsmat.

(**Forseti** (GÁS)**:** Athugasemdin átti að vera stutt.)

Já, en hún var svo góð.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra svörin og hv. þingmönnum fyrir góðar athugasemdir í þessari umræðu. Það sem er ánægjulegt í svörum hæstv. ráðherra er að tilraunin sem við erum að ræða á að geta getið af sér nýtt fyrirkomulag vinnustaðanáms og það er alveg ljóst af reynslunni sem við höfum fengið að víða er pottur brotinn. Við vitum að atvinnulífið er margbreytilegt. Við vitum t.d. að sum af þessum fyrirtækjum sem taka nema eru kannski ekki fyrirtæki heldur bara einyrkjar. Það hlýtur að koma til álita að ríkið komi til móts við þá nema sem vilja stúdera greinar eins og t.d. ljósmyndun sem erfitt er læra hjá stórum fyrirtækjum. Menn þurfa að læra hjá meistara sem er kannski bara einyrki. Það verður að líta þetta öðrum augum en stór fyrirtæki sem geta bætt við sig fólki því umsýsla þeirra varðandi fólk og nema er allt önnur og á allt öðrum skala.

Þessi tilraun er afar athyglisverð og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það að hún skuli ætla að fylgjast vel með því hvernig til tekst og ég hlakka til að sjá niðurstöður tilraunarinnar sem verða birtar fyrri hluta árs 2006 því að það er alveg ljóst að þetta fyrirkomulag verður allt að ganga í endurnýjun lífdaga. Starfsgreinaráðin verða að fara að fúnkera og við þurfum að skoða betur hvernig samspil þessara þátta allra getur gengið upp þannig að sem minnstir hnökrar verði á.

[15:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil eins og hv. fyrirspyrjandi þakka

fyrir ágæta umræðu og kannski taka upp þennan punkt varðandi starfsgreinaráðin því auðvitað er þetta umhugsunarefni. Þau starfa misvel. Það hefur komið í ljós. Sum starfa mjög vel og eru í mjög miklum tengslum við atvinnulífið, við þarfir nemendanna og við þau markmið sem við höfum sett okkur í menntamálum þegar kemur að starfsgreinunum. En síðan mætti starfið betur fara hjá öðrum. Þetta er sífellt í endurskoðun. Við vitum af þessu og við erum að skoða þetta hverju sinni.

Varðandi vinnustaðanámið sem nú er verið að gera tilraun með þá er ljóst að um nýjung er að ræða. Þetta er ekki alveg sambærilegt við það sem hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á áðan heldur erum við að fara nýjar leiðir. Við erum að reyna að auka vitund og ábyrgð fyrirtækjanna. Við erum að reyna að kveikja neistann hjá fyrirtækjum til þess að koma enn frekar með okkur að þessari tegund vinnustaðanáms. Við erum að reyna að stuðla um leið að markvissari kennslu. Nú svara ég vonandi þeim spurningum sem hafa líka komið fram hér í máli ýmissa hv. þingmanna því að um leið erum við að reyna að beina nemendum inn í það að geta tekið síðan sveinsprófið, þ.e. að fyrirtækin verði jafnmeðvituð um það og nemandinn og menntakerfið sem slíkt, ráðuneytið eða hvaða skóli sem á í hlut, að fólkinu sé síðan beint í sveinsprófið.

Þetta er vonandi meira en bara tilraunarinnar virði því það er alveg rétt sem kom hér fram áðan að við höfum lagt mikla áherslu á það, allir flokkar fyrir kosningar, að efla og styrkja starfsnámið og iðnnámið og við eigum að gera það. Við erum að gera það með þessu og ekki síst eigum við að gera það með því að tala af virðingu um iðnnámið og starfsnámið eins og það kemur fyrir á hverjum degi.

[15:08]

Útbýting:

Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, 297. mál, frv. SigurlS o.fl., þskj. 324.

Kynning á íslenskri list í sendiskrifstofum Íslands, 296. mál, þáltill. SI o.fl., þskj. 323.

Samkeppnisstaða atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 278. mál, þáltill. KLM o.fl., þskj. 300.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 300. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 327.

Stóriðja og mengun, 298. mál, fsp. KolH, þskj. 325.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 299. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 326.

Eyðing minka og refa.

Fsp. ÞBack, 97. mál. — Þskj. 97.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra um eyðingu minka og refa. Kemur það til af því að við fluttum til landsins mink á sínum tíma. Refurinn hefur verið hér frá landnámsöld en minkurinn hefur orðið okkur skaðræðisskepna í náttúrunni og ætti það að vera okkur til umhugsunar um innflutning á dýrum og plöntum sem ekki tilheyra íslenska lífríkinu.

Það hefur verið mjög kostnaðarsamt að halda minknum í skefjum. Draumur flestra er að geta eytt honum úti í náttúrunni. Það hefur tíðkast í þó nokkur ár að deila þessum mikla kostnaði af eyðingu minks og refs, og þá sérstaklega minksins, á bæði sveitarfélögin og ríkið. Helmingaskipti hafa verið þar til núna allra síðustu ár að dregið hefur verið úr fjárframlögum ríkisins og leggst nú meginþunginn á sveitarfélögin. Þessu finna þau fyrir. Þau hafa því mjög mörg borið sig upp við fjárlaganefnd. Eins hafa fjórðungssamböndin hvatt til þess að framlög ríkisins verði aukin til jafns við kostnaðarauka af eyðingu minks og refs og að framlög ríkisins hækki í þessu skyni.

Síðasta vor spurðist ég fyrir um störf nefndar sem ráðherra skipaði um minka- og refaveiðar því að ekki er nóg að leggja eingöngu fjármagn í meiri veiðar. Einnig þarf að skoða hvernig best sé að standa að veiðunum svo að þær skili sem mestu. Tvær nefndir voru skipaðar, önnur 11. nóvember 2003 og síðan var skipuð nefnd 15. desember 2003. Ég tel að hún ætti að vera búin að skila af sér því mjög mikilvægt er að fá fram til hvaða aðgerða hæstv. umhverfisráðherra ætlar að grípa þar sem ljóst er að ekki fara aukin fjárframlög, eða að mjög litlu leyti, í þennan málaflokk nú, á fjárlögum yfirstandandi árs.

Ég hef því beint eftirfarandi spurningum til hæstv. ráðherra:

1. Hefur nefnd sem ráðherra skipaði um minka- og refaveiðar skilað niðurstöðum?

2. Hvenær má vænta þess að tillögur nefndarinnar um aðgerðir til að draga úr skaða af völdum refa verði kynntar?

3. Verður auknu fjármagni varið til þessa málaflokks til að koma til móts við stóraukinn kostnað sveitarfélaganna?

[15:12]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Á vegum umhverfisráðuneytisins störfuðu tvær nefndir að þeim verkefnum sem spurt er um. Önnur fékk það hlutverk að fjalla um veiðar á mink, fækkun og hugsanlega útrýmingu hans úr íslenskri náttúru, og skilaði hún tillögum sínum 20. mars síðastliðinn.

Hin nefndin fjallaði um áhrif refa á íslenska náttúru og hefðbundnar nytjar með það fyrir augum að gera tillögu um aðgerðir til að draga úr tjóni af hans völdum. Einnig fjallaði nefndin um viðgang refastofnsins á vernduðum svæðum og áhrif hans á lífríki þar. Nefndin skilaði tillögum til ráðuneytisins 23. júní síðastliðin.

Tillögur nefndar um mink hafa þegar verið lagðar fram í ríkisstjórn og eru nú til frekari umfjöllunar hjá starfshópi sem í eiga sæti fulltrúar fjögurra ráðuneyta, umhverfisráðuneytisins, félagsmálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins.

Tillögur nefndar um ref hafa verið kynntar í ríkisstjórn og eru þar nú til umfjöllunar.

Það er ljóst að eigi tillögur nefndar um mink að ná fram að ganga þarf að gera breytingar á lögum og auka verulega fé til málaflokksins á næstu árum. Eigi tillögur nefndar um ref að ná fram að ganga er enn fremur um að ræða nokkurn kostnaðarauka. Þær tillögur kalla hins vegar ekki á lagabreytingar.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 er ekki gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til þessa málaflokks og framhald málsins og aukið fjárframlag til málaflokksins mun ráðast af því hver verða afdrif tillagna þeirra nefnda sem skilað hafa tillögum til stjórnvalda um aðgerðir. Ég vænti þess að afstaða til þeirra liggi fyrir fljótlega hjá ríkisstjórn.

[15:14]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á málinu. Ég hef kynnt mér gögn þeirra tveggja nefnda sem umhverfisráðherra skipaði seint á síðasta ári. Í þeim gögnum kemur fram að meiri hluti minkanefndar taldi það óþarfa sóun á fé að afla frekari þekkingar á minkastofninum áður en ráðist yrði í kostnaðarsamar aðgerðir til fækkunar og jafnvel útrýmingar minks. En Náttúrufræðistofnun telur þvert á móti að auknar rannsóknir og þekking á mink séu forsenda þess að unnt verði að grípa til skilvirkari aðgerða en stundaðar eru í dag.

Í séráliti frá Náttúrufræðistofnun kemur fram að veiðiálag á minkastofninn sé óþekkt og útilokað sé miðað við núverandi þekkingu að segja til um hversu mikið þurfi að auka veiðar á landsvísu til þess að hafa umtalsverð áhrif á minkastofninn í landinu.

Nú vil ég spyrja hæstv. umhverfisráðherra hver forgangsröðin eigi að vera að hennar mati?

[15:16]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Sveitarfélögin hafa staðið frammi fyrir afarkostum í málinu. Lög frá Alþingi kveða á um að sveitarfélögin skuli halda niðri ref og mink á stórum svæðum, það er lagaleg skylda. Þetta hefur verið fjárhagslegt samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga en ríkið einhliða ákveðið að halda þátttöku sinni niðri þannig að sveitarfélögin hafa staðið uppi bæði með framkvæmdina og greiðsluna. Það er fullkomlega óásættanlegt, hvað sem verður gert í framtíðinni, hvort nefndin sem hæstv. ráðherra minntist á og er búin að skila áliti, hvort þau álit komi til framkvæmda áður en fjárlög verða afgreidd.

En þetta samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga, eins og að því hefur verið staðið, gengur einfaldlega ekki upp og ríkið verður að axla ábyrgð á móti sveitarfélögunum miðað við núverandi lög.

[15:17]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að taka upp þetta mál í þingsölum og tek undir með henni þar sem ég á sæti bæði sem formaður landbúnaðarnefndar og í fjárlaganefnd, að sveitarstjórnir landsins hafa miklar áhyggjur af þessum málum og þau þarf að vinna á annan hátt að mínu mati.

Það kom fram t.d. hjá sveitarstjóranum í Mývatnssveit að jafnmikill kostnaður færi í eyðingu refa og minka þar og að reka leikskóla, og það er ansi alvarlegt mál.

Það hefur líka komið fram að árið 2003 voru veiddir tæplega 5.000 refir á landinu og rúmlega 7.300 minkar. En betur má ef duga skal og gera þarf verulegt átak hér á landi til að stemma stigu við fjölgun og útbreiðslu þessara óæskilegu dýrategunda og þá tala ég sérstaklega um minkinn. Refurinn á sína helgi, hann er búinn að vera hér alla tíð. Ég tek undir með hv. þm. og fyrirspyrjanda þegar hún ræðir um innflutning dýra, að þar eigum við að hafa varann á.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er ánægjulegt að nefndirnar séu búnar að skila af sér, en greinilegt að nefndarmenn greinir á um hvort frekari rannsókna sé þörf til þess að fara í markvissar aðgerðir. En minkurinn bíður ekkert eftir því, hann tímgast og hann tímgast mjög hratt. Það eru mjög ólíkar veiðiaðferðir í gangi og okkur liggur náttúrlega á að vita hvaða veiðiaðferð dugar best til þess að vinna sem hraðast á fjölgun minksins. Það er ljóst að notaðar hafa verið tiltölulega nýjar aðferðir og er áhugavert að skoða frekar hvort þeim eigi ekki að beita í meira mæli og eins að fara í veiði á öðrum tímum, sem sé vetrar- og haustveiði.

En burt séð frá þessu, miðað við þann ágreining sem er uppi er mjög alvarleg staða að búið sé að fella niður þær 3 millj. kr. sem áttu að fara til minkarannsókna, ef það á að vera undirstaðan fyrir framhaldið. Þar sem minkurinn tímgast hratt þolir verkefnið enga bið eftir nefndarstarfi og að útkljáð sé hvora leiðina eigi að fara, bara að fara í að rannsaka frekar. Til að byrja með verður að setja meira fjármagn í þennan málaflokk til þess að vinna eins og verið hefur og mæta fjárþörf sveitarfélaganna þannig að þau geti sinnt sínu lögboðna hlutverki. Samhliða á auðvitað að skoða málið upp á framtíðina en það þýðir ekki að draga úr framlögum núna og sjá svo til.

[15:20]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir að hreyfa málinu. Það er alveg ljóst að þingmenn hafa áhyggjur af því að þrátt fyrir að varið hafi verið töluverðum fjármunum í veiðar á mink og ref hefur það kannski ekki borið þann árangur sem við vildum. Sýnilegt er að ef verja á meiri fjármunum í þetta til að ná fleiri dýrum getur það orðið umtalsverður kostnaður.

Nefndin gerði tillögu um yfir 100 millj. á ári í þrjú ár og svo um 100 millj. næstu þrjú ár. Það eru því yfir 600 millj. sem um er að ræða í tillögum nefndarinnar. En spurt var um forgangsröðun á rannsóknum á móti veiðum. Það er reyndar misskilningur að meiri hluti nefndarinnar hafi ekki lagt til rannsóknir því af þessum 600–700 millj. var áætlað að u.þ.b. 54 millj. færu í rannsóknir. Hins vegar var faglegur ágreiningur af hendi fulltrúa Náttúrufræðistofnunar um hvort það væri í raun og veru gerlegt að svo miklum fjármunum sem ætlað var að verja til veiða færu í það á móti því sem hann var að leggja áherslu á, að rannsóknirnar væru undirstaðan og ættu að hafa forgang.

En ég tek undir að þetta eru mikilvæg mál sem við þurfum að taka á.

Hreindýrarannsóknir.

Fsp. ÞBack, 169. mál. — Þskj. 169.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra varðandi hreindýrarannsóknir.

Hreindýrin sem við fluttum inn lifðu af og lifa eingöngu á Norðausturlandi eins og þekkt er og hafa lifað þar nokkuð frjálst og verið ótrufluð nema á veiðitímanum fram að þessu. Við höfum einnig stundað ákveðnar hreindýrarannsóknir, fylgst með stofnstærð, sérstaklega með tilliti til beitarþols og eins með tilliti til veiða. Þetta er allt í góðum farvegi og Náttúrustofa Austurlands annast þær rannsóknir.

Aftur á móti eru í gangi núna mestu framkvæmdir Íslandssögunnar, eins og þær hafa verið nefndar, á hreindýraslóðum og því miður eru mestu framkvæmdirnar á burðarsvæði hreindýranna. Það, ásamt þeirri miklu umferð sem fylgir framkvæmdunum, hefur að sjálfsögðu truflandi áhrif á hreindýrin. Þetta var nokkuð fyrirséð en því miður höfum við ekki staðið að frekari rannsóknum og eflt hreindýrarannsóknir með tilliti til þeirra breytinga sem vænta má að verði á hreindýrastofninum, þ.e. hreyfingu, ferðum, bithögum og burðarstöðum.

Álíta má að hreindýrin hafi orðið fyrir umtalsverðri röskun. Vart hefur orðið við þau á öðrum svæðum frá því að framkvæmdir hófust en verið hefur undanfarin ár og síðan sást til hreindýra við Þórisvatn, sem er svæði sem hreindýrin hafa ekki farið inn á fram til þessa. Það er því mjög mikilvægt að fylgjast betur með ferðum þeirra.

Fyrirspurnirnar eru fjórar:

1. Hyggst ráðherra beita sér fyrir frekari fjárveitingum til hreindýrarannsókna vegna virkjanaframkvæmda og mikillar umferðar á búsvæði hreindýra?

2. Verða sérstakar rannsóknir gerðar á árstíðabundnum ferðum hreindýra og búsvæðum eða bithögum með notkun senditækja?

3. Mun ráðherra láta gera sérstaka úttekt á svæðum utan hefðbundinna búsvæða hreindýra í ljósi þess að hreindýr hafa í haust fundist vestan Jökulsár á Fjöllum?

4. Veita hreindýratalningar vísbendingu um breytingar á ferðum hreindýra eftir að virkjanaframkvæmdir hófust norðan Vatnajökuls?

[15:28]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Á yfirstandandi ári er varið 5 millj. kr. til Náttúrustofu Austurlands í Neskaupstað til rannsókna og vöktunar á hreindýrastofninum sem stofnunin annast samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Fjárhæðin var hækkuð um 2 millj. kr. á milli áranna 2003 og 2004. Einnig er varið til vöktunar hreindýrastofnsins til að meta veiðiþol hans um 800 þús. kr. að meðaltali á ári af því fé sem veiðimenn greiða til að fá leyfi til að veiða hreindýr. Engin áform eru um frekari fjárveitingar til hreindýrarannsókna vegna virkjanaframkvæmda og mikillar umferðar á búsvæði hreindýra af hálfu ráðuneytisins.

Ráðuneytið telur eðlilegt að Náttúrustofa Austurlands taki ákvörðun um hvernig haga beri rannsóknum með hliðsjón af þeim þáttum sem geta haft áhrif á vöxt og viðgang hreindýrastofnsins og telji hún ástæðu til getur hún m.a. beint rannsóknunum að þessum þáttum.

Svar við 2. spurningu er að notkun senditækja við rannsóknir á ferðum hreindýra hefur verið rædd en um er að ræða dýran búnað. Engar tillögur liggja fyrir um það frá lögskipuðum rannsakanda Náttúrustofu Austurlands að setja upp slíkan búnað í tengslum við rannsóknir á hreindýrum. Af því sem ráðuneytið fær best séð eru þær rannsóknir og sú vöktun sem fram fer á hreindýrastofninum viðunandi. Tiltölulega auðvelt hefur verið að gera sér grein fyrir útbreiðslu hreindýra og meta veiðiþol stofnsins af þeim upplýsingum sem Náttúrustofa hefur aflað. Komi hins vegar fram tillögur um sérstakar rannsóknir þar sem notuð yrðu senditæki verða þær tillögur að sjálfsögðu skoðaðar mjög gaumgæfilega.

Við 3. spurningunni er svarið að nýlega sást til tveggja hreindýrstarfa nálægt Vatnsfellsvirkjun. Að kröfu landbúnaðarráðuneytis var reynt að ná þeim þar sem þeir voru komnir í varnarhólf þar sem ekki hefur greinst riðusmit í tvo áratugi. Farið var fram á að törfunum yrði fargað eins og um smitaðan búpening væri að ræða. Þrátt fyrir leit hafa tarfarnir ekki fundist og er líklegt að þeir hafi snúið til heimahaganna.

Um nokkurt skeið hefur verið fylgst vel með því að hreindýr fari ekki vestur fyrir Kolgrímu sunnan Vatnajökuls en áin hefur verið nokkurs konar varnarlína í tengslum við sjúkdómavarnir. Hefur þótt ástæða til þess að fylgjast vel með þessu þar sem veiðar á svæðinu hafa verið minni en kvóti gerir ráð fyrir vegna deilna við landeigendur og landafnotendur sem ekki hafa heimilað veiðar. Ekki hefur þó komið til þess að fella hafi þurft hreindýr vegna þessa. Ekki hafa verið gerðar tillögur af hálfu hlutaðeigandi aðila til ráðuneytisins um að gera sérstaka úttekt á svæðum utan hefðbundinna búsvæða hreindýra enda vart tilefni til, samanber það sem ég nefndi áðan.

Svar við 4. spurningunni er að þegar hreindýrakvóti var ákveðinn fyrir yfirstandandi ár var ekki gert ráð fyrir verulegum breytingum á ferðum hreindýra en reynslan hefur sýnt að þeim hefur fækkað í nágrenni framkvæmdanna. Í úrskurði umhverfisráðuneytisins frá 20. desember 2001 um Kárahnjúkavirkjun er m.a. sett það skilyrði að framkvæmdaraðili, þ.e. Landsvirkjun, skuli í samráði við Náttúrustofu Austurlands standa að nauðsynlegri viðbótarvöktun hreindýra á fyrstu tíu árum starfstíma virkjunarinnar til að staðreyna að áhrif hennar á hreindýrastofninn séu ekki meiri en gert er ráð fyrir í matsskýrslu. Í matsskýrslu er gert ráð fyrir að um 10%–15% af stofninum verði fyrir áhrifum vegna virkjunarinnar og tekið mið af því að hann sé sem næst 3.000 dýrum til að ekki sé of nærri gróðri á hálendinu gengið.

Landsvirkjun lét telja hreindýr norðan Brúarjökuls með myndatöku úr flugvél á árunum 1993–2003 auk þess sem Náttúrustofa Austurlands hefur gefið út skýrslu um áhrif Kárahnjúkavirkjunar á hreindýrastofninn. Samkvæmt áætlunum Landsvirkjunar er ætlunin að hefja vöktunina 2006 og verður það gert í náinni samvinnu við Náttúrustofu

Austurlands.

Ég tel rétt að vöktunin hefjist á næsta ári og mun taka málið upp við hlutaðeigandi aðila á þeim grunni.

[15:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Mér finnst þessi fyrirspurn dálítið undarleg vegna þess að í dag yrðu hreindýr sennilega ekki leyfð ef þau væru ekki þegar til staðar. Hreindýrin eru í rauninni umhverfisslys. Mér er kunnugt um að menn hafa óskað eftir því að flytja hreindýr til Vestfjarða og það er bannað. Það er því dálítið undarlegt að menn skuli nota þessi sömu hreindýr sem einhvers konar rök í umhverfismálum.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Herra forseti. Örstutt svar. Það má nota hreindýr sem rök í umhverfismálum þar sem þau eru staðbundin, það er hægt að halda þeim í skefjum, þau hafa mikið aðdráttarafl fyrir Austurland og hafa skapað töluverða atvinnu og tekjur.

Ég þakka orð hæstv. umhverfisráðherra um að hún muni beita sér fyrir því að fara í sérstaka vöktun strax á næsta ári vegna virkjanaframkvæmdanna. Það er ekki nægilegt að fela Landsvirkjun að fara í þessa vöktun þegar framkvæmdunum er lokið og vakta bara inn í framtíðina. Það liggur á að skoða hegðun dýranna núna og það er langbest gert með því að setja inn í ákveðnar hjarðir sérstök senditæki til að fylgjast með hjörðunum. Talningin á ákveðnum tíma og á ákveðnum stað segir ekki nema takmarkað. Það segir ekki hvernig dýrin eru búin að flytja sig á heilu ári, heldur bara þennan dag sem þau eru talin. Þetta kostar fjármagn en ég held að það fjármagn muni skila sér.

Það þarf frekari rannsóknir og það þarf meira fjármagn inn í þetta og þess vegna fagna ég því að ráðherra beitir sér fyrir því að það komi strax á næsta ári.

Ég vil benda á mikilvægi þess að fara að samþykkt aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi frá 16. og 17. september þar sem það minnir á samþykkt um að tryggja forræði vegna stjórnunar og eftirlits með hreindýraveiðum, að það verði sem mest á Austurlandi. Með breytingu á lögum um hreindýraveiðar og hreindýraráð hefur stjórnunin farið að heiman og í aðra landshluta og það (Forseti hringir.) er alveg þvert á atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar.

[15:34]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar ágætu umræður. Það er alltaf gaman að heyra hvað Pétur ...

(**Forseti** (GÁS): Hv. þingmaður.)

... hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur skemmtilega sýn á hlutina. Hann veltir oft upp ýmsum flötum á málum sem menn eru kannski ekki með efst í huga þegar málin eru rædd.

Ég vil ítreka að ég tel rétt að vöktunin hefjist á næsta ári og eins og ég nefndi áðan mun ég beita mér fyrir því við hlutaðeigandi aðila.

Símtöl til Grænlands.

Fsp. ÁRJ, 112. mál. — Þskj. 112.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Á vettvangi Norðurlandaráðs hefur farið fram mikil umræða um landamærahindranir undir forustu Pouls Schlüters. Þar hefur verið tekið á ýmiss konar hindrunum í samskiptum norrænu þjóðanna og ræddar leiðir til að minnka þær hindranir sem þar ríkja.

Á dögunum kom út skýrsla norrænna samkeppnisyfirvalda um fjarskiptamarkaðinn. Þar kemur fram að mun dýrara er að hringja milli norrænu landanna en innan einstakra ríkja. Ótrúlegar upplýsingar koma þar fram svo sem um símtöl milli Íslands og Svíþjóðar. Það kostar helmingi meira að hringja frá Íslandi til Svíþjóðar í þrjár mínútur en frá Svíþjóð til Íslands, þ.e. sömu leið. Frá Íslandi til Svíþjóðar kosta þrjár mínútur 50 kr. en hina leiðina 25 kr.

Norræn samkeppnisyfirvöld segja engin rök fyrir því að símtöl séu eins kostnaðarsöm á milli landanna og raun ber vitni. En í ljósi áherslu okkar Íslendinga á Vestur-Norðurlönd sem forustuþjóðar innan Norðurlandanna langar mig til að beina sjónum að kostnaði við símtöl milli Íslands og Grænlands en þar tekur fyrst steininn úr. Þar er símtalið til Grænlands meira en þrisvar sinnum dýrara en til Svíþjóðar, þó að vegalengdin sé mun styttri. Það kostar 60 kr. að hringja eina mínútu til Grænlands Það er sama verð og til Suður-Afríku eða Suður-Kóreu. Þó er heldur ódýrara að hringja hingað frá Grænlandi en héðan til Grænlands.

Í ljósi þess að samkeppnisyfirvöld á Norðurlöndunum telja í skýrslunni ástæðulaust að verð sé svo hátt á símtölum milli landanna langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hver séu rökin fyrir því að símtöl til Grænlands eru eins dýr og raun ber vitni miðað við það að þarna er mun styttri leið á milli landanna en í hinum tilvikunum sem ég nefndi hér á undan.

[15:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr: Hvaða ástæður eru fyrir því að símtöl til Grænlands eru eins dýr og raun ber vitni?

Af svörum símafyrirtækjanna má ráða að há verð á símtölum til Grænlands skýrist af því að ekki eru beinar tengingar milli Íslands og Grænlands auk þess sem þau fara um gervihnetti sem er kostnaðarsamur fjarskiptamáti. Þannig fer símtal til Grænlands fyrst um Danmörku héðan og síðan um gervihnött til símstöðvar á Grænlandi og þaðan í heimasíma. Þrátt fyrir þetta er verð íslensku símafyrirtækjanna mun lægra en t.d. þeirra sænsku, dönsku eða norsku. Dæmi um það má finna í töflu sem segir að gjald hjá Símanum hf. sé 59 kr., Og Vodafone 49,90 kr., TDC Danmörku 79,40 kr., Telenor í Noregi 95,25 kr. og Tele í Svíþjóð 62,30 kr. en þar er miðað við skráð viðmiðunargengi Seðlabankans 12. október sl.

Mögulegt er að fá lægra verð í gegnum netsíma, IP-síma eða með alþjóðlegum símakortum eins og t.d. Atlasfrelsi eða Atlas-800 frá Atlassíma ehf. eða símakortum IP-nets ehf. en ekki er um sömu gæði að ræða. Ber að undirstrika

það alveg sérstaklega.

Eins og áður sagði var leitað upplýsinga frá íslensku símafyrirtækjunum um þessi verð og vil ég vísa hér í svör frá þeim. Í svari Símans kom eftirfarandi fram:

„Ástæðan fyrir háu verði til Grænlands er hátt uppgjörsgjald inn til þeirra. Síminn hefur ekki bein tengsl við Grænland, heldur kaupum við þessa þjónustu af öðrum. Sama ástæða liggur fyrir því að símgjöld til annarra landa eru lægri, þ.e. í þeim löndum sem verð er lágt eru uppgjörsgjöldin lægri.

Svo minni ég á að Síminn er ekki eina fyrirtækið sem býður símtöl til útlanda."

Í svari frá Og Vodafone kemur fram m.a.:

„Símtöl frá Íslandi til Grænlands fara ekki stystu leið eins og ætla mætti. Þau eru fyrst send til Danmerkur og eftir því sem best er vitað er eina tengingin milli Danmerkur og Grænlands um gervihnött. Heildsöluverð til TDC er allhátt og smásöluverð í samræmi við það.

Hvað er dýrt er háð mati hverju sinni. Þannig er 49,90 kr. ódýrt borið saman við sambærilegt símtal hjá okkar helsta keppinauti sem kostar 59 kr. til Grænlands. Enn ódýrara er það borið saman við TDC þar sem sambærilegt símtal til Grænlands kostar 6,75 dkr. og Telenor þar sem símtalsmínútan kostar 8,92 nkr."

Síðan segir í bréfi Og Vodafone:

„Að sjálfsögðu er líklega hægt að finna lægra verð en hér er spurt um gæðasamband um ljósleiðara um þá leggi þar sem þeir liggja. Líklega er hægt að fá ódýrari símtöl eftir öðrum leiðum sem jafnframt eru óáreiðanlegri og ekki með tryggðum gæðum."

Framangreind svör símafyrirtækjanna ættu að upplýsa fyrirspyrjanda um mismunandi verðlagningu. Það er alveg augljóst að þar er verulegur munur en hann skýrist eins og fram kemur í þessu svari.

[15:42]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Það er náttúrlega með ólíkindum að við skulum þurfa að búa við það að öll símtöl okkar til næsta lands, Grænlands, þurfi að fara í gegnum Danmörku. Ábyggilega er ein af þessum ástæðum sú sama og samkeppnisyfirvöld á Norðurlöndum benda á, það skortir á samkeppnina. Það má eiginlega segja að þeir sem búa á Grænlandi eða þurfa að hafa samskipti við Grænland héðan búi við einhvers konar átthagafjötra í þessu sambandi.

Ég verð að segja að mér finnst 60 kr. á mínútuna vera mjög hátt verð. Ég fór yfir taxtana á símtölum hjá hinum ýmsu símafyrirtækjum og þetta eru mjög háar upphæðir. Hjá Símanum er þetta jafndýrt og að hringja til Suður-Afríku og Suður-Kóreu eins og ég benti á áðan.

Ég vil samt þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör og spyr hann hvort hann muni á einhvern hátt beita sér fyrir því að þessi símtöl verði lækkuð þannig að við búum við eðlilega taxta á símtölum milli þessara landa miðað við fjarlægðir.

Það er alveg ljóst að símafyrirtækin virðast hafa úr nógum fjármunum að spila, a.m.k. Síminn hf. sem virðist ekki vita aura sinna tal eða hvað hann eigi að gera við peningana. Því væri kannski ekki óeðlilegt að hann legði eitthvað á sig til að lækka verðið á símtölum milli þessara þjóða, sérstaklega í ljósi þess að við höfum lagt áherslu á það í okkar norræna samstarfi að bæta samskiptin milli Vestur-Norðurlandanna eins og kemur mjög skýrt fram í áætlun okkar fyrir þetta ár þar sem við erum í forustu fyrir Norðurlandaráðið.

[15:44]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er ljóst, vegna fyrirspurnar hv. þm., að samgönguráðuneytið getur ekki með neinum hætti haft áhrif á verðlagningu símafyrirtækja. Það er ekki um það að ræða að samgönguráðuneytið geti gert þá kröfu að símafyrirtæki greiði niður símakostnað, í þessu tilviki á milli þessara landa.

Vandinn liggur í því að notkunin er tiltölulega takmörkuð. Það eru fáir, miðað við það sem gerist á milli Íslands og annarra landa, sem hringja á milli Íslands og Grænlands. Ofan í kaupið er tiltölulega dýr búnaður notaður við þá símaþjónustu. Það er því ekki á dagskránni af hálfu samgönguráðuneytisins að hafa atbeina að því að símafyrirtækin greiði þetta niður, hvað þá að það sé hægt að beina því til ráðuneytisins að það noti ríkisfjármuni til slíkrar niðurgreiðslu, það stangast á við allar reglur um viðskipti á sviði fjarskipta á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Háhraðatengingar.

Fsp. BjörgvS, 188. mál. — Þskj. 188.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrir tveimur dögum lögðum við, nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar, fram þingsályktunartillögu þar sem kveðið er á um að samgönguráðherra hefjist þegar handa við að smíða frumvarp sem tryggi öllum landsmönnum aðgang að háhraðaneti og samgönguráðherra geri Símanum skylt að tryggja slíka þjónustu. Um er að ræða meiri háttar hagsmunamál fyrir íbúa hinna dreifðu byggða og minni þéttbýlisstaða en eins og staðan er nú eru þeir settir hjá í aðgengi að upplýsingatækninni þótt háhraðanettenging flokkist sem grunnþjónusta í nútímasamfélaginu, rétt eins og orkuveita og símaþjónusta.

Í skriflegu svari hæstv. samgönguráðherra við fyrirspurn minni á síðasta löggjafarþingi kemur fram að yfir 22 þúsund Íslendinga hafa ekki slíka tengingu þar sem Síminn metur það svo að ekki sé arðvænlegt að leggja ADSL-tengingar í byggðarlögum þar sem íbúar eru færri en 150 talsins, hvað þá í dreifðari byggðir sveitanna. Þarna ráða gróðasjónarmið för en inntak tillögu okkar og fyrirspurnar minnar er hins vegar að það sé skylda samfélagsins að tryggja öllum Íslendingum aðgang að háhraðanettenginu óháð búsetu. Án þess er ekki um að ræða jafnstöðu við aðra í þátttöku í nútímasamfélagi, í fjarnámi, í fjarvinnslu og hvers konar aðgengi að upplýsingum og afþreyingu gegnum netið.

Stjórnvöld eiga að mínu mati að skylda Símann til að

veita eða hafa milligöngu um að veita slíka þjónustu gegnum örbylgju eða beinar tengingar. Til staðar eru mörg góð fyrirtæki eins og eMax, Ábótinn og fleiri sem veita slíka þjónustu gegnum örbylgjusamband í mörgum dreifðari byggðum. Við eigum að nýta þá þjónustu fyrirtækjanna fyrir milligöngu Símans. Hið opinbera á að skylda Símann til að tryggja þjónustuna eða hafa milligöngu þar um.

Á meðan svo háttar að mikill fjöldi Íslendinga býr ekki við háhraðatengingar og góðan aðgang að upplýsingahraðbrautinni eru þær byggðir ósamkeppnishæfar þegar kemur að vali fólks og fyrirtækja til búsetu. Byggðirnar eru annars flokks í þessu tilliti og íbúum þeirra mismunað af hálfu samfélagsins, hafi íbúarnir ekki aðgang að háhraðanettengingu.

Þjóðin á Símann og Síminn er eitt öflugasta og ríkasta fyrirtæki landsins. Hann á að sjálfsögðu að beita afli sínu og þrótti til að tryggja öllum landsmönnum möguleika á háhraðanettengingu í stað þess að vasast t.d. með fjármuni sína í áhætturekstri í fjölmiðlun og öðru, ef valið stendur á milli þess.

Því beini ég eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra:

„Stendur til að tryggja íbúum dreifbýlis og þeirra þéttbýlisstaða, sem eru undir íbúamörkunum sem Síminn setur um lagningu ADSL eða háhraðatenginga, aðgang að háhraðatengingu?“

[15:49]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það er ekki nýlunda að ég og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson ræðum um háhraðatengingar. Það er að verða daglegt brauð hér í þinginu. En svar mitt er svohljóðandi:

Til skamms tíma hefur framkvæmd fjarskipta verið á forræði ríkisins. Símanum, áður Póst- og símamálastofnun, var falið að framkvæma stefnu stjórnvalda og byggja upp fjarskiptakerfi landsins. Síminn hafði einkaleyfi til fjarskipta og var um leið stjórnvald á því sviði.

Nú um 100 árum síðar hefur samræmd löggjöf Evrópu kallað á breytingar á þessu sviði, sem m.a. felast í afnámi einkaréttar til að veita fjarskiptaþjónustu og samkeppni á þeim markaði. Með þessu er lagður grunnur að einkavæðingu ríkisrekinna símafyrirtækja og er sala Landssímans eðlilegt framhald af því.

Nú bjóða fleiri fyrirtæki fjarskiptaþjónustu hér á landi í harðri samkeppni, sem m.a. hefur haldið uppi öflugri þjónustu og lágu verði. Í því lagaumhverfi sem þessari þjónustu er búin í dag er ekki gert ráð fyrir að stjórnvöld framfylgi stefnu sinni með því að beita Landssímanum fyrir sig. Þess vegna er m.a. unnið að fjarskiptaáætlun um þessar mundir.

Hið nýja umhverfi fjarskiptanna leiðir af sér breytta aðkomu stjórnvalda að málaflokknum og tryggja verður laga- og viðskiptaumhverfi sem tekur mið af samkeppnisreglum. Það ættu háttvirtir þingmenn Samfylkingarinnar að þekkja allsæmilega. Gæta þarf jafnræðis og gagnsæis í ákvarðanatöku gagnvart fjarskiptafyrirtækjum og um leið leita leiða til að örva samkeppni.

Stjórnvalda er einnig að gæta hagsmuna og réttinda neytenda, stuðla að jöfnun verðs og tryggja almenna grunnþjónustu. Hin breytta fjarskiptalöggjöf takmarkar möguleika stjórnvalda til sértækra aðgerða eða til að stýra markaðsöflunum. Einnig takmarkast mjög möguleikar yfirvalda til þess að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtækin, aðrar en þær sem þegar er að finna í íslenskri löggjöf.

Ráðuneytið styður uppbyggingu aukinnar gagnflutningaþjónustu en hefur takmörkuð lögbundin úrræði til að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki umfram alþjónustu sem kveðið er á um í 19.–22. gr. fjarskiptalaganna. Þessi ákvæði gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Þó má benda á að á Íslandi eru meiri kröfur lagðar á símafyrirtækin um gagnaflutningasambönd en þekkist nokkurs staðar annars staðar. Það hefur ef til vill verið sá aflvaki sem leitt hefur til þeirrar hörðu uppbyggingar sem orðið hefur.

Það er undir fjarskiptafyrirtækjunum sjálfum komið hvar uppbygging fer fram umfram alþjónustu. Í þessu sambandi er athygli fyrirspyrjanda vakin á 24. gr. fjarskiptalaganna um samtengingu neta og 34. gr. laganna um aðgang að heimtaug. Þessum ákvæðum er ætlað að tryggja virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Þau gera það að verkum að fleiri fyrirtæki eru í stakk búin til að verða við óskum neytenda um gagnaflutningaþjónustu.

Að lokum er rétt að vekja athygli á því að skipaður hefur verið stýrihópur til að hefja undirbúning að gerð fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005–2010. Með henni er stefnt að því að móta heildarstefnu í fjarskiptamálum okkar Íslendinga, m.a. til að kortleggja með hvaða hætti stjórnvöld geti komið að frekari uppbyggingu í fjarskiptamálum, t.d. varðandi háhraðatengingar. Markmið áætlunarinnar er að leggja grunn að framþróun íslensks samfélags með því að bjóða bestu, ódýrustu og öruggustu rafrænu samskiptin með beitingu fjarskipta- og upplýsingatækni. Þetta verður m.a. gert með hliðsjón af nýrri stefnumótun forsætisráðuneytisins um upplýsingasamfélagið sem nefnist „Auðlindir í allra þágu — Stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004–2007“.

Stýrihópnum er m.a. ætlað að skoða og gera tillögur um stefnu stjórnvalda er varðar gagnaflutningstengingar á landsbyggðinni, m.a. með hvaða hætti stjórnvöld geti komið að málum þar sem uppbyggingu fjarskiptafyrirtækjanna sleppir. Stýrihópurinn mun skila tillögu að nýrri fjarskiptaáætlun innan skamms. Miðað er við að áætlunin verði lögð fyrir Alþingi þegar að þeirri vinnu lokinni.

[15:54]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Þegar fólk velur sér búsetu nú til dags skiptir miklu máli hver þjónustan er á því svæði sem það veltir fyrir sér að búa á. Þegar ég tala um þjónustu á ég bæði við samgöngur, þjónustu sem sveitarfélagið veitir á staðnum og ekki síður hvernig gengur að komast í samband við upplýsingahraðbrautina í gegnum háhraðatengingar.

Ég verð að segja að svör samgönguráðherra vekja ekki bjartsýni hjá þeim sem búa á svæðum sem ekki hafa fengið slíka tengingu í dag.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann telji að auðveldara verði fyrir þessi svæði og íbúa þar að fá háhraðatengingu þegar búið verður að selja Símann, eins og núverandi ríkisstjórn vill gera, með grunnkerfinu eins og

stendur til. Verður þá auðveldara, að hans mati, fyrir þá sem búa á þessum svæðum að fá slíka tengingu, fyrst það gengur alls ekki að fá hana hjá fyrirtæki sem er nánast 100% í ríkiseigu og skilar þúsundum milljóna í hagnað á hverju ári?

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Jóni Gunnarssyni. Það var leitt að heyra svör hæstv. ráðherra. Ég taldi að hann mundi taka af skarið og lýsa því yfir að hann ætlaði í krafti embættis síns að tryggja öllum Íslendingum aðgengi að háhraðanettengingu. Þær leiðir sem hann fer að því markmiði eru í sjálfu sér aukaatriði, hvort hann notar þjónustu Símans eða annarra fyrirtækja til þess er aukaatriði. Hið opinbera á að tryggja öllum Íslendingum aðgengi að slíkri þjónustu, rétt eins og orku og síma, svo að dæmi séu tekin. Án aðgengis að nútímafjarskiptum eru byggðirnar einfaldlega settar hjá og settar af.

Það ríkir engin samkeppni til sveita um hárhraðanettengingar eða aðgengi að upplýsingaþjónustu, það er bara þannig. Þessar byggðir hafa ekki aðgengi að upplýsingabyltingunni og möguleikunum sem upplýsingabyltingin veitir okkur. Þær eru einfaldlega settar hjá. Það er fjarstæðukennt að skáka í því skjóli að Síminn eigi að fara í sölu, að samkeppni ríki á fjarskiptamarkaði o.s.frv. Þetta er grunnþjónusta sem ríkið á að veita, aðgengi að háhraðanetinu í byggðum sem enginn aðili sér hag í að veita þjónustuna út frá beinum gróðasjónarmiðum. Inn í það á hið opinbera að koma og tryggja þjónustuna. Að sjálfsögðu eigum við að nota krafta Símans, eins öflugasta og auðugasta fyrirtækis á Íslandi, fyrirtækis sem er öflugt og auðugt af því að við sem eigum það höfum gert það öflugt og auðugt.

Síminn er forréttindafyrirtæki á mörgum sviðum. Hvort sem það hefur verið ákveðið af hæstv. ríkisstjórn að selja það eða ekki þá skiptir það ekki máli. Kostnaðurinn er smáaurar í því samhengi að Síminn fer með fjármuni í áhættufjárfestingar í fjölmiðlarekstri og öðru slíku. Það á að sjálfsögðu að nota aflið og auðinn til að tryggja öllum íbúum Íslands jafnmikla grunnþjónustu og aðgengi að háhraðaneti.

[15:58]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það verður nú að segjast eins og er, að það er næstum hlægilegt að hlusta á háttvirta þingmenn Samfylkingarinnar tala eins og þeir gera á sama tíma og þeir leggja á ráðin um inngöngu í Evrópusambandið. Svona tal væri afskaplega illa í samræmi við hugmyndafræðina um hið opna og frjálsa hagkerfi sem áhersla er lögð á þar.

Hið opinbera á að tryggja þjónustuna, segja menn. Það væri fróðlegt fyrir hv. þm. Björgvin Sigurðsson að rifja upp ræður sem þingmenn og ráðherrar Alþýðuflokksins fluttu m.a. þegar fjallað var um uppbyggingu dreifikerfis og raforkukerfis í sveitum. Þá voru ágætir þingmenn Alþýðuflokksins m.a. ráðherrar iðnaðarmála. Þá hefði væntanlega verið auðvelt að beita sér fyrir því að þessar hugsjónir næðu fram að ganga, að hið opinbera ætti að tryggja uppbyggingu raforkukerfisins í sveitum.

En lífið er ekki svo einfalt. Við erum enn að byggja upp raforkukerfið í landinu. Við erum enn að byggja upp vegakerfið í landinu. Við gerum það ekki allt á einni nóttu. Þessi þjóð hefur eflst á öllum sviðum og við höfum nýtt afl okkar og auð til að byggja upp fjarskiptakerfin. Í dag vinna fleiri en Síminn að fjarskiptauppbyggingunni. Henni sinna fleiri fyrirtæki, m.a. Og Vodafone, ágætt fyrirtæki. Síminn hefur síðan m.a. beitt afli sínu í þágu dreifbýlisins með því að fjárfesta í sjónvarpsfyrirtæki sem mun skapa möguleika á að byggja upp slíkar háhraðatengingar inn á hvert einasta heimili í landinu. Háttvirtir þingmenn Samfylkingarinnar ættu að koma til skjalanna og styðja þetta mikilvæga fyrirtæki okkar, Símann, í þeim aðgerðum sem munu leiða til þess, að ég tel, að auðveldara verður að leggja háhraðakerfi (Forseti hringir.) um landið allt, með því afli sem skapast við að selja (Forseti hringir.) sjónvarpsþjónustuna um land allt.

[Fundarhlé. — 16:00]

Samræmd áfengisstefna á Norðurlöndum.

Fsp. JóhS, 117. mál. — Þskj. 117.

[18:00]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í Neytendablaðinu nýlega kom fram að áfengisgjald á Íslandi er með því hæsta sem gerist í Evrópu. Einnig kom fram að áfengisgjöld á léttvíni og bjór geta verið mörg hundruð prósentum hærri hér en í öðrum Evrópulöndum. Áfengisgjaldið sem rennur í ríkissjóð nemur yfir 80% af verðinu og af léttvíni og bjór renna um 65% af verðinu til ríkisins. Þegar litið er til áfengisgjalds og virðisaukaskatts er hlutur ríkisins í útsöluverði á áfengi 83%.

Á nýlegri ráðstefnu heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlandanna í Kaupmannahöfn var gerð samþykkt um áfengismál og því beint til norrænu ráðherranefndarinnar að lagðir verði háir skattar á áfengi á Norðurlöndunum. Norðurlandaþjóðirnar ætla að tala fyrir þessari stefnu innan Evrópusambandsins og á vettvangi Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Í viðtali við hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, eftir ráðstefnuna var haft eftir honum að þetta feli í sér að menn vilji hækka skatta á áfengi.

Nú má spyrja, þar sem hátt áfengisverð er hér á landi og reyndar í Noregi einnig, hvort Ísland sé fyrirmyndin að þessari ákvörðun, þ.e. að áfengisskattar verði hækkaðir í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi og að baki liggi rannsóknir um að hátt áfengisverð hafi leitt til minni áfengisneyslu hér en á hinum Norðurlöndunum. Nei, það er ekki svo, því að í skýrslu sem lögð var fyrir fund norrænu ráðherranna kom fram að áfengisneysla hafi aukist á síðustu árum í öllum löndunum, líka í Noregi og á Íslandi þar sem áfengisverð er mjög hátt.

Mín skoðun er sú að miklu vænlegra sé að draga úr áfengisneyslu með öflugu forvarna- og fræðslustarfi og að við þurfum að auka til muna fjármagn til að halda uppi forvarnastarfi ásamt neyslustýringu þar sem reynt verði að breyta neyslumynstri með lægra verði á bjór og léttvíni.

Því er spurt hversu miklu hvert ríki á Norðurlöndum verji til áfengis- og fíkniefnavarna.

Fyrir þennan fund í Kaupmannahöfn var haft eftir heilbrigðisráðherra að Norðurlöndin vilji samræma áfengisstefnuna. Í þeirri fyrirspurn sem ég hef nú lagt fyrir ráðherra spyr ég:

Hverjar voru tillögur Íslands á þessum fundum norrænu ráðherranna? Og þar sem markmiðið er að samræma áfengisstefnuna getur það varla eingöngu gilt um verðlagningu áfengis og því spyr ég einnig um skoðun hæstv. heilbrigðisráðherra á áfengiskaupaaldri. Vill hann að áfengiskaupaaldur verði samræmdur því sem gerist annars staðar á Norðurlöndunum og þá til lækkunar, eða felst samræmd áfengisstefna í því að hækka áfengiskaupaaldurinn annars staðar á Norðurlöndunum?

Reyndar ætti ráðherrann einnig að svara því, ef samræma á áfengisstefnuna, hvort heimila eigi sölu léttvíns og bjórs í matvöruverslunum hér á landi eins og er víða annars staðar á Norðurlöndunum eða hvort til standi að hætta þeirri sölu annars staðar á Norðurlöndunum þar sem hún er nú leyfð.

Virðulegi forseti. Ég spyr því, og það er kjarni og tilefni fyrirspurnar minnar: Hvað á þessi samræming að ganga langt eða gildir hún bara um áfengisverðið, að það verði hækkað? Síðan legg ég áherslu á forvarnirnar eins og kemur fram í fyrirspurn minni.

[18:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Reykv. s. Jóhanna Sigurðardóttir spyr:

„Hverjar eru hugmyndir ráðherra um samræmda áfengisstefnu á Norðurlöndum og hverjar verða tillögur Íslands í því efni á aukafundi heilbrigðisráðherra Norðurlanda í október?"

Því er til að svara að mánudaginn 18. okt. sl. var haldinn í Kaupmannahöfn fundur heilbrigðis- og félagsmálaráðherra Norðurlanda um áfengismál og stýrði ég þeim fundi sem fulltrúi Íslands. Á fundinum gerðist sá ánægjulegi atburður að ráðherrarnir samþykktu yfirlýsingu um áfengismál og töluðu þannig einum rómi í nokkrum meginatriðum. Í yfirlýsingunni hvetja ráðherrarnir til aukinnar samvinnu í áfengismálum á vettvangi Norðurlandanna. Þeir leggja áherslu á að löndin beiti sér ekki síst á vettvangi alþjóðlegra stofnana og samtaka fyrir því að ekki sé litið á áfengi sem hverja aðra vöru heldur vöru sem hefur bæði áhrif á heilbrigði þjóða og félagslegar aðstæður í löndunum. Ráðherrarnir benda sömuleiðis á að alþjóðavæðing og alþjóðleg viðskipti hafi torveldað löndunum að framfylgja áfengismálastefnu sem ákvörðuð er í hverju landi fyrir sig. Jafnframt lýsa ráðherrarnir yfir áhyggjum sínum af áhrifum aukinnar neyslu á lýðheilsu og undirstrika jafnframt samband áfengisneyslu og félagslegra afleiðinga.

Þá sammæltust norrænu ráðherrarnir um að vinna saman að því að halda fram heilbrigðissjónarmiðum og félagslegum sjónarmiðum á vettvangi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, gagnvart Alþjóðaviðskiptastofnuninni og síðast en ekki síst í samskiptum sínum við Evrópusambandið. Í því sambandi samþykktu ráðherrarnir að hvetja til þess að Evrópusambandslöndin hækkuðu skattlagningu á áfengi í því skyni að draga úr neyslu og koma í veg fyrir misnotkun áfengis.

Hv. 2. þm. Reykv. s. spyr enn fremur:

„Hversu miklu á íbúa ver hvert ríki á Norðurlöndunum til áfengis- og fíkniefnaforvarna?"

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um hversu háum upphæðum er á ári varið til áfengis- og fíkniefnaforvarna. Umrædd starfsemi er ekki aðeins hluti af starfsemi Lýðheilsustöðvar, SÁÁ og annarra samtaka heldur er hún verulegur þáttur í starfi heilsugæslu, sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana. Er þá átt bæði við 1. stigs og 2. stigs forvarnir.

Það er mat heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að árlega sé 8–10% af heilbrigðisútgjöldunum varið til forvarna og u.þ.b. einn þriðji hluti þeirra renni til áfengis- og vímuefnaforvarna. Þetta hlutfall er í stórum dráttum í samræmi við það sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Virðulegi forseti. Loks spyr hv. 2. þm. Reykv. s.:

„Telur ráðherra að samræma eigi áfengiskaupaaldur því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum varðandi kaup á léttvíni og bjór þannig að hann verði 18 ár og mun ráðherra beita sér fyrir auknu fjármagni til forvarna ef sú leið verður valin hér á landi?"

Svarið við þessu er að ég tel ekki ástæðu til þess að lækka áfengiskaupaaldurinn hér á landi. Verði sú leið hins vegar valin á næstu árum eða á næstunni mun að sjálfsögðu verða að grípa til aðgerða í fræðslumálum og forvörnum til að sporna við aukinni áfengisneyslu.

[18:07]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Mikill þrýstingur er á að breyta stefnu varðandi áfengismál hér á landi. Fyrir þinginu liggur frumvarp um lækkun áfengiskaupaaldurs í 18 ár og einnig frumvarp um afnám einkasölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Umræða fór nýlega fram hér á hinu háa Alþingi varðandi áfengisauglýsingar og síðast en ekki síst er mikill þrýstingur á að lækka verð á áfengi, bæði frá almenningi og ekki síst frá ferðaþjónustunni í landinu, en allar þessar aðferðir hafa stjórnvöld notað til þess að minnka aðgengi að áfengi hér á landi.

Ég tel að umræður um þessi mál þurfi að fara fram á hinu háa Alþingi þar sem allir þessir þættir eru undir. Við þurfum að átta okkur á hvaða áhrif hver og einn þeirra hefur á neyslu áfengis og ekki síst hvaða afleiðingar rýmkun reglna hefur til aukins aðgengis barna og ungmenna að áfengi.

Ég hef verið talsmaður aukins frelsis í þessum málum. Ég er hins vegar ekki talsmaður þess að öllum þessum þáttum verði gefinn laus taumur á sama tíma. Ég hvet til þess að við áttum okkur á í hvaða röð við viljum aflétta hömlum, hvernig við viljum gera það og á hvað löngum tíma, til þess að geta metið áhrif hverrar breytingar fyrir sig.

[18:08]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem

hér hafa talað og fannst ánægjulegt að heyra svör hæstv. ráðherra.

Ég er hins vegar ekki sammála lækkun áfengiskaupaaldurs. Í skýrslu dómsmálaráðherra, sem lögð var fyrir Alþingi árið 2000, kom fram að lækkun áfengiskaupaaldurs getur haft í för með sér greiðari aðgang yngri barna að áfengi og að unglingar byrji fyrr að drekka með þeim vandamálum sem því fylgja. Drykkjuvenjur eru allt aðrar hér á landi en í öðrum Evrópulöndum og í skýrslunni kemur einnig fram að hlutfall íslenskra unglinga sem lenda í vandræðum vegna áfengisneyslu sé mun hærra hér en annars staðar. Hvergi í Evrópu er annað eins framboð á meðferð fyrir áfengissjúka og hvergi hefur jafnstór hluti einnar þjóðar farið í einhvers konar meðferð vegna misnotkunar áfengis og hér á landi.

Það kemur líka fram í skýrslunni að nefndin ásamt öllum þeim sem tengdust börnum og leitað var álits hjá voru sammála um að ekki skyldi lækka áfengiskaupaaldurinn.

[18:09]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er skrýtið þegar hlýtt er á orð síðasta ræðumanns að áfengisneysla unglinga skuli ekki vera minni hér á landi en annars staðar því að við erum með hærri áfengiskaupaaldur en aðrar Norðurlandaþjóðir, sem segir okkur hve lítil vörn er í því að miða áfengiskaupaaldurinn við 20 ár. Það eru aðrar leiðir sem þarf að fara til þess að breyta neysluvenjum og neyslumynstri unglinga hér.

En tilefni fyrirspurnarinnar sem hér var lögð fram var að fá fram hjá hæstv. ráðherra hvort samræma ætti áfengisstefnuna, eins og ummæli sem höfð voru eftir hæstv. ráðherra lýstu, að Norðurlöndin vilji samræmda áfengisstefnu. Það getur þá ekki gilt bara um verðið — ég veit ekki einu sinni hvort verðið á að lækka eða að hækka — á það alls staðar að hækka eða á það að lækka hér? Á að samræma áfengiskaupaaldurinn? Hvað þýðir „samræmd áfengiskaupastefna"? Þetta kom alls ekki fram hjá ráðherra þannig að ég er engu nær og lýsi vonbrigðum með það og ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra um hvernig eigi að samræma áfengisstefnuna á Norðurlöndum. Mér finnst hæstv. ráðherra skulda okkur að það komi hér fram.

Ég spyr ráðherrann t.d. um það sem ég nefni „áfengi í búðir", þ.e. léttvín og bjór. Er hann fylgjandi því að við leyfum hér áfengi í búðir, léttvín og bjór, eins og er annars staðar á Norðurlöndunum víðast hvar, eða ætla önnur Norðurlönd að hætta að hafa áfengi í búðum þannig að hægt sé að samræma þetta? Ég lýsi því hér yfir að ég er ekki sammála því að áfengiskaupaaldurinn verði lækkaður á sama tíma og léttvín og bjór verði sett í búðir. Það þarf að líða töluvert langt þar á milli svo hægt verði að meta reynsluna af þessu. Ég legg áherslu á að við setjum verulegt fjármagn í þetta hvað forvarnir varðar og ég fagna því að hæstv. ráðherra mun styðja við bakið á okkur hér á þinginu um að það verði gert ef leiðin verður sú að lækka áfengiskaupaaldurinn. (Forseti hringir.)

En ég ítreka spurningu mína til ráðherra: Hvernig á að samræma þessa áfengisstefnu fyrir öll Norðurlöndin? Ráðherrann hefur ekki svarað því, virðulegi forseti.

[18:12]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Það að samræma áfengisstefnu á Norðurlöndum felst ekki í því að nákvæmlega sama regla verði um sölu víns í öllum löndunum. Löndin hafa misjafnan kúltúr hvað þetta snertir, eins og við vitum. Hins vegar er eitt lykilatriði sem ég nefndi í svari mínu, að Norðurlöndin ætla að tala einum munni á vettvangi Evrópubandalagsins um skattlagningu á áfengi. Þetta þýðir ekki að við þurfum að hækka skatta á áfengi. Á Norðurlöndunum hafa menn áhyggjur af mikilli landamæraverslun með áfengi og mismunandi skattlagningu.

Þar að auki, svo að ég stikli á stóru, er samkomulag um að á áfengi sé ekki litið sem hverja aðra vöru. Það felst í því að takmarkanir eru á sölu þess, það eru aldursmörk og ákveðnar reglur um auglýsingar, þó að menn greini á um hvernig eigi að framfylgja þeim reglum. En um þetta er samkomulag á Norðurlöndunum. En samkomulagið felst ekki í því að það sé nákvæmlega eins á öllum Norðurlöndum hvernig er staðið að sölu á áfengi, ég reikna ekki með að það verði á næstunni, en að tala einum munni í skattamálum og vinna sem einn maður á vettvangi Alþjóðaheilbrigðismálstofnunarinnar, m.a. að áfengismálin séu tekin þar á dagskrá og forvarnir séu teknar þar á dagskrá.

Vinnutilhögun unglækna.

Fsp. ÁÓÁ, 158. mál. — Þskj. 158.

[18:14]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Frú forseti. Vinnutilhögun lækna í starfsnámi eða svokallaðra unglækna hefur lengi verið deilumál hér á landi. Félag unglækna hefur lengi bent á að núverandi tilhögun vinnu unglækna nær ekki nokkurri átt. Unglæknar telja að jafnvel sé verið að brjóta á þeim lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980. Þessi lög eiga m.a. að tryggja eðlilega hvíld viðkomandi launþega.

Hins vegar hefur verið bent á að kjarasamningar lækna undanþiggja lækna frá ýmsum ákvæðum sem má finna í lögunum, svo sem frítökurétti. Sé hins vegar vikið frá lögbundnum lágmarksréttindum er alveg ljóst að lög eru brotin. Kjarasamningar geta ekki breytt lögbundnum lágmarksréttindum. Nú er Félag unglækna að huga að því hvort það muni fara í málssókn vegna þessa. Samkvæmt skýrslu starfshóps um vinnutíma Landspítalans frá 5. mars sl. sem var send Jóhannesi Gunnarssyni lækningaforstjóra, og ég hef undir höndum, kemur fram að m.a. á geð-, gjörgæslu- og svæfingardeildum séu sólarhringsvaktir hjá kandidötum og læknum án sérfræðileyfis. Vaktir á viðkomandi deildum hjá þessum viðkomandi einstaklingum standast ekki ákvæði laga um lágmarkshvíld.

Of mikil vinna lækna og þar á meðal unglækna er engum til góða. Þessir einstaklingar vinna afar mikla vinnu þar sem líf og heilsa eru iðulega undir. Að undanskilja unglækna frá eðlilegum hvíldartíma, hvað þá án nokkurra réttinda á móti, er ekki rétt að gera. Breytingar á vöktum unglækna voru byrjaðar í haust með því að unglæknar

fengu frí frá dagvinnu fyrir og eftir vakt. Þá mætti fólk í vinnuna kl. 16 og vann til kl. 8 morguninn eftir. Samkvæmt forsvarsmönnum unglækna gat yfirstjórn spítalans hins vegar ekki sætt sig við það og skipaði því sviðsstjórum að breyta aftur yfir í gamla kerfið þar sem unglæknir vinnur í rúman sólarhring þegar hann er á vakt. Í núverandi kerfi getur því unglæknir þurft að vera á sólarhringsvakt og síðan þurft að vinna næsta dag á eftir á venjulegu dagvinnukaupi. Hver maður sér að þetta fyrirkomulag nær ekki nokkurri átt. Hér er því bæði verið að brjóta á réttindum unglækna og sömuleiðis er það ekki nokkrum manni í hag að hafa örþreyttan lækni á vakt þar sem ákvarðanir hans geta varðað líf og dauða.

Ég spyr þess vegna hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hann telji vinnutilhögun svokallaðra unglækna forsvaranlega og einnig vil ég fá að vita hvort hæstv. heilbrigðisráðherra sé tilbúinn að beita sér fyrir breytingum á vinnutilhögun unglækna, t.d. með frítökurétti, álagi eða breyttum vöktum handa unglæknum.

[18:17]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hefur beint til mín fyrirspurn um vinnutilhögun unglækna. Sem kunnugt er hefur það viðgengist víða um lönd að unglæknar, þ.e. læknar í starfsþjálfun, hafa áður og fyrrum gengið langan vinnudag svo að úr hófi hefur verið, bæði hérlendis og erlendis. Á þessum þáttum hefur markvisst verið tekið og má í því sambandi minna á að læknar í starfsnámi hafa verið felldir undir vinnutímaákvæði Evrópusambandsins, enda hafa fyrstu tilskipanir þaðan reynst óframkvæmanlegar fyrir mörg lönd. Munu þau ákvæði vera í endurskoðun.

Á Íslandi hefur þessi vandi helst snúið að stóru sjúkrahúsunum, Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Hef ég fyrir nokkru beint þeim tilmælum til sjúkrahúsanna að vinna ákveðið að bættu skipulagi vinnutíma unglækna þannig að hann falli að öllum gildandi ákvæðum og verði jafnframt fjölskylduvænn. Sjúkrahúsin hafa tekið á þessum málum og hefur þeim tekist að koma þeim í betra horf á öllum stærstu sviðum spítalanna þó að oft hafi reynst erfitt að samræma vinnutíma og vaktatilhögun á öllum deildum. Einnig hefur á sumum deildum verið það lítið vinnuálag á næturnar að unglæknar hafa frekar kosið að halda gildandi fyrirkomulagi óbreyttu í stað þess að hafa vaktir styttri en að sama skapi þéttar.

Ég hef fylgst vel með ástandi þessara mála, tel að þau hafi á undanförnum árum lagast verulega hvað vinnuálag lækna í starfsnámi snertir. Verður það að teljast í langflestum tilvikum fyllilega forsvaranlegt þó að vissulega geti verið undantekning þar á.

[18:19]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Virðulegi forseti. Þróunin í mörgum kjarasamningum hefur verið sú að tryggja launþegum svokallaða lágmarkshvíld á milli vinnudaga. Eins þekkjum við nýlega tilhögun sem tekin hefur verið upp hjá atvinnubílstjórum með þetta í huga. Við vitum að mikið vinnuálag, svefnleysi og þreyta getur leitt til einbeitingarleysis sem síðar getur leitt til mistaka í starfi. Óneitanlega eru mistök í starfi læknastéttarinnar og afleiðingar af þeirra völdum sýnu alvarlegri en mistök hjá flestum öðrum starfsstéttum. Unglæknar eiga að sjálfsögðu ekki að þurfa að berjast fyrir því að fá að hvílast á milli vakta á heilbrigðisstofnunum landsins. Við státum af frábæru heilbrigðiskerfi hér á landi og við skulum viðhalda því.

[18:19]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svör hans. Mér fannst ég skynja skilning hjá hæstv. heilbrigðisráðherra á þessu vandamáli en hins vegar fannst mér einnig skorta tilfinnanlega vilja til að ganga alla leið og laga þetta. Það má vel vera að þetta hafi batnað hægt og rólega á sumum deildum en vandamáli af þessu tagi verðum við að kippa í liðinn sem fyrst. Mér finnst aðkoma hæstv. heilbrigðisráðherra nauðsynleg. Ég tel að hann eigi að beita sér fyrir beinum breytingum hvað þetta varðar, ég tala ekki um ef lög eru brotin. Ef lög um hvíldartíma eru brotin er það auðvitað háalvarlegt. Eins og fram kom í máli mínu er Félag unglækna að huga að dómsmáli vegna þessa máls og það er búið að draga það félag ansi lengi á úrbótum með þeim svörum að málið sé að fara að batna. Hins vegar gerist lítið í þeim efnum.

Ég tel það einnig á ábyrgð hæstv. heilbrigðisráðherra ef spítalinn er hreinlega undirmannaður, ef kerfið býður upp á það að viðkomandi læknir, unglæknir í þessu tilviki, vinni í of langan tíma. Þá er eitthvað að. Ég tel enn fremur að ábyrgð hæstv. heilbrigðisráðherra sé á að öryggi sé á spítalanum, bæði gagnvart starfsmönnum og sjúklingum. Það er á ábyrgð hæstv. heilbrigðisráðherra að við höfum ekki örþreytta lækna til að sinna þeim verkum sem þeim ber að sinna. Svo tel ég einnig að kjör starfsmannanna séu á ábyrgð hæstv. heilbrigðisráðherra og þau réttindi sem þeir hafa. Ef verið er að brjóta einhver ákveðin réttindi á unglæknum eða ekki komið til móts við eðlilegar kröfur af þeirra hálfu tel ég að ráðherrann þurfi að beita sér af meiri krafti en ég gat lesið vilja um í svari hans. Ég vona að hann fari í gang, hafi samband við yfirstjórn spítalans og að þetta mál verði leyst farsællega því hér er, eins og oft þegar heilbrigðismál eru til umræðu, ansi mikið í húfi.

[18:22]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Já, ég tek undir það að hér er mikið í húfi eins og ávallt þar sem heilbrigðiskerfið er að verki og heilbrigðisstarfsmenn koma nálægt.

Ég endurtek það sem kom fram í svari mínu að það er nokkuð liðið síðan ég beindi skriflegum tilmælum til spítalanna um að fara yfir þessi mál og laga þau að þeim reglum sem fyrir hendi eru. Að sjálfsögðu munum við fylgjast með því áfram hvernig framkvæmdin verður á því. Ég hef í rauninni ekki mikið meira um það að segja annað en það að ég hef áhuga á að þessi mál séu í sem bestu lagi og að allt öryggi sé tryggt í þeim.

Það má bæta því við í lokin að það er ekki alveg rétt sem Jóhannes Kristjánsson hefur eftir mér á samkomum að ég ætli að bíða með að semja við unglæknana þangað til

þeir verða gamlir. Það eru ýkjur. Ég hef einsett mér að fylgjast með þessum málum.

[18:23]

Útbýting:

Fjárframlög til Þjóðminjasafns, 99. mál, svar menntmrh., þskj. 320.

Heilsugæslustöðin á Raufarhöfn.

Fsp. KLM, 120. mál. — Þskj. 120.

[18:24]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Á þskj. 120 hef ég leyft mér að leggja fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um framkvæmdir við heilsugæslustöðina á Raufarhöfn:

1. Hvers vegna eru framkvæmdir við heilsugæslustöðina á Raufarhöfn ekki hafnar?

2. Hvenær er áætlað að framkvæmdir hefjist og hvenær á þeim að ljúka?

3. Hver hefur verið undirbúningskostnaður við verkið fram til þessa?

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir því að ég spyr um þetta mál er sú að við þingmenn kjördæmisins sem komum oft til Raufarhafnar höfum orðið vör við það og átt viðtöl við fólk sem er mjög óánægt með hvað framkvæmdir við heilsugæslustöðina á Raufarhöfn hafa dregist mikið. Sem dæmi get ég sagt að 25. nóvember 2003, bráðum fyrir ári síðan, var undirritaður samningur við Tækniþing á Húsavík um hönnun á verkinu. Þar var líka sett fram að því skyldi lokið 15. janúar á þessu ári, 2004. Framkvæmdir áttu þá að hefjast í febrúar 2004 og verkið átti að vera tilbúið í lok árs 2004.

Virðulegi forseti. Engar framkvæmdir eru hafnar og Raufarhafnarbúar eru mjög langeygir eftir því að þessar sjálfsögðu framkvæmdir hefjist og að farið verði í gang með þetta til að bæta þá aðstöðu sem þarna er.

Raufarhafnarbúar búa vel hvað læknamál varðar, þeim er þjónað vel af heilsugæslulækni sem situr á Kópaskeri. Yfir því er ekki kvartað sem er dálítið sérstakt í litlum kaupstað úti á landi. Þarna er hins vegar húsakostur ekki góður og þess vegna hefur staðið til lengi, sumir segja í allt að fimm ár, að lagfæra heilsugæslustöðina á Raufarhöfn þannig að t.d. sé hægt að setja sjúkrabíl inn svo að vel sé og að bílstjórar komist inn í hann í raun og veru. Það er mikil kúnst að koma bílnum fyrir og þetta nefni ég vegna þess að sjúkrabíll er á þessu svæði, eins og alls staðar annars staðar, mjög mikilvægt öryggistæki.

Þær fyrirspurnir, virðulegi forseti, sem ég las upp vildi ég leggja fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra með þeirri ósk og von að hér komi svar um að verkið sé jafnvel byrjað og að ekki sé lengur verið að kasta á milli manna hugmyndum, tillögum eða vangaveltum heldur sé komið að tíma framkvæmda. Ég vona að hæstv. heilbrigðisráðherra komi með góðar fréttir af þessu verki, eins og ég sagði áðan.

[18:27]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Norðaust. Kristján L. Möller hefur beint til mín fyrirspurn varðandi framkvæmdir við heilsugæslustöðina á Raufarhöfn, hvers vegna þær séu ekki hafnar, hvenær áætlað sé að þær hefjist, hvenær þeim ljúki og hver hafi verið undirbúningskostnaður við verkið.

Því er fyrst til að svara að undirbúningur að núverandi endurbótum á húsnæði heilsugæslustöðvarinnar á Raufarhöfn hófst á árinu 2001. Margt hefur orðið til að tefja þá vinnu. Bæði hafa nýjar hugmyndir um lausn verkefnisins truflað undirbúning og jafnframt hafa gefin loforð um skil á undirbúningsvinnu ekki staðist. Því hefur ekki verið unnt að hefjast handa.

Nú er vetur genginn í garð og ekki heppilegt að hefja slíkt verk fyrr en vorar á ný. Verður veturinn í vetur notaður til að yfirfara öll áform um verkið og forsendur þess. Ætlunin er að sú yfirferð taki ekki meira en fjóra mánuði. Framkvæmdir hefjast svo strax og niðurstaða hennar liggur fyrir og árstíð leyfir. Verklok verða í síðasta lagi haustið 2005.

Bókfærður kostnaður vegna þessa verkefnis er 1.538 þús. kr., þar af 1.260 þús. kr. vegna hönnunar verksins.

Ég vona að þessar upplýsingar svari spurningum hv. þingmanns en það er rétt sem hann segir að þetta verk hefur dregist úr hömlu. Ég vil gera mitt til að ljúka því á næsta ári.

[18:28]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir það svar sem hann hefur gefið hinu háa Alþingi um þessar framkvæmdir. Auðvitað eiga þingmenn ekki að þurfa að koma inn með fyrirspurnir sem þessar. Alþingismenn eiga að taka ákvörðun um að setja þetta á fjárlög og síðan á verkið að fara á framkvæmdastig.

Eins og hæstv. ráðherra sagði hefur undirbúningur fyrir þetta verk staðið frá árinu 2001. Nú er nóvember 2004 þannig að þetta er auðvitað alveg ótrúlega langur undirbúningstími. Eins og hann sagði stóðust ekki gefin loforð um hönnun og annað slíkt sem er auðvitað mjög alvarlegt mál og ekki eingöngu vegna Raufarhafnarbúa. Það er líka alvarlegt mál fyrir stjórnsýsluna í landinu ef það gengur þannig til að framkvæmdir sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur beitt sér fyrir og með góðum hug sett inn í fjárlög hefjast ekki vegna þess sem hér hefur komið fram.

Hæstv. ráðherra segir að vegna vetrarkomu verði ekki hafist handa núna heldur í vor og verkið tilbúið haustið 2005. Auðvitað fagna ég því þó að ég gagnrýni það líka, eins og ég gerði áðan, hvað þetta hefur dregist von úr viti. Betra er samt seint en aldrei og aðalatriðið er að hæstv. ráðherra hefur skýrt afstöðu sína í málinu og ég treysti því að hann ýti vel á eftir því þannig að ekki þurfi að taka málið aftur upp haustið 2005 á hinu háa Alþingi. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir það og hvet hann til dáða í því að ýta þessu verki í gang eins og áætlanir hafa verið. Raufarhafnarbúar eiga ekki að þurfa að bíða lengur eftir þessari sjálfsögðu framkvæmd.

[18:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ekki miklu við svör mín að bæta. Ég endurtek að ég er óánægður með framvindu verksins og vona að slík dæmi þurfi ekki að endurtaka sig. Hins vegar vil ég láta það koma fram og tek undir með hv. fyrirspyrjanda að Raufarhöfn er vel þjónað af heilsugæslulækninum sem þar starfar og hefur aðsetur á Kópaskeri. Rétt er að það komi fram að starf hans á svæðinu og heilbrigðisstarfsfólksins alls sem þar þjónar hefur unnið ágætisstarf. Það er áríðandi að koma aðstöðunni þarna í lag og ég vona að við ráðum fram úr því á næsta ári.

(**Forseti** (JBjart): Það er rétt að gera augnablikshlé á dagskrá þessa fundar.)

Sementsverð á landsbyggðinni.

Fsp. SigurjÞ, 152. mál. — Þskj. 152.

[18:34]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Málið sem ég ætla að bera upp við ráðherra varðar flutningsjöfnun. Flutningsjöfnun hefur verið á dagskrá ríkisstjórnarinnar um árabil en lítið gerst. Samt sem áður er sí og æ fjallað um flutningsjöfnun og síðast í ákaflega lélegri skýrslu um framvindu byggðamála.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Á vegum iðnaðarráðuneytisins er verið að kanna möguleika á að teknar verði upp endurgreiðslur til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni á hluta flutningskostnaðar.“

En eina sem ríkisstjórnin hefur gert er að afnema flutningsjöfnun. Mér finnst það alveg stórundarlegt í ljósi þess að þetta hefur verið á dagskrá hjá ríkisstjórninni í rúm þrjú ár og eina sem gerist er að málin fara aftur á bak. Það finnst mér alveg stórundarlegt.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. iðnaðarráðherra um þá ákvörðun að afleggja þá jöfnun sem var á flutningi á sementi.

Fyrirspurnin er á þá leið:

Hefur það gengið eftir, sem fram kom í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 63/2004, að hækkun sementsverðs á landsbyggðinni yrði að líkindum óveruleg þótt hætt yrði að jafna flutningskostnað á sementi?

Mig langar að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort þetta hafi gengið eftir, hvort hún hafi kannað hvort sementsverð hafi hækkað og hafi það hækkað, mun hæstv. iðnaðarráðherra beita sér fyrir því að flutningsjöfnun verði tekin upp á ný á sementi?

Það er óneitanlega furðulegt að fylgjast með því að sí og æ sé verið að tala um flutningsjöfnun og það eina sem gerist hjá hæstv. iðnaðarráðherra er að sú litla flutningsjöfnun sem fyrir var er afnumin. Þess vegna leikur mér forvitni á að vita hvort verið sé að kanna þessi mál, hvort það hafi gengið eftir sem fram kom í athugasemdum með lagafrumvarpinu sem samþykkt var í vor.

[18:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á þskj. 152 hefur hv. þm. Sigurjón Þórðarson beint til mín svohljóðandi fyrirspurn:

„Hefur það gengið eftir, sem fram kom í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 63/2004, að hækkun sementsverðs á landsbyggðinni yrði að líkindum óveruleg þótt hætt yrði að jafna flutningskostnað á sementi?“

Svarið hljóðar svo:

Eins og fram kemur í fyrirspurn var flutningsjöfnun á sementi aflögð þann 1. júlí 2004. Samkvæmt upplýsingum sem aflað hefur verið frá Byggðastofnun hefur verð á sementi breyst sem hér segir á nokkrum stöðum á landsbyggðinni. Er annars vegar miðað við 1. október 2003 og hins vegar 1. september 2004:

Í Stykkishólmi hefur verð á sementi í pokum staðið í stað en verð á lausu sementstonni lækkað um 6%. Á Ísafirði hefur verð á sementi í pokum hækkað um 6% en verð á lausu sementstonni lækkað um 2%. Á Sauðárkróki hefur verð á sementi í pokum hækkað um 25% en verð á lausu sementstonni lækkað um 3%. Á Akureyri hefur verð á sementi í pokum hækkað um 6% en verð á lausu sementstonni hækkað um 5%. Á Húsavík hefur verð á sementi í pokum hækkað um 6% en verð á lausu sementstonni lækkað um 4%. Á Raufarhöfn hefur verð á sementi í pokum hækkað um 72%, þar er ekki steypustöð og því ekki kostur á lausu sementi. Á Reyðarfirði hefur verð á sementi í pokum hækkað um 17% en verð á lausu sementstonni hækkað um 5%. Á Egilsstöðum hefur verð á sementi í pokum hækkað um 6% en verð á lausu sementstonni hækkað um 11%. Í Vestmannaeyjum hefur verð á sementi í pokum hækkað um 59% og verð á lausu sementstonni hækkað um 13%. Á Selfossi hefur verð á sementi í pokum hækkað um 6% en verð á lausu sementstonni lækkað um 5%.

Þess má geta að í Reykjavík hafa verðbreytingar á sama tímabili verið þannig að verð á sementi í pokum hefur hækkað um 6% en verð á lausu sementi hefur staðið í stað.

Samkvæmt framansögðu er óhætt að segja að verð á lausu sementi hefur ekki breyst ýkja mikið og víðar lækkað en hækkað. Verð á sementi í pokum hefur víðast hækkað um 6%, sem skýrist af hækkuðum framleiðslukostnaði. Fyrir utan almennar verðlagshækkanir er framleiðslukostnaður sements töluvert háður verðlagi á olíuvörum sem eins og kunnugt er hafa hækkað gríðarlega að undanförnu.

Þar sem hækkanir hafa orðið hvað mestar á flutningskostnaði sements í pokum, eins og til Raufarhafnar, Vestmannaeyja og Sauðárkróks, er skýringanna ekki að leita í afnámi flutningsjöfnunarinnar þar eð sú flutningsjöfnun sem til staðar var nam miklu lægri upphæð en sú hækkun sem orðið hefur á sementsverðinu. Þá gefa útgefnar gjaldskrár flutningsaðila á tímabilinu ekki heldur tilefni til slíkra hækkana. Hitt ber að hafa í huga að miklu máli skiptir varðandi flutningskostnaðinn hversu mikið magn er flutt í einu. Þannig er verð samkvæmt gjaldskrá eins flutningsaðila kr. 6,11 á kíló ef flutt eru 10–20 tonn af sementi en verð á kílói er 67% hærra ef flutt eru innan við 2 tonn.

Samkvæmt því sem að framan er sagt er ljóst að víðast hvar hefur afnám verðjöfnunar á sementi ekki leitt til þeirrar verðhækkunar sem nokkrir hv. þingmenn óttuðust að

yrði við umræður um frumvarp til laga um afnám flutningsjöfnunar á sementi. Nú er þess að gæta að ekki eru liðnir nema fáir mánuðir frá því að flutningsjöfnunin var lögð niður. Þess vegna er rétt að bíða með að draga endanlegar ályktanir um það hvaða áhrif verða til lengri tíma litið.

Hitt er ljóst að enn þá bendir ekkert til þess að afnám flutningsjöfnunar leiði til tuga prósenta verðhækkana á sementi eins og spáð var í þingsölum.

[18:42]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að koma með málið hingað inn og hæstv. ráðherra fyrir svarið, þó ég hafi ekki náð að skrifa allar prósentutölurnar niður, enda tók ég eftir því að ráðherranum var mjög skemmt við upplesturinn og stundum getur maður ruglast á því þegar heyrist illa í þingsal hvort um lækkun eða hækkun hafi verið að ræða.

Það verður gott að skoða þær tölur sem hæstv. ráðherra flytur hér í samhengi við þá yfirlýsingu sem hv. þingmaður hefur vitnað í frá Sementsverksmiðjunni, og var fyrir mitt leyti algjört frumskilyrði fyrir samþykki mínu á því að leggja sjóðinn niður. Plús það, eins og ég sagði þá, að ég reiknaði með því og trúði ekki öðru en að hæstv. ríkisstjórn mundi einhvern tíma standa við það loforð að koma með flutningsjöfnun eða aðrar aðgerðir til að lækka flutningskostnað í landinu.

Virðulegi forseti. Vegna þess að ég hef heyrt hæstv. ráðherra tala einu sinni um þetta í kjördæmi okkar þá er ég ekki að tala um einhverjar litlar 200 millj. í þeim efnum. Það mun ekki duga í þá flutningsjöfnun sem nauðsynleg er gagnvart landsbyggðinni.

[18:43]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið en ég held að það sé alveg ljóst að það hefur orðið umtalsverð hækkun víða, 72% hækkun á Raufarhöfn heyrðist mér. Ég kannaði sjálfur að það hefur orðið rúmlega 30% hækkun á Siglufirði og 20% í Húnavatnssýslum á sementi. (**Gripið fram í:** ... Sauðárkróki.) Já, á Sauðárkróki hefur líka orðið hækkun. Hér er því um hækkun að ræða. Hvað lögðu menn af stað með þegar ákveðið var að fara í þessa löggjöf? Þá var ekki ætlunin að hækka, það var ætlunin að þetta yrði óveruleg hækkun. Sama hvað öll meðaltöl segja er yfir 70% hækkun veruleg hækkun, ég held að flestir geti verið sammála um það.

Þess vegna skora ég á hæstv. ráðherra að fara vel yfir þessar tölur vegna þess að það var ekki markmiðið að hækka á landsbyggðinni. Ef menn ná ekki fram markmiðinu með lagasetningunni er sjálfsagt að fara yfir það og endurskoða hlutina þannig að markmið laganna náist. Ég tel það vera rétt.

Enn og aftur vil ég taka undir með hv. þm. Kristjáni L. Möller að þetta er orðin svolítið löng saga með flutningsjöfnun framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni og kominn tími til að hæstv. ráðherra taki á sig rögg og láti hendur standa fram úr ermum og efni þau orð sem hafa verið í skýrslum og víðar svo árum skiptir.

[18:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Ég tel mikilvægt að koma þessum upplýsingum inn í umræðu um það hvernig verð hefur þróast og hversu mikill munur er þar á. Ég tel að það orðalag sem hv. þm. notaði í fyrirspurn sinni sé rétt, það var talað um „óverulega hækkun". Ég hef aldrei haldið því fram að það yrði ekki einhver hækkun miðað við það að leggja niður þessa jöfnun. Það sem ég fór yfir áðan í sambandi við laust sementstonn eða sölu á sementi í lausu tel ég að geti flokkast undir óverulega hækkun. Í einstaka tilfellum er hins vegar um verulega hækkun að ræða þar sem verið er að tala um pakkað sement.

Hér blandast inn umræða um flutningsjöfnun sem sumir kalla svo. Ég vil ekki nota það orðalag, frekar styrki vegna flutningskostnaðar, og það er það fyrirkomulag sem hefur verið skoðað af hálfu iðnaðarráðuneytisins. Í sjálfu sér er ekkert nýtt að frétta af því. Það mál er í vinnslu. Ég er að tala um tillögur upp á 200 millj. kr. þannig að ég ætla ekki að gefa neinum vonir um að fyrsta skref verði hærri upphæð en því nemur. Ég vonast til þess að þarna náist árangur og ég heyri að við erum sammála um það, a.m.k. við þrjú sem tökum þátt í þessari umræðu, að þetta sé mikilvægt mál. Ég mun halda áfram að vinna að því.

Blönduvirkjun.

Fsp. SigurjÞ, 196. mál. — Þskj. 196.

[18:47]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Í Skagafirði eins og víðar á landsbyggðinni hefur fólk áhyggjur af atvinnumálum. Ríkisstjórnin hefur að mínu mati og fjölmargra annarra sýnt að hún sinnir byggðamálum mjög illa og byggðamál og atvinnumál á landsbyggðinni fléttast saman. Það kom skýrlega í ljós í skýrslu um framvindu byggðamála að ekki er mikill metnaður hvað varðar byggðamál vegna þess að þar vantaði t.d. allar upplýsingar um mælistærðir, upplýsingar um hvernig menn meti framvindu byggðamála, svo sem um íbúaþróun og fjölgun eða fækkun starfa. Skagfirðingar hafa viljað komast á kortið hjá hæstv. iðnaðarráðherra hvað varðar atvinnumál en hún hefur vísað þeirri gagnrýni á bug að hún sinni Skagafirði lítið. Hún vísar til þess að í Skagafirði séu ósættir um virkjunarmál og segir að það komi í veg fyrir að hægt sé að skoða iðnaðarkosti á svæðinu.

Ég hef staðið í þeirri trú um langt skeið að í Skagafirði eða á Norðurlandi vestra sé umframorka, bæði tel ég að Blönduvirkjun hafi ekki verið fullnýtt og síðan hafi orkan verið flutt í burtu af svæðinu. Þess vegna vil ég beina eftirfarandi tveimur spurningum til hæstv. ráðherra:

1. Hefur afkastageta Blönduvirkjunar verið fullnýtt sl. ár og ef ekki, hversu hátt hlutfall af framleiðslugetu virkjunarinnar hefur verið nýtt?

2. Hversu mikilli orku sem Blönduvirkjun framleiðir var veitt í aðra landshluta en Norðurland vestra, hversu mikill hluti orkunnar tapast í flutningi suður á land, t.d. í Hvalfjörð, og hversu mikil orka er notuð í Skagafirði?

Ég tel það þurfa að koma upp á borð í umræðunni að um langt skeið hefur verið hægt að stinga í samband iðnaðarkosti á Norðurlandi vestra, að orka sem hafi verið framleidd þar hafi ekki verið nýtt á svæðinu, hafi þvert á móti verið í stórum mæli flutt í burtu. Þess vegna tel ég ekki rétt að blanda t.d. virkjun Skatastaða — sem mun e.t.v. ekki færa mörg störf inn í héraðið hvort eð er — inn í umræðu að svo miklu leyti sem gert hefur verið um atvinnumál í Skagafirði. Ég tel fróðlegt að fá svör við þessum tveimur spurningum sem ég bar upp til að umræðan verði markvissari.

[18:50]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefur lagt fyrir mig spurningu sem hljóðar svo: „Hefur afkastageta Blönduvirkjunar verið fullnýtt sl. ár og ef ekki, hversu hátt hlutfall af framleiðslugetu virkjunarinnar hefur verið nýtt?"

Meðalafkastageta Blönduvirkjunar er í dag um 800 gígavattstundir á ári. Afkastageta hvers árs er háð því hve mikil úrkoma er á vatnasvæðum og sólbráð jökla að sumarlagi. Undanfarin ár hafa verið hagstæð vatnsbúskap þjóðarinnar, miðlanir virkjana hafa nýst að fullu og raunar hefur töluvert umframrennsli verið fyrir hendi umfram miðlunargetu.

Á síðasta ári var framleiðsla Blönduvirkjunar 928 gígavattstundir sem er 128 gígavattstundum meiri orka en reiknuð orkugeta virkjunarinnar telst hafa verið. Á árinu 2002 var framleiðslan tæpar 900 gígavattstundir og á árinu 2001 var framleiðslan um 730 gígavattstundir. Ástæðan fyrir mikilli framleiðslu á síðustu árum hefur verið sú að þau hafa verið góð vatnsár og reynt hefur verið að reka virkjunina á sem mestu afli að sumarlagi til að koma í veg fyrir og draga úr rennsli á yfirfalli síðari hluta sumars. Er það gert til að koma til móts við hagsmuni fiskveiðimanna í neðri hluta árinnar.

Síðari spurningin er svona: „Hversu mikilli orku sem Blönduvirkjun framleiðir var veitt í aðra landshluta en Norðurland vestra, hversu mikill hluti orkunnar tapast í flutningi suður á land, t.d. í Hvalfjörð, og hversu mikil orka er notuð í Skagafirði?"

Mestur hluti af orku Blönduvirkjunar fer til raforkunotkunar sunnan lands. Á árinu 2003 voru um 9% af orku virkjunarinnar, þ.e. 80 gígavattstundir, notuð á Norðurlandi vestra. Þar af voru notaðar 50 gígavattstundir í Skagafirði og heildarraforkunotkun í Skagafirði fyrir utan Fljót og Siglufjörð er í dag um 56 gígavattstundir þannig að segja má að Skagfirðingar hafi fengið alla sína orku frá Blönduvirkjun. Töp við flutning frá Blöndu að Brennimel í Hvalfirði voru rúm 6%.

Af því að tíma mínum er ekki alveg lokið held ég áfram og bregst við ýmsu sem kom fram hjá hv. þingmanni áðan þegar hann mælti fyrir fyrirspurninni. Hann talaði nokkuð fjálglega um slælega framgöngu mína og ríkisstjórnarinnar í sambandi við byggðamál. Ég vil nota tækifærið og mótmæla því þar sem ég tel að vel hafi verið staðið að málum þó að alltaf megi gera betur. Þegar hv. þingmaður talar um að í raun þyrfti ekki annað en að stinga í samband í Skagafirði eða á Norðurlandi vesta vegna þess að þar sé nægileg orka verður a.m.k. að vera til staðar kaupandi til þess að orkan fari í þá átt. Hann er ekki til staðar í dag og þess vegna er þessi orka flutt suður á land, suður í Hvalfjörð.

Það má líka taka fram að flutningskerfið ber ekki miklu meira á þessu svæði og þyrfti að taka á því ef um það væri að ræða að flytja orku frá Blöndu í Skagafjörð eins og hv. þingmaðurýjaði að. Þetta eru sem sagt allt mál sem er full ástæða til að ræða og er eðlilegt að hv. þingmaður hafi áhuga á atvinnumálum í kjördæmi sínu.

[18:54]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Það kemur fram í svarinu að sáralítið af orkunni sem er framleidd á Norðurlandi vestra er notað á svæðinu. Þess vegna er undarlegt að telja að virkja þurfi meira í Skagafirði án þess að hafa kaupanda eins og hæstv. ráðherra benti á og þess vegna fer þessi umræða ekki saman, að tala um að bjarga atvinnulífinu í Skagafirði og að það þurfi að virkja meira þegar ekki er kaupandi að orkunni. Ég hefði talið miklu nær að leita leiða til að nota þá orku sem er framleidd á svæðinu áður en menn fara að virkja meira þar til að flytja enn þá meira í burtu.

Vel á minnst, hæstv. ráðherra minntist á að ríkisstjórnin hefði staðið sig vel í byggðamálum. Ég vitna bara í skýrslu Framsóknarflokksins sem kom út á dögunum um fækkun íbúa yngri en 45 ára á Norðurlandi vestra á valdatíma ríkisstjórnarinnar. Það nær því eiginlega ekki alveg því að þessi tala nær til 2002 en mér sýnist að á tíu ára tímabili hafi fækkað um 1.500 manns. Mér finnst það vera illa að verki staðið, ég verð að segja það eins og er, og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að hæstv. ráðherra sé ánægð með þessar tölur. Mig furðar að menn geti glaðst yfir svo litlu. Þó að það sé ágætur kostur að geta yfirleitt glaðst yfir litlu finnst mér þetta alveg stórundarlegt.

[18:56]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Já, ég hef lagt það í vana minn að horfa frekar björtum augum á lífið og tilveruna (Gripið fram í.) og ég sé ýmislegt jákvætt (**Gripið fram í:** ... horfast í augu við raunveruleikann.) vera að gerast á landsbyggðinni. Ég sagði líka áðan að það væri alltaf hægt að gera betur. Eins og hv. þm. hefur orðið var við hefur Framsóknarflokkurinn unnið sérstaka byggðaáætlun fyrir Norðvesturkjördæmi og í því hlýtur að felast a.m.k. ákveðin viðleitni. Hvert tækifæri sem kemur upp er nýtt til að auka fjölbreytni atvinnulífsins. Það ætla ég að segja hv. þingmanni.

Hv. þingmaður talar um að það þurfi ekkert að vera að virkja af því að það sé hvort sem er enginn kaupandi. Það er alveg hárrétt, það er grundvallaratriði þegar farið er í virkjanir að það sé kaupandi. Þess vegna verður ekki farið í neina virkjun í Skagafirði nema fyrir liggi að einhver kaupandi sé að orkunni. Ef svo færi að þar yrði uppbygging á orkufrekum iðnaði er mjög gott að vita af Blönduvirkjun á svæðinu. Það sem ég var að reyna að segja áðan er að til þess að sú orka yrði flutt í Skagafjörð þyrfti að styrkja flutningskerfið. Þetta er allt háð hvað öðru og möguleikarnir eru ýmsir en það er grundvallaratriði, held ég, að það

verður ekki virkjað nema það sé kaupandi. Um það held ég að við hljótum að vera sammála, ég og hv. þingmaður.

Út af dagskrá voru tekin 10., 14. og 17.–19. mál.

Fundi slitið kl. 18:59.

---

25. FUNDUR

fimmtudaginn 11. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

[10:31]

Útbýting:

Hlunnindatekjur og ríkisjarðir, 302. mál, fsp. MF, þskj. 330.

Konur í fangelsi, 301. mál, fsp. GÖg o.fl., þskj. 329.

Reiknilíkan fyrir rekstur sýslumannsembætta, 305. mál, fsp. MF, þskj. 333.

Stuðningur við krabbameinssjúklinga, 303. mál, fsp. MF, þskj. 331.

Styrkir til að sporna við atvinnuleysi, 307. mál, fsp. MF, þskj. 335.

Úttektir á ríkisstofnunum, 304. mál, fsp. MF, þskj. 332.

Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra, ein umr.

[10:32]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur þátttaka Íslands í samráði og samstarfi ríkja á alþjóðavettvangi verið efld. Því veldur þróun alþjóðamála en fleira kemur til. Langvarandi hagvaxtarskeið leiðir til þess að auknar kröfur eru gerðar til íslenskra stjórnvalda vegna útrásar íslenskra fyrirtækja og til þess að meira svigrúm gefist til nauðsynlegrar hagsmunagæslu. Íslendingum er í vaxandi mæli kleift að leggja af mörkum til varðveislu friðar í veröldinni og til að styrkja sjálfbæra þróun í sumum fátækustu ríkjum heims. Hér verður ekki staðar numið því ríkisstjórnin vill af pólitískum og siðferðilegum ástæðum að Ísland láti meira að sér kveða á sviði utanríkismála.

Það er meginskylda stjórnvalda fullvalda ríkis að tryggja öryggi og varnir lands og þjóðar. Þetta liggur til grundvallar af Íslands hálfu í væntanlegum viðræðum við Bandaríkjamenn um varnarmálin. Þær fara fram í samhengi við heildarendurskoðun bandaríska varnarmálaráðuneytisins á herstyrk Bandaríkjanna erlendis. Íslensk stjórnvöld hafa ekki hreyft neinum andmælum við eðlilegri aðlögun varnarliðsins að breyttum aðstæðum, sem hefur frá lokum kalda stríðsins falið í sér verulegan samdrátt í búnaði og fækkun liðsmanna. Hins vegar hefur verið lögð rík áhersla á að hér á landi þurfi að vera varnarviðbúnaður eins og í öllum okkar bandalags- og nágrannaríkjum. Jafnframt er ljóst að mikill vöxtur hefur orðið í farþegaflugi um Keflavíkurflugvöll sem veldur því að stjórnvöld eru reiðubúin að semja um það við Bandaríkjamenn hvernig Íslendingar geti tekið meiri þátt í kostnaði við rekstur hans. Það verður á meðal þess sem ég hyggst ræða við Colin Powell, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Washington 16. nóvember næstkomandi. Tilgangur þess fundar, sem er haldinn í framhaldi af fundi mínum með Bandaríkjaforseta í júlí síðastliðnum, er að koma viðræðum í fastan farveg og eyða óvissu sem uppi hefur verið um framtíð varnarliðsins.

Atlantshafsbandalagið byggir á sameiginlegum grundvallargildum og pólitískri samstöðu bandalagsríkjanna auk herstyrks og varnarskuldbindinga þeirra. Það er til marks um varanlega þýðingu bandalagsins í augum aðildarríkjanna hversu vel hefur tekist að laga það að breyttum aðstæðum eftir kalda stríðið. Í samræmi við nýjar áherslur eru jafnframt uppi aðrar væntingar en áður í bandalaginu um að öll ríki þess axli byrðar eftir bestu getu. Ísland skorast ekki undan í þeim efnum.

Samvinna ríkja Evrópu og Norður-Ameríku í Atlantshafsbandalaginu er sögulega einstök og árangurinn augljós. Það er ekki til annar raunhæfur valkostur í öryggismálum aðildarríkjanna. Í því ljósi er áhyggjuefni hve margir evrópskir stjórnmálamenn og fjölmiðlar hafa alið á andúð á Bandaríkjunum. Það er reginmunur á heilbrigðri gagnrýni og glórulausum fordómum.

Íslensk stjórnvöld hafa um árabil fylgst með mótun sameiginlegrar stefnu Evrópusambandsins á sviði utanríkismála og öryggis- og varnarmála. Flest aðildarríki sambandsins leggja áherslu á að öryggishlutverk þess og Atlantshafsbandalagsins eru ólík og á mikilvægi þess að forðast tvíverknað í starfi samtakanna. Ísland hefur tekið mjög undir þetta og varað við því að bandalagið verði veikt með nokkrum hætti. Það er staðreynd að hvorki Evrópusambandið né Sameinuðu þjóðirnar geta leyst Atlantshafsbandalagið af hólmi.

Frú forseti. Í umræðum á Alþingi um skýrslu utanríkisráðherra 6. apríl síðastliðinn fjallaði Halldór Ásgrímsson um alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi og benti réttilega á að baráttan gegn þessari vá snýst um grundvallargildi. Ekkert réttlætir hryðjuverk og aldrei má fallast á kröfur hryðjuverkamanna. Jafnframt verður að gæta þess að mannréttindi séu virt og alþjóðlegar skuldbindingar hafðar í heiðri í baráttunni gegn þeim.

Hryðjuverkastarfsemi er þess eðlis að henni linnir ekki fyrr en hryðjuverkamenn hafa náð markmiðum sínum eða þeir lotið í lægra haldi. Oft virðast manndráp og eyðilegging reyndar vera eina markmið þeirra. Þá er mikið áhyggjuefni sá raunverulegi möguleiki að hryðjuverkamenn komist yfir gereyðingarvopn.

Íslensk stjórnvöld hafa af fremsta megni reynt að styðja alþjóðlega viðleitni til að stemma stigu við og uppræta hryðjuverkaöfl. Jafnframt hafa verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir innan lands til að efla öryggi, en styrkja þarf samstarf íslenskra löggæsluaðila við erlend ríki og stofnanir. Þetta varðar einnig miðlun upplýsinga um skipulagða glæpastarfsemi, peningaþvætti og mansal, sem hryðjuverkaöfl nota stundum til að fjármagna ódæðisverk.

Nú er liðið rúmlega eitt og hálft ár frá því að Írak var frelsað undan oki Saddams Husseins og böðla hans og bægt var frá þeirri ógn sem stafaði frá stjórninni í Bagdad. Á þeim skamma tíma hefur mikið áunnist í endurreisnarstarfi þrátt fyrir ákafar tilraunir ofbeldisafla til að valda öryggisleysi og upplausn. Bráðabirgðastjórn Íraks hefur tekið við völdum og hafið samráð við hinar ýmsu stjórnmálahreyfingar og stefnt er að almennum þingkosningum í landinu í janúar næstkomandi. Þetta hefur gerst á grundvelli ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1546, sem felur írösku bráðabirgðastjórninni meðal annars að ákveða hversu lengi sé þörf á aðstoð fjölþjóðlegs herliðs í landinu.

Íslensk stjórnvöld eru sem fyrr á þeirri skoðun að rétt hafi verið að gera innrásina í Írak, enda var hún gerð til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem Íraksstjórn hafði virt að vettugi. Ekki varð lengur við það búið. Þá voru almennt uppi grunsemdir í garð Íraksstjórnar varðandi framleiðslu gereyðingarvopna. Ferill Íraksstjórnar innan lands og utan var eindregið með þeim hætti að ekki mátti treysta orðum hennar og hún var ógn við nágrannaríki og við frið og stöðugleika í heiminum.

Enginn getur með sanngirni haldið öðru fram en að írakska þjóðin sé betur sett nú en undir Saddam Hussein og öllum hlýtur að vera ljós þýðing þess að það takist að koma á lýðræði og stöðugleika í Írak. Hinn kosturinn er að óstöðugleiki og öngþveiti nái yfirhöndinni með hrikalegum afleiðingum fyrir írösku þjóðina, Miðausturlönd og fyrir baráttuna gegn hryðjuverkaöflunum.

Átökin í Írak snúast í rauninni ekki um dvöl erlends herliðs í landinu heldur um hvort komið verði á lýðræðislegri stjórnskipan. Þeir sem úthella blóði Íraka og myrða gísla vita að það sem gerist í Írak getur haft áhrif um öll Miðausturlönd. Þeir vilja ekki lýðræðislega stjórnarhætti þar eða annars staðar. Meinfýsnishlakkandi útlendingar víða um heim hafa einblínt á erfiðleikana sem vissulega er við að etja í Írak og virðast telja deilur um aðdraganda innrásarinnar skipta meira máli en frelsi og framtíðarvonir Íraka. Allir sem í einlægni bera hag írösku þjóðarinnar fyrir brjósti ættu að leggjast á eitt í stuðningi við bráðabirgðastjórnina sem leitast við að tryggja öryggi, lýðræði og endurreisn landsins.

Íslendingar hafa lagt af mörkum til mannúðar- og endurreisnarstarfs í Írak. Eins og kunnugt er unnu sérfræðingar á vegum Íslensku friðargæslunnar vel metið starf við að eyða jarðsprengjum og öðrum sprengjum í suðurhluta Íraks síðastliðinn vetur. Nú er verið að kanna með hvaða hætti Ísland gæti tekið þátt í þjálfun írakskra öryggissveita á vegum NATO í Írak.

Nýlegar forsetakosningar í Afganistan voru mikill áfangi í viðleitni til að tryggja lýðræði í landinu. Þrátt fyrir hörmungar undanfarinna ára og afar takmarkaða lýðræðishefð flykktust Afganir á kjörstað og ekkert varð úr hótunum talibana um árásir. Staða Karzai forseta hefur styrkst mjög og reynsla fengist sem nýtist við undirbúning þingkosninga. Miklu skiptir að samfélag þjóðanna veiti Afganistan þann pólitíska, efnahagslega og hernaðarlega stuðning sem þörf krefur.

Öryggisveitir Atlantshafsbandalagsins í Afganistan eru í landinu í umboði Sameinuðu þjóðanna samkvæmt ályktunum öryggisráðsins. Eins og kunnugt er hafa liðsmenn Íslensku friðargæslunnar farið með stjórn alþjóðaflugvallarins í Kabúl frá því í byrjun júní síðastliðinn. Frá upphafi var ljóst að þetta yrði umfangsmesta og áhættusamasta friðargæsluverkefni sem Íslendingar hefðu tekist á hendur. Verkefnið hefur gengið vel og eiga íslensku friðargæsluliðarnir hrós skilið fyrir frábær störf við erfiðar aðstæður. Þegar stjórn flugvallarins færist í hendur annars aðildarríkis Atlantshafsbandalagsins á næsta ári kemur til greina að Ísland leggi í staðinn af mörkum liðsmenn til annarra friðargæsluverkefna í Afganistan.

Svæðisbundin átök og spenna ráða nokkru um starfssvæði Íslensku friðargæslunnar en liðsmenn hennar eru nú við störf í Afganistan, Sri Lanka, Bosníu-Hersegóvínu og Kosovo. Það er ánægjulegt að sjá hversu fljótt og vel hefur tekist að byggja upp skilvirka sveit friðargæsluliða sem leggja af fúsum og frjálsum vilja af mörkum til öryggis og velferðar annarra þjóða þrátt fyrir erfiðar aðstæður og hættur.

Því miður hefur ekki dregið úr átökum og spennu fyrir botni Miðjarðarhafs. Í morgun barst sú frétt að Yasser Arafat, forseti Palestínumanna, væri allur. Ég votta palestínsku þjóðinni samúð mína og ríkisstjórnarinnar vegna andláts hans. Það verður að vona að eftirmenn Arafats vinni í þágu friðarins með því að gera nauðsynlegar umbætur heima fyrir og hefja eindregna baráttu gegn hryðjuverkaöflum.

Sharon, forsætisráðherra Ísraels, hefur tekið frumkvæði að brottflutningi Ísraelsmanna frá Gaza-svæðinu þrátt fyrir harða pólitíska andstöðu heima fyrir. Þetta gæti orðið fyrsta skrefið að nýjum samningaviðræðum um brottflutning frá hernumdum svæðum á Vesturbakkanum og stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna. Frumkvæði Sharons er í andstöðu við afstöðu og gjörðir leiðtoga Palestínumanna sem hafa hvorki ráðist gegn samtökum hryðjuverkamanna né unnið bug á langvarandi spillingu innan palestínsku sjálfstjórnarinnar. Nú er orðið ljóst að uppreisn Palestínumanna sem hófst fyrir fjórum árum hefur unnið málstað og hagsmunum þeirra gríðarlegt tjón. Því skiptir miklu að vopnin verði lögð niður, lýðræðislegar kosningar verði fljótlega haldnar á palestínsku sjálfsstjórnarsvæðunum og aftur verði sest að samningaborði. Fyrir áratug lagði Ísland fram fé til endurreisnar á palestínsku sjálfsstjórnarsvæðunum og vilji er til þess, verði stillt til friðar, að taka höndum saman með öðrum ríkjum til þess að styðja Palestínumenn í efnahagslegu tilliti.

Það eru víðar erfið vandamál í þessum heimshluta. Þannig er staðreynd að stjórnvöld í Íran hafa villt um fyrir Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni hvað varðar tilgang og framkvæmd kjarnorkuáætlunar sinnar. Fjallað verður um óheilindi íranskra stjórnvalda í þessu efni á fundi framkvæmdarráðs stofnunarinnar síðar í þessum mánuði og þá kemur væntanlega í ljós hvort þarf að vísa málinu til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það þarf ekki að fjölyrða um áhrif þess á þetta svæði og reyndar heiminn allan ef Íranir framleiddu kjarnavopn. Önnur alvarleg hætta í þessum efnum lýtur að Norður-Kóreu sem árum saman hefur legið undir rökstuddum grun um að vinna að smíði kjarnavopna.

Á undanförnum árum hafa orðið hamfarir af mannavöldum í Súdan. Allt bendir til þess að súdönsk stjórnvöld hafi att sveitum glæpamanna gegn íbúum Darfúr-héraðs og tekist með morðum og eyðileggingu að stökkva milljónum manna á flótta. Það vekur áleitnar spurningar að samfélag þjóðanna skuli ekki hafa brugðist með ákveðnari hætti við stórfelldum þjóðernishreinsunum og meintu þjóðarmorði. Þær spurningar sem vakna hljóta meðal annars að varða trúverðugleika Sameinuðu þjóðanna.

Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, skipaði í fyrra starfshóp sextán háttsettra manna til að fjalla um stöðu og starfshætti samtakanna í breyttu öryggisumhverfi. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili áliti til framkvæmdarstjórans í byrjun desember næstkomandi og að umfjöllun aðildarríkja fylgi í kjölfarið á næsta ári. Hluti af þessu áliti mun væntanlega felast í tillögum um endurbætur og umbætur á stofnanakerfi Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal breytingar á skipan öryggisráðsins. Íslensk stjórnvöld hafa um árabil hvatt til umbóta innan samtakanna og sérstaklega lýst stuðningi við þessa viðleitni framkvæmdarstjórans. Í þessu samhengi hefur Ísland hvatt til fjölgunar fastra og kjörinna sæta í öryggisráðinu og telur að Brasilía, Indland, Japan og Þýskaland og eitt Afríkuríki eigi að fá fast sæti. Vinna að framboði Íslands til öryggisráðsins heldur áfram. Ég hyggst á næstunni eiga samráð við utanríkismálanefnd Alþingis um frekari undirbúning framboðsins.

Íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum árum leitast við að fylgjast með og taka þátt í umfjöllun um mannréttindi á alþjóðavettvangi. Virðing fyrir mannréttindum er forsenda varanlegs friðar og mannréttindamálin eru eitt af þeim viðfangsefnum í utanríkisstefnunni sem gefa þarf meiri gaum á komandi árum. Á núverandi allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland lýst áhyggjum vegna mannréttindabrota í ýmsum ríkjum. Þess má geta að í nýlegri atkvæðagreiðslu um viðskiptabann Bandaríkjanna gagnvart Kúbu var flutt atkvæðaskýring af hálfu Íslands þar sem kúbönsk stjórnvöld voru gagnrýnd fyrir mannréttindabrot.

Oft heyrast viðvörunarraddir um að ekki kunni góðri lukku að stýra ef Vesturlönd reyni að flytja út lýðræði — eins og sumir kalla það — eða troða lýðræði upp á fólk. Auðvitað má ekki fara fram með offorsi í slíkum efnum fremur en öðrum. En málið er í raun einfalt. Mannréttindi eru algild. Reynslan sýnir að lýðræði er forsenda friðar og velferðar og enginn á að vera feiminn við að halda þeirri skoðun að þeim sem hún á erindi við. Í því felst hvorki hroki né skammsýni. Þvert á móti. Og víða um heim, meðal annars í Miðausturlöndum, er vaxandi hreyfing fólks sem vill umbætur og lýðræði að vestrænni fyrirmynd. Lýðræðisríki eiga ótrauð að hvetja til gagnrýni og umræðu um lýðræði og mannréttindi þar sem þörf krefur.

Virðulegi forseti. Þróunarsamvinna hefur á undanförnum árum orðið sífellt veigameiri þáttur í íslenskri utanríkisstefnu sem sést af því að verulegur hluti útgjalda vegna utanríkismála á rætur að rekja til þróunarsamvinnu. Opinber framlög til þróunarsamvinnu hafa næstum fjórfaldast á síðastliðnum áratug og hefur ríkisstjórnin sett það markmið að stighækka þessi framlög þannig að árið 2009 nái þau 0,35% af vergri landsframleiðslu. Í framhaldi af þessari ákvörðun vinna utanríkisráðuneytið og Þróunarsamvinnustofnun Íslands að stefnumótun til næstu fjögurra ára um hvernig auknum framlögum verði varið með sem skilvirkustum hætti í þágu þurfandi þjóða.

Ísland hefur um langt skeið notið góðs af fjölbreyttu samstarfi í norðanverðri Evrópu. Þar ber auðvitað hæst samstarf Norðurlanda á ýmsum sviðum. Það er til marks um styrkleika norræns samstarfs að það þrífst vel þrátt fyrir miklar breytingar í Evrópu og það má jafnvel halda því fram að mikilvægi þess hafi aukist. Það stafar af því að Norðurlönd tengjast samtökum og stofnunum í Evrópu með misjöfnum hætti en þurfa áfram að gæta sameiginlegra hagsmuna. Samráð og samstaða þeirra hefur þannig öðlast nýjan tilgang. Samráð þarf því ekki endilega alltaf að vera af hinu illa.

Í lok þessa mánaðar lýkur tveggja ára formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Á formennskutímanum hefur verið unnið að því að gera félagslegum og efnahagslegum þáttum í starfsemi ráðsins sömu skil og umhverfisþættinum. Með þessum hætti hafa íslensk stjórnvöld viljað stuðla að því að Norðurskautsráðið tækist á við sjálfbæra þróun í stærra samhengi. Það má vel una við árangurinn af formennsku Íslands. Eftir nokkra daga verður til að mynda lögð fram yfirgripsmikil skýrsla um mannlíf á norðurslóðum sem íslensk stjórnvöld hafa beitt sér fyrir og hún mun renna stoðum undir öfluga starfsemi ráðsins er lýtur að lífsskilyrðum fólks á svæðinu. Annað dæmi af störfum ráðsins er skýrsla um áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum.

Virðulegi forseti. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tók gildi fyrir tíu árum. Það er til marks um þá víðtæku sátt sem skapast hefur um samninginn á þessum tíma að á síðasta þingi var frumvarp utanríkisráðherra um staðfestingu stækkunar EES-samningsins samþykkt samhljóða á Alþingi. Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins með aðild Mið- og Austur-Evrópuríkja markaði merkan áfanga í sögu samningsins. Sú farsæla niðurstaða sem náðist um stækkun EES er til marks um að EES-samningurinn nýtur víðtæks pólitísks stuðnings af hálfu Evrópusambandsins.

Evrópusambandið hefur þegar lokið aðildarviðræðum við Búlgaríu og stefnir að því ljúka viðræðum um aðild Rúmeníu fyrir árslok. Má því búast við að samningar um aðild þessara ríkja að Evrópusambandinu verði undirritaðir á næsta ári. Þá verður ekkert að vanbúnaði að hefja viðræður um aðild þeirra að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í síðasta mánuði undirrituðu leiðtogar Evrópusambandsins og Evrópusambandsríkjanna nýja stjórnarskrá þess. Nú tekur við fullgilding hennar í aðildarríkjunum og mörg þeirra hafa áform um að leggja hana í dóm kjósenda. Ís-

lensk stjórnvöld munu áfram fylgjast grannt með framvindu mála í Evrópusambandinu. Það er meðal annars hlutverk nefndar um Evrópumál sem nú er að störfum undir forustu dóms- og kirkjumálaráðherra og skipuð er fulltrúum allra þingflokka. Nefndinni er ætlað að greina aðalatriði mála og helstu staðreyndir um stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu og auðvelda þannig umræður um Evrópumálin á réttum forsendum.

Það eru engin ný sannindi að okkur Íslendingum farnast best þegar við eigum þess kost að stunda frjáls og óheft viðskipti við aðrar þjóðir. Af þeim sökum hafa íslensk stjórnvöld lagt á það ríka áherslu að treysta viðskiptatengsl okkar við önnur ríki. Aðild Íslands að EFTA hefur reynst heilladrjúg í þeim efnum. Nú eru í gildi þrettán fríverslunarsamningar sem EFTA-ríkin hafa gert við önnur ríki. Til að tryggja samkeppnisstöðu fyrirtækja í ríkjum sínum hafa EFTA-löndin gætt þess að vera samstiga Evrópusambandinu í fríverslunarviðræðum. Stundum hefur EFTA líka verið skrefinu á undan Evrópusambandinu. Þannig hefjast í janúar fríverslunarviðræður við Suður-Kóreu og vonir standa til að viðræður geti hafist við Tæland strax á næsta ári. Fyrir dyrum standa og fundir með bandarískum stjórnvöldum í því skyni að ræða samskipti EFTA-ríkjanna og Bandaríkjanna á viðskiptasviðinu. Einnig er áhugi á að treysta frekar samskiptin við Japan og Rússland.

Ísland leggur mikla áherslu á að það starf sem er unnið hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni gangi vel. Um þessar mundir fara fram viðræður innan stofnunarinnar um aukið frjálsræði í alþjóðaviðskiptum. Næstu mánuðir munu ráða miklu um niðurstöðu viðræðnanna en í þeim er lögð sérstök áhersla á viðskiptahagsmuni þróunarlandanna. Vonir standa til þess að samkomulag liggi í aðalatriðum fyrir undir lok næsta árs. Jafnframt því að njóta ávinnings af lækkun eða afnámi tolla og ýmissa annarra viðskiptahindrana hjá öðrum ríkjum munu Íslendingar þurfa að takast á hendur skuldbindingar sem munu hafa áhrif hér á landi, einkum á sviði landbúnaðar.

Færeyingar og Grænlendingar eru okkar næstu nágrannar. Það er mikilvægt að styrkja enn frekar vináttuböndin og byggja upp öflugt net samskipta og samvinnu við þá. Fríverslunarsamningur sem stjórnvöld hafa gert við Færeyjar er liður í að styrkja vestnorræna samvinnu og tryggir enn fremur að einstaklingar og fyrirtæki njóti sömu réttinda í löndunum tveimur. Kapp verður lagt á að samningurinn verði fullgildur sem fyrst.

Aðild Íslands að fjölmörgum samningum um aukið frjálsræði í alþjóðaviðskiptum hefur stutt við útrás íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði. Þannig hefur utanríkisviðskiptastefna ríkisstjórnarinnar skapað íslenskum fyrirtækjum hagstæð skilyrði. Utanríkisþjónustan verður að vera stöðugt vakandi yfir þörfum íslensks atvinnulífs. Lykilatriði er að hún geti brugðist hratt og örugglega við í stórum hagsmunamálum. Á undanförnum missirum hefur verið unnið að því að færa þjónustu sendiskrifstofanna nær atvinnulífinu með ýmsu móti. Í þessu efni er rétt að nefna að aukið samstarf utanríkisþjónustunnar og Útflutningsráðs hefur skilað góðum árangri. En betur má ef duga skal.

Þannig er til dæmis nauðsynlegt að tvíefla alla viðleitni til að kynna Ísland sem áfangastað fyrir ferðamenn. Í því skyni þarf utanríkisþjónustan að auka samstarf sitt við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og þau stjórnvöld sem fara með ferðamál. Hægt væri að byggja á grunni samstarfssamnings Útflutningsráðs og utanríkisráðuneytisins og eins er landkynningarverkefnið „Iceland Naturally" í Bandaríkjunum gott dæmi um þann árangur sem náðst getur með auknu samstarfi.

Virðulegi forseti. Mikilvægi auðlinda hafsins er samofið íslenskum utanríkishagsmunum. Nýting þeirra hefur lagt grunninn að velferð þjóðarinnar og verið aflvaki framfara í landinu. Markmið íslenskra stjórnvalda hefur annars vegar verið að tryggja full yfirráð yfir auðlindinni og hins vegar að tryggja sjálfbæra nýtingu hennar til framtíðar. Til að svo megi verða þurfa íslensk stjórnvöld að vera vakandi á verðinum, jafnt heima sem og á alþjóðlegum vettvangi. Umræða um málefni hafsins hefur aukist og þátttaka íslenskra stjórnvalda í alþjóðlegu starfi samhliða tekið breytingum. Vaxandi mengun, m.a. vegna aukinna efnahagsumsvifa, kröfur um fæðuöryggi og margföldun sjávarafla á heimsvísu undanfarna áratugi, hefur stuðlað að aukinni umfjöllun. Ríki heims hafa vaknað til vitundar um nauðsyn þess að vakta betur auðlindir hafsins.

Æ oftar eru brögð að því að alþjóðasamfélagið hlutist til um verndun og nýtingu fiskstofna og hafsvæða. Tillögur hafa komið fram um hnattræna fiskveiðistjórn. Það gengur þvert á grundvallarhugsun íslenskra stjórnvalda um fullveldisrétt ríkja yfir auðlindum sínum og að stjórn auðlindanýtingar sé best borgið í höndum þeirra ríkja sem standi þeim næst. Íslensk stjórnvöld hafa lagt ríka áherslu á að gæta hagsmuna Íslands í þessum efnum og nýverið tókst að koma í veg fyrir að tillaga um hnattrænt bann við botnvörpuveiðum á úthafinu næði fram að ganga á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og beina málinu í réttan farveg sem var að hvetja ríki og svæðisbundnar fiskveiðistjórnarstofnanir til þess að bæta stjórn á slíkum veiðum.

Sem kunnugt er hefur ríkisstjórnin í ljósi ítrekaðra brota norskra stjórnvalda á Svalbarðasamningnum ákveðið að hefja undirbúning málssóknar gegn Noregi fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag. Undirbúningurinn er á góðri leið og hefur meðal annars verið gengið frá ráðningu erlends sérfræðings til að rita ítarlega greinargerð fyrir stjórnvöld í þessu skyni. Jafnframt hafa verið haldnir tvíhliða samráðsfundir um Svalbarðamálið með ýmsum aðildarríkjum Svalbarðasamningsins og hafa viðkomandi ríki sýnt málinu mikinn áhuga.

Eins og Alþingi hefur áður verið greint frá er unnið að greinargerð til landgrunnsnefndar Sameinuðu þjóðanna til að styrkja tilkall Íslands til landgrunns utan 200 sjómílna á Reykjaneshrygg, á Hatton-Rockall svæðinu og í Síldarsmugunni. Að frumkvæði íslenskra stjórnvalda fóru fram í Reykjavík haustið 2001 óformlegar viðræður fulltrúa Íslands, Bretlands, Írlands og Danmerkur fyrir hönd Færeyja um Hatton-Rockall málið. Næsti viðræðufundur verður haldinn síðar í þessum mánuði.

Virðulegi forseti, Þótt ræða af þessu tagi taki einungis á því sem hæst ber í störfum utanríkisþjónustunnar um þessar mundir þá endurspeglar hún engu að síður þá miklu breidd sem er í verkefnum hennar. Utanríkisþjónustan er óaðskiljanlegur þáttur í fullveldi Íslands og skiptir miklu að takist

að nýta hana í þágu lands og þjóðar. Í þeim tilgangi hefur þjónustan verið efld á undanförnum árum. Það breytir því ekki að meta verður fjölda starfsmanna, staðsetningu sendiskrifstofa og framlög til verkefna erlendis í senn á grundvelli hagsmuna á hverjum tíma og með mesta mögulega hagræðingu í huga.

Virðulegi forseti. Þá hef ég lokið að flytja þá ræðu sem er upphaf þeirrar umræðu sem nú hefst og vona ég að hún megi fara vel fram.

[10:59]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir skýrslu hans, þá fyrstu sem Davíð Oddsson leggur fyrir þingið í sínu nýja embætti. Hann fór að venju víða um í ræðu sinni, um sumt get ég verið honum sammála, annað er miklu erfiðara að skrifa undir. Síðan er því ekki að leyna að nálgun hans að umdeildum alþjóðlegum deilumálum og átökum á borð við Íraksstríðið, og einkunnagjafir hans í þeim efnum, er ég algjörlega ósammála og mun fara betur yfir það á eftir.

Samfylkingin hefur ævinlega lagt áherslu á mikilvægi þess að staða Íslands í samfélagi þjóðanna væri staða smáríkis sem léti til sín taka á alþjóðavettvangi hvar sem tækifæri gæfist og við gætum lagt gott til. Þessi nálgun skiptir máli hvað varðar ímynd þjóðarinnar, ímynd herlausrar þjóðar sem er annt um mannréttindi og frið í heiminum hvar sem er. Auk þess varðar það líka miklu inn á við að Ísland sé virkur aðili í tafli alþjóðastjórnmála, að heimurinn fer einfaldlega minnkandi og að við Íslendingar þurfum að vera opnir fyrir alþjóðlegri opnun efnahagskerfa heimsins og nýta okkur þau tækifæri sem þar gefast. Aukinheldur eigum við Íslendingar ekki að hræðast alþjóðasamstarf á víðtækum vettvangi, jafnvel ekki á menningarsviðinu, og vera opnir fyrir nýjum straumum og stefnum í þeim efnum en um leið að vera íhaldssamir á hin þjóðernislegu gildi svo sem íslenska tungu.

Það er staðreynd að við jafnaðarmenn höfum gjarnan verið í fararbroddi þegar brotið hefur verið í blað í samskiptum Íslendinga við útlönd. Það hefur ævinlega verið eins og opin bók að jafnaðarstefnan er alþjóðleg og við höfum samband við bræðraflokka erlendis og þar með milljónir skoðanasystkina okkar um allan heim. Jafnaðarstefnan og þau lífsgildi sem hún byggir á eru nefnilega án landamæra og baráttan fyrir frelsinu, jöfnuðinum og bræðralaginu þannig sömuleiðis.

Það eru hins vegar ekkert allt of mörg ár frá því að ríkisstjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, hvor um sig komu út úr skápnum eins og það er stundum nefnt og hættu talinu um að þessir flokkar væru sérískenskir og þyrftu ekkert til útlanda að sækja, hvorki hugmyndir né verklag. Það hefur sem betur fer breyst á síðari árum og umræðan um utanríkismál hérlendis því orðið beinskeyttari og markvissari en fyrr og ekki bara snúist um sérískenska hagsmuni heldur hafa stjórnmálaflokkarnir allir loks viðurkennt að ástandið í fjarlægum heimsálfum og stefna stjórnvalda og stjórnmálaflokka og stjórnmálaafla skiptir máli fyrir Ísland með beinum og óbeinum hætti. Að þessu sögðu hyggst ég fara yfir nokkur atriði í ræðu ráðherrans en verð að stikla á stóru enda aðeins með stuttan tíma til ráðstöfunar.

Hæstv. utanríkisráðherra fór eðli máls samkvæmt yfir varnar- og öryggismál þjóðarinnar sem er afar mikilvægt mál nú um stundir. Það er í bókstaflegri merkingu verið að setja niður framtíðarskipan þeirra mála nú í þessum töluðu orðum hvað varðar öryggi og varnir landsins til langrar framtíðar. Nú er það alkunna að á síðustu öld og allt frá því að Bandaríkjamenn settu niður herstöð á Keflavíkurflugvelli og gerður var varnarsamningurinn var þjóðin var mjög skipt, ég vil ekki segja klofin, til þeirra álitaefna sem þar voru uppi. Því er afar mikilvægt nú að þannig verði að verki staðið þegar heildarendurskoðun þessara mála stendur yfir að verklag og vinnubrögð verði með þeim hætti að reynt verði að skapa eins breiða sátt um niðurstöður mála og nokkur kostur er.

Allt frá því að fréttir bárust fyrir hálfu öðru ári síðan um að Bandaríkjamenn hygðust með einhliða hætti draga mjög úr starfsemi herstöðvarinnar lagði Samfylkingin áherslu á að koma að viðræðum ríkisstjórnarinnar við bandarísk yfirvöld og vinna með ríkisstjórninni að þeim lausnum og hugmyndum sem leitt gætu til farsællar niðurstöðu þeirra mála. Því miður var ekki tekið í þá útréttu sáttarhönd á þeim tíma heldur ákvað ríkisstjórnin að halda áfram á eigin forsendum og algjörlega án samráðs. Það harma ég og gagnrýni um leið. Aukinheldur lagði Samfylkingin fram þingmál á síðasta þingi þar sem leitað var eftir samráði við forsvarsmenn ríkisstjórnarflokkanna um að ná lendingu þess máls þar sem m.a. var lagt til að fagleg vinna og umræða væri í gangi um öryggis- og varnarmál þjóðarinnar, endurvakin yrði í raun öryggismálanefnd sem starfaði áratugum saman hér fyrr á árum með ágætum árangri. Því hafnaði ríkisstjórnin einnig. Það verður því að segjast að ríkisstjórnin hefur ekki, því miður, haldið þannig á þessum málum að sérstök ástæða sé til að vera bjartsýnn á hina breiðu samstöðu um niðurstöðu mála.

Ég vil undirstrika það rækilega að Samfylkingin vill og er ábyrg í varnarmálum þjóðarinnar og vill ekki að flanað verði að neinu. Þess vegna höfum við í raun stutt þá stefnu að viðræður við Bandaríkjamenn verði á jafnréttisgrundvelli þannig að nást þurfi samkomulag um framtíð herstöðvarinnar, umfang starfseminnar, kostnaðarskiptingu, ekki síst í ljósi gildandi varnarsamnings þjóðanna. Jafnmikilvægt er hins vegar að það liggi ljóst fyrir hver samningsmarkmiðin séu. Það er því miður alls ekki ljóst. Þegar gengið var á forvera núverandi utanríkisráðherra, núv. hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson, í umræðum um þessi mál og hann spurður þráðbeint hver væri í raun lágmarksviðbúnaður Bandaríkjamanna þá svaraði hann því til eftir talsverða eftirgangssemi að í raun væri það bókunin sem samþykkt var 1994 og endurnýjuð 1999 við varnarsamninginn. Það væri í raun það gólf sem byggja þyrfti á.

Nú virðist það hins vegar algerlega ljóst að það lágmark er ekki lengur til staðar. Upplýsingar utanríkisráðherra nýverið um samdrátt á Keflavíkurflugvelli, um samdrátt í mannahaldi, bæði hvað varðar hermenn og almenna bandaríska starfsmenn sem og íslenska starfsmenn hefur leitt það í ljós með rækilegum hætti.

Því til viðbótar hafa borist fréttir utan frá, m.a. frá Bandaríkjunum, þar sem það er upplýst að tækjabúnaður af ýmsum toga hefur skipulega verið fluttur úr landi. Það gengur vitaskuld ekki að svona gangi hlutir fram. Ég hlýt því að árétta spurningu mína til nýs utanríkisráðherra: Hver er sá lágmarksviðbúnaður sem ríkisstjórnin og hann í hans embætti mun leggja til að verði grundvöllur framhaldandi samningaviðræðu við bandarísk yfirvöld, þar á meðal utanríkisráðherrann Colin Powell þann 16. nóv. nk.? Hver er þessi lágmarksviðbúnaður? Hvar getum við Íslendingar komið þarna á vettvang og á hvaða vettvangi? Almenn samstaða virðist um að við Íslendingar tökum að okkur rekstur flugvallarins í stórauknum mæli, um það hygg ég að sé ekki deilt, en þegar kemur að öryggismálunum sjálfum þarf einnig að kortleggja nákvæmlega hvar við getum borið niður, hvað það kostar og hvað það þýðir. Þarf að setja Íslendinga undir vopn, og ef svo er í hve ríkum mæli? Öryggisverðir hljóti þeir að kallast því að enginn vilji er hjá þjóðinni til að stofna hér almennan íslenskan her — eða hvað?

Allt eru þetta spurningar sem eru vakandi í umræðunni en engin svör fást við, a.m.k. engin algild svör. Við samfylkingarmenn höfum reynt að vekja þessa umræðu, ekki til að rugga bátnum eða skaða hagsmuni Íslands í viðkvæmum samingum við erlend ríki, heldur til að skapa víðtæka sátt um niðurstöðuna og eins hitt að menn gangi með opnum augum til niðurstöðunnar og framtíðarskipan varnarmála á Íslandi.

Mikilvægi NATO er enn til staðar. Stækkun bandalagsins, sem nú inniheldur 26 þjóðir, undirstrikar það og fleiri eru í biðröð eftir aðild. En eðli og verkefni bandalagsins hafa breyst. Stærsta einstaka breytingin er sú að Atlantshafsbandalagið hefur látið til sín taka utan svæða, þ.e. utan þeirra landa sem taka til bandalagsþjóðanna. Stækkun bandalagsins og þessi ákvörðun um breyttar áherslur vekja upp spurningar hvort ekki sé nauðsyn á því að formfesta betur ákvörðunarferlið sem er mikilvægt ekki síst fyrir minni þjóðir eins og okkur Íslendinga. Hver er það í raun sem tekur ákvarðanir af þessum toga og með hvaða hætti? Ég er sjálfur raunar á leið til fundar þingmannasamtaka NATO síðar í dag þar sem þessi mál verða m.a. til umræðu. Og einnig hitt: Hvernig verður háttað samstarfi Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins? Þau svör eru ekki óyggjandi. Er enn þá hætta á skörun verkefna með þessum hætti? Hvernig verður ákvörðunarferlið þegar kemur að því hver á að láta til sín taka á ófriðarsvæðum, Atlantshafsbandalagið eða Evrópusambandið? Þar eru ákveðin grá svæði enn til staðar sem mikilvægt er að skera úr um hið allra, allra fyrsta.

Hæstv. utanríkisráðherra fór eðli máls samkvæmt yfir stöðu mála í Írak. Ég verð að segja það, frú forseti, að mér fannst lýsing hans á aðdraganda og stöðu mála og þær einkunnagjafir sem þar var að finna vægast sagt á veikum grunni byggðar. Ég vil byrja á því að spyrja hæstv. utanríkisráðherra beint hvað hann hafi í raun átt við og til hverra hann hafi verið að vísa orðum sínum þegar hann með beinu orðalagi vísar til „meinfýsnishlakkandi útlumanna víða um heim"? Á hann hér við hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar? Á hann við meiri hluta íslensku þjóðarinnar? Á hann við meiri hluta hins vestræna heims, sem hefur eðli máls samkvæmt bæði gagnrýnt bæði innrásina og það sem á eftir hefur farið? Hverjir eru þessir „meinfýsnishlakkandi"? — Fyrirgefðu, frú forseti, það er ekki undarlegt að ég skuli hnjóta um þetta orðalag og geta tæplega farið með það hér svo vit sé í. Er hæstv. utanríkisráðherra að gera því skóna að við hér inni hlökkum yfir ástandinu í Írak? Er það svo?

Auðvitað er það ekki þannig. Við jafnaðarmenn gagnrýndum mjög harðlega þá ákvörðun sem tekin var um innrás í Írak sem byggðist á því að uppræta gereyðingarvorpn þar í landi, sem ekki hafa reynst til staðar, og við munum halda því áfram. Við munum líka halda því áfram að spyrja hæstvirta oddvita ríkisstjórnarinnar um það á hvaða grundvelli ákvörðun þeirra tveggja var tekin án þess að leita álits ríkisstjórnarinnar, utanríkismálanefndar, hvað þá Alþingis.

Þetta er vissulega liðin tíð og auðvitað ber okkur að huga að því með hvaða hætti við getum best byggt upp þetta stríðshrjáða land. En þar er erfitt um lausnir því að það eru ekki eingöngu eftirhreitur vígamanna Saddams Husseins sem við er að etja, þeir eru kannski ekki stærsta vandamálið, heldur virðist eins og innrásin hafi leitt af sér þann veruleika, því miður, að þarna er orðinn safnhaugur hryðjuverkahópa víða um heim sem þar hafa safnast saman og því miður er ekkert í augnablikinu sem eykur manni bjartsýni um að farsæl lausn sé í sjónmáli. Hér talar ekki meinfýsnishlakkandi útlumaður.

Við höfum rætt á hinu háa Alþingi friðargæsluna og stöðu hennar á síðari tímum. Ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu. Ég vil eingöngu undirstrika það sem ég hef hér áður sagt við það tækifæri að mikilvægt er í þessum efnum að við Íslendignar veljum okkur verkefni við hæfi, göngum til þeirra verkefna að byggja upp stríðshrjáðar þjóðir þar sem við kunnum best til verka. Því set ég spurningarmerki við það sem fram kemur í ræðu hæstv. utanríkisráðherra þegar hann víkur að áformum í þá veru og segir frá því að til standi að Ísland taki þátt í þjálfun írakskra öryggissveita á vegum NATO í Írak. Ég spyr: Kunnum við þar best til verka? Eru ekki önnur verkefni þar sem við getum betur? Ég nefni heilbrigðismál þar til sögunnar.

Frú forseti. Tíminn líður hratt. Ég vil hins vegar ekki láta hjá líða í lokaorðum mínum að víkja nokkrum orðum að þeim breytingum sem orðið hafa og ekki hafa orðið í Bandaríkjunum í kjölfar bandarísku forsetakosninganna og einnig þeirra orða hæstv. ráðherra í ræðu sinni áðan þar sem hann vísar til þess að það sé reginmunur á heilbrigðri gagnrýni og glórulausum fordómum evrópskra stjórnmálamanna og fjölmiðla í garð Bandaríkjanna. Ég spyr enn og aftur: Er hæstv. utanríkisráðherra að vísa til þingmanna í þessum sal, sem hafi haldið uppi glórulausum fordómum á hendur Bandaríkjamönnum? Ég vísa því a.m.k. algjörlega á bug að við jafnaðarmenn höfum talað í þá veru. Þvert á móti höfum við gagnrýnt með heilbrigðum hætti ýmis athæfi Bandaríkjaforseta og ég er efnislega algjörlega ósammála yfirlýsingu hæstv. utanríkisráðherra sem hann sendi frá sér í kjölfar bandarísku kosninganna, að heimurinn yrði friðvænlegri en ella vegna endurkjörs Bush Bandaríkjaforseta. Ég held þvert á móti að Bandaríkjamenn, sem þó með lýðræðislegum hætti tóku sína ákvörðun, hafi misst af gullnu tækifæri til þess að gera Bandaríkin aftur að þeirri

forustuþjóð lýðræðis og friðar i heiminum sem hún á að vera þegar þeir höfnuðu John Kerry, frambjóðanda demókrata.

Frú forseti. Ég hef ekki tímans vegna getað farið yfir fjölmörg önnur atriði sem ástæða væri til að staldra við, Íran, Palestínu, Ísrael. Ég vil að lokum undirstrika mikilvægi þess að umræða af þessum toga verði efni?leg og innihaldsrík og með þeim hætti að almenningur allur, ekki bara við þingmenn, geti tekið virkan þátt í henni. Utanríkismál eru innanríkismál.

[11:15]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Góðgjarn maður sagði mér einhverju sinni að það væri ágæt regla að reyna jafnan að finna það sem jákvætt væri í málflutningi manna og sannast sagna var ég staðráðinn í að hlusta á ræðu hæstv. utanríkisráðherra, Davíðs Oddssonar, með þetta í huga. Aldrei hefði mig órað fyrir að ráðherrann mundi leggja eins þunga þraut fyrir okkur sem viljum hlýða á hann með því hugarfari og raun ber vitni. Ég er að sjálfsögðu sammála hæstv. ráðherra um sitthvað, um mikilvægi þess að styrkja samstarf og vináttubönd við Færeyinga og Grænlendinga, að styrkja stöðu Íslands sem ferðamannalands, að standa vörð um náttúruauðlindir landsins en þegar kemur að utanríkismálunum almennt og utanríkisstefnu þjóðarinnar finnst mér það vera umhugsunarvert og hryggilegt á hve fáum sviðum ríkisstjórninni hefur tekist að skapa breiða samstöðu um stefnumál sín.

Unnið er að því að Íslendingar fái sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Sannast sagna má ég ekki til þess hugsa að við förum með þá stefnu sem hér er boðuð inn í það ráð.

Það deilir enginn um að við lifum á viðsjárverðum tímum. Mjög alvarlegir atburðir hafa gerst í heiminum og hafa Íslendingar komið þar nærri í mörgum tilvikum. Staðreyndin er sú að við tengjumst bandarískri utanríkisstefnu sífellt nánari böndum. Þetta er nokkuð sem við ráðum ekki að öllu leyti og vísa ég þar í áherslubreytingar sem orðið hafa innan NATO sem í veigamiklum atriðum hefur endurskilgreint hlutverk sitt. Í stað þess að áherslan sé á að verjast árásum á landsvæði aðildarríkja bandalagsins er nú áhersla á að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða gegn aðilum sem hætta er talin vera á að ógni hagsmunum og öryggi aðildarríkjanna. Þar eiga náttúrlega fyrst og fremst Bandaríkin í hlut en hagsmuna sinna þurfa Bandaríkin að gæta í öllum heimshornum nú um stundir, ekki síst í Miðausturlöndum þar sem harðvítug átök hafa staðið um verðmætar náttúruauðlindir.

Árásirnar á Afganistan og Írak voru liður í því hagsmunastríði. Smám saman hefur verið að koma á daginn að árásin á Írak átti sér mun lengri aðdraganda en bandarísk stjórnvöld vildu vera láta, en þegar árið 1998 skrifuðu margir helstu ráðgjafar núverandi Bandaríkjaforseta forvera hans á forsetastóli bréf og hvöttu til innrásar í Írak í þágu bandarískra olíuhagsmuna. O´Neill, fyrrum fjármálaráðherra Bush og fyrrverandi forstjóri Alcoa, maður sem seint verður sakaður um vinstri villu hefur staðhæft að strax í upphafi stjórnarferils síns hafi Bush verið staðráðinn í að láta til skarar skríða gegn Írak. Síðan þekkja allir framvinduna.

Eftir hryðjuverkin í New York og Washington í september árið 2001 breyttist málflutningur Bandaríkjastjórnar og var utanríkisstefnan hér eftir réttlætt í ljósi hættunnar af hryðjuverkum. Ráðist var á Afganistan haustið 2001 og Bandaríkjastjórn reyndi að fá öryggisráð Sameinuðu þjóðanna til að samþykkja árás á Írak vegna meintrar hættu sem stafaði af gereyðingarvopnum Saddams Husseins í Írak. Síðan var málflutningnum breytt lítillega í þá veru að það væri harðstjórinn Saddam Hussein sem verið væri að losa sig við.

Nú hefur komið á daginn að staðhæfingar um vopnabirgðir Íraka voru byggðar á lygum og fölsunum og reyndar var það svo að Bandaríkjamenn réðust á Írak án samþykkis Sameinuðu þjóðanna. Það var vissulega vísað í fyrri samþykktir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna en árásin var ekki gerð með samþykki Sameinuðu þjóðanna eða öryggisráðsins.

Flestir þeir sem til þekkja harma hvernig málum er komið í Írak. Bandarískir læknar staðhæfðu fyrir fáeinum dögum að yfir 100 þúsund manns, þar af yfir 50 þúsund konur og börn, hafi látið lífið eftir innrásina og er ekki séð fyrir endann á átökum þar. Margt bendir til þess að átökin fari vaxandi og verði enn illvígari og blóðugri. Við þekkjum frásagnir af pyndingum í bandarískum herfangelsum og flest höfum við lesið frásagnir um hörmungar og hrylling sem þrífst í skugganum af styrjöld. Hatri hefur verið sáð til framtíðar.

Við sjáum hvað nú er að gerast í Falluja. Vígasveitir hafa komið sér fyrir í borginni og er bandarískri herinn og innlent herlið að reyna að ná tökum á henni. Það var einnig reynt fyrir fáeinum mánuðum eftir að fjórir bandarískir hermenn höfðu verið drepnir og lík þeirra svívirðilega meðhöndluð. Bandaríkjaher gerði þá hefndarárás á borgina, fólk var drepið af handahófi, 700 manns, konur og börn, lágu í valnum eftir þá árás. Áhrifaríkt mynd greyptist þá í huga minn. Það var grátandi faðir sem hélt á líki dóttur sinnar sundurskotnu. Hann sagðist mundu hefna hennar. Ég efast ekki um að hann mun reyna að gera alvöru úr hótun sinni, því miður. Þannig heldur hringekja hatursins áfram að snúast.

Heimurinn stendur nú frammi fyrir því að reyna að lægja þetta ófriðarbál. Forsenda þess að það takist er sú að menn horfist í augu við staðreyndir, viðurkenni mistök sín og leiti síðan eftir víðtækri sátt um framhaldið. Á Vesturlöndum er víða vilji til þessa. Ekki hjá ríkisstjórn Íslands.

Hæstv. utanríkisráðherra vék orðum að Írak. Hann sagði að íslensk stjórnvöld væru sem fyrr á þeirri skoðun að rétt hafi verið að gera innrásina í Írak. Hann segir enn fremur að þegar innrásin var gerð hafi almennt verið uppi grunsemdir í garð Íraksstjórnar varðandi framleiðslu gereyðingarvopna. Ekki orð af hans hálfu um hvað síðar kom á daginn.

Enn fremur segir hæstv. utanríkisráðherra í ræðu sinni að enginn geti með sanngirni haldið öðru fram en að írakska þjóðin sé betur sett nú en undir Saddam Hussein. Hvers konar rugl er þetta eiginlega? Hæstv. utanríkisráðherra segir enn fremur að átökin í Írak snúist í rauninni ekki

um dvöl erlends herliðs í landinu heldur um hvort komið verði á lýðræðislegri stjórnskipan. Snúast átökin ekki um þetta? Er þetta sú mynd sem hæstv. ráðherra hefur í sínum huga? Trúir hann því virkilega að enginn sé andvígur veru hernámsliðsins í landinu og að átökin snúist ekki að hluta til um það?

Síðan segir hæstv. utanríkisráðherra að meinfýsnishlakkandi úrtölumenn víða um heim hafi einblínt á erfiðleika sem vissulega sé við að etja í Írak. Ég ætla ekki að eyða frekari orðum að þessu þegar menn reyna að slá sig til riddara með stráksleg og óábyrgu tali af þessu tagi. Þetta er ódýrt tal um alvarlega atburði.

Hvað segir hæstv. utanríkisráðherra um atburðina í Palestínu? Yasser Arafat er fallinn frá. Helsti kyndilberi frelsisbaráttu Palestínumanna er fallinn í valinn. Hæstv. ráðherra sendi palentínsku þjóðinni samúðarkveðjur. Ég tek undir þær. Hann sagði síðan, með leyfi forseta:

„Sharon, forsætisráðherra Ísraels, hefur tekið frumkvæði að brottflutningi Ísraelsmanna frá Gaza-svæðinu þrátt fyrir harða pólitíska andstöðu heima fyrir. Þetta gæti orðið fyrsta skrefið að nýjum samningaviðræðum um brottflutning frá hernumdum svæðum á Vesturbakkanum og stofnun sjálfstæðs ríkis Palestínumanna. Frumkvæði Sharons er í andstöðu við afstöðu og gjörðir leiðtoga Palestínumanna sem hafa hvorki ráðist gegn samtökum hryðjuverkamanna né unnið bug á langvarandi spillingu innan palestínsku sjálfsstjórnarinnar. Nú er orðið ljóst að uppreisn Palestínumanna sem hófst fyrir fjórum árum hefur unnið málstað og hagsmunum þeirra gríðarlegt tjón."

Hvernig hófst uppreisnin? Eru menn búnir að gleyma því? Eru menn búnir að gleyma því þegar Sharon, núverandi forsætisráðherra, þá í stjórnarandstöðu, fór fyrir 2–3 þúsund manna liði á Musterishæðina í Jerúsalem þar sem Al-Aqsa moskan er til þess beinlínis að ögra Palestínumönnum? Barak var þá forsætisráðherra í landinu og er greinilegt að það voru samantekin ráð með þeim um hvernig brugðist skyldi við ef Palestínumenn létu á sér kræla og brygðust við. Herþyrlur voru komnar í loftið fáeinum mínútum eftir að viðbrögð komu fram af hálfu Palestínumanna. Síðan hefur staðið yfir borgarastyrjöld, mörg þúsund manns hafa fallið í valinn úr liði Palestínumanna, um 3–4 þúsund óbreyttir borgarar, Ísraelsmenn einnig, 700–800 manns a.m.k. hafa fallið í blóðugum og illvígum átökum. Og það á að vera hlutverk þjóða heimsins að reyna að finna leiðir til að lægja öldurnar.

Yasser Arafat var málsvari hinna hófsömu afla í Palestínu. Hann átti við öfl að stríða sem vildu ekki viðurkenna Ísraelsríki. Yasser Arafat tók þá ákvörðun að viðurkenna Ísrael og fallast á grænu línuna svokölluðu sem varð til eftir hin blóðugu átök 1948–1949, landamærin sem Sameinuðu þjóðirnar viðurkenna, sem er aðeins 22%, rúmlega fimmtungur af fyrrum landi Palestínumanna. Innan raða Palestínumanna eru hópar sem ekki vilja fallast á þetta. Og nú tekur hæstv. utanríkisráðherra undir með þeim öflum sem segja: Yasser Arafat og sveitir hans verða ekki trúverðugar fyrr en þær láta til skarar skríða gegn þessum öflum. Þetta vita allir sanngjarnir menn að er ávísun á borgarastríð í Palestínu.

Ég ætla að leyfa mér að vísa í mjög athyglisverða frétt í Morgunblaðinu frá 7. október þar sem vitnað er í einn helsta ráðgjafa Sharons í Ísrael. Í fréttinni segir, með leyfi forseta:

„Hið raunverulega markmið Ariels Sharons, forsætisráðherra Ísraels, með því að flytja burt herinn og gyðingabyggðirnar frá Gaza er að koma, með samþykki Bandaríkjastjórnar, endanlega í veg fyrir stofnun palestínsks ríkis. Kom þetta fram í gær í viðtali við Dov Weisglass, einn helsta ráðgjafa Sharons og tengilið hans gagnvart bandarískum stjórnvöldum.

Talsmaður Sharons ítrekaði í gær að hann styddi Vegvísinn, áætlunina um frið í Miðausturlöndum, en vísaði orðum Weisglass ekki á bug að öðru leyti. Weisglass sagði einnig að Ísraelsstjórn forðaðist viðræður við Palestínumenn vegna þess að hún vildi ekki láta neyða sig til að gefa eftir í málum eins og um framtíð Jerúsalem og réttindi nokkurra milljóna palestínskra flóttamanna."

Vonandi er þetta rangt. Hitt er rétt og staðreynd sem við getum ekki horft fram hjá, að á Vesturbakkanum hefur verið reistur kynþáttamúr, aðskilnaðarmúr, sem hefur þrengt að landsvæði Palestínumanna. Í ljósi þess sem þarna er að gerast og þeirra þrenginga sem bæði Ísraelsmenn og Palestínumenn hafa þurft að ganga í gegnum á undanförnum árum og áratugum, þá er þetta óábyrgt framlag, þá er þetta óábyrg umræða.

Afganistan. Þar er allt í blóma og lukkunnar velstandi. Er það? Ég kem að því nánar í seinni ræðu minni. Ég vildi að umræðan væri miklu lengri um þessi mál.

[11:30]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. nefndi að vitur maður hefði ráðlagt honum í eina tíð að reyna jafnan að finna jákvæða punkta í ræðum manna, andstæðinga sem annarra. Hann fer ekki mjög oft eftir ráðum þess vitra manns vegna þess að honum er mikið niðri fyrir. Mér finnst svo sem ekkert að því að menn nýti tíma sinn til að draga fram andstæður. En hv. þm. sagði jafnframt að í ræðu utanríkisráðherrans, sem hér stendur, væri forðast að reyna að leitast við að ná fram breiðri samstöðu um utanríkismál.

Ef maður horfir hins vegar af hreinskilni til háttvirts ræðumanns þá gerir hann ekkert með breiða samstöðu. 80% þjóðarinnar styður veru okkar í NATO. Ætti ekki þingmaðurinn að hlaupa til, taka þátt í hinni breiðu samstöðu og vera með okkur í því? Ónei, hann gerir ekkert með þá breiðu samstöðu og er bara á sínu eigin róli í þeim efnum.

Hv. þm. sagði meira að segja efnislega: Hvers konar rugl er það að íraska þjóðin sé betur sett nú en undir stjórn Saddams Husseins? Ég hygg að það sé breið samstaða um allan heim um að svo sé, hvað sem menn segja um innrásina. En hv. þm. gerir ekkert með þá breiðu samstöðu. Hann er einn af örfáum mönnum í heiminum sem virðist telja, hér í þjóðþinginu, að íraska þjóðin væri betur sett undir ógnarstjórn Saddams Husseins sem sannarlega lét drepa 300 þúsund eigin þegna og startaði styrjöldum sem höfðu í för með sér að 1 milljón manna lést.

[11:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að taka á þessu. Það er von. Staðreyndin er sú að yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga, samkvæmt öllum skoðanakönnunum, var andvígur innrásinni í Írak. Um allan heim harma menn hvernig komið er og hafa af því miklar áhyggjur að okkur takist ekki að rjúfa þann vítahring haturs og hryðjuverka sem nú er hafinn. Yfir 100 þúsund manns, þar af yfir 50 þúsund konur og börn, hafa verið drepin í stríðinu í kjölfar innrásarinnar. Af þessu hafa menn áhyggjur, en ekki hæstv. utanríkisráðherra.

Síðan væri ástæða til að taka góða og efnismikla umræðu um aðdragandann að stríðinu, um viðskiptaþvinganir sem Írakar voru beittir í áraraðir sem urðu að mati sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna þess valdandi að um 1 milljón lét lífið af orsökum sem beinlínis eru raktar til þessa. Þetta eru staðreyndir sem enginn vefengir. Nú segir hæstv. ráðherra að þetta hafi verið til góðs og íslenska ríkisstjórnin styðji enn sem áður árásina á Írak. Þetta er í hróplegri andstöðu við umræður í þjóðþingum allt í kringum okkur. Þar reyna menn að horfast í augu við staðreyndir málsins, líka óþægilegar staðreyndir. Það er ríkisstjórnin og hæstv. utanríkisráðherra greinilega ófær um að gera.

[11:34]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Stundum vilja hv. þm. og Vinstri grænir skýla sér á bak við ályktanir og ákvarðanir Sameinuðu þjóðanna, eða a.m.k. fara eftir því sem þær ákveða og annað sé ómögulegt. Nú er það svo að fjölþjóðlegi herinn í Írak er þar í umboði Sameinuðu þjóðanna. Öryggisráðið hefur samþykkt að svo lengi skuli herinn vera sem bráðabirgðastjórnin í Írak eða ný stjórn sem síðar verður kjörin óskar þess. Því vill ekki hv. þm. una þótt það sé í umboði Sameinuðu þjóðanna. Það hentar ekki núna.

Hv. þm. var svo seinheppinn að nefna þá kenningu Vinstri grænna, sem hér var mjög haldið uppi, að viðskiptabannið sem var áður en þessir atburðir urðu, til að reyna að þvinga Saddam Hussein til samvinnu, hefði leitt til þess að fjöldi barna hefði látist og þess háttar. En hvað gerðist við innrásina? Það fundust milljarðar dollara í reiðufé í höllum Saddams Husseins sem Íraksstjórn hefði að sjálfsögðu getað notað til að líkna börnum og sjúkum í Írak, milljarðar dollara í kjöllurum halla Saddams Husseins. Þannig var ekki hægt að kenna öðrum þjóðum um í því efni.

Varðandi það sem hann sagði um bandaríska lækna þá á hann væntanlega við grein í breska læknatímaritinu Lancet þar sem framreiknaðar voru tölur um manntjón á tilteknum stöðum og útfærðar yfir allt Írak. Þessar tölur og framreikningar hafa verið dregnir mjög í efa. Menn tala fremur um 15 þúsund manns heldur en 100 þúsund manns í því sambandi. Allt er það mikið hvort sem það eru 15 þúsund eða 100 þúsund. En samt er það meira að segja óverulegt miðað við þau ósköp sem einræðisherrann í Írak hafði stefnt yfir þjóð sína.

[11:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka fyrri sjónarmið mín og legg áherslu á að við erum að tala um grafalvarlega hluti. Við erum að tala um innrás sem gerð er á ríki á grundvelli upploginna saka. Um allan heim fara fram í þjóðþingum ríkja umræður um nákvæmlega þetta. Ég vek athygli á því að ríkisstjórn Íslands og hæstv. utanríkisráðherra neita að horfast í augu við þann vanda sem við stöndum frammi fyrir og þær lygar sem ríkisstjórnin áður byggði afstöðu sína á. Hún neitar að ræða þetta.

[11:38]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir greinargóða skýrslu um utanríkismál. Í máli hans kom skýrt fram að Ísland stendur frammi fyrir mörgum áskorunum og tækifærum í samfélagi þjóðanna. Mig langar sérstaklega að gera þróunarsamvinnuna að umtalsefni en þar hafa átt sér stað afar jákvæðar breytingar að undanförnu.

Á undanförnum árum hefur Ísland aukið verulega framlög sín til þróunarsamvinnu en einnig til friðargæslumála, alþjóðlegrar hjálparstarfsemi og alþjóðastofnana. Ég fagna auknum framlögum til þessara málaflokka og tel að þessum fjármunum sé vel varið. Ísland er vel stætt ríki og það er siðferðileg skylda okkar í samfélagi þjóðanna að leggja okkar af mörkum.

Mig langar að setja þessi mál í fjárhagslegt samhengi. Ef litið er til þróunar útgjalda frá árinu 2005 hafa framlög til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hækkað úr tæplega 300 millj. kr. í tæplega 700 millj. kr. Það er rúmlega tvöföld hækkun. Framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi hafa hækkað úr 164 millj. kr. í tæplega 400 millj. kr. en það er meira en tvöföldun. Þá munar og verulega um stóraukin framlög til Þróunarsjóðs EFTA en framlög til hans hafa hækkað úr tæplega 100 millj. kr. í tæplega 500 millj. kr., sem er fimmföldun. Til Íslensku friðargæslunnar, sem hefur verið stórefld, hafa framlög aukist úr 136 millj. í rúmlega 460 millj. kr. á þessum árum. Þetta er meira en þreföld hækkun. Á árinu 2005 er gert ráð fyrir að framlög til þróunarmála verði um 0,21% af vergri landsframleiðslu, eins og hér hefur komið fram. Þannig hafa framlögin til þróunarmála nærri þrefaldast á fimm árum og stefnt er að frekari aukningu á næstu árum.

Ég tel einnig vert að draga fram að það er sérstakt fagnaðarefni að nú er í fyrsta skipti gert ráð fyrir framlögum af Íslands hálfu í Alþjóðaumhverfissjóðinn, GEF, en Ísland hefur verið eina vestræna ríkið sem ekki hefur verið aðili að sjóðnum um langt bil. Þessi sjóður styrkir sérstaklega verkefni í þróunarlöndunum sem hafa hnattræna skírskotun. Þau verkefni eru afar mikilvæg gagnvart vörnum gegn mengun sjávar, ósonlaginu og þrávirkum lífrænum efnum, svo eitthvað sé nefnt. En við Íslendingar höfum í alþjóðastarfi einmitt lagt mikla áherslu á umhverfismál, á varnir gegn mengun sjávar og loftlagsbreytingar. Því var mjög mikilvægt að við yrðum aðilar að Alþjóðaumhverfissjóðnum. Það var eiginlega að verða óbærilegt að vera ekki aðilar að honum. Ég fagna mjög því að það skref hafi verið tekið.

Varðandi friðargæsluna þá er hún tiltölulega ný. Hún

var formlega stofnuð 10. september 2001 þótt segja megi að við höfum sinnt friðargæslustörfum a.m.k. frá 1994. Hins vegar er alveg ljóst að á þeim skamma tíma sem liðinn er frá stofnun Íslensku friðargæslunnar hefur mikið vatn runnið til sjávar. Við getum að mínu mati verið stolt af henni. Þetta eru mjög krefjandi verkefni sem hún sinnir. Núna eru 25 manns við störf og um 200 manns á viðbragðslista og áætlað er að árið 2006 verði 50 manns við friðargæslustörf fyrir hönd okkar Íslendinga.

Friðargæslan er erfið, þetta er metnaðarfullt verkefni en við höfum getið okkur gott orð á alþjóðavettvangi fyrir framlag okkar. Það kom því, virðulegi forseti, verulega á óvart að á þriðjudag birtist frétt í Fréttablaðinu um könnun sem gerð var á viðhorfi almennings til friðargæslu. Af þeirri könnun mátti ráða að ríflega helmingur þjóðarinnar væri hlynntur þátttöku Íslands í friðargæslu en tæp 60% hennar teldi að Íslenska friðargæslan væri her, að þar væru hermenn. Þessi niðurstaða hlýtur að koma verulega á óvart og vakna spurningar um hvort kynning á starfseminni hafi verið nægjanleg.

Ljóst er að okkur Íslendingum ber að leggja okkar af mörkum til að varðveita frið og öryggi í heiminum og til að hjálpa við uppbyggingu á stríðshrjáðum svæðum. Við höfum metið það svo að við náum mestum árangri með borgaralegri friðargæslu. Þar sinna einstaklingar sérhæfðum störfum, læknar, hjúkrunarfræðingar, flugumferðarstjórar, slökkviliðsmenn og lögreglumenn svo einhver dæmi séu tekin. Það er ljóst að þetta eru borgaralegir starfsmenn en ekki hermenn. Þeir eiga ekki að blanda sér í átök á svæðum sem þeir vinna á. Auðvitað eru þetta áhættusöm störf þannig að það hefur verið talið nauðsynlegt að láta þá bera vopn en miðað við þessa könnun tel ég að upplýsa þurfi þjóðina um störf friðargæslunnar.

Varðandi Írak þá hafa málefni Íraka verið mjög til umræðu á vettvangi stjórnmálanna, í þinginu, eins og við höfum heyrt í morgun, í utanríkisnefnd og í samfélaginu öllu. Ég ætla ekki að rekja hér allan aðdragandann. Hér hafa farið fram miklar umræður á milli hæstv. utanríkisráðherra og fulltrúa stjórnarandstöðunnar um það mál. En eins og allir vita er stríð neyðarúrræði og í stríð fer enginn nema að vel ígrunduðu máli. Ég tel þá hugmynd sem hefur komið upp, að Ísland taki sig nú af lista hinna staðföstu þjóða, algerlega fráleita.

Það er ljóst að hið eina sem stendur eftir varðandi hlutverk þeirra sem eru á lista hinna staðföstu þjóða er uppbyggingarstarf í Írak. Það blasir við hve mikilvægt verður að fara í það uppbyggingarstarf. Það þjónar engum tilgangi að taka Ísland af lista hinna staðföstu þjóða og skorast þannig undan merkjum við uppbyggingarstarfið.

Virðulegi forseti. Varðandi Evrópusamstarfið er alveg ljóst að þátttaka okkar í EES-samningnum hefur reynst afar farsæl. Það voru miklar deilur um það mál í samfélaginu á sínum tíma. Sitt sýndist hverjum en ég held að sagan sýni að það var rétt að gerast aðili að EES.

Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins, með stækkun ESB, mun vafalaust hafa mikil áhrif eða a.m.k. einhver áhrif á Ísland. Markaður okkar stækkar töluvert og þar opnast ný tækifæri. Þegar stækkunarsamningarnir voru samþykktir ákváðu íslensk stjórnvöld að beita aðlögunarákvæðum stækkunarsamningsins varðandi sameiginlegan vinnumarkað líkt og flest önnur EES-ríki gerðu. Það er rétt að minna á að sá tími styttist nú óðum sem aðlögunarákvæðin taka til. Því þarf að halda vel á spöðunum við að undirbúa vinnumarkaðinn undir komu vinnuafls af öllu EES-svæðinu.

Um aðild eða tengsl Íslands og Evrópusambandsins í framtíðinni er mjög erfitt að spá. Evrópusambandið stendur á miklum krossgötum eftir stækkunina og fáa rennir í grun hvað er í vændum. Vandræðagangurinn við skipun nýrrar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er athyglisverður. Vonandi er hann ekki fyrirboði þess sem koma skal í Evrópusamstarfinu. Tyrkland og Rúmenía eiga í viðræðum við ESB. Þar er því margt í deiglunni og ekki gott að spá fyrir um hvernig Evrópusambandið mun þróast í framtíðinni og hvernig gengur að stækka það.

Staða okkar gagnvart ESB er um margt sérstök þar sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir því að við séum hluti af innri markaðnum. En við höfum þó minni áhrif á mótun löggjafar sem varðar markaðinn en löndin sem eru innan ESB. Því má segja að það sé alveg greinilegur lýðræðishalli á þátttöku okkar í þessu Evrópusamstarfi.

Það er líka ljóst, virðulegur forseti, að sameiginleg fiskveiðistefna Evrópusambandsins eins og hún er í dag er eitt af því sem við höfum haft áhyggjur af. Meginfiskstofnar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu geta ekki talist sameiginleg auðlind allra Evrópuríkja frekar en skógarnir í Finnlandi eða olíuauðlindir á bresku landgrunni. Mér finnst því alveg koma til athugunar að rætt verði meira um þá leið sem hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson reifaði fyrir nokkrum árum, þegar hann var utanríkisráðherra, í svokallaðri Berlínarræðu, þ.e. hvort hægt væri að sjá fyrir sér að Norður-Atlantshafið yrði skilgreint utan hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu sem sérstakt svæði og að þar giltu sérstakar reglur þannig að ekki væri um sérstaka undanþágu að ræða varðandi þetta mál heldur yrði svæðið yrði skilgreint sem sérstakt svæði þar sem ríki í Norður-Atlantshafinu tækju ákvarðanir gagnvart auðlindum sínum á því svæði.

Það er mjög óljóst hvernig stefnir með Evrópusamstarfið. En ég velti því upp að mér finnst þetta mjög athyglisverð hugmynd sem kom fram um Berlínarræðunni.

Varðandi öryggis- og varnarmál þá er alveg ljóst að málið er á forræði hæstv. utanríkisráðherra og gera má ráð fyrir því að núna eftir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum — þær eru afstaðnar núna — verði hægt að halda þessum viðræðum áfram. Það er óásættanlegt að hafa varnarmál landsins í uppnámi um langa tíð. Alla vega upplifa mjög margir það þannig að þessi mál séu í uppnámi. Það er nú sjálfsagt orðum aukið. En ég er sannfærð um að hæstv. utanríkisráðherra muni leiða málið til lykta þannig að varnir landsins verði tryggðar. Ég hef mikla trú á því og veit að hann er í góðu sambandi við þá sem skipta miklu máli í þessu sambandi í Bandaríkjunum.

Við Íslendingar höfum látið alþjóðamál til okkar taka í stöðugt meira mæli og það endurspeglast m.a. í því að við höfum áhuga á að taka sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það ráð gegnir lykilhlutverki í varðveislu friðar og öryggis í heiminum. Ráðið er virkara og pólitískt vægi þess er

meira en áður þannig að eðlilegt er að Ísland sækist eftir sæti í ráðinu og axli þar ábyrgð sem hin Norðurlöndin hafa gert. Við njótum núna stuðnings hinna Norðurlandanna við framboðið. Kosningabaráttan verður örugglega mjög erfið. Hún verður líka lærdómsrík. Vonandi tekst okkur að ná þessu sæti en það er ekkert gefið í þeim efnum.

Virðulegur forseti. Ég vil líka gera að umtalsefni hér tengsl umhverfismála og utanríkismála. Eins og allir vita virðir mengun ekki landamæri. Íslendingar hafa lagt mjög mikla áherslu á varnir gegn mengun sjávar og varnir gegn loftslagsbreytingum á alþjóðavettvangi í umhverfismálum. Núna erum við að reyna að vinna á alþjóðavettvangi í anda samþykkta Jóhannesarborgarfundarins um að stórefla svæðabundið samstarf til þess að verja hreinleika heimshafanna. Þar má sérstaklega benda á samstarf um Norður-Atlantshafið sem Íslendingar áttu að vissu leyti frumkvæði að á sínum tíma. Það er búið að halda nokkrar Norður-Atlantshafsráðstefnur þar sem lönd ræða saman, lönd í kringum Norður-Atlantshafið, svo sem Norðurlönd, Skotland og eyjarnar og Kanada, svæði í Kanada ræða hvernig hægt sé að verja hreinleika hafsins. Það er alveg ljóst að Norður-Atlantshafið er með hreinustu höfum í heiminum núna. En ógnir steðja að því. Þessar ógnir eru loftslagsbreytingar sem geta haft áhrif á straumana. Það eru líka þrávirk lífræn efni sem hafa áhrif á heilbrigði manna og dýra, þungmálmar, kvikasilfursmengun, olíumengun og geislamengun, m.a. frá Sellafield. Með samstilltu átaki hefur tekist að ná áfangasigrum. Ég bendi sérstaklega á Sellafield í því sambandi.

Varðandi loftslagsbreytingar er alveg ljóst að Kyoto-bókunin er eina kerfið sem við höfum núna til þess að takast á við þær. Frá iðnbyltingunni hefur þéttni gróðurhúsalofttegunda aukist um 30% í andrúmsloftinu. Alþjóðavísindanefnd loftslagssamningsins telur að á næstu 100 árum muni hitastig hækka um 1,4–5,8 gráður m.a. vegna þessarar losunar. Það er ljóst að Ísland sem var reyndar fyrsta norræna ríkið sem fullgilti Kyoto-bókunina á að beita sér á erlendum vettvangi, á alþjóðavettvangi og innan Norðurskautsráðsins þar sem við gegnum formennsku núna. Við eigum að beita okkur að því að hafa áhrif á Bandaríkjamenn. Bandaríkjamenn eru stærsti einstaki losarinn. Þeir eru ábyrgir fyrir um 36% losunar á gróðurhúsalofttegundum. Þeir eru ekki aðilar að Kyoto-bókuninni og hafa farið frá henni. Það er mjög alvarlegt þannig að ég tel að Íslendingar eigi að gera sitt til að ræða við Bandaríkjamenn um hve mikilvægt sé að þeir komi að þessu borði.

Í hinni stóru skýrslu sem norðurskautssamstarfið er að kynna þessa dagana á ráðstefnu á Íslandi sjáum við að hitastig hækkar tvöfalt hraðar á norðurheimskautssvæðinu en á hnattræna vísu. Þetta veldur mjög miklum breytingum og mun valda mjög miklum breytingum. Sjávaryfirborð mun hækka. Við höfum nú þegar brugðist við því með því að hafa 20 sm hærra þil í höfnum sem við erum að byggja. Freðmýrar munu færast norðar. Gróðurinn mun færast líka norðar. Íbúar á þessum svæðum verða fyrir 30% meiri geislavirkni frá útfjólublám geislum og svona má lengi telja. Þetta er alvarleg staða.

Ég vil ljúka máli mínu á því að minnast á norrænt samstarf, virðulegur forseti. Þar höfum við Íslendingar spilað stóra rullu. Við höfum verið í formennsku þar á þessu ári í norræna ráðherraráðinu og ég bendi á að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir er nýkjörin forseti Norðurlandaráðs. Ég óska henni til hamingju með það. Íslendingar hafa lagt áherslu á mjög stór og mikilvæg mál í sinni formennskutíð, m.a. hvernig eigi að efla lýðræði í framtíðinni, hvernig við viljum efla samstarfið á Vestur-Norðurlöndunum og hvernig við viljum draga úr landamærahindrunum milli norrænna ríkja. Ég tel mjög mikilvægt að draga það fram í þessari umræðu að norrænt samstarf er einn af hornsteinum stefnu okkar í utanríkismálum. Þar erum við að vinna að mörgum verkefnum og mjög mikilvægt er að við Íslendingar stöndum afar sterkan vörð um það samstarf.

[11:53]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur áðan að hún sagði eitthvað á þá leið að við Íslendingar yrðum að vera áfram á lista hinna svokölluðu staðföstu þjóða í Írak, þ.e. þjóðanna sem studdu innrásina í Írak á sínum tíma, því að annars gætum við ekki tekið þátt í uppbyggingu í landinu eftir að þeirri ömurlegu styrjöld sem þar geisar nú er lokið. Mér finnst mjög mikil þversögn í þessum málflutningi. Mig langar í því sambandi að benda á að við Íslendingar höfum aldrei skorast undan því að stunda hjálparstarf, hjálpa þjóðum í neyð, til að mynda eftir styrjaldir og ég fær ekki séð að við þurfum endilega að vera á lista yfir einhverjar þjóðir sem ráðast inn í fullvalda ríki til þess að geta síðan tekið þátt þar í hjálparstarfi eftir að ósköpunum linnir.

Ég vil líka benda á að hæstv. utanríkisráðherra upplýsti okkur í ræðu sinni áðan að við erum að auka mjög framlög okkar til þróunarsamvinnu. Það er í sjálfu sér mjög gleðilegt. Framlög okkar til þessa hafa fjórfaldast á síðastliðnum áratug og ríkisstjórnin hefur sett sér það markmið að stighækka þessi framlög þannig að árið 2009 nái þau 0,35% af vergri landsframleiðslu. Þetta eru að sjálfsögðu mjög ánægjuleg tíðindi og undirstrikar enn og aftur, að mínu mati, að við Íslendingar þurfum síður en svo að skrá okkur á lista yfir þjóðir sem stunda styrjaldarrekstur eða styðja styrjaldarrekstur til þess að geta veitt bágstöddu fólki hjálp víða um heim eða stundað þróunarsamvinnu að öðru leyti.

[11:55]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi Írak og lista hinna staðföstu þjóða þá er alveg ljóst að nokkur atriðin felast í því að vera á þessum lista. Ekkert stendur eftir af þeim atriðum nema uppbyggingarstarf í Írak. Það að taka sig af þessum lista núna væru því alröng skilaboð. Það væri bara mjög órökrétt, m.a. vegna þess sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði, þ.e. að við viljum sinna þessu uppbyggingarstarfi. Því er svo fráleitt af taka sig af þessum lista. Þetta er það eina sem stendur eftir af verkefnum á þessum lista.

[11:55]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta alveg fráleitur málflutningur. Það er alveg með hreinum ólíkindum að hlusta á

þetta. Ég minni á að í vikunni eða í síðustu viku voru sett herlög í Írak og akkúrat núna á þessari stundu stendur yfir gríðarlega hörð á árás á borgina Falluja. Menn falla þarna þúsundum saman að öllum líkindum. Stríðinu er hvergi lokið. Það eru stöðugar sprengjuárásir í Bagdad. Við fáum að heyra um það í hverjum einasta fréttatíma að svo og svo margir hafi látist í sjálfsmorðssprengjuárásum, bílsprengjuárásum og öðru þess háttar.

Því er alveg fjarri lagi að það eina sem standi eftir núna sé uppbygging í Írak. Stríðinu er hvergi lokið. Við sjáum ekki fyrir neinn enda á þessari ömurlegu styrjöld, því miður. Þetta er staðreyndin í málinu.

[11:56]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við höfum verið á þessum lista og það hefur verið stefna hér að styðja þessar aðgerðir. Á þessum lista er líka talað um uppbyggingarstarf í Írak og ef við tökum okkur af þessum lista núna þá eru það skilaboðin væntanlega að við viljum ekki standa að þessu uppbyggingarstarfi, af því að hitt hefur allt farið fram. (Gripið fram í.) Hitt hefur allt gerst.

[11:57]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því að í ræðu sinni nefndi hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hversu EES-samningurinn hafi verið mikilvægur. Ég er því alveg hjartanlega sammála. Ég átti sæti í utanríkismálanefnd er unnið var við EES-samninginn og tók þátt í vinnunni. Ég sat m.a. í utanríkismálanefnd heilt sumar við að vinna að þessum málum. Það var alveg ljóst að átök voru um samninginn eins og þingmaður nefndi og það var mjög athyglisvert fyrir okkur sem höfðum lagt mikinn kraft og tíma í vinnuna við þennan samning og höfðum svo mikla trú á því hvaða þýðingu hann hefði í framtíðinni og á komandi árum fyrir Ísland, að verða vitni að því að Framsóknarflokkurinn klofnaði í þessu máli. Hann klofnaði ekki í einhverja hjásetu og stuðning heldur í að vera á móti og að sitja hjá. Helmingurinn af þingflokknum undir stjórn Halldórs Ásgrímssonar rausnaðist til að sitja hjá í þessu mikilvæga máli.

Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn unnu að þessu máli og börðu það fram. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að þeir hafi barið það fram.

Ekki njóta alltaf allir ávaxtanna af verkum sínum. En öllum varð ljóst á komandi árum, og það hefur hæstv. núverandi forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson margsinnis sagt í þessum stól, að sú velferð sem við höfum búið við á liðnum árum og uppbyggingin sem varð í þessu landi á tíunda áratugnum hafi orðið vegna Evrópska efnahagssvæðisins og aðildar okkar að þeim samningi.

Þess vegna mun ég aftur og aftur nota tækifærið þegar talið berst að honum og minna á hvernig hann varð til, minna á samstöðuna sem var meðal sumra í þessum sal þá um að koma honum á og segja að það var ekki af því að Framsóknarflokkurinn fór í ríkisstjórn að hér varð meiri velmegun og uppbygging heldur vegna þess að unnið var að Evrópska efnahagssvæðinu.

[11:59]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé mjög mikil einföldun að halda því fram að allt sem vel hefur tekist til hér sé út af EES-samningnum. Hann á sitt en hann á ekki allt. Ég tel að þátttaka Framsóknarflokksins í ríkisstjórn hafi haft mjög mikið að segja.

En það er rétt sem hér hefur komið fram að hluti Framsóknarflokksins á sínum tíma studdi EES-samninginn en hluti ekki og þetta var erfitt mál. Ég man eftir mjög skemmtilegum umræðum um EES-samninginn á flokksþingi á sínum tíma. Það var mikill hiti í fólki. Sumir töldu að hér yrði mikill innflutningur á fólki og að land yrði keypt upp, Íslendingar mundu ekki geta veitt í sínum laxveiðiám o.s.frv. Þetta var mjög svartmálað hjá hluta þingfulltrúa á meðan aðrir töldu að þetta væri mikið tækifæri til þess að efla íslenskt samfélag og ég held að þeir hafi haft rétt fyrir sér.

Það er a.m.k. mitt mat að það var mjög gott að við fórum inn í EES-samninginn á sínum tíma. Ég vil líka benda á að það var stór Evrópunefnd sem vann að því innan Framsóknarflokksins fyrir ekki mjög löngu síðan hvernig við ættum að skoða framtíðina varðandi tengsl okkar við Evrópusambandið. Niðurstaðan í þeirri nefnd var að númer eitt ætti að viðhalda EES-samningnum. Ef það tækist ekki ætti að skoða aðild. Þriðji og sísti kosturinn var tvíhliða samningur milli ESB og Íslands. Þessi niðurstaða sýnir mér að Framsóknarflokkurinn er mun jákvæðari gagnvart Evrópusamstarfi núna en hann var á sínum tíma.

[12:01]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þekki alla þá umræðu og hún gekk svo langt að menn voru kallaðir landráðamenn. Það er liðin tíð. Þessi stuðningur í Framsóknarflokknum náði ekki inn á Alþingi. Helmingurinn af þingflokknum greiddi atkvæði gegn, hinn helmingurinn sat hjá og það kallast ekki stuðningur.

Það sem ég er að draga fram og þingmaðurinn nefnir einföldun, og ég get alveg tekið undir það á sama hátt og flokksmenn þingmannsins leyfðu sér að halda því fram að allt hefði breyst af því að Framsóknarflokkurinn fór í ríkisstjórn. Það er munur á því og þegar Alþýðuflokkurinn var í ríkisstjórn á kjörtímabilinu á undan þegar aflabrestur varð, þegar markaðir lokuðust og það voru mjög erfiðir tímar á Íslandi og ekki hægt að gera margt af því sem flokksmenn dreymdi um að hægt væri að hrinda í framkvæmd við að fara í ríkisstjórn. Það skipti máli á slíkum tímum að horfa á hvað unnt væri að gera til að snúa vörn í sókn og það gerði sú ríkisstjórn. Hún á það að hafa virkilega tekið á stóra sínum, sett Ísland inn í Evrópu og unnið þar bæði markaði og ný tækifæri sem verulega breyttu ástandinu hér á árunum sem á eftir komu.

Það sem ég hef gaman af að nefna er einmitt að vísa í orð hæstv. núverandi forsætisráðherra. Ég er ekki að einfalda neitt, ég er að vísa í orð hans í mörgum ræðum á liðnum árum þar sem hann hefur sagt að EES-samningurinn sé undirstaða þeirrar velferðar sem við höfum búið við að undanförnu. EES-samningurinn hafi hleypt nýju lífi í at-

vinnulíf á Íslandi, að við eigum EES-samningnum meira eða minna að þakka hversu vel hefur tekist til á liðnum árum, og ég veit allt um það að hæstv. forsætisráðherra er með allt aðrar hugmyndir um Evrópu og jafnvel Evrópusambandsaðild í dag.

[12:03]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við getum alveg farið í slíka sögulega skoðun hér og það er kannski við hæfi. Það er a.m.k. ljóst að Framsóknarflokkurinn telur að EES-samningurinn hafi skilað góðum árangri en á sínum tíma var þetta erfitt mál í flokknum og það er kannski ekkert óeðlilegt því þetta er stórt mál í hverju samfélagi.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir reyndi að gera lítið úr hlut Framsóknarflokksins varðandi afkomuna hér á landi og talar um að þegar Alþýðuflokkurinn var í ríkisstjórn hafi verið aflabrestur og allt hafi verið svolítið erfitt. (Gripið fram í.) Jú, jú, en menn verða að taka á erfiðleikum í sínum samfélögum. (Gripið fram í.) En ég vil þá líka minna á eitt mál sem hefur verið mjög stórt í umræðunni núna og erfitt hjá okkur og það er Kárahnjúkavirkjun og nýting orkunnar. Það er ágætt til að minna á að pólitískir flokkar taka ákvarðanir til að reyna að koma hjólum atvinnulífsins í gang og fá efnahagsleg umsvif. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir einmitt í áliti sínu að vegna þeirra framkvæmda séu hér mikil umsvif í efnahagslífinu. Þetta er mikil innspýting. En þar voru ekki allir sammála, Samfylkingin studdi reyndar það mál, nánast öll, reyndar ekki hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. (Gripið fram í.)

Maður verður líka að líta til þess að stjórnmálaflokkar þurfa að taka ákvarðanir. Stundum eru þær erfiðar en þær geta sýnt sig að verða mjög til góðs þegar fram í sækir. Við skulum ekki spá fyrir um þessa virkjun en ég trúi því að hún verði til góðs eins og EES-samningurinn. Ég ætla samt ekki að líkja því saman en þetta sýnir hvað viðfangsefnin eru oft erfið og erfitt að sjá inn í framtíðina hvernig mál æxlast.

[12:05]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanríkisráðherra sagði í upphafi ræðu sinnar áðan að það sé meginskylda fullvalda ríkis að tryggja öryggi og varnir lands og þjóðar. Það liggi til grundvallar af Íslands hálfu í væntanlegum viðræðum við Bandaríkin um varnarmálin. Ja, guð láti gott á vita, segi ég nú bara. Hvers vegna segi ég það? Jú, ég hef síðustu vikur fyllst miklum efasemdum um að núverandi ríkisstjórn sé yfir höfuð fær um að tryggja varnir okkar, mér þykir stjórnin vera ansi aum þegar kemur að þeim mikilvæga þætti. Mér þykir miður að þurfa að segja þetta en tilburðir og málaskýringar ríkisstjórnarinnar varðandi framtíð varnarliðsins hafa ekki verið sannfærandi, því miður. Það er ekki annað að sjá en að varnarliðið sé smám saman að færa sig af landi brott. Það hefur komið fram í umræðum á hinu háa Alþingi að hermönnum á vellinum fækkar stöðugt. Íslenskum starfsmönnnum á Keflavíkurflugvelli, starfsmönnum varnarliðsins, fækkar stöðugt, Orion-vélarnar eru farnar, kafbátaleitarvélarnar, þotunum hefur fækkað mjög og ef ég man rétt eru aðeins fjórar þotur eftir og þær svífa hér um himingeiminn óvopnaðar að manni skilst. Það heyrir til tíðinda að sjá bandaríska þyrlu á flugi yfir Íslandi í dag. Þetta er allt og sumt hvað varðar varnarviðbúnað Íslands.

Mér finnst sú ríkisstjórn ansi aum sem ekki er fær um að gæta öryggis þegna sinna þegar þeim er ógnað. Ég tel að ógn hafi steðjað að okkur fyrir nokkrum vikum þegar við urðum þess vafasama heiðurs aðnjótandi að fá í heimsókn hinn svokallaða norðurflota rússneska hersins. Þetta er einn öflugasti floti heimsins sem hefur bækistöðvar sínar á Kólaskaga í Barentshafi norðaustur af Íslandi. Þessi floti lá hér við Norðausturland dögum saman, hátt í hálfan mánuð. Það var alveg með ólíkindum að verða vitni að slælegum viðbrögðum ríkisstjórnarinnar því að hér var um að ræða flotadeild sem bjó yfir gríðarlegum gereyðingarmætti í formi vopna. Ríkisstjórnin viðhafði engin mótmæli, a.m.k. var ekki hægt að sjá það. Hún viðhafði enga tilburði til að bægja flotanum á brott.

Við ræddum þessi mál að sjálfsögðu á hinu háa Alþingi. Margir þingmenn höfðu verulegar áhyggjur af þessum flota, enda er það ekki daglegt brauð að við Íslendingar fáum slíka heimsókn þétt upp að ströndinni.

Hæstv. dómsmálaráðherra lýsti því yfir í þessum ræðustól að Rússum væri í raun og veru heimilt að gera þetta, þeim væri heimilt að liggja hér dögum saman allt að 12 sjómílum frá ströndum landsins. Það má vel vera rétt að það standist samkvæmt alþjóðalögum, það skiptir ekki máli, en það er gersamlega óþolandi að slík flotadeild erlends ríkis, sem við erum ekki í neinu varnarbandalagi við, liggi í kannski 30 km fjarlægð frá ströndinni. Það er alveg með ólíkindum að ráðherra í ríkisstjórn Íslands skuli nánast þegjandi og hljóðalaust skrifa upp á það að erlendu ríki sé heimilt að gera slíkt, því það þýðir ef þetta á að standa að næst þegar Rússar koma hingað í heimsókn geta þeir lagst við akkeri úti á miðjum Faxaflóa. Þeir geta legið í sjónmáli við höfuðborgina með þennan flota.

Ég get ekki ímyndað mér annað en að Rússar hafi verið mjög ánægðir með viðbrögð íslenskra stjórnvalda því að við höfum í raun og veru veitt þeim í heyranda hljóti heimild til að hafa herskipalægi hér við land, aðstöðu hér við land, aðstöðu sem þá dreymdi um öll árin sem kalda stríðið geisaði. Þetta eru nú allar varnir landsins í dag.

Að sjálfsögðu áttu íslensk stjórnvöld að mótmæla þessu af öllum krafti, hæstv. utanríkisráðherra eða hæstv. forsætisráðherra og helst báðir. Það hefði átt að kalla sendiherra Rússa til fundar og afhenda honum opinber formleg mótmæli og biðja Rússa um að hypja sig á brott með flotann. Rússar sögðu að þessi floti væri hér við heræfingar. Hvað eru menn að gera þegar þeir stunda heræfingar? Jú, þeir eru að æfa sig í að gera árásir á óvininn. Og hvernig stendur á því að Rússar, þá sjaldan þeir senda þennan flota sinn á haf út — þeir gera það mjög sjaldan vegna þess að ástand rússneska flotans er mjög bágborið og Rússar hafa átt við mikla fjárhagsörðugleika að stríða — hvernig í ósköpunum stendur á því að þeir senda dýrustu og stærstu herskip sín til Íslands og láta þau vera hér við æfingar í tvær vikur? Væri ekki nær fyrir þá að láta þennan flota vera við æfingar í Barentshafi eða við strendur Norðvestur-Rússlands á þeirra eigin heimaslóðum til þess að æfa varnir síns eigin lands?

Hvað voru þeir að gera hér?

Ég get ekki ímyndað mér annað en að Rússar hafi verið að æfa árás á Ísland. Það er erfitt að hugsa sér annað. Þarna var fullkomnasta orrustubeitiskip heimsins, Pétur mikli, þarna voru tundurspillar, þarna voru flugmóðurskip með orrustuþotur um borð. Þetta atvik varð þess valdandi að ég fór alvarlega að efast um að stjórnvöldum sé í raun og veru alvara þegar þau lýsa því yfir að þau líti á það sem meginskyldu sína að tryggja öryggi og varnir lands og þjóðar, þ.e. hið algera aðgerðaleysi sem maður varð vitni að þegar þessi floti kom hingað.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum að því sem hefði getað gerst, það eru í sjálfu sér fræðilegar vangaveltur, en við vitum að sjálfsögðu að Rússar hafa margoft lent í alvarlegum slysum við heræfingar. Hið síðasta var þegar kjarnorkukafbáturinn Kúrsk fórst í Barentshafi árið 2000 og það var einmitt þessi flotadeild sem var þá við æfingar, nákvæmlega sömu skip. Við vitum ekkert um hvort rússneskur kjarnorkukafbátur hefur fylgt þessum flota eftir. Ég ætla rétt að vona að bandamenn okkar, Bandaríkjamenn, hafi fylgst með þessum flota þó að þeir hafi gert það úr undirdjúpunum. Það má a.m.k. segja um það að floti Bandaríkjamanna virðist vera miklu betur búinn en floti Rússa, sem betur fer, ekki síst hvað varðar öryggismál. Ég ætla svo sem ekki að fetta fingur út í það þó að þeir fari um hafsvæði okkar með sín herskip, við erum í varnarsamstarfi við Bandaríkjamenn og ég styð það eindregið og fetti ekki fingur út í það, en Rússa vil ég ekki sjá hér.

Hæstv. utanríkisráðherra vék að sjálfsögðu að stríðinu í Írak og það kom að auðvitað ekki á óvart, það hefði frekar þótt tíðindum sæta ef hæstv. utanríkisráðherra hefði sleppt því að tala um það stríð. Ég kemst að sjálfsögðu ekki hjá því, virðulegi forseti, að eyða nokkrum hluta af ræðutíma mínum til að minnast á hernaðarástandið í því landi. Flokkur minn, Frjálslyndi flokkurinn, hefur frá upphafi verið algjörlega andvígur þessu stríði, við höfum margoft fordæmt aðild okkar Íslendinga að þessari styrjöld sem hefur kostað tugi þúsunda manna lífið og það sér ekki fyrir endann á því ömurlega blóðbaði, því miður. Ég vil fá að minna á að við erum aðilar að þingsályktunartillögu sem stjórnarandstöðuflokkarnir hafa lagt fram á Alþingi um að Ísland dragi til baka stuðning sinn við þetta stríð sem við teljum ólöglegt og brjóta í bága við alþjóðalög og hafi gert allt frá upphafi.

Það er alveg rétt sem einn hv. þingmaður benti á áðan að í löndunum í kringum okkur fer núna fram mjög mikil og hörð umræða um réttmæti þessarar styrjaldar. Sú umræða er ekki ný af nálinni, hún hefur staðið yfir í marga, marga mánuði. Ég tók með mér að gamni mínu af skrifstofu minni blað sem ég fékk sent frá Danmörku í fyrra, það er danska Ekstra Bladet. Þetta er aukablað sem gefið var út fyrir ári síðan sem fjallar um styrjöldina í Írak á mjög gagnrýninn hátt og yfirskriftin er „Lygin um stríðið, stríðið um lygina." Mér finnst öll umræðan í kringum Íraksstríðið einmitt hafa einkennst mjög mikið af þessu frá upphafi, lygum og blekkingum. Ég ætla rétt að vona að þeir tveir menn sem tóku þá ákvörðun að gera okkur að aðilum að þessu stríði, að okkur forspurðum og að hinu háa Alþingi forspurðu, fái að svara fyrir það og helst fyrir þingnefnd, því að þetta stríð er gersamlega óásættanlegt á allan hátt.

Ég hjó eftir því að hæstv. utanríkisráðherra minntist í lok ræðu sinnar á að við Íslendingar værum að undirbúa málssókn á hendur Norðmönnum varðandi Svalbarðasvæðið. Það er mjög ánægjulegt að hæstv. utanríkisráðherra skuli einmitt hafa notað hluta ræðutíma síns til að ræða um hafréttarmál því föðurland vort hálft er hafið og landamæri okkar eru mörk 200 mílna lögsögu umhverfis Ísland. Mig langar til að spyrja hæstv. utanríkisráðherra nánar að því hvernig undirbúningnum að málssókn fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag gegn Noregi líði. Hér er talað um að gengið hafi verið frá ráðningu erlends sérfræðings til að rita ítarlega greinargerð fyrir stjórnvöld í þessu skyni.

Ég fylgdist grannt með því þegar við Íslendingar hófum deilur okkar við Norðmenn um þetta svæði fyrir 10 árum. Þá voru einmitt líka fengnir erlendir sérfræðingar til að rita greinargerð ef ég man rétt. Þá var Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra. Mér leikur forvitni á að vita hvaða erlendi sérfræðingur þetta er. Þeir eru ekki svo margir í heiminum í dag sem hafa sérþekkingu á Svalbarðamálinu, enda er málið mjög sérstakt.

Eins og ég nefndi áðan byrjuðum við að deila við Norðmenn um þetta svæði fyrir 10 árum og mér finnst sorglegt að við skulum ekki hafa fylgt því eftir. Málið var sett í eins konar biðstöðu þegar samningar náðust við Norðmenn og Rússa um veiðar í Barentshafi á sínum tíma og síðan er eins og ekkert hafi verið unnið í þessu. Mér finnst það með hreinum ólíkindum því að Norðmenn hafa alla tíð sýnt okkur mjög mikla óbilgirni í málinu og vilja tileinka sér fullan yfirráðarétt, að manni virðist, yfir þessum gríðarstóra eyjaklasa í Íshafinu norður af okkur. Það eru ekki nema 700 sjómílur frá Íslandi til Svalbarða. Þeir eru að vinna sér ákveðinn hefðarrétt og á meðan klukkan tifar og árin líða festist rétturinn í sessi. Ég tel því mjög mikilvægt að við Íslendingar förum að herja á þá af fullri alvöru. Það er gersamlega ólíðandi að Norðmenn skuli einhliða hafa áskilið sér rétt til að stjórna fiskveiðum á þessu gríðarlega hafsvæði sem er 830 þúsund ferkílómetrar, stærri en öll íslenska efnahagslögsagan, og að við höfum ekki neinn rétt þarna.

Í vikunni var kynnt merkileg skýrsla á ráðstefnu í Reykjavík sem enn stendur yfir um loftslagsbreytingar í norðurhöfum. Þar kemur m.a. fram að ef rétt reynist að hitastig er að hækka á norðurslóðum muni einmitt svæði eins og Svalbarði geta haft verulega þýðingu hvað varðar auðlindanýtingu. Það muni verða auðveldara að nálgast verðmæti sem þarna eru. Við vitum að þarna er mikið af kolum, það er mjög sennilega olía og gas á hafsbotninum umhverfis Svalbarða. Þetta er mjög gamalt land, það er svo gamalt að þar hafa fundist spor eftir risaeðlur. Ég tel því mjög líklegt að þarna hafi einhvern tíma verið skógur og það er sjálfkrafa ávísun á að þarna sé að finna mikilvægar náttúruauðlindir. Þetta ætti að veita okkur enn á ný aukinn innblástur í því að krefja réttar okkar á svæðinu og stefna Norðmönnum þannig að við fáum loksins niðurstöðu í þetta mikilvæga mál, því sá yfirgangur sem Norðmenn hafa sýnt á Norður-Atlantshafi er gersamlega óþolandi og slæmt að hafa orðið vitni að því hve illa íslensk stjórnvöld hafa staðið sig í þessum málum á undanförnum árum. Ég vona svo sannarlega að bragarbót verði unnin á því.

[12:19]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þann sérfræðing sem nefndur er til sögunnar er ekki gert ráð fyrir að gefa upp nafn hans að svo stöddu en á hinn bóginn get ég upplýst að þarna er um að ræða einn fremsta sérfræðing á þessu sviði í heiminum öllum.

Þegar verið er að tala um þjóðarréttinn og hvernig menn fara með hann og fundið er að því að ekki hafi verið farið að þjóðarrétti varðandi ákvörðun íslenskra stjórnvalda varðandi Írak, sem ég andmæli fullkomlega, þá kemur óvart að menn vilja ekkert með þjóðarrétt að gera þegar kemur að ferðum rússneska flotans. Því hvort sem okkur líkar betur eða verr var rússneski flotinn innan ramma þjóðarréttarins. Þeir tilkynntu bæði okkur og norskum yfirvöldum með ríkulegum fyrirvara að þeir yrðu á tilteknu mánaðartímabili í norðurhöfum við æfingar og óskuðu eftir því m.a. að geta fengið hér aðstöðu fyrir neyðarlendingar ef sú staða kæmi upp, svo og í Noregi, og þeim var heitið því af báðum löndunum að þeir fengju slíka aðstöðu til neyðarlendinga ef á þyrfti að halda. Allt var þetta innan ramma þjóðarréttareglna.

Hitt er annað mál að við fylgdumst auðvitað mjög vel með æfingunum, bæði Landhelgisgæslan okkar og jafnframt samstarfsþjóðir okkar í NATO. Bæði voru flugvélar frá Norðmönnum og Bretum sendar yfir svæðið. Þyrlur varnarliðsins voru um hríð staðsettar á Egilsstöðum og þotur varnarliðsins flugu yfir svæðið og könnuðu það, auk þess sem fylgst er með slíkum hlutum með öðrum hætti og fjarlægari eins og menn þekkja.

[12:20]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki að efast um að Rússar hefðu kannski einhvern lagalegan rétt til að vera hér með flotadeildina, en ég undrast að íslensk stjórnvöld skyldu þrátt fyrir það ekki mótmæla heimsókninni því að þarna var herdeild á ferð. Rússar sögðu að þeir væru að stunda æfingar. Við erum ekki í neinu varnarbandalagi við Rússa. Þeir voru ekki að æfa varnir Íslands. Þeir hljóta að hafa verið að æfa einhvers konar árásir, ég get ekki ímyndað mér annað. Varnarsvæði þeirra er ekki við Ísland, langt frá heimahöfnum þeirra á Kólaskaga, þannig að ég tel að þetta atvik hafi verið mjög alvarlegt. Hins vegar lýsi ég ánægju með að hæstv. utanríkisráðherra skuli þó upplýsa okkur um það núna að þyrlur varnarliðsins hafi verið staddar á Egilsstöðum um hríð og að þotur Bandaríkjamanna hafi fylgst með þessu. Það hefur ekki komið fram í fréttum, að því er ég best veit, og sýnir að það eru þrátt fyrir allt einhver töggur eftir í varnarliðinu þó að það hafi veikst allt of mikið á undanförnum árum.

Ég tel og vil koma því á framfæri að mér finnst að við ættum að ræða við Rússa um þetta atvik og lýsa opinberlega yfir óánægju okkar með að flotinn skuli hafa verið hér við æfingar. Hann hefur nákvæmlega ekkert að gera hér. Við erum í friðsamri sambúð við Rússa. Ég lít á þá sem vinaþjóð okkar þó við séum ekki í neinu varnarbandalagi við þá og það er algerlega ólíðandi að vinaþjóð okkar komi allt upp að 30 km frá ströndum landsins til að stunda heræfingar. Það finnst mér fullkomlega óskiljanlegt og ráðgáta að Rússum skuli yfirleitt hafa dottið þetta í hug.

[12:22]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefðu verið ankannaleg og ómálefnaleg mótmæli ef við hefðum mótmælt æfingum Rússa í norðurhöfum sem þeir tilkynntu okkur með lögboðnum fyrirvara og fengu samþykki fyrir því af okkar hálfu og Norðmanna að þeir mættu njóta hér skjóls ef áhætta kæmi.

Á hinn bóginn komu fram athugasemdir af hálfu utanríkisráðuneytisins, vegna þess að viðveran var þetta löng á sama stað á ákveðnum fiskislóðum við norðausturhorn landsins, og óskað var eftir upplýsingum um viðverutíma, brottfaratíma og allt þess háttar og ástæðu fyrir því að flotinn héldi kyrru fyrir. Við gengum eftir slíkum svörum bæði hér og eins í Moskvu. Utanríkisþjónustan fylgdi því málinu eftir af fullkominni festu en auðvitað innan ramma þjóðarréttarins, enda værum við ekki tekin hátíðlega ef við ætluðum að haga okkur með þeim hætti að viðbrögð okkar samrýmdust ekki þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem við höfum undirgengist.

[12:24]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það hefði heldur betur komið hljóð í strokkinn ef floti hefði t.d. lagst í 30 km fjarlægð frá ströndum Noregs og legið þar í hálfan mánuð. Ég leyfi mér að fullyrða að það hefði allt orðið vitlaust í Noregi hefði það gerst og Norðmenn hefðu mótmælt kröftuglega. Ég hygg að aðrar þjóðir hefðu gert það líka. Ef flotinn hefði allt í einu lagst við festar t.d. við Skotland, legið þar í hálfan mánuð og stundað þar heræfingar er ég ansi hræddur um að það hefði vakið mikla alþjóðlega athygli og breska ríkisstjórnin hefði reynt að beita Rússa þrýstingi til að skipin færu á brott því það stafar hætta af þessum flota, sérstaklega hvað varðar slysahættuna. Það er ekki á þá treystandi. Dæmin hafa því miður sýnt það. Það eru ótal dæmi um að Rússar hafi lent í vandræðum með herskip sín í Norður-Atlantshafi og í raun og veru mikil mildi að ekki skuli hafa farið illa. Þarna var alla vega eitt kjarnorkuknúið skip sem mjög sennilega var búið kjarnorkuvopnum og ólíklegt að ætla að Rússar sendi jafnöfluga flotadeild út í svo langan tíma án þess að sú flotadeild sé búin öflugustu vopnum sem til eru ef ske kynni að það brytist út styrjöld eða einhvers konar hættuástand í heiminum á meðan flotinn væri á hafi úti. Það er því mjög erfitt að ímynda sér annað en það hafi stafað raunveruleg hætta af flotanum og enn og aftur ítreka ég að mér finnst að við ættum að segja það við Rússa og láta það í ljós að við séum alls ekki sátt við að hafa fengið þessa heimsókn.

[12:26]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir ákaflega yfirgripsmikla ræðu sem undirstrikar þá miklu breidd sem er í verkefnum íslensku utanríkisþjónustunnar. Þá ber ekki síður að undirstrika þau afdráttarlausu sjónarmið sem hæstv. utanríkisráðherra setti

fram í sinni góðu ræðu og þeirri skýru stefnu sem er greinilega í utanríkismálum okkar Íslendinga.

Það er athyglisvert að varnarmálin eru ofarlega á baugi umræðunnar. Það er auðvitað viðfangsefni sem þarf að leiða til lykta og ég vil í því sambandi sérstaklega fagna því frumkvæði sem hæstv. utanríkisráðherra, þáverandi hæstv. forsætisráðherra, sýndi með viðræðum við George Bush Bandaríkjaforseta og þeim viðræðum sem boðaðar hafa verið á þriðjudaginn kemur við utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Colin Powell, á degi hinnar íslensku tungu. Það er mikilvægt að ljúka þeim málum sem enn þarf að ræða við þessa bandalags- og vinaþjóð okkar. Við höfum fylgt farsælli stefnu í varnarmálum undanfarin 55 ár og þær gömlu deilur sem voru mjög áberandi í þeirri umræðu eru að langmestu leyti að baki. Það er mjög almennur stuðningur við stefnu okkar í varnarmálum hér á landi og athyglisvert að hlusta á þær umræður sem þegar hafa farið fram sem sýna okkur að tveir af þremur stjórnarandstöðuflokkum sem sitja á Alþingi og hafa rætt þessi mál í umræðunni hafa gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir að hér sé ekki nægjanlegur varnarviðbúnaður. Þeir krefjast meiri varnarviðbúnaðar. Þetta hefðu einhvern tíma þótt gríðarleg tíðindi í þeim miklu umræðum sem fram hafa farið um varnarmál um áratuga skeið hér á landi.

Það er athyglisvert að ræða málin í þessu samhengi og ég vil í því sambandi nefna að fyrr á þessu ári heimsótti okkur breski Evrópumálaráðherrann Dennis MacShane. Hann varpaði að mínu mati ákaflega athyglisverðu ljósi á varnarmálin í því samhengi sem við ræðum um. Hann benti á mikilvægi þess fyrir Evrópuþjóðirnar að rækta Atlantshafstengslin. Það þýðir að Evrópuþjóðir þurfa að eiga gott og náið samstarf við Bandaríkin. Þetta er og hefur verið hornsteinn samvinnu Atlantshafsbandalagsríkjanna frá öndverðu. Fyrir okkur Íslendinga hefur þetta verið mjög mikilvægt, m.a. vegna legu lands okkar, eyju úti í miðju Norður-Atlantshafi. Varnarsamningur okkar við Bandaríkin sem hefur reynst svo vel er liður í þessu og rökrétt framhald þeirrar hugmyndafræði. Bandaríkin eru eins og menn vita öflugasta ríki heims, langöflugasta raunar. Það á bæði við um efnahags- og hernaðarsviðið.

Hernaðarmáttur allra ríkja Evrópu er fjarri því sem Bandaríkin ein búa yfir. Af þeim ástæðum eru það augljósir hagsmunir Evrópu að eiga sem mest og best hernaðarlegt samstarf við Bandaríkin og hið pólitíska samhengi er líka viðblasandi. Evrópa og Bandaríkin eru hornsteinar hinnar borgaralegu lýðræðislegu hugmyndar sem einkennir hin opnu samfélög heimsins, brjóstvörn frelsis og mannréttinda. Það er því alveg rétt sem lesa mátti út úr ræðu breska ráðherrans, að samvinna Bandaríkjanna og Evrópu er algerlega rökrétt, pólitískt rökrétt. Evrópusambandið getur þess vegna alls ekki orðið valkostur sem kemur í stað Bandaríkjanna í utanríkispólitísku samhengi, þvert á móti.

Það var ákaflega fróðlegt að heyra ráðherra úr bresku ríkisstjórninni, kratarískisstjórninni, víkja að þessu á fundi sem fjallaði um Evrópumál öðru fremur, ekki síst í ljósi þess að breska ríkisstjórnin hefur alveg frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar lagt áherslu á samvinnu Evrópu og Bandaríkjanna líkt og við. Enn fremur nú, sérstaklega í ljósi þess mikla og sérstaka sambands sem er á milli bresku ríkisstjórnarinnar undir forsæti jafnaðarmannsins Tonys Blairs og bandarískra yfirvalda. Tal manna hérlendis og erlendis um Evrópusambandið og Bandaríkin sem andstæður, eins og öfgakenndast mátti heyra af vörum varaformanns Samfylkingarinnar á sínum tíma, er þess vegna algerlega fráleitt í ljósi ábendinga breska ráðherrans og vonandi stuðlar umræðan að því að setja málið í nýtt ljós.

Það fer auðvitað ekkert á milli mála að áherslur okkar í utanríkismálum hafa tekið breytingum eins og eðlilegt er í heimi sem tekur miklum breytingum. Þetta sjáum við m.a. á því þegar við skoðum útgjöld sem hafa verið til utanríkismála hjá okkur á síðustu árum. Mjög mikið hefur verið gert úr þeirri miklu útþenslu sem þar hefur átt sér stað og það er alveg rétt að það hefur orðið talsverð útþensla í þessum efnum. En hún hefur hins vegar ekki verið á þeim póstum sem menn hafa kannski látið í veðri vaka í umræðunni. Ég t.d. vek athygli á því að ef við skoðum almennan rekstur sendiráða hér á landi þá hefur hann hér um bil og nánast staðið í stað frá árinu 2002. Hins vegar höfum við verið að auka framlög okkar til tveggja, þriggja atriða í utanríkismálum sem bera uppi að langmestu leyti þessa útgjaldaaukningu. Í fyrsta lagi höfum við aukið mjög framlög okkar til þróunarmála og ef við skoðum þetta í samhengi þá blasir það við að frá árinu 2000 til 2005 hafa framlög til Þróunarsamvinnustofnunarinnar tvöfaldast. Þetta er skýrt merki um tiltekna áherslubreytingu og aukna áherslu okkar á þessum sviðum.

Þetta er fagnaðarefni. Þróunarsamvinna er nauðsynleg. Þó ber að gjalda varhuga við þessu sambandi því hún mun ekki leysa öll mál. Engu að síður þarf að horfa á þróunarmál í öðru samhengi og við höfum alltaf verið að vinna á þeim vettvangi. Við höfum verið þátttakendur í WTO-viðræðunum og við höfum á margan hátt verið leiðandi innan þessara samtaka og á þeim vettvangi. Við erum þar með að reyna að stuðla að því að auka heimsviðskiptin sem skipta langmestu máli fyrir þróunarríkin. Það hins vegar dugir ekki til eitt og sér. Við þurfum líka að leggja áherslu á betri stjórnunarhætti og við sjáum að í þeim ríkjum, til að mynda í Afríku, sem minnst hefur miðað í þessum efnum og jafnvel miðað aftur á bak þá er ástæðan ekki endilega sú að það hafi vantað þróunaraðstoð eða vantað það að ríki heimsins hafi reynt að koma til móts við þessi ríki. Þar er hins vegar vandinn oft og tíðum spilling, slæmir stjórnunarhættir, ofríki einræðisherra o.s.frv. sem er sjálfstætt vandamál sem erfitt er að taka á.

Í öðru lagi vil ég líka í þessu sambandi vekja athygli á því að við höfum mjög meðvitað verið að auka framlög okkar og þátttöku í íslenskri friðargæslu. Árið 2002 lögðum við til þeirra mála 135 millj. kr. en á næsta ári er áætlað að það verði 460 millj. kr. Þetta er gríðarlega mikil aukning og við erum með þessu að segja að við viljum, þó litlir séum, leggja áherslu á þetta atriði af því að það skiptir okkur miklu máli. Ég verð að segja það eins og er, virðulegi forseti, að það hefur þess vegna komið mér mjög mikið á óvart að heyra úr þessum ræðustóli frá ýmsum hv. þingmönnum mjög neikvæð viðhorf til þessarar breytingar. Við höfum sannarlega verið að auka framlög okkar til friðargæslunnar og við höfum gert það á margvíslegum vettvangi. Í því sambandi vil ég m.a. vekja athygli á því að í Afganistan

sem umræðan hefur verið kannski mest fókuseruð á upp á síðkastið vinna núna 10 þúsund manns að friðargæslu á vegum NATO í umboði Sameinuðu þjóðanna og þessi friðargæsla er grundvölluð á ekki færri en þremur ályktunum Sameinuðu þjóðanna. Í þessu umboði vinnum við. Og hvað erum við að gera þar? Við erum að reyna að stuðla að því að endurreisa borgaralegt þjóðfélag í Afganistan og við gerum það með þeim hætti að reyna að tryggja að fólk geti notað grundvallarsamgöngutæki, þ.e. flugvöll. Þetta eru menn síðan að setja í það ljós að sé óeðlilegt, að við séum í einhverju hernaðarbrölti, „að þrífa upp eftir Bandaríkin", svo ég taki upp fleygt orðalag, þó að við séum fyrst og fremst þarna í friðarhlutverki að reyna að tryggja eðlilega starfsemi í ríki sem áður var rjúkandi rúst.

Vegna þess að það hefur orðið út undan í umræðunni upp á síðkastið vil ég í þessu sambandi einnig segja að Íslenska friðargæslan er núna að sinna mjög margvíslegum verkefnum. Ég vil nefna að í Pristina fer fram grasrótarverkefni með UNIFEM til að styrkja múslimskar konur í héraði til að taka þátt í sveitarstjórnarmálum. Telja menn að það sé óskynsamlegt? Við erum líka að sinna í umboði Flugmálastjórnar öryggismálum flugvallarins í Pristina í umboði Sameinuðu þjóðanna. Lögreglufulltrúi vinnur í lögreglusveitum Evrópusambandsins í Bosníu. Fjórir Íslendingar eru í vopnahléseftirliti Norðmanna á Sri Lanka o.s.frv. Allt er þetta til þess að reyna að stuðla að friði og þess vegna er það mjög undarlegt finnst mér að þessi umræða skuli hafa átt sér stað þegar við erum meðvitað að auka framlög okkar til friðargæslumála. Við erum með þessum hætti að reyna að stuðla að betri heimi, að leggja okkar litla af mörkunum sem lítil þjóð en öflug þjóð. Því finnst mér mjög undarlegt hversu mjög menn hafa verið að setja þetta allt saman í neikvætt ljós.

Virðulegi forseti. Á þessum skamma tíma er erfitt að koma að mjög mörgum málum. En á einu vil ég þó aðeins vekja athygli. Það er að hér hefur það gerst að þrír fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa talað, fyrstu ræðumenn stjórnarandstöðunnar, án þess að ræða Evrópusamhengið, Evrópumálin. Það er stundum sagt, virðulegi forseti, að þögnin geti líka sagt manni heilmikla sögu og ég held að hún sé að segja okkur heilmikla sögu í þessum efnum. Það eru auðvitað tíðindi upp á síðkastið í utanríkisumræðunni að það skuli gerast að fyrstu talsmenn þriggja stjórnarandstöðuflokka skuli ekki sjá ástæðu til þess að taka upp þetta mikilvæga mál. Ég geri ráð fyrir að aðrir muni gera það hér á eftir. Engu að síður undirstrikar þetta ákveðið pólitískt samhengi og af því að hér var verið að rifja upp þessa pólitísku sögu þá vil ég vekja athygli á því að þannig háttaði nú til á þeim árum sem við vorum að koma á Evrópska efnahagssvæðinu að tveir af þeim þremur stjórnmálaflokkum sem þá áttu sæti á Alþingi og runnu síðan inn í Samfylkinguna treystu sér hvorugur til þess að styðja, og ekki einu sinni að sitja hjá almennt, aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég mundi því, virðulegi forseti, ekki vera mjög mikið að hreykja mér hátt ef ég væri úr þessum hópi. (Gripið fram í.) En þetta er auðvitað ekki stóra málið. Ég skil vel að hv. þingmaður vilji ekki láta rifja upp söguna í þessum efnum. Ég skal bara viðurkenna það. En þetta er mjög athyglisvert allt ... (Gripið fram í.) Ástæðan er auðvitað sú að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæðið stendur alveg prýðilega. Það eru ekki nokkur vandræði með hann. Það sem við erum að sjá í þessum efnum er að aðgengi okkar sem lítillar fullvalda þjóðar sem stendur í lappirnar, aðgengi okkar að ákvarðanaferlinu innan Evrópska efnahagssvæðisins, er bara prýðilegt. Við höfum margs konar aðgengi og það er sannarlega að koma í ljós.

Virðulegi forseti. Hins vegar eru miklir umbrotatímar hjá Evrópusambandinu sjálfu og það hefur að mínu mati verið að þróast með ákaflega athyglisverðum hætti. Það er alls ekki lengur sú heildstæða eining sem menn hafa viljað vera láta. Ég skal vekja athygli á einu. Við getum m.a. vakið máls á Schengen-samstarfinu. Að því eigum við og Norðmenn aðild, sem þó erum ekki aðilar að Evrópusambandinu, en fjölmennar þjóðir á borð við Breta og Íra sem eru í Evrópusambandsinu starfa ekki á Schengen-vettvanginum. Tökum myntbandalagið. Þar standa fjölmennar þjóðir á borð við Breta, Svía og Dani fyrir utan. Aðrar fjölmennar þjóðir á borð við Þjóðverja og Frakka láta sig bara engu skipta hvaða reglur hafa verið samþykktar síðan, jafnvel þó það hafi verið gert að þeirra eigin frumkvæði, og einfaldlega vaða yfir þetta eins og þá lystir. Þeim er alveg sama um þessa reglur varðandi fjárlagaafganginn. Þær skipta þessar þjóðir ekki nokkru máli. Þær segja litlu þjóðunum að hlýða í þessum efnum en er nákvæmlega sama hvernig þær gera þetta sjálfar og hirða ekkert um þetta. Þessi þróun í Evrópusambandinu blasir við núna.

Evrópusambandið er ekki heildstæð eining heldur þróast í allar mögulegar áttir og enginn treystir sér í dag til að segja til um hvernig það muni líta út eftir eitt ár eða tvö ár, hvað þá enn lengur. Þetta blasir við. Nýja stjórnarskráin sem nú var verið að samþykkja á tilteknum vettvangi Evrópusambandsins á eftir að fara fyrir aðildarríkin 25. Eftir er að bera hana upp væntanlega í þjóðaratkvæði kannski í tíu, ellefu ríkjum og menn telja almennt að hún verði felld út um alla Evrópu. Menn hafa miklar efasemdir um að stjórnarskráin verði samþykkt í fjölmennum ríkjum eins og t.d. Bretlandi, Danmörku, Hollandi, Frakklandi, Tékklandi og Póllandi. Hvar standa menn þá? Hvar standa menn t.d. þegar eitt af stofnríkjum Evrópusambandsins, Frakkland, samþykkir ekki þessa stjórnarskrá? Hvar standa menn þegar það blasir nánast við að Bretar munu ekki samþykkja þessa stjórnarskrá?

Það er augljóst mál að Evrópusambandið er að þróast í allar mögulegar áttir og öllum er ljóst að mjög margt bendir til þess núna að til verði tvenns konar Evrópusamband, þ.e. Evrópusamband þar sem ríkjasamvinnan er náin og Evrópusamband þar sem hún er ekki jafnnáin. Það er augljóst að við þessar aðstæður daðra menn við margs konar hugmyndir. Sumir telja t.d. að hluti ríkjanna kjósi gjarnan að hverfa til upprunans þannig að þetta verði líkara gamla Kola- og stálbandalaginu. Auðvitað geta menn deilt endalaust um þetta.

En stóra málið hvað okkur áhrærir í þessum efnum að mínu mati er að við þessar aðstæður hlýtur staða samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði að verða margfalt sterkari þegar það liggur fyrir að Evrópusambandið er að þróast með þessum hætti út og suður. Hún er að hverfa þessi eina skýra lína sem menn hafa alltaf látið í veðri vaka

að sé til, þ.e. þeir sem hafa talað fyrir því að við skilgreindum þarna einhver óljós samningsmarkmið og færum þarna inn eins og við værum að máta föt í kjólabúð eða fatabúð. Það gefur augaleið að þegar Evrópusambandið þróast með þessum hætti þá er samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði, sem hefur reynst okkur gríðarlega vel, þar eru engin vandamál uppi, þar höfum við fullkominn aðgang að ákvarðanaferlinu — þegar allt þetta blasir við sjá menn í hendi sér að EES-samningurinn er mjög að styrkjast og ekkert bendir til neins annars en að hann muni halda áfram sinni góðu stöðu.

Virðulegi forseti. Það gengur mjög á tíma minn. Ég vildi aðeins koma inn á þetta mál vegna þess að mér fannst óþægilegt að utanríkisumræðan héldi áfram án þess að nein frekari viðbrögð kæmu við því sem hæstv. utanríkisráðherra vakti máls á, þ.e. þróun í Evrópusambandinu. Mér fannst nauðsynlegt að gera það úr því að aðrir hv. þingmenn höfðu ekki gert það, t.d. engir fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna. Án þess að ég ætli að setja mig í þau spor þá vildi ég a.m.k. vekja máls á þessari umræðu sem ég held að þurfi að halda hér áfram.

[12:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að halda mig við það sem var tilefni þess að ég óskaði eftir að veita andsvar við ræðu hv. þingmanns. Hann nefnir það að Bandaríkin hafi verið vinaþjóð okkar í 50 ár og ég tek undir það. Við höfum átt mjög farsælt samstarf við þessa þjóð, bæði tvíhliða og ekki síður innan NATO. Ég er alveg sammála þessu. Hins vegar hefur mér þótt mjög óþægilegt núna allra síðustu ár hvað umræðan um varnarsamstarf okkar og Bandaríkjanna hefur verið kvik og hversu erfitt hefur verið að fá skýr svör frá Bandaríkjunum um framhald varnarsamningsins og áform Bandaríkjanna varðandi Keflavíkurflugvöll.

Bara til að nefna hvað hafi verið að gerast þá kom í fyrra háttsettur embættismaður hingað til lands. Því miður er ég ekki með nafnið hans hér og nú. Þeir hafa reyndar komið nokkrir og þá hafa oft orðið ágætar viðræður í sendiráðinu. Í þetta sinn hélt þessi tiltekni embættismaður opinn fund í Háskóla Íslands og formaður utanríkismálanefndar stýrði þessum fundi. Hann var mjög afdráttarlaus. Ef ég dreg saman það sem hann sagði þá var það það að fastar herstöðvar væru úreltar, að það væri úrelt að vera með vélar og hertæki bundin á einum stað, að til ættu að vera stöðvar á mikilvægum svæðum og þær ættu að vera færanlegar og að eftirsóknarvert væri að hafa stöðvar í Suður-Evrópu þar sem stutt væri til Miðausturlanda, Afríku o.s.frv. Hann sagði einnig að það væri markmiðið að loka herstöðvum þar sem Bandaríkin væru með þær í dag og svo rammt kvað að þessari umræðu að formaður utanríkismálanefndar sem stjórnaði fundinum spurði hvort viðkomandi væri að tala í nafni bandarískra stjórnvalda og varð fátt um svör.

En eftirtektarvert er að síðan hafa þessir hlutir verið að gerast. Öll skref sem hafa verið tekin hafa verið í þá átt sem þessi ágæti embættismaður kvað á um.

[12:43]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er að sumu leyti eins og umræðan hefur stundum verið í sambandi við Evrópumálin. Það er verið að vitna til tiltekinna ummæla tiltekinna embættismanna og tiltekinna sérfræðinga á þessu sviði en auðvitað verðum við fyrst og fremst að horfa til þeirra yfirlýsinga sem liggja fyrir af hálfu bandarískra stjórnvalda og þau eru mjög afdráttarlaus. Bandarísk stjórnvöld hafa talað mjög afdráttarlaust um að þau telji sig hafa tilteknar varnarskuldbindingar gagnvart Íslendingum. Við vitum að varnarsamningurinn er af því taginu að honum verður ekkert sagt upp einhliða. Við höfum vitanlega gríðarlega sterka stöðu og þær viðræður sem hafa farið fram á æðstu stigum milli hæstv. þáverandi forsætisráðherra og Bandaríkjaforseta og þær viðræður sem nú eru fram undan milli hæstv. utanríkisráðherra og utanríkisráðherra Bandaríkjanna benda til þess að á bak við þær sé fullkomin alvara. Ekkert gefur okkur tilefni til þess að tala um þessi mál með neinum öðrum hætti.

En mér finnst mikil ástæða til að undirstrika það, og ég lagði mikla áherslu á það í máli mínu áðan, að gerbreytt viðhorf ríkir í varnarmálaumræðunni hér á landi vegna þess að svo er að tveir af þeim stjórnarandstöðuflokkum sem hér hafa talað hafa frekar hvatt til þess að auka varnarviðbúnað hér á landi og kvarta undan því að hann sé ekki nægjanlegur. Þetta eru ákveðin þáttaskil. Hv. þingmaður er með tali sínu núna fyrst og fremst að leggja áherslu á það, ef ég skil hana rétt, að við eigum að halda uppi mjög sterkum varnartengslum við Bandaríkin og er þar með náttúrlega að klippa á og mótmæla með þessum hætti sjónarmiðum sem hafa komið fram innan hennar eigin flokks um að hverfa eigi frá varnarskuldbindingum við Bandaríkin og leggja fremur áherslu á einhvers konar aðrar varnarskuldbindingar og talað er með þeim hætti að það sé samrýmanlegt íslenskum hagsmunum að hverfa frá varnarskuldbindingunum milli Íslands og Bandaríkjanna.

[12:45]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er óþarfi að vera með einhverja heift við að skilgreina orð mín. Mér finnst það óþægilegt að hafa ekki nafnið á þeim ágæta embættismanni en þetta er bara staðreynd sem talar sínu máli. Við höfum oft rætt þetta, ég og formaður utanríkismálanefndar.

Það sem gerst hefur er að við höfum staðið í endalausum viðræðum þar sem menn hafa viðhaft góð orð. Staðreyndin er hins vegar stöðug fækkun á vellinum, án þess að útkljáð hafi verið mál varðandi varnarsamninginn. Reyndin er sú að kafbátavélarnar eru farnar þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar og að dregið hefur verið saman frá mánuði til mánaðar. Ég nefndi þessa ræðu og þennan merkilega fund af því að allt sem hefur gerst er í samræmi við þá leið sem sá háttsetti embættismaður lýsti að Bandaríkjamenn vildu fara. Það er hins vegar ekki það sama og sagt hefur verið við íslensk stjórnvöld þegar náðst hefur að funda um málið.

Ég sagði jafnframt að mér þætti óþægilegt hvað umræðan væri kvik. Við viljum vera í varnarsamstarfi. Af því að þingmaðurinn nefndi minn flokk þá vill minn flokkur vera í

NATO. Hvort einhver niðurstaða verður af öllum þessum viðræðum og einhver afgreiðsla skal ósagt látið. Verður þetta þannig að við sameinumst um að niðurstaðan verði sú að við förum inn í aukið samstarf á vettvangi NATO? Það ætla ég ekki að kveða upp úr um hér. Það á eftir að koma í ljós varðandi þá þróun mála.

En það þýðir ekkert að berja hausnum við steininn og segja að okkar foringi tali við foringjann í bandaríkjamálunum og þá sé sambandið afar gott, ef staðreyndirnar tala öðru máli. Ég er ekki með stórar yfirlýsingar. Ég segi: Umræðan er kvik og það er óþægilegt.

[12:48]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst hv. þingmaður vera með dálítið stórar yfirlýsingar og hún gerði það á vissan hátt með þögninni. Hv. þingmaður sagði: Jú, við viljum vera í NATO. Punktur. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við fylgjum eftir þeirri stefnu okkar frá árinu 1951 sem er varnarsamningurinn við Bandaríkin. Það er á þeim grundvelli sem menn vinna.

Mér finnst að hv. þingmaður geti ekki horft fram hjá því að fram hafa farið viðræður fyrr á þessu ári og munu einnig verða eftir helgina, viðræður á milli æðstu forsvarsmanna tveggja fullvalda ríkja til að ræða málin á þeim grundvelli. Það skiptir miklu máli þegar hæstv. forsætisráðherra fer til viðræðna við forseta Bandaríkjanna. Það skiptir einnig miklu máli þegar hæstv. utanríkisráðherra fer til viðræðna við utanríkisráðherra Bandaríkjanna til að ræða þessi mál sem við erum hér að fjalla um. Þótt hv. þm. muni ekki nafnið á einhverjum bandarískum manni sem talaði uppi í háskóla þá finnst mér það ekki skipta miklu máli í þessari umræðu. Aðalatriðið er auðvitað hin pólitíska stefnumótun.

Það er rétt hjá hv. þm. að það hafa orðið breytingar á Keflavíkurflugvelli. En það breytir hins vegar ekki því, virðulegi forseti, að á æðstu stigum eru menn í viðræðum með ákveðið markmið í huga, þ.e. að tryggja til frambúðar varnarskuldbindingar Bandaríkjanna gagnvart Íslandi. Mér finnst allar þær yfirlýsingar sem komið hafa fram, ekki síst yfirlýsing forseta Bandaríkjanna eftir viðræðurnar við hæstv. forsætisráðherra á sínum tíma, sýna að Bandaríkjamönnum eru vel ljósar skuldbindingar sínar, ella hefði forseti Bandaríkjanna ekki talað með þeim hætti sem hann gerði.

Mér finnst ástæðulaust af hv. þm., sem ekki treystir sér til að fullyrða að stefna eigi að því að halda uppi varnarskuldbindingunum milli Íslands og Bandaríkjanna, að tala eins og hún gerði, að reyna að gera lítið úr því sem er að gerast milli tveggja fullvalda þjóða, þessara tveggja gömlu vinaþjóða.

[12:50]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem upp í andsvar við hv. þm. Einar K. Guðfinnsson vegna ummæla hans um hið meinta góða aðgengi okkar að ákvarðanatöku innan Evrópusambandsins í gegnum EES-samninginn. Ég vil byrja á að vitna í skýrslu utanríkisráðherra frá því árið 2000 þar sem segir um einmitt það atriði, með leyfi forseta:

„Í grófum dráttum má segja að aðgangur íslenskra stjórnvalda að mótun ákvarðana sé mestur í upphafi, á undirbúningsstigi og þegar mál eru enn í höndum sérfræðinga. Eftir því sem ofar dregur í stjórnsýslu og almenn pólitísk sjónarmið koma til sögunnar minnkar aðgangur og er enginn á þeim vettvangi þar sem endanlegar ákvarðanir eru teknar."

Þetta, virðulegi forseti, er viðurkennt af utanríkisráðuneytinu árið 2000. Síðan þá hafa orðið miklar breytingar á framkvæmd samningsins og í dag, þ.e. samkvæmt EES-samningnum, á framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að tala máli EFTA-ríkjanna. Nú hafa miklar breytingar orðið á valdastrúktúr Evrópusambandsins. Vægi Evrópuþingsins og ráðherraráðsins hefur aukist en að þeim höfum við ekki beinan aðgang í gegnum EES-samninginn.

Ég vildi benda hv. þm. á þetta. Staðan er ekki júbílerandi góð eins og hann vill gefa í skyn. Að auki er staðan sú að í gegnum EES-samninginn þurfa Íslendingar að taka við allri löggjöf um innri markaðinn, sem er ekkert smáræði. Menn hafa mælt það þannig að um 70–80% af öllum lagagerðum Evrópusambandsins sé að ræða. Hér er um stórmál að ræða og verulegan lýðræðishalla EFTA-stoðarinnar gagnvart Evrópusambandinu.

[12:52]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er standardumræðan um þessi mál. En engu að síður tala tölurnar og staðreyndirnar sínu máli. Þær tillögur sem seinna verða að gerðum og tilskipunum Evrópusambandsins eiga hér um bil allar uppruna sinn í fagnefndum á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Þar höfum við fullan aðgang. Við höfum verið þátttakendur í þeim. Við getum hins vegar ekki verið þátttakendur alls staðar. Við gætum það heldur ekki ef við værum innan Evrópusambandsins. Þar starfa einar 430 nefndir og guð almáttugur hjálpi okkur ef við ætlum að reyna að manna þær allar saman, jafnvel þó við værum innan Evrópusambandsins.

Það sem blasir við er í fyrsta lagi að við höfum aðgang að fagnefndum og við höfum verið að nota okkur það. Þar höfum við haft heilmikil áhrif á sviðum sem við höfum talið henta okkur.

Í öðru lagi, varðandi ráðherraráðið, þá þekkjum við það líka að fagráðherrarnir eru kallaðir til, fagráðherrar utan Evrópusambandsins. Okkar fagráðherrar hafa komið að slíkum málum og þar eigum við margvíslegan aðgang.

Í þriðja lagi finnst mér menn gera lítið úr hlutverki Alþingis, þingmanna, í því að reyna að hafa áhrif á síðari stigum gagnvart Evrópuþingmönnum, gagnvart Evrópuþinginu, á þeim pólitíska vettvangi þar sem við störfum annars staðar, í flokkahópunum, í öðrum stofnunum og í góðu samstarfi okkar við Evrópuþjóðirnar.

Virðulegi forseti. Ég held að það séu allt saman miklar ýkjur að við höfum ekki möguleika á að hafa alls konar áhrif. Við höfum hins vegar ekki viljað ganga í Evrópusambandið af margvíslegum ástæðum sem ég hef ekki tíma til að útlista. En hv. þm. vill kannski segja okkur að leiðin fyrir okkur sé að ganga inn í Evrópusambandið sama hvað það kostar.

Ég vakti hins vegar athygli á því áðan í ræðu minni að

Evrópusambandið væri að breytast, væri að þróast í allar mögulegar áttir og staða Evrópuríkja innan Evrópusambandsins sjálfs væri mismunandi. Þær tækju misjafnlega mikinn þátt í heildarstarfi Evrópusambandsins (Forseti hringir.) og ég vildi undirstrika að EES-samningurinn mun hafa miklu sterkari stöðu í framtíðinni en margir vilja láta.

[12:54]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það að Evrópusambandið er að taka miklum breytingum, hreinum stakkaskiptum ef svo má að orði komast, sérstaklega vegna stækkunarinnar. Auk þess eru að myndast við Evrópusambandið fleiri sameiginlegir fletir og samstarfið að verða þéttara. Það er að aukast og samstarfssviðum að fjölga.

Ég get ekki frekar en hv. þm. sagt mikið um inngöngu í Evrópusambandið á skömmum tíma, eða einni og hálfri mínútu sem ég hef núna. Ég ætla að gera það í ræðu á eftir og færa fyrir því rök hvers vegna við eigum að ganga þar inn. Ég tel að við eigum að gera það.

Af því að við höfum verið að ræða lýðræðishallann þá vil ég koma inn á að fræðimenn, m.a. einn ágætur fræðimaður sem hefur sérstaklega sérhæft sig á sviðum Evrópufræða, vara við því að hugsanlega brjóti EES-samningurinn og framkvæmd hans í dag gegn 21. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. fullveldisákvæðinu. Ég ætla að vitna í ákveðinn kafla í grein eftir Eirík Bergmann Einarsson, sem heitir „Blikur á lofti – áratugur í EES". Með leyfi forseta þá hljómar þessi kafli svona:

„Við gerð EES komst nefnd fjögurra sérfræðinga á vegum utanríkisráðuneytisins að þeirri niðurstöðu að hann bryti ekki fullveldisákvæði stjórnarskrárinnar, en það var þó afar umdeilt meðal fræðimanna. Í 21. grein stjórnarskrárinnar segir: „Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til." Færa má rök fyrir því að þróunin á rekstri samningsins hafi undanfarin ár verið með þeim hætti að hann takmarki fullveldi Íslands meira nú en í upphafi og brjóti orðið fullveldisákvæði stjórnarskrárinnar."

Þannig hljóða skrif, hæstv. forseti, virts fræðimanns á þessu sviði sem við eigum að skoða og taka fullt mark á.

[12:56]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt að fræðimenn hafi uppi þau sjónarmið að EES-samningurinn standist ekki fullveldisákvæðið. Út á það gekk eiginlega öll umræðan fyrir tíu árum. Hún fjallaði um að við værum hér að brjóta gegn fullveldi Íslendinga, að við værum að brjóta stjórnarskrána og allt mögulegt. Þá voru háværar kröfur um að þetta mál yrði að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu, einmitt vegna þess. Maður kannast auðvitað við þessi rök. Ríkisstjórnin á þeim tíma tók málið mjög alvarlega og leitaði eftir því að fá helstu sérfræðinga til að fara ofan í málin. Á þeim grundvelli tókum við þessa pólitísku ákvörðun, að ganga í EES.

Flestir hafa talið að þetta hafi verið mikið heillaskref. Ég vakti sérstaka athygli á því hve mikill friður virtist allt í einu ríkja um Evrópumálin í þeim farvegi sem hæstv. ríkisstjórn hafði komið umræðunni. Enginn af þeim stjórnarandstöðuflokkum sem talaði í upphafi, enginn af fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna, sá ástæðu til þess að nefna orðið Evrópu einu orði. Ég tók eftir því að fulltrúi Samfylkingarinnar fór um víðan völl og sagði í lokin að ekki hafi verið hægt að fara yfir öll þau mál sem ástæða væri til að nefna. Hann taldi upp Íran, Pakistan og ég man ekki hvaða fleiri lönd hann taldi upp, en nefndi Evrópu ekki einu orði. Það var greinilega horfið úr huga hv. þingmanns.

Þessi mál eru í þeim ágæta farvegi núna (Gripið fram í.) að menn sjá ekki ástæðu til að ræða þessi mál á vettvangi (Gripið fram í.) stjórnmálanna. Við erum með sérstaka nefnd þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna eiga sæti. Við förum mjög rækilega í þessi mál og skoðum. Það sem blasir fyrst og fremst við er að staða EES-samningsins er góð. Það er ekkert sem kallar á sérstaka endurskoðun í þeim efnum. Það blasir líka við, eins og ég rakti áðan, að aðkoma okkar að ákvörðunarferlinu er margbreytilegri en maður hafði almennilega áttað sig á og möguleikar okkar á að hafa þar áhrif hafa verið ótrúlega víða.

Virðulegi forseti. Mér finnst að umræðan sem fram hefur farið í þessum litlu andsvörum og er fyrsti vísir að Evrópuumræðu við þessa umræðu (Forseti hringir.) fyrst og fremst sýna okkur þetta.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:35]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið fremur áhugaverð umræða og margt sem ber á góma þegar utanríkismál eru rædd heilan dag á hæstv. Alþingi og við verðum auðvitað að velja okkur meginatriði í því sem við ætlum að ræða.

Ég er sammála orðum hæstv. utanríkisráðherra um mikilvægi norræns samstarfs fyrir Ísland. Ég vil nota tækifærið í upphafi ræðu minnar og þakka stuðning við tilnefningu mína til forseta Norðurlandaráðs. Ég met þann stuðning afar mikils og þakka hlý orð í minn garð, ekki síst hlýjar kveðjur sem Siv Friðleifsdóttir sendi mér í umræðunni í dag.

Það eru miklar hræringar í Evrópu vegna stækkunar ESB sem er orðin um 25 lönd. Þeirri stækkun er ekki lokið og vinnan við hana heldur áfram, en á þessum tímapunkti beinum við sjónum okkar ekki síst að nýjum, fátækum nágrannalöndum í austri. Það fer því ekki hjá því að Norðurlandaráð skoði hvernig best sé unnið, bæði í innra starfi þess og í Evrópu, þar sem Norðurlandaráð vill halda uppi öflugu þingmannasamstarfi og vera mótandi og ekki síst vinna að mótun í þróun svæðasamstarfs í Evrópu. Þess vegna hafa verið settar fram ýmsar hugmyndir á allra síðustu missirum um hvernig norrænt samstarf eigi að verða, hvort e.t.v. eigi að sameina Norðurlandaráð og Eystrasaltslöndin þrjú, en þau hafa átt samstarf innbyrðis og hafa einnig unnið með Norðurlandaráði, mér finnst þær raddir

samt hafa hljóðnað. Það er jafnvel talað um að þróa þingmannasamstarf í Norður-Evrópu, stórt og mikið þingmannasamstarf, sem muni fylgja einhvers konar svæðasamstarfi. Þá skiptir auðvitað máli ef það á eftir að verða hvernig unnið er innan þess og hver hlutur Norðurlandaráðs verður þar.

Þess vegna var mjög ánægjulegt að á fundi forsætisnefndar með forsætisráðherrum á Norðurlandaþingi í síðustu viku kom afdráttarlaust fram hjá forsætisráðherrum, ekki síst hjá Halldóri Ásgrímssyni og Göran Persson frá Svíþjóð, að það ætti að byggja áfram á því öfluga kjarnasamstarfi sem Norðurlandaráð viðhefði.

Mér finnst ástæða til, vegna þróunar umræðunnar í morgun, að nefna það sem Göran Persson nefndi oftar en einu sinni á Norðurlandaþinginu, að þrátt fyrir að Norðurlöndin hefðu valið sér ólíkt samstarfsform í tilteknum málum, ekki síst utanríkismálum — t.d. hafa Norðurlandaþjóðirnar ýmist valið að vera innan eða utan NATO og sumar hafa valið að vera innan Evrópusambandsins en aðrar utan þess — þá væri full eining í samstarfi Norðurlandanna innbyrðis um grundvallaratriðin og það yrði áfram og á því yrði byggt.

Þetta skiptir afar miklu máli þegar við erum að tala um okkur í Evrópu að muna að í gegnum Norðurlandaráð erum við mjög sterk í Evrópu.

Í ræðu sinni kemur utanríkisráðherra jafnframt inn á norðurskautssamstarfið. Ég sit fyrir hönd Norðurlandaráðs í norðurskautssamstarfi þingmanna og ég minni á að þetta samstarf varð til að frumkvæði Norðurlandaráðs og samkvæmt tillögu frá Íslandi. Nú hefur það sýnt sig að þetta starf er mjög mikilvægt. Það hefur orðið geysilegur árangur af því, ekki síst hvað varðar rannsóknarverkefnið um loftslagsbreytingar og allir gera sér grein fyrir því að afleiðingarnar geta haft geigvænleg áhrif á lífslíkur hér uppi við norðurskaut. Það er því afar brýnt að ná saman um aðgerðir til úrbóta.

Mér finnst það mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að Rússar og Kanadamenn hafa verið mjög virkir í þingmannasamstarfinu, en það er verulegt áhyggjuefni hve illa hefur gengið að fá Bandaríkjamenn með í þingmannasamstarfið. En eftir kosningar í Alaska í vor kom inn þingmaður sem e.t.v. mun koma og taka þátt í þessu samstarfi, um það hafa vaknað vonir.

Samstarf Norðurlandaráðs við Rússa fer nú fram í gegnum norðurskautssamstarfið, í gegnum Barentssamstarf og á vettvangi Eystrasaltsráðstefnunnar. Jafnframt er stefnt að því að reyna að byggja brú inn í Norðvestur-Rússland, ekki síst út af umhverfismálunum og mannréttindamálunum, og að reyna að ná upp einhvers konar þingmannasamstarfi við Norðvestur-Rússland. Það yrði auðvitað á öðrum nótum þar sem það væri við landshluta en ekki land.

Virðulegi forseti. Ég kýs að gera Sameinuðu þjóðirnar að meginumfjöllun ræðu minnar. Ég er frekar vonsvikin yfir því af því hæstv. utanríkisráðherra er ekki í salnum.

Forseti (ÞBack): Hann er í viðtali.)

Já, það er gott að vita það. Ég hefði haft áhuga á að hann yrði hérna áfram við umræðuna, en hann er búinn að sitja mjög vel yfir henni í morgun.

Það eru Sameinuðu þjóðirnar. Ísland stefnir á setu í öryggisráðinu eftir fimm ár. Ég tek það fram, svo ekki sé verið að tala um það sem ekki er sagt í þessum ræðustól, að Samfylkingin studdi þá ákvörðun. Ég hef stutt það mál heils hugar og talið óumdeilt að Ísland mundi reka friðarstefnu á erlendum vettvangi. Mér finnst það grundvallaratriði á hvaða forsendum Ísland fer inn í öryggisráðið. Við höfum verið með friðarboðskap. Við höfum ekki slegist í för með þeim sem jafnvel vilja brjóta í bága við samþykktir Sameinuðu þjóðanna og þannig á það að vera áfram.

Fólk er óttaslegið í dag. Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar eftir síðari heimsstyrjöldina, þegar Evrópa var í rúst og allur heimurinn meira og minna undirlagður. Þá var óskin um að tryggja frið og öryggi á alþjóðavísu sterk. Það var drifkrafturinn á bak við stofnun Sameinuðu þjóðanna. Heimsmyndin hefur breyst, en þörfin fyrir sterk og afkastamikil samtök ríkja, eins og Sameinuðu þjóðirnar, er óbreytt. Það eru 192 ríki sem mynda Sameinuðu þjóðirnar, en þær eru ekki yfirþjóðlegt vald. Þess vegna geta ríki sem starfa innan Sameinuðu þjóðanna farið sínu fram þvert á ályktanir, ef þau kjósa að vinna þannig.

Þess vegna er nú umræða í alþjóðasamfélaginu um að endurskipuleggja þurfi samstarfið og tryggja betur lýðræðislegan ramma um ákvarðanir Sameinuðu þjóðanna og grundvallargildi samstarfsins.

Það er full ástæða til að líta til þess að vandamál mismunandi heimshluta eru ólík. Við búum við nýjar ógnanir sem ekki voru við lýði á þeim tíma sem Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar. Þar er annars vegar átt við hryðjuverkahótanir sem Vesturlönd búa við, sem hafa valdið miklum ótta, og hugsanlega dreifingu eða framleiðslu gjöreyðingarvopna. Hins vegar er svo þriðji heimurinn þar sem vandamálin snúast um fátækt, eyðni, fleiri sjúkdómsfaraldra og ólæsi. Þessi vandamál eru yfirþyrmandi ögrun hvað varðar öryggi og þróun mála í þeim heimshluta.

Þrátt fyrir að við viljum öll sameinast í baráttunni gegn hryðjuverkaógninni og gera allt sem hægt er til að hamla gegn henni og finna lausnir, þá verðum við samt að vera meðvituð um að t.d. á árinu 2001 voru færri sem fórust vegna hryðjuverka í heiminum en sem létust úr eyðni á einum degi í Afríku. Þetta segi ég ekki til að gera minna úr þeirri ógn sem steðjar að Vesturveldunum. Þvert á móti. Ég vil bara draga það fram að Sameinuðu þjóðirnar eru til til að taka á ólíkum málum. Þær þurfa að takast á við ólík stórverkefni á heimsvísu, því þarf skipulag sem gerir kleift að bregðast við á árangursríkan hátt.

Virðulegi forseti. Þá er það öryggisráðið og umræðan um það. Ég var á fundi í Berlín ásamt formanni utanríkismálanefndar, Sólveigu Pétursdóttur, og fyrsti hluti ráðstefnunnar sem við vorum á var um Evrópusambandið og utanríkismál. Sólveig Pétursdóttir bar fram fyrirspurn til Joscha Fischers um hvort spenna væri á milli ESB-ríkjanna vegna ásóknar Þjóðverja í fastasæti í öryggisráðinu og hvort það gæti komið niður á þróun utanríkisstefnu sambandsins. Ítalir, Spánverjar og Pólverjar hafa lagst gegn því að Þjóðverjar fái fastafulltrúa og telja að Evrópa eigi að fá nýtt sæti í öryggisráðinu og að fast sæti eigi að falla í hlut ESB. Fischer var mjög afdráttarlaus, hann sagði að stjórn Þýskalands þætti hugmyndin um fastafulltrúa Evrópusambandsins í öryggisráðinu góðra gjalda verð en þó væri hún óraun-

hæf við nánari athugun. Ef Evrópusambandið fengi fastafulltrúa hlytu Bretar og Frakkar að missa sín föstu sæti, en álfunni væri mun betur þjónað með þremur fastafulltrúum þjóðríkja en einu sæti ESB. Hann var líka spurður um andstöðu Bandaríkjamanna við að Þjóðverjar fengju fast sæti, og hann benti á að fyrir utan að vera fjölmenn þjóð legðu Þjóðverjar til næsthæsta fjárframlagið til reksturs Sameinuðu þjóðanna og þriðja stærsta framlagið til friðargæslumála. Fischer var mjög afdráttarlaus í þessu og það segir okkur að það mundi náttúrlega varla verða eining um það að þessi tvö stóru ríki, England og Frakkland, færu út úr öryggisráðinu og Evrópusambandið fengi þar eitt sæti. Það verður örugglega þróunin og umræðan fram undan hvernig Evrópusambandið sem ríkjasamband muni endurspeglast í öryggisráðinu.

Samsetning öryggisráðsins endurspeglar valdahlutföllin i heiminum eftir síðari heimsstyrjöldina og valdahlutföll sem eru úrelt í breyttum heimi. Í dag er þýðingarmikið fyrir árangur ráðsins hvernig unnið verður með öryggismálin. Sameiginleg ábyrgð byggir á því að iðnríkin og þróunarríkin taki höndum saman og viðurkenni ólíkar öryggispólitískar ögranir.

Föstu sætin í öryggisráðinu eiga sigurvegararnir fimm úr síðari heimsstyrjöldinni, Bandaríkin, Rússland, Kína, England og Frakkland. Það kom fram í ræðu hæstv. utanríkisráðherra að Ísland styður að Brasilía, Indland, Japan, Þýskaland og eitt Afríkuríki fái fast sæti. Önnur ríki en þau sem hér eru nefnd sem hafa verið í umræðunni eru Indónesía til viðbótar Indlandi og í Afríku Nígería og Suður-Afríka.

Það þarf jafnframt að skoða með hvaða hætti sætin sem ganga á milli landa dreifast. Nefnt hefur verið að búa mætti til einhvers konar lykil sem tryggði að sæti í ráðinu gengi á milli landa á tilteknum svæðum, að sérstök svæði ættu alltaf tryggt að eitthvert landanna innan svæðisins væri í öryggisráðinu. Þetta er mjög áhugavert að skoða af því að við vitum að alls staðar í Evrópu eru sérstök svæði og í öðrum heimshlutum eru landahópar að vinna saman vegna staðsetningar landa sinna, og það sé þá tryggt að jafnvel öll Afríka geti ekki verið utan þess eða jafnvel öll Asía. Þetta er umræða sem við eigum auðvitað að hafa skoðanir á líka á Íslandi.

Það verður að tryggja að unnt sé að leysa ágreiningsmál án þess að grípa til vopnavalds. Það er stóra framtíðarverkefnið. Ég trúi að hægt sé að ná því og stuðla að þeirri framtíðarsýn í gegnum Sameinuðu þjóðirnar.

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað koma aðeins inn á hvernig við vinnum með tilskipanir Evrópusambandsins vegna þess sem kom fram hér í ræðu í morgun. Ég sé til hvort ég fæ tækifæri til að koma inn í umræðuna síðar í dag. Það er full ástæða til fyrir okkur á Íslandi og okkur sem erum í EES-vængnum í samstarfinu í Evrópu að skoða með hvaða hætti hægt er að bæta úr því hvernig við tökum við tilskipunum, að við tökum þær fullunnar án þess að hafa þar nokkur áhrif á og það var einmitt rætt á ráðstefnu sem ég sótti í desember í fyrra í Finnlandi og ég hef áhuga á því að koma inn á það síðar í umræðunni.

[13:50]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddssyni fyrir afar yfirgripsmikla ræðu. Þar kom m.a. glöggt fram hve þátttaka Íslands í samráði og samstarfi ríkja á alþjóðavettvangi hefur verið efld.

Varnar- og öryggismál þjóðarinnar eru afar mikilvæg. Eins og fram kom í máli hæstv. utanríkisráðherra Davíðs Oddssonar er það meginskylda stjórnvalda fullvalda ríkis að tryggja öryggi og varnir lands og þjóðar. Hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson mun í næstu viku eiga viðræður við Colin Powell, utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Það er nauðsynlegt að eyða þeirri óvissu sem verið hefur um framtíð varnarliðsins hér á landi. Engum treysti ég betur til að standa vel að þeim viðræðum sem fyrirhugaðar eru en hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddssyni, en varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna hefur verið einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu.

Hæstv. forseti. Íslensk stjórnvöld hafa aukið framlög til þróunarsamvinnu ár frá ári og hafa þau næstum fjórfaldast síðasta áratug. Gert er ráð fyrir að stighækka þessi framlög þannig að árið 2009 nái þau 0,35% af vergri þjóðarframleiðslu. Því er það afar mikilvægt sem kom fram í ræðu hæstv. utanríkisráðherra að unnið verði að stefnumótun til næstu fjögurra ára um hvernig auknum framlögum verði varið með sem skilvirkustum hætti í þágu þurfandi þjóða.

Hæstv. forseti. Hæstv. utanríkisráðherra kom í ræðu sinni inn á hið öfluga samstarf sem við Íslendingar eigum með hinum Norðurlöndunum. Ég vil nota tækifærið og óska hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur til hamingju með það mikilvæga hlutverk sem hún er komin í núna með því að vera forseti Norðurlandaráðs. Það er afskaplega ánægjulegt að Ísland skuli vera þar í forustu en Íslendingar voru í forustu fyrir hönd ráðherranna á síðasta ári og hafa unnið þar afskaplega gott verk sem eftir er tekið á Norðurlöndunum.

Norrænt samstarf þrífst vel. Og eins og hæstv. utanríkisráðherra sagði mætti jafnvel halda fram að mikilvægi þess hafi aukist. Því er ég hjartanlega sammála, því mikilvægi norræns samstarfs hefur síst minnkað á síðustu árum þrátt fyrir miklar breytingar í okkar alþjóðlega umhverfi. Það má einnig segja að mikilvægi norræns samstarfs sé enn meira á tímum breytinga en þegar stöðugleiki ríkir í alþjóðamálum. Ástæða þess er einfaldlega sú að þegar við Íslendingar eigum eitthvað undir á alþjóðavettvangi og þurfum að koma hagsmunum okkar á framfæri þá eru Norðurlöndin alltaf okkar fyrsta stökk. Við tryggjum okkur stuðning vinaþjóða okkar og með þann stuðning að baki þokum við málum okkar áfram á viðeigandi vettvangi. Það má því segja að Norðurlandasamstarfið sé heimahöfn okkar í alþjóðamálum. Þaðan gerum við út þegar við þurfum að gæta hagsmuna okkar. Skýrt dæmi er auðvitað framboð okkar til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna þar sem við eigum stuðning nágrannaþjóða okkar vísan, enda hafa Norðurlandaþjóðirnar löngum verið einhuga um að styðja hver aðra á þeim vettvangi og talið æskilegt að eiga norræna rödd í öryggisráðinu.

Annað sem gerir norrænt samstarf mikilvægt eru auðvitað breytingar í Evrópu þar sem Norðurlönd sem kunnugt er

tengjast samtökum og stofnunum með misjöfnum hætti. Þrátt fyrir það eiga þau sameiginlega hagsmuni á vettvangi Evrópumála, eins og hæstv. utanríkisráðherra benti á, og eiga því mikilvæg samráð um þau mál. Á vettvangi Norðurlandasamstarfsins erum við í nánum tengslum við þau þrjú Evrópusambandsríki sem standa okkur næst og hafa mestan skilning og þekkingu á sérstöðu okkar. Það er mikilvægt að eiga þau að nú á tímum hraðra breytinga á Evrópusambandinu.

Virðulegi forseti. Aukið frelsi í alþjóðaviðskiptum hefur reynst einkar happadrjúgt fyrir okkur Íslendinga og stjórnvöld hafa gert vel í því að treysta viðskiptatengsl okkar við aðrar þjóðir. Útrás Íslenskra fyrirtækja hefur verið mikil á undanförnum árum og eykst vonandi enn á komandi árum. Stækkun EES-svæðisins er að sjálfsögðu mikilvægust í þessu sambandi, en fríverslunarsamningar EFTA veita íslenskum fyrirtækjum einnig ný og spennandi tækifæri. Það eru tækifæri sem Íslendingar eru svo sannarlega fúsir að nýta sér og reyna til hins ýtrasta.

Í þessu sambandi vil ég aftur nefna norrænt samstarf en á komandi starfsári verður gerð sérstök úttekt á landamærahindrunum í atvinnulífinu á milli Norðurlandanna. Þrátt fyrir að viðskipti og umsvif fyrirtækja séu auðveldari innan Norðurlanda en innan EES-svæðisins sem heildar þá er það markmið norrænna stjórnmálamanna að gera Norðurlönd að einu markaðssvæði í reynd. Þar sem Norðurlandaþjóðirnar eru smáar er einkar mikilvægt að tryggja atvinnulífi þeirra sem best skilyrði, en stærri heimamarkaður, norrænn heimamarkaður, mundi styrkja samkeppnisstöðu þeirra verulega, bæði innan Evrópu og utan.

Þrátt fyrir að norrænt samstarf þyki ekki alltaf spennandi er það nú svo að stór hluti viðskipta okkar er við Norðurlönd og ég minni á að stór hluti hinnar miklu útrásar íslenskra fyrirtækja hefur einmitt verið til Norðurlandanna.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir góða og mikla ræðu í morgun sem gefur góða yfirlitsmynd af þeim verkefnum og þeirri breidd sem er í íslenskri utanríkisþjónustu og þeirri uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað. Ég óska honum alls hins besta í komandi viðræðum við Colin Powell.

[13:56]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Ég ætla að fara yfir þrennt helst hér í fyrri ræðu minni í dag. Vissulega gefur skýrsla hæstv. utanríkisráðherra tilefni til umræðu um mjög mörg mál. Umræðan hlýtur að sjálfsögðu að litast mjög af því hvernig hæstv. utanríkisráðherra fylgir henni úr hlaði. Því verð ég að leyfa mér að segja hér í upphafi, frú forseti, að mér finnst óviðkunnanlegt þegar mætir þingmenn koma hér upp, eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, til þess að tína út það sem ekki er sagt. Það er náttúrlega hægt að beita sömu rökum á skýrslu hæstv. utanríkisráðherra og ég gæti eytt 15 mínútum í að ræða það sem ekki er þar skrifað. Slíkur málflutningur dæmir sig sjálfur, frú forseti.

Eins og allir hér vita stendur nú yfir í Reykjavík mikil alþjóðleg vísindaráðstefna um norðurskautssvæðið og loftslagsbreytingar á því. Ráðstefnan er afurð samvinnu Norðurskautsráðsins, landanna átta sem í því sitja. Þar hefur verið lögð fram mjög mikilvæg og í raun söguleg skýrsla um svæðisbundnar loftslagsbreytingar á norðurskautinu, sú fyrsta sinnar tegundar. Fyrir utan þá vinnu sem farið hefur fram á vettvangi samningsins um loftslagsbreytingar hjá Sameinuðu þjóðunum þá er þessi skýrsla sú mikilvægasta sem fram hefur komið um loftslagsbreytingar hingað til. Í raun eru hér heimsfréttir á ferðinni, ef ég má leyfa mér að leggja mat á það.

Vísindamennirnir sem hafa unnið þessa miklu skýrslu benda okkur m.a. á að norðurskautssvæðið í heild hefur á síðustu 50 árum hlýnað helmingi meira en jörðin almennt að meðaltali. Vísbendingarnar sem norðurskautið gefur okkur eru mjög gildar. Þær eru bæði góðar og þær eru mikilvægar, vegna þess að norðurskautið er eins konar barómet á það sem gerist síðar annars staðar á jörðinni. Þar er náttúrufarið með þeim hætti að náttúran og dýralífið er mjög viðkvæmt fyrir öllum breytingum. Það segir til um það sem gæti orðið ef fram heldur sem horfir í losun gróðurhúsalofttegunda.

Þessir vísindamenn benda okkur einnig á að meðaltölin geta blekkt, þó það sé nógu slæmt að heyra að norðurskautssvæðið hafi hlýnað helmingi meira en önnur svæði á jörðunni síðustu hálfu öld þá eru svæði þar innan sem eru að hlýna miklu hraðar. Þar er að verða mjög geigvænlegur svæðisbundinn vandi innan þess mikla flæmis sem norðurskautsísinn og norðurskautssvæðið, landmassinn, er. Hér þarf heldur betur að huga að og ákveða eftir vandlega íhugun og yfirvegun hvað gera skuli.

Mér segir svo hugur að þrátt fyrir það sem samþykkt hefur verið, og sem betur fer gengið í gildi, að Rússland staðfesti Kyoto-bókunina, vitum við að fyrsta bókhaldstímabil loftslagssamningsins mun ganga í gildi og standa frá 2008–2012. Það þarf eigi síðar en í dag að huga að því sem tekur við á öðru og þriðja tímabili þess samnings og langt fram eftir öldinni. Það er stærð viðfangsefnisins. Stærð vandamálsins er slíkt að það má enginn sitja eftir í þeim efnum.

Í því ljósi vil ég inna hæstv. utanríkisráðherra eftir því hvort hann geti alla vega gefið okkur vísbendingu um það sem lagt verður fyrir utanríkisráðherra norðurskautssvæðisins á fundi þeirra í lok nóvember þegar Ísland lætur af formennsku sinni í Norðurskautsráðinu. Hvort tækifærið verði notað, eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir benti á áðan, til þess að þrýsta á Bandaríkjastjórn til að taka þátt í samstarfinu af fullri alvöru og einurð, bæði innan norðurskautsins, en ekki síður innan loftslagssamningsins og með því þá vonandi í náinni framtíð að fullgilda Kyoto-bókunina.

Ég geri mér ekki miklar vonir um að afstaða Bandaríkjastjórnar sé breytt, en það þýðir ekki að gefast upp fyrir henni. Vonandi, þrátt fyrir fréttir um að Bandaríkjastjórn hafi m.a. beitt sér gegn því að ákveðin atriði þeirrar skýrslu sem hér er rædd og þeirra vísindarannsókna sem verið er að ræða í höfuðborginni yrðu birt og birt fjölmiðlum, sjá þessir ágætu menn að sér og ákveða með tilstilli okkar og annarra samstarfsþjóða í Norðurskautsráðinu að taka sér tak og taka loftslagsbreytingarnar alvarlega. Það er von mín og ég vænti þess að hæstv. utanríkisráðherra komi inn á það í seinni ræðu sinni hvernig gengið verði í þau mál.

Eins og flestir vita, frú forseti, byggja framtíðarspádóm-

ar á verstu hugsanlegu afleiðingum loftslagsbreytinga. Þeir spádómar eru geigvænlegir, en jafnvel þó að miðað væri við lægri mörk hlýnunar, af því að auðvitað eru skekkjumörk í þessum mælingum eins og öllum vísindalegum mælingum, á næstu árum og áratugum er alveg ljóst að ríki heims þurfa öll, ekki síst þau sem eyða mestri orku, mestu bensíni, og þau sem byggjast hraðast upp, eins og t.d. Kína, að horfa á það af mikilli alvöru hvernig eigi með margvíslegum aðgerðum að minnka losun gróðurhúsalofttegunda á jörðinni. Það verkefni blasir við og ég vænti þess að ríkisstjórn Íslands beiti sér af fullri einurð í málinu, jafnt innan Norðurskautsráðsins sem og á vettvangi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna.

Í annan stað langar mig, frú forseti, að gera að umræðuefni ástandið í Írak. Ég get tekið undir með hæstv. utanríkisráðherra að allir fögnuðu því, nema kannski helst sá sem fyrir varð, að Saddam Hussein var steypt af stóli og þurfti ekki lítið til. Ég verð þó að segja alveg eins og er að það er líklega hingað til það eina sem hefur lukkast vel í aðgerðum innrásarherjanna, að ná harðstjóranum Saddam Hussein. Það tókst þó. Því ber að fagna, burtséð frá því hvort menn studdu innrásina á þeim forsendum sem farið var í hana eður ei. Ég vil að það liggi alveg hreint fyrir.

Ég held að það sé líka hægt að fullyrða að hinn almenni borgari í Írak hafi verið ánægður með að vera laus við harðstjórann. Ég held hins vegar að að sama skapi megi segja að sömu borgarar uni hernáminu illa. Fyrir því liggja ýmsar ástæður, sögulegar, þjóðernislegar og að þeir sem fögnuðu komu herjanna hafa nú, einu og hálfu ári síðar, orðið vitni að einu allsherjarklúðri í hvernig mál hafa verið rekin í Írak og hvernig uppbyggingin hefur í raun verið ein samfelld sorgarsaga. Ég er ekki að segja að hinn almenni írakski borgari sé hrifinn af uppreisnaröflunum, ég held reyndar að hann sé það ekki. Ég held að allir vilji að bráðabirgðastjórninni sé gefinn séns, ef svo má að orði komast, og að almenningur vilji allur ganga til kosninga í janúar. Vonandi tekst að gera það alls staðar í Írak, en ekki bara sums staðar.

En margt bendir til þess að stjórnkerfið sé jafnspillt og áður, þó án hinnar kerfisbundnu kúgunar og fyrir það ber að þakka. En kúgunin hefur samt átt sér stað. Þegar hæstv. utanríkisráðherra sagði að mannréttindi væru algild, eins og við vitum öll, horfir það náttúrlega við í öllum aðstæðum, líka þegar í hlut á hernámsliðið sem tekur almenna borgara til fanga af því þeir liggja undir grun um eitthvað og varpar þeim í fangelsi. Eins og allir vita hefur hernámsliðið orðið uppvíst að grófum mannréttindabrotum. Það hefur síst orðið til þess að efla stuðning við það í Írak.

Forsenda uppbyggingarinnar er að friður og öryggi hins almenna borgara sé tryggður. Hvað var gert, frú forseti? Hernámsliðin stóðu ekki vörð við þjóðargersemar Íraka á meðan slegin var skjaldborg um olíusvæðin og olíuhreinsistöðvarnar. Einhverjar mestu menningargersemar sem við eigum hér á jörðunni hurfu og voru eyðilagðar á dögunum og vikunum eftir innrásina. Nýlega kom í fréttum að 380 tonn af sprengiefni sem nota má m.a. til að búa til gereyðingarvopn hefðu horfið undir nösunum á hernámsliðinu.

Mikið hefur verið rætt um öryggi kvenna sem ekki er gott. Það þarf í sjálfu sér ekkert að segja neitt meira um það. Vandi kvenna í Írak er að þær komast oftast nær ekki út fyrir hússins dyr. Síðan má segja að ofan í þetta klúður tókst ekki að tryggja öryggi borgaranna í landinu og var ekki gert þrátt fyrir viðvaranir og þrátt fyrir áætlanir utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna þar um. Það er ekki eins og gagnrýnisraddirnar komi bara úr stjórnarandstöðunni á Íslandi, frú forseti. Um þetta eru miklar deilur í höfuðborg Bandaríkjanna, á milli varnarmálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis. Deilur sem skrifað er um í útbreidd blöð, New York Times og Washington Post, og talað er um í sjónvarpinu. Þetta virðist ekki berast til eyrna ráðamanna á Íslandi. Það er viðurkennt að sú áætlun sem bandaríska utanríkisráðuneytið, undir forustu Colins Powells, hafi gert um uppbyggingu og framtíð Íraks var að engu höfð af Donald Rumsfeld og félögum og hernámsstjórninni, undir stjórn Pauls Bremers, sem tók fljótlega við. Menn fóru bara með autt blað og ætluðu að flytja inn lýðræðið með þeim hætti sem þeim datt í hug og byrjuðu á því að leysa upp írakska herinn, byrjuðu á því að leysa upp Baath-flokkinn. Þó hann væri ekki kræsilegur stjórnmálaflokkur gerði það það að verkum og upplausn íraksks hersins, að þúsundir ef ekki tugþúsundir írakskra karlmanna á besta aldri hafa ekki fundið sér neitt annað að gera eftir þetta en að berjast gegn hernámsliðinu.

Það er ástæða fyrir öllu. Ofbeldi verður ekki til af engu. Ofbeldi verður til í ákveðnum jarðvegi, jarðvegi kúgunar og skilningsleysis og þeim jarðvegi þegar fólk fær ekki að láta rödd sína heyrast og þegar enginn er til að gæta öryggis þess. Það sama má segja um ofbeldi annars staðar, t.d. í Palestínu er jarðvegurinn vissulega frjór fyrir ofbeldi.

Ég sé, frú forseti, að tími minn er næstum á þrotum og ég er aðeins komin á annað atriðið af þremur sem ég vildi gera að umræðuefni í dag. Ég vona að mér gefist tími til þess að koma aftur í pontu og ræða betur bæði það sem þegar hefur verið minnst á og einnig langaði mig að minna hæstv. utanríkisráðherra og alla þá sem hér eru á nýja skýrslu frá Amnesty International sem heitir: Komum taumhaldi á vopnin. Um takmörkun vígbúnaðar allra gerða vopna. Ísland hefur stutt þetta framtak dyggilega og ég þakka það og ítreka mikilvægi þess að takmörkun vígbúnaðar af öllu tagi sé á dagskrá stjórnvalda og hluti af því viðfangsefni og þeim efnum sem við ræðum við umræður um utanríkismál.

[14:11]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. nefndi að það hefði ekki margt annað heppnast við innrásina í Írak en að einræðisherranum var komið frá völdum, reyndar á bak við lás og slá, en flest annað hefði misheppnast. En þetta eina er kannski meginatriðið og við þekkjum mörg önnur dæmi þess að slíkt hafi verið meginatriðið. Til að mynda á Spáni, þegar generalissimo, einræðisherrann Franco, fékk loksins heilablóðfall, minnir mig að hafi verið, eftir að hafa legið í dái í 16–17 daga og ekkert gerðist. Það var ekki fyrr en hann var allur að það hófst nýr tími á Spáni og Spánn færðist í lýðræðisátt og er núna eitt af forusturíkjum lýðræðis í heiminum. Það er ekki langt síðan að þar ríkti einræði og skoðanakúgun, allt byggt á einum einræðisherra. Það getur því skipt mjög miklu máli að einmitt slíkur maður sé hrak-

inn frá völdum þó það kosti heilmikið til.

Fundið er að því að ekki hafi verið nægilega góðar áætlanir af hálfu þeirra sem hröktu innrásarliðið frá völdum. En ef farið væri yfir það sem allir spekingarnir sögðu í öllum sjónvarpsþáttunum um götubardagana sem yrðu í Bagdad, hvernig hundruð þúsundir manna mundu falla þegar barist yrði við úrvalssveitirnar, hús úr húsi og fleira þess háttar, borgarastyrjöld svo árum skipti, ekkert af þessu hefur staðist. Auðvitað er ekkert ríki sem getur með góðu móti staðist sjálfsmorðsárásir á venjulega borgara. Það er aldrei hægt að verja alla borgara ríkis. Þetta gátum við séð í menningarríkinu Bretlandi, á Norður-Írlandi, þar sem bjórstofur og skólar voru sprengdir í loft upp þar til nýlega. Þetta var í okkar næsta nágrannaríki og þar sem deilendur (Forseti hringir.) trúðu, að því er virtist a.m.k., báðir á sama guðinn.

[14:14]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. utanríkisráðherra að það getur gert gæfumuninn, og mun vonandi gera það í framtíðinni fyrir Íraka, að einræðisherrann er farinn frá. Við höfum séð það áður í sögunni að það hefur skipt öllu máli. En ég er ekki sammála hæstv. utanríkisráðherra um að áætlanir hafi ekki verið fyrir hendi. Þær voru fyrir hendi, þær voru bara ekki notaðar og umræðan um það hvernig aðgerðum og hernáminu hefur í rauninni mistekist að tryggja hið raunverulega öryggi og frelsi Íraka hefur logað um allan heim vegna þess að það liggur fyrir að hernámsstjórnin var vöruð við. Starfsmenn hennar sögðu: Við skulum ekki leysa upp herinn. Við skulum gera þetta með öðrum hætti. Við skulum ekki láta fólk komast upp með að ræna og rupla og stunda gripdeildir.

Allt sem gerðist í upphafi og reyndar líka í framhaldinu hefur kynt undir óánægju og ofbeldi, því miður. Vissulega getur enginn varist sjálfsmorðsárás. Þannig er það. Þess vegna er svo mikilvægt að komast að rótunum, hvort sem við erum við Írak, Palestínu eða einhvers staðar annars staðar. Hvað kemur einstaklingi til þess að murka lífið úr öðrum og sjálfum sér með sjálfsmorðsárás?

[14:15]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sem betur fer er árangur víða að nást í lýðræðisátt. Hverjum hefði dottið í hug fyrir aðeins 5 árum, að ekki bara færu fram almennar kosningar í ríki eins og Afganistan heldur að konur fengju að taka þátt í þeim kosningum? Hver hefði spáð því? En það var auðvitað gert með valdi. Þeirri skipan var komið á með valdi og hefði aldrei verið hægt að koma henni á með öðrum hætti og hið sama mun gerast í Írak.

Vegna þess sem hv. þm. nefndi um loftslagsbreytingar og þær nýju skýrslur sem þar eru að koma er alveg rétt hjá hv. þm. að það er mikill fengur að slíkum skýrslum, en það er líka rétt hjá hv. þm. að allt verður þetta með fyrirvörum, þetta eru spádómar langt fram í tímann. Við sáum til að mynda að fræðimaður sem hér var staddur nýlega á vegum íslensku Veðurstofunnar, að ég hygg, hefur miklar efasemdir um sumar spár varðandi hækkun á hafinu vegna hlýnunar, telur það allt saman ofreiknað og ofspáð og um þetta deila menn.

En meginatriðið held ég að sé að auka skilning á viðfangsefninu og ég hygg að það hafi menn gert með þessu verki, að þó ekkert sé hafið yfir deilur og ágreining fari skilningur á viðfangsefninu vaxandi og muni verða mönnum hjálplegur við að leggja mat á með hvaða hætti þjóðir heims eigi að bregðast við. Ég tel að það hafi ekkert ríki í Norðurskautsráðinu reynt að hafa óeðlileg áhrif á þá starfsemi eða uppbyggingu þeirra skýrslna sem hér eru á ferðinni.

[14:17]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir svörin varðandi Norðurskautsráð. Það er gott að heyra að ekkert eitt ríkjanna í Norðurskautsráði hafi reynt að hafa áhrif á það hvernig niðurstöður eru birtar. Við getum þá væntanlega látið okkur hlakka til ráðherrafundarins 24. nóvember og niðurstaðna hans. Ég er þess fullviss að þau lönd sem eiga hlut að máli taka niðurstöður vísindarannsóknanna mjög alvarlega og munu taka mið af þeim við pólitískar ákvarðanir sínar um aðgerðir til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Það er full þörf á því, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, þó að menn fari eftir varlegustu spám, ég tala nú ekki um annað. Verkefnið er því svo sannarlega fyrir hendi.

Frú forseti. Mig langar rétt í blálokin að vitna í friðarverðlaunahafa Nóbels, Shirin Ebadi, lögmann frá Íran. Ég varð þess heiðurs aðnjótandi að fá að hlusta á hana á laugardaginn var og hún talaði einmitt um rætur ofbeldis. Hún taldi rætur ofbeldis í Miðausturlöndum liggja í jarðvegi ófullburða lýðræðis, einræðisherranna og harðstjóranna, sem eru svo miklu víðar en var í Írak. Eigum við t.d. að tala um kóngana í Sádi-Arabíu? Þetta ófullburða lýðræði kemur m.a. fram í kúgun kvenna og þegar löndin sem búa við þær aðstæður búa svo yfir miklum náttúrulegum auðlindum sem skipta allan heiminn máli ásælast sterk og voldug ríki, e.t.v. ekki bein völd heldur áhrif á þessum slóðum.

Þessi blanda, sagði friðarverðlaunahafinn, stendur uppbyggingu lýðræðis í Miðausturlöndum, í Íran, Írak, Sádi-Arabíu og víðar, fyrir þrifum.

[14:19]

Mörður Árnason:

Forseti. Á þriðjudaginn var var kynnt í Reykjavík skýrsla um loftslagsbreytingar á norðurslóðum eða réttara sagt niðurstöður þeirrar skýrslu. Fréttir af skýrslunni eru þessar helstar: Loft hlýnar ákaflega hratt við norðurskaut. Breytingarnar hér eru miklu meiri en áður var haldið og það er margvísleg hætta á ferðum fyrir norðurskautssvæðið, fyrir Ísland og fyrir veröldina alla.

Einnig kemur fram í niðurstöðum skýrslunnar og í þeim rannsóknum og umræðum sem fram hafa farið hjá vísindamönnum, að viðbrögð okkar skipta verulegu máli. Það er ekki okkar bara að bíða og biðja, ekki að liggja á bæn eða kasta ónotum að skýrslunni eða því sem verða vill heldur skiptir öllu máli hvort hlýnunin verður við lágmark þess sem spáð er eða við hámarkið. Það getur skipt öllu máli samkvæmt niðurstöðum þeirra 300 vísindamanna frá 8 löndum og að auki 6 frumstæðum þjóðum sem kallaðar eru

hvernig við bregðumst við í veröldinni allri.

Það hafa verið miklar fréttavikur á Íslandi hefur okkur þótt, þessi og sú sem síðast leið, en það er spá mín, og ég held að hún sé ekki frumleg, að sú frétt sem lengst lifir af öllum þeim fréttum sé fréttin af loftslagsskýrslunni sem kynnt var í Reykjavík. Ég hyggst verja ræðu minni eingöngu í það efni, þótt hin yfirgripsmikla skýrsla hæstv. utanríkisráðherra gefi vissulega tilefni til margra ræðna. Mér þykir athyglisvert að í ræðu sinni, ég veit að hann þarf að fara hratt yfir, segir hæstv. utanríkisráðherra aðeins eina setningu um þetta, á bls. 9 í textanum sem dreift var. Hún er svona, með leyfi forseta:

„Annað dæmi af störfum ráðsins" — Norðurskautsráðsins — „er skýrsla um áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum."

Þó er það svo, eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir lýsti m.a., að hinn 24. nóvember næstkomandi er fundur utanríkisráðherra ríkjanna í Norðurskautsráðinu og í undirbúningi er yfirlýsing fyrir þann fund.

Í bandaríska blaðinu Washington Post birtist 4. nóvember, á fimmtudaginn var, frétt um að Bandaríkjastjórn hygðist ekki samþykkja hvatningu um aðgerðaáætlun eða framkvæmdaáætlun í yfirlýsingunni. Í blaðinu var sérstaklega nefndur textinn sem Bandaríkjastjórn leggst gegn. Hann er hér í þýðingu minni, með leyfi forseta:

„Norðurskautsráðið hvetur aðildarríkin til þess að ákveða aðgerðaáætlun vegna loftslagsbreytinganna hvert fyrir sig og sameiginlega þegar það á við. Þessar aðgerðir verða að beinast að því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda."

Í sömu frétt ber ónafngreindur embættismaður í bandaríska utanríkisráðuneytinu það fyrir sig að Bandaríkjastjórn vilji ekki taka þátt í stefnumótun á vegum Norðurskautsráðsins heldur eingöngu á vettvangi rammasamnings Sameinuðu þjóðanna, UNFCCC, eins og það er skammstafað að enskum hætti. Þetta virðist vera hægt að skýra þannig að Bandaríkjastjórn sé á ákveðinn hátt að bakka frá hinni hörðu línu sinni gagnvart þessum málum þegar hún er orðin fréttnæm, en við vitum að Bandaríkjastjórn, eins og áður hefur verið rakið, hefur dregið lappirnar í þessum málum öllum undir núverandi forustu og m.a. ekki undirritað Kyoto-bókunina sem nú er hins vegar að ganga í gildi.

Bandaríkjastjórn virðist ekki vera vel við neikvæðar fréttir af málinu og virðist bregðast við þrýstingi. Haft er eftir Dobriansky varautanríkisráðherra í sama blaði að skýrslunni sé ekki lokið og hún hafi ekki verið send ríkisstjórnunum, sem er klassísk bírókratísk afgreiðsla þegar maður hefur engu að svara. Það er ekki ljóst hvað hún á við. Skýrslan var auðvitað komin, samantektin eða niðurstöðurnar eru Bandaríkjastjórn algerlega ljósar enda hefur hún, eins og Paula Dobriansky bendir á, kostað skýrsluna að töluverðum hluta og að henni vinna margir bestu vísindamenn Bandaríkjanna á þessu sviði. Þetta virðist vera einhvers konar fyrirsláttur.

Við fréttum Washington Post og fleiri blaða og fjölmiðla og umsagnir áhrifamanna hefur Bandaríkjastjórn enn brugðist og fyrir nokkrum dögum var gefin út yfirlýsing í bandaríska utanríkisráðuneytinu. Það gerði Richard Boucher sem þar er upplýsingafulltrúi. Í henni er slegið úr og í og sagt m.a. að Bandaríkjastjórn styðji sumar tillögurnar í stefnudrögunum og sé að íhuga aðrar. Bendir því margt til þess að Bandaríkjastjórn sé á einhvers konar hreyfingu í þessu efni, að henni þyki þrýstingurinn óþægilegur, henni finnist ekki gott að koma fram á vettvang heimsmálanna sem sá sem ekki vill hreyfa sig í þessum málum, sem sá sem vill halda áfram að menga en ekki bregðast við.

Þrýstingurinn kemur ekki aðeins utan frá, hann kemur líka innan frá og nefna má tvo kollega okkar, sem við könnumst við úr fréttum, sem hafa lýst því yfir að Bandaríkjastjórn beri að taka aðra afstöðu í þessu efni og hafa þeir hvatt ríkisstjórnina í Washington til þess að taka þátt í aðgerðum til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Þetta eru þeir John McCain sem var hér um daginn, repúblikani frá Arizona, og Joe Lieberman, varaforsetaefni í þarsíðustu kosningum, demókrati frá Connecticut.

Það er athyglisvert og merkilegt við skýrsluna að með henni og næstum einróma undirtektum við hana í vísindasamfélaginu ætti að vera frá vafi um loftslagsbreytingar af manna völdum, sem var e.t.v. réttmætur fyrir áratug og eðlilegt að menn hefðu þá uppi í ljósi þess gangs sem þá var á málinu. En afstaða Bandaríkjastjórnar byggist nú sem fyrr á því að ekki séu nægileg vísindagögn fyrir hendi. Ég nefni áratug en þó eru held ég ekki liðin nema sex ár frá því að þáverandi forsætisráðherra, núverandi hæstv. utanríkisráðherra, bar fram svipuð rök um loftslagsbreytingar í almennri samfélagsumræðu hér. Ég man ekki hvort það var í áramótaræðu, þingræðu eða á öðrum vettvangi en ég man mjög glöggt að hann gerði það. Ég taldi að hann, eins og aðrir, hefði breytt afstöðu sinni með þeirri þróun sem orðið hefur í vísindarannsóknum og umræðu um þessi mál og menn eru menn að meiri þegar þeir gera það í ljósi þeirra staðreynda sem fram eru komnar og þeirra upplýsinga sem smám saman breyta þeim grunni sem menn standa á við slíka afstöðu. Þess vegna kom það mér á óvart að mér virtist að ráðherrann hefði ekki gætt nægilega að þessum staðreyndum í andsvari sínu áðan, en ég tel að hann hafi kannski ekki sagt sitt síðasta orð um þetta.

Hins vegar brá mér líka við að heyra hæstv. umhverfisráðherra í ríkisstjórn Íslands vera með svipaðar skoðanir uppi í vikunni, einmitt við upphaf þeirrar vísindaráðstefnu þar sem skýrslan var kynnt. Þar sagði hæstv. umhverfisráðherra þetta í þýðingu Vefþjóðviljans, því ræðan var flutt á ensku, þegar hún talar um áhrifin sem fram undan séu vegna loftslagsbreytinganna, með leyfi forseta: „Hversu mikil þessi áhrif eru og hve miklar loftslagsbreytingarnar verða er enn háð mikilli óvissu. Loftslag jarðar er flókið kerfi sem háð er mörgum þáttum."

Ég kýs líka að afgreiða þetta sem einhvers konar misskilning hjá hæstv. umhverfisráðherra eða handvömm því að tveir Íslendingar sem framarlega standa í þessum málum hafa talað öðruvísi. Annar þeirra er Gunnar Pálsson, diplómat og forustumaður í Norðurskautsráðinu fyrir Íslands hönd. Hann sagði í ræðu hjá Sameinuðu þjóðunum, í þýðingu minni, með leyfi forseta:

„Niðurstöðurnar úr hinni væntanlegu vísindarannsókn Norðurskautsráðsins eru þær að hiti eykst helmingi hraðar við norðurskaut en að heimsmeðatali. Jöklar bráðna og gjörvallt vistkerfið er að breytast sífellt hraðar. Séu spár

ACIA nákvæmar, sem öll rök hníga til," — segir Gunnar Pálsson. Á ensku: „as we have every reason to believe they are" — þá virðist norðurskautssvæðið verða undanfari heimsbyggðarinnar allrar í þeim breytingum sem vænta má."

Hinn Íslendingurinn sem ég nefni til er fyrrverandi utanríkisráðherra, núverandi hæstv. forsætisráðherra, sem sagði fyrir mjög skömmu á þingi Norðurlandaráðs. Það er enn mín þýðing, nú úr dönsku, með leyfi forseta:

„Norðurskautssvæðið stendur nú frammi fyrir alvarlegustu og hröðustu loftslagsbreytingum nokkru sinni." — Á dönsku: „de alvorligste og mest accelerende klimaændringer nogen sinde".

„Þær" — þ.e. loftslagsbreytingarnar — „eiga eftir að hafa gífurlegar afleiðingar." — Á dönsku: „drastiske" — „Bæði vistfræðilegar, efnahagslegar og félagslegar," segir Halldór Ásgrímsson, hæstv. forsætisráðherra. „Það er því eðlilegt að þær valdi miklum áhyggjum, ekki síst fyrir okkur sem byggjum norðurskautssvæðið."

Vegna þess að hæstv. utanríkisráðherra er á leiðinni á fund utanríkisráðherra norðurskautsríkjanna og vegna þess að áður en það gerist verður hæstv. utanríkisráðherra — að ég hygg á þriðjudaginn í næstu viku, 16. nóvember — í Washington á fundi með Colin Powell, óska ég eftir að hann svari þremur spurningum og að hann sjái sér fært að svara þeim nú, að gefnu tilefni:

1. Hver er afstaða hæstv. utanríkisráðherra til hins umdeilda kafla í yfirlýsingardrögunum um að aðgerðirnar verði að beinast að því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda?

2. Hyggst ráðherrann ræða þetta mikilvæga mál á fundi sínum með Colin Powell, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hinn 16. nóvember nk.?

3. Hafa íslensk stjórnvöld hvatt stjórnina í Washington til að undirrita Kyoto-bókunina eða hyggjast þau gera það?

Til þess gefst einkar gott tækifæri 16. nóvember, einkum í því ljósi að eitt af erindum Tonys Blairs, forsætisráðherra Breta, til Washington þessa dagana er samkvæmt fréttum í breskum fjölmiðlum, ég vitna í leiðara Guardian í dag, að reyna að snúa Bandaríkjamönnum til réttrar stefnu í málinu.

Að lokum vil ég segja, vegna þess að mér heyrðist hæstv. utanríkisráðherra vitna í Svíann Mörner sem var hér fyrir nokkrum dögum með kenningar um sólarhita o.s.frv., að enn finnast vissulega menn í vísindaheiminum — og það er jákvætt og gott að ekki skuli vera þar einróma samstaða, einhver talkór, þannig eiga vísindin ekki að vera — enn finnast þeir menn sem efast um þetta og telja að hér sé að mestu um náttúrulegar breytingar að ræða. Hins vegar er sú skoðun í þeim geira vísindanna sem fjallar um þetta svið fullkomin minnihlutaskoðun.

Það er misskilningur, sem vert er að leiðrétta úr þessum stól, að Mörner hinn sænski hafi verið hér á vegum Veðurstofunnar. Það var hann ekki þó að hann flytti einhvers konar ræðu á fundi hjá Félagi íslenskra veðurfræðinga, heldur virðist hann hafa verið hér á vegum einstaklinga úr Félagi frjálshyggjumanna eða á vegum fjölmiðilsins Vefþjóðviljans, sem hefur einmitt sagt mjög dyggilega frá heimsókn hans. Þetta var aðeins til að rétt skyldi vera rétt.

[14:33]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef kannski farið vitlaust með á hvers vegum þessi ágæti Svíi var, ég var svo sem að giska á það. Ég reyndar vissi ekki að hinn merki fjölmiðill Vefþjóðviljinn væri svo burðugur að hann væri að kosta hingað mannskap, það er sjálfsagt eitthvað nýtt. (Gripið fram í.)

Það sem ég las um þennan ágæta Svía virtist vera það að hann vildi byggja málflutning sinn á því sem lægi fyrir, miða við það sem hefði verið sagt og byggja sitt á staðreyndum en ekki spám. Hann sagði að engar mælingar, eins og ég las þetta, sem þegar lægju fyrir styddu fullyrðingar um þá aukningu á massa hafsins, öndvert við spár og slíka hluti. Ég skal ekki setjast í dómarasæti um það efni en spárnar hafa gjarnan verið dálítið sveigjanlegar og víðtækar og bilið langt þar á milli.

Það skiptir ekki máli hvort vísindamenn eru 300, 500 eða 1.000 og fáir á móti því að það er nú alþekkt, eins og Sigurður Nordal benti á, að þekking verður ekki endilega lögð saman þannig að hún aukist eftir því sem fleiri koma saman. Lengi vel var Einstein einn í minni hluta með afstæðiskenninguna en ég hygg að hún hafi verið rétt samt. Fleiri dæmi má nefna úr vísindaheiminum. (Gripið fram í.)

Varðandi hins vegar afstöðu okkar hefur hún legið fyrir varðandi það. Við tókum afstöðu með þeim sem vildu samþykkja og undirskrifa Kyoto-bókunina. Það hefðum við Íslendingar ekki gert nema vegna þess að við töldum hættumerki á ferðinni, ella hefðum við ekki gert það. Við takmörkuðum til að mynda þær heimildir sem við höfðum sjálf (Forseti hringir.) til að standa fyrir stóriðju af þeim ástæðum.

[14:36]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka svörin en þau voru ekki við þeim spurningum sem ég bar fram. Mér var kennt í skóla að (Gripið fram í.) þegar efni og orka væri tekið sem heild eyddist ekkert af því. Án þess að ég ætli í vísindasamræður við Mörner hinn sænska eða hæstv. utanríkisráðherra furða ég mig á því hvað gerist með vatnið þegar jöklar bráðna. Það kann að vera að það fari í einhverjar geymslur í Svíþjóð hjá Mörner.

Ég spurði hins vegar, og bið hæstv. utanríkisráðherra að svara því, hvort hann ætlar að ræða þetta mál við Colin Powell 16. nóvember og hver afstaða hans sé til þessa kafla í yfirlýsingardrögunum, hvernig gangi að koma þá hinni einörðu íslensku afstöðu til þessa máls, sem lýsir sér í undirritun Kyoto-bókunarinnar, til skila í yfirlýsingu utanríkisráðherranna og í þeirri framkvæmdaáætlun sem menn hafa gert ráð fyrir að þar verði undirrituð.

[14:37]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær viðræður sem fyrir dyrum standa við utanríkisráðherra Bandaríkjanna munu í meginatriðum snúast um varnarmálin. Af minni hálfu er óskað eftir þessum fundi til að fjalla um þau. Það hefur þó verið nefnt úr báðum áttum, bæði af okkur og eins bandarískra utanríkisráðherranum, að við áskiljum okkur rétt til þess eftir því sem

tíminn leyfir — þessir fundir eru yfirleitt frekar stuttir — að taka upp önnur mál. Meginverkefnið er samt þetta þannig að ég skal ekki segja til um hvaða tími verður fyrir annað.

Við höfum verið í forustu fyrir þeirri vinnu sem hér hefur verið unnin. Hv. þm. nefndi sérstaklega þau orð sem sendiherrann Gunnar Pálsson hefur látið frá sér fara. Auðvitað gerir hann það í umboði Íslands, ekki er um að ræða persónulegar skoðanir sendiherrans þegar hann flytur ræðu af þessu tagi, heldur er hann þá að tala í umboði íslenskra stjórnvalda og hann hefur talað mjög skýrt í þeim efnum.

[14:38]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég skora eindregið á hæstv. utanríkisráðherra — og hygg að ég hafi marga með mér í því — að ræða þetta mál, undir liðnum önnur mál þá, á dagskrá þeirra utanríkisráðherranna tveggja 16. nóvember.

Ég fagna líka þeirri yfirlýsingu hæstv. utanríkisráðherra að hann sé sammála sendiherranum Gunnari Pálssyni og forsætisráðherranum Halldóri Ásgrímssyni um niðurstöðurnar í skýrslu ACIA, norðurskautsráðsvísindamannanna sem munu nú vera 400, þó að vissulega geti einn Davíð velt öllum þeim Golíötum í vísindalegum skilningi.

Hæstv. utanríkisráðherra hefur hér með tekið undir það að hinar líklegu afleiðingar hitnunarinnar sem rannsóknin snýst um séu geigvænlegar og geti haft mjög afdrifaríkar afleiðingar á ástandið á norðurskauti og á Íslandi. Ég bíð þess að ríkisstjórnin taki afstöðu í samræmi við það og undirbúi þá framtíð þar sem þetta verður eitt heitasta og erfiðasta pólitíska málið, bæði innan ríkjanna og milli þeirra.

[14:40]

Útbýting:

Fjarskiptasamband við Ísafjarðardjúp, 310. mál, fsp. JBjarn, þskj. 338.

Heimilisofbeldi, 308. mál, þáltill. ÁÓÁ o.fl., þskj. 336.

Meðafli í flotvörpu, 313. mál, fsp. MÞH, þskj. 341.

Meðferð opinberra mála og aðför, 309. mál, stjfrv. (dómsmrh.) þskj. 337.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins, 311. mál, fsp. MÞH, þskj. 339.

Viðskiptahættir tryggingafélaga og banka, 314. mál, fsp. JóhS, þskj. 342.

[14:40]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ræða hæstv. utanríkisráðherra um utanríkismál var um margt sérstök. Það er greinilegt að andi Bush svífur yfir vötnunum, heimurinn er svart/hvítur og hlutirnir annaðhvort góðir eða illir.

Það er erfitt að átta sig á því hvers vegna hæstv. utanríkisráðherra vopnlausrar þjóðar flytur slíka ræðu á þjóðþingi þar sem fram að þessu hefur verið fylgt þeirri stefnu að þjóðin skuli ekki bera vopn á aðrar þjóðir. Eina haldbæra skýringin sem ég finn fyrir slíkri ræðu er að hæstv. utanríkisráðherra er að undirbúa fund. Hann er að undirbúa fund sem hann mun eiga með Colin Powell í næstu viku, hann er einfaldlega að tala upp í eyrun á hæstv. utanríkisráðherra Bandaríkjamanna í þeim tilgangi að fá gott veður í viðræðunum.

Ísland er fámenn þjóð og hefur gefið sig út fyrir að vera friðsöm. Ein mikilvægasta ákvörðun í utanríkismálum sem Íslendingar hafa tekið var innganga Íslands í varnarbandalag vestrænna þjóða, NATO. Íslendingar settu þó eitt ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir aðildinni en það var að Ísland mundi aldrei taka beinan hátt í hernaðaraðgerðum. Ég tel að mikil sátt hafi ríkt í þjóðfélaginu um framangreint atriði. Í ljósi þess er óskiljanlegt að hæstv. utanríkisráðherra og forsætisráðherra hafi brotið lög í ákafa sínum þegar þeir settu Íslendinga á lista yfir þær staðföstu og viljugu þjóðir sem studdu árásina á Írak. Nú hefur komið í ljós að árásin á Írak var gerð á fölskum forsendum þar sem engin gereyðingarvopn fundust í Írak. Auðvitað ættu íslensk stjórnvöld að fá viðhlítandi skýringar á því hvers vegna þau voru teymd á upplognum forsendum á lista yfir viljugar og staðfastar þjóðir.

Það er rétt sem fram kemur í ræðu hæstv. utanríkisráðherra að írakska þjóðin var vægast sagt illa sett með Saddam Hussein í forsæti. Hins vegar er rétt að taka það fram að það er afar mikil einföldun sem fram kemur í ræðu hæstv. utanríkisráðherra að írakska þjóðin sé betur sett nú en hún var undir Saddam Hussein. Þessi fullyrðing lýsir svart/hvítu viðhorfi sem á sjaldan við og örugglega ekki í Írak. Eflaust er ástandið mun betra á einhverjum svæðum svo sem í Norður-Írak þar sem Kúrdar eru fjölmennir og voru kúgaðir í valdatíð Saddams Husseins. Ástandið í kringum Bagdad er þó mun verra og þarf ekki frekari vitnanna við en að hlusta á fréttir þessa dagana. Þar ríkir algjör óöld, stríð geisar í Falluja, í landinu eru í gildi herlög, stöðugar sprengjuárásir, sjálfsmorðsárásir, gíslatökur og í raun algjör viðbjóður.

Sömu einföldun má sjá í ræðunni um átök Palestínumanna og Ísraela. Sharon, forsætisráðherra Ísraels, er lýst sem manni friðarins sem fer gegn almenningasálitinu í Ísrael, manni sem hafi tekið frumkvæðið að brottflutningi landnema eða landtökumanna á Gaza-svæðinu. Leiðtogar Palestínumanna eru hins vegar gerðir einhliða ábyrgir fyrir átökunum vegna þess að þeir hafi hvorki ráðist gegn samtökum hryðjuverkamanna né heldur unnið bug á spillingu. Auðvitað er algjör firra að varpa allri ábyrgðinni á hendur Palestínumönnum. Sjaldan veldur einn er tveir deila og ég held að það eigi vel við í þessu máli. Það er óumdeilt að Ísraelsmenn eru þeir sem eru meiri máttar í þessari deilu og hafa sýnt fádæma hörku gagnvart palestínskum almenningi.

Með þessum orðum er ég alls ekki að draga úr ábyrgð forustu Palestínumanna. Með framtaksleysi sínu hafa þeir ekki beitt nógu miklum aðgerðum gegn viðbjóðslegum sjálfsmorðsárásum. Hvað sem því líður hafa Bandaríkjamenn haldið hlífiskildi yfir harðlínustefnu Sharons og eru því miður að uppskera í samræmi við það. Þeir eru ótrúverðugir í augum múslima og að einhverju leyti má skýra þá miklu andstöðu sem er í Írak með aðgerðum eða aðgerðaleysi Bandaríkjamanna gagnvart Ísraelsmönnum.

Við Íslendingar eigum að leggja okkar af mörkum til alþjóðasamfélagsins en við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum fámenn þjóð og við verðum að velja verkefni þar sem við höfum eitthvað fram að færa.

Í máli hæstv. utanríkisráðherra kom fram að Ísland sé að kanna hvernig Íslendingar geti komið að þjálfun írakskra öryggissveita. Það er algjör fásinna að velja sér slíkt verkefni og það er sagt með fullri virðingu fyrir sérsveit ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslunnar. Ég tel engan vafa á því að við gætum lagt meira af mörkum á ýmsum öðrum sviðum en með þjálfun öryggissveita Íraks.

Herra forseti. Ísland sækist eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samanstendur af fimm þjóðum sem hafa fast sæti og 10 til viðbótar sem eru kosnar á allsherjarþingi til tveggja ára í senn. Skipan öryggisráðsins endurspeglar valdahlutföll eins og þau voru í lok seinni heimsstyrjaldarinnar. Ríkin fimm sem eiga fastafulltrúa eru sigurvegararnir og þau hafa neitunarvald. Kjörnu þjóðirnar 10 skiptast hnattrænt á milli þjóða þannig að heimshlutarnir eiga sína fulltrúa og Íslendingar eiga kost á tveim sætum sem Vestur-Evrópu eru ætluð.

Helsta hlutverk ráðsins er að varðveita heimsfriðinn og stuðla að friðsamlegum lausnum deilumála. Öryggisráðinu er ætlað að rannsaka sérhverja deilu eða ástand sem getur leitt til alþjóðlegra átaka, leita sátta og gera tillögur um lausn deilumála. Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna er ætlað að úrskurða um hvort ófriðarhætta sé fyrir hendi, friðarrof eða árás. Í framhaldi af þeim verkefnum sem öryggisráðinu er ætlað að fara í, þ.e. að beita þvingunum, setja á viðskiptabann og jafnvel að grípa til hernaðaraðgerða, er rétt að fara yfir það hvort við Íslendingar eigum sérfræðinga á sviði þeirra mála sem öryggisráðinu er ætlað að fjalla um, þ.e. á sviði hernaðar, alþjóðamála á helstu átakasvæðum heimsins. Ég efast um það. Eigum við sérfræðinga á sviði öryggismála í Miðausturlöndum, Vestur-Afríku eða Asíu?

Ísland á að axla ábyrgð og velja sér verkefni þar sem sérfræðiþekking þjóðarinnar nýtist en ekki að vera með afskipti þar sem þekking og afl er takmarkað. Af nægum verkefnum er að taka. Ríki heims settu sér m.a. þúsaldarmarkmið sem ætlað var að ná fram fyrir árið 2015. Þau miða að því að eyða fátækt og hungri, draga úr misskiptingu tekna í heiminum, efla menntun, bæta heilsufar og vinna að jafnrétti kynjanna. Ég tel miklu nær að við veljum okkur þau verkefni en að vera í verkefnum sem við ráðum lítt við. Mér finnst það mun eðlilegra og ég tel að við getum lagt mun meira af mörkum til þeirra verkefna en að taka þátt í að ákveða hvaða ríki eigi að beita þvingunum.

Hvað leggur Ísland til þróunaraðstoðar? Jú, ein ríkasta þjóð heims leggur til um 0,16% af landsframleiðslu sinni. Þrír áratugir eru síðan aðildarríki Sameinuðu þjóðanna ákváðu að iðnríkin skyldu veita 0,7% af landsframleiðslu til þróunaraðstoðar. Í skýrslu hæstv. utanríkisráðherra kemur fram að stórauka eigi framlagið til þessa málaflokks — það er vel og ber að þakka það — en þó ekki meira en svo að það á að fara í 0,35% af landsframleiðslu. Ég tel að þarna eigum við að beita okkur en ekki á sviði öryggisráðsins þar sem við höfum takmarkaða þekkingu.

Ef litið er til þröngra hagsmuna Íslands um ávinning af því að fá aðild að öryggisráðinu er hætta á því að Ísland geti einungis tapað á því. Hætt er við að Ísland þyrfti að byggja að miklu leyti á upplýsingum frá vinaþjóðum við ákvarðanatöku, svo sem frá Bandaríkjamönnum. Einnig er einsýnt að það þjóni vart pólitískum hagsmunum þjóðarinnar að fara gegn Bandaríkjunum, ég efast a.m.k. um það.

Ef litið er til utanríkisstefnu Bandaríkjanna síðustu ár hefur hún verið nokkuð herská og skapað mikla óvild í garð Bandaríkjanna og þeirra ríkja sem fylgja Bandaríkjamönnum hvað fastast eftir. Ég tel óráðlegt að setja þjóðina í eldlínu, sérstaklega í ljósi þess að Íslendingar hafa takmarkaða sérfræðiþekkingu á þeim málum sem öryggisráðinu er ætlað að fjalla um.

Að lokum ætla ég að fjalla um það jákvæða í skýrslunni sem er ýmislegt. Sérstaklega vil ég taka fram að mér finnst mjög jákvæð sú breyting sem hefur orðið á síðustu árum, og verður vonandi áfram, að það eigi að efla samskipti við nágrannaþjóðir okkar, Grænlendinga og Færeyinga. Það er eitt af því sem Íslendingar ættu að leggja mun meiri áherslu á. Þótt ákveðin áherslubreyting hafi orðið á síðustu árum má gera enn betur. Ég er á því að við getum líka lært mjög margt af Færeyingum, t.d. hvað varðar auðlindastjórnun. Við ættum að skiptast á upplýsingum varðandi stjórn fiskveiða. Færeyingar geta örugglega miðlað til okkar enda hefur stjórn á fiskveiðum gengið mun betur þar en hér.

Í Færeyjum er botnfisksafli í sóknarkerfi og hefur verið það undanfarin ár, mun betri. Fróðlegt væri að fá afstöðu hjá hæstv. utanríkisráðherra hvað varðar þau mál því að mér skilst að það hafi einmitt verið á borði ríkisstjórnarinnar að gera úttekt á færeyska fisveiðistjórnarkerfinu. Það kemur fram í ræðu hæstv. utanríkisráðherra að það eigi að efla samskipti við Grænlendinga og Færeyinga. Hér hefur okkur greinilega mjög mistekist með okkar kerfi, hér er þorskafli einungis helmingurinn af því sem hann var fyrir daga kvótakerfisins en Færeyingum gengur mun betur. Væri þá ekki einmitt ráð hjá íslensku utanríkisþjónustunni — sem er stöðugt að eflast og þangað fara æ meiri peningar — að kanna einmitt þetta? Þarna gæti orðið uppspretta mikils auðs hjá íslensku þjóðinni ef okkur tækist að gera betur en okkur hefur gert. Okkur hefur greinilega mistekist við okkar stjórnun og nú er lag að fara yfir það hjá nágrannaþjóðunum sem hefur tekist betur upp og læra af þeim.

[14:53]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því hefur verið haldið fram aftur og aftur úr þessum ræðustól að Íslendingar hafi verið blekktir til þess að taka þá afstöðu sem tekin var, um að standa að því að hrekja Saddam Hussein frá völdum. Það vill þannig til að í lýðræðisríkjunum sem þar fóru fremst í flokki, Bandaríkjunum og Bretlandi, hefur þetta verið sérstaklega rannsakað af óháðum aðilum. Þar hefur komið fram að hvorug ríkisstjórnin, hvorki sú breska né sú bandaríska, hafi beitt neinum blekkingum vegna þeirrar ákvörðunar að ganga í það verk að hrekja Saddam Hussein frá völdum og koma á lýðræði í Írak.

Á hinn bóginn hefur komið fram að mat leyniþjónusta þessara ríkja á því hvaða vopnabúnaði Saddam Hussein hefði yfir að ráða reyndist ekki rétt. Hvergi hefur komið fram að forustumenn lýðræðisríkjanna hafi reynt að fá leyniþjónustu af sinni hálfu til að halda einhverju fram sem þóknaðist málstaðnum. Það hefur ekki komið fram, og fjarri því.

Hins vegar trúðu Sameinuðu þjóðirnar því sjálfar að

þarna væru slík vopn, enda höfðu þeir vopnaeftirlitsmenn árum saman við að leita að þeim. Það er líka íhugunarefni að nú segja menn að áður en bandamenn komust inn í Bagdad hafi uppreisnarmönnum tekist að næla sér í 300 tonn af skot- og sprengiefni sem hafi ekki fundist. Allir viðurkenna að þessi 300 tonn hafi verið tekin en hafi ekki fundist. Það segir mjög vel söguna af því hversu erfitt er að finna vopn af þessu tagi. Staðreynd var að Saddam Hussein hafði slík vopn en hvort hann hafði látið eyðileggja þau eða ekki á sagan enn eftir að segja okkur.

[14:55]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Staðreyndirnar tala sínu máli, herra forseti. Það voru engin gereyðingarvopn í Írak og það er það sem málið snýst um. Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, stóð ansi tæpt þegar verið var að kafa ofan í málið. Þegar Hutton-skýrslan kom fram stóð hann ansi tæpt.

Mér finnst að hæstv. utanríkisráðherra ætti einmitt að skoða hvers vegna Ísland fór á þennan lista. Var það ekki á þeim forsendum að gereyðingarvopn væru í Írak? Það var ekki á þeim forsendum að Saddam Hussein væri vondur stjórnandi, alls ekki.

[14:56]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert og heilmikil lexía út af fyrir sig að frá því að allir þessir atburðir gerðust hafa farið fram kosningar í tveimur af þeim þremur ríkjum sem lögðu hvað mestan herafla til innrásarinnar og þess árangurs að steypa Saddam Hussein af stóli, Ástralir, Bandaríkjamenn og Bretar. Í báðum þessum löndum, Ástralíu og Bandaríkjunum, hafa stjórnendur landsins aukið fylgi sitt og stuðning meðal þjóðarinnar, í Bandaríkjunum á öllum sviðum, ekki bara forsetinn heldur einnig í þinginu sem studdi forsetann.

Reyndar virðist það vera svo í Bretlandi að Íhaldsflokkurinn breski, sem studdi innrásina á sínum tíma en er nú svona að hvika frá afstöðu sinni, fær ekki stuðning með það verkefni sitt hjá bresku þjóðinni. Svo virðist vera, ef marka má kannanir, að Blair forsætisráðherra muni vinna þriðju kosningarnar í röð í framhaldi af afskiptum sínum af þessu stríði.

Íslensk stjórnvöld tóku afstöðu opinskátt tveimur mánuðum fyrir kosningar, hún var mikið rædd í kosningabaráttunni og ríkisstjórnin hélt velli. Á öllum þessum svæðum þar sem þjóðin hefur talað hafa stjórnvöldin haldið velli. Þeir sem trúa á lýðræðið og lýðræðislega afstöðu kjósendanna í landinu ættu að hugleiða þessar niðurstöður.

[14:58]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Úrslit kosninga hér og þar í heiminum breyta ekki sannleikanum eða staðreyndunum í þessu máli. Það verður hæstv. utanríkisráðherra að sætta sig við. Hver svo sem úrslitin eru í kosningunum í Bandaríkjunum, Bretlandi eða Ástralíu tala staðreyndirnar sínu máli hvað varðar gereyðingarvopnin í Írak. Það voru engin gereyðingarvopn í Írak og fölsunum var nánast beitt til að fara í þetta stríð.

Ef við tölum samt um kosningar voru líka kosningar á Spáni og þar var nú einn aðalhvatamaðurinn að því að fara í þetta stríð, félagi hæstv. utanríkisráðherra hvað það varðar, og hann fór hrikalega illa út úr þeim kosningum. Við skulum minnast þess líka og halda því til haga hér.

[14:59]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að játa að það má segja að um mig hafi farið við að heyra ræðu hæstv. utanríkisráðherra. Í gegnum huga minn fóru ótal hugsanir og í gegnum hjartað tilfinningar sem bentu til þess að við tvö, ég og hæstv. ráðherrann, lifum ekki í sama heimi.

Í mínum heimi geisar mjög alvarlegt stríð í Írak og í Palestínu sem sér ekki fyrir endann á, stríð þar sem tugþúsundir óbreyttra borgara hafa látið lífið. Í mínum heimi ríkir hnattvæðing stórfyrirtækjanna og ráðamenn eru haldnir veruleikafirringu. Í mínum heimi er himinn og haf á milli vestræns lýðræðis og stjórnarfarsins sem komið hefur verið á með vopnavaldi í Afganistan. Í mínum heimi hafa stórfyrirtæki og gróðaöfl raunar grafið svo undan því sem við höfum til þessa kallað vestrænt lýðræði að það er að verða að skrumskælingu. Og í mínum heimi er fólk orðið hrætt við að segja skoðanir sínar ef þær fara gegn stefnu ríkjandi stjórnvalda af ótta við það að það missi vinnuna eða að því verði refsað á annan hátt. Í mínum heimi, herra forseti, kemur fólk saman á alþjóðlegum ráðstefnum, tugþúsundum saman, jafnvel hundruðum þúsunda saman, og reynir að benda ráðamönnum og þjóðum heimsins á það hvers konar villigötur ráðamenn hafa leitt okkur inn á.

Fyrir nokkrum vikum var haldin í London mikil stefna, European Social Forum. Þangað mættu 20 þús. manns til að láta í ljósi áhyggjur sínar af stríðsrekstri og neikvæðum áhrifum hnattvæðingarinnar, áhyggjur sínar af stöðu lýðræðis í veröldinni og áhyggjur af því að stórfyrirtækin eru að verða æ valdameiri og að ítök þeirra í ríkisstjórnum þjóðríkja eru sífellt að aukast.

Árlega er svo haldin enn stærri stefna, World Social Forum, þar sem 100 þús. manns mæta til að ræða framtíð veraldarinnar, fólk sem hvetur til þess að við höngum ekki föst í fortíðinni heldur aðgætum ástandið eins og það er og horfum til framtíðar með það að markmiði að skapa öðruvísi heim.

Ár eftir ár hafa einstaklingar og félagasamtök reynt að vekja athygli heimsbyggðarinnar á tengslum þessara þátta sem ég rakti áðan, stríðs og hnattvæðingar, lýðræðisþróunar og valds stórfyrirtækja, hvernig stórfyrirtækin hafa beina hagsmuni af stríðsrekstrinum, hvernig val þjóðþinganna og lýðræðislega kjörinna ríkisstjórna minnkar stöðugt. Svona mætti áfram telja og þetta eru ekki bara einhverjar saklausar vangaveltur, þetta eru áþreifanleg vandamál.

Eða hver þekkir ekki hagsmuni stórfyrirtækja á borð við Halliburton og Becktel í Írak? Já, þess sama Becktels og er um þessar mundir að reisa 1.500–1.800 manna starfsmannaþorp á Reyðarfirði sem farandverkamennirnir eiga að búa í, þeir sem fyrirtækið ræður á lágmarkslaunum til þess að reisa álver á Reyðarfirði fyrir annað stórfyrirtæki, stórfyrirtækið Alcoa. Ekki er þessi veruleiki svo fjarlægur okkur Íslendingum.

Angi ofurvalds stórfyrirtækjanna er einnig sýnilegur í olíusvindlinu sem hér er nú verið að upplýsa og í auknu umfangi og valdi banka og fjármálafyrirtækja hér upp á síðkastið. Það skyldi þó ekki styttast í að tengsl íslenskra stjórnmálaflokka og íslenskra stórfyrirtækja verði afhjúpuð?

Virðulegi forseti. Þetta er að gerast í mínum heimi og ég hef af því verulegar áhyggjur.

Í ræðu sinni gerði hæstv. utanríkisráðherra að umtalsefni öryggi og varnir lands og þjóðar, eins og hann kallar það. Þar er allt á sömu bókina lært. Öryggið er fólgið í því að hafa fjórar F-15 orrustuþotur staðsettar á Keflavíkurflugvelli og þyrlubjörgunarsveit. Að því er virðist er herinn u.þ.b. að tygja sig til brottfarar, kafbátaleitarvélarnar eru farnar, sjóherinn fækkar mönnum mjög hratt og á þessum tíma er þróunin í öryggis- og varnarmálum í veröldinni einmitt fólgin í fækkun herstöðva þeirra sem eru fastar og hafa fast aðsetur í löndum vítt og breitt. Ef marka má orð Alyson K. Bailes, forstjóra Friðarrannsóknastofnunarinnar í Stokkhólmi, í fréttum í gær munu Norðurlöndin þurfa á næstunni að velja á milli Evrópu og Bandaríkjanna í ýmsum málum, ekki síst í öryggis- og varnarmálum.

Samkvæmt því sem Alyson K. Bailes sagði eru dagar herstöðvarinnar á Miðnesheiði taldir. Samkvæmt því er það lítið annað en óskhyggja sem kemur fram í ræðu hæstv. utanríkisráðherra þegar hann segir að ekki sé til annar raunhæfur valkostur í öryggismálum okkar en þessi nána samvinna og kaup kaups á milli okkar og Atlantshafsbandalagsins.

Hæstv. utanríkisráðherra virðist þegar kominn í mikla tilvistarkreppu vegna þessarar umræðu og er nú á leiðinni að ræða við kollega sinn Colin Powell til að eyða óvissu, eins og hann orðaði það í ræðu sinni.

Að þessu leytinu lifi ég, friðarsinninn og herstöðvaandstæðingurinn, ekki í sama heimi og hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson.

Hæstv. forseti. Hæstv. utanríkisráðherra gerir að umtalsefni í ræðu sinni þróunarsamvinnuna og þátttöku okkar í þróunarsamvinnu á undanförnum árum. Hann segir frá því hvernig opinber framlög okkar til þróunarsamvinnu hafi næstum fjórfaldast síðasta áratuginn og hvernig ríkisstjórnin hafi sett sér það markmið að stighækka þessi framlög þannig að árið 2009 nái þau 0,35% af vergri landsframleiðslu.

En í hverju hefur þessi hækkun fjárframlaga verið fólgin, hvert hafa þessir fjármunir farið? Jú, fyrst og fremst í Íslensku friðargæsluna. Þróunarsamvinnan okkar, aukningin á fjármununum sem við höfum látið renna í aukna þróunarsamvinnu, hefur farið í Íslensku friðargæsluna.

Hvað er Íslenska friðargæslan? Fyrir skemmstu fór fram umræða um þessa íslensku friðargæslu hérna á Alþingi og álitamálið hvort Íslendingarnir sem sinna störfum friðargæsluliða í Afganistan, sem umræðan snerist um, séu í raun og veru hermenn. Í umræðunni sagði hæstv. utanríkisráðherra þessa félaga okkar, þessa friðargæsluliða okkar, hafa réttarstöðu hermanna gagnvart NATO og að þeir njóti sömu verndar og aðrir hermenn NATO. Hann svaraði því líka til að ekki þyrfti neina sérstaka lagastoð til að senda Íslendinga til útlanda í herþjónustu af þessu tagi, og í umræðu á opinberum vettvangi hefur verið tekið undir þau ummæli ráðherrans.

Hæstv. forseti. Ég spyr um hina siðferðilegu og pólitísku stoð og ábyrgð í þessu sambandi. Íslenskir friðargæsluliðar í Afganistan gegna störfum sínum undir merkjum NATO í hermannabúningum og með alvæpni. Það var einmitt NATO sem réðist inn í Afganistan á sínum tíma. Hvernig má það þá vera að hernámsliðinu í Afganistan skuli jafnframt hafa verið falin friðargæslan í Afganistan? Jú, sú ákvörðun var knúin fram af Bandaríkjamönnum í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna þar sem þeir koma ævinlega sínu fram. Það var sem sagt NATO sem hertók Afganistan með hersveitum sínum og það er NATO sem þykist vera að gæta friðar þar með þessum sömu hersveitum. Þetta er hæstv. utanríkisráðherra svona ljómandi ánægður með.

Í mínum augum er þetta ósiðlegt, virðulegi forseti, og okkur Íslendingum er til skammar að við skulum taka þátt í þessari vitleysu, heimsvaldastefnu Bandaríkjanna.

Í þessu sambandi langar mig að vitna í grein sem Einar Ólafsson, skáld, friðarsinni og herstöðvarandstæðingur, ritaði á heimasíðu sína fyrir skemmstu, en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Það er auðvitað með ólíkindum að Bandaríkin og NATO komist upp með það að ráðast inn í lönd og hernema þau, alla vega hluta þeirra, og kalla svo hernámsliðið friðargæslulið. Og það er með ólíkindum að íslenska utanríkisráðuneytið komist upp með að senda Íslendinga til þátttöku í þessum hernámsliðum með herforingjatitlum og öllu tilheyrandi og kalla þá friðargæsluliða.

Þetta er herlið og ekkert annað, hernámslið meira að segja og þar með innrásarlið, og við skulum bara horfast í augu við það, að Halldóri Ásgrímssyni hefur tekist að koma upp íslenskum her og ekki nóg með það, heldur hefur honum tekist að láta íslenskan her taka þátt í hernámi annarra landa í kjölfar innrása sem ekki standast alþjóðleg lög og sáttmála."

Ég tek undir þessi orð. Ég tek undir að það bendi allt til þess að við séum að koma okkur upp íslenskum her og ég tel þessa þróun alvarlega, svo ekki sé meira sagt. Ég tel þessa stríðstals sjá stað í þeirri ræðu sem hæstv. utanríkisráðherra flutti okkur hér í dag. Ég vara við því að ríkisstjórn Íslands haldi áfram að gæla við þetta stríð og þessi átök úti í heimi á þeim nótum sem íslensk yfirvöld hafa gert.

Auðvitað verður að harma það að fólkið sem starfar fyrir okkur í þessari íslensku friðargæslu skuli halda því fram að hún færi okkur dýrmæta reynslu og þekkingu sem eigi eftir að mynda þekkingargrunn fyrir ráðuneytið. Það eru hugleiðingar frá Arnóri Sigurjónssyni sem starfar fyrir Íslensku friðargæsluna, og hann vill meina að við eigum eftir að búa til einhvern brunn sem megi sækja í ómælda þekkingu. Ég spyr: Í hvað á að nota þekkinguna sem verður í þeim brunni sem verið er að safna í, þekkingu sem byggir á vopnaburði og hermennskutilburðum á vettvangi stríðs í fjarlægu landi?

Ég spyr hvort það geti verið að þarna sé komið að kjarna málsins. Kannski er það einmitt það að þekkinguna eigi að nota til að gera Íslendingum kleift að taka aukinn þátt í vörnum síns eigin lands, eins og starfshópur sem starfað hefur í utanríkisráðuneytinu frá 1999 taldi nauðsyn-

legt að unnið yrði að. Í skýrslu þess hóps segir, með leyfi forseta:

„Sjá verður til þess að mögulegt sé að nýta reynslu og þekkingu þeirra Íslendinga sem starfað hafa að friðargæslu á erlendum vettvangi í þágu varna landsins.“

Það er sem sagt verið að safna í sarpinn fyrir íslenska herinn sem allir vita að hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason hefur dreymt um að stofna. Það er ekki ólíklegt að ríkisstjórnin ætli að láta þetta íslenska herlið okkar leysa bandaríska herliðið frá störfum sem, eins og ég var að segja áðan, er náttúrlega að stórum hluta farið. Þetta hernaðarbrölt íslenskra stjórnvalda hefur ekki átt sér stað með neinni leynd, öðru nær. Við höfum getað lesið það á heimasíðum einstakra ráðherra að allt hafi verið gert fyrir opnum tjöldum, áætlanir sem hljóða upp á 50 friðargæsluliða árið 2006 og 740 millj. kr. árlegt framlag undir því yfirskini að verið sé að leggja þróunarlöndum lið. Eins og ég sagði áðan er nefnilega allt það fé sem íslenski herinn kostar bókfært sem þróunaraðstoð. Já, heyr á endemi, herra forseti.

Í niðurlagi ræðu minnar langar mig til að geta um það sem hv. þm. Mörður Árnason og Þórunn Sveinbjarnardóttir hafa rætt um á undan mér en það er ráðstefna Norðurskautsráðsins og skýrsla sú sem þar hefur verið lögð fram og hefur verið í fjölmiðlum hér að undanförnu. Ég tek undir þau orð hv. þingmanna sem lýsa áhyggjum af ástandinu og ég fagna því í sjálfu sér að það kveður við annan tón í ræðu hæstv. utanríkisráðherra varðandi þetta mál núna en gerði t.d. um áramótin 1997–1998 þegar hann gerði í áramótaræðu lítið úr þeim vísbendingum sem vísindamenn töldu þá vera á lofti. Hann vildi meina að verið væri að mála skrattann á vegginn og talaði um að skrattinn væri æðileiðigjarnt veggskraut. Hæstv. ráðherra er nú greinilega horfinn frá þeim tóni, hefur lesið sér betur til, er farinn að tala um sjálfbæra þróun í ræðum sínum og það er vel. Það er auðvitað vel þegar ráðamenn þjóðarinnar opna augu sín fyrir alvöru mála á borð við hlýnun lofthjúpsins og viðurkenna þær hættur sem það hefur mögulega í för með sér.

Á hinn bóginn þurfum við að standa saman um það, ekki að einblína á ástandið eða spárnar sem liggja í loftinu og menn hafa verið að gefa út í skýrsluformi, heldur verðum við auðvitað að búa okkur undir að takast á við afleiðingar þessara mála, afleiðingar þess að hlýnunin á Norðurskautssvæðinu verði um 4–7 gráður á næstu 100 árum. Afleiðingar þessa verða gífurlegar. Íslenskum stjórnvöldum ber skylda til að búa sig undir það af skynsemi að takast á við þær breytingar sem við horfum fram á.

Auðvitað eiga íslensk stjórnvöld að axla ábyrgð sína í þessum efnum. Það hafa þau ekki gert vegna þess að allt ofurkapp var lagt á það að fá undanþágu fyrir losun gróðurhúsalofttegunda fyrir Ísland á vettvangi loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Fjölda manns var haldið úti í sendinefndum fund eftir fund til þess að knýja fram ákvæði sem heimilaði Íslendingum losun umfram aðrar þjóðir, ekki bara 10% sem Kyoto-bókunin sjálf gaf okkur heldur 1,6 millj. tonna á ári umfram það.

Slík stefna íslenskra stjórnvalda er til skammar og ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Það er rétt að fara að vinda ofan af þeirri stefnu og skrúfa niður gegndarlausa stóriðjustefnu íslenskra stjórnvalda.

[15:14]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kallaði sjálfa sig friðarsinna og ég efast ekkert um að þingmaðurinn sé það. Vonandi hefur það hins vegar ekki falið í sér að gagnálykta mætti sem svo að aðrir væru það ekki. Ég er a.m.k. þeirrar skoðunar að Ísland hafi lagt sitt af mörkum til að skapa friðvænlegri heim með því að styðja afstöðu NATO og Sameinuðu þjóðanna í Kosovo, með því að styðja afstöðu NATO og Sameinuðu þjóðanna í Bosníu-Hersegóvínu, með því að styðja afstöðu NATO og Sameinuðu þjóðanna í Afganistan, með því að styðja afstöðu bandalagsríkjanna í Írak og nú þá afstöðu Sameinuðu þjóðanna að þar skuli vera herlið staðsett svo lengi sem Írakar óska eftir því sjálfir meðan þeir eru að koma á lýðræði í landinu.

Ég tel að afstaða þeirra sem kalla sig friðarsinna, sem ekkert af þessu vildu gera, geti ekki verið líkleg til þess að efla frið í heiminum. Ef ástandið væri enn þá eins og það var í Kosovo og Bosníu-Hersegóvínu áður en þessir aðilar gripu inn í, ástandið eins og það var í Afganistan áður en Sameinuðu þjóðirnar og NATO gripu inn í, ástandið eins og það var í Írak áður en bandalagsþjóðirnar gripu þar inn í væri ástandið verra. Þeir aðilar eru hinir sannkölluðu friðarsinnar sem þar eru á ferðinni.

Menn nota orð með ýmsum hætti. Chamberlain var kallaður friðarsinni en Winston Churchill var kallaður stríðsæsingamaður. Hvor skyldi hafa lagt meira af mörkum til friðar, Chamberlain friðarsinni eða stríðsæsingamaðurinn Winston Churchill?

[15:16]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hvernig hæstv. ráðherra nefnir í þessu andsvari sínu ævinlega Sameinuðu þjóðirnar og hernaðarbandalagið NATO í sama orðinu segir sína sögu. Það segir þá sögu að hernaðarbandalagið NATO hefur í gegnum Bandaríkin beitt óæskilegum áhrifum sínum í Sameinuðu þjóðunum. Þetta vita auðvitað allir. Bandaríkjamenn hafa beitt ofurvaldi sínu í öryggisráðinu, neitunarvaldi sem og annars konar valdi, til þess að knýja fram ályktanir sem hægt er að heimfæra síðan á þann hátt sem hæstv. utanríkisráðherra gerir, að Sameinuðu þjóðirnar standi við bakið á öllu þessu starfi hernaðarbandalagsins NATO.

Auðvitað er þetta óæskilegt og auðvitað er þetta ekki siðferðilega sterkt. Þetta er siðferðilega mjög veikt. Ef Sameinuðu þjóðirnar fengju að standa heilar að starfi sínu án áhrifa frá hernaðarbandalaginu NATO er ég sannfærð um að margt væri öðruvísi í þessum heimi. Ég er sannfærð um að afskipti Sameinuðu þjóðanna af friðarmálum í veröldinni væru þá önnur og á öðrum nótum en þau eru í dag. Ég er sannfærð um það að þau afskipti hefðu ekki það hernaðaryfirbragð sem þau hafa í dag.

Ég veit að innan Sameinuðu þjóðanna er sú umræða núna í fullum gangi hvernig hægt sé með einhverjum ráðum að gera Sameinuðu þjóðirnar trúverðugri á vettvangi friðargæslu og á vettvangi friðarmála. Auðvitað eiga friðargæsla og friðarmálin heima á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það verður þá að frábiðja sér skemmdarverk á borð við þau sem NATO hefur verið að stunda innan Sameinuðu

þjóðanna með Bandaríkin í broddi fylkingar.

[15:18]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þurfum ekki annað en að fara í gegnum söguna og þá áttum við okkur á því að Sameinuðu þjóðirnar voru að hluta til stofnaðar sem hernaðarbandalag. Þjóðabandalagið sem var við lýði milli stríðsáranna hafði skort þá möguleika að stilla til friðar með hernaði, með hernaðaríhlutun. Það var nákvæmlega það sem Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar til að gera umfram Þjóðabandalagið. Stóra aðgerðin og sú frægasta sem Sameinuðu þjóðirnar stóðu fyrir var Kóreustyrjöldin, þegar útþensla kommúnista var stöðvuð í Suður-Kóreu af herjum hinna Sameinuðu þjóða. Það voru Sameinuðu þjóðirnar sem ráku það stríð undir fána sínum þó að auðvitað kæmu margar þjóðir að, og ekki síst Bandaríkjamenn lögðu þar til herafla.

Á þessu varð sem sagt meginbreyting og menn gleyma því stundum. Stundum hentar að vera á móti Íraksstríðinu af því að Sameinuðu þjóðirnar báru ekki gæfu til þess að standa allar saman að lokum þrátt fyrir að ýmsar ályktanir væru samt til staðar.

Það er síðan ekki látið duga þegar Afganistan á í hlut að þar var farið fram undir merkjum Sameinuðu þjóðanna. Nú er starfsemin í Írak undir merkjum Sameinuðu þjóðanna að því leyti að þær hafa samþykkt með sérstakri ályktun að þar skuli vera her þar til réttkjörin stjórnvöld í Írak óska eftir breytingum á því.

[15:19]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér fróðlegt og áhugavert að rifja upp söguna í þessu sambandi og rifja upp þann tíma sem Sameinuðu þjóðirnar eru stofnaðar upp úr, og forvera Sameinuðu þjóðanna, Þjóðabandalgið. Auðvitað er ekki hægt að líkja þeim tíma sem við lifum á núna saman við þann tíma sem þá var. Þegar Sameinuðu þjóðirnar eru stofnaðar, upp úr síðari heimsstyrjöldinni, eru þær auðvitað stofnaðar til þess að viðhalda friði í veröldinni. Það er meginmarkmið Sameinuðu þjóðanna þó að á þeim tíma hafi ekki verið hægt að finna neina einfalda lausn á því hvernig hægt væri að gera það án þess að einhvern tíma þyrfti mögulega að beita einhvers konar hervaldi í þeim efnum.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þær samþykktir voru gerðar sem liggja til grundvallar stofnun Sameinuðu þjóðanna, og það veit hæstv. utanríkisráðherra alveg eins vel og ég að Sameinuðu þjóðirnar hafa af því baráttu, innri baráttu, vegna þess hvernig til hefur tekist. Stærstur hluti hinna Sameinuðu þjóða er óánægður með stríðsyfirbragð friðargæslunnar, það er bara staðreynd, og það er verið að reyna að finna lausnir. NATO auðveldar ekki að þær lausnir finnist, því miður.

Svo hagræða menn sögunni, nákvæmlega á þeim nótum sem hæstv. utanríkisráðherra gerir, búa til nýjar forsendur fyrir t.d. innrásinni í Írak, staglast á því hér í þessari umræðu að hún hafi verið gerð til þess að steypa af stóli ógnarstjórn Saddams Husseins. Það er bara beinlínis rangt, innrásin var gerð til að finna gereyðingarvopn sem voru ekki til, sem ríkisstjórnirnar sem stóðu að innrásinni eru búnar að viðurkenna að hafi ekki verið til og að ráðamennirnir hafi farið með fleipur þegar þeir héldu því fram að Írakar gætu innan örfárra mínútna gert kjarnorkuvopnaárás á Evrópu. Þetta eru staðreyndirnar í málinu og hæstv. utanríkisráðherra gerist sekur um að hagræða þeim.

NATO og Bandaríkin gerast líka sek um að hagræða staðreyndunum varðandi Sameinuðu þjóðirnar.

[15:22]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að koma hérna inn á mál sem eru örlítið reifuð í skýrslu hæstv. utanríkisráðherra, Evrópumálin og stöðu okkar gagnvart þeim. Ég tel að umræðan um aðild okkar að Evrópusambandinu sé eitt stærsta pólitíska viðfangsefni samtímans, og ég er alls ekki sátt og hef ekki verið sátt við afgreiðslu ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Mér hefur fundist hún ódýr. Það á að hafa málið í nefnd, það á ekki að sækja um aðild á þessu kjörtímabili, það á ekki að sækja um aðild fyrr en þá í fyrsta lagi eftir 2007 og það á að halda áfram að fylgjast með þróuninni.

Virðulegi forseti. Eins og ég segi er ég ekki sátt við þessa afgreiðslu vegna þess að hagsmunum Íslendinga væri betur borgið færum við inn í Evrópusambandið hið allra fyrsta. Hvers vegna segi ég þetta? Samfylkingin hefur á stefnuskrá sinni að sækja um aðild að Evrópusambandinu og leggja síðan samninginn undir atkvæði þjóðarinnar. Þar innan raða er vissulega fólk sem vill ganga mishratt til þeirra verka og það má kalla mig express-aðgangssinna. Hvers vegna er ég það? Það ætla ég að fá að reifa hér í örfáum atriðum á þessum mínútum sem ég hef.

Ég vil byrja á EES-samningnum. Það er enginn vafi á því að EES-samningurinn er það sem hefur undirbyggt þá velsæld sem við höfum búið við á Íslandi sl. áratug. Hæstv. fráfarandi utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, reifar þetta í skýrslu sinni frá 2000 þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Aðgangur að mörkuðum er greiðari, þátttaka í evrópskum samstarfsverkefnum, ekki síst á sviði rannsókna og þróunar, hefur skilað umtalsverðu fjármagni og þekkingu í íslenskt þjóðarbú og samræming leikreglna í atvinnulífi hefur leitt til aukins frjálsræðis og nútímalegri stjórnunarhátta. EES-samningurinn hefur án efa stuðlað verulega að þeim stöðugleika sem nú ríkir í íslensku efnahagslífi."

Þetta, virðulegi forseti, stendur í skýrslu utanríkisráðherra frá árinu 2000. Hún var að mörgu leyti ágæt og mjög gagnleg. Eins og fyrr segir tel ég að hagsmunum okkar til framtíðar og hagsmunum okkar Íslendinga verði betur borgið með því að ganga í Evrópusambandið. Eins og staðan er nú er gríðarlegur lýðræðishalli á þessum EES-samningi sem við erum aðilar að. Það má í rauninni segja að í gegnum hann séum við aukaaðilar að Evrópusambandinu vegna þess að við tökum við um 70–80% af öllum lagagerðum Evrópusambandsins. Í gegnum EES þurfum við að taka við allri löggjöf um innri markaðinn.

Þarna tel ég að sé gríðarlegur lýðræðishalli í gangi. Við höfum mjög takmarkaðan aðgang að ákvarðanatökuferlinu og framkvæmd EES-samningsins hefur líka breyst töluvert á þessum tíma, þessum 10 árum sem við höfum verið aðilar að EES. Uppbygging Evrópusambandsins hefur sömuleiðis

breyst mjög mikið, frá því að vera þar sem vægi framkvæmdastjórnarinnar var mest fyrir 10 árum yfir í það að nú er vægi Evrópuþings og ráðherraráðsins orðið mun meira. Í gegnum EES-samninginn höfum við mestan aðgang að framkvæmdastjórninni.

Það segir sig sjálft, virðulegi forseti, að þetta hlýtur að valda ákveðnum lýðræðishalla og gera okkur erfitt fyrir í því samstarfi að koma sjónarmiðum okkar að. EES-samningurinn hefur ekki fylgt eftir þeim breytingum sem hafa orðið á starfsemi Evrópusambandsins og þess vegna hefur gjáin á milli Evrópusambandsins og EES breikkað töluvert.

Fræðimenn hafa meira að segja orðað þetta svo að við fáum reglugerðirnar sendar, þær komi einfaldlega í pósti. Þetta er tiltölulega harkalega til orða tekið en að mörgu leyti rétt. Þetta er aðvörun eða athugasemd sem okkur ber að hlusta á.

Aðrir fræðimenn hafa líka bent á það að borgarar Evrópusambandsins hafi margvíslegar leiðir til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sem við íslenskir ríkisborgarar höfum ekki þegar kemur að stofnunum Evrópusambandsins. Þær byggja auðvitað eins og allir vita á fjölþættu samráði við sérfræðinga, stjórnmálamenn og hagsmunaaðila í aðildarríkjunum.

Ég kom inn á það áðan í andsvari og lagði líka fram í fyrra þingsályktunartillögu um það að gerð yrði úttekt á framkvæmd EES-samningsins. Slík úttekt eða slík könnun var gerð á vegum utanríkisráðuneytisins og henni skilað í nefndaráliti þann 6. júlí 1992. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu að samningurinn rúmaðist innan valdheimilda 21. gr. stjórnarskrárinnar en að ekki væri loku fyrir það skotið að þróun samningsins yrði á þann veg að það mat breyttist. Nú, 10 árum síðar, er nokkuð ljóst að breytingarnar sem hafa orðið á skipulagningu innan Evrópusambandsins valda því að þarna er kominn stór efi. Ég leyfi mér að fullyrða að þessir ágætu fræðimenn mundu komast að annarri niðurstöðu í dag en að þetta rúmaðist innan 21. gr. stjórnarskrárinnar.

Virðulegi forseti. Kostir aðildar eru fjölmargir og ég ætla að fá að nefna þó nokkra þeirra. Mig langar í fyrsta lagi að nefna að auðvitað er það kostur að Íslendingar fengju fullan aðgang að innri mörkuðum aðildarríkjanna og þá fulla niðurfellingu tolla á öllum sjávarafurðum sem við flytjum til aðildarríkjanna. Sú er ekki staðreyndin í dag.

Þá finnst mér það kostur við inngöngu í Evrópusambandið að íslenskir námsmenn fengju aukin tækifæri og sætu við sama borð og evrópskir námsmenn við inngöngu í skóla innan aðildarríkjanna, t.d. í Bretlandi.

Þá fyndist mér það einnig kostur við inngöngu í Evrópusambandið að Íslendingar yrðu hluti af stærstu viðskiptablokk í heimi með þeim viðskiptasamningum sem fylgja.

Samkeppni á heimamarkaði mundi stóraukast og kjör neytenda þannig batna. Það má nefna að komið hefur fram í úttektum að matvælaverð í þeim aðildarríkjum, t.d. hjá þeim norrænu ríkjum sem hafa gengið í Evrópusambandið, hefur lækkað um tugi prósentna við inngöngu.

Fleiri atriði mætti tína til, ég tala ekki um ef við gengjum í Myntbandalagið sem ég tel að yrði ótvírætt kostur fyrir íslenskt efnahagslíf og mundi skapa hér stöðugleika.

Helsta bitbein okkar í umræðunni um aðild að Evrópusambandinu er sjávarútvegurinn. Það er ekkert skrýtið vegna þess að þar er um grundvallarhagsmuni fyrir íslenska þjóð að ræða. Það er því ekki undarlegt að við stöldrum við sjávarútveginn í umræðunni um aðild að Evrópusambandinu. Sjávarútvegurinn færir okkur um 40% af gjaldeyristekjum landsins og er um 12% af landsframleiðslunni. 10% vinnuaflsins starfar í sjávarútvegi auk þess sem rúm 60% af öllum okkar útflutningi koma úr sjávarútvegi. Sjávarútvegur er ekki nema um 1% af landsframleiðslu innan ríkja Evrópusambandsins og 0,6% vinnuaflsins þar starfar við sjávarútveg. Það er augljóst að hér er gríðarlegur munur á og miklir hagsmunir í húfi fyrir okkur miðað við litla hagsmuni Evrópusambandsins.

Hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, kom inn á mjög athyglisverðan þátt í Berlínarræðu sem hann flutti sem utanríkisráðherra í mars 2002 þar sem hann kom með tillögu að lausn á þessu atriði, sjávarútveginum, færi svo að við sæktum um aðild að Evrópusambandinu. Þar lagði hann fram athyglisverða hugmynd sem gæti tryggt stjórn okkar yfir fiskimiðunum til frambúðar ef af aðild yrði. Hann sagði í stuttu máli að vegna legu landsins og veiðireynslu gæti efnahagslögsagan í kringum Ísland verið skilgreind sem sérstakt stjórnsýslusvæði undir stjórn Íslendinga. Þessi hugmynd er mjög góð og að mörgu leyti raunhæf þar sem hún kemur vel heim og saman við reglur Evrópusambandsins, svo sem regluna um hlutfallslegan stöðugleika sem er einn af hornsteinum sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Reglan gengur út á að ríki fái í sinn hlut veiðiheimildir í réttu hlutfalli við veiðireynslu ákveðinna ára. Önnur ríki hafa ekki fiskað svo neinu nemur í íslenskri lögsögu í tvo áratugi og því sætum við ein að fiskveiðum hér samkvæmt þeirri reglu.

Þá er ekki síður vert að nefna nálægðarregluna en hún skiptir okkur miklu máli í þessu sambandi. Reglan felur í sér að reynt er að leysa öll mál á lægsta mögulega stjórnsýslustigi. Þannig hefur t.d. eftirlit með fiskveiðum, úthlutun kvóta, verndaraðgerðir og fleira verið fært til einstakra ríkja.

Reglan um það hve háð svæði eru fiskveiðum skiptir okkur einnig gríðarlegu máli. Þá er tekið sérstakt tillit til svæða sem eru mjög háð fiskveiðum. Hjá ríkjum Evrópusambandsins er í langflestum tilvikum um svæðisbundna hagsmuni að ræða en hér á Íslandi er engum vafa undirorpið að um þjóðarhagsmuni og grundvallarhagsmuni er að ræða. Þessi regla mundi því geta átt við um alla efnahagslögsöguna.

Þegar Norðmenn gerðu samning árið 1994 var tekið sérstakt tillit til þeirra svæða sem háð eru fiskveiðum hjá þeim. Þar er einungis um svæðisbundna hagsmuni að ræða. En svo við berum aðstæður þeirra saman við okkar þá eru einungis um 7% af útflutningi þeirra sjávarafurðir en rúm 60% okkar útflutnings. Hagsmunir þjóðanna eru því gríðarlega ólíkir.

Ég vildi koma inn á þetta en þar sem tími minn er að verða búinn þá tel ég að við eigum raunhæfa möguleika á að halda fullum yfirráðum yfir fiskimiðunum gengjum við til aðildarviðræðna við Evrópusambandið þannig að engar undanþágur séu nauðsynlegar. Við eigum ekki einu sinni að

hugsa í þá átt að við þurfum undanþágur. Eins og ég nefndi áðan þá kom fram í hinni ágætu Berlínarræðu fyrrverandi utanríkisráðherra, núverandi hæstv. forsætisráðherra, góð lausn á þessu máli og raunhæft samningsmarkmið fyrir okkur Íslendinga.

Það getur allt gerst í samningaviðræðum við Evrópusambandið og fyrir því eru fordæmi sem standa okkur nærri, þ.e. aðildarviðræður Finna og Svía þar sem þeir höfðu mikla hagsmuni í landbúnaði og fengu skilgreindan sérstakan heimskautalandbúnað í þeim aðildarviðræðum. Þá varð til heimskautalandbúnaður sem lýtur öðrum lögmálum en landbúnaðarstefna Evrópusambandsins. Þær reglur gilda fyrir landbúnað fyrir ofan 62. breiddargráðu þannig að við höfum fordæmi fyrir því að sérstök svæði séu búin til og ég tel okkur hafa töluvert með okkur í þeim efnum.

Ég sagði áðan að ég væri eins konar express-aðildarsinni að Evrópusambandinu af því að ég tel að spurningin sé ekki um hvort heldur hvenær við sækjum um og förum þar inn. Ég tel gríðarlega mikilvægt að við förum inn á undan Norðmönnum. Ástæðan fyrir því að ég segi þetta er sú að ef Norðmenn fara inn er EES-samningurinn fallinn um sjálfan sig. Þeir bera hann uppi bæði fjárhagslega og félagslega. Sömuleiðis tel ég að ef Norðmenn ganga á undan okkur til samningaviðræðna við Evrópusambandið um sjávarútvegsmál til að fá aðlaganir eða annað þá yrði það byggt á svæðisbundnum hagsmunum, eins og ég kom inn á áðan, en ekki á þjóðarhagsmunum eða grundvallarhagsmunum heldur á svæðisbundnum hagsmunum. Ég tel að það gæti ekki gert okkur gott. Ég tel mikilvægt fyrir okkur að fara inn á undan til að tryggja markmið okkar hvað sjávarútveginn varðar innan Evrópusambandsins.

Ég sé að ég á 30 sekúndur eftir og ætla aðeins að stökkva örstutt yfir í annað mál. Mig langar að taka undir með félaga mínum Þórunni Sveinbjarnardóttur sem skrifaði ágæta grein í vikunni um að hún teldi rétt að við veittum Bobby Fischer pólitískt hæli. Ég hvet ríkisstjórnina til að lesa þá grein og verða við ósk þess ágæta manns.

[15:37]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að byrja á því að hrósa hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur fyrir að vera a.m.k. heiðarleg varðandi skoðun sína á Evrópusambandinu. Hún er sannkristinn Evrópusinni og vill ganga hratt inn í Evrópusambandið. En ég hlýt að gera athugasemdir við ýmislegt sem fram kom í ræðu hennar varðandi það samband og kosti þess.

Hún hélt því t.d. fram, sem Evrópusinnar hafa reyndar gert svo árum skiptir, að við Íslendingar innleiddum í kringum 70–80% af öllum gerðum Evrópusambandsins í íslenskan rétt. Ég leyfi mér að efast um það og vísa til þess að Norðmenn, sem eru í nákvæmlega sömu stöðu og við, hafa ekki innleitt nema um 18% af gerðum Evrópusambandsins í sinn landsrétt. Þetta kom fram í svari utanríkisráðherra Noregs á norska Stórþinginu síðasta vor, í svari við fyrirspurn frá þingmanni þar um. Ég vil því leyfa mér að halda því fram að þær tölur sem þingmaðurinn heldur hér fram séuýktar.

Mig langar einnig til að spyrja háttvirtan þingmann, vegna þess að Evrópusambandið hefur verið að stækka á síðustu missirum og tekið inn ný ríki: Telur þingmaðurinn virkilega hyggilegt á þessu stigi málsins að ganga beint inn í Evrópusambandið? Væri ekki skynsamlegra að sjá hver reynslan verður af þessari stækkun og hvað hún þýðir?

Hið sama gildir um stjórnarskrárdrög ESB. Þau liggja fyrir og óvíst hvort þau verða samþykkt í þeirri mynd sem þau eru og hafa verið lögð fram. Væri ekki skynsamlegra að sjá fyrst hver þróunin varðandi stjórnarskrána og reynsluna af stækkuninni verður áður en við beinlínis sækjum um aðild eins og háttvirtur þingmaður vill gera?

[15:39]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi prósentutölurnar sem ég nefndi þá hef ég þær eftir fræðimönnum á sviði Evrópumála sem farið hafa yfir þetta, hvað við erum að taka inn. Það er ekkert skrýtið að það sé munur á milli okkar og Norðmanna. Við erum með ólíka samsetningu atvinnuvega o.s.frv. og það þarf ekki að vera undarlegt.

En varðandi spurningar háttvirts þingmanns til mín um hvort ég telji skynsamlegt að ganga inn í Evrópusambandið og hvort við ættum ekki að sitja og bíða og sjá hvernig stjórnarskrármálið fer og hvernig stækkunarmálið fer, þá er ég honum algerlega ósammála um það. Það er mín einlæga skoðun að við fengjum meira út úr því að taka þátt í þessu ferli með öðrum Evrópusambandsríkjum. Við eigum að vera fullir þátttakendur í þessu ferli sem fullvalda ríki vegna þess að að sjálfsögðu samanstendur Evrópusambandið af fullvalda ríkjum sem koma að samningaborði og fjalla um innri markað og þau mál sem uppi á borði eru.

Evrópusambandið hefur verið að breytast töluvert á undanförnum árum og ég tel að breytingarnar séu til góðs. Samstarfsflötunum hefur fjölgað, sem er jákvætt, og samstarfið orðið þéttara. En að sama skapi og á sama tíma fer ekki á milli mála að þjóðirnar, hver og ein, hafa haldið sérkennum sínum. Við höfum séð þetta. Margir töldu að þegar aðildarríki Evrópusambandsins tækju upp evruna þá yrði bara til eitt ríki sem væri í raun orðið samræmdara heldur en Bandaríkin. En er einhver hér sem efast um að t.d. Spánn sé fullvalda ríki eða Ítalía? Hafa þessi lönd ekki enn þá haldið sérkennum sínum? Ég er algerlega ósammála háttvirtum þingmanni í þessum efnum.

[15:41]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé fullseint í rassinn gripið að við Íslendingar, sem hugsanlegir aðilar að Evrópusambandinu í framtíðinni, tökum þátt í stækkunarferlinu vegna þess að það er um garð gengið. (**Gripið fram í:** Nei.) Það verður það a.m.k. ef við mundum ganga inn í Evrópusambandið. Slík innganga gerist ekki á einni nóttu. Það sama má segja um stjórnarskrá Evrópusambandsins. Það verður væntanlega búið að samþykkja hana áður en við gætum nokkurn tíma gengið inn í Evrópusambandið.

Þingmaðurinn nefndi einnig í ræðu sinni að hún teldi hagsmunum Íslendinga best borgið innan ESB og fiskveiðistjórnarkerfi sambandsins skipti þar engu. Ég leyfi mér að

efast um það og ég leyfi mér líka að efast um að við Íslendingar fengjum nokkurn tíma einhverjar undanþágur frá hinu sameiginlega fiskveiðistjórnarkerfi. Fyrir því nefni ég þrjár ástæður. Í fyrsta lagi, af því að þingmaðurinn nefnir fræðimenn, hefur nýjasta úttektin sem gerð hefur verið á möguleikum okkar á undanþágum frá fiskveiðistefnu Evrópusambandsins leitt í ljós að það er afar ólíklegt að slíkar undanþágur yrðu veittar. Ég vísa þar til skýrslu Stefáns Más Stefánssonar, prófessors í Evrópurétti, og Óttars Pálssonar lögmanns þar um.

Ég get líka nefnt að ég var staddur á fundi á þingmannaráðstefnu EFTA-ríkjanna í Sviss fyrr á þessu ári. Þar fékk ég tækifæri til að spyrja Franz Fischler, framkvæmdastjóra landbúnaðarmála og þar á meðal sjávarútvegsmála í Evrópusambandinu, að því hvort einhver möguleiki væri á því að Íslendingar fengju slíka undanþágu. Hann aftók það gersamlega. Hann taldi engar líkur á því að undanþágur yrðu veittar og við yrðum að taka upp þær reglur sem Evrópusambandið setur á þessu sviði.

Í þriðja lagi nefni ég að setja á ákvæði um hina sameiginlegu fiskveiðistjórn í stjórnarskrá ESB. Það er þannig með stjórnarskrár og ákvæði þeirra að menn geta ekki pillað það út úr stjórnarskrám sem þeim líkar en sleppt hinu. Það gildir bæði um stjórnarskrá ESB og stjórnarskrá okkar lýðveldis.

[15:43]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður hefur illa hlustað á ræðu mína eða kosið að heyra vitlaust það sem ég sagði. Ég sagði að við þyrftum ekki undanþágu frá fiskveiðistjórnarkerfinu, við þyrftum ekki undanþágu við aðildarviðræður. Ég sagði: Fordæmin eru til, þau eru til í aðildarviðræðum Svíþjóðar og Finnlands við Evrópusambandið þegar skilgreint var að fyrir ofan 62. breiddargráðu ætti að vera skilgreindur sérstakur heimskautalandbúnaður sem lyti öðrum reglum en í landbúnaðarstefnunni almennt.

Ég nefndi einnig að sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins gengur út á sameiginlega fiskstofna, hún gengur út á sameiginlega efnahagslögsögu og sameiginlega fiskstofna. Íslensk efnahagslögsaga liggur ekki að efnahagslögsögu Evrópusambandsins. Við eigum ekki sameiginlega fiskstofna nema einstaka flökkustofna og um þá er þegar samið. Ég sé því ekki að sjávarútvegurinn verði sá akkillesarhæll sem menn hafa gjarnan talið. Ég þykist greina það hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að hann sé sammála ríkisstjórninni um að „sitja-hjá-pólitíkin" í þessum efnum sé málið (Gripið fram í.) og við eigum að sitja og fylgjast með nokkur ár í viðbót (Gripið fram í.) eða standa fyrir utan. En ég er algerlega ósammála því.

Ég sagði í ræðu minni áðan að þessi „sitja-hjá-pólitík" muni fara illa með okkur á endanum vegna þess að við verðum að fara inn á undan Norðmönnum til að tryggja hagsmuni okkar innan Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum.

[15:46]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Fram kom hjá hv. þingmanni að hann væri einlægur Evrópusinni en einnig kom fram að sjávarútvegurinn væri mjög mikilvægur og ég get tekið heils hugar undir það.

Mig langar að fá svar við eftirfarandi spurningu. Ef við fáum ekki undanþágu eða sjálfsstjórn í þessum málum, fiskveiðistjórninni, mun þá þingmaðurinn enn þá vera á því að ganga inn í Evrópusambandið? Er það forsenda fyrir því að ganga inn í Evrópusambandið að fá þessa undanþágu eða sjálfsstjórn sem um var rætt? Mér leikur forvitni á að fá það svar, sérstaklega í ljósi þess að ég hef heimsótt fiskveiði- og útvegsbæi í Bretlandi, Danmörku og á Írlandi og séð afraksturinn af fiskveiðistefnu Evrópusambandsins. Hvað sem segja má um fiskveiðistjórn Íslendinga sem er afar slæm, mjög slæm og árangurslítil, þá er árangur Evrópusambandsins jafnvel ívið verri. Þess vegna væri forvitnilegt að fá að heyra hvort forsendan fyrir inngöngunni sé sú að fá undanþágu frá fiskveiðistjórninni eða einhverja ákveðna sjálfsstjórn.

[15:47]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Aftur, ég var ekki að tala um undanþágur. Þetta snýst ekki um undanþágur. Þetta snýst um að fá að halda yfirráðum yfir íslensku efnahagslögsögunni sem liggur ekki að efnahagslögsögu Evrópusambandsins. (**SigurjÞ:** En ef það fæst ekki?) Ef það fæst ekki — ég vil koma aðeins inn á að það er regla hjá Evrópusambandinu að ganga ekki gegn grundvallarhagsmunum aðildarríkja sinna og sjávarútvegurinn er svo sannarlega grundvallarhagsmunir fyrir okkur Íslendinga. Það er enginn hagur í því fyrir Evrópusambandið að hirða af okkur fiskimiðin og kippa fótunum þannig undan okkur og gera okkur háð styrkjakerfi sínu, einhver eyja úti í Atlantshafi. Ég trúi því ekki og ég tel og vil ekki taka þátt í svona úrtölum fyrr en það er fullreynt.

Ég tel að við höfum góða möguleika á þessu og við skulum ræða það þegar og ef að því kemur. Ef ekki verður af þessu er ég sammála því að ég þarf auðvitað eins og aðrir Evrópusinnar að taka afstöðu mína algerlega til gagngerðrar endurskoðunar. En fram að þeim degi mun ég ganga með þá trú í brjósti að af þessu verði en verði það ekki þarf ég að taka alla mína afstöðu gagnvart Evrópusambandinu til athugunar.

Það er alveg hárrétt sem hv. þingmaður sagði að árangur Evrópusambandsins í fiskveiðistjórnarmálum er að mörgu leyti afleitur og er alls ekki til fyrirmyndar. Það má líka nefna t.d. eftirlitskerfi þeirra og annað sem ekki er gott. Þess vegna legg ég svona þunga áherslu á að við séum með sterk samningsmarkmið í sjávarútvegsmálum og höldum því til streitu þegar við göngum til aðildarviðræðna að það er okkar stærsta hagsmunamál að halda fullum yfirráðum yfir auðlindinni.

[15:49]

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir fyrstu skýrslu sem hann flytur sem utanríkisráðherra. Við fyrsta lestur hennar fannst mér hún ansi mjúk og erfitt var að koma auga á einhver misindisverk. Við annan lestur

kvað hins vegar við annan tón. Maður vaknaði við lesturinn og áttaði sig á að þetta er í raun og veru ekkert annað en afbakað afrit af síðustu ræðu forvera núverandi utanríkisráðherra. En hvað um það. Við erum hérna að tala um verk forverans og sennilega nokkur upphafsverk núverandi hæstv. utanríkisráðherra.

Við í Frjálslynda flokknum erum enn ekki á nokkurn hátt sátt við að land okkar skuli hafa verið dregið inn í hóp hinna staðföstu þjóða með Bandaríkjamönnum og Bretum í fararbroddi þegar innrásin í Írak var ákveðin fyrir tveimur árum. Hvað hefur gerst síðan þá? Nokkuð var tæpt á því í síðustu skýrslu en í skýrslunni núna er m.a. að finna það að bráðabirgðastjórn Íraks hefur nú þegar völd þar. En enn eru Bandaríkjamenn í Írak eða öllu heldur fjölþjóðaherinn margumræddi og látið líta út eins og allt sé í sómanum. Það er það kannski en miðað við orðlag í skýrslunni í samanburði við fréttir fjölmiðlanna á ég erfitt með að átta mig á hvað hefur áunnist með endurreisnarstarfinu í Írak. Hvernig er hægt að vinna endurreisnarstarf ef vilji íbúa landsins til þess er ekki sá sami?

Fjölmiðlar flytja okkur sífellt fréttir af ástandinu í Írak. Þar er ekki allt í sómanum. Bandaríkjamenn fremstir í flokki tröllríða samfélaginu með sprengjum, vopnum og pyntingum á föngum og þeir segja þetta nauðsynlegt. Það er þeim sjálfum nauðsynlegt að ljúka ætlunarverki sínu, nefnilega að kúga heila þjóð og eftir sitjum við Íslendingar með þeim í flokki sem ég held að meiri hluti landsmanna vilji engan veginn kenna sig við.

Fólkinu í Írak líður illa. Það mun taka heila kynslóð að uppræta stríðsklúður Bandaríkjamanna sem við erum aðilar að. Já, við erum sek. Verðum við Íslendingar í bráðralagi með Bandaríkjamönnum til eilífðar? Ég spyr hæstv. utanríkisráðherra hvort engin leið sé til að við segjum okkur úr bandalagi hinna staðföstu þjóða og leggjum okkar af mörkum til endurreisnarstarfs Íraks án vopnalags eins og nú er. Saddam Hussein er úr leik og það var ein af forsendum þess að við vorum með. Það verk er búið. Hin forsendan var hins vegar sú að grunsemdir voru um að gereyðingarvopn væri að finna í Írak. Gereyðingarvopn hafa ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit þannig að ekki eru lengur forsendur fyrir áframhaldandi setu Íslands í flokki hinna staðföstu þjóða.

Mannúð er alltaf af því góða og á að vera það. Ég er virkilega ánægð með að sjá að við Íslendingar tökum þátt í hvers konar mannúðarstarfi á alheimsvísu. Hjálpum þjóðum að koma sér á réttan kjöl eftir hamfarir og stríðsógnir. Friðargæsla telst til mannúðarstarfa en allur ljómi af henni fellur þegar vopn eru notuð. Ég tel friðargæslu með vopnalagi ekki til neinna mannúðarmála og vil gjarnan fá svör frá hæstv. utanríkisráðherra um til hvaða mannúðarstarfa hann vísar í skýrslunni en þar er bara ekki átt við friðargæslu með vopnalagi.

Hvað hafa íslensk stjórnvöld látið til sín taka í sambandi við harmleikinn í Darfúr í Súdan? Þarna voru framin einhver mestu níðingsverk sem komast samt ekki enn á þann stall sem pyntingar Bandaríkjamanna á föngum í Írak eru.

Ástandið fyrir botni Miðjarðarhafsins hefur verið nefnt í nánast hverri skýrslu utanríkisráðherra. Þetta er mál sem heimurinn fylgist með og enn er barist. Átökin stigmagnast frá degi til dags og enginn munur þar á.

Núna þegar baráttumaðurinn fyrir frelsi Palestínu, Yasser Arafat, leiðtogi Palestínumanna, er allur hvernig verður þá ástandið? Því getur hvorki utanríkisráðherra né ég svarað. En það er víst að mikið þarf til að komið sé skikki á hlutina í þeim heimshuta. Kannski utanríkisráðherra hafi í það minnsta einhverjar tillögur þar að lútandi. Það væri fróðlegt að sjá þær.

Frjálslyndi flokkurinn hefur löngum talað fyrir almennum sparnaðaraðgerðum í utanríkisþjónustu og vil ég því sérstaklega vísa til reksturs sendiráða Íslands víða um heim. Ég verð að leyfa mér að nota orðið bruðl í því sambandi. Það sannfærir mig og flokk minn engan veginn að verið sé að ausa fé í utanríkisþjónustuna á sama tíma og aðrar þjóðir eru að draga saman seglin í sendiráðsrekstri sínum. Bretar hafa t.d. lokað nokkrum sendiráðum sínum og hafa uppi áætlanir um að loka fleirum. Með hagkvæmnina að leiðarljósi trúa þeir því að fjármunum sé betur varið í öðru rekstrarformi en dýrri umgjörð sendiráða. Stór hluti af þessari ákvörðun þeirra er tekin í ljósi þeirrra ógna sem steðja að þeim varðandi hryðjuverk. Það var mér því mikilvægt að lesa lokaorð hæstv. utanríkisráðherra í skýrslu hans. Þar kveðst hann ætla að meta fjölda starfsmanna, staðsetningu sendiskrifstofa og framlög til verkefna erlendis á grundvelli íslenskra hagsmuna á hverjum tíma og með mestu mögulega hagræðingu í huga.

Ég tek heils hugar undir með hæstv. utanríkisráðherra að hann hugi að almennri hagræðingu í sendiráðsrekstri í framtíðinni og leggi þar með skýra stefnumörkun í þau mál á næstunni. Jafnframt því langar mig til að spyrja utanríkisráðherra nánar út í það hvort eitthvað hafi verið ákveðið eða jafnvel áætlað í þessum efnum nú þegar.

Virðulegi forseti. Mörg orð hafa verið látin falla um skýrslu hæstv. utanríkisráðherra í dag en fyrst og fremst vil ég nota tækifærið nú í lokin til að óska hæstv. utanríkisráðherra velfarnaðar í núverandi starfi sínu og vona að hann verði fastur fyrir eins og hans er von og vísa. Utanríkismál hafa löngum legið undir gagnrýni og þurfa því mjög markvisst aðhald af valdhöfum sínum. Ég treysti því að hæstv. utanríkisráðherra taki aðhaldið föstum tökum.

[15:59]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil færa hv. þingmanni þakkir fyrir málefnalega ræðu hennar sem hún flutti um utanríkismál og eftir því sem við á góð orð í minn garð. Auðvitað er það svo varðandi málaflokk eins og utanríkismál að menn geta deilt um einstök efnisatriði og útfærslu í þeim efnum en þó er mikilvægt að nokkur sátt ríki innan þings og meðal þjóðarinnar um það sem menn eru að gera.

Við heyrum öðru hverju talað um að stundum eigi sér stað bruðl og sóun vegna þess að við rekum um 20 sendiráð eða sendistofnanir um veröldina sem er nú sennilega það minnsta sem nokkurt sjálfstætt ríki sem einhverju nemur gerir. Sendiherrar okkar víða um veröld eru með fleiri lönd á sinni könnu en annars staðar þekkist, eru með kannski þrjá eða fjóra starfsmenn samanlagt í hverju sendiráði. Þegar menn horfa á útgjöldin af þessum sendiráðum gleyma menn því að vegna þess að við rekum sendiráð og vegna

gagnkvæmnisreglna er stærri sendiráðum haldið uppi hér á landi með þeim tekjum fyrir þjóðarbúið sem það skilar. Til viðbótar gerist það einnig að við færum bara til gjalda kostnaðinn við sendiráðin en það sem útsendarar okkar í viðkomandi löndum gera til að tryggja viðskipti, ferðamál og þess háttar sem skilar heilmiklu í þjóðarbúið sér hvergi stað þegar menn gera upp reikninga sendiráðanna. Þetta er vandamál varðandi þessar reikningskúnstir. Ég ætla að svara kannski aðeins fleiru í næsta andsvari.

[16:02]

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra svörin. En mér þykir það alveg skýrt og vil enn þá kalla það bruðl sem á sér stað í utanríkismálum varðandi sendiráðin. Ég er alveg sammála því að stór lönd ættu að nýta meiri peninga í þetta en við gerum og við ættum einmitt núna að nýta tímann í að búa til stefnu sem sparar okkur þó nokkrar krónur í þessum efnum.

[16:03]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi nefna það sem kom fram í frumræðu hv. alþingismanns. Hún nefndi til sögunnar þá atburði sem urðu fréttir víða um veröld þegar fram kom að í ákveðnum fangelsum í Írak eftir innrásina hefðu Bandaríkjamenn iðkað ósæmilega hluti sem ollu mikilli hneykslun, bæði hér og annars staðar. En eins hræðilegt og þetta var, þá er þetta kannski samt talandi dæmi um breytingarnar. Pyntingar af hvers konar tagi fóru fram í írökskum fangelsum áratugum saman og það gat enginn klagað, það gat enginn fengið uppreisn og hinir seku voru ekki dregnir til ábyrgðar. Nú þegar er búið að draga bandaríska yfirmenn í þessum fangelsum fyrir dómstóla og dæma í fangelsi vegna framferðis þeirra. Það hefði verið óhugsandi í Írak á fyrri tíð. Þó að þetta sé óskemmtilegt dæmi er það þó dæmi um hvernig hlutirnir hafa breyst þegar menn ganga götuna í átt til lýðræðis. Auðvitað mun á ýmsu ganga, ég tala nú ekki um þegar hermdarverkamenn sprengja saklausa borgara í loft upp víða hvar á þessari leið. En við skulum ekki gleyma því að eftir fall Þýskalands og til þessa dags, þó að það sé kannski ekki ástæða til þess, hafa Bandaríkjamenn 100 þúsund hermenn í Þýskalandi. Bretar og Frakkar höfðu einnig hermenn í því landi eftir styrjöldina og hafa reyndar enn þó að forsendur séu breyttar. Allt tekur þetta tíma. Ég er ekki að halda því fram að það sé nein nauðsyn að hafa hermenn í Þýskalandi af ástæðum eins og í Írak en þetta sýnir samt sem áður hversu langan tíma hlutirnir eru að breytast.

[16:05]

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég er sammála þeim málflutningi hæstv. utanríkisráðherra að margt hefur breyst en mér finnst samt að þessir hlutir eigi aldrei að gerast og eigi ekki að eiga sér stað og það er alveg rétt sem kom fram í málflutningi hans. En það er sorglegt að við skulum vera tengd því bandalagi sem framkvæmdi þennan verknað.

Það er eitt sem ég hef ekki enn fengið svar við í spurningu minni og það er varðandi friðargæslumálin. Ég vil spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvort það sé stefna í framtíðinni í mannúðarmálum og félagsmálum að styðja fatlaða, konur og börn í meira mæli en gert hefur verið, ekki bara að veita peninga í friðargæslu heldur líka í önnur störf í flokki mannúðarmála. Ætlar Ísland að veita meira fjármagn í þessi atriði en gert hefur verið?

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill vekja athygli hv. þingmanns á því að hæstv. utanríkisráðherra hefur veitt andsvar tvisvar og hefur ekki möguleika á að svara henni í andsvarstíma nú en vísar þá til síðari ræðu hæstv. utanríkisráðherra.)

[16:07]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það eru örfá afmörkuð atriði sem ég vil koma inn á varðandi ræðu hæstv. utanríkisráðherra. Í fyrsta lagi fagna ég því og vona að þar sé um stefnubreytingu eða áherslubreytingu að ræða í utanríkisráðuneytinu, þ.e. um fyrirætlanir gagnvart Evrópusambandinu. Fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra, formaður Framsóknarflokksins, hefur á köflum í ráðherratíð sinni verið mjög öflugur talsmaður þess að kanna inngöngu í Evrópusambandið og á tímum virtust oddvitar flokkanna sem mynda ríkisstjórnina vera að kljást eða vera í ákveðnum skylmingum um að laða fram með- og mótrök fyrir inngöngunni í Evrópusambandið. En í ræðu hæstv. utanríkisráðherra nú er lögð áhersla á, að því er ég best sé, að byggja samskipti við Evrópuþjóðir á þeim grunni sem núverandi samningur er, þ.e. samningur um Evrópska efnahagssvæðið, og að öðru leyti er líka lögð áhersla á frjáls og óháð samskipti íslenska ríkisins við önnur lönd á eigin forsendum. Ég fagna því og vona að hér sé í bili a.m.k. um áherslubreytingu að ræða í afstöðunni til Evrópusambandsins. Ég vil árétta það hér að ég tel að við eigum alls ekki að sækja um inngöngu í Evrópusambandið. Við eigum að tryggja stöðu okkar að geta tekið sjálfstæða afstöðu til samskipta og viðskipta við önnur lönd hvar sem er í heiminum en þurfa ekki að gera það í gegnum ríkjasamband eða láta ríkjasamband eins og Evrópusambandið fara með þau mál fyrir okkar hönd, það væri að fórna verulega miklum hagsmunum ef svo færi.

Hins vegar get ég ekki deilt áhuga hæstv. utanríkisráðherra og ánægju með þátttöku Íslands í stríðsátökum á erlendri grund. Það mun hafa verið í kringum 1574 eða svo sem bannað var að bera vopn á Íslandi og síðan hefur Ísland verið vopnlaus þjóð. Það var að vísu gerð lítils háttar undantekning með Vestfirðinga til þess að verjast þar ákveðnum innrásum en lögum samkvæmt höfum við verið vopnlaus þjóð síðan.

Það hefur verið stolt okkar að vera boðberar friðar á alþjóðavettvangi. Við sóttum sjálfstæði okkar á grunni samninga, á grunni sögu og grunni raka sem við töldum að við hefðum fyrir því að vinna sjálfstæði okkar til baka og það reyndist okkur farsælt. Í þátttöku á erlendri grundu höfum við lagt áherslu á að við kæmum fram í nafni friðar, við værum vopnlaus þjóð, við værum herlaus þjóð og þó svo að við værum hersetin ætti þjóðin sem slík ekki eigin her og hefði ekki áætlanir um það. Í samskiptum okkar við aðrar þjóðir í uppbyggingu friðar og að styrkja og efla aðrar þjóð-

ir til þess að verða sjálfbjarga á sem flestum sviðum höfum við miklu frekar lagt áherslu á að taka þátt í uppbyggingu á menntun, í heilbrigðismálum og atvinnumálum þar sem við höfum reynslu og þekkingu til að miðla af. Við höfum komið fram með opna lófa til að bera þann boðskap.

Því var það að mínu viti eins og köld gusa framan í íslensku þjóðina sú einhliða ákvörðun að því er virðist oddvita ríkisstjórnarinnar í fyrsta lagi að lýsa yfir stuðningi við innrás Bandaríkjamanna í Írak og síðan þátttaka eða stuðningur við innrásina þar og í öðru lagi að setja svokallaða íslenska friðargæsluliða undir vopn við gæslustörf í Afganistan. Með því erum við ekki aðeins að brjóta í blað gagnvart íslensku þjóðinni, gagnvart þeirri vitund og þeirri ímynd sem hún hefur talið og vill standa fyrir, með því að hervæða störf okkar á erlendri grund heldur erum við einnig með þessu að beina spjótum að Íslendingum hvar sem er í heiminum með þátttöku okkar í stríðsrekstri af því tagi sem ég hér er að nefna, bæði í Írak og Afganistan. Við erum að láta spjótin standa, við erum að setja Íslendinga úti um allan heim í skotlínu fullkomlega að ástæðulausu og fullkomlega andstætt vilja íslensku þjóðarinnar og við gætum unnið hugsjónum hennar miklu meira gagn með því að taka þátt í öðrum störfum á alþjóðavettvangi. Ég er ekki að draga úr því að við eigum að taka þátt í og miðla af ríkidæmi okkar og reynslu okkar og þekkingu til þess að styrkja aðrar þjóðir til að efla atvinnulíf sitt, menningu, menntun og heilsugæslu, til að styrkja þær til sjálfstæðis og friðar, en okkar styrkur liggur ekki í her.

Mér er mjög minnisstætt viðtal í sjónvarpinu fyrir nokkrum dögum við íslenska konu sem vinnur í Írak. Hún lýsir ástandinu í Írak þannig, með leyfi forseta:

„Við fyrstu augsýn lítur það út fyrir að hafa batnað. Ég mundi segja að það hafi versnað og mín persónulega skoðun er að það eigi eftir að versna enn frekar."

Og hvað hefur komið á daginn?

Hún lýsir síðan störfum sínum þarna og lýsir því svo yfir:

„Vegna þess m.a. að Ísland var stuðningsaðili að innrásinni í Írak verð ég að fara mjög varlega og sem betur fer hef ég annan passa en íslenskan þannig að ég gæti þess að láta það ekki koma fram að ég sé íslenskur ríkisborgari í Írak."

Ég hef hingað til litið svo á að það væri metnaðarmál okkar Íslendinga, hvar sem þeir væru, hvort sem þeir tækju þátt í friðarstörfum, þróunarstörfum eða öðrum verkefnum á erlendri grundu að þeir væru stoltir af þjóðerni sínu, þyrftu ekki að leyna því.

Ef litið er á það sem er að gerast í Írak þessa dagana er verið að blása til enn annarrar stórsóknar af hálfu innrásarliðsins þar. Landið virðist loga í borgarastyrjöld. Í fréttum er þessu líkt við ákveðið tímabil í Víetnamstríðinu. Meira að segja framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, varaði við aðgerðunum, bæði fyrir fram og núna og lýsir miklum áhyggjum yfir þeim aðgerðum sem nú standa yfir í Írak. Hjálparstofnanir eins og Rauði hálfmáninn lýsir yfir miklum áhyggjum vegna þess sem þar er að gerast og telur þær árásaraðgerðir sem nú eru í gangi í engu þjóna írösku þjóðinni.

Ef litið er til skoðana íslensku þjóðarinnar kom fram í skoðanakönnun sem gerð var í Fréttablaðinu nýverið, þó hún sé aðeins vísbending um ákveðna afstöðu en ekki kosning, að landsmenn virðast skiptast í tvær jafnstórar fylkingar í afstöðu sinni til þátttöku Íslendinga í friðargæslu. Auk þess er það skoðun meiri hluta Íslendinga í könnuninni að friðargæsluliðar í Afganistan séu hermenn á vegum NATO, eins og yfirmenn NATO lýsa yfir og hæstv. utanríkisráðherra hefur lýst því á Alþingi að þeir hafi réttarstöðu hermanna NATO á þessum vettvangi.

Ég vil láta í ljós djúpa hryggð yfir því að við Íslendingar fórum út á þessa braut án þess að haft hafi verið um það samráð við Alþingi, utanríkismálanefnd eða þjóðina. Ég tel að sú stefna sem hefur verið tekin sé í fullkomnu ósamræmi við þá ímynd sem þjóðin vill hafa af sér á erlendum vettvangi. Hún vill taka þátt, hún vill láta gott af sér leiða en að vera þátttakandi í herjum og hervæðast með þessum hætti er henni andstætt, eins og ég hef vikið að.

Frú forseti. Ég vil ljúka máli mínu á því að skora á hæstv. utanríkisráðherra og ríkisstjórnina að draga stuðning sinn við stríðið í Írak þegar í stað til baka. Aðrar þjóðir sem hafa glapist til að styðja innrásina eru núna í ákveðnu uppgjöri, viðurkenna að hér hafi verið um mistök að ræða. Eiturvopnin og gereyðingarvopnin sem áttu að vera í Írak fundust hvergi og það er engin lögleg ástæða þó að Saddam Hussein hafi verið harðstjóri og hafi ekki verið sá þjóðarleiðtogi sem við vildum styðja og teldum að hann hefði átt að fara frá og því fyrr því betra, réttlætir það samt ekki að gerð sé innrás í lönd með þeim hætti sem hér var, ekki síst þegar vitað var að á eftir kæmi borgarastyrjöld sem óvíst er hvern endi fær.

Í borgarastyrjöld er saklaust fólk, almenningur, konur og börn, fórnarlömb. Við Íslendingar eigum ekki að vera þátttakendur í því, við eigum að vera boðberar friðar, við eigum að taka þátt í verkefnum á friðarvettvangi. Þar er styrkur okkar og við eigum að hverfa gjörsamlega frá þeirri stefnu að hervæða Íslendinga á erlendri grund.

[16:22]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég flutti ræðu fyrr í dag þar sem ég boðaði endurkomu mína í þennan stól þar sem ekki gafst tími til að fara yfir alla þá efnisþætti sem ræða hæstv. utanríkisráðherra spannaði. Ég ræddi nokkuð um innrásina í Írak og furðaði mig á þeim staðhæfingum sem hæstv. utanríkisráðherra setti fram um að íslenska ríkisstjórnin hefði engar efasemdir um réttmæti þess að ráðist var inn í Írak, að þjóðinni vegnaði nú betur en áður þótt við heyrum það í hverjum fréttatíma á fætur öðrum að átök fari vaxandi í landinu. 100 þúsund manns, þar af 50 þúsund konur og börn, hafa fallið í átökum frá því að innrásin var gerð og ekki er séð fyrir endann á þeirri voveiflegu atburðarás.

Ég vék einnig að átökunum fyrir botni Miðjarðarhafs og furðaði mig á yfirlýsingum hæstv. utanríkisráðherra sem telur greinilega að Sharon, núverandi forsætisráðherra Ísraels, hafi frumkvæði að friðarsamningum. Staðreyndin er sú að Sharon er í hópi allra hörðustu haukanna sem hafa staðið í vegi fyrir því að samningar næst. Í því sambandi vitnaði ég í fréttafrásögn í Morgunblaðinu frá 7. október þar sem einn helsti ráðgjafi Sharons, Dov Weisglass að nafni, var með

fullyrðingar í þá veru.

Ég ætla að segja örfá orð um Afganistan. Hæstv. utanríkisráðherra telur greinilega allt vera í lukkunnar velstandi þar, nýafstaðnar kosningar og hernámsliðið hafi náð fram markmiðum sínum. Staðreyndin er sú að svo er ekki. Við urðum vitni að því úr fjarlægð þegar íslenskir friðargæsluliðar eða hermenn, hvaða nafni sem við eigum að kalla þá, urðu fyrir árás í Kabúl, sem á þó að vera eitt af „frelsuðu svæðunum".

En mig langar til að víkja að hlutskipti kvenna í Afganistan. Menn vísa oft í slæmt hlutskipti þeirra fyrr og nú, að það sé ekki saman að jafna ástandinu nú og fyrir innrásina. Ég held að þetta sé mikil einföldun á málinu.

Skömmu eftir innrásina í Afganistan, ég held að það hafi verið í desember 2001, tveimur mánuðum eftir að ráðist var inn í landið, var haft eftir Colin Powell, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að ekki yrði samið á kostnað afganskra kvenna, „the rights of Afghan women are not negotiable", held ég að það hafi verið orðað á ensku, með leyfi forseta.

Það er einmitt þetta sem hefur gerst. Það er búið að semja á kostnað afganskra kvenna og landinu er nú stýrt af stríðsherrum sem hafa fótum troðið réttindi kvenna. Ég held ég hafi náð því áður en ég lauk ræðu minni að vitna í blaðagrein sem birtist í breska stórblaðinu Guardian í febrúar sl. þar sem þetta var mjög rækilega rakið. Þetta er því afskaplega mikil einföldun á þeirri stöðu og því ástandi sem nú er uppi í Afganistan.

Mig langar til að víkja örlítið að friðargæslunni, sem svo er nefnd. Ég og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt áherslu á að Íslendingar kæmu að hjálpar- og uppbyggingarstarfi, þess vegna friðargæslustarfi, en ekki undir þeim formerkjum sem nú er gert. Við höfum verið fylgjandi því sem er að gerast á Sri Lanka svo dæmi sé tekið. Þar hafa Norðmenn gengið fram fyrir skjöldu og haft frumkvæði í átt til friðar þar sem tamílar hafa átt í höggi við ríkisvaldið eða ríkisvaldið við tamíla, eftir því hvernig við stillum því dæmi upp, þar sem ófriður hefur ríkt m.ö.o. og þar er unnið að friði og Íslendingar koma að því máli.

Það sem hins vegar virðist vera að gerast er að íslenska ríkisstjórnin er að hnýta okkur sífellt fastar við utanríkisstefnu Bandaríkjanna og nú virðist það ætla að verða hlutskipti NATO að verða eins konar hreinsunardeildur eftir að bandarískri herinn hefur farið sprengjandi um löndin. Þá er kallað á NATO og þar með Íslendinga. Þetta er iðulega gert í nafni Sameinuðu þjóðanna.

Það er alveg rétt sem fram kom hjá hæstv. utanríkisráðherra, að það sem nú er að gerast í Afganistan, í Írak, er vissulega í nafni Sameinuðu þjóðanna, en hvernig er þeirri niðurstöðu náð? Hvað hefur gerst í öryggisráðinu á undangengnum árum þegar Bandaríkjamenn knýja fram vilja sinn? Ég gæti rakið það í ítarlegu máli hvað þar hefur gerst, hvaða þrýstingi hefur verið beitt til að ná fram niðurstöðum. En þrátt fyrir mikinn þrýsting í aðdraganda innrásarinnar í Írak tókst þó ekki að fá stimpilinn á sjálfa innrásina á sínum tíma.

Það sem síðan gerist er að heimsbyggðin stendur frammi fyrir vanda eftir að ráðist er á land, Afganistan, Írak, og menn verða að reyna að greiða úr þeim flækjum sem uppi eru og þá er iðulega úr vöndu að ráða.

Ég tel hins vegar að Íslendingar eigi að láta að sér kveða, fyrst og fremst á þeim sviðum sem þeir hafa sérþekkingu á og ekki í þessu nána slagtogi með Bandaríkjastjórn, með NATO og Bandaríkjastjórn.

Um miðjan síðasta mánuð kom ákall frá Bandaríkjunum um að þessar friðargæslusveitir sem starfa í samvinnu við NATO í Afganistan verði sameinaðar bandarískum herafla sem þar á í höggi við hryðjuverkamenn, War on terror eins og Bandaríkjamenn kalla það. Í breska stórblaðinu Guardian segir 15. október, og ég ætla að koma með tilvitnun hér á ensku, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„This week's US proposal to integrate Nato's peacekeepers in Afghanistan with US combat troops fighting the "war on terror" there is a case in point."

Hér er vitnað í tillögu Bandaríkjamanna um að sameina friðargæslusveitir í Afganistan bandaríska heraflanum þar. Ég spurði um það við utandagskrárumræðu fyrir fáeinum dögum hver hefðu orðið viðbrögð, eða hver yrðu viðbrögð eða hvort rædd hefðu verið viðbrögð, af hálfu íslenskra stjórnvalda við þessari ósk. Nú er það komið á daginn og kom fram í framsöguræðu hæstv. utanríkisráðherra að til stæði að Íslendingar kæmu einnig að málum í Írak, legðu sitt af mörkum til að þjálfa írakskar öryggissveitir. Hæstv. ráðherra hefur svarað því til að þar sé átt við aðstoð við sprengjuleit og annað af því tagi. Allt ber þetta að sama brunni, smám saman er verið að sameina friðargæsluna heraflanum, bandaríska heraflanum í Afganistan og í Írak.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum mjög miklar efasemdir um þessa þróun, höfum andmælt henni og ég ítreka þau mótmæli sem við höfum sett fram.

Í ræðu sinni vék hæstv. utanríkisráðherra m.a. að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og dásamaði mjög starfið á þeim bænum. Hann sagði eitthvað í þá veru — ég finn ekki ummælin — að starfið í Alþjóðaviðskiptastofnuninni, WTO, væri sérstaklega til hagsbóta fyrir þriðja heims ríki. Gott ef hann vitnaði ekki í því efni í Cancún-fundinn sem var haldinn fyrir ekki svo ýkja löngu. Þetta tel ég hin örgustu og verstu öfugmæli. Það starf sem unnið er á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunar gagnast aldeilis ekki þriðja heiminum og ekki fátækum ríkjum þessa heims. Í fyrsta lagi er unnið að því á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunar að þróa svokallaðan GATS-samning, General Agreement on Trade in Services. Þetta er fyrst og fremst markaðsvæðingarsamningur. Slagurinn stendur um það hvort opna eigi markaðsöflunum leið inn í velferðarkerfi landanna, inn eftir spítalaganginum og inn í skólastofuna, inn í vatnið og rafveiturnar. Þetta er slagurinn um það. Þetta er slagurinn um GATS. Síðan var slegist um landbúnaðarmál og um tollastefnu. Um hvað var deilt og hverjar voru kröfurnar sem fram voru settar í Cancún á sínum tíma? Í hverju er fólginn þessi mikli rausnarskapur ríkra iðnríkja í garð snauðra þriðja heims ríkja? Evrópusambandið hugðist lækka tolla um 30% og Bandaríkin minna en 25% en sum af fátækustu ríkjunum, svo sem Bólivía og Kenía, áttu að fella niður 80% af sínum tollum. Þetta er nú réttlætið.

Meira að segja forsætisráðherra Kanada, Jean Chrétien, sem þó stóð að þessari tillögu viðurkenndi eftir fundinn að þarna hefðu iðnríkin gengið of langt. Engu að síður eru

menn á þessum bænum enn þá við sama heygarðshornið, halda fram þessum ómenguðu frjálshyggjuhugmyndum og staðhæfingum sem gert var þá. Nú hristir hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson höfuðið og verður mjög fróðlegt að hlusta á innlegg hans til utanríkisumræðunnar hér á eftir. Þá verður sérstaklega gaman að heyra hvað hann hefur að segja um GATS-samningana og samningana sem fara fram á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar fyrst hann sér ástæðu til að hrista höfuðið með fyrirlitningu yfir þessum staðhæfingum sem þó eru sannar. (**GÞÞ:** Þetta er rugl.) Rugl, segir hv. þm., og nú skal hann færa rök fyrir máli sínu. Það væri mjög fróðlegt að heyra hann færa rök fyrir því.

Ég hef í rauninni mörgu við að bæta en tími minn er senn út runninn við þessa umræðu. Víða var komið við í ræðu ráðherrans en hún er þó ekki mjög á dýptina, kannski tímans vegna. Það er hreyft við ýmsum málum og mér finnst sá tónn sem hér er boðaður ekki góður. Ég hef verið spurður hvort breyting hafi orðið með nýjum ráðherra. Ég held ekki. Ég held að innhaldið sé mjög svipað. Þeir eru mjög samstiga, þessir pólitísku tvíburar, hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson og hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson, að öllu innihaldi en blæbrigðamunur er vissulega. Kenni ég hans fyrst og fremst kannski í afstöðunni til Palestínu og Palestínumanna. Þar þykir mér kveða við heldur harðari, afdráttarlausari og óbilgjarnari tón í garð Palestínumanna og frelsisbaráttu þeirra en áður gerði. Að öllu innihaldi er stefnan þó mjög svipuð og áður var. Það hlýtur að vera okkur öllum harmsefni.

[16:37]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Það er svo sem ekki nýtt að okkur greini á, mig og hv. þingmann sem talaði hér síðast. Ekkert er við því að segja í sjálfu sér.

Út af því sem hv. þm. sagði um Sharon, forsætisráðherra Ísraels, vil ég aðeins nefna að auðvitað á hann sína fortíð sem við þekkjum. Eru þar stór atvik uppi sem menn kannast við. Það er þó ekki endilega þar með sagt að hann geti ekki átt sín spor í átt til friðar — þrátt fyrir þá sögu alla. Við skulum muna eftir því að einn harðsnúnasti forustumaður Ísraels, Begin forsætisráðherra, sem hafði verið mjög harðsnúinn fyrir málstað Ísraels á árum fyrr — við þekkjum hvað þar var á ferðinni og ég ætla ekki að rifja það upp núna — náði einmitt samningum við Sadat, forseta Egyptalands. Allir þekktu hörku Richards Nixons gagnvart kommúnisma og þeirri afstöðu en það var einmitt hann sem opnaði hins vegar breyttar leiðir og hugsun gagnvart Kína. Margt er til í þeim efnum.

Ég var svolítið undrandi á því hvað menn brugðust illa við hugmyndum Sharons varandi Gaza-svæðið og sérstaklega þegar Bush Bandaríkjaforseti tók undir þær hugmyndir. Þessum hugmyndum var tekið mjög illa af þeim sem báru hag Palestínumanna fyrir brjósti, gerðu það af innileik og sannfæringu, tóku þessum hugmyndum illa og töldu að eiginlega fælist í þeim einhvers konar árás á hagsmuni Palestínumanna. Ég held að þetta hafi verið frekar góð tíðindi fyrir Palestínumenn í öllum þeirra raunum, ég er þeirrar skoðunar. Ég vek athygli á því að hvað sem mönnum finnst um Bush Bandaríkjaforseta er hann fyrsti Bandaríkjaforsetinn sem hefur lýst því yfir að hann telji að Palestína eigi á endanum að verða sjálfstætt ríki. Því hefur enginn annar Bandaríkjaforseti lýst yfir, hvorki fyrr né síðar. Þetta er staðreynd.

Þegar menn tala um haukana, menn á borð við Begin, Sharon, Nixon o.s.frv. — og það er út af fyrir sig rétt allt sem sagt er um fortíð þeirra í þeim efnum, að þeir hafi verið mjög afgerandi menn með afgerandi skoðanir — er það samt sem áður þannig að stundum eru það akkúrat þeir menn sem síðan verða brautryðjendur á öðrum sviðum.

Varðandi Afganistan. Hv. þm. orðar það eitthvað á þá leið að ég hefði látið eins og þar væri allt í himnalagi. Ég held að þar sé ekki nákvæmlega farið með það sem ég hef sagt þó að ég telji að miðað við þau ósköp sem þar voru áður, meðan talibanar réðu þar ferðinni, sé Afganistan orðin himnaríkissæluparadís. En af hverju eru þarna friðargæsluliðar og menn undir vopnum, ekki bara frá okkur auðvitað, heldur frá miklu öflugri þjóðum? Það er vegna þess að friðurinn er brothættur. Það eru menn sem vilja snúa til baka, ganga leiðina til baka.

Ég hlustaði með athygli á friðargæsluliðana okkar sem lentu í hremmingunum austur þar. Mér þótti athyglisvert að heyra einn þeirra lýsa því að 90% þjóðarinnar styddu þær aðgerðir sem þarna færu fram, 10% væru að reyna að eyðileggja þær. Hann nefndi sérstaklega hvað það væri rík og mögnuð tilfinning að sjá ungar stúlkur á leið í skóla í fyrsta skipti í þessu ríki. Hann nefndi það sérstaklega til sögunnar, þessi maður sem nýlega hafði orðið fyrir árásum í Afganistan þótt hann bæri friðargæslumerki okkar. Mér fannst eftirtektarvert og gott að heyra sjónarmið manna sem hafa verið á staðnum, að 90% þjóðarinnar styddu þá lýðræðisþróun, þá baráttu sem þarna væri á ferðinni, 10% væru að reyna að eyðileggja hana, koma þessu öllu í gamla vonda farið sem var þarna meðan Mulla Omar og þeir kumpánar stýrðu ferðinni. Auðvitað er ekki enn allt komið þar með friði og spekt vegna þess að verið er að vinna gegn því að lýðræðið komist á. Þó kusu 90% þjóðarinnar í kosningum öfugt við það sem spáð hafði verið. Það þætti gott í Evrópu. Það þætti gott í Bandaríkjunum að 90% þjóðarinnar kysu.

Mig langar að skjóta inn í að ég man eftir fréttum úr Melaskólanum þar sem kom fram í útvarpinu að menn hefðu orðið að bíða í korter við kjörklefana út af skipulagsleysi og voru orðnir hinir æstustu. Það virðist ekki vera í svona góðu lagi alls staðar eins og hjá okkur. Ég skýt því bara inn í hér, veit reyndar ekki hvort þetta á hér heima en þetta var svo athyglisvert.

Ég er þeirrar skoðunar að þótt við séum aldrei neinir aðalleikarar á heimssviðinu og eigum ekki að þykjast vera það og verðum hálfbjánaleg ef við þykjumst vera það eigum við ekki að láta það aftra því að við leggjum okkar lóð á vogarskálar, vogarskálar friðar vegna þess að friðurinn hlýtur að vera forsenda þess sem á eftir kemur, frelsisins, lýðræðisins og þar með batnandi hags þeirra sem viðkomandi land byggja. Ég er í hjarta mínu algjörlega sannfærður um að það sem við erum að gera í Írak og Afganistan, svo lítið sem það er sem við gerum, erum við að leggja litla lóðið á réttu vogarskálina. Hinum megin er uppgjöf og vonleysi. Við sköpum þó a.m.k. von um betri framtíð. Við erum að leitast við það og vonin í þessum hrjáðu ríkjum er

heilmikils virði. Mjög lengi í þessu landi okkar áttum við ekkert nema von og kannski hélt hún í okkur líftórunni löngum. Við skulum ekki gera lítið úr því.

Nú ætla ég að ljúka ræðu minni svo að hv. þingmaður komist í andsvör. Hann er að hliðra til fyrir mér þannig að ég ætla að sjá til þess að ég geti svarað.

[16:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. utanríkisráðherra sagði í ræðu sinni að mannréttindi væru algild og við ættum að flytja út lýðræðið og mannréttindin. Ég er sammála þessu. Ég er í hjarta mínu alveg sammála þessu. Þá verðum við líka að gera það. Þá verðum við að hafa burði og þrek til að horfa í eigin barm þegar okkur mistekst. Þegar t.d. það gerist í kjölfar innrásar í annað ríki að innrásarherirnir verða uppvísir að því að pynta, beita hrikalegum pyntingum í fangelsum sem þeir stýra og verða uppvísir að grófum mannréttindabrotum, þá ætlumst við til að menn hafi þrek og burði til að ræða slíka hluti. Ekki einu einasta orði er vikið að slíkum málum í ræðu hæstv. utanríkisráðherra. Þetta er ekki trúverðugt. Ég er hins vegar sammála honum um að vinna að friði og lýðræði í heiminum, en þá verðum við líka að gera það og beita aðferðum sem eru líklegar og vænlegar til að ná því markmiði.

Varðandi skoðananakannanir í Afganistan þá kaupi ég þær ekki alveg. Ég get mér til um að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar vilji búa við frelsi og lýðræði. Staðreyndin er hins vegar sú að á stórum svæðum landsins ríkir ekki frelsi og lýðræði, þar býr þjóðin við ógnarstjórn stríðsherra sem bandaríska hernámsliðið samdi við; stríðsherra sem beita konur harðræði, sem fótumtroða réttindi þeirra og mannréttindi almennt. Það er þetta sem ég vakti máls á í ræðu minni áðan og vitnaði þar í afganskar kvenréttindakonur.

[16:47]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi ekki sérstaklega í ræðu minni það sem fór illilega úrskeiðis í fangelsum í Írak, sem hv. þingmaður gat um hér áðan, en það hef ég hins vegar gert fyrr í dag í öðrum andsvörum. Eins og það voru hryggilegir og fordæmanlegir atburðir, þá eru þeir þó einnig dæmi um hvað hefur breyst. Pyntingarnar og allt það sem átti sér stað í fangelsum áður fyrr fékk enginn tækifæri til að upplýsa eða draga menn til ábyrgðar. Þeir sem stóðu fyrir þessum hlutum í Írak á vegum Bandaríkjamanna og bandamanna, hafa þegar verið dregnir fyrir rétt, réttarhöld eru hafin og búið er að dæma í málum sumra þeirra. Yfirmaður fangelsisins var nýlega dæmdur, ég man ekki hvort hann fékk sex eða átta ára fangelsisdóm vegna þessara atburða, þannig að þetta hefur verið gert. Þess vegna er ekki sérstök ástæða fyrir mig til að fjalla um þetta. Ef menn hefðu ekki brugðist við slíkum verkum og þeim hefði verið haldið áfram þá hefði verið sjálfsagt að finna að því og gera það harkalega.

Varðandi Afganistan, þá var því haldið fram að það mætti takast að koma í veg fyrir kosningar vegna þess hvernig málum þar væri skipað. Samt sem áður skráðu 90% kvenna sig til þess að kjósa, jafnvel þó að andstæðingarnir hefðu tilkynnt að þær konur sem skráðu sig til að kjósa væru réttdræpar og sumar þeirra voru sprengdar í loft upp. Þær skráðu sig samt til að kjósa eftir aldalanga kúgun. Það er gríðarlegt framfaraspor og mikill kraftur, þrek og þor, sem þetta fyrrum undirokaða fólk sýndi og það gefur von. Mikla von.

[16:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Ég held að þetta sé óskaplega mikil einföldun á ástandinu í þessum löndum og vísa aftur og ítrekað í yfirlýsingar sem koma frá kvenréttindakonum og mannréttindahópum í þessum löndum.

Mig langaði aðeins til að taka upp annað atriði sem hæstv. utanríkisráðherra vék að, það varðar Palestínu og Sharon. Það er alveg rétt sem hann sagði að sundum geta haukar orðið dúfur. Stundum tekst haukum að ná ýmsu fram sem öðrum tekst ekki og hann vitnaði í Nixon sem opnaði dyrnar til Kína á sínum tíma. Þetta er alveg rétt. Ég held hins vegar að Sharon sé ekki slíkur maður, því miður. Svo ég vitni í helstu ráðgjafa hans og í fréttafrásagnir í Morgunblaðinu nýlega þá má þar sjá fyrirsögnina: „Vill hindra stofnun ríkis Palestínumanna“, en þar er verið að vísa í Sharon. Þetta er það sem ég hef verið að auglýsa eftir, umræðu um ýmis álitamál sem eru uppi. Heimurinn er ekki jafnsvart/hvítur og afdráttarlaus og kemur fram í máli hæstv. utanríkisráðherra.

Mig langar að lokum til að beina spurningu til ráðherrans sem ég hef ekki fengið svör við ennþá. Ég vísaði í beiðni bandarískra hermálayfirvalda um að sameina svo nefndar friðargæslusveitir í Afganistan bandaríska herliðinu. Það hafa komið fram beiðnir. Þetta var rætt í fjölmiðlum í Evrópu og vestan hafs. Hver er afstaða íslenskra stjórnvalda til þessa?

[16:51]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Ég hef svarað því áður að við höfum ekki tekið afstöðu til þessa erindis sem síðast var spurt um og mundum ekki gera það nema að höfðu samráði við utanríkismálanefnd þingsins um það. Þannig að það liggi fyrir.

Vegna þess sem nefnt var um Sharon forsætisráðherra og tillögurnar um Gaza þá ollu þessar tillögur slíkum titringi í röðum þeirra sem voru harðastir í hans eigin flokki að ljóst var að ríkisstjórn hans var að falla og var fallin út af þessu máli. Þá ákvað Simon Perez, einn af helstu leiðtogum Verkamannaflokksins, friðarverðlaunahafi Nóbels ásamt Arafat, sem lést í dag, að koma ríkisstjórn Sharons til hjálpar þannig að hann yrði ekki felldur á þessu máli. Hann taldi þetta svo jákvætt skref í átt til friðar að hann vildi bjarga ríkisstjórn Sharons frá falli til þess að harðlínumenn innan hans eigin flokks, fengju ekki fellt hann vegna þessarar árásar. Jafnframt var öryggisgæsla um Sharon stóraukin vegna þess að óttast var um líf hans af sömu ástæðum og kostuðu Rabin forsætisráðherra lífið. Þetta finnst mér segja heilmikla sögu þó það segi kannski ekki alla söguna.

[16:53]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Frú forseti. Þetta hefur verið góð og fróðleg umræða að mörgu leyti. Ég ætla ekki að lengja hana mikið en stikla þó aðeins á nokkrum þáttum.

Ég er innilega sammála því sem kom fram hjá hæstv. utanríkisráðherra að mannréttindi eru algild og ég held að menn hugi ekki alltaf nægilega vel að því í umræðunni. Menn hljóta alltaf að verða að hafa það að leiðarljósi í störfum sínum á vettvangi utanríkismála og ég efast ekki um að svo sé um alla sem eru í þessum sal. En það er ekki einfalt mál að fara til svæða sem eru mjög ólík því sem við þekkjum í þeim tilgangi að breyta þar og bæta og slíkt tekur örugglega langan tíma. Hér hefur bæði verið rætt um málefni Afganistans og Íraks. Enn er þar langt í land þrátt fyrir að menn hafi lagt sig alla fram, en við hljótum að vera sammála um að ástandið er orðið mun betra en það var fyrir nokkrum missirum.

Það hefur líka verið rætt um Evrópusambandið, sem er eðlilegt, og það er athyglisvert að fylgjast með þróuninni þar. Ég held að Evrópusambandið hafi haft mjög gott af stækkuninni. Ég sit í þingmannanefnd EFTA og nefndin fær oft gesti, háttsetta embættismenn frá Evrópusambandinu, sem lýsa hlutunum frá fyrstu hendi og það er athyglisvert að fylgjast með málum á þeim vettvangi. Það er skemmst frá því að segja að það er ekki hægt að horfa fram hjá því að í þessum 15 ríkja klúbbi hafa menn ekki náð þeim markmiðum sem þeir ætluðu sér, ef þannig má að orði komast. Og vandamálin verða enn fleiri þegar ríkin verða orðin 25.

Ég er hins vegar ekki í nokkrum vafa um og vil í það minnsta trúa því að Evrópusambandið hafi mjög gott af stækkuninni. Ég held að við munum sjá það þróast í góða átt eftir stækkunina, það má a.m.k. alveg eins gera ráð fyrir að svo verði. Það liggur fyrir að vandamálin eru mörg og kannski er það lýsandi dæmi, svo ég fari ekki út í smáatriði, hvernig viðhorf íbúa innan Evrópusambandsins hafa breyst.

Samkvæmt nýlegum skoðanakönnunum eru bara um 43% af íbúunum Evrópusambandsins jákvæðir út í Evrópusambandið. Hlutfallið hefur aldrei verið lægra. Í landi eins og Þýskalandi sem mætti ætla að hefði mikinn hag af því að vera í Evrópusambandinu og hefur verið annað af tveimur öflugustu ríkjunum innan Evrópusambandsins — í stjórnmálunum hefur alla vega verið mikil samstaða um áherslu á Evrópusambandið og mál þess — þar telja einungis 39% íbúanna að Þýskaland hafi hagnast á Evrópusambandinu en 38% telja að landið hafi tapað á því. Um 50% af íbúum Evrópusambandsins er sama þó Evrópusambandið væri ekki lengur til, eða væri mjög ánægt með það.

Þetta er nokkuð athyglisvert og hefur verið til umfjöllunar í ýmsum erlendum fjölmiðlum en lítið áberandi í umræðu í íslenskum fjölmiðlum, þ.e. sú viðhorfsbreyting almennings sem hefur orðið í þessum löndum á undanförnum árum gagnvart Evrópusambandinu. Það er áhyggjuefni og ekkert gleðiefni.

Ég held hins vegar að það væri ágætt ef íslenskir fjölmiðlar upplýstu okkur betur um þessi mál þegar rætt er um Evrópumálin hér inni. Að um 50% af íbúum Evrópusambandsins skuli standa á sama um hvort Evrópusambandið hætti að vera til eða yrðu mjög ánægðir ef það hætti að vera til hlýtur að segja einhverja sögu.

Ég hef heyrt í spjalli við fólk og einnig hjá fyrirlesurum innan Evrópusambandsins sem hafa mikinn áhuga á því að EFTA-löndin gangi í Evrópusambandið, ég held að ég hafi hlustað á þessar ræður í áratug á ýmsum vettvangi — og ég vísa hér í fund og ráðstefnu núna síðast í tilefni af 10 ára afmæli EES-samningsins — að það er komin ákveðin gremja í málflutning þeirra aðila sem hafa allan þennan tíma sagt að við þyrftum að vera inni vegna þess að við mundum tapa svo stórkostlega á því að vera þar ekki, mér finnst maður greina þarna svolitla gremju. Ég velti fyrir mér hvort menn muni verða minna umburðarlyndir gagnvart EFTA-ríkjunum á þessum vettvangi og hvort hugsanlega verði reynt með ýmsum leiðum að fá okkur inn í sambandið. Ég vona að svo sé ekki. Það er auðvitað lykilatriði fyrir okkur að eiga góð samskipti við Evrópusambandið og þannig verður það vonandi um alla framtíð. Ég vona að embættismenn og stjórnmálamenn sem er mjög umhugað um Evrópusambandið beiti sér ekki með óeðlilegum hætti fyrir því að EFTA-ríkin neyðist til að fara inn í Evrópusambandið.

Ég lít hins vegar á EFTA-samstarfið sem ákveðið sóknarfæri og ég held að við nýtum það ekki sem skyldi. Ég tel að við eigum að beita okkur meira innan þingmannanefndarinnar, við höfum sannarlega gert það en þurfum að gera meira af því, og sem formaður umhverfisnefndar mun ég beita mér þar og á þessum vettvangi til þess að hafa áhrif á þær reglugerðir og tilskipanir sem okkur berast.

Þetta var sett á sínum tíma inn í vettvang til þess að við gætum haft áhrif á gang mála og við eigum að nýta okkur það. Við kannski áttum okkur ekki á því hve mikið af hlutum hafa áhrif á þjóðlífið hér og margt auðvitað haft góð áhrif, en svo sannarlega ekki allt og við þurfum að vera vel á verði.

Hér var rætt áðan um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Ég verð að segja eins og er að það kom mér ansi mikið á óvart þegar hv. þm. Ögmund Jónasson talaði um að það væri ekki hagur þróunarríkjanna að vera með frjáls viðskipti innan stofnunarinnar. Auðvitað er Alþjóðaviðskiptastofnunin ekkert annað en tæki til þess að koma á frjálsum viðskiptum og ekki nokkur einasta leið að halda því fram með nokkurri sanngirni að þróunarríkin hagnist ekki á því að iðnríkin opni markaði sína fyrir þeirra vöru. Það hefur verið baráttumál þróunarríkjanna í ansi langan tíma og þeir hafa réttilega bent á að það hefur verið tilhneiging hjá iðnríkjunum að loka sína markaði inni til þess að koma í veg fyrir samkeppni frá þessum löndum.

Ef menn eru á annarri skoðun er það mikil frétt. Ég held að þeir ættu að kynna hana fyrir þróunarlöndunum því þau berjast með oddi og egg fyrir opnun markaða og auknu frelsi í viðskiptum. Við tölum um þetta mjög fjarrænt, en það er ekkert rosalega langt síðan við vorum nákvæmlega í þessum sporum, Íslendingar. Svo sannarlega byggjum við velferð okkar á frjálsum viðskiptum. Ef við lítum til þeirra aðila sem börðust fyrir sjálfstæði landsins, t.d. Jóns Sigurðssonar, þá barðist hann ekki lítið fyrir því að við mundum geta stundað frjáls viðskipti, enda er það undirstaða fyrir efnahag þjóðarinnar. Einu sinni vorum við fátæk þjóð, en sem betur fer hefur sú staða breyst. Um langan tíma var

fiskur mikilvægasta greinin okkar, fiskveiðar og sjávarútvegur. Þó hlutfallslegt vægi hafi minnkað er lykilatriði fyrir velferð okkar að við höfum aðgang að mörkuðum iðnríkjanna með þær vörur. Það nákvæmlega sama á við um þróunarríkin sem eru stórir matvælaframleiðendur. Ef við ætlum að hjálpa þeim til sjálfshjálpar verðum við að gera það með því að opna markaði okkar.

Ég tel mjög mikilvægt að það náist farsæl niðurstaða í lotunni sem nú er í gangi hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Þrátt fyrir að menn geti haft misjafnar skoðanir á þeim einstaklingi sem nýlega var kosinn forseti Bandaríkjanna held ég að menn séu sammála um að það eru þó meiri líkur á því að jákvæð niðurstaða náist í þeim samningum með hann við stjórnvölinn en keppinaut hans. Nú liggur fyrir að þeir aðilar sem eru mestu þátttakendurnir í viðskiptasamningnum, fyrrum GATT, sem nú er kallað WTO eða Alþjóðaviðskiptastofnunin, eru Bandaríkjamenn því Evrópusambandið, sem er hinn stóri þátttakandinn á efnahagssviðinu, hefur verið gagnrýnt mjög í gegnum tíðina fyrir að hafa lítinn áhuga á að efla viðskipti á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunar þó það hafi svo sannarlega lagt sitt af mörkum til að efla innri markað sinn.

Ég velti fyrir mér hvert hlutskipti okkar geti verið. Hvað getum við gert? Við gætum gert eitt á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunar. Annað gætum við líka gert, af því við erum ekki í neinu tollabandalagi og höfum í rauninni frelsi um þessa hluti, við gætum skilgreint með skýrari hætti að minnka hér innflutningshöft á einhverju tímabili og sett okkur metnaðarfyllri markmið en þau sem við verðum að undirgangast í samningunum, sem mundu miða að því að auka frelsi, lækka tolla og minnka innflutningshöft á Íslandi.

Ég hef velt því fyrir mér hvort það væri skynsamlegt að gera eins og margar aðrar þjóðir sem líta fyrst og fremst á landbúnað sinn út frá menningarforsendum, í tengslum við sögu og menningu. Ég gerði úttekt á sínum tíma á Alþjóðaviðskiptastofnuninni í stjórnmálafræðinni og GATT-samningunum. Þá lögðu Japanar t.d. mikið upp úr því, þar sem það var mjög óhagstætt að vera með hrísgrjónarækt, að það væri órofa hluti af menningu þeirra og sögu og þess vegna, þó svo þeir stæðust ekki samkeppni og þyrftu að hafa mikil innflutningshöft til að viðhalda þeim landbúnaðarrekstri, var ekki annað forsvaranlegt. Það voru rök þeirra í málinu.

Ég velti því fyrir mér hvort það væri skynsamlegt af okkur að skilgreina hagsmuni okkar á landbúnaðarsviðinu út frá þeim forsendum. Það er þyngra. Að líta fyrst og fremst á hefðbundna sauðfjárrækt, mjólkurframleiðslu og þá kjötframleiðslu sem að því lýtur. Kannski minnka þá innflutningshöftin á öðrum sviðum á einhverjum árum. Þá vísa ég í þann landbúnað sem er kannski ekki hefðbundinn sögulegur landbúnaður, svínarækt, kjúklingarækt og annað slíkt. Slíkt þyrfti auðvitað að gerast í góðri samvinnu og það þyrfti ekki að gera það hratt því eðli málsins samkvæmt hafa menn og aðilar mikilla hagsmuna að gæta.

Ég held að það væri sjálfsagt fyrir okkur að taka þá umræðu og skoða það mál. Við megum ekki gleyma því að við höfum frelsi í þessum málum. Við getum gengið mun lengra en þeir viðskiptasamningar sem við gerum bjóða upp á. Það er okkar val. Það hefur sýnt sig að það eru hagsmunir þjóða að hafa sem minnst höft á sviði verslunar og erum við skilgreint dæmi um það, Íslendingar, þó að við þurfum eðli málsins samkvæmt að líta til annarra þátta. Ég er ekki að boða neinar byltingar, heldur fyrst og fremst að menn ræði þessi mál.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt mikið lengra. Það er af mörgu að taka þegar utanríkismálin eru annars vegar og hægt að ræða þau fram eftir vikunni og fram eftir nóttu. Það er sjálfsagt að ræða þau eitthvað áfram ef svo ber undir, en þetta vildi ég gera að umtalsefni að þessu sinni.

[17:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins minni háttar athugasemd varðandi alþjóðasamninga. Ég held að það sé ekki rétt að Evrópusambandið hafi ekki beitt sér á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í átt til markaðsvæðingar. Evrópusambandið hefur hins vegar verið gagnrýnt mjög harðlega fyrir að gera það og að reyna að fara sínu fram á bak við tjöldin. Evrópusambandsríkin hafa falið kommissjóninni samningsumboð fyrir sína hönd. Það olli meira að segja miklum úlfaþyt á sínum tíma þegar upplýst var að Evrópusambandssamningsaðilarnir hefðu farið fram á það gagnvart öllum viðskiptaríkjum sínum að þeir opnuðu aðgang að vatni, einkavæðingu vatnsins, svo dæmi sé tekið.

Það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. þingmanni að Alþjóðaviðskiptastofnunin er tæki til að markaðsvæða samfélögin. Tækinu er stýrt af ríkum iðnríkjum, sérstaklega Bandaríkjunum sem hafa mest áhrif innanborðs, en einnig öðrum ríkum iðnríkjum. Þau hafa einnig önnur tæki á hendi, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann. Við fengum fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í heimsókn fyrir fáeinum dögum til að hvetja Íslendinga til að taka upp gjöld í heilbrigðisþjónustunni í ríkari mæli en verið hefur. Maður spyr sjálfan sig stundum í umboði hverra þessir fuglar eru eiginlega að tala.

Þá er komið að athugasemd minni við ræðu hv. þingmanns, þeirri staðhæfingu að markaðsvæðing gagnist sérstaklega þriðja heims ríkjum og fátækum ríkjum heimsins. Það er alveg rétt hjá honum að hún gagnast þeim þegar iðnríkin opna markaði sína fyrir þeirra vöru, (Forseti hringir.) en ef við snúum dæminu við og opnað er á innkomu hinna ríku í velferðarþjónustu og velferðarkerfi hinna (Forseti hringir.) snauðu ríkja gegnir öðru máli.

[17:10]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort ég var nógu nákvæmur áðan þegar ég ræddi um annars vegar Evrópusambandið og hins vegar Bandaríkin. Samkvæmt þeim heimildum sem ég hef, ef hv. þingmaður hefur betri upplýsingar væri ágætt að fá þær, hefur Evrópusambandið aldrei haft frumkvæði að viðskiptalotum á vegum GATT eða Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Ég veit ekki til þess, nema það hafi verið Doha-lotan sem ég efast um að Evrópusambandið hafi haft frumkvæði að. Á þessum vettvangi hefur almenna reglan verið sú að ef einhver aðili hefur haft frumkvæði eru það Bandaríkin, en svo sannarlega hafa þróunar-

ríkin líka þrýst mjög á að efla frelsi í viðskiptum og að iðnríkin opni markaði sína, enda er það grundvöllur fyrir velferð þeirra.

Líkt og það hefur verið okkur til hagsbóta að opna markaði okkar er það líka hagur þeirra þjóðríkja að opna markaði sína fyrir öðrum ríkjum. Út á það gengur þetta, þetta gengur ekki bara í aðra áttina. Ég veit ekki til þess að nokkur haldi því fram að það væri skynsamlegt, frú forseti, af Íslendingum t.d. að taka einhver skref til baka varðandi opnun markaða okkar eða lækkun tolla. Ég veit ekki til þess að einhver haldi því fram með fullum rökum að það væri æskilegt. Ef það er stefna einhverra stjórnmálaafla á þingi að það eigi t.d. að hækka tolla á einhverjum vörum eða loka á innflutning á einhverjum vörum er gott að það komi skýrt fram. En það liggur alveg fyrir hvernig þróunarríkin skilgreina hagsmuni sína.

[17:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er almennt fylgjandi því að greiða fyrir viðskiptum og hef ekki lagt stein í götu slíks. Hins vegar er ég því fylgjandi að við séum sjálfráð um hvað við gerum í þeim efnum. GATS-samningarnir eru mjög fljótandi samkomulag. Annars vegar er samið um sjálfan grunninn í Doha-lotu og öðrum lotum sem kunna að vera uppi, en síðan eru skeið þar á milli þar sem ríkin semja innbyrðis, setja fram óskir og kröfur sem iðulega fara ekki hátt. Menn geta líka hlaupið í mismunandi þrep samningsins. Það var það sem ég var að vísa í, að eftir Doha-samninginn gátu einstök ríki, þar á meðal við, sett fram kröfur gagnvart viðskiptaaðilum. Það er þetta sem ég var að vísa í að Evrópusambandið hefði gert, reyndar á bak við luktar dyr á sínum tíma, og varð að miklu blaðamáli um alla Evrópu þegar það var upplýst.

Þótt ég telji að aukin viðskipti og samgangur á milli ríkja og þjóða sé af hinu góða og þegar á heildina er litið er það sjálfræðið sem ég vil standa vörð um, ekki síst þegar við skuldbindum okkur til að gera grundvallarbreytingar á samfélagi okkar með því að gefa fyrirheit um að setja t.d. velferðarþjónustuna, vatnsveitur, raforku og annað af því tagi sem flokkast til grunnþjónustu í einu samfélagi, að setja slíkt á markað á óafturkræfan hátt. Það er það sem gagnrýni mín og okkar gengur fyrst og fremst út á.

[17:14]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ég skildi hv. þingmann rétt er hann á því að frjáls viðskipti séu góð, milliríkjaviðskipti, en hann setur bara fyrirvara sinn við ákveðinn þátt innan GATT-samningsins ... (**ÖJ:** GATS.) Það er allt í lagi að hann leiðrétti mig þá bara í frammíkalli, ég er að reyna að átta mig á því hvar skoðanir þingmannsins liggja. Af fyrstu ræðu hans var ekki hægt að greina annað en það að hann væri almennt á móti frjálsum viðskiptum milli landa.

Ég get ekki annað heyrt en að þingmaðurinn hafi annaðhvort verið að leiðrétta mig, að ég hafi ekki skilið hann rétt, eða draga í land með það og að eftir standi að hann sé annaðhvort á móti GATS-samningnum sem einum af samningum Alþjóðaviðskiptastofnunar eða einhverjum hluta GATS-samningsins. Það má vel vera að þar séu einhverjar hugmyndir sem þurfi að skoða, ég ætla ekkert að segja um það. Hins vegar liggur alveg fyrir að hagur þjóða liggur í því að hafa sem frjálsust viðskipti milli landa. Það er það sem menn stefna að af ástæðu. Það er ekki út af kvikindisskap eða stóru samsæri, heldur eru menn að þessu fyrst og fremst til þess að bæta hag almennings í viðkomandi löndum. Reynslan hefur sýnt okkur að menn leggja allt þetta á sig, sem er ekki lítið, til þess að efla viðskiptafrelsi í heiminum, til að bæta hag almennings í viðkomandi löndum. Þó er sérstaklega mikilvægt, virðulegi forseti, í þeim löndum sem við köllum þróunarríki að við hleypum þeim inn á markaði okkar og þar nái að þróast markaðshagkerfi öllum til hagsbóta. (**ÖJ:** Ekki þegar viðskiptafrelsið er notað til að ræna það.)

[17:16]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði í ræðu sinni áðan að hann teldi að ástandið í Írak væri betra en það hefði verið fyrir nokkrum missirum. Hæstv. utanríkisráðherra sagði í ræðu sinni að mikið lægi á að koma á lýðræði og tryggja stöðugleika í Írak.

Nú er ég ekki kominn hingað til mæla þeirri stjórn bót á neinn hátt sem var í Írak áður en innrásin var gerð fyrir rúmlega einu og hálfu ári, langt í frá, en maður hlýtur að setja spurningarmerki við fullyrðingar um stöðugleika í Írak í ljósi þeirra frétta sem berast frá því landi þessa dagana. Ég prentaði að gamni mínu út fyrirsagnir sem komið hafa inn á fréttavefinn mbl.is frá því í fyrradag. Hér eru fyrirsagnirnar, með leyfi forseta:

„Íröksk öfgasamtök fyrirskipa árásir á skotmörk í Írak.

Tveir Írakar létust af völdum bílasprengju við Kirkuk.

13 Írakar fórust af völdum bílasprengju í Bagdad.

Bardagar brjótast út í Falluja að nýju.

Vegarsprengjur verða 7 að bana í Írak.

11 bandarískir hermenn og 2 írakskir fallnir í Falluja.

Bílasprengjuárás gerð á borgarstjóra Kirkuk í Írak.

600 uppreisnarmenn drepnir frá upphafi innrásar í Falluja."

Þar geisar núna gríðarlega hörð orrusta sem staðið hefur yfir í nokkra sólarhringa. Í hádeginu fengum við fréttir af því að skæruliðar sem földu sig í þessari borg hefðu sennilega sloppið, flestir þeirra, og að uppreisnin væri farin að breiðast út víðar um landið, þ.e. við erum farin að sjá klassísk einkenni skæruhernaðar þar sem menn birtast og hverfa jafnharðan aftur, mjög erfitt að festa hendur á ástandinu og nánast ómögulegt að ráða niðurlögum þessara afla. Ef þetta er stöðugleikinn sem menn hafa verið að lýsa eftir í Írak núna þegar rúmlega eitt og hálft ár er liðið frá því að innrásin hófst verð ég að segja að stöðugleiki er mjög afstætt hugtak.

[17:19]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég man ekki eftir því að hafa minnst á stöðugleika í ræðu minni. Ég vil trúa því að þar sem við, vestrænar þjóðir, höfum haft afskipti — menn gleyma oft í upptalningunni sumum landsvæðum, t.d. Kosovo áður — þ.e. í

Afganistan og Írak núna, séu hlutirnir að þróast í rétta átt. Það hvarflar ekki að mér að halda því fram að þetta séu vandamálalaus svæði. Í rauninni held ég að það sé þvert á móti, ég held að þar séu uppi gríðarleg vandamál. Menn tala aldrei um Kosovo en þar vitum við af mjög miklum vanda.

Að byggja Afganistan upp úr þeim rústum sem það land var í eftir þá gríðarlegu harðstjórn sem þar var er ekki auðvelt verk. Það hefur svo sem ekki klárast. Ég held hins vegar að jákvæð teikn séu á lofti eins og menn voru að nefna hér áðan varðandi kjörsókn og annað slíkt.

Írak er örugglega stærsta dæmið. Ef þær fullyrðingar sem hér voru uppi í þingsal sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur vakið athygli á eru réttar héldu vinstri grænir því fram að í tíð Saddams Husseins hefðu 300 börn dáið á dag úr hungri og vannæringu, á sama tíma og hann var með milljarða inni í höllum sínum. Við þekkjum þær fjöldagrafir sem hafa fundist. Það liggur alveg fyrir og allir vita að engir fjölmiðlar sögðu okkur hvað var í gangi í tíð þess harðstjóra sem mun nú komast á spjöld sögunnar og er á spjöldum sögunnar sem einn mesti harðstjóri í sögu mannkynsins.

Ég ætla ekki að halda því fram að menn séu búnir að leysa allan vanda, því fer víðs fjarri, en við skulum vona að við munum ná árangri þar sem og annars staðar.

[17:21]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við getum haldið mjög lengi áfram að deila um það hversu margir hafa látist á ákveðnum tímabilum í sögu Íraks, bæði á þeim dögum sem nú líða og fyrir nokkrum árum þegar ógnarstjórn Saddams Husseins var við lýði. Sú umræða skilar okkur kannski ekkert voðalega langt á veg. Hæstv. utanríkisráðherra sagði í andsvari fyrr í dag að hann efaðist mjög um tölur um mannfall óbreyttra borgara í Írak frá því að innrásin hófst, 100 þús. manns. Þær tölur voru birtar í breska læknavísindaritinu The Lancet á dögunum. Hæstv. utanríkisráðherra efaðist um að þær tölur væru réttar og hélt að mannfallið væri í raun og veru miklu minna. Ég veit það ekki. Ég hef ekki komið til Íraks. Ég hef ekkert fast í hendi hvað þetta varðar. Ég tel að þetta sé heldur ekki alveg mergurinn málsins. Mergurinn málsins er sá að ég held að þessi innrás hafi einfaldlega ekki skilað því sem til var ætlast. Hún mun ekki gera það. Ég held að full ástæða sé til að hafa miklar áhyggjur af því að ástandið í þessu hrjáða landi eigi eftir að versna enn og eigi eftir að versna mjög á næstu vikum og mánuðum þegar líður að kosningum sem fyrirhugað er að halda þarna í janúar, ef ég man rétt.

Það er ekki að sjá að herjum Bandaríkjamanna, Breta og fleiri þjóða hafi tekist að ná neinum tökum á þessu ástandi, því miður. Stjórnvöld, bæði hér á Íslandi og í öðrum löndum, voru ítrekað vöruð við áður en ákvörðun var tekin um innrásina í Írak. Það var sagt að þessi innrás mundi eingöngu gera vont verra. Ég held því miður að það hafi komið á daginn. Menn hefðu átt að hugsa sig um tvisvar áður en þeir fóru inn í Írak til að reyna að koma Saddam Hussein frá völdum og frekar þá að íhuga þann möguleika hvort vel heppnuð byssukúla hefði ekki getað leyst af hendi það verk sem nú hefur tekið þessa heri eitt og hálft ár að reyna að leysa af hendi, verk sem gersamlega er að mistakast.

[17:23]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hinn kaldi raunveruleiki er einfaldlega þessi: Ef ekki hefði verið gripið til þessara aðgerða, hvort sem það var í Kosovo, Afganistan eða Írak, væru þeir aðilar sem þá voru við völd í þessum löndum enn við völd; Milosevic í þáverandi Júgóslavíu, talibanar í Afganistan og Saddam Hussein í Írak. Þannig er það. Og þetta er ekkert nýtt í mannkynssögunni. Ef við lítum á seinni heimsstyrjöldina og uppbyggingarstarfið eftir hana fer því víðs fjarri að á einni nóttu hafi tekist að snúa öllum þeim hlutum til hins betra. Þar erum við samt að tala um mun líkari menningarheim og í rauninni minni vandamál, ef þannig má að orði komast, en við erum að horfa á hér. Það liggur fyrir. Og það liggur fyrir að öllum var ljóst að eftir átök eins og þessi bíður þjóða heims gríðarlegt uppbyggingarstarf.

Ef menn eru hér í að rifja upp söguna og segja hvað þeir hefðu átt að gera liggur fyrir að ef menn hefðu farið eftir þeim aðilum sem sögðu að ekki ætti að gera neitt í þessum málum væru enn við völd Saddam Hussein í Írak, talibanar í Afganistan og Milosevic í Júgóslavíu. Svo einfalt er það. Menn verða að reyna að sannfæra þann sem hér stendur um að það væri betra en það ástand sem er uppi núna. Ég er alveg til í að hlusta en ég held að erfitt yrði að komast að þeirri niðurstöðu.

[17:25]

Útbýting:

Atvinnumál í Mývatnssveit, 315. mál, fsp. KLM, þskj. 344.

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, 316. mál, frv. GÞÞ o.fl., þskj. 345.

Lágmarkslaun, 306. mál, frv. GE o.fl., þskj. 334.

Leyfilegur meðafli botnfisks, 312. mál, fsp. MÞH, þskj. 340.

Stóriðja og skattar, 317. mál, fsp. GÁS, þskj. 346.

[17:26]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég vil byrja ræðu mína á því að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir greinargóða skýrslu þar sem dregin var upp mynd af stöðu alþjóðastjórnmála nú um stundir og jafnframt dregin upp mjög skýr mynd af margvíslegum verkefnum sem íslenska utanríkisþjónustan sinnir. Í umræðunni sem fylgt hefur framsögu ráðherrans hefur m.a. verið rætt um varnar- og öryggismál í víðum skilningi.

Ég tel eðlilegt að uppi séu mjög misjafnar skoðanir á innrásinni í Írak, enda eru slíkar aðgerðir ávallt neyðarúrræði. Það sem ég hins vegar álít að sé öllu mikilvægara nú er að koma á friði í landinu svo að unnt sé að einbeita sér að framtíðaruppbyggingunni í landinu. Það er alveg ljóst að það er ekkert sem gerist á einni nóttu og það er líka alveg ljóst að það gerist ekkert af sjálfu sér, það er eitthvað sem vestræn ríki og þjóðir þurfa að taka saman höndum um og vinna að saman.

Mér hefur fundist opinber umræða í íslensku samfélagi um utanríkismál mörg undanfarin missiri öðru fremur ein-

kennast af stóryrtum upphrópunum um Íraksstríðið, að ógleymdum staðhæfingum um mikinn kostnað við að koma á fót tveimur íslenskum sendiráðum. Ég lít svo á að þessi málaflokkur sé mun þýðingarmeiri en svo að það sé ásættanlegt að honum sé sniðinn þessi þröngi stakkur. Utanríkismál og utanríkisviðskipti, varnar- og öryggismál eru í raun inni málefni sem snerta okkur öll, alla einstaklinga í íslensku samfélagi frá degi til dags.

Hvað stríðið í Írak varðar er löngu orðið ljóst að meginforsendurnar fyrir innrásinni í Írak stóðust ekki. Þær reyndust að stórum hluta rangar en það kom í ljós eftir á, eftir innrásina. Ákvörðunin var tekin að hluta til á grundvelli forsendna sem reyndust rangar, á grundvelli rangra upplýsinga, en ákvörðun þeirra sem að þessu hafa staðið var hins vegar tekin í góðri trú. Innrásin í Írak tilheyrir liðinni tíð og það þjónar hvorki hagsmunum öryggis og friðar, lýðræðis og mannréttinda né félagslegra og efnahagslegra hagsmuna Íraka að við hér uppi á Íslandi eða annars staðar séum sýknt og heilagt að hjakka í sama farinu, að hjakka í fortíðinni og í endalausri leit að sökudólgum. Það sem er mikilvægast núna er að ríki heims taki höndum saman í baráttunni gegn hryðjuverkum, hvort sem varðar bein átök við hryðjuverkamenn eða þróunaraðstoð, uppbyggingarstarf eða friðargæslu.

Aukin og efld aðkoma Sameinuðu þjóðanna og forusta er afgerandi að mínu mati hvað þetta varðar. Í ljósi úrslita forsetakosninganna í Bandaríkjunum og í ljósi þess að of litlir kærleikar eru á milli húsbóndans í Hvíta húsinu og þorra stjórnarherra á meginlandi Evrópu er kannski ekki ástæða mikillar bjartsýni um að Vesturlöndin snúi bökum saman. Auðvitað hljótum við að vona að þær alvarlegu aðstæður sem ríkja í alþjóðamálum og erfið staða Bandaríkjanna í Írak knýi á um að Evrópa og Bandaríkin nái saman að nýju.

Á sama hátt og það er nauðsynlegt að mæta hryðjuverkaógninni af fullri hörku með her- og lögregluvaldi er að mínu mati mikilvægt langtímaverkefni að vinna gegn þeim stuðningi sem hreyfingar hryðjuverkamanna njóta. Við þurfum að vinna gegn því að þær geti aflað sér meira fylgis og fái nýliða til voðastarfa.

Uppbyggingin á þeim landsvæðum þar sem öfgamenn útbreiða boðskap sinn og lokka óharðnaða unglinga til liðs við sig, jafnvel til sjálfsmorðsárása, er mikilvægur hluti af því að mæta hryðjuverkaógninni. Svo lengi sem til er frjór jarðvegur fyrir boðskap hryðjuverkamanna þá næst a.m.k. lítill varanlegur árangur. En í uppbyggingarstarfi á átakasvæðum og friðargæslu er einmitt vettvangur þar sem við Íslendingar og aðrar smáar þjóðir getum einkum látið til okkar taka. Þess vegna hefur myndarleg uppbygging átt sér stað á síðustu árum hjá Íslensku friðargæslunni. Það er sérstakt fagnaðarefni. Við getum látið gott af okkur leiða á því sviði og vakið verðskuldaða athygli þrátt fyrir smæð okkar. Stjórn okkar á flugvellinum í Kabúl er eitt besta dæmið um það.

Eitt af því sem ég tel brýnt að gera er að skilgreina bæði hætturnar sem steðja að í öryggis- og varnarmálum, þá hagsmuni sem við viljum standa vörð um og viðfangsefnin sem við viljum setja í forgang.

Ég sagði áðan að ég teldi að málaflokknum utanríkismálum væri allt of þröngur stakkur sniðinn því hann snerti í raun okkur öll, daglegt líf okkar og framtíð. Alþjóðavæðing, alþjóðleg hryðjuverkastarfsemi, stækkun Evrópusambandsins og hugsanleg aðild okkar að því, svo ég nefni bara þrjú dæmi, eru ekki bara orð sem stjórnmálamenn, embættismenn eða fræðimönnum koma við, heldur heiti og hugtök með efni og innihald sem færa okkur viðfangsefni sem við þurfum öll að taka afstöðu til. Þau snerta alla aðra málaflokka og þau snerta öll önnur viðfangsefni í pólitíkinni. Öryggi okkar Íslendinga snýst ekki bara um veru hersins og fjórar þotur á Keflavíkurflugvelli. Það snýst ekkert síður um aðgerðir gegn útbreiðslu smitsjúkdóma og mengun hafsins, baráttu fyrir persónuvernd og friðhelgi einkalífsins, fyrir mannréttindum og fyrir lýðræði. Við getum ekki setið hjá og einangrað okkur frá öðrum þjóðum.

Vandamálin virða ekki landamæri. Við erum þátttakendur í alþjóðasamfélagi, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, bæði með kostum þess og göllum. Nýjar og fyrirséðar ógnir kalla á ný úrlausnarefni og gera kröfur til samstarfs og samhæfingar þeirra krafta sem við ráðum yfir. Loftvarnir okkar eru þýðingarmiklar, en við þurfum líka að tryggja samhæfingu þeirra varna og samstarfið við þá sem ætlað er að axla ábyrgð á innra öryggi okkar, lögreglu, Landhelgisgæslu, Almannavörnum, slökkviliði og hjálparsveitum.

Við eigum, frú forseti, stöðugt að meta og endurskoða hvernig framlögum okkar til utanríkis- og varnarmála er varið, jafnt framlögum til utanríkisþjónustunnar sem öðrum framlögum sem falla undir þennan málaflokk, t.d. til þróunaraðstoðar og friðargæslu. Stærðin skiptir ekki öllu máli. Það að við erum lítil og fámenn þjóð má ekki ráða öllu um afstöðu okkar í utanríkismálum. Hvað framlög til þróunaraðstoðar varðar þá er á alþjóðavettvangi gerð krafa til ákveðins hlutfalls af þjóðartekjum og við erum sannarlega meðal ríkustu þjóða heims. Við eigum mikinn mannauð og menntað og reynsluríkt fólk á fjölmörgum sviðum. Auk þess njótum við virðingar og trúverðugleika á alþjóðavettvangi sem eitt Norðurlandanna.

Það er á hinn bóginn sérstakt viðfangsefni að skoða hvernig hægt er að tryggja hámarksárangur og ávinning af fjárhagslegum framlögum okkar sem öðrum með aukinni samhæfingu og samstarfi við aðrar þjóðir.

Í ræðu minni af sama tilefni í fyrra nefndi ég að Norðurlöndin hafa lengi leikið stærra hlutverk í alþjóðastjórnmálum og að Norðurlöndin hafi haft mun meiri pólitísk áhrif en hernaðar- og efnahagsmáttur þeirra segir til um. Ástæða þess er að Norðurlöndin hafa um árabil notið virðingar víða um heim. Það hefur verið litið til okkar sem fyrirmyndarsamfélaga þar sem jöfnuður og velferð ríki og ekki síst hefur verið litið til okkar vegna þess að Norðurlöndin njóta trúverðugleika sem hlutlausir og sanngjarnir aðilar sem ekki ganga erinda stórvelda á alþjóðavettvangi. Í núverandi landslagi alþjóðastjórnmála er einmitt þörf á slíkum öflum sem geta til að mynda sent friðargæsluliða eða stjórnað uppbyggingarstarfi á átakasvæðum í sátt við alla deiluaðila. Samstarf Norðurlandanna á sviði friðargæslu er því einkar þýðingarmikið. Fyrirmyndardæmið um samstarf á þessu sviði er friðargæslulið undir stjórn Norðmanna á Sri Lanka, en þar hafa friðargæsluliðar frá öllum Norðurlöndunum

starfað saman í einni sveit.

Það hefur um tíma verið ósk þingmanna í Norðurlandaráði að samstarf landanna á þessum vettvangi verði eflt enn frekar, að löndin starfi saman að þjálfun friðargæsluliða og komi á samnorrænum friðargæsluliðum til að takast á við sérstök verkefni. Á vettvangi Norðurlandaráðs var á þinginu í Stokkhólmi í síðustu viku fjallað sérstaklega um þetta, um samstarf og samhæfingu krafta Norðurlandanna um þróunaraðstoð, sem jafnframt yrði sterkasta vopnið gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Þar var einnig fjallað um samstarf okkar við Eystrasaltslöndin um málefni Evrópusambandsins og stuðninginn við efnahagslega, pólitíska og félagslega uppbyggingu hjá nýjum nágrönnum okkar í austurátt. En það eru nágrannar sem við eignuðumst við stækkun Evrópusambandsins.

Áður en ég lýk máli mínu, frú forseti, vil ég enn og aftur nefna hlut kvenna í þessu samhengi, þ.e. í tengslum við friðargæsluna. Norðurlöndin hafa allar forsendur til að vera í fararbroddi á því sviði friðargæslunnar, þ.e. í að setja málefni kvenna í forgang á átakasvæðum. Jafnréttishefðin á þrátt fyrir allt sterkastar rætur á Norðurlöndum og því eru Norðurlöndin betur í stakk búin en nokkur önnur til að setja málefni kvenna, hagsmuni þeirra, hagsmuni barna og fjölskyldna, í fyrirrúm. Ég tel að fjölgun kvenna í friðargæslu og uppbyggingarstarfi sé lykilatriði hvað þetta varðar. Ég lít þannig á að markmið okkar hljóti að vera að tryggja sem jafnastan hlut kvenna og karla í friðargæslustörfum og almennt í alþjóðastarfi á þessum vettvangi.

Að þeim orðum sögðum, frú forseti, vil ég lýsa þeirri von minni að nýr hæstv. utanríkisráðherra tryggi stöðu kvenna innan íslensku friðargæslunnar. Jafnframt legg ég mikla áherslu á að við þjálfun og undirbúning friðargæsluliða verði sérstakur gaumur gefinn að stöðu kvenna á átakasvæðum.

Víða er mikið verk að vinna, ekki bara í Írak og Afganistan. Ég hef sjálf heimsótt löndin á Balkanskaganum og orðið vitni að því að þar er alls ekki kominn á sá stöðugleiki og ró sem alþjóðasamfélagið, að mér finnst, gefur sér eða gerir sér von um. Það er ljóst að þar er mikið verk að vinna og ekki síst með friðsamlegri, borgaralegri friðargæslu, við að hjálpa mönnum við að byggja upp samfélagið. Þar skiptir ekki minnstu að horfa sérstaklega til aðstæðna kvenna, barna og fjölskyldna, að loknum stríðsátökum.

Frú forseti. Umræða um utanríkismál sem einskorðast við krónutölu, kostnað við að koma á fót sendiráðum eða lagalegar forsendur fyrir innrásinni í Írak, er að mínu mati öðru fremur hættuleg. Hún einokar og aftrar því að við ræðum öll þau þörfu og brýnu viðfangsefni sem ég held að þingheimur allur geti verið sammála um að brýnt sé að takast á við í nútíðinni til að tryggja frið í framtíðinni.

[17:39]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég tek undir þakkir háttvirtra þingmanna til hæstv. utanríkisráðherra fyrir góða skýrslu. Í henni kom fram að áætlað er að stórauka þróunarhjálp og að hún hafi verið aukin. Ég vil í því sambandi benda á að það er mjög vandasamt að stunda skynsamlega þróunarhjálp. Matargjafir geta t.d. verið mjög skaðlegar. Korngjafir geta eyðilagt landbúnað viðkomandi landa. Bændur fara á vergang því að þeir geta að sjálfsögðu ekki framleitt korn í samkeppni við gjafakorn. Það er því ekki sama hvernig menn stunda þróunarhjálp.

Það sem gert hefur verið með byggingu brunna og annað slíkt er mjög jákvætt. Þá er verið að byggja upp innri strúktúr. Sömuleiðis mættum við fara út í vegagerð en ég vil benda á enn eina leið.

Í bók sinni „Mystery of Capital" færir hagfræðingurinn Hernando De Soto rök fyrir því að grundvöllur kapítalismans eða frjáls markaðshagkerfis liggi hjá lóðaskrárriturum. Það er svo merkilegt. Við höfum oft séð grínmyndir um rykfallna lóðarskrárritara en þeir eru í raun grundvöllur kapítalismans. Vandamál nýfrjálsra ríkja Sovétríkjanna felst í því að þar er engin lögbundin eða lögmæt eignaskráning til. Fátækt fólk, sérstaklega, getur ekki fengið staðfestingu á eignum sínum nema með mikilli fyrirhöfn. Þetta er vandinn. Vandinn má segja að sé í hnotskurn þannig að maður sem á lítið hús, jafnvel úr pappa eða einhverju slíku, sem er lítils virði í okkar augum en mikils virði í hans augum, getur soltið heilu hungri en samt átt þetta hús. Hann getur ekki veðsett það. Hann verður að selja eignina alla í heilu lagi ef hann ætlar að kaupa sér mat. Hann getur ekki veðsett eign sína eða gengið að henni vísri. Hann þarf að verja hana fyrir þeim sem ásælast hana og margs konar vandræði geta komið upp.

De Soto bendir á að eignir fátæks fólks í þróunarlöndunum séu umtalsverðar og ef þær yrðu veðsetjanlegar, skráðar og með opinberu skráningarkerfi, þá væri mikið til unnið og mætti byggja þar upp markaðshagkerfi í okkar skilningi.

Nú er það svo, frú forseti, að við Íslendingar búum við eitt besta kerfi á þessu sviði, þ.e. skráningu fasteigna, sem nýbúið er að taka upp. Í því kerfi er í fyrsta lagi ákveðin lagasetning, stofnanaumhverfi og skilgreining á því hvað er fasteign, hvað er eign. Það er ekki svo lítið.

Ég hef velt upp þeim möguleika að íslenska ríkið, væntanlega í samvinnu við önnur ríki Norðurlandanna eða önnur, gefi einhverju þróunarríki slíkt kerfi, að þar yrði byggt upp opinbert skráningarkerfi þar sem allir, sérstaklega fátækt fólk, geti skráð eignir sínar sem yrðu þá skilgreindar. Þannig held ég að við mundum gera mest gagn með minnstum tilkostnaði. Það mundi ekki kosta okkur nein ósköp að flytja það hugvit og þann hugbúnað sem við búum að í okkar kerfi til annars ríkis.

Frú forseti. Ég má til með að koma inn á umhverfismál. Við höfum nýlega fengið í hendur skýrslu um hlýnun norðurslóða. Þar eru uggvænlegar fréttir um að greinilegt virðist að norðurslóðir séu að hitna. En það er eins og með sjúkling sem fær hita. Við þurfum að vita af hverju hann þjáist áður en við förum í læknisaðgerðir. Er hann með kvef, er hann með magaverk, magaveiki einhverja, eða hvað hrjáir sjúklinginn? Því miður telja margir sig hafa fundið sjúkdóminn og ganga að því vísu að það sé koldíoxíðmengun sem valdi hlýnun jarðarinnar og svokölluðum gróðurhúsaáhrifum. Þetta er að mínu mati ekki vísindalega sannað. Ákveðin teikn benda til þess en það gætu verið aðrar ástæður fyrir þessari hlýnun. Ástæðan gæti t.d. verið vatnsgufan í andrúmsloftinu sem stafar af umsvifum mannsins við bygg-

ingu stórborga, umsvifum mannsins við áveitur og annað slíkt, umsvifum mannsins við að höggva niður skóga.

Það væri mjög alvarlegt ef við færum að lækna sjúklinginn með meðulum við röngum sjúkdómi. Það yrði mjög alvarlegt vegna þess að þær aðgerðir sem menn grípa til vegna koltvíoxíðmengunar miða að því að hefta að miklu leyti ýmiss konar efnahagslegar aðgerðir. Þegar haft er í huga að fjórðu hverja sekúndu deyr einhver maður í heiminum úr hungri þá geta slíkar heftingar á efnahagslegum aðgerðum valdið ómældum hörmungum og dauða víða um heim eða komið í veg fyrir að menn geti barist gegn hungurvofunni. Þess vegna er mjög mikilvægt að menn viti nákvæmlega og að það sé vísindalega sannað hvað valdi þessari hitun, upphitun eða gróðurhúsaáhrifum eða hvort yfirleitt sé um gróðurhúsaáhrif að ræða. Sumir hafa bent á að ákveðnar sveiflur í útgeislun sólar gætu hugsanlega valdið þessu. Það er, að því að ég tel, vísindalega sannað.

Reyndar er orðið mjög erfitt að átta sig á því hvað séu ekta raunvísindi. Menn koma með kenningar, styðja þær ákveðnum gögnum, en það eru engar vísindalegar sannanir fyrir þeim. Mér finnst upp á síðkastið að vísindin séu farin að taka allt of mikið mið af stjórnmálum, að til séu orðin svona stjórnmálaleg vísindi sem verða stundum allt að því að trúarbrögðum, þ.e. menn trúa því að þetta og hitt sé að gerast í staðinn fyrir að sanna það með vísindalegum aðferðum sem eru viðurkenndar og þekktar af öllum. Ef þetta væri vísindalega sannað þá þyrfti ekki annað en birta þær greinar og sanna það. Þá yrði lækningin tiltölulega einföld. En hún er ekki einföld þegar menn vita ekki nákvæmlega hver sjúkdómurinn er. Þess vegna legg ég áherslu á að menn styðji rannsóknir á þessari hitun jarðar. Mannkynið þarf að sjálfsögðu að grípa til eins mikilla vísindalegra rannsókna á þessu fyrirbæri og hægt er því þetta er mjög alvarlegt mál.

Ég hygg að þessi frétt muni kannski verða stærsta fréttin af öllum fréttum síðustu viku, þar á meðal fréttum um kennaraverkfall, borgarstjóra í Reykjavík o.s.frv. Þetta er að sjálfsögðu nokkuð sem gjörvallt mannkyn stendur frammi fyrir.

Sumir hafa sagt að við eigum að láta náttúruna njóta vafans. Auðvitað er það í lagi svo fremi sem við fórnum ekki mannslífum í stórum stíl fyrir þann vafa. Við þurfum vissulega að gæta þess að aðgerðir okkar grípi ekki þannig inn í efnahagslíf heimsins að þær komi niður á þeim sem síst skyldi, því fólki sem í dag er að deyja úr hungri. En það er því miður staðreynd.

[17:49]

Pétur Bjarnason:

Frú forseti. Hæstv. utanríkisráðherra hefur nú lagt fram fyrstu skýrslu sína um utanríkismál. Um leið og ég óska honum heilla í starfi sínu ætla ég að ræða örfá atriði í skýrslu hans.

Skýrslan fjallar að verulegu leyti um störf forvera hans og samráð þessara hæstvirtu ráðherra um þjónkun við stefnu Bandaríkjamanna í Íraksstríðinu. Ég hefði viljað sjá skýrari merki um nýja og e.t.v. breytta stefnu á ýmsum öðrum sviðum hjá nýjum ráðherra. Ég kem síðar að þeim atriðum sem varða hernaðarstefnu íslenskra stjórnvalda. En ég ætla að byrja á að ræða síðustu orð skýrslunnar sem vekja mér nokkrar vonir um stefnubreytingu og aukið aðhald í utanríkisþjónustunni enda er þess mikil og brýn þörf.

Niðurlag ræðu hæstv. ráðherra hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Utanríkisþjónustan er óaðskiljanlegur þáttur í fullveldi Íslands og skiptir miklu að takist að nýta hana í þágu lands og þjóðar. Í þeim tilgangi hefur þjónustan verið efld á undanförnum árum. Það breytir því ekki að meta verður fjölda starfsmanna, staðsetningu sendiskrifstofa og framlög til verkefna erlendis í senn á grundvelli hagsmuna á hverjum tíma og með mesta mögulega hagræðingu í huga."

Þessi niðurlagsorð skýrslunnar vekja vissulega vonir um breytt viðhorf til útþenslu utanríkisþjónustu þar sem kostnaður hefur keyrt úr hófi fram á undanförnum árum. Útgjöld utanríkisráðuneytis hafa nærfellt þrefaldast á undanförnum átta árum. Sendiráðum hefur fjölgað stöðugt þar sem saman fer óhóflegur stofnkostnaður og rekstrarkostnaður þessara sendiráða. Líklega er hækkun þessa kostnaðar við utanríkisþjónustuna mjög nærri því að vera sjö sinnum meiri en hækkun vísitölu neysluverðs á Íslandi á sama tíma. Það er erfitt að sjá fyrir sér réttlætingu á svo stórkostlegri hækkun á sama tíma og önnur ríki draga úr umsvifum sínum og kostnaði vegna sendiráða og nýta sér nýjustu tækni til þess að efla samskipti sín við aðrar þjóðir. Má t.d. nefna að Bretar eru að draga verulega úr starfsemi sendiráða sinna erlendis. Ég hef heyrt töluna 40 í því sambandi.

Danska ríkisstjórnin lagði fram áætlun á síðasta vetri um að leggja niður 130 stöður á næstu tveimur árum og jafnframt leita leiða til þess að lækka húsnæðiskostnað. Danir hafa þegar lagt niður á annan tug sendiráða og fækkað stöðugildum mjög verulega. Sendiráðum okkar hefur hins vegar fjölgað töluvert á undanförnum árum eins og ég hef þegar getið um og sum þeirra hafa verið verulega umdeild vegna óheyrilegs kostnaðar.

Við Íslendingar ættum að geta dregið einhvern lærdóm af þessum aðgerðum nágranna okkar. Við hljótum að geta markaðssett okkur og gætt hagsmuna þegna og viðskiptalífs með hagstæðari hætti en hér hefur verið gert á síðustu árum. Það er ekki réttlætanlegt að setja upp sendiráð með yfir hálfan milljarð í stofnkostnað og hundruð milljóna í rekstrarkostnað á ári til þess að byggja upp viðskiptahagsmuni eða á annan hátt treysta bönd okkar við umheiminn. Það hljóta að vera mun virkari leiðir til þess en að beina þeim viðskiptum í gegnum diplómataleiðina sem verður æ fjarlægari hinum raunverulega viðskiptaheimi með hverju árinu sem líður.

Virk dæmi úr hinni íslensku útrás efnahagslífsins ættu að sanna það betur en flest annað þar sem íslensk fyrirtæki hafa ötullega unnið sér sess á alþjóðlegum markaði og a.m.k. mörg þeirra án þess að hafa notið hinnar diplómatísku velvildar og fyrirgreiðslu. Þau hafa mörg hver komist þangað sem þau eru nú án þess að sendiráðin hafi eytt dýrmætu fjármagni sínu í öflun viðskiptasambanda fyrir þau.

Nú geri ég ekki lítið úr þeim áhrifum sem hægt er að hafa í gegnum utanríkisþjónustuna og vissulega hefur á hennar vegum og í samráði við hana verið staðið fyrir mjög mörgum athyglisverðum dagskrám og kynningu á Íslandi og íslenskum varningi. Hér þarf fyrst og fremst að gæta

hófs og beita meira aðhaldi en verið hefur.

Ég vona að fyrrgreind tilvitnun boði stefnubreytingu í þessum efnum og bendi einnig á bls. 11 í skýrslu hæstv. utanríkisráðherra. En hann sagði, með leyfi forseta:

„Þannig er til dæmis nauðsynlegt að tvíefla alla viðleitni til að kynna Ísland sem áfangastað fyrir ferðamenn. Í því skyni þarf utanríkisþjónustan að auka samstarf sitt við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og þau stjórnvöld sem fara með ferðamál."

Samvinna ferðaþjónustu og utanríkisþjónustunnar er nauðsynleg og ég fagna aukningu hennar sem hér kemur fram. Þær áherslur verða til hagsbóta í starfi sendiráðanna.

Herra forseti. Því miður er ekki hægt að hæla mörgu fleiru í þessari skýrslu eða nefna neitt í henni sem gæti vakið vonir um breytingu á stuðningi okkar við stríðsrekstur Bandaríkjamanna í Írak. Hæstv. utanríkisráðherra segir að íslensk stjórnvöld séu nú sem fyrr á þeirri skoðun að rétt hafi verið að gera innrásina í Írak og enn er í skýrslunni hamrað á því að Írakar hafi haft gereyðingavopn undir höndum. Nú heitir það að vísu að almennt hafi verið uppi grunsemdir um slíkt. En það var nánast fullyrt á sínum tíma og hefur nú verið hrakið á alþjóðavettvangi að slíkar fullyrðingar hafi haft við rök að styðjast. Enn fremur er því lýst sem áhyggjuefni hve margir evrópskir stjórnmálamenn og fjölmiðlar hafi alið á andúð á Bandaríkjamönnum og Bandaríkjunum að undanförnu. Það er ekki eins og það sé án ástæðu. Bush og aðrir oddvitar stríðsrekstursins í Írak skiptu heiminum í svart og hvítt. Annaðhvort ertu með okkur eða þú ert á móti okkur, var boðskapurinn þá og það hefur lítið breyst. Þá tóku menn afstöðu og fátt hefur gerst til að milda afstöðu manna til aðgerða Bandaríkjamanna í Írak síðan.

Ein mikilvægasta ákvörðun í utanríkismálum sem Íslendingar hafa tekið er vafalaust innganga Íslands í varnarbandalag vestrænna ríkja, NATO, árið 1948. Þá settu Íslendingar eitt ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir aðildinni sem var að Ísland mundi aldrei taka beinan þátt í hernaðaraðgerðum, aldrei fara með ófriði á hendur öðrum þjóðum. Að þessu skilyrði gengu aðrar þjóðir í bandalaginu umyrðalaust. Ríkisstjórnin braut þetta skilyrði með því að skipa Íslandi í bandalag hinna staðföstu þjóða sem stóðu að árásinni á Írak. Þáverandi hæstvirtir forsætisráðherra og utanríkisráðherra sem síðan hafa haft stólaskipti tóku þessa afdrifaríku ákvörðun án nokkurs samráðs við Alþingi þrátt fyrir skyldu sína til samráðs við utanríkismálanefnd um öll meiri háttar utanríkismál.

Varla finnst nokkur maður hér á landi sem telur aðild okkar að hernaði í Írak til minni háttar utanríkismála. Hver var svo réttlætingin sem færð var fyrir þeirri kúvendingu á stefnu Íslendinga í utanríkismálum sem varð þegar ríkisstjórnin ákvað að styðja árásarstríðið á Írak? Hún var gereyðingarvopnin sem áttu að vera í Írak. En þau hafa hvergi fundist og staðhæfingar um tilvist þeirra reyndust úr lausu lofti gripnar. Vissulega vilja menn sjá að Írakar eignist frelsi og framtíðarvonir eins og hæstv. utanríkisráðherra gat um. En fátt bendir til þess, því miður, að slíkt sé á næstu grösum.

Að lokum vil ég fara örfáum orðum um starf íslensku friðargæsluliðanna.

Ég býst við að það sé rétt fullyrðing að þeir hafi unnið vel við erfiðar aðstæður. Hins vegar held ég að það slys sem varð nú nýverið þegar íslenskir friðargæsluliðar urðu fyrir árás við störf sín hafi opnað augu manna fyrir því hvert eðli starfa þeirra er og hversu mikil áhersla er lögð á hermennsku og vopnaburð í störfum þeirra. Það vekur vissulega upp spurningar um hermennsku á erlendri grund á vegum Íslendinga. Þessi atburður opnaði sýn á störf friðargæsluliðanna sem almenningur hér hafði ekki fyrir.

Fyrir rúmum 20 árum var ég á svokallaðri veraldarvakt um tveggja ára skeið. Þar voru þeir sem lokið höfðu námskeiði eða námskeiðum fyrir erindreka til hjálparstarfa erlendis. Óneitanlega hefur mikið breyst síðan þá. Þá var helsti vettvangur hjálparstarfs Íslendinga vanþróuð svæði, einkum í Afríku, og frekar var glímt við fáfræði, samgönguerfiðleika, vöntun á vistum, fjármagni og áhöldum heldur en að glímt væri við hryðjuverkamenn með alvæpni sem tilbúnir eru að láta lífið fyrir málstað sinn eins og nú er. Og þar er auðvitað mikill munur á aðstöðu miðað við það sem nú er. Ég viðurkenni það. Aldrei var reiknað með því á þessum tíma að hjálparstarfsmenn íslenskir gengju um með vopn eða hefðu þau undir höndum til þess að beita þeim í starfi sínu. Sá möguleiki var almennt ekki ræddur.

Ég viðurkenni breytt umhverfi frá þessum tíma en vara við því að upplýsingar eins og þær sem nú komu fram nýverið um íslensku friðargæsluliðana komi alþýðu manna hér á óvart eins og nú varð raunin. Það þarf að fara fram umræða um það að hvaða leyti við viljum standa að þessum hernaðarátökum og ákvörðun um það þarf að taka fyrir opnum tjöldum í stað þess að svona uppákomur afhjúpi allt annan veruleika en almenningur vissi af. Við þurfum að taka upp umræðu um hvort við viljum í raun að friðargæsluliðar okkar starfi sem hermenn, beri einkennisbúning hermanna og vopnist sem slíkir. Er það sönn ímynd okkar á erlendri grund? Er það í samræmi við þá ímynd sem við erum að reyna að byggja upp fyrir land og þjóð?

[17:59]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður vék hér aðeins að því sem hann nefndi kostnaðarútþenslu í utanríkisþjónustunni. Það er alveg rétt að útgjöld til utanríkisþjónustunnar hafa vaxið á undanförnum árum. En þá verðum við að hyggja að því hvað nákvæmlega búi því að baki. Umræðan úti í þjóðfélaginu hefur verið einhvern veginn sú að risið hafi hvert sendiráðið á fætur öðru og að stórkostlegur vöxtur hafi orðið í rekstrarkostnaði utanríkisþjónustunnar af þeirri ástæðu. Nú hef ég hér í höndum upplýsingar sem sýna það svart á hvítu að rekstrarkostnaður sendiráða Íslands er nánast sá sami núna, og verður á næsta ári, eins og hann var árið 2002.

Það sem fyrst og fremst hefur valdið því að útgjöld utanríkisþjónustunnar hafa aukist er í fyrsta lagi það að við höfum tekið pólitíska ákvörðun um að auka framlög okkar til Þróunarsamvinnustofnunar þannig að þau hafa nú tvöfaldast frá árinu 2000 til næsta árs.

Í öðru lagi var það þannig að til að ná samningum varðandi EES og m.a. í tengslum við stækkun hins Evrópska efnahagssvæðis höfum við neyðst til þess að greiða meira

til þróunarsjóðs EFTA sem kemur fátækustu ríkjum Evrópu sérstaklega til góða.

Í þriðja lagi höfum við verið að efla, og það er pólitísk ákvörðun, friðargæslustarfsemi okkar úti í heimi vegna þess að við höfum talið að við sem þjóð bærum ábyrgð á því að reyna að koma á uppbyggingu borgaralegs samfélags víða úti um heim þar sem búið var að leggja það í rúst vegna hernaðarumsvifa. Þess vegna held ég, virðulegi forseti, þó að sjálfsögðu eigi að gæta aðhalds í þessum efnum eins og öðrum, að ég verði að vekja athygli á því að hér er í öllum tilvikum um að ræða pólitískar ákvarðanir sem við höfum tekið á Alþingi. Við höfum viljað leggja áherslu á aukna þróunaraðstoð, aukna friðargæslustarfsemi og við höfum tekið þessa pólitísku ákvörðun til að hægt væri að tryggja áfram starfsemi á hinu Evrópska efnahagssvæði (Forseti hringir.) og þátttöku okkar í því.

[18:01]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar, sem eru að mörgu leyti ágætar, að hér er að draga úr þenslu. Ég er ekki viss um að hv. þingmaður hafi heyrt alla ræðu mína en það sem ég ræddi einmitt um, — viðmiðunartíminn sem ég er að tala um er lengri, hann er frá 1996 og mesta þenslan var líklega fram að árinu 2002–2003 eða svo en það eru mjög gleðilegar fréttir, sem ég þakka fyrir, að það skuli hafa dregið úr þessu — en það sem ég var að tala um var þetta: Þarf ekki að meta í hvað þessi kostnaður fer? Þær ánægjulegu fréttir að hann skuli ekki fara vaxandi eru út af fyrir sig góðar og eins það sem kom fram í skýrslunni, og ég gat líka um og taldi hrósvert, að það væri stöðugt aukning á samstarfi bæði ferðaþjónustuaðila og ýmissa viðskiptaaðila og utanríkisþjónustunnar um markaðssetningu. Því ber að fagna.

Það sem ég var aðallega að leggja áherslu á var að þetta gerðist með margvíslegum hætti. Það væri ekki samræmi milli útrásar íslenskra fyrirtækja og aukningar í utanríkisþjónustunni.

Það er vafalaust rétt að þetta er ákvörðun sem tekin er á Alþingi en það þarf ekki að þýða það að allir alþingismenn séu því samþykkir og eftir því sem ég hef fylgst með afgreiðslu þingsins hefur ekki verið eindrægni um allar aðgerðir sem þarna hafa verið gerðar þó svo að það hafi verið samþykkt. Ég held að það sé alveg ljóst.

Hvað það snertir að efla friðargæslustarfsemi þá kemur það einmitt inn á nokkur atriði sem ég ræddi um áðan að það er hlutur sem þarf að meta. Hvers eðlis er friðargæslustarfið sem við sinnum núna, hvernig hefur það breyst á undanförnum árum og í hvaða farvegi viljum við sjá það starf þróast á næstunni?

[18:03]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi útþensluna og útgjaldaaukninguna í sambandi við sendiráðin þá er þar náttúrlega langhelst til að taka að það var Alþingi sjálft sem ákvað að við skyldum stofna sendiráð í Japan. Þar er auðvitað langdýrasti pósturinn sem við höfum aukið á því sviði. Hv. þáverandi þingmaður, Hjörleifur Guttormsson, barðist mjög fyrir því að þetta sendiráð yrði opnað og það var niðurstaða á Alþingi að það skyldi gert. Við vitum að það kostaði heilmikið í stofnkostnaði en það er allra manna mat að það hafi verið skynsamlegt hjá okkur að kaupa fremur húsnæði þar en að leigja þannig að það dregur til lengri tíma úr rekstrarkostnaðinum.

Stóra málið er auðvitað að við tókum ákvörðun um það í samræmi við þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna að auka framlög okkar til þróunaraðstoðar og við höfum gert það mjög myndarlega eins og ég rakti, við erum búin að tvöfalda það. Samt sem áður erum við með lægra hlutfall af okkar þjóðarframleiðslu en margar aðrar þjóðir og heldur en markmiðið kveður á um. Við verðum því að horfast í augu við það hvort við ætlum að standa við það markmið sem við höfum talað fyrir og þjóðirnar hafa verið að krefjast og þá þurfum við væntanlega að bæta þarna enn í. En það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að auðvitað þurfa menn að ræða það. Teljum við að við eigum að leggja meira af mörkum fyrir fátækustu þjóðirnar í heiminum eða viljum við leggja peningana í einhverja aðra hluti? Það er auðvitað atriði sem við þurfum að ákveða.

Varðandi friðargæsluna þá er það einfaldlega svo að friðargæslan snertir marga hluti. Við erum t.d. í grasrótarverkefni með UNIFEM til þess að styrkja konur, múslimskar konur í fyrrum Júgóslavíu til að taka aukinn þátt í sveitarstjórnarmálum. Mér finnst það mjög göfugt markmið og mjög mikilvægt að við sinnum því. Og mér finnst það skipta miklu máli fyrir það fátæka og smáða ríki, Afganistan, að við stuðlum að því að fólk geti komist til og frá því landi. Við höldum uppi lögum og reglu á flugvelli, rekum flugvöll. Er hægt að hugsa sér nokkurt friðsamlegra og elskulegra starf en einmitt það að tryggja að borgaralegt fólk geti geti ferðast til og frá landinu? (Forseti hringir.) Er það ekki einmitt forsendan fyrir uppbyggingu í Afganistan að tryggja þá starfsemi, flugvallarstarfsemi, og það að fólk geti komist til og frá landinu?

[18:06]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að það sé kannski ekki mjög langt á milli sjónarmiða okkar, míns og hv. þingmanns. Það er vafalaust rétt að Hjörleifur Guttormsson hafi haft áhuga á sendiráði í Japan en ég er ekki viss um að hann hefði verið jafnfús að greiða fyrir það. Nú er ég kannski ekki nógu vel informeraður en ég hef hugmynd um að talan gæti verið nærri 700 milljónum við stofnkostnað þess, það eru a.m.k. þær upplýsingar sem ég hef. Ég er ekki viss um að það hafi verið ákvörðun á sínum tíma að leggja svo mikið í þessa uppbyggingu.

Við erum sammála um friðargæslustarfið, það er í sjálfu sér mjög göfugt starf og það er ekki það sem við erum að tala um í þessu sambandi. Við þurfum bara að skilgreina betur hvar við ætlum að sinna því og hvernig.

En það má ekki gleyma því í þessum orðaskiptum okkar að það er svolítið furðulegt að það sem hv. þingmaður er helst að gagnrýna í ræðu minni eru þau atriði sem ég tek undir og reyndar hæli í ræðu hæstv. utanríkisráðherra, því ég er einmitt að taka undir þau orð þar sem hann segir að það þurfi meta starfsemi sendiráðanna með bestu mögulegu

hagræðingu í huga. Það er nú eiginlega megininntakið í því sem ég hef verið að segja, að taka undir með hæstv. utanríkisráðherra. Mér þykir miður ef hv. þingmaður er að draga þessa ætlun hans í efa og ég vona að sá sé ekki tilgangur hjá honum.

[18:07]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Komið er að lokum þessarar umræðu um utanríkismál sem hófst í morgun með ræðu hæstv. utanríkisráðherra Davíðs Oddssonar og hefur staðið í allan dag. Ég vil þó taka undir orð margra sem hér hafa talað að eftir sem áður eftir langan dag býr það í brjósti margra að tíminn fyrir hvern og einn sé of knappur til þess að fara yfir svo vítt svið sem umræðan býður upp á. Hér er allt undir hvað varðar utanríkismál og af nógu að taka. Frú forseti. Ég vil taka það fram að af svo víðfeðmu efni má ekki túlka það svo að viðkomandi ræðumaður sé samþykkur öllu sem ekki er nefnt og ekki er hægt að koma að í stuttri ræðu. En eins og kom fram fyrr í dag þar sem mál Evrópusambandsins höfðu ekki komist inn í ræðu ákveðins þingmanns var það tekið sem svo að hv. þingmaður legði blessun sína yfir allt sem væri að gerast á því sviði en svo þarf ekki að vera.

Ég óska hæstv. utanríkisráðherra til hamingju með sína fyrstu ræðu á nýjum vettvangi. Það var ekki að vænta mikilla breytinga á stefnu í stefnuræðu hæstv. utanríkisráðherra, það gerist ekki mikið þó að skipt sé um skipstjóra í brúnni þegar hæstv. ríkisstjórn hefur verið svo samstillt í sínum utanríkismálum og utanríkisstefnu. Það hefði komið okkur á óvart ef við hefðum séð hér einhverja kúvendingu.

Þó vil ég segja að þó svo að ekki séu miklar áherslubreytingar í ræðu hæstv. utanríkisráðherra frá þeim fyrri þá er eins og að eingöngu orðalagið, málnotkunin geri stefnuna skýrari og geri það enn ljósara hvert hæstv. ríkisstjórn stefnir. Það er orðið deginum ljósara af innihaldi ræðunnar að áhersla ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum er að þjónka sem best Bandaríkjastjórn og þá í þeim tilgangi að ná sem bestum árangri í samningaviðræðunum fram undan við Colin Powell, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem fram eiga að fara 16. nóvember næstkomandi. Umræðurnar eiga að fjalla um áframhaldandi setu bandaríska hersins þar sem hæstv. ríkisstjórn er svo umhugað um að halda bandaríska hernum hér áfram og helst með óbreytta starfsemi undir því flaggi að hér verði að vera öflugar landvarnir, en það sem ekki er sagt hátt en býr þar að baki er að horft er til þess fjölda starfa sem fylgja setu hersins á Keflavíkurflugvelli þar sem áherslan er lögð á þann þátt þrátt fyrir breytta heimsmynd, og að þar af leiðandi ættu þjóðir heims að horfa til þeirrar hernaðaruppbyggingar í sínu landi sem var byggð upp á dögum kalda stríðsins.

Til þess að ná sem bestum árangri í fyrirhuguðum samningaviðræðum hefur ofuráhersla verið lögð á það undanfarið ár að stilla sér dyggilega upp við hlið Bandaríkjastjórnar og styðja stefnu þeirra. Þetta var því miður mjög augljóst þegar við fengum þær fréttir, íslenska þjóðin, að hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra hefðu í sameiningu sett íslensku þjóðina óspurða og án vitundar þingsins inn á lista hinna staðföstu þjóða. Mönnum var brugðið, mér var mjög brugðið við að heyra þessa frétt vitandi það að þarna vorum við búin að stilla okkur upp á lista sem gæti hugsanlega, og í mínum huga alveg örugglega, sett svartan blett á ímynd íslensku þjóðarinnar til lengri tíma litið.

Það var sagt þá og það er sagt enn að innrásin hafi verið studd þar sem Sameinuðu þjóðirnar réðu ekki við verkefnið sem var ærið, að koma Saddam Hussein frá völdum og koma á lýðræðislegri skipan í Írak. Þetta átti að vera eina ráðið. Innrásin var hins vegar gerð án samþykkis Sameinuðu þjóðanna og hún var ólögleg. Það er ekkert hægt að horfa fram hjá því að það kom í ljós að ástæðan sem var gefin upp, að þar væru gereyðingarvopn sem hægt væri að nota gegn þjóðum, hélt ekki, vopnin fundust ekki. Nú er alveg ljóst að það var vitað að vopnin mundu ekki finnast því að það var búið að eyða þeim. Vefur var spunninn og settur fram til að fá þjóðir til að ánetjast þessari kenningu og styðja innrásina.

Það er alveg ljóst að ógnin sem var sett fram var tilbúningur. Við erum öll fegin því að Saddam Hussein var steypt af stóli og að hann bíður nú dóms og vonandi löglegs dómstóls en það þýðir ekki að segja í dag að við megum ekki gleyma okkur í fortíðinni, við eigum að horfa til framtíðar og uppbyggingarstefnunnar þegar í núinu eru enn harðar árásir. Í Írak geisar stríð sem við lögðum blessun okkar yfir og erum beinir þátttakendur að. Það þýðir ekkert að gleyma því, hætta að horfa alltaf um öxl eins og sagt er og horfa til framtíðar. Við eigum að viðurkenna þá staðreynd að við erum þátttakendur í þessu og stuðningsaðilar þess viðbjóðslega stríðs sem þarna geisar og við eigum að vera menn að meiri og biðjast afsökunar á því að hafa látið glepjast. Við eigum að biðja írösku þjóðina og heim allan afsökunar og skipa okkur í hóp þeirra þjóða sem það hafa gert og séð að sér.

Ég vona að íslenska þjóðin þekki utanríkisstefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við höfum friðarstefnu á stefnuskrá okkar. Við viljum út úr hernaðarbandalagi NATO og stefnum að því og munum stuðla að því ef við fáum mátt til.

Hvaða ógn ætti svo sem að geta steðjað að íslensku þjóðinni, hvað ógn réttlætir hersetu hér á landi? Þegar ríkisstjórn Íslands og þingið tóku þá ákvörðun að Ísland gengi í NATO voru hér aðrar aðstæður uppi þó að ég sé ekki að réttlæta þær aðstæður eða það að við höfum gengið í NATO. Í dag eru aðstæður breyttar og sú ógn sem helst mundi beinast að íslensku þjóðinni er þá, eins og hjá öðrum þjóðum, hryðjuverkaógnin. Með því að setja okkur á lista hinna staðföstu þjóða höfum við frekar aukið á þá ógn en hitt og verðum að sætta okkur við að sitja við sama borð og Danir sem hafa fengið beina ábendingu um að þeir gætu orðið skotmark hryðjuverka vegna stuðnings við stefnu Bandaríkjanna.

Ef við horfum aðeins bak við tjöldin, og það held ég að verði gert í nánustu framtíð, munu fleiri þættir koma í ljós sem skýra hvað stjórnaði því að farið var í þetta innrásarstríð, innrás gerð í Írak. Ég trúi að það verði ljóst að miklir hagsmunir stórfyrirtækja liggja þar að baki, sérstaklega stórfyrirtækjanna í Bandaríkjunum. Þegar allt verður krufið til mergjar eru það þeir hagsmunir sem hafa ráðið ferð og stjórnað bæði stjórnmálamönnum og ákvörðunum hvað varðaði innrásina.

Við Íslendingar höfum fram til þessa talið okkur til friðelskandi þjóða. Við höfum ekki íslenskan her, við höfum viljað styðja við friðargæslustörf og friðarstörf almennt. Við höfum viljað efla þróunarstarf og stuðla að sjálfbærri þróun þróunarlandanna. Núna erum við þátttakendur í ólöglegri innrás í Írak. Íslenskir friðargæslumenn hafa í dag réttarstöðu hermanna NATO og þeir eru því miður skotmörk sem hermenn en ekki sem friðargæslumenn, eins og við töldum að þeir væru.

Styrjaldir bitna harðast á konum, börnum og óbreyttum borgurum. Vopnaðir hermenn eru sannarlega skotmörk og falla í átökum en fjöldi þeirra er ekki nema brot af fjölda fallinna. Svo er það um stríðin í Írak, Afganistan, Palestínu og Ísrael.

Sú frétt hefur borist að sterkur leiðtogi Palestínu sé nú látinn og ég vil nota þetta tækifæri til að votta palestínsku þjóðinni samúð og von um farsæla lausn við stjórn landsins og við að ná árangri um sjálfstæði Palestínu undir betri kringumstæðum en nú steðja að palestínsku þjóðinni.

Hvað varðar umsókn Íslands að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna er margt um hana að segja. Smáþjóðir eins og Ísland hafa átt sæti í öryggisráðinu og nú teljum við komið að okkur að sækja um þátttöku. Ef við teljum það í raun forsvaranlegt að leggja út í þann mikla kostnað sem barátta um sæti í öryggisráðinu kostar þjóðina verðum við að stefna að því að vera þar sem sjálfstæð smáþjóð svo að rödd okkar verði trúverðug. Því tel ég að með því að setja okkur á lista hinna staðföstu þjóða hafi dregið mjög úr trúverðugleika okkar sem fulltrúa í öryggisráðið, ég tala nú ekki um ef við höldum áfram að styðja svo gagnrýnislaust stefnu Bandaríkjastjórnar sem hæstv. utanríkisráðherra gerði í ræðu sinni. Hann lét jafnvel að því liggja að gagnrýnisraddir Evrópuþjóða og fleiri gagnvart Bandaríkjamönnum og utanríkisstefnu þeirra væru allt að því ámælisverðar.

Það væri áhugavert að tala svolítið um Evrópusambandið, Schengen, Norðurlandasambandið, skýrslu Norðurlandaráðs o.fl. (Forseti hringir.) en eins og ég sagði hér í upphafi máls míns er þessi tími mjög knappur og margt verður að bíða betri tíma.

Fundi slitið kl. 18:24.

---

26. FUNDUR

föstudaginn 12. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjals.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjals.

[10:30]

Útbýting:
Kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum, 318. mál, stjfrv. (forsrh.) þskj. 347.

Fundi slitið kl. 10:30.

---

27. FUNDUR

föstudaginn 12. nóv.,
að loknum 26. fundi.

Dagskrá:
Kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum, stjfrv., 318. mál, þskj. 347. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:31]

Of skammt var liðið frá útbýtingu dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjG, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HilmG, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SigurlS, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, GE, GÖg, HHj, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, PBj, RG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BBj, BH, EOK, GÞÞ, GÁS, GunnB, KHG, LB, MS, SF, SP) fjarstaddir.

Kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum, 1. umr.

Stjfrv., 318. mál. — Þskj. 347.

[10:33]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum en kjaradeila þessara aðila hefur eins og kunnugt er sett mikinn svip á íslenskt samfélag undanfarnar vikur og mánuði.

Verkfall grunnskólakennara hefur staðið frá 20. september síðastliðnum fyrir utan eina viku en kjaraviðræður kennara og skólastjórnenda í grunnskólum við launanefnd sveitarfélaga höfðu þá staðið yfir án árangurs um nokkurra mánaða skeið hjá embætti ríkissáttasemjara. Boðað hafði verið til verkfallsins í kjölfar allsherjaratkvæðagreiðslu sem fram fór 2. og 3. júní meðal grunnskólakennara og skólastjórnenda.

Samningar Kennarasambands Íslands vegna grunnskólakennara og skólastjóra runnu út hinn 31. mars síðastliðinn. Höfðu viðræður hafist nokkru fyrr, eða 2. febrúar, en síðan þá hafa deiluaðilar komið saman formlega á 71 fundi hjá ríkissáttasemjara auk þess sem þeir hafa ótal sinnum rætt við óformlega á vegum embættisins.

Hinn 28. október, þegar verkfall hafði staðið í fimm vikur, lagði ríkissáttasemjari fram miðlunartillögu að höfðu samráði við deiluaðila og var verkfalli þá frestað þar til úrslit atkvæðagreiðslu lægju fyrir. Hún var síðan felld með 93% greiddra atkvæða kennara og hófst því verkfall að nýju í grunnskólum landsins þriðjudaginn 9. nóvember. Ríkissáttasemjari boðaði þá til samningafunda að nýju en að morgni miðvikudagsins 10. nóvember var ljóst að enn bæri mikið í milli og raunar var fullyrt að deiluaðilar hefðu, ef eitthvað væri, fjarlægst hvor annan. Ákvað ríkissáttasemjari þá að slíta fundi og boða ekki til nýs fundar fyrr en eftir hálfan mánuð, enda taldi hvorugur aðili tilefni til þess. Lét hann þess jafnframt getið að engin ástæða væri til bjartsýni um að eitthvað nýtt kæmi fram eftir þann tíma sem orðið gæti til að leysa þessa erfiðu kjaradeilu.

Virðulegi forseti. Þessu máli er í fjölmiðlaumræðunni iðulega stillt upp sem deilu milli kennara og sveitarfélaga um kaup og kjör. Það vill því miður allt of oft gleymast hverjir í raun hljóta mestan skaða af þessari kjaradeilu. Það eru að sjálfsögðu þau 45 þúsund skólabörn í landinu sem ekki fá þá lögmætu kennslu sem þeim ber samkvæmt lögum sem *við höfum sett á hinu háa Alþingi. Af því tilefni vil* ég geta þess að mér barst þann 9. nóvember síðastliðinn bréf frá Þórhildi Líndal, umboðsmanni barna, þar sem lýst er þungum áhyggjum af stöðu mála og horfum í deilunni. Í bréfi umboðsmanns barna segir, með leyfi forseta:

„Yfirstandandi verkfall grunnskólakennara hefur fyrst og fremst bitnað á þeim sem síst skyldi, þ.e. börnum þessa lands, og hætta er á því að mörg þeirra muni bíða ómetanlegt tjón ef það dregst enn frekar á langinn.

Grunnskólinn er vinnustaður barna og því er með öllu óþolandi að þeim sé haldið frá vinnu sinni svo að vikum skiptir. Réttur barna til skólagöngu er þar með fyrir borð borinn þrátt fyrir lögboðna skyldu hins opinbera til að sjá þeim fyrir almennri menntun og fræðslu.

Í ljósi þeirrar stöðu, sem nú er upp komin í samningaviðræðum sveitarfélaga og samtaka kennara, þar sem engin lausn virðist í sjónmáli, beini ég, sem umboðsmaður barna, þeirri eindregnu áskorun til ríkisstjórnarinnar að beita sér nú þegar fyrir lausn á þessari kjaradeilu í samráði við deiluaðila til þess að endi verði bundinn á þetta ófremdarástand sem allra fyrst."

Ég vil leyfa mér að taka undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfi umboðsmanns barna um þetta mál. Það er grafalvarlegt að deiluaðilar, fulltrúar kennara og sveitarfélaga, skuli ekki hafa borið gæfu til þess að leysa þessa kjaradeilu og að málinu sé einfaldlega vísað til ríkisstjórnar. Það er ekkert launungarmál að ríkisstjórnin hefur ekki sóst eftir aðild að þessu máli og talið að hinir eiginlegu deiluaðilar eigi að sjá sóma sinn í að ná samkomulagi án atbeina ríkisstjórnarinnar. Við munum hins vegar ekki skorast undan þeirri skyldu okkar að leiða þetta mál til lykta þegar það blasir við að málið er komið í algeran hnút.

Meðan á kjaradeilu grunnskólakennara og sveitarfélaga hefur staðið hefur ríkisstjórnin ítrekað lýst því yfir að það sé skylda samningsaðila að ná saman um kjarasamning á eigin forsendum og að lagasetning á kjaradeilur sé aðeins algjört neyðarúrræði sem ekki megi grípa til nema í algjörum undantekningartilfellum. Það er hins vegar niðurstaða okkar nú eftir ítarlegar viðræður við fulltrúa kennara, skólastjórnenda og sveitarfélaga að það sé enginn annar kostur í stöðunni en að grípa inn í þessa kjaradeilu með lagasetningu. Ríkisstjórnin telur sig einfaldlega ekki lengur geta setið aðgerðarlaus á meðan 45 þúsund skólabörn fá ekki þá lögmætu kennslu sem þeim ber. Þrátt fyrir langt verkfall og stíf fundahöld eru deiluaðilar engu nær og hafa eins og áður sagði að því er virðist heldur fjarlægst síðustu daga. Má því færa fyrir því gild rök að svo ríkir almannahagsmunir standi til þess að starf í grunnskólum landsins geti hafist að nýju svo fljótt sem auðið er að lög sem fela í sér bann við verkfallinu eigi rétt á sér við núverandi aðstæður.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um friðarskyldu milli deiluaðila og bann við verkfalli frá því að frumvarpið tekur gildi sem lög, ef af verður, og samningsaðilum gefinn frestur til 15. desember næstkomandi til þess að ljúka samningum sín í milli. Hafi það ekki tekist fyrir þann tíma skipar Hæstiréttur þrjá menn í gerðardóm sem skal skera úr um kjaramál grunnskólakennara og skólastjóra. Skal gerðardómur ljúka störfum fyrir 31. mars 2005 enda hafi aðilar ekki gert með sér kjarasamning fyrir þann tíma. Ljóst er að friðarskylda milli deiluaðila er á þessu stigi máls eina úrræði ríkisstjórnarinnar til að koma skólastarfi í landinu aftur í eðlilegt horf án frekari tafa. Ákvæði um gerðardóm er að dómi ríkisstjórnarinnar til þess fallið að koma með nýja nálgun í viðræður deiluaðila en engu að síður er þeim gefinn kostur á að ná samningum sín í milli fram til 15. næsta mánaðar áður en ákvæði um gerðardóm taka að fullu gildi. Aukinheldur eru í lagafrumvarpi þessu ákvæði þess efnis að komi deiluaðilar sér saman um einhver efnisatriði í deilunni skuli gerðardómur taka mið af því við ákvörðun sína en hafi þó frjálsar hendur um tilhögun mála. Þá er og ákvæði um að heimilt sé gerðardómi að beita sér fyrir sátt milli aðila sem hafi sömu réttaráhrif og ákvarðanir hans, hvort sem er um einstök ákvæði eða heildarsamning þeirra í milli, og

taki gerðardómur þá ekki ákvörðun um þau atriði sem svo háttar um.

Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á mikilvægi þess að fylgja aðhaldssamri efnahagsstefnu til að tryggja áframhaldandi stöðugleika í efnahagslífinu á næstu árum þrátt fyrir aukin umsvif m.a. vegna stóriðjuframkvæmda. Þetta á bæði við um stefnuna í peningamálum og fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Í þessu samhengi er brýnt að launastefna ríkis og sveitarfélaga komi ekki af stað víxlhækkunum verðlags og launa sem aftur hefði í för með sér aukna verðbólgu og rýrnun kaupmáttar. Þessu frumvarpi er ætlað að stuðla að framgangi þessara markmiða.

Virðulegur forseti. Ég vil nú víkja nokkrum orðum að helstu efnisatriðum frumvarpsins. Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um friðarskyldu milli deiluaðila frá því að frumvarpið fær lagagildi og á gildistíma ákvarðana gerðardómsins.

Vinnustöðvanir deiluaðila, sem og hvers konar verkföll, verkbönn og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en frumvarpið gerir ráð fyrir, eru samkvæmt því óheimilar. Gildir í því sambandi einu hvort aðgerðir hafa hafist áður en frumvarpið fær lagagildi. Aðilum er heimilt að semja um aðra skipan kjaramála, en þeim er óheimilt að beita framangreindum úrræðum til að knýja fram þá skipan.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir að samningsaðilum verði gefinn frestur til 15. desember nk. til að ljúka samningum sín á milli, eins og æskilegast er. Hafi það ekki tekist fyrir þann tíma kveður greinin á um að Hæstiréttur Íslands skipi þrjá menn í gerðardóm er skuli skera úr um kjaramál grunnskólakennara og skólastjórnenda. Gerðardómurinn skal hafa lokið störfum sínum fyrir 31. mars 2005. Gert er ráð fyrir því að ákvarðanir gerðardómsins verði bindandi sem kjarasamningur á milli aðila frá og með 15. desember 2004 og gildi jafnframt þann tíma sem gerðardómurinn ákveður.

Hæstarétti er ætlað skv. 2. mgr. að ákveða hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins. Það er síðan formannsins að kalla dóminn saman.

Gerðardómnum er sjálfum ætlað að setja sér starfsreglur og afla nauðsynlegra gagna og getur hann krafist skýrslna, munnlegra og skriflegra, af þeim aðilum sem gerðardómurinn telur nauðsynlegt. Þá er kveðið á um rétt aðila til að koma sjónarmiðum sínum að við umfjöllun gerðardómsins, hvort sem er munnlega eða skriflega, og skal gerðardómurinn ætla þeim hæfilegan frest í því skyni.

Ætla má að starf gerðardómsins krefjist verulegrar gagnaöflunar. Nauðsynlegt er að gerðardómurinn hafi viðunandi starfsaðstöðu og er lagt til að ríkissjóður sjái gerðardómnum fyrir henni. Einnig er gert ráð fyrir að gerðardómurinn þurfi að afla upplýsinga og álita hjá sérfróðum mönnum og er gerðardómi heimilað að efna til kostnaðar sem því fylgir.

Allur kostnaður við störf gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði.

Í 3. gr. er fjallað um þau viðmið sem gerðardómurinn skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun sína og störf. Hann skal í því efni líta til almennrar þróunar á vinnumarkaði frá gerð síðasta kjarasamnings deiluaðila, kjara þeirra sem sambærilegastir geta talist að menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð og gæta þess jafnframt að stöðugleika efnahagsmála og forsendum annarra kjarasamninga verði ekki raskað með niðurstöðu gerðardómsins. Miklu skiptir að gerðardómurinn taki á þessum þáttum með sanngirni og gæti samhliða að þjóðarhag í efnahagslegu tilliti.

Þá er það tekið fram að aðilar geti sameiginlega beint óskum til gerðardómsins um að tilteknum atriðum verði hagað í úrskurði með þeim hætti sem aðilar óska. Gerðardómurinn er þó ekki bundinn af þessum tilmælum.

Enn fremur er gert ráð fyrir því að aðilar geti, með milligöngu gerðardómsins, gert með sér bindandi samkomulag eða sátt um tiltekin atriði, sem eru þá fullnaðarlyktir á þeim með aðilum og bindandi fyrir gerðardóminn. Gerðardómurinn úrskurðar þá um önnur atriði en þau sem samkomulag eða sátt hefur tekist um. Getur þetta flýtt mjög vinnu gerðardómsins og er jafnframt hvatning til deiluaðila að leggja sitt af mörkum við lausn deilunnar.

Þá er auðvitað rétt að undirstrika að lögin koma að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að aðilar geti gert með sér kjarasamning þótt gerðardómur hafi tekið til starfa.

Virðulegur forseti. Í mínum huga er engum vafa undirorpið að ráðstöfun af þessu tagi er komin til af brýnni nauðsyn og því að mjög ríkir almannahagsmunir eru í húfi. Ríkisstjórnin hefur síst af öllu viljað vera með beina íhlutun í samninga á vinnumarkaði en nú eftir margra vikna verkfall í grunnskólum landsins er útlitið mjög dökkt og alls ekki ástæða til að ætla að án íhlutunar hins háa Alþingis sé hægt að tryggja börnum í landinu þá lögboðnu skólavist sem þeim ber.

Við höfum sýnt samningsaðilum mikla biðlund, e.t.v. of mikla biðlund að margra mati, en á móti kemur að einhverjir munu án efa gagnrýna það neyðarúrræði sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að grípa til með frumvarpi þessu. Verður þá svo að vera. En ég tel hins vegar rétt að börnin og heimilin í landinu fái nú að njóta forgangs eftir þann langa og erfiða tíma sem liðinn er frá því að verkfallið hófst og skólastarf í landinu geti því hafist með eðlilegum hætti strax eftir komandi helgi.

Ég vil leyfa mér að lokum, virðulegi forseti, að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[10:52]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Vinnandi fólk grípur ekki til verkfallsvopnsins nema í ýtrustu neyð og það er með engu móti hægt að segja annað en að kennarar hafi gripið til þess vegna þess að neyð blasti við hjá þeim. Frá því í byrjun þessa árs höfðu kennarar reynt að ná samningum við viðsemjendur sína án þess að það hefði tekist og það var þess vegna fullkomlega eðlilegt og skiljanlegt og í samræmi við þá hefð sem hér hefur skapast í hinu frjálsa og lýðræðislega samfélagi á Íslandi að þeir gripu til þessa vopns. Ég tel að í því góða samfélagi sem við höfum byggt upp hér á landi, verkalýðshreyfingin og hinir ýmsu stjórnmálaflokkar sem hafa á ýmsum stundum sögunnar tekið á með henni, hafi þetta oft á ögurstundu verið það vopn sem skipti sköpum og menn hafi alltaf beitt því hóflega. Verkalýðshreyfingin hefur alltaf farið með gát og beitt þessu vopni hóflega.

Ég tel að í frjálsu samfélagi sé það ákaflega viðurhlutamikið að beita lögum til þess að taka þennan rétt í burtu. Í grundvallaratriðum er ég og minn flokkur á móti því að menn beiti lagasetningu til þess að ljúka verkfalli. Ég hef fullan skilning á því þegar hæstv. forsætisráðherra segir að með hagsmuni barna og fjölskyldna í landinu hafi reynst nauðsynlegt að grípa til aðgerða. Ég hef fullan skilning á því að með einhverjum hætti verði menn að reyna að leysa þennan hnút. Ég segi hins vegar að þessi ríkisstjórn ber töluverða ábyrgð á þeim hnúti sem búið er að binda á þessa deilu. Það er einfaldlega þannig að aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar, þyrnirósarsvefninn sem heltók hana langar stundir, leiddi til þess að málin komust í þessa stöðu.

Ég vil líka segja þó að ég taki undir með hæstv. forsætisráðherra að það sé nauðsynlegt að við, bæði framkvæmdarvaldið og löggjafinn, högum aðgerðum okkar þannig að reynt sé eftir megni að halda utan um stöðugleikann og treysta undirstöður, þá er það auðvitað hlálegt að heyra hæstv. forsætisráðherra tala um að þessa deilu sé ekki hægt að leysa með eðlilegum hætti, og þá er ég að tala um í frjálsum samningum, vegna þess að það sé mögulegt að það hleypi stöðugleikanum úr jafnvægi. Það blasir við að hlutlausar stofnanir eins og greiningardeildir tveggja banka gefa ekkert fyrir þær verðbólguspár sem hæstv. forsætisráðherra fylgir. Það eru einmitt verðbólguspár þessara óháðu hlutlausu hagstofnana, eins og bankanna sem starfa á frjálsum markaði, sem urðu til þess að nokkru leyti að miðlunartillagan var felld. Það kom einfaldlega fram þegar menn skoðuðu þær launahækkanir sem var að finna í miðlunartillögunni annars vegar og settu þær á kvarða þeirra verðbólguspáa sem fyrir lágu að kennarar mundu standa uppi með samning sem færði þeim engan aukinn kaupmátt. Til hvers var þá um hólmann barist? Þetta verða menn að hafa í huga. Ríkisstjórnin bjó til þessa stöðu.

Ég er alveg sannfærður um að það hefði verið hægt að leysa þetta með öðrum hætti ef menn hefðu unnið öðruvísi. Ég fagnaði því þegar hæstv. forsætisráðherra sagði hér fyrir tveimur dögum að nú yrði að leita allra leiða, og ég tók það svo að honum væri fullkomin alvara með að leita allra leiða, líka að fara þá leið sem hæstv. menntamálaráðherra kallaði hér ónefnum, sem ég man nú ekki hver voru, þ.e. að setja aukið fjármagn í þetta. Hæstv. menntamálaráðherra spottaði og hæddi þá stjórnarandstæðinga sem töldu í einlægni að ekki væri hægt að leysa þessa deilu nema að hjálpa sveitarfélögunum með einhverjum hætti til að bera kostnað af samningum sem kennarar teldu viðunandi.

Ég taldi þess vegna að hæstv. forsætisráðherra væri að segja að sú leið væri ekki útilokuð. En það kemur á daginn að hæstv. forsætisráðherra hefur frekar kosið að fara þessa valdbeitingarleið. Þegar ég segi hins vegar að ég telji að með öðrum vinnubrögðum og sérstaklega með annars konar hvatningu af hálfu ríkisstjórnarinnar hefði verið hægt að ná frjálsum samningum þá er ég að vísa til þess að kennarar hafa sagt á undanförnum dögum að það væri mögulegt að fara með málið í gerðardóm með frjálsu samkomulagi beggja aðila sem mundi þá byggjast a.m.k. að verulegu leyti á samningum framhaldsskólakennara sem viðmiði. Og það gladdi mig sannarlega þegar ég sá aðalsamninganefndarmann sveitarfélaganna, Birgi Björn Sigurjónsson, segja í Morgunblaðinu í gær að það væri ekki þvertekið fyrir þetta. Ég taldi sem sagt að ef ríkisstjórnin spilaði t.d. út því korti að hún mundi beita sér fyrir því að tekjuskiptingarnefndin sem er að véla um skiptingu fjármagns milli ríkis og sveitarfélaga lyki störfum hið fyrsta, væri e.t.v. kominn smurningurinn sem þyrfti í þetta gangvirki til þess að saman gengi.

Auðvitað horfi ég til þess að hæstv. forsætisráðherra las hér upp úr sinni eigin greinargerð það sem sagt er í 3. gr. frumvarpsins, að það skuli höfð hliðsjón m.a. af kjaraþróun sambærilegra hópa. Ég les þetta svo að þarna sé m.a. verið að segja við hinn væntanlega gerðardóm að hann eigi að hafa hliðsjón af kjaraþróun ekki síst hjá framhaldsskólakennurum. Og þá finnst mér, frú forseti, þegar maður lítur yfir þetta svið, að það hafi vantað óskaplega lítið til þess að þarna væri hægt að læsa saman tannhjólum og ná samningum. En mér finnst að það sem á hafi skort hafi verið skilningur ríkisvaldsins á því að þessir hlutir munu kosta peninga og við verðum bara að gera okkur grein fyrir því. Skólinn og menntakerfið er — ég held að við séum öll sammála um það — besta fjárfestingin til framtíðar. Við foreldrar lítum ekki á skólana sem geymslustað heldur sem stað þar sem verið er að bæta börnin okkar, skólinn er uppeldisstofnun, það er verið að gera þau að betri borgurum og gera þau hæf fyrir samfélagið og fyrir framtíðina. Um það erum við sammála. Því betra menntakerfi sem við búum við því betri einstaklinga fáum við og því betri framtíð fáum við. En við vitum líka að það mun kosta peninga.

Ég tel þess vegna, frú forseti, að ríkisstjórnin beri töluverða ábyrgð á þeirri stöðu sem upp er komin. Ég er þeirrar skoðunar að ríkið hafi verið mjög ósanngjarnt í tekjuskiptingu sinni gagnvart sveitarfélögunum. Ég tel að það séu mörg atriði sem hægt er að vísa til sem rökstuðnings fyrir því að ríkisstjórnin ber þarna ábyrgð. Ég ætla bara í örstuttu máli að hlaupa á þremur.

Í fyrsta lagi er alveg ljóst að þær skattbreytingar sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir fyrir nokkrum missirum leiddu til tekjutaps fyrir sveitarfélögin. Það er hægt að slá á það tekjutap upp á 1,3–1,4 milljarða. Ég rifja það upp að hluti stjórnarandstöðunnar, einstaka maður í stjórnarliðinu, allir þeir sem voru virkir á vettvangi sveitarfélaganna þegar þetta gerðist vöruðu við þessu og sögðu: Þetta mun þýða tekjutap fyrir sveitarfélögin. Og það erum við, löggjafinn að frumkvæði framkvæmdarvaldsins sem samþykkti þessi lög, sem berum ábyrgð. Við hefðum þurft á einhvern hátt að koma til móts við sveitarfélögin. Það stendur út af. Aukin verkefni sem flutt hafa verið til sveitarfélaganna án þess að fjármagn fylgi í svipuðum mæli hafa líka leitt til ákveðinnar gliðnunar.

Síðan í þriðja lagi og það sem mér finnst skipta máli og er kannski ekki beinlínis hægt að saka hæstv. ríkisstjórn um að eiga þátt í en hún ætti líka að koma þar til móts við sveitarfélögin, en það eru endurbætur á skólastarfinu. Ekki er hægt að horfa fram hjá því að íslenski grunnskólinn hefur stórbatnað eftir að hann fór yfir til sveitarfélaganna. Þetta er að verða ákaflega góður hlekkur og liður í menntakerfi okkar og mér finnst að gæði — af því að ég hef átt kost á því að fylgjast með starfi grunnskólans síðustu árin — grunnskólans séu að batna, sérstaklega gæði skólans

gagnvart þeim sem þurfa á liðsinni að halda og ýmiss konar nýbreytni eins og þá sem stundum hefur verið farið yfir, skóli án aðgreiningar, skiptir alveg gríðarlega miklu fyrir þá sem ekki geta farið í gegnum kerfið með þeim sama hraða og önnur börn. Þegar við höfum verið að sjá fregnir um að það sé 30% aukning í mannafla grunnskólans eftir þessa yfirfærslu leiða sumir getum að því að það sé dæmi um einhvers konar óráðsíu hjá sveitarfélögum. Nei, frú forseti. Það stafar af þessu aukna liðsinni. Aukin gæði, meiri jöfnuður og betri skóli kostar peninga. Þetta eru aukin samfélagsleg gæði sem samfélagið hlýtur að koma allt að til þess að greiða kostnaðinn, sveitarfélögin með sínum hætti en ríkisvaldið á líka að koma þarna að og virða og meta þetta og láta þess sjá stað í auknum fjárframlögum.

Frú forseti. Við erum að ræða frumvarp sem miðar að því að stöðva verkfall grunnskólakennara. En leysir það vandann? Það leysir tímabundinn vanda en leysir það vandann til frambúðar?

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra talar fyrir þessu máli sem illri nauðsyn. En er hann þá kominn í andstöðu við hæstv. menntamálaráðherra? Sem sagði fyrir örfáum dögum, með leyfi forseta, um yfirvofandi lagasetningu:

„Við höfum reynslu af slíkri lagasetningu og hún er slæm.“ Síðan bætir hæstv. menntamálaráðherra við: „Hún leysir lítinn vanda og skýtur honum einungis á frest.“ Það er hæstv. menntamálaráðherra sem vegur þennan möguleika og kemst að þeirri niðurstöðu að það sem ríkisstjórnin er að gera núna leysi ekki vandann. Það er hæstv. menntamálaráðherra sem lögum samkvæmt á að sjá um menntun grunnskólabarnanna sem segir: Vandinn fer ekki í burtu. Með þessum gerningi er einungis verið að skjóta honum á frest.

Frú forseti. Ungur þingmaður sem situr hjá okkur í dag og er nú starfandi sem formaður menntamálanefndar hefur líka fjallað um þetta. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir segir á heimasíðu sinni síðan í gær, með leyfi forseta:

„Afleiðingar lagasetningar geta orðið mjög slæmar. Kennarar verða óánægðir, segja jafnvel upp störfum og við viljum ekki missa góða kennara.“ Síðan segir starfandi formaður menntamálanefndar: „Mórallinn verður ömurlegur og bitnar án efa á nemendum.“

Hv. þm. Dagný Jónsdóttir veit um hvað hún er að tala. Hún er talsmaður flokksins í þessum málum og hún hefur kynnt sér þau og í ræðu um daginn sagði hv. þingmaður, með leyfi forseta, þegar hún ræddi þetta: „Í fyrsta lagi hefur heyrst í umræðunni að margir kennarar munu segja upp störfum ef samningar nást ekki. Við megum ekki við að missa góða kennara.“

Það er hv. þm. Dagný Jónsdóttir sem talar fyrir hönd Framsóknarflokksins sem segir það beinlínis að ef við förum þessa leið munum við missa bestu kennarana. Ég spyr hæstv. menntamálaráðherra: Er það það sem við viljum? Að sjálfsögðu ekki.

Hv. þm. Dagný Jónsdóttir hefur skoðað söguna og hún sagði í ræðu sinni, með leyfi forseta: „Í öðru lagi sýnir reynslan frá árinu 1989 að það tók mörg ár að fá kennara aftur í skólana til starfa. Mórallinn verður slæmur og þetta hefur skaðleg áhrif á nemendur.“

Hæstv. forsætisráðherra kemur hér með þetta frumvarp og það eru menn hans, hæstv. menntamálaráðherra og hans ungi og upprennandi talsmaður í menntamálum sem fella þessa dóma. Það er ekki ég sem geri það. Það er ekki formaður Samfylkingarinnar. Það er hans eigið lið sem segir að þessi aðferð sé eins og að pissa í skóinn sinn. Hún fresti vandanum en mönnum kólnar snöggt aftur og þetta getur leitt til þess, segja þessir hv. þingmenn og ráðherrar ríkisstjórnarinnar, að bestu kennararnir fari úr skólanum og það gæti tekið mörg ár að skólastarfið nái aftur sömu gæðum. Þetta er það sem við horfumst í augu við og þess vegna, frú forseti, lýsi ég ábyrgð á hendur ríkisstjórninni fyrir að koma á því ástandi sem hæstv. menntamálaráðherra hefur sagt að leysi engan vanda, sem hv. starfandi formaður menntamálanefndar segir að búi til ömurlegan móral, segir að leiði til landauðnar í stéttinni. Þetta hefði hæstv. forsætisráðherra kannski átt að skoða áður en hann byrjaði þessa vegferð alla.

Frú forseti. Ég ítreka það sem ég sagði að ég tel að í grundvallaratriðum eigi ekki að leysa verkföll með lagasetningu. Ég tel að í grundvallaratriðum hafi ríkisstjórninni orðið á alvarleg mistök bæði í aðdraganda þessa máls og ekki síður þegar greidd voru atkvæði um miðlunartillöguna. Ég tel að ef ríkisstjórnin hefði sýnt sanngirni í samskiptum sínum við sveitarfélögin þyrftum við ekki að vera í þessari stöðu í dag. Við skulum ekki gleyma því að það sem hæstv. forsætisráðherra er að gefa undir fótinn með í frumvarpinu, samanburðurinn við framhaldsskólakennara, er nákvæmlega það sem hefur verið drifkrafturinn í þessari deilu. Það var ríkið sjálft sem bjó til þetta fordæmi. Það var ríkið sjálft sem gerði samninga við framhaldsskólakennara 1996 þegar grunnskólinn var fluttur í ágúst yfir til sveitarfélaganna. Þá var jöfn staða milli framhaldsskólakennara og grunnskólakennara og það er ekki með nokkurri sanngirni hægt að áfellast kennara fyrir að vilja ná aftur þeirri stöðu. Það er ekki hægt.

Ég er þeirrar skoðunar að framhaldsskólakennari með tiltekna menntun — ég ætla að orða þetta öðruvísi, frú forseti. Grunnskólakennari með ákveðna menntun á að hafa sömu laun og framhaldsskólakennari með sömu menntun.

Þegar Þyrnirós ríkisstjórnarinnar vaknaði af svefni sínum, hvað blasti þá við henni? Hún horfði yfir menntakerfið og komst að niðurstöðu sem hún tjáði svo í sjónvarpsþætti í gær að mikill munur væri á stöðu grunnskólakennara og framhaldsskólakennara og þess vegna væri ekki hægt að vinna að því að þeir fengju sömu laun. Til að sýna hvað allt rekur sig hvað á annars horn hjá hæstv. ríkisstjórn vil ég upplýsa þingheim um að þetta er sami hæstv. menntamálaráðherra og ætlar að stytta framhaldsskólann — með hverju? Með því að færa hluta af honum niður í grunnskólann. Þá er ekki munur á grunnskólakennurum og framhaldsskólakennurum. Viðhorf af þessu tagi, frú forseti, skilningsskortur af þessu tagi hjá þeim ráðherra sem á að bera ábyrgð á menntakerfinu segir allt sem segja þarf um skilning ríkisstjórnarinnar á högum menntunar í landinu og sérstaklega á högum kennara.

[11:09]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi lýsa ánægju minni

með hvað hv. þm. Össur Skarphéðinsson les heimasíðu mína með mikilli athygli. En það er rétt, hann kom inn á afleiðingar verkfalls sem ég hef tíundað bæði í umræðu og í skrifum og ég stend fullkomlega við þau skrif mín. Það efast enginn um afleiðingar þessa verkfalls. En hvað er hægt að gera í stöðunni?

Ég sagði t.d. í máli mínu á þingi að lagasetning væri algert neyðarúrræði. Er ekki komin upp sú staða að neyð er í þjóðfélaginu? Það er a.m.k. álit mitt. Ég held að ef við berum saman hugsanlegar afleiðingar þessarar lagasetningar og hvaða áhrif verkfallið hefur á börnin í landinu þá tel ég að við séum að gera rétt. Við getum ekki horft upp á börnin ganga um og vera án þess að geta farið í skóla. Lögum samkvæmt ber þeim að vera í skólum og ég vil ítreka það að að baki þessari lagasetningu liggur gríðarlega erfið ákvörðun. Það er ekki gaman fyrir okkur að taka þátt í að setja slík lög en það er enginn góður kostur í stöðunni. Ég held að við verðum að horfast í augu við t.d. það sem umboðsmaður barna hefur lýst yfir, þ.e. þungum áhyggjum af stöðu mála og horfum í deilunni og ég held að við getum ekki horft fram hjá þessum óskum lengur.

[11:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra minn trúr, ég held ekki að nokkur maður hafi gaman af því að taka þátt í þessari lagasetningu. Það er fjarri mér að ætla að ríkisstjórnin telji að þetta sé gott mál, fjarri mér.

Að því er varðar lestur minn á heimasíðu hv. þingmanns er ég reglulegur lesandi hennar og fylgist mjög vel með ferðum hennar um landið og kjördæmi hennar og hugsunum. Þess vegna er ég svo hissa á þessari þróun mála vegna þess að ég tel að ef t.d. formaður Framsóknarflokksins fylgdist jafnvel með hugrenningum og hugmyndum talsmanns flokksins í menntamálum og ég hefði hann kannski fyrir lifandis löngu spyrnt við fótum og hugsað: Er ég á réttri leið? Ég tel bara út frá lestri heimasíðu og þeirra skoðana sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir tjáir þar hefðu framsóknarmenn sem lesa þá síðu reglulega fyrir löngu átt að komast að þeirri niðurstöðu að formaður Framsóknarflokksins og ríkisstjórnin öll væri á rangri leið.

Það er auðvitað sláandi að talsmaður Framsóknarflokksins sem ábyggilega á eftir að gegna háum embættum fyrir þann flokk einhvern tíma í framtíðinni á þessu sviði skuli segja um þessa lagasetningu að kennarar verði óánægðir, muni segja upp störfum, við munum missa góða kennara, mórallinn verði ömurlegur, lagasetningin bitni á nemendum, reynslan frá 1989 sýni að tekið hafi mörg ár að fá kennara aftur inn í skólann. Formaður Samfylkingarinnar hafði ekki einu sinni hugmyndaflug eða þekkingu til að komast svona snilldarlega að orði um afleiðingar þessarar lagasetningar. Ég les þetta beint upp úr skrifum hv. þingmanns sem svipti hulu frá augum mínum. Hugsanlega hefði sama hula svipst frá augum hæstv. forsætisráðherra hefði hann haft fyrir því að fylgjast með þróun þessa unga þingmanns síns. Ég tel að enginn hafi orðað þetta jafnsnilldarlega og talsmaður Framsóknarflokksins í menntamálum.

[11:13]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé kannski ekki alveg augnablikið til að vera með — ég ætla að vera varkár í orðalagi en mér finnst þetta ekki vera augnablikið til að fara hér með svona ákveðna hæðni. Ég held að það sé alveg ljóst að við erum á mjög erfiðu augnabliki í þingstörfum og til að upplýsa hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur þingflokkur Framsóknarflokksins margoft rætt stöðuna í þessari kjaradeilu og að sjálfsögðu vita allir af því hvernig umræðan er.

Ég verð að segja að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur aldeilis verið með lokuð augun ef hann hefur ekki gert sér grein fyrir því að þetta geti orðið hugsanlegar afleiðingar verkfalls. Ég held að það sé ekkert skemmtilegt fyrir kennara að fá á sig lög og að engir samningar hafi náðst og ég skil ósköp vel að einhverjir muni segja upp störfum. Eins og hv. þingmaður sagði áðan fara menn ekki út í verkfall nema staðan sé ekki góð. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar en vil ítreka það hér að umræðan hefur svo sannarlega farið fram og ekkert nýtt sem kemur fram í máli hv. þingmanns.

[11:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður má ekki misskilja mig. Ég er ekki að hæða hana.

Hinu er ekki að neita að mér auðvitað blæðir í augum að ekki skulu fleiri forustumenn stjórnmálaflokka og þeir sem vinna fyrir þingið á sviði menntamála fylgjast jafngrannt með þessu og ég hef gert. Ég hef auðvitað lesið það sem hv. þingmaður hefur skrifað og ég hef hlustað á ræður hennar hér í salnum. Hv. þingmaður verður þá bara að virða mér það til vorkunnar þó að ég viðurkenni alveg einlæglega að ég fór í smiðju til hennar með ákveðna hluti. Ég skildi þetta betur eftir að hafa lesið ... (**Landbrh.:** Gott að blindur maður fékk sýn.) Það kemur að því að jafnvel haltir munu ganga, frú forseti. En það var ekki fyrr en ég hafði lesið lýsingu hennar á því hvað gerðist 1989 sem það rann alveg upp fyrir mér í hvílíkt óefni gæti stefnt ef ríkisstjórnin héldi þennan slóða á enda.

Ég er auðvitað þeirrar skoðunar að menn hefðu getað séð fyrir þá niðurstöðu, það er rétt hjá hv. þingmanni. En það var vissulega bent á þetta m.a. af mér og hv. þm. Pétri Bjarnasyni sem tók þetta upp til umræðu utan dagskrár. Þá var bent á að ef ríkisstjórnin gripi ekki til aðgerða gæti það stefnt ekki bara stéttinni í voða heldur líka menntun barnanna. Ég hafði uppi stór orð um svefndrungann sem hæstv. menntamálaráðherra var haldin meðan á þessu stóð en nú hefur hún sem betur fer vaknað. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir hefur verið vakandi allan tímann en mér sýnist sem þeir sem eldri eru og reyndari í flokki hennar, ekki bara formaður heldur líka varaformaðurinn, hafi sofið fasta svefni og séu jafnvel enn í þeim drunga.

[11:16]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er andvígur frumvarpinu. Við erum ein-

huga í andstöðu okkar við lagafrumvarpið og höfum bent á aðrar heillavænlegri leiðir til lausnar þeirri alvarlegu deilu sem þjóðin stendur frammi fyrir. Þjóðin, ekki bara kennarar eða börnin.

Ríkisstjórnin hefur neitað að axla ábyrgð í þessu alvarlega máli og beitir núna fyrir sig börnunum, það sé komin upp svo alvarleg staða að hún eigi ekki annarra kosta völ en að setja lög á verkfallið. Þetta er ekki stórmannlegt og hér er ekki komið fram af þeirri ábyrgð sem hægt er að ætlast til að ríkisstjórn sýni við svo alvarlegar aðstæður.

Eftir því sem ég hugleiði málið betur því verri finnst mér sú niðurstaða sem ríkisstjórnin hefur komist að. Ég ætla ekki að gera lítið úr vandanum fyrir börnin eða fyrir 4.500 kennara, 4.500 heimili sem staðið hafa í erfiðri kjarabaráttu og verið launalaus í sjö vikur. Nú fær þetta fólk kaldar kveðjur frá ríkisstjórn Íslands. Það er sent heim með lögum bótalaust. Ekki nóg með það, það er bannað með lögum að bæta fólkinu þann skaða sem kergja og þvergirðingsháttur viðsemjandans hefur valdið því í þessu langa og stranga verkfalli, því í lagafrumvarpinu segir að ákvarðanir gerðardóms skuli vera bindandi sem kjarasamningur á milli aðila frá og með 15. desember.

Ég minni á að í miðlunartillögu sáttasemjara var kveðið á um sérstakar bætur vegna launaleysis í langan tíma. Nú er það bannað með lögum. Fólkið er sent heim bótalaust. Ekki nóg með það, sett er ól um háls þess og það reyrt við samningaborðið til 15. desember til að horfast í augu við viðsemjandann. Er það ekki gott? Er það ekki það sem menn vildu? Vilja menn ekki leysa málin með samningum? Jú, en ekki eftir að fólk hefur verið svipt því vopni sem það á lögum samkvæmt og samkvæmt hefð og samkvæmt vinnureglum í lýðræðisþjóðfélagi. Það er svipt verkfallsvopninu en skipað að setjast til málamynda að samningaborði fram í miðjan desember. Þetta er til málamynda.

Gerðardómurinn á að komast að niðurstöðu fyrir lok marsmánaðar. En það á ekki að greiða út hugsanlegan ávinning eða hugsanlegar kjarabætur fyrr en mánuði síðar. Þá hafa kennarar verið samningslausir í 13 mánuði. Og í lok skólaársins, takið eftir því, þá á niðurstaðan fyrst að liggja fyrir.

Var verið að tala um sanngirni? Var verið að tala um að koma fram af sanngirni við kennara? Finnst mönnum þetta vera sanngjörn málsmeðferð? Nei. Þetta er ósanngjörn málsmeðferð.

Þar fyrir utan á ekki að skipa kjörum með lögum. Það á að leysa málin með samningum. Nú á Hæstiréttur, eða fulltrúar skipaðir á hans vegum, að ákvarða launin. Við höfum reynslu af því frá fyrri tíð þegar opinberir starfsmenn bjuggu við Kjaradóm. Var hann góður? Já, fyrir suma. Fyrir þá sem stóðu efst í launakerfinu, í kjarakerfinu. Hann hugsaði vel um sína en var afleitur fyrir hinar fjölmennu launastéttir á borð við kennara og sjúkraliða.

Ætla menn að byggja einhver viðmið inn í lög um kjörin? Kjarakerfið á að vera sveigjanlegt og þar eiga niðurstöður að ráðast við samningaborð. Einum finnst menntun skipta mestu máli, öðrum peningaleg ábyrgð. Einn kann að benda á að það sem mestu máli skipti sé að hlynna að ósjálfbjarga alzheimersjúklingi. Það má telja upp fleiri stéttir og fleiri viðmið, það er ekkert rétt né algilt. Kjarakerfið á að vera fljótandi og taka mið af mismunandi viðhorfum í frjálsum samningum.

En hvernig vildum við þá leysa málin? Það er enginn að segja að deilan sé ekki alvarleg, að hún sé ekki í hnút, að hún sé ekki komin í fastan rembihnút.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð, þingflokkur okkar, lagði fram ákveðnar tillögur til lausnar vandanum. Þegar menn standa frammi fyrir vandamáli ber þeim fyrst að greina vandann og í ljósi þeirrar greiningar og í framhaldi hennar að finna lausnina. Sá vandi sem menn standa frammi fyrir er að sveitarfélögin í landinu eru að semja saman undir regnhlíf launanefndar.

Sveitarfélög á Íslandi eru mjög misjafnlega í stakk búin til að ganga til slíkra samninga. Sum hafa næg fjárráð, önnur ekki. Þetta er staðreynd sem ber að horfast í augu við. Þess vegna lögðum við til að ríkisstjórnin félli frá áformum sínum um skattalækkanir en réðist í skattkerfisbreytingar til að bæta og styrkja fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna og gera þeim þannig kleift að ganga til samninga við kennara og aðra starfsmenn sína. Þetta er raunhæf lausn.

Liggur hún á borðinu núna? Hún gæti legið á borðinu, með yfirlýsingu af hálfu ríkisstjórnarinnar, núna, og á grundvelli slíkrar yfirlýsingar væri hægt að leysa málið. Þannig hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð sýnt ábyrgð í málinu og lagt fram tillögu að lausn til frambúðar.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að ríkisstjórnin hafi lagt áherslu á mikilvægi þess að fylgja aðhaldssamri efnahagsstefnu til að tryggja áframhaldandi stöðugleika í efnahagslífinu. Hverjum er sýnt aðhald? Gagnvart hverjum er verið að sýna aðhald? Stórefnafólki, auðjöfrum, sem telja tekjur sínar í milljónatugum, hundruðum milljóna, jafnvel milljörðum. Sá mannskapur er lagður í bómull, það er ívilnað gagnvart honum. Við þurfum ekki að líta upp í þær kjarahæðir, við þurfum ekki annað en að horfa til hins venjulega stórjeppaeiganda, okkar sjálfra, fólksins í þessum sal.

Hverjar eru kröfur kennara sem þarf að beita aðhaldi og skipa heim bótalausu eftir sjö vikna verkfall? Hverjar eru kröfurnar? Þess er krafist að 30 ára einstaklingur sem er kominn á vinnustað eftir margra ára nám fari í 230 þús. kr., ekki núna, ekki á árinu 2004, ekki 2005, ekki 2006 — á árinu 2007. Þetta er fólkið sem ríkisstjórnarbekkurinn ætlar að beita aðhaldi og senda heim bótalaust eftir sjö vikna verkfall og banna með lögum að því verði bættur skaðinn fyrir kergju og þvergirðingshátt viðsemjenda. Var verið að tala um sanngirni? Var verið að tala um að menn ættu að sýna sanngirni?

Þar fyrir utan, frú forseti, er ekki verið að bjóða upp á neina lausn. Það er verið að skjóta alvarlegum vanda á frest.

Ég ítreka fyrri mótmæli þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs við þessu makalausa frumvarpi og þessum makalausu vinnubrögðum.

[11:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Samkvæmt svari frá hæstv. fjármálaráðherra til mín hefðu 16,3% hækkun dagvinnulauna grunnskólakennara þýtt aukningu skuldbindinga ríkissjóðs um 9–10

milljarða, þ.e. um 2,5 millj. kr. á hvern einasta starfandi kennara.

Spurning mín til hv. þingmanns er: Hvernig líst honum á það tilboð frá ríkisstjórninni, að kennarar fái kröfum sínum fullnægt að fullu, 35% launahækkun, gegn því að tryggja sig hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga eða öðrum lífeyrissjóði sem ekki er með ríkisábyrgð? Þá eru þeir komnir með sambærileg laun og þeir miða við og sambærileg lífeyrisréttindi. Þetta yrði miklu ódýrara fyrir ríkissjóð. Hann gæti borgað mismuninn á þessum 16% og 35% til sveitarfélaganna. Hvernig líst hv. þingmanni á slíkt?

[11:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Væri það góð hugmynd fyrir svangan hund að éta á sér skottið? Ég held ekki. Hv. þm. er ekki að bjóða upp á neinar kjarabætur. Hann er að bjóða upp á tilfærslur og hann er að bjóða upp á skerðingu á lífeyrisréttindum.

Ég held að menn eigi að tala varlega um lífeyrisréttindi í þessum sal. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

(**Forseti** (JBjart): Forseti biður gesti á áheyrendapöllum að trufla ekki þingfundinn.)

[11:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er undarlegt að líkja kennurum við svangan hund. Ég tel að kennarar séu ekki svangir hundar og þurfi ekki að éta skottið á sér.

Málið er að þau lífeyrisréttindi sem almenningur í landinu býr við, sem grundvallast á 10% iðgjaldi, eru þau lífeyrisréttindi sem hv. þm. kallar að hundurinn eigi að éta skottið á sér. Það eru þau lífeyrisréttindi sem allir félagsmenn í ASÍ búa við. Af hverju skyldu ekki opinberir starfsmenn og kennarar sem eru að bera sig saman við þetta sama fólk í launum njóta sömu lífeyrisréttinda?

Ef menn vilja fá sömu laun þá fái þeir líka sömu kjör. Ég legg til að menn skoði þessa leið í alvöru, menn skoði það í alvöru að bjóða kennurum að velja á milli 15% launahækkunar og vera með gömlu góðu lífeyrisréttindin eða 35% launahækkunar — eins og kennarar kröfðust — en lífeyrisréttindi eins og meginhluti landsmanna, þ.e. félagsmenn í ASÍ, býr við.

[11:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Án þess að ég vilji nokkuð fullyrða um það man ég ekki betur en að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi greitt atkvæði með lífeyrisfrumvarpi ríkisstjórnarinnar á sínum tíma. Hann á að tala varlega um lífeyrismál.

Hins vegar er alltaf fróðlegt að hlusta á talsmann Sjálfstæðisflokksins í kjara- og tryggingamálum opna sig fyrir þjóðinni. Eitt vil ég segja: Kennarar eru almenningur í þessu landi.

[11:33]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka fram að Frjálslyndi flokkurinn hefur ávallt verið á móti lagasetningum á kjaradeilur. Við börðumst á sínum tíma hatrammlega gegn því að lög yrðu sett á sjómenn eftir að þeir höfðu verið í verkfalli og við erum andvíg því að lög verði sett á kennara núna.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin hlýtur að bera þunga ábyrgð í þessu máli. Þetta verkfall sem nú hefur varað í átta vikur kom engum á óvart. Kjarasamningar kennara höfðu verið lausir frá 1. apríl. Síðan eru liðnir rúmir sjö mánuðir og enn sér ekki fyrir endann á deilunni. Ríkisstjórnin hefur á undanförnum vikum minnt á mann sem sefur þungum svefni, eins og bent hefur verið á í fyrri ræðum. Hún hefur minnt á mann sem upplifir martraðir en hann getur ekki vaknað. Nú reynir ríkisstjórnin að rífa sig á fætur í þessu máli og kemur fram með þetta frumvarp eftir að martröðin hefur breiðst út úr sæng stjórnarinnar yfir þjóðfélagið allt. Ástandið eins og það er í dag í þjóðfélaginu er að sjálfsögðu grafalvarlegt. Við erum öll sammála um það. En enn og aftur hlýtur ríkisstjórnin að bera hér töluvert mikla ábyrgð.

Ég sé í sjálfu sér enga ástæðu til að setja á langar ræður í dag. Við höfum þessa staðreynd fyrir framan okkur, frumvarp til laga um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum og ég tel að ekkert fái komið í veg fyrir að þetta frumvarp verði afgreitt sem lög héðan frá hinu háa Alþingi þannig að skólar hefjist aftur á mánudaginn. Ég hygg þó, virðulegi forseti, að öll sú atburðarás sem við höfum upplifað á undanförnum mánuðum hljóti að verða til þess að við stjórnmálamenn sem sitjum á hinu háa Alþingi, ríkisstjórnarflokkarnir og stjórnarandstaðan, tökum núna vandaða umræðu og förum jafnvel út í lagasetningar til að koma í veg fyrir að svona stórslys endurtaki sig. Svona slys mega aldrei verða aftur, að 45 þúsund grunnskólabörn séu í reiðileysi vikum saman, að 4.500 fjölskyldur kennara þurfi að lifa við verkfallsástand í tvo mánuði. Þetta má ekki gerast aftur.

Við í þingflokki Frjálslynda flokksins höfum farið yfir þetta frumvarp. Við erum ekki alls kostar sátt við það, langt í frá eins og ég nefndi í upphafi máls míns. Mér finnst að hér ættu að verða ákveðnar breytingar, t.d. að kennurum yrði bættur sá skaði sem þeir hafa orðið fyrir í verkfallinu, þ.e. að hugsanlegar kjarabætur þeirra verði ekki frá 15. desember eins og hér er kveðið á um heldur að þær nái framar í tímann.

Ég vil nota tíma minn til að vekja athygli á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem við í Frjálslynda flokknum höfum lagt fram. Það gengur út á að ef kjarasamningar hafa verið lausir lengur en sex mánuði og það semst í kjaradeilu skulu kjarabæturnar verða afturvirkar. Þetta fer eftir því hversu lengi samningarnir hafa verið lausir fram yfir sex mánuði, þ.e. hálft ár. Þetta hefur ítrekað gerst í þjóðfélagi okkar á undanförnum árum. Stórir hópar fólks hafa verið án kjarasamninga mánuðum saman. Ég minni á sjómenn og núna höfum við dæmið um kennarana. Ef frumvarp okkar hefði verið orðið að lögum í dag og ef það hefði verið samið í deilu kennara núna hefðu kjarabætur kennara sjálfkrafa náð til 1. maí á þessu ári. Ég vildi bara nota tækifærið, frú forseti, til að nefna þetta.

Ég vil að lokum ítreka að við í Frjálslynda flokknum erum alfarið andvíg lagasetningum á kjaradeilur, alveg sama

hvaða kjaradeilur um er að ræða. Við höfum ákveðið að við munum sitja hjá við afgreiðslu þessa frumvarps héðan frá hinu háa Alþingi og við vísum ábyrgðinni á þessum gjörningi alfarið á hendur ríkisstjórnarinnar.

[11:39]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er rétt sem hefur komið fram í umræðunni að í upphafi þessarar viku vorum við að ræða einmitt þetta alvarlega mál, kjaradeilu kennara og sveitarfélaga. Þar sagði ég m.a. í utandagskrárumræðu, með leyfi forseta:

„Lagasetning þar sem gripið er með beinum hætti inn í kjaradeilu hlýtur hins vegar ávallt að mínu mati að vera neyðarúrræði. Við höfum reynslu af slíkri lagasetningu og hún er slæm. Hún leysir lítinn vanda og skýtur honum einungis á frest, líkt og báðir deiluaðilar hafa þegar bent á. Lagasetning er því að mínu mati þrautalending."

Þetta sagði ég á þriðjudaginn, og við þessi orð stend ég. Lagasetning er algjör þrautalending, hún er algjört neyðarúrræði þegar verið er að skipta sér af kjaradeilum milli kennara og sveitarfélaga eða annarra deiluaðila í kjaramálum í landinu. Við höfum haft vonda reynslu af afskiptum ríkisvaldsins þegar svo er.

Hvað hefur síðan gerst? Á miðvikudaginn var fundur í húsakynnum ríkissáttasemjara og eftir þann fund var öllum ljóst að kennarar og sveitarfélög mundu ekki ná saman á næstu vikum. Lögum samkvæmt boðar ríkissáttasemjari deiluaðila ekki á sinn fund fyrr en eftir tvær vikur og það er alveg ljóst að á þeim tíma munu deiluaðilar ekki ná saman, jafnvel ekki eftir fjórar og jafnvel ekki eftir sex vikur. Það er líka ljóst eftir samræður okkar ráðherra í ríkisstjórn við ágæta forustu launanefndar sveitarfélaga, Kennarasambandsins og Skólastjórafélagsins að í raun og veru er allt upp í loft í þessari kjaradeilu. Það er frekar þannig að deiluaðilar séu að fjarlægjast hvorir aðra en að nálgast.

Það er líka haft eftir ríkissáttasemjara að bilið sé mjög breitt og að í rauninni sé ekkert hægt að gera. Sjálfir hafa forustumenn kennara m.a. bent á að gerðardómsleiðin væri þeim hugnanleg á ákveðnum forsendum. Jafnframt heyrði ég m.a. formann grunnskólakennara segja í fréttum Ríkisútvarpsins í morgun að þetta væri illskásta leiðin úr því sem komið væri. Okkur öllum sem erum í þessum sal er ljóst, fjölskyldunum en ekki síst deiluaðilum, að staðan er afar erfið. Að mínu mati er komin upp ákveðin neyð sem réttlætir þá leið sem við erum að fara í dag og það frumvarp sem við erum að ræða hér. Með því verður bundinn endi á þetta verkfall sem hefur lamað starfsemi íslenskra grunnskóla á undanförnum tveimur mánuðum. Þetta er eins og ég gat um áðan engan veginn ákjósanleg niðurstaða en að mínu mati er þetta illskásta leiðin í stöðunni. Þetta er neyðarúrræði, það er neyðarástand.

Menn hafa verið að reyna að benda á aðrar leiðir. Menn hafa talað um að setja meira fjármagn í þessa kjaradeilu. Fyrir það fyrsta er enginn samhljómur á milli þess sem þingmenn hafa sagt, til að mynda þingmenn Samfylkingarinnar í þessum sal og talsmenn Samfylkingarinnar í sveitarstjórnarmálum. Fjárhagsmálefni ríkis og sveitarfélaga eru alltaf uppi á borðum. Þau eru alltaf til umræðu á milli ríkis og sveitarfélaga. Þeim verður ekki blandað inn í einstakar kjaradeilur, það verður ekki gert þannig.

Ég vil líka minna á það að einn hv. þm. Samfylkingarinnar, öflugur talsmaður hennar í menntamálum, hefur m.a. sagt að samningur sá sem sveitarfélögin gerðu á sínum tíma við ríkið um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna hafi verið einn besti samningur sem sveitarfélögin hafa gert við ríkið. Það er skiljanlegt því að þetta er þjónusta sem er vel til þess fallin að heyra undir sveitarfélögin. Grunnskólinn hefur vaxið og dafnað í sátt og samvinnu við þá íbúa sveitarfélaganna sem þar eru hverju sinni og líka í samvinnu við ríkið. Ríkið hefur ekki staðið að lagabreytingum á grunnskólalöggjöfinni nema í samvinnu og sátt við sveitarfélögin og í samvinnu við Kennarasambandið.

Ég vil einnig geta þess, frú forseti, að ég hef velt því fyrir mér að ef það eitt gæti leyst vandamálið að setja fjármagn inn í kjaradeiluna, hvað þá með næstu kjaradeilu sem bíður okkar? Það eru leikskólakennarar. Þeir hafa eðlilega sagt — og maður skilur þá kröfu — að þeir vilji miða sig við þá samninga sem grunnskólakennarar koma til með að gera við sveitarfélögin. Ég hef ekki enn þá heyrt einn einasta stjórnarandstæðing benda á hvaða launþegar í landinu það eru sem mega síðan ekki miða sig við þennan samning. Það hefur ekki enn þá komið fram.

Eins og við þekkjum öll er neyðin í samfélaginu mjög mikil og kemur fram á mörgum stöðum. Mér skilst að til að mynda hafi hringingum í neyðarnúmer Rauða kross Íslands fjölgað úr 1.000 í 1.400 í október og það er ljóst að drjúgur hluti þessarar aukningar er m.a. vegna verkfallsins. Það er m.a. þess vegna sem við höfum ákveðið að leggja fram þetta frumvarp, við getum ekki lengur horft upp á það að 45 þúsund grunnskólabörn geti ekki gengið í skóla. Þetta verkfall hefur verið afar erfitt fyrir sveitarfélögin en ekki síst fyrir kennarana.

Það er líka mjög eðlilegt að kennarar hafi verið háværir í þessari deilu. Það er eðlilegt og það eiga allir að skilja, við öll hér í þessum sal. Við eigum líka að skilja að þeir ætlist til þess að þeir hafi mannsæmandi laun. Hvort sem það er á tyllidögum eða í þessum sal, oft, þegar við ræðum málefni menntamála, málefni skólakerfisins sem er svo mikilvægt fyrir okkur, er það lykilatriði að við séum með góða kennara. Þá skiptir máli að þeir séu með mannsæmandi laun.

Eftir að hafa fylgst náið með þessari deilu vil ég meina að við verðum að fara að hugsa upp á nýtt og huga að nýjum leiðum þegar kemur að samningamálum kennara, annars vegar með það að markmiði að aldrei verði aftur verkföll í skólum landsins og hins vegar að við getum fundið leiðir sem við getum öll sammælst um til að kennarar verði með mannsæmandi laun, þannig laun að við getum haldið besta fólkinu í skólunum við kennslu. Þetta er gríðarlega þýðingarmikið atriði. Við getum öll verið vitur eftir á en það er engu að síður tími til kominn að við hugsum um það hvaða afleiðingar þetta allt hefur í för með sér.

Ég sagði áðan og vitna nú aftur í orð mín frá upphafi vikunnar að sú leið sem við erum að fara hér í dag skýtur einungis vandanum á frest. Það er rétt. Við verðum öll að axla þá ábyrgð, ríki, sveitarfélög, foreldrar, kennarar, við öll sem komum að þessum málum. Við verðum að huga að

því hvernig við ætlum að leysa málin til frambúðar.

Á árum áður lenti ég sjálf í því á skólagöngu minni að kennarar, og ekki bara kennarar heldur fleiri, fóru í verkfall. Ýmsar stéttir fóru í verkfall, það var segin saga og það var eðlilegt. Verkalýðurinn í þessu landi hefur barist fyrir því að fá verkfallsréttinn og því er ekki óeðlilegt að menn grípi til verkfallsvopnsins þegar engin önnur úrræði gefast. En að mínu mati, miðað við þá þróun og uppbyggingu á skólastarfi sem við höfum staðið fyrir á undanförnum árum, miðað við þá miklu þýðingu sem skólastarfið hefur í samfélaginu — og ég vil meina að skólastarfið hafi aldrei haft jafnmikla þýðingu fyrir samfélag okkar, fyrir fjölskyldurnar og fyrir einstaklingana í landinu og núna — verðum við að finna nýjar leiðir til að koma kjaramálum kennara í almennilegt horf. Ég vil leggja mitt af mörkum til þess að svo verði til frambúðar. Það er nauðsynlegt fyrir okkur öll.

Ég vona að við getum að þessu öllu saman loknu sest niður og talað saman einlægt og heiðarlega um það hvernig við ætlum að gera þetta, sammælst um að finna úrræði til að fá besta fólkið inn í skólana og halda því þar. Við þurfum á því að halda, við þurfum á okkar allra besta fólki að halda í skólakerfinu og til þess þarf laun.

Um leið og við segjum þetta erum við líka að fara fram á að ekki verði verkföll í skólunum, að ekki verði verkföll sem leiði til þess að börnin okkar sitji heima eða séu annars staðar í samfélaginu í reiðileysi. Mér finnst miður að hafa heyrt um þessa fjölgun á hringingum í neyðarnúmer Rauða kross Íslands.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri að svo stöddu. Eins og ég hef getið um hef ég þegar hafið undirbúning að því í ráðuneytinu hvernig við komum til móts við þá lagaskyldu sem er 170 dagar í skóla fyrir börnin. Við munum að sjálfsögðu gera það í samvinnu við sveitarfélögin og kennara. Við höfum í ráðuneytinu þegar haft samband við fræðsludeild Sambands íslenskra sveitarfélaga um það hvernig við munum huga að því og fylgja því eftir hvernig sveitarfélögin, sem þó eflaust gera það á einhvern mismunandi hátt, munu reyna að koma eins og þau geta til móts við börnin og uppfylla rétt þeirra til menntunar.

Meðal annars hefur ekki verið gripið inn í þessa deilu fyrr af því að við vitum, þó að oft sé erfitt að standa frammi fyrir slíku þegar kemur að jafnmikilvægum málaflokki og menntamálin eru, að umboðsmaður barna hefur ályktað sem svo að réttur kennara, reyndar réttur allra sem hafa rétt til að fara í verkfall, er mjög sterkur og mjög ríkur og við eigum að virða hann. Baráttan er áralöng sem hefur orðið til þess að rétturinn er viðurkenndur eftir okkar lýðræðislegu leikreglum í samfélaginu og viðurkenndur líka af alþjóðasamningum. Engu að síður er erfitt að sjá þann rétt vera ríkari en rétt barna okkar til skólagöngu. Þannig er það samt, þannig eru leikreglurnar sem við höfum komið okkur saman um og við verðum að virða þær.

Nú er svo komið að ekki verður lengur búið við það ástand sem hefur ríkt í samfélaginu undanfarnar sjö vikur. Það var bersýnilega ljóst af samræðum okkar ráðherra við deiluaðila í gær, eins og ég gat um áðan. Málið er í kirfilegum hnút og það verður að höggva á hann. Við verðum að koma börnunum okkar inn í skólann og við verðum síðan, eins og ég gat um áðan, að taka höndum saman og gera upp við okkur hvernig við ætlum að koma í veg fyrir svona aftur.

Við erum öll búin að tala um það hér, og ég ítreka það aftur, að við viljum sterkt og öflugt menntakerfi. Það er nauðsynlegt fyrir okkur öll, sérstaklega líka í hinni harðnandi samkeppni við alþjóðasamfélagið. Við sjáum að velferð allra eykst í samfélaginu þegar menntakerfið nær að blómstra. Það er einn af stóru þáttunum í því að kaupmáttur og hagvöxtur hefur verið þetta mikill á undanförnum árum að mínu mati, þessi almenni stöðugleiki í samfélaginu, af því að við búum við gott og stöndugt menntakerfi með gott starfsfólk.

Þess vegna vona ég að við getum eftir einhvern tíma sest niður og rætt þetta opinskátt. Ég býð að því borði því fólki sem hlut á að máli.

[11:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var hjartnæm ræða hjá hæstv. ráðherra. Hún býður öllum að borðinu til þess að útdeila þeim verði sem þar er til ráðstöfunar. Það er í fyrsta skipti sem hún segir þetta. Hæstv. ráðherra hefur hingað til talað niður til kennara, talað með þeim hætti að það eigi ekki að setja meiri peninga í að reyna að leysa þessa deilu. Nú kemur hún allt í einu, þegar allt er í hnút, auðmjúk, og vill semja. Hún vildi það ekki fyrr en núna þegar verið er að leysa þetta með lögum.

Frú forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra: Stendur hún á þeim ummælum sem hún viðhafði í sjónvarpi í gær, að ekki ætti að greiða grunnskólakennurum hið sama og framhaldsskólakennurum? Er hún þeirrar skoðunar? Hún sagði að staða þeirra væri svo ólík að það væri ekki hægt.

Í öðru lagi: Er hún enn þeirrar skoðunar sem hún var á þriðjudaginn, að reynsla af lagasetningu væri slæm, leysti engan vanda og skyti honum einungis á frest?

[11:55]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eftirtektarvert að hv. þm. spyr mig um hluti sem ég hélt að ég hefði margsagt í fyrri ræðu minni. Ég sagði að þessi leið frestaði einungis vandanum. Þess vegna var ég að tala um í framhaldinu af því hvernig við ætlum síðan að leysa vandann til frambúðar.

Eru menn búnir að gleyma hvernig málefnum hefur verið hagað milli sjómanna og útvegsmanna? Í tíu heil ár, af því að menn reyndu ekki að vinna á þeim vanda. Ég vil ekki sjá slíkan vanda í menntakerfi landsmanna í tíu ár. Þess vegna er skylda okkar að reyna að koma að því borði.

Það var eftirtektarvert líka að hv. þm. Össur Skarphéðinsson tók ekkert í þá hugmynd mína að reyna að koma í veg fyrir að svona gerist aftur. Hann minntist ekki einu orði á það.

[11:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Get ég fengið svar við þessari spurningu: Er hæstv. menntamálaráðherra þeirrar skoðunar að hægt sé að

réttlæta það að grunnskólakennarar séu með lægri laun en framhaldsskólakennarar? Þetta er einföld spurning.

Sömuleiðis: Ef þessi lagasetning skýtur vandanum einungis á frest, er hún þá enn þeirrar skoðunar að það verði einhvern tíma hægt að leysa þetta mál með öðru móti en því að setja meiri peninga til lausnar deilunni?

Ég verð að fá svör við þessu, frú forseti, vegna þess að ítrekað hefur verið gengið eftir afstöðu hæstv. ráðherra. Hún hefur verið á stöðugum flótta í þessu máli. Það er komið að því að æðsti yfirmaður menntamála láti í ljósi afstöðu sína. Hún getur ekki verið með yfirlýsingar í fjölmiðlum út og suður en skorast undan því að svara beinum spurningum hér þegar við erum að ræða grundvallaratriði í deilunni.

[11:57]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Ég mótmæli því harðlega, virðulegi forseti, að ég hafi verið á flótta í þessu máli. Það er stundum erfitt að tala um málin eins og þau eru.

Varðandi framhaldsskólakennarana og það sem ég sagði í gær vil ég sérstaklega undirstrika að það er eðlilegt að grunnskólakennarar reyni að miða sig við framhaldsskólakennara en þá verðum við líka að reyna að taka allar viðmiðanirnar inn. Vinnuumhverfi þeirra er ekki alveg sambærilegt. Sumu er hægt að jafna til en ekki öllu (Gripið fram í.) og það vitum við. Nei, ég er ekki að segja að framhaldsskólakennarar og grunnskólakennarar geti ekki borið sig að einhverju leyti saman.

Ég vil þá jafnframt spyrja hv. þingmann hvort hann taki undir það sjónarmið leikskólakennara að þeir geti borið sig saman við grunnskólakennara.

[11:58]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt að þessi tími væri ætlaður þingmönnum til að spyrja ráðherra en ekki hæstv. ráðherra til að spyrja þingmenn þegar þingmenn hafa ekki kost á að svara fyrir sig.

Ég vildi beina spurningu til hæstv. ráðherra. Hún sagði í utandagskrárumræðu á þriðjudaginn að menntamálaráðuneytið mundi að sjálfsögðu reyna að tryggja í samvinnu við fræðsluyfirvöld sveitarfélaga og kennara að sú kennsla sem fallið hefur niður vegna verkfalls yrði bætt upp eins og kostur er.

Ég spyr af því að hæstv. ráðherra kom inn á þetta áðan: Með hvaða hætti verður það gert? Hver ber þá kostnaðinn af því? Er hæstv. menntamálaráðherra tilbúin til, eins og hún hefur orðað það svo smekklega, að dæla fjármagni inn í þær stundir sem þarna er um að ræða til þess að bæta nemendunum upp það tap sem þeir hafa orðið fyrir?

[11:59]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, ég kom sérstaklega inn á það í ræðu minni fyrr í vikunni að við munum að sjálfsögðu reyna að tryggja í samvinnu við fræðsluyfirvöld sveitarfélaganna og kennara hvernig við getum tryggt rétt barnanna til að fá þá kennslu sem þeim ber. Það er líka deginum ljósara að með hverjum deginum sem hefur liðið í verkfalli verður það erfiðara, og okkur verður æ erfiðara um vik að gera það.

Verkfall stendur enn yfir. Strax og þetta frumvarp verður orðið að lögum munum við fara yfir málin með sveitarfélögunum, hvernig við ætlum að uppfylla þessa skyldu. Þarna ber menntamálaráðuneytið ríka eftirlitsskyldu sem það mun að sjálfsögðu uppfylla.

[12:00]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spurði ekki um eftirlitsskylduna. Hún er öllum ljós. Ég spurði um fjármagnið sem þarf til að bæta upp þær kennslustundir sem grunnskólanemendur hafa tapað. Þar er um verulegan kostnað að ræða. Það eru ekki hreinar línur í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem hefur mikið blandast í umræðuna. Ég vil fá hrein svör frá hæstv. ráðherra. Munu menntamálayfirvöld koma að því að leggja fram fjármagn til sveitarfélaganna til að hægt sé að bæta þetta að fullu?

[12:00]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég mun gera allt sem ég get til að fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga verði góð eftir sem áður og það verði reynt að gera upp á milli ríkis og sveitarfélaga. En ég hef margsagt að ég tel óeðlilegt að veita fólki í samfélaginu, hvort sem það eru kennarar eða fjölskyldur, falsvonir með því að grípa til þess ráðs að segja að það þurfi bara meiri peninga inn í akkúrat þessa deilu.

Hvað með framtíðina? Hvað með næstu kjaradeilur? Á þá ríkið aftur að leggja fjármagn inn í þær deilur? Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur í samvinnu við sveitarfélögin til að þessi skylda verði uppfyllt. Það verður erfiðara með hverjum deginum sem líður en ég vil ítreka að fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga eru ekki liður í þessari umræðu.

[12:01]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Í tilefni af umræðum um kjaramálin og tekjuskiptingu sveitarfélaga og það að grunnskólinn er nú fjármagnaður af sveitarfélögum eingöngu þá bendi ég á að út er komin skýrsla um styttingu náms til stúdentsprófs. Hún gerir ráð fyrir tilfærslu verkefna til grunnskólanna, aukinnar endurmenntunar og aukinnar námsráðgjafar.

Ég vil spyrja hæstv. menntamálaráðherra: Hver á að borga þetta?

[12:02]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Það er alveg ljóst, frú forseti, að kostnaðurinn við styttingu námstíma til stúdentsprófs verður gríðarlegur. Hann felst í megindráttum í því að gefin verða út ný námsgögn. Námsgögnin eru undir forræði ríkisins og það er ríkið sem að sjálfsögðu ber þann kostnað.

Í þeirri vinnu hef ég jafnan lagt mjög ríka áherslu á að kennarar fái tækifæri til að bæta við sig þekkingu ef þeir sjálfir kjósa svo til að búa sig betur undir þá breytingu sem í á að ráðast. Að sjálfsögðu ber ríkið líka þann kostnað því að endurmenntunin er á kostnað ríkisins. Við gerum ráð fyrir, í tekjuútreikningum varðandi áætlunina um styttingu námstíma til stúdentsprófs, að sá mikli kostnaður komi til með að falla á ríkið og það er eðlilegt og sjálfsagt.

[12:03]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svarið. Auðvitað verður ríkið að borga það. Það þýðir að peningar koma frá ríkinu til sveitarfélaganna vegna þess að kostnaður sveitarfélaganna eykst mikið við þá breytingu.

Kennari hefur sagt: Það sem mátti ekki gera meðan ríkið annaðist grunnskólana er orðið að skyldu eftir að sveitarfélögin tóku við. Um þetta snýst málið, virðulegi forseti. Það hafa ekki fylgt með peningar frá ríkinu til sveitarfélaganna til að standa í því sem sveitarfélögin eru að gera betur en ríkið gerði í rekstri grunnskóla. Vonandi kemur því aldrei til sú hugmynd að færa skólana aftur til ríkisins. Það verður aldrei. En þessu hefur fylgt mikill kostnaður fyrir sveitarfélögin.

Ég segi það sem gamall sveitarstjórnarmaður að það hefur mjög hallað á sveitarfélögin í þessum samskiptum. Meginhlutinn af vandamálinu í dag er að sveitarfélögin eru ekki nógu vel í stakk búin. Ég kannski ræði það betur við hæstv. félagsmálaráðherra, ráðherra sveitarstjórnarmála, hér á eftir.

[12:04]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef alla tíð verið þeirrar skoðunar eins og ýmsir, líka sveitarstjórnarmenn, að þegar gert var upp milli ríkis og sveitarfélaga hafi ekki fylgt með nægilegt fjármagn í upphafi. Hvað var síðan gert? Eftir að einsetningin komst á fóru sveitarfélögin aftur til ríkisins og sögðu: Gott og vel, einsetningin er okkur dýrari og ýmislegt annað. Þá lagði ríkið 1 milljarð kr. í viðbót inn í kerfið, til grunnskólanna og inn til sveitarfélaganna, svo við höfum það á hreinu.

Auðvitað er það líka þannig hjá sveitarfélögunum, sem gleymist mjög mikið í allri umræðunni þegar menn benda á að ríkið verði að leggja til meira fjármagn í deiluna, að þau þurfa að forgangsraða. Þau þurfa að ákveða hvort þau ætla að standa í hlutabréfakaupum eða ekki. Þau þurfa að ákveða hvort þau fari í risarækjueldi eða ekki. Þetta er spurning um forgangsröðun meðal sveitarfélaganna og á það hafa margir bæjarstjórnarmenn og sveitarstjórnarmenn bent.

[12:05]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. menntamálaráðherra var tíðrætt um það áðan að kennurum bæri að fá mannsæmandi laun. Nú er hugtakið mannsæmandi laun afstætt en svo vill til að ríkisvaldið hefur nýlega sett viðmið fyrir grunnskólakennara. Það er alkunna að framhaldsskólakennarar eru viðmiðunarstétt grunnskólakennara og það viðurkenndi hæstv. ráðherra áðan.

Nú langar mig að vita, hafandi kennt bæði í grunnskóla og framhaldsskóla, hvað í starfsumhverfi framhaldsskólakennara hæstv. ráðherra telur svo mikið öðruvísi en hjá grunnskólakennara að grunnskólakennaranum beri mun lægri laun. Ég ætla að minna hæstv. ráðherra á að það var m.a. samið um það við framhaldsskólakennara að rúmlega fimmtugur kennari kenni 23 kennslustundir á viku og rúmlega sextugur kennari 19 kennslustundir á viku á framhaldsskólastigi.

[12:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í raun er ekki óeðlilegt, eins og fram hefur komið, að grunnskólakennarar vilji líta til framhaldsskólakennara. Þegar ég tala um starfsumhverfi var ég fyrst og fremst að hugsa um að grunnskólinn er einsetinn. Það minnkar í raun svigrúm grunnskólakennara til að auka tekjurnar eins og framhaldsskólakennurum gefst tækifæri til. Það munar um 7% á grunnlaunum framhaldsskólakennara, samkvæmt mínum upplýsingum, og grunnskólakennara. Það er eðlilegt að grunnskólakennarar líti til þess en við verðum að skoða þetta í meiri heild en gert hefur verið.

Einsetningin hefur annan brag heldur en fyrirkomulagið í framhaldsskólunum. Við vitum það að framhaldsskólakennarar hafa tækifæri í gegnum fjarnám og í gegnum öldungadeildir til að drýgja tekjur sínar. Það er fyrst og fremst þess vegna að svo mikill tekjumunur er á milli grunnskólakennara og framhaldsskólakennara.

[12:08]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held reyndar að staðreyndirnar tali allt öðru máli en hæstv. ráðherra gefur í skyn varðandi tekjur framhaldsskólakennara og grunnskólakennara. Við eigum auðvitað að bera saman grunnlaunin en ekki það sem mismunandi stéttir eru að afla sér með aukavinnu.

Varðandi launamálin verður hæstv. ráðherra að gera grein fyrir því hvað það er í starfsumhverfi þessara tveggja stétta sem hún telur að geri það að verkum að grunnskólakennurum beri að fá lægri laun en framhaldsskólakennurum, í svo miklum mæli sem við sjáum að er í dag. Það hefur hæstv. ráðherra ekki gert.

[12:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef aldrei sagt að grunnskólakennarar eigi að hafa lægri laun en framhaldsskólakennarar. Það sem skiptir máli er að við reynum að koma okkur saman um að hverfa frá þeirri samningatækni sem verið hefur fram til þessa, sem hefur leitt til þess að deiluaðilar ná ekki saman. Málið er í hnút, verkfall hefur staðið yfir í sjö vikur og einmitt þetta verðum við að koma í veg fyrir í framtíðinni. Við verðum annars vegar að tryggja kennurum það góða laun að þeir vilji starfa í skólakerfinu, vilji vera í grunnskólanum. Okkur ber skylda til að gera það.

Með þessu er ég auðvitað að segja að við þurfum öll að líta í eigin barm, ég sem aðrir hér inni. Ég vona að það komi allir að því borði. Hins vegar er markmið okkar að sjá ekki aftur fram á verkföll í grunnskólunum. Með þessu er ég ekki að tala um að afnema verkfallsréttinn, síður en svo. Þetta er spurning um samningatækni. Það hlýtur að vera eitthvað að hjá okkur fyrst nágrannaþjóðir okkar, sem við viljum bera okkur saman við, lenda ekki í stöðugum verkföllum í skólakerfinu. Við hljótum að geta lært af reynslu einhverra annarra með það í huga að það verði börnum okkar til góða.

[12:10]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Forsætisráðherra hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum. Markmið frumvarpsins er að binda enda á þá kjaradeilu sem nú hefur staðið í rúmt hálft ár á milli Kennarasambands Íslands og launanefndar sveitarfélaga.

Deiluaðilar hafa haldið 71 fund hjá ríkissáttasemjara. Kennarasambandið hefur fylgt eftir kröfum sínum með verkfalli sem fyrst stóð í fimm vikur.

Við atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu ríkissáttasemjara og að höfðu samráði við deiluaðila var verkfalli frestað í rúma viku. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var sú að 93% greiddu atkvæði gegn miðlunartillögunni. Hún var því felld. Það var mat ríkissáttasemjara, að morgni miðvikudagsins 10. nóvember eftir fund með deiluaðilum, að engin ástæða væri til bjartsýni um lausn þessarar kjaradeilu.

Hæstv. forseti. Fjárhagsleg málefni sveitarfélaga og tekjuskipting þeirra og ríkisins eru til stöðugrar umfjöllunar sem eðlilegt er. Þau eru hins vegar ekki grundvallaratriði þessa máls. Sveitarfélögin hafa metið það svo, að öllu virtu m.a. stöðu mála gagnvart öðrum starfsmönnum sínum, að svigrúmið til samninga við kennara hafi verið fullnýtt og kannski vel það. Það er hins vegar mikil einföldun á þeirri stöðu sem uppi er að til að leysa hana hafi einungis þurft meira fé og þá frá ríkinu. Það vita þeir sem vita vilja.

Hinn 9. nóvember síðastliðinn barst forsætisráðherra bréf frá umboðsmanni barna. Í því er lýst þungum áhyggjum af stöðu mála og horfum í þeirri kjaradeilu sem hér er til umfjöllunar. Ástæða er til að vekja athygli á ummælum umboðsmanns sem segir að yfirstandandi verkfall grunnskólakennara hafi fyrst og fremst bitnað á þeim sem síst skyldi, þ.e. börnum þessa lands, samtals 45 þúsund talsins. Hætta er á því að mörg þeirra muni bíða ómetanlegt tjón ef það dregst enn frekar á langinn.

Í viðtali í Ríkisútvarpinu við sálfræðing á miðvikudagskvöldið var, kom fram að vænta mætti að börnum sem þurfa á sálfræðiþjónustu að halda mundi fjölga. Það taldi hann einkum gilda um þau börn sem eru veik fyrir eða af einhverjum ástæðum ístöðulaus. Þær afleiðingar verkfallsins munu koma í ljós á næstu mánuðum og jafnvel árum.

Samtökin Heimili og skóli hafa sent frá sér áskorun til samningsaðila um að þeir hugi í alvöru að hagsmunum og velferð barna og fresti umsvifalaust verkfalli. Samtökin vísa réttilega í lög um stéttarfélög og vinnudeilur sem heimila slíka frestun með samþykki beggja samningsaðila. Í áskoruninni er lögð áhersla á að verkfallið hafi allt of lengi bitnað á saklausum þriðja aðila og að samningsaðilar hljóti að sjá að það er ekki hægt að bjóða börnunum upp á a.m.k. tveggja vikna verkfall til viðbótar. Í lok áskorunar Heimilis og skóla segir að alvarleg brot á réttindum barna verði ekki liðin deginum lengur.

Hæstv. forseti. Barnaverndarmálefni heyra undir félagsmálaráðuneytið. Starfsmenn ráðuneytisins og stofnana þess hafa haft þungar áhyggjur af framvindu þessarar kjaradeilu. Afleiðingarnar af fyrri kjaradeilum kennara og viðsemjenda þeirra hafa verið þær að nemendur, einkum á efri stigum, hafa hætt námi og farið út á vinnumarkaðinn ef um slíkt hefur verið að ræða. Kjaradeilur af þessu tagi hafa þýtt námslok fyrir þá nemendur.

Félagsmálaráðuneytið og stofnanir þess fara einnig með málefni vinnumarkaðarins. Starfsfólk sem vinnur að þeim málum er mjög vel meðvitað um tengsl menntunar og stöðu á vinnumarkaðnum í samfélagi þar sem menntun og kunnátta skipta höfuðmáli. Þar er beint orsakasamhengi á milli. Það sem hér er í húfi er hvorki meira né minna en tækifæri einstaklinga til að skapa sér framtíð í þekkingarsamfélaginu.

Hæstv. forseti. Af framangreindu er ljóst að þessi deila er komin á mjög alvarlegt stig og krefst aðgerða af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það er ekki hægt að horfa upp á að grunnskólanemendur bíði af varanlegt og ómetanlegt tjón ef svo fer sem horfir, að deilan haldi áfram. Ríkisstjórninni ber skylda til að grípa í taumana.

Nokkuð hefur verið um það rætt að ýmsir alþjóðasamningar og skuldbindingar komi í veg fyrir að ríkisstjórnin geti gripið inn í kjaradeilur með þessum hætti. Í þessu sambandi er oft bent á alþjóðasamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, ILO, nr. 87, um félagafrelsi, og nr. 98, um samningsfrelsi og ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu. Ríkisstjórnin hefur ávallt lagt áherslu á að samtök aðila vinnumarkaðarins semji sín á milli um kaup og kjör launafólks í frjálsum kjarasamningum. Það hefur ekkert breyst í því efni eins og hefur sýnt sig í þessu máli. En ríkisstjórnin hefur haldið að sér höndum í kennaradeilunni fram til þessa þrátt fyrir gagnrýni ýmissa aðila.

Framangreindir fjölþjóðlegir samningar, sem Ísland hefur fullgilt, gera allir ráð fyrir undanþágu frá meginreglunni um frjálsar kjaraviðræður aðila vinnumarkaðarins til verndar almannahagsmunum, öryggi þjóðarinnar, heilsu og siðgæði.

Þegar horft er til þess í hvaða farveg deilan er komin er ríkisstjórnin þeirrar skoðunar að aðstæður séu með þeim hætti að almannahagsmunir, einkum og sér í lagi hagsmunir 45 þúsund barna og fjölskyldna þeirra, kalli á aðgerðir.

Við samningu frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af áliti Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að samningsaðilum verði gefinn frestur til 15. desember næstkomandi til að ljúka samningum sín í milli. Hafi það ekki tekist er kveðið á um að Hæstiréttur Íslands tilnefni þrjá menn í gerðardóm sem skuli skera úr um kjaramál grunnskólakennara og skólastjórnenda. Gerðardómurinn skal hafa lokið störfum fyrir 31. mars á næsta ári.

Gert er ráð fyrir að ákvarðanir gerðardómsins verði bindandi sem kjarasamningur á milli aðila frá og með 15. desember í ár og gildi þann tíma sem gerðardómur ákveður.

Þá er tekið fram í greininni að endanlegt uppgjör launa samkvæmt hinum nýju ákvörðunum skuli fara fram 30. apríl á næsta ári.

Hæstv. forseti. Með þessu er farið eins vægt í sakirnar og unnt er en bundinn endi á einhverja erfiðustu kjaradeilu seinni tíma. Kliður á þingpöllum.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti áréttar að gestum á þingpöllum ber að hafa hljóð meðan þingfundur stendur.)

[12:17]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Fyrir þremur árum gerði ríkið kjarasamning við framhaldsskólakennara sem að sjálfsögðu sló tóninn varðandi þau kjör sem allir kennarar í landinu hljóta að eiga að búa við til framtíðar.

Í 3. gr. frumvarps til laga sem við ræðum í dag segir, með leyfi forseta:

„Við ákvarðanir um laun félagsmanna skv. 1. gr. og önnur starfskjör þeirra skal gerðardómurinn einnig hafa hliðsjón af kjörum þeirra sem sambærilegir geta talist að menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð.“

Túlkar hæstv. félagsmálaráðherra þessa grein frumvarpsins þannig að viðmiðunarhópurinn sé framhaldsskólakennarar eða getum við fengið nánari útskýringu á þessari grein og mati hæstv. ráðherra. Við hvað er átt og við hvað skal gerðardómur miða? Er þarna átt við framhaldsskólakennara, eða hvaða stétt aðra ef svo er ekki?

[12:18]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég tel að greinin sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson vitnaði til sé ákaflega skýr. Hér er forskrift að vinnu gerðardómsins. Honum er m.a. ætlað, við ákvarðanir sínar, að hafa hliðsjón af kjörum þeirra sem teljast sambærilegir að menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð.

Hendur gerðardómsins eru ekki bundnar frekar en kemur fram í þessu lagafrumvarpi og ég ætla ekki að túlka einstakar greinar þess hér og nú fyrir háttvirtan þingmann.

[12:18]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það getur varla talist óeðlilegt að forustumenn ríkisstjórnarinnar gefi upp hvað þeir eiga við með lagagreininni, við hvað skuli miða. Það er ekki um svo margar stéttir að ræða þegar þessi grein er lesin vandlega, með samsvarandi menntun, ábyrgð, störf o.s.frv. Þetta hljóta menn að skrifa með ákveðnar stéttir í huga. Það getur ekki verið svo ábyrgðarlaust að verki staðið að menn hafi ekki velt því fyrir sér hvað dómurinn mun að lokum miða við.

Ég túlka þessa grein þannig að menn hljóti að lokum að ætla að miða við framhaldsskólakennarana. Það er sú stétt sem ætti að miða við. Fyrir þremur árum skildi verulega á milli þessara tveggja stétta, sem að mínu mati er ein og sama stéttin og á að búa við sambærileg starfskjör, að sjálfsögðu að teknu tillit til vinnutíma og annarra slíkra atriða. En kjörin hljóta að lokum að eiga að vera svipuð. Þannig túlka ég það og spyr því hæstv. ráðherra.

[12:19]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Framhaldsskólakennarar hljóta að vera einn þeirra hópa sem gerðardómur mun taka mið af í störfum sínum. En ég vek enn fremur athygli hv. þingmanns á niðurlagi þeirrar málsgreinar 3. gr. sem hér er fjallað um. Þar er talað um vinnutíma og ábyrgð en jafnframt um að gæta að því að stöðugleika efnahagsmála og forsendum annarra kjarasamninga sé ekki raskað. (**Gripið fram í:** Já, já, nei, nei.)

[12:20]

Kristján L. Möller *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er ótrúlegt að hlusta á hæstv. ráðherra í ríkisstjórn Íslands tala um að ef samið verði við kennara muni það ógna þjóðarhag og efnahagsstefnan fara fjandans til.

Mig langar að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra út í það að áður en hann settist á þing var hann sveitarstjórnarmaður í Hveragerði. Hann var jafnframt varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samband íslenskra sveitarfélaga hafði sig í frammi þá — hefur að vísu mikið til þagnað síðan — í baráttunni um það þegar Alþingi breytti lögum þannig að einkarekstur gat færst yfir í einkahlutfélög. Við það töpuðu sveitarfélögin miklum fjármunum.

Núverandi formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur nefnt töluna 1–1,4 milljarða kr. í þessu sambandi. Hæstv. félagsmálaráðherra hefur líka talað um þessa tölu. Þess vegna langar mig, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra, ráðherra sveitarstjórnarmála: Hvað töpuðu sveitarfélögin miklu á þessari kerfisbreytingu og hvenær á að bæta þeim það?

[12:21]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli mínu áðan eru fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga stöðugt til umfjöllunar. Nú eftir hádegi í dag munu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga koma saman til að ræða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga í samræmi við þá yfirlýsingu sem ég, fjármálaráðherra og formaður Sambands sveitarfélaga undirrituðum í september síðastliðnum.

Hv. þingmaður gerir að umfjöllunarefni breytingar á skattalagaumhverfinu með tilliti til einkahlutafélaga. Mér vitanlega hefur ekki annað mat farið fram á kostnaðinum af því fyrir sveitarfélögin en það sem sveitarfélögin hafa lagt til grundvallar. Þetta er eitt af þeim umræðuefnum sem eru til umfjöllunar milli ríkis og sveitarfélaga og verður eflaust áfram, sem og mörg önnur sem hv. þingmaður þekkir.

[12:22]

Kristján L. Möller *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hæstv. félagsmálaráðherra ræðir um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þau eru á þann veg að 19. apríl í vor var haldinn fundur í tekjustofnanefndinni. Hvenær var næsti fundur haldinn? Jú, 14. október.

Hvað segja forsvarsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðilar í tekjustofnanefnd um þá samráðsfundi og annað slíkt? Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

sagði á fjármálaráðstefnunni að þau væru afar ósátt við þá samráðsfundi sem haldnir væru, það væri lítið gagn í þeim, að meðreiðarsveinar ráðherra væru umboðslausir og ráðherra líka. Síðan er boðið í hádegisverð í boði félagsmálaráðherra og fundi slitið. Þetta er efnislega það sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur sagt.

Hvað sagði Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri á Akureyri um tekjustofnanefndina? Hann sagði að það væri dapurt að sitja fundi með umboðslausum einstaklingum fyrir hönd ráðherranna.

Herra forseti. Er nokkur furða að lítið gangi í þessum málum, er nokkur furða að fjárhagslegu samskiptin séu eins og þau eru núna? (Forseti hringir.) Er nokkur furða að sveitarfélögin geti ekkert gert í þessari hörðu kjaradeilu?

[12:23]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hverjum þeim manni kunnugt sem fylgst hefur með framgangi mála í viðræðum ríkis og sveitarfélaga um tekjuskiptinguna að þar hafa verið uppi skiptar skoðanir um talsvert langan tíma síðastliðið sumar, sérstaklega um efnistök nefndarinnar. Nú hefur verið komið skikki á þau mál, eins og hv. þm. Kristján Möller veit. Það var gert með viljayfirlýsingunni sem ég nefndi áðan.

Ég tel að þau mál séu komin á ágætan rekspöl. Fulltrúar Sambands sveitarfélaga og ríkisins eiga í viðræðum um tekjuskiptinguna og tekjugrundvöll sveitarfélaganna. Ég bind að sjálfsögðu, hæstv. forseti, miklar vonir við að okkur takist að koma þeim á rétt ról.

[12:24]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félagsmálaráðherra er ráðherra sveitarstjórnarmála og ég held að öllum sé ljóst að hinn alvarlegi hnútur í kjaradeilunni sem hér er til umræðu hvílir á erfiðri fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Hag þeirra þarf að bæta áður en hægt er að vænta þess að viðunandi lausn náist í deilunni.

Ég held að öllum hafi verið það ljóst að ríkisstjórnin hafði í hendi sér að leysa þessa deilu með því að koma með afdráttarlausa yfirlýsingu um að tekjustofnar sveitarfélaganna yrðu styrktir þannig að sveitarfélögin hefðu fjármagn til að greiða kennurum sínum og öðrum starfsmönnum þokkalega góð laun.

Þess vegna spyr ég ráðherra: Er að vænta yfirlýsinga í þá veruna að fjárhagur sveitarfélaganna verði styrktur (Forseti hringir.) þannig að hægt sé að ganga inn í það ferli sem nú hefur verið boðað með væntingum um árangur?

[12:26]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér koma upp sömu spurningarnar aftur og aftur og sama afstaða til mála sem ég verð að ítreka, eins og ég hef sagt áður, að mér þykir mikil einföldun á vandanum. Þetta mál snýst ekki einvörðungu um krónur og aura, ekki einvörðungu og alls ekki um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Í dag hefur komið fram að þegar grunnskólinn fór yfir til sveitarfélaganna telja langflestir að rétt hafi verið skipt og rétt gefið, m.a. hv. þm. Einar Már Sigurðarson, sem gjarnan er vitnað til á dögum sem þessum, hefur haldið því fram með réttu að þetta hafi verið einn besti samningur sem forsvarsmenn sveitarfélaganna hafa gert við ríkið. Ég tek undir það.

Eins hefur komið fram að ég var áður sveitarstjórnarmaður. Ég tel að þetta hafi verið góður samningur, hann hafi verið grunnskólanum til (Forseti hringir.) góða og nemendunum. Ég ítreka að ég tel um mikla einföldun mála að ræða.

[12:27]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála því að það hafi verið góður samningur á alla lund þegar grunnskólinn var færður frá ríki til sveitarfélaga. Ég tel að í því sambandi hafi mörg atriði ekki verið útkljáð og ekki fylgt fjármagn til þróunar þess skólastarfs sem eðlilegt var að ráðist yrði í.

Ég ítreka spurningu mína til hæstv. félagsmálaráðherra: Verður komið með ákveðna yfirlýsingu um ákveðið fjármagn til sveitarfélaganna nú á næstu dögum til að þau geti fjallað um kjarasamninga með eðlilegum hætti? Ég tel það grundvallarforsendu málsins.

Það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að peningar eru ekki allt. Gildismatið gagnvart þessu starfi skiptir líka máli og þar finnst mér ríkisstjórnin ekki standa framarlega.

Það verður að koma fjármagn til sveitarfélaganna til að hægt sé (Forseti hringir.) að leysa þessi mál og svör um það verða ráðherrarnir að gefa.

[12:28]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal svara hv. þm. Jóni Bjarnasyni alveg skýrt. Svarið er nei.

[12:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram í umræðum, af hálfu ráðherra hæstv. ríkisstjórnar, að a.m.k. sumir þeirra séu þeirrar skoðunar að í reynd sé ekki réttlætanlegt að greiða grunnskólakennurum sömu laun og framhaldsskólakennurum. Um þetta stóð deila í morgun við hæstv. menntamálaráðherra vegna þeirra ummæla sem hún lét falla og lutu að þessu í sjónvarpi í gær.

Mig langar að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort hann sé sömu skoðunar. Eða mátti túlka orð hans hér áðan þannig að hann telji að það eigi að greiða grunnskólakennurum svipuð laun og framhaldsskólakennurum hafi þeir sömu menntun að baki?

[12:29]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli mínu áðan og kemur raunar skýrt fram í því frumvarpi sem hér er til umræðu þá er eitt af því, sem gerðardómi þeim sem hér er fjallað um er ætlað að hafa til hliðsjónar, sambærilegir hópar starfsmanna með sambærilega menntun, reynslu og þar fram eftir götunum. Sömuleiðis skal taka tillit til stöðu efnahagsmála og stöðugleika í samfélaginu. (Gripið fram í.)

Ég tel ekki rétt að við forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar bindum hendur gerðardómsins sem hér er því miður til umfjöllunar í þessu efni. Ég tel ekki rétt að við bindum með yfirlýsingum okkar hendur gerðardómsins frekar en gert er með þeim lögum sem hér er um fjallað.

[12:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir þetta ákaflega mikilvæg yfirlýsing sem hæstv. félagsmálaráðherra gefur. Hann lýsir því í fyrsta lagi yfir að alls ekki eigi með yfirlýsingum ráðherra eða hugsanlegum textum og skýringum á textum í greinargerð með frumvarpinu að túlka þær þannig að gerðardómur eigi ekki að líta á framhaldsskólakennara sem sambærilegan hóp.

Í öðru lagi svarar hann spurningu minni sem lýtur beint að samanburði á kennurum í grunnskóla og framhaldsskóla með þeim hætti að ekki er hægt að skilja það öðruvísi en svo að hæstv. félagsmálaráðherra telji eðlilegt að grunnskólakennarar hafi sömu laun og framhaldsskólakennarar. Þetta er mjög mikilvægt innlegg í deiluna, sérstaklega vegna þess að hér er um að ræða þann ráðherra sem fer með málefni vinnumarkaðarins. Það verður líka að draga það skýrt fram að miklu fremur er þetta göfugra og jákvæðara innlegg í málið en staðhæfingar hæstv. menntamálaráðherra sem heldur því fram að framhaldsskólakennarar eigi að hafa betri laun en grunnskólakennarar.

[12:31]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni er einkar lagið að túlka þau orð sem falla hér við þessa umræðu. Ég ítreka það (Gripið fram í.) sem ég hef sagt, bæði í svari mínu áðan og fyrr í þessari umræðu, að ég tel að við eigum ekki að binda hendur þess gerðardóms sem gert er ráð fyrir að taki við störfum frekar en gert er með frumvarpstextanum sem hér er lagður til grundvallar en þar segir, með leyfi forseta:

„Við ákvarðanir um laun félagsmanna [...] skal [...] einnig hafa hliðsjón af kjörum þeirra sem sambærilegir geta talist að menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð en jafnframt gæta þess að stöðugleika efnahagsmála og forsendum annarra kjarasamninga sé ekki raskað.“ Þetta er alveg skýrt.

[12:32]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Lagasetning á kjaradeilu leysir engan vanda. Það hefur margoft komið fram við þessa umræðu. Stjórnarandstaðan hefur lýst sig eindregið andsnúna þeim gjörningi sem hér fer fram. Sú alvarlega staða sem uppi er nú í sjöundu viku kjaradeilu kennara og sveitarfélaga er að stórum hluta á ábyrgð ríkisvaldsins. Það vita allir. Ríkisvaldið samdi við framhaldsskólakennara fyrir þremur árum og gaf þar af leiðandi ekki bara tóninn, heldur setti viðmið um hvað grunnskólakennarar hlytu og yrðu að miða við þegar samningar þeirra losnuðu. Svo einfalt er það mál og undan þeirri ábyrgð víkur ríkisvaldið sér ekki. Þeir fela sig ekki á bak við það að ríkisvaldið hafi á sínum tíma gert samninginn við sveitarfélögin um rekstur grunnskólanna vegna þess hvernig þeir gáfu tóninn á sínum tíma, vegna þess að ríkisvaldið skammtar verkefni, vegna þess að ríkisvaldið skammtar tekjustofnana og peningana verða þeir að mæta sveitarfélögunum í þessu máli.

Það er réttlætismál að ríkið geri þannig við sveitarfélögin að þau geti staðið undir lögbundnum verkefnum sínum og gert sanngjarna kjarasamninga við kennarana í landinu. Ríkið sjálft gerði sanngjarna kjarasamninga við framhaldsskólakennara fyrir nokkrum árum. Um það held ég að flestir séu sammála, a.m.k. hafa fáir andmælt því. Þess vegna verður að brúa það bil sem varð með þeim samningum milli grunnskóla- og framhaldsskólakennara, í þessum samningum núna.

Fyrst sú neyðarstaða er komin upp og sá hörmulegi gjörningur á sér stað að lög verða sett á kjaradeiluna verður útkoman úr þeim gjörningi, úr þeim gerðardómi þegar gerðardómur gengur, að vera sá að kjör þessara tveggja stétta, þessara bráðrastétta, verði sambærileg. Að sjálfsögðu að teknu tilliti til ólíks vinnutíma o.s.frv. Það eru tæknileg úrlausnarefni. Kjörin eiga að vera þau sömu.

Þetta vil ég segja hér í upphafi, virðulegi forseti, af því að þetta er algjört lykilatriði og algjört meginmál í þeirri deilu sem nú stendur yfir og í þeim alvarlega vanda sem íslenskt samfélag er út af þessum málum. Þess vegna er ábyrgð ríkisins á þessu máli algjör, ríkið gaf tóninn með samningunum við framhaldsskólakennarana, ríkið skammtar verkefnin, ríkið skammtar tekjustofnana. Undan þessu víkja ráðamenn samfélagsins sér ekki, og þeir geta það ekki með neinum hætti. Það er ósanngjarnt að reyna það, þeirra er ábyrgðin ásamt að sjálfsögðu forustumönnum sveitarfélaga í landinu. Saman eiga þessi tvö stjórnstig að leysa þennan vanda þannig að sómi sé að en ekki sú skömm uppi sem núna er í þessari deilu þegar ríkisstjórnin ætlar að setja lög á kjaradeiluna.

Virðulegi forseti. Næsta stórverkefni sem blasir við er að mæta afleiðingum verkfallsins á skólagöngu barnanna. Ein og hálf milljón skóladaga hefur tapast í landinu í þeirri verkfallslotu sem staðið hefur yfir. Það er skylda okkar að mæta þeim skaða með öllum tiltækum ráðum. Það er engin lausn að segja að biðin skuli bætt. Það er skylda okkar að bæta börnunum skaðann og mæta afleiðingum verkfalls með samræmdum aðgerðum. Hæstv. menntamálaráðherra svaraði því í engu í andsvari fyrr í morgun hvernig hún ætlaði að mæta skaðanum. Hæstv. forsætisráðherra hefur ekki gefið tóninn um hvernig þessu skyldi mætt, hvorki nú né í umræðunni fyrr í vikunni.

Því óska ég eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. menntamálaráðherra verði beðin um að vera við þessa umræðu núna og komi hér á eftir og skýri þingheimi frá því, og þeim sem með umræðunni fylgjast, þjóðinni, hvernig börnunum skuli bættur sá skaði sem hlotist hefur með því að tapast hefur ein og hálf milljón skóladaga í deilunni. Það er skylda okkar að bæta þeim þetta upp og hæstv. menntamálaráðherra verður að gefa okkur ádrátt um það hvernig hún ætli að bregðast við þeim vanda. Það er algjört lykilatriði, undan þeirri ábyrgð getur hún heldur ekki vikið sér. Það er alveg skýrt. Við verðum að fá svör við því í dag þegar við ræðum þetta frumvarp til laga vegna kennaradeilunnar og stöndum frammi fyrir því að sett verða lög á deiluna.

Hvernig á að bæta börnunum skaðann? Þessu verður að svara.

Þá verðum við og að fá skýrt fram frá forustumönnum ríkisstjórnarinnar sem sömdu og lögðu fram frumvarpið hvernig þeir túlka 3. gr. Þetta getur ekki verið skrifað út í loftið. Eitthvað liggur til viðmiðunar.

Hæstv. félagsmálaráðherra gaf bæði þeim sem hér stendur og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni nokkuð skýr svör um það áðan í andsvörum að hann liti svo á að framhaldsskólakennarar væru vissulega einn sá hópur sem miða skyldi við. Hæstv. menntamálaráðherra hefur hins vegar talað allt öðruvísi. Fyrir þeirri afstöðu sinni verður hún að gera skýrari grein.

Það verður að bæta kennurum kjör sín með þeim hætti að þeir standi jafnfætis framhaldsskólakennurum þegar allt kemur til alls. Það er mín einlæga og eindregna skoðun, og því höfum við í Samfylkingunni og stjórnarandstöðunni haldið fram frá fyrsta degi. Við höfum einnig haldið því *fram frá fyrsta degi deilunnar að ríkisvaldið verði* með skýrum hætti að koma að málum, að það verði að liðka til fyrir þessum málum. Þetta á ekki að snúast um kryt milli stjórnsýslustiga, það er óuppgert við sveitarfélögin í landinu. Ríkisvaldið skuldar sveitarfélögunum vegna skattalagabreytinga, húsaleigubóta og fleiri slíkra hluta háar upphæðir peninga, 1–2 milljarða króna. Þá hefur nefndin um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga ekki lokið störfum, langt á eftir áætlun. Sú nefnd átti að sjálfsögðu að ljúka störfum fyrr á árinu þannig að þau mál lægju skýr fyrir og væru ekki að þvælast inn í þessa deilu og deiluaðilar gætu því rætt málin af meiri festu en gert var.

Þetta eru algjör lykilatriði.

Við eigum eftir að sjá hvaða afleiðingar verða af þessari lagasetningu hérna í þinginu um helgina ef svo fer sem horfir á næstu dögum. Það er gríðarleg undiralda meðal kennara, það er aðdáunarverð samstaða í stéttinni sem hefur staðið sem einn maður eins og við höfum séð í öllum viðbrögðum þeirra og umræðum á síðustu vikum og eins og við sáum í atkvæðagreiðslu þeirra um miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Sú samstaða gæti skilað sér í mikla undiröldu þannig að við sæjum kennara ganga út úr skólastofunum í stórum stíl. Við höfum rætt um móralinn, hvaða áhrif þetta hefur haft á kennsluna og stemmninguna í skólunum, á allt skólastarf í landinu. En það er ekki bara að skólastarfið hafi beðið skaða af þessari löngu deilu þar sem ein og hálf milljón skóladaga hafa tapast á þessu skólamissiri, heldur líka að verði kennararnir barðir til baka án þess að þeir fái launabætur sem sæmandi geti talist og þeir sáttir við, þá er skaðinn í skólastarfinu að sjálfsögðu enn þá meiri, einfaldlega vegna þess að mórallinn í skólunum verður í takt við þetta. Þetta verður að koma í veg fyrir um leið og ráðamenn gera skýra grein fyrir afleiðingunum og hvernig þeir hyggist mæta afleiðingum verkfallsins. Samfélagið og ríkisstjórnin hefur haft af börnum landsins lögbundna kennslu og fræðslu sem ríkisvaldinu ber skýlaust skylda til að veita. Ríkisstjórnin brást þeirri skyldu sinni. Aðgerðirnar verða að liggja fyrir núna um helgina. Hæstv. ráðherra menntamála hlýtur að skýra okkur frá því hér í dag. Ég hef óskað eftir því að hún verði við þessa umræðu sem á eftir að standa hér fram eftir degi.

Að lokum vil ég segja: Ríkisvaldið gaf tóninn með kjarasamningum framhaldsskólakennara, ríkisvaldið skammtar sveitarfélögunum tekjustofna, ríkisvaldið semur um verkaskiptingu við sveitarfélögin — ábyrgðin er ríkisvaldsins. Ríkisvaldið ber, þegar allt kemur til alls, og þegar málin eru til lykta leidd, ábyrgð á fræðslumálum í landinu. Undan þeirri ábyrgð geta ráðamenn ekki vikið sér. Þeir verða að mæta henni af fullu afli. Við þurfum að sjá hér á næstu dögum hvernig það verður. Þess vegna verða þeir að skýra hvað felst í 3. gr. frumvarps til laga um viðmiðunarhópana og þess vegna verða þeir að skýra okkur, þingheimi og þjóð, frá því hvernig eigi að mæta afleiðingum verkfallsins á skólagöngu barnanna í landinu. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

[12:41]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Þau eru þung, sporin í ræðustól Alþingis í dag. Þau eru þung vegna þess að hér er nú verið að grípa inn í fullkomlega löglega kjaradeilu með lagasetningu. Minn stjórnmálaflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, mótmælir þessari lagasetningu.

Við erum í grundvallaratriðum ósátt við að þetta skuli vera að gerast. Hvers vegna? Vegna þess að þessi leið felur í sér valdbeitingu, valdbeitingu sem aldrei getur verið ásættanleg leið til að leysa kjaradeilu. Það á ekki að skipa kjörum með lögum. Það á að semja um kaup og kjör í landi sem þykist búa við lýðræðislega stjórn. Ráðstjórninni hér er ekki lagið að leysa deilur án valdbeitingar. Ríkisstjórnin hefur haft í hendi sér lausn á þessari deilu frá fyrsta degi en hún hefur ekki talið ástæðu til að leysa deiluna eða koma að lausn hennar. Svo segir hæstv. forsætisráðherra núna að ríkisstjórnin hafi ekki sóst eftir aðild að þessu máli.

Ríkisstjórnin hefði allan tímann getað beitt sér með öðrum hætti en hún gerir í dag. Hún hefði t.d. getað beitt sér með því að gefa yfirlýsingu um að sveitarfélögunum yrði gert það kleift að borga kennurum mannsæmandi laun. Hæstv. félagsmálaráðherra er búinn að tala út um það, það á ekki að leysa deiluna með slíkri yfirlýsingu. Hæstv. félagsmálaráðherra svaraði spurningu hv. þm. Jóns Bjarnasonar þar að lútandi neitandi. Það var afar skýrt svar.

Maður spyr óhjákvæmilega: Hvers vegna vill ekki ríkisstjórnin leysa eða reyna að lempa þessa deilu með öðrum hætti en hér er lagt til? Hún hefur haft það í hendi sér allan tímann. Vegna þess eins að deilan snýst um það að sveitarfélögin hafa ekki það bolmagn sem þarf til að greiða kennurum mannsæmandi laun sem hæstv. menntamálaráðherra er þó búin að gefa yfirlýsingar um úr þessum ræðustóli að hún vilji að gert verði. Hvernig geta menn talað svona eins og þeir tala hér? Ef hæstv. menntamálaráðherra vill að kennarar fái mannsæmandi laun á hún að vita að það verður ekki gert öðruvísi en að sveitarfélögin fái til þess aukna tekjustofna. Þetta er lykillinn í málinu. Menn tala hér fullkomlega óábyrgt. Hæstv. ríkisstjórn verður að tala af meiri ábyrgð um þetta mál en hæstv. ráðherrar hafa gert hér á þessum fundi. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

Hæstv. forseti. Mig langar að gera hér í stuttri ræðu að umtalsefni makalaust viðtal við hæstv. menntamálaráðherra sem var í sjónvarpi í gær, algerlega makalaust viðtal. Ég

fullyrði að hæstv. menntamálaráðherra hefur á afskaplega skömmum tíma tekist að koma sér út úr húsi hjá þeirri stétt sem hún á mest undir í embætti sínu, kennara, grunnskólakennara og raunar alla kennara í landinu. Það er með ólíkindum að hún skuli leyfa sér að segja það sem hún sagði í viðtali við fréttamenn Stöðvar 2 í gær.

Hæstv. ráðherra segir að kennarar eigi rétt á góðum launum. Hún segir úr þessum ræðustól í dag að kennarar eigi að fá mannsæmandi laun. En það má ekki ógna stöðugleika, segir hún í sama orðinu. Hið nákvæmlega sama kemur fram í lagafrumvarpinu sem við hér fjöllum um. Já, já og nei, nei, upp á framsóknarmátann. Það á að sjá til þess að gerðardómur hafi hliðsjón af kjörum þeirra sem sambærilegir geta talist að menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð. En jafnframt þarf að gæta þess að stöðugleika efnahagsmála og forsendum annarra kjarasamninga sé ekki raskað.

Hæstv. forseti. Hvernig ætla hæstv. ráðherrar að sjá til þess að þetta sé framkvæmanlegt? Ég fullyrði úr þessum ræðustól að það er ekki hægt. Það þarf að taka djarfa ákvörðun um laun grunnskólakennara. Það verður ekki gert með því að passa upp á hvort tveggja í einu eins og 3. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir. Það verður bara ekki gert.

Hæstv. menntamálaráðherra sagði í þessu viðtali í gær að munurinn á grunnlaunum framhaldsskólakennara og grunnskólakennara væri 6–7%, en henni láðist að geta þess að munurinn á heildarlaunum framhaldsskólakennara og grunnskólakennara er 34%. Þrjátíu og fjögur prósent og hvers vegna er það svo? Það er vegna þess að samningur framhaldsskólakennara skilgreinir vel vinnu, vinnutíma og vinnuframlag framhaldsskólakennaranna. En í tilfelli grunnskólakennaranna er stöðugt verið að reyna að koma allri vinnu inn í grunnlaunin. Það er þvingunin sem grunnskólakennarar hafa mátt þola vikum saman, í raun alveg frá því einhverjar viðræður fóru af stað við launanefnd sveitarfélaganna.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki leyfi til að blekkja þjóðina með yfirlýsingum á borð við þessa, að launamunur grunnskólakennara og framhaldsskólakennara sé einungis 6–7%. Hún á að segja allan sannleikann.

Hæstv. menntamálaráðherra hélt áfram: „Allir voru mjög ánægðir með síðustu samninga.“ Að vísu bætti hún við innan sviga að svo hefði a.m.k. verið framan af.

Hvernig fór atkvæðagreiðslan um síðustu grunnskólakennarasamninga? 53% samþykktu þá. Þeir slefuðu inn. Hvernig getur hæstv. menntamálaráðherra sagt að allir hafi verið ánægðir með þá samninga, a.m.k. framan af, þegar hún veit betur? Er þetta ábyrg ríkisstjórn? Ég segi nei. Þetta er ekki ábyrg ríkisstjórn.

Herra forseti. Hæstv. menntamálaráðherra klifar á því að samningatæknin sé önnur í nágrannalöndum okkar og við þurfum að innleiða nýja samningatækni í okkar málum. Gott og vel. Samningatækni má kannski kalla það. Það sem m.a. hefur verið rætt í þessari deilu í sambandi við samanburðinn við nágrannalöndin er að þar er skynsamlega á málum haldið í kjaraviðræðum. Kennarar fá að koma að borðinu og ræða við samningsaðila sína einu sinni á ári. Til hvers? Til þess að fara í nauðsynlegar leiðréttingar og til þess að viðmiðin haldist. Til þess að kennarar detti ekki úr því samfloti sem samkomulag hefur verið um í samfélaginu að þeir fengju að halda.

Okkar grunnskólakennarar hafa náð að haldast í hendur við framhaldsskólakennara. Fyrir örfáum árum var hlutfallið þannig á milli þessara tveggja stétta að það var fullkomlega ásættanlegt. Ef það hefur gerst, sem gerst hefur, að grunnskólakennarar hafa dottið fullkomlega úr tengslum við viðmiðunarstéttina sína, framhaldsskólakennara, af hverju getum við ekki bara sest niður og leiðrétt það? Hvers vegna getum við það ekki? Er það kannski vegna þess að það er ekki vilji hjá hæstv. ríkisstjórn til að leiðrétta það? Er það vegna þess að það er ekki vilji hjá ríkisstjórninni til að halda föst launaviðmið? Nágrannalönd okkar setja sér föst launaviðmið og tryggja að viðmiðunarstéttir geti haldist í hendur. Það gerir ekki ríkisstjórn Íslands, henni er nákvæmlega sama. Ef henni væri ekki sama þá væri hún búin að beita sér fyrir því að slíkt yrði gert og viðmiðunarstéttir fengju að haldast í hendur. Þannig væri verkföllum afstýrt og því ástandi sem við erum að berjast við nú væri afstýrt. Við þyrftum ekki að horfast í augu við það aftur og aftur.

Ábyrgðin er að þessu leyti enn á herðum hæstv. ríkisstjórnar. Hún er að reyna að varpa henni á herðar þar sem ábyrgðin á ekki heima.

Áfram vitna ég í viðtalið við hæstv. menntamálaráðherra frá því í gær. Tekjuskiptingin alltaf uppi á borðum, alltaf verið að ræða um tekjuskiptingu sveitarfélaganna og ríkisins, segir hæstv. ráðherra. Virðulegur forseti. Þetta er rangt. Það hefur varla verið hægt að aka nefndinni að störfum sem á að sjá um að ræða um skiptingu tekjustofna ríkis og sveitarfélaganna. Hundrað óðir hestar hafa ekki náð þessu fólki saman til fundar. Hvers vegna ekki? Vegna þess að þessi nefnd er umboðslaus, vegna þess að ríkisstjórnin vill ekki að hún fái meira fjármagn. Ríkisstjórnin er upptekin við að lækka skatta á hátekjufólki á sama tíma og þessi vesalings nefnd er látin sitja úti í horni vitandi það að hún fær engin vilyrði frá ríkisstjórninni um að hún geti aukið við tekjustofna sveitarfélaganna. Þetta er líka á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Það er út af svona máli sem ríkisstjórnin ætti auðvitað að skammast sín. En þess í stað situr hún einhvers staðar ... — ég hélt að hæstv. forsætisráðherra og kannski hæstv. menntamálaráðherra væru í salnum en svo er ekki í augnablikinu. Engu að síður er alveg ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki staðið undir þeirri ábyrgð sem þjóðin ætlast til að hún standi undir.

Svo segir hæstv. menntamálaráðherra að þetta snúist ekki um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hvernig ætli sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga líði við að heyra svona yfirlýsingar, sveitarfélaga sem eru nánast gjaldþrota í gjörgæslu ríkisstjórnarinnar, félagsmálaráðuneytisins, vegna þess að ekki eru til peningar í þeim sveitarfélögum til að standa þannig að rekstri grunnskólanna að sveitarstjórnirnar séu fullsæmdar af?

Þarna hefur ríkisstjórnin haft í hendi sinni verkfæri allan þennan tíma sem hún hefur ekki látið svo lítið sem að taka á eða reyna að beita. Svo fullyrðir hæstv. ráðherra að þetta snúist ekki um tekjuskiptinguna. Það er rangt.

Hæstv. ráðherra sagði líka í þessu viðtali að sveitarfélögin gætu ekki komið til móts við kennara þó þeir hefðu allan ríkissjóð til umráða. Það sagði hæstv. menntamálaráð-

herra í umræddu viðtali í gær. Heyr á endemi, virðulegur forseti. Svona segir maður ekki ef maður er menntamálaráðherra. Það gerir maður bara ekki. Það er auðvitað ekki hægt að svara svona bulli með neinum rökum.

Herra forseti. Hæstv. menntamálaráðherra sagði líka í viðtalinu að það færi eftir því hvernig sveitarfélögin forgangsröðuðu hver laun kennara væru. Þetta er líka rangt. Hæstv. menntamálaráðherra verður að kynna sér málefni sveitarfélaganna, tekjustofna sveitarfélaganna og samkomulagið sem gert var við sveitarfélögin 1996 áður en hún lætur meira út úr sér um þessi mál. Árið 1996 var gert samkomulag um grunnskólana. Einu sinni frá því herrans ári 1996 hefur ákveðin leiðrétting verið gerð af því það var viðurkennt að ríkið hefði aukið kröfur til grunnskólanna. Hvað meira? Ekki söguna meir. Af hverju halda menn að samkomulagið frá 1996 eigi að geta staðið óbreytt um aldur og ævi?

Hér höldum við háttvirtir alþingismenn áfram að setja lög sem auka kröfur til grunnskólanna. Við höfum einsett grunnskóla og höfum aukið vægi samræmdra prófa. Við viljum grunnskóla með aðgengi fyrir alla, án aðgreiningar, sem þýðir aukna stoðþjónustu í skólunum. Við viljum auka frístundastarfið og meiri samvinnu milli heimila og skóla. Allt þetta höfum við sett í lög og menntamálaráðherrar sett í námskrár. En það má ekki endurskoða samkomulagið sem gert var við sveitarfélögin frá 1996. Það má ekki auka tekjustofna sveitarfélaga til að þau geti staðið undir þeim skyldum sem þau gjarnan vilja standa undir gagnvart kennurum, gagnvart börnum og gagnvart foreldrum barnanna.

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að orð hæstv. menntamálaráðherra í viðtalinu í gær gengu gjörsamlega fram af mér. Ég þori að fullyrða að ég sé ekki ein um það í samfélagi okkar að ofbjóða. Það er ekki boðlegt að að hæstv. ráðherra skuli leyfa sér að segja að hún vilji fá besta fólkið inn í skólana, það eigi að greiða þau laun sem til þarf og okkur beri skylda til þess, eins og hún sagði í ræðu sinni hér áðan, en neita á sama tíma að horfast í augu við að það þurfi að stokka upp í tekjuskiptingu sveitarfélaga og ríkisins. Á sama tíma veður hún áfram með restina af hæstv. ríkisstjórn í framvarðasveitinni og ætlar að lækka skatta á hátekjufólk. Þetta er ekki boðlegur málflutningur, virðulegi forseti. Hann er langt frá því að vera trúverðugur.

Ég ætla að leyfa mér að segja það, virðulegur forseti, að mér finnst skammarlegt að hæstv. menntamálaráðherra, sem er kona, skuli tala á þeim nótum sem hún hefur talað til kvennastéttar. Auðvitað er ekki óeðlilegt að maður velti fyrir sér á hvern hátt kennarastéttin hefur þurft að gjalda þess að vera kvennastétt. Það kemur fram í máli hæstv. ríkisstjórnar án þess að það sé sagt beint, þar kemur í ljós viðhorf sem er ekki boðlegt.

Ég vil líka nefna til sögunnar, hæstv. forseti, vinnupínda foreldra í samfélagi sem hvetur til stöðugrar neyslu. Meira að segja hæstv. ríkisstjórn hvetur til neyslu en hæstv. fjármálaráðherra talaði um neysluhvetjandi aðgerðir þegar hann talaði fyrir fjárlagafrumvarpinu í tengslum við skattalækkanir — neysluhvetjandi, vinna meira. Ég spyr, virðulegi forseti: Er ekki eðlilegt að álykta að því minni tíma sem við foreldrar höfum til að vera með börnum okkar, því meiri þörf verði á öflugu kennaraliði í grunnskólunum? Við vitum það, ef við ætlum að vera sanngjörn, að ástandið á vinnumarkaðnum mun ekki breytast í dag eða á morgun. Við höldum áfram að vera vinnupíndir foreldrar. Engin þjóð í Evrópu sem vinnur annað eins og Íslendingar.

Meðan við vinnum eins og brjáladir menn og höfum ekki tíma til að sinna börnum okkar, hvorki kvölds eða að morgni eða um miðjan dag, getum við þá ekki staðið saman um það að sú stétt sem við felum þá ábyrgð fái mannsæmandi laun? Ég segi jú. Auðvitað eigum við að geta staðið saman um það. Ekki segja okkur að það séu ekki til peningar í samfélaginu til að gera nákvæmlega það, sjá til að kennarar fái mannsæmandi laun, því að þeir eru til.

Forgangsröðum rétt og stokkum spilin. Forgangsröðum og ákveðum að gefa vægi þeim málum sem eiga að fá vægi, þ.e. uppeldi og menntun barnanna okkar. Við erum að tala um grunnmenntun þjóðarinnar. Ríkisstjórnin státar af því að við séum með öfluga menntastefnu og talar fjálglega um það, ekki bara á tyllidögum heldur í tíma og ótíma, hversu mikið það eigi að auka vægi menntunar og hækka menntunarstig þjóðarinnar. En á sama tíma neitar ríkisstjórnin kennurum um mannsæmandi laun og tekur af þeim þau mannréttindi sem eðlilegt er að fólk hafi með 2. gr. í þessu frumvarpi sem hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði mjög vel grein fyrir í ræðu sinni í morgun. Þar eru kennarar í raun ólaðir niður við samningaborðið til að horfast í augu við viðsemjendur sína til 15. desember.

Ég held að við verðum að fá svör við því hvers vegna ráðherrarnir hafa ekki óskað eftir því að gerðardómur kæmi þá strax til starfa. Hvers vegna þessi tími til 15. desember? Ekki kom hæstv. forsætisráðherra að því einu orði í ræðu sinni hver væru rökin fyrir því ráðslagi. Mér finnst kennurum sýnd fullkomin óvirðing með því. Mér finnst launanefnd sveitarfélaganna sýnd óvirðing með því. Það er fullreynt í þeim ranni úr því við erum komin að því að ræða um gerðardóminn. Við erum búin að fullreyna að ná samningum. Það fæst ekki meira út úr því að sitja og stara yfir samningaborð til 15. desember.

Virðulegur forseti. Þetta mál er afar alvarlegt eins og hér hefur komið fram í máli þingmanna. Ríkisstjórnin hefur eins og ég sagði í upphafi haft ákveðin tæki í höndunum frá degi eitt sem hún hefur neitað að beita. Við þingmenn höfum líka haft ákveðin tæki í höndunum sem við hefðum getað skoðað betur en við höfum gert. Ég vil þar nefna frumvarp til laga sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu fram fyrir nokkrum vikum um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem við gerðum ráð fyrir því að rýmkuð yrði heimild sveitarfélaganna til álagningar útsvars þannig að heimildin yrði hækkuð um eitt prósentustig.

Frumvarpið er að hluta til flutt í tengslum við þau áform ríkisstjórnarinnar að lækka álagningu tekjuskatts um 1% um næstu áramót. Þetta er ákveðin björgunaraðgerð sem við leggjum til, mótvægisaðgerð við fyrirhyggjulausar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar þannig að með þeirri aðgerð mundi samanlagt álagningarhlutfall tekjuskatts og hámarks útsvarsheimildar haldast óbreytt og vera 38,78%. Ég held að þetta tæki sem við lögðum til, sem hefði getað verið virkt tæki í þessari umræðu, sé svo sem enn vel til skoðunar og hæstv. ríkisstjórn hefði mátt taka stjórnarandstöðuþing-

menn sér til fyrirmyndar og reyna að líta þannig yfir sviðið að horft væri til annarra hluta en þeirra sem við ræðum hér.

Eins og ég sagði er það þyngra en tárum taki að maður skuli þurfa að fara í þennan ræðustól árið 2004 eftir langvinna, erfiða og stranga kjaradeilu kennara við sveitarfélögin og ræða lagasetningu ríkisstjórnarinnar á þá kjaradeilu.

Hæstv. menntamálaráðherra æsir sig hér í ræðustól upp í það að segja að fólk vilji bara dæla meiri peningum inn í deiluna. Sannleikurinn er auðvitað sá að þessi deila verður ekki leyst nema með auknum fjármunum sem (Forseti hringir.) þurfa að fara til sveitarfélaganna og það er í valdi ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) að útdeila þeim peningum.

[13:01]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka undir hvert orð sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði um gildi menntunar, hlutverk menntunar í samfélagi okkar. Ég hygg að um það sé ekki ágreiningur. Ég tek líka undir með hv. þingmanni eins og kom fram í lokaorðum ræðu hennar að nú sé fullreynt. Hv. þingmaður velti því upp hvers vegna ekki hefði verið gripið til þess fyrr að nota gerðardómsleiðina. Það hefur komið fram, herra forseti, að með því að grípa strax inn í væri verið að fara á svig við lög Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Nú er hins vegar fullreynt eftir svo langan tíma og ég hygg að um það sé kannski ekki ágreiningur.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann þegar hún segir „ríkisstjórnin hefur þau tæki", sem sagt að setja meira fé inn. Þá má benda á að það eru ekki nándar nærri öll sveitarfélög sem fullnýta tekjustofna sína, þar á meðal stærsta (Gripið fram í.) sveitarfélagið sem er Reykjavíkurborg. Spurning mín lýtur ekki að því. Jafnvel þótt ríkisstjórnin hefði sett fé þarna inn stöndum við eigi að síður frammi fyrir því sem ég hef áður kallað gíslingu annarra verkalýðsfélaga gagnvart kennarastéttinni og þar af leiðandi menntun í landinu þegar ASÍ segir að verði gengið að ýtrustu kröfum kennara séu kjarasamningar lausir með þeim afleiðingum sem það þýðir. Ég túlka slíka yfirlýsingu svo að menn meini þá í rauninni ekkert með því að menntun skipti miklu máli og að menntun skuli hafa forgang, að þetta sé liður í því að menntun skuli hafa forgang. Mér þætti því fróðlegt að heyra viðbrögð hv. þingmanns, hvort hún sé sammála (Forseti hringir.) þessari afstöðu ASÍ.

[13:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr hvort ég sé sammála afstöðu ASÍ. Við því er auðvitað ekki einfalt svar. Ég er sammála því að það eigi að vinna gegn launamun í landinu. Ég er nógu skynsöm til að geta sagt mér það sjálf að ef við ætlum að minnka launamuninn í landinu, muninn á milli ríkra og fátækra, þá minnkum við ekki þann launamun öðruvísi en upp á við. Við lækkum ekki hærri launin til þess að mæta lágu launanum. Er ekki miklu eðlilegra að við sameinumst um að hækka lágu launin?

Ég hef haldið ræður um það hvernig á að hækka lægstu launin. Auðvitað er það gífurlega þýðingarmikið að lægstu launin verði hækkuð, en við erum ekki að fjalla um lægstu launin í þessari kjaradeilu núna. Við erum að tala um laun grunnskólakennara, stéttarinnar sem ber ábyrgð á menntun þjóðarinnar. Þess vegna er ekki hægt að hv. þingmaður sé að þvæla um það í þessu andsvari að hér skipti mestu máli að ræða fullyrðingar ASÍ. [Hróp á þingpöllum.] Það skiptir máli að einskorða okkur við það sem hér er uppi á borðum, kjaradeilu grunnskólakennara við sveitarfélögin. Hún verður ekki leyst nema til komi aukið fjármagn frá ríkinu til sveitarfélaganna.

Hv. þingmaður veit auðvitað vel að sveitarfélögin eru misvel sett og hann getur þess réttilega að sum þeirra noti ekki skattprósentuna sína, útsvarsprósentuna til fulls, en hann veit líka að það er ekki hægt að rjúfa samstöðu sveitarfélaganna í miðju samningsferli. Sveitarfélögin gengu meðvitað sameinuð að samningaborðinu og þau verða að halda því áfram sameinuð. Það er ekki hægt að þau sveitarfélög sem bolmagn hafa rjúfi sig út, kljúfi sig frá, semji við sína kennara og skilji síðan fátækustu sveitarfélögin eftir. Það væri heldur ekkert réttlæti í því.

[13:06]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála því eins og fram kom hjá hv. þm. að málið er einmitt alls ekki einfalt. Þetta snýst allt um að hér er ekki um einfalt mál að ræða, síður en svo, enda byrjuðu samninganefndir fyrir u.þ.b. níu mánuðum að reyna að véla um þessa samninga og hafa haldið yfir 70 fundi og ekkert hefur miðað. Afleiðingin er sú að hnúturinn er fastari og harðari en nokkru sinni.

Við erum ekki að fjalla um hálaunafólk. Við erum að fjalla um hóp sem hefur langt frá því há laun. Engu að síður hafa önnur verkalýðsfélög gefið út þá yfirlýsingu að ef gengið verði að ýtrustu kröfum þessa hóps séu almennir kjarasamningar lausir. Við vitum vel, herra forseti, hvaða afleiðingar það hefur í samfélaginu, það vita allir, og þess vegna þarf að hafa heildarsýnina.

Ég tel og segi það enn og aftur að meðan sú afstaða er hjá öðrum verkalýðsfélögum að ekki megi virða menntun sem forgangsatriði í samfélagi okkar sé mjög erfitt að eiga við þetta mál. Þess vegna finnst mér skipta mjög miklu máli að slík verkalýðsfélög gefi einfaldlega út þá yfirlýsingu að þau uni þeim niðurstöðum sem vonandi fást sem fyrst í þessari kjaradeilu við kennara. Af hverju ættu þau að una því? Vegna þess að almennt á þeim vettvangi sem annars staðar hafa menn talað digurbarkalega um að mennt sé máttur, að menntun hafi meira gildi en flest annað í samfélaginu. En meðan afstaðan er með þessum hætti er mjög erfitt að sjá lausnina.

[13:08]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er búið að færa ríkisstjórninni upp í hendurnar lausnina á þessu máli en þar eru menn svo glámskyggnir að þeir koma ekki auga á hana, sem er náttúrlega undarlegt. Lausnin er sú að setja meiri peninga inn til sveitarfélaganna og sjá til þess að þau geti greitt kennurum hærri laun. Meðan ríkisstjórnin telur sig þess umkomna að geta lækkað skatta um 4–5 milljarða kr. á ári þá eru til peningar

til að létta sveitarfélögunum þennan róður. Peningarnir eru til staðar en ríkisstjórnin ætlar að forgangsraða öðruvísi, alveg eins og ríkisstjórnin forgangsraðaði öðruvísi þegar hún ákvað stóriðjuframkvæmdirnar austur á landi, sem eru að valda allri þeirri þenslu sem nú er í gangi, og verðbólguáhrifin sem spáð var fyrir og allir vissu að mundu leiða að stóriðjuframkvæmdunum eru farin að láta á sér kræla. Allt þetta hefur ríkisstjórnin auðvitað gert með opin augu, bæði að ákveða skattalækkanirnar og fara út í þensluvekjandi stóriðjuframkvæmdir.

Ég ítreka og segi enn einu sinni: Ábyrgðin er ríkisstjórnarinnar. Það er ríkisstjórnin sem á koma að þessari deilu, hún á að leysa hana á skynsamlegan hátt en ekki á þann hátt sem við erum að deila um hér, að setja lög á þessa kjaradeilu. Ríkisstjórnin er með tækin í höndunum, hún ber ábyrgðina, hún á að axla hana. [Hróp á þingpöllum.]

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill ítreka tilmæli til gesta á þingpöllum að hafa hægt um sig.)

[13:10]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil byrja á að gera orð hæstv. menntamálaráðherra að mínum þar sem hún sagði í vikunni og endurtók í dag, að setja lög á verkfall frestar vandanum en leysir hann ekki. Um það erum við hjartanlega sammála og eins og komið hefur fram í dag erum við í Frjálslynda flokknum algjörlega á móti lagasetningu á vinnudeilur. Þær ætti að útkljá með allt öðrum hætti. Hins vegar hefur komið fram núna, bæði í umræðunni og aðdraganda þess frumvarps sem hér liggur fyrir, að það er algjört máttleysi hjá þeim sem fara með menntamálin, annars vegar sveitarstjórna gagnvart grunnskólakennurum og hins vegar ríkisstjórnarinnar, til þess að finna leiðir til að leysa þetta verkfall. Þess vegna höfum við ákveðið, eins og líka hefur komið fram hér, að við munum þrátt fyrir að við samþykkjum aldrei lög af þessu tagi ekki leggjast gegn því að ríkisstjórnin grípi til þessara ráða í því ófremdarástandi sem nú er komið upp.

Mér fannst kveða við nýjan tón hjá hæstv. menntamálaráðherra frá því við ræddum saman í vikunni um þetta sama vandamál. Þá fór ég yfir stöðu mála í sambandi við ástandið í skólunum, hjá kennurum og grunnskólanemendum. Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að tíunda það aftur, því það þekkja bæði þingmenn og þjóðin öll, svo mjög hefur verið fjallað um málið.

Hæstv. menntamálaráðherra sagði áðan, og ég tók eftir að kennarar hér á pöllunum og vafalaust þeir sem horfa og hlusta lögðu mjög við eyrun: Aldrei aftur verkfall, halda hæfasta fólkinu í skólunum, finna leiðir til þess að tryggja kjör grunnskólakennara. Þetta eru yfirlýsingar sem menn taka vafalaust undir, en menn munu krefja ráðherra svara við því að staðið verði við það. Það þarf að finna nýtt gildismat fyrir þessi störf. Það er sömuleiðis yfirlýsing sem allir eru sammála.

Um frumvarpið sem hér liggur fyrir ætla ég ekki að hafa mjög langa ræðu, herra forseti, en langar að fara aðeins yfir nokkur atriði þess sem hér eru nefnd. Sérstaklega staldrar maður við 2. gr. frumvarpsins þar sem segir að hafi aðilar ekki gert með sér kjarasamning fyrir 15. desember skuli skipa gerðardóm. Ef nauðsyn er talin til að fara þá leið þá heyrist mér að því hafi verið haldið fram af þeim sem ræddu við deiluaðila núna að deilan sé komin í slíkan hnút að það sé ekki nokkur von, þess sé alls ekki að vænta að þeir nái saman á næstu dögum eða vikum, að það sé frekar á hinn veginn að dregið hafi sundur með aðilum, og ef fara á þessa illu leið held ég að stíga eigi skrefið til fulls og gera þetta strax. Dettur mönnum í hug að þegar verkfalli lýkur og menn fara til kennslu, muni það milda t.d. sveitarstjórnarmenn til þess að leysa verkfallið? Það er nánast og reyndar algjörlega útilokað. Þannig að þessi mánuður er ekki til nokkurs hlutar nema til þess að lengja í þeirri snöru sem búið er að setja grunnskólakerfið og kennara landsins í.

Ég velti líka vöngum yfir hvort gerðardómurinn þurfi allan þennan tíma. Ef gripið yrði til þess að skipa hann fyrr lyki hann a.m.k. störfum fyrr en í marslok eftir tæpa fimm mánuði, í marslok 2005. Þá verður líka, eins og hér hefur komið fram, rúmt ár sem kennarar hafa verið án samnings. Samningurinn á að gilda frá 15. desember 2004 sem þýðir að mínu mati að gengið er á rétt annars aðilans miklu fremur en hins. Mér fyndist réttlætismál að öllu þessu ferli yrði flýtt og gildistaka samningsins yrði fyrr en 15. desember. Ég tel að það sé algjör nauðsyn og réttlætismál.

Ég hlýt svo að staldra við 3. gr. þar sem segir að gerðardómurinn eigi að hafa hliðsjón af almennri þróun á vinnumarkaði, að því leyti sem við á.

Einnig á hann, með leyfi forseta, að:

„... hafa hliðsjón af kjörum þeirra sem sambærilegir geta talist að menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð."

Við skulum líta á þessi atriði aðeins: „menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð." Þá kem ég að einu sem hæstv. menntamálaráðherra ræddi um áðan, um vinnutíma og kjör, þar sem rætt var um einsetinn skóla. Ég man ekki betur en að þegar einsetinn skóli var tekinn upp hafi verið rætt um að nú skertust verulega möguleikar kennara, sem töldu kjör sín slæm fyrir og hafa reyndar lengst af verið, á að vinna sér upp slæm kjör með yfirvinnu vegna þess að skólatíminn væri styttri í einsetnum skólum.

Mér finnst því hæstv. menntamálaráðherra hafa snúið hlutunum algjörlega á hvolf. Sú umræða fór einmitt fram við einsetninguna, að launa þyrfti kennara betur af því að þeir hefðu ekki möguleika eins og lengst af var talið sjálfsagt að kennarar ynnu öll sumarfrí sín til þess að bæta sér upp kjörin á veturna. Það var talið sjálfsagt að þeir ynnu svo og svo mikla yfirvinnu til þess að bæta laun sem voru allt of lág. Þarna hefur því einhverju verið snúið á hvolf.

En ef við lítum betur á þetta: „menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð." Hverja er verið að miða við? Einhverja starfsmenn sveitarfélaga? Finnum við einhverja starfsmenn sveitarfélaga aðra en grunnskólakennara sem hafa þetta? Ef það væru einhverjir væru það leikskólakennarar og af því að ýjað hefur verið að kjörum þeirra sérstaklega, að þau ættu að sjálfsögðu — var tónninn — að vera miklu lægri vil ég taka fram að leikskólinn, sem er ekki gömul stofnun á Íslandi, líklega um 30 ára í þeirri mynd sem hann er núna vítt um landið, hefur þróast hvað mest af öllum menntastofnunum í landinu. Mér finnst ekkert óeðlilegt og ég tel það nokkuð rökrétt að leikaskólakennarar muni gera vaxandi kröfur eins og grunnskólakennarar því það eru stöðugt

gerðar meiri kröfur til þessara tveggja stétta um meiri hæfni í starfi, um meiri sérhæfingu og meiri ábyrgð eftir því sem þjóðfélagið, eins og fram kom í ræðu áðan, breytist í þá veru að meira og meira af hlutverki heimilanna flyst yfir til þessara stofnana, ekki síður leikskóla en grunnskóla. Mér finnst því ekki að tala eigi niður til þeirrar stéttar frekar en grunnskólakennara í þessum efnum.

Við hljótum að líta svo á að yfirlýsingin nái næst til framhaldsskólakennara. Framhaldsskólakennarar eru einmitt með mjög sambærilega menntun, störf og vinnutíma og ábyrgð að verulegu leyti. En gerðardómurinn á að gæta þess að stöðugleika efnahagsmála og forsendum annarra kjarasamninga sé ekki raskað. Þetta er ekki lítið hlutverk sem honum er ætlað, hann á að sjá um að þjóðfélagið raskist ekki vegna þess að samið er við eina stétt launþega í landinu.

Það hefur mikið verið talað um að ASÍ og fleiri launþegasamtök hafi verið á tánum vegna þess að fylgst verði með því að grunnskólakennarar fái ekki þær réttar-, laga- og kjarabætur sem þeir eiga kost á. Eins og oft hefur komið fram voru árið 1996 kjör framhaldsskólakennara og grunnskólakennara sambærileg. Hvar var ASÍ eða launþegasamtökin — sem ég tel reyndar ósannað að séu með þessi viðhorf — þegar framhaldsskólakennarar náðu kjörum sínum með velvilja og stuðningi ríkisins? Sem ég met mikils að þeir hafi þó metið gildi starfsmanna sinna svo. En það verður ekki undan því vikist að samræma kjör þessara stétta og gera mun betur við kennarastéttina í heild en gert hefur verið undanfarin ár og áratugi.

Mér finnst jákvætt í þessu plaggi að heimilt er beita sér fyrir samkomulagi eða dómsátt allan tímann. Það styður það sem ég sagði áðan, að engin þörf er á að setja gerðardóm með meira en mánaðarfyrirvara fram í tímann vegna þess að hvenær sem er, ef samningsvilji, einhver löngun eða möguleikar skapast hjá deiluaðilum á þeim tíma geta þeir komið samkvæmt ákvæðum plaggsins inn í deiluna og gerðardómur getur pakkað saman og farið heim.

Til hvers að bíða í mánuð? Það er algjörlega fráleitt og ég vona að tekið verði á málinu í nefnd sem er svo sjálfsagt og skýrir sig sjálft í efnisatriðum textans.

Eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að setja á langa ræðu en mig langar að ljúka máli mínu með örstuttri hugleiðingu. Ástæðan er sú að það eru rétt rúm 40 ár síðan ég lauk kennaranámi, það var árið 1964. Þá háttaði svo til að fréttir bárust af því rétt um það leyti sem við vorum að útskrifast — reyndar ætluðu mörg okkar að fara í eitthvað allt annað, margir ætluðu að fara á sjóinn þar sem pening væri að hafa — en það bárust fréttir af nýjum samningum, nú væri þetta allt saman að lagast. Það var samið um það leyti, kjörin löguðust eitthvað aðeins en við náðum þessu ekki, eins og ég gat um áðan, með fastakaupinu okkar. Fastakaupið var þess eðlis að það gat enginn lifað á því. Megnið af starfsævi minni hef ég starfað innan skólakerfisins í ýmsum störfum þar og lengst af meðan ég var við kennslu þurfti ég bæði að sinna yfirvinnu og vinna á sumrin til þess að bæta upp tekjur.

Það sem ég er að velta fyrir mér er hvert gildismat þeirrar þjóðar er, sem í þau 40 ár sem ég nefndi og hafði þá um áratugi metið starfið svo að það var meðal allra lægstu launa. Höfum við virkilega ekki komist lengra fram á veginn en þetta að enn, 40 árum síðar og kannski öðrum 40 þar fyrir, er stéttin að berjast fyrir kjörum sínum, fyrir því að fá mannsæmandi laun? Ekki til þess að vera eins og það sem nú ber hæst í íslensku þjóðlífi, ungir menn í viðskiptalífi. Þeir eru ekki á kjörum eins og grunnskólakennarar. Þar erum við að tala um launakjör sem nema milljónum á mánuði. Er þjóðin með það gildismat að hún meti fjármagnið, peningana og umfjöllun um þá meira en það sem ætti að varða framtíð hennar, þ.e. uppfræðslu ungu kynslóðarinnar?

[13:22]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er ánægð að sjá að hæstv. forsætisráðherra er kominn í salinn og að bæði hæstv. menntamálaráðherra og forsætisráðherra sitja við umræðuna og finnst að félagsmálaráðherra ætti sömuleiðis að gera það. Þetta er grafalvarlegt mál, verið er að setja lög á kjaradeilu og þeir sem málið varðar eiga að sjálfsögðu að vera viðstaddir umræðuna.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi það í ræðu sinni að hún skildi ekki dagsetninguna 15. desember. Hv. þm. Hjálmar Árnason brást strax við og upplýsti að auðvitað væri hún vegna Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

Það er full ástæða til að benda á hvað þetta þýðir. Ísland er nefnilega með mikið samstarf innan Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar. Á þing þeirra mæta fulltrúar frá verkalýðshreyfingunni á Íslandi og frá félagsmálaráðuneytinu á Íslandi og margar samþykktir þessarar mikilvægu stofnunar rata í kjarasamninga eða lög á Íslandi þó að það sé ekki einhlítt. Komið hefur fyrir að íslenskri ríkisstjórn hefur þótt henta að það gerðist ekki.

Alþjóðavinnumálastofnun hefur ítrekað gagnrýnt íslensk stjórnvöld fyrir að grípa inn í kjaradeilu. Lagasetningin er grafalvarlegt mál eins og hverju sinni sem gripið er inn í kjaradeilur og allir skulu gera sér grein fyrir því að það að setja 15. desember og að mönnum sé gert að reyna að ná samningum fyrir þann tíma er til að fría sig gagnvart Alþjóðavinnumálaskrifstofunni og reyna að pressa samningsaðila á lokasprettinum. En dagsetningin 15. desember hefur önnur og alvarleg áhrif sem ég ætla að koma að síðar í ræðu minni.

Það er umhugsunarefni, eins og fram hefur komið aftur og aftur á þessum morgni, að ríkisstjórnin er loksins að bregðast við kjaradeilunni og þá bregst hún ærlega við með því að setja lög. Hún hefur algjörlega daufheyrst við stöðu sveitarfélaganna. Við þekkjum umræðuna eins og hún hefur verið í morgun: Ekki benda á mig, þetta kemur okkur ekki við.

Þess vegna ætla ég að fara örfáum orðum um það sem hefur gerst frá árinu 1997. Ég ætla líka að undirstrika það, af því að það var gert að umtalsefni í morgun, að þingmaður Samfylkingarinnar hafi talið að þetta væri einhver besti samningur sem gerður hafi verið, að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna. Það var samstaða um að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna. Það hefur líka verið ósk og vilji mjög margra í þessum sal að flytja fleiri verkefni til sveitarfélaganna og við vorum langt komin með að búa til samn-

inga og svigrúm til að flytja málaflokk fatlaðra. Við skulum hafa þetta á hreinu og forsendurnar skýrar í umræðunni.

Af hverju gekk það ekki eftir að fleira væri flutt? Það er reynslan af stöðu sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og því sem á eftir kom. Það var vitað í umræðunni á Alþingi að gerðar mundu verða meiri kröfur varðandi grunnskólahaldið þegar það væri komið frá ríkinu til sveitarfélaganna. Vitað var að haldið hafði verið í lágmarki endurnýjun og þjónustu innan skólanna sem nú yrði kallað eftir. Hvað ætli við höfum oft afgreitt lagabálka með „prátt-fyrir"-ákvæði um um að þó að það eigi að vera svo og svo mörg börn í bekk verða þau samt þetta fleiri? Hvað ætli við höfum oft farið fram hjá lagasetningu í þessum sal varðandi m.a. grunnskólann?

Þess vegna er athyglisvert að sjá hvernig fjármál ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar hafa þróast frá árinu 1997, árið eftir að grunnskólinn fluttist til sveitarfélaganna. Þá voru útsvarstekjurnar 32,6 milljarðar kr. en tekjuskattur ríkisins 30,3 milljarðar, sem sé 2 milljörðum lægri en útsvarið. Var ekki full ástæða til að búast við að sú yrði þróunin áfram?

Árið 2003 var sveitarfélögunum heimilt að hækka útsvarið vegna nýrra verkefna um u.þ.b. 1% og það hækkaði um u.þ.b. 1% 1999–2001. En árið 2003 höfðu tekjuskattar engu að síður hækkað um 6 milljarða umfram útsvarið. Skattbyrði einstaklinga jókst um 15% á árunum 1997–2003, nánast allar þær auknu álögur fóru til ríkisins, eða um 14%, aðeins 1% kom í hlut sveitarfélaganna. Af 9 milljarða króna skattahækkun tekjuskatts og útsvars fóru yfir 8 milljarðar til ríkisins og 700 milljónir til sveitarfélaganna.

Það er ekkert hægt að komast fram hjá þessu þegar við tölum um stöðu sveitarfélaganna til að sinna verkefnum vel eða bæta við verkefnum. Það er beinlínis ósæmilegt að fara fram hjá þessum tölum og ef einhver heldur að þær séu ekki réttar vil ég upplýsa að þær eru samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér hefur fundist vera nokkur hroki í umræðunni. Ég veit að hæstv. menntamálaráðherra er í vanda í umræðunni og ég hef fullan skilning á því og er sammála því að allir, ríki og sveitarfélög, eiga að forgangsraða í ranni sínum. Mér finnst samt veikt þegar komið er hingað á ögurstundu og sagt: Sveitarfélög eiga ekki að vera að kaupa hlutafélög eða fara í risarækjueldi, þau eiga að forgangsraða. Bíðum við, við hvern er verið að tala? Hafnarfjörð, Kópavog eða Reykjavík? Þó að það finnist eitt og eitt dæmi um að menn hafi ekki verið að fara út í réttu verkefnin á þetta ekki við.

Ég ætla ekki að fara út í ræðu hæstv. félagsmálaráðherra, mér fannst hún ekki góð og hv. þm. Samfylkingarinnar, Kristján L. Möller, leiðrétti það ágætlega í andsvörum við hæstv. ráðherra.

Það eru sex sveitarfélög sem nýta ekki allt útsvarið, en það er yfirleitt nýtt að fullu. Ríkið hugsar alltaf um sitt, það tekur alltaf sitt af öllu. Þannig er það líka með kennarana núna í verkfalli. Reiknaðir eru skattar af greiðslum til kennara úr verkfallssjóði. Þetta eru nauðþurftagreiðslur. 200 milljónir hafa runnið úr þeim sjóði til ríkisins í skatttekjur af þeim takmörkuðu fjármunum sem á að nota til að styrkja heimilin í nærri átta vikna verkfalli. Ríkið hugsar um sitt. Ríkið kann að forgangsraða.

Virðulegi forseti. Bæði forsætisráðherra og félagsmálaráðherra töluðu um bréf frá umboðsmanni barna. Þeir voru mjög uppteknir af alvarlegri stöðu sem kom fram í bréfi frá umboðsmanni barna og bréfi frá Heimili og skóla. Ég spyr: Hvar hefur þetta fólk verið? Ekki þurfum við nein bréf. Við höfum fylgst með því dag eftir dag og viku eftir viku að verkfallið hefur verið foreldrum erfitt, að verkfallið er ekki ásættanlegt. Verkfallið er gífurlega alvarlegt fyrir skólabörnin í landinu og enginn veit hvaða áhrif þessi kjaradeila hefur haft og mun hafa fyrir námsárangur vetrarins. Við þurfum engin bréf. Það er allt að því ömurlegt að þegar menn koma að þessu alvarlega máli til að réttlæta sig skuli þeir koma og lesa upp úr þessum bréfum. Þá fyrst skynjuðu þeir vandann þegar þeir lásu bréfin.

Ég ætla aðeins að tala um kennarana. Þannig er með stjórnmálamenn að það er afskaplega vinsælt að hafa við þá viðtöl. Þeir tala um uppvöxtinn og bakgrunn, lífið og tilveruna. Í nærri hverju einasta viðtali er talað um lífið í skólanum og kennarana, þessa góðu kennara sem mótuðu þá, gáfu þeim veganesti út í lífið, sem voru svo sterkir og mikil fyrirmynd.

Ég get líka haldið slíkar ræður. Ég ólst upp á Ísafirði við frábæra skóla og næstum allir sem þaðan koma, en margt fólk sem hefur látið til sín taka í samfélaginu kemur úr þeim ágæta bæ. Það fólk talar um uppvöxtinn á sínum tíma, góðu skólana og kennarana sem mótuðu lífshlaupið áfram. Þegar ég var að alast upp höfðu kennarar nokkuð góð laun. Það var nefnilega þannig, eins og einhver hér í morgun talaði um, að kennarar eru líka almenningur. Kennarar voru almenningur. Börnin komu frá svipuðum heimilum, öll börn í þessum hefðbundna bæ. Kennarar voru fremur vel launaðir. Þeir voru virt stétt. Það var litið upp til þeirra. Þeir voru hinn aðilinn sem mótaði börnin til viðbótar því sem fjölskyldan gerði og gaf í veganesti.

Hvað hefur gerst? Staða þessarar stéttar hefur breyst. Launin hafa lekið niður og jafnvel virðinguna skort, virðingu samfélagsins og þeirra sem um eiga að véla í kjörum stéttarinnar. Ég hef miklar áhyggjur af því hvernig mál hafa þróast og að þessi mikilvæga stétt hefur dregist aftur úr í almennum launasamanburði. Það er verkefnið núna. Vandamálið er hvað hún hefur dregist aftur úr. Annars vegar er hægt að miða við stétt sem loksins fékk launaleiðréttingu, þ.e. framhaldsskólakennarar, og hins vegar er kallað eftir því að ekkert megi gera umfram þróun á almennum launamarkaði. Hingað og þangað. Þetta verður erfitt mál, líka fyrir Kjaradóm.

Það er mjög alvarlegt mál hvernig komið er í dag og það frumvarp sem við erum að ræða er mjög erfitt fyrir kennara. Eftir langvarandi kjaradeilur og verkföll hefur oft verið reynt að bæta skaðann fyrir þá sem voru í verkfalli, stundum með meiri vinnu sem hefur þurft til að vinna upp tapaða framleiðni í verkfalli og oftast nær hefur komið kjarabót strax og kjaraleiðréttingin hefur eiginlega komið um leið og verkfalli lauk.

Samningarnir voru lausir í mars. Sumarið, ég ætla að leyfa mér að halda því fram, var illa nýtt til viðræðna. Verkfallið er næstum orðið átta vikur og nú munu kennarar

mæta til starfa án nokkurrar úrlausnar, það er launatap í nærri tvo mánuði. Þeir munu koma til starfa og það er engin umbun, engin kjarabót og ef til vill engin niðurstaða fyrr en í lok mars í vor. Þegar niðurstaða loksins fæst í Kjaradómi verður launa- og kjaraleiðréttingin frá 15. desember. Af hverju? Af því að þetta er ekki í fyrsta sinn sem ríkisstjórnin setur lög á kjaradeilur. Af því að ríkisstjórnin er búin að fá skammir og ákúrur frá Alþjóðavinnumálastofnuninni fyrir hvernig hún heldur á málum og hvernig hún hagar sér gagnvart þegnum sínum. Þess vegna eru menn búnir að setja 15. desember. Það þýðir að til viðbótar átta vikna launamissi munu kennarar ekki fá launaleiðréttingu fyrr en frá 15. desember. Þetta er áfall. Þetta er áfall kjaralega séð, en ekki síður tilfinningalega. Þetta snýst um það m.a. þegar maður er búinn að vera í átta vikna verkfalli og sýna samstöðu og trú á að það hafi einhverja þýðingu, að þurfa að hunskast til starfa upp á ekkert um sinn. Tilfinningalega, virðingarlega og algjörlega sálfræðilega er þetta vont mál.

Þess vegna eru það mín lokaorð, virðulegi forseti, að beina því til stjórnarmeirihlutans og allsherjarnefndar að þessi þáttur málsins verði skoðaður alveg sérstaklega og hvort ekki sé full þörf á því, þrátt fyrir Alþjóðavinnumálastofnuna, að flýta þessari gildistöku. Svona getum við ekki hagað okkur, fólkið í þessum sal.

[13:37]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna síðustu orða hv. þingmanns held ég að það sé nú alveg ljóst að þeir þingmenn sem koma að þessari lagasetningu, að setja lög á verkfall kennara, geri það ekki öðruvísi en með þungu hjarta. Ég held að það geti ekki vafist fyrir neinum.

Hins vegar langar mig að koma í andsvar vegna þess að tíðrætt hefur verið um skiptingu fjármagns milli ríkis og sveitarfélaga varðandi þessa deilu. Því langar mig að spyrja hv. þingmann hvað hún segi um þá staðreynd að frá 1998 hefur fjármagn sem sveitarfélögin hafa eftir að grunnskólinn fór yfir til sveitarfélaganna aukist, skatttekjur sveitarfélaganna hafa aukist úr rúmum 30 milljörðum í yfir 100 milljarða á næsta ári. Þannig að sveitarfélögin hafa ekki farið varhluta af þeirri velmegun sem er í landinu og hafa fengið sinn skerf af skatttekjum landsmanna. Á þeim stutta tíma, þ.e. frá 1998 til 2004, hafa skatttekjur, útsvarið, hjá sveitarfélögunum aukist þrefalt. Mig langar að heyra álit hv. þingmanns á þessari staðreynd.

[13:39]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að víkja að fyrra atriðinu sem þingmaðurinn nefndi. Ég gef mér það að hvar sem við erum í flokki og hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu sé öllum þungt um hjarta að setja lög á kjaradeilu. Hins vegar var ég mjög að gagnrýna hvernig málið var kynnt hér og með hvaða hætti menn fóru í ræður sínar með þessu frumvarpi og stendur hvert einasta orð.

Ekki veit ég hvaða tölur hv. þingmaður er með, en ég gerði grein fyrir þróun skatttekna ríkisins af tekjuskatti annars vegar og útsvarinu hins vegar og þar hallar mjög á, það liggur alveg ljóst fyrir. Það eru opinberar upplýsingar að árið 1997, ári eftir að grunnskólinn fluttist til sveitarfélaganna, var útsvarið 32,6 milljarðar kr. en tekjuskatturinn var minni, eða um 30,3 milljarðar. Árið 2003 höfðu tekjuskattarnir hækkað um 6 milljarða umfram útsvar og skattbyrði einstaklinga hefur aukist um 15% á árunum 1997–2003, sem er náttúrlega ofboðslega gaman að sjá hjá núverandi ríkisstjórn sem alltaf er að tala um að hún sé nú að taka tillit til kjara almennings, en af þessum 15% auknu álögum fór afskaplega lítið til sveitarfélaganna, eða 700 milljónir á móti yfir 8 milljörðum til ríkisins. Þetta bendi ég alveg sérstaklega á og varðar útsvarið og skattinn, en þar fyrir utan hefur verið bent á mjög margt sem hefur skekkst í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Þess vegna ætla menn að fara að ræða saman, loksins, en hefðu átt að vera að gera það í vor áður en þessi deila kom til.

[13:41]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær upplýsingar sem ég hef eru réttar. Tekjur sveitarfélaganna hafa þrefaldast á þessum tíma en þau hafa ekki tekið yfir aukin verkefni. Þannig að svigrúm þeirra til að takast á við verkefnin, sem var þá grunnskóli til sveitarfélaga, jókst verulega. Það er einnig alveg ljóst að sveitarfélögin hafa tekið myndarlega á grunnskólanum og hafa eflt hann. Þau hafa fjölgað kennurum um 30%, þau hafa fjölgað öðrum starfsmönnum um 50%, en á sama tíma hefur börnum í grunnskólum fjölgað um 6,5%. Svigrúm sveitarfélaga til að takast á við þetta aukna verkefni hefur því verið töluvert.

Ég vildi draga þetta inn í umræðuna einmitt vegna þess að það hefur svo mikið verið kallað á ríkisvaldið í þessari deilu og sagt að sveitarfélögin hafi ekki nægt fjármagn. Ríkið getur ekki tekið ábyrgð á því hvernig sveitarfélögin haga sínum málum, en vissulega hafa þau fengið auknar tekjur til að standa undir ákvörðunum sínum.

Ég hef hins vegar í störfum mínum á Alþingi, m.a. í fjárlaganefnd, ekki hitt einn einasta forstöðumann ríkisstofnunar eða forstöðumann sem hefur yfir fjármagni að ráða sem ekki vildi hafa meira. (**Gripið fram í:** ... frá ríkinu.) Það er bara þannig.

[13:43]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi málflutningur þingmannsins kemur mér afskaplega mikið á óvart. Það er nú þannig með okkur þingmenn í kjördæmum utan Reykjavíkur að við förum mjög mikið um kjördæmin og hittum sveitarstjórnir og auk þess er mjög stutt síðan fjármálaráðstefna sveitarfélaga var. Öll sveitarfélög hafa sýnt fram á hve tekjur þeirra hafa verið að dragast saman á meðan verkefni hafa stóraukist og auðvitað eðlilega hjá sveitarfélögum eins og hjá ríkinu og annars staðar þyngist kostnaður við hvern einstakan þátt við breytingar. Af því að mikil þensla er út af aðgerðum ríkisins, ég tala nú ekki um ef verðbólga fer í 5% þá geta menn nú bara ímyndað sér hvaða áhrif það muni hafa, líka á útgjöld sveitarfélaga.

Þessi staðhæfing kemur mér mjög á óvart vegna þess að hún stangast algjörlega á við það sem sveitarfélög hafa ver-

ið að bera á borð. Algjörlega. Ég er ekki manneskja sem held því fram að það eigi að kalla: ríkið, ríkið í hvert skipti sem eitthvað er að gerast. En þetta var svo stórt mál og mikill einhugur um það að mínu mati að flytja grunnskólann og einhugur um að flytja það sem við köllum nærverkefni yfir til sveitarfélaganna af því það er betra. Það verður betri vinna. Það er betur gert, en það kostar gjarnan meira.

Miðað við hvernig málin hafa þróast á milli ríkis og sveitarfélaga þá hafa þau alltaf eingöngu mælt grunnskólann, mælt hvað hann kostar og hvað megi gera ráð fyrir að hafi verið vanreiknað. Þau hafa aldrei horft á raunveruleikann sem fólst í að flytja verkefnin yfir. Sveitarfélögin hafa farið illa út úr þessu og eru treg til að gera meira.

[13:45]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum eða öðru nafni lög á vinnudeilu kennara og sveitarstjórna. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þingmenn Ögmundur Jónasson og Kolbrún Halldórsdóttir hafa gert áður í umræðunni skýra grein fyrir afstöðu okkar flokks til þessa máls, þeirri afstöðu okkar að við teljum að lagasetning sú sem hér er verið að boða sé röng. Við höfum lagt áherslu á að þetta mál eigi að vinna með öðrum hætti, það eigi að koma yfirlýsing frá ríkisstjórninni um að sveitarfélögunum verði gert kleift fjárhagslega að takast á við að greiða starfsmönnum sínum þokkaleg og góð laun. Um þetta snýst málið.

Ráðherra hefur jú sagt að þetta snúist ekki bara um peninga og það er alveg hárrétt. Þetta snýst líka um gildismat. Þetta snýst um mat á því hvar í röðina við setjum velferðarkerfið, menntun, heilbrigðismál og öll önnur velferðarmál — það er alveg hárrétt. Það snýst um þessa forgangsröðun — eða hvort við viljum láta önnur sjónarmið ráða ferð eins og ríkisstjórnin gerir, t.d. skattalækkanir á hátekjufólki. Það er afar brýnt af hálfu ríkisstjórnarinnar að keyra í gegn hér skattalækkanir upp á 4–5 milljarða á næsta ári, skattalækkanir sem koma fyrst og fremst þeim til góða sem hafa hæstu tekjur.

Hafa þessar skattalækkanir engin áhrif á þenslu eða verðlagsáhrif í þjóðfélaginu? Jú, þær þýða það einmitt að þeir 4–5 milljarðar kr. sem fara í skattalækkanir verða ráðstöfunarfé fyrir þá hópa samfélagsins sem hæstar hafa tekjur til þess að auka einkaneyslu. Ekki er minnst á það í greinargerð með frumvarpinu að skattalækkanirnar eru þær mest þensluhvetjandi aðgerðir sem ríkisstjórnin er að grípa til. Allar aðgerðir hennar sem snúa að því að mæta ekki eðlilegum kröfum launfólks og skerða eðlilegt og nauðsynlegt fjármagn til velferðarþjónustunnar miða að því að mæta þessum skattalækkunum.

Slíkri forgangsröðun erum við ekki sammála. Að sjálfsögðu á skattbyrðin ekki að vera hærri en nauðsynlegt er en númer eitt er að jafna skattbyrðina. Ef núverandi ríkisstjórn hefði lagt það til að lækka hlutdeild skatta á lægstu tekjur þá hefði í sjálfu sér verið lofsvert að skoða það. En þegar stefnan er alfarið sú að lækka skatt á hæstu tekjur og það sett númer eitt í forgang í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar þá er ekki hægt að vera því sammála.

Við sjáum líka að í samfélaginu skammta sumir aðrir sér laun og tekjur. Það eru nægir peningar til. Menn tala hér um heimsmet í hagnaði banka og fjármálastofnana og ýmissa slíkra stofnana. Þetta fjármagn hefur líka áhrif á neyslu og þenslu í samfélaginu, annað væri það nú. Hvernig væri að beita aðgerðum þannig að þessum kröfum yrði stillt í hóf og nokkuð af þessu fjármagni yrði líka til ráðstöfunar til þess að styrkja kjör fólks sem hefur allt of lágar tekjur víða í samfélaginu, kennara og annarra hópa sem eiga á næstunni lausa samninga og vilja fá bætt kjör.

Þessi harða stefna ríkisstjórnarinnar setur þetta mál í hnút. Ef ríkisstjórnin kæmi nú t.d. og segði: „Við viðurkennum að þetta eru veruleg mistök. Þetta eru efnahagsleg mistök. Það eru stjórnunarleg mistök að ætla að fara að keyra fram skattalækkanir við þessar aðstæður. Við viðurkennum það. Við skulum afturkalla þær.“ Það væri spor í rétta átt. Það væri spor í átt til þess að glöggva sig á staðreyndum og líka til að viðurkenna að þar í liggur leiðin til að leysa þessa kjaradeilu.

Deilan snýst því um gildismat og forgangsröðun stjórnarflokkanna sem leggja meginkapp á að hygla og bæta kjör þeirra sem best hafa kjörin og standa gegn rétti þeirra sem verri kjör hafa. Þetta er málið í hnotskurn.

Hér hefur rætt um að það hafi verið happaaðgerð að flytja grunnskólann frá ríki til sveitarfélaga og að hann hafi batnað svo og svo mikið vegna þess. Ég tek alveg undir það að grunnskólinn hefur að sjálfsögðu batnað. Hann hefur eflst og hann hefur styrkst og hann hefur skilað æ betra starfi. En það er mjög ósanngjarnt að segja að ef skólinn hefði verið í höndum ríkisins þá hefði ekkert gerst, þ.e. að bera þetta saman við það að allt hefði staðið kyrrt. Það er alveg fráleitur samanburður og ósanngjarn. Auðvitað hefði þar líka átt sér stað þróun og efling þannig að það er rétt að líta málin réttum augum.

Það er líka alveg ljóst, og ég held að menn deili ekki um það, að miðað við núverandi umfang starfs grunnskólanna hefur ekki verið fylgt eftir þeirri fjárþörf sem nauðsynlegt er til að standa undir því starfi sem þar er nú unnið. Þegar grunnskólinn var færður frá ríki til sveitarfélaga hafði hann verið sveltur um langt árabil. Það hafði líka verið slíkt efnahagslegt ástand í samfélaginu að laun voru almennt frekar lág og í því andrúmslofti og í þeirri stöðu var grunnskólinn fluttur. Síðan verður efnahagslegur vöxtur í samfélaginu og flestar stéttir fá verulega aukningu á sínum tekjum og starfsemi vex. Þá er eðlilegt að grunnskólakennarar fylgi eftir því. Annað væri það nú með þá ábyrgð sem þeir axla og hið mikilvæga starf sem þeir vinna.

Frú forseti. Þess vegna er alveg makalaust að sjá þessa setningu á bls. 3 í greinargerð frumvarpsins. Ég ætla að lesa hana, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að fylgja aðhaldssamri efnahagsstefnu til að tryggja áframhaldandi stöðugleika í efnahagslífinu á næstu árum þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmda.“

Bíðum við. Stóriðjuframkvæmdirnar eru jú hitt meginmál núverandi ríkisstjórnar. Öllum sökum á að skella á stóriðjuframkvæmdirnar. Það verður að skera niður velferðarkerfið vegna stóriðjuframkvæmdanna. Það verður að skera niður samgöngumál vegna stóriðjuframkvæmda. Það

verður að halda niðri launum kennara vegna stóriðjuframkvæmda.

Skiptar skoðanir eru um mikilvægi stóriðjuframkvæmdanna og hvort þetta sé rétt stefna í atvinnumálum Íslendinga. Ég er andvígur þeirri stefnu í atvinnumálum Íslendinga, stóriðjustefnunni sem hér er keyrð upp, ég tala nú ekki um ef það á að gera hana að sökudólgi fyrir því að ekki sé hægt að greiða eðlileg laun, ef menn verða að sitja það af sér og það verði að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar og sjúkrahús vegna stóriðjuframkvæmda o.s.frv. til þess að uppfylla þessar aðhaldskröfur ríkisstjórnarinnar.

En þessar aðhaldskörfur eru þó ekki meiri en svo að hægt er að lækka skatta um 5 milljarða króna á hátekjufólki. Það sér hver heilvita maður að þarna rekur sig eitt á annars horn eins og graðpening hendir vorn, eins og máltækið segir.

Þau atriði önnur í frumvarpinu sem hafa verið gerð hér að umtalsefni, sérstaklega af þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þingmönnum Ögmundi Jónassyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur, lúta einmitt að ákveðnum atriðum í þessu samhengi. Í fyrsta lagi er samningsaðilum gert að halda áfram að reyna að semja fram til 15. desember. Ef það á að gerast án þess að nokkurt annað útspil komi af hálfu ríkisstjórnarinnar í þetta mál sé ég ekki annað en að það sé fullkomlega út í bláinn að koma með svona ákvæði. Eina sem það hefur í för með sér er að tefja aðra vinnu málsins sem menn eru hér að setja í gang.

Á hitt vil ég líka benda að ekki er gert ráð fyrir því að gerðardómurinn ljúki störfum fyrr en 31. mars á næsta ári, fari þetta mál þann veg. Annað heilt skólaár á að líða án þess að kennarar viti hvað til síns friðar heyrir í endalokum þessa máls í slíkum farvegi. Er einhver þörf á því? Hvað hafa þessar samninganefndir verið að gera allt yfirstandandi ár? Ég veit ekki betur en að kennarar hafi lagt fram sína áætlun snemma í upphafi þessa árs. Það voru greidd atkvæði um verkfall ef samningar hefðu ekki tekist. Þau atkvæði voru greidd á síðastliðnum vetri, eins og lög gerðu ráð fyrir, þannig að allt hefur legið fyrir. Öll megingögn sem lúta að þessu máli hljóta því að liggja fyrir þannig að gerðardómur ætti ekki að þurfa næstu sex mánuði til að komast að niðurstöðu. Það er bara fráleitt því eftir að málin eru komin í þennan farveg sem enginn vill að þau fari í þá er líka eins gott að þessu ljúki sem fyrst og niðurstaða náist.

Ég legg því til að hv. allsherjarnefnd skoði rækilega hvort þessar tímasetningar ætti ekki að færa fram. Ég sé ekki annað en að gerðardómur gæti verið búinn að ljúka vinnu sinni um áramót. Gögnin ættu að liggja fyrir þannig að það sé hægt.

Ég legg áherslu á að menn skoði líka t.d. hvaða stöðu kennarar verða í næsta sumar. Það er óeðlilegt að það sé bundið í lögum að gerðardómur eða nýr kjarasamningur megi ekki taka tillit til þess sem á undan er gengið og að samningurinn taki gildi fyrr, t.d. frá og með þeim tíma þegar samningar urðu lausir. Af hverju er verið að binda þetta í lögum? Þetta gæti þá líka verið frjálst fyrir gerðardóminn til þess að nota í niðurstöðum sínum. Svona lagabeiting og rammi, þessi valdbeitingarrammi sem settur er utan um þennan gjörning er bæði ósanngjarn og að mínu viti fullkomlega óþarfur og gerir ekkert annað en að sýna ástæðulausan, að mínu viti, hroka í þessu erfiða máli sem við stöndum frammi fyrir og viljum öll að leysist sem fyrst.

Frú forseti. Ríkisstjórnin verður að gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem hún stendur frammi fyrir. Hún verður að koma með útspil á næstu klukkutímum um hvernig hún ætlar að styrkja tekjustofna sveitarfélaganna. Það er ekki bara gagnvart þessu eina verkefni sem lýtur að launum kennara heldur öllum öðrum viðfangsefnum sveitarfélaganna sem að stærstum og langmestum hluta eru núna orðin laun starfsmanna þeirra. Gengið hefur verið á tekjustofna sveitarfélaga og í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur stöðugt hallað á sveitarfélögin. Sveitarfélögin geta ekkert samið því að þau eru bundin af lögum frá Alþingi með tekjustofna sína. Þau eru því gersamlega í viðjum Alþingis og ríkisstjórnar um það hvernig þau geta brugðist við og tekið á sínum málum. Þess vegna á að ræða málin fyrst og síðast hér.

Frú forseti. Ég ítreka að ríkisstjórnin á að falla frá þessum skattalækkunum sínum. Þær eru hrokafull yfirlýsing við þá stöðu sem við stöndum frammi fyrir. Þrátt fyrir skattalækkanir til hátekjufólks er því borið við að ekki sé hægt að semja við kennara um þokkaleg laun vegna þess að það valdi þenslu. Skattalækkunarstefna ríkisstjórnarinnar er einmitt þenslustefna sem sett er í forgang af ríkisstjórninni og þess vegna verður að halda hinum öllum niðri. Þeirri forgangsröðun og þessari stefnu erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði andvíg. Það verður að víkja af henni til þess að við getum náð farsælli niðurstöðu í þeirri kjaradeilu sem við erum að fjalla um þannig að kennarar fái störf sín eðlilega metin fyrir samfélagið bæði í formi virðingar og launa.

[14:02]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það verður að segjast alveg eins og er að það er býsna erfitt að koma í þennan ræðustól og fjalla um frumvarp til laga um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum, þ.e. frumvarp sem setur lög á hinn helga verkfallsrétt. Það er mér sérstaklega erfitt vegna þess að ég er bæði fyrrverandi kennari og fyrrverandi sveitarstjórnarmaður.

Það er einnig athyglisvert að báðir deiluaðilar hafa talað gegn því að lög verði sett á deiluna. Hæstv. menntamálaráðherra hefur sagt það fullum fetum að lagasetning sé ekki lausn á vandanum heldur sé aðeins verið að fresta vandanum og það er skylda deiluaðila í slíkum deilum að ná niðurstöðu, leysa málið.

Stjórnarherrarnir hafa að vísu komið hér hver af öðrum og sagt að málið sé grafalvarlegt sem er hárrétt, að málefni 45 þúsund barna séu svo alvarleg að ekki verði hjá því komist að skipta sér af deilunni og hefur margur sagt þó fyrr hafi verið. En hæstvirtir ráðherrar hafa ekki viljað á undanförnum missirum skipta sér á neinn hátt af þessari deilu þrátt fyrir að bent hafi verið á það ítrekað að vissulega beri ríkisvaldið ábyrgð. Ábyrgð ríkisvaldsins er að sjálfsögðu mjög mikil. Það hafa margir komið inn á það hér í dag. Það er t.d. vegna þess að tekjuskipting milli ríkis og sveitarfélaga hefur þróast á þann hátt að sveitarfélögin eru ekki í þeirri stöðu að geta leyft sér það sem þau hugsanlega

vildu. Það hefði að sjálfsögðu liðkað fyrir lausn deilunnar ef fjárhagur sveitarfélaganna væri betri. Það þarf ekkert að deila um þessi atriði. Það liggur ljóst fyrir að það hallar á sveitarfélögin í þessu máli. Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, flokksbróðir margra ráðherranna, hefur sagt fullum fetum: „Það er vitlaust gefið." Ráðherrar fjármála og félagsmála hafa skrifað undir yfirlýsingu um að vitlaust sé gefið, það eigi að fara yfir þessi mál. Nefnd hefur starfað mánuðum saman við að skoða þessi mál til að rétta við hlut sveitarfélaganna. En nefndin er líklega á fundi núna og búin að starfa, eins og ég sagði, nokkurn veginn frá því í byrjun árs. En það hefur ekkert gengið. Það er eðlilegt að við horfum til þeirra verka þegar við skoðum þessi mál í samhengi.

Það er líka eðlilegt að við skoðum samsetningu tekjuskiptanefndarinnar vegna þess að það segir kannski ýmislegt um hvaða hug menn höfðu þegar þeir settu þetta mál af stað. Það starfa nefnilega fleiri nefndir varðandi þessi samskipti. Til er líka svokölluð sameiningarnefnd. Hún er að vinna að því að sameina sveitarfélög til að styrkja sveitarfélögin og þar eru við borðið, má segja, allir aðilar. Þar eru ekki bara fulltrúar ríkisstjórnar og fulltrúar sveitarfélaga heldur líka fulltrúar þingflokka. Í tekjuskiptanefndinni er ekki slíkt borð. Nei, þar sitja eingöngu fulltrúar sveitarfélaga og síðan embættismenn hinum megin. Engir fulltrúar hins pólitíska valds í landinu sitja þar við borðið. Búast menn við því að slíkt verk gangi hratt þegar þannig er staðið að verki? Ég segi því miður, frú forseti, það er eins og hugur fylgi ekki máli í þeim efnum.

Fleira kemur til þegar við horfum til ábyrgðar ríkisvaldsins. Í þessari umræðu hefur margoft verið nefnt og það hefur margoft komið fram á undanförnum vikum og mánuðum að ríkisvaldið gerði kjarasamning við framhaldsskólakennara. Ekki ætla ég að halda því fram að framhaldsskólakennarar séu ofaldir af þeim samningi. En ríkisvaldinu hlýtur að hafa verið ljóst þegar undir þann samning var ritað að þeir væru að gefa fordæmi m.a. fyrir grunnskólakennara. Það er eðlilegt að grunnskólakennarar horfi til þess samnings vegna þess að kjarasamningar, eins og við hljótum flest að vita, eru fyrst og fremst samanburðarfræði. Það er alltaf verið að bera sig saman við einhverja aðra. Það er náttúrlega eðlilegasti hlutur af öllum að grunnskólakennarar beri sig saman við framhaldsskólakennara. Þetta hlýtur ríkisvaldið að hafa vitað þegar það gekk frá kjarasamningnum. Ef ekki þá er kominn tími til. Það segir einnig reyndar í því frumvarpi sem hér liggur fyrir að gerðardómur eigi að taka viðmið af ákveðnum hópum, hópum sem hafa sambærilega menntun, sambærilega ábyrgð og sambærilegan vinnutíma. Hvaða hópar geta þetta verið? Jú, þetta eru líklega framhaldsskólakennarar og leikskólakennarar trúi ég. Þetta eru þeir hópar sem næstir standa grunnskólakennurum. Því liggur alveg ljóst fyrir að gerðardómur hlýtur að þurfa að gera þetta. Þá er ljóst að samanburðurinn hlýtur að vera á þann hátt að kjör grunnskólakennara verði að bæta verulega svipað og gert var við framhaldsskólakennara síðast.

Frú forseti. Við skulum ekki gleyma því að samningar framhaldsskólakennara eru lausir. Samningstíminn er útrunninn. Það stendur til að gera nýjan samning við framhaldsskólakennara. Það er auðvitað eðlilegt að líka sé horft til þess. Þannig ganga þessi mál fyrir sig að það er alltaf verið að bera saman hópa, bera saman samninga. Þannig ganga þessi mál í þessum heimi.

Frú forseti. Ríkisvaldið ber ábyrgð á fleiri þáttum sem koma inn í þessa mynd líka. Það er alveg augljóst að stöðugleikinn, sem einnig er nefndur í þessu frumvarpi og er ætíð hampað þegar virðist henta, kemur að sjálfsögðu hér við sögu. Það er augljóst að verðbólguspá fyrir þann tíma sem talað er um að kjarasamningur gildi hlýtur eðlilega að vera viðmið þegar samið er til lengri tíma. Það er einnig ljóst að ríkisvaldið ber þar verulega ábyrgð. Síðasta fjárlagafrumvarp er að sjálfsögðu slíkt að það gefur byr undir báða vængi um að fram undan sé verðbólguþróun sem ekki er hagstæð þrátt fyrir að orðin séu fögur um að reynt skuli og stefnt að hinu og þessu í þessum efnum. Því er eðlilegt að fólk horfi til þess þegar komið er að kjarasamningi.

Frú forseti. Það er auðvitað fleira sem tengist þessu máli heldur en að verið sé að taka hinn helga rétt, verkfallsréttinn, af hópi manna. Sú staða sem uppi er segir, því miður, allt of mikið um viðhorf hinnar íslensku þjóðar til menntunar, til starfa þeirra sem sinna uppeldi, til starfa þeirra sem hugsa um fólk, til starfa þeirra sem ekki bara velta fyrir sér peningum. Staðan væri ekki svona ef viðhorfið væri á þann hátt að það skipti meira máli hvernig við hugsum um börnin okkar en hvernig við förum með peningana hverju sinni. Það er grátleg staðreynd að grunnskólakennarar eins og ýmsar fleiri uppeldisstéttir hafa stöðugt horft upp á þá þróun að þeir hafa verið að dragast aftur úr og með reglulegu millibili þurft að nálgast samningaborðið til þess að vinna upp þann halla sem orðið hefur á undanförnum missirum. Það er líka ein skýringin á því hversu hörð sú deila hefur verið sem hér er um rætt. Það þarf alltaf að vera að vinna upp hluti.

Síðan gerist það, frú forseti, í þessari umræðu að a.m.k. tveir hæstv. ráðherrar vitna til orða minna um hvað gerðist árið 1996. Ég get haldið áfram að halda því fram, og er keikur til þess, að samningurinn sem gerður var 1996 milli ríkis og sveitarfélaga hafi verið einn besti samningur sem sveitarfélögin hafa nokkurn tíma gert og það er vegna þess að sveitarfélögin settu sér ákveðin samningsmarkmið sem þau náðu að mestu leyti fram í samningunum. En það að það skuli gerast árið 2004 að fólk tali eins og ekkert hafi gerst síðan 1996 er að sjálfsögðu ekki boðlegt. Það er allt gjörbreytt. Hvernig er hægt að ætlast til þess að einhver hafi 1996 séð allt fyrir sem mundi gerast á næstu átta árum. Það er að sjálfsögðu ekki hægt og það er þess vegna m.a. sem sveitarfélögin eru stöðugt að reyna að bæta hag sinn. Það er vegna þess að hlutirnir hafa gjörbreyst og það er búið að fara yfir það í ýmsum þáttum í umræðunni að m.a. tekjuþróun ríkis og sveitarfélaga hefur verið gerólík á því tímabili. Einnig er ljóst að lagðar hafa verið ýmsar kvaðir á sveitarfélögin sem hafa aukið útgjöld þeirra og sett hafa verið ýmis lög, m.a. um húsaleigubætur, sem hafa aukið útgjöld sveitarfélaga frá þessum tíma. Eins og ég vitnaði í áðan hefur það verið upplýst af öllum þeim sem hafa skoðað þetta að vitlaust er gefið. Þess vegna situr nefnd að störfum, nefnd sem ætti í raun að vera fyrir löngu búin að ljúka störfum og skila af sér. Það ætti að vera búið að gera samning um breytingu á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég er sannfærður um að sú deila sem hér er verið að gera til-

lögu um að ýta inn í framtíðina væri þá leyst vegna þess að þá stæðu menn miklu betur að vígi til þess að leysa deiluna. Það er ábyrgðarhluti líka sem snýr að sveitarstjórnarmönnum að þeir gera ekki samning sem þeir eiga ekki fyrir.

Frú forseti. Ekki er ástæða til að tefja þessa umræðu mikið meira eða taka lengri tíma í hana í þessum sal vegna þess að þetta mál þarf að sjálfsögðu að fara til nefndar. Ég trúi því ekki, frú forseti, fyrst það varð niðurstaða ríkisstjórnarmeirihlutans á Alþingi að setja lög á þessa deilu, að ekki verði opnað á að bæta frumvarpið sem hér liggur fyrir. Það er ljóst og allir gera sér grein fyrir því að þegar ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur ákveðið að setja lög á deiluna verður líklega ekki komist hjá því að lögin fari í gegnum þingið. Það er hins vegar lágmarkskrafa að nefndin sem um málið fjallar gefi sér tíma til að fara yfir málið nákvæmlega og velta því fyrir sér hvort ekki sé ekki hægt að milda þetta frumvarp einhvern veginn.

Frú forseti. Athyglisvert var að hlusta á hæstv. félagsmálaráðherra fullyrða að hér væri mjög mildilega á málum tekið. Gagnvart hverjum er þessi mildileiki? Hann er sannarlega ekki gagnvart kennurunum vegna þess að í frumvarpstextanum er nákvæmlega ekkert sem kennararnir hafa í hendi. Þeir hafa hér orðalag um að taka eigi viðmið af ýmsum hlutum en síðan kemur orðalagið fræga: „... en jafnframt gæta þess að stöðugleika efnahagsmála og forsendum annarra kjarasamninga sé ekki raskað."

Frú forseti. Því miður verðum við að segja að þegar slíkt orðalag er notað af hæstv. ráðherrum þá hefur það í gegnum tíðina ekki þýtt mjög margt. Það hefur yfirleitt þýtt að ekki megi hækka laun upp fyrir ákveðna prósentutölu. Það er með ólíkindum að þessi texti skuli vera lagður svona fram og ekki komið með eitt einasta atriði sem fólkið sem hefur verið í sjö vikur í verkfalli fær út úr því. Ætlast er til þess að grunnskólakennarar komi til starfa aftur á mánudaginn glaðhlakkalegir og kátir og fullbúnir til þess að starfa. Ég þekki það vel að kennarar starfa ekki af fullum mætti nema þeir séu ánægðir í starfi. Hvernig er hægt að ætlast til þess að grunnskólakennarar verði ánægðir í starfi á mánudaginn kemur ef engin breyting verður á þeim frumvarpstexta sem hér liggur fyrir?

Frú forseti. Örlítið að lokum um þann þátt. Hvernig stendur t.d. á því að ekkert er hér úr miðlunartillögunni sem þó var búið að ná að hluta til samkomulagi um? Af hverju eru engin af þeim atriðum inni í þessum texta? Af hverju er ekki á nokkurn hátt komið til móts við kennarastéttina? Hver er skýringin á slíku? Af hverju er ekki t.d. horft til þess tilboðs sem kennarar gerðu rétt áður en verkfallið skall á um ákveðnar prósentuhækkanir til skamms tíma til þess að rýmka aðeins til fyrir samkomulagi? Af hverju er ekkert slíkt inni á þeim tíma meðan gerðardómurinn starfar? Af hverju má gerðardómurinn ekki hefja störf fyrr en 15. desember? Hvernig stendur á því að hann má ekki hefja störf á mánudaginn eins og kennararnir þannig að hægt verði að flýta þessu ferli því að með því er að sjálfsögðu ekki komið í veg fyrir að samningsaðilar geti hugsanlega komið sér saman um einhverja hluti? Það er algjörlega með ólíkindum, frú forseti, hvernig að þessu máli er staðið og mildileikinn sem hæstv. ráðherra nefndi er ekki fyrirfinnanlegur í þeim texta sem ég hef lesið. [Klapp á þingpöllum.]

(**Forseti** (ÞBack): Ég vil biðja gesti um að sýna þinginu virðingu og vera ekki með ónæði á pöllum.)

[14:16]

Bjarkey Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Það eru frekar þung spor að standa hér í dag og ég get eiginlega ekki sagt annað en að mér sé misboðið með þessu lagafrumvarpi. Málið er mér mjög skylt þar sem ég er nemandi í Kennaraháskóla Íslands og get því engan veginn tekið undir frumvarpið. Hins vegar get ég tekið undir orð síðasta ræðumanns og er ekki hissa á því að þeir sem eru á pöllunum hafi séð sig knúna til að klappa fyrir þeim.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum komið málflutningi okkar vel á framfæri í dag og áherslurnar, sem þarf ekkert að tíunda frekar í einhverju málþófi, hafa verið mjög skýrar. Mig langar samt aðeins að hnykkja á því sem stakk mig svolítið þegar ég las frumvarpið yfir í morgun. Kennarar verða búnir að vera samningslausir í um það bil 13 mánuði samkvæmt frumvarpinu þegar kemur að því að þeir fái eitthvað útborgað, eins og maður getur sagt, því ekki hafa þeir verið að fá í budduna sína sem einhverju nemur undanfarnar vikur. Svo finnst manni auðvitað fráleitt að samningsaðilum skuli vera gefinn mánuður í viðbót til að ná samkomulagi, því ástæða frumvarpsins var sú að frekar hefur dregið í sundur með samningsaðilum en að eitthvað hafi náðst saman. Það hljómar því svolítið undarlega að gefa samningsaðilum mánuð í viðbót en svo er ástæða frumvarpsins að deiluaðilar hafi engan veginn náð saman og farið meira í sundur.

Það er líka alveg fráleitt að kennarar fái ekkert í sinn hlut og ekki líklegt til sátta gagnvart kennarastéttinni að bjóða henni upp á slíkt. Það voru þó einhverjir aurar í boði í miðlunartillögunni strax þannig að ég sé ekki fyrir mér að frumvarpið sé til þess fallið, eins og mikið hefur verið talað um af hálfu hæstv. menntamálaráðherra, að ná aukinni sátt á meðal aðila. Aukinheldur gera lögin ekki ráð fyrir því að samningurinn verði virkur nema frá og með 15. desember og ekki til góðs þegar kennarastéttin er í rauninni svelt að samningaborðinu sem hún hefur verið undanfarið.

Viðmiðunin í 3. gr. er auðvitað afar loðin þegar slegið er úr og í á hinni almennu þróun á vinnumarkaðinum. Sambærileg kjör, gæta samt stöðugleika, raska ekki öðrum kjarasamningum. Þetta er í sjálfu sér ekkert ólíkt miðlunartillögunni sem kennarar kolfelldu. Það mátti ekkert hreyfa umfram það sem nú er og þá er náttúrlega ekki hægt að sjá að mögulegt sé að færa kjör grunnskólakennara nær t.d. kjörum framhaldsskólakennara sem er það viðmið sem þeir mundu vilja sjá.

Hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Kolbrún Halldórsdóttir, benti á hvernig Danir hafa haft þetta. Þeir endurskoða samninga sína árlega þar sem farið er í gegnum það sem breyst hefur í samfélaginu sem gefur ástæðu til þess að endurskoða samninga.

Maður veltir líka fyrir sér hvert viðmiðið er ef ekki eiga að koma auknir peningar til sveitarfélaganna. Það hlýtur að þýða, ja ekki meira en það sem búið er að bjóða kennurum því ekki sáu sveitarfélögin sér fært að koma til móts við kennara að öðru leyti.

Mér fannst áhugavert þegar hv. þm. Ásta Möller var í

pontu áðan að tala um tekjustofna sveitarfélaga og hvað þau hefðu borið úr býtum. Ég kem úr sveitarfélagi þar sem fólksfækkun hefur átt sér stað og útsvarstekjurnar í mínu sveitarfélagi hafa lækkað um 20 millj. kr. á milli ára, 5% árin 2002 og aftur 5% 2003. Í fræðslumálin fara 52% af ráðstöfunartekjum sveitarfélagsins og ekki nóg með að tekjurnar hafi dregist saman því breyttar viðmiðunarreglur í snjómokstri og fleira hafa dregið úr tekjum Jöfnunarsjóðs, þannig að margt kemur til.

Mig langar líka að koma inn á tilfærsluna. Það er mikið búið að tala um að fylgt hafi nægt fé til grunnskólans þegar yfirfærslan átti sér stað. Það hefur líka verið talað um að bætt hafi verið við milljarði. En hverjir settu reglugerðina um aðalnámskrá 1999? Það var ríkisstjórnin, ekki satt, og ráðuneytin sem þar standa að. Þar eru auknar kröfur gagnvart skólunum og ég veit ekki til þess að því hafi fylgt auknir tekjustofnar um leið og settar voru auknar kröfur í aðalnámskrána um þróun í skólunum, uppbyggingarstarf og skóla án aðgreiningar. Þetta kostar allt peninga, en það hefur ekki komið fé með þessum breytingum.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur gjarnan talað um lífeyrisskuldbindingar. Mér þætti reyndar svolítið gaman að sjá útreikninga, af því að við stöndum hér og ég sem þingmaður í dag, hverjar skuldbindingar ríkisins gagnvart þingmönnum eru. Ég hef tölur fyrir framan mig sem ég fullyrði ekki að séu alveg 100% réttar. Þetta eru grófir útreikningar og hv. þm. Pétur H. Blöndal kemur þá með einhverjar aðrar tölur. En ef farið yrði eftir ýtrustu kröfum kennara yrðu þetta um 62 milljarðar. Það þýðir 14 millj. kr. á heilstöðugildi grunnskólakennara, miðað við ákveðið reiknilíkan. Þingmenn og ráðherrar fá tvöfalt og ef reiknað er með einhverri sanngirni er lífeyrisskuldbindingin nú tæpar 68 millj. kr. á hvern þingmann. Það eru því 14 millj. kr. á heilstöðugildi grunnskólakennara en 68 milljónir á hvern þingmann. Þá er náttúrlega miðað við þá sem hafa setið lengst. Það er áhugavert að skoða þetta í samhengi.

Mig langar að vitna í grein Tómasar Helgasonar í Morgunblaðinu í gær þar sem hann vitnar í erindi Símonar Jóhannesar Ágústssonar sem birtist í Menntamálum fyrir rúmri hálfri öld og á svo sannarlega við í dag. Hann hefur verið mjög framsýnn maður að mínu viti. Símon bendir á nauðsyn þess að hlúa vel að andlegum, félagslegum og efnahagslegum þörfum kennara til að halda þeim í starfi. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Þar sem starf kennarans er svo mikilvægt, gerir það miklar kröfur til kunnáttu hans og hæfileika, en þó einkum til mannkosta hans, háttvísi og lagni. Þetta ætti að vera hverjum manni ljóst, að minnsta kosti öllum foreldrum sem alið hafa upp 3–4 börn. Þau hafa mismunandi persónugerð, hegðun og þarfir, sem stundum reyna á þolrif foreldranna. Hvað þá með kennarana sem þurfa að sinna 15–25 börnum samtímis oft á mismunandi þroskastigum, þótt jafnaldra séu, margar stundir á dag. Ekki nóg með það heldur þurfa þeir einnig að vera viðbúnir að sinna foreldrum barnanna, oft utan venjulegs skólatíma.

Til þess að kennslan fari vel úr hendi þarf kunnáttu og undirbúning fyrir hverja kennslustund, undirbúning, sem oft tekur jafnlangan eða lengri tíma en sjálf kennslan."

Hann segir líka að kennarar verði að hafa til að bera lipurð og andlegt jafnvægi til að mæta þörfum barnanna og hafa jákvæð uppeldisleg áhrif á geðheilbrigði þeirra.

„Það skiptir máli að kennarinn finni að starf hans sé metið að verðleikum. Slíkt mat þarf ekki aðeins að koma fram í samskiptum við foreldra og aðra uppalendur, heldur verður það nauðsynlega að koma fram í launum og öðrum kjörum, því að enginn lifir af þakklætinu einu saman.

Heilbrigður og ánægður kennari er verðmætari starfskraftur í þjóðarbúin en flestir aðrir. Slíkur kennari er góður uppalandi og fyrirmynd fyrir nemendurna og stuðlar að geðvernd barna okkar og framtíðarheilsu þeirra.

... en hvað sem því líður, er það staðreynd, að fá störf reyna meira á lipurð, skapstillingu og andlegt jafnvægi."

Þetta birtist 1953 í Menntamálum. Þetta er, held ég, eins og talað út úr munni kennara í dag. Þetta er nákvæmlega sama staða og við stöndum frammi fyrir í dag.

Ég vil einnig koma inn á dagsetningarnar. Ég held að þær séu ekki til þess fallnar að ná sáttum í kennarastéttinni. Ég skil ekki að gerðardómur geti ekki farið af stað á sama tíma. Ef samninganefndunum væri gefinn þessi mánuður til að horfast í augu, til 15. desember, væri hugsanlega hægt að skipa gerðardóm á sama tíma því fram kemur að nefndirnar eigi að hafa aðgang að gerðardómi til að koma fram með tillögur sínar.

Eins og fram hefur komið hjá okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði var frumvarpið sem lagt var fram á Alþingi í haust og felur í sér heimild sveitarfélaganna að hækka útsvarsálagninguna um 1% er ekki um aukna skattheimtu að ræða hjá sveitarfélögunum þ.e. til þegna sinna heldur er þetta tilfærsla á fjármunum og sveitarfélagið mundi bera töluvert fé úr býtum til að koma til móts við ekki bara kennara heldur allt starfsfólk sitt. Ég ætla að ljúka máli mínu á því að segja að það á engan að svelta til samninga, hvorki kennara né aðra.

[14:26]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Það hryggir mig að standa hér í dag af þessu tilefni, þ.e. vegna frumvarps sem felur í sér lagasetningu á kjaradeilu grunnskólakennara og sveitarfélaga.

Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa talað að vissulega er uppi mjög alvarleg staða. Börn hafa verið án skólagöngu vikum saman og geta beðið talsvert tjón af því. En sú alvarlega staða er einnig uppi að mikilvæg stétt, kennarastéttin, er á lúsarlaunum. Sú stétt hefur verið á lúsarlaunum svo árum skiptir. Þeim hefur þannig verið haldið niðri af hálfu hins opinbera. Þessi stétt hefur staðið hér úti í dag æf vegna fyrirhugaðrar lagasetningar ríkisstjórnarinnar og er það vel skiljanlegt og tek ég undir þau mótmæli af heilum hug.

Ég ætla áður en ég held áfram að nefna dæmi um laun tveggja ungra kennara á höfuðborgarsvæðinu. Fyrri kennarinn er 38 ára gamall umsjónarkennari í Reykjavík með 22 nemendur, er á þriðja kennsluári sínu og er með 160.749 kr. í heildarlaun og útborgað fær kennarinn 119.546 kr.

Annað dæmi er 30 ára umsjónarkennari í sveitarfélagi í nágrenni Reykjavíkur sem er með 24 nemendur og fjögurra ára starfsreynslu. Sá kennari er með menntun umfram grunnkennaramenntun og gegnir trúnaðarstörfum, kennir

36–38 tíma á viku, en skyldan er 28 tímar, auk þess að vinna í félagsstarfi með unglingum. Þessi kennari fær þá umbun að fá hærri heildarlaun en fyrri kennarinn sem ég nefndi eða sem nema 197 þús. kr. Það sér hver maður að þetta er ekki boðlegt.

Hæstv. menntamálaráðherra sagði í ræðu fyrr í dag að það þurfi góða kennara, gott fólk í stéttina og til þess þurfi almennileg laun. Eru þetta launin sem hæstv. menntamálaráðherra átti við eða eitthvað nálægt þessu? 160 þús. kr. fyrir skatt. Ég vil að hæstv. menntamálaráðherra segi okkur í eitt skipti fyrir öll hvað hún telji vera góð laun. Annars er þetta einungis óábyrgt hjal út í loftið.

Ungir kennarar eru með miklar byrðar umfram þá sem eldri eru í lífaldri. Þeir eru að stíga sín fyrstu skref í fjölskyldulífi og eru þar af leiðandi oft á tíðum með meiri skuldir, svo sem vegna húsnæðis, hárra leikskólagjalda, sem fara hækkandi, og námslána. Byrði þeirra er því þung á meðan þeim eru boðin þessi lúsarlaun fyrir störf sín sem eru að engu metin að verðleikum af hálfu ríkisvaldsins. Ég vil draga sérstaklega fram í umræðunni stöðu og kjör ungu kennaranna sem eru nýkomnir úr námi.

Eins og menn vita eru miklar tengingar við lífaldur sem hlýtur að teljast sérkennilegt þar sem ábyrgð ungra kennara er ekki síðri en þeirra eldri. Eitt dæmi um þetta er að kennarar eru margir hverjir búnir að mennta sig umfram grunnkennarapróf. Nú er það svo að sama hversu kennarar mennta sig fá þeir það ekki metið í launum fyrr en þeir verða 45 ára, en þá fá þeir sjálfkrafa hækkun til endurmenntunar. Þannig er enginn hvati til endurmenntunar því það er ekki metið í launum heldur fast við aldurstengingu. Kennarar eru auðvitað ósáttir við þetta og er mikill galli á þeim kjarasamningum sem voru gerðir síðast. Þetta ber að mínu viti að leiðrétta.

Virðulegi forseti. Á vef Kennarasambandsins kemur fram að Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, hafi látið þau orð falla á fundi í morgun að skólastarf yrði í gíslingu út skólaárið ef frumvarpið yrði samþykkt óbreytt. Undir þetta get ég tekið vegna þess að það að setja lög á þessa deilu með þeim hætti sem fyrirhugað er, er eins og fram hefur komið einungis frestun á deilunni. Fólk er lögsett til vinnu aftur án nokkurra forsendna í frumvarpinu svo mánuðum skiptir og það getur ekki verið skólastarfinu á þessum mánuðum til framdráttar. Hvernig halda menn að mórallinn verði á kennarastofunum á mánudaginn? Halda menn að það verði ánægðir kennarar sem mæta til vinnu á mánudaginn til að taka við börnum landsins eftir langt og strangt verkfall? Það held ég svo sannarlega ekki. Því er það ábyrgðarhluti að hér skuli lögð til lagasetning algerlega forsendulaust þannig að óvissan mun hugsanlega lifa fram til vors meðal kennara um hver kjör þeirra verði dæmd til að vera.

Virðulegi forseti. Eitt það alvarlegasta sem ég tel að geti komið upp á næstu dögum, ef af þessari lagasetningu verður, er að við getum verið að sjá gríðarlegan fjölda kennara segja störfum sínum lausum og að við munum sjá atgervisflótta úr stéttinni meðan kennurum er haldið í gíslingu launalega í allan þennan tíma. Sérstaklega má nefna hina ungu og þróttmiklu kennara með nýju hugmyndirnar sem er ætlað að bera uppi öflugt grunnskólastarf framtíðarinnar. Hvernig ætla menn að halda fólki í stéttinni með þessum vinnubrögðum? Þetta er vel menntuð stétt sem án efa er eftirsótt í önnur störf í samfélaginu. En þessi stétt á fyrst og fremst að vera eftirsótt í kennarastörf. Þó að hún sé ekki eftirsótt af hæstv. ríkisstjórn er hún svo sannarlega eftirsótt af samfélaginu, börnum og foreldrum landsins og fyrir þau erum við á hv. Alþingi að starfa.

Við hljótum að vilja ánægða og góða kennara og hefja þá stétt sem sér um uppeldi barna okkar upp til vegs og virðingar og sýna þeim þann sóma að þeir fái að semja um laun sín með eðlilegum hætti. Til að svo megi verða er auðvitað nauðsynlegt að leysa grunnvanda málsins sem er að mínu viti skipting tekjustofna sveitarfélaga sem hafa verið í ólestri allt of lengi og hér hefur komið ágætlega fram. Nefndin um tekjustofnana talaðist ekki við í sex mánuði á þessu ári á meðan þessi deila vofði yfir. Þar ber ríkisvaldið mikla ábyrgð vegna þess að það hefur í hendi sér tekjur sveitarfélaganna, skammtar þeim beinlínis úr hnefa. Aðgerðir og lagasetningar ríkisvaldsins hafa gríðarleg áhrif á tekjustofna sveitarfélaganna eins og margoft hefur komið fram því ríkisvaldið er svo sannarlega ekkert eyland. Ríkisvaldið setur lög og reglur sem hafa mikil áhrif á störf skólanna, innri störf og tekjustofna sveitarfélaganna. Ríkið setur skyldur og ábyrgð á herðar sveitarfélaganna án þess að því fylgi nægt fjármagn. Fram hjá þessu, virðulegi forseti, verður ekki litið.

Ríkisvaldið verður einnig að viðurkenna ábyrgð sína vegna samninga þess við framhaldsskólakennara sem er sambærileg stétt með sambærilega ábyrgð, en þó má vissulega benda á, og það hefur verið gert varðandi grunnskólakennara og framhaldsskólakennara, að það er vissulega munur á störfum þessara tegunda kennara vegna þess að um grunnskólakennara má segja að þeir bera mun meiri uppeldislega ábyrgð en framhaldsskólakennarar. Það má benda á það í umræðunni og mér þykir mjög mikilvægt að komi líka fram. En framhaldsskólakennarar og grunnskólakennarar voru á pari launalega fyrir þremur árum síðan. Þá samdi ríkið við framhaldsskólakennara þannig að himinn og haf er orðið milli tekna þessara sambærilegu hópa. Þannig hefur ríkisstjórnin komið því fyrir að sveitarfélögin eru ekki samkeppnishæf við ríkið um starfsmenn með sviparða menntun.

Virðulegi forseti. Stjórnvöld hafa talað þannig að ekki væri viðeigandi að setja þessa deilu í samhengi við tekjuskiptingu milli sveitarfélaga og ríkis. Því hlýt ég að spyrja: Ef það er ekki viðeigandi, hvað er þá viðeigandi í stjórnmálum þegar þetta er langstærsti útgjaldaliður sveitarfélaganna? Þetta er langþyngsti póstur þeirra allra og svo stór hluti hjá litlum sveitarfélögum að oft er lítið eftir til annarra verka. Slíkur málflutningur á auðvitað heima úti í hafsauga því að auðvitað hangir þetta saman.

Ríkisvaldið hefur ekki viljað koma að deilunni fyrr en nú og hvað er þá gert? Jú, það eru sett lög á deiluna og það afar loðin lög, sérstaklega ef menn lesa 1. mgr. 3. gr. og, með leyfi forseta, ætla ég að lesa hana. Hún hljóðar svo:

„Gerðardómurinn skal, við ákvörðun samkvæmt lögum þessum, hafa hliðsjón af almennri þróun á vinnumarkaði frá gerð síðasta kjarasamnings deiluaðila að því leyti sem við á. Við ákvarðanir um laun félagsmanna skv. 1. gr. og önnur

starfskjör þeirra skal gerðardómurinn einnig hafa hliðsjón af kjörum þeirra sem sambærilegir geta talist að menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð en jafnframt gæta þess að stöðugleika efnahagsmála og forsendum annarra kjarasamninga sé ekki raskað."

Virðulegi forseti. Þarna tel ég að menn verði að skýra við hvaða stéttir er átt. Það hefur verið mjög erfitt að fá það fram í þessari umræðu við hvaða stéttir á að miða. Er verið að tala um framhaldsskólakennara? Er verið að tala um hjúkrunarfræðinga? Er verið að tala um sérfræðinga í ráðuneytum? Hér hafa margir kallað eftir svörum við þessu og ég ítreka það kall.

Ríkisvaldið átti auðvitað að koma að deilunni miklu fyrr. Það vissi hver maður í sumar að í þessa deilu stefndi og að mikið bæri í milli hjá samningsaðilum. Hér hefur margt verið sagt og með miklum fagurgala, t.d. af hálfu hæstv. menntamálaráðherra fyrr í dag. Nú er hins vegar komið að efndum þessara orða, ekki frestun vandamálsins með lagasetningu. Það er hreinlega ekki boðlegt. Nú á ríkisvaldið að setjast niður með sveitarfélögum og semja um málið í eitt skipti fyrir öll til framtíðar. Ekki fría sig enn ábyrgð með lagasetningu á borð við þá sem fyrir liggur þar sem ríkisstjórnin ýtir málinu frá sér og frestar deilunni. Menn eiga að ganga í málið og leysa það. Lausnin felst m.a. í auknum tekjustofnum til sveitarfélaga.

Væru ábyrg stjórnvöld hér við völd væri þessi deila löngu leyst, ég leyfi mér að fullyrða það, og væri önnur ríkisstjórn við völd væri deilan löngu leyst vegna þess að menn þurfa að vilja leysa vandann. Þetta snýst um pólitískan vilja til að leysa vandann. Hér vantar greinilega viljann, virðulegi forseti. Þetta er vont frumvarp. Lögboð sem þetta mun ekkert leysa, þetta lögboð mun framlengja vandann og senda kennara og grunnskólabörn út í óvissuna á mánudaginn, óvissu sem getur varað í allt að sex mánuði til viðbótar. Það er auðvitað óþolandi, virðulegi forseti. Það er óþolandi fyrir sveitarfélögin, það er óþolandi fyrir kennara, það er óþolandi fyrir grunnskólabörn og foreldra. Slíkir stjórnunarhættir eru óþolandi fyrir samfélagið allt.

[14:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. sagði að ríkið ætti að koma að kjarasamningum. Ríkið kemur að kjarasamningum vegna þess að kjarasamningar hækka skuldbindingar í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ríkið kemur þvílíkt að kjarasamningum að það borgar sennilega meira fyrir kjarasamningana en sveitarfélögin vegna hækkunarinnar. Ríkið mun því væntanlega greiða um 10 milljarða vegna sáttatillögu sáttasemjara sem var felld, miðlunartillögunnar. Þannig kemur ríkið að.

Ég ætladi að spyrja, frú forseti, hv. þingmann hvort hún væri til í það að ríkið kæmi að deilunni með þeim hætti að það lofaði að borga kennurum mismuninn á 15% sem þeim yrðu veitt og 35% sem þeir krefjast gegn því að þeir kennarar sem það veldu féllu frá sérstökum lífeyrisrétti sínum og nytu lífeyrisréttar eins og annað fólk í þjóðfélaginu, eins og fólk sem er í stéttarfélögum hjá ASÍ og aðrir í þjóðfélaginu (**Gripið fram í:** Og þingmenn?) þannig að þeir miði við samanburðarhæf kjör.

Frú forseti. Út af þessu frammíkalli vil ég segja að ég hef lagt til í tvígang að þingmenn féllu frá sínum lífeyrisrétti.

[14:40]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur komið með þessa ræðu nokkrum sinnum í dag og líka undanfarna daga um lífeyrisréttindin. Því hefur verið margsvarað og ég get svo sem endurtekið eitthvað af því. En það var þannig að svona var samið varðandi lífeyrisréttindin og að sjálfsögðu var þetta samningsatriði þegar grunnskólinn var fluttur yfir til sveitarfélaganna. Það sem við erum að tala um nú eru laun kennara eins og þau eru í dag útborguð og það sem fólk þarf að lifa á eins og staðan er í dag. Við erum að tala um það og þar segi ég að ríkið beri ábyrgð vegna þess að með þessum lið hefur ekki fylgt nægt fjármagn til sveitarfélaganna. Það ber að leiðrétta.

[14:40]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er afskaplega ánægður með þetta svar. Hv. þingmaður segir að það sem skipti máli sé það sem fólkið fær útborgað í dag. Ef ríkið kæmi að kjarasamningunum með þeim hætti sem ég hef lagt til, að það greiddi mismuninn á því sem sveitarfélögin hafa boðið 15% og 35% sem kennarar hafa krafist og þurfa að fá, þá væru það launin sem fólkið fengi útborguð í dag. Það væri þá lausn og ég legg til að menn skoði hana í alvöru, að greiða kennurum 35% launahækkun eins og þeir hafa krafist, að ríkið borgi mismuninn á 15% sem sveitarfélögin greiða og 35%, en þeir kennarar sem veldu þetta féllu frá sérstökum lífeyrisrétti og yrðu tryggðir hjá lífeyrissjóði án ábyrgðar ríkissjóðs, t.d. Lífeyrissjóði verkfræðinga.

[14:42]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Það er hugsanlega hægt að segja að lagafrumvörp á kjaradeilur séu misvond og ef það er hægt er örugglega hægt að segja að þetta sé með allra verstu frumvörpum sem sést hafa. Fyrra atriðið sem ég ætla að benda á í því efni er ákvæði 2. gr. um 15. desember. Það hefur verið rakið í þessum ræðustóli eða bent á sem ástæðu fyrir þessari grein að ríkisstjórnin hafi fengið á sig viðvaranir frá Alþjóðavinnumálastofnuninni aftur og aftur og þurfi þess vegna að passa sig. Mér er því spurn: Heldur ríkisstjórnin að hún hafi fengið leyfi frá Alþjóðavinnumálastofnuninni til að setja lög á kjaradeilur ef hún bara lætur smella í svipunni áður og hótar, og ef hún hóti og gefi svo smáráðrúm megi hún setja lög? Á maður að skilja þetta svo? Eiga þeir sem neyðast til að fara í verkföll í framtíðinni að búast við því að ríkisstjórnin taki sér ákveðinn tíma áður en í algert óefni er komið og láti smella í svipunni og telji sér síðan frjálst að setja lög þar á eftir?

Annað atriði sem snýr að þessu sama er að það er reynsla okkar að í þau skipti sem skollið hafa á verkföll í skólakerfinu eru það fyrstu viðbrögð þeirra sem þar starfa eftir að verkfall er leyst að skipuleggja skólastarfið upp á nýtt og hefja sem fyrst störf að því að reyna að bæta þann

skaða sem orðinn er. Það er erfitt verk. Það er erfitt verk fyrir kennara, skólastjórnendur og það er erfitt verk fyrir börnin og í mörgum tilfellum er það ógerlegt verk að vinna slíkt upp.

Það er mat mitt að með ákvæðinu um að kjarabætur til kennara skuli ekki koma fyrr en 15. desember sé ríkisstjórnin að ákveða að endurbótastarfið, tilraunir til að bæta nemendum upp það sem þeir misstu af á þeim sjö vikum sem þeir hafa misst af í skóla, skuli frestast fram yfir áramót. Eða halda hæstv. ráðamenn hér, finnst þeim sanngjarnt að ætlast til þess að kennarar og skólastjórnendur vinni kauplaust eða á gamla taxtanum við að bæta upp það sem tapast hefur? Finnst þeim það sanngjarnt á sama tíma og hæstv. ríkisstjórn í gegnum skattkerfið hefur heimtað og heimt 200 milljónir í skatta af kennurum af þeim smánarlegu litlu verkfallsbótum sem kennarar hafa fengið í sinn hlut og geta að sjálfsögðu varla dregið fram lífið á hvað þá heldur staðið við allar þær skuldbindingar sem venjulegt fjölskyldufólk hefur í sínu daglega lífi?

Þarna er á ferðinni stórskaðlegt ákvæði í því frumvarpi sem hér liggur fyrir og ég ætla rétt að vona að ríkisstjórnin sé ekki svo heillum horfin að hún geti ekki tekið þetta til endurskoðunar og reynt að bæta úr. Það hljóta allir að sjá hversu ömurlega vitlaust þetta ákvæði er. Þetta með ILO er bara til að pissa í skóinn sinn og dugir hugsanlega einu sinni en örugglega ekki aftur og er ekki þess virði að hætta því sem ég er hér að benda á fyrir það atriði.

Hitt atriðið sem hefur verið komið mjög inn á í dag líka er 3. gr., þ.e. viðmiðunin. Það er alveg dagljóst að grunnskólakennarar hafa alltaf miðað sig við framhaldsskólakennara. Það kom reyndar fram í máli hæstv. menntamálaráðherra í morgun, og það er mjög mikilvægt, að hún, frú Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, telur eðlilegt að grunnskólakennarar miði sig við framhaldsskólakennara. Það kom fram í máli hennar og það ber að hafa í huga.

Það kom reyndar líka fram í máli hennar í andsvörum við mig að hún telur ...

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég bið hv. þingmann um að ávarpa hæstv. ráðherra tilhlýðilega.)

Þakka þér fyrir, frú forseti. Það kom líka fram í máli hæstv. menntamálaráðherra að hún telur að grunnskólakennarar eigi ekki að hafa lægri laun en framhaldsskólakennarar, ekki að hafa miklu lægri laun var það reyndar, og það er líka mjög mikilvægt og ber að halda til haga. Ég geri mér vonir um að orð og skoðanir hæstv. menntamálaráðherra hafi mikið vægi í þessu efni þegar svo er komið sem við vitum, sérstaklega þar sem við vitum að það er jú ríkið sem lagði línurnar í þessari viðmiðun, þ.e. í launum og starfskjörum, vinnuumhverfi framhaldsskólakennara. Við erum ekki bara að tala um krónurnar sem kennarar almennt fá í vasann, við erum líka að tala um starfsumhverfi. Ég verð að segja að mér finnst ekki óeðlilegt að grunnskólakennarar vilji láta endurskoða kennsluskyldu sína eftir að hafa horft upp á þær breytingar sem voru gerðar á kennsluskyldu framhaldsskólakennara við síðustu samninga.

Ég ætla að minna á það enn og aftur að hér talar kona sem hefur reynslu af kennslustörfum, bæði á framhaldsskólastigi og grunnskólastigi. Eftir reynslu mína tel ég ekki mikinn mun á starfsaðstæðum grunnskólakennara og framhaldsskólakennara og ætti heldur ekki að vera á launum.

Hér hefur líka komið fram að búið var að ná samkomulagi milli viðsemjenda um allt nema launaliðinn. Það er launaliðurinn sem stendur út af og þar eru framhaldsskólakennarar þeir sem horft er til. Ábyrgð ríkisvaldsins í þessu efni er algjörlega ótvíræð, bæði fagleg og fjárhagsleg, og þetta ástand hefur ríkisstjórnin kallað yfir okkur landsmenn með viðmiðunum sem hún hefur sett og ástandinu í landsmálum, þ.e. horfum í þróun verðbólgunnar og því hvernig staðan er hjá okkur.

Það er tómt mál að tala um frið á vinnumarkaði, frið í skólunum, nema samið verði við kennara og þeir fái verulegar launahækkanir. Mér finnst sorglegt að upplifa hvað eftir annað þá vanþekkingu sem birtist í ræðustóli Alþingis á starfsaðstæðum og störfum kennara, og hversu ósönn mynd er dregin upp af launakjörum þeirra. Nokkrir kennarar eru búnir að birta launaseðlana sína opinberlega. Það er búið að rekja hér úr ræðustóli hvað eftir annað hvernig launakjör kennara eru í raun og veru en samt er verið að reyna að slá ryki í augu almennings með því að halda fram allt öðru en staðreyndunum. Það er ekki sanngjarnt gagnvart kennurum.

Hæstv. menntamálaráðherra talaði í morgun um hversu mikilvægt það væri að ná varanlegum friði við kennara. Því miður verð ég að segja að það hvernig línur eru lagðar í þessu frumvarpi benda ekki til þess að hugur fylgi máli eða a.m.k. hefur hugsunin náð ansi skammt á ýmsa lund við samningu þess.

Um leið og ég ítreka mikilvægi þess að það atriði sem ég benti á í 2. gr. varðandi 15. desember verði tekið til endurskoðunar og að viðmiðunin sé rétt við ákvörðun launakjara kennara ætla ég benda á að kennarar hafa enn þá eitt úrræði og það úrræði heitir uppsagnir.

Ábyrgð stjórnvalda er mikil í þessu efni. Ætla þau að stefna skólastarfinu í enn þá meiri óvissu og hættu en það er nú þegar með því að knýja kennara til uppsagna í stórum stíl? Satt að segja, frú forseti, sýnist mér að nákvæmlega það muni gerast á næstu dögum ef þetta frumvarp fer frá okkur eða verður að lögum eitthvað í líkingu við það sem það er núna.

[14:53]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafnar alfarið lagasetningunni sem hér er verið að boða. Við fordæmum aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar í þessu máli sem hefur leitt til þessarar alvarlegu stöðu.

Nú í haust hefur verið vísað til þess í umræðum á Alþingi að hér eigi ríkisstjórnin og ríkissjóður ekki að koma að, málið sé í réttum farvegi, það sé alfarið mál sveitarfélaganna og grunnskólakennaranna og það eigi ekki að grípa inn í samningaferlið. Það væri hægt að taka undir þau orð ef allt væri með eðlilegum hætti en það hefur verið vitað í marga nánuði að staða sveitarfélaganna er ekki með eðlilegum hætti. Fjárhagsstaða sveitarfélaganna er búin að vera lengi mjög alvarleg og mörg hver ramba á barmi gjaldþrots. Þó að lagaramminn sé réttur, skipuð sé launanefnd sveitarfélaganna og að rekstur grunnskólans sé alfarið á ábyrgð sveitarfélaganna þurfa sveitarfélögin fjámagn til þess að

geta staðið undir rekstri sínum. Það er vitað og það er staðreynd að það hefur verið rangt gefið og að aukin verkefni, aukin ábyrgð og lagasetningar frá Alþingi sem hafa sett fleiri verkefni yfir á sveitarfélögin valda því m.a. að fjárhagur þeirra er mjög erfiður. Sum sveitarfélög eru það illa sett að allt að 70% af rekstrarfé hefur farið í rekstur grunnskóla í einu sveitarfélagi. Það segir bara hvað reksturinn er orðinn þungur.

Með vísan til þess er það á ábyrgð ríkisvaldsins að hafa ekki farið í þá vinnu sem lá fyrir, og liggur fyrir, að það verður að endurskoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sú vinna sem hefur verið í gangi — hún er mjög slöpp og hefur illa verið haldið á málum um að endurskoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga — hefur eingöngu verið í þeim farvegi að endurskoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með sameiningar sveitarfélaganna til hliðsjónar en ekki til þess að fara yfir stöðuna eins og hún er í dag og leiðrétta tekjustofna sveitarfélaganna miðað við núverandi stöðu áður en farið er þá yfir í fleiri verkefni. Það verður að gera og ef það er ekki gert verða mál eins og þessir samningar algjörlega í pattstöðu.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viðurkennum og skiljum þann mikla vanda sem við stöndum öll frammi fyrir, samninganefnd, kennarar, ríkisstjórn og heimilin í landinu, yfir því langa verkfalli sem nú hefur staðið og að það þurfi að leysa það. Þetta er ekki leiðin til að leysa deiluna. Það þarf fjármagn til að hægt verði að leysa þessa deilu. Það liggur fyrir viljayfirlýsing ríkisstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um að fara í endurskoðun tekjustofnanna, skoða fjárhag verst settu sveitarfélaganna með tilliti til verkefnaflutninga og sameiningar, eins og ég sagði áðan. Ekki þarf nema aðra yfirlýsingu um að yfirfæra þegar um næstu áramót meira fjármagn til sveitarfélaganna, fresta hugmyndum um skattalækkanir og taka það fjármagn sem áætlað er í skattalækkanir yfir í liðinn tekjustofnar sveitarfélaganna.

Þar vil ég þá vísa til frumvarps sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram, og hefur verið nefnt hér af öðrum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, um að breyta hlutfalli um 1%, að færa hlutfall af tekjum ríkisins yfir á útsvarstekjur sveitarfélaganna þannig að skatthlutfall einstaklinganna væri það sama en meira fjármagn rynni til sveitarfélaganna. Þetta er hægt að gera með einni yfirlýsingu og þar með væri hægt að klára þessa samninga með þeim hætti sem á að gera, að samningsaðilarnir sjálfir gangi frá samningum.

Fyrirhugaðar skattalækkanir eru verðbólguhvetjandi. Þær koma þeim tekjuhæstu mest til góða. Þær verða ekki notaðar til tekjujöfnunar eða kjarajöfnunar eins og væri þó hægt að gera og skattalækkanir ríkissjóðs verða ekki yfirfærðar á skattahækkanir hjá sveitarfélögunum.

Ég ætla ekki að hafa ræðu mína langa. Ég vil eingöngu draga það fram að ábyrgðin er hjá ríkisstjórn vegna þeirra vinnubragða hennar að viðurkenna ekki fjárhagsvanda sveitarfélaganna og fara ekki í miklu ákveðnari vinnu en verið hefur til að leiðrétta það sem hallar á sveitarfélögin og það núna strax en ekki í óljósri framtíð og hnýta það aftan í verkefnaflutning frá ríki yfir til sveitarfélaga. Ég gæti trúað að sveitarstjórnarmenn séu nokkuð órólegir yfir þeirri stöðu að eiga að taka á móti fleiri verkefnum þó svo að fundnir verði nýir tekjustofnar ef ekki verður áður búið að leiðrétta stöðuna sem þeir eru í í dag.

Hvað varðar frumvarpið sjálft, eins bagalegt og það er að það skuli liggja hér frammi, þá má segja að enn bagalegra sé hvað ákvæði þess eru þröng. Í 2. gr. er gerðardómi settur mjög þröngur rammi hvað varðar samninginn sem slíkan, þ.e. að hann eigi ekki að taka gildi fyrr en 15. desember. Það er ljóst að ef lögin verða samþykkt óbreytt fá kennarar ekki að neinu leyti bættan þann tíma sem þeir hafa staðið í ströngu verkfalli og þá er ekki möguleiki fyrir samningsaðila að semja á nokkurn hátt um þetta tímabil. Þarna tel ég að gengið sé of langt. Eins er langt í endanlegt uppgjör ef af þessu verður því þau eiga ekki að fara fram fyrr en 30. apríl 2005 og á þeim tímapunkti hafa samningar kennara verið lausir í meira en ár.

Í 3. gr. frumvarpsins er vísað í þróun á almennum vinnumarkaði. Þar er líka vísað til sambærilegra starfa og að samningar megi ekki hafa áhrif á kjarasamninga annarra svo verðbólgan fari ekki á skrið. Þetta er því hugsanlega nógu loðið til að hægt sé að vinna sig út úr þessu. En þarna er heldur ekki vísað ákveðið til kjarasamninga framhaldsskólakennara sem eru þó nærtækasta starfsstéttin að miða við.

Að lokum vil ég segja að miklar umræður hafa orðið í þjóðfélaginu í þessu langa og stranga verkfalli grunnskólakennara. Það er að von mín að þjóðinni séu ljós mikilvægi þessara starfa og að fjölskyldurnar í landinu sjái mikilvægi þess að hafa góða kennara og það tel ég að sé því það hefur verið lítil gagnrýni á svo langt verkfall af hálfu heimilanna og af hálfu foreldranna. Ég tel að það sé merki um að fjölskyldurnar í landinu þekki og viðurkenni mikilvægi þeirra starfa.

Það er mikið áhyggjuefni ef þessi gjörð verður til þess að starfsflótti verði úr stéttinni. Það hefur gerst áður og getur gerst enn. Við þurfum á vel menntuðu fólki að halda og til þess að svo sé þurfa kennarar að hafa viðunandi laun svo hjá þeim ríki starfsánægja og starfsfriður. Ég tel að í þessu langa og stranga verkfalli beri líka, mér liggur við að segja, að þakka kennurum fyrir að sýna mikla samstöðu í svo erfiðri stöðu því að þessi tími hefur örugglega reynt mjög á alla kennara, alla stéttina ekki síður en heimilin og börnin sem verkfallið hefur bitnað á. Það á ekki síður við stéttina sem slíka og alla þá sem hafa staðið í þessu stranga verkfalli. Það er von mín að samstaða kennara verði til þess að stappa stálinu í aðrar starfsstéttir og sýna að samstaða borgar sig.

[15:06]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Um það frumvarp til laga sem hæstv. forsætisráðherra hefur nú flutt um að binda enda á kjaradeilu kennara og skólastjórnenda grunnskóla við sveitarfélögin er auðvitað margt hægt að segja við 1. umr. Ég ætla þó að reyna að fara yfir nokkra helstu galla þessa frumvarps.

Það er sannarlega rétt að þessi deila er í alvarlegum hnút og það er sannarlega rétt að maður hefur hálfpartinn hlustað á neyðarkall frá deilendum til ríkisstjórnar og Alþingis um

að koma að þessum málum. Nægir þar að vitna í viðtal við Finnboga Sigurðsson, formann Félags grunnskólakennara, í útvarpi í morgun þó svo ég vilji taka skýrt fram að þar hefur hann í restina, sem hefur kannski ekki mikið verið talað um, fyrirvara um hvað í þessu stæði. Ég ætla að stoppa sérstaklega við það sem mér finnst hvað verst í frumvarpinu. Ég er þakklátur fyrir að hæstv. forsætisráðherra er hér og hlustar á það. Ég held að það hljóti að vera mikilvægt fyrir allsherjarnefnd að skoða þessi atriði hvað mest. Ég á auðvitað við það sem stendur í 2. gr. um dagsetningar. Það er annars vegar að gerðardómur skuli ekki taka til starfa fyrr en eftir 15. desember. Það má kannski segja að deiluaðilar sem hafa deilt lengi og ekki komist að samkomulagi eigi að horfa hverjir á aðra til 15. desember næstkomandi. Það er mjög alvarlegt mál.

Í öðru lagi á Hæstiréttur að tilnefna þrjá menn og auðvitað getur það enginn annar en Hæstiréttur. Hugsanir vakna hins vegar í huga mínum um Hæstarétt, vegna þess sem rætt hefur verið um hann á umliðnum mánuðum. Því ætla ég ekki að segja það sem upp í huga minn kemur nú en vona að við getum öll verið þannig að ekki þurfi að fjalla um það vegna þess að auðvitað á enginn að skipta sér af gjörðum Hæstaréttar.

Það að gerðardómur eigi ekki að skila af sér fyrr en 31. mars á næsta ári, þ.e. að ákveða kaup og kjör kennara í þessari deilu, er líka mjög alvarlegt mál og það sem er allra verst, finnst mér, er að það skuli vera forskrift frá ríkinu að samningurinn skuli gilda frá og með 15. desember næstkomandi.

Virðulegi forseti. Þetta eru þau atriði sem mér finnast allra verst í frumvarpinu og ég trúi ekki öðru en hæstv. ríkisstjórn beiti sér fyrir því að í allsherjarnefnd verði þetta lagfært vegna þess að það er alveg út í hött að hafa þetta svona bundið.

Því miður er það svo, virðulegi forseti, eins og hér hefur verið rætt, að tekjustofnamál sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu blandast að sjálfsögðu mjög alvarlega inn í þessa deilu. Staða sveitarfélaganna er þannig að hæstv. ríkisstjórn hefur verið að hundskamma þau fyrir að fara fram úr og eyða um efni fram þó að eingöngu sé verið að reyna að sinna því sem löggjafinn hefur sett á sveitarfélögin. Þetta er mjög alvarlegt mál, og svo virðist vera, virðulegi forseti, að grunnskólakennarar sem eru í kjaradeilu núna séu því miður leiksoppar í þeim darraðardansi milli ríkis og sveitarfélaga.

Í athugasemdum um lagafrumvarpið er líka vitnað í það að ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að fylgja aðhaldssamri efnahagsstefnu til að tryggja áframhaldandi stöðugleika í efnahagslífinu á næstu árum þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmda. Eiga grunnskólakennarar líka að vera leiksoppar slíkra framkvæmda? Ég vil taka það skýrt fram að ég studdi þessar framkvæmdir. Ég hef alltaf gert það og er alveg sannfærður um að þær verða góðar þegar fram líða stundir og muni skjóta styrkari stoðum undir efnahagsmál okkar. En eiga grunnskólakennarar að bíða eftir því að þessu linni og á ekki að vera hægt að leiðrétta kaup og kjör þeirra vegna þessara þátta?

Virðulegi forseti. Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um hvað gerðardómur eigi að hafa til hliðsjónar og mér finnst það ágætt sem hér er sett fram að hluta þar sem segir, með leyfi forseta:

„Við ákvarðanir um laun félagsmanna skv. 1. gr. og önnur starfskjör þeirra skal gerðardómurinn einnig hafa hliðsjón af kjörum þeirra sem sambærilegir geta talist að menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð ...“

Þetta er allt gott og góðra gjalda vert. Þarna er verið að vitna til framhaldsskólakennara. En svo kemur handbremsan ef svo má að orði komast til gerðardóms, með leyfi forseta:

„... en jafnframt gæta þess að stöðugleika efnahagsmála og forsendum annarra kjarasamninga sé ekki raskað.“

Hvaða skilaboð eru þetta til gerðardóms?

Virðulegi forseti. Í athugasemdum um 3. gr. frumvarpsins er fjallað um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Miklu skiptir að gerðardómurinn taki á þessum þáttum með sanngirni og gæti samhliða að þjóðarhag í efnahagslegu tilliti.“

Virðulegi forseti. Þetta er fallega sagt. En er það ekki líka þjóðarhagur að búa þannig að grunnskólum landsins að við séum með ánægða kennara og höldum vel menntuðu fólki í störfum. Er það ekki spurning um þjóðarhag að leggja grunn að menntun barna okkar sem síðan fara í framhaldsskóla og svo áfram. Við höfum nú talað um það og ráðamenn í þessu landi hafa talað um það á tyllidögum að efla þurfi menntun o.s.frv. vegna þess að þjóðarhagur byggist á því og sannarlega er það svo. Í athugasemdum við 3. gr. gæti gerðardómur tekið tillit til þess að það eflir þjóðarhag að hafa ánægða kennara að störfum og þess vegna verði að leiðrétta kjör þeirra við þær viðmiðunarstéttir sem þeir fjalla hér um því lengi býr að fyrstu gerð eins og sagt er.

Virðulegi forseti. Hér hefur líka verið mikið vitnað, m.a. af hæstv. forsætisráðherra og öðrum ráðherrum sem hér hafa talað, í bréf umboðsmanns barna. Það er alveg hárrétt að þetta er mjög alvarlegt mál fyrir börn og þetta er mjög alvarlegt mál fyrir efnahagslíf og foreldra þar sem ýmislegt breytist í vinnu og öðru slíku vegna þess að það þarf að koma börnum fyrir, það þarf að passa þau o.s.frv.

En er þetta ekki líka mikilvægt mál fyrir kennara? Halda menn virkilega að kennarar fari í verkfall bara að gamni sínu? Þetta er jafnalvarlegt mál fyrir þá 4.500 kennara sem eru án launa og eru í verkfalli.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan þá ætla ég ekki að lengja þessa umræðu mjög mikið vegna þess að ég tel mikilvægt að þetta mál komist sem fyrst til allsherjarnefndar til að hægt sé að vinna það þar, vinna á agnúum sem sérstaklega eru í 2. gr. og ég held að flestallir stoppi við og geri það að verkum að menn geti ekki orðið ánægðir með þá forskrift sem hér er sett fram, þ.e. þeir grunnskólakennarar sem kannski eru að hengja hatt sinn á það að gerðardómur klári þetta á eðlilegan hátt. Þá eru hérna nokkur atriði sem ekki er hægt að fallast á. Ég óttast, virðulegi forseti, að ef gerðardómur þarf að vinna eftir þessari forskrift ríkisstjórnarinnar og út úr því komi kannski ekki miklu meira en miðlunartillagan sem var kolfelld þá geti kennarar ekki annað en gripið til fjöldauppsagna. Það vil ég ekki sjá að gerist í framhaldinu vegna þess að þá lendum við í enn meiri deilu og krísu vegna kennslu barna okkar.

Virðulegi forseti. Talað er um að grunnskólakennarar vilji bera sig saman við framhaldsskólakennara. Í fréttabréfi sem kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna birti og birtur var útdráttur úr í Mogganum í gær er sýnt hvernig þetta hefur þróast allt frá 1995 og miðað við það sem þar kemur fram er ósköp eðlilegt að kennarar beri sig saman við framhaldsskólakennara þar sem þeir lágu eiginlega hlið við hlið áður en kjarasamningur ríkisins við framhaldsskóla var gerður árið 2000 eða þar um bil. Síðan hefur þetta bil aukist.

Það er sannarlega rétt að hafa það í huga að vegna einsetningar skólanna hafa grunnskólakennarar ekki eins mörg tækifæri og áður til að hífa upp laun sín. En við getum ekki ætlast til þess að grunnskólakennsla sé hlutastarf hjá viðkomandi sem þurfi að vinna út í sjoppu á kvöldin til að ná sér í eðlileg laun til að framfleyta fjölskyldu sinni. (Gripið fram í.) Þá er þetta bara vandamál. Ég heyrði ekki hvað hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði. (**PHB:** Er þetta ekki fullt starf?) Jú, það er sannarlega fullt starf að vera kennari. Kennarar vilja sannarlega vera í fullu starfi eingöngu við kennslu en ekki í aukavinnu út um allan bæ til þess að hafa í sig og á.

Ég frábið mér tal hv. þm. Péturs Blöndals, virðulegi forseti, um að allt fari á annan endann ef samið verði við kennara. Hann talaði ekki þannig þegar fjallað var um launahækkanir til okkar alþingismanna, varðandi hækkanir á lífeyrissjóðsgreiðslum vegna þess. Um það var eingöngu talað vegna þess að það hentaði gagnvart kennurum.

Virðulegi forseti. Rétt í lokin, út af málum sem eru mikil deiluatriði gagnvart sveitarfélögunum sem gerir það auðvitað að verkum að sveitarfélögin geta ekki borgað: Ríkið gat samið við framhaldsskólakennara, sett það inn í fjárlög og náð í meira fjármagn, bæði út af þenslu og aukinni skattheimtu. Sveitarfélögin geta ekki samið við grunnskólakennara vegna þess að þau hafa ekki meira til skiptanna. Hjá mörgum sveitarfélögum vítt og breitt um landið hafa tekjur snarlækkað út af ýmsu sem er að gerast í atvinnumálum okkar Íslendinga.

Það er sannarlega rétt, virðulegi forseti, að mikið hefur verið sett á sveitarfélögin frá því þessir samningar voru gerðir um að grunnskólinn færi þangað yfir. Kennarar hafa m.a. sagt, sem mér finnst kannski lýsa málinu í hnotskurn: Það sem mátti ekki gera meðan ríkið annaðist grunnskólann er orðið að skyldu eftir að sveitarfélögin tóku við. Þannig komst kennari nokkur að orði. Þetta er auðvitað alveg hárrétt. Síðan geta menn rætt við sveitarstjórnarmenn og fengið upplýsingar um hvernig ýmislegt hefur verið sett á sveitarfélögin sem gerir það að verkum að kostnaðurinn magnast og magnast. Þetta gildir ekki eingöngu um grunnskólann heldur líka um leikskóla og fleira.

Ríkisstjórnin er sífellt að leggja lagafrumvörp fyrir Alþingi og þau samþykkt án þess að tekjur fylgi með til sveitarfélaganna. Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að fara yfir ummæli hæstv. félagsmálaráðherra áður en hann varð alþingismaður og ráðherra, varðandi einkahlutafélögin og það allt. Sleppum því að sinni.

Tilefni þess að ég kom inn í þessa umræðu nú var það að mér blöskraði hvernig hæstv. menntamálaráðherra talaði um kennarastéttina og talaði hreinlega niður til grunnskólakennara. Það er ekki nóg með að talað sé niður til grunnskólakennara. Það var talað niður til sveitarfélaga líka. Þegar hæstv. menntamálaráðherra segir að sveitarfélögin séu á kafi í braski í hlutabréfakaupum eða risarækjueldi. Virðulegi forseti. Það er ekki sæmandi menntamálaráðherra að beita slíkum rökum. Það getur vel verið að það sé hægt að finna eitt sveitarfélag sem fór í hlutabréfakaup og annað slíkt. Jafnframt er hægt að finna eitt sveitarfélag sem hefur eytt einhverjum smáupphæðum af tekjum sínum til að þróa risarækjueldi. Ég held að þar með sé það upptalið.

Sveitarfélögin gera ekki annað en það sem löggjafinn hefur sett þeim og reyna að inna þjónustu af hendi til íbúanna. Þess vegna er sárt að þetta skuli vera svona núna. Ég segi aftur að mér virðist að grunnskólakennarar séu leiksoppar þessara deilna á milli ríkis og sveitarfélaga, leiksoppar þess að ekki hafa náðst samningar við sveitarfélögin. Ég minntist á það í morgun að ég var á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og heyrði þar formann Sambands íslenskra sveitarfélaga tala um fjármálaleg samskipti sveitarfélaganna við ríkið. Það var með ólíkindum.

Ég ætla að enda ræðu mína á því. Formaður sambandsins, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, talaði um að erfitt væri að toga ríkisvaldið að því borði að semja um þessa þætti. Hann var tilbúinn að taka á sig hluta af þeirri gagnrýni sem sveitarstjórnarmenn hafa haft í frammi. Sami formaður ræddi líka um að samskipti ríkis og sveitarfélaga væru engan veginn nógu góð í efnahagsmálum, kjaramálum og öðru slíku. Rúsínan í pylsuendanum var lýsing hans á samráðsfundum ríkis og sveitarfélaga. Hann talaði um það að þeir gögnuðust sveitarfélögunum ekki neitt. Hann fjallaði um þá meðreiðarsveina sem fylgja ráðherrunum og talaði um það að þessar umræður væru ekki mjög vitrænar. Viðræðurnar enda með hádegisverðarboði hæstv. félagsmálaráðherra og svo er fundi slitið. Þannig er lýsing formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga á samráðsfundum ríkis og sveitarfélaga.

Bæjarstjórinn á Akureyri, Kristján Þór Júlíusson, sem situr í tekjustofnanefndinni hafði orð á því að það væri dapurlegt að sitja fundi með umboðslausum einstaklingum. Þá var hann að tala um fulltrúa ríkisins í tekjustofnanefndinni. Er nokkur furða, virðulegi forseti, að allt sé í óefni þarna á milli. Það er hluti af þessari deilu vegna þess að sveitarfélögin geta ekki teygt sig lengra nema auknar tekjur fylgi. Hæstv. ríkisstjórn verður að sjá til þess að hægt sé að klára þessi mál þannig að sveitarfélögin geta samið við kennara.

[15:21]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Frjálslyndi flokkurinn er alfarið á móti lagasetningu á kjaradeilur. Hún frestar einungis deilunum en leysir þær ekki. Dæmin hafa sannað það ítrekað. Það eru ekki einungis við í Frjálslynda flokknum sem erum á móti lagasetningum á kjaradeilur, m.a. á þessa kjaradeilu. Sömu skoðun má t.d. lesa á mjög góðri heimasíðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur. Í gær ritaði hún pistil þar sem hún lýsti því yfir að hún væri alfarið á móti lagasetningu á þessa deilu. Ég verð að segja að hún rökstuddi það mjög vel. Ég tel að það sem hún færði fram eigi vel heima í þessari umræðu. Það eru alveg fullgild rök. Á heimasíðu hv. þing-

manns kemur fram, með leyfi frú forseta:

„Nú er það auðvitað svo að lagasetning er algjört neyðarúrræði. Ég sagði í utandagskrárumræðu í gær að mér hugnist ekki lagasetning, það er rétt. ... Afleiðingar lagasetningar geta orðið mjög slæmar. Kennarar verða óánægðir, segja jafnvel upp störfum og við viljum ekki missa góða kennara. Mórallinn verður ömurlegur og bitnar án efa á nemendum."

Ég get tekið heils hugar undir þessi orð. Þetta er hættan. Þessu verða stjórnvöld, sérstaklega hæstv. menntamálaráðherra, að átta sig á því að það er hætta á að missa mjög hæft starfsfólk úr kennslu. Hæstv. menntamálaráðherra hefur gefið mjög villandi yfirlýsingar og furðulegt að manneskja sem gegnir svo mikilli ábyrgðarstöðu skuli með þessum hætti, á viðkvæmum tíma, degi fyrir fyrirhugaða lagasetningu, gefa villandi upplýsingar um kjör kennara í sjónvarpi. Það er fáheyrt að hæstv. menntamálaráðherra skuli ganga þannig fram á svo viðkvæmum tímapunkti.

Áður en lengra er haldið varðandi skólamálin er rétt að fara aðeins yfir stöðu hins samningsaðilans, þ.e. sveitarfélaganna. Sveitarfélögin voru rekin með halla. Staða þeirra er ekki góð. Það er í raun skiljanlegt að þau eigi erfitt með að uppfylla kröfur kennara. Það er deginum ljósara. Það var 2,7 milljarða kr. halli á sveitarfélögunum á síðasta ári. Nú hefur einnig komið fram í ágætri fyrirspurn í þinginu að jafnvel hafi meiri hluti fjármuna sveitarfélaga farið í þennan málaflokk. Allt upp í níu af hverjum tíu krónum sem sveitarfélögin hafa til ráðstöfunar hafa runnið til menntamála eða í grunnskólann. Ríkisstjórnin verður að fara að gera sér grein fyrir því að skoða verður hlut sveitarfélaganna í tekjuskiptingunni.

Það þýðir ekki að segja bara að samið hafi verið um skiptinguna einhvern tímann árið 1996, eða hvenær sem það var. Það hefur ýmislegt breyst frá 1996. Ríkisstjórnin sem nú situr við völd hefur fært auknar skyldur og kvaðir á sömu sveitarfélög en vill síðan ekki láta fylgja fjármuni eða tekjustofna til að uppfylla þessar kvaðir. Við sem störfum á hinu háa Alþingi vitum að þegar fjallað er um lagafrumvörp þá fáum við umsögn frá fjármálaráðuneytinu um hvað viðkomandi lög þýði í útgjöldum fyrir ríkið, fyrir ríkisvaldið. Sömu sögu er ekki að segja um kvaðir á sveitarfélögin vegna laga og reglugerða. Þessu þarf að breyta ef menn ætla að ná utan um fjárútlát hins opinbera. Stundum hentar hæstvirtri ríkisstjórn að horfa aðeins á sinn hluta en varpa ábyrgð og skyldum á sveitarfélögin án þess að þau fái tekjur á móti. Það er náttúrlega óþolandi.

Það hefur ýmislegt breyst frá því sveitarfélögunum voru fengin þessi verkefni. Umfang ráðgjafa- og sérfræðiþjónustu hefur aukist. Það er óumdeilt og auk þess hefur margt breyst í grunnskólunum. Kennsla hefur aukist og þar hefur bæst við rekstur mötuneyta. Við erum ekki endilega að tala um sambærilega hluti þá og nú. Það er eitt af því sem ríkisstjórnin ætti að grein fyrir, skoða tekjuskiptinguna og hvaða tekjur sveitarfélögin þurfa til að leysa þetta verkefni. Rekstur dagvistunar í grunnskólanum og félagsstarf hefur aukist. Þetta verða menn einfaldlega að viðurkenna og fara yfir með opnum hug í staðinn fyrir að neita að horfast í augu við hinar auknu kvaðir og neita að reikna kostnaðinn út. Það er mjög alvarlegt.

Hvað sem því líður ætla ég að taka undir með hv. þm. Pétri Bjarnasyni varðandi það að þetta lagafrumvarp er ákaflega gallað. Það er lágmarkið að af því verði sniðnir ákveðnir gallar í störfum nefndarinnar. Þar á meðal er það sem kemur fram í 2. gr. um að fresta vinnu við gerðardóm, ef það á á annað borð að fara í þessa lagasetningu, til 15. desember. Í 2. gr. segir, með leyfi forseta:

„Hafi aðilar skv. 1. gr. ekki gert með sér kjarasamning fyrir 15. desember 2004 skal Hæstiréttur Íslands tilnefna þrjá menn í gerðardóm."

Hann á síðan ekki að ljúka störfum fyrr en 31. mars. Það er náttúrlega með ólíkindum að taka svo langan tíma í það, sérstaklega vegna þess að það er mikill kurr í kennurum varðandi þessa lagasetningu. Í raun tel ég það skólastarfinu mikla nauðsyn að senda jákvæðari skilaboð frá ráðamönnum í garð kennara til að slá á óánægjuraddir í þeirra hópi. Þannig yrði minni hætta á því sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir benti á, að kennarar einfaldlega segi upp. Ég tel eitt af forgangsverkefnum okkar núna að lægja óánægjuraddir kennara og sýna það virkilega að mönnum sé alvara með að vilja bæta kjör þeirra með frumvarpinu.

[15:28]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég skal vera stuttorður.

Þar sem málshefjandi, hæstv. forsætisráðherra, var ekki í salnum, að ég held, þegar ég flutti ræðu mína í dag vildi ég aðeins hnykkja á sérstöku atriði úr þeirri ræðu og beina til hans stuttri spurningu.

Í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er gerðardómi að beita sér fyrir samkomulagi eða dómsátt á milli aðila sem hafi sömu réttaráhrif og ákvarðanir gerðardómsins, hvort sem er um einstök ákvæði eða heildarsamning þeirra í milli, og tekur þá gerðardómurinn ekki ákvörðun um þau atriði sem svo háttar til um."

Með hliðsjón af þessum orðum vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. forsætisráðherra hvort sé ekki tilgangs- og ástæðulaust að draga það að skipa þennan gerðardóm til 15. desember 2004 þar sem greinilega væri hægt að gera og koma á framfæri heildarsamningi hvenær sem er á starfstíma gerðardómsins.

Eins og ég gerði fyrr í dag vil ég hæla þeim sem sömdu þetta plagg fyrir að setja þetta ákvæði inn og upphefja þar með þá nauðsyn að draga upphaf vinnunnar. Ég beini þessum tilmælum til hæstv. forsætisráðherra og óska eftir svari hans við því hvort hann telur ekki mögulegt, með hliðsjón af þessari grein, að breyta frestinum þannig að gerðardómur taki til starfa strax og störfum hans ljúki þeim mun fyrr.

[15:30]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við höfum talið mikilvægt að gerðardómurinn hafi sem best svigrúm. Það liggur t.d. ljóst fyrir að skólastjórar hafa þegar undirritað kjarasamning og þetta skapar möguleika á að koma þeim kjarasamningi til gerðardómsins. Ef það gæti orðið væri slíkt mál út af borðinu.

Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir að það er mjög mikilvægt að gefa aðilum í svona tilviki svigrúm til að ná

samningi. Sveitarfélögin hafa lagt áherslu á það svigrúm og það hefur líka komið fram hjá Alþjóðavinnumálastofnuninni að þegar gripið er til ráðstafana sem þessara sé mjög mikilvægt og nauðsynlegt að slíkt svigrúm sé veitt. Ég tel til mikils að vinna fyrir alla aðila ef slíkir samingar gætu náðst. Auðvitað er það matsatriði hvað sá tími á að vera langur. Það er nauðsynlegt að fara vel yfir það og ég vænti þess að hv. allsherjarnefnd geri það þannig að nefndarmenn í allsherjarnefnd geti farið yfir öll rök í málinu og metið svo að lokum hvort ástæða sé til að hafa þetta svigrúm, sem er til 15. desember, lengra eða styttra. Á því eru ýmsar hliðar en það er eitt af því sem nefndin þarf að athuga.

[15:32]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að nauðsynlegt er að hafa svigrúm en samkvæmt því sem gert er ráð fyrir er gerðardómurinn að störfum mánuðum saman. Svigrúmið hefur auðvitað verið skert með því að upphefja verkfall, þar með er annar aðilinn á nokkuð fríum sjó og þess varla að vænta að samningar takist þegar engin pressa er á þann aðila.

Þar að auki hefur komið mjög skýrt fram að bilið á milli aðila er enn að breikka. Ég gef mér að það séu ekkert endilega miklar líkur á þessu samkomulagi. Það er þó vissulega möguleiki en hann er jafnmikill þótt ekki sé dregið í mánuð að hefja störf gerðardómsins. Á þessum tíma, fram til 15. desember, mundi hann hvort sem er ekki gera annað en að safna gögnum þannig að ég er enn þá á þeirri skoðun að sú umrædda málsgrein sem ég vitnaði til áðan sé fullnægjandi svigrúm fyrir aðila til að geta náð samkomulagi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HilmG, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, StB, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjG, BjörgvS, GE, GÖg, HHj, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, PBj, RG, SigurlS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRJ, ÁMöl, BJJ, BBj, BH, EKG, EOK, EMS, GÞÞ, GÁS, GunnB, JóhS, LB, MS, MÁ, SF, SP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:36.

---

28. FUNDUR

laugardaginn 13. nóv.,
kl. 11 árdegis.

Dagskrá:

Kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum, stjfrv., 318. mál, þskj. 347, nál. 349 og 350, brtt. 351. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

[Fundarhlé. — 11:00]

[11:46]

Útbýting:

Kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum, 318. mál, nál. meiri hluta allshn. þskj. 349; nál. minni hluta allshn. þskj. 350; brtt. meiri hluta allshn. þskj. 351.

Sendiherrar, 254. mál, svar utanrrh., þskj. 318.

Ungt fólk og getnaðarvarnir, 319. mál, þáltill. GÖg o.fl., þskj. 348.

Uppbygging og rekstur safna, 107. mál, svar menntmrh., þskj. 321.

Virkjanleg orka í Þingeyjarsýslum, 222. mál, svar iðnrh., þskj. 328.

Afbrigði um dagskrármál.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þingskjala í máli 318. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv.

Kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum, 2. umr.

Stjfrv., 318. mál. — Þskj. 347, nál. 349 og 350, brtt. 351.

[11:48]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar um frumvarp til laga um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum. Það liggur frammi á þingskjali 349 og eins og þar kemur fram hefur nefndin fengið á sinn fund fjölmarga aðila, m.a. þá aðila sem að deilunni hafa staðið og ríkissáttasemjara.

Með frumvarpinu er lagt til að bann verði lagt við verkfalli grunnskólakennara, þ.e. Kennarasambands Íslands fyrir hönd Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Ís-

lands og félagsmanna þeirra. Kjarasamningar kennara við launanefnd sveitarfélaga hafa verið lausir frá 31. mars sl. Verkfallið hófst 20. september og stóð óslitið á sjöttu viku, þ.e. til 28. október, en þá var því frestað vegna framkominnar miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Þegar úrslit atkvæðagreiðslu sem felldi miðlunartillöguna lágu fyrir hófst verkfall að nýju 9. nóvember.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samningsaðilar hafi frest til 15. desember nk. til að ljúka samningum. Ef samningar nást ekki fyrir þann tíma segir í frumvarpinu að Hæstiréttur skuli tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem skuli fyrir 31. mars 2005 ákveða kaup og kjör félagsmanna Félags grunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands hjá þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að launanefnd sveitarfélaga. Ákvarðanir gerðardómsins verði bindandi sem kjarasamningur milli aðila frá og með 15. desember 2004 og gilda þann tíma sem gerðardómurinn ákveður. Þá skuli endanlegt uppgjör launa fara fram 30. apríl 2005.

Meiri hluti allsherjarnefndar leggur áherslu á að þótt það sé grundvallarregla að aðilar kjarasamninga ljúki samningum sín í milli getur komið til þess þegar brýna nauðsyn ber til að íhlutun ríkisvaldsins sé réttlætanleg. Eins og segir í athugasemdum með frumvarpinu er nú svo komið að ríkisstjórnin telur sig ekki lengur geta setið aðgerðalaus á meðan 45 þús. skólabörn fá ekki þá lögmætu kennslu sem þeim ber. Þar segir jafnframt að þrátt fyrir langt verkfall og stíf fundahöld séu deiluaðilar engu nær og hafi að því er virðist heldur fjarlægst. Á fundum nefndarinnar hefur þessi staða málsins verið staðfest enn frekar og þeir aðilar sem að deilunni standa og ríkissáttasemjari hafa lýst því yfir að ekkert bendi til að frekari viðræður muni leiða til niðurstöðu á næstu vikum eða jafnvel mánuðum. Frumvarpinu er því ætlað að höggva á þann hnút sem deiluaðilar hafa sagt óleysanlegan. Skólastarf hefur legið niðri svo vikum skiptir og meiri hlutinn tekur undir það mat ríkisstjórnarinnar að ekki verði lengur við unað en leggur jafnframt áherslu á að samningsaðilar geti eftir sem áður, hvenær sem er, gert kjarasamning óbundnir af gerðardómi. Í þessu sambandi vísast til þess sem segir í lokamálsgrein athugasemda við 3. gr. frumvarpsins að lögin komi að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að aðilar geti gert með sér kjarasamning þótt gerðardómur hafi tekið til starfa.

Í samtölum nefndarinnar við gesti var mikið rætt um þá tímaramma sem settir eru fram í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Sú umræða snerist annars vegar um dagsetninguna 15. desember, þ.e. þann frest sem aðilar hafa til að ljúka samningum áður en gerðardómur tekur til starfa sem verður þá jafnframt gildistökudagur niðurstöðu gerðardóms, og hins vegar var rætt um dagsetningarnar 31. mars og 30. apríl, þ.e. þann frest sem gerðardómur hefur til að ljúka störfum og þann dag þegar endanlegt uppgjör launa skal fara fram. Ákvæði frumvarpsins um að aðilar hafi frest til 15. desember til að ljúka samningum áður en gerðardómur tekur til starfa helgast af tilmælum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um nauðsyn þess að gefa deiluaðilum nægilegt svigrúm til að ná sáttum og gera kjarasamninga. Yfir þetta atriði var sérstaklega farið með lögfræðingum félagsmálaráðuneytisins og og horft til fordæma í því efni.

Með þessu tímamarki 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins var ætlunin að koma til móts við þessi tilmæli. Á fundi nefndarinnar með deiluaðilum og í skriflegum umsögnum þeirra kom hins vegar ótvírætt fram að þeir teldu þennan frest of rúman og teldu ástæðulaust að halda honum óbreyttum. Í þessu sambandi má aftur vísa til lokamálsgreinar athugasemda við 3. gr. frumvarpsins þess efnis að lögin komi að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að aðilar geti gert með sér kjarasamning þótt gerðardómur hafi tekið til starfa. Að teknu tilliti til þessara sjónarmiða leggur meiri hlutinn því til að sá tími sem aðilum verði gefinn til að reyna til þrautar að ná samningum fyrir skipun gerðardóms verði styttur frá 15. desember í 20. nóvember nk. Meiri hlutinn leggur einnig til að ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. verði breytt á þann veg að í stað þess að ákvarðanir gerðardómsins verði bindandi sem kjarasamningur milli aðila frá og með 15. desember 2004, eins og þar segir, skuli hann vera bindandi frá gildistöku laganna. Með því er tryggt að sú breyting sem verður á kjörum kennara mun gilda frá og með þeim degi er þeir taka aftur til starfa. Þá leggur meiri hlutinn jafnframt til að gerðardómur skuli ljúka störfum svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 28. febrúar 2005 í stað 31. mars 2005 eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Þar sem sá dagur sem miðað er við um það hvenær gerðardómurinn kunni að taka til starfa hefur verið færður fram þótti meiri hlutanum eðlilegt að færa þessa síðari dagsetningu fram í tíma um sambærilegan dagafjölda. Það kom mjög skýrt fram hjá þeim aðilum sem komu á fund nefndarinnar að fyrri fordæmi sýndu að á margan hátt væri óheppilegt að skammta gerðardómi of skamman tíma til að komast að niðurstöðu og sérstaklega ætti það við í jafnviðamiklu máli og hér er um að ræða. Í því sambandi ber að hafa í huga að þeir aðilar sem taka sæti í gerðardómnum, ef til þess kemur, eru að koma að málinu í fyrsta sinn.

Meiri hlutinn vísar einnig í þessu sambandi til laga nr. 34/2001, um kjaramál fiskimanna og fleira, en þar var gerðardómi markaður mun styttri tíma til ákvarðanatöku en hér er. Í framhaldi af því er lagt til að endanlegt uppgjör launa skuli fara fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að niðurstaða gerðardóms liggur fyrir í stað 30. apríl 2005, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Í hæstaréttardómi nr. 167 frá árinu 2002 er fjallað um gerðardóm sem skipaður var með lögum nr. 34/2001 sem bundu enda á verkfall fiskimanna vorið 2001. Í dómnum segir að í lögunum hafi ekki verið skýr fyrirmæli um gildistíma ákvarðana gerðardómsins. Honum hafi því aðeins verið settar skorður af því almenna ákvæði 3. gr. laganna að gerðardómurinn skyldi við ákvörðun sína hafa til hliðsjónar kjarasamninga sem gerðir hefðu verið á undanförnum mánuðum að því leyti sem við ætti og almenna þróun kjaramála. Þá segir í dómnum að í raun hafi þetta þýtt að gerðardómurinn skyldi ákveða gildistíma ákvarðana sinna með hliðsjón af gildistíma kjarasamninga sem gerðir hefðu verið mánuðina áður en hann starfaði. Það svigrúm sem gerðardómnum hefði verið gefið til að ákveða gildistíma ákvarðana sinna væri óheppilega mikið en fæli þó ekki í sér óhæfilega skerðingu á réttindum stefnanda í málinu. Niðurstaða Hæstaréttar í málinu var að gerðardómurinn þótti hafa farið hóflega með vald sitt.

Í ljósi þessa hæstaréttardóms telur meiri hlutinn rétt að

taka fram að með því að marka gerðardómnum engar reglur um það hversu langur samningstíminn skv. 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins skuli vera er leitast við að skapa gerðardómnum hæfilegt svigrúm til starfa og draga úr áhrifum þess inngrips á samningssvið deiluaðila sem lagasetningin er. Meiri hlutinn bendir þó á að miðað við aðdraganda málsins og tilgang frumvarpsins — hérna mundi ég einnig vilja vísa til þeirra almennu orða sem ég hef viðhaft og koma fram um þá grundvallarreglu að aðilar kjarasamninga ljúki samningum sín á milli án afskipta ríkisvaldsins — þurfi gildistíminn að vera skemmri en lengri, þó þannig að nægileg ró og stöðugleiki geti skapast á vinnumarkaði og í grunnskólum landsins áður en sest verður að samningaborði á nýjan leik. Eftir sem áður er hlutverk gerðardóms að meta hæfilegan gildistíma komi til þess að hann verði skipaður og ljúki störfum.

Loks leggur meiri hlutinn til að orðalagsbreytingar verði gerðar á 1. og 2. gr. frumvarpsins sem lúta eingöngu að fyrirkomulagi samningsumboða launanefndar sveitarfélaga. Lagt er til að 1. mgr. 1. gr. verði jafnframt breytt til að taka af allan vafa um að með orðunum „að gera með sér kjarasamning“ sé átt við að kjarasamningur hafi verið undirritaður.

Breytingartillögur meiri hluta allsherjarnefndar liggja hér frammi á þskj. 351 sem ég leyfi mér að vísa til. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef hér rakið, breytingum sem fram koma á fyrrnefndu þingskjali og eiga að skýra sig í öllum atriðum með þeim skýringum sem ég hef hér gefið.

[11:58]

Frsm. minni hluta allshn. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta allsherjarnefndar sem finna má á þskj. 350.

Minni hlutinn er andvígur frumvarpi ríkisstjórnarinnar um lög á kjaradeilu kennara og skólastjórnenda. Lagasetning þessi leysir engan vanda, heldur skýtur honum einungis á frest auk þess sem báðir samningsaðilar hafa lýst yfir algjörri andstöðu við þessa lagasetningu. Nái frumvarpið fram að ganga magnast óánægja innan kennarastéttarinnar og kann að leiða til atgervisflótta úr stéttinni. Skólastarf í landinu verður í uppnámi, í meira uppnámi en það hefur verið, virðulegi forseti, enda munu kennarar mæta til starfa í algjörri óvissu um framtíðarkjör sín. Frú forseti. Lagasetning á vinnudeilur getur ekki aðeins alltaf orkað tvímælis, eins og hún vissulega gerir, heldur er þessi lagasetning þess eðlis að því miður mun hún leiða til enn meira uppnáms í málinu en verið hefur.

Framsögumaður meiri hluta minntist hér á tímasetningarnar sem meiri hluti allsherjarnefndar gerir ákveðnar breytingar á. Minni hlutinn telur að tímasetningarnar eins og þær voru upphaflega lagðar fram í frumvarpinu hafi verið óásættanlegar og þá er ég að vísa til skipunar gerðardómsins og þess tíma sem honum er ætlaður til starfa. Við teljum þá breytingu sem meiri hlutinn gerir hvað varðar það að gerðardómnum sé gefinn skemmri tími til að koma til starfa — hann á að taka til starfa 20. nóvember í stað 15. desember — jákvæða og nauðsynlega því að það var algjörlega óásættanlegt að miða við að hann tæki ekki til starfa fyrr en 15. desember.

Síðan gerir meiri hlutinn þá breytingu að ætla gerðardómi mánuði skemmri tími núna en var samkvæmt frumvarpinu. Við teljum reyndar að leggja hefði mátt til enn meiri styttingu á þeim tíma sem gerðardómurinn hefur. Það er mjög mikilvægt, virðulegi forseti, úr því að þessi leið er farin að þá sé reynt að klára málið á sem skemmstum tíma. Það er auk þess samdóma álit deiluaðila að mun skemmri tími dugi til að komast að því hvort lagasetning hafi yfirleitt breytt samningsgrundvellinum. Þessir aðilar hafa talað saman lengi og það liggur nokkuð ljóst fyrir hvar ágreiningurinn er. Varðandi breytingartillögur meiri hlutans telur minni hlutinn að þessar tillögur séu skref í rétta átt.

Hið sama má líka segja um þá breytingu meiri hlutans að ákvörðun gerðardóms skuli taka gildi við gildistöku laganna. Að okkar mati er nauðsynlegt að hafa þetta ákvæði þannig því að á þeim tímapunkti eru kennarar sviptir rétti sínum til að leggja niður vinnu sem er annars eina vopn þeirra í kjarabaráttunni.

Ég vil líka taka það fram í þessu sambandi að það er ekkert í frumvarpinu sem bannar gerðardómnum að taka ákvörðun um eingreiðslu til kennara, eins og gert var ráð fyrir í miðlunartillögu ríkissáttasemjara, og við viljum benda á að það yrði óneitanlega til þess fallið að bæta kennurum upp þann tíma sem þeir hafa verið samningslausir.

Af umfjöllun allsherjarnefndar að dæma, eins og skýrt kom fram í máli fulltrúa kennara sem komu á fund nefndarinnar, virðist algjörlega útilokað að viðunandi kjarasamningar geti náðst á grundvelli þeirra forsendna sem gerðardómnum er ætlað að starfa eftir. Þá er ég að vísa til 3. gr. frumvarpsins. Gerðardómnum eru settar mjög þröngar skorður og þær munu ekki auka líkurnar á því að farsæl lausn finnist á þessu erfiða deilumáli.

Minni hlutinn vekur t.d. athygli á því að í forsendum er ekki minnst á markmið um að draga úr launamun kynjanna. Væri ekki eðlilegt, virðulegi forseti, að hafa slíka forsendu í þeirri grein í ljósi þess að 75% kennara í grunnskólum eru konur? Þetta er kvennastétt og þetta er eitt markmið sem þyrfti líka að hafa til hliðsjónar. Þegar farin er sú leið að setja gerðardóm í svona erfiða deilu er náttúrlega mikilvægt að hann taki mið af þeim forsendum sem báðir aðilar hafa lagt fram í kröfum sínum. Síðan er það þá gerðardómsins að reyna að leggja mat á það allt. Þarna er hins vegar verið að setja það miklar skorður að kennarar hafa lýst því yfir að algjörlega sé útilokað að viðunandi niðurstaða finnist fyrir þá á grundvelli þessara forsendna. Það orkar alltaf tvímælis, virðulegi forseti, að nota lagasetningu um þvingaðan gerðardóm í málum eins og þessu. Ef sú leið er samt farin, ef hún er talin nauðsynleg er líka mikilvægt að reyna eftir mætti að draga úr neikvæðum afleiðingum hennar.

Þannig bentu t.d. samtökin Heimili og skóli og Samfok á að lagasetning kæmi til greina en með þeim fyrirvara að reynt væri eftir mætti að draga úr neikvæðum afleiðingum hennar. Samtökin segja það ekki gert með þessu frumvarpi, þau segja forsendur 1. mgr. 3. gr. vera svo stífar að útilokað sé að kennarar geti unað við þær. Þessir aðilar benda á að markmiðið sé ekki bara að börnin komist aftur í skólann heldur þurfi skólastarfið líka að vera innihaldsríkt. Verði frumvarpið að lögum telja þessi samtök afar ólíklegt að sú

verði raunin. Af þeim sem komu fyrir allsherjarnefnd voru fáir — satt best að segja bara enginn, held ég — sem töldu líklegt að farsæl lausn næðist á grundvelli þessa frumvarps. Það hlýtur jú að vera markmiðið, virðulegi forseti.

Það er líka mat okkar í minni hlutanum að ríkisstjórnin beri mikla ábyrgð á því hve alvarleg staðan er. Hún hefur sjálf gert samninga við framhaldsskólakennara sem fullkomlega eðlilegt er að grunnskólakennarar noti sem viðmiðun. Þegar grunnskólinn var færður yfir til sveitarfélaganna í ágúst 1996 voru byrjunarlaun kennara þau sömu í framhaldsskólum og grunnskólum. Eftir síðustu samninga ríkisins eru byrjendalaun grunnskólakennara mun lægri og munurinn á heildarlaunum er orðinn verulegur. Þarna kann að vera að skipulagsbreytingar blandist eitthvað inn í, að vinnutími framhaldsskólakennara sé lengri, en eigi að síður er þetta bil orðið gríðarlegt. Ríkisstjórnin hefur skapað þetta viðmið og hún getur ekki vikist undan ábyrgðinni.

Í öðru lagi hefur ríkisstjórnin ekki tryggt sveitarfélögunum fullnægjandi tekjustofna til að standa undir þeirri ábyrgð sem Alþingi og ríkisstjórnin hafa lagt þeim á herðar. Í þessu felst ef til vill stærsti hluti ábyrgðar ríkisstjórnarinnar og í því að hafa ekki lokið vinnu tekjuskiptinganefndar ríkis og sveitarfélaga. Til viðbótar hefur ríkisstjórnin gert breytingar á skattalögum sem hafa takmarkað tekjuöflun sveitarfélaganna.

Í þriðja lagi hafa kröfur til grunnskólans breyst verulega frá því að hann var færður til sveitarfélaganna. Grunnskólar eru nú einsetnir og fleiri róttækar og dýrar breytingar hafa verið gerðar á skólastarfi. Sveitarfélögin eiga reyndar lof skilið fyrir að hafa svarað auknum kröfum með því að bæta þjónustuna en allir bera hins vegar samfélagslega ábyrgð á þróun grunnskólans. Í því felst að einnig ríkisvaldið ber ábyrgð á kostnaðaraukanum sem hlýst af auknum gæðum grunnskólans. Þetta kallar á aukinn skilning á sanngjarnri tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Tíu árgangar Íslendinga bera skaðann af þessu verkfalli. Hann verður seint að fullu bættur og stjórnvöld hafa engar áætlanir uppi um að bregðast við honum. Það hefur vissulega verið grafalvarlegt ástand í samfélaginu þar sem 45 þús. grunnskólabörn hafa verið án kennslu í tæpa tvo mánuði. Neikvæð áhrif af slíku ástandi geta verið gríðarleg og langvarandi. Hins vegar leysir þetta frumvarp, verði það að lögum, engan vanda, það virðist þvert á móti gera hann enn meiri og deiluna illleysanlegri. Því vísar minni hlutinn allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni í þessu máli og leggst gegn lagasetningunni.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins verður friðarskylda lögð á deiluaðila frá gildistöku laganna og út gildistíma ákvarðana gerðardómsins. Skv. 1. mgr. 2. gr. er gert ráð fyrir að gerðardómurinn ákveði sjálfur gildistíma ákvarðana sinna. Er komið örlítið inn á þetta atriði í áliti meiri hlutans og var rakið hér af framsögumanni hans. Það að gerðardómurinn ákveði sjálfur gildistíma ákvarðana sinna felur í sér að honum er í raun framselt vald til að ákveða upp á eigin spýtur hve lengi grunnskólakennarar skuli vera sviptir verkfallsrétti. Þetta fyrirkomulag telur minni hlutinn vera óvarlegt enda nýtur verkfallsrétturinn verndar félagafrelsisákvæðis 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og ákvæðis 1. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Strangar kröfur eru gerðar til lagasetningar sem banna verkföll.

Í dómi Hæstaréttar frá 14. nóvember 2002, í svokölluðu sjómannamáli sem fjallaði um réttmæti lagasetningar á verkfall sjómanna, komst Hæstiréttur svo að orði um sambærilegt ákvæði í þeim lögum að það svigrúm sem gerðardómnum var gefið þá hefði verið óheppilega mikið. Á það hefur verið bent að við lagasetningu sem þessa sé rétt og það beri að afmarka hóflegan hámarksgildistíma ákvarðana gerðardómsins í lögunum sjálfum. Það telur minni hlutinn að hefði verið réttara að gera.

Í lokamálslið frumvarpsins er gert ráð fyrir að aðilum verði áfram heimilt að semja um breytingar eftir að gerðardómurinn hefur komist að niðurstöðu en þeir megi hins vegar ekki knýja þær fram með vinnustöðvun. Þetta telur minni hlutinn vera óhóflega skerðingu þeirra mannréttinda sem í verkfallsréttinum eru fólgin, sbr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en samningsrétturinn er vissulega lítils virði ef ekki má fylgja honum eftir með verkföllum sem er sú leið sem hefur verið viðurkennd til þess.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það enn og aftur að þessi lagasetning, og eins og hún er sett hér fram, setur þessa viðkvæmu og erfiðu deilu í miklu verri stöðu en hún var. Því miður gerir hún það. Ég hef rakið í áliti mínu á hverju ég byggi og við í minni hlutanum vísum ábyrgð á lagasetningunni og framsetningu hennar algjörlega til ríkisstjórnarinnar. Við erum andvíg henni.

Undir þetta álit skrifa auk mín hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, Sigurjón Þórðarson og Guðrún Ögmundsdóttir. Kolbrún Halldórsdóttir er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er samþykk áliti þessu. [Klapp á þingpöllum.]

[12:09]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti biður gesti á þingpöllum að trufla ekki þingfund og virða þingsköp.

[12:10]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Frjálslyndi flokkurinn er alfarið á móti lagasetningum á vinnudeilur. Ég sat fundi allsherjarnefndar, á löngum fundum þar sem boðaðir voru gestir og farið vel yfir það lagafrumvarp sem liggur hér til umræðu. Ég verð að segja eins og er að ég tel stóra hættu á því að við séum einungis að skjóta þessari vinnudeilu á frest, að við séum ekki að leysa hana hér og nú. Þess vegna ríður á að unnið sé í framhaldinu að því að koma á sæmilegri sátt í grunnskólunum.

Hjá öllum deiluaðilum sem komu á fundi nefndarinnar kom fram að þeir voru ósáttir við lagasetninguna. Til dæmis kemur það fram í umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hún byrjar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Í upphafi er rétt að taka það sérstaklega fram að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur aldrei óskað eftir því að kjaradeila launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna grunnskólans verði leyst með lagasetningu. Sambandið telur slíkt inngrip í kjaradeiluna afar slæmt og ekki til þess fallið að vera framtíðarlausn á þeim vanda sem upp er kominn.“

Það er íhugunarefni þegar annar viðsemjandinn segir þetta — og við vitum öll hver hugur Kennarasambandsins til þessarar lagasetningar er þannig að allir aðilar málsins eru á einu máli. Meira að segja kemur hér fram í umsögn samninganefndar launanefndar sveitarfélaga, með leyfi forseta:

„Samninganefnd launanefndar sveitarfélaga lýsir því yfir að hún hefur ekki á neinu stigi þessa máls óskað eftir því að löggjafinn grípi inn í kjaradeilu Kennarasambands Íslands og launanefndar sveitarfélaga."

Annað kom fram líka á fundinum. Það var orðið nokkuð ljóst að ef ekki yrði gripið inn í mundi þessi deila að öllum líkindum standa fram yfir áramót. Samt sem áður ber ríkisstjórnin meginábyrgð á deilunni og þá skal fyrst nefna að taka þarf á tekjuskiptingu sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa fengið aukin verkefni, auknar kröfur og skyldur frá ríkinu en ekki hafa fylgt fjármunir í sama mæli. Auðvitað þarf það að fylgjast að, auknir fjármunir og síðan auknar skyldur því að náttúrlega þarf fjármuni til að uppfylla skyldur sveitarfélaganna.

Síðan hefur ekki síst ítrekað komið fram, m.a. í fyrirspurn hér á þingi, að hjá mörgum litlum sveitarfélögum, fámennum sveitarfélögum, fara allt að níu af hverjum 10 krónum í rekstur grunnskólans. Það má segja að þar sé kominn annar vandi sem þurfi að líta til, það er fjárhagsvandi minni sveitarfélaga. Ég verð að segja að það er ekki einfaldlega nóg að sameina sveitarfélög, heldur þarf að taka á byggðaröskuninni.

Svo má nefna að ýmsar misráðnar yfirlýsingar hæstv. menntamálaráðherra hafa verið síst fallnar til að greiða úr deilunni. Enn fremur má segja að komið hafi fram að ríkisstjórnin, þ.e. ríkið, hefur gert betur við þá aðila sem hún hefur samið sérstaklega við, aðila sem eru viðmiðunarhópur grunnskólakennara. Það er náttúrlega ákveðinn vandi í þessu máli.

Ég held samt sem áður að það sé mjög miklvægt núna að allir flokkar reyni að skapa sátt um grunnskólann, horfa fram á veginn og líta til þess hvernig megi koma á sæmilegri sátt. Flestir flokkar sem hér starfa á Alþingi — við verðum að ræða um hlutina eins og þeir eru — bera ákveðna ábyrgð á ástandinu. Það er ekki einungis ríkisstjórnin. Það verður að segjast eins og er að stjórnarandstaðan, Vinstri grænir og Samfylkingin, er ráðandi afl í sveitarfélögunum sem eru annar viðsemjandinn. Þannig er það í langstærsta sveitarfélaginu, í Reykjavíkurborg, og þess vegna verða þeir að vissu leyti að axla ábyrgð á því hver staðan er.

Ég tel brýnast að horfa til mánudagsins eins og staðan er nú. Nú liggur ljóst fyrir að kennarar verða skyldaðir til að koma til vinnu á mánudaginn og mér finnst brýnt að sveitarfélögin í landinu skjóti á fundi og reyni að koma til móts við reiði kennara vegna þess að þeir eru náttúrlega mjög ósáttir við það eftir langt verkfall að sjá ekki neinar kjarabætur. Það verður bara að horfast í augu við það. Ég tel að sveitarfélögin ættu jafnvel að skjóta á fundi núna í dag eða á morgun og reyna að lægja óánægjuöldur kennara. Mér finnst það mjög mikilvægt ef það markmið laganna að tryggja frið um grunnskólann á að nást.

[12:16]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Þau eru ekki létt, þessi spor í ræðustólinn í gær og í dag þegar við ræðum frumvarp til laga um kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum, enda ekki að furða því að báðir deiluaðilar þessarar deilu eru mótfallnir því að lög af þessu tagi verði sett.

Inngrip af þessu tagi hefur gífurlega alvarlegar afleiðingar og við sem sitjum fundi allsherjarnefndar fengum það upplýst frá fulltrúa BHM sem heimsótti okkur á fund í morgun að ekki væri enn gróið um heilt eftir lagasetninguna á BHM 1990. Við erum að tala um 14 ár. Það er kannski fyrst núna, sagði formaður og framkvæmdastjóri BHM, sem segja má að það sé að gróa um heilt. Við verðum að gera okkur grein fyrir því hversu gríðarlega alvarlegar afleiðingar inngrip af þessu tagi geta haft. Enginn sem hefur að þessu máli komið hjá allsherjarnefnd hefur ýkt neitt um það, fólk hefur verið mjög hófstillt í yfirlýsingum sínum í þessum efnum.

Við þurfum líka að gera okkur grein fyrir því hvaða áhrif þessi lagasetning getur haft á kennara, skólastarf og þar með börnin okkar þegar kennararnir verða dæmdir til að koma í vinnuna á mánudaginn. Það getur ekki verið að kennarar mæti í vinnuna með bros á vör og það getur ekki orðið tóm ánægja í skólanum á mánudaginn eða næstu daga þar á eftir vegna þessa inngrips, vegna þess sem löggjafarsamkundan telur sig vera neydda til að gera hér, þ.e. meiri hluti þessarar löggjafarsamkundu, ríkisstjórnin, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn.

Það kom fram í máli hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur á hvern hátt stjórnarandstaðan hefur reynt að höndla þetta mál og mótað sér um það mjög afdráttarlausa skoðun. Hún er sú að þessi lagasetning verði ekki til bóta, við erum andvíg henni, við teljum ekki réttlætanlegt að kjörum sé skipað með lögum. Það er ekkert í þessari stöðu sem við sjáum að réttlæti þær gjörðir sem hér fara fram, því miður.

Frumvarp þetta dæmir af kennurum þau sjálfsögðu og lögvörðu réttindi sem fólgin eru í verkfallsréttinum. Það eitt og sér er gríðarlega alvarlegur dómur. Ein af hættunum sem 3. gr. í frumvarpinu felur í sér er sú að kennarar verði dæmdir inn á kjör sem þeir eru búnir að hafna í miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Svo þröngt er einstigið sem gerðardómnum er skipað að feta í dómi sínum. Þar er honum gert að feta það einstigi sem afmarkast af almennri þróun á vinnumarkaði, stöðugleika efnahagsmála og að forsendum annarra kjarasamninga verði ekki raskað og síðan því að taka hliðsjón af kjörum þeirra sem sambærilegir geti talist grunnskólakennurum að menntun, störfum, vinnutíma og ábyrgð.

Þeir gestir allsherjarnefndar sem tjáðu sig um þessa grein voru allir sammála um að þetta væri óframkvæmanlegt. Einstigið í 3. gr. er marklaust, fullkomlega marklaust vegna þess að það er ekki hægt að feta það. Hendur gerðardómsins eru þegar bundnar, hann er settur í slíka klemmu að hann getur ekki kveðið upp úrskurð sem gerir hvort tveggja, raskar ekki forsendum annarra kjarasamninga en hjálpar jafnframt kennurum að halda í við viðmiðunarhópa sína.

Sem sagt, ónothæfar forsendur í 3. gr. eru meðal þess

sem minni hlutinn í allsherjarnefnd og stjórnarandstaðan mótmælir.

Eitt af því sem kom fram við umræðu í gær, 1. umr. málsins, var að bannað yrði með þessum lögum að bæta kennurum skaðann af verkfallinu. Um þetta spurðum við í allsherjarnefndinni þá aðila sem sömdu frumvarpið og það er rétt að hér upplýsist að þeir aðilar sem standa að frumvarpinu fyrir hönd ríkisstjórnarinanr, hafa samið frumvarpið, lögfræðingar sem hafa komið að því, fullyrða að þessi túlkun sem hér var viðhöfð í gær sé ekki rétt. Þeir segja að gerðardómurinn hafi frjálsar hendur um það hvort kennurum verði dæmdar bætur fyrir verkfallið, ef það má orða það svo, eða hvort fyrir þá löngu vinnustöðvun sem kennarar hafa átt í komi einhvers konar eingreiðsla, eins og t.d. miðlunartillaga ríkissáttasemjara gerði ráð fyrir. Hún var reiknuð, sérstaklega reiknuð tala sem innifól frestun á breytingu kennsluskyldu, og þó að aðilar hafi ekki litið á þetta sem bætur fyrir verkfall vitum við alveg að þegar löng vinnustöðvun hefur átt sér stað hafa eingreiðslur af þessu tagi sem hafa þó eðlilega skýringu og skilgreiningu mikil áhrif á það hvernig verkfalli er lokið, hvernig mórallinn verður í stéttinni sem hefur þurft að búa við vinnustöðvunina þegar aftur er mætt til vinnu. Þær yfirlýsingar komu hér fram. Þeir sem standa að frumvarpinu telja hendur gerðardómsins hvað þetta varðar ekki bundnar, og það er mjög mikilvægt.

Segja má að kennarar séu ekki öfundsverðir af því sem hér er yfirvofandi. Þeir eiga það yfir höfði sér að vera hýrudregnir um næstu mánaðamót eins og við vitum enda fengu kennarar greidd full laun 1. nóvember og sveitarfélögin eiga þar af leiðandi inni hjá kennurum. Jafnvel horfir til þess að kennarar fái engin laun fyrr en eftir áramót. Þetta ástand gerir það að verkum að erfitt verður að koma í skólana á mánudaginn. Í því sambandi vil ég taka undir orð gesta allsherjarnefndarinnar, þeirra Bergþóru Valsdóttur og Elínar Thorarensen frá Samfoki og Heimili og skóla, sem lýstu miklum áhyggjum af því við allsherjarnefndina hvernig andrúmsloftið yrði þegar skólinn yrði kallaður aftur saman, þegar kennarar kæmu aftur til starfa.

Þær sögðu, virðulegi forseti, við allsherjarnefndina að mjög mikilvægt yrði að draga sem mest væri mögulegt úr þeim neikvæðu áhrifum sem lagasetningin hefur. Börnin og fjölskyldurnar þurfa ekki á því að halda að fá óánægða kennara, sem hafa fengið á sig lagasetningu af þessu tagi, inn í skólana á mánudaginn. Þær sögðu: Við þurfum innihaldsríkt skólastarf og við fáum það ekki með óánægðum kennurum. Við fáum það ekki með kennurum sem hafa þurft að lúta lagasetningu af því tagi sem hér er fram reidd.

Hæstv. forseti. Samfélagið vill fá hæft og gott fólk inn í skólana, um það hefur ríkt sátt. Hæstv. menntamálaráðherra hefur sagt það fullum fetum að nauðsynlegt sé að grunnskólarnir eigi kost á hæfu og vel menntuðu fólki. Það vita samt allir og hæstv. ríkisstjórn þar með að við fáum ekki hæft og gott fólk inn í skólana nema greiða því góð laun, það liggur alveg á borðinu. Það er nauðsynlegt að ráðamenn geri sér grein fyrir því hvað hér er í húfi með þeirri lagasetningu sem liggur á borðum okkar og við erum að fjalla um.

Hæstv. forseti. Ég get einungis lýst því hér yfir í lok ræðu minnar að ég tek undir öll þau atriði sem fram koma í nefndaráliti minni hlutans um þetta mál. Það er sannarlega ekki með bros á vör sem maður heldur þessar ræður hér í tilefni af þessari lagasetningu. Hér er óhóflega þröngur stakkur skorinn, óhóflega stuttir frestir settir og óhóflega að öllu þessu máli staðið. Í grunninn snúast við í manni innyflin við að þurfa að fara yfir þessa lagasetningu vegna þeirrar einföldu grunnreglu sem öll mín sannfæring segir að það eigi ekki að skipa kjörum með lögum.

[12:25]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég vildi einungis standa hér upp til að þakka hv. allsherjarnefnd fyrir góð störf. Nefndin hefur unnið málið hratt og vel eins og nauðsynlegt er við slíkar aðstæður. Ég vildi jafnframt þakka stjórnarandstöðunni fyrir þann skilning að nauðsynlegt sé að afgreiða mál snöggt í tilvikum sem þessum. Þótt ég virði að sjálfsögðu skoðanir þeirra og andstöðu við málið er mikilvægt að slíkur skilningur sé hér á Alþingi.

Ég tel mjög eðlilegt að nefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu að breyta dagsetningunni 15. desember í 20. nóvember enda liggur fyrir að báðir aðilar óska eftir því. Ríkisstjórninni þótti eðlilegt að gefa aðilum rúman tíma til að reyna enn frekar að ná samningum. Nú liggur fyrir að menn meta það svo að það sé ekki mögulegt. Ég tel að það sé enn frekari staðfesting á nauðsyn þess að fara í málið með þessum hætti þó að okkur öllum sé það að sjálfsögðu óljúft.

Hér hefur verið talað um að það verði erfitt fyrir kennara og aðra að koma til vinnu, koma í skólann, á mánudag. Ég ætla ekkert að draga úr því. En ætli það hefði ekki orðið enn þá erfiðara að koma til vinnu og koma í skólana einhvern tíma eftir áramót eins og staðan blasir við? Ég býst ekki við að það hefði verið létt.

Auðvitað er málið erfitt en ég bendi á að það er að sjálfsögðu gerðardómsins, sveitarfélaganna, kennaranna og samtaka þeirra að vinna úr málinu á þeim grundvelli sem þetta frumvarp og væntanleg löggjöf gerir ráð fyrir. Þar eru margir möguleikar og mörg tækifæri til að vinna úr málinu sem er að sjálfsögðu nauðsynlegt því að endingu eru það aðilar málsins sem eiga síðasta orðið í þeim efnum og verða að vinna úr því. Við gerum okkur öll grein fyrir því og þess vegna hefur verið lögð á það áhersla í þessu máli að loka engum dyrum og hafa alla möguleika opna í þeim efnum þannig að hægt sé að tryggja sem farsælasta lausn að lokum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[12:30]

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér liggur fyrir Alþingi frumvarp sem við í stjórnarandstöðunni erum öll algerlega á móti. Með því er verið að banna verkfall með lögum og í grundvallaratriðum getum við ekki stutt lagasetningu af þessu tagi.

Hér erum við núna stödd við atkvæðagreiðslu í lok 2. umr. Fyrir liggja breytingartillögur sem sumar eru til bóta og við í stjórnarandstöðunni munum sitja hjá við afgreiðslu þeirra. Við munum hins vegar greiða atkvæði gegn hverju einasta efnisatriði í tillögugreinunum sjálfum sökum andstöðu okkar við frumvarpið.

Brtt. 351,1 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HilmG, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, GE, GÁS, GÖg, HHj, JóhS, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, PBj, RG, SigurjÞ, SigurlS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁRJ, BJJ, BjG, BBj, EOK, EMS, GÞÞ, JBjarn, JGunn, KHG, LB, MS, MÁ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 27:20 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HilmG, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, GE, GÁS, GÖg, HHj, JóhS, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, PBj, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁRJ, BJJ, BjG, BBj, EOK, EMS, GÞÞ, JBjarn, JGunn, KHG, LB, MS, MÁ, SigurlS, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 351,2 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HilmG, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, GE, GÁS, GÖg, HHj, JóhS, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, PBj, RG, SigurjÞ, SigurlS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁRJ, BJJ, BjG, BBj, EOK, EMS, GÞÞ, JBjarn, JGunn, KHG, LB, MS, MÁ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 27:19 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HilmG, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, GE, GÁS, GÖg, HHj, JóhS, KJúl, KolH, KLM, MF, PBj, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ÁRJ, BJJ, BjG, BBj, EOK, EMS, GÞÞ, JBjarn, JGunn, KHG, LB, MÞH, MS, MÁ, SigurlS, SP, ÞBack) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 27:21 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HilmG, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, GE, GÁS, GÖg, HHj, JóhS, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, PBj, RG, SigurjÞ, SigurlS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁRJ, BJJ, BjG, BBj, EOK, EMS, GÞÞ, JBjarn, JGunn, KHG, LB, MS, MÁ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 27:21 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HilmG, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, GE, GÁS, GÖg, HHj, JóhS, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, PBj, RG, SigurjÞ, SigurlS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ÁRJ, BJJ, BjG, BBj, EOK, EMS, GÞÞ, JBjarn, JGunn, KHG, LB, MS, MÁ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HilmG, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, StB, VS, ÞKG.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, GE, HHj, JóhS, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, PBj, RG, SigurlS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRJ, BJJ, BjG, BBj, EOK, EMS, GÞÞ, GÖg, JBjarn, JGunn, KHG, LB, MS, MÁ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 12:34.

---

29. FUNDUR

laugardaginn 13. nóv.,
að loknum 28. fundi.

Dagskrá:

Kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum, stjfrv., 318. mál, þskj. 347 (með áorðn. breyt. á þskj. 351) . — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

Of skammt var liðið frá umr. eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HilmG, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SI, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, StB, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, GE, GÁS, GÖg, HHj, JóhS, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, PBj, RG, SigurlS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRJ, BJJ, BjG, BBj, EOK, EMS, GÞÞ, JBjarn, JGunn, KHG, LB, MS, MÁ, SP, ÞBack) fjarstaddir.

Kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum, 3. umr.

Stjfrv., 318. mál. — Þskj. 352.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[12:36]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin segist ganga grátandi til þessa verks. Hún segist vera að setja lög á kennara til varnar skólabörnum, þetta sé neyðarbrauð og að ráðherrabekkurinn sé harmi sleginn.

Það er ekki stórmannalegt að beita börnum fyrir sig til að réttlæta eigin vesaldóm og dáðleysi. Það er ekki stórmannlegt að beita börnum fyrir sig til að réttlæta lög á kennara sem svipta þá lýðræðislegum réttindum.

Það er rétt að kjaradeilan sem háð hefur verið gegn kennurum undanfarnar vikur og mánuði var komin í hnút, var komin í mjög harðan hnút. Þá spyr maður: Á hvers færi var og er að leysa þann hnút? Hver batt hnútinn? Hver er ábyrgur fyrir því að hann verði leystur? Það eru þeir sem sitja hér mér til hægri og vinstri handar og þeir hér í salnum sem ríkisstjórnin styðst við. Það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar hvernig komið er.

Við mótmælum þessum lögum.

[12:38]

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Samfylkingin mótmælir þessari lagasetningu harðlega. Við segjum nei, nei og aftur nei.

Hér er verið að fara með ofbeldi gagnvart kennurum, hér er ríkisstjórnin að reyna að moka sinn eigin flór sem hún sjálf hefur óhreinkað með aðgerðaleysi sínu. Þessi ríkisstjórn hefði getað leyst þetta mál miklu fyrr. Þessi ríkisstjórn hefði getað skapað aðstæður sem hefðu gert sveitarfélögunum kleift að koma með sanngjörnum hætti til móts við kennara. En það var aðgerðaleysi og þyrnirósarsvefn þessarar ríkisstjórnar sem leiddi til þess að sveitarfélögunum var ekki kleift að leysa deiluna. Því lýsum við allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni.

Það var líka ríkisstjórnin og lausatök hennar á hagstjórninni sem leiddi til þess að þegar kennarar stóðu frammi fyrir miðlunartillögu blasti það við þeim að launahækkanirnar sem tillagan hefði fært þeim hefðu étist upp af verðbólguþróuninni. Ríkisstjórnin hefur misst tökin á verðbólgunni. Það er þess vegna sem við lýsum ábyrgð á hendur ríkisstjórninni.

Frú forseti. Þessi lög leysa því miður ekki vandann. Það hefur komið fram hjá talsmanni Framsóknarflokksins í menntamálum og hæstv. menntamálaráðherra að það er líklegt að þessi lög kunni að skjóta vandanum á frest, en þau munu leiða til þess að mórallinn í stéttinni hrynur. Við fáum kennarastétt sem er ekki ánægð með kjör sín, við fáum verri skóla. Því er þessi aðferð skaðleg fyrir menntakerfið í landinu.

[12:40]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er rétt í þann veginn að verða að lögum þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar um það að setja lög á kennaraverkfallið. Þar með lýkur kannski í bili mjög erfiðri kjaradeilu sem ég hygg að hafi valdið allri þjóðinni mjög miklu hugarangri á undanförnum vikum.

Ég skal alveg viðurkenna að við í Frjálslynda flokknum höfum haft mjög miklar áhyggjur af þessu máli og okkur var það fyllilega ljóst fyrir nokkrum dögum að eitthvað yrði að gera, þessari martröð yrði að linna.

Ég sagði í lokaræðu minni í gær að við hefðum ákveðið að við mundum sitja hjá við afgreiðslu þessa frumvarps. Við höfum tekið þátt í vinnunni við að afgreiða það hér á hinu háa Alþingi, við höfum greitt fyrir afbrigðum, okkar maður hefur unnið af heilindum í allsherjarnefnd og við höfum lagst á árar með stjórnarandstöðunni í þá átt að reyna að bæta þetta frumvarp, reyna að gera það þá eins gott og hægt var.

Því miður er niðurstaðan af þeirri vinnu ekki ásættanleg að okkar mati. Við teljum að ekki sé komið nógu mikið til móts við óskir kennara, sanngjarnar óskir kennara. Við gerum okkur á sama tíma líka grein fyrir því að í þessu máli eru tveir hópar sem báðir hafa þurft að þjást mikið vegna deilunnar, annars vegar kennarar og hins vegar börnin og foreldrar þeirra.

Ég verð að segja það að eftir vandlega íhugun, mjög erfiða ákvörðun, höfum við í þingflokki Frjálslynda flokksins komist að þeirri niðurstöðu að við munum segja nei við þessu frumvarpi. Við teljum að það sé hreinlega ekki nógu gott. En ég ítreka enn og aftur orð mín: Það varð að gera eitthvað og ég vona svo sannarlega að sá gálgafrestur — þetta er ekkert annað en gálgafrestur — sem við erum að kaupa okkur nú á hinu háa Alþingi verði til þess að ásættanleg lausn náist til frambúðar í kjaramálum kennara. Þá er ég ekki bara að tala um grunnskólakennara, heldur líka leikskólakennara. Hér verðum við virkilega að gangast við ábyrgð okkar, við stjórnmálamenn. Það er sú vinna sem við eigum að fara í núna og við eigum að vinna hana hratt og örugglega.

Frv. samþ. með 28:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, SI, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG, HilmG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjarnB, DJ, ÁMöl, DrH, EKG, JBjart.

nei: PBj, GÁS, GÖg, SigurlS, HHj, GE, JóhS, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH.

14 þm. (EMS, GÞÞ, JBjarn, JGunn, LB, MS, MÁ, SP, BjG, ÞBack, ÁRJ, BJJ, BBj, EOK) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:44]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið er fátt ef nokkuð sem bendir til þess að deiluaðilar í þessu alvarlega máli muni ná saman, ekki á þessu ári og guð má vita hve-

nær á næsta ári. Það ríkir með öðrum orðum algjört neyðarástand í grunnskólum landsins.

Það frumvarp sem hér er til afgreiðslu gengur út á það að setja gerðardóm, reyna að höggva á þennan hnút og finna nýja nálgun í þessu máli í því skyni að ná niðurstöðu.

Með þeim breytingum sem hv. allsherjarnefnd hefur kynnt er gengið mjög til móts við þær óskir sem deiluaðilar hafa viðrað, frestur er styttur, en umfram allt skiptir máli í þessu að viðsemjendur geta og eiga lag á því að setjast niður og ná saman án aðkomu gerðardóms. Það er undir þeim komið. Ef það ekki gengur er það gerðardómur sem á að finna lausn.

Um leið er líka rétt að senda út ákall til annarra hópa að una þeirri niðurstöðu sem vonandi fæst í þessu mikilvæga máli fyrir kennara. Ég sendi enn einu sinni út það ákall til annarra hópa að una þeirri niðurstöðu en umfram allt til viðsemjenda sjálfra að finna lausn á þessu máli. Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 353)

Fundi slitið kl. 12:50.

30. FUNDUR

mánudaginn 15. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál sbr. 42. gr. þingskapa.
2. Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, stjfrv., 295. mál, þskj. 322. — 1. umr.
3. Rannsókn á þróun valds og lýðræðis, þáltill., 21. mál, þskj. 21. — Fyrri umr.
4. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 38. mál, þskj. 38. — 1. umr.
5. Vextir og verðtrygging, frv., 41. mál, þskj. 41. — 1. umr.
6. Vegagerð og veggjöld, þáltill., 43. mál, þskj. 43. — Fyrri umr.
7. Fjármálaeftirlitið, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.
8. Stjórnarskipunarlög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
9. Sveitarstjórnarlög, frv., 62. mál, þskj. 62. — 1. umr.
10. Íslenska táknmálið, frv., 277. mál, þskj. 299. — 1. umr.
11. Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, frv., 297. mál, þskj. 324. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Geir H. Haarde fjmrh., 1. þm. Reykv. s.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 2. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf um forföll þingmanna frá formanni þingflokks framsóknarmanna, Hjálmari Árnasyni, dagsett 15. nóvember, og hljóðar svo:

„Þar sem Jón Kristjánsson heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, 4. þm. Norðausturkjördæmis, er farinn til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi, Þórarinn E. Sveinsson forstöðumaður, taki sæti hans á Alþingi á meðan."

Þórarinn E. Sveinsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

[15:03]

Útbýting:

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 320. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 356.

Reglugerð um slátrun og meðferð sláturafurða, 179. mál, svar landbrh., þskj. 343.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afleiðingar verkfalls kennara.

[15:03]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Eftir átta vikna verkfall er starfsemin í grunnskólum landsins í uppnámi. Áhrif deilunnar verða langvarandi á allt innra starf skólanna, áhrif sem geta varað um langt árabil og verða seint upp unnin að fullu, áhrif sem bitna á börnunum og skólagöngu þeirra tíu árganga sem nú verma bekki grunnskólans. Kennararnir ganga kúskaðir og svínbeygðir til starfa, samningsrétturinn tekinn af þeim með lagasetningu sem í 3. gr. skipar gerðardómi fyrir um að ekki megi jafna kjör grunnskólakennaranna til jafns við kjör framhaldsskólakennara. Skilaboðin eru reiðarslag fyrir kennarastéttina. Stéttin finnur sig niðurlægða eftir langa deilu sem lauk með lagasetningu, og hljóta áhrifin á það viðkvæma og mikilvæga starf sem stéttin vinnur að verða veruleg auk þess gríðarlega taps sem orðið hefur á skóladögum. Um 1,5 milljónir skóladaga hefur nú glatast í íslenskum grunnskólum á þessu eina hausti. Atgervisflótti getur blasað við í stéttinni með verulega alvarlegum afleiðingum fyrir menntunina í landinu.

Hvernig á að mæta afleiðingum verkfallsins var ekki hluti af lagasetningu en hæstv. forsætisráðherra gaf til kynna í umræðum í síðustu viku að málið hefði verið rætt í ríkisstjórn og að hæstv. menntamálaráðherra mundi síðar greina frá því. Vandséð er hvernig börnunum verður bættur skaðinn en þeim skaða verður að mæta með öllum tiltækum ráðum. Það er á ábyrgð hæstv. menntamálaráðherra að leggja til samræmdar tillögur til að mæta þeim afleiðingum og skaða verkfallsins á skólagöngu barnanna í landinu.

Því spyr ég hæstv. menntamálaráðherra hvort hún hyggist beina til sveitarfélaganna tillögum að samræmdum aðgerðum til að bæta börnunum skaðann sem orðið hefur á námi þeirra og skólagöngu vegna hinna langvarandi kjaradeilu. Mun hæstv. ráðherra ræða afleiðingar verkfallsins fyrir menntun barnanna í ríkisstjórn og mun ráðherrann leggja til samræmdar aðgerðir við sveitarfélögin í landinu til að mæta afleiðingum verkfallsins á skólagöngu barnanna?

Þessum spurningum verður að svara mjög skýrt um leið og menn hljóta að leggjast á þær árar að koma skólastarfi landsins í samt lag aftur.

[15:05]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég tek eindregið undir það síðasta sem kom fram hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni, þ.e. að við eigum að einhenda okkur í það að reyna að koma skóla-

starfi landsins í samt horf. En það er rétt sem hefur komið fram, m.a. í máli hæstv. forsætisráðherra, að ég hef tekið upp það mál innan ríkisstjórnar hvernig eigi að koma til móts við þá lagagrein sem kveður á um að börnin okkar eigi rétt á 170 dögum í skóla.

Ég hef þegar sett mig í samband við Samband íslenskra sveitarfélaga og það er ekki þannig að ráðuneytið muni koma með einhliða aðgerðir eða boðvald heldur munum við að sjálfsögðu vinna að málinu í mikilli samvinnu við sveitarfélögin og fræðsluyfirvöld hvar sem er á landinu, og auðvitað með að meginmarkmiði að börnin fái það sem lögin okkar kveða á um, að reyna að mæta því eins og kostur er.

Verkfallið hefur verið langt og þess vegna er afar erfitt að ná þessum 170 dögum saman. Það kann líka að vera, eins og hefur tíðkast þegar samningar nást, að ef deiluaðilar ná saman síðar í vikunni verði hægt að taka þetta upp innan samninga eins og hefur oft verið. Þetta allt munum við að sjálfsögðu líta á en vinnan er hafin til þess að fara vel yfir það hvernig við ætlum að bæta börnunum okkar þetta verkfall og þann tíma sem þau hafa glatað úr skólanum. Um leið vil ég geta þess að ég hef frestað samræmdum prófum, könnunarprófunum sem eru haldin fyrir 4. og 7. bekk og áttu að vera haldin 14. og 15. október.

[15:07]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Enn er ástandið nánast óbærilegt og það er komið á daginn sem varað var við í umræðunum fyrir helgi að sú lausn sem gripið var til dygði ekki til að skapa vinnufrið í skólunum. Enn er málið óleyst og enn er það í hnút.

Ítrekað hefur verið leitað til tveggja ráðherra út af málinu og lausnirnar hafa ekki verið — eins og við í stjórnarandstöðu vöruðum við — nægilega góðar til þess að hægt væri að búast við því að menn sem voru búnir að vera í verkfalli svo lengi mættu til starfa án þess að fá uppbætur. Nú bendi ég á að þetta mál er að sjálfsögðu í höndum viðsemjenda kennara, þ.e. sveitarfélaganna, og ég beini þeim eindregnu áskorunum til þingmanna, hvar í flokki sem þeir standa, að beita sér gagnvart þeim sem starfa í umboði þeirra, umboði stjórnmálaflokkanna í sveitarstjórnum, til þess að þetta mál verði leyst. Það er óþolandi að skólastarf sé lengur í uppnámi. Ég vil benda á að þrátt fyrir góðan vilja hæstv. menntamálaráðherra til að bæta upp það sem tapast hefur, og sem ég þakka fyrir, verðum við að hafa í huga að vinnuþol nemenda er takmarkað. Nemendur eru ekki eitthvert flát sem hægt er að troða í þangað til út úr flæðir. Það verður að gæta þess að því lengri sem tíminn verður, þeim mun erfiðara verður að bæta þeim hann upp. Kannski er orðið of langt um liðið til að skaðinn verður bættur, a.m.k. ekki á einum vetri. Þetta þarf að hafa í huga.

Ég vil ítreka það og beina til allra flokka hér að menn beiti áhrifum sínum í sveitarstjórnum landsins til að þetta verði leyst hið allra fyrsta þar sem lagasetning sú sem gerð var nú fyrir helgi dugði ekki til, og það sýndi sig.

[15:10]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ljóst er að aðgerðir ríkisstjórnarflokkanna hafa ekki skapað þann frið og þá lausn sem menn væntu í þessari erfiðu kjaradeilu sem var. Kennurum finnst þessi lagasetning ekkert annað en óvirðing við sig sem hún og er. Hæstv. ráðherra menntamála hefur ekki tekið upp hanskann fyrir kennara og frekar talað niður til þeirra ef eitthvað er.

Aðgerðirnar í dag finnast mér vera táknræn mótmæli kennara sem hafa skapast í samræðum óánægðra kennara, vonsvikinna kennara sem eru í sjokki eftir átta vikna verkfall og lagasetninguna á laugardaginn. Þar að auki, virðulegi forseti, virðast mér — og það er kannski alvarlegast — kennarar vera nokkurs konar leiksoppar í kjaradeilu ríkis og sveitarfélaga þar sem forsvarsmenn sveitarfélaganna í landinu hafa ekki staðið sig í kjarabaráttu sveitarfélaga við ríkisvaldið. Það er kannski vegna pólitískra tengsla forustumannanna við ríkisstjórn sem það hefur ekki tekist. (**Gripið fram í:** ... borgarstjórnin í Reykjavík ...)

Það kemur stundum upp í huga minn, virðulegi forseti, að þetta verkfall hafi hálfpartinn verið notað í þeirri baráttu. Ég á þá ósk heitasta að eðlilegt, jafngott og öflugt skólastarf hefjist aftur á morgun. Ég er líka þess fullviss að fjölmargir foreldrar hafa skilning á því hvernig málið snýr við kennurum í dag eftir þá lagasetningu sem gerð var, með ágætum markmiðum um viðmið við framhaldsskólakennara en með hand- og fótjárnum. Það er skiljanlegt að þeir sem hafa verið í átta vikna verkfalli í kjarabaráttu séu í hálfgerðu sjokki eftir það sem hér gerðist á laugardaginn.

[15:12]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vænti þess að allir hv. þm. geti sammælst um að þetta mál verði best leyst með því að fara að lögum, í þessu máli sem öðrum. Það liggur fyrir að Alþingi Íslendinga hefur sett ramma um málið. Það kann að vera að ekki líki öllum þau lög en það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að allir virði lög í landinu. Enginn hefur tekið umboð af samningsnefndunum. Þær halda því. Þær eru að ræða saman. Í gærkvöldi kom fram tilboð hjá ríkissáttasemjara um að greiða bæði eingreiðslu og byrjunarhækkun. Þetta mál verður ekki leyst nema á grundvelli laga og ég vænti þess að allir hv. þm. geti hvatt deiluaðila til þess að starfið í skólunum hefjist og að farið verði að þeim lögum sem hafa verið sett í landinu.

[15:13]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Lög á kjaradeilur eru algert neyðarúrræði. Því neyðarúrræði var beitt hér sl. laugardag með þó þeim hætti að aðilar geta talað saman. Frekar góðar fréttir komu úr Karphúsinu í gærkvöldi þannig að við skulum gefa þessu séns.

Hvað kemur svo stjórnarandstaðan með, vinstri flokkarnir? Jú, oddvitar þeirra koma með það að þeir vilja láta ríkið setja meiri fjármuni til sveitarfélaganna. Það er af hinu góða, og ég er sammála því. (Gripið fram í.) En þeir vilja það eingöngu vegna þessarar deilu. Hækka laun kennara nógu mikið þannig að þeir séu ánægðir, og hvað svo með leikskólakennarana? Og hvað síðan með hv. þm. Ögmund Jónasson? Hann er hér með uppglennt augu núna. Hvað svo

með það? Á að koma sérfjárveiting vegna þess? Hvað á svo að gera þegar búið verður að hækka launin upp úr öllu valdi, umfram aðra í þjóðfélaginu? Þá kemur víxlverkun verðlags og launa, og verðbólga. Launin hækka rétt til að byrja með og síðan minnkar kaupmátturinn. Það verður kjararýrnun. Er þetta eitthvert vit?

Ég hef ekki heyrt neina lausn frá stjórnarandstöðunni í þessu máli á neinum vitrænum nótum. Þetta er hið eina, að ríkið eigi að koma með meiri fjármuni til að greiða hærri laun. Ekki bara kennurunum, væntanlega öllum opinberum starfsmönnum. Hvað svo með aðra sem þegar eru búnir að semja? Þetta er óábyrgt tal. En við skulum vona að í vikunni geti þessi deila leyst, sem er orðin mjög alvarlegt mál og aðallega fyrir börnin. Hvað með foreldrana sem greiða skatt til sveitarfélaganna, eiga þeir rétt á að fá endurgreitt, eða hvað, af því að þeir fá ekki þjónustu fyrir börnin sín?

[15:15]

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í morgun fór ég með börnin mín tvö í skólann og þau hlökkuðu óskaplega til eftir langt hlé og stopult nám á þessari önn. Sú tilhlökkun varði þó ekki lengi því að innan hálftíma var annað barnið komið heim og með því þrír vinir þess vegna þess að foreldrar þeirra voru ekki heima. Maður fylltist auðvitað réttlátri reiði eins og sennilega meginþorri foreldra í sömu aðstæðum og ég. Þetta gengur engan veginn, það verður að eyða allri óvissu núna.

Ég leyfi mér að vísa í fréttatilkynningu frá samtökunum Heimili og skóli þar sem samtökin harma að kennarar hafi ekki mætt til vinnu. Við verðum að virða landslög, hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Það er stórlega traðkað á lögbundnum rétti barnanna í landinu. Það er á engan hátt forsvaranlegt að fjölmenn starfsstétt mæti ekki til vinnu. Við í stjórnarandstöðu gerðum allt sem í okkar valdi stóð en það dugði ekki til. Yfirgangur stjórnarliða við að koma lögunum á var slíkur og um hann ríkir engin þjóðarsátt, það sýnir sig vel núna. Nú er svo komið að þingheimur verður enn einu sinni að reyna að leysa þetta í eitt skipti fyrir öll svo að allir megi sáttir við una, þannig að lögbundnum rétti barnanna verði gert hátt undir höfði í þessu máli.

[15:17]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Á góðri stundu hefur hv. þm. Gunnar Birgisson, formaður menntamálanefndar og forseti bæjarstjórnar Kópavogs, oft sagt að nauðsynlegt sé að stórbæta kjör kennara. Ríkisstjórnin hefur stundum lýst þessu yfir líka. Stjórnarmeirihlutinn hefur stundum lýst þessu yfir, einkum þegar alþingiskosningar eru í nánd.

Nú stöndum við hins vegar frammi fyrir því að leysa þennan vanda, og það er vandi. Vandinn er sá að sum sveitarfélaganna — ég legg áherslu á að það eru sum — eiga í miklum fjárhagserfiðleikum. Allir sanngjarnir menn, allir þeir sem vilja leysa þetta erfiða mál, hljóta að verða að horfast í augu við það.

Þess vegna lögðum við til í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að ráðist yrði í skattkerfisbreytingar sem væru til þess fallnar að styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Við lögðum fram þingmál þess efnis. Við höfum með öðrum orðum komið fram með uppbyggilegar tillögur til að leysa þetta mál, til þess að unnt sé að verða við sanngjörnum kröfum kennara og annarra starfsmanna sveitarfélaganna um verulegar kjarabætur.

[15:19]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég var algjörlega ósamþykkur þeim lögum sem Alþingi setti hér sl. laugardag. En lög eru lög og jafnvel þó að við séum á móti einhverjum lögum verðum við að fara eftir þeim.

Hið íslenska samfélag er hins vegar umburðarlynt og sáttfúst og Íslendingar hafa fullan skilning á því að það var erfitt fyrir kennara að taka þessari niðurstöðu. Ég sem foreldri sem, eins og hv. þingmaður sem talaði hérna áðan, fór með mínar tvær dætur í skóla í morgun og þurfti að fara aftur með þær heim hef fullan skilning á því að það sé erfitt fyrir kennara að sætta sig við þetta. Auðvitað munu kennarar eins og aðrir sem þurfa að sæta ólögum hlíta þeim þegar upp er staðið, auðvitað verður það þannig.

Ég veit líka að ríkisstjórnin gekk að þessu verki ekki ánægð og ég veit að hæstv. forsætisráðherra hefur auðvitað skilning á því að menn eru lítt glaðir yfir þessari niðurstöðu.

Ég vil koma að því sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson tók til máls um, sem er: Með hvaða hætti ætlar hæstv. menntamálaráðherra að bæta börnum landsins verkfallið, hvernig ætlar hún að standa við lögin sem tilgreina ákveðna lágmarkskennslu gagnvart börnunum?

Hæstv. forsætisráðherra greindi okkur frá því í síðustu viku að þetta hefði verið rætt í ríkisstjórn og hann sagði að hæstv. menntamálaráðherra mundi sjálf greina frá því með hvaða hætti ætti að gera þetta.

Heyrði ég rétt, herra forseti? Er hæstv. menntamálaráðherra svo sofandi á verði sínum að það eina sem hún hefur gert er að tala við formann Sambands íslenskra sveitarfélaga? Var það það sem hún sagði ríkisstjórninni frá? Er það þannig að hundrað manna ráðuneytið tekur ekki fastar á þessu en svo að hæstv. menntamálaráðherra er enn sofandi, er enn í þyrnirósarsvefninum og hefur ekkert gert nema hringja í flokksbróður sinn, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson? Þetta er með öllu ótæk frammistaða af hálfu hæstv. menntamálaráðherra.

[15:21]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Þau voru mikil, vonbrigðin með svör hæstv. menntamálaráðherra. Fyrir réttri viku gaf hæstv. forsætisráðherra það skýrt til kynna í fyrirspurnatíma á hinu háa Alþingi að þetta mál hefði fyrir töluverðu síðan verið rætt í ríkisstjórn, línur lagðar og innan skamms mundi hæstv. menntamálaráðherra skýra frá því hverjar hennar samræmdu tillögur yrðu til að mæta þeim grafalvarlegu afleiðingum sem verkfallið hefur á skólagöngu barnanna í landinu.

Svör hæstv. menntamálaráðherra voru í besta falli óskýr og þokukennd og skora ég á hana að skýra mál sitt hérna með afdráttarlausum hætti, taka frumkvæði í málinu og

leiða það til lykta hvernig við bætum börnunum í landinu þann skaða sem orðið hefur á skólagöngu þeirra. Skólaganga tíu árganga Íslendinga hefur beðið skaða og hæstv. menntamálaráðherra ber ábyrgð á því, og ber ábyrgð á því hvernig við mætum þeim skaða.

Þá gat ég ekki annað en túlkað orð forsætisráðherra þannig að hann ásakaði kennara um lögbrot. Því vildi ég spyrja hvað hann hefði fyrir sér í því, hvort hann væri að saka þá um samræmdar aðgerðir og hvaða vitneskju hann hefði um það.

Hæstv. menntamálaráðherra verður að skýra það mjög afdráttarlaust hvernig hún ætlar að bæta börnunum skaðann.

[15:23]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Það síðasta sem við þurfum á að halda nú er að menn komi upp í þessa pontu og reyni að slá pólitískar keilur, innihaldslausar með öllu.

Að sjálfsögðu hefur það fyrir löngu komið fram í máli mínu að við erum þegar byrjað að vinna að því hvernig við ætlum með markvissum hætti að bæta börnum þessa lands upp þann tíma sem þau hafa glatað í skólanum vegna þess verkfalls sem hefur verið í samfélaginu. Að sjálfsögðu er sú vinna löngu hafin, en hún verður unnin og er unnin í samvinnu við sveitarfélögin. Þannig eru líka lögin í landinu svo menn hafi það á hreinu. Sú vinna á sér stað og hún er á fullu um þessar mundir.

Ég vil sérstaklega geta þess að stjórnarandstaðan hefur sagt, og kom það m.a. fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar, að enn og aftur væri eina lausnin, til þess að koma til móts við kennara, að bæta sveitarfélögunum upp fjárhagstjónið. (Gripið fram í.)

Ég hef lengi spurt að því og velt fyrir mér hvers vegna hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar með alla sína félaga í sveitarstjórnum landsins hafa ekki talað við þá og spurt þá af hverju þeir samþykktu ekki tillögur KHÍ til skammtímasamnings á sínum tíma svo að sveitarfélögunum gæfist tóm til að ræða við ríkið og gera upp sín á milli. Nei, það spyr enginn í dag af hverju sveitarfélögin samþykktu ekki skammtímasamninginn á sínum tíma til þess að þeim gæfist tóm til að gera upp á milli ríkis og sveitarfélaga.

Ég vil ítreka það sem hefur komið hér fram, að sjálfsögðu ganga allir út frá því að kennarar sem aðrir borgarar landsins fari að lögum. Ég bið þess engu að síður, í ljósi þess ástands sem hefur verið í samfélaginu að undanförnu, í ljósi þeirrar lagasetningar sem var ekki skásti kosturinn í stöðunni, að menn sýni stillingu og ákveðinn skilning á því ástandi sem kom upp í samfélaginu í dag. (**ÖJ:** Það er nú erfitt þegar hallað er réttu máli.)

Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál sbr. 42. gr. þingskapa.

Fram kom listi með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Sólveig Pétursdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Jónína Bjartmarz,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Bjarni Benediktsson,
Guðjón A. Kristjánsson,
Sigurður Kári Kristjánsson,
Steingrímur J. Sigfússon,
Siv Friðleifsdóttir.

Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 1. umr.

Stjfrv., 295. mál. — Þskj. 322.

[15:26]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

(**Forseti** (GÁS)**:** Það er óttalegur kliður í salnum. Ég bið hv. þingmenn að sýna stillingu.)

Frumvarp um sama efni var lagt fram á 130. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarp þetta er lagt fram að nýju og er efnislega nánast óbreytt. Á 130. löggjafarþingi var jafnframt lagt fram af hálfu forsætisráðherra frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum og var það samþykkt á Alþingi, sbr. lög nr. 47/2004.

Nauðsyn er að tryggja verndun vatnasviðs Þingvallavatns og vatnsins sjálfs en vatnasvið þess er stærsta grunnvatnsauðlind á Íslandi í næsta nágrenni við höfuðborgarsvæðið og því er vernd þessarar auðlindar gegn mengun eða annarri ógn afar mikilvæg fyrir framtíðarvatnsnot og vatnsnýtingu þjóðarinnar.

Hér á landi hafa ekki verið sett almenn lög um verndun grunnvatns og annars nytjavatns. Með þessu frumvarpi er lagt til að kveða á um verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess í sérstökum lögum en í frumvarpinu er lagt til að allt svæðið frá vatnaskilum í Hengli inn í Langjökul verði sérstakt vatnsverndarsvæði. Fellur þannig Þingvallavatn og mestur hluti vatnasviðs þess saman í órofa heild með hinum menningarlegu og náttúrufræðilegu minjum.

Í 2. gr. frumvarpsins eru mörk vatnsverndarsvæðisins tilgreind nákvæmlega, samanber fylgiskjal með frumvarpinu, en þau eru dregin með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna á rennsli grunnvatns Þingvallavatns og með það í huga að tryggja einnig verndun Þingvallavatns í heild.

Frumvarpið var samið undir forsjá Þingvallanefndar og er með því og lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum leitast við að móta verndarstefnu á framangreindu svæði til frambúðar. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er ekki hluti af vatnsverndarsvæðinu en samkvæmt lögum um þjóðgarðinn er Þingvallanefnd ætlað að tryggja verndun vatns, þar á meðal Þingvallavatns, innan þjóðgarðsins og á það að tryggja að

náð verði markmiðum vatnsverndar sem felst í þessu frumvarpi.

Megintilgangur frumvarpsins er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Í frumvarpinu er kveðið á um að óheimilt sé að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það innan verndarsvæðisins, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Í samræmi við það setur ráðherra nánari reglur um framkvæmd vatnsverndarinnar. Í slíkum reglum er m.a. heimilt að kveða á um að jarðrask, bygging mannvirkja og borun eftir heitu vatni, svo dæmi séu tekin, sé háð sérstöku leyfi ráðherra. Þá er jafnframt í frumvarpinu mælt fyrir um verndun á lífríki Þingvallavatns og að þess skuli gætt að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikju- og urriðastofna sem nú lifa í vatninu, sbr. 4. gr. frumvarpsins.

Þingvallavatn er sérstakt, m.a. fyrir þær sakir að það er talið eina þekkta vatnið í heiminum þar sem finnast fjögur afbrigði af bleikju. Urriðastofn sem þreifst til langs tíma í Þingvallavatni og Efra-Sogi var einnig sérstakur. Til að tryggja að búsvæðum og hrygningarstöðvum þessara stofna verði ekki raskað skiptir miklu að vatnshæð í vatninu sé haldið stöðugri og að gát sé höfð á því hvaða efni kunna að berast í vatnið. Því er lagt til að umhverfisráðherra setji reglur um framkvæmd vatnsverndarinnar, m.a. um breytingar á vatnshæð, takmarkanir á losun úrgangsefna og um frárennsli og fráveitur í vatnið. Þá er lagt til að óheimilt verði að stunda fiskirækt eða fiskeldi í eða við Þingvallavatn nema með leyfi ráðherra vegna þeirrar sérstöku mengunar- og sjúkdómahættu sem getur stafað af fiskirækt og fiskeldi.

Herra forseti. Ég hef rakið hér efni frumvarpsins í megindráttum og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhverfisnefnd.

[15:30]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er svo sem ekki þörf á að flytja langa ræðu um þetta mál við 1. umr. enda er þetta í annað sinn sem mælt er fyrir því á Alþingi. Ég vil eingöngu fagna því að komin er ný og mun greinarbetri greinargerð með frumvarpinu. Dr. Pétur M. Jónasson hefur verið fenginn af umhverfisráðuneytinu til að skrifa eða endurnýja greinargerðina sem birt var með frumvarpinu í fyrra enda var sú greinargerð komin nokkuð til ára sinna. Hér getur að líta greinargerð með skýringarmyndum sem er alveg til fyrirmyndar og ég verð að segja eins og er að mér hefur ekki gefist tími enn til að lesa hana frá orði til orðs. En það verður gert að sjálfsögðu í tengslum við meðferð málsins í umhverfisnefnd því að Pétur M. Jónasson býr yfir einstökum fróðleik um Þingvallavatn og vatnasvið. Um það vitna skrif hans og bækur um þessi mál og ég veit að hv. umhverfisnefnd á eftir að fræðast mikið við yfirferð þessa máls.

Gagnrýnisatriðin eða gagnrýnisrödd mín er sú sama í sjálfu sér og í fyrra. Hún lýtur eingöngu að því að forræði þjóðgarðsins á Þingvöllum skuli vera eins og nú er, þ.e. að þjóðgarðurinn skuli í sjálfu sér heyra undir forsætisráðuneytið en ekki umhverfisráðuneytið. Ég hafði um það langt mál í umræðum á Alþingi á síðasta ári þegar lögin um þjóðgarðinn voru endurnýjuð og þjóðgarðurinn stækkaður að mér hefði fundist eðlilegt að færa forræði hans undir umhverfisráðuneytið. Mér finnst eðlilegt að stjórnsýsla þjóðgarða og friðlýstra svæða sé öll með einu og sama mótinu en ekki sé verið að skipta upp stjórnsýslunni með þjóðgörðunum að óþörfu, en það hefur mér einmitt fundist að sé verið að gera í þessu tilfelli og jafnvel að í deiglunni sé að brjóta enn meira upp stjórnsýslu þjóðgarða í landinu. Ég tel að friðlýst svæði og þjóðgarðar á Íslandi stæðu sterkari að vígi ef þeir heyrðu allir sem einn undir umhverfisráðuneytið og lytu þannig sömu stjórnsýslu. Ég tel það veikja stjórnsýslu þjóðgarðanna að brjóta upp og skipta þeim á milli ráðuneyta. En þetta frumvarp sem hér er til umfjöllunar fjallar auðvitað ekki um það, heldur verndun vatnsins sjálfs og vatnasviðs þess sem er gífurlega nauðsynlegt að verði vel fyrir komið því eins og kemur fram í frumvarpinu er um framtíðarneysluvatnssvæði höfuðborgarsvæðisins að ræða og sannarlega kominn tími til að við tökum þetta mál föstum tökum.

Eins og frumvarpið kemur fyrir, í nokkuð mörgum greinum, þá sýnist mér horft vítt yfir sviðið og ég sé ekki annað en að hugsað sé fyrir öllu því sem maður sér í fljótu bragði að þurfi að hugsa til. Ég vil því einungis lýsa ánægju minni með að þetta mál skuli komið fram á nýjan leik. Ég tel að umhverfisnefnd eigi fyrir höndum afar fróðlega og góða vinnu fyrir þetta frumvarp og hlakka til að takast á við hana. Ég er ekki annað en ánægð með þetta frumvarp í sjálfu sér.

[15:34]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég tel að þetta sé ákaflega gott frumvarp. Það er í öllum meginatriðum í samræmi við þá stefnu sem Þingvallanefnd hefur markað til næstu 20 ára um vernd þjóðgarðsins. Frumvarpið grípur inn í þá stefnumörkun og ég held að það sé alveg ljóst að nauðsynlegt er að setja lög af þessu tagi. Raunar hafa menn verið að gera tilraunir til þess allt frá því að umhverfisráðuneytið var stofnað.

Svæðið sem frumvarpið tekur til er þjóðþekkt. Gjörvöll þjóðin þekkir þetta fallega land, sögu þess og menningararfleifðina sem því tengist. Fáir gera sér hins vegar grein fyrir því að þetta svæði býr yfir ýmiss konar auðlegð sem augað fær ekki greint við fyrstu sýn. Þarna er eitthvert öflugasta vatnsforðabúr íslensku þjóðarinnar og svo vill heppilega til að þetta forðabúr er í næsta nágrenni við helsta þéttbýli þjóðarinnar. Þegar dregur fram um næstu öld hygg ég að Íslendingar, sá partur þjóðarinnar sem býr á suðvesturhorninu, muni í vaxandi mæli sækja í það vatn sem rennur frá Þingvallavatni í gegnum árnar og fer til sjávar. Þegar er byrjað að nýta þessa auðlind með því að heitt vatn frá Nesjavöllum er flutt til að hita upp húsin við Reykjavík.

Ég er ákaflega glaður yfir því að í frumvarpinu er sérstaklega tekið á lífríki Þingvallavatns. Hæstv. ráðherra gat þess réttilega að það væri að mörgu leyti einstakt. Þar hafa fundist dýr á allra síðustu árum sem enginn vissi áður að lifðu í Þingvallavatni, t.d. vatnsmarflær sem höfðu þrifist í Þingvallavatni allt frá því ísöld slotaði. Sama gildir um hin stærri dýr sem þekkt eru eins og urriðann. Urriðinn er einstakur eins og hæstv. ráðherra gat um. Hann varð landluktur fyrir 9 þúsund árum skömmu eftir að ísöldin tók að réna

og jöklar að bráðna og land þar með að rísa þegar fargi var lyft af landinu. Það leiddi til þess að ókleifir fossar urðu til í Soginu sem aftur kom í veg fyrir að sjóbirtingur sem hingað kom frá suðvesturhluta Írlands átti ekki lengur greiða leið til sjávar, lokaðist inni og varð að þessu miklu vatnadýri sem er sem betur fer aftur að ná sér upp í Þingvallavatni.

Það skiptir ákaflega miklu máli að þær reglur sem talað er um í 3. og 4. gr. verði settar, að sjálfsögðu í samráði við hlutaðeigandi aðila. Það skiptir mjög miklu máli að settar séu reglur um vatnsborðssveiflur sem draga úr röskun búsvæða. Nú hafa orðið miklar náttúruhamfarir af manna völdum í þessu vatni bæði þegar Efra-Soginu var lokað, sem tók fyrir þennan stóra og sterka urriðastofn sem lifði í mynni árinnar og niður eftir allri ánni, en líka á þjóðhátíðardaginn 1959 þegar gríðarlegt ofviðri gerði. Þá var verið að byggja Steingrímsstöð og bráðabirgðastíflan sem þá var búið að setja upp brotnaði og vatnið ruddi sér leið niður um hinn gamla farveg og straumurinn var svo mikill að hann tók með sér alla hrygningarmölina fyrir framan mynni árinnar. Það getur því orðið erfiðara en menn telja að koma þessum stofni upp aftur þó að það takist að opna aftur ána þarna niður úr.

Nú vil ég líka, herra forseti, nota tækifærið til að segja að ég er þeirrar skoðunar að við sem eigum þetta land eigum að skila til baka hluta af því sem við höfum tekið frá náttúrunni. Í dag mundi ekki nokkrum manni detta í hug að byggja virkjanirnar sem eru niður úr öllu Soginu. Það hefur tekist bærilega að halda uppi lífríki Sogsins sjálfs við virkjanirnar niður frá, neðan Þingvallavatns og Úlfljótsvatns, en ekkert getur bætt stofninn sem var í Efra-Soginu. Ég vil því helst leggja af Steingrímsvirkjun og ég vil upplýsa hæstv. ráðherra um að í stefnumótun Þingvallanefndar til næstu 20 ára er beinlínis talað um að ná samkomulagi við Landsvirkjun um að opna urriðanum farveg aftur niður Efra-Sog. Það er hægt að gera með ýmsu móti. Í dag fer gríðarlega mikið vatn sem yfirfall yfir virkjunina og nægir fullkomlega til að halda þar uppi öflugum stofni. En það þyrfti að láta það vatn renna öðruvísi niður Efra-Sogið en sem yfirfall. Það þyrfti þá að gera einhvers konar gat í stífluna og láta vatnið fara þar. Það mundi duga til þess að þessi stofn tæki aftur upp búsetuna en auðvitað í miklu minni mæli en áður.

Það sem hefur hins vegar skipt langmestu máli varðandi bæði uppgang bleikju og urriða á síðustu árum er þrotlítil barátta áhugamanna, ekki síst þess manns sem skrifaði greinargerðina, Péturs M. Jónassonar, fyrir því að Landsvirkjun drægi úr notkun á Þingvallavatni sem miðlunarlóni. Hefur það leitt til að vatnsborðssveiflur eru miklu minni en þær voru áður. Þegar urriðinn var hér í gamla daga eftir virkjun Efra-Sogsins að hrygna þá gerði hann það í uppsprettum sem hann komst í sem oft voru í fjöruborði. Urriðinn hrygndi og gróf hrognin þar. Svo þegar leið á árið lækkaði Landsvirkjun vatnsborðið af því að hún þurfti að hleypa úr vatninu og nýta það til rafmagnsframleiðslu. En um leið voru urriðahrognin á þurru og þar með var sú hrygning farin forgörðum. Þetta spillti þeim urriða sem eftir var á ýmsum stöðum. Sömuleiðis hækkaði Landsvirkjun yfirborð Þingvallavatns um einn metra og það skiptir máli varðandi neðsta hluta Öxarárinnar sem var hrygningarvatn. Þetta leiddi til þess að vatnið hækkaði og straumurinn á hinum upprunalegu hrygningarstöðum í Öxaránni var minni en áður og það varð annars konar setmyndun þar. Þar sem áður var gróf möl var nú fínni möl og jafnvel sandkenndur botn sem leiddi aftur til þess að urriðinn átti sér ekki hrygningarathvarf þar.

Nú hefur þetta sem betur fer snúist við. Nú er vatnsborðið miklu stöðugra og urriðinn hefur fyrir vikið náð að festa sig betur í sessi. Þessi urriði er algerlega sérstakur eins og hefur margoft komið fram í máli mínu í tengslum við þetta. Þetta er ísaldarurriði með gen sem eru ekki til nema á örfáum stöðum í heiminum lengur vegna þess að síðar eftir að hann var landluktur í Þingvallavatni urðu til aðrir smærri sjóbirtingar sem náðu yfirhöndinni og þessir gríðarstóru fiskar hurfu. Þeir eru hvergi til nema í Þingvallavatni.

Af því að í þessum sal sitja áhugamenn um fiska og veiðiskap vil ég geta þess til að undirstrika hversu mikill vexti þessi urriði var að eina mælingin á meðalstærð fullorðins fisks, þ.e. hrygningarurriða, sem einu sinni var tekinn úr Öxará sýndi að fullorðinn urriði í Þingvallavatni er að meðaltali stærri en stærsti laxastofn landsins, þ.e. stofninn sem hélt til á bestu svæðum Laxár í Aðaldal fyrir norðan.

Sama gildir um bleikjuna sem hæstv. ráðherra gat um. Minni vatnsborðssveiflur hafa leitt til þess að kuðungarnir sem lifa við vatnsborðið fara ekki forgörðum eins og áður þegar þeir sátu á þurru þegar vatnið var skyndilega lækkað um 5 sm eða 10 sm. Það leiddi til að kuðungableikjan sem er sérstakur fiskur og var illa kominn líka eins og urriðinn náði ekki að halda sér við með þokkalegum hætti. Nú er þetta breytt og það er hægt að segja það fullum fetum að Þingvallavatn er sennilega besta veiðivatn á Íslandi. Ég satt að segja veit ekki um neitt veiðivatn í öllum heiminum þar sem afrakstur á hvern hektara er jafnmikill og í Þingvallavatni. Þó er talað um að þetta sé kalt og lífvana vatn. En auðvitað sannast á þessu vatni hið fornkveðna íslenska orðtak: Frjó eru vötn sem renna undan hraunum. Það á svo sannarlega við um þetta vatn.

Við þurfum að gera allt sem hægt er til þess að vernda það og mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra nokkurra spurninga. Í 4. gr. segir að setja eigi nánari reglur um framkvæmd verndunarinnar. Ég ímynda mér að hæstv. ráðherra komi væntanlega ekki að tómum kofa þegar hún sest í stól umhverfisráðherra. Þetta eru mál sem menn hafa velt fyrir sér árum saman. Er búið að gera drög að einhvers konar reglum um framkvæmd þessarar verndunar? Ég er sérstaklega að spyrja um bílaumferð í gegnum þjóðgarðinn og þá kannski fyrst og fremst um hvort það komi til greina á því svæði sem verndunin þarf að ná til og þar sem viðkvæmast má telja, vatnsból, að banna umferð olíubíla. Ég spyr vegna þess að ég held að það sé ekkert leyndarmál að hæstv. samgönguráðherra hefur reifað það, hugsanlega einhvern tíma í ræðu á hinu háa Alþingi, að grípa til einhverra slíkra ráða. Við höfum rætt þetta í Þingvallanefnd. Staðreyndin er sú að ef þarna færi olíubíll niður þá mundi það geta leitt til gríðarlegrar spillingar á vatninu sem þarna er að finna, ég tala nú ekki um ef slíkt slys yrði norðan Þingvallavatns. Ekki má gleyma því að jarðvegurinn þarna er ákaflega sérstakur

og vatnið er mjög lengi að fara í gegnum hraunið. Þar sem vatn sprettur upp í Vellankötlu er hægt að mæla aldur þess og margt bendir til þess að þar sé að koma upp ákoma sem hefur fallið á Langjökul í þann mund sem fyrstu landnámsmenn voru að festa byggð á Íslandi. Þetta tekur sem sagt svona gríðarlega langan tíma fyrir a.m.k. hluta af úrkomunni sem fellur á jökulinn að síga í gegnum þetta smágropna hraun sem er fyrir norðan vatnið.

Ef þarna fer niður einhvers konar spilliefni eins og olía getur það leitt til þess að við lendum í gríðarlegum vandræðum með þetta mikla vatnsforðabúr. Þó ekki sé hægt að slá á verðmæti þess í krónum er ljóst að það mun skipta sköpum fyrir neyslu og til alls konar iðnaðarframleiðslu á næstu öld. Það er mín skoðun.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hafði nokkur orð um það með hvaða hætti stjórnsýsla þjóðgarða ætti að vera. Auðvitað geta menn haft skoðanir á því. Það er ekkert að því að menn telji, eins og hv. þingmaður, að það væri heppilegra að þjóðgarðurinn á Þingvöllum væri undir umhverfisráðuneytinu. Ég var ekki þeirrar skoðunar þegar ég var umhverfisráðherra og taldi að svo ætti ekki að vera. Rökin fyrir því eru heldur ekki auðsæ en það er óhætt að fullyrða að sú staðreynd að Alþingi hefur sérstakan þokka á þessum stað og að staðurinn heyrir beint undir Alþingi, hefur leitt til þess að verndun og uppbygging svæðisins hefur verið miklu betri en gerist um aðra þjóðgarða. Ég vildi óska að Alþingi og framkvæmdarvaldið hefði meiri skilning á því að þjóðgarðarnir þurfa meira fé en það má auðvitað segja um flesta þætti ríkisrekstrar. Staðreyndin er hins vegar sú að einmitt vegna tengsla þings og Þingvalla hefur tekist betur en ella að tryggja rekstur þjóðgarðsins og þær framkvæmdir sem óhjákvæmilega hefur þurft að ráðast í þar. Þetta segi ég vegna þess að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talaði eins og Þingvellir gyldu þess að vera ekki undir hinni mildu leiðsögn hæstv. umhverfisráðherra Sigríðar Önnu Þórðardóttur.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hrósaði greinargerðinni sem hæstv. ráðherra drap hér aðeins á og er gerð af Pétri M. Jónassyni. Nú vil ég taka það fram, herra forseti, að Pétur M. Jónasson hefur reynst mikil hjálparhella í öllu því sem lýtur að greiningu þessa svæðis. Ég verð samt sem áður að segja að mér finnst hæstv. umhverfisráðherra hafa býsna mikinn kjark að leggja í að koma með greinargerð þar sem er birt staðhæfing sem prófessor Pétur M. Jónasson hefur sett fram varðandi meinta mengun af völdum bílaumferðar um þetta svæði og sér í lagi þjóðgarðinn. Mér þætti vænt um ef hæstv. umhverfisráðherra hlýddi á mál mitt því ég þarf að spyrja hana út í þetta en það segir beinlínis, með leyfi forseta:

„Aukist bílaumferð umtalsvert á svæðinu mun niturmengun aukast í Þingvallavatni og valda verulegum spjöllum á lífríki Þingvallavatns og einu helsta vatnsforðabúri þjóðarinnar. Það gæti leitt til þess að svæðið yrði tekið af heimsminjaskrá UNESCO."

Hér er ansi afdráttarlaust að orði kveðið. Þarna er um að ræða fullyrðingu sem við í Þingvallanefnd höfum töluvert brotið heila og höfuð yfir. Ég verð að segja, herra forseti, og vísa til fyrri tilvistar minnar sem náttúruvísindamanns, að ég er þessu ekki alls kostar sammála. Ég hef ekki svo óyggjandi sé fundið vísindamenn sem hafa staðfest að þetta sé rétt. Deilur hafa staðið um vegalagningu og í þeirri deilu hefur þessi staðhæfing verið notuð sem röksemd. Einmitt vegna hennar og vegna þess að málið er mér skylt þar sem ég er einn af trúnaðarmönnum þingsins í Þingvallanefnd, hef ég lagt mig eftir því að hitta vísindamenn sem hugsanlega gætu varpað ljósi á þessar fullyrðingar sem hafa verið settar fram í blaðagreinum. Ég hef ekki enn þá fundið þá vísindamenn. Mér finnst í góðu lagi að í deilum, sem stundum eru skyldar pólítískum deilum, sem standa t.d. um vegalagningar á þessu viðkvæma svæði kasti menn fram fullyrðingum. En þegar hæstv. umhverfisráðherra er farinn að taka upp þær fullyrðingar án þess að greina frá því sannferðuglega að þetta sé umdeilt og setja það inn í greinargerð með frumvarpi ríkisstjórnarinnar, þá verð ég að segja að mér finnst ekki bara skörin vera farin að færast upp í bekkinn, heldur finnst mér að hér sé með háskalegum hætti farið.

Ég verð að spyrja hæstv. umhverfisráðherra hvort hún og sérfræðingar hennar hafi ekki grandskoðað greinargerðina og þá jafnframt hvort hún hafi einhvers konar sannanir eða vísindalegar umsagnir sem skjóta stoðum undir þessa fullyrðingu. Ég verð að segja, herra forseti, af því að ég og hæstv. ráðherrar sem sitja í Þingvallanefnd, Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, höfum nú síðustu tvö árin lagt gríðarmikla vinnu í að tryggja að Þingvellir væru teknir á heimsminjaskrá UNESCO, að mér hefði brugðið hefði ég séð þetta koma á þeim tíma þegar ekki var ljóst hver yrðu afdrif þeirrar umsóknar. Ég er ansi hræddur um að heyrst hefði hljóð úr horni hjá formanni Þingvallanefndar ef hann hefði vitað af þessu. Ég leyfi mér að fullyrða að hann hefði gert sterkar athugasemdir ef hann hefði gert sér grein fyrir því að ríkisstjórnin væri að leggja fram frumvarp sem hefði að geyma og byggðist á greinargerð sem fæli í sér þessa staðhæfingu.

Ég ætla ekki að fara út í frekari umræður um þetta, herra forseti, en ég tel alveg nauðsynlegt, eftir að þetta er komið fram með þessum hætti, að þá verði það sannreynt með einhverjum hætti í meðförum þingsins með því að fá vísindamenn sem geta sagt af eða á um hvað er að finna af röksemdum fyrir þessu. Ég er satt að segja verulega hissa á að sjá þetta, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þegar hæstv. umhverfisráðherra leggur fram greinargerð, jafnvel þó að hún hafi ekki skrifað hana sjálf heldur fengið til þess sérfræðing þá hlýtur hún að bera ábyrgð á henni. Þar segir beinlínis að það sé hugsanlegt að aðgerðir sem eru í gangi geti leitt til þess að Þingvellir verði teknir af heimsminjaskrá.

Ég verð og hlýt sem gamall náttúruvísindamaður og sem fulltrúi þingsins í Þingvallanefnd að mótmæla því mjög harðlega að þessi staðhæfing standist. Ég held að þetta sé ekki rétt. Ég geri engar athugasemdir við það að einstakir vísindamenn hafi þessar skoðanir en ég legg á það þunga áherslu að þeim hefur ekki tekist í blaðagreinum að færa rök fyrir því sem standast. Ég tel hins vegar að eftir að þetta kemur fram í þinginu verði þingið, hugsanlega í samvinnu við hæstv. ráðherra, að ganga úr skugga um það. Mér finnst ekki hægt að við ljúkum málinu í vetur án þess að annaðhvort séu þessar fullyrðingar hraktar eða við tökum afleiðingunum sem af þeim hljóta að rakna. Þær hljóta að felast í

því að við endurskoðum algerlega vegalagningar og notkun vega í þjóðgarðinum. Ef þetta er rétt er ekki um neitt annað að ræða en að loka veginum sem gengur norðan Þingvallavatns og í gegnum þjóðgarðinn. Ég er til í að skoða það ef það er nauðsynlegt. Ef þessi fullyrðing er rétt mun það reynast nauðsynlegt.

[15:54]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér að ég hygg í annað sinn stjórnarfrumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Frumvarpið var síðast til umræðu á hinu háa Alþingi í apríl á þessu ári, var vísað til nefndar en komst ekki lengra og er því lagt fram aftur nú á 131. löggjafarþingi.

Ég sé að frumvarpið er nánast óbreytt frá því í vor, reyndar með einni undantekningu, dagsektarákvæði hafa verið hækkuð. Þar fyrir utan er hér á ferð sama frumvarp og lagt var fram í apríl.

Frumvarpinu var vísað til nefndar eins og ég sagði áðan. Umsögnum um frumvarpið var skilað inn og þar kom fram þó nokkur gagnrýni, m.a. gagnrýni sveitarfélaga á svæðinu sem þótti fram hjá sér gengið við gerð frumvarpsins, að þau hefðu ekki verið höfð nægilega með í ráðum. Jarðeigendur við Þingvallavatn eru einnig mjög gagnrýnir á frumvarpið og telja í raun og veru að það sé óþarft. Þeir telja að sú löggjöf sem þegar er fyrir hendi varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir, um mat á umhverfisáhrifum, skipulags- og byggingarlög og náttúruverndarlög eigi í raun og veru að duga til að vernda Þingvallavatn og vatnasvið þess. Því sé algjör óþarfi að færa þetta vald undir valdsvið umhverfisráðherra. Þeir benda líka á að það sé miklu eðlilegra að sveitarstjórnirnar á svæðinu haldi utan um þessi mál í staðinn fyrir að stjórnun á þeim sé flutt til yfirvaldsins í Reykjavík sem þeir benda á að hafi ekki alltaf höndlað málefni og náttúruvernd Þingvalla á fullnægjandi og velheppnaðan hátt ef svo má segja.

Ég flutti ræður um þetta mál í vor og sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka það sem ég sagði þá. Ég vil þó aðeins benda á að í 4. gr. frumvarpsins er sagt:

„Vernda skal lífríki Þingvallavatns og gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum bleikjuafbrigða og urriðastofna sem nú lifa í vatninu."

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem var hér í pontu á undan mér kom einmitt inn á málefni Þingvallaurriðans sem er afskaplega merkilegur fiskstofn. Þessi fiskstofn hefur því miður átt nokkuð undir högg að sækja á undanförnum áratugum og ástæðan er sú að þar var reist virkjun árið 1960, svokölluð Steingrímsstöð, sem leiddi til þess að Efra-Sogi var lokað fyrir urriðanum. Urriðinn er þannig fiskstofn að hann þarf að komast í rennandi vatn til að geta hrygnt og seiði hans alast upp í rennandi vatni, þó að urriðinn eyði síðan síðari lífsskeiðum sínum og uppvaxtarárum gjarnan í stöðuvötnum. Þessu útfalli Þingvallavatns var lokað með stíflugerð. Ég er alveg sannfærður um að þarna hafi verið unnið mjög alvarlegt umhverfisslys sem ég tel að okkur sé hreinlega skylt að bæta og það er mín bjargfasta skoðun að leggja beri þessa virkjun niður. Það ber að leggja niður Steingrímsstöð, fjarlægja stíflurnar og endurreisa riðstöðvar urriðans og færa Efra-Sog aftur til upprunalegs horfs.

Þessi stöð, Steingrímsstöð, er lítil. Hún skilar ekki það miklu að henni megi ekki fórna til þess að færa náttúrunni til baka það sem við tókum frá henni fyrir rúmlega 40 árum. Það væri til mikils að vinna að gera þetta. Við mundum endurreisa urriðastofninn á ný og í raun og veru sýna fram á að þrátt fyrir að við förum út í virkjanaframkvæmdir er til nokkuð sem heitir afturkræfar virkjanaframkvæmdir. Við getum fært náttúruna aftur til vegs og virðingar á ný ef okkur hugnast svo, þó svo að við förum út í framkvæmdir eins og þessa, þ.e. Steingrímsstöð, framkvæmd sem í dag hefði aldrei nokkurn tímann verið leyfð.

Þetta er að ég hygg eitt alvarlegasta inngripið sem við höfum gert í náttúrufar og vistfræði Þingvallavatns. Ég vil líka nota tækifærið til að minna á það að þetta mál, þ.e. hvernig við getum hjálpað Þingvallaurriðanum á nýjan leik, hefur margoft verið rætt í sölum hins háa Alþingis á undanförnum árum. Hér var í fyrsta sinn flutt þingsályktunartillaga árið 1992 og einn af flutningsmönnum hennar var hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hún náði ekki í gegnum þingið þá en 1998 var sú þingsályktunartillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, ef ég man rétt, þingsályktun um endurreisn Þingvallaurriðans. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

, ,Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um leiðir til að endurreisa urriðastofna Þingvallavatns."

Þessa þingsályktunartillögu dagaði hreinlega uppi og ég held að ekkert hafi orðið úr henni, ég held að ríkisstjórnin hafi ekki tekið neitt einasta mark á þeirri þingsályktun sem sætir að sjálfsögðu mjög mikilli furðu vegna þess að tveir af flutningsmönnum með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni voru þá hv. þm. sem hafa núna um nokkurra ára skeið verið ráðherrar í ríkisstjórn Íslands, þ.e. hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson og hæstv. sjávarútvegsráðherra Árni M. Mathiesen.

Ég ætla svo sem ekki að hafa orð mín miklu fleiri um þetta frumvarp. Það verður fróðlegt að fylgjast með vegferð þess í gegnum nefnd þingsins og síðan í gegnum Alþingi í vetur. Ég vænti þess að það fái afgreiðslu á þessum vetri og ég mun að sjálfsögðu fylgjast grannt með þeim umsögnum sem koma inn og því hvernig málinu reiðir af.

Ég vil enn á ný ítreka að verði frumvarpið að lögum er hiklaust næsta skrefið, einmitt til að fara eftir 4. gr. þessa frumvarps um verndun lífríkis Þingvallavatns og því að gæta þess að raska ekki búsvæðum og hrygningarstöðvum fiskstofna sem nú lifa í vatninu, að rífa upp stíflurnar í Efra-Sogi og leggja niður þá virkjun þannig að okkur takist þá að bæta tjónið sem við ollum því miður fyrir 40 árum.

[16:01]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þessar ágætu umræður sem hafa farið hérna fram um þetta mikilvæga mál. Mér þykir ánægjulegt að heyra að þingmenn séu ánægðir með það og taki undir nauðsyn þess að setja lög af þessu tagi.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi sérstaklega reglugerðarsetninguna sem er samkvæmt bæði 3. og 4. gr. og

spurði hvort til greina kæmi að banna umferð olíubíla. Ég bendi á að í 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. segir, með leyfi forseta:

„Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn."

Síðan segir í greinargerð með 3. gr. alveg sérstaklega:

„Þá getur ráðherra sett reglur um flutning og meðferð mengandi efna á verndarsvæðinu, olíu og leysiefna."

Það er alveg ljóst að það á að vera hægt að bregðast við í þessum efnum, setja reglur um flutning og meðferð mengandi efna á verndarsvæðinu, og þá bæði olíu og leysiefna.

Hvað snertir greinargerð dr. Péturs M. Jónassonar, sem er fylgiskjal með frumvarpinu, er um hana að segja að hún stendur algjörlega sjálfstæð sem höfundarverk hans. Dr. Pétur M. Jónasson ber að sjálfsögðu ábyrgð á henni sem vísindamaður og það er fráleitt að halda því fram að allt sem í henni stendur séu skoðanir umhverfisráðuneytisins. Þar er ýmislegt umdeilanlegt en hins vegar er þessi greinargerð hans, sem er fylgiskjal, mjög merkileg. Þarna er um að ræða vísindamann sem þekkir Þingvallavatnið manna best, vatnið og lífríki þess og er sérfræðingur í vatninu.

Það má líka minna á að Þingvallanefndin ákvað á sínum tíma að hafa greinargerð dr. Péturs M. Jónassonar sem fylgiskjal með frumvarpinu. (Gripið fram í.) Þannig er þetta tilkomið. Ég tel mjög upplýsandi að hafa greinargerð dr. Péturs M. Jónassonar með frumvarpinu til þess að fræðast af því sem þar er sett fram þó að eitthvað af því geti verið umdeilanlegt.

Mér fannst líka mjög skemmtilegt að heyra hugleiðingar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um urriðann. Kannski þekkja ekki margir stóra urriðann í Þingvallavatninu betur en hann, hann er að sjálfsögðu sérfræðingur í þeim efnum. Um daginn átti ég leið á Þingvelli og þegar ég var að fara yfir brúna fótgangandi sá ég þá nokkra þar, þá stóru. Vonandi hefur mönnum tekist að bæta lífsskilyrði urriðans í vatninu með því að hafa sveiflurnar minni en áður. Síðustu árin hefur mér skilist að sveiflurnar á vatnsborðinu séu undir 20 sentímetrum og það er auðvitað gott. Að sjálfsögðu er það þá líka framtíðarmál hvort menn vilja opna honum leið niður.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni.

[16:06]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að nokkurs misskilnings gæti þegar menn tala um að búið sé að endurreisa þennan urriðastofn í Þingvallavatni. Ég hygg að stór partur af þeim stóru urriðum sem nú finnast í vatninu — hv. þm. Össur Skarphéðinsson veit eflaust allt um það — eigi upphaf sitt í seiðasleppingum. Hann hefur ekki náttúrulegt upphaf í vatninu með þeim hætti sem hann ætti að gera ef hann væri, ef svo má segja, klakinn út og alinn upp í Efra-Sogi nema þá sá urriði sem á ættir að rekja til Öxarár.

Greinilega kemur fram í greinargerð dr. Péturs M. Jónassonar á bls. 12 að þessi stífla milli Kaldárhöfða og Dráttarhlíðar frá árinu 1959 hefur haft mjög alvarleg áhrif því að árfarvegurinn í Efra-Sogi þurrkaðist nánast alveg upp. Mýið hvarf og urriðinn var einmitt sviptur helstu hrygningarstöðvum sínum sem þyddi gríðarlegt inngrip í náttúruna á þessu svæði. Mjög falleg og merkileg náttúruperla var hreinlega eyðilögð, eins og m.a. kemur fram í ágætum bókum um Þingvallavatn og lífríki þess sem hafa verið gefnar út á undanförnum árum.

Mig langar að spyrja hæstv. umhverfisráðherra hvort hún væri reiðubúin til að beita sér fyrir því að þessi stífla yrði fjarlægð í framtíðinni.

[16:08]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Það verður fátt um svör þegar stórt er spurt. Þetta er spurning sem ég hef ekki sérstaklega verið að velta fyrir mér. Það má vel vera að einhvern tíma í framtíðinni komist menn að þeirri niðurstöðu án þess að ég ætli að fara að leggja sérstakan dóm á það hér.

[16:08]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þá eindregið nota tækifærið og hvetja hæstv. umhverfisráðherra til að kynna sér þetta mál, t.d. með því að lesa ágæta nokkurra ára gamla bók eftir hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Urriðadans heitir hún og þar er að finna afar góðar lýsingar á þessum mjög svo merkilega fiskstofni.

Ég hvet líka hæstv. umhverfisráðherra til að beita sér fyrir því í ríkisstjórninni að farið verði eftir þingsályktun sem var samþykkt hér í þessum sal fyrir einum sex árum, þingsályktuninni sem ég nefndi áðan um endurreisn Þingvallaurriðans. Ég hygg að ríkisstjórnin hafi hreinlega tekið þá ágætu þingsályktun og stungið henni ofan í skúffu og þar sé hún enn. Sú nefnd sem ríkisstjórninni var falið að skipa hefur líklega aldrei verið skipuð. Hafi hún verið skipuð hef ég ekki orðið var við að hún hafi skilað neinu af sér á þeim sex árum sem hún hefði þá átt að vera til. Þetta sætir mjög mikilli furðu því að ég er hér með fyrir framan mig umræður sem fóru fram í þinginu á þeim tíma. Það voru mjög merkar og gagnlegar umræður og það var ekki annað að sjá en að allt Alþingi nánast væri mjög einhuga um að það ætti að fara í þessa vinnu. Ég get ekki séð að eftir neinu sé að bíða lengur þó að menn hafi reyndar beðið með hendur í skauti í sex ár. Það er kominn tími til að einhenda sér í þetta verk og fjarlægja þessa stíflu.

[16:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir þau svör sem hún veitti áðan við þeim spurningum sem ég varpaði fram. Spurningarnar vörðuðu hvers konar reglur væri líklegt að settar yrðu og hæstv. ráðherra var svo vinsamleg að benda mér á að í greinargerð með 3. gr. þar sem reifað er hverju ráðuneytið muni líklega velta fyrir sér þegar reglur verða settar er einmitt talað um flutning og meðferð mengandi efna á verndarsvæðinu. Það mun koma í ljós með hvaða hætti hæstv. ráðherra setur þær reglur en ég er þeirrar skoðunar og vil að það komi hér skýrt fram að það sé mjög mikilvægt að við þá reglusetningu verði allt gert sem dregur úr umferð flutningabifreiða með olíu og meng-

andi efni um þetta svæði. Ég tel þess vegna að það eigi að banna slíka umferð um hluta af svæðinu.

Ég ætla ekki að ræða frekar þessar reglur en mig langar aðeins áður en þessari umræðu slotar, herra forseti, að koma aftur inn á það atriði sem ég drap á, greinargerð Péturs M. Jónassonar prófessors. Nú vil ég taka alveg skýrt fram að hún er að öllu leyti góður vitnisburður um afburðaþekkingu hans á þessu svæði og Pétur M. Jónasson hefur manna mest barist fyrir stækkun þjóðgarðsins og vatnsvernd á þessu svæði þannig að hann á mikið hrós skilið fyrir það. Ég dreg hins vegar í efa að hægt sé að skjóta óhrekjanlegum stoðum undir þær fullyrðingar sem er að finna á bls. 17 í greinargerðinni þar sem talað er um niturmengun sem muni aukast af völdum bílaumferðar, hugsanlega í þeim mæli að það gæti leitt til þess að svæðið yrði tekið af heimsminjaskrá UNESCO. Ég tek það ekki gilt þegar hæstv. ráðherra segir: Þetta er á ábyrgð höfundarins. Ráðuneyti sem leggur fram greinargerð er að leggja blessun sína yfir það efni sem í greinargerðinni er að finna.

Nú er ég ekki að halda því fram að hæstv. ráðherra sé að öllu leyti sammála þessari fullyrðingu en ég tel eigi að síður að henni sé gefið mjög þungt vægi þegar hún kemur fram í fylgiskjali sem ráðuneytið leggur fram til að styðja setningu tiltekinna laga. Mér þykir þetta óvarlegt, sérstaklega vegna þess að þegar heimildirnar eru skoðaðar sést að höfundurinn, Pétur M. Jónasson prófessor, er nægilega sannfjarn til þess að heimildin sem hann byggir þetta á, er sett undir það sem heitir í heimildaskránni túlkunarefni. Miðað við það er í hæsta máta um umdeilanlega staðhæfingu að ræða.

Ég tek mark á því sem lagt er fram af hálfu ráðuneyta og á hinu háa Alþingi. Ég kem hingað til að ítreka þá skoðun að ekki sé hægt að ljúka þessari lagasetningu án þess að gengið sé úr skugga um hvort staðhæfingin standist eða ekki. Ég held því ekki fram að það sé ómögulegt að hún standist. Ég er hins vegar að segja að mér hefur ekki tekist að finna röksemdir sem sannfæra mig.

Ef umfjöllun þingsins og umhverfisnefndar um þetta mál leiðir í ljós að þetta standist ekki hlýtur það að koma fram í nefndaráliti. Það skiptir máli því um þetta hafa staðið deilur. Ef niðurstaðan er hins vegar sú að þetta sé rétt þá verður framkvæmdarvaldið að grípa til aðgerða. Þá verður framkvæmdarvaldið að grípa til aðgerða sem miða að því að koma í veg fyrir að niturmengun aukist í Þingvallavatni í þeim mæli að vatnsforðinn spillist í framtíðinni og svæðið verði tekið af heimsminjaskrá UNESCO. Það þarf ekki að vera mjög erfitt og þurfa ekki að vera kostnaðarsamar aðgerðir þótt þær gætu komið við kaunin á mörgum. Auðveldasta leiðin væri sennilega, eins og ég drap á í fyrri ræðu minni, að loka fyrir umferð í gegnum þjóðgarðinn og svæðið fyrir norðan vatnið. Það er auðvitað alveg hægt.

Mér finnst líka nauðsynlegt, fyrst þessi umræða er á annað borð komin upp, að benda á að nú þegar liggur fínn vegur frá Reykjavík, um Nesjavelli og að Þingvallavatni. Þar er auðvelt að komast að vatninu, fara suður með því og yfir Sogið hjá virkjunum neðar. Það styttir líka vegalengdina milli höfuðborgarsvæðisins og uppsveita Árnessýslu. Mér finnst koma sterklega til greina að þessi vegur verði byggður upp og verði aðalvegurinn í gegnum þetta svæði. Þá höfum við að verulegu leyti komið í veg fyrir möguleikana á niturmenguninni. Þetta skiptir máli.

Í framtíðinni er ég viss um að þessi vegur verður byggður upp. Ég er viss um að hv. þm. Helgi Hjörvar mun leggja sitt fram í því enda stjórnarmaður, a.m.k. fyrrverandi, í Orkuveitu Reykjavíkur sem stendur fyrir umfangsmikilli uppbyggingu á þessu svæði. Ég tel að menn hljóti að ráðast í að byggja þennan veg upp þannig að þar verði um öflugan þjóðveg að ræða og væntanlega nýjar brýr yfir þar sem rafmagnsframleiðslan er hjá Ljósafossi. Þetta eru aðgerðir sem menn þyrftu að grípa til.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég hef aðallega komið upp til að lýsa áleitnum grun mínum um að um sé að ræða fullyrðingu sem standist ekki. Í öllu falli, fyrst hún er í þessu plaggi frá ráðuneytinu, þá finnst mér að þingið þurfi að ganga úr skugga um þetta. Það eru til ráð, ef þingið kemst að þeirri niðurstöðu að hún sé rétt, til að bægja frá þeirri vá sem spáð er að þar muni dynja yfir.

[16:17]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að mér finnst hv. þm. Össur Skarphéðinsson sé í raun með ákveðnum hætti að oftúlka það sem hér er sett fram. Þarna segir að allir fyrirvarar séu hafðir á í greinargerð dr. Péturs M. Jónassonar. Hann segir: „Það gæti leitt til þess að svæðið yrði tekið af heimsminjaskrá UNESCO.“ Dr. Pétur M. Jónasson hefur fyrirvara á þessum fullyrðingum. Það er alveg ljóst að skiptar skoðanir eru um það efni sem hv. þingmaður gerði að sérstöku umtalsefni. Mér finnst að hann fari að nokkru leyti offari í túlkunum sínum.

Hvað snertir umferð í gegnum þjóðgarðinn þá held ég jafnvel að hv. þingmaður hafi hitt naglann á höfuðið, varðandi umferðina sunnan við vatnið og uppbyggingu vegarins þar. Mér finnst alls ekki ólíklegt að til þess gæti komið í framtíðinni. Við deilum þeirri skoðun og mér finnst það skynsamlegur kostur.

[16:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við hæstv. ráðherra um með hvaða hætti menn setja fram greinargerðir. Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar að það sé varhugavert af hvaða ráðherra sem er að setja fram fullyrðingar í greinargerð með frumvarpi sem annar maður er höfundur að og að vera ekki fyllilega sammála þeim. Mér sýnist það á hæstv. ráðherra, en ætla ekkert að inna hana frekar eftir því, að hún hafi töluverðar efasemdir um þetta.

Ég er klár á því að innan þeirra stofnana sem hæstv. ráðherra hefur yfir að ráða eru efasemdir um þetta. Það veit ég. Ég ætla ekki að segja neitt frekar um það.

Ég fagna því hins vegar að hæstv. umhverfisráðherra tekur undir að í framtíðinni kunni að vera fýsilegt að byggja upp umferðaræð frá Reykjavík og suður í Árnessýslu sem liggi eftir núverandi Nesjavallaleið í gegnum hin fallegu Henglafjöll og síðan yfir hjá Ljósafossi. Ég er alveg sannfærður um að það yrði til hagsbóta, bæði fyrir Reykvíkinga

sem sækja mjög á þessar slóðir, en ekki síður fyrir lífríkið á umræddum slóðum. Ég held að það yrði ef til vill mestur ávinningur fyrir það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn á þróun valds og lýðræðis, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 21. mál. — Þskj. 21.

[16:20]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu sem ég flyt ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, Guðmundi Árna Stefánssyni, Lúðvíki Bergvinssyni, Merði Árnasyni og Björgvini G. Sigurðssyni, um að rannsókn fari fram á þróun valds og lýðræðis.

Markmið tillögunnar er að kanna áhrif þeirrar þróunar síðustu 20 árin og meta hvaða áhrif hún kunni að hafa á komandi árum. Markmiðið verði að fá sem gleggsta mynd af því hvort þrískipting ríkisvaldsins sé orðin óljós í framkvæmd og meta áhrif þess á lýðræðisþróunina og samfélagið í heild. Einnig verði skoðað hvort völd embættismanna hafi aukist meira en eðlilegt getur talist og hvaða áhrif fjölmiðlar hafa haft á þróun stjórnmála og samfélagið í heild.

Við rannsóknina verði jafnframt lagt mat á hvort og að hve miklu leyti völd hafa færst frá kjörnum fulltrúum til einkaaðila, m.a. með breytingu á efnahagslegu valdi í krafti tilfærslu eigna og fjármagns og hvort ákvarðanir og fjárfestingar stórra valdablokka í atvinnu- og fjármálalífi hafi nú verulega meiri áhrif en áður á afkomu og þróun þjóðarbúsins. Lagt verði mat á framhald þessarar þróunar fyrir efnahags- og atvinnulíf og með tilliti til eigna- og tekjutilfærslna.

Það er jafnframt mikilvægt að þróunin verði skoðuð út frá áhrifunum á valdahlutfall kynjanna í þjóðfélaginu. Ástæða er til að hafa af því áhyggjur að hlutur kvenna í forustustörfum í atvinnulífinu hafi minnkað og var hann ekki mikill fyrir. Vísa ég þar til svara við fyrrispurnum mínum, bæði frá hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. viðskiptaráðherra, þar sem fram kemur að sé litið til stjórnenda lífeyrissjóða og stjórnenda í atvinnulífi og fjármálalífi eru þar í forustustörfum yfir 90% karlar en innan við 10% konur.

Umsjón með þessu verki, eins og það er lagt upp í þessari tillögu, á að vera í höndum fimm fulltrúa sem tilnefndir verða af háskólunum í landinu. Það er svipuð tilhögun og var í sambærilegri rannsókn sem gerð hefur verið í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Hvati þeirra rannsókna var þær miklu breytingar sem hafa orðið í þessum löndum með aukinni alþjóðavæðingu og vegna breytinga á umsvifum í atvinnu- og fjármálalífi.

Niðurstaða norsku rannsóknarinnar var m.a. að breytingar í umsvifum á markaði hefðu leitt til meiri fákeppni og að fulltrúalýðræðið væri í tilvistarkreppu. Niðurstaðan, bæði í Danmörku og Noregi, var að dómstólar hefðu veikt völd þinganna.

Við leggjum til að forsætisráðherra skipi nefnd sem í sitji fimm fulltrúar háskóla. Háskóli Íslands tilnefni tvo fulltrúa og verði annar þeirra formaður nefndarinnar. Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri og Viðskiptaháskólinn á Bifröst tilnefni einn fulltrúa hver. Verkefni nefndarinnar verði að hafa umsjón með verkinu og fái hún heimild til að kalla til sérfræðinga til að vinna að rannsókninni. Nefndin leggi verkefnaáætlun og fjárhagsramma fyrir forsætisráðherra sem geri tillögur til Alþingis um nauðsynleg fjárframlög til verksins. Nefndin skili áfangaskýrslum eftir því sem verkinu miðar fram og skal rannsókninni lokið eigi síðar en 1. janúar 2008.

Það er ljóst af efni þessarar tillögu að hún er mjög umfangsmikil. Það kom vissulega til skoðunar hjá okkur flutningsmönnum að skipta tillögunni upp. Niðurstaðan var sú að setja þetta fram í einni tillögu, að betra væri að fara þá leið til að fá samfellu í verkið. Með því gefast meiri möguleikar á heildarsýn yfir mögulegar valdatilfærslur. Í verkahring nefndarinnar verður að skoða hvort og þá hvernig verkin verði brotin upp.

Upplýsingaþjónusta Alþingis hefur að beiðni flutningsmanna tekið saman stutta lýsingu á sambærilegum rannsóknum sem fram hafa farið á þróun valds og lýðræðis í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Rannsóknirnar í þessum löndum beindust að stöðu valds og lýðræðis við upphaf 21. aldar. Hvati rannsóknanna voru þær miklu breytingar sem hafa orðið á viðkomandi samfélögum með aukinni alþjóðavæðingu og breytingum á skyldum ríkisvaldsins, t.d. vegna minni afskipta af viðskiptalífinu. Ein af helstu ástæðum þess að ráðist var í rannsóknina í Danmörku var að þingið óttaðist að það væri að missa völd. Niðurstaða rannsóknarinnar þar er á þann veg að danska þingið hafi aukið völd sín á kostnað framkvæmdarvaldsins, m.a. með aukinni sérhæfingu þingmanna, auk þess sem fjöldi minnihlutastjórna í Danmörku hefur haft þessi áhrif. Það er athyglisvert, ekki síst fyrir okkur á Íslandi sem höfum búið við samsteypustjórnir lengst af.

Á hinn bóginn hafa, eins og ég nefndi, dómstólarnir veikt völd þingsins og sama gildir um Noreg. Niðurstaða norsku rannsóknarinnar er m.a. að fulltrúalýðræðið sé í tilvistarkreppu. Fram kemur einnig að stéttaskipting hafi aukist. Athyglisvert er einnig að áhrif ákveðinna hópa hafa breyst með auknum áhrifum sérstakra tengsla milli áhrifamikilla einstaklinga í þjóðlífinu. Jafnframt hafi staða lýðræðisins breyst með meiri áhrifum frá ákveðnum hópum sem ekki eru endilega lýðræðislega kjörnir. Sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar getur fengið aðgang að þessum skýrslum ef áhugi er á því að skoða þær nánar.

Á þeim tíma sem ég hef til umráða vil ég fara yfir þá meginþætti sem þessi tillaga lýtur að, þ.e. þrískiptingu valdsins og þróun þrískiptingar á umliðnum árum, valdmörk dómstóla, áhrif fjölmiðla á þróun lýðræðis og áhrif af tilfærslu valds og fjármagns í samfélaginu og lýðræðisþróunina.

Þrískipting ríkisvaldsins hefur þótt óljós í framkvæmd og rætt er um að ákvarðanir sem máli skipta fyrir þjóðarbúið séu í auknum mæli að færast frá vettvangi stjórnmálanna yfir á vettvang fjármála- og atvinnulífs. Þá telja margir að vald embættismanna hafi aukist verulega og að kjörnir fulltrúar þjóðanna hafi fært þeim meira vald til ákvörðunar en eðlilegt getur talist.

Í tillögunni er jafnframt lagt til að metið sé vald fjölmiðla og áhrif þeirra á samfélagsþróunina, en í sambærilegri rannsókn sem unnin var í þessum norrænu ríkjum sem ég nefndi áðan var sá þáttur einnig hluti viðfangsefnisins.

Flutningsmenn telja að brýnt sé orðið að leggja mat á þessa þróun og fá af henni heildarmynd þannig að hægt sé að bregðast við ef ástæða þykir til. Með rannsókn sérfræðinga væri hægt að leggja mat á hvort slík tilfærsla hafi orðið á valdmörkum þeirra þriggja valdþátta sem stjórnskipunin byggist á að stoðir lýðræðis og góðrar stjórnskipunar í landinu hafi veikst. Ég held að mikilvægt sé að leggja mat á þetta.

Jafnframt yrði varpað skýru ljósi á þróun valds og eignasamþjöppunar og hvaða áhrif meiri háttar ákvarðanir stórra valdablokka í fjármála- og atvinnulífi hafi haft og geti haft á atvinnulífið, á afkomu heimila og þjóðarbúið í heild. Í framhaldi af þessari rannsókn væri ástæða til að skoða hvort tilfærsla fjármagns og valds hafi leitt til verulegrar gliðnunar á eigna- og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og stuðlað að aukinni stéttaskiptingu, sem ég tel veigamikinn þátt í þeirri rannsókn.

Umræðan hér á landi hefur snúist um hvort löggjafarvaldið sé sífellt að veikjast á sama tíma og framkvæmdarvaldið styrkist. Þar er átt við framsal Alþingis á valdi í lögum og víðtækar reglugerðarheimildir framkvæmdarvaldinu til handa, auk þess sem löggjafarvaldinu sé gert stöðugt erfiðara að sinna eftirlitshlutverki sínu með framkvæmdarvaldinu.

Þetta var ágætlega orðað í grein eftir Friðgeir Björnsson í Tímariti lögfræðinga árið 1999 þar sem m.a. er vikið að því að ekki sé fjarri lagi að segja að handhöfn bæði framkvæmdarvalds og löggjafarvalds sé hjá ríkisstjórn með forsætisráðherra í broddi fylkingar í flestu sem einhverju máli skiptir.

Þróunin hefur líka verið í þá átt að frumkvæði og undirbúningur laga sem Alþingi samþykkir er að mestu leyti í höndum framkvæmdarvaldsins. Sömuleiðis er það gagnrýnt að vald embættismanna sé orðið meira en eðlilegt er, eins og ég nefndi áðan, og vitnað er til þess að þeir útfæri iðulega stefnu stjórnvalda með því að þeir undirbúi þingmál, séu nefndum löggjafarþingsins til ráðgjafar um breytingar og endanlega gerð laga og séu síðan oft þeir aðilar í stjórnsýslunni sem hafi með höndum framkvæmd og eftirlit. Flestir viðurkenna að EES-samningurinn hefur haft mjög jákvæð áhrif í efnahags- og atvinnulífinu en engu að síður er ljóst að hann hefur átt sinn þátt í að veikja löggjafarvaldið en styrkt jafnframt embættis- og framkvæmdarvaldið.

Ágreiningur hefur einnig verið milli Alþingis og framkvæmdarvaldsins um fjárhagslegt sjálfstæði Alþingis sem stofnunar auk þess sem það hlýtur að ganga í berhögg við þrískiptingu valdsins að það sé forsætisráðherra sem kallar saman Alþingi og slítur því. Staða Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu er líka veikari en hún ætti að vera þar sem ekki er enn meirihlutavilji fyrir því að Alþingi t.d. komi á rannsóknarnefndum sem geti tekið mál og rannsakað að því er varðar framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða. Slíkt fyrirkomulag þekkist víða erlendis og margsinnis hefur verið reynt að koma þeirri skipan á hér á landi.

Vissulega má benda á leiðir sem farnar hafa verið til að reyna að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég nefni þar bætta stöðu þingmanna við störf í fastanefndum Alþingis eftir að nefndasvið þingsins var styrkt verulega með því m.a. að auka þar mannafla og fá lögfræðinga til starfa. Ýmsar breytingar á þingsköpum voru líka til þess ætlaðar að styrkja stöðu þingsins. Árið 1991 var t.d. tekið upp í þingsköp að nefndir gætu fjallað um önnur mál en þau sem þingið vísar til þeirra en í reynd hefur þetta ákvæði litlu skilað, og ekki frekar en t.d. 39. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um rannsóknarvald þingnefnda. Þingið þarf að samþykkja að koma á fót rannsóknarnefndum skv. 39. gr. stjórnarskrárinnar. Meiri hluti þings hefur nær undantekningarlaust á undanförnum þremur eða fjórum tugum ára stöðvað tillögur um að settar yrðu á fót slíkar rannsóknarnefndir enda er þeim oft ætlað að rannsaka gjörðir valdhafa sem þá starfa í skjóli meiri hluta þingsins.

Ástæða er einnig til að nefna grein sem fyrrverandi forseti Alþingis, Ólafur G. Einarsson, ritar í Tímarit lögfræðinga í mars 1997 um samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Þar fjallar Ólafur um ýmislegt sem lýtur að stjórnsýslu þingsins og segir m.a. að tilhneigingar gæti hjá framkvæmdarvaldinu til að hafa bein afskipti af stofnunum Alþingis, þ.e. Ríkisendurskoðun, umboðsmanni Alþingis og Alþingi sjálfu, með flutningi stjórnarfrumvarpa. Ýmislegt annað sem er allrar athygli vert bendir Ólafur G. Einarsson, fyrrverandi forseti Alþingis, á sem ég hef tíundað í greinargerð.

Ég nefni líka valdmörk dómstóla sem eru einn meginþáttur þessarar tillögu en í þessari rannsókn er lagt til að lagt sé mat á hvaða breytingar hafa orðið á valdmörkum dómstóla og löggjafarþings og litið verði til þess grundvallarágreinings sem uppi er um hvort og að hve miklu leyti dómstólarnir hafi tekið sér lagasetningarvald eða mótað nýjar lagareglur sem áhrif hafa á niðurstöðu í dómsmálum. Umræðan snýst m.a. um hvort dómstólar gæti ekki valdmarka sinna gagnvart öðrum greinum ríkisvaldsins en um leið þarf einnig að skoða hvort æskilegt er með tilliti til þrískiptingar valdsins að skipunarvald dómara sé í höndum ráðherra sem iðulega gengur gegn lögbundinni umsögn Hæstaréttar.

Með rannsókn sérfræðinga væri hægt að leggja mat á hvort slík tilfærsla hafi orðið á valdmörkum þeirra þriggja valdþátta sem stjórnskipunin byggir á, að stoðir lýðræðis og góðrar stjórnskipunar í landinu hafi veikst og gangi gegn eðlilegri lýðræðisþróun.

Síðan á rannsóknin ekki síst að skoða áhrif af tilfærslu valds og fjármagns í samfélaginu og þá erum við að líta til þeirra gífurlegu breytinga sem hafa orðið í atvinnu- og fjármálalífi á umliðnum árum með sívaxandi alþjóðavæðingu og fjármagnsflutningum milli landa sem má líkja við byltingu. Þetta teljum við að þurfi að skoða út frá þeim markmiðum sem sett eru í tillögugreininni.

Virðulegi forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka. Markmið þessarar tillögu tel ég að sé mjög mikilvægt, þ.e. að kanna áhrifin af þróun valds og mikilli tilfærslu eigna og fjármagns, hvaða áhrif það hefur haft í þjóðfélaginu og leggja mat á framhald slíkrar þróunar fyrir afkomu þjóðarbús, velferðarþjónustuna, heimili og atvinnulíf. Með því er

hægt að mínu viti að varpa skýrara ljósi á þá þróun sem orðið hefur og tilfærslu á völdum og fjármagni og þá, virðulegi forseti, er betur hægt að meta áhrifin á lýðræðisþróun og samfélagið í heild sinni. Út frá þessari rannsókn væri síðan hægt að skoða hvort ástæða væri til að bregðast við með einhverjum hætti en meginmarkmiðið með tillögunni er að rannsókn fari fram á þróun valds og lýðræðis þannig að á raunhæfan hátt sé hægt að meta framhaldið.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. allsherjarnefndar.

[16:36]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. framsögumanni fyrir skilmerkilega framsöguræðu um afskaplega merkilegt mál, um rannsókn á þróun valds og lýðræðis, hvorki meira né minna. Ég hef nú aðeins átta mínútur til að fjalla um þetta yfirgripsmikla mál en ég vil taka undir þau meginsjónarmið sem fram koma með þessari þingsályktunartillögu, einfaldlega af þeirri ástæðu að lýðræðið og það vald sem í samfélaginu er, og við höfum skipað okkur í það form sem við köllum lýðræði, er líklega eitt af mikilvægustu hugtökum sem við fjöllum um hér, ég tala nú ekki um á þeim stað sem við stöndum á núna.

Umræðan um þetta getur að sjálfsögðu verið endalaus og hægt að nálgast efnið út frá ótal mörgum hliðum og sjónarhornum, eins og reyndar þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir. Ég hefði samt haldið, virðulegur forseti, að í anda þingsályktunartillögunnar hefði verið hyggilegra að leita eftir meðflutningsmönnum úr öllum flokkum. Þessi tillaga er einmitt af slíkum toga. *Þetta er mál sem ég trúi ekki að* sé nokkur pólitískur ágreiningur um, þ.e. að fara í faglega umfjöllun um þetta mikilsverða hugtak og um þróun valds og lýðræðis.

Í þessu sambandi þurfum við aðeins að velta upp hugtakinu lýðræði. Samkvæmt orðsins hljóðan merkir það að lýðurinn skuli ráða, þ.e. þátttaka fólksins, og við getum borið okkur saman við aðrar þjóðir, ég tala nú ekki um Bandaríkjamenn þar sem nýafstaðnar eru kosningar bæði til þings og forseta. Eins og kunnugt er er kosningaþátttaka þar afskaplega döpur, flókið kerfi og erfitt, meðan kosningaþátttaka hjá okkur hefur almennt verið góð sem bendir til þess að lýðræðinu sé þannig séð nokkuð vel skipað hér hjá okkur.

Við hljótum samt að spyrja: Er það svo? Þá kemur þessi spurning sem er mjög erfitt að svara: Af hverju kýs fólk og hvers vegna kýs fólk eins og það gerir?

Kosningaþátttaka er að *mínu mati* ein og sér ekki alveg nóg til þess að geta sagt að lýðræðið sé í höfn og að hér sé gott og virkt lýðræði. Fyrsta skrefið er að lýðurinn taki þátt í kosningabaráttunni og taki ekki síst virkan þátt í umræðunni samkvæmt þess orðs merkingu. Upphaflega gerir lýðræði ráð fyrir því að fólkið, lýðurinn sem á að ráða, taki upplýsta og meðvitaða afstöðu og ákvörðun um það með hvaða hætti eigi að kjósa og leggja sitt á vogarskálarnar með því.

Á hverju byggir síðan þessi upplýsing sem er grundvöllur að öflugu og lifandi lýðræðisríki? Hún byggir á því væntanlega að fólkið sé vel upplýst og til þess höfum við m.a. skipað í flokka sem koma upplýsingum á framfæri. Inn í þessa ágætu þingsályktunartillögu hefði ég talið að væri mikilvægt að draga áhrif fjölmiðla á þróun lýðræðis vegna þess að hið upplýsta lýðræði byggir á því að fólk sé vel upplýst. Það verður að segjast eins og er, virðulegur forseti, að umræðan hér á þingi einkennist e.t.v. ekki af hinni eiginlegu umræðu heldur meira svona eins og í fyrirsögnum. Hv. þingmenn tala í fyrirsögnum í þeirri von að fjölmiðlar festi þær. Það er ekki hin eiginlega umræða sem því miður fer allt of sjaldan fram í þingsölum. Umræðan og upplýsingin eru grundvöllur hins lifandi lýðræðis. Því hefði ég viljað beina til hv. framsögumanns hvort ekki væri við hæfi að bæta þeim þætti inn í tillöguna vegna þess að upplýsingadreifingin og hin eiginlega umræða er útgangspunkturinn í því að lýðræði geti orðið upplýst og virkt. (**Gripið fram í:** Þetta er í tillögugreininni.) Það vantar hins vegar, má segja, og ég minnist þess að í grein frá bandarískum fréttamannasamtökum var m.a. lýst áhyggjum yfir því að í bandarískum fjölmiðlum væri skemmtigildið farið að vera ráðandi, meira að segja í fréttaflutningi. Það tengist að sjálfsögðu hinni lýðræðislegu upplýsingu og upplýsingadreifingu en það eru þættir sem er mjög mikilvægt fyrir okkur, líka hér í heimspekilegri umræðu um lýðræði, að velta upp.

Fjölmiðlar eru oft nefndir fjórða valdið. Áhrif þeirra á störf þingsins og í samfélaginu eru mikil og þess vegna þarf að huga vel að þeim þætti.

Ég vil í annan stað nefna flokka. Þeir eru mikilvægir, þeir eru jú það form sem er ein af undirstöðum lýðræðis. Það vekur áhyggjur að umræða um hina pólitísku flokka er því miður allt of oft neikvæð. Við sjáum þróunina á Norðurlöndum *þar sem virk þátttaka fólks í pólitískum flokkum* fer minnkandi. Það má segja að hér sé sama tilhneiging og það er bara það samfélag sem við búum í og þar sem margt lifandi er að gerast. Það er margt sem togar í og fólk nennir ekki að verja tíma sínum í pólitískt skak. Þetta er umhugsunarefni og bendir til þess að lýðræðisríkið sé að veikjast hvað þetta varðar því að lýðræðið byggir jú á hinni virku þátttöku lýðsins.

Svo er hin eilífa umræða um fjármál flokkanna. Hún er á ákveðnum villigötum líka. Annars vegar heyrum við að þegar verið er að veita pólitísku flokkunum stuðning frá hinu opinbera hneykslast margir yfir því. Ég er ekki í þeirra hópi, ég tel eðlilegt að styrkja hina pólitísku flokka fjárhagslega vegna þess að þeir eru ákveðin undirstaða að lýðræðislegri umræðu hér. Þegar hins vegar fyrirtæki og einstaklingar styrkja flokka er það oft gert tortryggilegt. Auðvitað er ástæða til að bókhaldið sé opið og eðlilegt, eins og hér hefur verið fjallað um. Það er ákveðinn tvískinnungur í þessu. Það er gert neikvætt ef utanaðkomandi aðilar styrkja flokka og líka ef hið opinbera styrkir flokkana. Flokkarnir þurfa á fjármagni að halda til að starfa og einhvers staðar frá þarf þá það fjármagn að koma.

Hvað varðar þrískiptingu valdsins held ég að dómsvaldið sé í ágætum röðum hér en við þurfum að skoða hvernig. Framkvæmdarvaldið er mjög sterkt og hefur líklega verið alla tíð. Völd hafa verið að færast frá stjórnmálamönnum og út á markaðinn.

Ég sé að tími minn er að renna út þannig að eins og við var að búast næ ég ekki að ljúka máli mínu. Ég tel ástæðu

til að skerpa á aðskilnaði, sérstaklega milli framkvæmdarvalds og löggjafarsamkomu, en ekki síst tel ég mikilvægt að leggja áherslu á að eiginleg umræða eigi sér stað, ekki síst upplýsingagjöfin þannig að fólk verði upplýst og meðvitað í pólitískri umræðu.

[16:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni kærlega fyrir þann góða skilning sem hann sýnir tillögu sem nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í broddi fylkingar hafa flutt hér.

Í ræðu sinni drap hv. þm. Hjálmar Árnason á fjármál og fjárreiður stjórnmálaflokka. Hann sagði að ekki ætti að gera það tortryggilegt þó að stjórnmálaflokkar fengju framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum. Það hefur hins vegar verið gert tortryggilegt og það er ákaflega auðvelt að gera það tortryggilegt.

Mig langar þess vegna að spyrja hv. þm. hvort hann geti tekið undir þá skoðun sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur tekið undir að fjárreiður stjórnmálaflokkanna og uppgjör eigi að fara til skoðunar og athugunar hjá Ríkisendurskoðun sem skilar þá skilagrein sinni til stjórnmálaflokkanna, eftir atvikum til forseta þingsins, með þeim athugasemdum sem þar kunna að vera. Ég tel að Ríkisendurskoðun gæti með þessu móti orðið eins konar varðgæslumaður lýðræðisins í þessum efnum. Það er ekki óeðlilegt að leita til hennar með þetta vegna þess að stjórnmálaflokkarnir fá jú obbann af því fjármagni sem þeir nota til þess að reka sig fyrir frá ríkinu. Þess vegna er þetta nokkuð rökrétt og skynsamleg hugmynd.

Hæstv. viðskiptaráðherra hefur nýlega tekið undir að svona gæti þetta verið og henni félli við þessa hugmynd. Mig langar að spyrja hvort hv. formaður þingflokks Framsóknarflokksins, Hjálmar Árnason, sé á svipaðri skoðun.

[16:46]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Milli mín og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra er sjaldan mikill ágreiningur og ég tel þetta alls ekki slæma leið. Aðalatriðið er að eyða þeirri tortryggni sem ég tel að hafi að mörgu leyti verið sköpuð í umræðum hér á Alþingi þar sem stundum hafa komið fram eins konar dylgjur — þá á ég við stjórnarandstöðuflokka allra tíma — í garð hinna flokkanna og vegna slíkra dylgna hafi þessi tortryggni orðið nokkuð lifandi í samfélaginu. Við vitum að líklega hafa flest stærstu fyrirtækin styrkt alla pólitísku flokkana.

Þessi umræða hefur líka, eins og ég nefndi áðan, stundum verið gerð tortryggileg þegar hið opinbera hefur veitt fjármuni til flokkanna. Og það er ekkert óeðlilegt þegar umræðan verður á þann hátt hér inni á þingi að þá taki sjónarmið fólks sem fylgist með þeirri umræðu nokkuð mið af því.

Það er eðlilegt að reyna að eyða þessari tortryggni og ég ítreka þá skoðun mína að það er mjög mikilvægt að hinir pólitísku flokkar fái fjárstuðning, bæði frá stuðningsmönnum sínum og fyrirtækjum sem vilja styðja þá. En það þarf þá að vera þannig að slíkt sé hafið yfir allar grunsemdir eða að við þurfum að haga tali okkar eins og stundum gerist hér. Ríkisendurskoðun getur verið prýðileg leið sem öryggisventill í þessu viðmiði.

Það hefur verið talað um að sumir flokkar, eins og ég hygg flokkur hv. formanns Samfylkingarinnar sem beindi til mín fyrirspurn áðan, gefi ekki upp gefendur sem eru yfir einhverri tiltekinni upphæð. En við vitum að það er mjög auðvelt að fara í kringum þetta, t.d. með því að lækka upphæðir. Þetta er á engan hátt einfalt mál.

[16:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki er ég alveg viss um að það sé rétt hjá hv. þm. að það séu einkum stjórnarandstöðuflokkar hverju sinni sem tortryggi fjárframlög til stjórnmálaflokka og þá á hv. þm. væntanlega við stjórnarflokka. Ég held hins vegar að það sé eðlileg tortryggni sem alltaf er til staðar í upplýstu og opnu samfélagi gagnvart flokkum sem vitað er að þiggja framlög frá fyrirtækjum og svo er um alla flokka á Alþingi Íslendinga. Það er fullkomlega eðlilegt að almenningur setji fram kröfu um að hann geti gengið úr skugga um hvort fjárframlög hafi einhver áhrif á afstöðu stjórnmálaflokka eða einstakra stjórnmálamanna.

Ég tel þannig, frú forseti, að ekki sé bara nauðsynlegt að setja skýrar reglur um fjárframlög til stjórnmálaflokka heldur ekki síður til stjórnmálamanna. Við skulum ekki gleyma því að eins og kerfinu er háttað í pólitík þurfa stjórnmálamenn oft að ganga í gegnum mjög erfið og kostnaðarsöm prófkjör. Hvaðan fá þeir peninga til þess að kosta milljóna baráttu? Væntanlega frá fyrirtækjum og þannig hefur það verið. Sumir hafa rekið óheyrilega dýra kosningabaráttu. Mér finnst það sanngjörn og eðlileg krafa að það liggi ljóst fyrir hvar menn fá peninga til þess. Þetta á að gilda bæði um stjórnmálamenn og stjórnmálaflokka.

Það er rétt sem hv. þm. sagði, það á að vera hægt fyrir einstaklinga að styrkja stjórnmálaflokka þannig að slíkt sé hafið yfir alla tortryggni og ég er ánægður með að hv. þm. segir: Öryggisventillinn, sem á að gæta hagsmuna almennings í þessu tilliti, gæti sem best verið Ríkisendurskoðun. Mér finnst það mikilvægt að í þessari umræðu skulum við tveir, hæstv. viðskiptaráðherra og hv. þm. Helgi Hjörvar, sem hefur vakið máls á þessu, öll vera sammála um þetta. Það veit á gott í þessu máli.

[16:51]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Aðalatriðið er, virðulegur forseti, að stjórnmálaflokkar eru nauðsynlegir lýðræðisins vegna. Til þess að stjórnmálaflokkar geti starfað af krafti og öfluglega í þágu lýðræðis þurfa þeir á fjármagni að halda. Það má taka undir það sem forsvarsmenn sumra fyrirtækja hafa sagt opinberlega að þeir líti á það sem lýðræðislega skyldu sína að láta fé af hendi til stjórnmálaflokkanna, og þá til allra stjórnmálaflokka.

Það sama á við um einstaklinga sem vilja styðja þá og sama hugsun er að baki þess þegar Alþingi ákveður framlög til stjórnmálaflokkanna. Þetta er í þágu lýðræðis vegna

þess að stjórnmálaflokkarnir eru ákveðinn grundvöllur lýðræðisins.

Við þurfum hins vegar að lyfta þessu yfir tortryggni og það mætti fara þá leið að Ríkisendurskoðun setti einhverjar reglur. Ugglaust væru einhverjir sem mundu sniðganga slíkar reglur, eins og Íslendingar eru frægir fyrir. En einhver viðmið þarf að hafa og ég ítreka að mér hugnast ágætlega sú hugmynd að nýta Ríkisendurskoðun sem slíkan öryggisventil.

Það er rétt sem hv. þm. nefndi að þetta nær ekki einungis til stjórnmálaflokka heldur einnig til þeirra rándýru prófkjöra sem voru haldin í aðdraganda síðustu kosninga. Það er vitað að einstaklingar þurfa að kosta milljónum króna til að tryggja sér öruggt sæti á lista og þá hafa menn einmitt verið að velta upp þessari spurningu: Eru einstakir þingmenn að láta kaupa sig? Ég trúi ekki að svo sé hjá neinum þeirra sem nú eru inni á þingi en það er ástæða til að líta einnig á þennan þátt. Hver er staða þingmanns sem í prófkjörsbaráttu sinni hefur hugsanlega þegið milljónir frá fyrirtæki, hver er staða viðkomandi þingmanns siðferðilega gagnvart slíku fyrirtæki þegar á hólminn kemur? Þetta eru mál sem okkur ber að fara yfir.

[16:53]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru góð tíðindi að hv. þm. Hjálmar Árnason hvetji stjórnmálaflokkana til þess að opna bókhald sitt. Við í Frjálslynda flokknum höfum opið og endurskoðað bókhald sem má sjá á heimasíðu flokksins.

Sú leynd sem hvílir yfir bókhaldi flokkanna er ávísun á spillingu og hér í þinginu hafa ekki eingöngu stjórnarandstöðuflokkar bent á það heldur einnig prófessorar í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Í þætti nýlega benti t.d. Svanur Kristjánsson á að Essó hafi dælt peningum ríflega í Framsóknarflokkinn, hann hafi verið á föstum fjárframlögum.

Það kom einnig fram í ágætu blaði fyrr í vor að Framsóknarflokkurinn hafi verið í fastri áskrift hjá Baugi. Þetta er ástand sem er ekki líðandi, og það er gott ef framsóknarmenn eru farnir að sjá að sér og vilja bæta úr þessu. Það á ekki að bjóða íslenskum kjósendum upp á að þurfa að kjósa flokka sem eru styrktir með leynilegum fjárframlögum. Þetta er kerfi sem hvergi líðst í Evrópu, þó með einni undantekningu held ég. Við höfum fengið tilmæli frá Evrópuráðinu um að þessu þurfi að breyta og það er gott ef framsóknarmenn eru farnir að sjá að sér í þessum efnum.

[16:54]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér hefur farið fram uppbyggileg umræða en ég tel að hv. þm. hafi komið með örlítinn stílbrjót í hana. Við erum að ræða fræðilega um þessa úttekt, það er tilgangurinn með þingsályktunartillögunni, þess vegna kýs ég að svara ekki þeim fáránlegu ásökunum sem þingmaðurinn kom með og enginn fótur er fyrir. Það hefur komið fram í umræðunni, bæði hjá hv. framsögumanni og einnig reyndi ég að draga það fram, að þetta er sú regla sem hefur verið við lýði hjá öllum pólitískum flokkum en nýburinn, Frjálslyndi flokkurinn, hefur kosið að birta bókhald sitt og það er vel. Þessa dagana eru hinir pólitísku flokkar og eldri flokkar einmitt að fjalla um þetta og ég tel að sú þingsályktun sem hér er flutt sé innlegg í þá umræðu. Við eigum að ræða hvernig við viljum sjá málin skipast í framtíðinni en ekki vera að velta upp einhverri vitleysu eins og hv. þm. gerði sig sekan um.

[16:56]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason talar um fáránlegan málflutning og segir að þetta eigi ekki við rök að styðjast. En þetta er nú ekki fáránlegra en svo að prófessor við Háskóla Íslands hefur nýlega haldið þessu fram. Þetta er til umræðu í þjóðfélaginu núna og er eitt af því sem framsóknarmenn verða að horfast í augu við. Ég hélt að hv. þm. hefði séð að sér, að þetta væri eitthvað sem þyrfti að breyta. Fjárframlög flokkanna þurfa að vera uppi á borðinu og þetta gerir alla umræðuna ómerkilega.

Ég skil vel að hann vilji ekki svara þessu efnislega heldur snúa út úr og tala um fáránlegan málflutning. En þetta er málflutningur sem prófessor í Háskóla Íslands heldur fram og menn verða að horfast í augu við það. Að stjórnmálaflokkar leyni hverjir leggi fram fé í kosningasjóði þeirra er ástand sem líðst hvergi annars staðar í Evrópu.

Auðvitað á þetta ekki að líðast og þetta er ekki einhver heimspekileg umræða, við erum að tala um Ísland í dag. Að leyna því hverjir greiði í kosningasjóði Framsóknarflokksins er í rauninni eitthvað sem menn eiga ekki að sætta sig við og um það eigum við að sameinast.

Ég taldi að ábending mín félli í góðan jarðveg hjá hv. þm. en svo er ekki að heyra. En ég vona að hann komi hér í annað andsvar og taki ábendingunni betur, ræði þetta með málefnalegri hætti og horfist í augu við að þannig er umræðan í þjóðfélaginu og meira að segja í Háskóla Íslands.

[16:58]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Prófessor í Háskóla Íslands sagði það, þar með er það rétt.

Ég hef mikla trú á menntuðu fólki en það kemur fyrir að menntað fólk hafi rangt fyrir sér og ég hygg að hv. þm. geri sér grein fyrir því. Jafnvel prófessorum í háskólanum getur orðið á í messunni og ég tel að umræddur prófessor, sem hv. þm. vísar til, hafi farið með staðlausa stafi og það er mjög auðvelt að færa rök fyrir því (**Gripið fram í:** Opna bókhaldið.) bara með því að bera saman annars vegar fullyrðingu hans og hins vegar yfirlýsingu frá fulltrúum olíufélaganna að undanförnu (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að opna bókhaldið?) og bera það saman.

Hv. þm. fékk sínar tvær mínútur og nú væri ráð að hann þegði á meðan ég klára þetta.

Ég vil svo segja að ég skildi ekki alveg ræðu hv. þm. í umræðunni. Hér liggur fyrir þingsályktun um að fara efnislega í þróun valds og lýðræðis á Íslandi, þar á meðal að skoða bókhald flokka, allra flokka. En hv. þm. festir sig mjög gjarnan við Framsóknarflokkinn í þessari umræðu, eins og oft áður einhverra hluta vegna, og það ber að fagna áhuga hv. þm. á Framsóknarflokknum. En hér er verið að ræða ástand, eins og er margbúið að koma fram og hv. þm.

virðist ekki skilja, þetta er sú vinnuregla sem hefur verið hjá öllum flokkum og fram hefur komið vilji hjá þeim öllum til þess að finna lausn þannig að það verði opnað.

Ef hv. þm. ætlar að taka þátt í almennri umræðu þá á hann ekki að tala með þeim hætti sem hann hefur gert hér. Það er ekki til þess að bæta umræðuna en ég vona að umræðan haldi samt áfram á málefnalegri nótum en í innskoti hv. þm.

[17:00]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er búið að vera athyglisvert að hlýða á þær umræður sem skapast hafa hér um tillögu til þingsályktunar um rannsókn og þróun valds og lýðræðis. Mikið er undir. Þetta er, eins og fram kom í máli þeirra sem hér hafa talað, merkileg tillaga til þingsályktunar. Það er mjög mikilvægt að rekja áhrif þeirrar miklu og öru þróunar sem hefur átt sér stað á síðustu 10–15 árum í valdahlutföllum í samfélaginu og í lýðræðislegri uppbyggingu þess. Margt hefur gjörbreyst. EES-samningurinn á sínum tíma breytti miklu. Það má færa rök fyrir því að um leið og hann hafði mjög mikinn efnahagslegan ábata fyrir samfélagið og margvíslegan annan eins og með löggjöf um samkeppnismál og fleira hafi hann einnig og um leið veikt löggjafarvaldið verulega. Margt annað hefur að mínu mati orðið til þess, virðulegi forseti, að veikja löggjafarvaldið á Íslandi á síðustu árum. Við höfum öll skynjað þá þungu umræðu sem er í samfélaginu um að löggjafarvaldið sé undirselt sterku framkvæmdarvaldi, að foringjaræði stjórnarflokkanna sé algjört og svo mætti lengi telja.

Ekkert af þessu er úr lausu lofti gripið og margt af þessu er rétt. Sterkir foringjar í stjórnmálaflokkunum sem hafa beitt valdi sínu nokkuð miskunnarlaust til að brjóta flokka sína undir sig og sinn pólitíska vilja hafa orðið til þess að Alþingi Íslendinga virkar oft og tíðum eins og stimpilstofnun fyrir löggjöf sem kemur beint frá framkvæmdarvaldinu. Frumkvæði löggjafarvaldsins í smíði löggjafar og tilurð er allt of lítið.

Margt mætti annað nefna, t.d. einkavæðinguna sem hefur einnig fært mikil völd frá stjórnmálamönnum til markaðarins og er í sjálfu sér mjög jákvæð þróun að mörgu leyti. Hins vegar er einnig auðvelt að færa rök fyrir því að sú valdatilfærsla, frá kjörnum fulltrúum samfélagsins yfir til viðskiptalífsins, hafi ekki leitt af sér þá valddreifingu sem við viljum sjá og við krefjumst, við flutningsmenn þessarar tillögu sem og flestir sem taka þátt í stjórnmálum á Íslandi. Markmiðið er að dreifa valdi milli löggjafarvalds, sveitarstjórnarstigsins, hins frjálsa markaðar o.s.frv. Þróunin á markaði hefur að mörgu leyti verið nokkuð háskaleg. Eignasamþjöppunin hefur orðið mikil og því er það dreifræði ekki til staðar sem við teljum að eigi að vera til staðar.

Þetta er þróunin sem menn fundu út í Danmörku að hefði átt sér stað síðustu árin. Í þessari mjög svo vönduðu og ítarlegu greinargerð með tillögunni eru raktar helstu niðurstöður úr sambærilegum niðurstöðum á þróun valds og lýðræðis sem gerðar hafa verið í grannlöndum okkar, Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Eru þær niðurstöður merkilegar og varpa ljósi á hve ör þróunin hefur verið þótt hún hafi að mörgu leyti verið með öðrum hætti þar. Eins og allir vita er Danmörk aðili að Evrópusambandinu og býr þar af leiðandi ekki við þann gríðarlega lýðræðishalla sem má færa rök fyrir að við búum við út af EES-samningnum og er ein af ástæðum þess að Íslendingar ættu nú að huga að því að sækjast eftir fullri aðild að því ágæta sambandi. Margt annað kemur fram í þessari greinargerð um ástand mála annars staðar á Norðurlöndunum.

Þróunin er eins og ég segi um margt háskaleg. Völd löggjafarvaldsins, Alþingis, hafa að mínu mati minnkað. Við þurfum að ná utan um þessa þróun. Við þurfum að vita það. Við þurfum að hafa á borðinu fyrir framan okkur raunhæft mat á þróun valds og lýðræðis þannig að umræðan sem við erum að taka hæði hér á hinu háa Alþingi og í samfélaginu sé byggð á sterkum rökum, ítarlegum rannsóknum og greinargóðu mati á stöðunni í samfélaginu. Það er auðvelt að halda því fram, hæði úr þessum ræðustól og annars staðar þar sem pólitísk umræða á sér stað, að þróunin hafi verið býsna háskaleg á mörgum sviðum og að vald löggjafans sé allt of lítið, allt of veikt og hafi veikst þannig að fulltrúalýðræðið þjóni ekki með fullnægjandi hætti hlutverki sínu, spegli ekki valdahlutföllin í samfélaginu, völd stjórnmálamanna eða Alþingis séu að mörgu leyti orðin of lítil á kostnað hins gífurlega yfirgangssama framkvæmdarvalds annars vegar og hins vegar út af þróun á markaði.

Mig langaði að skjóta því einnig að vegna orða hv. þm. Hjálmars Árnasonar áðan um stöðu fjölmiðlanna að þeir eru ríkur þáttur í þessari þingsályktunartillögu, eins og sagt er hér, með leyfi forseta:

„Jafnframt er lagt til að metið sé vald fjölmiðla og áhrif þeirra á samfélagsþróunina, en í sambærilegri rannsókn sem unnin hefur verið í þremur öðrum norrænum ríkjum var þessi þáttur einnig hluti viðfangsefnisins.“

Það er mjög skýrt tekið fram að slík úttekt á þróun valds og lýðræðis verði að innihalda úttekt á þróuninni á sviði fjölmiðlunar.

Það er athyglisverð setning einhvers staðar í tillögunni um það hvernig þáttur stjórnmálaflokkanna hefur breyst og veikst í raun og veru í samfélaginu og að fjölmiðlarnir hafi nú það hlutverk með höndum að vera hinn beini milliliður á stjórnmálamannanna og fólksins í landinu, þess sem hlustar á fjölmiðlana. Fólkið tekur sem sagt í minna mæli þátt í stjórnmálabaráttunni þó að sú þróun hafi alls ekki verið eins dramatísk á Íslandi og t.d. í Danmörku, þar sem þátttaka í stjórnmálaflokkunum hefur bókstaflega hrunið úr því að vera yfir 200 þúsund meðlimir niður í að vera örfáir tugir þúsunda. Ég held að sú þróun hafi ekki átt sér stað hér en alvöruþátttaka í starfi flokkanna er ekki nándar nærri eins og var í gamla daga.

Að lokum, af því að tími minn er að renna út, þá þarf að mínu mati að grípa til aðgerða sem væri best að gera á forsendum slíkrar úttektar á þróun valds og lýðræðis til að skerpa skilin á milli löggjafa, dómsvalds og framkvæmdarvalds verulega. Það þarf að skerpa skilin og taka þá umræðu alveg upp á nýtt. Til þess eru nokkrar róttækar leiðir, t.d. að ráðherrar gegni ekki þingmennsku — sem ég er ekki alveg sannfærður um en má vel skoða. Svo má kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu, kjósa forsætisráðherra beinni kosningu, forsætisráðherra sem síðan velur sér ríkis-

stjórn eftir vissum reglum og leiðum sem aftur á móti Alþingi gæti haft eitthvað um að segja, þ.e. hverjir tækju þar sæti. Ég held að við eigum að skoða þá leið mjög vandlega núna í allri umræðu um stjórnarskrárbreytingar og þróun valds og lýðræðis að kjósa framkvæmdarvaldið beinni kosningu.

Vilmundur Gylfason og Gylfi Þ. Gíslason, fyrrum þingmenn og ráðherrar, skildu eftir sig ítarleg plögg um þetta sem við, sumir þingmenn Samfylkingarinnar, notum nú til grundvallar tillögugerð um beina kosningu framkvæmdarvaldsins.

[17:08]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég fagna þessari framkomnu þingsályktunartillögu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og fleiri þingmenn Samfylkingar leggja fram um að rannsaka skuli þróun valds og lýðræðis hér á landi.

Í þessari vönduðu þingsályktunartillögu ásamt góðri greinargerð kemur margt fróðlegt fram sem ég hvet fólk til að renna yfir og glöggva sig á. Eitt af þeim atriðum er þrískipting ríkisvaldsins sem er að sjálfsögðu grundvöllur stjórnskipunar- og ríkisvalds okkar, bæði sem óskráð meginregla og sömuleiðis með beinum hætti í stjórnarskránni.

Eitt hefur komið mér á óvart sem nýjum þingmanni, búinn að vera á þingi í rúmlega eitt ár, og það er hvernig þessi þrískipting ríkisvalds er virt á hinu háa Alþingi. Svo virðist sem framkvæmdarvaldið hafi mun meiri völd en stjórnarskrárgjafarnir höfðu í huga þar sem löggjafarvaldið átti skýrt að liggja hjá Alþingi ásamt fjárveitingavaldinu. Hér má nefna í framhjáhlaupi notkun löggjafarvaldsins á hinum svokölluðu fjáraukalögum.

Það er annað sem hefur komið mér á óvart, hið mikla reglugerðarvald sem ráðherrar virðast hafa í samfélagi okkar. Nú er til umræðu í hv. allsherjarnefnd frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra um skerðingu á rétti til gjafsóknar. Í þeirri umfjöllun fengum við að sjá drög að reglugerð sem átti að fylgja með þessari lagabreytingu sem er að einhverju leyti byggð á núverandi reglugerð hvað þetta varðar en þar kemur í ljós að nánast allar efnislegar takmarkanir hvað varðar gjafsókn í þessu tilviki er að finna í sjálfri reglugerðinni en ekki í lögunum. Í reglugerðinni koma fram þessar takmarkanir á gjafsókn. Þar er tekið fram tekjuviðmiðið og þar er beinlínis tekinn út einn flokkur mála sem er ekki gjaldgengur til að fá gjafsókn, þar eru t.d. meiðyrðamálin, en slíka takmörkun er ekki að finna í sjálfu frumvarpinu. Þess vegna fær þessi efnislegi þáttur enga þinglega meðferð. Þetta er nokkuð sem við sjáum víða.

Við sjáum einnig hvernig þetta þing starfar varðandi venjuleg þingmál hv. þingmanna. Hér virðist vera lenska að þingmál óbreyttra hv. þingmanna endi yfirleitt í nefnd og sofni þar. Í raun fá þá viðkomandi mál ekki þinglega meðferð.

Þetta er nokkuð sem kom mér mjög á óvart þegar ég settist nýr á þing. Ég vil rifja upp það sem umboðsmaður Alþingis sagði fyrir skemmstu um að þetta væri ekki góð þróun og gæti verið ein af skýringunum á því af hverju við búum við þetta fyrirspurnaflóð frá þingmönnum eins og margir hafa bent á. Það gæti verið vegna þess að hv. þingmenn sjá ekki aðra leið til að fá þinglega meðferð fyrir hugðarefni sín eða baráttumál en með fyrirspurnum. Í fyrirspurnatíma er tryggt að ráðherrann þurfi að svara þeim. Eins og fólk sér sem fylgist með eða les er enginn ráðherra viðstaddur þessa umræðu.

Við sjáum einnig að vald embættismanna í kerfi okkar er gríðarlegt. Ég hef orðið vitni að því sem nýr þingmaður að þingmenn stjórnarmeirihlutans vilja bera ákveðnar hugmyndir undir embættismannakerfið og eru mjög varfærnir í að breyta einhverju sem kemur frá ráðuneytinu. Sá er bara raunveruleikinn að flest þau lagafrumvörp sem eru samþykkt á hinu háa Alþingi eru frumvörp sem embættismenn semja nánast frá A til Ö. Ég held að það væri skynsamlegt að þetta væri að einhverju leyti öfugt, að frumkvæðið og efnislegar hugmyndir kæmu frá þingmönnunum sem hafa löggjafarvaldið og svo færu embættismennirnir yfir þær og mætu hvort allt stæðist og væri í lagi. Þetta er algjörlega öfugt eins og menn sjá þegar þeir kynnast þessum heimi.

Mig langar líka til að koma inn á annan þátt sem kom mér einnig á óvart sem nýjum þingmanni, áhrif þrýstihópa eða svokallaðra lobbíhópa. Lobbíismi eða þrýstingur á kjörna fulltrúa er miklu meiri en mig grunaði. Þetta er eitthvað sem við þurfum að vera á varðbergi gagnvart. Þrýstihópar eiga að sjálfsögðu alveg rétt á sér og hagsmunahópar eiga rétt á að koma upplýsingum til kjörinna fulltrúa en þetta er eitthvað sem hefur verið að vaxa hafa menn bent á. Þetta er eitthvað sem við þurfum að passa okkur á. Við sjáum að ákveðin öflug félagasamtök og fyrirtæki hafa beinlínis launaða starfsmenn til að sjá um slíka hluti. Ein afleiðingin af þessu er að aðrir hópar sem hafa ekki tök á að hafa þessa launuðu starfsmenn, eða stunda öflugan lobbíisma, geta orðið út undan. Gott dæmi er ákveðnir hópar sjúklinga, jafnvel ákveðnar menntastofnanir sem hafa ekki tök á þessu eða vilja. Þetta er eitthvað sem við þurfum einnig að gæta okkar á þegar umræðan er um hvernig þróun valds og lýðræðis er hér á landi.

Ég held að skynsamlegt væri að Alþingi samþykkti þessa þingsályktunartillögu. Þessi rannsókn yrði afar gott yfirlit. Þetta er auðvitað viðamikið verk, enda gera flutningsmenn ráð fyrir rúmum tíma. Rannsókninni á að ljúka eigi síðar en 2008. Ég held að enginn mundi svo sem tapa á þessari skýrslu fyrir utan kostnaðinn við gerð hennar og þessar upplýsingar gætu leitt margt fróðlegt í ljós.

Í greinargerðinni er einnig komið inn á það hvernig vald hefur færst til hér á landi. Á sumum sviðum hefur vald stjórnmálamanna verið að minnka, svo sem á samkeppnismarkaði. Það má kannski minnast sérstaklega í því tilliti á fjármálamarkaðinn. Það er jákvætt. Stjórnmálamenn eiga ekki að vasast í fjármálamarkaðnum. Það á að vera liðin tíð að við séum að skipa hér uppgjafarstjórnmálamenn í bankastjórnir bankanna eða í Seðlabankann. Við eigum að sýna miklu meiri fagmennsku hvað þetta varðar en enn þann dag í dag erum við að sjá pólitískar skipanir á einstaklingum sem tengjast flokkunum með beinum hætti, t.d. í Seðlabankann. Síðasta skipun seðlabankastjóra bar ákveðinn keim af því.

Við eigum að leggja okkur fram um að reyna að minnka vald stjórnmálamanna þegar kemur að samkeppnismarkaðnum. Annar vinkill á þessu sem ég vil nefna er hvernig

umhverfi okkar í landbúnaðinum er háttað. Landbúnaðinum er miðstýrt frá A til Ö og ítök stjórnmálamanna eru þar mikil. Þetta er eitt af þeim sviðum sem við eigum að ræða og reyna að losa úr viðjum stjórnmálamanna og miðstýringar en stjórnarmeirihlutinn hefur ekki viljað ljá máls á því. Síðasta vor voru fjörugar umræður hvað þetta varðar og hér kom hver sjálfstæðismaðurinn á fætur öðrum og varði það úrelta kerfi sem þar er að finna. En þetta er auðvitað angi af þeim sama meiði að við eigum að takmarka vald stjórnmálamanna á samkeppnismarkaði og ég tel að landbúnaðurinn sé slíkur markaður.

Tími minn er að klárast. Þetta er afskaplega jákvæð þingsályktunartillaga og greinargerðin er mjög viðamikið og gott plagg. Ég sé ekki ástæðu fyrir því að við ættum ekki að samþykkja hana. Ég tek undir það sem hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsóknar, talaði um. En hann talaði um tillöguna á jákvæðum nótum. Ég sé því enga fyrirstöðu fyrir því að við hér á þingi samþykkjum hana, bara helst fyrir jól.

[17:16]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það má segja að sú þingsályktunartillaga sem hér er flutt lúti í raun að því að finna svar við spurningunni: Hvar liggur valdið í íslensku samfélagi?

Til skamms tíma held ég að menn hafi verið sammála um að valdamiðjan í samfélaginu lægi á hinu háa Alþingi. Á síðasta áratug hafa orðið verulegar breytingar á samfélaginu sem hafa leitt til þess að valdið liggur ekki á hinu háa Alþingi í jafnríkum mæli og áður. Það hefur flust til stofnana framkvæmdarvaldsins en það hefur líka flust út á markaðinn. Markaðurinn hefur með auknu frelsi sótt sér eða sogað til sín vald sem áður var hér. Fjármálalegar og efnahagslegar ákvarðanir sem áður voru teknar í skjóli löggjafarvaldsins af handhöfum framkvæmdarvaldsins og vörðuðu mikilvæga þætti eins og vaxtamál og þau kjör sem íslensk alþýða og íslensk fyrirtæki bjuggu við, er núna með vissum hætti ráðið til lykta af lögmálum sem virka á hinum frjálsa markaði. Ég er síður en svo að halda því fram að það sé slæmt. Hins vegar skýtur það stoðum undir þá staðhæfingu hv. flutningsmanns Jóhönnu Sigurðardóttur að valdið sem áður var hér sé komið út til efnahagslegra blokka og að rannsaka þurfi með hvaða hætti það vald er notað og sömuleiðis, sem er önnur þungamiðja þessarar tillögu, að rannsaka tengsl hins pólitíska og efnahagslega valds.

Ég vil líka segja að þegar ég tala um að valdið hafi færst frá Alþingi á síðasta áratug þá er ég ekki síst að horfa til þeirrar þróunar sem ég hef séð gerast fyrir framan við mig og í kringum mig, bæði sem alþingismaður og ráðherra. Hún felst í því að eftir því sem hlutverk ríkisvaldsins verður flóknara, stofnanir þess burðugri og viðameiri og verkefni ríkisvaldsins stærri að vöxtum, er erfiðara um vik fyrir Alþingi að vasast í ákvörðunum sem áður voru stórar en eru ekki lengur stórar vegna þess hversu umfang verkefna er orðið mikið. Þetta hefur leitt til þess að valdið hefur með lögum verið flutt yfir til ráðuneyta, yfir til embættismannakerfis. Í vaxandi mæli er verið að veita stofnunum, þ.e. ráðuneytum framkvæmdarvaldsins, heimildir til þess að ráða til lykta mjög mikilvægum málum sem varða hag og heill allrar þjóðarinnar, alls samfélagsins, með reglugerðum.

Hverjir setja þær reglugerðir? Það er í vaxandi mæli hinn nafnlausi skari embættismanna sem stöðugt vex og þeim er stöðugt að fjölga. Þeir eru að verða ákaflega valdamikið afl í samfélaginu. Það eru sérfræðingar sem búa til reglugerðir sem aldrei koma í reynd til kasta Alþingis í sama mæli og lög, sem tóku jafnvel á ýmsum smáum tönnum í gangverki samfélagsins, gerðu áður. Þetta gerir það að verkum að það er ákaflega erfitt oft og tíðum fyrir löggjafann að veita það aðhald gagnvart framkvæmdarvaldinu sem þó er mælt fyrir um í stjórnarskránni. Þetta er einn angi af því valdaafsali sem hefur með sjálfviljugum hætti átt sér stað af hálfu Alþingis. Það er erfitt að snúa þessu við en ég held að þetta sé óheillavænlegt. Ég held að það sé ákaflega erfitt að snúa þessari þróun við vegna þess að þetta er partur af því sem gerist þegar þjóðfélagið verður flóknara og tæknivæddara og verkefnin stærri sem framkvæmdarvaldið þarf að ráða fram úr fyrir þegnana.

Önnur þróun hefur líka átt sér stað sem er ekki sjálfviljug af hálfu þingsins. Hún felst í því að framkvæmdarvaldið hefur orðið æ langtækara og stórtækara þegar það hefur verið að seilast eftir völdum. Við búum við dálítið sérstakt kerfi á Íslandi þar sem situr tveggja flokka ríkisstjórn sem hefur núna bráðum setið í hartnær áratug. Þessi ríkisstjórn hefur haft mjög sterkan þingmeirihluta, sterkan í þeirri merkingu að hún hefur haft mikið afl á Alþingi og ekki hikað við að neyta aflsmunar gagnvart stjórnarandstöðunni. Í vaxandi mæli hefur þetta leitt til þess að þingið og þingmenn stjórnarliðsins hafa staðið frammi fyrir ákvörðunum sem búið er að taka í sölum valdsins í ráðuneytunum. Það er enginn sem getur staðið upp og skekið sig framan í valdið og brotið af sér ok þess. Í vaxandi mæli sjáum við jafnvel að hugdettur og dyntir einstakra sterkra valdamanna leiða til þess að til verða frumvörp til laga sem varða grundvallarþætti í samfélaginu og þau eru lögð fram á hinu háa Alþingi. Jafnvel þó að í ljós komi að fáir, mér liggur við að segja enginn eins og í tilviki fjölmiðlafrumvarpsins sem kom fram á síðastliðnu vori, finni til einhverrar sérstakrar löngunar til þess að styðja slík mál eru þau eigi að síður keyrð hér fram í krafti offors og valdbeitingar.

Ég hef orðað það svo að þetta sé partur af því sem megi kalla ráðherraræði á Íslandi. Fjölmiðlalögin voru dæmi um það. Það var einn ráðherra, páverandi forsætisráðherra, sem tók þá ákvörðun að það væri nauðsynlegt að stemma stigu við ákveðinni þróun í samfélaginu með þessum lögum. Það var nánast enginn annar í sölum Alþingis sem var honum sammála. En málið fór í gegn, vegna þess að hér ræður ríkjum það sem hefur jafnvel stundum á heldur ófegurra máli verið kallað „rassvasalýðræði". Rassvasalýðræði má skýra þannig að það er einn ráðherra sem ræður öllu í ríkisstjórn. Þannig hefur það verið í töluvert mörg ár, til skamms tíma a.m.k. Þessi ráðherra hefur getað í gegnum ægivald sitt í ríkisstjórninni komið fram því sem hann vill og ríkisstjórnin síðan sem fulltrúi hans gagnvart stjórnarflokkunum hefur í reynd sett þá frammi fyrir ákvörðunum sem stjórnarflokkarnir hafa ekki getað breytt. Þar með hefur þingmeirihluti verið fyrir ákvörðunum sem jafnvel hafa ekki verið ræddar í þingflokkum stjórnarliðsins.

Annað dæmi um þetta, og ívið verra jafnvel en fjölmiðlamálið, er auðvitað Írak og afstaða okkar til Íraks. Þar var rassvasalýðræðið í sinni allra nöktustu og ljótustu mynd. Þar var það einn ráðherra sem tók ákvörðun og fékk annan ráðherra, formann hins stjórnarflokksins, til liðsinnis. Saman bundu þeir heila þjóð til stuðnings við innrás í Írak án þess að nokkur fengi að koma að ákvörðuninni. Ekki þingflokkar stjórnarinnar, ekki þingflokkar stjórnarandstöðunnar, ekki Alþingi, ekki utanríkismálanefnd, ekki þjóðin, enginn.

Þetta eru dæmi um það hvernig Alþingi í reynd lætur sér lynda valdaafsal til framkvæmdarvaldsins í þeim mæli að ekki er lengur hægt að sitja þegjandi hjá. Slíkri þróun verður að snúa við. Þessi tillaga er fyrsta skrefið til þess.

[17:24]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér mjög merka tillögu til þingsályktunar um rannsókn á þróun valds og lýðræðis. Í henni er sérstaklega nefnd kenningin um þrískiptingu valdsins sem á sínum tíma var sett fram til að verja borgarana fyrir ofurvaldi ríkisins. Hugsunin var sú að það væru þrjár óháðar stofnanir ríkisvaldsins, löggjafarvaldið, framkvæmdarvaldið og dómsvaldið, sem kæmu fram fyrir hönd ríkisins gagnvart borgurunum. Eftir frönsku stjórnarbyltinguna var talið nauðsynlegt að setja þetta á laggirnar til að vernda borgarana fyrir ríkisvaldinu.

Það er ýmislegt hér á landi sem brýtur þessa reglu, t.d. að ráðherrar skuli vera þingmenn. Það hefur verið rætt og liggur fyrir Alþingi hugmynd til umræðu einmitt um það atriði frá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur.

Einnig brýtur það regluna að forseti lýðveldisins, samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar, er ásamt með Alþingi hluti af löggjafarvaldinu og ásamt með ráðherrum hluti af framkvæmdarvaldinu, þ.e. hann er báðum megin. Það er líka nokkuð sem við ræðum á eftir þar sem lagt er til í lagafrumvarpi að forsetaembættið verði lagt af. Allt eru þetta því ákveðnar spurningar sem menn verða að velta fyrir sér.

Bent hefur verið á og er bent á það í greinargerð með þingsályktunartillögunni að frumvörp séu samin annars staðar en á Alþingi og þetta er eitthvað sem ég hef margoft nefnt. Það er nefnilega svo að sá sem setur upp texta í upphafi ræður mjög miklu um endanlega gerð hans og sá sem semur frumvarp í upphafi ræður miklu um hvernig lagasetningin verður. Hann þarf ekki að rökstyðja af hverju þetta og hitt stendur í drögunum sem hann leggur upp. Allir aðrir sem koma að frumvarpinu eftir það þurfa að rökstyðja af hverju þeir vilja breyta því.

Því miður er það þannig þar sem við erum komin með mjög sérhæfða starfsemi, ég nefni t.d. samkeppnislög og margt, margt fleira sem er orðið óskaplega flókið, að þeir einir hafa best vit á þessu sem starfa við framkvæmd laganna. Þeim er oft falið það verkefni að semja lögin og síðan þurfa allir aðrir að rökstyðja breytingar á drögunum sem þeir hafa sett upp. Vald þeirra er því að verða mjög mikið, þ.e. vald sérfræðinganna sem gætu jafnvel verið að smíða vopn í hendurnar á sér í baráttunni við borgarana. Ég nefni t.d. skattalögin í því sambandi, þau eru að miklu leyti samin af fólki sem framkvæmir lögin.

Ég hef lagt fram og reifað hér hugmynd áður, ekki reyndar formlega, að í stað þess að framkvæmdarvaldið semji frumvörp og komi með þau til Alþingis, verði þessu breytt þannig að framkvæmdarvaldið ásamt hagsmunaaðilum, einstaklingum, samtökum og öðrum gætu komið hugmyndum að lagabreytingum og þörf fyrir lagabreytingar á framfæri við nefndir þingsins eða einstaka þingmenn, og síðan tækju nefndirnar ákvörðun um hvort ástæða væri til að semja frumvarp og létu síðan semja frumvarpið á Alþingi. Þau frumvörp yrðu svo rædd og send til ráðuneytis og annarra til að kanna hvernig gengi að framkvæma þau. Það er náttúrlega dálítið undarlegt fyrirkomulag núna að aðilar sem framkvæma lögin, eins og framkvæmdarvaldið, semji frumvörp og síðan séu þingmenn í því að kanna hvernig gengur að framkvæma lögin. Þetta ætti að vera öfugt.

Hugmynd mín gengur út á það að nefndir þingsins semji lög, sendi þau síðan til umsagna til ráðuneytis og annarra aðila í þjóðfélaginu sem málið varðar, eins og gert er í dag að einhverju leyti, og síðan yrði málið afgreitt. Þessu yrði sem sagt snúið við. Þetta er náttúrlega mjög byltingarkennd hugmynd af því að mér skilst að í öðrum þjóðþingum sé þessu nákvæmlega eins farið og er hér á landi núna.

Síðan finnst mér nauðsynlegt að í stjórnarskránni sé einhver staðar minnst á vald Hæstaréttar. Hann er ekki nefndur á nafn í stjórnarskránni. Í stjórnarskránni eru einungis þrjár greinar um dómsvaldið, mjög veikbyggðar að mínu mati. Ég vil gjarnan koma inn ákvæðum um Hæstarétt í stjórnarskrána og alveg sérstaklega þegar Hæstiréttur kemur fram sem stjórnlagadómstóll, þegar hann sker úr um það hvort lög frá Alþingi standist stjórnarskrána. Þá tekur hann sér mjög mikið vald eins og hann hefur gert á undanförnum árum.

Ekki verður litið á þróun valds öðruvísi en að líta á fjármálamarkaðinn og fjármál. Í greinargerð með tillögunni er nefnt það gífurlega vald sem felst hjá lífeyrissjóðunum sem er fé sem ég vil kalla fé án hirðis. Eigandinn er að mínu mati sjóðfélaginn. Ég sé engan annan eiganda að því fé. Það er sjóðfélaginn sem á þetta fé en aðkoma hans að stjórnun þessa fjár er mjög veik. Það eru bara tveir lífeyrissjóðir í landinu sem eru með beint lýðræði og þeir eru frekar litlir. Stærstu sjóðirnir eru með tilnefningar þar sem stjórnir þeirra eru tilnefndar á lokuðum fundum. Stjórnir lífeyrissjóðanna hafa gífurlega mikið vald þar sem þær fara bráðum með eitt þúsund milljarða króna og geta farið að stjórna landinu og miðunum meira og minna og gera það reyndar að miklu leyti.

Ekki er hægt að fjalla um þróun valds og lýðræðis án þess að geta um fjölmiðlavaldið. Fjölmiðlarnir hafa það vald að segja mér hvað er að gerast. Fjölmiðlar segja mér hvað gerist í þjóðfélaginu þannig að ég geti tekið ákvörðun um hvað er rétt eða rangt, tekið afstöðu til mála. Fjölmiðlarnir ákveða þar með hvaða skoðun ég, sem borgari, hef á vissum málum. Þeir geta mótað þá skoðun. Þess vegna er mikilvægt að fjölmiðlar séu óháðir og fjölbreyttir.

Nú hefur það gerst, sem er kannski einsdæmi, að mjög sterkur aðili á fjármálamarkaði er að seilast til valda í fjölmiðlun. Þá vaknar upp spurningin: Hvað gerist ef sá fjölmiðill þarf að gagnrýna þá sem eiga hann? Hvernig standa

málin með aðra fjölmiðla? Eru þeir kannski jafnháðir? Getur verið að starfsmenn annarra fjölmiðla sjái í þessum fjölmiðli möguleika á vinnu, hluta af vinnumarkaði þeirra, jafnvel starfsmenn Ríkisútvarpsins? Sjá þeir fram á að geta hugsanlega fengið starf hjá Norðurljósum, sem ég er að tala um, og gæti þess þar af leiðandi að grípa ekki inn á valdsvið þess fjölmiðils?

Þess vegna má segja að örlög fjölmiðlafrumvarpsins hafi kannski verið ráðin fyrir fram, vegna þess að þar hafi verið barist við fjölmiðla sem voru orðnir svo sterkir að þeir yrðu ekki knésettir. Það getur náttúrlega verið mjög hættulegt lýðræðinu. Ég bind vonir við að slík tillaga um rannsókn á þróun valds og lýðræðis leiði það í ljós.

[17:32]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég tel að hér sé um að ræða mjög áhugaverða þingsályktunartillögu og beri að fara rækilega í gegnum hana. Ég tel mjög þarft fyrir lýðræðislega umræðu að fara í gegnum tillögu sem þessa.

Í fyrsta lagi hefur verið rætt um þrískiptingu ríkisvaldsins. Það er náttúrlega kominn tími á að ræða þá hluti í ljósi þess er Ísland lýsti yfir stuðningi við Íraksstríðið. Þá voru án efa, a.m.k. í mínum huga, þingsköp Alþingis brotin. Það er mjög alvarlegt og furðulegt að menn skuli hafa reynt að eyða þeirri umræðu. Það er nauðsynlegt fyrir þjóðþingið að skoða hvort menn geti brotið þingsköp Alþingis og gengið gegn lögum og þeim ásetningi þjóðarinnar að fara aldrei með ófriði á hendur öðrum þjóðum.

Hér er einnig fjallað um hvort óeðlileg völd séu færð til embættismanna. Ég er ekki viss um að svo sé en í stjórnmálabaráttu minni hef ég orðið var við að margir landsbyggðarþingmenn, sérstaklega stjórnarflokkanna, virðast reyna að skjóta sér á bakvið það þegar kemur að stefnu flokkanna í garð landsbyggðarinnar að henni ráði embættismannavaldið í Reykjavík og þeir ráði ekki neitt við neitt. Það er auðvitað furðulegur málflutningur sem ég hef nokkuð oft orðið vitni að. Ég hafna honum.

Ég tel að skoða ætti annan þátt í tillögunni hvað varðar völd, þ.e. áhrif Evrópusambandsins og Brussel á reglugerðir og lög á Íslandi. Mikill hluti reglugerða kemur nánast beint frá Brussel hvað varðar hina og þessa hluti. Því miður hef ég einnig orðið var við að á hinu háa Alþingi hafi stjórnmálamenn, til að verja óvinsælar ákvarðanir og reglugerðir, svo sem hæstv. landbúnaðarráðherra, reynt að klína einhverjum óþverra á Brussel sem Brussel hefur ekki átt skilið. Dæmi um slíkt er t.d. lokun sláturhúsa. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur í því sambandi vísað til Evrópureglna. En allir sem eitthvað kynna sér málin sjá fljótlega að Evrópusambandið hefur ekkert um þau mál að segja. Þær ákvarðanir eru alfarið og eingöngu á ábyrgð hæstv. landbúnaðarráðherra.

Sama gildir um ýmsa þingmenn. Ég gæti t.d. nefnt Einar Odd Kristjánsson. Hann hefur oft deilt á lélegt fiskveiðistjórnarkerfi og kennt Hafrannsóknastofnun um það. Það er náttúrlega af og frá þar sem Hafrannsóknastofnun er undir stjórn ráðherra og lýtur pólitísku valdi. Þar er enn eitt dæmi um að menn reyni að skjóta sér undan pólitískri ábyrgð með því að benda á embættismenn. Ég tel að það sé oft notað til að drepa málum á dreif.

Hvað varðar efnahagsleg áhrif og völd, þau eru til staðar og það vita allir, tel ég nauðsynlegt að hafa einfaldlega allt uppi á borðinu. Það er nauðsynlegt og orðið löngu tímabært að íslenskir stjórnmálaflokkar opni bókhald sitt þannig að öllum megi verða ljóst hverjir styrkja íslenska stjórnmálaflokka. Ástandið sem hér ríkir er algjörlega óviðunandi.

Þegar ég minntist á það í andsvörum við hv. þm. Hjálmar Árnason fyrr í umræðunni taldi ég í sannleika sagt að hann mundi fagna þeirri umræðu og Framsóknarflokkurinn ætlaði í raun að breyta stefnu sinni, opna bókhaldið og koma því undir eftirlit Ríkisendurskoðunar. Því miður voru svör hans eingöngu á þann veg að ég væri með ómálefnalega umræðu. Ég hafna því algjörlega. Á síðustu vikum og mánuðum hefur ítrekað komið fram að Framsóknarflokkurinn hafi fengið greitt í kosningasjóði frá stórfyrirtækjum og vilji ekki gefa upp hverjir hafa greitt í kosningasjóðinn.

Fyrrverandi gjaldkeri flokksins, Unnur Stefánsdóttir, greindi auk þess frá því að bæði einstaklingar og fyrirtæki hefðu greitt til flokksins og með því launað flokknum, sérstaklega þeir sem hafa fengið háar stöður í gegnum flokkinn, þ.e. greitt með því til baka í sjóði flokksins. Auðvitað þarf að rannsaka svona hluti. Það er ekki nóg að afneita þeim. Þetta er grafalvarlegur hlutur sem verður að skoða, hverjir hafi greitt í sjóði flokkanna og hvaða áhrif þau fyrirtæki hafi haft á stefnu flokkanna.

Ég efast ekki um að þeir sem hafa greitt til flokkanna hafi haft mikil áhrif á stefnu þeirra. Ég er ekki einn um þá skoðun. Sömu skoðunar eru einnig prófessorar í háskólanum, t.d. Svanur Kristjánsson prófessor, en hann segir orðrétt í fréttum Ríkisútvarpsins, með leyfi frú forseta:

„Við sjáum líka þessi tengsl í gegnum það hvernig einkavæðing bankanna fór fram, hverjir fengu að kaupa banka og hverjir fengu ekki að kaupa bankana. Og ég held að það sé algjörlega nauðsynlegt að flokkarnir almennt, og þá sérstaklega Framsóknarflokkurinn sem fór nú með viðskiptaráðuneytið, en flokkarnir almennt verði bara með hreint borð."

Ég tek undir það. Það er orðið löngu tímabært að fara í þá umræðu. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur oft rætt um þessa hluti og ég styð hana heilshugar í þessu máli. Það þarf að opna bókhald flokkanna.

Hér hafa komið fram fleiri atriði varðandi fjármál stjórnmálaflokkanna sem skoða þarf betur. Þótt menn telji að ég sé með ómálefnalegan málflutning þá get ég bent á að í ágætu dagblaði kemur fram að Framsóknarflokkurinn hafi hreinlega verið í peningaáskrift hjá stórfyrirtækjum. Þetta er eitt af því sem nauðsynlegt er að fara yfir. Því fyrr, því betra.

[17:41]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs vegna orða hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar um fjármál stjórnmálaflokkanna. Hv. þm. fór þar út í umræðu sem hann átti í þessum ræðustól í dag við hv. þm. Hjálmar Árnason. Hann blandaði inn í þá umræðu prófessor frá Háskóla Íslands, sem hann titlar sem slíkan, en lætur þess ekki getið að viðkomandi prófessor er jafnframt fyrrverandi frambjóðandi til

formanns í stjórnmálaflokki, án þess ég sé að kasta rýrð á þann ágæta mann.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefur líka, í þessari ágætu umræðu sem hér hefur farið fram um hreint frábærlega unnið þingmál, nefnt fyrrverandi gjaldkera Framsóknarflokksins og vísar í orð hennar í fjölmiðlum. Hann lætur að því liggja að það hafi mátt skilja orð hennar þannig að þeir sem hefðu styrkt flokkinn fjárhagslega, á sama hátt og allir aðrir flokkar njóta stuðnings fyrirtækja og einstaklinga, hafi vænst þess að bera eitthvað úr býtum fyrir það. Af þessu tilefni vil ég gjarnan árétta við hv. þingmann að í Framsóknarflokknum erum við með svokallað styrktarmannakerfi. Þeir sem kjósa að ganga í flokkinn greiða líka félagsgjöld. Sumir kjósa að greiða meira en aðrir, einnig þeir sem eru kjörnir fulltrúar, bæði til Alþingis og sveitarstjórna, til að standa straum af flokksstarfinu.

Ég held það hafi verið þau framlög sem fyrrverandi gjaldkeri Framsóknarflokksins nefndi. Mér fannst það heldur óþinglegt, af því hv. þm. Hjálmar Árnason er farinn úr þingsalnum, að taka þessa umræðu upp á ný.

Að öðru leyti, frú forseti, vildi ég fyrst og fremst taka undir efni þessa ágæta þingmáls, þeirrar tillögu til þingsályktunar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem nú er í forsetastól, er 1. flutningsmaður að.

Ákveðin mál sem hafa verið í umræðunni síðustu missiri, bæði ákveðin málefni, þjóðfélagsmál sem hafa risið hátt, m.a. í sölum þingsins, og ákveðnir hlutir sem við þingmenn rekum okkur á frá degi til dags, gefa tilefni til þeirrar rannsóknar sem þessi þingsályktunartillaga gengur út á.

Það má kannski segja að þar til upp koma mál eins og svokallað fjölmiðlamál síðasta sumar þá göngum við út frá því að lýðræðið sé sjálfgefið en það er engan veginn sjálfsprottið. Það sjáum við m.a. af því þjóðskipulagi sem ríkir til að mynda hjá mörgum af nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Ég held að rannsókn af þessu tagi varði sameiginleg hagsmunamál allra þingmanna og allra flokka, þ.e. að skoða grundvöll lýðræðisins, hvort þrískiptingu ríkisvaldsins sé á einhvern hátt ógnað með þeirri þróun sem orðið hefur, m.a. með breytingum á viðskiptamarkaði og auknum áhrifum fjölmiðlanna, sem oft eru kallaðir fjórða valdið.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hafði orð á því fyrr í umræðunni að hann sæi ekki hvers vegna við ættum ekki að samþykkja þetta. Ég gat svo sem fallist á það. Þingmálið gengur fyrst og fremst út á það að forsætisráðherra feli ákveðinni nefnd að undirbúa þetta mál og sú nefnd eigi síðan að leggja verkefnaáætlun og fjárhagsramma fyrir forsætisráðherra sem geri síðan tillögu til Alþingis um nauðsynleg fjárframlög til verksins.

Á hinn bóginn vil ég bara rifja upp, frú forseti, að hæstv. forsætisráðherra hefur boðað að ráðist verði í endurskoðun á stjórnarskránni og á fleiri en einum kafla stjórnarskrárinnar. Hefði þeirri rannsókn sem hér er nefnd verið lokið þá kæmi svoleiðis að góðu gagni í þeirri vinnu. En spurningin er sú hvort einhvers staðar skarist þau verkefni sem þessi þingsályktunartillaga lýtur að og þau verkefni sem má hugsa sér að endurskoðunarnefnd tæki sér fyrir hendur.

Annað sem ég vil líka nefna í þessu samhengi er að á vegum norrænu ráðherranefndarinnar undir formennsku Íslands núna það sem af er þessu ári hefur farið fram mjög merkileg rannsókn, samnorræn rannsókn á þróun lýðræðisins á Norðurlöndunum. Ég held að sú rannsókn sé engan veginn jafnviðamikil og gert er ráð fyrir í þessu ágæta þingmáli. En mér datt í hug hvort það skaraðist á einhvern hátt eða hvort það ætti við vinnu þessa þingmáls að horfa sérstaklega til þeirrar rannsóknar og hvort einhver skörun sé og hugsanlega megi nota þá vinnu á vegum norrænu ráðherranefndarinnar í þeirri vinnu sem hér er fyrir mælt.

Meðal annars kom fram í þeirri rannsókn að lýðræðið sé á undanhaldi. Fulltrúalýðræðið er í tilvistarkreppu til að mynda í Noregi þar sem einungis var um 50% þátttaka í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Reynslan er sú að kosningaþátttaka er að aukast í Danmörku og sitthvað fleira kom þar áhugavert í ljós. Eitt af því sem kom í ljós var m.a. að tiltrú fólks á kjörnum fulltrúum er að minnka víða á Norðurlöndunum en á móti koma aukin áhrif þrýstihópa eða svokallaðra frjálsra félagasamtaka.

Frú forseti. Ég vildi fyrst og fremst taka undir þetta ágæta mál og hrósa vinnunni við það en hefði nú gjarnan viljað sjá flutningsmenn þingmenn úr fleiri flokkum en Samfylkingunni vegna þess að ég held að þetta sé ágætis þingmál sem þingmenn allra flokka ættu að geta sameinast um. Málið er, svo ég endurtaki það einu sinni enn, að mínu mati alveg sérlega vel unnið.

[17:48]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Sem einn flutningsmanna þessa máls fagna ég ummælum hv. þm. Jónínu Bjartmarz og tek undir að það er vel unnið undir forustu hv. 1. flutningsmanns Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hv. áður áminnstur þingmaður kom hér að eigin sögn fyrst og fremst upp til að gera athugasemdir við orð sem fallið hafa hér í umræðunni um Framsóknarflokkinn. Hún taldi að það væri ekki rétt sem haldið hefði verið fram að menn borguðu fyrst í Framsóknarflokkinn og fengju síðan einhverjar vegtyllur eða stöður. En þetta er ekki rétt hjá hv. þingmanni. Það var einmitt öfugt sem þetta var sagt. Unnur Stefánsdóttir frá Vorsabæ, fyrrverandi gjaldkeri, sagði þetta að gefnu tilefni, að það væri þannig að þegar menn hefðu fengið háar stöður þá borguðu þeir til baka. Þannig var þetta nú orðrétt, að borga til baka. Ég óska þess að hv. þingmaður skýri út þessi orð því að það var þannig sem þetta var.

Þegar maður lítur yfir ýmsa af þeim sem hafa verið fremstir á bekk hjá Framsóknarflokknum nú síðustu ár, það þarf ekki annað en að taka til menn úr þingflokki framsóknarmanna núna á síðasta kjörtímabili og kjörtímabilinu þar áður, þá sér maður að þeir sitja núna í góðum stöðum á vegum ríkisvaldsins margir hverjir. Þá er spurningin: Hvað borga þeir til baka?

[17:49]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki veit ég hvernig það tíðkast í flokki hv. þm. Marðar Árnasonar. Ég var að gera grein fyrir því í stuttri ræðu minni og að ég hélt hnitmiðari að félagsmenn í Framsóknarflokknum eins og í öðrum flokkum greiða sitt

félagsgjald og við, ef þú kallar okkur hv. þingmenn, kjörna fulltrúa, vera í háum stöðum, greiðum heldur meira en aðrir. Með fullum vilja, með einbeittum vilja má snúa út úr orðum fyrrverandi gjaldkera flokksins á annan hátt en með þessari útskýringu sem ég hef nú verið að gefa.

Hins vegar getur hv. þm. Mörður Árnason einn gert grein fyrir því hvernig hlutunum er háttað í hans flokki. En mig rámar nú í ákveðna menn sem hafa tilheyrt þeim flokkum sem standa að Samfylkingunni og eru víða í samfélaginu í háum stöðum. Ég veit ekkert hvernig þeir eru þangað komnir. Ég hélt að það væri fyrir þeirra eigið ágæti.

[17:50]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ef til vill kann að vera um misskilning að ræða og útúrsnúning á orðum Unnar Stefánsdóttur frá Vorsabæ. En þau féllu nú samt eins og þau voru tilfærð hér. Og því eru þau athyglisverð að þau passa því miður við þann brag eða kúltúr, ef menn vilja það frekar, sem einkenndi íslenska flokkakerfið á 20. öld. Einn af upphafsmönnum þess kúltúrs hefur raunar verið talinn Hannes Hafstein, fyrsti ráðherra Íslands, og er það heldur ljóður á þeim ágæta manni.

Ég skil þá hv. þingmann svo að hún muni beita sér fyrir því, sem ég geri, og við samfylkingarmenn í okkar flokki, að eyða þessum kúltúr, að fjarlægja þennan kúltúr út úr okkar flokkum og taka hér upp hreinskilnara, opnara og betra lýðræðisfyrirkomulag en verið hefur.

[17:51]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég á ekki annað svar við þessu seinna andsvari hv. þm. Marðar Árnasonar en að við erum öll hluti af þessum sama kúltúr. Það er kannski akkúrat það sem þetta þingmál gengur út á (**MÁ:** Mismikið ...) að við skoðum (**MÁ:** ... meira en aðrir.) þróun á valdi og lýðræði í íslensku samfélagi. Þó svo að hv. þingmaður haldi því fram að hann eigi minni þátt í íslenskum kúltúr, íslenskum stjórnmálakúltúr en aðrir þá minni ég hv. þingmann líka á að hans ágæti flokkur, Samfylkingin, er samsettur í dag af þremur eldri flokkum.

[17:52]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir góð orð hv. þingmanns í garð þess máls sem hér liggur fyrir og sömuleiðis undir áhyggjur þingmannsins af dvínandi trausti á kjörnum fulltrúum. Ég skil vel að hv. þingmanni líki illa að þurfa að standa á Alþingi undir dylgjum um óeðlilega fjársýslu eða fjárreiður síns stjórnmálaflokks og hygg að svo hlyti að vera um okkur öll. Sú umræða sem verið hefur undanfarna daga um fjármál stjórnmálaflokkanna hlýtur sannarlega að vera áhyggjuefni öllum þingmönnum sem hér starfa því hún varðar traust allra þeirra sem hér starfa og traust þessarar samkomu.

Ég hef í þessu sambandi sett fram hugmynd um að Ríkisendurskoðun kæmi að einhvers konar eftirliti með fjármálum stjórnmálaflokkanna. Sú hugmynd hefur verið til umræðu fyrr á þingfundinum í dag og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra Valgerður Sverrisdóttir hefur tekið í svipaðan streng fyrr og hv. þm. Hjálmar Árnason hefur tekið undir þær hugmyndir sömuleiðis hér í dag.

Ég vildi því inna hv. þm. Jónínu Bjartmarz eftir því hvort slíkt fyrirkomulag hugnaðist henni til þess að efla það traust sem hún gerði að umfjöllunarefni hér á kjörnum fulltrúum.

[17:54]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að sú sem hér stendur og hv. þm. Helgi Hjörvar látum okkur jafnannt um tiltrú á stjórnmálaflokkum og stjórnmálamönnum og deilum ýmsum skoðunum að því leyti. Ástæðan fyrir því, eins og ég sagði í upphafi, að ég kvaddi mér hljóðs í þessari umræðu voru dylgjur í garð tiltekins stjórnmálaflokks. Ég vek líka athygli á að þeim hefur ekki verið svarað með dylgjum í garð annarra. Ég held að við ættum að gera sem minnst af því að vera með slíkar og því um líkar dylgjur. Það er alltaf álitamál (Gripið fram í.) hvar þær lenda verst ef út í það er farið.

Af því tilefni, af því að það er skoðun mín að við eigum að forðast það sem mest þá styð ég þetta þingmál. Ég held að einhvers staðar liggi skýrslubeiðni sem lýtur að fjármálum stjórnmálaflokkanna, sem ég geri mér vonir um að verði orðið við fljótlega, og ég segi eins og hv. þm. Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, að ég sé því ekkert til fyrirstöðu að ríkisendurskoðandi komi að þessu máli eins og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur líka sagt og get að því leyti tekið undir orð hv. þm. Helga Hjörvars.

[17:55]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég á skemmra erindi í ræðustólinn að þessu sinni. Ég vil bara fagna undirtektum hv. þingmans við því að Ríkisendurskoðun hafi hér einhverju hlutverki að gegna því að þó að menn kunni að deila um hvort og hversu opið bókhald manna eigi að vera þá hljótum við öll að vera sammála um það sem hér störfum að bókhald um starfsemi okkar og okkar samtaka hlýtur að þurfa að vera þess eðlis að það standist skoðun. Það hlýtur að þurfa að vera með því að það lágmarki eitthvert formlegt eftirlit þó að okkur kunni síðan að greina á um hversu langt eigi að ganga í að opna það.

Ég fagna því þessum undirtektum þingmanna Framsóknarflokksins undanfarna daga og vonast til að við berum gæfu til að fela Ríkisendurskoðun með formlegum hætti eitthvert hlutverk í þessu efni.

[17:56]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jónína Bjartmarz sagði að það hefði verið óþinglegt af mér að ræða um orð hv. þm. Hjálmars Árnasonar eða víkja orðum mínum að honum vegna þess að hann væri farinn úr salnum.

Nú þekkir hv. þingmaður eflaust betur en ég þingsköp Alþingis. Í 53. grein þeirra kemur fram að þingmönnum sé skylt að sækja alla fundi. Þess vegna finnst mér æði undarlegt að ég megi ekki víkja orðum mínum að þingmanni sem hefur ekki boðað forföll. Ég skil í rauninni ekkert í því að

meira að segja einn af varaforsetum þingsins skuli vera að víkja orðum sínum með þeim hætti að mér. Mér finnst það vera mjög ómálefnalegt.

Síðan verð ég að segja það líka að mér finnst mjög ómálefnalegt að saka mig um að hafa verið með dylgjur þegar ég er að vitna í prófessor í Háskólanum og vitna í fréttatíma, vitna í blöð og meira að segja vitna í fyrrum gjaldkera Framsóknarflokksins, og þá er það sagt ómálefnalegt. Ég held að við ættum miklu frekar að horfa fram á veginn og spyrja okkur: Hvernig getum við losnað við þessa umræðu? Það er bara ein leið til þess, þ.e. að opna bókhaldið og láta Ríkisendurskoðun eða þar til bæra stofnun fara yfir þessa hluti.

[17:58]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna um þetta mál, um rannsókn á þróun valds og lýðræðis. Ég stend einungis upp til að þakka þær góðu undirtektir sem málið hefur fengið. Það er ástæða til að fagna því að þingmenn úr nær öllum flokkum hafa tekið til máls og tjáð skoðanir sínar á málinu, m.a. hafa þingmenn úr báðum stjórnarflokkunum tekið undir þetta mál og lýst yfir stuðningi við það. Það ber vissulega að þakka.

Það kom réttilega fram hjá hv. 6. þm. Reykv. s., að það er sameiginlegt hagsmunamál allra flokka að ráðast í slíka rannsókn á þróun valds og lýðræðis líkt og gert hefur verið annars staðar á Norðurlöndunum. Það er full ástæða til, miðað við þróun mála á umliðnum árum og áratugum, að við vindum okkur í að skoða stoðir og grundvöll lýðræðisins, hvort orðið hafi tilfærsla á valdi og hvaða áhrif það hafi haft á samfélagsþróunina í heild sinni. Mér finnst raunar að þjóðþinginu beri skylda til að gera það.

Ég hefði talið ástæðu til að rannsókn á þróun valds og lýðræðis hefði farið fram fyrir löngu og væri m.a. grundvöllur að þeirri endurskoðun sem fram á að fara á stjórnarskránni. Ég tel að það væri mikilvægt fyrir þá endurskoðun sem þarf að fara fram á stjórnarskránni að slík rannsókn lægi fyrir. En ég geri mér grein fyrir að rannsóknin gæti tekið langan tíma. Samkvæmt tillögu okkar er henni ætlaður tími til ársins 2008. Það má vel vera að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar skoði hvort stytta eigi þann tíma. Í tillögugreininni er þó gert ráð fyrir að nefndin skili áfangaskýrslu eftir því sem verkinu miðar áfram og vel má vera að hægt yrði að fá slíkar áfangaskýrslur fyrr.

Menn hafa dvalið við ýmsa þá þætti sem þessi umfangsmikla tillaga lýtur að, m.a. fjármál stjórnmálaflokkanna. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það. Ég hef á einum átta þingum flutt þingmál um að fjármál stjórnmálaflokkanna verði gegnsæ og stjórnmálaflokkunum verði gert skylt að birta fjármál sín opinberlega. Á umliðnum vikum hefur það fengið aukið vægi. Þingmenn eru smám saman að færast nær í þessu efni, að ákveðin lög verði að gilda um gegnsæi í fjármálum stjórnmálaflokka. Það væri mjög gott innlegg í þá umræðu ef þeirri skýrslu yrði hraðað sem ég hef beitt mér fyrir að verði lögð fram hið fyrsta á þessu þingi. Ég minni í því sambandi á að sama skýrslubeiðni var lögð fyrir á síðasta þingi en hæstv. þáverandi forsætisráðherra treysti sér ekki til að svara henni þá. Hann sagði að starfað yrði að þeirri skýrslubeiðni og væntanlega hefur gefist tími til að vinna vel að þeirri skýrslu sem vonandi verður lögð fram fljótlega.

Ég ætla ekki að fara í einstaka þætti þessa máls. Menn hafa dvalist mjög við embættismannavaldið, sem ég held að full ástæða sé til að skoða. Menn hafa nefnt valdið á fjármálamarkaðnum og vald fjölmiðla. Ég vil í því sambandi benda á, af því að hv. 6. þm. Suðurk. nefndi að þessi umfangsmikla úttekt þyrfti líka að ná til fjölmiðla, að það er gert ráð fyrir því í tillögugreininni að skoðað verði hvaða áhrif fjölmiðlar hafa haft á þróun stjórnmála og samfélagsins í heild. Þau áhrif eru vissulega gífurlega mikil og í raun er varla hægt að fara í rannsókn á þróun valds og lýðræðis nema að nefna það.

Mér er mjög umhugað um að valdið á fjármálamarkaðnum verði skoðað rækilega. Fjárfestingar nokkurra valdablokka í atvinnulífi og á fjármagnsmarkaði eru af stærðargráðu sem fáir hefðu getað gert sér í hugarlund fyrir aðeins fáum árum. Ég vil taka fram að sú þróun hefur að því leyti verið jákvæð að dregið hefur úr óeðlilegu samblandi stjórnmála og atvinnulífs, með minni þátttöku ríkisins í atvinnulífinu. Það er líka jákvæð þróun að valdablokkir í atvinnu- og viðskiptalífinu eru fleiri en áður voru, sem ætti að tryggja meiri samkeppni þótt við höfum séð á síðustu dögum að töluvert vantar upp á að samkeppni sé næg í ýmsum atvinnugreinum í þjóðfélaginu.

Þótt það sé umfangsmikið mál legg ég gífurlega áherslu á að í þessari rannsókn verði dregið fram hvort arðsemin af þeirri miklu samþjöppun eigna og fjármagns sem átt hefur sér stað á síðustu árum í viðskiptalífinu skili sér svo ásættanlegt sé til þjóðarbúsins eða hvort áhrifin séu fyrst og fremst gífurleg eigna- og fjármagnstilfærsla til nokkurra valdablokka. Það þarf að meta hvort söfnun auðs og valds á fárra manna hendur hefur aukið misréttið í kjörum fólks, eins og víða virðist hafa gerst, og gliðnað á milli eigna- og tekjuskiptingar í þjóðfélaginu með aukinni stéttaskiptingu. Ég hafði ekki tíma til að koma inn á þetta í framsöguræðu minni áðan.

Ég vil í lokin draga fram að ég tel, af því að það hefur ekki mikið verið rætt, það veigamikinn þátt í þeirri rannsókn á þróun valds og lýðræðis sem hér er lagt til að gera að metin verði samfélagsleg áhrif af þeim breytingum sem hafa vissulega orðið á þróun valds og lýðræðis í þjóðfélaginu.

Virðulegi forseti. Hér þurfa fleiri þingmál að komast að. Ég læt því máli mínu lokið en ítreka þakklæti mitt til þingmanna frá flestum stjórnmálaflokkum sem hér hafa talað. Umræðan gefur manni vonir um að góð samstaða gæti náðst um þetta þingmál í allsherjarnefnd og hún yrði hugsanlega samþykkt á þessu þingi þannig að við getum undið okkur í svo viðamikla rannsókn sem yrði samkvæmt tillögunni á vettvangi háskólasamfélagsins.

[18:05]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins nýta mér möguleikann á að koma í stutt andsvar til að segja hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að í önnum mínum úti á skrifstofu hef ég fylgst með áhugaverðri umræðu um þetta athyglisverða þingmál. Ég

vil lýsa því yfir að þetta mál á allan minn stuðning. Það voru sannarlega orð í tíma töluð sem hv. þingmaður lét falla í framsöguræðu sinni. Í landi þar sem farið er að gæta sömu áhrifa og í stórum löndum í kringum okkur, þar sem valdsvið stjórnmálamanna og ríkisstjórna virðist sífellt verða veikara og vald stórfyrirtækja, fjármálafyrirtækja ekki síst, er að verða áþreifanlegt, jafnvel inni í stjórnkerfi ríkisstjórnanna, þá er sannarlega ástæða til að taka þannig á málum sem hér er lagt til. Ég vil lýsa því yfir að þetta mál kemur til með að fá stuðning minn í allsherjarnefnd þingsins þegar það kemur til umfjöllunar þar.

[18:06]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ummæli hv. þingmanns og vek um leið athygli þingheims á því að nú hafa fulltrúar allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi talað fyrir tillögunni og mælt með samþykki hennar. Ég fagna því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:07]

Útbýting:

Aðgerðir til að draga úr offitu barna, 326. mál, fsp. ÞBack, þskj. 364.

Fangelsi á Hólmsheiði, 323. mál, fsp. ÁÓÁ o.fl., þskj. 361.

Fangelsismál, 322. mál, fsp. ÁÓÁ o.fl., þskj. 360.

Grásleppuveiðar, 291. mál, svar sjútvrh., þskj. 358.

Greiðslur fyrir táknmálsnámskeið, 325. mál, fsp. SigurlS, þskj. 363.

Kjaramál kennara og skólastjórnenda í grunnskólum, 318. mál, stöðuskjal þskj. 352.

Langtímaatvinnulausir, 77. mál, svar félmrh., þskj. 355.

Námsver í Ólafsfirði, 324. mál, fsp. BjG, þskj. 362.

Raforkulög, 328. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 366.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, 321. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 357.

Þjóðmálakönnun í Eyjafirði, 327. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 365.

Íslenska táknmálið, 1. umr.

Frv. SigurlS o.fl., 277. mál. — Þskj. 299.

og

Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, 1. umr.

Frv. SigurlS o.fl., 297. mál. — Þskj. 324.

[18:09]

Flm. (Sigurlín Margrét Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli í annað sinn á Alþingi Íslendinga fyrir frumvarpi til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Ég mæli fyrir tveimur frumvörpum, frumvarpi um viðurkenningu táknmáls annars vegar og hins vegar frumvarpi á þskj. 324, svokölluðum bandormi, þar sem gerðar eru nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum til að styðja réttarstöðu þeirra sem nota íslenska táknmálið, einkum hvað varðar rétt til að nota það í samskiptum við ríki, sveitarfélög og stofnanir.

Ljóst er að ef frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra verður að lögum þarf að breyta fjölmörgum lögum í kjölfarið og þyrfti hvert ráðuneyti fyrir sig að taka lög á sínu málefnasviði til gagngerrar endurskoðunar. Í þessu frumvarpi er fyrst og fremst tæpt á helstu atriðum sem þurfa lagfæringar við.

Sem fyrr eru margir mætir meðflutningsmenn með mér að frumvarpinu. Í frumvarpinu er að finna réttindaskrá um stöðu og réttindi þeirra sem tala íslenska táknmálið jafnframt því sem kveðið er á um að táknmál verði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og réttur þeirra tryggður til hvers konar táknmálstúlkunar.

Ég ákvað að nota hugtakið „fyrsta mál“ í 1. gr. frumvarpsins af því að skilgreiningin sem gefin hefur verið á hugtakinu móðurmál er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Það mál sem er talað í því landi sem maður fæðist í og er talað af þeirri fjölskyldu sem elur mann upp telst vera móðurmál manns.“

Þessi skilgreining getur ekki gilt um heyrnarlausa almennt því að 98% heyrnarlausra fæðast í heyrandi fjölskyldum. Táknmálið er því í flestum tilfellum áunnið mál á heimilinu þegar barn fæðist heyrnarlaust í heyrandi fjölskyldu sem hefur íslensku að móðurmáli sínu.

Líf heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra mun taka miklum stakkaskiptum við viðurkenningu á íslenska táknmálinu. Sjálfsmynd og sjálfstraust þeirra mun eflast til muna. Þeir munu finna hvers virði það er að geta sinnt daglegum félagslegum þörfum hindrunarlaust og geta rofið þá einangrun sem hefur heft þá í langan tíma. Þeir munu geta tekið fullan þátt í atvinnulífinu. Þeir þurfa ekki lengur að betla af t.d. vinnuveitanda að greiða fyrir þjónustu túlks á starfsmannafundum. Það styrkir sjálfsmyndina töluvert, sérstaklega á vinnustað, að vita að maður hefur sömu möguleika til launahækkana og til að vinna sig upp og heyrandi samstarfsmenn.

Daufblindir eru þeir sem hafa skerta eða enga heyrn og skerta eða enga sjón samtímis. Daufblinda, sem nota snertitáknmál, er þess vegna sjálfsagt að taka með, enda er þar um að ræða fámennasta hóp fatlaðra hér á landi, ef svo má að orði komast. Þeir þurfa þó einhverja sérhæfðustu þjónustuna á forsendum samskipta og á táknmálið að skipa þar stóran sess. Þessir þrír hópar, heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir, eiga táknmálið sameiginlegt og því má enginn þeirra vera settur út undan. Táknmál á að vera þessum þremur hópum velkomið aðgengistæki að upplýsingum, námi, menningu og daglegu lífi. Í þessu frumvarpi eiga réttindi þessara þriggja hópa á forsendum táknmálsins að vera tryggð, vera þeirra réttindaskrá.

Táknmál er á undanförnum áratug farið að sjást víða í samfélaginu. Má þar nefna grunn-, framhalds- og háskóla,

þar sem heyrnarlausir stunda nám með túlk sem aðgengistæki sitt að náminu. Heyrnarlausir hafa á síðustu missirum mikið látið að sér kveða, sér í lagi hvað varðar hagsmunamál sín. Þeir eru ekki lengur sá hógværi hópur sem löngum var nánast gleymdur.

Sú barátta sem heyrnarlausir hafa háð hefur þegar borið árangur. Þar má nefna eitt spor í margra ára réttindabaráttu þeirra sem stigið var í haust, í byrjun þessa þings þegar hæstv. menntamálaráðherra ákvað að gera bragarbót í málefnum félagslegrar túlkunar og leggja til 2 millj. kr. fjárframlag fyrir árið 2004 en árið 2005 er áætlað að veita 10 millj. kr. í félagslega táknmálstúlkun. Þetta fjárframlag er vissulega góðra gjalda vert og þarft en þó að þessu fjárframlagi sé ætlað að tryggja rétt heyrnarlausra þá vantar með öllu að sá réttur sé lögbundinn. Tilkoma og síðar samþykkt táknmálsfrumvarpsins er því mikilvægt innlegg í að réttur heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra sé lögbundinn með öllu. Út á það gengur frumvarpið sem ég flyt nú.

Á haustdögum 2003 gerðist sá atburður að fyrrverandi forseti okkar Íslendinga, frú Vigdís Finnbogadóttir, tók að sér að gerast verndari táknmála á Norðurlöndum. Vigdís er sem kunnugt er útvalin velgerðarsendiherra erlendra tungumála hjá UNESCO og í ljósi þeirrar stöðu sem hún gegnir veit hún nákvæmlega að hverju hún gengur með því að gerast verndari táknmála á Norðurlöndum. Hún veit að táknmál er sjálfstætt mál og það á að viðurkenna og virða. Með leyfi forseta vitna ég í annað sinn í þessi orð:

„Ef ég viðurkenni mál annars manns hef ég þar með viðurkennt manninn ... en ef ég viðurkenni ekki mál hans hef ég þar með hafnað honum vegna þess að málið er hluti af okkur sjálfum."

Norski málvísindamaðurinn Terje Basilier sagði þessi orð en því hefur einnig verið haldið fram að bandaríski mannréttindafrömuðurinn Martin Luther King hafi fyrstur látið þessi orð falla. Hver sagði þessi orð fyrstur skiptir ekki öllu máli en þau eiga svo sannarlega vel við nú þegar fjallað er um viðurkenningu íslenska táknmálsins.

Það er flókið að viðurkenna nýtt mál. Skoða þarf vandlega hvað viðurkenning á táknmáli þýðir fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda og hvaða þýðingu hún hefur fyrir stjórnvöld. Sem fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps tel ég að viðurkenningin sé fyrir þessa þrjá samfélagshópa bæði viðurkenning á tilveru þeirra og á ábyrgð stjórnvalda. Fyrir stjórnvöld þýðir viðurkenningin einfaldlega að virða skuli rétt hvers einstaklings til mismunandi þarfa og koma til móts við þá af virðingu.

Ég segi enn og aftur að framtíðarsýnin í lagasetningunni er sú að táknmálið muni njóta sömu virðingar og önnur mál og að heyrnarlausum verði gert mögulegt að taka fullan þátt í þjóðfélaginu á grundvelli laganna og að heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir hafi rétt til að ákveða sjálfir hvaða mál er móðurmál þeirra og aðrir viðurkenni og virði þá ákvörðun.

Íslendingar hafa byggt upp öflugt velferðarkerfi sem hefur vakið athygli út fyrir landsteinana. Alþingi væri sómi að því að gera betur með því að viðurkenna táknmál sem fyrsta mál heyrnarlausra og heyrnarskertra. Gera þarf heyrnarlausum, heyrnarskertum og daufblindum, sem aðallega eru notendur táknmálstúlkaþjónustu, þannig hátt undir höfði að þeir geti og fái notið táknmálstúlkaþjónustu hindrunarlaust. Full þátttaka ríkissjóðs í greiðslu táknmálstúlkakostnaðar er því sjálfsögð.

Til að viðurkenning íslenska táknmálsins öðlist fullt gildi þarf tvennt að vera tryggt: Í fyrsta lagi efling táknmálsfræðináms. Það þarf að stórefla táknmálsfræðinám sem nú er stundað í Háskóla Íslands. Það er nú fjögurra ára nám, nám í túlkafræði er tveggja anna nám og aðeins þeir sem hafa lokið námi í táknmálsfræði geta farið í nám í túlkun.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra annast kennslu í túlkanámi í samvinnu við táknmálsfræði í Háskóla Íslands. Á fyrsta ári eru nú 27 nemendur í fullu námi en níu nemendur í hlutanámi. Engir nemendur eru á öðru ári m.a. vegna þess að engir fyrsta árs nemar voru teknir inn síðasta haust. Hins vegar eru fimm nemendur á þriðja ári, á því síðasta ári námsins er kennd táknmálstúlkun. Til að þessi deild geti dafnað og vaxið verður að mennta fleiri táknmálskennara. Í dag er lektor deildarinnar eini fasti starfsmaður hennar. Efst í forgangsröðun þessa ætti því helst að vera að mennta fleiri táknmálskennara. Táknmálsfræðinámið í Háskóla Íslands heyrir nú undir heimspekideild. Nemendur í öðrum námsgreinum háskólans eiga möguleika á að læra þar táknmál. Þannig gætu heyrnarlausir notið þjónustu sálfræðings eða lögfræðings sem kann táknmál og nemendur í málvísindum gætu lagt stund á táknmál og unnið að rannsóknum á því með námi og síðan að loknu námi. Nemendur í sagnfræði gætu skoðað sögu táknmálsins og heyrnarlausra og lært táknmálið. Nemendur í mannfræði gætu lært táknmál, fræðst um það og stundað rannsóknir á menningarlegum mun samfélaga heyrnarlausra og heyrandi. Jafnframt þarf að veita meira fé til rannsókna á íslenska táknmálinu svo fleiri geti lagt stund á þær.

Í lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra frá árinu 1991 er kveðið á um að eitt af meginhlutverkum miðstöðvarinnar sé að stunda rannsóknir á íslensku táknmáli. Frá stofnun hennar hefur hún ekki gefið út neina rannsókn á táknmáli sem hægt er að vísa í og ekki gefið út námsefni á táknmáli nema það sem stofnunin kennir sjálf. Nemendur í táknmálsfræði geta því ekki stuðst við neina rannsókn á íslensku táknmáli sem veldur þeim vissum erfiðleikum í náminu samanborið við nám í öðrum deildum Háskóla Íslands. Alla táknmálsnámsefnisgerð þarf því að efla mikið til að hægt sé að kenna og nema málið á sem bestan hátt.

Vesturhlíðarskólinn, eini grunnskólinn á Íslandi fyrir heyrnarlaus börn, var lagður niður vorið 2002 og starfsemin flutt í Hlíðaskóla sem nefnist nú Hlíðaskóli táknmálssvið. Því er aðkallandi að kennarar í almennum skóla eins og Hlíðaskóla kunni táknmál og jafnvel kennarar í öðrum skólum sem heyrnarlaus eða heyrnarskert börn kunna að vera í því að foreldrar heyrnarlausra eða heyrnarskertra barna geta valið þann möguleika að setja barn sitt í hverfisskólann. Táknmálsfræðideild Háskóla Íslands gæti í náinni samvinnu við Kennaraháskóla Íslands boðið nemendum Kennaraháskólans táknmálsfræðinám og metið það til eininga sem hluta af kennaraprófi. Þannig gætu nemendur í Þroskaþjálfaskóla, leikskólakennaraskor og íþróttakennaraskor lært táknmál samhliða námi sínu í Kennaraháskólanum eins

og nemendur í grunnskólaskor. Mikill hagur yrði í því að fólk í þessum störfum kynni táknmál. Jafnvel mætti síðar kenna táknmál í Háskólanum á Akureyri eða í öðrum háskólum á landsbyggðinni ef eftirspurn væri eftir því.

Táknmálsfræðinámið verður ekki eflt á einum degi. Það þarf að gefa þessu öllu tíma til að dafna. Sýna þarf þeim sem hafa áhuga á að fara í táknmálskennaranám og túlkanám að starfsgrundvöllur þeirra og framtíð séu tryggð.

Í öðru lagi þarf að tryggja fjárveitingar til allrar þeirrar túlkaþjónustu sem fellur undir frumvarpið. Tryggja þarf rétt heyrnarlausra til túlkaþjónustu í félagslegum tilgangi. Með því er jafnframt komið á menntunar- og atvinnuöryggi fyrir táknmálstúlka.

Táknmálstúlkastarfið þarf að lögvernda. Tryggja þarf að táknmálstúlkanám í Háskóla Íslands verði alltaf í boði því fjölga þarf táknmálstúlkum á tveggja ára fresti, sérstaklega í ljósi þess að virkir vinnutímar táknmálstúlka eru aðeins 20 stundir á viku vegna þess hversu slítandi starf þeirra er. Þá þarf að mennta túlka daufblindra sérstaklega því daufblindir nota snertitáknmál.

Í fylgiskjali með frumvarpi þessu er texti af vísindavef háskólans sem skýrir táknmál á mjög einfaldan hátt en eins og áður hefur komið fram hafa engar rannsóknir farið fram á íslensku táknmáli sem hægt er að vísa til.

Eins og ég hef nefnt áður er frumvarpið flutt öðru sinni nú. Í síðasta flutningi fékk það góða athygli en því miður var ekki sömu athygli að fagna hjá menntamálanefnd. Frumvarpið fékk nánast enga umfjöllun í nefndinni og ég er að vonum mjög svekkt yfir því. Hver sem ástæðan kann að vera vil ég fá að segja það, virðulegi forseti, að ég er nokkurn veginn viss um að í þinginu er almenn sátt um að koma réttindum heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra inn í hið lögbundna form sem táknmálsfrumvarpið er. En ég held að meginástæðan sé þó að þingheimur og þó sérstaklega stjórnarflokkarnir hræðist einhvern himinháan kostnað sem mundi koma á frumvarpið í framkvæmdinni. Ég held að sá ótti sé ástæðulaus ef menntamálanefnd settist aðeins niður, gæfi hugmyndafluginu lausan tauminn og kæmi með tillögur sem sennilega mundu birtast í séráliti. Það vil ég endilega. Ég vil sjá óskir stjórnarliðanna. Ég er nokkuð viss um að samfélag heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, sem lögin eiga að ná til, vill það líka. Ég er tilbúin til að skoða allar lausnir svo framarlega sem þær skerða ekki frelsi og réttindi manna sem einstaklinga á nokkurn hátt en stuðla að því að allir fái tækifæri til að njóta sín sem sjálfstæðir einstaklingar.

Ég tek það líka fram að öllum réttindum fylgja ákveðnar skyldur. Skyldur heyrnarlausra í þessu samhengi eru þær að þeir sjálfir láti vita af sér og túlkaþörf sinni og ég er viss um að þær skyldur verða virtar.

Ísland er lítið land, það hefur oft verið sagt. Það hefur líka verið sagt að við séum framsækin. Við ættum að nota okkur þetta tvennt hérna núna. Smæð landsins og mannfjöldi gerir það að verkum að við ættum að eiga auðvelt með að koma lögbundnum réttindum heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra í ákveðið form eða módel sem aðrar þjóðir geta tekið til fyrirmyndar í stærra samhengi. Það eru ekki margar þjóðir sem hafa viðurkennt táknmálið og jafnvel þó að nokkrar hafi viðurkennt það er ekki þar með sagt að því sé sinnt af alúð og umhyggju ásamt því að vera sett í ákveðið form. Hjá nokkrum löndum er viðurkenningin ein og sér bara dauður lagabókstafur en miklu máli skiptir hvernig hagvöxtur landsins er. Við Íslendingar státum okkur hins vegar oft af miklum hagvexti og ættum þá að geta verið vel í stakk búin til að geta sinnt réttindum heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra af alúð. Látum okkur það eftir með samþykkt táknmálsfrumvarpsins.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og vísa þessum tveimur frumvörpum til menntamálanefndar með náðarsamlegri ósk um ítarlega umfjöllun af hálfu nefndarinnar.

[18:29]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég kem hér upp til að lýsa svipuðum almennum stuðningi við þetta mál og ég gerði í fyrra. Ég geri það fyrir hönd flokks míns sem því miður er ekki aðili að ríkisstjórn en verður það innan skamms.

Ég vil segja í tilefni af orðum hv. flutningsmanns um menntamálanefnd að þau eru alveg rétt. Frumvarpið kom inn í þingið að ég hygg á svipuðum tíma í fyrra og fór til menntamálanefndar eftir 1. umr., lá þar allan veturinn og var ekki rætt. Í rauninni gerðist ekkert með það nema að leitað var umsagna eins og skylt er. Þó má kannski segja að óbeint hafi orðið ákveðinn árangur af skörulegri framsögu flutningsmanns og vinnu hennar við frumvarpið, sem ég kem að síðar.

Það er þó nánast sorglegt fyrir okkur sem sátum hér í fyrra og urðum flutnings hv. þingmanns áheyrsla að ekkert skuli hafa gerst eftir þetta eina ár vegna þess að þegar málið var flutt hér í fyrra var það fyrir okkur sum ákveðin uppgötvun og stund sem ég held að við gleymum ekki, þ.e. í fyrsta sinn sem þetta tungumál var notað í sölum Alþingis Íslendinga, og ég held að þeir sem sátu hér og hlustuðu á það í fyrra hafi svona í huganum heitið stuðningi sínum við þennan málstað nema þeir væru úr steini, sem þeir eru held ég ekki.

Það er ekki aumingjagæska eða einhvers konar tilfinningasemi sem stendur á bak við það heldur ósköp einfaldlega jafnréttishugsjónir og hugmyndir jafnaðar sem standa til þess að fólk sem hefur þetta mál að tjáningarformi á að standa jafnfætis og hafa sama rétt og við hin sem tjáum okkur með öðrum og hefðbundnari hætti.

Það er ekki bara þetta mál sem hér er endurflutt heldur nær þessi saga því miður langt aftur í tímann. Nefnd á nefnd ofan á opinberum vegum, barátta sem því miður hefur haft of lítinn árangur og skal þó ekki vanvirt það sem vel er gert, svo sem þær milljónir sem hæstv. menntamálaráðherra lagði í félagslega táknmálstúlkun fyrr í haust og ber engan skugga á þó að það takist fram að til þess þurfti fyrst mótmæli heyrnarlausra fyrir utan þingið og síðan utandagskrárumræðu af hálfu stjórnarandstæðings, hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur. Það var vel gert og skörulega, en eins og hv. þingmaður vakti athygli á þá er þetta redding, það er til skamms tíma sem menntamálaráðherra kom þessum hlutum í lag og þeir hafa ekki verið festir niður á sínum stað í stjórnkerfinu, eru að ég hygg veittir nú annaðhvort af ráðstöfunarfé ráðherra eða potti ríkisstjórnarinnar en eru ekki í fjárlagafrumvarpinu á sínum stað í yfirliti yfir fjár-

veitingar frá menntamálaráðuneytinu eða gegnum menntamálaráðuneytið eins og vera ætti.

Af hverju sinnum við þessu svona dauflega? Það strandar á fé og strandar á áhuga- og sinnuleysi, strandar kannski á því að heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir eru ekki svo stór hópur að flokkarnir sækist sérstaklega eftir stuðningi þeirra eins og er stundum um aðra hópa, og hann hefur ekki, ef ég má orða það kímilega, mjög hátt um sinn vanda. Það er þó að aukast, og í takt við aukinn þrýsting þeirra og aðstandenda þeirra opnast auðvitað flokkarnir líka og stjórnmálakerfið allt.

Ég held að þriðja ástæðan sé sú, og þá kem ég kannski að hinum óbeina árangri sem ég tel að hv. flutningsmaður hafi náð í fyrra, að við höfum ekki sinnt því, þrátt fyrir margyfirlýsta aðdáun á eigin tungumáli og fjölda ástarheita við íslenskuna, að hirða um stöðu íslenskunnar í samfélagi okkar. Við það hafa heyrnarlausir, heyrnardaufir og daufblindir orðið varir því þegar þeir sækja fram og vilja að mál þeirra sé sett jafnt íslensku okkar hinna og fara að skoða lögin og reglurnar sem gilda um hana kemur í ljós að sjálf þjóðtungan er ekki þjóðtunga nema í munni okkar. Á hana er ekki minnst í stjórnarskránni, um hana er óvíða fjallað í lögum og það þýðir að þegar kemur að þeim sem ekki tala íslensku, að táknmálinu og líka nýbúum, ég er ekki að jafnsetja þá heyrnarlausum, heyrnardaufum og daufblindum, en þeir eiga líka við þennan vanda að stríða, að þeir ná ekki þeim rétti sem væri eðlilegt að þeir hefðu, t.d. til þýðinga eða túlkunar, vegna þess að staða íslenskunnar er svo vanskýrð.

Fleira má nefna sem hvetur til þess að hún skýrist betur og þar er auðvitað hnattvæðingin stikkorðið. Á Íslandi höfum við alltaf, frá upphafi landnáms, í raun og veru lifað í veröld margra tungumála þótt íslenskan hafi verið sterkust. Það gerðist líka í gegnum alla Íslandssöguna og það á sér enn stað en núna í auknum mæli og miklu hraðar en áður þannig að okkur ber skylda til þess, sem erum í þessum sal og eigum að heita stjórnvöld í landinu, að skilgreina hlut íslenskunnar, skilgreina hlut móðurmáls eða a.m.k. fyrsta máls þeirra sem ekki geta talað íslensku og skilgreina hlut annarra mála sem koma okkur við, bæði alþjóðamálanna og mála þess fólks sem hefur kosið að flytjast hingað og gerast Íslendingar.

Ég flutti um þetta tillögu ásamt ýmsum ágætum hv. þingmönnum öðrum úr öllum flokkum í fyrra. Henni var vísað til ríkisstjórnarinnar og þegar það var ákveðið í menntamálanefnd að leggja það til skildi ég það svo að það væri m.a. vegna þess málflutnings sem hv. flutningsmaður hafði hér í frammi í fyrra, vegna þess að sérstaklega var tekið til táknmáls heyrnarlausra í þessari tillögu minni.

Um leið og ég sakna þess að hæstv. menntamálaráðherra skuli ekki vera hér, sem er kannski ekki von, og heldur enginn úr hennar flokki viðstaddur umræðuna þá heiti ég því að halda áfram að berjast fyrir því að tekið verði mark á þessari tillögu minni í ríkisstjórninni og hyggst sækja það mál hér skörulega næstu árin, bæði fyrir íslenskuna sem mér þykir vænt um og fyrir táknmál heyrnarlausra sem ég tel að eigi að eiga sama rétt.

Ég ætla ekki að fjalla efnislega um einstakar greinar í þessum málum. Ég gerði það í fyrra og ég hef sama fyrirvara, og vil taka það fram til þess að vera bara hreinskilinn með það, um ákveðna hluti í því, m.a. notkun táknmáls í fjölmiðlum. Við verðum að finna einhverja málamiðlun á milli hins fyllsta réttar annars vegar og hins vegar þess að á Íslandi eru fjölmiðlar ekki sterkir og ef við setjum of miklar kröfur á þá um kostnað er hætt við að þeir nái ekki þeirri breidd sem til þarf og því afli sem þeir þurfa að hafa. Ég segi „málamiðlun" á þessu sviði sem ég tel að hægt sé að ná með t.d. aukinni túlkaþjónustu.

Ég vil svo segja að mér fannst ræða hv. flutningsmanns athyglisverð og sérstaklega kannski þegar hún benti á að hinn mikli galli okkar og sá eilífi tilvistarvandi að vera fámenn þjóð, smáþjóð, gæti reynst okkur kostur í þessu efni. Við erum fámenn þjóð, við höfum þess vegna mikla nánd, við höfum yfirsýn yfir hvern og einn í samfélagi okkar og þurfum ekki að umgangast fólk eins og ópersónulegar stærðfræðistærðir, einhverja hópa, og við búum við það sem margir hafa talið illt að samþjöppun byggðarinnar er orðin töluverð. Það þykir mörgum ókostur en það er kostur í þessu dæmi því þá væri hægt að reiða fram þjónustu fyrir mjög stóran hóp landsmanna á einum stað eða í raun og veru einu byggðarlagi. Ef við tökum höfuðborgarsvæðið, hvort sem við tölum um það sem höfuðborgarsvæðið hið minna sem er þá Reykjavík og nágrenni, eða höfuðborgarsvæðið hið stærra, þríhyrninginn Keflavík, Akranes, Selfoss, þá má koma við töluverðri þjónustu og tiltölulega ódýrri miðað við þau lönd þar sem miklu meiri dreifing er á íbúum.

Mér þóttu þetta merkileg ummæli og lýk máli mínu þar en þó með því heiti að meira verði gert í menntamálanefnd að þessu sinni. Ég held að okkur sem þar sitjum sé skylt að gera það og reyna á sem kostur er hvernig við getum fylgt þessu máli fram, ef ekki frumvarpinu sjálfu þá að skapa einhverjar aðstæður til þess að stigin verði skref fram á við í þessu efni sem hafa verið ákaflega fá og tilþrifalítil á undanförnum árum.

[18:41]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því frumvarpi sem við ræðum hér og ég vil segja í upphafi að ég tek fyllilega undir meginmarkmið frumvarpanna beggja en verð samt að viðurkenna að það sem ég staldra kannski við er umfangið, en samkvæmt orðanna hljóðan í frumvörpunum ætti ríkisvaldið að tryggja túlkaþjónustu alls staðar og alltaf. Þess vegna velti ég því fyrir mér hvort möguleiki sé á því að þrengja hringinn eitthvað. Ég get tekið sem dæmi hvort þurfi túlka í allar kirkjur þegar messur standa yfir, í allar verslanir o.s.frv. Í því tilliti tek ég undir með hv. þm. Merði Árnasyni varðandi fjölmiðlana, að við reynum að finna einhverja málamiðlun og þar gætum við á einhvern hátt kannað til að mynda búsetuna og reynt að þrengja hringinn og gera skynsamlega áætlun sem kæmi til móts við heyrnarlausa.

Ég er sammála því sem segir í frumvarpinu um að efla táknmálsfræðinám. Ég er þess minnug þegar Háskóli Íslands felldi niður nám í táknmálsfræði, það var ekki gott ástand. Ég velti því líka upp í þessari umræðu og ég hef reyndar lengi verið þeirrar skoðunar hvort ekki væri athugandi að kenna einhver grunnundirstöðuatriði táknmáls í

grunnskólum, vegna þess að ég held að það sé mjög mikilvægt að t.d. krakkar læri það, þau eru svo fljót að grípa þetta og það mundi þá líka jafna aðstöðu þeirra barna sem glíma við heyrnarleysi.

Annar punktur í þessu er líka sá sem snertir atvinnulífið. Ég held að það væri mjög þarft verkefni að stór fyrirtæki, og að sjálfsögðu þau smærri líka ef möguleiki er á, sendu þó ekki væri nema einn starfsmann í fyrirtækinu á námskeið þannig að hægt væri að bjarga sér með táknmál og að viðkomandi starfsmaður gæti þá aðstoðað heyrnarlausa. Ég held að þetta yrði ekki lengi að vinda upp á sig og mér finnst að það ætti að vera sjálfsögð þjónusta. Til að mynda var þetta gert, veit ég, í Seðlabanka Íslands. Þar var starfsmaður sendur á námskeið til að læra grunnundirstöðuatriði og ég vissi reyndar til þess að sá starfsmaður starfaði á kvöldin í sjoppu hér í bæ og það var orðið þannig að mjög margir heyrnarlausir sóttu þjónustu þangað vegna þess að þeir voru auðvitað svo ánægðir með að einhver skildi þá og þeir gætu virkilega mætt á svæðið og talað á sínu tungumáli. Ég held að þetta sé punktur sem við ættum að horfa á og ég nefndi þetta einmitt í utandagskrárumræðu nýlega hvort ekki væri á einhvern hátt hægt að skora á atvinnulífið að bregðast við þessu.

Hér var utandagskrárumræða um daginn þar sem hæstv. menntamálaráðherra gaf það út að hún eða ríkisstjórnin hefði ákveðið að leggja til aukafjármagn í félagslega táknmálstúlkun. Ég tel að þetta sé mikilvægt skref í réttindabaráttu heyrnarlausra og fagna þessu mjög enda ákaflega brýnt.

Hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir kom inn á það áðan í framsögu sinni að hún er tilbúin að skoða allar lausnir sem skerða ekki réttindi heyrnarlausra. Ég held að þetta komi nákvæmlega inn á það sem ég ræddi áðan, hvort við gætum einhvern veginn reynt að þrengja þetta án þess þó að skerða réttindin því að þetta er dálítið víðtækt í frumvörpunum. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að ekki sé nóg að viðurkenna táknmálið en fylgja því ekki eftir með aðgerðum. Því tel ég afar brýnt að vanda vel til verks.

Ég ætla ekki að fara nákvæmlega í greinar frumvarpsins. Ég vil aðeins segja að ég tel að þessi atriði verði að skoða í hv. menntamálanefnd og mun reyna að beita mér fyrir því. Við hljótum að geta fundið viðunandi lausn sem yrði þá upphaf á þessu máli.

[18:46]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fagna viðbrögðum og viðhorfum hv. varaformanns menntamálanefndar, Dagnýjar Jónsdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins. Ég tel mjög mikilvægt að hún spegli með þessum hætti viðhorf annars stjórnarflokkanna tveggja. Tel ég það gott. En sinnuleysi Sjálfstæðisflokksins um mannréttindamál er náttúrlega ekki viðbrugðið að venju enda láta þeir ekki sjá sig í sölunum þegar slík grundvallarmál sem þetta eru til umræðu eins og lifir ágætlega í minningunni frá því í síðustu viku þegar við ræddum hliðstætt mál sem snertir sama samfélagshóp, þ.e. frumvarp hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur um textun sjónvarpsefnis. Þá var engin leið að kreista nokkurt einasta hljóð út úr Sjálfstæðisflokknum, þeim stóra í stjórnarsamstarfinu og fá einhverjar línur lagðar um það hvort ekki væri möguleiki á því að þessi réttlætismál yrðu afgreidd frá Alþingi Íslendinga í vetur. Þinginu væri mikill sómi að því, öllum flokkunum sem hér eru, ef menn færu einu sinni upp úr skotgröfum stjórnmálaátakanna hinna dags daglegu og afgreiddu slíkt mannréttindamál frá þinginu.

Virðulegi forseti. Ég tel að málið sem við ræðum núna sé grundvallarmál, mál sem pólitískar málamiðlanir ná ekki yfir. Þess vegna skora ég á Sjálfstæðisflokkinn að rífa sig upp úr farinu. Hvert einasta skipti sem réttindamál einhvers konar ber á góma flýja þeir í skjól. Það er ekki einu sinni sá bragur á þeim að þeir komi hér og tali gegn málunum. Þeir reyna að þegja þau einhvern veginn út af borðinu, svæfa þau síðan í nefnd þannig að þau komi aldrei aftur inn í þingsalina til neinnar endanlegrar afgreiðslu.

Þetta er mannréttindamál að mínu mati eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti. Með samþykkt þessa frumvarps til laga væru mannréttindi stórs hóps, ákveðins hóps í samfélaginu, þess hóps sem býr við heyrnarleysi eða heyrnarskerðingu hvers konar, viðurkennd. Hin ítarlega og góða greinargerð með frumvarpinu upplýsir okkur um sögu táknmálsins, stöðu heyrnarlausra og þá réttindaskrá sem til er lögð að verði að fylgja eftir þannig að staða þessa hóps sé viðunandi í samfélaginu. Þá er ég að meina jafnstöðu, jafnstöðu þess hóps sem býr við heyrnarleysi og heyrnarskerðingu á við okkur sem erum heyrandi til að taka fullan þátt í samfélaginu. Þetta mál er vissulega nátengt textunarfrumvarpinu sem er hin hliðin á krónunni, sem sagt aðgengi heyrnarlausra og heyrnarskertra að samfélaginu, samfélagi sem byggist meira og minna á miðlun upplýsinga og aðgengi og aðgangi okkar að þeim. Á meðan það er ekki í lög fest að sjónvarpsstöðvunum, eða efnisveitunum eins og Sjálfstæðisflokkurinn kallar þetta eftir að Síminn keypti Skjá 1, beri skylda til að texta íslenskt efni sem nokkur kostur er að texta með einhverjum eðlilegum undantekningum með beinar útsendingar o.s.frv. þá gerist ekkert af viti í þessu máli. Ríkisútvarpið sem stofnun hefur brugðist skyldu sinni. Ríkisútvarpið hefur brugðist í því að hafa forgöngu og sóma í þessu máli. Ríkisútvarpið hefur ekki gert nokkurn skapaðan hlut til að sýna þessum hópi sanngirni, réttlæti og þá virðingu sem hann á skylda með því að beita afli sínu til að texta allt það íslenska efni sem sýnt er og hefur verið unnið fyrir fram sem er töluvert efni.

Frægt er að þeir leggi í að texta Spaugstofuna og það er ágætt. En við það situr. Svo eru þættir sem teknir eru upp með ágætum fyrirvara eins og laugardagskvöld með Gísla Marteini. Þar var t.d. frægt viðtal um helgina við hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson. Þeim hefði verið í lófa lagið að texta þetta eins og hvert annað íslenskt efni sem unnið er fyrir fram.

Málið er í fyrsta lagi viðurkenning á mannréttindum, viðurkenning á því að íslenska táknmálið sé jafnsett tjáningarform í samskiptum á milli manna og íslensk tunga. Þess vegna er, eins og hér segir, með leyfi forseta:

„... óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir tala.“

Eins og staðan er í dag er fólki mismunað. Því er mismunað eftir því hvort það heyrir eða heyrir ekki og það er

ósanngjarnt og það er óréttlátt að koma þannig fram við einhvern hóp í samfélaginu vegna þess að hann býr við fötlun. Það er einfaldlega ólöglegt, óeðlilegt og ósiðlegt. Þetta mundi allt breytast ef þetta frumvarp yrði að lögum í vetur, frumvarp sem færir það í lög að íslenska táknmálið hafi jafna stöðu á við íslenska tungu. Það er sanngjarnt og eðlilegt í samfélagi sem getur hvorki skákað í skjóli fávísi né fátæktar. Við bárum stöðuna í textunarmálunum saman við stöðuna í öðrum Evrópulöndum sem er mjög misjöfn. Hún er framúrskarandi í Bretlandi, ágæt víða annars staðar en hörmuleg á Íslandi og í Albaníu. En Albanía hefur sér það til málsbóta að vera fátækt samfélag sem er að rísa úr rústum ömurlegra tíma og mun sjálfsagt taka þessi mál til umræðu eins og önnur. En Ísland hefur ekkert þvílíkt sér til málsbóta. Ísland er eitt af ríkustu og upplýstustu samfélögum í heimi. Tölvueign, upplýsinganotkun, upplýsingaaðgengi og öll slík mál eiga sér vart sinn líka og á Íslandi. Þess þá heldur hlýtur það að brenna á okkur að mismuna ekki einum hópi í samfélaginu með þeim hætti að veita ekki fullt aðgengi eins og kostur er að þessu nútímaupplýsingasamfélagi. Þess vegna skora ég á Sjálfstæðisflokkinn, stóra flokkinn í ríkisstjórnarsamstarfinu, flokkinn sem því miður hefur farið með völdin sl. 14 ár, að koma og gefa einhvern ádrátt um það hvert viðhorf forustumanna hans sé. Ekki hefur nú legið á hv. formanni menntamálanefndar, Gunnari Birgissyni, að tjá sig þegar kemur að því að brjóta réttindi á kennurum. Hann var fyrstur hér til að reka áróður fyrir því að brotin yrðu mannréttindi á kennurum með því að setja lög á kjaradeilu þeirra. En það bólar ekkert á hv. þingmanninum þegar um er að ræða mannréttindamál, réttarbætur, sanngirnismál eins og við ræðum hér núna. Ég þreytist aldrei á því að skora á Sjálfstæðisflokkinn að taka þátt í umræðu um þessi mál. Alþingi Íslendinga, löggjafinn, á að hafa forgöngu að slíkum réttlætismálum, slíkum réttindabótum og í því eiga allir þingmenn allra flokka að sjálfsögðu að taka þátt. Ég vil aftur á móti hrósa þingmanni Framsóknarflokksins fyrir að taka þátt í umræðunni og lýsa afdráttarlausum stuðningi við málið. Menn gætu gert sér í hugarlund hver staðan væri í þessum málum, mannréttindamálum heyrnarlausra, heyrnarskertra og annarra hópa, ef Sjálfstæðisflokkurinn væri utan ríkisstjórnar. Þá væri aðeins öðruvísi um að litast í samfélagi okkar. Þá væri staðan í samfélaginu ögn réttlátari. Þá væri gengið fram af sanngirni við hópa og menn legðu sig í líma við það að veita fólki jafnstöðu, jöfn tækifæri og jafnt aðgengi að samfélaginu. Staðan eins og hún er í dag er hrein og klár mismunun eins og ég sagði áðan.

Þeir sem hafa rætt um málið á undan mér hafa komið inn á til að mynda stöðu táknmálsfræðinámsins. Hún er óþolandi. Hún er í takt við svo margt annað í íslenska menntakerfinu, gersamlega óþolandi, og fyrir því þurfti að róa lífróður fyrir ári síðan að námið hreinlega legðist ekki af í Háskóla Íslands. En það er illa að því staðið. Það eru allt of fáir túlkar menntaðir eins og staðan er núna og þar verður að taka mjög hressilega til hendinni eigi einhver árangur að nást í þessum málum og eigi að vera hægt að fylgja eftir lagabreytingu eins og þeirri sem við ræðum hér verði hún að veruleika sem eru samt ekki miklar líkur á fyrr en Sjálfstæðisflokkurinn verður kominn út úr ríkisstjórn.

Hérna fylgir með nokkuð ítarleg réttindaskrá og gott yfirlit yfir hvað þurfi að breytast og hvaða réttindi heyrnarlausra og heyrnarskertra þurfi að fylgja slíku. Líkt og hv. þingmenn Mörður Árnason og Dagný Jónsdóttir reifuðu er það að sjálfsögðu mál sem rætt og unnið verður í framhaldinu, þ.e. hverju má breyta og bæta, hverju þarf að bæta við, hvort einhverju sé ofaukið þar o.s.frv. Það fylgir að sjálfsögðu útfærslunni.

Meginmálið er að við erum með frumvarp til laga þar sem um er það að ræða að bæta úr mismunun heyrnarlausra og heyrnarskerta í íslensku samfélagi, veita þeim sanngjarnan, réttlátan og eðlilegan aðgang að samfélaginu.

Ég vil í lokin, til að þeir sem eiga eftir að tala komist að áður en þingfundi lýkur, nota tækifærið og skora aftur á Alþingi Íslendinga og stjórnarflokkana að sjá sóma sinn í því að veita þessu máli brautargengi en ekki svæfa það svefninum langa í nefnd eftir þessa umræðu.

[18:57]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki ástæða til að lengja umræðuna því ég get tekið undir það sem þeir hv. þingmenn sem hafa tekið þátt í henni á undan mér hafa sagt. Ég fagna því að málið skuli vera komið fram á nýjan leik. Ég tók undir það við 1. umr. á síðasta þingi á þeim nótum sem ég geri hér. Ég styð þetta mál heils hugar með oddi og egg enda er ég fyrir hönd míns flokks, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, einn af flutningsmönnum þess.

Hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir hefur brotið í blað í sögunni með því að færa íslenska táknmálið hingað á vettvang Alþingis Íslendinga. Það hefur hún gert með miklum glæsibrag. Þjóðin hefur fylgst með og dáðst að henni fyrir það hve sköruleg framganga hennar hefur verið í þinginu. Hún á heiður skilið fyrir vinnslu þessara frumvarpa sem hún hefur lagt fram. Þau eru nú þegar orðin þrjú. Hér hafa verið nefnd til sögunnar, auk þessara tveggja sem við ræðum nú, frumvarp um textun íslensks sjónvarpsefnis og svo boðar hún í þessu frumvarpi sem hér er til umræðu frumvarp um menningarsetur heyrnarlausra. Ég verð að segja að ég hlakka til að sjá það frumvarp, það fjórða í kippunni um frumvörpin sem snerta málefni heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra.

Ég nefndi menningarsetur heyrnarlausra. Ég vil fá að segja nokkur orð um menningu heyrnarlausra. Ég hef átt þess kost að kynnast örlítið þessum heimi í gegnum menningarstarf því að það gerðist á árum áður að ég fékk að starfa með leikhópi heyrnarlausra. Þar var einn leikendanna einmitt Sigurlín Margrét Sigurðardóttir. Hún lék á sviðinu í Háskólabíói ásamt félögum sínum lystilega litla leiksýningu sem ég fékk að leikstýra þeim í. Ein merkilegasta reynslan frá leikstjórnartíð minni er að hafa fengið að kynnast heimi heyrnarlausra og tungumáli heyrnarlausra sem ég vil leyfa mér að fullyrða að er ekki síður litríkt heldur en íslenskan sem töluð er. Það er tjáningarríkt vegna þess að allur líkaminn er virkur við meðferð málsins. Því er það í raun miklu dramatískara mál en hið talaða orð og þar af leiðandi afar vel fallið til að flytja á leiksviði. Eitt það merkilegasta sem maður getur upplifað er að heyra táknmálskór syngja og ég hvet alla sem ekki hafa heyrt það til að leggja sig eftir

því að hlusta á íslenska táknmálskórinn, sem er til, syngja því það er merkileg upplifun, virkilega merkileg. Ég hlakka því til að sjá fjórða frumvarpið í kippunni, frumvarp um menningarsetur heyrnarlausra.

Af því að ég starfa í menntamálanefnd þingsins vil ég taka undir orð hv. þm. Marðar Árnasonar sem sagði fyrr í umræðunni að málið hefði legið í þagnargildi menntamálanefndar allan síðasta vetur. Það var mjög miður. Þetta mál, eins og mörg önnur góð mál, þurfti á lokasprettinum í þinginu hér undir vor að gjalda þess forgangs sem fjölmiðlafrumvarpið hafði. Þetta mál ásamt mörgum öðrum merkum málum var látið liggja kyrrt í möppum þingmanna í menntamálanefnd án nokkurrar umræðu.

Ég tek undir þau orð hv. þm. Marðar Árnasonar að ég kem til með að beita mér ásamt með honum og fleirum í nefndinni auðvitað fyrir því að þetta gerist ekki aftur. Þetta mál verður að taka til umfjöllunar í nefndinni svo fljótt sem kostur er.

Hér hefur verið sagt að um mannréttindamál sé að ræða, mikið jafnréttismál, og það er að sjálfsögðu rétt og eðlilegt að taka undir það. Mér þykir til fyrirmyndar hvernig hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir hefur fært hingað inn á okkar vettvang lítinn hóp sem hefur ekki notið jafnréttis eða mannréttinda í samfélagi okkar, kannski minni mannréttinda en nokkrir aðrir hópar í samfélaginu, og það eru daufblindir. Það hvernig málefni daufblindra hafa fengið sérstakan sess í ræðum hv. þingmanns þegar hún hefur talað fyrir þessum málum hefur virkilega opnað augu mín og eflaust margra annarra sem á hafa hlýtt fyrir málefnum þessa hóps. Hann er lítill og það er svo mikil hætta á að svona litlir hópar hafi ekki afl til að berjast fyrir hagsmunum sínum en hv. þingmaður hefur lagt sitt af mörkum til þess að breyta því. Á hún heiður skilinn fyrir það.

Hv. þm. Mörður Árnason sagði að þessi hópur hefði almennt ekki hátt, sagði það kímilega, en ég vil rifja það upp með hv. þingmönnum að fyrir umræður um stefnuræðu forsætisráðherra í haust ætluðu heyrnarlausir baráttumenn hreint að æra okkur sem stóðum hér í þessum sal með flauti miklu þar sem heyrnarlausir mættu með miklar blístrur á Austurvöll og virkilega létu í sér heyra. Ég treysti því og veit að heyrnarlausir halda áfram að hafa hátt þangað til málefni þeirra eru komin í höfn. Þau eiga það sannarlega inni því að þessi mál hafa legið í láginni allt of lengi.

Ég lýsi hér yfir, hæstv. forseti, öflugum stuðningi við þetta mál, stuðningi mínum og þingflokks míns, og ég treysti því að málið fái brautargengi og örugglega einhverja umræðu í menntamálanefnd á þessum vetri.

[19:03]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mig langar til að fylgja þessu frumvarpi úr hlaði með örfáum orðum. Ég er einn af 16 flutningsmönnum þess, 16 flutningsmönnum sem koma úr öllum stjórnarandstöðuflokkunum. Þetta er mjög myndarlegur hópur og ég hygg að það endurspegli — ég trúi því a.m.k. — að það endurspegli að frumvarpið njóti töluverðs fylgis á hinu háa Alþingi og ég vona svo sannarlega að þegar að því komi skipti í raun og veru engu máli hvar í flokki menn standa. Hér er að sjálfsögðu verið að fjalla um sjálfsagt mannréttindamál, að táknmálið skuli vera fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga, mál sem í raun og veru ætti að vera hafið yfir alla pólitíska flokkadrætti og pólitískt dægurþras.

Ég sagði það hér á dögunum þegar mælt var fyrir frumvarpi um textun á sjónvarpsefni, sem líka er sjálfsagt jafnréttismál, að það væri okkur Íslendingum til skammar hversu skammt á veg við erum komin þegar um er að ræða sjálfsögð réttlætismál fyrir þennan þjóðfélagshóp sem er glettilega stór hluti af þjóðinni. Það kom fram á dögunum að u.þ.b. 10% af þjóðinni eiga við örðugleika að etja þegar heyrn er annars vegar. Það er ekki lítill hópur, frú forseti.

Ég ætla ekki að setja á langa ræðu nú. Hér hafa verið fluttar ágætar ræður um þetta mál, ég er sammála efni þeirra og sé enga ástæðu til að endurtaka það. Eftir að hv. þm. Sigurlín Margrét Sigurðardóttir kom til liðs við okkur í þingflokki Frjálslynda flokksins hafa augu mín opnast fyrir því hve skammt við erum á veg komin þegar þessi mál eru annars vegar. Ég gerði mér ekki grein fyrir því, alls ekki, að ástandið væri svona slæmt og eftir því sem ég kynnist réttindamálum heyrnarlausra betur þess sannfærðari verð ég um að það sé mjög brýnt að við, íslenska þjóðin, tökum okkur tak og gerum gangskör að því að lagfæra þessi mál. Þetta er stór hópur þjóðfélagsþegna sem greiða sitt til samfélagsins og þessi hópur á sjálfsagða kröfu til þess að samfélagið veiti þeim grundvallarþjónustu á móti.

Ég vil að lokum, frú forseti, fá að koma á framfæri þökkum til hv. þm. Sigurlínar Margrétar Sigurðardóttur. Hún hefur flutt mál sín og undirbúið þau af miklum dugnaði og mikilli elju. Það hefur verið gaman að fylgjast með því hversu mikla vinnu hún hefur lagt í frumvörpin sem hún hefur mælt fyrir á hinu háa Alþingi. Ég vona svo sannarlega að hv. menntamálanefnd taki við þessum frumvörpum og að þeir sem sitja þar sjái til þess að þau fái þinglega meðferð og að stjórnarflokkarnir, sem hljóta jú að bera ábyrgð á því að þessi mál hafa hingað til ekki komist í gegnum þingið, sjái nú sóma sinn í því — þó að þeir séu kannski ekki endilega fullkomlega sammála því sem stendur í þessum frumvarpstextum — að koma þá með breytingartillögur, afgreiða þessi mál úr nefndunum þannig að þau komist aftur til 2. og helst 3. umr. Ég óska þess heitast að þessi frumvörp verði að lögum þannig að þessi mál komist endanlega á þann rekspöl sem þau eiga skilið.

[19:07]

Flm. (Sigurlín Margrét Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka kærlega þeim þingmönnum sem hafa tjáð sig um þessi mál.

Mig langar að svara hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, aðeins að nefna nokkur atriði sem hún talaði um. Mér finnst það einmitt mjög góð hugmynd að börn í grunnskóla læri táknmál. Þetta er þeim mjög aðgengilegt og þau eiga mjög auðvelt með að tileinka sér þetta mál, en þá spyr ég á móti: Hvar eru táknmálskennararnir sem eiga að kenna börnunum? Í frumvarpinu er einmitt talað um að það vanti menntun, fleiri menntaða táknmálskennara. Hv. þingmaður óskaði sérstaklega eftir þessu en við þurfum að bæta stöðu þeirra heyrnarlausu sem leggja þetta fyrir sig.

Síðastliðin ár hefur verið einstefna hjá ríkisvaldinu.

Samfélag fyrir alla, ég hef oft fengið það á tilfinninguna að Ísland sé ekkert samfélag fyrir alla. Samt er ákveðin stefna til varðandi þessi mál. Ég sjálf mundi vilja að táknmálið kæmi inn í þetta samfélag fyrir alla.

Alveg eins og ég sagði áðan í lokaorðum mínum er ég tilbúin til að skoða allar leiðir sem stjórnarflokkarnir sjá, einmitt ræða það hvaða leiðir eru færar í þessum efnum til að réttur okkar sé tryggður. Ég vil gjarnan hitta stjórnarflokkana svo að við getum komið okkur saman um góðar tillögur.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir talaði um menningarsetur og er spennt fyrir því að sjá það frumvarp komast hingað inn en því miður er ekki hægt að vinna það núna vegna þess að kostnaður við táknmálsfrumvarpið var mikill og það var sett í forgang. Umræðan um táknmálsmenningarsetrið er hins vegar auðvitað tengd aðgangi okkar að menningu.

Ég þakka öllum kærlega sem töluðu hér í dag og óska þess að frumvarpið fái umræðu í hv. menntamálanefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 62. mál (íbúaþing). — Þskj. 62.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–8. mál.

Fundi slitið kl. 19:12.

---

31. FUNDUR

þriðjudaginn 16. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, stjfrv., 295. mál, þskj. 322. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Rannsókn á þróun valds og lýðræðis, þáltill., 21. mál, þskj. 21. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Íslenska táknmálið, frv., 277. mál, þskj. 299. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, frv., 297. mál, þskj. 324. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Sveitarstjórnarlög, frv., 62. mál, þskj. 62. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Innrásin í Írak og forsendur fyrir stuðningi íslenskra stjórnvalda, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Fyrri umr.
7. Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, frv., 30. mál, þskj. 30. — 1. umr.
8. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 38. mál, þskj. 38. — 1. umr.
9. Vextir og verðtrygging, frv., 41. mál, þskj. 41. — 1. umr.
10. Vegagerð og veggjöld, þáltill., 43. mál, þskj. 43. — Fyrri umr.
11. Fjármálaeftirlitið, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.
12. Atvinnuréttindi útlendinga, frv., 47. mál, þskj. 47. — 1. umr.
13. Útlendingar, frv., 48. mál, þskj. 48. — 1. umr.
14. Stjórnarskipunarlög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
15. Stuðningur við einstæða foreldra í námi, þáltill., 268. mál, þskj. 289. — Fyrri umr.
16. Nýr þjóðsöngur, þáltill., 279. mál, þskj. 301. — Fyrri umr.
17. Kynning á íslenskri list í sendiskrifstofum Íslands, þáltill., 296. mál, þskj. 323. — Fyrri umr.
18. Lágmarkslaun, frv., 306. mál, þskj. 334. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Geir H. Haarde fjmrh., 1. þm. Reykv. s.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að þingfundur, fyrirspurnafundur, hefst á morgun kl. 12 á hádegi.

Þá vill forseti geta þess að að loknum atkvæðagreiðslum um fimm fyrstu dagskrármálin hefst umræða utan dagskrár um stöðu innflytjenda þar sem málshefjandi er hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir og hæstv. félagsmálaráðherra Árni Magnússon verður til andsvara. Þetta er hálftímaumræða í samræmi við 1. mgr. 50. gr. þingskapa.

[13:32]

Útbýting:

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 330. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 368.

Athugasemdir um störf þingsins.
Svar við fyrirspurn.

[13:33]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna skriflegrar fyrirspurnar sem ég beindi til hæstv. landbúnaðarráðherra en hún varðar framfylgd reglugerðar um sláturhús. Það er ekkert launungarmál að fyrirspurnin er í framhaldi af lokun sláturhússins í Búðardal. Spurningarnar vörðuðu það hvort landbúnaðarráðuneytið hefði gætt jafnræðis við að fylgja eftir reglugerðum um sláturhús.

Svar hæstv. landbúnaðarráðherra varpaði ekki neinu ljósi á það og virðist sem embættisfærsla hæstv. landbúnaðarráðherra þoli ekki dagsljósið. Auðvitað stangast slík vinnubrögð á við almenna stjórnsýsluhætti og stjórnsýslulög. Svarið er með ólíkindum. Í fyrstu reynir hæstv. landbúnaðarráðherra að drepa málum á dreif í löngu máli með einhverri hártogun á hugtökum. Í spurningunni var spurt um starfsleyfi en ekki löggildingu. Til þess að sláturhús fái starfsleyfi eða sláturleyfi þarf ráðuneytið að veita sláturhúsi löggildingu. Þar af leiðandi er eðlilegt að spyrja um starfsleyfi því þá hefur sláturhúsið þegar löggildingu.

Herra forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra svarar í engu hvaða kröfur sláturhús sem fengu starfsleyfi náðu ekki að uppfylla og hvað þau fengu langan frest til að lagfæra það sem út af bar. Hann svarar engu um það. Hins vegar svarar hæstv. landbúnaðarráðherra í löngu máli því sem aflaga átti að vera í sláturhúsinu í Búðardal. Ég spyr því hér og nú hvers vegna ekki er hægt að greina frá athugasemdum við hús sem fengu leyfi ef hægt er að greina frá athugasemdum vegna sláturhússins í Búðardal sem ekki fékk leyfi. Það er forsendan fyrir því að hægt sé að ganga úr skugga um að jafnræðis hafi verið gætt.

Hæstv. ráðherra skuldar ekki einungis mér skýringar, heldur miklu frekar fólkinu í Dalabyggð sem hann svipti atvinnunni.

[13:35]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég harma það ef þetta ágæta svar fer svona fyrir brjóstið á hv. þingmanni. Auðvitað fór ég vel yfir svarið með mínum mönnum og mér sýnist að það skýri allvel það sem um er spurt. (**SigurjÞ:** Svaraðu spurningunni.) Það er nú svo að löggilding er eitt og sláturleyfi er annað, eins og þarna kemur glöggt fram, þannig að þetta er mjög vel útskýrt en það er ekki von að allir skilji það. Löggilding snýr að húsinu sjálfu og umgjörðinni þar sem þessi atvinna á að fara fram. Sláturleyfi er svo annað en ég vil auðvitað útskýra þetta sem allra best.

Dalamenn eiga ekkert sökótt við mig. Ég hef rakið það í utandagskrárumræðu, ég hef verið hreinlyndur við þá, talað við þá hreina íslensku og sagt þeim hvað er að og reynt að hjálpa þeim. Þeir bera sjálfir mjög mikla ábyrgð á því að þetta hús Byggðastofnunar fór ekki í gang, voru of seinir til o.s.frv. Það þarf ekkert að rekja það frekar. Ég sting upp á því hér af því að allir flokkar eiga fulltrúa í hv. landbúnaðarnefnd að það gæti verið ágætt að embættismenn mínir og aðstoðaryfirdýralæknir kæmu þar á fund til að útskýra þessi mál og fara yfir þau nákvæmlega. Það snýr að tilteknu húsi og jafnræði þess með öðrum sem hafa gengið í gegnum allt sitt og fengið leyfi, bæði löggildingu og sláturleyfi. (**SigurjÞ:** Þetta er ekki ...)

Ég vil nú, hæstv. forseti, stinga upp á því að hv. landbúnaðarnefnd kannski fari yfir það með embættismönnum, og hv. þm. Sigurjón Þórðarson gæti þá verið fulltrúi Frjálslynda flokksins þann dag ef flokksbróðir hans samþykkir það.

[13:37]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Þetta er vissulega mikið alvörumál, sérstaklega fyrir það fólk sem býr í Búðardal og hefur haft störf í sláturhúsinu, sérstaklega þá sem hafa unnið þarna allt árið. Um er að ræða 14 heilsársstörf sem voru lögð niður um leið og húsinu var lokað og það er býsna mikið alvörumál fyrir byggðarlag sem ekki er stærra en þarna er um að ræða. Ég skora á hæstv. landbúnaðarráðherra að beita sér af öllu afli, eins og faðir hans heitinn gerði á sínum tíma þegar hann rétti Dalamönnum höndina og hjálpaði þeim. Ég skora á hæstv. landbúnaðarráðherra að vera ekki eftirbátur föður síns í þeim málum og rétta nú út höndina og koma störfum þarna af stað svo að ekki stórsjái á byggðinni fyrir það atvinnuleysi sem skapaðist við að störf voru lögð af við sláturúrvinnslu og kjötvinnslu í Búðardal.

[13:38]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Afleiðingarnar af lokun sláturhússins í Búðardal eru auðvitað mjög alvarlegar. Það fer ekkert á milli mála að fyrir þetta byggðarlag og þetta hérað eru þessar afleiðingar mjög slæmar vegna þess að atvinnulífið er fábreytt og stendur á margan hátt veikum fótum.

Þetta er hins vegar mál sem búið var að ræða heilmikið í haust og ég held að það sé rétt sem hæstv. landbúnaðarráðherra lagði hér til að það er mjög nauðsynlegt að landbúnaðarnefnd Alþingis fari einmitt ofan í þetta mál og skoði það frá öllum hliðum.

Spurningar hafa vaknað upp um mismunun, og þeim spurningum verður auðvitað ekki svarað á þessum vettvangi hér og nú. Það er hins vegar mikilvægt að landbúnaðarnefnd hafi tækifæri til að fara ofan í þessi mál, ekki bara með því að ræða við fulltrúa embættismanna landbúnaðarráðuneytisins heldur ekki síður að ræða þessi mál við heimamenn sjálfa sem hafa mjög margt að athuga við það sem gert hefur verið af hálfu landbúnaðarráðuneytisins. Ég held að það sé hreinlegast fyrir alla aðila, líka landbúnaðarráðuneytið, að þessi mál verði útskýrð þannig að ekkert fari á milli mála. Þess vegna tek ég mjög undir það sem hæstv. landbúnaðarráðherra var að leggja til, að það væri eðlilegt, heppilegt og skynsamlegt að landbúnaðarnefnd tæki forræði í þessu máli. Ég veit að forustumenn nefndarinnar mundu að sjálfsögðu bregðast vel við því þannig að við gætum varpað ljósi á þessi mál og ef hægt er að gera eitthvað frekar í málunum sé það þá gert á grundvelli mestu hugsanlegu þekkingarinnar.

[13:40]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég get í sjálfu sér tekið undir það að landbúnaðarnefnd eigi að fara ofan í saumana á þessu máli. Það fríar menn náttúrlega ekki ábyrgðinni á því sem gert er. Ég tel mjög mikilvægt að fara ofan í það hvort jafnræðis hafi verið gætt við embættistökuna í þessu máli, þ.e. ákvörðunina. Það er mjög mikilvægt og það er ekki nóg að drepa málum á dreif með því að vísa í landbúnaðarnefnd þingsins.

Allur rökstuðningur í þessu máli hefur verið mjög ómálefnalegur og það er mjög alvarlegt ef verið er að ganga á stjórnarskrárbundin atvinnuréttindi af sjálfri ríkisstjórn Íslands á mjög ómálefnalegan hátt. Þess vegna tel ég að það þurfi að fara rækilega ofan í samana á því.

Í rökstuðningi sínum fyrir synjun leyfisins vísar ráðherra í starfsemi rekstraraðila sem eru löngu hættir. Það er mjög undarlegt að vísa til rekstraraðila sem eru hættir, það eru komnir nýir rekstraraðilar að starfseminni. Þetta er svona álíka gáfulegt og að eftirlitsaðili eða sá sem veitti leyfi synjaði veitingamanni leyfis fyrir rekstri í ákveðnu húsnæði vegna þess að veitingamaðurinn sem var fyrir í húsnæðinu hefði ekki staðið sig. Þetta gengur náttúrlega ekki.

Síðan er í svari hæstv. ráðherra vísað til þakleka fjórum sinnum, þakleka sem var lagfærður fyrir tveimur árum. Mér finnst þetta mjög ómálefnalegt og það gefur greinilega til kynna að pottur sé brotinn í þessari embættisfærslu.

[13:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Eitt er víst að ég er vinur Dalamanna eins og faðir minn heitinn var. Auðvitað vill maður allt fyrir þá gera og hefur miklar tilfinningar gagnvart þeim aðstæðum sem þeir lentu í. Þeir bera samt um margt ábyrgð á því sjálfir.

Það liggur fyrir að það verður að fara að lögum og reglugerðum eins og hv. þm. þekkja. Þar skiptir engu þótt nýir rekstraraðilar komi að. Þeir eru sjálfir með verkfræðistofu og komust að raun um að til þess að húsið stæðist reglugerð yrði að leggja í það einar 50–60 millj. Það var vitað mál hinn 20. júlí þegar þeir hittu mig, ég sagði þeim hreinskilnislega að þeir yrðu eins og önnur hús að fara að reglum og vera í samstarfi um málið þannig að ég þarf ekki að rekja það hér.

Þetta er flókið mál og ég er óhræddur við embættisfærslu þessa máls. Ég treysti embætti yfirdýralæknis vel í málinu. Það vinnur að þessum málum um allt land með sláturhúsunum þannig að það er ekkert að fela í þeim efnum. Ég hef stungið upp á því að hv. landbúnaðarnefnd og hv. þm. Drífa Hjartardóttir sem henni stýrir gæti farið yfir þetta svar til að útskýra það betur á fundi sem getur þá verið miklu málefnalegri kannski en svona stutt umræða hér. Þar geta menn bæði spurt og fengið upplýsingar frá þeim sem um þessi mál fjalla og fást við lögum samkvæmt í landinu. Ég ítreka bara þá ósk mína um leið og ég óska Dalamönnum alls hins besta.

Ég hef engu húsi lokað í Dalasýslu. Það var hins vegar ekki hægt að löggilda það vegna þess að það stóðst ekki reglugerð. (Gripið fram í.) Þeir geta opnað það hús hvenær sem er. Þeir þurfa að koma með fjármagnið og framkvæma verkið og það gera þeir sjálfsagt á réttum tíma fyrir næstu sláturtíð, a.m.k. vona ég það.

Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, frh. 1. umr.

Stjfrv., 295. mál. — Þskj. 322.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Rannsókn á þróun valds og lýðræðis, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 21. mál. — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Íslenska táknmálið, frh. 1. umr.

Frv. SigurlS o.fl., 277. mál. — Þskj. 299.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Breyting á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins, frh. 1. umr.

Frv. SigurlS o.fl., 297. mál. — Þskj. 324.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 62. mál (íbúaþing). — Þskj. 62.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Staða innflytjenda.

[13:46]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Í síðustu viku, mitt í fréttafári um lát Arafats og alvarlega stöðu í kennaradeilunni, gat að líta frétt sem er tilefni þessarar umræðu hér, könnun IMG Gallups fyrir Alþjóðahúsið um afstöðu Íslendinga til fólks af erlendum uppruna.

Könnunin leiðir í ljós að frá árinu 1999 hefur þeim fækkað um 14% sem eru jákvæðir fyrir því að leyfa eigi fleiri útlendingum að vinna hérlendis. Frá árinu 1999 hefur þeim sem eru jákvæðir gagnvart því að Íslendingar eigi að taka við fleiri flóttamönnum fækkað um tæp 18%. Árið 1999 voru um 77% svarenda í könnun IMG Gallups sammála því að þeir sem flytja til Íslands eigi rétt á því að halda eigin siðum og venjum. Þeir sem eru sömu skoðunar árið 2004 eru hins vegar 64% svarenda sem þýðir að þeim hefur fækkað um 13% á fimm árum.

Þessi tíðindi ollu mér nokkrum áhyggjum því að þau virðast benda til þess að hér á landi sé minna umburðarlyndi og vaxandi fordómar gagnvart fólki af erlendum uppruna. Nú mundi einhver vilja segja að þetta ætti sér sínar skýringar þar sem fólki af erlendum uppruna hefur fjölgað hér mjög á síðustu árum, en eigum við að taka það sem sjálfsagðan hlut að fordómar aukist í kjölfar þess að útlendingar komi hingað til landsins? Ég segi nei, við eigum að takast á við vandann strax í upphafi. Það er ekki aðeins nauðsynlegt að stjórnvöld skapi sér skýra stefnu í málefnum innflytjenda, um aðgang þeirra að landinu og þær skyldur sem þeir takast á herðar við komuna í nýtt samfélag, sá þáttur er ekki síður mikilvægur sem snýr að íbúum landsins sem fyrir eru eftir að útlendingur hefur hingað komið og er sestur að. Þennan þátt þarf að halda vel utan um eigi fordómar og útlendingaandúð ekki að fá að vaxa hér óáreitt á næstu árum.

Ég tel það verulegt áhyggjuefni að sjá þessa þróun í viðhorfi Íslendinga og ég óttast að víða sé pottur brotinn í félagslegri aðlögun þeirra og samlögun. Vandamálið er enn ekki svo risavaxið að við getum ekki tekist á við það. Hlutfall erlendra ríkisborgara hér á landi af heildaríbúafjölda er um 3,5% á meðan hann er um 5% í Danmörku og 5,3% í Svíþjóð. Andstætt því sem er annars staðar á Norðurlöndunum er útlendingahópurinn hér virkur á vinnumarkaði á meðan þeir eru að miklu leyti hælisleitendur og flóttamenn annars staðar á Norðurlöndunum.

Hvernig má vera að fordómar grafi um sig gagnvart svo nýtum og virkum þjóðfélagsþegnum? Er kannski goðsögnin um að útlendingar steli störfum frá innfæddum í fullu gildi þrátt fyrir að flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið bendi til þess að innflytjendur búi til fleiri störf en þeir taki?

Herra forseti. Ég leita eftir stefnu félagsmálaráðuneytisins í þessum mikilvæga málaflokki, félagslegri aðlögun útlendinga, eða er þessi stefna kannski ekki til? Hún er a.m.k. illfinnanleg ef maður fer inn á vef ráðuneytisins á meðan slíkt er auðvelt að finna í stefnumótun hjá erlendum stjórnarráðum. Eru íslensk stjórnvöld kannski að fljóta sofandi að feigðarósi á meðan útlendingaandúðin fær að vaxa hér óáreitt?

Ég leyfi mér t.d. að halda því fram að hin umdeilda löggjöf um útlendinga sem ríkisstjórnin hefur sett sé til þess fallin að einangra þá og gera þá að sérhópi í samfélaginu. Það er ekki æskilegt. Ég nota hins vegar tækifærið til að fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. félagsmálaráðherra að hann sé tilbúinn að leggja af vistarbandið svokallaða, það er mikilvægur þáttur sem þarf að laga og ber vott um skilning og áhuga á þessum viðkvæmu málum.

Það þarf að gera svo margt fleira. Fyrir það fyrsta vantar okkur upplýsingar um þróunina á síðustu árum. Félagsleg aðlögun er nefnilega mikilvæg leið til að koma í veg fyrir vandamálin áður en þau verða ofvaxin. Við þurfum að gera útlendingum kleift að taka þátt í samfélaginu með því að læra flókna tungumálið okkar og það er ekki óeðlilegt að stjórnvöld kosti þar til verulegum fjármunum líka, a.m.k. einhverjum fjármunum.

Eins og ég hef áður nefnt er útlendingahópurinn hér á landi mjög virkur á vinnumarkaði en ég óttast að þeir fái ekki nægilegar upplýsingar um réttarstöðu sína og skyldur. Þessi þáttur virðist vera í skötulíki, skyldan er á herðum atvinnurekenda og svo virðist sem henni sé ekki sinnt nema í undantekningartilvikum.

Það er líka mjög mikilvægt að Íslendingar séu fræddir um það nýja umhverfi sem fjölmenningarsamfélagið býður upp á. Við berum nefnilega ábyrgð á því viðhorfi sem birtist í könnun IMG Gallups og stjórnvöld þurfa að reyna að grafast fyrir um þessi viðhorf og orsakir þeirra. Ég tel mjög mikilvægt að gerð verði ítarleg rannsókn á aðstæðum innflytjenda hér á landi og viðhorfum Íslendinga til þeirra. Slík rannsókn gæti varpað ljósi á þróunina og gert okkur kleift að taka vitrænar ákvarðanir um næstu skref og stefnumótun til framtíðar.

Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt spyr ég hæstv. ráðherra:

Hver er stefna ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar um félagslega aðlögun innflytjenda?

Telur ráðherra ástæðu til að bregðast sérstaklega við þeirri þróun sem birtist í umræddri könnun?

Er ráðherra tilbúinn að leggja sitt af mörkum til að hægt verði að rannsaka hagi innflytjenda á Íslandi, viðhorf innfæddra til þeirra og forsendur þeirra viðhorfa?

Telur ráðherra nægilega vel staðið að upplýsingagjöf til útlendinga um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og um íslenskt samfélag almennt?

[13:51]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég get ekki neitað því að niðurstöður skoðanakönnunar Gallups á viðhorfi Íslendinga til útlendinga, framandi menningar og flóttamanna komu mér á óvart. Það sem auðvitað er mest sláandi er hversu mjög þeim hefur fækkað sem eru jákvæðir gagnvart því að leyfa útlendingum að vinna hérlendis. Samkvæmt könnuninni hefur þeim fækkað um 14%. Einnig hefur þeim fækkað verulega sem eru jákvæðir gagnvart móttöku flóttamanna. Árið 1999 voru þeir sem voru jákvæðir 45% svarenda en eru nú 27,5%.

Það er verulegt umhugsunarefni hvað hefur valdið þessari miklu viðhorfsbreytingu á einungis fimm árum. Íslendingar hafa allar forsendur til að vera jákvæðari gagnvart útlendingum og innflytjendum en aðrar þjóðir. Sennilega eiga fáar þjóðir jafnmikið undir hvers kyns erlendum samskiptum og við. Þetta gildir ekki síst hvað varðar verslun og viðskipti en einnig að því er varðar tengsl á sviði menningar, lista og vísinda.

Ég held að leitun sé að ríki þar sem það er jafnalgengt að fólk sæki framhaldsmenntun til annarra landa og héðan frá Íslandi. Kunnátta og þekking á samfélögum og staðháttum erlendis hefur vafalaust auðveldað mikla útrás íslenskra fyrirtækja í útlöndum. Sama gildir um þann fjölda útlendinga sem hingað hefur flust. Þeir hafa lagt sitt af mörkum til að auka fjölbreytni mannlífs og menningar hér á landi og án efa orðið til þess að kynna Ísland í heimalöndunum og komið á margvíslegum tengslum sem orðið hafa öllum til hagsbóta. Ekki síst hafa þeir lagt sitt af mörkum til atvinnulífsins.

Síðastliðinn áratug hefur fjöldi útlendinga á Íslandi tvöfaldast og eru þeir nú rúmlega 10 þús. talsins. Til viðbótar eru um þúsund einstaklingar sem hafa fengið íslenskan ríkisborgararétt en eiga rætur sínar að rekja til annarra landa. Skýringin á þessari miklu fjölgun er eftirspurn eftir vinnuafli, einkum frá árinu 1998.

Í lok síðasta árs voru alls 3,6% mannfjöldans á Íslandi með erlent ríkisfang en í Danmörku var þetta hlutfall um 5%, um 2% í Finnlandi, rúmlega 4% í Noregi og 5% í Svíþjóð.

Hæstv. forseti. Ein af frumforsendum fyrir útgáfu atvinnuleyfis er að atvinna sé tryggð áður en útlendingur kemur til landsins. Þetta hefur tryggt það að atvinnuþátttaka einstaklinga með erlent ríkisfang hér á landi er mjög há eða um 93% árið 2000 og atvinnuleysi lítið. Í samanburði við önnur Norðurlönd var atvinnuþátttaka meðal innflytjenda í Danmörku um 50%, tæp 60% í Finnlandi, 50% í Noregi og 50% í Svíþjóð.

Í september sl. var atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara heldur minna en meðal innfæddra Íslendinga, eða 2,4% á móti 2,6%. Til samanburðar má nefna að atvinnuleysi meðal útlendinga með erlent ríkisfang var 12,7% í Danmörku, 29% í Finnlandi, 10% í Noregi og tæp 14% í Svíþjóð.

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hafa stjórnvöld unnið með ýmsum hætti að umbótum á málefnum innflytjenda og útlendinga sem hér eru staddir. Árið 2001 var opnað Fjölmenningarsetur á Ísafirði. Starfsemi Alþjóðahúss í núverandi mynd hófst í desember 2001. Það er óhætt að segja að á þeim tíma sem Fjölmenningarsetur og Alþjóðahús hafa starfað hefur þörfin fyrir þjónustuna sífellt verið að koma betur í ljós við miðlun upplýsinga um íslenskt samfélag og réttindi og skyldur.

Í félagsmálaráðuneytinu liggja nú fyrir drög að tillögum um heildarskipulag á þjónustu við innflytjendur. Sérstökum hópi hefur verið falið að útfæra tillögurnar og fyrir áramót á ég von á niðurstöðum og tillögum um hvernig málefnum innflytjenda verði best fyrir komið í stjórnsýslunni til framtíðar. Ég vil geta þess að hópurinn beinir sérstaklega sjónum sínum að því hvernig best megi standa að upplýsingaþjónustu við útlendinga, m.a. að því er varðar réttindi og skyldur á vinnumarkaði og um íslenskt samfélag almennt.

Þá vil ég geta þess að sú skipan mála að útgáfa atvinnu- og dvalarleyfa fyrir útlendinga heyri til verksviðs tveggja ráðuneyta, þ.e. dómsmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, hefur lengi sætt ákveðinni gangrýni. Þessi skipan hefur leitt til þess að tvær stofnanir, Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun, hafa fjallað um leyfisumsóknir vegna atvinnu og dvalar þriðju ríkja borgara hér á landi. Ágætt samráð hefur verið milli þessara tveggja stofnana en óhjákvæmilega hefur afgreiðslan einkennst af því að tvær stofnanir annast útgáfu leyfanna. Við dómsmálaráðherra höfum nú falið samráðsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga að kanna hvort ekki geti farið betur að fella leyfisveitingar vegna dvalar og atvinnu útlendinga hér á landi undir eitt ráðuneyti í því skyni að einfalda stjórnsýsluna í þessum málaflokki.

Hæstv. forseti. Með hliðsjón af framangreindu má vera ljóst að stefna félagsmálaráðuneytisins og ríkisstjórnar er sú að gera allt sem í okkar valdi stendur til að aðlögun innflytjenda gangi sem best fyrir sig og að íslenskt samfélag komi til móts við þarfir þeirra svo sem kostur er. Niðurstaða skoðanakönnunar Gallups fyrir Alþjóðahúsið gefur tilefni til að hraða þeirri vinnu sem nú er í gangi á vegum stjórnvalda og, eins og ég gat um hér fyrr, að marka málaflokknum ákveðinn sess í stjórnsýslunni.

[13:57]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Stór áhrifavaldur í því hvort fordómar gagnvart útlendingum skjóta rótum í samfélagi, hvaða samfélagi sem er, liggur oftar en ekki í viðhorfi stjórnvalda til útlendinga. Þau stjórnvöld sem við búum við hafa gerst sek um fordóma gagnvart útlendingum. Þeir fordómar koma skýrt fram í þeirri löggjöf sem hér gildir um málefni útlendinga og þeir koma fram í þeirri atvinnustefnu sem stjórnvöld hafa rekið á síðari árum. Já, fordómar stjórnvalda koma fram í stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar sem byggir á hnattvæðingu á forsendum stórfyrirtækja og félagslegum undirboðum. Ég ráðlegg hv. þingmönnum Framsóknarflokksins að hlæja ekki að þessu.

Þannig er mál með vexti að löggjöfin okkar felur í sér talsverða hættu á fordómum. Það kom vel í ljós í umfjöllun allsherjarnefndar Alþingis síðasta vetur þegar löggjöfinni um útlendinga var breytt síðast og það er satt að segja fjölmargt í löggjöf okkar sem verður að breyta.

Síðar í dag kem ég til með að tala fyrir tveimur frumvörpum er varða málefni útlendinga. Þau ganga t.d. út á það að aflétt verði því vistarbandi sem hvílir á útlendingum sem koma til starfa á Íslandi með því að þeir fá ekki atvinnuleyfin sín sjálfir prívat og persónulega heldur eru hnepptir í fjötra eins og húsbændur felldu hjú sín í fjötra á sínum tíma. Löggjöf af þessu tagi sem við búum við elur á fordómum.

Í öðru lagi ætla ég að mæla fyrir frumvarpi sem ætlað er að knýja fram breytingar á því ástandi sem útlendar konur geta lent í hafi þær skilið við íslenska karlmenn sem hafa þess vegna beitt þær ofbeldi, annað atriði sem elur á fordómum.

Þau dæmi sem ég hef talið upp eru á ábyrgð stjórnvalda, þau eru þess eðlis að þau ala á fordómum í garð útlendinga og í mínum huga er ábyrgð þess stjórnvalds sem setur þjóðinni lög afar mikil. Stjórnvöldin íslensku hafa skellt skollaeyrum við þeim ábendingum sem þau hafa fengið frá fjölda virkra einstaklinga og félagasamtaka sem vinna að málefnum útlendinga.

Menn skulu horfa í eigin barm og hreinsa löggjöfina af forpokuðum sjónarmiðum sem ala á fordómum.

[13:59]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda fyrir þessa umnræðu. Ég held að hún sé mjög brýn, ekki bara í tengslum við þá skoðanakönnun sem hér var vísað til heldur er þetta mál þess eðlis að það er mikilvægt að við tökum það upp á þessum vettvangi sem og annars staðar.

Hlutfall erlendra ríkisborgara hér á landi er nokkuð lágt ef við berum okkur saman við önnur lönd, þ.e. 3,5%. Ef við berum okkur saman t.d. við Evrópulönd eins og Austurríki, Þýskaland og Belgíu er það þar í kringum 9%. Það hefur hins vegar verið nokkur fjölgun, hlutfallið var um 2% árið 1950 en er núna um 3,5%. Í einstaka sveitarfélögum er nokkuð hátt hlutfall, t.d. er hæsta hlutfallið í Ísafjarðarbæ, 7,4%, og eftir því sem ég best veit og miðað við þær upplýsingar sem þaðan koma hefur sú sambúð gengið afskaplega vel. Næst kemur Reykjavíkurborg með 4,4% og ég held að við getum fullyrt að tilkoma þess fólks sem hingað hefur komið hafi ekki gert annað en að styrkja og efla höfuðborgina og gera mannlífið fjölbreyttara og betra.

Það á hins vegar að taka mark á viðvörun, það á ekki að leyfa fordómum og óánægju að krauma undir. Við þekkjum dæmin úr nágrannalöndunum, frá frændum okkar og frænkum á Norðurlöndunum, og nú síðast í Hollandi sem sýnir okkur hvað gerist ef slíkt er látið viðgangast. Við eigum að læra af reynslu nágrannaríkjanna og það er ánægjulegt að fólk vilji flytjast til Íslands og setjast hér að. Það styrkir íslenska þjóð og íslenskt þjóðfélag.

Það er hins vegar eðlilegt að þeir sem hingað koma lagi sig að íslensku þjóðfélagi en þar með er ekki sagt að þeir eigi að varpa siðum sínum og venjum fyrir róða. Við viljum ekki að þær kröfur séu gerðar til okkar þegar við flytjum til annarra landa og við skyldum ekki gera þær kröfur til þess góða fólks sem hingað kemur.

[14:01]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar umræðu er skoðanakönnun um viðhorf Íslendinga til útlendinga, framandi menningar og flóttamanna.

Ég vil hefja mál mitt á því að vara fólk við því að taka slíkar skoðanakannanir of bókstaflega því þegar við lesum hvert hið upphaflega úrtak er þá er það rúmlega 2.700 manns en svarhlutfall er ekki nema rétt 42%. Við ættum því ekki að taka þessa könnun allt of bókstaflega. Ég er þó ekki að gera lítið úr henni og segja að við eigum ekki að taka neitt mark á henni, alls ekki. Það má vel vera að í þessari könnun felist ákveðnar vísbendingar og er sjálfsagt að ræða þær en fara hins vegar ekki alveg á límingunum þó að við séum ekki alls kostar sátt við niðurstöðurnar. Það er ýmislegt jákvætt í könnuninni, t.d. telja mjög margir af þeim sem svara að fólk eigi rétt á að halda eigin siðum og venjum. Íslendingar eru mjög opnir fyrir framandi menningu og telja að við höfum gott af því, enda er það ekkert ótrúlegt vegna þess að við höfum verið öflugir neytendur útlendrar menningar allt frá því að fyrstu landnámsmenn settust hér að.

Hér eru hins vegar vísbendingar um að það sé aukin andstaða við að leyfa ætti fleiri útlendingum að vinna hér á landi og að við ættum ekki að taka við fleiri flóttamönnum. Þetta eru einungis vísbendingar en þrátt fyrir það gæti falist í því aðvörun en ég treysti í sjálfu sér stjórnvöldum á hverjum tíma til að vera á vakt gegn þeirri vá sem fordómar gegn útlendingum eru. Við vitum alveg hvernig nágrannalöndin hafa lent í vandræðum með slíka hluti, það ætti að verða okkur lexía og við ættum einmitt að stúdera grannt hver reynsla þeirra hefur verið og draga síðan lærdóm af því og ég efast í raun og veru ekkert um að okkur Íslendingum takist að gera það. Við þurfum á útlendingum að halda í framtíðinni, bæði til að auka og auðga menningu okkar en líka sem vinnuafli. Þeir eru velkomnir.

[14:03]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur fyrir að taka upp þessa þörfu umræðu. Það er mjög margt sem við þurfum að hafa áhyggjur af í þessum málaflokki og mig langar aðeins að stikla á nokkrum atriðum.

Fyrsta spurningin er náttúrlega: Hvernig viljum við standa að aðlögun útlendinga sem vilja búa í samfélagi okkar? Ég er með sérstakar áhyggjur af stöðu erlendra kvenna og það er ekki að ástæðulausu og mig langar því mest að ræða um þær. Komið hefur í ljós að ofbeldi gagnvart þeim er að aukast, við sjáum það á tölum Kvennaathvarfsins. Kannski er það sýnilegra eða að þær vita meira um rétt sinn, en þetta er eitt af því sem væri mjög þarft að beina til nefndanna sem nú eru að störfum að skoða sérstaklega. Það eru til miklar og góðar skýrslur frá kvennaathvörfum á Norðurlöndunum um þessi mál sem gagnast afar vel.

Við þurfum að beita öllum ráðum til að ná til þessara kvenna og kannski hugsa upp nýjar leiðar, t.d. að láta liggja ýmsar upplýsingar í stórmörkuðunum því þangað kemur alla vega fólkið. Þegar talað er um farandverkamenn halda allir að alltaf sé verið að tala um karla en það er mikill misskilningur því konur eru 50% eða meira af þeim hópi. Þær yfirgefa fjölskyldur sínar og börn til að geta framfleytt þeim, þær afla gjaldeyristekna fyrir sitt eigið heimaland og eru hvattar til þess af sínu ríki. Lilja Hjartardóttir stjórnmálafræðingur hefur sagt í fyrirlestri um konur sem fara út í heim til að vinna að þær konur stuðli að því að vestrænar konur og karlar geti náð frama á vinnumarkaði og stuðli með því að þróun vinnumarkaðar. Þær halda heimili, elda mat, hugsa um börn og sinna sjúkum og öldruðum. Þær eru í stuttu máli lifandi velferðarkerfi. Þetta er eitt af því sem ég vil líka beina til nefndanna því að þessar konur eru svo

sannarlega líka á Íslandi þannig að þær halda okkar kerfi gangandi.

En það eru ekki bara útlendingar sem ekki vilja aðlagast. Ég veit ekki betur en að það hafi verið í fréttum í gærkvöldi að Íslendingar í Danmörku neiti að læra dönsku.

[14:06]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Staða innflytjenda virðist fara versnandi um þessar mundir, a.m.k. ef mið er tekið af þeim viðhorfum sem birtast gagnvart þeim hér á landi í nýlegri könnun sem gerð var fyrir Alþjóðahúsið um viðhorf Íslendinga gagnvart innflytjendum. Nýbúar eins og ég vil nefna það fólk sem hingað kemur vinnur mjög þarft verk í okkar samfélagi og nærtækt er að nefna að íslenskur sjávarútvegur byggir starfsemi sína að miklu leyti á starfsframlagi fólks sem kemur erlendis frá.

Við getum tekið annað dæmi sem eru framkvæmdir við eina stærstu atvinnuuppbyggingu Íslandssögunnar á Austurlandi en hún er að miklu leyti knúin áfram af fólki sem er af erlendu bergi brotið. Og ef við horfum til þessara atvinnugreina, sjávarútvegsins og uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi, þá halda þær atvinnugreinar m.a. uppi tekjum þjóðarbúsins og í hvað fara þeir fjármunir sem þessar atvinnugreinar skapa? Jú, þeir fara að miklu leyti í uppbyggingu heilbrigðiskerfisins, velferðarkerfisins og menntakerfisins. Því er það ágæta fólk sem hingað er komið mjög nauðsynlegt til þess að við getum rekið þjóðarbúið með jafnmyndarlegum hætti og raun ber vitni. Það er því skylda íslenskra stjórnvalda, skylda okkar að taka vel á móti þessu fólki og fræða það fólk sem hér ætlar að setjast að um íslenskt samfélag og íslenska tungu.

Það er jafnframt mikilvægt, hæstv. forseti, að heildaryfirsýn yfir málaflokk nýbúa sé á einni hendi og því þarf jafnframt að breyta því oft virðist það vera svo að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri er að gera þegar kemur að þessum málaflokki. Ég tek undir flokksþingssamþykktir Framsóknarflokksins frá árinu 2003 um að flytja beri málefni nýbúa yfir á eina hendi, yfir í ráðuneyti félagsmála. Þannig verður stefnumótun og framkvæmd í málaflokknum mun markvissari en hún er í dag.

[14:08]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er sannarlega ástæða til að hafa áhyggjur af neikvæðara viðhorfi landsmanna gagnvart innflytjendum. Skilyrði fyrir því að íbúar af erlendum uppruna verði virkir þátttakendur í íslensku samfélagi er að þeim sé raunverulega gert kleift að læra tungumálið og kynnast grunnþáttum í menningu okkar. Þannig skapast eðlilegur grunnur fyrir öll samskipti og gagnkvæma virðingu. Frumvarp okkar Vinstri grænna um gjaldfrjálsan leikskóla fyrir alla er einmitt liður í því.

Þá er mikilvægt að erlent fólk , hvort sem það vinnur hér í lengri eða skemmri tíma, búi fyllilega við sömu kjör, laun, velferðarþjónustu og allan aðbúnað eins og um innfædda væri að ræða og er þar kannski pottur brotinn í stefnu stjórnvalda. Stórfelldur innflutningur á erlendu fólki til tímabundinna verkefna setur í auknum mæli mark sitt á íslenskt atvinnulíf. Erlendar starfsmannaleigur koma hingað með fjölda verkamanna og erfitt reynist að fylgja því eftir að þetta fólk búi við jafnrétti hvað varðar aðbúnað og kjör. Er það tryggt að þetta fólk búi við sömu kjör og laun og annan aðbúnað eins og um íslenskt starfsfólk væri að ræða?

Sá orðrómur og sú umræða að fólk sé flutt inn tímabundið til að halda niðri launum og kjörum á íslenskum vinnumarkaði getur haft gríðarlega neikvæð áhrif og þar hvílir ábyrgðin ekki hvað síst á atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar sem krefst þess að flutt sé inn erlent fólk tímabundið til ákveðinna verka. Og ekki síður á verkalýðshreyfingin líka að fylgja eftir að kaup og kjör og annar aðbúnaður sé með þeim hætti sem við viljum að sé, en þarna finnst mörgum linlega að málum staðið.

Það er síður en svo ástæða til að amast við því fólki sem kemur hingað tímabundið til að sjá sér og sínum farborða en það verður þá að vera fullkomlega tryggt að fólkið búi við góð laun, aðbúnað og opinbera þjónustu eins og um Íslendinga sé að ræða.

[14:10]

Hilmar Gunnlaugsson:

Hæstv. forseti. Það er áhyggjuefni ef Íslendingar eru orðnir neikvæðari eða fordómafyllri gagnvart útlendingum en þeir voru fyrir fimm árum og ekki vil ég gera lítið úr þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir. Þó verður að hafa í huga að fjöldi útlendinga hefur aukist gríðarlega á allra síðustu missirum og er sú aukning væntanlega að hluta einungis til nokkurra ára.

Því má halda fram að breytta afstöðu í dag miðað við stöðuna fyrir fimm árum sé hægt að skýra í ljósi þeirrar aukningar sem orðið hefur á innstreymi erlends vinnuafls á síðustu fimm árum. Það er í mínum huga ekki sjálfgefið að þar sé um frekari fordóma að ræða heldur einungis nýja mælingu á breyttum aðstæðum. Á þetta einkum við það atriði að færri séu jákvæðir í garð þess að leyfa fleiri útlendingum að vinna á Íslandi.

Það er ljóst hverjum sem það vill sjá að ákveðinnar tvöfeldni gætir í íslensku samfélagi þegar kemur að málefnum útlendinga. Þannig hygg ég að flestir telji sig mannréttindasinna og séu þeirrar skoðunar að allir eigi að hafa jafnan rétt og engum skuli mismunað vegna kynþáttar, þjóðernis o.s.frv. Í þeim efnum hefur ríkisstjórnin verið gagnrýnd fyrir að gæta ekki að réttindum útlendinga og láta aðrar reglur gilda um þá en þegna landsins. Á sama tíma eða því sem næst er ríkisstjórnin gagnrýnd fyrir að aðhafast ekkert til að hefta frjálsa för launþega, ekki síst í tengslum við stórframkvæmdir á Austurlandi. Þá á að koma í veg fyrir að útlendingar geti neytt réttar síns og unnið þar á miklu betri kjörum en þeir hafa í heimalandi sínu. Vissulega hefur verið bent á að þau kjör séu ekki talin mjög góð hér á landi heldur rétt umfram lágmarkskjör. Í málatilbúnaði sínum hefur stjórnarandstaðan þá alið og nært þau sjónarmið t.d. að útlendingar séu að hafa störf af Íslendingum eða að þeir haldi launagreiðslum hjá Íslendingum í skefjum.

Í ljósi þeirrar hörðu umræðu sem orðið hefur um virkjana- og stóriðjuframkvæmdir á síðustu árum verð ég að segja, hæstv. forseti, að ég er ekki hissa þó að jákvæðni mælist nú minni gagnvart útlendingum. Ég fullyrði að þeir

þingmenn stjórnarandstöðunnar sem harðast hafa gengið fram í þeirri umræðu bera þar mikla ábyrgð. Það er beinlínis verið að skapa óánægju hjá landanum og ala þannig á fordómum.

[14:12]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt að hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir hafi sérstakar áhyggjur af stöðu erlendra kvenna og þeim þætti sem sú staða kann að eiga í þeim fordómum sem hér eru til umfjöllunar. Ég vil sérstaklega þakka málshefjanda, hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, fyrir að taka þetta mál til umræðu því að fordómar í garð innflytjenda eru sannarlega ekki jarðvegur sem við viljum rækta á Íslandi. Það hlýtur að vera okkur sameiginlegt keppikefli á Alþingi að sá jarðvegur sem við þekkjum til að mynda frá ýmsum löndum Evrópu þar sem upp hafa jafnvel sprottið pólitísk öfl sem nærast á ótta og hatri í garð innflytjenda fái aldrei þrifist hér og aldrei með þeim skelfilegu afleiðingum sem við víða höfum séð. En til þess verðum við að horfast í augu við vandann en ekki að ráðast að boðberum hans eins og mér þótti hv. síðasti þingmaður í ræðustólnum, Hilmar Gunnlaugsson, gera. Og það er skrýtið að sjá hæstv. félagsmálaráðherra koma í ræðustólinn og skilja bara ekkert í því að umburðarlyndi gagnvart erlendu vinnuafli skuli vera minna nú en áður en hann varð félagsmálaráðherra.

Það hefur auðvitað gengið á með fréttaflutningi af erlendu vinnuafli sem hafi sætt lakari kjörum, sætt slæmri meðferð, vondum aðbúnaði, af skorti á alþjóðlegum reglum og íslenskum lögum um starfsmannaleigur, um hættu á undirboðum vegna þjónustusamninga, um það hversu erfitt sé að hafa eftirlit með slíkri starfsemi og öðrum slíkum tíðindum sem eðlilega leiða til þess að fólk hefur áhyggjur af félagslegum undirboðum og því að hér sé verið að höggva að rótum íslensks velferðarkerfis. Þess vegna verður hæstv. félagsmálaráðherra að standa vaktina betur. Þess vegna dugar (Forseti hringir.) stjórnarflokkunum ekki að vísa á válega boðbera úr stjórnarandstöðunni og ég spyr hæstv. ráðherra hvort frétta sé að vænta úr starfshópi hans um alþjóðlegar starfsmannaleigur.

[14:15]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Tiltölulega stutt saga íslensku þjóðarinnar sýnir að náin tengsl hennar við útlendinga hafi hreinlega bjargað henni frá stöðnun og úrkynjun. Í annan stað má nefna, eins og hér hefur komið fram, að erlent vinnuafl hefur að mörgu leyti haldið íslensku atvinnulífi á floti. Útlendingar gegna störfum sem Íslendingar hafa einfaldlega ekki viljað. Í þriðja lagi ber að nefna að Íslendingar hafa á síðustu árum og áratugum ferðast afskaplega mikið um heiminn, kynnst ólíkum siðum í námi og störfum og flytja með sér heim nýja strauma.

Af þessum þremur þáttum má augljóslega sjá að erlend samskipti þjóðarinnar eru afskaplega jákvæð og skipta þjóðarheill máli. Þess vegna skýtur það skökku við ef andúð gagnvart nýbúum, gagnvart útlendingum, er að aukast í samfélaginu. Ef við höfum áhyggjur af því í dag þá er vert að hafa enn frekari áhyggjur ef verulegt atvinnuleysi yrði hér á landi. Þá fyrst væri ástæða til að hafa áhyggjur.

En það ber að fagna því sem vel er gert, eins og fram kom í svari hæstv. félagsmálaráðherra, starfsemi Alþjóðahúss og aðrar aðgerðir sem þar voru nefndar. En betur má ef duga skal. Ég trúi ekki að um það sé pólitískur ágreiningur. Við þurfum að efla vitund og fræðslu um ólíka siði og menningu ólíkra þjóða, umburðarlyndi, gagnkvæma virðingu fyrir ólíkri menningu og siðum. Það er grunnur að friði í alþjóðasamfélaginu og grunnur að því að við viljum láta taka okkur alvarlega sem þjóð í alþjóðasamfélagi.

[14:17]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og háttvirtum þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu.

Eiginlega má segja að tvennt hafi komið fram í umræðunni. Annars vegar hefur afskaplega lítil stefna eða nánast engin verið í þessum málaflokki sem snýr að félagslegri aðlögun útlendinga. Hins vegar ber hæstv. félagsmálaráðherra jákvæð tíðindi í þennan sal. Hann er virkilega að gera eitthvað í þessum málum. Ég fagna þeim yfirlýsingum sem hann gaf, um áhuga hans á þessum málaflokki og það sem hann er að gera með að einfalda stjórnsýsluna og kafa ofan í þessi mál. Mér finnast það vera góð tíðindi úr ríkisstjórninni. Mér hefur oftar þótt sem það bærust aðrir straumar þegar málefni útlendinga ber á góma.

Ég vil því fagna því sem hæstv. ráðherra er að gera og hvetja hann til að halda áfram á þessari braut og sjá til þess að þessi málaflokkur standi undir nafni.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki öllum spurningum mínum. Ég vil því inna hann enn eftir því hvort ekki sé ástæða til að horfa sérstaklega á rannsóknarþáttinn í þessu, að kafað verði sérstaklega ofan í og reynt að grafast fyrir um hvað valdi þessari viðhorfsbreytingu þannig að við getum í raun mótað stefnu til framtíðar á grundvelli slíkrar rannsóknar.

Svo vil ég líka nefna, af því að það hefur nokkrum sinnum verið nefnt til sögunnar, Alþjóðahúsið og fjölmenningarsetur. Það væri ekki vitlaust hjá hæstv. ríkisstjórn að leggja kannski einhverja fjármuni í starfsemi Alþjóðahússins. Það er náttúrlega óviðunandi að ríkisvaldið skuli ekki leggja krónu í þessa mikilvægu starfsemi sem hefur verið mjög blómleg og fer vaxandi. En hún er alfarið borin uppi af sveitarfélögum, Rauða krossinum og fleiri aðilum.

Ég held að það mætti kannski gauka því að hæstv. ráðherra við þessa umræðu. Það mundi skipta máli. En annars vil ég þakka fyrir umræðuna og þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin.

[14:19]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég tel þessa umræðu bæði hafa verið þarfa og tímabæra. Ég ítreka að málefni innflytjenda eru til endurskoðunar í félagsmálaráðuneytinu. Það má líka geta þess að í ráðuneytinu fylgjumst við náið með umræðum um þessi mál í nágrannalöndunum.

Hollendingar, sem eru í forustu fyrir Evrópusambandinu, héldu fyrr í þessum mánuði viðamikla ráðstefnu þar

sem var fjallað um fjölmargar hliðar á málefnum innflytjenda í Evrópu. Við höfum bæði fylgst með undirbúningi og niðurstöðum þeirrar ráðstefnu. Þeirra mun eflaust gæta í samfélagi okkar á næstu missirum.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir kallaði eftir frekari rannsóknum á þessu sviði. Af því tilefni, hæstv. forseti, vil ég upplýsa að á vegum Flóttamannaráðs er unnið að rannsókn á högum og aðstæðum flóttamanna sem komið hafa til Íslands frá árinu 1975. Meðal þess sem er kannað er hvernig flóttamönnum hefur gengið að aðlagast hér á landi, mat þeirra á þjónustu og þátttöku í íslensku samfélagi og enn fremur mat á almennri líðan. Sérstaklega er kannað hvernig unglingum líður í skóla og hvernig þeim gengur að aðlagast íslenskum jafnöldrum sínum. Fyrstu niðurstöður eru væntanlegar um miðjan desember og mér þykir margt benda til, ekki síst í ljósi niðurstaðna þeirrar könnunar sem hér hefur verið til umræðu, að þörf sé á að rannsaka hag innflytjenda almennt í kjölfarið.

Ég vil líka geta þess að ég tel að huga þurfi sérstaklega að aðstæðum barna og ungmenna af erlendum uppruna. Það verkefni verður ekki leyst á farsælan hátt nema með víðtæku samráði. Í því samhengi get ég greint frá nýju verkefni sem heitir „Framtíð í nýju landi". Markmið þess er að aðstoða víetnamska samfélagið í Reykjavík og ungmenni innan þess og veita þeim handleiðslu til að afla sér menntunar og þar með setja sér markmið og skipuleggja líf sitt svo þeir megi verða virkari borgarar í samfélaginu.

Hæstv. forseti. Þótt þetta og önnur verkefni séu mikilvæg skiptir mestu máli að það takist almenn samstaða og sátt um það í þjóðfélaginu að taka vel á móti fólki sem hingað flyst og búa því þær aðstæður að það geti fest rætur og lagt sitt af mörkum til samfélagsins. Ég tel að það sé verkefni okkar allra.

Innrásin í Írak og forsendur fyrir stuðningi íslenskra stjórnvalda, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

[14:21]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Hundrað þúsund saklausir borgarar hafa fallið í átökunum í Írak. Hundrað þúsund, saklausar konur, börn og unglingar, sem fá ekki lengur notið þess kærleika og ástar sem þau bjuggu við af hálfu systkina, foreldra, ömmu, afa og vina. Hundrað þúsund írakskir borgarar hafa fallið í átökum sem njóta stuðnings 30 staðfastra, viljugra þjóða.

Ég sem Íslendingur finn til í hjarta mínu fyrir að vera hluti af þjóð sem hægt er að segja með gildum rökum að beri á vissan hátt siðferðilega ábyrgð á átökunum í Írak. Við Íslendingar berum okkar siðferðilegu skuld gagnvart Írökum, gagnvart þeim sem eiga um sárt að binda af völdum átakanna, vegna þess að við erum í hópi þessara staðföstu, viljugu þjóða.

Herra forseti. Þetta mál er eitt hið umdeildasta á Vesturlöndum í dag. Það er fátt sem tekist er á um af meiri krafti en stuðning vesturveldanna, stuðning fjölda þjóða við innrásina í Írak. Það er sárt til þess að vita, herra forseti, að Íslendingar voru aldrei spurðir um hvort þeir vildu styðja innrásina. Hæstv. ráðherrar brutu lög til að koma fram vilja sínum. Eftir símtal sendiherra Bandaríkjanna var þessi ákvörðun tekin í skjóli náttmyrkurs. Það var aldrei spurt um vilja þjóðarinnar og aldrei spurt um vilja þingsins.

Það sem mér finnst blóðugast og vera til skammar, herra forseti, er að ráðherrabekkirnir eru auðir. Ekki einn einasti ráðherra situr hér til að vera við þessa umræðu. Þó var það þannig að þetta mál, sem ég flyt hér fyrir hönd stjórnarandstöðunnar ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, formanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, formanni Frjálslynda flokksins, var fyrsta málið sem lagt var fram af hálfu stjórnarandstöðunnar. Á þetta mál var lagður mestur þungi og mest áhersla og ekki að ófyrirsynju, herra forseti. Okkur blæðir öllum í hjarta og hug fyrir að hafa með þessum hætti verið knúin til þess óviljug að taka þátt í því að bera á byrgð á innrásinni í Írak án þess að vera nokkru sinni spurð, vera meinað um sjálfsagðan lögvarinn rétt á að fá að ræða málið við ráðherrana sem tóku þessa ákvörðun. Margsinnis, herra forseti, hefur þetta mál átt að koma á dagskrá og því hefur jafnharðan verið frestað vegna þess að ráðherrarnir hafa skotið sér undan því að vera viðstaddir.

Það er auðvitað skiljanlegt að hæstv. utanríkisráðherra, sem hefur átt við erfið veikindi að stríða, hefur ekki getað verið við þessa umræðu. Við í stjórnarandstöðunni höfum tekið fullt tillit til þess og höfum látið það koma fram að við höfum ekki krafist návistar hans meðan hann gat ekki sótt þing af fullum krafti fyrr í haust.

En það er hins vegar ekki hægt að verja það að hæstv. forsætisráðherra fer undan á flótta. Hann leggur ekki í það að vera viðstaddur hér í salnum og ræða þessa tillögu. Hann skammast sín fyrir að eiga þátt í að binda Ísland til stuðnings við innrásina í Írak, hann skammast sín fyrir það að hafa augljóslega brotið gegn þingsköpum með því að meina okkur þingmönnum, sem tengjumst utanríkismálanefnd, að ræða þetta. Hæstv. forsætisráðherra þorir ekki að koma og ræða þetta mál við þingmenn. Mér finnst það ákaflega miður, finnst það vera til skammar og mér finnst það honum og flokki hans til vansæmdar. Ég fer fram á það, herra forseti, að þessari umræðu ljúki ekki í dag. Við getum frestað henni og tekið upp síðar þegar hæstv. forsætisráðherra treystir sér, hefur safnað nægilegum kjarki til að vera við umræðuna.

Herra forseti. Stöðugt berast nýjar fregnir af ógnarverkum í Írak. Ég sagði áðan að hundrað þúsund saklausir borgarar hefðu fallið í Írak í átökum, hundrað þúsund manns sem bera enga ábyrgð á því sem þar hefur gerst. Þetta er að vísu umdeild tala og Bandaríkjamenn hafa sagt að sennilega sé hún ekki rétt. Ég vil þess vegna að það komi alveg skýrt fram hér að þessi tala er fengin úr rannsókn bresku læknasamtakanna sem birtu hana í þekktasta læknatímariti veraldar, The Lancet, fyrir skömmu. Engum hefur tekist að bera brigður á að þessi tala sé rétt.

En bara í dag, á þessum morgni, erum við að fá fregnir af nýjum grimmdarverkum. Við heyrðum í morgun fregnir af því að búið væri að frelsa Falluja. Og hvernig frelsuðu þeir Falluja? Þeir frelsuðu Falluja með því að jafna borgina við jörðu. Þeir frelsuðu Falluja með því að fremja stríðs-

glæpi. Þeir frelsuðu Falluja með því að drepa fanga sem lágu særðir í blóði sínu á gólfinu í moskunni í Falluja.

Hverjir bera ábyrgð á þessu, Bandaríkjamenn, Bretar? Allar þær 30 staðföstu, viljugu þjóðir sem lögðu blessun sína yfir innrásina með einum eða öðrum hætti bera siðferðilega ábyrgð. Mig kennir til að vera Íslendingur og vera knúinn til að bera þessa ábyrgð. Ég vil fá minn rétt til þess að ræða þetta við þá ráðamenn sem brutu lög til þess að binda okkur til stuðnings við þessi verk. Það er alveg ljóst að þau voðaverk sem framin hafa verið í Írak eru á ábyrgð allra þessara þjóða. Það kemur alveg skýrt fram, herra forseti, í lögum um þingsköp að það er ekki hægt að taka ákvarðanir sem varða meiri háttar utanríkispólitísk mál án þess að það sé rætt og ráðslagað við utanríkismálanefnd.

Það er gleðiefni að hér í salnum situr a.m.k. háttvirtur formaður utanríkismálanefndar, Sólveig Pétursdóttir. Það væri gaman að fá að heyra álit hennar sem formanns á því hvort þarna hafi verið farið að lögum.

Hvernig má það vera, herra forseti, að menn taki svona ákvörðun, sem hlýtur að teljast einhver mikilvægasta ákvörðun sem Íslendingar hafa tekið á síðustu árum að því er varðar utanríkisstefnu, án þess að það sé rætt við nokkurn einasta mann? Frjáls, fullvalda þjóð lætur sér sæma að sendimaður erlends ríkis hringi í forsætisráðherrann sem hringi síðan í utanríkisráðherrann, sem tekur pólitískt flipp-flopp á einu kvöldi, breytir afstöðu sinni og samþykkir það að við, vopnlaus, herlaus þjóð, tökum þátt í að styðja innrás í Írak.

Var þetta rætt í ríkisstjórninni? Nei, það liggur fyrir að þetta var aldrei rætt í ríkisstjórninni. Var þetta rætt í þingflokkum stjórnarinnar? Nei, það liggur fyrir að þetta var aldrei rætt í þingflokkum stjórnarliðsins. Það voru tveir menn, hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra, sem tóku þessa ákvörðun einungis, að því er virðist, á þeim grundvelli að þeir ræddu við bandaríska sendiherrann, og fengu einhvers konar upplýsingar frá honum. Við vitum ekki hvaða upplýsingar það voru en á þeim grundvelli voru Íslendingar píndir til að styðja þetta stríð.

Það er alveg sama hvað menn segja. Við berum okkar mórölsku ábyrgð, íslensk stjórnvöld, líka við á þinginu sem aldrei hefðum nokkru sinni fallist á að ljá þessu stuðning okkar. Íslenska þjóðin ber sína ábyrgð. Ég vil ekki bera þessa ábyrgð og ég vil fá minn rétt til að ræða það við þá menn sem því miður tóku þessa ákvörðun með einhverju ólýðræðislegasta móti sem hægt er að hugsa sér. Ég man ekki eftir því að frá því að ég settist á Alþingi árið 1991 hafi ég nokkru sinni verið í návígi við menn sem hafa tekið jafnmikilvæga ákvörðun og gert það með jafnólýðræðislegum hætti. Þetta er sorglegt, og það er sorglegt að í þroskuðu lýðræði skuli þetta gerast. Þess vegna, herra forseti, höfum við í stjórnarandstöðunni sameinast um að leggja fram þessa tillögu til þingsályktunar. Í henni eru nokkrir liðir sem við teljum nauðsynlegt að Alþingi samþykki á þessu skeiði atburðarásarinnar. Í fyrsta lagi viljum við, vegna þess hvernig þróunin hefur verið og vegna þess hvernig þessi ákvörðun var tekin, að Íslendingar afturkalli með formlegum hætti stuðning sinn við innrásina í Írak. Það er augljóst að það er ekki hægt úr þessu með öðru móti en því að Alþingi álykti að lýsa því yfir að þessum stuðningi sé lokið og að Íslendingar séu ekki lengur í hópi hinna svokölluðu viljugu þjóða.

Ég geri mér grein fyrir því að eins og málum er komið núna skiptir þetta í reynd ekki máli. Hér er fyrst og fremst um táknræna afstöðu að ræða en ég vil, fyrir mína hönd og þeirra sem ég tala fyrir, að nafn Íslands verði máð út af þessum lista. Ég vil ekki lifa við þá skömm að ég beri einhverja ábyrgð á því sem er að gerast í Írak og a.m.k. vil ég fá að sýna það hér í umræðum og með atkvæði mínu að ég neitaði að bera þá ábyrgð.

Það hefur líka komið fram í umræðum um þetta að þessir tveir ráðherrar sem ég nefndi áðan, hæstv. forsætisráðherra og utanríkisráðherra, tóku ákvörðun sína á grundvelli einhvers konar upplýsinga. Það þarf að kanna með hvaða hætti þessi ákvörðun var tekin. Er sú atburðarás sem ég var að lýsa hér áðan rétt? Henni hefur ekki verið neitað. En það þarf að kanna hana og það þarf að skoða með hvaða hætti þessir ráðherrar, sérstaklega hæstv. forsætisráðherra sem þá fór með utanríkismálin, ræktu sína sjálfsögðu og sjálfstæðu rannsóknarskyldu gagnvart þeim upplýsingum sem komu fram. Tvennt var fyrst og fremst borið fyrir þjóðina sem átti að réttlæta stuðninginn, í fyrsta lagi að órækar sannanir lægju fyrir um það að gereyðingarvopn væru í Írak og í öðru lagi að órækar sannanir lægju fyrir um að Írak væri vígahreiður samtaka sem tengdust alþjóðlegum hermdarverkasveitum eins og al Kaída.

Við vitum það nú vegna þess að rannsóknir hafa farið fram í krafti sérstakra rannsóknarnefnda, bæði í Bandaríkjunum og í Bretlandi, að þetta var tóm vitleysa. Þetta var della. En við vitum líka að núverandi hæstv. forsætisráðherra vildi allt fram á síðasta kvöldið þegar ákvörðunin var tekin gefa vopnaeftirlitssveitum Sameinuðu þjóðanna meiri tíma til að ganga úr skugga um það hvort gereyðingarvopn væri að finna eða ekki í Írak. Við munum líka að rétt áður en ráðist var inn í Írak 20. mars komu fram yfirlýsingar frá Hans Blix yfirmanni eftirlitssveitanna og hans næsta undirmanni um að ólíklegt væri að þessi vopn væri að finna þar. Þá verðum við að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hvernig stóð á því að hann skipti um skoðun? Hvernig stóð á því að hann hætti við þá afstöðu að leyfa Hans Blix og eftirlitssveitunum að fá meiri tíma til að ganga úr skugga um þetta? Hvaða upplýsingar hafði hann undir höndum sem réttlættu þetta flippflopp hjá hæstv. núverandi forsætisráðherra? Með hvaða hætti gegndi hann sinni sjálfstæðu rannsóknarskyldu? Hann verður t.d. að svara því hvort honum hafi ekki komið til hugar, sökum fyrri afstöðu, að hafa samband við Hans Blix og spyrja hann út í þetta. Hvað var það sem knúði hann til þessa máls og rak hann til þessarar ákvörðunar?

Sömuleiðis hefur núna komið í ljós að skömmu eftir að hæstv. forsætisráðherra tók við núverandi embætti sagði hann að þegar hann horfði til baka væri hann þeirrar skoðunar að hann hefði fengið rangar upplýsingar. Þetta er ákaflega mikilvægt, ekki síst í ljósi þess að Kofi Annan, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, hefur lýst því yfir að innrásin í Írak hafi brotið gegn stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og verið ólögmæt. Ég sem íslenskur alþingismaður krefst þess að fá upplýsingar um hver það var sem blekkti núverandi forsætisráðherra til að styðja innrás sem fól í sér lögbrot. Ég

tel að hæstv. forsætisráðherra skuldi okkur skýringar. Fjarvera hæstv. forsætisráðherra frá þessari umræðu sýnir hins vegar viðhorfið og hún lýsir engu öðru en sekt. Hæstv. forsætisráðherra gerir sér augljóslega grein fyrir því að honum hafi orðið á alvarleg mistök.

Ég tel, herra forseti, að við þurfum að upplýsa þetta mál og það er ekkert að því að íslenska þingið samþykki að fara í sérstaka rannsókn á þessu, alveg eins og Bretar gerðu, alveg eins og Bandaríkjamenn gerðu. Þær rannsóknir leiddu til þess að nýjar upplýsingar komu fram sem kollvörpuðu fyrri staðhæfingum ráðamanna í þessum ríkjum sem notaðar voru til réttlætingar innrásinni.

Herra forseti. Þess vegna höfum við, þessir þrír þingmenn, formenn stjórnmálaflokka og stjórnarandstöðunnar, lagt fram tillögu þar sem lagt er til að Alþingi lýsi yfir að Íslendingar afturkalli stuðning sinn við innrásina í Írak og séu ekki lengur í hópi hinna svokölluðu viljugu þjóða og í öðru lagi að sett verði á laggirnar nefnd sjö þingmanna til að kanna aðdraganda og ástæður þess að íslenska ríkisstjórnin lýsti yfir stuðningi við innrásina.

[14:37]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna óska fyrsta flutningsmanns, hv. 1. þm. Reykv. n., um að þessi fyrri umræða verði ekki til lykta leidd og henni ekki lokið vegna fjarveru utanríkisráðherra og staðgengils hans mun forseti taka mið af því og ... (**Gripið fram í:** Og forsætisráðherra.) Forseti sagði staðgengils utanríkisráðherra sem er forsætisráðherra. Nú eru 12 á mælendaskrá og forseti mun skoða það eftir því sem umræðunni vindur fram hvenær henni verður frestað.

[14:37]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um innrásina í Írak og forsendur fyrir stuðningi íslenskra stjórnvalda við hana. Að tillögunni standa allir stjórnarandstöðuflokkarnir, þ.e. formenn stjórnarandstöðuflokkanna, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon og Guðjón Arnar Kristjánsson, og flytja þessa tillögu fyrir hönd stjórnarandstöðunnar. Stjórnarandstöðunni er heitt í hamsi út af þessu máli og hefur verið það frá 20. mars 2003 þegar innrásin var gerð og þegar ljóst varð að íslensk stjórnvöld höfðu gengið fram fyrir skjöldu og sett íslenska þjóð á lista yfir hin viljugu ríki sem voru tilbúin til að styðja bresk og bandarísk yfirvöld í því feigðarflani sem þá var yfirvofandi. Það hefur auðvitað sýnt sig að það var ekkert annað, og er ekkert annað en feigðarflan frá upphafi til enda.

Hvað er að gerast í Falluja í dag? Hvað er að gerast í þeirri herteknu borg, borg þar sem 300 þús. íbúar hafa verið gerðir landflótta, þeir sem ekki eru þegar fallnir? Hvað er að gerast hjá sjúkum og hjá ungum börnum í Falluja í dag, hjá fjölskyldufólki og venjulegum borgurum? Það er ekki til sóma fyrir íslenska þjóð sem þar er að gerast. Allt þetta styðja íslensk stjórnvöld, hæstv. ráðherrar Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson hafa lýst yfir stuðningi við þau voðaverk sem hafa verið framin í Írak síðan innrásin var gerð. Talið er að 100 þús. óbreyttir borgarar hafi þegar fallið í valinn í þessum ófriði. Það er satt sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði í áhrifamikilli ræðu sinni, framsöguræðu þegar hann fylgdi úr hlaði þessari tillögu, þetta er eitt umdeildasta mál samtímans á Vesturlöndum.

Lýðræðislegar leikreglur þjóðarinnar hafa verið brotnar og það hafa þeir gert, þessir tveir háu herrar, hæstv. ráðherrar Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson. Þeir báru ekki nokkurn skapaðan hlut undir utanríkismálanefnd Alþingis. Þeir önduðu engu út úr sér við formenn stjórnarandstöðuflokkanna. Þingið var ekki varað við og þjóðin ekki spurð. Það má segja að þjóðinni og þinginu hafi verið sýnd fullkomin lítilsvirðing þegar farið var út í það feigðarflan íslensku ríkisstjórnarinnar að ákveða að styðja þessi átök. Allt þetta er gert þvert ofan í 24. gr. þingskapalaga þar sem segir, með leyfi forseta:

„Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum.“ — Þessari grein þingskapalaga var ekki sinnt.

Hæstv. forseti. Það hefur ekki komið fram hjá þessum háu herrum hvort þeir yfir höfuð lögðu sjálfstætt mat á þá ákvörðun að taka sæti fyrir hönd íslensku þjóðarinnar á lista hinna viljugu. Því hefur aldrei verið svarað. Hins vegar hefur komið fam að meginforsendur Bandaríkjamanna og Breta fyrir innrásinni voru rangar, þær stóðust ekki. Það sem meira er, forustumenn þessara tveggja þjóða hafa viðurkennt það. En viðurkenna íslenskir ráðamenn mistök sín? Ó nei, það gera þeir ekki. Og eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti þjóðinni á láta þeir ekki svo lítið sem að sitja hér eða vera viðstaddir þá umræðu sem hér fer fram, umræðu sem er í kjölfar fyrsta þingmáls sem öll stjórnarandstaðan á Alþingi Íslendinga lagði fram þegar þing kom saman í haust, þess þingmáls sem stjórnarandstaðan lagði mesta áherslu á að tekið yrði fyrir, á þskj. 3, og hæstv. forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar láta ekki svo lítið að vera viðstaddir. Enn er þjóðinni og Alþingi Íslendinga sýnd lítilsvirðing með þessari framkomu. Það er mál að linni, hæstv. forseti.

Þessir ráðamenn tóku þátt í innrásinni í Írak sem var metin ólögmæt af samfélagi þjóðanna, af Kofi Annan, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Kofi Annan hefur varað við áframhaldandi bardögum í Írak, áframhaldandi framgöngu þessara herja. Fyrir örfáum dögum varaði hann við árásinni á Falluja og sagði fullum fetum að þær aðgerðir gætu dregið úr líkum á því að þingkosningar færu fram í janúar í Írak. Og hvað er þá um yfirlýsingar ráðamanna sem segja þetta allt gert til að koma á lýðræði í Írak? Hvað er á bak við slíkar fullyrðingar? Hjóm eitt og nákvæmlega ekkert annað.

Það er auðvitað verið að sinna einhverjum öðrum hagsmunum en þeim að koma á lýðræði í Írak og nú verða ráðamenn á Íslandi bara að fara að viðurkenna það að eitthvað annað búi undir. Þessir hæstv. ráðamenn okkar Íslendinga verða líka að fara að koma fram fyrir skjöldu og segja þjóðinni hver það var sem réð ákvörðun þeirra um að setja þjóðina á lista hinna viljugu. Hver var það sem blekkti ráðamenn Íslendinga? Þjóðin á heimtingu á að fá að vita það.

Og hvert var markmiðið? Ráðamenn okkar hafa seinustu missirin reynt að telja þjóð sinni trú um að það hafi

verið til að steypa Saddam Hussein af stóli af því að það var svo ægilega vont fyrir írösku þjóðina að sitja uppi með þennan fjöldamorðingja og þjóf á þjóðhöfðingjastóli. Hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra hafa reynt að slá þjóðina til óminnis hvað þetta varðar því að þessi átylla er ekki sönn. Þjóðin veit að hæstv. ráðamenn okkar reyna af veikum mætti að klóra yfir gjörðir sínar með eftiráuppdiktuðum söguskýringum. Og þetta er ekkert nýtt. Á þessu sama soði hafa aðrir þjóðarleiðtogar í kringum okkar sem glöptust á að fylgja hinni herskáu ríkisstjórn Bandaríkjanna og Bush forseta út í þetta feigðarflan líka brennt sig. Þeir eru búnir að vera á flótta undan því sem þeir gáfu sem átyllu fyrir innrásinni í upphafi.

Átyllan, ástæðan sem upp var gefin, var sú að finna gereyðingarvopn sem falin væru í Írak. Upp á það hljóðuðu allar ályktanir öryggisráðsins, ekki það að steypa harðstjórn Saddams Husseins af stóli. Það eru eftiráuppdiktaðar söguskýringar sem íslenskir ráðamenn eiga auðvitað ekki að bera á borð fyrir íslenska þjóð. Þeir eiga að kannast við orð sín. Eða munum við ekki sem í þessum sal erum eftir lýsingu hæstv. utanríkisráðherra fyrir nokkrum dögum á höllunum hans Saddams Husseins sem voru fullar af dollurum sem hægt hefði verið að kaupa fyrir mat og lyf handa hungruðum og sjúkum börnum, börnum sem dóu ekki síður vegna viðskiptabannsins á Írak en vegna þess að Saddam sat á dollarahrúgunum í höllum sínum? Nú er búið að steypa vonda karlinum af stóli, og jafnvel þó að það hefði verið ástæða innrásarinnar í Írak sem íslenskir ráðamenn studdu með yfirlýsingum sínum og háum fjárframlögum úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar — sem allir vita að var ekki — er eðlilegt að spyrja þessa ráðamenn þjóðarinnar:

Hvers vegna styðja Íslendingar áframhaldandi hernaðaraðgerðir í Írak?

[14:46]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Málefni Íraks hafa margoft verið til umræðu hér á Alþingi. Í tillögu sem hér er til umræðu fara flutningsmenn fram á að Ísland dragi til baka stuðning sinn við innrásina í Írak og taki sig af lista viljugra þjóða eins og þeir nefna svo. Þá fara þeir fram á rannsókn á ástæðum þess að íslensk stjórnvöld lýstu yfir stuðningi við aðgerðirnar.

Hæstv. forseti. Nú er úr vöndu að ráða. Háttvirtur 2. flutningsmaður þessarar tillögu, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, fór fram á það með bréfi til utanríkismálanefndar þann 20. september sl. að utanríkismálanefnd tæki málið til athugunar, m.a. að upplýst yrði um allan aðdraganda þess að ríkisstjórnin ákvað að styðja aðgerðirnar gegn Írak. Jafnframt var farið fram á að helstu gögn yrðu útveguð. Utanríkismálanefnd hefur tekið málið fyrir samkvæmt beiðni hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og málið er til meðferðar í nefndinni. Lagt hefur verið í töluverða vinnu við að útvega gögn og upplýsingar sem beðið hefur verið um. Þá hafa gestir verið kvaddir fyrir nefndina til að ræða málið. Athugun nefndarinnar er ekki lokið enn þá og því erfitt að ræða einstök efnisatriði Íraksmálsins nú. Nefndin mun hins vegar fá þessa tillögu til meðferðar eftir þessa umræðu og væntanlega verður þetta skoðað í samhengi.

Hæstv. forseti. Uppbygging lýðræðis og breyting á stjórnarháttum í Írak er nauðsynlegt til að tryggja framtíð írakskra borgara í samfélagi þjóðanna. Endurreisnarstarfið í Írak byggir á ályktun öryggisráðsins. Því verður að halda áfram og er langt frá því lokið.

Um ástæður þess að bandamenn ákváðu að ráðast inn í Írak þarf ekki að fjölyrða hér. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hafði gefið Írak tækifæri til að sýna fram á að öllum gereyðingarvopnum hefði verið eytt, en Írak virti það að vettugi. Ef Írak hefði hins vegar unnið með Sameinuðu þjóðunum og þar með alþjóðasamfélaginu, í stað þess að vinna gegn þeim, væru málin trúlega í allt öðrum farvegi í dag.

Ályktanir Sameinuðu þjóðanna um afvopnun Íraks voru í fullu gildi fyrir innrásina og það mátti öllum vera ljóst að aðgerðum var hótað ef ekki væri orðið við þeim ályktunum. Saddam Hussein þráaðist við í áraraðir og varð ekki við ályktunum öryggisráðsins varðandi gereyðingarvopn. Mótstaða hans varð til þess að mjög erfitt var að treysta nokkrum upplýsingum sem frá írökskum stjórnvöldum komu.

Íslensk stjórnvöld hafa reynt að gera það sem í þeirra valdi stendur til að uppræta hryðjuverkastarfsemi í heiminum. Við getum ekki setið hjá og látið sem ekkert sé. Það þarf einfaldlega að taka afstöðu í þessum málum. Það er alkunna að Saddam Hussein og ógnarstjórn hans í Bagdad voru hættuleg heimsfriðnum, að ekki sé minnst á hvernig hún fór með eigin þegna. Engin stefnubreyting hefur orðið af hálfu íslenskra stjórnvalda í afstöðu til hættunnar sem stafaði af ógnarstjórninni í Írak. Ákvörðun um stuðning við aðgerðirnar var tekin í ljósi ályktana Sameinuðu þjóðanna sem voru í gildi og á grundvelli upplýsinga sem voru fengnar frá bandamönnum okkar. Við treystum því mati bandamanna okkar á þeirri vá sem að steðjaði og við erum ekki í stakk búin til að vefengja trúverðugar upplýsingar, enda höfum við ekki yfir neinni leyniþjónustu að ráða.

Tillaga um að taka til baka ákvörðun um stuðning er einkennileg. Innrásinni er lokið og endurreisnarstarfið er hafið, þótt átökum sé ekki lokið, enda hafa atburðir síðustu daga við Falluja komið mönnum í opna skjöldu. Það er óumdeilt að enginn vill stríð. Átökin í Falluja eru skelfileg og koma verst niður á óbreyttum borgurum, eins og stríðsátök gera jafnan. Það er hins vegar greinilegt að ákveðinn hópur manna í Írak vill ekki gefa írösku þjóðinni frelsi og einhverja framtíðarvon.

Hæstv. forseti. Hvaða þýðingu hefur stuðningur íslenskra stjórnvalda við aðgerðirnar gegn Írak? Því er erfitt að svara, en líklegt má þó telja að þjóðir sem studdu innrásina beri kannski meiri siðferðilega ábyrgð á að leggja uppbyggingarstarfinu lið. Ekki viljum við draga til baka þá siðferðilegu skuldbindingu okkar, er það? Ef eitthvað er slæmt fyrir írösku þjóðinna þá er það ístöðuleysi.

Bráðabirgðastjórnarinnar í Írak bíða erfið verkefni, að koma á lýðræðislegri stjórnskipan í landinu og fyrirhugað er að halda þingkosningar á næstunni. En til þess þarf bráðabirgðastjórnin í Írak fullan stuðning alþjóðasamfélagsins.

Ég held að það færi betur að einbeita sér að mannúðar- og uppbyggingarstarfi í Írak og það hafa íslensk stjórnvöld einmitt verið að gera. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005

er gert ráð fyrir stórauknum framlögum til slíkra verkefna. Í umræðum um utanríkismál hér í síðustu viku gat hæstv. utanríkisráðherra þess m.a. að verið væri að kanna hvernig Ísland gæti tekið þátt í þjálfun írakskra öryggissveita á vegum NATO í Írak. Þá ber Íslandi líka að sinna endurreisnarstarfi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Hæstv. forseti. Aðalmálið er þetta: Harðstjóranum Saddam Hussein hefur verið komið frá völdum og uppbyggingarstarfið í Írak er hafið. Deilur um aðdraganda innrásarinnar og stuðningur íslenskra stjórnvalda við bandamenn okkar munu ekki skila írösku þjóðinni neinu.

[14:53]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Við erum svo heppin að hafa formann utanríkisnefndar, hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur, hér í salnum og hún getur skýrt fyrir okkur eitt af því sem spurt er um í greinargerð þessarar þingsályktunartillögu:

E-liðurinn. Hvers vegna ákveðið var að hafa ekki samráð við Alþingi samkvæmt landslögum 24. gr. þingskapalaga?

Hvaða ráðherra bar ábyrgð á því að það var ekki gert?

Ef þingmaðurinn getur ekki upplýst um það, þá hlýtur hann að geta upplýst okkur um þetta hér:

Var haft samband við formann utanríkismálanefndar áður en þessi ákvörðun var tekin?

Var ákvörðunin borin undir formanninn?

Hver gerði það og hver voru svör formannsins?

Þá í því tilviki: Hvers vegna boðaði formaðurinn ekki fund í nefndinni skv. 24. gr. þingskapalaga?

[14:54]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil minna hv. þm. á það að sú sem hér stendur var ekki formaður utanríkismálanefndar á þessum tíma, þannig að ég get ekki svarað öllum spurningum hans.

Ég get hins vegar sagt það að ég vísa á bug þessari gagnrýni. Það er margbúið að ræða um Íraksmálið í utanríkismálanefnd. Ég veit ekki annað en það hafi verið staðið eðlilega að þessu máli.

[14:55]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Ég biðst afsökunar á því, forseti, að hafa ruglað saman ráðherrum og formönnum, háttvirtum og hæstvirtum, á vegum ríkisstjórnarinnar. Hins vegar hlýt ég að æskja þess að núverandi formaður utanríkismálanefndar svari því hvort hún hafi einhverja vitneskju um hvernig ákvörðunin var tekin og hvort haft var samband við utanríkismálanefnd á sínum tíma? Hvort hún hefur gengið eftir því að fá skýringar á þessu máli, sem varðar ekki bara nefndina sjálfa, heldur líka þingsköpin og landslögin?

[14:55]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil einungis ítreka það sem ég sagði í ræðu minni áðan að þetta mál er til vinnslu og umræðu í utanríkismálanefnd. Það er búið að útvega mikið magn af gögnum sem nefndin hyggst fara yfir.

[14:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það krefst jafnaðargeðs að hlusta á þá ræðu sem formaður utanríkisnefndar Alþingis flutti hér áðan og þá ekki síður að bregðast við.

Í fyrsta lagi vil ég segja að engin mótsögn felst í því annars vegar að óska eftir þeim upplýsingum sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði í utanríkismálanefnd og hins vegar að krefjast þess að sett verði á fót sérstök rannsóknarnefnd sem kanni þessi mál.

Þegar hv. þm. síðan fullyrðir að um ástæður fyrir stuðningi Íslands við hernaðarárásina í Írak þurfi ekki að fjölyrða, þá heyrist hér rödd sem er mjög einmana í heiminum í dag. Við vitum hvað gerðist. Bandaríkin og Bretland réttlættu þessa árás á grundvelli lyga. Nú er það komið í ljós. Það voru lygar. Ef hv. (Forseti hringir.) formaður utanríkismálanefndar Alþingis ætlar að afgreiða Alþingi Íslendinga (Forseti hringir.) með þessum hætti, þá er illa komið.

[14:57]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sú tillaga sem er til umræðu hér á Alþingi í dag felur í sér sams konar beiðni og kom til utanríkismálanefndar frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Utanríkismálanefnd er að skoða þetta mál. Ég skil ekki hverju meiru hv. þingmenn telja að þeir fái framgengt með skipan slíkrar nefndar sem þingsályktunartillagan kveður á um.

Reyndar man ég ekki til þess að slík nefnd hafi verið skipuð hér á hinu háa Alþingi. Þessi þingsályktunartillaga verður eins og ég sagði áður rædd í utanríkismálanefnd.

[14:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki hægt að hafa mörg orð á þeirri mínútu sem okkur eru skömmtuð. Formaður utanríkismálanefndar Alþingis sagði áðan að við hefðum ekki getað setið hjá. Við gátum ekki og getum ekki látið sem ekkert sé. En getum við látið sem ekkert sé þegar verið er að fremja alvarlega stríðsglæpi?

Hv. þm. sagði að það versta sem menn gætu gert í Írak væri að sýna ístöðuleysi. Eru þeir þá að sýna staðfestu sem fara núna um myrðandi í Falluja? Eru stríðsglæpamennirnir í Falluja sem eru þar á ábyrgð okkar að sýna staðfestu?

[14:59]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt — ég tel að það sé verst fyrir írösku þjóðina að menn sýni ístöðuleysi. Alþjóðasamfélagið verður að standa með írösku þjóðinni í því að koma á lýðræðislegum stjórnarháttum. Það er bjargföst skoðun mín og ég ítreka hana hér.

[15:00]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé mig knúna til að hrekja þrennt sem fram kom í ræðu hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur. Hún sagði m.a., herra forseti, að öllum hefði mátt vera ljóst að samþykktum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna fylgdu hótanir um vopnavald.

Það er ekki rétt, herra forseti, það er ekki rétt. Um það snerist deilan innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þess vegna var árásin gerð án þess að fá samþykki öryggisráðsins.

Svo sagði háttvirtur þingmaður að alkunna hefði verið að af Saddam Hussein stefjaði hætta við heimsfriðinn — við heimsfriðinn, hvorki meira né minna, herra forseti. Þetta er ekki heldur rétt og hefur verið hrakið um allan heim. Það voru engin gereyðingarvopn í Írak sem heiminum stóð ógn af.

Í þriðja lagi sagði hv. þm., herra forseti, að það yrði að setja þetta mál í samhengi við baráttuna við alþjóðlega hryðjuverkahópa.

Ja, heyr á endemi. Það hefur verið hrakið, m.a. fyrir Bandaríkjaþingi og breska þinginu að nokkur tengsl hafi verið á milli Saddams Husseins og al Qaeda, sem þó var mikið talað um í aðdraganda stríðsins. Þetta er allt rangt, herra forseti.

[15:01]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað staðreynd að þegar ákvörðun um innrásina var tekin var talið að ástandið í Írak væri ógn við heimsfriðinn. Hv. þm. verður að líta til baka. Ég held að það væri líka gott að háttvirtur þingmaður mundi rifja upp þær deilur sem áttu sér stað í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og enn fremur þær ítrekuðu ályktanir frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna þar sem fram kom að þessi hætta væri fyrir hendi.

Það er að mínu mati afar undarlegt að háttvirtur þingmaður, sem á sæti í utanríkismálanefnd, skuli tala með þessum hætti um málið. Hún á að vita betur.

[15:02]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Formaður utanríkismálanefndar á að sjálfsögðu að vita betur og miklu betur. Það liggur einfaldlega fyrir að gereyðingarvopnin voru ekki fyrir hendi og Hans Blix ráðlagði Sameinuðu þjóðunum, öryggisráðinu, frá því að ráðast inn í landið þar sem flest benti til þess að vopnin væru ekki þar.

Hvar er þá ógnin við heimsfriðinn? Það var einfaldlega ekki hlustað á hann og málflutning hans.

Ég tók líka eftir því, herra forseti, að hv. þm. Sólveig Pétursdóttir svaraði engu um það sem hún staðhæfði í ræðu sinni, um tengslin á milli alþjóðlegra hryðjuverkahópa og stjórnar Saddams Husseins, sem ekki var lítið rætt í aðdraganda innrásarinnar. Því var beinlínis haldið fram, m.a. af Bandaríkjaforseta, að þar væru bein tengsl og að ljóst væri að al Qaeda ætti, gott ef ekki, lögheimili í Bagdad.

[15:03]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur að hún sagði að við Íslendingar værum ekki í stakk búnir til að vefengja upplýsingar meintra bandamanna okkar í árásarstríðinu gegn Írak, að við hefðum ekki leyniþjónustu. Var formaður utanríkismálanefndar með þessu að viðurkenna að við Íslendingar hefðu fengið rangar upplýsingar um ástand mála í Írak þegar ákvörðun um innrásina var tekin?

Mig langar að spyrja um annað, þ.e. að hún fullyrti að uppbyggingarstarf í Írak væri hafið. Mig langar til að benda á að í sjónvarpinu um helgina var viðtal við unga íslenska konu sem nýkomin var frá Basra. Hún hafði heimsótt tengdafjölskyldu sína og verið þar í tvær vikur. Fólkið þar, fólkið hennar, sagði henni að þar væri ekkert uppbyggingarstarf hafið. Búið væri að sprengja borgina sundur og saman og þau byggju við mikla neyð. Þau vildu óska þess að hún hefði komið þangað fyrir þremur árum þegar allt var í lagi. Þá var Saddam Hussein enn við völd.

Mig langar spyrja: Hvaða sannanir hefur hv. þm. Sólveig Pétursdóttir fyrir því að uppbyggingarstarf sé hafið í Írak? Hefur hún komið þangað nýlega? Hefur hún eitthvað í hendi sem hún getur sýnt okkur til að sanna að orð hennar eigi við rök að styðjast?

[15:04]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svolítið sérstakt að vera í þessum stól og svara andsvörum frá háttvirtum þingmönnum, þar sem þeir hafa góðan tíma til þess hér á eftir og væntanlega síðar meir einnig til að ræða þetta mál.

Ég geri ráð fyrir því að háttvirtur þingmaður sem bar til mín þessa spurningu hafi sjálfur fylgst með umræðum um málið. Þegar ég sagði í ræðu minni að við höfum treyst bandamönnum okkar, íslensk stjórnvöld, þá er ég m.a. að vísa til þess að háttvirtur 1. flutningsmaður þessarar tillögu vísar til þess að hæstv. forsætisráðherra, þáverandi utanríkisráðherra, hafi talað um að fram hafi komið rangar upplýsingar um þetta mál. Ég benti enn fremur á að Íslendingar væru ekki með neina leyniþjónustu og það voru einfaldlega svör við þeim spurningum sem háttvirtur þingmaður kom með.

[15:05]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru engin svör. Ég spurði einfaldlega: Telur formaður utanríkismálanefndar að við höfum fengið rangar upplýsingar, að við höfum fengið rangar upplýsingar frá meintum bandamönnum okkar? Hún svarar ekki þessari spurningu. Þetta er grundvallarspurning í málinu. Ef það er svo að við höfum fengið rangar upplýsingar og farið út í þetta hernaðarævintýri á fölskum forsendum, hvers vegna drögum við okkur þá ekki út af þessum lista? Hvers vegna erum við þá áfram á þessum ömurlega lista?

Hvernig stendur á því að háttvirtur formaður utanríkismálanefndar getur ekki komið með nein haldbær svör við því hvort hið meinta uppbyggingarstarf sé hafið í Írak nú á þessum dögum? Einu fréttirnar sem við fáum frá Írak eru fréttir af mannfalli, af sjálfsmorðssprengjuárásum, af gríðarlega harðri orrustu sem staðið hefur um eina borg í tvær vikur og sér ekki enn fyrir endann á. Endalaust mannfall, eymd og volæði, eru einu fréttirnar sem við fáum.

En stjórnarliðar í þessum sal leyfa sér að tala um að við skulum gleyma fortíðinni, hætta að tala um þessa hluti og frekar tala um uppbyggingarstarfið sem hafið er í Írak. Hvaða uppbyggingarstarf er hafið í Írak?

[15:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu 3. mál þingsins. Það er ömurlegt að eftir allan þennan tíma skuli starfandi utanríkisráðherra ekki geta verið viðstaddur umræðuna og tekið þátt í henni. Það er athyglisvert fyrir okkur að sjá að af hálfu flokks utanríkisráðherra skuli formaður utanríkismálanefndar ein vera í salnum. Það er svo sem ekki eins og þingmenn flykkist upp til að ræða þetta stóra mál sem þeir virðast hafa svo mikla sannfæringu fyrir.

Ég ætla líka að segja, virðulegi forseti, að það er fráleitt af formanni utanríkismálanefndar, sem ég virði þó fyrir að reyna að ræða við þingmenn, skuli gefa það til kynna að þingmönnum í þessum sal sé kunnugt um forsendurnar fyrir aðild Íslands að innrásinni í Írak. Það hefur aldrei verið upplýst eða komið fram hvaða gögn eða upplýsingar lágu fyrir þegar ákvörðunin var tekin þennan örlagaríka dag. Hins vegar er búið að skaffa helling af gögnum og skýrslum um ástandið og ályktanir manna hér og þar úti í heimi. Það er bara allt önnur Ella.

Forseti. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, dró feikilega vel fram nýja stöðu Íslands á alþjóðavettvangi. Það er óbætanlegt tjón fyrir Ísland að hafa stutt innrásina í blóra við vilja Sameinuðu þjóðanna. Þetta hefur gjörbreytt stöðu okkar í alþjóðasamfélaginu og innan Sameinuðu þjóðanna að mínu mati. Þetta kallar á stefnumörkun af Íslands hálfu um hvernig Ísland muni halda á umboði sínu ef við fáum sæti í öryggisráðinu, sem Ísland sækist eftir.

Það er líka athyglisvert, virðulegi forseti, að í flestum löndum hafa farið fram miklar rannsóknir á innrásinni í Írak, á því hvaða upplýsingar hafi legið fyrir, hverjar hafi verið réttar og hverjar ekki. Leiðtogar hafa beðist afsökunar á að óljósar upplýsingar hafi verið teknar alvarlega. En ekki hér, ekki hér á Íslandi. Enginn biður afsökunar á neinu. Allt er svo rétt og gott sem hér var gert, jafnfráleit og ákvörðunin var sem hér hefur verið gerð að umtalsefni.

Ég ætla að víkja aðeins að ræðu hæstv. utanríkisráðherra Davíðs Oddssonar í utanríkismálaumræðum á Alþingi fyrir fáeinum dögum. Á blaðsíðu 3 er það rakið sem gerðist fyrir einu og hálfu ári þegar Írak var frelsað undan oki Saddams Husseins, að mikið hefði áunnist í endurreisnarstarfi þrátt fyrir ákafar tilraunir ofbeldisafla til að vinna gegn því og þetta hafi verið gert á grundvelli ályktana öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1546, að átökin í Írak snúist í raun ekki um dvöl erlends herliðs heldur hvort komið verði á lýðræðislegri stjórnskipan.

Þessi kafli í ræðu hæstv. utanríkisráðherra leiðir hugann að því sem svo oft hefur verið fjallað um, þ.e. um hálfsannleik í máli stjórnmálamanna. Svo ég kryfji aðeins þennan kafla í ræðunni þá var ekki farið þar inn, eins og m.a. hefur komið fram í orðaskiptum áðan, til að frelsa Íraka undan oki Saddams Husseins. Nei, það var af því að þar áttu að vera gjöreyðingarvopn. Að baki lá auðvitað olían og allir þeir hagsmunir sem í henni felast. Það var ekki gert til að fella Saddam Hussein úr stóli heldur vegna staðhæfinga um gjöreyðingarvopn.

Varðandi endurreisnarstarfið þá hefur verið hrikalegt stríðsástand, ekki síst í Falluja, eins og Össur Skarphéðinsson lýsti ágætlega áðan. Mannfallið er gífurlegt, bandarískir og breskir hermenn, eru sendir unnvörpum heim í kistu, fyrir utan mannfall saklausra borgara sem hér hefur komið til tals. Og svo er sagt, óljóst að sjálfsögðu, að þetta hafi verið gert á grundvelli ályktunar Sameinuðu þjóðanna nr. 1546, sem feli íröksku bráðabirgðastjórninni m.a. að ákveða þörf á aðstoð fjölþjóðlegs herliðs og gefið til kynna að Sameinuðu þjóðirnar hafi stutt þessa innrás, sem er alls ekki rétt.

Þann 16. september á þessu ári, kemur fram í fréttum BBC að Kofi Annan telji að innrásin í Írak hafi verið ólögleg vegna þess að ákvörðunin var ekki tekin af öryggisráðinu heldur af innrásaröflunum. Svo einfalt er það mál. Kofi Annan, æðsti maður Sameinuðu þjóðanna, hefur gefið um það yfirlýsingu í fréttum á BBC. Svo tala menn eins og þetta hafi verið allt í lagi, eins og um það hafi legið fyrir ákvörðun að steypa þyrfti Saddam Hussein af stóli. Síðan er lauslega gefið til kynna að ályktanir Sameinuðu þjóðanna, sem eru um allt annað, hafi verið stuðningur við það.

Íslensk stjórnvöld eru sem fyrr þeirrar skoðunar að rétt hafi verið að ráðast inn í Írak. Það er með ólíkindum að hægt sé að tala um að vegna almennra grunsemda í garð Íraksstjórnar um framleiðslu gereyðingarvopna hafi þetta allt verið réttlætanlegt.

Ástandið í Miðausturlöndum hefur verið hrikalegt. Stríðið kom í kjölfar viðskiptabanns sem fór illa með íraskra borgara, börn, aldraða, sjúka og alla þá sem skorti aðbúnað og lífsnauðsynleg lyf. Það er alvarlegt umhugsunarefni að því sé haldið blákalt fram að við verðum að vera áfram á lista hinna viljugu af því að nú séum við með í uppbyggingunni. Þetta er fráleitt. Við getum verið með í uppbyggingarstarfi hvar sem er á okkar eigin forsendum og hvenær sem er. Við þurfum ekki þær forsendur að hafa verið þátttakendur í innrásinni.

Eftir því sem ég best veit var gerð sérstök samþykkt ríkisstjórnarinnar, 8. apríl fyrir ári, um 300 millj. kr. framlag til uppbyggingar í Írak. Ég kannast ekki við að nýjar samþykktir hafi verið gerðar. Það hefði verið full ástæða til þess við umræðuna nú að kalla eftir því hvað lagt hafi verið til á þessu ári, hvað eigi að leggja til á næsta ári og hver sé ábyrgð okkar sem þurfum að vera á lista hinna 30 viljugu til að geta haldið áfram að taka þátt í uppbyggingarstarfi. Þjóð sem studdi innrás ber mikla ábyrgð og ætti vitanlega að veita gífurlegan stuðning til mannúðarmála í landinu.

Virðulegi forseti. Þórunn Sveinbjarnardóttir hefur í umræðu um Miðausturlönd, m.a. Írak, ítrekað dregið það fram hve miklu máli skiptir að berjast gegn fátækt og taka þátt í mannúðarsamvinnunni. Vonleysi, örbirgð og fátækt eru jarðvegur fyrir þá sem draga ungmenni með sér út í hryðjuverk og sjálfmorðsárásir. Þar liggur ábyrgð okkar á Vesturlöndum, að hjálpa þessum ríkjum, gefa flóttamönnum þjóðerni og styðja lýðræðislegar aðgerðir en taka ekki þátt í innrásum.

[15:15]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Undanfarna daga hafa borist fréttir af stríðsglæpum í íröksku borginni Falluja þar sem fyrir viku síðan bjuggu 300 þús. manns. Enginn veit hversu margir

óbreyttir borgarar voru þar þegar allsherjarárás bandarískra og írakskra hersveita hófst fyrir sjö dögum. Ekki er vitað um mannfall en talað hefur verið um tölur allt frá 30 þús. upp í 100 þús. Fyrir árásina var skrúfað fyrir vatn og rafmagn til borgarbúa. Hjálparstarfsmönnum var meinaður aðgangur að borginni og allur flutningur hjálpargagna inn í Falluja var bannaður. Fyrsta takmark árásarliðsins var að ná aðalsjúkrahúsi borgarinnar á vald sitt til að koma í veg fyrir að fréttir bærust þaðan af mannfalli. Sprengjum og stýriflaugum hefur verið skotið á borgina af handahófi dögum saman svo að þar stendur bókstaflega ekki steinn yfir steini. Nú er taugaveiki að breiðast út í Falluja. Þetta framferði herliðsins brýtur gróflega í bága við alþjóðalög og sáttmála um vernd óbreyttra borgara á stríðstímum.

Þessi árás, líkt og aðrar árásir innrásarliðsins, fer fram með stuðningi og vilja íslenskra stjórnvalda. Þess vegna er ábyrgð okkar Íslendinga mikil.

Hæstv. forseti. Ég mótmæli þessum stríðsglæpum og krefst þess að ríkisstjórn Íslands geri slíkt hið sama, opinberlega og á alþjóðavettvangi.

Af þessu tilefni vil ég vekja athygli á bréfi sem borgaryfirvöld í Falluja skrifuðu aðalritara Sameinuðu þjóðanna, Kofi Annan, 14. október. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Í Falluja hafa Bandaríkjamenn búið til óljósan skotspón sem heitir al Zarqawi. Næstum ár hefur liðið þar til þessi málamyndaástæða fyrir árás á borgina var búin til. Alltaf þegar þeir eyðileggja húsin okkar, moskurnar, veitingastaðina, drepa börn og drepa konur segja þeir að þeir hafi gert árangursríka árás á menn al Zarqawis. Við þekkjum ekki til þessa manns. Við vitum ekki til þess að hann sé í borginni okkar. Ef svo er, þá er hann hér ekki á okkar ábyrgð vegna þess að við viljum engin tengsl við ómannúðarlegar aðgerðir sem eru við hann tengdar."

Þetta var bréf frá borgaryfirvöldum í Falluja, borginni þar sem andófið og andstaðan við Saddam Hussein á valdatíma hans var alltaf hvað mest í Írak. Nú er andstaðan þar við innrásarherliðið og þá fer það sínu fram á þann hátt sem við nú verðum vitni að.

Í Falluja og í Írak eiga sér stað stríðsglæpir sem jafna má við það sem gerðist á tímum nasista. Þeir báru sig líkt að og bandarísku stríðsglæpamennirnir gera núna. Þeir skutu og drápu fólk af handahófi. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þetta gerist í Falluja. Fyrir nokkrum vikum voru fjórir bandarískir hermenn myrtir þar. Lík þeirra voru svívirðilega leikin. Hefndin var árás á borgina þar sem fólk var drepið af handahófi, 700 manns. Konur, karlar og börn lágu í valnum. Í huga minn er greypt myndin af föður sem stóð með sjö ára dóttur sína, líkið af henni sundurskotið. Hann hét hefndum.

Síðan segir formaður utanríkismálanefndar Alþingis: Við getum ekki látið sem ekkert sé.

Ætla menn að þegja þegar þetta gerist á okkar ábyrgð? Að sjálfsögðu á að skipa rannsóknarnefnd sem fer yfir málin. Fyrr mætti nú vera. Ég spyr um alla þá sem fram hafa komið á Alþingi og talað um sjálfstæði þingsins og að efla beri það gagnvart framkvæmdarvaldinu. Hvar eru þeir nú? Nú reynir á að einhver vilji sé að baki þessum yfirlýsingum.

Hv. formaður utanríkismálanefndar sagði að árásin á Írak á sínum tíma hefði verið gerð með skírskotun í samþykktir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Það er rétt. Það var gert. Það var skírskotað til fyrri samþykkta öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Árásin var hins vegar ekki á grundvelli samþykktar öryggisráðsins og hún fór fram gegn ráðleggingum þeirra fulltrúa Sameinuðu þjóðanna sem önnuðust vopnaleit í Írak. Nú hefur komið í ljós að efasemdir þeirra voru réttar og að byggt var á upplognum sökum. Nú kemur hv. formaður utanríkismálanefndar Alþingis og segir að við verðum að treysta á leyniþjónustu samstarfsríkja okkar. Ég á eftir að trúa því að íslenska ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hér þori ekki að láta rannsaka þetta mál. Ætla menn virkilega að láta það undir höfuð leggjast? Hvað hafa menn að fela? Má ekki rannsaka málið? Má ekki ganga úr skugga um hvað er rétt og hvað rangt?

Áður en ég lýk máli mínu ætla ég að leiðrétta missögn sem mér varð á í upphafi máls míns þar sem ég talaði um mannfall í Falluja, nefndi þar háa tölu, 30–100 þús. manns. Það var sú tala sem ég ætlaði að nefna um þann fjölda sem talið er að sé í borginni, fjölda óbreyttra borgara. Um mannfallið vita menn ekki. Eitt vita menn þó, í Falluja er núna verið að fremja stríðsglæpi á ábyrgð íslensku ríkisstjórnarinnar. Ég segi ekki Íslendinga — þetta er á ábyrgð íslensku ríkisstjórnarinnar.

[15:23]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki nýtt í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar að hann sé andsnúinn því að farið skyldi hafa verið með hervaldi gegn ríkisstjórn Saddams Husseins. Saddam Hussein var þó einn mesti harðstjóri sem við þekkjum í nýliðinni sögu, réðst a.m.k. tvisvar inn í fullvalda ríki, (Gripið fram í.) beitti eiturefnaárásum gegn Kúrdum og stundaði endalausa ógnarstjórn gegn sínu eigin fólki.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson var árum saman einn flutningsmanna að tillögu um að við skyldum hverfa frá viðskiptabanni gegn Írak. Hv. þm. trúði lyginni úr Saddam Hussein sem sagði að viðskiptabannið ylli því að börn syltu í Írak þó að menn vissu að Saddam Hussein væri að safna auði eins og reyndar kom á daginn þegar hann var hertekinn á sínum tíma.

Nú liggur alveg kristaltært fyrir að hv. þm. var mikill andstæðingur þess að farið skyldi með hervaldi gegn Saddam Hussein. Það mátti heldur ekki reyna að beita hann þvingunum á viðskiptasviðinu vegna þess að hv. þm. trúði bullinu og lyginni úr Saddam Hussein. Nú vil ég spyrja hv. þingmann: Hafði hv. þm. einhver ráð? Var hann þeirrar skoðunar yfir höfuð að það ætti eitthvað að hrófla við þessum heiðursmanni? Var hann þeirrar skoðunar að hann mundi með því að tala nógu ákaflega í sölum Alþingis t.d. geta talið Saddam Hussein á það að hverfa bara frá valdastóli svo að hann léti af þessum hryllingi?

Hv. þingmaður hefur ekki svarað þessari spurningu, hvorki í þessari umræðu né öðrum sem ég hef hlustað á. Mér finnst það skaði fyrir umræðuna vegna þess að hv. þm. hefur heilmikla þekkingu á þessu svæði. Hann hefur þess vegna heilmikið til umræðunnar að leggja og ég hvet hv. þingmann til að upplýsa okkur hin sem sáum engin ráð

önnur en þau að farið skyldi með hervaldi gegn þessum ógnarherra. (Forseti hringir.) Ég vildi biðja hv. þingmann að greina okkur öðrum frá því hvaða hugmyndir hann hafði í þessum efnum.

[15:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þeir sem ég hlustaði á varðandi viðskiptabannið gegn Írak voru starfsmenn í mannúðarhjálp Sameinuðu þjóðanna sem störfuðu í Írak og sögðu af sér hver á fætur öðrum þegar það varð ljóst, og öllum sem vilja vita var ljóst, að viðskiptabannið á Írak hafði valdið dauða mörg hundruð þúsund manna. Ég hlustaði líka á Íslendinga sem unnu þar í hjálpar- og uppbyggingarstarfi. Þau sögðu slíkt hið sama. Þetta var fólkið sem ég hlustaði á.

Hafði ég einhver ráð til að losna við Saddam Hussein? Nei, ég kunni engin ráð við því fremur en ég kunni ráð við því á níunda áratugnum þegar hann naut stuðnings sömu aðila og gerðu síðan innrás í landið, sömu aðila og studdu hann þegar hann réðst með eiturvopnum gegn Írönum og Kúrdum. Það voru Bandaríkjamenn og Bretar. (Gripið fram í.)

Ég spyr núna, vegna þess að ég vil tala um daginn í dag líka — ég skal tala um fortíðina en tölum um daginn í dag líka núna: Kann hv. þm. Einar K. Guðfinnsson einhver ráð til að losna við stríðsglæpamenn á borð við George Bush sem fer núna drepandi og myrðandi í Falluja? Hvaða ráð kann hann til að losa okkur úr slagtogi við þessa menn? Hvaða ráð kann hann til að stöðva blóðbaðið og stríðsglæpina sem nú eru framdir á ábyrgð íslensku ríkisstjórnarinnar í Írak?

[15:27]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú byrja á að þakka hv. þingmanni ákaflega hreinskilnislegt svar. Þetta mál snýr auðvitað ekki bara að nútímanum, eins og hv. þm. vakti réttilega athygli á, heldur líka fortíðinni. Við stóðum hér frammi fyrir þeirri staðreynd að einn mesti harðstjóri a.m.k. seinni hluta 20. aldar var við völd í Írak, var þjóð sinni hættulegur, (**ÖJ:** Hver er þín ábyrgð?) var umhverfi sínu hættulegur (**ÖJ:** Hver er þín ábyrgð núna?) ... (Forseti hringir.) hv. þingmaður, ég er ekki að biðja um að þaggað sé niður í hv. þingmanni, mér finnst bara gaman að því þegar hv. þingmaður (**ÖJ:** Gaman að því að drepa fólk.) er með þessi ...

Virðulegi forseti. Nú vil ég gjarnan að hæstv. forseti taki afstöðu til þessa máls.

(**Forseti** (BÁ)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að gefa ræðumönnum tækifæri til að ljúka máli sínu.)

Ég vil bara þannig að það komist til skila segja að hv. þm. Ögmundur Jónasson kallaði fram í og lýsti þeirri skoðun sinni að hann teldi að ég hefði gaman af því að drepa fólk. (Gripið fram í.)

Hv. þm. hefur einfaldlega svarað spurningu minni ákaflega skýrt. Hann kunni engin ráð. Hann vildi með öðrum orðum una því að þessi harðstjóri væri við völd í Írak um ókomin ár þrátt fyrir að það hafi legið fyrir á þeim tíma hvernig hann væri að leika þjóð sína og nágrannaþjóðir, þrátt fyrir að það hafi legið fyrir að hér fór fullkominn harðstjóri fram. Hv. þm. endurtók einfaldlega gömlu lygarnar um það að viðskiptabannið ylli dauða hundruð þúsunda manna þegar það liggur fyrir að það var harðstjórinn sjálfur sem olli þessum hildarleik sem fram fór í hans eigin landi.

Hv. þm. spurði mig einnar spurningar, og hún var þessi: Hvernig vil ég bregðast við?

Það sem ég vil auðvitað gera er að það nái fram sem þjóðir heimsins eru að reyna að gera núna, að stilla til friðar í Írak, tryggja að hægt verði að koma á borgaralegu samfélagi, tryggja að hægt sé að standa þannig að málum, virðulegi forseti, að hægt sé að láta fara fram lýðræðislegar kosningar þannig að menn nái fram þjóðarvilja, þannig að fólkið í Írak geti talað sínu máli og ráðið sínum ráðum í fyrsta skipti frá því að þessi harðstjóri tók við völdum sem hv. þm. hefur nú greint frá að hann hafði engin ráð til að koma frá, og vildi greinilega ekki koma frá.

[15:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég væni hv. þingmann ekki um að hann hafi gaman af því að fólk sé drepið. (**EKG:** Þú varst að segja það.) Ég er að biðja hann afsökunar á þeim ummælum sem voru kölluð fram í hita leiksins. Ég er hins vegar að vekja athygli á því að við erum núna að verða vitni að mjög alvarlegum og svívirðilegum stríðsglæpum. Það er verið að drepa konur, það er verið að drepa börn, það er verið að drepa karla, það er verið að drepa saklausa borgara. Taugaveiki er að breiðast út í Falluja. Ég er að vekja athygli á því að þessir stríðsglæpir eru framdir á ábyrgð Íslendinga, á ábyrgð íslensku ríkisstjórnarinnar. Og ég er að furða mig á því að stjórnarmeirihlutinn á þinginu skuli koma fram af öðru eins ábyrgðarleysi og hann gerir í þessu máli.

[15:31]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að þegar sagan verður skrifuð í náinni framtíð muni 20. mars 2003 verða lýst sem svörtum degi í sögu Íslands, vegna þess að þann dag bárust okkur fréttir af því að íslenska ríkisstjórnin ætlaði í fyrsta sinn að styðja það að við sem þjóð færum með vopn á hendur annarri fullvalda þjóð.

Það kom líka skýrt fram þá að ríkin sem væru á þessum lista, þau 30 ríki sem væru á lista yfir viljugar eða staðfastar þjóðir, ríkisstjórnir þeirra ríkja tækju siðferðilega og pólitíska ábyrgð á þessari styrjöld og afleiðingum hennar. Núna þegar liðið er rúmlega eitt og hálft ár frá þessum degi og styrjöldin geisar sem aldrei fyrr þá stendur þessi staðreynd. Ríkin bera siðferðilega og pólitíska ábyrgð á þessari styrjöld og afleiðingum hennar.

Undan þeirri staðreynd getum við ekki vikist, því miður, og það ber að harma. Ég lýsi því yfir sem íslenskur ríkisborgari, íslenskur þegn, að ég krefst þess að Íslendingar verði strax fjarlægðir af þessum lista. Íslenska þjóðin var ekki spurð álits áður en þessi ákvörðun var tekin, þingskapalög voru brotin, málið var ekki borið undir Alþingi eða utanríkisnefnd þess eins og lög kveða á um. Þetta, virðulegur forseti, er mjög alvarlegur hlutur, því að hér var tekin ein umdeildasta ákvörðun varðandi utanríkismál í sögu lýð-

veldisins. Ég hygg að ekki hafi verið tekin jafnumdeild ákvörðun um utanríkismál síðan Alþingi ákvað að Ísland skyldi verða aðili að NATO í mars árið 1949.

Á þeim mánuðum sem liðnir eru frá því að þessi innrás í Írak hófst hefur verið ömurlegt að fylgjast með þeim fréttum og sjá þær myndir sem teknar hafa verið á átakasvæðunum. Þessar fréttir eru stöðugt að versna, þær fara versnandi dag frá degi, sjálfsmorðssprengjuárásir, árásir skriðdreka, loftárásir, skotárásir hermanna, og saklaust fólk liggur í blóði sínu, börn, konur og karlar.

Síðustu daga höfum við orðið vitni að orrustu í borginni Falluja, orrustu sem staðið hefur yfir í hálfan mánuð. Við vitum ekki hversu margir hafa fallið en það er augljóst af þeim myndum sem við sjáum frá þessu svæði, frá þessari borg að þarna eiga sér stað gríðarlegar mannlegar þjáningar. Og það er alltaf svo, virðulegi forseti, að í myrkrinu eru allir kettir gráir og það er stutt á villidýrseðlið í mannskepnunni þegar styrjaldir eru annars vegar. Við höfum fengið að sjá að Bandaríkjamenn, þessir boðberar frelsis og lýðræðis, eru ekki barnanna bestir. Við höfum séð pyntingar á föngum. Í dag fengum við að sjá hvernig írakskur andspyrnumaður sem lá særður á gólfi, maður sem hafði leitað sér kirkjugriða sem voru álitin heilög vé á Íslandi áður fyrr, lá helsærður á gólfi í mosku, var skotinn eins og hundur af bandarískum hermanni án þess að fá rönd við reist. Þetta fengum við að sjá.

Við fengum líka að sjá í gær mynd þar sem bandarískur hermaður klifraði yfir húsvegg og hleypti af einu skoti á særðan írakskan andspyrnumann sem lá þar. Hann kom til baka og sagði: Þessi er búinn að vera. Hann hafði afgreitt hann með einni kúlu, særðan hermann.

Slík hegðun stríðir gegn öllum prinsippum í hernaði, hlýtur að stríða gegn öllum lögum sem siðmenntaðar þjóðir setja sér, jafnvel þótt á vígvelli sé. Þetta eru aðeins þau dæmi sem við höfum fengið að sjá, eflaust eru þau miklu, miklu fleiri, um hræðileg afbrot sem framin hafa verið á þessum ömurlega vígvelli.

Mér finnst það sem gerst hefur í Írak minna um margt á atburði sem gerðust í Evrópu fyrir 60 árum. Þá var við völd í Þýskalandi vitskertur maður sem hét Adolf Hitler. Hann fór með hernaði gegn nágrannaþjóðum sínum og gerði það einmitt á grundvelli upploginna saka eins og gerðist í Írak. Þjóðverjar skálduðu ástæður til að ráðast inn í Pólland í september árið 1939. Bandaríkjamenn og Bretar skálduðu ástæður til að ráðast inn í Írak árið 2003.

Þessar innrásir Þjóðverja leiddu til þess að fólk í þessum löndum, sem vildi ekki hafa erlenda innrásarheri, reis upp og hóf vopnaða andspyrnu. Innrásin í Írak leiddi til þess að íbúar Íraks risu einnig upp og hófu vopnaða andspyrnu, hófu að herja á innrásarherina. Þjóðverjar kölluðu reyndar ekki andspyrnumenn í Evrópu á sínum tíma hryðjuverkamenn vegna þess að það hugtak var ekki til þá en þeir litu á þá sem hryðjuverkamenn og kæmu þeir höndum yfir þá var þetta hugrakka fólk umsvifalaust dregið upp að næsta húsvegg og afgreitt með byssukúlum eða öðru. Það var tekið af lífi. Bandaríkjamenn gera hið saman þegar þeir koma höndum yfir íraksk andspyrnumenn þessa dagana. Þeir skjóta þá eins og hunda.

Síðustu vikur og mánuði höfum við orðið vitni að uppreisn í einni af stærstu borgum í Írak, Falluja. Í ágúst árið 1944 braust út uppreisn í Póllandi, í Varsjá, vopnuð uppreisn andspyrnumanna. Sú uppreisn var barin niður af gríðarlegri hörku af Þjóðverjum þar sem barist var frá húsi til húss, frá götu til götu. Því lyktaði með að Þjóðverjar náðu aftur yfirráðum í Varsjá. Þeir sem eftir lifðu af andspyrnumönnum voru teknir til fanga, þeir voru teknir af lífi eða sendir í fangabúðir. Í Falluja er núna barist frá húsi til húss, frá götu til götu, og þeir uppreisnarmenn sem teknir eru til fanga eru teknir af lífi eða sendir í fangabúðir.

Hvað gerðu Þjóðverjar síðan þegar þeir voru búnir að ná undir sig Varsjá? Jú, þeir sprengdu borgina í tætlur, eyddu húsum með skipulögðum hætti þannig að þegar upp var staðið stóð ekki steinn yfir steini í einni af fegurstu borgum Evrópu. Þarna voru framdir hrottalegir stríðsglæpir. Ég hygg, herra forseti, að þegar upp verður staðið og við fáum að heyra sannleikann um orrustuna í Falluja þá sé á ferðinni nýtt dæmi svipað harmleiknum í Varsjá. Falluja verður lögð í rúst. Þar eru núna framdir stríðsglæpir og við berum ábyrgð á því.

Umræðu frestað.

Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, 1. umr.

Frv. RG o.fl., 30. mál. — Þskj. 30.

[15:39]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um samkomudag Alþingis og starfstíma þess.

Meðflutningsmenn mínir eru Bryndís Hlöðversdóttir og Margrét Frímannsdóttir. Það er ekki tilviljun, virðulegi forseti, að það erum við þrjár sem flytjum frumvarpið vegna þess að við höfum verið eða erum þingflokksformenn í flokki okkar, Samfylkingunni, og þekkjum því afar vel hvernig starfstími Alþingis hefur verið og hvernig hefði verið unnt að skipuleggja þinghaldið og hvaða annmarkar hafa verið á því fyrirkomulagi sem verið hefur undanfarin ár á störfum Alþingis.

Frumvarpið sem ég mæli fyrir var flutt á 130. þingi en varð eigi útrætt. Við teljum að það sé mjög mikilvægt að halda áfram að hreyfa þessu máli og sýna fram á að starfsfyrirkomulagið er úrelt og að þörf sé á breyttri vinnutilhögun Alþingis og þess vegna undirstrikum við nauðsyn þess að málið nái fram að ganga.

Ég legg mikla áherslu á það, virðulegi forseti, að þinghaldið síðasta vor og sumar undirstrikar nauðsyn þess að gera gjörbreytingar á störfum Alþingis. Við höfum vanist því að þing komi saman 1. október og ljúki í byrjun maí og því er ekki að leyna að undir lok þinghaldisins kemur mikil pressa á bæði framlagningu stjórnarmála og afgreiðslu þeirra fyrir vorið.

Síðastliðið sumar kom eitt slíkt mál inn mjög seint á þinginu, fjölmiðlafrumvarpið svokallaða, og varð til þess að þinginu var fram haldið með hléum alveg fram í júlí. Það er óþolandi staða fyrir þingmenn að fá ekki að vita um

vinnutilhögun sína. Okkur er engin vorkunn að vera lengur á þinginu en viðgengist hefur en við þurfum að vita hvernig haga á þinghaldi, það þarf að vera ljóst að fagleg og góð vinnubrögð séu tryggð og að ekki sé hundrað í hættunni þótt mál klárist ekki fyrir vorið af því að ekki muni líða langur tími þar til við komum saman á ný og getum tekið til við þar sem frá var horfið.

Í frumvarpi okkar felst að Alþingi komi saman 15. september og sitji til 15. júní. Það þingtímabil sem við höfum vanist, frá 1. október og fram til vors, er afskaplega stutt miðað við þau miklu verkefni sem Alþingi fæst við í dag. Það hafa oft verið miklar umræður um fjölda þingmannamála, það er oft óskað eftir því að við setjum mörg mál á dagskrá, tölum stutt, jafnvel bara flutningsmaður, og það hefur gerst að allt að 37 þingmannamál hafa verið sett á dagskrá á einum og sama deginum af því að nýta þarf dagana fyrir stjórnarfrumvörpin sem afgreiða á fyrir vorið.

Á síðasta vetri stóð jólahlé frá 15. desember til 28. janúar, í u.þ.b. 43 daga. Fyrir jól náði þinghald yfir 75 daga frá samkomudegi til jólahlés og þingtími til vors átti að vera um 100 dagar en það gjörbreyttist við framlagningu fjölmiðlafrumvarpsins eins og áður hefur verið vikið að.

Lengdur starfstími er grunnur að breytingum og nýjum starfsháttum þingsins. Verði frumvarpið að lögum mun forsætisnefnd endurskoða starfsáætlun Alþingis og ég sé það fyrir mér að skoðað verði hvað hefur reynst vel í skipulagi hjá öðrum þingum og hvað þróun þingstarfa kallar helst á varðandi breytingar.

Alþingismenn njóta fullra launa allt árið og þingmennska er fullt starf þeirra allra. Áður fyrr fengu alþingismenn dagpeninga fyrir þann tíma sem Alþingi starfaði og jafnframt var það svo um þorra alþingismanna að þeir gegndu öðrum störfum samhliða þingmennsku. Starfstími Alþingis var eigi að síður sá sami og hann er nú, þ.e. frá því í október og fram í maí. Hefur svo verið í meginatriðum frá stríðslokum. Í seinni tíð hafa breytingar orðið á starfskjörum alþingismanna sem taka mið af auknum verkefnum þeirra. Alþingismenn hafa notið fastra launa allt árið frá 1964 og frá því um 1970 hafa stöðugt færri alþingismenn gegnt störfum samhliða þingmennsku (a.m.k. yfir þingtímann). Því má segja að starfstími Alþingis hafi ekki fylgt þeim breytingum sem annars hafa orðið á starfskjörum og starfsháttum þingmanna.

Sums staðar er þetta með allt öðrum hætti. Ég þekki til þar sem þing er ekki haldið á mánudögum þannig að helgin auk mánudagsins nýtist fyrir þá sem búa utan höfuðborgarinnar. Þingdagar og nefndadagar skiptast þá á í einhverjum hlutföllum eins og eðlilegt þykir. Einnig væri hægt að gera þinghlé í eina viku og hafa þingvinnu síðan í þrjár vikur eða einhver önnur skipting sem heppileg þykir á viðkomandi þingi þannig að bæði sé hægt að starfa vel og faglega í þinginu sjálfu en jafnframt sinna þeim skyldum sem þingmenn óhjákvæmilega hafa utan þingsins úti í kjördæminu og vegna annarra starfa sem þeir vinna á vegum þingsins.

Á haustin er tekin ein vika í þinghlé hér á Alþingi og í þessari einu viku er ætlast til að þingmenn fari í kjördæmin, haldi fundi eða geri annað sem er mikilvægt að hafa tíma til. Ef þessu væri breytt þannig að starfað væri lengur að vetrinum, eins og hér er lagt til, væri hægt að hafa starfsáætlunina öðruvísi, hafa oftar hlé, oftar kjördæmavikur eða kjördæmadaga eða gefa meira svigrúm til að lesa skýrslur eða vinna að frumvörpum á þeim tíma sem Alþingi starfar.

Á Íslandi kemur þing saman fyrsta virkan dag eftir 1. október og hefur staðið fram undir miðjan maí, síðustu árin aðeins fram á fyrstu daga maímánaðar. Við leggjum til að byrjað verði 15. september og haldið áfram fram undir þjóðhátíðardaginn, 17. júní. Í Noregi stendur þingtími frá septemberlokum til u.þ.b. 20. júní, í Svíþjóð frá 16. september til 17. júní, í Danmörku frá fyrsta þriðjudegi í október til 5. júní og í Finnlandi frá fyrsta þriðjudegi í september til u.þ.b. 20. júní. Algengt er að jólahlé sé tvær til þrjár vikur, til dæmis í Noregi u.þ.b. 14 dagar og um páska er svipað hlé.

Nú orðið njóta alþingismenn á Íslandi fullra launa allt árið enda er þingmennska fullt starf, eins og áður segir, en starfstími Alþingis hefur ekki breyst, hann er frá október og fram í maí. Það er mjög mikilvægt að gera breytingar í samræmi við starfsvettvang alþingismanna og taka mið af þeim breytingum á starfskjörum sem hafa orðið frá því u.þ.b. 1970.

Ég vakti athygli á því að þingmálin eiga oft undir högg að sækja þegar líður á veturinn en það er ekki beinlínis stefnt að því með þessu frumvarpi að fjölga þingfundum eða lengja þá. Það er miklu fremur mat okkar að það fari eftir ástandi í þinginu á hverjum tíma hvernig þingmálum er raðað á dagskrána. Í heild viljum við gefa þinginu rýmri tíma til að fjalla um mál, ekki síst nefndum þingsins, og við viljum að komi þingmál seint fram þá séu það ekki rök fyrir því að þrýsta því í gegnum þingið fyrir vorið að sumarhléið sé stutt. Og hafi ráðherra ekki unnið að máli þannig að það komi tímanlega fram sé ekki hægt að koma inn í þingið, jafnvel með afbrigðum, með mál og ætlast til að það sé afgreitt á engum tíma.

Það er líka afar slæmt, virðulegi forseti, hve lítill tími gefst oft til að skoða stjórnarfrumvörp áður en þau eru tekin á dagskrá og reynslan sýnir að þegar loksins kemur að nefndadögum þarf nefndarformaður að keyra yfirferðina áfram, oft til mikils vansa fyrir þingið og gagnvart því fólki sem kemur á nefndarfundi, jafnvel utan af landi, til að fjalla um og varpa ljósi á þau mál sem eru til umfjöllunar. Það er ekki óalgengt að heyrst hafi frá fulltrúum okkar í efnahags- og viðskiptanefnd að ekki hafi verið sæmandi þegar fólk hefur komið, kannski 10–20 manns út af einu máli, kallað utan af landi eða úr dagsins önnum, og þarf síðan að bíða jafnvel klukkustund eftir að komast inn á fund nefndarinnar þar sem rokið er í gegnum málin, jafnvel á tíu mínútum og lítið fjallað um það sem fram kom.

Svona vinnubrögð eru ekki Alþingi sæmandi og aðeins með því að breyta starfsáætlunum, komast út úr þessum álagspunktum, getum við tekið upp faglegri vinnubrögð og heillavænlegri.

Ég veit að annars staðar hefur verið gerð mjög mikil úttekt á því hvernig best sé að starfa í þinginu og við höfum gert breytingar hér. Við höfum t.d. tekið sérstaka nefndadaga sem mér finnst að hafi gefist mjög vel, en við höfum ekki haldið áfram að skoða með hvaða hætti við gætum gert þinghaldið liprara. Ef til vill liggja rætur þess í því hversu óreglulega stjórnarfrumvörpin koma fram vegna þess að

það eru þau sem lögð er áhersla á. Svo er önnur hlið á málinu sem ég ætla ekki að gera mikið úr hér en nefni þó, það er hversu litla umfjöllun þingmannamálin fá. Ég ætlast að sjálfsögðu til þess að ef við tökum upp betri og faglegri vinnubrögð, breytum starfsáætlun þingsins og tökum upp öðruvísi vinnulag, þá verði þingmannamálunum gerð betur skil.

Það er ástæða til að nefna það líka, af því að kjördæmavikan er nýrri tíma mál, að það hefur verið gott að fá slíka yfirferð en það er líka talsvert þröngt, ekki síst eftir þær breytingar sem voru gerðar á kjördæmaskipaninni. Kjördæmin eru orðin gífurlega stór og eru allt annars eðlis en þegar kjördæmavikan, þessi eina kjördæmavika var tekin upp, og þar er þingmönnum stórra kjördæma þröngur stakkur sniðinn að eiga samkvæmt starfsáætluninni bara þessa einu viku til þess að fara út í kjördæmið. Við ættum að vera með fleiri slíkar vikur yfir veturinn til þess að gera starfið í þessum stóru kjördæmum liprara og þingmönnum þar mögulegt að koma betur til móts við kjósendur sína.

Ég get ekki stillt mig um, virðulegi forseti, af því að það tengist því máli sem hér er í frumvarpsformi, að nefna að það voru uppi hugmyndir um skiptingu málaflokka, um breytingu á nefndum, um fækkun þingmanna í nefndum og að færri yrðu um að kjósa varamenn í nefndir. Undir stjórn Ólafs G. Einarssonar fór fram mikil og góð vinna á sínum tíma og þá var komið fram frumvarp sem hefði gjörbreytt mörgu í vinnu okkar þótt það lengdi reyndar ekki starfstímann. En sú vinna fékk ekkert framhald og ekkert hefur verið gert með þessi mál í tíð núverandi hæstv. forseta Alþingis.

Virðulegi forseti. Ég hef drepið hér á það helsta sem máli skiptir varðandi það að breyta starfsáætlun Alþingis og að mikilvægt sé að dreifa þingfundum á lengri tíma yfir veturinn og skipuleggja störf þingsins upp á nýtt. Ég vil sérstaklega árétta að það eru engin sérstök rök fyrir því að Alþingi skammti sér svo nauman tíma sem raun ber vitni til að fjalla um og afgreiða liðlega 100 frumvörp, það er fjöldi þeirra frumvarpa sem yfirleitt hafa komið fram á hverjum þingvetri, og 20–30 ályktanir sem venjan hefur verið hingað til. Auðvitað eigum við að breyta fyrirkomulaginu og gefa okkur betri tíma til umfjöllunar. Jafnframt mundum við geta haft rýmri tíma til umfjöllunar fjárlagafrumvarpsins þar sem við byrjum hálfum mánuði fyrr, og aukið svigrúm til afgreiðslu þeirra þingmála sem kunna að fylgja því. Með því að dreifa þingfundum á lengri tíma yfir veturinn og endurskipuleggja störf þingsins væri í senn hægt að gefa sér betri tíma til að athuga mál, svo og til að gefa þingmönnum rýmri og skipulegri tíma til að hafa samband við kjósendur, ferðast um kjördæmin, halda fundi, m.a. meðan þing situr. Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi þingmanna frá þeim tíma er starfstími Alþingis var settur í núverandi form og ekkert mælir með því að þingið sé sent heim í byrjun maí eins og áform eru um á hverjum einasta vetri.

Virðulegi forseti. Í lok máls míns get ég líka bent á bættar samgöngur, fjarskiptaþróunina, tölvuvæðinguna, allt það sem gjörbreytt hefur allri vinnutilhögun þingmanna. Ég vil líka nefna að oft heyrast gagnrýnisraddir hjá almenningi sem finnst hið langa sumarhlé Alþingis á skjön við starfsfyrirkomulag annarra stétta og sú umræða er orðin áberandi neikvæð. Ég er manna fyrst til að benda á að sumarhléið er ekki sumarleyfi þingmanna, því þá eru þingmenn að störfum, en því er ekki að leyna að þessi starfsáætlun og fyrirkomulag gerir það að verkum að fólk álítur að þingið sé sent heim. Þetta höfum við fundið, að það sé eins og ríkisstjórnin bíði eftir því að sú stund renni upp að þingið sé sent heim og hún fái frið fyrir okkur og geti sinnt verkefnum sínum án afskipta þingsins. Þetta er úrelt hugsun og úrelt vinnubrögð. Við eigum að láta þingið starfa eins og unnt er allt árið, stytta sumarhlé, stytta jóla- og páskahlé ef okkur sýnist svo og gera oftar hlé á hefðbundnum þingfundum til þess að hið fjölbreytta starf þingmannsins fái notið sín.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og framsögu um samkomudag Alþingis og starfstíma þess.

[15:56]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Málið sem hér er til umræðu og er flutt af þremur núverandi og fyrrverandi þingflokksformönnum Samfylkingarinnar er gott mál sem snertir störf Alþingis mikið og vonandi taka allir þingmenn og flokkar þátt í umræðunni hérna á eftir. Fyrsti flutningsmaður, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, rakti rökin fyrir þessu máli mjög vel en ég ætla að tæpa á nokkrum þáttum sem hún hafði ekki tíma til að fjalla um.

Í hnotskurn má segja að með þessu frumvarpi sé verið að leggja til að starfshættir Alþingis séu færðir til nútímans. Það eru engin rök fyrir því fyrirkomulagi sem hér er uppi og miðast við sauðburð annars vegar og göngur og réttir hins vegar. Núverandi forseti hefur staðið mjög dyggan vörð um þetta fyrirkomulag og í sjálfu sér er ekkert út á þá afstöðu hans til þinghaldsins að setja, að það miðist við göngur og réttir að hausti og sauðburð að vori. En ég held að þau annars ágætu dægraskipti hafi voðalega lítið með hinn almenna þingmann og hinn almenna borgara lengur að gera og orðið vel tímabært að breyta fyrirkomulaginu í þinginu og að margt muni batna í kjölfarið.

Í greinargerðinni segir að ekki sé verið að leggja til með beinum hætti að þingfundum fjölgi enda er það ekki meginmálið. Það er verið að færa starf Alþingis yfir á eðlilegan vinnutíma þannig að það nái yfir tíu mánuði ársins, þingið taki sér síðan eðlilegt hlé yfir hásumarið en starfi þess á milli með þingfundum, nefndarfundum, kjördæmavikum og með ýmsum öðrum hætti, það hafi miklu hærra borð fyrir báru til að ræða og afgreiða þingmannamál.

Ég ætla einmitt að staldra örlítið við þann punkt af því að hér er lagður fram mikill fjöldi þingmannamála. Að þau séu aldrei afgreidd út úr nefnd eða til 2. umr. hefur valdið því að þingmenn leggja fram mikið flóð fyrirspurna, sem er í sjálfu sér ekkert út á að setja þar sem þetta er afleiðing starfshátta Alþingis. En hins vegar drukkna þær hver í annarri eins og við sjáum t.d. á morgun á fyrirspurnadegi en þá verður mikið flóð, gæti staðið í fjórar til fimm klukkustundir, af því að haldið verður áfram eftir kl. 18 til að reyna að grynnka á bunkanum.

Að sjálfsögðu er það lýðræðislegur réttur allra alþingismanna og kjósenda þeirra að mál sem þeir leggja fram, þingsályktunartillögur og frumvörp, séu afgreidd úr nefndum eftir umsagnir og umræður, ræddar hér aftur og síðan

afgreiddar frá þinginu þannig að Alþingi allt greiði atkvæði um hin fjölbreytilegu mál þingmanna. Það er að sjálfsögðu grundvallaratriði. Það er starf löggjafans í hnotskurn, ekki að stimpla stjórnarfrumvörp á elleftu stundu, fyrir jól og um miðjan maí. Það eru ákaflega undarleg og ámælisverð vinnubrögð. Þetta fyrirkomulag setur að mínu mati Alþingi að mörgu leyti niður.

Fólk verður mismikið vart við störf Alþingis nema hvað varðar utandagskrárumræður og almennar umræður um málefni dagsins. Það er að sjálfsögðu hið besta mál af því að Alþingi er málfundur sem á að spegla samfélagið á hverjum tíma. En almenningur heyrir svo til aldrei af þeim þingmannamálum og málflutningi þingmanna nema í tengslum við afgreiðslu ráðherra og nefndarformanna og staðgengla þeirra á stjórnarfrumvörpum. Það er að fáránlegt fyrirkomulag og það kristallar það hvernig þinghaldið er.

Þau stjórnarfrumvörp sem ríkisstjórnin ætlar að fá í gegnum þingið fyrir jól koma inn í desember. Nú erum við að ræða þingmannamálin, í október og nóvember. Þau hverfa síðan út, stjórnarfrumvörpin hrannast inn og eru afgreidd nánast á sólarhringalotum þótt kannski hafi eitthvert lát orðið á frá því sem var fyrir einhverjum árum. En það skiptir ekki máli. Þetta eru vond vinnubrögð sem eiga sér enga stoð í nútímanum, eru ekki nútímastarfshættir. Alþingi á að sjálfsögðu að starfa í takt við annað í samfélaginu, byrja á haustin, vinna með hléum og öllum þeim afbrigðum og frávikum frá þingfundum sem á þarf að halda og gera síðan eðlilegt hlé yfir sumarið. Fyrst og fremst þarf það að starfa eftir nútímalegum og eðlilegum háttum.

Hérna er rakið mjög vel hvernig upplýsingabyltingin og breytingar í samfélaginu hafa breytt starfi þingmannsins og löggjafans mjög svo til hagsbóta fyrir þingmenn. Hún gefur fjölmörg tækifæri til að breyta starfsháttum þingsins. Þannig mætti einnig segja að tíminn frá því að þingi lýkur í maí og þangað til það byrjar aftur 1. október sé býsna illa nýttur. Að sjálfsögðu nýta margir þingmenn tímann ágætlega og sinna störfum sínum, semja þingmannamál og hitta kjósendur. En störf þingsins á þeim tíma eru engin, ef svo má segja, nema eitthvað sérstakt komi upp og einstaka nefnd sé kölluð saman til að ræða eitthvert akút og brýnt mál. Annars starfar Alþingi bókstaflega ekki á þessum langa tíma, í þrjá til fjóra mánuði. Þó koma til frávik eins og þegar fjölmiðlafrumvarpið var samþykkt öðru sinni og síðan dregið til baka í sumar, sem var alveg sérstakur kafli í sögu þingsins en lýsir því ágætlega hve þröngur stakkur þinginu er sniðinn og hvernig það þarf að bregðast við þegar eitthvað gerist í samfélaginu.

Það var nefnt hvernig kjördæmafyrirkomulagið kallar á breytta starfshætti Alþingis. Fyrir nokkrum árum var samþykkt mjög vond stjórnarskrárbreyting þar sem arfavitlaus kjördæmaskipan var fest í lög og færð í stjórnarskrá af þinginu. Þótt vel megi færa rök fyrir því að að einu leyti sé þetta kjördæmafyrirkomulag betra en hið fyrra, þ.e. að því leyti að atkvæðarétturinn er eitthvað jafnari. En það er önnur umræða. Kjördæmafyrirkomulagið er vont og vitlaust og því á að sjálfsögðu að breyta við fyrsta tækifæri. En meðan þetta vitlausa fyrirkomulag er uppi þá kallar það á breytta starfshætti þingsins. Á meðan þingið starfar í belg og biðu án mikilla hléa frá 1. október og fram í maí þá gefast þingmönnum landsbyggðarkjördæmanna, það háttar eitthvað öðruvísi til um þingmenn suðvesturhornsins, fá tækifæri til að sinna hinum víðfeðmu kjördæmum að einhverju marki, fyrir utan tvær kjördæmavikur, eina á hvoru tímabili.

Þetta mál er mjög brýnt og það verður gaman að heyra viðhorf stjórnarsinna til nútímavæðingar á starfsháttum þingsins sem og þingmanna annarra flokka. En ég fagna þessu máli og vona að þingið beri gæfu til að afgreiða það út úr nefnd og til 2. umr. síðar í haust.

[16:05]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er með naumindum að ég hafi nokkru við að bæta eftir þessar yfirgripsmiklu ræður sem háttvirtir þingmenn hafa flutt um gagnsemi þessa góða máls.

Ég er þeirrar skoðunar að margt sé hægt að gera til að færa Alþingi og starfshætti þess til nútímalegra horfs. Eitt af því sem hægt er að gera er að dreifa starfstíma þingsins yfir árið, láta það koma saman oftar en sitja skemur í einu. Rökin sem að þessu hníga eru margvísleg. Ég tala sem ungur faðir tveggja barna og er þeirrar skoðunar að eitt af því sem þinginu hefur ekki tekist á síðustu árum, meðan kröfur til fjölskylduvænleika hafa aukist, sé að mæta þeim kröfum.

Þingið er ekki vinnustaður sem ýtir undir ástríkt fjölskyldulíf. Það er mjög vægt til orða tekið að halda því fram. Til þess að draga úr álaginu sem hér rís oft eins og holskefla yfir menn og fjölskyldufólk þá væri hægt að fara þá leið að dreifa álaginu yfir lengri tíma. Án efa mundi það skipta miklu máli.

Ég tel að ein röksemdin fyrir samþykkt þessa frumvarps sé yfirlýstur vilji núverandi og fyrrverandi forseta Alþingis til að haga starfsháttum þingsins þannig að það falli betur að nútímalegu lífi fjölskyldna í landinu.

Fleiri röksemdir er að sönnu hægt að tína til vegna þessa máls. Ein er sú að í vaxandi mæli eru gerðar kröfur til þingmanna um að þeir efli og rækti tengsl við kjósendur. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir drap á það að til að svara þeirri kröfu hafi þeir sem ráða starfsemi þingsins tekið upp kjördæmavikur. Þær hafa gefist vel. Þörfin fyrir slíkan tíma sem tekinn er skipulega frá til að gefa þingmönnum færi á að heimsækja kjördæmin og rækta þessi tengsl er meiri eftir kjördæmabreytinguna sem illu heilli var samþykkt hér um árið. Kjördæmabreytingin hefur leitt til þess að menn hafa miklu stærri kjördæmum að sinna heldur en áður. (**MÁ:** Er erfiðara að sinna kjördæmunum í Reykjavík núna en áður?)

(**Forseti** (BÁ)**:** Ekki tveggja manna tal.)

Ég veit ekki, herra forseti, hvort túlka megi frammíkall háttvirts þingmanns, sem tilheyrir Reykjavíkurkjördæmi suður, sem einhvers konar efasemdir um þetta frumvarp en ég mundi í hans sporum, með tilliti til þeirra mætu kvenna sem flytja þetta mál, ekki hætta mér út í slíkt. (**MÁ:** Ég segi ekki orð.)

Með því að taka upp það fyrirkomulag sem reifað er í þessu frumvarpi væri einmitt hægt að hafa kjördæmavikurnar fleiri eða tímann rýmri sem gefinn er á meðan þing situr til að tengjast kjördæmum og íbúum þeirra betur. Ég held að þetta skipti miklu máli.

Síðast en ekki síst þá finnst mér önnur röksemd styðja þetta mál. Þingstarfið og þinghaldið hefur í vaxandi mæli

þróast með þeim hætti að þingmenn notfæra sér þá möguleika sem þingsköp gefa þeim til þess að taka upp ýmis álitamál og umdeild mál sem koma upp í samfélaginu. Ég tel að það sé mjög í þágu lýðræðisins. Fulltrúalýðræðið hefur fært okkur, hinum kjörnu fulltrúum, þær skyldur að túlka með röddum okkar viðhorf þeirra kjósenda sem hafa beint okkur inn á þing í álitamálum sem upp koma. Við gerum það eftir því sem við getum. Við þingmenn eigum í reynd að túlka þá strauma sem leika um þjóðlífið.

Á tímum vaxandi fjölmiðlunar bíða kjósendur oft eftir því að fá að heyra álit og röksemdir þeirra fulltrúa sem kjörnir hafa verið á þing varðandi ýmis mál. Af þeim sökum tel ég að það sé í þágu hinnar seinni tíma þróunar á lýðræðinu að þingið sitji sem lengst og komi sem oftast saman þannig að það hrannist ekki upp ýmiss konar mál sem þingið ætti í raun að taka á að bragði en hefur ekki tækifæri til þegar menn loksins koma saman, kannski að loknu sumri eða að loknu löngu hléi eins og oft er yfir hátíðir. Málin eru þá gjarnan komin í þá stöðu að það er erfitt að taka þau upp. Ég held að það geti verið erfitt fyrir þjóðarsálina að ekki sé hægt að leiða þau út með umræðu hér á þingi. Oft er það þannig að umræða í samfélaginu endar hér, byrjar hér og endar hér ef um er að ræða minni háttar ágreiningsmál. Með minni háttar málum á ég við þessi pólitísku dægurmál sem hingað skolar á stundum. Þetta finnst mér enn ein röksemdin fyrir þessu góða máli.

Ég er almennt þeirrar skoðunar, herra forseti, að forsetar þingsins ættu að leita eftir viðhorfum þingmanna sem hér sitja, sumir hafa setið hér lengi, til þess hvernig megi breyta starfsháttum þingsins þannig að það svari betur kröfum fólksins í landinu, kröfum breytts og flóknara þjóðfélags, en líka þörfum okkar sem á Alþingi sitjum.

Þá kem ég aftur að upphafi máls míns, þ.e. fjölskylduvænleika Alþingis sem vinnustaðar. Ég hef á ævi minni unnið á mörgum vinnustöðum. Það er bara í einu starfi sem mér hefur þótt erfiðara að vera sem hluti af fjölskyldu, þ.e. þegar ég vann sem ungur maður sem sjómaður og þurfti að vera fjarri heimili mínu allt upp í þrjár eða fjórar vikur. Alþingi kemst næst sjómennsku að þessu leyti, sérstaklega ef menn búa nú fjarri Alþingi sjálfu, í öðrum landshluta. Þá er þetta eins og að fara á vertíð, þegar menn eru að ljúka fjárlögum eða þegar verið er að ljúka þingstörfum á vorin. Fjölskyldufeður eða -mæðurnar, eftir atvikum, fara að heiman, kveðja börn sín og maka og snúa ekki til baka fyrr en eftir nokkrar vikur. Vinnunni er þannig háttað á þessum stað að það er ekki nokkur von til þess að menn komist til síns heima, svo einhver mynd sé á því, meðan á slíkum vinnutoppi stendur.

Þetta frumvarp, ef samþykkt verður, yrði liður í að draga úr þessu. Þetta frumvarp er skref í átt að því að gera Alþingi að nútímalegri vinnustað sem hentar betur þörfum þeirra sem vinna á honum, ekki bara þingmanna heldur líka þeirra 100 starfsmanna sem þingið hefur í sinni þjónustu. Ég held líka að það henti betur þörfum samfélagsins eins og það hefur þróast.

[16:12]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að eiga enn og aftur frumkvæðið að því að leggja fram frumvarpið sem við ræðum hér um, um samkomudag Alþingis og starfstíma þess. Ég held að þeir sem hér starfa séu flestir sammála um að þessu þurfi að breyta. Þess vegna er það svolítið undarlegt að ekkert skuli gerast í þeim efnum. Við höfum talað mikið um að það þurfi að gera breytingar á þessu, ekki síst þeir sem koma nýir inn á þing sem bregður svolítið við að sjá þá starfshætti sem hér eru tíðkaðir, starfshætti sem miðast við fyrirkomulag sem hentaði á síðustu öld, meira að segja frekar á fyrri parti hennar en þeim seinni.

Áður var þjóðfélagið þannig að fjölmargir sem hér störfuðu höfðu það sem aukastarf. Þetta var ekki þeirra aðalstarf. Aðalstarf þeirra fólst gjarnan í því að vinna í sveitum landsins við búskap. Menn þurftu að komast heim til þeirra árstíðabundnu verka sem því fylgja. Starfstími Alþingis, eins og hann er í dag, miðast við þann veruleika.

Eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir rakti ágætlega í framsögu sinni eru aðstæður allt aðrar í dag. Hlutverk Alþingis er auk þess allt annað og enn viðameira en það var á síðustu öld, að ég tel. Það er ekki síst þess vegna sem við þurfum að aðlaga starfstíma þingsins að nútímanum.

Ég held að þetta verkefni snúist um marga þætti. Það snýr ekki aðeins að okkur sem hér störfum, að starfstíma okkar og hvernig okkur fer best úr hendi að sinna hlutverki okkar heldur snýst það líka um hlutverk Alþingis sem stofnunar í samfélaginu, sem æðstu stofnunar ríkisins eins og hún er skilgreind í stjórnskipunarréttinum. Það er fáránlegt, í ljósi þess að Alþingi er ætlað að hafa eftirlitshlutverk og aðhaldshlutverk með framkvæmdarvaldinu á hverjum tíma, að starfsáætlun Alþingis miðist við að rödd Alþingis þagni algjörlega fimm mánuði samfellt á ári hverju. Fimm mánuði samfellt er þessu aðhaldshlutverki nánast kippt úr sambandi.

Við þekkjum það sem hér störfum að ef þingmenn vilja koma einhverju á framfæri sem þeir hafa tekið eftir í meðförum framkvæmdarvaldsins er mikill munur á því hvort þing er starfandi eða ekki. Hér er sá vettvangur sem þessi stofnun hefur, og þeir sem hér starfa, til að sinna þessu mikilvæga hlutverki sínu. Þetta hverfur nánast í þá fimm mánuði sem Alþingi starfar ekki. Við getum einfaldlega ekki haldið svona áfram miklu lengur. Þjóðþingin allt í kringum okkur hafa verið að laga sig að nútímanum í þessum efnum og okkur er ekkert að vanbúnaði að gera það líka.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir minntist aðeins á það að fyrrverandi forseti Alþingis, Ólafur G. Einarsson, hefði lagt í það mikla vinnu að endurskoða þingsköp Alþingis, m.a. með þetta í huga. Það var reyndar þverpólitísk vinna. Í þeirri nefnd sátu fulltrúar allra flokka sem þá voru á þingi, ef ég man rétt. Þessi vinna liggur fyrir og í henni er að finna mjög margar góðar tillögur en því miður reyndist ekki vilji hjá núverandi forseta til að fylgja þeirri vinnu úr hlaði og klára hana. Mér þykir það mjög miður því engum er hagur í því fyrirkomulagi sem við höfum í dag, nema ef vera kynni framkvæmdarvaldinu sem slíku. Því hentar kannski ágætlega að hafa þingið heima fimm mánuði samfellt á hverju ári, plús þann tíma sem við erum í jólahléi sem er líka upp undir mánuður oft og tíðum, jafnvel meira.

Þetta snýst þannig um hlutverk Alþingis sem stofnunar. Þetta snýst líka um gæði löggjafans. Við erum að afgreiða lög frá Alþingi undir mikilli pressu vegna þess að þegar gusan kemur frá framkvæmdarvaldinu sem allt snýst hér um brestur stíflan, þ.e. þegar frumvörpin koma úr Stjórnarráðinu. Þá hlaupum við hér um til að reyna að fylgja því eftir, taka þau til umræðu og afgreiða þau. Það er þá sem tarnirnar koma. Auðvitað bitnar það á gæðum lagasetningar þegar við erum að vinna hér, og starfsfólk Alþingis, undir gríðarlega mikilli tímapressu sem er í raun og veru alger óþarfi í langflestum tilvikum. Í þessu felst ákveðin slysahætta, enda hefur verið bent á það af hálfu umboðsmanns Alþingis að hér eru gallar í lagasetningu t.d. algengari en annars staðar á Norðurlöndum. Það er líka algengara að lög brjóti hér í bága við stjórnarskrána.

Þetta hefur reyndar lagast nokkuð í seinni tíð. Eins og hér hefur verið rakið hefur öll aðstaða þingmanna til þess að undirbúa og vinna mál og öll aðstaða hér í þinginu stórlega batnað hvað starfsmenn varðar og möguleika til þess að láta skoða mál fyrir sig. Eigi að síður felst ákveðin slysahætta í þessari tímapressu, gríðarlega mikil slysahætta. Það er algjör óþarfi að bjóða henni svona heim.

Við þurfum líka að hugsa um það starfsfólk sem hér vinnur. Það vinnur undir gríðarlegu álagi á þeim tímum sem loturnar ganga yfir. Síðan er hér hlé á milli mánuðum saman, eins og ég rakti áðan. Ég er ekki að segja að starfsfólk Alþingis sitji auðum höndum en það væri örugglega mun betra fyrir starfsemina hér ef þetta álag væri dreifðara.

Síðan er mjög mikilvægur sá punktur sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hinn ungi tveggja barna faðir, kom hér inn á. Ég tek innilega undir með honum. Þetta snýst líka um fjölskyldustefnu. Þetta snýst um það að þessi stofnun sé þannig úr gerði gerð að hingað sæki líka ungt fólk, konur líka, til þess að koma og starfa, fólk sem hefur fjölskylduábyrgð á sínum herðum.

Við vitum mjög vel að þessi vinnutími er, ég vil segja fjölskyldufjandsamlegur, það er svo einfalt mál, ekki síst fyrir þá sem búa úti á landi en líka fyrir okkur sem búum hér í höfuðborginni og þurfum þó ekki að fara um langan veg heim. Vinnutímanum hérna er háttað þannig að á þessum álagstímum vitum við mjög oft ekki, hvorki þingmenn né starfsfólk, hvenær vinnudeginum lýkur. Við þurfum að aðlaga okkur bara nánast frá klukkustund til klukkustundar. Auðvitað bitnar það á fjölskyldunni.

Ég bendi á það líka að breytingar hafa verið gerðar í nágrannaþingunum hvað þetta varðar, eins og hv. framsögumaður kom hérna reyndar inn á. Ég man a.m.k. eftir breytingum sem voru gerðar í sænska þinginu sem gengu allar út á það að unnt væri að dreifa álaginu og skipuleggja starfið betur. Auðvitað er mikilvægt fyrir fólk sem á fjölskyldu að það geti skipulagt tíma sinn, það viti fyrir fram nokkurn veginn hvenær vinnutíma lýkur þann daginn. Þar hafa t.d. ýmsar reglur verið settar í þessa veru, m.a. náttúrlega sem snúa að ræðutíma. Slíkar reglur hafa líka verið til umræðu hér, voru til umræðu á sínum tíma í nefndinni góðu sem Ólafur G. Einarsson setti á laggirnar, en líka reglur um að fólk þurfi að skipuleggja störf sín þannig að það þurfi að setja sig jafnvel á mælendaskrá daginn áður en umræða hefst. Þetta þykir okkur svolítið skrýtið að heyra á hinu háa Alþingi Íslendinga því að vitum yfirleitt ekki dagskrána fyrr en kannski kvöldið fyrir. Okkur væri nánast ómögulegt að setja okkur á mælendaskrá daginn áður og í raun og veru er það ekki einu sinni heimilt hér.

Ýmis svona atriði geta skipt máli. Það er hægt að skipuleggja starfið betur þegar við vitum nokkurn veginn hversu margir taka til máls í umræðu og fólk þarf þá bara að laga sig að slíkum vinnubrögðum. Auðvitað er mikilvægt jafnhliða svona vinnubrögðum að í þingsköpum séu úrræði sem gera það mögulegt að taka umræðu dagsins hverju sinni þannig að þingið verði ekki svipt öllum möguleikum til þess að taka upp pólitíska umræðu sem er mikilvæg þann og þann daginn.

Ég held að við getum litið til nágrannalandanna með þetta eins og svo fjölmargt annað. Við þurfum bara að drífa okkur í þessari vinnu og taka höndum saman um að breyta þessu. Annars þýðir lítið að vera að tala um það á tyllidögum að mikilvægt sé að fá fleiri konur og ungt fólk inn á Alþingi Íslendinga.

[16:22]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég tek undir þau sjónarmið sem fram koma í þessu frumvarpi, að rétt sé að fara yfir starfsskipulag þingsins og starfstíma þess. Ég tel orðið fulla þörf á að gera það vegna þess að núverandi fyrirkomulag er komið til ára sinna og miðar við bændasamfélag fyrri tíma. Ég efast í raun um að það henti nútímabóndanum nokkuð betur en ýmsum öðrum sem hafa verið dregnir hér inn í umræðuna, t.d. fjölskyldufólki.

Sem landsbyggðarþingmanni finnst mér þetta vel koma til greina, sérstaklega ef kjördæmavikum verður fjölgað. Ég tel það þá mjög mikilvægt. Eins er nauðsynlegt að fara yfir það að þinghaldið verði ekki í þeim spretti sem það er. Það er svolítið sérstakt eins og hér hefur verið komið inn á að þung mál, stjórnarfrumvörp, fá oft litla kynningu áður en þau eru tekin á dagskrá. Það eru ekki nema tveir sólarhringar. Um það eru fjölmörg dæmi. Þetta er náttúrlega þveröfugt við það sem tíðkast meðal annarra þjóða. Eftir því sem mér skilst fara stjórnarfrumvörp annars staðar út í umræðuna allt að ári fyrr. Gott dæmi er fjölmiðlafrumvarpið sem var hér á dagskrá í vor, það var útbúið úti í bæ, síðan kom það hingað og átti að keyra í gegn einn, tveir og þrír. Það er náttúrlega með ólíkindum.

Annað sem þarf að fara yfir er dagskrá þingsins. Það er sjaldgæft að hún liggi fyrir með einhverri vissu, t.d. hvaða mál verða á dagskrá í vikunni. Maður veit sjaldnast fyrr en daginn áður eða kvöldið áður jafnvel hvernig dagskrá morgundagsins verður. Það er náttúrlega út í hött og hlýtur að vera hægt að kippa í liðinn. Kannski er skásta leiðin til úrbóta sú að lengja starfstímann þannig að spretturinn verði minni.

Nú er ég tiltölulega nýr í þessu starfi og mér finnst að löggjafarstarf eigi ekki að fara fram á einhverjum hlaupum. Ég tel þess vegna að það komi vel til greina að menn íhugi það að breyta starfsháttum þingsins.

Síðan er það röð mála sem eru tekin á dagskrá, t.d. ætlaði ég að fá umræðu utan dagskrár um atvinnuástand á Siglufirði. Ég bað um þá umræðu og á hana var fallist fyrir

rúmum mánuði. Ég er hins vegar enn þá að bíða. Maður verður var við að ef upp koma óþægileg mál eru þau bara sett í salt, eða ég veit ekki hvað. Það hlýtur að vera hægt að gera þetta öðruvísi.

Hér var minnst á aðhald löggjafans gagnvart framkvæmdarvaldinu. Mér finnst sú umræða eiga vel heima í umræðunni um starfstíma þingsins, sérstaklega það að þingið fari í fimm mánuði í frí. Kannski er ekki rétt að segja frí því að margir starfsamir þingmenn sinna kjósendum og vinna í málum á þeim tíma sem þinghald liggur niðri. Það er samt sem áður áhyggjuefni fyrir mig hér að verða vitni að því æ ofan í æ að fulltrúar framkvæmdarvaldsins, hæstv. ráðherrar, hirða ekki um að svara spurningum þingmanna. Síðast var það hér í dag sem hæstv. landbúnaðarráðherra kaus að svara út í hött. Um daginn svaraði hæstv. fjármálaráðherra út í hött. Í rauninni er undarlegt að verða vitni að þessu, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. fjármálaráðherra er fulltrúi fyrir flokk sem kennir sig við lýðræðið og vill, a.m.k.stundum, vera fulltrúi þess flokks sem vill hafa frjáls viðskipti og samkeppni en síðan þegar hann er spurður út í hvort t.d. ríkisfyrirtæki fari að reglum svarar hann út í bláinn. Það er áhyggjuefni. Það er ekki einungis það að starfstími þingsins sé of skammur heldur tel ég að forseti þingsins eigi að sinna þessu mun betur og ganga eftir því að þingmenn fái fullnægjandi svör við fyrirspurnum sem varða framkvæmdarvaldið. Í dag var umræða um Íraksstríðið, það er enn eitt dæmið.

Það er vissulega mikið áhyggjuefni fyrir okkur sem störfum hér og hreinlega lýðræðið í landinu þegar hæstv. ráðherrar sinna í rauninni illa og hirða ekki um að svara fyrirspurnum með fullnægjandi hætti. Eina svarið sem ég fékk í dag varðandi fyrirspurn í sambandi við mál sem ætti að vera lítið, en samt ekki vegna þess að það varðar stjórnarskrárbrot hæstv. landbúnaðarráðherra þegar hann braut á þeim sem reka sláturhúsið í Búðardal, var að hann væri vinur fólksins í Búðardal. Hvers konar svör eru þetta?

Sama má segja um svör hæstv. fjármálaráðherra. Þegar ég spurði hann og fékk skriflegt svar varðandi það hvort Síminn sem er ríkisfyrirtæki fari að bókhaldslögum eða fari að samþykktum Samkeppnisstofnunar var svarið það að honum væri ekki kunnugt um að svo væri, þ.e. eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að Póst- og fjarskiptastofnun hafi farið fram á það við Landssímann að hann hafi viðhaft fjárhagslegan aðskilnað á umræddri starfsemi."

Það er náttúrlega áhyggjuefni að þegar hæstv. ráðherrar eru spurðir skuli þeir ekki svara. Það er ekki einungis starfstíminn sem plagar. Þó að þetta komi til umræðu meðan við ræðum starfstímann megum við ekki gleyma því að það þarf að fara rækilega í gegnum það að hæstv. ráðherrar svari af einhverju viti þeim fyrirspurnum sem fram koma.

Að lokum þakka ég flutningsmönnum fyrir þetta frumvarp enda tel ég þessa umræðu um starfshætti þingsins mjög þarfa, einnig það að bera hana saman við starfshætti t.d. þjóðþinga annars staðar á Norðurlöndum og víðar. Þetta frumvarp er vel þess virði að það verði skoðað og fái rækilega umfjöllun í nefndum þingsins.

[16:30]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það þarf svo sem ekki að hafa mörg orð um það sjálfsagða framfaramál sem hér hefur verið lagt fyrir af hv. þingmönnum Rannveigu Guðmundsdóttur, Margréti Frímannsdóttur og Bryndísi Hlöðversdóttur. Það segir sig sjálft að árið 2004 er fráleitt að þingstörfin, störfin á Alþingi Íslendinga, miðist enn við göngur og réttir. Það er einfaldlega löngu tímabært að þau séu færð inn í nútímann að því samfélagi sem við lifum og störfum í. Það hefur verið nefnt hér að þetta vinnufyrirkomulag sé óheppilegt, leiði til slæmra vinnubragða, sé ófjölskylduvænt og þar fram eftir götunum. Ég kannast auðvitað við það sjálfur frá minni fyrstu vertíð á síðasta þingi og sagði nú frá því við umræðu um þetta sama mál þá að mér gekk heldur illa að skýra vinnufyrirkomulagið á Alþingi út heima hjá mér. Þegar ég var farinn að hafa nokkurt samviskubit gagnvart eldri dóttur minni fyrir að hafa lítið getað verið með henni svona í aðdraganda jólanna, lok nóvember og byrjun desember, þá reyndi ég að útskýra það að ég mundi nú geta bætt henni það upp því það væri svo langt jólafríið hér, það væri alveg frá 13. desember og til 28. janúar. Það var ekki laust við að dóttir mín horfði á mig nokkrum öfundaraugum yfir þessu langa jólaleyfi og spurði: „Já, hvenær farið þið þá eiginlega í sumarfrí," því hún ætlaði að bera það saman við skólann hjá sér. Ég sagði: „12. maí." Þá sagði hún Hildur: „Já, já, pabbi. Þá er ég viss um að þið farið í páskafrí 29. janúar og eruð til 11. maí."

Auðvitað er ekki nema von að illa gangi að útskýra svona vinnufyrirkomulag vegna þess að fyrir utan allt það sem hér hefur verið nefnt í ágætum ræðum manna í dag um það hversu lítið erindi það eigi í nútímasamfélagi og hversu mjög það er til baga við ýmis störf m.a. úti í kjördæmunum, við að vanda við lagavinnuna o.s.frv. þá snýst þetta mál líka um verkmenningu. Við höfum verið að nútímavæða ýmislegt í okkar samfélagi og höfum við kallað eftir breytingum á starfsemi stofnana og stétta ýmissa til þess að aðlaga þær nútímanum. Því verður þessi stofnun auðvitað líka að gera það.

Þeir verkhættir sem hér eru í hávegum hafðir eru gamla vertíðarhugsunin um að rumpa hlutunum af, taka þá með áhlaupi og annað þess háttar. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vísaði til þess að næst kæmist þetta í hans starfsreynslu því að vera til sjós. Ég sá nú aldrei til þess að óhætt væri að hafa mig til sjós. En sjálfum verður mér kannski hugsað til löndunar því þetta verklag hér minnir á akkorðsvinnu, kappið við að ljúka verkinu þannig að hægt sé að komast upp úr lestinni og á land. Það eru ekki verkhættir sem Alþingi Íslendinga á að temja sér og rækta.

Sú verkmenning sem við Íslendingar förum í ríkari mæli að temja okkur og höfum verið að temja okkur á undanförnum árum eru þeir þættir sem lúta að skipulagningu, að reglu, að samfellu og að eftirfylgni. Það er mikilvægt að þessir þættir séu grundvöllurinn í starfsemi Alþingis, löggjafarsamkomunnar, sem setur hér rammann.

Ég verð að segja að mér liggur við að kalla það verklag sem ég hef kynnst hér við fjárlagagerð flumbrugang því hér hefjast menn handa einhvern tímann í september við að vinna fjárlög sem á að afgreiða síðan í byrjun desember.

Við byrjuðum á fundum kl. hálfníu í morgun og við verðum á fundum hér fram á kvöldið. Mér er, svo ég taki ekki dýpra í árinni, til efs að okkur í fjárlaganefndinni vinnist á þessum tíma tækifæri til að kynna okkur nægilega sæmilega þau verkefni, úrlausnarefni, erindi og óskir sem beint hefur verið til nefndarinnar eins og vert væri af hálfu löggjafarsamkomunnar.

Þetta er svona vertíð. Menn sitja í beit og taka inn hvert erindið á fætur öðru, fylla hjá sér möppurnar og keppast við að klára það á vertíðinni í stað þess að vinna í samfellu árið allt eftir einhverju skipulagi með einhverri reglu, með festu, samfellu og eftirfylgni að leiðarljósi.

Ég held að það hljóti að vera hagsmunamál allra þeirra sem starfa á þinginu og raunar landsmanna allra að horfast í augu við að þetta verklag þjónar engum, hvorki stjórnarmeirihlutanum né stjórnarminnihlutanum og að það sé löngu nauðsynlegt, eins og flutningsmenn hafa hér ágætlega bent á, að leggja til hliðar þennan hugsunarhátt gamla veiðimannasamfélagsins og reyna að tileinka sér vinnubrögð menntaðs nútímafólks. Ekki er síst mikilvægt að menn ákveði að hafa þessa stofnun hér fjölskylduvænni en hún hefur til þessa verið því ég held að mín kynslóð, ég trúi því að mín kynslóð hér á Alþingi geri kröfu til þess að hér sé vinnuskipulag slíkt að boðlegt sé fjölskyldufólki og að við munum, vonandi fyrr en síðar, sjá breytingar hér á.

[16:37]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hér er í sjálfu sér um ágætis frumvarp að ræða. Það er alveg rétt sem ræðumenn hér á undan hafa bent á að vinnutími alþingismanna er oft og tíðum óreglulegur. Þetta starf er ekki fjölskylduvænt. Það þarf nokkuð sterk bein til að vera þingmaður á hinu háa Alþingi ef menn ætla að sinna því eins og þeim ber að gera.

Ég sakna þess hins vegar, frú forseti, að sjá ekki fleiri landsbyggðarþingmenn taka þátt í þessum umræðum. Ég er einn af þessum landsbyggðarþingmönnum. Ég er þingmaður í Suðurkjördæmi sem er eitt víðfeðmasta kjördæmi landsins. Hin tvö landsbyggðarkjördæmin, þ.e. Norðausturkjördæmi og Norðvesturkjördæmi, eru einnig gríðarlega víðfeðm og stór og tekur langan tíma að ferðast um þessi kjördæmi.

Ég verð að segja að þó ég sé nýgræðingur á þingi og hafi aðeins lokið einni vertíð hér eins og síðasti ræðumaður, hv. þm. Helgi Hjörvar, þá er það reynsla mín að okkur landsbyggðarþingmönnum veitir ekkert af þeim tíma sem við höfum til umráða til að nota hann einmitt til að sinna okkar kjördæmum því þau eru svo stór og það fer það mikill tími í ferðalög. Flestir fara um kjördæmi sín akandi. Menn leggja að baki fleiri þúsund kílómetra þegar þeir leggjast út á annað borð. Það er alla vega mín reynsla úr mínu kjördæmi.

Hér hafa tekið til máls nánast eingöngu þingmenn úr Reykjavíkurkjördæmunum báðum eða úr kraganum svokallaða, þ.e. Suðvesturkjördæmi. Vel getur verið að þeim þyki hléin vera of löng hér á sumrin og líka eftir jólin þannig að þeim leiðist og langi til að láta til sín taka á Alþingi. Allt gott er um það að segja. Ég er alls ekkert að gera neitt lítið úr því.

Mér finnst það samt sem áður skína í gegn í umræðunni að þingmönnum þyki kannski eins og að lítið sé við að vera á þessum langa tíma. Ég er bara alls ekki sammála því. Reynsla mín er sú að ég hef haft nóg fyrir stafni. Maður hefur verið iðinn við að fylgjast með þjóðmálunum, tekið þátt í þjóðfélagsumræðunni, skrifað blaðagreinar og þess háttar. Ég kíkti aðeins yfir það áðan og mér taldist til að í sumar meðan þing lá niðri hafi ég skrifað 14 blaðagreinar sem birtust hér og þar, um það bil eina grein á viku. Ég þvældist víða um. Það rennur upp fyrir mér núna að ég hefði kannski átt að fara í akstursdagbókina mína og leggja saman hvað ég ók marga kílómetra á sama tíma. Þeir skipta þúsundum.

Í raun er nóg að gera fyrir okkur landsbyggðarþingmenn. Ég ætla ekkert að rakka þetta frumvarp niður, alls ekki. Það á alveg rétt á sér sem hér kemur fram, að lengja þingtímann og það þarf að bæta skipulag þingsins. Það þarf að bæta málsmeðferð. Þetta er allt rétt. Stjórnarliðar þurfa sérstaklega að taka sér tak og þá sérstaklega ríkisstjórnin með sín stjórnarfrumvörp sem oft og tíðum koma hér inn á elleftu stundu, hlammast inn, þung og stór frumvörp sem síðan á að afgreiða með hraði kannski rétt fyrir jól eða rétt fyrir þinglok á vorin. Þetta uppgötvaði ég í fyrra á minni fyrstu vertíð. Það kom mér mjög á óvart og ég gagnrýndi hástöfum þá þessi óvönduðu vinnubrögð. Það er verið að troða stjórnarfrumvörpunum í gegnum þingnefndir, þungum frumvörpum með offorsi, frumvörpum sem samin eru annaðhvort af ákveðnum pólitíkusum eða embættismönnum úti í bæ. Þingið er svo nánast eins og sjálfvirk afgreiðslustofnum sem bara stimplar og skrifar upp á. Síðan er þetta allt í einu orðið að lögum. Mörg dæmi voru um þetta í fyrra, t.d. umdeild frumvörp eins og eftirlaunafrumvarpið sem gerði allt vitlaust í þjóðfélaginu rétt fyrir jólin. Við munum öll eftir því. Fjölmiðlafrumvarpið kom fram þegar seint var liðið á vor og gerði allt vitlaust, setti allt hér á annan endann. Þetta eru náttúrlega alveg ólíðandi vinnubrögð. En þau kannski snerta ekki akkúrat efnisinnihald þessa frumvarps. (**RG:** Jú.)

Mig langaði bara til að gera eina tillögu og sem mér finnst sanngjörn tillaga en tæki þó tillit til okkar landsbyggðarþingmanna alla vega. Ef við förum að breyta þessu, þ.e. lengja starfstíma þingsins sem ég get í sjálfu sér alveg fallist á, þá vil ég gera þá kröfu á móti að okkur landsbyggðarþingmönnum verði þá heimilt að fara út af þingi á þingtíma, t.d. í tvær vikur og á fullum launum, til þess að nota þann tíma einmitt til að sinna okkar víðfeðmu kjördæmum og fá þá heimild til að kalla inn í staðinn varamann. Þetta fyndist mér vera eðlileg og sanngjörn krafa sem ég gæti vel fallist á og finnst í raun þörf á því til að mynda í mínu víðfeðma kjördæmi sakna ég þess að fá ekki fleiri tækifæri á meðan þing stendur yfir einmitt til að fara út í kjördæmið og hitta fólk — hvað á maður að segja — fylla á tankinn ef svo má segja, ná í skotfæri, fá innblástur, til að koma hingað aftur inn á þing til að vinna að málefnum kjördæmisins.

Þetta var svo sem allt og sumt sem ég vildi sagt hafa um þetta að öðru leyti ágætisfrumvarp, virðulegi forseti. Fróðlegt verður að sjá hvernig því reiðir af í meðförum þingsins og það verður gaman að sjá hvernig stjórnarliðar taka í

þetta. En ég vona að einhverjir nefndarmenn — ég er ekki viss um hvert þetta frumvarp fer, sennilega fer það til allsherjarnefndar — að nefndarmenn ef þeir íhuga það að þetta verði að lögum taki þá tillit til þeirra hugmynda sem ég viðraði hér um kjör okkar landsbyggðarþingmanna. Okkur veitir ekki af tímanum til að ferðast um kjördæmin okkar.

[16:43]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst að hv. þm. Magnús Hafsteinsson hafi misskilið þingmálið. Síðari hluti ræðu hans studdi einmitt nákvæmlega við málflutning okkar flutningsmanna en við færum fyrir því rök að það sé mjög óeðlilegt að Alþingi sé af vettvangi í fimm mánuði. Ég hef sjálf undirstrikað það mjög að þingmenn eru að vinna í jólahléum og sumarhléum, að þetta sé ekki jólafrí og sumarleyfi og sjálf hef ég gert það í gegnum þau ár sem ég hef verið á þingi.

Hins vegar er ljóst að jólahléin og sumarhléin eru ekki besti tíminn til að hitta fólk í kjördæmunum. Það er miklu betra að hafa þessi hlé styttri þannig að Alþingi sé ekki af vettvangi í fimm mánuði. Betra væri að svo væri ekki nema í tvo, þrjá mánuði og að skipulagi og starfstíma Alþingis væri þannig háttað að sérstakar kjördæmavikur væru oftar á þingvetrinum þannig að hægt væri að fara um og hitta fólk í dagsins önn á hefðbundnum tíma, sem er hentugt, þegar þingið situr því fólk vill fá umfjöllun um það sem er að gerast í þinginu og getur þá komið á framfæri einhverju sem þingið á að láta sig varða.

Síðari hluti ræðu þingmannsins fellur því alveg að þeim sjónarmiðum sem við setjum fram í greinargerð þessarar tillögu og þegar ég mælti fyrir málinu kom það einmitt fram í ræðu minni að tillagan er einmitt um faglegri og betri vinnubrögð, fleiri tækifæri til að fara út í kjördæmin, að hætta ekki að skrifa greinar og hætta ekki að fara út á meðal fólks eða í kjördæmin heldur að starf okkar sé skipulagt þannig að það sé unnt.

[16:45]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók í raun og veru afskaplega vel í frumvarpið, að ég taldi, og get svo sem alveg stutt það að vinnutími Alþingis verði lengdur. En ég vil þá enn og aftur ítreka að það verði þá tekið meira tillit til okkar landsbyggðarþingmanna því að ég tel, í ljósi reynslu minnar eftir fyrsta ár mitt á þingi, að okkur veiti ekki af því að hafa rúman tíma til að fara um kjördæmi okkar og þá nefni ég enn og aftur þá hugmynd sem ég viðraði áðan, að við fengjum þá kannski frekar að kalla inn varamenn á þingtíma sem kæmu í staðinn fyrir okkur án þess að við þyrftum sjálfir að verða af launum fyrir vinnu okkar.

Ég vil svo nota tækifærið til að viðra aðra hugmynd sem ég gleymdi í ræðu minni áðan og það er að allir þingmenn sem sitja á þingi á hverjum tíma verði látnir gefa upp hvaða störf þeir hafi fyrir utan þingstörfin. Það er nú svo að við sem sitjum á hinu háa Alþingi erum á nokkuð háum launum og njótum nokkuð góðra kjara en ég hef lævísan grun um að þó nokkrir þingmenn séu í tvöföldu starfi, ef svo má segja, og mér finnst sjálfsagt að kjósendur verði upplýstir um hvaða önnur störf hv. þingmenn hafa samhliða þingstörfunum.

[16:46]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Mig langar í örstuttu máli að minnast á það lagafrumvarp sem hér liggur fyrir Alþingi. Ég vil byrja á að fagna frumvarpinu sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Margrét Frímannsdóttir, þingmenn Samfylkingarinnar, leggja fram. Ég vil einnig sem nýr þingmaður tala örstutt um hvernig þessi heimur kemur mér fyrir sjónir og taka undir það sem aðrir nýir þingmenn hafa sagt um þann skrýtna heim sem þingmennskan er.

Það er margt furðulegt við þennan vinnustað eins og þeir sem til þekkja geta staðfest. Það er búið að nefna samkomutíma Alþingis. Á síðasta ári var gert ráð fyrir tæplega fimm mánaða sumarleyfi. Að venju er gert ráð fyrir u.þ.b. sex vikna jólaleyfi en að sjálfsögðu, eins og hv. þingmenn hafa bent á, eru einstaka þingmenn og langflestir að vinna í hinum svokölluðum leyfum. Það er því kannski ekki rétt að tala um að menn séu bókstaflega í fríi þó að eflaust séu til slík dæmi.

En þetta fyrirkomulag má, eins og hv. þingmaður Rannveig Guðmundsdóttir og fleiri hafa bent á, taka til endurskoðunar. Það hefur líka verið bent á í þessari umræðu að sex til sjö vikna frí eða leyfi skulum við kalla það frekar, í janúar, er kannski ekkert svo heppilegt, m.a. út af færð. Landsbyggðarþingmenn hafa m.a. bent á að ef janúarmánuður er hugsaður til að heimsækja kjördæmi þá er það ekki besti mánuðurinn hvað það varðar einfaldlega út af veðurfari og færð.

Það má því breyta ýmsu hér og við eigum að hugsa vinnuumhverfi okkar upp á nýtt. Það er margt sem mælir með því að samkomutími Alþingis sé lengri og jafnvel að unnið sé í styttri lotum og þá er hægt að koma til móts við þær áhyggjur sem m.a. komu fram í máli hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um aðstæður landsbyggðarþingmanna, og þá er kannski hægt að hafa lengri kjördæmavikur o.s.frv. sem nýtast betur þeim þingmönnum sem þurfa að heimsækja víðfeðm kjördæmi.

Það er annað sem mig langar að minnast aðeins á í umræðunni, það er svona innanbúðarvandamál innan þingsins og það er að blessuð dagskrá þingsins liggur aldrei fyrir fyrr en kvöldið áður og í rauninni er hún ekki sett á netið fyrr en að loknum umræðum þess dags, þannig að dagskrá morgundagsins liggur ekki fyrir núna, hún verður sett á netið um leið og umræðum í dag lýkur. Það er ekki mjög þægilegt að vinna í slíku umhverfi og það er lítið mál að setja dagskrána með þeim fyrirvörum sem þarf að gera hvað það varðar inn á netið. Við höfum oft rætt þetta, starfsfólk og þingmenn sín á milli, og það virðast allir vera sammála um þetta meira og minna þannig að ég sé ekki af hverju þetta er ekki orðið að veruleika. Það er óþægilegt að geta ekki skipulagt tíma sinn, sérstaklega í ljósi þess að margt fólk hérna er fjölskyldufólk og á jafnvel börn á leikskólaaldri og það er óþægilegt að vita ekki hvort maður getur sótt barnið sitt næsta dag klukkan fjögur eða fimm, hvernig sem það er. Maður getur í rauninni ekki gert ráð

fyrir hvort þing verði búið klukkan fjögur, sex, átta eða síðar.

Í þessu sambandi þurfum við líka að hugsa annað upp á nýtt og það eru þingsköpin. Við þurfum að taka til alvarlegrar umræðu hvort við eigum að takmarka ræðutíma þingmanna við 2. og 3. umr. en hann er ótakmarkaður núna. Þetta er eitt af því sem við ættum líka að skoða og ræða þegar við hugsum vinnulag okkar upp á nýtt.

Að lokum hefði ég vonast til að sjá fleiri hv. stjórnarþingmenn taka þátt í umræðunni og sérstaklega þá stjórnarþingmenn sem eru í forsætisnefnd. Maður heyrir svona á göngunum að allir vilji breyta einhverju en það er eins og vanti einhvern herslumun. Ég bind satt að segja miklar vonir við að hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, sem mun verða forseti Alþingis á næsta ári, taki þessi mál til endurskoðunar og geri það vinnulag sem við búum hér öll við aðeins manneskjulegra, skilvirkara og betra. Það er ákveðið tækifæri með nýjum forseta og ég beini þeirri áskorun til hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur að huga að þessum málum þegar hún tekur við forsetastóli á næsta ári.

[16:50]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir áskorun síðasta ræðumanns til sitjandi forseta, hæstv. forseta Sólveigar Pétursdóttur, og bind vonir við breytingar þegar hún tekur við því þýðingarmikla starfi.

Mér hefur þótt þetta mjög góð umræða en ég tek undir að það er umhugsunarefni að enginn fulltrúi stjórnarflokkanna *skuli taka þátt í umræðunni og ég velti því fyrir mér* hvort það sé áhugaleysi um þróun þingstarfa og áhugaleysi um hvort hægt sé að viðhafa faglegri vinnubrögð og skapa nýjan og betri ramma um starf okkar eða hvort stjórnarliðið sé orðið svo bundið á klafa meirihlutaviðhorfsins að þeir treysti sér ekki til að koma í umræðu eða taka þátt í og hafa skoðun á óflokkspólitísku máli eins og starfsáætlun Alþingis er. Mér finnst það miður vegna þess að þetta er góð umræða og það er í gegnum umræðu af þessum toga sem breytingar geta orðið og samstaða um breytingar geta náðst.

Ég talaði um það í framsögu minni að þetta væri orðið úrelt starfsfyrirkomulag, við værum algjörlega úr takti við nágrannaþingin, að það væri mjög mikilvægt að skipuleggja störf okkar upp á nýtt, við yrðum að komast út úr álagstímanum á vorin og það væri slysahætta af honum í lagasetningu og allt of naumur tími fyrir mörg þau stórmál sem koma inn í þingið á vorin, og ég hef gert að umtalsefni fjarveru okkar í upp undir fimm mánuði á sumrin. En auk þess hafa komið fram mjög áhugaverð sjónarmið í umræðunni, virðulegi forseti, svo sem eins og að gera Alþingi að fjölskylduvænni vinnustað og að hægt væri með nýrri starfsáætlun að mæta nýjum fjölskyldukröfum sem unga fólkið er að setja fram. Búið er að benda á þýðingu eftirlitsskyldu Alþingis, að henni verði betur fullnægt og það er auðvitað undirstrikað varðandi eftirlitsskylduna að það er óþolandi að Alþingi sé af vettvangi í fimm mánuði á ári. Alþingi er löggjafarvald en jafnframt vettvangur þjóðmálaumræðu og *þetta er ómissandi vettvangur sem lokast í* fimm mánuði á ári. Alþingi á að bregðast við aðgerðum ríkisstjórnar og atburðum í þjóðfélaginu og það er ekki unnt í fimm mánuði á ári.

Allt sem hér hefur komið fram undirstrikar mjög mikið nauðsyn þess að skoða samkomudag Alþingis, skoða lengd vetrar, hugsa málin upp á nýtt, gera starfsáætlunina meira aðlaðandi, gera hana þannig að hún sé betri fyrir það fólk sem vinnur úti í stóru kjördæmunum, að hún sé betri fyrir fólkið í landinu og fjölskylduvænni fyrir það unga fólk sem kemur hér inn. — Ég þakka fyrir umræðuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:54]

Útbýting:

Grásleppa, 329. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 367.

Stuðningur við einstæða foreldra í námi, fyrri umr.

Þáltill. BjG, 268. mál. — Þskj. 289.

[16:55]

Flm. (Bjarkey Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um stuðning við einstæða foreldra í námi, sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa starfshóp sem móti tillögur um aðgerðir til að bæta aðstöðu einstæðra foreldra í námi með fjárhagslegum og félagslegum stuðningi með það að markmiði að einstæðir foreldrar geti fylgt jafnöldrum sínum í námi á framhaldsskólastigi og stundað nám á efri skólastigum til jafns við aðra."

Hugtakið „velferð" hefur í meginatriðum tvöfalda merkingu. Annars vegar þarf að tryggja öllum sómasamlegt lífsviðurværi og viðunandi afkomu, þ.e. efnahagslega velferð. Hins vegar er hin félagslega velferð sem felst í því að hver og einn eigi þess kost að njóta lífsins og nýta hæfileika sína að fullu.

Til eru fjölmennir samfélagshópar sem eiga beint og óbeint mikið undir því að velferðarkerfið og öll stefnumótun í velferðarmálum taki tillit til þarfa þeirra og stöðu. Fátækt er útbreitt og vaxandi vandamál, hlutskipti æ fleiri einstaklinga og fjölskyldna, m.a. þess stóra hóps einstæðra foreldra sem getur átt mjög erfitt þegar kemur að því að sækja sér menntun og stunda nám. Það er vitað að þeir sem ekki eiga þess kost að mennta sig eru líklegri en aðrir til að festast í fátækt. *Það er því mikilvægt að menntakerfi framtíðarinnar bjóði upp á símenntun fyrir alla óháð efnahag.*

Þann 1. desember 2003 voru á Íslandi tæplega 12.000 einstæðir foreldrar. Í þessum stóra hópi voru 143 einstæðar mæður og einn einstæður faðir 19 ára eða yngri. Samsvarandi tölur fyrir aldurshópinn 20–29 ára 1. desember 2003 voru 3.208 einstæðar mæður með börn og 80 einstæðir feður með börn. Af þessum hópi voru rúmlega 2.000 í námi og tæplega 1.000 á framhaldsskólastiginu.

Að fleiru er að hyggja en fjárhagslegum hliðum þessa máls. Félagslegar aðstæður verða að vera þannig að einstæðir foreldrar geti yfir höfuð sinnt námi sínu. Þar verður einkum að staldra við húsnæðismál, dagvistun og leikskólamál. Margir einstæðir foreldrar eiga ekki annarra kosta völ

en að búa í foreldrahúsum til að láta enda ná saman þótt sú leið sé ekki endilega ávísun á betri aðstæður til að sinna t.d. heimanámi. Samfélagið á að styðja alla til að hafa þak yfir höfuðið og ungu fólki sem er að stofna heimili þarf að veita sérstakan stuðning. Auka þarf framboð á leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess þarf að styðja við Félag einstæðra foreldra sem rekur neyðarhúsnæði fyrir félagsmenn sína.

Grunnmenntun, þ.e. nám í leik-, grunn- og framhaldsskólum, á að vera nemendum að kostnaðarlausu. Leikskólar eru hluti af menntakerfinu og hefur verið mótuð sérstök námskrá fyrir það skólastig. Einstæðum foreldrum er víða léttur róðurinn með lægri leikskólagjöldum en almennt tíðkast og er það vel. En hins vegar má velta því fyrir sér hvort það geti talist eðlilegt að greidd séu há skólagjöld fyrir skólagöngu á leikskólastigi.

Í skýrslu sem vinnuhópur forsætisráðherra skilaði af sér um fátækt er lagt til að tekjutengja mætti leikskólagjöld og létta þannig undir með fátæku barnafólki þar sem slíkt mundi örva fólk til sjálfshjálpar og gefa þeim kost á að stunda hvort sem er nám eða vinnu. Í þessu tilliti vega jafnréttissjónarmið þungt þar sem einstæðir foreldrar eru fjölmennasti hópurinn sem nýtur fjárhagsaðstoðar og því er ljóst að ef létt væri enn frekar undir með þeim varðandi leikskólagjöld mundi það skapa þeim mun betra tækifæri til náms og/eða atvinnuþátttöku.

Skólastarfið er á meðal mikilvægustu innviða samfélagsins. Markmið þess á að vera að veita hverjum nemanda menntun við sitt hæfi. Ekkert er mikilvægara en að sérhver einstaklingur komist til þess þroska sem hann má. Menntakerfið er mikilvægur þráður í uppistöðu þess flókna vefs sem myndar stoðkerfi samfélagsins. Það þarf að vera í stöðugri þróun og uppbyggingu en jafnframt þarf að auka tækifæri foreldra til að sinna uppeldishlutverki sínu.

Þess vegna viljum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði auka fjölbreytni í skólastarfi og tryggja fullt jafnrétti til náms óháð efnahag. Mikilvægt er að horfa sérstaklega til kvenna sem ekki hafa náð að ljúka framhaldsskólanámi áður en stofnað var til fjölskyldu og hættir til að lenda í fátæktargildru.

Í samtali mínu við formann Félags einstæðra foreldra kom fram að hann teldi að fjölþættur stuðningur væri nauðsynlegur til að styðja almennt við starfsemina. Fyrir gerð síðustu fjárlaga sótti félagið um stuðning í námsstyrkjasjóð sinn en fékk neitun frá ríkinu. Fram til þessa árs naut félagið stuðnings Rauða kross Íslands ásamt því að leggja sjálft fram peninga. Markmiðið með sjóðnum var að til yrði höfuðstóll sem einstæðir foreldrar gætu sótt í. Ásóknin hefur hins vegar verið mun meiri en ráð var fyrir gert og nú er sjóðurinn að tæmast. Rauði krossinn telur að hlutverki sínu sé lokið samkvæmt upphaflegu markmiði þrátt fyrir að ekki hafi tekist að safna þessum höfuðstóli.

Það kom einnig fram í samtali okkar að mikill fjöldi einstæðra foreldra gæti ekki hafið nám aftur vegna fátæktar og aðstöðuleysis. Greiða þarf leið þessa hóps, þeirra sem hætt hafa námi tímabundið, vilji þeir hefja nám aftur eða óski eftir að sækja sér viðbótarmenntun.

Eins og fram kemur í greinargerðinni veitir Félag einstæðra foreldra u.þ.b. 15 styrki á ári hverju að upphæð 50–110 þúsund. Umsóknirnar eru hins vegar margfalt fleiri og segir það sitt um þörf einstæðra foreldra fyrir stuðning. Vissulega hafa þessir styrkir án vafa komið mörgum yfir ákveðinn hjalla en það liggur í augum uppi að svo lítill námssjóður getur engan veginn gegnt því hlutverki að jafna aðstöðu barnafólks í framhaldsskólum eins og hér er lagt til.

Einstæðar mæður yngri en 19 ára skila sér illa í framhaldsskóla og eru einungis tæp 33% prósent þeirra í námi. Eins og sjá má á töflunni sem fylgir greinargerðinni eru um 16% einstæðra mæðra á aldrinum 20–29 ára enn í framhaldsskóla og um 4% 30 ára og eldri. Ekki verður dregin önnur ályktun af þessari tölfræði en sú að einstæðar mæður dragist verulega aftur úr jafnöldrum sínum í námi.

Ef maður veltir fyrir sér aðstæðum einstæðrar móður sem hyggur á nám þá þarf hún undantekningarlítið að sækja um styrki eða lán til að stunda námið því ekki getur hún unnið með náminu án þess að það bitni á nauðsynlegri samveru hennar við börn sín. Hún er samt eina fyrirvinna heimilisins og þarf að sjá sjálfri sér og börnum sínum fyrir daglegum nauðsynjum, vinna heimilisstörfin, koma börnunum í skóla eða leikskóla, fara svo sjálf í skólann og eiga síðan eftir að sinna heimanáminu.

Á tyllidögum berum við okkur gjarnan saman við Norðurlöndin og því fannst mér áhugavert að lesa á vordögum að Danir hækkuðu námsstyrki til einstæðra foreldra um helming.

Í Berlingske tidende í mars sagði danski menntamálaráðherrann, með leyfi forseta:

„Ég er mjög ánægð með að það skuli hafa tekist að hafa náð pólitísku samkomulagi um að styðja betur við einstæða foreldra í námi og tel það löngu tímabært.“

Styrkur danska ríkisins í gengum námsstyrkjakerfið verður samkvæmt samkomulaginu ríflega 100 þúsund á mánuði. Danska ríkið hefur það fram yfir það íslenska að bjóða þegnum sínum styrki til náms og líklega kominn tími á að slíkt sé skoðað hér af einhverri alvöru.

Nám hvers námsmanns er þýðingarmikið fyrir alla þjóðina. Því ber að gera öllum kleift að stunda nám með stuðningi hagstæðra námslána sem einnig taka til efnis- og bókakaupa. Lánasjóður íslenskra námsmanna hleypur undir bagga með skólafólki upp að vissu marki en það takmarkast við háskólanám og það sérskólanám sem telst lánshæft samkvæmt reglum lánasjóðsins. Út af stendur allt almennt nám á framhaldsskólastigi og kemur það afar illa við einstæða foreldra sem hafa orðið að gera hlé á skólagöngu sinni vegna fjölskylduaðstæðna.

Öflugt námslánakerfi er ekki aðeins hagsbót fyrir einstaklingana sem námið stunda heldur líka hagkvæmt þjóðinni. Þess vegna eiga reglur um námslán að vera sveigjanlegar með tilliti til samsetningar og lengdar náms. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Ekki er þar að sjá breytingu sem gæti náð til þessa námsmannahóps á framhaldsskólastiginu.

Þó kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Í stefnuyfirlýsingunni frá 23. maí 2003 er lögð áhersla á að LÍN gegni áfram því meginhlutverki að tryggja öllum tækifæri til náms.“

Tryggja öllum tækifæri til náms. Eðlilegt væri að sá starfshópur sem hér er gerð tillaga um fari vandlega yfir hvort ekki þurfi að breyta þessum lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna á þann veg að námslán verði einnig veitt til foreldra sem eru að hefja nám á framhaldsskólastigi á nýjan leik.

Hér hefur aðeins verið stiklað á helstu þáttum sem þurfa að koma til skoðunar ef jafna á aðstöðu einstæðra foreldra og annarra landsmanna til að afla sér menntunar. Við viljum öll státa af jafnrétti til náms í þjóðfélagi okkar og það felur m.a. í sér greiðan aðgang að námi á framhalds- og háskólastigi án tillits til efnahags, búsetu eða fjölskylduaðstæðna.

[17:04]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Bjarkeyju Gunnarsdóttur fyrir að flytja þetta athyglisverða og góða þingmál sem einhvern veginn hefur ekki farið hátt í umræðunni, a.m.k. ekki á síðustu missirum. Hún rekur mjög vel um hve stóran hóp er að ræða og athyglisverð tafla, sem byggð er á nemendaskrá Hagstofu Íslands eftir skólastigi, kyni og aldri fylgir greinargerðinni.

Þetta beinir sjónum okkar að því hversu mikilvægt er að jafna aðstöðu þessa þjóðfélagshóps til að stunda nám, um það þarf ekki að fara mörgum orðum, en má benda á að slíkt er einnig samfélagslegur ávinningur.

Hér sker sérstaklega í augu hve fáir einstæðir foreldrar, reyndar allt einstæðar mæður, 19 ára og yngri, stunda nám á framhaldsskólaaldri eða einungis 32%. Það segir okkur að brottfall þeirra sem eignast börn á framhaldsskólaaldri er mjög hátt. Þessi hópur sér sér illa kleift að stunda nám eftir að hafa eignast barn og það er augljóst að leiðin aftur inn í skólana er oft erfið vegna þess að námið er ekki lánshæft og því erfitt að framfleyta fjölskyldu jafnhliða því að stunda nám.

Ég hygg að það sé einkum þrennt sem þurfi að koma til til að jafna aðstöðu einstæðra foreldra til að stunda nám. Í fyrsta lagi snýr það að leikskóla- og dagvistunarmálum. Bæði Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Samfylkingin hafa barist fyrir því að leikskólinn verði gerður gjaldfrjáls og undir það tek ég heils hugar. Reykjavíkurlistinn er að stíga skref í þá átt að svo verði hér í borg og verður fróðlegt að fylgjast með framgangi málsins á næstu missirum enda um mjög brýnt mál að ræða. Það er fyrsta málið sem lýtur að því að bæta aðstöðu þessa hóps þannig að einstæðir foreldrar geti stundað nám.

Í öðru lagi lýtur þetta að húsnæðismálum eins og hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir rakti hérna áðan um ásættanlegt leiguhúsnæði.

Í þriðja lagi, og það held ég að sé stóra málið, er lánshæfi til framhaldsskólanáms. Þar er átt við möguleika framhaldsskólanema á ákveðnum aldri og við ákveðnar aðstæður til að taka framfærslulán. Í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna leggjum við nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar til að hluti eða þriðjungur af lánum breytist í styrk ljúki námsmenn á háskólastigi námi sínu á tilteknum tíma. Slíkar útfærslur mætti mjög vel hugsa sér þannig að framhaldsskólanám verði lánshæft, t.d. við ákveðinn aldur og við ákveðnar félagslegar aðstæður. Til dæmis þegar fólk hefur náð 18 ára aldri, sjálfræðisaldri, þá verði framhaldsskólanám lánshæft. Og sé námi lokið á tilskildum tíma breytist hluti lánsins í styrk. Það ýtir undir að nemendur ljúki námi á svokölluðum réttum tíma en við það sparast mikið fé í skólakerfinu. Það yrði mikill hvati til að ljúka námi eins fljótt og kostur er að þriðjungur eða helmingur af teknu framfærsluláni breyttist í styrk þegar námslok hafa náðst á eðlilegum og tilskildum tíma.

Ég held að þetta sé stærsta málið í því að jafna aðstöðu einstæðra foreldra og gera þeim kleift að stunda nám án þess að fátækt eða efnalegir erfiðleikar bókstaflega haldi þeim frá námi eins og staðan er klárlega núna. Skólasókn þessa hóps, eins og rakið er hér, bæði á framhaldsskólastigi, sérskóla- og háskólastigi, gefur greinilega til kynna að einstæðir foreldrar eigi mjög erfitt með að stunda nám og sérstaklega að hefja nám aftur hafi námi í framhaldsskóla verið hætt áður en námslok náðust, leiðin aftur inn í skóla virðist vera mjög torveld. Þar held ég að sé brýnast að koma að málum og þess vegna tel ég að við eigum að taka það inn í endurskoðun á hlutverki og umfangi Lánasjóðs íslenskra námsmanna, þ.e. að hluti af framhaldsskólanámi verði lánshæfur við ákveðnar aðstæður, við ákveðinn aldur, t.d. 18 ára, og við ákveðnar félagslegar aðstæður. Þetta nær einnig til þeirra sem eru við nám í framhaldsskólum og gerir þeim kleift að ljúka námi á réttum tíma.

Eins og kemur fram í þessari góðu tillögu er stuðningur nú við einstæða foreldra til að stunda nám lítill sem enginn. Lítið sem ekkert er gert til að fá þennan hóp aftur inn í skólana eða gera þeim kleift að stunda og ljúka námi. Hér er um að ræða tæplega 12 þúsund manns, gríðarlega stóran þjóðfélagshóp, og sjálfsagt eru mjög margir innan hans sem annaðhvort vildu stunda nám eða eiga eftir að ljúka námi. Þetta er því mjög gott og brýnt þingmál og ég vona að í framhaldi af því vakni umræður um hve mikilvægt er að styðja við bakið á einstæðum foreldrum í námi. Vonandi fer ekki fyrir þessu máli eins og svo mörgum öðrum þingmannamálum hér í þinginu að það komi aldrei úr nefnd aftur, heldur verði því fylgt eftir með einhverjum hætti og menntamálaráðherra krafinn um viðhorf til þess en hæstv. ráðherra getur greinilega ekki verið við umræðurnar hér í dag.

[17:11]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð til að lýsa yfir stuðningi við það mál sem við ræðum hér, tillögu til þingsályktunar um stuðning við einstæða foreldra í námi.

Hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir, sem lýsti hér afar vel í inngangsræðu sinni því sem liggur á bak við þetta mál, tók að sjálfsögðu virkan þátt í kosningabaráttu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fyrir síðustu kosningar en þá var mál af þessu tagi einmitt á oddinum. Þar töldum við nauðsynlegt að Lánasjóður íslenskra námsmanna hefði heimildir til að víkka út lánaheimildir sínar með það fyrir augum að einstæðir foreldrar sem hefðu flosnað upp frá framhaldsskólanámi vegna barneigna og vegna þess að fólk hefði stofnað fjölskyldur, ættu þess kost að snúa aftur inn í

framhaldsskólana og fá námslán. Þannig væri möguleiki fyrir þessa foreldra að halda áfram námi, það þyrfti ekki að stoppa þá í náminu að þau hefði stofnað fjölskyldu eða að barn hefði komið til sögunnar.

Nú vitum við það af reynslu frá nýliðnu hausti að fjöldatakmarkanir í framhaldsskólana hafa verið að gera okkur óleik og þegar ljóst var að fjárheimildir skólanna yrðu rýmkaðar að einhverju leyti, þá virtust nemar á aldursbilinu 16–20 ára eiga þar ákveðinn forgang. Umsækjendur um framhaldsskólavist sem voru orðnir eldri áttu því ekki möguleika á að komast inn vegna fjöldatakmarkana. Það er auðvitað grafalvarlegt mál ef þessu fólki eru ekki opnaðar dyrnar eða gert auðvelt fyrir að koma aftur til framhaldsskólanáms, sýni það áhuga og vilja til þess.

Hæstv. forseti. Ég vil því leggja áherslu á að við beitum öllum ráðum sem við höfum til að opna framhaldsskólana fyrir einstæðum foreldrum og sjá til þess að þeim verði gert eins auðvelt og hugsast getur að hefja nám að nýju. Í því sambandi langar mig að nefna frumvarp til laga frá ríkisstjórninni um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem dreift var í Alþingi í gær eða í dag, á þskj. 368. Það verður auðvitað að sjá til þess að það frumvarp taki þeim breytingum sem eru nauðsynlegar til að þessum hópi sé sinnt samkvæmt þessum lögum. Lánasjóður íslenskra námsmanna verður því að fá það tæki sem hann þarf til þess að styrkja þetta fólk til náms.

Þetta var allt og sumt sem mig langaði til að segja, að öðru leyti lýsi ég fullum stuðningi við orð hv. þm. Bjarkeyjar Gunnarsdóttur og sömuleiðis við orð hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar, sem hélt hér ágæta ræðu á undan mér. Ég styð hugsjón þessa máls heils hugar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:14]

Útbýting:

Skráning og mat fasteigna, 335. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 374.

Virðisaukaskattur af listmunagerð, 263. mál, svar fjmrh., þskj. 354.

Nýr þjóðsöngur, fyrri umr.

Þáltill. SI og HilmG, 279. mál. — Þskj. 301.

[17:15]

Flm. (Sigríður Ingvarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um endurskoðun á lögum um þjóðsöng Íslendinga með það fyrir augum að taka upp nýjan þjóðsöng sem væri auðveldari í flutningi og hentaði betur til almennrar notkunar, svo sem í skólum, á íþróttakappleikjum og við önnur tækifæri. Tillöguna flyt ég ásamt hv. þm. Hilmari Gunnlaugssyni. Í greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Á 121. löggjafarþingi var flutt tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á lögum um þjóðsöng Íslendinga. Meðal annars var lagt til að tekið yrði til athugunar hvort rétt væri að taka upp annan þjóðsöng við hlið núverandi þjóðsöngs. Þingsályktunartillagan náði ekki fram að ganga.

Í tillögu þessari er hins vegar lagt til að kannað verði hvort rétt sé að skipta um þjóðsöng. Því til stuðnings má einkum benda á að þjóðsöngurinn, Ó, guð vors lands, er mörgum svo erfiður til söngs að afar hæpið er að hann geti að öllu leyti þjónað hlutverki sínu. Almenningur hefur því oft gripið til annarra ættjarðarsöngva til að minnast lands síns svo sem Ísland ögrum skorið, Þú álfu vorrar yngsta land, Öxar við ána, Ég vil elska mitt land, Yfir voru ættarlandi, Sjá, dagar koma, Hver á sér fegra föðurland, Land míns föður, Úr útsæ rísa Íslands fjöll og Ísland er land þitt. Einnig má benda á að við sum tækifæri hentar þjóðsöngurinn ekki alls kostar vel af því að hann þykir of hátíðlegur.“

Flutningsmenn telja rétt að nýr þjóðsöngur verði valinn úr hópi söngva sem þegar hafa unnið sér sess í huga þjóðarinnar sem ættjarðarsöngvar, þ.e. að ekki skuli efnt til samkeppni á meðal ljóðskálda og tónskálda um nýjan þjóðsöng. Flutningsmenn mæla einkum með tveimur af áðurnefndum ættjarðarsöngvum, þ.e. annars vegar Ísland ögrum skorið, ljóð eftir Eggert Ólafsson og lag eftir Sigvalda Kaldalóns, og hins vegar Ísland er land þitt, ljóð eftir Margréti Jónsdóttur og lag eftir Magnús Þór Sigmundsson.

Löngu eftir að Ó, Guð vors lands hafði hlotið almenna viðurkenningu sem þjóðsöngur var farið að nota Ísland ögrum skorið sem eins konar þjóðsöng og sýndu menn því þá virðingu að rísa úr sætum þegar lagið var flutt.

Ljóðið Ísland er land þitt er ungt að árum, samið árið 1970. Í inngangskafla bókarinnar Ísland er land þitt, úrval ættjarðarljóða kemur m.a. fram: „Ánægjulegt er að finna hvað ættjarðarljóð eiga sterkan hljómgrunn hjá þjóðinni, jafnt ungum sem öldnum. Staðfesting fékkst á því nýlega þegar fram kom á sjónarsviðið gullfallegt lag og ljóð sem samstundis var á allra vörum. Boðskapur þess er skýr og lætur engan ósnortinn: Ísland er land þitt, því aldrei skal gleyma.“

Eins og ljóðin bera með sér er um að ræða óð til landsins. Ekki þarf að fara mörgum orðum um fegurð laganna og hafa margir af helstu tónlistarmönnum þjóðarinnar flutt þau á eftirminnilegan hátt. Það er mat okkar flutningsmanna að söngvarnir hafi allt til að bera til að geta orðið þjóðsöngur Íslendinga. Þeir eru allt í senn hátíðlegir, auðveldir í flutningi og henta við fjölbreyttari aðstæður en núverandi þjóðsöngur. Þá eiga söngvarnir mjög vel við á íþróttakappleikjum, t.d. fyrir landsleiki, enda þess eðlis að bæði leikmenn og stuðningsmenn geta sameinast um að taka rösklega undir. Slíkt yrði til þess fallið að efla baráttuanda og fylla keppnisfólk eldmóði.

Vissulega er lofsöngurinn Ó, Guð vors lands mörgum Íslendingum hjartfólginn enda er tæpast ágreiningur um tign og fegurð hans. Með tilliti til þess yrði hann að sjálfsögðu áfram sunginn við ýmis hátíðleg tækifæri þótt hann yrði aflagður sem þjóðsöngur Íslendinga. Mikilvægt er að þjóðsöngurinn sé auðlærður og auðfluttur auk þess að vera óður til landsins okkar.“

Virðulegi forseti. Þjóðsöngurinn okkar, Ó, Guð vors lands, er upphaflega sálmur ortur upp úr 90. Davíðssálmi. Matthías Jochumsson orti ljóðið og Sveinbjörn Sveinbjörnsson samdi lagið. Hann var frumfluttur við hátíðarguðsþjónustu í Dómkirkjunni árið 1874 í minningu þúsund

ára byggðar á Íslandi. Hvorki höfundi ljóðs né lags mun hafa hugkvæmst að úr þessum sálmi yrði síðar þjóðsöngur. Í frumútgáfu kvæðis og lags heitir hann „Lofsöngur í minningu Íslands þúsund ára" og kemur setningin „Íslands þúsund ár" fyrir í öllum þremur erindunum vegna þess tilefnis sem ort var fyrir.

Það tók langan tíma fyrir Ó, Guð vors lands að vinna sér sess sem þjóðsöngur og meðan fullveldið átti enn langt í land og Íslendingar sungu fyrir minni ættjarðarinnar má segja að Eldgamla Ísafold eftir Bjarna Thorarensen væri einhvers konar þjóðsöngur okkar, en það ljóð var sungið undir lagi enska þjóðsöngsins „God save the Queen" svo það gat alls ekki gengið sem íslenskur þjóðsöngur þrátt fyrir almennar vinsældir.

Það var árið 1948 sem íslenska ríkið eignaðist höfundarrétt að laginu við þjóðsönginn og ári síðar, eða 1949, að ljóðinu. Það var svo ekki fyrr en 1983 sem samþykkt voru lög á Alþingi um þjóðsöng Íslendinga en árið áður hafði menntamálaráðuneytið lagt til við forsætisráðuneytið að settar yrðu reglur um meðferð hans. Sem sagt frá árinu 1983 höfum við haft Ó, Guð vors lands sem þjóðsöng samkvæmt lögum og nú finnst mér kominn tími til að breyta því.

Virðulegi forseti. Þess má geta að á síðari árum hafa reglur breyst varðandi flutning þjóðsöngva á íþróttalandsleikjum og stórmótum, eins og t.d. á Ólympíuleikum, og má flutningurinn ekki taka meira en 75 sekúndur. Af því leiðir að annaðhvort þarf að stytta þjóðsönginn okkar eða að breyta tónhraðanum og á hvorn veginn sem farið er að er um algjöra afbökun að ræða að mínu mati.

Virðulegi forseti. Ég er mjög ánægð með þau miklu og jákvæðu viðbrögð og miklu umfjöllun sem málið hefur fengið úti í þjóðfélaginu, enda er hér um að ræða mál sem flestallir hafa skoðun á. Þess má til gamans geta að í framhaldi af umfjöllun útvarpsstöðvarinnar Bylgjunnar var gerð smáskoðanakönnun á vefsíðu þeirrar útvarpsstöðvar og almenningur spurður út í hvaða þjóðsöng hann vildi fá. Niðurstöður könnunarinnar voru að 75% svarenda vildu fá nýjan þjóðsöng og þar af 59% sem vildu fá lagið Ísland er land þitt sem nýjan þjóðsöng.

Ég vil taka það sérstaklega fram að mér finnst Ó, Guð vors lands vera mjög fallegt ljóð og lag en það hentar bara alls ekki sem þjóðsöngur. Því erum við ekki að nota þjóðsönginn okkar sem skyldi. Eins og fyrr segir er hann mjög erfiður í flutningi þar sem hann spannar mjög vítt tónsvið. Hann er erfiður að læra og skilja fyrir yngstu kynslóðina og hann er sálmur og óður til almættisins en ekki til ættjarðarinnar. En aðalatriðið er að þjóðsöng á að vera hægt að syngja með góðu móti.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessi tillaga verði rædd hér og henni verði síðan vísað til hv. allsherjarnefndar.

[17:23]

Hilmar Gunnlaugsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 2. þm. Norðaust., Sigríði Ingvarsdóttur, fyrir yfirgripsmikla og góða ræðu þar sem hún kynnti þá þingsályktunartillögu sem við stöndum saman að. Hún hefur í raun farið yfir öll helstu atriði er að málinu koma og gert það einkar vel. Það eru þó nokkur atriði sem ég vil aðeins hnykkja á.

Það er kannski hollt að halda því til haga að sá þjóðsöngur sem við höfum í dag, lofsöngur, eða Ó, Guð vors lands, varð ekki þjóðsöngur að lögum fyrr en 1983. Hann hafði þá unnið sér nokkuð traustan sess í hugum þjóðarinnar og það er ekki verið að gera lítið úr því, þvert á móti, en það voru ekki sett sérstök lög um þjóðsöng í tengslum við lýðveldisstofnunina eins og var gert t.d. um þjóðfánann.

Það er athyglisvert að líta til þess að þegar frumvarp til laga um þjóðsöng var lagt fram á þingi 1983 var þetta einmitt atriði sem flestir þingmenn gerðu athugasemdir við, þ.e. að engin sérstök þörf væri á lögum um þjóðsöng. Þegar á þeim tíma, hæstv. forseti, komu einnig fram efasemdir eða ábendingar um að þetta upphafna og fallega kvæði væri of trúarlegt miðað við tíðarandann árið 1983. Ég leyfi mér að fullyrða að síðan hafi tíðarandinn kannski frekar leitt til þess að óheppilegt sé að textinn við þjóðsönginn sé jafntrúarlegur og raun ber vitni. Þó að hann sé afar fallegur og eigi vel við þorra þjóðarinnar kann það að vera óheppilegt, og ég leyfi mér að minna á að fyrr í dag var einmitt umræða um viðhorf Íslendinga til útlendinga. Þetta er hluti af því, þ. e. það kann að vera að það sé erfiðara fyrir útlendinga sem hingað koma og verða síðan jafnvel á endanum íslenskir ríkisborgarar að samsama sig slíkum þjóðsöng.

Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Sigríðar Ingvarsdóttur komu fram hugmyndir hér árið 1996 um ákveðnar breytingar, þ.e. að kannað yrði hvort taka ætti upp annan þjóðsöng við hlið núverandi þjóðsöngs en þær náðu ekki fram að ganga. En þá þegar var einnig ljóst að þjóðsöngurinn okkar, þessi sameign okkar var ekki nýtt sem skyldi og það er kannski stærsta ástæðan fyrir því, svo að ég tali fyrir mitt leyti og sem meðflutningsmaður að þessari þingsályktunartillögu, að mér finnst í raun synd að við skulum ekki nýta þjóðsönginn okkar meira en við gerum.

Mér finnst nefnilega að þetta mál, að við tökum lögin um þjóðsönginn til endurskoðunar fyrst og síðast snúa að sjálfsmynd okkar. Því má halda fram að þjóðfáninn sé í raun frekar tákn sem við notum út á við en þjóðsöngurinn sé atriði sem snúi fyrst og fremst inn á við, þ.e. að okkur sem Íslendingum og að Íslendingum sem þjóð. Og það er einmitt þar sem reynslan hefur sýnt að það vantar upp á að þjóðsöngurinn sé nýttur af þjóðinni sem vera skyldi. Ég ætla alls ekki að gera lítið úr því að hann sé ekki sameiningartákn eða að þjóðin kunni ekki vel að meta hann. En það er alveg ljóst að það vantar upp á að Íslendingar geti notað hann meira og því tek ég undir það sem kom fram hjá hv. þm. Sigríði Ingvarsdóttur að það hefur í raun komið á óvart hversu mikil umræða hefur orðið um þetta þingmál í samfélaginu.

Ég vissi áður en málið var lagt fram að það mundi vekja upp mikil viðbrögð og gerði mér alveg grein fyrir því, sérstaklega átti ég von á að þetta yrði fólki viðkvæmt mál, en ég átti alls ekki von á að tekið yrði eins vel og jákvætt í málið og raun ber vitni. Því tel ég að þingmenn ættu ekki að skorast undan að taka málið til alvarlegrar skoðunar vegna þess að það snýst um svo miklu meira en bara nýjan þjóðsöng og hvort hver og einn geti sungið hann, heldur um sjálfsmynd Íslendinga og að þjappa mönnum saman þegar það á við án þess að menn gangi nokkuð of langt í þeim

efnum, að þjóðsöngurinn sé sameiningartákn sem sé því sem næst á allra færi sem á annað borð geta leyft sér þann munað að syngja skammlaust.

[17:28]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég kem hér til að lýsa svona almennum stuðningi við málið og þakka flutningsmönnunum, hv. þingmönnum Sigríði Ingvarsdóttur og Hilmari Gunnlaugssyni, fyrir að hreyfa því. Ég hygg að málinu hafi fyrst verið hreyft af Arnþrúði Karlsdóttur varaþingmanni sem þá sat á þingi, ég held að það hafi verið fyrir u.þ.b. áratug og vakti töluverða athygli en það var ekki gert meira í því að sinni.

Ég hygg að hv. þm. Hilmar Gunnlaugsson sé með þjóðsönginn hjá sér. Ég ætla að biðja hann að koma hér og fá hann lánaðan hjá honum, þ.e. textann að sjálfsögðu.

Matthías Jochumsson var mikið skáld og merkilegt og gott er til þess að vita að nú er einmitt verið að skrifa ævisögu Matthíasar. Ég hygg að hann hafi verið sannur nítjándu aldar maður á Íslandi. Við eigum að gera minningu hans verðug skil. Hann var merkilegur karl á margan hátt og gott skáld en að vísu afar misjafnt. Hann var eitt þeirra skálda á Íslandi sem voru hraðkvæð og ortu um — þið fyrirgefið — allan skrattann, bæði sálma og tækifærisljóð af ýmsu tagi og mörg ættjarðarljóð, bæði um Eyjafjörð og Skagafjörð og Reykjavík og hvað sem í boði var eiginlega til að yrkja um. En eins og gerist um slíka menn þá var það ekki allt alveg jafngott. Fyrsta erindið í þjóðsöng okkar er t.d. fallega ort, eins og hv. flutningsmaður hinn fyrri hér í ræðustól rakti út frá hinum þúsund árum sem er líkt við eitt eilífðar smáblóm vegna þess að þannig er það í Davíðssálminum og passar auðvitað við flutninginn á sínum tíma, 1874 í Dómkirkjunni. Við þekkjum þetta. Annað erindið í þjóðsöngnum fer hins vegar ekki alveg jafnfagurlega eða fallega í munni. Ég vitna, með leyfi forseta, í það:

Ó, guð, ó, guð! Vér föllum fram
og fórnum þér brennandi, brennandi sál,
guð faðir, vor drottinn frá kyni til kyns,
og vér kvökum vort helgasta mál.

Þarna hefur skáldið lent í nokkrum erfiðleikum.

Vér kvökum og þökkum í þúsund ár,
því þú ert vort einasta skjól.
Vér kvökum og þökkum með titrandi tár,
því þú tilbjóst vort forlagahjól.

Þarna sjá menn að skáldinu voru mislagðar hendur þegar rann á hann þetta mikla ljóðæði. Ég tek fram að þetta segi ég af miklum hlýleik og aðdáun á Matthíasi Jochumssyni.

Ég held að það sé rétt að þessu ljóði og ekki síður lagi Sveinbjörns var ekki ætlað að vera þjóðsöngur af því tagi sem menn þekktu þá og þaðan af síður af því tagi sem menn þekkja nú. Ætli þjóðsöngurinn hafi ekki einkum þrenns konar hlutverk, í fyrsta lagi að vera fluttur á hátíðarstundum þegar minningarhátíðir lands standa yfir eða verið er að taka á móti höfðingjum og táknsmönnum landsins á erlendum vettvangi eða hér heima.

Í öðru lagi við íþróttaviðburði á landsleikjum og þannig þekkjum hann kannski best og syngjum hann oftast. Ég verð að segja fyrir mig að ég hef staðið í stúkunni í Laugardal á Laugardalsvelli og sungið þjóðsönginn. Ég þarf svolítið að herða mig og vera vakandi við það að flytja þennan sálm yfir knattspyrnumönnum sem standa teinréttir í röð og syngja þar um eitt eilífðar smáblóm sem tilbiður guð sinn og deyr því það stóð alls ekki til í þessum knattspyrnuleik heldur kannski þvert á móti að minning Íslands lifði og guð heiðraði land og þjóð með sigri í leiknum. Hann hentar því ekki vel við það tækifæri.

Síðan er það þriðja. Það er svona samsöngur manna innan lands. Þar er hann lítt sunginn. Síðan hefur auðvitað komið fyrir að menn þurfa að syngja söng sinn á samkomum erlendis. Ég veit til þess að þegar menn hafa verið að syngja þjóðsöngva sína, Ja, vi elsker og God Save the Queen og þessa fínu söngva og syngjanlegu, hafa þeir lent í því að kunna ekki þjóðsönginn eða vilja ekki syngja hann. Eitt sinn var maður í vandræðum sem brást við með þessum hætti hér, með leyfi forseta:

Hani, krummi, hundur, svín,
hestur, mús, tittlingur,
galar, krunkar, geltir, hrín
gneggjar, tístir, syngur.

Að vísu var gerður góður rómur að, en þetta var nú samt ekki þjóðsöngur Íslendinga þó ljóðið sé gott og vissulega ort úr þjóðarsálinni og ekki síður lagið sem enginn höfundur er að nema íslenska þjóðin sjálf.

Ég tel, að öllu gamni slepptu og í fullri alvöru, að við ættum að íhuga þá tillögu sem ekki er í þessu þingmáli en hefur komið fram áður, þ.e. að hafa tvo söngva, virða það þannig við Matthías, Sveinbjörn og þá þjóð sem tók upp þann söng að við höldum hinum ágæta þjóðsöng okkar við hin hátíðlegri tækifæri en tökum upp annan söng til þess að hafa við hin óformlegri tækifæri sem ég nefndi áðan, þar á meðal á íþróttavöllum, a.m.k. í staðinn fyrir að taka 75 sekúndur af Matthíasi og Sveinbirni eins og hv. flutningsmaður minntist á áðan.

Ég held að þó sé sá tæknigalli á þessari tillögu til þingsályktunar sem ég mæli með að nefnd lagi í meðförum sínum að ég tel alveg fráleitt að fela ríkisstjórninni að endurskoða þessi lög og velja þennan söng eða gera tillögu um annaðhvort nýjan þjóðsöng eða annan söng til hliðar við þjóðsöng okkar. Ég verð að segja það þegar ég lít yfir þessa bekki og ímynda mér þá menn sem þar sitja að ég mundi einhvern veginn ekki treysta t.d. landbúnaðarráðherranum til að velja fyrir mig sönginn, hvað þá dómsmálaráðherranum. Ég held að þess vegna verði að fara, eins og stendur í gömlum bókum, að bestu manna yfirsýn um þetta. En ég treysti þingnefndinni vel til þess að gera það um leið og ég lýsi yfir stuðningi við þetta mál.

[17:36]

Guðmundur Hallvarðsson:

Frú forseti. Vegna þess að mér var gerð grein fyrir því að stuttur tími væri leyfður hér vegna þessa máls en málið svo tekið upp síðar á dagskránni þá ætla ég að vera stuttorður. Ég lýsi því þó yfir að ég get ekki stutt þetta mál sem hér er lagt fram af nokkrum ástæðum.

Það er dálítið merkilegt þegar menn segja að á íþróttakappleikjum sé ekki hægt að syngja þjóðsönginn. En lítum aðeins aftur í tímann. Hér er skrifað um Sveinbjörn Sveinbjörnsson og segir Árni Thorsteinson svo í minningum sínum, með leyfi forseta:

„Á árunum kringum 1880 var það orðinn fastur liður í sunnudagshaldi bæjarbúa, þegar gott var veður, að þeir löbbuðu niður að Austurvelli og hlýddu þar á hornamúsik, og þótti það hressandi og skemmtileg tilbreyting. Lék flokkurinn bæði íslenzk og erlend lög, ... Var þá jafnan leikið sem síðasta lag „Eldgamla Ísafold", eins og þjóðsöngurinn nú, enda þótt lagið væri brezkt. Lag Sveinbjörns við ljóð Matthíasar, „Ó, Guð vors lands", var þá enn ekki búið að vinna þá hefð og vinsældir, að það gæti talizt þjóðsöngur, enda var þá svo skammt liðið frá þjóðhátíðinni, að samtíðin leit fremur á lofsönginn sem andlegan hátíðasöng bundinn atburðinum 1874, sem var tilefni ljóðsins og tónverksins. Raunar má segja, að það hafi verið ýmis sportfélög og önnur samtök, sem fyrst tóku „Ó, Guð vors lands" upp á sína arma, sungu það á samkomum sínum og mótum og innleiddu sem þjóðsöng."

Það voru sportfélögin sem innleiddu þetta lag sem þjóðsöng. En allir segja nú að það sé óalandi og óferjandi að spila þjóðsönginn þegar sportfélög koma saman. Menn skulu í upphafi skoða bæði uppruna sinn og hvernig svona hluti ber að.

Svo segir, með leyfi forseta:

„Það var venja í félögum þessum, að allir tóku ofan, meðan lofsöngurinn var sunginn eða leikinn, og svo varð þetta brátt almenn venja, — allir voru farnir að taka ofan og söngurinn þar með orðinn sannnefndur þjóðsöngur."

Ég vil vitna í niðurlag forustugreinar Morgunblaðsins frá því 12. þessa mánaðar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Með því að breyta um þjóðsöng væri bæði brotið gegn tilgangi hans sem sameiningartákns og þeirri helgi sem hann hefur öðlast í hugum þjóðarinnar — í þeim kröftuga hljómi sem rödd þjóðar nær við að safnast og sameinast um eina hugsun og einn tón."

[17:39]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, þá hefur okkur verið skammtaður tími þannig að ég get ekki haft jafnmörg orð og ég ætlaði um þetta ágæta þingmál. Mig langar þó til að koma að nokkrum athugasemdum.

Ég vil byrja á að þakka hv. flutningsmönnum fyrir að leggja það fram og skapa þessa umræðu sem hér hefur átt sér stað sem er bæði óvenjuleg og ekki síður mjög skemmtileg um þjóðsönginn okkar. Ég get heldur ekki látið hjá líða að þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir sönginn í umræðunni. Ég minnist þess ekki að mikið hafi verið sungið úr ræðupúlti hins háa Alþingis a.m.k. fram að þessu. En nú hefur orðið breyting þar á og það er skemmtilegt.

Um þetta mál verð ég að segja að ég hef miklar efasemdir um að rétt sé að endurskoða lögin um þjóðsönginn og taka upp annan söng en þann sem nú er þjóðsöngur okkar. Ég hef eins og ég segi miklar efasemdir um það.

Flutningsmennirnir nefna mörg góð lög til sögunnar í greinargerð sem hugsanlegan arftaka núverandi þjóðsöngs. Sömuleiðis eru færð ágætis rök fyrir því í sjálfu sér að taka upp nýjan þjóðsöng. Ég leyfi mér þó að segja að þau eru í mínum huga ekki nógu sterk til þess að stíga þetta skref. Sagt er að erfitt sé fyrir venjulegan mann sem er millilaglaus eða jafnvel rétt heldur lagi að syngja þjóðsönginn. Auðvitað er það rétt að slíkir menn, eins og hv. þm. Mörður Árnason lýsti svo ágætlega í pontunni, verða að herða sig á vellinum þegar þeir ætla að syngja þennan söng. En það verður þá bara að hafa það finnst mér. Þessi þjóðsöngur hefur fylgt okkur í öll þessi ár. Ég tel að hann sé hluti af íslenskri arfleifð og er, eins og hér var nefnt, eins konar sameiningartákn þjóðarinnar. Ég hef verið talsmaður þess að breyta ýmsu í þjóðfélaginu og hef verið býsna frjálslyndur í því sambandi. (Gripið fram í.) Ég er hins vegar þannig gerður, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að mér finnst sumir hlutir vera heilagir. Það á t.d. við um íslenska fánann. Ég mundi ekki vilja sjá að á honum yrðu gerðar neinar breytingar og undir sama hatt set ég íslenska þjóðsönginn. Ég tel að það væri mjög varhugavert að skipta honum út fyrir annað lag. Þjóðsöngurinn okkar er fallegur og góður og hann á sér stað í okkar þjóð. Ef menn kalla mig íhaldssaman fyrir þessar skoðanir mínar þá verður bara að hafa það og þá er ég bara stoltur af því.

[17:43]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er einmitt kominn hingað til að gera það sem hv. þingmaður sagði að sér lægi í léttu rúmi þó að menn gerðu. Ég ætla að segja að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er trúr sínum uppruna. Hann er íhaldssamari en gengur og gerist um svona unga þingmenn. Ég tel að þau rök sem hann flutti séu ekki góð. Oft hef ég heyrt hann rökfimari en í þessari umræðu.

Ég vil nota tækifærið, frú forseti, til að segja að ég er þeirrar skoðunar að það eigi að skipta um þjóðsöng. Ég tel að þessi þjóðsöngur dugi ekki af þeirri ástæðu að börn og unglingar geta ekki sungið hann og menn þurfa að vera alveg einstaklega vel af guði gerðir hvað sönggáfu áhrærir til þess að geta sungið hann. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að vera auðvelt að syngja þjóðsöng, það þurfi að vera auðvelt að kenna hann börnum og unglingum og hann þurfi að hafa augljósa merkingu sem vísar til einhvers í okkar fortíð eða náttúru annars en bara trúar á guð almáttugan Þess vegna finnst mér að það eigi að skoða þetta í fullri alvöru. Ég veit að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fyrirgefur mér að ég kem hingað til að lýsa þeirri skoðun um leið og ég bið hann að gæta hófs hvað íhaldssemina varðar. Að vísu var dálítið gaman að sjá þá fallast í faðma hann og hv. þm. Mörð Árnason yfir því hvað Mörður er góður söngmaður. Ég get þess hins vegar að ég heyrði hv. þm. Mörð Árnason syngja einsöng í Dómkirkjunni þegar við vorum 16 vetra. Það gerði hann yfir gervöllum Menntaskólanum í Reykjavík og satt að segja hefur hv. þm. Merði Árnasyni farið fram.

[17:45]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja að sem betur fer vantaði mig á þessa uppákomu í kirkjunni þegar hv. þm. Mörður Árnason söng einsöng. Ég geri svo sem ekki ráð fyrir að ég hafi orðið af miklu. En ég skal taka orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar til mín og passa mig á því að vera ekki of íhaldssamur.

Samt sem áður er ég er þeirrar skoðunar, þrátt fyrir að ég sé frjálslyndur í flestum málum, að ákveðnir hlutir séu

heilagir, eins og t.d. þjóðsöngurinn og fáninn, og því vil ég ekki breyta, a.m.k. á meðan ekki hafa verið færð betri rök fyrir slíkum breytingum en hér liggja fyrir. Ég hef því, þrátt fyrir ágætt andsvar hjá hv. þm., enn þá sömu efasemdir uppi varðandi þetta mál og þá hugmynd um að við skiptum þjóðsöngnum okkar út, þrátt fyrir að hv. þm. Össur Skarphéðinsson treysti sér ekki til þess að syngja hann með sómasamlegum hætti. (**ÖS:** Jú jú.)

[17:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Maður á að líkindum ekki að hafa uppi gamanmál þegar verið er að ræða jafngrafalvarleg mál og þjóðsönginn. En mér finnst allt í lagi samt að menn slái á léttari strengi.

Ég er sammála hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni um að það er hóf á íhaldssemi hans. Hann er ekki alltaf mjög íhaldssamur og það er sennilega rétt hjá honum að hann hefur til að bera ákveðið frjálslyndi þó að það komi ekki fram í þessu máli. Hann hefur fullan rétt til þess að hafa þá skoðun.

Ég tek það fram að ég legg ekki þjóðsöng og þjóðfána að jöfnu. Þarna er um tvo þætti að ræða sem báðir eru hluti af þjóðarvitundinni. Fáninn er það klárlega. Það er enginn sem deilir á fánann, þetta er dásamlegur fáni, bæði fallegur og hann skírskotar mjög til hluta sem ... (**Gripið fram í:** Og ætti að vera í þingsalnum.) ætti að vera í þingsalnum. Ég er sammála því. Hann skírskotar til hluta sem tengjast náttúru Íslands og sögu, vegna þess að hann er jú krosstákn, vísar til grundvallarhluta í sögu okkar og vísar til hluta og þátta sem við stöndum fyrir sem þjóð.

Ég verð hins vegar að segja um þjóðsönginn að hann hefur ekki náð að greypa sig með sama hætti í þjóðarvitundina. Það er vegna þess að erfitt er að syngja hann, það er erfitt að skilja hann, menn skilja hann ekki fyrr en þeir eru orðnir fullorðnir. Það er erfitt fyrir ungt fólk að ná sömu beintengingu við hann og allir ná þegar búið er að skýra fyrir þeim táknin sem er að finna í fánanum. Það var mjög auðskilið fyrir þann sem hér stendur þegar það var í fyrsta skipti í barnaskóla skýrt fyrir honum hvað fáninn stæði fyrir. En ég var orðinn rígfullorðinn þegar mér tókst að syngja þjóðsönginn og þegar mér tókst að skilja hann.

[17:48]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Afstaða mín í málinu er alveg skýr. Ég er alfarið á móti því að við skiptum um þjóðsöng, algerlega á móti því, það kemur ekki til greina.

Íslenski þjóðsöngurinn hefur lifað með þjóðinni í 130 ár. (Gripið fram í.) Hann var ortur af Vestfirðingnum Matthíasi Jochumssyni, síðar dannebrogsmanni og heiðursborgara á Akureyri. Lagið er eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson. Þetta er ákaflega fallegt og hátíðlegt lag. Það er yfirleitt spilað við mjög hátíðleg tækifæri eða á íþróttakappleikjum þar sem þjóðin kemur fram í heild sinni, ef svo má segja, og ég tel að við eigum að hafa það þannig. Ég kaupi ekki þá röksemd að þjóðsöngurinn eigi að vera svo einfaldur og auðlærður að jafnvel yngstu börnin geti sungið hann.

Það er nefnilega þannig, frú forseti, að við Íslendingar eigum afskaplega ríkan menningararf þegar ljóð og sönglög eru annars vegar. Við eigum ómetanlegan fjársjóð af alls kyns barnagælum og vísum sem við höfum sungið fyrir börnin okkar um aldir og þau læra þegar þau eru að alast upp. Það er mér alveg að meinalausu þó börnin mín læri ekki íslenska þjóðsönginn og skilji texta hans fyrr en þau eru komin til vits og ára. Íslenski þjóðsöngurinn á ekki að vera einhver rútubílasöngur, þetta á að vera lag sem er notað og sungið við hátíðleg tækifæri.

Við eigum nokkur helg vé, ef svo má segja, sem íslensk þjóð. Það má nefna Þingvelli, stjórnarskrána og Alþingishúsið, en einnig íslenska þjóðsönginn. Ég verð að segja að í hvert sinn sem ég heyri þetta fallega lag annaðhvort sungið eða leikið eða hvort tveggja fyllist ég alltaf ákveðnum eldmóð. Það hefur þannig áhrif á mig. Ég vil halda í þetta lag.

Hér hefur m.a. verið nefnt að það eigi frekar að taka Ísland ögrum skorið upp sem þjóðsöng. Þá vil ég benda á þá sögulegu staðreynd að Ísland ögrum skorið keppti á sínum tíma um hylli þjóðarinnar sem þjóðsöngur og varð undir í þeirri samkeppni. Hvers vegna skyldi það hafa verið? Jú, ég tel að það hafi einfaldlega verið vegna þess að Ó, guð vors lands er einfaldlega það besta sem okkur hefur boðist í 130 ár og við eigum að halda í þennan söng sem þjóðsöng á meðan land byggist.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kynning á íslenskri list í sendiskrifstofum Íslands, fyrri umr.

Þáltill. SI o.fl., 296. mál. — Þskj. 323.

[17:51]

Flm. (Sigríður Ingvarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu á þskj. 323 um kynningu á íslenskri list og hönnun í sendiskrifstofum Íslands, að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að móta stefnu til þess að kynna íslenska list og hönnun í sendiskrifstofum Íslands erlendis.

Tillöguna flyt ég ásamt hv. þingmönnum Ástu Möller, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Drífu Hjartardóttur, Hilmari Gunnlaugssyni, Guðlaugi Þór Þórðarsyni og Kolbrúnu Halldórsdóttur.

Í greinargerð með tillögunni segir, með leyfi forseta:

„Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að móta stefnu til þess að koma íslenskri list og hönnun í víðasta skilningi á framfæri í sendiskrifstofum Íslands. Eitt af hlutverkum þeirra er að sinna menningarmálum og er markviss kynning á íslenskri list og hönnun kjörinn vettvangur til þess. Með því væri sérstöðu og sérkennum íslenskrar hönnunar og listar komið á framfæri og jafnframt ímynd lands og þjóðar.

Mikilvægi hönnunar og lista er að aukast í alþjóðavæðingu nútímans og er skörun milli listasviða orðin meiri. Aukin framlög til Listaháskóla Íslands hafa styrkt stoðir lista og er mikil gróska í þeim sem nauðsynlegt er að hlúa vel að með því að kynna þær og koma á framfæri sem víðast. Kynning á alþjóðavettvangi gæti haft í för með sér aukna eftirspurn og möguleika á markaðssetningu og út-

flutningi og er nauðsynlegt að nýta sem flestar leiðir til að koma hönnun og list á framfæri þar sem markaðir eru stærri og eru sendiskrifstofurnar vel til þess fallnar. Þannig mætti nýta leiðir sem sendiráðin nota við kynningu á starfsemi sinni, t.d. á netinu, til að kynna íslenska list, hönnun, bókmenntir, tónlist o.fl. með tengingu á heimasíður samtaka hönnuða, listamanna og safna og auðvelda þannig aðgengi að upplýsingum. Þá gætu sendiherrar, viðskiptafulltrúar og aðrir starfsmenn sendiskrifstofa unnið að því með söfnum, samtökum og samböndum innlendra listamanna og nýstofnaðri Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar og Hönnunarmiðstöð að nýta húsnæði sendiráða til sýninga og kynninga á list þeirra. Einnig væri unnt að nýta þau sambönd sem starfsmenn sendiráða og jafnvel ræðismenn hafa við einstaklinga, samtök, stofnanir og fyrirtæki og ná þannig miklum árangri samhliða hagkvæmni og sparnaði.

Hönnun er eitt af fyrstu skrefum í framleiðslu og er hún því hentug fyrir einyrkja og minni fyrirtæki en íslensk fyrirtæki eru flest smá á alþjóðlegum mælikvarða og eiga því erfitt með að koma vöru sinni og list á framfæri erlendis. Þá er hönnun mikilvæg forsenda nýsköpunar í atvinnulífi og hvatning til vandaðrar hönnunar við vöruþróun og markaðssetningu eflir samkeppnishæfni í íslensku atvinnulífi og verðmætasköpun og ber árangur annarra þjóða vott um að hönnun og list eru verðmætar útflutningsvörur."

Eyjólfur Pálsson húsgagnaarkitekt skrifaði góða grein í Morgunblaðið 8. febrúar sl. sem bar yfirskriftina „Hönnun er hluti íslenskrar menningar". Í greininni kemur fram, með leyfi forseta:

„Sem dæmi um íslenska hönnun í sendiráðum erlendis má nefna að á skrifstofu Fastanefndar Íslands hjá NATO í Brussel eru fundarhúsgögn hönnuð af Sturlu Má Jónssyni og framleidd hjá Á. Guðmundssyni. Sama er að segja um skrifstofu- og fundarhúsgögn á skrifstofu sendiráðsins í London en þar er einnig að finna sófa og stóla hannaða af Guðbjörgu Magnúsdóttur. Húsgögn sendiráðsskrifstofanna í Kaupmannahöfn og Ottawa í Kanada eru hönnuð af Guðrúnu Margréti Ólafsdóttur, Oddgeiri Þórðarsyni, Erlu Sólveigu Óskarsdóttur og Pétri B. Lútherssyni. Í sendiherrabústaðnum í Maputo eru stólar og sófi frá GÁ húsgögnum, hönnun Guðbjargar Magnúsdóttur. Á skrifstofu sendiráðsins í Stokkhólmi eru húsgögn frá Á. Guðmundssyni o.fl. og hönnuðirnir eru Sturla Már Jónsson, Sigurður Gústafsson og Leó Jóhannsson. Íslenska sendiráðið í Berlín er gott dæmi um verk íslenskra arkitekta og hönnuða. Arkitekt hússins er Pálmar Kristmundsson, arkitekt/pk-hönnun arkitektar. Í lýsingu arkitektanna á verkinu segir m.a. „Eitt af markmiðum verkefnisins var að sendiráðið bæri íslensku hug- og handverki fagurt vitni." Um þetta segir Ingimundur Sigfússon, nú sendiherra í Tókíó en þá í Berlín, í viðtali við Hús og híbýli að sendiráðsbyggingin hafi hlotið mikið lof. Húsgögn séu öll sérsmíðuð og sömuleiðis innréttingar en hvort tveggja sé hannað af pk-hönnun og framleitt af Smíðastofu Sigurðar R. Ólafssonar og Desform. Auk þess séu í sendiráðinu stólar sem Erla Sólveig Óskarsdóttir húsgagna- og iðnhönnuður hafi hannað. Á skrifstofu sendiráðsins í Tókíó eru húsgögn hönnuð af Yrki-arkitektum og í sendiherrabústað eru sófasett og borðstofuhúsgögn hönnuð af Yrki en stólar hannaðir af Þórdísi Zoëga. Loks er tímaritastandur í sendiráðinu í Helsinki, hönnun Guðmundar Einarssonar.

Eftir þessa upptalningu má svo ekki gleyma að í Brussel, Ottawa og í Tókíó eru sérhönnuð glös frá Gler í Bergvík, verk þeirra Sigrúnar Einarsdóttur og Sörens S. Larsen. Þessi glös eru einmitt frábært dæmi um áhrif þess að nýta, kynna og sýna verk íslenskra hönnuða í sendiráðum Íslands hvar sem þau eru í heiminum. Glösin rötuðu nefnilega inn á borð japönsku keisarafjölskyldunnar eftir að fulltrúar hennar höfðu notið þess að handfjalla þau og drekka úr þeim í veislu í sendiráðinu í Tókíó.

Íslensk stjórnvöld eru vissulega á réttri leið. Í Danmörku er það innkaupastefna hins opinbera að skoða danskar vörur áður en ákvörðun um vörukaup er tekin. Eins ættum við ævinlega að líta í kringum okkur og huga að því hvað til sé íslenskt sem uppfyllir óskir og þarfir í hverju tilviki fyrir sig, áður en annað er keypt. [...] Ef ekkert er til sem hæfir er ef til vill ástæða til að gefa einhverjum tækifæri til þess að hrinda af stað framleiðslu á hlutum sem kannski hafa þegar verið hannaðir en eru ekki komnir í framleiðslu. Það hefur svo sannarlega áhrif á markaðsetningu íslenskrar hönnunar erlendis þegar fólk kemur í sendiráðin og sér hvað íslenskir hönnuðir hafa upp á að bjóða."

Svavar Gestsson sendiherra í Stokkhólmi segir „Hönnun er auðlind" í grein sem birtist í Morgunblaðinu í nóvember á sl. ári. Til að virkja auðlindina, hönnun, enn frekar en gert hefur verið verði allir þeir sem hlut eigi að máli að standa saman, þétt. Það sé mikilvægt því að úrtöluraddirnar séu háværar svo sem eðlilegt sé þegar erfitt sé að sjá samhengi hlutanna sem skyldi.

Sendiherrann segir enn fremur í Morgunblaðsgreininni, með leyfi forseta:

„Með því að hafa íslenska hönnun í sendiráðinu erum við að sýna íslenska menningu; hún birtist til dæmis í ballett, popptónlist, óperusöngvurum, bókmenntum og glæsilegum hestum. Það finnst engum tiltökumál; en þegar kemur að hönnun húsgagna birtast vandlætingargreinar. Af hverju? Það er umhugsunarefni því hönnun er líka menning."

Virðulegi forseti. Markmið með tillögu þessari er að íslensk list og hönnun verði í hávegum höfð í sendiskrifstofum Íslands erlendis í því skyni að auka vegsemd hennar og koma menningu þjóðarinnar á framfæri sem víðast. Með því yrðu stoðir atvinnulífs og nýsköpunar í landinu einnig styrktar.

Virðulegi forseti. Að lokum legg ég til að þingsályktunartillögu þessari verði vísað til hv. utanríkismálanefndar.

[18:00]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var áhugaverð ræða um list og listverk í sendiráðum. Nú er það svo að ég hef aldrei komið sjálfur í sendiráð. Þó hef ég ferðast víða og dvalið langdvölum erlendis. Ég hef verið að velta fyrir mér að ef þetta á að ná því markmiði að kynna íslenskt handverk og list væri áhugavert að fá yfirlit yfir það hverjar eru heimsóknir í íslensk sendiráð í útlöndum og hvort þetta skiptir yfir höfuð máli til að kynna list og handverk. Það skiptir náttúrlega máli ef á að kynna þessa list og handverk að einhverjir sjái það.

[18:01]

Flm. (Sigríður Ingvarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er þetta réttmæt spurning hjá hv. þingmanni. Því miður hef ég ekki á takteinum tölur yfir komur í sendiráð en það sem mér finnst mikilvægast í þessu máli er að við skulum velja íslenska list og íslenska hönnun umfram erlenda, þegar verið er að kaupa og mublera upp sendiskrifstofur erlendis — þá á ég bæði við sendiráð sem og aðrar skrifstofur — sé íslenskt valið umfram erlent. Ég nefndi dæmi í ræðu minni áðan um hvernig íslenskri hönnun hefur verið komið á framfæri í gegnum heimsóknir sem þessar.

Sendiherrabústaðir eru oft notaðir fyrir móttökur og fleiri viðburði og mér finnst sjálfsagt að koma íslenskri list og íslenskri hönnun á framfæri á öllum hugsanlegum stöðum ef við getum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lágmarkslaun, 1. umr.

Frv. GE o.fl., 306. mál. — Þskj. 334.

[18:02]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Frú forseti. Ég þakka fyrir að fá tækifæri til að flytja þetta mál á þeim fáu dögum sem ég sit nú á þingi. Þetta mál sem ég ætla að gera grein fyrir er frumvarp til laga á þskj. 334, mál nr. 306, og þetta er eitt af þeim málum sem menn tala kannski um sem gamlan kunningja. Það má rétt vera því það er nú flutt í sjöunda skipti. Það má vel vera að það sé réttnefni, að þetta sé gamall kunningi, en það mætti líka kenna málin sem eru af þessu tagi við þrjósku þeirra sem í hlut eiga því að þetta og önnur margendurflutt mál eru það vegna þess að menn sem að þeim standa eru sannfærðir um réttmæti flutnings þeirra, þörfina fyrir umræðu og endurskoðun málefnis.

Frumvarpið er raunverulega tvær greinar. Í 1. gr. segir, með leyfi forseta:

„Heildarlaun á mánuði fyrir 18 ára og eldri skulu ekki vera undir 138.500 kr. fyrir fulla dagvinnu."

2. gr. hljóðar svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2005."

Svo er, frú forseti, um þetta mál að það hefur litlum breytingum tekið í gegnum árin nema öll þau fylgiskjöl sem með voru í upphafi eru ekki með núna en eru til sem heimildir í skjaladeild. Þetta mál byggist á skrifum tveggja þekktra hagfræðinga sem halda því fram með rökum að lögbinding lágmarkslauna leiði fremur til velferðar en verðbólgu sem er þvert gegn rökfræði þeirra hagfræðinga aðila vinnumarkaðarins á Íslandi sem hafa sent frá sér álit um lögbindingu lágmarkslauna.

Ég hef velt fyrir mér hvers vegna aðilar vinnumarkaðarins fáist ekki til að huga að rökfræðinni á bak við lögbindingu lágmarkslauna. Ég er sífellt að nálgast þá skoðun að umræddir aðilar telji að eitthvað sé frá þeim tekið, að þeir telji það sína vinnu að semja og því vilji þeir ekki setja eins konar gólf þar sem lægstu laun eru ákveðin. Frú forseti. Ég tel að þó að þessum aðilum væri rétt upp í hendurnar svona viðmið hefðu þeir úr nógu að moða við að byggja upp launaþrepin frá þessum grunni.

Það má einnig segja: Hver getur ákveðið að þessi upphæð, kr. 138.500, sé rétt tala til viðmiðunar? Þessi tala framreiknuð byggist á því sem gefið var upp fyrir sjö árum að væru framfærslugreiðslur Reykjavíkurborgar og upplýsingum frá Hagstofu ásamt og með viðræðum við ýmsa félagsmálastjóra og nokkra formenn verkalýðsfélaga á þeim tíma sem frumvarpið var samið. Á þeim tíma sem þetta var gert kannaði ég hvað kostaði að leigja tveggja herbergja íbúð, bæði hjá Reykjavíkurborg og á almennum markaði á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ég kannaði hvað fastagjald væri af síma og sjónvarpi, hversu mikill kostnaður væri af því að eiga og reka smábíl, kaupa eitt dagblað í áskrift auk nokkurra liða sem lúta að frítíma en þar er margt sem er umdeilanlegt og því tek ég þar mjög lága upphæð mánaðarlega sem viðmið. Ég tel í raun að í dæminu séu algjör bónusviðmið og því til skammar fyrir alla þá sem véla um laun og kjör fólks að nota lægri tölu en hér er gert.

Eflaust telja margir að sú upphæð sem hér er nefnd sé skammarlega lág. Það má rétt vera en hún er þó meira en 30% hærri en lægstu laun, og enn meiri munur er ef miðað er við atvinnuleysisbætur.

Frú forseti. Ég tel að ástandið á atvinnumarkaði sé orðið ískyggilegt á Íslandi, ekki síst í Reykjavík þar sem margir telja að hópar fólks séu í svartri vinnu fyrir 400–600 kr. á tímann og fái að auki fullar atvinnuleysisbætur. Ef þetta er rétt sem rætt er meðal fólks sýnir það og undirstrikar að launakerfi okkar er meingallað. Einnig er mikill misbrestur í siðferði ef rétt er og enn fremur er fólk þá að víkja sér undan samfélagsábyrgðinni, bæði vinnuveitendur og starfsmenn.

Ég tel, frú forseti, að nauðsyn sé að gefa upp á nýtt, taka upp raunhæf viðmið, meta launasamninga hins íslenska atvinnulífs að nýju, meta framfærslu einstaklings miðað við nútímaþjóðfélag og fara yfir bótakerfið með tilliti til heilbrigðis fólks. Í mörgum tilvikum er talið að þeir sem eru á atvinnuleysislaunum ættu að vera á almannatryggingalaunum.

Það má velta því fyrir sér hvernig það getur verið að mörg þúsund erlendra starfsmanna eru í atvinnu á Íslandi á sama tíma og atvinnulausir skipta þúsundum. Mitt svar við því er að launakerfið, atvinnuumhverfið og siðferðisvitundin séu með alvarlegum brotalömum.

Virðulegur forseti. Frumvarp þetta er liður í þeirri stefnumörkun jafnaðarmanna að skapa hér mannsæmandi umhverfi fyrir launafólk og stuðla jafnframt að heilbrigðu og þróttmiklu efnahagslífi. Ef þessi leið verður ekki farin og taxtalaun látin eiga sig eina ferðina enn í næstu kjarasamningum mun sífellt stærri hópur launamanna sitja eftir með lágmarkstaxta og ekki eiga sér viðreisnar von. Þannig mega málin ekki þróast.

Ég legg málið að lokum inn á hið háa Alþingi og óska eftir því að það fái afgreiðslu hv. félagsmálanefndar með þeim athugasemdum sem ég hef gert í ræðu minni um rökfræði og viðmið. Ég mælist, þótt óvenjulegt sé, einnig til þess að þær athugasemdir sem ég gerði í ræðu minni með þessu frumvarpi verði sendar til hæstv. félagsmálaráðherra

þannig að athugasemdirnar sem eru reyndar mjög viðamiklar komist beint til hæstv. ráðherra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:09]

Útbýting:

Aðgerðir í kjölfar verkfalls kennara, 333. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 372.

Fjöldi og kjör sendiherra, 331. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 370.

Framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, 332. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 371.

Frumkvöðlafræðsla, 334. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 373.

Út af dagskrá voru tekin 8.–14. mál.

Fundi slitið kl. 18:10.

---

32. FUNDUR

miðvikudaginn 17. nóv.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Byggð og búseta í Árneshreppi, fsp. JBjarn, 213. mál, þskj. 215.

Til viðskiptaráðherra:

2. Lágmarkshlutfall kynja í stjórnum hlutafélaga, fsp. JóhS, 90. mál, þskj. 90.

3. Viðskiptahættir tryggingafélaga og banka, fsp. JóhS, 314. mál, þskj. 342.

Til iðnaðarráðherra:

4. Atvinnurekstur í smáum fyrirtækjum, fsp. SJS, 95. mál, þskj. 95.

5. Háhitasvæði við Torfajökul, fsp. RG, 122. mál, þskj. 122.

6. Villinganesvirkjun og Skatastaðavirkjun, fsp. RG, 123. mál, þskj. 123.

7. Tilraunir með vindmyllur, fsp. RG, 124. mál, þskj. 124.

8. Orkuvinnsla til vetnisframleiðslu, fsp. RG, 125. mál, þskj. 125.

9. Grunnafjörður, fsp. ÞSveinb, 218. mál, þskj. 221.

Til félagsmálaráðherra:

10. Langtímaatvinnuleysi, fsp. SJS og KolH, 80. mál, þskj. 80.

11. Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, fsp. ÞBack og MF, 233. mál, þskj. 239.

Til umhverfisráðherra:

12. Vatnajökulsþjóðgarður, fsp. RG, 121. mál, þskj. 121.

13. Þjónustugjöld á náttúruverndarsvæðum, fsp. ÁMöl, 221. mál, þskj. 224.

Til samgönguráðherra:

14. Æfingaaksturssvæði, fsp. GÁS, 257. mál, þskj. 275.

15. Notkun risabora við jarðgangagerð, fsp. HilmG, 292. mál, þskj. 315.

Til fjármálaráðherra:

16. Þungaskattur á orkugjöfum, fsp. SJS, 186. mál, þskj. 186.

Til menntamálaráðherra:

17. Lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins, fsp. MÁ, 119. mál, þskj. 119.

18. Símenntun, fsp. MÁ, 133. mál, þskj. 133.

19. Fiskvinnslunám, fsp. SigurjÞ, 150. mál, þskj. 150.

20. Útvarp á öðrum málum en íslensku, fsp. MÁ, 166. mál, þskj. 166.

21. Stúdentspróf af iðn- og starfsgreinabrautum, fsp. KJúl, 185. mál, þskj. 185.

22. Tónlistarnám, fsp. BjörgvS, 187. mál, þskj. 187.

23. Aðsókn að Háskóla Íslands, fsp. KJúl, 219. mál, þskj. 222.

Til dómsmálaráðherra:

24. Gjafsókn, fsp. JBjart, 167. mál, þskj. 167.

25. Lögfræðiaðstoð við þolendur heimilisofbeldis, fsp. JBjart, 255. mál, þskj. 273.

26. Styrking efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, fsp. JóhS, 281. mál, þskj. 303.

27. Reiknilíkan fyrir rekstur sýslumannsembætta, fsp. MF, 305. mál, þskj. 333.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.

Afturköllun þingmáls.

[12:01]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Borist hefur eftirfarandi tilkynning frá hv. 8. þm. Norðvest., Jóni Bjarnasyni:

Hér með kalla ég aftur fyrirspurn mína, áætlunarflug til Sauðárkróks og Siglufjarðar, 140. mál, þskj. 140.

Tilkynning um dagskrá.

[12:01]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess að af óviðráðanlegum orsökum verður að gera nokkrar breytingar á dagskránni þannig að dagskránni eins og hún liggur fyrir prentuð á borði þingmanna verður ekki fylgt nákvæmlega. Hægt verður að segja nánar til um þessa tilhögun þegar líður á fundinn.

Byggð og búseta í Árneshreppi.

Fsp. JBjarn, 213. mál. — Þskj. 215.

[12:02]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti.Hinn 15. mars 2003 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu sem kvað á um að fela ríkisstjórninni að setja á stofn nefnd er ynni að gerð tillagna um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu á grundvelli samþykktar norrænu ráðherranefndarinnar frá 12. nóvember 1996 og leita eftir víðtæku samstarfi heimamanna og félagasamtaka í þeim tilgangi.

Umhverfisnefnd hnykkir á samhljóða áliti sínu til þingsins þannig, með leyfi forseta:

„Árneshreppur á Ströndum er á margan hátt einstök jaðarbyggð, landfræðilega afmarkaður, nokkuð þéttbýll, auk þess sem þar er að finna fjölbreyttar minjar um búsetu, atvinnuhætti og sögu þjóðarinnar.“

Mál þetta átti sér nokkurra ára aðdraganda en norræna ráðherranefndin samþykkti hinn 12. nóvember 1996 framkvæmdaáætlun um verndun menningararfs og nálgast þannig á sértækan hátt aðgerðir til stuðnings verðmæta sem felast í byggðinni. Sett var það markmið að stuðla að varðveislu norrænnar strandmenningar með því að draga fjölbreytileika hennar og ríkidæmi fram í dagsljósið og unnið samkvæmt þeirri meginreglu að setja markið eins hátt og aðstæður leyfa, segir í skýrslunni. Landvernd undir forustu þáverandi formanns Jóns Helgasonar bar málið fram við stjórnvöld og heimamenn.

Hinn 19. nóvember árið 2003 sagði þáverandi hæstv. forsætisráðherra Davíð Oddsson í svari við fyrirspurn minni um þetta mál að Byggðastofnun hefði verið falið að annast skipun nefndar er ynni að gerð tillagna um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu í samræmi við fyrrnefnda þingsályktun. Byggðastofnun var einnig falið að hafa umsjón með störfum nefndarinnar. Þá var þess óskað við skipun nefndarinnar að störfum yrði hraðað sem kostur væri og að hún skilaði tillögu til iðnaðarráðherra eigi síðar en í lok sl. maímánaðar.

Þessi atriði komu fram í svari þáverandi forsætisráðherra. Og áfram sagði hann að það hefði verið ánægjulegt hversu mikil samstaða var á Alþingi um þetta mál og að Árneshreppur, mannlífið þar og forsagan öll, hefði mikla og sérstaka þýðingu og því væri mikivægt að vernda það mannlíf og samfélag sem þarna er um að ræða.

Í fyrrnefndu svari lýsti forsætisráðherra enn fremur þeirri skoðun að ríkisvaldið hefði hvorki efni né ástæður til að draga lappirnar í þessu máli. Eigi að síður hefur ekkert bólað á tillögum umræddrar nefndar. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson:

Hvað líður störfum nefndar sem ríkisstjórninni var falið að setja á stofn samkvæmt fyrrgreindri þingsályktun og var ætlað að gera tillögur „um aðgerðir til verndunar búsetu og menningarlandslags í Árneshreppi í Strandasýslu“?

[12:05]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Því er til að svara að forsætisráðherra fól iðnaðar- og viðskiptaráðherra að annast framkvæmd þessarar þingsályktunar. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda fól síðan iðnaðar- og viðskiptaráðherra Byggðastofnun í nóvember 2003 að annast skipun umræddrar nefndar og hafa umsjón með störfum hennar.

Nefndin hefur lokið störfum og Byggðastofnun hefur alveg nýlega skilað iðnaðar- og viðskiptaráðherra tillögum sínum. Í greinargerð flutningsmanna með áðurnefndri þingsályktun er nefndinni gefin allítarleg leiðsögn, m.a. er ætlast til að nefndin móti tillögur sínar á grundvelli samþykktar norrænu ráðherranefndarinnar frá 12. nóvember 1996 um framkvæmdaáætlun um verndun menningarumhverfis. Þess vegna verður að skoða niðurstöðu nefndarinnar í því ljósi.

Það má skipta tillögum nefndarinnar í þrjá flokka, í fyrsta lagi samfélagslegar aðgerðir. Þar má nefna tillögu um að hafnar verði strax búsetugreiðslur til íbúa í Árneshreppi sem eru þar með lögheimili og fasta búsetu. Skal greiðslan nema 60% af persónuafslætti og greiðast mánaðarlega til allra einstaklinga 16 ára og eldri. Einnig má nefna tillögu um að auka niðurgreiðslur á rafmagni sem einnig nái til eigenda sumarhúsa á svæðinu.

Í annan stað eru tillögur sem ætlaðar eru til að efla atvinnulíf í héraðinu, m.a. er lagt til að sjávarútvegsráðuneytið úthluti aflaheimildum í Árneshreppi til næstu fimm ára sem hreppsnefndin endurúthlutar síðan til útgerðaraðila í Árneshreppi. Enn fremur að unnið verði að sértækum markaðsaðgerðum með sauðfjárafurðir úr Árneshreppi og leitað að nýjum tækifærum í landbúnaði.

Loks eru tillögur um að efla menntun og menningu í héraðinu. Þar er m.a. lagt til að komið verði upp fullkominni aðstöðu til fjarnáms í Finnbogastaðaskóla með myndfundabúnaði og tengingu við FS háhraðanet framhaldsskólanna til kennslu við grunnskólann og til fræðslu og námskeiðahalds fyrir almenning. Sumar þessara tillagna eru þess eðlis að framkvæmd þeirra kallar á umdeildar ákvarðanir, á löggjöf, bæði á sviði skatta og sjávarútvegsmála, sem ekki hafa verið taldar heppilegar og framkvæmanlegar fyrir eitt einstakt byggðarlag. Þar hafa komið til önnur úrræði eins og greiðslur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og úthlutun aflaheimilda til afmarkaðra svæða víðs vegar á landinu. Aðrar tillögur eru mun auðveldari viðfangs. Þar má nefna betrumbætur á vegasambandi innan hreppsins, gerð úttektar á framboði á ferðaþjónustu í Árneshreppi og þörfum ferðamanna sem heimsækja Árneshrepp og að kanna leiðir til að efla menntun og menningu eins og áður hefur fram komið.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra mun vinna áfram að þessu máli, fara yfir framkomnar tillögur og leggja mat á hvernig stjórnvöld geti stuðlað að því að gera búsetu í Árneshreppi bæði auðveldari og eftirsóknarverðari en nú er.

[12:08]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin og þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu máli. Ég fagna því auðvitað að nú liggi þessi niðurstaða nefndarinnar fyrir. Ég hafði dálitlar áhyggjur af því hvernig til tókst í upphafi. Það gekk mjög illa að koma

þessari nefnd í fyrsta lagi á laggirnar og síðan af stað en aðalatriðið er auðvitað að nú hefur hún lokið störfum og lagt fram hugmyndir sínar.

Ég treysti mér ekki hér og nú til að taka efnislega afstöðu til þessara hugmynda enda er ég að heyra af þeim núna í fyrsta skipti. Margt af þeim er nokkuð nýstárlegt en þá ber líka að geta þess að tillagan var það sjálf á allan hátt. Eins og hæstv. þáverandi forsætisráðherra vakti athygli á var mjög sérstakt að gera ályktun af þessu taginu en það var líka athyglisvert að um þetta mál var algjör samstaða í þinginu. Ég er alveg sannfærður um að það endurspeglar það að menn vilja gera sérstakar aðgerðir af sérstöku tagi fyrir þennan hrepp, fyrir þetta sveitarfélag. Ég lít þannig á að viðbrögð hæstv. forsætisráðherra séu lofandi í þeim efnum og að hæstv. forsætisráðherra vilji standa við bakið á þessu. Við gerum okkur grein fyrir því að við munum fara ótroðnar slóðir í þessari tillögugerð en það verður að vera svo.

[12:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér þykja þær upplýsingar sem hæstv. forsætisráðherra færir okkur úr þessari vinnu vera mjög merkilegar. Ég tel að þarna séu komnar fram tillögur sem munu a.m.k. vekja mikla umræðu. Það er alveg hárrétt hjá hæstv. forsætisráðherra að þær leiðir sem þarna er bent á eru sumar mjög umdeilanlegar. Hugsanlega standast þær ekki allar vegna jafnræðisákvæða sem við þurfum að fara eftir og eru nefnd í stjórnarskrá og lög. Ég held hins vegar að við eigum að skoða þetta.

Eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði hérna áðan þurfum við að fara ótroðnar slóðir. Þarna er um sérstakar aðstæður að ræða og við þurfum sérstök úrræði. Ég er reiðubúinn til að taka þátt í að skoða það alveg sérstaklega hvort hægt sé að gera ákveðna tilraun á þessum stað til að bæta og styrkja mannlífið með þessum aðgerðum. Sérstaklega fagna ég þeim hugmyndum sem eru þarna um sérstaka úthlutun kvóta sem bundinn yrði þessu svæði.

[12:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna því að þessi mál eru tekin upp og við þeim hreyft. Erindi mitt er fyrst og fremst að hvetja til þess að hlutunum verði síðan fylgt eftir. Satt best að segja hefur farið talsvert mikill tími í þetta starf frá því að menn urðu blessunarlega mjög sammála og þverpólitísk samstaða varð um það á þingi að ríkið efni væru til að grípa til sérstakra ráðstafana til að styðja við bakið á byggðinni í Árneshreppi. Hún er á margan hátt einstakur útvörður og það eru full efni til þess að grípa þar til sértækra aðgerða. Ef það er ekki hægt vegna einhverra evrópskra reglusetninga eða af öðrum ástæðum að grípa til sértækra ráðstafana til að hlúa að búsetu og varðveita þá menningu sem með henni er geymd í Árneshreppi á Ströndum spyr ég: Hvar er einhvers staðar eitthvað hægt að gera?

Ég held að menn eigi að vinda sér í það að hrinda því í framkvæmd sem þarna er lagt til, a.m.k. því sem ekki er mjög umdeilt, og gera það fyrr en seinna.

[12:12]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég fagna því í sjálfu sér að þessar tillögur skuli loksins líta dagsins ljós eftir allan þennan tíma. Ég leyfi mér að vitna til orða hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra sem sagði í þessari umræðu fyrir um það bil ári, með leyfi forseta:

„Án þess að ég ætli að fara að líkja íslenska stjórnkerfinu við almættið, þá er mér óhætt að minna á að myllur guðs mala hægt en mala vel og ég er sannfærður um að þó að málið hafi farið allan þennan farveg sem lýst var, þá er ríkur vilji ekki bara hjá stjórnkerfinu, heldur veit stjórnkerfið um að ríkur vilji er hjá Alþingi til að vinna því gagn. Ég tel að sú samstaða sem náðist um þingsályktunartillöguna hafi verið afar sérstæð í þinginu og mikilvæg þannig að ríkisvaldið í hvaða mynd sem það er statt hefur hvorki efni né ástæðu til að draga lappirnar hvað þetta mál varðar."

Ég skora á hæstv. núverandi forsætisráðherra að taka þetta mál upp á arma sína og ekki láta það velkjast í kerfinu með þeim hætti sem við höfum hér mátt horfa á. Enda er gert ráð fyrir því í tillögum nefndarinnar að forsætisráðherra hafi forsjá í þessu máli. Það er eitt fyrsta paragraf í tillögu nefndarinnar. Ég skora því á hæstv. forsætisráðherra að víkja sér ekki undan þessari ábyrgð, og bara taka hana. Vangaveltur í önnur ár til geta verið vangaveltur fullkomlega um það sem liðið er.

Ég get ekki annað en lokið þessum orðum mínum með því að skora á forsætisráðherra að láta þetta ekki lengur velkjast. Við erum að ganga frá fjárlögum og þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að grípa til og kosta peninga verða að koma inn á fjárlög næsta árs. Þetta á ekki að þurfa að velkjast í kerfinu þennan tíma ef sá vilji er til sem Alþingi hefur líka lýst yfir.

[12:14]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þetta mál er ekkert að velkjast í kerfinu. Það er verið að vinna að því í fullri alvöru. Ég vil fyrir mitt leyti, miðað við þá þekkingu sem ég hef á aðstæðum í Árneshreppi, segja að ég tel uppbyggingu vegakerfisins mikilvægasta af öllu. Það er víða mjög slæmt. Ég veit ekki til þess að það hafi verið sérstakt forgangsverkefni í Norðvesturkjördæmi. Ég tel að þar þurfi að að verða breyting á. Ég hef farið þarna um nokkrum sinnum og tel að að hluta til séu vegarkaflar á þessu svæði með eindæmum, miðað við það sem annars staðar gerist á byggðu bóli. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt, ekki bara út af byggðinni heldur líka út af aðgangi ferðamanna að þessu svæði. Þetta svæði er ein af mestu náttúruperlum þessa lands og jafnframt tel ég að ýmislegt sem varðar menningu og menntun á svæðinu, eins og fjarnám og annað slíkt, eigi að hafa forgang.

Ég bendi á að tillögur sem varða grundvallarbreytingu á skattalögum að því er varðar búsetustyrki þurfa mun meiri umræðu og umhugsun. Ég dró það sérstaklega fram. Hið sama gildir um sérstaka úthlutun á fisveiðiheimildum til viðbótar við þær sérreglur sem við höfum sett um þau mál.

Ég benti á að ég teldi að þau umdeildu atriði ættu ekki að þurfa að tefja fyrir þessu máli að öðru leyti.

Lágmarkshlutfall kynja í stjórnum hlutafélaga.

Fsp. JóhS, 90. mál. — Þskj. 90.

[12:17]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í nýlegu svari fjármálaráðherra til mín um kynjahlutföll í stjórnum lífeyrissjóðanna kom fram að hlutur karla í stjórnum tíu stærstu lífeyrissjóðanna og í stjórnunarstöðum væri tæplega 91% og hlutur kvenna innan við 10%. Það olli vonbrigðum að hæstv. fjármálaráðherra þætti engin ástæða til aðgerða eða til að lögfesta reglur um kynjahlutföll í stjórnum lífeyrissjóðanna.

Í annarri fyrirspurn til fjármálaráðherra um kynjahlutföll í stjórnum hlutafélaga kemur fram að í 50 stærstu hluta- og einkahlutafélögum sitja 246 einstaklingar, þar af 231 karl og 15 konur. Karlar eru því samtals tæplega 94% af stjórnarmönnum 50 stærstu hlutafélaganna á atvinnu- og fjármálamarkaði en konur rétt rúmlega 6%.

Í Noregi hefur hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja aukist eftir ákvörðun þarlendra stjórnvalda fyrir ári og er nú 19,3%. Markmiðið er að 40% stjórnarmanna verði konur fyrir mitt ár 2005. Náist ekki það markmið verða sett lög þar um sem taka gildi um mitt ár 2007 og taka til 600 stærstu skráðu fyrirtækjanna í Noregi. Í Svíþjóð hafði fyrrverandi jafnréttisráðherra, Margareta Winberg, ætlaði að beita sér fyrir lagasetningu um að lágmark 25% kvenna sætu í stjórnum sænskra fyrirtækja fyrir árslok 2004. Nýlega kom fram að ekki lægi ljóst fyrir hvort nýr jafnréttisráðherra, Mona Sahlin, mundi halda sama striki en ekkert bendir til annars en að í Svíþjóð komi einnig til lagasetningar.

Svör fjármálaráðherra á Alþingi staðfesta að hér þarf að grípa til róttækra aðgerða til að auka hlut kvenna í stjórnum fyrirtækja í atvinnulífi og hjá lífeyrissjóðum. Lífeyrissjóðirnir verða að svara fyrir það hvers vegna hlutur kvenna í stjórnum þeirra er svo rýr. Auðvitað er brýnt að konur hafi mótandi áhrif í lífeyrissjóðunum, ekki síður en karlar. Breyti lífeyrissjóðirnir ekki sjálfir samþykktum sínum um hvernig vali á stjórnarmönnum skuli háttað verður að setja lög sem tryggja aukinn hlut kvenna í stjórnum lífeyrissjóðanna.

Það er full ástæða til að breyta hlutafélagalögunum og koma á kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja. Það er jákvætt og knýjandi að viðhorf kvenna hafi meiri mótandi áhrif en hingað til við stjórnun fyrirtækja í atvinnulífi og á fjármálamarkaði.

Því er hæstv. ráðherra spurður, virðulegi forseti, eftirfarandi spurningar:

„Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir lagabreytingum um tiltekið lágmarkshlutfall af hvoru kyni í stjórnum hlutafélaga?“

[12:19]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrirspurn háttvirts þingmanns er um mikilvægt mál sem snertir bæði hugsanlegar breytingar á löggjöf um hlutafélög og einnig jafnréttismál almennt, sem eru raunar á verkefnasviði hæstv. félagsmálaráðherra sem er ráðherra jafnréttismála.

Í viðskiptaráðuneytinu hefur málið nú þegar verið skoðað með opnum hug. Fyrr á árinu var tekið saman stutt yfirlit um stöðu mála annars staðar á Norðurlöndum með tilliti til hugsanlegra aðgerða svo sem ég vík nánar að síðar.

Þá hef ég þann 12. október síðastliðinn, sem lið í stefnumörkunarstarfi ráðuneytisins og í samræmi við þingsályktun um jafnréttismál til næstu fjögurra ára, skipað nefnd sem kanna mun hvort unnt sé að fjölga konum í stjórnum fyrirtækja, m.a. með breytingu á löggjöf á sviði viðskiptaráðuneytisins. Hlutverk nefndarinnar, sem Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, er formaður fyrir og þar sem konur eru fjórar af sex nefndarmönnum, er að skoða hvernig auka megi tækifæri kvenna í forustu íslenskra fyrirtækja.

Nefndin skal m.a. kanna hvort önnur lönd hafi gripið til ráðstafana í þessu skyni og bera saman stöðu kvenna í atvinnulífinu hér á landi og í nágrannaríkjunum. Hlutverk nefndarinnar er mikilvægt. Í því sambandi má hafa í huga að meiri hluti nýrra háskólamenntaðra sérfræðinga eru konur og þær hasla sér völl í atvinnulífinu í síauknum mæli. Konur eru samt enn sem komið er afar fáséðar í yfirstjórn íslenskra fyrirtækja. Þrátt fyrir að margt bendi til að það muni breytast með aukinni þátttöku vel menntaðra kvenna í atvinnulífinu eru samt sem áður hindranir í vegi fyrir því að konur veljist til forustu í stórum fyrirtækjum. Í dag er t.d. engin kona forstjóri í um 40 skráðum fyrirtækjum í Kauphöll Íslands og mjög fáar konur stjórnarmenn.

Niðurstöður nefndarinnar og tillögur verða athugaðar gaumgæfilega með jákvæðu hugarfari þegar þær berast.

Til fróðleiks vil ég nefna til hvaða aðgerða hefur verið gripið annars staðar á Norðurlöndum til að fjölga konum í stjórnunarstöðum í fyrirtækjum. Almennt má segja að Svíar og Norðmenn hafi gripið til lagasetningar. Í Danmörku og Finnlandi eru í gildi lög um kynjahlutföll í opinbera geiranum en í báðum löndum hafa verið valdar aðrar leiðir en lagasetning til að ná sama markmiði í einkageiranum.

Ég vil fjalla aðeins nánar um Noreg. Í desember 2003 voru samþykktar í Noregi lagabreytingar sem miða að því að fjölga konum í stjórnum fyrirtækja. Með lögunum voru gerðar breytingar á reglum félagaréttar um samsetningu stjórna í öllum opinberum fyrirtækjum. Gerðar eru kröfur um að kynjahlutfall í stjórnum fyrirtækjanna sé í megindráttum þannig að að minnst 40% stjórnarmanna séu af hvoru kyni. Lögunum verður framfylgt á grundvelli almennra reglna um hlutafélög þannig að ef sú stjórn sem tilkynnt er til hlutafélagaskrár uppfyllir ekki lagaskilyrði um kynjahlutfall og félagið nýtir ekki rétt sinn til að leiðrétta það getur það leitt til þess að félagið verði leyst upp. Lögin tóku gildi 1. janúar 2004.

Lagðar voru til samsvarandi reglur fyrir stjórnir norskra hlutafélaga í einkaeigu en ákveðið að ekki yrðu gerðar breytingar á lögunum þar að lútandi nema að markmiðið um kynjahlutföll í stjórnum næðist ekki á árinu 2005 án lagasetningar. Er því gert ráð fyrir að mat á því hvort þörf sé á lagasetningu varðandi hlutafélög í einkaeigu fari fram miðað við stöðu mála 1. júlí 2005. En þá má ætla að flest hlutafélög hafi haldið aðalfundi og kosið í stjórnir. Ef lög um kynjahlutföll í stjórnum hlutafélaga í einkaeigu verða sett er gert ráð fyrir tveggja ára aðlögunartíma fyrir félög

sem þegar hafa verið skráð, þ.e. til ársins 2007.

Ekki er lagt til að í Noregi verði settar reglur um kynjahlutföll í stjórnum hlutafélaga í einkaeigu. Þótti slík lagasetning óþörf þar eð flest einkahlutafélög eru fjölskyldufyrirtæki og eigendurnir sjálfir sitja í stjórnum félaganna.

Þar eð lögin hafa aðeins verið í gildi nokkra mánuði er enn ekki unnt að segja til um áhrif þeirra. Norska ríkisstjórnin hefur hins vegar unnið að jafnara kynjahlutfalli í stjórnum félaga síðan 2002 og hefur nú þegar náð markmiði sínu um 40% kynjahlutfall í stjórnum ríkisfyrirtækja. Þá hefur ríkisstjórnin boðið samtökum á sviði viðskipta- og atvinnulífs til samvinnuverkefnis með það að markmiði að fjölga konum í stjórnum hlutafélaga í einkaeigu.

[12:24]

Sigríður Ingvarsdóttir:

Herra forseti. Þegar horft er til stöðu kvenna á Íslandi í dag blasir við sorgleg staða. Hagstofan hefur gefið út ritið „Konur og karlar 2004" en þar koma ýmsar athyglisverðar staðreyndir fram varðandi raunverulega stöðu kynjanna. Konur eru í minni hluta í áhrifastöðum næstum hvert sem litið er. Þær eru tæpur þriðjungur þingmanna og sveitarstjórnarmanna, fjórðungur ráðherra og tæplega fimmtungur framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Þá eru konur 29% þeirra sem sitja í opinberum nefndum og ráðum ríkisins og um fimmtungur forstöðumanna ríkisstofnana.

Konur koma lítt við sögu í stjórnum samtaka atvinnulífsins og helstu fyrirtækja á markaði og stjórnir launþegasamtaka endurspegla almennt ekki kynjaskiptingu á meðal félagsmanna. 79% forstöðumanna ríkisstofnana eru karlar. Í 300 stærstu fyrirtækjum landsins eru níu konur forstjórar en 291 karlmaður. Staðreyndirnar tala sínu máli, jafnréttið ríkið hér ekki í reynd.

[12:25]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Valdastaða kvenna, hvort heldur á almenna markaðnum eða innan opinberra stofnana, er fremur bágborin. Það þarf að leita leiða til þess að styrkja hana. Eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur komu mjög athyglisverðar staðreyndir fram í svari hæstv. fjármálaráðherra nýverið um stöðu kvenna innan hlutafélaga. Það er ljóst að það þarf að gera mun betur en staðan segir til um.

Ég hef hins vegar ákveðnar efasemdir um þá leið sem háttvirtur þingmaður spurði eftir. Ég held að fyrirtækin þurfi að gera sér grein fyrir því sem þau fara á mis við með því að fá ekki konur til að starfa innan stjórna fyrirtækja. En ég tel að Samtök atvinnulífsins eigi sjálf að setja sér slíkar reglur, sem einn þátt í stjórnunarháttum fyrirtækja, á sama hátt og stjórnvöld hafa sett sér reglur um jafnréttisstefnu hjá opinberum stofnunum. Ég hef ákveðnar efasemdir um þá leið sem farin er í Noregi. Hins vegar er ágætt að skoða hana til að hrista upp í fólki (Forseti hringir.) og átta sig á hvaða leiðir eru færar.

[12:27]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir fyrirspurnina enda mikilvægt umfjöllunarefni á ferðinni. Það hlýtur að vera eitthvert brýnasta réttlætismál sem við tökumst á við í þessu samfélagi að vinna á launamun milli karla og kvenna. Við höfum því miður nýverið fengið sorglegar upplýsingar um stöðnun í þeirri baráttu á síðustu árum og of mikinn og óhóflegan launamun.

Þar hlýtur að ráða miklu um að bæði kynin koma ekki jafnt að yfirstjórn fyrirtækja og forstjórastöðum eins og hér hefur verið rakið. Hins vegar er alveg ljóst að hið opinbera þarf sjálft að taka sig á, eins og áður hefur komið fram, áður en það getur gert kröfur til Samtaka atvinnulífsins eða einkageirans.

En vegna orða hv. þm. Ástu Möller þá er það því miður ekki þannig að atvinnulífið hafi sjálft sett sér reglur (Forseti hringir.) og ég held þess vegna að til skoðunar hljóti að koma, eins og hæstv. ráðherra hefur bent á að hafi verið gert í Noregi, að gefa atvinnulífinu ákveðinn tíma til að taka upp sínar eigin reglur (Forseti hringir.) en grípa til aðgerða ella.

[12:28]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram og fagna svörum hæstv. ráðherra sem eðlilega sýnir fullan skilning á þessu máli, að grípa þurfi til sérstakra aðgerða til að fjölga konum í stjórnum hlutafélaga.

Ég er ósammála háttvirtum þingmanni sem hér talaði og benti á að fyrirtækin ættu sjálf að setja sér markmið í þessu efni og benti í því sambandi á jafnréttisáætlanir hjá opinberum stofnunum. Við þekkjum alveg hvernig þær eru. Þær hafa ekki gengið eftir og fyrirtækin eru langt frá því að ná þeim markmiðum sem þar hafa verið sett. Við þekkjum líka jafnréttislögin, að þar hafa markmiðin ekki náðst fram þrátt fyrir góða viðleitni.

En ráðherrann sýnir á þessu fullan skilning. Það er meira en kollegi hennar, hæstv. fjármálaráðherra, gerir. Hann sér enga ástæðu til aðgerða eða til að lögfesta reglur um kynjahlutföll í stjórnum lífeyrissjóðanna þótt þar sé um sama vandamálið að ræða og hjá hlutafélögunum.

Í öllu því umróti sem nú er í fjármála- og atvinnulífi er veruleg hætta á að enn dragi úr hlut kvenna í stjórnum atvinnu- og fjármálafyrirtækja en nær eingöngu karlar hafa leikið aðalhlutverkin í þeirri gífurlegu tilfærslu á völdum og eignum sem farið hefur fram í þjóðfélaginu að undanförnu og mun halda áfram.

Þess vegna fagna ég því að hæstv. ráðherra ætlar að grípa til þessara aðgerða. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hverjir sitja í stjórnum þeirra nefnda sem hún nefnir, ef það eru stjórnmálaflokkarnir mun stjórnarandstaðan ekki koma líka að því máli? Hvaða tímamörk hefur nefndinni verið sett til að skila niðurstöðu? Einnig vil ég spyrja hana að því hvort við megum eiga von á frumvarpi frá henni á þessu þingi um að lögfesta tiltekið lágmarkshlutfall af hvoru kyni í stjórnum hlutafélaga eins og ráðherra nefnir og ég fagna svörum hennar.

[12:30]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að koma fram

með fyrirspurnina og sýna málinu áhuga á þann hátt.

Hvað varðar nefndina sem ég greindi frá er formaðurinn framkvæmdastjóri Verslunarráðsins. Fulltrúi ráðuneytisins og Samtaka atvinnulífsins er í nefndinni, fulltrúi Félags kvenna í atvinnurekstri og einnig hafa stjórnarflokkarnir, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, hvor sinn fulltrúa. Það er því ekki um, eins og hv. þm. heyrir, fulltrúa frá stjórnarandstöðunni að ræða. (**JóhS:** Hvers vegna ekki?) Það er ákvörðun sem ég tók vegna þess að ég vildi ekki hafa nefndina of stóra og fannst aðalatriðið að þar ættu sæti fulltrúar frá þessum mikilvægu samtökum atvinnulífsins og ég vil leggja áherslu á að best er að fyrirtækin sjái sjálf að sér og fari út í breytingar hvað þetta varðar án þess að á þau verði sett lög. Hins vegar vofir það yfir að ef engin bót verður á hefur löggjafarsamkoman alltaf þann möguleika að setja lög til þess að bæta úr.

Ég vil einnig geta þess að Norðurlöndin hafa haft með sér samstarf á þessu sviði og Norðmenn verið þar í forustu. Eftir nokkra daga er mér boðið að sitja fund Norðurlandaþjóðanna þar sem fjallað verður sérstaklega um þetta málefni. Ég hef ákveðið að sækja þann fund vegna þess að mér sýnist að við getum lært ýmislegt af nágrönnum okkar á þessu sviði, eins og svo oft áður, og ekki síst Norðmönnum. Ég mun því geta sagt hv. þm. einhverjar fréttir af samstarfinu eftir nokkra daga.

Viðskiptahættir tryggingafélaga og banka.

Fsp. JóhS. 314. mál. — Þskj. 342.

[12:32]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í kjölfar þeirrar miklu umræðu sem orðið hefur um niðurstöðu Samkeppnisstofnunar og verðsamráð olíufélaganna, þar sem olíufélögin féflettu almenning um marga milljarða kr. með verðsamráði, hafa ýmsir leitt hugann að því hvort sambærilegir ólöglegir viðskiptahættir tíðkist víðar í atvinnu- og fjármálalífi. Það er út af fyrir sig ekki ný umræða því í gegnum árin hefur oftsinnis verið rætt um þessi mál á þingi og að full ástæða væri til að skoða samkeppnishætti í ýmsum atvinnugreinum og hafa bankar, olíu- og tryggingafélög og flutningastarfsemi oft verið nefnd í því sambandi. Í gegnum árin hefur líka sífellt verið kallað eftir því á Alþingi að Samkeppnisstofnun yrði gert kleift að standa undir sívaxandi verkefnum og að hún gæti ráðist að eigin frumkvæði í sambærilega rannsókn og gerð var með olíufélögin.

Á árinu 1997 var m.a. kallað eftir því við viðskiptaráðherra að gerð yrði athugun á viðskipta- og samkeppnisháttum í banka-, olíu-, trygginga- og flutningsviðskiptum. Sérstök áhersla var lögð á að skoðað yrði hvort haft væri samráð um verð vöru og þjónustu og hvernig hagsmunatengslum og valdasamþjöppun innan þessara atvinnugreina væri háttað. Ítrekað var í skýrslunni að skoðað yrði hvort fyrirtæki í þessum greinum gæti í krafti markaðsstöðu eða verðsamráðs samið um skiptingu markaða eða verðlagningu á vöru og þjónustu.

Nú er komið á daginn að það hefði sparað neytendum einhverja milljarða ef ráðist hefði verið í rannsókn á olíufélögunum árið 1997, eins og kallað var eftir, í stað 2001. Mín skoðun er sú að full ástæða sé til að fara í sambærilega skoðun á viðskiptaháttum banka og tryggingafélaga og nú hefur farið fram á olíufélögunum. Því hefur lengi verið haldið fram að verðsamráð viðgangist innan tryggingafélaganna og full ástæða er líka til að skoða bankana. Bendi ég t.d. á að með ólíkindum er hve gjaldskrá bankanna og þjónustugjöld eru lík á mörgum sviðum og full ástæða til að kanna viðskiptahætti innan þeirra einnig. Ég bendi á að í athugun á tryggingafélögunum fyrir nokkru síðan kom fram að á vettvangi Sambands ísl. tryggingafélaga hefði átt sér stað samstarf sem bryti í bága við samkeppnislög. Ég spyr um samstarfsvettvang bankanna, sem eru samtök banka og verðbréfasjóða, hvort ekki sé ástæða til að skoða nánar hvort samráð á þeim vettvangi sé þess eðlis að það brjóti í bága við samkeppnislög.

Hæstv. viðskiptaráðherra fer með framkvæmd samkeppnislaga en í umboði hennar fer samkeppnisráð, Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála með stjórnsýsluna á því sviði sem lögin ná til. Hæstv. ráðherra hefur því fulla heimild til að leita álits Samkeppnisstofnunar á því hvort ástæða sé til að kanna hvort verðsamráð eða ólöglegir viðskiptahættir tíðkist hjá tryggingafélögum eða í bankakerfinu. Ráðherrann upplýsti sjálf nú nýverið að hún hafi leitað eftir því við Samkeppnisstofnun að þeir skoðuðu olíufélögin og nefndi ártalið 2000 í því sambandi.

Ég sé því ekki annað en að ráðherrann hafi alveg sömu heimild til að leita álits hjá Samkeppnisstofnun um það efni sem hér er spurt um, hvort ekki sé ástæða til að skoða sérstaklega tryggingafélögin og bankakerfið með líkum hætti og gert var við olíufélögin með þeim árangri sem við höfum séð.

[12:36]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr: „Er ráðherra reiðubúinn að leita álits Samkeppnisstofnunar á því hvort ástæða sé til að kanna hvort verðsamráð eða ólöglegir viðskiptahættir tíðkist hjá tryggingafélögunum eða í bankakerfinu, samanber upphafsákvæði 5. gr. samkeppnislaga?“

Svarið er eftirfarandi: Í 1. mgr. 5. gr. samkeppnislaga segir að viðskiptaráðherra fari með framkvæmd laganna en í umboði hans annist samkeppnisráð, Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Umrædd stjórnvöld hafa verið fullkomlega sjálfstæð í öllum störfum sínum allt frá gildistöku laganna, óháð afskiptum stjórnmálamanna.

Ég hef í störfum mínum lagt ríka áherslu á fullkomið sjálfstæði samkeppnisyfirvalda. Með vísan til þess treysti ég samkeppnisyfirvöldum best til að meta hvernig þau skipuleggja störf sín, þar með talið að ákveða hvort ástæða sé til að kanna samkeppnis- og viðskiptahætti einstakra fyrirtækja eða á einstökum mörkuðum. Ég tel því ekki ástæðu til að leita álits Samkeppnisstofnunar á því hvort ástæða sé til að kanna það sem hv. þm. nefnir í fyrirspurn sinni.

[12:37]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Svar hæstv. viðskiptaráðherra kemur

mér sannarlega á óvart, að ráðherrann sé ekki tilbúin til að fylgja eftir vel heppnaðri rannsókn Samkeppnisstofnunar á olíufélögunum. Það hefur verið upplýst að hæstv. ráðherra skrifaði bréf í því sambandi og beindi sannarlega ákveðnum tilmælum til stofnunarinnar og getur auðvitað gert það við tryggingafélögin einnig. Eins og kunnugt er fyrndist sú rannsókn og stóð í nærri sjö ár á þeirri starfsemi og er full ástæða til að skoða það mál sérstaklega.

Samkeppnisstofnun er ekki fullkomlega óháð stjórnmálamönnum. Hún byggir á þeim fjárveitingum sem hún fær frá hæstv. ráðherra. Á fundi fjárlaganefndar í gær upplýsti Georg Ólafsson, forstjóri stofnunarinnar, að stofnunin þyrfti yfir 100 millj. kr. í aukningu til að geta sinnt verkefnum sínum svo sómasamlegt væri og að Samkeppnisstofnun væri með miklu lægri fjárveitingar en stofnanir eins og Póst- og fjarskiptastofnun og fjármálaeftirlit. Maður hlýtur að spyrja hæstv. ráðherra eftir niðurstöðuna í olíumálinu hvort hún ætli ekki að gera stofnuninni kleift að fara í rannsóknir í öðrum atvinnugreinum eins og tryggingafélögum og bönkum.

[12:38]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég lýsi miklum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra og tel ábyrgð hennar mikla hvernig hún svarar málinu, vegna þess að mér finnst það lýsa hálfgerðu sinnuleysi af hálfu ráðherrans. Hæstv. ráðherra getur ekki borið fyrir sig, eins og hún gerir ávallt, sjálfstæði stofnunarinnar sem vissulega er sjálfstæð miðað við þá lagagrein í samkeppnislögum sem ég lýsti áðan og miðað við að ráðherrann upplýsti í fréttum Ríkisútvarpsins 11. nóvember að hún hafi beðið Samkeppnisstofnun að rannsaka hugsanlegt verðsamráð olíufélaganna í október árið 2000, ári áður en stofnunin gerði húsleit hjá félögunum. Hvers vegna getur hæstv. ráðherra ekki gert hið sama varðandi tryggingafélögin og bankana?

Eru ráðherrarnir fyrst og fremst með þessi viðbrögð, eins og hæstv. viðskiptaráðherra, til þess að þurfa ekki að standa undir því sem ávallt er verið að kalla eftir, að búa þannig að Samkeppnisstofnun að hún geti sinnt verkefnum sínum? Fjársvelti hefur háð stofnuninni. Fjársvelti varð til þess að tryggingafélögin voru rannsökuð að hluta til, t.d. hvort samkeppnislög hefðu verið brotin innan Sambands íslenskra tryggingafélaga. Þar var sönnuð sekt en eins og segir í Morgunblaðinu í október var talið að sektin hefði fyrst í höndum Samkeppnisstofnunar af því að það tók hana sjö ár að rannsaka málið. Þetta er ábyrgðarhluti og ég vísa fullri ábyrgð á hendur ráðherra fyrir sinnuleysi í þessum efnum varðandi stöðu Samkeppnisstofnunar, það fjársvelti sem hún hefur þurft að búa við, það vantar 100 millj. kr. til þess að hún geti staðið undir verkefnum sínum og ég blæs á rök (Forseti hringir.) ráðherrans um að hún geti ekki leitað álits hjá Samkeppnisstofnun eins og hefur gert.

[12:41]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. getur talað um sinnuleysi ef henni sýnist svo en ég mótmæli því að um það sé að ræða hvað þetta mál varðar. Ég lét það koma fram í svari mínu áðan að ég legg ríka áherslu á fullkomið sjálfstæði samkeppnisyfirvalda. Ég sagði einnig að ég hefði skrifað ákveðið bréf árið 2000 vegna olíufélaganna. Það má kannski segja að það sé undantekningin sem sannar regluna. Það eru einu afskiptin sem ég hef haft af því hvaða verkefni samkeppnisyfirvöld velja að setja í forgang og hvernig þau vinna. Mér finnst það vera mikið grundvallaratriði að fólkið í landinu geti treyst því að samkeppnisyfirvöld, sem eru fagyfirvöld á þessu sviði og hafa fagþekkingu til að meta markaðinn, vinni af sjálfstæði að málum sínum.

Af því að komið var inn á að stofnunin væri lömuð vegna fjárskorts og það vantaði 100 millj. kr. er það opinbert mál og hv. þm. stjórnarandstöðunnar vita vel að stjórnarflokkarnir hafa tekið þá ákvörðun að stórefla samkeppniseftirlit í landinu og það kostar þó nokkra peninga. Ég ætla ekki að nefna upphæðir í því sambandi en það fjármagn sem fer til samkeppnismála á næstu árum verður verulega aukið með þeim skipulagsbreytingum sem munu eiga sér stað og frumvörp munu birtast á næstu dögum sem sanna það.

Atvinnurekstur í smáum fyrirtækjum.

Fsp. SJS, 95. mál. — Þskj. 95.

[12:43]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Á 128. löggjafarþingi flutti þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum. Tillagan var endurflutt á 130. löggjafarþingi og afgreidd á Alþingi 16. mars 2004 og samþykkt samhljóða ef minni mitt svíkur ekki.

Tillaga þessi felur í sér að ríkisstjórnin vinni framkvæmdaáætlun um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum og markmið þeirra aðgerða verði að auðvelda mönnum að stofna til atvinnurekstrar, hlúa að nýsköpunar- og þróunarstarfi í smáatvinnurekstri og greiða fyrir vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Síðan skal áætlunin fela í sér sérstaka athugun á ýmsum þáttum sem ástæða er til að ætla að geti verið hamlandi í þessu efni og torveldað mönnum að koma á fót atvinnurekstri eða efla hann, svo sem eins og hvað kostar að stofna til atvinnurekstrarins, hvernig aðgengi smáatvinnurekstrar er að fjármagni, nauðsynlegri fjármálaþjónustu og fleira í þeim dúr. Að lokinni þeirri vinnu skal áætlunin lögð fyrir Alþingi til staðfestingar haustið 2005 og þinginu síðan gerð grein fyrir framvindu mála með skýrslu á tveggja ára fresti.

Hér er verið að taka upp mjög sambærileg vinnubrögð og víða tíðkast í löndunum í kringum okkur þar sem með skipulögðum hætti er unnið að því að hlúa að þessum nýgræðingi í atvinnulífinu. Það byggir á þeirri vitneskju manna, sem er orðin tiltölulega óumdeild, að hrygglengjan í sköpun nýrra starfa og ýmiss konar nýsköpun á sér einmitt stað í smáfyrirtækjum og í vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Í framhaldi af samþykkt Alþingis í marsmánuði sl. þykir

mér ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra hvernig undirbúningnum miði.

1. Hvernig hefur verið háttað undirbúningi að gerð framkvæmdaáætlunar um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum í framhaldi af ályktun Alþingis þar um hinn 16. mars sl.?

2. Er hafin athugun á þeim þáttum sem tillagan gerir ráð fyrir að verði kannaðir sérstaklega og ef svo er, hvernig er þá að slíku staðið?

3. Er þess að vænta að tímaáætlun um framlagningu málsins haustið 2005 standist?

[12:46]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Svar við fyrstu spurningunni er á þessa leið:

Unnið hefur verið að margvíslegum aðgerðum til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum hér á landi, enda falla flest íslensk fyrirtæki innan þess ramma að teljast til þessa flokks. Aðgerðir stjórnvalda og ráðuneytis á þessu sviði á umliðnum árum og missirum má því skilgreina sem framkvæmdaáætlun á þessu sviði. Fjölbreytt starf er innt af hendi er varðar fyrirtæki á þessu sviði innan stofnana svo sem Impru, nýsköpunarmiðstöðvar, Iðntæknistofnunar, rannsóknarstofnana, atvinnuþróunarfélaga og annarra sem að þessum málum koma. Þetta varðar margvísleg verkefni og stuðning við frumkvöðla, einstaklinga og fyrirtæki.

Impra, nýsköpunarmiðstöð er miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og lítil fyrirtæki og er deild innan Iðntæknistofnunar en hefur jafnframt skrifstofur í Reykjavík og á Akureyri. Með starfseminni er miðað að mótun stuðningsverkefna sem stuðla að bættum rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja og framgangi viðskiptahugmynda. Auk þess er Impra vettvangur samstarfs íslenskra og erlendra frumkvöðla og lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Einnig er stofnunin ráðgjafi stjórnvalda um stuðningsaðgerðir við nýsköpun og bætt rekstrarskilyrði og rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Hjá Impru er einnig aðsetur Félags kvenna í atvinnurekstri, hjá Impru er á einum stað hægt að leita aðstoðar um allt sem viðkemur viðskiptahugmyndum og almennum rekstri fyrirtækja, hægt er að leita til sérfræðinga á ýmsum sviðum um leiðsögn og upplýsingar varðandi mismunandi þætti hugmynda og reksturs. Jafnframt eru gefin út leiðbeiningarit og fylgst náið með því sem er að gerast hérlendis og erlendis fyrir frumkvöðla og fyrirtæki.

Meðal verkefna á árinu 2003–2004 sem rekin eru af Impru eru m.a. nýsköpun í starfandi fyrirtækjum, 14 verkefni, skrefi framar, ráðgjafarverkefni, 20 verkefni, vöruþróun í starfandi fyrirtækjum, 27 verkefni, frumkvöðlastuðningur, 55 verkefni, átak til atvinnusköpunar, 118 verkefni, og samstarfsverkefni með atvinnuþróunarfélögum, 11 verkefni.

Í nóvember verður undirritaður samstarfssamningur milli Impru og Byggðastofnunar um kynningu á klasasamstarfi og stuðningi við fyrirtæki á landsbyggðinni sem vilja byggja upp klasa. Í tengslum við það samstarf mun fljótlega koma út rit um klasa en jafnframt hefur verið unnið að úttekt á samstarfi fyrirtækja á landsvísu og tækifærum í því sambandi.

Árið 2003 voru undirritaðir nýir samningar Byggðastofnunar við átta atvinnuþróunarfélög um verkefni á sviði atvinnu- og byggðaþróunar. Er tilgangurinn sá að gera samningana markvissari og gegnsærri. Jafnframt því að gerðir voru nýir samningar við félögin voru greiðslur til þeirra hækkaðar frá því sem verið hafði. Öll þessi starfsemi gefur glöggt til kynna að áherslur og verkefni er tengjast atvinnurekstri hjá smáum og meðalstórum fyrirtækjum hafa verið í forgangi hér á landi.

Á heimasíðu Impru, Iðntæknistofnunar og atvinnuþróunarfélaga má sjá yfirlit um þessa starfsemi.

Svar við spurningu nr. 2: Ýmsar athuganir hafa staðið yfir á mörgum þeirra þátta sem tillagan gerir ráð fyrir. Þær stofnanir og aðilar sem hvað mest sjá um starf á þessu sviði svo sem Iðntæknistofnun, Impra, atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni o.fl. hafa haft umsjón með verkefnum og starfi á þessu sviði. Þess má einnig geta að með EES-samningnum gefst Íslandi kostur á að taka þátt í samevrópskum rannsóknum sem gefið hafa mikilvægar samanburðarupplýsingar sem ekki er tími til að skýra nánar hér. Ísland hefur einnig tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknum á sviði samkeppnishæfni sem varðar þessi fyrirtæki. Hafi ekki farið fram einhver rannsókn sem tiltekin er í ályktun Alþingis verður stefnt að því að slíkt verði gert.

Við spurningu nr. 3 er svarið já. Eins og komið hefur fram eru ýmsar áherslur þingsályktunartillögunnar þegar komnar til framkvæmda í þeirri fjölbreyttu starfsemi sem nefnd hefur verið hér að framan til að auðvelda starf frumkvöðla og lítilla og meðalstórra fyrirtækja og frekari verkefni eru jafnramt fyrirhuguð. Stefnt er að því að gera Alþingi grein fyrir starfi þessu haustið 2005.

[12:51]

Hilmar Gunnlaugsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessari umræðu um aðstæður smárra og meðalstórra fyrirtækja. Ég vil nota tækifærið og benda á að þó að verið sé að gera marga góða hluti getur ríkið gengið fram og leiðrétt ansi mikið óréttlæti sem á sér stað núna hjá þessum aðilum sérstaklega. Er ég þá að vísa til álags á staðgreiðsluskatt og virðisaukaskatt þar sem ríkið tekur 365% vexti af vanskilum í 10 daga fyrir utan dráttarvexti og fyrir utan allar refsingar sem gilda um þetta. Það eru lítil og meðalstór fyrirtæki sem lenda í þessum vanskilum og þurfa því að greiða þetta álag.

Ég vil benda á að ég hef lagt fram fyrirspurn til skriflegs svars til fjármálaráðherra um fjárhæð þessa álags og vona að svar komi við henni fljótlega en með þessu móti væri hægt að bæta hag þessara aðila verulega.

[12:52]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þingmönnum fyrir þátttöku í umræðunni. Það er út af fyrir sig alveg ljóst að ef notaðar eru hinar evrópsku skilgreiningar á því hvað skuli teljast lítil eða meðalstór fyrirtæki, það sem upp á ensku er kallað SME eða „small and medium-sized enterprises“, falla velflest íslensk fyrirtæki

undir það. Það er auðvitað nauðsynlegt að menn hafi hugtakanotkun hér á hreinu og skýra og kannski væri ágætt svona til heimabrúks að við Íslendingar byggjum okkur til einhverjar aðrar viðmiðanir. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni sem hér er spurt út frá var einmitt bent á þann möguleika að við hefðum kannski að einhverju leyti aðrar *viðmiðanir þegar við skilgreindum, miðað við* íslenskan veruleika, hvað við teldum vera lítil og meðalstór fyrirtæki í atvinnulífi okkar. Hins vegar er ljóst að hin evrópska skilgreining og reglugerð Evrópusambandsins um þetta gerir það að verkum að okkur er heimilt að grípa til ýmissa sértækra ráðstafana til stuðnings fyrirtækjum svo fremi að þau falli undir þær skilgreiningar að teljast lítil eða meðalstór á evrópska vísu. Það opnar svigrúm til aðgerða sem ella væru ekki til staðar nema þá í þeim tilvikum að fyrirtækin séu jafnframt á svonefndum byggðaþróunarsvæðum.

Það er vissulega rétt sem hæstv. ráðherra kom hér inn á að það er búið að gera ýmislegt í þessum efnum, einkum síðustu tvö, þrjú, fjögur árin sem það hefur komist skipulega á dagskrá að sinna sérstaklega málefnum fyrirtækja af þessari stærð. En það sem Alþingi hefur nú ákveðið, og það skiptir miklu í þessu sambandi, er að þessu verði safnað saman á einn stað í framkvæmdaáætlun sem með reglubundnu millibili sé meðhöndluð á Alþingi, að það liggi fyrir sem kallað er á góðri skandinavísku „handlingsplan" um það hvernig stjórnvöld á hverjum tíma eru að vinna að þessum efnum.

Ég legg líka áherslu á þá upplýsingasöfnun sem þarna er fólgin í ákvörðun Alþingis að kortlagðir verði möguleikar fyrirtækjanna, t.d. hvað varðar aðgang að fjármagni og öðru slíku.

Það er fagnaðarefni ef tímaáætlunin stendur og við fáum hér skýrslu um þetta mál haustið 2005 (Forseti hringir.) sem getur þá orðið undirstaða frekari umræðna og umfjöllunar Alþingis um þessi mál.

Háhitasvæði við Torfajökul.

Fsp. RG, 122. mál. — Þskj. 122.

[12:54]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Þannig hagar til að í þessum fyrirspurnatíma er ég með fjórar fyrirspurnir um orkumál og satt best að segja, þó að maður vilji ekki alltaf fá allar fyrirspurnirnar í einu til umræðu, þá er það mjög áhugavert að þessi mál komi til umræðu nú í eins konar smærri virkjanaumræðu þar sem þetta eru svæði sem eru viðkvæm og hafa verið í umræðunni.

Fyrsta fyrirspurnin, sú sem ég mæli fyrir nú, er um háhitasvæðið við Torfajökul og hljóðar svo: Hafa orkufyrirtæki sýnt háhitasvæðinu við Torfajökul áhuga sem virkjunarkosti og, ef svo er, hvaða orkufyrirtæki eru það? Hver er afstaða ráðherra til rannsókna og virkjunar á þessum stað?

Þetta er auðvitað eitt verðmætasta svæðið samkvæmt rammaáætlun en í ársbyrjun 2003 sendi Landsvirkjun frá sér fréttatilkynningu í tilefni af því að umræða varð bæði í fjölmiðlum og á Alþingi um jarðhitarannsóknir á Torfajökulssvæðinu og þar kom fram að Landsvirkjun hefði sótt um rannsóknarleyfi í vesturhluta Torfajökulssvæðis vorið 2002 en einnig að annað orkufyrirtæki hefði sótt um, en báðum hefði verið synjað um rannsóknarleyfi.

Það kom fram að sveitarfélög á svæðinu hefðu áhuga á virkjunaráformum og hefðu í raun og veru tekið virkjunarhugmyndir upp við gerð aðalskipulags. Það vekur auðvitað sérstaka athygli af því að við höfum verið að ræða það að undanförnu með hvaða hætti virkjunaráform komi fyrir Alþingi ef það gerist að svæði eins og Torfajökulssvæðið, svo viðkvæmt og svo hátt uppi á hálendinu sem það er, lendir jafnvel inn í aðalskipulag sveitarfélags.

Það kom líka fram að Orkustofnun hefði gert mælingar á svæðinu fyrir Landsvirkjun og ef ég man rétt fengu fjölmiðlar veður af þessum heimildaráformum úr fundargerð sveitarfélagsins sem á í hlut, sem hlýtur þá að hafa verið Hella, meðan ég hélt og taldi nokkuð öruggt að þetta svæði væri þjóðlenda og spyr ég ráðherra um það.

Ljóst er að þessi mál koma ekki fyrir Alþingi samkvæmt núgildandi lögum og að heimilt verður að gera mat á umhverfisáhrifum í framtíðinni án þess að framkvæmdarleyfi liggi fyrir á svæðinu og vandinn er annars vegar, þegar það er gert, jarðrask, vegagerð og tækjaflutningur, og þegar orðinn er kostnaður vegna rannsókna eykur það mjög þrýsting á framkvæmdir. Ég lít nú til þess hvað hæstv. iðnaðarráðherra hefur að segja.

[12:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrirspurnin sem til mín er beint er svohljóðandi:

„Hafa orkufyrirtæki sýnt háhitasvæðinu við Torfajökul áhuga sem virkjunarkosti og, ef svo er, hvaða orkufyrirtæki eru það? Hver er afstaða ráðherra til rannsókna og virkjunar á þessum stað?"

Svarið er eftirfarandi: Orkufyrirtæki hafa eðlilega sýnt áhuga á rannsóknum og nýtingu háhitans á Torfajökulssvæðinu, enda er hér um að ræða stærsta háhitasvæði landsins. Á árunum 2001 og 2002 bárust iðnaðarráðuneytinu óskir um rannsóknarleyfi með ósk um forgang að nýtingarleyfi á Torfajökulssvæðinu frá Hitaveitu Suðurnesja og Landsvirkjun. Ráðuneytið leitaði umsagnar á þessum umsóknum hjá Orkustofnun í samræmi við lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í bréfi stofnunarinnar kom fram að hún teldi nauðsynlegum undirbúningsrannsóknum sínum ekki lokið en á undanförnum 5–10 árum hefur Orkustofnun lagt nokkra áherslu á rannsóknir á þessu svæði. Raunar hefur stofnunin unnið að rannsóknum við Torfajökul í rúma þrjá áratugi með hléum, enda er hér um að ræða a.m.k. 130 ferkílómetra landsvæði sem telst vera háhitasvæði. Í ljósi þess að nauðsynlegum grunnrannsóknum var ekki lokið á svæðinu svaraði iðnaðarráðuneytið erindi orkufyrirtækjanna á þann veg að beiðni um rannsóknarleyfi með forgang að nýtingarleyfi væri hafnað að svo stöddu.

Afstaða mín til rannsókna á þessu svæði er jákvæð. Ég tel eðlilegt að haldið verði áfram nauðsynlegum virkjana- og náttúrufarsrannsóknum. Í skýrslu um niðurstöður fyrsta áfanga rammaáætlunar var raunar bent á rannsóknir á

Torfajökulssvæðinu sem eitt af helstu verkefnum næsta áfanga rammaáætlunar. Svæðið er mikilvægt, bæði vegna mikillar orkugetu en einnig vegna mikilla náttúruverðmæta og útivistarhagsmuna. Sökum þess hve svæðið er stórt er ekki útilokað að mínu mati að nýta mætti orku þess að nokkru leyti án þess að gengið yrði á verndar- og útivistarhagsmuni en það verða frekari rannsóknir að leiða í ljós.

[13:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í fyrsta lagi held ég að strangt tekið sé kannski ekki rétt að Torfajökulssvæðið sé stærsta háhitasvæði landsins. Það hygg ég að sé í Vatnajökli, Grímsvötn og nágrenni, svo að öllu sé til haga haldið. Kannski má hins vegar segja að Torfajökulssvæðið sé stærsta háhitasvæðið sem er aðgengilegt og ekki þakið ís.

Varðandi hins vegar spurninguna um þetta svæði er mjög tímabært að taka til skoðunar hvort við ætlum t.d. yfir höfuð að bjóða upp á nýtingu á því, jafnmikil verðmæti og þar eru í húfi þar sem eru Landmannalaugar og svæðið allt meira og minna í kringum Torfajökul. Þó að það hljómi voðalega sakleysislega að segja rannsóknir fylgja þeim hlutir sem er ekkert endilega sjálfgefið að leyfa á þessu svæði, eins og umtalsverð vegalögn. Ég tel fyllilega réttmætt að taka til skoðunar hvort Torfajökulssvæðið sé ekki t.d. ein af þeim náttúrugersemum okkar, eins og ýmis fallvötn, fossar og annað slíkt, sem við bara afgreiðum fyrir fram að verði látin ósnortin um aldur og ævi.

[13:01]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég hef hlustað með athygli á hæstv. iðnaðarráðherra og fagna því að hún skuli ekki hafa gefið leyfi til rannsókna með því sem í því felst, og síðasti hv. ræðumaður gerði að svolitlu leyti grein fyrir, meðan grunnrannsóknum er þar ekki lokið af hálfu Orkustofnunar. Það sem vekur athygli mína er hins vegar þetta: Hvaða forsendur gefur ráðherrann sér aðrar en þessar fyrir því að veita leyfi til rannsókna og síðan til virkjunar á þessum stöðum? Við erum með fyrri hluta rammaáætlunar sem hefur verið lokið en í raun og veru hafa aldrei fengist svör við því hvað eigi að gera við hann og síðan hvenær síðari hlutinn fari af stað en fjárveitingar til hans og gangur og áhersla á að hann verði kláraður eru greinilega miklu minni en með fyrri hlutann. Olli þá fyrri hluti þess verks ráðherranum vonbrigðum eða telur ríkisstjórnin þetta verk ekki lengur þess virði að verja til þess fé og starfskröftum?

[13:03]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Svar hæstv. ráðherra var nokkuð í samræmi við það sem ég átti helst von á. Það er auðvitað rétt að þetta svæði er í raun og veru nokkur hitasvæði. Ég man ekki hvort þau eru skilgreind sem fimm eða sex hitasvæði og það má vera að það sé einhver munur á því hversu viðkvæm þau eru.

Ég velti fyrir mér hvar eigi að taka umræðu um það hvort eigi að fara inn á svæðið. Hvar á að taka umræðuna um það hversu fágætt svæðið er og hvort það sé svo fágætt að við hróflum ekkert við því? Þetta er vandinn í hnotskurn, líka varðandi ný lög um umhverfismat, hvar gert er ráð fyrir að þar til bærir aðilar geti heimilað að framkvæmdaaðili fari í umhverfismat, fari inn á svæðið, ýmiss konar rask, vegagerðir og annað það sem getur fylgt með eftir því hvers eðlis svæðið er og eftir að mál hafa farið fram og til baka milli Skipulagsstofnunar og sveitarfélagsins ef það á í hlut. Er hægt að heimila framkvæmd og hvað með stóru orkuframkvæmdirnar sem koma ekki lengur inn á Alþingi? Því spyr ég: Hvar eigum við að taka umræðuna um það hvort okkur finnist eitthvert svæði svo fágætt að við viljum ekki láta hrófla við því, sama hvað rannsóknir segja?

Þetta er vandi Alþingis, tel ég, vegna þess að hjá faghópi 4 sem vann við rammaáætlunina kom fram að virkjun á Torfajökulssvæðinu skæri sig úr með meiri umhverfisáhrif en aðrar jarðvarmavirkjanir. Þar er einmitt talað um fágætisgildi. Mér finnst mjög mikilvægt að það sé rætt á einhverjum tíma frá því að þessar frumrannsóknir hafa farið í gang og þar til hugsanleg leyfi verða veitt. Viljum við yfirleitt vernda þetta svæði?

[13:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Af því að rammaáætlun var nefnd hér er hún einmitt tæki til þess að átta sig á því hvaða virkjanakostir eru álitlegastir, líklegastir, raunhæfastir og bestir fyrir Ísland. Ég vil þá láta það koma fram hér að 2. áfangi er þegar hafinn þannig að það stendur ekki á okkur í því sambandi.

Ég get samt alveg tekið undir það með hv. þingmönnum sem hér hafa talað að þetta er eitt af þeim svæðum sem eðlilegt er að horft sé til sem eins af dýrmætustu svæðum okkar með tilliti til náttúru og umhverfis. Hvar tökum við umræðuna? Ég veit ekki betur en að Alþingi sé alltaf vettvangur umræðu þannig að hér getum við svo sannarlega rætt þessi mál og höfum fleiri tækifæri til þess. Við höfum sett mál í ákveðinn farveg lagalega séð og þau þurfa að fara í gegnum umhverfismat. Fljótlega verður lagt fram frumvarp um það með hvaða hætti við veljum framkvæmdaaðila hverju sinni, bæði hvað varðar vatnsfall og jarðvarma því að vissulega er mikil breyting orðin á þegar Landsvirkjun hefur ekki lengur þær skyldur og þau forréttindi sem hún í raun hefur haft. Nú er þetta orðið opið öðrum fyrirtækjum og þá þurfum við sannarlega að vanda okkur við að móta reglurnar um hvernig framkvæmdaaðilinn skuli valinn hverju sinni.

Ég þakka fyrir þessa umræðu og fyrirspurn því að ég er alveg sammála því að þetta er eitt af stóru málunum.

Villinganesvirkjun og Skatastaðavirkjun.

Fsp. RG, 123. mál. — Þskj. 123.

[13:07]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Aðeins í framhaldi af umræðu um síðasta mál, auðvitað munum við alltaf halda áfram að taka upp mál á Alþingi en það sem ég á við er: Hvernig tryggj-

um við að umræðan sé tekin hinum megin frá, ekki bara um hversu verðmætt sé að virkja heldur hversu verðmætt er að geyma? Það er endalaus umræða.

Hér er ég með fyrirspurn til iðnaðarráðherra:

Hefur verið sótt um rannsóknarleyfi fyrir Skatastaðavirkjun? Hver er staða mála varðandi Villinganesvirkjun annars vegar og hins vegar Skatastaðavirkjun?

Þessi fyrirspurn var að sjálfsögðu komin fram á Alþingi áður en umræðan varð fyrir 3–4 vikum um það að sveitarfélagið hefur ákveðið að setja þessa virkjanir — nú hristir þingmaðurinn höfuðið — ég taldi að niðurstaða hefði verið komin. Að minnsta kosti (**Gripið fram í:** Tillaga.) var tillaga um að setja virkjanirnar á skipulag. Það er þó a.m.k. komin í gang umræða og meiri vitneskja en þegar ég lagði þessa fyrirspurn fram. Alþingi leyfði Villinganesvirkjun sem var 30 megavatta virkjun, og ekki mjög hagkvæm eftir því sem manni heyrist, og mér skilst að hugsanleg Skatastaðavirkjun þurfi ekki að koma fyrir þingið fremur en aðrar slíkar framkvæmdir þannig að það erum þá við sem tökum upp umræðuna hér. Hún kemur ekki sjálfkrafa inn á þingið og því ákvað ég að spyrja hver staðan væri og hvort búið væri að sækja um rannsóknarleyfi fyrir Skatastaðavirkjun.

Hér kom t.d. fram í málflutningi hv. þm. Jóns Bjarnasonar í umræðu um lög um mat á umhverfisáhrifum fyrir stuttu síðan að í raun og veru væri búið að fara með þessa tillögu fyrir Skipulagsstofnun sem hefði fyrir sitt leyti heimilað Villinganesvirkjun. Hann benti á alvarlega vankanta sem væru á því máli um að skoða þyrfti afleiðingar eftir á. Okkur sem vorum í þessum sal við þá umræðu hnykkti mjög við að heyra málflutning þingmannsins og hvort það hefði getað verið eitthvað takmörkuð umfjöllun um málið hvað varðar Villinganesvirkjun sem þegar hefur leyfi frá Alþingi.

Þá er spurningin: Hvernig er með Skatastaðavirkjun? Þetta er líka mjög sérstakt svæði, þessi miklu gljúfur. Annað gljúfur fellur þvert á það gljúfur sem á að virkja. Þetta er mjög fagurt svæði og hrikalegt og þarna mun þetta mál stangast á við ferðaþjónustuna. Það er mjög mikið umhugsunarefni hvar og hvernig hin nýtingin er metin sem felst í að varðveita landið og fara ekki út í virkjanir.

[13:10]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í september sl. óskaði Landsvirkjun eftir því með bréfi til iðnaðarráðuneytisins að fyrirtækið fengi rannsóknarleyfi til 15 ára á vatnasviðum austari og vestari Jökulsár í Skagafirði með fyrirheiti um forgang að nýtingu orkunnar. Þá hefur ráðuneytinu einnig borist sams konar erindi frá Héraðsvötnum ehf. sem er hlutafélag í eigu Rafmagnsveitna ríkisins og heimamanna í Skagafirði þar sem óskað er eftir rannsóknarleyfi fyrir Skatastaðavirkjun.

Erindum þessum hefur verið svarað á þann veg að lagalega sé óhjákvæmilegt annað en að hafna þeim. Í erindum þessum er óskað eftir því að veitt verði rannsóknarleyfi með fyrirheiti um forgang að nýtingu orkunnar ef hún reynist hagkvæm. Í 40. gr. raforkulaga er kveðið á um að lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu gildi um leyfi til þess að rannsaka orkulindir til undirbúnings raforkuvinnslu. Leyfi til nýtingar orkunnar til raforkuframleiðslu er hins vegar veitt með virkjanaleyfi samkvæmt ákvæðum raforkulaga en ekki samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og því er ekki unnt að veita rannsóknaraðila forgang að virkjanaleyfi á grundvelli þeirra laga. Að auki ná auðlindalögin óbreytt ekki til vatnsorku en á næstu dögum verður lagt fram nýtt lagafrumvarp sem tekur til rannsókna og nýtingar á öllum auðlindum á og í jörðu. Verði það að lögum er tryggt að rannsóknir og virkjanaundirbúningur getur farið fram með eðlilegum hætti á næstu árum.

Með breytingum á lögum um raforkuver frá 1981 var Rafmagnsveitum ríkisins í samstarfi við aðila í Skagafirði veitt á árinu 1999 heimild til að virkja Héraðsvötn í Skagafirði við Villinganes, Villinganesvirkjun, með allt að 40 megavatta afli. Á árinu 2000 hófu þessir aðilar undirbúning að mati á umhverfisáhrifum virkjunarinnar og nauðsynlegar virkjunarrannsóknir. Á árinu 2002 féllst Skipulagsstofnun á framkvæmdina og umhverfisráðuneytið staðfesti þann úrskurð stuttu síðar. Þá var á árinu 2003 unnið að sérstöku deiliskipulagi fyrir virkjunarsvæðið eins og lög gera ráð fyrir og var það kynnt í Héraði.

Eins og kunnugt er þarf virkjunin að vera reist í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins og hefur verið ágreiningur um það meðal heimamanna hvort fella skuli deiliskipulag virkjunarinnar að aðalskipulagi sveitarfélagsins sem unnið hefur verið að á sl. árum. Enn sem komið er hefur sveitarfélagið ekki fallist á að gera það og hefur því ekki verið unnið að frekari undirbúningi þessarar virkjunar.

Skatastaðavirkjun er virkjun í austari Jökulsá með veitum að Nýjabæjarfjalli og efstu drögum Hofsár og hluta af jökulkvíslum vestari Jökulsár. Í forathugun virkjunarinnar sem gerð var árið 1999 voru kannaðir ýmsir virkjunarkostir með mismunandi veitum frá vestari Jökulsá og jafnframt meira falli virkjunar en áður hafði verið fyrirhugað. Þar var einn kostur sá að frárennslisgöng Skatastaðavirkjunar mundi enda neðan núverandi stíflusvæðis Villinganesvirkjunar og nýta þannig fallorku fyrirhugaðrar Villinganesvirkjunar. Í þeim virkjunarkostum sem hafa verið til athugunar hefur verið miðað við að helstu vatnsvegir frá miðlunarlóni og stöðvarhúsi virkjunarinnar yrðu neðan jarðar.

Staða náttúrufarsrannsókna vegna Skatastaðavirkjunar er góð miðað við að enn er þessi virkjunarkostur á frumhönnunarstigi og ekki hefur verið tekin ákvörðun um endanlega útfærslu virkjunarinnar. Orkustofnun hefur lítið unnið við jarðfræði eða náttúrufarsrannsóknir á svæðinu undanfarin ár nema við rennslismælingar. Fyrir hendi eru nú þegar góðar langtímamælingar á rennsli þeirra vatnsfalla er kunna að verða nýtt til virkjunarinnar en aðeins lítill hluti þeirra mun þó skerðast miðað við núverandi rennsli í byggð. Meginumhverfisáhrif virkjunarinnar yrðu af völdum miðlunarlóns hennar, svokallaðs Bugslóns sem yrði um 28 ferkílómetrar að flatarmáli með um 400 gígalítra miðlunargetu. Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun og margar aðrar stofnanir hafa unnið að rannsóknum á þessu svæði á undanförnum 15 árum þannig að umhverfisáhrif lónsins eru allvel þekkt.

[13:15]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Aðalatriði þessa máls er auðvitað það að ef farið verður í virkjunarframkvæmdir í Skagafirði, sem allt auðvitað mælir með, sérstaklega varðandi Skatastaðavirkjun sem er stærri virkjunin og miklu þýðingarmeiri, á að nýta þessa orku til atvinnusköpunar í héraði, sá er kjarni málsins.

Í þessu sambandi vil ég líka benda á það að rétt vestan við er síðan Blönduvirkjun sem ekki hefur verið nýtt til atvinnusköpunar í héraði og þess vegna mælir allt með því að þetta sé samnýtt til þess að koma Norðurlandi vestra á kortið sem hinum eðlilegasta næsta stóriðjukosti í landinu.

Virðulegi forseti. Það er allt sem mælir með því, bæði atvinnulegar aðstæður í héraði og eins þessar aðstæður sem ég er hér að nefna, og það er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar sem er sú, og var mótuð t.d. með stóriðjuuppbyggingunni á Austfjörðum, að nýta orkusköpunina til atvinnuuppbyggingar í héraði. Þess vegna er hið eðlilega og rökrétta svar og niðurstaða af öllu saman sú að hraða beri þessum rannsóknum til þess að við getum farið að undirbúa (Forseti hringir.) eðlilega uppbyggingu stóriðju á Norðurlandi vestra eins og heimamenn gjarnan vilja og hafa óskað eftir.

[13:16]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra til hvers maður notar rammaáætlunina. Gerð er rammaáætlun um forgangsröðun á virkjunum og virkjunarkostum en síðan er ekkert gert með það meir. Báðar þessar virkjanir, bæði Skatastaðavirkjun og Villinganesvirkjun, koma mjög illa út í viðkomandi rammaáætlun og það eru nægir aðrir virkjunarkostir í landinu sem koma betur út. Mér finnst alveg forkastanlegt að hægt sé að hunsa rammaáætlunina.

Ég vil svo bara vekja athygli á því að þessar virkjanir báðar, og virkjun á þessum svæðum, skaða og hindra uppbyggingu á ferðaþjónustu sem hefur verið vaxandi atvinnugrein á svæðinu. Þetta er eitt af einkennistáknum Skagafjarðar, þessi gljúfur og þessi vatnasvæði, heimsfrægar fljótasiglingar sem þarna eru stundaðar. Þarna í liggja hinir stóru atvinnumöguleikar héraðsins þannig að stórvirkjanir á þessu svæði munu í heild skaða þá ímynd héraðsins sem við höfum verið að vinna að. (Forseti hringir.)

Ég tel þess vegna að þarna eigi að fara mjög varlega og það eigi að hafna hugmyndum um þessar virkjanir.

[13:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er algjörlega ósammála hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni um að allt mæli með þessum virkjunum í Skagafirði. Það er líka mjög margt sem mælir í móti þeim, alveg sérstaklega Villinganesvirkjun sem er að mínu mati þegar grannt er skoðað kannski eitthvert sorglegasta dæmið um skammsýni í þessum efnum og dæmi um hversu órafjarri því menn eru að horfa til einhverrar sjálfbærrar orkustefnu og orkunýtingar hér í landinu. Þessi tiltölulega litla virkjun, með aðeins 40 megavatta afli, verður ónýt á 40–60 árum af því að uppistöðulónið fyllist en sökkvir í leiðinni einhverjum fallegustu gljúfrum í landinu og eyðileggur þá uppbyggingu á sviði ferðaþjónustu sem þar hefur verið unnið að undanfarin ár.

Það er sömuleiðis aldeilis ekki í hendi að þó að ráðist yrði í þessar virkjanir yrði orkan nýtt í Skagafirði. Þvert á móti eru menn einmitt að bera mjög víurnar í þessa orku (Forseti hringir.) í öðrum byggðarlögum og hæstv. ráðherra reyndar etur þeim saman (Forseti hringir.) og hefur stofnað til illdeilna milli byggðarlaga á Norðurlandi um það (Forseti hringir.) hvert þeirra eigi að hreppa hnossið, næsta álver.

[13:19]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill hvetja hv. þingmenn til að halda sig innan tímamarka.

[13:19]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Athugasemd mín í þessu máli er sú að hér hefur komið fram hjá hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni að hann telji að nýta beri orkuna til atvinnuuppbyggingar í þeim landshlutum þar sem hún verður til. Ég get svo sannarlega tekið undir það. Ég held einmitt að tími sé til kominn að Sunnlendingar fái að njóta þeirrar miklu orku sem framleidd er í því kjördæmi og þeim landshluta og þá er það Suðurland, og Reykjanesið ekki síður. Þar er gríðarlega mikil orka óunnin.

Það má heldur ekki gleyma því að ástæðan m.a. fyrir uppbyggingu álversins á Reyðarfirði, miðað við þá virkjun sem er í Kárahnjúkum, er að tapið á flutningum á orkunni er mjög mikið. Það skiptir þjóðfélag okkar miklu máli að ekki sé verið að flytja orkuna um of langan veg og að þar af verði mikið tap.

Þannig höfum við Sunnlendingar mikinn áhuga á því varðandi stækkun (Forseti hringir.) hafnarinnar í Þorlákshöfn að hún verði nýtt til stóriðju.

[13:20]

Mörður Árnason:

Forseti. Að gefnu tilefni vil ég lýsa því yfir að ég er þessu algjörlega mótfallinn og mér finnast fáránlegar þær hugmyndir sem menn setja hér fram um að einhverjir heimamenn eigi orku sem þurfi að nýta til vinnslu í héraði. Það er ekki um það að ræða, við Íslendingar eigum allir okkar land og þegar virkjað er á einum stað þarf að líta á það ósköp einfaldlega hvar hagfelldast er að nýta þá orku.

Hins vegar má svo sem segja að hjá mönnum sem búa við það að fleygt er saman tveimur fljótum og annað þeirra látið renna gruggugt og allt öðruvísi en áður var hafi orðið slíkur skaði á landsgæðum í því héraði að það sé gustuk að verksmiðjan sé sett þar niður, svona eins og til einhverra endurbóta.

Í tilefni af því að Friðrik Sophusson sagði svo gáfulega á sínum tíma að það væri þó kostur við Kárahnjúkavirkjun, þrátt fyrir alla eyðilegginguna, að þar væri komin saman ein stór virkjun í staðinn fyrir mjög margar smáar með eyðileggingarkraft sinn úti um allt land vil ég spyrja hvort iðnaðarráðherra geti tekið undir þessi orð eða hvort hún

ætli að virkja hverja einustu á á landinu. (Forseti hringir.) Er einhver staður og einhver á sem ekki er hægt að virkja, og er eitthvað sem iðnaðarráðherra getur nefnt núna (Forseti hringir.) sem hún vill ekki virkja, eitthvað sem á að fá að vera í friði, eitthvað sem er friðheilagt í náttúru Íslands?

[13:21]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef mikinn áhuga á því að vita sem mest um þessar virkjanir tvær sem verið er að velta fyrir sér, án þess að ég sé á þessu augnabliki búin að taka neina afstöðu til þeirra. Þessi orðaskipti hér segja okkur hversu mikilvægt það er að ræða þessi mál á Alþingi og þess vegna finnst mér mjög slæmt að Alþingi sé með lögum búið að gefa frá sér að ákvarðanir, hversu stórar sem þær eru, í virkjunarmálum komi hingað inn á þing.

Ég hjó eftir því að hæstv. ráðherra nefndi að synjun hefði m.a. byggst á því að ekki væri hægt samkvæmt auðlindalögum að gefa rannsóknarleyfi og virkjunarleyfi, að það færi ekki saman. Þess vegna spyr ég, varðandi þá breytingu sem hún kynnti á lögunum, hvort eftir það verði hægt að heimila einhverjum aðila að fara í rannsóknir á einhverju svæði með því fororði að ef hann verði sáttur við niðurstöðu rannsóknanna fari hann í virkjanir. Verður þetta breytingin með lögunum, skildi ég það rétt?

Svo varðandi Villinganesvirkjun. Þetta er nú eitt af því sem á að vera okkur alþingismönnum til eilífðarumhugsunar, þetta var eitt af þeim frumvörpum sem kom inn seint um vor, skaust inn í iðnaðarnefnd, fékk ekki mikla umfjöllun og allt í einu var bara búið að afgreiða það út, ekki bara að Alþingi heimilaði að fara í Villinganesvirkjun heldur hafði í nefndinni komið inn eitt lítið ákvæði í viðbót sem ekki hafði verið mælt fyrir hér við 1. umr., eins og áskapað er, um það að fara í Bjarnarflagið. Því var þó a.m.k. bjargað þannig að setja þá ákvörðun undir lögin um Laxá og Mývatn þannig að það varð viss vernd í því.

Svona hafa vinnubrögð Alþingis stundum verið. Þau hitta okkur fyrir á erfiðum tímum löngu seinna. Það ætti að vera okkur umhugsunarefni.

[13:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það var athyglisvert að fylgjast með umræðunni hér vegna þess að vandamál Skagfirðinga birtist ljóslifandi hér í þingsalnum þar sem þeir töluðu algjörlega í kross, þeir stjórnmálaflokkar sem fara með völdin í Skagafirði. Þá er ég að tala um Sjálfstæðisflokk og Vinstri græna en ég fer ekki frekar út í það.

Hv. þingmaður Steingrímur Sigfússon talar um að ég sé að stofna til illdeilna á Norðurlandi í sambandi við virkjanamál og stóriðjumál. Það er mjög ósanngjarnt að halda því fram. Það er hins vegar þannig að ýmsir hafa áhuga á stóriðjumálum á Norðurlandi og það má tala um þrjá staði í því sambandi. Ég hef lagt áherslu á að Norðlendingar verði að vinna saman að þeim málum ef þeir eiga að ná árangri.

Svo um virkjanaframkvæmdir almennt. Það er mjög auðvelt að vera bara á móti virkjunum sem slíkum því að auðvitað hafa þær alltaf einhver áhrif á náttúruna. Ef maður horfir einangrað á einhverja virkjun er maður sjálfsagt bara á móti henni. Við verðum þá að hafa í huga hvað við fáum í staðinn. Við fáum yfirleitt atvinnuuppbyggingu, að ég tali ekki um hina almennu raforkunotkun landsmanna sem kannski enginn er hreint og beint á móti.

Það eru alltaf svo margir hlutir sem við þurfum að hafa uppi á borðinu í einu þegar við erum að fjalla um þessi málefni. Ef ég á að nefna einhverja staði hér sem ég er á móti að séu yfirleitt nýttir sem virkjanakostir eru þeir svo sannarlega til. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að virkja allar virkjanlegar ár, því fer svo fjarri, en ég er almennt hlynnt því efnahagskerfisins vegna að við séum með fleiri egg í körfunni og eins vegna þess að atvinnuuppbygging á landsbyggðinni er stórmál og þessar virkjanir eru yfirleitt þar. (Forseti hringir.) Þess vegna þarf að horfa á þetta á breiðari grundvelli en margir gerðu hér áðan.

Tilraunir með vindmyllur.

Fsp. RG, 124. *mál.* — Þskj. 124.

[13:26]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrst um virkjanir almennt og það að hægt sé að vera á móti þeim og virkja bara ekkert. Sú er hér stendur var mjög andvíg því að fara í Kárahnjúkavirkjun, og nýjustu upplýsingar um hina ýmsu samninga sýna nú að e.t.v. hefði ekki þurft að fara í þetta ofboðslega verkefni sem Kárahnjúkavirkjunin er. Síðan hef ég fengið að heyra að ég sé á móti virkjunum og á móti álverum. Staðreyndin er sú að ég er ekki á móti álverum. Ég vil hins vegar skoða hvað það kostar að byggja þau, hvaðan þau eigi að fá orkuna og ég hef skoðun á því hvar ég vil að ekki sé virkjað. Hana ætla ég að hafa áfram.

Þá kemur þessi litla, skemmtilega fyrirspurn til iðnaðarráðherra um tilraunir með vindmyllur. Spurt er:

Hvað líður tilraunaverkefni með vindmyllur í Grímsey sem ráðherra boðaði á sínum tíma? Hvaða rannsóknir hafa farið fram? Telur ráðherra að vindmyllur geti orðið kostur í orkuframleiðslu hérlendis?

Ég vona að ég muni rétt að það hafi verið kynnt að uppi væru hugmyndir um að reyna þetta með vindmyllur í Grímsey.

Nú vill svo til að ég var í sumar í Danmörku og heimsótti m.a. fyrirtækið Vesta, sem er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á vindmyllum, fékk mikinn fyrirlestur um hvernig þær hafa reynst og hver orkuframleiðsla er með því að nýta þær. Það er áhugavert en útlendingar telja að Íslendingar þurfi ekki að velta fyrir sér einhverju slíku fyrirbæri af því að Ísland eigi svo mikið af ám og jarðhita til að virkja. Það er ekki fyrr en maður fer að skoða þau mál nánar sem manni verður ljóst, og það er kannski það sem ég mun ræða í næstu fyrirspurn minni, að ekki verður allt virkjað sem hingað til hefur verið haldið fram. Það er alveg ljóst eftir atburði liðinna ára.

Ég hlýt líka að geta þess að Noregur sem er land ekki óáþekkt okkar landi, þ.e. með mikil vatnsföll sem hafa verið virkjuð mikið, hefur sansast á það að maður virkjar ekki hvað sem er og að víðernin eru dýrmæt í sjálfu sér. Þess

vegna hafa Norðmenn fallið frá sumum áformuðum virkjunum. Norðmenn settu t.d. upp vindmyllur á eyju rétt fyrir utan Kristianssund og það sem menn kannski óttuðust að gæti verið fylgifiskur slíks, t.d. varðandi fugla- og dýralíf, reyndist alls ekki vera nein ógnun, þvert á móti hefur þetta bara reynst mjög gott. Þarna fæst raforka fyrir allt Kristianssundssvæðið þar sem búa eitthvað um 25 þús. íbúar. Þeir fá alla raforku frá þessum vindmyllum.

Þess vegna væri svo áhugavert ef þessi tilraun sem ráðherrann talaði um á sínum tíma færi fram þannig að einn góðan veðurdag þegar við erum komin út úr því að ráðast á hvað sem er og virkja það getum við líka skoðað það að nota svona kost ef hann reynist hagkvæmur.

[13:29]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í júlí 2001 skipaði ég nefnd er kanna skyldi hvort og með hvaða hætti unnt væri að koma á fót sjálfbæru orkusamfélagi í Grímsey. Nefndin skilaði áliti sínu í febrúar 2003. Nefndin bar saman í starfi sínu nokkur orkukerfi og árlegan kostnað við núverandi kerfi í eyjunni.

Í megintillögum nefndarinnar var lagt til að rannsakaðir yrðu fyrst möguleikar á að finna heitt vatn í Grímsey. Á síðasta ári voru þar gerðar hitastigsboranir sem ekki lofa góðu um öflun á heitu vatni, því miður.

Nefndin lagði einnig til að ráðist yrði í tæknilega úttekt á samkeyrslu á rekstri vindmyllu og dísilrafstöðvar í eyjunni. Gerður hefur verið vindatlas fyrir eyjuna á grunni afar nýtanlegra vindmælinga þar árum saman. Rafmagnsveitur ríkisins hafa annast raforkuframleiðslu í eynni og hafa reglulega fylgst með þróun vindmyllna fyrir aðstæður eins og þar eru. Enn sem komið er virðist ekki borga sig að reisa vindmyllur til raforkuframleiðslu þar í stað dísilstöðvar en taka ber fram að þróunin í gerð vindmyllna hefur á undanförnum árum verið ör þannig að hugsanlegt er að innan fárra ára reynist hagkvæmt að reisa þar vindrafstöð. Taka ber fram að eigi að síður yrði nauðsynlegt að framleiða áfram um 20% raforkunnar þar með dísilstöð.

Eins og staða raforkukerfis okkar er í dag og í náinni framtíð er ólíklegt að nægilega hagkvæmt verði að reisa vindmyllur hér á landi á næstu árum eða áratugum þar eð raforkuverð frá vindmyllum er í dag langtum hærra en frá nýjum vatnsorku- og jarðgufuvirkjunum. Í einangruðum rafkerfum eins og Grímsey gegnir nokkru öðru máli. Þar er líklegt að fyrr verði hagkvæmt að reisa vindmyllu en í samtengdu raforkukerfi landsins.

[13:32]

Mörður Árnason:

Forseti. Hinn mikli kostur við vindmyllur sem nýttar eru mjög, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, í nágrannalöndum okkar er auðvitað sá að það tjón sem þær kunna að valda á umhverfi og landsgæðum er auðvelt að bæta með því að taka vindmyllurnar niður og setja þær upp annars staðar eða leggja þær af.

Þegar hæstv. ráðherra svarar því til um vindmyllurnar að rafkostnaður frá þeim sé miklu meiri en frá öðrum stöðum kann það að vera rétt. Hún nefndi ekki tölur í því samhengi en þá er sá galli fyrir hendi að enn höfum við ekki fundið út aðferðir til að reikna út kostnaðinn við umhverfisskemmdir. Kostnaðurinn við mesta umhverfisslys í okkar heimshluta, Kárahnjúkavirkjun, hefur ekki verið reiknaður út. Það er það sem við þurfum að þróa á næstu árum og áratugum, líkan til ákvarðanatöku sem gerir ráð fyrir þessum kostnaði einnig og reiknar hann inn í rafmagnskostnaðinn þegar verið er að bera saman virkjunarkostnað.

[13:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það eru nokkur vonbrigði að ekki varð annað ráðið af svörum hæstv. ráðherra en að mjög lítið sé að koma út úr því nefndarstarfi sem undir glæstri forustu hv. þm. Hjálmars Árnasonar — sem er nokkur nefndarkóngur þeirra framsóknarmanna — var skilað árið 2003 og var með áhugaverðar tillögur um bæði leit að heitu vatni og jafnvel vindmylluuppbyggingu í Grímsey. Sögunnar vegna er rétt að fram komi að það væri þá ekki í fyrsta skipti sem vindmyllur væru í Grímsey. Þar var tilraunaverkefni um tíma þar sem vindmylla var reist og átti að hita vatn með núningsbremsu til upphitunar á húsum. Það var hið merkasta verkefni í sjálfu sér en skilaði kannski ekki miklu þegar upp var staðið.

Mér finnst samanburður við raforkuverð frá vatnsaflsvirkjunum út í hött þegar Grímsey á í hlut. Að sjálfsögðu kemur vel til greina að reisa þar vindmyllu til að keyra með dísilstöð þó að framleidd eining þar væri nokkru dýrari en úr hagkvæmustu vatnsaflsvirkjunum uppi á landi nema ráðherra sé með það í huga að tengja Grímsey við raforkukerfið en um það hef ég ekki heyrt enn þá. Frá umhverfislegu sjónarmiði t.d. væri það stórkostlegt framfaramál ef hægt væri að sinna kannski 60–80% af orkuþörf Grímseyjar með vindmyllum.

[13:35]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn og held að við eigum að gaumgæfa til hlítar hvaða kostir gefast í þessum efnum. Nægur er vindurinn hér á landi, ekki er það vandamálið.

Það er hins vegar einn þáttur þessa máls sem ég hef verið dálítið hugsi yfir, ekki síst þegar maður ekur um landsvæði erlendis þar sem vindmyllur eru mjög víða. Sín er hver mengunin og þó að orka sem frá vindmyllum kemur sé vistvæn er sjónmengunin náttúrlega gífurleg af vindmyllum, sérstaklega í þéttbýli og í dreifbýli reyndar líka. Náttúruspjöll eru af ýmsum toga og ég sé ekki fyrir mér að Ísland verði vindmylluvætt, ekki síst í ljósi umhverfisverndar.

[13:36]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Það er rétt að taka undir það sem hér hefur komið fram að enn sem komið er er aðgengi okkar að ódýrri vistvænni orku, vatnsafls- og jarðvarmaorku, það miklu hagkvæmara að það er niðurstaða sérfræðinga að í það heila tekið svari ekki enn kostnaði að fara í vindorkuna. Hins vegar hljótum við, og það er það sem hlýtur að vera unnið að til lengri tíma litið, að skoða aðra möguleika. Að

því kemur auðvitað að aðgengi okkar að vatnsafli og jarðvarma verður takmarkað og þá þurfum við að hafa aðra möguleika. Þar koma atriði eins og vindmyllur, sjávarföllin og aðrir slíkir þættir.

Hins vegar varðandi vindmyllur gerist það að stundum verða logndagar og þá stoppa vindmyllurnar. Í Grímsey var verið að hugsa um dísil en ég trúi að vetnistæknin muni gegna þar ákveðnu hlutverki til að svara logninu. Ég minni líka á það sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði, vindmyllur eru ekki alveg án þess að skaða umhverfið.

[13:37]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Áðan var talað um að sjónmengun væri af vindmyllum. Ég er ekki sammála því. Mér finnast vindmyllur bæði fallegar og spennandi mannvirki. Ég minni líka á að það er hægt að taka þær niður aftur án þess að mikil ummerki verði eftir í náttúrunni.

Mig langaði líka aðeins til að koma inn á að sl. sumar var haldin mjög athyglisverð ráðstefna á vegum Vestnorræna ráðsins þar sem m.a. aðilar frá Danmörku og Færeyjum héldu fyrirlestra, mjög athyglisverð erindi þar sem fram kom að Færeyingar, vinir okkar og frændur, hyggja nú á verulega vindmylluvæðingu á eyjunum þar. Þeir sjá þetta sem nokkuð aðlaðandi kost til orkuöflunar. Ég tel að við Íslendingar ættum að vera mjög vel á verði varðandi þennan möguleika til að framleiða raforku. Mikil þróun á sér stað í verkfræði- og tæknikunnáttu varðandi gerð vindmyllna. Hér skortir að sjálfsögðu ekki vindinn þannig að við ættum að fylgjast mjög grannt með þróun þessara mála.

[13:38]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu. Hún hefur verið áhugaverð. Mér finnst líka miður að ekkert verði af þessari tilraun. Ég er sammála því að auðvitað getur verið sjónmengun af vindmyllum. Það þarf þó ekki að vera, það fer eftir staðsetningunni. Þær geta líka verið úti í hafi þannig að menn finni ekki fyrir hávaðanum. Svo er sá kostur að ef breytingar verða er hægt að taka þær niður. Það er ekki þessi ofboðslega röskun eins og verður t.d. af vatnsaflsvirkjun.

Það sem mér finnst skipta máli í svari ráðherrans er að nefna samanburð á orku frá vindmyllum og dísilframleiðslu. Það finnst mér ekki passa fyrir land sem kynnir sig úti um allan heim sem landið sem ætlar að verða fyrsta hreina hagkerfið af því að ekki á að nota mengandi orku. Mér finnst það veikleiki í svarinu. En ég spyr ráðherrann bara í lokin:

Úr því að ekki varð af þessu verkefni í Grímsey, kæmu aðrir staðir til greina sem tilraunaverkefni? Mér finnst áhugavert að við gerum tilraun með þennan orkukost.

[13:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það var ekki alveg það sem ég sagði, að ekkert yrði af þessu. Ég vil endurtaka það sem ég sagði hérna, með leyfi forseta:

„Í einangruðum rafkerfum eins og Grímsey gegnir nokkru öðru máli. Þar er líklegt að fyrr verði hagkvæmt að reisa vindmyllu en í samtengdu raforkukerfi landsins."

Ég legg áherslu á að það er svo sannarlega ekki búið að afskrifa að af þessu geti orðið, að í Grímsey verði reist vindmylla. Ég tek undir að það er m.a. vegna þess að við erum að keppast við að koma dísilnum alveg út úr raforkuframleiðslunni. Þess vegna er þetta mikilvægt. Auðvitað er verið að fylgjast með allri þróun.

Það er gaman að geta greint frá því að í morgun var fjölmenn ráðstefna haldin hér í Reykjavík á vegum Orkustofnunar. Hún ber yfirskriftina „Ráðstefna um nýja orkugjafa". Þar var m.a. verið að tala um vindorkuna, um sjávarstrauma og svo margt annað sem er áhugavert, og líka um orkusparnað og orkunýtni. (Gripið fram í.) Þetta var mikilvæg ráðstefna og hefði verið ánægjulegt fyrir þá þingmenn sem hafa sýnt orkumálunum mikinn áhuga hér í dag ef þeir hefðu getað setið hana.

Það er sem sagt aðalatriðið að við erum að fylgjast vel með og ég útiloka ekki neitt. Eins og málin standa í dag er þetta ekki nægilega hagkvæmt.

[13:41]

Útbýting:

Álag á Samkeppnisstofnun, 131. mál, svar viðskrh., þskj. 359.

Árangurslaus fjárnám, 154. mál, svar dómsmrh., þskj. 369.

Fullnusta refsinga, 336. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 379.

Langtímaatvinnuleysi.

Fsp. SJS og KolH, 80. mál. — Þskj. 80.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Því miður herjar atvinnuleysi, sá hvimleiði vágestur, nú með þó nokkrum þunga á landsmenn. Atvinnuleysi er um þrír af hundraði eða hefur verið nálægt því undanfarin missiri og lætur síst undan síga, jafnvel þó að menn telji að hið mesta góðæri ríki nú í landinu, gullöld og gleðitíð. Um það má deila og a.m.k. verða menn lítið varir við slíkt sums staðar, þar á meðal hygg ég að þeir atvinnulausu hafi lítið af því að segja. Það er ekki síður alvarlegt að vísbendingar eru um að samsetning þessa atvinnuleysis sé jafnvel nokkuð að breytast og hér sé að festast í sessi svokallað langtímaatvinnuleysi, þ.e. að ákveðnir hópar, fjölmennir hópar, séu varanlega utan vinnumarkaðarins og er þá oftast miðað við að menn hafi verið án atvinnu í hálft eða eitt ár eða eitthvað í þeim dúr.

Það er líka athyglisvert að hér virðast vera að skapast þær aðstæður að atvinnuleysi sé ekki með beinum hætti tengt við hagsveifluna og þó svo að hagvöxtur sé í landinu láti atvinnuleysið ekkert undan síga. Verður mönnum þá gjarnan hugsað til Bandaríkjanna þar sem einmitt hefur verið við slíkt ástand að glíma og menn telja það að ýmsu leyti marka nýja tíma í þessum efnum. Þá vakna spurningar um hvort einhver hluti vinnuaflsins sé einfaldlega ekki gjald-

gengur á vinnumarkaðnum eins og hann er þá orðinn og vegna þeirrar kröfuhörku eða þess andrúmslofts og tíðaranda sem þar ríkir. Það gæti vel fallið að þeirri staðreynd að því miður er stór hluti þeirra sem eru án atvinnu ófaglært vinnuafl.

Við þetta mætti líka jafnvel tengja vaxandi fjölda öryrkja en þær skýringar hafa komið fram, og vitna ég þar m.a. til formanns Örykjabandalagsins, að ein helsta ástæða þess að öryrkjum hefur fjölgað svo mjög sé sú að harkan á vinnumarkaði hafi aukist til mikilla muna og þeim standi minni möguleikar til boða sem að einhverju leyti hafi skerta starfsorku.

Að þessu öllu saman gefnu, frú forseti, hef ég ásamt með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. félagsmálaráðherra varðandi langtímaatvinnuleysi:

1. Eru til vísbendingar um að langtímaatvinnuleysi sé að aukast og festast í sessi hér á landi og hvernig skilgreina og kortleggja stjórnvöld slíkt?

2. Hvert er hlutfall þeirra sem teljast langtímaatvinnulausir af heildarfjölda atvinnulausra?

3. Eru í gangi eða fyrirhugaðar sérstakar aðgerðir af hálfu ráðuneytisins til að taka á málefnum langtímaatvinnulausra?

[13:45]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Kolbrún Halldórsdóttir hafa lagt fyrir mig fyrirspurn um langtímaatvinnulausa.

Í lok september sl. voru 1.414 einstaklingar á atvinnuleysisskrá sem falla undir þá skilgreiningu að teljast langtímaatvinnulausir, þ.e. hafa verið samfellt án atvinnu í lengri tíma en sex mánuði. Langtímaatvinnulausir voru því um 33% allra atvinnulausra á þeim tímapunkti, þar af hafði 701 einstaklingur verið lengur á skrá en eitt ár, þ.e. 16,4% allra atvinnulausra.

Eins og fram kom í skriflegu svari mínu við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um sama efni fyrr í vikunni verður að svara því játandi að langtímaatvinnuleysi virðist hafa verið að aukast hér á landi síðustu ár. Á árinu 2003 voru að meðaltali 26,4% atvinnulausra langtímaatvinnulausir en 19% árið 2002. Hlutfall langtímaatvinnulausra að meðaltali á þessu ári liggur að sjálfsögðu enn ekki fyrir.

Ef litið er hins vegar til fyrstu níu mánaða þessa árs var hlutfall langtímaatvinnulausra að meðaltali 31,5% allra atvinnulausra á þeim tíma. Til samanburðar má nefna að langtímaatvinnulausir voru 26,8% allra atvinnulausra að meðaltali á fyrstu níu mánuðum síðasta árs.

Í fyrrgreindu svari mínu vakti ég einnig athygli á þróun atvinnuleysisskráningar frá því að atvinnuleysi eykst og þangað til það nær jafnvægi á ný. Þykir mér ekki ástæða til þess að endurtaka það hér en tel þó vert að ítreka það að fjöldi langtímaatvinnulausra hefur tilhneigingu til að aukast smám saman meðan atvinnuástandið er að ná aftur jafnvægi eftir bakslag.

Hæstv. forseti. Þessi þróun veldur mér og öðrum þeim sem að þessum málum starfa engu að síður vissum áhyggjum enda þótt erfitt sé að segja til um hvort langtímaatvinnuleysi sé að festast í sessi. Þetta er tiltölulega nýr vandi sem við erum að horfast í augu við og það er mikilvægt að bregðast við honum. Í því ljósi ákvað stjórn Vinnumálastofnunar þegar í byrjun þessa árs að langtímaatvinnulausir yrðu forgangshópur í vinnumarkaðsúrræðum á árinu ásamt ungu fólki á atvinnuleysisskrá.

Að því er varðar hóp langtímaatvinnulausra hefur verið lögð áhersla á menntun og starfstengd úrræði en þau hafa haft jákvæð áhrif á fólk sem lengi hefur verið án atvinnu. Þá er jafnframt lögð áhersla á starfsráðgjöf en í því efni hefur verið lögð áhersla á einstaklingsbundna ráðgjöf og það að efla hana.

Eins og ég hef margsagt hér, hæstv. forseti, eru úrræði til handa atvinnulausum ætluð til að auka tækifæri þeirra á vinnumarkaðnum. Markmiðið er ætíð að koma í veg fyrir að fólk verði atvinnulaust til lengri tíma. Einstaklingar sem eru án atvinnu eiga þess kost að sækja ýmis úrræði á vegum svæðisvinnumiðlana til að auka færni sína og starfsmöguleika. Sérstök áhersla er lögð á að virkja þá sem lengst hafa verið án atvinnu en þeir njóta ákveðins forgangs um þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum.

Hæstv. forseti. Vinnumálastofnun og svæðisvinnumiðlanirnar eru meðvitaðar um þessa þróun langtímaatvinnuleysis og munu áfram leggja áherslu á að veita langtímaatvinnulausum sérstaka þjónustu. Það er mikilvægt að veita þessum hópi einstaklingsmiðaða þjónustu, enda getur verið um mikið niðurbrot að ræða að vera án atvinnu í langan tíma.

Þá þarf jafnframt að velta upp hvort um sé að ræða nýja stöðu í atvinnuleysisskráningu sem sé að taka sér varanlega bólfestu innan kerfisins. Eins og ég sagði áðan tel ég of snemmt að segja til um það, atvinnuleysi hefur verið að sveiflast til hjá okkur þótt ákveðið áhyggjuefni sé að þrátt fyrir góðan hagvöxt er atvinnuleysi meira en við höfum átt að venjast í slíku árferði.

Ég get fullvissað hv. fyrirspyrjendur um að við erum á varðbergi og fylgjumst með gangi mála. Nefnd sem ég skipaði sl. sumar til að fara yfir þessi mál mun huga vel að vinnumarkaðsúrræðum, ekki síður en atvinnuleysistryggingakerfinu sjálfu. Í henni eiga sæti fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, opinberum starfsmönnum, Samtökum atvinnulífsins, fjármála- og félagsmálaráðuneyti. Ég geri fastlega ráð fyrir að við eigum eftir að sjá tillögur sem vert er að skoða í framhaldinu sé það mat nefndarinnar að breytinga sé þörf. Þangað til, hæstv. forseti, treysti ég stjórn Vinnumálastofnunar fyrir því að leggja áfram á það mat hvaða hópar þurfa helst á aðstoð að halda innan kerfisins, og þá hvers konar aðstoð.

[13:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mjög alvarlegt þegar við upplifum í fyrsta sinn mjög góðan hagvöxt og atvinnuleysi samtímis. Það hefur ekki gerst áður. Það er búist við að atvinnuleysi verði yfir 3% á þessu ári. Það er mikið fyrir Ísland, mjög mikið. Hagræðing í atvinnulífinu hefur verið nefnd sem ein ástæða fyrir því að þetta er að gerast og skýrist m.a. af sameiningum og yfirtökum fyrirtækja. Þetta veldur því að fyrirtæki halda að sér höndum um manna-

ráðningar, eru upptekin af framleiðniaukningu og að við sameininguna og breytingarnar sé hægt að halda mannahaldi í skefjum. Þetta er það sem hefur verið að gerast á liðnum árum hjá okkur. Það eru breytingar á vinnumarkaði og eðlisbreytingar starfa. Það er gífurlega mikilvægt að hvetja til að fólk lagi sig að breytingum, m.a. endurmennti sig til breyttra og nýrra starfa.

Ég velti því fyrir mér hvort verkalýðsfélögin fái nægilegan stuðning við aðskilið verkmenntanámskeið og endurmenntun. Það hefur verið haft að leiðarljósi, t.d. á Norðurlöndunum, að stuðningur til menntunar kemur strax inn eftir að atvinnuleysi verður viðvarandi.

[13:51]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Hér er hreyft afskaplega viðkvæmu og mikilvægu máli og rétt að taka undir ugg manna um það. Þrátt fyrir tölur um atvinnuleysi koma líka þau sjónarmið fram, m.a. frá ýmsum svæðisvinnumiðlunum og ýmsum atvinnurekendum, að á sumum svæðum gangi illa að fá fólk til starfa. Fleiri en eitt og fleiri en tvö fyrirtæki á sumum svæðum kvarta undan því þar sem atvinnuleysistölur eru tiltölulega háar.

Þarna er hlutur sem þarf að skoða mjög vandlega. Nú er ég ekki að ýja að því að þetta sé að einhverju leyti óeðlilegt. Eru þetta launin? Eru þetta tengsl launa og atvinnuleysisbóta? Er þetta e.t.v. nýtt viðhorf sem er að gera vart við sig meðal ungs fólks? Þetta eru þættir sem er afskaplega mikilvægt að fara vandlega í saumana á.

Ég tel rétt eins og hæstv. ráðherra að úrræði séu í raun inni til staðar hvað varðar starfsmenntun og tækifæri í fyrirtækjunum í samstarfi við Vinnumálastofnun en það eru þessi viðhorf sem þarf að skoða mjög vandlega áður en þetta vex okkur yfir höfuð.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin um leið og ég hlýt að lýsa miklum áhyggjum yfir þeim upplýsingum sem þar koma fram. Það er grafalvarlegt að langtímaatvinnuleysi, t.d. á þann mælikvarða að skoða hve margir hafa verið án atvinnu í heilt ár eða lengur, er ískyggilegt. Þar nefndi hæstv. ráðherra töluna rúmlega 16 af hundraði sem þýðir að 600–800 einstaklingar hafa samfellt verið utan vinnumarkaðarins í ár eða lengur. Í þessum hópi er ungt fólk, að vísu ekki mjög margt, en þó eru um 10% þeirra sem teljast langtímaatvinnulausir fólk á aldrinum 16–24 ára. Hvað segir það okkur ef sú staða er virkilega að verða uppi að tugir eða hundruð ungmenna á þessum aldri séu án atvinnu, ekki í námi og ekki heldur á vinnumarkaði, í ár eða lengur? Það eru grafalvarleg skilaboð sem við fáum þar.

Úrræðin sem þarna voru nefnd og eru góðra gjalda verð ber að sjálfsögðu öll að nýta. Við getum ýmislegt lært af öðrum þjóðum sem lengur en við og í miklu stærri og alvarlegri mæli hafa glímt við þennan vágest, atvinnuleysið. Ég tel sjálfur að átaksverkefni hins opinbera, sveitarfélaga og ríkis, geti í samstarfi við aðila á vinnumarkaði gefið mjög góða raun. Ég veit að þar sem vel hefur verið að slíku staðið hefur það gefið mjög góða raun þegar kerfisbundið hefur verið farið yfir atvinnuleysisskrána og reynt að finna úrræði á persónulegum grundvelli fyrir hvern og einn, þegar m.a. hefur verið hægt að bjóða upp á fjölbreytt störf í átaksverkefnum.

[13:54]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjendum fyrir að hreyfa þessu máli. Það er nauðsynlegt að við fylgjumst vel með og séum vakandi fyrir þeirri stöðu sem uppi er á vinnumarkaðnum. Ég tek sömuleiðis undir áhyggjur hv. fyrirspyrjanda, Steingríms J. Sigfússonar, varðandi þá stöðu sem uppi er og vaxandi langtímaatvinnuleysi og atvinnuleysi bæði meðal ungs fólks og þeirra sem eldri eru á vinnumarkaði.

Ég minntist áðan á nefnd sem ég skipaði sl. sumar sem er að fara sérstaklega yfir atvinnuleysistryggingalöggjöf okkar og vinnumarkaðsaðgerðir. Ég hef lagt á það áherslu við þá sem í þeirri nefnd sitja að við horfum einmitt til reynslu nágrannaþjóða okkar af atvinnuleysi, langtímaatvinnuleysi og vinnumarkaðsaðgerðum. Ég tel að við getum ýmislegt af þeim lært, bæði frændþjóðum okkar á Norðurlöndunum, sem og Hollendingum, Írum og Bretum sem hafa með eftirtektarverðum árangri tekið á þessum málum í sínum ranni. Sömuleiðis tel ég að við getum horft vestur um haf.

Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, það er alvarlegt að upplifa á sama tíma góðan hagvöxt og atvinnuleysi í þeim mæli sem við horfum framan í. Ég vil taka fram að í tengslum við kjarasamninga á almenna vinnumarkaðnum sl. vor jók ríkisvaldið við framlag sitt til starfsmenntasjóðanna sem er einmitt í samræmi við þær áherslur sem hv. þm. lagði hér í máli sínu.

Lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins.

Fsp. MÁ, 119. mál. — Þskj. 119.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

Hvað er að frétta af tilraunum menntamálaráðherra til að létta af Ríkisútvarpinu lífeyrisskuldbindingum sem á það voru lagðar árið 1993?

Ég hef tvisvar spurt um þetta síðan ég var kosinn á þing, annars vegar 15. október í fyrra — þá var til svara Tómas Ingi Olrich, þáverandi menntamálaráðherra — og síðara skiptið 12. febrúar, hygg ég það hafi verið. Þá var til svara núverandi hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Svörin tvö á síðasta þingi voru nokkuð samhljóða en nú er liðinn töluverður tími. Kominn er miður nóvember og liðnir einir níu mánuðir síðan síðast var spurt. Hæstv. menntamálaráðherra lýsti því yfir í upphafi ferils síns að Ríkisútvarpið, skipulag þess og fjármál, væri eitt af forgangsverkefnum sínum þannig að nú er að vænta betri svara en áður hefur verið unnt að gefa í þessu máli.

Þess skal getið að samtals nema þessar skuldbindingar um tveimur og hálfum milljarði. Skuldabréf hefur verið útbúið til u.þ.b. 2024 og árleg greiðsla Ríkisútvarpsins af því eru sennilega rúmar 200 millj. kr.

Aðrar undarlegar skuldbindingar Ríkisútvarpsins tengjast þessu máli auðvitað sem erfiða því störf sín, tengsl þess við Sinfóníuhljómsveitina og síðan það sem hæstv. menntamálaráðherra vakti einmitt máls á hér í febrúar, lífeyrismál starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar sem þá var verið að athuga. Útlit var fyrir að Ríkisútvarpið þyrfti að hluta til að taka þau á sig líka. Ég vil í framhjáhlaupi spyrja hvernig því máli líði og ég vænti þess að hæstv. menntamálaráðherra geti einnig gefið svar við því.

[13:58]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Varðandi fyrirspurn hv. þm. Marðar Árnasonar um lífeyrisskuldbindingar Ríkisútvarpsins, sem á Ríkisútvarpið voru lagðar árið 1993, þá er það rétt sem fram hefur komið hjá háttvirtum þingmanni að Ríkisútvarpið hefur verið rekið með halla á undanförnum árum, ekki síst vegna þessara skuldbindinga sem Ríkisútvarpið hefur verið látið axla, m.a. lífeyrisskuldbindinga og skuldbindinga sem tengjast Sinfóníuhljómsveitinni.

Ég vil undirstrika að málefni Ríkisútvarpsins eru öll uppi á borðinu eins og menn vita. Ég hef til athugunar málefni Ríkisútvarpsins alls, ekki eingöngu lífeyrisskuldbindingarnar sem slíkar, og vonast til að hægt verði að ræða málefni Ríkisútvarpsins mun ítarlegar eftir áramót. Lífeyrisskuldbindingarnar verða hluti af þeirri umræðu sem við munum taka þá.

Það skiptir að mínu mati miklu máli að við sem berum hag Ríkisútvarpsins fyrir brjósti — ég veit að háttvirtum þingmanni er annt um Ríkisútvarpið — reynum að ræða það á heildstæðan hátt í stað þess að handpikka út ákveðinn þátt af þeim vandamálum sem Ríkisútvarpið á við að etja, þ.e. fjárhagsvandann.

Ég vil jafnframt undirstrika að það er von mín að hægt verði að leysa úr þessum málum á næsta ári. Ég mun leggja mig fram um það. Ég hef margoft sagt að eitt af forgangsverkefnum mínum er að endurskipuleggja hið mikilvæga hlutverk Ríkisútvarpsins, ekki síst í ljósi hinnar miklu og hörðu samkeppni sem Ríkisútvarpið á við að etja í dag.

[14:01]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni þessa fyrirspurn. Hann er iðinn við kolann og kemur árvisst upp með þessar spurningar. Það er ljóst að hæstv. menntamálaráðherra talar sem véfrétt um það sem væntanlegt er inn á borð þingmanna. Það mun vera frumvarp, eins og okkur var tilkynnt í upphafi vetrar. Um það verður ekkert sagt fyrr en það liggur á borðinu.

Mig langar aðeins til að orða eina hugsun, hæstv. forseti. Hún er sú að skuldbindingar Ríkisútvarpsins gagnvart Sinfóníuhljómsveitinni eru umtalsverðar. Það væri möguleiki að gera Sinfóníuhljómsveitina að sjálfstæðri opinberri stofnun en verði það gert verður að tryggja að það verði gert með fullri reisn.

Verði það hins vegar ekki gert þá er enn þá inni í myndinni að það gæti gagnast Ríkisútvarpinu að eiga sterk og náin tengsl við Sinfóníuhljómsveitina. Gagnkvæm náin tengsl við Sinfóníuhljómsveitina þurfa ekki að vera nema af hinu góða. En peningarnir eru alfa og ómega í þessu máli, ríkisvaldið verður að tryggja þá.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Hæstv. menntamálaráðherra svarar því til að ekki eigi að handpikka út ákveðin vandamál í rekstri Ríkisútvarpsins. Ég er henni fullkomlega ósammála um þetta. Ég held einmitt að þegar litið er á Ríkisútvarpið og framtíð þess, sama hvaða skoðanir menn hafa á því, þá eigi að handpikka ákveðin vandamál og setja þau út fyrir sviga.

Eitt af þessum vandamálum er þetta sögulega vandamál sem varðar lífeyrisskuldbindingar upp á 2,5 milljarða kr., rúmar 200 millj. kr. á ári. Þetta er vandamál sem á ekki að vera til. Aðrar stofnanir ríkisins þurftu ekki að gjalda þessara breytinga sem gerðar voru og voru mjög þarfar á sínum tíma, árin 1993 og 1994. En Ríkisútvarpið þarf að gera það vegna þess að Ríkisútvarpið er ekki á fjárlögum. Það er B-hluta-stofnun sem aflar sér tekna með öðrum hætti, er vísað á afnotagjöld og auglýsingar. Þannig er þetta.

Það er órökrétt að blanda því máli saman við almenna endurskoðun á Ríkisútvarpinu. Ríkið á auðvitað að taka að sér þessa 2,5 milljarða kr. og sjá um að greiða þá upphæð án þess að blanda henni saman við aðrar skuldbindingar Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið á hins vegar að sjálfsögðu að reikna með lífeyrisgreiðslum gagnvart núverandi starfsmönnum sínum. Það er sjálfsagt og eðlilegt og á að koma inn í reikningana.

Svo vil ég biðja hæstv. menntamálaráðherra að segja okkur hér á eftir aðeins nánar frá þessari endurskoðun á Ríkisútvarpinu. Við höfum spurt um hana, m.a. fulltrúa ráðherra í menntamálanefnd. Þar voru svörin þau að þeir vissu ekki neitt, gætu ekkert sagt og væri ekki heimilt að skýra frá því. Síðan er vitnað í þetta, m.a. í erindisbréfum fjölmiðlanefndar og víðar, en ekkert kemur frá menntamálaráðherra um hverjir sitja í þessari nefnd. Hvað er hún að kanna og hver eru markmiðin með endurskoðuninni? Af hverju fer hún ekki fram í samráði við starfsmenn Ríkisútvarpsins, við stjórnarandstöðuna, við allan almenning, við þann félagsskap sem stofnað hefur verið til í kringum Ríkisútvarpið o.s.frv.? Hvers lags vinnubrögð eru þetta, forseti?

[14:04]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Þeir aðilar sem háttvirtur fyrirspyrjandi kom inn á undir lok ræðu sinnar munu að sjálfsögðu koma að málefnum Ríkisútvarpsins og umræðum um Ríkisútvarpið þegar þar að kemur, svo einfalt er það. Umræðan verður öllum opin og menn eiga ekki að reyna að snúa út úr því.

Ég vil hins vegar taka undir það með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að tengsl Ríkisútvarpsins við Sinfóníuhljómsveitina eru mjög þýðingarmikil. Það er hins vegar spurning hvort þeim er réttilega fyrir komið eins og þau eru

núna. Ég vil miklu frekar líta á það sem tækifæri, endurskipulagninguna sem er í bígerð á hlutverki Ríkisútvarpsins, til að sjá um leið hvernig þeim mikilvægu tengslum Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar verði hagað til framtíðar. Við verðum auðvitað að hugsa öll þessi mál fram í tímann.

Í dag er hluti af þeim réttindum sem Ríkisútvarpið hefur m.a. að taka upp tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar og útvarpa þeim. Það hefur Ríkisútvarpið gert með myndarbrag. Hugsanlega mætti sjá það fyrir sér í framtíðinni að Ríkisútvarpið mundi engu að síður halda þeim upptökum áfram gegn gjaldi til Sinfóníuhljómsveitarinnar.

En ég vil undirstrika, frú forseti, að ég sé ákveðin tækifæri felast í því að fara í endurskipulagningu á Ríkisútvarpinu til að aflétta þeim byrðum sem eru útvarpinu erfiðar. Í því ljósi bind ég vonir við að hér í þingsal fari fram öflug, frjó og kröftug umræða um þau mikilvægu málefni sem lúta að Ríkisútvarpinu.

Símenntun.

Fsp. MÁ, 133. mál. — Þskj. 133.

[14:07]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Á síðustu árum hafa skólamenn, verkalýðshreyfing, atvinnurekendur og stjórnvöld tekið sig saman um að auka hlut símenntunar og endurmenntunar í landinu. Þetta hefur heppnast vel og er ánægjulegt að heimsækja fræðslustöðvar og skóla á þessu sviði, bæði á landsbyggðinni og hér á höfuðborgarsvæðinu, og verða var við þann hug sem einkennir starf nemenda, kennara og forstöðumanna í þessum efnum.

Ríkisstjórnin hefur lagt fram sitt liðsinni að þessu leyti og það skal þakkað. Hún hefur haft til þess undantekningarlausan stuðning hér á þinginu og má minna á, í tilefni af þessari fyrirspurn, að Björn Bjarnason, núverandi hæstv. dómsmálaráðherra og þáverandi menntamálaráðherra, skipaði sérstaka stefnumótunarnefnd árið 1997 sem skilaði af sér skýrslu árið eftir. „Símenntun – afl á nýrri öld" hét hún. Síðan tók við sérstök verkefnisstjórn sem falið var að koma í verk helstu tillögum nefndarinnar í 11 liðum. Þar á meðal voru þessir hér, með leyfi forseta:

„Fylgja eftir tillögum um annað tækifæri fullorðinna til náms. ... Leita leiða til að auka samráð og samstarf skóla og atvinnulífs um símenntun. ... Ræða við fulltrúa háskóla um sveigjanlegra háskólanám fyrir fullorðna."

Líður nú og bíður en ríkisstjórnin gerði tillögur skýrslunnar að sínum. Mér verður þá mótmælt á eftir ef það er ekki svo að hún hafi þá stefnu í símenntunarmálum sem þarna kom fram.

Í haust berast síðan þær fréttir úr framhaldsskólum og háskólum að vegna fjárskorts, þrenginga og ákvörðunarleysis undanfarin ár hafi skólastjórnendur tekið þá afstöðu að þrengja einmitt að þeim hópum sem leita sér menntunar í samræmi við þessa skýrslu og þessa stefnumótun. Í svari hæstv. menntamálaráðherra á þskj. 319 við fyrirspurn hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar í haust kemur fram að Háskóli Íslands vísaði við upphaf skólaársins 105 nemendum frá og Háskólinn á Akureyri 72 nemendum. Það kemur ekki fram hverjir þetta eru en leiða má af líkum að annars vegar sé þetta fólk með stúdentspróf af starfsbrautum, próf sem ekki reyndust vera sá lykill að framhaldsmenntun sem lofað var. Hins vegar sé þetta fólk án stúdentsprófs en með þann þroska og reynslu sem heimilar skólanum að gera undantekningu frá prófkröfunni, sem hefur komið mörgum vel.

Í þessari fyrirspurn kemur fram að því miður treysti hæstv. menntamálaráðherra sér ekki til að gefa það upp eða láta kanna hvernig ástandið væri í framhaldsskólunum — en ég var hér að tala um háskólana. Þar tókst að vísu að koma fyrir öllum nýnemum en af fréttum mátti ráða að þeir hefðu gengið af sem ætluðu að hefja nám á ný, einmitt sá hópur sem stefnumótunin gekk út á, eftir tafir eða brottfall af einhverjum sökum. Meðal ástæðna sem ráðherrann færir fyrir því, sem eru flestar bírókratískar og tæknilegar, er þessi:

„Fáir úr hópi eldri umsækjenda höfðu samband við ráðuneytið sl. sumar vegna synjunar á skólavist."

Er þar með gert ráð fyrir því að nemendur sem hafa farið frá námi og hyggjast hefja það aftur en fá nei hafi sérstaklega samband við ráðuneytið. Það eru ekki mjög fín rök.

Þess vegna kem ég með þessa fyrirspurn. Hvernig hangir þetta saman, fréttirnar frá í haust og stefnumótun ríkisstjórnarinnar frá fyrri tímum um símenntun í landinu?

[14:10]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég ætla að mér svara þeirri fyrirspurn sem liggur fyrir á því þingskjali sem hér er til umræðu. En frá því að þær tillögur sem vísað er til í fyrirspurninni komu fram hefur orðið gríðarlegur vöxtur í símenntun á Íslandi.

Alþjóðleg könnun um símenntun og samanburður á niðurstöðum og könnun á símenntun í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar við aðrar alþjóðlegar kannanir staðfestir að þátttaka Íslendinga í símenntun af ýmsu tagi er með því allra mesta sem gerist.

Ýmislegt af því sem unnið hefur verið að í anda fyrrnefndra tillagna hefur auðveldað fólki sem fer til náms að nýju að hefja nám á framhaldsskóla- og háskólastigi. Símenntunarstöðvar, m.a. með styrk frá ríkisvaldinu, eru nú starfandi í öllum landshlutum. Með tilkomu þeirra jókst aðgengi að framhalds- og háskólanámi verulega auk þess sem ráðgjöf er nú mun aðgengilegri fyrir þá sem eru að hefja nám eftir hlé vegna starfa eða af öðrum ástæðum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók til starfa árið 2003. Meginmarkmið fræðslumiðstöðvarinnar er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Í framhaldsskólunum hefur verið stofnað til úrræða til að auðvelda fullorðnum aðgengi að námi með því að nýta hluta af starfsreynslu sem hluta af almennum aðgangskröfum eða námsbrautum, eins og t.d. í námi fyrir sjúkraliða sem margir hafa nýtt sér eins og menn vita.

Engar þær breytingar hafa verið gerðar á menntakerfi okkar frá 1998 sem miða að því að gera það erfiðara fyrir

einstakling að hefja nám að nýju, hvorki í framhaldsskólum né háskólum. Í reynd hefur ýmislegt gerst á þessum árum sem á að auðvelda fólki að hefja nám að nýju.

Auk þess sem rakið hefur verið að framan má nefna nýjar leiðir til stúdentsprófs sem nú eru skilgreindar í aðalnámskrá framhaldsskóla sem viðbótarnám til stúdentsprófs. Námskrá kveður skýrar en áður á um rétt einstaklinga til að fá fyrra nám og reynslu metna þegar nám er hafið að nýju á framhaldsskólastigi. Jafnframt er unnið að því í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að setja frekari reglur og leiðbeiningar um það hvernig standa megi að mati á óformlegu námi. Það er mikið hagsmunamál fyrir þá sem vilja hefja nám að nýju.

Framboð á fjarnámi hefur aukist stórlega á undanförnum árum, bæði á framhalds- og háskólastigi, en það reynist oft á tíðum mjög hagstæð leið fyrir þá sem eru að snúa úr starfi til náms.

Frú forseti. Sé litið yfir tímabilið í heild, sem nefnt er í fyrirspurn háttvirts þingmanns, kemur í ljós umtalsverð fjölgun nemenda bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi. Það er auðvitað afar jákvætt. Nemendum í framhaldsskólum hefur fjölgað um 3.000 á tímabilinu frá 1998–2003 og nemendum í háskólanámi um 6.600 á sama tíma, samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands.

Haustið 2003 voru í framhaldsskólum landsins skráðir rúmleg 21 þúsund nemar sem er langt umfram fjöldann í menntaskólaárgöngunum 16–19 ára. Á skömmum tíma hafði því nemendum eldri en tvítugum fjölgað um tæplega 3 þúsund en nemendum á aldrinum 16–19 ára fækkað um rúmlega þúsund þannig að aðgengi eldri nema í framhaldsskólakerfinu hefur verið gott og verður gott.

Þessar tölur segja meira en mörg orð um aðgengi að menntun á Íslandi. Tölurnar eru vísbendingar um að átak í eflingu símenntunar hafi tekist vel og hjálpað einstaklingum að hefja að nýju nám í framhaldsskólum. Það hefur verið og verður áfram greið leið fyrir þá sem vilja hefja nám sitt að nýju. Þannig á það auðvitað að vera, frú forseti. Af hálfu stjórnvalda eru engin áform um að breyta því.

[14:14]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem hún gaf. Þannig er að í flestum landsfjórðungum hafa verið starfandi símenntunarmiðstöðvar sem ekki eru þar vegna frumkvæðis hæstv. menntamálaráðherra eða menntamálaráðuneytis heldur voru þær teknar upp í störfum fjárlaganefndar og fjárveiting til þeirra hefur verið tryggð í fjárlögum hvers árs, þó aðeins vegna þess að það hefur verið vilji Alþingis að efla símenntun.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hafa verið gerðir samningar við símenntunarmiðstöðvarnar? Eru þeir væntanlegir? Í hverju felast þeir, þannig að framtíð símenntunarmiðstöðvanna sé tryggð?

[14:15]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á mikilvægi símenntunar í landinu og þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Eins og fram kom hjá ráðherra er gríðarleg aukning, bæði í símenntun og fjarnámi hér á landi og er það vel.

Það kom fram í fjárlaganefnd í gær þegar rektor Kennaraháskólans kom til okkar að 60% nemenda skólans eru í fjarnámi. Þetta er gríðarlegur fjöldi nema um allt land sem þannig auka við menntun sína og umræður um mikilvægi þessara nýju símenntunarstöðva á landinu verða seint of miklar, þ.e. hve miklu máli þessar útstöðvar sem eru um allt frá símenntunarstöðvunum skipta í fjarnáminu. Ef við förum hringinn í kringum landið og tínum þær til og merkjum með flöggum, þá er hringurinn nánast óslitinn kringum landið.

[14:16]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Símenntunarstöðvarnar og fræðslunetin úti á landi hafa valdið straumhvörfum í aðgengi íbúa landsbyggðarinnar að nám í gegnum fjarnám og uppbyggingu þessara stöðva sem eru öflugar og mikilvægar í sínum héruðum. Það er mjög mikilvægt, eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom inn á áðan, að gerður sé langtímasamningur við símenntunarstöðvarnar og þær heyri undir menntamálaráðuneytið eins og aðrar menntastofnanir í landinu, en rekstur þeirra sé ekki á hverju hausti undir því kominn hvernig fer með fjárlagavinnu og fjárlagagerð. Það þarf að tryggja hag og grundvöll símenntunarstöðvanna til framtíðar, við munum hvernig fór í fyrra en þá lá við að margar þeirra færu á hliðina þegar útlit var fyrir að ekki fengjust næg fjárframlög til þeirra, þótt það bjargaðist á elleftu stundu ef svo má segja.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka bæði hv. menntamálaráðherra og hv. þingmönnum fyrir þessa ofurlitlu umræðu um símenntun og tek undir að við þurfum að koma ýmsum hlutum betur fyrir hér. Það er kannski næsta verkefni svona ef maður lítur stórt á. Við höfum komið upp mörgum miðstöðvum og leiðum í þessu efni, en þurfum nú að koma þeim betur fyrir og tryggja að svo verði til frambúðar.

Það gerist hins vegar auðvitað ekki nema menn hafi eitthvert samhengi í heildarstefnu sinni. Það gengur ekki að bjóða annars vegar upp á símenntun og segja mönnum að sækja sér nám og aukinn fróðleik í samræmi við þá þróun sem við erum vonandi öll sammála um að er að verða hér í atvinnulífi í framtíðinni, og síðan að loka fyrir þeim hinum hefðbundnu skólum sem eru hér til og verða alltaf kjarninn í menntun okkar.

Þess vegna, af því hæstv. menntamálaráðherra sagði í upphafi máls síns að hún ætlaði að láta sér nægja að svara fyrirspurn sem lægi á þingskjalinu, þá vil ég lesa hana aftur og biðja um svar við henni, t.d. svarið já eða svarið nei. Fyrirspurnin var svona:

„Telur ráðherra að þær tillögur sem ríkisstjórnin samþykkti í ágúst 1998 um átak í eflingu símenntunar, að fram komnu áliti sérstakrar nefndar um þau efni, séu í samræmi við það að gert hefur verið erfiðara en áður að hefja að nýju nám í framhaldsskóla og að kröfur um undirbúning fyrir

háskólanám eru að þrengjast?“

Til dæmis svarið já, eða svarið nei.

[14:19]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég tek undir það sem hefur komið fram í málum hv. þingmanna, t.d. að símenntunarmiðstöðvarnar ollu straumhvörfum á sínum tíma þegar þær tóku til starfa og Alþingi og ríkisvaldið hefur, að mínu mati, komið nokkuð myndarlega að rekstri þeirra, þó þær séu eins og við vitum nokkuð sjálfstæðar.

Eitt af því fyrsta sem ég gerði í starfi mínu sem menntamálaráðherra var að skipa starfshóp í náinni samvinnu og samráði við símenntunarmiðstöðvarnar og það félag sem þær hafa myndað með sér kallast Kvasir. Ég vonast til að niðurstöður þess hóps liggi fyrir innan kannski tveggja mánaða, en markmiðið með starfi hópsins var fyrst og fremst að tryggja starfsgrundvöll símenntunarmiðstöðvanna, sem eru svo mikilvægar fyrir landsbyggðina, til framtíðar.

Í þessu samhengi er líka rétt að minnast á að við erum að endurskoða, í samvinnu við heimamenn bæði á Ísafirði og á Egilsstöðum, hvernig hægt er að byggja upp öflug þekkingarsetur þar sem til að mynda símenntunarmiðstöðvarnar koma til með að gegna mikilvægu hlutverki.

Frú forseti. Á síðustu árum, frá 1998, hefur því orðið gríðarleg gróska í símenntunarmálum Íslendinga, frá því ríkisstjórnin samþykkti átak í eflingu símenntunar. Skólarnir, framhaldsskólarnir, eru opnir fólki sem vill stunda þar nám. Símenntunarmiðstöðvarnar eru líka opnar og gróskan, tækifærin og valfrelsið hefur aldrei verið meira fyrir fólk sem vill eða hyggst stunda nám.

Fiskvinnslunám.

Fsp. SigurjÞ, 150. mál. — Þskj. 150.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Á síðasta þingi spurði ég um fiskvinnslunám, en það er gríðarlega mikilvægt að tryggja gæði og öryggi matvæla og tryggja gæði íslensks sjávarfangs. Í svari hæstv. ráðherra kom fram að unnið væri að þessum málaflokki í ráðuneytinu. Þess vegna langar mig að spyrja hvernig þeirri vinnu miði?

Það er óneitanlega mjög sérstakt hjá þjóð sem lifir á sjávarfangi — því þetta er einn mikilvægasti atvinnuvegur þjóðarinnar, ef ekki sá langmikilvægasti eins og t.d. hefur komið fram hjá háskólanum — að ekki skuli vera nein menntun í þessari atvinnugrein. Það hlýtur að vera forgangsverkefni hjá yfirmanni menntamála í landinu að tryggja að sú menntun verði sem best. Einnig verður að líta til fjölbreytni í menntun. Ég gæti vel trúað að fiskvinnslunám sé dýrt ef litið er til einhverra reiknilíkana. En það er mjög dýrt fyrir þjóðfélagið ef hætt verður að mennta fólk í þessari atvinnugrein. Þetta er eitt af því sem hæstv. menntamálaráðherra ætti að átta sig á og ég á von á, ef farið hefur verið í þessa vinnu í ráðuneytinu, að menn komist að þeirri niðurstöðu að mikil verðmæti hljóti að vera fólgin í því að mennta hæfa stjórnendur í fiskvinnslu. En margir af yfirmönnum í fiskvinnslu, framleiðslustjórar, gæðastjórar, eru einmitt menntaðir úr fiskvinnsluskólunum sem búið er að leggja niður.

Þess vegna væri mjög fróðlegt að heyra hjá hæstv. ráðherra hvernig þeirri vinnu miðar sem hún boðaði á síðasta þingi að yrði unnin í ráðuneytinu.

[14:23]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Sigurjóni Þórðarsyni fyrir þessa fyrirspurn, en fyrirspurnin hljóðar svo:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fiskvinnslunám verði endurvakið?“

Eins og við vitum hefur gengið illa að halda úti skólanámi í fiskvinnslu á Íslandi, þrátt fyrir hversu mikilvæg atvinnugreinin hefur lengi verið fyrir atvinnu- og efnahagslíf þjóðarinnar. Fiskvinnsluskólinn var stofnaður til að efla menntun í greininni á sínum tíma. Hann hætti því miður starfsemi fyrir nokkrum árum vegna dræmrar aðsóknar, en hann starfaði eftir fjögurra anna skipulagi frá haustinu 1995 og útskrifaði síðustu nemendur sína vorið 2001, minnir mig. Tilraunir með sjávarútvegsbrautir í framhaldsskólum, sem hugmyndir voru um að tengdust fiskvinnslu, hafa því miður heldur ekki skilað þeim árangri sem vænst var við að laða ungt fólk að námi í atvinnugreininni. Nemendur hafa einfaldlega ekki sýnt þessu námi áhuga.

Ýmsar hliðar þessa máls hafa verið til skoðunar í ráðuneytinu með það í huga að koma á skipulegu námi í fiskvinnslu sem væri í senn í samræmi við óskir greinarinnar, sem er afar mikilvægt, og einnig líklegt til að laða nemendur að náminu.

Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina hefur haft málefni menntunarinnar í fiskvinnslu til umhugsunar og athugunar, sem og í öðrum greinum sjávarútvegs. Í tillögum ráðsins hefur verið bent á mikilvægi þess að fram fari þarfagreining innan fiskvinnslunnar í því skyni að kortleggja hvernig eðlilegast sé að haga menntuninni svo hún komi sjálfri greininni að gagni.

Í ljósi fenginnar reynslu er mikilvægt að næstu skref í menntamálum fiskvinnslunnar verði stigin í mjög nánu samráði við fyrirtæki í greininni.

Ráðuneytið hefur nú þegar skipað starfshóp um þróun starfsnáms í framleiðslutækni. Hópnum er ætlað að setja fram hugmyndir um nám í framleiðsluiðnaði, bæði grunn- og sérnám. Tillögurnar skulu miðast við að námið henti þeim sem nýlega hafa lokið grunnskólanámi, svo og þeim sem hafa starfsreynslu sem meta má við inntöku í námið. Námið á að henta bæði sem staðar- og fjarnám. Hópurinn mun sjálfsagt og eðlilega fjalla um menntunarmál fiskvinnslunnar, þar sem hún er ein af fleiri greinum framleiðsluiðnaðar á Íslandi. Mun verða höfð hliðsjón af niðurstöðum hópsins, svo og tillögum starfsgreinaráðs, sjávarútvegs- og siglingagreina, áður en frekari ákvarðanir verða teknar um uppbyggingu eða endurvakningu fiskvinnslunáms í landinu.

[14:26]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að taka þetta mál hér upp og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin.

Það fer ekkert á milli mála að fiskvinnslan er okkar aðalatvinnuvegur og því er mjög mikilvægt að við reynum að gera sem mest úr þeim afurðum þannig að meira verð fáist fyrir þær.

Mig langar til að geta þess að á síðasta ári hefur Byggðastofnun stutt nema í netagerð sem fer fram við Fjölbrautaskóla Suðurnesja en það er afskaplega mikilvægur þáttur í þessu námi sem snertir fiskveiðar okkar.

[14:27]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Sú kreppa sem nám í fiskvinnslu virðist hafa lent í hér á landi er í raun og veru mikið undrunarefni. Einnig má benda á að eftirspurn eftir skipstjórnar- og stýrimannamenntun virðist líka hafa dalað mjög og þar hefur skólum fækkað mikið og er reyndar bara einn eftir í landinu.

Mér datt í hug í framhaldi af þessari umræðu hvort ekki væri ástæða til að reyna að endurskoða þessa hluti, eins og mér skilst reyndar að sé verið að gera. Nefndin sá m.a. þann möguleika að við höfum hér sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. Netagerðarnámið á Suðurnesjum hefur einmitt komið að þeim skóla. Það mætti athuga hvort sá skóli gæti ekki líka boðið upp á kennslu í fiskvinnslu, því að sjálfsögðu þarf að kenna fólki í þróunarlöndum að verka og vinna fisk. Það kunnum við Íslendingar jú svo sannarlega.

En það þarf að endurskoða þessa hluti frá grunni. Það er alveg stórfurðulegt að þetta nám skuli ekki blómstra hér á landi.

[14:28]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Á sínum tíma var öflugt og blómlegt nám í Fiskvinnsluskóla Íslands, en eftir að yfirvöld hættu eða réttara sagt afnámu réttindin sem menn fengu út úr náminu — ekki var lengur gerð krafa um að menn hefðu ákveðin réttindi til að stjórna fiskvinnslu — þá datt aðsóknin niður. Það er ekkert undarlegt.

Þegar frystitogararnir komu og menn réðu sig þar sem vinnslustjóra og stjórnuðu vinnslu án þess að vera með réttindi, sem færðist smám saman yfir á vinnsluna í landi líka, þýddi það að ungt fólk lét sér ekki detta í hug að afla sér menntunar sem fiskiðnaðarmenn því það fékk engin réttindi umfram þá sem enga menntun höfðu til að stjórna fiskvinnslu í landi.

Það er ekki undarlegt þegar stjórnvöld ganga svona fram að ekki sé mikil ásókn í námið og námið hafi lagst af.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég tel að þetta mál þoli enga bið. Við þurfum að líta til þess hvernig við náum meira úr sjávarfanginu og ein leiðin til þess er menntun. Menntun í sjávarútvegi ætti að vera stolt íslenskrar þjóðar. Við lifum á fiskveiðum og þurfum að mennta fólk til þeirra verka en það er enginn í þeirri grein. Á sama tíma og báðir fiskvinnsluskólar landsins eru lagðir niður eru byggðir upp fjórir skólar sem kenna lögfræði. Það er ágætt, en þetta eru svolítið skrýtnar áherslur hjá þjóð sem lifir af fiskvinnslu.

Við ættum að spyrja okkur: Hvað veldur þessu? Hvað veldur því, ef rétt er, sem ég ætla ekki að fullyrða, að það hafi eingöngu verið dræm aðsókn að Fiskvinnsluskólanum á Dalvík sem réði því að hann var lagður niður? Ég tel að þar hafi ýmsir aðrir hlutir einnig ráðið miklu. Hvað veldur því að ekki er meiri áhugi á þessu námi en raun ber vitni? Það er þessi stöðnun sem orðið hefur í sjávarútveginum. Stöðnun í sjávarútvegi er vegna þess að það verður engin nýliðun í atvinnugreininni. Góð leið til að auka fiskvinnslunám væri t.d. að opna atvinnugreinina og láta markaðslögmálin ráða meira en nú er þannig að allur fiskur færi meira og minna á uppboð. Þá mundu örugglega margir vilja mennta sig til þeirrar atvinnugreinar og gera meira úr fiskinum en við nú gerum.

[14:31]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég get tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda að lykilorðið í dag er menntun. Hin lykilorðin í dag, ásamt menntun, eru gæði náms. Menntun og gæði eru það sem við þurfum að hafa efst í huga þegar við fjöllum um menntakerfið í heild sinni.

Ég mótmæli því sem fram kom í máli hv. þingmanns að áhersla í menntamálum hafi verið bagaleg á síðustu árum. Ég mótmæli því harðlega. Við höfum aldrei haft fleiri nemendur í framhaldsskólum. Þar hefur orðið mikil sprengja, ekki síst á háskólastigi. Háskólastarf hefur blómstrað sem aldrei fyrr, bæði ríkisháskólarnir sem og sjálfstæðu skólarnir, hvort sem við erum að tala um Bifröst, Háskólann í Reykjavík eða Listaháskólann. Aldrei hafa fleiri sótt í háskólanám á landinu en nú.

Varðandi fiskvinnslunámið er það einmitt eitt meginhlutverk starfshópsins sem ég hef skipað að huga að því hvernig við getum þróað starfsnám áfram í framleiðslutækninni. Fiskvinnslan er auðvitað hluti af framleiðslunni. Við höfum við það vandamál að glíma að ekki er nægilegur áhugi á fiskvinnslunámi. Þá er eitt af hlutverkum starfshópsins að skoða hvernig við löðum fólk að slíku námi. Gerum það aðlaðandi fyrir fólk að fara í það. Ég held að við verðum að veita hinu ágæta fólki í þessum starfshópi svigrúm og tækifæri til að þróa og móta tillögur sínar þannig að það skili einhverjum árangri.

Útvarp á öðrum málum en íslensku.

Fsp. MÁ, 166. mál. — Þskj. 166.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Fyrirspurnir mínar eru svohljóðandi:

1. Hefur á þessu ári verið veitt leyfi til útvarps á öðrum

tungumálum en íslensku skv. 7. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000?

2. Hvaða útvarpsstöðvar hafa nú slíkt leyfi og hverjar eru hinar sérstöku ástæður til slíkra útsendinga, áskildar í fyrrnefndri lagagrein?

Í útvarpslögum er gert ráð fyrir því að íslenskar útvarpsstöðvar útvarpi á íslensku, með íslensku tali, með íslenskum texta eða, í undantekningartilvikum, með endursögn eða kynningu á íslensku. Þar að auki er öllum útvarpsstöðvum lögð sú skylda á herðar að efla íslenska tungu. Raunar finnst mér þar ofgert og ætti aðeins að leggja Ríkisútvarpinu þá skyldu á herðar.

Hins vegar held ég það sé réttur andi í útvarpslögunum að gera ráð fyrir því að íslensk tunga sé tungumál þeirra útvarpsstöðva sem hér eru reknar, nema sérstakar ástæður séu fyrir öðru. Enda segir í lögunum að það skuli heimilt, með leyfi forseta:

„ef sérstaklega stendur á, að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku."

Þetta hefur aðeins verið rætt að undanförnu, sérstaklega í tengslum við að Skjár 1 hóf útsendingar frá ensku knattspyrnunni og fjölgaði leikjum sem sendir voru út. Sumum þeirra er lýst af íslenskum þulum en sumum ekki og þar er notast við frumþulina ensku.

Ég tel, og held að þingheimur sé með mér í því og allur almenningur á Íslandi, að við eigum í dag — daginn eftir dag íslenskrar tungu — að efla veg íslenskrar tungu, að það sé okkar hlutverk. Hins vegar er ljóst að umhverfið breytist frá áratug til áratugar. Nú búum við kannski við aðra hætti en voru þegar þessi lög voru samþykkt, hvað þá önnur eldri. Nú er til staðar gervihnattasjónvarp og fjöldi stöðva sem menn geta séð á heimilum sínum á hverjum degi. Úrvalið eykst mjög með stafrænni byltingu sem þegar er hafin. Það getur vel verið að við eigum að haga þessu með öðrum hætti eða færa í annan búning það markmið okkar að íslenska sé tunga okkar á Íslandi og þær stöðvar sem við veitum leyfi til útvarps, sem hér eru reknar, eigi að vera á íslensku.

Mér finnst málið umræðuvert en vil þó ekki gefa neinn afslátt á tungunni. Það getur hins vegar vel verið að við eigum með einhverjum hætti að styðja stöðvarnar í að halda uppi þeim metnaði með öðrum hætti en að leika einhvers konar *mállögreglu*.

Ég vil gjarnan heyra hvað (Forseti hringir.) menntamálaráðherra segir um þetta og hvaða ástæður eru fyrir því að hér er útvarpað á öðrum tungumálum en íslensku.

[14:37]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi, Mörður Árnason, hefur beint til mín tveimur spurningum:

„1. Hefur á þessu ári verið veitt leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku skv. 7. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000?"

Svarið er já.

„2. Hvaða útvarpsstöðvar hafa nú slíkt leyfi og hverjar eru hinar sérstöku ástæður til slíkra útsendinga, áskildar í fyrrnefndri lagagrein?"

Útvarpsréttarnefnd hefur veitt XA-Radíói, áhugamannafélagi, útvarpsleyfi til hljóðvarps til sjö ára, fyrir XA-Radíó, 12 spora útvarpi. Í bókun útvarpsréttarnefndar kemur fram að með hliðsjón af tilgangi XA-Radíós og nauðsyn þess að gætt sé nafnleyndar þeirra sem miðla af reynslu sinni af glímu við áfengisfíkn í samræmi við grundvallarkenningar AA-samtakanna hafi útvarpsréttarnefnd ákveðið að veita útvarpsleyfi með heimild til að útvarpa á erlendu tungumáli, sbr. 1. mgr. 7. gr. útvarpslaga.

Rétt er að undirstrika að þessi undanþága útvarpsréttarnefndar kemur til vegna starfsaðferða AA-samtakanna til að óvirkir alkar geti miðlað af reynslu sinni. Engu að síður er nauðsynlegt að menn geti gætt nafnleyndar. Nafnleynd *er erfið í hinu smáa samfélagi okkar og á þeim grundvelli* ákvað útvarpsréttarnefnd að heimila þessa undanþágu til XA-Radíós.

Önnur leyfi til útvarps á erlendu tungumáli hafa ekki verið veitt.

Ég vil líka undirstrika að útvarpsréttarnefnd er algjörlega sjálfstætt stjórnvald sem lýtur ekki boðvaldi ráðherra. Aðkoma ráðherra, eins og við munum síðan við breyttum lögunum um útvarpsréttarnefnd, er sú að ráðherra skipar formann nefndarinnar en síðan tilnefnir Hæstiréttur tvo í nefndina.

Við vitum það líka að nú er til meðferðar, einmitt vegna málsins sem hv. þm. gat um, vegna útsendinga Skjás 1 á enska boltanum, kæra hjá útvarpsréttarnefnd, hjá þessu sjálfstæða stjórnvaldi. Hún mun eflaust hljóta tilhlýðilega meðferð eins og vera ber lögum samkvæmt.

Ég vil hins vegar taka undir það með hv. þm. Merði Árnasyni að við viljum öll veg íslenskrar tungu sem mestan. Eins og komið hefur fram breytist umhverfi fjölmiðlanna hratt en það má hins vegar ekki verða til þess að við Íslendingar gefum afslátt af tungumáli okkar. Við eigum að leita allra leiða til að vanda til máls og reyna að efla íslenska tungu jafnt innan íslenskra fjölmiðla sem utan.

[14:40]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Það er vissulega ágætt að AA-samtökin og XA-Radíó hafi fengið undanþágu til að útvarpa á öðrum málum en íslensku til að þau geti gætt nafnleyndar. En ráðherrann kom inn á að fyrir liggur kæra vegna útsendinga Skjás 1 á erlendum tungum. Það er alkunna að þar er um að ræða fótboltaleiki og fleira slíkt efni.

Ég vildi kalla eftir viðhorfum ráðherra til þeirra útsendinga: Telur hann að þau lögbrot, sem væntanlega eru framin þar, kalli á endurskoðun laganna og þá með hvað að markmiði? Eigum við að rýmka heimildina? Eigum við að veita þeim heimild til að útvarpa og sjónvarpa á ensku í þessu tilfelli eða öðrum erlendum tungumálum? Eða á að taka harkalega á slíkum brotum að hennar mati? Hver eru viðhorf hennar til þeirrar stöðu sem uppi er? Það liggur skýrt fyrir um hvað er spurt, þ.e. sjónvarpsútsendingar Skjás 1 þar sem ekki er útvarpað á íslenskri tungu.

[14:42]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það væri ágætt að fá fram hvers vegna menn

þurfi að útvarpa á útlensku til að gæta nafnleyndar? Ég átta mig ekki á því. Það væri fróðlegt að það kæmi fram.

[14:42]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það eru fleiri en fullorðna fólkið sem horfir á beinar útsendingar á fótbolta í sjónvarpinu. Það gera krakkar líka. Þetta sagði dóttir mín við mig á laugardaginn þar sem hún horfði á fótboltaleik og náði ekki að fylgjast með því sem þar fór fram á enskri tungu. Ég kem því hér upp þótt ég sé miðaldra karlmaður og tala máli barna í þessu máli.

[14:43]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegur forseti. Ég er frekar frjálslyndur þegar kemur að þessum málum, og útvarpi á öðrum málum en íslensku. Ég tel að Íslendingar hafi bara gott af því að heyra og sjá fjölmiðla á erlendum tungumálum. Það mun líklega auka víðsýni okkar og tungumálakunnáttu. Ég bendi á að umhverfi fjölmiðla er breytast gríðarlega hratt nú um stundir, sérstaklega með tilkomu netsins.

Notkun fólks á erlendum fjölmiðlum á erlendum tungumálum hygg ég að sé alltaf að aukast vegna þess að aðgengið hefur batnað. Maður er farinn að lesa fréttir á vef BBC eða CNN og á skandinavískum miðlum á hverjum degi. Þetta gerði maður ekki fyrir örfáum missirum. En nú er maður farinn að gera þetta daglega. Ég tel að þetta sé hreinlega hið besta mál. Ef einhverjir vilja útvarpa eða sjónvarpa á ensku eða skandinavískum tungumálum eða öðrum tungum hér á landi þá er það í góðu lagi.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Það er ákaflega fróðlegt og göfugt sjónarmið að Íslendingar eigi að kynna sér erlenda fjölmiðla á erlendum tungumálum. Hér var hins vegar ekki verið að ræða um erlenda fjölmiðla á erlendum tungumálum heldur íslenska fjölmiðla á erlendum tungumálum. Ég ítreka að ég er alveg sammála því að standa þurfi sérstaklega á ef upp koma íslenskir fjölmiðlar sem ekki nota íslenska tungu. Ég veit ekki til hvers þeir eiga að teljast íslenskir og njóta ríkisborgararéttar á Íslandi ef svo er.

Ég vil svo segja um XA-stöðina að ég skil þær sérstöku aðstæður og fellst á að þar standi sérstaklega á þótt ég hyggi að með hugkvæmni megi virða íslenska tungu þar líka, án þess að fara frekar út í þá sálma. Það er vissulega erfitt að útvarpa því sem þar er útvarpað, þ.e. AA-fundum, án þess að menn þekkist ef þar væri um íslenskan AA-fund að ræða.

Ég vil segja um fótboltann að mér þykir málið sérkennilegt vegna þess að forstöðumenn útvarpsstöðvarinnar lýstu því beinlínis yfir að þeir væru að reyna á einhvers konar þanþol í þessum efnum, í raun og veru voru þeir að segja: Ja, við ætlum að sveigja lögin, við ætlum ekki að spyrja að því hvernig þessu eigi að koma fyrir eða hvernig best sé að standa að þessu, hvorki áhorfendur, einhvers konar yfirvöld né almenning. Þeir ætluðu bara að gera þetta og ástæðan var hver? Jú, hún var auðvitað peningaleysi, vegna þess að við viljum sýna þetta og þetta marga leiki og við höfum ekki efni á því að sýna nema tvo eða þrjá með íslenskum þulum.

Þetta er aumingjaástæða. Það stendur ekkert sérstaklega á um þetta. Ef þeir hafa ekki efni á því, ef þessir gæjar geta ekki dröslast til að hafa íslenska þuli með í fótboltanum á stöðvunum á bara að stoppa þá.

[14:46]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég geri ráð fyrir að menn hafi skilið ástæður þeirrar einu undanþágu sem útvarpsréttarnefnd gaf á sínum tíma til XA-Radíó. Á hinn bóginn vil ég undirstrika að það er skoðun mín að þeir miðlar sem telja sig vera íslenska skulu að sjálfsögðu reyna að sinna því hlutverki að efla hag og veg íslenskrar tungu. Það eru ákveðin lög í landinu sem allir fjölmiðlar eiga að hlíta og menn verða að skilja það.

Varðandi enska boltann tel ég æskilegra að menn útvarpi á íslensku í íslenskum fjölmiðlum, svo menn hafi það alveg á hreinu. Ég undirstrika hins vegar að það er kæra til meðferðar hjá útvarpsréttarnefnd sem kemur örugglega innan tíðar til efnislegrar meðferðar hjá henni.

Stúdentspróf af iðn- og starfsgreinabrautum.

Fsp. KJúl, 185. mál. — Þskj. 185.

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Verulegar vanáætlanir hafa verið á fjölda þeirra nemenda sem sækja vilja nám við háskólana við gerð fjárlaga undanfarin ár. Afleiðingar þessa birtast okkur með ýmsu móti. Háskóli Íslands hefur gripið til aðgerða til að reyna að stemma stigu við nemendafjölda með ýmsum hætti. Ein þeirra leiða sem skólinn greip til í sumar var að nýta ekki undanþáguheimildir sem veita nemendum með stúdentspróf úr starfsnámsbrautum inngöngu í Háskóla Íslands.

Við gerð síðustu aðalnámskrár voru þrjár brautir framhaldsskóla skilgreindar sem bóknámsbrautir, félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut og málabraut. Aðrar brautir eru skilgreindar sem starfsnámsbrautir og má m.a. nefna viðskiptanám í framhaldsskólum.

Inntökuskilyrði Háskóla Íslands hafa miðast við bóknámsbrautir í flestum deildum. Háskólinn hefur þó haft heimild til að veita undanþágur frá þessum inntökuskilyrðum um bóknám og hefur nýtt undanþáguheimildina undanfarin ár í flestum deildum. Nú er hins vegar staðan gerbreytt því Háskóli Íslands ákvað í sumar að nota heimildina ekki sem hluta af aðhaldsaðgerðum sem eru til komnar vegna uppsafnaðs vanda vegna umframnemenda síðan árið 2001.

Sem dæmi má nefna að umsóknum nemenda með stúdentspróf á viðskiptabrautum framhaldsskólanna var hafnað í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands í sumar. Viðskiptafræðinám á framhaldsskólastigi er því ekki lengur sjálfsagður undirbúningur fyrir háskólanám heldur háð undan-

þágum. Þetta þykir mér, virðulegi forseti, undarleg tilhögun.

Þó svo að flestar deildir Háskóla Íslands hafi ákveðið á haustdögum að koma til móts við þá nemendur núna er engin trygging fyrir þessa nemendur til framtíðar litið. Sú staða sem er uppi er algjörlega óviðunandi, að nemendur af öðrum brautum en félagsfræði-, mála- og náttúrufræðibraut þurfi að búa við þá óvissu hvort Háskóli Íslands noti undanþáguheimildir þetta árið eða ekki. Þetta getur ekki orðið til þess að svokallaðar starfsnámsbrautir eflist og styrkist í framtíðinni ef framtíð nemenda með stúdentspróf af þeim brautum er háð undanþágum. Þvert á móti er hætta á því að sífellt færri nemendur sæki sér stúdentspróf af starfsnámsbrautum. Það getur ekki verið sú framtíðarsýn sem við höfum í menntamálum.

Virðulegi forseti. Við sjáum verulega annmarka á gildandi námskrá fyrir framhaldsskóla. Skilgreiningar innan hennar á bóknámi annars vegar og starfsnámi hins vegar er erfið fyrir nemendurna og einnig fyrir háskólana. Framkvæmdin er flókin. Breytingin sem gerð var á námskránni 1999 setti framhaldsskólastigið í mikinn vanda.

Til að reyna að varpa ljósi á stöðuna hef ég lagt fram fjórar spurningar til hæstv. menntamálaráðherra. Mér gefst ekki tími til að lesa þær upp en þær liggja fyrir á þingskjali 185.

[14:50]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir spyr í fyrsta lagi:

„Hversu margir nemendur luku stúdentsprófi af iðn- og starfsgreinabrautum árin 2001, 2002, 2003, 2004?"

Nemendur allra starfsnámsbrauta geta tekið stúdentspróf með því að ljúka viðbótarnámi sem er skilgreint í aðalnámskrá framhaldsskóla. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni, sem annast upplýsingaöflun um brautskráningar nemenda í framhaldsskólum, luku 56 nemendur stúdentsprófi með viðbótarnámi af iðn- og starfsnámsbrautunum skólaárið 2000–2001, 107 nemendur skólaárið 2001–2002 og 208 nemendur skólaárið 2002–2003. Hagstofan hefur því miður ekki tiltækar tölur fyrir skólaárið 2003–2004.

Nemendur með stúdentspróf í framhaldi af starfsnámsbrautum voru 2,6% allra brautskráðra stúdenta skólaárið 2000–2001 en voru orðnir 8% skólaárið 2002–2003. Eins og sést af áðurnefndum tölum hafa nemendur nýtt sér þessa námsleið í vaxandi mæli, sem betur fer.

Í öðru lagi spyr hv. þm:

„Hversu margir með slík stúdentspróf sem sóttu um inngöngu í háskóla fengu inni í skóla á þessum árum og í hvaða skólum var það?"

Í Háskólanum á Akureyri voru umsækjendur með viðbótarnám 13 árið 2001, 16 árið 2002, 20 árið 2003 og 9 á þessu ári. Umrædd ár sóttu því alls 58 einstaklingar með viðbótarnám til stúdentsprófs um Háskólann á Akureyri. Einum þessara umsækjanda var synjað um skólavist þar sem ekki var unnt að stunda fjarnám frá heimabyggð hans. Aðrir fengu skólavist.

Tækniháskóla Íslands bárust 6 umsóknir árið 2001, 6 árið 2002, 10 árið 2003 og á þessu ári voru umsóknirnar 14. Alls voru umsækjendurnir því 36 sem fengu skólavist í Tækniháskóla Íslands.

Háskóli Íslands veitti öllum umsækjendum með viðbótarnám til stúdentsprófs skólavist sl. vor. Háskóli Íslands upplýsti þó að stúdentspróf af starfsnámsbrautum uppfyllti ekki alltaf reglur um skilyrði um undirbúning til náms í vissum deildum við Háskóla Íslands.

Háskólinn í Reykjavík sérmerkir þessa umsækjendur ekki í umsóknarkerfinu en upplýst var að umsækjendur með viðbótarnám til stúdentsprófs væru fáir eða einn til tveir á ári.

Kennaraháskólinn hafði upplýsingarnar ekki skráðar en upplýst var að ekki væri gerður greinarmunur á umsækjendum eftir skólum eða tegund stúdentsprófs.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst skráir ekki tegund stúdentsprófs í umsóknakerfi sínu og ekki er gerður greinarmunur á umsækjendum eftir skólum eða tegund stúdentsprófs.

Í þriðja lagi er spurt:

„Til hvaða aðgerða hyggst menntamálaráðherra grípa til að tryggja nemendum með stúdentspróf af iðn- og starfsgreinabrautum aðgang að háskólanámi?"

Viðbótarnám til stúdentsprófs er nýjung í íslenskum skólamálum. Það á að mynda mikilvæga brú á milli starfsnáms á framhaldsskólastigi og háskólastigsins. Námið er skilgreint í aðalnámskrá framhaldsskóla og við undirbúning þess hafði farið fram víðtæk umræða og samráð milli aðila á framhalds- og háskólastigi. Náminu er ætlað, eins og öðru stúdentsnámi, að vera undirbúningur fyrir nám á háskólastigi en nemendum eru gefnar talsvert frjálsar hendur um samsetningu námsins allt eftir því hverjar inntökukröfur í fyrirhuguðu námi eru.

Við inntöku í háskóla síðasta sumar reyndust umsóknir fleiri en háskólarnir gátu annað. Í einhverjum tilvika gripu skólar til þess ráðs að flokka umsóknir nemenda með viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum með þeim umsækjendum sem sóttu um skólavist með undanþágum frá stúdentsprófi. Það var skilningur ráðuneytisins frá upphafi að viðbótarnám til stúdentsprófs ætti að vera fullgild leið til undirbúnings fyrir háskólanám að því gefnu að samsetning þess miðaðist við skilgreind markmið í fyrirhugðu háskólanámi.

Í samræmi við þetta tel ég óeðlilegt að nemendum með þessa tegund stúdentsprófs sé synjað um skólavist óháð inntaki námsins.

Í fjórða lagi er spurt:

„Telur ráðherra koma til greina að öll stúdentspróf verði talin fullgild, þ.e. veiti aðgang að háskóla? Ef ekki, hvar vill ráðherra setja mörkin?"

Nám til stúdentsprófs er í eðli sínu undirbúningur undir nám á háskólastigi og þannig er um það fjallað í lögum. Í þeim skilningi eru öll stúdentspróf sem tekin eru á Íslandi fullgild. Fram hjá því er hins vegar litið að mismunandi inntökukröfur háskóla og háskóladeilda gera það að verkum að ekki duga öll stúdentspróf jafnvel til inntöku í hvaða deild sem er. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla ber að skilgreina námsbrautir með lokamarkmið þeirra í huga. Kjarni allra bóknámsbrauta til stúdentsprófs er hinn sami en kjörsvið brautanna og frjálst val nemenda er ætlað til að

búa nemendur markvissar undir nám á tilteknum sviðum á háskólastigi.

Í aðalnámskrá segir að náttúrufræðibraut búi nemendur undir framhaldsnám í háskóla í náttúruvísindum, stærðfræði og öðrum greinum sem byggjast á góðri undirstöðu í náttúruvísindum. Málabrautin býr nemendur undir háskólanám á sviði málvísinda og þar sem gerð er krafa um góða tungumálakunnáttu. Stúdentspróf á málabraut býr nemendur því undir háskólanám með öðrum hætti en stúdentspróf af náttúrufræðibraut, svo dæmi sé tekið. Á báðum þessum brautum ljúka nemendur fullgildum stúdentsprófum þó að undirbúningur þeirra til háskólanáms á ólíkum sviðum sé talsvert mismunandi.

Sama á við um viðbótarnám til stúdentsprófs á starfsnámsbrautum sem var til umræðu áðan.

[14:56]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Skapast hefur hefð fyrir því á undanförnum árum að Háskóli Íslands nýti sér undanþáguheimild sína til að taka inn nemendur með stúdentspróf af starfsnámsbrautum svo og þá sem hafa ekki það sem telst til hefðbundins bóknáms og er það gott. Það ætti að sjálfsögðu að jafngilda öll stúdentspróf til að allir fái inngöngu í háskóla burt séð frá því hvort um er að ræða starfsnáms- eða bóknámsstúdentspróf. Það hefðarrof sem varð sl. haust þegar Háskóli Íslands tók ekki inn stúdentana er ákveðin aðför að starfsnámsstúdentsprófum og starfsnámsbrautum.

Það urðu þeim nemendum að sjálfsögðu mikil vonbrigði og sjálfsagt mörgum mikið áfall að Háskóli Íslands skyldi á því hausti vegna fjársveltis stjórnvalda og þeirra hörðu kosta sem hann sætir af hálfu stjórnvalda ekki beita undanþáguheimild sinni til þess að spara fé. Það bitnaði harkalega á þessum nemendum og er það miður. Því skora ég á ráðherra að beita sér fyrir því af öllu afli að þetta komi ekki fyrir aftur, Háskóli Íslands verði skorinn niður úr snörunni og þessum nemendum veittur aðgangur að skólanum.

[14:57]

Mörður Árnason:

Forseti. Við hljótum að fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. menntamálaráðherra að hún telji stúdentsprófin af starfsbrautunum jafngild hinum stúdentsprófunum og að veg þeirra eigi að efla. Þar með gerir hún væntanlega athugasemdir við það hátterni háskólanna í haust að mismuna mönnum á grundvelli þessara prófa.

Ég greip ekki alveg tölurnar sem hæstv. menntamálaráðherra nefndi. Þar kemur að erfiðleikunum með munnlegar og skriflegar fyrirspurnir, að stundum þyrftu þær að vera hvort tveggja. Hins vegar vil ég spyrja hana betur um skriflegt svar við fyrirspurn hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar frá því í haust þar sem fram kom að Háskóli Íslands hafnaði 105 nemendum í haust, flokkað eftir deildum en ekki eftir því hvers eðlis höfnunin var, og 72 var hafnað í Háskólanum á Akureyri. Þetta heyrðist mér ekki stemma alveg við tölur hæstv. menntamálaráðherra og spyr: Veit hún eitthvað um þessa 105 og 72 nemendur í þessum tveimur skólum, hvers eðlis synjunin var?

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir ágæt svör, þar kom ýmislegt jákvætt fram.

En það versta í málinu, sem ég vil koma inn á núna, er að fjársvelti Háskóla Íslands birtist með þeim hætti að við sjáum slíka annmarka á kerfinu að þeir sem eru á starfsgreinabrautum eru háðir undanþáguákvæðum varðandi inngöngu í Háskóla Íslands. Það tel ég vera alvarlega brotalöm á kerfi okkar og eitthvað sem við verðum að skoða hið allra fyrsta.

Ég tel að í sumar hafi verið brotið á þessum nemendum og sú aukning á nemendum sem stunda nám á starfsgreinabrautum, eins og fram kom í máli hæstv. menntamálaráðherra, tel ég afar jákvæða. En ég tel að þar gæti orðið afturför vegna þess að námið verður ekki fýsilegt fyrir nemendur framtíðarinnar ef þeir sjá ekki fyrir sér að það sé öruggt að þeir geti gengið í nám á háskólastigi vegna þess að það sé háð undanþágum.

Ég tel að það sé alvarleg staða í menntakerfi okkar og verulegur löstur að nemendur á starfsnámsbrautum framhaldsskólanna séu að námi loknu í blindgötu hvað frekara nám varðar. Þetta tel ég að hæstv. menntamálaráðherra og menntamálaráðuneytinu beri að leysa, að einfalda leiðirnar í framhaldsnám fyrir þessa nemendur.

Viðurkenndar námsleiðir sem nemendur velja sér 15–16 ára gamlir mega ekki verða þeim hindranir að námi loknu því þá eru menntamálayfirvöld að mínu mati ekki að standa sig. Það á að gera starfnámi hátt undir höfði en ekki leiða það inn á blindgötur. Námið er statt í blindgötu sem verður að losa það úr hið fyrsta svo starfsnámið verði raunverulegur valkostur fyrir nemendur framtíðarinnar. Það verður að finna varanlega lausn á þessu, taka þetta úr klöfum undanþágna og eyða þannig óvissunni fyrir nemendur framtíðarinnar.

[15:00]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég mótmæli því að Háskóli Íslands sé í fjársvelti. Við vitum að háskólinn þarf á meiri fjármunum að halda. Engu að síður er hann ekki í fjársvelti heldur hefur hinni miklu aðsókn í Háskóla Íslands verið mætt eftir bestu getu af hálfu ríkisvaldsins.

Ég minni á að það hefur verið menntasókn í fleiri löndum, þó ekki eins mikil og hér á landi, menntasóknin er hvað mest á Íslandi, til að mynda innan Evrópuríkja og OECD. Henni hefur víða verið mætt þannig að fjárframlög til háskólanna hafa verið skorin niður á grundvelli fjölda. Þannig höfum við ekki reynt að mæta þessu heldur er miklu frekar reynt að láta fjármagnið fylgja í samræmi við þau nemendaígildi sem eru samþykkt á Alþingi lögum samkvæmt.

Ég tek undir það sem fram kom m.a. í máli hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur um stúdentsprófið, ég lít á það nákvæmlega sömu augum og hv. þingmaður. Stúdentspróf, hvort sem það er á starfsnáms- eða bóknámsbraut, á að gilda í háskólunum. Svo virðist sem stúdentsprófin séu ekki aðgreind eftir tegund þess nema í Háskóla Íslands. Engu að

síður geta deildir innan háskólanna sett ákveðnar kröfur, verkfræðideildin í Háskóla Íslands setur t.d. ákveðnar kröfur varðandi stærðfræðiþekkingu sem eru eðlilegar. En stúdentsprófið á að vera algilt og það á ekki að greina það eftir hvers konar tegund það er. Við eigum að efla og auka starfsnámið og sérstaklega virðingu þess. Tækifærin eru til staðar og við eigum að grípa þau.

Tónlistarnám.

Fsp. BjörgvS, 187. mál. — Þskj. 187.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra hvort í undirbúningi sé lagabreyting þess efnis að ríkisvaldið beri kostnaðinn af tónlistarnámi á framhaldsstigi eins og öðru námi á framhaldsskólastigi.

Tilgangurinn með fyrirspurn minni er að fá botn í þá óvissu sem ríkt hefur um framhaldsnám á tónlistarstigi. Margir nemendur hafa lent í vanda vegna þess að ríkið hefur ekki staðið straum af kostnaði af tónlistarnámi á framhaldsstigi líkt og öðru námi á framhaldsstigi sem er skylda ríkisvaldsins. Ríkisvaldið hefur að mínu mati vikist undan ábyrgð sinni að greiða fyrir tónlistarnámi á framhaldsstigi líkt og öðru námi á því stigi.

Tek ég undir það sem fram kom í leiðara Morgunblaðsins 8. júlí 2004, með leyfi forseta:

„Slíkt fyrirkomulag er þó ekki til þess fallið að stuðla að jafnrétti til náms þar sem sveitarfélögin þurfa að leggja mat á einstök tilfelli á framhaldsstigi og borga með nemendum í nám á höfuðborgarsvæðinu." — Þar sem flestir skólarnir eru.

Ég frétti að samkomulag hafi verið gert á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisvaldsins um að ríkið greiði fyrir tónlistarnám nemenda í framhaldsskólum. Það er ágætt mál og til bóta. Það er skref í rétta átt en alls ekki nóg. Það sem eftir stendur eru nemendur sem stunda tónlistarnám á framhaldsstigi en eru ekki í framhaldsskólum, t.d. nemandi sem einungis stundar tónlistarnám á framhaldsstigi en hefur lokið framhaldsskóla.

Samkomulaginu þarf að mínu mati, ef rétt reynist að um það sé að ræða, að fylgja eftir með heildstæðri endurskoðun laga um tónlistarfræðslu þar sem skilin eru skýrð mjög rækilega á milli stiga í tónlistarnáminu með það að markmiði að skýrt sé hver eigi að bera kostnaðinn af náminu, að það sé skýrt að ríkið eigi að standa undir framhaldsnámi í tónlistarmenntun bæði á framhaldsskólastigi og háskólastigi eins og öðru námi í landinu á framhaldsskólastigi og háskólastigi svo nemendurnir lendi ekki í óvissunni og vandanum. Það er óþolandi ástand og verður að skýra vel og vandlega.

Skilin á milli stiganna eru um margt óljós og kalla á endurskoðun laganna ásamt því að skýra kostnaðarábyrgð hvers og eins. Endurskoðun laga um tónlistarskóla stendur yfir. Þann 18. október 2003 skipaði hæstv. þáverandi menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, nefnd sem átti að gera tillögur um heildarendurskoðun og fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Nefndin átti að ljúka störfum fyrir síðustu áramót, fyrir næstum ellefu mánuðum.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað líður starfi um heildarendurskoðun um tónlistarskóla?

Þá er mikilvægt að endurskoða lögin í heild sinni með það að markmiði að ekki komi upp ágreiningsmál um kostnað námsins sem einatt bitnar á nemendunum og gerir þeim erfitt fyrir að stunda nám sitt, eins og kom upp í fyrrasumar þegar allt fór á flot hver átti að borga með hverjum. Reykjavíkurborg gaf það út að hún ætlaði ekki að greiða fyrir framhaldsnám tónlistarnemenda úr öðrum sveitarfélögum eins og eðlilegt er enda er ábyrgðin ríkisins. Það þarf því að breyta lögunum svo þetta sé alveg skýrt.

[15:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr:

„Er í undirbúningi lagabreyting þess efnis að ríkisvaldið beri kostnaðinn af tónlistarnámi á framhaldsstigi eins og öðru námi á framhaldsskólastigi?"

Í tilefni af fyrirspurninni er rétt að rifja upp að fyrirrennari minn, eins og hv. þm. kom inn á, gerði þingheimi grein fyrir því í umræðum utan dagskrár í október árið 2003 að samhliða viðræðum ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga hefði verið ákveðið að skipa nefnd sem skyldi gera tillögur um heildarendurskoðun á lögunum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Nefnd um endurskoðun laga um þennan fjárhagslega stuðning við tónlistarskóla sem ég skipaði sl. vor hefur ekki lokið störfum en ég geri þó ráð fyrir að nefndin skili tillögum sínum innan tíðar. Ég hef því í hyggju að leggja fram síðar á þessu þingi, ef færi gefst, frumvarp sem byggt verður á tillögum nefndarinnar. Á þessu stigi er því ekki tímabært að gera grein fyrir einstökum tillögum nefndarinnar og rétt, frú forseti, að nefndin fái að ljúka störfum fyrst.

En aðeins varðandi orðalagið hvað varðar kennslukostnað vegna tónlistarnáms á framhaldsstigi, eins og fram kom í fyrirspurninni, er rétt að taka fram að námsstig í tónlist, sem áður greindust í átta stig, nefnast nú grunn-, mið- og framhaldsstig samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskólanna frá árinu 2000. Framangreind námsstig í tónlist fylgja ekki hefðbundnum skólastigum og því getur nemandi í grunnskóla verið kominn á framhaldsstig og nemandi í framhaldsskóla getur verið á miðstigi. Að því leytinu til tel ég að fyrirspyrjandi gefi sér ekki alveg réttar forsendur um samsvörun námsstiga í tónlist og skólastiga í hinu almenna námi.

Það er mér hins vegar ánægjuefni að segja frá því að um síðustu mánaðamót var undirritað samkomulag á milli menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu og fyrirkomulag tónlistarnáms á framhaldsskólastigi. Samkomulagið tryggir að nemendur í framhaldsskólum sem samhliða stunda nám í tónlistarskóla og fá það metið til eininga á stúdentsprófi eða lokaprófi frá framhaldsskóla geta nú notfært sér þessa námsleið óháð því hvar þeir eiga lögheimili. Með samkomulaginu er því leyst úr vanda framhaldsskólanemenda sem hafði verið

synjað um skólavist í tónlistarskólum vegna nýlegra reglna sveitarfélaga um greiðslu kennslukostnaðar í tónlistarskólum. Það er rétt að geta þess að líklegt er að breytingin kosti ríkið u.þ.b. 40 millj. kr. miðað við þetta ár sem kemur til uppgjörs síðar. Líklegt er og það er spá mín að undir eins og þetta fyrirkomulag er komið á, þ.e. að ríkið greiði tónlistarnám í framhaldsskólunum sem getur verið metið til eininga til stúdentsprófs, komum við til með að sjá töluverða aukningu á nemum sem fari þessa leið og að þá komi kostnaðurinn jafnframt til með að aukast.

[15:09]

Mörður Árnason:

Forseti. Gott er að þetta vandamál er úr vegi. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa því fyrir þingheimi að fyrir nokkru barst okkur í menntamálanefnd bréf frá samtökum skólastjóra í tónlistarskólum þar sem við vorum boðuð á málþing sem halda átti á föstudaginn um frumvarp að nýjum lögum sem í ráði væri að flytja hér.

Þetta merkti maður við í dagbókina sína og leit með tilhlökkun til fundarins. Í byrjun vikunnar kom svo annað bréf frá formanni samtakanna þar sem tilkynnt var að málþingið félli niður vegna þess að embættismenn menntamálaráðherra sem væru að undirbúa lögin hefðu sagt að að skipun menntamálaráðherra gætu þeir því miður ekki komið á fundinn og sagt neitt frá lögunum.

Þetta eru ákaflega sérkennileg vinnubrögð og því miður eru þau farin að einkenna starf hæstv. menntamálaráðherra, að gera allt í leynum, að neita öllu samráði og neita öllum upplýsingum um lagasmíð sem er í gangi. Ég minni á Ríkisútvarpið sem við töluðum um rétt áðan. Ég tel að þetta beri ekki með sér árangur í störfum heldur (Forseti hringir.) sé þetta þvert á móti mikill galli á vinnubrögðum hæstv. menntamálaráðherra og ráðuneytis hennar.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég fagna því að þetta voru réttar fréttir sem ég hafði um samkomulagið á milli ríkisvaldsins og Samtaka íslenskra sveitarfélaga, að ríkið muni greiða fyrir tónlistarnám nemenda á framhaldsstigi í framhaldsskólum, eins og þeim ber afdráttarlaus skylda til að gera.

En þar er ekki nema hálfur vandinn leystur. Það er mjög mikilvægt að nefndin sem hæstv. þáverandi menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, skipaði og kynnti úr ræðustól á Alþingi 18. október 2003 ljúki störfum. Henni var upphaflega ætlað að ljúka störfum fyrir 31. desember 2003. Nú styttist í 31. desember 2004 og þá eru liðnir tólf mánuðir frá því að nefndin átti að skila af sér.

Hv. þm. Mörður Árnason rifjaði upp ákaflega athyglisverð tíðindi sem gerðust fyrir nokkrum dögum um uppnámið og uppþotið sem varð vegna þess að nefndin treysti sér ekki til að gera grein fyrir tillögum sínum, næstum ellefu mánuðum eftir að hún átti að ljúka störfum. Þetta eru ámælisverð vinnubrögð.

Þá er rétt að inna hæstv. ráðherra eftir því við hverja nefndin hefur haft samráð um lagasetninguna og hvenær hún telji að lagasetningin muni líta dagsins ljós, hvort það verði fyrir áramót á þessu ári svo ekki líði meira en tólf mánuðir frá því að nefndin átti að skila af sér og að hún geri það.

Þó að samkomulagið um kostnað nemenda í tónlistarnámi á framhaldsskólastigi sé hið besta mál og skref í rétta átt og leysi úr ákveðnum vanda sem hefur valdið mörgum nemendum erfiðleikum er endurskoðun á lögunum um tónlistarfræðsluna jafnbrýn eftir sem áður. Því skora ég á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að nefndin drattist til þess að ljúka störfum sínum, næstum ári eftir að hún átti að ljúka þeim.

[15:13]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég skil ekki þetta uppnám hjá hv. þingmönnum og að það sé einhver leynd og að ekki sé haft samráð við aðila sem að málinu koma. Þeir sem sitja í nefndinni eru tónlistarskólastjórar, tónlistarkennarar, sveitarfélögin og ríkið. Nefndin er einfaldlega enn að störfum og ef hún telur sig þurfa meiri tíma til þess að fara yfir lögin en áætlaður var hljóta að vera málefnaleg rök fyrir því og gildar ástæður. (Gripið fram í.)

Ég stjórna ekki nefndinni, en samkvæmt mínum fregnum af störfum nefndarinnar (Gripið fram í.) samkvæmt fréttum frá nefndinni, ef ég fengi að ljúka máli mínu, hv. þm., er ætlunin að ljúka störfunum sem fyrst. Það er verið að reyna að gera það. Það sem ég vonast auðvitað til er að tillögurnar frá nefndinni verði til þess fallnar að það sé vandaður undirbúningur og að það verði vandað frumvarp til umræðu í þinginu um mikilvæga starfsemi tónlistarskólanna.

Aðsókn að Háskóla Íslands.

Fsp. KJúl, 219. mál. — Þskj. 222.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Verulegur uppsafnaður vandi blasir nú við Háskóla Íslands. Þessi uppsafnaði vandi er að miklu leyti tilkominn vegna þess að yfirvöld menntamála hafa vanáætlað nemendafjölda við háskólann allverulega við fjárlagagerð frá árinu 2001.

Árið 1999 var gerður kennslusamningur við Háskóla Íslands í samræmi við lög um háskóla frá árinu 1998. Var þessi kennslusamningur að mörgu leyti fagnaðarefni og kom samskiptum skólans og fjárveitingavaldsins í fastara form en verið hafði. Grunnurinn í kennslusamningnum er nemendaígildi sem greitt er með til háskólans, þ.e. samanlagður einingafjöldi þreyttra eininga deilt með 30 einingum sem teljast fullt nám.

Hins vegar hefur það gerst frá árinu 2001 að nemendafjöldi sem greitt er með til háskólans er verulega vanáætlaður. Svona hefur þetta gengið í fjögur ár í röð og því er ljóst að uppsafnaður halli er orðinn allverulegur.

Ég ætla að tæpa á nokkrum staðreyndum málsins.

Fyrsta árið eftir að kennslusamningurinn var gerður, fjárhagsárið 2000, fékk Háskóli Íslands að fullu greitt fyrir

fjölgun nemenda úr 3.885 í 4.176. Árið 2001 var umframfjölgun nemenda 189 sem metið er á tæpar 124 milljónir. Nemendafjöldi það ár fór þannig í 4.365. Ekki var gert upp á árinu 2001 en árið 2002 fékkst 101 milljón vegna nemendauppgjörs árið 2001. Eftir stóðu 23 milljónir það ár og varð það einungis byrjunin á hinum uppsafnaða vanda.

Árið 2002 voru virkir nemendur 4.667 og stóðu eftir það ár um 135 millj. kr. sem ógreitt var fyrir nemendur. Áfram get ég talið svona, virðulegi forseti. Á árinu 2003 voru virkir nemendur orðnir 5.256. Ráðherra hafði lofað að greiða fyrir 4.950 og var greitt fyrir þá með uppgjöri sem nam 214 millj. kr. Eftir stóð að ekki var greitt fyrir heila 306 nemendur.

Á þessu ári, árinu 2004, er áætlað að virkir nemendur verði um 5.800 en í fjárlögum er aðeins gert ráð fyrir 5.200 nemendum. Mismunurinn samkvæmt kennslulíkani gæti því numið rúmlega 300 millj. kr. Það munar, virðulegi forseti, 600 nemendum í fullu námi á áætlun yfirvalda og háskólans.

Fyrir þetta tímabil, 2001–2004, hefur Háskóli Íslands þannig orðið af um það bil 600–700 millj. kr. vegna vanáætlana við fjárlagagerð og hefur hann nú gripið til ýmissa ráða til að reyna að sporna við þessari nemendafjölgun, eins og kom fram í umræðu áðan um nemendur með stúdentspróf á starfsgreinabrautum.

Aðsókn í Háskóla Íslands hefur aukist verulega undanfarin ár og er það þróun sem við eigum að fagna. Háskóli Íslands hefur tekið við þeim nemendum sem sækja þar um nám en þeim er gert það erfitt með þessu áframhaldi, virðulegi forseti, og þetta verður að leiðrétta hið allra fyrsta.

[15:17]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Eins og margoft hefur komið fram hefur orðið afskaplega ánægjuleg þróun í háskólamálum Íslendinga á undanförnum fimm árum. Í raun hefur orðið algjör sprenging í háskólamálum og á fleiri sviðum, eins og í framhaldsskólanum, en það er sérstaklega ánægjulegt að sjá þá miklu grósku sem er í háskólamálum. Samkeppnin, valfrelsið, fjármagnið og fjöldi nemenda hefur aldrei verið meira og betra.

Í fyrra lagi spyr hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hvernig ráðherra ætli að bregðast við aukinni aðsókn í Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands ákveður á grundvelli fjárframlaga til skólans hversu marga nemendur hann innritar og með hvaða hætti hann bregst við aukinni aðsókn í skólann eins og aðrir skólar á háskólastigi. Í fjárlögum ár hvert er gert ráð fyrir tilteknum fjölda nemendaígilda við Háskóla Íslands eins og aðra skóla. Háskólinn hefur um nokkurt skeið tekið inn fleiri nemendur í skólann en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í þeim tilfellum hefur ráðuneytið reynt að koma til móts við skólann eins og kostur er. Fjölgun nemenda við Háskóla Íslands hefur verið mjög hröð. Árið 1999 voru 5.930 nemendur skráðir í skólann en árið 2004 voru þeir 9.117. Svo hröð fjölgun sem ekki hefur verið í neinu samræmi við fjölda útskrifaðra nemenda úr framhaldsskólunum hefur sett mikinn þrýsting á aukin fjárframlög til skólans sem reynt hefur verið að mæta.

Samkvæmt áætlun Háskóla Íslands og fjárlögum árið 2005 er komið jafnvægi á milli inntöku nemenda og fjárframlaga til skólans. Þar er gert ráð fyrir 5.450 nemendaígildum sem er nokkurn veginn sama tala og Háskóli Íslands óskaði eftir við undirbúning fjárlagafrumvarpsins.

Það er líka rétt að geta þess að hin mikla aukning sem hefur orðið í háskólanám hefur ekki verið í grunnnámið sem má segja að sé aðeins ódýrara, heldur hefur aukningin verið fyrst og fremst í meistaranám við Háskóla Íslands.

Í síðara lagi er spurt hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir því að Háskóli Íslands fái greiðslur fyrir stúdenta sem sóttu þar nám en ekki var greitt með á árunum 2001–2004.

Framlög til Háskóla Íslands hafa á tímabilinu tekið mið af samningum og endanleg ákvörðun um fjárveitingar birtist í fjárlögum ár hvert. Á tímabilinu 2001–2004 hefur Háskóli Íslands ítrekið tekið inn fleiri nemendur en samningar og fjárlög gerðu ráð fyrir. Hluti af þessu hefur verið bættur með aukafjárveitingu. Árið 2002 fékk Háskóli Íslands 141 millj. kr. aukafjárveitingu vegna nemendafjölgunar og árið 2003 214 millj. kr. fjárveitingu þegar hámörk voru hækkuð úr 4.500 nemendaígildum í 4.950. Í fjárlögum 2004 er gert ráð fyrir 5.200 ársnemendum við háskólann. Skólinn hefur skilað inn ársáætlun þar sem sýnt er fram á að fjárveiting ársins geti skilað hallalausum rekstri þrátt fyrir umframnemendur. En ég ítreka það sem ég sagði áðan að Háskóla Íslands ber að haga rekstri í samræmi við fjárveitingu á fjárlögum, eins og öllum öðrum ríkisstofnunum. Taki skólinn inn fleiri nemendur en fjárlög gera ráð fyrir er það á ábyrgð háskólans. Ráðuneytið væntir þess að sjálfsögðu að ársáætlanir skólans standist eins og hjá öðrum undirstofnunum ríkisins.

Ég vil taka fram að það eru stöðug samskipti á milli Háskóla Íslands, háskólayfirvalda, rektors og ráðuneytisins. Þau samskipti hafa verið mjög jákvæð. Það er alltaf verið að reyna að vinna að framgangi háskólans. Það er búið að samþykkja að háskólinn geti farið út í vísindagarðana, út í þá einkaframkvæmd sem felst í því að vísindagarðar verði reistir við Háskóla Íslands og svo má einnig telja.

Ég vil einnig undirstrika að þessi mikli vöxtur í háskólamálum hefur líka verið í öðrum löndum. Ég kom líka inn á það í svari við annarri fyrirspurn hvernig mörg ríki hafa mætt þeirri miklu aukningu eins og við hér á landi höfum þurft að standa í. Það er mjög athyglisvert að þau mæta fjölgun háskólanema með hlutfallslegri lækkun opinberra framlaga. Þá er líka athyglisvert að á þessu tímabilil hefur hagvöxtur verið mun meiri á Íslandi en almennt innan OECD-ríkjanna, sérstaklega innan Evrópuhluta OECD þar sem hagvöxturinn hefur verið hér um 3,9% en 2% í Evrópuríkjunum. Það er því meiri raunbreyting á þessu öllu saman en sem nemur þeim krónutölum sem við erum að setja í framlög til háskólans.

[15:22]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fína fyrirspurn. Stjórnvöld hafa á undanförnum árum lagt stein í götu Háskóla Íslands og viðbrögðin við því hjá skólanum eru eðlilega að mæta því með aðgerðum eins og fjöldatakmörkunum og frávísunum. Frægt er hvernig skólinn vísaði frá, eins

og við ræddum hér fyrr í dag, öllum umsóknum nemenda með stúdentspróf af starfsnámsbrautum, og er það mjög miður. Þetta fjársvelti og sinnuleysi sem skólinn hefur orðið fyrir mörg undanfarin ár af hálfu stjórnvalda er ákaflega leitt í því umhverfi sem við búum í núna.

Einnig birtist þetta ástand í þeirri hækkun sem varð á skráningargjöldum nemenda í Háskóla Íslands. Þau hækkuðu um 40% og geta nú varla kallast annað en hrein og klár skólagjöld. Fyrst svo er ættu hæstv. ráðherra og menntamálayfirvöld að kalla hlutina sínum réttu nöfnum. Um er að ræða skólagjaldainnheimtu Háskóla Íslands til að mæta fjárhagsvanda sínum sem er tilkominn vegna fjársveltis stjórnvalda. Þessu skulu menn halda til haga.

[15:24]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Mér þótti svar hæstv. ráðherra ákaflega athyglisvert því það sem hún gerði hér áðan var að vísa frá sér allri ábyrgð á því hvort fólki á Íslandi gæfist kostur á háskólanámi eða ekki. Hún vísaði allri ábyrgð á hendur háskólunum. Ég ætla að minna á að Kennaraháskóli Íslands hefur þurft að vísa frá um þúsund nemendum undanfarin mörg ár. Hann hefur ekki fengið leyfi til að fjölga eins og hann telur hagkvæmt og þörf á, og Háskóli Íslands hefur m.a. tekið við þeim sem ekki hafa fengið inni í þeim skóla.

Ég ítreka enn og aftur að það er frekar billega sloppið hjá hæstv. ráðherra að vísa frá sér ábyrgðinni á málaflokknum sem hún lögum samkvæmt og embættis síns vegna ber þó ábyrgð á.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef oft verið sáttari við svör hæstv. menntamálaráðherra en akkúrat núna. Hún talar þannig að Háskóla Íslands beri að haga rekstri samkvæmt fjárlögum eins og um hverja aðra stofnun sé að ræða. Háskóli Íslands er dínamísk, akademísk menntastofnun og mér þykja þetta býsna kaldar kveðjur til þjóðskólans Háskóla Íslands. Við skulum halda því til haga að Háskóli Íslands er sameign þjóðarinnar og við gerum mjög miklar kröfur til hans, kröfur m.a. um að hann bjóði nám á breiðum vísindalegum grunni. Hann er ekki sérhæfður skóli með þröngt námsframboð. Að því leytinu til hefur hann gríðarlega sérstöðu í háskólaflórunni, hinni jákvæðu og góðu háskólaflóru sem hér er á landi, en þessar skyldur hvíla aukalega á Háskóla Íslands. Þaðan koma fræðimenn á sviðum eins og t.d. í íslensku, raungreinum, tungumálum og stærðfræði svo einungis örfá svið séu nefnd.

Ég tel að hæstv. menntamálaráðherra hafi verið að ýja að því áðan að hún sé vandamál háskólans, þessi jákvæða þróun sem hin aukna aðsókn er að háskólanum. Ef stjórnvöld ætla að gera hana að vandamáli háskólans tel ég að hæstv. menntamálaráðherra verði að svara því hvað hún hafi átt við. Átti hún við að Háskóli Íslands ætti að taka upp markvissar fjöldatakmarkanir til að halda sig við þessa vanáætlun sem í raun er í fjárlögum? Með hvaða hætti á þá að gera það? Ég vil heyra það frá hæstv. menntamálaráðherra ef hún er að leggja það til sem mér heyrðist hún vera að gera.

Vill hún kannski að háskólinn hreinlega leggi niður nám sem ekki telst arðbært eins og sakir standa? Tökum t.d. nám í íslensku, er það arðbært að mati hæstv. menntamálaráðherra eða á að leggja það fag niður, svo dæmi sé tekið?

[15:27]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Mikilvægi Háskóla Íslands verður seint undirstrikað. Háskóli Íslands er grundvallarmenntastofnun í íslensku samfélagi og ber ríkar skyldur til samfélagsins og auðvitað eigum við að hlúa að þessum góða háskóla eins og kostur er. Ég skildi ekki hv. fyrirspyrjanda öðruvísi en svo að hún væri að mælast til þess að Háskóli Íslands, sem er ríkisstofnun eins og margar aðrar, eigi ekki að fara að fjárlögum. Mér finnst mjög slæmt þegar skilaboðin eru þau. Hversu mikilvægar sem ríkisstofnanir eru, hvort sem það er Landspítali – háskólasjúkrahús, háskólarnir eða aðrar ríkisstofnanir, finnst mér vont (Gripið fram í.) þegar verið er að senda þau skilaboð úr þessum þingsal að menn hafi heimild til að fara ekki að fjárlögum. Fjárlög eru samþykkt í þingheimi með lýðræðislegum hætti og á lýðræðislega kjörnu þingi.

Ég vil líka benda á að erlendis — og ég hef kynnt mér það — er hvergi unnið í háskólum þannig að háskólar, hvort sem þeir eru ríkis- eða einkaháskólar, hafi í rauninni algjörlega opinn ramma. Allar háskólastofnanir á erlendri grundu vinna eftir ákveðnum ramma sem þeim ber að virða, hvort sem þær eru opinberar eða einkastofnanir.

Ég vil einnig undirstrika það, frú forseti, að kostir og möguleikar íslenskra ungmenna og námsmanna til að fara í háskólanám hafa aldrei verið meiri. Það er ekki síst því að þakka að Háskóli Íslands hefur staðið mjög stöðugur, staðið sig afar vel í samkeppni og eflst við samkeppnina sem þingmenn í stjórnarandstöðunni hafa ekki barist fyrir að hefði ellegar komist á. Þingmenn í stjórnarandstöðunni hafa ekki barist fyrir samkeppni (Gripið fram í.) á háskólastigi. Það er á hreinu, frú forseti. (**Gripið fram í:** Einn og einn.)

[15:29]

Útbýting:

Fjáraukalög 2004, 76. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 376, 377 og 378.

Vatnajökulsþjóðgarður.

Fsp. RG, 121. mál. — Þskj. 121.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að fagna því að stærsti þjóðgarður Evrópu verður að veruleika með undirritun hæstv. umhverfisráðherra 28. október en fyrirspurn mín lýtur einmitt að Vatnajökulsþjóðgarði sem við erum að vona að verði framhaldið af þessum góða gjörningi og hvort til greina komi að Eldgjá og Langisjór verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs líkt og Lakagígar. Eldgjá er friðað svæði, og

Langisjór með sínu mikilfenglega umhverfi mundi sóma sér vel í slíkum þjóðgarði.

Þessi nýja reglugerð um stækkunina á þjóðgarði sem stofnaður var 1967 er þreföldun, úr 1.600 ferkílómetrum í 4.800 ferkílómetra, og núna heyrir sá þjóðgarður til 57% Vatnajökuls- og Lakagígasvæðis. Ég vil sérstaklega benda á markmiðið í reglugerðinni um að vernda landslag, lífríki og menningarminjar, að þetta verði almenningur og náttúra sem allir geti sótt í. Fólk á að geta notið þessa. Þetta markmið þjóðgarðsins er mjög mikilvægt vegna þess að í öðrum tilfellum þegar við erum að meta landið er t.d. landslag eða fegurð ekki metið. Nýting er metin, lífríki og orkan. Þarna getum við kannski sameinast um að taka frá það sem við viljum að verði ekki spillt.

Við erum að tala um tvær stórar og merkar gossprungur, Lakagígana og Eldgjá og í framhaldi af Skaftárgljúfrinu er Langisjór. Það er vaxandi skilningur á Langasjó sem náttúrufyrirbrigði. Það verður 1.700 metra munur á hæstu og lægstu vatnsstöðu ef Langisjór verður gerður að miðlunarlóni, og mörgum hrýs hugur við að veita Skaftá í Langasjó eins og hugmyndir hafa verið uppi um. Það er líka umhugsunarefni að vaxandi hiti er í Skaftárkötlum og hlaup hafa verið í Skaftá að undanförnu en í rammaáætlun er hvergi minnst á hættu á eldgosum.

Þess vegna spyr ég hæstv. umhverfisráðherra hvort til greina komi að skoða að Eldgjá og Langisjór verði hluti af hinum nýja Vatnajökulsþjóðgarði.

[15:33]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Vinna við undirbúning að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs hefur staðið allt frá því að Alþingi samþykkti þingsályktun um stofnun hans 9. mars 1999. Þar var umhverfisráðherra falið að láta kanna í samvinnu við skipulagsyfirvöld og hugsanlega rétthafa möguleika á að stofna þjóðgarðinn. Starfshópur sem umhverfisráðherra skipaði í kjölfar þingsályktunarinnar lagði til að fyrsta skref í stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs yrði stofnun þjóðgarðs sem tæki til jökulhettunnar. Með hliðsjón af niðurstöðu starfshópsins ákvað ríkisstjórnin 26. september árið 2000 að vinna að undirbúningi þjóðgarðsins sem tæki til jökulhettunnar sem fyrsta skref í þjóðgarði er tæki til Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða hans. Fjölmörg svæði við jökuljaðarinn eru friðlýst eða á náttúruminjaskrá eins og kunnugt er og hljóta þau svæði að koma til álita frekar en önnur svæði þegar hugað verður að stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs út fyrir jökulhettuna þótt slíkt sé auðvitað ekki einhlítt þar sem viðhorf til náttúruverndar einstakra svæða hafa breyst og eru sífellt að breytast.

Má benda á í því sambandi að við nýlega stækkun Skaftafellsþjóðgarðs var eitt svæði utan jökulhettunnar tekið með í þjóðgarðinn en það er einmitt friðlýsta svæðið í Lakagígum.

Hvað varðar skoðun á því hvaða jaðarsvæði Vatnajökuls komi til greina sem hluti þjóðgarðsins í framtíðinni liggja fyrir ítarlegar tillögur um svæðið norðan Vatnajökuls sem unnar voru af nefnd sem í sátu þingmenn stjórnar og stjórnarandstöðu. Eru þær tillögur nú til umfjöllunar í ríkisstjórn. Ekki hefur farið fram sambærileg athugun á því hvaða svæði gætu hentað og væru vel til þess fallin að tengjast Vatnajökulsþjóðgarði sunnan og vestan jökulsins eða á því svæði sem Eldgjá og Langisjór eru á. Ég tel þó eðlilegt að slík athugun fari fram sem fyrst.

Hvað varðar spurningu hv. þingmanns um hvort til greina komi að Eldgjá og Langisjór verði utan þjóðgarðsins er því til að svara að auðvitað kemur slíkt til greina. Ég tel þó að frekari undirbúningsvinna sé nauðsynleg áður en hægt verður að taka ákvörðun um slíkt eins og gert var varðandi Lakagíga. Þess skal þó getið að hvorki Eldgjá né Langisjór hafa verið friðlýst eins og Lakagígar sem gerði inntöku þess svæðis í Skaftafellsþjóðgarðinn tiltölulega einfalda við stækkun hans. Fyrir liggur mat á verndargildi Eldgjár og hefur Eldgjá verið sett á náttúruminjaskrá en mat á verndargildi Langasjávar liggur ekki fyrir.

[15:36]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Í framhaldi af góðri umræðu um Vatnajökulsþjóðgarð vil ég taka fram varðandi Langasjó, sem auðvitað tengist þessu svæði, þá staðreynd að hér áður fyrr rann Skaftá í Langasjó. Þar hafa orðið ákveðnar breytingar á náttúrufari getum við sagt en áform eru uppi um það að nýta það vatn sem er í Langasjó með því að veita honum yfir á Tungnaársvæðið með göngum og nýta þannig vatnið í gegnum allar virkjanirnar á Tungnaár-/Þjórsársvæðinu, þ.e. Sigöldu-, Hrauneyjafoss-, Búðarháls- þegar hann kemur, Sultartanga- og Búrfellsvirkjun. Ég held að við megum undir engum kringumstæðum fórna þeim miklu hagsmunum sem þar eru í húfi, a.m.k. ekki í neinu bráðræði. Við þurfum að hafa þennan möguleika opinn og skoða hann vandlega áður en honum verður fórnað.

[15:37]

Mörður Árnason:

Forseti. Ætli það hafi ekki komið fram í máli síðasta hv. ræðumanns um hvað þetta mál snýst. Það er verið að spekúlera í því að nota Langasjó til orkuöflunar og þess vegna eru ekki uppi neinar hugmyndir um það í ráðuneyti hæstv. umhverfisráðherra að hann verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs.

Það sem maður óttast er auðvitað það að þessi aðferð ríkisstjórnarinnar við að koma upp Vatnajökulsþjóðgarði — sem þó má þakka fyrir að virðist vera stefna hennar, a.m.k. hæstv. ráðherra, eins og kom fram í umræðu um daginn — er ákaflega óhentug. Í staðinn fyrir að búa til heildaráætlun um þennan þjóðgarð, ná samstöðu um hana og gera þá þar með grein fyrir því sem ekki er hægt að gera vegna þjóðgarðsins, er stigið eitt lítið skref í einu og tekin sum náttúrusvæði á staðnum og önnur skilin eftir. Þegar tvö svæði hlið við hlið eru þannig að annað er tekið og hitt skilið eftir er það náttúrlega bein ávísun á að það svæði sé ómerkilegt og eigi að vera til annarra nota, svo sem til vatnsveitu í tengslum við virkjanir. Þetta er ómögulegt ástand.

[15:39]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að taka fyrir þetta mál sem hér um ræðir. Við

erum að tala um tvær náttúruperlur sem eru í hættu af völdum mannsins, önnur þeirra vegna þess hversu aðgengileg hún er og hversu margir heimsækja hana. Hin perlan, Langisjór, er frekar óaðgengileg og í raun var ekki vitað að þetta svæði væri til fyrr en fyrir um 150 árum. Langisjór kom hvergi fram í rituðu máli fyrr en þá.

Málið er ekki vaxið á þann veg sem hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði, að veita ætti vatni úr Langasjó í virkjanir heldur veita vatninu úr Skaftá sem mun eyðileggja hina hreinu og tæru ásýnd Langasjávar. Það á að veita því í gegnum Langasjó til virkjunar og það er það sem er hættulegt.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Þegar ég var stödd á umræddu svæði var mér sagt að Langisjór væri í einkaeign og að vatnið væri leigt öðrum sem nytjaði það og það var einmitt verið að leggja net í vatnið þá. Ég hef velt því fyrir mér síðan hvort það geti skipt máli hvort þetta svæði sé einkaeign eða þjóðlenda, a.m.k. vaknar spurningin um hver á og við hvern á að semja ef til þess kemur að farin verði sú leið sem hv. þm. Kjartan Ólafsson nefndi og sem m.a. er forsendan fyrir spurningu minni.

Skaftá rann áður í Langasjó og þess vegna er oft haft á orði að í lagi sé að veita í hana jökulvatni á ný. Staðan er bara sú að þetta er allt annað landslag í dag þó að áður hafi runnið í hana jökulvatn. Nú er þetta heiðblátt, fagurblátt, undrafagurt vatn, svo sérstakt þarna inn á milli hæðanna að það er hreinlega ógleymanlegt að standa uppi á Breiðbak með alla víðáttuna í austur, vestur, suður og norður í kringum sig og þetta mikilfenglega vatn með náttúruumhverfi sínu við rætur fjallsins. Ég er sannfærð um að enginn sem það upplifir, stendur þarna og horfir út yfir landið sitt getur hugsað sér að láta kannski skammtímahagsmuni virkjunaraforma ráða því hvort þarna eigi að verja eða vernda. Ég er þeirrar skoðunar að fyrst eigum við að ákveða hvort á að vernda, verja og geyma fyrir komandi kynslóðir einhverja sérstaka náttúruperlu og síðan verði ákvörðun tekin um hvort eigi að nýta hana ef ekki á að geyma.

Ég fagna svörum hæstv. umhverfisráðherra sem ætlar að setja í gang skoðun á því hvernig haldið verði á málum þarna og að hún lokar alls ekki á að þetta svæði verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Það gleður mig.

[15:42]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir þessar ágætu umræður þó að auðvitað hafi komið fram í umræðunni að ólík sjónarmið ríkja varðandi þessi efni. Ég ítreka að það kom skýrt fram í máli mínu að mat á verndargildi Langasjávar liggur ekki fyrir og það er auðvitað nauðsynlegt að slíkt mat fari fram áður en hægt er að taka nokkrar ákvarðanir.

Eins er líka ljóst að við samþykktum náttúruverndaráætlun í þinginu síðasta vor til næstu fimm ára og það er gríðarlega mikið verkefni fram undan að koma þeirri áætlun í framkvæmd. Það liggur fyrir að mikil áhersla er á náttúruverndarmálin, bæði náttúruverndaráætlun og þjóðgarðamálin sem við þurfum að framfylgja á næstu árum.

Þjónustugjöld á náttúruverndarsvæðum.

Fsp. ÁMöl, 221. mál. — Þskj. 224.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Í úttekt OECD frá árinu 2001 á stöðu og þróun umhverfismála á Íslandi bendir stofnunin á að vegna mikillar aukningar í ferðaþjónustu á Íslandi sé þörf á að setja hemil á það álag á náttúru landsins sem því fylgir, þ.e. þörf er fyrir auknar fjárveitingar til uppbyggingar á betri aðstöðu og þörf á fleiri eftirlitsmönnum á viðkvæmustu ferðamannasvæðunum.

Engum blandast hugur um að þetta er rétt lýsing á stöðu mála hér á landi og þrátt fyrir aukinn skilning og auknar fjárveitingar í málaflokkinn á síðustu árum dugar það ekki til. Víða má sjá gróðurskemmdir og álagsmerki á landinu af manna völdum sem hægt væri að koma í veg fyrir með ýmsum ráðstöfunum.

Í skýrslu OECD eru einnig lagðar fram ýmsar tillögur sem geta stuðlað að auknum árangri Íslendinga á sviði umhverfismála. Þar er m.a. lagt til að fjölgað verði landvörðum á náttúruverndarsvæðum og fjármagn til náttúruverndar aukið, t.d. með því að beita nytjagreiðslureglum í ferðaþjónustu og með gjaldtöku af ferðamönnum á friðuðum svæðum.

Ástæða þess að ég tek þetta mál upp nú á hinu háa Alþingi er að nú er kominn nýr umhverfisráðherra. Hvatningin til að taka þetta mál upp hér og nú var frétt sem birtist nýlega í Morgunblaðinu þar sem sagt var frá niðurstöðu meistararitgerðar Maríu Reynisdóttur en hún kannaði vilja ferðamanna til að greiða gjald á ferðamannastöðum. María notaði viðurkennda aðferðafræði sem kölluð er skilyrt verðmætamat og felst í að gefnar eru tilteknar forsendur áður en fólk svarar hinni eiginlegu spurningu um hvort það sé tilbúið að greiða fyrir aðgang. Forsendurnar eru að gjaldið yrði notað til að vernda náttúruna, til uppbyggingar á svæðunum og þriðja forsendan að fjármagn væri ekki nægilegt í dag.

Að mati Maríu gefur athugun hennar betri mynd af vilja ferðamanna en þær athuganir sem hingað til hafa verið gerðar. Að gefnum þessum forsendum svöruðu 90% ferðamanna sem tóku þátt í athuguninni því játandi að þeir væru tilbúnir til að borga sig inn. Í sömu frétt var viðtal við formann Samtaka ferðaþjónustunnar sem sagði að fara yrði varlega í gjaldtöku á ferðamannastöðum en hann bætti jafnframt við að yrðu fjármunirnir nýttir til uppbyggingar á svæðunum væri gjaldtakan mjög jákvæð.

Í ljósi þessa varpa ég þeirri fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra hvort hún muni beita sér fyrir því að tekin verði upp þjónustugjöld á náttúruverndarsvæðum, samanber heimild í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

[15:46]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Samkvæmt náttúruverndarlögum getur Umhverfisstofnun eða sá aðili sem falinn hefur verið rekstur

náttúruverndarsvæðis tekið gjald fyrir þjónustu eða aðgang. Tekjunum skal varið til eftirlits, lagfæringar, uppbyggingar svæðisins eða aðkomu að því.

Þessi heimild laganna hefur ekki verið nýtt fyrir utan að innheimt eru gjöld fyrir gistingu á tjaldsvæðum í þjóðgörðum en aðgangseyrir er ekki innheimtur.

Umhverfisráðherra skipaði starfshóp árið 2000 sem gera átti tillögur um tekjuöflun á náttúruperlum og gera tillögu að stefnumótun til lengri tíma um aðgangs- og þjónustugjöld á vernduðum svæðum eða á hvern hátt best megi tryggja nauðsynlegt fjármagn til að byggja upp fjölsótt náttúrverndarsvæði til að mæta vaxandi umferð ferðafólks. Var starfshópurinn skipaður sérfræðingum frá umhverfisráðuneytinu, Náttúruvernd ríkisins, Ferðamálaráði, Samtökum ferðaþjónustunnar og fjármálaráðuneytinu.

Starfshópurinn var ekki sammála um upptöku á innheimtu aðgangseyris að ferðamannastöðum almennt og skýrðist það á þeim sjónarmiðum að slík gjaldtaka felur í sér mismunun milli staða þar sem erfitt eða nánast útilokað er að innheimta aðgangseyri nema á mjög takmörkuðum fjölda þeirra. Einnig að slík gjaldtaka væri neikvæð með tilliti til þess að einungis þeir ferðamenn sem sækja takmarkaðan fjölda fjölsóttra ferðamannastaða væru að greiða fyrir aðgang, aðrir ekki. Jafnframt að kostnaður við innheimtukerfið er hlutfallslega hár miðað við þær tekjur sem nást inn.

Einnig þarf að hafa í huga að þeir fjármunir sem nást inn með innheimtu aðgangseyris mega og eiga að fara til uppbyggingar á þeim stöðum þar sem þeir innheimtast og ekki væri hægt að nýta þá til uppbyggingar annarra náttúruperla. Slík innheimta gæti því verið slæm lausn.

Landfræðilega koma fáir staðir til greina þar sem hægt væri að halda utan um aðstreymi ferðamanna á auðveldan hátt, en það væri hægt á sumum þeirra svo sem í þjóðgarðinum í Skaftafelli, Ásbyrgi, þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum, Dimmuborgum í Mývatnssveit, Gullfossi og Geysi. Starfshópurinn var hins vegar sammála um að uppbygging ferðamannastaða skapar forsendur fyrir tekjuöflun rekstraraðila á stöðunum sem nýta má til uppbyggingar þar.

Því var á árinu 2000 veitt 25 millj. kr. fjárveiting til Umhverfisstofnunar, þar af 19 millj. kr. og tímabundin fjárveiting til fimm ára til uppbyggingar í þjóðgörðum á friðlýstum svæðum. Á sama tíma fékk Ferðamálaráð fjárveitingu til sama verkefnis og þessar stofnanir unnu í samvinnu við Vegagerðina að uppbyggingu og framkvæmdum á fjölsóttum ferðamannastöðum.

Alls hafa farið til þessa verkefnis um 500 millj. kr. á sl. fimm árum og hafa málin þokast nokkuð áfram en ótal verkefni eru enn til staðar á mörgum þessara staða og í dag eru alls um 90 friðlýst svæði í umsjá Umhverfisstofnunar. Ljóst er hins vegar að samhliða fjölgun ferðmanna um þessi svæði, jafnt innlendra sem erlendra, þarf aukið fjármagn til áframhaldandi viðhalds og uppbyggingar á þeim fjölmörgu viðkomustöðum sem ferðamenn heimsækja. Ein leiðin til að afla þessa fjármagns væri að taka upp þjónustugjöld og innheimta aðgangseyri á ferðamannastöðunum.

Þar sem aðeins er hægt að koma við gjaldtöku á takmörkuðum fjölda staða á auðveldan og viðunandi hátt og einungis þeir ferðamenn sem færu um þá greiddu fyrir uppbygginguna og kostnaður við innheimtukerfið er hlutfallslega hár er ég ekki tilbúin á þessari stundu að taka afstöðu til þess hvort ég muni beita mér fyrir því að gjaldtöku verði komið á. Ég vil gjarnan skoða málið í stærra samhengi áður en ég tek slíka ákvörðun.

Hins vegar finnast mér hugmyndir Maríu Reynisdóttur, sem hv. fyrirspyrjandi, Ásta Möller, nefndi í máli sínu, vera allrar athygli verðar, sérstaklega þar sem samkvæmt rannsókninni eru yfir 90% ferðamanna reiðubúin til að greiða fyrir aðgang. Það er auðvitað mjög mikilvægt innlegg í umræðu af þessu tagi. En sé verðlagningunni hagað þannig að hámarkstekjur innheimtist, sem gætu orðið verulegar, gæti líka dregið úr aðsókn. Þetta þarf allt að hafa í huga þegar þessi mál eru skoðuð.

[15:52]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir innlegg sitt og ég tel jákvætt að þetta komi til umræðu á hinu háa Alþingi.

Ég vil samt sem áður lýsa þeirri skoðun minni, sem fram kom í svari hæstv. umhverfisráðherra og starfshópnum sem hún nefndi áðan, að það ber að fara varlega hvað þetta mál varðar. Til að mynda finnst mér útilokað að tilfærsla milli svæða, ef um gjaldtöku væri að ræða, ætti sér stað. Það eru aðilar sem hafa byggt upp tiltekna staði, auglýst þá og lagt í mikinn kostnað og ég tel mjög varhugavert ef færa ætti til fjármuni á milli staða og tel að það ætti alls ekki að gera.

[15:53]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það er gott að taka þessa umræðu og fínt að fá þessa fyrirspurn. Uppbygging ferðamannastaða er stórmál og skiptir máli hvernig við tökum á þeim málum.

Ég átti þess kost að koma í Skaftafell á fögrum degi seint í haust þegar engir voru þar og fara um svæðið og Skaftafell er algjörlega til fyrirmyndar. Maður sá svo vel allan aðbúnað og uppbyggingu þegar ekkert fólk var þarna og engin tæki. Það er alveg til fyrirmyndar.

Auðvitað er þetta ákveðið vandamál. Þetta eru 90 friðlýst svæði fyrir utan önnur. Ég ferðast mjög mikið um landið og ég verð að segja að ég á mjög erfitt með að sjá það fyrir að koma að lokuðum hliðum, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra. Ég veit að þetta þekkist einhvers staðar í stóra útlandinu en ég mundi vilja leita annarra leiða og deili í raun þeim sjónarmiðum sem hæstv. umhverfisráðherra setti fram í málinu.

[15:54]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir svörin og ágætum þingmönnum fyrir þátttöku í umræðunni.

Ég þekki mjög vel þá skýrslu sem hæstv. umhverfisráðherra gerði að umræðuefni í ræðu sinni. Nefndin sem reit þá skýrslu skilaði störfum árið 2000, að mig minnir. Nú er bráðum 2005 og ég er þeirrar skoðunar að ýmislegt hafi

breyst í umræðunni í millitíðinni.

Ég lagði fram á 128. löggjafarþingi þingsályktunartillögu um þetta efni sem hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að undirbúa og ákveða fyrirkomulag og innheimtu sérstaks þjónustugjalds á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum sem stæði undir uppbyggingu og þjónustu á slíkum svæðum."

Tillagan var ekki útrædd í þinginu en fór til nefndar og fékk umsagnir. Hún fékk mjög jákvæða umsögn ýmissa aðila þó vissulega væru skiptar skoðanir um efni hennar. Þó var sammerkt með þeim sem áttuðu sig á því að tillagan beindist að því að setja þjónustugjald sem stendur undir tiltekinni þjónustu, en ekki aðgöngugjald, að þeir voru almennt jákvæðir gagnvart málinu. Þannig lýstu Vegagerðin, Náttúruvernd ríkisins, sem er reyndar komin undir Umhverfisstofnun, og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga sig hlynnt slíkum hugmyndum og sama átti við um Ferðamálaráð og Samtök ferðaþjónustunnar. Samtök ferðaþjónustunnar hafa yfirleitt verið tekin sem dæmi um samtök sem hafa lýst sig andvíg, en það er ekki rétt því þau lögðu sérstaka áherslu á að það væri jákvætt ef gjaldið stæði undir þjónustu en væri ekki hreinn aðgangseyrir.

Virðulegi forseti. Skoðun mín er að hugmyndir sem þessar hafi nú aukinn hljómgrunn í samfélaginu. Þessi leið er viðurkennd erlendis, það er t.d. regla frekar en undantekning að erlendis sé greitt þjónustugjald fyrir aðgang að þjóðgörðum. Ef ég leyfi mér að alhæfa út frá þeirri rannsókn sem ég ræddi um í fyrri ræðu minni má ætla að um 90% þeirra á fjórða hundrað þúsund erlendra ferðamanna séu tilbúin að greiða slíkt gjald sé það hæfilegt og standi undir þjónustu á viðkomandi stað. Því hvet ég hæstv. umhverfisráðherra til að skoða málið frekar.

[15:56]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir þessa ágætu umræðu. Mér finnst mjög gott að málinu sé hreyft vegna þess að okkur ber svo sannarlega að skoða þessi mál vel. Aðalatriðið er að tryggja að náttúruperlur okkar séu verndaðar, að almenningur hafi greiðan aðgang að þeim, það sé góð umgengni um svæðin og þau verði ekki fyrir ágangi af völdum ferðamanna, eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi réttilega í upphafi fyrirspurnar sinnar. Ég tel því að við eigum að skoða alla fleti málanna.

Ég ítreka það sem ég nefndi áðan að ég er ekki reiðubúin til að gefa afgerandi svör um þetta á þessu stigi en ég mun fara mjög vandlega yfir þessi mál. Ég sé í þeim bæði kosti og galla þó mér finnist gallarnir vera fleiri.

[Fundarhlé. — 15:58]

[18:01]

Útbýting:

Fjáraukalög 2004, 76. mál, nál. meiri hluta fjárln. þskj. 375.

Staða samkynhneigðra, 337. mál, skýrsla forsrh., þskj. 381.

Æfingaakstursvæði.

Fsp. GÁS, 257. mál. — Þskj. 275.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja svohljóðandi fyrirspurn til samgönguráðherra, með leyfi forseta:

„Hvað líður áformum um gerð æfingaakstursvæðis á suðvesturhorni landsins?"

Þessi fyrirspurn lætur afskaplega lítið yfir sér en er engu að síður að minni hyggju afar mikilvæg. Það er kunnara en frá þurfi að segja að áform eru um gerð æfingaakstursvæðis sem hefði það hlutverk fyrst og síðast að vera til aðstoðar ungum ökumönnum sem eru að undirbúa sig undir bílpróf og síðan hugsanlega eitthvað í kjölfarið á fyrstu árum eftir að bílpróf er tekið. Ég minnist þess að sennilega eru meira en 20 ár síðan uppi voru áform um gerð svæðis af þessum toga og þá sem nú hafa ökukennarar verið í forustu fyrir þeim hugmyndum.

Ég minnist þess einnig að einhvern tíma rétt fyrir 1990 eða þar um bil, þegar sá sem hér stendur var bæjarstjóri í Hafnarfirði og raunar hæstv. samgönguráðherra þá bæjarstjóri í Stykkishólmi, voru þessi áform komin vel á veg í hrauninu sunnan Hafnarfjarðar rétt við rallíkrossbraut sem þar var sett upp og er enn til staðar og hugmyndir voru uppi um að samkeyra rallíkrossbrautina og hugsanlegt æfingaakstursvæði, gera þetta með öðrum orðum praktískara og ódýrara.

Að þessu sögðu og eftir að hafa farið yfir þessa stuttu upprifjun vil ég segja að mér er kunnugt um að þegar hefur verið úthlutað svæði til Ökukennarafélagsins í Reykjavík, raunar á Gufunessvæðinu. Ekki hefur staðið á vilja borgarinnar til að útvega svæði til þess arna. En einhverra hluta vegna hefur vantað að framkvæmdin nái framkvæmdastigi, þ.e. að merkin sýni verkin. Það liggur ljóst fyrir að enda þótt hugsanlega geti nokkrir aðilar komið að málinu hvað fjármögnun varðar, svo sem sveitarfélög og tryggingafélög sem eiga mikilla hagsmuna að gæta í þessu sambandi og hugsanlega fleiri, þá er ríkið auðvitað hrygglengjan í málinu. Því vil ég spyrja hæstv. samgönguráðherra sem ber ábyrgð á þessum málaflokki: Hvenær er þess að vænta að við fáum að heyra meira en göfug áform um æfingaakstursvæði af þessum toga? Hvenær verða verkin látin tala?

[18:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spyr hvað líði áformum um gerð æfingaakstursvæðis á suðvesturhorni landsins.

Í ræðu minni þann 12. júlí síðastliðinn kynnti ég aðgerðaáætlun samgönguráðuneytisins vegna umferðaröryggismála undir yfirskriftinni Breytum þessu. Þar greindi ég m.a. frá því að hafin er vinna við að skoða útfærslu á reglugerð vegna svokallaðrar ökugerðishugmyndar, þ.e. ökugerði er sérstakt æfingasvæði þar sem nemendur öðlast t.d. skilning á hversu bjargarlausir þeir eru í hálku, eins og menn þekkja, ef ekið er hraðar en aðstæður leyfa. Þessum hálkubrautum er ekki ætlað að kenna fólki að bregðast við þegar bíll rennur í hálku heldur að aka skynsamlega við erf-

iðar aðstæður og koma þannig í veg fyrir að slíkar aðstæður komi upp yfir höfuð.

Í ráðuneytinu hefur farið fram undirbúningur og frekara mat á reglugerð um ökugerði. Í þeirri vinnu hefur verið leitað upplýsinga um rannsóknir á þessu sviði. Í rannsóknum fræðimanna á sviði aksturskennslu á Norðurlöndum kemur fram að helsti vandinn við aksturskennslu á æfingasvæðum felst í því að nemendur telja sig auka hæfni sína verulega í hálkuakstri á námskeiðunum. Af þeim sökum ofmeta ungir ökumenn getu sína til að stýra ökutæki í hálku eftir kennslu. Í skýrslu frá Noregi er því m.a. haldið fram að slysum í hálku hjá ungum karlmönnum sem höfðu fengið kennslu á hálkubraut hafi fjölgað um 23% miðað við samanburðarhópa.

Nýlega birtist grein í fagtímariti á sviði umferðaröryggismála þar sem gerð er grein fyrir áhrifum kennslu í ökugerði á slysatíðni ungra ökumanna í Finnlandi. Þar kemur fram að kennslan virðist ekki hafa nein áhrif á slysatíðni ungra ökumanna í Finnlandi, hvorki til fjölgunar slysa né fækkunar.

Nágrannar okkar Svíar breyttu námskrám fyrir aksturskennslu í ökugerði árið 1999 með það að markmiði að leggja áherslu á aukið innsæi nemenda gagnvart áhættu í umferðinni. Sérfræðingar í Svíþjóð framkvæmdu viðhorfskönnun eftir breytinguna og þar kemur fram að enn telja tæp 50% nemenda að markmið æfinganna sé að auka hæfni þeirra í hálkuakstri.

Í ljósi nýrra upplýsinga um aksturskennslu í ökugerði lagði ég til að hægt yrði á innleiðingu á aksturskennslu í ökugerði, og vísaði þá m.a. til þessara upplýsinga sem ég greindi hér frá fyrr, og leitað frekari upplýsinga um áhrif kennslunnar á umferðaröryggi, sérstaklega eftir innleiðingu nýrrar námskrár í Svíþjóð. Mikilvægt er að árangur af kennslu í ökugerði skili sér í fækkun slysa og óhappa. Þess er vænst að fjallað verði um aksturskennslu í ökugerði á fundi Umferðarráðs í desember næstkomandi og í framhaldi af þeirri umfjöllun mun ég taka ákvörðun um næstu skref. Það hefur verið skýr vilji minn og skýr vilji þeirra sem hafa fjallað um þetta fyrir ráðuneytið að vinna að þessari útfærslu og vinna að því að koma upp þessum aksturssvæðum í samstarfi við ekki síst ökukennara.

Það hefur komið fram á fundum með fulltrúum ökukennara að þeir hafa trú á mikilvægi þjálfunar ungra ökumanna í ökugerði og leggja áherslu á að komið verði upp slíkri aðstöðu. Ráðuneytið mun hafa álit þeirra, þ.e. ökukennara, Umferðarráðs og Umferðarstofu til hliðsjónar þegar ákvörðun verður tekin um með hvaða hætti reglur um ökugerði verði settar.

Ég legg áherslu á það, herra forseti, að við leitum allra leiða til þess að þjálfun ungra ökumanna sé sem best. Það er mat margra, og þess vegna var farið af stað og þessi markmið sett inn í þá áætlun sem ég greindi frá áðan af hálfu samgönguráðuneytisins, að koma eigi því til leiðar að ökukennarar fái slíka aðstöðu til þess að þjálfa unga ökumenn betur. Ég tel að allar séu líkur á því að (Forseti hringir.) því verði hrint í framkvæmd fyrr en síðar að koma upp þessu ökugerði.

[18:09]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil hvetja hæstv. samgönguráðherra til að taka svolítið stór skref í þessu máli og stíga ögn þyngra til jarðar en hann gaf til kynna í svari sínu af því að þó svo að ökukennslu hérlendis hafi farið fram á síðustu árum og áratugum þá er henni stórkostlega ábótavant. Það helgast ekki síst af skorti á slíkum æfingasvæðum og hins vegar því hve ólík aksturskilyrðin eru hérna eftir árstímum og hve vegakerfið hérna er misgott og aðstæður þar oft verulega erfiðar á vetrum. Akturshæfni ökunema fer því oft eftir því hvenær árs hann lærir á bíl. Því þarf mjög nauðsynlega að koma upp slíkum æfingasvæðum á suðvesturhorninu og víðar þannig að tryggja megi ákveðna samræmingu í þessu og auka verulega akturshæfni ungra ökumanna og þar með öryggi og ábyrgð í umferðinni enda gefur slysatíðni ungra ökumanna og sérstaklega karlmanna til kynna hve verulega þessum málum er ábótavant. Ég skora aftur á hæstv. ráðherra að stíga nú þungt til jarðar í þessu máli.

[18:11]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið. Ég leyni því ekki að það kom mér afskaplega mikið á óvart því ég heyrði ekki betur en svona í megindráttum að nýjar sænskar rannsóknir leiddu það í ljós að ökugerði eða æfingaaksturssvæði leiddu hvorki til eins né neins og það væri satt að segja ekkert gagn að þeim. Öðruvísi mér áður brá. Þessar sænsku rannsóknir og norrænu rannsóknir eru a.m.k. í hrópandi ósamræmi við það sem mér sérfróðri menn hafa sagt mér í gegnum árin og áratugina um mikilvægi þess að ungir nemendur hefðu tækifæri á að æfa sig við ólíkar aðstæður. Ég hélt að þar sem þær aðstæður eru ekki til á götum borgarinnar og ef fólk er að æfa sig á þeim árstíma þá þurfi að búa þær aðstæður til í þessu svokallaða ökugerði eða æfingaaksturssvæði, til þess hafi leikurinn alla tíð verið gerður. Því kemur mér það afskaplega mikið á óvart ef einhverjar efasemdir hafa gert vart við sig núna hjá sérfróðum aðilum með þeim afleiðingum að hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans hafi ákveðið að bíða átekta og skoða nánar og velta eilítið lengur vöngum yfir þessu. Kannski getum við bara leyst mörg vandamálin með þessu, að bíða í svona 20 ár því þá skipti menn um skoðun og sjái að það var engin þörf fyrir viðkomandi þjónustu. Ég er ekki sannfærður. Ég ætla að segja það alveg hreinskilnislega, herra forseti. Mínar upplýsingar eru enn þá svipaðar og þær voru fyrir 20 árum, þ.e. að þær þúsundir ungmenna sem þreyta bílpróf á hverju ári og eru komin út á götunar hafi fulla þörf fyrir að æfa sig við ólíkar og mismunandi erfiðar aðstæður í umferðinni þegar þeim er ekki til að dreifa og ekki unnt að koma þeim fyrir á götum borga og bæja.

Herra. forseti. Að lokum bið ég hæstv. ráðherra að gaumgæfa ekki málið of lengi heldur láta verkin tala. Það er löngu kominn tími til þess.

[18:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að viðbrögð

hv. þingmanna sem hér hafa talað komu mér nokkuð á óvart, t.d. það sem hv. 7. þingmaður Suðurkjördæmis sagði, þ.e. að ökukennslu á Íslandi sé stórlega ábótavant. Ég tel að þingmaðurinn þurfi að færa allgóð rök fyrir slíkri fullyrðingu. Engu að síður tel ég að við eigum að leita allra leiða til að tryggja aðstæður og umhverfi fyrir þá sem kenna ungum væntanlegum ökumönnum. Þess vegna er þessi vinna í gangi núna á vegum samgönguráðuneytisins. Ég tel að engin efni séu til slíkra yfirlýsinga hjá hv. þingmönnum þó að bent sé á það núna þegar verið er að undirbúa reglugerð um ökugerði að rannsóknir hjá nágrönnum okkar, Normönnum, Finnum og Svíum, séu ekki mjög skýrar um að af þessu sé sá árangur sem menn hafa e.t.v. gert ráð fyrir.

Engu að síður tel ég að skynsamlegt sé að fara að ráðum þeirra sem þekkja best til. Ég lýsti því yfir að ég mun leita umsagnar ökukennara, Umferðarstofu og Umferðaráðs um þetta og núna í desembermánuði verður sérstaklega fjallað um þetta á vettvangi Umferðarráðs. Síðan verða teknar ákvarðanir um málið.

Ég vil að lokum vekja athygli á því að sem betur fer hefur slysatíðni hjá yngstu ökumönnunum lækkað. Þeir eru að ná betri tökum á akstrinum og vonandi verður svo áfram.

Notkun risabora við jarðgangagerð.

Fsp. HilmG, 292. mál. — Þskj. 315.

[18:15]

Fyrirspyrjandi (Hilmar Gunnlaugsson):

Virðulegi forseti. Samgöngumál eru mér líkt og mörgum öðrum þingmönnum einkar hugleikin. Því miður hafa samgöngumál oftar en ekki orðið bitbein innan kjördæma, milli kjördæma og landshluta eða togstreitu milli hinna dreifðu byggða og þéttbýlis hvar á landinu sem er. Það er slæmt ekki síst vegna þess að togstreitan veldur því óþarflega oft að ekkert verður af framkvæmdum eða þær dragist vegna ágreinings.

Vissulega hafa orðið stórkostlegar framfarir í samgöngumálum okkar Íslendinga á síðustu árum og ber að þakka fyrir það. Trúlega hafa þær framfarir og framsýnu ákvarðanir, sem oftar en ekki hafa verið teknar hér á þessum vettvangi, gert það að verkum að sífellt fleiri skilja nauðsyn góðra samgangna fyrir alla þætti þjóðlífsins. Góðar samgöngur eru forsenda, alger lykilforsenda skynsamlegrar og hagkvæmrar nýtingar þeirra gæða sem okkar góða land býður upp á.

Á síðustu missirum hafa jarðgangamál orðið fyrirferðarmikil í umræðunni og hafa framkvæmdir í þeim efnum komist aftur á dagskrá eftir nokkurt hlé. Mestu jarðgangaframkvæmdir Íslandssögunnar eiga sér nú stað á hálendinu í tengslum við Kárahnjúkavirkjun. Þar er að mestu stuðst við aðra aðferð en notuð hefur verið við gerð jarðganga hér á landi fyrir bílaumferð, þ.e. með notkun risabora.

Skiljanlega hafa áhugamenn um jarðgangagerð velt fyrir sér þeirri spurningu hvort unnt sé annaðhvort að koma meiru í verk og framkvæma með ódýrari hætti eða að slá tvær flugur í einu höggi með nýtingu þessara risabora við jarðgangagerð fyrir bílaumferð, þ.e. að koma bæði meiru í verk og gera það á ódýrari hátt en ella. Því leyfi ég mér, herra forseti, að beina svofelldri fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra:

1. Er notkun risabora, eins og þeirra sem notaðir eru við gerð aðveituganga í tengslum við Kárahnjúkavirkjun, möguleg við gerð jarðganga fyrir bílaumferð?

2. Hver má ætla að kostnaður sé við slíka jarðgangagerð á hvern kílómetra?

3. Hver er áætlaður meðaltalskostnaður á hvern kílómetra jarðganga fyrir bílaumferð sem unnið er að núna og eru fyrirhuguð?

4. Liggja fyrir upplýsingar um hvor aðferðin er fljótlegri og ef svo er, hversu tímafrek hvor aðferðin um sig er?

[18:18]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Hilmari Gunnlaugssyni fyrir þessa fyrirspurn. Því miður gafst ekki nægilega mikill tími til að fara rækilega ofan í athugun á þessu máli sem hér er brotið upp með fyrirspurn.

Í fyrsta lagi spyr hv. þingmaður: „Er notkun risabora, eins og þeirra sem notaðir eru við gerð aðveituganga í tengslum við Kárahnjúkavirkjun, möguleg við gerð jarðganga fyrir bílaumferð?“

Svar mitt er svohljóðandi: Risaborvélar eins og þær sem notaðar eru við Kárahnjúkavirkjun eru víða notaðar við gerð vegganga og þá sérstaklega við gerð lengri vegganga en hefðbundinn bor og sprengitækni er þó mun algengari þegar um veggöng er að ræða.

Í annan stað er spurt: „Hver má ætla að kostnaður sé við slíka jarðgangagerð á hvern kílómetra?“

Svar mitt er svohljóðandi: Kostnaður við slíka jarðgangagerð á hvern kílómetra er háður þversniði og lengd ganga ásamt þeim jarðfræðilegu aðstæðum sem búast má við á jarðgangaleiðinni og því er erfitt að bera þetta saman. Almennt er þó kostnaður svipaður að talið er og við sprengd göng en verktíminn er yfirleitt mun styttri þegar um þessi stóru og afkastamiklu tæki er að ræða.

Í þriðja lagi er spurt: „Hver er áætlaður meðaltalskostnaður á hvern kílómetra jarðganga fyrir bílaumferð sem unnið er að núna og eru fyrirhuguð?“

Svar mitt er svohljóðandi: Áætlaður meðaltalskostnaður þeirra jarðganga sem nú er unnið að er 650–800 millj. kr. á kílómetra en það er m.a. háð gangalengd. Í þeim tölum er meðtalinn allur kostnaður, m.a. undirbúningur og vega- og skálagerð utan ganga, þ.e. 650–800 millj. kr. á hvern kílómetra.

Í fjórða lagi er spurt: „Liggja fyrir upplýsingar um hvor aðferðin er fljótlegri og ef svo er, hversu tímafrek hvor aðferðin um sig er?“

Eins og segir að ofan er mun fljótlegra að nota svonefnda heilborun við sjálfa gangagerðina. Reikna má með að með hefðbundinni aðferð sé unnt að grafa allt að 2,5 km á ári með hverjum jarðgangaflokki en oft er grafið frá báðum endum og má miða við að göng lengist um 4,5–5 km á ári. Reikna má með að ein risaborvél afkasti meiru en þessu eða um 150 metrum á viku og 5–7 km á ári. Það er þó alveg háð aðstæðum á hverjum stað.

Einnig tekur nokkuð langan tíma að setja slíkar vélar

saman í verkbyrjun og undirbúa þær aðstæður sem þessi búnaður þarf að hafa. Þar eð gangagerðin sjálf tekur ekki nema ríflega helming verktímans og forvinna, eftirvinna í göngum og vega- og skálagerð utan ganga tekur jafnlangan tíma í báðum tilfellum, þá er ekki hægt að reikna með að heildarverktími styttist nema um e.t.v. 25% miðað við eina borvél borið saman við tvo sprengiflokka þannig að það er um 25% skemmri tími sem þetta tæki. En ég vil undirstrika það sem kom fram hjá mér fyrr að sá búnaður sem notaður er í Kárahnjúkavirkjun er fyrst og fremst hagstæður í lengri göngum.

[18:22]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. málshefjanda fyrir fyrirspurnina og hæstv. samgönguráðherra fyrir ákaflega athyglisverð svör um mál sem ég veit að mjög margir hafa velt fyrir sér. Ástæðan er einföld. Við höfum auðvitað séð af þeirri reynslu sem þegar hefur fengist af jarðgangagerð í landinu hversu miklu jarðgöng breyta fyrir byggðir landsins og við vitum hvaða þýðingu þau munu hafa til að mynda varðandi stækkun atvinnusvæðisins á Austfjörðum í tengslum við hinar miklu framkvæmdir sem þar eru, og víða um landið horfa menn til þessa möguleika varðandi jarðgangagerð. Í því sambandi vil ég aðeins vekja athygli á jarðgangagerð sem oft er rætt um og er auðvitað mikilvægt að sett verði næst í röðina, þ.e. jarðgöng sem tengja norður- og suðurhluta Vestfjarða. Ég veit þess vegna að það er ekki síst þar sem menn horfa til þeirra möguleika sem hv. þingmaður var að hreyfa og vekja athygli á. Ég held að þetta sé lýsandi dæmi um það að menn þurfa að vera mjög á varðbergi og vakandi fyrir nýjum möguleikum sem geta falið það í sér að við getum hraðað þessum bráðnauðsynlegu framkvæmdum sem nú (Forseti hringir.) er samt sem áður nokkuð í tísku að tala illa um, illu heilli.

[18:23]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hv. þingmaður sagði áðan, annars vegar þakka fyrirspyrjanda fyrir að taka málið upp og hins vegar ráðherra fyrir svörin sem hann gaf vegna þess að það er auðvitað nýtt fyrir okkur á Íslandi að hafa slíka risabora hér að störfum og er ánægjulegt að fylgjast með þeim mikla gangi sem er við boranir fyrir austan.

Ég vil spyrja hæstv. samgönguráðherra út í það hvort meiri sparnaður geti hugsanlega skapast af þessu þar sem menn eru ekki að sprengja og það hefur ekki þau áhrif að sprungur myndast í veggjum og ekki þarf að teina þá eins mikið upp. Getur verið að meiri sparnaður leynist í því þegar búið er að heilbora bergið og það verði miklu betra, sem það að sjálfsögðu verður, og það skili sér kannski í minni kostnaði?

Ég vil svo líka taka undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að það er í tísku hjá mönnum að tala illa um jarðgangaframkvæmdir. Því miður er það svo og ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst sú umræða sem sem hv. þingmaður hóf hér ólíkt gáfulegri og betri en arfavitlaus ályktun framsóknarmanna í Norðvesturkjördæmi.

[18:25]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er full ástæða til að þakka hv. þm. Hilmari Gunnlaugssyni fyrir þá ágætu fyrirspurn sem hér liggur fyrir og sem vonandi verður upphaf að því að þessi mál verði rædd hér í þaula. Það er ýmislegt athyglisvert í svörum sem hæstv. samgönguráðherra gaf varðandi þessa fyrirspurn en mér sýnist, miðað við upplýsingar sem ég hef haft af þessu borverki, að varðandi ýmsar upplýsingar sem hæstv. ráðherra gaf sé eðlilegt að setja a.m.k. spurningarmerki við og þær þurfi að kanna frekar. Ég vænti þess að hæstv. samgönguráðherra geti gefið okkur þá yfirlýsingu þegar hann tekur til máls aftur að hann hafi fullan áhuga á því að það verði athugað hvort sú tækni sem hv. fyrirspyrjandi er að spyrja hér um verði ekki könnuð til þrautar og það ýti hugsanlega undir það að við gerum jarðgangaáætlun til nokkuð langs tíma og könnum hvort það geti ekki sparað okkur verulega fjármuni að nýta þessa tækni og auka þar með um leið hraða jarðgangagerðar hér á landi.

[18:26]

Fyrirspyrjandi (Hilmar Gunnlaugsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra kærlega fyrir að koma upp og svara fyrirspurn minni og lýsi yfir ánægju minni með þau svör miðað við þann skamma tíma sem óneitanlega var skammtaður þar sem þetta er síðasti dagur minn á þingi og verið var að leitast við að gefa mér færi á að fylgja fyrirspurninni eftir.

Að mörgu leyti má segja að svarið komi ekki á óvart. Það liggur svo sem fyrir að kostnaður og tími sem fer í að setja þessa risabora upp og taka þá niður er mikill og þess vegna átti maður von á að það væru einkum við lengri göng sem gæti verið hagkvæmt að nota þessa risabora. Þó er rétt að halda því til haga að einn þeirra þriggja bora sem nú eru uppi á hálendinu kom hingað úr verki að mér skilst í New York sem voru 6 km löng göng.

Ég fagna þeim viðbrögðum sem hér hafa komið fram og vek athygli á því að málið snýst ekki um eitt ákveðið kjördæmi heldur er um að ræða mál sem ætti að vera hægt að horfa á á landsvísu og því vil ég taka undir það sem kom fram áðan hjá hv. þingmanni Norðausturkjördæmis, Einari Má Sigurðarsyni, að menn geri áætlun til lengri tíma og hafi meira undir.

Ég ítreka þakkir fyrir góða umræðu og góð svör.

[18:27]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Eðlilega velta hv. þingmenn fyrir sér hvort hægt sé að finna leiðir til að sú mannvirkjagerð sem jarðgöng eru geti orðið sem hagkvæmust og ódýrust. En ég held að það hafi komið í ljós út af fyrir sig þegar jarðgöng voru boðin út á sínum tíma milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar að þá sáu menn ekki fyrir sér þennan möguleika því að heilborun og allur sá búnaður sem þar er á ferðinni, og er nýtt núna við Kárahnjúka, er auðvitað þekkt til margra ára víða í heiminum og verktakar sem hafa velt fyrir sér jarðgangagerð þekkja þá möguleika sem það skapar. Ég á ekki von á eins og kaupin gerast á eyrinni núna að þau jarðgöng sem verða á næstunni á dagskrá skapi skilyrði til

að nýta þessa tækni. Þó skal ég svo sem ekki fullyrða neitt um það á þessu stigi. Vonandi er sá möguleiki fyrir hendi en það er fátt sem bendir til þess eins og málin standa. Aðalatriðið er að verktakarnir leggi sig fram um að finna leiðir sem eru hagkvæmar og eigi möguleika á því að fá þau verk sem fyrir liggur að verði farið í á sviði jarðganga á næstu árum.

Ég held að það sé afar mikilvægt að þingmenn velti þessu fyrir sér og því fagna ég þessari fyrirspurn og þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að fá tækifæri til að svara þessu hér og nú.

Gjafsókn.

Fsp. JBjart, 167. mál. — Þskj. 167.

[18:30]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. dómsmálaráðherra lýtur að kostnaði ríkissjóðs af gjafsókn og tilefni fyrirspurnarinnar er m.a. frumvarp um breytingar á þeim reglum laga um meðferð einkamála sem um gjafsóknina fjalla og hæstv. ráðherra hefur nýlega mælt fyrir lítillega óbreyttu frumvarpi frá fyrra þingi.

Reglurnar um gjafsókn eru í 126. gr. og þar segir að gjafsókn verði aðeins veitt ef nægilegt tilefni er til málshöfðunar eða málsvarnar og annaðhvort sé, skv. a-lið efnahag umsækjanda „þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrðu honum sannanlega ofviða", en þetta er jafnframt meginreglan og grundvallarskilyrði ákvæðisins, eða skv. b-lið sem er tvískiptur „að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir einkahagi umsækjanda, þ.e. atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi".

En samkvæmt athugasemdum við frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra er það ákvæði b-liðarins sem þykir afar víðtækt og í athugasemdunum segir að það þyki ekki forsvaranlegt að verið sé að kosta málshöfðun eða málsvörn einstaklinga af almannafé á grundvelli svo almenns ákvæðis. Þess í stað er lagt til sem skilyrði fyrir gjafsókn að nægilegt tilefni sé til málshöfðunar og að eðlilegt megi teljast að málsókn sé kostuð af almannafé.

Umsögn fjárlagaskrifstofu um frumvarpið gerir ráð fyrir einhverri fækkun á veitingu gjafsóknar og að útgjöld vegna gjafsóknarleyfa aukist minna en verið hefur undanfarin ár eða lækki jafnvel. En í umsögninni er ekki slegið fram neinni áætlun um krónutölu sparnaðar. Það gerði hins vegar fulltrúi dómsmálaráðuneytisins á fundi allsherjarnefndar sem sagði að sparnaður með lögfestingu frumvarpsins gæti numið 10–15 millj. kr. árlega.

Það sem ég hef nú rakið vekur ýmsar spurningar, herra forseti, sem varða forsendur breytinga á lagareglum um gjafsókn og sem ég hef sett fram í fyrirspurn minni til hæstv. dómsmálaráðherra.

Ég spyr hæstv. ráðherra um þróun kostnaðar ríkissjóðs við gjafsókn á árunum 1998–2003, um skiptingu kostnaðarins vegna gjafsóknar skv. a-lið og b-lið 126. gr., svo og skv. b-liðnum um skiptingu kostnaðar eftir því hvort byggt er á því að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði einkahagi umsækjanda.

Hinn hluti fyrirspurnar minnar, herra forseti, lýtur að þróun kostnaðar vegna gjafsóknar og hvernig hún sé miðað við fjölda mála fyrir dómstólum á árunum 1998–2003, en af svari dómsmálaráðherra á 130. þingi við fyrirspurn í 170. máli kemur fram að einkamálum fjölgaði um 139% á árunum 1999–2002 að meðaltali við héraðsdómstóla landsins og þar af munnlega fluttum einkamálum um heil 40%. En að því lýtur, herra forseti, sá hluti fyrirspurnarinnar hver sé þróun kostnaðar vegna gjafsóknar miðað við fjölgun mála fyrir dómstólum.

[18:33]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er erfitt að svara þessu nákvæmlega vegna þess að það eru miklar töflur sem fylgja ef menn vilja fá svörin mjög nákvæm, enda hef ég líka svarað skriflega svipuðu efni og þau gögn eru öll tiltæk og líka gögn sem skýra betur það sem ég flyt hér munnlega.

Fyrst er spurt: „Hvernig hefur kostnaður ríkissjóðs við gjafsókn þróast árin 1998–2003?"

Svarið er: Árið 1998 var kostnaður ríkisins vegna gjafsóknar rétt rúmar 37 millj. kr., á síðasta ári var þessi kostnaður rétt tæplega 110 millj. kr. Útgjöld ríkisins vegna gjafsóknar hafa því hækkað umtalsvert á síðustu árum eins og þessar tölu bera með sér sem eru á verðlagi hvors árs um sig. Hækkunin milli ára á þessu tímabili hefur verið frá tæpum 9% upp í ríflega 30%, en þess má geta að á milli áranna 1997 og 1998 hækkuðu útgjöld vegna gjafsóknar um 44,6% milli ára.

Í öðru lagi er spurt: „Hvernig er þróunin miðað við fjölda mála fyrir dómstólum á sama tíma?"

Svarið er: Heildarfjöldi innkominna dómsmála hjá héraðsdómstólum var árið 1998 15.459 mál, árið 2003 var þessi tala komin upp í 35.861 mál. Það ber að hafa í huga að í þessum tölum hafa sama vægi einfalt áritunarmál og munnlega flutt einkamál en mikill munur er á umfangi slíkra mála. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að munnlega flutt mál hjá héraðsdómstólum voru 1.068 árið 1998 en 1.371 árið 2003.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvernig skiptist kostnaður á milli gjafsóknar skv. a-lið og b-lið 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991?"

Og í fjórða lagi er spurt: „ Hvernig skiptist kostnaður við gjafsókn skv. b-lið 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð einkamála eftir því hvort byggt er á að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði einkahagi umsækjanda?"

Hvað þessar spurningar varðar liggja þessar upplýsingar ekki fyrir í dómsmálaráðuneytinu eða hjá gjafsóknanefnd en kostnaður vegna gjafsóknar er ekki sundurliðaður annars vegar vegna a-liðar og hins vegar b-liðar 1. mgr. 126. gr. einkamálalaga fremur en milli einstakra liða undir b-lið og ógerningur er að finna þetta út nákvæmlega. Sundurliðun er hins vegar milli svokallaðrar lögbundinnar gjafsóknar og gjafsóknar á grundvelli einkamálalaga.

Þróun kostnaðar vegna lögbundinna gjafsókna frá árinu 1998 er þannig að árið 1998 var heildarkostnaður um 6,5

millj. kr. en um 11,5 millj. kr. árið 2003 eða rétt um 10% af heildarútgjöldum vegna gjafsókna það ár.

Það má hins vegar fara nokkuð nærri um kostnaðarskiptingu á milli framangreindra a- og b-liða 1. mgr. 126. gr. einkamálalaganna með því að bera saman fjölda veittra gjafsókna eftir hvorum lið fyrir sig.

Eins og fram kemur í svari mínu við fyrirspurn um það efni fyrr á þessu þingi er gjafsókn mjög sjaldan veitt á grundvelli b-liðar. Til dæmis var þetta hlutfall árið 1998 með þeim hætti að gjafsókn var í 131 tilfelli veitt á grundvelli a-liðar það ár, fjórum sinnum á grundvelli b-liðar og tólf sinnum á grundvelli a- og b-liðar sameiginlega.

Sambærilegar tölur fyrir árið 2002 eru að 226 sinnum mælti gjafsóknanefnd með gjafsókn á grundvelli a-liðar, 22 sinnum á grundvelli b-liðar og sjö sinnum á grundvelli a- og b-liðar sameiginlega. Það má því ætla að útgjöld vegna gjafsókna á grundvelli b-liðar nemi samkvæmt þessu um 5–15% af heildarútgjöldum vegna gjafsóknar á ári hverju.

Þetta er það sem ég ætla að segja um þetta með vísan til þessarar fyrirspurnar, en þar sem hv. fyrirspyrjandi vék að því frumvarpi sem nú liggur fyrir, og ég veit að allsherjarnefnd er að fjalla um, þá er það frumvarp, eins og ég sagði í umræðu um það þegar ég lagði það fram við 1. umr. um málið, flutt með það að meginmarkmiði að tryggja að þeir fjármunir sem eru til ráðstöfunar vegna gjafsóknar renni til þeirra sem ekki hafa fjárhagslega burði til að fara í mál að öðrum kosti en að þeir fái gjafsókn. Það er meginmarkmið þess frumvarps að tryggja að þeir fjármunir, sem eru takmarkaðir eins og allir fjármunir eru almennt séð, nýtist þeim sem þurfa á gjafsókn að halda vegna þess hvernig fjárhag þeirra er háttað.

[18:38]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir nokkuð greinargott svar hans. En eins og ráðherrann gerði réttilega grein fyrir í ræðu sinni er erfitt að henda reiður á upptalningu á slíkum tölum en það liggur þá skýrar fyrir þegar hægt er að lesa í þingskjölum ræðu hæstv. dómsmálaráðherra.

Hins vegar hefði ég viljað fá heldur skýrar fram hjá hæstv. ráðherra það sem hann talaði um að lægi fyrir í skriflegu svari frá honum um svipaðar upplýsingar vegna þess að það eina sem ég hef fundið af gögnum um þetta, og hef verið að leita ásamt fleirum vegna þessa frumvarps, er svar við þessari fyrirspurn frá síðasta þingi, sem var 170. mál, en það laut fyrst og fremst að fjölda málanna, en það er krónutalan, sundurliðaður kostnaður sem ég er fyrst og fremst að inna ráðherrann eftir með þessari fyrirspurn.

En ástæðan fyrir því að spurt er er sú að með frumvarpinu sem ráðherra hefur mælt fyrir og er til meðferðar í allsherjarnefnd er gengið úr frá því að fella út þann hluta bliðarins sem varðar „almenna þýðingu" fyrir umsækjanda. Það sem við veltum fyrir okkur í allsherjarnefnd og kom líka fram hér þegar ráðherra mælti fyrir málinu og í umræðunni var spurningin hvað væri unnið með því, hverju það skilaði ríkissjóði að fella það ákvæði út.

Ef ég skildi svar ráðherrans rétt voru það fjögur mál þar sem gjafsókn var veitt á grundvelli þessa liðar og upp í 22 þegar mest var en það skiptir svo sem ekki öllu. Í rauninni stendur eftir, eins og ég skil svarið, það sem kom fram á fundi með fulltrúa dómsmálaráðuneytisins hjá allsherjarnefnd að sparnaðurinn gæti numið 10–15 milljónum árlega, en hins vegar er það bagalegt að ekki er hægt að fá nánari upplýsingar (Forseti hringir.) frá gjafsóknanefnd um hvernig kostnaðurinn er sundurliðaður.

[18:40]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er vafalaust hægt og væri hægt á nefndarfundi tel ég víst að fá gjafsóknanefndarmenn til að koma á fundinn og lýsa þessu. Það er náttúrlega mjög mismunandi hve kostnaður er mikill sem ríkið ber sem greiðandi gjafsóknar og er auðvitað forvitnilegt úrlausnarefni í sjálfu sér fyrir þingmenn og aðra sem hafa áhuga á þessu máli að átta sig á hver er sá kostnaður sem fellur til við einstök mál og hvernig greiðslum er háttað o.s.frv. Ég hef ekki farið út í það hér en það er vafalaust hægt að rýna í þær tölur betur, þær liggja allar fyrir, það eru ekki nein leyndarmál í þeim. En ég get ekki farið að lesa þær tölur upp hér eða þá ítarlegu sundurliðun sem þarf að vera til þess að menn átti sig nákvæmlega á þessum kostnaðarþáttum en ég er viss um að ef hv. allsherjarnefnd vill fara ofan í kostnaðartölurnar og skoða einstök mál og átta sig á því hvað er greitt vegna einstakra mála þá er það vafalaust unnt fyrir nefndina að gera það.

Ég vil líka minna á það, herra forseti, að þetta mál var afgreitt frá allsherjarnefnd á síðasta þingi og meiri hluti nefndarinnar mælti þá með því að frumvarpið yrði samþykkt en við lyktir þingsins varð það að samkomulagi að málið kæmi ekki til afgreiðslu á vorþinginu heldur yrði tekið upp aftur á haustþinginu og afgreitt með fjárlögunum fyrir áramótin, og ég vona svo sannarlega að unnt verði að standa við það samkomulag.

Lögfræðiaðstoð við þolendur heimilisofbeldis.

Fsp. JBjart, 255. mál. — Þskj. 273.

[18:42]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Á ríkisstjórnarfundi í ágúst 2002, nánar tiltekið 30. ágúst, var samkvæmt frétt í Morgunblaðinu dagginn eftir ákveðið að tillögu dómsmálaráðherra að leggja 1 milljón kr. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar í tilraunaverkefni innan slysa- og bráðasviðs á Landspítala – háskólasjúkrahúsi um að koma á fót sérhæfðri móttöku, aðstoð og stuðningi við þolendur heimilisofbeldis þeim að kostnaðarlausu.

Að sögn þáverandi dómsmálaráðherra var fyrirmyndin neyðarmóttaka vegna nauðgunar sem býður upp á sérhæfða lækn is- og hjúkrunarþjónustu, sálfræði- og félagsráðgjöf og aðstoð löglærðs starfsmanns. Fréttinni fylgdi að verkefnið yrði undirbúið á haustmánuðum, þ.e. 2002, og að starfsemin ætti að geta hafist í byrjun árs 2003.

Í maí 2003 var síðan samkvæmt fréttatilkynningu undirritaður samningur hæstv. þáverandi dómsmálaráðherra og

slysa- og bráðasviðs um eingöngu sérhæfða lögfræðiaðstoð og 2 millj. kr. framlag dómsmálaráðuneytisins á tveimur árum til að greiða fyrir þá tegund aðstoðar við þolendur heimilisofbeldis, þ.e. sérhæfða lögfræðiaðstoð.

Í fréttatilkynningunni var vísað til niðurstöðu nefndar þriggja ráðuneyta sem skipuð var 18. ágúst 1997 og var falið að gera tillögur að lagabreytingum, forvarnaaðgerðum og hjálparúrræðum fyrir þolendur þessa ofbeldis, en sú nefnd hafði lagt þetta til, þ.e. sérhæfða móttöku þar sem þolendur gætu leitað nauðsynlegrar aðstoðar og stuðnings sér að kostnaðarlausu. Í þeirri fréttatilkynningu sagði jafnframt að fjöldi koma á slysa- og bráðasvið vegna þessara ofbeldisbrota næmu um 140 á hverju ári.

Síðan þetta var hefur lítið til þessarar aðstoðar spurst fyrr en nú nýlega þegar starfsmaður neyðarmóttöku vegna nauðgunar upplýsti í dagblaðsviðtali að aðeins tvær konur sem hafi leitað til slysa- og bráðadeildar hafi notið þessarar aðstoðar. Það segir um ástæðuna að það hafi fyrst og fremst verið vegna þess að ekki hafi verið ákveðið með hvaða hætti þjónustan skuli veitt, vegna anna á deildinni og m.a. þurfi að þjálfa starfsfólk sérstaklega til að þekkja einkenni heimilisofbeldis og til að geta boðið aðstoð, og allt kosti þetta undirbúning og fjármuni sem ekki hafi verið til staðar.

Herra forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. dómsmálaráðherra lýtur að því hvernig staðið hafi verið að því að koma á fót þessari aðstoð, hversu margir þolendur hafi notið hennar og síðast en ekki síst hvort uppi séu áform um að efla sérhæfða móttöku og lögfræðiaðstoð við þolendur heimilisofbeldis.

[18:45]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Samningur sá sem hv. fyrirspyrjandi vísar til í fyrirspurn sinni er samkomulag frá 2. maí 2003 milli þáverandi dómsmálaráðherra og Landspítala – háskólasjúkrahúss og felur það í sér að spítalinn komi upp í tilraunaskyni sérhæfðri móttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis þar sem þeir sem fyrir ofbeldi verða geti leitað nauðsynlegrar aðstoðar og stuðnings sér að kostnaðarlausu. Tilraunin er til tveggja ára frá 1. maí 2003 til 1. maí 2005 og verður þá tekin til endurmats og ákvarðanir teknar um framhald tilraunarinnar eða verkefnisins.

Dómsmálaráðuneytið skuldbindur sig í samkomulaginu til að leggja fram 2 millj. kr. til stuðnings við verkefnið. Í samkomulaginu kemur enn fremur fram að á móttökunni sem skal vera á slysa- og bráðadeild fái fórnarlömb heimilisofbeldis aðhlynningu og þeim m.a. boðin sérhæfð lögfræðiaðstoð. Umsjón með verkefninu er í höndum sviðsstjóra hjúkrunar á slysa- og bráðasviði.

Samkvæmt upplýsingum frá slysa- og bráðasviði Landspítala – háskólasjúkrahúss var fyrir ári haldið undirbúningsnámskeið fyrir starfsfólk slysa- og bráðasviðs um eðli og umfang heimilisofbeldismála, skráningu málanna innan spítalans, hvernig stuðningi væri háttað við þolendur hjá ýmsum aðilum eins og Félagsþjónustunni og Kvennaathvarfinu, hver lagalegur stuðningur Kvennaráðgjafar væri, frætt um nálgunarbann og fleira sem varðar úrræði lögreglunnar.

Fyrir utan læknisaðstoð veitir starfsfólk spítalans fræðslu um hvert hægt er að leita utan spítalans og einnig hefur málum verið vísað áfram til miðstöðvar áfallahjálpar til að veita þolendum andlegan stuðning, fræðslu og einnig til frekari greiningar á vanda þolenda og barna þeirra. Þangað er vísað um 15–20 málum á ári en miðstöð áfallahjálpar er hluti af þjónustu slysa- og bráðasviðs spítalans.

Samkvæmt upplýsingum frá slysa- og bráðasviði hefur ekki verið hafin vinna við að skilgreina þjónustu sérstakra réttargæslumanna fyrir þolendur heimilisofbeldis og hvaða lögmenn eigi að sinna henni. Hugmyndir stjórnenda á slysa- og bráðasviði er að hægt sé að tryggja þessa þjónustu hjá réttargæslumönnum sem hafa ákveðna sérþekkingu og áhuga á að sinna þessum málum.

Hvað varðar fjölda mála hafa um 140 tilgreind heimilisofbeldismál komið upp á ári hverju til slysa- og bráðadeildar. Einnig eru mörg mál á ári greind vegna þess að foreldrar leita sér aðstoðar vegna annars vanda á velferð barna þeirra. Mörg mál á ári eru tilkynnt til barnaverndaryfirvalda þar sem óskað er eftir því að tekið sé á vanda fjölskyldunnar.

Einungis hefur verið óskað eftir lögfræðiaðstoð samkvæmt áðurnefndu samkomulagi í tveimur málum og voru það bæði mál sem kærð voru til lögreglu. Var veitt til þessara tveggja mála rúmlega 400 þús. kr.

Þá var spurt: „Eru áform uppi um að efla sérhæfða móttöku og lögfræðiaðstoð við þolendur heimilisofbeldis?“

Um það er að segja að áformin um að efla sérhæfða móttöku og lögfræðiaðstoð við þolendur heimilisofbeldis eru í fyrsta lagi þetta tilraunaverkefni sem ekki er lokið og það verður síðan endurmetið, eins og fram hefur komið, í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur. Þá hefur dómsmálaráðuneytið komið að þessu fyrst og fremst til að veita þolendum aðgang að lögfræðiþjónustu. Ég hef áður sagt að til stendur að kanna sérstaklega hvort setja beri verklagsreglur um kvaðningu réttargæslumanns þegar fórnarlömb heimilisofbeldis leita til bráðamóttöku sjúkrahúsa.

Herra forseti. Eins og heyrist á svari mínu er fyrst og fremst um að ræða í þessu tilviki hvaða starfsreglur eru hafðar uppi á bráðamóttökunni eða slysa- og bráðasviðinu á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem heyrir að vísu ekki beint undir dómsmálaráðuneytið en ég hef átt viðræður við þær konur sem standa að þessu á slysa- og bráðasviði spítalans. Uppi eru áform, eins og ég sagði, um að huga að verklagsreglum um þessi mál þannig að unnt sé að vita nákvæmlega hvernig grípa eigi á hverju máli sem upp kemur og það sé hluti af því sem við blasir hjá þeim sem á sviðinu starfa þegar slík mál ber þar inn fyrir dyr svo unnt sé að taka á þeim skipulega og samkvæmt ákveðnum verklagsreglum sem kunna einnig að lúta að þessari lögfræðilegu aðstoð.

[18:50]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir svar hans við þessari fyrirspurn. Það sem ég var mest forvitin að heyra voru hugsanleg áform ráðherrans og ráðuneytisins um að efla sérhæfða móttöku og lögfræðiaðstoðina við þolendur. Eins og kom fram í svarinu, og lá svo sem fyrir í frétt í dagblaði eftir að ég skilaði inn fyrirspurninni, hafa einungis tvær konur notið þessarar aðstoðar. Fjárveit-

ingin var um 2 millj. til tveggja ára og verkefninu lýkur í maí 2005, sem segir mér að þarna er nokkur inneign. Þá hlýtur maður að velta vöngum yfir því af hverju þetta fé hefur ekki verið nýtt betur en eins og kom fram í ræðu minni áðan hafa starfsmenn neyðarmóttöku vegna nauðgunar, sem að hluta til eru þeir sem hafa tekið þetta að sér, m.a. bent á að það kosti að undirbúa þetta, það kosti bæði tíma og fjármuni og þeir hafi ekki verið til staðar. Þá velti ég því fyrir mér hvort hægt væri að nýta eitthvað af þeim peningum sem þarna eru ónýttir í frekara skipulag og undirbúning og þjálfun starfsmanna.

Eins og kom líka fram hjá mér áðan, herra forseti, beinist þessi aðstoð fyrst og fremst að því að veita lögfræðiaðstoð við þolendur. En upphaflega, eftir að skýrslan var unnin fyrir ráðuneytið af nefnd sem skipuð var 1997, var gert ráð fyrir mun fjölbreyttari aðstoð, bæði sálfræðiaðstoð, félagsráðgjöf og öðru sem ég held að sé ekki síður þörf á fyrir þolendur heimilisofbeldis. Hitt er svo annað mál að það virðist vera sá skilningur á slysadeildinni að þessu fé skuli fyrst og fremst varið til aðstoðar konum sem ætla að kæra en ekki konum sem ætla að bregðast við á einhvern annan hátt og vilja fyrst og fremst fá ráðgjöf. (Forseti hringir.) Það er svo í rauninni efni í aðra umræðu, herra forseti.

[18:52]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þarf í raun og veru ekki að bæta neinu við það sem ég sagði áður, bara minna á að það er samkomulag um ráðstöfun á því fé sem þarna er um að ræða. Það hefur enginn breytt því samkomulagi en ef ætlunin er að nota fjármunina til annars en að bregðast við á grundvelli samkomulagsins þá er það náttúrlega alveg nýtt álitamál og spurning hvort breyta á samkomulaginu. Ég tel hins vegar að hægt sé að undirbúa þetta og setja þá verklagsreglu sem ég nefndi án þess að hróflað sé við því samkomulagi eða þessir fjármunir endilega nýttir til þess. Þetta er spurning um ákveðnar vinnureglur sem menn setja sér og vonandi tekst að setja þær. Þetta hefur verið rætt á vettvangi dómsmálaráðuneytisins eftir að ég ræddi við forstöðumenn þessa ágæta sviðs, slysa- og bráðasviðs Landspítalans, og mönnum er ljóst að þarna er viðfangsefni sem þarf að leysa. Ég tel að unnið sé að því og að það séu líka fjármunir fyrir hendi til að gera hluti á þessu sviði. Mér finnst að ljúka eigi þessu tilraunaverkefni og sjá síðan hvað tekur við.

Styrking efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra.

Fsp. JóhS, 281. mál. — Þskj. 303.

[18:53]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í svari hæstv. dómsmálaráðherra til mín nýlega kom fram að vegna manneklu hefði efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra ekki tök á að hefja rannsókn mála að eigin frumkvæði og efnahagsbrotadeildin hefði aðeins mannafla til að rannsaka og taka til meðferðar mál sem kærð eru til hennar. Veruleg fjölgun hefur líka orðið á kærumálum ásamt rannsóknaraðstoð við önnur embætti sem og aukning á tilkynningum um ætlað peningaþvætti. Samtals var fjöldi þessara mála 202 á árinu 2001 en voru 387 á árinu 2003 eða fjölgun um nálægt 90%. Á þessum tíma hefur starfsmönnum efnahagsbrotadeildar þó aðeins fjölgað úr 10 í 14. Jafnframt kom fram að á síðustu þremur árum hafi dómstólum í sex tilvikum þótt ástæða til að taka tillit til þess í dómum sínum að dráttur hefði orðið á rannsókn mála hjá efnahagsbrotadeildinni sem hinn ákærði eða dæmdi bar ekki ábyrgð á og því voru refsingar mildaðar.

Til rannsóknar er nú hjá efnahagsbrotadeildinni þáttur stjórnenda olíufélaganna í verðsamráði og broti á samkeppnislögum og hugsanlega refsiábyrgð þeirra. Þetta samráð hefur eins og við þekkjum kostað samfélagið tugi milljarða króna og komið hart niður á neytendum. Nauðsynlegt er að fá sem fyrst niðurstöðu í rannsóknina sem hófst fyrir um ári síðan, bæði til að eyða allri óvissu í málinu sem er til hagsbóta bæði fyrir stjórnendur olíufélaganna og samfélagið í heild að fá úr því máli skorið, og einnig eru uppi vangaveltur um hvort um geti verið að ræða fyrningu saka. Stjórnvöldum ber skylda til að búa þannig að eftirlitsstofnunum og lögregluyfirvöldum að ekki komi til fyrningar saka eins og t.d. gerðist í máli tryggingafélaganna. Slíkt grefur undan réttarkerfinu, enda er nauðsynlegt í siðmenntuðu samfélagi að allir séu ábyrgir gerða sinna.

Nú liggur fyrir að á fjárlögum þessa árs var veitt 15 millj. kr. tímabundið framlag til að fjölga störfum við efnahagsbrotadeildina en það var ekki bara vegna meintra samkeppnislagabrota heldur var einnig bent á að það væri vegna fjölgunar mála tengdum peningaþvætti, fíkniefnabrotum og annarra umfangsmikilla sakamála. Full ástæða er til að ætla að frekara fjármagn þurfi til að hægt sé að setja fullan hraða á þessa rannsókn og henni sé hægt að ljúka á sem skemmsta mögulegum tíma.

Því hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að leggja fyrir hæstv. dómsmálaráðherra fyrirspurn um hvort ráðherrann telji rétt að efla efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra í ljósi þess að deildin hefur ekki nægan mannafla til að taka upp mál að eigin frumkvæði, og í öðru lagi hvort ráðherrann sé reiðubúinn að beita sér fyrir því að deildin fái meira fjármagn og mannafla svo að flýta megi rannsókn hennar varðandi þátt einstaklinga í verðsamráði olíufélaganna.

[18:56]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Svar mitt við fyrri fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda er einfalt. Ég tel að það sé rétt að efnahagsbrotadeildin eflist og styrkist til að takast á við flóknari brot en við höfum áður þekkt og lúta starfssviði hennar. En við skulum minnast þess að efnahagsbrotadeildin er ein fjögurra eftirlitsaðila sem hafa fengið ný og stærri verkefni vegna breytinga á sviði viðskipta og aukinna umsvifa í efnahagslífinu. Hinar eru Samkeppnisstofnun þar sem starfsmenn eru fleiri en 20 og fær hún tæplega 160 millj. kr. á ári, Fjármálaeftirlitið þar sem starfsmenn eru fleiri en 30 og fjárveiting í ár tæplega 290 millj. kr. og skattrannsóknastjóri þar sem starfsmenn eru 24, þar af 12 rannsóknarmenn og fjárveiting í ár er 124 millj. kr. Allar þessar stofnanir

hafa verið að eflast og styrkjast eins og efnahagsbrotadeildin en fjárveiting til hennar í ár er 119 millj. kr. og þar starfa nú 17 manns. Var þeim fjölgað tímabundið um þrjá á síðasta ári ekki síst vegna þess máls sem fyrirspyrjandi nefnir í síðari spurningu sinni, þ.e. vegna rannsóknarinnar varðandi þátt einstaklinga í verðsamráði olíufélaganna.

Í mínum huga er ekki nokkur vafi um það að kröfur til þessara eftirlitsstofnana eiga eftir að aukast enn frekar og til að mæta þeim þarf að gera stjórnendum þeirra kleift að ráða til sín fleira fólk og vel menntað fólk. Mikið er í húfi að borið sé traust til íslensks fjármála- og viðskiptalífs en öflugir opinberir eftirlitsaðilar skipta máli við mótun þess trausts.

Á fjáraukalögum fyrir árið 2003 var veitt 15 millj. kr. til að fjölga störfum lögreglumanna við efnahagsbrotadeildina. Þessi hækkun hélst í fjárlögum fyrir árið 2004 og með henni fylgdi eftirfarandi greinargerð, með leyfi forseta:

„Veitt er 15 millj. kr. tímabundið framlag til að fjölga störfum lögreglumanna við efnahagsbrotadeild embættisins. Málum deildarinnar fjölgar stöðugt svo sem vegna meintra samkeppnislagabrota, peningaþvættis, fíkniefnabrota og annarra umfangsmikilla sakamála sem mikilvægt er að dragist ekki á langinn að rannsaka."

Þessi fjárveiting fylgir efnahagbrotadeildinni næsta ár, árið 2005, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem nú liggur fyrir.

Vegna orðalags í fyrri spurningu hv. fyrirspyrjanda er rétt að taka fram að aðeins í sex málum af um 240 hefur refsing verið milduð vegna dráttar við rannsókn mála en sakfellt var í þessum málum öllum og þarf að skoða hvert þeirra fyrir sig til að átta sig á hvort drátturinn stafar af skorti á mannafla. Ég dreg það raunar í efa að svo sé og menn þurfi þess vegna að gæta sín á því að alhæfa ekki neitt um slík mál heldur skoða hvert mál fyrir sig, ef þeir ætla að halda því fram með rökum að ástæðan fyrir töfum málanna hafi verið skortur á mannafla.

[18:59]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svörin og ég get tekið undir margt sem kom fram í máli hans. Auðvitað tek ég undir að það sé rétt að efla og styrkja efnahagsbrotadeildina og það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að hún er að fá æ stærri verkefni og það er líka rétt að kröfur til hennar muni aukast og það þarf að gera henni kleift að ráða til sín fleira fólk.

En hvaða áætlanir hefur ráðherrann á prjónunum til að auka og efla efnahagsbrotadeildina til þess að hún geti sinnt verkefnum sínum? Deildin er þannig stödd núna að hún hefur ekki nægan mannafla til að taka upp mál að eigin frumkvæði. Ég spyr ráðherrann um skoðun hans á því. Telur hann eðlilegt að búa þannig að stofnuninni að hún hafi ekki mannafla til að taka upp mál að eigin frumkvæði? Ég vil líka spyrja ráðherrann hvort hann hafi kannað það hjá efnahagsbrotadeildinni hvort hægt væri að flýta því að fá niðurstöðu í þetta umrædda mál, rannsókn þeirra varðandi þátt einstaklinga í verðsamráði olíufélaganna, t.d. með auknu tímabundnu fjármagni og þá er ég að tala um til viðbótar þeim 15 millj. kr. sem ráðherra nefndi, enda taldi ráðherra það upp að þær 15 milljónir væru líka ætlaðar til þess að hraða rannsóknum á öðrum mikilvægum málum eins og fíkniefnamálum og fleiri málum sem eru til meðferðar hjá efnahagsbrotadeildinni.

Hefur ráðherrann gert einhverjar áætlanir um það hvernig hann vill styrkja deildina og hvernig hægt er að búa betur að henni og hefur hæstv. ráðherra kannað það hjá efnahagsbrotadeildinni hvort hægt er að flýta rannsókninni enn frekar og ljúka henni á sem skemmstum mögulegum tíma? Og ég spyr ráðherrann líka: Hefur hann látið kanna hvort það sé rétt að málið geti fyrnst í meðferðinni vegna þess að uppi eru þær skoðanir að málið sé þannig statt að hugsanlega gætu þessar kröfur fyrnst og þá er auðvitað mikilvægt að hægt sé að hraða rannsókninni eins og kostur er.

[19:02]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þann áhuga sem kemur fram á störfum efnahagsbrotadeildarinnar sem er hluti af starfsemi ríkislögreglustjóra eins og við vitum. Oft hafa verið fluttar ræður um það úr þessum ræðustól að ríkislögreglustjóraembættið hafi verið að þenjast of mikið út og menn hafa gagnrýnt það þegar gerðar hafa verið ráðstafanir til að efla það en það er gleðilegt að vita til þess að jafnöflugur þingmaður og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er þeirrar skoðunar núna að það þurfi að efla og styrkja ríkislögreglustjóraembættið og þá sérstaklega efnahagsbrotadeildina.

Eins og ég sagði tel ég rétt að efnahagsbrotadeildin eflist og styrkist til að takast á við flóknari verkefni. Ég tel að ég hafi beitt mér fyrir því á síðustu árum með þeirri aukafjárveitingu sem er haldið í ár og helst líka á næsta ári til þess að efla og styrkja efnahagsbrotadeildina. (Gripið fram í.) Aðalatriðið er síðan að leggja á ráðin um framtíð deildarinnar. Ég hef beitt mér fyrir því að efla þann þátt í starfsemi ríkislögreglustjóraembættisins sem lýtur að sérsveitinni. Ég gerði það að forgangsmáli við eflingu ríkislögreglustjóraembættisins. Ég beitti mér síðan fyrir þessari sérstöku fjárveitingu og ég mun nú að sjálfsögðu leggja á ráðin um að efla efnahagsbrotadeildina þegar ég sé fyrir endann á því að sérsveitarþátturinn er kominn í gott og viðunandi horf. Það þarf að gera þetta og styrkja það. Aðalatriðið er líka að menn líti til þess að þarna ráðist fólk sem er hæft til þess að takast á við þau nýju og flóknu viðfangsefni sem undir deildina falla þannig að ég er alveg sammála hv. þingmanni um þetta. Ég mun hins vegar ekki hafa afskipti af einstökum málum. Ég mun ekki hlutast til um að menn hraði eða seinki rannsóknum eða yfirleitt skipta mér af rannsóknum mála. Ég tel að það sé fyrir utan mitt verksvið sem ráðherra en ég lít á það sem mitt hlutverk að skapa efnahagsbrotadeildinni og ríkislögreglustjóraembættinu viðunandi starfsumhverfi og starfsaðstæður og tel mig hafa verið að vinna að því á undanförnum missirum.

Út af dagskrá voru tekin 8.–9., 11., 16. og 27. mál.

Fundi slitið kl. 19:05.

33. FUNDUR

fimmtudaginn 18. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, frv., 30. mál, þskj. 30. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stuðningur við einstæða foreldra í námi, þáltill., 268. mál, þskj. 289. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Nýr þjóðsöngur, þáltill., 279. mál, þskj. 301. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Kynning á íslenskri list í sendiskrifstofum Íslands, þáltill., 296. mál, þskj. 323. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Lágmarkslaun, frv., 306. mál, þskj. 334. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Fjáraukalög 2004, stjfrv., 76. mál, þskj. 76, nál. 375, 380 og 390, brtt. 376, 377, 378 og 391. — 2. umr.
7. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 284. mál, þskj. 307. — 1. umr.
8. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 299. mál, þskj. 326. — 1. umr.
9. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 300. mál, þskj. 327. — 1. umr.
10. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 335. mál, þskj. 374. — 1. umr.
11. Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, stjfrv., 321. mál, þskj. 357. — 1. umr.
12. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 330. mál, þskj. 368. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 4. þm. Suðvest.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Sjúkraliðafélagi Íslands.

Tilkynning um dagskrá.

[10:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að kl. 3.30 í dag fer fram umræða utan dagskrár um áhrif verðsamráðs olíufélaganna á skattekjur ríkissjóðs. Málshefjandi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, en hæstv. fjármálaráðherra Geir H. Haarde verður til andsvara. Um er að ræða hálftímaumræðu.

Óskað hefur verið eftir því að ræða störf þingsins í upphafi fundar en forseti vill, ef enginn hreyfir andmælum, freista þess að ljúka fyrst þeim atkvæðagreiðslum sem fyrir fundinum liggja. Það eru engar athugasemdir.

[10:34]

Útbýting:

Fjáraukalög 2004, 76. mál, nál. minni hluta fjárln. þskj. 380, nál. minni hluta fjárln. þskj. 390, brtt. minni hluta fjárln. þskj. 391.

Afbrigði um dagskrármál.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 391 — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Samkomudagur Alþingis og starfstími þess, frh. 1. umr.

Frv. RG o.fl., 30. mál. — Þskj. 30.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stuðningur við einstæða foreldra í námi, frh. fyrri umr.

Þáltill. BjG, 268. mál. — Þskj. 289.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Nýr þjóðsöngur, frh. fyrri umr.

Þáltill. SI og HilmG, 279. mál. — Þskj. 301.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Kynning á íslenskri list í sendiskrifstofum Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. SI o.fl., 296. mál. — Þskj. 323.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Lágmarkslaun, frh. 1. umr.

Frv. GE o.fl., 306. mál. — Þskj. 334.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Athugasemdir um störf þingsins.
Stofnun íþróttaakademíu í Reykjanesbæ.

[10:39]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins og beini orðum mínum til hæstv. menntamálaráðherra. Á síðustu vikum hefur Morgunblaðið verið að fylla upp í myndina af stofnun íþróttaakademíu í Reykjanesbæ. Í fyrradag segir nýráðinn framkvæmdastjóri akademíunnar í viðtali við blaðið að ríkissjóður ætli að fjármagna rekstur hennar og hún muni taka 30 nema í íþróttafræðum strax næsta haust og útskrifa 110 íþróttafræðinga árlega þegar reksturinn verður kominn í fullan gang.

Hæstv. forseti. Það hefur ekki farið fram nein umræða um málið í þingsölum eða á hinum pólitíska vettvangi almennt. Hvorki fjárlaganefnd né menntamálanefnd hafa fengið erindi um málið og þingheimur veit hvorki um faglegar né pólitískar forsendur þess. Allur fróðleikur um málið kemur úr Morgunblaðinu.

Sú spurning sem brennur á fólki er hvort búið sé að stofna nýjan háskóla án þess að þingheimi sé kunnugt um það. Það er ekki svo því Háskólinn í Reykjavík, önnur sjálfseignarstofnun, ætlar að innrita nemendurna og hafa þá í námi í kennslufræðum, að vísu bara á pappírunum því kennslan mun fara fram í íþróttaakademíu Reykjanesbæjar. Þetta heitir, hæstv. forseti, á vondri íslensku að Háskólinn í Reykjavík ætli að leppa námið við íþróttaakademíuna.

Nú skal það tekið skýrt fram að ég er hlynnt því að íslensk ungmenni úti um allt land hafi fjölbreytileg námstækifæri og ég er talsmaður eflingar háskólastigsins. En það sem ég gagnrýni er hvernig ákvörðunin er tekin. Hún er gerð tortryggileg með því að hún er ekki tekin fyrir opnum tjöldum og um hana hefur ekki farið fram nein faglegur umræða. Ekkert samráð hefur verið haft við Kennaraháskóla Íslands sem rekur íþróttafræðisetur á Laugarvatni en það er augljóst að með þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar er íþróttafræðasetri á Laugarvatni ógnað stórlega. Hingað til hefur ríkt um það pólitískt sátt að setrið skuli rekið á Laugarvatni og hingað til hefur það annað öllum umsóknum um skólavist. Ég sé því ekki annað en að Kennaraháskóli Íslands muni bregðast við samkeppninni með því að flytja íþróttafræðasetrið sitt beina leið til Reykjavíkur.

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að fá upplýst hér hvers vegna ákvörðunin er tekin með þeim hætti sem ég hef lýst og hvort ekki hefði verið skynsamlegra að eiga um hana faglega og málefnalega samvinnu.

[10:42]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Það er mikið fagnaðarefni að brátt skuli taka til starfa í Reykjanesbæ kröftug og öflug sportakademía sem kemur til með að þjóna ýmsum kröfum og hagsmunum samfélagsins, ekki einungis háskólastarfsemi heldur einnig hvernig hægt er að byggja upp öflugt starf innan íþróttafélaganna og miðla fræðslu. Ég lít afar jákvætt á málið. Ríkið hefur ekki komið á beinan hátt að máli við sportakademíuna heldur hefur ríkið einfaldlega samið við Háskólann í Reykjavík og Háskólinn í Reykjavík hefur síðan samið við sportakademíuna, sem er afar jákvætt mál.

Öðruvísi mér áður brá að þingmenn í þessum góða þingsal mótmæli því þegar háskólastarfsemi á höfuðborgarsvæðinu er að færa út kvíarnar og dreifa starfsemi sinni. Ég tel afar jákvætt að háskólar á höfuðborgarsvæðinu sjái þá kosti sem önnur svæði en höfuðborgarsvæðið hafa fram að færa og taki undir og reyni að styðja þá uppbyggingu sem m.a. hið öfluga sveitarfélag Reykjanesbær stendur fyrir með því að standa að sportakademíunni. Það sýnir að mínu mati eindreginn vilja, metnað og stórhug hjá Reykjanesbæ, þeim mikla íþróttabæ, hvernig þeir ætla að standa að þessu.

Sveitarfélagið ásamt öðrum öflugum bakhjörlum ætla að styðja vel við sportakademíuna og þá starfsemi sem hún kemur til með að standa fyrir. Hér er um gott fordæmi að ræða þar sem háskóli á höfuðborgarsvæðinu fer í samvinnu við bæði sveitarfélög og fagaðila úti á landi sem gerir það að verkum að öðrum er kleift að starfrækja háskólanám með tiltölulega einföldum og kostnaðarlitlum hætti.

[10:44]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er fagnaðarefni að koma eigi á fót öflugri menntastofnun í Reykjanesbæ sem ber vinnuheitið Íþróttaakademían. Það er fagnaðarefni og því ber að samgleðjast þeim Reyknesingum að útlit sé fyrir að kraftmikil menntastofnun komist þar á laggirnar sem megi verða til að efla þar mann-, mennta- og atvinnulíf. Um það er ekkert nema gott að segja.

Feluleikur hæstv. menntamálaráðherra er hins vegar ámælisverður, líkt og hv. málshefjandi Kolbrún Halldórsdóttir kom á. Hann er ámælisverður að öllu leyti. Það er fáránlegt að þingheimur og þjóð fái af því fréttir á síðum dagblaðanna að koma eigi á fót nýrri menntastofnun. Ég skil ekki út á hvað feluleikurinn gengur. Hæstv. ráðherra sem og aðrir sem að þessu máli koma hljóta að vera stolt af því að stofnsetja eigi menntastofnun, íþróttaakademíu í Reykjanesbæ sem og annars staðar á landinu. Þess vegna hlýtur ráðherra að skulda þinginu skýringar á þessum undarlega feluleik í máli sem hlýtur að verða okkur öllum til framdráttar og sóma, það er engin ástæða til að ætla annað.

Einnig skuldar ráðherra skýringar á því hver áhrifin á starfsemi íþróttafræðaseturs Kennaraháskóla Íslands á Laugarvatni verða að hennar mati. Rektor kennaraháskólans, Ólafur Proppé, hefur lýst því yfir að verði annar íþróttakennaraskóli stofnsettur sé allt útlit fyrir að færa þurfi starfsemina á Laugarvatni til Reykjavíkur til að hagræða og byggja undir hana. Það væri mjög vond þróun. Við

viljum örugglega flest að áfram verði haldið úti öflugu íþróttakennarastarfi á Laugarvatni og ráðherra verður að færa okkur heim sanninn um það og tryggja að svo verði áfram þrátt fyrir hið góða framtak í Reykjanesbæ.

[10:46]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Ég skil eiginlega ekki þennan neikvæða tón og þá tortryggni sem hér kemur fram varðandi íþróttaakademíu á Suðurnesjum. Það er rétt að vekja athygli á því að hvergi á landinu er hlutfallsleg þátttaka ungs fólk í íþróttum jafnmikil og á Suðurnesjum, og miðað við stærð sveitarfélaga þar er líklega hvergi jafnmikið af Íslands- og bikarmeisturum í hinum ýmsu íþróttagreinum. Það má því segja (Gripið fram í.) að íþróttaakademía smellpassi í það umhverfi.

Það hlýtur að vera fagnaðarefni ef sjálfstæður háskóli, Háskólinn í Reykjavík, fer til samstarfs við sveitarfélög á Suðurnesjum, við öfluga íþróttahreyfingu á Suðurnesjum, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og umhverfið þar. Þetta er sjálfstæð ákvörðun sjálfstæðs háskóla í samstarfi við sveitarfélög og aðila á Suðurnesjum. Ég hefði haldið að menn mundu fagna því, og ekki síður að Háskólinn í Reykjavík skuli færa út kvíarnar og koma upp útibúi í samstarfi við aðila úti á landi. Ég hefði haldið að það væri fagnaðarefni.

Og hvað ætlar þessi skóli að gera, Íþróttaakademían? Sinna íþróttakennslu, sinna líka þeim þætti sem hefur vantað inn, þ.e. þjálfun og kennslu fyrir þjálfara og leiðbeinendur í íþróttum, og að sjálfsögðu að sinna rannsóknum eins og akademíu ber að gera. Þetta eru metnaðarfull áform.

Hvað varðar áhyggjur af Laugarvatni er engin ástæða til þess að hafa þær. Þar er kröftug starfsemi og hún mun verða það áfram. Ég vek athygli á því að Laugarvatn hefur ekki getað tekið við nema u.þ.b. helming af umsækjendum í íþróttaskólann þar, og þar að auki sýnir reynslan að þegar nýir skólar koma upp fjölgar umsækjendum.

Þess vegna skil ég ekki þennan neikvæða tón og þessa tortryggni. Menn ættu að fagna því að fá öflugra íþróttastarf og -kennslu og öflugra menntastarf hér á landi en ekki að vera að draga upp þennan neikvæða tón.

[10:48]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það eru í sjálfu sér ekkert nýjar fréttir að það eigi að stofna svokallaða íþróttaakademíu í Reykjanesbæ. Það eru margir mánuðir síðan ég heyrði um að þetta stæði til og mér finnst skrýtið ef fólk kemur af fjöllum núna við að heyra um þetta eða lesa um það í blöðum. Við þingmenn Suðurk. vorum í Reykjanesbæ, a.m.k. mörg okkar, á laugardaginn, viðstödd fyrstu skóflustungu og fyrsta áfanga kennslubyggingar fyrir þessa menntastofnun sem mun verða.

Mig langar til að spyrja: Hvenær hefur samkeppni í menntamálum verið af hinu vonda? Hefur það orðið okkur til tjóns hér á Íslandi á undanförnum árum að upp hafi risið nýjar menntastofnanir innan ákveðins geira? Hefur háskólanám á Íslandi beðið skaða af því að Háskólinn í Reykjavík var stofnaður? Ég veit ekki til þess.

Ég minni á að það eru til fleiri en einn skóli í mörgum greinum á Íslandi, það eru t.d. tveir bændaskólar í landinu. Hvers vegna ætti að vera svo neikvætt þó að við fengjum tvo skóla sem bjóða upp á nám í íþróttum? Ég er ekkert viss um að þessir skólar þyrftu að valda hvor öðrum tjóni, langt í frá, og ég held reyndar að svo verði ekki.

Okkur þingmönnum Suðurk. voru kynnt í Reykjanesbæ á laugardaginn þau áform sem eru uppi um þessa íþróttaakademíu og ég verð að segja að hugmyndin er ákaflega spennandi. Hún er í raun og veru miklu meira spennandi en ég hafði gert mér grein fyrir. Í Reykjanesbæ eru mörg íþróttamannvirki á tiltölulega litlu svæði. Reykjanesbær er í grennd við alþjóðaflugvöllinn. Þarna er hægt að koma upp miðstöð, bæði fyrir námskeiðahald og ráðstefnuhald, og ég minni á að Reykjaneshöllin er þarna, afskaplega glæsilegt og stórt mannvirki.

Það er ekki ástæða til að missa svefn yfir þessu máli, hvorki varðandi Íþróttaskólann á Laugarvatni né framtíð Íþróttaakademíunnar í Reykjanesbæ.

[10:51]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Það var afskaplega skemmtilegt að vera á Suðurnesjunum sl. laugardag þegar teknar voru einar 60 skóflustungur að nýrri íþróttaakademíu við blysför bæjarbúa. Þar er verið að byggja upp öflugt íþróttastarf og eins og fram hefur komið hér er mikið og öflugt íþróttastarf á Suðurnesjunum. Það er ánægjulegt að vita til þess að stór og sterk fyrirtæki ætli að koma að þessari uppbyggingu, það er mjög gott. Það er ekki verið að binda hendur ríkisins í að byggja þessi hús, heldur aðeins það sem er ætlað fyrir nemendurna, ekki byggingarkostnað. (**Gripið fram í:** En rekstur?) Það fer eftir nemendaígildunum, hv. þingmaður.

Íþróttaháskóli Íslands sem er staðsettur á Laugarvatni ætlar að taka fullan þátt í þessari samkeppni og það hefur aldrei komið fram að rektor skólans þar, Ólafur Proppé, hafi sagt að það ætti að flytja skólann til Reykjavíkur. Það er einfaldlega rangt. (Gripið fram í.) Það er rangt, og skólinn sá ætlar að taka þátt í þessari samkeppni. Hún verður öllum til góðs.

Hvað varðar ábyrgð Háskólans í Reykjavík á náminu þótti mér ansi undarlegt að heyra frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að það væri orðin einhver gjaldfelling á náminu ef það færi fram í Reykjanesbæ. Ég bara bið forláts — skiptir það máli hvar skólastofan er ef námið fer fram á réttan hátt og eftir réttu lagaumhverfi?

Það er einfaldlega mikið tækifæri fyrir Suðurnesjamenn að fá þarna öflugan skóla. Þetta er tækifæri fyrir ungt fólk á Suðurnesjum, þar hefur brottfall nemenda verið mest á landinu. Það er mikið og öflugt starf sem þarna mun fara fram öllum til góðs.

[10:53]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason talaði um neikvæða umræðu gagnvart hinni nýju stofnun sem er verið að setja þarna á fót. Ég hef frekar heyrt á þingmönnum að þeir fagni því að fjölbreytni aukist, og sérstaklega fagna ég fjölbreytni á landsbyggðinni í öllu sem þar fer fram, svo framarlega sem það kemur ekki niður á öðrum þáttum sem

einnig eru reknir á landsbyggðinni.

Ég hef miklar áhyggjur af því, þó að ég óski þessari sportakademíu alls hins besta, að starfsemi hennar komi niður á starfi Kennaraháskóla Íslands sem var fyrir skömmu falið að annast nám af þessu tagi. Nýlega kom fram að kennaraháskólinn verður að vísa frá þúsund nemendum, og m.a. vegna þess að þó nokkuð af fjármagni til kennslu fer frá honum til Háskólans í Reykjavík, e.t.v. að hluta vegna þessa, ég þekki það ekki. Ég hef miklar áhyggjur af því að Laugarvatn, þrátt fyrir að þar verði vilji til að taka upp samkeppni um þetta, muni vegna baráttunnar um fjármagnið eiga mjög erfitt með að standast þessa samkeppni. Það væri mjög miður ef öll sú uppbygging sem þar fer fram, sú saga sem þar er og aðstaða til íþróttakennslu nýttist ekki í framtíðinni.

Það sem þessi umræða snýst aðallega um er hversu brátt þessa framkvæmd ber að og hversu litlar upplýsingar hv. alþingismenn virðast hafa fengið um þessi mál í upphafi þess að þetta kemur hingað inn.

[10:54]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er ekki laust við að maður upplifi sig eins og boðflennu í samkvæmi því að hér hafa nær allir þingmenn Suðurk. tekið til máls en eins og herra forseti veit er ég ekki þingmaður þess kjördæmis.

Það vekur hins vegar athygli mína að hér er verið að ræða um stofnun á háskólastigi og það er auðvitað fagnaðarefni þegar hæstv. menntamálaráðherra gefur í skyn að nú sé nægjalegt fjármagn til að efla nám á háskólastigi. Því ber auðvitað að fagna alveg sérstaklega.

Það er hins vegar áhugavert að átta sig á því að hér er verið að setja af stað skóla á háskólastigi sem á að tengjast annarri stofnun á háskólastigi, þ.e. Háskólanum í Reykjavík, sem einnig er nýlega búið að ákveða að sameina Tækniháskóla Íslands þannig að hér er væntanlega að verða stór og öflug stofnun.

Það sem ég vil, herra forseti, vekja alveg sérstaka athygli á er að fram hefur komið í fjölmiðlum að þarna er verið að hverfa frá sjálfseignarstofnunarforminu og taka upp hlutafélagaform. Þetta er algjörlega nýtt í háskólastigi á Íslandi og það er með ólíkindum að slíkir hlutir skuli gerast án þess að þeir séu ræddir á hinu háa Alþingi. Það er ekki bara að þetta sé einstakt á Íslandi, þetta er afar fátítt í heiminum. Hér er greinilega verið að fara inn á nýja braut sem er eðlilegt að hæstv. menntamálaráðherra ræði sérstaklega við þingheim en fari ekki út í bæ og skrifi undir samninga án þess að ræða það vitund við þingheim. Hvergi hefur þetta verið rætt í þingnefndum þannig að hér er verið að fara algjörlega inn á nýja braut.

Það er rétt að vekja athygli á því að miðað við þær takmörkuðu upplýsignar sem við höfum séð í fjölmiðlum er t.d. gert ráð fyrir því að stjórn hlutafélagsins sé einnig háskólaráð í hinum nýja háskóla. Þetta er einstakt og þekkist líklega hvergi á byggðu bóli.

Það er nauðsynlegt, herra forseti, að hæstv. menntamálaráðherra geri grein fyrir því hvað hér er á ferðinni.

[10:57]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram var tekin skóflustunga að íþróttaakademíunni í Reykjanesbæ sl. laugardag og að sjálfsögðu fögnum við íbúar á Suðurnesjum því að í fyrsta skipti á að fara fram staðbundið háskólanám á Suðurnesjum.

Ég verð að segja að mér þykir svolítið undarlegt og reyndar með eindæmum að það að Háskólinn í Reykjavík hafi ákveðið að setja upp staðbundið háskólanám á Suðurnesjum skuli kalla á umræðu á hinu háa Alþingi. Upphaf hennar er ekki með þeim hætti að það þurfi að hafa af þessu áhyggjur og enn síður að lýsa óánægju með þessa ákvörðun Háskólans í Reykjavík.

Það er alveg rétt að þetta mál ber að með óhefðbundnum hætti. Það getur vel verið að það hefði átt og þurft að ræða málið á Alþingi áður en það var komið svona langt en það á ekki að koma nokkrum alþingismanni á óvart að verið sé að stofna íþróttaakademíu í Reykjanesbæ. Þær fréttir hafa verið uppi nokkuð lengi og eru ekki nýjar í dag.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa tekið þessari hugmynd fagnandi, fyrirtæki stór og öflug á Suðurnesjum hafa gert það líka og Suðurnesjamenn eru einróma í því að ætla að taka vel á móti þessari nýju stofnun og að þetta verði stofnun sem við getum verið stolt af á landsvísu.

Ég skil þá sem hafa áhyggjur af Laugarvatni en bendi á, eins og fleiri hv. þm. sem hér hafa talað, að þegar komið hefur nýr háskóli einhvers staðar og boðið upp á sambærilegt nám og gömlu háskólarnir hafa verið að gera hefur það orðið til þess að nemendum hefur fjölgað, eftirspurn hefur aukist og oft og tíðum gæði náms líka.

Ég hef engar áhyggjur af þessu máli og fagna því að þetta skuli nú loks vera orðið að raunveruleika á Suðurnesjum.

[10:59]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni að efla eigi nám og byggja upp nýja skóla, ekki hvað síst á Suðurnesjum. Ég tek alveg undir þau sjónarmið sem hér eru lögð fram. Hins vegar er það þannig með nám á þessu stigi að það hefur hingað til farið í gegnum umræðu á Alþingi um hvernig að því skuli staðið, bæði að hinum ytri ramma og einnig hvar áherslurnar skuli þá vera í náminu. Það sem hér er til umræðu um íþróttaakademíu eða íþróttaháskóla á Suðurnesjum undir Háskólanum í Reykjavík er jú bara hluti af þessu heildarnámi Háskólans í Reykjavík og hann sendir sinn reikning, fær sitt framlag til nemenda á fjárlögum ríkisins. Þetta er ekki eins og verið sé að búa til einhverja sjálfstæða stofnun hvað það varðar, hún mun verða rekin þannig.

Jafnframt hefði verið fyllsta ástæða til að taka umræðu hér um það hvort stofna ætti hlutafélag um háskóla af þessu tagi og sem jafnframt hefur aðgang að fjármagni á vegum ríkisins. Það má ekki blanda þessari umræðu saman við það hversu nauðsynlegt er að efla nám en þetta þarf að fara hina eðlilegu leið í gegnum þingið hvað varðar fyrirkomulag og annað.

Ég bendi jafnframt á að Kennaraháskólann sem er með

þetta nám á Laugarvatni vantar fjármagn til þess að geta tekið á móti nemendum og kannski nýtt fjárfestingar sínar betur. Skylda þingsins er að taka á þessu máli og ræða það heildstætt þannig að framkvæmdin verði á þá lund sem við erum sátt og sammála um. Öll viljum við efla þetta nám.

[11:01]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu og hæstv. menntamálaráðherra fyrir svörin.

Ég vil byrja á því í síðari ræðu minni að vísa til föðurhúsanna öllum ummælum hv. þingmanna um að ég sé mótfallin námstækifærum fyrir ungt fólk á Suðurnesjum. Það kom fram í ræðu minni að um það er ekki að ræða. Ég gagnrýni hins vegar hvernig þessi ákvörðun er tekin.

Ég minni hv. þingmenn á það að um íþróttafræðasetrið á Laugarvatni hefur ríkt pólitísk sátt. Það setur er ekki rekið á Laugarvatni vegna þess að Kennaraháskólinn óski eftir því eða hafi viljað reka það þar öðrum stöðum fremur. Nei, Kennaraháskólinn hefur gjarnan viljað hafa setrið í Reykjavík en það er pólitísk sátt um að hafa það á Laugarvatni. Það sem ég er að benda á er að hv. þm. Suðurlands ógna setrinu á Laugarvatni með hinu setrinu vegna þess að umræðan um þetta hefur ekki farið fram. Hvers vegna er ekki hægt að mynda samstarf milli Kennaraháskólans um þetta og þeirra sem vilja stofna íþróttaakademíu, eða ætti ég frekar að segja sportakademíu, á Reykjanesi?

Hv. þm. Hjálmar Árnason segir að hér sé um sjálfstæða ákvörðun sjálfstæðs háskóla að ræða sem eftir því sem mátti skilja á orðum hv. þingmanns ætti ekki að gagnrýna eða væri yfir gagnrýni hafin, og ég spyr: Hvað hefur þessi ákvörðun í för með sér? Hún hefur það í för með sér að þessi sjálfstæði háskóli kemur inn í sali Alþingis, fær í gegnum fjárlög 110 nemendaígildaframlag án þess að um það hafi farið fram umræða í þessum sölum. Er eðlilegt að sjálfstæðar stofnanir úti í bæ geti á þennan hátt sent himinháar rukkanir fyrir nemendaígildum til ríkissjóðs án þess að um það hafi farið fram pólitísk og fagleg umræða? Ég er ekki á því að slíkur framgangsmáti eigi að vera. Ég hefði viljað að við hefðum staðið þannig að málum að við hefðum rætt málið á pólitískan hátt og tekið um það sameiginlega og öfluga ákvörðun að fjölga menntunartækifærum fólks á Suðurnesjum.

[11:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem hafa komið m.a. inn á samkeppnina því að hvenær hefur samkeppni í mennta- og skólakerfinu leitt til annars en mikillar grósku á sviði háskólastarfsemi og annarrar skólastarfsemi? Við værum ekki að upplifa þann mikla fjölda í skólum landsins, hvort sem það er í ríkisskólum eða sjálfstæðum skólum, nema af því að við erum með öfluga og mikla og góða samkeppni sem hefur leitt þetta gróskumikla starf af sér.

Ég vil líka geta þess að starfið á Laugarvatni heldur að sjálfsögðu áfram. Þar hefur átt sér stað metnaðarfull uppbygging undir öflugri forustu Erlings Jóhannessonar og einnig undir forustu KHÍ og Ólafs Proppés og að sjálfsögðu verður áframhaldandi uppbygging á Laugarvatni.

Ef við lítum til sögunnar getum við ekki ætlað annað en að gróskan á Laugarvatni verði enn meiri eftir tilkomu sportakademíunanr miðað við það sem hefur gerst annars staðar í samfélaginu. Ég fullyrði að Háskóli Íslands og aðrir háskólar hafa aldrei verið öflugri en í dag. Menntasóknin er það mikil og það er greinilegt að fólk hefur tekið þessum tækifærum og þessu valfrelsi afar vel og það hefur leitt til þess að íslenskt atvinnulíf er mun samkeppnishæfara en áður.

Ég mótmæli því harðlega sem fram hefur komið, m.a. í máli hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar, að einhver feluleikur hafi verið um þetta mál. Síður en svo. Eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson kom inn á hafa allir vitað af þessu máli lengi, uppbygging er búin að standa lengi og aðdragandi að því hefur verið langur.

Ég undirstrika að það er mikið fagnaðarefni að háskólar landsins, sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu, eru að færa út kvíarnar á landsbyggðinni. Við eigum að fagna því í þessum sal en ekki vera með einhverjar úrtöluraddir.

Ég vil líka undirstrika, herra forseti, að það er öflugt íþróttastarf um land allt. Það eru feikilega fín félög víða á landsbyggðinni og líka á höfuðborgarsvæðinu, og ég er viss um það, herra forseti, að við getum bæði tekið undir það og sagt hér í ræðustól: Áfram FH.

(**Forseti** (GÁS): Þetta voru prýðileg lok á þessari umræðu um störf þingsins.)

Fjáraukalög 2004, 2. umr.

Stjfrv., 76. mál. — Þskj. 76, nál. 375, 380 og 390, brtt. 376, 377, 378 og 391.

[11:06]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004.

Fjárlaganefnd hefur haft frumvarpið til athugunar að undanförnu og í því skyni leitað skýringa og upplýsinga hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytunum varðandi óskir um auknar fjárheimildir. Auk þess hefur nefndin átt samskipti við fjölmarga aðra aðila við umfjöllun um málið.

Meiri hluti fjárlaganefndar gerir breytingartillögur við sundurliðun 1, tekjur A-hluta, en endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 1.056,3 millj. kr. frá áætlun í frumvarpi til fjáraukalaga. Þá gerir meiri hlutinn alls 38 breytingartillögur við frumvarpið sem nema samtals 2.967,6 millj. kr. til aukinna útgjalda. Loks eru lagðar til breytingar á 3. gr. frumvarpsins sem lúta að lánsfjárheimildum Íbúðalánasjóðs. Gerð er grein fyrir einstökum tillögum meiri hluta fjárlaganefndar á sérstöku þingskjali og eru skýrðar nánar í nefndaráliti meiri hlutans en undir það skrifa hv. þm. Magnús Stefánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Drífa Hjartardóttir, Birkir Jón Jónsson, Birgir Ármannsson og Hilmar Gunnlaugsson.

Ég mun nú gera grein fyrir helstu breytingartillögum

meiri hlutans en vísa að öðru leyti í þingskjöl sem innihalda nefndarálit meiri hlutans og breytingartillögur.

Eftir endurskoðun tekjuáætlunar eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 1.056,3 millj. kr. hærri en gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjáraukalaga, eins og ég áður sagði. Helstu breytingarnar eru 400 millj. kr. meiri tekjur af tekjuskatti lögaðila, 300 millj. kr. hærri tekjur af eignarsköttum og rúmlega 380 millj. kr. meiri tekjur af skatti á vöru og þjónustu.

Hvað varðar gjaldahlið frumvarpsins mun ég hér gera grein fyrir helstu tillögum, stikla nokkuð á stóru í þeim efnum en vísa að öðru leyti til þingskjala er innihalda greinargerðir um málið.

Lagt er til að fjárheimildir Alþingis og Ríkisendurskoðunar hækki um alls 48,7 millj.

Lagt er til að fjárheimildir menntamálaráðuneytisins hækki alls um 270,7 millj. þar sem mest munar um 200 millj. kr. fjárheimild til að mæta nemendafjölgun framhaldsskóla umfram forsendur fjárlaga og kemur það til viðbótar 250 millj. kr. fjárheimild í frumvarpi til fjáraukalaga. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að rekstur framhaldsskólanna verði í jafnvægi á þessu ári.

Varðandi utanríkisráðuneytið eru lagðar til auknar fjárheimildir að fjárhæð 77 millj. til öryggismála á Keflavíkurflugvelli til samræmis við auknar sértekjur.

Hvað varðar landbúnaðarráðuneytið er lagt til að fjárheimild hækki alls um 17 millj. og munar þar mest um 15 millj. kr. vegna aðkallandi fyrirhleðslna við Kotá í Öræfum.

Lagt er til að fjárheimildir sjávarútvegsráðuneytisins verði auknar um 15,1 millj. til að fjármagna tap vegna vísindaveiða á hrefnu.

Lagt er til að fjárheimildir dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hækki um 26,8 millj., m.a. til að mæta endurskoðun viðbragðsáætlana vegna Kötlu og til að fjármagna endurnýjaðan samning við þyrlulækna Landhelgisgæslunnar.

Varðandi félagsmálaráðuneytið er lagt til að fjárheimildir hækki um alls 1.529 millj. Munar þar mest um fjárheimild til að mæta áætlaðri viðbótarþörf vegna fæðingarorlofs að fjárhæð 915 millj.

Lagt er til sérstakt aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhæð 400 millj. ásamt því að endurmat á lögbundnu framlagi til jöfnunarsjóðsins kallar á 87 millj. kr. aukna fjárheimild.

Þá er lagt til að framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækki um alls 250 millj., m.a. vegna meira atvinnuleysis en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins.

Loks er lagt til að framlag til Ábyrgðarsjóðs launa lækki um 150 millj. kr. vegna minni fjárþarfar sjóðsins en gert var ráð fyrir.

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hækki um alls 40,1 millj. og er þar helst um að ræða fjárheimild til að fjármagna rekstrarhalla sjálfseignarstofnana, framlag vegna tilfallandi kostnaðar aðalskrifstofu ráðuneytisins og leiðréttingar vegna þjónustusamnings við Reykjalund.

Þá er gerð tillaga um að niður falli tekjur og gjöld vegna nefndar um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði.

Gerð er tillaga um að fjárheimild fjármálaráðuneytisins verði aukin um 734,6 millj. Vegna endurmats á áætluðum afskriftum skattkrafna er lögð til fjárheimild að upphæð 1 milljarður kr.

Þá er lagt til að fjárheimild vegna launa og verðlagsmála verði lækkuð um alls 265,4 millj. og kemur það til vegna endurmats á gengisforsendum fjárlagaársins.

Hvað varðar samgönguráðuneytið er lagt til að fjárheimildin hækki um 126,2 millj. Munar þar mest um áætluð aukin rekstrarútgjöld vegna flugmála en þar á móti munu koma auknar tekjur af mörkuðum tekjum.

Þá er lagt til að fjárheimild Siglingastofnunar aukist um 10 millj. vegna kostnaðar í kjölfar þess að skipaskoðun færðist frá stofnuninni til faggiltra skoðunarstofa.

Varðandi iðnaðarráðuneytið er lögð til sérstök fjárheimild á vegum Byggðastofnunar að fjárhæð 50 millj. vegna uppbyggingar kalkþörungaverksmiðju í Bíldudal í Vesturbyggð.

Vegna umhverfisráðuneytis eru lagðar til auknar fjárheimildir að fjárhæð 36,1 millj. Þar er helst um að ræða 16,5 millj. vegna Náttúrufræðistofnunar Íslands og 9,8 millj. vegna uppgjörs á endurgreiðslum til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða.

Þá er tillaga um 5 millj. kr. fjárheimild til Veðurstofu Íslands vegna mannaðra veðurathugunarstöðva.

Gerðar eru tvær tillögur er varða 3. gr. frumvarpsins um breytingar á lánsfjárheimildum Íbúðalánasjóðs samkvæmt endurskoðaðri áætlun sjóðsins. Annars vegar er gert ráð fyrir að heimild til lántöku húsbréfadeildar lækki um 1,5 milljarða frá því sem áður var gert ráð fyrir og hins vegar að heimild til fjármögnunar viðbótarlána aukist um 2,9 milljarða.

Hæstv. forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir helstu breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar en eins og ég hef áður sagt vísa ég í þingskjöl sem fyrir liggja, m.a. nefndarálit meiri hluta nefndarinnar þar sem gerð er mun ítarlegri grein fyrir þeim tillögum sem hér liggja fyrir varðandi fjáraukalög ársins 2004.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

[11:13]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar, þ.e. fulltrúa Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004 sem hér liggur fyrir er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um 6,3 milljarða kr. Við 2. umr. koma núna enn fram tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar um að auka útgjöldin, nú um 2,9 milljarða kr. Með samþykkt fyrirliggjandi frumvarps og breytingartillagna við það hafa fjárheimildir ársins því verið auknar um 9,3 milljarða kr., þ.e. um 3,4% af fjárlögum ársins.

Þetta er talsvert lægra hlutfall en verið hefur undanfarin ár og er það vissulega til bóta en samt sem áður er hér verið að óska eftir auknum fjárveitingum til útgjalda sem annaðhvort vekja furðu eða ættu að vekja menn til umhugsunar.

Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar ætlar ekki við þessa

umræðu að meta hvort þetta frumvarp eða breytingartillögurnar séu í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins en bendir á nefndarálit sitt um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2003 þar sem gerðar voru umtalsverðar athugasemdir varðandi viðhorf ríkisstjórnarmeirihlutans til þeirra laga.

Við 1. umr. um frumvarpið lýsti hæstv. fjármálaráðherra því yfir að það væri enginn vafi á því að frumvarpið væri fyllilega í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Það er því ekki að sjá að rökstuddar athugasemdir hafi áhrif á viðhorf framkvæmdarvaldsins og meðan meiri hluti þingsins lætur þau viðhorf yfir sig ganga er ekki líklegt að breytingar verði á.

Eflaust á eftir að bætast við þetta frumvarp áður en til 3. umr. kemur og mun þá frumvarpið verða skoðað í heild sinni út frá lögum um fjárreiður ríkisins.

Herra forseti. Það vekur sérstaka athygli að efnahagsforsendur fjárlaga ársins 2004 eru algerlega brostnar. Þannig er nú t.d. spáð að einkaneysla tvöfaldist frá fyrri spám. Hið sama gildir um fjárfestingu og þjóðarútgjöld. Í nefndaráliti okkar í 1. minni hluta fjárlaganefndar birtum við töflu sem sýnir svart á hvítu hvernig forsendur fjárlaga hafa breyst miðað við þær áætlanir sem nú eru uppi og við birtum einnig mismuninn á þessu sem sýnir frávik. Það má nefna fleiri dæmi en hér komu fram áðan. Það er t.d. gert ráð fyrir að samneyslan aukist um 1,5% í stað 1% sem er 50% fram yfir áætlun. Það er talið að þjóðarútgjöldin aukist um 8% en ekki 4%, sem er tvöföldun. Miðað við áætlun er gert ráð fyrir að útflutningur vöru og þjónustu hækki um 1,5% fram yfir það sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Innflutningur vöru og þjónustu er talinn aukast um 12,75% í stað 5,75% eða 7% fram yfir það sem gert var ráð fyrir. Verg landsframleiðsla er talin aukast um 5,5% í stað 3,5% og viðskiptajöfnuðurinn er talinn verða óhagstæður upp á 7,25% í staðinn fyrir 3,25%. Það er augljóst mál að þær forsendur sem fjárlögin byggðu á eru algerlega brostnar og því er ekki óeðlilegt að ýmsar tölur þurfi að taka breytingum. Þetta vekur hins vegar upp þá spurningu hvort ekki sé hægt að bæta áætlunargerðina og reyna að vinna úr þessum staðreyndum. En meðan menn viðurkenna ekki að hlutirnir séu vanáætlaðir og að eitthvað sé að spánum þá er ekki von á góðu. Við skulum vona að forsendur fjárlagafrumvarpsins sem eiga að gilda á næsta ári séu nær raunveruleikanum.

Herra forseti. Þessú til viðbótar er reiknað með að atvinnuleysi verði rétt rúm 3% af mannafla á árinu 2004 sem er rúmlega 0,5% hærra en reiknað var með.

Sjaldan eða aldrei hafa forsendur fjárlaga beðið annað eins skipbrot og einu viðbrögð ríkisstjórnarinnar eru skattalækkanir sem gagnast þeim einum sem mest hafa handa á milli. Sú fyrirætlan getur, eins og margir hafa bent á, virkað líkt og olía á eld miðað við þær efnahagsforsendur sem við búum nú við.

Samkvæmt frumvarpinu og breytingartillögum við það er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 9,3 milljarða kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er gert ráð fyrir að skatttekjur ríkissjóðs aukist um 10,8 milljarða kr. en rekstrartekjur lækki um 1,5 milljarða kr. Hækkun skattþegna má að stærstum hluta rekja til góðrar afkomu fyrirtækja á árinu 2003, aukins bifreiðainnflutnings og áhrifa aukinnar einkaneyslu á innheimtu virðisaukaskatts. Í lok september sl. námu innheimtar ríkissjóðstekjur 13,2 milljörðum kr. umfram áætlun fjárlaga. Samkvæmt því má ætla að tekjur ríkissjóðs séu vanáætlaðar eins og oft áður og verði meiri en gert er ráð fyrir.

Herra forseti. Árlega verðum við vör við að ákveðin togstreita er á milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Þetta kemur fram í störfum fjárlaganefndar á þann hátt að ár eftir ár gerir ríkisstjórn samþykkt um að stofnanir ríkisins komi ekki til viðtals við fjárlaganefnd. Þetta er síðan sent út í bréfi til stofnananna frá ráðuneytunum þrátt fyrir að á svipuðum tíma sé birt auglýsing frá fjárlaganefnd um að hún taki á móti fulltrúum stofnana. Það verður að segjast eins og er að tak framkvæmdarvaldsins gagnvart nefndinni er stöðugt að aukast, vegna þess að engin stofnun ríkisins óskaði eftir viðtölum við fjárlagagnefnd, ef ég hef réttar upplýsingar. Nefndin hefur hins vegar ekki látið beygja sig í þessu máli og það verður að segjast meiri hluta hennar til hróss að hann hefur ekki tekið þátt í þessum leik og hefur samþykkt allar tillögur frá minni hluta nefndarinnar um að óska eftir heimsóknum stofnana. Það liggur hins vegar ljóst fyrir þegar þannig er staðið að málum að við getum ekki beðið um að allar stofnanir ríkisins komi í heimsókn til nefndarinnar. Við höfum því aðeins tekið stikkprufur og það er augljóst mál að litlar breytingar hafa á orðið miðað við fyrri ár um hvernig staðið er að meðferð fjárlagatillagna einstakra stofnana. Meira að segja hefur komið í ljós að einstaka stofnanir hafa ekki sent fjárlagatillögur og það segir okkur kannski meira en margt annað um þau viðhorf sem eru ríkjandi í einstökum stofnunum vegna vinnunnar sem fer í gerð fjárlagatillagna, í mörg ár hafa stofnanir væntanlega orðið vitni að því hvernig farið er með þessar tillögur, þ.e. þær lenda ofan í skúffu og eru varla lesnar.

Herra forseti. Í nefndaráliti okkar tökum við því einstaka dæmi um hvernig að þessum málum hefur verið staðið og vekjum athygli á einstaka þáttum og það fyrsta sem við tökum dæmi um er viðhald þessa ágæta húss sem við erum stödd í. Í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir viðbótarframlagi til viðhalds Alþingishúss að upphæð 60 millj. kr. Á fjárlögum voru veittar 75 millj. kr. og því er áætlað að kostnaður við endurbæturnar verði 135 millj. kr. sem er 80% hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir þegar fjárlög ársins voru samþykkt. Herra forseti. Ég endurtek, 80% hærra.

Í greinargerð með frumvarpinu eru tíndar fram ýmsar skýringar. Þar kemur m.a. fram að tilboð í verkið voru heldur hærri en kostnaðaráætlun og einnig kom í ljós eftir að framkvæmdir hófust að magnaukning og aukaverk voru mun meiri en kostnaðarramminn gerði ráð fyrir. Vissulega hafði sumarþingið áhrif en einnig verður að gagnrýna áætlunargerð framkvæmdanna því þetta er ekki í fyrsta skipti sem framkvæmdir hjá þinginu fara verulega fram úr áætlunum án þess að viðhlítandi skýringar fáist. Ljóst er að bæta þarf mjög allan undirbúning framkvæmda hjá Alþingi og ekki síður eftirlit með þeim. Það er ólíðandi að sú stofnun sem á að vera fyrirmynd hvað varðar umgengni við fjárlög skuli koma við sögu á þennan hátt í frumvarpi til fjáraukalaga.

Herra forseti. Frá því að frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004 var lagt fram hafa fjárveitingar til fjárlagaliðarins

Framhaldsskólar, almennt, verið auknar um rúman milljarð kr. Verið er að leysa úr brýnum fjárhagsvanda framhaldsskólanna sem hafa verið verulega aðþrengdir um árabil. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004 var gert ráð fyrir að fjárheimildin yrði aukin um 250 millj. kr. vegna þess að nemendaspá benti til þess að fjöldi ársnema gæti orðið allt að 1.100 umfram forsendur fjárlaga og var miðað við að lækka meðalframlag á nemanda frá því sem gert hafði verið ráð fyrir. Engin skýring hefur fengist á því hvar eða hvernig hið nýja viðmið fannst. Nú, örfáum vikum síðar, óskar ríkisstjórnin eftir því að fjárheimildin verði enn aukin um 200 millj. kr. vegna nemendafjölgunar. Hafa því fundist rúmlega 800 nemendur til viðbótar frá því að frumvarpið var lagt fram eða hefur verið horfið frá lækkun meðalframlags á nemanda? Hver sem skýringin er segir hún ýmislegt um þau vinnubrögð sem viðhöfð eru og getur því ekki aukið traust til áætlunargerðarinnar. Með þessum breytingum er fullyrt að rekstur framhaldsskólanna verði í jafnvægi árið 2004. Hins vegar kemur ekki fram hvort með þessu sé einnig verið að taka á uppsöfnuðum rekstrarhalla framhaldsskólanna eða hvort þessi aukning eigi aðeins að standa undir rekstri yfirstandandi árs. Að mati 1. minni hluta fjárlaganefndar er nauðsynlegt að menntamálaráðuneytið upplýsi þetta og sendi fjárlaganefnd áætlaða stöðu einstakra skóla í árslok 2004 að teknu tilliti til þessara framlaga.

Herra forseti. Það má einnig benda á í þessu sambandi að Háskóli Íslands á við sama vandamál að stríða, þ.e. að í fjárlögum ársins er gert ráð fyrir að greitt sé fyrir 5.200 virka nemendur en skólaárið 2003–2004 voru virkir nemendur í Háskóla Íslands 5.697. Eðlilegt er að spyrja hvers vegna ekki er tekið á vanda háskólans með sama hætti og vanda framhaldsskólanna. Hvaða reglur gilda innan menntamálaráðuneytisins þegar kemur að skilgreiningu á vanda stofnana? Þessu til viðbótar er athyglisvert að niðurstöður vinnuhóps sem menntamálaráðherra skipaði árið 2002 til að meta hvort þróun einingaverða í reiknilíkani háskólans væri í samræmi við ákvæði samnings um kennslu, bendir til að væri fullt tillit tekið til launahækkana þá hefði fjárveiting til Háskóla Íslands þurft að vera um 300 millj. kr. hærri á árinu 2004 en gert er ráð fyrir. Væntanlega verður tekið á þessu vandamáli við gerð fjárlaga fyrir árið 2005.

Herra forseti. Í þessu samhengi er rétt að benda á það sem virðist vera yfirlýst stefna gagnvart fjölda stofnana ríkisins, og felst í því að áætlanir eru vísvitandi hafðar þannig að vitað sé fyrir fram að fjármagn sé vanáætlað til starfsemi viðkomandi stofnunar. Slík áætlanagerð virðist markvisst vera stunduð til að sýna aðhald í ríkisrekstrinum og virðist oft vera eina leiðin sem meiri hlutinn hefur til að sýna aðhald í ríkisrekstrinum. Þetta leiðir hins vegar til þess að viðhorf til fjárlaga er allt annað en það á að vera. Þetta þýðir að stofnanir fara fram úr fjárlögum vegna þess að allir í kerfinu vita að ekki er gert ráð fyrir að þær fái nóg fyrir starfseminni. Svona viðhorf gagnvart fjárlögum er óviðunandi. Fjárlög eiga að vera þannig að þau geri ráð fyrir starfseminni sem ætlast er til að þær sinni og síðan á að fara eftir fjárlögunum.

Við í fjárlaganefnd höfum jafnvel fengið heimsóknir þar sem fram kemur hjá forstöðumönnum að ríkisvaldið hafi sýnt viðkomandi stofnun þá umhyggju að leyfa stofnuninni að reka sig með halla ár eftir ár. Herra forseti. Þá er nauðsynlegt að spyrja hvaðan framkvæmdarvaldinu gefst slíkt vald sem leyfir þetta. Það er að sjálfsögðu ekki í anda fjárreiðulaga ríkisins og er brot á fjárlögum. Og það er ekki hægt að búast við því að fjárlög njóti þeirrar virðingar sem nauðsynlegt er þegar framkvæmdarvaldið sjálft hefur slíkt viðhorf til laganna.

Herra forseti. Enn á ný er bætt við kafla í söguna endalausu um embætti ríkislögreglustjóra. Þau er fátíð fjáraukalögin þar sem ekki er minnst á embætti ríkislögreglustjóra. Nú á samkvæmt ábyrgðum ríkisstjórnarinnar að flytja sérsveitina frá lögreglunni í Reykjavík til ríkislögreglustjórans, en á móti á að flytja tæknirannsóknir frá ríkislögreglustjóranum til lögreglustjórans í Reykjavík. Sérsveitin á nú að vera stoðdeild undir forsjá ríkislögreglustjórans, hvað sem það nú þýðir.

Það er nauðsynlegt að mati 1. minni hluta fjárlaganefndar að fljótlega ljúki skipulagsbreytingum í tengslum við embætti ríkislögreglustjóra þannig að unnt sé að meta gæði og kostnað við starfsemina. Það er ábyggilega nauðsynlegt fyrir embættið að fá um eitthvert skeið frið til að þróa starfsemi sína.

Herra forseti. Það er auðvitað athyglisvert að auka þurfi fjárveitingar til Atvinnuleysistryggingasjóðs um tæplega 1,7 milljarða kr. eða um 67%. Þrátt fyrir aukinn hagvöxt er atvinnuleysi meira en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Stóriðjuframkvæmdirnar hafa ekki skilað þeim störfum sem áætlað var og vinnuaflsþörfinni hefur að mestu verið mætt með erlendu vinnuafli. Hið aukna atvinnuleysi er alvarleg þróun og ber stjórnvöldum skylda til að kanna ástæður þess þannig að grípa megi til aðgerða til að draga úr því. Herra forseti. Þetta er verulegt áhyggjuefni og það er algerlega nauðsynlegt að slík könnun verði gerð. Getur það verið að hér sé að festast í sessi ákveðið hlutfall vinnuaflsins á atvinnuleysisskrá eða eru ruðningsáhrif stóriðjuframkvæmdanna að hafa þessi áhrif og hefur þá ekki verið nægilega að gert til að sporna gegn því? Hvað er hér á ferðinni? Við fáum einhverjar upplýsingar um þetta svo hægt sé að bregðast við í tíma.

Herra forseti. Það er auðvitað margt fleira í þessu frumvarpi sem væri ástæða til að gera athugasemdir við en það mun bíða 3. umr., þegar heildarmynd er komin á frumvarpið. Margoft hefur verið bent á að til þess að fjárlaganefnd hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verður að tryggja að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana í lok árs. Þrátt fyrir ósk í fjárlaganefnd í byrjun október sl. um slíkt yfirlit hefur það ekki enn borist. Það vekur ugg að svo langan tíma taki að taka saman slíkt yfirlit sem ætti, ef vinnubrögð væru í lagi, að vera fylgiskjal með fjárlagafrumvarpi. Blekkingaleikur með fjárlög hefur einkennt þá ríkisstjórn sem nú situr og því miður hefur meiri hluti Alþingis ekki viljað efla eftirlitshlutverk þingsins með framkvæmdarvaldinu.

Herra forseti. Meðan svo er má búast við marklitlum fjárlögum í fallegum búningi.

[11:31]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar –

græns framboðs í fjárlaganefnd, mæli fyrir nefndaráliti 2. minni hluta fjárlaganefndar sem ég stend að. Auk þess ritar undir álitið fulltrúi Frjálslynda flokksins, hv. þm. Pétur Bjarnason, áheyrnarfulltrúi í fjárlaganefnd, og er hann samþykkur því áliti sem hér er lagt fram.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði aukin um rúma 6,3 milljarða kr. Enn fremur liggja fyrir tillögur frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar um aukin útgjöld sem nema tæpum 3 milljörðum kr. Samtals eru því tillögur um tæpa 9,3 milljarða kr. aukningu á fjárlögum ársins 2004 í því frumvarpi til fjáraukalaga sem hér liggur fyrir.

Í 41. gr. stjórnarskrárinnar segir að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í 43. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, segir að ef þörf krefur skuli í frumvarpi til fjáraukalaga leitað eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög ársins gera ráð fyrir. Engin skilyrðislaus skylda hvílir á ríkisstjórn að leggja fjáraukalagafrumvarp fyrir hvert reglulegt þing heldur fer það eftir þörfinni hverju sinni. Í reyndinni er aukafjárveitinga þörf á hverju ári enda getur ýmislegt breyst í tekjuöflun eða útgjöldum ríkisins og stofnana þess á heilu ári eins og við höfum ætíð staðið frammi fyrir hér. Í 44. gr. laga um fjárreiður ríkisins kemur fram hvenær er heimilt að greiða fé úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Þar segir að valdi ófyrirséð atvik, kjarasamningar eða ný löggjöf því að grípa þurfi til sérstakra fjárráðstafana sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum ársins skuli leitað heimilda fyrir þeim í frumvarpi til fjáraukalaga. Undanfarin ár hafa mörg hver þau fjárútlát sem fjáraukalagafrumvarp hefur kveðið á um, svo sem vegna menntaog heilbrigðismála, verið fyrirsjáanleg við gerð fjárlaga og því átt heima í fjárlagafrumvarpi þess árs. Þrátt fyrir að í þessu frumvarpi hafi dregið úr slíku þá er enn að finna dæmi um að kveðið sé á um fjárútlát sem áttu heima í fjárlagafrumvarpi ársins 2004 af því að þau voru fyllilega fyrirsjáanleg.

Ef litið er á stöðu framhaldsskólanna er í frumvarpi til fjáraukalaga og breytingartillögum frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar lagt til að fjárveiting til framhaldsskóla verði aukin um 450 millj. kr. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2004 lá fyrir að fjárveiting til framhaldsskóla væri vanáætluð. Bent var á þetta í umræðum um frumvarpið á sínum tíma enda lágu gögn fyrir sem sýndu fram á það mjög rækilega. Minna má t.d. á að stjórn Félags framhaldsskólakennara gagnrýndi þessa vanáætlun nemenda. Í framhaldi af þessari vanáætlun ríkisstjórnarinnar og samþykktar Alþingis á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár, sem allir sáu reyndar nema nema ríkisstjórnin og meiri hluti hennar, skapaðist vandræðaástand í þjóðfélaginu síðastliðið sumar þegar margir nemendur gátu ekki fengið skólavist vegna fjársveltis framhaldsskólanna. Þegar ljóst var að í fullt óefni var komið samþykktu stjórnvöld að setja meiri fjármuni til framhaldsskólanna svo hægt væri að taka á móti fleiri nemendum. Þó að hér sé gerð tillaga um 450 millj. kr. viðbót í fjáraukalögum skortir þó enn að mati framhaldsskólanna um 200 millj. kr. til þess að þeir geti fjármagnað skólastarfið og mætt auknum fjölda nemenda sem koma inn í skólana í haust. Svona vinnubrögð af hálfu stjórnvalda eru hreint og beint afleit. Auk þess má nefna að allmargir framhaldsskólar sitja eftir með óuppgerðan halla frá fyrri árum sem er þeim síðan baggi frá ári til árs og það er afleit stjórnsýsla að ekki skuli á þessum halla tekið og hann leiðréttur.

Herra forseti. Framhaldsskólarnir eru einmitt dæmi um slæma fjársýslu af hálfu ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á Alþingi. Það lágu öll gögn fyrir við fjárlagagerðina fyrir ári síðan um að veruleg aukning nemenda yrði á þessu hausti og að vanta mundi fjármagn til að takast á við það. Engu að síður skelltu menn skollaeyrum við þeirri þörf og þeirri vitneskju. Svo er nú verið að draga þessi vandamál í land með aukafjárveitingum eftir að bæði nemendur og hinir ýmsu skólar hafa mátt stíga krappan dans á liðnu sumri þar sem vafi lék á hvort þeir fengju skólavist eða ekki.

Það er ágætt að minna á fylgiskjal með þessu nefndaráliti. Það er minnisblað um fjárhagsstöðu framhaldsskólanna sem Félag íslenskra framhaldsskóla og Skólameistarafélag Íslands kynntu fyrir fjárlaganefnd nú nýverið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fjárhagsstaða flestra framhaldsskóla er mjög slæm. Hallarekstur hefur verið viðvarandi hjá mörgum skólum undanfarin ár. Sérstaklega er þó athugavert að um og eftir 2000 hallar mjög undan fæti, ...“

Vísað er í BS-ritgerð nemanda við Háskólann í Reykjavík, Eyrúnar Jónsdóttur, sem fór ítarlega í gegnum þetta mál.

„Útlit er fyrir að halli ársins 2003 sé 60 milljónir og er þá uppsafnaður halli orðinn 570 milljónir.“

Herra forseti. Framhaldsskólarnir eru reknir fullkomlega á ábyrgð ríkisins og samkvæmt almennum fjárreiðulögum og samkvæmt lögum um fjárreiður stofnana ætti ekki að vera heimilt að láta stofnanir eins og framhaldsskóla bera halla á milli ára. Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á hversu léleg stjórnsýsla þetta er og röng. Engu að síður lætur ríkisstjórnin og meiri hlutinn á Alþingi þetta viðgangast og framhaldsskólarnir eru látnir bera halla frá ári til árs, framhaldsskólar sem eru reknir á ábyrgð ríkisins samkvæmt lögum sem ríkið ber ábyrgð á um menntun nemenda í framhaldsskólum.

Síðan segir í þessu minnisblaði frá Félagi íslenskra framhaldsskóla og Skólameistarafélagi Íslands, með leyfi forseta:

„Margt bendir til þess að í fjárveitingum hafi framhaldsskólar dregist aftur úr öðrum mikilvægum stofnunum þjóðfélagsins. Vísbendingar eru einnig um að Ísland hafi dregist aftur úr öðrum löndum í fjárveitingum til framhaldsstigsins. Á þessu þarf að gera nákvæma úttekt.

Reiknilíkan menntamálaráðuneytis er fyrst og fremst tæki til að skipta fé. Erfiðlega hefur gengið að átta sig á því hvernig þetta líkan virkar. Í reglugerð er sagt að líkanið skuli vera í tölvuformi, aðgengilegt skólum og þeim sem vilja kynna sér hvernig það vinnur. Reiknilíkanið er ekki aðgengilegt.“

Vert er að hafa þessar ábendingar í huga einmitt þegar ríkið síðan upp á sitt eindæmi ákveður á haustdögum að auka fjárveitingar til skólanna, náttúrlega vegna augljósrar fjárþarfar. Þegar spurt er hvers vegna 250 millj. kr. voru valdar eða hvort 400 millj. kr. verði valdar þá er ekki hægt að fá neinn rökstuðning fyrir því hvernig þær upphæðir eru

fundnar út. Það er mat stjórnenda skólanna sem verða að vinna eftir þessu reiknilíkani að a.m.k. 200 millj. kr. vanti inn í þetta ár til þess að nægilegt sé. Svona vinnubrögð eru alveg ótæk og það er mjög erfitt fyrir forstöðumenn þessara stofnana og starfsemi þeirra að vita ekki á hvaða grunni þeir geta byggt.

Ef við víkjum að Háskóla Íslands þá er svipað uppi á teningnum þar. Beiðni hefur komið frá Háskóla Íslands um aukafjárveitingu upp á rúmar 223 millj. kr. Ástæðu beiðninnar má rekja til þess að skólinn hefur ekki fengið greitt fyrir alla nemendur. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs teljum mikilvægt að standa vörð um Háskóla Íslands. Háskóli Íslands er langstærsta kennslu- og rannsóknastofnun landsins. Háskólinn er þjóðskóli og á sem slíkur að vera öllum opinn sem uppfylla skilyrði til að geta hafið nám við skólann.

Á síðastliðnu hausti þrengdi Háskóli Íslands inntökuskilyrðin og setti nemendur með ákveðinn undirbúning í forgang við umsókn um skólavist. Því er ljóst að Háskóli Íslands er ekki að starfa af fullu sem opinn þjóðskóli. Rökin sem hann færði fyrir þessu var að fjármagn sem hann fær til starfsemi sinnar er skorið svo við nögl að hann verður að neita nemendum um skólavist. Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður því að Háskóli Íslands og aðrir ríkisháskólar fái fjármagn til þess að geta axlað þá lagalegu skyldu sína að taka á móti þeim nemendum sem uppfylla inntökuskilyrði í skólann og vilja sækja þar um skólavist.

Enn eitt dæmið um fjárlagavinnuna eru t.d. héraðsdómstólar. Í frumvarpi til fjáraukalaga er kveðið á um aukningu á fjárveitingu til héraðsdómstóla um 35 millj. kr. Vanáætlun í fjárveitingum til héraðsdómstólanna er ekki eitthvað sem á að koma stjórnvöldum á óvart. Þetta var svo rækilega vitað við afgreiðslu fjárlaganna síðastliðið haust. Fulltrúar héraðsdómstólanna sendu erindi til fjárlaganefndar um að fjármagn sem þeim væri ætlað í fjárlögum fyrir árið 2004 væri af svo skornum skammti að þeir gætu ekki haldið uppi nauðsynlegri og eðlilegri málsmeðferð og vinnslu mála eins og þeim bæri skylda til lögum samkvæmt.

Á þetta var bent við fjárlagagerðina fyrir ári síðan en meiri hlutinn daufheyrðist við þeim augljósu staðreyndum sem staðið var frammi fyrir. Sem betur fer er þó verið að draga nokkurn hluta þessa vanda í land nú með fjáraukalögum. Svona vinnubrögð ættu að vera óþörf.

Það er búið að nefna Landspítala – háskólasjúkrahús en í frumvarpinu er lögð til 668 millj. kr. fjárveiting á aukafjárlögum til Landspítala – háskólasjúkrahúss. Draga má stórlega í efa að þessi upphæð dugi svo sjúkrahúsið geti staðið með eðlilegum hætti að þeirri þjónustu sem við viljum að það veiti og því ber skylda til. Fulltrúar sjúkrahússins bentu á við fjárlagagerðina fyrir ári síðan að þessa upphæð vantaði inn og reyndar gott betur til að endar næðu saman og haldið yrði óbreyttri þjónustu. Jafnframt bentu þeir á að fjárveitingar til reksturs spítalans á föstu verðlagi hafa nánast staðið í stað á árunum 1999–2004.

Landspítali – háskólasjúkrahús er kannski sú stofnun sem hvað harðast hefur verið sótt að af þessari ríkisstjórn og meiri hluta Alþingis með skertar fjárveitingar og hefur það verið knúið til sársaukafulls niðurskurðar á starfsemi og uppsagna starfsfólks.

Ef við lítum til sveitarfélaganna hefur fjárhagur margra sveitarfélaga verið mjög erfiður undanfarin ár. Mörg sveitarfélögin hafa verið rekin með halla frá 1990 en samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga bendir til að um 2,8 milljarða kr. halli hafi verið á rekstri sveitarfélaganna árið 2003. Hér er að vísu bara um meðaltalstölur að ræða þannig að sum sveitarfélög standa sig vel eða bærilega en flestöll eiga í rekstrarerfiðleikum og sum í miklum. Sem dæmi tók eftirlitsnefnd sveitarfélaga nýlega til sérstakrar athugunar reikningsskil 47 af 101 sveitarfélagi sem sent höfðu inn gögn. Í framhaldi af þeirri skoðun var ákveðið að skrifa 23 sveitarfélögum sérstaklega til að krefja þau um nánari skýringar. Skattabreytingar ríkisstjórnarinnar hafa jafnframt kostað sveitarfélögin stórfé. Fjölgun einkahlutafélaga hefur t.d. kostað sveitarfélögin að því að talið er 1.000–1.200 millj. kr. á ársgrundvelli. Verkefni hafa verið flutt til sveitarfélaganna án þess að tekjustofnar fylgdu á fjölmörgum sviðum.

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin var nú í byrjun nóvember var ítarlega gerð grein fyrir fjárhagsstöðu sveitarfélaganna og hvernig stöðugt hefði hallað á þau í samskiptum við ríkisvaldið. Var þar kynnt að sveitarfélögin mundu fara fram á 700–1.000 millj. kr. aukaframlag í ár til að létta stöðu sveitarfélaganna sem verst stæðu. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu leggja fram tillögu um að aukaframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði 700 millj. kr. í stað 400 millj. kr. sem meiri hlutinn leggur til.

Í breytingartillögum frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar er gerð tillaga um 400 millj. kr. framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að koma til móts við sveitarfélög í sérstökum fjárhagsvanda, t.d. vegna fækkunar íbúa og erfiðra ytri aðstæðna. Félagsmálaráðherra mun ákveða úthlutun fjárins í samráði við ráðgjafarnefnd sjóðsins og að fengnum tillögum tekjustofnanefndar. Spurning er þó hvernig ríkisstjórnin og meiri hluti fjárlaganefndar komust að þeirri niðurstöðu að 400 millj. kr. væri sú upphæð sem til þyrfti til þess að rétta hag hinna verst stöddu því forustumenn sveitarfélaganna höfðu kynnt þörf fyrir mun hærri upphæð til þess að leysa brýnan og bráðan vanda. Það er því ljóst að fara þarf miklu betur yfir þetta mál, t.d. hvernig á að skipta þessum fjármunum. Jafnframt er brýnt að taka á þessum málum til framtíðar svo ekki þurfi að koma til svona björgunaraðgerða sem þó má velta fyrir sér hvort nægjanlegar eru. Það er því eitt brýnasta málið í samskiptum ríkis og sveitarfélaga að farið sé ofan í tekjustofnaskiptinguna og gerðar á þeim nauðsynlegar leiðréttingar miðað við núverandi verkefnastöðu sveitarfélaganna. Ásættanlegar niðurstöður í þeirri endurskoðuðu tekjuskiptingu verða að mínu mati að liggja fyrir á þessu ári þannig að ekki sé verið að etja sveitarfélögum út í sameiningarkosningar eða taka við auknum verkefnum af hálfu ríkisins fyrr en komið er á hreint að grunnur þeirra miðað við stöðu dagsins í dag liggur samþykktur fyrir.

Á síðustu dögum og vikum höfum við upplifað hina hörðu kjaradeilu milli sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara þar sem grunnskólakennarar hafa lagt hart að sér og fært miklar fórnir til að leita eftir bættum kjörum. Hins vegar er fjárhagsstaða sveitarfélaganna mjög erfið og fjár-

hagsrammi þeirra í rauninni skammtaður af ríkinu þannig að samningsstaða þeirra hefur nánast engin verið. Til þess að sveitarfélögin geti mætt bæði eðlilegum launa- og kjarakröfum starfsmanna sinna og staðið við auknar kröfur í velferðarþjónustunni er mikilvægt að tekjur þeirra og tekjustofnar séu auknir. Það er eitt brýnasta viðfangsefni dagsins í dag að styrkja og efla tekjustofna sveitarfélaganna miðað við þau verkefni sem þau hafa í dag.

Ef við lítum á stöðuna við opinberar framkvæmdir er ljóst að stöðugt þarf að vanda betur kostnaðaráætlun við þær. Allt of oft er verið að samþykkja auknar fjárveitingar vegna framúrkeyrslu við opinberar framkvæmdir. Í frumvarpi til fjáraukalaga sem nú liggur fyrir er meðal annars óskað eftir auknum fjárveitingum vegna framkvæmda við Alþingishús, Gljúfrastein og Þjóðminjasafnið. Sérstaka athygli vekur fjárveiting til Þjóðminjasafns Íslands þar sem farið er fram á 20 millj. kr. aukafjárveitingu í tilefni af opnun safnsins. Það var gleðiefni að loksins skyldi vera hægt að opna Þjóðminjasafnið og með svo veglegri sýningu sem raun ber vitni. En það hafði staðið til í nokkur undanfarin ár og alltaf verið lofað á næsta ári þannig að það er sérstakt fagnaðarefni að það skuli þó hafa tekist í ár. Það var ljóst að fjárveitingu vegna uppsetninga á sýningum og vegna kynningarmála þyrfti til og athygli var vakin á því við gerð fjárlaga þessa árs að það hlyti að hafa kostnað í för með sér að setja upp sýningu. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs lögðum einmitt áherslu á það við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári síðan. Þetta er enn eitt dæmið um lélega áætlanagerð þar sem hlutirnir eru gerðir upp í fjáraukalögum en lágu fyrir við gerð fjárlaganna sjálfra.

Fleiri stofnanir og verkefni á vegum ríkisins búa við fjárskort vegna vanáætlunar útgjalda en fá hann ekki bættan í fjáraukalögum. Aftur virðist gæluverkefnum ríkisstjórnarinnar hampað, svo sem eflingu sérsveita lögreglunnar sem virðast á leið með að verða vísir að íslenskum her. Þá er til fjármagn til þess að spýta í. Þá er aukið framlag um 100 millj. kr. til svokallaðra friðargæslustarfa sem birtist okkur í raun sem eins konar hervæðing íslenskra ríkisborgara við hlið hersveita Bandaríkjamanna og NATO. Ég er fylgjandi því að við styrkjum og eflum störf okkar að friðarmálum erlendis og að við gerum það á okkar forsendum og þar sem við erum sterk fyrir, í mannúðarmálum, í atvinnumálum, í heilbrigðismálum, en ekki til þess að hervæða íslenska borgara til að taka þátt í hernaðaraðgerðum í fjarlægum löndum og setja þar með Íslendinga í skotlínu út um allan heim. Þetta er hörmuleg stefna en hún fær hljómgrunn í fjáraukalögum þess meiri hluta sem styður þessa ríkisstjórn.

Herra forseti. Til að bæta vinnulagið og tryggja að farið sé að lögum hefur flutningsmaður nefndarálits þessa tvívegis mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins. Þær fela í sér að þegar svo ber undir skuli fjármálaráðherra leggja fram frumvarp til fjáraukalaga fyrir Alþingi að vori og aftur að hausti. Þingið samþykkir lög fyrri hluta árs en þau geta haft í för með sér fjárskuldbindingar á sama ári. Ýmsar forsendur geta einnig breyst, eins og dæmin sanna, og þá er eðlilegt að bregðast við þeim. Það hlýtur því að liggja beint við að fjárlaganefnd tæki þau mál til meðferðar og legði fram fjáraukalagafrumvarp sem yrði afgreitt fyrir þinglok að vori. Önnur fjáraukalög væri hægt að afgreiða í byrjun október og síðan kæmu lokafjárlög. Með þessum hætti gæti Alþingi fylgt eftir ábyrgð sinni, stýrt útgjöldum og brugðist við breyttum forsendum. Þannig yrði einnig komið í veg fyrir að efnt væri til útgjalda án heimildar Alþingis nema í algjörum undantekningar- og neyðartilvikum, eins og lög um fjárreiður ríkisins kveða á um. Slíkt fyrirkomulag hefði t.d. komið sér vel síðastliðið vor því þá hefði verið hægt að samþykkja auknar fjárveitingar til framhaldsskóla þannig að skólar hefðu strax getað svarað nemendum um það hvort og hvar þeir fengju skólavist. Í staðinn þurftu margir nemendur að bíða í óvissu vikum og mánuðum saman um hvort þeir fengju skólavist eða ekki.

Enn fremur hefur flutningsmaður lagt til að vinnunni við fjárlagagerðina verði breytt. Nú hefst undirbúningur að fjárlagavinnu hvers árs á fyrri hluta ársins á undan, þ.e. í apríl. Vegna þessa væri rétt að ríkisstjórnin legði fram frumvarp eða ramma að fjárlögum næsta árs fyrir þinglok og það yrði rætt áður en vorþingi lyki. Í raun yrði þar samþykktur ramminn sem unnið yrði eftir við undirbúning fjárlaga næsta árs. Eftir slíka meðferð þingsins gæti framkvæmdarvaldið síðan haldið áfram að undirbúa fjárlagafrumvarpið sem fjármálaráðherra legði síðan fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í upphafi haustþings. Með þessu móti væri frumvarpið og fjárlögin unnin í meiri samvinnu við Alþingi en nú er og á eðlilegri ábyrgð þess.

Herra forseti. Ég tel einmitt síðustu áherslurnar í nefndarálitinu mjög mikilvægar, að þingið eigi að bera ábyrgð á einstökum fjárlagaliðum og fjárútgjöldum á vegum ríkisins og að þau þurfi að koma til Alþingis til umræðu og afgreiðslu. Eins og nú er stendur Alþingi oft að meginhluta til frammi fyrir gjörðum hlut. Gerðar hafa verið skuldbindandi ákvarðanir um þau fjárútlát sem verið er að kveða á um og Alþingi á í flestum tilvikum litla aðra möguleika en að segja já við þeim.

Herra forseti. Með nefndarálitinu eru síðan fylgiskjöl, m.a. grein eftir hv. þm. Steingrím J. Sigfússon og undirritaðan sem birtist í Morgunblaðinu 29. september 2004, sem ber yfirskriftina Sveitarfélögin svelt til hlýðni, og ég hef gert að umtalsefni í þessu nefndaráliti. Auk þess er líka fylgiskjal um fjárhagsstöðu framhaldsskólanna, minnisblað með athugasemdum og ábendingum frá Félagi íslenskra framhaldsskóla og Skólameistarafélagi Íslands frá 10. nóvember sl. til frekari skýringar.

Á þskj. 391 er breytingartillaga sem ég flyt við þessa umræðu þar sem ég legg til að fjárveitingar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði auknar. Í stað þeirra 400 millj. kr. sem lagðar eru til af meiri hlutanum til jöfnunarsjóðsins til þess að mæta sérstökum bráðavanda sveitarfélaganna legg ég til að sú upphæð verði að lágmarki 700 millj. kr., eða sú upphæð sem fram kom á ráðstefnu um fjármál sveitarfélaga nýverið að væri algjör lágmarksupphæð til að mæta þeim vanda sem ég hef hér gert grein fyrir.

[11:58]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar kom

fram ákveðin fullyrðing sem sem ég tel ástæðu til að hann skýri nánar. Það var sú fullyrðing að verið væri að hervæða og að Íslendingar tækju þátt í vopnuðum hernaðaraðgerðum. Ég held að ég verði að biðja hv. þm. um að nefna mér dæmi um að Íslendingar standi í vopnuðum hernaðaraðgerðum. Þetta eru stór orð, mikil fullyrðing og ég get ekki látið hjá líða að kalla eftir því að hv. þm. nefni dæmi máli sínu til stuðnings.

[11:59]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. Magnús Stefánsson segir að það er verið að auka framlög til friðargæslumála í fjáraukalögum sem á úthluta öllu í verkefni sem m.a. er verið að vinna á vegum Íslendinga í Afganistan. Það hefur komið fram í umræðum á þinginu fyrr um þetta mál að þar eru Íslendingar á kostnað íslenska ríkisins undir yfirstjórn NATO, hafa þar stöðu hermanna og klæðast herbúningum, eru vopnaðir og bera tignarheiti sem tíðkast innan hers en ekki borgarasamfélags. Ég held að öllum sé ljóst að þarna er því miður verið að hervæða íslenska ríkisborgara undir því yfirskini að þeir séu að friðargæslustörfum.

[11:59]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst hv. þm. ekki færa rök fyrir þeim fullyrðingum sem komu fram í ræðunni. Er hann sem sagt að halda því fram að það starf sem íslenskir friðargæslumenn taka þátt við friðargæslu og uppbyggingarstarf í Afganistan og því verkefni að Ísland hefur yfirstjórn yfir flugvellinum í Kabúl, séu vopnaðar hernaðaraðgerðir? Ég verð aftur að spyrja hv. þm. og inna hann eftir dæmi um það að við stöndum í vopnuðum hernaðaraðgerðum. Mér finnst þetta ekki skýring og ekki sæmandi að tala með þessum hætti.

[12:01]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni að það er afleitt að þurfa að tala með þessum hætti. Sú ákvörðun um að setja Íslendinga undir vopn í Kabúl undir yfirskini svokallaðra friðargæslustarfa án samþykkis Alþingis og sú ákvörðun að taka þátt í og vera sérstakur stuðningsaðili innrásarinnar í Írak án þess að það hafi nokkuð verið rætt hvorki í utanríkismálanefnd né á Alþingi er hörmulegt. Ég get ekki annað en sagt svipað og yfirmaður NATO í Kabúl eða eitthvað í þessa veruna: „Fyrir okkur eru þetta hermenn en þið Íslendingar ráðið hvað þið kallið það.“

Ég verð að ítreka að Íslendingar eiga miklu frekar að taka þátt í friðargæslustörfum og friðarstarfi sem friðflytjendur, þátttakendur í öðrum verkefnum, heilbrigðismálum, við að byggja upp heilbrigðiskerfi og styrkja atvinnulíf en ekki að bera vopn og vera hluti af erlendum her í fjarlægu landi í stríðsátökum.

[12:02]

Útbýting:

Afplánun eldri fanga, 339. mál, fsp. BH o.fl., þskj. 383.

Afplánunaráætlun fanga, 338. mál, fsp. BH o.fl., þskj. 382.

Eignarhlutur ríkisins í Endurvinnslunni hf., 342. mál, fsp. SKK, þskj. 386.

Eignarhlutur ríkisins í Flugskóla Íslands hf., 341. mál, fsp. SKK, þskj. 385.

Eignarhlutur ríkisins í hlutafélögum og einkahlutafélögum, 344. mál, fsp. SKK, þskj. 388.

Eignarhlutur ríkisins í Íslandspósti hf., 340. mál, fsp. SKK, þskj. 384.

Eignarhlutur ríkisins í Verðbréfaskráningu Íslands hf., 343. mál, fsp. SKK, þskj. 387.

Samvinna Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum, 345. mál, fsp. MÞH, þskj. 389.

[12:02]

Pétur Bjarnason:

Herra forseti. Ég hef setið sem áheyrnarfulltrúi í fjárlaganefndinni nú um tveggja vikna skeið. Ég hef ekki komið að fjárlagagerðinni í heild heldur aðeins skiptingu einstakra liða, en slíkt gefur hvorki yfirsýn yfir fjárlagagerð né heildarmynd fjárlagadæmisins. Þar við bætist að ég hef haft knappan tíma til að fara fyrir fjáraukalagafrumvarpið sem hér liggur fyrir með samanburði við fjárlög fyrir 2004 og efna þannig í langa umræðu um þessi fjáraukalög.

Afstaða Frjálslynda flokksins hefur komið fram í umræðu um fjárlögin 2004 og við störf í fjárlaganefndinni. Þó ætla ég að koma að örfáum atriðum sem blasa við við fyrstu sýn.

Útgjöld hafa aukist um rúma 6,3 milljarða samkvæmt frumvarpinu frá þeim ramma sem settur var við útgáfu fjárlaga fyrir árið 2004. Því til viðbótar koma svo tillögur upp á 2,9 milljarða samkvæmt breytingartillögum ríkisstjórnar og meiri hluta fjárlaganefndar. Spurningar vakna hvort slíkur útgjaldaauki sé eðlilegur eins og hér kemur fram, þ.e. alls um rúmlega 9 milljarðar kr. frá því frumvarpi til fjárlaga sem upphaflega var lagt fram, eða hvort hluti þeirra hefði átt að koma fram í fjárlögunum sjálfum fyrir árið 2004 í upphafi eins og e.t.v. hefði verið eðlilega.

Fyrst hvarflar hugur minn til framhaldsskólanna þar sem legið virðist hafa fyrir við gerð fjárlaganna að þar væri vanáætlað strax í upphafi en skellt var skollaeyrum við því þrátt fyrir ábendingar í umræðum og ýmis gögn sem sýndu fram á þessa þörf. Þetta leiddi til erfiðrar umræðu við upphaf skólaárs nú í haust þar sem fjölmargir framhaldsskólar þurftu að standa í baráttu til þess að geta hafið störf við eðlilegar aðstæður vegna þeirra takmarkana sem fjárlögin settu þeim, en eru síðan afnumdar eins og fram kemur í þessu frumvarpi eftir langa baráttu um hluti sem voru þrátt fyrir allt í eðlilegum farvegi. Svona vinnubrögð eru gagnrýni verð og sóun bæði á mannafla og dýrmætum kröftum.

Svipaða sögu er að segja af fjárveitingu til héraðsdómstóla þar sem ljóst var að vinnsla mála þar yrði ekki með eðlilegum hætti miðað við fjármagn sem þeim var ætlað í fjárlögum fyrir 2004 og erindi hafði borist með rökum sem studdi það að ekki yrði hægt að vinna mál eins og þörf væri

á með svo knöppum fjárveitingum.

Þá er komið að þætti sveitarfélaganna sem hafa verið rekin með halla allt frá árinu 1990 og reiknað er með halla þeirra upp á 2,8 milljarða kr. í ár. Telja má að aðgerðir ríkisins með skattalagabreytingum hafi valdið verulegum halla á rekstri sveitarfélaganna. Fjölgun einkahlutafélaga varð til þess að stórlega dró úr útsvarstekjum sveitarfélaga og talið er að þar hafi getað munað allt að 1 milljarði kr. Þegar sveitarfélögin tóku við grunnskólanum árið 1996 var búið að liggja lengi yfir kostnaði við yfirfærsluna. Farið var yfir fyrirliggjandi upplýsingar, t.d. hvað það mundi kosta að einsetja skólana sem þá lá fyrir að mundi verða gert, og farið yfir byggingaþörf sveitarfélaganna vegna þeirra breytinga sem þá voru fyrirséðar og tímasettar. Það má vel vera að meðaltalskostnaður hafi ekki farið langt frá þeim áætlunum sem gerðar voru. Ég þekki það ekki nægilega vel. Hins vegar veit ég að þessi kostnaður kom afskaplega misjafnlega við sveitarfélög, m.a. með tillit til þess hvernig þau voru undir þetta búin fyrir. Sum höfðu þegar byggt nægilegt húsnæði til þess að geta tekið upp einsetningu. Önnur bjuggu við það að nemendafækkun gerði það að verkum að ekki var þörf á að byggja. Síðan varð að taka tillit til þess hvaða þróun varð í nemendafjölda, sem e.t.v. var ekki alltaf fyrirséð, og í búsetu fólks.

Mörg sveitarfélög þurftu að leggja mikið í sölurnar til þess að uppfylla þessar kröfur. Við yfirfærsluna var sýnt að miklar breytingar yrðu á vinnuumhverfi í skólunum og mannaflaþörf þar. Það hefur allt gengið eftir og víða í mun ríkara mæli en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi.

Þá er rétt að taka það fram að sveitarfélög hafa almennt haft mikinn metnað til þess að búa skólastarfinu góða umgjörð og hafa kostað miklu til og stundum verið farið fram reyndar af meira kappi en forsjá. Einkum varð þessa vart á fyrstu árum eftir yfirfærslu grunnskólans. Sú hugmynd hafði komið fram um 1995 að ríkið ræki fræðsluskrifstofur sínar sem voru átta talsins, ein í hverju páverandi kjördæma, áfram um tveggja ára skeið sem ráðgjafarstofur fyrir sveitarfélögin en kostaðar af ríkinu. Hugmyndin varð sú að þetta fyrirkomulag gæti mildað yfirfærsluna, auðveldað hana og auðveldað sveitarfélögunum að taka við þessu hlutverki sínu. Þessi hugmynd var rædd á nokkrum fundum en henni síðan hafnað einkum vegna þess að sveitarfélögin töldu ekki að ríkið ætti að vera með puttana í rekstri skólanna eftir að þau höfðu tekið við honum. Ég held eftir á að hyggja að þarna hafi farið forgörðum að hluta til reynsla sem byggð hafði verið upp á um 20 árum, þ.e. á grundvelli laga sem sett voru 1974 um málefni grunnskóla, og að þetta hefði getað forðað mörgum sveitarfélögum frá vandræðum sem vissulega varð vart við hjá ýmsum þeirra í skólastarfinu fyrstu árin þó að þessu hafi að hluta til verið kippt í lag síðan og sem betur fer víðast hvar. Mörg sveitarfélaganna þurftu síðan að fara í gegnum endurskipulagningu þessara starfa með tilheyrandi kostnaði. Hvað sem þessum vangaveltum líður þá blasir það við að fara þarf yfir tekjustofna sveitarfélaga og hlutverkaskipti ríkisvaldsins.

Almennt er sú skoðun ríkjandi að efla beri sveitarstjórnarstigið. Með stöðugt vaxandi þætti þeirra í þjónustu við borgarana hafa sjónir manna beinst að sameiningarmálum sveitarfélaga. Ég held að margt styðji þá þróun en hollt væri mönnum að líta til baka og skoða fyrstu hrinu sameiningar þeirra þar sem fjölmargar skyssur voru gerðar og æðimörg loforð um þjónustu og aðgerðir, sem síðan reyndist ekki unnt að framkvæma eða af öðrum ástæðum, var ekki staðið við. Um það mætti nefna mörg dæmi. Þvingunaraðgerðir duga ekki í þessum efnum en aðstæður hafa hins vegar breyst á tiltölulega fáum árum og forsendur sameiningar sveitarfélaga sömuleiðis mjög víða.

Virðulegi forseti. Þó að það sé e.t.v. á jaðri ramma þessara fjáraukalaga núna þá langar mig til þess að vekja athygli á því að þrátt fyrir áætlanir um stefnu í byggðamálum, þrátt fyrir ótal átaksverkefni þar sem reynt er að hafa hönd á einhverjum nýjum bjargráðum fyrir byggðirnar í landinu þá hallar stöðugt undan fæti hjá þeim, a.m.k. velflestum. Í stórum hluta þess kjördæmis sem ég er talsmaður fyrir hefur ástandið stöðugt farið versnandi. Þrátt fyrir áætlanir og atvinnuþróunarfélög dregur úr atvinnumöguleikum og tekjum á þessu svæði. Unga fólkið skilar sér ekki aftur heim. Fólki fækkar stöðugt og fækkunin er viðvarandi. Nú *er víða svo komið að fámennið veldur því að öll þjónusta er* á undanhaldi eða aflögð og er sama hvort þar er rætt um verslun, heilbrigðisþjónustu eða annað.

Nýlega var á hinu háa Alþingi rætt um vanda Árneshrepps og ríkisstjórnin krafin sagna um framkvæmd þingsályktunartillögu um stuðning við búsetu þar. Við umræður sem fóru fram fyrir tveimur árum um þetta mál var lagt fram bréf frá hreppsnefnd Árneshrepps þar sem hún leitaðist við að svara því hvað hún teldi vænlegast að gera til eflingar búsetu í hreppnum.

Virðulegi forseti. Hún óskaði ekki eftir atvinnuráðgjafa, saumastofu eða fjarvinnsluverkefnum. Svar hreppsnefndarinnar var einfalt. Til þess að styrkja búsetu hér þurfum við að fá að halda því áfram sem við höfum alltaf sinnt, að fá að hafa svolítið fleiri kindur en hér eru og svolítið að sækja sjóinn til að draga björg í bú og efla búsetuna. Ef þetta fengist þá töldu hreppsnefndarmenn ástandið vænlegt. Um þetta snýst lífið í sjávar- og sveitabyggðunum ef þetta er dregið saman, að vísu með mjög einfölduðum hætti. Fólkið sem býr þarna þarf að geta nýtt sér lífs- og landgæðin.

Ég ætla ekki að setja á lengri tölu um þetta hérna en e.t.v. ættu fjáraukalög með svo háar upphæðir að snúast að einhverju leyti um þessi gildi ekki síður en hin.

[12:11]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við ræðum í 2. umr. frumvarp til fjáraukalaga sem útbýtt var á Alþingi þann 5. október eða fyrir sléttum 30 virkum dögum síðan. Í umræðunni sem fram fór 10. október kom fram að mikil þensla er í íslensku efnahagslífi og tekjur ríkissjóðs nánast í sögulegu hámarki. Milli 1. og 2. umr. kom meiri hluti fjárlaganefndar með talsvert miklar breytingar og breytingartillögur sem ég mun fara frekar yfir á eftir. Í upphafi var fjáraukalagafrumvarpið lagt fram með afgangi, þ.e. að tekjur höfðu aukist meira en útgjöld þó hvort tveggja hafi aukist talsvert mikið frá þeim fjárlögum sem við samþykktum fyrir árið 2004.

Upphaflega frumvarpið var lagt fram með tekjum upp á 8,2 milljarða og gjöldum upp á 6,3 þannig að afgangurinn átti samkvæmt því að verða rétt tæpir 2 milljarðar eða

1.902 milljónir. Hlutirnir gerast þó hratt á fleiri stöðum en í efnahagslífinu og nú, réttum 30 virkum dögum frá framlögn, hefur tekjuáætlunin breyst um 1.056 millj. kr. eða 35 milljónir á hverjum virkum degi frá því að frumvarpið var lagt fram.

Enn meiri munur er á gjaldahliðinni en gjaldahliðin hefur aukist upp á 2.968 milljónir eða rétt tæpar 100 milljónir á dag frá því að frumvarpið sá dagsins ljós. Meiri hluta fjárlaganefndar hefur því með breytingartillögum sínum að mestu tekist að eyða þeim afgangi sem á fjáraukalagafrumvarpinu var og verða samkvæmt þessu fjárlög ársins 2004 að mestu leyti í jafnvægi milli tekna og gjalda.

Maður hefði haldið að í lok september eða í byrjun október væri hægt að segja með nokkurri vissu um þróun tekna og gjalda hjá ríkinu, a.m.k. með mun meiri vissu en hér kemur fram. Frumvarpið til fjáraukalaga sem við ræddum í 1. umr. þann 10. október var í nokkrum meginatriðum allt annað frumvarp en við ræðum hér með þeim miklu breytingum sem á því hafa orðið. Aðeins til að hnykkja á þessu atriði enn frekar þá vil ég segja að tekjuhlið frumvarpsins hefur breyst um tæp 13% og gjaldahliðin um hvorki meira né minna en tæp 47% á milli þessara tveggja umræðna á aðeins 30 virkum dögum. Er ekki rétt, frú forseti, að við förum að velta því fyrir okkur í fullri alvöru hvernig finna megi leiðir til að áætlanir fjármálaráðuneytisins geti orðið markvissari en raunin hefur verið ansi lengi. Það hlýtur að vera hægt að sjá fyrir með meiri vissu og meiri nákvæmni bæði útgjöld og tekjur en nú.

Í ræðu minni við 1. umr. gerði ég stöðugleikann að umræðuefni og hversu hjáróma allt tal um stöðugleika er í raun miðað við þær miklu breytingar sem kynntar eru í fjáraukalagafrumvarpi á áætlunum hinna ýmsu þjóðhagsstærða milli þess sem fjárlög ársins 2004 gera ráð fyrir og þess fjáraukalagafrumvarps sem við fjöllum um hér. Skoðum þann stöðugleika aðeins betur.

Aukningin í einkaneyslunni er helmingi meiri en fjárlögin gerðu ráð fyrir og sú aukning skýrir að langmestu leyti tekjuauka ríkissjóðs af veltusköttunum. Það má segja að yfirdrættir og hagstæð lánakjör til einstaklinga séu að skila vel í kassann fyrir ríkissjóð. Skuldsetning heimilanna er nú meiri en ætla verður að þau þoli til lengdar og maður hefði haldið að það væri óvarlegt að gera ráð fyrir því við eyðslu á tekjum ríkisins að aukning á einkaneyslu verði viðvarandi og að sú mikla aukning geti verið bensín á eyðsluvél ríkisins eins og hún hefur verið á þessu ári. Aukning fjárfestinga hefur verið helmingi meiri en ráð var fyrir gert, fjárfestingar hafa ekki aðeins aukist um 8,5% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir heldur um 17,25% og malað gull í virðisaukaskattshluta ríkiskassans.

Mikil aukning er á innflutningi vöru og þjónustu og er 122% meiri en forsendur gerðu ráð fyrir. Það er bullandi stöðugleiki eða hvað?

Taflan á bls. 51 í fjáraukalagafrumvarpinu sýnir okkur svo ekki verður um villst að skekkjan í spá fjármálaráðuneytisins um magnbreytingar helstu þjóðhagsstærða er í flestum liðum upp á helming eða meira. Ég hef enga trú á því að vinnubrögð við mælingar og áætlanir séu svo slæleg heldur hlýtur ferðin á efnahagslífinu að vera svona miklu meiri en ráð var fyrir gert og enginn stöðugleiki á ferðinni, a.m.k. ekki í þeirri hefðbundnu merkingu sem orðið stöðugleiki hefur í hugum flestra. Í hugum stjórnarliða virðist það orð aftur á móti notað sem klisja til að réttlæta oft og tíðum mjög skrýtnar ráðstafanir og ákvarðanir, klisja sem í raun er ekkert að marka ef hún er lögð undir mælistikur þjóðhagsstærða og þeirra miklu breytinga sem þar eru.

Tvennt er það sem er þó athyglisvert í ljósi þeirrar staðreyndar að gósentíð ríkir á tekjuhlið fjárlaga nú um stundir en það er annars vegar sú staðreynd að auknar tímabundnar tekjur skila sér ekki í auknum afgangi hjá ríkissjóði í höndum núverandi hæstv. fjármálaráðherra og hitt að ráðstöfunartekjur á mann og kaupmáttur ráðstöfunartekna eykst ekki í sama mæli og forsendur gerðu ráð fyrir. Hagur ríkisins vænkast þannig talsvert umfram spár en hagur einstaklinga ekki í sama mæli.

Helstu breytingar á tekjum gefa til kynna þá miklu þenslu sem nú á sér stað og ber þar hæst að fjármagnstekjuskattur á einstaklinga var verulega vanáætlaður í fjárlögum ársins og skilar yfir 2.000 millj. kr. meiri tekjum en ráð var fyrir gert. Fjármagnstekjuskatturinn er í eðli sínu að mestu skattur á einstaklinga og ekki alls fyrir löngu fékk ég skriflegt svar frá hæstv. fjármálaráðherra við fyrirspurn minni um fjármagnstekjuskatt. Þar komu ýmsar mjög fróðlegar staðreyndir fram um hvers konar skattur þetta er. Þar kom í ljós að á árinu 2003 höfðu tæplega 77 þúsund einstaklingar greitt fjármagnstekjuskatt. Lögaðilar voru aftur á móti 75. Það sýnir því svart á hvítu að fjármagnstekjuskatturinn er skattur á einstaklinga en ekki skattur á lögaðila.

Þegar ég lagði fram þessa fyrirspurn hafði ég áhuga á því að sjá hverjir það eru og hve margir þeir eru sem borga fjármagnstekjuskatt og ekki síður hve margir borga fjármagnstekjuskatt undir 100 þús. kr. og hve margir borga fjármagnstekjuskatt yfir 1 millj. kr. Í svarinu kemur fram að á árinu 2003 hefði fjöldi einstaklinga sem greiddu fjármagnstekjuskatt undir 100 þús. kr. verið 70 þúsund. Meðalgreiðsla þeirra var 12.500 kr. þannig að mestur fjöldi þessara einstaklinga hefur verið að greiða fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum um og í kringum 100 þús. Það eru aftur á móti þeir 7 þúsund einstaklingar sem út af standa sem greiða hærri skatt og það vakti athygli mína að 500 framteljendur greiða fjármagnstekjuskatt sem er yfir 1,5 millj. kr. Meðalgreiðsla þessa hóps var rúmar 7,5 millj. sem segir okkur að fjármagnstekjur hafi verið yfir 75 millj. kr. hjá yfir 500 einstaklingum á árinu 2003 og heildarfjármagnstekjuskattur þessara einstaklinga er á fjórða milljarð króna. Þetta sýnir okkur að ef við viljum gera einhverjar breytingar á skattkerfinu og skoða breytingar á fjármagnstekjuskatti mundu slíkar breytingar ekki hitta fyrir láglaunafólkið í landinu.

Stimpilgjöldin hækka ákaflega mikið og er það í takt við aukna skuldsetningu flestra í þjóðfélaginu. Margir hafa gripið til þess ráðs að skuldbreyta lánum sínum en við það greiða þeir skatt til ríkissjóðs í formi stimpilgjalda. Hækkun þeirra í frumvarpinu eins og það lá fyrir var áætluð 850 millj. kr. en nú í breytingartillögum hafa bæst við 300 millj. kr. þannig að gert er ráð fyrir að stimpilgjöldin verði á tólfta hundrað millj. króna. Virðisaukaskatturinn vex einnig mikið eða um 3,5 milljarða umfram áætlun fjárlaga ársins 2004.

Í gjöldunum er af mörgu að taka. Rétt er þó að halda til haga í upphafi þeirrar yfirferðar að mikið af þeim útgjöldum sem mælt er fyrir í frumvarpi til fjáraukalaga eiga þar alls ekkert heima. Bæði er um útgjöld að ræða sem vel voru fyrirséð á þeim tíma sem gengið var frá fjárlögum ársins og einnig önnur sem ættu að bíða fjárlaga næsta árs. Nauðsynlegt er að gæslumenn ríkissjóðs, sem gefa sig út fyrir ábyrga fjármálastjórn og vandaða áætlunargerð, gangi af hófsemi um fjáraukalög og noti þau ekki til að bæta við útgjöldum sem þar eiga ekki heima. Stofnanir sem eru kerfisbundið sveltar á fjárlögum og fá síðan leiðréttingu mála sinna í fjáraukalögum eins og venjan virðist oft vera geta aldrei skipulagt rekstur sinn á hagkvæmasta hátt og verulegur kostnaður er í því fólginn að vera í fjársvelti. Nægir þar að nefna dráttarvexti sem þessar stofnanir greiða lánardrottnum sínum og er þar um miklar fjárhæðir að ræða sem unnt ætti að vera að komast hjá ef rétt væri skammtað í upphafi.

Við 1. umr. fórum við þingmenn Samfylkingarinnar í gegnum þá gjaldaliði sem fram komu í fjáraukalagafrumvarpinu og einnig hefur verið leitað svara í fjárlaganefnd við fjölmörgum spurningum sem vöknuðu við fyrsta yfirlestur á frumvarpinu sjálfu. Það kemur fram í frumvarpi til fjáraukalaga að ekki þurfi að vera beint samhengi milli þeirra fjárheimilda sem sótt er um í því og áætlaðra útgjalda á árinu. Þar kemur einkum tvennt til, eins og þar segir, annars vegar eru í frumvarpinu veittar fjárheimildir til umframútgjalda frá fyrri árum, sem þegar hafa verið gjaldfærð í reikningum ríkissjóðs, hins vegar verða ekki öll umframútgjöld bætt á árinu og reynslan sýnir að fjárheimildir verða ekki að fullu nýttar á árinu. Þannig flytjast fjárheimildir og umframgjöld á milli ára og bætast við eða dragast frá útgjaldaheimild næsta árs.

Með þessum parsus í frumvarpinu finnst mér höfundar þess vera að segja: Ekki er fullkomlega að marka frumvarpið, við erum að bæta fyrir eldri syndir og vitum ekki alveg hvað við notum af því sem eftir verður. Hér er alla vega sleginn varnagli um að borð geti verið fyrir báru í sumum liðum en annars staðar vanti kannski á.

Ef við rennum aðeins yfir gjaldahlið frumvarpsins eins og það var lagt fram og skoðum einnig þær breytingartillögur sem fram hafa verið lagðar, kemur í ljós ef við skoðum fyrst Alþingi að þar hafa verið ákaflega mikil lausatök hjá Framkvæmdasýslu ríkisins vegna framkvæmda við Alþingishúsið. Fyrsta áætlun gerði ráð fyrir 75 millj. kr. kostnaði við þær endurbætur, fjáraukalög, eins og þau voru lögð fram, bættu við 44 millj. þannig að heildarkostnaður átti að verða 119 millj. Núna er verið að tala um 135 millj. eða næstum helmingi hærri tölu en fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir. Hið háa Alþingi hlýtur að verða að vanda áætlanagerð betur varðandi þær framkvæmdir sem það ræðst í, ég tala nú ekki um í ljósi sögunnar eins og hún hefur verið.

Ef við lítum síðan á forsætisráðuneytið veltir maður fyrir sér: Hvað er Vesturfarasetrið á Hofsósi að gera hjá forsætisráðuneytinu? Var ekki vitað að samninginn um setrið þyrfti að endurnýja við gerð fjárlaga? Það er þó alveg ljóst að það er gott að vera vistaður við brjóst hæstv. forsætisráðherra en heildarframlag samkvæmt þessum samningi nemur 54 millj. á árunum 2004–2008.

Í fjáraukalagafrumvarpinu hafði verið farið fram á af hálfu forsætisráðuneytisins 10,5 millj. vegna fjölmiðlanefndar. Nú er verið að breyta því og færa til baka til föðurhúsanna þann kostnað sem af nefndinni hlaust og verður hann gjaldfærður á menntamálaráðuneytið eins og við bentum á við 1. umr.

Hvað menntamálaráðuneytið varðar þá er rétt að fagna viðbótarframlagi til framhaldsskóla, fyrst í fjáraukalagafrumvarpinu upp á 250 millj. og síðan í nýjum breytingartillögum meiri hlutans upp á 200 millj. kr. Samtals er því verið að auka fjárheimildir til framhaldsskólastigsins um 450 millj. og hefði stjórnarmeirihlutinn betur hlustað á þingmenn Samfylkingarinnar við gerð fjárlaga og létt þannig af framhaldsskólum og mörgum nemendum þeirri ótrúlegu óvissu sem var á skólagöngu fjölda nemenda í upphafi skólaárs. Einnig hefðu skólarnir væntanlega getað skipulagt greiðsluflæði sitt betur og komist í mörgum tilvikum hjá að greiða háa vexti svo sem dráttarvexti. 450 millj. kr. er þó lægri upphæð en reiknilíkan vegna nemendafjölda sýnir að greiða ætti og lækkar því meðalgreiðsla á hvern nemanda.

Þjóðleikhúsið fær 57 millj. kr. til að mæta kröfum eftirlitsstofnana um brunavarnir og rafmagnsöryggi. Hér er um lið að ræða sem er kominn til vegna þess að ekki hefur verið lagt til fé til viðhalds þessa menningarhúss í Reykjavík og er nauðsynlegt að bregðast við. Ef eðlilega hefði verið að hlutunum staðið væri þessi upphæð ekki inni í fjárauka heldur hluti af árlegu viðhaldsfé hússins sem væri þá betur sniðið að raunverulegri þörf um viðhald en nú er.

Undir menntamálaráðuneytinu fær Þjóðminjasafnið annars vegar 20 millj. til að setja upp sýningu vegna opnunar og hins vegar 100 millj. til að klára framkvæmdir. Hér er dæmi um vitlausar áætlanir enn og aftur og við hljótum að velta fyrir okkur hvort eitthvað af þessu hefði ekki átt að vera fyrirséð.

Undir utanríkisráðuneyti vekur athygli mikil aukning á sértekjum á Keflavíkurflugvelli en það er í samræmi við aukna umferð og ástæða til að fagna auknum umsvifum þar.

Ekki tel ég ástæðu á sama hátt til að fagna 42 millj. kr. viðbótarfjárveitingu vegna flutnings á sendiráði Íslands í Brussel í nýtt húsnæði. Þar er ekki verið að spara, kostnaður vegna innréttinga og flutnings er áætlaður 34 millj. og það kosti 8 millj. að kaupa húsgögn inn í húsið. Er það óvæntur kostnaður? Ég held varla.

Víkjum að landbúnaðaráðuneytinu. Þar er að mestu um að ræða auknar greiðslur til bænda vegna samninga sem áður höfðu verið gerðir. Greiðslur sem greiða átti samkvæmt samningum voru felldar niður í fjárlagafrumvarpi en nú er verið að bjarga því fyrir horn með því að leita fjárheimilda að nýju.

Í sjávarútvegsráðuneytinu er óskað eftir 35 millj. kr. viðbótarfjárheimild til að bæta mælingar á loðnustofninum. Ég tel fulla ástæðu til þess að fagna því að ráðuneytið óskar eftir auknum heimildum til þess að mæla loðnustofninn betur en tókst að gera. Ég tel að þessi fjárveiting sé dæmi um fjárveitingu sem á heima í fjáraukalögum. Aftur á móti er það mikil spurning í mínum huga hvort tap á hrefnuveiðum árið 2003 og einnig tap á hrefnuveiðum árið 2004 eigi

heima í fjáraukalögum. Það getur vel verið að rétt sé við þurfum að bæta tap á hrefnuveiðum á þessu ári með því að skoða það í fjáraukalögum, en það hefði átt að liggja fyrir miklu fyrr að tap var á hrefnuveiðum á árinu 2003 og eðlilegt að taka það upp í fjárlögum ársins 2004 en ekki hér.

Hér hefur verið minnst á að undir dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fái héraðsdómstólar auknar heimildir upp á 35 millj. kr. Ég ætla ekkert að segja annað um það en vitna í margar ræður stjórnarandstæðinga við fjárlagagerðina um fjárhagsvanda héraðsdómstólanna. Að sjálfsögðu hefðu þessar 35 millj. kr. átt heima í fjárlagafrumvarpinu en ekki í fjáraukalögum. En þarna er verið, eins og á svo mörgum öðrum stöðum, að draga stofnanir sem vitað er að þurfa á auknum fjárheimildum að halda til að geta staðið undir rekstri, á svörum alveg út í hið óendanlega, valda vandræðum í rekstri þeirra þannig að hann getur ekki orðið jafnskipulegur og hagkvæmur eins og best væri á kosið en bæta síðan á síðustu stundu inn í fjárveitingar það sem á vantaði og allir vissu í upphafi að vantaði.

Félagsmálaráðuneytið er sérstakur kafli, má segja, í þessum fjáraukalögum. Í frumvarpinu var lagt til að fjárheimildir félagsmálaráðuneytisins mundu aukast um 2.061 millj. kr. og nú er bætt við í breytingartillögum meiri hlutans tillögum upp á útgjöld sem hljóða upp á 1,5 milljarða kr. Í félagsmálaráðuneytinu er sem sagt verið að óska eftir auknum fjárheimildum upp á 3.600 millj. kr. í fjáraukalögum. Maður hlýtur að velta fyrir sér í framhaldi af því hvernig áætlunargerð hjá félagsmálaráðuneytinu er háttað þegar munurinn getur orðið svona mikill.

Auðvitað geta alltaf komið upp óvænt útgjöld og sérstaklega hjá sjóðum sem ekki er vitað nákvæmlega hverjir munu sækja í eða hver þróunin mun verða. En breytingar upp á 3.600 millj. kr. á gjaldalið í fjáraukalögum er of mikil að mínu viti og rétt að skoða aðeins hvað veldur.

Loksins lætur ríkisstjórnin undan á síðustu metrunum varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og bætir þar inn í aukalega 400 millj. kr. Í frumvarpinu höfðu verið 249 milljónir en það er hækkað nú um 400 milljónir. Þeir viðurkenna þar með, að mínu viti, fjárhagsvanda sveitarfélaganna en koma alls ekki til móts við hann í þeim mæli sem þörf er á. En þeir gera það sem þeir gera best, þ.e. henda inn peningum á síðustu stundu, helst of litlum til að takast á við vandann, rétt til að taka sárasta sviðann úr þeim viðfangsefnum sem verið er að setja fjárheimildir í.

Í breytingartillögum meiri hlutans segir að þetta sérstaka framlag upp á 400 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sé til að koma til móts við sveitarfélög í sérstökum fjárhagsvanda, t.d. vegna fækkunar íbúa og erfiðra ytri aðstæðna. Maður veltir fyrir sér með hvernig þessum 400 millj. kr. verður útdeilt, hver skiptingin verður, vegna þess að við sem störfum í fjárlaganefndinni vitum og heyrðum það hjá hverri einustu sveitarstjórn sem heimsótti fjárlaganefndina að sveitarfélögin eru ekki bara í fjárhagsvanda vegna þess að íbúum sé að fækka á einhverjum stöðum eða ytri aðstæður séu eitthvað erfiðar í ákveðnum sveitarfélögum heldur er þetta vandi nánast í öllum sveitarfélögum landsins. Nánast öll sveitarfélög landsins eru þannig stödd að þau eiga við fjárhagsvanda að etja.

Í tillögum meiri hlutans segir að félagsmálaráðherra skuli ákveða úthlutun fjárins í samráði við ráðgjafarnefnd jöfnunarsjóðsins og að fengnum tillögum tekjustofnanefndar. Mér segir svo hugur að það verði mikill slagur við að ná í þessa auknu fjárheimild sem sveitarfélögin sjá fram á að kemur þarna í jöfnunarsjóð og ég tek undir með þeim sem sagt hafa að hér er reyndar allt of skammt gengið. En við hljótum að þurfa að velta því fyrir okkur hve mikið Jöfnunarsjóður sveitarfélaga á að bólgna út og hve mikið almennir tekjustofnar sveitarfélaga þurfa að breytast til að sveitarfélögin geti rekið sig.

Mikil breyting verður á Atvinnuleysistryggingasjóði. Í fjáraukalögunum var farið fram á heimild um að hækka greiðslur í Atvinnuleysistryggingasjóð um 948 millj. kr. og nú í tillögum meiri hlutans bætast við 250 milljónir. Þetta er sagt að gerist vegna þess að fyrri áætlun hafði byggt á spá um 3% atvinnuleysi á árinu en nú sé gert ráð fyrir að það verði um 3,2%. Þessi mikla hækkun á útgjöldum til Atvinnuleysistryggingasjóðs hlýtur að eiga einhverjar aðrar skýringar líka og full ástæða hlýtur að vera fyrir þá sem með félagsmálaráðuneytið fara að velta fyrir sér hvort við séum ekki að verða komnir í einhverjar ógöngur hvað þetta varðar, hvort ekki sé rétt að fara að velta fyrir sér að eyða einhverjum fjármunum til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi í stað þess sífellt að bæta í Atvinnuleysistryggingasjóð til að greiða atvinnuleysisbætur þeim sem misst hafa vinnuna. Og gleymum ekki því að við erum að fjalla um fjáraukalög þar sem er mikil þensla og mikil sveifla á efnahagslífinu. Samt sem áður er atvinnuleysi að aukast og við hljótum að þurfa að velta því fyrir okkur hvort við séum á réttri braut hvað varðar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, hvort við þurfum ekki að reyna að leggja líka áherslu á að eyða fjármunum til þess að reyna að koma í veg fyrir atvinnuleysi í stað þess eingöngu að bæta það.

Þá er komið að Fæðingarorlofssjóðnum. Í fjáraukalögunum sem lögð voru hér fram fyrir 30 virkum dögum síðan var ekki gert ráð fyrir að bæta neinu í þann sjóð eða að engar breytingar yrðu á Fæðingarorlofssjóði. Nú örfáum vikum seinna leggur stjórnarmeirihlutinn til að leggja 880 milljónir í sjóðinn til að hann geti staðið við skuldbindingar sínar.

Talað er um að endurskoðuð áætlun hafi leitt í ljós að meðaltalsgreiðslurnar séu hærri en áætlað var og fjöldi þeirra sem fá greitt úr sjóðnum sé meiri. Þannig hækka meðalgreiðslur um 20% á milli ára og er það talið stafa að mestum hluta vegna þess að karlmönnum sem taka greiðslur úr sjóðnum hefur fjölgað mikið frá því sem áður var. Þetta staðfestir enn og aftur launamun kynjanna og gefur okkur til kynna að þar þurfi að taka til hendinni. En hvernig er hægt að áætla þetta svona svakalega vitlaust? 880 millj. kr. birtast allt í einu núna í tillögum meiri hlutans sem lagðar eru fram 30 virkum dögum eftir að fjáraukalagafrumvarpið var fyrst lagt fram á Alþingi. Þá virtist enginn vita að bæta þyrfti við eða gera nokkuð varðandi Fæðingarorlofssjóðinn. Ég held að við sjáum hér enn og aftur dæmi um áætlunargerð sem þarf að bæta og með einhverju móti að ná betur utan um en nú er gert.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti er að mestu leyti um tilfærslur að ræða í sjúkra- og lífeyristryggingum. Við sjáum þó þar hefðbundna hækkun lyfja eða lyfjakostnaðar upp á 285 millj. kr., lægri upphæð en oft áður en aug-

ljóst samt að yfirvöld þurfa að vera á vaktinni og bremsunni hvað varðar útgjöld til lyfjamála. Þetta virðist vera málaflokkur sem sífellt kemur upp í fjáraukalögum og sífellt þarf að bæta í.

Annað hefðbundið dæmi í fjáraukalögum er Landspítali – háskólasjúkrahús. Þar er bætt í 675 millj. kr., eins og ég hef sagt áður, of seint, of lítið og veldur þeim vandræðum sem þurfa að stýra og þurfa með að fara. Það vekur sérstaka athygli mína, kannski vegna þess að ég er áhugamaður um Heilbrigðisstofnun Suðurnesja búandi á Suðurnesjum, að þar er gert ráð fyrir 20 millj. kr. fjárveitingu til að auka rekstur á D-álmu á annarri hæð sjúkrahússins. Mér er kunnugt um að þeir sem stýra sjúkrahúsinu telja að þarna þurfi að greiða á þessu ári 60 millj. kr. en ekki 20 og að ekki sé verið að standa við undirskrift heilbrigðisráðherra varðandi það með hvaða hætti D-álma við Sjúkrahús Suðurnesja verði tekin í notkun og ekki heldur verið að standa við undirskrift heilbrigðisráðherra varðandi byggingarframkvæmdir við þriðju hæð þessarar sömu álmu.

Frú forseti. Í raun er stórundarlegt að verða vitni að því aftur og aftur að ráðherrar fagmála telja sig geta skrifað undir falleg plögg um framtíðarstefnu, falleg plögg um uppbyggingu, falleg plögg um rekstur, en svo er ekkert að marka undirskriftina þegar kallað er eftir því að fjármunir fylgi. Það er í raun vanvirðing við þá sem taka við svona plöggum að hæstv. ráðherrar leyfi sér að ganga fram með þessum hætti.

Hér hefur að mestu leyti verið stiklað á stóru. Það vakti athygli mína við yfirferð á frumvarpinu og eins á breytingartillögunum að nú er gert ráð fyrir því að afskrifa þurfi skattkröfur upp á 5 milljarða kr. Í fjáraukalagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að við þyrftum að afskrifa skattkröfur upp á 4 milljarða. Nú hafa bæst við 1.000 milljónir. Hér er aðallega um að ræða áætlanir skattstjóra á einstaklinga og fyrirtæki sem ekki hafa skilað skýrslum á réttum tíma hvort sem eru virðisaukaskattsskýrslur eða skattskýrslur. Hér er verið að setja inn í bókhald ríkisins áætlaðar tölur sem eru langt um fram það sem raunveruleikinn ber í sér. Það er verið að setja inn tölur með álagi. Það er verið að setja inn tölur með dráttarvöxtum. Það er verið að reikna dráttarvexti á eitthvað sem ekki er til. Þetta kemur inn í reikninga ríkisins og við erum að sjá stórar tölur á hverju einasta ári þar sem leggja verður til að áður áætlaðar tekjur verði lækkaðar vegna þess að þessar áætlanir hafa verið allt of háar um skattkröfur. Fyrst þetta gerist á hverju einasta ári og með þessum hætti og í þessum mæli þá hljóta menn að þurfa að skoða hvort skattstjórar þurfi ekki að breyta að einhverju leyti vinnubrögðum sínum þarna þannig að við séum ekki að fá væntingar um það inn í ríkisreikningana að til séu einhverjar útistandandi kröfur sem enginn fótur er fyrir. Það hlýtur að vera hægt að vanda þessa vinnu betur en þarna kemur fram.

Eitt var það sem ég gleymdi varðandi heilbrigðisráðuneytið. Það voru hjúkrunarheimilin, öldrunar- og endurhæfingarstofnanir. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að bæta í þetta almennt 60 millj. kr. Nú eru uppi tillögur frá meiri hluta fjárlaganefndar um að bæta 30 milljónum í. Eftir að hafa eytt heilli viku, kjördæmavikunni, í að fara á milli sveitarfélaga og ræða þar við sveitarstjórnarmenn sem oft og tíðum eru ábyrgir fyrir rekstri þessara stofnana og verða vitni að þeim mikla vanda sem er í þeirra rekstri þá lýsi ég undrun minni á að þessi fjárhæð sé ekki hærri í fjáraukalögum og tillögum meiri hlutans til breytinga því öllum er ljóst sem þetta skoða að þarna er vandinn miklu meiri en þessi og þetta er raunverulegur vandi. Þetta er ekki tilbúinn vandi. Um allt land eiga hjúkrunarheimili í miklum erfiðleikum með rekstur, hjúkrunarheimili sem fá ekki fjárveitingar í samræmi við svokallað RAI-mat þar sem sjúklingar eru flokkaðir eftir hjúkrunarþyngd. Það er búið að leggja niður með mikilli og vandaðri vinnu hvað þetta RAI-mat þýðir í peningum. En þegar kemur að því að fá greitt frá ríkinu til þess að reka þessar stofnanir þá skiptir það engu máli lengur og ríkið bara leggur kollhúfur og neitar að viðurkenna að með sjúklingum sem orðnir eru hjúkrunarsjúklingar samkvæmt þessu mati verði að greiða til hjúkrunarheimilanna eins og lög og reglur gera ráð fyrir.

Ég fagna því að undir liðnum Samgönguráðuneyti sjáum við heimild til að breyta ráðstöfun á fjármagni í vegagerð miðað við samgönguáætlun 2003–2006 á þann hátt að nýta allt að 140 millj. kr. af ónotuðum fjárveitingum við Suðurstrandarveg til framkvæmda við þjóðveg 1 um Svínahraun. Þarna er verið að færa til peninga til þess að tenging Þrengslavegar við Hellisheiði verði með mislægum gatnamótum. Ég verð að segja eins og er að það hefði verið mikið slys ef þær miklu umferðaræðar hefðu verið tengdar með venjulegum stefnugreindum gatnamótum. Það hefði verið svipað og að reisa núna einbreiða brú á þjóðvegi 1, sem engum dettur í hug. Hér eru komnar lyktir í það mikla mál og lýsi ég ánægju með það.

Eitt vakti athygli mína í tillögum meiri hlutans sem nú liggja fyrir um breytingar á fjáraukalögunum og það er undir liðnum Iðnaðarráðuneyti. Þar leggur meiri hlutinn til að Byggðastofnun fái 50 millj. kr. framlag sem ætlað er til að greiða fyrir því að kalkþörungaverksmiðja geti risið í Vesturbyggð. Ekki ætla ég að draga úr mikilvægi þess að sú umrædda verksmiðja geti risið á Bíldudal en velti fyrir mér á hvaða leið meiri hlutinn er þegar farið er að gera tillögur um tiltölulega stórar upphæðir til stofnunar eins og Byggðastofnunar og eyrnamerkja um leið í hvað hún eigi að fara, hvar sú vegferð endar ef í fjáraukalögum verður hægt að úthluta styrkjum eða fjárframlögum til einstakra verkefna með þeim hætti sem þarna er verið að gera.

Að endingu vil ég segja að fjáraukalög eru alltaf nauðsynleg til þess að mæta ófyrirséðum fjárútlátum en þau eiga eingöngu að vera til þess. Þau eiga ekki að vera tékkhefti fyrir stjórnvöld til þess að tékka út fram eftir öllu ári eitthvað sem gleymdist við fjárlagagerð, eitthvað sem allir vissu að hefði átt að vera inni í fjárlögum en vegna þrjósku og kollhúfuhegðunar stjórnvalda eru ekki þar inni. Fjáraukalög á ekki að nota þannig.

Fjárlög, eins og segir í orðanna hljóðan, eru ekkert ómerkilegri en önnur lög. Fjárlög eru lög sem allir eiga að fara eftir en þau eru brotin á hverjum degi af fjölda stofnana, þau eru brotin á hverjum degi af fjölda einstaklinga og þau eru brotin nánast af flestum sem um þau ganga. Þetta hlýtur að þurfa að breytast, fjárlög þurfa að njóta sömu virðingar og önnur lög í landinu. Að því þarf fjárlaganefnd að vinna, að því þarf minni hlutinn á Alþingi að vinna og það þarf meiri hlutinn að fara að skilja.

Ég vona að umræðan á eftir eigi eftir að geta verið fjölbreytt en í svona lítilli ræðu er aðeins hægt að stikla á mjög stóru en það gefst þó kostur á því annarri umferð ef einhver stjórnarliði tekur til máls þannig að maður á möguleika á því að koma upp aftur með fleiri spurningar ef vakna.

[12:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég tek eftir því að hæstv. fjármálaráðherra er ekki lengur viðstaddur umræðuna. Eins er væri varaformaður fjárlaganefndar, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest., velkominn í salinn ef hann er hér einhvers staðar á nálægum slóðum, því ég ætlaði aðeins að víkja orði að ummælum hans í fjölmiðlum í gærkvöldi og í morgun varðandi sveitarfélög og kjarasamninga þeirra við kennara.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að bæta miklu við ítarlega framsöguræðu Jóns Bjarnasonar, talsmanns okkar í þessum málaflokki, sem gerði grein fyrir nefndaráliti 2. minni hluta fjárlaganefndar við þessi fjáraukalög. Það eru tvö eða þrjú atriði sem ég ætlaði aðeins lítillega að koma inn á, fyrst og fremst þó málefni sveitarfélaganna og þá afgreiðslu sem þau fá eða öllu heldur ekki fá í fjárlaukalagafrumvarpinu, en nefni kannski fyrst aðeins framhaldsskólana.

Það er heldur snautlegt fyrir meiri hlutann, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að þurfa í fjáraukalagafrumvarpi þegar árið er langt gengið að viðurkenna að auðvitað var allt rétt og rúmlega það sem sagt var um þá afgreiðslu sem framhaldsskólastigið fékk í fjárlögum ársins, og maður spyr sig auðvitað að því: Hvað á slíkur yfirgengilegur vandræðagangur að þýða eins og búið er að bjóða upp á t.d. í þeim málaflokki? Ekki er hægt að kenna sveitarfélögunum eða einhverjum aðilum úti í bæ um það, framhaldsskólastigið er hjá ríkinu, þar hefur ríkið allt í sínum höndum, hina faglegu þætti í menntamálaráðuneytinu og fjárveitingarnar í gegnum fjárlög ársins. Hver er útkoman á þessum málaflokki? Hún er sú, frú forseti, að skólarnir stóðu frammi fyrir því að geta ekki tekið inn nemendur, geta ekki tekið við öllum nemendum í þeim árgöngum sem voru að koma inn í skólana, geta ekki tekið við árganginum sem var að ganga upp úr grunnskólunum og upp í framhaldsskólana, geta ekki tekið við nemendum sem voru að koma aftur til náms í framhaldsskólakerfinu eftir að hafa gert hlé á námi. Menn voru í standandi vandræðum með málið og eru í raun og veru enn. Þetta blasti við, þetta sáu allir.

Hvaða metnaðarleysi er það þá að ganga engu að síður þannig frá hlutunum að það vantar augljóslega stórar fjárhæðir inn í framhaldsskólareksturinn? Því er lokað vísvitandi þannig að þar er fjárvöntun upp á fleiri hundruð milljóna króna og menn manna sig ekki einu sinni upp í að taka á því til fulls þó að settar séu inn 200 millj. kr. í þessum breytingartillögum til viðbótar 250 millj. í frumvarpinu. Þetta eru eins konar smáskammtalækningar. Viðurkennt er að þarna vanti upp undir hálfan milljarð króna eða með öðrum orðum að komið er til móts við þennan vanda framhaldsskólanna svo nemur tæpum hálfum milljarði króna og þá standa út af kannski 200 millj. Þarna er á ferðinni nákvæmlega sú tala, ef ég man rétt, sem menn voru að tala um strax í desembermánuði fyrir tæpu ári, að það vantaði fjármuni af þeirri stærðargráðu inn í framhaldsskólana til þess að þeir gætu sinnt sínu lögbundna hlutverki sómasamlega.

Nei, fjárlögunum er lokað þannig að það er ekkert komið til móts við þetta. Fjáraukalagafrumvarpið er lagt fram með 250 millj. upp í vandann og svo koma breytingartillögurnar við 2. umr. með 200 millj. þar í viðbót. Verður kannski komið í 3. umr. með einn skammtinn enn þannig að menn taki þetta í þremur skömmtum? Finnst meiri hlutanum betra að gera þetta svona, er meiri reisn yfir því? Eru þeir stoltir, formaður og varaformaður fjárlaganefndar, af þessum búskap og þessari ráðsmennsku sinni?

Hvar er hæstv. menntamálaráðherra? Er það ekki neyðarlegt fyrir, mér liggur við að segja, frú forseti, aumingja hæstv. menntamálaráðherra að standa frammi fyrir því að svona er að málinu staðið af hálfu ríkisvaldsins? Jú, þetta er auðvitað alveg dæmalaus handarbakavinna.

Verst er svo auðvitað að í framhaldsskólakerfinu er uppsafnaður vandi. Búið er að leika þennan leik lengi og margir skólanna hafa um árabil dregið skuldahala. Mín gamla góða menntastofnun, Menntaskólinn á Akureyri, var að berjast við þetta og bætti svona heldur í halann, að rúlla á undan sér 30, 45 millj. kr., þannig stóð það a.m.k. fyrir tveim, þrem, fjórum árum síðan, og gamalreyndir stjórnendur eins og Tryggvi Gíslason reittu hár sitt í reiði, því hvað á það að þýða að bjóða mönnum upp á slíkt og taka ekki á hlutum af þessu tagi?

Ég hefði gaman af að fá að heyra það frá formanni fjárlaganefndar eða fjármálaráðherra hvað þeir segja um þessa útkomu á framhaldsskólaþætti málsins og vildi kannski spyrja þá í leiðinni: Á svo að klára dæmið með 200 millj. viðbótarbreytingartillögu við 3. umr. þannig að þá verði nokkurn veginn komin sú upphæð sem allir sáu strax í fyrra að vantaði inn í framhaldsskólana til að unnt yrði að halda þar uppi skólastarfi með eðlilegum hætti og kenna vaxandi fjölda nemenda sem sem betur fer sækir inn í framhaldsskólana? Það eru enn mjög stórir árgangar að ganga upp í gegnum skólakerfið þó að því miður horfi til þess að það breytist á næstu árum, eins og sjá má t.d. í fjölda árganga á leikskólastiginu.

Í öðru lagi, frú forseti, aðeins um Atvinnuleysistryggingasjóð. Hér er lögð til, sem að sjálfsögðu er eðlilegt, nokkur breyting á fjárveitingum til sjóðsins vegna þess að menn verða að horfast í augu við veruleikann eins og hann. Og hver er veruleikinn? Jú, hann er aukið atvinnuleysi. Það er afar umhugsunarverð staðreynd. Í fyrirspurnatíma á Alþingi í gær ræddum við þetta og ég lagði fyrirspurnir fyrir hæstv. félagsmálaráðherra sem tengdust m.a. svonefndu langtímaatvinnuleysi. Þar komu fram þær staðreyndir að milli 16 og 17% af þeim sem nú eru á atvinnuleysisskrá hafa verið atvinnulausir í meira en ár. Það eru nokkur hundruð ungmenni á aldrinum 16–24 ára sem hafa verið atvinnulaus í ár eða meira. Í breytingartillögum er lögð til 250 millj. kr. viðbót við þær 948 millj. kr. sem þegar var gert ráð fyrir í frumvarpinu. Þarna eru menn að horfast í augu við að atvinnuleysispáin stendur núna upp á 0,2% hækkun og fer þá í 3,2% á ársgrundvelli að meðaltali.

Það er auðvitað grafalvarlegt og spurning hvort hæstv. ríkisstjórn hefur einhver úrræði í huga eða er með einhverri

meðvitund í þessum efnum, eða á þetta bara að leysast af sjálfu sér? Ekki hefur prógrammið sem ríkisstjórnin setti upp skilað þessu. Það væri gaman að ræða þetta pínulítið við Framsóknarflokkinn því það er nefnilega svo að þegar ný störf hafa orðið til í landinu hefur Framsóknarflokkurinn gjarnan eignað sér það.

Framsóknarflokkurinn lofaði 10 þúsund nýjum störfum á einu kjörtímabili hérna á árunum. Það mun hafa verið í kosningaloforðum flokksins 1995, passar það ekki? (Gripið fram í.) Það náðist, er hér kallað fram í af formanni fjárlaganefndar. Það náðist. Mig minnir að þeir hafi stundum sagt, framsóknarmennirnir, að þeir hafi gert betur því að þeir hafi búið til 12 þúsund ný störf, þau hafi meira að segja orðið fleiri en þeir lofuðu. En, biddu, var það svo að Framsókn byggi til öll þessi störf? Ja, þannig var það þegar þeir voru að eigna sér árangurinn. Þá var það bara eins og störfin hefðu orðið til á flokkskontórum Framsóknarflokksins í gamla Essóhúsinu við Hverfisgötu. En var það svo? Það held ég nú ekki.

En ef það er þannig að Framsóknarflokkurinn eignar sé störf sem verða til þegar vel gengur í atvinnulífinu, þá hlýtur hann líka að bera ábyrgð á því þegar ekki verða til störf og þeim fækkar, eða bætast a.m.k. ekki nóg við til þess að mæta auknum fjölda á vinnumarkaði. Atvinnuleysi er að aukast og nú ber Framsókn alla ábyrgð á því af því að nú vill svo til að Framsóknarflokkurinn er með félagsmálaráðuneytið sem vinnumarkaðsmál heyra undir, hann er með iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið sem fer með byggðamál m.a. og hann er með forsætisráðuneytið sem fer með yfirstjórn efnahagsmála. Það er því eiginlega engin leið að vísa vandanum annað eða kenna neinum öðrum um hann. Þetta er allt saman í höndum Framsóknar núna. Hvernig stendur þá á því að Framsóknarflokkurinn, sem gumar af því þegar störf verða til að þau sé öll honum að þakka, gufar upp þegar við stöndum allt í einu frammi fyrir vaxandi atvinnuleysi? Það væri fróðlegt að fá að heyra það. Á að draga það atvinnuleysi frá störfunum sem urðu til árunum 1995–1999? Hvernig er bókhaldið hjá Framsókn í þessum efnum?

Ég held að það sé því miður, frú forseti, full ástæða til að taka það til alvarlegrar umræðu á Alþingi að hér eru greinilega að verða mjög ískyggilegar breytingar á vinnumarkaði sem læðast aftan að okkur. Þær birtast okkur ekki síst í þessu vaxandi langtímaatvinnuleysi og þeirri staðreynd að þrátt fyrir þann hagvöxt sem er í gangi í landinu, sem því miður er í allt of miklum mæli drifinn áfram af eyðslu umfram efni og skuldsetningu þjóðarbúsins út á við í bullandi viðskiptahalla, slær ekkert á atvinnuleysið nema síður sé, því miður er það heldur vaxandi. Auðvitað er þarna að ýmsu að hyggja eins og því hvers eðlis það er, hvernig það er samsett og hvernig það liggur eftir landshlutum. Það er heldur meira meðal kvenna en karla og það er útbreitt meðal ófaglærðs vinnuafls. En það er umtalsvert atvinnuleysi t.d. meðal ungs fólks og það fer hratt vaxandi það hlutfall þeirra sem eru án vinnu á hverjum tíma sem flokkast undir það sem kallað er langtímaatvinnuleysi. Menn verða að horfast í augu við þetta, frú forseti, og þar á meðal og ekki síst Framsóknarflokkurinn. Ekki þýðir bara að guma af því og eigna sér hlutina þegar vel gengur en gufa svo upp og kannast ekki við hlutina þegar svo er ekki.

Ég held að ein ástæða og kannski ein helsta ástæða þess hvernig til er að takast í atvinnumálunum sé auðvitað hin blinda stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar. Það er enginn vafi á því að fórnarkostnaðurinn af þeim stórframkvæmdum hvað varðar aðstæður annars atvinnulífs, er m.a. það sem við erum að horfast í augu við. Aðstæður til nýsköpunar í almennu atvinnulífi hafa stórversnað. Gengi krónunnar er mjög sterkt, ískyggilega sterkt held ég að verði að segjast alveg eins og er, þegar menn horfast í augu við hinn mikla viðskiptahalla og afkomu t.d. útflutningsgreinanna. Er ekki dollarinn á 66 kr. í dag? Það er ekkert mjög langt síðan hann var á 110 kr. Hvernig halda menn að gangi að reka útflutningsfyrirtæki sem selur alla framleiðsluvöru sína í dollurum? Og vextirnir, jú, þeir eru á uppleið. Seðlabankinn rembist við að hækka stýrivexti til þess að reyna að halda aftur af þenslu og verðbólgu og það er auðvitað vegna þess að stórframkvæmdirnar og þenslan krefjast slíks, kalla á slíkt.

Það er því miður mjög margt sem bendir til þess að það dragi hratt núna úr fjölgun starfa í hinu almenna atvinnulífi. Það er bara veruleikinn sem menn verða að horfast í augu við. Hvað er það? Jú, það er m.a. fórnarkostnaðurinn, það eru ruðningsáhrifin af þessari atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar. Það er bara allt að koma fram. Iðnaðurinn er á hraðri leið úr landi því miður. Ég hef heyrt bara á síðustu þrem vikum eða svo af a.m.k. tveimur ef ekki þremur iðnfyrirtækjum sem eru ýmist þegar farin með starfsemi úr landi á síðustu mánuðum eða eru að undirbúa að flytja umtalsverða þætti starfsemi sinnar úr landi. Ekki verða til störf við það. Hér eru því býsna ískyggilegir hlutir á ferð, frú forseti.

Síðan ætlaði ég að tala um sveitarfélögin og vil þá gjarnan inna eftir því hvort hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar, ætlaði að heiðra okkur með nærveru sinni í þessari umræðu.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti gerði ráðstafanir um leið og hv. þm. hóf ræðu sína til að koma þeim boðum til hv. varaformanns fjárlaganefndar að hans væri óskað í þingsal. Það hefur enn ekki borið árangur að koma boðum til hv. varaformanns fjárlaganefndar en menn gera sér enn vonir um að til hans náist.)

Já, en nú háttar svo til, frú forseti, að mér er kunnugt um að hádegisverðarhlé ætti að vera á þessum tíma og ég er meira en tilbúinn til þess að gera hlé á ræðu minni og byrja aftur klukkan hálftvö ef það mætti verða til þess að hv. varaformaður fjárlaganendar væri þá mættur til umræðunnar. Ég ætlaði mér að taka kannski milli fimm og tíu mínútur í þennan kafla um sveitarfélögin en ég veit ekki hvort hyggilegt er að hafa það verklag á, annars er það í höndum forseta að sjálfsögðu.

(**Forseti** (JBjart)**:** Ég held að það sé rétt eins og á stendur og að ekki hefur hafst upp á hv. varaformanni fjárlaganefndar að gert sé hlé á þingfundinum og hann hefjist aftur kl. 13:30.)

[Fundarhlé. — 13:06]

[13:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þar var komið sögu að ég ætlaði að víkja að fjármálum sveitarfélaganna og þeirri afgreiðslu sem mál þeirra fá í þessu fjáraukalagafrumvarpi. Það gleður mig jafnframt alveg sérstaklega að hér er kominn til umræðunnar hv. varaformaður fjárlaganefndar, 9. þm. Norðvest., Einar Oddur Kristjánsson. Hann tjáði sig nokkuð um þessi efni, eða skyld efni, í fjölmiðlum svo að ég heyrði í gærkvöldi og aftur var eftir honum haft í útvarpi í morgun. Það tengdist þeim kjarasamningum sem sveitarfélög hafa núna gert drög að við grunnskólakennara, og hafa náttúrlega mjög verið til umræðu öll þau mál eins og kunnugt er.

Fjárhagsvandi eða erfiðleikar sveitarfélaganna margra upp til hópa eru vel kunnir og ætti ekki að þurfa að fjölyrða um þá hér. Þær staðreyndir tala einfaldlega sínu máli hvað sem hver segir og hvað sem mönnum um þær finnst, sveitarfélögin í landinu hafa verið rekin með halla, samfellt í um 15 ár, kannski að einu ári frátöldu eða svo þegar þau náðu nokkurn veginn að loka reikningum sínum á núlli.

Nú stefnir í talsverð útgjöld hjá sveitarfélögunum vegna kjarasamninga við starfsmenn þeirra. Fjölmennasti hópurinn, grunnskólakennarar, hefur verið að reyna að sækja sér kjarabætur þó að enginn nema reynslan geti svarað því hvort úr því verða umtalsverðar kjarabætur. Því ráða verðlagsforsendur og annað á komandi árum ef svo heldur sem horfir. Það er a.m.k. ljóst að sveitarfélögin, burt séð frá þessu, þurfa m.a. að getað borgað starfsmönnum sínum kaup þannig að sveitarfélögin geti ráðið hæft fólk til hinna mikilvægu starfa sem þar eiga í hlut.

Það er einfaldlega veruleiki sem sveitarfélögin sem vinnuveitendur verða að horfast í augu við rétt eins og ríkisvaldið hefur orðið að horfast í augu við það á undanförnum árum og hefur þurft að gera átak í að bæta kjör ýmissa hópa sem hjá því hafa starfað, t.d. heilbrigðisstétta, af þeirri ósköp einföldu ástæðu að þessari starfsemi verður ekkert haldið úti, þjónustan ekki veitt og allra síst með mannsæmandi hætti og þannig að sómi sé að nema að menn geti greitt laun og búið þannig að þessu starfsfólki að það sé ánægt í störfum sínum.

Staða sveitarfélaganna til þess að gera þetta er hins vegar erfið. Laun eru mjög hár hluti heildarrekstrarkostnaðar sveitarfélaganna, ég veit ekki hvort það eru kannski ein 70% eða upp undir það. Þar af leiðandi er fátt til ráða í þeim efnum annað en einfaldlega að hafa tekjur til að mæta þeim útgjöldum sem launaliðnum nemur.

Ég heyrði hv. þm. Einar Odd Kristjánsson óskapast yfir því að þarna væru á ferðinni svo miklar kauphækkanir eða mikil útgjaldaaukning hjá sveitarfélögunum að þau mundu þurfa að skera niður á móti þessu. Er það ekki í grófum dráttum rétt eftir haft? Hv. þm. getur þá leiðrétt mig hér á eftir. Það var ekki á hv. þingmanni að heyra að honum litist vel á að aðrir hópar sem starfa hjá sveitarfélögunum fengju svipaða úrlausn mála sinna á næstu mánuðum. Þvert á móti skildi ég hv. þingmann þannig að markmiðið væri að berja það allt saman sem mest niður.

Nú er staða sveitarfélaganna þannig fyrir að þau eru rekin með milljarðahalla, þau safna skuldum. Þau ráða ekki við verkefni sín eins og þau eru í dag. Þetta hefur blasað við undanfarin ár. Það er vissulega rétt sem alltaf er bent á í þessu sambandi að staða þeirra er misjöfn. Það eru til sveitarfélög sem fullnýta ekki tekjur sínar og ráða sjálfsagt ágætlega við u.þ.b. umfang þeirrar þjónustu og þeirrar starfsemi sem þau hafa með höndum, en þeim fer fækkandi.

Þegar svo er komið að upp undir helmingur sveitarfélaganna í landinu er tekinn til sérstakrar skoðunar árlega af eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaganna og þriðjungi þeirra er skrifað og þau krafin sérstakra skýringa á því hvernig þau ætli að leysa mál sín ætti það að duga til þess að menn horfist í augu við vandann, viðurkenni að hann sé til. Það er ekki nóg að skjóta bara sendiboðann og halda að þar með sé málið leyst.

Mér finnst menn stundum nálgast þessi mál þannig, eins og það sé bara nóg að lemja niður þessa menn sem eru með eitthvert leiðindaröfl um að það sé vandi hjá sveitarfélögunum og þar með sé málið leyst. Sjálfstæðisflokkurinn talar þannig, að uppistöðu til. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er duglegur málsvari hans í þessum efnum.

Hvers vegna skyldi þetta vera? Er það af því að sjálfstæðismenn séu svo blindir á tölur, er það vegna þess að þeir séu svo dómgreindarlausir almennt? Að þeir átti sig ekki á þessum vanda einir manna í landinu? Ég held ekki. Í þeirra röðum eru menn ágætlega glöggir á tölur og vanir í sveitarstjórnarmálum. Ég held að þetta sé pólitík. Ég held að það sé bara alveg markviss pólitík hjá Sjálfstæðisflokknum að sverta sveitarfélögin, halda þeim í þannig kreppu að þau neyðist út í ráðstafanir sem Sjálfstæðisflokkurinn gjarnan vill láta þau fara í. Hvað er það? Jú, svo sem að einkavæða þjónustuna og leita leiða einkafjármögnunar í framkvæmdum, selja eignir, einkavæða þjónustustarfsemi sem á þeirra vegum hefur verið og færa hana yfir á herðar einkaaðila.

Það verður auðvitað að horfast í augu við það að Sjálfstæðisflokknum með meðreiðarsveinum sínum undanfarin ár, hvort sem það eru kratar eða framsóknarmenn, hefur gengið ágætlega í þessum efnum. Í þrengingum sínum hrekjast sveitarfélögin út í ýmsar ráðstafanir sem ég fullyrði að þau mundu í fæstum tilvikum vilja ella. Mjög oft eru menn að velja leiðir eða lausnir sem fleyta þeim kannski áfram til skamms tíma en þýða svo þegar frá líður að staðan verður verri en ella. Mjög margar af þessum einkafjármögnunarleiðum þýða það, það er vitað, það er borðleggjandi reikningsdæmi að kannski að 7–10 árum liðnum sé dæmið þegar orðið neikvætt fyrir sveitarfélögin. Þegar upp verður staðið, eftir kannski 25 ára samning sem ekki er óalgengt að gerður sé um svona hluti, er kostnaður sveitarfélaganna orðinn verulega meiri. Þetta sýna innlendar kannanir og þetta sýna t.d. ítarlegar rannsóknir annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta vita menn.

Af rausn sinni ætlar meiri hluti fjárlaganefndar að leggja til að til þeirra sveitarfélaga sem eru í alveg sérstökum vanda og þrengingum um þessar mundir verði hægt að ráðstafa 400 millj. kr. viðbótarfjárveitingu í gegnum jöfnunarsjóð. Forsvarsmenn sveitarfélaganna — t.d. formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og oddviti sjálfstæðismanna hér í Reykjavík hefur talað fyrir því, bæði opinberlega og víðar, að það sé alveg svartasta lágmark að í þetta komi 700 milljónir, jafnvel 1 milljarður kr., vegna vandans á yfir-

standandi ári. Erum við þá ekkert byrjuð að ræða það sem fram undan er og tengist nýgerðum samningi við grunnskólakennara verði hann samþykktur. Hann var bara að tala um þann hengjandi vanda sem er hjá stórum hluta sveitarfélaganna hjá eftirlitsnefndinni á yfirstandandi ári.

Hv. þm. Jón Bjarnason leggur hér til að a.m.k. þessar 700 millj. verði þó settar í þetta sem hafa verið neðri mörkin á því sem forsvarsmenn sveitarfélaganna hafa talið lágmark. Ef eitthvað er má svo sem gagnrýna það að hafa þessa breytingartillögu ekki frekar rausnarlegri en hitt og hafa í henni hærri mörkin. Örugglega veitti ekki af eins og 1 milljarði þarna til að ganga til verst stöddu sveitarfélaganna, þótt ekki væri nema upp í þennan upp undir 3 milljarða halla sem fyrirsjáanlegur er á rekstri þeirra á þessu ári.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég er dálítið hissa á meiri hlutanum, og það er ekki í fyrsta skipti. Ég velti því t.d. fyrir mér með framsóknarmenn sem eiga félagsmálaráðherrann sem fór mikinn og ætlaði að gera stóra hluti í sambandi við sameiningu sveitarfélaga og færa þeim ný verkefni og hvaðeina, láta kjósa um þetta allt saman hér í apríl á næsta ári, svo situr náttúrlega allt rígfast í sambandi við tekjumálin — er þetta innlegg í það mál? Er þetta innlegg til að smyrja hjólin og koma á jákvæðum samskiptum við sveitarfélögin, þessi afgreiðsla á fjárhagsvanda þeirra hér í þessu fjáraukalagafrumvarpi?

Nei, ég held að það hefði verið frekar í áttina ef menn hefðu tekið mjög myndarlega á óskum sveitarfélaganna um stuðning vegna erfiðleikanna á yfirstandandi ári og gert það dæmi að verulegu leyti upp. Þá á ég ekki bara við jöfnunarsjóðinn þótt hann sé auðvitað stærstur í þessu.

Ég vek t.d. athygli á öðru hér í breytingartillögu meiri hlutans, sem er stórathyglisvert, rausnarskapnum í sambandi við liðinn Eyðing refa og minka. Hér er lögð til breyting á fjárveitingum til umhverfisráðuneytisins, það á að setja heilar 9,8 millj. kr., það er nú ekkert annað, í fjárveitingu til að endurgreiða sveitarfélögunum kostnað við refa- og minkaveiðar. Er það uppgjör vegna ársins 2002. Það er vegna þess að þá var endurgreiðsluhlutfallið fast, það skyldi vera 50%. Það á sem sagt að horfast í augu við að það á ekki að svíkja sveitarfélögin um þetta sem út af stendur vegna ársins 2002. Enn kemur ekki króna í þetta vegna 2003 eða yfirstandandi árs. Nú liggur það alveg fyrir að fjárveitingarnar í fjárlögum hafa engan veginn dugað til þess að halda óbreyttu kostnaðarhlutfalli ríkisins í þessum lið. Hann vegur svo sem ekkert óskaplega þungt á landsvísu, en þetta er tilfinnanlegur útgjaldaliður hjá mörgum af fámennustu og fátækustu sveitahreppum landsins. Þá er þetta tillaga hv. meiri hluta fjárlaganefndar.

Þetta er náttúrlega stórkostlega jákvætt innlegg í samskipti ríkis og sveitarfélaga, er það ekki? Boðar þetta ekki gott upp á framhaldið? Það er von að spurt sé. Eru þeir ekki kampakátir, landsbyggðarþingmennirnir og fóstbræðurnir, formaður og varaformaður fjárlaganefndar, að geta lagt þetta til? Eru þeir ekki montnir af þessum 9,8 millj. sem þeir ætla af rausnarskap sínum að setja í að klára uppgjörið vegna ársins 2002? Jú, ég ætla að þeir séu stoltir af þessu.

Þannig er það auðvitað að það hallar á sveitarfélögin í hverjum samskiptaþættinum á fætur öðrum af þessu tagi. Við þekkjum söguna um húsaleigubæturnar þar sem hið sama er upp á teningnum, ríkið býr þannig um þessi samskiptaform að það eru alltaf sveitarfélögin sem skulu taka það á sig sem út af stendur. Ef útgjöldin aukast, ef verkefnin vaxa skal það vera hausverkur sveitarfélaganna, hvort sem þau hafa tekjur til þess að mæta þeim eða ekki. Þær hafa þau auðvitað ekki.

Ef það hefði nú verið komið til móts við þau klögumál sveitarfélaganna, yfirstandandi og frá undanförnum árum, sem þau telja hvað tilfinnanlegust vegna þessara samskipta hefði það þó verið litur til viðbótar þessari hungurlús sem á að fara inn í jöfnunarsjóðinn. Það er ekkert slíkt að finna. Ég sé ekki stafkrók hér um húsaleigubætur. Það á ekki að setja eina krónu í þær. Það er ekki á nokkurn hátt komið til móts við sveitarfélögin vegna t.d. tekjutaps sem skattbreytingar ríkisstjórnarinnar, algjörlega utan valdsviðs sveitarstjórna, hafa bakað þeim, metið upp á milljarð til 1.200 millj. á ári sem sveitarfélögin verða af tekjum vegna skattbreytinga á undanförnum árum. Þá er afgreiðslan sem sagt sú að setja heilar 400 millj. kr. í jöfnunarsjóð.

Hvað segja þeir um þetta, hv. þingmenn, formaður og varaformaður fjárlaganefndar? Hver eru rök þeirra í málinu? Eru þeir tilbúnir til að fara aðeins yfir þetta fyrir okkur? Er hægt að fara fram á það hérna að þeir fari aðeins yfir þessi samskipti ríkisins og sveitarfélaganna og hvernig þeir telja að þetta sé allt saman að þróast? Vill hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fara aðeins betur yfir þetta? Hverjar eru hugmyndir hans þá um niðurskurð hjá sveitarfélögunum á móti þessum útgjöldum? (**EOK:** Ég er á mælendaskrá) Hv. þm. veit væntanlega að þetta ... já, ég er að reyna að undirbúa ræðuna með hv. þingmanni, fara yfir það með honum hvað hann þarf helst að koma inn á. (Gripið fram í.) Nei, því ræður hv. þm., en ég vil gjarnan hafa áhrif á það hvað hann fjallar um. Mér leikur mikill hugur á að heyra rök hv. þingmanns fyrir því (**EOK:** Þakka þér fyrir.) að traktera sveitarfélögin með þessum hætti og niðurskurðarhnífinn sem hann vill láta blika við loft þegar kemur að þeim og verkefnum þeirra.

Ég hef ekki orðið var við auðugan garð að gresja hjá sveitarfélögunum í landinu hvað varðar liði þar sem þau gætu sparað verulega fjármuni. Hvar á að taka þá þegar langstærsti einstaki útgjaldaliður þeirra er launakostnaður? Er starfsfólk sveitarfélaganna svona ofhaldið að hægt sé að taka af því? Eru fjárfestingar hjá sveitarfélögunum svo miklar um þessar mundir að þau séu almennt í færum til að draga verulega úr þeim? Nei, öðru nær. Þau skipta tugum, sveitarfélögin sem geta ekki ráðist í neinar nýfjárfestingar og eru ekki að því núna ár eftir ár, verða að fresta brýnustu gatnagerðarframkvæmdum og geta ekki einu sinni haldið við eignum sínum. Þetta er svona. Ég veit að hv. þm. hlýtur að vita þetta. Afkoma sveitarfélaganna í kjördæmi hans, hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, er örugglega misjöfn og mjög víða slök. Að breyttu breytanda er hið dæmigerða sveitarfélag sem á í mestum erfiðleikum miðlungsstórt þéttbýlissveitarfélag á landsbyggðinni. Ég hygg að ekki sé um það deilt að þau, mörg hver, eigi í almestum erfiðleikum. Á þau standa miklar þjónustukröfur. Þau hafa mátt horfast í augu við tekjutap, mörg hver, og eru í afar miklum erfiðleikum með að ná rekstri sínum saman.

Ég held að það sé full ástæða til þess, frú forseti, að við

fáum aðeins að heyra frá stjórnarliðum hvernig þeir horfa á þetta, hvað ræður þeirri niðurstöðu sem hér er lögð til af hálfu meiri hlutans hvað varðar samskiptin við sveitarfélögin. Við skulum fá þá umræðu núna, a.m.k. áður en þing fer heim í jólaleyfi, því mér býður svo í grun að margir sveitarstjórnarmenn og íbúar sveitarfélaganna, landsmenn, hafi fullan hug á því að heyra hvað í vændum er í þessum efnum. Eigi menn að taka það trúanlegt á annað borð og taka eitthvert minnsta mark á því að alvara sé að baki áformum ríkisstjórnarinnar um sameiningarkosninguna í aprílmánuði nk. og eigi að verða einhver niðurstaða í þeim efnum sem eitthvað komi út úr verða að fást skýr svör.

Það væri líka fróðlegt að vita hvort einhverjar fréttir eru af þessu endurskoðunarstarfi hvað varðar tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Menn hafa metið það svo að það væru allra síðustu forvöð að þeir hlutir litu dagsins ljós í þessum mánuði, það væri tilgangslaust að halda þessu áfram nema þar sæi til lands og menn vissu að hverju þeir gengju í þeim efnum. Ég sé ekki að afgreiðslan á málefnum sveitarfélaganna í þessu fjáraukalagafrumvarpi bendi til þess að þar sé einhver breyting í vændum, nema síður sé. Það er ekki annað að sjá en að Sjálfstæðisflokkurinn sé heldur að forherðast í þeirri stefnu sinni að halda sveitarfélögunum áfram í algerri þvingu, algerri afkomukreppu og hrekja þau þá væntanlega lengra áfram út á þann ís að verða að selja eignir sínar og lifa frá ári til árs með einhverjum slíkum aðferðum.

Það var þetta, frú forseti, sem ég vildi sérstaklega gera hér að umtalsefni. Mér þykir vænt um að formaður og varaformaður fjárlaganefndar hafa heiðrað okkur hér með viðveru sinni þannig að við fáum kannski að heyra eitthvað frá þeim um þessi efni.

[13:53]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Manni hlýnar alltaf um hjartaræturnar þegar maður fréttir af því að manns sé saknað. En þannig var í hádegishléinu, milli tólf og eitt, að ég fór að beiðni formanns þingflokks Sjálfstæðisflokksins yfir í hús hér rétt hjá sem heitir Iðnó þar sem SÍBS stóð fyrir umræðu um verðmyndun á lyfjum. (**SJS:** Gott, skínandi gott.) Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon má vera alveg viss um að ég hafi verið við skyldustörf og hvergi nokkurs staðar að svíkjast um frá vinnu minni. Það er sjálfsagt að verða við þeirri beiðni hans að ræða stöðu sveitarfélaga, sérstaklega í ljósi þess sem gerðist í gær og á ábyggilega eftir að hafa veruleg áhrif á gang mála á Íslandi næstu vikur, mánuði og missiri.

Að mínum dómi liggur alveg fyrir að það hefur verið höfuðgæfa þessa lands í einn og hálfan áratug að Alþýðusamband Íslands og Starfsgreinasamband Íslands hafa haft um það forustu að stjórna hér launaþróun og tekið í launasamningum sínum fullkomlega tillit til samkeppnishæfni Íslands og hvernig við getum fótað okkur, hvernig við getum staðið okkur, vegna þess að tilvera okkar í þessu litla landi byggist á því að geta framleitt vörur og selt til að kaupa aðrar vörur. Um árabil, áratugabil, trúðu því mjög margir að það væri náttúrulögmál að á Íslandi væri stöðug óstjórn efnahagsmála, hér á landi væri alltaf allt logandi í verðbólgu, hér stæðum við föst meðan aðrar þjóðir sæktu fram á farsælan hátt. Í mínum huga er enginn vafi að það er einmitt hin ábyrga stefna launþegasamtakanna sem hefur gert okkur kleift að hafa hér eitt mesta framfaratímabil í sögu þessa lands. Við höfum notið þess að hér var stöðugleiki í efnahagsmálum, hér ríkti það umhverfi að íslensk fyrirtæki hafa getað þróast, tekist á við þau verkefni sem bíða þeirra í framtíðinni, tekist á við önnur fyrirtæki alls staðar í heiminum og keppt með glæsilegum árangri. Hér hefur orðið algjör viðsnúningur á síðustu 15 árum samfara því að stjórnmálaöflin í landinu hafa borið gæfu til þess að umsnúa því, taka þetta þjóðfélag frá þeirri stefnu sem áður var þegar öllu var hér handstýrt. Hér var handstýrt þjóðfélag en nú er það orðið þjóðfélag þar sem markaðurinn ræður, þar sem markaðurinn sér um það að verðmyndunin sé frjáls þannig að jafnvægi ríki. Það var náttúrulögmál hér áður fyrr að á nokkurra missira fresti, á nokkurra mánaða fresti, fór þjóðfélagið með efnahagsstjórninni út í móa. Það þótti bara ekki tiltökumál og margir trúðu því að svona yrði þetta að vera.

Frá þessu hefur nú verið horfið, eins og ég hef sagt áður, virðulegi forseti. Síðustu samningar Alþýðusambands Íslands og Starfsgreinasambandsins gerðu ráð fyrir því, alveg eins og fyrri samningar, að því aðeins gætu menn krafist þess af launþegum þessa lands, þeim sem vinna í framleiðslunni, vinna í þjónustunni og í versluninni, að þeir tækju ábyrga stefnu í launamálum ef opinberir starfsmenn, starfsmenn ríkisins, gerðu slíkt hið sama. Það er grundvallaratriði. Engum leyfist undan að líta. Að sjálfsögðu verður sú krafa gerð og hefur alltaf verið gerð að starfsmenn hins opinbera gætu ekki annað en tekið sömu stefnu.

Það þýðir ekkert fyrir forustumenn einstakra hópa, faghópa, sérmenntaðra hópa, sem vinna hjá hinu opinbera, að segja við alþjóð: Nei, við erum eyland. Hvað kemur okkur við efnahagslíf? Nei, efnahagslíf kemur okkur ekkert við. Við ætlum að semja á okkar eigin forsendum. Hvaða forsendur eru það, virðulegi forseti? Jú, við ætlum að semja þannig að allt okkar fólk, eins og þeir segja, sé ánægt. Já, þannig skal samið.

Því spyr ég, virðulegi forseti, og krefst þess að allir þeir sem hafa manndóm til svari því þá opinberlega: Hverjir eru það meðal íslenskra launþega sem ekki eiga þá að hækka eins? Eru það íslenskir verkamenn? Eru það íslenskir iðnaðarmenn? Eru það íslenskir verslunarmenn? (**Gripið fram í:** Þingmenn.) Eru það öryrkjar sem taka laun samkvæmt launaþróuninni eða ellilífeyrisþegar? Hverjir eru þetta, virðulegi forseti?

Menn geta ekki komið opinberlega fram, stjórnmálamenn og forustumenn stjórnmálaflokka. Þeir geta ekki borið blak af þeim skelfilegu mistökum sem íslensk sveitarfélög stóðu fyrir í gær öðruvísi en að svara þessu.

Það var hörmulegt að íslensk sveitarfélög skyldu rata í þessa ógæfu. Það lá fyrir, eins og ég hef áður sagt, virðulegi forseti, að því aðeins gætum við krafist þess að fólkið sem stendur að framleiðslunni í þjóðfélaginu tæki ábyrga afstöðu til launamála ef starfsmenn ríkisins gerðu það líka. Svo bera menn blak af þessum skelfilegu mistökum.

Það skiptir ekki meginmáli hvort þeir samningar sem undirritaðir voru í gær eru 5, 6, 7, 8 eða 9% hærri en samningar Alþýðusambands Íslands. Þeir eru stílbrot sem auð-

veldlega gætu fært þetta þjóðfélag á bólakaf, gætu eyðilagt á einni nóttu þann kaupmáttarauka sem tekist hefur að búa hér til í einn og hálfan áratug, gert launafólk á Íslandi fátækt og komið því í öngþveiti.

Það leikur enginn vafi á því, virðulegi forseti, að engir launahópar hins opinbera, BSRB og BHMR, sem eru með lausa samninga — BSRB er með alla samninga, ég held að ég fari með það rétt, lausa núna 1. desember — hafa enn þá sett fram kröfur. Hvorki hefur heyrst hósti né stuna. Það hefði mátt heyra saumnál detta. Þeir hafa algjörlega þagað meðan verkfall og verkdeilur grunnskólakennara hafa staðið.

Ég fullyrði að um leið og gengið hefur verið frá kjarasamningum grunnskólakennara mun hver einasti starfshópur ríkisins reisa kröfur sínar og þeir munu allir reisa þær kröfur á þeim samningi sem var gerður við grunnskólakennara. Hver einn og einasti.

Svo koma menn, svo koma virðulegir þingmenn og bera blak af þessum skelfilegu mistökum.

Launasumman í þessu landi er einhvers staðar í kringum 500–550 milljarðar. Reikni svo hver sem vill. 30%. 40%. Einu sinni þegar vitleysan var í algleymingi í þessu þjóðfélagi, fyrir nokkrum áratugum, var sögð sú saga af þeim ágæta hagfræðingi, Benjamín J. Eiríkssyni heitnum, að þegar honum barst til eyrna að samið hefði verið um 37% kauphækkun sagði hann: Af hverju ekki 73%? Ef vitleysan er algjör skiptir svo sem ekki máli hver talan er. (Gripið fram í.) Hækka laun um 150 milljarða? 200 milljarða?

Ég minnist kvæðis sem mig minnir að sé eftir Þórarin Eldjárn. Þar eru þessi vísuorð, virðulegi forseti:

Mamma, einn dans enn
og hann kemur senn
og nýjustu dansarnir duna
í diskótekinu í Hruna.

Ætli það verði ekki eitthvað svoleiðis. Hvað halda menn að láti undan? Veikasti hlekkurinn lætur alltaf undan. Hann slitnar. (Gripið fram í.) Auðvitað er veikasti hlekkurinn gengi íslensku krónunnar, auðvitað er það langveikasti hlekkurinn sem allt byggist á. (**SJS:** Er það grunnskólakennurunum að kenna?) (Gripið fram í.) Auðvitað er það veikasti hlekkurinn. Svo skulum við sjá eftir 30, 40, 50, 60, 70, 80% verðbólgu, tölu sem menn þekktu hér áður. Það verður glæsileg kaupmáttaraukning þegar búið verður að setja hvert heimili í landinu í ösku. Og þetta voga menn sér að verja. (**KolH:** En .....?)

Ríkisstjórn Íslands, virðulegi forseti, á engra annarra kosta völ í þessu en að reyna að taka upp varnir. (**Gripið fram í:** ... skatta.) Taka upp varnir. (**Gripið fram í:** Lækka skatta.) Auðvitað á hún engra annarra kosta völ en að taka upp varnir og lýsa því yfir að hin skelfilegu mistök sveitarstjórnanna í gær skuli aldrei yfir hana ganga. Við skulum átta okkur á því að þessir samningar sveitarstjórnanna við starfsfólk sitt í grunnskólunum voru samningar við ¼ starfsmanna sveitarfélaganna. Þær eiga eftir að semja við ¾ í viðbót. Þá kemur aftur spurningin: Hver á ekki að hækka?

Menn voru að gera því skóna hér, einhverjir bjartsýnismenn og fallega hugsandi, að Íslendingar mundu unna grunnskólakennurum þess að þeir gætu hækkað sérstaklega og aðrir mundu ekki gera slíka kröfu.

Ég gæti vel ímyndað mér að ef samstaða væri um það á Íslandi að hækka grunnskólakennara og að Íslendingar ætluðu ekki, ekki einn einasti, að gera sams konar kröfur gæti það leitt til mikillar farsældar fyrir þetta samfélag. Ég gæti alveg trúað því að það væri skynsamlegt og vel gert hjá hinni íslensku þjóð að hækka grunnskólakennara umfram aðra. En allan þann tíma sem kjaradeilan stóð hefur enginn einasti Íslendingur, ekkert einasta stéttarfélag, enginn lýst því yfir að þeir mundu ekki gera slíkt hið sama. Auðvitað gera allir þá kröfu af því að enginn er tilbúinn til þess að ein stétt fái þessa kauphækkun, ekki önnur. Þetta vita allir, virðulegi forseti. Það veit hver einasti maður.

Svo halda virðulegir þingmenn því fram að það sé nú bara hið minnsta mál, það eigi bara að rétta sveitarfélögunum aukna skatta og þá séum við búin að leysa þetta, búin að leysa þetta allt. Aukna skatta. Hverjir eiga svo að borga þá skatta? (**Gripið fram í:** Þú.) Ætli það sé ekki þessi sama þjóð sem á að borga þá? Draumurinn um að geta halað sig upp á hárinu er ekki bundinn við barón von Munchhausen, fleiri hefur dreymt um að geta leikið það eftir.

Hið hörmulega í þessu, virðulegi forseti, er að þetta er að gerast á þeim tíma þegar þau válegu tíðindi berast okkur að hinar endurskoðuðu töflur um lífaldur Íslendinga sem segja okkur að allar forsendur lífeyrissjóðanna eins og við höfum verið að reikna þær í 30 ár eru rangar. Íslendingar lifa núna manna lengst. Þær forsendur sem við höfum gefið okkur í kjarasamningum gagnvart innborgunum í lífeyrissjóðina hafa verið rangar.

Hvernig kemur það svo út, virðulegi forseti? Jú, það kemur þannig út að hinir frjálsu lífeyrissjóðir, lífeyrissjóður verkafólksins, lífeyrissjóður fólksins sem vinnur að framleiðslunni, versluninni og þjónustunni, eiga ekkert fram undan annað en skerðingar, skerðingar á lífeyri, eftirlaunum, örorkulífeyri o.s.frv.

Þetta er sá veruleiki sem við stöndum frammi fyrir. Á meðan lífeyrissjóður opinberra starfsmanna er með allt sitt á þurru koma menn og verja þau skelfilegu mistök að ætla enn og aftur að hækka laun opinberra starfsmanna meira en laun Alþýðusambands Íslands. Á sama tíma. Þetta er skelfilegt, virðulegi forseti, skelfileg ógæfa að til séu svo ábyrgðarlausir þingmenn.

Sveitarfélögin í landinu hafa engin efni á því að borga slíkar kauphækkanir. Það er af og frá, og allra síst sveitarfélögin úti á landi sem sannarlega eiga við erfiðleika að stríða vegna fækkandi fólks, lækkandi tekna í sjávarútvegi o.s.frv. Mörg sveitarfélög á Reykjavíkursvæðinu standa mun betur að vígi.

Þegar búið verður að hækka launin hjá öllum starfsmönnunum, hvað á þá að gera? Fá meiri skatta frá ríkinu? Menn gleyma grundvallarsannindum, og það er alveg sama, virðulegi forseti, hversu góðir menn og gegnir við Íslendingar erum eða aðrar lýðfrjálsar þjóðir, það hefur alltaf legið fyrir að eyðslustig hins opinbera, bæði hér á landi og alls staðar í Vestur-Evrópu, í lýðfrjálsum löndum, er skattstigið. Alltaf.

Halda menn að það hafi einhvers staðar gerst á byggðu bóli að einhverjir nýir skattar séu bara frystir inni í einhverjum seðlabanka og geymdir þar? Engin einasta saga er til um það í Vestur-Evrópu. Skattstigið er eyðslustigið.

Ríkisstjórnin á engra annarra kosta völ en að setja upp allar sínar varnir og standa þannig að málum að starfsmönnum ríkisins sé gerð fullkomlega grein fyrir því. Það er af og frá að hægt sé að semja við þá um eina einustu krónu umfram það sem Alþýðusamband Íslands hefur samið um.

Hvað haldið þið að verði í landi þar sem misskipting í lífeyrissjóðunum er svo gríðarleg sem raun ber vitni, á sama tíma og við skerðum lífeyrisgreiðslurnar, skerðum bæturnar til hins almenna verkamanns? Að þegar ríkisstarfsmennirnir hafi allt sitt á þurru geti menn leikið þann leik að hækka laun þeirra umfram þá sem vinna í framleiðslunni? Hvaða maður, virðulegur forseti, er svo vitskertur að trúa þessu? Ég trúi því ekki að nokkur maður (**Gripið fram í:** Ég trúi því.) sé svo fjarri lagi, algjörlega laus við allan veruleika.

Ríkisstarfsmenn verða að átta sig á því hverjir eru að borga tugmilljarða og aftur tugmilljarða inn í lífeyrissjóði þeirra. Það eru skattborgarar þessa lands, sama fólkið og á að þola skerðingu á kjörum sínum. (**SJS:** Eru opinberir starfsmenn ekki skattgreiðendur eins og aðrir?) Mismunurinn á milli þeirra og kjara hinna sem vinna á hinum almenna vinnumarkaði verður óþolandi. Það þýðir ekkert fyrir ríkisstarfsmenn að horfast ekki í augu við það að þjóðin mun ekkert líða þetta. Hún mun krefjast þess að ríkisstarfsmenn hafi ekkert öðruvísi lífeyrissjóð en aðrir menn. Það kemur að því ef svo á að halda sem horfir. Þetta er sú hætta sem menn skulu gera sér grein fyrir. Þetta getur sprengt okkar góða þjóðfélag heinlega í loft upp.

Þetta er óveðursskýið sem hrannast upp, hið svarta óveðursský. Enn þá er farsæld í þessu landi. Enn þá stendur ríkissjóður þessa lands vel, betur en flestir aðrir í Evrópu. Enn þá er hér kyrrð og ró en það gæti breyst.

Það er mikil ábyrgð, virðulegi forseti, að vera í stjórnarandstöðu. Þeir verða krafnir ábyrgðar og þeir verða að svara íslensku þjóðinni. Ef þeir eru ekki menn til að gera það opinberlega þá gagnvart samvisku sinni aftur og aftur: Hvaða launþegar á Íslandi eiga ekki að hækka? Hverjir eru það?

Menn verða að temja sér ábyrgð gagnvart launum. Laun eru um 70% af þáttatekjunum í þjóðfélaginu. Svo halda menn að þeir geti farið með þetta af einhverri léttúð, þetta sé bara spurning um að vera huggulegur, bara spurningin um að segja: Jú, við ætlum af gæsku okkar að hækka launin svo að þau séu mannsæmandi, eins og það heitir. Ha. Svo það sé mannsæmandi og sómi að. Eigum við ekki að hækka verkafólkið svo það sé mannsæmandi, sé sómi að því? Það er örlæti, þetta. Blessuð, förum öll og hækkum okkur um 100%. Yrðu ekki allir hamingjusamir? Yrði ekki stórkostleg gleði?

Við lékum þessa leiki í 40 ár, virðulegur forseti, og allir vissu að öll þjóðin tapaði og mest þeir sem voru fátækastir. Alltaf fóru lægstlaunuðu stéttirnar verst út úr því. Því meiri sem verðbólgan var þeim mun verr fór láglaunafólkið út úr því. Þess vegna höfðu verkalýðsfélögin forustu um að stoppa þessa vitleysu. Nú láta menn eins og enginn kunni neitt, eins og enginn muni neitt og þess vegna megi taka einn dans enn. Það er ekki hægt. Það verður að berjast og það verður að stoppa þetta. Sveitarfélögin verða að sitja uppi með sinn hörmungarsamning og þau eiga enga aðra leið út úr honum en að skera niður opinbera þjónustu. Það er borin von að ríkið geti undir nokkrum kringumstæðum komið þeim til hjálpar. Það er hörmulegt að þurfa að segja þetta en svona er þetta. Það er engin leið út úr vanda þeirra. Engin, nema menn ætlist til þess að ríkið bara gefist upp, ríkisstjórnin bara segi: Við gefumst upp og allt fari hér til helvítis.

Nei, það verður ekki gert, virðulegi forseti, það skal barist. Þær varnir skulu settar upp og það skal verða gerð grein fyrir því að það er ekki ábyrgðarlaus lýður við stjórnvöl á Íslandi, heldur fólk sem gerir sér fullkomlega grein fyrir ábyrgð sinni og ætlar sér að standa við það sem við höfum alltaf sagt að okkur bæri að gera, standa við hliðina á framleiðslunni, atvinnuvegunum, standa við hliðina á þeim sem vinna í framleiðslunni og þetta þjóðfélag byggist á.

[14:18]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Bjargvætturinn hefur talað og víst á íslensk þjóð hv. þingmanni nokkuð að gjalda fyrir þátt hans í því að koma hér á stöðugleika fyrr á tímum. En sjálfum sér verður hver sárreiðastur. Auðvitað er það bjargvætturinn sem ekki hefur staðið vaktina, því sveitarfélögin hafa ekki forustu um launamyndun opinberra starfsmanna. Það hefur hæstv. fjármálaráðherra Geir H. Haarde haft, m.a. með frægum samningum við lækna, við hjúkrunarfræðinga og ekki síst við framhaldsskólakennara. Sveitarfélögin hafa ekki gert annað en fylgja eftir launastefnu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og áttu enga aðra leið en að mæta sanngjörnum kröfum grunnskólakennara í því ljósi. Eina leiðin til lausnar vandanum var að mæta þeim kröfum, en ekki að svelta sveitarfélögin.

Ég held að íslensk þjóð geti unnt grunnskólakennurum þess að fá á nokkrum árum 5% hækkun umfram aðra, vegna þess hvernig staða þeirra í samanburði stéttanna var orðin. Sá 750 millj. kr. kostnaðarauki sem það veldur mun ekki ógna stöðugleikanum hér. Það er þetta fjárlagafrumvarp og fyrirætlanir um tuttugu og eitthvað milljarða skattalækkanir, hundrað milljarða útgjaldabólgnun og markleysi fjárlaga ár eftir ár og lítið aðhald hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar í ríkisfjármálunum sem sætir vaxandi gagnrýni úti í atvinnulífinu. Það þýðir ekki að skammast út í sveitarfélögin eða gera þau ábyrg fyrir þessu öllu saman.

[14:20]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Ef það er rangt hjá mér sem kjararannsóknarnefnd gefur út, að kaup starfsmanna sveitarfélaga hafi hækkað meira en ríkisins, þá er það athyglisvert, en þetta sýna tölurnar. Samt er engin ástæða, virðulegi forseti, til að vera að rífast um það. Hvað vill hv. þm. þá gera? Hann mun segja að einhver annar en sveitarfélögin beri ábyrgðina, að ríkið beri ábyrgðina. Allt í lagi, ég ætla ekki að fara í neina prætubók við hann um það. Mér finnst fróðlegt að vita hvað hann vill gera í stöðunni. Eru einhverjir sem ekki eiga að hækka að hans dómi? Það verður fróðlegt að heyra það, einkar fróðlegt.

Ef það reynist rétt sem virðulegur þingmaður heldur fram, að þjóðin sé sátt við að grunnskólakennarar hækki

meira en allir aðrir, þá eru það hin bestu tíðindi. Þá kemur það fram í kjaraviðræðunum sem eru fram undan, í kröfum frá BSRB og BHMR. Það eru þá góð tíðindi að vita að þeir ætla ekki að gera sömu kröfur og grunnskólakennarar. En ég er ansi hræddur um, virðulegi forseti, að óskhyggjan ráði töluverðu um málflutning hv. þm. Helga Hjörvar.

[14:21]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Allir þeir sem hafa verið vakandi hin síðari ár vita að grunnskólakennarar á Íslandi hafa ekki hækkað umfram aðrar stéttir, þvert á móti, enda er hér um sjálfsagða leiðréttingu að ræða. Þegar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson spyr hverjir eiga þá ekki að fá meira, er rétt að vekja athygli hans á því að útgjöld okkar til menntamála eru minni en í nágrannalöndunum, í samanburðarlöndunum, m.a. vegna þess að við höfum ekki gert nægilega vel við þessar stéttir. Það er fásinna að sá 750 millj. kr. kostnaður sem kann að felast árlega í umframhækkunum til kennara ógni stöðugleikanum, það eru þeir nærri 300 milljarðar sem hér eru, þar sem útgjaldaaukningin til utanríkismála ein sér er einn milljarður milli ára, sem er meiri en hækkunin til allra kennara á Íslandi umfram almenna launaþróun. Það sem ógnar stöðugleikanum er aðhaldsleysi í ríkisfjármálum, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, og t.d. sá hroki hv. þingmanns að koma hér og moka hundruðum milljóna í aukin lífeyrisréttindi þingmanna og ráðherra með annarri hendinni, en berja í pontuna yfir ábyrgðarleysi og óráðsíu lífeyrisskuldbindinga ríkisins með hinni hendinni.

(**Forseti** (JBjart): Forseti minnir hv. þingmenn á að aðgæta ræðutímann.)

[14:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef þessar kauphækkanir eru bara 700 milljónir, þá horfir þetta allt miklu betur en menn héldu. En þá væri fróðlegt að vita hvernig stendur á því að Reykjavíkurborg þarf að hækka skatta, ég held þeir geti hætt við það ef þetta er svona. (**GHall:** Dugar ekki til.) Það er hið furðulegasta mál, virðulegi forseti, ef menn vilja ekki horfast í augu við þessa hluti, vilja sjá þá allt öðruvísi, tala út og suður en þora ekki að horfast í augu við hvað hefur gerst. Ísland er með fjórðu hæstu framlögin til menntamála samkvæmt opinberum tölum OECD og það verður ekki hrakið. Þetta eru þær staðreyndir sem við erum að tala um. Hér er mikil vá fyrir dyrum.

[14:24]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni fyrir afar áhugaverða ræðu. Mig langar til að spyrja hann spurninga, af því hann vék að því að í gær hefðu náðst samningar milli sveitarfélaganna og grunnskólakennara um kauphækkanir. Þetta eru samningaviðræður sem hafa staðið á milli þessara tveggja aðila, annars vegar kennara og hins vegar sveitarfélaga, um kjör kennarastéttarinnar.

Það vill hins vegar þannig til, og það gleymist alltaf í umræðunum um þessi mál, að samningarnir sem hafa verið gerðir hafa áhrif á þriðja aðila, sem er ríkið.

Samningarnir sem voru gerðir í gær hafa áhrif á lífeyrisskuldbindingar ríkisins. Ríkið er ekki spurt að því hvort það samþykki þær hækkanir sem sveitarfélögin tóku á sig í gær. Ég tek undir það með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, telji sveitarfélögin sig vera í stakk búin fjárhagslega til þess að standa við þennan samning og greiða kennurum þessi laun, þá gott og vel, þá gera þau það. En þau skulu ekki komast upp með að koma skríðandi til ríkisvaldsins og biðja um frekari fjármuni vegna þeirra samninga sem þeir hafa gert. (**HHj:** Sagðirðu skríðandi?) Sveitarfélögin já. (**HHj:** Sagðirðu skríðandi?) Já. (**ÖS:** Hvað sagði menntamálaráðherra í síðustu ræðu sinni um þessi mál?) Það veit ég ekkert um, hv. þingmaður.

Það þýðir ekkert fyrir forsvarsmenn sveitarfélaganna að koma hingað og biðja ríkið að taka upp budduna ef þeir telja sig hafa farið fram úr sjálfum sér í þessum samningum.

En að lífeyrisskuldbindingunum aftur. Mig langar til þess að varpa þeirri spurningu fram til hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, sem hefur frætt okkur um það, fyrst í gær, hvað þessi samningur gengur út á fyrir sveitarfélögin. Mig langar til að spyrja hann: Hvað þýðir þessi samningur í auknum skuldbindingum, lífeyrisskuldbindingum, fyrir ríkissjóð?

[14:26]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi tala er að sjálfsögðu ekki nákvæmlega þekkt, en þeir sem gleggst þekkja telja að hún sé kringum 10 þús. millj. — tíu milljarðar króna í nýjar skuldbindingar ríkisins.

Það er hins vegar rétt, virðulegi forseti, að taka það fram að mér er kunnugt um að margir sveitarstjórnarmenn lögðu sig alla fram þennan tíma um að vera ábyrgir. Og þeir börðust fyrir því mánuðum saman að sveitarstjórnirnar tækju ábyrga stöðu í þessu máli. Því miður urðu þeir undir í þeim átökum. Það er hið hörmulega, sérstaklega hörmulegt af því ég veit það að margir þeirra sem höfðu forustu um að reyna að vera ábyrgir, voru einmitt forustumenn sveitarfélaga úti á landi þar sem sveitarfélögin standa hvað höllust að vígi. Þeir urðu bara undir. Það verður að segja þessa sögu eins og hún er. Þetta er mikil sorgarsaga.

En 10 þús. milljónir, eitthvað þar í kringum, það er hið rétta svar.

[14:28]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar til þess að þakka hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni fyrir upplýsingarnar, sem ég taldi nauðsynlegt að fá fram í þessari umræðu, vegna þess að það er aldrei vikið að því að þessir samningar sem sveitarfélögin eru að gera við stéttir sínar snúa líka að ríkinu og fela í sér skuldbindingar fyrir það. Og 10 milljarðar kr. í auknar lífeyrisskuldbindingar fyrir ríkissjóð vegna þessa samnings eru töluverðir fjármunir. Menn skulu ekki halda því fram að ég sé að segja að kennarar séu of góðir af sínum launum, ég er ekki að segja það. (**Gripið fram í:** Þú varst að segja það.) Ég er hins vegar ... ég var ekkert að segja það. En það er nauðsynlegt að hér komi fram að þessi samningur kostar ríkissjóð 10 milljarða. Það er líka mikilvægt að fram komi að þeir sveitarstjórnarmenn sem gerðu þessa samninga,

margir þeirra ábyrgir, alveg rétt, gerðu þá fyrir hönd sinna sveitarfélaga (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) og þeir munu standa og falla með sinni pólitík.

[14:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að fara í gegnum það að ég hef aldrei vitað um nokkurn launþega sem þarf ekki á kauphækkun að halda. Ég veit um ekki um neinn launþega sem hefur nógu hátt kaup. Það er eðlileg krafa hvers manns að krefjast hærra kaups. Það þarf enginn að hneykslast á því. En þegar menn vinna hjá ríkinu þá geta þeir ekki gert kröfur umfram það sem þeir sem vinna hjá framleiðslunni gera. Það er sú ábyrgð sem verður að krefja menn um, nákvæmlega sama hvað þeir heita eða hvar þeir eiga heima.

[14:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja eins og er að mér blöskrar málflutningur hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Það væri fróðlegt að spyrja, vegna þess að flokksbróðir hans, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, kemur svo oft og mælir upp í þingmanninum, hvort hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson tali hér í umboði Sjálfstæðisflokksins eða jafnvel ríkisstjórnarinnar allrar. Er hér verið að gefa út línuna?

Hv. þingmaður bætir gráu ofan á svart og nú skulu grunnskólakennarar landsins vera allsherjarsökudólgar og blórabögglar. Það skal vera þeim að kenna ef allt fer úr böndum í efnahagsmálunum og ábyrgðin þá að hinu leytinu hjá sveitarfélögunum, vegna þess hve heimskulega þau hafa samið við kennarana.

Það er talað eins og ríkisstjórnin beri enga ábyrgð vegna efnahagsstefnu sinnar eða vegna kjarasamninga sem hún hefur sjálf gert, en grunnskólakennarar bera samninga sína eðlilega saman við þá, ekki síst kjarasamninga framhaldsskólakennara. Er ekki 6% verðbólga í dag og fer hækkandi? Er ekki verið að semja í því umhverfi? Er hv. þingmaður hissa þó að grunnskólakennarar vilji a.m.k. reyna að tryggja að kaup þeirra lækki ekki á næstu mánuðum? Um hvað er hv. þingmaður að tala? Hvernig í ósköpunum á að ætlast til þess að þessi stétt ljúki gerð kjarasamninga til fjögurra ára öðruvísi en að þar séu einhverjar launahækkanir innibyggðar, þannig að a.m.k. séu sæmilegar líkur á að koma út á núlli? Hv. þingmaður talar eins og að frá og með morgundeginum verði núll prósent verðbólga á Íslandi næstu fjögur árin. Mér finnst bjargvættinum vera farið að skjöplast eitthvað í útreikningunum. (Gripið fram í.) Og er verið að fara fram á að sveitarfélögin felli samninginn? Er það línan sem ríkisstjórnin er að gefa hérna út, eða er jafnvel verið að hóta lögum ef samningurinn verður samþykktur?

[14:32]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei þurft að taka það fram í ræðum mínum að auðvitað tala ég sem þingmaðurinn Einar Oddur Kristjánsson. (**JBjarn:** Og var komið ...) Það hefur alltaf legið fyrir. Ef menn eru svo sárir yfir eða hneykslaðir á málflutningi mínum, að það sé voðalegt að segja að einhver beri ábyrgð, allt í lagi. Allt í lagi, virðulegi forseti. Ef einhver annar ber ábyrgð, er það eitthvað betra? Erum við þá eitthvað hamingjusamari? Er hættan þá eitthvað minni? Allt í lagi. Við skulum segja að ríkið beri líka einhverja ábyrgð. Ég er ekki frá því að það sé rétt. Erum við þá eitthvað betur settir? Er hættan þá minni? Ég tala hér fyrir því að okkar góða samfélag geti verið í lífshættu. Ég fullyrði að þau góðu kjör, sá góði árangur sem hefur náðst í efnahagsmálum geti verið í mjög mikilli hættu. Ég trúi þessu, því ég veit að það er rétt.

Mér er það ekkert kappsmál, virðulegi forseti, að segja að einhver beri ábyrgð. Ef það er eitthvað léttara fyrir menn að segja að ríkið beri ábyrgð með sveitarstjórnunum, þá er það allt í lagi. En ég fullyrði hins vegar að hættan, hin efnahagslega hætta sem við stöndum frammi fyrir, er nákvæmlega sú sama. Þannig að við erum engu nær.

Ég get ekkert að því gert, virðulegi forseti, þó hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sé hneykslaður á málflutningi mínum. Það vill nefnilega þannig til að það er alveg gagnkvæmt. Ég er nefnilega mjög hneykslaður á málflutningi hans.

[14:34]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst hv. þingmaður vera að reyna að ná sér aðeins niður, hann útilokaði ekki að einhverjir fleiri en grunnskólakennarar gætu hugsanlega borið einhverja ábyrgð á ástandinu. Það er framför. Hv. þingmaður svaraði því litlu hvernig grunnskólakennarar ættu að semja til fjögurra ára í 6% verðbólgu, með þær þensluhorfur fram undan sem þjóðhagsspá og margt fleira bendir til að verði, án þess að reyna að taka tillit til þess í einhverjum kauphækkunum í þrepum á komandi árum. Hvernig vill hv. þingmaður ganga frá kjarasamningum við þessar aðstæður? Sú 6% verðbólga sem við stöndum frammi fyrir núna er ekki grunnskólakennurum að kenna, ekki bjuggu þeir hana til. Þeir hafa ekki fengið kauphækkanir að undanförnu, það vitum við. Þar verða aðrir að líta í eigin barm.

Það sem mér sárnaði í málflutningi hv. þingmanns, það hneykslaði mig og mér blöskraði uppleggið í ræðu hans, að gera grunnskólakennarana og kjarasamninga þeirra, og svo sveitarfélögin, að algjörum blórabögglum. (Forseti hringir.) Að allsherjarábyrgðaraðilum þess ef hlutirnir færu úr böndum í efnahagsmálum.

Ég fagna því að hv. þingmaður er byrjaður að draga í land, en hann má draga miklu (Forseti hringir.) meira í land.

[14:36]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er algjörleg misskilningur að ég hafi neitt dregið í land og það mun ég ekki gera. Ég óttast að þessir samningar geti haft þau örlagaríku áhrif sem ég var að lýsa áðan.

Það er hins vegar alveg ljóst í mínum huga hvernig opinberir starfsmenn geta samið. Þeir geta ekki samið á neinn annan hátt en samið er við fólkið í framleiðslunni, fólkið sem er í Alþýðusambandi Íslands. Það er með opnunarmöguleika ef verðbólgan fer úr böndum, þá fylgja þeir með líka. Þá er búið að tryggja það, en þeir geta aldrei samið öðruvísi og það má aldrei semja öðruvísi við þá, vegna þess

að þeir eru ekki með séraðstöðu, þeir geta ekki búið sér til sínar forsendur. Þeir verða að standa við hliðina á fólkinu sem vinnur í framleiðslunni og búa við sömu örlög og þeir.

[14:37]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Hér hafa farið fram athyglisverðar umræður. Það má segja að þær hafi að hluta til hafist með ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, eins og oft áður þegar fjárlög eða fjáraukalög hafa verið rædd. Það er hins vegar afskaplega athyglisvert þegar hv. þingmaður vísar allri ábyrgð á ákveðna stétt eða ákveðinn hóp. Hér er ábyrgðin öll, miðað við málflutning hv. þingmanns, hjá sveitarfélögunum og grunnskólakennurum. Það er eins og sagan hafi hafist með kröfugerð grunnskólakennara. Í andsvörum var hv. þingmaður að vísu farinn að bakka örlítið inn í raunveruleikann og farinn að kannast við að hugsanlega bæru einhverjir fleiri ábyrgð í þessu máli.

Frú forseti. Það sem einkenndi allan málflutning hv. þingmanns voru áhyggjur hans af ríkisstjórninni sinni, af stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Það var augljóst mál. Hv. þingmaður gekk hins vegar ekki nógu langt í hreinskilninni sem hann er þó þekktur fyrir, þ.e. að skamma sína eigin ríkisstjórn, sem hann gerði þó óbeint, vegna þess að hv. þingmaður kann alla þessa sögu mjög vel, sögu kjarasamninganna, hvenær fyrst var gefið eftir í þeirri stefnu sem hv. þingmaður vill nú að verði tekin upp. Hann þekkir vel samningana sem voru gerðir við framhaldsskólakennara, sem var eðlilega ákveðið viðmið grunnskólakennaranna, en framhaldsskólakennararnir höfðu líka viðmið. Við þekkjum kjarasamningana sem voru gerðir þar á undan, við þurfum ekki að nefna þá alla, m.a. kjarasamningana sem þurfti þrjá ráðuneytisstjóra í heilbrigðiskerfinu til að gera. Það var spírall sem fór í gang og snerist í mörg ár og það hefur verið að skila sér út, jafnt og þétt. Ef við erum að leita að ábyrgðinni þá þarf að vita hvar þetta hófst. Það er ósköp eðlilegt að þeir sem hófu leikinn verði að ljúka honum líka.

Það er auðvitað hárrétt hjá hv. þingmanni að á ákveðnu tímabili hefur verið mismunur á því hvernig launahækkanir hafa dreifst um samfélagið, það er alveg ljóst. Vandinn er hins vegar alltaf sá við hvaða tíma eigi að miða. Hvar ætlum við að byrja og hvar ætlum við að enda?

Hv. þingmaður hefur oft sagt, sem er hárrétt: Kjarasamningar eru fyrst og fremst samanburðarfræði. Það er alltaf verið að bera sig saman við einhverja og þannig er það auðvitað nú. Það er ljóst að staðan gagnvart grunnskólakennurum í deilunni við sveitarfélögin var afskaplega viðkvæm og erfið og ég hélt að flestir mundu fagna því að tekist hefði að leysa hana.

Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að það leysir enginn svona deilur með því að vísa á aðra, að aðrir eigi að borga brúsann. En enn og aftur er spurningin: Hvar ætlum við að hefja leikinn?

Það liggur ljóst fyrir og hefur verið vitnað til þess, sem margir flokksbræður hv. þingmanns úr forustusveit sveitarstjórnarmanna hafa bent á, að það er vitlaust gefið í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Þar þarf að taka til hendinni. Það þarf því ekki samninginn við grunnskólakennara til til að fara í þau mál og lagfæra samskipti þar.

Það hefur hallað á sveitarfélögin á margvíslegan hátt. Hér í umræðunni hafa verið nefnd nokkur dæmi. Það hefur verið gert á undanförnum missirum og þarf ekki að endurtaka það.

Við vitum líka að tekjuþróun sveitarfélaga og ríkisvaldsins hefur verið mismunandi, þ.e. tekjur hafa aukist mun meira hjá ríkinu en sveitarfélögunum (Gripið fram í.) mun meira ... ja, getur hv. þingmaður fundið eitthvað tímabil sem þetta passar ekki við? Þá er aftur spurningin: Hvar ætlum við að byrja og hvar ætlum við að enda í samanburðarfræðunum? En við vitum að hinar óbeinu tekjur hafa vaxið mun meira en beinar tekjur sveitarfélaganna.

Um þetta þarf ekki að deila. Þetta er reikningsdæmi sem verið er að vinna í og við skulum vona að menn komist að niðurstöðu. Auðvitað geta sveitarfélögin ekki treyst því alfarið að þau fái auknar tekjur frá ríkisvaldinu vegna grunnskólakennarasamninganna, enda held ég að ekki sé unnið þannig t.d. í tekjustofnanefndinni milli ríkis og sveitarfélaga, þar sem þessum málum er sinnt. Það skyldi þó ekki vera að hv. þingmaður væri að tala fyrir hönd einhvers arms í Sjálfstæðisflokknum, sem e.t.v. hefur engan áhuga á að auka tekjur eða styrkja sveitarfélögin, og hefur engan áhuga á því verkefni sem hæstv. félagsmálaráðherra er í fararbroddi fyrir, þ.e. að efla sveitarstjórnarstigið?

Það skyldi þó ekki vera að þetta væri hluti af þeim leik að eyðileggja það verkefni? Það er mjög auðvelt að eyðileggja það. Það verður líklega hægt að gera það á næstu vikum vegna þess að ef ekki næst viðunandi niðurstaða í tekjustofnanefndinni fyrir sveitarfélögin vegna þess sem liðið er, ekki vegna þess sem fram undan er, þá eru einfaldlega allar tillögur um eflingu sveitarstjórnarstigsins foknar út um gluggann. Þá mun ekki takast að gera neitt í þeim efnum í þessari atrennu.

Þess vegna er afar mikilvægt að þetta nái saman. Það þarf auðvitað að tryggja að sveitarfélögin séu í stakk búin til að sinna verkefnum sínum, burt séð frá þessum nýjasta samningi.

Hv. þingmaður tók þannig til orða að nú þurfi ríkisstjórnin að setja upp allar sínar varnir. Ég taldi að slíkt þyrfti ekki að segja, vegna þess að í núverandi efnahagsástandi þarf ríkisstjórnin að setja upp allar sínar varnir og átti að vera uppi með þær. Hún þarf ekki að fara að setja þær upp núna, en það er eðlilegt að hv. þingmaður taki svo til orða, vegna þess að hann veit að þeir hafa ekki verið uppi með þær.

Aðeins varðandi lífeyrissjóðsmálin. Þetta er að hluta til hárrétt hjá hv. þingmanni, það er ekki viðunandi ástand í lífeyrissjóðsmálum þjóðarinnar þegar mismunurinn er jafngífurlegur og hann er nú. Það ætti auðvitað að vera verkefni okkar allra að finna leið til að jafna þann mun. Það er eðlilegt að reynt sé að gera slíkt og það hafa verið stigin skref í þá átt. Það þyrfti að taka fleiri slík skref og væri auðvitað mannsbragur á að hér yrði t.d. kosin nefnd sem hefði það verkefni að jafna þessi kjör á einhverju tímabili, því það verður ekki gert á einni nóttu.

Hv. þingmaður spyr líka þeirrar merku spurningar og ætlast til að fá svar: Hvaða launamenn eiga ekki að hækka?

Hv. þingmaður hefur sjálfur svarað spurningunni, að faktískt er hægt að færa rök fyrir því að allir launamenn eigi að hækka. Þetta eru frjálsir samningar og það þarf að treysta samningsaðilum í gerð þeirra. Hv. þingmaður nefndi að forusta Alþýðusambands Íslands og Starfsgreinasambandsins hefðu verið í fararbroddi til að gera ábyrga samninga sem hefðu skilað auknum kaupmætti til láglaunafólksins. Undir það er eðlilegt að taka eins og kom fram hjá hv. þingmanni; þær stéttir sem mest tapa á verðbólgunni eru þær stéttir sem hafa lægstu launin. Það á því að vera sameiginlegt verkefni okkar allra að vinna gegn því að verðbólgan fari aftur af stað.

En þá kemur að því að það gengur ekki að setja stöðuna upp þannig að verðbólgan muni fara af stað vegna þeirra kjarasamninga sem gengið var frá í gær. Það liggur fyrir frá greiningardeildum ýmissa banka og frá ýmsum stofnunum sem hafa verið að kanna efnahagsmálin að verðbólgan er komin af stað, sem er hluti af þeim vanda sem menn eru í sem eru að gera kjarasamninga í dag, en það er vegna þess að menn hafa ekki viljað fara inn í það sem hv. þingmaður var að lýsa þegar samið var um að sjálfvirk hækkun yrði eftir því hvernig verðbólgan þróast. Það er því eðlilegt að menn reyni að tryggja sig í samningum.

Vandinn í þessu máli er, eins og allur málflutningur hv. þingmanns gekk út á þar sem hann skammaði sína eigin ríkisstjórn, að lausatök ríkisstjórnarinnar eru því miður upphafið að því að verðbólgan hefur farið af stað. Frá þeirri ábyrgð kemst ríkisstjórnin ekki og það er alveg sama hversu oft hv. þingmaður lemur hér í púltið og vill dreifa ábyrgðinni eitthvað annað þá endar hún alltaf þar. Það er lykilatriði að menn nái tökum á ríkisfjármálunum og til þess er nauðsynlegt að menn hagi vinnu við fjárlögin á þann hátt að hægt sé að taka mark á þeim. Það er algjört grundvallaratriði ef menn ætla að ná tökum á ríkisfjármunum að fjárlög séu þannig gerð.

Í ræðu minni í morgun fór ég yfir það og nefndi nokkur dæmi um að því miður hefðu jafnvel stjórnvöld gefið stofnunum heimild til að keyra fram úr fjárlögum. Hvers konar virðingu er verið að skapa fyrir fjárlögunum með slíku háttalagi? En það er hins vegar eðlilegt miðað við hvernig staðið er að fjárlögunum þar sem ekkert er unnið að því að menn beri virðingu fyrir þeim, vegna þess að áætlunargerðin er þannig að ekki er nokkur leið að taka fyllilega mark á þeim. Það liggja fyrir fjölmörg dæmi um að ekki er staðið að fjárlögum eins og á að gera.

Ég skal nefna bara eitt afskaplega skýrt dæmi sem blasir við í frumvarpinu til fjárlaukalaga sem er hér til umræðu. Það eru framhaldsskólarnir. Í 2. umr. um fjárlög fyrir árið 2004 var bætt inn 600 millj. kr. vegna þess sem talið var vanáætlað í fjárlagafrumvarpinu sjálfu, og síðan sagt að nú væri búið að ná þeirri stöðu sem þyrfti til að framhaldsskólarnir pössuðu inn í næsta ár.

Í fjáraukalagafrumvarpinu koma 250 millj. kr. núna, og enn er sagt að nú sé búið að ná utan um vandann. (**Utanrrh.:** Nei.) Í 2. umr., hv. þingmaður, kemur síðan tillaga um 200 milljónir til viðbótar, þannig að samanlagt er núna í þremur tilraunum búið að hækka þetta um rúmlega milljarð. Og alltaf er verið að tala um hluti sem lágu fyrir þegar fjárlögin voru samþykkt, þessar tölur lágu allar fyrir. En vegna þess að menn hafa verið með alls konar talnaleiki til að láta eitthvað passa eða — sem ég er farinn að aðhyllast hvað mest — að þetta sé sú aðferð sem ríkisvaldið notar til að reyna að sýna aðhald í ríkisrekstrinum; gera rangar áætlanir, áætla fyrir neðan raunverulegan kostnað við þá starfsemi sem fyrir liggur.

Þetta skapar auðvitað það virðingarleysi gagnvart fjárlögunum sem við erum því miður að berjast við. Við munum aldrei ná tökum á að full virðing verði borin fyrir fjárlögunum og menn umgangist þau eins og á að gera fyrr en áætlað verður á réttan hátt og undirbúningur fjárlaganna með þeim hætti að hægt sé að taka mark á þeim .

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu meira, ég vildi aðeins koma inn á þessi ákveðnu atriði vegna hinnar yfirgripsmiklu ræðu hv. þingmanns þar sem hann reyndi að gera sökudólga úr þeim sem saklausir eru.

[14:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé í framhaldi af ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar hér áðan — sem ég þakka fyrir þó að ég væri innihaldinu ákaflega ósammála og undrandi yfir því — að fara aðeins betur yfir þessi atriði, því að sú uppsetning mála sem þar kom fram stenst ekki þegar betur er að gáð.

Ég hlýt að byrja á að mótmæla hvernig hv. þingmaður reyndi í ræðu sinni — þó að ég vilji nú meina að hann hafi dregið nokkuð í land í andsvörum — að draga upp þá mynd af ástandinu að hér væri allt teppalagt og í himnalagi. Hins vegar væru þessir hroðalegu samningar grunnskólakennaranna þannig að þeir gætu sett allt á hvolf og þá bæru þeir, og þeir einir, ábyrgð á því og svo viðsemjendur þeirra.

Hv. þingmaður byrjaði í þjóðarsáttinni, eða ég skildi hann svo þegar hann talaði um að það hefði verið gæfan frá því fyrir um einum og hálfum áratug, þá hefðu menn náð ábyrgum kjarasamningum. Þar erum við sammála. Þjóðarsáttin var auðvitað mikil gæfa. Ég hygg að það hafi verið einhver best heppnaða aðgerð sem menn hafa farið í í langan tíma til að ná tökum á ástandi sem var búið að vera í ólestri um langt árabil, þ.e. að ná stöðugleika í hagstjórninni, ná niður verðbólgunni og skapa umhverfi bæði fyrir kjarasamninga og atvinnulífið sem byði upp á að menn semdu í sæmilega stöðugu umhverfi, gerðu áætlanir, fjárfestingar og annað því um líkt í þannig umhverfi.

Hvernig varð þjóðarsáttin til? Jú, hún varð til í þríhliða samstarfi: ríkisvaldsins, vinnuveitenda og Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bændasamtakanna (**EOK:** Kennarasamband Íslands.) og Kennarasambandið kom inn í það líka. Ég veit að hv. þingmaður kann þetta og ekki þarf að rifja þetta upp fyrir honum, en það er kannski ástæða til fyrir einhverja aðra.

Það er alveg hárrétt að stöðugleikinn er ómetanlegur í þessum efnum og það var mikil hátíðisstund þegar verðbólgan á Íslandi komst í fyrsta skipti niður fyrir tveggja stafa tölu haustið 1990 og við munum það örugglega mjög vel báðir, hv. þingmaður og ég.

En þegar hv. þingmaður tók að skilgreina framhaldið og sérstaklega ástandið núna þá fara leiðir að skilja, því það getur ekki verið að eingöngu launamenn og þá sérstaklega

lægri launahlutinn í samfélaginu eigi að axla alla ábyrgðina á stöðugleika í efnahagsumhverfinu. En þannig talaði hv. þingmaður. Hann skautaði yfir ærið margt sem er að verki þegar að því kemur að greina ástandið eins og það er í dag, en þar má nefna verðbólgu og það jafnvægisleysi sem við búum við.

Er það bara grunnskólakennurum að kenna að viðskiptahallinn er fleiri tugir milljarða? Ætli stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar eigi ekki nokkurn þátt í því að verðbólgan hefur farið upp, gæti það ekki verið? Eru ekki að koma fram nákvæmlega þau ruðningsáhrif í atvinnulífinu og efnahagskerfinu sem var varað við af fjölmörgum hagfræðingum?

Hvernig er með bankana, bera þeir enga ábyrgð? Eru grunnskólakennarar ábyrgir fyrir að bankarnir hafa mokað hundruðum milljarða af erlendu lánsfé inn í hagkerfið undanfarin missiri? Bættu við 300 milljörðum í fyrra, upplýsti þáverandi forsætisráðherra Davíð Oddsson. Og hvað eru þeir að gera í dag? Eru þeir ekki að bjóða 100% húsnæðislán sem eru auðvitað engin húsnæðislán heldur lán sem geta farið í að fjármagna hvaða eyðslu sem er svo fremi sem á bak við sé veð í húsnæði, og reyndar fylgja með í kaupunum skuldbindingar um viðskipti við bankana.

Og hvað um ríkið, hvað um Geir H. Haarde fjármálaráðherra, ber hann enga ábyrgð? Hver samdi við framhaldsskólakennara? Voru það grunnskólakennarar? Nei, ekki veit ég til þess. Það var fjármálaráðherra, flokksbróðir hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, sem samdi við þá hópa háskólamenntaðra starfsmanna sem grunnskólakennararnir miða sig við núna. Er þetta ekki staðreynd? Jú. Er þá sanngjarnt að tala með þeim hætti sem hv. þingmaður gerði hér áðan?

Ég ætla ekkert að draga í efa að áhyggjur hv. þingmanns séu ekta né að hann meini allt sem hann sagði, þó að mér fyndist sú mynd að vísu allt of dökkum dráttum dregin því ég hef ekki trú á að slíkt óskaplegt fár sé þar á ferðinni að það gefi tilefni til nánast heimsendaspádóma af því tagi sem hv. þingmaður var með, að menn muni algjörlega missa öll tök á hlutunum ef þetta gengur eftir.

Hvað með skatta- og efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar? Eru það grunnskólakennarar sem lofa hér upp í ermina á sér, lofuðu þeir næstum 30 milljarða skattalækkunum fyrir síðustu kosningar? Nei, er ekki rétt munað að það hafi verið Sjálfstæðisflokkurinn? Ætli það sem ríkisstjórnin er að gera núna sé gott innlegg í stöðuna eins og hún er í dag og samrýmist vel t.d. glímu Seðlabankans við að reyna að halda aftur af verðlagi? Nei, auðvitað ekki, það er í 100% mótsögn við það sem Seðlabankinn er að baksa, að reyna að halda aftur af verðlagsþróuninni með hækkun stýrivaxta, og jafnvel að reyna að halda í við styrkingu krónunnar með því að kaupa gjaldeyri. En þannig er staðan, eins og raun ber vitni.

Auðvitað er það þannig, frú forseti, að það þýðir ekki bara að einblína á hina almennu kjarasamninga þegar við erum að ræða um hlutaskiptin í þjóðfélaginu, eða hvað? Er ekki hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sammála því að þegar menn horfa upp á t.d. launakjör toppanna í samfélaginu, eða á 30–40 milljarða króna hagnað bankanna, eða þegar menn horfa upp á fjármagnsgróðann eða á ríkisstjórn sem ætlar að lækka sérstaklega skattana hjá hátekjufólki, að þá reyni menn að rétta sinn hlut og beita samtakamætti sínum til að ná sínum skerf af verðmætunum sem eru til skipta í þjóðfélaginu?

Hér á ferð eru einfaldlega átökin um hlutaskiptin í hagkerfinu, þetta heitir pólitík og í þessu er ekkert nýtt, eða á ekki að svo vera fyrir hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. Það er ekki hægt að hengja þetta á þá stétt sem hefur í augnablikinu staðið í því að reyna að bæta kjör sín. Menn hafa samningsrétt og verkfallsrétt hér í landinu — og ég geri ekki ráð fyrir að hv. þingmaður sé að tala fyrir því að sá réttur, eða að honum verði beitt, verði tekinn af mönnum.

Þetta er þannig að ef frá eru dregin þau útgjöld sem tengjast breyttri vinnuskyldu kennara og annað í þeim dúr, tekið mið af því að um fjögurra ára samning er að ræða sem er þannig upp byggður, svo gróft sé farið yfir þetta tímans vegna, að hækkanirnar nú eru í raun og veru sambærilegar við, eða nokkurn veginn í takt við verðlagsþróunina eins og hún er síðustu mánuði og fyrirsjáanleg á allra næstu mánuðum, þá eru þessar prósentuhækkanir í lok samningstímans komnar niður í hvað (**Gripið fram í:** 2,25...) 2,25 fyrir árið. Eru það þau lífandi ósköp sem eru að setja allt úr skorðum?

Ég mótmæli því algerlega að stiginn eins og hann er í þessum kjarasamingum sé einhver ógæfa í þessu samhengi. Er það skrýtið að menn skuli vera að semja um 5 eða 6% kauphækkanir í 6% verðbólgu? Eru það einhver ósköp? Bíddu, um hvað eiga menn að semja? (**Gripið fram í:** Það eru ekki Íslendingar.) Um mínus eitthvað? Grunnskólakennarar sem eru að gera kjarasamning núna, hv. þingmaður, eru að semja til næstu fjögurra ára eða inn á það spor þróuðust viðræðurnar. Þeir eru að semja langt út yfir þann tíma sem í gildi er hjá aðilum á hinum almenna vinnumarkaði.

Frú forseti. Ég held að það standist ekki skoðun þegar betur er að gáð, að ætla að stilla dæminu þannig upp að öll ábyrgðin af því að hér haldist stöðugleiki í verðlagi á næstu árum liggi á herðum þeirra sem stóðu nákvæmlega núna í kjaraviðræðum og reyndu að ganga frá samningum. Þeir bjuggu sér ekki til það umhverfi sem þeir semja í. Það er veruleikinn, hvort sem mönnum líkar betur eða verr og sjálfsagt líkar hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni miklu verr, vegna þess að ábyrgðin af ástandinu í dag er auðvitað fyrst og fremst hjá einum aðila, ríkisstjórninni. Það er stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar. Það er skattastefna ríkisstjórnarinnar. Það er ríkið sem viðsemjandi og aðilar eins og fjármálageirinn sem þurfa ekki síður að axla ábyrgðina af ástandinu eins og það er í augnablikinu.

Auðvitað veit ég að það má ekki stugga við hinni heilögu kú, stóriðjustefnunni, en er það ekki nákvæmlega það sem við stöndum frammi fyrir, sem þeir fáu hagfræðingar sem höfðu burði til þess að setja fram sjónarmið á sjálfstæðum forsendum vöruðu við og sögðu: Jú, fletta má upp mörgum blaðagreinum þar sem nákvæmlega var varað við því að herkostnaðurinn af stefnunni yrði m.a. þessi. Ruðningsáhrifin í hinu almenna atvinnulífi sem við ræddum fyrr í dag í samhengi við vaxandi atvinnuleysi og þau vandamál sem hlytu að koma upp í hagstjórninni þessu samfara.

Það er enginn bilbugur á mönnum gagnvart því, þeir halda bara áfram og gefa meira í. Menn halda fagnaðarsamkomur yfir því að semja um enn þá meiri fjárfestingar á næstu missirum í stóriðjugeirann. En það er ekki við grunnskólakennara að sakast þar. Mér finnst alveg ákaflega ómaklegt og óviðeigandi að nudda því salti í sárin að kenna þeim um með þeim hætti sem hv. þm. gerði, eða er ekki hægt að horfast í augu við það og viðurkenna að kennarar eru stórkostlega lemstraðir og í sárum eftir þessa löngu og harðvítugu deilu.

Það er líka athyglisvert, frú forseti, að velta því fyrir sér hvort vonskan í hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni sé í og með svona mikil vegna þess að með samningnum sem undirritaður var í gærkveldi komust menn undan gerðardómslögunum. Menn eru kannski í og með vonsviknir og reiðir vegna þess að þeir bundu vonir við að þeir gætu með lögunum þvingað þetta til baka í það far sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talar fyrir, launalögregluhugsunina.

Ég sakna þess að menn séu jafnaðhaldssamir þegar launakjör toppanna eiga í hlut. Ég sakna þess að menn tali til bankakerfisins þegar það leikur lausum hala með þeim hætti sem það hefur gert undanfarin missiri í íslensku hagkerfi. Hvar voru varnaðarorðin þá? Ætli það eigi ekki líka sinn þátt í því hvernig komið er? Það var a.m.k. annað að heyra í hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra þegar hann messaði yfir mönnum á ársfundi Samtaka atvinnulífsins fyrir ári og reyndar við fleiri tækifæri. Greinilegt var þó að hæstv. utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, gerði sér grein fyrir að það gat verið mikið í húfi vegna þess hvernig hlutirnir voru að þróast í hagkerfinu.

Ég verð að vona að það sé rétt, og hef svo sem enga ástæðu til að vefengja það, að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi verið að tala fyrir sjálfan sig og engan annan og hann sé ekki sendiboði eða einhver undanfari sem ríkisstjórnin eða Sjálfstæðisflokkurinn hafi ákveðið að senda fram, reka fram sverðið í ástandið eins og það er.

Ég trúi ekki að menn séu að safna liði til þess að reyna að fá sveitarfélögin til að fella kjarasamninginn, en það var erfitt að komast hjá því að láta sér detta það í hug þegar maður hlýddi á hv. þm. áðan og eins á þær hamfarir sem hann fór í fjölmiðlum þegar hann tjáði sig um atburðina í gærkvöldi og í morgun.

Hvernig ætla menn að leysa hlutina öðruvísi en að reyna að ná einhverri sanngjarnri sátt við stéttirnar í þjóðfélaginu sem sinna þessum mikilvægu störfum? Hvernig ætlum við að manna undirstöðu velferðarþjónustu í landinu öðruvísi en að það takist að hafa starfsfólkið sem það vinnur sæmilega sátt við hlutskipti sitt? Hvernig ætlum við að útskýra fyrir fólki, hvort sem það eru verkamenn, iðnaðarmenn eða kennarar á Íslandi þar sem þjóðartekjur á mann eru fjórðu til sjöttu hæstu í heimi, að samt þurfi kaup að vera 20%–40% lægra en annars staðar á Norðurlöndunum? Ef tímakaupið er mælt er það bara þannig. Þetta veit hv. þm. og þess vegna vinna menn hér að meðaltali u.þ.b. einum mánuði lengri vinnutíma á ári hverju, 48–49 stundir og fer heldur upp á við hjá fjölmörgum starfsstéttum. Það er það sem er að og hefur verið lengi í hlutaskiptunum í landinu að greitt er of lítið fyrir fasta umsamda vinnu. Við erum ekkert nær því núna en fyrir löngu síðan að menn geti lifað sómasamlegu lífi af 40 stunda vinnuviku, hvað þá 36 eða 38 eins og orðin er umsamin víða í löndunum í kringum okkur. Nær væri að við reyndum að komast í þá áttina en að sitja föst í uppsetningu mála af því tagi sem hv. þm. dró upp áðan.

Frú forseti. Ég held að vandamál okkar sé ekki skortur á verðmætum í samfélaginu til að skipta með sanngjörnum hætti svo hægt sé að gera betur við hina almennu launamenn. Auðvitað gildir það um þá alla, að sjálfsögðu. Það virðist a.m.k. ekki vera þannig þegar kemur að gróða fjölmargra greina samfélagsins, þegar kemur að fjármagnsgróðanum, þegar kemur að hagnaði fjármálafyrirtækjanna og öðru slíku, að þar sé ekkert til skiptanna.

Frú forseti. Ég veit ekki hvort það þjónar tilgangi að hafa þessa messu öllu lengri í tengslum við umræðuna um fjáraukalagafrumvarp. Það var kannski minna úr skoðanaskiptum milli mín og hv. þm. en ætlunin var eða hv. þingmanna um stöðu sveitarfélaganna og þann anga málsins sem er að hluta til undir í fjáraukalagafrumvarpinu og ég hefði gjarnan viljað fá meiri skoðanaskipti um líka. Það má þess vegna bíða betri tíma. Þetta er auðvitað ekki síðasta tækifæri sem við höfum áður en þingið lýkur störfum fyrir jólaleyfi til að ræða efnahagsmál og hagstjórn og hlutaskiptin í samfélaginu.

Það er alla vega ljóst að því verður ekki ómótmælt af minni hálfu og okkar hálfu að menn reyni að draga upp mynd af því tagi sem stjórnarliðar og þá sérstaklega hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson reyndi að gera. Ég spái því að ummæli hans, þó svo hann tali ekki í umboði eða annarra nafni en sjálfs sín, munu þykja athyglisverð hvað varðar kjarasamhengið og ýmsum grunnskólakennurum muni þykja þetta kaldar kveðjur. Ég hugsa að sveitarstjórnarmenn muni líka verða hugsi þegar þeir mæta því hugarfari sem fram kom í ræðu hv. þm., sem kemur fram í breytingartillögu meiri hlutans og í því hugarfari að nú skuli sveitarfélögin vesgú skera niður því ekki fái þau krónu frá ríkinu. Nei, þau skuli bara skera niður og reka sig áfram með halla. Svo guma menn af því að ríkissjóður standi vel. Það er kannski ekki svo skrýtið þegar menn fleyta rjómann af tekjunum sem viðskiptahallinn og þenslan í þjóðfélaginu færir ríkissjóði sjálfkrafa. Þá geta menn verið miklir menn og fært verkefni til sveitarfélaganna án þess að láta tekjur fylgja.

Það fyrirkomulag er prýðilegt fyrir ríkissjóð og lækka svo skatta, vera miklir karlar og aðrir sitja uppi með hausverkinn af því að ná endum saman, semja við starfsmenn sína eins og sveitarfélögin.

Öll ábyrgðin af efnahagslegum stöðugleik í landinu, af hagstjórn og öllu heila gúmmúlaðinu, hvílir ekki á herðum þessa 4.500 manna hóps sem kennir börnunum okkar. Það er ekki þannig. Það er ekki sanngjörn eða makleg uppstilling.

[15:11]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hélt mikla dómadagsræðu áðan og hálfskondið að sjá þegar fylgihnöttur hans skaust upp í andsvar til að lofa hann og mæra og herða frekar á þeim hótunum sem hv. þm. Einar

Oddur Kristjánsson setti fram, því það var með engu móti hægt að skilja ræðu hans öðruvísi en svo að verið væri að hóta sveitarfélögunum, þau skyldu heldur betur fá að kenna til tevatnsins því sá samningur sem þau höfðu gert mundi ekki leiða til þess að það kæmi einn einasti eyrir frá ríkinu til sveitarfélaganna.

Undir þetta tók hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Hótunin sem í þessu birtist gagnvart íbúum sveitarfélaganna var sú að jafnvel þó sveitarstjórnir þyrftu að ráðast í að skera niður þjónustu sem þau voru beinlínis hvött til af hálfu hv. þm. tveggja skyldi ekki koma eyrir frá ríkinu til sveitarfélaganna. Þó blasir við, frú forseti, að enn er óskipt svo sanngjarnt sé tekjum milli ríkis og sveitarfélaga. Enn er ólokið störfum sérstakrar nefndar sem átti að véla um þau mál og enn hefur ekkert gerst utan að Sjálfstæðisflokkurinn misnotaði flokksmann sinn í forustu Sambands íslenskra sveitarfélaga, borgarfulltrúan Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, til að skrifa undir eitthvert plagg sem ríkisstjórnin gat veifað í aðdraganda samninganna sem leiddu til þessarar heiftúðugu kjaradeilu við kennara og sagt: Ja, það eru samningaviðræður í gangi.

Ég segi misnota, vegna þess að ég tel að sá ágæti maður hafi verið misnotaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og flokksvaldi hafi verið misbeitt til að búa til stöðu sem fríaði ríkisvaldið ábyrgð þegar eðlilega var verið að sækja á það af hálfu sveitarfélaganna.

Í ræðunni sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson flutti áðan voru í reynd þrír meginþættir.

Í fyrsta lagi hótunin um að sveitarfélögin skyldu ekki fá krónu til viðbótar frá ríkisvaldinu.

Í öðru lagi hótunin um að opinberir starfsmenn skyldu ekki fá neina hækkun í þeim samningum sem fram undan eru vegna þess að það mundi leiða til kollsteypu.

Í þriðja lagi fullyrðingin sem var rauður þráður í gegnum ræðu hv. þm., að samningurinn sem sveitarfélögin gerðu við grunnskólakennara yrði valdur að ástandi sem hugsanlega leiddi til kollsteypu. Hv. þm. var í reynd að nota samninginn og grunnskólakennara til að breiða yfir slóðahátt og aumingjaskap eigin ríkisstjórnar í fjármálum sem nú þegar hefur leitt til þess að þensla ríkir sem er langt umfram það sem menn væntu og það sem kalla má heilbrigt fyrir samfélagið.

Ég held að þarft sé, frú forseti, að fara aðeins yfir það með hvaða hætti sú staða hefur komið upp. Nú skal það að vísu viðurkennt að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur endrum og sinnum komið upp og haldið ræður sem hafa verið snöggtum sanngjarnari og skárri en sú ræða sem hann flutti áðan. Hv. þm. hefur oftar en ekki verið í hlutverki Jóhannesar skírara. Hann hefur verið eins og hrópandinn í eyðimörkinni, hrópað um það sem betur mætti fara hjá ríkisstjórninni, en enginn hefur hlustað á hann. Það hefur enginn lausnari fæðst til að hrinda í framkvæmd þeim boðskap sem hv. þm. hefur talað um. Hver hefur boðskapurinn verið? Aðhald í ríkisfjármálum.

Illu heilli hefur aðhald þetta aldrei sést. Það þarf ekki formann Samfylkingarinnar eða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að koma upp og benda á að ríkisstjórninni hafi ekki tekist upp sem skyldi. Það er nóg að fara til þeirra stofnana sem leika á markaði og eru háðar öðrum lögmálum heldur en við sem förum með ríkisfjármálin þurfum að hlíta.

Ég vísa til þess að greiningarstofnanir fjármálafyrirtækja á markaði sem hv. þingmaður hefur stundum glaðst yfir hafa lýst því yfir að í besta falli séu ríkisfjármálin hlutlaus varðandi þensluþróun í samfélaginu. Í versta falli telja þær haldið um ríkisfjármálin með þeim hætti að þau kynnu að hvetja til aukinnar þenslu. Það er auðvitað það sem máli skiptir. Ríkisfjármálunum er ekki beitt í þágu þeirra markmiða sem hv. þingmaður lýsti sem hinum jákvæðustu í rekstri samfélags okkar.

Hvert er þá hlutverk hv. þingmanns í þessu? Hann er varaformaður fjárlaganefndar og þótt hann komi hingað og tali í eigin nafni sem þingmaður þá vitum við að hann hefur verið hugmyndafræðingurinn á bak við ríkisreksturinn og hefur mörgum sinnum bent á ýmsa þætti sem betur mættu fara í rekstri ríkisins. Ég spyr hins vegar, frú forseti: Er Sjálfstæðisflokkurinn hættur að hlusta á hv. þm. Einar Odd Kristjánsson? Mér fannst sem hann hellti úr fötum bölsýni og örvæntingar og ég velti því fyrir mér hvernig á því stæði. Er það vegna þess að hann hafi komið að luktum dyrum í Sjálfstæðisflokknum? Eru menn hættir að hlusta á varnaðarorð hans þar? Er hann að reyna að finna önnur sektarlömb í ræðum sínum utan þeirrar hjarðar þar sem hann veit að sektarlömbin hlaupa saman, þ.e. hæstv. ráðherrar, hans eigin ráðherrar? Hann er að reyna að búa til sektarlömb úr grunnskólakennurum, úr opinberum starfsmönnum og líka ónafngreindum þingmönnum hér í þessum sölum sem hann segir að taki undir með grunnskólakennurum.

Auðvitað fagna ég þeim kjarabótum sem grunnskólakennarar fengu með samningum sínum í gær. Hvers vegna fagna ég þeim? Vegna þess að þeir áttu þær skilið. En það sem skiptir mestu máli er að þetta voru frjálsir samningar. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson getur ekki hlaupið eins og griðungur um foraðið og kvartað undan niðurstöðu frjálsra samninga.

Það hefði verið öðruvísi ef hér hefði verið um að ræða niðurstöðu sem hefði verið afleiðing laga. Þá gæti hv. þingmaður með rökum kvartað undan því frá þeim sérkennilega sjónarhóli sem hann hleður upp og stendur síðan á þegar hann heldur þessar tölur sínar. En þetta var niðurstaða frjálsra samninga. Það skiptir máli. Alþingismenn geta ekki komið og bölvað og ragnað eins og naut í flagi yfir því að sveitarfélög og grunnskólakennarar nái niðurstöðu í frjálsum samningum.

Ég verð að segja að ef ég ætti hatt og væri með hann í þessum stól, frú forseti, þá mundi ég taka hann ofan fyrir sveitarfélögunum. Ég tel að þau hafi sýnt kjark og framsýni með því að ráðast í þessa samninga þegar fyrir lágu lög um gerðardóm. Með þeim ósóma, gerðardómnum, og þá á ég við 3. gr. laganna sem samþykkt voru hér gegn öllum atkvæðum stjórnarandstöðunnar á laugardaginn, þá lá fyrir að auðvelt væri að færa rök að því að niðurstaða gerðardómsins yrði að öllum líkindum verri en miðlunartillagan. Mér finnst það því sýna lýðræðislegan þroska hjá sveitarfélögunum að fara þessa leið.

Er það þá þannig, frú forseti, að líklegt sé að þessir samningar setji allt úr böndum í þjóðfélaginu og leiði til of

mikillar þenslu sem leiði til þess að þjóðfélagið fari á hliðina? Það sagði hv. þingmaður hér áðan.

Við skulum vona að okkur takist sameiginlega að stýra og aka seglum þjóðarskútunnar þannig að hana beri ekki á sker. En ríkisstjórnin hefur verið vöruð við. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa ítrekað bent á misfellur í stjórn ríkisfjármála sem því miður gætu leitt til þess að þjóðarskútuna bæri af leið. Þau atriði eru mun alvarlegri en sá samningur sem gerður var í gær.

Hv. þingmaður hlýtur að hafa hlustað á þá menn sem hafa varað við þeirri þróun sem er að koma í ljós varðandi verðlag og verðbólgu. Sú þróun réði miklu um niðurstöðu atkvæðagreiðslu miðlunartillögu sáttasemjara.

Það er ekki hægt að lá kennurum að hafa ekki viljað taka möglunarlaust við þeim kjarabótum og launahækkunum sem miðlunartillagan fól í sér þegar við blasir að á næstu mánuðum og missirum mun verðbólga þróast þannig að hún hefði meira en étið upp launahækkanirnar sem voru í boði. Verðbólguþróunin er langt umfram það sem menn gerðu ráð fyrir þegar þeir gerðu kjarasamninga á frjálsum vinnumarkaði á síðasta ári. Hún er töluvert fram yfir það sem var að finna í spá fjármálaráðuneytisins sem lá til grundvallar fjárlögum sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur verið að véla um í vetur.

Verðbólguþol samfélagsins er samkvæmt mati Seðlabankans 2,5%. Verðbólgan núna er í 4% á tólf mánaða grundvelli, að hlaupa í 6% og það liggur fyrir að hagdeild ASÍ hefur spáð því að það verði nauðsynlegt að segja upp kjarasamningum Alþýðusambands Íslands á næsta ári ef svo heldur sem horfir vegna þess að þá muni verðbólguforsendurnar bresta. Greiningardeild Landsbanka Íslands hefur sagt að undir lok næsta árs verði verðbólgan líklegast komin í 6%.

Það er alveg ljóst að það eru ekki grunnskólakennarar sem með samningum sínum í gær hafa leitt til að verðbólgan færi úr böndum. Hún er farin úr böndum. En mér þótti gæta ósamkvæmni í reiðilestri hv. þingmanns áðan sé horft til orða hans í sjónvarpsþætti í gær þegar hann var að tala við hv. þm. Ögmund Jónasson. Þá talaði hann um verðbólguskot sem mundi líða hjá. Hann hafði ekki miklar áhyggjur þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson útskýrði fyrir honum hvers vegna það hefði ráðið úrslitum hjá mörgum kennurum þegar þeir felldu miðlunartillöguna að verðbólgan væri að verða miklu meiri en ætlað var, fyrst og fremst vegna agaleysis ríkisstjórnarinnar. Þegar ég tala um agaleysi ríkisstjórnarinnar á ég við þá staðreynd, frú forseti, að hér er viðskiptahallinn að fara úr böndum. Hann er á um það bil 100 milljarðar á þessu ári og verður á næsta ári 164 milljarðar kr. Fram til ársins 2010, samkvæmt spám fjármálaráðuneytisins, verður hann 50 milljarðar kr. á ári. Hann verður 500 milljarðar kr. þegar kemur fram á árið 2010 ef ekkert gerist.

En auðvitað mun eitthvað gerast. Hvað mun gerast? Það sama og við höfum áður séð. Hann leiðréttir sig sjálfur, þ.e. heggur stoðir undan genginu og gengið fellur. Það mun gerast og verðbólgan mun aukast meira. Hv. þingmaður segir segir hins vegar ekki ærlega frá því sem valdið hefur þessum mikla viðskiptahalla. Eru það kennararnir með samningi sínum í gær? Nei. Eru það fjárfestingar vegna stóriðjuframkvæmda fyrir austan? Er það svo, frú forseti? Getum við réttlætt þennan mikla viðskiptahalla með því að þar sé um tímabundinn uppsafnaðan halla að ræða sem muni leiða til þess að mikill arður mun skapast í íslensku samfélagi? Að hluta til. En þegar viðskiptahallinn er greindur kemur því miður í ljós að helmingurinn af honum stafar af aukinni einkaneyslu sem enginn gerði ráð fyrir.

Af hverju stafar aukin einkaneysla? Hún stafar af tvennu, frú forseti, og báða þá þætti má rekja til ríkisstjórnarinnar. Í fyrsta lagi hefur orðið breyting á húsnæðislánamarkaði. Segja má að sú breyting sé til góða fyrir þá sem hennar njóta. En það er ekki hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að hún hefur leitt til þess að hér hefur orðið þensla og aukin verðbólga. Hún hefur öðrum þræði einnig leitt til aukinnar einkaneyslu.

Hitt atriðið eru þær ábyrgðarlausu og gáleysislegu yfirlýsingar sem hæstv. fjármálaráðherra, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og ríkisstjórnin eru sek um og varða skattalækkanir. Í þensluástandinu ræða menn um það eins og sjálfsagðan hlut að innan tíðar verði ráðist í skattalækkanir upp á 23 milljarða kr. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gat þess að nú þegar væri búið að ákveða skattalækkanir um 4 milljarða kr.

Hverjar eru afleiðingarnar af svona yfirlýsingum? Afleiðingarnar eru auðvitað þær að miklar væntingar skapast. Það er verið að skapa væntingar hjá fólki um að innan tíðar fái það happdrættisvinninga í formi skattalækkana og fái bókstaflega seðlabúntin í hendur. Reynslan sýnir að við þær aðstæður eykst einkaneysla. Yfirlýsingar hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, hæstv. fjármálaráðherra og ríkisstjórnarinnar allrar um þetta efni hafa leitt til aukinna væntinga og hvatt til eyðslu. Þar af leiðandi hefur einkaneyslan aukist og viðskiptahallinn með.

Það er viðskiptahallinn sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson var áðan að segja að væri svo hættulegur. En hann á sök á honum með hæstv. ríkisstjórn. Það er ekki hægt að koma hingað og segja að því ráði samningar kennara frá því í gær. Þegar við förum yfir sviðið sjáum við að meinsemdin hafði grafið um sig áður en menn gengu til þessara samninga. Samningarnir sem gerðir voru í gær eru að hluta til afleiðing en alls ekki orsök ástands sem þegar er farið að sýna sig.

Viðskiptahallann má rekja til aðgerða og ekki síður yfirlýsinga hæstv. ríkisstjórnar. Þar ber hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson einnig sök. Enginn hefur í ríkari mæli en hann talað um nauðsyn þess, nytsemd og möguleika á að lækka skatta í árferði eins og núna er. Drottinn minn dýri, frú forseti, auðvitað vildum við öll lækka skatta ef hægt væri en menn verða að velja tímann og þetta er ekki rétti tíminn til að gefa ábyrgðarlausar yfirlýsingar um að á næstu árum verði skattar lækkaðir um 23–24 milljarða kr. Engin alvörustofnun í öllum heiminum telur slíkt ráðlegt. Þvert á móti hafa allar stofnanir, sem hingað hafa komið eða eru staddar á Íslandi og hafa farið yfir ástandið, komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé hættulegt.

Varla verður Hagfræðistofnun Háskólans sökuð um að vera hlutdræg og mótdræg ríkisstjórninni. Hún hefur varað ríkisstjórnina við því að ráðast í skattalækkanir í þessari stöðu. Alþýðusamband Íslands, sem ég veit að hv. þm. Ein-

ar Oddur Kristjánsson metur og virðir, hefur komist að sömu niðurstöðu. Seðlabanki Íslands, sem ég veit að hv. þingmaður hefur ekki sömu mætur á og ASÍ en hefur eigi að síður líka komist að þessari niðurstöðu.

Samt sem áður lemur þessi ríkisstjórn hausnum við steininn og í þessu árferði er hún enn að tala um það, hvenær sem hún fær tækifæri til, að lækka skatta um tugi milljarða. Þetta skapar væntingar sem leiða til eyðslu og aukins viðskiptahalla sem grefur undan genginu. Það leiðir til þess að verðbólgan mun enn frekar aukast.

Þannig er samhengi hlutanna, frú forseti, og þetta hlýtur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson að vita. Hann á þess vegna ekki að koma hingað og lemja og skekja þennan saklausa ræðustól, eins og hann gerði fyrr í dag, og kenna grunnskólakennurum um. Það er ekki stórmannlega gert.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Áhrif verðsamráðs olíufélaganna á skatttekjur ríkissjóðs.

[15:29]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Sú eðlilega krafa er gerð að olíufélögin og stjórnendur þeirra skili til baka til neytenda gróðanum af ránsfengnum vegna brota þeirra á samkeppnislögum. Talið er að ávinningur olíufélaganna hafi verið um 6,5 milljarðar kr. Einnig hefur verið kallað eftir því að stjórnvöld sjái til þess að eftirlitsstofnanir verði í stakk búnar til að fylgjast með því að olíufélögin velti ekki kostnaði af sektargreiðslum vegna samráðsins yfir á neytendur í hærra verði á vöru og þjónustu. Útgjöld heimilanna eru þegar orðin ærin vegna þessa þjófnaðar þótt það bætist ekki við.

Nú er gerð sama krafa til ríkisins, að það skili til neytenda hagnaði sínum af ránfeng olíufélaganna. Sú krafa hefur m.a. komið fram hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda. Ríkið hefur tekjur af eldsneyti í formi bensíngjalds og virðisaukaskatts á eldsneyti. Auknar tekjur ríkisins af samráði olíufélaganna koma aðallega fram í auknum virðisaukaskatti af bensíni. Það skýrist einkum af því að bensíngjald leggst ofan á innkaupsverð eldsneytis og fyrirtækin fá endurgreiddan útskatt af dísilolíu og gasi þannig að svindlið þar eykur ekki nettótekjur ríkisins. Ránsfengurinn á þeim sviðum skilar sér þó í auknum framlegðaráhrifum á hagnaði olíufélaganna.

Fram hefur komið í skýrslu Samkeppnisstofnunar að samráð olíufélaganna hafi hækkað framlegð fyrirtækjanna, sem glöggt hafi komið fram á árunum 1996–2001. Í skýrslunni kemur fram að á þeim árum hafi verið seldir 1.129 millj. lítra af bílabensíni. Sérfræðingar sem skoðað hafa þetta mál með mér áætla að með tilliti til 6,5 milljarðs kr. aukinnar framlegðar vegna samráðsins sé um að ræða rúmar 2 kr. á hvern lítra á þessa 1.129 millj. lítra sem olíufélögin svindluðu á fólki. Það gerir í framlegðaraukningu um 2,3–2,5 milljarða kr. Virðisaukaskattur af því er hátt í 600 millj. kr. Þannig hefur ríkið haft nálægt 600 millj. kr. í virðisaukaskatt af því ránsfé sem olíufélögin náðu af fólkinu gegnum ólöglegt samráð á bensínverði.

Ég þykist viss um, af því að hæstv. fjármálaráðherra er sanngjarn maður, að hann vilji skoða hvernig best sé að skila þessum fjármunum aftur til skattgreiðenda þegar fyrir liggur að ríkissjóður hefur hagnast um hundruð milljóna á þessum þjófnaði. Það væri hægt að gera með því að ríkið lækkaði hlut sinn í skattlagningu á bensíngjaldi um 2–3 kr. sem skilaði þar með neytendum aftur um 600 millj. kr. Það gæti um leið haft jákvæð áhrif til lækkunar á vísitölu og verðbólgu og þar með kjarasamninga aðila á vinnumarkaði en ASÍ hefur haldið því fram að aukin verðbólga stefni kjarasamningum í hættu.

Miðað við að vörugjald af bensíni, sem nú er rúmlega 11 kr. á hvern lítra, lækkaði um 2,50 kr. þá skilaði ríkissjóður til baka nálægt 600 millj. kr. Bensínverðið mundi þá lækka um 3% og vísitöluáhrifin yrðu um 0,1%, sem væri um leið jákvætt innlegg til lækkunar á verðbólgu. Reyndar ætti að ganga lengra og ríkisvaldið ætti að beita sér fyrir því að allar sektargreiðslur vegna þessara lögbrota skiluðu sér í lækkun á eldsneytisverði.

Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra hvort hann sé reiðubúinn að láta Ríkisendurskoðun eða aðra þar til bæra aðila skoða ávinning ríkisins af þessu svindli og í framhaldi af því verði fjármagninu skilað aftur til fólksins. Hæstv. fjármálaráðherra þekkir þá meginreglu skattalaga að ef sýnt er að teknir hafi verið of miklir skattar af fólki miðað við tekjur þá greiði ríkið því oftekna skatta til baka. Sama gildir ef fólkið fær ofgreiddar bætur, barnabætur eða vaxtabætur svo dæmi sé tekið. Þá gerir ríkið þá kröfu til fólksins að ofteknum bótum sé skilað aftur. Sama á auðvitað að gilda nú þegar fyrir liggur, og varla hægt að mótmæla því, að ríkið hefur haft óeðlilegar skatttekjur af lögbroti. Þeim á undanbragðalaust að skila til baka til fólksins.

Það er ólíðandi, herra forseti, að ríkið hagnist á lögbroti olíufélaganna. Það væri til að kóróna þetta hneykslismál, þetta stærsta samsæri Íslandssögunnar gegn neytendum, ef fólk þarf líka að greiða skatt til ríkisins af þjófnaðinum.

[15:34]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Allir, þingmenn jafnt sem almenningur, fordæma ólöglegt samráð þar sem það hefur viðgengist. Slíkt athæfi er efnahagslega skaðlegt og óverjandi á allan hátt.

Forsvarsmenn olíufélaganna hafa beðist afsökunar að því marki sem þeir telja sig ábyrga. Félögin gera hins vegar ágreining við samkeppnisyfirvöld um fjöldamargt í þessu máli, þar með talið útreikninga á áætluðum ávinningi félaganna. Við þá útreikninga hefur Hagfræðistofnun Háskólans einnig gert athugasemdir. Endanleg niðurstaða bíður úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála og eftir atvikum dómstóla.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sakar ríkið um að hafa verið eins konar óvirkur þátttakandi í ólöglegu samráði og að hafa með því haft rúmlega hálfan milljarð kr. af almenningi með ofteknum virðisaukaskatti. Samt er augljóst að ekkert verður fullyrt um að ríkið hafi haft óeðlilegar skatttekjur af ágóða af verðsamráði meðan málið hefur ekki verið endanlega upplýst.

Á hinn bóginn er hagur ríkissjóðs er nátengdur hag

fólksins í landinu. Ef hagur heimilanna versnar verður hagur ríkissjóðs einnig verri og ef hagur fólksins batnar þá batnar einnig hagur ríkissjóðs.

Almennt er það þannig að ef tiltekin neysluvara hækkar í veðri þá rýrnar kaupmáttur fólks og þar með svigrúm þess til að kaupa aðrar vörur. Tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti breytast þar af leiðandi ekki við slíka hækkun. Af þessum sökum er það rangt sem sumir halda fram, að ríkissjóður hafi hagnast gríðarlega á hækkun olíuverðs á alþjóðlegum mörkuðum undanfarna mánuði. Þvert á móti hefur allt þjóðarbúið tapað á þeim hækkunum.

Skatttekjur ríkissjóðs aukast hins vegar með hagvexti, sem eykur bæði tekjur almennings og fyrirtækja. Þess vegna ber að efla hagvöxtinn. Einokun og ólögmætt samráð hafa hins vegar þau áhrif að draga úr hagvexti og tekjum. Þannig starfsemi kemur því bæði niður á almenningi og ríkissjóði og fráleitt að gefa í skyn að ríkissjóður hagnist á slíku. Hagfræðibækur geyma mörg dæmi um falskenningar af þessu tagi, sem ganga út á að þjóðfélagið geti hagnast á því að sem mestu tjóni sé valdið.

Við þetta er því að bæta að hugmynd þingmannsins um endurgreiðslu svokallaðs ránsfengs í þessu máli er með öllu óraunhæf. Hafi ríkissjóður haft tekjur af meintu samráði hefur þeim fjármunum þegar verið varið í þágu almannahagsmuna með ákvörðunum á Alþingi. Samkvæmt hugmynd hv. þingmanns ætti almenningur því að endurgreiða almenningi þau útgjöld. Þetta gengur ekki upp. Ég geri ekki ráð fyrir því að þingmaðurinn krefjist þess að útgjöldin og sú opinbera þjónusta sem þeim hefur verið varið til verði einnig afturkölluð. Þá væri þingmaðurinn í það minnsta ekki líkur sjálfum sér. Vart er þingmaðurinn að leggja til að lagður verði á annar skattur til að fjármagna slíka endurgreiðslu.

Nei, virðulegur forseti, ríkissjóður hefur ekki haft neinn hag af háu olíuverði. Þvert á móti hefur það aukið rekstrarkostnað ýmissa ríkisstofnana og hækkað almennt verðlag. Málflutningur þingmannsins stenst ekki. Skýrsla Samkeppnisstofnunar um meint samráð olíufélaganna er grafalvarlegt mál eins og áður hefur verið rætt á Alþingi. En kenningar þingmannsins sem hér hafa verið reifaðar gera lítið úr alvöru málsins.

Sem betur fer hefur samkeppni aukist á flestum sviðum í fyrirtækjarekstri á undanförnum árum. Það hefur skilað bæði almenningi og ríkissjóði miklum ávinningi. Ríkissjóður hefur ekki hag af því að menn brjóti leikreglurnar í atvinnulífinu. Skilningur allra þátttakenda á markaði, bæði fyrirtækja og launþega, á hinu nýja lagaumhverfi er mjög að aukast en vissulega geta allir gert betur og ríkisstjórnin stefnir ótrauð að því að auka samkeppni á sem flestum sviðum atvinnulífsins er lúti virku eftirliti.

[15:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er enginn vafi á því að samráðshneyksli olíufélaganna er eitt stærsta mál sinnar tegundar hér á landi, a.m.k. sem upplýst hefur verið að nokkru leyti. Það eru tiltölulega traustar forsendur sem benda til margra milljarða ávinnings olíufélaganna á löngu árabili af þessu samráði. Það er rétt að sínu leyti og svo langt sem það nær að ríkið kann að hafa haft auknar tekjur af þessum þætti málsins en það kann að hafa tapað öðrum á móti.

Sá er auðvitað munur á að þeir fjármunir hafa þá gengið til landsmanna aftur í gegnum hinn sameiginlega sjóð þótt það sé fullkomlega eðlilegt að það sé rætt, í tengslum við þá sjálfsögðu kröfu að olíufélögin bæti neytendum það sem þau hafa ranglega af þeim tekið, hvort uppgjör fari einnig fram á þætti ríkisins í þessu máli.

Hitt er aftur ljóst að skaðinn af samráðinu verður í raun aldrei bættur nema að hluta með fé, þótt það sé sjálfsagt út af fyrir sig. Trúnaðarbresturinn verður aldrei bættur. Skaðinn í atvinnulífinu verður aldrei bættur til fulls. Hversu mikið betur stæðu ýmsar greinar atvinnulífs, t.d. stærsti einstaki viðskiptavinur olíufélaganna, sjávarútvegurinn, ef þær hefðu haft þá fjármuni handa á milli sem olíufélögin hafa ranglega af þeim tekið á undanförnum árum? Muna menn ekki þá tíma að olíufélögin voru áskrifendur að myndarlegum hagnaði á hverju einasta ári, jafnvel á mestu erfiðleikatímum sjávarútvegsins? Þar sá aldrei högg á vatni. Hvernig ætla menn að bæta þetta?

Verst er þó, og þar er ég algjörlega ósammála hæstv. fjármálaráðherra, að fákeppnin er vaxandi á fjölmörgum öðrum sviðum viðskiptalífsins (Forseti hringir.) og þar gefur ríkisstjórnin vont fordæmi, m.a. með einkavæðingu sinni.

[15:41]

Þórarinn E. Sveinsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu fyrirspurn um hvort ríkissjóður bæti borgurum það fé sem í ríkissjóð hefur runnið vegna ólögmæts samráðs olíufélaganna.

Niðurstaða samkeppnisráðs um samráð olíufélaganna er grafalvarlegt mál og afar skiljanlegt að fólki um allt land finnist það hafa verið platað og að þeim sem bera ábyrgð á þeim verknaði beri skylda til að bæta hverjum og einum þá fjármuni sem hafa verið hafðir af fólki með því vinnulagi. Því miður er þetta þó ekki svo einfalt í mínum huga.

Þær tekjur sem ríkissjóður hefur haft vegna þessa samráðs, ef einhverjar eru, umframtekjur má kannski kalla það, hafa á einn eða annan hátt runnið til venjubundinna útgjalda ríkisins. Ef ríkissjóður á að eyrnamerkja greiðslur sérstaklega sem einhvers konar skaðabætur vegna þessa leiðindamáls verður að sækja þá peninga eitthvert. Þá er ekki um annað ræða en að skera eitthvað af útgjöldum ríkisins niður og þar með draga úr þjónustu á einhverju sviði eða hækka skatta. Það er sama hvor leiðin væri farin. Það mætti með sanni segja að verið sé að innheimta þessa peninga aftur. Það er því að mínu viti bæði torsótt, illfær og a.m.k. óréttlát leið.

Frágangur og úrvinnsla þessa máls er í ákveðnum farvegi. Ein óbein afleiðing er t.d. sú að til stendur að styrkja Samkeppnisstofnun enn frekar. Það er eitt af hlutverkum okkar í þessum sal. Önnur meðhöndlun þessa máls fer í þann farveg sem lög gera ráð fyrir. Við megum gæta þess að fara ekki offari í refsingum og grípa til ráða sem gera allar afleiðingar þessa máls enn meiri og verri en ástæða er til.

[15:43]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hér eru til umræðu tekjur ríkissjóðs af ólöglegu verðsamráði olíufélaganna.

Ég vil í upphafi máls míns lýsa því yfir að mér finnst við eiginlega færa umræðuna inn á ranga braut með því að beina henni í þessa átt. Það er talað um að ríkið hafi hagnast um 600 millj. kr. Þeir peningar hljóta að hafa runnið í ríkissjóð og verið ráðstafað eftir fjárlögum sem voru ákveðin á hinu háa Alþingi í góðri trú og með það að leiðarljósi að þessir peningar nýttust með bestum hætti til velferðar fyrir land og þjóð. Ég geri ráð fyrir því að þessum peningum hafi verið varið í þágu þjóðarinnar.

Hins vegar teljum við í þingflokki Frjálslynda flokksins að þeir sem séu raunverulega ábyrgir í þessu máli, þ.e. forstjórar, stjórnarformenn og hugsanlega stjórnarmenn, eigi að sjálfsögðu að sæta ábyrgð. Hér dugir ekki bara að segja: Ég biðst afsökunar. Þessa menn verður að draga til ábyrgðar því að afbrotin eru að sjálfsögðu mjög alvarleg.

Kveðinn hefur verið upp sá úrskurður að olíufélögin greiði stjórnsýslusektir upp á rúma tvo milljarða. Við vitum ekki hvort sú upphæð verður hin endanlega upphæð sem þessi félög greiða fyrir glæpsamlegt athæfi sitt en það er okkar skoðun að þeir peningar eigi eingöngu að renna til úrbóta í samgöngumálum, að þær sektir sem verða innheimtar af illa fengnu fé renni til framkvæmda sem gagnist öllum landsmönnum. Þar er sannarlega af nógu að taka.

Það er ekki rétt að lækka bensíngjaldið, að okkar mati. Okkar bíða það mörg brýn úrlausnarefni í samgöngumálum og margt hefur verið gert gott á undanförnum árum en mörg þörf verkefni bíða. Í þau eiga tekjur ríkisins af eldsneyti að fara og einnig þær stjórnsýslusektir sem hér um ræðir, alveg hiklaust.

[15:45]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Þetta stærsta samráðsmál Íslandssögunnar hefur margar hliðar. Ein þeirra er til umræðu hér. Það er ljóst að bæði olíufélögin og ríkissjóður hafa hagnast af samráðinu. Það er áætlað að hagnaður olíufélaganna hafi verið um 6,5 milljarðar kr. Það er hægt að áætla að hagnaður vegna oftekinna skatta ríkissjóðs hafi a.m.k. verið 600 millj. kr.

Hins vegar er ljóst, eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði, að útgjöld ríkissjóðs hafa líka aukist að einhverju leyti. Hæstv. ráðherra hefði væntanlega getað áætlað þær tölur.

Herra forseti. Ríkisvaldið verður að koma að málinu. Það væri ekki óeðlilegt að ríkisvaldið hefði forgöngu að því að fara í viðræður við olíufélögin um hvernig skila megi til þjóðarinnar þeim mikla hagnaði sem samráðið hefur fært þeim.

Herra forseti. Hæstv. fjármálaráðherra sagði að forsvarsmenn olíufélaganna hefðu komið og beðist afsökunar á gjörðum sínum. Í nýjasta tölublaði FÍB-blaðsins er ein grein undir yfirskriftinni „Er nóg að segja afsakið?" Í þeirri grein segir m.a., með leyfi forseta:

„Það er klárt að forstjórar olíufélaganna eru uppvísir að langvarandi og skipulögðu samráði af margvíslegum toga og um hvað eina. Þeir höfðu samráð um verð. Þeir höfðu samráð um skiptingu markaðar. Þeir höfðu samráð um að útiloka erlendan keppinaut frá íslenskum olíu- og eldsneytismarkaði og samráð höfðu þeir meira að segja um léttvæg atriði eins og það hvað gefa ætti starfsmönnum félaganna í jólagjöf. Það liggur orðið ljóst fyrir að þeir stunduðu einbeittir alvarleg lögbrot og það er varla til of mikils mælst að lögbrjótar taki afleiðingum gerða sinna. Ætla mætti því að yfirvöld, fulltrúar almennings sem brotið var á, séu tilbúnir að láta þessa lögbrjóta taka afleiðingum gerða sinna og að þeir sjálfir séu tilbúnir til þess. Svo virðist þó ekki endilega vera. Það er slegið úr og í, fjasað um að ekki megi nú hengja bakara fyrir smið, menn séu saklausir uns sekt sannast o.s.frv."

[15:47]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Við getum öll verið sammála um að í frjálsu markaðskerfi eins og er hér á Íslandi eigi alls ekki að eiga sér samráð á markaði, hvort sem er á milli olíufélaga eða annarra fyrirtækja á markaði. Slíkt grefur undan frjálsu markaðshagkerfi.

Málflutningur háttvirts málshefjanda er hins vegar nokkuð farsakenndur þegar horft er til hlutverks ríkisins. Virðisaukaskatturinn leggst í öllum tilfellum á það vöruverð sem verður til á markaði, hvernig sem það verð er ákveðið. Ríkið getur ekki talist þjófsnautur eða hafa stolið fjármunum í neinu tilfelli, þegar um almenna skattlagningu er að ræða. Ríkið er almenningur, sami almenningur og borgaði bensín, olíur og virðisaukaskatt ofan á þær vörur.

Ríkissjóður fékk tekjur af virðisaukaskattinum en ríkissjóður deildi þeim tekjum aftur út til almennings. Við getum ekki fullyrt að það hafi verið nákvæmlega sama fólkið sem naut góðs af þeirri útdeilingu og þeir sem greiddu skattana enda er það sjaldnast hægt þegar um tekjur og útgjöld ríkisins er að ræða.

Við sem höfum þá pólitísku skoðun að umsvif ríkisins eigi að vera sem minnst í daglegu lífi fólks og í hagkerfinu yfirleitt getum verið sammála því að sá vöxtur ríkisumsvifa sem af þessu leiddi hafi verið óheppilegur. En vegna almenns eðlis þessarar skattlagningar er ljóst að aldrei verður hægt að greiða sömu einstaklingum til baka og greiddu virðisaukaskattinn í upphafi. (Gripið fram í.)

Tilvísanir hv. þingmanns í eðlilegar leiðréttingar á einstaklingsbundnum skattgreiðslum eru gjörsamlega út í hött. Þegar litið er til pólitískra áherslumála hv. þingmanns í gegnum tíðina, sem yfirleitt hafa kallað á útgjaldaaukningu ríkissjóðs, verður málflutningurinn enn sérkennilegri. Lækkun bensíngjalds í þessu samhengi er jafnframt fráleit.

Hæstv. forseti. Hag almennings er best borgið með því að nú skuli samráði olíufélaganna lokið og meðferð málsins gangi sinn veg í réttarkerfinu. Hin góðu áhrif frjáls markaðshagkerfis fá nú að njóta sín almenningi til hagsbóta.

[15:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hið ólöglega samráð olíufélaganna sem hefur verið til umræðu um hríð hefur ýmsa anga. Einn þeirra anga hefur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir tekið upp.

Ég tel hins vegar mikilvægt að menn drepi ekki alvarleika umræðunnar á dreif eða víki of mikið frá meginatriðum hennar.

Ég leyfi mér hér að vitna í frétt á forsíðu Morgunblaðsins 6. nóvember síðastliðinn þar sem vitnað er í ummæli Þórólfs Árnasonar borgarstjóra, sem þrátt fyrir góð störf sín í borgarstjórn ákvað að segja af sér vegna þátttöku sinnar og tengsla við olíusamráðið. Hann er þar spurður hvers vegna hann gekk ekki út þegar honum var ljóst að hann væri þátttakandi í ólöglegu athæfi. Orðrétt svarar borgarstjóri:

„Sú spurning horfir öðruvísi við þegar horft er til baka heldur en þegar maður er á bólakafi í vinnunni sjálfri. Að hluta til verður að skoða það í þessu pólitíska andrúmslofti. Ég hefði verið að segja öllu valdakerfi landsins stríð á hendur ef ég ætlaði að brjótast út úr olíuviðskiptunum."

Þarna liggur alvara þessa máls. Munum við, íslenskt samfélag og íslenskt réttarkerfi, hafa bolmagn til að gera eins og borgarstjóri nefnir í þessu viðtali, til þess að segja öllu því valdakerfi landsins stríð á hendur; valdakerfi helmingaskiptareglu Framsóknar og Sjálfstæðisflokks sem við höfum búið við undanfarin ár? Þar er alvarleiki málsins. Munum við hafa burði til að segja þessu valdakerfi landsins stríð á hendur?

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil minna hv. þm. á að samkvæmt 58. gr. þingskapa má eigi lesa upp prentað mál nema með leyfi forseta.)

[15:52]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Það sem ég ætla að gera að umtalsefni eru viðbrögð stjórnarflokkanna við svindlinu á almenningi. Viðbrögð stjórnarflokkanna við því að allir þeir sem dældu eldsneyti á bíla sína voru hafðir að fíflum, svo maður noti orð sjálfra svindlaranna, hafa einkennst af tómlæti. Ef maður skoðar ummæli stjórnarþingmanna, sérstaklega sjálfstæðismanna í umræðunni þegar við ræddum þessi mál fyrr í vikunni, kom fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að þetta væru einhverjar eftirhreytur frá því viðskiptaumhverfið hefði verið að breytast. Sama mátti heyra hjá öðrum þingmanni sem sló úr og í varðandi þetta samráð. Það var eins og þetta væri ekkert stórmál.

Það má segja að þeir sem svo tala fylgi línu hæstv. utanríkisráðherra, foringja síns, hvað þetta varðar. Hann hefur dregið úr því að sekta ætti þessa olíufursta, það muni einungis renna út í verðlagið. En svo kveður við breyttan tón í umræðunni í dag. Nú heyrir maður á hæstv. fjármálaráðherra að um óverjandi gjörning sé að ræða. En síðan tekur ekki betra við, hann dregur úr og nefnir til sögunnar ágæta skýrslu sem hann segir að komi frá Hagfræðistofnun Háskólans. Nú er háskólinn búinn að sverja þessa skýrslu af sér. Þá skýrslu unnu einungis tveir menn í þágu olíufélaganna.

Því fer fjarri að Framsóknarflokkurinn sé saklaus í þessu máli. Hann hefur einnig sýnt því tómlæti. Hann hefur sérstaklega sýnt tómlæti sjálfri Samkeppnisstofnun. Samkeppnisstofnun hefur verið í fjársvelti við að rannsaka mál sem varða almenning. Það er náttúrlega alvarlegt og Framsóknarflokkurinn ber þunga ábyrgð á því að slík mál hafi ekki verið kláruð, bæði (Forseti hringir.) hvað varðar olíusamráð og tryggingasamráð.

[15:54]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Viðbrögð ráðherra og fulltrúa stjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, valda mér miklum vonbrigðum. En þau koma mér ekki á óvart. Þau eru í anda þess sem því miður hefur verið á umliðnum áratug.

Rifjum það upp að það hefur verið í pólitísku skjóli stjórnarflokkanna sem þetta samráð, mér liggur við að segja þetta glæpsamlega samráð, hefur átt sér stað. Það er hárrétt sem fram hefur komið að á þeim sama áratug hafa sömu stjórnarflokkar haldið Samkeppnisstofnun í herkví. Sú stofnun hefur aldeilis ekki verið efst á vinsældalista stjórnarflokkanna í þessum sal eða utan hans. Höldum því til haga.

Það er fullt tilefni til þeirrar umræðu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur hér haft frumkvæði að. Þau viðbrögð stjórnarliða að drepa málinu á dreif og gera það flóknara en það er er þeim ekki til lyftingar. Hér hafa verið ofteknir skattar, um það verður ekki deilt. Það er auðvitað ekkert svar til bensínkaupenda og bíleigenda síðasta áratugar að það sé búið að eyða þessum peningum. Hvernig yrði mönnum við ef skattyfirvöld svöruðu eðlilegum athugasemdum þeirra um oftekna skatta með því að segja: Nei, fyrirgefið, það er bara búið að eyða þessum peningum í ríkissjóði. Það er ekki hægt að svara með þeim hætti.

Vissulega er málið víðtækt og sumpart flókið, ef menn vilja gera það þannig, en ég vil vekja athygli á enn einum þætti þess sem menn hafa haft á sérkennilegar skoðanir. Það eru þau væntanlegu viðurlög sem olíufélögunum verður gert að greiða, hvort sem það verða 2 milljarðar kr. eða 3 milljarðar kr. Sumir hafa haldið því fram að það mundi renna beint út í verðlagið og sé ekki til neins að refsa eða sekta þessi félög.

Ég vildi gjarnan að hæstv. ráðherra svaraði því líka hvort það væri jafnflókið mál að tryggja að þeir fjármunir, sem munu sannarlega renna í ríkissjóð, komi í vasa þeirra neytenda sem verst hafa orðið úti, þeirra sem notað hafa vegina og bílana í landinu. Þannig ber allt (Forseti hringir.) að sama brunni, herra forseti. Það er tilhneiging til að gera málið flóknara en það er.

[15:56]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það er dálítið sérstakt að hlusta hér á stjórnarandstæðinga koma með þá fullyrðingu að í skjóli laga og verndar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafi olíufélögin starfað óeðlilega. Þau hafa starfað undir lögum um áratuga skeið þar sem ríkisstjórnir jafnt til vinstri sem hægri hafa átt hlut að máli.

Nú hefur lögum verið breytt fyrir tilstuðlan Sjálfstæðisflokksins með tilliti til Samkeppnisstofnunar. Þá koma menn og segja að ríkisstjórnin haldi enn verndarhendi yfir olíufélögunum. Auðvitað fordæmum við þetta samráð. Skaðinn af samráðinu verður þó aldrei bættur eins og hér hefur komið fram og ég tek undir það. En við skulum ekki

fara í pólitískt kapphlaup í máli þessu.

Þingmaðurinn Jóhanna Sigurðardóttir, sem hér er málshefjandi, er vönd að virðingu sinni. Því kemur mér á óvart sú ferð sem Samfylkingin leggur nú upp í löngu áður en mál þetta er til lykta leitt. Menn eru þegar farnir að tala um endurgreiðslur til ríkissjóðs og nefna í því samandi milljónir og jafnvel milljarða. Ég hlýt að segja að það er of snemmt að varpa fram endanlegum tölum um ágóða fyrirtækjanna af meintu verðsamráði. Það sama á við um hugsanlegar skatttekjur ríkissjóðs af slíkum ágóða.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það kemur mér mjög á óvart hve mikið mönnum liggur á. Síðan koma háttvirtir þingmenn og segja að það sé hjóm eitt sem heyrist frá Sjálfstæðisflokknum. Það var athyglisvert að hlusta á umræðuna um stöðu borgarstjóra þegar háttvirtir þingmenn Samfylkingarinnar komu hver á fætur öðrum og vildu höggva hann í herðar niður en það voru sjálfstæðismenn sem sögðu: Við skulum bara láta málið anda og ráðast ekki á einstakar persónur í þessu máli í þeirri stöðu sem það er. Er það hjóm í sjálfstæðismönnum að vaða ekki fram eins og hér hefur verið gert?

[15:58]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég spyr nú hvers lags málflutningur það er af hálfu hæstv. fjármálaráðherra að segja að það sé bara allt í lagi að ríkið hafi tekjur af þessum lögbrotum. Hvaða skilaboð eru þetta út í samfélagið, til þeirra sem hagnast á lögbrotum? Er það bara allt í lagi ef þeir verja þeim fjármunum til skynsamlegra mála? Eru þetta skilaboð til olíufélaganna, um að það sé allt í lagi að stunda lögbrot ef hagnaðinum er varið til góðra mála, til landgræðslu og fleira?

Þetta er afar sérkennilegur málflutningur og hundalógík að halda því fram, eins og hæstv. ráðherra gerði, að almenningur hafi hreinlega hagnast á þessu öllu saman. Þegar búið er að hafa af almenningi 6,5 milljarða kr. og þar af hafi ríkissjóður hagnast af bensíninu um 600 millj. kr.

Hæstv. ráðherra leggst í vörn til að réttlæta það að ríkið geti haldið þessum ránsfeng eftir og skili honum ekki til almennings í lækkuðu bensíngjaldi.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Ætlar hann líka að leggjast í vörn gegn því að sektargreiðslunum verði skilað í lækkuðu eldsneytisverði til landsmanna eins og við þingmenn höfum farið fram á? Ég spyr hæstv. ráðherra um það. Hæstv. ráðherra reyndi ekkert að hrekja þá útreikninga sem ég hef lagt fram til grundvallar þessari kröfu, sem er sannarlega réttmæt.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Ætlar hann virkilega ekki að láta athuga, t.d. hjá Ríkisendurskoðun, hvað ríkið hefur hagnast á svindli olíufélaganna? Hann vill ekki einu sinni íhuga það, ekki einu sinni skoða hvernig skila eigi því aftur til almennings.

Ég spyr ráðherrann: Á ekki að gilda hið sama hér og t.d. gildir um ofgreiddar bætur? Hæstv. ráðherra gerir kröfu til þess að almenningur skili ofteknum bótum aftur í ríkissjóð. Nú gerir almenningur kröfu til þess að ráðherrann skili aftur þeim fjármunum hafa fengist inn í ríkissjóð af lögbrotum og aukið skatttekjur hans með óeðlilegum hætti.

[16:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er enginn í vörn í þessu máli nema þá ef til vill háttvirtur málshefjandi, sem er á algjörum villigötum í málflutningi sínum, enda hafa undirtektirnar í umræðunni leitt það í ljós. Það tekur ekki nokkur maður í þessum sal undir málflutning hennar vegna þess að hann er ekki á rökum reistur. Það er heila málið eins og ég reyndi nú að útskýra í ræðu minni.

Það er ekki hægt að halda því fram að ríkið hafi ávinning af því sem þjóðin öll tapar á, þ.e. ólögmætu samráði. Ef hv. þm. vildi reikna dæmi sitt til enda — sem er reyndar fljótt á litið meingallað, eins og það blasir við mér — af hverju tekur hún ekki inn í það aukakostnað ríkissjóðs vegna lögreglubílanna, vegna skipakosts ríkisins eða annarra bílaflota sem ríkið rekur, inn í dæmi sitt? Ef það er þannig að almennt bensínverð hafi hækkað vegna samráðs olíufélaganna, skyldi þá ekki ríkið hafa þurft að greiða hærra verð en ella? Af hverju reiknar ekki þingmaðurinn þetta líka?

Málið er ekki svona í pottinn búið. Það er ekki svona einfalt. Það er ekki hægt að skila til baka sköttum eða gjöldum sem tekin hafa verið með kerfisbundnum hætti af olíuvörum til einstakra neytenda.

Hvað með þá sem ekki eru lengur á meðal vor en keyptu sér bensín á árunum 1993–2001? Á að skila til þeirra eða dánarbúa þeirra ofgreiddu bensíngjaldi? (**JóhS:** Þetta er nú útúrsnúningur hjá ráðherra.) Ég er bara að varpa ljósi á það, hv. þingmaður, á hve miklum villigötum þessi málflutningur er. (**GÁS:** Einu sinni í ríkissjóð, alltaf í ríkissjóði.) Hún er á miklum villigötum. Þingmaðurinn er í mikilli vörn með það að hafa hafið máls á þessu og fær ekki stuðning hér í salnum.

Hún gerir því miður lítið úr alvarlegu máli með því að leggja það upp eins og gert hefur verið. Það er því miður niðurstaða þessarar umræðu.

Fjáraukalög 2004, frh. 2. umr.

Stjfrv., 76. mál. — Þskj. 76, nál. 375, 380 og 390, brtt. 376, 377, 378 og 391.

[16:03]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hóf áðan umræðu sem er mjög athyglisverð og hefur hleypt nýju lífi í umræðuna um fjáraukalögin sem eðlilegt er. Hann velti fyrir sér nýgerðum kjarasamningi sveitarfélaga við grunnskólakennara og dró upp þá mynd að ef þeir yrðu yfirfærðir á aðra kjarasamninga í þjóðfélaginu mundi það stuðla að ójafnvægi í efnahagsmálum eða að það yrði kollsteypa, eins og hv. þingmaður tók til orða.

(**Forseti** (BÁ)**:** Það er nokkur ókyrrð í þingsal og hliðarherbergjum. Ég bið hv. þingmenn að gefa ræðumanni færi á að flytja mál sitt.)

Ég þakka hæstv. forseta.

Allnokkur viðbrögð urðu við ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar í framhaldi af sjónarmiðum hans. Ég vildi

aðeins blanda mér inn í þá umræðu og reifa sjónarmið mín til þessa máls.

Fyrst vil ég fjalla aðeins um kjarasamninga grunnskólakennara. Þeir markast auðvitað af samningum sem gerðir voru síðast. Það er augljóst að sá vandi sem við var að glíma í þeim samningaviðræðum sem staðið höfðu yfir mánuðina á undan, þeir erfiðleikar sem menn áttu við að stríða, áttu að nokkru leyti rót sína að rekja til þeirra samninga. Málið var því kannski ekki að öllu leyti tengt almennum launatölum heldur líka skipulagi og formi á starfinu.

Annað atriði sem hlýtur að hafa snert kjarasamningana og kennarar hljóta að hafa tekið mjög alvarlega er skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá því í ágúst síðastliðnum sem dró það fram að arðsemi af kennaramenntun væri núll. Hún dró það fram að þeir sem eyða þremur árum í háskólanámi við að afla sér kennaramenntunar geti ekki vænst þess að með menntuninni auki þeir tekjur sínar meira en svo að það rétt dugi til að greiða kostnaðinn við að afla sér hennar. Þess vegna fær Hagfræðistofnun út þá niðurstöðu að arðsemi kennaramenntunar sé núll.

Það er hrikalegur dómur fyrir þá sem hafa valið sér kennslu sem ævistarf og varið árum í að mennta sig til þess, að menn skuli reikna það út að engin arðsemi sé af menntun þeirra. Því er eðlilegt að menn hafi haft það á bak við eyrað við kröfugerðir og í kjarasamningaviðræðum sem fylgdu í kjölfarið.

Ég vil þó benda á að sú breyting sem væntanleg er frá ríkisstjórninni, um að lækka endurgreiðsluhlutfall námslána, hlýtur að breyta þessum útreikningum. Árleg greiðsla hvers og eins lántakanda minnkar sem nemur einu prósenti af árstekjum. Ég hygg að ef málið væri endurreiknað í því ljósi yrði niðurstaðan betri og vonandi kemur út, ef þeir reikningar eru endurgerðir með þeirri breyttu forsendu, að það sé þó einhver arðsemi af kennaramenntun. Við ákvörðun á þeim atriðum sem ráða mati á þessum stærðum verða menn að taka tillit til þess að það skili einhverju að leggja á sig að ganga menntaveginn.

En burt séð frá þeim samningum, sem ég ætla ekki að hafa fleiri orð um, vil ég velta fyrir mér spurningunni um hver áhrifin yrðu ef kauphækkanir í kjarasamningi grunnskólakennara væru yfirfærðar á alla aðra kjarasamninga, bæði þá sem á eftir að gera og svo þá sem búið er að gera. Niðurstaða mín er í stuttu máli sú að ég er nokkuð sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að því leyti. Ég held að það yrði mjög tvísýnt um stöðugleikann í efnahagsmálum ef það mundi gerast. Ég teldi mjög vafasamt að menn stæðu það af sér og héldu sjó í efnahagsmálunum með svo miklum kaupmáttarbreytingum, eða kauphækkunum öllu heldur því að það er svo önnur saga hvort það leiddi til kaupmáttaraukningar.

Við erum í umhverfi sem við áttum að sumu leyti von á vegna ákvarðana um uppbyggingu stóriðju á Íslandi. Menn vissu að af þeim ákvörðunum leiddu miklar framkvæmdir sem mundu reyna mikið á þanþol efnahagslífsins og mundu tímabundið valda miklum viðskiptahalla, mikilli eftirspurn eftir vinnuafli og hagvexti. Við vissum að það mundi reyna verulega á stöðugleikann í efnahagslífinu. Þetta vissum við þegar við tókum ákvörðun um að ráðast í atvinnuuppbyggingu í þessari atvinnugrein.

Það hefur í sjálfu sér ekkert komið okkur á óvart í þeim efnum. Menn settu fram þau pólitísku markmið á síðasta ári, fyrir síðustu alþingiskosningar af hálfu beggja stjórnarflokkanna, að tefla fram hugmyndum um lækkun skatta. Það var ekki bara vegna þess að menn sæju það fyrir að ríkissjóður mundi fá auknar tekjur, vegna hins mikla hagvaxtar á þessum framkvæmdatíma og svo að nokkru leyti líka í framhaldi af því þegar rekstur væri hafinn með nýjum útflutningi, heldur líka til að stuðla að hófsömum kjarasamningum á þessum tíma, á þeim tíma sem svo mikil þensla gengur yfir.

Með því að leggja fram hugmyndir um að lækka skatta var boðuð sú pólitíska stefna að menn ætluðu sér að auka kaupmáttinn á kjörtímabilinu, fremur að lækka skattana en að hækka almennt kaup. Þetta var hin pólitíska lína á bak við þessi sjónarmið sem báðir stjórnarflokkarnir settu fram fyrir síðustu kosningar og fór síðan inn í stjórnarsáttmálann. Ég vek athygli á því að það stendur í stjórnarsáttmálanum um skattalækkanirnar að þær verði nánar ákveðnar í tengslum við gerð kjarasamninga.

Hvers vegna skyldi það vera orðað þannig? Vegna þess að menn vilja tryggja hóflegar kauphækkanir við gerð kjarasamninga og bjóða skattalækkanir til að svo megi verða. Með hóflegum kauphækkunum og skattalækkunum ná menn samanlagt töluverðum kaupmáttarbata öll árin á þessu kjörtímabili, eða til 2008 eins og kjarasamningar ná til. Þetta var efnahagsstefnan sem ríkisstjórnin lagði upp með og hefur unnið eftir. Það er ekkert óeðlilegt við það. Það er þvert á móti fremur skynsamleg leið til að hafa stjórn á þenslunni á þessum tíma.

Menn geta hins vegar ekki vænst þess, og það hefur ekki verið okkar mat, að hvort tveggja gæti gengið eftir, umtalsverðar kauphækkanir og skattalækkanir. Ef það gerist að almenn þróun í kjarasamningum verður þannig að kauphækkanir verða miklu meiri en menn væntu þá finnst mér hitt í miklum vafa, hvort rétt sé að hrinda í framkvæmd áformum um skattalækkanir eins og þær eru boðaðar. Samanlögð áhrif af hvoru tveggja eru það mikil að það er vafi á að efnahagslífið standist slíkar breytingar og óvíst að stöðugleikinn haldist. Með því værum við að tefla efnahagsstöðugleikanum í tvísýnu, ef við fylgdum tiltölulega miklum kauphækkunum eftir með töluvert miklum skattalækkunum líka. Það mætti segja við slíkar aðstæður að verið væri að hella olíu á eld.

Ég dreg þetta fram, herra forseti, til að undirstrika efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Hún hefur byggst á þessari greiningu stöðunnar og tilgangi þess að bjóða fram skattalækkanir, þ.e. til að tryggja hófsamar kauphækkanir. Þess vegna er ég að mörgu leyti sammála því sem fram kemur hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Ef við höldum okkur við þau áform sem ákveðin eru í stjórnarsáttmála en kauphækkanir ganga upp, eins og við sjáum í þeim tölum sem eru í kjarasamningi grunnskólakennara, þá er mikil hætta á að efnahagsstöðugleikinn haldist ekki. Það er nefnilega heilmikið til í því sjónarmiði hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Þess vegna er eðlilegt að hann flytji ræðu eins og hann gerði, og reyndar fleiri stjórnarþingmenn. Reyndar ættu allir þingmenn að tala fyrir sjónarmiðum og aðgerðum sem tryggja efnahagslegan stöðugleika.

Hver sá sem talar fyrir aðgerðum sem kollvarpa stöðugleikanum er ekki ábyrgur í málflutningi sínum að mínu mati. Menn geta auðvitað haft mismunandi skoðanir á því hverjar aðgerðirnar eigi að vera en menn verða þá að leggja þær saman, hverjar svo sem þær eru, og rökstyðja að niðurstaðan sé þannig að efnahagslegur stöðugleiki sé tryggður. Ef ekki er efnahagslegur stöðugleiki er verðbólga og ef verðbólga fer af stað ráðum við ekkert við ástandið, þá fá menn engan kaupmáttarbata úr úr aðgerðunum og menn standa verr eftir en áður vegna þess að skuldirnar hækka. Menn hafa enga kaupmáttaraukningu í tekjum sínum en menn hafa hærri skuldir og af þeim hafa menn hærri greiðslubyrði. Ef verðbólgan fer af stað tapa allir. Það getur enginn grætt á henni — nema kannski bankarnir. Græða þeir ekki nóg um þessar mundir, þurfum við að tala fyrir því að þeir auki gróða sinn?

Það er fullkomin ástæða til að taka stöðuna alvarlega. Þá þurfum við að skoða að hvaða leyti staðan er núna öðruvísi en við áttum von á. Það eru nokkur atriði sem eru öðruvísi, þau eru að sumu leyti á verri veginn og þau kalla á að menn endurmeti málið í heild. Ég vil nefna fáein atriði.

Í fyrsta lagi eru útlán bankanna miklu meiri en menn áttu von á. Síðustu tvö árin hafa útlánin vaxið með ævintýralegum hraða, erlend lán tekin og endurlánuð innan lands. Peningamagnið í umferð hefur blásið út og fyrir vikið möguleikar manna til að gera ýmislegt sem þá lystir. Það er mikið áhyggjuefni og menn geta ekki litið fram hjá þessu, það verður að endurmeta stöðuna og efnahagsstefnuna í ljósi þessarar miklu þenslu í útlánum.

Í öðru lagi hefur bættur efnahagur bankanna leitt til þess að þeir geta boðið lántakendum sínum miklu hagstæðari lán en þeir gerðu áður, hærri lán á lægri vöxtum. Það hefur komið mjög hratt yfir á þessu ári, og að sumu leyti í kjölfarið á áformum um 90% lán úr Íbúðalánasjóði sem líka gengur eftir. Þessi auknu útlán á lægri vöxtum koma út fyrir fólk sem kaupmáttaraukning og hafa í raun og veru sömu áhrif og skattalækkun eða kauphækkun. Það sáum við ekki fyrir, að lántakendur hefðu þetta rýmri fjárráð en þeir höfðu fyrir þessa breytingu. Við þurfum að taka mið af þessu, að fólk hefur þegar fengið kaupmáttaraukningu í gegnum útlánin og mun svo taka meira á næstu árum eða mánuðum. Það mun spýta miklu í einkaneysluna sem hefur þó verið mikil fyrir og ýta undir vaxandi þenslu, ýta undir viðskiptahalla og þrýstinginn á gengið. Þetta er með öðrum hætti en við áttum von á á síðasta ári.

Í öðru lagi hafa áform um stóriðjuuppbyggingu aukist, þ.e. þau eru meiri núna en við töldum fyrir einu eða tveimur árum. Það er verið að ráðgera meiri stækkun í Hvalfirði en menn höfðu áður gert ráð fyrir, það er gert ráð fyrir stækkun í Straumsvík og menn eru á fullu að ná samningum um nýtt álver sem á að vera á Norðurlandi. Þetta eru nýjar framkvæmdir sem voru ekki inni í plönum okkar. Þær hafa líka sitt að segja til að viðhalda hagvextinum, viðskiptahallanum og þrýstingnum á gengið.

Ef við skoðum stöðuna með þessum breytingum er alveg augljóst mál að ríkisstjórnin verður að endurmeta stöðuna til þess að viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Það er númer eitt, tvö og þrjú. Ég skildi málflutning hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar svo að hann væri auðvitað að tala fyrir því að þessar kauphækkanir færu ekki yfir alla kjarasamninga, hann var að draga upp varnarlínu til að viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Ég tel að þingmaðurinn sé á réttri leið í þeirri vörn vegna þess að það er vörn fyrir alla, það er ekki bara vörn fyrir suma gegn öðrum heldur er það vörn fyrir almannahag.

Hvað stoða kauphækkanir í kjarasamningi ef verðbólgan étur þær upp jafnharðan? Vegna þess að staðan er öðruvísi að nokkru leyti en við gerðum ráð fyrir þegar línurnar fyrir efnahagsstefnuna voru lagðar á síðasta ári er verðbólgan líka hærri en við áttum von á. Síðustu 12 mánuði er verðbólgan 3,8%. Það var ráðgert að hún yrði ekki nema 3% á þessu ári.

Ef við tökum verðbólguhreyfingar síðustu þriggja mánaða er verðbólgan 5,7% miðað við heilt ár. Hún er á uppleið og getur farið yfir 6% fyrr en varir. Við skulum muna eftir reynslunni frá árunum 2001 og 2002 þegar að sumu leyti svipaðar aðstæður leiddu til þes að verðbólgan hrökk í gang, fór upp í u.þ.b. 10% þegar mest var og var að meðaltali á árinu 2001 6,4% og á árinu 2002 5,2%. Það er mikil verðbólga.

Þó að ég sé ekki að spá því að menn ráði ekkert við ástandið ef verðbólgan rýkur upp við það sem gæti gerst, að gengið færi að falla eins og það gerði á árinu 2000, mundi engu að síður taka töluverðan tíma að ná tökum á henni, ná verðbólgunni niður og þegar upp væri staðið væru allir verr settir en áður vegna mikillar skuldsetningar heimilanna. Þetta er staða sem við skulum gera allt sem í okkar valdi stendur til að reyna að koma í veg fyrir að komi upp.

Þess vegna tel ég að menn þurfi að endurmeta ákvarðanir sínar í ljósi stöðunnar með það að leiðarljósi að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Það sem mér finnst koma til greina að menn breyti er bæði væntanleg uppbygging stóriðjuframkvæmda — hvort menn geti ekki fært yfir á lengri tíma það sem enn er ekki fastmælum bundið og dreifa álaginu þannig á lengra tímabil — og svo líka fyrirhugaðar skattalækkanir, að menn færi þær til þannig að þær a.m.k. auki ekki þrýsting á stöðuna sem þegar er komin upp. Skattalækkun sem leiðir til verðbólgu er auðvitað þegar upp er staðið engin skattalækkun, það getur enginn haft hag af slíku.

Þetta er það sem við þurfum að vega og meta að mínu mati. Við þurfum að taka ákvarðanir sem gera það að verkum að menn ná að halda verðbólgunni í skefjum og tryggja eins og verið hefur síðustu ár vaxandi kaupmátt launa eða ráðstöfunartekna eins og fyrirhugað er að verði á þessu kjörtímabili. Þetta vildi ég draga inn í umræðuna, herra forseti, til að leggja lið þeim þingmönnum sem hér leggja sig fram um að tala fyrir því að varðveita stöðugleikann í efnahagsmálum.

[16:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að mörgu leyti sammála niðurstöðum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem hann dró saman í lokasetningum ræðu sinnar.

Ég kom hingað aðallega til að ræða við hann um samspil skattalækkana og launahækkana. Hv. þm. sagði að í stjórnarsáttmála hefðu stjórnarflokkarnir talað um að taka

ákvarðanir um skattalækkanir að gerðum kjarasamningum. Mál hv. þingmanns var vart hægt að skilja öðruvísi en svo að þarna væri um valkosti að ræða, þ.e. ef gerðir yrðu ákaflega hóflegir kjarasamningar hefði ríkisstjórnin áformað að fara í skattalækkanir.

Ég skildi þetta ekki svo. Ég skildi þetta eins og maður segir á erlendri tungu, „come hell and high water", skattalækkanir skyldu koma. Þannig hefur t.d. sessunautur hv. þingmanns talað.

Mig langar til að draga hérna fram mismunandi afleiðingar launahækkana annars vegar og hins vegar skattalækkana á kjör þeirra manna sem urðu uppspretta þessarar umræðu, grunnskólakennara. Ef þau hefðu látið sér nægja skattalækkanir og engar kauphækkanir hefðu þau staðið uppi með sem svaraði á einum mánuði andvirði eins bleyjupakka, 1.900 kr. á mánuði. Það er það sem grunnskólakennarar hefðu fengið í sinn hlut ef þau hefði látið sitja við skattalækkanir einar. Með hliðsjón af því hljóta menn að skilja að það einfaldlega er ekki nóg, það er ekki hægt að bjóða mönnum upp á það. Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar eru þannig fram settar að ef þær verða að veruleika mun meira en helmingurinn af þeim renna í vasa þess fjórðungs skattgreiðenda sem hefur hæstar tekjur. Það er einfaldlega af þeirri ástæðu sem skattalækkanirnar geta aldrei komið í staðinn fyrir kauphækkanir til þeirra sem eru fyrir neðan miðju launaskalans.

[16:26]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem kunnugt frá fyrri tíð að menn reikna út kauphækkanir yfir stutt tímabil og fá þar út að þær gefi mönnum lítið í vasann. Ég man eftir því fyrir mörgum árum að menn töluðu um eina tiltekna kauphækkun í kjarasamningi á þann veg að hún gæfi mönnum aðeins fyrir tveimur mjólkurlítrum. Auðvitað geta menn brotið niður kaupmáttarbreytingar í svo smáar einingar að fyrir þær fæst lítið til viðbótar því sem menn áður höfðu.

Engu að síður hefur sú stefna sem menn hafa fylgt og tekin var upp árið 1990 í kjölfar þjóðarsáttarsamninganna skilað árangri, hægt og bítandi hefur hún skilað almennu launafólki miklum árangri, og láglaunafólki kannski meiri árangri en öðrum þrátt fyrir að tölurnar hafi ekki verið háar á hverjum tíma. Ég ráðlegg mönnum að vera ekki mikið að tala um bleyjupakka því að með því eru þeir að gera minna úr launa- og kjarastefnunni en efni standa til.

Hitt tek ég undir hjá hv. þingmanni, að skattalækkanirnar sem eru teknar fram í stjórnarsáttmálanum verði útfærðar nánar í tengslum við gerð kjarasamninga eins og þar stendur. Það er auðvitað engin tilviljun að þetta er ákveðið svona. Menn vissu að vegna þenslunnar yrði að reyna að fá launþegana til að sætta sig við hóflegar launabreytingar og þá yrðu menn að bjóða þeim kaupmáttaraukningu til viðbótar með skattalækkunum. Það var út af fyrir sig eðlilegt því að ríkið hafði viðbótartekjur.

Þá skiptir máli hvernig sú skattalækkun er útfærð og þar verða menn auðvitað að dreifa skattalækkuninni í öðrum hlutföllum en tekjur gefa tilefni til.

[16:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Menn taka mið af þeim veruleika sem þeir búa við hverju sinni. Grunnskólakennarinn sem horfir á skattalækkanir sem færa honum andvirði eins bleyjupakka veit líka að svo er hagstjórn ríkisstjórnarinnar um að kenna að verðbólgan mun ákaflega fljótt éta upp þann litla kaupmáttarauka sem í skattalækkununum felst.

Veruleikinn sem blasir við er einfaldlega sá að hér er verðbólga farin úr böndum þó að hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni þætti þetta bara vera skot sem liði hjá — eins og ég skildi mál hans í sjónvarpsþætti í gær — en þetta gerir það að verkum að menn vega launahækkanirnar sem eru í boði á kvarða verðbólguþróunarinnar.

Niðurstaðan er auðvitað alveg augljós. Ef við tökum mið af grunnskólakennurum og þeim kauphækkunum sem þeim voru boðnar í miðlunartillögunni er það bara ljóst að lítið yrði eftir og í sumum tilvikum ekkert þegar verðbólgan væri búin að éta sinn hlut af þeim.

Verðbólguþróunin er einfaldlega orðin töluvert öðruvísi, eins og hv. þm. rakti, en menn ætluðu þegar þeir lögðu í þennan vetur. Hagstjórn ríkisstjórnarinnar hefur verið slík að hún hefur ekki lengur tök á verðbólgunni. Gáleysislegar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um skattalækkanir upp á tugi milljarða hafa verið mjög eyðsluhvetjandi og þær hafa ýtt undir einkaneyslu sem skapar miklu hærri viðskiptahalla en menn áttu von á. Hann er eðlilega farinn að veikja undirstöður gengisins og það er því miður mjög líklegt að þetta muni leiða til þess að verðbólgan kunni enn frekar að fara úr böndunum þegar viðskiptahallinn hefur greitt sitt þunga högg og lokahögg á núverandi stöðu krónunnar.

[16:30]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi kjör grunnskólakennara sérstaklega hef ég skilið mál þeirra svo að þær breytingar sem urðu í kjölfar síðasta kjarasamnings höfðu áhrif á heildarlaun þeirra. Kannski drógu líka breytingar, sem voru afleiðing af pólitískri stefnumörkun um einsetningu skólanna og lengingu skólaársins, úr möguleikum kennara til heildarlauna, gátu lækkað heildarlaunin. Ef við skoðum tölur um tekjur framhaldsskólakennara annars vegar og grunnskólakennara hins vegar er ekki mikill munur á þeim varðandi dagvinnulaun en aftur mikill á heildarlaunum. Vandinn hefur kannski meira brunnið á kennurum vegna þess að möguleikar þeirra til tekjuöflunar umfram föstu launin hafa minnkað.

Ég tek alveg undir það með hv. þingmanni að ef svo illa tekst til að verðbólgan fer meira af stað en orðið er og menn fá á sig gengisfellingu eða harða gengisaðlögun eins og stundum er talað um erum við býsna illa sett. Við verðum töluverðan tíma að vinna okkur út úr því. Enginn græðir á þeirri stöðu. Þess vegna skiptir engu máli að ræða um það hverjum er hvað að kenna í þeim efnum. Aðalatriðið er: Hvað getum við gert til að komast hjá því að lenda í þessari stöðu?

Ég er alveg sammála meginþemanu í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem varð kannski kveikjan að þessari efnahagsumræðu að ef kauphækkanirnar fara yfir alla

kjarasamningana held ég að við lendum í þessari stöðu. Við eigum að reyna að koma í veg fyrir að fá á okkur þennan efnahagslega óstöðugleika sem getur komið upp ef við tökum ekki fast og ákveðið á málum.

[16:33]

Útbýting:

Olíuleit við Ísland, 347. mál, fsp. GHall, þskj. 393.

Urriðastofnar Þingvallavatns, 346. mál, fsp. MÞH, þskj. 392.

[16:33]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Umræðan hér um fjáraukalögin hefur farið í að ræða um ýmsa aðra þætti sem tengjast þeim, eins og kjarasamninga og stöðu og þróun í efnahagsmálum. Sérstaklega hefur verið rætt um nýafstaðna kjarasamninga sem kennarar og sveitarfélög hafa gert sín á milli.

Að sjálfsögðu eru allir sammála um mikilvægi stöðugleika efnahagslífsins og jafnframt að hagvöxtur sé raunsannur. Hann er í rauninni grundvöllur stöðugleikans, að aukin verðmætasköpun sé virkilega í þjóðfélaginu og hún er síðan grunnur efnahagslegrar velferðar og stöðugleika. Ég held að mjög mikilvægt sé að menn hafi það hugfast því að menn falla svo fljótt í gryfju um tölulega þróun. Hagvöxtur sem byggir á því að skuldsetja eignir þjóðarinnar sem byggir á því að ná fjármagni í umferð með aukinni skuldsetningu án þess að bein og varanleg verðmætasköpun komi á móti er enginn raunhagvöxtur, heldur bara blekkingarhagvöxtur. Því miður er stór hluti hagvaxtar okkar hér í dag blekkingarhagvöxtur.

Aðaltekjustofn ríkissjóðs nú er skattlagning viðskiptahallans sem vex. Það hlýtur að vera áhyggjuefni. Hann verður ekki til af sjálfu sér. Hann verður til á grundvelli efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Það er hún sem ræður hvert fer, hvert stefnir í efnahagsmálum, í atvinnumálum og hvernig hinn raunverulegi hagvöxtur er byggður upp.

Hér hefur verið rætt um kjarasamningana sem var skrifað undir í gær. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fór hér mikinn í að kenna samningsaðilunum um að þeir væru að stefna efnahagslegum stöðugleika samfélagsins, ekki bara í tvísýnu heldur í mikinn voða. Hann sá varla til sólar fyrir þeim voða sem fram undan væri. Það má vel vera að út frá sjónarhóli og forgangsröðun hv. þingmanns geti það verið svo. Ef maður setur allar breytur fastar nema eina, kjarasamninga við kennara, hefur sú breyta áhrif. Hv. þm. vitnaði mjög í samninga Alþýðusambands Íslands og annarra launþegasamtaka sem tengjast þeim samtökum og þeim rauðu strikum sem þar hafa verið sett til að taka megi upp þá samninga. Það er í sjálfu sér ekkert nýmæli að sett séu rauð strik í kjarasamninga og þá megi sjálfkrafa taka upp ef verðbólga fer yfir eitthvert ákveðið mark. En það eru ekki bara laun einstakra stétta sem hafa áhrif á þennan stöðugleika. Þótt það væri svo má samt spyrja hvaða stéttir eigi að taka á sig stöðugleikann. Allar, segir hv. þm. Já, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði mikið einmitt úr því að tillögur ríkisstjórnarinnar um lækkun á tekjuskatti hefðu átt að koma sem mótvægi við launahækkanir. Lítum aðeins betur á það.

Hvað ætli ASÍ segi um skattalækkanir til umbjóðenda sinna og þær kjarabætur sem þær gefa? Er ekki innan vébanda þeirra tekjulægsta fólkið? Og koma skattalækkanir eitthvað þessu fólki til góða eða öðru fólki sem er með lágar og miðlungstekjur? Nei, skattalækkanir koma þessu fólki ekki til góða en þær koma gæluhópum ríkisstjórnarinnar til góða, þ.e. þeim sem hafa langhæstar tekjurnar. Skattalækkanirnar koma þeim til góða. Það er hagur þess fólks sem talsmenn ríkisstjórnarinnar verja hér. Þessi hópur á ekki að taka á sig byrðarnar eða ábyrgðina á efnahagslegum stöðugleika. Nei, það er lágtekjufólkið sem á að gera það, lágtekjufólkið sem ekki fær aukna kaupmáttargetu í formi lægri skatta vegna þess að það er með svo lágar tekjur.

Báðir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Kristinn H. Gunnarsson, talsmenn ríkisstjórnarinnar, hafa talað hér fyrir hagsmunum þeirra sem hæstar tekjur hafa.

Ég hefði viljað heyra frá ASÍ-forustunni að meir og harðar væri ráðist á þessa stefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur grundvallaráhrif á verðbólguna og efnahagsforsendur í þjóðfélaginu. Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár upp á 4–5 milljarða kr. sem koma aðeins tekjuhæsta fólkinu til góða og áform um enn frekari skattalækkanir á næstu 2–3 árum sem koma líka aðeins tekjuhæsta fólkinu til góða stefna efnahagsstöðugleikanum í voða og færa byrðarnar, ábyrgðina, af hinum tekjuhærri til hinna tekjulægri.

Þessari stefnu erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði andvíg. Það er á grundvelli þessa og hagsmuna þessa hóps sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ræðst á samninga og kjör kennara.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson minntist á að í stjórnarsáttmálanum stæði að það ætti að meta skattalækkunaráformin í ljósi þróunar á launamarkaði og efnahagsmála almennt. Ég leyfi mér að spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson: Styður hann þá tillögu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að nú grípi ríkisstjórnin þegar í stað inn í og lýsi því yfir að horfið verði frá þessum vanhugsuðu skattalækkunum til að leggja sitt af mörkum til að tryggja efnahagslegan stöðugleika og í stað skattalækkana til hinna hæstlaunuðu komi möguleikar á leiðréttingu á kjörum til þeirra sem lægst hafa launin? Það væri aðgerð í anda jöfnunðar.

Ég hefði viljað heyra enn ákveðnar hjá ASÍ að þeir segðu við ríkisstjórnina: Þessar skattalækkanir ógna rauðu strikunum. Burt með þær. Þessar skattalækkanir koma ekki umbjóðendum okkar til góða. Mér hefði fundist að þeir ættu að segja það og koma harðar fram með það í staðinn fyrir að koma með yfirlýsingar um að nauðsynlegt sé að draga úr ríkisframkvæmdum, vegaframkvæmdum. Bíddu við, vegaframkvæmdir eru einmitt brýnar fyrir aukinn hagvöxt á Vestfjörðum, og úti um allt land eru vegaframkvæmdir eitt það brýnasta til þess að styrkja og efla atvinnulíf.

Ríkisstjórnin velur að lækka skatta og skera niður vegaframkvæmdir, á Vestfjörðum væntanlega og úti um allt land. Það er ekki til hagsbóta fyrir það fólk sem lægstar hefur tekjurnar, það get ég fullyrt.

Hverjum öðrum er hlíft af hálfu ríkisstjórnarinnar? Þeim hóp sem fær tekjur sínar í gegnum arðgreiðslur og fjármagnstekjur. Honum er hlíft. Stór hópur hér hefur miklar

tekjur af fjármagni sínu og greiðir aðeins 10% í skatt. Á sama tíma greiða launamenn nærri 40%.

Er þetta sanngjarnt? Hefði ekki verið nær hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að segja: Við munum hækka fjármagnstekjuskatt og gefa þannig svigrúm til launahækkana hjá lægstlaunaða fólkinu? Það er sjálfsagt í fjármagnstekjuskattinum að vera með ákveðið lágmark skattfrjálst en þegar það fer yfir ákveðið mark á að mínu viti að skattleggja það sem líkast almennum launatekjum. Nei, þessu fólki er hlíft. Það á ekki að axla hinar samfélagslegu byrðar. Nei, það er láglaunafólkið, fólk sem er með lægstu tekjurnar, lágar og miðlungstekjur sem á að bera ábyrgð á þessum stöðugleika. Það fólk á núna ekki að hreyfa sig til þess að kjör þess standi a.m.k. til jafns við verðlagsþróun í landinu.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum til að skattar séu notaðir sem stýritæki á annan veg, séu notaðir til jöfnuðar en ekki til þess að auka misrétti eins og þessi ríkisstjórn gerir.

Stöðugt hefur verið klifað á þessum stóriðjuframkvæmdum, að ekki megi hækka laun vegna þenslunnar í þeim. Meira að segja var troðið inn í frumvarp um gerðardóm á kennara — nauðsynlegt líklega — með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að fylgja aðhaldssamri efnahagsstefnu til að tryggja áframhaldandi stöðugleika í efnahagslífinu á næstu árum þrátt fyrir aukin umsvif vegna stóriðjuframkvæmda.“

Í öllu fjárlagafrumvarpinu stendur, og oft á hverri síðu, að það verði að skera þetta og hitt niður vegna stóriðjuframkvæmda sem hefur sýnt sig að skila fyrst og fremst atvinnu á meðan á uppbyggingu stendur, og þó mjög afmarkaðri. Þegar henni er lokið er meira að segja arðsemi stóriðjunnar afar lítil. Við sjáum í stóriðjuframkvæmdunum víða, t.d. fyrir austan, að aðeins lítill hluti þess vinnuafls sem gert var ráð fyrir í upphafi að þar ynni að byggingarframkvæmdunum er íslenskur þótt til stæði að stór hluti yrði það. Meginhluti þess vinnuafls sem þar er á ferðinni er tímabundið ráðið erlent vinnuafl og það gerir hinu opinbera, eftirlitsaðilum bæði ríkisins og launaþegahreyfingarinnar, erfitt fyrir með að fylgja eftir að þetta fólk búi við mannsæmandi kjör. Ruðningsáhrif þessara stóriðjuframkvæmda eru svo mikil að öll lítil og meðalstór fyrirtæki ráða ekki við samkeppnina við þetta ofurfjármagn og verða að leggja upp laupana. Ekki styrkir það atvinnuna.

Gegnum þennan texta allan er ljóst að sú stefna sem ríkisstjórnin fylgir í atvinnumálum leiðir til skerðingar á möguleikum þessa fólks til að sækja sér laun. Hún leiðir til þess að það verður að skera niður velferðarþjónustu. Sú er stefna þessarar ríkisstjórnar í hnotskurn.

Eitt vildi ég líka spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson um af því að hann er fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í stjórn efnahagsmála — það virðast vera nógir peningar á markaðnum, bankarnir skila meiri arði en þá dreymdi um: Hefur það engin áhrif á þensluna í efnahagslífinu? Bíddu við, hvernig var með stýritæki Seðlabankans til að hafa stjórn á hlutunum? Seðlabankinn hefur það stýritæki að hækka og lækka svokallaða stýrivexti, viðmiðunarvexti í viðskiptalífinu. Þeir ná þó aðeins til hins innlenda markaðar, til þess fjármagns sem er tekið að láni innan lands og sem er aðeins um helmingur af því lánsfjármagni sem í umferð er. Hitt fjármagnið sem er hér í umferð er á erlendum vöxtum. Hverjir greiða vextina af því fjármagni sem Seðlabankinn er að hækka stýrivextina á? Það eru lítil fyrirtæki, sprotafyrirtæki, einstaklingar, þau fyrirtæki sem almennt hafa ekki aðgang að erlendu lánsfé, vaxtarbroddurinn í íslensku atvinnulífi. Honum er refsað í þessari stefnu ríkisstjórnarinnar með hækkun á vöxtum. Er vit að ráðast þannig að grasrótinni í íslensku atvinnulífi?

Hvers vegna lækkaði Seðlabankinn bindiskyldu viðskiptabankanna um síðustu áramót? Var það einhver nauðsyn? Vantaði fjármagn í umferð? Tugir nýrra milljarða fóru í umferð. Var þörf á því? Mat mitt er að alls ekki hafi verið þörf á því.

Ég leyfi mér að spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson: Er hann sammála þeirri efnahagsstjórn Seðlabankans að lækka bindiskylduna og hleypa þannig fjármagni út í samfélagið sem ekki var þörf á á þessum tíma? Það er mikilvægt að halda utan um ýmis önnur efnahagsstjórnunartæki en þau að ráðast á laun þeirra sem hafa lægstu kjörin eins og þessi ríkisstjórn virðist gera.

Herra forseti. Það er mjög eðlilegt að fólki svíði líka að heyra um hóp manna í samfélaginu sem virðist hafa eins konar sjálftökurétt í launum, eru komnir með svimandi háar tekjur. Menn telja þær í milljónum og tugmilljónum króna á mánuði. Tekjubilið er að aukast stórkostlega í þessu samfélagi. Við heyrum þetta koma upp á yfirborðið þegar gerðir eru starfslokasamningar við einstaka framkvæmdastjóra. Svo geta hv. þm. sagt við kennara: Þið verðið að axla ábyrgðina á stöðugleikanum. Þið megið ekki krefjast launahækkunar því að við þurfum að hygla þessum umbjóðendum okkar sem eru burðarásar flokkanna.

Herra forseti. Það er dapurlegt að heyra hvernig talsmenn ríkisstjórnarinnar ráðast að kjarabaráttu grunnstétta samfélagsins eins og ráðist var hér að samningum kennara. Það er líka dapurt að heyra að það skuli vera markmiðið að halda sveitarfélögunum sem bera uppi stóran hluta af samfélagsþjónustunni í fjárhagslegri úlfakreppu, halda niðri tekjustofnum þeirra og gera þeim ókleift að axla þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt lögum.

Ég tel eitt brýnasta málið nú að styrkja tekjustofna sveitarfélaganna þannig að þau geti staðið undir þeirri velferðarþjónustu sem til er ætlast af þeim og greitt starfsmönnum sínum góð laun. Við munum síðar í umræðunni, bæði um lokafrumvarp fjáraukalaga og einnig við 2. umr. fjárlaga, taka þessi mál enn betur fyrir. Ég fordæmi þau orð sem hér hafa fallið um að kennarar og sveitarfélögin ógni stöðugleika og framtíð þessa samfélags. Það er stefna ríkisstjórnarinnar sem er ógnin, henni þurfum við að breyta og við þyrftum að koma þessari ríkisstjórn frá.

[16:52]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er kannski ástæða til að byrja á því að rifja upp að hér er til umfjöllunar frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004 og ýmsar aukafjárveitingar í því frumvarpi. Þó að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi með ræðu sinni beint umræðunni í almenna efnahagsumræðu og frá fjáraukalögunum í sjálfu sér er það ekki einkennilegt út af fyrir sig. Það sýnir sig auðvitað í þessum

fjáraukalögum að hverri krónu sem kemur inn vegna tekna af góðæri eða þenslu umfram spár er eytt jafnharðan í vanáætlanir fjárlaga frá fyrra ári. Þannig hefur ástandið verið viðvarandi í ríkisfjármálunum ár eftir ár, fjárlög eru sett fram með fallegri glansmynd en það er ekkert að marka það sem í þeim stendur því að fjáraukalögin og ríkisreikningurinn kollvarpa því sem sett var fram.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson veit auðvitað giska vel að þetta er sá vandi sem við blasir í efnahagsmálum þjóðarinnar en ekki kjarasamningar grunnskólakennara. Það er beinlínis hlægilegt að heyra hv. þingmann reyna að gera 5, 6 eða 7% hækkun grunnskólakennara umfram almenna samninga á fjögurra ára tímabili að því sem hér muni ráða úrslitum um stöðugleika í landinu. Það er langt því frá að slíkar upphæðir muni skipta þar sköpum.

Ég nefndi töluna 750 millj. kr. í ræðu minni og hv. þm. efaðist um þá tölu. Hann hefur sjálfur sagt að hækkunin sé 5, 6 eða 7% umfram almenna launaþróun á þessum fjórum árum. Launakostnaður sveitarfélaganna vegna kennara er 15,5 milljarðar. Ég hygg þá að 5% séu nákvæmlega 775 millj. kr., 6% væru þá trúlega um 930 millj. kr. og 7% 1.085 millj. kr. Þessar tölur munu ekki skipta sköpum um stöðugleikann á Íslandi og það veit hv. þm. ósköp vel, enda hefur hann sjálfur lagt fram fjárlagafrumvarp þar sem útgjaldaaukningin til utanríkisþjónustunnar einnar saman nemur þúsund milljónum eða sambærilegri fjárhæð og hér er um að ræða.

Nei, það er efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar sem hefur ógnað stöðugleikanum og hefur gert það að verkum að sveitarfélögin urðu að semja um verulega hærri kjarabætur við kennara en þau ætluðu sér. Þegar tilboð sveitarfélaganna lá fyrir tóku kennarar í opinberri umræðu verðbólgutölur síðustu 12 mánaða upp á 3,8%, verðbólguspár óháðra fjármálastofnana upp á allt að 6% á samningstímanum og sögðu að í þessum tilboðum fælust engar kjarabætur því að það væri fyrirséð að ríkisstjórnin mundi missa tökin, hér mundi verðbólgan éta upp það sem boðið væri þannig að þeir yrðu að fá meira. Hafi kjarasamningar sveitarfélaga við kennara verið dýrari en góðu hófi gegnir eru aðeins lausatök ríkisstjórnarinnar á ríkisfjármálunum og það hvernig hún hefur misst tökin á verðbólguþróuninni undanfarið rótin að því. Það verður hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson að horfast í augu við eins og mér fannst hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gera með miklum sóma í ræðu sinni.

Það er full ástæða til að spyrja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson hvort hann telji að sú þróun sem verið hefur í verðlagsmálum undanfarið, spár um það að verðbólgan sé að fara upp í allt að 6%, aukinn þrýstingur á launahækkanir, nýgerðir kjarasamningar og þeir kjarasamningar sem fram undan eru kalli ekki á það að ríkisstjórnin endurmeti fyrirætlanir sínar um skattalækkanir. Það er alveg augljóst að ef menn sigla hér með verðbólguna upp í 6% er engin glóra í því að ætla að lækka skatta um hátt í 30 milljarða. Ég vek athygli á tölunni, hátt í 30 milljarða ætla menn að lækka skattana um en býsnast svo yfir því í hinu orðinu að kauphækkanir til kennara sem kannski nema um einum milljarði í efnahag þessarar þjóðar verði sá dropi sem fylli mælinn í efnahagsþróuninni.

Það er auðvitað á engan hátt hægt að tala svona og ég ítreka það sem ég sagði í andsvari mínu, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson getur heldur ekki boðið okkur upp á það að halda hér dómadagsræður sínar um hinar miklu skuldbindingar lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna og ríkisins og þær skuldbindingar sem til verða við kennara vegna þessara samninga, skuldbindingar upp á framtíðina þegar sami hv. þm. er nýlega búinn að standa að því að keyra í gegnum þingið eftirlaunafrumvarp fyrir þingmenn og ráðherra þar sem einstakir starfsmenn fá tugi milljóna í réttindaaukningar og gefnar eru út slíkar ávísanir á framtíðina að engu lagi er líkt. Þeir sem þannig ganga fram í þingsölum geta ekki býsnast yfir því þó að lífeyrisréttindi þeirra sem kennt hafa í grunnskólum landsins síðustu áratugi hækki nokkuð. Sannarlega er það ekki í neinu samræmi við það sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur aukið sín eigin lífeyrisréttindi um með atkvæði sínu í þessum sal. Um þau atriði er hv. stjórnarliðum sæmst að þegja.

Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir að hafa komið til umræðunnar. Ég óskaði sérstaklega eftir því vegna þess sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og Sigurður Kári Kristjánsson sögðu hér. Þeir töluðu mjög digurbarkalega til sveitarfélaganna og sögðust að vísu tala fyrir sig. Það er ekki hægt að líta svo á að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar og forustumaður Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd, tali á Alþingi bara fyrir sig. Þeir töluðu, félagarnir, mjög skýrt um að ekkert þýddi fyrir sveitarfélögin að sækja hingað eitt eða neitt. Nú yrðu þau bara að gera svo vel að skera niður og spara fyrir útgjaldavanda sínum.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem er kannski ekki alveg jafnsmekkvís og kollegi hans, gekk svo langt að segja að það þýddi ekki fyrir sveitarstjórnirnar að koma skríðandi til ríkisvaldsins. Er mér þá ekki alveg ljóst hvort hv. þm. átti við Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóra á Akureyri, Árna Sigfússon, bæjarstjóra í Reykjanesbæ eða Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga, þegar hann kaus að draga upp þá mynd af sveitarfélögunum, sveitarstjórnunum og forustumönnum þar að það væru aðilar sem kæmu skríðandi til ríkisvaldsins.

Þetta eru auðvitað mjög alvarlegar yfirlýsingar því að í landinu standa yfir viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um breytingar á tekjuskiptingunni. Í fjárlaganefnd á dögunum upplýstu fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, fulltrúar Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, að þeir teldu að leiðrétta þyrfti tekjuskiptinguna um u.þ.b. 5–6 milljarða árlega — og var það fyrir samningana sem skrifað var undir í gær. Þær viðræður á að leiða til lykta í mánuðinum og það er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi hér verið að gefa út tilkynningu um niðurstöðu í þeim viðræðum, hvort fyrir fram sé búið að hafna öllum kröfum sveitarfélaganna. Sveitarfélögin hafa líka haft áhyggjur af þessu, m.a. í ljósi þess að einungis pólitískir fulltrúar sitja í tekjustofnanefndinni af hálfu ríkisins. Þó að það geri það svo sannarlega af hálfu sveitarfélaganna hafa menn auðvitað haft áhyggjur af því að það væri engin meining á bak við þessar viðræður.

Hæstv. félagsmálaráðherra hefur hér sett af stað mikinn leiðangur um eflingu sveitarstjórnarstigsins og sameiningu

sveitarfélaga og það liggur alveg fyrir að fái hæstv. félagsmálaráðherra ekki stuðning Sjálfstæðisflokksins til þess að leiðrétta tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga er hæstv. félagsmálaráðherra bara í skógarferð með eflingu sveitarstjórnarstigsins. Ekkert sveitarfélag mun taka að sér aukin verkefni frá ríkinu og það verður sannarlega ekki til að hvetja menn til sameiningar og þess að ráðast í ný verkefni ef hér á enga leiðréttingu að fá.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem hér hefur beðið um andsvar hlýtur auðvitað líka að gera okkur grein fyrir því hvort þessar yfirlýsingar í garð sveitarfélaganna séu bara almennt ergelsi hans yfir lausatökunum sem verið hafa í ríkisfjármálunum, sem við heyrum hér úr ræðustólnum, eða hvort skilja eigi orð hans sem pólitískar yfirlýsingar *Sjálfstæðisflokksins og forustumanns hans í fjárlaganefnd á* Alþingi. Eigum við að taka yfirlýsingar hv. þingmanns alvarlega eða ekki? Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir umræðuna og fyrir viðræður sveitarfélaganna og ríkisins á næstu dögum og vikum að við fáum alveg skýrt fram frá hæstv. félagsmálaráðherra og hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni hvort það sé staðfastur vilji og skoðun ríkisstjórnarinnar að hér þýði ekkert fyrir sveitarfélögin að koma skríðandi til ríkisvaldsins að biðja um peninga á næstu vikum.

[17:04]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Helgi Hjörvar gerir hér að umfjöllunarefni tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga og mér er auðvitað bæði ljúft og skylt að bregðast við þeirri umræðu.

Eins og hv. þm. veit hafa á undanförnum vikum og mánuðum átt sér stað viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um tekjuskiptingu þessara tveggja stjórnsýslustiga, fyrst og fremst með tilliti til breyttra verkefna, tilfærslna verkefna frá ríki til sveitarfélaga og með áherslu á eflingu sveitarstjórnarstigsins. Þær viðræður eru í fullum gangi, fundur í þeirri nefnd sem hv. þm. gerði að umfjöllunarefni fór síðast fram í gær. Ég reikna með öðrum slíkum fundi strax eftir helgi þannig að menn eru að leita leiða til að nágast það verkefni sem lagt var upp með.

Hv. þingmaður gerði hér einnig að umfjöllunarefni nýgerða kjarasamninga kennara og ummæli sem féllu í þessari umræðu í dag. Nú ætla ég, hæstv. forseti, ekki að fara að túlka þau ummæli en ekki hvarflar að mér að sveitarfélögunum detti í hug að senda ríkinu reikning vegna þeirra samninga. Mér dettur bara ekki í hug, hæstv. forseti, að sveitarstjórnarmenn í landinu láti það hvarfla að sér. Aldrei mundi ég gera þeim upp slíkar skoðanir, hæstv. forseti, ég veit að ábyrgðin á þeim bæ er meiri en svo.

[17:06]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna yfirlýsingum hæstv. félagsmálaráðherra um að hann muni leita leiða í þessu efni. Ég spyr þá hæstv. ráðherra um stuðninginn sem hann hefur í það og það sem auðvitað er verið að spyrja hér um, ekki framtíðarverkefnin eða nýju verkefnin, heldur um það hvort það verði yfir höfuð gerð einhver leiðrétting á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga við núverandi verkaskiptingu í þeirri nefnd sem er að störfum — eða hvort yfirlýsingar þingmanna Sjálfstæðisflokksins hér í dag þýða að á grunni núverandi verkaskiptingar verði engar almennar leiðréttingar gerðar á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ef svo er er alveg hægt að hætta viðræðunum þegar á morgun, hæstv. félagsmálaráðherra.

[17:07]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli mínu áðan liggur það fyrir að verkefni þeirrar tekjustofnanefndar sem ég minntist á er auðvitað fyrst og fremst að fjalla um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga með tilliti til breyttrar verkaskiptingar.

Í *sameiginlegri viljayfirlýsingu sem hefur margsinnis* verið rædd úr þessum stól, bæði af þeim sem hér stendur nú og öðrum, viljayfirlýsingu sem félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og formaður Sambands sveitarfélaga undirrituðu 17. september sl., kemur mjög skýrt fram hvert verkefni þessarar nefndar er.

Á fundum tekjustofnanefndar eru ýmsar hugmyndir reifaðar. Þar hafa komið upp hugmyndir bæði hvað varðar tekjustofna vegna þeirra verkefna sem sveitarfélögin sinna nú þegar en einnig hinna sem varða hugmyndir um ný verkefni. Vinnu nefndarinnar er ekki lokið, hún er í fullum gangi. Verkefnið, til að taka af öll tvímæli um það, hæstv. forseti, er fyrst og síðast að fjalla um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með tilheyrandi tilfærslu tekjustofna, eflingu sveitarstjórnarstigsins, stækkun og fækkun sveitarfélaga.

[17:08]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé þá komið fram við umræðuna sem leitað var eftir og getur ekki orðið miklu skýrara af hálfu hæstv. félagsmálaráðherra. Hæstv. ráðherra hefur greinilega ekki stuðning til þess að breyta núverandi tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga á grundvelli núverandi verkaskiptingar. Það er sannarlega áhyggjuefni ef hæstv. félagsmálaráðherra og hæstv. ríkisstjórn hafa ekki skilning á þeim mikla vanda sem blasir við sveitarstjórnarstiginu í landinu sem var á sl. ári rekið með 2,8 milljarða kr. tapi. Þó að þau muni ekki rukka ríkisvaldið fyrir kjarasamningum er alveg ljóst að þeir kjarasamningar sem nú hafa verið gerðir og eru í farvatninu við leikskólakennara munu ekki gera það að verkum að þessi vandi frá í fyrra hverfi, svo mikið er víst. Við þann vanda, þriggja milljarða halla, glíma sveitarfélögin og það er ekkert annað en að berja höfðinu við steininn og þrengja óhóflega að sveitarfélögunum að ætla ekki að mæta þeim, og þeim þörfum sem eru í nærþjónustunni.

Það er kannski til marks um að menn séu búnir að sitja of lengi þegar þeir hafa ekki skilning á hinni daglegu þjónustu úti í sveitarfélögunum heldur moka peningum í hirðina, í sendiherrabústaðina, hina starfandi sendiherra sína hér í Reykjavík, og geta ekki séð af fjármunum í sjálfa grunnþjónustuna, grunnskólana, leikskólana o.s.frv.

[17:10]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var í desember í fyrra, að ég ætla, að gerðar voru breytingar á lögum um laun þingmanna og ráðherra. Þessar breytingar voru fyrst og fremst og eingöngu um það að hækka laun formanna stjórnarandstöðuflokkanna. Hinn almenni þingmaður fékk ekki launabreytingu. Hins vegar var samþykkt að hann borgaði einu prósenti meira inn í sinn lífeyrissjóð en áður hafði verið í lögum. Þannig varð raunlækkun almenns þingmanns, bæði mín, herra forseti, svo og allra annarra þingmanna, 1%.

Það er því mjög ósvífið þegar hv. þm. Helgi Hjörvar kemur hér og segir að ég hafi með atkvæði mínu aukið stórkostlega greiðslur til mín. Ég vona, hæstv. forseti, að þessi hv. þm. hafi lært það heima hjá mömmu sinni að það er ljótt að ljúga. Það er andstyggilegt að búa til hreinar lygasögur þó að menn séu í miklum þvælingi með málflutning sinn.

Ég ætlast til þess að hv. þingmaður biðji mig og aðra afsökunar á svona kjaftæði.

[17:12]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þá höfum við það. Eftirlaunafrumvarpið sem afgreitt var á Alþingi hafði í för með sér kjararýrnun fyrir hv. þm. Einar Odd Kristjánsson. (**EOK:** Og þig líka.) Ég held að við þurfum að fara nokkuð betur yfir það, ég og hv. þingmaður, hvernig útgjaldaaukinn var í hinum auknu réttindum í því frumvarpi. Ég man ekki betur en að skuldbindingin sem reiknuð var út hafi numið hundruðum millljóna króna þó að það sé út af fyrir sig rétt hjá hv. þingmanni að hún sneri fyrst og fremst að lífeyrisréttindum ráðherra. Kannski orð mín hafi nokkuð mótast af þeirri skoðun að rétt væri að hv. þingmaður ætti eftir að verða það.

Ég vildi hins vegar ítreka spurningu mína til hv. þingmanns: Telur hann að verðbólguþróunin og kjaraþróunin kalli á það að ríkisstjórnin nú eða eftir þá saminga sem fram undan eru endurmeti áform sín um skattalækkanir með það að markmiði að halda aftur af verðbólguþróun í landinu? Ég tel að þetta sé grundvallarspurning um það að viðhalda hér stöðugleikanum. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni, á miklar þakkir skildar fyrir aðild sína að því að koma hér á stöðugleikanum í upphafi. Ég held að það skipti þing og þjóð miklu máli að afstaða hans í þessu efni liggi hér fyrir skýr og ljós.

[17:13]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að hv. þm. Helgi Hjörvar hafi viðurkennt að hafa farið með rangt mál, sem er þá gott hjá honum, varð honum það á í messunni að gleyma að biðjast afsökunar á því.

Hins vegar er ég á mælendaskrá á eftir og skal fara þá yfir skattamál og verðbólgumál.

[17:14]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004 og ætla ég aðeins að koma inn á það og síðan inn á þau málefni sem hafa verið rædd hér, þ.e. kjarasamninga við grunnskólakennara.

Það sem vekur athygli mína í fjáraukalögum á hverju ári er að alltaf hækkar allt það sem kemur til útgjalda, alveg sama hvernig á stendur. Það eru einkum tvö atriði hérna. Þótt ýmislegt megi tína til vekur mesta athygli Landspítali – háskólasjúkrahús þar sem framlag til hans hækkar um tæplega 700 milljónir. Ef ég man rétt voru framlögin hækkuð um 1,8 milljarða á síðasta ári. Þá var talið að loksins yrði búið að gera allt klárt og þessi framúrkeyrsla mundi ekki gerast aftur. Ég spyr þá fjárlaganefndarmenn sem hér eru, og aðallega heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra: Hvernig í ósköpunum stendur á því að þetta geti gerst ár eftir ár? Hér eru aðrir liðir eins og lyfjakostnaður og annað. Ef menn væru með heimilisbókhaldið sitt hér blöskraði þeim. Eins og ríkissjóður er getur þetta ekki gengið svona endalaust. Hvaða tölur verða á næsta ári?

Hitt atriðið sem vekur athygli mína er hækkun á fæðingarorlofi upp á tæplega milljarð, 880 milljónir eða eitthvað slíkt. Ef ég skil rétt er fæðingarorlof komið upp í tæpa 7 milljarða. Þetta var náttúrlega til umræðu fyrir tæpu ári í þinginu. Þá kom hæstv. félagsmálaráðherra með breytingar á lögum um fæðingarorlof sem var talið að mundi draga úr misnotkun á þessu. Þetta heldur áfram að aukast og einhvern tímann lögðum við úr vör með að þetta ættu að vera 4 milljarðar en nú eru þetta orðnir 7 milljarðar. Ég spyr: Getur þetta gengið til lengdar, hefur velferðarkerfið hjá okkur efni á því að þetta gangi svona til? Þetta er allt saman góð hugsjón en það verður kannski að huga að því hvað er debet og hvað er kredit.

Hér sé ég að Þjóðleikhúsið er með 57 milljónir.

Hér sé ég að 113 milljónir eru hjá ríkislögreglustjóra. Framlagið til þess embættis virðist hækka á hverju ári líka, vera í einhverjum sjálfvirkum hækkunargír. Mér finnst að menn verði að staldra hér við og stoppa þetta ef þeir ætla að geta rekið hér fjárlög í framtíðinni á réttu róli.

Svo komum við, virðulegi forseti, að því sem var rætt hér, kjarasamningi grunnskólakennara og sveitarfélaganna sem var gerður í gær, og ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Ég held að allir hafi haft gott af að hlusta á þá ræðu þó að ég sé kannski ekki sammála öllu sem þar kom fram. Ég óttast að þessi samningur hafi í för með sér þau áhrif að við getum átt von á aukinni verðbólgu. Það eru nokkur atriði sem er rétt að fara yfir í þessu sambandi.

Ef hækkun á launum kennaranna er það mikil — við erum að tala um að í þessum samningi er 130 þús. kr. eingreiðsla á þessu ári, 1. október 5,5% hækkun, 1. janúar á næsta ári, þ.e. núna um áramótin, eru 3% og á miðju næsta ári kemur 75 þús. kr. eingreiðsla og síðan 1. júlí kemur 9,27% hækkun. Á síðari árunum, 2006, 2007 og 2008, koma 2,5% og svo 2,25% tvisvar sinnum. Öll hækkunin kemur núna og síðan á næsta ári. Væntanlega munu aðrir starfsmenn, leikskólakennarar og aðrir opinberir starfsmenn, fara fram á lágmark það sama ef ég þekki dæmið rétt, og er ég búinn að vera alllengi í kringum þetta. Það þýðir væntanlega að þeir sem hefðu gert — þ.e. almenni markaðurinn vill fá það sama sem er eðlilegt. Við tölum nú ekkert um lífeyrissjóðsréttindin.

Það þýðir þetta: Er til fyrir þessum launahækkunum? Maður spyr sjálfan sig að því. Ef það er ekki til fyrir þeim á almenna markaðnum og við höfum ekki nægilega mikla framleiðniaukningu í greinunum grefur náttúrlega undan krónunni og við fáum hér harða gengisaðlögun og síðan verðbólgu. Ef verðbólgan fer hærra en launahækkanir rýrna kjörin sem því nemur. Þetta er mjög einfalt reiknisdæmi. Og það óttast ég. Það óttast ég með þessum samningum þótt ég hafi verið mjög ánægður með að samningar tækjust. Þetta var orðið neyðarástand, börnin búin að vera á áttundu viku án kennslu. Ástand í kennarastéttinni skelfilegt, ég tala nú ekki um hvað þetta reyndi mikið á heimilin í landinu.

Ég hef verið talsmaður þess að kennarar fái bætt kjör, þó með þeim hætti að við héldum stöðugleikanum í samfélaginu, í efnahagslífinu. Ef hann fer fer allt. Menn reyndu hérna í áratugi áður. Ég hélt að við værum búin að fá nóg af þessu. Þetta er allt saman reiknanlegt. Ég átta mig ekki á því af hverju menn eru að fara svona út yfir mörkin í þessu. Það er stórhættulegt. Ég vona svo innilega að til þess komi ekki en ég óttast það. Ég er alveg klár á því að hvorki leikskólakennarar né opinberir starfsmenn ætli sér að fá minni launahækkanir en grunnskólakennarar. Ábyrgð sveitarstjórnarmannanna og líka grunnskólakennara er mikil í þessu sambandi. Ég er ekki viss um að grunnskólakennarar hafi lagt upp með það að skrifa undir þessa samninga með það í huga að kjör þeirra mundu rýrna. Nei, þau áttu að aukast og það vildu allir.

Síðan kemur að hinum þætti málsins og hann varðar tekjur sveitarfélaganna. Duga þær fyrir þessum launahækkunum? Það kom fram, virðulegi forseti, hjá forseta borgarstjórnar Reykjavíkur að skattahækkanir borgarinnar dygðu ekki fyrir breytingu á launum grunnskólakennara, hækkunum á næsta ári. Fyrir mitt sveitarfélag, Kópavog, þýðir þetta 200 millj. kr. aukningu. Ef við skoðum t.d. borgina getum við reiknað með að leikskólakennarar og aðrir starfsmenn séu a.m.k. jafnmargir eða jafnvel fleiri en grunnskólakennararnir og þá geti kostnaðarauki borgarinnar á næsta ári verið 2–3 milljarðar. Það er ekki til fyrir því. Ætla menn að reka á halla, eða hvað?

Hjá Kópavogsbæ gæti þetta þýtt 400 millj. kr. Hvernig verður ástandið hjá þeim sveitarfélögum sem reka sig núna í kringum núllið og sum hver í halla?

Ég er sammála félagsmálaráðherra í því að það er útilokað að sveitarfélag geti sent ríkinu reikninginn vegna kjarasamninga. Það er ekki hægt. Í launaáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2004 er náttúrlega reiknað með ákveðnum launabreytingum. Svo mun væntanlega verða á næsta ári. Nú erum við klár með það en launabreytingin er gífurleg. Við erum að tala um 5,5% plús 3% plús 9 og eitthvað prósent. Þetta eru gífurlegar hækkanir á mjög skömmum tíma.

Ég óttast neyðarástand hjá sveitarfélögunum, neyðarástand eftir að menn verða búnir að fara í gegnum alla þessa kjarasamninga. Ég er alveg klár á því. Sem betur fer er Kópavogsbær vel rekinn og á fyrir þessu, eitt af fáum sveitarfélögum, virðulegur þingmaður, Einar Már Sigurðarson.

Síðan kom hér formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og réðist ómaklega á formann Sambands íslenskra sveitarfélaga, Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson. Hann er ekki hér til svara en félagsmálaráðherra gerði grein fyrir því hvað þessi endurskoðunarnefnd vegna tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga var að gera.

Ég er sammála einu sem komið hefur fram í umræðunni hjá ýmsum þingmönnum, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu. Það þarf að leiðrétta þessa tekjustofna út af nokkrum atriðum, m.a. þeim að við breytinguna úr einstaklingsrekstri yfir í einkahlutafélag varð gífurlegt tekjutap sveitarfélaganna. Það var talið 1 milljarður. Við vitum það ekki. Í sveitarfélagi mínu gæti þetta numið a.m.k. 100 milljónum, ef ekki meira.

Það eru breytingar á framlögum vegna húsaleigubóta, það eru framlög vegna húsnæðismála og til félagslegra íbúða. Það eru ýmsar kröfur sem koma frá ríkisstofnunum, eins og Persónuvernd, sem kosta sveitarfélögin mikið. Auðvitað þarf að leiðrétta það. Ef við tökum þróun tekna, bæði ríkis og sveitarfélaga, hafa sveitarfélögin ekki þurft að kvarta. Sveitarfélögin hafa gert eitt, þau hafa hækkað þjónustustigið. Það er af hinu góða en maður verður að eiga fyrir því. Það er númer eitt. Við verðum að eiga fyrir því ef við hækkum þjónustustigið.

Ég get nefnt sem dæmi í mínu sveitarfélagi að þar var þáttur menningarmála ekki mikill fyrir 10–12 árum. Síðan er búið að reisa miklar byggingar um menningu, og rekstur menningar sem var örfáar milljónir í sveitarfélaginu kostar núna kannski á annað hundrað milljónir á ári. Fyrir tíu árum var knatthús ekki til í Kópavogi en nú er það til. Það kostar gífurlegt fé að reka eitt slíkt hús. Þetta er aukning á þjónustustigi. Við erum öll hreykin af því en það kostar fé.

Þá komum við að verðbólgunni sem við erum svo öll hrædd við. Hún er einn mesti bölvaldur íslensks samfélags fyrr og síðar, og verðbólga akkúrat um þessar stundir er talsverð. Akkúrat núna. Hún hleypur á milli 3 og 6 prósentna. Hver ætli sé ástæðan fyrir því? Hérna kemur stjórnarandstaðan og telur þetta allt óstjórn ríkisstjórnarinnar. Vinstri grænir vilja helst hækka skatta, hafa allt saman miðstýrt og helst að ríkið borgi öllum út í samfélaginu, öll fyrirtæki ríkisrekin og ríkið borgi út, þetta sé eins og var í Sovétríkjunum. Við vitum öll hvernig það allt saman fór.

Hvers vegna er verðbólga? Jú, það er hækkun olíuverðs, gífurleg hækkun sem hefur orðið á olíuverði, virðulegur forseti. Hér flæðir mikið af peningum þar sem bankarnir bjóða lán til fasteignakaupa upp á 90%, og nú er boðið upp á 100% lán. Þetta hefur hækkað íbúðaverð látlaust. Sú hækkun á íbúðaverði er mjög óeðlileg. Hún getur ekki haldið áfram endalaust en hún hefur orsakað hækkun verðbólgunnar.

Olíuverðshækkunin, hækkun fasteignaverðs og gífurlegt framboð af erlendum fjármunum hjá bönkunum, sem eru að dreifa þeim í íslenskt samfélag, veldur verðbólgunni.

Ég held að þetta líði hjá og verði smáskot en ef við fáum víxlverkun verðlags og launa erum við búin að hella olíu á þennan eld. Þá getur þetta brunnið upp og heimilin orðið að ösku eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði hér í dag.

Skuldir heimilanna eru 210 milljarðar, þar af eru 180 milljarðar verðtryggðir. Ef verðbólgan fer upp í 5, 10 eða 15% sér hver maður hvað það þýðir. Það stendur enginn undir því. Við megum alls ekki fara þessa leið. Alls ekki.

Varnaðarorð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar eru alveg laukrétt þótt hann hafi málað ástandið í helst til sterkum litum. Það þarf oft að gera til að vekja fólk. Ég held að við fljótum hér hálfsofandi áfram. Svo vöknum við upp einn góðan veðurdag þegar það er orðið of seint. Það þarf að grípa í taumana og fara mjög varlega.

Síðan var rætt um viðskiptahallann og aukna einkaneyslu. Hún hefur orðið vegna þessa gífurlega framboðs fjármagns. Aðalversið er samt innflutningur á efni til virkjana og byggingar álvera. Þetta er orðið breytt samfélag. Við lifum í frjálsu samfélagi. Nú er það orðinn móður í íslensku samfélagi að leigja allt, hafa rekstrarleigu á bílum. Þá náttúrlega kaupa sér allir nýja bíla, þ.e. á rekstrarleigu. Spurning er hvenær menn selja húsin sín og taka hús á rekstrarleigu.

Ég er gamaldags í hugsun. Maður dregur augað í pung og spyr: Hvar endar þetta? Þetta er eitt af þessu flæði af dóti. Menn eru með allt á leigu, tölvur og hvað næst?

Viðskiptahallinn grefur undan krónunni og auðvitað grafa of miklar launahækkanir, sem er ekki til fyrir, undan krónunni númer eitt. Ef hún fellur og við förum hér í frjálst fall — við höfum reyndar reynsluna, við höfum reynsluna af þessu frá árunum 1988–1991, þó sérstaklega 1990 þegar kaupmáttarhrapið var yfir 20%. Menn rétt mörðu að stoppa það. Við héldum að við hefðum fengið nóg af þessu þá. Þá voru menn einmitt í þessum leik, 1991 náði þetta að stöðvast og síðan komu góðir tímar þegar menn voru skynsamir. Þá höfðu menn dæmin fyrir aftan sig, að menn ættu ekki að gera svona hluti.

Ég lýsi því enn yfir að ég er mjög ánægður með að samningar hafi náðst milli grunnskólakennara og sveitarfélaganna en ég vona að þeir haldi og að við lendum ekki hér í aukinni verðbólgu vegna þess arna og víxlverkun. Ég óttast það samt. Ég tel að boginn hafi verið of hátt spenntur. Það er mitt mat. Þá töpum við öll á því, kennarar, þingmenn, allir. Það eru allir sem tapa, þjóðfélagið í heild. Við viljum ekki fara þá leið. Við erum búin að fara hana, fórum hana fyrir árið 1990, keyrðum hana alltaf látlaust í ófæru en eftir það náðum við að malbika veginn og við héldum að við gætum haldið okkur á honum. Það er óþarfi að fara út í móana aftur. Það er þessi hætta sem við verðum að horfa á. Það vill enginn fara þá leið.

Varðandi síðan sveitarfélögin verðum við sveitarstjórnarmenn náttúrlega að gæta okkar á því að reisa okkur ekki hurðarás um öxl. Það er mjög auðvelt að segja já við öllu, auka kostnað og rekstur og annað. Það er mjög auðvelt. Það er alltaf erfiðara að segja nei. Við þurfum að segja nei. Ég tel að þjónustustig sveitarfélaganna sé komið alveg á ystu nöf, enda sést það á rekstri þeirra að menn þurfa að gæta að sér. Við þurfum að horfa sjálf, sveitarstjórnarmenn, í eigin barm. Við getum ekki farið til ríkisins og sagt: Ja, nú erum við búin að gera kjarasamning við leikskólakennara eða kjarasamning við almenna starfsmenn, BSRB, og nú þurfum við að fá svolítið meira. Við hækkuðum þetta heldur meira en við ætluðum og þurfum að fá smákropp í viðbót. Slíkt er ekki hægt. Við verðum að bera gæfu til þess að segja nei.

Hitt er svo annað mál að ríkið verður að lagfæra og leiðrétta þá villu sem er komin í tekjur sveitarfélaganna, tekjuskiptinguna, t.d. með yfirfærslu á, eins og ég sagði, einstaklingsrekstri í einkahlutafélög og mörg önnur atriði. Ég hef verið áhugamaður um þessi mál og tínt þetta upp í gegnum árin. Breytingar hjá ráðuneytunum á reglugerðum og lagabreytingar sem fer lítið fyrir, svífa jafnvel í gegnum þingið, kosta peninga. Auknar kröfur kosta peninga, aukið þjónustustig sem við samþykkjum á þinginu. Það er það sem ég vil fá leiðrétt og frá því þarf að ganga áður en við förum að tala um yfirfærslu á öðrum verkefnum til sveitarfélaganna. Það þarf að ná hreinu borði fyrst.

Virðulegur forseti. Ég fagna umræðunni um þessi launamál almennt. Ég held að menn þurfi að vakna upp og ræða þetta hreinskiptið. Menn þurfa ekki að vera með nein gífuryrði í garð hver annars, við verðum að fara raunhæft í þessi mál.

Við vitum að ef við hækkum laun of mikið fáum við aukna verðbólgu og þá minnka kjarabæturnar. Það verður kjararýrnun. Við höfum átt því láni að fagna frá 1991 að laun — við höfum fengið kjarabætur látlaust fram að þessum degi og aukna velmegun. Hún er ein sú mesta í heiminum. Svo koma hingað hv. þingmenn eins og Steingrímur J. Sigfússon og tala um að þetta sé alveg hroðalegt, að við séum með langtum lægri laun en gildir annars staðar á Norðurlöndum og að við vinnum langtum meira en þeir, þetta sé alveg skelfilegt. Ég held að þessir þingmenn vilji hafa þjóðina í frii og helst á fullum launum eða meira til. Það gengur ekki.

Þeim tókst vel til eða hitt þó heldur og ég vil minna á frammistöðu vinstri stjórnarinnar 1988–1991 sem var einhver mesta skelfing fyrir íslenskt samfélag. (**Gripið fram í:** Þjóðarsáttin.) Síðan kom þjóðarsáttin en hún var ekki ríkisstjórninni að þakka, það voru aðilar vinnumarkaðarins sem stóðu að henni. Ég gæti haldið langar ræður um hana, við vorum þátttakendur í henni, ég og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, og vitum nokkurn veginn hvernig hún var. Það þarf ekkert að segja okkur um það.

Virðulegi forseti. Ég ætla að koma hérna með þessar spurningar varðandi fjáraukalögin. Gaman væri að fá skýringar á því hvort rétt sé að fæðingarorlofið sé komið upp í 7 milljarða og hvort þetta endalausa haldi áfram, ríkislögreglustjóri, Landspítalinn og fleira. Það virðist sem menn séu í áskrift hjá fjárlaganefnd og fái hækkun alltaf á milli ára, þ.e. af eigin áætlunum, eigin fjárhagsáætlunum. Ef menn geta ekki staðið við eigin fjárhagsáætlun verða þeir að axla þá ábyrgð.

[17:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er bara löngun í meiri sögulegan fróðleik sem rekur mig í pontu hingað. Hér var talað um hin skelfilegu ár vinstri stjórnarinnar 1988–1991.

Mig langar til að fá nánari útlistun á þessu. Man hv. þm. Gunnar Birgisson eftir því að á 9. áratugnum var verðbólga að meðaltali 30 af hundraði, 30%? Í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem hann vísar til, þessarar skelfilegu ríkisstjórnar sem hann kallar svo, tókst að ná verðbólgustiginu með svokölluðum þjóðarsáttarsamningum niður í 2–3%. Þar var lagður grunnur að mögulegri uppbyggingu sem því miður var misnotaður. En á þessum árum var dæminu snúið við.

Ég eiginlega kem hingað til að fá upplýsingar hjá hv. þingmanni um hvað það var í stjórnarstefnunni á þessum árum sem var svona skelfilegt að hv. þingmaður tekur þessi djúpu bakföll og andköf.

[17:37]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski rétt að fara enn þá lengra aftur því að þetta hefur alltaf gerst í tíð vinstri stjórna, m.a. í einni frá 1980–1983 þegar virðulegur þingmaður, hv. þm. Ögmundur Jónasson, var fyrir svokölluðum Sigtúnshópi. Ekki var það betra þá.

Á árunum 1988–1990, sérstaklega 1990, átti sér stað kaupmáttarhrap. Hvers vegna var það? Verðbólgan var farin úr böndunum. Það var allt farið úr böndunum. Hvað gerðist? Jú, verkafólk þessa lands tók á sig yfir 20% kjararýrnun. Það var kaupmáttarhrap í frjálsu falli. Þannig náðist að stoppa það. Samtök atvinnulífsins og fulltrúar launþega á breiðum grunni náðu þessum samningi og auðvitað varð ríkisstjórnin að vera með í þessu, það var ljóst. Það var ekki hægt öðruvísi og hún gat ekki annað, en það var ekkert frumkvæði af stjórnarinnar hálfu í málinu. Hún var orðin ráðalaus.

Ég þarf svo sem ekkert að ræða það meira. Þetta var skelfingartímabil. Eftir það hefur ástandið verið upp á við þannig að kjarabætur og aukning lífskjara hefur farið upp á við síðan og er núna með því besta sem gerist í heiminum, hér á Íslandi. Alls staðar sem við erum mæld, á öllum alþjóðlegum skölum, erum við í efstu sætum með lífskjör af því að vel hefur verið haldið á málum síðan vinstri stjórnin fór frá 1991.

[17:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að þegar á heildina er litið hefur Íslendingum vegnað vel á undanförnum árum. Það sem hins vegar er áhyggjuefni er sú aukna misskipting sem er að verða í samfélagi okkar og hve erfitt ýmsir hópar eiga uppdráttar, þeir sem eru veikir eða hafa litlar tekjur, hve erfitt það fólk, þeir hópar, á með að afla sér húsnæðis svo dæmi sé tekið. Þessi mikla misskipting í samfélaginu hlýtur að verða okkur áhyggjuefni.

Hv. þingmaður fór í frekari sögulega upprifjun og nefndi Sigtúnshópinn. Ég man vel eftir þeim tíma, 1983, þegar vísitala launa var tekin úr sambandi en lánavísitalan látin æða upp á við. Það var ágætur fjármálaráðherra frá Sjálfstæðisflokknum sem þá sat í Arnarhváli þannig að eitthvað þarf nú hv. þingmaður að taka til í sögukistunni sinni. Það var samstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sem greip til þeirra ráða að taka launavísitöluna úr sambandi án þess að hreyfa nokkuð við lánskjaravísitölunni.

Hins vegar geta menn verið að metast um það hver hafi átt frumkvæði að því átaki sem var gert 1991. Það sem gerðist var að Samtök atvinnulífsins, bæði atvinnurekendur og launþegamegin, og ríkisvaldið sameinuðust í sameiginlegu átaki. Auðvitað er það nokkuð sem væri mjög æskilegt að tækist að skapa aftur, þ.e. grundvöll fyrir slíku sameiginlegu átaki.

Ég er ansi hræddur um að það gerist ekki með þeim (Forseti hringir.) vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð af hálfu ríkisstjórnarinnar. (Forseti hringir.) Við höfum nú heyrt tónana sem koma t.d. frá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni sem ætlar að láta ljós sitt skína hér eftir fáeinar mínútur að nýju.

[17:42]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki fyrr en á miðju ári 1983 sem ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks tók við eftir óstjórnina sem þar var á undan. Það vekur athygli mína að hv. þingmaður talar hvergi núna um þessa samninga við grunnskólakennara. Hann segir ekki orð um það hvað BSRB ætli að gera. BSRB hefur ekki látið í sér heyra, ekki bært á sér, eins og rjúpan í lynginu allt í einu. (Gripið fram í.) Hann hefur oft verið harðari í orðræðu hér á þinginu þar til núna. Nú lætur hann ekki á sér bæra.

Hann bíður. Nú er kominn fram samningurinn og það verður gaman að sjá hvaða kröfur þeir reisa, þeir BSRB-menn, í framhaldi af þessu. Ég vara við því enn og aftur og óttast að við förum hér ekki í kaupmáttaraukningu sem við viljum þó að allar stéttir haldi áfram að fá. Við verðum að hafa þolinmæði. Eins og ég hef sagt við fólk: Það er betra að taka styttri skref en fleiri, taka styttri skref en eitt stórt stökk, lenda svo beint úti í ánni og draga ekki yfir.

[17:43]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það var hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem hóf þessa umræðu hér um hádegisbilið og kallaði mig sérstaklega til því að hann vildi að ég væri hér sem var sjálfsagt. Nú er sá hv. þingmaður helst hvergi og ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég sakna þess. Ég átti eftir að segja við hann nokkur orð. Svo er einnig með formann hinnar miklu Samfylkingar. Hann er líka horfinn, virðulegi forseti, og helst hvergi. Ég sakna þess því að ég ætla líka að segja við hann nokkur orð.

Þó að þessir miklu foringjar stjórnarandstöðuflokkanna séu nú báðir allt í einu horfnir — enginn veit hvar þeir eru — hlaupast þeir ekki undan þeim spurningum sem fyrir þá hafa verið lagðar. Þeir geta ekki hlaupist undan spurningunum: Hver er stefna og hver er vilji þeirra stjórnmálaflokka sem þeir eru formenn fyrir? Hvað ætla þeir að aðhafast gagnvart þeim tíðindum sem hér hafa orðið? Ætla þeir að styðja það að aðrar stéttir sigli í kjölfar grunnskólakennara og krefjist þar sömu launahækkana og sveitarstjórnirnar urðu við í gær? Ætla þeir að svara þeirri spurningu sem mörgum sinnum hefur verið lögð fyrir þá: Hvaða launþegar eru það á Íslandi sem ekki eiga þá að hækka?

Þó þessir hv. þingmenn feli sig núna og séu báðir horfnir héðan geta þeir ekki hlaupist undan þessu og það verður haldið áfram að spyrja þá þar til þeir svara.

Hins vegar hafa þau tíðindi gerst, virðulegi forseti, að allt í einu er kominn til þings hv. 9. þm. Reykv. s., Ögmundur Jónasson, sem einnig gegnir formennsku í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og eru tíðindi að fá hann í umræðuna og ekki vonum fyrr. Það er ástæða til að spyrja formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hvað er að heyra, hvað er að frétta af kröfugerð Bandalags starfsmanna

ríkis og bæja?

Eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni hefur ekkert heyrst til þeirra launasamtaka. Ekki orð. Ekki stafkrókur. Hvergi. Þeir hafa þagað og þögnin hefur hrópað. (**Gripið fram í:** *Eins og rjúpan í lynginu.*) Eins og rjúpan í lynginu hafa þeir kúrt. En skildi það ekki vera rétt, virðulegi forseti, að tíðinda sé að vænta af þeim vígstöðvum eftir að grunnskólakennarar sömdu, ætli það fari ekki að heyrast eitthvað hljóð úr horni? Það væri fróðlegt að heyra hjá formanni BSRB hvort þau óvæntu tíðindi eiga ekki eftir að gerast að starfsmenn ríkis og bæja reisi allt í einu kröfu um að fá sömu kauphækkun og grunnskólakennarar? Óskaplega kæmi það annars á óvart, virðulegi forseti, ef það gerðist.

Ég hef að vísu haldið því fram að hætta væri á því, en hv. þingmenn hafa komið hver á fætur öðrum og talið mig óþarflega svartsýnan. Ég stæði hér eins og hvalur í ræðustólnum og sæi ekkert nema svart eða væri eins og naut í flagi, ég man ekki hvað var haft á orði, það skiptir ekki máli. Sæi ekkert nema svart. Ekkert nema svartnætti. Ég sæi það fyrir mér helst að þjóðfélagið væri að fara á hvolf. Hv. þingmönnum fannst þetta tíðindi og algjörlega óþarfi af mér að láta svona. Þetta væri allt saman orðum aukið og slík hætta væri alls ekki til staðar, langt frá því.

Þá er betra, virðulegi forseti, ef eitthvað væri til í þeim orðum, að ótti minn væri ástæðulaus. Þetta væri allt hugarburður minn og tilbúningur, það væri engin hætta á ferðum fyrir samfélagið. Engin. Mikið væri nú gott að það sannaðist að ég hefði rangt fyrir mér. Enginn yrði glaðari en ég. Mikið þætti mér vænt um ef ég gæti staðfest síðar að þetta hefði verið allt rangt, ég hefði óvart séð allt svart, en það væri allt misskilningur.

Tíminn einn leiðir í ljós, virðulegur forseti, hver hafði rétt fyrir sér eða rangt. Vonandi hafði ég rangt fyrir mér.

Ég hlýt að ítreka að það er verkefni framtíðarinnar, dagsins í dag og dagsins á morgun, úr því sem komið er, úr því búið er að semja við grunnskólakennara um hærri laun og hærri viðmiðanir en Alþýðusamband Íslands og hinn frjálsi vinnumarkaður, úr því að það er búið hlýtur það að vera meginviðfangsefni okkar að gæta þess og leggja á það alla áherslu að þetta verði einstakur samningur, aðrir samningar við ríkið og bæjarfélög mega ekki vera eins.

Ég vil fá að heyra það frá virðulegum forustumönnum stjórnarandstöðunnar, þó formennirnir séu týndir, þá frá hv. 9. þm. Reykv. s., hvaða afstöðu hann hefur. (**JBjarn:** En skattalækkanirnar?) Hins vegar, virðulegi forseti, hef ég ekki krafið hv. þm. Jón Bjarnason um nein svör, vegna þess að mér gengur svo illa að átta mig á því hvað hann vildi sagt hafa hvenær sem hann kemur hingað upp. Þess vegna er ég ekkert að biðja hann að koma. (**JBjarn:** En skattalækkanirnar?)

Það er mjög nauðsynlegt, virðulegi forseti, að stjórnarandstaðan geri sér grein fyrir ábyrgð sinni, átti sig á því að við þessar kringumstæður verða menn vegna allra launþega á Íslandi, vegna framtíðar landsins, vegna alls þess sem menn hafa lagt á sig og fórnað, að vera ábyrgir, jafnt stjórn sem stjórnarandstaðan.

Virðulegi forseti. Hér áður, í 20–25 ár, fékkst ég dálítið við samninga og vil þess vegna leiðrétta hv. þingmenn, Steingrím J. Sigfússon og Össur Skarphéðinsson, um nokkuð af þeim rangfærslum sem þeir sögðu um kjarasamninga. Leiðrétta þá um rangfærslu varðandi ásakanir af minni hendi á grunnskólakennara.

Ég þekki það af langri reynslu að það er algilt í öllum kjarasamningum, það er fyrsta regla sem menn verða að læra, að allir hafa rétt fyrir sér. Allir launþegar hafa alltaf rétt fyrir sér gagnvart því að þeir ákveða einhverja viðmiðun og telja það réttlæti, þess vegna hafa þeir rétt fyrir sér. Viðsemjendurnir hafa líka rétt fyrir sér. Þess vegna koma svo oft upp deilur að báðir aðilar telja sig hafa rétt fyrir sér og trúa því sjálfir og það er rétt.

Önnur reglan sem allir verða að kunna er sú að hreyfiafl kjarabaráttunnar í frjálsu samfélagi er samanburðurinn, eðlilega. Það er ekkert rangt við það. Það er einmitt hið rétta. Menn gera samanburð og gera kröfur. Í sjálfu sér á því aldrei að hneykslast á neinu sem menn láta frá sér í samningum. Það er hver að róa eftir sínu lagi.

Ég vara hins vegar mjög við þegar menn fara í verkföll. Alveg sama hver það er, hvaða starfshópur eða hvaða stétt, verkföll eru mjög varasöm fyrir alla. Það er alveg sama hversu gott fólk það er og vel gert og hraust, menn koma alltaf meira og minna meiddir úr verkföllum. Alltaf. Verkföll geta verið löng. Allir koma helsærðir, mikið særðir út úr verkföllum. Verkföll eru skelfilegur hlutur og mjög mikið áfall fyrir hvert samfélag sem lendir í þeim. Því miður hafa verkföll verið of tíð á Íslandi um langan aldur.

Virðulegi forseti. Í maímánuði sl. þegar sveitarstjórnir landsins lögðu fram kauptilboð um meiri hækkanir en nokkrum hefur verið boðið áður og grunnskólakennararnir svöruðu með því að fara í allsherjarkosningu um verkfall var niðurstaða þeirrar kosningar rússnesk kosning. Allir kennararnir, eða um 97% vildu fara í verkfall. Þá taldi ég einsýnt að nú hefði ógæfan tekið við taumunum og sest undir vagninn og mönnum mætti vera dagljóst hvert stefndi.

Margir hneyksluðust á þeim sjónarmiðum mínum að það ætti að setja þessa hluti í Kjaradóm áður en til verkfalls kæmi. Allir fordæmdu það, bæði félagar mínir í stjórn sem styðja núverandi ríkisstjórn svo og stjórnarandstaðan og kannski mest kennarar. Það er ekkert við því að gera, það er bara svoleiðis. Það vildi enginn taka undir þessi sjónarmið, ég var einn með þau, en ég var líka frjáls af því að halda þeim fram. Ég gerði þetta ekki að ástæðulausu. Ég óttaðist mjög það sem nú er orðinn veruleiki, að þessi þýðingarmikla stétt væri svo sár að það tæki hana mörg ár að láta þau sár gróa. Við höfum reynslu af því og í mörgum löndum Evrópu, t.d. Danmörku, einum þrisvar sinnum á síðustu 10–12 árum, hefur verið þverpólitísk samstaða um það í danska þinginu að setja kjör grunnskólakennara í Kjaradóm og gera ekki samfélaginu það að stéttin færi í verkföll. Ekki endilega vegna kennaranna, heldur vegna nýgræðinganna í samfélaginu, krakkanna.

Virðulegi forseti. Þó margir hafi hneykslast á mér fyrir þær tillögur tel ég það enga goðgá og tel að mörg dæmi sanni að fyrir stéttir, starfshópa, sem eru undir Kjaradómi séu það engir afarkostir. Langt því frá að það séu afarkostir. Þeir hefðu ekkert fengið verri kaupþróun en aðrir, kannski stundum betri, samanber lögregluþjóna og fleiri sem hafa samið um að fá Kjaradóm sem er því marki brenndur að

alltaf skuli fylgt kaupþróuninni í landinu og tryggt að þeir fái þá þróun sem um er að ræða. Þetta er enginn afarkostur. Alls enginn.

Það er rangt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að ég hafi látið einhverja ábyrgð á hendur grunnskólakennara umfram aðra. Ég hef haldið því fram að öllum starfsmönnum ríkis og bæja bæri að hlýta því að þeir gætu ekki haft aðra launaþróun en fólkið sem vinnur í framleiðslunni í landinu. Ef við gerum þá kröfu til almennings að kaupþróun þar sé þannig að samkeppnishæfni Íslands sé tryggð og kaupmáttur framleiðslunnar ráði kaupþróuninni og gerum kröfu til þess að fólkið í þjónustunni, framleiðslunni og versluninni sýni þá ábyrgð er sjálfsagður hlutur að mínum dómi að gera sömu kröfu til starfsmanna ríkis og bæja, ekki síst vegna þess að þeir starfsmenn hafa miklu víðtækari og sterkari lífeyrisréttindi og eftirlaunaréttindi en launamaðurinn á almennum markaði. Mismunurinn á þessu er orðinn svo skelfilegur að ég óttast að þjóðfélagið geti verið í verulegri hættu vegna hans.

Virðulegi forseti. Við höfum margsinnis rætt um þróun launa. Árið 1997 og u.þ.b. einu sinni til tvisvar á ári eftir það, yfirleitt í kringum gerð fjárlaga, hef ég varað við því samningsumhverfi sem er hjá ríkinu í þingheimi. Ég hef varað við því og talið að það væri ákaflega mikill glannaskapur í því. Nú spyr ég, virðulegi forseti: Hverjir hafa komið upp í gegnum árin þegar ég hef verið að fara með varnaðarorð mín og tekið undir? Hverjir hafa komið og sagst vera sammála mér? Er það stjórnarandstaðan? Ekki minnist ég þess. Ég ætla að þar hafi þeir kappar mest verið hvergi. (**Gripið fram í:** En stjórnarliðar?) Eða félagar mínir? Ég minnist þess ekki heldur.

Við höfum sett þjóðfélagið í nýjan farveg, nýjan frelsisfarveg þar sem verðmyndunin hefur ráðið og margir, þar á meðal sá sem hér stendur, virðulegi forseti, og margir aðrir hafa undrast glannaskap íslenskra banka. Mjög margir.

En þegar ég kem upp í ræðustól, virðulegur forseti, og óttast mjög að samingur sveitarfélaganna við grunnskólakennara geti orðið það korn sem fylli mælinn, sem ég óttast sannarlega, er ég ekki að halda því fram að aðrir hafi ekki áður staðið að því að setja eitthvað í þann mæli og hef aldrei sagt orð um það.

Menn vilja gera lítið úr þessu, telja mig fara offari í málinu og ég vona að það sé rétt, vonandi er ég að fara offari. En þá skulu menn líka standa að því og gera það heiðarlega allra vegna og ekki síst vegna þeirra grunnskólakennara sem nú hafa gert kjarasamning, að leggja sig alla fram um að aðrir taki ekki mið af þeim samningi, engir aðrir. Við verðum að standa vörð um samninginn að hann sé einstakur, hvort sem þjóðinni líkar betur eða verr að hækka kennara eina umfram aðra. Þá er ekkert annað að gera en að reyna að setja skjaldborg utan um samninginn og verja það sem hægt er að verja, búa til vígi. Þannig getum við verið ábyrg og ég kref stjórnarsandstöðuna svars. Ég kref þá um að segja umbúðalaust, skýrt og skorinort hver vilji þeirra er og hvað þeir muni gera. Ekki fara í einhvern flæming og útúrsnúninga út og suður, austan við sól og sunnan við mána með eitthvert kjaftæði eins og maður þekkir. (**JBjarn:** En skattalækkanirnar.) Bara ganga til verks — og hrópaði svo einhver um skattalækkanir: En hvað um skattalækkanirnar? (**JBjarn:** Já, hvað um skattalækkanirnar?) Hvernig er það, virðulegi forseti, ætli þessi hv. virðulegi þingmaður sé orðinn eins og biluð grammófónplata, hann hrópar alltaf það sama: Hvað með skattalækkanirnar? (**JBjarn:** Hvað með skattalækkanirnar?)

Við höfum farið í gegnum efnahagsmálin, ég gerði það í fyrri ræðu minni í dag og skal gera það aftur og aftur. Ég tel það liggja fyrir og sé algjörlega ljóst, bæði á Íslandi og í öllum öðrum Vestur-Evrópuríkjum, að því miður er eyðslustigið skattstigið. Það er alveg sama hvað við tökum mikla skatta í demóktratískum lýðveldum, eða þannig, að menn eyða því alltaf og því miður stundum miklu meiru. Þannig er þetta.

Ég vona, virðulegi forseti, að umræðan hafi orðið til þess að menn gangi hreint til verks, segi hug sinn allan og það megi treysta því hvar menn standa. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt fyrir launþegasamtökin í landinu að vita hver hin pólitíska forusta stjórnar og stjórnarandstöðu er, að þeir segi það upphátt, þori að koma fram og segja það. Það er lífsnauðsynlegt að samningurinn sem illu heilli var gerður við grunnskólakennara í gær verði einstakur. Það má engin önnur stétt eða starfshópur á Íslandi taka hann og gera hann að fyrirmynd. Við verðum að standa vörð um hann og ég treysti því að menn hafi þá ábyrgð að gera það.

[18:03]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það fjölgar svo fákunnandi fólki í kringum hv. þingmann að það er engu líkara en að hann sé eini talsmaður hófsemi og skynsemi í ríkisfjármálum á Alþingi, hvort sem er í stjórn eða stjórnarandstöðu.

En þó hv. þingmaður rembist eins og rjúpan við staurinn að gera hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson, Ögmund Jónasson og Steingrím J. Sigfússon ábyrga fyrir lausatökum í ríkisfjármálum og verðbólguþróuninni tekst honum það ekki. Hún er á hans eigin ábyrgð.

En þar sem þingmaðurinn spyr er sjálfsagt að svara því að Samfylkingin taldi að kennarar ættu kröfu á sérstakri leiðréttingu. Það gilti ekki almennt um allar stéttir heldur ætti að vera einstakur samningur og hún hefur af ábyrgð mætt þeim kostnaði, m.a. í Reykjavík með sérstakri útsvarshækkun, vegna þess að þó Samfylkingin sé í stjórnarandstöðu er stefna hennar í ríkisfjármálum stórum ábyrgari en hv. þingmanns sem þó fer mikinn í ræðustól.

Alþýðusamband Íslands hefur gagnrýnt mjög skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar og sagt að forsendur kjarasamninga séu brostnar vegna verðbólguþróunarinnar. Stefna Samfylkingarinnar í ríkisfjármálum er að hafa skattalækkanir mun hóflegri en ríkisstjórnin vill og að þær komi hinu almenna launafólki, m.a. í framleiðslunni, mun betur til góða en fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar. Það er sú ábyrgð sem við hljótum að kalla eftir hjá ríkisstjórninni nú þegar hún hefur misst tökin á verðbólguþróuninni. Ef hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson tekur ekki undir með þeim sjónarmiðum að varhugavert sé við þessar aðstæður að ráðast í nærri 30 milljarða skattalækkanir er hv. þingmaður ekki sá talsmaður ábyrgðar og festu í fjármálum íslenska

ríkisins sem hann hefur um langt árabil gefið sig út fyrir að vera.

[18:05]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna ummælum hv. þingmanns og vona að hann hafi umboð til að segja þetta. Ég lít þá þannig á að Samfylkingin telji samning grunnskólakennaranna vera einstakan og eigi ekki að vera fyrirmynd annarra kjarasamninga. Ég tel þetta mjög mikla yfirlýsingu og treysti því að hann hafi umboð til þess.

Ég kallaði, virðulegi forseti, eftir tveimur ágætum þingmönnum, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, formanni Samfylkingarinnar, og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni vegna þess að ég saknaði þess að þeir kappar væru ekki hér þegar ég talaði eins og þeir höfðu kallað á mig. (Gripið fram í.) Síðan brá svo við að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mætti og ég fagna því. Ég var aðeins að kalla á þá vegna þess að ég vildi að þeir væru hér eins þeir höfðu óskað eftir nærveru minni. Ég var ekkert að kalla nein ókvæðisorð í garð þeirra, alls ekki.

Hins vegar tek ég það mjög skýrt fram að ég er alls ekki viss um að breytingar á skattkerfi hafi úrslitaáhrif á þróun verðbólgu á Íslandi á næstu árum. Ég tel hins vegar mjög þýðingarmikið að hið opinbera, bæði ríki og sveitarfélög, fari afspyrnu varlega og reyni af fremsta megni að sporna gegn aukinni samneyslu og auknum rekstrarkostnaði hins opinbera. Ég tel að það sé miklu þýðingarmeira og þar verðum við að standa vörð sem gæti ráðið heilmiklu um hver úrslitin yrðu.

[18:07]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmenn þurfa ekki að láta orð mín um kjarasamning grunnskólakennara áðan koma sér á óvart, það hefur komið skýrt og greinilega fram í máli formanns Samfylkingarinnar, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að m.a. vegna samanburðar við framhaldsskólakennara hlytu menn að kalla eftir sérstökum leiðréttingum fyrir grunnskólakennara og það sé þess vegna í þeim skilningi einstakur samningur.

Það er samt ekki þannig, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, að það sé bara einn kjarasamningur gerður í landinu. Það er ekki bara ein stétt í landinu og einhver einn ríkissamningur sem ákveðnir aðilar hafa forræði fyrir. Það eru margar og ólíkar stéttir í landinu sem hafa margar og ólíkar þarfir og mismunandi stöðu frá einum tíma til annars. Það er því ekki hægt að taka eina ákvörðun um hvað allir eigi að fá í hlut sinn, eða hefur Sjálfstæðisflokkurinn alveg snúið baki við hugmyndum sínum um framboð og eftirspurn, frelsi einstaklingsins og frjálsa samninga á markaði? Það væri nærri að ályktа svo af orðum hv. þingmanns.

Hann forðaðist auðvitað að ræða um skattalækkanirnar nema að því litla leyti sem hann lýsti í ræðu sinni, ríkisfjármálastefnu ríkisstjórnarinnar. Hv. þingmaður sagði: Við eyðum því sem aflað er. Hann sagði: Skattstigið ræður eyðslunni. Það er ákaflega góð lýsing á því hvernig núverandi ríkisstjórn hefur haldið á ríkisfjármálunum. Á þessu mikla þensluskeiði hafa útgjöldin þanist jafnmikið því öllu hefur verið eytt sem aflað var og það hefur valdið verðbólguþrýstingnum. En það er langt í frá þannig að í vestrænum ríkjum tíðkist það almennt og sé almenn regla.

Við þurfum ekki annað en að líta yfir hafið til Noregs og sjá þar sjóðinn fyrir komandi kynslóðir, svo dæmi sé tekið um ráðstafanir þar sem menn hafa aflað fjár til ríkissjóðs, fyrir sparnað og ráðdeild lagt það fé fyrir en sólundað því ekki eins og stjórnvöldin sem nú sitja. (**Gripið fram í:** Þetta er eins og ræða í borgarstjórn.)

[18:10]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem hv. þingmaður sagði var alrangt. Hann getur ekki fundið nokkur dæmi þess í Vestur-Evrópu að ekki hafi verið eytt jafnmiklu og aflað var.

Norðmenn hafa hins vegar búið sér til olíugróðasjóð sem er nú haldið fyrir utan Noreg, það er náttúrlega mikið lán fyrir þjóðina að hafa fundið olíuna. En ég get hrellt eða huggað hv. þingmann með því að hlutfallslega, miðað við fólksfjölda, er olíusjóður Norðmanna minni en lífeyrissjóðirnir á Íslandi þannig að Ísland stendur ef eitthvað er heldur betur að vígi en Norðmenn.

Núverandi ríkisstjórn er ekki með einhverja einstaka eyðslu. Það eina sem er einstakt í því er að aðeins hefur tekist að lækka skuldir hér, því miður ekki nógu mikið, þveröfugt við þróunina í Evrópu þar sem allar hinar stóru þjóðir Evrópu standa ráðþrota gagnvart því skuldafeni sem þær eru í.

Í Þýskalandi, Ítalíu og Frakklandi er 3,5%–4% af vergri landsframleiðslu rekstrarhallinn á ríkissjóðunum. Vita menn hver talan er af vergri landsframleiðslu ef hún er tekin yfir á Ísland? Þetta er yfir 30 þús. millj. kr. halli á hverju einasta ári á Íslandi, hlutfallslega. Íslenskur ríkissjóður stendur því mun betur en allflestir ríkissjóðir í Evrópu, nema Noregur. Þetta eru hin gleðilegu tíðindi sem eiga að gefa okkur ástæðu til að vera bjartsýn þó sannarlega sé rétt að hægt var að halda betur á. Þetta er (Gripið fram í.) samt niðurstaðan.

[18:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér skilst að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi tekið að sakna viðveru minnar. Þá hafa orðið hlutverkaskipti frá því um hádegi þegar ég óskaði eftir því að fá hann til skrafs og ráðagerða sem má segja að hafi dregið nokkurn dilk á eftir sér, sem sagt umræðu sem staðið hefur linnulaust í sex klukkutíma í framhaldinu. (**EOK:** Mikil er ábyrgð þín.)

Ég gat ekki betur heyrt en að hv. þingmaður væri því miður enn við sama heygarðshornið og þó hv. þingmaður reyni að segja nú að hann hafi ekki í fyrri ræðu sinni í dag einkum verið að gera grunnskólakennara og kjarasamninga þeirra að allsherjar blóraböggli og ábyrga á einu bretti fyrir því ef stöðugleikinn færi fyrir borð í efnahagsmálum þá tjáir það auðvitað ekki. Það heyrði fjöldi þingmanna á hvaða nótum hv. þingmaður talaði.

Hv. þingmaður reyndi og reynir enn algerlega að stikkfría hæstv. ríkisstjórn, eins og það skipti engu máli hvernig hún hefur staðið að málum, og grætur svo einsemd sína í

hinu orðinu sem eina manninn sem vari við og reyni að tala fyrir einhverri ábyrgð í þessum efnum. Það er meira hlutskiptið að vera bara aleinn að reyna að hafa vit fyrir mönnum. (Gripið fram í.)

Ég verð að segja að mér finnst hv. þingmaður ansi svartsýnn — eða er stöðugleikinn svo brothættur, er hinn glæsti árangur hv. þm. Davíðs Oddssonar og ríkisstjórnar hans ekki meiri en svo að það fjúki allt fyrir borð í einum samningum?

Ég skal segja hug minn allan í því hvað ég tel að sé hættulegast fyrir íslenskt efnahagslíf og stöðugleikann um þessar mundir.

Það er viðskiptahalli upp á 100–160 milljarða ár eftir ár.

Það er glórulaus stóriðjustefna þar sem er opið hús fyrir innstreymi erlends fjármagns sem setur allt úr skorðum.

Það eru skattalækkanirnar sem eru út úr kú við núverandi ástand í hagkerfinu, eru fráleitar, að hleypa í umferð 20–30 milljörðum kr. á nokkrum árum. (Forseti hringir.)

Þetta er hættulegt, af þessu er ástæða til að hafa áhyggur og á þessu ber hæstv. ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar ábyrgð.

[18:14]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hafði vænst þess að formaður þess stjórnmálaflokks sem heitir Vinstri grænir kæmi og gerði eins og ég bað hann og segði skýrt og skorinort hver afstaða stjórnmálaflokks hans væri til samningsins. Ætlar hann og flokkur hans að styðja að þetta sé einstakur samningur sem megi ekki vera leiðandi fyrir aðra kjarasamninga á Íslandi? Ætlar hann að svara því, ætlar hann að svara því já eða nei? Samfylkingin hefur svarað því, hún sagði: Já, þetta er einstakur samningur sem má ekki verða forusta eða leiðsögn fyrir aðra kjarasamninga.

Ég bið hv. þingmann og bað hann um að koma og segja þetta hátt og skýrt. Ég bað líka hv. 9. þm. Reykv. s., formann BSRB, að koma og upplýsa þjóðina hver afstaða hans væri. Hann kemur kannski upp á eftir, ég veit það ekki, ég hef ekki heyrt neitt frá honum enn. Ég bíð spenntur.

Það er mjög nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvort við eigum möguleika á að stoppa þetta eða hvort við ætlum að framkvæma keðjusprengingar. Við þekkjum keðjusprengingar úr Íslandssögunni, að hafa leyft hina verstu stöðu fyrir alla í þjóðfélaginu þegar hver samningurinn sprengir annan. Það er ekki langt að leita. Það var síðast 1988 sem við sprengdum landið í loft upp einmitt vegna svona aðstæðna. (Gripið fram í.) 1988 sprengdum við efnahagslífið í loft upp vegna þess að hver hópurinn fylgdi öðrum og krafðist þess að fá hærri laun. (Forseti hringir.) Þetta hefur margsinnis gerst á Íslandi. Við þurfum að fá svar við því hver hin pólitíska afstaða þessara stjórnmálaflokka sé.

[18:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er reyndar rangt, og hv. þingmaður veit það, að það sem gerði útslagið 1988 hafi verið óraunhæfir kjarasamningar. Það var ónýt ríkisstjórn sem náði ekki saman um neinar aðgerðir í efnahagsmálum og sprakk í beinni útsendingu í sjónvarpinu í september 1988, búin að halda genginu föstu í eitt og hálft ár í 30% verðbólgu. Það er kostulegt að heyra mann sem kemur úr sjávarútveginum ætla að reyna að færa ábyrgðina á því sem þá gerðist yfir á herðar launamanna og kjarasamninga í landinu. Þeir voru sannarlega ekki meginorsök þess hvernig menn keyrðu út af 1988.

Varðandi það að við verðum að koma hér upp eins og við séum í prófi hjá hv. þingmanni og svara spurningum sem hann setur þannig upp að menn verði að svara því já eða nei hvort þessir samningar eigi að vera algjörlega einstakir og aðrir megi ekki fá sambærilegar kauphækkanir er það ekki í okkar valdi. Ættum við kannski að fara að taka sjálfstæðan samningsrétt af öðrum hópum í samfélaginu með lögum? Það gerum við ekki. Við erum ekki talsmenn slíks. (**EOK:** Hver er skoðun ykkar?)

Nú er það svo, hv. þingmaður, að sumum spurningum er ekki hægt að svara með jái eða neii, og þeim má ekki svara á þann hátt, t.d. spurningunni: Ertu hættur að stela? Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, ef svarið er já ertu að viðurkenna að þú hafir gert það, ef svarið er nei ertu enn að viðurkenna sekt. (**SKK:** Fyrirgefðu, ég ...) Það er bara ekki þannig að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson stjórni því með hvaða hætti við tjáum skoðanir okkar hér á þingi.

Það skal samt vera alveg skýrt að eigi ég fyrir hönd míns flokks að velja á milli já og nei svara ég nei. Við ætlum ekki að standa að því að taka réttinn af öðrum hópum í þessu samfélagi til að berjast fyrir sanngjörnum kjarabótum sér til handa, það skal vera alveg á hreinu. Meðan fyrirkomulagið er það að menn hafi hér almennt frjálsan samnings- og verkfallsrétt og megi beita samtakamætti sínum til að knýja á um kjarabætur styðjum við það.

Það er að sjálfsögðu betra en ekki að kennarar og sveitarfélögin náðu þó samningum frekar en að þurfa að gangast undir þann þvingunardóm sem ríkisstjórnin ætlaði þeim með lögum (Forseti hringir.) og vonandi leiðir það gott af sér.

[18:19]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var mjög þýðingarmikið að fá þetta fram. Nú vitum við hvað þessi stjórnmálaflokkur, vinstri gulir, rauðir, grænir, er. Nú vitum við hvað hann er. Nú vitum við að þeir bíða og ætla sér að styðja kröfur ríkisstarfsmanna um að þeir fái betri og meiri launahækkanir sér til handa en hinn almenni markaður. Þetta er stefnan, hann er búinn að viðurkenna það.

Úr því að svo er kemur það í minn hlut að endurskoða — skyldi nú ekki eitthvað hafa verið rétt í því svartsýniskasti sem ég fékk hérna í dag yfir stöðunni? Því miður virðist eitthvað vera til í því, hinu mikla svartsýniskasti sem ég var að vona að væri bara hugarburður minn. Nei, það er sko ástæða til að vera á varðbergi gagnvart pólitískum öflum sem sjá ekki lengra fram fyrir sig, ekki fram fyrir nefið á sér af ábyrgðarleysi. Ábyrgðarleysið er algjört, þeir eru í þoku.

Ég tek eftir því að hv. 9. þm. Reykv. s., formaður BSRB, hefur ekki enn þá komið og talað. Ég bíð eftir að hann komi og ég vil endilega heyra hvað hann hefur að segja þó að ég eigi enga kröfu á hann, það er rétt. Ég vil samt að

hann komi hér og svari mér. Hann getur þagað vegna þess að þögnin er líka svar.

[18:20]

Útbýting:

Háskóli Íslands, 348. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 394.

Háskólinn á Akureyri, 350. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 396.

Kennaraháskóli Íslands, 349. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 395.

[18:21]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ef ég vildi leggja mitt af mörkum til að hvetja launafólk til að reisa háar kröfur í komandi samningum mundi ég óska eftir því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson yrði fenginn á hvern fund sem fyrsti ræðumaður. Ég velti fyrir mér hvað eiginlega vaki fyrir ríkisstjórninni. Ef menn vilja lægja öldur senda menn á vettvang einstaklinga sem eru færir um slíkt og reyna að lægja öldur. Ef menn vilja slökkva elda er nú illa ráðið að senda brennuvarg á vettvang. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson minnti mig á mann í slíku hlutverki.

Ég verð að játa að ég verð hugsi þegar ég hlusta á hv. þingmann tala, þingmann sem fyrr á tíð lagði sitt af mörkum í tengslum við merka þjóðarsáttarsamninga, upp úr 1990, til að þeir mættu nást. Ég geri ekki lítið úr því mikla hlutverki sem hann lék á þeim tíma. Það var af allt öðrum toga en sá málflutningur sem er hafður uppi núna.

Í sjálfu sér er fróðlegt að heyra hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, helsta talsmann Sjálfstæðisflokksins í kjaramálum, opna sig gagnvart íslensku láglauna- og millitekjufólki og heyra á hvern hátt hann talar til þess, þegar hann varar það við að koma upp á dekk og þegar hann segir að það sé helsta viðfangsefni Alþingis og ráðamanna í samfélaginu að koma í veg fyrir þá ógæfu að millitekjuhópar og láglaunafólk krefjist kjarabóta *því að þá sé voðinn vís.*

Hv. þingmaður beinir þeirri spurningu til mín sem alþingismanns og sem formanns BSRB hvaða kröfur verði reistar þar. Er litið á samning Kennarasambandsins sem einstakan samning? Ég hef sagt það að kennarar reistu kröfur sínar á sínum forsendum, og innan BSRB háttar þannig til núna að félögin semja hvert um sig á eigin forsendum án þess að tilraun hafi verið gerð til að samræma kröfurnar. Sum félögin kunna að reisa hærri kröfur en koma fram í þeim samningum sem verið er að ganga frá núna, önnur kunna að reisa lægri kröfur. Þannig er það í samfélaginu að kjaraumhverfið tekur stöðugt breytingum og við höfum því aðeins rétt á að krefjast þess að allir hlíti sömu kjarastefnu að áður hafi verið leitað eftir slíkri samræmingu. Þá fyrst geta menn leyft sér að tala á þann hátt sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerði. Þetta hefur ekki verið gert.

Ef óskir mínar næðu fram að ganga eru margir hópar sem þyrftu að fá verulegar kjarabætur núna, aðrir hópar síður. Þetta eru bara staðreyndir málsins. Ég held að það þjóni engum tilgangi að tala á þennan ógnandi hátt til fólks sem er að ganga að samningaborði, hafa í hótunum við það, hrópa á það, gera lítið úr því og réttmætum kröfum sem það setur fram. Hvers konar tal er þetta? Þetta er óábyrgt tal. Ég veit að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson vill vera ábyrgur þegar kemur að fjármálum ríkis og sveitarfélaga en ég fullyrði að þetta er óábyrg afstaða og mjög vanhugsuð.

Því sem hv. þingmaður sagði um Kjaradóm er ég ósammála. Ég held að kjaradómskerfið gagnist ágætlega þeim sem eru í efri hluta launakerfisins, síður stórum hópum, fjölmennum stéttum. Reynslan segir okkur þetta. Hv. þingmaður vísaði að vísu til fjölmennrar stéttar, lögreglumanna, sem hefur náð ágætum samningum enda var það þannig að þegar lögreglumenn afsöluðu sér verkfallsrétti á sínum tíma fóru þeir undir þá almennu reglu að fylgja vísitölu launa í opinbera geiranum. Þar voru tilteknir viðmiðunarhópar. Síðan fóru þeir í síðustu samningum út úr þeirri fasttengingu. *Ég vona að þeim vegni vel í framhaldinu, vissulega* vona ég það. Ég hef hins vegar ekki trú á þessu fyrirkomulagi og reynslan frá fyrri tíð kennir okkur að kjaradómsleiðin var góð fyrir efsta hluta embættismannakerfisins — við þekkjum það í þessum sal hér, þingmenn sem höfum notið forréttinda. Ég hefði haldið að menn töluðu af aðeins meiri hógværð, ekki síst þegar kemur að lífeyrisréttindum sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerði sérstaklega að umræðuefni, tók bakföll og býsnaðist yfir lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Ég man ekki betur en að hv. þingmaður hafi samþykkt lífeyrisfrumvarpið um eigin lífeyrisréttindi, um lífeyrisréttindi þingmanna og ráðherra, forréttindi. (**EOK:** Minnkaði um 1%.) Það minnkaði ekki neitt. (**EOK:** Jú.) Lífeyrisréttindin minnkuðu ekki hjá neinum manni í þessum sal vegna þess að það er valkvætt. Menn gátu valið þann kostinn sem var betri fyrir þá, hver einasti þingmaður hér inni. Lífeyrisréttindin minnkuðu ekki hjá neinum manni sem samþykkti þessi lög. Það var verið að stórauka lífeyrisréttindi hjá ráðherrum og sérstaklega þeim sem gegna embætti forsætisráðherra. Ég held að menn eigi að fara varlega í þessum sal þegar þeir ráðast að lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna.

Hv. þingmaður býsnast yfir því að menn komi ekki hér upp hver á fætur öðrum til að ræða þá hættu sem hér er á ferðum. Hann vísar þar í launakröfur láglaunafólks og millitekjuhópa. Ég ætla aðeins að koma að þessum hættum.

Fyrst ætla ég að nefna annað. Úr því að hann er með þennan sífellda samanburð í kjaraumhverfinu almennt á milli opinbera geirans annars vegar og almenna geirans hins vegar þá er *ég þeirrar skoðunar mjög eindregið* að ég vil stuðla að sem mestum jöfnuði í samfélaginu öllu og gildir mig þá einu í hvað samtökum menn eru.

En við verðum að gá að einu. Innan Alþýðusambandsins annars vegar og BSRB hins vegar, ef við tökum dæmi, er mjög svipuð kjarauppbygging. Launadreifingin er að mörgu leyti mjög svipuð. En sá er munurinn á ýmsum hópum að í opinbera kerfinu er að uppistöðu til samið um hámarkskjör, launakerfið eða taxtakerfið gildir, a.m.k. hjá fjölmennustu hópunum. Hjá stóru breiðu hópunum, sjúkraliðum, kennurum og ýmsum öðrum, strætisvagnastjórum, er samið um hámarkskjör. Þetta eru kjörin sem halda.

Víða á markaði á sér hins vegar stað mikið launaskrið. Það er samið um lágmarkssamninga og síðan gildir launaskrið. Það þýðir ekki að launataxtarnir skipti ekki máli. Þeir skipta einmitt mjög miklu máli, ekki síst fyrir lægst launaða

fólkið, fjölmenna hópa, fólk sem vinnur í stórverslunum svo dæmi sé tekið, í verksmiðjum og er á þessum lágmarkstöxtum og nýtur einskis launaskriðs. Taxtakerfið skiptir því verulegu máli. Ég er aðeins að vekja athygli á hinu að millitekjuhóparnir búa við mismunandi aðstæður að þessu leyti eftir því hver vinnuveitandinn er. Þetta er bara hlutur sem þarf að skoða af raunsæi.

En aðeins að hættunum, hvort hættur kunni að vera á ferðinni í efnahagslífinu. Já, ég held það. En þær hættur stafa ekki af kröfum láglaunafólks eða millitekjuhópa sem eru að reyna að rétta hlut sinn. Þær eru runnar undan rifjum stjórnvalda og hafa reyndar verið reifaðar hér í dag og undanfarna daga og ég ætla ekki að verja mörgum orðum í þá umræðu. Við þekkjum það. Það er hættan á ofþenslu og þar er það fyrst og fremst stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar. Þetta er alveg óumdeilt. Það deilir ekki nokkur maður um þetta. Verið er að pumpa tugum milljarða inn í efnahagskerfið og menn tala um nauðsyn þess að reyna að kæla niður á móti.

Síðan hefur annar þáttur verið nefndur. Það er skattstefna ríkisstjórnarinnar, að létta sköttunum af sem þá kallar á meiri neyslu og eftirspurn og þenslu. Þetta er annað sem hagfræðingar vara við.

Þriðja atriðið er gegndarlaus lántaka erlendis frá. Voru það ekki 300 milljarðar sem bankarnir tóku inn erlendis frá í fyrra? Síðan er verið að pumpa þessu út í hagkerfið. Þetta eru hætturnar.

Við eigum að tala um þetta af ábyrgð í stað þess að beina spjótum okkar að láglaunafólki og millitekjuhópum og koma hér og skamma það fólk og taka alþingismenn upp í tíma, í fyrirspurnum, um það hvort þeir ætli að voga sér að styðja póstmenn. Ætla þeir að voga sér að styðja strætisvagnastjóra? Ætla þeir að voga sér að styðja sjúkraliða? Ætla þeir að voga sér styðja hinn almenna skrifstofumann sem vill rétta sinn hlut? Ætla þeir að voga sér?

Ég gæti að sjálfsögðu haldið hér langa ræðu um kjaramálin. Ég tel hins vegar hafa komið fram í máli mínu helstu þættirnir sem ég vildi vekja máls á í stuttri ræðu. En ég ítreka það að ég hef spurt sjálfan mig: Hvað vakir fyrir stjórnarmeðlimum að fá þingmenn hingað í ræðupúltið? Horfi ég þar sérstaklega til hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, manns sem reynir að egna fólk á þann hátt sem hann gerir. Í rauninni finnst mér það ekki slæmt. Í rauninni finnst mér það gott þegar menn eru heiðarlegir og opna sig, opna hug sinn eins og hv. þingmaður hefur gert.

[18:35]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þegar fyrsti þjóðarsáttarsamningurinn var gerður, að mig minnir 1. febrúar 1990, var forsenda þess samnings að launaþróun allra annarra yrði eins. Það var ekki eingöngu ég, virðulegi forseti, sem stóð að þeirri samningsgerð. Þar var líka hv. þm. Ögmundur Jónasson sem stóð að því af fullum heilindum.

Allir samningar gerðir af aðilum vinnumarkaðarins síðan, sem eru grunnsamningarnir að þeirri launaþróun sem hér hefur verið, hafa verið með nákvæmlega sömu klásúlunni, nákvæmlega sömu forsendunni.

Opinber launastefna ríkisstjórnarinnar eins og hún birtist í upphafi þegar hún hóf starf sitt, eins og hún hefur komið fram við hverja einustu fjárlagagerð síðan, er að launastefna ríkisins verði hin sama og á almennum vinnumarkaði.

Svo gerist það, herra forseti, að hv. þm. Ögmundur Jónasson telur að ég hafi fundið þetta upp núna og að þetta sé mjög vanhugsað af mér. Nei, það hefur þá einhver vanhugsað það fyrir 15 árum. Þar var hann við hliðina á mér.

Þó að hann geti fundið það út að ég með þessari kröfu sé einhver brennuvargur — brennuvargur, virðulegur forseti, notaði hann. Ég veit ekki í hverju ég hef kveikt. Kannski hv. þingmanni. En það er ekkert verra þó það kvikni á einstaka þingmönnum öðru hverju. En annað kannast ég nú ekki við að hafa brennt. Það er allt í lagi að nota svona orð. En þau koma dálítið á óvart því það er svo sjaldan sem maður fær að frétta að maður sé brennuvargur.

Ég hef talað um þetta opinskátt. Ég hef staðið að þessum hlutum. Ég þykist þekkja grundvallaratriðin í þessu. Ég tel mikla þörf á því að tala um (Forseti hringir.) þessa hluti opnum huga.

[18:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þingmaður kveiki upp í fleirum en mér (**EOK:** Það er gott.) vegna þess að með svona tali er verið að kveikja í öllu kjaraumhverfinu. Ég er ekki endilega að gráta það, alls ekki. Mér finnst gott að launafólk vakni upp og undirbúi sig undir komandi kröfugerð og fái hvatningu af því tagi sem það hefur fengið hér.

En varðandi samningana sem gerðir voru 1990 er það rétt sem hv. þingmaður segir, að ég stóð að þeim fyrir hönd BSRB á sínum tíma og við gerum það mjög eindregið. Það voru að mörgu leyti mjög erfiðir samningar því að í kjölfarið, eins og við munum, voru sett lög á háskólamenn. Það var mjög erfitt, erfitt í þeirra röðum og erfitt í samskiptum okkar í milli í langan tíma á eftir.

Ég tel hins vegar og hef gert grein fyrir því á öðrum vettvangi að undirrótin að þeim vanda sem þá reis hafi verið tvíþætt, annars vegar sú að háskólamenn komu ekki að þessu sameiginlega samningsborði á þeim tíma en gerðu síðan kjarasamning sem ég hafði margt við að athuga og gagnrýndi harðlega opinberlega á þeim tíma þótt ég harmaði lögin sem sett voru.

En hv. þingmaður gleymir því að ég reyndi að skýra þetta samhengi hér áðan í ræðu minni. Þegar hann segir að sami hluturinn sé að gerast nú og gerðist þá, þá er það alrangt vegna þess að á þeim tíma var leitað eftir samstöðu allra hreyfinga launafólks í landinu (Forseti hringir.) um að sameinast um það verkefni að keyra niður verðbólguna og samtökin gengust að uppistöðu til inn á þessa stefnu. (Forseti hringir.) Það hefur hins vegar ekki gerst núna.

[18:40]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það einnig rangt hjá hv. þingmanni að ég hafi verið að ráðast á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Ég var að vekja athygli á því að grundvallarmunur er á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og hins almenna markaðar. Og núna þegar við vitum að hækkaður lífaldur mun hafa í för með sér skerðingu á hinum almenna markaði verður

þetta óskaplega erfitt og falist getur hrein sprengjuhætta í þessum gríðarlega aðstöðumun og gríðarlega mikla mun á kjörum opinberra starfsmanna og hins almenna markaðar. Þetta er stórhættulegt og ég er að vekja athygli á því hvílík hætta sé í þessu fólgin. Þess vegna er líka athyglisvert ef það á að endurtaka sig enn og aftur að ríkisstarfsmenn eigi rétt á kröfum um meiri hækkanir en menn á hinum almenna markaði. Þetta er stórhættuleg þróun. Ég vara við henni. Ég er hvorki með belging hér né að taka bakföll vegna þess. Það er rangt hjá hv. þingmanni. Ég er að vekja athygli á þeirri hættu sem í þessu er fólgin, að mismuna fólki svona rosalega í einu þjóðfélagi. Það er til séra Jón, það eru opinberir starfsmenn og við þingmenn, og svo er hinn almenni markaður. Mismununin er alltaf að verða meiri og meiri og ég óttast að soðið geti upp úr í samfélaginu með því að mismuna fólki svona rosalega eins og raun ber vitni.

[18:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þeir eru víðar séra Jónarnir en í opinbera kerfinu. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að ekki sé til nein mismunun á almennum vinnumarkaði í þjóðfélaginu utan ríkis og sveitarfélaga.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að í ríkiskerfinu og í sveitarstjórnarkerfinu einnig er mikil mismunun á milli þeirra sem tróna efst og hinna sem eru lægstir eða í millitekjuhópunum. En að sjálfsögðu gildir hið sama í þjóðfélaginu öllu. Launafólk hefur horft upp á það gerast núna í seinni tíð, á síðustu missirum og árum, að stórir hópar fólks bókstaflega raka til sín milljónum. Það þykir ekki tiltökumál orðið að hafa milljón á mánuði í laun. Finnst mönnum undarlegt að fólk sem býr við hugsanlega tíunda hluta af þessu á mánuði, 100 þús. kr., 200 þús. kr., vilji rétta sinn hlut? Þá rís hér upp fulltrúi Sjálfstæðisflokksins og spyr: „Hvað vill þetta fólk upp á dekk?“ Og hann reynir að safna liði í samfélaginu gegn þessu fólki. Mér finnst þetta vera umhugsunarefni. Þess vegna hef ég spurt sjálfan mig: Hvað vakir raunverulega fyrir ríkisstjórninni? Er hún að reyna að egna launafólk?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norræni fjárfestingarbankinn, 1. umr.

Stjfrv., 284. mál (afnám laga nr. 26/1976). — Þskj. 307.

[18:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi um afnám laga nr. 26/1976, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans.

Lög þessi eru úrelt orðin við núverandi aðstæður. Hér er um lagahreinsun að ræða sem eðlilegt er að eigi sér stað samhliða því að gerður hefur verið nýr samningur um bankann sem undirritaður var af minni hálfu 11. febrúar sl. Þar er gert ráð fyrir að Eystrasaltsríkin þrjú verði aðilar að bankanum en sá samningur er gerður á öðrum forsendum, kallar ekki á lagasetningu og því er eðlilegt að afnema hin gömlu lög frá 1976.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 1. umr.

Stjfrv., 299. mál (stjórn, innheimtuþóknun). — Þskj. 326.

[18:46]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Annars vegar er lagt til að stjórnarmönnum sjóðsins verði fækkað úr sjö í sex og tilnefningaraðilum fækkað og hins vegar að hámarksinnheimtuþóknun vegna ógreiddra iðgjalda sem sjóðnum ber að innheimta skv. 6. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, verði hækkuð.

Samkvæmt gildandi lögum eru stjórnarmenn sjö og skulu tveir þeirra skipaðir eftir tilnefningu Sambands almennra lífeyrissjóða, tveir eftir tilnefningu Landssambands lífeyrissjóða, einn eftir tilnefningu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og tveir án tilnefningar. Eftir stofnun Landssamtaka lífeyrissjóða með sameiningu Sambands almennra lífeyrissjóða og Landssambands lífeyrissjóða þykir rétt að Landssamtökin tilnefni fjóra fulltrúa í stjórn, þ.e. jafnmarga og samtökin sem þau leystu af hólmi tilnefndu. Þá er í frumvarpinu lagt til að tilnefning fulltrúa Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins verði felld niður. Framan af átti töluverður hluti iðgjaldagreiðslna til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda rætur að rekja til manna er störfuðu að einhverju leyti hjá ríkinu, en uppfylltu ekki rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Frá því breyting var gerð á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins árið 1997 hefur orðið breyting á. Munar þar mest um stofnun A-deildar hjá LSR sem hefur rýmri aðildarákvæði en B-deild sama sjóðs. Þykja því ekki lengur standa rök til þess að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins tilnefni mann til setu í stjórn Söfnunarsjóðsins enda á LSR einnig aðild að Landssamtökum lífeyrissjóða og getur á þeim vettvangi haft áhrif á val stjórnarmanna.

Þá er í frumvarpi þessu lagt til, virðulegi forseti, að innheimtuþóknun vegna ógreiddra iðgjalda sem sjóðnum ber að innheimta skv. 6. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, verði hækkuð.

Með lífeyrislögunum var Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda falið innheimtuhlutverk vegna ógreiddra lífeyrisiðgjalda gegn tiltekinni innheimtuþóknun. Nú eru fjögur ár liðin frá því að innheimta ógreiddra lífeyrisiðgjalda hófst og því talsverð reynsla komin á það hvaða kostnaður hlýst af slíkri innheimtu hjá Söfnunarsjóðnum. Samkvæmt fyrirliggjandi

upplýsingum hefur kostnaður sjóðsins verið mun meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Af fyrirliggjandi gögnum að dæma þykir rétt að miða við að heimild til innheimtuþóknunar verði hækkuð úr 2% í 4%. Rétt er að benda á að um hámark innheimtuþóknunar er að ræða og sjóðnum því heimilt að lækka hana ef kostnaður sem af innheimtunni hlýst lækkar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði að umræðu lokinni vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr.

[18:48]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frumvarpið sem, eins og hæstv. ráðherra nefnir, þarf að fá umfjöllun í hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Þó staldra ég við frumvarpið þegar fram kemur. Ég held að það sé mjög mikilvægt að jafnræði sé á milli launafólks og atvinnurekenda þegar skipað er í stjórnir lífeyrissjóðanna. Ég er ekki viss um að þess sé fyllilega gætt eins og frumvarpið lítur út, nokkuð sem við þurfum að skoða.

Þarna er afnuminn réttur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að tilnefna fulltrúa í stjórn. Ég vek athygli á því, eins og kom reyndar fram í máli hæstv. ráðherra, að í verulegum mæli er um lífeyrisréttindi hjá opinberum starfsmönnum að ræða í sjóðnum. Mér er ekki kunnugt um hve margir úr þeim röðum eru greiðendur í þann sjóð. Ætli stærsti hópurinn sem greiðir í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda séu ekki póstmenn, ég gæti trúað því.

Áður komu lífeyrisþegarnir úr öllum starfshópum ríkisins. Fólk sem ekki hafði fengið fastráðningu og greiddi í Söfnunarsjóðinn af þeim sökum átti ekki rétt á að greiða í LSR.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frumvarpið núna en tel mikilvægt að málið fái mjög góða skoðun í hv. efnahags- og viðskiptanefnd og verði sent út til kynningar hjá öllum hlutaðeigandi aðilum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 1. umr.

Stjfrv., 300. mál (fjárfestingar). — Þskj. 327.

[18:51]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að gerð verði breyting á 1. málsl. 2. mgr. 36. gr. umræddra laga þar sem fjallað er um skilyrði fjárfestinga lífeyrissjóða. Samkvæmt greininni skulu tilteknir eignaflokkar sem tilgreindir eru í 1. mgr. 36. gr. og hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Í núgildandi lögum er m.a. vísað til 7. tölul. 1. málsl. 36. gr., en eignir í þeim flokki eru hlutdeildarskírteini eða hlutir verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fram kemur í umræddum 7. tölul. að verðbréfasafni að baki skírteinunum eða hlutunum skuli skipt á aðra töluliði 1. mgr. 36. gr. laganna, þ.e. aðra eignaflokka, með tilliti til takmarkana sem gerðar séu í 2.–6. mgr. 36. gr. Samkvæmt framansögðu er eignasafn lífeyrissjóðs skilgreint út frá því hvaða eignir liggja að baki hlutdeildarskírteinum eða hlutum í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum.

Í framkvæmd hafa vaknað spurningar um túlkun framangreindra ákvæða og þá einkum um hvort að í ákvæðunum felist sú kvöð að lífeyrissjóðum sé ekki heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða, á grundvelli 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna, nema viðkomandi hlutdeildarskírteini eða hlutir hafi skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Til að taka af allan vafa um skilyrði ákvæðisins er í frumvarpi þessu lagt til að tilvísun í 7. tölul. í 1. málsl. 2. mgr. 36. gr. verði felld niður. Samkvæmt því er tekinn af allur vafi um að lífeyrissjóðum verði framvegis heimilt að fjárfesta í óskráðum hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.

Ég legg að endingu til, virðulegi forseti, að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning og mat fasteigna, 1. umr.

Stjfrv., 335. mál (auðkennisnúmer, umsýslugjald o.fl.). — Þskj. 374.

[18:54]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Hér er mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

Tilgangur frumvarpsins er að skýra reglur um auðkennisnúmer fasteigna, styrkja stjórnsýslu við framkvæmd fasteignamats og marka fjárhagsgrundvöll Fasteignamats ríkisins til næstu ára til að stofnunin megi halda og þróa áfram Landskrá fasteigna.

Mikilvægt er að fasteignir séu auðkenndar með glöggum, einföldum og óvefengjanlegum hætti. Auðkenni fasteigna samkvæmt lögunum hafa verið fastanúmer og landnúmer. Auk þessara númera hefur verið notað svokallað heitinúmer. Það hefur valdið vandkvæðum í framkvæmd að hafa ekki skýrt samheiti þessara númera, sem hér er lagt til að verði fasteignanúmer, þar sem það fer eftir stöðu og eðli fasteignar hvert fasteignanúmer hennar er.

Fasteignamat er mikilvægur grunnþáttur í ýmsum ákvæðum skattalaga bæði hvað varðar sveitarfélög og ríkissjóð. Þess vegna er mikilvægt að fasteignamatið byggi á traustum og góðum grunni og að málsmeðferð við ákvörðun fasteignamats sé vönduð og í samræmi við góða stjórnsýsluhætti. Lagt er til að stjórnsýslan verði styrkt með því að kveða skýrt á um að ákvörðun um fasteignamat sem tekin er á grundvelli skráningarupplýsinga um nýjar og breytt-

ar fasteignir taki gildi strax við skráningu í Landskrá fasteigna en sú tilhögun er í samræmi við núverandi framkvæmd. Nýja matsverðið gildi síðan með þeim almennu breytingum sem á því geta orðið eða þar til því er hrundið með nýju mati.

Umsýslugjald sem nam 0,025 prómillum af brunabótamati var lögfest árið 1994 í tengslum við að Fasteignamati ríkisins var falið að halda brunabótamatsskrá og annast framkvæmd brunabótamats að hluta. Stofnunin tók síðan alfarið við framkvæmd brunabótamats árið 1999. Þegar stofnuninni var falið að mynda og halda Landskrá fasteigna frá 1. janúar 2001 var lögfest að umsýslugjaldið yrði 0,1 prómill af brunabótamati en félli niður í árslok 2004.

Nú hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að framlengja heimildina til umsýslugjalds um fjögur ár til viðbótar til að hægt sé að byggja Landskrána upp með þeim hætti sem ráðgert var í upphafi og taka jafnframt til við þau nýju atriði sem ákveðið hefur verið að leggja til verkefnisins, t.d. með nýjum jarðalögum.

Virðulegi forseti. Þetta eru meginatriði frumvarpsins. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, 1. umr.

Stjfrv., 321. mál (ágreiningsmál, samráðsnefndir). — Þskj. 357.

[18:58]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Tilgangur frumvarpsins er að veita samningum samtaka aðila vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum, um hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga, sama almenna gildi og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör, sbr. 1. gr. laganna.

Litið hefur verið svo á að hlutverk samtaka aðila vinnumarkaðarins sé að fylgjast með því að kjarasamningar séu haldnir á innlendum vinnumarkaði. Byggir sú venja á þeirri meginreglu að aðilarnir semja um kaup og kjör launafólks í frjálsum kjarasamningsviðræðum. Þar af leiðandi hefur hvorki tíðkast að opinberir aðilar hafi viðhaft sérstakt eftirlit með því að atvinnurekendur haldi gerða kjarasamninga né hvort efni þeirra brjóti hugsanlega í bága við innlenda löggjöf. Verður það því að teljast eðlilegt að aðilarnir semji jafnframt um það í frjálsum samningaviðræðum hvernig eftirliti með launum og öðrum starfskjörum skuli háttað telji þeir sérstaka þörf á því.

Að teknu tilliti til framangreinds er það skoðun mín, hæstv. forseti, að þýðingarmikið sé að samningar aðilanna um meðferð ágreiningsmála, um hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna séu í samræmi við lög og gerða kjarasamninga, hafi sama almenna gildið og almennir kjarasamningar hafa. Á það einkum við svo koma megi í veg fyrir að atvinnurekendur eða launamenn sjái sér hag í því að segja sig úr aðildarsamtökum á vinnumarkaði í þeim tilgangi einum að komast undan samningum þeirra um þetta efni. Þar með er jafnframt komið í veg fyrir að launamenn verði fyrir þrýstingi til að segja sig úr stéttarfélögum sínum í framangreindum tilgangi.

Gert er ráð fyrir að þeir samningar sem vísað er til í frumvarpinu taki einkum til hópa launamanna sem standa verr að vígi í samanburði við aðra hópa á innlendum vinnumarkaði. Þannig liggur það mat, um hvaða hópa slíkir samningar skuli gilda, alfarið í höndum samtaka aðila vinnumarkaðarins. Þegar hafa samtök aðila á almenna vinnumarkaðnum séð ástæðu til þess að gera með sér slíkan samning en hann fjallar um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Nær sá samningur einungis til erlendra starfsmanna en ekki annarra launamanna á innlendum vinnumarkaði. Má rekja tilurð þessa frumvarps einmitt til þessa samnings.

Í forsendum samnings aðilanna kemur m.a. fram að það að ákveðnar breytingar eru að verða á samsetningu vinnuafls vegna fjölgunar útlendinga á íslenskum vinnumarkaði á ekki að leiða til röskunar á gildandi fyrirkomulagi um ákvörðun launa og annarra starfskjara launafólks með kjarasamningum. Enn fremur er tekið fram að í tilvikum þegar kjarasamningar eru ekki virtir grafi það undan starfsemi annarra fyrirtækja, spilli forsendum eðlilegrar samkeppni og dragi úr ávinningi alls samfélagsins af traustu og heilbrigðu atvinnulífi.

Hæstv. forseti. Því er ekki að leyna að ég bind vonir við að framangreint samkomulag og frumvarp þetta verði til að auðveldara verði að sporna gegn hættunni á félagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði. Er jafnframt verið að viðhalda því vinnumarkaðskerfi sem hér hefur þróast í gegnum tíðina og reynst okkur Íslendingum mjög vel. Í samningnum er áhersla lögð á hlutverk trúnaðarmanna stéttarfélaga en hlutverk þeirra er ekki hvað síst að gæta þess að gerðir kjarasamningar séu haldnir.

Í tilvikum þar sem rökstuddur grunur er um brot gegn viðkomandi kjarasamningi eða lögum sem varða starfskjör erlends launafólks hefur trúnaðarmaður á grundvelli samkomulagsins rétt á að yfirfara gögn um laun eða önnur starfskjör viðkomandi atvinnurekenda. Sé trúnaðarmaður ekki á vinnustað hefur fulltrúi viðkomandi stéttarfélags sömu heimildir og trúnaðarmaður til að yfirfara gögn og ber sömu skyldur. Í samkomulaginu er síðan kveðið á um ákveðna vinnureglu sem viðhafa skal við framkvæmdina.

Hafi ekki tekist að leysa ágreining sem kann að rísa á grundvelli samkomulagsins er heimilt að vísa þeim ágreiningi til sérstakrar samráðsnefndar Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur skipuðum af Alþýðusambandinu og því landssambandi sem málið varðar og tveimur fulltrúum skipuðum af Samtökum atvinnulífsins. Nefndin hefur heimildir til að krefjast nauðsynlegra gagna frá viðkomandi atvinnurekanda um laun og önnur starfskjör þeirra erlendu starfsmanna sem málið varðar og eftir því sem við á um starfsréttindi þeirra. Sérstaklega er kveðið á um trúnaðar-

skyldu samráðsnefndarinnar og er nefndarmönnum óheimilt að afhenda eða greina þriðja aðila frá efni þeirra upplýsinga sem aflað er frá atvinnurekanda, trúnaðarmanni eða fulltrúa stéttarfélags. Skal niðurstaða nefndarinnar síðan kynnt málsaðilum.

Frumvarpið gerir þó ráð fyrir því að þegar slíkar samráðsnefndir sem lýst er hér að framan taka til starfa á grundvelli samningsaðila hafi ófélagsbundnir aðilar máls tækifæri á að tilnefna eigin fulltrúa. Á þetta bæði við um atvinnurekendur og launafólk sem í hlut á.

Þetta fyrirkomulag þykir eðlilegt í ljósi þess að þeir aðilar er kjósa ekki að vera félagsmenn í tilteknum félögum fái að velja sér fulltrúa til að gæta hagsmuna sinna. Þá ber að taka fram að samningar aðila vinnumarkaðarins koma ekki í veg fyrir að málsaðilar geti leitað með ágreiningsefni sín beint til félagsdóms eða almennra dómstóla eftir atvikum. Á þetta bæði við um þá sem eru félagsmenn í stéttarfélögum eða samtökum atvinnurekenda og þá sem kjósa að standa utan félaga.

Hæstv. forseti. Ég tel þá leið sem hér er lagt til að verði farin mun betri lausn en að koma á opinberu eftirlitskerfi með launakjörum starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði. Það hlýtur að vera mikilvægt að hlúa að því kerfi sem vinnumarkaðurinn okkar stendur nú þegar styrkum fótum á og hefur verið að þróast síðustu áratugi í nánu samstarfi stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[19:04]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er frumvarpið eðlilegt framhald af kjarasamningum sem gerðir hafa verið á vinnumarkaði. Um atriði þess hygg ég að verði nokkuð góð samstaða við meðhöndlun í félagsmálanefnd Alþingis. Trúnaðarmannakerfi verkalýðshreyfingarinnar er kerfi sem hefur reynst vel og full ástæða er til að byggja á þó að ég vilji ekki taka undir orð hæstv. ráðherra um að útiloka opinbert eftirlit í þessu efni. Það er auðvitað ástæða fyrir því að á vinnumarkaði var samið um þessi atriði nú síðast. Hún er sú að það sýndi sig berlega í framkvæmdunum fyrir austan, við Kárahnjúka, og ýmislegu raunar kannski í smærri stíl í þróun hér á vinnumarkaði síðustu ár að alþjóðavæðingin kallar á ákveðnar aðgerðir til að koma í veg fyrir félagsleg undirboð og að við höfum hér á Íslandi verið vanbúin til þess. Ég gerði það að sérstöku umfjöllunarefni við utandagskrárumræðu um stöðu innflytjenda á dögunum og taldi að það hversu mikil almenn andstaða er orðin við fjölgun innflytjenda á vinnumarkaði á Íslandi ætti kannski ekki síst rót sína í eðlilegum áhyggjum fólks af því að þar væru á ferðinni félagsleg undirboð. Þess vegna er þeim mun mikilvægara að vinna að lagasetningu með þeim hætti sem hæstv. félagsmálaráðherra hefur gert og leggur hér fram og okkur tekst vonandi að afgreiða fljótt og vel í þinginu.

Ég lýsi ánægju minni með hið framkomna frumvarp hæstv. ráðherra en vil hins vegar um leið inna hann eftir því sama og ég innti hann eftir við utandagskrárumræðuna. Við umfjöllun hér um starfsmannaleigur síðasta vetur sem voru þá mjög á dagskrá og ollu allnokkrum óróa á vinnumarkaði, svo að vægt sé til orða tekið, skipaði ráðherra nefnd til þess að fara sérstaklega yfir þau mál. Eru komnar niðurstöður úr því nefndarstarfi eða er þeirra að vænta úr því að við erum að ræða þetta efni hér í þinginu?

[19:06]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka að sú leið sem hér er mælt með að verði farin er til þess fallin að sporna gegn hættunni á félagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði. Þetta er sú leið sem samtök aðila á almennum vinnumarkaði hafa komið sér saman um sem ég tel einnig mjög mikilvægt eins og fram kom í máli hv. þm. Helga Hjörvars.

Við Íslendingar höfum langa hefð fyrir því að samtök aðila vinnumarkaðarins, ekki síður en stjórnvöld, hafa borið ábyrgð á vinnumarkaðskerfinu sem slíku. Það kerfi hefur reynst okkur farsælt fram til þessa og það hlýtur að vera vilji okkar hér á Alþingi að viðhalda því kerfi eins vel og við getum.

Það frumvarp sem hér er til umræðu var unnið í nánu samráði við fulltrúa Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins og byggist á bókun við samning þeirra um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði en þar er því beint til mín sem félagsmálaráðherra að samkomulaginu verði veitt almennt gildi á sama hátt og gert hefur verið að því er almenna kjarasamninga varðar. Því er þetta lagt til hér, hæstv. forseti.

Hvað varðar spurningu hv. þingmanns um umfjöllun um starfsmannaleigur er því til að svara að ég skipaði síðasta sumar hóp til að fara yfir þau mál. Að þeim hópi koma aðilar vinnumarkaðarins ásamt og með fleira fólki. Sá hópur er að störfum. Þetta er, eins og ég veit að hv. þingmaður gerir sér grein fyrir, margslungið viðfangsefni sem er til umfjöllunar, ekki bara hér heldur líka í löndunum í kringum okkar. Ég vænti þess og vona að áður en langt um líður fái menn að sjá niðurstöðu þessa hóps, hvort og þá með hvaða hætti ástæða er til að bregðast við þeirri breyttu stöðu sem uppi er á íslenskum vinnumarkaði með tilliti til starfsmannaleigna.

Hæstv. forseti. Að lokum ítreka ég tillögu mína um að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 330. mál (endurgreiðslur, málsmeðferð o.fl.). — Þskj. 368.

[19:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er mér ánægjuefni að mæla hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Í júlí sl. skipaði ég nefnd til að endurskoða lögin um LÍN í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Eins og menn þekkja er í stefnuyfirlýsingu lögð áhersla á að LÍN gegni áfram því meginhlutverki að tryggja öllum tækifæri til náms. Jafnframt segir þar að endurskoða beri lög um sjóðinn og huga að því að lækka endurgreiðslubyrði námslána. Í endurskoðunarnefndinni áttu sæti hv. þm. Gunnar Birgisson, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Auður Finnbogadóttir nemi, Dagný Jónsdóttir alþingismaður, Heiður Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra námsmanna erlendis, Leifur Eysteinsson, viðskiptafræðingur í fjármálaráðuneytinu, og Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir var starfsmaður nefndarinnar og Steingrímur Ari Arason, framkvæmdastjóri LÍN, sat jafnframt fundi nefndarinnar sem ráðgjafi. Nefndin hélt samtals átta fundi. Á fund nefndarinnar kom Halldóra Friðjónsdóttir, formaður Bandalags háskólamanna (BHM), og kynnti hugmyndir og sjónarmið BHM um framtíðarskipan námslánakerfisins.

Í starfi sínu byggði nefndin á útgefnu efni um málefni LÍN og upplýsingum sem hún aflaði sérstaklega hjá LÍN, ríkisskattstjóra og fjármálaráðuneyti. Af útgefnu efni sem stuðst var við ber sérstaklega að nefna „Skýrslu starfshóps til að yfirfara þörf á árlegu ríkisframlagi til LÍN". Starfshópurinn starfaði á vegum stjórnar LÍN og lauk skýrslunni í júní 2004.

Ég vil geta þess hér að í þeim tillögum sem bárust frá nefndinni var sérstaklega bent á að núverandi lög um lánasjóðinn hafa almennt reynst góður grundvöllur fyrir starfsemi sjóðsins. Nefndin leggur því til að meginatriði laganna haldist óbreytt en jafnframt verði hugað að breytingum á einstökum ákvæðum þeirra.

Meginniðurstöður meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar og frumvarp þetta byggja á eftirfarandi:

– Árlegt endurgreiðsluhlutfall námslána verði lækkað úr 4,75% í 3,75%.

– Fjármagnstekjum verði bætt við tekjustofn til ákvörðunar árlegri tekjutengdri afborgun.

– Tekjugrundvöllur einhleypra lánþega verði útsvarsstofn og fjármagnstekjur samkvæmt skattalögum.

– Lánþegum með eldri námslán verði gefinn kostur á skuldbreytingu, þ.e. að endurgreiða af lánum sínu í samræmi við nýja endurgreiðsluskilmála.

– Að kröfu stjórnar LÍN getur málskotsnefnd frestað réttaráhrifum úrskurðar og stjórnin borið málið undir dómstóla.

– Skýrt verði kveðið á um frest lánþega til að sækja um endurútreikning eða undanþágu frá árlegri afborgun. Komi í ljós að lánþegi hafi innt af hendi of háa afborgun fái hann ofgreiddu fjárhæðina endurgreidda með almennum útlánsvöxtum í stað almennra innlánsvaxta af sparisjóðsbókum.

– LÍN hætti að veita svokölluð markaðskjaralán.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum þessa frumvarps eru gildandi lög um lánasjóðinn nr. 21 frá 1992 og hafa fjórum sinnum verið gerðar á þeim breytingar, árið 1997, 1998, 2002 og síðast nú í vor. Að stofni til eru lögin frá árunum 1976 og 1982 og þótt þau hafi reynst vel hafa þau stöðugt verið til endurskoðunar. Ég er sammála endurskoðunarnefndinni um það að mikilvægt sé að svo verði áfram og jafnframt að stjórnvöld nýti það svigrúm sem lögin veita og vinni stöðugt að því að bæta þjónustu LÍN eins og gert hefur verið á undanförnum árum undir öruggri forustu hv. þm. Gunnars I. Birgissonar. Gott dæmi um slíkt er nýlegt samkomulag um að bankaábyrgð geti komið í stað tilnefningar ábyrgðarmanns en það var auðvitað mikið ánægjuefni að undir forustu stjórnar LÍN hefur verið gert samkomulag við Landsbanka Íslands um námslánaábyrgðir. Í stað þess að tilnefna ábyrgðarmenn geta námsmenn núna samið um bankaábyrgð á námslán sín hjá fyrrnefndum banka. Ábyrgð Landsbankans getur með öðrum orðum komið í stað sjálfskuldarábyrgðar einstaklings sem fram að þessu hefur verið nánast undantekningarlaust skilyrði námslána hjá LÍN. Eins og ég gat um áður er um mjög stóran áfanga að ræða fyrir lánasjóðinn og námsmenn.

Ég legg sérstaklega áherslu á að lækkun endurgreiðsluhlutfallsins og breikkun tekjustofnsins sem endurgreiðslan tekur mið af er stórt hagsmunamál lánþega. Almennt lækkar árleg greiðslubyrði og má ætla að sú ráðstöfun komi sér sérstaklega vel fyrir greiðendur fyrstu árin að loknu námi. Er afar þýðingarmikið að þetta verði dregið fram því að við vitum öll að oftast er það ungt fólk sem er að festa kaup á sínum fyrstu húseignum, íbúðum, og byrðarnar eru afar þungar. Þetta er kærkomin kjarabót fyrir þennan hóp sérstaklega fyrir utan auðvitað fyrirhugaðar skattalækkanir sem koma að sjálfsögðu til með að hjálpa þessum hóp líka, einkum varðandi endurgreiðslur á þessum lánum sem og öðrum, að sjálfsögðu.

Þó að breikkun stofnsins og tillit til fjármagnstekna geti hækkað árlega greiðslubyrði og þannig stytt endurgreiðslutíma námsláns er ég sammála endurskoðunarnefndinni um að breikkun þessi sé eftirsóknarverð. Hún dregur úr kostnaði ríkissjóðs við lækkun endurgreiðsluhlutfallsins og það skiptir minna máli en áður hvernig greiðendur haga tekjuöflun sinni. Það má líka segja að með þessari leið sé verið að undirstrika enn og aftur að Lánasjóður íslenskra námsmanna er félagslegur jöfnunarsjóður og það hefur verið réttlætt með því að þeir sem hafa hærri tekjur greiði hlutfallslega hraðar inn í sjóðinn. Með þessu er verið að draga fram fram fleiri tekjustofna eins og fjármagnstekjuskatturinn er.

Í samræmi við niðurstöður meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar er æskilegt að lækkun árlegrar greiðslubyrði geti náð til þeirra sem tekið hafa lán á grundvelli laganna frá 1992. Þeim verði í ákveðinn tíma gefinn kostur á að skuldbreyta eldri lánum, enda verði þau tryggð með sambærilegum hætti og áður. Frumvarpið byggir á því að helmingur þeirra sem tekið hafa námslán eftir 1992 , þ.e. svonefnd R-lán, nýti sér þennan rétt. Greiðendur þeirra eru um 15.000 talsins og áætlað er að tæplega 10.000 manns fái námslán skólaárið 2004–2005.

Þá tek ég sérstaklega fram að skuldbreytingin mun standa mönnum til boða þeim að kostnaðarlausu þar eð ekki er ætlunin að þeir sem nýta sér þennan rétt til skuldbreytingar greiði sérstakt skuldbreytingargjald.

Í frumvarpinu er fylgt þeirri tillögu endurskoðunarnefndarinnar og þeirri ákvörðun stjórnar sjóðsins að hætta að nýta heimild til að veita svokölluð markaðskjaralán frá og með næsta skólaári. Því verði fylgt eftir með afnámi lagaheimildarinnar. Ég mun einnig taka til sérstakrar skoð-

unar ábendingar nefndarinnar um að athugun fari fram á kostum og göllum þess að gera frekari greinarmun en nú er gerður á lánaþætti og styrkjaþætti námsaðstoðarinnar.

Óvissa um kostnað ríkissjóðs vegna frumvarps þessa tengist fyrst og fremst breikkun tekjustofnsins, þ.e. þeirri tillögu að miða afborganir ekki aðeins við útsvarsstofn greiðenda heldur einnig fjármagnstekjur. Þannig var niðurstaða kostnaðarmats að breikkun stofnsins jafngilti 3–7% hækkun á núverandi tekjuviðmiði. Helstu óvissuþættirnir tengjast því að fjármagnstekjur eru mjög háðar aldri framteljenda og hækka með aldri þeirra. Stór hluti fjármagnstekna skilar sér þannig að öðru óbreyttu tiltölulega seint í formi hærri afborgana til sjóðsins. Til viðbótar þessu eru fjármagnstekjur háðari efnahagsástandi en þær tekjur sem mynda útsvarsstofninn og dreifast almennt ójafnt á framteljendur, þ.e. tiltölulega fáir eru hverju sinni með stóran hluta heildarteknanna.

Það má í rauninni segja að með þessari leið sé ríkissjóður að taka á sig þá áhættu sem getur fylgt því að efnahagsástandið geti verið misjafnt og haft misjöfn áhrif m.a. á fjármagnstekjur. Ríkissjóður tekur þannig á sig þá áhættu.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins bendi ég sérstaklega á að í 1. gr. þess er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein sem kveði á um að málskotsnefnd geti að kröfu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna frestað réttaráhrifum úrskurðar, telji hún ástæðu til þess. Krafa þess efnis skal gerð eigi síðar en tíu dögum frá birtingu úrskurðar. Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar vera bundin því skilyrði að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestun og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð. Frestun réttaráhrifa úrskurðar fellur úr gildi ef mál er ekki höfðað innan 30 daga frestsins. Ákvæði þetta er í samræmi við þá skoðun meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar að æskilegt sé að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafi heimild til að bera úrskurði málskotsnefndar undir dómstóla. Til þess þarf sérstaka lagaheimild þar sem ákvörðunum stjórnarinnar er skotið til málskotsnefndar og stjórnin þar með lægra sett stjórnvald gagnvart málskotsnefndinni. Í samræmi við meginreglur stjórnsýsluréttar er það málskotsnefndin sjálf sem hefur vald til að fresta réttaráhrifum úrskurðar þegar þannig stendur á og er það í samræmi við sambærileg úrræði sem finna má í upplýsingalögum, nr. 50/1996, með síðari breytingum, og lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum. Við mat á því hvort heimild þessi verði veitt ber málskotsnefndinni að taka mið af því hvort úrskurðurinn geti haft fordæmisgildi, hann hafi í för með sér veruleg fjárútlát fyrir sjóðinn eða að lögfræðilegur vafi sé um niðurstöðuna. Út frá því er gengið að stjórnin nýti þessa heimild einungis í undantekningartilvikum, enda er þetta undantekning frá meginreglu í stjórnsýslurétti.

Þá þykir rétt að kveða á um að þegar mál er höfðað vegna úrskurðar málskotsnefndar sé henni heimilt að fresta afgreiðslu sambærilegra mála, sem til meðferðar eru hjá nefndinni, þar til dómur gengur. Er þá átt við endanlegan dóm hvort sem um er að ræða héraðsdóm sem ekki verður áfrýjað eða dóm Hæstaréttar.

Í 2. gr. frumvarpsins er að finna þá breytingu að árleg viðbótargreiðsla samkvæmt ákvæðinu lækki úr 4,75% í 3,75%. Er það í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og tillögur meiri hluta endurskoðunarnefndarinnar. Þá miðast viðbótargreiðslan samkvæmt frumvarpi þessu við ákveðinn hundraðshluta af tekjustofni ársins í stað útsvarsstofns samkvæmt gildandi lögum, en hugtakið tekjustofn er nánar skilgreint í 3. gr. frumvarpsins.

Ákvæði b-liðar kveður á um að skuldari, sem sækir um undanþágu samkvæmt 6. mgr. 8. gr. laganna, skuli leggja sjóðstjórn til þær upplýsingar sem stjórnin telur skipta máli. Umsóknin skal berast sjóðnum eigi síðar en 60 dögum eftir gjalddaga afborgunar. Dæmi eru um að óskir um endurútreikning eða undanþágu frá afborgunum berist sjóðnum mörgum mánuðum eftir gjalddaga. Þessi mál eru oft mjög erfið úrlausnar þar sem lán í vanskilum leiða oft til kostnaðarsamra innheimtuaðgerða. Aukin festa í meðferð þessara mála á því að vera allra hagur. Hér er þó ekki gengið lengra en að kalla eftir því að þeir sem hafa hug á endurútreikningi eða undanþágu láti sjóðinn vita áður en lán í vanskilum eru send í lögmannsinnheimtu.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að 1. mgr. 10. gr. laganna kveði á um að fjármagnstekjum verði bætt við tekjustofn til ákvörðunar árlegri tekjutengdri afborgun. Tekjugrundvöllur einhleypra lánþega verði því útsvarsstofn og fjármagnstekjur samkvæmt skattalögum. Tekjugrundvöllur lánþega í sambúð taki mið af útsvarsstofni og 50% samanlagðra fjármagnstekna greiðenda og sambúðaraðila þeirra. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign.

Með því að bæta fjármagnstekjum við tekjustofn til ákvörðunar tekjutengdri afborgun námslána er farin sambærileg leið og í dag er farin hjá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt lögum um almannatryggingar og ákvæðum lífeyristrygginga. Þar er almenna reglan sú að tekjutengdur lífeyrir taki mið af útsvarsstofni og 50% fjármagnstekna.

Þá er lögð til orðalagsbreyting á núverandi 1. mgr. 10. gr. laganna, sem verður 2. mgr. sömu greinar. Orðalagsbreytingin tekur mið af því að hugtakið tekjustofn verður tekið upp í lögin, verði frumvarp þetta lögfest. Lagt er til að ný málsgrein komi í stað 2. og 3. mgr. 10. gr. laganna. Fyrsti málsliður málsgreinarinnar verði efnislega samhljóða 1. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna, en gerð verði sú breyting að orðið skattstofn komi í stað orðsins útsvarsstofns í samræmi við breytingartillögur hér að framan. Ekki er um efnisbreytingu að ræða heldur er efnisskipan á orðalagi breytt til samræmis við breytingar á öðrum stöðum. Þannig er talað um tekjustofn, samanber skilgreininguna í 1. mgr., í staðinn fyrir útsvarsstofn, viðbótargreiðslu í staðinn fyrir hámarksgreiðslu og lánþega í stað skuldara og skattþega.

Seinni málsliður 2. mgr. 10. gr. laganna, sem fjallar um endurgreiðslurétt lánþega vegna ofáætlaðs eða oftalins útsvarsstofns, falli brott og í stað hans er lagt til í 4. gr. frumvarpsins að tvær nýjar málsgreinar bætist við 11. gr. laganna um sama efni.

Til að eiga rétt á endurútreikningi er gerð sú krafa að lánþegi leggi inn umsókn um útreikninginn inna tveggja mánaða frá gjalddaga og er þetta nýtt ákvæði.

Hin efnisbreytingin lýtur að þeim vöxtum sem greiða ber hafi lánþegi verið krafinn um hærri afborgun en honum ber samkvæmt endurútreikningi. Í stað vaxta af venjulegum

sparisjóðsinnstæðum er gert ráð fyrir almennum vöxtum óverðtryggðra bankalána. Þetta er umtalsverð réttarbót sem rétt er að geta um. Sem dæmi má nefna að í ágúst, september og október 2004 voru vextir á almennum sparisjóðsbókum 0,4% á sama tíma og almennir vextir óverðtryggðra bankalána voru 8,5% samkvæmt yfirliti Seðlabankans.

Í samræmi við tillögur endurskoðunarnefndarinnar um að LÍN skuli hætta að veita svokölluð markaðskjaralán er lagt til að 3. mgr. 12. gr. laganna falli brott í 5. gr. frumvarpsins.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að ef lánþegi samkvæmt þessu frumvarpi er jafnframt að endurgreiða námslán samkvæmt eldri lögum um sjóðinn skuli miða við að hann endurgreiði þau fyrst. Á næsta almanaksári eftir að endurgreiðslu samkvæmt eldri lögum lýkur eða á að vera lokið skal lánþegi hefja endurgreiðslu samkvæmt frumvarpi þessu, verði það að lögum. Þær greiðslur frestast því þar til lán samkvæmt eldri lögum eiga að vera að fullu greidd.

Vegna þeirra breytinga sem frumvarp þetta mun hafa á rétt námsmanna og lánþega LÍN, verði það að lögum, er að finna ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu sem annars vegar kveður á um að þeir sem sótt hafa um námslán samkvæmt lögum frá 1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, fyrir gildistöku frumvarps þessa skuli til loka skólaársins 2004–2005 eiga rétt á námslánum samkvæmt þeim lögum.

Hins vegar er að finna bráðabirgðaákvæði þess efnis að þeir sem skulda eða hafa sótt um námslán samkvæmt lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, eigi rétt á að breyta því láni í námslán samkvæmt frumvarpi þessu, verði það að lögum. Skilyrði slíkrar skuldbreytingar er að umsókn um hana hafi borist sjóðnum fyrir 1. nóvember 2005, að umsækjandinn sé ekki í vanskilum við sjóðinn og að lánið sé tryggt með sambærilegum hætti og áður.

Virðulegi forseti. Ég vil í lok framsöguræðu minnar benda á tölulegar staðreyndir um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem rétt er að menn hafi í huga í umræðunni um frumvarpið.

Í fyrsta lagi gerir áætlun lánasjóðsins fyrir næsta ár, fyrir árið 2005, ráð fyrir tæplega 10 þúsund lánþegum og að ný útlán verði 7,1 milljarður kr.

Í öðru lagi er fjárveiting úr ríkissjóði samkvæmt fjárlagafrumvarpinu 3.750 millj. kr. En samkvæmt útreikningum Ríkisendurskoðunar þarf árlegt framlag til viðbótar rekstrarkostnaði sjóðsins að samsvara um 50% nýrra útlána til að standa undir afföllum og kostnaði við vaxtaniðurgreiðslu sjóðsins.

Í þriðja lagi námu útistandandi námslán um 66 milljörðum kr. í lok síðasta árs og heildarfjöldi lánþega er tæplega 35 þúsund.

Í fjórða lagi. Þrátt fyrir viðmið við fjármagnstekjur til viðbótar útsvarsstofni er áætlað að lækkun endurgreiðsluhlutfalls tekjutengdu afborgunarinnar úr 4,75% í 3,75% leiði til 265–340 millj. kr. kostnaðarauka fyrir ríkissjóð á þessu ári. En það er rétt að leiðrétta þá tölu sem fram kemur í kostnaðarútreikningnum sem fylgir frumvarpinu. Í lok útreikningsins er nefnd talan 235 millj. kr. en á að vera 265 millj. kr., eins og fram kemur framar í úttektinni. Kostnaðurinn af lækkun endurgreiðslunnar leiðir því til 265–340 millj. kr. kostnaðarauka fyrir ríkissjóð á ári. Þetta þýðir að framlag ríkissjóðs hækkar um 3,7–4,8% eða úr um 49% af útlánum í um 53%.

Hæstv. forseti. Ég tel að frumvarpið feli í sér mikla réttarbót fyrir námsmenn og lánþega Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Með því er náð markmiðum ríkisstjórnarinnar um að lækka endurgreiðslubyrði námslána.

Í lokin vil ég sérstaklega færa þakkir þeim nefndarmönnum sem komu að vinnu endurskoðunarnefndar, sérstaklega af því að tveir þeirra eru hér staddir. Ég tel að endurskoðunarnefndin hafi staðið sig með prýði og skilað raunhæfum tillögum sem fyrst og fremst eru til hagsbóta fyrir íslenska námsmenn.

Ég hef rakið efni frumvarpsins í megindráttum og jafnframt einstakar greinar þess. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til menntamálanefndar og 2. umr.

[19:28]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu frumvarpi og styð innihald þess heils hugar. Efni þess var meðal baráttumála sumra stjórnmálaflokkanna fyrir síðustu kosningar. Samfylkingin setti málið mjög á oddinn og Framsóknarflokkurinn einnig, minnir mig. BHM barðist einnig mjög fyrir því að flokkarnir kynntu sjónarmið sín í þessu máli enda um mikið hagsmuna- og réttlætismál að ræða fyrir stóran hóp af fólki.

Eins og hæstv. ráðherra kom ágætlega inn á snertir málið sérstaklega þá sem hafa nýlokið námi og eru að koma sér upp húsnæði, fjölskyldu og öðru á fyrstu árum eftir námslok. Afborganir af námsárunum geta þá oft verið verulega íþyngjandi. Lækkun endurgreiðsluhlutfallsins er mjög gott mál og mikil kjarabót fyrir fjölda fólks sem sannarlega þarf á því að halda. Þá er breikkun tekjustofnsins, með því að taka inn fjármagnstekjurnar, einnig hið besta mál.

Haft hefur verið á orði að formaður endurskoðunarnefndarinnar, hv. þm. Gunnar Birgisson, ætti orðu skilið fyrir að hafa komið málinu í gegn. Ég þekki ekki starf nefndarinnar en tek undir þakkir til hv. þingmanna Gunnars Birgissonar og Dagnýjar Jónsdóttur fyrir niðurstöðu nefndarinnar, þó svo mörgu öðru megi bæta við við endurskoðun á starfsemi Lánasjóðs íslenskra námsmanna og þörf sé á nauðsynlegum aðgerðum til að styrkja verulega hlutverk sjóðsins sem félagslegs jöfnunarsjóðs sem tryggir raunverulega jafnrétti til náms. Starfsemi sjóðsins er að mínu mati mikill lykill að hvers kyns eflingu menntastigsins á Íslandi og margt sem þarf að skoða þar.

Hæstv. ráðherra nefndi þá nýbreytni sem Landsbanki Íslands tók upp, að gangast í ábyrgðir fyrir námsmenn gagnvart sjóðnum gegn ákveðnu ábyrgðargjaldi. Sú þjónusta bankans er að sjálfsögðu hið besta mál, en Samfylkingin lagði fram frumvarp þar sem sérstaklega er tekið á því að ábyrgðarmannakerfið verði lagt af. Mig minnir að sex hv. þingmenn Framsóknarflokksins hafi einnig lagt fram þingsályktunartillögu sl. vetur sem kvað á um að ábyrgðarmannakerfið yrði lagt af. Það hefði því verið mjög til bóta ef lagt hefði verið til með endurskoðuninni og breytingunni á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, eins og virðist vera nokkur pólitísk samstaða um nema helst hjá þing-

mönnum Sjálfstæðisflokksins, að leggja ábyrgðarmannakerfið af. Reyndar minnist ég þess að í fyrirspurnatíma fyrir tveimur árum tók þáverandi hæstv. menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, nokkuð undir þau sjónarmið að endurskoða þyrfti ábyrgðarmannakerfið og jafnvel leggja það af. Það hefur ekki gengið eftir, en fyrst umræðan er komin upp um að endurskoða sjóðinn, efla hlutverk hans og bæta kjör námsmanna og þeirra sem taka þar lán væri hægt að gera það núna.

Ég tel mjög mikilvægt að í framhaldi af þessu fari fram umræða um breytingu á lánakerfinu þannig að hluti af námslánum gæti hugsanlega breyst í styrk hafi námslokum verið náð á tilteknum tíma. Ef námslok næðust á fyrirfram tilgreindum tíma, sem er að sjálfsögðu breytilegur eftir námi, mundi hluti námslána breytast í styrk. Það væri mjög hvetjandi fyrirkomulag fyrir námsmenn til að ljúka námi sínu hraðar en ella og verulega til bóta og sparnaðar fyrir háskólana. Allir vita að ef námsmenn eru of lengi, ef svo má segja, að ljúka námi er það dýrt fyrir skólana. Það er því ekki víst að aukin útgjöld til menntamála ykjust svo verulega ef breytingin yrði til þess að tiltekinn fjöldi lyki námi miklu hraðar og færi hraðar í gegnum skóla. Kominn væri mikill hvati til þess.

Í hv. menntamálanefnd verður að sjálfsögðu tekin breið umræða um málið. Ég fagna því að endurgreiðsluhlutfallið lækkar þannig að verulega munar um. Ég fagna því að málið hafi náð fram að ganga og ítreka þakkir mínar til endurskoðunarnefndarinnar og þeirra sem bera fram málið. Ég tel að þær breytingar sem ég nefndi á hlutverki sjóðsins séu nauðsynlegar og mikilvægar til að efla hlutverk hans sem félagslegs jöfnunarsjóðs. Einnig held ég að við verðum að taka umræðu um hvort einhver flötur sé á því að við ákveðna félagslega aðstöðu eða við ákveðinn aldur verði framhaldsskólanemar lánshæfir, hvort sem það er skilgreint við 18, 19 eða 20 ára aldur eða við ákveðna félagslega stöðu. Sú umræða var tekin fyrr í vikunni að litlu leyti þegar hv. þm. Bjarkey Gunnarsdóttir flutti þingsályktunartillögu um stuðning við einstæða foreldra í námi. Ég tel sjálfsagt að skoða kosti og galla þess að framhaldsskólanemar séu lánshæfir við ákveðnar aðstæður og að reikna út kostnaðinn við slíkt fyrirkomulag.

Ég vil einungis nefna við 1. umr. um þetta prýðilega mál, að til að lánasjóðurinn geti staðið undir hlutverki sínu sem félagslegur jöfnunarsjóður sem tryggir raunverulegt jafnrétti til náms þarf að gera mjög margt annað til að hann nái að sinna því hlutverki eins og til er ætlast. Þetta er þó ágætt fyrsta skref og vonandi verður því fylgt eftir af fullum krafti.

Það verður fróðlegt að hlýða á ræðu hv. þm. Gunnars Birgissonar á eftir hvaða augum hann lítur aðrar breytingar á starfsemi sjóðsins sem ná vonandi fram að ganga á næstu missirum. Ég veit að hann hefur lagt á sig mikla vinnu til að ná þessari breytingu fram og ég þakka honum fyrir það. Hann á heiður skilið og hrós ásamt hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur og gott að málið er komið fram, en meira þarf að gera til að sjóðurinn nái að sinna hlutverki sínu.

[19:36]

Dagný Jónsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi fagna því að hæstv. menntamálaráðherra skuli leggja fram þetta frumvarp um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ég var svo lánsöm að fá að starfa í nefndinni sem endurskoðaði lög lánasjóðsins og vil nota tækifærið og þakka þeim sem störfuðu í nefndinni fyrir afar gott samstarf, sérstaklega formanni nefndarinnar, hv. þm. Gunnari Birgissyni, og einnig þeim sem störfuðu með nefndinni. Einhugur ríkti um markmið vinnunnar og þó við höfum kannski deilt um leiðir var mikil sátt um niðurstöðuna.

Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Hugað verði að því að lækka endurgreiðslubyrði námslána og lög um sjóðinn endurskoðuð."

Í frumvarpinu er því verið að standa við það sem í stjórnarsáttmála stendur.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur komið inn á þær breytingar sem nefndin lagði til, en mig langar til að gera lækkun endurgreiðsluhlutfalls á námslánum að sérstöku umtalsefni. Lagt er til að endurgreiðsluhlutfallið lækki úr 4,75% í 3,75%. Þetta er mikil breyting og sérlega ánægjuleg tíðindi fyrir þær þúsundir Íslendinga sem fengið hafa lán frá LÍN til að standa straum af kostnaði við menntun sína. Með þessu eru stjórnvöld að stíga enn eitt skrefið í átt til þess að efla menntakerfið í landinu og styðja við bakið á því fólki sem velur sér þá leið að sækja sér frekari menntunar í lífinu. Við töldum afar mikilvægt að gera því fólki sem greiðir 4,75% kleift að lækka endurgreiðsluhlutfallið, þannig að þeir sem tóku lán á grundvelli laganna frá 1992 verður gefinn kostur á að skuldbreyta eldri lánum.

Ríkissjóður mun leggja til töluverða upphæð vegna breytinganna, eða um 265–340 millj. kr. á ári hverju. Óvissan um nákvæma upphæð tengist fyrst og fremst breikkun tekjustofnsins, þ.e. að ekki verður lengur aðeins miðað við útsvarsstofn greiðenda heldur einnig fjármagnstekjur. Kostnaðarmat benti til þess að breikkun stofnsins jafngilti 3–7% hækkun á núverandi tekjuviðmiði. Óvissuþættirnir varðandi fjármagnstekjurnar eru ójöfn aldursdreifing, sveiflur milli ára og ójöfn tekjudreifing svo eitthvað sé nefnt.

Útgjaldaaukning skýrist einnig af því að eðlilega munu margir lánþegar sem tekið hafa námslán eftir 1992 nýta sér þann rétt að skuldbreyta lánum sínum. Einnig er enginn vafi á því að lækkun endurgreiðslubyrðar mun auka eftirspurn eftir námslánum. Spáin gerir ráð fyrir 1% fjölgun, en sú spá er nokkuð varfærin.

Í ljósi framangreinds mun árlegt framlag ríkissjóðs hækka úr 49% af útlánum í tæplega 54%. Þetta er mikil hækkun og stuðningur stjórnvalda við nemendur því að aukast töluvert.

Eðlilega hafa margir fagnað frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra. Ég leyfi mér að vitna í fréttir Stöðvar 2 frá 7. nóvember sl., með leyfi forseta:

„Formaður Stúdentaráðs fagnar ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að lækka endurgreiðslubyrði námslána um eitt prósentustig. Fyrir nýútskrifaðan háskólastúdent með 250 þús. kr. á mánuði samsvarar þetta 30 þús. kr. á ári."

„Jarþrúður Ásmundsdóttir segir þetta mikilvægt hagsmunamál fyrir stúdenta enda sé ekki vanþörf á fyrir ungt fólk sem sé að koma sér þaki yfir höfuðið.“

Formaður Stúdentaráðs segir einnig, með leyfi forseta:

„Þetta er mikil kjarabót fyrir fólk á þessum aldri sem er með börn og er sem sagt að hefja sitt líf. Þetta eru líka mjög jákvæðar fréttir fyrir stúdenta í námi í dag sem eru á lánum og eru að fjárfesta í sinni framtíð.“

Fleiri hafa tjáð sig um málið og ályktaði Samband ungra framsóknarmanna fyrir skömmu. Ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands ungra framsóknarmanna fagnar þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að lækka endurgreiðslu námslána úr 4,75% í 3,75%. Þetta útspil ríkisstjórnarinnar mun létta verulega greiðslubyrði þeirra sem eru að koma sér fyrir í þjóðfélaginu eftir háskólanám. Með þessu er Framsóknarflokkurinn að efna eitt helsta kosningarloforð sitt og sannar enn og aftur að þar fer stjórnmálaafl sem lætur verkin tala. Vonast SUF til þess að þetta hvetji ungt fólk til frekara náms.“

Hæstv. forseti. Með því að lækka endurgreiðslu námslána um 1% þýðir það eðlilega auknar ráðstöfunartekjur þeirra sem eru að greiða af námslánum. Það hlýtur að vera kærkomið og eru stjórnvöld með þessu að huga sérstaklega að þeim hópi sem hefur mestu greiðslubyrðina í þjóðfélaginu. Sá hópur er unga fólkið sem er að koma úr námi og er að stofna heimili og því fylgir mikill kostnaður.

Nefndin skilaði af sér til hæstv. menntamálaráðherra 4. nóvember sl. Mig langar að minnast á eitt atriði sem hæstv. menntamálaráðherra kom inn á áðan, að nefndin beindi því til hæstv. ráðherra að sérstök athugun færi fram á kostum og göllum þess að gera frekari greinarmun á lánaþætti og styrkjaþætti námsaðstoðarinnar. Ég tel mikilvægt að við förum í þá vinnu, styrkjakerfi hefur tíðkast víða á Norðurlöndunum. Reyndar höfum við heyrt af því að einhver lönd vilji fara aftur í eldra kerfi, þ.e. lánakerfið. Ég tel að það sé brýnt að við fáum nokkurs konar yfirlit yfir reynslu annarra landa af slíku kerfi.

Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom inn á það áðan að hægt hefði verið að taka tillit til margra annarra atriða í endurskoðuninni. Ég tek undir það, en það var einhugur innan nefndarinnar að einblína á þetta atriði. Hann minntist á ábyrgðarmannakerfið. Ég fagna því sérstaklega að Landsbanki Íslands skyldi að frumkvæði sínu og í samvinnu við Lánasjóð íslenskra námsmanna bjóða námsmönnum upp á ábyrgðir gegn hóflegu gjaldi. Ég held að það sé enginn vafi á því að margir foreldrar og aðstandendur þeirra fagna því mjög.

Virðulegi forseti. Ég vil í lokin ítreka þakkir mínar til hæstv. menntamálaráðherra fyrir að leggja málið svo fljótt fyrir. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir stóran hóp ungs fólks og mun koma sér afar vel fyrir margar fjölskyldur í landinu.

[19:43]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem hæstv. menntamálaráðherra hefur talað fyrir.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar var kveðið á um endurskoðun á lögunum. Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi að leiða vinnuna í nefnd sem hæstv. menntamálaráðherra skipaði og var sú vinna mjög ánægjuleg. Það var mikill samhugur í nefndinni og lítill ágreiningur þegar kom til loka. Ég ætla ekki að fara í gegnum einstakar greinar frumvarpsins, hæstv. menntamálaráðherra hefur þegar gert það mjög vel, en rétt að fara yfir nokkrar hugmyndir sem nefndin lagði upp með.

Það kostar náttúrlega gífurlega fjármuni að lækka endurgreiðsluhlutfallið úr 4,75% í 3,75% og spurning hvort það hefði átt að vera minna. Það voru hugmyndir um að lækka það í 4,25% og 4% og annað slíkt, en ef við hefðum farið í heilu lagi niður án þess að gera nokkuð annað mundi það kosta á bilinu 700 millj. kr. til 1 milljarðs. Það var töluvert stór biti og var því farin sú leið að breikka tekjustofninn sem lánin eru reiknuð út frá, tekjum einstaklinga. Það var því ekki eingöngu útsvar heldur var einnig tekinn fjármagnstekjuskattur í dæmið. Það er að vísu mjög óréttlátur skattur, erfitt kannski að átta sig alveg á honum og færri einstaklingar sem greiða hann. En þetta er skattstofn sem mun verða jafnari og breiðari eftir því sem árin líða því íslenska þjóðin er alltaf að verða ríkari og ríkari og alltaf verið að færa meiri og meiri fjármuni á milli kynslóða.

Þessi varð sem sagt niðurstaðan og forsendurnar sem nefndin lagði upp með í þessu og við skulum vona að það gangi eftir, að raunlaunahækkun á milli ára verði 1,25% þannig að við reiknum með að ekki verði kjaraskerðing heldur hækki laun nettó um 1,25%.

Við vorum með vexti námslána áfram í 1%. Ein hugmyndin var að hækka vexti námslánanna, á móti mundu þau lækka endurgreiðsluhlutfallið og lengja þar af leiðandi endurgreiðslutímann. Við erum að tala um að með þessu fari endurgreiðslutíminn úr 17 árum í 22.

Þetta voru hugmyndir. Það voru líka hugmyndir um að hafa vexti á námslánum og setja þá strax á, þ.e. á námstíma, en þeir byrja ekki að telja fyrr en að námi loknu. Eftir mikla útreikninga og margar hugmyndir var ákveðið að sleppa þeim og fara þá leið að nota fjármagnstekjuskatt sem viðbótarútreikningsstofn út frá þessu máli.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra má reikna með að þetta verði fleiri aðilum hvatning til að taka lán. Við reiknum með að þessi aukning verði 1% og aukinheldur reiknum við með að með lengri endurgreiðslutíma muni afskrifast meira af lánum. Við reyndum að taka þetta allt með í reikninginn. Nokkrir aðilar komu að máli við mig sem ekki hafa tekið lán, þ.e. þeir hafa unnið fyrir sér með náminu og stundum verið einu ári eða jafnvel tveimur árum lengur í skóla til að þurfa ekki að taka lán til að geta verið kvittir við þennan sjóð að námi loknu. Þeir vildu geta verið betur í stakk búnir til að koma yfir sig húsnæði og annað slíkt. Í ljósi nýjustu tíðinda af þeim markaði er kannski önnur staða uppi, en þeir spyrja: Hvað ætlar ríkið að gera fyrir okkur sem tókum ekki lán? Eru það bara þeir sem skulda sem fá alltaf einhverjar tilfærslur og betri kjör en við sem skuldum ekki? Þetta er góð spurning. Hvað erum við að gera fyrir þá, erum við með þessu að hvetja fleiri til að taka lán? Þetta eru allt spurningar sem við verðum að taka með í reikninginn. Styrkurinn, þ.e. styrkur ríkisins í þessu

máli — það er verið að tala hérna um styrki — er 50%, vaxtaniðurgreiðslur hjá sjóðnum eru 50%, þ.e. ef námsmaður tekur krónu kemur ríkið með krónu á móti. Ríkið er í raun og veru með þessu að greiða niður 50%, þ.e. 3,7 milljarða sem verið er að tala um að ríkið greiði hér niður í beinum framlögum með niðurgreiðslu á vöxtum og afskriftum á töpuðum kröfum, rekstri sjóðsins og öðru slíku.

Það er hægt að fara fleiri leiðir í þessu. Það er hægt að lána, eins og sum Norðurlöndin gera, á markaðskjörum, hafa markaðskjör á vöxtum og síðan fái stúdentar eða lánþegar beina styrki frá ríkinu með einhverjum hætti. Sums staðar gengur þetta þokkalega, sums staðar á Norðurlöndunum hefur þetta verið reynt og sumir vilja kannski snúa frá því. Ég held að kerfið okkar sé mjög gott, lánasjóðurinn er félagslegur jöfnunarsjóður og langtum meiri félagslegur jöfnunarsjóður en sjóðirnir, held ég, víðast annars staðar á Norðurlöndunum, ég tala ekki um enn annars staðar. Við megum vera mjög hreykin af því kerfi sem við erum með hér. Ég er búinn að vera formaður um alllanga hríð og get vottað að margir hafa heimsótt okkur, m.a. Bandaríkjamenn sem voru hér tíðir gestir á tímabili, til að taka út uppbyggingu sjóðsins okkar þar sem þeir voru að byggja upp sitt kerfi.

Aðallinn í þessu frumvarpi er lækkunin á endurgreiðsluhlutfallinu varðandi útreikning á tekjum en það eru líka nokkur önnur atriði, t.d. að þeir sem hafa tekið lán frá 1992 geta skuldbreytt án sérstaks gjalds fyrir það. Þess vegna liggur á að koma frumvarpinu í gegnum þingið fyrir jólahlé til að þeir geti byrjað á því strax eftir áramót. Við reiknum með að u.þ.b. helmingurinn af þeim lánþegum sem þar tóku lán muni nýta sér það. Reiknað er með að það verði fram á næsta haust.

Síðan eru alls konar snyrtingar í frumvarpinu sem ég ætla ekki að fara yfir en eru allar til bóta nema það fellur niður lánaflokkurinn markaðskjaralán. Við settum hann inn til að fólk gæti fengið lán í undantekningartilfellum, fólk sem lenti í vandamálum einhverra hluta vegna og var hægt að nota lánaflokkinn í neyðartilfellum. Nú eru allir að bjóða þetta þannig að sjóðurinn var kominn í samkeppni við bankana. Við fengum athugasemdir frá þeim og þar af leiðandi lögðum við til að þessi lánaflokkur dytti út.

Annað merkilegt hefur líka gerst með lánasjóðinn. Starfsmenn sjóðsins hafa ásamt Landsbankanum fundið leið til að Landsbankinn ábyrgist lán einstakra lántakenda og að ekki þurfi ábyrgðarmenn til að skrifa upp á lánin. Það er bylting í þeim málum. Það þýðir að Landsbankinn tryggir þá þessi lán gagnvart sjóðnum í allt að 15 ár. Maður spyr sjálfan sig hvernig það gat gerst á Íslandi að engar tryggingar væru, eins og hefur verið krafa hjá mörgum, að lánin skyldu vera algjörlega ótryggð, eingöngu lánþeginn kvittaði upp á. Ég held að skil á lánunum mundu versna verulega við það. Ég held að þessi lending hafi verið góð en annars staðar taka menn þetta mjög alvarlega, t.d. í Bandaríkjunum er það þannig að ef menn greiða ekki af námslánum sínum er lokað á þá alls staðar í kerfinu. Víða annars staðar er því annar mórall í þessu, þ.e. hvernig tekið tekið er á vanskilum.

Ég fagna þessu frumvarpi, það er til verulegra bóta fyrir þá sem hafa tekið lán. Greiðslubyrði þeirra minnkar strax, greiðslubyrði ungs fólks sem er komið úr námi og skuldar einhverra hluta vegna og þá léttir þetta byrðina. Endurgreiðslutíminn lengist um fimm ár og léttir mönnum byrðarnar í þeim málum.

Ég tel líka að önnur atriði frumvarpsins séu verulega til bóta, t.d. málskotsnefndin sem hefur verið í augum okkar, stjórnarmanna í sjóðnum, mjög sérkennilegt apparat þar sem við höfum ekkert með það að gera hvað hún segir. Úrskurðirnir eru endanlegir. Námsmaðurinn, kærandinn, getur aftur á móti farið þá leið að kvarta til umboðsmanns Alþingis ef honum líkar ekki. Með þessu held ég að báðir aðilar geti farið þá leið.

Að öðru leyti held ég að ég bara óski okkur til hamingju með þetta frumvarp, og sérstaklega hæstv. menntamálaráðherra. Hún dreif strax í þessu og eins og góður ráðherra er fer hún strax í málin og lætur hendur standa fram úr ermum. Vonandi verðum við búin að afgreiða þetta fyrir jól og gefum þjóðinni ný lög í jólagjöf.

[19:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið enda er erindi mitt fyrst og fremst að taka undir fagnaðarlæti manna með þetta frumvarp. Það er mjög jákvætt, svo langt sem það nær, að hér eru loks efndir á baráttumáli sem verið hefur til umræðu í mörg undangengin ár. Endurgreiðslubyrðin af námslánum verður létt frá því sem nú er og hefur verið um alllangt árabil. Það er alveg ljóst að það kerfi sem upp var sett og hefur gilt um endurgreiðslu námslána með tekjutengingu er réttlátt og sanngjarnt og um það er ekki að deila heldur hitt hvar menn setja mörkin, hversu þunga greiðslubyrði menn hafa, einkanlega fyrstu árin eftir að menn koma úr námi. Fyrir því gætu verið veruleg rök að hafa þetta jafnvel eitthvað breytilegt eftir því hvar á endurgreiðslutímanum menn væru staddir.

Þetta mál hefur verið til umræðu um alllangt árabil og m.a. tengst umræðum um jaðaráhrif í skattkerfinu og öðru í þeim dúr. Það er ljóst að tekjutengd endurgreiðsla námslána veldur auknum jaðaráhrifum þegar hún tengist tekjutengdum barnabótum, tekjutengdum vaxtabótum af húsnæðislánum o.s.frv. Þetta er jákvætt innlegg, bæði í því samhengi sem og auðvitað sérstaklega því að það bætir kjör þeirra sem eru að borga af námslánunum. Það getur að sjálfsögðu leitt til þess að einhver lán afskrifist í þeim tilvikum sem greiðslutíminn dugar ekki til að borga upp lánið, vissulega í ríkari mæli en endranær, en lengir í öðrum tilvikum fyrst og fremst endurgreiðslutímann.

Það er enginn vafi á því að námslánalöggjöfin og starfsemi Lánasjóðs íslenskra námsmanna er ein allra merkasta félagsmálalöggjöf og jafnréttislöggjöf sem hér hefur verið sett, er í raun og veru undirstaða þess sem menn kalla jafnrétti til náms. Þetta er félagslegur samábyrgur jöfnunarsjóður sem er í anda þess sem ég og minn flokkur viljum berjast fyrir og hafa sem undirstöðu hornsteina okkar í velferðarsamfélagi okkar.

Það voru merk tímamót þegar þetta kerfi komst á upp úr 1980, nokkurn veginn í núverandi mynd sinni. Mætti margt um barátttuna fyrir því segja sem og auðvitað þá baráttu sem síðan hefur verið háð um að verja þetta kerfi. Menn skulu

ekki gleyma því í gleðilátum sínum hér að það hefur verið sótt að því og það hefur ekki verið sjálfgefið að það héldi velli í sinni mynd í gegnum tíðina. Ég man þessa baráttu alla saman meira og minna mjög vel, frá því að vera í stúdentaráði á þeim tíma sem kerfinu var komið á og hafa síðan setið á Alþingi allan tímann sem það hefur verið starfrækt í núverandi mynd sinni.

Tekist hefur verið harkalega á um ýmsar skerðingar sem gengið hafa yfir, bæði á framfærslugrunninum eða viðmiðununum og eins því þegar vextir voru teknir upp á námslán. Ég hef aldrei verið sáttur við þá og fagna því að sjálfsögðu sem hér kom fram í máli formanns nefndarinnar, hv. þm. Gunnars Birgissonar, að menn hurfu frá hugmyndum um að hækka þá.

Það er auðvitað ýmislegt fleira sem gæti verið ástæða til að taka til skoðunar í þessum efnum þó að kerfið sé í aðalatriðum gott og ég sé sammála því. Ég held að það hafi þegar til lengri tíma er litið og upp er staðið kosti umfram blönduðu kerfin sem eru t.d. annars staðar á Norðurlöndunum þar sem menn blanda saman lánum á fullum markaðsvöxtum og styrkjum. Ég held að það sé betra að hafa þetta á þessum grunni og helst vaxtalaus lán með tekjutengdri og hóflegri endurgreiðslu, ég held að það sé réttlátt og sanngjarnt og nái best í höfn þeim markmiðum sem menn auðvitað stefna að, að enginn þurfi að hrökklast frá námi vegna efnahags.

Það er áfram að ýmsu að hyggja í þessum efnum og ég nefni sérstaklega tvennt sem reyndar hefur sennilega komið fram hér áður hvort tveggja, þ.e. annars vegar hið stirðbusalega ábyrgðarmannakerfi sem þarna hefur verið lengi við lýði — ef ég veit rétt er það enn tvöfalt, a.m.k. var það þannig að menn þurftu fyrst að safna ábyrgðarmönnum vegna skammtímalánanna sem veitt voru á námstímanum og síðan aftur þegar lánunum var breytt í föst langtímalán. Þannig var þetta a.m.k. á minni tíð og árunum eftir að ég lauk námi og gerðist umboðsmaður fyrir marga félaga mína og jafnaldra sem voru í framhaldsnámi erlendis. Ég held að ég hafi komist upp í að vera umboðsmaður fyrir eina sex námsmenn sem staddir voru erlendis á þeim tíma og ég skrifaði að sjálfsögðu alltaf upp á sem ábyrgðarmaður á allri þessari súpu og er á einhverjum slíkum lánum enn þann dag í dag.

Hitt er svo það sem reyndar hefur verið borið inn á Alþingi af varaþingmanni þess sem hér talar, hv. þm. Bjarkeyju Gunnarsdóttur, sem sat á þingi þangað til í gær í fjarveru minni, flutti gagnmerka tillögu að ég tel um að skipaður verði starfshópur til að móta tillögur um aðgerðir til að bæta aðstöðu einstæðra foreldra í námi með fjárhagslegum og félagslegum stuðningi. Þá er sérstaklega framhaldsskólastigið undir, þ.e. þegar einstæðir foreldrar, iðulega eftir nokkurt hlé á námi, fara aftur í skóla til að reyna að ljúka framhaldsskólanámi sínu án þess að hafa nokkurn sérstakan stuðning sem tekur mið af þeirra félagslegu aðstæðum og án þess að vera komnir í lánshæft nám. Þarna held ég að væri veruleg ástæða til að skoða hvort ekki er mögulegt að opna t.d. þessum einstaklingum á grundvelli tiltekinna viðmiðana og skilgreininga leið inn í lánasjóðinn eða að sérstakur stuðningur yrði tekinn upp til að jafna aðstæður nemenda sem svona háttar til um. Það eru auðvitað hlutir af því tagi sem er full ástæða til að halda áfram að skoða þó að þetta ágæta mál líti hérna dagsins ljós.

Auðvitað eru uppi deilur sem við þekkjum vel um sjálfa viðmiðunina, framfærslugrunninn og hversu vel menn eru haldnir af þeim lánum sem veitt eru á hverjum tíma miðað við framfærslukostnað í samfélaginu. Menn finna sjálfsagt seint hina endanlegu lausn í þeim efnum. Hið sama gildir um hluti eins og skerðingu lánsréttarins vegna tekna o.s.frv. Það eru hin praktísku útfærsluatriði sem menn hljóta á hverjum tíma að skoða.

Þetta er gott svo langt sem það nær og ég tek undir óskir manna og væntingar um það að þeir séu ekkert að mylja þetta með sér og afgreiði bara málið. Ég sé ekki neitt því til fyrirstöðu að drífa málið í gegn fyrir áramót þannig að það verði að lögum. Ekki veitir þá af að einhverjar jólagjafanna séu í þessa átt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 20:04.

---

34. FUNDUR

laugardaginn 20. nóv.,
kl. 2 miðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjals.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjals.

[14:00]

Útbýting:
Tekjuskattur og eignarskattur, 351. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 400.

Athugasemdir um störf þingsins.
Tilefni þingfundar.

[14:00]

Össur Skarphéðinsson:
Herra forseti. Ekki ætla ég að lengja þennan fund en

mig langar til að spyrja: Til hvers er hann haldinn? Til hvers er verið að ræsa út fjölda starfsmanna þingsins til að dreifa einu þingmáli þegar það er algjörlega óskiljanlegt að einhverjar sérstakar nauður reki til þess að þingmálinu sé dreift í dag? Þegar það er skoðað kemur í ljós að jú, vissulega, varðar svolítill hluti þess það þing sem núna stendur yfir en að öðru leyti er áformað að festa í lög breytingar sem eiga ekki að taka gildi fyrr en eftir nokkur ár. Það liggur alveg ljóst fyrir að hæstv. fjármálaráðherra hefði getað lagt þetta frumvarp fram á mánudaginn og fengið sína eðlilegu umræðu um það einhvern tíma síðar í þeirri viku. Hvers vegna er þá verið að halda sérstakan útbýtingarfund til þess að þjóna einhverjum duttlungum hans? Óttast hæstv. fjármálaráðherra að svo miklar deilur standi til innan hans eigin raða að erfitt verði að koma þessu máli fram, eða hvað er það sem veldur því að halda þarf sérstakan útbýtingarfund?

Ég hef verið á þingi frá 1991 og vitaskuld hef ég verið viðstaddur marga slíka fundi en ég hef lært af þeirri reynslu að þeir hafa allir haft ákveðinn tilgang. Sá tilgangur helgast af því að greiða fyrir störfum þingsins, geta með hæfilegum og lögbundnum fyrirvara dreift nefndarálitum til að þau megi taka til umræðu án þess að leita þurfi sérstakra afbrigða. Hér er ekki um neitt slíkt að ræða, herra forseti. Hér er einungis að koma fram þingmál, að vísu eitt af gælumálum hæstv. fjármálaráðherra, en hvað veldur því að það þarf að kalla út fjölda starfsmanna þingsins bara til að halda þennan fund svo að hæstv. ráðherra geti talað fyrir málinu á þriðjudag í staðinn fyrir miðvikudag? Hér er ekki verið að fara vel með fólk eða fé, herra forseti.

[14:02]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þau gerast svona drjúg, laugardagsverkin, að hér skuli vera svo brýnt mál á ferð að kalla þurfi til sérstaks þingfundar til að þjóna duttlungum hæstv. fjármálaráðherra eða hæstv. ríkisstjórnar. Við höfum verið með starfandi þing í haust og þing á eftir að starfa fram í desember. Ég leyfi mér því að ítreka spurninguna til hæstv. forseta:

Hvaða nauðir rekur svo til að hér þurfi að kalla saman þingfund á laugardegi, kalla saman fjölda fólks til vinnu á laugardegi til að útbýta þingmáli sem að stórum hluta, þegar grannt er skoðað, kemur ekki til framkvæmda fyrr en á næsta ári og þarnæsta ári, ef það kemur þá nokkurn tíma til framkvæmda? Maður veltir fyrir sér: Er að verða einhver heimsendir hjá ríkisstjórninni? Það væri þá rétt að ríkisstjórnin eða fulltrúar hennar segðu okkur bara að heimsendir væri yfirvofandi og þess vegna þyrfti að grípa til þeirra neyðarúrræða undir nónbil á laugardegi að kveðja saman þing. Hvað er á seyði, herra forseti?

[14:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er ekkert sérstakt á seyði það ég þekki til annað en að hér er verið að reyna að greiða fyrir þingstörfum eins og hv. 1. þm. Reykv. s. orðaði það í sambandi við það þegar boðað er til útbýtingarfunda í þinginu. Ég gengst að sjálfsögðu fúslega við því að ég óskaði eftir að þessi fundur yrði haldinn og þakka forseta fyrir að hafa orðið við því. Ástæðan er sú að einungis eru þrjár vikur eftir af áætluðu þinghaldi til jóla.

Það frumvarp sem hér hefur verið útbýtt er með stærstu málum þessa haustþings. Ég skoðaði starfsáætlun næstu viku og sá í hendi mér að heppilegast mundi vera að þetta mál kæmist á dagskrá, ef forseta litist þannig á, nk. þriðjudag. Þá var um tvennt að ræða, annaðhvort að legga frumvarpið fram á mánudegi og biðja um afbrigði á þriðjudegi sem er kannski ekkert sérstaklega þægilegt að biðja stjórnarandstöðuna um — hér er mál sem hún er sennilega að miklu leyti andvíg — eða þá að óska eftir útbýtingarfundi til þess að tímafrestum yrði fullnægt. Það varð niðurstaða mín eftir að hafa spjallað lítillega við formenn stjórnarandstöðuflokkanna þó að þeir séu á engan hátt ábyrgir fyrir því sem hér er að gerast í dag.

Ég hélt satt að segja að það væri öllum til hagsbóta að mál sem þetta kæmist sem fyrst fyrir almenningssjónir. Það er flokksráðsfundur hjá einum stjórnarandstöðuflokkanna um helgina. Er ekki gott fyrir þingmenn sem þar eru að hafa þetta mál undir höndum til að geta fjallað um það þar? Er ekki gott fyrir sem flesta að geta notað helgina ef þeir telja sig þurfa þess til að undirbúa umræðu sem vonandi getur farið hér fram á þriðjudag og verður áreiðanlega efnismikil og löng?

[14:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Nú skil ég hvernig liggur í málunum. Þetta er allt saman gert af sanngirni gagnvart stjórnarandstöðunni. Þetta er allt saman gert til að auðvelda stjórnarandstöðunni að halda fundi sína um helgina. Heyr á endemi, herra forseti. Það liggur við að ég bresti í hlátur þegar ég heyri þessar sérkennilegu og skondnu skýringar hæstv. fjármálaráðherra.

Er staðan virkilega þannig, herra forseti, að Alþingi sé fjarstýrt úr Stjórnarráðinu? Hæstv. fjármálaráðherra lýsti því í afskaplega ítarlegum smáatriðum hvernig hann komst að þeirri niðurstöðu að það væri best að hafa þessa umræðu á þriðjudaginn af því að það hentar honum best. Þá tekur hann upp símann og hringir í hæstv. forseta sem verður umyrðalaust við þeirri beiðni.

Ég tel, herra forseti, að þarna stappi nærri því að verið sé að misnota Alþingi. Ég verð að segja það. Það er ekkert sem mælir á móti því að þetta frumvarp sem vissulega er efnismikið og djúpt verði rætt í þaula í næstu viku. En herra trúr, ef þrjár vikur af starfstíma þingsins duga ekki til að afgreiða þetta mál er ég hræddur um að hæstv. fjármálaráðherra renni í grun um frekari átök um málið en ég sé fyrir, a.m.k. á þeim tíma sem líður fram að þingi. Auðvitað mun stjórnarandstaðan ræða málið í þaula. Hins vegar ætti á þremur vikum að takast að koma í gegn hvaða máli sem er ef það er ekki þeim mun vitleysislegra.

Þetta mál þekkja menn. Menn vita hvað í því felst. Hæstv. fjármálaráðherra talaði um að það væri þarft að koma því í umræðu hið allra fyrsta en það var leitt fyrir almannasjónir í gær af hæstv. ráðherra í fjölmiðlum.

Ég vil að endingu, herra forseti, mótmæla því að menn fari fram með vinnubrögðum af þessu tagi. Þessi fundur er

fullkomlega óþarfur og er bara til að uppfylla einhverja duttlunga hæstv. fjármálaráðherra.

[14:09]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. fjármálaráðherra lét að því liggja að nauðsynlegt væri að útbýta málinu í dag, á laugardegi, vegna þess að stjórnarandstaðan væri hugsanlega ósamvinnuþýð á þingi. Mér finnst þetta mjög ósanngjörn aðdróttun. Ég man ekki betur en að fyrir nokkrum dögum hefðum við liðkað til fyrir öðru frumvarpi, mjög óvinsælu sem stjórnarandstaðan var fullkomlega á móti. Það var frumvarp um gerðardóm á kennara. Engu að síður varð samkomulag um að það mál fengi hraðferð í gegnum þingið þannig að það er mjög ósanngjarnt af hæstv. fjármálaráðherra að segja að óræddu að ekki sé hægt að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna um málsmeðferð og þess vegna verði að dreifa málinu í dag. Ef þetta hefði verið brýnt, ef stjórnarsamstarfið hefði verið að slitna eða þá að hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson hefði verið að fara með þetta inn á miðstjórnarfund Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokkurinn réði hér ferð og hann hefði getað fengið tækifæri til að gera grein fyrir því þar, hefði ég skilið asann. Ég skildi kannski það sjónarmið að hæstv. fjármálaráðherra hefði orðið að sýna hæstv. forsætisráðherra hver réði ferðinni í stjórnarsamstarfinu og það yrði að koma fram á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins. Eina skýringin sem ég sé á þessari flýtimeðferð sem hér er höfð í frammi er að hæstv. forsætisráðherra hafi verið gert skylt að kynna nýja skattstefnu ríkisstjórnarinnar á miðstjórnarfundinum.

Það að væna stjórnarandstöðuna um að vera ekki reiðubúin að ræða flýtimeðferð á málum ef mikinn alvarleika ber að höndum finnst mér ósanngjarnt. Auk þess sé ég ekki að þetta mál sé svo brýnt að það hefði brotið í blað þó að munað hefði einum degi hvenær það væri tekið til umræðu á þinginu. Hér er bara annars vegar um valdbeitingu að ræða og hins vegar misnotkun á þinginu og forsetastjórn þess.

[14:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Því fer fjarri að ég hafi sakað stjórnarandstöðuna um að vera ósamvinnuþýð. Það er ósanngjörn ásökun. Það sem ég sagði var að það væri ekki heppilegt að setja stjórnarandstöðuna í þá óþægilegu aðstöðu á þriðjudag að þurfa að taka afstöðu til afbrigða gagnvart máli sem vitað er að hún hefur mikla fyrirvara og er jafnvel í hreinni andstöðu við. Það er ekkert óeðlilegt við það að halda útbýtingarfund þegar svona stendur á til að mál geti komist á dagskrá þegar það er heppilegt með tilliti til annarra mála sem eru í gangi í þinginu. Það er líka ósanngjarnt að halda því fram að ráðherrar, ég eða aðrir, segi forseta fyrir verkum með þetta mál. Ég óskaði eftir því að þessi fundur yrði haldinn. Við því var orðið. Ég hef jafnframt bent á að þriðjudagurinn næsti gæti verið heppilegur dagur til að ræða málið og það verður að koma í ljós hvort forseti kýs að setja málið á dagskrá þá.

Fjármálaráðherra er ekkert sérstaklega duttlungafullur maður þó að báðir stjórnarandstæðingarnir í dag hafi haldið því fram. Ég hef lagt mig fram um það á þessu þingi, eins og jafnan fyrr, að eiga gott samstarf við stjórnarandstöðuna til að koma málum fram. Ég veit ekki betur en að á þessu hausti hafi stjórnarandstaðan átt mikinn og rúman tíma í ræðustól þingsins með sín eigin mál. Það er fínt, ekkert við það að athuga. Aðalatriðið er að menn haldi áfram að vinna saman og sýni hver öðrum sanngirni þannig að þau mál sem menn bera fyrir brjósti komist að og til umræðu þó að auðvitað verði síðan meiri hluti þingsins að ráða því hvaða mál hljóta hér samþykki.

Frumvarpið sem nú hefur verið útbýtt er reyndar ekki, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti réttilega á, nýtt af nálinni. Það hefur legið fyrir í u.þ.b. eitt og hálft ár hvað í því kynni að felast þannig að þingmenn hafa nú þegar, margir hverjir, tekið forskot á sæluna og rætt það efnislega heilmikið í umræðum um önnur mál, síðast um fjáraukalög fyrr í vikunni. Að þessu leyti til er þetta ekki nýtt mál en það er brýnt að koma því á dagskrá og afgreiða það fyrir jólin.

Fundi slitið kl. 14:13.

35. FUNDUR

mánudaginn 22. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Fjáraukalög 2004, stjfrv., 76. mál, þskj. 76, nál. 375, 380 og 390, brtt. 376, 377, 378 og 391. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 284. mál, þskj. 307. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 299. mál, þskj. 326. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 300. mál, þskj. 327. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 335. mál, þskj. 374. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, stjfrv., 321. mál, þskj. 357. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 330. mál, þskj. 368. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Meðferð opinberra mála og aðför, stjfrv., 309. mál, þskj. 337. — 1. umr.
10. Fullnusta refsingar, stjfrv., 336. mál, þskj. 379. — 1. umr.
11. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit við fjármálastarfsemi, stjfrv., 320. mál, þskj. 356. — 1. umr.
12. Raforkulög, stjfrv., 328. mál, þskj. 366. — 1. umr.
13. Háskóli Íslands, stjfrv., 348. mál, þskj. 394. — 1. umr.
14. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 349. mál, þskj. 395. — 1. umr.
15. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 350. mál, þskj. 396. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.,
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh., 1. þm. Norðaust.

Varamenn taka þingsæti.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa bréf um forföll þingmanna. Hið fyrra er frá varaformanni þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Þuríði Backman, dagsett 22. nóvember 2004 og hljóðar svo:

„Þar sem Ögmundur Jónasson getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna verkefna sem hann þarf að sinna óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavík suður, Álfheiður Ingadóttir líffræðingur, taki sæti hans á Alþingi á meðan."

Síðara bréfið er frá varaformanni þingflokks Samfylkingarinnar, Kristjáni L. Möller, dagsett 22. nóvember 2004 og hljóðar svo:

„Þar sem Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þingmaður Suðvesturkjördæmis, er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, Valdimar L. Friðriksson framkvæmdastjóri Mosfellsbæ, taki sæti á Alþingi á meðan en Ásgeir Friðgeirsson, 1. varamaður á listanum, getur ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni vegna starfsanna."

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 1. varaþingmanni Samfylkingarinnar í Suðvest., Ásgeiri Friðgeirssyni, dagsett 22. nóvember 2004:

„Vegna starfsanna get ég að þessu sinni ekki tekið sæti á Alþingi fyrir Rannveigu Guðmundsdóttur, 4. þingmann Suðvesturkjördæmis."

Álfheiður Ingadóttir og Valdimar L. Friðriksson hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru boðin velkomin til starfa á ný.

[15:05]

Útbýting:

Grunnlínukerfi símans, 202. mál, svar fjmrh., þskj. 397.

Leyfilegur meðafli botnfisks, 312. mál, svar sjútvrh., þskj. 398.

Meðferð aflaheimilda, 285. mál, svar sjútvrh., þskj. 401.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Loftslagssamningurinn og stefna Íslands.

[15:05]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Í ræðu sem hæstv. forsætisráðherra hélt á fundi miðstjórnar Framsóknarflokksins um helgina braust út það sem pistlahöfundur Morgunblaðsins gæti kallað hamslausa stóriðjuást. Hæstv. ráðherra gerði stóriðjustefnuna að sérstöku umtalsefni með því að beina sjónum sínum að hinu svokallaða íslenska ákvæði Kyoto-bókunarinnar sem stjórnvöld knúðu fram í samningaviðræðum við aðildarríkin á árunum 1997–2002. Árið 2002 var samþykkt að Íslendingar, sem, nota bene, einir þjóða höfðu fengið heimild til að auka losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt bók-

uninni um 10%, fengju þar fyrir utan að losa 1,6 millj. tonna á ári frá málmbræðslum og öðrum þungaiðnaði. Hæstv. ráðherra notaði orðið sigur í því sambandi og sagði að Íslendingar hefðu haft sigur í þessu máli þegar þeir fengu meðgjöfina, heimildina til að menga hlutfallslega meira en nokkur önnur þjóð sem aðild átti að Kyoto-bókuninni.

Hæstv. forseti. Nú vil ég leyfa mér að gagnrýna þennan málflutning sem ég tel í mesta máta ósmekklegan í ljósi nýafstaðinnar vísindaráðstefnu sem haldin var hér á landi í tilefni af nýrri skýrslu 250 vísindamanna um hlýnun lofthjúpsins og áhrif loftslagsbreytinga af manna völdum á norðurheimskautssvæðið. Niðurstöður rannsóknanna sem skýrslan fjallar um sýna að hlýnunin á norðurheimskautssvæðinu verði helmingi hraðari á næstu árum en annars staðar í heiminum og að hún muni hafa gríðarleg áhrif á allt líf fólks á norðurslóðum, ís muni bráðna, sífreri þiðna, dýrategundum og gróðri muni ógnað og líf frumbyggja muni gerbreytast, svo að eitthvað sé nefnt. Hæstv. ráðherra gerði sjálfur niðurstöðu skýrslunnar að umtalsefni í ræðu sinni á nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs og lýsti þar áhyggjum sínum. Svo leyfir hann sér að dásama íslenska undanþáguákvæðið um leið og norrænir fjölmiðlamenn eru komnir úr augsýn.

Sér hæstv. forsætisráðherra ekki samhengi hlutanna? Af þessu tilefni spyr ég hæstv. ráðherra: Hver verður stefna Íslands þegar aðildarríki loftslagssamningsins hefja umræður um næsta skuldbindingartímabil eða hvaða forskrift fara íslenskir embættismenn með í farteskinu á næsta fund aðildarríkjanna í Buenos Aires 6.–17. desember nk.? Verða það óskir um frekari undanþágur til að uppfylla enn villtari drauma ríkisstjórnarinnar um fleiri álverksmiðjur?

[15:08]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er mjög óvenjulegt í þessum fyrirspurnatímum að tekin séu upp ummæli okkar stjórnmálamanna í flokksstofnunum okkar. En látum gott heita að það sé gert.

Ég get alveg endurtekið það sem ég sagði á þessum fundi. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði og það er forsenda þeirrar uppbyggingar sem hefur verið farið í í sambandi við stóriðju í landinu. Þar er ekki verið að auka losun í heiminum, þvert á móti. Það er verið að nýta endurnýjanlega orkugjafa í þeim tilgangi að draga úr losun í heiminum. Það var þetta sem viðmælendur okkar skildu og þess vegna var fallist á ákvæðið. Hins vegar liggur alveg ljóst fyrir að ef við hefðum ekki farið í þetta mál og fengið undanþáguna væri ekki verið að byggja upp þá stóriðju sem nú er verið að fara í í landinu. Það liggur alveg fyrir.

Ég veit að hv. þingmaður er algerlega á móti því og hv. þingmaður er á móti því að við förum í uppbyggingu á verðmætasköpun á þessum grundvelli. Þar með er hv. þingmaður að setja sig á móti bættum lífskjörum í landinu. Núverandi ríkisstjórn er ekki á móti bættum lífskjörum í landinu. (**SJS:** Ekki við heldur. Þetta er ósmekklegur málflutningur.) Þetta er ekki ósmekklegur málflutningur. (**SJS:** Að við séum á móti bættum lífskjörum?) Það er alveg ljóst að ef ekki er farið í þessa uppbyggingu verða ekki þau sömu lífskjör í landinu og annars verða. Þetta hljóta hv. þingmenn að skilja (Gripið fram í.) hvað svo sem þeir kalla oft fram í hér. Það er hins vegar ljóst að það er verið í þessari uppbyggingu og þess vegna getum við m.a. lækkað skatta. (**Gripið fram í:** Mengunarráðherra.)

[15:10]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra misskilur hrapallega grundvöll Kyoto-bókunarinnar. Kyoto-bókunin var skuldbinding þjóðríkja til að draga úr mengun, til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til þess að minnka líkurnar á þeim áhrifum sem nú blasa við, ekki hvað síst á norðurheimskautssvæðinu þar sem hlýnunin virðist ætla að verða helmingi hraðari en í öðrum heimshlutum. Hæstv. ráðherra leyfir sér að hælast um yfir þessu undanþáguákvæði sem fengið var fram eftir margra ára viðræður með miklu harðfylgi íslenskra embættismanna og það var ekki auðvelt að knýja það fram. Það var látið undan þrjósku og harðfylgi íslenskra embættismanna og íslenskra stjórnvalda á lokasprettinum til að unnt væri að ná saman Kyoto-bókuninni. Hæstv. ráðherra á ekki að leyfa sér að tala á þann hátt sem hann gerir, að koma í flokksstofnunina sína og hælast um út af undanþáguákvæðinu og láta svo í ljósi áhyggjur út af hlýnun lofthjúpsins á Norðurlandaráðsþingum.

[15:11]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er átta sinnum meiri losun ef notuð er olía og kol í þá framleiðslu sem hér um ræðir. Það er það sem skiptir máli. Hv. þingmaður vill að það sé ekki gert, það sé haldið áfram að byggja þennan iðnað upp á grundvelli olíu og kola. (**KolH:** Það hef ég aldrei sagt. ...) Heldur hv. þingmaður að hún, þótt hún sé valdamikil, komi í veg fyrir það í heiminum að þessi iðnaður verði byggður upp? Telur hún að hún geti komið í veg fyrir það að ál sé notað t.d. í bílaframleiðslu, miklu léttari málmur en aðrir málmar og þar með málmur sem leiðir til orkusparnaðar? Þetta snýr allt á haus hjá vinstri grænum, því miður.

[15:12]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég sé ekki betur en að hæstv. forsætisráðherra standi sjálfur á haus og hann hefur stungið sínum haus svo kirfilega í sandinn að hann neitar að horfast í augu við staðreyndir þessa máls og neitar auðvitað að svara spurningunni sem lögð var fyrir hann: Hvað ætla íslensk stjórnvöld að gera á næsta skuldbindingartímabili sem verður byrjað að ræða í Buenos Aires næstu daga? Fara ekki íslenskir embættismenn á vegum hæstv. ráðherra á fundinn í Buenos Aires? Hvað fara þeir með í farteskinu? Óskir um frekari undanþágur fyrir frekari álverksmiðjur? Það stendur ekkert annað upp úr hæstv. ríkisstjórn í atvinnumálum Íslendinga en bunan um fleiri álverksmiðjur. Kvótinn er búinn, eða svo gott sem. Ætla íslensk stjórnvöld að fara fram á frekari undanþágur í því ferli sem nú er fram undan eða ekki?

[15:13]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Að sjálfsögðu. Við ætlum að halda áfram að nýta íslenska orku. Það stendur ekkert til af hálfu núverandi ríkisstjórnar að hætta að nýta eina mestu auðlind þjóðarinnar. Jafnvel þótt vinstri grænir vilji ekki nýta þessar auðlindir geta þeir ekki ráðið því. Meiri hluti þjóðarinnar ræður í þessum efnum og við ætlum að sjálfsögðu að halda áfram að virkja orku okkar til hagsmuna fyrir þjóðina alla. Að sjálfsögðu.

Viðræður utanríksráðherra Íslands og Bandaríkjanna.

[15:14]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Í framhaldi af ferð sem hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson fór í til Bandaríkjanna og fundi sem hann átti með Colin Powell þann 16. nóvember sl. óskaði ég eftir utandagskrárumræðu á Alþingi um niðurstöðu þess fundar. Ég sé ekki að þessi utandagskrárumræða sé á dagskrá þessarar viku og þegar er liðin vika frá fundinum þannig að ég tel mig tilneyddan til að taka hér upp spurningu til hæstv. utanríkisráðherra um þennan fund.

Afskaplega lítið hefur heyrst í fjölmiðlum um hver niðurstaða fundarins sé. Hæstv. utanríkisráðherra sem ekki er þekktur fyrir mjög varfærnislegt orðalag hefur verið ákaflega varfærinn í fréttum sínum af þessum fundi. Við höfum heyrt að „telja megi", „mönnum finnist", „menn voni og treysti" og því verður maður að velta fyrir sér hver raunveruleg niðurstaða sé af þessum fundi.

Það hlýtur að vera ákaflega mikilvægt fyrir okkur að fara að fá niðurstöðu í þá miklu óvissu sem ríkt hefur um framtíð varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Um það hljóta allir hv. þingmenn að geta verið sammála. Bæði þurfum við að létta óvissunni vegna þess varnarviðbúnaðar sem er á flugvellinum og ekki síður gagnvart þeim atvinnuhagsmunum sem Suðurnesjamenn hafa af veru varnarliðsins á Miðnesheiði.

Því þykir mér rétt að spyrja hæstv. utanríkisráðherra: Hvað er í raun að frétta af þessum fundi? Megum við vænta þess á næstunni að fá einhverjar frekari fréttir en verið hafa af fundinum eða er niðurstaðan svo óljós að ekki sé hægt að skýra frá með beinum hætti einhverri niðurstöðu af fundinum annarri en þeirri að menn ætli að tala saman aftur í janúar?

[15:16]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég áttaði mig ekki á því að ástæða og efni hefðu verið til þess hjá hv. þm. að nefna sérstaklega til sögunnar að ég væri ekki þekktur fyrir varfærið orðalag, ég held að ég sé algjörlega í meðallagi hvað það varðar í þinghúsinu, a.m.k. eru allmargir menn að mínu mati óvarkárari í fullyrðingum sínum og staðhæfingum en ég yfirleitt. Ég er tilbúinn að taka þann mannjöfnuð hvenær sem er.

En varðandi það sem fjölmiðlar kunna að hafa sagt um þann fund sem ég átti með utanríkisráðherra Bandaríkjanna hef ég ekki stúderað það, en fundurinn var mjög eðlilegt framhald af þeim fundi sem ég átti á sínum tíma með forseta Bandaríkjanna. Þá var ákveðið að færa málið á nýjan leik í farveg á vettvangi utanríkisráðuneytanna en það hafði verið á vettvangi forsætisráðherra og forseta Bandaríkjanna. Auðvitað var ástæðan sú að þarna höfðu orðið ákveðin kaflaskil. Tekin hafði verið ákvörðun og hún tilkynnt Íslendingum fyrir einu og hálfu ári um tilteknar aðgerðir gagnvart varnarliðinu. Þeim ákvörðunum hafði verið breytt af forseta Bandaríkjanna vegna afskipta íslenskra yfirvalda.

Fundurinn með Powell var mjög jákvæður, afar góður og mikilvægur fundur, og gekk mjög í rétta átt. Niðurstaða hans var sú að nú hæfust embættismannaviðræður á þeim grundvelli sem við höfum rætt, að loftvarnir væru hér tryggðar en jafnframt að ákvarðað yrði með hvaða hætti eðlilegt þætti að íslensk stjórnvöld kæmu inn í rekstrarþætti Keflavíkurflugvallar vegna breytts umfangs borgaralegrar starfsemi á flugvellinum.

Ég sé reyndar að menn hafa misskilið þetta eitthvað og sumir skrifað af miklu þekkingarleysi um efnið, þeir hafa ekki áttað sig á því að málið er komið í heilbrigðari farveg.

[15:18]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Það vakti líka athygli að ekkert hefur verið haft opinberlega eftir Powell um fundinn í Bandaríkjunum og ekki verið gefin út nein sameiginleg fréttatilkynning, sem er öðruvísi en þegar fundur átti sér stað með Bush forseta. Það hefur verið afskaplega lítil umræða um þessi mál á Alþingi. Ég hef áður í þessum stól talað um skort á samráði bæði við Alþingi og eins við sveitarstjórnir á Suðurnesjum, því við höfum horft upp á að það er einhliða niðurskurður hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli þó við séum með varnarsamning við Bandaríkin um þá starfsemi sem þar fer fram. Sá niðurskurður fer fram í gegnum fjárlög Bandaríkjanna þar sem dregið er úr fjárframlögum til stöðvarinnar og þeir sem þar stýra eiga engan annan kost en að draga verulega úr starfseminni. Engar viðræður eiga sér stað um það, að því er virðist. Íslensk stjórnvöld hljóta að þurfa að koma betur að því máli en verið hefur.

[15:20]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Rétt er að taka fram að þó ekki hafi komið sérstök tilkynning frá bandarísku utanríkisráðuneytinu um viðræðurnar var farið yfir það af okkar hálfu hvað væri eðlilegt að við segðum um niðurstöðu umræðunnar. Ég lít því þannig á að Bandaríkjastjórn og sérstaklega utanríkisráðherrann sé samþykkur þeim túlkunum sem við höfum látið fara af fundinum.

Það var afar þýðingarmikið að á fundinum kom fram að utanríkisráðherra Bandaríkjanna hefði haft tækifæri þá þegar um morguninn að fara yfir fundarefnið með forseta Bandaríkjanna í tilefni þess að hann ætti fund með mér síðdegis sama dag, þannig að forsetinn var inni í málinu. Ég hitti síðan forsetann stuttlega að máli aftur í Arkansas af öðru tilefni.

Forsetinn fylgist því afar náið með málinu og ekki vafi á því í mínum huga að afstaða hans er ljós, að hann meti það svo að sérhver þjóð þurfi að búa við lágmarksloftvarnir.

Hitt er annað mál að við getum ekki gert kröfu til þess

að Bandaríkin haldi óbreyttri starfsemi hér, það höfum við aldrei gert.

[15:21]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir svörin þó þau séu að mörgu leyti í svipuðum dúr og við höfum séð í fjölmiðlum.

Maður veltir óneitanlega fyrir sér hvort sérstaklega hafi verið rætt um þennan einhliða niðurskurð á Keflavíkurflugvelli og hvers sé að vænta í fjárlögum Bandaríkjanna fyrir árið 2005. Mun verða haldið áfram að skera niður fjárframlög til herstöðvarinnar á næsta ári og ef svo er, hve mikill mun niðurskurðurinn verða og hvernig getum við vænst að hann komi út á varnarstöðinni á Miðnesheiði.

Stutt fyrirspurn eins og þessi getur aldrei tæmt umræðu um svona mál og ég mun því halda til streitu ósk minni um utandagskrárumræðu um málið þar sem hægt er að fara betur yfir það. Að mínu viti verðskuldar málið miklu meiri umræðu en bara utandagskrárumræðu þar sem fara verður yfir málið í hálfgerðum andarteppustíl.

[15:22]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég er ekki sammála því að umræðan fari fram í andarteppustíl. Það er ekki að vænta neinna sérstakra upplýsinga umfram það sem hér hefur farið fram fyrr en eftir viðræðurnar sem verða í janúarmánuði um framhald, stöðu og fyrirkomulag varnarsamskipta Íslands og Bandaríkjanna. Ég sé því ekki að utandagskrárumræða breyti neinu, við erum nýbúin að ræða málið áður undir liðnum athugasemdir um störf þingsins, það er nýbúin að fara fram löng umræða um skýrslu um utanríkismál og síðan upplýsingarnar um fundinn. Ég sé því ekki að það verði nokkur breyting á umræðum utan dagskrár um efnið til viðbótar þessu. (Gripið fram í.)

Svæðalokun á grunnslóð.

[15:23]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þann 10. nóvember sl. kvaddi ég mér hljóðs um störf þingsins til að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra út í mjög svo umdeilda svæðalokun á grunnslóð í sunnanverðum Breiðafirði. Þar er búið að loka mjög stóru svæði allt frá Gufuskálum í vestri til mynnis Hvammsfjarðar í austri. Lokunin vakti mjög hörð viðbrögð hjá fólki sem býr á norðanverðu Snæfellsnesi, talað var um að atvinnuöryggi 100–200 manna væri ógnað.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra sagði þá í svari sínu — nú eru liðnir tólf dagar síðan það svar var gefið í sal hins háa Alþingis — eitthvað á þá leið að verið væri að skoða málið og sennilega mundi eitthvað liggja fyrir eftir helgi. Ný ákvörðun um hina mjög svo umdeildu svæðalokun yrði þá tekin í ljósi upplýsinga sem hæstv. ráðherra hefði þá vonandi undir höndum.

Nú eru liðnir ansi margir dagar og ekki að sjá að neitt sé að gerast í málinu, alla vega ekki frá hendi stjórnvalda. Hins vegar hafa sjómenn við sunnanverðan Breiðafjörð tekið sig til og látið framkvæma aldursgreiningar á fiski sem veiðst hefur á svæðinu. Þar hefur komið í ljós með óyggjandi hætti, alla vega eru mjög sterkar vísbendingar um að þarna sé á ferðinni nokkuð gamall fiskur miðað við lengd, fiskur fjögurra, fimm ára og eldri.

Ég vil því spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra að því hvort þess sé að vænta á næstunni að einhver ákvörðun verði tekin í málinu, að þetta mjög svo víðfeðma svæði verði aftur opnað fyrir veiðum þannig að menn geti farið að róa og aflað sjálfum sér og sínum lífsviðurværis með þeim hætti sem þeir hafa gert frá örófi alda.

[15:25]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Í framhaldi af þeirri umræðu sem hv. þm. vísaði til var aflað sýna á svæðinu. Verið er að vinna úr þeim sýnum hjá Hafrannsóknastofnun. Ég átti von á niðurstöðum þeirrar vinnu í fyrri hluta síðustu viku. Þær höfðu ekki borist í upphafi þessarar viku og því spurðist ég fyrir um það fyrr í dag hvenær þær mættu verða tilbúnar og var tjáð að þær mundu liggja fyrir þegar líður á vikuna. Þegar niðurstöðurnar liggja fyrir verður farið yfir málið að nýju og ákvörðun um lokun endurmetin.

[15:26]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir svörin og vona svo sannarlega að hreyfing fari að komast á málið. Jafnframt vil ég í framhaldinu nota tækifærið og hvetja hæstv. sjávarútvegsráðherra að fara í þá vinnu að athuga hvort við séum ekki á einhvern hátt að gera hlutina með röngum hætti því eins og við vitum öll hefur því miður nánast stanslaus friðun á þorski sl. 20 ár ekki skilað neinu. Við erum enn þá að veiða við sögulegt lágmark.

Sjómenn sem ég hef rætt við hafa bent á að loðna hafi til að mynda ekki komið inn á Breiðafjörð í mörg herrans ár og það geti að einhverju leyti skýrt það að fiskur á þessari slóð vex mjög hægt. Hann er þar af leiðandi flokkaður sem smáfiskur þó hann sé það í raun og veru ekki.

Ég vil því enn og aftur nota tækifærið til að hvetja sjávarútvegsráðherra til dáða í þessum málum og athuga hvort ekki sé rétt að hugsa hlutina með svolítið öðruvísi hætti en við höfum gert sl. 20 ár. Það hefur ekki skilað okkur langt fram á veginn.

[15:27]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það voru út af fyrir sig athyglisverð sjónarmið og vangaveltur sem fram komu hjá hv. þm. varðandi stöðuna um göngu loðnunnar og hugsanleg áhrif þess á fisk í Breiðafirði. Hins vegar er ekki rétt hjá honum að enginn árangur hafi náðst í fiskveiðistjórnun okkar hvað varðar þorsk síðustu 20 árin. Það hefur gengið bæði upp og niður af ýmsum ástæðum sem margoft hefur verið farið yfir í þingsalnum. Reyndar eru ekki margir þorskstofnar við Atlantshafið sem geta státað af því að vera í svipaðri stærð og þeir voru fyrir 20 árum, langsamlega flestir þeirra eru í miklu lakari stöðu en þeir voru í fyrir 20 árum.

Þetta kemur fram í þeirri umræðu sem fram fer á alþjóðavettvangi, að árangur okkar er metinn í þessu ljósi og talinn vera einn af þeim bestu sem náðst hefur á þessu sviði og þótt víðar væri leitað.

[15:28]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég er algerlega ósammála þessu. Ég er með skýrslu Hafrannsóknastofnunar fyrir framan mig þar sem kemur m.a fram að hrygningarstofn þorsksins við Ísland var um milljón tonn árið 1955. Núna er hann kominn niður í 177 þús. tonn og hefur sjaldan eða aldrei verið jafnlítill.

Við getum tekið aflatölur af handahófi. Árið 1980 veiddum við 465 þús. tonn en í ár veiðum við aðeins 202 þús. tonn. Þetta eru hinar ísköldu staðreyndir sem blasa við.

Svo er ég heldur ekki sammála því að þorskstofnar annars staðar í Norður-Atlantshafi séu í mjög slæmu ásigkomulagi. Það er þokkalegt ástand við Færeyjar og mjög gott ástand í Barentshafi, í raun og veru miklu betra en menn hefðu búist við fyrir nokkrum árum. Þetta er því alls ekki rétt.

Það verður því miður bara að segjast eins og er, og mjög margir viðurkenna það, að fyrirhuguð uppbygging okkar á þorskstofni hefur ekki verið í neinu samræmi við væntingar. Það hlýtur þá í framhaldi af því, herra forseti, að vekja upp spurningar um það hvort við höfum ekki verið að gera eitthvað rangt í öll þessi ár.

[15:29]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég er alls ekkert óvanur því að vera ósammála hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni og líður ekkert illa með það, sérstaklega ef málflutningurinn byggist á því að koma með tilvitnun 20 ár aftur í tímann, og svo þegar hann kemur upp í andsvar fer hann 49 ár aftur í tímann til að bera tölurnar saman. (Gripið fram í.) Já, ég kann þessar tölur ágætlega en þegar verið er að tala um 20 ár aftur í tímann tölum við um það en vitnum ekki í árið 1955.

Hvað varðar aðra stofna sem hann nefndi hafa þeir ekki fengið þær sömu einkunnir og okkar stofn hefur fengið. Stofninn í Barentshafi hefur sveiflast mun meira en stofninn í kringum Ísland á því tímabili sem um hefur verið að ræða og færeysk stjórnvöld hafa fengið viðvaranir hvað eftir annað frá Alþjóðahafrannsóknastofnuninni um stöðu þorsksins við Færeyjar þótt vissulega hafi veiðst vel enda vitum við líka að það er ekki alltaf beint samræmi á milli þess hvernig veiðist og hver staða stofnanna er.

Viðræður um skiptingu tekjustofna ríkis og sveitarfélaga.

[15:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. fjármálaráðherra varðandi þá stöðu sem uppi er í viðræðum ríkisins og sveitarfélaganna í svonefndri tekjustofnanefnd. Þannig er að það liggur ítrekað við viðræðuslitum vegna þvergirðingsháttar ríkisvaldsins eða fulltrúa fjármálaráðherra í þessum viðræðum, samanber t.d. ummæli bæjarstjórans á Ísafirði á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 1. nóvember sl. sem endurtekin voru í Morgunblaðinu sl. laugardag.

Fram undan er aukalandsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sá tími sem menn settu sér til að fá botn í þetta mál er liðinn. Menn töluðu um að fyrir miðjan nóvember þyrftu niðurstöður helst að liggja fyrir þannig að hægt væri að vinna eðlilega að hlutunum í framhaldinu og það er ástæða til að hæstv. fjármálaráðherra upplýsi það á Alþingi, þar sem löggjafinn og fjárveitingavaldið situr, hvort einhverrar afstöðubreytingar sé að vænta í þessum viðræðum af hálfu fulltrúa ríkisvaldsins. Það er augljóst mál að ríkisstjórnin undir forustu hæstv. fjármálaráðherra hefur beitt þeirri taktík að hafa bremsurnar í botni, skrúfa þær fastar, og það er tilgangslaust að halda viðræðum áfram við þær aðstæður. Nú er reyndar búið að endurskipuleggja viðræðunefndina, a.m.k. af hálfu ríkisvaldsins, og nýr fulltrúi kominn úr fjármálaráðuneytinu, skrifstofustjóri þar í stað fyrrverandi ráðuneytisstjóra. Þess vegna spyr ég hæstv. fjármálaráðherra, og ég tel rétt og skylt að hann upplýsi það hér:

Er að vænta afstöðubreytingar af hálfu ríkisvaldsins og hvenær verður þá ný afstaða, nýjar tillögur eða eitthvert útspil af hálfu ríkisvaldsins kynnt í þessum efnum?

[15:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Mér þykir athyglisvert að þetta mál skuli tekið upp undir þessum dagskrárlið í ljósi þess að mér skilst að formaður Samfylkingarinnar hafi óskað eftir og fengið samþykkt meðal þingflokksformanna og forseta þingsins að ræða þetta mál utan dagskrár síðar í vikunni. En það er önnur saga.

Fyrir liggur nýleg viljayfirlýsing sem við félagsmálaráðherra undirrituðum ásamt formanni Samtaka sveitarfélaga um þetta mál. Á grundvelli þeirrar yfirlýsingar hafa þessar umræður átt sér stað nú upp á síðkastið í hinni svokölluðu tekjustofnanefnd ríkis og sveitarfélaga. Sú nefnd er auðvitað tengd miklu stærra verkefni sem lýtur að eflingu sveitarstjórnarstigsins í landinu, fækkun sveitarfélaga en jafnframt tilflutningi verkefna frá ríkinu til sveitarfélaganna og hugsanlega að einhverju marki öfugt. Þetta er stórt mál, það hefur verið lengi í undirbúningi, vel hefur verið að því staðið af hálfu ráðherra sveitarstjórnarmála, félagsmálaráðherranum, en það er ekki búið að ná landi í þessum efnum. Þetta var verkefni tekjustofnanefndarinnar númer eitt, eins og ég hef skilið það, og á grundvelli viljayfirlýsingarinnar starfar þessi nefnd.

Ýmsir í röðum sveitarstjórnarmanna hafa hins vegar viljað taka upp aðra hluti sem þessum málum eru fjarskyldir en sem að mínum dómi eiga ekki að öllu leyti heima á verksviði umræddrar tekjustofnanefndar. Ég treysti því og vænti þess að nefndin muni halda áfram vinnu sinni á grundvelli þeirrar yfirlýsingar sem forustumenn sveitarfélaganna, formaður og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga, og við félagsmálaráðherra undirrituðum fyrir nokkrum vikum.

[15:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við höfum sjálfsagt gert rangt í því, stjórnarandstæðingar, að taka ekki hæstv. fjármálaráðherra upp og ríkisstjórnina, bæði fyrr og oftar í þessum málum. Það þarf að komast á hreint hvort fjármálaráðherra gengur fram eins og raun ber vitni í umboði meiri hluta á Alþingi. Er meiri hluti Alþingis þeirrar skoðunar að fjármálaráðherra standi eðlilega að málum í þessum viðræðum? Það kom fram í svari hæstv. fjármálaráðherra að hann er enn að reyna að þvælast fyrir því að yfirstandandi fjárhagsvandi sveitarfélaganna fáist tekinn fyrir í þessum viðræðum og reyna að halda sveitarfélögunum í því fari að ekkert megi ræða nema verkefnaflutning í framtíðinni og tekjur sem honum eiga að tengjast. Þetta skýrir þann hringlandahátt sem hefur verið á erindisbréfum þessara nefnda þar sem ýmist hefur átt að taka fyrir framtíðina eina og/eða í öðrum tilvikum að sveitarfélögin hafa verið að reyna að fá núverandi stöðu tekna fyrir.

Ég ræð ekki annað af viðbrögðum hæstv. fjármálaráðherra en að enn þá sé allt fast í botni, bremsurnar skrúfaðar fastar. Er sú sem sagt staðan?

[15:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er einfaldlega verið að vinna að þessu máli á þeim forsendum sem ákveðnar voru í þeirri viljayfirlýsingu sem ég gat um hérna áðan. Það er útgangspunkturinn í verkinu. Síðan verða menn að vinna það eftir atvikum eins hratt og mögulegt er.

Ég geri mér sem sagt vonir um að það takist að ná landi í þessu máli með viðunandi hætti áður en mjög langt um líður, hv. þingmaður.

[15:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það veit ekki á gott hvernig hæstv. fjármálaráðherra talar. Ég minni á að hæstv. ráðherra er að svara spurningum á Alþingi. Ég held að það hljóti að vera rétt og skylt að Alþingi beiti sér í þessu máli. Það er væntanlega ekkert einkamál hæstv. fjármálaráðherra úti í bæ hvernig farið er með tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Fram undan er fundur í þessari viðræðunefnd, á miðvikudaginn ef ég veit rétt, og síðan er aukalandsþing Sambands sveitarfélaga á laugardaginn. Það væri ákaflega æskilegt að eitthvað lægi fyrir um það með hvaða hætti hæstv. fjármálaráðherra ætlar að nesta embættismenn sína inn í þetta mál á næstu dögum. Það þýðir ekkert að vísa í innihaldslausa viljayfirlýsingu frá því í haust sem var gerð til að bjarga þessum viðræðum frá strandi. Þá voru sveitarstjórnarmenn gjörsamlega að gefast upp á þessum samskiptum. Þá hafði ekki verið fundað síðan í apríl. Það er greinilegt af viðbrögðum hæstv. fjármálaráðherra hér að engrar afstöðubreytingar er að vænta þar. Það er þvælst fyrir málinu og þessu öllu saman drepið á dreif. Það er mjög ámælisvert, herra forseti.

[15:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Ég mótmæli því harðlega, herra forseti, að þessu máli hafi verið drepið á dreif. Ég vísa málflutningi þingmannsins á bug. (**SJS:** Nú?) (**JBjarn:** Þú svarar sem sagt engu.)

Fjáraukalög 2004, frh. 2. umr.

Stjfrv., 76. mál. — Þskj. 76, nál. 375, 380 og 390, brtt. 376, 377, 378 og 391.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:39]

Einar Már Sigurðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þá er komið að lokum 2. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2004. Enn á ný verðum við vitni að því að áætlanir eru ekki sterkasta hlið ríkisstjórnarmeirihlutans í fjárlagagerð. Meira að segja blasir við að misjafnar reglur gilda gagnvart stofnunum ríkisins og jafnvel innan sama ráðuneytis, og það eru miklar líkur á því, herra forseti, að við fáum að sjá aðra mynd þegar ríkisreikningur ársins 2004 verður lagður fram.

Enn á ný kvikna ýmsar spurningar um það hvort allt það sem er í þessu frumvarpi standist lög um fjárreiður ríkisins. Við stöndum frammi fyrir gjörðum hlut með það sem í þessu frumvarpi er, og þess vegna er ábyrgðin algjörlega hjá ríkisstjórnarmeirihlutanum. Þingflokkur Samfylkingarinnar mun þar af leiðandi sitja hjá við allar breytingartillögur meiri hlutans.

[15:40]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Nú er verið að ganga til atkvæðagreiðslu um breytingar á frumvarpi til fjáraukalaga og sundurliðað fjáraukalagafrumvarp við hefðbundna 2. umr. Meginhluti frumvarpsins og þeirra breytinga sem hér eru lagðar fram á gjaldahliðinni eru vegna vöntunar á fjármagni til einstakra útgjaldaliða sem var í sjálfu sér fyrirsjáanlegt við gerð fjárlaganna á síðasta ári. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs bentu ítrekað á þetta og fluttu breytingartillögur við frumvarpið sem var afgreitt sem fjárlög fyrir þetta ár. Nú er verið að flytja leiðréttingar við sömu liði.

Ég bendi á framhaldsskólann. Það var alveg ljóst að verulegt fjármagn vantaði til þess að fjármagna framhaldsskólann í haust. Nú er að vísu bætt nokkuð úr en enn skortir á að framhaldsskólarnir geti rekið sig með eðlilegum hætti og enn verða þeir að bera skuldahala upp á um 600 millj. kr. til næsta árs að óbreyttu. Því fer fjarri að vinnubrögðin hér séu með þeim hætti sem eigi að vera eða ábyrg geti talist. Fleiri stofnanir og verkefni á vegum ríkisins fá ekki úrlausn og búa áfram við fjárskort vegna vanáætlaðra útgjalda. Aftur virðist ýmsum gæluverkefnum ríkisstjórnarinnar hampað, svo sem sérsveitum ríkislögreglunnar og eins og 100 millj. kr. til að hervæða íslenska ríkisborgara á erlendri grund við hlið hersveita Bandaríkjamanna. Þetta er tekið í forgang.

Ég vil minna á erfiða stöðu sveitarfélaganna. Ég flyt fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns fram-

boðs breytingartillögu sem felur í sér að styrkja og koma til móts við brýnan fjárhagsvanda sveitarfélaganna á þessu ári. Í heildina er þetta frumvarp unnið fullkomlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar á þingi þannig að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum almennt sitja hjá við atkvæðagreiðslu á einstaka liðum þess. Við flytjum sjálf breytingartillögu og einnig áskiljum við okkur rétt til að vera með sérafstöðu gagnvart einstaka liðum sem hér koma upp, eins og t.d. um fjárstuðning við hervæðingu íslenskra ríkisborgara.

[15:43]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér stendur til að afgreiða eftir 2. umr. atkvæðagreiðslu um fjáraukalög fyrir árið 2004. Það er ljóst að fjáraukalögin í fyrirliggjandi búningi eru algjörlega á ábyrgð ríkisstjórnarmeirihlutans og við í Frjálslynda flokknum munum sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. Ábyrgð þess er ríkisstjórnarflokkanna til ákvörðunar. Þó að vissulega séu hér atriði sem bent var á við síðustu fjárlög er þessi málsmeðferð ríkisstjórnarinnar og engrar annarrar.

Brtt. 377 (ný sundurliðun 1 (tekjur í A-hluta)) samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, ÞKG, ÞES.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 376,1–8 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, ÞKG, ÞES.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Liður 03-401, 1.87, samþ. með 25:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, ÞKG, ÞES.

nei: ÁI, JBjarn, KolH, SJS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessum tölulið frumvarpsins er lögð til 100 millj. kr. aukin fjárveiting til Íslensku friðargæslunnar svokölluðu. Við höfum mikla fyrirvara á því hvernig þau mál eru að þróast í höndum hæstv. ríkisstjórnar og sérstaklega á því sem lýtur að vopnaburði íslenskra borgara á erlendri grund og stórauknum útgjöldum sem því brölti öllu saman tilheyra. Við erum eindregnir stuðningsmenn friðsamlegrar og borgaralegrar þróunaraðstoðar og hjálparstarfs en teljum að hér sé verið að grauta hlutum saman á þann hátt sem mjög orki tvímælis.

Þá er í þessum lið einnig falin 30 millj. kr. fjárveiting til hergagnaflutninga Íslendinga erlendis í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar þar um á NATO-fundinum fræga í Prag. Við erum algerlega andvíg því að íslenskir fjármunir séu notaðir til slíkra hluta og teljum að þessum fjármunum öllum saman, og þótt meiri væru, væri betur varið til brýnna verkefna á sviði friðsamlegrar og borgaralegrar fyrirbyggjandi þróunaraðstoðar og hjálparstarfs. Við erum andvíg þessum lið frumvarpsins og yrði hann felldur mundum við leggja til að sömu fjármunir færðust til þróunarsamvinnu.

Brtt. 376,9–17 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, ÞKG, ÞES.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 391 felld með 25:18 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, SJS, VF, ÞSveinb.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, ÞKG, ÞES.

3 þm. (GAK, GÖrl, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Öllum ætti að vera ljós hinn gríðarlegi fjárhagsvandi margra sveitarfélaga. Það er vitlaust gefið í skiptingu tekna ríkis og sveitarfélaga. Skuldir sveitarfélaganna jukust um tæpa 3 milljarða á síðasta ári. Ríkið heldur öllum helstu tekjustofnunum en sveltir sveitarfélögin og montar sig svo sjálft af skattalækkunum. Í þessari tillögu er lagt til að hækka framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um 300 millj. kr. og yrði þá framlagið, aukaframlagið í ár, 700 millj. kr. sem er algjör lágmarksupphæð til að leysa brýnasta vanda verst stöddu sveitarfélaganna.

Já, herra forseti, það veitti ekki af milljörðum í verkefnið en þetta eru 700 millj. kr.

Við teljum afar brýnt að koma til móts við sárasta vanda sveitarfélaganna, og Alþingi ber skylda til þess.

[15:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ástæða til að vekja athygli á þeirri útreið sem sveitarfélögin fá í formi þessara tillagna meiri hlutans hér. Það var niðurstaða sveitarfélaganna og kom fram á fjármálaráðstefnu þeirra og hefur komið fram í kröfugerð þeirra á hendur ríkisvaldsins að algert svartasta lágmark sem yrði ráðstafað á þessu ári til að koma til móts við vanda þeirra sveitarfélaga sem verst eru stödd væri 700 millj. kr. Nær væri þó að 1 milljarð til 1.200 millj. kr. þyrfti til að koma.

Þá er metnaður meiri hlutans ekki meiri en svo að hér eru lagðar til 400 millj. kr. upp í það. Það kemur að vísu ekki á óvart þó að hæstv. fjármálaráðherra sem ítrekað hefur sýnt hug sinn í þessum efnum leggi ekki meira til en geðleysi hæstv. félagsmálaráðherra og þingmanna meiri hlutans, t.d. þingmanna af landsbyggðinni sem þekkja vel fjárhagsvanda sveitarfélaganna þar, getur enn komið manni á óvart og er þá mikið sagt. Lurðugangur.

Brtt. 376,18–38 og sérstakt yfirlit samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, ÞKG, ÞES.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁI, ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðlila A-hluta), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, ÞKG, ÞES.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. (rekstraryfirlit ríkissjóðs), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, ÞKG, ÞES.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. (sjóðstreymi ríkissjóðs), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, ÞKG, ÞES.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 378 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, ÞKG, ÞES.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. (lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, ÞKG, ÞES.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. (heimildir) samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, ÞKG, ÞES.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, KÓ, KolH, KHG, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SF, StB, VF, ÞKG, ÞES, ÞSveinb.

5 þm. (AKG, ÁI, JóhS, KLM, SJS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Norræni fjárfestingarbankinn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 284. mál (afnám laga nr. 26/1976). — Þskj. 307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:52]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SF, SJS, StB, VF, ÞKG, ÞES, ÞSveinb.

1 þm. (ÁRJ) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, HHj, JóhS, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 299. mál (stjórn, innheimtuþóknun). — Þskj. 326.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 300. mál (fjárfestingar). — Þskj. 327.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skráning og mat fasteigna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 335. mál (auðkennisnúmer, umsýslugjald o.fl.). — Þskj. 374.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SF, SJS, StB, VF, ÞKG, ÞES, ÞSveinb.

1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁMöl, BjarnB, BH, DJ, GÞÞ, GunnB, JÁ, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SKK, SP, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 321. mál (ágreiningsmál, samráðsnefndir). — Þskj. 357.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 330. mál (endurgreiðslur, málsmeðferð o.fl.). — Þskj. 368.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 15:55]

Háskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 348. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 394.

og

Kennaraháskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 349. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 395.

og

Háskólinn á Akureyri, 1. umr.

Stjfrv., 350. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 396.

[16:09]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum, frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 40/1999, um Háskólann á Akureyri, og frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 137/1997, um Kennaraháskóla Íslands. Hér eftir ætla ég að nefna þau einfaldlega frumvörpin.

Frumvörp þessi eru lögð fram í samræmi við forsendur fjárlaga fyrir árið 2005 þar sem kynnt eru áform um að hækka skrásetningargjöld í ríkisháskólum úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Er þetta lagt til vegna óska ríkisháskólanna og við það miðað að hækkun skrásetningargjaldanna renni óskipt til þeirra. Ekki er gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrumvarpsins að innheimta þessarar hækkunar komi til

frádráttar fjárveitingum til ríkisháskólanna á fjárlögum.

Eins og bent er á í greinargerð með frumvörpunum er skráningargjaldi ríkisháskólanna ætlað að mæta tilteknum kostnaði af þjónustu við stúdenta á námstímanum. Hér er einungis um að ræða kostnað ótengdan kennslu og er um skýrt skilgreinda kostnaðarliði að ræða. Mun ég víkja nánar að þeim liðum síðar í ræðu minni.

Það er mikilvægt að taka skýrt fram að með þessari hækkun skrásetningargjalda er ekki verið að fjölga þeim kostnaðarliðum sem falla undir þau gjöld. Einungis er lögð til breyting á fjárhæð gjaldsins í samræmi við hækkun þess kostnaðar sem gjaldinu er ætlað að ná til og síðan er skýrlega kveðið á um til hvaða tímabils fjárhæðin nær.

Í fyrsta sinn er skýrlega gerð grein fyrir þessum kostnaði lið fyrir lið, samanber fylgiskjölin sem fylgja með frumvörpunum og koma frá ríkisskólunum sjálfum, unnin úr bókhaldi þeirra.

Í greinargerð þess frumvarps sem varð að lögum 29/1996, um breyting á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og geymdi ákvæði um fjárhæð skráningargjaldsins eins og við þekkjum það í dag kom fram að umboðsmaður Alþingis taldi á þeim tíma að þágildandi gjaldtökuheimild hefði verið of þröng þar sem líta yrði á skrásetningargjaldið sem þjónustugjald sem yrði að eiga sér beina stoð í lögum. Óheimilt væri að taka hærra þjónustugjald en almennt næmi kostnaði við að veita þá þjónustu sem kveðið er á um í gjaldtökuheimildinni í umræddu tilviki, skrásetningu, hugtakið skrásetningargjald væri of þröngt til að fella mætti undir það ýmsa kostnaðarliði sem mæta þyrfti í rekstri háskólans en grundvallarþýðingu hefði að afmarka þá kostnaðarliði sem felldir yrðu undir skrásetningargjaldið þegar metið væri hversu hátt þetta þjónustugjald mætti vera. Skrásetningargjaldið væri bókfært hjá yfirstjórn háskólans í samræmi við fjárlög og stæði undir hluta kostnaðar við háskólastarfið. Þar mætti sem dæmi nefna margvíslega þjónustu sem stúdentum væri veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda, svo sem skráningu stúdenta í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil stúdenta, upplýsingar um námsferil sem sendar eru stúdentum þrisvar á hverju háskólaári, auglýsingu og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa, kennsluskrá, stúdentaskírteini og aðgang að þjónustu nemendaskrár, skrifstofu kennslusviðs, deildarskrifstofa, alþjóðaskrifstofu, upplýsingastofu um nám erlendis, námsráðgjafar, bókasafns, aðgang að tölvum og prenturum háskólans.

Í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 3805/2003 sem varðaði gjaldtöku vegna inntökuprófa í læknadeild Háskóla Íslands er bent á að af gildandi lögum um Háskóla Íslands eða lögskýringargögnum verði ekki ráðið að skráningargjaldið lúti beinlínis sömu lögmálum og þjónustugjald. Þannig komi fram í athugasemdum við frumvarpið er varð að lögum nr. 41/1999 að gjaldið komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Eins og áður er áréttað er gjaldið bókfært hjá yfirstjórn háskólans í samræmi við fjárlög og á að standa undir hluta kostnaðar við háskólastarfið og gerð er grein fyrir þeim þjónustuþáttum sem skráningargjaldinu er ætlað að ná til og ég var búin að nefna. Bendir umboðsmaður á að löggjafinn hafi ákveðið að nemendur greiði við skráningu til náms sérstakt gjald sem sæti breytingum við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Í fylgiskjali I með frumvarpi þessu er að finna yfirlit frá Háskóla Íslands yfir þá þjónustu sem gjaldinu er ætlað að ná til.

Sambærilegt fylgiskjal fylgir frumvörpunum um Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands.

Ég tel, hæstv. forseti, að með þessu sé gerð grein fyrir kostnaðinum með afar skýrum hætti og forsendum hans.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpanna er ákvæði gildandi laga um skrásetningargjaldið skýrt að því marki að ljóst er til hverra það nær og fjárhæðin er einnig ljós. Bent er á að þegar fjárhæð gjalds er fastákveðin með þessum hætti og gjaldskylda er að öðru leyti skýr sé að öðru jöfnu ekki ástæða til að gera greinarmun á því hvort um skatt eða þjónustugjald er að ræða. Á móti kemur að gera verður kröfu til þess að skýrar komi fram í lögunum sjálfum hversu oft gjaldið er kræft og á hvaða tímabilum, þar sem lögin heimila sérstakt álag á gjaldið utan auglýstra skrásetningartímabila.

Því gerir 1. gr. frumvarpsins ráð fyrir því að skýrt verði kveðið á um það í 3. mgr. 13. gr. laganna að skrásetningargjaldið nái til heils skólaárs. Skólaárið er frá 1. júlí til jafnlengdar næsta árs og skiptist í tvö kennslumissiri, haustmissiri frá 20. ágúst til 21. desember og vormissiri frá 7. janúar til 15. maí sem hefst í ágúst og lýkur í júní. Það leiðir til þess að hefji nemendur nám á vormissiri greiða þeir einungis helming skrásetningargjaldsins. Er þetta gert með sambærilegum hætti í frumvörpunum um breytingu á lögum um Háskólann á Akureyri og KHÍ.

Varðandi gildistökuákvæði er lagt til að þessi frumvörp, verði þau að lögum, öðlist gildi 1. janúar 2005 í samræmi við gildistökudag fjárlaga fyrir árið 2005.

Virðulegi forseti. Ég hef hér gert grein fyrir efni þessara frumvarpa um háskólana. Ég legg til að frumvörpunum verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntamálanefndar og 2. umr.

[16:15]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er ekki um neitt annað en feluleik að ræða. Það er verið að fela að leggja eigi á skólagjöld. Mér finnst réttara að menn komi til dyranna eins og þeir eru klæddir og segi frá því hvað verið er að gera. Hér er verið að leggja á skólagjöld. Allur rökstuðningur með gjaldtökunni er á mjög hæpnum forsendum. Það kemur fram hér að skráning stúdenta í námskeið sé 20% af einhverjum kostnaði. Hvers vegna 20%? Hvers vegna ekki 25%? Hvernig stendur á því að allar tölurnar eru í kringum 45 þús. kr.? Það er verið er að setja á skólagjöld og ekkert annað og menn eiga bara að tala um hlutina eins og þeir eru og hætta þessu rugli.

Ég er alveg hissa á því að Framsóknarflokkurinn, sem hefur komið fram í kosningum og sagt að ekki eigi að leggja á skólagjöld í ríkisreknum háskólum, skuli standa að þessu frumvarpi, því þeir ganga þvert gegn yfirlýstri stefnu sinni. Það er með ólíkindum að verið sé að bjóða upp á slíka umræðu hér.

Svona má lengi telja þegar lesið er í gegnum kostnaðarliðina. Það kom hér fram að það sé skýrt hvernig þetta er reiknað út. Ég get ekki séð það. Það er alls ekki skýrt

hvernig þessi kostnaður er fundinn út. Hér segir: Aðgangur að tölvum – önnur gjöld reiknuð 50% af almennum rekstri Reiknistofnunar. Ég veit ekki hvers vegna þau eru 50%. Hvers vegna ekki 60%? Það kemur ekkert fram í þessari greinargerð. Það er með ólíkindum að verið sé að bjóða upp á þessa umræðu og sérstaklega af Framsóknarflokknum. Það væri áhugavert að fá að heyra hér hvað fulltrúa flokksins, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, finnst um frumvarpið.

[16:18]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mótmæli því harðlega að hér sé um einhvern feluleik að ræða. Hér er einfaldlega um að ræða hækkun á skrásetningargjöldum til Háskóla Íslands, skráningargjaldi sem var í núverandi mynd samþykkt með lögum árið 1991. Það sem verið er að gera núna í fyrsta skipti er að reynt er að draga fram svart á hvítu hvaða raunverulegur kostnaður býr að baki skráningargjaldinu. Það hefur ekki verið gert með jafnskýrum hætti og nú er gert. Við höfum auðvitað gert þetta í samvinnu við Háskóla Íslands. Þetta eru tölur sem koma frá þeim og að ósk þeirra að þessi hækkun er lögð fram af hálfu menntamálaráðherra. Að sjálfsögðu komum við til með að taka tillit til þess kostnaðar sem háskólinn leggur út fyrir. Ég ítreka að sá kostnaður sem liggur að baki skráningargjaldsins er kostnaður sem að mínu mati á alls ekki að taka af kostnaði sem hlýst vegna kennslu, heldur er þetta fyrst og fremst kostnaður tengdur skrásetningunni. Mér þætti miður ef Háskóli Íslands og aðrir ríkisháskólar þyrftu að taka af fjármagni til kennslu eða rannsókna til að standa undir áföllnum kostnaði vegna skrásetningarinnar.

[16:19]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ömurlegur málflutningur hjá hæstv. menntamálaráðherra því það er sýnt svart á hvítu í ágætri greinargerð frá Stúdentaráði Háskóla Íslands þetta er eintómur feluleikur. Það stendur ekki steinn yfir steini í röksemdafærslu hæstv. ráðherra og er í rauninni furðulegt að bjóða upp á þessa umræðu. Menn eiga bara að koma hér í ræðustólinn, og sérstaklega sjálfstæðismenn, og vera stoltir af því að vera búnir að ná fram því baráttumáli sínu að setja á skólagjöld. Það hefur verið eitt af baráttumálum Sjálfstæðisflokksins og menn eiga þá bara að vera menn til að fagna því, vera ánægðir með það að hafa beygt Framsóknarflokkinn. Mér finnst þá menn koma hreint fram að vera ánægðir með að hafa náð fram stefnu flokksins og hafa beygt Framsóknarflokkinn niður í duftið.

[16:20]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að það er sami kostnaður sem býr að baki þessari hækkun og verið hefur (Gripið fram í.) að baki skrásetningargjaldinu fram til þessa. Hér er ekki um skólagjöld að ræða, þá umræðu getum við tekið síðar, en hér er einfaldlega sú breyting höfð á að verið er að draga fram svart á hvítu þann raunkostnað sem stendur á bak við (**SigurjÞ:** Hvers vegna ekki 25%?) hækkunina á skráningargjaldinu og að sjálfsögðu komum við til með að styðjast við þær tölur sem koma frá Háskóla Íslands og öðrum ríkisháskólum. Ég leyfi mér ekki að efast um þær tölur sem þeir góðu háskólar leggja fram, að sjálfsögðu styðst maður við þær tölur að meginstefnu til. Og ég undirstrika að hv. menntamálanefnd hefur síðan tækifæri til að fara lið fyrir lið ofan í kostnaðarliðina. En ég ber traust til háskólanna.

[16:21]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem hér er um að ræða er 40% hækkun á skólagjöld við Háskóla Íslands. Forsendurnar á bak við það sem hér er kallað skráningargjald er skrípaleikur. Það er leikur að orðum. Það er leikur að forsendum þangað til upphæðin er fengin. Allt rammast það ljómandi vel inn í því að allir skólarnir þrír lenda á nákvæmlega sömu krónutölunni þegar búið er að leika sér að tölunum í Excel og forsendunum þangað til nákvæmlega sama upphæð er fengin. Hér er um að ræða almenna tekjuöflun háskólanna þriggja vegna fjársveltis ríkisvaldsins í garð skólanna. Verið er að velta rekstrarkostnaði og rekstrarvanda skólanna yfir á nemendur án þess að nokkurn tímann hafi verið tekin um það umræða í þingsölum að verið sé að taka upp skólagjöld á grunnnám í Háskóla Íslands.

Með þessu lagafrumvarpi, verði það að lögum, er í raun og sanni verið að taka upp skólagjöld á grunnnám í Háskóla Íslands án þess að því fylgi nokkur einasta pólitísk umræða eða opinber ákvörðunartaka um það. Þetta er feluleikur og þetta er skrípaleikur, virðulegi forseti. Þessu verður að fylgja pólitísk umræða á almennari grunni. Vanda skólanna, fjársveltinu og rekstrarvandanum, á ekki að velta yfir á nemendur með þessum hætti. Þess má geta að ekki er lánað fyrir þessum skólagjöldum, vegna þess að í reglum lánasjóðsins nú er skrásetningargjaldið eins og það heitir en er náttúrlega ekkert annað en hrein og klár og skólagjöld, ekki lánshæft. Hæstv. menntamálaráðherra hlýtur að svara því hér hvort hún ætli að beita sér fyrir því að skólagjöldin við ríkisháskólana þrjá verði lánshæf hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og af hverju ekki sé tekið af skarið og það játað hér hreinskilnislega að gamla baráttumálið fyrir skólagjöldum í grunnnámi ríkisháskólanna sé loksins í höfn.

[16:23]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var vel æfð ræða en hún var afar þvæld, og mjög þvæld því hér er ekki um skólagjöld að ræða og við vitum það og hv. þingmaður á að vita að Lánasjóður íslenskra námsmanna lánar fyrir skólagjöldum. Hér er um skráningargjald að ræða, gjald sem var samþykkt á hinu háa Alþingi, viðurkennt af þingheimi að hægt væri að leggja á í Háskóla Íslands vegna útlagðs kostnaðar háskólans sem tengist skrásetningunni og skráningunni. Þetta var sett í lög árið 1991. Og ef við miðum við það verðlag sem þá var má í rauninni segja að raunkostnaðarhækkunin vegna þessarar skráningar sé u.þ.b. 20%, enda hefur þjónusta háskólans aukist til muna frá árinu 1991, og allir vita

að umfang háskólans og háskólastigsins hefur þanist út vegna hinnar miklu menntasóknar í háskólakerfið og allt háskólasamfélagið á undanförnum árum. Að sjálfsögðu vilja háskólarnir þá bjóða upp á þjónustu sem nemendur m.a. fara fram á, eðli málsins samkvæmt. En mér finnst óeðlilegt að háskólarnir taki á sig þann kostnað sem hlýst af skráningunni til að mynda af kennslukostnaðinum eða rannsóknarkostnaðnum. Hér er um raunkostnað að ræða vegna skráningarinnar og ekkert annað. Ekki skólagjöld, engan veginn.

[16:25]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Raunkostnaður við skráningu, segir hæstv. ráðherra og heldur því fram að ekki sé um skrípaleik, orðaleik og feluleik að ræða, því hér sé um að ræða upptöku hreinna og klárra skólagjalda. Hvað hafa framlög til samtaka og stofnana stúdenta með skráningu stúdenta að gera, hæstv. ráðherra? Hvað hefur aðgangur að bókasafni og lesaðstöðu með skráningu stúdenta við ríkisháskólana að gera? Hvað hefur aðgangur að prenturum og prentarakostnaður með skrásetningargjöld í háskólana þrjá að gera? Og svo mætti lengi telja, því þegar forsendurnar fyrir þessari skólagjaldatöku á grunnnám í ríkisháskólunum þremur eru lesnar þá afhjúpast skrípaleikurinn og feluleikurinn með svo afgerandi hætti. Hvernig vill hæstv. ráðherra halda því fram að hér sé um raunkostnað við skráningu að ræða þegar svo ítarlega er talið upp allt annað sem er inni í þessum tölum?

[16:26]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg ótrúlegt að heyra það vantraust sem kom í rauninni fram í máli hv. þingmanns að hann ber til yfirstjórna ríkisháskólanna, því það var að þeirra ósk sem þessi hækkun á skráningargjöldum er lögð fram. Þeir fá þessa hækkun algjörlega óskipta í sinn rekstur. Mér finnst með ólíkindum að menn skuli vera að mótmæla þeim kostnaði sem þeir leggja fram, og hv. menntamálanefnd gefst að sjálfsögðu tækifæri til að fara yfir þá kostnaðarliði sem lagðir eru fram lið fyrir lið.

Ég ber fyllsta traust til háskólanna, yfirstjórnar, rektorannna og þeirra sem koma að stjórn háskólanna og undirstrika að þetta er skráningargjald og að hér er engan veginn um skólagjöld að ræða.

[16:27]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég vonast til þess að hæstv. menntamálaráðherra svari spurningunum en láti sér ekki nægja að segja ekki orð af viti í svolitla stund þangað til henni líður betur.

Það sem mig fýsir að vita er hvernig ráðherrann lítur á margnefnd skráningargjöld, hún hefur sagt að þau séu ekki skólagjöld en eru þau þjónustugjald eða eru þau skattur?

Ráðherrann flutti í ræðu sinni langt mál upp úr greinargerðinni til þess að sanna það að hægt sé að setja lög um þessi skráningargjöld. Það eru lög um þau þannig að við efumst ekki beinlínis um það og var kannski óþarft að segja okkur það. Það sem við þráum að vita hér er hvort um er að ræða skatt eða þjónustugjöld vegna þess að ef þetta er skattur þá skýrist það að sama upphæð er í öllum skólunum þó að þeir séu misstórir og skráning og sú þjónusta sem reidd er fram kosti væntanlega mismikið. Ef þetta er þjónustugjald vantar hins vegar af hverju þjónustugjaldið er jafnt yfir alla skólana. Þeir hafa á aðdáunarverðan hátt komist mjög nærri þeirri tölu sem hér er nefnd af einhverjum ástæðum, 45 þúsund, en þó er munur á. Í einum háskólanum er gert ráð fyrir að kostnaðurinn við þjónustuna sé 48.494 kr., í öðrum að hann sé 45.987 kr. og í þeim þriðja að hann sé 45.181 kr.

Nú bið ég, forseti, hæstv. menntamálaráðherra að svara okkur — það er ekki spurning um það hvort setja má lög um þetta eða ekki, ekki að sinni, það ræðum við í menntamálanefnd — hvort hún telur þetta vera skatt eða þjónustugjald. Einföld spurning: Skattur eða þjónustugjald?

[16:29]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Með von um að hv. þingmenn og hv. þm. Mörður Árnason skilji mig, eða reyni a.m.k. að skilja það sem ég hef verið að segja, auðvitað skiptir máli að menn fari að lögum. Það er að mínu mati tilgangurinn með framlagningu þessa frumvarps, að draga fram hver hinn raunverulegi kostnaður við skráningu í skólunum er hverju sinni, og það er mjög mikið til framfara. Það er verið að reyna að gera stjórnsýsluna gegnsæja og skilvirka. Slíkt hefði einhvern tíma verið álitið fagnaðarefni, en ekki tilefni til að koma í ræðupúlt og nöldra.

Ég vil undirstrika það sem ég hef sagt áður að engir nýir kostnaðarliðir hafa bæst við hjá nokkrum háskóla, en það má segja að nú sé raunkostnaður vegna þessara kostnaðarliða skrásettur mjög nákvæmlega og skilgreindur í fyrsta skipti, eins og ég gat um áðan. Ég hefði talið að menn mundu fagna því sérstaklega.

Ég vil þá líka spyrja: Til hvers var Alþingi að samþykkja lög um skráningargjald árið 1998? Að sjálfsögðu út af því að einhver grundvöllur þurfti að vera til þess að heimila það. Það var ekki bara samþykkt og átti síðan að vera einhver slumpaðferð. Það hljóta að vera röksemdir á bak við lagaheimildina til að taka skráningargjald. Og það er bara allt önnur Ella en það sem heitir skólagjöld. Þá umræðu getum við tekið síðar, en ég tel að við verðum að koma til móts við ósk ríkisháskólanna um að hækka skráningargjaldið og hækkunin mun renna óskipt inn í blómlegt starf ríkisháskólanna.

[16:31]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég hlýt að vekja athygli á að í þingsköpum stendur að við 1. umr. frumvarpa skuli tala almennt um málið. Það þýðir að þingmenn eiga rétt á því að ráðherra sem flytur stjórnarfrumvarp skýri út hvað stendur á bak við málið. Þegar ég spyr hvort þetta skráningargjald sé, að mati ráðherrans, menntamálaráðherrans hæstvirts yfir íslenskum menntamálum, heldur skattur eða þjónustugjald, þá á ég heimtingu á, forseti, að því sé svarað. Það er virðingu

þingsins ekki samboðið að ráðherrann komi hér upp og tali, í þær eina eða tvær mínútur sem hún má tala, um eitthvað allt, allt, allt annað en hún er spurð um.

Þess vegna ítreka ég spurningu mína: Er þetta þjónustugjald eða skattur?

Íslenska ríkið getur ekki sett svona gjöld á þegna sína og krafist þess að þeir greiði þau án þess að ljóst sé hvar þau flokkast. Það er auðvelt fyrir hæstvirtan menntamálaráðherra að athuga þetta, undir hvað fellur þetta í greinargerðum fjármálaráðherra til alþjóðastofnana; fellur þetta undir þjónustugjald eða fellur þetta undir skatt? Því mönnum er skylt að gera skil á því þegar þeir eru teknir upp í alþjóðasamstarfi.

[16:32]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef hv. þingmaður hefur hlustað á framsöguræðu mína, þá á hann að geta gert sér grein fyrir hvers konar gjald þetta er. Hér er verið að mæta raunkostnaði sem Háskóli Íslands, ríkisháskólarnir, (Gripið fram í.) og Kennaraháskólinn þurfa að leggja út fyrir skráningu og skrásetningu og öllu sem (Gripið fram í.) tengist því.

Ég bendi hv. þingmanni á að fara sérlega vel yfir álit umboðsmanns Alþingis, þar segir alveg skýrt og klárt hvernig þessir hlutir eiga að vera (Gripið fram í.) og að því er m.a. verið að stefna í þessu frumvarpi, við erum að gera stjórnsýsluna skilvirkari, við viljum fá að vita út á hvað þetta gjald gengur, hvaða kostnaður býr að baki skráningargjaldinu eins og það er heimilað í lögum. (**GAK:** Hvenær svarar ráðherrann ...?)

[16:33]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið í ljós í umræðum sem hafa farið fram hér í dag, og í andsvörum við hæstv. ráðherra, að hér er um hreina og klára skólagjaldatöku að ræða. Í þokkabót er hún ekki lánshæf, þetta er því gjaldtaka sem rýrir kjör námsmanna með beinum hætti. Ráðherra svaraði því engu hvort hugsanlegt yrði að skólagjöld við ríkisháskólana þrjá yrðu lánshæf, en ekki undanþegin frá lánum eins og nú er.

Í þessum þremur frumvörpum, um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, er klárlega verið að velta hluta af rekstrarvanda ríkisháskólanna þriggja yfir á nemendur. Skólarnir hafa verið fjársveltir um langt árabil, eins og margoft hefur komið fram, og á hverju hausti við fjárlagagerðina. Því fer fjarri að nemendaígildum sé mætt og rekstrarvandi þessara þriggja þjóðskóla hefur safnast upp svo hundruðum milljóna nemur. Þá grípa menn það sem hægt er að grípa í og hvort sem það kallast skráningargjöld eða annað.

Svör hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks við rekstrarvanda háskólanna og ásókn í þá eru 40% hækkun skólagjalda í þessa þrjá skóla. Það er það sem hér um ræðir og akkúrat ekkert annað. Upptalning á því sem á bak við hið meinta skrásetningargjald stendur afhjúpar einungis þann skrípaleik sem er í gangi, því hér er verið að fara í feluleik af því að stjórnvöld þora ekki að horfast í augu við að þau séu að taka upp skólagjöld í grunnnám við ríkisháskólana þrjá. Það er kjarni málsins, virðulegi forseti. Skólagjöld, 40% hækkun skólagjalda í ríkisháskólana þrjá.

Það er alveg með ólíkindum að lesa upptalninguna í frumvörpunum um það sem liggur að baki hinu meinta skráningargjaldi. „Hækkun á raunkostnaði vegna skráningar í skólana," segja stjórnvöld. Því fer fjarri að þetta hafi nokkuð með skráningu nemenda í skólana að gera, enda er flest annað en bein og hrein kennsla tínt til svo hægt sé að ná þessari tölu, t.d. prentarakostnaður, bókasafnsrekstur, framlög til samtaka og stofnana stúdenta, skrifstofa kennslusviðs, þjónusta alþjóðaskrifstofu, aðgangur að bókasafni og lesaðstöðu, aðstaða og stjórn og reiknuð gjöld, 12% af liðum 1–9 o.s.frv.

Hér er allt tínt til til að fá ákveðna tölu í því skyni að létta á rekstrarvanda skólanna með því að velta honum yfir á nemendur. Án þess að tekin sé pólitísk umræða um hvort taka eigi upp skólagjöld á háskólastigi eða ekki.

Þegar verið er að tala um gjaldtöku í háskólanum skiptir engu máli hvort um er að ræða gjaldtöku af kennslu eða öðrum rekstrarþáttum þeirra. Þar sem skólagjöld eru innheimt til að standa að hluta til undir rekstri háskóla, hvort sem það er hér á landi eða erlendis, fara þau einfaldlega í rekstur skólanna. Þar er enginn greinarmunur gerður á hvort þessi króna eigi að fara í kennslu og hin krónan í aðra rekstrarþætti skólans. Það skiptir nákvæmlega engu máli, virðulegi forseti. Gjaldtaka er gjaldtaka og menn skulu kalla hana það, alveg sama hvaða nöfnum hún nefnist. Það skiptir ekki nokkru máli hvort fjármunirnir sem aflað er með henni renna til greiðslu á kennsluþáttum í rekstri háskólanna eða í annan kostnað. Það er greinarmunur sem ég hef aldrei skilið og botna ekki í af hverju er verið að reyna að fela skólagjaldatökuna undir öðrum flöggum eða undir öðrum og undarlegri nöfnum, eins og ekki sé um gagnsæja, hreina og klára gjaldtöku að ræða.

Margt annað undarlegt má nefna í þessu samhengi, eins og hv. þm. Mörður Árnason kom inn á áðan, t.d. hvort um er að ræða skatt, þ.e. skatta á nemendur, eða þjónustugjöld, því þjónustugjöld lúta allt öðrum lögmálum en það sem hér um ræðir hefur lagalegt ígildi skatts. Ef um þjónustugjöld væri að ræða þá væri það ekki skilgreind upphæð í lögunum heldur mætti sú upphæð einungis ná til þeirrar þjónustu sem innheimtugjaldið væri sett á. Þá þyrfti ekki að búa til einhverja regnhlíf yfir skrípaleik og innheimtu skólagjalda eins og hér um ræðir.

Allt um það, þetta afhjúpar greinilega skrípaleikinn sem er hér á ferð, að það sé verið að taka upp skólagjöld í grunnnám í ríkisháskólunum þremur, skólagjöld sem er ekki lánað fyrir, 40% hækkun skólagjalda í einu lagi.

Þá hljótum við að kalla sérstaklega eftir viðhorfum Framsóknarflokksins, sem er annar stjórnarflokkanna tveggja, sem hlýtur að bera jafnmikla ábyrgð á þessari 40% hækkun skólagjalda og Sjálfstæðisflokkurinn. Þó svo að Sjálfstæðisflokkurinn fari með menntamálaráðuneytið í þessari ríkisstjórn þá hlýtur Framsóknarflokkurinn að gera sérstaka grein fyrir því hvar, hvenær og hvers vegna flokkurinn hafi látið af þeirri stefnu sinni að hann ætli ekki og muni aldrei heimila innheimtu skólagjalda í ríkisháskólana.

Þar hefur Framsóknarflokkurinn ekki gert neinn greinarmun á grunnnámi eða framhaldsnámi, eins og ýmsir aðrir hafa gert, heldur hefur Framsóknarflokkurinn afdráttarlaust hafnað því að innheimt verði skólagjöld í ríkisháskólana, svo einfalt er það mál.

Þess vegna hljótum við að kalla eftir því að annar af tveimur fulltrúum flokksins í menntamálanefnd verði hérna við umræðuna. Ég veit að hv. varaformaður menntamálanefndar er erlendis og getur því ekki tekið þátt í umræðunni, en hv. þm. og þingflokksformaður Framsóknarflokksins, Hjálmar Árnason, hlýtur þá að koma og gera okkur grein fyrir þeirri meginstefnubreytingu Framsóknarflokksins, að hann hafi fallist á það í ríkisstjórninni að innheimt verði skólagjöld við ríkisháskólana, hafi fallist á 40% hækkun skólagjalda. Framsóknarflokkurinn hlýtur að koma og svara því klárt og kvitt, nema hann sé í sama feluleiknum og hæstv. menntamálaráðherra, að þora ekki að horfa í augun á þjóðinni og segja að hér sé um að ræða skólagjaldatöku á grunnnámi við ríkisháskólana þrjá. Við hljótum að kalla eftir skýrum svörum frá Framsóknarflokknum um þetta.

Þá hlýtur að koma til umræðu hér hvort ekki eigi að heimila Lánasjóðnum, eða breyta reglum Lánasjóðsins þannig að hann geti lánað nemendum fyrir skólagjöldunum vegna þessarar 40% hækkunar gjaldanna, en að gjaldtakan sé ekki undanþegin lánshæfi eins og nú er. Fróðlegt verður að sjá hvernig stjórn Lánasjóðsins bregst við þessari tæplega 40% hækkun gjaldanna.

Við hljótum að kalla eftir skýrum svörum frá hv. þingmönnum Framsóknarflokksins, hæstv. forsætisráðherra eða öðrum ráðherrum flokksins sem hljóta að sýna okkur þann sóma að vera við þessa mikilvægu umræðu, þegar um er að ræða svo verulega hækkun á einhverju sem skírt var hér í skrípaleik fyrir fyrir sex árum „skráningargjöld við ríkisháskólana". Þetta er að sjálfsögðu hrein og klár gjaldtaka á nemendur og hlýtur að geta kallast sama nafni og aðrar slíkar gjaldtökur. Hér er ekki um að ræða raunkostnað við skráningu nema að verulega litlu leyti heldur gjaldtöku fyrir ýmsa þjónustu skólanna; þjónustu sem engu máli skiptir hvort heitir kennsla eða eitthvað annað. Rekstur skóla er rekstur skóla og þar á ekki að skilja á milli.

Ef innheimta á skólagjöld af grunnnámi í ríkisháskólunum hljóta menn að taka breiða og opinskáa pólitíska umræðu um það, t.d. hve há þannig gjöld eigi að vera og hvernig eigi að koma til móts við það. Ætla menn að lána fyrir því? Eða mæta því eftir á með einhvers konar tekjuviðmiðunum þannig að menn greiði í samræmi við tekjuöflun að námi loknu, líkt og Bretar fóru að? Þessi umræða er öll eftir. Hvort réttlætanlegt sé að gera þetta og þá hvernig. En að skella skólagjöldum á svona nánast í skjóli myrkurs og í einhverjum felu- og skrípaleik á bak við hugtök og heiti, er einfaldlega áfellisdómur. Það er ámælisvert að svo sé gert. Stjórnmálamenn og stjórnvöld eiga að hafa kjark til að taka þessa umræðu með opinskáum og rækilegum hætti. Ef þeir ætla að berjast fyrir því sem hér kemur fram, að skólagjöld í grunnnámi í ríkisháskólunum verði tekin upp, þá skulu menn segja það, leggja fram stjórnarfrumvörp þess efnis og ræða málin á þeim forsendum, en ekki í þeim blekkingarleik sem hér um ræðir.

[16:44]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Já, nú sýnir Sjálfstæðisflokkurinn sitt rétta andlit, þegar komin eru fram þrjú frumvörp sem gera ráð fyrir hækkun á skráningargjaldi í háskólana, opinberu háskólana. Ég verð að segja að málflutningur hæstv. menntamálaráðherra er afar ótrúverðugur í þessu máli — afar ótrúverðugur. Hún hefur ekki getað svarað þeirri einföldu spurningu sem hv. þingmenn hafa lagt fyrir hana hvort hér sé um þjónustugjald eða skatt að ræða. Ekki hefur hún heldur getað komið til móts við þær spurningar sem voru lagðar fram úr þessum ræðustóli í þessum sal árið 1995 og 1996, þegar þetta skráningargjald var upphaflega fest, með tölunni 24 þús. kr., í lög um háskóla. Þá var þessu skráningargjaldi mótmælt á háværan hátt af stjórnarandstöðuflokkunum. Auðvitað er því mótmælt áfram af stjórnarandstöðunni á Alþingi, vegna þess að hér er verið að fara á skjön við þau meginsjónarmið að nám í háskólum sem reknir eru af opinberu fé skuli vera gjaldfrjálst. Hvers vegna? Vegna þess að það á að ríkja jafnrétti til náms á Íslandi. Þegar stjórnvöld í menntamálaráðuneytinu — en því hefur verið stýrt af Sjálfstæðisflokkunum allt of lengi — reyna að halda því fram að hér sé einungis um skráningargjöld að ræða og verið sé að reikna einhvern raunkostnað þá verður allur sá málflutningur afar, afar holur að innan.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur sent frá sér nákvæma yfirlýsingu um hvernig reikningskúnstunum, talnakúnstunum er beitt til þess að fá út niðurstöðutöluna 45 þús. kr. Stúdentaráð Háskóla Íslands er ekki að spara hæstv. ráðherra gagnrýniorðin í greinargerð sinni. Greinargerðin er upp á einar sjö síður og hefur verið send til fjölmiðla og þingmanna í dag. Þar segir stúdentaráð fullum fetum að verið sé að setja á aukið skráningargjald sem eingöngu eigi að nota sem almennt tekjuöflunartæki fyrir háskólana og tekur þar af leiðandi undir orð stjórnarandstöðunnar að um feluleik sé að ræða, skrípaleik og dulbúið skólagjald.

Í greinargerð hæstv. ráðherra með frumvarpinu segir að hækkunin sé í samræmi við óskir ríkisháskólanna. Hæstv. forseti, ég segi: Heyr á endemi, því hver er það sem hefur komið ríkisháskólunum á kné vegna fjárskorts? Það er hæstv. menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, hvaða nafni sem hann hefur heitið undanfarin ár, því að árvisst hefur það gerst síðan sú sem hér stendur settist á Alþingi, að yfirvöld háskólans hafa komið á fundi fjárlaganefndar eða menntamálanefndar Alþingis og kvartað undan framgangi stjórnarliðanna, ríkisstjórnarinnar í fjárlagafrumvarpinu þar sem aldrei hefur verið gert ráð fyrir því að eðlileg hækkun fjárframlaga til háskólanna nái fram að ganga. Aldrei er reiknað rétt hvað varðar launastiku háskólanna og aldrei er reiknað rétt hvað varðar nemendafjölgun háskólanna.

Svo stæra sömu stjórnvöld sig af því að aldrei hafi verið settir meiri peningar til menntamála, sérstaklega til háskólastigsins, en einmitt nú. Þá spyr maður sig, virðulegi forseti: Í hverju eru þau hækkuðu fjárframlög fólgin? Þau eru ekki fólgin í hækkun fjárframlaga til hinna opinberu háskóla. (**Menntmrh.:** Það er rangt.) Þau eru hins vegar fólgin í hækkunum til sjálfseignarstofnana, til þeirra aðila sem upp á sitt eindæmi hafa ákveðið að setja upp háskólastofnanir

og stjórnvöld hafa vissulega komið myndarlega að framlagi til slíkra stofnana. Það er auðvitað fyrst og fremst þar sem hækkunina á fjárframlögum til háskólastigsins er að finna en ekki í hækkuðum fjárframlögum til hinna opinberu háskóla. Það er sannleikurinn í málinu.

Það er eðlilegt að hæstv. ráðherra svari fyrir þetta. Hún hrópaði fram í að fullyrðingar mínar væru rangar. Hún svarar því þá vonandi í ræðu sinni á eftir á hvern hátt hún sér þetta öðruvísi en ég.

En það er alveg ljóst, virðulegur forseti, að hinir opinberu háskólar eru ekki að biðja um hækkun á skráningargjaldi háskólanna nema vegna þess að þetta sama ríkisvald, þessi sama ríkisstjórn hefur svelt háskólana og ekki komið til móts við fjárþörf þeirra á undanförnum árum.

Svo segir í greinargerð hæstv. ráðherra með frumvarpinu að ekki sé gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrumvarpsins að innheimta gjaldanna komi til frádráttar fjárveitingum til ríkisháskólanna á fjárlögum. Ég segir aftur, herra forseti: Heyr á endemi og þakka skyldi þeim. Ég spyr: Datt þeim það í hug? Datt ríkisstjórninni í hug að setja skráningargjöldin í mínus og draga þau frá öðrum framlögum til háskólanna? Bara að leyfa sér að hugsa slíka hugsun segir meira en mörg orð um afstöðu stjórnvalda, núverandi ríkisstjórnar, til hinna opinberu háskóla.

Hæstv. forseti. Í greinargerð og í þessum þremur frumvörpum er tíundað á hvern hátt skráningargjaldið er reiknað og fram hefur komið í ræðum þeirra þingmanna sem talað hafa á undan mér að þar sé um blekkingarleik að ræða, feluleik. Ég ætla að leyfa mér að taka undir þau orð með því að vitna í greinargerð stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna fyrirhugaðrar hækkunar, hækkunar sem hefur verið mótmælt hástöfum af stúdentum frá því daginn sem hugmyndin kom fram. Frá því að fjárlagafrumvarpið leit dagsins ljós hefur þeim áformum verið mótmælt og þeim er mótmælt nú og það harðlega og þeim var mótmælt á Alþingi 1996 þegar fjárhæðin 24 þús. kr. var fest í lög um háskóla. Ég ætla að rifja það upp fyrir hæstv. menntamálaráðherra að 25 stjórnarliðar greiddu heildarlögunum atkvæði á vordögum 1996 og 19 stjórnarandstöðuþingmenn voru á móti, fyrst og fremst út af skrásetningargjaldinu. Hæstv. ráðherra skal því ekki tala eins og um þetta hafi einhvern tíma ríkt sátt á hinu háa Alþingi, því það hefur aldrei ríkt sátt um skrásetningargjöld í opinbera háskóla á Alþingi Íslendinga.

Greinargerð stúdentaráðs Háskóla Ísland er næst á dagskrá. Þar segja stúdentar að að þeirra mati hljóti skrásetningargjald, ef það eigi að taka á annað borð, að lúta reglum um þjónustugjöld og gagnrýnisvert sé ef stjórnvöld ætla að nota ákvæðin í lögunum til að innheimta jaðarskatta af námslánum. Síðan er farið í smáatriðum ofan í rökstuðninginn fyrir hækkun skrásetningargjaldsins og sagt að í upphafi hafi háskólayfirvöld sent frá sér yfirlit til menntamálaráðuneytisins yfir þá kostnaðarliði sem þau töldu að réttlættu hækkun gjaldsins og, nota bene, ég fullyrði að yfirlitið sem háskólanum hefur verið gert að senda til stjórnvalda hefur komið að beiðni stjórnvalda. Stjórnvöld hafa auðvitað óskað eftir þeirri sundurliðun. Varla hefur það komið að frumkvæði háskólanna að sundurliða þennan kostnað allan. Ef ég hef rangt fyrir mér geri ég ráð fyrir að hæstv. menntamálaráðherra leiðrétti það á eftir.

En sannleikurinn virðist vera sá, út frá þeim upplýsingum sem stúdentaráð Háskóla Íslands hefur, að yfirliti háskólanna hafi verið gerbreytt eftir að það var sent frá þeim. Ákveðin dæmi eru nefnd. Til dæmis hafi í upphaflegu samantektinni frá Háskóla Íslands verið tilgreind atriði til þess að rökstyðja hækkunina eins og þau að hluti hafi átt að fara í rekstur íþróttahúss skólans sem ætti þá að tengjast skrásetningu nemenda. Hæstv. menntamálaráðherra virðist ekki hafa samþykkt það enda er ekkert um íþróttahúsið eða hlut þess í gjaldinu í frumvarpinu á þskj. 394 í dag.

Sömuleiðis gera stúdentar það uppskátt að í upphaflegu yfirliti frá Háskóla Íslands hafi átt að rukka fyrir útgáfu stúdentaskírteina sem hafi verið talin kosta 600 kr. á hvern nemanda við skólann samkvæmt samantekt háskólayfirvalda, en svo er bent á að hætt sé að gefa út þessi skírteini. Stúdentar benda okkur því á að það sé meira en lítið pottur brotinn í samsetningu kostnaðarliðanna sem taldir eiga að vera á bak við 45 þús. kr. kostnaðinn.

Ef þetta er rétt, hæstv. forseti, að verið sé að dulbúa kostnaðinn og færa hann undir þessa óskuðu upphæð, 45 þús. kr., er það auðvitað grafalvarlegt mál. Þess vegna er ekki óeðlilegt þó þingmenn gangi harkalega að ráðherranum og spyrji: Er þetta þjónustugjald eða skattur? Eru þetta skólagjöld eða hvað er þetta? Hæstv. ráðherra hlýtur að verða að svara gagnrýni stúdenta sem lýtur að fleiri liðum en þeim sem ég hef nefnt. Þeir gagnrýna t.d. lið 1 í frumvarpinu á þskj. 394 þar sem fjallað er um skráningu stúdenta í námskeið og próf. Þeir gagnrýna skipulag kennslu og prófa og framlög til samtaka og stofnana stúdenta. Þar kemur fram að samkvæmt skýrum ummælum í greinargerð sé skráningargjaldinu ekki ætlað að standa undir kostnaði við þá þjónustu sem stúdentaráð Háskóla Íslands veitir, en það er þjónusta sem veitt hefur verið samkvæmt samningi milli Háskóla Íslands og stúdentaráðs hingað til.

Einnig gagnrýna stúdentar skrifstofu kennslusviðs. Þeir gagnrýna aðgöngu að bókasafni og lestraraðstöðu og koma inn á lokun Þjóðarbókhlöðunnar en það má vel rifja það upp, virðulegur forseti, að árið 2003 fékk Háskóli Íslands samkvæmt rammasamningi 14 millj. kr. sem runnu til kvöldopnunar Þjóðarbókhlöðunnar. Fyrirkomulaginu mun hins vegar hafa verið breytt og upphæðin farin að renna beint til skólans í stað þess að hún sé sérstaklega ætluð kvöldopnun safnsins. Svo kunnum við framhaldið á þeirri sögu. Fyrr á þessu ári ákváðu skólayfirvöld að loka Þjóðarbókhlöðunni á kvöldin og nota peningana í aðra hluti. Því var harðlega mótmælt af stúdentum og háskólayfirvöld hafa nú ákveðið að opna safnið aftur á kvöldin. Nú lítur út fyrir að það eigi hins vegar að velta kostnaðinum af kvöldopnun Þjóðarbókhlöðunnar í skráningargjald háskólanna.

Það er náttúrlega alveg forkastanlegt. Stúdentar gagnrýna þetta og þeir gagnrýna líka að hér skuli hluti af kostnaðarliðunum tengjast tölvum og prenturum og segja að hér sé margtalinn hlutur stúdenta af almennum rekstri Reiknistofnunar Háskóla Íslands og slumpað sé á einhverjar prósentutölur án nokkurra útskýringa og gagnrýna þetta harkalega, sérstaklega í ljósi þess að nemendakerfið er orðið rafrænt og rekstur þess og viðhald orðið mun ódýrara en fyrir nokkrum árum. Hér rekist því hvað á annars horn og sé alls

ekki hægt að segja að málflutningur hæstv. menntamálaráðherra eða greinargerðin sem fylgir frumvörpunum sé á nokkurn hátt sannfærandi.

Hæstv. forseti. Það er óeðlilegt að hækka skráningargjald í opinbera háskóla um 40% á sama tíma og skráning nemenda er orðin auðveldari, ódýrari, rafrænni og eflaust mannfærri en áður. Tekið skal undir orð stúdenta sem halda því fram að hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins byggi á talnaleikfimi og tilfærslu kostnaðarliða.

Það skal því tekið undir mótmæli stúdenta við þessum hækkunum og ég held því fram í nafni flokks míns, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að vegið sé að grundvallaratriði sem í stefnu okkar felst, þ.e. að fólk skuli hafa jafnan rétt til setu í háskólum burtséð frá efnahag. Ég tala nú ekki um þegar hæstv. ráðherra hefur mjálmað um það hér í ræðustól að skólagjöld séu lánshæf og það eigi ekki að þurfa að koma niður á fólki sem búi við bágan efnahag ber að undirstrika að skráningargjöldin eru ekki lánshæf svo skráningargjöldin koma til með að bitna illa á fólki sem býr við bágan efnahag. Þar af leiðandi er hækkunin sem hér er verið að leggja til ógnun við jafnrétti til náms og hækkun á borð við þá sem hér er lögð til skal aldrei fara auðveldlega í gegnum Alþingi Íslendinga. Það var ekki auðvelt fyrir stjórnvöld að koma þessu í gegn í upphafi, það var ekki auðvelt 1996 og það skal ekki verða auðvelt 2004.

[16:58]

Mörður Árnason:

Forseti. Hæstv. ráðherrar hafa fullkomið leyfi til að koma með þau frumvörp sem þeim sýnist inn á þingið á sama hátt og þingmenn hafa leyfi til að flytja þau eða andæfa frumvörpum hver annars eða frumvörpum ráðherrans. Hins vegar verður að gera ráð fyrir því, þó að það sé hvergi beinlínis skráð þá liggur það náttúrlega í anda þess að stofna til þings og umræðunnar um það sem ráðherrar m.a. vilja fá fram, að gera verður ráð fyrir því að ráðherrar alveg eins og þingmenn skýri út ástæður þess að þeir vilja fá frumvörp sín samþykkt.

Það verður að gera ráð fyrir því að ráðherra, sem býr m.a. við það framar einstökum þingmönnum að hafa sérstaka skrifstofu sem til eru ráðnir tugir og jafnvel hundruð sérfræðinga á háum launum, að ráðherrar hafi fyrir því, áður en þeir koma með frumvörp inn í þingið, að raða upp röksemdum fyrir því af hverju frumvörp þeirra skuli samþykkt af þinginu.

Ég veit að hæstv. menntamálaráðherra, sem hefur setið hér lengur en ég, hefur horft upp á að menn kýldu í gegn mál án þess að mæla mjög fyrir þeim, án þess að taka þátt í umræðunum eða skýra það út fyrir þingi eða þjóð hvers vegna málin ættu að fara í gegn. Ég vil hins vegar hvetja hæstv. menntamálaráðherra, vegna þess að hún er að hefja störf sín, til að taka ekki upp þann sið. Það væri ráðherranum sérstaklega ósæmandi að gera vegna þess að menntamálin gera beinlínis ráð fyrir því að menn færi rök fyrir máli sínu. Það liggur í eðli málaflokksins að menn reyni það.

Ég mótmæli þess vegna því að ráðherrann skyldi ekki svara áðan einfaldri spurningu minni um hvað hún álíti, með stuðningi af skrifstofu sinni, öllu menntamálaráðuneytinu, að hér sé um að ræða: Er hér um að ræða skatt eða er hér um að ræða þjónustugjöld? Því ætti að vera tiltölulega einfalt að svara.

Það er ekki nóg að sannfæra okkur á þinginu um að komist verði hjá því að lagafrumvörp þessi séu hrakin af Hæstarétti vegna þess að þau standist ekki stjórnarskrá, eins og hér er reynt að gera. Helsta röksemdin fyrir frumvörpunum sem ráðherra vill fara með í gegn um þingið er að það sé tæknilega unnt og að menn þurfi sum sé ekki að vera hræddir við að þurfa að éta þau ofan í sig aftur. Það er bara ekki næg röksemd. Hæstv. ráðherra á að segja okkur hvers vegna hann flytur mál sitt og hvers eðlis það er. Það er þannig.

Ég reyndi að rekja í andsvari, og ætla að halda því áfram, hvaða rök geta verið á bak við að þetta sé þjónustugjald og hvaða rök geta verið á bak við að þetta sé skattur.

Rök sem benda til þess að hér sé um þjónustugjöld að ræða eru að hæstv. ráðherra tilfærir sérstaklega í máli sínu að stofnað sé til þess gjalds sem innheimt er út frá tilteknum kostnaði af þjónustu. Forseti. Tiltekinn kostnaður af þjónustu bendir til þess að hér sé um að ræða þjónustugjald.

Þegar litið er á tölurnar í greinargerðinni um hvern einstakan skóla er hins vegar fátt sem bendir til að þar sé um að ræða þjónustugjald, tölurnar eru ekki hinar sömu. Þær eru, þannig að ég endurtaki það frá því áðan: við Háskóla Íslands 48.494 kr., við Kennaraháskóla Íslands 45.987 kr. og við Háskólann á Akureyri 45.181 kr. Ef um þjónustugjald væri að ræða mætti ætla að hver skóli innheimti sér upphæð sem næmi tilteknum kostnaði af þjónustu sem veitt er í hverjum skóla.

Raunar eru þessar tölur þannig að um þær er ekki hægt annað en að efast. Það er sérkennilegt að skólarnir hafa komist að því, að því gefnu að þeir hafi reiknað það út hver um sig á sjálfstæðan hátt, hver hinn tiltekni kostnaður af þjónustu er. Þjónustan sjálf hefur reyndar aldrei verið útskýrð nánar og ekki af ráðherra. Það er sérkennilegt að Háskóli Íslands skuli hafa fundið út að kostnaðurinn væri 48.494 kr. hjá sér en Háskólinn á Akureyri skuli hafa fundið út að innheimta þyrfti 45.181 kr. Það er því um 3.200 kr. minni kostnaður í Háskólanum á Akureyri við þessa kostnaðarþjónustu en í Háskóla Íslands. Þó er Háskóli Íslands allnokkuð stærri. Ja, ætli hann sé sextán sinnum stærri? Ég þori ekki að fara með það en hann er sextán til tuttugu sinnum stærri að nemendafjölda en Háskólinn á Akureyri. Af því gerir maður ráð fyrir að ná mætti einhvers konar hagkvæmni stærðarinnar í öllum þeim liðum þar sem ætla má að tiltekinn kostnaður verði af þjónustu sem ráðherrann ræðir svo mjög um.

Það er undarlegt að tölurnar skuli vera svona. Maður hefði gert ráð fyrir að þetta væri á hinn veginn. Maður hefði gert ráð fyrir því að í minnstu skólunum væri mestur kostnaðurinn við skráningu og annað það sem er tiltekið sem kostnaður af þjónustu, en í fjölmennustu skólunum sé því öfugt farið og minnstur kostnaður við þá liði.

Auðvitað bendir allt til þess, forseti, að hér sé eitthvað annað en þjónustugjald á ferðinni. Það bendir ekki til þess að um sé að ræða þjónustugjald þegar fylgiskjölin eru skoðuð, fylgiskjal I. í frumvörpunum þremur. Þá kemur í ljós að gert er ráð fyrir því að nemandi sem skráir sig í skólann fái

þjónustu alls staðar í þeim liðum sem tilteknir eru. Það er t.d. gert ráð fyrir því í Háskóla Íslands að allir hafi aðgang að tölvum, prenturum og fleira, að allir hafi sama aðgang að bókasafni og lesaðstöðu og allir þurfi að skipta við alþjóðaskrifstofu. Það er ekki eðli þjónustugjalda. Eðli þjónustugjalda er það að ef maður þarf að skipta við alþjóðaskrifstofu og alþjóðaskrifstofan heimtir þar gjald, þá heimtir hún það af þeim sem skipta við alþjóðaskrifstofuna. *Þjónustugjald er þannig og það getur hæstv. menntamálaráðherra* lesið um í úrskurði umboðsmanns Alþingis sem hún vitnaði reyndar til áður. Þjónustugjald er þannig að með því borgar maður fyrir þjónustu sem veitt er og nákvæmlega hana, auðvitað að því tilskildu að slíkt gjald sé endurskoðað árlega, að einhverju leyti áætlað o.s.frv. Ef maður fer ekki á alþjóðaskrifstofuna eða einhverja aðra skrifstofu þar sem þjónusta er veitt, þá á maður ekki að þurfa að borga þjónustugjaldið. Það er þannig. Þetta bendir ekki til að hér sé um þjónustugjald að ræða.

Heiti fylgiskjalanna með frumvörpunum eru ekki eins á öllum stöðum. Þar segir ýmist að um sé að ræða „áætlaðan kostnað vegna skrásetningar". Kostnaður við „þjónustu við stúdenta" segir á einum stað en vegna „tengdrar þjónustu við nemendur á öðrum stað". Þetta bendir til þess að höfundar hafi haft ákveðið sjálfræði í vali fyrirsagnar. Þegar háskólarnir skila inn þessu fylgiskjali eru liðirnir ákaflega misjafnir og það skilur maður vel. Þeir eru ákaflega misjafnir vegna þess að það er ekki sami kostnaðurinn í þessum skólum. Þær skrifstofur sem tilheyra Háskóla Íslands eru ef til vill ekki til í öðrum skólum. Sú þjónusta sem samið er um við nemendafélögin, eða látið líta svo út að um hana sé samið við þau, er væntanlega ekki hin sama í öllum þessum skólum. En samt er kostnaðurinn við þjónustuna sem háskólarnir hafa lagt fram hver um sig af fullkomnu sjálfstæði og án nokkurs samráðs, skulum við vona, álíka hár. Er nokkurt samráð í þessu, menntamálaráðherra? Það er ekkert samráð, forseti, menntamálaráðherra hristir höfuðið. Það munar sem sagt á niðurstöðutölunum þessum rúmlega 3.200 kr. Það er allur munurinn á þessu tvennu.

Hins vegar eru mjög mismunandi forsendur á bak við kostnaðinn við þá þjónustu sem til er tekin. Til dæmis er engin velgengnisvika í Háskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands en hún er í Háskólanum á Akureyri og kostar hvern nemanda 323 kr. nákvæmlega. Maður gæti haldið að það munaði þá þessum 323 kr. milli skólanna en það er ekki þannig því að Háskólinn á Akureyri er ódýrastur að þessu leyti og þar munu nemendur að borga minnst.

„Aðstaða og stjórnun — reiknuð gjöld 12% af liðum 1–9," er reiknað í Háskóla Íslands. En slík aðstaða og stjórnunarkostnaður er ekki reiknaður í hinum fylgiskjölunum. Það stenst ekki og má segja að hvað reki sig á annars horn í þessum fylgiskjölum.

Ég verð að segja, úr því að hæstv. menntamálaráðherra eggjaði menn til þess áðan í orðaskiptum við hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, að játast undir hinn akademíska raunveruleik sem hér kemur fram. Hún spurði hvernig hv. þingmanni dytti í hug að halda að eitthvað væri hæpið sem kæmi frá háskólunum. Þá er rétt að ég lýsi því yfir í eitt skipti fyrir öll að þessi fylgiskjöl eru ekki unnin á akademískan hátt. Þessi fylgiskjöl eru greinilega lögð fram eftir pöntun frá menntamálaráðuneytinu. Þau eru ekki þessum þremur háskólum sæmandi og fyrir neðan akademíska virðingu þessara þriggja háskóla. Það er sorglegt að hæstv. menntamálaráðherra skuli kalla fram brot háskólanna þriggja á þeim grunnreglum sem universitas á að fylgja og hefur gert í gegnum aldirnar, að hún skuli sjálf sveigja menn til að niðurlægja virðingu Háskóla Íslands og hinna háskólanna tveggja með því að pína þá til þess að leggja fram þessi heimskulegu og bjánalegu fylgiskjöl sem hér er um að ræða.

Hvers vegna skyldi það svo vera að menntamálaráðherra getur ekki lýst því yfir að hér sé annaðhvort um skatt eða um þjónustugjald að ræða? Getur verið að það sé vegna þess að ef um þjónustugjald væri að ræða þá væri augljóst, samkvæmt öllum réttlætisrökum, að lána ætti fyrir þeim hjá Lánasjóðnum, sem mundi þá þyngja baggann á þeim lið í staðinn fyrir að létta hann? Gæti verið að ef um þjónustugjald væri að ræða þá hefðu nemendur rétt til þess, gagnvart dómstólum, að láta kanna hvern lið sem hér um ræðir og láta bera saman við hina skólana? Þeir hefðu þá jafnvel rétt á að neita að borga þann hluta af þjónustugjaldapakkanum sem þeir nota alls ekki, neita að borga fyrir þjónustu sem þeir aldrei fá. Kann það að vera? Af hverju er þetta ekki skattur, sem allt bendir til að sé reyndin, skólagjöld, eins og hér var rætt um áðan? Af hverju má það ekki heita það hjá hæstv. menntamálaráðherra?

Það kann að vera vegna þess að það sé óþægilegt fyrir menntamálaráðherra og fyrir hæstv. ríkisstjórn sem nú er að lækka skatta eftir að hafa að vísu verið mjög óspör að leggja þá á síðasta ár. Það gæti verið óþægilegt að tala um skattahækkun í áróðursstríðinu innan lands, sem ríkisstjórnin fer nú ansi duglega í, t.d. á blaðamannafundi hæstv. forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar og hæstv. fjármálaráðherra Geirs Haardes þar sem taldar voru upp ýmsar skattalækkanir en gleymdist að geta um að vaxtabætur stórlækka og gleymdist raunar einnig að segja almennilega frá því að barnabótahækkunin kemur ekki fram fyrr en árið 2007. En það er sem kunnugt er kosningaár á Íslandi og auðvelt að lofa á því vori.

Skyldi vera að í áróðursstríðinu innan lands sé ekki heppilegt að kalla þetta skatt heldur þurfi það að fara einhvers staðar á milli, að vera óútskýrð hækkun á þessu sem hvorki má kalla þjónustugjald né skatt? Kynni það líka að vera vegna þess að fjármálaráðherrann roðnar á sínum frægu og löngu ferðum erlendis þegar hann ber saman hina *velheppnuðu fjármálastjórn sína við aðrar þjóðir og gumar* af því, og þá vilji hann ekki hafa skattprósentuna of háa og vilji hérna megin landsteina reyna að búa til eitthvað annað úr þeim gjöldum og álögum sem hann innheimtir af þjóðinni allri saman eða að hluta? Þetta dettur mér í hug.

Okkur sem vinnum á þinginu, námsmönnum sem þurfa að borga þetta og öðrum áhugamönnum um þetta mál væri greiði gerður með því að hæstv. menntamálaráðherra upplýsti um hina raunverulegu ástæðu þess að hún vill ekki skera úr um það hvað henni sjálfri finnst. Það er ekki verið að spyrja um stóradóm, ekki verið að spyrja um hinn hinsta dag heldur hvað henni sjálfri finnst, stjórnmálamanninum, hæstv. menntamálaráðherra Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, um þetta? Er þetta þjónustugjald eða er þetta skattur? Á

hún svar við því?

Það kann auðvitað að vera að hæstv. menntamálaráðherra vilji geyma sér hina miklu sókn til skólagjalda og vilji því að þetta teljist ekki skólagjöld þannig að þegar hún fari í þau efni þá verði það glæsileg orrusta sem vinnist undir gunnfánum Sjálfstæðisflokksins, en ekki svona skitirí eins og þetta er. Þetta nemur ekki meira í hundraða milljarða reikningum fjárlaganna en 140 millj. kr., ef mark má taka á greinargerðinni með þessu, sem ég held að megi gera því að það er ekki skrifstofa hæstv. menntamálaráðherra sem kemur með þá tölu heldur fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins, sem ég treysti enn þá betur. Það eru um 140 millj. kr., skitnar, segi ég, í hinum stóru stærðum, sem nú á að rýra kjör námsmanna um án skýringar, án þess að þjóðinni sé gerð grein fyrir því um hvað er að ræða.

Það á að fá 100 millj. kr. út úr nemendum í Háskóla Íslands, 24 millj. kr. út úr nemendum í Kennaraháskóla Íslands og 16 millj. kr. á að fá út úr nemendum í Háskólanum á Akureyri. Það er um þetta sem málið snýst, 140 millj. kr. frá nemendum til einhvers sem kallað er skráningargjald. Hins vegar er ekki er hægt að gera grein fyrir því hvort það er skattur eða þjónustugjald en af orðum menntamálaráðherra má ráða að þar séu alls ekki skólagjöld. Um þetta snýst málið. Leggst nú ekki mikið fyrir kappann, má segja, forseti, um hæstv. menntamálaráðherra. En það má vona og biðja; ora et labora, sögðu þeir Þorlákur helgi og menn í hans munkareglu. Við gerum það og væntum svara frá hæstv. menntamálaráðherra. Enn spyr ég: Er þetta skattur eða er þetta þjónustugjald? Og enn spyr ég: Af hverju þarf þessa hækkun? Hana þarf ekki á grundvelli fylgiskjala frá skólunum með þessum frumvörpum. Þau eru della, samsuða sem hæstv. menntamálaráðherra er ekki sæmandi að koma með inn á þingið og háskólunum ekki sæmandi að láta frá sér fara, jafnvel þótt undir nauðungarþrýstingi sé.

[17:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það verður að taka undir það með þeim ræðumönnum sem hér hafa talað, öðrum en hæstv. ráðherra að sjálfsögðu, að þetta er ákaflega dapurlegt frumvarp, og dapurlegt hlutskipti fyrir hæstv. menntamálaráðherra á fyrstu metrunum í embætti sínu að þurfa að koma með óbermi af þessu tagi inn í þingið. Þetta frumvarp er neðan við allar hellur. Það snýst um að hækka verulega þau skólagjöld sem komin eru, því miður, í opinberu háskólunum og fundið var upp þetta nafn á á sínum tíma, innritunargjöld eða skráningargjöld. Verra af tvennu eru þó kannski vinnubrögðin í kringum þetta og skrípaleikurinn sem þarna er á ferðinni. Það er alveg yfirgengilegt að skoða fylgiskjölin og sjá þessar æfingar og hundakúnstir í því að reyna að smyrja þessu út á mismunandi liði í skólastarfinu. Mér er alveg nákvæmlega sama hvort á hvað í því, ráðuneytið eða háskólarnir. Það er jafnógeðfellt.

Það er því miður, herra forseti, allt að koma á daginn sem sagt var hér þegar menn hófu þessa vegferð á sínum tíma, í ríkisstjórn krata og Sjálfstæðisflokks, og síðan var því haldið áfram í ríkisstjórn framsóknarmanna með íhaldinu, að tilhneigingin þegar svona gjaldtaka er einu sinni komin á er alltaf sú að reyna að sæta færis og hækka gjaldið. Það er ekkert sem tryggir að eftir 2–3 ár detti mönnum ekki allt í einu í hug að þessi kostnaður hafi verið stórlega vanreiknaður og finni allt í einu út úr því í öllum háskólunum að nú þurfi gjaldið að hækka upp í 89.500, og kannski bara allt í einu í nákvæmlega sömu krónutölu hjá háskólunum þremur. Svona fíflagangur getur auðvitað haldið áfram þegar menn eru einu sinni komnir út á þessa braut.

Til hvers er verið að þessu, herra forseti? Jú, til þess að skrapa saman skitnar 140 millj. kr. í opinberu háskólunum þremur, upp úr vösum námsmanna. Þar hefur ríkisstjórnin fundið matarholurnar, í vösum námsmanna.

Þetta er sama ríkisstjórnin og er svo vel stödd að hún ætlar að gefa jólagjafir og lækka skatta, sérstaklega á hátekjufólkinu í landinu. Þá vantar ekki auðlegðina í búið. En það er ekki hægt að hafa fjárveitingar til þessara háskóla 140 millj. kr. hærri þannig að ekki þurfi að standa í þessu. Sér er nú hver metnaðurinn.

Þetta er upp í veltu opinberu háskólanna upp á samtals liðlega 8 milljarða kr. Háskóli Íslands með 6,1 milljarð, Kennaraháskólinn með 1,3 og Háskólinn á Akureyri með 820 millj. Samtals velta upp á 8,2 milljarða. Upp í þetta á að safna saman heilum 140 millj. kr. — með þessum aðferðum. Menn leggja mikið á sig fyrir lítið, verð ég að segja. Tekur það því fyrir hæstv. menntamálaráðherra að leggja í þennan leiðangur, jafngeðfelldur og hann er, og hafa þrátt fyrir allt ekki meira upp úr krafsinu en þetta?

Nei, þetta er alveg dapurlegt, herra forseti. Það er látið svo heita að þetta sé samkvæmt óskum ríkisháskólanna. Það vantar bara upp á að þeir hafi verið alveg sólgnir í þetta, bara æstir í að fá þetta, er það ekki? Það er bara af kurteisi ekki tekið fram í greinargerð með frumvarpinu en andinn í þessu er sá. Ætli það sé ekki frekar þannig að þetta sé meira í ætt við undirskriftirnar á Kópavogsfundinum, að menn geri þetta grátandi? Auðvitað er alveg vitað að það er búið að þjarma þannig að opinberu háskólunum, svelta þá og fara þannig með þá undanfarin ár að menn eru grátbólgnir og á hnjánum, farnir næstum því að biðja um skólagjöld. Það er rétt. En það vita allir menn nákvæmlega í hvaða samhengi það er.

Það er kannski ekki undir byssukjöftum núna sem menn biðja um þetta eins og á Kópavogsfundinum forðum en það er þá undir svipu sveltistefnunnar undanfarin ár. Þarna er íhaldið á heimavelli. Það kann þetta, herra forseti. Þetta er nákvæmlega sama aðferð og íhaldið notar á sveitarfélögin. Þetta er sama aðferð og menn hafa notað á þau undanfarin ár, að halda þeim í fjársvelti, í fjárhagslegri spennitreyju, þangað til menn fara að selja og einkavæða og grípa til hvers kyns óyndisúrræða. Þetta er eins og þegar fjárvana sveitarfélög, jafnvel meiri hlutar í félagshyggjusveitarfélögum, sitja yfir því að reikna það út hvort þau geti bjargað sér í 2–3 ár með því að selja grunnskólann sinn. Þetta er nákvæmlega það sama. Ég leyfi mér að fullyrða að húmanisti eins og Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, er ekki að biðja um svona lagað að gamni sínu eða vegna þess að það sé sérstaklega í samræmi við hugmyndafræði hans og innstu hjartans hvatir að fara að biðja um skólagjöld eða hækkuð innritunargjöld í Háskóla Íslands. Ætli það sé ekki eitthvað annað á ferðinni þegar búið er að fara þannig með menn, eða þess vegna Þorsteinn Gunnarsson, rektor Há-

skólans á Akureyri, eða Ólafur Proppé í Kennaraháskólanum?

Ég hef enga trú á því að neinn af þessum mönnum — þó að ég eigi svo sem ekkert með að tala fyrir þeirra hönd segi ég það bara sem skoðun mína af kynnum við þessa sómamenn alla — hafi nokkurn áhuga á því að fara inn á þessa braut með sína skóla. Það er verið að neyða stjórnendur þessara stofnana til þess með alveg sömu aðferðum og er verið að neyða sveitarfélögin út í alls konar óyndisúrræði sem auðvitað leysa engan vanda. Það er handan við hornið að síðan verði skólunum refsað sem nemur því sem þeir taka af nemendum í formi minni fjárveitinga frá ríkinu. Það er að vísu tekið fram af sérstakri kurteisi að þeir fái að halda þessu óskertu í eitt ár. Það liggur alveg fyrir hvað í raun og veru er þarna á ferðinni og hvers menn mega vænta í þessum efnum.

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst líka alveg makalaust að Framsóknarflokkurinn skuli fela sig í þessari umræðu. Hvar er Framsóknarflokkurinn? Er hann bara gufaður upp? Eru þau búin að segja af sér þingsætunum, öll 12? Þau spýttust héðan í burtu, þau fáu sem voru hérna þegar kom að því að umræðan hæfist. Hvar er nú hv. þm. Dagný Jónsdóttir, sem fór ekki svo lítinn í framboðinu til Alþingis 2003, sem gaf sig út fyrir að ætla að verða alveg sérstakur verndari og bjargvættur námsmanna og hagsmunamála þeirra? Hún talaði eins og hún og hennar flokkur bæru enga ábyrgð á stjórnarstefnunni og stjórnarsamstarfinu, talaði eins og hreinn stjórnarandstæðingur í framboði sem væri það algerlega óviðkomandi, allt það slæma sem ríkisstjórnin hafði verið að gera í skólamálunum, þar skyldi heldur betur brotið í blað. Hvar er hv. þingmaður nú? Hún er sennilega á liðsæfingu nema hún sé kannski orðin klappstýra í liðinu fyrir nýjum skólagjöldum.

Nei, þetta er heldur dapurlegt, herra forseti.

Svo vil ég gera sérstakar athugasemdir hér við eitt, og ég leyfi mér að kalla það líka ósmekklegt. Ég verð að vísu að játa að ég hef ekki haft tíma til að kanna þar frumgögn en í þessu frumvarpi er látið að því liggja að þessi aðferðafræði sé með uppáskrift umboðsmanns Alþingis. Það er látið að því liggja að í sjálfu sér sé engin ástæða til að gera greinarmun á sköttum og þjónustugjöldum. Hefur umboðsmaður Alþingis einhvern tímann sagt það? Ég hef mikinn fyrirvara á því, tek það að vísu fram að ég hef ekki haft tíma til að fara nákvæmlega yfir það álit umboðsmanns sem menn skjóta sér þarna á bak við en það ber nýrra við ef umboðsmaður Alþingis vill taka ábyrgð á einhverjum sóðaskap hvað varðar framsetningu af þessu tagi. Ég hef frekar þekkt það embætti fyrir hið gagnstæða, að menn vilji hafa svona hluti mjög á hreinu. Hér er verið að fara, augljóslega, út á mjög grátt svæði hvað varðar það að menn geti bara með einhverjum kúnstum og æfingum látið heita svo að um innritunar- eða þjónustugjöld, eða skrásetningargjöld skulum við segja, sé að ræða og að þau þurfi þá ekki að lúta sömu reglum og þjónustugjöld. Það þurfi ekki að vera beint samhengi á milli þess kostnaðar sem lagður er út og þjónustunnar sem menn þá fá og gjaldtökunnar. Það bara ósköp einfaldlega stenst held ég ekki þegar betur er að gáð. Það væri brot á öllum grundvallarprinsippum í þessum efnum.

Hvaða maður kaupir það að það séu fullnægjandi vísindi fyrir því þegar farið er hér yfir þetta fylgiskjal sem virðist hafa verið byggt eftir geðþótta ráðuneytisins á því sem fengið var frá skólunum og lagfæringum menntamálaráðuneytisins á því þar sem sumt er viðurkennt og öðru hent út, eins og íþróttahúsinu? Það hlaut ekki náð menntamálaráðuneytisins að hluti af rekstrarkostnaði íþróttahússins væri tekinn þarna með sem þjónusta við stúdenta. Mér finnst þá að ég eigi að fara að borga svolítil skólagjöld eða innritunargjöld því ég nota þetta íþróttahús af og til. Þá væri sanngjarnt að ég tæki þátt í einhverjum hluta af rekstrarkostnaðinum þar.

Eða svona snilld eins og það að 30% af rekstri skrifstofu kennslusviðs skuli tilheyra þessum gjöldum. 30%. Af hverju ekki 30,02%? Svo 12% af reiknuðum gjöldum vegna aðstöðu og stjórnunar. 12%. Hver eru vísindin á bak við þetta, hæstv. ráðherra? Þau eru auðvitað ekki til. Þetta er slumpugangur, það sér hver heilvita maður. Sama má segja t.d. um þjónustu alþjóðaskrifstofu o.s.frv.

Í reynd er þetta allt saman kjaftæði þegar betur er að gáð. Hvar í ósköpunum ætla menn að draga mörkin hvað varðar rekstur háskólanna í heild sinni? Allur rekstur háskólanna er í eðli sínu í raun og veru fyrir námsmenn. Ég skil ekki bara hvernig þessi hugsun á að ganga upp ef út í það er farið.

Þegar til kastanna kemur eru það, herra forseti, ekki nafngiftirnar sem skipta máli, heldur upphæðirnar. 45 þús. kr. eru 45 þús. kr. hvað sem þær heita. Það munar um þær. Það munar verulega um þær, ég tala nú ekki um þegar það liggur fyrir að þessi kostnaður er ekki lánshæfur.

Fjárlagaskrifstofan virðist ekki alveg hafa náð þessari hugmyndafræði menntamálaráðuneytisins. Svolítið fyndið að orðalagið á þessari stuttaralegu umsögn fjárlagaskrifstofunnar er ekki beinlínis til að undirbyggja þann málflutning ráðherra að þetta séu allt saman alveg þaulskilgreind þjónustugjöld. Þar stendur bara ósköp einfaldlega:

„Útgjaldaheimild skólans í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 byggist á þeirri forsendu að skólinn nýti sér heimildina og afli 100 millj. kr. meiri tekna sem renni óskertar til hans.“

Fjárlagaskrifstofan er ekkert að gera þetta flókið. Þetta eru bara 100 millj. kr. tekjur til Háskóla Íslands. Það er auðvitað það sem það er. Svo geta menn farið í allar þessar æfingar og reynt að skýra þær út og suður og gera bara málið í raun og veru enn þá aumkunarverðara og hlægilegra.

Hvernig ætla menn t.d. að útskýra að það þurfi allt í einu núna, á einu bretti vegna ársins sem í hönd fer, að hækka um 38,5%? Á að gera þetta svona geysilega miklu betur og á þetta að vera svona miklu vandaðra allt á næsta ári og menn að fá svona miklu meiri þjónustu? Eða var halli á þessu í fyrra? Af hverju allt í einu bara núna? 38,5%, það þarf eitthvað að útskýra það.

Hér rekur sig meira og minna eitt á annars horn, herra forseti, og þarf í sjálfu sér ekkert að hafa miklu fleiri orð um það. Mér finnst þó kannski ástæða til að nefna hér einn lið sérstaklega því mér fannst svo dapurlegt að sjá hann hér og það er kostnaðurinn vegna lesaðstöðu í Þjóðarbókhlöðunni og aðgangs að gögnum. Pínulítinn hluta af rekstrarkostnaði Þjóðarbókhlöðunnar á að reikna þarna á námsmenn af því þeir komast inn í Þjóðarbókhlöðuna svona þeg-

ar er opið og það eru þarna nokkur borð sem menn geta sest við og lesið. Metnaðurinn er nú ekki meiri en svo að talið er rétt að kría pínulítið af námsmönnum upp í það, þeim sem eru í opinberu háskólunum. Nú vitum við að ýmsir fleiri nota þessa aðstöðu, þar á meðal framhaldsskólanemendur. Þeir eru þar kannski á hrakhólum dálítið. En þeir eru nú að reyna að stelast þarna inn og lesa. Nei, en af því að hægt er að ná til nemendanna í opinberu háskólunum þá skulu þeir borga þetta, a.m.k. þeir í Háskóla Íslands. Ekki er það nú mikill metnaður finnst mér. Ég held menn ættu frekar að vera stoltir af Þjóðarbókhlöðunni og hafa hana opna og nýta hana og hafa það hugarfar við.

Mér finnst þetta allt ákaflega dapurlegt, herra forseti, en auðvitað er þetta, því miður, angi af alveg gríðarlega stóru máli. Þetta er ein af mikilvægu víglínunum í okkar samfélagi, í okkar pólitík. Það er þessi hér af því þetta snýst í grunninn um viðhorf manna til jafnréttis á þessu sviði. Þetta er spurningin um það hvort menn í reynd vilji verja jafnrétti til náms. Svo koma hérna sjálfsagt ræðurnar um að þessi 45 þúsund kall sé svo lágur og hóflegur að hann mismuni nú engum o.s.frv. En menn hafa lagt á þessa braut.

Ég lít á menntun og aðgengi manna að menntun sem mannréttindi. Ég tel að það séu grundvallarmannréttindi að fá að þroska hæfileika sína og menntast í samræmi við efnalega möguleika þess þjóðfélags sem menn búa í. Því eru að sjálfsögðu slík almenn og ytri takmörk sett. En það er þannig í mínum huga að það að menn standi jafnt að vígi gagnvart menntunarmöguleikum í samfélagi er undirstöðujafnréttis- og mannréttindamál. Verkin sýna merkin. Við vitum alveg hvað gerist í þeim þjóðfélögum sem fara inn á braut einkavæðingar í menntakerfinu og taka upp há skólagjöld. Fari menn til Bandaríkjanna og skoði það bara þar. Hvaða möguleika eiga fátækir blökkudrengir sem eru að alast upp í Harlem á því að hljóta góða háskólamenntun í Bandaríkjunum? Enga, nema þeir séu undrabörn í körfubolta og komist inn í gegnum það. Er það inn á þessa braut sem við viljum fara? Ég segi nei.

Það að opinberu háskólarnir séu opnir án fjöldatakmarkana og án skólagjalda er undirstaðan að jafnrétti til náms á háskólastigi. Ástandið er þolanlegt á Íslandi í dag, þó hér séu komnir einkaháskólar með háum skólagjöldum, svo lengi sem valkosturinn er í boði, opinberir háskólar án skólagjalda sem standa mönnum til boða og með allar almennar námsbrautir. Að vísu er að halla undan fæti, t.d. núna ef það á að sameina Tækniháskólann og Háskólann í Reykjavík og færa inn í þá einkareknu stofnun nám sem hvergi annars staðar verður í boði á Íslandi. Þar eru há skólagjöld. Þá er farið að halla undan fæti því það er þá ekki lengur þannig að menn eigi val á milli þess að stunda slíkt nám í opinberum almennum háskóla og einkaskólanum. Þetta eru hornsteinarnir. Það eru opinberu skólarnir og auðvitað Lánasjóður íslenskra námsmanna. Því miður hefur verið sótt að þessu ítrekað og hart af Sjálfstæðisflokknum, undir forustu Sjálfstæðisflokksins, á hugmyndafræðilegum og pólitískum grunni. Það er alveg á hreinu. Dapurlega geðlitlir meðreiðarsveinar, nú í Framsóknarflokknum, tölta götuna á eftir þeim. Það er að vísu fagnaðarefni að hér er kominn einn varaþingmaður sem er látinn afplána viðveruna. (**Gripið fram í:** Var hérna áðan líka.) Þá biðst ég velvirðingar á því að hafa ekki séð það. Ég hygg nú að hv. þingmaður hafi þá verið í hliðarsal á meðan ég var að tala. En betra er að hann er hingað mættur og kannski fáum við að heyra hér réttlætingu og rök Framsóknarflokksins fyrir því að standa að þessum ósköpum með Sjálfstæðisflokknum ef þessi hv. þingmaður Framsóknarflokksins tekur til máls.

Ég held að það sé ósköp einfalt, herra forseti, hvað eigi að gera við þetta frumvarp. Það á að henda því og þeim sem því fylgja og það á að hækka fjárveitingar til háskólanna um 140 millj. kr. við 2. eða 3. umr. fjárlaga og þó meira hefði verið. Auðvitað er þetta aðeins angi af því að fjárhagsleg málefni þessara stofnana hafa langt frá því verið í nógu góðu lagi. Sjálft stoltið og flaggskipið í byggðaumræðu í landinu, uppbygging Háskólans á Akureyri sem flestir ljúka nú upp einum munni um að hafi verið ákaflega vel heppnuð aðgerð, er nú farin að stanga þök vegna þess að háskólinn getur ekki lengur tekið við öllum nemendum sem þangað leita vegna þess að hann fær ekki fjárveitingar til þess. Þannig að það er farið að bremsa af þá uppbyggingu hvað þá annað.

Okkar gamla góða móðurskip í háskólamenntun í landinu, Háskóli Íslands, er auðvitað grátt leikið og hefur verið um langt árabil. Svipaða sögu má segja um Kennaraháskólann sem auðvitað er gríðarlega mikilvæg stofnun og veitir nú ekki af að sæmilega sé að honum búið og kennurum auðvitað almennt eins og dæmin sanna og ég veit að ég þarf ekki að vísa til.

[17:36]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Við ræðum nú saman þrjú frumvörp, skattahækkunarfrumvörp upp á 140 millj. kr. frá hæstv. menntamálaráðherra sem fer hér fyrir hönd ríkisstjórnarinnar greinilega búin að finna breiðu bökin í landinu, þ.e. námsmenn við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskólann sem skulu, ef þessi frumvörp verða að lögum, borga 140 millj. kr. meira í skólagjöld eða skatt til ríkisins.

Það er með ólíkindum, virðulegi forseti, að fylgjast með ríkisstjórninni um þessar mundir. Hún lofaði miklum skattalækkunum fyrir kosningar. Fyrsta árið voru skattar hækkaðir um 4 milljarða sem mun þá þýða í kringum 16 milljarða á kjörtímabilinu. Svo eru tilkynnt núna rétt fyrir helgi skattalækkunaráform þar sem hluti af þessari skattahækkun sem tekin var á síðasta ári er svo lofað sem skattalækkunum. Þetta er með ólíkindum. Það er alveg með ólíkindum að við skulum núna ræða þetta frumvarp þar sem menntamálanefndarfólk stjórnarflokkanna lætur ekki sjá sig við umræðuna. Aumt er hlutverk Framsóknarflokksins alveg sérstaklega, B-deildar Sjálfstæðisflokksins, sem greinilega hefur látið troða þessu máli ofan í sitt víða kok. Þetta er vafalaust einn gjaldstofn þess að formaður Framsóknarflokksins skuli fá að sitja í forsætisráðherrastól undir verndarvæng Sjálfstæðisflokksins eitthvað áfram á þessu kjörtímabili, guð veit hvað lengi.

Virðulegi forseti. Ég segi þetta vegna þess að á flokksþingum og annars staðar er stefnan mörkuð. Það gerðist hjá Framsóknarflokknum fyrir kosningar að samþykkt var mik-

il og góð stefnuyfirlýsing, m.a. í mennta- og skólamálum, sem er nú rétt að hafa hérna aðeins uppi.

Virðulegi forseti. Það er frekar truflandi þetta mikla hljóð sem berst héðan úr hliðarsal. Maður hefur það stundum á tilfinningunni að verið sé að ræða við mann. En ég ætlaði að hafa það á orði hér, virðulegi forseti, hvað Framsóknarflokkurinn samþykkti á sínum síðasta landsfundi í mennta- og skólamálum. Með leyfi forseta, þá segir svo í kaflanum um mennta- og skólamál m.a.:

„Í mennta- og skólamálum leggur Framsóknarflokkurinn áherslu á eftirfarandi:

Halda ber fast í þá meginhugsun að nám ungs fólks sé öllum opið óháð efnahag og stöðu."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Almenn skólagjöld verði ekki tekin upp í grunnskólum og framhaldsskólum," — Kærar þakkir framsóknarmenn fyrir að ætla að láta grunnskólana alla vega vera. Ég hef nú ekki séð að það þurfi að taka sérstaklega fram — „né heldur í ríkisreknum háskólum." (**SJS:** Hvar stendur þetta?)

Þetta stendur í samþykkt Framsóknarflokksins frá landsfundi 2003. (**SJS:** Nú.) Þess vegna segi ég, virðulegi forseti, að það er eðlilegt að menntamálanefndarfólk Framsóknarflokksins, þau Dagný Jónsdóttir sem sérstaklega skal tekið fram að er erlendis á vegum þingsins ... (**Gripið fram í:** Að horfa á fótboltann.) En það getur líka verið að það sé skringileg tilviljun að Gunnar Birgisson er líka erlendis þegar þetta mál er flutt hér. Auðvitað hefði nú verið meiri bragur á því ef þetta mál hefði verið flutt þegar þau eru heima. En hv. þm. Hjálmar Árnason, hinn menntamálanefndarmaður Framsóknarflokksins, er ekki erlendis. En hann lætur ekki sjá sig við þessa umræðu til þess að verja þessa gjörð sem menntamálaráðherra hefur farið hér með fram eftir að vera búin að svínbeygja Framsóknarflokkinn til að láta af sínum stefnuatriðum og leyfa framlagningu þessa máls.

Bara svo ég hafi sagt það hér, virðulegi forseti, þá verður dálítið kyndugt og spennandi að fylgjast með því hvernig því máli reiðir fram sem er nú hjá stjórnarflokkunum, þar á meðal hjá Framsóknarflokknum, um sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands. Þegar haft er í huga hvað hv. varaformaður menntamálanefndar Dagný Jónsdóttir sagði hér í umræðu utan dagskrár um sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskólans þá getur maður auðvitað lesið það hér — og ég ætla að hafa það eftir hér á eftir — og séð að Framsóknarflokkurinn er ekki alveg tilbúinn.

Ég spái því, virðulegi forseti, að menntamálaráðherra leggi það frumvarp fram eins og þetta hér eftir að hæstv. forsætisráðherra, formaður Framsóknarflokksins, verður búinn að fara á þingflokksfund Framsóknarflokksins og vafalaust taka þetta þar út þingflokknum og heimila framlagningu vegna þess, eins og ég áður sagði, að þetta er hluti af gjaldinu fyrir forsætisráðherrastólinn.

Í ágætri grein sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson skrifaði í Fréttablaðið 28. október síðastliðinn er fjallað um skólagjöldin eða þessa námsmannaskatta sem er ágæt upprifjun, og ber að þakka Kristni fyrir það, fyrir okkur sem höfum áhuga á pólitík og fylgjumst að sjálfsögðu með flokksþingum annarra flokka því maður gat fylgst með því hvernig þessi ályktun sem ég nefndi áðan varð til. Kristinn lýsir þessu í blaðagreininni. Ég ætla að lesa úr þessari grein vegna þess að hún á heima í þingtíðindum:

„Stefna Framsóknarflokksins er skýr varðandi skólagjöld í ríkisreknum háskólum: engin skólagjöld. Í samþykkt síðasta flokksþings, sem haldið var í febrúar 2003, segir orðrétt um þetta: „Almenn skólagjöld verði ekki tekin upp í grunnskólum og framhaldsskólum, né í ríkisreknum háskólum."

Spyrja má hvort afstaða flokksins nái aðeins til grunnnáms í ríkisreknum háskóla þannig að varðandi framhaldsnám sé flokkurinn fylgjandi skólagjöldum eða hafi a.m.k. ekki hafnað þeim. Svarið er ótvírætt nei við báðum spurningunum. Flokksþingið vísaði frá tillögu um að bæta við orðunum „í grunnnámi" í ályktunina. Hún hefði þá hljóðað: „né í grunnnámi í ríkisreknum háskólum". Breytingartillagan hefði dregið úr aðaltillögunni, þannig að hún væri ekki eins víðtæk og afdráttarlaus. Andstaðan við breytingartillöguna var svo mikil að ekki var heimilað að mæla fyrir henni og ekki mátti ræða hana í umræðunum, tillögunni var umsvifalaust vísað frá með dagskrártillögu sem" — og takið þið nú vel eftir, virðulegi forseti, — „Dagný Jónsdóttir flutti og flestir viðstaddir forystumenn flokksins studdu. Skýrari afstöðu er ekki hægt að sýna til málsins.

Staðan er þá sú að hendur forustumanna flokksins og þingmanna eru algerlega bundnar í þessu máli. Þeir geta ekki hvikað frá samþykktri stefnu. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eru ekki boðuð skólagjöld og reyndar hvergi á þau minnst. Þar stendur að meðal helstu markmiða ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á kjörtímabilinu sé: að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms án tillits til búsetu og efnahags. Stjórnarsáttmálinn var samþykktur í miðstjórn flokksins, og í honum felast engar heimildir til þess að víkja frá samþykktri stefnu flokksþingsins 2003.

Nú er spurt: Er Framsóknarflokkurinn tilbúinn til þess að taka upp skólagjöld í sameinuðum háskóla Tækniháskólans og Háskóla Reykjavíkur? Verði nýi háskólinn ríkisrekinn er svarið skýrt og ótvírætt nei. Flokkurinn getur ekki staðið að því nema þá að sækja áður nýja stefnu til næsta flokksþings. Verði nýi skólinn ekki ríkisrekinn háskóli þá þarf fyrst að ákveða hvort ríkið selji Tækniháskólann eða eigi hann áfram og leggi skólann með gögnum og gæðum inn í nýjan skóla sem yrði til úr þeim báðum. Ef ríkið selur Tækniháskólann er um dæmigerða einkavæðingu að ræða og það er alveg nýr flötur."

Svo kemur, virðulegi forseti, og rétt að ítreka að ég er að lesa upp úr grein sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson skrifaði í Fréttablaðið 28. október sl.:

„Framsóknarflokkurinn hefur ekkert gefið undir fótinn með einkavæðingu í skólakerfinu og það á eftir að ákveða stefnuna. Niðurstaðan er þá að flokkurinn getur ekki staðið að slíku nú. Þá er það síðasti kosturinn, sameinaður skóli sem er ekki ríkisrekinn. Hugsanlega má koma sér undan formlegri samþykkt flokksþings með þeirri leið, en ég held að fæstum muni blandast hugur um að þar væri aðeins verið að fara í kringum samþykktina og opna fyrir almenn skólagjöld í öllu háskólanámi. Til dæmis með því að sameina svo Verkfræði- og raunvísindadeild HÍ við hinn sameinaða skóla, eða sameina lagadeild HÍ við Viðskiptaháskólann á

Bifröst. Þessi leið gengur ekki heldur. Niðurstaðan úr öllum möguleikum er sú sama, að óbreyttri stefnu flokksins getur hann ekki staðið að því að taka upp almenn skólagjöld. Einfalt og skýrt. Engin skólagjöld."

Virðulegi forseti. Eftir þennan lestur og þegar haft er í huga það sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir, varaformaður menntamálanefndar, hefur sagt er alveg með ólíkindum hvað garmurinn hann Ketill, hvað garmurinn hann Framsóknarflokkurinn getur endalaust látið troða ofan í kokið á sér í þessum málum. Þögn þeirra og fjarvera í þingsalnum fyrir utan hv. varaþingmann, Þórarin E. Sveinsson, sem vissulega er varamannslegur og tekur vörnina þétt og ekki gott að mæta honum á fleygiferð alla vega í sókninni. Þögnin er hrópandi en vafalaust mun hv. þm. Þórarinn E. Sveinsson ræða þetta mál og taka til varna fyrir garminn Framsóknarflokkinn.

Virðulegi forseti. Rétt í lokin langar mig að fara aðeins yfir umræðuna sem ég vitnaði til áðan. Ég held nefnilega að það hafi ekki verið nægur gaumur gefinn að því sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir sagði þá. Ég tek skýrt fram að ég tel ákaflega mikilvægt að fá þetta inn í umræðuna til að fylgjast með því hvernig því máli reiðir af í þingflokki Framsóknarflokksins um þessar mundir — ég geri ráð fyrir að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins sé löngu búinn að samþykkja þetta. En af því að málið er ekki komið fram spyr maður sig auðvitað að því: Hvað með Framsóknarflokkinn?

Til að hafa það alveg á hreinu vona ég að hv. þm. standi við ákveðin varnarorð í ræðu sinni og Framsóknarflokkurinn standi við en láti ekki svínbeygja sig í því máli eins og öllum öðrum.

Við skulum hafa það í huga, virðulegi forseti, að það var einmitt hv. þm. Dagný Jónsdóttir sem orðaði það svo vel forðum þegar hún þurfti að bakka með einhver mál gagnvart Framsóknarflokknum og gagnvart stjórnarstefnunni að menn verði jú að spila með í liðinu. Það sem áður hefur verið sagt skiptir því engu máli því menn verða að spila með.

En í umræðunni um sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands sagði hv. þm. m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Tilgangur sameiningar Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands er réttmætur. Efla á samskipti atvinnulífs og skólans og mun það án efa vera forsenda framþróunar og aukinnar samkeppnishæfni í atvinnulífi hér á landi."

Síðan var gripið fram í fyrir henni og sagt: „Hvað með skólagjöldin?" Ekkert svar fékkst við því en áfram skal haldið með ræðu hv. þm.:

„Þetta hljómar vel og við höfum í mörg ár talað um að efla þurfi tæknimenntun í landinu. Ég tel engan vafa leika á því að sameiningin muni stuðla að því."

Svo kemur það sem ég vil leggja sérstaka áherslu á, með leyfi forseta:

„Hins vegar eru mörg atriði sem við þurfum að skoða og eiga eftir að koma til umræðu í þinginu. Þar ber auðvitað hæst umræða um skólagjöld. Í viljayfirlýsingunni sem undirrituð var í gær er gert ráð fyrir að háskólinn hafi heimild til að innheimta skólagjöld. Það er engin nýbreytni í tilfelli Háskólans í Reykjavík en nýtt fyrir Tækniháskólann. Þar eru námsleiðir sem hingað til hafa ekki borið skólagjöld. Má þar nefna heilbrigðisgreinar eins og geislafræði, meinafræði og t.d. frumgreinadeild."

Að lokum segir hv. þm. sem taka má undir:

„Ég ítreka að ég fagna sameiningunni og tel að í henni felist mikil tækifæri. En málið á eftir að fá þinglega meðferð og við munum og eigum eftir að fá að sjá nánari útfærslu sem og röksemdafærslu málsaðila."

Virðulegi forseti. Ég hélt að hæstv. menntamálaráðherra mundi vera í salnum því ég hafði hugsað mér að leggja fram spurningar fyrir hæstv. ráðherra um hvort til stæði að lána fyrir skattheimtunni upp á 140 millj. kr. frá Lánasjóðnum. Jafnframt langaði mig að spyrja hæstv. ráðherra hvort það hefði verið reiknað út, ef ekki verður lánað fyrir þeim, hvað námsfólk þarf að þéna miklu meira á sumrin til að eiga fyrir þessum nýju 140 millj. kr. sköttum. Mér gefst kannski tækifæri til að spyrja hæstv. menntamálaráðherra um þetta á eftir í andsvari þegar hún heldur síðustu ræðu sína.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég segja um skattahækkunina. Mér finnst afar eftirtektarvert að menntamálanefndarfólk stjórnarflokkanna, sem ég hef talað um að er ekki viðstatt, lætur ekki sjá sig þó að tveir séu erlendis á vegum þingsins. Hv. þingmenn Kjartan Ólafsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Hjálmar Árnason hafa ekkert látið sjá sig, og eins og ég hef áður sagt og vil ítreka þá skil ég vel að Framsóknarflokkurinn láti ekki sjá sig vegna þess að aumt er þeirra hlutverk og vafalaust erfitt að réttlæta það.

Virðulegi forseti. Af því að ég sé að hæstv. menntamálaráðherra er kominn, sem ég þakka kærlega fyrir, vil ég spyrja að því hvort það eigi að lána frá lánasjóðnum fyrir þessari 140 millj. kr. skattheimtu. Ef svo er ekki langar mig að heyra hvort það hafi verið skoðað í menntamálaráðuneytinu hvað námsmenn, sem þurfa að greiða þessar 140 millj. kr. í aukna skattheimtu, þurfi að afla miklu meiri tekna, hvað þeir þurfi að hafa í laun til að eiga eftir fyrir þeim 140 millj. kr. sem ríkisstjórnin leggur á námsmenn í landinu. Eins og ég sagði áðan: Vont er þegar þeir hafa kosið að ráðast á námsmenn með þessum hætti og auka skattheimtu eins og gert hefur verið að umtalsefni.

[17:54]

Þórarinn E. Sveinsson:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að koma upp og fá að bera blak af mönnum mínum sem ekki eru í salnum. Það er eitt sem varaþingmaður þarf að læra mjög fljótt, að vera ekki í salnum en fylgjast samt með umræðunni. Ég held að ég geti fullvissað áhyggjufulla þingmenn um að bæði hv. þm. Hjálmar Árnason og hv. þm. Dagný Jónsdóttir, sem eins og fram hefur komið eru ekki á staðnum, fylgjast með umræðunni og munu koma að henni á eftir sem hingað til ásamt öðrum þingmönnum Framsóknarflokksins.

Ég held að ég taki það bara sem hrós að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon — sem gengur einmitt í salinn núna — hefur tvisvar sinnum ekki tekið eftir því þegar ég hef verið í salnum. Ég hélt að það færi meira fyrir mér en það og get fullvissað hann um að allan þann tíma sem hann talaði sátu hér vel á annað hundrað kíló af framsóknarmönnum í salnum og fylgdust með ræðu hans. Alla vega var nógu mikið

magn af framsóknarmönnum í salnum, þó hann ásamt fleiri þingmönnum léti ræðurnar um skólamálin snúast mest um fjarveru framsóknarmanna. Það er ágætt, til þess eru breiðu bökin að bera umræðuna og ef menn vilja láta umræðuna snúast um fjarveru okkar framsóknarmanna er það bara ágætt. *En nóg um það, ég nenni ekki að svara því meira.*

Ég tel að hér sé til umræðu breyting á eldri lögum, framreikningur á innritunargjöldum eða skráningargjöldum en alls ekki umræða um skólagjöld, þó ég geti vel skilið að menn segi að þetta sé grátt svæði og viti ekki hvar mörkin liggja, þau eru óskýr og eðlilegt að menn velti því fyrir sér. En núna erum við eingöngu að tala um framreikning á innritunargjöldum. Hér er lagt fram ágætlega rökstutt mál og ég skil ekki orð sumra þingmanna sem fallið hafa í salnum um hversu illa þetta sé unnið. Ég hef unnið t.d. í Háskólanum á Akureyri og er með ágætisháskólanám á bakinu og ég ætla alla vega ekki að taka þátt í því að gerast einhver „besservisser" hér og tala um hvað útreikningurinn sé asnalega unninn. Menn geta verið ósammála honum, það er allt annað, en mér er ekki sæmandi að tala um slæleg vinnubrögð og að illa sé að málum staðið í því sem skólarnir skila frá sér. Menn geta verið ósammála, það er allt í lagi, en vissulega er rökstuðningur fyrir útreikningunum. Hér er verið að ræða um skráningargjöld og ég get fullvissað menn um að þingflokkur Framsóknarflokksins hefur afgreitt málið sem slíkt.

Umræðan um skólagjöld er svo allt önnur umræða og þannig séð ánægjulegt að sú umræða er komin inn í þingsali. Sú umræða er á fleygiferð í samfélaginu og ég þakka ágætum hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir að lesa upp úr stefnuskrá framsóknarmanna og umræðum á síðasta flokksþingi þar sem hann vitnaði í grein hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Þar var umræða um skólagjöld, hvernig og hvort við eigum að standa að skólamálunum í landinu.

Það vita allir að eitt af grundvallarsjónarmiðum Framsóknarflokksins er að standa vörð um skólakerfið og heilbrigðiskerfið. Það á að vera jafnræði og jafnt aðgengi fyrir alla að báðum kerfunum, það vita allir. Þess vegna er þetta raunar útúrsnúningur í umræðunni.

Ef verið væri að ræða skólagjöld sneri málið öðruvísi við. Ég reikna með því og vona að sú umræða fari fram í öllum þingflokkum og í hv. menntamálanefnd. Ég held að nauðsynlegt sé að taka þá umræðu vegna þess að skólarnir, eins og svo margt annað á síðustu árum, hafa verið á fleygiferð, í mikilli þróun og örri sókn. Nýir námsmöguleikar hafa komið til, bæði á einkaskólastigi og á ríkisskólastiginu. Það er fullt af námi og fullt af þekkingu sem við getum aflað okkur dagsdaglega án þess að ríkisskólarnir komi að því. Menn fara á alls konar námskeið, þess vegna dagsnámskeið, sem þeir borga miklu hærri gjöld fyrir en innritunargjöldin sem hér eru til umræðu.

Þessi umræða er mjög nauðsynleg og þetta er, eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, nákvæmlega angi af stærra máli, miklu stærra máli. Ég er alveg sammála honum í því að menntun er mannréttindi og á að vera jöfn fyrir alla. Hins vegar erum við að mennta fólk úti um allt samfélag á mjög mismunandi hátt, og það er ekki víst að þar sé alls staðar jafnræði. Tökum t.d. heilbrigðiskerfið. Við erum með mjög gott heilbrigðiskerfi, og mjög dýrt. Við erum með mikinn kostnað inni í því sem hlýst af því að mennta fólkið okkar. Mikil kennsla fer fram inni í heilbrigðiskerfinu. Er það heilbrigðiskostnaður eða er það menntunarkostnaður?

Við getum tekið fullt af sérnámi sem er mjög dýrt. Þar *ríkir ekki jafnrétti til náms. Ríkir* t.d. *jafnrétti til* að læra flug? Er það jafnrétti? Margt svona sérnám kostar og það borgar einstaklingurinn. Mér finnst alveg hægt að ræða það og er tilbúinn að gera það í mínum þingflokki, hvort sem mér endist varamannsaldur til þar eða ekki, en annars í mínum kreðsum sem og annars staðar í samfélaginu. Ég er alveg tilbúinn að ræða það hvort taka eigi upp einhvers konar gjald fyrir framhaldsnám á efri háskólastigum. Ég er ekki alveg viss um að við eigum að horfa upp á samfélag þar sem allt nám endar í master eða doktor. Ég er ekki viss um að við eigum að hvetja alla til að fara í það. Mjög margir þeirra sem eru að fara í masters- og doktorsnám núna eru einstaklingar sem eru búnir að vera einhver ár í vinnu úti í samfélaginu. Það eru menn sem hafa unnið í 5, 10, 15 ár eða meira, fara í endurmenntun og taka þá masterinn ofan á námið sitt, gamla námið sitt. Mér finnst alveg mega ljá því sjónarmiði umræðu og ég get alveg haft þá skoðun að það sé nám sem eigi að horfa allt öðruvísi á en grunnnámið.

Ég þakka hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir hvað hann las vel upp úr flokkssamþykktum Framsóknar frá síðasta þingi. Það er alveg hárrétt eins og frem kemur í greininni eftir hv. þm. Kristin H. Gunnarsson, þessu var hafnað á síðasta flokksþingi *en það er nýtt flokksþing í vor og í millitíðinni* hefur heilmikið gerst í skólamálum. Sem betur fer hefur það oftar en ekki verið þannig að við þurfum að laga okkur að breyttu landi og breyttu umhverfi. Hver hefði t.d. getað spáð því fyrir örfáum árum að fjármálastofnanir Íslands færu í þá útrás sem þær hafa farið í? Eða hver hefði getað spáð því að einstök fyrirtæki sem hafa upphaf sitt í verslun á Íslandi gætu farið í þá gífurlegu útrás sem raun ber vitni?

Að mörgu leyti hefði á sama hátt enginn getað spáð því fyrir örfáum árum að skólarnir mundu þróast á þann hátt sem þeir hafa gert, eiga að gera og munu gera. Ég tel það bara til tekna fyrir Framsóknarflokkinn að taka þessi mál upp á flokksþingi í hvert einasta skipti og vera tilbúinn að skipta um skoðun. Það er engin skömm að því að skipta um skoðun ef það er gert að undangenginni umræðu. Nú er ég ekkert að segja að það verði. Ég er alls ekki að segja að það verði. Þetta var umræðan á síðasta þingi og þetta er það sem út af fyrir sig stendur, enda eru menn ekki að tala um skólagjöld heldur innritunargjöld.

Ég tek undir að það hefur verið aðalsmerki okkar framsóknarmanna og Framsóknarflokksins að standa vörð um jafnrétti til skólanáms og allt annað er raunar útúrsnúningur *af hálfu hv. þingmanna. Ef þeim finnst* þetta gaman — það er svolítið skondið, þetta eru ágætar ræður og gaman að hlusta á þá — getum við framsóknarmenn alveg tekið á móti því, ef þeir njóta þess vel. Ég get fullvissað hv. þm. Kristján L. Möller um að við munum mæta honum af fullum þunga í fótboltavörninni á þessum nótum þegar þar að kemur. Ég ítreka að hér er umræðan um innritunargjöld, ekki skólagjöld, en það er mjög gott að menn taki þá umræðu (**Gripið fram í:** Allir í vörninni?) þegar þar að kemur. Við þurfum að byggja þetta upp frá vörninni.

[18:04]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Þórarin E. Sveinsson út í ályktanir flokksþings Framsóknarflokksins sem ég las upp áðan og skal lesa aftur upp. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Halda ber fast í þá meginhugsun að nám ungs fólks sé öllum opið óháð efnahag og stöðu."

Og síðar:

„Almenn skólagjöld verða ekki tekin upp í grunnskólum og framhaldsskólum né heldur í ríkisreknum háskólum."

Virðulegi forseti. Mig langar að fá svar við því: Hvað þýðir svona samþykkt á landsfundi Framsóknarflokksins?

[18:05]

Þórarinn E. Sveinsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka að hér er ekki verið að ræða um skólagjöld, hér er verið að ræða um innritunargjöld og ég held að hv. þingmaðurinn hafi sjálfur lesið upp textann. Þetta þýðir það sem þar stendur, að almenn skólagjöld verði ekki tekin upp. Það er það sem síðasta flokksþing ákvað og það er það sem stendur, enda er hér ekki verið að ræða um það eins og margsinnis hefur komið fram.

Svo get ég glatt hann með því að það er nýtt flokksþing í vor og þá getur hann fylgst með umræðu um skólamál og er velkominn til að hlusta á það á flokksþinginu hjá okkur.

[18:06]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Framsóknarmenn ætla að reyna að skjóta sér á bak við það að þetta séu innritunargjöld. Þá er önnur spurning mín til hv. þingmanns: Hvað mega innritunargjöld vera há, að mati framsóknarmanna, áður en farið er að telja þau sem skatta eins og hér er verið að tala um? Var það meining framsóknarmanna á landsfundinum að það væri allt í lagi að innheimta 140 millj. kr. námsmannaskatt sem við erum að tala um núna í þremur skólum?

[18:06]

Þórarinn E. Sveinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla út af fyrir sig ekki að nefna þá krónutölu en kallað var eftir rökstuddum útreikningi frá skólanum til að reyna að gera sér grein fyrir því hvað þessi gjöld ættu að vera há. Í augum greiðenda eru þau alltaf of há og í augum skólans eru þau sjálfsagt of lág en þess vegna var það núna, að mér skilst af mér fróðari mönnum, en ekki gert á sínum tíma. Núna var kallað eftir þessum rökstuðningi sem sumir þingmenn hafa nefnt að sé ekki sæmandi að leggja fram en það var kallað eftir þessum rökstuðningi vegna þess að þetta er rökstuddur kostnaður, að beiðni skólanna og eftir umfjöllun þeirra.

[18:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þórarni E. Sveinssyni fyrir það hugrekki að koma í þennan ræðustól og reyna að taka upp varnir vegna þess máls sem hér um ræðir. Ég er satt að segja ekki mjög vanur því að reyna að lesa í hugarþel framsóknarmanna, þeir eru fáir í mínum heimabæ, en ég ætla að reyna hins vegar að fá einhvern botn í það sem spurt var um áðan: Hvenær hættir innritunargjald að vera innritunargjald og breytist í skólagjald?

Ég vil líka spyrja: Ef hér er um innritunargjald að ræða — af því að hv. þm. kemur frá Akureyri, getur hann upplýst mig um það hvaða hækkun hafi verið á kostnaði í Háskólanum á Akureyri við innritun nemenda sem kallar fram 40% hækkun milli ára? Það er ósköp skýr spurning og ég vænti þess að hann hafi hugrekki til að svara af einlægni og heiðarleika.

[18:08]

Þórarinn E. Sveinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get svo sem ítrekað það sem ég hef sagt áður að það var kallað eftir þessum rökstuðningi. Hann kom frá öllum skólunum og ég get ekki farið út í þá umræðu einangrað um Akureyri varðandi spurningu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Kannski er heldur ekki rétt að taka einn skóla út úr. Ég ítreka að þetta eru innritunargjöld. Það var kallað eftir þessum rökstuðningi og menn sættust á þessa tölu en sjálfsagt er hún of há í augum greiðenda, í augum skólans of lág.

[18:09]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ber það mikla virðingu fyrir framsóknarmönnum að ég held að þeir hljóti að hafa vitað hvað þeir voru að samþykkja á flokksþingi sínu. Ég árétta að ég held að hv. þingmaður hljóti að hafa einhverja minnstu hugmynd um það hvenær þetta gjald verður það hátt að það breytist í skólagjöld. Það gefur augaleið. Framsóknarmenn hljóta að gera þær kröfur til sjálfra sín að samþykktir þeirra séu það gagnsæjar að það fólk sem les þær hafi einhverja minnstu hugmynd um það hvort innritunargjaldið sé 40 þús. kr. — er það 100 þús. kr., er það 500 þús.? Hvenær verður sá skurðarpunktur að mati framsóknarmanna að gjaldið breytist í skólagjöld? Þetta er kjarni málsins.

Það er alveg sama hvað hv. þm. endurtekur það oft að hann líti á þetta sem innritunargjald. Spurningin stendur eftir: Hvenær áttu framsóknarmenn við það að skólagjöld væru orðin skólagjöld? Er það 30 þús., 50 þús., 100 þús., 500 þús.? Gefðu okkur einhverja hugmynd, virðulegur þingmaður. Það væri gott að lifa með því.

[18:10]

Þórarinn E. Sveinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að svara síðustu spurningunni er náttúrlega hugmyndin framkomin. Þetta er það sem menn eru sammála um í þessum umgangi. (**Gripið fram í:** ? þessari umferð?) Þetta er eins og ég hóf mál mitt á áðan framreikningur á gömlum lögum sem ég hélt að hefðu verið upphaflega sett fyrir flesta skólana 1994 en einhver nefndi 1991 þannig að ég ætla ekki að gefa mig út í það hverjir settu þetta á upphaflega.

Sá er nákvæmlega kjarni málsins og það gefst ekki tími til að fara miklu lengra í það. Þetta er umræðan sem er í gangi úti í samfélaginu og ég fagna því að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson taki þetta svona upp. Þetta er um-

ræða sem við þurfum að taka og ég er alveg tilbúinn (Gripið fram í.) að taka þátt í henni með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og hverjum sem er. Menn eru sammála því að taka hógvær innritunargjöld og þau breytast auðvitað með tímanum. Það er það sem verið er að breyta hér. Menn eru að breyta gömlum lögum í ný.

[18:11]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka hv. þm. Þórarni E. Sveinssyni fyrir að standa í stólnum og halda uppi merki Framsóknarflokksins sem því miður hefur fallið niður í umræðum í dag. Hér er líka kominn annar framsóknarmaður í salinn, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, höfundur greinar sem hér var lesin áðan. Hann er velkominn í stólinn á eftir að skýra sitt mál og það hvernig málið samræmist þeirri samþykkt á þingflokksfundi Framsóknarflokksins sem við vorum upplýst um áðan.

Ég vil spyrja hv. þm. Þórarin Sveinsson hvort það hafi komið fram á þingflokksfundinum hvort um væri að ræða skatt eða þjónustugjöld vegna þess að það er grundvallaratriði í þessu máli. Mér heyrist á þingmanninum að hér hafi verið talið vera um skatt að ræða vegna þess að hann talaði um hógvær innritunargjöld. Þjónustugjöld geta hvorki verið hógvær né ókurteis, heldur eru þau greiðsla fyrir ákveðna þjónustu. Má skilja orð þingmannsins svo að hér sé um þjónustugjöld eða skatt að ræða?

[18:13]

Þórarinn E. Sveinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ætli ég geri ekki orð síðasta ræðumanns að mínum? Út af fyrir sig lá ekki fyrir nein tillaga um það hvort hér væri um skatt eða þjónustugjald að ræða. Menn ræddu það ekki á þeim nótum þannig að ég þakka bara fyrir góða ábendingu frá hv. þm. Merði Árnasyni og skal fara með það í liðið mitt og spyrja hvað liðsheildin vill meina um það. Hvort er þetta skattur eða þjónustugjald? Þetta er í okkar huga innritunargjald.

[18:13]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vilja gera það fyrir mig að fara og spyrja afganginn af Framsóknarflokknum um þetta. Á meðan það er ekki ljóst stendur það sem Framsóknarflokkurinn hefur sagt í þessari umræðu, að hér sé um að ræða hógvær innritunargjöld, þ.e. skatt.

[18:14]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitt af því sem hv. þm. Þórarinn E. Sveinsson, talsmaður Framsóknarflokksins í þessari skólagjaldaumræðu, sagði í ræðu sinni var að Framsóknarflokkurinn vildi standa vörð um jafnrétti til náms umfram allt annað. Ég er hv. þingmanni sammála. Þess vegna finnst mér það ekki vera alfa og omega þessa máls hvort hér sé um skatt að ræða eða þjónustugjald, hvort hér sé um innritunargjald að ræða eða skólagjald. Ég er á móti hvoru tveggja í opinberum háskólum vegna þess að ég vil standa vörð um jafnrétti til náms, eins og hv. þingmaður. Ég vil spyrja hann: Hvernig getur hann réttlætt það fyrir hönd Framsóknarflokksins að hér sé um eitthvert jafnréttismál að ræða, hér sé ekki ógnað því sem hann kallar jafnrétti til náms?

[18:15]

Þórarinn E. Sveinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hér er um ógnun að ræða, sem ég ætla aðeins að láta liggja á milli hluta, er náttúrlega sú ógnun löngu komin fram. Hér er leiðrétting á gömlum lögum, eins og margbúið er að segja.

Þetta er samt ágætt. Ef maður gleymir stórum orðum er þetta ágæt umræða. Það er nauðsynlegt að þingið ræði um það hvernig við stöndum að skólakerfinu í framtíðinni. Skólakerfið hefur verið, eins og ég reyndi að segja í framsögunni, á þannig siglingu að þetta snýst ekki eingöngu um innritunargjaldið. Ég tek undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og fleirum sem hér töluðu, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði svona líka, þetta er angi af miklu stærra máli og og það er um að gera og nauðsynlegt að taka þá umræðu. Hér eru að spretta upp nýir skólar úti um allt, sumir með mjög há innritunargjöld og sumir með mjög há skólagjöld og þetta er auðvitað hlutur sem samfélagið þarf að fara yfir í heild sinni.

[18:16]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Einmitt vegna þess sem hv. þingmaður lýsir, vegna þeirrar háskólaflóru sem við búum nú við, er þeim mun meiri þörf fyrir það að standa vörð um opinberu háskólana og tryggja að allir sem ekki ætla sér að læra í sjálfseignarstofnunum eigi þá möguleika á að koma til opinberu háskólanna og læra þar. Þess vegna er mjög mikilvægt eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti á í ræðu sinni áðan að ekki verði farið inn á þá braut að gera ákveðnar námsbrautir eingöngu opnar þeim sem eru til í að borga há skólagjöld. Það skiptir verulegu máli að hér sé um val að ræða og að íslenskir stúdentar eigi þess kost að læra í opinberu háskólunum án skólagjalda.

Ég held að ég verði að segja það við þessa umræðu, hæstv. forseti, að mér finnst stóll hæstv. forsætisráðherra vera fullháu verði keyptur.

[18:17]

Þórarinn E. Sveinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem upp til að segja að ég held einmitt að ræða síðasta hv. þingmanns sýni það að menn geta alveg náð samstöðu í þessu máli þegar menn ræða það á þeim faglegu nótum sem þessi umræða á allra helst skilið. Ég get alveg tekið þátt í þeirri umræðu að í dag sé ekki jafnrétti til náms í öllum fögum á landinu. Ekki er allt nám jafnaðgengilegt öllum og það er líka þannig þróun í skólakerfinu að ekki eru allir skólar jafnaðgengilegir öllum. Hlutverk okkar er að halda ríkisskólunum vel samkeppnishæfum. Hvernig gerum við það best? Það má alveg hafa þá skoðun að ef þetta innritunargjald væri ekki aðlagað núna hefðu tekjur skólanna minnkað sem þessu nemur. Þetta er eingöngu lítill hluti af öllu stóra málinu sem ég veit og vona að verði rætt hér.

[18:18]

Útbýting:

Gini-stuðull, 354. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 407.

Virðisaukaskattur af lyfseðilsskyldum lyfjum, 353. mál, fsp. PBj, þskj. 406.

Vöruflutningar til og frá Vestur-Barðastrandarsýslu, 352. mál, fsp. PBj, þskj. 405.

[18:19]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu mjög stórt prinsippmál að mínu mati. Hér er verið að ræða um 40% hækkun á skólagjöldum í ríkisháskólunum og ég skil satt að segja ekki þá umræðu sem hefur átt sér stað í dag um það hvort þetta séu skólagjöld eða þjónustugjöld. Það liggur fyrir lagaleg skýring á því hvað þjónustugjald er og þetta er augljóslega ekki þjónustugjald. Sú umræða þarf ekki að verða meiri.

Það er líka ágætt að halda því til haga að hér er um að ræða 40% hækkun á skólagjöldum ríkisháskólanna en síðast var þetta gjald hækkað árið 2001 og þá einnig um 40%. Við sjáum að gjaldtakan á nemendur í ríkisháskólunum hefur verið að aukast.

Það er einnig fróðlegt að skoða, sem tengist umræðu um það hvort það séu skólagjöld eða ekki, hvað tekið er inn í þetta svokallaða skrásetningargjald. Þeir telja það vera hluta af skráningu að hafa aðgang að bókasafni og tölvum. Þeir telja að alþjóðaskrifstofan, námsráðgjöf og prófgæsla séu hluti af skráningu og jafnvel í samantekt Háskóla Íslands kemur fram að íþróttahúsið hafi átt að vera hluti af skráningarferlinu. Flestir sem láta sig þessi menntamál varða eru þó sammála um að menntakerfið og þá sérstaklega háskólastigið hafi búið við mikið fjársvelti undanfarin ár. Það er aðalatriði þessarar umræðu.

Hæstv. menntamálaráðherra lét hins vegar ein af sínum fyrstu ummælum í starfi vera þau að Háskóli Íslands væri ekkert blankur. Hún orðaði það svona, hæstv. menntamálaráðherra, í fjölmiðlum: Háskóli Íslands er ekkert blankur. Þá væri kannski fróðlegt að spyrja: Af hverju er verið að auka gjaldtökuna af nemendum ef háskólann vantar ekki pening?

Einnig er í greinargerð þessa frumvarps hæstv. menntamálaráðherra komið inn á að þetta frumvarp sé að ósk ríkisháskólanna. Það væri mjög fróðlegt að ganga eftir svörum hjá hæstv. menntamálaráðherra um það hvaða stofnanir ríkisháskólans óskuðu eftir þessari hækkun. Gerði háskólafundur það eða háskólaráð eða stúdentaráð? Það kemur ekki fram í greinargerðinni.

Ég held að það væri ráð að hæstv. menntamálaráðherra mundi heimsækja forsvarsmenn allra deilda háskólans eins og þingmenn Samfylkingarinnar gerðu í upphafi þessa árs. Þá mundi hún fljótt heyra að blankheit skólans eru svo sannarlega fyrir hendi. Þetta veit starfsfólk háskólans og þetta vita stúdentar. Hæstv. menntamálaráðherra hefur þó fjallað, m.a. í grein sinni frá 7. febrúar sl. í Morgunblaðinu, um þá aukningu sem átt hefur sér stað undanfarin ár á fjármagni til háskólastigsins. Hún tekur hins vegar ekki fram að sú aukning svarar aðeins til þess fjölda sem hefur aukist og að samhliða nemendaaukningu hafa laun starfsfólks háskólastigsins hækkað talsvert. Því er þetta aukna fjármagn sem hæstv. menntamálaráðherra vísaði til eingöngu vegna nemendafjölgunar og launahækkana og nær þó ekki að halda í við þessa tvo þætti. Ef við lítum eingöngu á Háskóla Íslands kemur meira að segja fram í grein hæstv. menntamálaráðherra frá febrúar sl. að aukningin á fjármagni til Háskóla Íslands frá árinu 2000 er minni en sem nemur nemendafjölgun á sama tíma. Gagnvart Háskóla Íslands hafa stjórnvöld þannig farið aftur á bak. Hér er ekki verið að ræða um einhverja meðvitaða aukningu í menntamál eins og má skilja af málflutningi hæstv. menntamálaráðherra.

Hæstv. menntamálaráðherra lendir einnig í vandræðum þegar kemur að samanburði við aðrar þjóðir. Í nýjustu skýrslu OECD kemur fram að Íslendingar eru einungis hálfdrættingar á við önnur Norðurlönd þegar kemur að útgjöldum til háskólastigsins. Og þótt við mundum auka útgjöld til háskólastigsins um 1 prósentustig af landsframleiðslu, þ.e. um 8 milljarða, næðum við ekki efstu þjóðum. Þetta sýnir hversu langt að baki við stöndum í alþjóðlegum samanburði þegar kemur að háskólastiginu.

Það er fróðlegt að skoða fleiri staðreyndir um stöðu Íslands í menntamálum. Ef við lítum til opinberra útgjalda til menntamála að teknu tilliti til aldursdreifingar þjóðarinnar er Ísland einungis í 14. sæti af 28 þjóðum. Hér erum við langt að baki öðrum Norðurlandaþjóðum. Samkvæmt nýjustu skýrslu OECD er Ísland einungis í 10. sæti séu útgjöld á nemanda frá grunnskóla til háskóla skoðuð. Samkvæmt sömu skýrslu ver Ísland aðeins 0,9% af landsframleiðslu sinni til háskólastigsins sem er allt að helmingi lægra hlutfall en hinar Norðurlandaþjóðirnar gera.

Það er einnig fróðlegt að stúdera þessa nýjustu skýrslu frá OECD sem hefur samanburðarhæfar tölur. Samkvæmt henni ljúka mun færri einstaklingar háskólanámi á Íslandi en í nágrannalöndunum. Það er ákveðin þjóðsaga hér á landi að við Íslendingar séum gríðarlega menntuð þjóð í alþjóðlegum samanburði. Svo er ekki eins og sjá má ef við lítum til OECD-þjóðanna. Um það bil 29% þjóðarinnar á aldursbilinu 25–34 ára hafa lokið háskólanámi en það er talsvert lægra hlutfall en hjá flestum öðrum Vestur-Evrópuþjóðum. Í Noregi og Svíþjóð er þetta hlutfall 39%, Finnland er með 40% og t.d. Írland og Spánn 37%. Við erum með 29% og hér vísa ég til ungs árgangs, 25–34 ára. Ég er ekki að taka eldri kynslóðirnir inn í breytuna sem eðli málsins samkvæmt hafa minni menntun.

Við getum líka litið á brottfallið úr framhaldsskólum en það er um 30% á Íslandi en meðaltal OECD-þjóðanna er 19%. Einungis fjögur lönd eru verr sett hvað þetta varðar en Ísland. Ef við lítum á það hlutfall íslensku þjóðarinnar sem hefur ekki lokið framhaldsskólaprófi er það mun hærra. Samkvæmt nýjustu skýrslu OECD hefur 61% af Íslendingum á aldrinum 25–34 ára lokið framhaldsskólaprófi en þetta hlutfall er annars staðar á Norðurlöndunum 86–94%. Við erum með 61%. Nánast annar hver Íslendingur hefur einungis lokið grunnskólaprófi og við erum í 25. sæti af 30 OECD-þjóðum hvað þetta varðar.

Svo má taka aðra mælikvarða. Samkvæmt frekar nýlegri könnun af læsi náðu Íslendingar rétt meðaltali og almennt séð hafa Íslendingar staðið sig illa í alþjóðlegu TIMSS-

könnununum. Svo má benda á enn einn faktor um stöðu menntamála hér á landi, 30–40% íslenskra nemenda ná ekki lágmarkseinkunn í samræmdum prófum í 10. bekk grunnskólans. Það muna allir hér inni í hvaða vesen hæstv. menntamálaráðherra setti framhaldsskólanemendur fyrr á árinu þegar fólk gat ekki fengið vist í þeim skólum sem það sótti eftir þrátt fyrir lögbundna skyldu ríkisins til að veita slíka þjónustu. Núna er síðasti dropinn sá að hækka skólagjöld í ríkisháskólum um 40%. Þá eru skólagjöld í ríkisháskólum orðin fjórðungur af skólagjöldum Háskólans í Reykjavík ef ég man rétt. Þetta er að fara hægt og rólega upp, reyndar ekki hægt og rólega heldur í stökkum, 40% stökkum, 40% núna, 40% árið 2001. Við sjáum alveg hvert stefnir. Það er verið að auka fórnarkostnaðinn á nemendur sem er þó nægur fyrir. Þegar samanburðurinn bætist ofan á þessar tölur, að við stöndum að baki öðrum þjóðum varðandi fjölda þeirra sem eru með háskólapróf, er þetta ekki rétt stefna. Við eigum einmitt að lækka þröskuldinn fyrir fólk til að komast í háskóla og framhaldsskóla en ekki hækka hann.

Svo er framganga Framsóknarflokksins í málinu alveg sérkapítuli í umræðunni, ég held að menn hafi komið inn á það. Hann er flokkur sem hefur ítrekað ályktað að ekki eigi að hækka skólagjöld í grunnnámi ríkisháskólanna. Svo stendur hann fyrir þessu frumvarpi. Það er alveg með ólíkindum, eins og sá sem stendur hér hefur bent á, að Framsóknarflokkurinn sé í þessari stöðu á meðan hann býr við þann unað að hafa hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur í þingflokki sínum. Um það bil ári eða kannski tveimur árum áður en hún var kosin á þing var hún framkvæmdastjóri stúdentaráðs og hélt sömu ræðu og ég er að halda hér. Um leið og hv. þm. kom inn á þing þagnaði sú rödd Framsóknarflokksins.

Ég vona að stúdentar fylgist með þessari umræðu og sjái hverjir fara hvernig með það vald sem þeir hafa þegar þeir loksins komast að því. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir er varaformaður menntamálanefndar. Hún er oddamaður í þeirri nefnd þannig að hún getur að mínu mati hæglega haft jákvæð áhrif á störf og stefnu ríkisstjórnar í menntamálum. En við sjáum að ekki eingöngu hv. þm. Dagný Jónsdóttir heldur ríkisstjórnarflokkarnir báðir kusu gegn fjárveitingatillögu Samfylkingarinnar sem lögð var fram í fjárlagaumræðunni í fyrra þrátt fyrir augljósan fjárskort háskólans. Síðasti LÍN-samningur var afskaplega slæmur. Eftir því var tekið og núna á að hækka skólagjöld um 40% eftir 40% hækkun fyrir fjórum árum.

Ég held að þessi umræða sé angi af stærra máli, forgangsröð ríkisstjórnarinnar í menntamálum. Við sjáum að menntamál eru ekki forgangsmál þessarar ríkisstjórnar. Það er alveg augljóst. Ég hef bent á að í samanburði fær landbúnaðarkerfið bæði beint og óbeint meira fjármagn frá hinu opinbera en allir framhaldsskólar landsins og Háskóli Íslands samanlagt. Við sjáum alveg forgangsröðina, sauðfé er metið hærra en stúdentar í augum þessarar ríkisstjórnar.

Við sjáum líka að þessi ríkisstjórn stendur fyrir því að kaupa og byggja sendiherrabústað í Berlín sem kostar jafnmikið og að reka meðalframhaldsskóla, t.d. Flensborgarskólann. Sjáið upphæðirnar. Hér er verið að tala um sendiherrabústaðinn. Við erum ekki að tala um sendiráðið, það er margfalt dýrara. Þetta eigum við allt að skoða í samhengi og átta okkur á því fyrir hvað þessi ríkisstjórn stendur í menntamálum. Það sem er dapurlegt er að þetta mun koma aftan að okkur, þetta sinnuleysi og þetta fjársvelti í menntamálum. Eitt það skynsamlegasta sem hver ríkisstjórn getur gert á hverjum tíma er að auka fjármagn í menntakerfið því fjármuni í menntakerfið ber að líta á sem fjárfestingu en ekki útgjöld. Okkar alþjóðlegi samanburður sýnir svo sannarlega að það er brýn þörf að bretta upp ermarnar og setja menntamálin í forgang.

[18:29]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka umræðuna þó hún hafi verið misjöfn og innihald hennar verið misgott. Varðandi það sem fram kom hjá háttvirtum síðasta ræðumanni, hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni, vil ég sérstaklega mótmæla því að menntamál hafi ekki verið sett í forgang á síðustu árum. Þvert á móti hafa einmitt menntamálin verið sett í forgang hjá ríkisstjórninni, annars vegar með markvissri uppbyggingu í efnahagslífinu sem gerir okkur kleift að uppfylla m.a. kosningaloforð Samfylkingarinnar frá því fyrir síðustu kosningar.

Undir hvaða lagi þrammaði Samfylkingin fyrir síðustu kosningar? Jú, hún ætlaði að setja 3 milljarða kr. á ári í menntakerfið. En bara fyrirgefið, hæstv. forseti, ríkisstjórnin er löngu byrjuð á því verki, að setja um 3 milljarða kr. á ári til viðbótar í allt menntakerfið. Hið opinbera á Íslandi hefur staðið sig feikilega vel í skólakerfinu. Þar hefur verið mikil sókn á öllum sviðum. Það eru blindir menn og heyrnarlausir sem átta sig ekki á því hver sóknin í menntun hefur verið hér. Það hefur aldrei verið meiri fjölgun á háskólanemum en hér hefur verið. Þróunin er hvað hröðust hér af öllum OECD-ríkjunum, langhröðust, og líka aukningin til menntamála.

Ég vil líka benda háttvirtum þingmönnum, sem vitna oft til landa Evrópu og líka OECD, sem er hið besta mál, en þeir minnast ekki einu orði á það hvernig önnur OECD-ríki hafa mætt aukningu nemenda í menntakerfi sínu. Hvernig hafa ýmsar þjóðir OECD-ríkjanna mætt hinni miklu fjölgun nemenda á háskólastigi? Hvernig skyldu þær hafa mætti því? Jú, með því að skerða nemendaframlög. En við höfum lagt okkur í líma við að reyna að láta töluna sem um var samið á sínum tíma fylgja þeim nemendafjölda sem um er að ræða. Það er gríðarleg þensla, jákvæð þensla, í menntakerfinu á Íslandi.

Hér hafa menn talað um brottfall í framhaldsskólum, tyggjandi og kvakandi gamlar tölur, blanda inn í framhaldsskólann m.a. öldunganámi og fjarnámi en minnast ekki einu orði á það sem skiptir mestu máli, þ.e. að brottfall í framhaldsskólum, dagskólunum, hefur snarminnkað. Út af hverju skyldi það nú vera? Út af hinu ágæta reiknilíkani sem alltaf er í endurskoðun, sífelldri endurskoðun. Það hefur leitt til þess að brottfall í framhaldsskólum á Íslandi hefur farið snarminnkandi þegar litið er til dagskólanna og er eitt helsta tækið til að koma í veg fyrir aukið brottfall, þetta ágæta reiknilíkan varðandi framhaldsskólana.

Nú er þannig komið fyrir íslensku samfélagi að við er-

um með ein mestu framlög til menntamála miðað við þjóðarframleiðslu, ef við miðum við Evrópuríkin. Svo eru menn ósáttir við það og tala um framlögin miðað við síðustu skýrslu OECD en nefna ekki einu orði hvert viðmiðunarárið er, það er árið 2001. Það er rétt bara að menn hafi það á hreinu að þar miða menn við árið 2001. Síðan þá hafa framlög til menntamála, til háskólamála, til rannsóknarmála hækkað um 45%. Ætli það muni ekki eitthvað um þessi ár?

Síðan vil ég líka sérstaklega geta þess, af því að talað hefur verið um að 0,9% af landsframleiðslu séu sett inn í háskólamálin, að þar er Lánasjóður íslenskra námsmanna ekki tekinn með af því að hér er hann túlkaður sem félagslegur jöfnunarsjóður, sem hann er. Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur aldrei staðið betur sem hefur m.a. gert það að verkum að í síðustu viku ræddum við afar gott frumvarp sem nú er til meðferðar í háttvirtri menntamálanefnd um lækkun endurgreiðsluhlutfalls námslána úr 4,75% niður í 3,75%.

Svona hlutir gerast ekki af sjálfu sér. Það er ósköp gott að koma hingað upp og segja: Það þarf aðhald í ríkisrekstri, við megum ekki auka útgjöldin of mikið á einum stað en fara síðan í næstu lotu að tala um að bæta þurfi í. Það þarf að vera samkvæmni og samræmi í málflutningnum.

Ég vil sérstaklega geta þess, svo ég haldi mig við háskólastigið, að ég er sannfærð um að þegar litið verður til ársins 2004 þá komi í ljós að við höfum aukið framlög hlutfallslega hraðar og meira en önnur OECD-ríki hafa gert á þessu árabili. Ég er sannfærð um það. Við sjáum á þeim kennslu- og rannsóknarframlögum sem við erum að ræða um hverju sinni í meðferð fjárlaga á hinu háa Alþingi.

Hvers konar umhverfi búum við við ef menn eru að tala um að það sé ekki hægt að ræða um innritunargjöld, um skráningargjöld? Að sjálfsögðu getum við gert það. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson segir að fyrirkomulagið sé ekki svona annars staðar. Það er alveg rétt að það er ekki svona alls staðar annars staðar. En það er heldur ekki með sama hætti samkomulagið milli ríkis og ríkisháskólanna eins og er hér, sér í lagi þegar litið er til Háskóla Íslands. Þar er sérstakur kennslusamningur í gildi og sérstakur rannsóknarsamningur.

Hvað erum við að gera með skráningargjöldunum? Við erum að viðurkenna það sem hið háa Alþingi hefur þegar viðurkennt. Hér hefur Alþingi sérstaklega gefið heimild í lögum til að taka ákveðið gjald fyrir innritun. Til þess er heimild í lögum. Þess vegna finnst mér brýnt að við nýtum þá heimild í lögum, horfumst í augu við hana og séum ekki með þennan feluleik sem stjórnarandstaðan er með. Ég hefði haldið að menn kæmu upp og segðu: Já, gott hjá þér, hæstv. ráðherra, að vera búin að draga fram kostnaðinn á bak við töluna sem hefur verið hér í lögum, 32.500 kr. og þar áður 24.000. Ég hefði fremur búist við að menn kæmu og segðu: Það er nú aldeilis gott að fá þessa tölu á hreint.

Nei, menn vilja ekki gagnsæi í stjórnsýslunni. Svo glotta menn. Menn vilja bara ekki gagnsæi. Maður reynir að draga þetta fram í góðri samvinnu við háskólana sem hafa farið fram á þetta út af því að þeir vilja ekki taka fjármagn úr kennslu- og rannsóknarsamningnum til að standa undir kostnaði sem þjónustan hefur í för með sér gagnvart stúdentum. Þannig er það.

Ég verð að undirstrika að þessi bragur er allur annar og betri en sá háttur sem hafður var á þegar lögin voru samþykkt árið 1990. Í lögum nr. 131/1990 var sérstaklega tekið fram í 21. gr., nú skulu menn taka vel eftir:

„Skrásetningargjöld skulu háð samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra."

Er þetta gagnsæi? Finnst mönnum þetta skynsöm og heppileg fyrirmyndarstjórnsýsla, að hafa þetta svona, að skrásetningargjöld skuli háð samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra? Gott og vel. Við verðum að reikna með því að sú lagagrein hafi verið barn síns tíma, eins og menn hafa áður rætt um, og verða þá bara að viðurkenna það.

Ég vil frekar hafa það svart á hvítu í löggjöfinni að þetta mál og þessi fjárhæð hafi farið fyrir Alþingi, fyrir menntamálanefnd til meðferðar, tiltekin fjárhæð, rökstudd með tölum og rökum, heldur en að láta það ráðast af geðþóttaákvörðun eins og var á árum áður. Ég bara biðst forláts, hæstv. forseti, en mér finnst betra lag á framkvæmdinni núna en á vinnulaginu á árum áður. Í raun má ætla að allt að því geðþóttaákvörðun menntamálaráðherra hafi ráðið úrslitum um hversu hátt skrásetningar- og innritunargjaldið ætti að vera hverju sinni.

Hér hafa menn m.a. rætt um að hv. þm. Dagný Jónsdóttir skuli ekki hafa verið viðstödd umræðuna. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson ræddi það sérstaklega og fór mikinn í púltinu. Mér fannst það ekki stórmannlegt þegar búið var að upplýsa það margoft að hv. þingmaður er stödd erlendis. Hv. þingmaður er þannig einstaklingur, eins og ég þekki hana, að hún kemur ávallt til með að standa fyrir skoðunum sínum og rökstyðja þær afar vel.

Mér fannst heldur ekki stórmannlegt af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, sem ekki er staddur í salnum, að fara sömu leið, í sama herleiðangur og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, að ráðast að hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, (Gripið fram í.) vitandi vits að hún er fjarstödd þessa umræðu en mun að sjálfsögðu taka málið til meðferðar og fara gaumgæfilega yfir það í meðferð menntamálanefndar á málinu. (Gripið fram í.) En það getur svo sem vel verið að menn séu eitthvað pirraðir yfir því að hafa farið halloka í umræðuþáttum í gær, eins og Silfri Egils og fleiri ágætum þáttum.

Menn hafa verið að tala um að háskólarnir eigi ekki peninga og eigi ekki til fjármagn, þess vegna sé þessi leið farin. (Gripið fram í.) Það er síður en svo þannig. Ég vil sérstaklega benda þingheimi á það, sem vonandi fer að hætta að gjamma fram í, að Háskóli Íslands hefur frá árinu 2000 fengið aukið framlag upp á tæpan milljarð. Háskólinn á Akureyri hefur fengið 230 millj. kr., svo dæmi sé tekið. Kennaraháskóli Íslands hefur fengið um 400 millj. kr. Þar er um 62% aukningu að ræða, svo dæmi sé tekið frá árinu 2000. Framlög til Listaháskóla Íslands hafa á árunum 2000–2004 aukist um 140% eða um 280 millj. kr. Segja menn að það sé fjársvelti í háskólakerfinu?

Auðvitað eigum við sífellt að berjast fyrir því, og við erum að berjast fyrir því sífellt, að auka enn framlög til menntakerfisins. Það er alltaf þannig. En fjármagnið til háskólastigsins hefur aukist gríðarlega. Við höfum eftir bestu getu reynt að mæta kröfum háskólanna og þá sérstaklega

ríkisháskólanna til að halda í við þá miklu aukningu og mikla menntasókn landsmanna.

Mér fannst líka hvimleitt að verða vitni að því enn og aftur, í umræðum um háskólamál, að einn úr liði stjórnarandstæðinga skuli enn og aftur á óbeinan hátt höggva í sjálfstæðu háskólastofnanirnar. Mér finnst þetta hvimleiður siður hjá stjórnarandstöðunni, að reyna að gera málflutning sinn meiri með því að höggva í ágætar sjálfstæðar stofnanir í háskólasamfélaginu, (Gripið fram í.) t.d. Viðskiptaháskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og fleiri stofnanir. Við vitum það, það hefur margoft komið fram, að það var pólitísk ákvörðun að koma í raun upp vísi að ávísunarkerfi í háskólasamfélaginu hér á landi, með því að láta fjármagn flytjast með nemanda óháð því í hvaða háskóla hann færi.

Þetta var pólitísk ákvörðun sem þurfti að berjast fyrir. Svo koma menn í dag og segja: Ja, valfrelsi er sjálfsagt. Tækifæri til háskólanáms hafa aldrei verið meiri og betri og skemmtilegri. Hlutirnir gerðust bara þannig. Auðvitað gerast hlutirnir ekki bara þannig. Þetta var pólitísk, meðvituð ákvörðun um að auka valfrelsi, auka samkeppni og fjölga tækifærum unga fólksins til háskólamenntunar. Fyrir vikið sjáum við háskólastigið allt blómstra.

Að mínu mati hefur Háskóli Íslands og ríkisháskólarnir sérstaklega aldrei staðið betur. Hið faglega starf, hið akademíska starf blómstrar. Það verður að hlúa áfram að þeirri góðu starfsemi sem þar hefur farið fram. Það er m.a. gert með því að efla samkeppnissjóðina innan lands því að fram til 2007, svo ég minni háttvirta þingmenn á það, mun ríkisstjórnin auka framlög sín til rannsókna- og vísindamála um milljarð. Það er allt gert í ljósi þess að loksins er komin á samkeppni í rannsóknum og í vísindum. En af orðum háttvirtra þingmanna í stjórnarandstöðunni að marka hefði sú þróun ekki orðið ef þeir hefðu fengið að ráða ferðinni. Svo einfalt er það. Við hefðum ekki rætt um að sameina háskóla á Íslandi í dag, í nóvember árið 2004, ef háskóla- og menntastefna stjórnarandstöðunnar hefði fengið að ráða. Menn verða að hafa það alveg á hreinu, hæstv. forseti.

Í byrjun ferils míns sem ráðherra ákvað ég að farið skyldi í stjórnsýslu- og fjárhagsúttekt á Háskóla Íslands og einnig að láta gera rannsókna- og vísindaúttekt, allt með það að markmiði að efla og styrkja stefnumótun innan háskólans. Að þessu hefur verið unnið í samráði við yfirvöld Háskóla Íslands. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram ágæt umræða. Menn hafa dregið fram kostnaðinn vegna þessara frumvarpa. Ég vona að þau fái vandaða meðferð innan menntamálanefndar.

[18:45]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er með ólíkindum hvernig hæstv. menntamálaráðherra kveinkar sér yfir alþjóðlegum samanburði sem hún nota bene hrakti ekki í einu einasta atriði. Það er staðreynd og alþjóðlegur samanburður sýnir það að hlutfall Íslendinga varðandi háskólafé er um það bil helmingi lægra en hinar Norðurlandaþjóðirnar verja í sína háskóla.

Það er sömuleiðis staðreynd að um 29% þjóðarinnar á aldursbilinu 25–34 ára hafa lokið háskólanámi á meðan þetta hlutfall er um 40% hjá Norðurlandaþjóðunum. Það er einnig staðreynd að í íslenskum framhaldsskólum er um 30% brottfall á sama tíma og það er um 19% í alþjóðlegum samanburði. Svo talar hæstv. menntamálaráðherra um að þetta hafi allt breyst síðan þessi alþjóðlegi samanburður átti sér stað en þá er einnig hægt að vísa í hennar eigin grein frá 7. febrúar sl. þar sem hún tekur beinlínis fram að fjármagnsaukningin sem fór í Háskóla Íslands nægir ekki einu sinni fyrir nemendafjölguninni á sama tíma. Það er öll menntasóknin.

[18:46]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit að það er sárt fyrir hv. þingmenn Samfylkingarinnar að upplifa þessa miklu menntasókn og standa frammi fyrir henni sem orðnum hlut og þurfa að upplifa enn frekari menntasókn til framtíðar ef við fáum áfram að ráða för. Ég vil sérstaklega benda hv. þingmanni, sem talar um erlendar úttektir, á plagg þar sem fjallað er sérstaklega um hlutfall Íslendinga á aldrinum 30–34 ára með háskólapróf á árinu 2000 í samanburði við Norðurlöndin og meðaltal Evrópusambandslanda. Þar er Ísland með 32,6% útskrifaðra háskólastúdenta, Finnland með 27,4%, Noregur með 37,7%, Svíþjóð með 31,4% og meðaltal Evrópusambandslandanna er 24,6% — og er hv. þingmaður að segja að Íslendingar séu ekki menntuð þjóð? Hvernig er hægt að fullyrða slíkt, virðulegi forseti?

[18:47]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög auðvelt að fullyrða slíkt, íslenska þjóðin er ekki eins menntuð og hún ætti að vera. Tölurnar sýna það. Nánast annar hver Íslendingur hefur einungis lokið grunnskólaprófi sem er miklu hærra hlutfall en hjá öðrum þjóðum. Að sama skapi stendur þessi 12 liða samanburður sem ég rakti í ræðu minni. Hæstv. menntamálaráðherra hrakti ekki eitt einasta atriði, allt frá frammistöðu Íslendinga í læsi og TIMSS-könnunum upp í útgjöldin til Háskóla Íslands eða stöðu framhaldsskólanna. Eftir stendur að alþjóðlegi samanburðurinn er einfaldlega sár, það er verið að pæfa umræðuna og tala um að þessar tölur séu ekki samanburðarhæfar, allt hafi breyst frá 2001 þrátt fyrir að eigin orð ráðherrans hafi staðfest að svo er ekki. Ég hélt að ég þyrfti ekki að benda frekar á það en það verður einhver að kenna hæstv. menntamálaráðherra að lesa þessar alþjóðlegu skýrslur sem koma frá OECD því að þar leynist margur fróðleikurinn sem því miður reynist hæstv. menntamálaráðherra svo sár að hún reynir að kalla menn blinda ef þeir eru ekki einfaldlega sammála henni.

[18:48]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Miðað við þau orð sem hv. þingmaður lét falla áðan og miðað við þær tölur sem hann vísar í vil ég sérstaklega geta þess að við Íslendingar útskrifumst úr framhaldsskóla aðeins síðar en aðrar þjóðir. Ég vil líka geta þess að ég stefni að því sem menntamálaráðherra að stytta

námstíma til stúdentsprófs sem m.a. kemur til með að hafa áhrif á þessar tölur í samanburði við OECD-ríkin. Ég ætla þá að hv. þingmaður muni ljá máls á og styðja einmitt þá fyrirætlan mína að stytta námstíma til stúdentsprófs miðað við orð hans í dag.

Ég vil enn og aftur ítreka það að á bilinu 30–34 ára eru Íslendingar með háskólapróf tæp 33% meðan Danir eru um 33%, Noregur 38%, Svíþjóð 31% og Finnland 27%. Meðaltalið er tæp 25% í Evrópusambandslöndunum. Og ég spyr enn og aftur: Er þetta ekki til marks um það að við séum menntuð? Að sjálfsögðu, virðulegi forseti.

[18:50]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hæstv. ráðherra, umræðan var um margt ágæt í dag og upplýsandi og kannski frekar afhjúpandi. Hún afhjúpaði mjög rækilega blekkingarleikinn sem hæstv. ráðherra er í. Hér stendur ekki steinn yfir steini. Hér er einfaldlega verið að innheimta skólagjöld á nemendur í grunnnámi í ríkisháskólunum. Engu skiptir heimatilbúin skilgreining og tilbúin á árum fyrri um það hvort kennsla eða annar rekstur háskólanna flokkist undir skráningargjöld eða skólagjöld. Hér er um hrein og klár skólagjöld að ræða, og þau er verið að hækka um 40%.

Því vildi ég spyrja hæstv. ráðherra í lok umræðunnar: Ætlar hún að beita sér fyrir því að lánað verði fyrir gjöldunum? Hvar liggja mörkin á milli hreinna skólagjalda og einhverra gjalda sem hún kallar skráningargjöld eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kom inn á? Hver bað um hækkunina, hvaða stofnanir ríkisháskólanna þriggja báðu um hækkunina? Það hefur hvergi komið fram og þess sér til að mynda hvergi stað í bókunum háskólaráðs og háskólafundar.

[18:51]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var á einum af samráðsfundum mínum með háskólayfirvöldum, háskólarektor við Háskóla Íslands, sem þessi beiðni kom fram skýrt og klárt að fá að hækka innritunargjöldin úr 32.500 í 45.000 kr. út af því að við höfum þetta fyrirkomulag.

Við erum með tvenns konar samninga við Háskóla Íslands. Ég vona að menn fari nú að skilja þetta, einu sinni í lok umræðunnar. Hér erum við með kennslusamning annars vegar og síðan rannsóknarsamning hins vegar. Það er heimild í lögum sem m.a. hv. þingmenn gamla Alþýðuflokksins komu að, að koma á skráningargjöldum á sínum tíma í krónutölu. Þá gat hann samþykkt skráningargjöldin, Alþýðuflokkurinn gamli. Þá samþykkti hann þetta fyrirkomulag sem við byggjum á enn þann dag í dag. Síðan fagna þeir ekki sérstaklega að við erum að draga fram kostnaðinn til að sýna svart á hvítu hver hann raunverulega er en vera ekki með slumpháttinn.

[18:52]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gat ekki betur heyrt á svari hæstv. ráðherra en að þessi ósk hefði í rauninni aldrei komið formlega fram. Hæstv. ráðherra vitnaði í fund með — heyrðist mér hún segja — yfirvöldum Háskóla Íslands. Það stendur í öllum þremur frumvörpunum að þetta sé „í samræmi við óskir ríkisháskólanna". Hvar kom þessi ósk fram hjá skólunum hverjum og einum fyrir sig? Svarið virðist vera hvergi. Þessa sér hvergi stað, til að mynda í bókunum háskólaráðs eða háskólafundar svo að tekið sé dæmi af Háskóla Íslands.

Samkvæmt svari ráðherra áðan hefur þetta hvergi komið fram nema þá í einhverju kaffispjalli hennar og forráðamanna Háskóla Íslands sem varla gildir þá fyrir alla ríkisháskólana þrjá. Og ef svo er, lítur hún á það sem formlega ósk um hækkun skráningargjalda, að þetta hafi komið fram í spjalli hennar og yfirmanna Háskóla Íslands um stöðu mála? Hvar er hin formlega ósk frá skólunum öllum þremur?

[18:53]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvers konar vanvirðing er þetta af hálfu hv. þingmanna gagnvart yfirvöldum háskólanna hér á landi? Það er alveg skýrt og klárt að þeir fóru fram á þetta, ríkisháskólarnir, (**MÁ:** Hverjir?) (Gripið fram í.) og það ekki út af einhverju út í loftið heldur út af því að þeir vilja fá þann kostnað til baka sem þeir leggja út fyrir vegna innritunarinnar, vegna skráningarinnar, en ekki þurfa að taka hann af þeim fjármunum sem koma til þeirra samkvæmt kennslu- og rannsóknarsamningi.

Þess vegna segi ég enn og aftur: Það á að vera fagnaðarefni að við erum að draga fram sérstaklega þennan kostnað sem hefur verið 32.500 kr. fram til þessa og er hækkaður núna upp í 45.000 að beiðni skólanna, að beiðni til að mynda háskólarektors Háskóla Íslands, hækka gjaldið upp í þessa fjárhæð til að mæta aukinni þjónustu, auknum kostnaði vegna skráningarinnar inn í háskólana.

[18:54]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mikið hefur verið rætt um skólana og hvernig þetta snýr að þeim. Ég ætla að taka aðra hlið þessa máls, út frá nemendunum.

Nemendur mega hafa ákveðnar tekjur án þess að réttur þeirra til námslána skerðist. Miðað við þá upphæð sem hér er verið að tala um, 45 þús. kr., þarf viðkomandi nemandi að þéna sýnist mér tæplega 100 þús. kr. þegar búið er að taka tillit til tekjuskatts, greiðslu í lífeyrissjóð, greiðslu stéttarfélagsgjalds, séreignarsparnaðar og annarra gjalda sem fylgja því að vera launþegi. Nemandinn þarf sem sagt að hafa um það bil 100 þús. kr. í tekjur til að eiga fyrir þessum 45 þús. kr. Þá minnir mig að einn þriðji af þeim tekjum sem hann má hafa án þess að koma inn í 33% skerðinguna sé þegar uppfylltur. Ef ég man rétt má hann þéna 300 þús. kr. og fá þá óskert námslán.

Ég hefði viljað spyrja ráðherra hvort ekki væri ástæða til að skoða lánshæfni nemenda.

[18:55]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fram til þessa hafa skráningargjöldin ekki verið lánshæf. Það er heldur ekki ætlunin með þessari upphæð á skráningargjaldi þannig að það sé alveg klárt. Unnið hefur verið markvisst að því að tryggja undirstöðu Lánasjóðs íslenskra námsmanna með markvissri fjárhagsstjórnun þeirra sem þar fara með völdin og stjórnunina. Það hefur leitt til þess að líka hefur markvisst verið dregið úr bæði tekjutengingum og því að lækka frítekjumarkið. Stefnan hefur verið og mun áfram verða að stjórnendur reyni eftir bestu getu að koma til móts við við kröfur stúdenta um einmitt lækkun á frítekjumarki o.s.frv.

[18:56]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég gerði grein fyrir í stuttu andsvari mínu áðan sýnist mér að nemandi þurfi að þéna 100 þús. kr. til að geta borgað þetta innritunargjald. Þar með er einn þriðji af óskiptum tekjum farinn, ef ég veit rétt. Ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra:

Ef þetta gjald heldur áfram að hækka — menn geta svo rifist um það hvenær það verður skólagjald, hvenær það er innritunargjald eða skrásetningargjald — á næstu árum og kemst kannski upp í það að nemandinn þurfi að setja í það helming þeirrar upphæðar sem hann má þéna án þess að verða fyrir skerðingu á námslánum, eru þar þau mörk þegar ráðherrann telur að rétt væri að leyfa að námslán dekkuðu þessi gjöld? Eða hvar ætlar hún að draga þessa línu? Hvert er í rauninni verið að fara með þessu?

[18:57]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að hafa í huga að það er afar mikilvægt að menn átti sig á því að skrásetningargjaldið endurspegli eftir fremsta megni þann raunkostnað sem fellur á ríkisháskólana vegna þessarar þjónustu við nemendur þannig að þeir þurfi ekki að nýta fjármagnið sem kemur til þeirra vegna kennslu og rannsókna. Það er lykilatriði í þessu máli öllu, að þetta endurspegli raunkostnað.

Ég vil líka geta þess fyrst hv. þingmaður er farinn í þennan talnaleik að hækkunin sem um ræðir í frumvarpinu nemur tæpum 1.400 kr. á mánuði miðað við níu mánaða tímabil fyrir stúdentinn.

[18:58]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra talaði um að einn hv. þingmaður hefði af vana hoggið nærri sjálfseignarstofnunum. Ég tók þessi orð hæstv. ráðherra til mín og ég ætla bara að leiðrétta það ef þau hafa verið mér ætluð.

Ég hef aldrei gagnrýnt sjálfseignarstofnanirnar út frá öðru en því að hæstv. ráðherra má ekki í skólapólitík sinni láta ríkisháskólana gjalda fyrir flóruna í sjálfstæðu háskólunum. Það er það sem ekki má gerast. Það verður að standa vörð um þjóðarskólann, það verður að standa vörð um opinberu háskólana svo að þeir þurfi ekki að borga fyrir aukin tækifæri háskólanema í vinsælum greinum. Hæstv. ráðherra verður að gera sér grein fyrir því að sjálfseignarstofnanirnar eru eingöngu í vinsælu greinunum, í lögfræðinni, í viðskiptagreinunum. Þeir eru ekki í guðfræðinni, íslenskunni, félagsvísindunum almennt, þannig að ég vísa því bara til föðurhúsanna að ég sé eitthvað að höggva í sjálfseignarstofnanirnar.

[18:59]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bið forláts ef ég hef misskilið hv. þingmann en það er bara ekki hægt að túlka orð stjórnarandstöðunnar með öðrum hætti miðað við það hvernig hún talar sí og æ um sjálfseignarstofnanirnar, sjálfstæðu skólana og einkaskólana. Það er ekki hægt að túlka orð stjórnarandstæðinga öðruvísi.

Mikilvægt hlutverk Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennaraháskólans verður seint undirstrikað og þá sérstaklega með tilliti til þess þáttar sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á áðan, að Háskóli Íslands til að mynda stendur fyrir afskaplega breiðu námsframboði. Hann er líka ríkisháskóli, grundvallarstofnun í háskólasamfélagi okkar, hefur staðið sig með sóma og hann hefur ákveðnar skyldur sem ég held að við getum alveg viðurkennt að séu umfram aðra. Við viðurkennum það líka með því að framlögin til Háskóla Íslands eru hærri hvort sem við tökum kennslu- eða rannsóknarframlög en framlög til einkaháskólanna með skólagjöldunum til þeirra samtals. Það er verið að reyna að mæta þeim miklu kröfum sem gerðar eru til Háskóla Íslands og við erum sífellt að ræða um það í okkar samskiptum, ráðuneytisins og háskólayfirvaldanna.

[19:01]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra fer nú fögrum orðum um þjóðarskólann, Háskóla Íslands, og það ber að þakka það. Hún sagði í ræðu sinni áðan að ríkisháskólarnir séu ekki fjárvana, síður en svo, sagði hæstv. ráðherra.

Hverju vill þá hæstv. ráðherra svara forsvarsmönnum háskólanna sem komið hafa ár eftir ár fyrir alþingismenn ýmist í fjárlaganefnd eða menntamálanefnd til að biðja um leiðréttingar, leiðréttingar á launastiku, leiðréttingar vegna nemendafjölda. Hverju svarar hæstv. ráðherra deildarforsetum félagsvísindadeildar eða raunvísindadeildar sem sögðu þingmönnum fyrir síðustu kosningar að það lægi nærri að þessum deildum yrði lokað? Vegna hvers? Vegna fjárskorts.

Hvernig getur hæstv. ráðherra krafið okkur um að vera samkvæm sjálfum okkur í málflutningi og vera svo svona ósamkvæm sjálfri sér í sínum eigin málflutningi?

Í lokin vil ég segja, hæstv. forseti, að gefnu tilefni vegna þeirra reikningskúnsta í frumvörpunum sem við höldum á hér: Þær eru ekki gegnsæ stjórnsýsla. Þær eru húmbúkk.

[19:02]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var vitnað í það sem ég eitt sinn

sagði, að Háskóli Íslands væri ekki blankur. Að vera blankur í mínum huga er að eiga ekki pening. Háskóli Íslands hefur yfir fjármagni að ráða en eins og ég gat um áðan verður það eflaust aldrei nóg til þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru háskólans hverju sinni, bæði innan hans og utan frá. Það er aftur á móti allt önnur saga. En það hefur verið reynt eftir besta megni og getu að mæta fjárþörf háskólans, það verður eflaust aldrei nóg en það hefur verið reynt eftir bestu getu. Ég vil enn og aftur minna á það sem gert hefur verið annars staðar að svona mikilli aukningu nemenda hefur einfaldlega verið mætt með því að nemendaígildin eru skorin niður. Það hefur þó ekki verið gert hér.

[19:03]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég ætlaði upphaflega í andsvar við hæstv. menntamálaráðherra en sá fram á að fá ekki nema mínútu til þess og hef aðeins lengra mál þannig að ég notfæri mér því rétt minn til síðari ræðu hér.

Ég ætla ekki að fara aftur yfir allt málið heldur bregðast aðeins við því sem ráðherrann sagði hér, aðallega í andsvörum sínum en líka í ræðunni sem var að vísu að mestu um annað en þau frumvörp sem hér eru flutt.

Í fyrsta lagi er það sérstaklega sá þáttur málsins sem snertir fylgiskjölin um þann kostnað sem um er að ræða, þennan tiltekna kostnað sem ráðherrann hefur rætt nokkuð um. Ráðherrann hefur nú gumað af því og beðið um sérstakar þakkir fyrir að hafa dregið fram kostnaðinn, eins og komist var að orði, að hafa fengið hann á hreint, eins og komist var að orði, að hafa látið sýna hver hann raunverulega er, eins og komist var að orði, og að það sjáist að hann endurspeglar eftir fremsta megni raunkostnaðinn.

Þetta eru afar merkileg ummæli hjá hæstv. ráðherra vegna þess að eins og rakið hefur verið komast háskólarnir af einhverjum dularfullum ástæðum að mjög svipaðri niðurstöðu. Munurinn á útkomunni hjá Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands eru þrjú þúsund tvöhundruð og eitthvað krónur á þessum tiltekna kostnaði og þó er um að ræða skóla sem eru gjörólíkir að stærð og umfangi og mætti ætla fyrir fram að ef um væri að ræða einhvern tiltekinn kostnað að þá sé talan ólík. Ef um væri að ræða þjónustugjöld, sem ekki hefur fengist svar við hér nema frá hv. þm. Þórarni Sveinssyni sem er ákaflega heiðarlegur í málflutningi sínum og hefur talað hér um hófleg innritunargjöld, þ.e. ekki þjónustugjöld heldur skatt — ef um væri að ræða þjónustugjöld þá væri eðlilegt að nemandinn greiddi mismunandi upphæð eftir nákvæmum útreikningum sem fram kæmu frá hverjum skóla um sig.

Mig langar að nefna — auðvitað væri hægt að lesa þetta upp allt saman og athuga af hverju þetta er ekki eins, af hverju minnst er á þessa skrifstofu á þessum stað og hina skrifstofuna á hinum staðnum, hvernig stendur á því, eins og rakið var áðan, að Háskóli Íslands mun í frumskjali sínu hafa reiknað út kostnað fyrir þjónustu sem ekki hefur verið af hendi reidd, reiknað sér gjöld af því sem hann hefur aldrei gert neitt í, en því mun hafa verið breytt, hvort sem það er af völdum háskólans eða af völdum hæstv. menntamálaráðherra eða skrifstofu hennar, menntamálaráðuneytinu — mig langar bara að tæpa hér á einum hlut í þessum útreikningum sem eiga að sýna eins og ég sagði áðan, með leyfi forseta, hver kostnaðurinn raunverulega er sem á að endurspegla eftir fremsta megni raunkostnaðinn og það er þetta:

Í fylgiskjalinu frá Kennaraháskólanum er niðurstöðutalan 45.181 kr. sem kostnaður á nemanda. Sá kostnaður er á verðlagi ársins 2004.

Í Háskólanum á Akureyri er hins vegar reiknaður út kostnaður á nemanda eftir verðlagi ársins 2004 og sá kostnaður er 44.648 kr. Síðan nær það af einhverjum ástæðum sennilega ekki nógu hátt, nær ekki þeim 45 þús. kr. sem um er að ræða, og þess vegna er reiknuð á hann 3% verðlagshækkun þannig að kostnaður Háskólans á Akureyri verður, bravó, allt í einu meira en 45 þús. kr. eða 45.987 kr.

Í Háskóla Íslands, Universitas Islandiae, sem leggur fram fylgiskjal I með frumvarpi um sjálfan sig hér, er hins vegar farið þannig að að heildargjöld í þúsundum króna 2003 eru reiknuð 42.317, en síðan er komist að því að gjaldið 2005 sé 48.494. Þarna er því hækkað um eitthvað töluvert mikið meira en 3% jafnvel þó að við reiknuðum með 3% frá 2003–2004 og 3% hækkun frá 2004–2005.

Þetta litla dæmi um verðlagsútreikningana sýnir auðvitað alveg ágætlega um hvers konar pappíra er hér að ræða. Auðvitað hlýtur sá grunur að læðast að hverjum manni sem þetta sér og um þetta fjallar að skipunin hafi verið — hvernig sem hún kom fram, í kaffispjalli við háskólarektorinn eða einhvers konar öðru spjalli einhverra undirmanna — að nú ætti gjaldið sem sé að vera 45 þús. kr. eða sem næst því a.m.k. og útreikningarnir ættu ekki að vera lægri.

Þetta er ekki háskólunum til virðingar, eins og ég rakti áðan og stend fullkomlega við, og heldur ekki menntamálaráðuneytinu til sæmdar eða skrifstofu hæstv. menntamálaráðherra að haga sér svona, þannig að þegar menntamálaráðherra telur að þetta endurspegli eftir fremsta megni raunkostnaðinn þá er ekki hægt að taka þau orð, að hún hafi dregið fram kostnaðinn og fengið hann á hreint, sýnt hver hann raunverulega er, öðruvísi en sem óráðstal hæstv. ráðherra, vegna þess að svo augljóst er það af fylgiskjölunum að hér er verið að reikna upp í upphæð sem búið var að finna út fyrir fram. Þess vegna sagði ég áðan að það er ekki akademískt að fá niðurstöðuna fyrst og leiða síðan rök að niðurstöðunni, heldur á niðurstaðan að fást út af rökleiðslunni sjálfri. Því eru þetta pappírar sem ekki er hægt að taka mark á, forseti góður.

Ég vil svo segja í lokin að mér þótti illa svarað merkilegri spurningu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar um lánshæfið vegna þess að þessi 140 millj. kr. skattur á háskólanema, sem þetta er og engin leið er í raun og veru að neita, er ekki aðeins þannig að mönnum sé þá gert sem hann greiða að vinna meira fyrir honum, eins og okkur hinum þegar hækkaðir eru á okkur skattar með einhverjum hætti, heldur getur hér verið um að ræða hreina kjaraskerðingu vegna þeirra reglna lánasjóðsins sem gera ráð fyrir því að lán dragist frá mönnum við ákveðið tekjumark. Þannig að fyrir suma af þeim sem þurfa að taka þátt í þessum 140 millj. kr. skattgreiðslum til stofnana sem hæstv. menntamálaráðherra ræður er um að ræða beina kjaraskerðingu. Þetta gæti menntmálaráðherra raunar lagað, hún var nú að

flytja frumvarp um Lánasjóð íslenskra námsmanna og gæti hugsanlega beitt áhrifum sínum í menntamálanefnd til að bæta því við að hér væri sem sé um lánshæft gjald að ræða eða þá að leyfður væri hreinn frádráttur á tekjum aðeins vegna þessa gjalds. En hæstv. menntamálaráðherra kaus að svara hv. þingmanni með almennri ræðu um lánasjóðinnn og sem betur fer er margt hægt að ræða í ræðustól Alþingis því annars mundi hæstv. menntamálaráðherra lenda í hreinum vandræðum hér í andsvörum og beinum spurningum.

Þetta vildi ég segja til þess að það sé alveg á hreinu hvað við er átt, sérstaklega um þau fylgiskjöl sem ráðherra telur endurspegla eftir fremsta megni raunkostnaðinn. Þau orð sín hefði hún kannski átt að láta eiga sig hér, svo augljóst er það að þau eru ekki raunveruleg meining ráðherrans.

[19:12]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla rétt aðeins að fara yfir þetta. Það er verið að reyna að draga fram raunverulegan kostnað háskólanna sem þeir þurfa að leggja út þegar kemur að skráningu og innritun varðandi stúdentana.

Stór hluti þessarar hækkunar er auðvitað vísitölutengingin og verðlagsuppbótin þannig að menn átti sig líka á því að fjárhæðin 32.500 hefur ekki verið verðlagsuppfærð síðan hún var samþykkt á sínum tíma á þinginu 2000–2001.

Ég vil undirstrika að það má meta þessa hækkun þannig, ef menn vilja fara í þá talnaleiki sem menn hafa verið í hér, að það eru u.þ.b. 1.400 kr. á mánuði í níu mánuði sem þessi hækkun nemur.

Ég vil einnig undirstrika það að ég á afskaplega gott samstarf við háskólarektor og þá sem stjórna þar. Ég á bæði formlega og óformlega fundi og það koma að sjálfsögðu ákveðnir hlutir fram á formlegum fundum sem eru þá skráðir til bókar, og það kom fram ósk, og ég vil undirstrika það, á einum slíkum fundi þar sem er sérstaklega farið fram á þessa hækkun sem hefur verið undirstrikuð síðan og ítrekuð.

Ég vil líka árétta það, virðulegi forseti, að þessar tölur og þetta frumvarp fer til meðferðar í hv. menntamálanefnd þar sem hv. þm. Mörður Árnason er að mér skilst einn nefndarmanna, þannig að ég held að honum gefist þá tóm og tækifæri til að fara gaumgæfilega yfir þær tölur sem háskólarnir hafa lagt fram máli sínu til stuðnings.

[19:14]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er nú nokkuð liðið síðan ég og hæstv. menntamálaráðherra lukum námi og þess vegna er hægt að gera lítið úr þeim tölum sem hér eru uppi með því að reikna þær sem 1.400 kr. á mánuði eða sem 45–47 kr. á dag, ef hæstv. menntamálaráðherra vill. Ég tel að 32.500 kr. fyrir námsmann sé töluverð upphæð. Mig minnir að sú upphæð, reiknuð aftur í tímann, hafi verið tala sem maður horfði í á sínum tíma. Þegar hún hækkar svo um 40%, í 45 þús. kr., þá er hún orðinn verulegur baggi. En það er ekki bara einu sinni sem þetta gjald er greitt, það er greitt á hverju ári þannig að við skulum ekki gera lítið úr því.

Ég þakka svo hæstv. menntamálaráðherra fyrir að minna mig á að ég ætlaði líka að tala um óskir ríkisháskólanna vegna þess að þegar maður sem flytur frumvarp á Alþingi, þingmaður eða ráðherra, fullyrðir í greinargerð að eitthvað sé einhvern veginn verður hann að geta staðið við það. Hann verður að geta sýnt fram á annaðhvort skriflega eða með einhvers konar vitnaleiðslum að það sé svo. Og það sem hæstv. ráðherra hefur sagt um þetta er að hún hafi heyrt það upp úr háskólarektor, þ.e. rektor Háskóla Íslands, að hann hafi beinlínis óskað eftir þessari hækkun, í 45 þús. kr. Ég efa það ekki og er auðvelt að spyrja viðkomandi rektor að því. En ég endurtek spurninguna: Var það þannig að rektor Kennaraháskólans og skólameistari Háskólans á Akureyri, að þeir yfirmenn hafi líka beðið um þessa upphæð? Ég vil biðja menntamálaráðherra að svara því hér og nú hvort þeir hafi gert það og síðan er hægt að athuga hvernig það passar við það sem þeir segja. Það stendur hér, forseti, í öllum þremur frumvörpunum „Er það í samræmi við óskir ríkisháskólanna ...“ og það er eðlilegt að biðja hæstv. menntamálaráðherra um að svara því hvernig þessar óskir komu fram og hverjir báru þær fram.

[19:16]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur margoft komið fram hvernig þetta var lagt upp af hálfu Háskóla Íslands. Jafnframt hafa hinir tveir háskólarnir undirstrikað að þeir telji að það þurfi að koma til móts við þann kostnað sem þeir verða fyrir þegar kemur að innritun og skráningu stúdenta í háskólana. Svo einfalt er það. Þessu getur hv. þingmaður auðvitað innt rektorana eftir þegar þeir mæta á fund hv. menntamálanefndar.

Hæstv. forseti, meginmálið er að hér er um innritunargjöld að ræða, kostnað sem hlýst af skráningu. Hér er ekki um skólagjöld að ræða, við getum tekið þá umræðu síðar og eigum að gera það út frá mörgum grundvallaratriðum sem tengjast okkar ágæta menntakerfi. En hér er fyrst og fremst um innritunar-, skráningargjald að ræða þar sem er verið að koma til móts við kröfur og þarfir háskólanna. Um það snýst þetta mál og í frumvarpinu eru færðar fram röksemdir og þar eru tölur um það sem hér um ræðir. Ég ítreka að mér finnst það betri bragur að hafa á en að geta ekki rökstutt með hvaða hætti skráningargjaldið er fengið hverju sinni.

[19:17]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Vegna þess, forseti, að með þeim einum hætti er þessi tala pínd út úr skólameisturum þessara þriggja ríkisháskóla að þeir standa nauðugir viljugir, upp fyrir haus í peningavandræðum, ráða ekki við að stjórna skólunum með þokkalegum hætti án þess að koma skríðandi til menntamálaráðuneytisins, fá ekki úrlausn mála sinna nema þeir komi og geri það sem hæstv. menntamálaráðherra vill, í þetta sinn að hækka skatt á nemendur um 140 millj. kr. Það er að vísu ekki stórmannlegt hjá háskólarektor en þó mannlegt, en það er beinlínis menntamálaráðherranum til vansæmdar að haga yfirstjórn sinni í menntamálum með þessum hætti.

[19:18]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú alls ekki að lengja þessa umræðu mikið en tel mig hafa ákveðið tilefni til örstuttrar ræðu. Hæstv. ráðherra sagði áðan eitthvað á þá leið að ég væri kominn út í einhvern talnaleik þegar ég spurði hvernig þetta sneri að einstökum námsmönnum og hver staða þeirra væri.

Í dag höfum við hlýtt á umræðu sem hefur snúist mest um skólana sjálfa, tekjur þeirra, gjöld og kostnað. Hæstv. ráðherra sagði hér fyrir um 25 mínútum, ef ég man rétt, að menn vildu ekki gegnsæja stjórnsýslu. Ég er að spyrjast fyrir um og vil vita hvernig þetta snýr að nemendunum, þegar kemur að pyngju nemandans sjálfs hvaða möguleika hann hafi til að greiða þessi gjöld og hvaða tekna nemandinn þarf að afla til að geta greitt þessar 45 þús. kr.

Ég átta mig ekki á því hvers vegna hæstv. ráðherra kallar það talnaleik af minni hálfu. Mér fannst vera komið nóg af umræðunni um skólana almennt, t.d. hvernig þessi uppsetning væri o.s.frv. Það hefur ekki fengist botn í það hvort menn telja þetta þjónustugjöld, innritunargjöld, skráningargjöld eða hvort við erum komin að mörkum skólagjalda, menn eru ekki alveg sammála um það. Sú umræða hafði staðið hér í allan dag og ekki miklu við hana að bæta sem gæti varpað ljósi á þessi mál. Mér fannst hins vegar skorta á að staða námsmannanna væri skoðuð betur og þess vegna fór ég að spyrja út í hvernig þetta kæmi út fyrir námsmanninn sjálfan, hvenær tekjur hans færu að skerðast, en mér sýnist miðað við að hér sé lagt upp með að 1/3 af tekjum námsmanna muni hverfa sem kostnaður við umrædd gjöld, að teknu tilliti til skatta og annarra skyldna sem allir launþegar þurfa að standa skil á. Og ef ég man rétt þá skerðast tekjurnar um 33% þegar þær fara umfram viðmiðunarmörkin, sem mig minnir að séu 300 þús. kr.

Ég tel þetta alveg umræðunnar virði og get ómögulega sætt mig við að slíkt sé kallað talnaleikur þó maður velti fyrir sér hvort það sé eðlilegt að 1/3 af tekjum sem menn mega hafa án þess að verða fyrir skerðingum lánasjóðsins fari í að greiða þessi gjöld. Þess vegna tók ég þetta til umræðu og átta mig ekki á þeirri athugasemd hæstv. ráðherrans að telja þetta einhvern sérstakan talnaleik af minni hálfu, ekki síst í ljósi þess að hæstv. ráðherra talaði hér sjálf um tölur og upplýsingar sem snúa að heildarkostnaði og taldi nauðsynlegt að gegnsæi væri í stjórnsýslunni. Ég held að ágætt sé að ræða líka gegnsæi í því er snýr að kostnaði nemendanna.

Ég tel að hér sé komið alveg að þeim mörkum að fara að velta fyrir sér hvenær menn eiga orðið rétt á að fá tekjuviðmiðið hækkað, þannig að það skerðist ekki, til að mæta þessum kostnaði sem er orðinn 1/3 af óskertum tekjum námsmanna, að því er mér sýnist.

[19:22]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að móðga hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, jafnágætur þingmaður og hann er og iðulega nokkuð málefnalegur í málflutningi sínum, það var ekki ætlun mín, hafi hann tekið því þannig að ég nefndi þetta talnaleik. En það hefur mikið verið rætt um tölur og menn notað þær ýmist til að reyna að rökstyðja mál sitt, eða þá til að snúa út úr. En það er ég ekki að segja að hv. þingmaður hafi gert í málflutningi sínum.

Engu að síður tel ég að þær athugasemdir sem hann hefur komið með um málið séu þannig ábendingar að hv. menntamálanefnd eigi að fara vel yfir þær þegar málið er komið til meðferðar hjá henni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–12. mál.

Fundi slitið kl. 19:24.

---

36. FUNDUR

þriðjudaginn 23. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Háskóli Íslands, stjfrv., 348. mál, þskj. 394. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 349. mál, þskj. 395. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 350. mál, þskj. 396. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 351. mál, þskj. 400. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh., 1. þm. Norðaust.

[13:31]

Útbýting:

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 264. mál, svar menntmrh., þskj. 402.

Íslenskukennsla fyrir útlendinga, 355. mál, fsp. JBjart, þskj. 408.

Íslenskukennsla fyrir útlendinga í grunn- og framhaldsskólum, 357. mál, fsp. JBjart, þskj. 410.

Kynja- og jafnréttissjónarmið í fjárlagagerð, 361. mál, fsp. SF, þskj. 414.

Landssími Íslands, 360. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 413.

Nýgengi krabbameins, 359. mál, fsp. DrH, þskj. 412.

Nýgengi krabbameins á Norðurlöndum, 358. mál, fsp. DrH, þskj. 411.

Stjórn fiskveiða, 362. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 415.

Þjónusta við innflytjendur, 356. mál, fsp. JBjart, þskj. 409.

Háskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 348. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 394.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Kennaraháskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 349. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 395.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Háskólinn á Akureyri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 350. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 396.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 351. mál (skatthlutfall, afnám eignarskatts o.fl.). — Þskj. 400.

[13:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs óskar eftir því, sbr. 3. mgr. 55. gr. þingskapa, að ræðutími við 1. umr. um 4. dagskrármál, tekjuskattur og eignarskattur, verði tvöfaldaður vegna mikilvægis málsins.

Virðingarfyllst,

Þuríður Backman, varaformaður þingflokks

Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs."

Það er réttur hvers þingflokks samkvæmt þingsköpum að óska eftir því að sá háttur verði á hafður, og verður svo gert.

[13:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Eins og fram kemur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er eitt helsta markmið hennar að nýta aukið svigrúm ríkissjóðs til að tryggja aukinn kaupmátt þjóðarinnar með markvissum aðgerðum í skattamálum. Í samræmi við þau áform mæli ég fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og fleiri lögum. Frumvarpið er mál nr. 351 og er að finna á þskj. 400 en í því eru lagðar til viðamiklar skattkerfisbreytingar sem koma munu til framkvæmda á árunum 2005–2007. Mestu munar þar um almenna lækkun á tekjuskattshlutfalli manna um 4 prósentustig á næstu þremur árum. Afnám 0,6% eignarskatts, jafnt á einstaklinga sem lögaðila, er ekki síður mikilvægur áfangi sem koma mun til framkvæmda á árinu 2006, verði frumvarp þetta að lögum.

Síðast en ekki síst inniheldur frumvarpið tillögur ríkisstjórnarinnar um stóraukinn beinan stuðning við barnafjölskyldur með verulegri hækkun barnabóta auk þess sem áfram er dregið úr tekjutengingu þeirra. Samkvæmt tillögu frumvarpsins koma þessar breytingar á barnabótakerfinu til framkvæmda í tveimur áföngum, þ.e. á árunum 2006 og 2007.

Áætluð áhrif framangreindra breytinga á afkomu ríkissjóðs eru talin geta orðið nálægt 22 milljörðum kr. þegar þær eru allar komnar til framkvæmda að fullu, að teknu tilliti til veltuáhrifa. Þar af eru áætluð áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs vegna lækkunar tekjuskattshlutfalls og afnáms eignarskatts tæplega 20 milljarðar kr. að viðbættum 2,4 milljörðum í útgjaldaauka vegna hækkunar barnabóta. Veltuáhrifin birtast í auknum tekjum ríkissjóðs af virðisaukaskatti og öðrum veltusköttum í kjölfar aukins kaupmáttar vegna lækkandi skattbyrði og hærri barnabóta. Gert er ráð fyrir að þau nemi 3,5–4 milljörðum kr. á umræddu tímabili.

Með hliðsjón af horfum í efnahagsmálum og tímasetningu stóriðjuframkvæmda er mikilvægt að dreifa þessum breytingum á umrætt tímabil í því skyni að viðhalda aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum jafnframt því að varðveita efnahagslegan stöðugleika. Af því leiðir að meginþungi tekjuskattslækkunarinnar kemur til framkvæmda á árinu 2007. Þannig eru áætluð áhrif á afkomu ríkissjóðs á komandi ári aðeins um 4 milljarðar kr. og hefur þegar verið gert ráð fyrir því í fjárlagatillögum næsta árs.

Af öðrum tillögum frumvarpsins er rétt að nefna frekari breytingar á greiðslu vaxtabóta í takt við þær umbyltingar sem átt hafa sér stað á innlendum lánamarkaði á undanförnum vikum.

Að lokum er í þessu frumvarpi að finna viðamikla sam-

ræmingu á tilvísunum ýmissa laga til núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt til samræmis við tillögur frumvarpsins um afnám eignarskatts. Með öðrum orðum felur þetta frumvarp það í sér að í ársbyrjun 2006 verða ekki lengur í gildi hin gamalkunnu lög um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum heldur ný lög undir heitinu Lög um tekjuskatt.

Ég mun nú, virðulegi forseti, gera nánari grein fyrir helstu efnisatriðum þessa frumvarps.

Sem fyrr segir gerir frumvarpið ráð fyrir 4 prósentustiga lækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga í þremur áföngum. Fyrsti áfangi kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2005 þegar staðgreiðsluhlutfall tekjuskatts lækkar um eitt prósentustig. Sú breyting er talin lækka tekjur ríkissjóðs um allt að 4 milljarða kr. á næsta ári eins og áður er fram komið.

Annar áfangi kemur síðan til framkvæmda frá og með 1. janúar 2006 þegar staðgreiðsluhlutfallið lækkar frekar, þ.e. um 1%, og aftur um 2% í þriðja áfanga sem kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2007.

Í frumvarpinu er einnig mælt fyrir um hækkun á persónuafslætti til næstu þriggja ára í samræmi við umsamdar launahækkanir á almennum vinnumarkaði. Það er hækkun um 3% frá 1. janúar 2005, aftur um 2,5% frá 1. janúar 2006 og loks um 2,25% frá 1. janúar 2007. Samsvarandi hækkun er lögð til á frítekjumörkum barna undir 16 ára aldri. Jafnframt er gerð tillaga um almenna 3% hækkun á viðmiðunarfjárhæðum laganna, svo sem sjómannaafslætti, viðmiðunarfjárhæðum eignarskatts, barnabóta og vaxtabóta sem koma til framkvæmda við álagningu á árinu 2005.

Þessar breytingar samanlagt, þ.e. 4% lækkun tekjuskatts og 8% hækkun persónuafsláttar, fela í sér 20% hækkun skattleysismarka á tímabilinu. Í dag eru skattleysismörk tekjuskatts að meðtöldu útsvari liðlega 71 þús. kr. á mánuði en verða tæplega 86 þús. kr. í lok tímabilsins miðað við tillögu frumvarpsins og að óbreyttu útsvari. (**Gripið fram í:** ... verðbólga.) Óhætt er að fullyrða að með þessum breytingum er stigið stórt skref í átt til þess að draga úr jaðaráhrifum skattkerfisins sem í senn lækkar skattbyrði heimilanna verulega og stuðlar að aukinni atvinnuþátttöku og auknu vinnuframboði.

Af sama meiði eru tillögur um verulegar breytingar á barnabótakerfinu sem koma til framkvæmda í tveimur áföngum á árunum 2006 og 2007. Þeim breytingum má í megindráttum skipta í fernt.

Í fyrsta lagi er lagt til að ótekjutengdar barnabætur með börnum yngri en 7 ára hækki um samtals 50% til viðbótar þeim 3% sem gert er ráð fyrir að fjárhæðir þeirra hækki í upphafi næsta árs. Þar af hækki bæturnar um 25% frá ársbyrjun 2006 og síðan aftur um 20% í byrjun árs 2007. Í dag er þessi fjárhæð liðlega 36 þús. kr. á ári með hverju barni yngra en 7 ára en verður 56 þús. kr. frá ársbyrjun 2007.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 10% hækkun tekjutengdra barnabóta til viðbótar þeim 3% sem áður voru nefnd og að sú hækkun komi til framkvæmda í ársbyrjun 2006. Samkvæmt gildandi lögum eru tekjutengdar barnabætur misháar eftir hjúskaparstétt og fjölda barna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir ótengdu kerfi og að allar bótafjárhæðir hækki hlutfallslega jafnt. Þannig hækka tekjutengdar barnabætur hjóna eða sambýlisfólks með fyrsta barni úr 123 þús. kr. á ári í 140 þús. kr. frá ársbyrjun 2006. Samsvarandi fjárhæðir fyrir einstætt foreldri færu úr 205 þús. kr. í 232 þús.

Í þriðja lagi er lagt til að viðmiðunarmörk tekna vegna tekjutengdra barnabóta hækki samtals um 50% auk áðurnefndrar 3% hækkunar árið 2005. Þar af hækki viðmiðunarfjárhæðirnar um 25% frá ársbyrjun 2006 og aftur um 20% frá ársbyrjun 2007.

Í dag skerðast tekjutengdar barnabætur þegar við 120 þús. kr. sameiginleg mánaðarlaun hjá hjónum og 60 þús. kr. hjá einstæðum foreldrum. Nái tillögur frumvarpsins fram að ganga verða umræddar tekjuviðmiðanir 168 þús. kr. fyrir hjón og 93 þús. kr. fyrir einstæða foreldra í ársbyrjun 2007.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að skerðingarhlutföll tekjutengdra barnabóta lækki og að sú lækkun komi til framkvæmda á árinu 2007. Lagt er til að við ákvörðun barnabóta lækki skerðingarhlutfall tekna með einu barni úr 3% í 2%, með tveimur börnum úr 7% í 6% og með þremur börnum eða fleiri úr 9% í 8%. Með þessari breytingu er dregið úr jaðaráhrifum barnabótakerfisins. Sem dæmi um áhrif þessara aðgerða má nefna að barnabætur hjóna með tvö börn, þar af annað yngra en 7 ára, með 300 þús. kr. á mánuði samanlagt hækka um 107 þús. kr. á ári, þ.e. tæplega 9 þús. kr. á mánuði. Fyrir einstætt foreldri með 150 þús. kr. á mánuði og tvö börn, annað yngra en 7 ára, nemur hækkunin liðlega 150 þús. kr. á ári, þ.e. 12.500 kr. á mánuði, þegar breytingin verður að fullu komin til framkvæmda á árinu 2007.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 er reiknað með að heildargreiðslur barnabóta nemi um 5,4 milljörðum kr. Áætlaður heildarkostnaður ríkissjóðs af framangreindum breytingum á barnabótakerfinu er talinn verða um 2,4 milljarðar kr. þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda. Með öðrum orðum fela tillögur frumvarpsins í sér tæplega helmingshækkun barnabóta frá gildandi lögum og skiptast þær breytingar nokkuð jafnt milli áranna 2006 og 2007.

Þá er í frumvarpinu lagt til að eignarskattur, bæði á einstaklinga og lögaðila, falli niður frá og með árinu 2006. Í dag er eignarskattur 0,6% á nettóeignir einstaklinga umfram 4,8 millj. kr. og tvöfalda þá fjárhæð hjá hjónum. Má reikna með að hann skili um 3,7 milljörðum króna í ríkissjóð á næsta ári. Ljóst er að afnám eignarskatts mun koma sér afar vel fyrir íbúðaeigendur, ekki síst eldra fólk og lífeyrisþega sem búa í lítið skuldsettum íbúðum og greiða þar af leiðandi tiltölulega háa eignarskatta. Sannleikurinn er sá að það er fólk yfir sextugt, komið á efri ár, sem borgar stærstan hluta eignarskattsins. Sé tekið dæmi af íbúð sam samkvæmt fasteignamati er metin á 15 millj. kr. felur afnám eignarskattsins í sér liðlega 60 þús. kr. lækkun á árlegri skattbyrði einstaklings eigi hann íbúðina skuldlausa eða sem svarar 5 þús. kr. á mánuði.

Rétt er að nefna að þrátt fyrir afnám eignarskattsins, samanber tillögu frumvarpsins, er áfram gert ráð fyrir framtalsskyldu eigna og skulda. Framtalsskyldan er m.a. nauðsynleg í ljósi lagareglna um fyrningar og söluhagnað auk þess sem nettóeign, þ.e. eignir að frátöldum skuldum, hefur áhrif á útreikning vaxtabóta. Sem fyrr segir mun breyting þessi ekki hafa áhrif fyrr en á árinu 2006 en frumvarpið gerir ráð fyrir að álagning eingarskatta á nettóeignir ein-

staklinga og lögaðila í árslok 2004 verði með óbreyttu sniði á næsta ári.

Lauslega áætlað munu þær breytingar sem hér hefur verið lýst og er að finna í þessu frumvarpi, þ.e. lækkun tekjuskatts, hækkun barnabóta og afnám eignarskatts, leiða til 4–5% hækkunar á ráðstöfunartekjum heimilanna í landinu að meðaltali. En vitanlega er það svo að ýmsir hópar, ekki síst tekjulægra barnafólk og barnafólk með millitekjur, mun bera miklu meiri kaupmáttarauknìngu úr býtum vegna þessara ráðstafana.

Í frumvarpinu er einnig að finna tvíþætta breytingu á ákvæðum gildandi laga um vaxtabætur. Meginrökin fyrir þeim breytingum er hið mikla umrót sem átt hefur sér stað á innlendum lánamarkaði á undanförnum vikum. Hörð samkeppni ríkir nú um hagstæð vaxtakjör til íbúðareigenda milli aðila á þessum markaði, hvort heldur það er Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðirnir eða viðskiptabankarnir.

Til upprifjunar má nefna að undir lok síðasta árs var samþykkt á Alþingi lækkun á viðmiðunarvöxtum vaxtabóta úr 7% í 5,5% vegna mikillar lækkunar raunvaxta á íbúðalánum. Skyldi sú breyting koma til framkvæmda á árinu 2005. Á þeim tíma voru raunvextir Íbúðalánasjóðs liðlega 5% og vextir lífeyrissjóða nálægt 5,5% að jafnaði. Nú er þetta umhverfi hins vegar gjörbreytt á einungis örfáum vikum sem endurspeglast bæði í lægri raunvöxtum, þ.e. á bilinu 4,2–4,3%, og stórauknum lánamöguleikum fyrir tilstilli viðskiptabankanna. Þessi þróun kallar óhjákvæmilega á aðgerðir af hálfu stjórnvalda í átt til aðlögunar á vaxtabótakerfinu að nýjum veruleika.

Í ljósi þessa er lagt til í þessu frumvarpi að viðmiðunarvextir við útreikning vaxtabóta verði lækkaðir úr 5,5% í 5% sem komi til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2006. Jafnframt er lagt til að ákvarðaðar vaxtabætur á árinu 2005 vegna vaxtagjalda á yfirstandandi ári verði 95% af útreiknuðum vaxtabótum og er það sams konar afgreiðsla og lögfest var í fyrra hvað varðar árið 2004.

Markmiðið með þessum breytingum á vaxtabótakerfinu er að draga að einhverju marki úr hvata til frekari skuldsetningar hjá þeim sem eru að fjárfesta í eigin húsnæði í því mikla umróti sem nú gengur yfir.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um aðrar einstakar breytingar sem er að finna í þessu frumvarpi. Þær snúa flestar að framkvæmd laganna eða lagatæknilegum atriðum eins og samræmingu lagatilvísana eða lagahreinsun. Þó tel ég rétt að nefna tillögu um afnám skattfrelsis hjá innlánsstofnunum með lægri heildarinnlán en 560 millj. kr., en gildandi lagaákvæði er á skjön við almennar jafnræðisreglur gagnvart fyrirtækjum innan sömu atvinnugreinar.

Virðulegi forseti. Frá því að frumvarp þetta var kynnt opinberlega á föstudaginn hafa eðlilega orðið um það töluverðar umræður í þjóðfélaginu, ekki síst í fjölmiðlum. Ýmislegt hefur þar komið fram sem væntanlega verður endurtekið í þeirri umræðu sem nú er að hefjast. Margt hefur þar verið spaklega mælt, annað síður. Ég vil láta þess getið, virðulegi forseti, sem allir þingmenn auðvitað vita, að þetta frumvarp sem ég er nú að mæla fyrir er hluti af löngu ákveðinni stefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur reyndar legið fyrir í eitt og hálft ár. Telji menn að væntingar vegna þessara breytinga, efnahagslegar væntingar hafi neikvæð áhrif á efnahagslífið þá ættu þær þegar að vera fram komnar vegna þess að efnisinnihald frumvarpsins hefur legið fyrir í eitt og hálft ár og stjórnarandstaðan hefur ekki legið á liði sínu nú í haust, t.d. í umræðum um fjárlög og fjáraukalög að finna þessu máli allt til foráttu fyrir fram. Hefur verið ótrúlegt að hlýða á hrakspár stjórnarandstöðunnar þegar verið er að grípa til aðgerða sem munu óumdeilanlega og hvernig sem á málið er litið stórauka kaupmátt almennings.

Ríkisstjórnin hefur áður gert sérstakt átak í að koma til móts við sérstaka hópa í þjóðfélaginu, t.d. aldraða, öryrkja, atvinnulausa og tekjulága, m.a. í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Skattar hafa verið lækkaðir á fyrirtækjum og barnabætur verið hækkaðar. Nú er ætlunin að gera enn betur við barnafólkið með stóraukningu barnabóta og fella brott eignarskattinn sem er ekki síst í þágu aldraðra. En megininntak þessara breytinga, herra forseti, er að lækka skattana á venjulegu vinnandi fólki. Ég spyr: Hvað er eiginlega athugavert við það? Stjórnarandstaðan talar eins og það megi aldrei koma til móts við hinn venjulega vinnandi mann sem þó stendur undir öllu velferðarkerfinu með sköttunum sínum. Það hafa allir keppst við að kvarta undan jaðaráhrifum í skattkerfinu árum saman. Nú er gert átak með þessu frumvarpi til að draga úr slíkum áhrifum og þá kveinkar stjórnarandstaðan sér sem aldrei fyrr.

Okkur hefur tekist að stýra ríkisfjármálunum á undanförnum árum með þeim hætti að skapast hefur verulegt svigrúm til skattalækkana. Afgangur af ríkissjóði, lækkun skulda og lægri vaxtakostnaður gerir kleift að ráðast í aðgerðir sem þessar. Jafnframt er fyrirsjáanlegt að hagvöxtur næstu ára sem ekki síst er drifinn af stóriðjuframkvæmdum sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir, tryggir hagvöxt og tekjuaukningu sem staðið getur undir lækkun skatta. Ég hef leyft mér að kalla það arðgreiðslu til almennings af þeim árangri sem náðst hefur og ég er sannfærður um að því fjármagni sem ríkið skilar með þessum hætti verður vel varið í vasa almennings.

En nú segja sumir að ekki sé rétti tíminn til skattalækkana. Þeir sem því halda fram telja aldrei rétta tímann til að lækka skatta.

Samfylkingin lagði til miklar skattalækkanir í kosningabaráttunni fyrir einu og hálfu ári. Var þá rétti tíminn? Ég hlýt að benda á að hér er um að ræða aðgerðir sem koma til framkvæmda yfir þriggja ára tímabil. Rannsóknir sýna að aðgerðir sem kynntar eru með svo löngum fyrirvara hafa síður þensluhvetjandi áhrif en þær sem gripið er til fyrirvaralaust. Að auki getur enginn fullyrt að almenningur muni verja öllum tekjuauka sínum í neyslu og innflutning. Ekki er ólíklegt að stór hluti hans muni fara til að auka sparnað eða greiða niður skuldir.

Hvað rekst á annars horn í málflutningi stjórnarandstöðunnar það sem ég hef heyrt hingað til frá því að þetta frumvarp var kynnt. Kannski verður þar breyting á í dag. Ýmist er sagt að skattalækkanir séu stórháskalegar því að þær muni auka þenslu. Síðan er sagt að þær séu ómögulegar af því að þær gagnist ekki rétta fólkinu. Með öðrum orðum, skattalækkanir valda engri þenslu svo fremi að þær gagnist réttum aðilum. Það er nú ekki mikið gefandi fyrir málflutning af þessu tagi sem ég vona að við munum nú ekki heyra

mikið af í umræðunni hér í dag.

Virðulegi forseti. Ég vil að endingu leyfa mér að leggja til að þessu frumvarpi verði að þessari umræðu lokinni vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og 2. umr.

[13:53]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðu hæstv. fjármálaráðherra var ekki minnst einu orði á það sem fyrirhugað er í skattamálum varðandi hátekjufólkið. Fyrir liggur að lækka á hátekjuskattinn um 2% um áramót og sú útfærsla sem núna er verið að leggja upp með, 1% lækkun tekjuskattsins, kemur þar til viðbótar.

„Má ekki koma til móts við hinn venjulega vinnandi mann?" spurði hæstv. fjármálaráðherra áðan. Jú, vissulega tel ég að það megi. Mér finnst hins vegar forgangsröðunin nú hjá ríkisstjórninni sem kemur örugglega út úr þessum tilfærslum, þ.e. hátekjuskattinum og núna 1% lækkun tekjuskattsins, vera á þann veg að hún nýtist miklu, miklu betur þeim sem hafa hærri tekjurnar. Það fer ekkert á milli mála. Það er ekki hægt að blekkja jafnvelmenntaða þjóð og Íslendinga með því að setja dæmin fram í prósentum. Það gengur ekki, hæstv. fjármálaráðherra.

Það er algjörlega ljóst að stefna ríkisstjórnarinnar núna við framkvæmdina á næsta ári færir þeim verulegan tekjuauka sem hærri hafa tekjurnar en miklu, miklu minna þeim sem lægstar hafa tekjurnar.

Við settum það fram sem okkar hugmyndir að skattalagabreytingum fyrir síðustu alþingiskosningar í Frjálslynda flokknum að eðlilegt væri að hækka persónuafsláttinn og þar með hækka skattleysismörkin. Við teljum það eðlilega stefnu til þess að jafna lífskjörin í landinu. Flokkur sem einu sinni kenndi sig við „stétt með stétt" og ég var í ásamt hæstv. fjármálaráðherra hefði átt að fara þá leið. (Gripið fram í.)

[13:55]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Skattleysismörkin svokölluðu sem eru nú reyndar fjölmörg en miðast almennt við einhleypan einstakling hækka samkvæmt þessu frumvarpi, eins og ég gat um, úr 71 þús. kr. í 86 þúsund á árinu 2007. (**GAK:** 2007.) Það er vegna þess að skattleysismörkin eru samspil tveggja þátta, ekki bara persónuafsláttarins heldur líka skatthlutfallsins (Gripið fram í.) og með því að gera þetta hvort tveggja náum við þar verulegum árangri og jafnvel meiri en ýmsir töluðu um í síðustu kosningabaráttu.

Þingmaðurinn gat þess að ekki væri minnst á svokallaðan hátekjuskatt eða hinn sérstaka tekjuskatt í þessu frumvarpi. Fyrir því er einföld ástæða. Sá skattur er ekki hluti af þessu frumvarpi vegna þess að það er búið að lögfesta þá breytingu.

En þess má geta að afnám hans er líka liður í því að draga úr jaðaráhrifunum í skattkerfinu, draga úr þeim skatti sem fólk þarf að borga af sínum viðbótartekjum. Ég held að það sé (**Gripið fram í:** Aumingja ...) heppilegt að standa þannig að verki og við erum sem betur fer að ná heilmiklum árangri hvað það varðar núna þessi missirin. (**Gripið fram í:** Hvar liggur samúðin?)

[13:57]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er það algjörlega ljóst að hátekjuskattslækkunin er ekki í þessu frumvarpi en hún er partur af stefnu ríkisstjórnarinnar og framkvæmd hennar í skattamálum. Ég hef margsagt það í þessum ræðustól að ég tel miklu meiri þörf á að laga til í skattkerfinu fyrir þá sem lægri hafa tekjurnar, þá sem eru niðri á 100 þús. kr., niðri á 150 þús. kr., á bótunum, ellilífeyrisþega, öryrkja, atvinnuleysingja, en að lækka skatt á fólki sem er með tekjur yfir 450 þús. kr. hjá einstaklingi og 900 þús. kr. hjá hjónum. Það eru hins vegar áherslur ríkisstjórnarinnar. Svo kemur þessi útfærsla til viðbótar sem gefur í krónutölu milljón krónu manninum tífalt meira í skattalækkun en lágtekjumanninum. Þetta eru útfærslurnar sem verið er að boða á næsta ári.

Í þessu frumvarpi felst hins vegar lagfæring að ýmsu leyti sem kemur til framkvæmda á árunum 2006 og 2007 og ég mun ræða hér síðar í dag, t.d. barnabætur og fleira, og ég tek auðvitað undir varðandi barnabæturnar.

En þessi tekjuskattsbreyting er hvorki til þess að jafna kjörin í landinu né hafa jákvæð áhrif á það hvernig mál þróast hér á vinnumarkaði á næstu mánuðum.

[13:59]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna afstöðu þingmannsins til þeirra breytinga sem fram eiga að koma á síðari hluta þessa tímabils hvað varðar barnabætur. En það er alveg ljóst að reynt hefur verið að búa þannig um hnútana í þessu frumvarpi að það verði veruleg tekjuaukning, kaupmáttaraukning hjá þeim hópum fólks sem lakar standa, millitekjuhópum og lágtekjufólki, ekki síst með börn. En það er líka komið til móts við tekjulága íbúðareigendur sem eru að borga eignarskatta (Gripið fram í.) og fleiri slíka hópa sem ástæða hefur verið til að létta undir með en sem hefur dregist og ekki verið ráðist í að gera fyrr en núna.

Ég held því að ef þingmaðurinn skoðar kaupmáttarbreytingarnar sem af þessu frumvarpi munu leiða þá komist hann að þeirri niðurstöðu að það sem hann sagði hér í lokin um áhrif þessa á samningaandrúmsloftið eða stöðu mála á vinnumarkaði sé rangt. Ég held að þetta muni þvert á móti hafa jákvæð áhrif en ekki neikvæð.

[14:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var ákaflega frumleg framsöguræða hjá hæstv. fjármálaráðherra. Hann mælti nánast ekkert fyrir frumvarpinu en notaði obbann af ræðutíma sínum í að ráðast að stjórnarandstöðunni vegna þess sem hún væri líkleg til að segja hér á eftir og ónotast út í það sem sagt hefði verið um málið í fjölmiðlum undanfarna daga. Það var hæstv. ríkisstjórn sem reið á vaðið þar og kynnti þetta á blaðamannafundi og matreiddi þar fram gögn, ákaflega áróðurskennd gögn sem reyndar fylgja ekki frumvarpinu en ég er með í höndunum frá þeim gögnum sem var dreift á blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar, þar sem ávinningurinn er allur reiknaður út hlutfallslega en ekki í krónutölum að sjálfsögðu til að reyna að fela þá staðreynd að þeir fá mest sem hafa mest.

Hitt var athyglisvert að hæstv. ráðherra er hér strax í varnarstellingum gagnvart þeim væntingum sem þessar breytingar kynda upp, gagnvart þeim þenslu- og verðbólguáhrifum sem þetta er líklegt til að hafa, þeirri olíu á þann eld sem þessi gjörningur ríkisstjórnarinnar því miður verður.

Sú málsvörn hæstv. ráðherra að vegna þess að þessar skattbreytingar séu að uppistöðu til samkvæmt kosningaloforðum eða stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og þar af leiðandi eigi áhrifin að vera komin fram, er ekki sterk. Fyrir það fyrsta eru áform í stjórnarsáttmála óútfærð. Það voru óútfærð áform og sérstaklega tekið fram að það ætti eftir að ræða þessu niður á kjörtímabilið og ákveða hvernig það yrði gert, og Framsóknarflokkurinn hefur lagt áherslu á það. Það síðara er auðvitað að aðstæðurnar eru breyttar, verðbólguspárnar eru á uppleið, viðskiptahallinn er að vaxa. Það líður varla svo mánuður að einhver aðili, annaðhvort greiningardeildir hjá bönkunum eða fjármálaráðuneytið sjálft, sé ekki að endurmeta þjóðhagsforsendurnar þannig að það er sífellt í óhagstæðari átt gagnvart þessum breytingum. Þessi fátæklega málsvörn hæstv. fjármálaráðherra dugar því skammt en hitt er athyglisvert að hann skuli vera í þessum varnarstellingum gagnvart þessum þætti málsins strax frá byrjun.

[14:02]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins og vant er að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vill skammta manni hvað maður segir og hvenær maður segir það. Maður getur ekki fengið að ráða sínum eigin ræðutíma hér fyrir afskiptasemi þingmannsins, sem snýr svo þessu góða máli sem byggist á því að auka kaupmátt landsmanna upp í eitthvert spursmál um það að ríkisstjórnin sé í vörn. Ríkisstjórnin er ekki í vörn, hún er í mikilli sókn með þetta mál. Það er mikið framfaramál sem hér er verið að reiða fram, mikið framfaraspor sem mun efla og auka kaupmátt landsmanna á næstu árum svo um munar. En það er hins vegar gert með þeim hætti að það mun ekki tefla efnahagslegum stöðugleika í hættu og þess vegna er það rangt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í blaði á laugardaginn, og ég var m.a. að vitna til án þess að ég nefndi það sérstaklega, að það sé hrikalegt efnahagslegt glapræði að ráðast í þessar breytingar. Hv. þingmaður sagði það að mig minnir í viðtali við Morgunblaðið. Ég er að segja að sú staðhæfing sé röng og þingmaðurinn ætti sjálfur að vera í vörn út af slíkum ummælum.

[14:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér varð það á að vekja athygli á frumleika framsöguræðu hæstv. ráðherra að því leyti að nota ekki tímann í að tala fyrir sínu frumvarpi eða mæla fyrir því og útskýra það, heldur eyða orkunni í að ráðast að því sem hann taldi líklegt að yrði málflutningur stjórnarnandstöðunnar síðar í umræðunni.

Þetta er ákaflega frumleg aðferðafræði í rökræðum og ég var bara að vekja athygli á því en ekki að reyna að skammta hæstv. ráðherra umræðuefni að öðru leyti og þaðan af síður hef ég mikla trú á að ég komi til með að hafa verulega bætandi áhrif á skoðanir hæstv. ráðherra þó þess sé vissulega þörf.

Það er augljóst mál að ríkisstjórnin er í bullandi varnarstellingum gagnvart því sem blasir við hverju mannsbarni, að þessi skattalækkunargjörningur núna, skattalækkunarleiðangur á einhverjum mestu þensluárum sem í stefnir um áratuga skeið er glapræði. Og það er sérstaklega viðkvæmt af einni ástæðu að nefna þetta hér, það er eins og snara í hengds manns húsi. Það er af því að allir hagfræðingarnir koma og segja: Jú, af því að samkvæmt kennslubókunum og hægri hugmyndafræðinni er alltaf gott að lækka skatta, *en þeir bæta þó við mennirnir, hafa manndóm í sér til þess:* enda verði skorið algerlega niður á móti, þá kannski sleppur þetta, þá fer kannski ekki allt á hvolf. Þetta vill ríkisstjórnin ekki láta ræða, auðvitað ekki, að það á taka milli 20 og 30 milljarða út úr tekjum ríkissjóðs og þess mun sjá stað. Það er ekki búið að finna upp gullgerðarvél í ráðuneytinu við Arnarhvol. Það verða ekki til verðmæti af engu frekar en í Seðlabankanum forðum þannig að einhvern veginn þarf að mæta því þegar tekjur ríkisins dragast saman sem þessu nemur að breyttu breytanda að sjálfsögðu. Hagfræðingarnir segja: Þetta er í lagi, enda verði skorið niður á móti þannig að það nýja fé sem fer þarna í umferð valdi ekki viðbótarþenslu, verði ekki olía á eldinn. Þetta vill ríkisstjórnin ekki heyra nefnt því það er verið að reyna að telja mönnum trú um að það sé hægt að gera hvort tveggja, lækka skatta og vera góður við allt og alla og halda algerlega óbreyttu velferðarstigi í landinu eftir sem áður.

[14:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn heldur áfram að vera í mikilli vörn. Kannski er það vegna þess hvers lags útreið hann fékk í Kastljósinu í gær hjá ungum þingmanni að hann er ekki alveg búinn að ná áttum í þessu máli.

Kjarni málsins er sá sem ég útlistaði áðan þegar ég gerði grein fyrir frumvarpinu í ítarlegu máli. Ég fór nákvæmlega yfir efnisatriði þess, í hverju þau fælust og hvað þau mundu hafa í för með sér fyrir almenning í landinu. Það er reyndar ekki nýtt að þetta standi til. Ég lét þess jafnframt getið að þetta hefur staðið til í eitt og hálft ár af hálfu stjórnarflokkanna og ég man ekki betur en bæði talsmaður og formaður Samfylkingarinnar hafi reitt fram hugmyndir um miklar skattalækkanir og sama er að segja um Frjálslynda flokkinn sem gerði það líka. Það er því alveg ljóst að fyrir kosningar í fyrra voru allir stjórnmálaflokkar á því að hægt væri að gera verulegt átak í þessum efnum nema flokkur hv. þingmanns Vinstri grænna sem vill, ef eitthvað er og ef ég þekki þá rétt, vini mína í þeim flokki, hækka skattana en ekki lækka þá. Það vilja þeir gera, þeir vilja hækka skattana.

Herra forseti. Hér er framfaramál á ferðinni sem mun skipta sköpum í framtíðinni. Það er mjög mikilvægt að nota tækifærið núna, þegar það er lag til að gera hluti í skattamálum, að lækka jarðaráhrifin hvar sem því verður við komið með þeim áhrifum sem það mun hafa á vinnuframboð og fleira í efnahagslegum þáttum í umhverfi okkar á næstu árum.

[14:07]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ekki ætla ég að dæma um hvor þeirra félaganna er í vörn, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon eða hæstv. fjármálaráðherra, en satt að segja átti ég von á því að hæstv. fjármálaráðherra kæmi til þessa fundar glaður og reifur og mundi berja af mikilli list bumbur þessa fagnaðarerindis sem hann hefur verið að boða núna bráðum á þriðja ár. Ég átti ekki von á því að hæstv. ráðherra kæmi og væri svona önugur í garð ræðna sem enn hafa ekki verið fluttar.

Hæstv. ráðherra talaði um að hann væri hingað kominn til að boða arðgreiðslur til almennings en það sem stendur auðvitað upp úr þessu frumvarpi, sem er ákaflega merkilegt frumvarp, er sú staðreynd að arðgreiðslurnar sem hæstv. ráðherra boðar eru allar út á tiltölulega fjarlæga framtíð. Obbi þeirra skattalækkana sem verið er að bjóða almenningi í dag á að koma — hvenær, herra forseti? Rétt fyrir kosningar. Þetta eru margnotuð kosningaloforð sem hér er verið að reiða fram enn einu sinni. Þau voru notuð til að reyna að bjarga Sjálfstæðisflokknum fyrir síðustu kosningar en tókst ekki. Sá ágæti flokkur tapaði 7% þrátt fyrir þessi miklu loforð. Það er búið að leggja þetta fram nokkrum sinnum síðan og nú er þetta lagt fram í enn eitt skiptið einmitt á þeim tímapunkti þegar hæstv. ríkisstjórn á í miklum erfiðleikum, þeim mestu sem hafa mætt henni á skeiði hennar til þessa. Í hverju felst þá frumvarpið? Fyrst og fremst í því að lofa skattalækkunum fyrir kosningar. Þær eiga að koma rétt fyrir kosningar og væntanlega ætla stjórnarflokkarnir að reyna að endurtaka leikinn og hala inn atkvæði út á þetta margendurtekna kosningaloforð. Þetta minnir á ágætt verk eftir höfundinn Gabriel Garcia Marquez, Frásögn um margboðað morð, og verður enginn hissa þegar loks kemur að því.

Herra forseti. Hæstv. fjármálaráðherra var í vörn þegar hann var að tala um að menn litu svo á að klifun hans á skattalækkunum síðustu missirin hefði leitt til væntinga sem hefðu að hluta til átt sök á þenslunni. Og ég verð að segja, herra forseti, að ég er þeirrar skoðunar að gáleysislegt tal hæstv. ráðherra sí og æ um að nú sé almenningur að fá happdrættisvinning í formi gríðarlegra skattalækkana hafi ýtt undir eyðslu og einkaneyslu í samfélaginu. Ég held að þetta sé skýringin á því að nú er komin upp sú staða að hér er mikill og vaxandi viðskiptahalli sem hæstv. fjármálaráðherra átti ekki von á. Þegar við lögðum fram okkar hugmyndir og tillögur í kosningabaráttunni gerðu menn sér grein fyrir ákveðnum hagvexti. Menn gerðu sér grein fyrir stórframkvæmdum sem lágu þá fyrir og ljóst var að mundu leiða til vaxandi tekna í samfélaginu og ákveðins viðskiptahalla en menn áttu ekki von á þeim gríðarlega viðskiptahalla sem nú er að verða til. Það kemur í ljós að 40% af honum stafar af einkaneyslu. Af hverju sprettur sú einkaneysla? Menn eru að eyða út á framtíðina, eyða út á þessi gáleysislegu gylliboð hæstv. fjármálaráðherra vegna þess að hann er að selja fugla í skógi, ekki þá sem hann hefur í hendi. Það má kannski segja að þær lækkanir sem hæstv. ráðherra leggur til að samið verði um á þessu ári og hugsanlega því næsta byggi á efnislegum staðreyndum og að hægt sé að réttlæta þær, en um leið og menn koma lengra fram í þennan tíma, dreg ég í efa að hæstv. ráðherra sé sá spámaður sem við eigum helst að geta reitt okkur á.

Við getum ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að þegar við skoðum spádóma um hagstærðir á síðustu árum kemur í ljós sú nöturlega staðreynd að hæstv. fjármálaráðherra og ráðuneyti hans eru einmitt þær stofnanir sem virðast verst til þess fallnar að spá fyrir um þróun hagstærða. Það er alveg sama hvort við skoðum viðskiptahallann, verðbólgu eða atvinnuleysi, hæstv. fjármálaráðherra hefur haft rangt fyrir sér um alla þessa hluti. Þegar við skoðum spár hæstv. ráðherra eins og þær hafa birst okkur í fjárlagafrumvörpum og samþykktum fjárlögum, t.d. afgang af ríkissjóði, kemur í ljós að á árunum frá 2000–2003 spáði hæstv. fjármálaráðherra því að ríkissjóður mundi skila 75 milljörðum í afgang. Hann endaði með 10 milljarða halla í fanginu. Útgjaldaspá hæstv. ráðherra sem er grundvallarstærð í efnahagskerfinu og við alla áætlunargerð var svo stökk að frá 2000–2003 fóru útgjöld ríkisins samanlagt 128 milljarða fram úr áætlunum, þ.e. 28 milljarða á hverju einasta ári þannig að ég leyfi mér að halda því fram, herra forseti, að þær kristalkúlur sem hæstv. fjármálaráðherra og völvur hans í ráðuneytinu spá í séu ekki sá grundvöllur sem við eigum að nota til þess að bjóða skattalækkanir í fjarlægri framtíð eins og hæstv. ráðherra er að gera. Ég tel að miðað við ástandið í efnahagsmálum núna og þá staðreynd að stöðugleikinn sem áður ríkti er ekki fyrir hendi, eins og við sjáum bara á tölum um viðskiptahalla og verðbólgu, sé ekki hægt að spá með þessum hætti. Og nú hefur hæstv. fjármálaráðherra sjálfur sagt, síðast í útvarpi í gær, að vegna þess að hér ríkti svo mikill stöðugleiki væri hægt að gera þessar langtímaspár um skattalækkanir.

Ég er sammála hæstv. fjármálaráðherra um það að á tímum stöðugleika í efnahagsumhverfinu er hægt að gera slíkt, en þarna greinir Samfylkinguna og ríkisstjórnina á. Við teljum að sá stöðugleiki sem blasti við þegar kosningum sleppti árið 2003 sé ekki lengur fyrir hendi og það skiptir öllu máli.

Herra forseti. Það frumvarp sem hér liggur fyrir verðskuldar að vera tekið til málefnalegrar og ítarlegrar umræðu. Það er fjarri því að hægt sé að segja að frumvarpið sé alvont. Í því er hægt að finna ýmislegt jákvætt og ég nefni sérstaklega tillögur um auknar barnabætur. Þær tillögur ganga að mörgu leyti í sömu átt og Samfylkingin hefur látlaust talað fyrir en hingað til að mestu leyti fyrir daufum eyrum þessarar ríkisstjórnar. Ég held að við getum öll verið sammála um að hækkun á barnabótum er löngu tímabær. Hún er sá hluti af tillögum ríkisstjórnarinnar sem er auðvelt að samþykkja og reyndar eini hlutinn sem Samfylkingin telur að koma ætti til framkvæmda fyrr en frumvarp hæstv. ríkisstjórnar gerir ráð fyrir.

Ég rifja það upp, herra forseti, að í kosningabaráttunni lagði Samfylkingin sérstaka áherslu á að barnabætur yrðu hækkaðar ásamt helmingslækkun matarskattsins. Það voru ákaflega margir í þeirri kosningabaráttu sem tóku undir með Samfylkingunni og sérstaklega minni ég talsmenn Sjálfstæðisflokksins á að þeir voru sammála Samfylkingunni á þeim tíma um að lækkun matarskattsins væri líklega besta aðgerðin sem hægt væri að ráðast í til að jafna kjörin og lækka skatta vegna þess að hún kæmi þeim líka til góða sem hefðu svo lágar tekjur að þeir greiddu ekki einu sinni

skatt af þeim.

Ég rifja það upp að hv. formaður efnahagsnefndar sagði í sjónvarpsþætti með stallsystur minni úr Samfylkingunni, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, að það væri rétt að sú aðgerð hefði meiri jafnandi áhrif en lækkun tekjuskattsprósentunnar. Maður hlýtur auðvitað að spyrja sig, herra forseti: Hvernig stendur á því að hvergi bólar á lækkun matarskattsins sem hæstv. fjármálaráðherra var svo sammála Samfylkingunni um í kosningabaráttunni að væri mikilvæg og nauðsynleg aðgerð? Hún var reyndar einna efst á forgangslista þess ágæta flokks í kosningabaráttunni.

Að því er varðar barnabæturnar, herra forseti, teljum við í Samfylkingunni að það sé vonum seinna að barnafólki sé skilað a.m.k. hluta af þeim stuðningi sem það hefur misst í formi lægri barnabóta í tíð þessarar ríkisstjórnar. Frá því að hún tók við, þegar Framsóknarflokkurinn gekk inn í ríkisstjórnina árið 1995, hafa barnabætur lækkað, ekki aðeins á föstu verðlagi heldur líka sem hlutfall af landsframleiðslu. Ég veit það og hef lesið eftir hæstv. fjármálaráðherra að hann gefur lítið fyrir það. Barnafjölskyldur í landinu eru honum hins vegar ekki sammála. Þær gefa ekki lítið fyrir það og það er einfaldlega staðreynd að frá því að Framsóknarflokkurinn settist í ríkisstjórn og fram að síðustu kosningum, árið 2003, hafa barnabætur samtals verið 10 milljörðum lægri en þær hefðu orðið ef raungildi þeirra hefði haldist óbreytt frá 1995 þegar þær voru 6,4 milljarðar.

Hækkunin sem er lögð til hérna, herra forseti, er um 2,4 milljarðar á ári þegar tillögurnar eru komnar til fullra framkvæmda. Það má því segja að þær séu einungis fjórðungur þeirrar upphæðar sem barnafólk var hlunnfarið um síðasta áratug. Það er líka augljóst að hækkun barnabótanna á þar að auki ekki að koma til fullra framkvæmda fyrr en árið 2007. Þessu mikilvæga máli sem varðar allar fjölskyldur í landinu er því klárlega ekki raðað í sama forgang og lækkun hátekjuskatts, lækkun á tekjuskatti eða afnám eignarskatts. Það er vægast sagt sérkennilegt. Ég verð hins vegar að segja að það er í takt við framkomu þessarar ríkisstjórnar við barnafjölskyldur í landinu.

Við í Samfylkingunni teljum þetta kolranga forgangsröðun. Af þeim tillögum sem hæstv. fjármálaráðherra rakti og rökstuddi í máli sínu hér áðan teljum við að hækkun barnabóta eigi vitaskuld að vera í forgangi. Þar er um að ræða besta partinn af tillögum ríkisstjórnarinnar og við í Samfylkingunni viljum greiða fyrir að þær komi til framkvæmda sem fyrst. Við munum þess vegna leggja til flýtingu á gildistöku hækkunarinnar við afgreiðslu málsins og sömuleiðis munum við leggja fram breytingartillögu um það að matarskatturinn verði lækkaður um helming um mitt næsta ár. Í staðinn teljum við að fresta eigi þeirri 1% lækkun tekjuskatts sem á að koma til framkvæmda á næsta ári. Þarna er um að ræða sömu upphæð þannig að ef ríkisstjórnin hlítir þessum tilmælum Samfylkingarinnar er ljóst að það verður engin röskun á áformum hennar um tekjur og útgjöld vegna þessa máls.

Því miður er það þannig að þegar farið er í gegnum þetta frumvarp blasir við að hækkun barnabóta er aðeins lítill hluti tillagnanna sem er að finna í frumvarpinu. Hækkunin varðar ekki nema tæplega tíunda hluta þess kostnaðar sem segja má að frumvarpið feli í sér fyrir ríkissjóð.

Meginefni þessa frumvarps eru hins vegar skattalækkanir sem auka á ójöfnuð í samfélaginu, skattalækkanir sem færa þeim mest sem hafa mest fyrir, hinum minna og þeim verst stöddu í rauninni ekki neitt. Þessar tillögur breikka þess vegna bilið milli Íslendinga en brúa það ekki. Þær fela í sér skattalækkanir sem flytja milljarða króna í vasa þeirra sem fylla flokk hátekjufólks og þurfa allra síst á liðsinni hins opinbera að halda.

Til marks um þessa staðhæfingu, herra forseti, nefni ég það að sá fjórðungur skattgreiðenda sem minnstar tekjur hefur á ekki að fá nema 300 millj. í sinn hlut af þeim fimm milljörðum sem ríkisstjórnin ætlar á næsta ári að verja til þess að lækka tekjuskatt. Það er auðvitað sláandi í ljósi þess að sá fjórðungur sem hefur aftur á móti mestar tekjur á að fá í sinn hlut ríflega átta sinnum meira, þ.e. tvo og hálfan milljarð. Þetta er nú allt réttlæti ríkisstjórnarinnar.

Ég verð að taka undir með hv. þm. Frjálslynda flokksins, Guðjóni Arnari Kristjánssyni, að þegar skattalækkunarstefna ríkisstjórnarinnar er skoðuð er engu líkara en að þar sé beinlínis forgangsraðað með hagsmuni hátekjumanna í fyrirrúmi. Hátekjumennirnir fá meiri skattalækkanir í krónum talið og þeir fá þær fyrr. Þessar áherslur speglast auðvitað ákaflega vel í þeim breytingum sem verða samkvæmt áformum ríkisstjórnarinnar á næsta ári, eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson benti á hérna áðan. Á næsta ári ætlar ríkisstjórnin í senn að lækka sérstakan skatt á hátekjumönnum um helming og því til viðbótar er svo flöt lækkun á tekjuskatti sem færir þeim vitaskuld langflestar krónur í vasann.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að taka hérna nokkur auðskilin dæmi til að undirstrika hversu hróplegur munurinn er á milli hátekjumanna og hinna.

Þessar fyrirhuguðu tekjuskattslækkanir ríkisstjórnarinnar munu færa grunnskólakennara með meðallaun u.þ.b. 1.900 kr. í skattalækkun á mánuði sem nægir fyrir ríflega einum bleyjupakka. Láglaunafólk með 150 þús. kr. mánaðarlaun fær minna en tvo bíómiða mánaðarlega með skattalækkun ríkisstjórnarinnar. Framkvæmdastjórinn, sem hefur hálfa milljón á mánuði fær á öllu árinu tæplega 100 þús. kall í sinn vasa. Milljón króna maðurinn fær 23 þús. kr. í skattalækkun í hverjum mánuði sem svarar til einnar þokkalegrar utanlandsferðar. Slíkur einstaklingur fær á ári u.þ.b. 275 þús. kr. frá núverandi ríkisstjórn.

Ég sé að formaður hv. efnahags- og viðskiptanefndar glottir. Honum finnst sennilega skemmtilegt að hlusta á þetta. Þetta er örugglega stefna hans. Hann gleðst þá væntanlega yfir því líka að heyra að ofurforstjórarnir, eins og t.d. vinir hans sem stýra Símanum og öðrum ríkisfyrirtækjum, munu á einum mánuði fá á silfurdiski frá ríkisstjórninni sem svarar einni sólarlandaferð. Ég veit að hv. þingmanni finnst það sniðugt þegar hann ber það saman við ýmsa aðra.

Mér finnst þetta segja allt sem segja þarf. Milljón króna maðurinn fær meira en 12 sinnum hærri upphæð í skattalækkun á mánuði en grunnskólakennarinn fær í sinn vasa. Er þetta ekki augljós forgangsröðun? Er þá ekki augljóst að það eru hátekjumennirnir sem njóta forgangs hjá þessari ríkisstjórn?

Nú hefur hæstv. fjármálaráðherra sagt það, ef ekki í ræðunni hér áðan þá í útvarpi í gær og víðar, að dæmið

muni líta öðruvísi út þegar líður á kjörtímabilið og búið verður að taka barnabætur inn í dæmið. Það er ekki heldur rétt. Ef við brjótum að mergi kemur í ljós að næstu þrjú árin munu aðgerðir ríkisstjórnarinnar koma hinum efnuðu í samfélagi okkar langbest ef litið er til þeirrar upphæðar sem þeir fá í sinn vasa. Og það hljóta menn auðvitað að gera eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti réttilega á áðan.

Ég veit að hæstv. fjármálaráðherra hefur mótmælt þessu og segir að það eigi ekki að skoða krónur heldur prósentur en það eru því miður ekki prósenturnar heldur krónurnar sem kaupa matinn á diskinn og það er það sem skiptir máli.

Ef við skoðum út frá þessum sjónarhóli hvernig mismunandi tekjuhópar koma út úr aðgerðunum, t.d. þar sem er að finna eitt barn undir 7 ára aldri sem er viðmiðun sem menn gjarnan taka, er munurinn líka jafnsláandi. Þá kemur í ljós að í fjölmennasta hópi einstæðra foreldra, þ.e. foreldra sem eru með eitt barn undir 7 ára, fær viðkomandi foreldri tæplega 8 þús. kr. í lækkun á mánuði. Framkvæmdastjórinn með hálfu milljónina fær hins vegar tæplega sex sinnum hærri upphæð frá þessari ríkisstjórn og milljón króna maðurinn fær tæplega 12 sinnum hærri upphæð en einstaklingur í fjölmennasta hópi einstæðra foreldra.

Þetta skiptir auðvitað máli og það er þetta sem við hljótum að vega á vogarskálunum þegar við tökum afstöðu til málsins. Við erum jafnaðarmenn í Samfylkingunni og okkur finnst þetta ekki rétta leiðin.

Sú þróun sem ég var hér að lýsa er alveg eins, kannski samt ekki eins skelfileg, þegar maður ber saman hjón. Hálaunahjón sem eru með 960 þús. kr. í tekjur á mánuði fá um 66 þús. í skattalækkun á mánuði. Lágtekjuhjón sem eru með kvartmilljón á mánuði fá um þrisvar sinnum lægri upphæð. Þetta er ekki réttlæti. Ég segi það, herra forseti, að ég get ekki, eftir að hafa verið 20 ár í stjórnmálum sem jafnaðarmaður, staðið upp og klappað fyrir þessu ranglæti.

Við í Samfylkingunni teljum þessar tillögur uppsprettu að ójöfnuði sem ýtir undir að í stéttlausu Íslandi verði til stéttir hinna efnameiri sem njóti meiri forréttinda en venjulegir alþýðupungar gera í dag. Það er ekki stefna sem ég get forsvarað, ekki stefna sem ég get tekið undir, ekki stefna sem ég get fallist á. Við getum einfaldlega ekki samþykkt lög sem við teljum, með þessum rökum sem ég er hér að leggja fram, hygla þeim sem þurfa ekki á aðstoð að halda í stað þess að rétta hlut þeirra sem hafa minnstu úr að spila og þurfa sannarlega á liðsinni okkar að halda til þess að geta dregið fram lífið með sæmd.

Við skulum heldur ekki gleyma því að þessi ríkisstjórn skuldar þeim mest sem hafa lægstar tekjurnar. Það var þessi ríkisstjórn sem með pólitískum ákvörðunum leiddi til þess að hér á Íslandi er orðinn til stór hópur fátæks fólks sem vart bjargálna er að stritast við að greiða tekjuskatt af launum sem fæstir ráðherrar ríkisstjórnarinnar, fæstir þingmenn, gætu dregið lífið fram á. Þetta fólk, sem við þurfum að hugsa um, aldraðir einstaklingar, öryrkjar, langtímaatvinnulausir, greiddi lítinn eða engan tekjuskatt þegar þessi ríkisstjórn tók við 1995. Framganga ríkisstjórnarinnar gagnvart þessum góðu Íslendingum er á þann veg að að þeir sem í dag draga fram lífið á minna en 100 þús. kr. á mánuði greiða samt samanlagt á ári sem svarar til tveimur milljörðum í tekjuskatt. Ég segi: Ríkisstjórnin skuldar þessu fólki og ef það eru til milljarðar til þess að lækka skatta og til þess að bæta kjörin verða menn að hugsa um þessa hópa.

Herra forseti. Það eru til leiðir til að lækka skatta þannig að allir njóti lækkunarinnar og þeir njóti hennar hlutfallslega mest sem hafa minnstu úr að spila, líka þeir sem eru svo tekjulágir að þeir greiða nánast engan tekjuskatt. Sú leið felst í tillögunni sem Samfylkingin hefur mælt fyrir á Alþingi um að lækka matarskattinn. Við höfum lagt fram tillögu um að lækka matarskattinn um helming, úr 14% niður í 7%. Það er alveg sama hver staða manna er í samfélaginu allir þurfa að verja hluta af ráðstöfunartekjum sínum til að kaupa sér það sem við getum skilgreint sem brýnar nauðþurftir. Allir þurfa að kaupa sér kjöt, mjólk, grænmeti, fisk, brauð og mjólvöru. Það kemst enginn hjá því að eyða töluverðum hluta af tekjum sínum í það sem við höfum skilgreint sem brýnar nauðþurftir. Eftir því sem menn hafa lægri ráðstöfunartekjur eða hafa fleiri munna að metta hækkar hlutfall ráðstöfunartekna sem þeir þurfa yfirleitt að nota til að kaupa þær brýnu nauðþurftir.

Ég held að menn deili ekki um þetta. Ef hægt er að lækka matarverð í krafti þeirra tillagna sem Samfylkingin hefur lagt fram og aðrir flokkar hafa tekið undir og Sjálfstæðisflokkurinn barðist líka fyrir í kosningabaráttunni er um leið verið að hjálpa þeim hlutfallslega mest sem hafa minnstar ráðstöfunartekjur. Þess vegna er þetta forgangsmál að okkar mati. Lækkun matarskattsins kemur öllum vel, bæði þeim efnuðu en mest þeim efnaminni og langmest þeim sem hafa mjög lítið á milli handanna.

Við höfum rætt þessi mál á hinu háa Alþingi og komið hefur í ljós að hér er bullandi þverpólitískur meiri hluti fyrir því að lækka matarskattinn um helming. Samfylkingin hefur lagt fram tillögu um það, Sjálfstæðisflokkurinn hefur barist fyrir því í kosningabaráttu, lýst yfir stuðningi við málið í þessum sölum, formaður þingflokks Vinstri grænna sömuleiðis og formaður Frjálslynda flokksins hefur tekið opinberlega undir það. Það er bara einn flokkur sem hefur lagst gegn samþykkt málsins og það er Framsóknarflokkurinn. Svo einfalt er það mál. Ég veit að í hjarta sínu vill hæstv. fjármálaráðherra fara þessa leið. Ég hef ekki getað skilið málflutning hans með öðrum hætti þegar hann hefur talað af öðrum palli en hér. Sá ágæti maður talaði þannig í kosningabaráttunni. Það er því bullandi stuðningur við lækkun matarskatts á hinu háa Alþingi. Það er bara Framsóknarflokkurinn sem stendur gegn þessu.

Herra forseti. Við núverandi aðstæður teljum við í Samfylkingunni að bilið sé að breikka á milli tekjuhópa í samfélaginu og þess vegna sé rökréttast að skattkerfisbreytingar sem við eyðum peningum til úr sjóðum samfélagsins eigi að stuðla sem mest að auknum jöfnuði og minni mun á milli ólíkra hópa. Þær áherslur voru lagðar í kosningabaráttunni m.a. af okkur eins og hæstv. fjármálaráðherra rifjaði upp. Í kosningabaráttunni var aðaláhersla okkar í skattamálum og aðgerðir sem allir nutu, eins og lækkun matarskattsins um helming, hækkun barnabóta og hækkun persónuafsláttar. Við lögðum megináhersluna í kosningabaráttunni á lækkun matarskattsins af þeim ástæðum sem ég hef þegar rakið og við lýstum því skorinort að væri borð fyrir báru ætti að taka skref til að hækka barnabætur og persónuaf-

slátt, enda væri það í takti við stöðu efnahagsumhverfisins að öðru leyti.

Ég tel að varla leiki vafi á því að eins og sakir standa leyfa aðstæður að ráðast t.d. í að framkvæma þá tillögu sem við höfum barist fyrir, lækkun matarskattsins. Í fyrsta lagi er alveg rétt hjá hæstv. fjármálaráðherra að það eru vaxandi tekjur í þjóðarbúinu um þessar mundir.

Í öðru lagi, og það ber ekki að vanmeta, hefur ríkisstjórnin hækkað skatta á þessu kjörtímabili um svipaða upphæð og nemur lækkun matarskattsins. Lækkun felur því í reynd í sér að við færum skattheimtuna með þeirri tillögu aftur niður á það stig sem hún var í upphafi kjörtímabilsins.

Í þriðja lagi er lækkun matarskattsins sérstök aðgerð að því leyti að hún slær á þenslu vegna þess að hún lækkar verðbólguna. Það hefur verið reiknað út af Hagstofunni fyrir Samfylkinguna, eins og fram kom í umræðum fyrr í vetur, að lækkun matarskattsins samkvæmt tillögum Samfylkingarinnar lækkar neysluvísitöluna um 0,8%. Það munar um minna. Þetta skiptir máli. Aðgerðin hefur því líka áhrif á skuldabyrði landsmanna og við skulum ekki gleyma því.

Við teljum hins vegar, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, að í núverandi efnahagsumhverfi sé ekki hægt að lofa skattalækkunum lengra fram í tímann en í hæsta lagi til fjárlaga næsta árs. Þar greinir okkur alvarlega á við hæstv. fjármálaráðherra. Við erum honum algjörlega ósammála um stöðu og þróun efnahagsmála. Við höfum eins og ég sagði áðan gagnrýnt hann fyrir að selja fugl í skógi, fyrir að lofa skattalækkunum sem eiga ekki að koma til framkvæmda fyrr en undir lok kjörtímabilsins. Hæstv. fjármálaráðherra hefur svarað því fyrir sitt leyti eins og ég rakti áðan að núna ríki stöðugleiki í efnahagsmálum og í því ljósi sé verjanlegt að gera slíkar spár og áætlanir fram í tímann. Mér fannst að vísu hæstv. ráðherra ekki vera mjög sannfærður sjálfur þegar hann mælti fyrir málinu og reifaði einmitt þau rök.

Ég ítreka hins vegar að ég og Samfylkingin er honum sammála að þegar stöðugleiki ríkir í efnahagsmálum er hægt að gera slíkar áætlanir. Þar kemur hins vegar að vegamótum á leið okkar og vegferð hæstv. ráðherra. Við teljum ekki að hægt sé að halda því fram að stöðugleiki ríki í efnahagsmálum eins og sakir standa. Ég held að fáir, fyrir utan þingmenn í stjórnarliðinu, taki undir þau orð hæstv. ráðherra vegna þess að þau teikn sem eru á lofi benda því miður flest til þess að óstöðugleikinn fari vaxandi. Varla er það til marks um stöðugleika þegar ríkisstjórn ræður ekki lengur við verðbólgu og hefur ekki lengur stjórn á viðskiptahalla.

Hins vegar er staðreynd að verðbólgan er á uppleið og viðskiptahallinn er mikill og fer því miður ört vaxandi. Ef við skoðum t.d. þróun verðbólgu og staðreyndir um verðbólguna held ég að þetta blasi við flestum. Í stað þess að verðbólgan sé 2,5% eins og gert var ráð fyrir í forsendum síðustu kjarasamninga er hún í dag 3–4%. Hagdeild ASÍ, sem hefur reynst mun sannspárri en fjármálaráðuneytið um þróun verðlags, spáir því að ef fram heldur sem horfir muni verðbólgan sprengja forsendur kjarasamninga og þeim kunni að verða sagt upp haustið 2005. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra: Er það stöðugleiki sem speglast í þeirri staðreynd að hugsanlegt er að kjarasamningum verði sagt upp vegna þess að verðbólgan er farin úr böndunum?

Greiningardeild Landsbanka Íslands, sem við hljótum að líta á sem hlutlausa stofnun, segir fullum fetum að verðbólgan muni fara meira en tvöfalt fram úr verðbólgumörkum Seðlabankans. Það er svipuð þróun sem blasir við, þróun sem við höfum ekki lengur tök á þegar við skoðum líka viðskiptahallann og þar vísa ég til vitnisins sem situr hér á meðal vor, hæstv. fjármálaráðherra. Í greinargerð sem hann lagði fram með fjárlagafrumvarpinu kemur fram spá um viðskiptahalla og þó ég hafi að vísu áður sagt í ræðu minni að kannski sé lítt mark takandi á spám hæstv. ráðherra eru það einu gögnin sem ég hef um þróun viðskiptahalla undir höndum. Ég neyðist þess vegna til að leiða hana fram sem gögn í málinu. En samkvæmt þeirri spá kemur fram að á næstu árum verði viðskiptahallinn 10,5% af vergri landsframleiðslu. Hann verður í krónum talið 65 milljarðar á þessu ári, 104 milljarðar á því næsta og ég held að hann fari upp í 140 milljarða árið 2006. Árin þar á eftir, fram til 2010 sem spáin nær til, á hann að verða um 50 milljarðar á hverju ári. Hægt er að reikna þetta út. Í kringum 2010 eru u.þ.b. 500 milljarðar sem þannig hafa safnast í viðskiptahalla í útlöndum. Það þarf ekki mikið að gerast til að sú válega þróun geti sett ákaflega stór strik í reikning þjóðarbúsins varðandi gengi, verðbólgu og auðvitað skuldir landsmanna.

Þetta sýnir að stöðugleikinn sem ráðherra byggir skattalækkun sína á er ekki fyrir hendi eins og sakir standa. Efnahagsþróunin einkennist af verðbólgu sem ríkisstjórnin hefur litla stjórn á og viðskiptahalla sem er sterklega varað við af öllum þeim stofnunum sem eitthvað hafa komið nálægt íslensku efnahagslífi. Þá gildir einu hvort um er að ræða innlendar stofnanir eins og Hagfræðistofnun Háskólans, Seðlabanka Íslands eða Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Allar vara við þessari þróun. Þess vegna er ákaflega óvarlegt, svo ég kveði ekki fastar að orði, að lofa skattalækkunum mörg ár fram í tímann eins og hæstv. ráðherra gerir.

Stjórnmálamenn sem vilja fylgja eðlilegri varúð í efnahagsmálum gera það ekki við svona aðstæður. Sá tími kann að renna upp að stjórnmálamenn geti tekið slíkar áhættur og þá er sjálfsagt að skoða frekari lækkanir í takt við þær hugmyndir sem við höfum rætt um, eins og t.d. hugmyndir okkar í kosningabaráttunni um lækkun matarskattsins og um hækkun persónuafsláttar. Sá tími er hins vegar ekki í dag.

Við skulum heldur ekki gleyma því að hæstv. fjármálaráðherra sagði í ræðu sinni áðan og hefur margtekið fram á síðustu dögum, að árin 2007 og 2008 taki að slakna á framkvæmdum og þess vegna sé ráðrúm til að dengja lækkun skattprósentunnar með fullum þunga þar. Er það svo? Er alveg víst að það verði slaki þá? Höfum við ekki á síðustu dögum og vikum heyrt af framkvæmdum sem verið er að gera samninga um, sem mér fannst hæstv. forsætisráðherra tala um síðast í gær, sem benda til þess að slakinn sem átti að verða 2007, 2008 og eftir atvikum 2009 kunni að verða víðsfjarri þegar kemur að þeim tímapunkti? Þá getur staðan einfaldlega verið þannig að hæstv. ráðherra geti ekki staðið við þau loforð sem hann færir nú fram í krafti lagafrumvarps.

Þetta, herra forseti, hefur breyst frá því fyrir síðustu

kosningar. Þá höfðu menn, eins og við munum öll sem sátum í þessum sölum og tókum þátt í umræðum um þróun efnahagslífsins, ráðist í samstillt átak verkalýðshreyfingar, ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu um að bjarga stöðugleikanum sem var í uppnámi fyrir jólin 2002 eins og menn muna þegar verðlagsþróunin var að sigla fram úr hinum rauðu strikum. Þá ríkti hér stöðugleiki. Þá voru fullar forsendur til að gera áætlanir fram í tímann sem byggðust á tiltölulega jafnri þróun hagkerfis þar sem viðskiptahallinn var ekki aðeins í böndum heldur á niðurleið. Þar sem verðbólgan var, ef ekki sú minnsta á EES-svæðinu þá a.m.k. ein sú minnsta. Þær aðstæður eru ekki lengur fyrir hendi. Þess vegna er óráðlegt og blekkjandi gagnvart landsmönnum að lofa þeim skattalækkunum því þær byggjast á aðstæðum sem ríkisstjórnin hefur ekki fullt vald á.

Herra forseti. Að lokum get ég ekki annað en reifað það við hæstv. ráðherra að mér finnst hann gera ákaflega lítið úr þeim aðvörunarorðum sem fram eru sett af ýmiss konar sérfræðingum sem tengjast hlutlausum stofnunum. Ég vísa til þess að margir hafa komið fram og sagt að einmitt vegna þenslunnar sem nú ríkir í efnahagskerfinu sé ákaflega óvarlegt að gera ráð fyrir miklum skattalækkunum nema samsvarandi magn peninga sé tekið út úr kerfinu með niðurskurði og aðhaldi í ríkisútgjöldum.

Ég vísa t.d. til Tryggva Þórs Herbertssonar, sem hefur að öðru leyti tekið frekar jákvætt í hugmyndir ríkisstjórnarinnar um margvíslegar skattalækkanir sem hér hafa verið reifaðar. Hann hefur í blöðum og ljósvakamiðlum lagt áherslu á að brýnt sé að skattalækkunum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið á næstu árum verði mætt með samsvarandi niðurskurði ríkisútgjalda. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Er hann ósammála þessu? (**Fjmrh.:** Nei.) Er hann ósammála þeim aðvörunarorðum af nákvæmlega sama toga sem fram komu hjá Seðlabankanum fyrr á árinu og hafa síðan verið ítrekaðar, aðvörunarorðum sem ekki var hægt að skilja öðruvísi en á nákvæmlega sömu lund og fram komu í textum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrr á árinu? Er hann ósammála þessu? Ef hann er ósammála, með hvaða rökum er það? Ef hann er sammála því að þarna hafi menn lög að mæla og menn þurfa að ganga tiltölulega hægar um dyr verður hann að segja okkur með hvaða hætti hann hyggst grípa til aðhaldsaðgerða. Ætlar hann að grípa til niðurskurðar á einhverju sviði ríkisútgjalda? Ef svo er, er þá ekki sanngjörn krafa hjá stjórnarandstöðunni að fram komi hvers konar aðgerðir það eru?

Hv. þm. Birkir J. Jónsson greindi frá því í fjölmiðlum í gær, sem talsmaður ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, að fyrirhugaðar væru aðhaldsaðgerðir og fyrirhugaður væri niðurskurður. Þá er fullkomlega eðlilegt að spurt sé, herra forseti: Hvar á sá margboðaði niðurskurður að eiga sér stað? Kemur til greina að það verði niðurskurður t.d. innan heilbrigðisþjónustunnar og menntakerfisins?

[14:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. nefndi Alþjóðagjaldeyrissjóðinn til sögunnar. Í nýlegu áliti hans segir að vel heppnaðar kerfisumbætur séu m.a. ein helsta ástæða þess að íslenska hagkerfið sé nú eitt það sveigjanlegasta og kraftmesta í heimi. Þingmaðurinn gerir sér hins vegar ekki grein fyrir því að þessar skattbreytingar eru áframhald þeirra skipulagsbreytinga og kerfisbreytinga sem hér hafa átt sér stað, nauðsynlegt áframhald.

Þingmaðurinn var seinheppinn í ræðu sinni. Hann gat um kenningar Samfylkingarinnar í virðisaukaskattsmálum. Hann er sennilega búinn að gleyma því að fyrir kosningarnar í fyrra spurðu Samtök verslunar og þjónustu hver væri stefna Samfylkingarinnar varðandi virðisaukaskattinn, hvort gera ætti breytingar á honum. Svarið var nei. Einfalt orð, eitt orð, nei.

Síðan ákvað flokkurinn að fylgja í kjölfarið þegar Sjálfstæðisflokkurinn var búinn að móta sína stefnu af því að honum fannst það sniðugt og breytti um stefnu og kom núna með það sem hann hefur flutt hér á þinginu ár eftir ár.

Hv. þingmaður talaði um að skattalækkanirnar væru fugl í skógi. Það er misskilningur. Samfylkingin er býsna seinheppin. Hún er ekki fugl í skógi. Hún er furðufugl í skógi.

[14:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjármálaráðherra svarar ekki þeim spurningum sem fyrir hann eru lagðar. Ég spurði hann hvort hann væri þeirrar skoðunar að aðvörunarorð sérfræðinga sem fram hafa verið borin, m.a. frá Hagfræðistofnun Háskólans og Seðlabanka Íslands væru hjóm eitt. Hæstv. fjármálaráðherra kemur hér og kýs frekar að fara með skop og fyndni eins og hann stundum er ágætur til en það er kannski ekki tækifæri til þess að gera það nákvæmlega núna.

Ég spurði hæstv. fjármálaráðherra ákveðinna spurninga: Er ekkert að marka það sem þessir sérfræðingar segja? Hæstv. fjármálaráðherra treysti sér ekki til þess að svara því. Segir það ekki allt sem segja þarf um málflutning hæstv. ráðherra?

Auðvitað hefur hæstv. ráðherra verið í bullandi vörn einmitt út af þessu, út af því að hann er að lofa skattalækkunum langt inn í framtíðina og sérfræðingar hafa einmitt varað við því að lofað sé of miklum lækkunum án þess að jafnmikið af peningum sé tekið út úr kerfinu með niðurskurði hjá ríkinu. (Forseti hringir.) Ég vil að hæstv. ráðherra svari þessu: Ætlar hann að taka til niðurskurðar í ríkiskerfinu?

[14:47]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Samfylkingin er ævinlega jafnseinheppin. Hún krefst ýmist aukins aðhalds eða aukinna útgjalda. Auðvitað liggur það fyrir að aðhald þarf að vera fylgifiskur þessara skattalækkana. Það dettur engum manni annað í hug. En það mun ekki koma niður á nauðsynlegri þjónustu.

Það er líka athyglisvert að hv. þingmaður svarar engu því sem ég sagði hér um virðisaukaskattinn, þetta litla nei hér, Samfylking, nei við kerfisbreytingum í virðisaukaskatti. Hann gefur sér ekki tíma til þess að svara því. Ég hef nú ekki nennt að standa í því að vera að draga þetta plagg hér á loft í þingsölum í vetur vegna þess að þetta er bara til marks um það hvernig Samfylkingin sveiflast til og frá. En

þetta er hins vegar alveg ágætt dæmi um nákvæmlega það hvernig þessi ágæti stjórnmálaflokkur sveiflast til og frá.

Ég fagna því sem hv. þingmaður sagði um frumvarpið sem hér er verið að ræða að því marki sem það var málefnalegt. En því miður var það nú ekki allt saman þannig, t.d. ekki þegar þingmaðurinn leiddist út í þann ömurlega pytt að bera saman skuldbindingar vegna lífeyrismála og svo greiðslur úr ríkissjóði.

[14:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið sem hæstv. ráðherra gaf hér var mikilvægt. Hæstv. ráðherra staðfesti það hér í fyrsta skipti — ég hef a.m.k. ekki heyrt það áður — að það ætti að grípa *til niðurskurðar. Þá hljótum við að krefjast þess af hæstv.* ráðherra og talsmönnum stjórnarliðsins sem koma í þessa umræðu að þeir greini okkur undanbragðalaust frá því hvar eigi að skera niður. Á að hækka komugjöld? Á að fara áfram þá slóð sem hér var verið að troða í gær og hækka skólagjöld? Er það það sem þessi ríkisstjórn ætlar að gera til þess að vega upp á móti skattalækkununum? Er það þá virkilega þannig þegar upp verður staðið að ef þeim verður einhvern tíma hrint í framkvæmd þá muni almenningur sem á að njóta ávinningsins sjálfur þurfa að greiða kostnaðinn við þær?

[14:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. fjármálaráðherra til hamingju með þetta stórkostlega frumvarp. Þetta er mjög ánægjulegt frumvarp og ég óska þingmönnum öllum *til hamingju með þetta frumvarp.* Ég óska landsmönnum öllum til hamingju með þetta frumvarp. (Gripið fram í.)

Ég hitti konu í fyrradag sem spurði mig: „Þarf stjórnarandstaðan alltaf að vera á móti? Er hún fúll á móti? Þurfa menn endilega að vera á móti af því að þeir eru í stjórnarandstöðu, góðum málum eins og þessu máli?"

Hv. þingmaður talar um fugl í skógi. Trúir hann ekki lagasetningu frá Alþingi? Hann vill fá barnabætur fyrr og lækkun virðisaukaskatts. Verður þá engin þensla? Hvað segir hv. þingmaður um fátæktargildru sem menn tala um á góðum degi? Vill hann koma með virðisaukaskatt sem eykur fátæktargildruna eða vill hann koma með þetta frumvarp sem minnkar hana?

[14:50]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

*Herra forseti. Það er augljóst að hv. þingmenn Sjálf*stæðisflokksins eru dálítið æstir í dag. Gæti það verið vegna þess að sýnt hefur verið fram á það hér með nokkuð hörðum rökum að þetta frumvarp sem þeir eru að leggja til eykur ójöfnuð í samfélaginu? Gæti það verið vegna þess að það kemur fram núna í umræðunni hjá hæstv. fjármálaráðherra að þeir munu neyðast til þess að grípa til niðurskurðar? Gæti það verið vegna þess að hér er að koma fram í umræðunni að til þess að geta staðið straum af þessum skattalækkununum þá er hugsanlegt að menn neyðist til þess að grípa til niðurskurðar í velferðarþjónustunni, t.d. í menntakerfinu og í heilbrigðiskerfinu? Svör við þessu þurfum við að fá.

Herra forseti. Hv. þingmaður spurði mig hér sérstaklega um virðisaukaskatt og hvort lækkun hans yki ekki þensluna. Nú er það þannig eins og ég gat um hérna áðan að lækkun matarskattsins leiðir til lækkunar á neysluvísitölu sem svarar til 0,8% og það skiptir máli. Sá þáttur þeirrar lækkunar hefur t.d. þensluletjandi áhrif.

[14:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er skiljanlegt að ég sé æstur því að ég hef sjaldan séð eins fallegt frumvarp, það kemur manni í uppnám og maður náttúrlega æsist yfir því. (**Gripið fram í:** Æsist yfir því.)

Varðandi *niðurskurðinn þá hefur ríkissjóður* verið rekinn með afgangi og hann er rekinn með afgangi þrátt fyrir þessar skattalækkanir. Mér þætti gaman að sjá upplitið á hagfræðisérfræðingunum þegar hv. þingmaður lýsir því yfir að lækkun á virðisaukaskatti sé þensluletjandi. Það verður nú aldeilis gaman að sjá það.

Hv. þingmaður talar um tekjujöfnun. Ég lít aldrei þannig á að fólk sé fætt fátækt eða verði fátækt alla tíð. Ég vil nefnilega breyta því og ég vil að þeir sem eru fátækir geti orðið ríkir, geti aukið tekjur sínar og þetta frumvarp stuðlar að því að brjóta niður múra fátæktargildranna.

[14:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður kemur hingað og reynir að snúa út úr eins og hann getur. Ég sagði að því er varðaði þensluletjandi þátt lækkunar matarskatts að það væri staðreynd að tillögur okkar *munu, samkvæmt útreikningum* Hagstofunnar, leiða til þess að neysluvísitala lækkar um 0,8% sem væri sá þáttur í þeim tillögum sem væri a.m.k. þensluletjandi.

Ég heyri alla leið hingað að hv. þingmaður hristir höfuðið en þetta er samt sem áður þannig, herra forseti. Þetta er bara útreiknað.

Ég er þeirrar skoðunar, ólíkt hv. þingmanni, að skattkerfið eigi að nota til jöfnunar. Það hefur margsinnis komið fram í þessum umræðum eða alla vega í þessum sölum frá hv. þingmanni að hann er ekki þeirrar skoðunar. En ég og helmingur Sjálfstæðisflokksins er þeirrar skoðunar að nota eigi skattkerfisbreytingar til þess að auka jöfnuð í samfélaginu. Ég veit að hv. þingmaður er ekki þeirrar skoðunar. Þetta er samt sem áður grundvöllur þeirrar sannfæringar sem ég starfa eftir í stjórnmálum. Ég er, ólíkt hv. þingmanni, jafnaðarmaður.

[14:54]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nokkur dirfska hjá hv. 1. þingmanni Reykv. n. að vísa til ummæla Samfylkingarinnar um skattamál fyrir síðustu kosningar vegna þess að skattamálin vöfðust alveg afskaplega mikið fyrir þeim flokki í þeirri kosningabaráttu. Eiginlega má segja að sett hafi verið fram ný stefna í hverri viku í skattamálum. Þegar Frjálslyndir höfðu tekið persónuafsláttinn upp á sína arma þá kom Samfylkingin á eftir. Þegar Sjálfstæðisflokkurinn hafði lýst yfir

vilja til að lækka matarskattinn þá kom Samfylkingin á eftir. Því var mjög erfitt að henda reiður á því hver afstaða Samfylkingarinnar væri í þessum efnum.

Ég velti því fyrir mér þegar ég hlustaði á hv. þingmann áðan hvort þar talaði formaður sama stjórnmálaflokks og sagði í landsfundarályktun í byrjun apríl 2003 rétt fyrir kosningar, að lækka skyldi tekjuskatt einstaklinga í áföngum og styðja betur við barnafjölskyldur með auknum barnabótum og lækkun jaðarskatta.

Gæti hv. 1. þingmaður Reykv. n. upplýst mig um það hvort þetta er ekki sá flokkur sem hann er í forustu fyrir?

[14:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er engu líkara en að hv. þm. Birgir Ármannsson, eins og ýmsir aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem hér hafa talað í dag, sé svolítið sár yfir þeirri staðreynd að það mál sem Samfylkingin lagði mikla áherslu á í kosningabaráttunni, alveg eins og Sjálfstæðisflokkurinn, þ.e. lækkun matarskattsins, hefur verið stöðvað af samstarfsflokknum. Það liggur alveg ljóst fyrir að Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn voru mjög sammála um það mál og þær yfirlýsingar hafa margsinnis komið fram í þessum sölum að það sé keppikefli Sjálfstæðisflokksins að ná málinu fram. Það hefur hins vegar ekki tekist. Menn eiga ekki að vera of sárir yfir því.

Já, svarið er já. Hér talar sami maður og talaði á landsfundi Samfylkingarinnar, sem að vísu var ekki haldinn í apríl, sami maður og tók hérna í ræðu áðan undir að það þyrfti að hækka barnabætur og lýsti því yfir að Samfylkingin mundi leggja fram tillögu um að þeirri ákvörðun yrði flýtt við meðferð þessa máls.

[14:56]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þingmaður Reykv. n. gat þess ekki að í þessari landsfundarályktun var það tekið fram sem fyrsta atriði að stefna bæri að lækkun tekjuskatts einstaklinga í áföngum sem er akkúrat kjarninn í frumvarpinu sem hér er til umræðu.

Annað atriði sem kemur fram í þessu frumvarpi er að styðja betur við barnafjölskyldur með auknum barnabótum og áhrif þessara aðgerða stuðla að því að lækka jaðarskatta, nákvæmlega eins og sett var fram í þeirri landsfundarályktun sem lá til grundvallar kosningastefnu Samfylkingarinnar fyrir síðustu kosningar.

Það er rétt að Samfylkingin fylgdi okkur sjálfstæðismönnum á eftir í því að tala um virðisaukaskattinn fyrir síðustu kosningar þó að því væri neitað harðlega í fyrri hluta kosningabaráttunnar. Samfylkingin fór út um víðan völl reyndar í þessari umræðu og fór m.a. út í það að tala um fjölþrepaskattkerfi í tekjuskattskerfinu sem síðan varð ekki úthald í að halda alveg fram á kjördag. Menn svona reifuðu þá hugmynd í kringum páska en bökkuðu viku seinna þannig að það er nú lítil staðfesta í þessum flokki að manni sýnist.

[14:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki alveg jafngagnkunnugur dagsetningum eins og hv. þingmaður að því er varðar það hvenær einstakar tillögur komu fram. (**BÁ:** Það er erfitt að henda reiður á því.) En jafnvel þó að svo væri þá liggur stefnan alveg ljós fyrir núna og munurinn á okkur og ýmsum öðrum stjórnmálaflokkum er sá að við forgangsröðum. Við teljum að ekki sé hægt að slæma hendinni út í loftið og ná öllum þeim fuglum sem fljúga um himinblámann eins og hv. þingmenn stjórnarliðsins virðast telja. Við höldum að það sé tiltekinn fjöldi smáfugla í hendi og við viljum deila þeim út í ákveðinni forgangsröð. Við viljum byrja á að lækka matarskattinn um helming eins og Sjálfstæðisflokkurinn, andstætt því sem Framsóknarflokkurinn vill, og við segjum það alveg klárt og kvitt að við viljum hækka barnabætur. Ég sagði hérna áðan: Ef viðrar til fuglaveiða þegar líður á kjörtímabilið (Gripið fram í.) þá skulum við t.d. ræða hluti eins og hækkun skattfrelsismarka. (Gripið fram í.) Er þá hv. þingmaður ánægður? (Forseti hringir.)

Stefnan er forgangsröðunin nákvæmlega eins og ég var að lýsa henni hérna.

[14:59]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eftir langa og yfirgripsmikla ræðu hv. formanns Samfylkingarinnar er maður í raun litlu nær um stefnu Samfylkingarinnar í skattamálum rétt núna eins og fyrir kosningar. Annars vegar hefur formaðurinn áhyggjur af þensluáhrifum skattbreytinga, skattalækkunar. Hins vegar liggur þessi stóri 30 milljarða breytilegi skattapakki Samfylkingarinnar undir. Þetta gengur ekki alveg upp í mínum huga.

Hins vegar verður hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni nokkuð tíðrætt um barnabætur og setur þær í forgang í sínum skattalækkunum. Hann gerir fulllítið úr þeim miklu breytingum sem eru gerðar á því sviði í því frumvarpi sem hér er til umræðu.

En fyrst hv. þingmaður hefur svona mikinn áhuga á barnabótum þá spyr ég: Hvað hefur breyst frá því að hv. þingmaður var sjálfur í ríkisstjórn, en á því kjörtímabili lækkuðu framlög til barnabóta um einn milljarð? (Forseti hringir.) Ég endurtek, virðulegi forseti, þau lækkuðu.

[15:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvelt að svara þessari spurningu. Það sem hefur breyst er að barnabætur hafa að raungildi samtals lækkað um 10 milljarða frá því að flokkur hv. þingmanns settist í ríkisstjórn, raunar frá þeim tíma þegar hv. þm. sté sín fyrstu skref á þingi. Það er það sem hefur breyst.

Hv. þingmaður talaði um að hann velktist í vafa um hver væri skattstefna Samfylkingarinnar. Hún er svona: Samfylkingin leggur höfuðáherslu á að lækka matarskattinn um helming. Samfylkingin er að því leyti til sammála flestöllum þingmönnum sem sitja á þinginu nema hv. þingmönnum Framsóknarflokksins. Það er Framsóknarflokkurinn sem hefur lagt fótinn gegn því og komið í veg fyrir að

hægt sé að lækka matarskattinn. Það er hins vegar skattalækkunaraðgerð sem hefur mikil jafnandi áhrif og kemur þeim til góða sem hafa svo lágar tekjur að þeir greiða ekki einu sinni tekjuskatt. Þeir eru því miður til í samfélagi okkar. Þetta er skattstefna Samfylkingarinnar í sínu allra einfaldasta formi eins og hægt er að setja hana fram á einni mínútu.

[15:01]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er litlu nær um hina skýru stefnu Samfylkingarinnar í skattamálum þrátt fyrir þetta mínútuandsvar til viðbótar við langa ræðu.

Tölur tala hins vegar sínu máli og þær segja okkur einfaldlega að þegar hv. þingmaður og ýmsir félagar hans sem nú eru á þingi fyrir Samfylkinguna sátu í ríkisstjórn og áttu kost á að láta þessi áhersluatriði sín koma fram hvað varðar barnabætur og Lánasjóð íslenskra námsmanna voru áherslur aðrar. Ef ég man rétt var t.d. búið að festa í lög að endurgreiðslubyrði námslána skyldi vera 7% þegar við komum hér að ríkisstjórn 1995. Það var vegna þátttöku m.a. ýmissa hv. þm. sem nú eru hér í Samfylkingunni, forverar Samfylkingarinnar stóðu að því. Það eru ákveðin áhersluatriði sem koma fram í því.

Sama er með það að minnka barnabætur á heilu kjörtímabili um einn milljarð króna. Auðvitað er það ákveðið áhersluatriði. Mér finnst hv. þingmaður tala í þessu, nú sem fyrr, dálítið óljóst þegar kemur að skattamálum.

[15:02]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er sómi og heiður að því að rökræða barnabætur við hv. þingmenn Framsóknarflokksins.

Ef ég leyfi mér þann munað að láta hugann reika kemur upp í hann orðið barnakort. Hvað varð um barnakort Framsóknarflokksins? Ja, það er von að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kjósi að vera niðursokkin í að lesa blöð. Ég man eftir öllum ræðunum sem hv. þm. flutti hér um barnakort.

Annar frasi kemur upp í hugann: Ótekjutengdar barnabætur með öllum börnum til 16 ára aldurs. Hvaða flokkur var það sem setti fram þessi hugtök og þessi lykilorð í pólitískri umræðu um barnabætur? (**Gripið fram í:** Er ekki búið að innleiða ...?) Framsóknarflokkurinn, segir hv. þingmaður.

Enn þann dag í dag bíða íslenskar barnafjölskyldur eftir barnakortunum og eftir því að ótekjutengdar barnabætur fylgi öllum börnum til 16 ára aldurs, eins og var lofað hjá þeim flokki sem hafði fólkið í fyrirrúmi.

[15:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt sem fram kom í ræðu hæstv. fjármálaráðherra áðan að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafði sérstöðu meðal stjórnmálaflokkanna í kosningabaráttunni á útmánuðum 2003 að því leyti til að við tókum ekki þátt í þeim skattalækkunarloforðasöng sem þá var sunginn. Kannski má segja að eitt annað framboð sem ekki náði mönnum kjörnum á þing en bauð fram á landsvísu hafi talað á hliðstæðum nótum.

Hvers vegna gerðum við það ekki? Jú, það eru a.m.k. þrjár veigamiklar ástæður því til skýringar. Sú fyrsta er að það var skoðun okkar og er enn þann dag í dag að það sé ábyrgðarlaust að lofa stórfelldum ívilnunum, skattalækkunum eða útgjöldum eftir atvikum, langt fram í tímann með þeim hætti sem þarna var gert. Út á hvað? Út á spár og væntingar um hagvöxt, gullöld og gleðitíð í efnahagsmálum sem engin trygging er fyrir að gangi eftir.

Í öðru lagi er það skoðun okkar að við viljum öflugt samábyrgt velferðarkerfi. Við töluðum um það fyrir síðustu kosningar að við vildum mynda velferðarstjórn. Hver ættu að vera verkefni þeirrar velferðarstjórnar? Jú, að styrkja innviði velferðarsamfélagsins á Íslandi á nýjan leik. Þeir hafa veikst og við höfum dregist aftur úr hinum Norðurlöndunum í ýmsum samanburði þegar mæld eru lífskjör, velferðarþjónusta, hagsmunir sjúklinga, aldraða, öryrkja o.s.frv.

Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Stjórnmálamenn eiga að vera heiðarlegir og koma hreint til dyranna í þeim efnum. Það á ekki að reyna að kaupa sér vinsældir á ódýrum forsendum af því tagi að það sé hægt að gera hvort tveggja, spara krónuna og eyða henni. Það er ekki hægt í bókhaldi ríkissjóðs frekar en annarra eininga í landinu, ekki frekar en hjá heimilunum eða fyrirtækjunum.

Í þriðja lagi höfum við auðvitað mikla fyrirvara á þeim útfærslum, því inntaki skattbreytinganna og þeirri þróun í skattamálum sem hér hefur verið við lýði um nokkurt árabil og hefur flutt skattbyrðina til í landinu þannig að nemur tugum milljarða. Skattbyrðin hefur verið flutt frá hagnaði fyrirtækja, háum tekjum, fjármagnsgróða, söluhagnaði hlutabréfa, arði og öðru slíku yfir á almennt launafólk — menn borga nú skatta af lægri tekjum en áður — og yfir í óbeina skatta.

Skattaprógramm ríkisstjórnarinnar núna er óráð og óréttlátt að okkar mati. Það er það vegna þess að stórfelldar skattalækkanir í skilningnum skerðing á tekjum ríkissjóðs eru ekki skynsamlegar við núverandi aðstæður. Við höfum bara svo mikla þörf fyrir þessar tekjur vegna brýnna verkefna sem þyrfti að ráðast í.

Í öðru lagi er innihald, inntak og útfærsla þessara breytinga þannig að við getum ekki mælt með þeim nema að einu leyti til, í hækkuðum barnabótum.

Í þriðja lagi eru aðstæður þannig í hagkerfinu að það er glapræði að hella olíu á þann eld verðbólgu, þenslu og viðskiptahalla sem núna er við að glíma. Það verður fróðlegt að sjá t.d. hvað aumingja Seðlabankinn reynir að segja í skammdegisskýrslu sinni sem er væntanleg í byrjun desember. Það verður fróðlegt að sjá hvort aumingja Seðlabankinn reynir einn, aleinn, að róa eitthvað á móti straumnum. Það virðist ríkja algert þagnarsamsæri um að allt sé í fína lagi, þetta geri ekkert til, þetta reddist einhvern veginn. Gamli íslenski hugsunarhátturinn ræður núna ríkjum, þetta reddast. Fjármálaráðherrann og ríkisstjórnin gengu fram með því hugarfari: Þetta reddast. Bankarnir: Þetta reddast. Fleiri aðilar hegða sér líkt.

Ég vil taka það fram varðandi barnabæturnar vegna þess að þær hafa verið hér nefndar að að sjálfsögðu fögnum við því, og þótt fyrr hefði verið, að ríkisstjórnin hefjist handa um að skila að einhverju leyti til baka þeirri skerðingu

barnabóta sem hún hefur staðið fyrir. Hvar er nú Framsóknarflokkurinn, herra forseti? Nú væri gaman að hafa þá hérna, vígreifu framsóknarmennina sem voru gapandi áðan í andsvörum og kallandi fram í. Var það ekki Framsóknarflokkurinn sem kom inn í ríkisstjórn 1995, og gerði hvað með Sjálfstæðisflokknum? Tekjutengdi barnabætur að fullu, 100%, þannig að enginn greinarmunur var gerður á barnafjölskyldum og öðrum þegar kom upp eftir tekjubilinu, skerti bæturnar og gerði viðmiðanir óhagstæðari.

Svo fengu menn auðvitað móral eftir þetta og lofuðu bót og betrun. Og nú á að hefjast handa að einhverju leyti við að skila þessu til baka, þó ekki fyrr en 2006. Þetta er ekki forgangsmál hjá ríkisstjórninni, ekki einu sinni hjá Framsóknarflokknum sem var gapandi um þetta. Komi framsóknarmenn hér alveg endilega og við skulum rifja upp sögu barnabótanna og hvernig þær hafa þróast á undanförnum árum, frá því að þær voru umtalsverð búbót fyrir barnafjölskyldurnar, voru að stórum hluta til ótekjutengdar þannig að þær gerðu réttlátan og eðlilegan greinarmun á þeim útgjöldum sem barnafjölskyldur hafa umfram aðra í landinu.

Í fyrsta lagi, herra forseti, um skattalækkanirnar sem hér eru á ferðinni í skilningnum tekjutap ríkissjóðs, tekjutap hins opinbera, minni tekjur til að standa straum af velferðarsamfélaginu á Íslandi. Fjóra milljarða á að setja út á næsta ári í minni tekjum hjá ríkissjóði, samtals rúma 20 milljarða í minni tekjum á tímabilinu og 2,4 milljarða í aukin útgjöld vegna barnabóta þegar það er að fullu komið til framkvæmda á árinu 2007.

Ég held því að vísu fram og hef þó nokkra tilfinningu fyrir því að hér sé um vanmat að ræða. Ég held að það sé líklegt að tekjutap ríkissjóðs verði meira en þessu nemur, það verði 18–20 milljarðar vegna lækkunar tekjuskattsins eins. Þar til viðbótar koma 7 milljarðar í eignarskattinum miðað við það sem hann á að skila á næsta ári og gleymum því ekki að innbyggt í gildandi tekjuskattslög er afnám hátekjuskattsins sem á að skila 1.200 millj. á næsta ári, mundi skila u.þ.b. 1.800 millj. ef það væri lagt á eins og var gert árið 2003 og fer niður í núll á árinu 2007.

Ef við tökum hátekjuskattinn þarna með og reiknum með að þetta mat mitt sé ekki fjarri lagi, að tekjuskatturinn einn sé 18–20 milljarðar, erum við kannski að tala um, að teknu tilliti til útgjalda vegna barnabóta, frekar 23–26 milljarða kr. en 20–22.

Hvaða stærðir eru þetta? Jú, þetta er þá u.þ.b. rekstrarkostnaður Alþingis í 12 ár. Það mætti reka Alþingi Íslendinga í 12 ár fyrir þær tekjur sem þarna á að afsala á hverju ári frá og með 2007. Þetta er rekstur Háskóla Íslands í heild sinni í fjögur og hálft ár. Þetta er rekstur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri í sjö ár.

Halda menn að ekkert muni um þetta? Halda menn að þetta bara gerist sisona, þetta sé allt í lagi, ekkert vandamál? Ég held að annað eigi eftir að koma á daginn. Við stöndum frammi fyrir bullandi þrengingum í rekstri þessara stofnana margra hverra í dag. Bíddu, hvernig er ástandið á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eða Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri? Eru menn þar ekki í niðurskurðaraðgerðum? Er ekki verið að úthýsa starfsemi af því að opinberu sjúkrahúsin ráða ekki við hana, hafa ekki fjárveitingar til hennar?

Hvernig er með háskólana? Á ekki að skafa 140 millj. á næsta ári upp úr vösum námsmanna í hækkuð skráningargjöld? Er það ekki? Jú.

Hvernig er með öryrkjana og samningana við þá? Það er ekki nokkur leið að fá 500 millj. til að standa við samninginn við öryrkja sem ríkisstjórnin ætlar að láta sig hafa að svíkja. Það eru einhver ömurlegustu svik sem maður hefur upplifað í stjórnmálasögu síðari ára. Lesi menn Morgunblaðið, Dagblaðið eða Fréttablaðið í dag, auglýsingu Öryrkjabandalagsins og beinar tilvitnanir þar í ráðherra. Standi þeir frammi fyrir því þar sem hæstv. heilbrigðisráðherra marglýsti því yfir að hans áliti væri þetta samningur og að hans áliti vantaði enn þá hálfan milljarð til þess að efna hann. Hann sagði það í beinum tilvitnunum við fjölmiðla á síðasta ári aftur og aftur.

Hvað með lyfjakostnaðinn? Er ekki verið að velta auknum kostnaði yfir á sjúklinga vegna lyfja? Jú. Eru þá ekki til peningar í landinu til að létta að einhverju leyti þeim kostnaði af öldruðu og/eða veiku fólki?

Hvernig er með varðskipið sem menn er búið að dreyma um að fá hér í mörg ár til þess að hafa sæmilega öflugt skip sem ráði við aðstæður og þær stærðir í skipaflotanum sem við er að glíma í dag? Nei, það er ekki hægt að byggja það og verður væntanlega ekki á næstu árum. Það er ekki eins og að menn vaði í peningum og geti látið eins og hægt sé að gera þetta án þess að þetta komi nokkurs staðar við.

Hvað með þjóðgarðana, af því að ég heyri að hæstv. fyrrverandi umhverfisráðherra bankar í borðið? Hvað með uppbyggingu á slíkum sviðum? Væri ekki í lagi að hafa örlitla fjármuni handa á milli til að standa sómasamlega að þeim? Menn eru komnir niður á hnén þar eins og víða annars staðar og farnir að velta fyrir sér hvort biðja eigi um leyfi til að selja inn á náttúruperlurnar af því að þeir fá ekki peningana frá hinu opinbera. Ferðaþjónustan, mesta vaxtargrein íslensks atvinnulífs, og næststærsti gjaldeyrisskapandinn fær nánast engan stuðning af einu eða neinu tagi. Náttúrugersemar liggja undir skemmdum um allt land af því að það er ekki hægt að taka sómasamlega á móti þeim fjölda ferðamanna sem þangað kemur.

Innihald þessa skattapakka, lækkun tekjuskattsins, niðurfelling hátekjuskattsins, sem einnig er á ferðinni meðal annars sem þarna er undir, er þannig að þeir fá mest sem mest hafa. Ríkisstjórnin reyndi í framsetningu sinni á málinu að láta þetta líta þannig út að um væri að ræða sérstakan stuðning við lágtekjufólk, millitekjufólk og barnafjölskyldur. Auðvitað fara barnabætur eðli málsins samkvæmt til barnafólks en hvernig var framsetningin hjá ríkisstjórninni? Jú, það voru dregin upp fín gröf og línurit sem sýndu hlutfallslega aukningu, hlutfallslegan ávinning tekjuhópanna. Af hverju ætli það sé gert? Jú, það er auðvitað af því það má ekki sýna krónutölurnar. Það má ekki sýna þær því að þá líta myndirnar ekki eins vel út. Þá kemur það náttúrlega í ljós, svo ég tali nú ekki um ef hátekjuskattbreytingin yrði höfð þar með, hverjir fá mest. Þá kemur það í ljós.

Fleira er áróðurskennt í þessari framsetningu t.d. það sem lýtur að skattleysismörkunum. Það er svipað og með fleira í þessum dúr þegar menn reikna út ávinning kennara af kjarasamningunum. Þá setja menn dæmið þannig upp að það er reiknað með því að verðbólgan detti í núll á morgun

og haldist þannig. Menn tala jafnframt um þetta mikla hækkun skattleysismarkanna. En ætli verðlagið breytist ekki á sama tíma? Getur ekki verið að launa- og verðlagsþróunin geri það að verkum að þessi skattleysismörk geri lítið meira en að halda í við þá þróun? Hver er þá raunbreytingin? Er þá í reynd verið að létta sköttum af lágtekjufólki? Nei, þá er það kannski að sleppa á núlli.

Staðreyndin er auðvitað sú að stærsta einstaka breytingin í skattamálum á Íslandi síðastliðin 15 ár hefur falist í því að halda niðri skattleysismörkunum. Þannig hefur þungi skattbyrðanna færst til yfir á lægri enda launanna. Þau ættu að vera yfir 90 þús. kr. í dag ef þau hefðu fylgt verðlagsþróun frá því staðgreiðslan var tekin upp. Þau ættu að vera um 110 þús. kr. ef þau hefðu fylgt launaþróun á sama tíma. Þá væru menn ekki að borga skatta af elli- og örorkulífeyri. Þá væru menn ekki að borga skatta af atvinnuleysisbótum. Þá væru menn ekki að borga skatta af allra lægstu umsömdu launum, eins og það var á sínum tíma. Staðreyndin er sú að menn stilltu skattleysismörkin af við það að menn væru nokkurn veginn skattlausir sem höfðu lægstu tekjur samfélagsins. Mörkin hafa hins vegar þróast þannig að það á í raun og veru ekki að vera til einn einasti Íslendingur sem ekki er með tekjur um eða yfir skattleysismörkunum.

Við skulum líta á nokkur dæmi þar sem við erum ekki með hlutfallslegan ávinning, herra forseti, heldur krónutölur. Sjáum hvernig það kemur út og ég hef leyft mér að taka hátekjuskattinn inn í því að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki hátt um það að það er auðvitað sérstök jólagjöf í gangi núna, ár eftir ár, til tekjuhæsta fólksins í landinu. Þar liggur samúð hæstv. ríkisstjórnar. Hún liggur þar. Það eru kannski jaðaráhrifin sem hæstv. fjármálaráðherra er svo óskaplega upptekinn af.

Hátekjuskatturinn var á árinu 2003, vegna tekna á árinu 2002, 7%. Hann var 7% á laun hjá einstaklingi fyrir ofan um 340 þús. kr. Hann er 5% í ár vegna launa í fyrra. Hann á að vera 4% á næsta ári vegna launa yfirstandandi árs, 2% á árinu 2006 vegna launa ársins 2005 og búið. Núll, eftir það.

Það þýðir að á þessu töfraári 2007, kosningaárinu, er enginn hátekjuskattur. Skattar af launum ofan við 340 þús. kr., eða segjum 350 þús. kr. hjá einstaklingi, hafa af þeim ástæðum einum lækkað um sjö prósentustig, 7%. Til viðbótar koma 4% samkvæmt þessu frumvarpi. Með öðrum orðum fær einstaklingar með 350 þús. kr. í tekjur eða þar fyrir ofan, gagnvart þeim hluta teknanna, skattalækkun, miðað við árið 2003, á árinu 2007 sem nemur 11%. Það er vel í lagt og myndarlegt gagnvart þessum hópi.

Þannig fær milljón króna maðurinn, með milljón í tekjur á mánuði, sem eru nú býsna margir með tólf milljónir á ári, við að hátekjuskatturinn fellur niður, um 45 þús. kr. skattalækkun á mánuði. Það eru 7% af tekjum yfir 930 þús. kr. á mánuði. Það munar um það. Það munar dálítið um það. Síðan fær hann einar 30 þús. kr. í sérstaka skattalækkun vegna þess sem er á ferðinni í þessu frumvarpi. Það geta orðið um 80 þús. kr. á mánuði, reiknað út frá núverandi skattleysismörkum til að einfalda dæmið, sem þessi maður fær, eða 980 þús. á ári. Fast að milljón á ári enda auðvelt að reikna það, stórt séð 11% skattalækkun af öllum tekjunum og 4% af því sem er neðan við 340 þús. kr.

Hvað fær hundrað þúsund króna maðurinn? Hvað fá þeir sem eru með lægstu umsamin laun í dag? Þau eru til, undir 100 þús. kr. eins og menn vita. Jú, það er þúsund kall á mánuði, eitt til tvö þús. kr. á mánuði, eftir því hvernig það er reiknað miðað við núgildandi eða væntanleg skattleysismörk, 12–20 þús. á ári. Það svarar til flugfargjalds aðra leiðina norður á Þórshöfn, aðra leiðina. Á meðan fær hátekjumaðurinn sjálfsagt 10–15 Lundúnaferðir, báðar leiðir. Hann kæmist sennilega fimm ferðir til Ástralíu fram og til baka fyrir þá skattalækkun eina sem fólgin er í þessum pakka ríkisstjórnarinnar í heild sinni.

Svona er þetta. Þetta eru krónurnar. Þetta er ekki hinn hlutfallslegi ávinningur. Það er auðvitað verið að fletja skattkerfið á Íslandi þannig út að það verður leitun að öðru eins eftir þessar breytingar. Það er verið að búa til sérstaka skattaparadís fyrir hátekjufólk. Fari menn til hinna Norðurlandanna og skoði hvaða prósentur menn borga af tekjum af stærðargráðunni ein milljón krónur íslenskar á mánuði. Halda menn að menn komi til með að sjá þar prósentur eins og þær sem verða við lýði á Íslandi árið 2007? Nei, það verður hvergi.

Auðvitað væri hægt að taka fleiri dæmi um þetta. Það væri t.d. fróðlegt að taka dæmi af stjórnmálamönnunum sjálfum. Tímaritið Frjáls verslun birtir upplýsingar um laun manna og það er ekkert leyndarmál, það eru opinber gögn, sem og skattskráin er, enn þá a.m.k., ungum íhaldsmönnum hefur ekki enn tekist að fá hana læsta niður. Þar er fróðlegt að sjá hvernig þetta skiptist í fjölda á hinar ýmsu stéttir þótt enginn hafi haldið því fram að þessi yfirlit Frjálsrar verslunar séu tæmandi. En það er ágætt fyrir menn að blaða aðeins í þessu þegar þeir ræða um skatta og velta fyrir sér hverjum virkilega nýtist skattstefna ríkisstjórnarinnar. Hverjir virkilega græði á henni.

Við getum t.d. tekið okkur tvo, mig og hæstv. fjármálaráðherra, og velt því fyrir okkur hvernig þessar breytingar koma við okkur, miðað við þær tekjur sem Frjáls verslun segir að við höfum haft á árinu 2003 og koma fram við álagningu skatta á árinu 2004. Þá er Geir Hilmar Haarde fjármálaráðherra sagður vera með 854 þús. kr. á mánuði, hæstv. fjármálaráðherra. Sá sem hér talar með 409 þús. kr. Nú skuluð þið bæta hinu fræga desemberálagi við það og þá væru þau laun komin í rúmlega 600 þús. kr. Hvað er þá verið að færa undirrituðum og Geir H. Haarde í skattalækkanir á árinu 2007 miðað við skattana eins og þeir voru lagðir á árinu 2003 með þessum breytingum í heild sinni, tekjuskattinum og afnámi hátekjuskattsins? Jú, ætli það sé ekki þannig að það sé verið að lækka skatta á hæstv. fjármálaráðherra um 55–60 þús. kr. á mánuði, miðað við það sem hann hefði borgað eins og álagningin var 2003 og skattana á undirrituðum um 35–36 þús. kr. á mánuði. Skattar fjármálaráðherra verða sem sagt, á árinu 2007, líklega um 680 þús. kr. lægri en þeir hefðu verið miðað við álagninguna 2003 og skattar undirritaðs 420–425 þús. kr. lægri. Ég segi: Við höfum ekkert við þessar skattalækkanir að gera. Við getum vel og eigum að borga þessa skatta og gleðjast yfir því að þeir standi straum af brýnum samfélagslegum verkefnum, þeir renni til velferðarmála og búi betur að þeim sem hafa þörf fyrir það í landinu.

Hverjum er verið að færa þessar gjafir, samkvæmt þessum listum Frjálsrar verslunar? Hverjum er verið að færa

þessar gjafir? Já, ég kalla þetta gjafir, vegna þess að það er verið að stórauka tekjur fólks á kostnað þess að minna verður til skiptanna til brýnna velferðarverkefna í landinu á komandi árum. Það verður þannig, því miður. Menn geta glott aftur á hnakka hérna, allir hægri mennirnir í salnum. Í einlægri bókstafstrú sinni á að þetta sé allt saman hægt og muni allt saman ganga upp samkvæmt teoríunum. Verðmætin aukast og aukast og skatttekjurnar aukast eftir því sem prósenturnar lækka, segja þeir alltaf, hv. þm. Pétur Blöndal & Co. Það er helst á þeim að skilja að þær verði aldrei meiri heldur en þegar prósentan er komin ofan í núll. Þeir tala þannig. Tala gjörsamlega út í loftið. (**PHB:** Það er ekki rétt.) Það er þannig að það eru tæplega 80 forstjórar í landinu með nákvæmlega þessar tekjur, upp á eina milljón kr. á mánuði. (**PHB:** Hvað margir sjómenn?) Það eru tæplega 80 forstjórar. Það eru 73 starfsmenn fjármálafyrirtækja. Aftur vek ég athygli á því að hér er ekkert um einhverja tæmandi lista að ræða. Þetta eru ... (Gripið fram í.) Það kemur að því, verið ekki svona órólegir, háttvirtir þingmenn. Þetta er sá fjöldi sem ratað hefur inn á þessa lista. Það eru 54 „ýmsir menn úr atvinnulífinu“ eins og það er kallað; 27 næstráðendur í fyrirtækjum og fleiri millistjórnendur með tekjur yfir eina milljón. Það eru sjö forsetar eða forseti, ráðherrar og alþingismenn. Það eru fimm sveitarstjórnarmenn. Þar eru tveir hjá hagsmunasamtökum, báðir hjá LÍÚ. Í þeim hópi eru einnig fimm embættismenn og forstjórar ríkisfyrirtækja, 12 lögfræðingar, 6 endurskoðendur, 100 læknar og hjúkrunarfræðingar, 2 tannlæknar, 8 flugstarfsmenn, 5 verkfræðingar og sérfræðingar, 3 fjölmiðlamenn, þar af ritstjóri Morgunblaðsins örugglega og 30 sjómenn og útgerðarmenn. Léttir mönnum við að heyra það? 30 sjómenn og útgerðarmenn. (**Gripið fram í:** Hvað voru margir læknar?) Þrjátíu sjómenn og útgerðarmenn. Hundrað læknar. Þetta eru 420 einstaklingar sem samkvæmt þessum listum hafa á þessu ári tekjur yfir 1 millj. kr.

Þessi hópur og sambærilega settir aðilar í samfélaginu, sem auðvitað eru fleiri og við vitum það, einhver hundruð í viðbót væntanlega, fá í grófum dráttum milljón í viðbót í vasann á árinu 2007. (Gripið fram í.) Ja, það er stærðargráðan í þessu. Við getum auðvitað reiknað þetta allt út á grundvelli nákvæmari útreikninga ef menn vilja en í grófum dráttum er þetta svona, þegar við tökum svona meðaldreifinguna á tekjum í þessum hópi. Menn skulu hafa í huga að í þessum hópi eru tekjur allt upp í 10–12 millj. kr. á mánuði og algengt að sjá tekjur á milli 2 og 4 millj. kr.

Þannig er þetta náttúrlega en um þetta má auðvitað ekki tala. Að sjálfsögðu ekki. Það á bara að fela þetta í hlutfallslegum ávinningi og láta það hverfa þannig.

Það er auðvitað staðreynd, herra forseti, að hér er fyrst og fremst verið að skapa aðstæður í skattamálum gegnum það að fletja skattkerfið út með þeim hætti sem ríkisstjórnin er að gera, í gegnum það að hér hefur alveg sérstaklega verið hlúð að þeim sem taka hagnað til sín í gegnum fjármagnstekjur, arð og söluhagnað hlutabréfa þannig að það er eiginlega hvergi í heiminum nema á einhverjum skattasmugueyjum búið betur að slíkum en á Íslandi. Það sýnir samanburður sem m.a liggur hér fyrir í þingskjölum.

Búið er að færa tekjuskatt af hagnaði fyrirtækja niður í eitt það lægsta sem þekkist í OECD og nú er verið að klára dæmið með því að hygla alveg sérstaklega þeim sem hærri hafa launin í landinu, fletja prósentuna þannig niður.

Hver verður svo niðurstaðan og hver hefur þróunin verið samhliða þessum skattbreytingum sem hafa verið í gangi hérna meira og minna síðan frá því upp úr 1990, eftir stjórnarskiptin 1991? Hver hefur þróunin verið á hina hliðina? Hún hefur verið upptaka komugjalda í heilbrigðiskerfinu, hún hefur verið aukinn kostnaður sjúklinga vegna lyfjanotkunar, hún hefur verið sú að dregið hefur verið úr endurgreiðslum tannlæknakostnaðar þannig að það liggur fyrir að menn eru farnir að veigra sér við í stórum stíl að leita til tannlækna með dýra þjónustu sem ekki fæst endurgreidd nema að litlu eða engu leyti. Þetta liggur fyrir.

Þróunin hefur verið sú að kostnaðinum er í vaxandi mæli velt yfir á notendurna og á hverjum bitnar það þungbærast? Jú, auðvitað þeim sem lægstar hafa tekjurnar. Þannig er nú verið að breyta samfélaginu, frú forseti.

Þá um aðstæðurnar sem við er að glíma gagnvart þessum skattalækkunum. Hæstv. fjármálaráðherra gerir hér heldur lítið úr þeim og verður mjög hvefsinn þegar minnt er á það að talsverð umræða hefur verið uppi í þjóðfélaginu, eðlilega og skárra væri það nú, um hvort það sé mjög heppilegt, burt séð frá öðru, að fara út í leiðangur af því tagi einmitt núna. Hvernig eru aðstæðurnar? Jú, þær eru þannig að verðbólgan er á uppleið, hún er líklega í kringum 4% á ársgrundvelli núna miðað við hreyfingu síðustu mánaða og stefnir frekar upp á við en hitt. Spáð er verðbólgu af þeirri stærðargráðu næstu tvö til þrjú árin. Það er viðskiptahalli upp á um 100 milljarða á ári að meðaltali núna þetta ár og næstu tvö, því er spáð, ég er ekki að skálda hér neitt upp, tek hér bara til marks um það sem heimild þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Þær eru til dekkri en við skulum bara halda okkur við hana. Og það er því miður spáð 50 milljarða viðskiptahalla í framhaldinu af því næstu fjögur ár þar á eftir, 2007, 2008, 2009 og 2010. Það þýðir að á núgildandi verðlagi verður þarna um að ræða 500 milljarða kr. uppsafnaðan viðskiptahalla á árabilinu 2004 til og með 2010, 500 milljarðar. Það eru hátt í tvenn fjárlög ríkisins.

Halda menn að þetta muni ekkert koma við? Menn þurfa ekki að vera útlærðir í stærðfræði til að sjá að það er talsverð greiðslubyrði af skuldum sem þessu nemur við útlönd og þetta gerir greiðslujöfnuðinn og stöðu þjóðarbúsins býsna viðkvæma. Enda hver verður hrein staða þjóðarbúsins í lok þessa tíma? Jú, það er líklegt að hún versni úr þeim 68–69% af landsframleiðslu sem hún er í dag, þ.e. hreinar skuldir erlendis umfram eignir eru af þeirri stærðargráðu upp í líklega 90% af landsframleiðslu strax á árinu 2007. Með öðrum orðum, hreinar skuldir okkar erlendis að frádregnum eignum eru að slaga upp í landsframleiðsluna, heilsársverðmætasköpun í landinu. Langt að baki er nú það met sem slegið var að mig minnir um mitt ár 2000 þegar bráttóskuldirnar fóru fram úr landsframleiðslunni á miðju sumri. Nú tölum við ekki um það lengur að við getum mælt þær eitthvað á stærðargráðunni eitt stykki landsframleiðsla. Nei, við erum að tala um að hreinar erlendar skuldir séu að nálgast þau mörk og halda áfram að aukast sem aldrei fyrr, og því miður ekki bara vegna einhverra fjárfestinga og uppbyggingar í atvinnulífinu. Aðeins um 40% af viðskiptahallanum er með góðum vilja hægt að gjaldfæra þar. Afgangur-

inn er eyðsla sem að mestu leyti er tekin að láni. Það sést best þegar samsetning einkaneyslunnar er skoðuð og hvernig hún er að aukast miðað við kaupmátt ráðstöfunartekna. Það er fjallað um það í þjóðhagsáætlun fjármálaráðherra og ég veit ekki hvort hann hefur lesið sín eigin plögg. Það hefur kannski verið einhver samviskusamur starfsmaður sem óvart hefur sett þennan texta niður og húsbóndanum hefur láðst að lesa hann, en þar segir m.a. þetta um einkaneysluna og útgjaldaaukningu heimilanna, virðulegur forseti, með leyfi:

„Ekkert lát virðist á útgjaldaaukningu heimilanna. Bráðabirgðatölur fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2004 benda til þess að einkaneysluútgjöld hafi aukist um 7% að raungildi frá sama tíma árið 2003. Að þessu sinni virðist meiri hluti útgjaldaaukningarinnar vera fjármagnaður með lánum þar sem kaupmáttur heildarlauna á þessu tímabili jókst mun minna eða um 2,5%. Margt bendir til að framhald verði á þessari þróun á síðari hluta ársins ef marka má innflutningstölur og innheimtu veltuskatta ríkissjóðs til júlíloka." — Síðar í þessum texta segir: „Rétt er að taka fram að þessar mælingar fóru fram áður en hinar miklu breytingar urðu á húsnæðislánamarkaði að frumkvæði bankanna."

Það kemur síðan þar til viðbótar nú á síðari hluta ársins með nýjum lánum sem nema einhvers staðar af stærðargráðunni 15–20 milljarðar miðað við það sem mér sýnist þegar tekin eru heildarútlán bankanna síðastliðna þrjá mánuði í húsnæðislán og dregin frá uppgreiðsla lána í Íbúðalánasjóði.

Nei, það hefur enginn neinar áhyggjur af þessu, er það nokkuð? Það hefur enginn áhyggjur af því að við erum með skuldsettustu heimili í heimi. Skuldir heimilanna eru að sigla fram úr 200% af ráðstöfunartekjum núna þessi missirin. Þær eru að verða tveggja ára heildarráðstöfunartekjur heimilanna. Sveitarfélögin eru mjög skuldsett og atvinnulífið er mjög skuldsett.

Hvernig halda menn að sjávarútvegurinn standi t.d. ef það kæmi 20–30% gengislækkun bara sisona og hann með obbann af sínum skuldum í erlendri mynt? Jú, hann fengi auðvitað einhvern tekjuauka á móti í innlendum krónum mælt en ætli efnahagsreikningurinn yrði ekki ljótur fyrstu missirin á eftir? Ég er hræddur um það. Ég er hræddur um að það yrði lítið eigið fé í bókhaldi margra sjávarútvegsfyrirtækjanna svona í fyrstunni.

Bankarnir hamast auðvitað við að hjálpa til og það eru allir ægilega hamingjusamir yfir því nema helst félagsmálaráðherra, eftir að hann áttaði sig á í hvaða skyni leiðangur bankanna er gagnvart Íbúðalánasjóði. Þeir eru farnir að veita 100% lán, svokölluð húsnæðislán, sem eru auðvitað bara eins og hver önnur lán með veði í íbúðarhúsnæði. Ríkisstjórnin kemur svo með þennan skattapakka sinn og virðist engar áhyggjur hafa af því að hella þar olíu á eldinn eða kannski væri réttara að segja bensíni.

Að síðustu vil ég nefna í þessu samhengi, herra forseti, fjárhag sveitarfélaganna. Það er auðvitað alveg kostulegt að ríkisstjórnin skuli koma hér með þennan gorgeir og rembing í sambandi við skattamálin og svo er staðan eins og raun ber vitni hjá hinu stjórnsýslustiginu í landinu og hinni meginstoð velferðar- og samfélagsþjónustunnar í landinu, sveitarfélögunum, að þau eru rekin með dúndrandi halla á hverju ári og safna skuldum og hafa gert það samfellt í einn og hálfan áratug. Þannig er staðan. Þau hafa verið að reyna að bjarga sér með eignasölu, með einkavæðingu og með ýmsum slíkum aðferðum og hrekkur skammt.

Ætli það sé ekki að verða býsna þröngt í búi hjá sumum sveitarfélögum á Vestfjörðum hafandi þó selt gulleggið sitt, orkubúið, fyrir nokkrum árum? Vill hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kannski upplýsa okkur aðeins um það (Gripið fram í.) þegar hv. þingmaður talar sem ég geri ráð fyrir að hann geri? Er ekki aðeins farið að lækka í kassanum aftur hjá einu og einu sveitarfélagi á Vestfjörðum þrátt fyrir að hafa látið frá sér gulleggið? Ég hef grun um það.

Við höfum lagt til, og það liggur fyrir í frumvarpi, að það svigrúm sem menn eftir atvikum telja að sé til staðar til að lækka tekjur ríkisins, t.d. um þetta 1% í tekjuskatti á næsta ári, verði þá fært yfir til sveitarfélaganna í formi heimildar til að leggja á aukin útsvör. Það er nú einu sinni svo að 65–67% af tekjum sveitarfélaganna koma frá útsvari og það er lítið hægt að gera sem verulega munar um í fjármálum þeirra nema leyfa þeim að beita eða nýta þann tekjustofn, nema menn vilji þá færa þeim einhverja nýja eða koma til þeirra tekjum með öðrum hætti. Nærtækast er auðvitað að þau fái að efla tekjustofna sína sem þau hafa sjálf forræði yfir og betra en t.d. að færa sífellt einhverja tímabundna reddingarfjármuni inn í jöfnunarsjóð.

Við höfum einnig lagt það til, herra forseti, að álagningu fjármagnstekjuskatts verði breytt þannig að tekið verði upp frítekjumark fyrir venjulegan sparnað en prósentan hækkuð í 18 af hundraði. Það mundi gefa ríkissjóði um 3 milljarða kr. og þá peninga væri hægt að nota í mörg af þeim brýnu verkefnum sem ég nefndi í ræðu minni og ekki er unnt að verða við að því er virðist og meiri hlutinn virðist ekki ætla að gera með tillögum sínum í fjárlagafrumvarpinu og breytingartillögum við það og fjáraukalögum sem hér hafa verið til umfjöllunar.

Þannig höfum við gert grein fyrir áherslum okkar í þessum skattamálum. Við höfum viljað leita leiða til þess að bæta stöðu þeirra sem minnstan hafa kaupmáttinn og lakast standa að vígi, t.d. með því að hækka skattleysismörkin að því marki sem menn eru tilbúnir til að afsala ríkissjóði tekjum í gegnum tekjuskattskerfið. Það er einföld aðferð og hún kemur þannig við.

Þegar hæstv. fjármálaráðherra talar um jaðaráhrif í skattkerfinu þá er auðvitað ein aðferð langöflugust við að draga úr þeim og hún er sú að draga úr þeim tekjutengingum liða sem valda jaðaráhrifum, nema hæstv. ráðherra sé farinn að kalla hina beinu álagningu tekjuskatts jaðaráhrif, sem mér finnst ekki rétt málnotkun. Ég hef talið að jaðaráhrifin væru það þegar upp safnast ofan á tekjurnar sem eru skattlagðar með einhverjum tilteknum hætti, jaðaráhrif vegna þess að bótaliðir eða gjöld eru tekjutengd, svo sem eins og vaxtabætur, barnabætur eða endurgreiðsla á námslánum. Þá verða til þau illræmdu jaðaráhrif sem auðvitað fóru alveg úr böndunum á ákveðnu tímabili. Og hvenær var það nú? Það var einmitt í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks þegar gengið var mjög langt í tekjutengingum og verkið síðan fullkomnað eftir að framsóknarmenn komu til sögunnar og tekjutengdu barnabætur að fullu. Þá urðu til verstu jaðaráhrif sem nokkurn tíma hafa sést í ís-

lenska skattkerfinu og þakka skyldi mönnum þó að þeir reyni eitthvað að draga úr þeim. Það er auðvitað hárrétt aðferð að gera það og það má segja frumvarpinu til hróss að þessu eina leyti að það er auðvitað rétt aðferð gagnvart jaðaráhrifunum að fara í þau sjálf með breytingum af því tagi sem hér eru á ferðinni í barnabótum svo langt sem það nær. En menn eiga ekki að reyna að skjóta skildi fyrir stórfelldar skattalækkanir hátekjufólks með flötum prósentulækkunum eða afnámi hátekjuskatts eins og það sé sérstaklega vegna jaðaráhrifanna sem slíkra. Það eru aðrar aðferðir nærtækari til þess.

Aðalatriðið er, herra forseti, að það er verið að breyta samfélaginu. Þetta er pólitík. Það er verið að breyta hlutaskiptunum í íslensku samfélagi. Það er verið að færa Ísland í átt frá hinum Norðurlöndunum. Við verðum fjær því en áður að geta náð máli sem norrænt velferðarsamfélag. Það fer nefnilega ekki saman að reka norrænt velferðarsamfélag og hafa ameríska skattprósentu, það fer bara ekki saman. Á það munu menn reka sig, því miður.

[15:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gat um það í fyrra andsvari við annan hv. þm. að ég hefði verið spurður að því af hverju stjórnarandstaðan þyrfti endilega að vera á móti öllum góðum málum. Ég skildi það ekki gagnvart hv. þm. Samfylkingarinnar en ég skil það vel gagnvart hv. þm. Vinstri grænna vegna þess að þeir eru bara á móti skattalækkunum. Þeir líta á það sem gjafir þegar ríkið rífur minna af tekjum fólks í skatta, það eru gjafir til fólksins þegar minnka á það sem ríkið rífur frá skattborgurunum.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hann telji virkilega að ríkið eigi tekjur manna og hvort hann vilji stuðla að því að það sé sífellt tekið meira og meira af fólki í skatta þannig að hvatinn til að vinna og hvatinn til að hafa hærri tekjur hverfi.

[15:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum ekki endilega alltaf á móti skattalækkunum. Það er misskilningur, en auðvitað mega menn halda því fram mín vegna. Við gerum hins vegar greinarmun á því hvernig þær skattbreytingar eru. Við höfum lagt skattstefnu okkar fyrir og ég tel að menn geti ekki fundið mikil dæmi þess að við séum ekki sjálfum okkur samkvæm þar. Ég leyfi mér að bjóða hv. þm. og öðrum upp á að fara í gegnum málflutning okkar alveg frá því flokkurinn sem ég tala fyrir var stofnaður, í gegnum alla síðustu kosningabaráttu og það sem við segjum í dag. Ég held að það sé fullt samræmi þar. Við höfum aldrei farið í neina launkofa með það að ef við viljum halda uppi öflugu samábyrgu velferðarkerfi og búa vel að þeim sem þurfa á stuðningi samfélagsins að halda þarf til þess tekjur.

Varðandi orðanotkun getum við svo sem skemmt okkur við að ræða það. Ég talaði um jólagjafir vegna þess að þetta væri að koma til framkvæmda um áramótin og átti þar sérstaklega við hátekjuskattinn.

[15:46]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum að ræða 351. mál sem er stjórnarfrumvarp um skattalækkanir. Samt tók hv. þingmaður dæmi um hátekjuskattinn, sem eru gildandi lög frá Alþingi og hv. þingmaður virðir þau, sem segja að hátekjuskatturinn eigi að renna út um þessi áramót og næstu. Hann tók samt sem áður hátekjuskattinn sem var einu sinni 7% með í dæmið og reiknaði þetta allt saman til enda og fékk út einhverjar hræðilegar tölur máli sínu til stuðnings.

Vill hv. þingmaður ekki viðurkenna lög frá Alþingi? Erum við að ræða eitthvert annað 351. mál?

[15:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður getur ekki kvartað undan því þó maður taki skattstefnu ríkisstjórnarinnar fyrir í heild sinni. Bæði það sem er á ferðinni í þessu frumvarpi og annað sem þegar hefur verið lögfest eða stendur til að gera. Þetta er allt saman í samhengi þó breytingin, þrepin í afnámi hátekjuskattsins, hafi verið lögfest í fyrra gerist hún sömu ár. Það er einmitt á töfraárinu 2007 sem hátekjuskatturinn á að vera horfinn að fullu. Ég fór yfir það í máli mínu hvernig hann er að þrepast niður úr 7% 2003 vegna tekna ársins 2002. Ég er að ræða um breytingarnar á skattkerfinu í heild sinni. Ég er að ræða um að skattbyrðin er því miður alltaf að flytjast í vaxandi mæli yfir á herðar lágtekjufólks. Ég er að ræða um hvað gerist á móti, um gjaldtökuna, niðurskurðinn og þrengingarnar í rekstri hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga. Eigum við ekki að ræða um þetta í samhengi, hv. þingmaður?

[15:48]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Annaðhvort talar hv. þingmaður óviljandi eða viljandi þannig að hann lætur eins og hann skilji ekki um hvað málið snýst. Áætlunin og stefnan að lækka skatta er byggð á því að við vitum að þjóðfélagið er í mikilli tekjuuppsveiflu. Þess vegna gerum við ráð fyrir að lækka skattana í uppsveiflunni, vegna þess að vitað er að tekjutap ríkisins þarf ekki að vera neitt. Alls ekki. Með þessu móti erum við eingöngu að hemja vöxtinn, hemja útgjöldin og hemja tekjurnar líka. Það stendur því alls ekki til að skera nein útgjöld niður. Tekjurnar eru að vaxa. Við eigum eingöngu að passa upp á að þær vaxi ekki of mikið. Við vitum líka að þetta hefur þau áhrif að meiri vilji verður til þess að vinna þannig að við treystum því, trúum og vitum að það er rétt að tekjur Íslendinga munu aukast.

[15:50]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekkert sérstakt vandamál að Íslendingar vinni of lítið. Verkafólk á Íslandi vinnur 48,2 stundir á viku að meðaltali. Finnst hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni það ekki nóg? Ætli það sé ekki frekar vandamál að borgað er svo skammarlega lágt tímakaup að menn þurfa allir að vera í einni og hálfri til tveimur vinnum til að eiga möguleika á að framfleyta sér? Ekki er þó verið að hygla þessu fólki sérstaklega í breytingunum.

Hv. þingmaður kemur með ræðu um að það sé svo mikil tekjuuppsveifla fram undan að þetta gerist allt saman án nokkurra fórna. Ekki var það að heyra á hv. þm. í umræðum fyrir skemmstu þegar hann óskapaðist yfir kennarasamningum að þetta væri allt í hendi. Þá hafði hv. þingmaður miklar áhyggjur af því að við værum kannski að keyra út af. En ekki vegna þess hvernig ríkisstjórnin hegðar sér. Nei, það skal vera grunnskólakennurum að kenna ef hér fer allt úr böndunum í efnahagsmálum.

Auðvitað var gott að heyra hv. þingmann segja: Við erum að reyna að koma böndum á þetta og koma í veg fyrir að útgjöld hins opinbera aukist. Já, ríkið, eða hið opinbera á nefnilega ekki að fá að halda hlut sínum. Það er málið.

[15:51]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum sannarlega að reyna að koma í veg fyrir að samneyslan aukist sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Það er hin pólitíska stefna okkar. Við í Sjálfstæðisflokknum höfum barist gegn hátekjuskattinum vegna þess að hann er letjandi skattur. Verið er að hegna þeim sem vilja vinna mikið og þéna mikið. Þess vegna höfum við barist gegn honum alla tíð og erum þess vegna að sjá fyrir endann á því á næstu árum að hann hverfi. Það er opinber stefna okkar og opinber vilji. Við berjumst fyrir því í skattamálum að stefna okkar fái framgang.

Það er engin ástæða fyrir því að taka uppsveifluna og koma þar með á útgjöldum í staðinn. Reynsla allra er sú að ef við pössum ekki í uppsveiflunni að tekjurnar verði of miklar verða útgjöldin jafnmikil og þá standa menn í vandræðum hvenær sem sveiflan kemur niður. Þetta er hin ömurlega útkoma sem allar Evrópuþjóðir hafa lent í hvað eftir annað. Við erum að koma í veg fyrir þetta með skattbreytingunum.

[15:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er oft kostur að ræða þessa hluti við sjálfstæðismenn því þeir hafa iðulega kjark í sér til að segja það sem þeir hugsa og upplýsa hvað er raunverulega á ferðinni. Þetta eru athyglisverðar vísbendingar sem hv. þm. Einar Oddur gefur um hinn dýpri pólitíska tilgang að baki aðgerðinni. Það stendur reyndar svolítið um það í þjóðhagsáætlun fjármálaráðuneytisins, þar kemur beint fram að ætlunin er að láta hlut hins opinbera af þjóðartekjum minnka á næstu árum. Auðvitað eru skattalækkanir aðferð til þess. Svo skera menn bara niður kostnaðinn á móti og velta honum yfir á notendur. Nú erum við farin að tala saman. En hvar er þá Framsóknarflokkurinn sem reyndi að komast í gegnum alla kosningabaráttuna síðast teljandi mönnum trú um að þetta væri allt saman hægt án þess að kæmi nokkurs staðar við? Hægt væri að gera allt fyrir alla í einu. Standa við alla samninga við öryrkja og aldraða en lækka líka skatta. Það er eitthvað annað að koma á daginn eins og kunnugt er.

Auðvitað er tekjuuppsveiflan ekki í hendi hv. þingmanna. (Forseti hringir.) Það getur farið harkalega (Forseti hringir.) niður sem fer upp.

[15:53]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hlutverk stjórnarandstöðunnar er að veita stjórnarflokkunum aðhald og gagnrýna og ég geri ekki athugasemd við það. Ég get þó ekki látið hjá líða að gera athugasemd við það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði um að hér væri einhver stórfelldur niðurskurður á ferðinni á næstunni. Hann nefndi sérstaklega heilbrigðis- og menntamál, en ég vil benda á að samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er raunaukning til þessara málaflokka. Það er milli 4% og 5% raunaukning til heilbrigðis- og tryggingamála og rúmlega 5% raunaukning til menntamála. Þetta eru viðkvæmir málaflokkar sem við höfum viljað verja. Það er því ekki verið að skera niður, heldur er verið að hemja þá miklu þenslu sem er innibyggð í þessum málaflokkum. Auðvitað munu menn fara í forgangsröðun með þá fjármuni sem þeir hafa. Það er eðlilegt í kerfi sem er ekki staðnað og það er ekkert staðnað í heilbrigðiskerfinu né menntakerfinu.

Ég spyr því hv. þingmann: Mótmælir þingmaðurinn því að um raunaukningu sé að ræða til þessara málaflokka?

[15:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var aðallega að tala um hverjar afleiðingar aðgerðarinnar yrðu og leiðangursins í heild sinni, af því að við ræðum um hann en ekki endilega fjárveitingar samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs. Það er auðvitað rétt að orðið hefur raunaukning á fjárveitingum til heilbrigðismála, en hvar er hún ekki? Það er málaflokkur sem alls staðar er að taka meira til sín í okkar heimshluta og gengur nógu illa samt að láta enda ná þar saman.

Hitt held ég að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir verði að horfast í augu við að það mun ekki gerast þannig að 23–26 milljarðar kr. eins og ég tel að séu samanlagt á ferðinni í töpuðum tekjum og auknum útgjöldum hjá ríkissjóði innan tveggja ára, sem eru 7%–7,5% af fjárlögunum eins og þau standa í ár, að þetta bara gerist sisvona án þess að nokkurs staðar þurfi að taka á á móti.

Hæstv. fjármálaráðherra segir þó: Það er alveg ljóst að þetta kallar á ýtrasta aðhald. Mig minnir að ég hafi heyrt ráðherra orða það a.m.k. einu sinni þannig, stundum talar hann um aðhald, stundum um ýtrasta aðhald. Það er svona fínt orðbragð yfir niðurskurð.

[15:56]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég bendi á orðaskiptin sem fram fóru rétt áðan á milli hv. þingmanna Steingríms J. Sigfússonar og Einars Odds Kristjánssonar um að að sjálfsögðu muni breytingin sem við ræðum hemja vöxt innkomu í ríkissjóð. Skattalækkanirnar gera það að sjálfsögðu. Það er stefnt að því.

Ég er ánægð að hv. þingmaður skuli viðurkenna að það sé raunaukning m.a. til heilbrigðis- og tryggingamála af því af málflutningi hv. þingmanns áðan mátti skilja sem svo að einhver geysilegur niðurskurður væri á ferðinni og allt yrði í miklum voða í heilbrigðis- og tryggingamálum og menntamálum. Það er alls ekki þannig. Að vísu höfum við áhyggjur af hinni miklu þenslu t.d. innan heilbrigðis- og

tryggingakerfisins. Það er mörgum um að kenna. Það er mjög mikill vöxtur í lyfjum og ótrúlegur vöxtur í fjölda öryrkja sem mjög erfitt er að skýra og við stefnum í sömu spor og Svíar í þeim efnum. Það eitthvað sem þarf virkilega að skoða til að bæturnar nýtist þeim sem mest þurfa á þeim að halda. En ég þakka hv. þingmanni fyrir að viðurkenna að það er raunaukning til þessara málaflokka í fjárlögunum.

[15:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að biðja hv. þingmann um að oftúlka ekki orð mín. Ég var ekki að skrifa upp á að það væri raunaukning til allra þessara málaflokka í fjárlögunum, enda er það ekki. Það er nú reyndar þannig ef við tökum heilbrigðismálin og mælum þau á þann mælikvarða sem kannski er skástur og alþjóðlega viðurkenndur, þ.e. útgjöld til heilbrigðismála samkvæmt viðurkenndri flokkun sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, erum við ekki að auka þau núna. Við náðum líklega hámarki á árinu 2001. Þau eru í kringum 9% miðað við verga landsframleiðslu og eru tiltölulega stöðug núna. Það er staðreynd.

Ég var að vekja athygli á þeim staðreyndum sem líka blasa við okkur. Það virðist eiga að loka fjárlögunum þannig að það vanti 500 millj. kr. upp á að staðið sé við samninginn við öryrkja, montsamning Framsóknarflokksins frá því fyrir alþingiskosningarnar 2003. Hæstv. ráðherra Jón Kristjánsson er orðtekinn í auglýsingum í fjölmiðlum í dag þar sem vitnað er í að hann viðurkennir og skrifar upp á að það stendur upp á að efna þann samning. Það eru ekki (Forseti hringir.) peningar í það. Það á að taka 140 millj. kr. í aukin innritunargjöld o.s.frv.

[15:58]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja eins og það horfir við mér að ég skil ekki hvernig í ósköpunum menn geta talað eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hér er verið að flytja eitthvert jákvæðasta þingmál sem komið hefur fram á þessu þingi sem gengur út á að láta fólkið í landinu fá aftur sjálfsaflafé sitt í meira mæli en menn höfðu áður og hv. þingmaður er á móti því. Hann er á móti því að fólk fái sjálft að ráðstafa fé sínu. Hann vill miklu frekar halda sjálfur um buddu fólksins.

Ég verð að segja að mér finnst þessi málflutningur furðulegur og að hv. þingmaður tali um að ríkisstjórnin sé að færa fólkinu einhverjar gjafir. Auðvitað er ríkisstjórnin ekkert að færa fólki neinar gjafir. Þessi málflutningur ber þess ekki vott að hv. þingmaður beri mikla virðingu fyrir vinnandi fólki og þeim launum sem það aflar sér. (Forseti hringir.) Ríkið er að skila til baka því sem fólkið á.

[16:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er sjálfsagt þannig himinn og haf á milli hugmyndafræði og skoðana minna og hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar að við nálgumst ekki mikið með því að ræða málin og sérstaklega ekki á þessum nótum.

Hv. þingmanni er með öllu óskiljanlegt að hér skuli talað fyrir því að tekjur þurfi í sameiginlega sjóði, í sjóði ríkisins og sveitarfélaganna til þess að standa undir brýnum og þörfum velferðarverkefnum, til að fjármagna samneysluna, til þess að hægt sé að skapa manneskjulegt og gott samfélag og búa vel að öllum, til þess að halda uppi öflugu, jafnréttissinnuðu heilbrigðiskerfi og skólakerfi. Það er það sem ég er að tala hér um.

Hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni er það algerlega óskiljanlegt. Hann vill greinilega einhvern veginn öðruvísi þjóðfélag. Jú, hann vill bara að menn fái sem allra mest til sín og svo kaupi menn sér sjálfir væntanlega þjónustuna. Þá eru þeir á grænni grein sem mestar hafa tekjurnar, en hvað verður þá um hina? Ja, þá er stundum sagt: Fjandinn hirði þann síðasta.

[16:01]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að ég og hv. þingmaður séum alveg sammála um að þjóðfélagið eigi að vera manneskjulegt og gott. En ég bendi hv. þingmanni á það, og á þá staðreynd verður hann að horfa, að þegar við lækkuðum tekjuskatt fyrirtækja jukust skatttekjurnar. Það er mjög líklegt að með þessari aðgerð muni hið sama gerast.

Hv. þingmaður gagnrýnir þetta frumvarp og þær efnisreglur sem fram koma í því á þeim forsendum að hér sé verið að lækka skattbyrði þeirra mest sem mest hafa launin, verið sé að færa þeim ríku meira en hinum fátæku. Það má kannski segja að auðvitað felist það í því að sá sem er með hærri laun greiðir hærri skatt en sá sem er með lægri laun, ég tala nú ekki um þá sem eru undir skattleysismörkum og greiða þar af leiðandi engan skatt. Mér heyrist hv. þingmaður vera á móti hlutfallslegum lækkunaraðgerðum.

Ef hann væri samkvæmur sjálfum sér og við værum ekki að horfa hér fram á skattalækkanir heldur skattahækkanir, mundi þá hv. þm. beita sér (Forseti hringir.) fyrir því að hver einasti skattþegn í þessu landi mundi greiða sömu aukafjárhæð til fjármálaráðherra en ekki hlutfallslega?

(**Forseti** (JóhS): Ég vil biðja hv. þingmenn að gæta að ræðutímanum.)

[16:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nenni nú ekki í útúrsnúninga.

Ef við erum sammála um að við ætlum að reka eitthvert sameiginlegt kerfi í landinu, afla tekna til að leysa á sameiginlegum félagslegum forsendum tiltekin verkefni og svo sé annað úti á markaðnum, þurfum við að afla einhverra tekna til að gera þetta. Til þess notum við skatta.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki bara rétt að menn hafi tekjujöfnun í huga við þá skattlagningu, heldur sé það líka réttlátt að menn borgi í einhverju samræmi við getu sína til þess. Það er það sem þetta snýst um. Fólk með 100 þús. kr. á mánuði til að draga fram lífið í þessu landi, fjórða dýrasta landi heimsins, er ekki í færum til að borga skatta. (**SKK:** Menn ...) Menn með milljónir í tekjur í hverjum mánuði geta það. Þeir hafa getuna til að greiða þá skatta sem við þurfum til að standa undir sameiginlegum verkefnum. Reyndu að koma því inn í hausinn á þér, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson.

[16:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þetta er búin að vera fróðleg umræða. Í hnotskurn snýst málið um það að ríkisstjórnin ræður hér meiri hluta þings, setur fram stefnu sína og mun sjálfsagt ná henni fram, enda hefur reynslan verið sú að ríkisstjórnin hefur sjaldnast hlustað á rök stjórnarandstöðunnar í þeim málum sem snúa að sköttum og útfærslu þeirra. Það virðist vera grundvallarágreiningur milli ríkisstjórnarflokkanna og stjórnarandstöðuflokkanna allra um það hvernig eigi að nota skattkerfið, m.a. til þess að styrkja afkomumöguleika og stöðu þeirra sem hafa lægstar tekjur í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin hlustar sem sagt ekki á rök stjórnarandastöðunnar um það að hugsanlega megi útfæra þær tillögur sem ríkisstjórnin er með í skattamálum öðruvísi en gert er í frumvarpinu sem við ræðum hér.

Þó að hér hafi verið eytt nokkuð löngum tíma í rökræður af hálfu stjórnarandstöðunnar og ég muni nú einhverjum mínútum bæta þar við, þó að ekki verði það mjög langt, á ég satt að segja ekki von á að það muni hafa mikil áhrif til þess að ríkisstjórnin hugsi sig um varðandi framsetningu á þeirri stefnu sem hér er boðuð í skattalækkunum og aðgerðum í fjármálum.

Ég sagði í örstuttu andsvari að út af fyrir sig gæti sá sem hér stendur og minn flokkur tekið undir þau sjónarmið sem sett eru fram fyrir seinni hluta þessa kjörtímabils varðandi barnabætur og það sem snýr að barnafólki. Ég hefði hins vegar talið eðlilegt að þær hefðu komið til framkvæmda fyrr og þá jafnar yfir þetta ferli. Að því gefnu að ríkisstjórnin hlusti hvorki á rök mín né annarra í stjórnarandstöðunni um að útfæra megi þá prósentulækkun sem á að koma á næsta ári til tekjujöfnunar og meira réttlætis með því að horfa frekar til hækkunar á persónuafslætti sem mundi hækka skattleysismörk meira, þ.e. þeir 4 milljarðar sem gert er ráð fyrir að það kosti á næsta ári væru notaðir til þess að hækka skattleysismörkin, á ég ekki von á því að ríkisstjórnin taki undir málflutning okkar. Miðað við það að ríkisstjórnin keyri þetta algjörlega fram eins og það hefur verið sett fram af hálfu hennar, og hæstv. fjármálaráðherra hefur mælt fyrir, hefði ég a.m.k. viljað benda á að full ástæða væri til að barnabæturnar væru öðruvísi upp settar, þ.e. breytingar á þeim sem eiga að verða að mestum hluta á árunum 2006 og 2007, en er í þessu fruvmarpi.

Það hefði auðvitað verið til mótvægis við útfærsluna á tekjuskattslækkuninni, 1% á næsta ári, 1% árið 2006 og síðan 2% árið 2007, ef barnabæturnar og breytingar á þeim hefðu komið strax til framkvæmda á næsta ári og forgangsröðunin kannski verið sú að 50% yrðu látin koma til framkvæmda á næsta ári, 30% á árinu 2006 og 20% á árinu 2007. Það væri dálítið til mótvægis við þá uppsetningu sem er á tekjuskattshliðinni að þessu leyti þar sem því er ekkert á móti mælt að prósentulækkun í tekjuskattinum færir þeim sem eru með hærri tekjurnar mun meiri tekjur í krónutölu en þeim sem hafa lægri tekjurnar og meiri byrði. Þetta er auðvitað útfærsluatriði og menn þurfa að skoða það.

Við í mínum flokki teljum hins vegar að það hefði verið mun gæfulegri leið að láta þá fjármuni sem ætlað er að nota til skattalækkana á næsta ári renna yfir í persónuafsláttinn og hækka þar af leiðandi skattleysismörkin. Það hefði þýtt að á næsta ári hefðu þær breytingar leitt til þess að launþegar allir, milljón króna maðurinn sem 120 þús. króna maðurinn eða hvað við viljum miða við, hefðu fengið svipaða krónutölu í hærri rauntekjum. Það hefði leitt til jöfnuðar. Ég hefði talið eðlilegt hlutverk í þessum skattalagaútfærslum að reyna að laga tekjur þeirra sem hafa þær lægstar í þessu þjóðfélagi, laga rauntekjur þeirra með því að hækka skattleysismörkin. Það hefði verið auðvelt ef til þess hefði staðið vilji en það er því miður ekki framsetningin í þessu frumvarpi.

Ríkisstjórnin hefur valið að fara þá leið að lækka tekjuskattinn um 1% á árinu 2005, 1% 2006 og síðan um 2% á árinu 2007. Það þýðir ekkert fyrir hv. þingmenn og hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar að koma upp í pontu og segja að menn megi ekki tala um breytingarnar á hátekjuskattinum af því að það séu lög. Hvers konar bull er þetta? Auðvitað tala menn um það lagaumhverfi sem við erum í og sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir. Þetta er allt hluti af þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýsti hér ágætlega áðan sem þeirri stefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefði verið að berjast fyrir.

Ég hef marglýst því yfir að ég teldi það ekki áherslumál varðandi skattalagabreytingar að lækka sérstaklega tekjuskatt á þeim sem hafa yfir 450 þús. kr. á mánuði eins og gert er núna með áframhaldandi niðurfellingu á hátekjuskattinum. Hann mun lækka úr 4% á þessu ári í 2% á næsta ári og síðan hverfa algjörlega. Ég hefði talið miklu nær að stuðla að auknum jöfnuði með því að horfa til þess að nota skattkerfið til að jafna tekjur fólks í þessu þjóðfélagi.

Það er að mínu viti okkur til skammar að þeir sem hafa hér allægstu tekjurnar skuli greiða skatta. Það ætti ekki að vera svo, enda eru þeir með tekjur undir því sem talið er eðlilegt til framfærslu. Það er heldur ekki eðlilegt að ellilífeyrisþegar greiði skatta af bótunum, svo dæmi sé tekið.

Með því að hækka persónuafsláttinn og hækka þar af leiðandi skattleysismörkin hefði verið hægt að ná þeim markmiðum að lægstu tekjuhóparnir og þeir sem eru á bótum í þjóðfélagi okkar, hvort sem við köllum það ellilífeyrisbætur eða örorkubætur, greiddu almennt ekki tekjuskatta. Það hlýtur líka að vera svo, hæstv. forseti, að þegar stefnan er mótuð á hv. Alþingi um það hvað þessar bætur eigi að vera hljótum við að verða að taka tillit til þess að bæturnar eigi að lágmarki að duga til þess að fólk geti skrimt. Það getur varla verið að við hér á hv. Alþingi tökum ákvörðun um að hafa bæturnar lægri en það.

Hvers vegna er þá fólk látið greiða tekjuskatt af slíkum upphæðum? Það fæ ég hreinlega ekki skilið. Ég átta mig ekki á því hvers vegna hæstv. ríkisstjórn vill ekki útfæra breytingarnar í þá veru að þeir sem lægri hafi tekjurnar fái meiri lagfæringu en gert er með því að fara hér í prósentulækkun á tekjuskattinum.

Það er ekki hægt að villa þjóðinni sýn með því að setja þessar tillögur fram í prósentuformi. Fólk veit meira í þessu þjóðfélagi en svo að slíkt blekki nokkurn mann. Það er algjörlega rétt sem hér hefur verið sagt að maðurinn sem hefur milljón kr. í tekjur á mánuði fær miklu fleiri krónur í vasa sinn eftir þessar skattalagabreytingar en lágtekjumaðurinn.

Allt er þetta samspil ákveðinna breytna og auðvitað mun prósentulækkunin hafa einhver áhrif á það hvað við köllum frítekjumark eða lágmarksfrítekjurnar og skattleysismörk. En ég og minn flokkur settum það fram í okkar kosningabaráttu að við teldum að það væri rétt að horfa til þess á næsta kjörtímabili að hífa upp persónuafsláttinn og þar af leiðandi skattleysismörkin. Menn geta svo deilt um það í hversu miklum áföngum það hefði átt að vera. En ég er eindregið þeirrar skoðunar að þeir 4 milljarðar sem á að nota á næsta ári í þessa skattkerfisbreytingu hefðu átt að koma beint inn í persónuafsláttinn og hækka hann.

Það er vissulega svo og eðlilegt að stjórnmálaflokkar, hverjir svo sem þeir eru, vinni að því að ná fram þeim stefnumálum sem þeir hafa kynnt sem kosningamál og að flokkarnir reyni að standa við loforð sín. Það eru ríkisstjórnarflokkarnir að gera með því sem hér er verið að boða. Það breytir hins vegar ekki því að ég tel að sú útfærsla sem hér er verið að leggja upp með sé óréttlát gagnvart mjög stórum hópi Íslendinga og að ekki sé á það bætandi að draga í sundur enn frekar með þeim sem hafa hærri tekjurnar í þjóðfélaginu og þeim sem hafa lægri tekjurnar. Ég tel að þar eigi að stuðla frekar að jöfnuði.

Það er ljóst að draga mun til þess að beita þurfi ákveðnu aðhaldi. Það er boðað í fjárlagafrumvarpinu og hefur verið boðað m.a. með niðurskurði á samgöngubótum og að þar verði skorið verulega niður. Ég hef áður sagt það í þessum ræðustól að þenslunni sem menn eru hér oft að ræða væri misskipt á landi hér. Ég hef ekki orðið mjög var við þá þenslu sem menn eru að forðast í mínu kjördæmi, Norðvesturkjördæminu, enda hafa menn rætt það í fleiri flokkum en mínum hvað sé til ráða á því landsvæði. Okkur í Norðvesturkjördæminu mun auðvitað finnast að harkalega verði að okkur vegið ef sú þensla sem sums staðar mælist hér á landi mun bitna harkalega á afar nauðsynlegum framkvæmdum þar. En það er annað mál sem við getum rætt nánar við fjárlagaútfærsluna síðar.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði hér að tekjuaukinn yrði varla allur notaður í eyðslu. Það er kannski þess vegna sem útfærslan er með þessu lagi, að þetta sé látið koma í meira mæli fram hjá þeim sem hafa hæstu tekjurnar og þá hugsað til þess að þeir sem ekki þurfa nauðsynlega á þessu að halda geti bætt við sig bankabókunum eða lagt þetta fyrir. Það kann vel að vera. En ég ítreka þá skoðun okkar í Frjálslynda flokknum að við viljum nota skattkerfið til þess að auka jöfnuð í þjóðfélaginu. Við teljum að það hefði átt að vera markmið við þessar skattalagabreytingar. Það er ekki ásættanlegt að mínu viti að þeir sem hæstar hafa tekjurnar í þjóðfélaginu fái tífalt fleiri krónur í sinn vasa en þeir sem lægstar hafa tekjurnar við þessar breytingar. Það er markmið sem ég vil ekki skrifa upp á.

Ég sagði það í upphafi máls míns að því miður réði ríkisstjórnin hér málum og niðurstöðu á hv. Alþingi og að sjaldnast væri hlustað á rök stjórnarandstöðunnar í einhverjum málum. Ég hygg að það muni nú því miður verða niðurstaðan í þessu máli að þrátt fyrir það sem hér hefur verið fært fram af stjórnarandstöðunni og þrátt fyrir það sem menn hafa rætt varðandi það að útfærslan nýtist betur hátekjufólkinu en lágtekjufólkinu þá muni ríkisstjórnin ekki hlusta á þau rök og ekki fallast á neinar breytingar á þessum frumvörpum. Hvers vegna dreg ég þá ályktun? Það er vegna þess að það hefur jafnan verið svo að þó svo að stjórnarandstaðan hafi komið með ágætisábendingar og tillögur í málum sem hafa snúið að frumvörpum ríkisstjórnarinnar, sérstaklega ef það snýr að fjármálum og öðru slíku, þá hefur slíkum framsetningum af hálfu stjórnarandstöðunnar yfirleitt verið stungið ofan í skúffu af stjórnarflokkunum og ekki verið tekið tillit til þeirra raka sem við höfum fært fram í málunum.

Virðulegur forseti. Hér eru stjórnarflokkarnir að uppfylla sín kosningaloforð. Þær áherslur sem við í stjórnarandstöðuflokkunum lögðum upp með í kosningabaráttunni munu ekki nást fram með því að þessu máli fáist breytt. Sennilega munum við ekki ná því fram að breyta viðhorfinu í þjóðfélaginu nema stjórnarskipti verði í landinu. Það verður sennilega niðurstaðan í þessu máli. Ég sé ekki að af undirtektum stjórnarliða við þær athugsemdir sem þegar hafa komið fram, megi merkja að til standi að breyta nokkrum sköpuðum hlut í þessu frumvarpi.

Ég hef bent á að ef það ætti nú að keyra málið fram eins og það er, óbreytt, varðandi tekjuskattsbreytinguna þá væri þó alla vega til bóta að færa barnabótakaflann fram og láta hluta af honum koma til framkvæmda þegar á næsta ári. Þá tel ég einnig rétt — og það skulu vera mín lokaorð við þessa umræðu nú — að taka meiri hlutann af lagfæringu á barnabótunum þegar á næsta ári og síðan minnsta hlutann á árinu 2007 til að örlítið meira mótvægi verði við það sem annars er verið að leggja til með þessum breytingum, þ.e. að færa þeim sem tekjuhæstir eru og hafa besta afkomuna mun fleiri krónur en hinum.

[16:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Við höldum áfarm að ræða þetta gleðilega frumvarp sem er tímamótafrumvarp að mínu mati og virkilega ánægjulegt. En eins og fyrri daginn er stjórnarandstaðan enn á móti þessu góða máli af einhverjum furðulegum ástæðum.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sem eitt sinn var í forsvari fyrir stéttarfélag sjómanna og barðist fyrir því að þeir fengju laun í samræmi við vinnuframlag sitt því þeir lögðu hart að sér, hvort það geti verið að hann sé á móti því að lækka tekjuskatt á þetta fólk, að hann sé á móti því að fella niður eignarskatt á maka, ekkjur, hvort það geti verið að hann sé á móti því að lækka tekjuskatt á sjómenn á Vestfjörðum, verkafólk í frystihúsum og verkstjóra sem eru að vinna og leggja hart að sér við að afla meiri tekna.

Svo var mjög undarlegt, frú forseti, sem hv. þingmaður sagði: „Hátekjumaðurinn fær miklu fleiri krónur í sinn vasa.“ Bíddu, á ekki hátekjumaðurinn tekjurnar sínar? Þykist hv. þingmaður eiga tekjur hátekjumannsins og finnst honum að hann sé að mjatla einhverjum fleiri krónum í vasa hans? Er komin virkilega sú hugsun í gang hjá stjórnarandstöðunni að ríkið eigi tekjur fólks? Það hefur líka komið hérna fram áður að verið sé að færa mönnum gjafir, að verið sé að færa mönnum gjafir, þeirra eigin tekjur. Getur þetta verið?

[16:24]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel mjög eðlilegt að menn borgi skatta af tekjum sínum og að þeir sem hærri hafa tekjurnar greiði hærri skatta en þeir sem lægstar hafa tekjur. Ég hef ævinlega verið þeirrar skoðunar. Það skiptir engu máli hvort maðurinn er sjómaður, verkstjóri, læknir, ráðherra eða þingmaður. Ef hann hefur háar tekjur á hann að leggja meira til þjóðfélagsins en sá sem hefur lágar tekjur. Það er bara einfaldlega þannig að mínu viti.

Hv. þingmaður spurði: „Eiga menn ekki tekjur sínar?" Jú, þeir eiga tekjur sínar og afla þeirra. En eins og ég sagði fyrr í svari mínu þá eiga menn að greiða til samfélagsins hærra hlutfall af tekjum sínum þegar þeir hafa miklar tekjur. Ekki er með nokkru móti hægt að halda því fram að milljón krónu maðurinn í þessu þjóðfélagi hafi neina sérstaka þörf fyrir tekjuskattslækkun. Engin rök hníga til þess. Ef við höfum svigrúm til þeirra skattalækkana sem hér er verið að boða þá eigum við í meira mæli að láta þær koma jafnt yfir þegnana í krónutölu en ekki þannig að þeir sem hafa hæstar tekjurnar fái tífalt meira í vasann en þeir sem hafa lægstu tekjurnar. Þetta er mín skoðun, hv. þingmaður. Ég veit að hv. þingmaður hefur allt aðra skoðun en ég í þessum málum. Hann telur að hátekjumennirnir eigi að halda öllu eins og þeim best hentar og að það muni síðar skila sér til þjóðfélagsins. Það hefur verið orðað svo að núllskattur skilaði mestu.

[16:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekkert verið að leggja til að hátekjumenn greiði ekki neitt, aldeilis ekki. Það er verið að draga úr skattaáþján þeirra. Það er verið að draga úr skattáþján sjómanna og skipstjóra og verkstjóra og annarra þeirra sem leggja hart að sér. Það er verið að hvetja fólk til að vinna.

Minn flokkur hefur staðið að því að reyna að stækka kökuna, hvetja fólk til að afla meiri tekna annaðhvort með menntun, snilli eða dugnaði, ekki endilega með lengri vinnutíma. Við viljum reyna að hvetja fólk til að vinna. Við höfum hvatt fyrirtæki til að auka hagnað. Þau hafa stóraukið hagnað þannig að tekjur ríkissjóðs til þess að greiða til góðra mála hafa stórvaxið. Þetta er stefna okkar.

Getur verið að hv. þingmaður sé á móti þessu, að hvetja fólk til að vinna? Vill hann búa til fátæktargildrur þannig að fólk verði á bótum og komist aldrei úr þeim?

[16:27]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er mjög hlynntur því að fólk vinni í okkar þjóðfélagi. Ég hef hins vegar engar áhyggjur af því að fólk sem hefur góða vinnu og miklar tekjur þoli ekki að greiða til samfélagsins. Ég hef aldrei haft neinar áhyggjur af því, hv. þingmaður.

Ég hef engar áhyggjur af því að hátekjusjómenn sjái eftir því að greiða til samfélagsins frekar en aðrir íslenskir þegnar sjái eftir því að greiða til samfélagsins ef þeir hafa til þess getu. En ég er andvígur því að við séum að leggja byrðar á fólk sem hefur varla framfæri af sínum tekjum. Það finnst mér bara alls ekki eiga að eiga sér stað. Okkur hv. þingmann greinir greinilega mjög á þar því að hv. þingmaður hefur lagt til að menn greiddu hér allir, ef ég man rétt, 20% flatan tekjuskatt af öllum tekjum sínum Ég er ekki sammála þeirri stefnu, hv. þingmaður. Okkur greinir þar greinilega mjög á.

[16:28]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Eitt af því sem skiptir miklu máli í sérhverju þjóðfélagi er að mikil staðfesta ríki í skattstefnu, að skattstefnan til lengri tíma litið sé örugg og að almenningur geti treyst því hvernig skattar verði innheimtir til lengri tíma litið.

Ég tel að umræðan sem hér hefur farið fram í dag sé á margan hátt mjög athyglisverð. Ég er nú búinn að fylgjast með umræðu um skattamál á Alþingi í um 30 ár og hef verið að reyna að rifja það upp í huganum hvort samhljómur sé í málflutningi stjórnarandstöðunnar í dag og þeirra fjármálaráðherra sem hafa setið fyrir þessa sömu flokka eða a.m.k. forvera núverandi flokka í skattamálum.

Það er ekkert óskaplega langt síðan staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp, 1988. Fyrir þann tíma voru margir frádráttarliðir í skattkerfinu og mikill einhugur ríkti í íslenskum stjórnmálum um að hreinsa þá út og stórlækka skattprósentuna og einfalda skattkerfið. Menn komu sér saman um skattprósentu sem rann til ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar, rétt um 35% og mikil áhersla var lögð á að skattprósentan yrði ekki hærri. Vegna hvers var lögð áhersla á það? Vegna þess að menn vildu hafa skattkerfi sem hvetti til atvinnuþátttöku, væri þess valdandi að það væri eftirsóknarvert að vinna og afla tekna og menn vildu líka setja skattkerfi sem væri það einfalt og skattprósentan ekki það há, að skattsvik yrðu sem minnst.

Stjórnarandstaðan hefur afskaplega lítið talað um það í dag hvort ekki sé ástæða til að reyna að draga úr skattsvikum. Ég minnist þess samt að stundum hafi verið talað mikið um það og það liggur ljóst fyrir, og hefur verið svo jafnlengi sem skattkerfi hefur verið notað, að eftir því sem skattprósentan er lægri þeim mun minna verður um skattsvik, minni tilhneiging til þeirra. Mjög há skattprósenta verður til þess að auka skattsvik.

Það hefur líka verið talað mikið um hátekjuskatt og ég vil minna hv. þingmenn á að þessi skattur var á sínum tíma tekinn upp sem sérstakur tímabundinn skattur. Hann var tekinn upp þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson var í ríkisstjórn 1993 og það var í fyrsta skipti sem slíkur hátekjuskattur var tekinn upp. Hann var aldrei nefndur eftir því, ef ég man rétt, af fjármálaráðherra Alþýðuflokksins á sínum tíma eða fjármálaráðherra Alþýðubandalagsins. Hann var tekinn upp í samstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks vegna mikils samdráttar sem þá var í þjóðfélaginu en lögð var áhersla á að hann væri tímabundinn og að leggja ætti hann niður strax og efnahagsástandið leyfði. Í stjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks var hann síðan hækkaður í 7%, og nú höfum við tekið ákvörðun um að fella hann út í samræmi við upprunalegar ákvarðanir í þessum málum. Nú halda menn því fram að hér sé verið að taka alveg sérstakar ákvarðanir um að hygla hátekjufólki. Það var einfaldlega ekki gert ráð fyrir þessum skatti í stað-

greiðslukerfinu enda er hann eftir á greiddur. Það var gert ráð fyrir að staðgreiðslukerfið væri einfalt, gegnsætt með einni prósentu og nú erum við að taka ákvörðun sem á margan hátt lá fyrir þegar þessi skattur var tekinn upp, að hann væri tímabundinn og ætti að hverfa úr íslensku skattkerfi, m.a. til að auka atvinnuþátttöku og draga úr skattsvikum. Og þá ekki síður til að minnka þann mun sem er á milli tekjuskatts einstaklinga og tekjuskatts fyrirtækja.

Aðalatriðið í þessu máli er að nú er möguleiki á því að lækka skatta, möguleiki sem við höfum ekki séð í þeim mæli sem við sjáum nú. Vegna hvers skyldi það vera? Vegna þess að staða efnahagsmála hér á landi er mjög traust hvað svo sem stjórnarandstaðan segir. Hagvöxtur er mun meiri en annars staðar, atvinnuleysi miklu minna, kaupmáttur heimilanna hefur aukist meira hér á landi en þekkist á nokkru öðru byggðu bóli eða um 40% frá 1995. Samkvæmt öllum spám um efnahagsmál sjáum við fram á að í lok kjörtímabilsins, 2007, muni hann hafa aukist um 55% á 12 ára tímabili.

Afkoma hins opinbera og einkum afkoma ríkisins hefur verið betri en víðast hvar annars staðar í Vestur-Evrópu. Við erum ekki að glíma við þann gífurlega halla á ríkissjóði sem ýmsar þjóðir í kringum okkur eru að glíma við. Skuldir ríkissjóðs hafa lækkað úr 35% af landsframleiðslu 1995 í 19% samkvæmt áætlun fyrir árið 2004 og 17% fyrir árið 2005, eða um helming á þessu tímabili. Allt þetta ber vott um trausta stjórn efnahagsmála enda hafa ýmsir erlendir aðilar, bæði matsfyrirtæki og alþjóðlegar efnahagsstofnanir, keppst um að gefa hagstjórn hér á landi og íslensku efnahagslífi góða einkunn upp á síðkastið.

Það er mjög mikilvægt að hér komi skýrt fram, eins og kom fram í máli hæstv. fjármálaráðherra, en mér finnst stjórnarandstaðan ekki vilja viðurkenna að svo sé, að ábyrg og traust efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar undanfarin ár og þá ekki síst styrk staða ríkissjóðs, eru alger lykilatriði í því svigrúmi sem hefur skapast til að lækka skatta á heimilunum í landinu án þess að stofna efnahagsstöðugleikanum í hættu. Áherslur ríkisstjórnarinnar, bæði í fjárlagafrumvarpinu og í langtímaáætlun í ríkisfjármálum, gera fyrst og fremst ráð fyrir því að mikið aðhald verði í opinberum framkvæmdum — af því að hér hefur mikið verið rætt um aðhald. Auðvitað þarf alltaf aðhald og mun alltaf þurfa svo lengi sem við lifum, bæði í heimilisrekstri, rekstri sveitarfélaga og í rekstri ríkisins.

Nú eru nokkrir hv. þingmenn, og þá sérstaklega hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, farnir að breyta orðinu aðhald í niðurskurð. Það er farið að kalla allt niðurskurð í þessu landi. Ef þarf að veita eitthvert aðhald eða ekki er hægt að uppfylla einhverjar beiðnir eða óskir þá er það kallaður niðurskurður. Það hefur t.d. komið skýrt fram að verið er að veita meira fjármagn bæði til heilbrigðismála og menntamála. Samt er stjórnarandstaðan alltaf að tala um niðurskurð á Alþingi. Það er afskaplega sjaldgæft að úr munni stjórnarandstöðunnar komi að fjármagn sé veitt í nokkurn skapaðan hlut. (**Gripið fram í:** Barnabætur.) Í barnabæturnar. Mér heyrðist hv. þingmaður segja áðan að verið væri að skila til baka hluta af einhverjum 10 milljörðum, sem hann hafði reiknað út væntanlega samkvæmt opnu bókhaldi sem er mjög vinsælt í þeim flokki, en ég botna að vísu ekki í, að verið væri að skila hluta af ránsfeng. Eru skattar fyrri ára ránsfengur, hv. þingmenn? Það er afskaplega undarlegt hvernig stjórnarandstaðan umgengst umræður um skattamál, að kalla skatta ránsfeng. Ég hélt fyrst þegar ég heyrði hv. þingmann tala um þetta að hann væri að tala um skattsvikarana í landinu og loksins hefði athygli hans beinst að þeim, en svo var ekki. Hann var að tala um eðlilega skatta ríkisins.

Þessi stefnumörkun, að beina athyglinni að því að draga mest úr opinberum framkvæmdum, er í algeru samræmi við ábendingar bæði innlendra og erlendra hagfræðinga, bæði frá OECD og frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem hafa sérstaklega mælt með slíkum framkvæmdum, að draga úr opinberum framkvæmdum til að hamla gegn þensluáhrifum stóriðjuframkvæmdanna. Það liggur hins vegar fyrir að áfram er gert ráð fyrir auknum útgjöldum, eins og ég sagði áðan, til að halda uppi almennri og umfangsmikilli þjónustu bæði á sviði velferðar- og menntamála. Og það er engin ástæða til að ræða hér að lækkun skatta muni sérstaklega leiða til skertrar félagslegrar þjónustu en auðvitað þarf að vera þar aðhald. Hvenær hefur ekki þurft að hafa aðhald í ríkisrekstrinum? (Gripið fram í.) Þetta vita hv. þingmenn og er alveg furðulegt að þeir skuli ræða þessi mál með þessum hætti.

Lykilorðið í þessu öllu er vissulega að ríkisstjórnin undir forustu hæstv. fjármálaráðherra hefur beitt sér fyrir aðhaldi, nauðsynlegu aðhaldi og með því hefur tekist að efla velferðarþjónustuna hér á landi. Að hætta þessu aðhaldi væri besta leiðin til að skerða þjónustuna til langframa, af því að við vitum að útgjöldin hafa ávallt tilhneigingu til að aðlagast tekjunum, ekki bara hjá ríkissjóði heldur hjá heimilum, fyrirtækjum og alls staðar. Þess vegna er útgjaldastjórnun meginatriði í heilbrigðum búskap hvort sem það er í búskap ríkisins eða annars staðar.

Það hafa margir rætt það, bæði í þessari umræðu og í aðdraganda hennar undanfarna daga, að tímasetning þessara aðgerða sé sérstaklega slæm og hún gæti stuðlað að aukinni þenslu og verðbólgu á tímum mikillar stóriðjuuppbyggingar.

Hér hefur m.a. verið nefnt að viðskiptahallinn sé mikill og skattalækkanir muni kynda undir hann. Að mínu mati gætir hér grundvallarmisskilnings á stöðu efnahagsmála og áhrifa stóriðjuframkvæmdanna. Allar efnahagsspár gera ráð fyrir að viðskiptahallinn muni snarlækka um leið og framkvæmdunum lýkur og verði á árinu 2008 komin niður í rúmlega 4% á landsframleiðslu og lætur nærri að það sé það sem stundum hefur verið kallað jafnvægishalli þjóðarbúsins undanfarna hálfa öld. (**SJS:** Meinarðu að það sé í lagi?) Það er það sem einkum stafar af erlendum fjárfestingum og tilheyrandi uppbyggingu í kjölfarið. Við erum ung þjóð og höfum þurft að byggja hratt upp og erum enn að byggja upp ýmislegt sem þjóðir í kringum okkar hafa gert fyrir löngu. Það er ekkert nýtt að við höfum þurft að taka mikið af lánum til að skapa möguleika fyrir atvinnu og verðmætasköpun í landinu, byggja upp atvinnufyrirtæki, samgöngur, menntakerfi og auðvitað höfum við ekki, þessi unga þjóð, getað gert þetta allt saman án þess að taka lán. En það er líka mikilvægt að hafa í huga að skuldasöfnun þjóðarbúsins að undanförnu stafar alfarið af aukinni skulda-

söfnun fyrirtækja og heimila. Ríkið hefur hins vegar verið að borga niður skuldir í stórum stíl. Fyrirtækin sem hafa verið að safna skuldum eiga hins vegar miklar eignir á móti. Sum þessara fyrirtækja hafa fjárfest mikið erlendis, verið í svokallaðri útrás.

Það er rétt að skuldir heimilanna hafa vaxið. Eignir heimilanna hafa líka verið að aukast. Það er orðið auðveldara fyrir ungt fólk að kaupa sér íbúð og koma þaki yfir höfuðið, þannig að á móti skuldum heimilanna standa líka eignir. Þetta er ekki allt saman neikvætt og ómögulegt, eins og stjórnarandstaðan heldur fram. Er það ekki jákvætt að ungt fólk geti eignast íbúðarhúsnæði? Er það neikvætt?

Ríkisstjórnin hefur við undirbúning þessara aðgerða leitast við að taka mið af margvíslegum sjónarmiðum, bæði innlendra aðila og erlendra. Þannig er gert ráð fyrir að meginþungi þessarar skattalækkunar komi fram á árinu 2007 þegar stóriðjuframkvæmdunum er að mestu lokið, eins og við sjáum þær fyrir í dag. Sú staðreynd kemur í veg fyrir niðursveiflu í efnahagslífinu á þeim tíma og tryggir áframhaldandi kaupmáttaraukningu almennings. Þetta er besta leiðin til að koma kaupmáttaraukningunni til skila. Ég hef heyrt hv. þm. Steingrím J. Sigfússon halda því fram að það *sé alveg skelfilegt að koma kaupmáttaraukningu til skila* með þessum hætti. Hann hefur hins vegar hvatt til þess að launahækkanir verði mjög miklar og umfram getu þjóðarbúsins. Það er undarlegur málflutningur þegar hann hefur hvatt til þess að allir fari að dæmi þess sem hefur t.d. gerst hjá kennurum þannig að launahækkanir verði sem mestar í landinu, hvað svo sem líður efnahagsástandi. Er eitthvert samræmi í þeim málflutningi? Þetta stendur allt saman á haus.

Sú leið að koma kaupmáttaraukningunni til skila með þessum hætti er einnig í samræmi við ábendingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og OECD. (Gripið fram í.) Í þessu samhengi er enn fremur rétt að benda á að þessar aðgerðir eru kynntar með mjög góðum fyrirvara. Það er ekki neikvætt, heldur jákvætt í efnahagslegu tilliti. Það skapar meira öryggi og vissu um efnahagsþróunina sem fram undan er og stuðlar þannig að stöðugleika. Um þetta eru allir hagfræðingar sammála, líka hagfræðingar Seðlabankans, hv. þingmaður Össur Skarphéðinsson.

Málflutningur stjórnarandstöðunnar í skattamálum er afskaplega mótsagnakenndur svo ekki sé meira sagt. Því er annars vegar haldið fram, og ég hef hlustað á það í þessari umræðu, að þetta geti valdið þenslu en samtímis er því haldið fram að heppilegra hefði verið að verja þessum sömu fjárhæðum til þess að auka kaupmátt lægstlaunuðu stéttanna. Gott og vel. En málflutningurinn stenst ekki. *Þensluáhrifin eru auðvitað þau sömu, hvort sem um er að* ræða lækkað skatthlutfall eða hækkun persónuafsláttar, svo framarlega sem sömu fjárhæðir eru á ferðinni. Hið sama gildir að sjálfsögðu um lækkun virðisaukaskatts af matvælum. (**SJS:** Það eru aðrir hópar sem fá ...) Þetta liggur náttúrlega alveg augljóslega fyrir, hv. þingmaður.

Aðalatriðið er kannski það að óhætt er að fullyrða að þessar aðgerðir eru tekjujafnandi þegar á heildina er litið. Það kemur fram í útreikningum sem byggja á skattframtölum ársins 2003. Þannig hækka skattleysismörk um ríflega 20%, úr 71 þús. kr. í 86 þús. kr. Ég vil minna hv. þm. Össur Skarphéðinsson á það — hann var að rifja það upp sem hann sagði í kosningabaráttunni sem var að vísu (Gripið fram í.) mjög mismunandi, hvað hann sagði. Einn daginn átti að taka upp fjölþrepaskattkerfi (**Gripið fram í:** Nei, nei.) en undir lokin var þetta farið aðeins að skýrast — að hann skrifar, hv. þingmaður, þann 12. apríl 2003 að það verði fyrsta verk Samfylkingarinnar eftir kosningar að leggja fram frumvarp um tafarlausa hækkun á skattleysismörkum, fyrsta verk. Það var ekki fyrsta verkið að heimsækja Bush og segja upp stuðningi í sambandi við Írak, heldur fyrsta verk, tafarlaust, að hækka skattleysismörk. Og um hvað? *10 þús. kr. sem hefði þá kostað 10 milljarða, tafarlaust, 10 milljarða.* Nú segir hv. þm. að hann sé alveg hættur við þetta, þetta hafi verið svona, ja, kannski ekki rétt af honum að segja þetta, enda hafi hann ekki séð efnahagsástandið fyrir og nú sé komin miklu meiri þensla og þess vegna gangi þetta ekki upp. Var sem sagt ekkert að marka það sem hv. þm. sagði í aðdraganda kosninganna? Að vísu kemur ekki fram hvernig átti að hækka skattleysismörkin. Nú er verið að hækka þau, að vísu ekki fyrr en 2007, ekki tafarlaust, en um 15 þús. kr. Það er miklu hægar farið í sakirnar (**Gripið fram í:** Þú klúðraðir ...) en það finnst hv. *þingmanni alveg ómögulegt. Það er ekki nóg með að hann* hafi breytt frá fjölþrepaskattkerfi yfir í það að hækka skattleysismörk rétt fyrir kosningar, núna eftir kosningarnar segir hann að það hafi allt verið tóm vitleysa sem hann sagði rétt fyrir kosningarnar. Hvort það var stefna númer tvö eða þrjú veit ég ekki en a.m.k. er þetta svona.

Í frumvarpinu liggur alveg fyrir að mikil hækkun barnabóta kemur öllum barnafjölskyldum til góða. Það hafa flestir viðurkennt í þessari umræðu, og mest hinum tekjulægri. Það hafa þingmenn líka viðurkennt. Þá liggur fyrir að afnám eignarskatts kemur sér mjög vel fyrir eldra fólk og ellilífeyrisþega. Það vill svo til að sextugir og eldri greiða u.þ.b. helminginn af eignarskattinum í landinu, kannski liðlega það, sem segir okkur að eignarskatturinn leggst fyrst og fremst á þá sem eiga íbúðarhúsnæði tiltölulega skuldlaust. Eignarskatturinn leggst af mun meiri þunga á þá hópa í skattkerfinu sem hafa tiltölulega litlar tekjur sem er algerlega á skjön við það sem stjórnarandstaðan hefur haldið fram. Ég vænti þess að þeir geti kynnt sér það betur þegar málið kemur til umfjöllunar í nefnd.

Hér hefur komið vel fram með ýmsum dæmum hvaða áhrif þetta frumvarp hefur á ráðstöfunartekjur almennings. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það. Það liggur alveg ljóst fyrir að það hefur mest áhrif á barnafólk og ég tek eftir því að í stefnu Samfylkingarinnar, sem ég þarf að lesa með gleraugum svo að ég fari rétt með, letrið er svo smátt, segir, *með leyfi hæstv. forseta:*

„Annars vegar hyggst Samfylkingin minnka skattbyrði og draga verulega úr jaðarskerðingum hjá millitekjufólki, sérstaklega barnafólki sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið."

Þetta er ein besta setning sem ég hef séð í kosningastefnuskrá enda er ég innilega sammála henni. (Gripið fram í.) Það er nákvæmlega þetta sem við erum að gera. Það vill bara svo til að ef sérstaklega á að ná til millitekjufólks verður það ekki gert eingöngu í gegnum persónuafsláttinn. Það verður að gera það líka í gegnum skattprósentuna. Þess

vegna förum við þá leið að lækka skattprósentuna og hækka persónuafsláttinn. Annars náum við ekki til millitekjufólksins. Það er einmitt verið að draga úr jaðaráhrifunum. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson segir í þessari sömu grein í Morgunblaðinu sem var prýðileg, með leyfi forseta:

„Rauði þráðurinn í okkar stefnu er að draga úr tekjutengingum."

Það er það sem verið er að gera, draga úr tekjutengingum í sambandi við barnabæturnar sem voru ansi miklar. Með þriðja barni var tekjutenging og skerðing 18%, samkvæmt þessu frumvarpi komin niður í 8%, og skerðingin var síðan 4% með hverju barni þar fyrir ofan. (**SJS:** Hverjir tekjutengdu barnabætur að fullu á Íslandi?) Ja, það er sjálfsagt að upplýsa það, hv. þingmaður. Tekjutengdar barnabætur voru teknar upp fyrir löngu. Þær voru teknar upp um leið og staðgreiðslukerfið. Ég man ekki betur en að hv. þingmaður styddi það. Ég man ekki betur en að hann væri þá einn af stuðningsmönnum ríkisstjórnar, a.m.k. mjög fljótlega upp úr því. Ég man ekki eftir því að í þeirri ríkisstjórn hafi t.d. nokkurn tíma verið talað um hátekjuskatt sem mér heyrist vera orðinn algerlega heilagur í munni hv. þingmanns. Það kom upp tekjuskerðing varðandi barnabæturnar strax í upphafi staðgreiðslukerfisins. Síðan hafa verið haldnar margar lærðar ræður á Alþingi um að draga úr jaðaráhrifum. Hvað þýðir það að draga úr jaðaráhrifum? Þýðir það ekki að draga úr tekjutengingum og mætti jafnvel orða það þannig að minnka jöfnuð? Hvað ætli hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem á eftir að tala hér á eftir hafi haldið margar ræður um það að draga úr jaðaráhrifum? Ég man eftir mjög mörgum ræðum frá henni um það mál. Ég hef líka hlustað á margar ræður, bæði frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og öðrum, um að auka jöfnuð. Það vill bara svo til að eftir því sem við göngum lengra í þessum efnum drögum við úr atvinnuþátttöku fólks og aukum möguleika á skattsvikum. Þess vegna hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að það sé rétt að ganga til baka í þeim efnum og við höfum verið að gera það, enda höfum við í vaxandi mæli áttað okkur á því að það er ekki nóg að taka eingöngu tillit til tekna fólks heldur til greiðslubyrði. Það vill svo til að unga fólkið sem er að kaupa íbúðarhúsnæði notar milli 10 og 20% af tekjum sínum til að borga af húsnæðislánum. Þetta sama fólk notar 4,75% af tekjum sínum til að borga af námslánum. Ef við ætlum að létta greiðslubyrði þessa fólks sem hefur þessa miklu greiðslubyrði af þessum orsökum verðum við að ná til þess og þar með að ná til millitekjufólksins. Það eru einmitt þær leiðir sem eru farnar í þessu frumvarpi, alveg í samræmi við það sem skrifað var í kosningastefnuskrá Samfylkingarinnar fyrir kosningar, en nú hefur þetta allt saman breyst, því miður.

Virðulegur forseti. Að lokum út af barnabótunum. Barnabætur hafa verið hækkaðar um 4,5 milljarða kr. frá árinu 2000, sem er tvöföldun. Útreikningar um skerðingu út og suður standast ekki. Sérhver ákvörðun um hækkun barnabóta er að sjálfsögðu hækkun þeirra með sama hætti og sérhver ákvörðun um hækkun persónuafsláttar er ákvörðun um skattalækkun. Ég bið háttvirta þingmenn að minnast þess að það er ekkert sjálfkrafa verðbreytingakerfi í skattkerfinu. Það á ekki aðeins við um Ísland heldur um löndin allt í kringum okkur.

Stjórnarandstaðan hefur tekið upp á því að reikna þetta allt út frá landsframleiðslu einn daginn, launavísitölu hinn daginn og verðlagi þriðja daginn. Þetta er ekki svona. (Gripið fram í.) Það kemur að vísu alltaf mismunandi enda notist þið aldrei við sama kerfið eða sömu tölurnar í málflutningi ykkar.

Sannleikurinn að því er varðar barnabæturnar er að árið 1994 voru skerðingarmörk aðeins 570 þús. kr. vegna tekna fyrir einstætt foreldri. Þá var 18% skerðing vegna þriðja barns sem nú er verið að leggja til að færa í 8% og skerðingarmörkin eru 1.116 þús. kr., sem er tvöfalt hærra en árið 1994. Svo geta menn leikið sér að því að reikna þetta út samkvæmt landsframleiðslu, verðlagi o.s.frv.

Aðalatriðið er að ef núverandi stjórnarandstaða hefði verið í ríkisstjórn og haft með forustu landsins að gera þá hefði aldrei orðið slík aukning landsframleiðslu. Ég ætla ekki að rekja það frekar en auðvitað liggur ljóst fyrir að ein meginástæðan er aukin umsvif í atvinnulífinu, þá sérstaklega virkjana- og stóriðjuframkvæmdir, sem hafa orðið þess valdandi að verðmætasköpunin hefur vaxið jafnmikið og raun ber vitni og er ein sú allra mesta og sennilega sú mesta sem þekkist meðal vestrænna þjóða á síðustu áratugum.

[17:03]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er gleðiefni að við Íslendingar höfum svigrúm til að lækka skattbyrði almennings. Um það er ekki deilt heldur um hve mikið er skynsamlegt að lækka skatta og hvernig. Samfylkingin hefur lagt áherslu á að helminga virðisaukaskatt á matvöru. Það hefur Sjálfstæðisflokkurinn einnig gert. Það er þess vegna ljóst að á Alþingi er bullandi meiri hluti fyrir því að lækka skatta á matvöru um helming. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvers vegna Framsóknarflokkurinn stendur þversum gegn því að lækka skatta á matvörum, sem kemur öllum til góða og lækkar vísitöluna um 0,8%, sem væri ákaflega mikilvægt innlegg nú þegar verðbólgu- og þensluhættan er hve mest.

Hvers vegna leggst Framsóknarflokkurinn gegn lækkun á matarskatti? Hvers vegna beitir hann sér fyrir skattaaðgerðum sem skila þeim fjórðungi skattgreiðenda sem hæstar hafa tekjur og mestar eignir helmingnum af öllu því sem endurútdeilt er í þessum aðgerðum? Hvers vegna beitir Framsóknarflokkurinn sér fyrir slíkum ójafnaðaraðgerðum en lætur íslenska neytendur halda áfram að búa við eitthvert hæsta matvöruverð í Evrópu?

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra, vegna þess að hann fer fyrir efnahagsmálum þjóðarinnar, hvort hann setji enga fyrirvara við frumvarp þetta, hvort það séu engir fyrirvarar við skattalækkanirnar með hliðsjón af efnahagsþróuninni, t.d. þannig að þær verði að endurskoða ef menn haldi ekki verðbólgumarkmiðin sem þeir hafa sett sér. Hvað ef verðbólgan fer af stað á næstu missirum? Koma þá þessar ákvarðanir til endurskoðunar, hæstv. forsætisráðherra?

Að síðustu, fyrst að svo mikið er til af peningum í ríkissjóði, er óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hann þá ætli að koma til skila þeim 500 millj. kr. (Forseti hringir.) sem hann hefur svikið Öryrkjabandalag

Íslands um í þeim samningi sem hann sjálfur persónulega, með hæstv. heilbrigðisráðherra, gerði við Öryrkjabandalagið skömmu fyrir síðustu kosningar.

[17:05]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að forgangsatriði ríkisstjórnarinnar, að því er varðar skattalækkanir, koma fram í þessu frumvarpi. Það er lækkun skatthlutfallsins, hækkun persónuafsláttar, hækkun barnabóta og niðurfelling eignarskatts. Þetta eru þau forgangsatriði sem við höfum haft í skattamálum og eru að vísu nokkuð samhljóða forgangsatriðum sem Samfylkingin hafði. Það útilokar ekki að við munum gera breytingar á virðisaukaskattskerfinu.

En þetta eru þau skref sem við teljum mögulegt að stíga núna og við munum nú fara í vinnu að því er varðar virðisaukaskattskerfið og um það eru flokkarnir algjörlega sammála.

Það er hins vegar alveg rétt að sá sem hér stendur hefur almennt talað fyrir því að skynsamlegt sé að hafa eitt hlutfall í virðisaukaskatti, enda var nú Samfylkingin sammála því. (**Gripið fram í:** Stundum.) Stundum, já. En það var hins vegar ákveðið að lækka þetta hlutfall úr 24,5% í 14% og Framsóknarflokkurinn hefur ekki gert neina tillögu um að breyta því og aldrei tekið það upp. Fyrst það eru komin tvö hlutföll þá skiptir í sjálfu sér engu grundvallarmáli hvort hlutfallið er 14%, 10% eða 7%. Það er engin prinsippbreyting. Í okkar huga er aðalatriðið að svigrúm verður að vera til skattalækkana í efnahagslegu tilliti og eins og þetta lítur út í dag teljum við svigrúmið til staðar. *Það sést af því sem hér er spilað út* (Forseti hringir.) og síðan verður að koma í ljós hvort við sjáum meira svigrúm síðar.

[17:08]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir heiðarlegt svar. Það er ljóst að Framsóknarflokkurinn hefur lagst gegn því að matarskatturinn verði lækkaður um helming, gegn aðgerð sem með þeim hætti kemur öllum til góða, en þess í stað beitt sér fyrir skattbreytingum sem koma eignafólki til góða og fólki eins og mér og hæstv. forsætisráðherra sem höfum eitthvað um 10 millj. kr. í árstekjur. *Við fáum lækkun á tímabilinu, um trúlega 9% af lunganum af tekjum okkar.*

Það er forgangsröðun Framsóknarflokksins. Þar er fólk ekki í fyrirrúmi heldur eignamenn. Það má hverjum manni vera augljóst. Það er um það sem hér er deilt, hæstv. forsætisráðherra.

Af hálfu Samfylkingarinnar er ekki um það deilt hvort hér sé svigrúm til skattalækkana. Það teljum við vera. En við teljum skynsamlegt að grípa til skattalækkana sem annars vegar koma öllum almenningi vel en ekki sérstaklega eignafólki og hátekjumönnum, eins og mér og þér, og hins vegar lækkun á matarverði sem vinnur gegn þeirri verðbólgu sem ég trúi og treysti að hæstv. forsætisráðherra hafi áhyggjur af að er nú komin í 3,8%. Er þó þenslan enn ekki í hámarki heldur verður það á næsta ári og hinu þar næsta. Við þekkjum á Íslandi hvaða afleiðingar það hefur ef við missum tökin á verðlagsþróuninni og verðbólgan fer af stað, með skuldir heimilanna eins og þær eru. Ef þær þurfa síðan að sæta hækkunum vegna þess að, eins og ríkisstjórnin gerði árið 2000, menn missi tökin á verðlagsþróuninni, missi t.d. vísitöluna upp um 9% á einu ári eins og gerðist, þá getur það haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar (Forseti hringir.) fyrir skuldir heimilanna í landinu og afkomu barnafjölskyldna.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill minna hæstv. ráðherra og háttvirta þingmenn á að beina orðum sínum til forseta með viðeigandi hætti en ávarpa ekki hver annan.)

[17:10]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Háttvirtur þingmaður segir að þetta gagnist fyrst og fremst eignafólki og hátekjufólki. Það er ekki rétt. Ég var að útskýra fyrir háttvirtum þingmanni áðan að niðurfelling eignarskattsins kemur sér sérstaklega vel fyrir lágtekjufólk sem á eignir. Það er gamla fólkið. Það liggur alveg ljóst fyrir að helmingurinn af eignarskattinum er greiddur af fólki sem er yfir sextugu.

Svo vil ég minna háttvirtan þingmann á að núverandi stjórnarflokkar tóku upp nokkuð sem heitir fjármagnstekjuskattur, sem var ekki tekinn upp fyrr en í tíð þessara flokka. Hann var ekki tekinn upp fyrr. Það var sett saman mikil skýrsla um það á sínum tíma og það var talið æskilegt. Háttvirtur þingmaður ætti að lesa þessa skýrslu. Um það varð víðtæk samstaða að með því að taka upp fjármagnstekjuskatt væri eðlilegt að stefna að niðurfellingu eignarskatts. Talið var eðlilegra að skatturinn væri lagður á tekjur af fjármagninu en eignina sjálfa. Það vill svo til að ýmsar eignir, við skulum segja eldra fólks, gefa engar tekjur af sér vegna þess að fólkið býr þar. Þessi tilhögun er því beint framhald af skýrslunni um fjármagnstekjuskattinn sem, ef ég man rétt, allir aðilar á Alþingi áttu aðild að.

Ég man ekki betur en að allir hafi verið sammála um að það væri rétt (Forseti hringir.) að stefna að því leggja eignarskattinn niður.

[17:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra svaraði ekki — sem er svo sem sök sér — frammíkalli mínu um hvaða stjórnmálaflokkur eða hvaða aðilar hefðu tekjutengt barnabætur á Íslandi að fullu. Þá er best að ég upplýsi hæstv. ráðherra um það. Það var hæstv. ráðherra sjálfur og flokkur hans í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn á kjörtímabilinu 1990–1999. Það má því sannarlega segja að þeim standi það næst að leggja af staða til baka. En það skal bara, sögunnar vegna, vera á hreinu að þannig að aldrei í sögunni, hvorki fyrr né síðar og nánast hvergi á byggðu bóli, hefur verið gengið jafnlangt í þessum efnum og einmitt af núverandi hæstvirtri ríkisstjórn á þessum árum.

Í öðru lagi, varðandi aðhald eða niðurskurð og orðanotkun í því sambandi. Ég leyfi hæstv. forsætisráðherra algerlega að velja sjálfum nafngiftirnar á því hvort það er aðhald eða niðurskurður í fjárlagafrumvarpi fyrir í hönd farandi ár að þar skuli vanta 500 millj. kr. til að standa við

samninginn við öryrkja sem ríkisstjórnin gerði rétt fyrir kosningar 2003. Hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknarflokksins, má algerlega ráða því hvort hann kallar þau svik aðhald eða niðurskurð. En staðreyndin er sú að það vantar þessar 500 millj. kr. inn í fjárlagafurmvarpið til að við þann samning sé staðið.

Aðhald og útgjaldastjórnun, segja þeir. Það er mikilvægt að fá það staðfest frá formanni Framsóknarflokksins í framhaldi af ræðu hæstv. fjármálaráðherra að það sé beinlínis markmið ríkisstjórnarinnar að nota þessar skattalækkanir til að draga saman umsvif hins opinbera, nota þær sem stjórntæki til að samneyslan minnki hlut sinn af verðmætasköpuninni í þjóðfélaginu. Þetta er tæki til að draga úr samneyslunni í landinu. (Forseti hringir.) Nú hafa forkólfar beggja stjórnarflokkanna staðfest það.

[17:14]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst það afskaplega ömurlegt að hv. þingmenn og ýmsir aðrir skuli halda því fram að ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að verja 1 milljarði til aukningar á örorkubótum til að hækka örorkubætur yngstu öryrkjanna um allt að helming, séu svik. Það liggur alveg ljóst fyrir hvað ríkisstjórnin samþykkti í þessu efni og það er afskaplega leitt til þess að vita að slíkur málflutningur skuli vera uppi. Það er ekki þar með sagt að menn hafi gert alla hluti sem menn vildu hafa gert í þessum efnum frekar en öðrum, en það hefur fullkomlega verið staðið við það sem sagt var í þessum efnum, hv. þingmaður.

Hvað varðar barnabæturnar liggur það alveg ljóst fyrir að 1988 þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp var skerðing af tekjuskattsstofni með fyrsta barni 7%, af öðru barni 13%, af þriðja barni 18% og með hverju barni umfram þrjú 4% þar til viðbótar. Þessu var ekki breytt fyrr en 1995 þegar byrjað var að draga úr þessari skerðingu og lýkur svo með því sem hér er lagt fram að fara niður í 8% með þriðja barni í stað 18% og ekkert með börnum umfram það, og með fyrsta barni í 2% í stað 7% og með öðru barni að vísu 6% og var 6% í upphafi. Þetta er saga barnabótanna, hv. þingmaður.

[17:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er bara hálf sagan. Hæstv. forsætisráðherra veit betur en þetta. Hann verður að gera greinarmun á þeim hluta barnabótanna sem var tekjutengdur og hinum sem var það ekki. Tekjutengdi hlutinn sem vissulega var með mjög skörpum skerðingarmörkum var kallaður barnabótaauki og var álag ofan á uppistöðuna sem voru ótekjutengdar barnabætur. Og það er síðan núverandi ríkisstjórn eða sömu flokka sem tekjutengir þetta að fullu og að sjálfsögðu gjörbreytir það eðli málsins þegar ótekjutengdi hlutinn hverfur og verður tekjutengdur að fullu, svo menn átti sig á samhengi hlutanna.

Þetta eru staðreyndir málsins og ég veit að hæstv. ráðherra veit þetta. Það er að vísu rétt að gengið var nokkuð grimmilega fram í því að færa til yfir í tekjutengda hlutann, sérstaklega hygg ég að það hafi verið í tíð ríkisstjórnarinnar 1991–1995. En svona er þetta nú að það er síðan ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sem tekjutengir barnabæturnar að fullu á Íslandi, 100%. Þannig er það og hún er svo að reyna að snúa ofan af því núna og þó fyrr hefði verið.

Staðreyndin er sú, frú forseti, að það er sérstaklega ómerkilegt af ríkisstjórninni og Framsóknarflokknum alveg sérstaklega að vanefna svona samninginn við öryrkja frá því fyrir kosningar 2003 vegna þess að ríkisstjórnin fékk auðvitað prik. Allir sanngjarnir menn fögnuðu samkomulaginu um að bæta sérstaklega hag yngstu öryrkjanna og ríkisstjórnin komst í skjól eftir illdeilur sínar við samtök öryrkja og málaferli með þessum gjörningi. En að standa svo ekki við hann er alveg sérstaklega lágkúrulegt, og lesi menn heilsíðuauglýsingar í dagblöðunum í dag þar sem orðréttar tilvitnanir í heilbrigðisráðherra Framsóknarflokksins (Forseti hringir.) sanna að hann var þeirrar skoðunar að það ætti eftir að efna samninginn að einum þriðja hluta.

[17:19]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefur þó a.m.k. verið staðfest í þessari umræðu að hv. þingmaður vill hækka og breyta barnabótum. Ég hafði skilið hann þannig að hann vildi engar skattbreytingar vegna þess að hann sé svo hræddur við þenslu og önnur áhrif að það megi ekkert hreyfa sig í þeim efnum. En það er þó skref í áttina að hann vill eitthvað gera í þessum efnum og guð láti gott á vita.

Að því er varðar málefni öryrkja sem ekki koma þessu máli beinlínis við þá liggur alveg ljóst fyrir, hv. þingmaður, hvernig þetta var. Því var lýst yfir af ríkisstjórninni að hún ætlaði sér að verja 1 milljarði kr. til hækkunar örorkubóta og það var samþykkt á ríkisstjórnarfundi. Að vísu er þetta orðið allmiklu meira en þá var gert ráð fyrir og við höfum verið að auka bætur til margra í þjóðfélaginu og kaupmáttur þeirra bóta hefur verið að stórhækka sem betur fer. Það er vissulega þörf á því að gera meira í þeim efnum eins og svo mörgu öðru í þjóðfélagi okkar og við getum aldrei komið til móts við allar óskir í því sambandi, hvorki óskir einstakra hópa, einstakra ráðuneyta eða aðrar óskir. En við höfum fyllilega staðið við orð okkar í þessum efnum og þessi auglýsing breytir að sjálfsögðu engu um það.

[17:21]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hér er verið að fara út í viðamiklar breytingar á skattkerfinu og ég hlýt að gera athugasemd við það þegar farið er út í svona miklar breytingar að ekki liggi fyrir með þessu frumvarpi útreikningar á áhrifunum á einstaka tekjuhópa eftir tekjubilum og að teknar séu inn í þá útreikninga allar þær breytingar sem gerðar hafa verið á sköttum á þessu kjörtímabili og eru fram undan. Þeir sem lögðu sig eftir því að fara inn á heimasíðu fjármálaráðuneytisins gátu að vísu fundið einhverja útreikninga með þessu en það á auðvitað að vera þannig að þeir fylgi með sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Ég geri líka athugasemd við það, herra forseti, að hæstv. fjármálaráðherra hefur ekki svarað fyrirspurn sem ég hef lagt fram og lagði reyndar fram í byrjun þessa þings, í byrjun október, um skattalækkanir sem beinlínis tengdust þeim

áformum sem ráðherrann hefur mælt fyrir. Það að þessari fyrirspurn hafi ekki verið svarað 6–7 vikum síðar þannig að við höfum ekki tækifæri til að draga þær upplýsingar sem þar koma fram inn í þessa umræðu er auðvitað ámælisvert og ég kalla eftir því, virðulegi forseti, að við fáum þessar upplýsingar þannig að hægt sé að skoða þær í samhengi hlutanna þegar við fjöllum um þetta mál.

Það er auðvitað fullkomlega eðlilegt að þingmenn dragi efnahagsþróunina inn í umræðuna, horfur í efnahagsmálum og hvaða áhrif þær hugmyndir sem hér eru uppi hafi á skattalækkanir og hvort við höfum yfirleitt svigrúm til skattalækkana. Mín skoðun er sú að það sé kominn tími til að einstaklingar njóti góðs af skattalækkunum. Það hefur mestmegnis verið svo í tíð núverandi ríkisstjórnar að hún hefur verið að lækka skatta á stóreignamönnum, á fyrirtækjum og fjármagni, en einstaklingarnir hafa notið minnst af því. En mig undrar það þegar menn hafa verið að meta stöðuna í efnahagsmálum og það svigrúm sem við höfum og hvaða áhrif þessar breytingar hafa á þensluna, verðbólguna, að menn skuli ekkert horfa til þess sem er að gerast í bankakerfinu. Þar fá bankarnir greinilega að haga sér eins og ríki í ríkinu og enginn dregur fram hvaða áhrif sú mikla útlánaþensla sem þar á sér stað þessa dagana og vikurnar getur haft á þróun og framvindu efnahagsmála á komandi vikum og á næsta ári.

Ég nefni það að bankar og sparisjóðir hafa veitt lán út á fasteignaviðskipti og á tímabilinu frá 23. ágúst til októberloka, mjög stuttur tími, hafa farið í gegnum þá vegna þeirra nýju kjara sem þeir eru að bjóða í fasteignaviðskiptum 55 milljarðar kr. Töluvert af þessu fer örugglega í uppgreiðslur af óhagstæðari lánum en það er alveg öruggt að 10–15% af þessum útlánum bankanna út á fasteignaviðskipti og veð í fasteignum eru vegna aukinnar neyslu. Þar erum við að tala um kannski 7,5 milljarða. Það er sá hluti, sem ég held að sé rétt og er það sem maður kemst næst við skoðun málsins, sem fer í aukna neyslu. Við erum þó einungis að tala um 5 milljarða á næsta ári sem er nóg samt í því þrönga svigrúmi sem við höfum varðandi hina áformuðu hækkun á sköttum einstaklinga.

Ég er sannfærð um að við munum sjá það fyrr en seinna að þetta mun koma fram í aukinni verðbólgu, aukinni þenslu og auknum vöxtum og það sem er kannski að hreyfast hraðast núna þegar við skoðum það á vog vísitölunnar er húsnæðisvísitalan. Miklar hækkanir hafa átt sér stað á verði íbúðarhúsnæðis sem er þá partur af þessari þenslu. Frá október 2003 til október 2004, við erum bara að tala um eitt ár, hafa minni íbúðir, þriggja herbergja íbúðir hækkað um 2 milllj. kr. og stærri íbúðir sem voru á um 21 millj. fyrir ári síðan eru nú komnar í 26 millj., hafa hækkað um 5 millj. Þá veltir maður fyrir sér, hver er ávinningurinn fyrir unga fólkið sem er að fara í fasteignaviðskipti ef verulegur hluti af auknum lánum sem það getur fengið í bankakerfinu fer síðan í hærra íbúðarverð og meiri skuldsetningu. Ég vildi alla vega halda þessum punkti til haga sem kannski hefur ekki mikið verið ræddur í þessari umræðu en hefur tvímælalaust áhrif á það sem við öll höfum áhyggjur af, þ.e. þenslunni og verðbólgustiginu í þjóðfélaginu og hvaða áhrif það getur haft inn í kjarasamninga.

Það er líka mikilvægt að skoða þau áform sem hér eru uppi af hálfu ríkisstjórnarinnar í samhengi við það sem gerst hefur á þessu kjörtímabili í skattamálum og skattaálögum á einstaklinga og heimilin í landinu. Voru það ekki, virðulegi forseti, um 20 milljarðar kr.? Nú er talað um 22 milljarða sem eiga að fara í skattalækkanir til einstaklinga. Ríkisstjórnin hefur gripið til skattahækkana og hækkana á gjöldum eins og í heilbrigðiskerfinu á einstaklinga og skert bætur í skattkerfinu um 4 milljarða kr. Það var gert með því að hækka álögur á bifreiðaeigendur og skerða vaxtabætur, sem er haldið áfram í þessu frumvarpi, og barnabætur, hækka gjaldtökur í heilbrigðiskerfinu, skerða skattleysismörk, afnema séreignarsparnað sem hækkaði tekjuskatt á einstaklinga og þannig hefur ríkisstjórnin halað inn í skattahækkunum á einstaklinga og gjaldtökum um 16 milljarða og það er hátt upp í það sem á að fara að setja út aftur til einstaklinganna en þar er um að ræða 20–22 milljarða kr. Hún er búin að fá fyrir þessu aftur, er búin að taka þetta úr vösum einstaklinga og ætlar að skila því til baka aftur og kannski ívið betur. Mér finnst menn þurfa að skoða þetta í samhengi.

Það er alveg rétt sem hv. 5. þm. Norðaust., Steingrímur J. Sigfússon, sagði áðan að við verðum að skoða málið líka í samhengi við heildarskattbreytingarnar á einstaklinga og hvernig þær koma niður á hópa. Þetta eru auðvitað sláandi tölur sem þingmaðurinn nefndi áðan ef milljón króna maðurinn fær í sinn hlut í lok þessa kjörtímabils um 980 þús. kr. út á skattbreytingarnar á sama tíma og 100 þúsund króna maðurinn, sem er með 1.200 þús. kr. á ári, fær ekki nema 1 til 2 þúsund eins og hann nefndi hér á mánuði. Við erum að tala um að milljón króna maðurinn fái 980 þús. kr. sem slagar upp í það að vera árstekjur 100 þúsund króna mannsins. Þetta eru náttúrlega sláandi tölur sem stjórnarþingmenn þurfa ekki að undra sig á að við drögum fram í þessari umræðu, virðulegi forseti.

Ég held að það sé nauðsynlegt og grundvallaratriði að við lítum á skattkerfið þeim augum að það sé byggt á réttlæti og sanngirni. Þessi ríkisstjórn hefur aukið mikið muninn á skatthlutfalli launafólks og fyrirtækja og þeirra sem geta haft verulegan hluta af framfærslueyri sínum í gegnum fjármagnstekjuskatt. Innan tekjuskattskerfisins hefur skattbyrði launatekna og lífeyris verið þyngd en skattur á tekjur og hagnað fjármagnseigenda og fyrirtækja hefur verið lækkaður verulega. Í öðrum löndum er munurinn á skattlagningu launatekna og heildarskattlagningu tekna af atvinnurekstri öfugt við það sem hér er. Það er skattur á hagnað af rekstri og hann er yfirleitt hærri en skattur á launatekjur en þróunin hefur verið öfug hér. Þess vegna þurfum við að snúa henni við. Við verðum að minnka þann mun sem hefur verið á skatthlutfallinu hjá einstaklingum, fyrirtækjum og fjármagnseigendum. Ég held að afar mikilvægt sé að þróun skattkerfisins vísi í þá átt.

Það er líka full ástæða til þess að þingmenn hafi af því áhyggjur hvort skattalækkanir á kjörtímabilinu kalli á niðurskurð í velferðarkerfinu. Ég tók eftir því í umræðunni í dag að hv. 9. þm. Norðvest., Einar Oddur Kristjánsson, fullvissaði þingmenn um að þessi áform í skattalækkunum þyrftu ekki að bitna á velferðarkerfinu og auðvitað verður grannt með því fylgst. Við erum að tala um verulegar fjárhæðir. Með þeirri upphæð sem nú á að verja til skattalækk-

ana væri hægt að gera alla leikskóla gjaldfrjálsa. Mér finnst það vera hlutverk okkar þingmanna þegar við verjum svona miklum fjármunum til skattalækkana að sjá til þess að þeim sé deilt út af sanngirni og réttlæti.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson dró fram örfá dæmi sem sýna að hér er ekki deilt út því sem til skiptanna er í skattalækkunum af sanngirni og réttlæti. Í fjölmennasta hópi einstæðra foreldra fær viðkomandi foreldri um 7.900 kr. í lækkun á mánuði. Milljón króna maðurinn fær 91 þús. kr. í hverjum mánuði eða tæplega 12 sinnum hærri upphæð en einstaklingur í fjölmennasta hópi einstæðra foreldra. Svo sannarlega er kominn tími til að millitekjufólk fái skattalækkun, t.d. fá hjón með 375 þús. kr. á mánuði rúmlega helmingi lægri upphæð en efnuðu hjónin sem ég nefndi áðan. Við erum að tala um að þegar verið er að skipta því á næsta ári sem til skiptanna er, þessum 5 milljörðum sem fara í skattalækkanir, fær fjórðungur þeirra tekjuhæstu um 2,5 milljarða kr., þ.e. um helming allrar upphæðarinnar, meðan hin 25% tekjuminnstu fá um 300 millj. kr. í skattalækkun á næsta ári, einstaklingar ekkert af því en hjón aftur á móti þessar 300 milljónir, þ.e. 25% tekjulægstu. Ég sé ekki hvernig stjórnarliðar geta haldið því fram að hér sé verið að skipta af einhverju réttlæti og sanngirni.

Við verðum að líta til þess að með þeirri tilfærslu sem hefur orðið á skattbyrði af fjármagni og eignum yfir á vinnuafl og launatekjur standa einstaklingar undir 83% af allri skattheimtu. Samkvæmt nýjum skattagögnum sem ég hef skoðað er það 1% ríkustu einstaklinganna, rúmlega 500 manns, sem hafði 88% af tekjum sínum í fjármagnstekjum, þ.e. 54 millj. kr., og 7 millj. kr. í launatekjur. Af þessum 54 milljónum borga þeir náttúrlega miklu minni skatt, minna en lágtekjufólkið, og einungis lítill hluti framfærslutekna kemur af launatekjum. Þeir greiða að meðaltali aðeins 12% af heildartekjum sínum í skatt meðan fólk með lágar tekjur greiðir 25–27%. Ég spyr: Er þetta sanngirni? Nei, auðvitað er ekki sanngjarnt að stór hluti þjóðarinnar geti tekið verulegan hluta af framfærslueyri sínum og launum út í fjármagnstekjum með lágri skattprósentu meðan aðrir þurfa að greiða fullan skatt af tekjum sínum. Við hljótum að horfa til þess að 18–20 þúsund manns í þessu þjóðfélagi eru fátækt fólk samkvæmt þeim upplýsingum sem fram hafa komið hjá Félagsmálastofnun. Þessi 18–20 þúsund eru með skilgreindan framfærslueyri sem er undir lágmarksframfærslueyri sem félagsmálaráðuneytið skilgreinir sem lágmarksframfærslu. Það vantar 40–50 þús. upp á að þessi 18–20 þúsund manns hafi framfærslueyri sem félagsmálaráðuneytið metur að sé eðlilegt. Hvað gerum við við þetta fólk?

Ég er með tölur um að það eru 29 þúsund skattgreiðendur sem voru með tekjur á bilinu frá skattleysismörkum að 100 þús. kr. Hvað borgaði þetta fólk í skatt, virðulegi forseti? Tvo milljarða til samfélagsins. Tvo milljarða króna til samfélagsins borgar þetta fólk sem á ekki fyrir framfærslu sinni nema hluta af mánuðinum. Það borgar miklu meira í ríkiskassann en ríkustu einstaklingarnir í þjóðfélaginu sem borga mestan hlutann af framfærslueyri sínum og tekjum í miklu lægra skatthlutfalli, í fjármagnstekjuskatti. Ég spyr, herra forseti, og beini spurningunni til hæstv. fjármálaráðherra: Hefur fjármálaráðherra sem ég veit að er önnum kafinn maður nokkuð lagst yfir það hvort til séu leiðir til að koma því til leiðar að þetta fólk þurfi ekki að borga skatt? Á árunum 1995–1996 þurfti það ekki að borga skatt, fólk sem var með t.d. framfærslu sína hjá almannatryggingum. Nú er þetta sama fólk farið að borga sem samsvarar eins mánaðar lífeyri í skattgreiðslur. Það hefur líka verið reiknað út að margir þessara einstaklinga, öryrkjar, þurfa líka að borga önnur mánaðarlaun sín í háan lyfjakostnað og lækniskostnað. Við erum að tala um tveggja mánaða lífeyri þeirra sem verst eru settir sem fara ýmist í skattgreiðslur til ríkisins eða í gjaldtökur í heilbrigðiskerfinu. Það er ekki boðlegt, virðulegi forseti, í velferðarsamfélagi okkar að búa þannig að 29 þúsund manns sem eru með undir 100 þús. kr. í tekjur að þeir þurfi að greiða svona mikinn skatt til samfélagsins. Finnar fundu ákveðna leið til þess, ákveðna endurgreiðsluleið í gegnum skattkerfið til tekjulægstu hópanna. Ég hefði viljað setjast niður með hæstv. fjármálaráðherra og skoða hvort við fyndum ekki einhverja leið til að koma því þannig fyrir að fólk með svona lágar tekjur þyrfti ekki að standa undir skatti líka til samfélagsins.

Það er freistandi að fara yfir fjármagnstekjuskattinn. Á síðasta ári var hann hjá hjónum og sambýlisfólki 48 milljarðar kr. og af þessum 48 milljörðum fóru 32 milljarðar, þ.e. tveir þriðju, í vasa 1% fjármagnseigenda, þ.e. 500–600 manns. Þá er ekkert skrýtið þó að menn stoppi við og velti fyrir sér hvort ástæða sé til að hækka t.d. fjármagnstekjuskattinn til að hlífa þessum tekjulægsta hópi sem ég var að nefna. Ef farið væri með fjármagnstekjuskattinn upp í 15% og sett ákveðið frítekjumark í fjármagnstekjuskatti, t.d. 100 þús. kr. hjá einstaklingum og 200 þús. kr. hjá hjónum, gæti það skilað 2 milljörðum kr. í aukinn fjármagnstekjuskatt. Það er nákvæmlega sama upphæð, virðulegi forseti, og við erum að taka af fólkinu með 100 þús. kr., sem er með tekjur á bilinu frá skattleysismörkum að 100 þús. kr. Við tökum af þeim 2 milljarða í skatt en gætum tekið þessa 2 milljarða með því að fara með fjármagnstekjuskattinn í 15% og sett líka ákveðið gólf sem væri fríeignarmark. Þá mundum við í leiðinni fækka þeim sem greiða fjármagnstekjuskatt úr 74 þúsund í 28 þúsund manns, þ.e. um 46 þúsund manns. Samt hygg ég og get raunverulega alveg haldið því blákalt fram að við værum með lægsta fjármagnstekjuskattinn borið saman við þau lönd sem við berum okkur saman við. Ég veit ekki hvaða hætta væri þar á ferðum þó að þeir sem eru ríkastir í þjóðfélaginu létu eitthvað meiri af hendi rakna til samfélagsins. Ég er hér að benda á leið sem skilar ríkissjóði sömu tekjum og við erum að taka af lægstlaunaða fólkinu.

Þessu vildi ég halda til haga, virðulegi forseti, og vík nú að vaxtabótum.

Hér hefur ekki verið mikið á það minnst að hæstv. fjármálaráðherra fer eina ferðina enn í skerðingu á vaxtabótum. Var hart tekist á um það mál á síðasta þingi. Þá voru vaxtabæturnar lækkaðar um 600 millj. kr., á þessu ári. Nú er stefnt í að lækka þær enn meira, þ.e. 300 millj. kr. Er það ekki nálægt fjórðungi af útgjöldum ríkisins til vaxtabóta? Það er verið að taka það aftur inn til ríkissjóðs, og með hvaða rökum, virðulegi forseti? Það er gert með þeim rökum að vextir í landinu séu að lækka. Þess vegna sé það alveg óhætt, og þá væntanlega vegna þess að skuldarar standi jafnfætis eftir sem áður af því að verið sé að lækka vextina.

Er þetta svo? Hversu stór er sá hópur sem býr enn við yfir 5% vexti, t.d. hjá Íbúðalánasjóði? Þeir eru reyndar allt upp í 6%. Ekki búa allir við þessa 4,2% vexti sem hæstv. fjármálaráðherra væntanlega tekur mið af þegar hann réttlætir þá gjörð sína að krafsa eina ferðina enn í vaxtabótakerfið. Það eru 56 þúsund lántakendur hjá Íbúðalánasjóði með vexti yfir 5% og 9 þúsund með vexti sem bera 6%. Þessi skerðing á vaxtabótum kemur af fullum þunga niður á þessum hópi. Þetta eru einstaklingar sem geta sig ekki hreyft og ekki er boðið upp á skuldbreytingu fyrir þessa hópa hjá Íbúðalánasjóði. Þetta fólk yrði að losa um allt sitt hjá Íbúðalánasjóði og fara með það yfir í bankana ef það vill lægri vexti og þá með ærnum tilkostnaði, kannski 200–300 þús. í stimpil- og lántökugjöld.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Horfði hann til þessa hóps þegar hann bæði á þessu ári og líka á því næsta ætlar að höggva í sama knérunn og ráðast að skuldugum einstaklingum sem hafa byggt áætlanir sínar, forsendur, greiðsluáætlanir á vaxtabótakerfinu? Greiðslumatið sem þetta fólk fær í bönkunum er byggt á vaxtabótakerfinu. Þetta breytir auðvitað öllum áætlunum hjá heimilunum í landinu þegar svona er farið að, aftur og aftur verið að skerða vaxtabæturnar.

Þetta þarf að skoðast mjög vandlega í efnahags- og viðskiptanefnd. Það verður gaman að heyra hvort stjórnarliðar þar hafi enn þá geð í sér til að ganga þá göngu að skerða vaxtabæturnar og ráðast með óeðlilegum hætti að skuldugum einstaklingum. Það getur átt við varðandi þá hópa sem nú eru að taka ný lán með 4,2% vöxtum, að þetta bitni þá ekki á þeim, en þetta bitnar á þeim fjölda lántakenda sem hefur byggt áætlanir sínar á vaxtabótakerfinu eins og það var og er bundið með 5,1–6% vexti, og sumir kannski með hærri vexti en svo.

Ég vil líka vekja athygli á því sem fram kom í fréttum nýverið varðandi það hvernig sú leið sem ríkisstjórnin er að fara bitnar á öldruðum. Hagfræðingur Félags eldri borgara hefur lagt mat á það, og er það þá auðvitað í samhengi við það sem ég sagði áðan, að hlutfall skatttekna manns sem hefur 100 þús. kr. í mánaðartekjur og gerir ráð fyrir að tekjur hans hafi fylgt neysluverði frá árinu 1988 og geri það áfram var 0,2% á árinu 1988 en verður 7,9% árið 2007 miðað við fyrirhugaðar breytingar. Hlutfallið er á þessu ári um 11,1%. Það sýnir hvað þessir lágtekjuhópar eru farnir að greiða mikinn skatt og hvað þeir njóta lítils í þeirri skattalækkun sem hér er boðuð.

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að ræða barnabæturnar og fara aðeins inn á skatttekjur ríkis og sveitarfélaga í lokin.

Í fyrsta lagi hafa menn deilt hér fram og til baka um tölur varðandi barnabæturnar. Það liggur fyrir að útgjöld vegna barnabóta, miðað við raungildið sem það var í á árinu 1995, hafa lækkað verulega. Ég fagna því að ríkisstjórnin skuli vera að skila 2,4 milljörðum aftur í barnabótakerfið af þeim 10 milljörðum sem útgjöldin hafa lækkað um á því tímabili af því að barnabæturnar hafa ekki haldið raungildi sínu. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem fram kom hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að hann telur og Samfylkingin að flýta eigi þessum þætti í skattapakkanum, þ.e. að barnabæturnar komi að fullu fram á næsta ári. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra hvort hann sé ekki til viðtals um það sanngirnis- og réttlætismál að barnabæturnar komi af fullum þunga á næsta ári.

Mér finnst, virðulegi forseti, að frekar megi seinka þessari prósentu í tekjuskattslækkun en að seinka barnabótunum. Mér finnst í raun og sanni að stjórnarflokkarnir skuldi barnafjölskyldum að skila fjárhæðinni strax til baka. Ég hef ekkert litið á þá útfærslu sem áformuð er í frumvarpinu, geri það í efnahags- og viðskiptanefnd, þannig að ég áskil mér auðvitað allan rétt á að skoða hvernig þetta kemur niður.

Á árinu 1995 var 1,1% af landsframleiðslu varið til barnabóta, á árinu 2004 er það 0,6%. Hér hafa menn verið að ræða fram og til baka um tekjutengda hlutann og ótekjutengda hlutann. Það liggur fyrir í útreikningum að á árinu 1995 var hlutfall tekjutengdra barnabóta 44% en er komið í 81% á yfirstandandi ári. Tekjutengdar barnabætur eru 81%. Það er ekki hægt að kalla þetta barnabætur, þetta er raunverulega ekkert annað en láglaunabætur eins og þetta hefur verið. Síðast þegar ég skoðaði þetta, mig minnir að það hafi verið á árinu 2003, fengu 11% einstæðra foreldra tekjutengdar barnabætur og 3% hjóna. Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. ráðherra hefur einhverjar tölur sem sýna hvaða áhrif þetta sem verið er að fara út í núna varðandi barnabætur hefur á þær stærðir sem ég nefni nú.

Virðulegi forseti. Ég ætla að víkja að þeim tölum sem menn hafa talað um varðandi tímabilið fyrir 1995. Menn verða og ekki sanngjarnt annað en að taka með í reikninginn að við bjuggum þá við niðursveiflu í efnahagslífinu, öfugt við það sem hefur verið að gerast á undanförnum árum. Það hafa verið miklu meiri peningar til ráðstöfunar í ríkiskassanum á síðustu átta árum en var á þeim tíma. Engu að síður voru útgjöld árið 1991 til barnabóta 7,1 milljarður og er á þessu ári 5,4 milljarðar. Þetta dróst að vísu saman á árunum 1991–1995, en voru þó 6,4 milljarðar árið1995 sem er nú milljarði hærra en á þessu ári og var yfir 7 milljarðar á árinu 1991.

Ég held því til haga, af því að menn hafa verið að tala um ótekjutengda hlutann, að á föstu verðlagi í janúar 2003 var tekjutengdi hlutinn 46 þús. kr. og er á föstu verðlagi í janúar 2004 36 þús. kr. Það munar um 10 þús. kr.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, sem mér fannst hann segja áðan, að grimmilega hafi verið gengið fram í að færa yfir í tekjutengda hlutann og nefndi ártölin 1991–1995 í því sambandi. Ég held því til haga að hlutfall tekjutengdra bóta var 44% þá en er 81% núna. Það eru því 19% sem ganga í ótekjutengdar barnabætur en voru 56% á árinu 1995.

Það er rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði, að gengið var svo langt í tekjutengingunni að barnabætur voru að fullu tekjutengdar. Ég man ekki betur en verkalýðshreyfingin hafi knúið stjórnarliða til breytinga í því efni.

Verið er að hækka barnabætur fram að næsta kjörtímabili og alveg ljóst að Framsóknarflokkurinn ætlar ekki að standa við loforð sitt um ótekjutengdar barnabætur til allra barna að 16 ára aldri, vegna þess að ótekjutengdar barnabætur ganga bara til barna að 7 ára aldri og ættu auðvitað, nú þegar búið er að breyta sjálfræðisaldrinum, að ganga til allra barna að 18 ára aldri. En greinilegt er að það á ekki að

standa við þetta. Var barnakortunum ekki lofað á árinu 1999? Ég man ekki betur. Nú höfum við áætlanir ríkisstjórnarinnar í skattalækkunum og barnabótabreytingum út kjörtímabilið og ekkert bólar á að þeir standi við að skila ótekjutengdum barnabótum til allra barna að 16 ára aldri og hafi þeir skömm fyrir þau svik við barnafólk í landinu.

Birtist nú hv. þingmaður sem hæst hefur talað um barnabæturnar og væri gaman að setjast yfir þetta með honum og vita hvort við getum ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu um að það standi töluvert út af í kosningaloforðum framsóknarmanna að því er varðar barnabæturnar. (**Gripið fram í:** Engar upplýsingar fengið ...)

Virðulegi forseti. Í lokin vil ég koma að því sem mikið hefur verið í umræðunni á þessu þingi, það eru fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Ýmis sveitarfélög, m.a. Reykjavík, telja sig þurfa að fara út í hækkun á útsvarsprósentunni núna einkum vegna kennarasamninganna, telja sig þurfa að fullnýta prósentu sína. Það er mjög fróðlegt að skoða heildartekjur ríkis og sveitarfélaga af tekjuskattinum síðan grunnskólinn fluttist til sveitarfélaganna.

Árið 1997, eftir að grunnskólinn fluttist til sveitarfélaganna, var útsvarið um 32,6 milljarðar en tekjuskattur 30,3 eða um 2 milljörðum lægri. Árið 2003 hafði engu að síður tekjuskattur hækkað um 6 milljarða umfram útsvarið. Samt höfðu sveitarfélögin fengið heimild til hækkunar á útsvari vegna nýrra verkefna og hækkaði útsvarsprósentan um u.þ.b. 1% á árunum 1999–2001. Skattbyrði einstaklinga í tekjuskatti og útsvari jókst um 15% á árunum 1997–2003 og nánast allar þessar auknu álögur fóru til ríkisins eða 14% og einungis 1% kom í hlut sveitarfélaganna. Það sýnir að ríkissjóður hefur tekið til sín nánast allar þær viðbótarálögur sem lagðar hafa verið á einstaklinga á þessu tímabili.

Ég held að mikilvægt sé að halda þessu til haga nú þegar þrengir verulega að sveitarfélögunum vegna nýgerðra kjarasamninga. Menn eru vonandi að setjast yfir fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga til að rétta hlut sveitarfélaganna og er svo sannarlega kominn tími til þess.

Virðulegi forseti. Ég tel að ég hafi komið flestu því á framfæri sem ég taldi nauðsynlegt að gera við umræðuna. Ég vona að hægt sé að fá stjórnarflokkana til þess að breyta aðeins forgangsröðuninni í áætlun sinni um skattalækkanir og að fyrst verði farið í barnabæturnar. Ég held að núverandi ríkisstjórn væri mikill sómi að því ef hún mundi breyta forgangsröðuninni og fresta aðeins almennri tekjuskattslækkun.

Ég vara við því ef fara á að ganga svona hart fram varðandi skerðingu á vaxtabótakerfinu. Ég bið um að stjórnarflokkarnir skoði hvort eðlilegt sé að gera það með þessum hætti þegar þær forsendur sem menn leggja til grundvallar ákvörðuninni, að vaxtalækkun sé í landinu þegar stór hluti skuldara og lántakenda, um 60 þúsund manns hjá Íbúðalánasjóði, eru með vexti yfir 5–6%.

Ég hvet til þess að það verði góð samvinna um málið í nefndinni en samvinnan getur auðvitað ekki orðið góð, ef menn vilja ná almennri samstöðu, nema stjórnarflokkarnir teygi sig eitthvað í átt til þeirra hugmynda og sjónarmiða sem stjórnarandstaðan hefur sett fram við umræðuna.

[17:57]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Reykv. s. kom víða við í ræðu sinni. Ég verð að takmarka andsvarið við afmarkaðan þátt, einkum við það sem mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram og varðar afstöðu hv. þm. til þeirrar meginstefnu í frumvarpinu að lækka tekjuskattshlutfallið. Ég skildi orð hv. þm. með þeim hætti að annars vegar væri ástæða til að minnka skattbyrði á lægst launuðu hópana og eins sagði hv. þm. að löngu væri kominn tími til að draga úr skattbyrði millitekjuhópanna.

Þegar ákvörðun er tekin um að lækka skatthlutfall er það auðvitað svo að í krónutölu er það hæsta upphæðin sem kemur í hlut þeirra sem borga hæstu skattana og minna hjá þeim sem borga minna í skatt. Má skilja ummæli hv. þm. um lágtekjuhópana og millitekjuhópana þannig að hv. þm. mæli með því að tekið sé upp fjölþrepaskattkerfi eins og þekkist víða í löndunum í kringum okkur þar sem þeir sem hærri hafa tekjurnar borga ekki einungis hærri upphæðir í krónum talið heldur einnig hærra hlutfall af tekjum sínum í skatt?

[17:58]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í umræðunni hvað Samfylkingin vill setja í forgang og þá hugsar hún sérstaklega til lágtekjuhópanna og meðaltekjuhópanna. Samfylkingin vill fara þá leið að lækka virðisaukaskatt um helming. Við teljum að það skili sér best til allra heimila í landinu.

Þetta hefur líka mjög jákvæð áhrif á neysluvísitöluna, lækkar hana um 0,8%, og veitir ekki af í þeirri spennu sem ríkir í þjóðfélaginu og hættu á verðbólgu.

Við viljum líka, eins og ég margítrekaði í máli mínu, hækka barnabæturnar strax. Það kemur sér langbest fyrir barnafólkið og þá erum við að hugsa um barnafólk t.d. í námi, fólk sem er að koma sér þaki yfir höfuðið, þetta er allt fólk með meðaltekjur. Við teljum að það eigi að vera í forgangi að fara þessar leiðir.

Við teljum að það eigi ekki að vera í forgangi að lækka tekjuskattinn og varðandi fjölþrepaskattkerfið er ég ekki að tala fyrir því. En mér finnst menn ýta því mjög skarpt út af borðinu og vilja ekki einu sinni horfa til þess hvað það mundi þýða að taka upp lægri skattprósentu fyrir fólk með lágar tekjur. Alþýðusamband Íslands hefur talað mjög fyrir því máli og ég man ekki betur en það hafi verið sett í síðustu kjarasamninga, einnig af hálfu ríkisvaldsins, að sú leið yrði skoðuð, fjölþrepaskattkerfið með ASÍ. Ég hefði gjarnan viljað sjá þá útreikninga og hvernig það kemur út fyrir einstaka tekjuhópa áður en ég segi: Nei, aldrei að taka upp fjölþrepaskattkerfið. En það er ekki í neinum forgangi hjá mér og ég tala ekki fyrir því. Ég vil horfa á staðreyndir í málinu og hverju það skilar fyrir tekjulægstu hópanna sem þarf sannarlega að fara að skoða.

[18:01]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að fá það fram að hv. þingmaður er ekki að tala fyrir fjölþrepaskattkerfi þótt hún hafi

greinilega áhuga á að skoða þann þátt nánar.

Ég velti fyrir mér: Hvernig samræmist það hjá hv. þingmanni að tala annars vegar fyrir hlutfallslega léttari skattbyrði á lægri tekjuhópa en á sama tíma að leggja jafnmikla áherslu og raun ber vitni á ótekjutengdar bætur? Þegar upp er staðið getur það komið út á eitt fyrir þann sem í hlut á, skattgreiðandann.

Hvernig samrýmist það hugmyndafræði hv. þingmanns að mæla jafnhart fyrir því að bætur, t.d. barnabætur séu þær sömu til milljón króna mannsins og þess sem hefur 100 þús. kr.?

[18:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Ég mælti með því, virðulegi forseti, að breyta um kúrs og hætta að skattleggja fólk með tekjur undir 100 þús. kr. sem borgar nú í skatta 2 milljarða kr. en hækka lítillega fjármagnstekjuskattinn upp í 15% sem gæfi okkur 2 milljarða kr. í tekjur, jafnvel þótt við hefðum frítekjumark, upp á 100 þús. kr. hjá einstaklingum og 200 þús. kr. hjá hjónum. Er það ekki sanngjarnt og eðlilegt að hætta að skattleggja einstaklingana með tekjur upp á 100 þús. kr. og skoða sameiginlega hvaða leið við getum fundið til þess en skattleggja þess í stað þá ríkustu, þá sem mest hafa, þá sem stjórnarflokkarnir færa enn eina ferðina mest með skattalagabreytingum.

Varðandi barnabæturnar þá eru þær svo tekjutengdar að þær eru engar barnabætur. Þær eru bara láglaunabætur. Við í Samfylkingunni viljum hugsa um fólk með meðaltekjur og fara þá leið sem farin var t.d. árið 1995. Þá voru barnabæturnar ekki jafntekjutengdar og þær eru núna. Í raun er það svo, þótt ég sé kannski ekki sérstaklega að tala fyrir því, að Ísland er eitt af þremur löndum innan OECD sem tekjutengir barnabætur. Barnabætur eru yfirleitt ótekjutengdar og við eigum a.m.k. að sjá sóma okkar í því að hafa þær ekki bara sem láglaunabætur. Það voru einungis 11% einstæðra foreldra, þegar ég skoðaði þetta síðast, sem fá barnabæturnar og 3% hjóna. Eigum við ekki að lyfta þessu örlítið upp þannig að við séum í raun að tala um barnabætur en ekki láglaunabætur, eins og þær hafa þróast í tíð núverandi ríkisstjórnar.

[18:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Í mínu kjördæmi, sem er sama kjördæmi og kjördæmi hv. þingmanns, varð ég mjög var við það, sem og víða um land, að venjulegir launamenn kvarta mikið undan sköttum. Þeir kvarta mikið undan alls konar tekjutengdum bótum, vaxtabótum, húsaleigubótum, barnabótum, greiðslum til LÍN o.s.frv. Getur verið að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sé á móti því að lækka álögur á þetta fólk?

Ég vil benda á að konur eru í auknum mæli að hasla sér völl á vinnumarkaði. Þær sækja til hærri launa. Getur verið að hv. þingmaður vilji ekki gera þeim það léttara með því að þær þurfi ekki að borga mikið af tekjuaukanum í skatta og niðurfellingu á bótum?

Hv. þingmaður nefndi lítið eignarskattinn. Hún nefndi ekki að hann lendir oft og tíðum á eftirlifandi maka, sem iðulega og oftast nær er kona, á ekkjulífeyri. Þetta eru konur sem búa í óskiptu búi með stórar eignir sem gefa engan arð, með gamla innbúið sitt. Þær vilja treglega losa sig við það og spara ríkinu mikla peninga meðan þær búa einar í íbúð sinni. En þær hafa hingað til þurft að borga eignarskatt. Getur það verið að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vilji ekki fella niður eignarskatt á þessar konur?

[18:05]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég frábið mér við þessa umræðu að hv. þingmaður eigni mér þessar skoðanir. Það er engin innstæða fyrir því og hv. þingmaður hefur ekki efni á því ef hann hefur hlustað á málflutning minn áðan. Hv. þingmaður ætti ekki að tala mjög hátt um vaxtabætur sem gagnast skuldugum heimilum og fólki með meðaltekjur og þeim hópum sem hann nefndi í þjóðfélaginu. Það er verið að skerða vaxtabæturnar um 600 millj. kr. á þessu ári, 300 millj. kr. á næsta ári. Það er ráðist af fullri hörku að skuldugum heimilum í landinu.

Ég vil ekki þjóðfélag sem er þannig, eins og var í skattagögnum á þessu ári, að 1% þeirra ríkustu, sem eru rúmlega 5%, hafa 88% af tekjum sínum, eða 54 millj. kr., í fjármagnstekjur en borga af því í fjármagnstekjuskatt 18% en hafa 7 millj. kr. í launatekjur. Þeir greiða sem sagt að meðaltali aðeins 12% af heildartekjum sínum í skatt meðan fólk með lágar tekjur greiðir 25–27%. Þetta er ekki sanngjarnt þjóðfélag.

Þetta er það þjóðfélag sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur skapað. Hann hefur skapað aðstæður og þjóðfélag sem gerir vel við hina ríku og alltaf betur og stöðugt meira á kostnað þeirra sem minna hafa. Slíkt skattkerfi byggir á fullkominni ósanngirni og óréttlæti. Þetta er ekki það þjóðfélag jöfnuðar sem við jafnaðarmenn viljum sjá.

Ég er alveg hissa á framsóknarmönnum að vera svona leiðitamir með ykkur í því hvernig þið sjálfstæðismenn hafið breytt skattkerfinu þar sem fyrst og fremst er hugsað um þá sem eiga fjármagn og eignir á kostnað þeirra sem hafa eingöngu framfærslu af lífeyri eða launum. Það er þjóðfélag sem ég vil ekki sjá og það er skattkerfi sem á að fara burt og verður það fyrsta sem við breytum þegar við erum komin til valda, frú forseti.

[18:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það gleður mig að ég hafi gert hv. þingmanni upp skoðanir þegar ég sagði að hún væri á móti þessum tillögum. Hún er sem sagt fylgjandi þeim, eða hvað? Hún er sem sagt fylgjandi þessu frumvarpi um að lækka skatta á vinnandi fólki, lækka skatta kvenna sem vilja afla sér meiri tekna (**JóhS:** Ég frábið mér svona útúrsnúninga.) og lækka eignarskatta á ekkjur. (**HHj:** Hvaða útúrsnúningar eru þetta?) Hún sagði að ég væri að gera sér upp skoðanir.

Varðandi vaxtabæturnar hafa vextir lækkað mjög umtalsvert. Hv. þingmaður gat um að sumt fólk byggði á greiðslumati sem gengi út frá því að það borgaði 6% vexti, 5,1% vexti sem væru fastir. En ég bendi á að slíkt greiðslumat er gamalt og í því er gengið út frá miklu lægri launum en greidd eru í dag. Það virðist vera orðið eitt aðalvandamál

íslensks hagkerfis hvað laun hafa hækkað mikið. Fólk á mikið auðveldara með að borga lánin núna en þegar greiðslumatið var gert. Það er því réttlátt að minnka vaxtabæturnar, sem auk þess eru hvati til skulda og mjög óeðlilegur hvati í þjóðfélagi sem vantar sparnað.

[18:09]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekkert hissa á málflutningi hv. þingmanns. Svona talar hann alltaf þegar hann kemst í ræðustól. Hann talar fyrir þá efnameiri í þjóðfélaginu en ekki fyrir fólk með lágar tekjur og meðaltekjur. Það er alveg sama hvaða mál er á ferðinni, alltaf sami málflutningurinn.

Þessi leið sem þingmaðurinn er að fara núna ásamt Sjálfstæðisflokknum og öðrum stjórnarliðum er auðvitað til háborinnar skammar. Það hefur verið dregið fram að milljón króna maðurinn mun fá (**PHB:** Og konan.) — milljón króna maðurinn og konan — með 1 millj. kr. í tekjur á mánuði, munu fá 980 þús. kr. skattalækkun úr þessu öllu saman. Það er gjöf hv. þm. Péturs Blöndals til efnafólksins, 980 þús. kr. í skattalækkun.

En hvað ætlar hann að gefa konunni, sem hann segist hafa áhyggjur af, sem er með lág laun? Hann ætlar að gefa henni 1.000–2.000 kr. í skattalækkun á mánuði. Þeir einstaklingar, láglaunafólkið í þjóðfélaginu, hafa nánast það sama í árstekjur, um 1.200 þús. kr., og hátekjumaðurinn með milljón á mánuði fær í skattalækkun hjá þessari ríkisstjórn, um 980 þús. kr. Þetta er öll sanngirnin og ég segi við fólkið, sem er kannski að hlusta á okkur: Er ekki kominn tími til að þessi ríkisstjórn fari frá?

Það er ekki einu sinni svo að hv. þingmaður geti lagst í vörn fyrir heimilin sem eru komin í skuldir og basl, m.a. vegna þess hvernig þið hafið farið með lífeyrisþegana, hvernig þið hafið farið með atvinnulausa og hvernig þið hafið farið með lágtekjufólkið í tíð ykkar, hv. þingmaður. Það er til hreinnar skammar. Ég vildi svo sannarlega ekki vera í ykkar sporum með það veganesti sem þið skilið inn í næstu kosningabaráttu. Það verður gaman að takast á við Pétur Blöndal þá.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill minna háttvirtan þingmann á að ávarpa forseta en ekki aðra þingmenn úti í sal.)

[18:11]

Útbýting:

Diplómatavegabréf, 270. mál, svar utanrrh., þskj. 404.

Gjaldskrá leikskóla, 132. mál, svar félmrh., þskj. 399.

Skattamál í tengslum við Kárahnjúkavirkjun, 98. mál, svar fjmrh., þskj. 416.

Skattskylda orkufyrirtækja, 364. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 419.

Vegaskrá, 260. mál, svar samgrh., þskj. 417.

Virðisaukaskattur, 363. mál, frv. ÁI o.fl., þskj. 418.

[18:12]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Umræðan í dag hefur eins og við var að búast farið víða og breitt um sviðið enda má segja að frumvarpið sem hér er til umræðu sé eitthvert það mikilvægasta mál sem við höfum fengið til umfjöllunar á þessu þingi.

Hér birtast nokkur lykilatriði úr stefnumörkun núverandi ríkisstjórnar, í fyrsta lagi stórfelld lækkun tekjuskatts á kjörtímabilinu, í öðru lagi umtalsverð hækkun barnabóta og samhliða þessu eru aðgerðir sem fela í sér að jaðaráhrif í skattkerfinu eru minnkuð. Allt eru þetta atriði sem voru þungvæg í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og þess vegna er að vonum að umræðan um málið snúist um grundvallaratriði í ríkisfjármálum og stjórnmálum.

Í þessari umræðu hefur líka birst mjög skýr greinarmunur milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ríkisstjórnin gerði það eitt af sínu helstu stefnumálum að lækka skatta í landinu en þegar að kemur rís stjórnarandstaðan upp og segir ýmist að skattalækkanir eigi ekki rétt á sér eða þá að þetta séu ekki réttu lækkanirnar og ekki á réttum tíma. Ég held að almenningur í landinu geti af þessu séð í grundvallaratriðum hver er munurinn á afstöðu núverandi stjórnarflokka og stjórnarandstöðu til skattamála. Það er grundvallarmunur.

Þegar kjósendur gengu að kjörborði vorið 2003 skiptu skattamál verulegu máli. Núverandi stjórnarflokkar fengu áframhaldandi umboð, m.a. á grundvelli fyrirheita um skattalækkanir og nú er stigið stórt skref í að hrinda þeim í framkvæmd. Skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar hafa reyndar að hluta komið fram og munu koma skýrar fram síðar en frumvarpið sem hér er felur í sér verulega stórt skref í þá átt að hrinda í framkvæmd þeim áherslum.

Það er kannski ástæða til að rifja upp á þessu tímapunkti í umræðunni að fyrir um það bil ári lágum við þingmenn stjórnarflokkanna, ekki síst við þingmenn Sjálfstæðisflokksins, undir ámæli, sérstaklega frá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar sem komu hér hver á fætur öðrum í ræðustól og spurðu: Hvar eru skattalækkanirnar? Þá var okkar helsti glæpur að því er virtist að hafa ekki komið inn á þingið með skattalækkunarfrumvörp þá þegar.

Nú hins vegar þegar svo ber við að skattalækkunarfrumvörpin koma fram þá er komið og sagt: „Nei, þetta er allt of mikið. Þetta eru ekki réttu skattalækkanirnar. Þetta er ekki á réttum tíma.“ Maður veltir fyrir sér hvert samræmið er í málflutningi talsmanna þessa flokks.

Það hefur reyndar verið nokkuð erfitt að átta sig á stefnumörkun Samfylkingarinnar í skattamálum. Það var afskaplega erfitt að átta sig á henni fyrir síðustu kosningar og sú lína sem hefur verið tekin núna eftir kosningar hefur ekki að öllu leyti verið í samræmi við það sem sagt var fyrir kosningar.

Það er hægt að fara yfir þetta í stórum dráttum. Ég held að ég skauti nú nokkuð hratt yfir. En helsta áherslumál Samfylkingarinnar í skattamálum núna virðist vera lækkun á lægra þrepi virðisaukaskatts, matarskattinum svokallaða. Það er kannski rétt að halda því til haga að þetta atriði kom ekki inn í kosningabaráttu Samfylkingarinnar fyrr en frekar seint í kosningabaráttunni. Hæstv. fjármálaráðherra vitnaði til þess hér fyrr í dag að þegar Samtök verslunar og þjónustu leituðu til stjórnmálaflokkanna í marsmánuði 2003 til þess að grennslast fyrir um stefnumál þeirra þá svaraði Samfylkingin því skýrt neitandi þegar spurt var um hvort til stæði að fara í breytingar á virðisaukaskattskerfinu.

Í landsfundarályktun Samfylkingarinnar frá því í byrjun

apríl 2003 var ekki minnst á breytingar á virðisaukaskattskerfinu. En þegar Sjálfstæðisflokkurinn var búinn að leggja fram stefnu sína í þessum efnum, búinn að leggja sínar áherslur á borðið þá sneri Samfylkingin allt í einu við blaðinu og fór að tala um lækkun á matarskattinum og nú er svo komið hjá Samfylkingunni sem talaði mjög fjálglega um skattalækkanir fyrir kosningar að það eitt stendur eftir að lækka beri matarskattinn. En eins og ég sagði var það ekki inni í þeim stefnumálum sem Samfylkingin lagði áherslu á á landsfundi sínum í apríl 2003. Það svona breyttist einhvern veginn á miðri leið.

Sama má í rauninni segja um tekjuskattsþáttinn. Þegar landsfundur Samfylkingarinnar kom saman í apríl, rétt rúmum mánuði fyrir kosningar, þá var það gert að grundvallaratriði í skattamálum að lækka skyldi tekjuskatt einstaklinga í áföngum og styðja betur við barnafjölskyldur með auknum barnabótum og lækkun jaðarskatta. Þetta stefnumál, sem lagt var fram á landsfundi Samfylkingarinnar í apríl 2003 er horfið í dag. Það stendur reyndar eftir að Samfylkingin styður breytingar á barnabótakerfinu. En áhersluatriðið um að lækka skuli tekjuskatt einstaklinga er horfið. Það var staðfest nú af síðasta hv. ræðumanni, hv. 2. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður, að það væri ekkert áhersluatriði hjá Samfylkingunni að lækka tekjuskattinn. (**JóhS:** Þið skrökvið svo mikið í ...) Þetta er skjalfest í landsfundarályktun Samfylkingarinnar frá byrjun apríl 2003 og það stemmir illa við það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði hér í ræðu rétt áðan. Þannig að ef einhver er missaga í þessu máli þá er það Samfylkingin.

Einnig var hér áðan spurt um afstöðu Samfylkingarinnar til fjölþrepa skattkerfis og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði að það væri ekki á stefnuskrá Samfylkingarinnar þótt hún reyndar tæki ekki alfarið fyrir að slíkt gæti komið til greina einhvern tíma í framtíðinni. Ég minnist þess að í kringum páska á síðasta ári, páska 2003, í miðri kosningabaráttunni varpaði helsti talsmaður Samfylkingarinnar og forsætisráðherraefni þess flokks fram þeirri hugmynd að það ætti að stefna inn í fjölþrepa skattkerfi. Síðan nokkrum dögum seinna var sú stefna eiginlega dregin til baka eða tónuð niður á þeirri forsendu að það væri ekkert stefnumál sem Samfylkingin legði fram fyrir þessar kosningar heldur svona einhver hugmynd sem ætti að ræða, hugmynd sem menn vildu skoða einhvern tíma á kjörtímabilinu. Eftir stóð að annaðhvort gátu kjósendur valið það úr ummælum einstakra talsmanna Samfylkingarinnar sem þeim hentaði eða þá, eins og ég held að hafi nú kannski verið raunin, að fólk áttaði sig ekkert á því hvað Samfylkingin var að fara í skattamálum og varð þeim flokki þó nokkur fótafjötur í þeirri kosningabaráttu.

Varðandi aðra þætti má nefna að sú stefnumörkun sem hér liggur fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar og studd er af stjórnarflokkunum báðum felur í sér verulega lækkun á tekjuskatti. Það er lækkun sem kemur til með að koma öllum til góða. Sýnt hefur verið sýnt fram á að allir tekjuhópar í þjóðfélaginu munu njóta góðs af þessari skattalækkun. Því til viðbótar fylgja þessu ákveðnar aðgerðir eins og breytingar á barnabótakerfinu sem sérstaklega beinast að þeim hópum.

Skattalækkunaraðgerðirnar koma fleirum til góða. Hér var minnst á í andsvörum áðan að eignarskattsbreytingin sem reyndar er stórlega vanmetinn þáttur, held ég, í þessari umræðu kemur til með að skila sér hvað helst til tekjulítilla einstaklinga sem eiga skuldlausar eignir og ekki stórar eignir heldur það sem maður mundi kalla venjulegar íbúðir. Þarna er um að ræða stóra hópa eldra fólks sem býr í skuldlausum eignum en hefur ekki sömu tekjur og áður. Þessi skattalækkun mun helst skila sér til þeirra. Hæstv. forsætisráðherra vísaði til niðurstöðutalna frá fjármálaráðuneytinu hér áðan sem sýna þetta ótvírætt, að stærstu hópar greiðenda eignarskatts eru þeir sem við mundum ekki telja hátekjuhópa heldur frekar lágtekjuhópa og um leið er stærstur hópur greiðenda eignarskatts fólk sem komið er á efri ár og fjölmennast í hópi þeirra sem komnir eru á eftirlaunaaldur. Þetta er stórlega vanmetið í umræðunni, virðulegi forseti.

Annað atriði sem mér finnst ástæða til þess að vekja athygli á í þessari umræðu er málflutningur stjórnarandstöðunnar sem gengur út á það að skattalækkanir við núverandi efnahagsaðstæður, eins og sagt er, séu stórfellt glapræði, eins og einn hv. talsmaður stjórnarandstöðunnar hér í dag komst að orði, stórfellt glapræði. Þessi sjónarmið byggja á þeim grundvallarmisskilningi að mínu mati að einstaklingar fari að jafnaði verr með sitt fé og eyði því á óskynsamlegri hátt en opinberir aðilar. Ég verð að mótmæla þessu sjónarmiði. Ég held að ekki sé hægt að ganga út frá því sem vísu að ef meira fé verður eftir í höndum þeirra sem afla þess, einstaklinganna, þá verði þeim peningum frekar varið í eyðslu en ef peningarnir sætu eftir hjá hinu opinbera.

Oft hefur verið vísað í það í þessari umræðu að mikil fylgni er milli þess í vestrænum hagkerfum, þ.e. að eyðslustig hins opinbera, útgjaldastigið, helst ótrúlega mikið í hendur við tekjustigið þannig að þegar skatttekjur aukast er það yfirleitt ekki svo að þeim peningum sé safnað inn á einhverja biðreikninga sem síðan eigi að nota í harðæri heldur er það þannig að kröfurnar um aukin útgjöld aukast. Ég verð að segja að ég get ekki séð annað en að slíkt geti alveg eins falið í sér þenslu og það að einstaklingar haldi stærri hluta tekna sinna áfram í sínum höndum.

Þegar síðan vísað er til þess að aðstæður séu slíkar að nú sé ekki rétti tíminn til skattalækkunaraðgerða þá hlýtur maður að spyrja eins og oft hefur verið spurt áður: Hvenær er þá rétti tíminn? Er rétti tíminn til að lækka skatta þegar samdráttur er í þjóðfélaginu og tekjur ríkisins dragast saman? Er þá almenn stemning fyrir því að lækka skatta? Nú er það svo að skattkerfið er þannig upp byggt að ef tekjur í þjóðfélaginu aukast þá aukast skatttekjurnar sem renna til ríkisins. Þetta þekkjum við. Þetta skýrir það m.a. að skatttekjur ríkis og raunar sveitarfélaga líka hafa aukist verulega á undanförnum árum vegna þess að hér hefur ríkt tiltölulega gott ástand í efnahagsmálum og tekjur í þjóðfélaginu hafa aukist.

Nú velti ég fyrir mér: Mundu menn almennt telja að það væri frekar lag á því að lækka skatta þegar aðstæður eru með þeim hætti að tekjur í þjóðfélaginu eru að dragast saman? Telja menn að ríki og sveitarfélög séu þá í stakk búin til þess að mæta lækkuðum tekjum? Ég held ekki. Ég held að þeir sem tala á þann veg að núna sé ekki rétti tíminn til að lækka skatta þegar vel gengur í efnahagslífinu noti það eiginlega sem tylliástæðu vegna þess að þeir eru í hjarta sínu á

móti því að lækka skatta. Ég get ekki dregið aðrar ályktanir en þær.

Þegar maður veltir þessu fyrir sér, að rangt sé að lækka skatta við núverandi efnahagsaðstæður, þá spyr maður sig: Hvað gerist núna þegar á næstu árum er fyrirsjáanlegt að tekjur í þjóðfélaginu muni stóraukast, þjóðarkakan muni stækka, ef hlutfall hins opinbera af kökunni helst sama eða eykst? Þá mun það gerast, er ég afskaplega hræddur um, að þrýstingurinn á útgjöld muni halda áfram að aukast. En hvernig á að mæta þeirri stöðu ef síðan tekjurnar dragast saman? Þá eru menn búnir að stilla útgjaldaþrepið hjá ríkinu mjög hátt í góðærinu. Munu menn vera í stakk búnir til þess að draga þessi opinberu útgjöld saman ef síðan harðnar á dalnum? Ég held ekki.

Ég held þvert á móti, virðulegi forseti, að núna sé akkúrat hárrétti tíminn til þess að lækka skatta og ég held, eins og fram hefur komið bæði í máli hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra hér, að við búum við þær einstöku aðstæður núna að geta lækkað skatta án þess að draga úr útgjöldum ríkisins. Með því er auðvitað ekki sagt að ekki verði gætt aðhalds því að langtímastefnumótun ríkisins í ríkisfjármálum gengur út á það að gæta aðhalds. Það aðhald birtist í því að samneyslan á ekki að aukast umfram 2% á ári á næstu árum, en gert er ráð fyrir því að landsframleiðslan muni vaxa mun meira þannig að hlutfall samneyslunnar af landsframleiðslu mun þar af leiðandi minnka.

En það þýðir ekki, eins og haldið hefur verið fram ítrekað í þessari umræðu, að farið verði út í niðurskurð. Það verður ekki niðurskurður. Það er aðeins verið að tala um að auka samneysluna minna en landsframleiðsluna, ekki að fara í neina liði endilega og skera þá niður. Ég reyndar veit að fleiri hv. þingmönnum er farið eins og mér að við sjáum nú víðar þætti hjá hinu opinbera sem mætti skera niður. En það er ekki forsenda fyrir þessum áformum. Það er alls ekki forsenda. Forsendan er einvörðungu sú að auka samneysluna ekki jafnmikið og framleiðslan mun aukast. Kakan stækkar. Hlutfall ríkisins af kökunni mun minnka, hlutfall en ekki rauntölur. Það verður því ekki um niðurskurð að ræða heldur lægra hlutfall sem stafar af því að ríkið tekur minna til sín.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé hollt fyrir okkur að hafa þetta í huga við þessa umræðu. Ég held að það sé hollt fyrir okkur að skoða þessa þætti og ég held að það sé hollt fyrir kjósendur og almenning í landinu að velta því fyrir sér hvernig haldið væri á málum í þessum efnum ef þeir flokkar sem nú eru í stjórnarandstöðu væru við völd.

[18:29]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni ræðu hans þó að hún hafi einkennst nokkuð af því að draga hér upp svart/hvíta mynd af þeim sem vilja lækka skatta og hinum sem vilja það ekki. Auðvitað veit hv. þingmaður betur, enda hefur hann lesið kosningastefnuskrá Samfylkingarinnar eins og fram kom í máli hans — hún var að vísu ekki samþykkt á landsfundi flokksins í apríl árið 2003, heldur á vorþingi hennar — en er engu að síður kosningastefnuskrá Samfylkingarinnar og stendur fyllilega fyrir sínu.

Við núverandi aðstæður leggur Samfylkingin einfaldlega áherslu á aðrar skattbreytingar en Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að beita sér fyrir. Það er matarskatturinn og barnabæturnar. Það verður líka að minna á að Sjálfstæðisflokkurinn hefur með sama hætti gert samþykktir um matarskattinn og árið 2001 um stimpilgjöldin en það bólar ekkert á aðgerðum eða efndum á þeim yfirlýsingum í þeim efnum. Við segjum einfaldlega, hv. þingmaður, að það sé skynsamlegt við þessar aðstæður, vegna þess að verðbólgan er komin í 3,8%, að grípa til þeirra skattaráðstafana sem helst munu vinna á móti verðlagshækkunum, lækka matarskattinn og þar með vísitölu neysluverðs um 0,8%, og reyna þannig að halda aftur af þenslunni hérna næstu tvö árin. Það er skynsamlegasta aðgerðin sem við getum farið í núna og síðan getum við skoðað lækkun á tekjuskatti.

Ég spyr hv. þingmann: Finnst honum það ekki í raun og sannleika sjálfum vera skynsamlegust afstaða eins og sakir standa nú í samfélaginu?

[18:31]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get svarað hv. þm. Helga Hjörvar mjög skýrt: Nei. Ég tel að við séum að fara í skattalækkanirnar á réttum forsendum. Með því er ég ekki að segja að ég sé ósammála í grundvallaratriðum þeim sjónarmiðum sem sett hafa verið fram um lækkun virðisaukaskatts á matvæli og fleiri vörur sem eru í neðra þrepi. Sjálfstæðisflokkurinn sagði það skýrt fyrir síðustu kosningar að það væri eitt af stefnumálum flokksins. Menn þekkja það, og það hefur komið fram við þessa umræðu, að það mál er alls ekki út af borðinu heldur er enn í viðræðum milli stjórnarflokkanna. Það er alveg skýrt.

Hvað varðar þær skattatillögur sem hér liggja á borðinu er auðvitað um það að ræða að verið er að fara nokkuð varlega í þessar skattalækkanir. Ég játa það sem mikill stuðningsmaður skattalækkana að gjarnan vildi ég fara hraðar í þær og stíga stærri skref. Hins vegar stíga menn varlega til jarðar einfaldlega vegna þess að það eru ákveðin þenslumerki í þjóðfélaginu. Ég held að menn eigi ekkert að vera hræddir við þetta, eins og ég rakti áðan, og ég held að menn megi ekki heldur ganga út frá því sem vísu að peningar sem teknir eru til ríkisins í formi skatta geti ekki líka leitt til þenslu. Eins og við þekkjum er það ekki alltaf þannig að jafnvel þó að ábyrg fjármálastjórn sé eins og við höfum séð hér á landi á undanförnum árum verði ekki þrýstingurinn á útgjaldaauka mjög mikill þegar tekjurnar aukast. Það er því miður ekki alltaf svo að þegar ríkið fær meiri tekjur séu þeir peningar einhvern veginn teknir úr umferð í hagkerfinu og hætti að hafa þensluáhrif. Það er ekki svo. Það er ekki þannig að einstaklingar eyði öllu í vitleysu og ríkið verji öllu skynsamlega. Þannig er ekki lífið. Það er ekki svo einfalt.

[18:33]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er augljóst að Framsóknarflokkurinn hefur haft betur í glímunni við Sjálfstæðisflokkinn og stöðvað fyrirætlanir Sjálfstæðisflokksins um lækkun á matarskatti og loforð Sjálfstæðisflokksins um afnám stimpilgjalda. Ég legg til við þessa umræðu að hv. þingmenn Sjálf-

stæðisflokksins fari varlega í að rifja upp hvað menn hafa sagt í þessu efni.

Ég stend við það að áherslur Samfylkingarinnar í þessu efni eru ábyrgar út frá sjónarmiðum um ríkisfjármál og efnahagsstefnu og koma öllum skattgreiðendum til góða. Sá er mergurinn málsins. Þegar hv. þm. kemur hér upp og segir að það að skerða tekjur ríkisins með ákvörðun núna, þegar við erum að fara inn í þetta þensluskeið, um á þriðja tug milljarða króna sé varlega að verki staðið er hv. þm. áhættusæknari en ég hef talið hann vera til þessa. Sannarlega er það ekki varlega farið að skerða svo harkalega á svo stuttum tíma tekjur ríkisins. Forsendan fyrir því að það geti tekist farsællega er ekki sú að ríkið eyði peningunum eitthvað skynsamlegar en einstaklingarnir, heldur einfaldlega sú staðreynd að þessum 22 milljörðum má ekki bæði fólkið í landinu eyða og ríkið. Þess vegna verður að skerða útgjöld á móti þegar skattalækkunin er gerð. Við í Samfylkingunni teljum einfaldlega óhóflegt að þrengja svo mjög að samneyslunni og viljum þess vegna ganga skemur og varlegar til lækkunar á tekjuskatti á þessu kjörtímabili þó að við teljum það fyllilega koma til greina.

[18:35]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við hv. þm. Helgi Hjörvar erum sammála um að fram undan sé hagvaxtarskeið sem muni leiða til þess að tekjur í þjóðfélaginu aukist og þar af leiðandi muni meiri tekjur skila sér til ríkisins í formi tekjuskatta, virðisaukaskatts og annarra gjalda. Við erum sammála um það. (Gripið fram í.)

Nú er hins vegar kannski ágreiningurinn milli okkar hv. þm. Helga Hjörvars sá að ég tel eðlilegt að einstaklingar haldi stærri hluta þessara viðbótartekna hjá sér en hv. þm. Helgi Hjörvar sem telur að ríkið eigi að taka til sín sem mest af þessum bata sem verður í efnahagslífinu. Þarna er ákveðinn grundvallarmunur á sjónarmiðum sem kannski birtist í því að núna, þegar fyrirsjáanlegt er að ríkið ætlar að lækka skatta sína við þessar aðstæður, koma félagar hv. þm. Helga Hjörvars í R-listanum og ætla að ná til sín þeim peningum í formi útsvarshækkana og stórhækkunar á fasteignagjöldum í Reykjavík.

[18:37]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hún var að mörgu leyti skemmtileg, ræðan sem hv. þm. Birgir Ármannsson flutti áðan. Hann sagði í upphafi máls síns að frumvarpið sem hér væri lagt fram sýndi lykilatriði í stefnu stjórnarflokkanna. Það er rétt að halda því til haga að lykilatriðið í þessu frumvarpi er að þeir sem hafa núna mest fyrir munu fá þegar þetta frumvarp verður orðið að lögum mest allra.

Hv. þingmaður kvartaði undan því að þingmenn Samfylkingar hefðu spurt á hausti sem leið um skattalækkanir ríkisstjórnar og bar sig hálfilla yfir því að við gengjum eftir efndum á þeim kosningaloforðum. Það er í raun ekki skrýtið að við veltum aðeins fyrir okkur hvað gekk á í kosningabaráttunni í skattaboðum Sjálfstæðisflokksins. Þeir töluðu ákaflega óljóst um skattalækkanir lengi framan af. Þegar eftir var gengið kom formaður flokksins á fundi og sagði: Á fyrsta fundi þings þegar það kemur saman munum við leggja fram lagafrumvarp sem segir hvað við ætlum að lækka skatta mikið og hvenær við ætlum að gera það. Það er alveg 100% öruggt, klappað í stein.

Síðan er liðið heilt ár og ekki undarlegt að menn spyrji: Hvað dvaldi orminn langa? Af hverju kemur þessi bandormur fram núna, ári síðar en kosningaloforð Sjálfstæðisflokksins sögðu á sínum tíma? Eitt er að tala um flokka sem eru með kosningaloforð og hafa síðan ekki komist að í ríkisstjórn til að efna þau. (Gripið fram í.) Hitt er að tala um flokka sem komust að í ríkisstjórn en gleymdu kosningaloforðum sínum í heilt ár þangað til þeir komu núna og eru með það sem þeir lofuðu í kosningunum. Reyndar eru þetta ekki þær skattalækkanir sem þeir lofuðu þá, eins og hv. þm. sjálfur fór vel yfir í ræðu sinni.

[18:39]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson má ekki misskilja mig svo að ég hafi verið að kveinka mér undan málflutningi þingmanna Samfylkingarinnar á síðasta ári. Við sjálfstæðismenn létum þetta auðvitað yfir okkur ganga vegna þess að við vissum að við ætluðum að halda kúrs og koma fram með þau stefnumál sem við lögðum áherslu á á kjörtímabilinu.

Ég minni á að þegar gengið var til kosninga tókum við alltaf fram að skattalækkunaráformin sem við höfðum lagt áherslu á ættu að koma til framkvæmda á kjörtímabilinu. Við sögðum aldrei að það ætti að gerast á fyrsta ári. Það er reyndar rétt, eins og hv. þm. nefndi, að við höfðum í hyggju að leggja fram ítarlega tímasetta áætlun strax í upphafi kjörtímabils. Við gerðum það með óljósari hætti en þó allskýrt, bæði í stjórnarsáttmála og í langtímaáætlunum um ríkisfjármál sem kynntar voru síðasta haust. Menn gátu lesið í það nokkuð skýrt hver áformin voru. Þau hafa nú komið fram í frumvarpsformi þannig að ég held að hv. þingmaður geti ekki kvartað yfir því að við höfum leynt því hvaða áform við höfðum. Það var alveg kristalskýrt þó að það yrði ekki í formi þeirrar yfirlýsingar sem við höfðum í hyggju fyrir kosningar að leggja fram.

Menn þekkja líka ástæðuna fyrir því að það var ekki gert. Menn minnast þess að á síðasta hausti þegar þessi mál voru til umræðu var um það samstaða innan ríkisstjórnarinnar að bíða með nánari útfærslu skattalækkunaráformanna þangað til línur yrðu farnar að skýrast í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Í kjölfar þess að þær línur urðu skýrar síðasta vor tóku líka þessar tillögur á sig endanlega mynd. Ég held að hv. þm. Jón Gunnarsson ætti ekki að þurfa að hafa áhyggjur af þessum þætti. Við vorum með skýra stefnu og við erum að hrinda henni í framkvæmd.

[18:41]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson er þó alveg heiðarlegur í því að viðurkenna að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki komið fram kosningaloforðum sínum, væntanlega vegna tregðu samstarfsflokksins. Framsóknarflokkurinn var með það í kosningabaráttu sinni að skattalækkanir ættu ekki að koma fram fyrr en í lok kjörtímabils. Ég minnist þess

ekki að sá málflutningur hafi verið uppi af hálfu þeirra frambjóðenda sem ég var með á framboðsfundum og buðu sig fram fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Hv. þingmaður var svolítið seinheppinn í ræðu sinni þegar hann talaði um kosningaloforð og hve illa Samfylkingin stæði við kosningaloforð sín, þau hefðu breyst fram og til baka í kosningabaráttunni. Hann sagði að Sjálfstæðisflokkurinn hefði fyrstur flokka komið fram með loforð um að lækka virðisaukaskatt. Samfylkingin hefði síðan siglt í kjölfarið. Hann fór um þetta mörgum orðum og því er eðlilegt að spyrja hv. þingmann: Hvað líður efnd þessa loforðs um virðisaukaskattinn? Þetta loforð var mjög hátt á lofti hjá Sjálfstæðisflokknum í kosningabaráttunni og ég veit að margir kjósendur flokksins áttu von á því að ef flokkurinn kæmist í ríkisstjórn yrði það eitt hið fyrsta sem flokkurinn mundi efna. Því hljótum við að spyrja eins og varðandi þá töf sem varð á að efna loforð um tekjuskattslækkun: Á hverju stendur með vaskinn? Getur hv. þm. staðfest það hér enn og aftur að Framsóknarflokkurinn vilji ekki lækka virðisaukaskatt á matvæli, það sé Framsóknarflokkurinn sem standi alveg þversum fyrir því máli?

Hv. þingmaður sagði undir lok máls síns að hollt væri fyrir kjósendur og almenning að skoða hvernig staðið væri að því að efna kosningaloforð. Ég vil bara gera þau lokaorð hans að mínum. Ég held að það sé hollt fyrir kjósendur og almenning að skoða í fullri alvöru hvernig Sjálfstæðisflokkurinn stendur við kosningaloforð sín.

[18:43]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má hv. þm. Jón Gunnarsson vita að ég mun fagna þeirri skoðun kjósenda þegar þar að kemur.

Varðandi virðisaukaskattinn ætla ég ekki að segja meira um hann en ég hef þegar sagt. Það er í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar að endurskoða virðisaukaskattskerfið almenningi til hagsbóta sem allir vita að þýðir lækkun. Það er í sáttmálanum.

Það er líka vitað og hefur komið fram að milli ríkisstjórnarflokkanna eiga sér nú stað viðræður um hvernig það verði gert og hvenær tímasett. Menn höfðu alltaf þann eðlilega fyrirvara á skattalækkunarloforðum Sjálfstæðisflokksins, hvort sem þau sneru að tekjuskatti eða virðisaukaskatti, að þau væru áformuð á kjörtímabilinu, ekki á fyrsta ári kjörtímabils eða öðru ári kjörtímabils heldur á kjörtímabilinu. Við gengum alveg hreint til verks með það og gáfum ekkert annað til kynna.

Varðandi afstöðu Samfylkingarinnar til virðisaukaskattsins kemur mér á óvart að hv. þm. Jón Gunnarsson virðist ekki muna hvernig sú atburðarás var. Í mars var því lýst yfir að Samfylkingin ætlaði ekki að endurskoða virðisaukaskattskerfið. Í byrjun apríl var vorþing Samfylkingarinnar þar sem m.a. var fjallað um skattamál og ekki minnst á virðisaukaskattinn. Svo allt í einu á síðustu metrunum í kosningabaráttunni tók Samfylkingin sig til og bætti honum í loforðasafnið. Það var ekki fyrr en aðrir flokkar voru komnir fram með áherslur sínar sem Samfylkingin elti þá í þessu, eins og ég nefndi raunar fyrr í dag varðandi persónuafsláttinn, Samfylkingin minntist ekkert á þennan persónuafslátt fyrr en Frjálslyndi flokkurinn var búinn að gera hann að meginatriði í skattamálastefnu sinni. Samfylkingin reyndi að tína það til úr stefnumálum annarra flokka sem hún hélt að væri til vinsælda fallið, raða því einhvern veginn saman og úr varð óskiljanleg þvæla.

[18:45]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Umræðan í dag hefur í raun og veru leitt í ljós þann grundvallarmun sem er á ríkisstjórnarflokkunum annars vegar og stjórnarandstöðunni hins vegar, þ.e. kannski þeim kjarna stjórnmálanna að annars vegar erum við til hægri í pólitík og hins vegar erum við til vinstri. Ég segi fyrir mig og fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð að mér hafa ekki hugnast þær hugmyndir sem ríkisstjórnin byggir á í skattalækkunarfrumvarpi sínu. Mér hugnuðust ekki loforðin í kosningabaráttunni fyrir síðustu alþingiskosningar og mér hugnast ekki hin útfærða tillaga sem nú liggur fyrir.

Ástæða þess er einföld og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, fór yfir það í ræðu sinni áðan að Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill aðra forgangsröðun í skattkerfinu. Við viljum sjá að þeir sem hafa minna eða bera minna úr býtum eigi möguleika á mannsæmandi lífi og skattkerfið okkar eigum við að nota til jöfnunar á kjörum. Þess vegna mótmælum við þeirri stefnu sem birtist í þessu plaggi að þeir ríku skuli fá mest út úr þessum skattalækkunum og að okkar mati er beinlínis verið að hygla þeim sem meira hafa fyrir.

Um helgina fundaði flokksráð Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, virðulegi forseti, og mótmælti þá harðlega þessu frumvarpi sem þá var fram komið og taldi það hygla óþarflega hátekju- og stóreignamönnum. Við gagnrýnum sömuleiðis ríkisstjórnina fyrir það að enn skuli ekki sjá breytingu í stefnu ríkisstjórnarinnar hvað það varðar að lágtekjufólk er enn skattlagt, jafnvel fólk sem dregur fram lífið af atvinnuleysisbótum er skattlagt og það eru ekki í augsýn neinar breytingar á því í frumvarpinu.

Það er ljóst, virðulegi forseti, að skattastefna ríkisstjórnarinnar kemur til með að rýra tekjur ríkissjóðs um milli 20 og 30 milljarða á ári. Hún kemur líka til með að rýra tekjur sveitarfélaganna og auðvitað er veruleg hætta á því að hún komi til með að leiða til niðurskurðar og ekki síst aukinnar gjaldtöku í þjóðfélaginu, og það er auðvitað það sem stjórnarflokkarnir stefna að leynt og ljóst. Þeir stefna að aukinni gjaldtöku fyrir velferðarþjónustuna. Því mótmælir Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Við erum þeirrar skoðunar að skattkerfið eigi að nota til jöfnunar og við eigum að sjá til þess að fjármagna velferðarkerfið úr okkar sameiginlegu sjóðum. Þeir sem mest eiga að fá úr velferðarkerfinu okkar eru auðvitað þeir sem minnst bera úr býtum tekjulega séð. Þess vegna er stórhættulegt að horfa fram á tekjulækkun ríkissjóðs um 20–30 milljarða á ári en það er það sem þessar tillögur ganga út á.

Það má segja að með skattalækkunarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar komi þær kjarabætur sem fólk hefur verið að semja um, bæði kennarar nýverið og eins eldri samningar á hinum almenna vinnumarkaði og hjá opinberum aðilum, til með að étast upp og ég sé ekki annað en að verðbólguspáin sýni okkur það svart á hvítu að þær kjarabætur sem fólk er

mögulega að ná fram í samningum núna komi til með að verða étnar upp í verðbólgubáli og því þensluástandi sem hér ríkir.

Ég vildi sannarlega að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefði rétt fyrir sér í því að eitthvað af þessu verði til þess að hvetja til sparnaðar hjá fólki, en ekki setjum við það í löggjöfina að það sem fólk kemur til með að hafa umfram það sem annars hefði verið fari í sparnað, ekki getum við skilyrt það svo. Satt að segja deili ég þeim áhyggjum hv. þm. Péturs H. Blöndals hversu lítið virðist fara í sparnað af þeirri tekjuaukningu sem virðist hafa orðið í samfélaginu. Það er sannarlega ástæða til að hafa áhyggjur af því. En við skulum ekki gleyma því, virðulegi forseti, hverjir það eru sem hafa verið að auka tekjur sínar. Það er stóreignafólk og hátekjufólkið sem hefur komist í álnir á síðustu árum og síðustu missirum, fólk sem býr undir verndarvæng núverandi ríkisstjórnar. Það er ekki fólkið sem ber minna úr býtum sem hefur verið að komast í álnir, svo sannarlega ekki.

Eins og ég sagði, fólki er íþyngt með þjónustugjöldum, auknum þjónustugjöldum og sjúklingasköttum. Við vorum allan daginn í gær að ræða hækkun á skráningargjöldum í opinbera háskóla, hvað er það annað en aukin skattheimta ríkisins? Verið er að seilast í vasa námsmanna til þess að taka 140 millj. inn í opinbera háskólakerfið, 140 millj. í vasa námsmanna inn í kerfi sem annars kostar okkur á fjárlögum u.þ.b. 8 milljarða. Ríkisstjórnin seilist því langt í þessum efnum í aukningu þjónustugjalda og aukinni óbeinni skattheimtu og segir svo á sama tíma að hún sé að reyna að minnka jaðaráhrifin í skattkerfinu. Ég sé ekki betur en að hér sé talsverður tvískinnungur á ferðinni, virðulegi forseti, og þessi skattastefna sé þegar öllu er á botninn hvolft bein kjaraskerðing fyrir almennt launafólk. Það er auðvitað réttmætt að taka undir þá gagnrýni sem hér hefur verið viðhöfð að á sama tíma gengur hvorki né rekur í viðræðum ríkisvaldsins við sveitarfélögin um skiptingu tekjustofna.

Hæstv. forseti. Ég get fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fagnað hér ákveðnum þætti þessara breytinga, þ.e. breytingunum á barnabótunum. Ég tek líka undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur varðandi það að auðvitað ætti forgangsröðunin í þessu máli að vera önnur en hún í raun og veru er. Það ætti auðvitað að byrja á breytingunni á barnabótunum. Það ætti að sýna í verki að hér sé yfir höfuð einhver vilji til þess að reyna að bæta í alvöru úr hjá láglaunafólki og tekjulægstu einstaklingunum og barnafólkið er auðvitað ekki vel sett, láglaunafólk með börn er ekki vel sett í okkar samfélagi. Ríkisstjórnin mundi sýna einhvers konar jákvæðan vilja ef hún væri til í að breyta hér forgangsröðun og setja barnabæturnar og breytinguna á þeim í forgang.

Ég verð jafnframt að taka undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að það er óeðlilegt að þær barnabætur sem verið er að leggja til hér eða barnabætur sem við höfum búið við síðustu árin eru sáralítið annað en láglaunauppbót. Ég verð að segja fyrir sjálfa mig sem naut barnabóta sem millitekjumanneskja áður en ég gerðist þingmaður og fór á laun sem eru ákvörðuð af Kjaradómi, ég verð að viðurkenna að ég fann aldrei fyrir þessum barnabótum sem mér voru greiddar eða okkur fjölskyldunni. Þær skiptu aldrei neinu máli í mínu heimilisbókhaldi. Ég var millitekjumanneskja og fékk þess vegna ekki barnabótaauka en ég veit líka hvað þær komu sér vel fyrir það fólk sem ekki þurfti að lúta tekjuskerðingu hvað þetta varðar. Og ég held að við verðum að horfast í augu við þann veruleika að barnabæturnar hafa ekki verið neitt til að hrópa húrra fyrir, þær hafa ekki skipt neinum sköpum eða a.m.k. í fæstum tilfellum skipt nokkrum sköpum hjá fólki. Þær hafa kannski skipt sköpum hjá allra tekjulægsta fólkinu en það er svo sáralítið í heildarmyndinni.

Ég held að við verðum því að reyna að fara að sjá til þess að barnabæturnar séu það sem þeim er í grunninn ætlað að vera, kjarabót, tekjuuppbót til fólks sem er að koma upp börnum og koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt til verulegar úrbætur í málefnum barnafólks hvað þetta varðar. Við höfum lagt til að leikskólinn verði gerður gjaldfrjáls, að farið verði í það sameiginlega á vegum ríkis og sveitarfélaga að gera slíkt átak að leikskólinn geti orðið gjaldfrjáls fyrir öll börn. Slíkt væri sannarlega kjarabót sem fólk fyndi fyrir.

Hæstv. forseti. Forsætisráðherra kom í ræðustól áðan og hélt ræðu um skattalækkunaráform ríkisstjórnarinnar og ég verð að viðurkenna að þó að ég sé ekki búin að fylgjast með umræðu um skattamál í 30 ár eins og hæstv. forsætisráðherra tel ég mig hafa einhverja nasasjón þar sem ég hef þó starfað sem stjórnmálamaður í sex ár. Ég verð að segja að mér finnst ekki vera innstæða eða hljómur í þeirri klisju sem hæstv. forsætisráðherra kemur með aftur og aftur að nú sé svo mikið svigrúm til skattalækkana vegna þess að stöðugleikinn í efnahagsmálum sé svo mikill. Staðan sem skapast hefur gefi ríkisstjórninni svigrúm til skattalækkana án þess að stöðugleikanum sé ógnað.

Ég verð að viðurkenna að mér finnst sáralítið innihald í upphrópunum af þessu tagi og gagnrýni hæstv. forsætisráðherra fyrir að fjargviðrast yfir því að stjórnarandstaðan skuli halda því fram að nú verði skorið niður í ríkisútgjöldum. Hæstv. forsætisráðherra talaði um að það væru engin áform um niðurskurð, aðeins áform um aðhald. Hvaða hártoganir eru þetta hjá hæstv. ráðherra? Auðvitað á að skera niður í opinberum útgjöldum. Það sýnir sig best í Morgunblaðinu í gær, mánudaginn 22. nóvember, þar sem Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, segir, og það er meira að segja sett inn í fyrirsögn hjá Morgunblaðinu, að brýnt sé að mæta skattalækkunum með niðurskurði. Með niðurskurði — hverju öðru? Hvað annað er aðhald í ríkisútgjöldum?

Hvað ætla þessir hæstv. stjórnarherrar að segja við það fólk sem stýrir opinberum stofnunum, t.d. opinberu háskólunum sem koma hér ár eftir ár, og ekki er árið í ár nein undantekning, til að ræða við fjárlaganefnd og menntamálanefnd um það hvernig þeir eru nánast hlunnfarnir, hvernig opinberu háskólarnir eru nánast hlunnfarnir af ríkissjóði og ríkisvaldinu vegna þess að menn neita að horfast í augu við eðlilegar hækkanir til háskólastigsins sem byggja á launahækkunum, breytingum á launastiku háskólakerfisins og breytingum sem lúta að nemendafjölgun í háskólunum. Ár eftir ár koma forsvarsmenn þessara virtu stofnana, sem stjórnarherrarnir segja á tyllidögum að séu máttarstólpar í samfélagi okkar, og segja okkur svo óyggjandi sé, sýna

okkur svart á hvítu að það er verið að hafa fé af þessum virtu stofnunum okkar. Það er verið að gera þeim nánast ókleift að standa undir lagalega hlutverki sínu.

Á sama tíma segja hæstv. ráðherrar í þessum stóli að það séu engin áform um niðurskurð. Ríkissjóður geti vel séð af 20–30 milljörðum á hverju ári, ekki þurfi að skera niður á móti því. Hver trúir þeim yfirlýsingum? Hæstv. forseti. Ekki ég. Og þegar hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kemur hér og segir að það sé bara verið að reyna að hemja tekjuvöxtinn ætlast þá hv. þingmaður til þess að við hlæjum? Mér er ekki hlátur í hug. Hemja tekjuvöxtinn hjá hinu opinbera. Heyr á endemi.

Svo segja menn að skattalækkunaráformin séu hvati til að vinna, tekjurnar muni aukast hjá fólki og þetta sé hvati til að vinna meira. Það sagði hæstv. fjármálaráðherra líka þegar hann talaði fyrir fjárlagafrumvarpinu í upphafi vetrar.

Má ég benda hv. þingmönnum og hæstv. ráðherrum á það að Íslendingar eru vinnupíndasta þjóð í allri Evrópu. Hvaða hvata eru menn að tala um hér til þess að vinna meira? (Gripið fram í.) Má ég biðja um hvata til þess að fólk fari að komast inn á heimilin til að sinna börnum sínum, sinna hjónaböndum sínum, sinna sambandinu við foreldra sína. Það væri miklu eðlilegra að við værum hér að ræða einhverja hvata til slíks. (**PHB:** Meiri menntun.) Meiri menntun, segir hv. þm. Pétur Blöndal. Mér finnst eðlilegt að fólk sækist eftir meiri menntun, sérstaklega þegar tekin hefur verið um það sameiginleg pólitísk ákvörðun að hækka menntunarstig þjóðarinnar. En það er ekki þar með sagt að við þurfum að vinna allan sólarhringinn aldirnar á enda. Ég geri því lítið úr þeim hvata til tekjuaukningar sem menn þykjast sjá í skattalækkunarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar.

Sannleikurinn er auðvitað sá að hér er um að ræða skerðingu á tekjum ríkissjóðs. Það eru ótal verkefni fram undan sem við gjarnan viljum fara í. Ef við höfum ekki tekjur til að mæta kostnaði við þau verkefni verður ekki farið í þau. Það er svo einfalt.

Þetta er ein af ástæðunum fyrir því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur ekki sungið skattalækkunarsönginn. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að við þurfum að byggja á skattkerfinu okkar, öflugu skattkerfi til þess að geta átt fyrir öflugu velferðarkerfi. Við höfum aldrei ætlað annað en að fólk sem kemst sæmilega af í samfélaginu sé sæmilega sátt við að þurfa að borga skatta. Ég heyri ekki fólk í samfélaginu sem hefur sæmilega góðar tekjur vera ævinlega að kveinka sér undan því að þurfa að borga skatt.

Ég tel því að ríkisstjórnin sé á villigötum og sé meðvitað að veikja velferðarkerfi okkar með þessum áformum. Það er algjör nauðsyn í mínum huga að viðurkenna að skatttekjur hins opinbera standa undir velferðarsamfélaginu og þær eru ætlaðar, hugsaðar í grunninn til að jafna kjör fólks. Með skattalækkunarfrumvarpinu er ríkisstjórnin að veikja möguleika okkar á að jafna kjörin og að eiga hér öflugt velferðarsamfélag. Það þarf miklu frekar að dreifa skattbyrðinni af sanngirni.

Ég er alveg sammála því og sátt við að setja einhvers konar þak á jaðaráhrifin í skattkerfinu. Við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum aldrei mótmælt því. En þessi aðferð sem hér er notuð er ekki sú sem við teljum vænlegasta í þeim efnum.

Við teljum líka nauðsynlegt að efla tekjumöguleika sveitarfélaganna og það verður að fara að ganga almennilega í viðræður sem fara fram í þeim geira. Það hlýtur að vera markmið okkar að sveitarfélögin geti sinnt með reisn þeim verkefnum sem þau hafa tekið til sín frá ríkinu og ríkið hefur ekki hingað til auðveldað þeim það. Eru menn búnir að gleyma umræðunni sem fór fram í kennaraverkfallinu? Menn gera mikið úr þeim kjarabótum sem kennarar hafa verið að semja um, ég vil benda fólki á að kennarar eru ekki búnir að samþykkja þann samning sem undirritaður var af launanefndinni og samningamönnum kennara, það á eftir að sjá hvernig það fer á endanum. Sannleikurinn er sá að þegar hæstv. forsætisráðherra fer að skamma hv. þm. Steingrím J. Sigfússon fyrir að hvetja til launahækkana umfram getu þjóðfélagsins þá vil ég benda hæstv. forsætisráðherra á að launahækkanirnar samkvæmt kennarasamningnum sem er undirritaður en liggur ósamþykktur, eru 17–18%. Um hvað sömdu sjómenn? 16%, án þess að fara í verkfall. Það gólaði enginn neitt yfir því. Samningur kennara er upp á 17–18%. Eru þetta, hæstv. forsætisráðherra, launahækkanir umfram getu þjóðfélagsins? Ég segi nei. Hæstv. forsætisráðherra á ekki að leyfa sér svona yfirlýsingar í þessari umræðu því að þær standast ekki skoðun.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að nýta allan þann tíma sem okkur er ætlaður en kannski þurfa aðrir að nýta ræðutíma upp á 40 mínútur, þeir sem eru mjög vel inni í þessum málum, hafa verið að takast á við þau undanfarin ár og liggur mikið á hjarta. Ég veit að gert er ráð fyrir matarhléi hér í þinginu klukkan sjö og ég sé ekki ástæðu til að vera að lengja mál mitt í þessum efnum en ég ítreka einungis að forgangsröðunin er kolröng og hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa aðrar áherslur í skattamálunum. Við höfum farið yfir þær í ræðum okkar og við leggjum mikið upp úr að þessi umræða skili þó einhverju, og í því sambandi tek ég undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem mæltist til þess að hv. efnahags- og viðskiptanefnd tæki þetta þannig til afgreiðslu að möguleiki væri á einhverjum breytingum í forgangsröðuninni, hún nefndi þar t.d. barnabæturnar. Og eins og ég hóf mál mitt, þá ég tek undir að eitthvað verði reynt að gera í þeim efnum og það væri sómi að ef a. m. k. væri hægt að setja barnabæturnar í forgang.

[19:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höldum áfram að ræða þetta gleðilega frumvarp. Það er svo ótrúlegt, ég er varla búinn að ná því enn að til standi að fella niður eignarskattinn en sú tilfinning kemur örugglega fljótlega yfir mig.

Ég skil ekkert í almennri ólund þingmanna við þessu góða frumvarpi. Ég skil reyndar Vinstri græna af því að þeir vilja helst taka allar tekjur af fólki og deila þeim út aftur. Það get ég vel skilið að aðalmarkmið skattalaganna sé í þeirra huga að jafna tekjur en ekki að afla tekna fyrir ríkissjóð.

En mig langar til að spyrja hv. þingmann varðandi konur. Segjum að kona sé atvinnulaus og með tvö börn. Þá kemur upp sú staða að það borgar sig hreinlega ekki fyrir

hana að vinna.

Er þetta eitthvað sem við viljum konum, að þær séu bundnar vegna þess að bætur skerðast og alls konar hlutir skerðast við það að fara að afla sér tekna. Viljum við búa til svona fátæktargildrur? Er það virkilega þannig?

Svo vil ég líka nefna að konur eru í síauknum mæli að afla sér menntunar sem er mjög gott. En væntanlega eru konur að afla sér menntunar til þess að fá hærri tekjur. Hvað gerist þegar þær fara að vinna og komast að því að öll menntunin er fyrir bí vegna þess að það koma endurgreiðslur af námsláni 4,75%, sem ríkisstjórnin ætlar reyndar að breyta niður í 3,75%. Síðan koma skerðingar á barnabótum, skerðingar á vaxtabótum eða húsaleigubótum. Er það þetta sem hv. þingmaður vill konum?

Er ekki gáfulegra að verðlauna fólk fyrir að afla sér hærri tekna, t.d. með menntun, með snilld eða með dugnaði? Ég er ekki að tala um lengri vinnutíma, hann er allt of langur. Nei, ég er að tala um að fólk afli sér hærri tekna, t.d. með menntun. Vill hv. þingmaður virkilega koma í bakið á þeim konum sem hafa verið að gera það með því að leggjast gegn skattalækkun?

[19:06]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður er auðvitað að reyna að flækja fólk í einhverri umræðu sem er svo langt við hliðina á kjarna málsins í þessum efnum.

Af hverju tekur hv. þingmaður eingöngu mið af konum hér? Ég frábið mér að þurfa að skoða þessi skattalækkunarfrumvörp ríkisstjórnarinnar með kynjagleraugum, hv. þingmaður. Ég er til í að bregða hér upp kynjagleraugum og ég gæti sagt við ríkisstjórnina: Þið hafið gleymt samþættingarhugsjóninni ykkar sem kemur fram í jafnréttisáætluninni. Í þessu frumvarpi er ekki orð um það hvernig þessar breytingar koma öðruvísi niður á konum en körlum. Ég hefði viljað sjá sérstakan kafla um það í greinargerðinni hvernig samþættingarsjónarmið ríkisstjórnarinnar hafa verið uppi á borðinu eða hvernig þeim hefur verið sinnt við samningu þessa máls.

En ég segi við hv. þm. Pétur H. Blöndal: Ég er hér í nákvæmlega sömu erindagjörðum og hann, ég vil þegnum samfélagsins vel. Ég vil efla velferðarkerfið og sjá til þess að velferðarkerfið fúnkeri fyrir þá sem á þurfa að halda. Ég er ekki að gera ráð fyrir því að nokkur manneskja misnoti það kerfi. Ég held að við getum aldrei búið til velferðarkerfi ef við ætlum alltaf að miða við einhverja svarta sauði sem misnota það.

Það kann vel að vera að einhverjir einn, tveir eða þrír geri það en við megum ekki miða kerfið við þann eða þá einstaklinga sem eru þannig innréttaðir. En það er nákvæmlega þannig sem mér finnst hv. þingmaður stilla málunum upp í andsvari sínu, og mér finnst það ekki rétt.

[19:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þetta skipti var ég ekki að ræða um misnotkun, alls ekki. Ég var að ræða um að fólk sem bætir tekjur sínar með því að afla sér menntunar eða með ýmis konar dugnaði, því er refsað. Því er refsað með því að skerða alls konar bætur sem það hefur, t.d. barnabætur. Það er ekki misnotkun, þetta þýðir að þrátt fyrir hærri tekjur sjá menn ekki eins mikið í buddunni, t.d. vegna skerðingar á bótum.

Ég var ekki að tala um misnotkun, ég var bara að tala um venjulegt fólk sem fer algjörlega að lögum og reglum en er refsað fyrir að afla sér hærri tekna. Þar nefni ég sérstaklega konur vegna þess að konur hafa í auknum mæli verið að afla sér menntunar, sem er mjög jákvætt, en það er mjög slæmt ef þær við það að hækka í launum sjá engan afrakstur af átaki sínu.

Varðandi það að jafna kjör fólks, að velferðarkerfið sé til þess, það er ekki rétt. Velferðarkerfið styður t.d. LÍN, Lánasjóð íslenskra námsmanna, það styður fólk til náms til þess að það geti aflað sér meiri tekna en verkafólk, þ.e. að auka tekjumuninn. Og mér finnst það bara allt í lagi.

[19:09]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get alveg verið sammála hv. þingmanni um að það sé önugt hvernig bætur skerðast eða hvernig fólki er, eins og hann orðar það, refsað fyrir að sýna dugnað eða bæta við sig menntun. En ég er ekki sammála hv. þingmanni um að það eigi eingöngu við um konur, nema þá og því aðeins að það sé vegna þess að staða kvenna sé almennt svo slæm í þessu samfélagi.

Hverju er það um að kenna? Kannski stefnu ríkisstjórnarinnar. Kannski vegna þess að á undanförnum árum höfum við ekki borið gæfu til að leiðrétta þann mun sem er á stöðu kvenna og karla í samfélaginu. Kannski ættum við að taka á því, það er kannski þar sem við ættum virkilega að taka sameiginlega á hér í þinginu. Þá mundum við hv. þm. Pétur H. Blöndal eflaust geta staðið saman.

Ég gagnrýni þetta frumvarp fyrir að hafa ekki í sér fólginn kafla um samþættingu kynjasjónarmiða. Ég hefði talið feng að því að slíkt væri til staðar þar. Það er allt of sjaldan sem við leyfum okkur að tala um þau mál, þ.e. samþættinguna og samþættingarhugsjónina. (Gripið fram í.) Já, já, nú erum við kannski að reyna það.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur áhyggjur af því að tekjutengingarnar skerði rétt fólks til að afla sér frekari tekna. Ég get verið sammála honum í því, það er auðvitað ekki gott. En það er heldur ekki gott að við skulum vera með fullt af öryrkjum á örorkubótum sem hafa samt sem áður starfsorku. Samfélagið er orðið þannig að það er ekki pláss fyrir fólk sem hefur að einhverju leyti skerta starfsorku. Ég mundi gjarnan vilja sjá að við værum að ræða hér mál af því tagi að búa til atvinnutækifæri fyrir fólk með skerta starfsorku svo að það þyrfti ekki að sitja heima á bótum.

Ég veit því að við eigum hér ákveðna snertifleti, ég og hv. þingmaður, þó að við séum ósammála í grunninn, annað okkar til hægri og hitt til vinstri.

[Fundarhlé. — 19:12]

[20:02]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að fylgja úr hlaði meginstefnu ríkisstjórnarinnar sem verðar það að við ætlum að lækka skatta á íslensk heimili og íslenska launþega. Það frumvarp sem við ræðum hér felur í sér þá stefnu að hækka skattleysismörk um 20%, lækka tekjuskattsprósentuna um 4%, hækka barnabætur um 2,4 milljarða og afnema eignarskatt.

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram mjög fróðleg umræða í dag. Það virðist sem mörgum stjórnarandstæðingum hafi komið á óvart sú stefna sem hér hefur verið boðuð. Það var samt þannig fyrir síðustu kosningar að bæði Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur lögðu mjög ríka áherslu á það að mjög brýnt væri að lækka greiðslubyrði heimilanna með þeirri aðgerð að lækka skatta. Framsóknarmenn lögðu mjög mikla áherslu fyrir síðustu kosningar á lækkun á tekjuskattsprósentunni og jafnframt lögðum við framsóknarmenn mjög mikla áherslu á stórhækkaðar barnabætur. Slíkt er að ganga eftir í því frumvarpi sem við ræðum hér í dag.

Hins vegar er sorglegt að vita til þess að Samfylkingin virðist vera búin að gleyma skattalækkunarloforðum sínum, loforðum trúlega upp á 30 milljarða. Hv. formaður Samfylkingarinnar talaði fyrir því í dag að mjög óráðlegt væri að fara í skattalækkanir í því ástandi sem nú væri í íslensku þjóðfélagi. Allir stjórnmálaflokkar og allir stjórnmálamenn vissu af því ástandi og þeirri þenslu sem fram undan var fyrir síðustu alþingiskosningar og ekkert nýtt hefur komið upp hvað varðar skipan efnahagsmála hér á landi. Ég mun víkja nánar að þeim stefnumarkmiðum sem Samfylkingin setti í forgang fyrir síðustu alþingiskosningar sem virðist því miður vera gleymd og grafin í dag.

Hæstv. forseti. Hvernig getum við skilað fólki þeirri kjarabót sem í þessum skattalækkunum felst? Það er í tvennu lagi. Núverandi ríkisstjórn hefur starfað frá árinu 1995 og hefur staðið að mjög ábyrgri og traustri efnahagsstjórn og staðið vörð um þann stöðugleika sem nú hefur ríkt á umliðnum tíu árum. Það er lykilatriði gagnvart því svigrúmi sem nú hefur myndast til þess að lækka skattbyrði heimilanna án þess að stefna efnahagsstöðugleikanum í hættu. Það má segja frá því hér að gagnvart þeim skattalækkunartillögum sem við erum að ræða hefur verið tekið tillit til ábendinga frá OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hvað varðar þá stefnumörkun sem hér hefur verið mótuð.

Hinn hlutinn af því svigrúmi sem við höfum nú náð að mynda til að lækka skattbyrðina er sú öfluga atvinnustefna sem ríkisstjórnin hefur rekið. Atvinnuleysið hér árið 1995 var miklu meira í tíð Alþýðuflokksins, þar af leiðandi stórs hluta af Samfylkingunni. Þegar hann var í ríkisstjórn 1991–1995 var bullandi atvinnuleysi og kjör almennings höfðu rýrnað allverulega.

Á þessu árabili, frá 1995 til ársins 2004, hefur kaupmáttur almennings aukist um 40%. Um heil 40%. Ég fullyrði að slíkt hefur ekki gerst í þeim löndum sem við berum okkur saman við, enda er horft til Íslands í því ljósi að mikill árangur hefur náðst hér í efnahagslífinu.

Samkvæmt þeim áformum sem við höfum uppi til að bæta kjör almennings enn betur með skattalækkununum kaupmáttaraukning íslenskra heimila, ef spár ganga eftir, verða 55%–55% raunhækkun árið 2007, eftir 12 ára starf þessarar ríkisstjórnar. Þar munar um minna.

Hæstv. forseti. Hv. stjórnarandstaða hefur farið hér mikinn og rætt um fyrirhugaðan niðurskurð í velferðarþjónustunni. Þar vita hv. stjórnarandstæðingar betur. Í langtímaáætlun í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir þriggja prósenta raunaukningu, m.a. til heilbrigðismála og menntamála, umfram hækkun verðlags. Ef hv. þingmenn kalla þetta niðurskurð er það rangt. Allt tal hv. stjórnarandstöðu um niðurskurð er á miklum villigötum og það stendur ekki til að skera niður í velferðarkerfinu, enda hefur ekki verið skorið niður í velferðarkerfinu í tíð núverandi ríkisstjórnar. Aldrei hefur jafnmiklum fjármunum verið varið til menntamála, heilbrigðismála eða félagsmála almennt. (**ÖS:** Þetta segir fólk ekki uppi í háskóla.)

Hæstv. forseti. Þegar talið berst að viðkvæmu ástandi í efnahagsmálum — og við vitum, ég og hv. formaður Samfylkingarinnar, að andrúmsloftið í efnahagsmálum er viðkvæmt — er eins gott að hafa trausta ríkisstjórn sem er tilbúin að taka óvinsælar ákvarðanir. Við höfum farið í mjög margar sársaukafullar aðgerðir á umliðnum árum, m.a. höfum við frestað vegaframkvæmdum. Það eru ekki vinsælar ákvarðanir. Hv. formaður Vinstri grænna stendur hér uppi og gagnrýnir ríkisstjórnina fyrir það að fresta vegaframkvæmdum um 4 milljarða. Slíkar aðgerðir geta verið nauðsynlegar til að standa vörð um stöðugleikann. Stöðugleiki er eitthvert orð sem hv. þingmenn Vinstri grænna kannast því miður ekki við.

Í upphafi þessa kjörtímabils bætti ríkisstjórnin sérstaklega kjör öryrkja og atvinnulausra en hér er komið að því að bæta kjör launafólks, fólksins sem stendur að allverulegu leyti undir velferðarkerfi okkar með þeirri vinnu sem það innir af hendi. Með þessu frumvarpi veitum við launafólki hluta af þeirri miklu tekjuuppsveiflu sem orðið hefur í íslensku þjóðfélagi á umliðnum árum, rétt eins og við lofuðum fyrir síðustu kosningar.

Meiri hluti þjóðarinnar kaus þessa tvo stjórnmálaflokka til að þessi stefnumið gætu gengið eftir. (Gripið fram í.) Ég held að hv. stjórnarandstaða verði að átta sig á því að meiri hluti þjóðarinnar stendur á bak við þessi loforð og meiri hluti þjóðarinnar stendur með ríkisstjórninni í því að lækka skatta almennt.

Ég ætla, hæstv. forseti, að fara ofan í þá þrjá liði sem þessar breytingar taka til, í fyrsta lagi um afnám eignarskattsins. Menn hafa útmálað afnám hans sem sérstaka aðgerð til að hygla eignafólki og stórauðugu fólki. Það er svo leiðis, segir hv. formaður Samfylkingarinnar. Það er bara rangt. Meiri hlutinn af því fjármagni sem rennur til eignarskattsins kemur úr vösum eldri borgara þessa lands — sem er eignafólk — fólks sem er með eina og hálfa milljón á ári eða minna í ráðstöfunartekjur, að allverulegu leyti.

Hvað þýðir afnám eignarskattsins fyrir dæmigerðan sjötugan einstakling sem er kominn með lífeyrisréttindi sín og hefur kannski milljón í árstekjur sem er mjög lágt? Hvað þýðir það fyrir viðkomandi einstakling ef hann situr í 15 millj. kr. íbúð hér úti í bæ? 60 þús. kr. í auknar ráðstöfunartekjur fyrir þessa sjötugu konu. Ég veit ekki betur en að hv. stjórnarandstaða hafi farið mikinn um kjör eldri borgara í

landinu. Þegar ríkisstjórnin grípur til aðgerða sem munu bæta kjör eldri borgara allverulega ætlar stjórnarandstaðan að leggjast gegn því. Ja, öðruvísi mér áður brá.

Ég trúi ekki öðru en að hv. formaður Samfylkingarinnar sé mér sammála um að eignarskattur eigi ekki rétt á sér. Þessi sjötuga kona hefur borgað af húsnæði sínu í kannski 30 ár af launatekjum sínum sem við höfum þegar tekið skatt af. Síðan ætlum við að skattleggja sérstaklega þá eign sem hún hefur eignast í gegnum áratugina fyrir skattlagt fé með sérstökum skatti. Er ekki um tvísköttun að ræða? Ég trúi ekki öðru en að hv. stjórnarandstæðingar taki undir þennan málflutning, að það er ekki rétt að tvískattleggja eldra fólk með þessum hætti.

Hvað varðar tekjuskattsprósentuna og þá lækkun um 4%, úr 38,55% í 34,55%, göngum við ekki miklu lengra en að jafna hlutfallið frá þeim tíma þegar tekjuskattskerfið var sett á. Þá var tekjuskattsprósentan 35,2%. Hvað sögðu hv. þingmenn sem þá voru hér í þessum sal, trúlega hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og fleiri? Menn hafa trúlega haldið og sagt úr þessum ræðustóli að þetta mætti ekki hækka, hér væru menn búnir að finna þá skattprósentu sem mætti ekki fara hærra, við mættum ekki skattpína almenning. Við erum að færa skattprósentuna niður í sömu tölu og hún var við upphaf tekjuskattskerfisins.

Lækkun tekjuskattsprósentunnar hækkar líka skattleysismörkin og mun hækka skattleysismörkin um 15 þús. kr. Reyndar var það stefnumið Samfylkingarinnar fyrir síðustu kosningar að hækka skattleysismörkin strax um 10 þús. kr. Hér er verið að ganga 50% lengra en Samfylkingin lagði fram á sínum tíma en í dag kemur hv. formaður Samfylkingarinnar og segir: Við skulum ekki lækka skatta, það er svo mikil þensla í þjóðfélaginu. (**ÖS:** Þetta er ekki rétt.) Það er svo mikil þensla í þjóðfélaginu. Aðvörunarbjöllur klingja hér um allt. (**ÖS:** Þetta er vitleysa.) Nú er ég að leggja út af orðum hv. þingmanns. Var þetta ekki allt vitað fyrir síðustu alþingiskosningar? Voru skattaloforð Samfylkingarinnar þá orðin ein? Ætluðu menn sér ekki að standa við þær skattalækkunartillögur sem þeir boðuðu þá? Hv. formaður Samfylkingarinnar var búinn að mynda hér vinstri stjórn ásamt vinstri grænum og frjálslyndum fyrir síðustu kosningar: „Fellum ríkisstjórnina." „Við munum mynda velferðarstjórn." Ég fullyrði að þá værum við ekki að tala um neinar skattalækkanir hér. Þvert á móti væri búið að hækka skatta líkt og vinstri grænir hafa lagt til. Ég hef ekki þá trú að vinstri grænir hefðu tekið sæti í ríkisstjórn sem hefði farið í lækkun skatta, stórfellda lækkun skatta eins og Samfylkingin boðaði, upp á 30 milljarða. Svo hrekkur hv. formaður Samfylkingarinnar af hjörunum þegar við tölum um rúmlega 20 milljarða kr. skattalækkun sem mun að allverulegu leyti taka gildi árið 2007. (Gripið fram í.) Öðruvísi mér áður brá.

Barnabæturnar munu hækka allverulega, um 2,4 milljarða. Hverja höfum við sérstaklega þar í huga? Lágtekjufólk og millitekjufólk með börn á framfæri sínu. Þetta var kosningaloforð Framsóknarflokksins. Ef við tökum þá tekjujöfnunaraðgerð sem verið er að gera hér gagnvart einstökum hópum erum við að bæta sérstaklega kjör lágtekjufólks og millitekjufólks sem hefur börn á framfæri sínu og eldri borgara. Stjórnarandstaðan er á öðrum endanum út af þessu máli. Stjórnarandstaðan talar hér ekki um neitt annað en að halda áfram í skattalækkunum og bæta nú matarskattinum ofan á. Þá erum við kannski komin upp í þessa 30 milljarða sem Samfylkingin lofaði á sínum tíma.

Ég spyr hv. þingmenn Samfylkingarinnar: Er ekki betri leið að koma þeim fjármunum til barnafjölskyldna milliliðalaust í formi barnabóta en að lækka matarskattinn? (Gripið fram í.) Treystum við því að þau 7% sem Samfylkingin leggur til að matarskatturinn lækki um berist milliliðalaust til neytenda? Og sá furðulegi málflutningur að matarkarfan hjá verkamanninum sé jafndýr og hjá bankastjóranum, ég á erfitt með að skilja það.

Ég þekki til á mörgum heimilum þar sem hefur verið þröngt í búi. Það fólk var ekkert að fara í Gallerí kjöt og kaupa sérsnyrta nautasteik, alls ekki. Þannig að tala með þeim hætti að lækkun matarskattsins muni skila sér jafnt til hátekjumanna og lágtekjumanna er bara rangt. Ef við höfum úr 5 milljörðum að spila, hvort mundi koma lágtekjufólki, millitekjufólki og barnafólki betur að verja þeim 5 milljörðum til hækkunar á barnabótum (Gripið fram í.) eða til lækkunar á matarskattinum? Ég trúi ekki öðru en hv. þingmenn Samfylkingarinnar sjái ljósið í öllu myrkrinu.

Hæstv. forseti. Ég gat því miður ekki verið hér í gær þegar verið var að ræða um kjör námsmanna almennt. Ég vil minna hv. formann Samfylkingarinnar á að á árunum 1991–1995 var endurgreiðslubyrði námslána 7%. Hverju lofuðum við framsóknarmenn í aðdraganda kosninganna 1995? Jú, að við mundum lækka endurgreiðslubyrði námsmanna (**Gripið fram í:** Um 5%.) og hún var lækkuð í 4,75%. Ríkisstjórnin tók enn eitt skrefið um daginn og varði aukalega 300 millj. kr. til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og hefur lækkað endurgreiðsluhlutfallið í 3,75%. Þetta er mikill árangur í ljósi þess að ríkisstyrkurinn fór úr 49% og upp í 53%. Af 100 þús. kr. sem námsmaður þarf að eyða í háskóla borgar ríkið 53 þús. kr. í Lánasjóðinn og námsmaðurinn þarf á endanum að borga 47 þús. Svo talar hv. stjórnarandstaða um að við séum ekkert að gera fyrir námsmenn í landinu. Að við tölum ekki um 90% húsnæðislán og annað slíkt.

Það er einmitt þetta fólk sem mun græða hvað mest á þeim skattalækkunartillögum sem stjórnarandstaðan er á móti. (**Gripið fram í:** Frjálshyggjumennirnir.) Þetta fólk mun koma úr námi, kaupa sér eigið húsnæði, stofna fjölskyldu, þarf að vinna mikið, eðlilega, ég vona að hv. formaður Vinstri grænna skilji það að menn þurfa að vinna mikið þegar þeir eru að koma sér upp húsnæði og kaupa sér bíl og annað slíkt.

Í hverju lendir þetta fólk? Það vinnur mikið og hefur háar tekjur. Jú, vaxtabætur skerðast, hverfa nær alveg, og líka barnabætur vegna þess að fólkið er tekjuhátt. Hvernig eigum við að koma til móts við það fólk í þeim erfiðleikum sem það glímir við kannski á fyrstu fimm eða tíu árum hjúskapar síns? Með því að lækka tekjuskattsprósentuna (**Gripið fram í:** Hátekjuskattinn.) jafnvel hátekjuskattinn, því hátekjuskatturinn var ekkert orðinn neinn hátekjuskattur, fólk var að lenda í hátekjuskatti þegar það var komið með á fimmta hundrað þús. kr. í laun. Það þykja ekki hátekjur í dag þegar viðkomandi er að koma úr kostnaðarsömu námi með heilmikla greiðslubyrði. Ég hélt að stjórn-

arandstaðan talaði máli ungs fólks, sérstaklega þeirra sem hafa lokið langskólanámi, því það er enginn sældarleikur að koma sér upp heimili í núverandi ástandi. (**Gripið fram í:** Gott að þið áttið ykkur á því.) Við höfum áttað okkur á því en því miður hefur hv. stjórnarandstaða ekki áttað sig á því í hvers lags jaðaráhrifum þjóðfélagshópurinn lendir.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum segja að sá málflutningur sem viðhafður hefur verið í dag hefur náttúrlega verið villandi. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talar um óábyrga fjármálastjórn hjá ríkisstjórninni og að hún sé ekki að standa sig í stykkinu en gagnrýnir svo í hinu orðinu niðurskurð til vegamála og annað slíkt. Á ríkisstjórnin ekki að taka tillit til þróunar efnahagsmála með aðhaldi í ríkisútgjöldum á eins viðkvæmum tímum sem raun ber vitni? Ég hefði haldið það. En það er voðalega ódýrt að tala á þeim nótum sem hv. þingmaður gerir og nefnir þar einstakar vegaframkvæmdir. (Gripið fram í.) Það er mjög ódýrt ef menn vilja ekki horfa á heildarsamhengi hlutanna.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem var félagsmálaráðherra á árunum 1991–1995, talaði um hversu döpur stjórnin væri. Þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var félagsmálaráðherra var samneyslan rúm 40% af þjóðarframleiðslu. Hvað er hún í dag? Tæp 46%. Samneyslan hefur í tíð núverandi ríkisstjórnar hækkað um 5,5% og svo tala hv. stjórnarandstæðingar á þeim nótum að Framsóknarflokkurinn sé ekki lengur félagshyggjuflokkur. Hvað þýðir þessi þróun? Jú, við erum að verja auknum hlut af þjóðartekjum okkar til sameiginlegra verkefna. Málflutningurinn fellur því gjörsamlega um sjálfan sig hvað þetta varðar.

Mönnum er tíðrætt um hátekjuskattinn, Vinstri grænir ætla að hækka hátekjuskattinn og halda að með því muni hlutfallsleg hækkun verða í samræmi við það, að hækka hátekjuskattinn úr 10% upp í 18%, ekki rétt, hv. þingmaður (**Gripið fram í:** Hvaða rugl er þetta?) Eða var það 15%? (**Gripið fram í:** Það er fjármagnstekjuskattur.) Fjármagnstekjuskattur, fyrirgefðu. (**Gripið fram í:** Svo þú vitir hvað þú ert að tala um.) Ég veit það. (**Gripið fram í:** Nei.) Úr 10% upp í 18%. Hv. þingmaður leiðréttir mig ef ég fer með rangt mál.

Ég held að hv. þingmenn Vinstri grænna verði að átta sig á því að við lifum á hinu Evrópska efnahagssvæði þar sem er frjálst flæði fjármagns. Telja Vinstri grænir að ekkert fjármagn mundi fara úr landi með þeim breytingum og þeim áherslum sem Vinstri grænir hafa gagnvart fjármagnstekjuskattinum?

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vill líka hækka hann. En fjármagnstekjuskattinum var ekki komið á fyrr en tíð ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks svo að því sé haldið til haga. Ég varð ekki var við það þegar ég var að byrja að fylgjast með pólitík að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem þá var félagsmálaráðherra, væri að berjast neitt sérstaklega fyrir því. Ég held að menn verði að viðurkenna að þeir eigi sér einhverja fortíð. Það þýðir ekki að koma hér upp líkt og hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, jafnvel hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og tala eins og þau eigi sér enga fortíð, vegna þess að ástandið í dag og velmegunin er miklu meiri en þegar hv. þingmenn sátu í ríkisstjórninni. Allar opinberar tölur sanna það, sama hvort við horfum á þær innan lands eða frá OECD.

Hæstv. forseti. Ég ætla að láta hér staðar numið. Hér er um mjög jákvætt mál að ræða. Ég dreg ekki úr því að mjög mikilvægt er fyrir ríkisstjórnina og ríkisstjórnarflokkana að gæta aðhalds í fjármálum og framkvæmdum, við þurfum vissulega að sýna aðhald á þeim vettvangi. En það er alveg á hreinu að samkvæmt því fjárlagafrumvarpi og þeirri langtímaspá sem við höfum gert og langtímaáætlun í ríkisfjármálum munu framlög til velferðarmála ekki skerðast. Þau munu aukast umfram þróun verðlags um 3%. Það er ekki niðurskurður í minni orðabók a.m.k.

[20:24]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom ekki margt nýtt fram í ræðu hv. þm. Birkis J. Jónssonar. Hann fór með framsóknarrulluna sem við höfum heyrt frá því að frumvarpið var lagt fram.

Aðeins ein spurning er í huga mínum eftir ræðuna og hún er sú: Af hverju vill Framsóknarflokkurinn ekki lækka virðisaukaskatt á matvæli einn flokka á Alþingi?

[20:24]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Framsóknarflokkurinn hefur ekkert sett sig sérstaklega upp á móti því að lækka matarskattinn, alls ekki. Ég bið hv. þingmann að finna þess stað í málflutningi framsóknarmanna á Alþingi að við höfum lagst gegn því. Verið er að skoða þessi mál á vettvangi ríkisstjórnarinnar og við höfum ekkert lokað á neitt í þeim efnum.

En af því að hv. þm. Jón Gunnarsson vildi ekki kannast við það áðan að Samfylkingin hefði lofað skattalækkunum fyrir síðustu alþingiskosningar ætla ég að fara með þá rullu kosningaloforða sem Samfylkingin talaði fyrir fyrir síðustu alþingiskosningar.

Það var í fyrsta lagi að lækka tekjuskattinn, hækka skattleysismörkin, lækka virðisaukaskatt, hækka barnabætur, lækka þungaskatt, afnema stimpilgjöld, lækka endurgreiðslubyrði og jafna námskostnað svo eitthvað sé nefnt. Þetta er mjög fallegt. (**Gripið fram í:** Svo forgangsröðum við.) Svo forgangsröðuðum við, segir hv. formaður Samfylkingarinnar, sem sagði að það væri jafnvel ekki rétt að fara í ákveðnar aðgerðir svo sem að lækka tekjuskattsprósentuna eins og ríkisstjórnin hefur ætlað sér. Samfylkingin talaði svona fyrir einu og hálfu ári. Stefnan er orðin allt önnur í dag. Þeir eru ekki sammála ríkisstjórninni að við lækkum tekjuskattsprósentuna. Haninn er ekki lengi að snúast í þessum efnum.

[20:26]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli mína að hv. þingmaður kaus að svara ekki spurningunni sem fram var sett heldur svaraði með annarri spurningu um hvar ég fyndi því stað að Framsóknarflokkurinn vildi ekki lækka virðisaukaskatt á matvæli.

Því er einfalt að svara. Hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt þetta, flestallir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem talað hafa í skattaumræðu hafa sagt þetta og það liggur hreint fyrir og er algjörlega óumdeilt að Framsóknarflokkurinn

hefur lagst gegn því að lækka virðisaukaskatt á matvæli núna. Ég heyrði ekki betur en hv. formaður Framsóknarflokksins og hæstv. forsætisráðherra hefðu sagt þetta í umræðu áðan líka.

Ég endurtek spurninguna og vona að hv. þingmaður treysti sér til að svara henni með málefnalegri hætti en hann gerði í fyrra andsvarinu. Við munum þá heyra af hverju Framsóknarflokkurinn neitar að taka þátt í því að lækka matarverð á Íslandi. Getur það hugsanlega verið vegna þess að þeir eru á móti tvísköttun? Getur það verið vegna þess að fólk er búið að borga skatta af þeim peningum sem það notar til að kaupa mat og þess vegna megi ekki lækka virðisaukaskattinn á matvæli? (Gripið fram í.)

Ég vil lækka virðisaukaskatt á matvæli um helming frá því sem nú er. Það hefur aldrei verið sagt sem fram kom hjá hv. þingmanni að Samfylkingin hefði haldið því fram að matarkarfan hjá bankastjóranum og láglaunamanninum kostaði það sama. Það sem hefur verið sagt er einfaldlega að láglaunamaðurinn notar stærra hlutfall tekna sinna til að kaupa inn nauðþurftir en bankastjórinn. Því held ég að hv. þingmaður geti ekki mælt í mót og þar af leiðandi hljóti lækkun á virðisaukaskatti á matvælum að koma láglaunamanninum betur en bankastjóranum.

[20:28]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal endurtaka svar mitt síðan áðan, verið er að endurskoða fyrirkomulag virðisaukaskatts í meðförum ríkisstjórnarinnar. Það sagði hæstv. forsætisráðherra áðan og það hefur hæstv. fjármálaráðherra sagt oftsinnis í dag.

Ég held að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi spurt að því a.m.k. tíu sinnum í dag af hverju Framsóknarflokkurinn sé á móti lækkun á matarskattinum. Ég hef nú svarað í tvígang og held að hv. þingmaður hlusti ekki nógu vel á svör mín. Verið er að endurskoða þessa hluti en að sjálfsögðu þurfum við að hafa svigrúm til skattalækkana. Ég vona að hv. þingmenn séu okkur sammála um það.

Sú runa sem ég fór með áðan um lækkun skatta sem Samfylkingin boðaði fyrir síðustu kosningar og vill svo ekki kannast við að nema að litlum hluta í dag gefur ekki þá mynd að um mjög ábyrgt stjórnmálaafl sé að ræða.

[20:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ábyrgir stjórnmálamenn kannast við það sem þeir hafa gert. Ábyrgir stjórnmálamenn standast það próf og horfast í augu við veruleikann. Reyndin er að allir eru sammála um að ein skattaaðgerð hafi í för með sér mestan jöfnuð, sú að lækka matarskattinn. Það er sú tillaga sem Samfylkingin hefur beitt sér fyrir. Sjálfstæðisflokkurinn styður það, Vinstri grænir hafa lýst stuðningi við það og Frjálslyndi flokkurinn líka. Það liggur fyrir að það er þverpólitískur bullandi stuðningur við að lækka matarskattinn um helming. Það liggur líka fyrir að það mun lækka verðbólguna og draga úr þeirri þenslu sem hv. þingmaður óttast.

Einungis einn flokkur hefur lagst þvert gegn því að lækka matarskattinn. Það er Framsóknarflokkurinn, það vita allir sem sitja í þessum sal.

Hvernig stendur á því að hinn djarfi, ungi víkingur, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, kemur í stólinn en leggur á flótta þegar hann er spurður: Hvers vegna leggst Framsóknarflokkurinn einn flokka gegn því að lækka matarskattinn? Hv. þingmaður leggur ekki í að viðurkenna þessa staðreynd. Hann kemur hingað og segir: Það er verið að skoða það. Enginn annar í stjórnarliðinu kannast við að verið sé að skoða það. Hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt það hreint út að það hafi ekki tekist að koma því í gegnum ríkisstjórnina vegna þvermóðsku Framsóknarflokksins.

Ef ég má í vinsemd og af einlægni gefa hv. þingmanni ráð þá er það þetta: Menn eiga að taka í hornin á bola. Þeir eiga að viðurkenna hlutina eins og þeir eru. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson á að koma hingað, vera heiðarlegur og segja að það sé rétt að Framsóknarflokkurinn (Forseti hringir.) leggist gegn matarskattinum og hafi stoppað þann þverpólitíska stuðning sem við hann er. En spurningin er þessi: Hvers vegna?

[20:32]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef reynt að svara þessari spurningu í tvígang. Því miður virðast hv. þingmenn Samfylkingarinnar ekki vilja heyra það sem ég segi í þeim efnum.

Ég ætla að benda hv. formanni Samfylkingarinnar á að það eru trúlega til flokksþingssamþykktir fyrir því að stefna beri að því að lækka matarskattinn. Ég þykist nokkurn veginn viss um það, ég ætla ekki að fullyrða algjörlega um það.

En stjórnmálamenn vita, ábyrgir stjórnmálamenn, m.a. hv. formaður Samfylkingar reynir að skapa af sjálfum sér þá mynd, að við náum aldrei öllum málum í gegn. Við höfum ákveðið svigrúm til skattalækkana. Það er óumdeilt. Það er verið að skoða hvort við höfum meira svigrúm, m.a. til að lækka mögulega matarskattinn en sú vinna er í gangi innan ríkisstjórnarinnar.

Mér virðist sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar vilji helst ana að öllum þessum tillögum greinilega. Ég las þær upp, þær eru tvær, fjórar, sex, átta skattalækkunartillögur sem þeir lofuðu fyrir síðustu kosningar, átta skattalækkunartillögur. Trúlega hefðu þeir viljað láta verða af þeim skattalækkunum strax og þeir settust í ríkisstjórn. Það hefði átt að gerast strax en ekki að skoða málin eins og hér er gert af hálfu framsóknarmanna og sjálfstæðismanna. Ef menn eru að skoða og athuga sinn gang þá eru þeir á móti hlutum. Það er dálítið sérkennilegt.

Ég bið hv. þm. Össur Skarphéðinsson um að útskýra aðeins betur fyrir mér hvernig málin eru innan Samfylkingarinnar, þ.e. að ef menn vilji hugsa málin og velta fyrir sér kostum og göllum ákveðinna leiða sem komi til greina að fara og skoða svigrúm sem fyrir er þá séu menn á móti málinu. Þetta er mjög sérkennilegt.

[20:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hinn ágæti þingmaður, hv. þm. Birkir J. Jónsson, er Íslandsmeistari í brids. En núna setti hann annað Íslandsmet. Hv. þingmaður kom hingað og sagði að það væri flokksþingssamþykkt fyrir því hjá Framsóknarflokkn-

um að lækka ætti matarskattinn. En hann sagði að því miður kæmu menn ekki öllu í gegn.

Herra forseti. Hver er fyrirstaðan gegn því að matarskatturinn verði tekinn í gegnum Alþingi? Samfylkingin styður það, Vinstri grænir styðja það, Sjálfstæðisflokkurinn styður það, Frjálslyndi flokkurinn styður það, svo kemur hv. þingmaður og kvartar undan því að það sé fyrirstaða. Er þetta ekki Íslandsmet, herra forseti?

Ég hef aldrei heyrt nokkurn þingmann fara í svo stóran hring í kringum sjálfan sig og sinn eigin málstað og hv. þingmann rétt áðan.

En hv. þingmaður, til hamingju með þetta Íslandsmet. Það verður seint slegið.

[20:35]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. formaður Samfylkingarinnar hafi nú glatað því litla sem hann hefur átt af trausti og trúnaði sé málflutningurinn (Gripið fram í.) sem hann viðhafði hér borinn saman við það sem hann sagði fyrr í umræðunni, um að við yrðum að fara varlega í skattalækkanir og taka mið af þensluhvetjandi aðgerðum.

Er það ekki þensluhvetjandi aðgerð að lækka matarverðið í landinu? Er það ekki þensluhvetjandi? (**ÖS:** Hefur ekki þingmaðurinn fylgst með umræðunni?) Er það ekki þensluhvetjandi að lækka skatta um allt að 30 milljarða kr. eins og Samfylkingin hefur lagt til? Ég heyrði ekki betur en að hv. formaður Samfylkingarinnar væri til í að taka matarskattinn svona inn og bæta ofan á skattalækkunartillögurnar þannig að Samfylkingin gæti staðið við sín kosningaloforð, um 30 milljarða kr. skattalækkanir, allar átta skattalækkanirnar sem þeir lofuðu fyrir kosningar. En slíkt gera bara ábyrgir stjórnmálamenn ekki. Þeir hugsa um stöðugleikann í landinu.

[20:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit í sjálfu sér ekki hvort það er ástæða til að reyna að leiðrétta hv. þm. Birki Jón Jónsson. Hann fer ákaflega frjálslega með og skautar vítt og breitt yfir. Ég tók a.m.k. eftir tvennu eða þrennu í örstuttu máli hans sem hann fór beinlínis ranglega með.

Hann talaði t.d. um að ég hefði í máli mínu í dag verið að gagnrýna niðurskurð á vegafé í sambandi við þetta skattamál. Ég held að ég hafi ekki nefnt það einu orði. Ég held að ég muni það alveg örugglega rétt.

Hitt er annað mál að ég benti á tilfinnanlegan niðurskurð vegaframkvæmda, t.d. í fjárlagaumræðu hér á dögunum (Gripið fram í.) og hver er skýringin sem gefin var á niðurskurði vegafjár? Nauðsyn þess að draga úr framkvæmdum vegna stóriðjuþenslunnar. Það er sem sagt herkostnaðurinn, ruðningsáhrifin af stóriðjuframkvæmdunum valda því.

Hv. þingmaður hélt því fram að Vinstri hreyfingin – grænt framboð væri að berjast fyrir hækkun almennra skatta. Það er rangt. Það er ekki hið sama og að gagnrýna það hvernig ríkisstjórnin stendur hér að verki.

Varðandi jaðaráhrif í skattkerfinu er hv. þm. Birkir Jón Jónsson ekki að finna það hugtak upp eða koma fyrstur manna á Íslandi auga á að það sé vandamál. Staðreyndin er auðvitað sú að jaðaráhrif í skattkerfinu keyrðu úr hófi á tíunda áratugnum með óhóflegri tekjutengingu ýmissa bótaliða. Hverjir fóru þar fremstir í flokki? Jú, fyrst ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks og síðan ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, t.d. með því að tekjutengja barnabætur að fullu, 100%. Þá var heldur betur verið að auka jaðaráhrif. Á þeim árum flutti sá sem hér talar margendurtekið frumvarp um að setja þak á jaðaráhrif í skattkerfinu miðað við 55%.

Varðandi fjármagnstekjuskatt talar hv. þingmaður innblásinn um að ef okkar frumvarp yrði samþykkt, um að hækka almennu prósentuna úr 10% í 18% og leyfa svo að vísu frítekjumark á móti, þá mundi fjármagnið streyma úr landi. Hvert á það að fara? Á það að fara til landanna í kringum okkur þar sem skatthlutfallið er yfirleitt á bilinu 20–40%? Hefur hv. þingmaður ekki haft fyrir því að kynna sér þessa hluti (Forseti hringir.) að lágmarki til að geta talað um þá af svolítilli þekkingu? (Forseti hringir.) Það er einfaldlega þannig að alls staðar í kringum okkur er miklu hærra (Forseti hringir.) skatthlutfall en hér.

[20:38]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi ekki verið viðstaddur þegar ég tjáði mig um það þingmál Vinstri grænna að hækka fjármagnstekjuskattinn úr 10% upp í 18%. (**SJS:** Ég hlustaði á ræðu þína.) Ég veit ekki betur en að hv. þingflokksformaður Vinstri grænna hafi jafnvel að nokkru leyti tekið undir að það væri ekki hægt að fullyrða að eitthvað af fjármagninu mundi ekki streyma úr landi. Ég veit ekki um nokkurn mann sem getur fullyrt að fjármagnið mundi ekki geta fundið sér einhvern annan stað á hinu Evrópska efnahagssvæði. Ég bara fullyrði að svo sé.

Hv. þingmaður slær sér á brjóst og segist ekki hafa minnst hér einu orði á niðurskurð í vegaframkvæmdum. Það er ekki hægt að skilja þetta mál frá almennri umræðu um fjárlagafrumvarpið eða annað, allt tengist þetta. Við förum í fjáralagaumræðu næstkomandi fimmtudag. Auðvitað er það þannig að andstæðingar þeirra stóru verkefna sem nú eiga sér stað á Austurlandi, með tilheyrandi íbúaþróun, reyna að benda á svona staðreyndir. Þetta vissum við, að við yrðum að sýna aðhald í ríkisrekstri.

En ég spyr hv. þingmann: Hefur hann trú á því að ef við hefðum ekki farið þessa leið, í þessa gríðarlegu atvinnuuppbyggingu á Austurlandi, stækkun við Grundartanga og annað af því tagi, þá væri hagvöxtur jafnmikill og raun ber vitni? Sá hagvöxtur heldur uppi kaupmáttaraukningu hjá íslensku þjóðinni sem hefur verið 40% frá árinu 1995. Ég veit ekki betur en að hv. þingmaður hafi verið ríkisstjórninni í einu og öllu ósammála í þessum málum, t.d. um að við ættum að byggja upp álver í Reyðarfirði.

Ég spyr hv. þingmann: Trúir hann því virkilega að hagvöxtur væri jafnhár og raun ber vitni ef við hefðum ekki farið í þessar framkvæmdir?

[20:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að í landinu gæti verið prýðilegur hagvöxtur og á traustari forsendum en hann er í dag ef hér væri rekin önnur atvinnustefna, ef hlúð væri að nýsköpun í atvinnulífinu, hinu almenna atvinnulífi og iðnaðinum.

Hvað er að gerast vegna hinna neikvæðu ruðningsáhrifa stóriðjufjárfestinganna? Iðnaðurinn er að fara úr landi. *Hann er sannarlega að fara úr landi. Hefur hv.* þingmaður ekki heyrt hvað talsmenn nokkurra af stærstu samkeppnisiðnaðarfyrirtækjunum eru að segja þessa dagana? Aðstæðurnar hér eru svo hríðversnandi að menn hugsa sig vandlega um áður en þeir auka starfsemina hér heima og skoða möguleikana á því að færa hana til útlanda.

Varðandi fjármagnstekjuskattinn aftur þá er reyndar fjármagnið að fara úr landi og þarf ekki frumvarp okkar Vinstri grænna til. Flestar fjárfestingar íslenskra stóraðila eru núna erlendis, því miður. Það er umhugsunarefni ef við eigum að byggja á erlendri stórfjárfestingu í álverum til að halda uppi atvinnustigi og hagvexti á sama tíma og okkar fyrirtæki fara öll út og freista gæfunnar þar.

En skattprósenturnar eru þar, eins og ég fór yfir með hv. þingmanni, miklu hærri en hér, jafnvel (Forseti hringir.) þótt við færum í þessi 18%.

[20:42]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér var flutt merkileg ræða af hv. formanni Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Ég veit ekki betur en að aðilar á fjármálamarkaði og þjóðarbúið í heild sinni hafi notið útrásar íslenskra fyrirtækja. Hv. þingmaður segist vera á móti því, að það sé mikið áhyggjuefni að íslensk fyrirtæki séu að styrkjast og eflast og skili þar af leiðandi hærri fjármunum inn í íslenskt þjóðarbú.

Hér erum við hv. þingmaður ósammála í grundvallaratriðum. Þegar hann talar um það að fyrirtækin séu að flytja úr landi þá væri trúlega meira um það. Ef skattastefna Vinstri grænna væri við lýði, ekki með 18% tekjuskatti á fyrirtækin heldur örugglega miklu hærri skatti, þá færu fyrirtækin fyrst að flýja land. Ég veit ekki betur en að fyrirtæki séu jafnvel að keppast um að komast inn á þennan markað. Ég veit að hæstv. viðskiptaráðherra hefur verið í samtölum við erlenda aðila sem vilja koma til Íslands.

[20:43]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Stefna ríkisstjórnarflokkanna í skattamálum er nú að koma til framkvæmda af fullum krafti. Því hljótum við að fagna. Í síðustu kosningum snerist kosningabaráttan að stórum hluta um skattalækkunaráform hjá öllum flokkum öðrum en Vinstri grænum. Við hljótum því að fagna því að hér er komið hið ágæta plan um hvernig við ætlum að standa að þessum skattalækkunum á árunum 2005–2007.

Skattalækkanirnar eru eðlilegt framhald af öðrum skattalagabreytingum undanfarinna ára, lagfæringum á skattkerfinu og eðlilegum breytingum. Þær eru eðlilegt framhald af þeim góða hagvexti sem við höfum skapað og auknum þjóðartekjum.

Íslendingar eru dugleg þjóð og vinnusöm. Því er mikilvægt að horft sé til þess að veita vinnandi fólki eðlilegt starfsumhverfi á vinnumarkaði á Íslandi. Það er auðvitað nánast kraftaverk að svo fámennri þjóð skuli hafa tekist að byggja upp slíkt velferðarþjóðfélag hér á Íslandi sem raun ber vitni.

Því er horft til þess í stefnu ríkisstjórnarflokkanna að koma til móts við hinn venjulega vinnandi mann á Íslandi og *hina venjulegu vinnandi fjölskyldu.* Það er sérstaklega horft til þeirra sem eru tekjulægri í þeim hópi. Einnig er horft sérstaklega til fjölskyldufólks og barnafólks. Það er stefna okkar að Ísland sé fjölskylduvænt. Það er okkur öllum til hagsbóta. Það sýnir sig í fleiru en skattalögum. Það sýnir sig í heilbrigðis- og skólakerfinu og það sýnir sig í fæðingar- og feðraorlofi.

Það er vaxandi vandamál hins vestræna heims að dregið hefur úr barneignum og þjóðfélagsþegnum fækkar. Þeim fækkar sem standa undir efnahagskerfinu og sjá um þá sem eru sjúkir og aldraðir. Við erum nokkrir þingmenn nýkomnir frá Japan þar sem við ræddum við japanska þingmenn og það kom mjög skýrt fram hjá þeim að þessi iðnvædda þjóð og þessi stórþjóð með gífurlega stórt og umfangsmikið hagkerfi hefur miklar áhyggjur af fækkun þjóðarinnar. Það kom fram hjá ýmsum þeim þingmönnum sem við ræddum við að það gæti einmitt stafað af því að þjóðfélagið væri ekki nægilega fjölskylduvænt. Ég heyrði það á þingmönnum að þeir vildu virkilega taka til hendinni í þeim efnum.

Það er mikilsvert að þjóðfélagið sé fjölskylduvænt og að við séum stanslaust með það í huga að reyna að bæta þar úr. Það skiptir okkur gífurlega miklu máli að reka fjölskylduvæna stefnu, ekki síst þegar við horfum til framtíðar. Hvernig viljum við að íslenskt samfélag þróist og hvernig á íslenskt samfélag að standast til framtíðar? Því er mikilvægt að draga úr álögum á lágtekju-, millitekju- og fjölskyldufólk og því er nú sérstaklega horft til þeirra hluta í þeim skattalagabreytingum sem við erum að fjalla um hér í dag.

Það sem skiptir hag almennings mestu er að hagstjórnin í landinu sé í traustum og öruggum höndum. Svo hefur verið á undanförnum árum. Ríkisstjórninni, undir traustri forustu Sjálfstæðisflokksins allt frá árinu 1991, hefur tekist að gera íslenska þjóð að einni mestu velferðarþjóð heims. Hin trausta hagstjórn gerir það kleift, ásamt því hversu vel hefur tekist að stækka þjóðarkökuna, að nú er hægt að lækka skatta. Það að tilkynna nú hvernig þær skattalækkanir *dreifast á árin 2005–2007 er einmitt til vitnis um þessa* traustu hagstjórn. Slíkar ákvarðanir stuðla að stöðugleika sem er svo mikilvægur fyrir hagkerfið og auðvitað launafólk í landinu og á þeim forsendum ákveðum við að tilkynna það með þetta löngum fyrirvara hvernig þessar skattalækkanir eiga að koma fram. Þetta ásamt langtímaáætlun í ríkisfjármálum stuðlar allt að stöðugleika sem er okkur öllum svo mikilvægur. Langtímaáætlunin í ríkisfjármálum gerir einmitt ráð fyrir því að hagvöxturinn haldi áfram og að eðlilegu aðhaldi verði beitt þannig að vöxtur í ríkisfjármálum fari ekki upp úr öllu valdi.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um aðhald hér í dag. Sumir hafa jafnvel haldið því fram að aðhald sé það sama og niðurskurður. Því fer fjarri, herra forseti. Því fer svo sannar-

lega fjarri. Aðhald er ekki það sama og niðurskurður. Það er hins vegar skylda allra þeirra sem bera ábyrgð á opinberum rekstri að beita aðhaldi. Aðhald er af hinu góða. Við eigum að nýta skatttekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga, ef því skiptir, þannig að þær nýtist sem best til þjónustu við borgarana. Aðhald og bættur rekstur á því að vera stöðugt viðfangsefni ríkisforstjóra og ég er satt að segja hissa á því hvernig hv. þingmenn hér í salnum amast við auknu aðhaldi í opinberum rekstri. Það hlýtur að teljast eitt af því sem við eigum að hafa í huga alla tíð.

Hæstv. forseti. Um hvað snúast þeir 22 milljarðar sem á að lækka skatta um á næstu þremur árum? Það sem gagnast öllum kemur fram í 1% tekjuskattslækkun á næsta ári og þýðir 4 milljarða kr. tekjulækkun ríkissjóðs á árinu 2005. Gert er ráð fyrir að í heild verði tekjuskattslækkunin 4% fram til 2007 og verði þá í heild 16 milljarða kr. tekjulækkun fyrir ríkissjóð. En þá er jafnframt verið að lækka álögur um þessa upphæð, lækka álögur á vinnandi fólki í landinu um 16 milljarða.

Hækkun persónuafsláttar kemur jafnframt til framkvæmda. Gert er ráð fyrir því að hækkun persónuafsláttar verði um 8%. Þegar tekið er tillit til annarra tekjuskerðingarmarka verður hækkun skattleysismarkanna orðin um 20%, þ.e. úr 71.270 kr. á mánuði og upp í 85.836 kr. og verður hún komin til framkvæmda á árinu 2007.

Barnabæturnar gagnast fjölskyldum og þá best tekjulágum fjölskyldum. Við horfum til þess fjölskylduvæna umhverfis sem við viljum skapa í okkar landi. Þar er um að ræða að á árunum 2006 og 2007 verði útgjöld ríkissjóðs sem þessu tilheyra 2,4 milljarðar.

Þá ber að nefna síðast en ekki síst eignarskattinn. Hann verður afnuminn. Það þýðir að tekjur ríkisins lækka um 3,5–4 milljarða. Það þýðir jafnframt að verið er að falla frá skattlagningu á eignir fólks sem því nemur. Þar er einmitt um það að ræða að eignarskattur skilar sér til þeirra sem eru tekjulágir en eiga hins vegar eignir með háan eignarskattstofn.

Það er einfaldlega ekki réttlátt að fólk greiði skatta af eignum sem það hefur ekki tekjur af — mun eðlilegra kerfi er það að menn greiði fjármagnstekjuskatt ef tekjur koma af eignunum — ég tala nú ekki um fólk sem hefur heldur engar aðrar tekjur eða mjög litlar tekjur af öðrum þáttum svo sem launatekjur eða fjármagnstekjur. Hvaða fólk er þetta? Jú, þetta er einmitt eldra fólk sem á lífssparnað sinn í húsinu sínu, í heimili sínu, en hefur kannski lágar lífeyristekjur. Þetta á einmitt við um nokkurn hluta þeirra sem nú eru á lífeyrisaldri. Því ættum við að skattpína þetta fólk frekar, þessa ágætu borgara sem hafa greitt tekjuskatt af öllum sínum launatekjum á lífsleiðinni?

Hæstv. forseti. Þetta er megininntakið í þeim skattalagabreytingum sem boðaðar eru í þessu frumvarpi. Hagstjórnin hefur verið góð og þess vegna er hægt að lækka skatta. Söngur stjórnarandstöðunnar um tímasetninguna er alltaf til staðar. Stjórnarandstaðan finnur aldrei rétta tímann til þess að fara í skattalagabreytingar.

Við höfum verið að auka kaupmáttinn í landinu. Vinnuframboðið mun aukast með þessum aðgerðum. Í stuttu máli, hæstv. forseti, þá er hér um gott mál að ræða, skattalækkanir sem munu skila sér til vinnandi fólks í landinu. Það er meginatriði.

Hæstv. forseti. Okkur ber að fagna þegar svo er komið að við getum gert slíkar breytingar á skattkerfi okkar.

[20:56]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ýmsir fleiri þingmenn stjórnarliðsins hér við umræðuna í dag reynir hv. þingmaður að gera mikið úr því að eignarskattar séu einkum skattar á tekjulítið fólk og þess vegna beri að leggja eignarskattana af. Þessi málflutningur er fráleitur og full ástæða er til að taka hann upp til sérstakrar umræðu í andsvörum því að auðvitað er eignarskattur stilltur af eins og stjórnvöldum líkar best á hverjum tíma. Vilji menn að menn njóti skattfrelsis undir ákveðnum eignarmörkum, til að mynda sem samsvarar venjulegri íbúðareign, þá geta þeir auðvitað hæglega gert það en skattlagt samt þá sem eru stóreignamenn og sitja hér á tugum, hundruðum og jafnvel þúsundum milljóna króna í eignum.

Meginatriðið er auðvitað það að hér hafa eignir verið skattlagðar með þeim hætti að hin mikla hlutabréfaeign hefur aðeins verið skattlögð á nafnvirði en ekki á markaðsvirði. Því hafa þeir sem hafa hagnast verulega á verðbréfabraski hér á síðustu árum komist undan því að borga eignarskatt. Hins vegar hefur hann vissulega lent með of miklum þunga á talsverðum hópi eldra fólks vegna þess að viðmiðunarmörkunum hefur af hálfu ríkisstjórnarinnar verið hagað þannig að skatturinn hefur þannig komið niður. Það er ekki réttlæting fyrir því að afnema skatta á eignir manna. Það getur verið full ástæða til þess að þeir sem eiga miklar eignir og hafa raunverulega breiðu bökin eigi að bera kostnaðinn en það eigi ekki að taka peningana úr vaxtabótunum hjá unga skuldsetta fjölskyldufólkinu til þess að fjármagna afnám eignarskatta þeirra sem vissulega geta og eiga að standa hér undir velferðarkerfinu umfram aðra.

[20:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eignarskattar eru í eðli sínu afskaplega óréttlátir skattar ef þær eignir sem eru andlag eignarskattsstofnsins skila ekki neinum tekjum, hvers konar eignir sem um er að ræða.

Við hljótum að vilja að skattborgararnir skili eðlilegum hluta af tekjum sínum til samneyslunnar. Það að heimta skatta af eignum sem ekki skila arði, sem ekki skila tekjum, er fráleitt. Við höfum skattkerfi sem tekur á því. Við höfum fjármagnstekjuskattinn. Verði tekjumyndun af þessum eignum þá auðvitað skilar það fjármagnstekjuskatti. En eignarskattur er alltaf í eðli sínu óréttlátur skattur, hvernig sem á hann er litið og á ekki að eiga sér stað.

[20:59]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þó að taka megi undir það að eignarskattur hafi verið stilltur þannig af hér að hann hafi lent á fólki sem ekki á miklar eignir heldur kannski bara sem samsvarar venjulegri íbúð þá þýðir það ekki að eignarskattur sé þar með í eðli sínu óréttlátur. Fjarri lagi og fráleit staðhæfing hjá hv. þingmanni. Auðvitað er það ekkert fjarri

lagi að einstaklingar sem eiga 100 milljónir, 500 milljónir, 1.000 milljónir eða 2.000 milljónir borgi 0,6% af þeim eignum sínum í sameiginlega velferð landsmanna. Það er bara ekkert óréttlátt við það. Og að vísa til fjármagnstekjuskattsins sem einhvers aflátsbréfs fyrir þessa stóreignamenn og sérstaka ástæðu fyrir því að alls ekki eigi að skattleggja eignir þeirra er auðvitað bara hlálegt því að fjármagnstekjuskatturinn er jú ekki neitt neitt, hann er 10%. Látum það kannski vera ef menn ákvæðu að fella niður eignarskatta upp á 2,7 milljarða og hækkuðu fjármagnstekjuskattinn til þess að fjármagna þá lækkun á móti þannig að stóreignafólkið í landinu stæði áfram undir sömu hlutdeild í velferðinni. En það er nú aldeilis ekki. Nei, afnám eignarskattsins er fjármagnað með því að skerða vaxtabæturnar í skattkerfinu sem eiga að renna til skuldugasta fólksins í landinu, fjölskyldufólksins sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Það er skorið um 600 milljónir í ár, 900 milljónir á næsta ári, 900 milljónir árið þar á eftir, um alls 2,5 milljarða kr. til að fjármagna afnám eignarskattsins árið 2006. Þannig er forgangsröðun ríkisstjórnarinnar fyrir eignafólkið en andstæð skuldugu, ungu fjölskyldufólki í landinu.

[21:01]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Rétt til að byrja með fór hv. þingmaður nokkuð frjálslega með það hvernig breyta ætti vaxtabótunum. Á næsta ári er (**HHj:** Það voru 600 millj. í ár.) gert ráð fyrir 300 millj. kr. niðurskurði. (**HHj:** ... 900 millj. samtals, fara rétt með ...) Hæstv. forseti. Þegar við tölum um eignarskattana er greinilegt að við hv. þingmaður getum bara ekki orðið sammála um þessa hluti. Mér finnst vera grundvallaratriði að eignir skili arði, skili tekjum til að hægt sé að heimta skatt af þeim eignum. Það verður að fara þá leið að þær hafi einhvern arð, einhverjar tekjur til þess að af þeim sé hægt að greiða skatta. Við getum alveg haft mismunandi skoðanir á þessu og mér sýnist á umræðunni að við verðum seint sammála um þetta, en að mínu mati og míns flokks þá er þetta grundvallaratriði sem skiptir máli sem réttlætismál og líka sem hagstjórnarmál. Ef við heimtum skatta af eignum sem ekki skila arði munu þær eignir einfaldlega falla í verði og þau áhrif sem það hefur á hagkerfið eru einfaldlega ekki góð. Við eigum að haga málum þannig og skattheimtunni í landinu að hjól efnahagslífsins geti snúist með eðlilegum hætti. Það gerum við ekki nema þær eignir sem við eigum, sem almenningur á, sem fyrirtæki eiga, geti skilað arði og geti þá skilað einhverju inn í samneysluna.

[21:04]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta er orðið nokkuð löng umræða en málið er stórt, ég ætla ekki að gera lítið úr því, og mér finnst því full ástæða til að segja hér fáein orð. Þetta er ekki eitt af málum ríkisstjórnarinnar, þetta er kosningamálið, aðalkosningamál ríkisstjórnarinnar og löngu boðuð tíðindi sem hér eru á ferðinni og margt merkilegt er auðvitað hægt að segja um það.

Það eru í raun og veru fjögur mál sem hér er aðallega um að ræða, að mér finnst. Það er hækkun persónuafsláttarins sem mér finnst kannski vera það sem ég vil helst taka undir af því sem hér er sett fram. Það eru barnabæturnar sem er auðvitað löngu tímabært að gerð verði breyting á, enda hefur núverandi ríkisstjórn gengið langt fram úr hófi í því að skerða þær á undanförnum árum. Síðan er það tekjuskattsbreytingin sem í sjálfu sér er miklu meira umdeiluefni en þau tvö sem ég nefndi á undan. Og loks vil ég telja með hátekjuskattsbreytinguna sem hefur að vísu verið samþykkt áður en er auðvitað hluti af þeirri skattastefnu sem hér er um að ræða.

Af því að hv. þm. Pétur Blöndal er kominn í gættina vil ég nefna að hann hefur lýst yfir miklum fögnuði hér oft í dag með frumvarpið (**PHB:** Og ástæða til.) og mig undrar það svo sem ekki, vegna þess að hv. þingmaður hefur barist fyrir skattalækkunum frá því hann kom inn á þing og kannski löngu áður en það varð.

Hægt er að hafa margar skoðanir á því í hvaða röð eigi að vinna slík mál. Ég hef þá skoðun að ríkisstjórnin sé að fara ranga leið í þessu máli. Í fyrsta lagi finnst mér hún ekki fara tæknilega rétt að málinu. Mér finnst ekki rétt að setja í lagatexta og setja lög á Alþingi um að þessar breytingar gangi allar fram hvað sem á gengur í samfélaginu. Mér finnst að það hefði verið alveg nóg að ríkisstjórnin hefði gefið yfirlýsingu um að hverju hún stefndi og framkvæmdi það síðan í áföngum og veldi þau skref af kostgæfni ár hvert sem hægt væri að taka. En hér er verið að efna kosningaloforð og ekki bara það, verið er að efna samkomulag um ríkisstjórn. Þess vegna þarf að lista þetta allt saman upp, allt skal vera skjalfest sem gera á. Þetta er svona einna líkast því þegar fer að kólna milli hjóna en þá eru stundum gerðir kaupmálar, allt skrifað niður hvernig skuli skipt. Ríkisstjórnin virðist hafa þurft á því að halda að allt væri skjalfest og sett yrðu lög um allt heila klabbið og ekki neitt látið niður falla. Þó hefur ekki allt skilað sér af því sem menn ætluðu. Hvar er virðisaukaskatturinn sem Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að breyta? Hann hefur ekki komið hér fram. Barnakortin eru ekki á dagskrá og ótekjutengdu barnabæturnar upp að 16 ára aldri eru ekki heldur hér á ferðinni. Svo eitthvað hefur vantað upp á, en það liggur fyrir um hvað náðist samkomulag og það skal gert hvað sem tautar og raular.

Ég er ekki að mæla á móti því að menn standi við kosningaloforð sín (**PHB:** Stefnufesta.) en stefnufestan má ekki vera á kostnað skynseminnar. Ég hef sagt það hér áður að stundum standa flokkar frammi fyrir því. Mér sýnist Sjálfstæðisflokkurinn standa frammi fyrir því að standa annaðhvort við kosningaloforð sín eða yfirlýsingarnar um að stunda ábyrga fjármálastjórn í fjármálum ríkisins. Það kann að vera að menn þurfi að standa frammi fyrir því áður en kjörtímabilið líður vegna þess að hér er teflt á tæpt vað, 22 milljarðar á ári a.m.k. samkvæmt bestu manna yfirsýn og allt á spádómum byggt.

Við höfum fylgst með því hvernig hagfræðingar og aðrir slíkir þjóðfélagsspekúlantar hafa spáð fyrir um hver framvindan yrði á næsta ári eða næstu missirum og það hefur stundum skeikað miklu hver hefur svo orðið niðurstaðan, hvað þá heldur þegar menn eru farnir að spá út allt kjörtímabilið eins og núna, þrjú ár fram í tímann. Það er allt óhætt samkvæmt því sem hér stendur.

Við vitum að spennan í samfélaginu getur varað lengur

en gert hefur verið ráð fyrir fram að þessu og þá er líka umhugsunarefni hvort það er á hana bætandi með þeim hætti sem hér er verið að gera. Ég spyr vegna þess að eins og venjulega virðast menn fyrst finna framkvæmdir í vegamálum til að skera niður og minnka, og þegar við bætast viðbótarframkvæmdir fram yfir þær sem gert hefur verið ráð fyrir fram að þessu gætum við staðið frammi fyrir því að það yrði gert verulega minna í vegamálum til framtíðar en verið hefur fram að þessu. Mér finnst það vera hrollvekjandi tilhugsun ef svo verður, a.m.k. hvað varðar kjördæmið sem ég er þingmaður fyrir.

Síðan er auðvitað hvernig þessu hefur verið skipt. Það er bara eins og það hefur verið, það er allt á sömu bókina lært. Ríkisstjórnin hefur séð til þess að þeir sem hafa haft það best í samfélaginu hafa fengið mest til sín. Það er engin breyting í heildina á þeirri niðurstöðu sem hér liggur fyrir hvað það varðar. Niðurstaðan er sú að við sem erum með tekjur sem alþingismenn eða aðrir slíkir, fáum margfaldar skattbreytingar í okkar vasa miðað við þá sem eru með lægri tekjur.

Mér finnst þess vegna þrátt fyrir allt sem framsóknarmenn hafa látið út úr sér, þó að þeir hafi ekki talað margir, að það sé Sjálfstæðisflokkurinn sem hafi ráðið ferðinni og hann hafi unnið hér einhvern sinn stærsta happdrættisvinning. Hann hefur náð fram breytingu í skattamálum sem aldrei fyrr, meira að segja því að eignarskattarnir eru gjörsamlega lagðir af. Ég er viss um að suma af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins og kannski marga, óraði aldrei fyrir því að þeir mundu ná því í gegn að leggja af eignarskatta í landinu eins og þeir leggja sig. Ég held að það hafi kannski ekki verið það líklegasta hér að sú yrði niðurstaðan eins og nú liggur fyrir.

Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Helgi Hjörvar benti á í andsvari áðan, að það er ekkert sjálfsagt mál að þeir sem eiga gríðarmiklar eignir komi ekki til með að láta neitt til samfélagsins. Það stendur meira að segja upp úr þeim sumum hverjum á góðum stundum að það eigi að vera hlutverk þeirra en þeir þurfi helst að velja það sjálfir í hvaða verkefni þeir beini fjármunum sínum í samfélaginu. Það er önnur saga.

Það þyrfti kannski að svara þeirri spurningu hvort þetta sé skynsamlegt núna. Ég tel að það sé skynsamlegt frá hendi ríkisstjórnarinnar að lýsa yfir stefnu sinni. Mér finnst hins vegar ekki skynsamlegt að ganga frá málum með eins endanlegum hætti og hér er gert. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst afar óskynsamlegt af ríkisstjórninni að ögra millitekju- og lágtekjufólki og aðilum vinnumarkaðarins með þeim hætti sem hér er gert.

Það er nýbúið að skrifa undir samninga við grunnskólakennara en ekki liggur fyrir hvort þeir verða samþykktir af kennurunum. Þeir samningar eru þrátt fyrir óánægju grunnskólakennara að gefa töluverða hækkun, miklu meiri hækkun en samið var um á almenna vinnumarkaðnum í fyrra. Á undanförnum árum hefur það verið hlutverk ASÍ, BSRB og almennra aðila á vinnumarkaðnum að halda uppi því sem menn kalla stöðugleika í landinu. Það þarf að verja þann stöðugleika.

Er þetta útspil inn í það að verja stöðugleikann? Ég segi að þetta er ekki útspil inn í það, einfaldlega vegna þess að þarna er verið að skila margfalt ríflegar fjármunum til þeirra sem hafa miklu meiri tekjur en til hinna. Það kallar á viðbrögð frá þeim sem eiga að fara með mál fyrir hönd verkalýðsfélaganna í landinu að rétta þetta af og semja með tilliti til þess sem hér er búið að ákveða að gera.

Það verður auðvitað verkefni verkalýðsfélaganna að ná fram kjarabótum til að rétta það af sem hallast á hér á Alþingi. Það getur ekki verið að verkalýðsfélögin þoli endalaust að mokað sé öðrum megin á vogina eins og gert hefur verið fram að þessu.

Svo er annað sem mér finnst að hefði þurft að liggja fyrir og að ríkisstjórnin hefði þurft að gera um leið og hún tók ákvarðanir um það hverju hún ætlaði að stefna að í skattamálunum og það er hvernig ætti að leysa úr skattamálum fyrir sveitarfélögin. Er þessi 4% tekjuskattslækkun sem hér liggur fyrir kannski öðrum þræði hugsuð sem svigrúm fyrir sveitarfélögin til að fá hækkun á útsvarinu? Ég held að menn þurfi e.t.v. að standa frammi fyrir því að fleiri sveitarfélög en Reykjavíkurborg þurfi að hækka gjöldin sín og fá hærra útsvar. Kannski stendur ríkisstjórnin og Alþingi frammi fyrir því að auka svigrúm þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa það, eins og þó Reykjavíkurborg hefur, til að fá auknar tekjur. Kannski hefur það verið hugsunin hjá ríkisstjórninni að með þessari 4% tekjuskattslækkun yrði búið til svigrúm handa sveitarfélögunum til að hækka útsvarið. Það væri gott að fá svar við því hér, eða hvað það er sem menn ætla þá að gera annað til að koma til móts við sveitarfélögin.

Ég nefndi áðan samgöngurnar. Hvar kemur annars aðhald fram, eins og það hefur verið kallað hér í dag, í ríkisrekstrinum? Stærstu fjármunirnir sem þar hafa verið nefndir eru í sambandi við samgöngur. Annars virðist aðhaldið fyrst og fremst beinast að því að halda aftur af auknum útgjöldum til heilbrigðismála. Mér finnst að á sama tíma og við fjöllum um 22 milljarða lækkun skatta sé nánast ömurlegt að heyra kvein utan úr samfélaginu um að ekki sé hægt að reka sjúkrastofnanir og það þurfi að fara að stöðva af þjónustu við þá sem ömurlegast hafa það í samfélaginu.

Við sáum yfirlýsingarnar frá forsvarsmanni SÁÁ og við höfum séð þær vegna sjúkrastofnananna, t.d. Landspítalans. Við höfum séð auglýsinguna sem öryrkjar hafa birt núna til að minna á sig og að ekki hefur verið staðið við samningana við þá.

Mér finnst menn þurfa að hafa þetta allt saman í huga þegar þeir taka ákvarðanir sem eru svona stórar í sniðum. En þá er þetta skilið eftir. Það er undarlegt að þegar svo stórir hlutir eru uppi á borðinu eins og þessi skattamál skuli menn ekki um leið gera grein fyrir því hvað standi til að gera vegna sveitarfélaganna.

Það er auðvitað, eins og ég sagði hér í upphafi, svo sem gleðilegt og gott mál að menn sjái möguleika á skattalækkunum og sumt af þessu er alveg viðunandi, það sem hér er verið að gera, eins og ég sagði áðan. Ég ætla ekki að hafa hér langa ræðu. Mér finnst það samt þurfa að vera lokaorð mín að mér finnst ömurlegt að menn sem vilja fylgja fram þeirri skattastefnu sem hér er boðuð skuli vilja halda áfram að skattleggja nánast eyri ekkjunnar. Það er þannig, hvernig sem á það er litið.

Mér fannst dálítið athyglisvert að hlusta á umræður hér í

dag þar sem t.d. hv. þm. Pétur Blöndal spurði ítrekað hvort menn ættu ekki tekjurnar sínar. Það væri ástæða til að spyrja á móti: Ef menn líta svo á að allir eigi að standa jafnir gagnvart skattinum, hvað hefði þá verið hægt að leggja á menn hvað skatta varðar? Áttu þá allir að borga jafnt, hversu lítið eða mikið þeir höfðu þénað?

Auðvitað hefði aldrei verið hægt að byggja upp það samfélag sem við höfum hér öðruvísi en að leggja skatta á þá sem geta borgað. Það er lítið gagn að því að leggja skatta á hina sem ekki geta það. Mér finnst það orðin svolítið skrýtin umræða um skattamál ef hún á að ganga út á það að allir verði að vera jafnir fyrir þeim.

Auðvitað er hægt að líta á þetta mál ýmsum augum. En ég legg áherslu á að íslenskt samfélag hefur verið byggt á því að hér væri samfélag sem hefði samúð með þeim sem minna mega sín og þess vegna hlytu menn að þurfa að sjá til þess að þeir sem hafa lágar tekjur hafi eðlilegt lífsframfæri, og til þess að það sé hægt þurfa þeir sem hafa hærri tekjurnar að borga meira. Það að menn hafi ekki hvatningu til að þéna vegna skattpíningar á Íslandi gef ég nú ekki mikið fyrir. Ég tel að skattáþján á Íslandi sé ekki svo mikil að hún hafi staðið í vegi fyrir því að menn ynnu fyrir sér, það er af og frá.

Einu dæmin sem ég tel raunhæf um það að skattastefna hafi haft áhrif á tekjuöflun manna eru þegar fólk hefur svo lágar tekjur að bætur sem það fær eru litlu lægri og hafa orðið til þess að fólk hefur ekki haft nokkurn skapaðan hlut út úr því að vinna. Þá hefur það getað orðið til þess að fólk hefur dregið úr eða hætt að vinna. En það að menn sem þéna vel hafi dregið úr vinnu vegna skattáþjánar er fátítt á Íslandi.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Við fáum tækifæri til að ræða málið síðar. Ég endurtek bara í lokin að mér finnst að ríkisstjórnin hafi sýnt ákveðinn veikleika með því að þurfa að negla þetta allt saman svona niður og að hún hafi í raun og veru opinberað það að það hafi þurft að skipta þessu gjörsamlega á milli flokkana, skrifa það allt á blað og koma því í gegnum þingið. Menn hafa ekki treyst hverjir öðrum til þess að gera þetta eðlilega, þ.e. í áföngum þar sem menn hafa verið búnir að sjá fyrir hvað væri hægt að gera. Menn sjá ekki fyrir í dag hvað hægt er að gera eftir þrjú ár, hvort þá verður óhætt að taka 22 milljarða frá ríkissjóði. Það vita menn ekki núna.

[21:24]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að ríkisstjórnin ætti að gefa yfirlýsingu í staðinn fyrir að festa þetta niður í lögum og nefnir í því sambandi kaupmála milli hjóna sem settur sé á þegar kólna fer á milli hjónanna. Sennilega er kaupmáli í 99% tilfella gerður fyrir giftinguna til þess að hafa alveg á tæru hvernig skiptin verða, ef til þeirra kemur, til að hjónabandið geti nú gengið vel og að allir séu meðvitaðir um hvernig eignum skuli skipt.

Til þess erum við yfirleitt að setja þessi lög, ef Alþingi samþykkir þau, að allt sé á hreinu um hvernig málin ganga fram, til að allir viti að hverju þeir ganga og að ekki séu nein lausatök neins staðar. Launþegar vita að þeir fá þessa skattalækkun, kennarar þar á meðal. Með 1% sparar kennarinn sér 30 þús. kr. á ári. Það er líka peningur. Við 2% lækkun eru það 60 þús. kr. og að lokum fær kennarinn, sem er með 250 þús. kall á mánuði, 120 þús. kr. á ári í skattalækkun við 4% lækkun. Það er líka peningur, herra forseti, og ánægjulegt.

Hv. þingmaður talar um að hátekjufólkið fái sérstaklega mikið og láglaunafólkið fái lítið. Mig langar til að spyrja: Eru lág laun einhvers konar persónueinkenni, óumbreytanleg? Getur maður sagt: Hann er bláeygur og láglaunamaður? Auðvitað getum við breytt því og hver maður á að geta breytt því og menn eiga að geta fengið hærri tekjur. Markmið okkar er að fólk sé með háar tekjur og sé hvatt til þess að hafa háar tekjur. Til þess erum við að lækka skattana að það sé hvatning fyrir almenning til að fá háar tekjur.

Það var sérstaklega gaman að heyra hv. þingmann tala um eyri ekkjunnar. Við erum einmitt að lækka eignarskatt, fella niður skatt af ekkjunum, ekkjunum sem sitja í stóru eignunum. Við erum að hætta að hirða af þeim eyrinn.

[21:26]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Núverandi ríkisstjórn hefur látið það gerast á sínum ferli að fólk með lægri og lægri tekjur er farið að borga skatta. Þetta er fyrsta viðleitnin sem við sjáum til þess að breyta aðeins út frá því, hækkun persónuafsláttarins núna. Það er samt verið að borga skatta af ótrúlega lágum launum.

Mér finnst að þetta ríka samfélag hafi í nóga sjóði að sækja aðra en vasa láglaunafólks. Þó að það geti vel verið að fólk með húseignir — og þar vísa ég til umræðu sem fór fram hér áðan — fái eitthvað út úr því núna að eignarskatturinn sé lagður af er það einfaldlega vegna þeirrar stefnu sem hefur verið rekin. Auðvitað hefði verið hægt að sjá til þess að dregið væri frá fólki sem á húseignir þannig að menn væru ekki að borga af einhverri venjulegri húseign. En hér er ekki verið að gera það. Hér er verið að leggja eignarskattinn gjörsamlega af og fyrir það er út af fyrir sig ekki nein sérstök þörf. Þeir sem eiga miklar eignir geta vel borgað eitthvað af þeim.

Hv. þingmaður talaði um að það hefði þurft að hafa þetta allt á hreinu og nú sé þetta allt á hreinu. Auðvitað er þetta ekkert allt á hreinu. Það liggur alls ekkert fyrir að þeir útreikningar sem menn hafa fyrir framan sig til þess að taka ákvarðanirnar muni standast þegar á reynir. Hver veit hvort ríkissjóður þoli 22 milljarða kr. rýrnun eftir þrjú ár? Það veit ég ekki og ekki heldur hv. þm. Pétur Blöndal.

[21:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Allar spár ganga út á það að á næstu árum verði mjög mikil uppsveifla í íslensku atvinnulífi, hagvöxtur mikill, mikil hækkun tekna og þar með tekna ríkissjóðs. Þess vegna er alveg lag til þess að minnka skattbyrði almennings og halda engu að síður uppi góðu velferðarkerfi. Þetta held ég að flestir séu sammála um.

Hv. þingmaður talar líka um það að borgaðir séu skattar af ótrúlega lágum launum. Samt er í fáum löndum jafnhátt frítekjumark og á Íslandi. Það er ekki þannig t.d. í Skandinavíu, þar borga menn skatt af miklu lægri launum.

Hann talaði líka um að það væri hægt að slá af í þessu ríka samfélagi. Það er aldeilis ánægjulegt að við skulum vera með svona ríkt samfélag. Af hverju skyldi það vera? Vegna þess að ríkisstjórnin hefur tekið meðvitað stefnu um að létta álögum af fyrirtækjum þannig að þau geti greitt hærri laun og að í þeim sé meiri velta. Hún hefur lagt sérstaka áherslu á það að lækka skattheimtu til að örva atvinnulífið. Þess vegna getum við talað um ríkt samfélag, herra forseti. Þess vegna getur hv. þingmaður talað um það.

Varðandi eignarskattinn hefur það verið nefnt í umræðunni að fólk borgar fjármagnstekjuskatt af tekjum af eignum. Það er óeðlilegt að menn geri hvort tveggja, borgi skatt af tekjum af eignum og auk þess eignarskatt, fyrir utan það að eignir eru myndaðar af tekjum sem búið er að borga tekjuskatt af. Fyrir utan það að eignarskattur er lagður á eignir sem eru afrakstur sparnaðar yfirleitt og við viljum örva sparnaðinn en ekki letja hann.

[21:31]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að blanda mér í þá umræðu sem hefur átt sér stað í dag um frumvarp ríkisstjórnarinnar, skattalækkunarfrumvarpið svokallaða, vegna þess að ég vil nota tækifærið og hrósa ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum fyrir að leggja málið fram. Þetta er líklega eitthvert besta og mikilvægasta þingmál sem fram hefur komið á Alþingi frá því síðustu kosningum lauk og hefur í för með sér miklar framfarir fyrir fólkið í landinu. Þetta er með öðrum orðum verulega gott mál og ættu allir að geta sammælst um það.

Verið er að auka kaupmátt fólksins í landinu. Verið er að auka ráðstöfunartekjur hins almenna launamanns og hins venjulega Íslendings. Það er alveg ótrúlegt að þegar ríkisstjórnin leggur til slíkar breytingar sjá sumir nánast ekkert gott við þær. Ég er að tala um þig, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hv. þingmaður hefur komið upp ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, Jóhanni Ársælssyni og fleirum (Gripið fram í.) og nefnt að ekki sé rétt að lækka skattana á fólkið í landinu. Það sé ekki rétt að auka kaupmátt fólksins í landinu. Þessir menn eru á móti fólkinu í landinu, leyfi ég mér að segja. Þeir eru á móti hinum almenna launamanni sem hefur barist fyrir því að kjósa þá flokka sem nú halda um stjórnartaumana, sérstaklega með það að markmiði að lækka skatta. (**Gripið fram í:** Það er enginn að horfa á þig.) Þeir reyna að koma í veg fyrir að venjulegt fólk fái að ráðstafa þeim tekjum og þeim launum sem það vinnur sér fyrir í ríkari mæli en við höfum áður séð.

Ég man eftir því þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson tók okkur nokkra nýliða á þingi í gegn á fyrstu dögum þingsins. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Hélt því fram að við hefðum riðið inn á þingið með skattalækkunarloforð upp á vasann og gagnrýndi okkur fyrir að berjast ekki fyrir lækkun á sköttum, (**Gripið fram í:** Er þetta ekki Framsókn að þakka?) heldur legðum við lóð okkar á vogarskálarnar til að skattar yrðu hækkaðir. Svo lokar hv. þingmaður hurðum þegar hann heyrir þann sem hér stendur segja sannleikann. Ég verð að segja að ég sakna þess verulega að hv. þingmaður komi upp, jafnvel þó svo hann komi upp í andsvari við mig, og færi mér árnaðaróskir með að skattalækkunartillögurnar séu komnar fram. Hann má þakka fyrir það. (Gripið fram í.) Ég á minn þátt í þessum tillögum, já.

Mér finnst þessi málflutningur og þessi neikvæðni, verð ég að segja, afar furðuleg vegna svona jákvæðra breytinga í skattkerfinu og boðaðar eru með frumvarpinu.

Ég ætla ekki að víkja að öllum þáttum frumvarpsins, heldur koma aðeins að tekjuskattsþætti þess og sömuleiðis niðurfellingu eignarskattsins, vegna þess að ég tel að þau tvö atriði skipti hvað mestu máli.

Eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði í ræðu sinni þegar hann mælti fyrir frumvarpinu felur það í sér að verið er að greiða arð til almennings. Menn hafa hag af hagstjórn á Íslandi. Frá árinu 1991 hafa skapast skilyrði til þess að færa fólkinu í landinu þá fjármuni sem við höfum unnið okkur inn með skynsamri hagstjórn.

Þetta eru afar jákvæðar breytingar. Ég veit ekki hvort menn átti sig á því að við erum að leggja til að gerðar verði slíkar breytingar á lögunum um tekju- og eignarskatt, að þau muni ekki heita lengur lög um tekju- og eignarskatt, heldur bara lög um tekjuskatt, vegna þess að frumvarpið felur í sér að í fyrsta skipti í býsna langan tíma verða ekki innheimtir eignarskattar af fólkinu í landinu. Þetta er mjög mikilvægt, ekki bara fyrir ráðstöfunarfé fólks heldur fyrir þjóðfélagið og hagkerfið.

Við verðum að athuga að á Íslandi eru ekki bara fyrirtæki sem eru í samkeppni við önnur erlend fyrirtæki. Ísland er í samkeppni við aðrar þjóðir, ekki bara um að fá hingað fyrirtæki og fólk, heldur erum við líka að berjast fyrir því að mennta fólk og halda því í landinu og skapa hér verðmæti. Það er náttúrlega best gert með því að fólk hafi tækifæri til þess að láta gott af sér leiða og framleiða einhver verðmæti, bæði fyrir sig og þjóðfélagið. Það er því alveg ljóst að eftir því sem jarðvegurinn er betri fyrir fólk í landinu gerir það landið samkeppnishæfara gagnvart öðrum löndum. Að þessu eigum við að stefna og það er gert í frumvarpinu.

Farið hefur verið yfir það af öðrum fylgismönnum frumvarpsins að það felur í sér lækkun á tekjuskatti og reyndar öðrum sköttum. Það hefur verið sýnt fram á það með góðum rökum að skattalækkunin muni gagnast öllum landsmönnum vel. Hún eykur kaupmátt fólks og það er fagnaðarefni fyrir okkur sem viljum lækka skatta. Sama má segja um afnám eignarskattsins, sérstaklega fyrir eldra fólk og ellilífeyrisþega, sem margir hverjir eru hættir að vinna og hafa þar af leiðandi lágar tekjur en sitja í skuldlausum eignum sem er þeirra lífeyrir og menn hafa komið sér upp í gegnum tíðina, en hafa þurft að greiða skatta af lífeyrinum vegna álagna sem eignarskatturinn kveður á um.

Ég verð að segja að eignarskatturinn eins og hann hefur verið er einhver ósanngjarnasta skattheimta sem ríkið stendur fyrir samkvæmt núgilandi löggjöf. Hvernig má það teljast sanngjarnt að maður sem hefur unnið alla sína hunds- og kattatíð við að reyna að koma sér upp húsnæði, hefur aflað sér tekna og greitt skatt af tekjum sínum, byggt sér hús og greitt söluskatt í gamla daga en nú virðisaukaskatt af byggingarefni hússins, og loksins þegar hann er búinn að koma sér þaki yfir höfuðið og greiða niður áhvílandi lán er hann skattlagður ofan á allt saman fyrir að eiga eignina.

Það er þetta sem ég á við, herra forseti, þegar ég held því fram að eignarskatturinn er einhver ósanngjarnasti skattur sem fyrirfinnst í íslenska skattkerfinu. Það er sérstakt fagnaðarefni að hann verði afnuminn með frumvarpinu.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem hafa tekið þátt í umræðunum hafa sagt að þær breytingar sem frumvarpið mæli fyrir um lýsi kolrangri forgangsröðun og varpi ljósi á ranglæti ríkisstjórnarinnar í garð einstaklinganna. Þetta er nú dálítið sérstök skoðun. Ranglátt að mati stjórnarandstöðunnar að ríkisstjórnin ætli að lækka skatta á fólkið í landinu, leyfa því frekar að ráða því hvernig það ver sjálfsaflafé sínu, frekar en að hv. þingmenn, Össur Skarphéðinsson og fleiri sem hér eru, seilist ofan í vasa borgaranna. Ég get ekki séð að það sé nokkurt ranglæti falið í þessu, heldur sé þetta fyrst og fremst afar jákvæð þróun.

Svo er því haldið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar að breytingarnar séu glapræði við þær aðstæður sem nú eru uppi. Að það sé glapræði að lækka skatta. Við höfum heyrt hv. þm. Steingrím J. Sigfússon segja það, ekki bara í umræðum heldur líka í opinberri umræðu í fjölmiðlum. Þær munu kynda undir viðskiptahalla, leiða til aukinnar verðbólgu og guð má vita hvað. Þegar maður hlustar á þennan málflutning mætti halda að menn væru að fara með þjóðfélagið til fjandans með því að lækka tekjuskatta einstaklinga um 4% og fella niður eignarskatt og grípa til annarra þeirra aðgerða sem fram koma í frumvarpinu. Af hverju geta menn ekki, þó þeir séu í stjórnarandstöðu, séð sóma sinn í því að hæla því sem vel er gert og tekið undir það. Hvernig dettur fólki í stjórnmálum sem starfar á Alþingi í hug að halda því fram að slíkar breytingar feli í sér ranglæti? Ég ráðlegg þessum tilteknu herramönnum að tala við auglýsingastofurnar sínar sem þeir hafa treyst svo hressilega á í gegnum tíðina í pólitík sinni og velta því fyrir sér hvort þetta sé nú skynsamlegt.

Af því ég nefndi verðbólguna hafa menn verið að tala um að óskynsamlegt sé að lækka skatta vegna þess að það kunni að leiða til hækkunar á verðbólgu. Þetta hefur heyrst frá forustumönnum stjórnarandstöðuflokkanna. Kannski er rétt að fara yfir það, eins og einhverjir vita, að verðbólga myndast þegar verð á vöru og þjónustu er hækkuð. Það gerist fyrst og fremst þegar kostnaður fyrirtækja hækkar og þau velta þeim kostnaðarhækkunum út í verðlagið. Slíkt leiðir til verðbólgu.

Skattalækkanir hækka engan kostnað. Þær valda að vísu því að fólk á meiri pening og hefur meiri pening á milli handanna. Við það eykst hugsanlega eftirspurn. En á flestum sviðum, a.m.k. þar sem virk samkeppni ríkir, eykst framboð á móti án þess að það leiði til sérstakra kostnaðarhækkana. Aðeins þar sem framboðið er takmarkað er kannski hætta á verulegum kostnaðarhækkunum. Það er dálítið furðulegt þegar maður hlustar á varnaðarorð manna í stjórnarandstöðunni sem hafa tekið þátt í umræðunni, hvað þeir eru ótrúlega smeykir við verðbólguáhrif af 4% skattalækkun en hafa engar áhyggjur af u.þ.b. 30% kauphækkun einstakra stétta í þjóðfélaginu. Það skiptir þá allt í einu engu máli. En 4% skattalækkun er stórhættuleg.

Ég kannast reyndar ekki við, herra forseti, að margir málsmetandi menn í þjóðfélaginu hafi tekið undir þennan málflutning stjórnarandstöðunnar um að skattalækkanir séu af hinu slæma og kunni að leiða til verðbólgu.

Ég hef meira að segja heyrt ýmsa hagfræðinga og aðra fræðimenn og jafnvel þátttakendur í atvinnulífinu tjá sig um þessi mál og þar á meðal um gagnrýni formanna stjórnarandstöðuflokkanna. Ég leyfi mér að nefna það sem dæmi að Guðmundur Ólafsson hagfræðiprófessor taldi það fráleitt og að það styddist ekki við neinar hagfræðikenningar að hagkerfið mundi brenna yfir eða það mundi leiða til aukins viðskiptahalla og verðbólgu að lækka skattana um 4%. Þetta væru pólitískar yfirlýsingar sem stæðust ekki þegar menn skoðuðu málið í heildarsamhengi, þær væru einfaldlega ekki nógu miklar, ekki nógu stór hluti af öllu efnahagskerfinu til þess að þær mundu leiða til slíkrar dómadagsniðurstöðu eins og formenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa haldið fram.

Ég ætla að leyfa mér líka að vísa í það sem Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði í viðtali í Morgunblaðinu í gær í tilefni af því frumvarpi sem hér er til umræðu. Hann mælti nefnilega nokkuð viturlega þegar hann sagði, með leyfi forseta:

„Manni kemur það nokkuð spánskt fyrir sjónir að sumir telji það vera mjög glannalegt að auka almennan kaupmátt á næstu árum um fjögur og hálft prósent með skattalækkunum. En sömu aðilar telja eðlilegt að það verði tuga prósenta launahækkanir á vinnumarkaðinum.

Ég held að það sé alveg augljóst að sá kaupmáttur sem fólk fær með skattabreytingum veldur ekki meiri þenslu heldur en sá kaupmáttur sem fólk fær út úr kauphækkunum.

Með sama hætti má fjalla um skattheimtu og ríkisútgjöld. Menn tala um að það sé mikill þensluvaldur ef fleiri krónur eru skildar eftir hjá fólkinu sem vinnur fyrir þeim en að þessar krónur muni ekki valda þenslu ef þær verða teknar í skatta og nýttar af ríkinu í gæluverkefni og áhugamál sem þessir sömu menn hafa sem gagnrýna þetta. Mér finnst það vera pólitískt sjónarmið en ekki hagfræðilegt að gefa sér slíkt. Það er ekkert hægt að útiloka að fólkið fari skynsamlegar með féð en ríkið. Það gæti t.d. tekið upp á því að spara meira eða greiða niður skuldir."

Herra forseti. Þetta er hárrétt og einmitt kjarninn í því sem ég hef verið að segja og fleiri fulltrúar stjórnarflokkanna í þessum umræðum. Formenn stjórnarandstöðuflokkanna og fulltrúar þeirra hafa hins vegar haldið öðru fram og enginn í þjóðfélaginu hefur verið tilbúinn til þess að taka undir það.

Fyrst að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er kominn í salinn ætla ég að víkja að enn fleiri röksemdum sem fram hafa komið af hálfu stjórnarandstöðunnar gegn skattalækkunum og gegn kaupmáttaraukningu fólksins í landinu.

Stjórnarandstaðan (Gripið fram í.) hefur komist að þeirri niðurstöðu, herra forseti, að það sé ómögulegt að lækka tekjuskatt einstaklinga því að skatturinn lækki lítið hjá þeim einstaklingum sem greiði engan eða lítinn tekjuskatt og þess vegna eru þeir andsnúnir frumvarpinu.

Þessi rök stjórnarandstöðunnar gegn skattalækkunum eru raunar ekki þau einu. Hún telur núna, eins og reyndar oft áður, að það sé ekki rétti tíminn til að lækka skatta. Það hefur heldur betur komið fram í umræðunum að ekki sé rétti tíminn til að lækka skatta.

Hin altæka skattastefna stjórnarandstöðunnar gengur út á að það megi ekki lækka skatta í góðæri því að þá aukist þenslan, ekki satt? (**Gripið fram í:** Og ekki heldur í hallæri.) Nei, það má heldur ekki gera það í hallæri vegna þess að þá er tekjuhlið ríkissjóðs ógnað. Ekki má heldur gera það í jafnvægi hv. þm. Össur Skarphéðinsson, vegna þess að þá raskast jafnvægið, ekki satt?

Niðurstaðan er því sú að það má aldrei lækka skatta, miðað við þann málflutning sem við höfum hlustað á, að það séu aldrei réttu aðstæðurnar, þær einfaldlega geta ekki komið upp (Gripið fram í.) ef það er eitthvað að marka það sem stjórnarandstöðuþingmenn hafa sagt í umræðunum í dag og ekki bara (Gripið fram í.) í dag heldur síðustu vikur og mánuði.

Stjórnarandstaðan, og þá kannski sérstaklega þingmenn Samfylkingarinnar, hafa stundum nefnt jaðaráhrif í skattkerfinu í umræðum um skattamál. Þetta þekkir hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Með miklum jaðaráhrifum er átt við það að hver viðbótarkróna sem menn vinna sér inn skili litlu í vasann fyrir tekjuskattshlutfallið vegna þess að tekjuskattshlutfallið er svo hátt og að auki lækki vaxtabætur, barnabætur og afborganir námslána hækki. Þegar upp er staðið á maður sem leggur á sig meiri vinnu til þess að geta farið í utanlandsferð með fjölskyldunni varla fyrir bleyjupakkanum sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson er alltaf að minnast á, vegna þessara jaðaráhrifa. Hann á í besta falli möguleika á að kaupa sér tveimur fleiri bíómiða fyrir launin sín. Þetta þekkir hv. þingmaður. (Gripið fram í.)

Ég tel, herra forseti, af því að ég nefndi jaðaráhrifin að það sé alveg ljóst að langbesta leiðin til að draga úr þeim sé að lækka tekjuskattshlutfallið. Það er sú leið sem ég tel skynsamlegasta til að lækka þessi jaðaráhrif.

En af því að ég vék að því áðan þá langar mig til að víkja að spurningunni: Græða hátekjumenn ekki mest á lækkun á tekjuskattshlutfallinu? Þeir fá mest sem eiga mest, er söngurinn sem hefur hljómað í þingsalnum í allan dag. Er ekki verið að færa ríka liðinu mest með þessari breytingu?

Ef menn líta þannig á málin, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði hér fyrr í umræðunni þegar hann spurði hverjum væri verið að færa þessar gjafir, og átti þá við lækkunina á tekjuskattinum, að ríkið eigi allar tekjur manna í landinu og færi þeim síðan góðfúslega hluta þeirra til baka um hver mánaðamót þá má kannski svara þessari spurningu játandi. Þá má segja að ríkið sé að færa manni með 500 þús. kr. á mánuði fleiri krónur en manninum sem er með 100 þús. kr. á mánuði með því að lækka tekjuskattshlutfallið. Það er allt í lagi ef menn líta þannig á það. En ég vil þrátt fyrir allt leyfa mér að líta svo á að einstaklingarnir sjálfir eigi þær tekjur sem þeir afla en ríkið og sveitarfélögin taki hluta þeirra tekna með lagaboði, með skattheimtu, með valdi. Ég tel því að nálgun á borð við þá sem fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, sem aðrir hafa reyndar tekið undir, sé algjörlega röng í þessu sambandi.

Það skortir á eitt í umræðunni þegar menn nefna þetta, að þeir sem hafi mest fái mest út úr lækkuninni. Það er alltaf gengið út frá því að allir þjóðfélagshópar greiði sama skattinn, að láglaunamaðurinn greiði jafnháan skatt og hátekjumaðurinn. En er það svo? Ef menn skoða og reikna út hversu hátt hlutfall launa menn borga í skatt eftir tekjum þá sjá menn að maðurinn með 100 þús. kr. í laun borgar 8% af launum sínum í skatt. 150 þúsund króna maðurinn borgar 17,2% í skatt. 500 þúsund króna maðurinn greiðir 30% í skatt og milljón króna maðurinn greiðir 32,7% í skatt.

Þessar viðmiðanir eru aldrei teknar inn í umræðuna þegar við ræðum um skatta. Það er alltaf almennt litið þannig á að allir greiði jafnháa skatta. Svo er alls ekki og við vitum af hverju það er. Þegar þessar tölur eru skoðaðar, og mér finnst rétt að varpa þeim fram í umræðuna, þá kemur í ljós að maður með 500 þús. kr. í mánaðarlaun greiðir átjánfaldan skatt þess manns sem er með 100 þús. kr. á mánuði þótt laun hans séu aðeins fimmfalt hærri í krónum talið. Maður með 1 milljón á mánuði greiðir nær þrettánfaldan skatt þess sem hefur 150 þús. kr. í laun á mánuði þótt laun hans séu rúmlega sexfalt hærri. Við sjáum að því hærri tekjur sem menn hafa því hærra hlutfall launa sinna greiða menn í skatt.

Ég leyfi mér því að segja, í ljósi þess sem fram hefur komið í umræðunni, að skattastefna ríkisstjórnarinnar, eins og hún kemur fram í þessu frumvarpi og hefur komið fram á síðustu árum, sé alls ekkert ósanngjörn og allra síst í garð þeirra sem hafa lág laun. Það er fráleitt að halda því fram að verið sé að færa á silfurfati þeim sem mest hafa langmestar kjarabætur. Það eru þeir hópar sem greiða langhæsta skattinn, bæði þegar við skoðum það í hlutfalli og sömuleiðis þegar menn meta skatttekjur eftir fjárhæðum í krónum talið. Það hefur algjörlega skort að minnast á þetta í umræðunni.

Menn gleyma því náttúrlega alltaf, sérstaklega þingmenn stjórnarandstöðunnar, að gera sér grein fyrir því hve háar þessar fjárhæðir eru sem menn greiða í skatta. Ég er ekki að segja að þeir geri það ekki brosandi, ég er ekki að segja það. En vanþóknunin á skattgreiðslum þeirra sem eru á góðum launum finnst mér algjörlega yfirþyrmandi, a.m.k. ef marka má ummæli þeirra sem hér hafa tjáð sig og fundið skattalækkunum á þá allt til foráttu.

Kjarninn í gagnrýni stjórnarandstöðunnar er sá að stjórnarandstaðan er á móti hlutfallslegri lækkun skatta. Það liggur fyrir. Þeir telja einfaldlega óeðlilegt að slík lækkun sé látin viðgangast vegna þess að þeir sem hafa hæstar tekjur græði flestar krónur á lækkuninni. Þetta er í sjálfu sér ekkert nýtt og ekki ný gagnrýni í skattapólitík og reyndar á öðrum sviðum. Ég gæti nefnt fullt af dæmum.

Auðvitað veltir maður því fyrir sér hver málflutningur stjórnarandstöðunnar væri ef við værum ekki að lækka skatta. Hvað ef við værum að hækka þá, ef hér lægi fyrir frumvarp til laga um skattahækkanir? Ef stjórnarandstaðan væri samkvæm sjálfri sé þá væri hún væntanlega líka á móti hlutfallslegri hækkun skatta, ekki satt? Hún mundi væntanlega krefjast þess, í ljósi þess sem komið hefur fram varðandi skattalækkkanir, að allir greiddu jafnháa fjárhæð við skattahækkanir. En auðvitað hefur lítið farið fyrir slíkum málflutningi hjá stjórnarandstöðuþingmönnum og auðvitað mundu þeir ekki þora að viðurkenna slíkt ef til þeirra aðstæðna mundi koma.

Ég hef t.d. ekki orðið var við að stjórnarandstöðuflokkarnir hafi haldið þessum málflutningi fram, t.d. varðandi

þær skattahækkanir sem nú eiga sér stað í Reykjavík. Ég kannast reyndar ekki við að hv. 1. þm. Reykv. n. hafi haft eitthvað við þær skattahækkanir að athuga, ekki frekar en þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem hafa ekki einu sinni séð — reyndar er enginn þeirra hér núna — séð sóma sinn í að gagnrýna 42% hækkun á leikskólagjöldum í Reykjavík, þrátt fyrir að koma upp á tyllidögum og krefjast gjaldfrjálsra leikskóla.

Menn hljóta að sjá, þegar hlutunum er stillt svona upp, hversu innihaldslítill og tækifærissinnaður málflutningur stjórnarandstöðunnar er í þessu máli.

Herra forseti. Ég held að ég láti staðar numið. Ég taldi rétt að koma þessum atriðum á framfæri í þessu máli. Ég leyfi mér að segja að lokum að hér er á ferðinni mjög jákvætt og gott mál sem eykur kaupmátt fólksins í landinu. Það má segja að frumvarp sem kveður á um svo drastískar breytingar í skattumhverfinu sé sérstakt fagnaðarefni. Ég lýsi yfir furðu minni á því að hér á þingi sitji menn sem telja sig vilja veg launamanna sem mestan en að þeir skuli ekki geta tekið undir þær hugmyndir sem fram koma í þessu frumvarpi.

[21:59]

Guðjón Hjörleifsson:

Hæstv. forseti. Okkur ber að fagna því frumvarpi sem hæstv. fjármálaráðherra hefur lagt fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt enda er það sérstakt ánægjuefni. Ríkisstjórnin stendur með því við það sem kjósendum var lofað fyrir kosningar og frumvarpið er í fullu samræmi við stjórnarsáttmála stjórnarflokkanna.

Við erum að ræða um 4% lækkun tekjuskatts á einstaklinga, afnám eignarskatts á einstaklinga og fyrirtæki og 50% hækkun barnabóta, hækkun persónuafsláttar um 8% og lækkun vaxtabóta.

Á þessu kjörtímabili mun eignarskattur á einstaklinga og lögaðila felldur niður á kjörtímabilinu. Hér er um mikið réttlætismál að ræða og munu eldri borgarar og lífeyrisþegar þessa lands ekki síst njóta þessara breytinga. Má reikna með að tekjur ríkissjóðs lækki um 3,5–4 milljarða með þessari niðurfellingu. Jafnframt er um að ræða verulega lækkun á tekjuskatti einstaklinga, um 4% á næstu þremur árum.

Hæstv. forseti. Tekjuskattur lækkar í áföngum úr 25,75% í 21,75%, þ.e. um 4%, sem er 15,5% hlutfallslækkun. Þetta er mikil kjarabót fyrir heimilin í landinu og skattgreiðendur. Á næsta ári mun lækkun tekjuskatts verða 1%, árið 2006 1% og árið 2007 2%. Áætlað er að tekjutap ríkissjóðs, þegar tekjuskattslækkunin er að fullu komin til framkvæmda, verði um 16 milljarðar kr. Forsendur fyrir þessari skattalækkun eru sterk staða ríkissjóðs og góð rekstrarafkoma. Þess eiga heimilin í landinu að njóta.

Í frumvarpinu er hækkun á persónuafslætti upp á 8% á tímabilinu, þ.e. 52.824 kr. hjá hjónum á einu ári. Þetta felur í sér 20% hækkun skattleysismarka, úr 71.270 kr. í 85.836 kr.

Barnabætur munu hækka verulega. Í fyrsta lagi er verið að ræða um 50% hækkun ótekjutengdra barnabóta á tímabilinu, þar af hækki barnabætur um 25% í ársbyrjun 2006 til viðbótar þeim 3% sem gert er ráð fyrir árið 2005. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að í ársbyrjun 2006 verði 10% hækkun tekjutengdra barnabóta. Jafnframt er lagt til að viðmiðunarmörk tekna vegna tekjutengdra barnabóta hækki um 50% auk þeirra 3% sem áður er getið. Áætlaður kostnaður ríkissjóðs vegna hækkunar barnabóta nemur 2,4 milljörðum kr. Barnafjölskyldur munu njóta best mikillar hækkunar barnabóta, sérstaklega hinar tekjulægri.

Einnig er 3% hækkun á ýmsum viðmiðunarfjárhæðum laganna svo sem sjómannaafslætti, viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta svo og barnabóta og eignarskatts, eins og áður hefur komið fram.

Hæstv. forseti. Það hefur verið og er mikill uppgangur á Íslandi í dag og ekkert bendir til annars en að hann haldi áfram. Hæstv. fjármálaráðherra hefur þegar greint frá því að horfur séu á 25% aukningu á landsframleiðslu á árunum 2003–2007 og að ráðstöfunartekjur heimilanna aukist um 15%. Það er ljóst að við uppbyggingu stóriðju skapast hagvöxtur og tekjuaukning en jafnframt aukin einkaneysla og fjárfesting á íbúðamarkaði.

Samhliða þessum aðgerðum þarf samt sem áður að gæta mikils aðhalds í ríkisútgjöldum án þess að velferðarkerfinu sé ógnað.

Virðulegi forseti. Það er ekki langt síðan tekjuskattur lækkaði. Hann lækkaði um 4% árin 1997–1999. Tekjuskattur fyrirtækja lækkaði úr 30% í 18% á árinu 2002. Það var áberandi við lækkun tekjuskatts á fyrirtæki hvað tekjur ríkissjóðs jukust þrátt fyrir miklar hrakspár um tekjuminnkun ríkissjóðs.

Ég tel jafnframt að það sama muni gerast með lækkun á tekjuskatti, skattgreiðendum muni fjölga, skattsvik muni minnka og ríkissjóður fá hluta af þessari tekjuminnkun til baka. Það er nauðsynlegt að fleiri skattgreiðendur skili sér til greiðslu velferðarkerfis og samfélagskostnaðar hér á landi. Ef það gerist ekki þarf að herða hér enn frekar skatteftirlit.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir lækkun vaxtabóta, að hlutfall vaxtagjalda af skuldum til útreiknings á vaxtabótum lækki úr 5,5% í 5%, sem komi til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 2006. Hins vegar er gert ráð fyrir því að við álagningu á árinu 2005 verði vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2004 95% af útreiknuðum vaxtabótum. Reiknað er með að útgjöld ríkissjóðs lækki um 300 millj. kr. og er þetta gert til að draga úr hvata til lántöku innan lands en ljóst er að breyting á innlendum lánamarkaði og vaxtakjör hafa verið hvetjandi til lántöku þar sem greiðslubyrði heimilanna hefur breyst mikið með þessari vaxtalækkun og verið er að fjármagna allar skuldir með veðsetningu fasteigna.

Flestir stjórnmálaflokkar, að undanskildum Vinstri grænum, lofuðu skattalækkunum ef þeir kæmust til áhrifa. Af hverju lofuðu þeir því? Þeir sáu að fjármálum ríkissjóðs og stjórn efnahagsmála hefur verið stýrt skynsamlega síðustu kjörtímabil í ríkisstjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Ekki hafa menn verið að lofa einhverju til þess að blekkja kjósendur fyrir kosningar. Nei, það er einmitt viðurkenning á því að forsendur væru til að lækka skatta hjá þeim er mynduðu ríkisstjórn eftir síðustu alþingiskosningar. Því skil ég ekki alveg viðbrögð stjórnar-

andstöðunnar í þessu máli. Við ættum alþingismenn, öll sem einn, að samfagna þessum mikla áfanga í skattamálum okkar Íslendinga sem er einn sá stærsti í sögunni.

Hæstv. forseti. Það er alltaf verið að ræða um að hinir efnameiri fái meira en hinir efnaminni minna. Þeir sem njóta þessara skattalækkana eru þeir sem greiða skatta, vinnandi fólk sem stendur undir velferðarkerfinu. Það er rétt að þeir sem eru með hærri tekjur fá meiri lækkun í krónum en þeir sem eru með lægri tekjur fá meiri lækkun í prósentum. Því tel ég þessar skattalækkanir vera mikla kjarabót fyrir þá sem eru með lág laun og millitekjufólk, ekki síst barnafólk.

Tölurnar sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson var með hér áðan segja svolítið mikið þar sem hlutfall launa fyrir 100 þús. kr. tekjurnar í skatt eru 8%, 150 þús. kr. 17,2%, 500 þús. kr. 30% og milljónin 32,7%. Það er alltaf verið að tala um að verið sé að hygla hátekjufólki en ég segi: Hvar á að setja mörkin?

Sem dæmi um áhrif þessara aðgerða má nefna að ráðstöfunartekjur einstæðs foreldris með eitt barn undir sjö ára aldri og 125 þús. kr. tekjur á mánuði hækka um 12.500 kr. á mánuði, þ.e. 150 þús. kr. á ári. Það eru um 10%. Rástöfunartekjur hjóna með 300 þús. kr. tekjur á mánuði samanlagt og tvö börn, annað yngra en sjö ára, hækka um 23.500 kr. á mánuði, þ.e. 282 þús. kr. á ári. Það er hækkun upp á 9,5%. Heildaráhrif þessa frumvarps leiða til 4,5% hækkunar ráðstöfunartekna allra heimila í landinu.

Ég ætla í lokin að fara yfir nokkrar staðreyndir miðað við breytingu á tekjuskatti á verðlagi dagsins í dag til ársins 2007. Þar er miðað við heildartekjur hjóna þar sem bæði skattkort eru nýtt, enda er heimild til þess að maki geti nýtt skattkort 100%, og ég ætla að rekja söguna frá 2004–2007, miðað við þessar breytingar nái frumvarpið fram að ganga. Árið 2004 er núllpunktur hjá hjónum sem nýta sér fullt skattkort 141.804. Ég tek ekki tillit til barnabóta, eingöngu launa sem tekjuskattur og útsvar er tekið inn í. Þá þurfa þau ekki að greiða krónu í skatt. Árið 2005 hækkar þetta í 149.924, árið 2006 í 157.850 og árið 2007 í 170.681. Það skal tekið fram að 4% lífeyrisgreiðslur eru ekki inni í þessu.

Ef við miðum við 200 þús. krónurnar árið 2004 fær sá aðili útborgaðar 177.431 kr. Árið 2005 fær sá með 200 þús. 181.081. Árið 2006 fær hann 184.497 og árið 2007 189.803. Svona getum við haldið áfram. 250 þús. 2004 skilja eftir 208.041, 2005 212.191, 2006 216.107 og 2007 222.413.

Ef við förum upp í 300 þús. kr. heildarlaun hjóna er útborgunin árið 2004 238.651, árið 2005 243.301, árið 2006 247.717 og árið 2007 255.023. Þetta er hækkun frá árinu 2004 til ársins 2007 hjá þeim sem eru með 142 þús. og borga ekki skatt og upp í 171 þús. upp á 28.877 kr. á mánuði sem leggur sig á 20,36%.

Ef við skoðum þetta í prósentum er aðilinn sem er með 200 þús. á mánuði árið 2004 með hlutfall útborgaðra launa 88,7%, árið 2005 90,5%, árið 2006 92,2% og árið 2007 94,9%.

Ef við skoðum aðila með 250 þús. kr. árið 2004 fær hann 83,2% útborguð af laununum þegar búið er að draga skattana frá, árið 2005 84,9%, árið 2006 86,4% og árið 2007 89%.

Hjón með 300 þús. fá útborgað árið 2004 79,6%, 2005 81,1%, 2006 82,6% og 2007 85%.

Þessar kjarabætur eru miklar með þessum skattbreytingum og því mikilvægt að þetta frumvarp nái fram.

Virðulegi forseti. Það kemur fram í útreikningum mínum, sem ég hef þegar fengið staðfest að eru réttir, að hér er um að ræða eitt mikilvægasta frumvarpið fyrir heimilin í landinu sem er ekkert annað en mikil kjarabót þar sem ráðstöfunartekjur heimilanna munu aukast verulega. Við erum að leyfa íbúum þessa lands að njóta arðs af mikilli velgengni hinnar styrku efnahagsstjórnar síðustu ára. Því er mikilvægt, herra forseti, að þetta frumvarp nái fram að ganga á þessu haustþingi.

[22:10]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. fjármálaráðherra fyrir að hafa lagt fram þetta gleðilega frumvarp og óska honum til hamingju með það sem og þingmönnum öllum og launamönnum landsins. Alveg sérstaklega, herra forseti, vil ég benda fólki á 30. gr. frumvarpsins, en þar stendur, með leyfi herra forseta:

„Heiti laganna verður: Lög um tekjuskatt."

Ekki lengur lög um teklu- og eignarskatt, heldur bara lög um tekjuskatt sem segir mér það að eignarskatturinn er fallinn niður. Hefði einhver sagt mér það fyrir sjö árum hefði ég ekki trúað honum. Svo ánægjulegt er þetta.

Hér er líka lagt til að lækka tekjuskattinn um 1%, svo 2%, svo 4%. Það auk hækkunar á persónuafslætti veldur því að frítekjumarkið hækkar. Það á að fella niður eignarskatt eins og ég gat um, það á að hækka barnabætur. Þetta má eiginlega ekki vera miklu betra.

Herra forseti. Þrátt fyrir þetta er stjórnarandstaðan á móti. Við mig talaði, eins og ég gat um fyrr í umræðunni, kona sem spurði: Þarf stjórnarandstaðan alltaf að vera á móti, líka á móti góðum málum? Er það virkilega svo, er það einhver nauðsyn? Er þetta einhver sandkassaleikur?

Ég get alveg skilið Vinstri græna, ég hef sagt það hér í umræðunni, ég get alveg skilið þá. Þeir vilja meiri skatta, þeir vilja bara helst rífa allar tekjur af fólki og deila þeim út aftur. Það er bara heimssýn þeirra. En ég skil ekki Samfylkinguna og ég skil ekki Frjálslynda flokkinn.

Ég skil ekki Samfylkinguna vegna þess að einmitt allt þetta frumvarp var á stefnuskrá þeirra einu sinni, og ekki langt síðan. Svo breytti hún stefnuskránni og fór í eitthvað allt annað og svo aftur allt annað og enn einu sinni. En það er nú bara þannig með hv. þingmenn þess flokks, herra forseti.

Það er rætt hérna nokkuð að þetta frumvarp valdi þenslu. Samt er það svo að í fjárlagafrumvarpinu sem liggur fyrir Alþingi og er til umfjöllunar og verður afgreitt hérna 5. desember — herra forseti, ég vil sérstaklega benda á að fjárlagafrumvarpið verður afgreitt mjög snemma sem sýnir hversu vel haldið er á málum hjá hæstv. fjármálaráðherra og hvað er mikill agi á öllu — er gert ráð fyrir miklum afgangi þrátt fyrir þessa skattalækkun. Þannig er meiningin að vinna áfram, að það verði afgangur á fjárlögum þannig að þessi skattalækkun, sem menn kalla svo, valdi ekki þenslu.

Því miður er það svo að vegna mikillar óráðsíu í rekstri Reykjavíkurborgar, Línu.Nets og svoleiðis ævintýra sem hafa kostað borgina milljarða, er hún að hækka útsvarið á sama tíma og ríkissjóður er að lækka tekjuskattinn. Þess vegna munu borgarar í Reykjavík, því miður, í mínu kjördæmi, ekki sjá eins mikið af þessum skattalækkkunum og ella hefði verið. Það er mjög miður og menn ættu virkilega að leiða hugann að því hvort ekki þurfi að skipta um stjórnendur á þeim bæ.

Hér hafa hv. þm. komið með útreikninga út og suður og taka þá mið af hátekjuskattinum sem er að lækka líka samkvæmt lögum frá Alþingi sem voru samþykkt fyrir nokkru síðan. Það er svo sem þeirra góði réttur en mér finnst að þeir eigi þá að nefna það. Ég var svo hissa á útreikningunum að ég skildi þá ekki lengi vel þangað til ég komst að þessu. Það er löngu ákveðið að hátekjuskatturinn, sem var upphaflega settur á til bráðabirgða, loksins hverfi enda hníga allar aðstæður í þjóðfélaginu til þess að hann megi falla niður.

Herra forseti. Þetta frumvarp sem við hér ræðum, þetta góða, fallega frumvarp, er liður í því markmiði ríkisstjórnarinnar að stækka þjóðarkökuna og leggja áherslu á að hún stækki þannig að allir fái meira heldur en að vera svo uppteknir af að skipta henni að hún minnki og minnki þannig að allir fái nánast ekki neitt. Það er fyrirbæri sem mér finnst oft bera keim af öfund og vantrú á borgaranum, að hann geti ekki ráðstafað tekjum sínum eins vel og ríkissjóður. Því er hins vegar öfugt farið, herra forseti, borgarinn er miklu færari við að ráðstafa tekjum sínum en ríkissjóður og sanna það mörg dæmi.

Eins og ég gat um verður eignarskatturinn felldur niður. Ég man eftir því fyrir nokkrum árum, ætli það séu ekki svona 3–4 ár síðan, að þá skrifaði öryrki í dagblað. Hann hafði verið að safna og nurla — sem sumir kalla nurl, ég kalla það sparnað — af bótunum sínum og var kominn upp í pínulitla upphæð og þá fór hann að borga eignarskatt. Honum fannst það mjög óréttlátt og mér finnst það líka mjög óréttlátt, herra forseti, að þeim sem neitar sér um neyslu, ferðalög og annað slíkt, sé refsað með eignarskatti. Því ætlum við að hætta núna, herra forseti.

Svo gerist það mjög oft vegna þess hvernig þjóðfélagið er byggt upp að konur, ekkjur, erfa menn sína á efri árum, stórar fasteignir oft og tíðum, dýrar, dýrar í rekstri en þar er innbúið og allar minningarnar. Þessar ekkjur hafa þurft að borga eignarskatt hingað til og oft og tíðum verið með mjög lágar tekjur. Þetta finnst mér hafa verið mjög ósanngjarnt, og sérstaklega ósanngjarnt þegar þess er gætt að þetta fólk sem býr eitt sér í húsum sínum sparar þjóðfélaginu mjög stórar upphæðir í rekstri elliheimila. Þessu ætlum við að hætta. Við ætlum að hætta að skattleggja ekkjur þessa lands með eignarsköttum. Þessar eignir sem skattur er lagður á eru myndaðar með sparnaði, með því að neita sér um eitt og annað, og þær eru myndaðar með sparnaði sem er búinn til með tekjum. Það er búið að borga tekjuskatt af þeim tekjum, það er sem sagt verið að margskatta.

Svo hefur líka verið nefnt að búið er að taka upp skattlagningu á tekjur af fjármagni, sem sagt tekjur af eignum, sem er fjármagnstekjuskatturinn og þá er óeðlilegt að vera með eignarskatt sömuleiðis.

Menn tala hérna, sérstaklega hefur stjórnarandstaðan í dag talað, um lágtekjufólk eins og það sé einhver hópur manna sem er óumbreytanlegur, þetta sé eitthvert persónueinkenni á fólkinu, það sé bara fátækt — bláeygt og fátækt. Auðvitað er fátækt ekkert persónueinkenni. Það er ekki eins og að menn fæðist fátækir og verði fátækir alla tíð síðan. Þetta er ekki sérstakur kynþáttur. Nei, þetta er ástand sem við eigum að reyna að breyta. Við eigum að stefna að því að fátækt fólk hætti að vera fátækt og fari að afla sér hærri tekna, geti aflað sér hærri tekna og að fátæktargildrur séu teknar í burtu.

Ég vil nefna sem dæmi að ef einhver sem er fátækur í dag, með lágar tekjur, bætir tekjur sínar detta vaxtabæturnar niður um 6% af tekjum, húsaleigubætur, ef hann leigir, um 12% af tekjum, barnabætur, ef hann á þrjú börn, um 9% af tekjum. Ef hann hefur verið námsmaður og er að borga af námsláni borgar hann 4,75% af tekjum. Það er harla lítið eftir þegar staðgreiðslan er tekin með, 38,55%. Þá er bara harla lítið eftir og lítill hvati fyrir þennan mann að vinna eitthvað aukalega, vinna sér inn meiri tekjur.

Þessu erum við að breyta. Við erum að lækka skattana í fyrsta lagi, 38 prósentin, við erum að lækka endurgreiðslu til LÍN og við erum að hækka barnabæturnar, lækka hlutfallið úr 9% í 8% fyrir þrjú börn.

Herra forseti. Það er dálítið undarlegt að hlusta á marga þingmenn stjórnarandstöðunnar tala eins og að ríkið eigi tekjur fólks. Ég hef bent á þetta áður. Þeir tala um að það sé verið að gefa fólki gjafir, verið að gefa fólki gjafir með þessum skattalækkkunum. Hvers lags hugsun er þetta eiginlega? Er ekki ríkið að rífa tekjur af fólki? Það er ekki að gefa fólkinu neinar gjafir, það er að rífa minna af fólki í skatta. Ríkið á nefnilega ekki tekjur fólks, fólkið á þær sjálft og ríkið tekur hluta af þeim til að standa undir velferðarkerfinu og þeir sem hafa tvöfalt hærri tekjur borga margfalt meiri skatt. Þannig er það áfram og það er enginn sem stefnir að því að breyta því.

En ég vara menn við því að líta á tekjur einstaklinga sem eign ríkissjóðs.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 22:20.

---

37. FUNDUR

miðvikudaginn 24. nóv.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Veggjöld, fsp. JÁ, 149. mál, þskj. 149.

2. Fjarskiptasamband við Ísafjarðardjúp, fsp. JBjarn, 310. mál, þskj. 338.

Til heilbrigðisráðherra:

3. Forvarnir í fíkniefnum, fsp. BjörgvS, 102. mál, þskj. 102.

4. Afsláttarkort, fsp. ÁRJ, 108. mál, þskj. 108.

5. Undirbúningur í heilbrigðiskerfinu vegna umskorinna kvenna, fsp. ÁRJ, 113. mál, þskj. 113.

Til iðnaðarráðherra:

6. Grunnafjörður, fsp. ÞSveinb, 218. mál, þskj. 221.

7. Þjóðmálakönnun í Eyjafirði, fsp. SigurjÞ, 327. mál, þskj. 365.

Til menntamálaráðherra:

8. Eignir Tækniháskóla Íslands, fsp. KJúl, 228. mál, þskj. 234.

9. Byggingarmál Iðnskólans í Reykjavík, fsp. MÁ, 237. mál, þskj. 245.

10. Frumkvöðlafræðsla, fsp. BjörgvS, 334. mál, þskj. 373.

Til félagsmálaráðherra:

11. Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla, fsp. ÞBack og MF, 233. mál, þskj. 239.

Til sjávarútvegsráðherra:

12. Veiðiregla, fsp. SigurjÞ, 181. mál, þskj. 181.

13. Fiskveiðistjórnarkerfi, fsp. SigurjÞ, 232. mál, þskj. 238.

Til fjármálaráðherra:

14. Þungaskattur á orkugjöfum, fsp. SJS, 186. mál, þskj. 186.

15. Eignarhlutur ríkisins í Verðbréfaskráningu Íslands hf., fsp. SKK, 343. mál, þskj. 387.

Til dómsmálaráðherra:

16. Reiknilíkan fyrir rekstur sýslumannsembætta, fsp. MF, 305. mál, þskj. 333.

17. Fangelsi á Hólmsheiði, fsp. ÁÓÁ o.fl., 323. mál, þskj. 361.

Varamaður tekur þingsæti.

[12:01]

Forseti (Þuríður Backman):

Borist hefur svohljóðandi bréf um forföll þingmanns frá formanni þingflokks Framsóknarflokksins, Hjálmari Árnasyni, dagsett 23. nóvember:

„Þar sem Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með tilvísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Reykv. n., Sæunn Stefánsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, taki sæti hans á Alþingi á meðan. Fyrsti varamaður á listanum, Guðjón Ólafur Jónsson lögmaður, er forfallaður að þessu sinni."

Þá hefur borist svohljóðandi bréf frá 1. varaþingmanni Framsóknarflokksins í Reykv. n., Guðjóni Ólafi Jónssyni, dagsett 24. nóvember 2004:

„Vegna anna get ég ekki að þessu sinni tekið sæti Halldórs Ásgrímssonar, 7. þm. Reykv. n., á Alþingi. Þetta tilkynnist hér með."

Kjörbréf Sæunnar Stefánsdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Sæunn Stefánsdóttir, 7. þm. Reykv. n., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[12:02]

Forseti (Þuríður Backman):

Sæunn Stefánsdóttir hefur undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[12:03]

Útbýting:

Almenningssamgöngur í Eyjafirði, 276. mál, svar iðnrh., þskj. 427.

Fjárlög 2005, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln. þskj. 422, 423, 424 og 425.

Fjáröflun til vegagerðar, 366. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 429.

Veggjöld.

Fsp. JÁ, 149. mál. — Þskj. 149.

[12:04]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um veggjöld. Ég spyr í fyrsta lagi:

Hvenær kemur til framkvæmda boðuð lækkun virðisaukaskatts á veggjald í Hvalfjarðargöngum og hvaða aðgerðir hefur ráðherrann í undirbúningi til að lækka gjaldið eða fella það niður?

Um lækkun virðisaukaskattsins liggja fyrir ítrekaðar yfirlýsingar hæstv. ráðherra. Hann sagði m.a. í svari við fyrirspurn frá mér 5. desember í fyrra, með leyfi forseta:

„Það er hins vegar ljóst að ég hef verið mikill áhugamaður um að Spölur lækkaði þetta gjald. Til viðbótar hef ég lýst því yfir að þegar gengið verður í að lækka virðisaukaskattinn falli gjaldið þar undir lægra þrepið eins og að er stefnt."

Hvar í ósköpunum er þessi hluti málsins staddur? Heldur Framsókn málinu í gíslingu eða var ekki innstæða fyrir yfirlýsingum hæstv. ráðherra? Það er kominn tími til að standa við loforðið. Hvenær verður það efnt?

Hæstv. forseti. Fram kom í skýrslu nefndar sem hæstv. ráðherra skipaði að hægt væri að fara ýmsar aðrar leiðir til að lækka gjöldin í göngin, m.a. mætti yfirtaka hamfaratryggingu og hryðjuverkaárásartryggingu sem eru á göngunum og fá þannig fram lækkun á gjaldinu fyrir að nota þau. Hefur hæstv. ráðherra uppi ráðagerðir um það, og hverjar eru þær? Hæstv. ráðherra hefur ítrekað sagt að hann teldi að Spölur gæti lækkað gjaldið á eigin spýtur og hann sendi þeim framsýnu ágætismönnum sem það fyrirtæki reka heldur betur kveðjurnar í Brennidepli fyrir tveimur dögum. Þar sagði hann að þeir þyrftu að taka til í eigin ranni. Það sæmir ekki ráðherra að hafa uppi dylgjur á opin-

berum vettvangi — hvað átti hæstv. ráðherra nákvæmlega við með þessum orðum sínum?

Fyrir liggja yfirlýsingar hæstv. ráðherra um að hann sé á móti yfirtöku ríkisins á hlutverki Spalar í Hvalfjarðargöngum og þar með niðurfellingu veggjalds en að hann hafi til skoðunar almenna stefnumörkun um gjaldtöku af umferðarmannvirkjum. Ráðherrann boðaði að tíðinda af þessum málum yrði að vænta upp úr síðustu áramótum. Ég spyr þess vegna í öðru lagi:

Hverjar eru niðurstöður stefnumörkunar um gjaldtöku vegna samgöngumannvirkja, þ.e. veggjöld, sem ráðherra sagði í vor líka að mundi liggja fyrir á þessu hausti?

Hvað er eiginlega að frétta af starfshópnum sem var í þessu verkefni? Áramótin eru löngu liðin og sumarið líka. Hverjar eru tillögur hópsins? Af hverju hefur hæstv. ráðherra ekki gert samgöngunefnd Alþingis grein fyrir tillögunum eins og hann lofaði? Mundu tillögurnar tryggja að eitt verði látið yfir alla ganga hvað veggjöld varðar eins og ráðherrann sagði að ætti að gera?

Fyrirspurninni er ætlað að gefa hæstv. ráðherra tækifæri til að upplýsa um þessi mál og útskýra af hverju þau ganga (Forseti hringir.) svo undurhægt hjá honum.

[12:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr um lækkun virðisaukaskatts á veggjaldi í Hvalfjarðargöngum og stefnumörkun um gjaldtöku vegna samgöngumannvirkja.

Svar mitt er þetta: Lækkun á virðisaukaskatti á gjöldum í Hvalfjarðargöngum kemur til skoðunar samfara endurskoðun á virðisaukaskattskerfinu í samræmi við stjórnarsáttmálann. Það er ljóst að ekki verður tekin sérstök ákvörðun um lækkun virðisauka á gangagjaldið eitt og sér, heldur verður það í samhengi við almenna breytingu virðisaukaskattskerfisins. Vert er að minna á að Spölur er hlutafélag sem er í eigu margra aðila og er sjálfstæður samningsaðili sem hefur formlegt leyfi stjórnvalda til að reka göngin. Einnig er vert að halda því til haga að í samningnum um göngin var virðisaukaskattur endurgreiddur gegn því að skattur yrði lagður á gjaldið.

Starfshópur um gjaldtöku af umferð á vegum var stofnaður í október 2003. Hópurinn hefur metið kostnað við uppbyggingu vegakerfisins á grundvelli samgönguáætlunar og líklegrar þróunar þeirra tekjustofna sem ætlað er að standa undir vegaframkvæmdum samkvæmt henni. Hópurinn hefur skoðað þá möguleika sem eru til sérstakrar tekjuöflunar með veggjöldum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, og líklegar tekjur af þeim. Þá hefur verið leitað upplýsinga um stöðu og stefnu í þessum málum í Evrópu. Ýmsir fleiri þættir hafa verið skoðaðir og verður gerð grein fyrir þeim þegar hópurinn skilar niðurstöðum sínum. Þær liggja ekki fyrir enn en gert er ráð fyrir að svo verði fljótlega. Það var mat mitt að nauðsynlegt væri að stefnumörkunin tengdist þeirri vinnu sem er í gangi við endurskoðun samgönguáætlunar. Þar sem gjaldtaka hefur verið tekin upp vegna notkunar umferðarmannvirkja er það oftast gert til þess að hraða framkvæmdum.

Ljóst er að ákvörðun um stofnun Spalar og gerð Hvalfjarðarganga varð til þess að hrinda því verki af stað sem ekki var á áætlun. Þeir fjármunir sem hefðu verið nýttir til endurbyggingar vegar fyrir Hvalfjörð voru hins vegar nýttir í aðra vegi á svæðinu. Göngunum hafa fylgt miklar hagsbætur, einkum fyrir íbúa Akranessvæðisins og Borgarfjarðar eins og fram kemur í nýlegri skýrslu sem kynnt var fyrir stuttu.

Í viðræðum við stjórn Spalar hefur ráðuneytið lagt áherslu á að allra leiða verði leitað til að lækka gjaldið og gera notkun ganganna hagkvæmari. Í því skyni var starfandi vinnuhópur á vegum ráðuneytisins sem kannaði möguleika þess að lækka gjaldið. Leiðir til lækkunar gjaldsins eru ekki margar en þær komu fram í skýrslu hópsins: endurfjármögnun, hagræðing í rekstri sem er á valdi Spalar, lækkun virðisaukaskatts, ríkið tæki að sér tryggingu á göngunum og svo yfirtaka ríkisins á skuldum Spalar og greiðslur úr Vegasjóði. Með ákvörðun um yfirtöku ríkisins væri verið að girða fyrir frekari framkvæmdir í vegagerð á forsendum einkaframkvæmdar. Ég er talsmaður þess að nýta möguleika einkaframkvæmdar við gerð samgöngumannvirkja þar sem það á við og vil vinna að lækkun gjaldsins í Hvalfjarðargöngum í því ljósi.

Í samningi milli samgönguráðuneytis og Spalar um vegtengingu við utanverðan Hvalfjörð er heimild til þess að Ríkisendurskoðun yfirfari bókhald félagsins. Hinn 19. mars sl. óskaði ég eftir því að Ríkisendurskoðun nýtti þessa heimild í því skyni að finna leiðir til að ná niður kostnaði og lækka gjaldið. Hefur Ríkisendurskoðun gert ráðuneytinu grein fyrir athugun sinni á rekstri Spalar. Í bréfi Ríkisendurskoðunar kemur fram það álit að athugun stofnunarinnar sýni m.a. að ná megi fram kostnaðarlækkun er varðar vaxtakostnað með endurfjármögnun.

Telur Ríkisendurskoðun eftirfarandi koma til greina:

að skuldbreyta innlendum lánum sem gæti sparað í raunvaxtakostnaði um 50 millj. kr. á ári,

að endurfjármagna erlend lán með það að markmiði að lækka vaxtakostnað. Ef tekið er mið af vaxtastigi erlendra lána í dag, segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar, gæti slík endurfjármögnun skilað verulega lægri vaxtakostnaði til lengri tíma þrátt fyrir nokkuð háan uppgreiðslukostnað sem bundinn er í núverandi samningum við erlenda lánardrottna.

Hvað varðar annan rekstrarkostnað kemur fram í bréfi Ríkisendurskoðunar að hjá fyrirtækinu hafi farið fram athugun á kostnaði vegna trygginga og gæti hann lækkað um 10 millj. kr. Síðan bendir Ríkisendurskoðun á að breyting á mannahaldi kæmi til greina ef tekin yrði í notkun sjálfvirk innheimta veggjaldsins.

Af þessari niðurstöðu Ríkisendurskoðunar má sjá að ekkert er því til fyrirstöðu að Spölur geti gert þær breytingar sem ættu að geta leitt til þess að veruleg lækkun gæti orðið á gjaldinu með þeim breytingum sem Ríkisendurskoðun bendir á.

[12:12]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hvalfjarðargöng hafa reynst ákaflega hagkvæm framkvæmd fyrir vegfarendur. Þau hafa árlega sparað þeim háar fjárhæðir síðan þau voru tekin í notkun, líklega yfir 1 milljarð króna á ári. Sparnaðurinn rennur til um-

ferðar á Vesturlandi, eða 40%, svipuð fjárhæð rennur til umferðar á höfuðborgarsvæðinu og um 20% til umferðar á Vestfjörðum og Norðurlandi. Það er alveg ljóst að ávinningurinn er mikill hvað varðar umferðarkostnað, vöruverð, fasteignaverð, landaverð o.fl., sérstaklega á Vesturlandi.

Athugun hefur leitt í ljós að það að fella niður gjaldið mundi líka hafa mjög mikil jákvæð áhrif, byggðalega séð, á öllum þeim þáttum sem ég nefndi. Að mínu mati yrði það stærsta og mesta byggðaaðgerðin fyrir vestanvert landið sem ríkisstjórnin gæti gripið til á skömmum tíma að fella niður þetta gjald.

[12:13]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hvalfjarðargöngin hafa sannað gildi sitt. Þau hafa orðið gríðarleg samgöngubót milli Reykjavíkursvæðisins og Vesturlands, og reyndar norður og austur um.

Það er því mjög mikilvægt að samgöngubótin geti nýst þeim sem best sem mest þurfa á henni að halda. Ég tek undir þær óskir um að allra leiða verði leitað til að lækka gjaldið, þá sérstaklega að það komi þeim til góða sem oftast þurfa að fara um göngin, fólki sem fer um þau vegna atvinnu sinnar eða náms. Ég tel að það sé það allra brýnasta.

Ég tek líka undir það að mikilvægt sé að skoða fjármögnun ganganna á sínum tíma og reyna að semja um að lækka þann mikla fjármagnskostnað sem er bundinn í lánum þeirra. Það hlýtur að koma öllum til góða, bæði þjóðinni og göngunum. (Forseti hringir.) Það á að ganga til verks og leita leiða til að (Forseti hringir.) lækka gjaldtökuna.

[12:15]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að það væri stórkostleg byggðaaðgerð fyrir allt Vesturland ef gangagjöldin yrðu felld algerlega niður en það var líka stórkostleg byggðaaðgerð fyrir allt Vesturland þegar þessi göng voru gerð. Þessi göng voru gerð fyrir tilstilli einkaframtaks og ríkið hefði aldrei farið út í þessa framkvæmd, við skulum gera okkur grein fyrir því.

Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir að hafa komið með mjög merkilegar upplýsingar um fjármögnun ganganna, hugsanlega hagræðingu sem hægt er að fara í og endurfjármögnun. Þetta voru mjög merkilegar tölur sem við fengum að heyra áðan. Þetta þarf að skoða betur einmitt til að leita leiða til að lækka gjaldið í þessi göng en ég er alfarið á móti því að gjaldið verði fellt niður, því það er alveg rétt sem hæstv. samgönguráðherra benti á, ef það verður gert þá mun aldrei aftur verða farið í svona framkvæmdir vegna þess að ríkið mun ekki þora að taka þá áhættu að fá þessi verkefni í hausinn eftir nokkur ár. Það er verið að gera kröfur um að ríkið taki alfarið við þessum framkvæmdum og beri síðan kostnaðinn af þeim. Það mun bitna á öllum öðrum samgöngubótum í landinu. Við skulum athuga það og gera okkur grein fyrir því.

[12:16]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Enn og aftur hefur hv. þm. Jóhann Ársælsson hafið máls á veggjaldi í Hvalfjarðargöngum. Það þarf ekki að fara frekar yfir þá miklu samgöngubót. Við vitum að ekki eru greidd veggjöld í öðrum göngum en maður veltir fyrir sér hvað verði í framtíðinni. Samkvæmt tillögu til þingsályktunar frá nokkrum sjálfstæðismönnum segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að vinna að úttekt á kostum í vegagerð sem unnt yrði að fjármagna með veggjöldum, ...“

Ég spyr: Er það stefna Sjálfstæðisflokksins að taka veggjald af öllum öðrum göngum? Hvað þá með vegi eins og t.d. Reykjanesbrautina, eða tilvonandi Sundabraut?

Fyrirspyrjandi minntist líka á orð ráðherra í þætti um daginn að Spölur ætti að taka til í eigin ranni. Ég vil gjarnan fá nánari útskýringu á hvað ráðherra á nákvæmlega við þarna? Er verið að tala um óráðsíu?

[12:19]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Mér finnst hins vegar að þrátt fyrir merkilegar upplýsingar um möguleika á að ná út fjármunum með því endurfjármagna lán hjá Speli, þá vanti dálítið mikið upp á að hér séu einhverjar yfirlýsingar um hvað ríkið vill gera á móti til þess að hægt sé að lækka gjöldin svo um munar. Það er talað um að hægt sé að lækka tryggingar um 10 milljónir á ári. Það hafa þeir Spalarmenn þegar fundið út og eru búnir að fá þá upphæð niður. Það mun enginn sem keyrir þessi göng fallast á að taka upp sjálfvirka innheimtu þar, þá yrðu ekki verðir til staðar við eftirlit í göngunum. Það mun aldrei verða niðurstaðan.

Hæstv. ráðherra sagði nánast: Spölur getur lækkað. En hæstv. ráðherra upplýsti ekki hvað ríkið gæti gert. Ég tel að það sé komið að því að menn komi því á hreint. Það er ekki til neitt mannvirki í þessu landi þar sem eru svona reglur í gangi. Eftir 20 ára rekstur ganganna mun ríkið fá þetta mannvirki afhent skuldlaust og þeir sem keyra um göngin borga. Ríkið innheimtir skatt af því fólki sem keyrir um göngin. Er ekki nóg að fá göngin í hendurnar skuldlaust?

[12:19]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Mér finnst það engin sorgarsaga sem hv. fyrirspyrjandi Jóhann Ársælsson hóf hér, að ríkið mundi eignast göngin. Ég tel að það sé hið besta mál, að þeim tíma liðnum sem samningurinn gerir ráð fyrir. En mér finnst umræðan hjá hv. þingmönnum mjög oft vera á þann veg að þeir ýta algerlega til hliðar þeirri staðreynd að gerður var samningur við einkafyrirtæki um að grafa göngin og reka þau með innheimtu á gjaldi sem greiddi kostnaðinn við framkvæmdina. Menn gleyma þessu algerlega og tala eins og hv. fyrirspyrjandi gerði, líkt og það sé ekki staðreynd.

Í svari mínu vakti ég athygli á þeirri úttekt sem Ríkisendurskoðun hefur gert á rekstri Spalar sem leiðir til þessarar niðurstöðu. Mér finnst hún afar mikilvæg og ég tel að hv. fyrirspyrjandi eigi ekki að gera lítið úr því að hægt sé með endurfjármögnun að stórlækka kostnaðinn sem við höfum. Því að við þurfum að greiða bæði lánasjóðum og erlendum fyrirtækjum sem hafa lánað okkur, mjög öflug og

góð fyrirtæki. Ég tel að þetta hljóti að vera forgangsmál og þannig getur Spölur tekið til í sínum ranni að ná þar með fram endurfjármögnun og lækkun á kostnaði ganganna. Ég tel að þetta sé forgangsmál og að sjálfsögðu þarf með sama hætti að taka upp t.d. tryggingakostnaðinn o.fl. Ég tel að fyrirtækið eigi að ganga á undan vegna þess að það skiptir mjög miklu máli að við nýtum okkur þetta mannvirki og þá miklu fjárfestingu sem þar er til staðar.

Fjarskiptasamband við Ísafjarðardjúp.

Fsp. JBjarn, 310. mál. — Þskj. 338.

[12:21]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um fjarskiptasamband við Ísafjarðardjúp en okkur hafa borist undirskriftalistar frá íbúum við Ísafjarðardjúp um bætt fjarskiptasamband og þar kemur fram að undirritaðir íbúar og aðstandendur fyrirtækja við Ísafjarðardjúp óska eftir að Síminn svari umsóknum þeirra sem sótt hafa um ISDN-tengingu bréflega og símleiðis á undanförnum árum.

Rétt er að taka fram að þrjú ár eru liðin síðan fyrstu umsóknirnar voru sendar til fyrirtækisins og engin formleg svör hafa borist enn þá. Óþarfi er að taka fram mikilvægi á úrbótum á internettengingum á þessu svæði. Þetta ástand í símamálum stendur núverandi og áframhaldandi framþróun byggða fyrir þrifum og gerir búsetu og atvinnustarfsemi næsta ómögulega. Íbúar hafa verulegar áhyggjur af fyrirsjáanlegri byggðaröskun af þessum völdum. Undirritaðir vænta þess að Síminn sjái sér fært að verða við umræddri ósk hið fyrsta svo hægt sé að meta grundvöll áframhaldandi byggðar á svæðinu.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur einnig ályktað um þetta mál og tekur undir áhyggjur íbúa og aðstandenda atvinnufyrirtækja við Ísafjarðardjúp og beinir því til Símans að gerð verði kostnaðaráætlun við að koma ofangreindum bæjum á Vestfjörðum í viðunandi nettengisamband og í framhaldi verði tryggt fjármagn til að ráðast í úrbætur. Í þeirri greinargerð stendur einnig að samkvæmt 19. gr. laga um fjarskipti eigi allir notendur rétt á alþjónustu sem ríkið á að tryggja, óháð staðsetningu. Sú kvöð felur m.a. í sér að allir landsmenn eigi að hafa tryggt a.m.k. 128 Kb netsamband.

Telji Síminn að alþjónusta sem honum er gert skylt að veita sé óhagkvæm eða óarðbær getur hann, vegna byggðasjónarmiða, samkvæmt 21. gr. sömu laga, sótt um að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir.

Frú forseti. Ég ítreka mikilvægi þessa máls. Þetta gildir bæði um fjarskiptasamband á viðkomandi bæjum en varðar einnig GSM-þjónustu fyrir allt Ísafjarðardjúp sem er nánast engin á þjóðveginum. Hæstv. samgönguráðherra fer með málefni fjarskipta og þess vegna beini ég spurningu minni til hans. Hvernig hyggst hæstv. samgönguráðherra bregðast við þessum eindregnu og afdráttarlausu óskum íbúanna við Ísafjarðardjúp?

[12:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr: Hvernig hyggst ráðherra mæta óskum og undirskriftalistum íbúa við Ísafjarðardjúp um bætt fjarskiptasamband og möguleika á ISDN-tengingu?

Svar mitt er þetta: Umræddur undirskriftalisti beinist ekki að samgönguráðuneytinu heldur að Símanum og hann hefur því ekki borist ráðuneytinu. Hins vegar hefur ráðuneytinu borist bréf frá Súðavíkurhreppi, dagsett 5. nóvember, þar sem bókun sveitarstjórnar um umræddan undirskriftarlista bænda við Ísafjarðardjúp er kynnt. Í bréfinu er vísað til ákvæða fjarskiptalaga um alþjónustu og þar segir að hreppnum hafi borist undirskriftalisti frá íbúum og aðstandendum atvinnufyrirtækja við Djúp, dagsettur 14. október sl. Með listanum er skorað á Símann að bregðast við og bjóða viðunandi internettengingar.

Samkvæmt 19. gr. fjarskiptalaganna nr. 81/2003, er kveðið á um að allir notendur eigi rétt á alþjónustu óháð staðsetningu með þeim undantekningum sem kveðið er á um í öðrum ákvæðum laganna. Alþjónustuskylda er ekki án undantekninga. Ef Síminn, sem falið hefur verið af stjórnvöldum að veita alþjónustu hér á landi, sér sér ekki fært að veita tilteknum alþjónustu svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis þá skal ágreiningur um þá synjun borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til ákvörðunar. Stofnunin getur bæði ákveðið lágmarksgæði alþjónustu og í sérstökum tilfellum veitt þjónustuveitanda undanþágu frá henni samanber 4. mgr. 19. gr.

Lögin kveða á um rétt notenda m.a. á alþjónustu, a.m.k. 128 Kb flutningsgetu eins og íbúarnir óska eftir. Ef Síminn treystir sér ekki til að veita þá þjónustu sem honum hefur verið falið að veita vegna þess að þjónustan er rekin með tapi, er óarðbær eða í henni felst óeðlileg kvöð getur fyrirtækið sótt um að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Beiðninni á fyrirtækið að koma á framfæri við Póst- og fjarskiptastofnun. Áskorun undirskriftalistans beinist að Símanum og er málið væntanlega enn þar til umfjöllunar. Hafni fyrirtækið þessari málaleitan íbúa Súðavíkurhrepps geta þeir skotið því til Póst- og fjarskiptastofnunar. Ef Síminn er ekki nógu burðugur til að veita þjónustuna án fjárframlaga getur hann sótt um fjárframlög til þess að tryggja eðlilegt endurgjald fyrir þjónustuna, ef rökstuddar ástæður eru fyrir því að mati Póst- og fjarskiptastofnunar sem á að fjalla um slíkt erindi. Málið er því í eðlilegum farvegi og verður útkljáð samkvæmt lögbundnu stjórnsýsluferli.

Þessi ágæta fyrirspurn vekur athygli á hversu mikilvægt þetta ákvæði er í fjarskiptalögunum, þetta einstaka íslenska ákvæði. Stundum er talað um að það sé af hinu vonda að hafa íslenskt ákvæði (Gripið fram í.) en þetta íslenska ákvæði um alþjónustuna er afar mikilvægt fyrir þessar dreifðu byggðir og tryggir mikilvæga þjónustu eins og sést af því að innan við 100 bæir, eða um það bil 70, eru núna án þessarar þjónustu. Sumir hafa ekki sótt um hana.

[12:29]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta ástand fjarskiptamála

mjög ámælisvert, ekki bara við Ísafjarðardjúp heldur á Vestfjörðum almennt. GSM-samband er úti á mjög stórum svæðum við Djúpið en líka á mjög stórum svæðum á sunnanverðum Vestfjörðum. Mér finnst það jaðra við hneyksli að þetta fyrirtæki, Landssíminn, sem er í eigu ríkisins, skuli ekki fyrir löngu hafa tryggt þó ekki væri nema GSM-samband á þessum stöðum. Það er orðið mjög erfitt að fá NMT-síma í dag. Þeir eru nánast orðnir ófáanlegir, t.d. í verslunum. Það er hætt að framleiða þá hjá mörgum fyrirtækjum og þetta kerfi virðist vera á útleið. Það er því sjálfsögð krafa að þetta verði lagað hið fyrsta því það eru ekki bara íbúarnir á þessum svæðum sem nota vegina á sunnanverðum Vestfjörðum eða við Ísafjarðardjúp, heldur allir landsmenn. Fólk sem borgar áskriftir í GSM-kerfinu á skýlausan rétt og kröfu á því að GSM-samband sé a.m.k. á helstu þjóðvegum landsins.

[12:30]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hæstv. samgönguráðherra vakti réttilega athygli á lagaákvæði sem veitir íbúum tiltekna vörn í þessu samhengi eða táfestu til að sækjast eftir þjónustu af þessu tagi. Við skulum vona að Síminn greiði fljótt og vel úr málinu og ef ekki að Póst- og fjarskiptastofnun hlutist til um framgang málsins.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég er ákaflega óánægður með framgang mála, bæði þarna og víðar á landinu. Við rekum fyrirtæki sem skilar um 2 milljörðum kr. á ári í hagnað. Ríkið á þetta fyrirtæki. Eigandinn getur sagt fyrirtækinu fyrir verkum. Hvað er í veginum fyrir því að eigandinn segi stjórnendum þessa fyrirtækis: Við ætlumst til þess að þið byggið upp þetta kerfi? Það þýðir væntanlega að fyrirtækið skilar minni hagnaði í ríkissjóð á því ári sem menn leggja fé út fyrir því. En er það bara ekki allt í lagi? Það er, eins og fram kom í máli hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, algerlega óviðunandi ástand við Ísafjarðardjúp, ekki bara í þessu sem um er spurt heldur líka GSM? (Forseti hringir.) Sama gildir um fjallveginn þar fyrir austan, Steingrímsfjarðarheiði, að þar næst ekki einu sinni símasamband.

[12:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem tveir síðustu ræðumenn sögðu. Ég held að það sé full ástæða til þess, og vitna þá til orða síðasta ræðumanns, að beita þessu fyrirtæki meðan það er í eigu ríkisins. Enginn veit hvenær því ferli lýkur. Það hefur lengi staðið til að selja fyrirtækið en ekkert hefur bólað á niðurstöðum með það enn þá. Þá eru menn að borga úr öðrum vasanum en ekki hinum, því að ef þetta á að fara í gegnum Póst- og fjarskiptastofnun þá verður það auðvitað fjármagnað úr ríkissjóði sem bæta þarf við. Þá kemst kannski reynsla á þetta íslenska ákvæði sem hæstv. ráðherra er hreykinn af. En það tekur langan tíma að fá niðurstöðu í málin með þeim hætti. Það er alveg skelfilegt að þetta símafyrirtæki, stóra öfluga fyrirtæki, skuli ekki ganga í önnur mál eins og GSM-símasamband í landinu.

[12:33]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Mér er mikið kappsmál að nettenging og GSM-samband komist á við Ísafjörð og alla Vestfirði. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að í bréfinu frá íbúunum kom fram að þeir sendu fyrsta erindi sitt til Símans fyrir þremur árum. Þeir hafa ekki fengið svar við því enn. Ráðherra er ráðherra póst- og símamála og því er ástæða til þess að hann láti málið til sín taka. Enn fremur hefur undirskriftalisti viðkomandi íbúa, að því er ég best veit, borist öllum þingmönnum kjördæmisins. En það er kannski ekki aðalmálið.

Aðalmálið er að taka á vandanum og leysa úr honum. Það kemur fram í síðasta Bændablaði að um 70 bæir á landinu séu án viðunandi nettengisambands og af þeim séu 45 á Vestfjörðum.

Síminn skilar á þriðja milljarð króna í arð til ríkisins á þessu ári. Það ætti ekki að vera erfiðleikum bundið hjá Símanum að ljúka þessu dæmi. Mér finnst það hálfaumingjalegt að fyrirtæki sem er búið að þjóna landsmönnum með þessum hætti um áratuga bil, afar fólksins hafa sjálfsagt borið út símastaurana frítt fyrir Símann á sínum tíma. (**Samgrh.:** Örugglega ekki.) Þetta er þjóðareign, Síminn. Sú þjónusta sem hann veitir á að veitast öllum landsmönnum. Ég treysti á hæstv. samgönguráðherra, sem ég veit að er mikill áhugamaður um að þessi mál komist í lag, fjarskiptaþjónusta um allt land, athugi þetta mál og beiti sér í því þannig að góð lausn fáist á því.

[12:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Þessi umræða er með hefðbundnu sniði og það er satt að segja ekki ónýtt fyrir hinar dreifðu byggðir að eiga svo öfluga talsmenn í ræðustól á Alþingi sem vekja athygli á nauðsyn þess að tryggja fjarskiptasamband um landið allt. En hins vegar er ekki hægt að gera alla hluti á stundinni.

Það hefur tekist þannig til á Íslandi með uppbyggingu fjarskiptakerfanna, þótt ýmislegt sé ógert, að hvergi í veröldinni er meiri símanotkun, meiri farsímanotkun og hvergi í veröldinni meiri notkun á internettengingum vegna þess hversu hratt hefur verið byggt upp á Íslandi. Þó að við gerum miklar kröfur, ég þar á meðal, þá verðum við hins vegar að viðurkenna þessar staðreyndir. Þeir sem ferðast um önnur lönd og kynna sér aðstæður, jafnvel þingmenn í erlendu samstarfi, átta sig á því að þeir ná ekki alls staðar farsímasambandi. Ég sé að sumir þingmenn kinka kolli.

Við eigum að gera miklar kröfur en mér dettur stundum í hug einn ágætur vinur minn vestan af landi sem sagði jafnan við mig þegar ég fór til þings: „Ja, láttu þá nú hafa það.“ Þannig er umræðan stundum gagnvart Símanum, þessu ágæta fyrirtæki. Það eru gerðar mjög miklar kröfur til fyrirtækisins og mér finnst stundum að þær nálgist mörk hins mögulega í ljósi þess viðskiptaumhverfis sem við búum við og Síminn býr við. Ég geri miklar kröfur til fjarskiptafyrirtækjanna en þær kröfur verða að vera á rökum reistar.

Forvarnir í fíkniefnum.

Fsp. BjörgvS, 102. mál. — Þskj. 102.

[12:38]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Forvarnir í fíkniefnamálum eru að mörgu leyti í ólestri hérlendis. Allt of mikið er lagt upp úr refsingum og of lítil áhersla lögð á forvarnir. Ég er sannfærður um að aðeins sé hægt að ná árangri í baráttunni gegn fíkniefnum með því að slá á eftirspurnina eftir eitrinu. Harðari refsingar virðast einungis færa óhugnaðinn enn neðar í undirheimana.

Í tilefni af stöðunni og vegna hástemmdra loforða Framsóknarflokksins árið 1999, um milljarð í baráttuna gegn fíkniefnum, spurði ég heilbrigðisráðherra síðastliðið vor um stöðu mála. Svarið sem var skriflegt barst rétt fyrir þingslit í vor og kom mér mjög undarlega fyrir sjónir. Í ljós kom að framlög til bæði forvarna og meðferðar eru afar lág og ekkert bólar á milljarðinum umtalaða.

Framsóknarflokkurinn lagði mikið upp úr þessu kosningaloforði sínu árið 1999, marglofaði þessum milljarði og hægt er að fullyrða að hann hafi fengið töluvert magn atkvæða út á þetta kosningaloforð sitt enda er málið grafalvarlegt og snertir margar fjölskyldur í landinu. Því er kominn tími til að inna Framsóknarflokkinn, fimm árum síðar, eftir efndum í málinu og spyrja hreinlega: Var flokkurinn að blekkja kjósendur þegar hann lofaði milljarði aukalega til fíkniefnabaráttunnar, baráttunnar gegn fíkniefnum? Ekkert bólar á því og því spyr ég hæstv. ráðherra: Stendur til að auka útgjöld til forvarna í fíkniefnamálum um 1 milljarð kr., samanber svar ráðherra við fyrirspurn minni í vor? Í svari ráðherra kemur í ljós að framlög til forvarna í svokallaðan Forvarnasjóð eru hverfandi og lág. Miðað við allt tal um milljarð króna þá stinga þær upphæðir í augu. Þar er um að ræða 78 millj. kr. árið 2003. Sorglega lága upphæð.

Ástandið í fíkniefnamálum og málum eiturlyfjasjúklinga er alvarlegt. Starf SÁÁ er í uppnámi og það gerist á vakt Framsóknarflokksins, flokksins sem lofaði milljarði í baráttuna gegn fíkniefnum.

SÁÁ stendur frammi fyrir því að draga verði úr bráðamóttöku og hætta að taka inn unga eiturlyfjafíkla. Starf SÁÁ er sem sagt í uppnámi, framlög til forvarnamála lítil og hverfandi og meðferðarúrræðum fækkar. Ástandið í þessum málum er grafalvarlegt en flokkurinn sem fór fram með það sem eitt af sínum meginmálum í kosningunum 1999 að lofa milljarði í baráttuna gegn fíkniefnum skal fá að svara fyrir það. Nú er komið að efndum.

[12:40]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda er tilgangurinn með þessari fyrirspurn greinilega að hefja upp pólitíska umræðu um kosningaloforð árið 1999.

Fyrirspurnin sem hann beinir til mín er um það hvort til standi að auka útgjöld til forvarna í fíkniefnamálum um 1 milljarð kr. Í fyrirspurninni vísar þingmaðurinn beint í svar mitt fyrir fyrirspurn hans frá því í fyrra um framlög til forvarna.

Til að fyrirbyggja misskilning þá tek ég strax fram að það kom ekki fram í svari mínu við fyrirspurn þingmannsins í fyrra að heilbrigðisráðuneytið hygðist auka útgjöld til forvarna um 1 milljarð kr. Það hefur verið gert. Það er hægt að fara yfir það hvenær sem er að þingmaðurinn fer með rangt mál í þessu efni.

Í svarinu komu hins vegar fram allar þær upplýsingar sem mér sem heilbrigðisráðherra var unnt að veita um þessi efni og óþarft að endurtaka þau svör hér. Forvarnir vegna fíkniefnamála heyra ekki aðeins undir heilbrigðisráðuneytið og stofnanir þess. Dómsmálaráðuneytið gegnir t.d. veigamiklu hlutverki í þessum málaflokki. Sama má segja um *félagsmálaráðuneytið og stofnanir þess. Það er ekki á mínu* valdi að svara fyrirspurn hv. þingmanns umfram að sem ég hef áður gert í svari við fyrrnefndri fyrirspurn á síðasta þingi.

Ég deili áhyggjum með hv. þingmanni vegna þess margþætta vanda sem felst í reglulegri neyslu fíkniefna og því óhugnanlega umhverfi glæpa og ofbeldis sem tengist neyslu þeirra. Trúlega munu alltaf einhverjir segja að of litlu fé sé varið í þennan málaflokk, sama hver upphæðin er, meðan þessu vandamáli hefur ekki verið útrýmt. Sú baráttа er hörð en við megum ekki láta undan síga í þeirri baráttu og það verður ekki gert.

[12:43]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Forvörnum gegn fíkniefnum á Íslandi er ábótavant. Við vitum að úrræðin eru til og við vitum líka að áhugasamt fólk er til í að vinna að forvörnunum. En því miður hafa fjárveitingarnar ekki verið nægar þrátt fyrir, eins og hér hefur komið fram, hávær kosningaloforð Framsóknarflokksins árið 1999.

Ef það skyldi vefjast fyrir þingheimi að fíkniefnavandinn sé til staðar hér á landi þá er hægt að fræðast um þau *mál í bók sem heitir Sigur í hörðum heimi, sem er um* Guðmund Sesar. Hún fjallar um baráttu saklauss manns og fjölskyldu hans við viðbjóðslega og lífshættulega undirheima fíkniefna á Íslandi.

[12:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er mikið áhyggjuefni að á sama tíma og ríkisstjórnin mokar út fjármunum til skattalækkana skuli neyðarópin koma daglega utan úr samfélaginu vegna vandamála, vegna fíkniefna og vanda sem þær stofnanir sem hafa verið að berjast við þann vágest standa frammi fyrir.

Ég held að það væri ástæða til að hæstv. heilbrigðisráðherra upplýsti í þessari umræðu hvort hann ætlar sér t.d. að tryggja að hægt verði að halda áfram þeirri þjónustu hjá SÁÁ sem þar hefur verið eða hvort hann vill heldur standa frammi fyrir því að kostnaðurinn af vandamálunum lendi á Landspítalanum, eins og mun auðvitað gerast ef ekki verður hægt að sinna áfram þeim verkefnum sem sinnt hefur verið hjá SÁÁ. Það er kvíðvænlegt að menn skuli sífellt lenda í þessum vanda og ekki geta litið yfir hann heildrænt og leyst hann.

[12:45]

Sæunn Stefánsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er sannarlega tæpt á mikilvægu málefni og þakka ber fyrirspyrjanda að vekja máls á því. Það verður að taka fram eins og hæstv. heilbrigðisráðherra gerði í svari sínu að það var loforð um milljarð og staðið við milljarð. Þessi málefni heyra undir fleiri ráðuneyti en það sem hann stýrir og því er í fyrirspurn sem beint er til hans kannski ekki hægt að ætlast til að hann telji fram framlög annarra ráðuneyta.

En af því að vakin var athygli á stöðu SÁÁ er líka rétt að það komi fram í umræðu á hinu háa Alþingi að framlög til SÁÁ hafa aukist úr því að vera 219 millj. árið 1997 upp í að það stefnir í að á næsta ári verði þau 499 millj. þannig að það má sannarlega segja að yfirvöld hafi reynt að sporna við þessum vanda.

Svo má líka benda þingheimi á að hér var samþykkt á sínum tíma frumvarp um Lýðheilsustöð þar sem forvarnaráðin öll voru sameinuð í þeim tilgangi einmitt að styrkja og efla enn frekar þá forvarnastarfsemi sem fram fer í landinu.

[12:46]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og óska hv. þingmanni sem mælti hér á undan mér til hamingju með jómfrúrræðu sína sem hún flutti þremur korterum eftir að hún tók sæti á Alþingi og var vasklega gert.

Kjarninn í mínu máli er þessi: Hvar er það sérstaka átak sem Framsóknarflokkurinn boðaði í baráttunni gegn fíkniefnamálum? Það er kjarni málsins. Flokkurinn boðaði sérstakt átak og nefndi milljarð króna til að berjast gegn fíkniefnum. Meginmálið er það að neyðin vegna fíkniefnafaraldursins, t.d. á meðal unglinga, er eitt alvarlegasta meinið í samfélagi okkar. Það er að rústa fjölda fjölskyldna. Hver þekkir ekki sögurnar af handrukkurunum og hryllingnum öllum í kringum það þegar unglingar og ungt fólk leiðist út í eiturlyfjaneyslu? Við því verðum við að bregðast. Þetta er allt spurning um forgangsröðun og ég efast ekki um að hæstv. ráðherra hafi vilja til að berjast gegn þessu máli. En ekkert bólar á milljarðinum og ekkert bólar á hinu sérstaka átaki sem Framsóknarflokkurinn boðaði í baráttunni gegn fíkniefnum. Þvert á móti erum við að láta undan síga. Staðan hjá SÁÁ sýnir að við erum að láta undan síga í meðferðarúrræðum og baráttunni gegn fíkniefnum. Því væri forvitnilegt að heyra hvort hæstv. ráðherra ætlar að bregðast við bráðavanda SÁÁ svo dæmi sé tekið. Ætlar hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að það átak sem Framsóknarflokkurinn boðaði í kosningunum 1999 muni eiga sér stað? Tölurnar tala sínu máli. Staðan í meðferðarúrræðum og forvarnamálum tala sínu máli. Við erum að gefa eftir. Vandinn eykst og æ fleiri Íslendingar verða fórnarlömb þess hryllings sem eiturlyfin eru og við getum gert ýmislegt í því. Þetta er spurning um forgang og því verð ég að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann og hvernig hann ætli að beita sér af enn meira afli í þeirri baráttu.

[12:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hreyfa þessu máli og veit að áhugi hans á því er einlægur. En hins vegar verð ég að mótmæla því að farið sé með rangt mál trekk í trekk vegna þess að til eru tölur um það sem varða þrjú ráðuneyti að lagður hefur verið til viðbótar 1 milljarður kr. til baráttunnar gegn fíkniefnum. Sú barátta fer fram á mörgum vígstöðvum. Hún fer fram í dómsmálaráðuneytinu varðandi aðflutningana, hún fer fram í félagsmálaráðuneytinu varðandi vistun og hún fer einnig fram hjá okkur varðandi lýðheilsu og forvarnir.

Það hefur verið rakið af hv. þm. Sæunni Stefánsdóttur hve framlögin til SÁÁ hafi vaxið. Við gerðum þjónustusamning við SÁÁ til að formfesta það samstarf og tryggja þá þjónustu. Veitt hefur verið meiri þjónusta en samningurinn gerir ráð fyrir. Við þurfum að fara yfir þau mál. Við höfum viðurkennt fíkniefnameðferð SÁÁ á ópíumfíklum, við höfum lagt fram fjármagn til þess. Við þurfum að fara yfir heildina í þessum málum, athuga hvers kerfið er megnugt, við erum ætíð tilbúin til þess í heilbrigðisráðuneytinu og höfum alltaf verið. Ég átti nýlega viðræður við forráðamenn SÁÁ um þessi mál og heimsótti þá og hef fylgst grannt með þeim málum. Við erum ætíð til viðræðu um hvernig við leysum þau vandamál en við þurfum að nota öll úrræði sem við höfum í kerfinu. Nýlega var viðtal í Morgunblaðinu við forráðamann Barnaverndarstofu þar sem hann segir að hann hafi möguleika til að auka þjónustu sína á þessum vettvangi.

Afsláttarkort.

Fsp. ÁRJ, 108. mál. — Þskj. 108.

[12:51]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Samkvæmt sjúkratryggingum almannatrygginga er komið til móts við sjúklinga sem hafa mikinn heilsugæslu- eða lækniskostnað þannig að þegar þeir hafa greitt ákveðið hámark fullu verði geta þeir sótt um afsláttarkort sem gildir út almanaksárið. Fyrir einstaklinga eru það 18 þús. kr. sem þeir greiða fullu verði, fyrir lífeyrisþega 4.500 og fyrir öll börn í fjölskyldu 6 þús. kr. Til að fá afsláttarkortið þarf sjúklingur að safna saman kvittunum, svokölluðum bleikum miðum, vegna lækniskostnaðarins.

Sumir sjúklingar, eins og t.d. ýmsir geðsjúkir og fatlaðir, geta ekki haldið saman kvittunum vegna sjúkdóms síns, þeir hafa ekki tök á því og hafa aðstandendur þessara sjúklinga komið að máli við mig vegna þessa ástands. Ég er með dæmi þar sem aðstandandi einstaklings, sem er með geðrænan sjúkdóm og getur ekki safnað kvittunum sínum sjálfur, fékk útprentun á öllum kostnaði hans á heilsugæslustöð þar sem hann er viðskiptavinur en hann hafði þá greitt umfram hámarkið en Tryggingastofnun ríkisins neitaði að taka útskriftina gilda og vill ekki afhenda afsláttarkort nema gegn bleiku miðunum eða kvittununum frá lækni. Þó er þetta frumrit frá stjórnsýslu heilsugæslunnar sem aðstand-

andinn framvísaði. Þetta ástand kemur illa niður á þeim sem búa við veikindi eða fötlun sem gerir það að verkum að þeir geta ekki haft reiðu á kvittununum og því missir þetta fólk af þeim kjarabótum sem það á í rauninni rétt á í kerfinu.

Þegar lyf eru annars vegar og sjúkratryggingar koma til móts við sjúklinga með því að greiða niður mikinn lyfjakostnað, þá er tekið mark á og tekin gild útskrift úr apótekum. Þar þarf ekki að koma með allar kvittanirnar vegna lyfjakaupa þegar sjúklingur er með mikinn lyfjakostnað. Því er það ótrúlegt ósamræmi og kemur niður á þessum hópi sjúklinga að útskrift frá lækni eða heilsugæslustöð er ekki tekin gild þegar afsláttarkortin eru annars vegar. En vegna þessa spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hversu margir þeirra sem hafa greitt umfram hámark fyrir læknisþjónustu hafa sótt um afsláttarkort síðustu þrjú árin? Hversu margir hafa ekki gert það?

2. Er vitað hvort ákveðnir hópar sjúklinga sækja síður um afsláttarkort en aðrir eftir að réttur til þess hefur skapast? Hefur það t.d. verið skoðað eða kannað?

3. Eru áform um að auðvelda þeim að nýta sér þennan rétt sem ekki geta vegna sjúkdóms og fötlunar, borið sig eftir honum, þ.e. að einfalda kerfið þannig að fólki sé ekki gert þetta svona erfitt?

[12:54]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Fyrsta fyrirspurnin sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir beinir til mín er svohljóðandi:

„Hversu margir þeirra sem hafa greitt umfram hámark fyrir læknisþjónustu hafa sótt um afsláttarkort síðustu þrjú *árin*?"

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins gaf stofnunin út samtals 26.840 afsláttarkort á árinu 2001 en á árinu 2003 voru þau orðin 33.717. Þannig hefur útgefnum afsláttarkortum á þessum þremur árum fjölgað um fjórðung. Í ár stefnir í að kortunum fjölgi enn og fjöldi þeirra verði á bilinu 34.300–34.400.

Þá er spurt: „Er vitað hvort ákveðnir hópar sjúklinga sækja síður um afsláttarkort en aðrir eftir að réttur til þess hefur skapast?"

Tryggingastofnunin hefur ekki upplýsingar um einstaklinga sem ekki nýta sér rétt sinn til afsláttarkorta og hefur því engin svör við því hvort það séu tilteknir hópar einstaklinga umfram aðra sem ekki nýta rétt sinn. Vísbendingar eru hins vegar um að tilteknir hópar nýti sér ekki endurgreiðslurétt sinn en það kemur fram í rannsóknarniðurstöðum Rúnars Vilhjálmssonar og Guðrúnar V. Sigurðardóttur sem könnuðu dreifingu komugjalda og afsláttarkorta meðal þeirra sem eiga rétt á þeim. Tillögurnar voru kynntar í 5. tölublaði Læknablaðsins í fyrra. Þar er bent á að þetta sé í samræmi við þá staðreynd að endurgreiðslur Tryggingastofnunar vegna afsláttarkortanna séu lágar og hafi numið 75 millj. kr. á árinu 2001 en það er 8 millj. kr. lægri tala en endurgreiðslufjárhæð árið 1998.

Tryggingastofnunin hefur upplýsingar um þá einstaklinga sem sækja um afsláttarkortin. Þannig eru útgefin afsláttarkort til almennra sjúklinga 9.025 árið 2001, 13.587 til lífeyrisþega og 4.228 vegna barna. Þá má gera ráð fyrir að útgefin kort til almennra sjúklinga verði 13.640, 15.520 til lífeyrisþega og 5.560 vegna barna í ár. Þetta fjögurra ára tímabil er fjölgunin því hlutfallslega mest meðal almennra sjúklinga eða um 51%, 22% í útgefnum kortum vegna barna og ríflega 14% í útgefnum kortum til lífeyrisþega. Aukning í útgáfu korta er því umtalsverð frá árinu 2001 eða sem nemur 27–28% en aukningin bendir til þess að einstaklingar nýti sér rétt til afsláttarkorta í ríkara mæli en áður.

Í ár er gert ráð fyrir að endurgreiðsla vegna útgáfu afsláttarkorta verði um 160 millj. kr. og það er um tvöföldun í endurgreiðslu frá árinu 2001. Skýringa er án efa að leita til þeirra staðreynda að nú er það eðli málsins samkvæmt regla að heilbrigðisstarfsmenn á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, hjá sérfræðilæknum og annars staðar þar sem sjúklingur sækir sér þjónustu að spyrja viðkomandi hvort hann eða hún sé með afsláttarkort. Þannig eru einstaklingar *með beinum og áberandi hætti minntir reglulega á rétt sinn* og vaktir til umhugsunar um rétt sinn áður en þeir greiða þjónustuna.

Í þriðja og síðasta lagi er spurt:

„Eru áform um að auðvelda þeim að nýta sér þennan rétt sem ekki geta vegna sjúkdóms eða fötlunar borið sig eftir honum?"

Eins og áður hefur komið fram þekkir Tryggingastofnun ekki þá sem ekki nýta sér rétt til afsláttarskírteina. Stofnuninni er hins vegar falið með reglugerð að kynna almenningi reglur um afsláttarskírteini, sbr. 1. gr. reglugerðar 981/2003, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Leitað hefur verið eftir upplýsingum um hvernig stofnunin stendur að kynningu á afsláttarskírteinum og í svari stofnunarinnar segir að Tryggingastofnun ríkisins gefi út bæklinga þar sem upplýst er um afsláttarskírteinin. Bæklingarnir liggi frammi á flestum læknastöðvum og víðar. Einnig megi finna upplýsingar um skírteinin á heimasíðu stofnunarinnar. Þá hafi stofnunin gefið út spjöld sem send hafi verið læknastöðvum þar sem fram koma upplýsingar um greiðslu sjúklinga fyrir læknisþjónustu með og án afsláttarskírteina. Spjöldin hanga mjög víða uppi.

Ég tel að Tryggingastofnun ríkisins hafi sinnt og sinni upplýsingaskyldu sinni við almenning nokkuð vel þó ætíð megi deila um hversu umfangsmikil slík kynning eigi að vera. Það mætti hugsa sér samkeyrslu á upplýsingum þannig að TR og heilbrigðisstofnanir hefðu beinan aðgang að upplýsingum um einstaklinginn svo lesa mætti út rétt viðkomandi en Tryggingastofnun getur ekki gefið upplýsingar um komu sjúklinga á heilsugæslustöðvar og sjúkrahús þar sem hún hefur ekki heimildir til að afla slíkra upplýsinga. Samkeyrsla upplýsinga Tryggingastofnunar og heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa er viðkvæmt persónuverndarmál og því þarfnast slíkt vandlegrar skoðunar áður en óskað er eftir slíkum heimildum fyrir stofnunina. Núverandi fyrirkomulag afsláttarskírteina er með þeim hætti að það getur uppfyllt það markmið sem skírteinunum er ætlað en verið er að skoða þær ábendingar sem bent er á í greininni sem ég vitnaði til.

[13:00]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Það kom í ljós eins og mig grunaði að

hæstv. ráðherra veit ekki hversu margir hafa greitt umfram hámarkið og sækja ekki um afsláttarkortið. Það er hópurinn sem ég var að benda á. Fólk sem er það mikið veikt eða það mikið fatlað að það getur ekki borið sig eftir kvittununum, safnað þeim saman og borið sig eftir afslættinum.

Auðvitað verður að koma til móts við þann hóp því hann getur ekki nýtt sér kjörin með þessum hætti. Ég benti á dæmi þar sem aðstandandi hafði leitað til heilsugæslunnar eftir kvittun frá stjórnsýslu heilsugæslunnar þar sem sýnt er fram á að viðkomandi hafði borgað umfram hámarkið og Tryggingastofnun neitar að láta hann hafa afsláttarkort út á hana. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki tilbúinn til að beita sér fyrir því að þegar fram koma kvittanir, löggild frumrit frá yfirstjórn heilsugæslunnar, að sjá til þess að tekið sé mark á því í Tryggingastofnun alveg eins og bleiku miðunum eins og gert er þegar útskriftir koma frá apótekunum vegna afsláttar eða niðurgreiðslu á lyfjum. Þarna held ég að hægt verði að koma til móts við þennan hóp en auðvitað á að koma þessu þannig fyrir að viðkomandi hafi kort eða eitthvert skírteini þar sem hægt er að sjá á rafrænum upplýsingum hversu mikið er búið að greiða fyrir læknisþjónustu eða heilsugæslu á árinu, þannig að það komi sjálfkrafa fram á kortinu þegar menn eru búnir að borga hámarkið. Það er mjög viðkvæmur hópur sem líður fyrir það hvernig fyrirkomulag hlutanna er. Ég treysti því að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að gerð verði bragarbót á þessum hlutum því ástæðulaust er að láta þennan sjúklingahóp líða fyrir þetta. Það ætti að vera auðvelt að kippa því í liðinn að hvert frumrit, kvittanir frá heilsugæslunni, gildi þegar afsláttarkortin eru annars vegar eins og kvittanirnar frá læknum.

[13:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Okkur í heilbrigðisráðuneytinu og mér sem heilbrigðisráðherra er vissulega mjög annt um að fólk þekki rétt sinn og nýti hann. Það er alveg ljóst. En ég tel að hlutverk heilbrigðisstarfsmanna í þessu efni sé það mikilvægasta, að fólk sé minnt á rétt sinn um leið og það leitar eftir þjónustu og fái leiðbeiningar í því efni. Mér er kunnugt um að fólk sem vinnur í heilbrigðisþjónustunni, t.d. í heilsugæslunni, gerir það. Það spyr hvort menn séu með skírteini. Við erum ætíð tilbúin að ræða við Tryggingastofnun um framkvæmd þessara mála og ef einhverjir hnökrar eru í málinu höfum við sérstaka samráðsnefnd og höfum formfest það samstarf. Það er sjálfsagt og eðlilegt að það sé tekið upp við stofnunina ef einhverjir hnökrar eru á þeim samskiptum.

Það sem ég nefndi í svari mínu voru vandkvæðin varðandi persónuverndina, vandkvæðin varðandi samkeyrslur upplýsinga. Ljóst er að við höfum ekki svör við öllum spurningum og þar liggur vandamálið. Hins vegar held ég að við getum haft upplýsingarnar í bærilega góðu lagi með almennum fyrirmælum og góðum samskiptum og við í heilbrigðisráðuneytinu erum tilbúin að stuðla að því.

Að öðru leyti þakka ég þingmanninum fyrir að taka málið upp. Það er vissulega þarft að vekja athygli á þessu í umræðum á Alþingi og ég þakka fyrir það.

Undirbúningur í heilbrigðiskerfinu vegna umskorinna kvenna.

Fsp. ÁRJ, 113. mál. — Þskj. 113.

[13:04]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Í haust birtist viðtal í Fréttablaðinu við Áslaugu Hauksdóttur ljósmóður undir yfirskriftinni Hrikaleg misþyrming kvenna. Þar segir hún, með leyfi forseta:

„Vel má búast við því að hér á landi fari umskornar konur innan tíðar að mæta á fæðingardeildir sjúkrahúsa til að fæða börn. Við verðum að fara að búa okkur undir það."

Áslaug hefur reynslu af því að taka á móti börnum umskorinna kvenna í Danmörku en þangað flutti mikill fjöldi flóttamanna frá Sómalíu upp úr 1997. Áslaug hafði lesið sér til þegar hún fékk fyrstu umskornu konuna til sín og var því að einhverju leyti undirbúin. Engu að síður segist hún hafa orðið fyrir gríðarlegu áfalli þegar raunveruleikinn blasti við. „Ég var lengi að ná mér. Þetta er hrikaleg misþyrming á konum."

Í Danmörku fara umskornar konur jafnan í gegnum ákveðna fræðsludagskrá þar sem þær fá m.a. fræðslu um það hvernig eðlileg kynfæri líta út. Eiginmönnum þeirra og fjölskyldum er að jafnaði boðið með í fræðsluna því hefðin er svo sterk að engan veginn er nóg að fræða konurnar einar. Áslaug segir nauðsynlegt að skipuleggja einhvers konar fræðslu hér á landi bæði fyrir ljósmæður og lækna og ekki síður fyrir umskornar konur og fjölskyldur þeirra.

Vegna ummæla Áslaugar legg ég fram fyrirspurn á Alþingi fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra sem hljóðar svo: Hefur starfsfólk í heilbrigðiskerfinu verið undirbúið sérstaklega undir móttöku og þjónustu við konur sem hafa verið umskornar? Ef svo er, hvaða starfsfólk og í hverju hefur undirbúningurinn falist?

[13:06]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir beinir til mín fyrirspurn um hvort starfsfólk í heilbrigðiskerfinu hafi verið undirbúið sérstaklega undir móttöku og þjónustu við konur sem hafa verið umskornar, og ef svo er, hvaða starfsfólk og í hverju undirbúningurinn hefur falist.

Af hálfu heilbrigðisþjónustunnar hafa þessi mál fyrst og fremst verið á könnu kvennadeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Þar hefur allt frá árinu 2003 verið rætt um hvernig taka skuli á vanda þeirra kvenna sem koma kynnu á deildina vegna þungunar og fæðingar og væru umskornar. Tveir eða þrír úr hópi kvennasérfræðilækna deildarinnar hafa það verkefni að kynna sér sérstaklega meðhöndlun umskorinna kvenna bæði í og eftir fæðingu. Þeir læknar hafa nú þegar hafið undirbúning að þessu hlutverki sínu og mundu verða til kvaddir ef slík mál bæru upp á deildinni.

Ljósmæður sem hafa reynslu af þessu starfi og starfa erlendis að þessum málum yrðu einnig til kvaddar þegar þörf yrði á vegna umönnunar í fæðingu. Á kvennadeild er tekin afstaða til umfangs, viðgerða á sköpum og spöng þessara kvenna eftir fæðingu. Kvennadeildin vinnur í samræmi við viðteknar venjur í helstu nágrannalöndum okkar svo sem á

Norðurlöndum og í Bretlandi svo og samkvæmt íslenskum lagafyrirmælum. Einnig koma félagsráðgjafar að málinu eftir því sem þörf er á.

Virðulegi forseti. Ég vona að þetta svari fyrirspurn hv. þm.

[13:08]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir að taka málið upp. Hún hefur verið ötul við að halda málinu á lofti. Ég held að full ástæða sé til að horfa á þetta mál og það gleður mig hvernig hæstv. ráðherra svaraði fyrirspurninni. Það var náttúrlega ekki við öðru að búast en að Landspítali – háskólasjúkrahús væri með undirbúning í gangi til að takast á við þennan vanda því ljóst er að það er aðeins tímaspursmál hvenær slíkt kemur hér upp. Það er fjöldi útlendinga hér á landi og þetta er mjög djúpt í þjóðarsál þeirra þjóða sem stunda þessi vinnubrögð, en náttúrlega alveg ljóst að þetta er óverjandi meðhöndlun á konum. Þetta er ofbeldi gagnvart konum og alvarlegt form af misnotkun á börnum. Það gleður mig því að heyra frá hæstv. ráðherra að undirbúningur er hafinn í heilbrigðiskerfinu okkar til að takast á við svona tilvik.

[13:09]

Valdimar L. Friðriksson:

Frú forseti. Fyrirspurn hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur vekur mann til umhugsunar um hvort konur séu umskornar á Íslandi. Menn vita dæmi þess að konur sem flytjast til Íslands hafi verið umskornar í öðrum löndum, en mig langar að spyrja í þessu sambandi hvort ráðherra hafi einhverja vitneskju, hvort það sé vitneskja í heilbrigðiskerfinu eða í ráðuneytinu um það hvort konur séu umskornar á Íslandi.

[13:10]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir að hreyfa málinu í fyrirspurnatíma. Það er rétt við umræðuna að vekja athygli á því frumvarpi sem liggur frammi þar sem þingflokksformenn allra stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga á Alþingi Íslendinga hafa lagt fram frumvarp sem gerir ráð fyrir að umskurður á konum, limlesting á kynfærum kvenna, verði bönnuð samkvæmt íslenskum lögum.

Ég hvet einungis til þess í umræðunni að frumvarpið fái hraða meðferð í þinginu. Ég held að Íslendingar eigi að ganga á undan með góðu fordæmi í þessum efnum. Reyndar hafa nokkur nágrannalönd okkar sett sams konar lög og ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir alþjóðasamfélagið sem berst gegn limlestingum á kynfærum kvenna að þeim löndum fjölgi sem banni þennan verknað með lögum.

[13:11]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þeim sem tóku þátt í umræðunni. Þetta er mjög alvarlegt mál og óverjandi misþyrming sem felst í þessari aðgerð. Ég fagna því að kvennadeild Landspítalans sé farin að huga að þjónustu við þennan hóp. Samkvæmt umræðu sem var hérna áður um þessi málefni kom fram að ekki er vitað til þess að þetta hafi verið gert hér á landi, en auðvitað má búast við því að það gerist hér eins og annars staðar á Norðurlöndum, þar sem vitað er að þetta gerist, og vissulega þarf að samþykkja frumvarp í þá veru sem liggur fyrir þinginu.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort einnig séu uppi áform um að veita þessum konum og fjölskyldum þeirra fræðslu, eins og Áslaug Hauksdóttir minntist á í viðtalinu sem ég vísaði til áðan og veitt er í Danmörku. Ég geri ráð fyrir að menn horfi til annarra landa, eins og kom raunar fram hjá hæstv. ráðherra, en mikilvægt er að það sé fræðsla til fjölskyldnanna, til kvennanna, að læknarnir séu viðbúnir, hjúkrunarfræðingarnir, ljósmæður og allir sem koma að þessum málum. Vissulega fagna ég því að menn eru farnir að huga að þessari þjónustu og verði viðbúnir ef og þegar menn þurfa að taka á móti og veita þjónustu konum sem hafa orðið fyrir þessari hryllilegu misþyrmingu.

[13:13]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda og þeim sem hafa tekið þátt í umræðunni um þetta alvarlega mál. Spurt hefur verið hvort við vitum til þess að konur séu umskornar á Íslandi. Ég svaraði fyrirspurn um þetta frá hv. þm. Valdimar Friðrikssyni á síðasta þingi. Þá höfðum við ekki vitneskju um það og við höfum ekki fengið neina vitneskju sem bendir til þess, sem betur fer. Ég tók fram í svari mínu við þeirri fyrirspurn að túlkun okkar er samkvæmt læknalögum og að samkvæmt íslenskum heilbrigðislögum er þetta líkamsárás. Umskurður kvenna er ólöglegur hér á landi þannig að samkvæmt íslenskum læknalögum er ólöglegt að umskera konur og vonandi er það ekki staðreynd að sá verknaður sé framinn.

Það er ástæða til að halda vöku sinni í þessum efnum og ég heyri að hv. þingmenn hafa áhuga á því enda er þetta líklega þriðja fyrirspurnin sem ég svara um málið á Alþingi. Ég tel að það sé full ástæða til þess ef þessi alvarlegu tilvik koma upp hér að veita fræðslu og kalla til þá sem eru bærir til að veita hana, væntanlega heilbrigðisstarfsfólk og jafnvel félagsráðgjafa. Sem betur fer hefur ekki enn þá komið upp tilfelli svo við vitum til um þetta mál, en ég tek undir að ástæða er til að halda vöku sinni í eins alvarlegu máli og þessu.

Grunnafjörður.

Fsp. ÞSveinb, 218. mál. — Þskj. 221.

[13:15]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Frú forseti. Kapla hf. hyggst reisa rafskautaverksmiðju á Katanesi í Hvalfirði. Áætlað er að ársframleiðsla verði allt að 340 þúsund tonn af bökuðum rafskautum.

Lagt hefur verið mat á umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar lögum samkvæmt og hefur Skipulagsstofnun fyrir sitt leyti gefið grænt ljós á framkvæmdina, þó að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Ýmislegt hefur reyndar breyst

síðan það mat fór fram og m.a. hefur komið í ljós að Alcoa hyggst reisa eigin rafskautaverksmiðju í Noregi vegna uppbyggingar álvers í Reyðarfirði sem þýðir að óvíst er um kaupendur alls þess magns rafskauta sem fyrirhugað er að baka á Katanesi.

Hér verður ekki fjölyrt um viðskiptahlið þessa máls nema að segja að það er von fyrirspyrjanda að iðnaðarráðuneytið sjáist fyrir í þessu efni, enda óljóst um hagnaðarvon, þótt það eigi sjálft frumkvæði að því að reisa þessa verksmiðju á Katanesi í Hvalfirði.

Fyrirspurn mín varðar Grunnafjörð. Innan þynningarsvæðis fyrirhugaðrar verksmiðju er Eiðisvatn en af því er afrennsli yfir í Grunnafjörð í Borgarfirði. Grunnafjörður er eins og kunnugt er á skrá Ramsar yfir votlendissvæði sem hafa alþjóðlegt gildi og ber að vernda sérstaklega. Í Grunnafirði í Borgarfirði eru víðáttumiklar leirur með miklu fuglalífi. Þar er viðkomustaður farfugla.

Þær upplýsingar liggja fyrir að í umhverfisráðuneytinu sé gerð verndaráætlunar samkvæmt Ramsar-samþykktinni fyrir Grunnafjörð ekki hafin þótt hann hafi verið settur á þennan lista árið 1996, að ég best man. Fyrir liggur við núverandi aðstæður að frekari náttúrurannsókna er þörf í firðinum, en í vor var því haldið fram af hæstv. þáverandi umhverfisráðherra að ekkert sem vitað væri um núna ógnaði vistkerfinu í Grunnafirði. Það gæti hins vegar breyst, frú forseti, ef fyrirætlanir um rafskautaverksmiðju á Katanesi verða að veruleika. Má nefna að útblástur ýmissa efna mun aukast mjög verði þessi verksmiðja reist, m.a. svokallaðra PAH-efna sem nokkur ótti er af og lítið er vitað um nema að þau hafa álíka virkan og þrávirk efni og gildi þeirra verður nokkuð hátt samkvæmt þeim áætlunum sem fyrir liggja.

Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra, en ráðuneyti hennar hefur haft forgöngu um að fá aðila til þess að reisa þessa verksmiðju, hvort hún telji að uppbygging rafskautaverksmiðju á Katanesi samræmist skuldbindingum Íslands samkvæmt Ramsar-samþykktinni, í ljósi þess að Eiðisvatn, sem er innan þynningarsvæðisins, hefur afrennsli í Grunnafjörð.

[13:19]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Grunnafjörður er utan núverandi þynningarsvæðis, iðnaðarsvæðisins á Grundartanga, en hluti Eiðisvatns er innan þynningarsvæðisins. Afrennsli Eiðisvatns er Urriðaá sem rennur í Grunnafjörð. Ekki er þörf á að stækka þynningarsvæðið með tilkomu rafskautaverksmiðjunnar þar sem útblástur frá verksmiðjunni gefur ekki tilefni til slíks. Þó er gerð tillaga um minni háttar stækkun þynningarsvæðisins til norðausturs þannig að lóð rafskautaverksmiðjunnar verði innan þess. Tilkoma rafskautaverksmiðjunnar breytir því engu um þann hluta þynningarsvæðisins sem nær út á Eiðisvatn nú þegar. Stæði rafskautaverksmiðjan ein og sér væri ekki þörf á sérstöku þynningarsvæði umhverfis hana. Viðbætur við meðalstyrk brennisteinstvíoxíðs vegna losunar við það sem nú þegar er leyft á iðnaðarsvæðinu eru um 7% og um 5% vegna flúors. Styrkur svifryks af völdum rafskautaverksmiðjunnar verður vel innan marka jafnt utan sem innan þynningarsvæðis. Það sama á við um styrk köfnunarefnisoxíða. Rafskautaverksmiðjan breytir því mjög litlu um styrk þessara efna innan þynningarsvæðisins frá því sem nú þegar er leyft.

Hlutfallsleg aukning mengunarefna á Grundartangasvæðinu verður mest á svokölluðum PAH-efnum sem eru fjölhringa kolvetnissambönd. Ekki eru til umhverfismörk fyrir PAH-efni hér á landi en við mat á umhverfisáhrifum var stuðst við ströngustu mörk sem þekkjast í Evrópu og verður styrkur PAH-efna alls staðar innan þeirra marka.

Þess má geta að í tillögum Evrópusambandsins frá 2003 um styrk nokkurra mengunarefna í andrúmslofti er gert ráð fyrir mörkum fyrir PAH-efni sem eru tíu sinnum hærri en þau sem miðað er við í mati á umhverfisáhrifum rafskautaverksmiðjunnar.

Í mati á umhverfisáhrifum og úrskurði skipulagsstjóra er gert ráð fyrir að styrkur mengunarefna verði vaktaður. M. a. verður styrkur PAH-efna í Grunnafirði, Urriðaá og Eiðisvatni vaktaður sérstaklega bæði áður en verksmiðjan tekur til starfa og eftir að starfsemi hefst. Nánari ákvörðun um vöktun þar verður tekin í samráði við Umhverfisstofnun.

Ekki verður séð annað en að fyrirhuguð bygging og rekstur rafskautaverksmiðju samræmist skuldbindingum Íslands samkvæmt Ramsar-sáttmálanum.

[13:22]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér heyrist á svari hæstv. iðnaðarráðherra að lítil viska sé á bak við þann boðskap sem hér var fluttur. Þetta eilífðarhjal um vöktun á útblæstri er að verða fremur leiðinlegt hér í þessu samhengi. Það er alveg sama hversu mikið stjórnvöld vakta þennan útblástur. Hvenær ætlum við að fara að ræða þetta mál ofan í kjölinn og hætta þessari endalausu losun eiturefna út í náttúruna sem nú þegar er farin að valda umhverfinu spjöllum?

Hæstv. forseti. Skuldbindingum Íslands á vettvangi Ramsar-samningsins er ógnað af rafskautaverksmiðju á Katanesi. Skuldbindingum Íslands á vettvangi Bernarsamningsins er ógnað. Skuldbindingum Íslands á vettvangi Kyoto-bókunarinnar og loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna er ógnað. Ég held að hæstv. ríkisstjórn ætti að fara að snúa sér að einhverju öðru en að baka rafskaut á Katanesi. Hún ætti að hætta að baka íslenskum friðlöndum slík vandræði sem hér eru í uppsiglingu. Ég tel að það sé kominn tími til að íslensk (Forseti hringir.) friðlönd fái að vera í friði fyrir ríkisstjórn Íslands.

[13:23]

Mörður Árnason:

Forseti. Vandinn við þetta mál sem við ræðum hér, Grunnafjörð og stöðu hans gagnvart Ramsar-samþykktinni, er sá að menn hafa aldrei klárað að koma Grunnafirði í lag. Það var látið nægja 1996 að lýsa hann Ramsar-svæði. En síðan þegar búið var að segja A þá taldi íslenska ríkisstjórnin, umhverfisráðherra og aðrir ráðherrar með honum hæstvirtir, að það væri nóg og sögðu aldrei B, sem var það að búa til verndaráætlun fyrir þetta svæði sem þarf að gera og sem á að gera samkvæmt þessari samþykkt. Í raun eru þessi svæði ekki orðin Ramsar-svæði og ekki hægt að monta sig af þeim fyrr en sú verndaráætlun hefur verið gerð.

Það já sem hæstv. iðnaðarráðherra sagði áðan um að þessi rafskautaverksmiðja samræmdist skuldbindingum Íslands samkvæmt þessari samþykkt er því náttúrlega já í ljósi þess að engin verndaráætlun er til. Þar með hefur hvorki hæstv. iðnaðarráðherra né umhverfisráðherra neitt vit á því og ekki neitt um það að segja (Forseti hringir.) hvað samræmist Ramsar-samþykktinni í þessu máli.

[13:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hreyfa við þessu máli hér. Það er sannarlega ástæða til að halda hæstv. ríkisstjórn við efnið í þessum efnum. Það verður nú sólarlítið í Hvalfirði ef svo heldur sem horfir og ríkisstjórnin raðar þar niður hverju mengandi fyrirbærinu á fætur öðru. Rafskautaverksmiðja er auðvitað eitt af því allra versta sem fyrir finnst af sínum toga. Þar er gífurleg losun mengunarefna miðað við tiltölulega lítil umsvif. Það er auðvitað eins og við manninn mælt að ríkisstjórnin fagnar því sérstaklega og virðist vera þeim mun gráðugri í fyrirbærin sem þau valda meiri mengun. Það voru alveg sérstök fagnaðarlæti út af þessari rafskautaverksmiðju af því að hún á að bætast þarna við það sem fyrir er í Hvalfirðinum.

Eins er það með alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Maður fer að velta því fyrir sér hvernig menn hugsa framgöngu sína, þeir sem geta verið svo gjörsamlega geðklofnir í afstöðu sinni eins og hæstv. ríkisstjórn er t.d. núna þessa dagana gagnvart loftslagsbreytingunum hér á norðurslóðum og losun gróðurhúsalofttegunda (Forseti hringir.) annars vegar og hins vegar fagnaðarlátunum yfir aukinni mengun. (Forseti hringir.) Það er aðeins hægt að bera (Forseti hringir.) sig saman við eitt land í heiminum í þessum efnum, (Forseti hringir.) sem hunsar alþjóðasamþykktir jafnfullkomlega og það eru Bandaríkin.

[13:26]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég verð að segja eins og er að þau komu mér ekkert sérlega á óvart.

Mig langar til að hnykkja á því, frú forseti, að staðan varðandi PAH-efni á Íslandi er einfaldlega sú að mjög lítið er um þau vitað. Það þýðir lítið að styðjast við rannsóknir, hversu góðar sem þær eru, sem hafa verið gerðar annars staðar í öðrum löndum. Það hefur ekki verið sett í íslenska reglugerð, ekki byggt á neinum íslenskum rannsóknum um það hver gildin eigi að vera. Hér er verið að leyfa mjög mikla staðbundna losun á PAH-efnum miðað við það sem við þekkjum hingað til á Íslandi. Þess vegna jaðrar það við gáleysi af stjórnvöldum að gefa á það grænt ljós án þess að láta fara fram tilhlýðilegar rannsóknir, frú forseti, m.a. vegna Ramsar-samþykktarinnar. Fyrir liggur að Umhverfisstofnun hefur sagt að það þarf að gera rannsóknir í Grunnafirði. Það þarf að búa til verndaráætlunina og það ætti náttúrlega að vera búið fyrir löngu, frú forseti. Það er ekki hægt að fullyrða neitt, frú forseti, fyrr en þetta liggur fyrir um áhrif þessara eiturefna. Og eins og hv. þingmenn vita væntanlega þá verður nú ýmislegt annað losað í Hvalfirði ef þessi verksmiðja verður reist, koltvísýringur og annað. Í raun er mjög mikil mengunarhætta af þessu fyrirbæri. Ég bið því hæstv. iðnaðarráðherra að skoða málin betur og sjá til þess að íslenskar rannsóknir liggi til grundvallar.

[13:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Alltaf spretta upp sömu hv. þingmennirnir þegar er farið að tala um verksmiðjur í þessum virðulega þingsal af því að þeir eru á móti öllum verksmiðjum. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Það er óþarfi að tala svona.) (Gripið fram í.) Óskaplega eiga hv. þingmenn bágt.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Má ég biðja aðeins um hljóð í salinn.)

En það var eitt alveg hárrétt sem hér var sagt og það var að iðnaðarráðherra hefði ekkert sérstaklega mikið vit á þessum málum, þ.e. hvað varðar mengun. Það vill nú svo til varðandi ráðherra sem ekki fara með slík mál — og iðnaðarráðherra gerir það nú ekki samkvæmt stjórnsýslu Íslands — að þegar mál sem þessi koma upp þá fara þau bara í ákveðinn farveg. Ég veit ekki betur en þeir hv. þingmenn sem hér hafa talað hafi haft bara heilmikið álit á mati á umhverfisáhrifum og Skipulagsstofnun í því sambandi og annað slíkt. Það vill svo til að þessi verksmiðja hefur þessi leyfi. Það á nú ekkert að tala um leyfi í þessu sambandi. En hún hefur farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum.

Hv. þingmaður sem hér hóf þessa umræðu hefur nú, held ég, heilmikið álit á Evrópusambandinu og eins og kom fram í máli mínu áðan er matið á umhverfisáhrifum sem unnið er vegna verksmiðjunnar, þ.e. þá eru viðmið hér svo miklu lægri en hjá Evrópusambandinu að þau eru tíu sinnum hærri hjá ESB (Gripið fram í.) í sambandi við verksmiðjuna. Því er augljóst að verið er að gæta varúðar (**Gripið fram í:** ... í Grunnafjörð.) í þessu sambandi. (Gripið fram í.)

Svo var talað hér um geðklofa og fleira sem ég ætla ekki að bregðast við. En það var líka talað um sól í Hvalfirði. Ég vil minna á að þegar Norðurál hóf starfsemi sína í Hvalfirði voru iðnaðarráðherra afhent mótmæli undir lögregluvernd. Slíkt var ástandið. (Gripið fram í.)

Hver er á móti þeirri verksmiðju í dag? Það sem þurfti til á þeim tíma var kjarkur stjórnvalda til þess að byggja (Forseti hringir.) þessa verksmiðju og svo verður áfram. (Gripið fram í.)

Þjóðmálakönnun í Eyjafirði.

Fsp. SigurjÞ, 327. mál. — Þskj. 365.

[13:30]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Nýlega var gerð könnun á vegum Rannsóknastofnunar Háskóla Akureyrar um viðhorf Eyfirðinga til þróunar byggðarlags síns eftir aldri, búsetu og kyni. Einnig var spurt um hvort líkur væru á að íbúarnir mundu flytja á næstu 2–3 árum. Ýmsar niðurstöður þjóðmálakönnunar voru jákvæðar, svo sem eins og viðhorf tæplega 100 Grímseyinga sem byggja þá eyju að þeir væru ekki á förum. En því miður eru niðurstöður rannsóknarinnar mjög

neikvæðar fyrir sjávarbyggðirnar á utanverðum Eyjafirði, þ.e. Siglufirði, Dalvík og Ólafsfirði. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna svart á hvítu að fjórði hver íbúi þessara byggða telur það frekar eða mjög líklegt að þeir muni flytja í burtu á næstu 2–3 árum.

Annað er sláandi að í Ólafsfirði hafa einungis 40% íbúa trú á jákvæðri þróun eigin byggðarlags á næstu árum. Þetta viðhorf fólks í sjávarbyggðunum við utanverðan Eyjafjörð ætti að vera umhugsunarefni fyrir hæstv. byggðamálaráðherra og í framhaldinu er rétt að spyrja: Hvernig hyggst ráðherra byggðamála bregðast við niðurstöðum nýrrar þjóðmálakönnunar sem Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri gerði í Eyjafirði?

Það sem sjávarbyggðunum er nauðsyn til að efla bjartsýna trú er að opna fyrir nýliðun í sjávarútvegi, það er augljóst. Það má einnig fullyrða að sjávarútveginum sjálfum er það nauðsyn að fá nýliða inn í greinina. Eins og staðan er nú ríkir stöðnun í sjávarbyggðunum, aðsókn og menntun í sjávarútvegi hefur dregist saman, sjávarútvegsfyrirtækin eru skuldsett upp fyrir haus og löngu orðið tímabært að breyta sjávarútvegsstefnu stjórnvalda.

Því miður er eins og hæstv. ráðherra sé löngu búinn að átta sig á samhengi byggðamála og sjávarútvegsmála. Annað er ekki að sjá á heimasíðu hæstv. ráðherra. Þar kemur fram að hún telur ákveðna þversögn fólgna í því að hægt sé að draga björg í bú frá hverju sjávarþorpi á landinu. Hæstv. ráðherra líkir því við að verið sé að föndra við byggðirnar. Þessu erum við í Frjálslynda flokknum alfarið á móti og teljum þetta viðhorf vera byggðamálaráðherra og ríkisstjórninni algerlega til skammar. Það er orðið löngu tímabært að breyta sjávarútvegsstefnunni sem hefur í rauninni engu skilað. Hún skilar minni afla á land en fyrir daga kvótakerfisins og er orðið löngu tímabært að hæstv. byggðamálaráðherra snúi af þeirri stefnu sem hún hefur viðurkennt á heimasíðu sinni að er byggðunum óhagstæð, enda ef farið er yfir byggðamál og síðan stöðu sjávarútvegsins er hægt að sjá samhengi hlutanna.

[13:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefur beint þeirri fyrirspurn til mín hvernig bregðast eigi við niðurstöðu þeirrar þjóðmálakönnunar í Eyjafirði sem kynnt hefur verið.

Ýmislegt jákvætt kemur fram í könnuninni, t.d. að 100% Grímseyinga hafa trú á jákvæðri þróun byggðarlagsins. Einnig kemur fram að 80% eða fleiri íbúar Grýtubakkahrepps, Húsavíkurbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Hörgárbyggðar, Þingeyjarsveitar, Akureyrarkaupstaðar, Aðaldælahrepps og Arnarneshrepps hafa trú á jákvæðri þróun eigin byggðarlags á næstu árum.

Það veldur þó áhyggjum að samkvæmt könnuninni trúa einungis 40% íbúa Ólafsfjarðarbæjar á jákvæða þróun eigin byggðarlags á næstu árum.

Annað sem kom fram í könnuninni er að fólk virðist í töluverðum mæli telja líklegt að það flytji búferlum á næstu árum. Í kjölfar rannsóknarinnar birti Byggðarannsóknastofnun skýrslu sína Bjartsýni og búferlaflutningar. Í skýrslunni kemur fram að ýmsar ástæður geta verið fyrir því að fólk ákveður að flytja búferlum. Búferlaflutningar geta verið jákvæðir, bæði fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga sem og fyrir samfélagið í heild. Í mjög mörgum tilvikum kýs fólk að flytja til að afla sér aukinnar menntunar eða til að skipta um starfsvettvang án þess að vera knúið til þess.

Í skýrslunni er sérstaklega bent á að hafa þurfi í huga að með spurningum í könnuninni er verið að kanna hvað viðkomandi telur að geti mögulega gerst í framtíðinni. Ekki er því endilega um það að ræða að þeir sem svara spurningunni játandi hafi uppi ákveðin áform um búferlaflutninga heldur að þeir telji líklegt að til þess kunni að koma.

Hæstv. forseti. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að treysta búsetu í landinu. Hún birtist í núverandi byggðaáætlun og almennri atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar. Ef litið er á fimm markmið byggðaáætlunarinnar eru þau eftirfarandi:

1. Draga úr mismunun á afkomumöguleikum fólks og skapa sem hagstæðust búsetuskilyrði.

2. Efla sveitarfélögin, styðja við atvinnuþróun, menntun og uppbyggingu grunngerðar þeirra.

3. Efla þau sveitarfélög sem hafa bestu möguleikana til að vaxa og treysta verulega búsetu.

4. Varðveita menningararfleifð og efla menningartengt atvinnulíf.

5. Stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi, jöfnun starfsskilyrða og ástunda sjálfbæra nýtingu auðlindanna.

Þessi fimm markmið liggja til grundvallar þeim aðgerðum sem ráðist hefur verið í en til viðbótar eru í byggðaáætlun skilgreind 22 verkefni til að stuðla að framgangi umræddra markmiða. Eitt af þessum verkefnum er að efla Eyjafjarðarsvæðið og umhverfi þess. Vegna þessa var í október 2002 skipuð fimm manna verkefnisstjórn um byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð. Henni var falið að gera tillögur til ráðherra um stefnumarkandi byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð. Nefndin skilaði tillögum sínum í apríl 2004.

Markmið byggðaáætlunar fyrir Eyjafjarðarsvæðið skyldi vera að efla Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið sem öflugasta þéttbýlissvæði utan höfuðborgarsvæðisins og efla þannig og styrkja byggð á Miðnorðurlandi. Ekki er eingöngu horft á uppbyggingu atvinnulífsins heldur er stefnt að eflingu hvers kyns þjónustu, afþreyingar og menningarstarfsemi.

Í framhaldi af tillögum nefndarinnar var þann 5. júlí sl. skrifað undir vaxtarsamning fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Tekur samningurinn mið af sambærilegum áherslum víða erlendis, m.a. í Finnlandi, Ítalíu og Bandaríkjunum þar sem lögð er aukin áhersla á að efla ákveðna byggðakjarna og nær hann yfir tímabilið 2004–2007. Hægt er að fullyrða að vaxtarsamningurinn er nýjung hér á landi á sviði byggðamála. Er markmið hans að styrkja sjálfbæran hagvöxt á Eyjafjarðarsvæðinu með markaðstengdum áherslum. Nálæg svæði utan Eyjafjarðarsvæðisins munu njóta þess starfs með beinum og óbeinum hætti.

Í ljósi þeirrar niðurstöðu sem kemur fram í þjóðmálakönnun í Eyjafirði, að bjartsýni og jákvæðni ríkir víðast hvar um byggðaþróun, hyggst ég halda áfram að beita mér fyrir framgangi vaxtarsamningsins. Eitt af meginmarkmiðum vaxtarsamningsins er einmitt að efla bjartsýni, drifkraft og jákvæð viðhorf meðal almennings. Af framansögðu er ljóst að stjórnvöld hafa unnið markvisst og hratt að fjölbreyttum og margvíslegum áherslum og verkefnum er miða

að því að styrkja samkeppnishæfni og búsetuþróun byggðarlaga, ekki síst á Eyjafjarðarsvæðinu og á Norðurlandi. Fylgst verður þó með á þessu svæði eins og á öðrum svæðum hvað varðar þróun byggðarlaga og atvinnulífs.

[13:38]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi dró athyglina að því að það er fólkið í sjávarbyggðunum sem hefur fyrst og fremst vantrú á framtíð sinni. Það er ekkert nýtt, við vitum að svona er þetta víða um landið. Hvers vegna er þessi vantrú? Hún er vegna stefnu stjórnvalda í sjávarútvegsmálum. Vegna þess að búið er að einkavæða sjávarauðlindina í kringum landið. Vegna þess að það ríkir ekki atvinnufrelsi til að stunda sjó á Íslandi. Hver trúir á framtíð byggðarlags sem er orðið til vegna fiskimiðanna þegar ekki er hægt að hefja þar rekstur, þegar engin nýliðun er í greininni? Menn þurfa ekki að bíða mikið lengur með skilgreininguna á því hvers vegna sjávarbyggðirnar eiga undir högg að sækja.

Mér finnst kominn tími til þess að menn horfist í augu við þetta vandamál og taki á því.

[13:40]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Ég man eftir því þegar könnunin var kynnt. Niðurstöðurnar með Grímsey vöktu einmitt athygli mína og mér þóttu þær merkilegar. Ég hef svolítið hugleitt hvernig staðið getur staðið á því að fólk í Grímsey sé svona ánægt og hafi svona mikla trú á framtíðinni á meðan fólk á Siglufirði, Dalvík og Ólafsfirði sé svona svartsýnt.

Gæti það verið vegna þess að Grímsey býr við nokkra einangrun og fólk er látið að mestu leyti í friði fyrir stjórnvöldum þar? Gæti það hugsast? Ég held nefnilega að það gæti verið hluti af skýringunni. Þar fær fólk að njóta atvinnufrelsis, þar fær fólk að njóta auðlinda sinna sem eru fiskimiðin í kringum eyjuna. Hins vegar er mjög erfitt að njóta þess frelsis á Siglufirði, Dalvík og Ólafsfirði þar sem yfirvöld eiga mjög auðvelt með að halda uppi sínum magnaða fjanda sem er eftirlitsiðnaðurinn sem tilheyrir sjávarútveginum og þá er ég sérstaklega að tala um Fiskistofu. Ég held að hundurinn liggi þarna grafinn því að það er ekkert að því að búa á þessum stöðum. Fólk getur verið mjög ánægt og haft það gott þar. Staðirnir búa yfir mörgum kostum en því miður eru margir njörvaðir niður í það mikla fjötra í dag að það er ekkert gaman að búa þar lengur.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var ekki ýkjamikið upp úr svörum hæstv. ráðherra að hafa. Að lesa falleg orð upp úr skýrslu með áætlunum svarar í litlu þeim miklu erfiðleikum sem byggðakjarnarnir t.d. út með Eyjafirði eiga við að glíma, dæmigerð sjávarpláss, þéttbýlissveitarfélög af millistærð. Erfiðleikarnir birtast m.a. í gríðarlegum vanda sveitarfélaganna sjálfra sem rekstrareininga. Hvað er verið að gera til að koma til móts við þann vanda? Ekki neitt. Hæstv. fjármálaráðherra stendur þar á bremsunum af öllu afli þannig að það vælir í borðunum og ekkert gerist. Það er allt fast í viðræðum sveitarfélaganna og ríkisins og ekki síst það sem fólkið auðvitað í byggðarlögunum finnur að sveitarfélögin eru að verða þess meira og meira vanmegnug að veita hefðbundna þjónustu og sjá um sína hluti.

Óvissan og erfiðleikarnir í sjávarútveginum, sem eru líka að verða vegna gengisins og fleiri þátta, setja mark sitt á stöðuna í þessum byggðum. Ekki er mikilla breytinga að vænta frá hæstv. ríkisstjórn í þeim efnum.

[13:42]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra lét hafa eftir sér á heimasíðu sinni að það væri ekki markmið ríkisstjórnarinnar að föndra mikið við byggðirnar. Það vill svo til að það hefur einmitt verið gert, sérstaklega í sjávarbyggðunum. Er nærtækt að minna á skýrslu Byggðastofnunar, um hvaða breytingar mundu verða á Vestfjörðum með kvótasetningu í smábátakerfinu, þar sem því var lýst fyrir fram að störfum mundi fækka um 100 í fiskvinnslu og 200 við veiðar. Ráðherrar á hverjum tíma hefðu því átt að vita til hvers gæti dregið. Ef það er ekki að föndra við byggðirnar veit ég ekki hvað er að föndra við undirstöðu byggðanna.

Það er algerlega ljóst að fólk trúir ekki á þá útfærslu sem sjávarútvegsbyggðirnar byggja margar hverjar á og fólk treystir því ekki að atvinna þess verði tryggð til framtíðar. Þess vegna er vantrú í þessum byggðum.

[13:43]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Vissulega er mikill vandi hjá byggðunum við utanverðan Eyjafjörð, sem mér er kunnugt um þar sem ég kem úr einni af þeim. En stjórnvöld eru að reyna að bregðast við þeim vanda sem þar er við að glíma. Við erum að fara í eina stærstu samgöngubót á svæðinu sem gerð hefur verið, jarðgöng um Héðinsfjörð, og í framhaldi af því verður mjög metnaðarfull uppbygging í ferðamannaiðnaði á svæðinu. Margir þingmenn hafa mælt fyrir því að reisa framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Verið er að fara í öfluga uppbyggingu við heilbrigðisstofnun á Siglufirði. Það er verk ríkisstjórnarinnar líka. Svo búum við við það lán að hafa öflug fyrirtæki á þessum svæðum, Þormóð ramma – Sæberg og Samherja. Því miður hafa þessi fyrirtæki oftar en ekki átt erfitt með að fá fólk til vinnu. Atvinnuleysi t.d. á Siglufirði er ekki mikið. Vandinn er annars konar. Við þurfum nýsköpun á svæðið og að því vinnum við með byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur lagt fram. Við þurfum nýsköpun í atvinnulífið.

[13:45]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Það er alveg segin saga að ef rædd eru byggðamál hér þá byrja menn alltaf að kalla að þetta sé allt saman kvótakerfinu að kenna. En hvernig hefur þróunin orðið í atvinnumálum þjóðarinnar bæði til sjávar og sveita? Við vitum að það þarf sífellt færri hendur vegna þess að tæknin er orðin svo mikil. Tæknin hefur breyst svo mikið að það þarf miklu færri hendur. Í fiskvinnslufyrirtæki í dag, stóru fiskvinnslufyrirtæki þar sem hafa unnið kannski yfir 100 manns eru kannski tíu manns að vinna sömu vinnu í

dag. Þetta er sú þróun sem hefur orðið.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Birkir Jónsson sagði áðan um það sem ríkisstjórnin er að gera. Það er verið að vinna mikið að nýsköpunarmálum. Byggðastofnun er að styðja við ótal verkefni hringinn í kringum landið. Það er aukning í ferðaþjónustu. Það er sá atvinnuvegur sem flestir horfa til núna á landsbyggðinni og hefur reynst mjög vel.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég verð að byrja á að lýsa yfir mjög miklum vonbrigðum með svör hæstv. byggðamálaráðherra. Það er eins og hæstv. ráðherra geri sér ekki grein fyrri stöðu mála í eigin kjördæmi. Einnig verð ég að lýsa yfir mjög miklum vonbrigðum með innlegg hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar. Mér finnst ömurlegt að hlýða á svona málflutning. Að segja að allt sé í lagi með atvinnuástandið á Siglufirði og að þar vanti bara fólk til starfa. (Gripið fram í.) Ég held að þingmaðurinn ætti að verja meiri tíma í kjördæminu og kynna sér atvinnuástandið á Siglufirði. Það hefur komið fram (Gripið fram í.) hjá opinberum aðilum að störfum hefur fækkað á Siglufirði á síðustu tíu árum og fólki hefur fækkað um 300. Störfum hefur fækkað um liðlega 100. Svo er sagt að það sé ekki atvinnuleysi. Það er bara flutt í burtu. Það á ekki að bjóða mönnum upp á svona málflutning eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson var að bjóða upp á.

Hv. þm. Drífa Hjartardóttir talar um að ekki megi nefna sjávarútvegsmál þegar verið er að ræða um byggðamál. En óvart kemur það fram á heimasíðu hæstv. byggðamálaráðherra að þar viðurkennir hún samhengið. Það má lesa út úr orðum hennar að það megi ekki föndra við þetta fína sjávarútvegskerfi vegna þess að það skili svo miklum ágóða. Þessu hafna ég. Ég minni á að síðan þetta kerfi var tekið upp er aflinn helmingi minni en fyrir daga kerfisins þannig að við höfum til mikils að vinna að fara að skoða nýjar leiðir. Það er alger fásinna að halda í kerfi sem skilar helmingi minni afla á land og það ætti hæstv. ráðherra byggðamála að fara að skoða og líta á það opnum augum og með jákvæðum hætti að skoða aðrar leiðir í staðinn fyrir að binda sig í einhverja tóma dellu.

[13:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. var óánægður. Ég reyndar minnist þess ekki að það hafi oft komið fyrir að hv þingmenn hafi verið ánægðir með svörin sem maður gefur hér.

Vegna þess sem ég setti inn á heimasíðu mína í síðasta pistli — það er ánægjulegt að fólk les heimasíðuna — þá talaði ég (**GAK:** Það fréttir af þessu.) um að sjávarútvegurinn væri okkur svo mikilvægur að við gætum ekki notað hann í föndur. (**SigurjÞ:** Eigum við þá ekki að skoða nýjar leiðir?) Ég sagði að af því að sjávarútvegurinn er okkur svo mikilvægur — hann er einn af undirstöðunum — þá verðum við að reka hann með markaðshugsun að leiðarljósi. Nú eru hv. þingmenn alveg gjörsamlega búnir að snúa við blaðinu. Nú er það orðið vandamálið að við höfum rekið þessa sjávarútvegsstefnu sem raun ber vitni vegna þess að einmitt fyrirtækin í þessum sjávarbyggðum hafa verið að styrkja sig. Hvernig hefði ástandið verið hjá þessum fyrirtækjum, þormóði ramma – Sæbergi og Samherja, ef sú stefna hefði náð fram að ganga sem þeir hv. þingmenn hafa haft og þeirra flokkar sem hafa talað í þessari umræðu? Þá væri ástandið allt annað og miklu verra. (Gripið fram í.) Þetta er stóra málið. Ekki verður bæði sleppt og haldið eftir því hvað er uppi og hvaða umræða er hverju sinni. Hv. þingmenn verða að átta sig á því að þeir verða að hafa sömu stefnuna hvort heldur er í þessari umræðu um Eyjafjarðarsvæðið sem hefur verulega aukið við sig kvóta eða hvort þeir eru að tala um einhver önnur svæði þar sem hann hefur hugsanlega minnkað. (Gripið fram í.) Þetta er aðalatriðið.

Það er mjög margt á döfinni á þessu svæði og þess vegna er það ekki þannig að þó að gerð sé könnun á einhverju landsvæði þá gjörbreyti það byggðastefnu ríkisstjórnarinnar. Við erum með stefnu í gangi sem við framfylgjum (Gripið fram í.) og hver mánuður sem líður sannar það betur og betur að hún á rétt á sér og er að skila árangri. En alltaf er hægt að gera betur og ég geri mér fulla grein fyrir því að ástandið er ekki nægilega gott í ýmsum byggðarlögum á landinu og það verður unnið að því að bæta það að sjálfsögðu.

Byggingarmál Iðnskólans í Reykjavík.

Fsp. MÁ, 237. mál. — Þskj. 245.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Iðnskólinn í Reykjavík varð 100 ára í haust og það er merkilegur áfangi á Íslandi og merkilegur skóli sem verður svo gamall. Hann er sennilega annar elsti skóli á Íslandi, þriðji elsti ef reiknað er með forsögu Skálholtsskóla, þ.e. að Skálholtsskóli hafi orðið að annars vegar Menntaskólanum í Reykjavík og hins vegar að Prestaskólanum sem síðan varð að Háskóla Íslands. Það má fara í slíka talnaleiki. En í raun er Iðnskólinn eldri en 100 ára því bæta má 35 árum við þessi 100 ef saga hans er rakin aftur til upphafs iðnfræðslu í Reykjavík sem er kvöldskólinn sem hófst 1869.

Iðnskólinn sjálfur er stofnaður af miklum stórhug á framkvæmda- og miklum vonartímum og það gerðu íslenskir iðnaðarmenn sjálfir sem mynduðu í Reykjavík og út um landið kjarnann í sjálfstæðisbaráttunni á þeim tíma. Þeir voru þar að auki einir helstu skapendur borgarinnar sem við lifum nú í, í Reykjavík. Skólinn hefur verið á fjórum stöðum ef svo er hægt að segja. Frægasti fyrri staður skólans er auðvitað Iðnaðarmannahúsið við Tjörnina sem var reist ótrúlega hratt á sínum tíma. Núverandi Iðnskólahús á Skólavörðuholti er reist um miðja síðustu öld og síðan viðbyggingin til vesturs 1963. Síðan hefur í raun ekkert gerst þar.

Í skólanum eru um 1.600 nemendur að degi og síðan bætast við 200–300 kvöldnemar. Þetta eru ekki allt Reykvíkingar. Af þeim eru um 500 utanbæjar, rúmlega 300 af landsbyggðinni þannig að þetta mál varðar fleiri en Reykvíkinga.

Þarna hafa orðið miklar breytingar og framþróun á síðustu árum. Við getum, held ég, bæði Reykvíkingar og aðrir, verið stolt af þessum skóla. Sjónir beinast nú að honum bæði vegna þess sem þar er að gerast og líka vegna þess að ef af sameiningu Tækniháskólans og Háskóla Reykjavíkur verður, sem er umdeilt mál, þá gæti Iðnskólinn fengið aukið hlutverk, sérstaklega miðað við þær ætlanir og vonir forustumanna skólans og skólastjóra hans Baldurs Gíslasonar að skólinn geti teygt sig í framtíðinni upp á háskólastigið.

Húsnæðisskortur hefur háð þessum skóla lengi. Á það var minnt á 100 ára afmælinu að fyrir 25 árum sagði þáverandi rektor Þór Sandholt í 75 ára afmælisblaðinu að ekkert gengi í húsnæðismálunum og að þar væri mikil tregða. Það var líka sagt í 90 ára afmælisblaðinu og enn er svo á 100 ára afmælinu. Að vísu hefur nefnd verið að störfum frá því í ársbyrjun. En hún hefur ekki náð að komast að Iðnskólanum heldur hefur hún fjallað um vandamál annarra skóla. Því hlýtur maður að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvaða hugmyndir hún hefur um þetta mál og hvað starfsmenn hennar séu að bauka um húsnæðismál Iðnskólans í Reykjavík.

[13:54]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda um mikilvægt hlutverk Iðnskólans í gegnum árin. Í 100 ár hefur þessi skóli átt ríkan þátt í þeirri miklu framþróun sem við höfum staðið frammi fyrir þegar kemur að menntun landsmanna.

Ég undirstrika að í september á síðasta ári undirrituðu þáverandi menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík samkomulag um samstarf ríkis og Reykjavíkurborgar í húsnæðismálum framhaldsskólanna í Reykjavík. Þar er miðað við að framlög til tiltekinna forgangsverkefna skuli vera 250 millj. kr. næstu fimm árin. Helstu forgangsverkefnin eru talin upp í því samkomulagi. Þau eru stækkun fimm framhaldsskóla í borginni, þ.e. Fjölbrautaskólans við Ármúla, MH eða Menntaskólans við Hamrahlíð, Iðnskólans í Reykjavík, Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Menntaskólans við Sund.

Undirbúningur er þegar hafinn að þessum verkefnum öllum en framkvæmd forgangsraðar er ekki endanlega ákveðin enda erum við í ágætri samvinnu — ég vil meina að þetta verkefni sé eitt af þeim sem ég tel að séu að mörgu leyti til fyrirmyndar þegar kemur að samstarfi ríkis og sveitarfélaga, í þessu tilviki Reykjavíkurborgar.

Hæstv. forseti. Þó er ljóst að einhver bið verður á framkvæmdum við Iðnskólann í Reykjavík og þá sérstaklega og einkum vegna þess að nokkur óvissa ríkir um einmitt framtíðarafnot skólans af húsi fyrrum Vörðuskóla. Mikil þrengsli vegna fjölgunar nemenda í Austurbæjarskóla hafa leitt til þess að Reykjavíkurborg hefur óskað eftir því við ríkið að fá húsið til sinna nota, en það er í sameign ríkisins og Reykjavíkurborgar. Viðræður standa nú yfir milli ríkis og borgar um ráðstöfun Vörðuskólahússins og nokkurra annarra umfangsmikilla fasteigna í eigu þessara aðila og mun stærð og gerð viðbyggingar Iðnskólans m.a. ráðast af niðurstöðum þeirra viðræðna en auðvitað og að sjálfsögðu með framtíðarhagsmuni Iðnskólans í Reykjavík í huga.

Verði niðurstaðan sú að Iðnskólinn haldi Vörðuskóla til frambúðar þá er líklegt að bygging viðbótarhæðar ofan á vesturálmu Iðnskólans verði látin nægja sem viðbót að sinni en frekari viðbyggingu frestað, þ.e. ef Iðnskólinn fær Vörðuskólann algerlega til umráða. Semjist hins vegar um að Reykjavíkurborg taki við Vörðuskólahúsinu verður að sjálfsögðu að bregðast við því með mun viðameiri framkvæmdum í þágu Iðnskólans. Það er hins vegar markmið samkomulagsins á milli borgarinnar og ráðuneytisins og vilji ráðuneytisins að unnið verði áfram að úrlausn á þessum málum og þau helst til lykta leidd sem allra fyrst.

[13:57]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ef og þá. Óljós voru svörin. Það eru veruleg vonbrigði að ekki sé gengið rösklega fram í þessu máli. Það virðist sem ríkið dragi lappirnar í húsnæðismálum Iðnskólans og hægt er að færa rök fyrir því að húsnæðisekla skólans hamli því að hluta að hægt sé að efla verulega iðn- og starfsnám hér í borg. Það er mjög slæmt ef aðstöðuleysi veldur því og er skólanum fjötur um fót af því að ekki skortir á yfirlýsingarnar frá hæstv. ráðherra og flestum öðrum stjórnmálamönnum um mikilvægi iðnmenntunar.

Við hæstv. ráðherra vorum á þingi Iðnnemasambandsins fyrir nokkrum vikum og þar var ekki annað á ráðherranum að heyra en hún tæki heils hugar undir tillögur Samfylkingarinnar um mikilvægi þess að efla iðn- og starfsnám. Því eru það ákveðin vonbrigði í kjölfar þess málflutnings sem hæstv. ráðherra hefur líka viðhaft annars staðar, þ.e. að mikilvægt sé að efla iðn- og starfsnám enn frekar og gera það að verulega góðum valkosti um alla framtíð fyrir unga Íslendinga, að ekki sé gengið fram svolítið hressilegar í þessum málum. Ef iðnskólarnir, sérstaklega Iðnskólinn í Reykjavík, þessi móðurskóli iðnmenntunarinnar, búa ekki við almennilega og nútímalega aðstöðu þá er ekkert um það að ræða að náminu fleyti fram eins og við berum væntingar til.

[13:58]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en lýsi því jafnframt yfir að það veldur mér vonbrigðum að ekki skuli gengið vasklegar til verks við uppbyggingu Iðnskólans en fram kom í hennar máli.

Hún rifjaði upp samkomulag sem gert hefur verið milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ráðuneytisins um uppbyggingu framhaldsskóla. Reykjavíkurborg hefur ekki einungis sýnt gott frumkvæði og mikið verk við uppbyggingu í grunnskólum í borginni heldur líka með því að hafa tilbúnar lóðir fyrir framhaldsskólana. En þar verður ríkið auðvitað að sýna frumkvæði.

Síðast í morgun var hjá skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar verið að kynna stækkunarmöguleika við Menntaskólann við Hamrahlíð. Mönnum er hins vegar vandi á höndum á Skólavörðuholtinu. Þröngt er um nemendur í Austurbæjarskóla. Hann er yfir 600 barna skóli. Þarna eru tveir leikskólar að auki, safnaðarheimili og kirkja. En í Iðn-

skólanum eru 2.000 nemendur sem allir koma á bílum. Þessi (Forseti hringir.) umferðarsækna starfsemi ætti kannski betur heima annars staðar.

[14:00]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil fyrst og fremst nefna hér þá samninga sem hæstv. ráðherra vísaði til milli Reykjavíkurborgar og ríkisins um Vörðuskólann og það sem tengist gömlu Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg sem hefur líka verið í sameign ríkis og borgar. Um langt árabil hefur verið reynt að slíta þessu sameiginlega eignarhaldi og ég held að Reykjavíkurborgarmegin hafi Heilsuverndarstöðin til að mynda verið á dagskrá a.m.k. í þau sex ár sem liðin eru síðan ég settist í borgarstjórn Reykjavíkur. Það er ákaflega brýnt orðið, m.a. vegna þess vanda sem skapast hefur í húsnæðismálum Austurbæjarskóla, að slíta þessari sameign á Vörðuskólanum og Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg. Ég vil þess vegna eindregið hvetja hæstv. ráðherra til að leggja þar hönd á plóg svo að aðilum takist að ljúka þessum langdregnu viðræðum sem lítið hefur í sjálfu sér miðað á öllum þessum tíma. Ég held að það séu gagnkvæmir hagsmunir borgarinnar og ríkisins að fá niðurstöðu í þetta, slíta þessari sameign og reyna að mæta þörfum þeirra mikilvægu fræðslustofnana sem eru á Skólavörðuholtinu.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég vil í fullri alvöru og einlægni þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svörin. Þau voru ekki ljós en staða mála er þannig að þau geta ekki orðið miklu ljósari að sinni.

Það er rétt að önnur verkefni hafa orðið á undan í þeirri nefnd sem til varð í kjölfar samkomulagsins milli borgarstjóra og menntamálaráðherra í september í fyrra. Ég held að kannski væri ráð að hæstv. menntamálaráðherra ræddi á ný við borgarstjóra eða borgaryfirvöld um það að taka Iðnskólann í Reykjavík út úr þessu og huga sérstaklega að vandamálum hans. Þau eru annars konar, þau eru flóknari og erfiðari, m.a. vegna þess sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir minntist á, að þetta svæði er ákaflega þröngt og erfitt að gera þar öllum til hæfis. Þó held ég að mjög mikilvægt sé að hafa Iðnskólann þarna áfram fyrir borgarlífið í Reykjavík.

Ég vonast til þess að við getum fengið betri og meiri fréttir af þessu en vil spyrja ráðherra að auki, vegna þess að það er sérstaklega tekið fram í samkomulaginu, hvernig gangi að marka stefnu um nánari verkaskiptingu og sérhæfingu framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu. Þetta kemur því auðvitað við og efling Iðnskólans hlýtur að vera í beinu framhaldi af þeirri stefnumörkun.

[14:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um áðan hefur þetta samkomulag og það samstarf sem hefur verið milli ríkis og borgar í þessu máli verið ágætt. Það sem ég vil undirstrika með þessu er að þarna er um samkomulag að ræða og að sjálfsögðu ætlar ríkisvaldið sér ekki að koma með einhliða dírektíf og segja fyrir um nákvæmlega hvernig eigi að framkvæma það samkomulag sem var gert fyrir rúmu ári.

Ég tek undir með hv. þm. Merði Árnasyni að það er afar mikilvægt og brýnt, í ljósi þess að iðnmenntun skiptir okkur mjög miklu máli — við höfum öll talað hér um mikilvægi iðn- og starfsmenntunar — að þessi mál fari að skýrast, bæði á milli ríkis og borgar og þá sérstaklega með það í huga að við getum svarað ágætum yfirmönnum Iðnskólans, skólameistara og öðru starfsfólki, því hvernig fyrirkomulagið verði til frambúðar þegar kemur að málefnum Iðnskólans í Reykjavík.

Ég ætla ekki að skilja orð hv. þingmanna sem komu hingað upp þannig að þeir ætlist til þess að ég hleypi upp þessu samkomulagi. Ég trúi ekki að ætlun þeirra hafi verið slík að við eigum að hleypa því upp. Ég hvet frekar þá hv. þm. sem tóku þátt í þessari umræðu — þau eru hæg, heimatökin, ef svo má segja — til að ræða við kollega sína og samherja hjá Reykjavíkurborg, að reyna að ljúka þeim málum, viðskiptum og samskiptum sem eru á milli ríkis og sveitarfélaga þannig að við allir verði ánægðir. Ég ítreka að samskiptin hafa verið góð fram til þessa og ég mun leggja mig alla fram um að svo verði áfram.

Frumkvöðlafræðsla.

Fsp. BjörgvS, 334. mál. — Þskj. 373.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra hvort til skoðunar sé að taka upp frumkvöðlafræðslu í framhaldsskólum og grunnskólum og þá einnig í fullorðinsfræðslunni í endur- og símenntunarnámskeiðum.

Það má segja að hvatinn að þessari fyrirspurn hafi verið fróðleg og ítarleg skýrsla sem ég las frá Þróunarfélagi Austurlands sem hefur verið mikill aflvaki að menntun í frumkvöðlafræðslu hvers konar og á rætur sínar að rekja til Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og Nýheimanna á Höfn í Hornafirði. Þaðan er þetta sprottið og hafa þeir farið um landið og kynnt bæði mikilvægi og möguleika nýsköpunarfræðslu og frumkvöðlafræðslu hvers konar. Er það mjög athyglisvert starf.

Nýsköpun er sá þáttur sem stuðlar hvað mest að samkeppnishæfi þjóða og fyrirtækja. Að mínu mati og þeirra sem ég vitnaði til áðan er mikilvægt að innleiða frumkvöðlafræðsluna í framhalds- og grunnskólakerfi með einhverjum hætti. Þróunarfélag Austurlands leggur til að á næstu árum fari fram einhvers konar þjóðarátak í frumkvöðlafræðslu eins og lagður hefur verið mjög góður grunnur að í áðurnefndum stofnunum austur á Hornafirði. Þaðan er mikið frumkvæði í málinu sprottið.

Það þarf að efla og styrkja frumkvöðlafræðsluna og sérstaklega með hliðsjón af grunn- og framhaldsskólastiginu sem leiðir að sjálfsögðu einnig til fullorðinsfræðslunnar, frumkvöðlafræðslu þar sem námið er blanda af hagnýtri þjálfun og bóklegu námi. Tilgangurinn er að byggja þannig

undir frumkvöðlafræðsluna að eftir standi aukinn skilningur og færni barna og unglinga á að tileinka sér hugsunarhátt og breytni frumkvöðla í samfélaginu. Þessum markhópi hefur lítið verið sinnt á Íslandi til þessa og lítið sem ekkert í skólakerfinu fyrir utan það nokkuð merkilega og eindregna frumkvæði sem kemur frá Þróunarfélagi Austurlands þvert á það sem tíðkast í mörgum löndum sem við berum okkur einatt saman við og horfum til varðandi fyrirmynd um atvinnuþróun og nýsköpun hvers konar.

Frumkvöðlamenntun gefur okkur nýja vídd í menntun og atvinnuþróun almennt og hleypir miklu lífi í atvinnulífið. Á Íslandi hefur ekki verið unnið skipulega að því að undirbúa þær kynslóðir sem koma inn á vinnumarkað framtíðarinnar fyrir þær breyttu alþjóðlegu aðstæður sem við erum að sjá á vinnu- og menntamarkaði okkar.

Frumkvöðlafræðslan á vegum Þróunarfélags Austurlands hefur gert það og beinir hún sérstökum spurningum til þingheims um það hvort við munum beita okkur fyrir því að þetta nám verði tekið upp og eflt í framhalds- og grunnskólunum. Því beini ég þessari fyrirspurn til hæstv. ráðherra.

[14:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla eru sett fram meginmarkmið skólastarfsins. Í námskránum er lögð áhersla á að þjálfa nemendur í sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun. Nemendur skulu hvattir til að virkja hæfileika sína í skapandi starfi. Þannig má með vissum hætti segja að námið eigi að leggja grunn að hæfni hvers og eins til að bregðast við nýjum aðstæðum og verkefnum síðar á lífsleiðinni.

Í síbreytilegu umhverfi samtímans reynir einmitt á þá hæfni. Menn eru stöðugt að takast á við breytingar og tileinka sér nýjungar og framfarir á öllum sviðum. Skólarnir sem heild og einstakir kennarar vinna að útfærslu og framkvæmd markmiðanna með hliðsjón af þörfum og aðstæðum nemenda. Unnið er að hinum almennu markmiðum í skólastarfinu í heild, þau eru oft og tíðum ekki bundin sérstakri námsgrein eða námsgreinum. Sjálfstæð hugsun og öguð vinnubrögð eru viðfangsefni alls skólastarfsins, ekki einnar greinar umfram aðrar. Námið í skólum okkar er á vissan hátt að búa alla undir að verða frumkvöðlar með því að rækta framangreinda hæfni.

Í Aðalnámskrá grunnskóla, upplýsinga- og tæknimennt, frá árinu 1999 er lögð rík áhersla á nýsköpun og tækniþekkingu. Þar eru sett fram lokaáfangamarkmið fyrir nýsköpun og hagnýtingu þekkingar í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla. Greinin fær ekki afmarkaðan tíma í viðmiðunarstundaskrá en er lýst í námskránni sem þverfaglegri grein er samþættist námsefni fleiri námsgreina.

Frumkvöðlafræðsla er viðfangsefni nokkurra mismunandi áfanga sem er að finna í aðalnámskrá framhaldsskóla og sérstakir áfangar í frumkvöðlafræðum hafa staðið nemendum til boða í nokkrum framhaldsskólum. Frumkvöðlafræðsla er hins vegar ekki sérstök kennslugrein fyrir alla nemendur, hvorki í grunn- né framhaldsskólum. Ekki eru uppi áform af hálfu ráðuneytisins að gera hana að sérstakri námskrárbundinni kennslugrein í grunn- og framhaldsskólum á þessu stigi.

Málið er hins vegar áhugavert og verðskuldar fulla athygli og er til stöðugrar umræðu sem ráðuneytið tekur að sjálfsögðu þátt í. Ráðuneytið hefur til að mynda lagt sitt af mörkum við að hvetja þá skóla og kennara sem vilja vinna sérstaklega að afmörkuðum verkefnum sem fella má beint undir frumkvöðlafræðslu. Sjóðir til styrktar þróunarstarfi í grunn- og framhaldsskólum hafa stutt verkefni á sviði frumkvöðlafræðslu. Unnið er að því með stuðningi ráðuneytisins að skipuleggja námsbraut í frumkvöðlafræðslu við Framhaldsskólann á Höfn í Hornafirði. Þar er jafnframt unnið að samningu námsefnis um frumkvöðlafræðslu sem mun nýtast öðrum skólum.

Þá má nefna að ráðuneytið styrkir þátttöku framhaldsskólanna í keppninni „Ungir vísindamenn" sem einmitt byggir á nýsköpun og frumleika. Nýlega náðu fulltrúar Íslands í því verkefni þeim eftirtektarverða árangri að vinna 1. verðlaun í alþjóðlegri nýsköpunarkeppni í Kína.

Flestir þekkja nýsköpunarkeppni grunnskólanna sem ráðuneytið styrkir með fjárframlögum. Keppnin hefur náð fágætum vinsældum meðal nemenda og hafa hugmyndir sem henni hafa borist verið nærri 3 þús. á ári á síðustu tveimur árum. Nýsköpunarkeppnin er lifandi dæmi um vel heppnað framtak til að efla frumkvöðlahugsun meðal grunnskólanema.

Í starfi grunn- og framhaldsskóla er því ýmislegt áhugavert að finna á sviði nýsköpunar og frumkvöðlafræðslu sem vert er að huga vel að. Ég veit einnig um ýmis önnur frumkvöðlatengd verkefni sem eru í gangi í grunnskólum, til að mynda hefur Junior Achievement verkefnið, sem er alþjóðlegt frumkvöðlaverkefni, verið sett upp í skólum í Hafnarfirði og í Grafarvogi.

Hugsanlega verður niðurstaðan sú að ástæða þyki til að gera frumkvöðlafræðslu að sérstakri námskrárbundinni grein fyrir alla nemendur. Slík ákvörðun mun m.a. kalla á að kennarar verði undirbúnir til að takast á við kennslu frumkvöðlafræða, bæði í grunnmenntun kennara og í þeirri endurmenntun sem starfandi kennurum stendur til boða.

Verði ákveðið að gera frumkvöðlafræðslu að almennri kennslugrein auðveldar það verkið að námskrár grunn- og framhaldsskóla eru í stöðugri endurskoðun með það að leiðarljósi að skólarnir megi sem best undirbúa ungmennin okkar undir líf og störf í samfélagi framtíðarinnar.

[14:12]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini Sigurðssyni fyrir að taka þetta mál hér upp. Það er alveg hárrétt hjá honum að mjög merkilegt starf fer fram í Framhaldsskólanum á Höfn í Hornafirði sem er uppbyggingarnám í frumkvöðlafræðslu sem á bæði að fara fram innan og utan skólakerfisins. Frumkvöðlanám er oftast blanda af hagnýtri þjálfun og bóklegu námi, og nemendur fást þar við ýmis verkefni sem þjálfa þá í að koma auga á tækifæri í umhverfi sínu og finna leiðir til að færa þau sér í nyt. Samhliða því nota nemendur þekkingu sem aflað er með bóklegu námi til að styrkja stöðu sína í daglegu lífi, t.d. fá þau betri innsýn í eigin fjármál og öðlast skilning á því hvað rekstur lítilla fyrirtækja

gengur út á og hvað þarf til að ná betri árangri.

Frumkvöðlafræðslan er sjálfseignarstofnun og mig langar að geta þess núna að í meðförum fjárlaganefndar var ákveðið að styðja þetta verk um 2 millj. króna en þessi kennsla hefur farið fram í tveimur framhaldsskólum.

[14:13]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa fyrirspurn inn á þingið. Ég tel að það frumkvæði sem hefur verið sýnt í Framhaldsskólanum á Höfn í Hornafirði og starfsemi Fumkvöðlafræðslunnar sé starf sem menntamálaráðuneytið og aðrir eigi að fylgjast mjög vel með og sjá hverju það skilar inn í það samfélag sem er til staðar.

Það skiptir auðvitað miklu máli að frumkvöðlamenntun fari inn í menntun kennara. Þó að það eigi að taka tillit til þessara þátta í námskrá, bæði grunn- og framhaldsskóla, er alveg ljóst að möguleikar kennara í dag eru ekki miklir. Bekkir eru fjölmennir, það vantar oft fjármagn til að víkka starfsemi skólanna til að taka þetta inn. En eitt er víst, menntun af þessu tagi hjálpar til við að efla fjölbreytt atvinnulíf og eykur þor ungmenna til að fara í nýjar atvinnugreinar.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmönnum og hæstv. ráðherra fyrir þessa prýðilegu umræðu sem sýndi að menn kunna að meta það starf sem unnið er austur á Höfn í Hornafirði, í framhaldsskólanum þar, í Nýheimum og hjá Þróunarfélagi Austurlands. Þó að hæstv. ráðherra hafi kannski ekki tekið af skarið með að þetta nám ætti heima í aðalnámskrá sem sérstök námskrárbundin grein útilokaði hún það alls ekki. Ég ætla því að nota tækifærið eftir þessa jákvæðu umræðu um málið til að skora á hæstv. ráðherra að setjast vel og vandlega yfir það með sínu fólki með það að markmiði að innan tíðar og innan einhverra ára verði frumkvöðlafræðsla sérstakt nám, sérstök frumkvöðlamenntun verði námskrárbundin grein bæði í grunnskólum og framhaldsskólum.

Þó að námskrá okkar miði að sjálfsögðu að því að þjálfa nemendur til sjálfstæðra vinnubragða og gagnrýninnar hugsunar eins og þar stendur, þá er það gott og vel, en ég er sannfærður um að við þurfum sérstaka grein utan um þetta. Ég held að það mundi skila okkur miklum ávinningi og er viss um að ef hæstv. ráðherra fer í ítarlega skoðun á málinu verði niðurstaða þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða nám sem á heima í sérstakri grein. Ég ætla því aftur að brýna ráðherrann og skora á hana að ganga þannig í verkið að það verði að lokum innleitt sem sérstök námsgrein á báðum skólastigunum og einnig eflt verulega innan fullorðinsfræðslunnar líkt og Þróunarfélag Austurlands hefur verið að gera að mjög miklu leyti og hefur kynnt kosti frumkvöðlamenntunar fyrir sveitarstjórnum og fyrirtækjum víða um land. Þakka ég þeim fyrir það frumkvöðlastarf og að hafa beint sjónum okkar þingmanna að þessari merkilegu grein.

[14:17]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er rétt að það komi fram að Íslendingar eru einna mestu frumkvöðlarnir í Evrópu. Þegar kemur að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi erum við Íslendingar í forustu hvað þessa þætti varðar og það er afar jákvætt að við skulum ekki vera allt of ferköntuð heldur förum svolítið áfram veginn og erum óhrædd við að takast á við ný tækifæri og fara inn á ný mið. Það má því segja að frumkvöðlahátturinn sé að mörgu leyti innbyggður í okkur Íslendinga sem er að sjálfsögðu mjög jákvætt.

Ég vil undirstrika að menntamálaráðuneytið kemur að sjálfsögðu til með að fylgjast mjög vel með og styðja áfram dyggilega við góð verkefni sem ég gat um áðan, allt með það að markmiði að undirbúa okkur til að meta hvort rétt sé að draga einmitt þessa námsgrein inn í framhaldsskólann og setja hana inn í námskrár sem slíka.

Ég vil líka undirstrika að það gefast mörg tækifæri til þess fyrir okkur þingheim m.a. þegar við förum að ræða styttingu framhaldsskólans því það sem tengist styttingu framhaldsskólans er algjör uppstokkun á námskránum og þar með gefst að sjálfsögðu tækifæri og þá fagfólkinu sérstaklega til að undirstrika hvaða þætti það telur best að taka inn í nýjar námskrár og nýja námskrárgerð.

Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla.

Fsp. ÞBack og MF, 233. mál. — Þskj. 239.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Í mars á síðasta ári, 15. mars 2003, var samþykkt á hinu háa Alþingi þingsályktun um framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla. Í ályktuninni kom fram að skipaður yrði starfshópur með fulltrúum nokkurra ráðuneyta og frá hagsmunasamtökum fatlaðra til að semja framkvæmdaáætlun sem hefði það að markmiði að tryggja aðgengi fyrir alla með hliðsjón af meginreglu Sameinuðu þjóðanna um þátttöku fatlaðra til jafns við aðra. Starfshópurinn átti að leggja fram tillögu sína fyrir 1. október 2003, þ.e. það var mikill metnaður að vinna vel á ári fatlaðra og að skila þessari framkvæmdaáætlun á því ári.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, hæstv. forseti, að þarna ríkti nokkur bjartsýni að ná að setja saman og vinna vandlega að þessari framkvæmdaáætlun. Nú er liðið ár frá því að hún átti að liggja fyrir og ég tel mikilvægt að við fáum upplýsingar um hvenær áætlað er að hún verði lögð fram, því að það er svo margt sem þarna hangir á spýtunni. Við ætlum síðust þjóða á Norðurlöndunum að framfylgja þessum mikilvægu meginreglum Sameinuðu þjóðanna um fatlaða þar sem Norðurlandaþjóðirnar hafa þegar sett fram framkvæmdaáætlun með mismunandi hætti. Ég veit að starfshópurinn var skipaður fljótlega og hann hefur verið að vinna en til þess að geta tekið næsta skref, þ.e. að koma framkvæmdaáætluninni inn í öll ráðuneyti, til allra sveitarstjórna, inn í lagasetningu og inn í reglugerðir þannig að

þessi framkvæmdaáætlun verði samþætt í öllu þjóðlífinu, þurfum við að fara að bretta upp ermarnar og koma vinnunni í gang. Hugsanlega er einn mikilvægasti þátturinn í þessari framkvæmdaáætlun að breyta hugsun og hugmyndafræði okkar til fatlaðra.

Fyrirspurn mín, hæstv. forseti, er svohljóðandi :

1. Hvenær má vænta að framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla verði kynnt?

2. Mun framkvæmdaáætlunin ná til fleiri þátta en ferlimála?

3. Verður lögð áhersla á hönnun fyrir alla?

4. Er unnið að tillögum um breytingar á lögum og reglugerðum sem lúta að aðgengismálum samhliða gerð framkvæmdaáætlunar?

[14:22]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Spurt er hvenær vænta megi framkvæmdaáætlunar um aðgengi fyrir alla og kynningar á henni.

Því er fyrst til að svara að starfshópur var skipaður vegna þessa verkefnis og hóf hann störf í september 2003. Í honum eru fulltrúar sjö ráðuneyta auk fulltrúa frá hagsmunasamtökum fatlaðra þar sem Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp eiga fulltrúa.

Hópurinn hefur haldið 23 fundi auk þess sem undirhópar hans hafa haldið tugi funda á síðustu mánuðum. Við upphaf vinnu starfshópsins var ljóst að verkefnið yrði það umfangsmikið að það yrði ekki mögulegt að klára það innan þess tímaramma sem áætlaður var. Það var mat starfshópsins, hæstv. forseti, að vinna þyrfti nákvæma úttekt á stöðu aðgengismála á Íslandi og til þess þyrfti lengri tíma en gert var ráð fyrir í upphafi. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdaáætlunin beri með sér flesta þá verkþætti sem æskilegt er að vinna að til að tryggja aðgengi fyrir alla.

Starfshópurinn skipulagði vinnulag við verkefnið með þeim hætti að verkefninu var skipt upp í sex verkáfanga. Í fyrsta áfanganum lagði hópurinn mat á stöðu aðgengismála á Íslandi í ljósi hverrar og einnar viðmiðunarreglu Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðra, en þær eru alls 22. Markmiðið var að fá yfirsýn yfir helstu verkþætti og greina þá í ljósi þeirra viðmiða sem grunnreglur Sameinuðu þjóðanna setja. Þessum fyrsta áfanga var lokið á fyrri hluta þessa árs og liggur fyrir frumgreining á þörfum fyrir umbætur í ljósi grunnreglnanna.

Í öðrum verkáfanga var markmiðið að afla enn frekari upplýsinga um umfang og eðli þeirra verkþátta sem tekin hafði verið ákvörðun um að skoða frekar. Þetta var gert með aðstoð ýmissa sérfræðinga sem best þekkja til á hverju sviði. Auk sérfræðinga hafa notendur, aðstandendur og aðrir þeir sem ríkra hagsmuna eiga að gæta komið að úttektinni. Ætla má að í þessum öðrum verkáfanga hafi hátt í 200 manns lagt sitt af mörkum við vinnuna. Gert er ráð fyrir að honum ljúki vorið 2005 en þess má geta að verið er að vinna við skoðun vel á annað hundrað verkþátta.

Í þriðja áfanga er markmiðið að skilgreina og flokka öll þau álit sem borist hafa starfshópnum, meta mikilvægi verkþáttanna og skoða valkosti.

Í fjórða áfanga að forgangsraða þeim verkþáttum sem talið er mikilvægast að vinna að á næstu árum.

Í fimmta áfanga að vinna að ítarlegri áætlun um framkvæmd og útfærslu.

Í sjötta að vinna greinargóða kostnaðaráætlun fyrir alla verkþætti framkvæmdaáætlunarinnar.

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda gerði þingsályktunin ráð fyrir að framkvæmdaáætlunin yrði lögð fram fyrir 1. okt. 2003, en ég tek undir með fyrirspyrjanda að það er ljóst af umfangi verkefnisins að það þarf mun meiri tíma til þess að ljúka því. Áætlanir okkar gera ráð fyrir að það takist ekki fyrr en um árslok 2005.

Í öðru lagi er spurt hvort framkvæmdaáætlunin muni ná til fleiri þátta en ferlimála.

Viðmiðunarreglur Sameinuðu þjóðanna um jafna þátttöku fatlaðra taka til 22 grunnviðmiðana eins og áður kom fram. Þau viðmið flokkast í þrjá meginkafla, þ.e. forsendur jafnrar þátttöku þar sem fjallað er um mikilvægi vitundarvakningar, læknisþjónustu, endurhæfingu og stoðþjónustu.

Í II. kafla, sem ber yfirskriftina „Áherslur um jafna þátttöku“, er fjallað um aðgengi, menntun, atvinnu, tekjutryggingar almannatrygginga, fjölskyldulíf og mannlega reisn, menningu, tómstundir, íþróttir og trúariðkanir.

Í III. kafla er síðan fjallað um hvernig staðið skuli að framkvæmd við jafna þátttöku. Þar er kveðið á um miðlun upplýsinga og rannsóknarstarf, stefnumótun og áætlanir, löggjöf, þjálfun starfsfólks, eftirlit og mat áætlana fyrir fatlaða á landsvísu, tæknilega og efnahagslega samvinnu og alþjóðlega samvinnu.

Framkvæmdaáætlunin mun því bera með sér áætlanir um alla þá þætti sem fyrr hafa verið nefndir. Framkvæmdaáætlunin mun ná til mun fleiri þátta en ferlimála eins og þau hafa oft verið skilgreind meðal manna, þ.e. ekki einungis aðgengi að byggingum.

Í þriðja lagi er spurt hvort áhersla verði lögð á hönnun fyrir alla.

Samkvæmt skilningi starfshópsins tekur hugtakið „aðgengi fyrir alla“ á öllum þeim þáttum er snerta aðgengi að samfélaginu og hönnun þar með.

Í fjórða og síðasta lagi er spurt hvort unnið sé að tillögum um breytingar á lögum og reglugerðum sem lúta að aðgengismálum samhliða gerð framkvæmdaáætlunarinnar.

Því er til að svara, hæstv. forseti, að í lokaskýrslu starfshópsins verður gerð tillaga að breytingum á þeim þáttum sem lúta að aðgengi fyrir alla, þar með taldar breytingar á lögum og reglugerðum. Á þessu stigi vinnunnar liggur hins vegar ekki fyrir hverjar þær verða.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau voru nokkuð skýr og þetta er mikið og víðfeðmt verk sem verið er að fara í. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra að nefndin kom ekki saman fyrr en haustið 2003 þannig að hún hóf ekki strax störf eins og ég taldi að hún hefði gert. En eftir sem áður hefur hún sett sér markmið um verkþætti sem er mjög mikilvægt að unnið sé vel að og að góð samvinna sé á milli hinna opinberu aðila, bæði ríkisins og sveitarfélaganna, Öryrkjabandalagsins og allra þeirra sem eiga að koma að þessu verki því að það er mikið í húfi, t.d. að

hafa byggingarreglugerðir þannig útfærðar að þær endurspegli þá hugmyndafræði sem hér er að baki. Sama máli gegnir fyrir atvinnulífið, svo sem ferðaþjónustuna, að þegar sé farið að undirbúa að gera hana eftirsóknarverða fyrir fatlaða, þar liggja miklir möguleikar fyrir þá atvinnugrein. Í raun er þetta oft ekki spurning um fjármagn heldur miklu frekar spurning um hugsun og breytta hugsun þannig að aðgengi sé fyrir alla strax í upphafi, að ekki sé verið að kosta til miklum fjármunum við að breyta hvort heldur byggingum, gangstéttum, vegakerfi eða öðru. Við erum því ekki eingöngu að tala um fatlaða, við erum að tala um alla þá sem falla ekki undir hið eðlilega norm, þ.e. börn, fullorðna, fatlaða og alla þá sem þurfa á einhverri aðstoð eða annarri þjónustu að halda.

[14:29]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég heyri að við erum sammála um það, við fyrirspyrjandi, að mikilvægt er að hér sé vandað til verka og það er þannig sem lagt er upp í þessa vinnu. Hún tekur vissulega lengri tíma en við kannski flest áttuðum okkur á í upphafi.

Því er til að svara þegar spurt er hvers vegna svo lengi dróst að koma verkinu af stað, að það eru kannski tvær ástæður fyrst og fremst. Annars vegar að verkið er umfangsmeira en menn ætluðu í fyrstu og hins vegar að í millitíðinni, frá því að Alþingi samþykkti þá ályktun sem hér er til umræðu og þar til verkinu var hrint af stað, fóru fram alþingiskosningar sem vissulega tafði upphaf málsins eitthvað.

Aðalatriðið er að mínu viti, hæstv. forseti, að hér er verið að vanda til verksins. Að því eru fengnir þeir sem best hafa vit á. Það tekur vissulega heldur lengri tíma en lagt var upp með í upphafi en stóra málið er, eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda, að hér sé þá tekið á því af fullum krafti og með það að markmiði að skila góðum árangri.

[14:30]

Útbýting:

Fjárlög 2005, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln. þskj. 420, brtt. meiri hluta fjárln. þskj. 421.

Innanlandsmarkaður með losunarefni, 367. mál, fsp. MÁ, þskj. 431.

Smíði nýs varðskips, 368. mál, fsp. MÞH, þskj. 432.

Stúlkur og raungreinar, 371. mál, fsp. AKG, þskj. 435.

Tæknigreinar og verkfræði, 370. mál, fsp. AKG, þskj. 434.

Vegagerð á Uxahryggjaleið, 369. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 433.

Þungaskattur á orkugjöfum.

Fsp. SJS, 186. mál. — Þskj. 186.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. fjármálaráðherra heyri mál mitt. Glöggur maður vakti athygli mína á því að miðað við gildistíma núverandi lagaákvæða um fjáröflun til vegagerðar að um næstkomandi áramót muni falla niður heimild samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Það er heimild til að fella niður greiðslu þungaskatts fyrir bifreiðar sem nota í tilraunaskyni aðra orkugjafa en bensín og dísilolíur eða annað eldsneyti unnið úr olíu. Þessi heimild hefur verið í lögum um skeið og er til þess hugsuð, og kemur held ég að góðum notum, að auðvelda mönnum að gera tilraunir með aðra orkugjafa og ívilna þeim. Reyndar er fleiri ákvæði að finna í lögum hliðstæðs eðlis sem eiga að hvetja til að menn reyni að beisla og nýta aðra orkugjafa en innflutt jarðefnaeldsneyti. Ekki þarf að fjölyrða um hvers vegna, svo miklar sem umræður eru nú um stundir um skaðleg áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt hafa lengi verið um það umræður hér á landi að reyna að auka sjálfbærni orkubúskapar okkar og leita leiða til að nýta innlenda orku í stað innfluttra orkugjafa.

1. júlí næstkomandi taka gildi lög um olíugjald og kílómetragjald. Þá kemur til sögunnar nýtt fyrirkomulag þessara mála og þungaskatturinn sem slíkur í núverandi mynd fellur úr gildi þó að ákveðið kílómetragjald verði áfram við lýði á stærri bifreiðar. Af þessum ástæðum lagði ég eftirfarandi fyrirspurn fyrir hæstv. ráðherra:

1. Verður undanþága samkvæmt ákvæði til bráðabirgða VIII í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, framlengd til þess er lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., taka gildi 1. júlí á næsta ári?

2. Hvaða hvatning verður í skattkerfinu til að nýta aðra orkugjafa en bensín eða dísilolíu eftir 1. júlí 2005?

Það er einnig fullgilt að spyrja með hvaða hætti því verður þá fyrir komið. Ég leyfi mér þá reyndar í framhjáhlaupi að spyrja hæstv. fjármálaráðherra, og ber vel í veiði: Er ljóst orðið að við tímasetningu þessara kerfisbreytinga verði staðið? Gengur fyrirkomulagið um olíugjald og kílómetragjald í gildi 1. júlí næstkomandi eða er einhver óvissa uppi í þeim efnum?

[14:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég ætla að byrja á að svara því síðasta sem fram kom hjá háttvirtum þingmanni. Það er engin óvissa um að staðið verði við þá tímasetningu sem lögin gera ráð fyrir og undirbúningur að því er á fullri ferð, m.a. við að undirbúa nauðsynlega reglugerð um málið.

Varðandi fyrirspurn þingmannsins þá vil ég þakka honum fyrir hana. Henni hefur verið svarað með þingskjali sem útbýtt var í dag. En ég vil þakka honum fyrir ábendinguna því að hún ýtti í það minnsta við okkur með að drífa í að leggja fram breytingarfrumvarp um að seinka þessu um þá sex mánuði sem hér er um að ræða, sem er millibilsástand sem ella hefði skapast. Það mál er því í sjálfu sér upplýst.

Um síðari spurninguna, um hvaða hvatning verði í skattkerfinu til að nýta aðra orkugjafa en bensín eða dísilolíu eftir 1. júlí næstkomandi þá er því til að svara að það verður engin breyting á þeim hvatningum sem eru í skattkerfinu til að nýta aðra orkugjafa en bensín og olíu, jafnvel þó að núverandi kerfi falli brott og við taki nýtt kerfi olíugjalds og kílómetragjalds. Áfram verður aðeins lagt gjald á bensín og

dísilolíu en ekki á aðra orkugjafa. Það leiðir af sjálfu sér að þeir sem aðra orkugjafa nota munu ekki borga olíugjald og þar af leiðandi verður það óbreytt frá núverandi skipulagi.

Hins vegar vildi ég jafnframt geta þess að í núverandi skattkerfi er viss hvatning til að fjárfesta í bifreiðum sem knúnar eru öðrum orkugjöfum en bensíni og dísilolíu. Á því er engin breyting fyrirhuguð, a.m.k. í bili. Það á við um vörugjöld á ökutæki sem t.d. eru knúin rafhreyfli eða vetni. Sömuleiðis er takmörkuð undanþága fyrir bifreiðar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu. Þessi ákvæði er að finna í lögunum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum. Þau ákvæði munu standa óbreytt áfram og eru eldsneytisskattinum í raun óviðkomandi.

[14:37]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir snögg viðbrögð ráðherra við þessari fyrirspurn hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar.

Ég hvet til þess að fyllsta jafnræðis verði gætt varðandi álagningu vörugjalda á bifreiðar sem eru knúnar öðru en jarðeldsneyti. Það kom fram í máli ráðherra að bifreiðar sem eru rafdrifnar og knúnar vetni væru undanþegnar vörugjaldi að tilteknu leyti, eins væri það um bifreiðar sem væru knúnar metangasi. Ég hef ekki kynnt mér þetta sérstaklega en ég túlka orð ráðherrans sem svo að þarna sé ekki algert jafnræði á milli.

Ég vil upplýsa það hér að Strætó bs. hyggst á þessu ári og næsta kaupa 21 strætisvagn, þar af tvo sem verða knúnir metangasi sem er framleitt innan lands, uppi í Sorpu. Það er mjög mikilvægt að myndarlega verði stutt við þá tilraun.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greið svör og fyrir að upplýsa að engra breytinga sé að vænta að þessu leyti varðandi upptöku olíugjalds og nýs fyrirkomulags 1. júlí næstkomandi. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að það liggi fyrir. Það þarf að nota tímann vel til að undirbúa þá framkvæmd.

Ég þóttist reyndar sjá, þegar ég rak augun í frumvarpið sem hæstv. ráðherra hélt hér á lofti, að fyrirspurn minni hefði verið svarað óbeint með þeim hætti og mjög svo farsællega og ég þakka fyrir það. En ég vildi leyfa hæstv. ráðherra að upplýsa það sjálfum og svara til um það. Það hefði auðvitað verið bagalegt ef þarna hefði skapast millibilsástand.

Varðandi hvata til að nýta aðra orkugjafa má segja að lágmarkið sé að þeir séu skattfrjálsir á þróunar- og tilraunatíma. Sama gildi um bíla sem nota slíka orkugjafa. Auðvitað ættu þeir að vera án vörugjalda og ætti að hvetja til þess með enn þá meira afgerandi hætti en við höfum gert hingað til.

Það er að sönnu rétt að kerfisbreytingin leiðir það af sér að þungaskatturinn í núverandi mynd hverfur og þar með gjaldtaka sem var óháð því hvers eðlis eldsneytið var, ef það var annað en bensín en þannig var ástandið hér áður. Þó stendur eftir kílómetragjald á stórar bifreiðar sem auðvitað gæti þurft að huga að ef til þess kæmi að menn færu í tilraunastarfsemi sem tæki til notkunar á slíkum tækjum.

En hún er góð, svo langt sem hún nær, sú niðurfelling í formi aðflutningsgjalda eða vörugjalda af gas- og rafbílum og hybrid-bílum og öðru slíku. Ég held þó að í ljósi þess hversu hægt gengur að koma slíkum bílaflota í gagnið hér á landi — enn er ótrúlega lítið um rafmagnsbíla eða hybridbíla sem við Japansfarar sáum í stórum stíl á götum þar í landi — þá séum við að dragast nokkuð aftur úr öðrum þjóðum að þessu leyti. En það ætti að vera alveg öfugt. Ætti einhvers staðar í heiminum að vera virkileg framþróun í átt til aukinnar notkunar rafbíla og annarra orkugjafa en kolefniseldsneytis þá væri það hér.

[14:41]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum sem hér hafa tekið til máls fyrir ábendingar þeirra um þetta mál. Það er sjálfsagt að halda vöku sinni hvað það varðar, t.d. ef hingað koma í notkun bílar yfir 10 tonnum að þyngd sem knúnir eru óhefðbundnu eldsneyti. Þá væri auðvitað sjálfsagt að skoða það mál þegar þar að kemur.

Að öðru leyti held ég að fyrirspurninni sé svarað. Það verður engin eðlisbreyting á gjaldtökunni á næstunni. Ég tek undir það sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir og reyndar háttvirtur fyrirspyrjandi sögðu, að það er eðlilegt að greiða fyrir því að ökutæki sem knúin eru óhefðbundnum orkugjöfum fái notið sín, í það minnsta að þeim sé ekki refsað umfram aðra sem slík tæki taka í notkun.

Fangelsi á Hólmsheiði.

Fsp. ÁÓÁ o.fl., 323. mál. — Þskj. 361.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég ber ásamt háttvirtum þingmönnum Bryndísi Hlöðversdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur og Margréti Frímannsdóttur fram fyrirspurn um fyrirhugað fangelsi á Hólmsheiði til hæstv. dómsmálaráðherra.

Nú hefur um þó nokkurn tíma legið fyrir ákvörðun um að ráðast í nýtt fangelsi á Hólmsheiði við Nesjavallaveg. Hins vegar hefur ekki verið gert ráð fyrir neinu fjármagni í verkefnið eins og oft er þegar menn lofa einhverju upp í ermina á sér. Ég tel að nýtt fangelsi bjóði upp á margs konar möguleika til að bæta úr þeim annmörkum sem núverandi fangelsi og fangelsisstefna bjóða upp á.

Þegar rætt er um breytingar á fangelsismálum eða fangelsum hlýtur það að vera eitt af meginmarkmiðunum að einstaklingar sem fara í fangelsi komi ekki út verri einstaklingar en þeir voru þegar þeir fóru þar inn. Núverandi fangelsisstefna hefur því miður brugðist þessu markmiði. Samkvæmt rannsókn Helga Gunnlaugssonar, prófessors í félagsfræði, kemur í ljós að ítrekunartíðni þeirra sem lenda í fangelsi er há. Um 37% þeirra sem luku fangavist voru fangelsaðir á ný. Um 44% voru dæmdir á ný og um 73% þeirra sem hafa lokið fangelsisvist þurftu afskipti lögregl-

unnar á ný innan fimm ára frá fangavistinni.

Ítrekunartíðnin var hærri hjá yngri afbrotamönnum. Nánast engin meðferðarúrræði er að finna í íslenskum fangelsum og eru til dæmi um að geðsjúklingar séu vistaðir á Litla-Hrauni eða í einangrunarklefum þar. Bygging hins nýja fangelsis veitir því einstakt tækifæri til að bæta úr þessum atriðum. Til dæmis mætti gera ráð fyrir sérstakri deild fyrir unga fanga í hinu nýja fangelsi en í umræðum um nýja fangelsið hefur ekki verið gert ráð fyrir slíkum möguleika.

Ég hef lagt fram þingsályktunartillögu um að í ljósi sérstöðu ungra fanga, á aldrinum 18–24 ára, sé rétt að í fyrirhuguðu fangelsi á Hólmsheiði verði sérstök deild fyrir þann aldurshóp. En slíkur aðskilnaður gæti dregið úr afbrotatíðni ungra fanga sem, eins og fyrr segir, er hærri en í öðrum aldurshópum. Slíkur aðskilnaður veitir einnig möguleika á sértækum úrræðum fyrir þann aldurshóp, t.d. vímuefna- og geðmeðferð.

Þess má einnig geta að ungir fangar á þessu aldursbili eru viðkvæmur hópur. Samneyti við síbrotamenn getur haft hvetjandi áhrif á unga fanga til frekari þátttöku í afbrotum og dregið úr möguleika á betrun fanga. Ég vil því beina eftirfarandi spurningum til hæstv. dómsmálaráðherra:

1. Hvenær hefst bygging fyrirhugaðs fangelsis á Hólmsheiði og hvenær má ætla að það verði tekið í notkun?
2. Hvaða kröfur mun ráðherra leggja áherslu á að verði uppfylltar í nýja fangelsinu?
3. Mun einhver stefnubreyting í fangelsismálum felast í starfrækslu þess?
4. Verður þar gert ráð fyrir meðferðarúrræðum fyrir fanga?
5. Verður gert ráð fyrir aðskilnaði ungra og eldri fanga?
6. Verður gert ráð fyrir gæsluvarðhaldsföngum?

[14:45]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og fram kemur hjá hv. fyrirspyrjanda hefur undirbúningur vegna nýs fangelsis staðið yfir í mörg ár, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um byggingu þess. Margir dómsmálaráðherrar hafa í áranna rás svarað fyrirspurnum á borð við þessa og margar tillögur að nýju fangelsi hafa verið samdar. Þegar ég kom í dómsmálaráðuneytið í maí 2003 var unnið að gerð tillögu um fangelsi á Hólmsheiði eins og það hefur verið nefnt. Ég hef ekki tekið endanlega afstöðu til þeirra hugmynda sem þar er að finna. Þótti mér skynsamlegt að gefa nýjum fangelsismálastjóra sem hóf störf 1. maí sl. tækifæri til að koma að lokagerð tillagna um fangelsið á Hólmsheiði og aðrar framkvæmdir á vettvangi Fangelsismálastofnunar.

Í haust skiluðu fangelsismálastjóri og samstarfsmenn hans tillögum sínum til mín og er nú unnið að því að meta þær í dómsmálaráðuneytinu. Þar er núverandi staða greind og lagt á ráðin um framtíðina. Á grunni þessa var m.a. unnið að endurskoðun á frumvarpi til fullnustu refsinga sem lagt hefur verið fram á þessu þingi, en að hugmyndum um fjölgun og stækkun fangelsa er sérstaklega vikið í athugasemdum með frumvarpinu.

Eins og rakið er í athugasemdunum sýna athuganir að nauðsynlegt sé að við Reykjavík verði reist nýtt fangelsi. Fyrirsjáanlegt er að taka þarf Hegningarhúsið á Skólavörðustíg úr rekstri sem fangelsi á næstu árum, auk þess sem Fangelsismálastofnun hefur upplýst í framangreindri skýrslu sinni að Kópavogsbær vinni nú að breytingum á skipulagi þess svæðis þar sem fangelsið í Kópavogi stendur. Gerir skipulagið ráð fyrir að ekki verði áfram fangelsi á þeim stað.

Þegar rætt er um framtíðaruppbyggingu fangelsanna þarf að huga að mörgum þáttum en mikilvægast er að móta heildarstefnu á þessu sviði. Nauðsynlegt er að stefnan sem mótuð er taki ekki einungis til nýbygginga heldur einnig til þeirra fangelsa sem fyrirsjáanlega verða starfrækt áfram. Með hliðsjón af framangreindum upplýsingum um fækkun fangelsa og spám um fólksfjölgun er það mat Fangelsismálastofnunar að byggja þurfi um 60 nýja fangaklefa hér á landi á næstu árum. Það er hins vegar ekki nóg að fjölga fangaklefum og láta þar við sitja, heldur þarf að fara yfir og meta hvers konar vistunarúrræði eigi að standa til boða og í hvaða hlutfalli. T.d. hefur verið á það bent að stærra hlutfall fanga uppfylli skilyrði fyrir vistun í svonefndu opnu fangelsi en nú er í boði. Þá hefur einnig verið bent á nauðsyn þess að vista unga fanga sér, svo og að fjölga vistunarúrræðum fyrir kvenfanga.

Á grundvelli þessara upplýsinga þarf t.d. að skoða hvort unnt sé að fjölga fangaklefum á Kvíabryggju. Einnig þarf að huga að stækkun fangelsisins á Akureyri, bæði til að fjölga þar rýmum og ekki síður til að bæta vinnuaðstöðu fanga. Þá er einnig nauðsynlegt að kanna til hlítar hvernig best verði staðið að því að stækka fangelsið á Litla-Hrauni og huga þar að endurbótum og breytingum á skipulagi að því er húsnæðismálin varðar. Í þessu ljósi yrði síðan skoðað hvers konar fangelsi væri rétt að reisa á höfuðborgarsvæðinu. Þar yrði fyrst og fremst horft til móttöku- og greiningarfangelsis, svo og deildar þar sem höfuðáhersla yrði lögð á afeitrun og meðferð þeirra sem glíma við vímuefnavanda og/eða geðræn vandamál. Þann þátt þyrfti að vinna í góðri samvinnu við heilbrigðisyfirvöld sem bera ábyrgð á allri heilbrigðisþjónustu fyrir fanga.

Framtíðaruppbygging fangelsa í landinu er að sjálfsögðu nátengd markmiðum og stefnu á þessu sviði og þar leikur ný löggjöf um fullnustu refsinga að sjálfsögðu lykilhlutverk. Ég lít því til þessara mála í heild í ljósi þess hvernig Alþingi tekur frumvarpinu um fullnustu refsinga því þar er að finna nauðsynlegt umboð fyrir ráðuneytið og Fangelsismálastofnun til að taka á málum fanga. Nýtt fangelsi kemur aldrei í stað skynsamlegrar löggjafar á þessu sviði og húsið er aðeins tæki til að framkvæma þá stefnu sem fylgt er í umboði Alþingis.

Vænti ég góðs samstarfs við þingmenn um þann þátt málsins á þessum vetri við afgreiðslu frumvarpsins um fullnustu refsinga.

[14:49]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég hvet hæstv. ráðherra til að auka vægi meðferðarsjónarmiða í fangelsismálum og reyna þannig að rjúfa vítahring ungra afbrotamanna og draga úr ítrekunartíðninni. En fyrst og fremst vil ég spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort það sé ekki rétt að borgarstjórnar-

flokkur Sjálfstæðisflokksins hafi ályktað um að loka beri Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg og hafi beitt sér fyrir ályktun um það í borgarstjórn svo fljótt sem verða má. Hvernig stendur á því að hæstv. dómsmálaráðherra, sem á aðild að þeim borgarstjórnarflokki og þeirri stefnumörkun, hefur nú setið á ráðherrastóli í eitt og hálft ár án þess að hafast nokkuð að í málinu, þó svo allir viti að Hegningarhúsið á Skólavörðustíg á ekkert erindi árið 2004 í íslenskt samfélag og hefur sætt áminningum erlendis frá? Hvenær hefur hæstv. dómsmálaráðherra og borgarfulltrúi, Björn Bjarnason, hugsað sér að framfylgja þeirri stefnu í stjórnarmeirihlutanum sem hann hefur í stjórnarandstöðunni hinum megin við Vonarstrætið? Með von um að hæstv. ráðherrann geti svarað því hér.

[14:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum mjög þarft mál sem þarf virkilegrar skoðunar við. Ég fagna því sem hæstv. dómsmálaráðherra lýsti yfir áðan að skoða þyrfti þessi mál mjög vandlega og í samhengi við það hvernig nýta mætti ýmis meðferðarúrræði og taka upp vistanir og afplánanir í samræmi við brot, aldur og eðli brota, m.a. fíkniefnabrota þess fólks sem leiðst hefur út í þá ógæfu.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að við reynum að átta okkur á því hvernig við getum látið refsingar eða vistun leiða til betri árangurs við endurhæfingu fólks hér á landi. Ég fagna því að það kom fram í máli ráðherrans og þakka hv. þm. fyrir að hafa tekið málið til umræðu.

[14:52]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra, Birni Bjarnasyni, fyrir góð svör. Mér finnst mjög eðlilegt, eins og fram kom í svari hans, að nýr fangelsismálastjóri komi að þessum málum. Það hlýtur að vera mjög mikilvægt að hann hafi einhver áhrif á hvernig fangelsismálum verði háttað í framtíðinni.

Mér þótti líka mjög gott að heyra áherslu hæstv. dómsmálaráðherra á að villtir ungir afbrotamenn væru ekki með eldri föngum og eins áherslu hans á opið fangelsi, t.d. með stækkun Kvíabryggju, því vissulega þarf mismunandi úrræði fyrir mismunandi afbrot.

Mig langar að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra að því hvernig vistun kvenfanga er háttað í dag? Mér þótti ágætt að heyra frá honum að verið sé að hugsa um kvenfangana líka. Ég vil taka undir að það þarf aukin meðferðarúrræði og endurhæfingu fyrir fanga.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir svörin og þeim þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni. Þó finnst mér þingheimur vera enn þá að einhverju leyti í lausu lofti varðandi hið nýja fangelsi, hvenær eigi að hefja byggingu þess. Við því fengust ekki skýr svör.

Ég vil taka undir þau orð hv. þingmanna sem töluðu og hæstv. dómsmálaráðherra líka, að taka þurfi þennan málaflokk fastari tökum. Sérstaklega fagna ég því sem hæstv. dómsmálaráðherra sagði um að auka meðferðarúrræði fanga og að ræða alvarlega hvort aðskilja beri unga og eldri fanga. Ég tók eftir því að hv. þm. Drífa Hjartardóttir var einnig afar ánægð með þann hugsanlega aðskilnað. Ég vænti þess því að bæði hæstv. dómsmálaráðherra og hv. þm. Drífa Hjartardóttir muni styðja þingsályktunartillögu *mína sem lýtur einmitt* að þessu.

Við þurfum að taka þennan málaflokk föstum tökum. Á síðasta ári fengum við afskaplega vont frumvarp frá hæstv. dómsmálaráðherra um þennan málaflokk sem hann dró til baka, m.a. vegna gagnrýni mannréttindasamtaka og hagsmunaaðila. Nú hefur hæstv. dómsmálaráðherra lagt fram nýtt frumvarp, sem hann hefur reyndar ekki mælt fyrir, en við munum skoða það í ró og næði í hv. allsherjarnefnd og vonum að það sé skárra en hið fyrra.

Sömuleiðis bind ég miklar vonir við hinn nýja fangelsismálastjóra og að hann bæti úr þeim augljósu annmörkum á fangelsisstefnu og fangelsismálum okkar sem ég held að flestir átti sig á. Ég vil koma þeim skilaboðum til hans að við munum fylgjast vel með hinum nýja fangelsismálastjóra. Ég held að við eigum að reyna að hraða því að hefja byggingu nýs fangelsis, m.a. til að fylgja eftir þeirri þekkingu sem við höfum á þessum málaflokki. Þegar Litla-Hraun var endurgert var t.d. gert ráð fyrir hlutum sem hvorki eru notaðir né skynsamlegir, eins og hinn ógurlegi turn sem þar gnæfir yfir og enginn er í að staðaldri.

Þetta er flókinn málaflokkur og við þurfum að taka tillit til ýmissa hluta, en eitt af aðalmarkmiðunum á að vera að einstaklingar geti tekið út refsingu sína án þess að koma út sem verri einstaklingar.

[14:55]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil aðeins árétta það sem ég sagði. Ég tel að líta verði til fangelsisbygginga í ljósi þeirrar stefnu sem við mörkuðum. Stefnan er kynnt á þingi í nýju frumvarpi mínu um fullnustu refsinga sem mér skilst að verði til umræðu á föstudag, þannig að hægt er að ræða málið nánar þá.

Varðandi þær fyrirspurnir sem komu sérstaklega í þessum umræðum, sem ég þakka fyrir, er enginn ágreiningur á milli mín og þeirra sem hafa ályktað um að Hegningarhúsið á Skólavörðustíg eigi að hverfa úr rekstri því ég gat þess sérstaklega að það mundi gerast á næstu árum.

Varðandi vistun kvenfanga eru þeir nú vistaðir í fangelsinu í Kópavogi. Það lá fyrir sérstök fyrirspurn um það mál sem var dregin til baka og óskað eftir að ég svaraði skriflega. Ég sé því kannski ekki ástæðu til að fara mikið út í það, en þegar við ræðum frumvarpið um fullnustu refsinga er hægt að ræða þann þátt.

Ég tel að bæta þurfi eins og fram kom í máli mínu kosti fyrir kvenfanga. Það þarf að hafa jafnmikla fjölbreytni fyrir kvenfanga eins og fyrir karlmenn í fangelsum. Sú fjölbreytni er ekki fyrir hendi eins og aðstæður eru.

Eins og ég gat um eru skipulagsyfirvöld í Kópavogi þeirrar skoðunar að endurskipuleggja eigi það svæði þar sem fangelsið er núna og þá þarf að huga að því sérstaklega.

Einnig er rétt að geta þess að þegar þetta er lesið og

menn rýna nánar í það sjá þeir að ég er að boða nokkuð aðra stefnu en lá til grundvallar þegar menn settu fyrst fram hugmyndir um fangelsi á Hólmsheiði. Ég held því að menn þurfi að líta á málið í heild þegar þeir leggja mat á það sem hér er rætt.

[14:57]

Útbýting:

Afdrif hælisleitenda, 372. mál, fsp. ÁI, þskj. 436.

Átaksverkefni í ferðamálum, 365. mál, þáltill. JBjarn, þskj. 428.

Veiðiregla.

Fsp. SigurjÞ, 181. mál. — Þskj. 181.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Því verður ekki á móti mælt að þorskafli á Íslandsmiðum hefur dregist gríðarlega saman síðan kvótakerfið var tekið upp. Fyrirhugaður afli á þessu fiskveiðiári er rúmlega helmingi minni en stefnt var að með núverandi fiskveiðistjórnarkerfi þegar það var sett á legg. Allar tilraunir reiknimeistara til að búa til einhverja allsherjaraflareglu til að byggja upp þorskstofninn hafa mistekist hrapallega. Árið 1992 var þorskaflinn 309 þús. tonn, en það er einmitt árið sem vinnuhópur Hafrannsóknastofnunar og Þjóðhagsstofnunar hóf vinnu við gerð svokallaðrar aflareglu sem hafði það að markmiði að efla þorskstofninn.

Aflaregla er föst regla sem ákveður hve mikið á að veiða úr þorskstofninum. Reglan sem hefur gilt undanfarin ár er að það skuli veiða 25% af áætluðum veiðistofni, þ.e. fjögurra ára og eldri þorski. Árangursleysið er algjört, eða 100 þús. tonna minni afli en þegar reiknimeistararnir hófu vinnu sína. Hæstv. sjávarútvegsráðherra skipaði í mars 2001 nefnd til þess að meta árangurinn af notkun aflareglunnar við stjórn fiskveiða. Eflaust hefur árangursleysið rekið ráðherrann áfram til þess að gera umrædda úttekt. Það sem vekur sérstaka athygli er að hæstv. sjávarútvegráðherra skipar sömu menn í að gera úttektina og þá sem bjuggu regluna til. Það er náttúrlega alveg með ólíkindum að menn séu að endurskoða eigin verk.

Ein meginforsenda veiðireglunnar og reiknimeistaranna er að stór hrygningarstofn gefi af sér mikla nýliðun, en nýliðun er fjöldi ungra þorska sem bætast inn í veiðistofninn.

Ef skoðuð eru línurit yfir stærð hrygningarstofns og nýliðun er ekki með nokkru móti hægt að ætla að fylgni sé með stórum hrygningarstofni og mikilli nýliðun. Miklu nær er að lesa út úr gögnum að það sé öfugt samband á milli hrygningarstofns og nýliðunar, þ.e. þegar hrygningarstofn er lítill þá komist fleiri seiði á legg. Þetta samband er viðurkennt að vissu leyti í endurskoðunarskýrslu reiknimeistaranna, það kemur fram á bls. 9. En samt sem áður er eins og skýrslan leiti ætíð í að skýra nýliðun út frá jákvæðu sambandi hrygningarstofns og meiri nýliðunar. Gerðar eru ítrekaðar tilraunir í þá átt og búin til einhver hrognavísitala til að skýra nýliðun og reynt er að flækja málið með aldurssamsetningu hrygningarstofns og stærð hrygna. En þrátt fyrir allar þessar tilraunir virðist þetta jákvæða samband ekki finnast.

Í framhaldinu vil ég spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort ekki sé löngu kominn tími til að horfast í augu við árangursleysi aflareglunnar og fara að leita nýrra leiða til að nýta þorskstofninn og játa að þetta samband sé ekki til staðar.

[15:01]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar er svohljóðandi:

„Hver er árangurinn af notkun veiðireglu við uppbyggingu þorskstofnsins á Íslandsmiðum?“

Í mars árið 2001 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd um langtímanýtingu fiskstofna með þátttöku sérfræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar. Nefndin hafði m.a. það verkefni að meta árangurinn sem náðst hafði í nýtingu þorskstofns á undanförnum árum. Nefndin skilaði lokaskýrslu sl. vor og byggir eftirfarandi á henni.

Við framreikning og prófanir vegna setningar aflareglu árið 1995 var gert ráð fyrir að þorskaflinn yrði um 170 þús. tonn allt fram til ársins 2003. Reiknað var með 12–15 ára uppbyggingartíma, þ.e. þar til hrygningarstofn var orðinn um 800 þús. tonn og afli um 330 þús. tonn. Sem kunnugt er jókst aflinn meira en sem þessu nam og þessi markmið hafa því ekki náðst nema að hluta.

En þegar reynslan af ákvörðun heildaraflamarks með aflareglunni er metin er engu að síður ljóst að fiskveiðiárið 1995–1996 til 1996–1997, þegar stofninn er metinn með viðunandi nákvæmni, þá skilaði stefnan fyllilega þeim árangri sem stefnt var að.

Hins vegar þegar stofnmatið fór af réttri leið, a.m.k. eins og fyrirliggjandi mat gefur til kynna, árin 1997–1998 og 1999–2000 voru teknar ákvarðanir á röngum forsendum sem leiddu til þess að heildaraflamark var allt of hátt nokkur ár í röð. Afli umfram aflamark dró einnig úr árangrinum og eins sú breyting sem gerð var með tilkomu sveiflujöfnunar árið 2000, þar sem ekki er gert ráð fyrir að breyting á aflamarki nemi meiru en 30 þús. tonnum plús eða mínus frá einu ári til þess næsta.

Meginniðurstaðan varð því að árangur af beitingu aflareglunnar hefur orðið umtalsverður en miðað við þróun þorskstofnsins og í ljósi þess hvernig hann var metinn á hverjum tíma hefði mátt gera enn betur með því að fylgja upprunalegri tillögu vinnuhóps um aflareglu frá 1994. Þar var miðað við að veiðihlutfall væri 22% af veiðistofni í stað 25%, eins og í raunverulegri útfærslu, og að beitt skyldi svokallaðri meðaltalsreglu, meðaltals stofnmats og aflamarks undangengins árs, til að jafna sveiflur í afla milli ára í stað meðaltals stofnmats yfirstandandi árs og áætlunar næsta árs, eins og nú er.

Reynslan af lækkun fiskveiðidauða fiskveiðiárin 1994–1995 og 1996–1997 sýnir einnig að hægt er að byggja upp þorskstofninn með takmörkun afla. Einnig er nú ljóst að stofnmat er óvissara en áður var talið og skekkja í sömu átt getur verið viðvarandi nokkur ár í röð. Þetta getur leitt til þess að fiskveiðidauði verði um árabil mun meiri en

ætlað var þegar beitt er aflareglu. (**Gripið fram í:** ... aðeins að ræða um þetta.) (**Gripið fram í:** Gera úttekt.)

Í ofangreindri nefndarskýrslu sýndi einfalt haglíkan að hagrænn ávinningur af beitingu aflareglunnar árið 1995–2000 hefði verið um 24 milljarðar króna ef miðað er við hvernig stofninn var nýttur á árunum 1985–1992. Þar af eru 17 milljarðar vegna meiri hagnaðar en ella og 7 milljarðar vegna þess að stofninn var stærri og verðmætari í lok tímabilsins en annars hefði verið. Athugun bendir til að ef beitt hefði verið lægra aflahlutfalli frá upphafi og jöfnun af því tagi sem lögð var til í skýrslu vinnuhóps frá 1994, hefði líklega náðst enn betri árangur. Munurinn er metinn á um 46 milljarða króna. Þar af eru um 9 milljarðar vegna meiri hagnaðar á árunum 1995–2000 og 37 milljarðar vegna stærri stofns í lok tímabilsins.

Þegar bornar eru saman niðurstöður útreikninga með og/eða án matsskekkju kemur fram, að núvirtur hagnaður áranna 1995–2000 er nokkuð svipaður þegar beitt er tiltekinni aflareglu. Ef þeirri reglu sem lögð var til í skýrslu vinnuhóps frá 1994 hefði verið beitt, hefði núvirtur hagnaður orðið um 8 milljörðum meiri en raun varð ef ekki hefði komið til nein matsskekkja. Ef tekið er tillit til matsskekkjunnar er áætlaður munur um 9 milljarðar. Ávinningurinn af stærri og verðmætari stofni yfirgnæfir þennan mun hins vegar algjörlega. Að teknu tilliti til matsskekkjunnar hefði aflareglan sem lögð var til í skýrslu vinnuhópsins leitt til þess að stofninn hefði verið þriðjungi stærri í lok ársins 2000. Í verðmætum talið er áætlað að munurinn sé 37 milljarðar.

Að jafnaði hefur verið tilhneiging til ofmats á stærð þorskstofnsins á undanförnum tveimur áratugum. Ekki hefur fundist fullnaðarskýring þar á. Ofmatið hefur leitt til þess að í stað þess að afli var að jafnaði 25% af veiðistofni, eins og stefnt var að með núverandi aflareglu, var hlutfallið 27,5%. Að auki hefur afli umfram leyfðan heildarafla farið vaxandi á síðustu árum og því hefur raunveruleg veiði orðið um 30% af veiðistofni eða 20% meiri en stefnt var að með aflareglunni og 36% meiri en fólst í upphaflegu aflareglunni frá 1994.

Við samanburð og ítarlegar prófanir á ýmsum aflareglum, m.a. núverandi reglu, kom í ljós að regla sem miðaði við afla sem nemur 22% af veiðistofni hefur góða eiginleika hvað varðar hagnað, stöðugleika og vöxt og viðkomu þorskstofnsins. Niðurstaða um 22% veiðihlutfall er óháð því hvort gert er ráð fyrir að umhverfisaðstæður hafi breyst varanlega til hins verra frá því sem áður var eða hvort gera má ráð fyrir að þær fari batnandi og nýliðun verði aftur eins og á árunum fyrir 1985. — Ég er alveg að verða búinn, herra forseti.

Ef nýliðunin verður eins og á undanförnum 15 árum þýðir þetta að meðalafli verður um 240–250 þús. tonn á ári. Uppbygging hrygningarstofns og/eða betri uppeldisskilyrði leiða til þess að nýliðun verði svipuð og á áratugnum fyrir 1985. Þá verði meðalafli um 350–360 þús. tonn ári með 22% aflareglu.

Herra forseti. Hv. þingmaður lagði fyrir mig fleiri spurningar í ræðu sinni ...

(**Forseti** (GÁS)**:** Nú er tíminn alveg búinn.)

... sem ég verð að fá að svara í seinni ræðu. En það hefði auðvitað verið miklu betra ef hv. þingmaður hefði komið öllum spurningunum á framfæri í fyrirspurninni þegar hún var lögð fram sem þingskjal.

(**Forseti** (GÁS)**:** Nú ræður forseti litlu um það en ræður því hins vegar að hv. 5. þm. Norðvest. ætlar að gera athugasemd.)

(**Gripið fram í:** Og kom engum á óvart.)

[15:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við erum hér í raun að ræða grunninn að þeirri nýtingarstefnu sem ráðuneytið hefur verið að byggja á og stjórnarflokkarnir hafa byggt á, á undanförnum árum varðandi útfærslu við veiðar á þorskstofninum, okkar mikilvægasta stofni, sem gefur okkur bróðurpartinn af tekjunum í sjávarútvegi jafnvel þó að aflinn sé ekki meiri en nú er, hvað þá ef hann væri eins og hann hefði nú verið á árum áður, áður en núverandi regla var tekin upp.

Mér finnst dálítið gæta þess í skýringum hæstv. ráðherra sem hann byggir jú á þeirri skýrslu sem hann var að vitna til, að menn eru með svona „ef-reikning", ef-reikning aftur á bak, og segja að ef þetta eða hitt hefði gerst þá hefði niðurstaðan orðið þessi og við hefðum fengið meira út úr þessu.

Ég held að það sé afar erfitt, hæstv. forseti, að rétta af fortíðina með einhverjum ef-reikniforsendum. Það er með þær eins og fleira í þessari veröld, náttúruskilyrðin breytast og menn geta ekki sagt allt fyrir — ekki einu sinni aftur á bak.

[15:09]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi fá að koma á framfæri stuttri athugasemd til að lýsa þeirri skoðun minni að þessi hugmyndafræði og hugsunarháttur í kringum þessa aflareglu gengur einfaldlega ekki upp. Veröldin er ekki svona einföld. Það er ekki hægt að setja þorskstofninn inn í eitthvert ákveðið reiknilíkan, og segja: Það er einn einsleitur þorskstofn allt í kringum landið,ýta svo á takka og fá út einhverja útkomu. Þetta er miklu flóknara en svo.

Ég skemmti mér í vor eða sumar við að lesa skýrslu sem kom út í apríl 2004 frá nefnd um langtímanýtingu fiskstofna og mér hreinlega ofbauð að sjá þar hvernig menn eru gersamlega úti að aka í öllum sínum hugsunarhætti, tönnlast á einhverri furðulegri blöndu af tölfræði og hagfræði en gleyma gersamlega allri líffræði. Svona fiskveiðistjórn mun aldrei skila okkur neitt fram á veginn, því miður.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem voru einhvers konar talnaröð og sambland af líffræði og einkennilegri hagfræði og krónum og tonnum.

En það sem ég er að vekja athygli á og vil ræða hér eru forsendurnar fyrir þessu. Hverjar eru þær? Þetta þarf að fara að ræða. Skilar stór hrygningarstofn mikilli nýliðun? Það er ekki hægt að sýna fram á það. En það er hægt að reikna og reikna og það sem er svo sérstakt í þessu er að þegar maður

horfir á þessa reikninga í þessum skýrslum, aflaregluskýrslum, þá er verið að reikna 30 ár fram í tímann. En samt sem áður er ekki hægt að segja til um stærð þorskstofnsins á næsta ári eða þar næsta ári, með nokkurri vissu. En samt sem áður treysta menn sér til að reikna áratugi fram í tímann. Þetta er hrein og klár vitleysa.

Annað atriði sem ég tel að hæstv. ráðherra ætti að svara varðar þá sem bjuggu til aflaregluna, hvers vegna eru þeir settir í að endurskoða regluna? Mér finnst það vera algjör fjarstæða, sérstaklega í ljósi árangursleysis aflareglunnar. Auðvitað eiga þeir að fá utanaðkomandi aðila til að fara yfir hana.

Nú er farið að reikna út dýrastofna, ekki bara í sjávarútvegsráðuneytinu, ég sá að hjá Náttúrufræðistofnun var verið að reikna út rjúpnastofninn 40 ár fram í tímann. Ég var á ráðstefnu um fiskveiðistjórn í haust og þar var verið að reikna út stærð fiskstofna aftur í tímann, þar voru fiskstofnar í Skagerak reiknaðir út 130 ár aftur í tímann, út frá einhverjum skipsbókum með mikilli nákvæmni. Ekki nóg með það, þar var verið að reikna út síldarstofn og ofveiði á sautjándu öld, út frá kirkjubókum.

Ég tel einfaldlega að við höfum lent á algjörum villigötum með þessum útreikningum og að það verði að fara að reikna þetta út frá fæðuframboði og skilyrðum í hafinu. Það er miklu nær lagi þegar verið er að áætla nýliðun á komandi árum.

[15:12]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það eru ótrúlegir fordómar sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefur gagnvart reikningi, stærðfræði og tölum. Ef við reiknum ekki neitt, ef við leggjum ekki eitthvað til grundvallar til þess að reikna út frá til að komast að einhverri niðurstöðu um hvernig hlutirnir voru, hvað vitum við þá og á hverju eigum við þá að byggja?

Það er út af fyrir sig alveg rétt hjá þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að við réttum ekki af fortíðina eftir á. En við þurfum hins vegar að skoða hvernig hlutirnir hefðu hugsanlega orðið hefðum við gert hlutina einhvern veginn öðruvísi. — Ekki hægt að setja inn í reiknilíkan og ýta á takka. Ef við gerum ekkert svoleiðis, á hverju eigum við þá að byggja ákvarðanir okkar? Ef við reynum ekki að nálgast það hvernig hlutirnir munu hugsanlega þróast í framtíðinni þá höfum við ekki á neinu að byggja þegar taka á ákvarðanirnar. Líffræðin er alltaf á bak við þetta allt saman, þannig að þetta er ekkert alveg úti að aka. En þetta er ekki eins nákvæmt eins og við hefðum viljað hafa það.

Háttvirtur þingmaður Sigurjón Þórðarson spurði aftur, sem var ágætt, af hverju sömu menn, að breyttu breytanda, hefðu verið settir til þess að endurskoða sín fyrri verk. Því er til að svara að það hefur farið fram þreföld endurskoðun á stofnmatinu og því hvernig stofnmatið og aflareglan hefur virkað saman. Tveir hópar erlendra aðila voru fengnir til að vinna þá vinnu og niðurstöður þeirra hafa verið kynntar á fyrirspurnaþingum sem ráðuneytið hefur staðið fyrir. Til viðbótar voru aðilarnir sem stóðu að aflareglunni fengnir til að fara yfir þetta líka og niðurstöður þeirra hafa líka verið kynntar.

Ástæðan fyrir því að þeir fengu líka tækifæri til að gera það var sú, að aflareglan sem endanlega var ákveðin og farið var eftir var ekki sú aflaregla sem sá hópur lagði til. Það skýrir auðvitað ekki allt sem hefur verið að gerast eða allan muninn á þróuninni sem menn áttu von á, það var fyrst og fremst ofmatið á fiskstofnunum sem skýrir þann mun, eins og kom fram í fyrra svari mínu.

Fiskveiðistjórnarkerfi.

Fsp. SigurjÞ, 232. mál. — Þskj. 238.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Áður en ég beini spurningunni til hæstv. sjávarútvegsráðherra ætla ég að bregðast við svari hans, þ.e. að hann kalli það fordóma mína í garð stærðfræði að fallast ekki á þessa reikninga. Fordómar eru nú einu sinni það að dæma hlutina fyrir fram. Ég er að dæma þetta eftir á og ég horfi á árangursleysið. Ég tel að það séu ekki fordómar heldur að dæma þetta eftir árangursleysinu.

Hvað varðar þrefalda endurskoðun er rétt að segja frá því að þeir aðilar sem endurmátu reiknireglunna voru ekkert að endurmeta forsendur fyrir reiknireglunni eða veiðireglunni. Þeir voru að kanna allt aðra hluti, hvort tölvurnar virkuðu eins á Hafró og í Bandaríkjunum. Þeir voru bara að fara yfir bókhald og útreikninga.

En nú er komið að fyrirspurninni og hún er á þessa leið: Hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur ítrekað vitnað hróðugur í einhverja einkunnagjöf í bókinni The End of the Line, um hversu gott íslenska fiskveiðistjórnarkerfið er. Í stuttu máli er bókin hinn mesti óhróður um fiskveiðar, lýsir m.a. togveiðum með mjög ógeðslegum hætti og höfundurinn Charles Clover mælir einfaldlega gegn áti á þorski. Samt sem áður fer hæstv. sjávarútvegsráðherra í smiðju þessa manns til þess að finna rök fyrir ágæti íslenska kerfisins. Það lýsir auðvitað með miklum hætti örvæntingu hæstv. ráðherra fyrir að finna einhvern rökstuðning fyrir kerfinu. Þessi ágæti höfundur, Charles Clover, fullyrðir m.a. að megingalli íslenska kerfisins séu sóknarstýrðu trillurnar og telur að þær veiði 25% af öllum þorskafla á Íslandsmiðum. Raunveruleikinn er náttúrlega allt annar, eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra veit, veidd eru í kringum 5%, en þetta var meginvandamálið að mati Clovers.

Samt sem áður gefur bókarhöfundur íslenska kerfinu einkunnina 8 þrátt fyrir augljósa galla svo sem helmingi minni afla en fyrir daga kerfisins á meðan fiskveiðistjórn við Færeyjar fær einkunnina 6, en kerfið þar hefur skilað mun betri árangri en það íslenska. Þar er ekkert brottkast og aflatölur áreiðanlegar. Það sem höfundur hefur á móti Færeyingum er að þeir veiði of mikið. Samt sem áður kemur fram í bókinni að þorskstofninn við Færeyjar sé í mjög góðu ástandi, botnfiskstofnar þar hafi verið í stöðugum vexti og sömuleiðis afli. Í umræddri bók kemur fram að sóknarkerfið í Færeyjum virðist virka. Eina sem höfundur bókarinnar segir rangt er að veitt sé of mikið eða 33% af veiðistofninum. Samt sem áður viðurkennir höfundur að stofnarnir séu að stækka en hefur þann fyrirvara á að það sé

vegna hagstæðra umhverfisskilyrða.

Ég er svo hissa eftir að hafa lesið (Forseti hringir.) um árangur færeyska kerfisins og hversu vel það virkar að (Forseti hringir.) hæstv. ráðherra skuli ekki líta í meira mæli til þess.

[15:18]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég verð enn og aftur að lesa upp fyrirspurn hv. þm. því hann flytur ekki fyrirspurnirnar í ræðum sínum á sama hátt og þær birtast mér á þingskjölunum sem ég fæ.

Fyrirspurn hv. þm. til mín í þessu tilfelli er:

„Er ráðherra sammála þeirri einkunnagjöf um fiskveiðistjórnarkerfi sem fram kemur í bókinni The End of the Line, sem ráðherra vitnaði ítrekað í á síðasta aðalfundi Landssambands smábátaeigenda?"

Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. að bókin er mjög gagnrýnin á fiskveiðar eins og þær fara fram í Atlantshafi og víðar þar sem svipuðum aðferðum er beitt. Auðvitað byggist gagnrýnin fyrst og fremst á því hvernig hlutirnir hafa gengið fyrir sig sunnar í Atlantshafinu, í Norðursjónum og í kringum Bretlandseyjar, þar sem höfundurinn þekkir eðlilega vel til.

Hann hefur hins vegar kynnt sér hvernig málum er háttað víðar, hvernig að fiskveiðistjórninni er staðið og hver árangurinn hefur verið. Hann gefur Íslandi vissulega góða einkunn og betri einkunn en Færeyingum og náttúrlega enn þá betri einkunn en Norðmönnum og fer jafnvel gagnrýnum orðum um það hvernig ástandið er á Nýja-Sjálandi. En þessi fjögur fiskveiðistjórnarkerfi, held ég að megi fullyrða, eru almennt talin standa upp úr kannski með fiskveiðistjórnarkerfinu í Barentshafi um að hafa náð þokkalegum árangri í því að stýra fiskveiðum.

Spurningin, eins og ég sagði áðan, var hvort ég væri sammála þessari einkunnagjöf. Ég verð ég að segja, frú forseti, að ég er ekki alls kostar sammála þeim einkunnum sem þarna koma fram. Þeir hlutir sem höfundurinn telur gagnrýnisverða á íslenska kerfið eru annars vegar hlutir sem þegar er búið að færa til betri vegar, samanber umframveiðina sem tengist m.a. dagakerfinu og eins það sem hann gagnrýnir varðandi hvernig að upphaflegu úthlutuninni var staðið. Það er hlutur sem snýr ekki beinlínis að fiskveiðistjórninni eins og hún er í dag þótt einhvern veginn öðruvísi hefði verið hægt að standa að úthlutuninni fyrir 20 árum. Ég tel að það eigi því raunverulega ekki við og eigi ekki að verða til þess að draga einkunnina niður.

Hins vegar finnst mér hann jafnvel gefa Færeyingum hærri einkunn en þeir eiga skilið, ekki vegna þess að þeir séu með dagakerfi því ég held að hægt sé að útfæra ágæt dagakerfi sem gætu náð árangri, þó að ég haldi að það sé erfiðara en að útfæra kvótakerfi vegna þeirra tæknilegur framfara sem verða hvað varðar sjósóknina sem þarf að taka tillit til. En það sem ég tel varhugaverðast í færeyska kerfinu, og hann fjallar ekki mikið um í bókinni, er hvernig staðið er að ákvarðanatökunni varðandi fjölda veiðidaganna þar sem um er að ræða nefnd sem á að standa að þessari ákvörðun. Gagnrýni mín á það kerfi er af sama toga og gagnrýni mín á ákvarðanir Evrópusambandsins þar sem væntanlega 25 ráðherrar koma saman til þess að taka ákvarðanir um það hver heildaraflinn úr hinum ýmsu stofnum sem veiðast á hafsvæðum Evrópusambandsins eigi að vera.

Það hefur reyndar sýnt sig að nefndin sem tekur ákvarðanir í Færeyjum hefur aldrei svo nokkru nemi fækkað sóknardögunum, en það þarf að gera árlega um allt að 5% vegna aukinnar tæknivæðingar við að sækja fiskinn. Þetta tel ég að sé gagnrýnivert. Við verðum líka að hafa í huga að á þeim árum sem kerfið hefur verið í gildi hafa Færeyingar iðulega fengið ábendingar um það frá Alþjóðahafrannsóknastofnuninni að draga þurfi úr veiðinni vegna ástands stofnanna og þess vegna þurfi að fækka dögunum. Ég tel því að Færeyingar séu jafnvel að fá of háa einkunn vegna þeirra galla sem mér sýnast vera á kerfinu.

Hins vegar finnst mér að nágrannar okkar Norðmenn fái jafnvel of lága einkunn vegna stjórnunarinnar í Barentshafi. Ég tel að það sé mjög erfið stjórnun vegna lífkerfisins þar, þar eru gríðarlega miklar sveiflur og þeir hafa verið að reyna að koma á kerfi sem virkar og alla vega eins og staðan er í dag eru þar mjög jákvæð merki.

Sama er að segja um Nýsjálendinga. Þeir hafa verið að reyna að koma á góðu fiskveiðistjórnarkerfi og njóta kannski ekki alveg sannmælis í bókinni. (Forseti hringir.) Þar með tel ég að ég hafi svarað spurningu hv. þm. um það hvort ég sé sammála einkunnagjöfinni eða ekki.

[15:24]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Umræðan hefur farið vítt og breitt um það hvernig fiskveiðistjórnarkerfin hafa reynst í veröldinni og ég held að ég verði að koma með innlegg á þeim nótum.

Flestir vita það og örugglega hæstv. sjávarútvegsráðherra, að í Barentshafinu hefur verið veitt miklu meira magn en gert hefur verið ráð fyrir í útreikningum talna. Skýrsla hefur verið unnin sem bendir á 100–200 þús. tonna afla umfram það sem leyft hefur verið. Þó hefur sameiginleg ákvörðun Normanna og Rússa verið langt umfram ráðgjöf ICES, Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Síðan gerist það á þessu ári að Norðmenn og Rússar ákveða að auka heldur við veiðina, þó ekki mikið vegna þess hversu mikil umframveiðin hefur verið. Ég held að sveiflurnar í Barentshafinu geti líka vissulega verið hér þó að þær hafi ekki verið það á undanförnum árum. Við erum núna með hlýjan sjó við Ísland sem mun örugglega færa þorskstofninn okkar yfir til Grænlands (Forseti hringir.) og það munu að sjálfsögðu koma göngur þaðan á komandi árum.

[15:25]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Tilefni umræðunnar er þessi litla bók sem ég held á í hendi mér eftir breskan blaðamann. Bókin kom út í haust að því er ég best veit. Það hefur verið tönnlast á því að blaðamaðurinn hafi ítrekað fengið verðlaun, sé ritstjóri umhverfismála hjá Daily Telegraph í Bretlandi og þetta á að gefa honum einhvers konar gæðastimpil. En verðlaunin sem hann hefur fengið hafa komið frá umhverfisverndarsamtökum, Alþjóðanáttúruverndarsjóðnum,

og mig langar að nota tækifærið til að vara ráðherrann við því.

Við getum deilt um fiskveiðistjórnarmál á Íslandi fram og til baka, við höfum gert það áður og við eigum eftir að gera það áfram. Ég vara hins vegar íslensk stjórnvöld við því að gefa umhverfissamtökunum færi á sér með því að skrifa upp á fordóma eins og fram koma í þessari bók gegn fiskveiðum til þess að reyna að slá einhverjum undirstöðum undir réttlætingu á íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu og meintum kostum þess. Það tel ég vera mjög hættulega leið því þessi umhverfissamtök nota (Forseti hringir.) mjög ósvífinn áróður gegn fiskveiðum.

[15:26]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég er nokkuð hissa á orðum hans varðandi færeyska kerfið, að það hafi fengið of háa einkunn miðað við það íslenska. Ég hefði einmitt talið að það hefði átt að fá mun hærri einkunn en það íslenska. Í Færeyjum er verið að veiða svipað magn og á 6., 7. og 8. áratugnum. Færeyingar reyndu kvótakerfi en hurfu frá því vegna þess að það skilaði þeim engum árangri.

Á Íslandi höfum við stjórnað með kvótum í tvo áratugi og það hefur ekki skilað þeim árangri sem við ætluðumst til. Við ætluðumst til þess að við færum í um 500 þús. tonna jafnstöðuafla. En árangurinn er allt annar. Við erum með tæplega helmingi minni afla en við lögðum upp með í upphafi og það ætti að vera áhyggjuefni.

Hvað varðar þá gagnrýni að einhver nefnd ákveði sóknardagana held ég að það sé alveg ástæðulaus ótti hjá hæstv. ráðherra, vegna 5% sóknarþunga á hverju ári.

En varðandi það að Færeyingar veiddu umfram ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins hefur það ítrekað komið fram og sérstaklega í gögnum frá Færeyjum, vegna þess að gögn frá Færeyjum eru áreiðanlegri en víðast annars staðar, að þeir fengu ráðgjöf frá Alþjóðahafrannsóknaráðinu um að hætta veiðum t.d. á ýsu árið 2001. Þeir veiða samt sem áður 17 þús. tonn, en hvað sem því líður vex ýsustofninn. Þetta gerist æ ofan í æ og virðist lítið vera að marka ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Það er náttúrlega mjög mikið áhyggjuefni fyrir ICES að ekki skuli vera meira (Forseti hringir.) að marka ráðlegginar þeirra en raun ber vitni.

[15:29]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson vitnaði í Alþjóðahafrannsóknaráðið og ég gat ekki betur heyrt en hann teldi það vera gagnrýnisvert að Norðmenn og Rússar hafi veitt umfram það sem Alþjóðahafrannsóknaráðið ráðlagði. (**GAK:** Ég benti á að veiðin væri að aukast þrátt fyrir það.) Já.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson benti á að Færeyingar hafi veitt umfram ráðleggingar ráðsins og telur það þeim til tekna. Ég skildi þetta sem mismunandi afstöðu til Alþjóðahafrannsóknaráðsins hjá hv. þingmönnum. (**Gripið fram í:** Nei.)

Varðandi það sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson sagði um umhverfisverndarsamtökin er það rétt hjá honum að auðvitað þarf að fara varlega í umgengni við þau, þau eru okkur oft óþægur ljár í þúfu. Hins vegar verðum við að sætta okkur við það að við þurfum að búa við þau.

Það sem ég hef verið að reyna að undirstrika með því að vitna í þessa bók er að þeir aðilar sem eru hvað gagnrýnastir á fiskveiðar og á fiskveiðistjórnina eru jákvæðir í garð þess sem við höfum verið að gera hér á landi og þann árangur sem við höfum náð og telja hann betri en þann sem aðrir hafa náð á sama sviði.

Þetta kemur jafnframt í því hvernig staða afurða okkar er á mörkuðum. Afurðir okkar njóta virðingar vegna þess að menn líta þannig til að við höfum náð árangri með fiskveiðistjórnina, að hér sé um sjálfbærar veiðar að ræða. Það sem ég er að reyna að segja með þessu er að það skiptir máli, bæði vegna fiskstofnanna að við stöndum vel að fiskveiðistjórnuninni og séum raunsæ og varkár og það skiptir líka máli varðandi markaðsstarfið að það sé sjáanlegt út á við að við séum að byggja upp sjálfbærar (Forseti hringir.) veiðar og að neytendurnir viðurkenna það og borga okkur hærra verð fyrir vikið, frú forseti.

Út af dagskrá voru tekin 8. og 15.–16. mál.

Fundi slitið kl. 15:31.

---

38. FUNDUR

miðvikudaginn 24. nóv.,
að loknum 37. fundi.

Dagskrá:

Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 351. mál, þskj. 400. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 351. mál (skatthlutfall, afnám eignarskatts o.fl). — Þskj. 400.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:40.

---

39. FUNDUR

fimmtudaginn 25. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 2005, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 420, 438 og 439, brtt. 421, 422, 423, 424, 425, 440, 441, 442, 443, 444, 445, 446, 447 og 448. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

[10:31]

Útbýting:

Fjárlög 2005, 1. mál, nál. minni hluta fjárln. þskj. 438, nál. 2. minni hluta fjárln. þskj. 439, brtt. ÖS o.fl., þskj. 440, brtt. ÁI og KolH, þskj. 441, brtt. SJS o.fl., þskj. 442 og 443, brtt. SJS, þskj. 444, brtt. EMS o.fl., þskj. 445, brtt. GAK o.fl., þskj. 446, brtt. JBjarn o.fl., þskj. 447, brtt. EMS o.fl., þskj. 448.

Meðafli í flotvörpu, 313. mál, svar sjútvrh., þskj. 426.

Tilhögun þingfundar.

[10:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Svo háttar til um breytingartillögur á þingskjölum 440–448 að of skammt er liðið frá útbýtingu þeirra til að þær megi koma á dagskrá þessa fundar og er rétt að hafa atkvæðagreiðslu um afbrigðin korter fyrir tólf.

Athugasemdir um störf þingsins.

Forvarnir við eldvarnaeftirlit og umhverfisvarnir.

[10:34]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í gær hafði ég óskað eftir því að fá viðbrögð hæstv. umhverfisráðherra á Alþingi um álitamál sem vaknað hafa almennt varðandi forvarnir við eldvarnaeftirlit og umhverfisvarnir vegna stórbrunans sem varð við Klettagarða. Ráðherra gat ekki orðið við beiðni minni vegna anna. Sem betur fer, og það ber að þakka, gekk öll samvinna aðila vel vegna þessa stórbruna. Viðbrögð og björgunaraðgerðir á brunastað virðast hafa virkað fullkomlega. Þeir sem að þessum björgunaraðgerðum komu eiga vissulega heiður skilinn.

Nauðsynlegt er þó að fara yfir málið í heild sinni og læra hér af reynslunni, m.a. hvort treysta þurfi betur stoðir forvarna, bæði gagnvart eftirlitsskyldum aðilum og aðgerðum sem beinast að þeim sem uppfylla ekki skyldur um fullnægjandi brunavarnir. Sérstaka athygli mína varðandi þennan bruna vöktu líka óskýrar heimildir slökkviliðsins til að beita þvingunarúrræðum og að Umhverfisstofa vissi ekki að slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefði gert alvarlegar athugasemdir varðandi úrgang á landi Hringrásar vegna almannahættu.

Það er nauðsynlegt í framhaldi af þessum stórbruna að skipulega sé farið yfir það, ekki síst á opnum svæðum, hvort víða sé að finna sambærileg hættusvæði eða eldsmat sem ógnað geti almannahagsmunum og öryggi fólks. Ég bendi þar ekki síst á olíubirgðastöðvar í Örfirisey í nálægð við íbúabyggð. Ég spyr um viðbrögð ráðherra við því. Það er auðvitað grafalvarlegt mál sem fram kemur í Fréttablaðinu í dag að brunavörnum sé hreinlega ábótavant hjá á þriðja hundrað fyrirtækjum og stofnunum á höfuðborgarsvæðinu.

Það er ástæða til að spyrja ráðherra hvaða áform séu uppi varðandi auknar forvarnir og eldvarnaeftirlit. Ég vildi einnig spyrja ráðherra hvort ástæða sé til sérstakra viðbragða vegna þeirra 200–300 tonna af PCB-menguðum jarðvegi sem geymdur er í sekkjum á lóð Hringrásar og ekki hefur enn fundist staður til að farga. Sömuleiðis spyr ég ráðherrann hvort verkaskipting og skilgreining á ábyrgð sé nægilega skýr milli slökkviliðs, lögreglu og almannavarna þegar stórbruna eða almannavá ber að höndum og hvort skýrar björgunaráætlanir liggi fyrir undir slíkum kringumstæðum.

[10:36]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttir að það er nauðsynlegt að vandlega sé farið yfir þessi mál öll í heild sinni þegar svo alvarlegt slys verður eins og þessi bruni hjá Hringrás ehf. Það var mjög mikið fagnaðarefni hversu vel samhæfðir allir þeir voru sem komu að málinu, slökkvilið, lögregla og þeir aðilar aðrir sem þurftu að bregðast við því alvarlega ástandi sem skapaðist.

Vegna brunans á athafnasvæði Hringrásar fól ég Brunamálastofnun í gær að gera úttekt á brunavörnum og eld-

varnaeftirliti hjá aðilum með sambærilegan eða hliðstæðan rekstur og Hringrás með vísan í ákvæði laga nr. 75/2000, um brunavarnir. Ég fól Brunamálastofnun að kanna í ljósi atvika hvort ástæða sé til að breyta lögum eða reglum um brunavarnir og eldvarnaeftirlit til að draga úr líkum á því að atvik sem þetta endurtaki sig og að stofnunin skoði sérstaklega hvort ástæða sé til að fyrirskipa nánari samvinnu við eftirlitsaðila til að tryggja skilvirkni í framkvæmd laga og reglna um brunavarnir.

Brunamálastofnun skal við þessa athugun hafa samráð við viðkomandi yfirvöld og eftirlitsaðila. Ráðuneytið væntir þess að niðurstaða Brunamálastofnunar liggi fyrir eigi síðar en 16. janúar nk. og tillögur til breytinga á lögum og reglum, sé ástæða talin til þess, ekki síðar en 15. febrúar.

[10:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er full ástæða til að ræða þetta atvik hér á þingi og þakka ég hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að vekja máls á því. Við þurfum að fara yfir alla þætti og fagna ég því að hæstv. umhverfisráðherra hefur þegar brugðist við. Það ber líka að þakka öllu því fólki sem lagði hönd á plóginn við björgunarstörf þegar þessi mikli bruni varð. Samkvæmt fréttum í morgun byrjaði að loga aftur í nótt.

Við vorum heppin að vindátt var eins og hún var þegar þessi mikli bruni varð. Það hefði verið mjög erfitt ef eldurinn og reykurinn hefðu farið yfir öldrunarstofnanirnar sem eru rétt við þetta svæði en bent hefur verið á að víða eru hættur á höfuðborgarsvæðinu. Hjá á þriðja hundrað fyrirtækjum er brunavörnum ábótavant en mig langar að vekja athygli á öðru sem kom fram í fyrirspurn sl. vetur hér á Alþingi.

Ég spurði þá hæstv. dómsmálaráðherra hvort til væri rýmingar- eða björgunaráætlun fyrir Reykjavík og nágrannasveitarfélögin ef náttúruhamfarir eða stórslys yrðu sem ógnuðu lífi borgaranna. Í svari frá hæstv. dómsmálaráðherra kom fram að engin slík áætlun er til fyrir Reykjavík og höfuðborgarsvæðið þar sem þó meiri hluti íbúa landsins býr. Slíkt er hins vegar til fyrir Hveragerði og ýmis önnur svæði á landinu þar sem menn hyggja að einhver vá geti verið fyrir dyrum.

Ég tel fulla ástæðu til að skoðað verði í þessu samhengi hvort farið er að vinna að einhverri rýmingar- eða björgunaráætlun fyrir þetta stóra svæði, höfuðborgarsvæðið, ef hér verða stórslys, náttúruhamfarir eða eitthvað slíkt og flytja þarf íbúa í burtu. Þarna þurfti ekki að flytja nema tiltölulega fáa íbúa í burtu en það gæti orðið verra. Horfum t.d. til Örfiriseyjar og olíubirgðastöðvarinnar þar, ef eitthvað gerðist þar þyrfti líklega að flytja stærri hóp á brott.

[10:41]

Mörður Árnason:

Forseti. Það ber að þakka þeim sem stóðu að verki, slökkviliði, sjálfboðaliðum og öðrum þeim sem að brunanum komu og líka hæstv. umhverfisráðherra sem brást röggsamlega við. Nú svipast menn um eftir því hvar álíka viðburður geti komið upp í Reykjavík og nágrenni. Menn skoða fyrirtækin sem ekki hafa sinnt brunavörnum og beina sjónum sínum auðvitað að eigendum húsa sem ekki hafa sinnt brunavörnum heldur, enda er það í mörgum tilvikum dýrt fyrir slíka eigendur. Kannski eigum við að líta í eigin barm.

Það slys sem bíður eftir að komið sé í veg fyrir er auðvitað flugvöllurinn sem reistur var við borgarmörkin í heimsstyrjöldinni síðari. Aðflugið að honum fer ekki bara yfir þetta hús heldur yfir þá olíubirgðastöð sem hefur stað sinn tæpan kílómetra í hánorður. Nú held ég að tími sé kominn til þess, þrátt fyrir pólitískt þras og tregðu ýmiss konar stjórnvalda, að koma þessum flugvelli í burt og gera um það vandlega áætlun. Mér sýnast þær aðstæður sem skapast við það að hæstv. utanríkisráðherra og aðrir ráðherrar hafa nánast fallist á að í samningum við Bandaríkjamenn muni Íslendingar reiða fram fé til flugvallarins í Keflavíkýti flugvellinum í Reykjavík endanlega út af borðinu. Ég held að öryggismálum í Reykjavík, sérstaklega í Kvosinni og nágrannabyggðum hennar, sé þannig háttað að því fyrr sem þetta er gert, þeim mun betra.

[10:43]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Mest er um vert að ekki urðu slys á mönnum, hvorki við eldsvoðann sjálfan, mengunina né heldur við björgunarstörfin. Það ber að þakka og eins það sem aðrir hafa bent á, að þó að ljóst sé að í aðdraganda þessa mikla slyss hafi verið um að ræða sambandsleysi á milli eftirlitsaðila sem annars vegar eiga að sjá um brunavarnir og hins vegar um útgáfu starfsleyfis var samvinna allra aðila á vettvangi þegar á hólminn var komið mjög góð og ekki síst þeirra 600 íbúa sem þarna urðu fyrir röskun, bæði á næturró og högum almennt.

Eins og hér hefur verið bent á er meira í pípunum, ekki síst flugvöllurinn og olíubirgðastöðin í Örfirisey eins og hefur verið nefnt. Ég vil nefna þriðja atriðið sem er flutningur hættulegra efna um þetta þéttbýlissvæði, til og frá höfninni í gegnum borgarlandið. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir snör viðbrögð og eins ber að þakka borgarstjóra fyrir aðkomu hans að þessu máli. Ég fer fram á að líka verði tekið á því sem hér hefur verið nefnt til viðbótar brunavörnum.

Ég vil ekki fara úr þessum ræðustól án þess að nefna það að fyrirtæki eins og Hringrás eru þjóðþrifafyrirtæki sem sjá um að safna spilliefnum frá okkur hinum og koma þeim til réttrar förgunar, og eins efnum til endurvinnslu. Við þurfum auðvitað að búa þannig að slíkum fyrirtækjum að þau verndi umhverfið og skipuleggi starfsemi sína þannig að hætta stafi ekki af. Þetta er auðvitað vaxandi starfsemi hjá okkur sem verður að styðja við.

[10:45]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka viðbrögð hæstv. ráðherra. Ég fagna þeirri úttekt sem hún ætlar að láta fara fram á öllu þessu ferli og forvarnaaðgerðum, og hvort nauðsynlegt sé að grípa til hertra laga eða reglna í því sambandi. Ég tel nauðsynlegt að umhverfisnefnd fái að fylgjast með þeirri niðurstöðu sem verður og tel reyndar rétt að umhverfisnefnd fari yfir málin og kanni líka m.a. um hvaða stofnanir

og opinberar byggingar er að ræða þar sem fram hefur komið að eldvarnaeftirliti sé ábótavant. Það eru um 300 fyrirtæki og stofnanir.

Yfirvöld brunamála verða að tryggja þegar í stað að tekið verði á þeim málum og verða að fullvissa okkur um að öryggi borgaranna sé tryggt í því efni. Ég hvet umhverfisnefnd til að skoða þetta mál einnig.

Ég spurði hæstv. ráðherra einnig um viðbrögð hennar, hvort hún telji ástæðu til sérstakra viðbragða vegna þeirra 200–300 tonna af PCB-menguðum jarðvegi sem geymdur er í sekkjum á lóð Hringrásar og ekki hefur fundist leið til að farga. Hæstv. ráðherra hefur ekki enn svarað því.

Ég vildi enn fremur fá fram afstöðu ráðherrans til verkaskiptingar og skilgreiningar á ábyrgð, hvort hún sé nægjanlega skýr — sem ég held að sé ekki — milli slökkviliðs, lögreglu og almannavarna þegar stórbruna eða almannavá ber að höndum og hvort, eins og hér hefur komið fram, skýrar björgunaráætlanir liggi fyrir þegar svo er. Ég held að einnig þurfi að skýra betur, og vil láta það koma fram við þessa umræðu, verkaskiptingu milli stofnana sem heyra undir hin ýmsu ráðuneyti og fara á einn eða annan hátt með eldvarnaeftirlit svo og verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í þessum málum.

Ég held að við eigum að nota tækifærið núna og fara yfir alla þætti þessa máls. Ráðherrann hefur sannarlega farið af stað með góð áform og ég hvet hana til að skoða málið heildstætt.

[10:47]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og menn hafa bent hér á er mikil mildi að ekki urðu nein slys á mönnum þegar þessi skelfilegi atburður gerðist. Þetta raskaði að vísu lífi margra og sló marga, sérstaklega eldri borgara, miklum óhug. Ég held hins vegar að við getum þegar upp verður staðið lært töluvert mikið af þessu.

Í fyrsta lagi liggur fyrir að skipulag viðbragða gekk upp. Í öðru lagi komu líka fram brotalamir á því hvernig hið opinbera stendur að leyfisveitingum, bráðabirgðaleyfisveitingum og eftirliti. Ég er þeirrar skoðunar að alltaf verði nauðsynlegt að hafa starfsemi af þessu tagi nálægt höfnum og við þéttbýli. Ég tel að það eigi að vera hægt að búa svo um hnúta að ekki sé hætta á neinum slysum. Þarna brast þó auðvitað eitthvað í skipulaginu og mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra vildi í stuttu máli greina frá því hvort hún telur að það sé eðlilegt að fyrirtæki sem standa í svona hættulegum rekstri fái að starfa á undanþágu án starfsleyfis.

Ég tek svo líka undir það, herra forseti, sem einn af þeim íbúum sem búa hvað næst olíubirgðastöðinni í Örfirisey að menn þurfa að skoða hana í framhaldinu. Jafnvel á lognkyrrum dögum leika stundum bensíngufur um húsin sem standa næst olíubirgðastöðinni. Maður getur ekki hugsað til enda þá hugsun hvað gerðist ef þar mundi kvikna í í óheppilegri vindátt, ég tala nú ekki um ef einhvers konar annað slys yrði þar. Þetta er eitt af því sem þarf að skoða ákaflega vel og þar er um að ræða starfsemi sem ekki er hafnsækin og ekki þarf að vera inni í miðju íbúahverfi eins og nú er.

Þetta hlýtur að vera eitt af því sem hæstv. ráðherra lætur skoða í framhaldi af þessu. Ég spyr hana hvort svo sé ekki.

[10:49]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel rétt að fara yfir málið og ég minni á fleiri bruna þar sem pottur hefur verið brotinn hvað varðar brunavarnir, m.a. á Blönduósi nú fyrir skömmu. Ég tel í þessu sambandi mjög nauðsynlegt að fara yfir þvingunarúrræði eftirlitsaðilanna.

Ef ég man rétt sagði slökkviliðsstjóri um þvingunarúrræðin að annars vegar mætti framkvæma á kostnað eiganda — það er ekki góður kostur fyrir slökkvilið að koma upp öðrum móttökustað ef viðkomandi starfsemi fer ekki að reglum — og hins vegar að loka starfseminni. Það er heldur ekki góður kostur. Það er óvíst að ástand hvað varðar brunavarnir, eins og t.d. hjá Hringrás, hefði skánað nokkuð þótt starfseminni hefði verið lokað.

Ég tel þess vegna mjög brýnt að komið verði á einhverjum vægari þvingunarúrræðum til að ná fram markmiðum reglugerðar um brunavarnir.

[10:51]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Hv. þingmenn hafa nefnt mjög mörg atriði í máli sínu við þessa umræðu og það er ekki hægt að bregðast við því öllu á svo skömmum tíma sem hér gefst. Sérstaklega voru nefnd viðbrögð við PCB-efnum sem eru auðvitað mjög mengandi. Ég tel að þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar núna séu viðunandi. Það getur vel verið að það þurfi að finna einhverja varanlegri lausn til framtíðar en eins og málin standa í dag hvað það snertir er það viðunandi.

Þegar Brunamálastofnun fer í úttekt sína verður væntanlega skoðað hvernig eftirlitið hefur virkað. Þá kemur að sjálfsögðu inn í það verkaskipting milli aðila.

Ég vil nefna líka að hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins hefur farið fram mikið starf á undanförnum árum sem hefur miðað að því að styrkja Eldvarnaeftirlitið og skýra verklagsreglur sem hafa þá með notkun þvingunarúrræða að gera. Það er nokkuð mikið um að dagsektum hafi verið beitt, og þúsundir bréfa eru sendar árlega til fyrirtækja þar sem gerðar eru athugasemdir við eldvarnir. Ákvæði laga um beitingu dagsekta eru því virkt stjórnsýslutæki sem nýtist sveitarfélögunum vel. Almennt séð eru þvingunarúrræði slökkviliðsstjóra virk en slík úrræði eru nokkuð þung í vöfum. Slökkviliðsstjóri verður að fara að stjórnsýslulögum í hvívetna og verður að hafa ríkar ástæður fyrir því að beita þvingunum. Yfirleitt er þá miðað við að líf sé í hættu. Ef einungis er um mögulegt eignatjón að ræða eru tímafrestir atvinnurekenda mun rýmri og ekki kemur til lokunar mannvirkja. Ég vil líka nefna að brunavarnir hafa verið styrktar verulega í kjölfar nýrra laga um brunamál.

Fjárlög 2005, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 420, 438 og 439, brtt. 421, 422, 423, 424, 425, 440, 441, 442, 443, 444, 445, 446, 447 og 448.

[10:54]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Frumvarp til fjárlaga ársins 2005 kemur nú til 2. umr. á Alþingi. Samkvæmt starfsáætlun þingsins er gert ráð fyrir að þessi umræða fari fram á þessum degi. Það er því ljóst að okkur hefur tekist að halda áætlun við umfjöllun um frumvarpið, og allt útlit er fyrir að fjárlög ársins 2005 verði afgreidd frá Alþingi í samræmi við starfsáætlun þingsins.

Nú eins og á síðasta ári eru til umfjöllunar allir þættir frumvarpsins við 2. umr., með breytingartillögum og öðru sem tilheyrir. Okkur er því að takast að festa það í sessi að fjalla um frumvarpið á þennan hátt við 2. umr. í stað þess sem tíðkaðist hér áður, að tekjuhlutinn ásamt heimildargreinum, lánsfjárlögum og öðrum þáttum málsins biði umfjöllunar við 3. umr. Þessi breyting er tvímælalaust til bóta, ásamt því að útlit er fyrir að okkur takist að ljúka afgreiðslu fjárlaga fyrr en oftast áður.

Það eru hagsmunir allra aðila að niðurstöður fjárlaga liggi fyrir tímanlega, m.a. til þess að stofnunum og öðrum aðilum verði gert kleift að ljúka gerð rekstraráætlana tímanlega áður en fjárlagaárið rennur upp. Það er ekki síður mikilvægt að fjárlög liggi tímanlega fyrir út frá öllu samhengi efnahagskerfisins því þar spila fjárlög ríkisins stórt hlutverk.

Það er mikilvægt að áfram takist að halda góðum og traustum tökum á ríkisfjármálum. Það hefur gengið vel undanfarin ár, stjórnarflokkarnir hafa sett sér markmið í þessum efnum og vinna markvisst að því að ná þeim. Birtist það m.a. í langtímaáætlun í ríkisfjármálum, og það að henni verði fylgt eftir mun hafa mikla þýðingu varðandi efnahagslífið í landinu. Það varðar því framtíðarhagsmuni þjóðarinnar að vel takist til í þessum efnum.

Það er ljóst að við Íslendingar eigum mikla möguleika á að sækja fram á næstu árum með það að markmiði að treysta efnahagslega stöðu okkar. Við höfum ýmsa möguleika á að halda áfram við að efla og byggja upp atvinnulífið og treysta innviði samfélagsins á mörgum sviðum, halda uppi hagvexti og auka kaupmátt almennings. Það liggur fyrir að almennur kaupmáttur hefur aukist mikið á undanförnum árum og mun gera það áfram.

Afrakstur alls þessa getum við nýtt til að treysta velferð þjóðarinnar enn frekar og sækja fram í samfélagi þar sem þekking og færni skiptir sköpum. Við erum á þeirri braut og á henni verðum við áfram ef vel er haldið á málum. Auk alls þessa þurfum við að halda áfram að hlúa að þeim traustu stoðum sem menning okkar og búseta í landinu öllu hvíla á og hafa gert gegnum tíðina.

Hæstv. forseti. Ég mun nú gera grein fyrir nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar þar sem ég fer yfir helstu þætti þess en vísa að öðru leyti til þingskjala þar sem fram koma breytingartillögur og ítarlegt nefndarálit.

Störf og verklag fjárlaganefndar Alþingis við vinnslu og afgreiðslu frumvarpsins hefur verið með hefðbundnu sniði. Nefndin hóf umfjöllun um málið þann 27. september sl. og átti þá viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu nefndinni grein fyrir erindum sínum og ýmsum hagsmunamálum.

Nefndin hefur haldið 32 fundi til umfjöllunar um frumvarpið og átt viðtöl við mjög marga aðila. Þá hefur nefndin átt fundi með fulltrúum ráðuneyta og einstakra stofnana auk ýmissa aðila sem sent hafa nefndinni erindi er varða verkefni hennar.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd óskað eftir umsögnum annarra fastanefnda þingsins um þá þætti frumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Fjárlaganefnd óskaði eftir álitum fastanefnda um þessa þætti en sú breyting var að þessu sinni að ekki var óskað eftir tillögum fastanefnda um skiptingu safnliða heldur var það verkefni á höndum fjárlaganefndar.

Það fyrirkomulag gildir að þessu sinni en eins og áður hefur komið fram er unnið að endurskoðun á verklagi við fjárlagagerðina þannig að ekki liggur fyrir nú hvernig þessum þætti málsins verður fyrir komið í framtíðinni. Fastanefndir þingsins skiluðu umsögnum til fjárlaganefndar og eru þær birtar sem fylgiskjöl með nefndaráliti meiri hlutans eins og fyrir er mælt um í þingsköpum.

Fulltrúar efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum. Spá um þjóðhagsforsendur er óbreytt frá því sem frumvarpið byggir á. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur verði 5% á árinu 2005 og verðbólga 3,5%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn munu aukast um allt að 3,25% og spáð er að atvinnuleysi verði 2,75%.

Helstu tillögur um breytingar á tekjuáætlun frumvarpsins eru að tekjurnar verði 575 millj. kr. hærri en frumvarpið gerir ráð fyrir og verði því alls um 306 milljarðar króna. Í breytingartillögum er gert ráð fyrir að eignarskattar verði 280 millj. kr. hærri en í því felst eingöngu að umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins falli ekki niður um næstu áramót heldur verði framlengt. Þessar tekjur munu fjármagna útgjaldaliði Fasteignamatsins sem tillögur eru um í gjaldahlið frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að bifreiðagjald verði 120 millj. kr. hærra og að ýmsar aukatekjur ríkissjóðs verði 200 millj. kr. hærri en samkvæmt frumvarpinu. Þá er lækkað gjald fyrir eftirlit með starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði um 25 millj. kr. og lækkar gjaldahlið frumvarpsins samsvarandi.

Að teknu tilliti til breytingartillagna meiri hluta fjárlaganefndar er gert ráð fyrir að tekjujöfnuður fjárlaga 2005 verði rúmir 10 milljarðar kr. í stað 11,2 milljarða eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu.

Hæstv. forseti. Ég mun nú gera grein fyrir helstu breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar er varða sundurliðun 2, 5. gr., 6. gr. og C-hluta frumvarpsins. Það yfirlit verður ekki tæmandi en vísað er til nefndarálits meiri hlutans þar sem gerð er ítarleg grein fyrir þeim tillögum sem hér eru til umfjöllunar.

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 58,7 millj. kr. Vegur þar þyngst tillaga um 33,7 millj. kr. hækkun fjárheimildar Alþingis auk 25 millj. kr. hækkunar fjárheimildar Ríkisendurskoðunar.

Fram eru lagðar ýmsar tillögur sem hækka fjárheimild menntamálaráðuneytis samtals um 731,5 millj. kr. Er þar um að ræða nokkrar tillögur varðandi menntastofnanir, Lánasjóð íslenskra námsmanna, fornleifamál og safnamál. Þá eru tillögur um fjárheimildir til ýmissa verkefna vegna húsafriðunar og uppbyggingar gamalla húsa, til listamála og fræðistarfa auk íþrótta- og æskulýðsmála. Fyrir liggja tillögur um skiptingu fjárheimilda milli fjölmargra verkefna í þessum málaflokkum og er gerð grein fyrir þeim í sérstökum yfirlitum. Vísa ég til þeirra.

Varðandi utanríkisráðuneytið eru tillögur um að fjárheimild hækki um alls 242 millj. kr. Tillögurnar varða aðalskrifstofu ráðuneytisins, ýmis verkefni, svo sem heimssýningu í Japan og sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli. Auk þess eru tillögur varðandi Þróunarsamvinnustofnun, þróunarmál og alþjóðlega hjálparstarfsemi.

Á sviði landbúnaðarráðuneytisins er lagt til að fjárheimild hækki alls um 58,1 millj. kr. Er þar um að ræða ýmis mál, svo sem dýralækningar, rannsókna- og fræðastörf að Hólum, landgræðslu og skógræktarmál. Þá er tillaga varðandi átak í hrossarækt og upplýsingatækni í dreifbýli.

Ein tillaga fellur undir málasvið sjávarútvegsráðuneytis sem hækkar fjárheimild þess um 3 millj. kr. til sjóvinnukennslu ungmenna.

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 47,3 millj. kr. Breytingartillögur varða m.a. Stjórnartíðindi, uppbyggingu björgunarskipaflota Slysavarnafélagsins Landsbjargar og embættis ríkislögreglustjóra vegna viðbragðsáætlana vegna goshættu. Þá er tillaga um fjárheimild vegna þjónustu þyrlulækna Landhelgisgæslunnar, tillaga vegna fíkniefnavarna og tillögur er varða kirkjumál.

Tillögur eru um að fjárheimild félagsmálaráðuneytis aukist um alls 587,4 millj. kr. Varða þær m.a. Vinnueftirlitið og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. En í tillögum varðandi þennan málaflokk munar mest um auknar fjárheimildir til Fæðingarorlofssjóðs eða sem nemur um 500 millj. kr.

Á sviði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis er lagt til að fjárheimild hækki um 56,6 millj. kr. Í breytingartillögum eru nokkrar millifærslur milli liða auk þess sem lagðar eru til auknar fjárheimildir til reksturs sjúkrahúsa, til Reykjalundar vegna þjónustusamnings og vegna sjúklingatrygginga. Eins og áður var getið er lagt til að fjárheimild vegna nefndar um gerð og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði falli niður.

Gerðar eru tillögur um hækkun fjárheimilda fjármálaráðuneytis sem nemur alls 237,5 millj. kr. Lagt er til að fjárheimildir vegna Fasteignamats ríkisins og Landskrár fasteigna hækki í takt við hækkun tekna eins og áður er getið. Þá er lögð til hækkun vegna barnabóta og lækkun á liðnum launa- og verðlagsmál.

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 16,8 millj. kr. Um er að ræða nokkrar tillögur um millifærslur milli liða en auk þess auknar fjárheimildir vegna ýmissa verkefna, ferðamála og vegna alþjóðaflugmála.

Á sviði iðnaðarráðuneytis er lagt til að fjárheimild hækki um 53 millj. kr. Í breytingartillögum eru lagðar til nokkrar millifærslur milli liða en auknar fjárheimildir vegna kvikmyndagerðar og atvinnuráðgjafar.

Tillaga er um að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 5 millj. kr. vegna áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Lagt er til að fjárheimild umhverfisráðuneytis hækki um 119,5 millj. kr. Helstu tillögurnar varða úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn, Umhverfisstofnun, Landmælingar Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands. Auk þess eru lagðar til sérstakar fjárheimildir til sjö náttúrustofa vegna rannsóknarverkefna og loks er tillaga um fjárheimild til Veðurstofunnar vegna vöktunar á Mýrdalsjökli og við eldstöðina Kötlu.

Hæstv. forseti. Ég hef nú farið í örstuttu máli yfir helstu tillögur er varða sundurliðun 2 en í tengslum við ýmsar fjárheimildir er í sérstökum yfirlitum gerð grein fyrir skiptingu þeirra.

Varðandi sundurliðun 4, C-hluta frumvarpsins, er lögð til breyting á fjármögnun Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Lagt er til að framlag úr ríkissjóði hækki um 300 millj. kr. en á móti lækka innheimtar afborganir veittra lána um sömu fjárhæð. Er þessi tillaga í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem er til umfjöllunar á Alþingi.

Varðandi 5. gr. frumvarpsins er lagt til að ríkissjóður fái heimild til að endurlána allt að 150 millj. kr. til Alþjóðaflugþjónustunnar vegna framkvæmda og reksturs árið 2005.

Þá eru nokkrar breytingartillögur við 6. gr. frumvarpsins og eru þær skýrðar í sérstöku þingskjali.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar en undir það skrifa auk mín hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Birkir Jón Jónsson og Birgir Ármannsson. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjölum.

Ég vil í lok máls míns þakka samstarfsfólki mínu í fjárlaganefnd, stjórnarliðum og stjórnarandstæðingum, fyrir mjög gott og ánægjulegt samstarf. Starfsfólki ráðuneyta og stofnana sem nefndin hefur átt samskipti við þakka ég sömuleiðis og síðast en ekki síst vil ég fyrir hönd fjárlaganefndar þakka starfsfólki Alþingis fyrir sérlega gott samstarf og þá ómetanlegu aðstoð sem það veitir okkur í störfum okkar.

[11:06]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hinn 25. mars 2003, þ.e. skömmu fyrir kosningar, var gengið frá samkomulagi við Öryrkjabandalag Íslands um sérstakar fjárhagslegar réttarbætur fyrir öryrkja. Um það segir svo í Morgunblaðinu 27. mars, og er vitnað í hæstv. heilbrigðisráðherra, með leyfi forseta:

„... báðir sögðumst við sannfærðir um að enginn stjórnmálaflokkanna mundi einn eða í samráði við aðra flokka reyna að rokka við því samkomulagi sem gert hefur verið."

Þann 27. nóvember segir hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þ.e. eftir kosningar, að ljóst sé að þarna vanti enn upp á og miðað við þá peninga sem hann hafi, 1 milljarð kr., geti hann „ekki farið í nema tvo þriðju" að

þessu sinni.

Í forustugrein Morgunblaðsins 13. október 2004 segir svo, með leyfi forseta:

„Kjarni málsins er sá, að ríkisstjórnin gerði samkomulag, sem flestir töldu að markaði tímamót í samskiptum hennar og öryrkja eftir áralangt stríð og málarekstur fyrir dómstólum. Samninga, sem gerðir eru, ber að efna."

Nú leyfi ég mér að spyrja hv. þm. Magnús Stefánsson, formann fjárlaganefndar: Hvar sér þess stað í þessu fjárlagafrumvarpi og breytingartillögum sem hér eru lagðar fram að ríkisstjórnin ætli að standa við samning sinn við öryrkja, um þær rúmlega 500 millj. kr. sem gert var ráð fyrir á síðasta ári að hann kostaði? Þessa sér hvergi stað.

Menn finna svigrúm fyrir skattalækkanir sem voru nefndar sem kosningaloforð en finna ekki svigrúm til að standa við þetta kosningaloforð sem gefið var, þ.e. að standa við samninginn við öryrkja. Hverju sætir?

[11:09]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir um 1.300 millj. kr. til málsins sem háttvirtur þingmaður nefndi. Ég lít svo á að með því sé verið að uppfylla þá yfirlýsingu sem um er rætt. Við höfum oft rætt þetta mál áður. Ég vísa til þeirrar umræðu sem hefur farið fram um málið. Í frumvarpinu er sem sagt gert ráð fyrir um 1.300 millj. kr. í þetta mál.

[11:09]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru útúrsnúningar hjá háttvirtum formanni fjárlaganefndar. Sú hækkun sem hann vísar til er vegna fjölgunar öryrkja sem eiga rétt á bótum. Hins vegar er ekki tekið á því kosningaloforði og þeim samningi sem gerður var á sínum tíma. Ríkisstjórnin hefur gumað af því að hún þurfi að standa við kosningaloforð sín um skattalækkanir en henni finnst sjálfsagt að svíkja kosningaloforð við öryrkja.

Herra forseti. Ég harma það ef niðurstaðan verður sú að ríkisstjórnin og meiri hluti þingsins ætla að halda áfram að svíkja þann samning sem gerður var við öryrkja skömmu fyrir kosningar árið 2003. Ég harma það.

[11:10]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason er gjarn á að saka aðra háttvirta þingmenn um útúrsnúninga en hann verður sjálfur ber að því. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 1.300 millj. kr. í þetta mál og fjölgun öryrkja er þar fyrir utan. Háttvirtur þingmaður er því sjálfur að snúa út úr. Mér þykir það miður.

[11:11]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 1. minni hluta fjárlaganefndar en þann minni hluta skipa fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd. Auk þess er samþykkur áliti þessu áheyrnarfulltrúi Frjálslynda flokksins í fjárlaganefnd, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að útgjöld verði 294,6 milljarðar kr. og tekjur verði 305,8 milljarðar kr. Þannig var við gerð frumvarpsins gert ráð fyrir að tekjuafgangur næmi um 11,2 milljörðum kr. Nú við 2. umr. leggur meiri hluti fjárlaganefndar til að útgjöld hækki um 1,7 milljarða kr. og að tekjur hækki um 0,6 milljarða kr. Áætlaður tekjuafgangur lækkar því um 1,1 milljarð kr. Samkvæmt þessu aukast útgjöld næsta árs um 7,6% frá fjárlögum ársins 2004 og tekjur ríkissjóðs aukast um 8,6%. Hækkun tekna endurspeglar þá miklu þenslu sem búist er við á næsta ári en hækkun útgjalda endurspeglar aftur á móti ekki það aðhald í ríkisfjármálum sem nauðsynlegt er á þenslutímum og ríkisstjórnin boðar á tyllidögum. Vissulega er dregið úr framkvæmdum, um 2 milljarða kr., en á móti kemur veruleg aukning í almennum rekstrarútgjöldum til ýmissa verkefna.

Herra forseti. Frá því að frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 var lagt fram hafa spunnist umræður um hvort fjárlög væru samanburðarhæf við ríkisreikning. Þessi samanburður hefur sýnt fram á að öll áætlanagerð fjárlaganna hefur ekki staðist raunveruleikann og að fjárlögin ásamt fjárlagafrumvarpi hafa verið glansmynd sem ríkisstjórnin hefur reynt að nota til að telja öllum trú um góða stjórn á ríkisfjármálunum. Hefur fjármálaráðherra gengið fremstur í liði annarra stjórnarliða sem hafa talið það fráleitt að bera saman niðurstöðu ríkisreiknings og fjárlaga. Hafa þeir einkum tínt til hina svokölluðu óreglulegu liði sem þeir telja að taka þurfi út fyrir sviga í þessum samanburði.

Herra forseti. Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2003 er sérstaklega fjallað um þetta atriði. Þar kemur fram að lög um fjárreiður ríkisins kveða skýrt á um að þessi tvö reikningsskil séu að fullu sambærileg bæði hvað varðar rekstrar- og greiðslugrunn. Bent er á að ein af meginforsendum þess að ráðist var í breytingu á reikningsskilum ríkisins og fjárlögum var að áætlanir fjárlaga og niðurstöður ríkisreiknings yrðu að fullu samanburðarhæfar.

Í umfjöllun sinni um óreglulega liði bendir Ríkisendurskoðun á fjölmarga reikningsskilastaðla, bæði innlenda og erlenda, þar sem skýrt kemur fram að óreglulegir liðir í reikningsskilum í dag heyra til undantekninga. Orðrétt segir í skýrslunni um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Í reikningsskilastaðli Alþjóðareikningsskilaráðsins, sem fjallar um uppgjör opinberra aðila kemur fram að næstum allir tekju- og gjaldaliðir í uppgjöri hins opinbera verða til við reglulega starfsemi. Þess vegna er gerð krafa um að liðir þurfi að vera óvenjulegir, sjaldgæfir og mikilvægir til þess að hægt sé að flokka þá sem óreglulega liði í ríkisreikningi. Staðallinn setur fram eftirfarandi viðmið um óreglulega liði:

Óreglulegir liðir verða að vera vel aðgreinanlegir frá venjulegri starfsemi." — Fjárhæðin sem um ræðir þarf líka að vera há í hlutfalli við stærð ríkisins í heild en ekki eins ráðuneytis eða einhverrar einingar innan ríkisgeirans. Af þessari ástæðu einni eru óreglulegir liðir afar sjaldgæfir.

„Færsla óreglulegs liðar má ekki vera fyrirsjáanleg." — Hún getur því ekki verið hluti af áætlanagerðinni. Ef einhver liður er inni í fjárlögum bendir það til þess að hann hafi verið fyrirsjáanlegur.

„Óreglulegur liður þarf að vera fyrir utan valdsvið og ákvörðunartöku stjórnvalda." — Söluhagnaður eða sölutap af eignum ríkisins flokkast ekki sem óreglulegir liðir vegna þess að ákvörðun um söluna er tekin af ráðamönnum, þ.e. hún er tekin innan dyra en kemur ekki utan frá.

Herra forseti. Þetta eru orð Ríkisendurskoðunar, orðrétt úr skýrslu stofnunarinnar um ríkisreikning ársins 2003. Um þetta er nánar fjallað í 3. kafla skýrslunnar og má segja að hann sé í raun alveg sérstaklega tileinkaður hæstv. fjármálaráðherra og ummælum hans og fylgdarsveina hans í þessu máli.

Breytingar á lífeyrisskuldbindingum, afskriftum og söluhagnaði frá fjárlögum til ríkisreiknings falla ekki undir þær skilgreiningar sem að framan greinir. Til þess að málefnaleg umræða geti farið fram um fjárlög og ríkisreikning verður hæstv. fjármálaráðherra, sem og aðrir stjórnarliðar, að hverfa frá villu síns vegar í þessu máli. Án slíkra viðhorfsbreytinga er ekki hægt að búast við að framkvæmdarvaldið bæti áætlanagerð sína og fjárlög fái þá virðingu sem nauðsynleg er og virki eins og önnur lög.

Herra forseti. Í skýrslu sinni gerir Ríkisendurskoðun einnig athugasemd við þá breytingu sem gerð var í fjárlögum fyrir árið 2004 sem fólst í því að fella niður alla fjárlagaliði sendiráða og setja allar fjárveitingar á einn fjárlagalið, Sendiráð Íslands. Ríkisendurskoðun telur að þessi breyting dragi úr gegnsæi upplýsinga og að líklegt sé að ábyrgð forstöðumanna minnki. Sambærileg breyting var gerð á héraðsdómstólum fyrir nokkrum árum. Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar tekur undir þessa gagnrýni Ríkisendurskoðunar. Sú spurning vaknar hver sé forstöðumaður „Sendiráðs Íslands" og beri samkvæmt því ábyrgð á rekstri allra sendiráða. Hvernig virka reglur um framkvæmd fjárlaga við þessar aðstæður? Verður t.d. hægt að láta sendiherrann í París bera ábyrgð á því ef starfsemi sendiráðsins fer 4% fram úr fjárlögum eða er það ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sem ber ábyrgð? Það er mat 1. minni hluta að utanríkisráðuneytið þurfi að upplýsa um ábyrgð einstakra sendiherra við þessar aðstæður. Breytingar sem þessar eru ekki í anda aðhalds og aga við framkvæmd fjárlaga.

Í fylgiriti fjárlagafrumvarpsins um stefnu og horfur í efnahagsmálum kemur m.a. fram að við þær aðstæður sem nú ríkja sé mikilvægt að beita ríkisfjármálum til að hamla gegn innlendri eftirspurn á næstu árum þegar framkvæmdir eru sem mestar. Þessu til stuðnings er bent á verulegan tekjuafgang sem endurspegli mjög aukið aðhald í ríkisfjármálum. Sívaxandi útgjöld ríkissjóðs umfram forsendur fjárlaga á liðnum árum eru hins vegar hættumerkin sem ríkisstjórnin verður að bregðast við með auknu aðhaldi. Niðurstöður ríkisreiknings síðustu ára hafa sýnt að líkur eru á að slíkur áætlaður tekjuafgangur í fjárlagafrumvarpi og fjárlögum breytist í halla.

Efnahagsforsendur frumvarpsins byggjast á spá fjármálaráðuneytisins um að hagvöxtur verði um 5% á árinu 2005 og verðbólgan um 3,5%. Þá er talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 3,25%. Enn fremur er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 5% og að atvinnuleysi minnki og verði um 2,75%. Viðskiptahallinn mun hins vegar aukast og verða nálægt 11% af landsframleiðslu. Fjármálaráðuneytið hefur ekki talið nauðsynlegt að endurskoða þessa spá fyrir 2. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005. Fram hefur komið í máli fulltrúa fjármálaráðuneytisins að ekki sé gert ráð fyrir að fara yfir forsendur frumvarpsins fyrr en eftir áramót. Er það merkilegt í ljósi þeirra staðreynda að áætlanir yfirstandandi árs hafa því miður ekki staðist á þann veg að líklegt sé að forsendur frumvarpsins fyrir næsta ár muni standast heldur.

Herra forseti. Í nefndaráliti okkar birtum við töflu sem sýnir efnahagsþróunina á yfirstandandi ári, hvernig hún hefur breyst verulega frá því sem gert var ráð fyrir þegar fjárlög ársins 2004 voru samþykkt. Þar kemur m.a. fram að áætlað var í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár að einkaneysla mundi aukast um 3,5%. Nú er gert ráð fyrir að hún aukist um 7% og gert er ráð fyrir að hún aukist á næsta ári um 5%.

Gert var ráð fyrir að samneyslan mundi aukast um 1% í forsendum fjárlaga yfirstandandi árs en nú er gert ráð fyrir að hún aukist um 1,5% og aukist á næsta ári um 2%.

Þá var gert ráð fyrir að fjárfesting ykist um 8,5% en nú er gert ráð fyrir að hún aukist um 17,25% og um 18% á næsta ári.

Gert var ráð fyrir að verg landsframleiðsla mundi aukast um 3,5%. Nú er gert ráð fyrir að hún aukist á þessu ári um 5,5% og á næsta ári um 5%.

Áætlað var að þjóðarútgjöld alls mundu aukast um 4%. Nú er gert ráð fyrir að á yfirstandandi ári aukist þjóðarútgjöldin um 8% og á næsta ári um 7,5%.

Gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga yfirstandandi árs að viðskiptajöfnuður yrði ávaxtaður um 3,25%. Nú er gert ráð fyrir að hann verði á þessu ári óhagstæður um 7,25% og á næsta ári um 11%.

Gert var ráð fyrir að ráðstöfunartekjur á mann mundu aukast á yfirstandandi ári um 5%. Nú er gert ráð fyrir að tekjurnar muni aukast um 4,5% en á næsta ári um 6,75%.

Gert var ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna mundi aukast á yfirstandandi ári um 2,5% en nú er gert ráð fyrir að hann aukist um 1,5% en um 3,25% á næsta ári.

Þá var í forsendum fjárlagaársins gert ráð fyrir að atvinnuleysi yrði 2,5%. Nú er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði um 3% á þessu ári en minnki síðan aftur niður í 2,75% á næsta ári.

Herra forseti. Ég held að þessi samanburður á tölum sýni nauðsyn þess að vanda áætlanagerðina og að eitthvað hefur farið úrskeiðis varðandi áætlun þessa árs. Því miður er ekkert sem bendir til þess að traustari stoðir séu undir áætlanagerð næsta árs.

Ofangreindar tölur gefa tilefni til að íhuga hvort boginn sé ekki of hátt spenntur, að verðbólgan fari úr böndum og óstöðugleiki taki við í efnahagslífinu. Í hagspá hagdeildar Landsbankans fyrir tímabilið frá árinu 2004 til ársins 2010 kemur m.a. fram að sá aðili sem er í bestri aðstöðu til að hamla gegn þessari þróun er ríkisvaldið sem getur stjórnað umfangi opinberra framkvæmda, dregið úr rekstrargjöldum og breytt skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja. Hins vegar kemur einnig fram í þessari hagspá að reynslan sýni

að ekki hafi tekist vel til hvað varðar samhæfingu opinberra framkvæmda við stöðuna í hagkerfinu á hverjum tíma. Með öðrum orðum endurspeglast lausatökin á ríkisfjármálunum m.a. í því að vöxtur samneyslunnar hefur verið töluvert umfram það sem stefnt hefur verið að. Í hagspá hagdeildar Landsbankans segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það hagstjórnaraðhald sem ríkið stefnir að á næstu árum og kynnt var í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 virðist ekki vera nægjanlegt til þess að koma í veg fyrir að þensla myndist á næstu árum."

Afleiðing þessa, að mati hagdeildar Landsbankans, er að of mikið verður lagt á peningastjórnina á næstu árum sem er einmitt það sem gerðist í síðustu hagsveiflu en möguleikar peningastefnunnar til að skila raunverulegum árangri við að halda aftur af neyslunni eru mjög takmarkaðir.

Í ályktun Alþýðusambands Íslands um efnahagsmál sem samþykkt var á ársþingi þess í lok október er mjög tekið í sama streng. Þar er bent á að með síðustu samningum hafi verkalýðshreyfingin lagt sitt af mörkum til að tryggja stöðugleika og leggja grunn að vaxandi kaupmætti en það er ekki nóg. Aðrir verða líka að axla ábyrgð. ASÍ bendir á að þrátt fyrir yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um að beita ríkisfjármálum með öflugum hætti til að halda aftur af innlendri eftirspurn séu fá merki um það í frumvarpinu. Tekjuafgangur er áætlaður 1,6% af landsframleiðslu sem er mun minna en var á árunum 1999 og 2000 þegar verðbólgan fór úr böndum. Telur ASÍ að allt bendi til þess að ríkisstjórnin ætli að endurtaka fyrri hagstjórnarmistök, enda spáir fjármálaráðuneytið 3,5% verðbólgu á næsta ári.

Eftir stendur að Seðlabankinn eigi einn að takast á við verðbólguvandann þótt slíkt sé mun sársaukafyllra fyrir heimilin og fyrirtækin þegar til lengri tíma er litið. Þá er bent á að óvíst sé hve virk tæki Seðlabankans eru nú þegar stærri fyrirtæki leita eftir lánafyrirgreiðslu erlendis og bankakerfið fjármagnar sig að miklu leyti með erlendu lánsfé. Ályktun ASÍ endar á eftirfarandi varnaðarorðum, með leyfi forseta:

„Óheftur innflutningur erlendra starfsmanna sem starfa á lágmarkslaunum og búa við óviðunandi aðstæður virðist vera það sem stjórnvöld og atvinnurekendur sjá helst til lausnar á vandanum. Verkalýðshreyfingin getur aldrei setið undir því að atvinnuleysi sé notað sem hagstjórnartæki. Það verður aldrei sátt um stöðugleika sem byggir á atvinnuleysi. Það er ljóst að stjórnvöld verða að gera sitt til að halda aftur af verðbólgu og tryggja jafnframt fulla atvinnu. Annars eru þau að rjúfa sátt á vinnumarkaði með ófyrirsjáanlegum afleiðingum."

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að stjórnarmeirihlutinn taki þessi aðvörunarorð alvarlega vegna þess að ef sú sátt sem þó hefur verið meðal aðila vinnumarkaðarins er rofin er víst að voðinn er fram undan.

Tekjuáætlun ríkissjóðs tekur nú sem endranær mið af horfum í efnahagsmálum. Spá um 5% hagvöxt, 3,5% verðbólgu, 5% aukningu einkaneyslu og 3,25% kaupmáttaraukningu er talin auka skatttekjur ríkissjóðs um 6% frá fyrra ári. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að almenn laun hækki um 5,25% og að skattgreiðendum fjölgi um 1,5%. Almennur tekjuskattur lækkar úr 25,75% í 24,75% og skatthlutfall sérstaks eignarskatts lækkar úr 4% í 2%.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins verði lagt niður en nú, við 2. umr., er það tekið upp aftur. Þá er þróunarsjóðsgjald lagt niður en tekið upp veiðigjald á aflaheimildir.

Á árinu verður tekið upp olíugjald og núverandi þungaskattskerfi lagt niður. Olíugjaldið verður 45 kr. á hvern lítra og tekur gildi þann 1. júlí 2005. Tilfærsla verður á milli almenns vörugjalds af bensíni og sérstaks vörugjalds. Talið er að þessar breytingar skili um 350 millj. kr. tekjuauka í ríkissjóð þótt ekki hafi verið ætlunin að nota kerfisbreytinguna í þeim tilgangi.

Í umsögn minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar eru átalin þau vinnubrögð sem höfð voru uppi í nefndinni við afgreiðslu á tekjugrein fjárlagafrumvarpsins. Minni hluti nefndarinnar telur að miklu ítarlegri skoðun verði að fara fram á tekjugreininni en meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar afgreiddi umsögn sína í raun án nokkurrar skoðunar á tekjugrein frumvarpsins. Slík vinnubrögð, herra forseti, eru því miður lýsandi fyrir ríkisstjórnarmeirihlutann á Alþingi, framkvæmdarvaldið leikur lausum hala án alls eftirlits af hálfu löggjafarvaldsins. Telur minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar nauðsynlegt að tekjugreinin verði send Seðlabanka Íslands, hagdeild ASÍ og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til umsagnar. Þá telur minni hlutinn nauðsynlegt að hafa í huga að endurskoðuð þjóðhagsspá Seðlabankans sem væntanleg er í byrjun desember, geti haft áhrif á tekjugreinina sem og nýtt skattalagafrumvarp ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Það er eðlilegt að tekið sé fullt mark á þessu áliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar vegna þess að í raun gerði fjárlaganefnd ráð fyrir því að efnahags- og viðskiptanefnd færi ítarlega yfir tekjugrein frumvarpsins. Því miður hafa þessi vinnubrögð breyst mjög mikið og mikil lausatök verið á þeim eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Þegar Þjóðhagsstofnun var og hét kom á þessum árstíma yfirleitt ný þjóðhagsspá frá stofnuninni og fulltrúar hennar komu til bæði fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar. Hin seinni ár virðist það vera orðin lenska í efnahags- og viðskiptanefnd að fara í stimpilhlutverkið og stimpla eingöngu þær tillögur sem koma frá fjármálaráðuneytinu án nokkurrar skoðunar. Þetta gerist á örfáum mínútum. Ég get vitnað um það, ég var sem varamaður á þessum títtnefnda fundi efnahags- og viðskiptanefndar og það var augljóst mál að það var engin vinna á bak við þá umsögn sem meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar sendi frá sér. Slík vinnubrögð eru ólíðandi á hinu háa Alþingi.

Tillögur ríkisstjórnarinnar um skattalækkanir á næsta ári koma nánast einungis hinum allra tekjuhæstu til góða, 1% flöt lækkun á tekjuskatti og 2%, þ.e. helmingslækkun, á hátekjuskatti. Dæmi um þetta er að 25% þeirra tekjuhæstu munu fá um 2,5 milljarða kr. skattalækkun, þ.e. helming allrar upphæðarinnar sem er varið í skattalækkun á næsta ári, en 25% þeirra tekjuminnstu munu einungis fá um 300 millj. kr. í skattalækkun á sama tíma. Fyrirhugaðar tekjuskattslækkanir ríkisstjórnarinnar færa grunnskólakennara með meðallaun u.þ.b. 1.900 kr. í skattalækkun á mánuði, láglaunafólk með 150 þús. kr. á mánuði fær minna en tvo bíómiða á mánuði en framkvæmdastjóri með hálfa milljón

kr. á mánuði fær tæplega 8 þús. kr. í skattalækkun á mánuði, þ.e. tæplega 100 þús. kr. á næsta ári. Milljón króna mennirnir fá hins vegar um 23 þús. kr. í skattalækkun mánaðarlega, þessir fáu einstaklingar fá því um 275 þús. kr. í skattalækkun á næsta ári samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar.

Sú skattalækkunarleið sem ríkisstjórnin hefur valið mun þannig auka bilið á milli þeirra sem meira hafa á milli handanna og hinna sem minna hafa. Það er með ólíkindum að þessi leið skuli valin þegar ljóst er að mikill meiri hluti er fyrir því á Alþingi að lækka matarskattinn um helming eins og Samfylkingin hefur lagt til. Ef sú leið yrði valin mundi matarreikningur íslenskra heimila lækka um 5 milljarða kr. á næsta ári. Lækkun matarskattsins mun koma öllum til góða, ekki síst barnafjölskyldum. Hún gagnast þeim hlutfallslega mest sem hafa úr minnstu að spila. Lækkun matarskattsins hefur það fram yfir flestar aðrar skattbreytingar sem nú eru í umræðunni að hún kemur þeim ákaflega vel sem eru svo tekju- og eignalitlir að þeir greiða lítinn sem engan tekju- og eignarskatt. Það er það besta við þessa áhrifaríku skattalækkun. Það er fleira sem mælir eindregið með lækkun matarskatts umfram aðrar skattalækkanir. Verðbólga er um þessar mundir komin á skrið umfram það sem hollt er þjóðarbúinu. Lækkun matarskattsins úr 14% í 7% mun lækka neysluvísitöluna um allt að 0,8% og um leið lækkar skuldabyrði landsmanna.

Herra forseti. Þrátt fyrir mikinn meiri hluta á Alþingi er það Framsóknarflokkurinn sem af óskiljanlegum ástæðum kemur í veg fyrir að svigrúmið sem nú er til skattalækkana sé nýtt til að lækka matarskattinn. Þjóðin getur því þakkað Framsókn að hún þarf að greiða samtals um 5 milljörðum kr. meira fyrir matinn á næsta ári en ef meiri hluti þingmanna fengi að ráða.

Herra forseti. Það vill svo til og til að festa þessa mynd enn betur þá var frétt í morgunútvarpinu sem sagði frá nýlegri könnun á Norðurlöndum sem sýnir að matvara á Íslandi er 56% dýrari en að jafnaði í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Sú könnun festir enn betur inni þá leið sem á auðvitað að velja nú. En eins og fram hefur komið er algjörlega óskiljanlegt að meiri hluti Alþingis skuli ekki fá að koma þeirri stefnu sinni fram, vegna þess að lítill flokkur beitir neitunarvaldi í ríkisstjórnarsamstarfi til þess að ná því í gegn. En þannig, herra forseti, vill stundum verða þegar litlir flokkar fá of mikil völd.

Herra forseti. Áhyggjur miðstjórnar Alþýðusambands Íslands af skattalækkunarleið ríkisstjórnarinnar koma vel fram í ályktun sem miðstjórnin samþykkti í gær. Þar segir, með leyfi forseta:

„Skattalækkanatillögur ríkisstjórnarinnar gefa til kynna að hún telji svigrúm til umfangsmikilla skattalækkana þrátt fyrir stöðuna í efnahagslífinu. Miðstjórn Alþýðusambandsins telur skattalækkanir jákvæðar, ef tryggt er að þær leiði ekki til aukinnar verðbólgu eða veikingar á stoðum velferðarkerfisins.

Verðbólga er í dag langt umfram forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Þær umfangsmiklu skattalækkanir sem nú eru boðaðar munu enn auka á hagstjórnarvandann og geta leitt til vaxandi verðbólgu á næstu missirum. Gangi það eftir eru forsendur kjarasamninga um stöðugleika í efnahagsmálum og kaupmátt launa brostnar.

Alþýðusambandið telur að sé svigrúm fyrir hendi hefði átt að nýta tækifærið og auka tekjujöfnun í skattkerfinu. Tillögur Alþýðusambandsins um meiri hækkun skattleysismarka, lægra skattþrep á lágar tekjur og lækkun virðisaukaskatts á matvæli væru tekjujafnandi, andstætt tillögum ríkisstjórnarinnar um afnám hátekjuskatts, flata lækkun skattprósentunnar og afnám eignarskatta.

Veruleg hækkun barnabóta er aftur á móti tekjujafnandi aðgerð og fagnar miðstjórn henni. Alþýðusambandið lagði þó til við stjórnvöld að barnabætur yrðu greiddar til 18 ára aldurs í samræmi við hækkun sjálfsræðisaldurs."

Herra forseti. Að lokum segir á ályktun Alþýðusambandsins frá í gær:

„Alþýðusambandið hefur ítrekað kallað eftir samstarfi við stjórnvöld um mótun samþættrar stefnu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum en stjórnvöld hafa ekki sýnt vilja til slíks samráðs. Alþýðusamband Íslands mun því þurfa í samráði við aðildarfélög sín að endurskoða samskiptin."

Herra forseti. Enn á ný eru ítrekuð aðvörunarorð frá Alþýðusambandi Íslands og nú er bent á að Alþýðusambandið hafi margleitað eftir samstarfi við stjórnvöld um þá mikilvægu þætti sem við í raun og veru erum að fjalla um þegar við fjöllum um fjárlagafrumvarp næsta árs. Það er vissulega hættumerki þegar Alþýðusambandið er farið að íhuga að endurskoða allt þetta samráðsferli, því að eins og oft hefur komið fram í umræðum hér og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur margoft bent á, þá er samráð Alþýðusambandsins og stjórnvalda í þessum efnum lykillinn að því að höfum getað haldið þeim stöðugleika sem þó hefur verið að undanförnu en er nú stefnt í tvísýnu.

Herra forseti. Verðlagsforsendur gjaldahliðar eru þær að almennt verðlag hækki um 3,5%, gengisvísitalan verði að meðaltali 125 stig, laun hækki um 3% í upphafi árs og bætur almannatrygginga hækki um 3,5%. Gerð er 1% hagræðingarkrafa til reksturs stofnana að frátöldum stóru sjúkrahúsunum tveimur og hjúkrunarheimilum. Áætlað er að þessi aðgerð skili 800 millj. kr. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir 300 millj. kr. lækkun vaxtabóta, m.a. vegna áforma um að greiddar bætur nemi 95% af reiknuðum vaxtabótum. Loks er gert ráð fyrir að frestun framkvæmda spari 2.000 millj. kr., þar af er 1.900 millj. kr. frestun frá vegáætlun og 100 millj. kr. endurbætur menningarbygginga. Þá er gert ráð fyrir að svokallaðar „sértekjur" ríkisháskólanna í formi skráningargjalda hækki um 250 millj. kr. og loks er áformað að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar um 50 millj. kr.

Fyrsti minni hluti bendir á að ofangreindar hækkanir svokallaðra skráningargjalda háskólanna eru ekki sértekjur í skilningi fjárreiðulaganna heldur rekstrartekjur. Sértekjur samkvæmt fjárreiðulögunum eru skilgreindar þannig að um sé að ræða tekjur ríkisstofnana af sölu vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum og skulu þær færast til lækkunar á gjöldum en jafnframt sýndar sérstaklega í reikningum stofnananna. Framsetning þessara tekna í fjárlögum er því röng og beinlínis villandi enda er hér í raun um skólagjöld að ræða og eðlilegt að kalla hlutina réttu nafni.

Krafan um 1% hagræðingu í rekstri ríkisstofnana er í besta falli lélegur brandari því að á móti kröfu um hagræð-

ingu í mörgum ráðuneytum koma ákvarðanir um nýja útgjaldaliði sem gera meira en að vega upp hagræðingarkröfuna. Sem dæmi má nefna að hjá æðstu stjórn ríkisins er gert ráð fyrir lækkun útgjalda með hagræðingu í rekstri upp á 12 millj. kr. Á móti eru veitt framlög til ýmissa nýrra verkefna sem alls nema um 182 millj. kr. Hjá forsætisráðuneyti er gert ráð fyrir 6,5 millj. kr. sparnaði en á sama tíma eru veittar 105 millj. kr. til nýrra verkefna. Hjá landbúnaðarráðuneyti er áformað að spara 22,8 millj. kr. en á sama tíma eru veittar 334 millj. kr. til nýrra verkefna. Þegar við þetta bætist óleystur rekstrarvandi margra stofnana er lítið að marka gjaldahliðina. Í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning ársins 2003 kemur fram að í árslok 2003 hafði fjárhagsvandi 140 fjárlagaliða aukist á árinu um 700 millj. kr. og var í árslok 5 milljarðar kr. Þessi staða hefur líklega ekki batnað á árinu 2004. Á sama tíma „eiga" — ef þannig má að orði komast — 250 fjárlagaliðir ónotaðar fjárheimildir að fjárhæð um 16 milljarðar kr. Almenna reglan í rekstri ríkisstofnana hlýtur að vera sú að þær séu reiknaðar því sem næst á núlli. Því hlýtur það að vekja ýmsar spurningar þegar einstakir fjárlagaliðir geta „safnað" fjárheimildum svo árum skiptir. Að mati 1. minni hluta er nauðsynlegt að skoða rekstrargrundvöll fjölmargra stofnana og endurmeta miðað við raunverulega fjárþörf. Til þess að geta lagt mat á gjaldahlið frumvarpsins þurfa að liggja fyrir upplýsingar um áætlaða fjárhagsstöðu stofnana í lok árs 2004. 1. minni hluti óskaði eftir því í byrjun október að þessara upplýsinga yrði aflað. Þær hafa enn ekki borist sem hlýtur að vekja upp þá spurningu hvort þessar upplýsingar séu ekki tiltækar í ráðuneytunum og ef svo er ekki, hvernig er þá fjármálastjórninni háttað hjá viðkomandi ráðuneytum?

Þessi tregða ráðuneyta til að veita umbeðnar upplýsingar er ekki eingöngu bundin við fjárlaganefnd. Fulltrúar Samfylkingarinnar í öðrum fagnefndum hafa einnig kvartað yfir skorti á upplýsingum eins og síðar verður vikið að í þessu nefndaráliti.

Herra forseti. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 er sótt um 111,6 millj. kr. til byggingar nýs sendiherrabústaðar í Berlín. Áætlaður kostnaður við bygginguna nemur 230 millj. kr. og við þá upphæð bætast kaup á lóð upp á 83,2 millj. kr. Samtals kostar það því íslenska skattborgara yfir 300 millj. kr. að koma þaki yfir sendiherra okkar í Berlín. Að mati 1. minni hluta er hér um óráðsíu að ræða eða einhver viðmið sem ekki eiga við í fjárlögum íslensku þjóðarinnar. Nauðsynlegt er að fresta þessari byggingu og kanna hvort ekki sé hægt að kaupa eða leigja hentugt húsnæði á viðunandi verði.

Í fjárlagabeiðni Háskóla Íslands fyrir árið 2005 var óskað eftir því að háskólinn fengi 250 millj. kr. viðbótarframlag til rannsókna á árinu 2005. Ástæður þessa eru þær að hlutfall fjárveitinga til rannsókna kemur til með að lækka úr 67% af kennsluframlagi árið 1999 í 46% árið 2005. Þetta þýðir að stöðugt hærra hlutfall kennslu er í höndum stundakennara án rannsóknarskyldu. Afleiðing þessa er að á árunum 1999–2004 hefur nemendum fjölgað um 50% en kennurum með rannsóknarskyldu hefur fjölgað um 1%. Þá má einnig benda á að af áliti vinnuhóps menntamálaráðuneytisins, þar sem meta átti hvort þróun einingarverðs væri í samræmi við ákvæði samnings um kennslu og sem birt var í mars á þessu ári, má ráða að það vanti um 375 millj. kr. á árinu 2005 ef fullt tillit er tekið til launahækkana. Það er því ljóst að verulega vantar upp á að Háskóli Íslands geti haldið þeirri stöðu innan menntastofnana þessa lands sem gera verður kröfur til.

Í umræðum á Alþingi hefur hæstv. menntamálaráðherra haldið því fram að það hafi verið að frumkvæði ríkisháskólanna að skráningargjöld — skólagjöld væri rétta orðið — eru hækkuð í 45.000 kr. í frumvarpinu. 1. minni hluti kannast ekki við að forsvarsmenn þessara skóla hafi, hvorki í riti né ræðu, sett fram slíkar kröfur. Þá má benda á að í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 segir m.a. á bls. 295, með leyfi forseta: „Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að ríkisháskólarnir nýti sér heimild sem menntamálaráðuneytið áformar að beita sér fyrir til að hækka skrásetningargjöld í 45.000 kr." Hér stendur það svart á hvítu að frumkvæðið var hjá ráðuneytinu og það ætlast til — ég endurtek, herra forseti, — það ætlast til að ríkisháskólarnir nýti sér þessa heimild.

Það er hins vegar athyglisvert að hvergi er gert ráð fyrir breytingum á fjárveitingum til Tækniháskóla Íslands. Við höfum hins vegar haft af því fréttir í fjölmiðlum að búið sé að skrifa undir samning um það að Tækniháskóli Íslands verði sameinaður Háskólanum í Reykjavík. Það er því með ólíkindum en kemur okkur að sjálfsögðu ekki á óvart að ekki sé stafkrók að finna um þetta í fjárlagafrumvarpinu eða þeim breytingartillögum sem nú liggja fyrir. Það hefur í raun og veru hvergi verið rætt um þennan samning eða þann gjörning sem þarna er á ferðinni nema í athugasemdum eða utandagskrárumræðu á Alþingi og hafa þá fengist afar takmarkaðar upplýsingar frá hæstv. menntamálaráðherra.

Það er því full ástæða til að spyrja: Hvar er þessi samningur staddur? Er hann í raun og veru aðeins pappírsgagn sem einhverjir stafir standa á eða liggur á bak við hann samþykkt ríkisstjórnarinnar og samþykkt þingflokka ríkisstjórnarflokkanna um að þessi gjörningur muni standa? Það er augljóst mál að að einhver fjárhagsleg áhrif mun þetta hafa hjá ríkinu og það hlýtur að þurfa að gera upp og meta eigur Tækniháskólans í því samstarfi sem þarna er á ferðinni.

Rétt er að nota þetta tækifæri, herra forseti, til að vekja athygli á því að þarna er, miðað við þær fréttir sem fyrir liggja, verið að fara algjörlega inn á nýjar brautir. Þarna er ekki verið að nýta það form sem notað hefur verið til fjölda ára og víðast um heiminn að stofna til sjálfseignarstofnunar. Hér er hlutafélagaformið allt í einu komið inn í myndina, hér á að fara að reka háskóla eins og hlutafélag og þrátt fyrir yfirlýsingar um það í fjölmiðlum að ekki eigi að greiða út hagnað þá vitum við að formið sem slíkt, hlutafélagaformið, miðar að því að það skili hagnaði.

Herra forseti. Það er einnig athyglisvert að sú stjórn sem kosin hefur verið yfir þessum fyrirhugaða sameiginlega skóla er ígildi háskólaráðs en það frelsi sem háskólaráð hefur í venjulegum háskólum er ekki tryggt í þessum skóla. Það verður því að segja eins og er að það lítur þannig út að hér sé verið að lauma inn nýju rekstrarformi í háskólum sem við höfum ekki þekkt áður og, herra forseti, ekki bara

við heldur þekkja fæstar þjóðir heims slíkt form á rekstri háskóla. Að vísu eru til örfá dæmi vestan hafs en þau eru mjög fá. Algengasta formið vestan hafs eru sjálfseignarstofnanir sem við höfum líka reynt hér. En full ástæða er til þess að spyrja og æskilegt væri ef hæstv. menntamálaráðherra gæti svarað því hvernig t.d. eignir Tækniháskóla Íslands hafi verið metnar inn í þann samning sem nú liggur fyrir. Ef hæstv. menntamálaráðherra er ekki í húsi væri æskilegt að hæstv. fjármálaráðherra sem hlýtur að hafa a.m.k. yfirfarið samninginn eða fengið að sjá hann yfir öxlina á hæstv. menntamálaráðherra gæti upplýst okkur um hvað hér sé á ferðinni.

Herra forseti. Þrátt fyrir verulega aukningu á fjárframlögum til framhaldsskóla, bæði í fjárlögum ársins 2004 og einnig í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir sama ár, vantar enn verulega á að halli þeirra frá fyrri árum hafi verið bættur. Talið er að halli framhaldsskóla í árslok 2003 nemi um 570 millj. kr. Skipting fjárveitinga til skólanna hefur verið byggð á *reiknilíkani sem menntamálaráðuneytið* hefur hannað. Erfiðlega hefur gengið að fá upplýsingar um hvernig þetta kerfi virkar þrátt fyrir að í reglugerð komi fram að líkanið skuli vera í tölvuformi, aðgengilegt skólum og þeim sem vilja kynna sér hvernig það vinnur. Þá vanreiknar líkanið önnur störf en kennslu, t.d. fjármálastjórn og annan rekstur, svo sem eignakaup og rekstur tölvukerfa. Á undanförnum árum hefur nemendafjöldi verið verulega vanáætlaður sem sést best á þeim aukafjárveitingum sem samþykktar hafa verið ár eftir ár. Þrátt fyrir að í frumvarpi til fjárlaga ársins 2005 hafi nemendatalan verið leiðrétt verulega er talið að enn vanti um 400 ársnemendur þar inn. Brýnt er að halli fyrra ára verði bættur og fjármálastjórn ráðuneytisins innan ársins verði með þeim hætti að strax sé leiðrétt með tilliti til nemendafjölda en ekki beðið þar til í lok ársins með tilheyrandi erfiðleikum fyrir skólana með rekstrarfé.

Fjárhagsvandi Landspítala – háskólasjúkrahúss er mikill. Þrátt fyrir umfangsmiklar sparnaðar- og hagræðingaraðgerðir á árinu 2004 standa stjórnendur spítalans frammi fyrir því að þurfa að skera niður um 600 millj. kr. til viðbótar á árinu 2005. Samkvæmt frumvarpinu er 500 millj. kr. bætt inn í rekstrargrunn spítalans upp í 700 millj. kr. sparnaðarkröfu sem ákveðin hafði verið. Á móti vegur að verðuppfærsla á sérhæfðum sjúkrahúsvörum og lyfjum er ekki aukin. Þar með er sparnaðarkrafan aukin um 150 millj. kr. og er því sparnaðarkrafan í frumvarpinu í raun 350 millj. kr. Til viðbótar þessu þarf að lækka kostnað við rekstur spítalans frá yfirstandandi ári um 1%, sem er hluti hagræðingarkröfu yfirstandandi árs, eða um 250–300 millj. kr. Samtals þarf því að lækka kostnað við rekstur spítalans um 600 millj. kr. á næsta ári.

Herra forseti. Minni hluti félagsmálanefndar gerir í áliti sínu alvarlegar athugasemdir við stefnu stjórnvalda í félagsmálum. Þar er m.a. rætt um fjárhagsvanda sveitarfélaga. Samkvæmt lögum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skal árlegt framlag úr ríkissjóði nema 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs. Þessu til viðbótar skal ríkissjóður leggja fram 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs. Auk þessa fær jöfnunarsjóðurinn hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga sem nemur 0,77% af álagningarstofni útsvars ár hvert. Fyrirhugaðar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar hafa því veruleg áhrif á tekjur sjóðsins og er metið að 4% lækkun tekjuskatts kosti sjóðinn um 300 millj. kr. Engin áform virðast vera um að bæta þetta tekjutap. Þá má gagnrýna að ríkissjóður hefur tekið til sín stærsta hlutann af auknum tekjum af tekjuskatti og útsvari á undanförnum árum með því að persónuafsláttur hefur ekki fylgt launaþróun. Þannig hefur ekki ríkt það jafnræði á milli ríkis og sveitarfélaga í tekjuöflun sem ætla má að upptaka staðgreiðslu skatta á sínum tíma hafi gert ráð fyrir. Þá má benda á að reiknað endurgjald vegna einstaklinga í atvinnurekstri hefur lækkað stöðugt undanfarin ár og endurspeglar aukningu einkahlutafélaga. Á milli áranna 2002 og 2003 lækkaði það um 1,1 milljarð kr. Þessi *þróun í samskiptum ríkis* og sveitarfélaga hefur m.a. leitt til þess að nú virðist mikilvægt átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins vera í uppnámi nema samkomulag náist milli aðila um að bæta stöðu sveitarfélaga verulega. Því miður er vantraust sveitarstjórnarmanna í garð ríkisvaldsins með þeim hætti að litlar líkur eru á að samkomulag takist um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga á þessu kjörtímabili.

Herra forseti. Við 2. umr. um fjárlög ársins 2005 leggur Samfylkingin fram breytingartillögur við frumvarpið sem miða að því að jafna áhrif skattalækkana þannig að þær nýtist efnaminna fólki betur en gert er ráð fyrir í tillögum ríkisstjórnarinnar. Auk þess eru lagðar fram tillögur sem miða að sparnaði í ríkisrekstrinum og breyttum áherslum í skiptingu ríkisútgjalda. T.d. eru tilögur um að bæta stöðu mennta-, heilbrigðis- og félagsmála. Þá er gerð tillaga um að staðið verði við samning við Öryrkjabandalagið og stjórnarliðum þannig gefið tækifæri til að standa við loforð sem gefið var fyrir síðustu alþingiskosningar. Heildaráhrif tillagnanna bæta stöðu ríkissjóðs um 1 milljarð kr. Auk þess er gerð tillaga um að fresta yfirfærslu 5 milljarða kr. af uppsöfnuðum fjárlagaheimildum stofnana sem voru um 16 milljarðar kr. í árslok 2003. Nánar verður gerð grein fyrir tillögunum síðar í þessum umræðum.

Eins og áður hefur verið minnst á í þessu nefndaráliti hefur reynst mjög erfitt að fá upplýsingar frá fagráðuneytum um fjárhagsstöðu stofnana. Að mati 1. minni hluta er útilokað að umfjöllun um fjárlagafrumvarpið verði fullnægjandi án þess að slíkar upplýsingar liggi fyrir. Ekki er ljóst hvort þessar upplýsingar eru til í ráðuneytunum eða hvort þau séu að þverskallast við að afhenda þær. Hvort tveggja er alvarlegt mál. Fulltrúar Samfylkingarinnar í sjávarútvegsnefnd gera einnig alvarlegar athugasemdir við samskipti nefndarinnar og sjávarútvegsráðuneytisins. Í ljós kom að ráðuneytið hafði ekki óskað eftir fjárlagatillögum frá stofnunum heldur látið sér nægja að boða fulltrúa þeirra á fund þar sem þeim gafst kostur á að gera munnlega grein fyrir sjónarmiðum sínum og áherslum í tilefni fjárlagagerðar. Af þessum sökum lágu ekki fyrir nein skrifleg gögn eða upplýsingar um fjárlagatillögur stofnana ráðuneytisins. Þetta er í beinni andstöðu við 1. málsl. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, en þar segir, með leyfi forseta:

„Fjárlagatillögum aðila í A-, B- og C-hluta skal skilað til viðkomandi ráðuneytis."

Herra forseti. Bent er á í nefndarálitinu að þegar litið er

yfir þróun síðustu ára má greina sífellt aukna tregðu af hálfu framkvæmdarvaldsins til að láta Alþingi, þ.e. nefndum þess og einstökum þingmönnum, í té upplýsingar í tengslum við meðferð fjárlaga. Án upplýsinga er ljóst að löggjafinn hefur ekki forsendur til að endurskoða eða leggja sjálfstætt mat á þær tillögur sem hæstv. fjármálaráðherra setur fram í fjárlagafrumvarpinu. Afleiðing þessara vinnubragða er m.a. sú að meiri hluti Alþingis telur sig ekki hafa annan kost en að fallast á tillögur ráðherra í öllum meginatriðum.

Þetta háttalag framkvæmdarvaldsins grefur undan sjálfstæði Alþingis sem fjárveitingavalds og að mati 1. minni hluta fjárlaganefndar er ástæða til að forsætisnefnd þingsins taki þetta mál upp við hæstv. fjármálaráðherra til að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um fjármál ríkisins liggi ávallt fyrir hjá fjárlaganefnd.

Herra forseti. Það er ábyrgðarhluti að leggja fram frumvarp til fjárlaga sem einkennist af óvönduðum vinnubrögðum. Það er ekki síður ábyrgðarhluti löggjafans að gera ekki þær breytingar á frumvarpinu sem nauðsynlegar eru til að tryggja trúverðug fjárlög fyrir næsta ár. Því verður ekki trúað að fjárlaganefnd berist ekki upplýsingar um áætlaða stöðu stofnana í árslok en slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að hægt sé að gera raunhæfar áætlanir um rekstur næsta árs.

Stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í öllum málaflokkum einkennir það fjárlagafrumvarp sem hér er til umræðu og þess vegna skortir alla heildarsýn og forgangsröðun. Þegar vel árar í tekjuöflun ríkissjóðs reynir verulega á þá sem halda um stjórnartaumana. Þeir sem nú ráða för hafa ekki staðist það álag. Þess vegna stefnir í það að fjárlög næsta árs nýtist ekki sem verkfæri í baráttunni við þenslu og vaxandi verðbólgu. Það er kominn tími til að blekkingarleik fjárlaganna linni og raunveruleikinn taki við, þannig og aðeins þannig geta ríkisfjármálin leikið sitt mikilvæga hlutverk í baráttunni fyrir stöðugleika í efnahagsmálum. Taki raunveruleikinn völdin munu fjárlög öðlast þann sess hér á landi sem þau hafa hjá flestum þjóðum. Þá munu fjárlög og ríkisreikningur verða í takt.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir áliti 1. minni hluta fjárlaganefndar sem skipa auk mín hv. þingmenn Anna Kristín Gunnarsdóttir, Helgi Hjörvar og Jón Gunnarsson. Einnig er áheyrnarfulltrúi Frjálslynda flokksins í fjárlaganefnd, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, sammála nefndaráliti þessu.

Augljóst er að margt sem bíður 3. umr. og má búast við að sú umræða verði lífleg og fjörleg. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka samnefndarmönnum mínum í fjárlaganefnd fyrir ánægjulegt og gott samstarf. Það er ljóst að vinna fjárlaganefndar er slík að ekki er alltaf algjör samhljómur eða samstaða á milli meiri hluta og minni hluta. Hins vegar verður að segja eins og er að yfirleitt er vinnuandi góður í nefndinni og fyrir það ber að þakka.

[11:56]

Útbýting:

Fjárlög 2005, 1. mál, brtt. KolH og JBjarn, þskj. 449, brtt. KolH, þskj. 450, brtt. KolH og ÁI, þskj. 451, brtt. MS, þskj. 452.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 440–452. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

[11:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson fór býsna vítt og breitt í ræðu sinni eins og vera ber við þessar aðstæður. Ég vil gera sérstakar athugasemdir við eitt atriði.

Við hv. þingmaður erum sammála um að bæta þarf áætlanagerð í ríkisrekstri. Hann notaði skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings 2003 til að rökstyðja mál sitt og las upp skoðun ríkisreikningsnefndar á því hvernig eigi að færa óreglulega liði.

Ég hlýt að spyrja hv. þingmann hvort það skipti okkur ekki hvað mestu máli við samanburð á fjárlögum og ríkisreikningi að skoða afkomu hverrar stofnunar og ráðuneytis fyrir sig, (Forseti hringir.) þ.e. að við reynum að skoða niðurstöður þar.

[12:00]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá háttvirtum þingmanni að það skiptir gífurlegu máli hvernig einstakar stofnanir koma út og einstök ráðuneyti en heildarniðurstaðan hlýtur samt sem áður að vera það sem maður byrjar á að skoða. Ég vil minna háttvirtan þingmann á að í máli mínu benti ég einmitt á að á það skorti að við fengjum upplýsingar um áætlaða stöðu einstakra stofnana í lok árs, þrátt fyrir að við bæðum um þær strax í byrjun október. Til að við getum velt fyrir okkur stöðu einstakra stofnana er auðvitað lágmark að við höfum þær upplýsingar fyrir hendi. Það vekur auðvitað upp ýmsar spurningar þegar svo langan tíma virðist taka að fá jafnsjálfsagðar upplýsingar. Ef fjárlögin væru unnin eins og á að vinna þau þá lægju þessar upplýsingar fyrir og væri miðað við þær. En því miður er fjárlagafrumvarpið ekki unnið þannig og það er hluti af hinum stóra vanda.

Ég benti einnig á það í ræðu minni var að viðhorf framkvæmdarvaldsins til fjárlagagerðarinnar hefur komið fram í umræðunni varðandi samanburð á ríkisreikningi, fjárlögum og fjárlagafrumvarpi, þ.e. að nota megi alls konar svokallaða óreglulega liði til að réttlæta að sá afgangur sem boðaður er í fjárlögum og fjárlagafrumvarpi er orðinn að halla þegar kemur að ríkisreikningi.

[12:01]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við hljótum að vera sammála um að bættur ríkisrekstur er áhugamál okkar. Þess vegna eigum við að horfa á slíkan samanburð með þeim hætti. Þegar háttvirtur þingmaður fjallar t.d. um lífeyrisskuldbindingar og hvernig þær eru færðar í ríkisreikningi þá er einfaldlega um að ræða hluti sem ekki eru fyrirsjáanlegir. Þegar við kláruðum fjárlagafrumvarpið fyrir ári síðan var t.d. ekki fyrirsjáanlegt að gerðir yrðu kjarasamningar við kennara (**EMS:** Nú?) sem mundu færa mjög háar fjárhæðir inn í ríkisreikning þessa árs. Það var hreinlega ekki hægt að sjá fyrir.

Svo ég vitni í skýrslu Ríkisendurskoðunar þá kemur þar fram að nýjar skuldbindingar fyrir árið 2003 hafi verið 15 milljarðar kr. en 31 milljarður kr. fyrir árið 2002. Hver var skýringin? Lækkunina má skýra með góðri raunávöxtun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga árið 2003. Var það fyrirsjáanlegt þegar fjárlög þessa árs voru afgreidd?

[12:02]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn er reynt að klóra í bakkann varðandi þessa útskýringu á óreglulegum liðum. Það er auðvitað ljóst að marga liði í fjárlögum og fjárlagafrumvarpi er ekki hægt að sjá fyrir alveg upp á eyri. Hins vegar er það klárt, miðað við þá staðla sem miðað er við, að t.d. lífeyrisskuldbindingar eru fyrirséðar. Það er áætlað fyrir þeim í fjárlögunum. Vitanlega á að reyna að láta hvern einasta lið í fjárlögunum standast sem allra best.

Það er hins vegar rétt hjá háttvirtum þingmanni að kjarasamningar grunnskólakennara eru að hluta til örlítið öðruvísi en ýmsir aðrir kjarasamningar vegna þess að fjármálaráðherra kemur ekki sjálfur að þeim. Hins vegar gerði ríkið þann samning við sveitarfélögin að lífeyrisskuldbindingar sem kæmu í kjölfar samninga við grunnskólakennara féllu á ríkið. Þess vegna er eðlilegt að menn áætli eitthvað upp í það.

Aftur á móti verður athyglisvert að fylgjast með því máli. Væntanlega verður innan fárra daga ljóst hvort kjarasamningurinn við grunnskólakennara verður staðfestur eða ekki. Þá kemur í ljós hvort reiknað verður út hvað sú lífeyrisskuldbinding kostar og hvort það kemur inn í 3. umr. um fjáraukalög og fjárlög.

[12:03]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson féll í þá gryfju sem ágætir vinir mínir í stjórnarandstöðunni bægslast stundum í, þ.e. að gera okkur framsóknarmenn að hinu versta liði og aðalóvini þjóðarinnar. Ég geri athugasemd við þann málflutning sem kom fram í nefndaráliti og í ræðu háttvirts þingmanns, um að af einhverjum óskiljanlegum ástæðum sé það Framsóknarflokkurinn sem komi í veg fyrir lækkun á svonefndum matarskatti og þjóðin geti kennt Framsókn um útgjöld vegna matvælaverðs.

Ég geri athugasemd við þessi ummæli. Í stjórnarsáttmálanum kemur fram að fara eigi í endurskoðun á virðisaukaskattskerfinu. Sú vinna er fram undan. Því er þessi fullyrðing háttvirts þingmanns í besta falli gersamlega ótímabær. Eigum við ekki bara að bíða og sjá hvað kemur út úr þeirri vinnu sem ríkisstjórnin fer í áður en slíkar fullyrðingar eru hafðar á lofti?

[12:04]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að háttvirtur þingmaður hafi oftúlkað orð mín svolítið. Ég held að ég hafi ekki notað þau orð að Framsóknarflokkurinn væri helsti óvinur þjóðarinnar. En ég skil vel að háttvirtur þingmaður upplifi þannig upplýsingarnar, þær staðreyndir sem ég færði fram. Það er alveg óskiljanlegt að Framsóknarflokkurinn, með svo fáa þingmenn, geti haft slík áhrif á ríkisstjórnarsamstarfið.

Það liggur ljóst fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn hafði það í kosningastefnuskrá sinni að fara ætti þessa leið, að lækka matarskattinn. Þess vegna er með ólíkindum hve langan tíma tekur að ræða það mál milli flokkanna. Það er augljóst að á næsta ári verða engar breytingar á þessu, miðað við þær tillögur sem hér liggja fyrir, nema Framsóknarflokkurinn sé farinn að kikna örlítið í hnjánum gagnvart þessu. Og er þá kominn tími til. Það hefur yfirleitt ekki staðið á hnébeygjum hjá þeim ágæta flokki, a.m.k. þegar ákveðnir stólar hafa verið í boði.

[12:05]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við framsóknarmenn erum góðir í skrokknum, höfum góða fætur og kiknum ekki í hnjánum. Ég vil ítreka að það liggur fyrir í stjórnarsáttmála að farið verði í þessa vinnu. Ég vil bara beina því til míns ágæta vinar, hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar, að bíða með svona fullyrðingar þangað til tilefni verður til, ef til þess kæmi.

[12:06]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var vitanlega að fjalla um þær tillögur sem hér liggja fyrir varðandi næsta ár. En ef háttvirtur þingmaður er að boða það að Framsóknarflokkurinn ætli að beygja út af stefnu sinni varðandi matarskattinn á þeim vikum sem eftir eru af þingi þá fagna ég því sérstaklega. Þá skal ég feginn viðurkenna að þetta hafi verið ótímabærar yfirlýsingar.

Ég verð þó að vitna til þess að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði í spjallþætti fullum fetum að þetta næði ekki fram að ganga vegna andstöðu Framsóknarflokksins. *Ég taldi mig því bera tíðindi sem væru þjóðinni alkunn.* Ég fór bara yfir þau og hélt að hér væri ekkert nýtt. En það er þá nýtt í þessu máli, eins og mátti skilja á hv. þm. Magnúsi Stefánssyni og ég fagna því alveg sérstaklega, að það geti gerst á næstu klukkustundum, næstu dögum eða næstu vikum að Framsóknarflokkurinn komi í liðið. Við munum að sjálfsögðu öll fagna því ef Framsóknarflokkurinn kemst til vits í þessu máli.

[12:07]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson sagði vera svigrúm til skattalækkana. Þar erum við sannarlega sammála. En er hann þá á móti þeirri skattalækkun sem ríkisstjórnir stendur fyrir og stjórnarþingmenn? Er hann á móti því að auka barnabætur og er hann á móti því að afnema eignarskattinn, sem kemur sérstaklega eldra fólki til góða?

Það kom fram áðan að virðisaukaskatturinn væri í end-

urskoðun en refurinn sagði: „Þau eru súr," þegar hann náði ekki í berin.

[12:08]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir er greinilega um það bil að taka gleði sína varðandi matarskattinn. Hún hefur greinilega tekið mið af þeim orðum sem hv. þm. Magnús Stefánsson lét falla um hann. Ég verð líka í því liði sem fagnar þegar að því kemur.

Háttvirtur þingmaður spurði mig hvort ég væri á móti því að auka barnabætur og afnema eignarskattinn. Ég svara því þannig að ég er á móti þeirri forgangsröðun sem ríkisstjórnin hefur valið í þessum efnum.

Það er ljóst að við erum að fjalla um fjárlög fyrir árið 2005 og hvorugt af þessu kemur þar við sögu. Það er ljóst að þær skattbreytingar sem ríkisstjórnin leggur til eru upp á um 5 milljarða kr. Það væri hægt að forgangsraða þeim á annan hátt. Í ræðu minni gerði ég aðallega að umtalsefni að nýta mætti það svigrúm til að lækka matarskattinn.

Við í Samfylkingunni höfum boðað að við teljum að einnig beri að flýta því að hækka barnabætur. Ef það gæti verið til samkomulags við ríkisstjórnarmeirihlutann þá værum við auðvitað tilbúin að skoða það að barnabæturnar verði settar í forgang og hækki strax um áramót.

[12:09]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Annað sem vakti athygli mína í hinni yfirgripsmiklu ræðu háttvirts þingmanns var þegar hann fjallaði um meðalverð matvæla í Evrópu. Þá langar mig til að spyrja hann: Er sama verð á matvöru á Grikklandi, í Danmörku, í Þýskalandi eða á Ítalíu? Hvað átti hann við í máli sínu, þ.e. innfluttar matvörur eða innlendar matvörur sem eru framleiddar hér á landi? Ég vil vekja athygli háttvirts þingmanns á því að íslenskar mjólkurvörur hafa t.d. ekki hækkað, ekki um eina krónu, ekki um eitt prósent síðastliðin þrjú ár.

[12:10]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í ræðu minni fór ég út af fyrir sig ekki yfir verðlagningu á matvörum í miklum smáatriðum heldur vakti ég athygli á því að frétt sem birtist í morgun af könnun sem gerð hefur verið á matvælaverði félli afskaplega vel að tillögum okkar um að lækka matarskattinn. Í könnuninni var borið saman matarvælaverð í Evrópu. Það kemur ekkert fram í fréttinni um verðið í hverju einstöku ríki þannig að ég get ekki svarað til um verðið í þeim ágætu löndum sem háttvirtur þingmaður nefndi.

Í könnuninni kemur hins vegar fram m.a. að í þessum tölum vegur virðisaukaskattur á matvæli þungt. Hann er lægstur í Finnlandi og Svíþjóð. Hér á landi er virðisaukaskattur á matvæli ýmist 24,5% eða 14%. Ég var einmitt að vekja athygli á því að við gætum nálgast aðrar Evrópuþjóðir í matarverði með því að fara þá leið sem ég veit að háttvirtur þingmaður er sammála mér um að fara, eins og aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, að lækka matarskattinn. En hinn afar smái Framsóknarflokkur er þar hið þunga hlass sem þarf að velta.

[12:11]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er bæði óvenjulegt og óviðkunnanlegt þegar talsmenn stjórnarandstöðunnar nota stóran hluta af ræðum sínum í að gefa í skyn að ekkert sé að marka ríkisreikninginn og það sé ekkert að marka uppgjör ríkisins, þetta stangist allt á og menn geti ekki áttað sig á þessu. Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun hefur gefið út kemur mjög skýrt fram að þetta er algerlega samanburðarhæft og ekkert við það að athuga.

Athugasemdin sem háttvirtur þingmaður gerði að umræðuefni snýr að lífeyrissjóðunum og færslunum þar. Það er 60 milljarða kr. greiðsla sem ríkið hefur látið af hendi. Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við að ávöxtunin skuli færð til lækkunar skuldbindingunum en ekki færð sem fjármunatekjur. Ég held að sú athugasemd sé alveg hárrétt en hún breytir nákvæmlega engu.

[12:12]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona að ég hafi skilið háttvirtan þingmann rétt, að hann sé í raun algerlega sammála þeim athugasemdum sem við höfum gert frá því að fjárlagafrumvarpið var lagt fram, þ.e. að eðlilegt sé að bera saman ríkisreikninginn og fjárlög og fjárlagafrumvarpið en ekki, eins og hæstv. fjármálaráðherra og ýmsir fylgifiskar hans hafa sagt, að það væri ekki hægt.

Ég tek undir það sem Ríkisendurskoðun segir, að þetta sé sambærilegt og það eigi að bera þetta saman. Það er alger misskilningur hjá háttvirtum þingmanni að ég hafi sagt að það væri ekkert að marka ríkisreikninginn. Það er nákvæmlega það sem ég hef alltaf sagt, að það væri eðlilegt að miða við ríkisreikninginn vegna þess að það sé marktækur pappír en því miður hafi það hins vegar verið svo að fjárlagafrumvarpið og fjárlögin hafi ekki reynst eins marktæk og ýmsir vilja. Ég veit að háttvirtur þingmaður er mér algerlega sammála um að fjárlögin eigi auðvitað að vera þannig lög að eftir þeim sé hægt að fara og það geri allir.

[12:13]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Stóri mismunurinn þarna er á færslunum á lífeyrisréttindunum. Það er eðlilegt, þegar við erum með reikning á greiðslugrunni, að við færum hann eins og við gerum. Um það voru allir sammála þegar við settum ný lög um fjárreiður ríkisins árið 1997. Það er því algerlega sambærilegt í alla staði. Komi til nýir samningar er það allt gjaldfært inn í fjárlagafrumvarpið en í reikningnum er það fært þar sem skuldbindingarnar falla niður.

Ríkisreikningur er byggður á samræmdum uppgjörsstöðlum Sameinuðu þjóðanna sem unnið hefur verið að í meira en 50 ár. Þetta er algerlega sambærilegt og mjög slæmt þegar menn láta að því liggja að þar sé um einhvern galdrapott að ræða, þar séu menn að hræra í einhverju og

ekkert sé að marka þau uppgjör. Þau eru nákvæmlega sambærileg í alla staði. Ef menn lesa skýrslu Ríkisendurskoðunar þá kemur fram að þessir hlutir eru fullkomlega sambærilegir. Það er eðlilegt með einstakar færslur að Ríkisendurskoðun geri þar athugasemdir og ekkert við það að athuga.

[12:14]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Háttvirtur þingmaður staðfestir enn það sem ég hef sagt, að þetta eru sambærilegir hlutir og við eigum þess vegna að geta borið þá saman. Það er hins vegar þannig, háttvirtur þingmaður, að við 1. umr. og jafnvel í fjölmiðlum hafa ýmsir haldið öðru fram. Ég er mjög ánægður með það að háttvirtur þingmaður skuli vera í liði með okkur sem segjum að þetta séu sambærilegir hlutir. Þannig er það og þannig eiga menn að umgangast þá.

Það er hins vegar nauðsynlegt fyrir háttvirtan þingmann að lesa þriðja kaflann í áðurnefndri skýrslu. Hann er ekki mjög langur. Hann hefst á bls. 17 og honum lýkur á bls. 20. *Ég vona að háttvirtur þingmaður verði búinn að lesa þennan kafla þegar hann heldur ræðu sína á eftir en sá kafli er að mínu mati tileinkaður hæstv. fjármálaráðherra Geir H. Haarde.* Ég vona jafnframt að háttvirtur þingmaður geti eftir lestur kaflans átt stutt spjall við hæstv. fjármálaráðherra og komið honum í skilning um það sem í kaflanum stendur.

[12:15]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti 2. minni hluta fjárlaganefndar sem ég skipa sem fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í fjárlaganefnd.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2005 og breytingartillögum hennar og meiri hluta fjárlaganefndar kemur fram hver stefna ríkisstjórnarinnar er. Það frumvarp til fjárlaga sem hér liggur fyrir er í samræmi við fyrri frumvörp þessarar ríkisstjórnar þó þannig að nú er enn meiri áhersla lögð á að færa þeim mest sem hafa mest fyrir.

Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram hvernig tekna skuli aflað og hvernig þeim verði síðan ráðstafað á einstaka málaflokka. Nánari skoðun á því sýnir vel áherslur ríkisstjórnarinnar þar sem markvisst er þrengt að velferðarsamfélaginu. Áherslur ríkisstjórnarinnar hafa leitt til aukinnar misskiptingar í íslensku samfélagi. Bilið á milli ríkra og fátækra er sífellt að aukast og mun aukast enn frekar með tillögum ríkisstjórnarinnar um breytingar í skattkerfinu. Þannig eiga þeir sem hafa mest að fá mest og þeir sem hafa minnst að fá minnst. Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks stefnir þjóðinni í auðhyggjusamfélag þar sem skammtímagróði og peningalegur mælikvarði er lagður á allt og alla. Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur ekki samþykkt slíkar áherslur.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur áherslu á velferð og jöfnun lífskjara. Íslenskt samfélag á að einkennast af jöfnuði, frelsi, fjölbreytni og ríkri samkennd. Framtíðarsýn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er að allir fái notið sín á eigin forsendum í samfélagi þar sem samhjálp, virðing og velferð ríkir. Skattastefnan á að fela í sér tekjujöfnun og að byrðum sé dreift með sanngjörnum hætti. Velferð á að vera allra en ekki hinna fáu. Jafnt tillit verður að taka til félagslegra, efnahagslegra, líffrænna og menningarlegra þátta, hvort sem horft er til skemmri eða lengri tíma. Í slíku samfélagi blómgast bæði sveit og borg á eigin forsendum.

Frú forseti. Efnahagsforsendur fjárlaga ársins 2004 hafa gjörbreyst frá því að lagt var upp með fjárlögin fyrir tæpu ári síðan. Þannig er nú spáð að aukning í einkaneyslu verði um 7% en ekki 3,5% eins og spáð var. Fleiri dæmi mætti nefna, svo sem fjárfestingu en hún jókst nærri tvöfalt meira en gert hafði verið ráð fyrir. Forsendur fjárlaga ársins 2004 hafa því á margan hátt ekki gengið eftir. Í framhaldi af því hlýtur að vakna sú spurning hvort ekki þurfi að bæta vinnubrögðin við fjárlagagerðina þegar forsendur fjárlaga eru áætlaðar.

Í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár er talið að viðskiptahallinn á þessu ári verði 7–8% af landsframleiðslu og, eins og þar segir, með leyfi forseta: „vaxi síðan hratt og nái hámarki 2006 og verði þá 13–14 % af landsframleiðslu". — Ef að líkum lætur ætti landsframleiðslan að vera komin yfir 1.000 milljarða kr. þá og við erum þá að tala um 130, 140 eða 150 milljarða halla á því ári. — „Aukinn viðskiptahalla má að verulegu leyti rekja til beinna og óbeinna áhrifa vegna stóriðjuframkvæmdanna." — Enda er ítrekað bent á það í greinargerðum með fjárlagafrumvarpinu og efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar að beita verði sérstöku aðhaldi vegna stóriðjuframkvæmdanna bæði fyrir austan og hér fyrir sunnan. — „Áætluð bein áhrif vegna þeirra skýra um 40% af viðskiptahallanum þegar framkvæmdir standa sem hæst árin 2005–2006." Athygli er vakin á að yfir 60% viðskiptahallans stafa ekki af þessari stóriðju heldur vegna aukinnar einkaneyslu og þenslu í samfélaginu. Við þessar aðstæður velur ríkisstjórnin að lækka skatta, sérstakan hátekjuskatt á hátekjufólki og tekjuskatt einstaklinga, um 5 milljarða kr. á næsta ári. Þessum niðurskurði á tekjum ríkisins er mætt með niðurskurði á samgönguáætlun um 1,7 milljarða kr. á þessu ári og um 4 milljarða kr. á næsta og þarnæsta ári samtals, þ.e. um tæpa 2 milljarða á árinu 2005 og 2 milljarða á árinu 2006. Þá eru framlög til velferðarkerfisins skert, auknir skattar lagðir á sjúklinga eða þá sem þurfa að leita til heilbrigðisstofnana og heilsugæslustöðva og skólagjöld í háskólum aukin.

Frú forseti. Efnahags- og viðskiptanefnd ber lögum samkvæmt að fara yfir tekjuforsendur frumvarpsins. Það hefur hún enn ekki gert með viðhlítandi hætti og verður því *sá hluti frumvarpsins tekinn sérstaklega til umfjöllunar við* 3. umr.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 er lagt til að útgjöld ríkissjóðs verði á næsta ári rúmir 294,6 milljarðar kr. Enn fremur er í breytingartillögum frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar lagt til að útgjöld verði aukin um 1,7 milljarða kr. Samtals er því gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs verði um 296,3 milljarðar kr. á næsta ári. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir því í endurskoðaðri tekjuáætlun að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verði um 306,4 milljarðar kr.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er eins og oft áður kveðið á um hækkun þjónustugjalda. Þessar hækkanir koma

eins og alltaf harðast niður á þeim er síst skyldi. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að skráningargjöld stúdenta í ríkisháskólunum verði hækkuð úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Ráðgert er að hækka komugjöld til heilbrigðis- og heilsugæslustöðva um 50 millj. kr. Þá má ekki gleyma skattalækkunarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar, sem nú er til meðferðar á Alþingi, þar sem megininntakið er að þeir beri mest úr býtum sem þegar hafa mest fyrir.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar „Endurskoðun ríkisreiknings 2003" kemur fram að fjárhagsstaða margra framhaldsskóla var slæm í árslok 2003. Í skýrslunni eru nefndir 11 skólar þar sem neikvætt eigið fé er samtals 662 millj. kr. Margir framhaldsskólar eru í slíkri stöðu ár eftir ár. Á þetta hefur ítrekað verið bent við fjárlagaumræður og Ríkisendurskoðun hefur gert alvarlegar athugasemdir við það að stofnanir eins og framhaldsskólar beri halla á milli ára. Það er ljóst að taka verður á þessum vanda. Reiknilíkanið sem skammtar fé til framhaldsskólanna er enn meingallað og mikilvægt að ljúka endurskoðun á því sem allra fyrst. Í áliti 2. minni hluta menntamálanefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 er jafnframt bent á að undanfarin ár hafi stjórnvöld neitað að samþykkja áætlanir framhaldsskólanna um fjölda ársnemenda. Vegna þessa hefur nemendafjöldinn verið vanáætlaður í fjárlögum. Skólarnir hafa ekki fengið bættan útgjaldaauka vegna fjölgunar nemenda fyrr en nokkuð eftir á. Þetta hefur m.a. leitt til vandræðaástands eins og skapaðist í þjóðfélaginu síðastliðið sumar þegar mörg ungmenni gátu ekki fengið skólavist vegna fjársveltis framhaldsskólanna. Stjórnvöld samþykktu um síðir að setja meiri fjármuni til framhaldsskólanna svo að þeir gætu tekið á móti fleiri nemendum. Vegna fjárhagsstöðu margra framhaldsskóla leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð því áherslu á að reiknilíkanið sem greitt er eftir verði endurskoðað og raunveruleg fjárþörf skólanna verði metin. Í reiknilíkaninu er vanáætlað til margra þátta, m.a. til fjármálastjórnar, tölvukaupa og reksturs tölvukerfa, svo að nokkuð sé nefnt. Þá eiga verknámsskólar og heimavistir erfitt með að fá sinn sérkostnað metinn. Fáránlegt er að setja þak á nemendafjölda minni framhaldsskóla þar sem aukinn fjöldi nemenda styrkir þessa skóla og eykur möguleika á fjölbreyttara námsframboði. Ég hugsa hér t.d. um Fjölbrautaskólann á Akranesi, Menntaskólann á Ísafirði og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, Húsavík, Laugum. Það er alveg fáránlegt að setja þak á nemendafjölda þessara skóla eins og gert hefur verið með því að takmarka fjárveitingar til þeirra og taka ekki strax inn aukinn nemendafjölda þannig að þeir geti mætt þeim kröfum sem gerðar eru. Þá er ótæk sú stjórnsýsla að láta framhaldsskólana bera stöðugt uppsafnaðan halla milli ára. Hefur Ríkisendurskoðun, eins og ég hef áður bent á, ítrekað lagt áherslu á að slíkt sé ekki heimilt samkvæmt fjárreiðulögum. Þá hafa forsvarsmenn framhaldsskólanna og ríkisháskólanna harðlega gagnrýnt að sjálft reiknilíkanið skuli ekki vera skólunum aðgengilegt þó að þeim sé gert að haga rekstri sínum eftir þeim duttlungum þess.

Í fylgiskjali með nefndaráliti þessu er einmitt minnisblað frá Félagi íslenskra framhaldsskóla og Skólameistarafélagi Íslands þar sem rakin eru nokkur atriði sem forsvarsmenn þessara skóla vilja benda að hafi verið vanáætluð og vangert af hálfu ríkisins gagnvart þeim skólum. Rétt er að ítreka hér svo öllum sé það ljóst að ríkið ber ábyrgð á framhaldsskólunum, rekstri þeirra og skyldum. Samkvæmt lögum er skylt að taka inn þá nemendur sem sækja um skólavist í framhaldsskólum landsins. Það er því vert að íhuga þau vinnubrögð sem eiga sér stað, en ég leyfi mér að vitna hér í minnisblað Félags íslenskra framhaldsskóla og Skólameistarafélags Íslands þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Undanfarin ár hefur fjárveitingavaldið ekki samþykkt réttar áætlanir menntamálaráðuneytisins og skólameistara um fjölda ársnemenda í skólum."

Hvers vegna er það svo? Félag framhaldsskóla og menntamálaráðuneytið skila ákveðnum tölum um nemendafjölda til fjármálaráðuneytisins sem leyfir sér síðan á eigin forsendum að skera þann fjölda niður eftir því sem þeim þykir passa við þær fjárlagatölur sem þeir hafa ákveðið að leggja í málið. Hvers konar vinnubrögð eru þetta innan stjórnsýslunnar? Mér finnast svona vinnubrögð alveg dæmafá. Alþingi ber að átelja harðlega vinnubrögð fjármálaráðuneytisins af þessum toga, að leyfa sér með einhliða hætti að skera niður tölur um nemendafjölda sem menntamálaráðuneytið skilar til fjármálaráðuneytisins.

Síðan segir í þessu minnisblaði frá Félagi íslenskra framhaldsskóla:

„Ársnemendur 2004 verða líklega eitt þúsund fleiri en fjárlög gera ráð fyrir" — eitt þúsund fleiri — „og í tillögum til fjáraukalaga sjást 250 millj. vegna fleiri ársnemenda. Þessa fjárhæð þyrfti að tvöfalda til að mæta aukningunni. Nú er rétt að það komi fram að nokkur viðbót hefur komið í þetta en þó vatnar enn þá um 200 millj. kr. til þess að framhaldsskólarnir geti rekið sig nokkurn veginn á sléttu á þessu ári. Þegar svo margir nemendur fást ekki bættir fyrr en eftir á lenda margir skólar í miklum vanda vegna þess að þeir fá ekki rekstrarfé."

Frú forseti. Ég get ekki annað en ítrekað hér hversu óvönduð og ósanngjörn vinnubrögð það eru að leyfa sér með einhliða hætti að skera niður fjárveitingar til framhaldsskólanna á grundvelli þess að menn við skrifborð í fjármálaráðuneytinu fækka nemendum einhliða.

Varðandi opinberu háskólana er nauðsynlegt að laga launastiku reiknilíkans menntamálaráðuneytisins sem notast er við þegar greitt er til háskóla. Í áliti 2. minni hluta menntamálanefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 kemur m.a. fram að ein af niðurstöðum skýrslu um „forsendur útreikninga nemendaframlaga í reiknilíkani um kennslu við háskóla" sem starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins skilaði af sér í mars á þessu ári hafi verið að 10,5% vanti upp á að launastikan endurspegli meðallaunahækkanir í háskólum. Þannig hefur verið áætlað að á árunum 2001–2003 hefði fjárveiting til kennslu í ríkisháskólunum átt að vera um milljarði kr. hærri en raun var á.

Frú forseti. Aftur komum við að því að ríkisvaldið, ráðuneytið, fjármálavaldið skammtar sér sínar eigin forsendur sem eru í engum takti við raunveruleikann. Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur til að þetta verði leiðrétt og leggur jafnframt áherslu á að fjárveitingar til Háskóla Íslands verði auknar svo koma megi til móts við þann fjárhagsvanda sem einkum fámennar greinar standa frammi fyrir. Háskóli Íslands, sem er langstærsta kennslu- og rann-

sóknastofnun landsins, hefur búið við fjársvelti undanfarin ár. Stjórnvöld hafa ekki brugðist nægilega markvisst við *aukinni eftirspurn eftir námi í skólanum.* Þannig kemur fram í áliti 2. minni hluta menntamálanefndar um fjárlagafrumvarpið að á þessu ári er áætlað að virkir nemendur verði um 5.800 en í fjárlögum ársins er aðeins gert ráð fyrir 5.200 nemendum. Skólinn er því í raun að mennta um 600 nemendur sem hann fær ekki greitt fyrir. Slíkt mun á endanum bitna á gæðum kennslunnar.

Þá má nefna að hlutfall fjárveitinga til rannsókna í Háskóla Íslands var 67% af kennsluframlagi á árinu 1999 en verður komið niður í 46% árið 2005 verði rannsóknarframlag til skólans ekki aukið. Háskóli Íslands er stærsta menntastofnun landsins og hefur fært þjóðinni mikla hagsæld með menntuðum einstaklingum og framúrskarandi rannsóknum. Sú kraftmikla stofnun sem háskólinn er og hefur verið er ein af forsendum þess að við höfum getað byggt upp sjálfstæða þjóð þar sem lífskjör eru með því besta sem gerist. Ekki má þrengja svo að Háskóla Íslands að það dragi úr gæðum kennslu eða aðgangi nemenda að skólanum. Lausnin er ekki að koma á skólagjöldum þar sem aðstaða þeirra efnameiri verður betri til að fá menntun. Því mótmælir Vinstri hreyfingin – grænt framboð aðgangstakmörkunum og skólagjöldum í opinberum háskólum. Brýnt er að búa svo um að opinberir háskólar beri ekki skarðan hlut frá borði í þeirri samkeppni sem efnt hefur verið til á milli einstakra háskóla. Sem stendur geta sjálfseignarstofnanirnar aukið tekjur sínar með því að innheimta skólagjöld af nemendum án þess að það komi niður á hinu opinbera framlagi. Réttmætt er að halda því fram að verið sé að pína opinbera háskóla til að fara út á sömu braut, þ.e. að innheimta skólagjöld. Slíkt samrýmist engan veginn sjónarmiðum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um jafnrétti til náms. Mikilvægt er að stjórnvöld móti opinbera heildarstefnu um háskólastigið eins og Ríkisendurskoðun leggur til í skýrslu sinni „Háskólamenntun, námsframboð og nemendafjöldi", stefnu þar sem verkefnum er forgangsraðað og *þau tímasett og mælanleg markmið skilgreind.*

Frú forseti. Minni hlutinn, þingmenn í stjórnarandstöðunni og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt fram breytingartillögur sem taka í nokkru á fjárhagsvanda hinna opinberu háskóla.

Ef við víkjum að utanríkismálum er samkvæmt fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir því að útgjöld til utanríkismála verði um 6,7 milljarðar kr. Mikil útgjaldaaukning hefur orðið í þessum málaflokki á undanförnum árum. Í grein sem birtist í Morgunblaðinu 14. október sl. kom m.a. fram að á ellefu ára tímabili, þ.e. frá árinu 1995, hafi útgjöld til málaflokksins hækkað um 245% en á sama tíma hafi vísitala neysluverðs hækkað um 36%. Þá kemur einnig fram í áðurnefndri grein að á þessu sama tímabili hafi kostnaður vegna sendiráða Íslands hækkað um 260%. Að auki hafi um 2,7 milljörðum kr. verið varið til kaupa á húsnæði fyrir sendiráð og sendiskrifstofur, viðhalds, innréttinga og breytinga. Þá kemur fram í skýrslu sem utanríkisráðherra lagði fyrir Alþingi í apríl sl. að á átta ára tímabili, 1995–2002, hafi verið stofnuð átta sendiráð og sendiskrifstofur.

Með því nýmæli í fjárlögum að setja öll sendiráð undir eitt fjárlaganúmer dregur mjög úr gagnsæi þeirra fjármuna sem varið er til sendiráða og hvernig þeir eru nýttir. Áður fyrr var hvert sendiráð sérstakur fjárlagaliður og þá sást hvað var ætlað til starfseminnar á hverjum stað. Á undanförnum árum hafa fjárveitingar til þessa málaflokks aukist mjög og því er nauðsynlegt að ljóst sé hvar útgjöld hafa aukist eða hvar og hvernig þörfin hefur verið metin. Eins og þetta er sett upp núna er engin leið að átta sig á þeim áherslubreytingum sem íslensk utanríkisþjónusta er að taka *hvað varðar starfsemi einstakra sendiráða.*

Ríkisendurskoðun hefur í skýrslu sinni „Endurskoðun ríkisreiknings 2003" gagnrýnt þetta fyrirkomulag og telur að með þessu dragi úr gagnsæi upplýsinga og að líklegt sé að ábyrgð forstöðumanna minnki. Ég vil ítreka, frú forseti, að ég tel að fjárlaganefnd og Alþingi eigi að taka málið til endurskoðunar og kanna hvort ekki sé rétt að færa þessi mál aftur í gagnsærra form við fjárlagagerðina þannig að hægt sé að fylgjast með og sjá hvernig áherslur breytast í utanríkisþjónustunni og rekstur einstakra sendiráða gengur.

Áfram er bætt í svokallaða íslenska friðargæslu á erlendri grund. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að hervæða íslenska ríkisborgara og stilla þeim upp við hlið hersveita NATO og Bandaríkjanna. Jafnframt er mótmælt þátttöku Íslands í hópi hinna vígfúsu ríkja við innrásina í Írak og að íslenska ríkið leggi fram fé til hergagnaflutninga.

Frú forseti. Við höfum ítrekað látið það koma fram á þingi að við teljum að Ísland eigi að auka framlag sitt til friðar- og þróunarstarfa á þeim forsendum sem við Íslendingar erum reiðubúnir að vinna sterkir á, ekki til að taka þátt í hernaði eða herflutningum en á sviðum mannúðarmála, atvinnumála og skipulagsmála getum við vel lagt okkar af mörkum. Þangað á áherslan að beinast en ekki að setja íslenska borgara í herbúninga undir stjórn hervelda á erlendri grund. Það er andstætt íslenskri þjóðarvitund, á móti íslenskum lögum og með þeim aðgerðum setjum við Íslendinga út um allan heim í skotlínu, nokkuð sem er engin ástæða til og ég held að þjóðin sé andvíg. Þess vegna *mótmælum* við þeim tillögum sem uppi eru í fjárlagafrumvarpinu og sýna stefnu ríkisstjórnarinnar að styrkja enn frekar svokallaðar friðargæslusveitir sem eru í raun vopnaðir ríkisborgarar við hlið erlendra herja.

Ef litið er á heilbrigðismálin er fjárhagsvandi Landspítala – háskólasjúkrahúss mikill. Við höfum fylgst með umræðu allt þetta ár um hvernig beitt hefur verið hörðum niðurskurði á starfsemina þar. Handahófskenndur niðurskurður hefur gengið mjög nærri starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss á árinu. Enn er honum gert að spara um 600 millj. kr. í rekstri á næsta ári. Ljóst er að með auknum niðurskurði er höggvið í grunnstoðir heilbrigðisþjónustu landsmanna. Ég leyfi mér að vísa til álits minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar um fjárhagsstöðu spítalans og til tillöguflutnings þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem miða að því að styrkja fjárhagsstöðu spítalans og reyndar annarrar heilsugæslu í landinu og verður mælt fyrir síðar í dag.

Varðandi heilbrigðis- og heilsugæslustofnanir kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar „Endurskoðun ríkisreiknings 2003" að fjárhagsstaða margra heilbrigðisstofnana var slæm í árslok 2003. Í því sambandi eru sérstaklega

nefndar fimm heilbrigðisstofnanir þar sem samanlagður höfuðstóll er neikvæður um 297 millj. kr. Það er jafnframt ótækt að svo mikilvægar stofnanir séu stöðugt látnar bera halla milli ára. Það stríðir gegn lögum og er dæmi um slæma fjársýslu af hálfu stjórnvalda í Stjórnarráðinu.

Annar minni hluti mótmælir fyrirhuguðum niðurskurði hjá heilbrigðisstofnunum á Blönduósi, Hvammstanga, Patreksfirði og Bolungarvík, þar sem gert er ráð fyrir að fella niður bráðaþjónustu. Þó er gert ráð fyrir lítils háttar aukningu við 2. umr. til þessa liðar en þó engan veginn til að mæta þeirri þörf sem þar er og ég mótmæli þeirri stefnu að að skera af þá þjónustu sem þarna hefur verið. Margar aðrar heilbrigðisstofnanir, t.d. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Heilbrigðisstofnun Austurlands, búa við verulegan fjárskort sem ekki er tekið að fullu á og svo má áfram telja.

Einnig er rétt að vekja athygli á því að þúsundir íbúa höfuðborgarsvæðisins eru án skráðs heimilislæknis. Það ástand hlýtur að vekja verulegan ugg í stöðu heimilislækninga á því svæði.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir þeirri einkavæðingu sem á sér stað í heilsugæslunni. Reynslan af því að gera samning við einkaaðila um að taka að sér heilsugæsluna virðist ekki vera góð. Þannig kemur eftirfarandi fram í áðurnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar um Heilsugæslustöðina í Lágmúla. Í umræddri skýrslu Ríkisendurskoðunar stendur, með leyfi forseta:

„Heilsugæslustöðin Lágmúla starfar samkvæmt verktakasamningi milli Heilsugæslunnar í Reykjavík og Heimilislæknastöðvarinnar ehf. Samningurinn rann út í árslok 2000 en aðilar líta svo á hann sé enn þá í gildi þar sem þeir hafa ekki sagt honum upp. Við endurskoðun Ríkisendurskoðunar voru gerðar athugasemdir við að eignaskrá liggur ekki fyrir og lánveitingar til lækna sem jafnframt eru hluthafar Heimilislæknastöðvarinnar ehf. Í þjónustusamningi er engin heimild fyrir slíkum lánveitingum. Þá er þar kveðið á um hvernig fara eigi með rekstrarafgang og skal helmingur skattalegs hagnaðar renna til verksala en hinn helminginn skal leggja í varasjóð sem verksali ávaxtar. Á síðustu fimm árum nam tekjuafgangur 52 millj. kr. sem verksala hafa verið greiddar. Sá hluti rekstrarafgangs sem leggja átti í varasjóð var ekki lagður þangað. Þá hafði landlæknisembættið ekki sinnt sérstaklega eftirliti með störfum verksala og gæðum þjónustunnar eins og kveðið er á um í samningi."

Auk þess mun það vera svo að einstakir læknar reka einkahlutafélag í kringum sjálfan sig á viðkomandi stöð. Þetta er ekki glæsileg einkunn sem Ríkisendurskoðun gefur einkavæðingarbrölti ríkisstjórnarinnar. Hvernig má það t.d. vera að hagnaður sé af rekstri heilsugæslustöðvar þegar fjöldi fólks í því hverfi sem hún á að sinna fær ekki fastan heimilislækni og, það sem verra er, fær ekki að panta tíma hjá læknum heldur má einungis koma á ákveðnum tímum og bíða stundum langtímum saman eftir að fá að hitta lækni. Og hvernig má það vera að þessi sama stöð er samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar að stunda lánarekstur til eigenda sinna? Og hvers konar vinnubrögð eru það að hafa ekki endurskoðað samning sem rann út í árslok 2000?

Frú forseti. Ekki var staðið við kosningaloforð sem gefið var við síðustu alþingiskosningar um réttarbætur til ungra öryrkja. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir því harðlega að ríkisstjórnin ætli ekki að uppfylla samkomulagið við Öryrkjabandalagið frá því í mars 2003 um aldurstengdar örorkubætur. Eins og fram kemur í áliti minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 er ljóst að um 500 millj. kr. vantar til að hægt verði að standa við það fyrirkomulag sem kynnt var að taka ætti upp, þ.e. að tvöfalda hækkun grunnlífeyris hjá yngstu öryrkjunum. Heilbrigðisráðherra hefur staðfest í fjölmiðlum að loforðið við öryrkja hafi ekki verið efnt að fullu. Haustið 2003 talaði ráðherrann um að „greiða þyrfti hækkanirnar sem um var samið í áföngum, 66% koma til greiðslu um næstu áramót (2003/2004) og afgangurinn ári síðar." Nú kveður hins vegar við annan tón og ekki á að standa við þennan samning. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 er ekki gert ráð fyrir neinu fé til að standa við afganginn af samningnum eða seinni áfangann eins og heilbrigðisráðherra talaði um fyrir um ári síðan.

Við höfum heyrt hér í umræðum um skattatillögur ríkisstjórnarinnar að hún telur nauðsynlegt að standa við kosningaloforðin um að lækka skatta. Það er alltaf ágætt að geta staðið við loforð sín. En þegar ríkisstjórnin er að velja á milli kosningaloforða þá er forgangsröðunin mjög einkennileg. Það er valið að standa við skattalækkunina en hins vegar ekki valið að standa við aðra samninga sem ríkisstjórnin hefur gert.

Fjárhagur margra sveitarfélaga hefur verið erfiður undanfarin ár. Stöðugt fleiri verkefni hafa verið færð til sveitarfélaganna án þess að þeim hafi fylgt nægir tekjustofnar. Með samþjöppun í sjávarútvegi og sölu fiskveiðiheimilda frá byggðunum hverfa jafnframt fyrirtæki þeirra einstaklinga sem greiddu hæstu gjöldin til sveitarfélaganna. Þessi þróun hefur leitt til þess að mörg bæjar- og sveitarfélög eiga í miklum fjárhagsörðugleikum. Þannig hafa sveitarfélögin verið rekin með halla frá 1990 en samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er líklegt að um 2,8 milljarða kr. halli verði á rekstri sveitarfélaganna árið 2003. Samhliða þessu hafa hreinar skuldir sveitarfélaganna aukist gríðarlega. Einu skilaboðin sem sveitarfélögin fá frá ríkisvaldinu eru að þau eigi að selja eignir. Þetta hefur leitt til þess að mörg sveitarfélög hafa þurft að selja frá sér sínar arðbærustu eignir, svo sem orkubú. Þetta ráð getur aðeins dugað í ákveðinn tíma. Hvað eiga sveitarfélögin að gera þegar þau hafa selt allar eignir sínar og notað söluandvirðið til að standa undir lögbundinni þjónustu við íbúana?

Fylgiskjal I með þessu nefndaráliti er grein sem við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skrifuðum í Morgunblaðið 29. september þar sem lýst er stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart sveitarfélögunum. Hún ber yfirskriftina Sveitarfélögin svelt til hlýðni. Því miður, frú forseti, virðist engin breyting vera sjáanleg á þeirri stefnu ríkisvaldsins að ætla að svelta sveitarfélögin til hlýðni.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun leggja hér fram breytingartillögur við þetta frumvarp sem miða að nokkru að því að treysta fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Auk þess minni ég á að við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum flutt tillögu sem er til meðferðar í þinginu um að verði tekjuskattur ríkisins lækkaður um 1% þá verði það eina prósent fært til sveitarfélaganna og þeim

leyft að hækka álagningarhluta sinn sem því nemur til þess að treysta betur fjárhagsstöðu þeirra. Það er ótækt að ríkisvaldið geti einhliða og með hroka lækkað eigin tekjur en látið síðan hinn aðilann sem er líka ábyrgur á móti ríkisvaldinu í að sinna velferðarkerfinu, sinna samfélagsþjónustunni, stöðugt vera sveltan og búa við allt of lága tekjustofna.

Ef við lítum á umhverfismálin þá er það stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að vernda íslenska náttúru og auðlindir lands og sjávar. Náttúruauðlindir eiga að vera sameign landsmanna og um vernd þeirra og nýtingu verður að ríkja góð sátt. Slíkt gerist ekki fyrr en stjórnvöld opna augu sín fyrir gildi náttúruverndar og læra mikilvægi þess að við nýtingu náttúrulegra auðlinda sé farið að meginsjónarmiðum sjálfbærrar þróunar. Með hliðsjón af því leggur Vinstri hreyfingin – grænt framboð áherslu á að efla stofnanir sem starfa á sviði náttúruverndar og nýtingar náttúruauðlinda og gera þeim kleift að sinna sínu þýðingarmikla hlutverki. Þá er ljóst af áliti minni hluta umhverfisnefndar um frumvarp til fjárlaga að margar stofnanir sem heyra undir umhverfisráðuneytið eiga við verulega fjárvöntun og rekstrarvanda að etja.

Nefna má Náttúrufræðistofnun. Það er brýnt að bæta fjárhag hennar því hún ber uppsafnaðan halla og auk þess þarf að styrkja árlegan rekstrargrundvöll hennar.

Skipulagsstofnun sem líka hefur veigamiklu hlutverk að gegna býr líka við skertan fjárhag. Henni er ætlað að innheimta sértekjur langt umfram það sem raunhæft er þannig að Skipulagsstofnun er gert erfitt að sinna þeim verkefnum sem henni er ætlað að sinna. Það er einmitt verið að færa auknar skyldur til Skipulagsstofnunar, m.a. vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um mat á umhverfisáhrifum árið 2000 sem gera auknar kröfur til stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun. Láðst hefur að reikna með fjárveitingu vegna verndaráætlunar fyrir Mývatnssveit sem þó var gert ráð fyrir í lögum nr. 97/2004, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Einnig er nauðsynlegt að leiðrétta ýmsa fjárlagaliði á vegum Umhverfisstofnunar sem lúta að umhverfismálum og náttúruvernd.

Frú forseti. Fjárlagfrumvarpið eins og það liggur nú fyrir markar ákveðin vatnaskil í ríkisfjármálum. Fyrsti áfangi stórfelldra skattalækkana kemur til framkvæmda. Þeim er mætt með skertum framlögum til velferðarkerfisins, skólagjöldum og sjúklingasköttum. Sérstök framlög ríkisstjórnarinnar til vegamála á kosningaári hafa nú gufað upp og niðurskurður á samþykktri samgönguáætlun á þremur árum nemur tæpum 6 milljörðum kr. Tillögur um hvar sá niðurskurður eigi að koma niður liggja ekki enn fyrir en að sjálfsögðu er það krafa að tillögur um niðurskurð á fjárlögum til samgönguáætlunar verði komnar inn til þingsins fyrir lok 3. umr. þannig að þingið geti tekið afstöðu til þess hvort það samþykki þennan niðurskurð og það hvernig hann komi niður. Ég krefst þess því að endurskoðuð samgönguáætlun þar sem sýnt er hvar þessi niðurskurður eigi að koma niður liggi fyrir áður en við afgreiðum fjárlög héðan. Víst er að íbúar hinna dreifðu byggða, einkum á Vestfjörðum og Norðausturlandi, inn til dala og út til nesja um allt land sem höfðu vænst þess að aukið átak í samgöngumálum mundi flýta fyrir að þeir fengju gott vegasamband, munu telja sig svikna ef brýnum vegaframkvæmdum á þessum svæðum verður enn á ný slegið á frest. Ljóst er að verði gjaldahlið frumvarpsins lokað eins og það liggur nú fyrir mun verða þrengt óhóflega að mörgum stofnunum og brýnum samfélagsverkefnum í grunnþjónustunni. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu mæla fyrir breytingartillögum hér síðar í dag sem leiðrétta að nokkru þessa röngu forgangsröðun meiri hlutans nái þær fram að ganga. Þar mun og verða gerð nánari grein fyrir einstaka málaflokkum sem lúta að fjárlagafrumvarpinu og fjárlagagerðinni.

Þar sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur enn ekki skilað fullnægjandi nefndaráliti um tekjuáætlunina og efnahagshorfur næsta árs verður beðið með umfjöllun um þann hluta frumvarpsins til 3. umr.

Frú forseti. Það verður að átelja vinnubrögð meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Meiri hlutinn hefur skilað inn áliti þar sem á engan hátt er farið í gegnum þær tölulegu forsendur sem liggja að baki tekjuáætluninni né heldur áreiðanleika þeirra. Þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður varð þingið gjörsamlega háð efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem er jú bara hluti af framkvæmdarvaldinu og hefur því ekki á eigin vegum haft tök á að leita umsagna um einstaka liði í tekjuforsendunum.

Þegar ákveðið var að leggja Þjóðhagsstofnun niður var gert ráð fyrir því að á móti gæti þingið leitað umsagna og álits til annarra aðila í samfélaginu sem vinna á þessum vettvangi. Við höfum Seðlabanka Íslands sem er falið það hlutverk að stýra verðbólgustiginu og hefur til þess takmörkuð stýritæki. Við höfum greiningardeildir hinna ýmsu banka og fjármálastofnana sem fjalla líka um forsendur í efnahagsbúskapnum. Við höfum launaþegasamtökin, þau stærstu Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, og fleiri aðila sem stöðugt meta efnahagsforsendurnar og áhrif aðgerða ríkisstjórnarinnar á einstaka þætti efnahagslífsins. Það ætti því að vera skýlaus krafa að efnahags- og viðskiptanefnd kallaði þessar stofnanir fyrir sig og færi nákvæmlega í gegnum þær forsendur sem byggt er á, ekki síst í ljósi hins ótrygga ástands sem við nú stöndum frammi fyrir í efnahagsmálum.

Ég krefst þess því hér, og lét einnig bóka það í fjárlaganefnd, að ítarlegt og vandað álit komi frá efnahags- og viðskiptanefnd þar sem vandlega er farið yfir efnahagsforsendurnar og tekjuáætlun og tekjuforsendur fjárlaganna eins og lög gera ráð fyrir. Fjárlaganefnd tekur fyrst og fremst á gjaldahliðinni og vinnur hana. En ætlast er til þess að efnahags- og viðskiptanefnd vinni að tekjuhliðinni þó svo að það sé síðan fjárlaganefndar að afgreiða málið í heild sinni til þingsins.

Frú forseti. Með þessu nefndaráliti fylgja allnokkur fylgiskjöl, t.d. fylgiskjal um stöðu sveitarfélaganna, grein eftir hv. þm. Steingrím J. Sigfússon og mig sem birtist í Morgunblaðinu 29. september og heitir Sveitarfélögin svelt til hlýðni. Þar er rakin í stuttu máli staða sveitarfélaganna og samskiptin við ríkisvaldið.

Einnig fylgir minnisblað frá Félagi íslenskra framhaldsskóla og skólameistarafélagi Íslands. Það ber yfirskriftina Fjárhagsstaða framhaldsskólanna. Þar eru raktir í nokkrum atriðum helstu þættir vanda framhaldsskólanna og erfiðleik-

ar samskipta ríkisvaldsins og framhaldsskólanna hvað varðar fjármögnun og viðurkenningu á fjárþörf bæði til rekstrar og stofnkostnaðar.

Einnig fylgir minnisblað frá Háskólanum á Akureyri sem gerir grein fyrir fjárhagsstöðu hans og hvernig einnig er þrengt að honum hvað varðar fjárhag bæði til kennslu og rannsókna. Þetta er skóli sem við höfum öll verið mjög stolt af að hafi fengið tækifæri til þess að vaxa og þróast og eflast. Hann má núna einnig búa við að að honum er þrengt með fjárveitingum.

Hérna er einnig minnisblað frá Háskóla Íslands þar sem bent er á verulega fjárvöntun bæði til kennslu og rannsókna til þess að háskólinn geti tekið á móti nemendum eins og honum ber lögum samkvæmt og eins líka til þess að geta sinnt því rannsóknarhlutverki sem honum er ætlað. Fylgir þarna ítarlegt álit frá Háskóla Íslands.

Álitinu fylgir einnig bréf frá Ferðamálasamtökum Íslands. Þrátt fyrir að ferðaþjónusta sé vaxandi atvinnuvegur í íslensku atvinnulífi — hún er að verða annar eða þriðji stærsti atvinnuveitandi landsins og farin að skila næstmestum nettógjaldeyristekjum til þjóðarinnar — þá eru framlög til ferðamála lækkuð, skorin niður í þessum fjárlögum.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti áformar að gera matarhlé innan stundar. Forseti vill spyrja ræðumann hvort hann eigi ekki eftir nokkuð af ræðu sinni. Forseti bendir líka á að tveir hv. þingmenn hafa óskað eftir að veita andsvar við ræðu hv. þingmanns þannig að ef þingmaðurinn á eitthvað eftir mun forseti óska eftir því að ræðumaður fresti máli sínu til klukkan hálftvö.)

Frú forseti. Ég á um það bil eina mínútu eftir af ræðu minni. Ég kýs því að ljúka henni þannig að við ljúkum þessu bara núna á næstu mínútum.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti óskar eftir því að þessu ljúki núna. Klukkan er orðin eitt og þá er áformað hlé. Það eru tvö andsvör sem taka kannski korter. Það er of langur tími miðað við áætlanir okkar.)

Þá passar ágætlega að ég ljúki eftir eina mínútu, frú forseti.

Ég hef nefnt fylgiskjal frá Ferðamálasamtökum Íslands um skertar fjárveitingar til ferðamála. Ég hef hér rakið (Forseti hringir.) samkomulag við öryrkjana og ...

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti óskar eftir því að ræðumaður fresti máli sínu. Við getum ekki slitið í sundur andsvörin og ræðu hv. þingmanns þannig að forseti óskar eftir því að ræðumaður fresti ræðu sinni.)

Þá frestar ræðumaður ræðu sinni, frú forseti, og við fáum okkur bara hádegisverð. Svo tökum við til af fullum krafti hér á eftir og stöndum saman í því.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:31]

Útbýting:

Fjárlög 2005, 1. mál, brtt. 2. minni hluta fjárln. þskj. 454.

[13:31]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) (frh.):

Frú forseti. Ég held nú áfram ræðu minni um nefndarálit vegna fjárlaga fyrir árið 2005 við 2. umr.

Fyrir þinginu liggja tillögur ríkisstjórnarinnar um verulegar breytingar á skattkerfi landsmanna sem fela í megindráttum í sér að lækka á tekjuskatt prósentuvís, lækka skatta á þeim sem hafa hæstar tekjur. Fyrir fjárlög næsta árs lítur þetta þannig út að tekjuskattinn á að lækka um 1% og það er sérstök lækkun á hátekjuskatti, úr 4% í 2%.

Þetta er kannski lýsandi dæmi fyrir áherslur ríkisstjórnarmeirihlutans í forgangsröðun til gæðanna í samfélaginu, þetta nýtist þeim sem hafa hæstar tekjur fyrir. Á meðan standa sveitarfélögin með verulega skerta tekjustofna, þeir málaflokkar sem þau fá frá ríkinu og þurfa að fjármagna aukast, með beinum og óbeinum hætti, en tekjustofnarnir eru líka ákveðnir af Alþingi þannig að sveitarfélögunum er sniðinn mjög þröngur stakkur.

Nú er það svo að ríki og sveitarfélög axla sameiginlega ábyrgðina á velferðarþjónustunni, þ.e. þeim verkefnum og þjónustu sem við viljum að samfélagið beri ábyrgð á. Hvort það er síðan ríki eða sveitarfélag sem annast framkvæmdina á því, á ekki að skipta meginmáli en það eru tveir aðilar sem bera þessa ábyrgð.

Þess vegna er það fyrirkomulag fullkomlega óásættanlegt að ríkisvaldið, annar aðilinn, geti í rauninni með einhliða aðgerðum markað hinum básinn, sveitarfélögunum, með lagasetningum á verkefnum og fjármunum. Ef ríkisvaldið telur sig nú vera þess umkomið að lækka tekjuskattinn um 1% og lækka þar með tekjur ríkissjóðs um nærri 5 milljarða kr. á næsta ári þá hefðum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lagt til að, nái það fram að ganga, verði sveitarfélögunum gert kleift að auka tekjustofna sína þar á móti.

Það frumvarp sem við höfum lagt fram í því efni lýtur að þeirri einföldu breytingu að rýmka heimildir sveitarfélaganna til álagningar útsvars um 1%. Að sjálfsögðu væri þessi eina aðgerð ekki nóg til þess að leysa tekjuvanda sveitarfélaganna, en engu að síður gæti þetta þó í ýmsum tilfellum létt undir með þeim og við erum þá áfram með þennan sameiginlega pott undir, ríki og sveitarfélögin, hvað sem tekjuskattinum líður .

Í öðru lagi leggjum við til aðrar áherslur í skattbreytingum. Við teljum að það eigi að endurskoða skattkerfið, taka á því heildstætt og það mun koma fram í umræðunni um skattafrumvarpið sem er sérstakt frumvarp sem er nú í meðhöndlun þingsins og er komið til umfjöllunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem við höfum lagt hér fram, leggjum við til að hlutfall fjármagnstekjuskattsins verði hækkað. Það er fullkomlega óeðlilegt að skattar á launafólk skuli vera nærri 40% en ef tekjurnar koma í formi fjármagns og arðgreiðslna þá séu þær tekjur skattlagðar miklu lægra en aðrar tekjur. Það er mjög óeðlileg skipan þannig að við leggjum til í okkar frumvarpi að sett verði skattleysismörk fyrir fjármagnstekjuskattinn, t.d. 120 þús. kr. sem viðmiðun fyrir einstakling á ári, þannig að fólk sem er með bara sjálfsagðan grunnsparnað verði ekki krafið um skattgreiðslur. En núna er það þannig að allir sem greiða fjár-

magnstekjuskatt greiða jafnan skatt hvort sem það er ellilíf-eyrisþeginn sem er að spara til að eiga nokkrar milljónir króna sér til tryggingar á lokaárum sínum eða stóreigna-maðurinn sem er að raka að sér fjármagni, milljónum eða tugum milljóna króna, og þarf aðeins að greiða af því 10% skatt. Við viljum því að fólk hafi heimild til þess og eigi möguleika á að vera með ákveðinn sparnað, ákveðna fjár-magnseign og arð af henni án þess að það sé skattlagt eins og nú er, en síðan komi skattlagning á meiri háttar tekjur af fjármagni sem skattleggist líkt og um launatekjur væri að ræða. Með þessu mundi skapast verulegur jöfnuður í sam-félaginu hvað varðar skattheimtu. Þessa umræðu, skattaum-ræðuna í heild sinni erum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði reiðubúin til að taka.

Hin aðferðin sem ríkisstjórnin og meirihlutafllokkar hennar beita er einhliða lækkun á sköttum, tekjuskatti, sem kemur fyrst og fremst hátekjufólki til góða, en síðan koma notendagjöld sem við upplifum nú, hækkun á komugjöldum til heilsugæslustöðva, hækkun á skólagjöldum, hækkun á skólagjöldum við ríkisháskólana, nú um 40% .

Ef við rifjum upp 1. umr. fjárlaga þá minnir mig að komið hafi fram að framsóknarmenn hafi verið mjög efins um hvort þetta væri rétt tala og rétt hækkun. Og ef ég man rétt vildu hv. þingmenn framsóknarmanna fá tölulegar for-sendur fyrir þessari hækkun áður en þeir léðu henni sam-þykki sitt.

Ég vil spyrja hv. formann fjárlaganefndar, Magnús Stef-ánsson: Hefur slík töluleg skoðun á forsendum fyrir hækk-un þessara skólagjalda eða innritunargjalda sem hér er verið að leggja til farið fram? Gjöldin eiga að byggjast á ein-hverjum tölulegum forsendum, einhverjum kostnaðarút-reikningum, kostnaðarmati eða rauntölum í kostnaði. Liggur sú úttekt fyrir?

Er það ekki svolítið skrýtið ef þessi upphæð á að byggja á einhverjum rauntölum, kostnaðartölum sem háskólarnir hafa lagt fram, að hún skuli vera nákvæmlega jafnhá fyrir alla háskólana? Ég held að það sé mikilvægt áður en við af-greiðum þetta mál hér, þ.e. skólagjöld til háskólanna eða innritunargjöldin sem kölluð eru, að þær tölulegu forsendur sem þar eru að baki liggi fyrir í lögunum sem kveða á um þetta, ef þetta eiga að vera kostnaðargreindir liðir.

Ég vil undirstrika hér stefnu okkar í Vinstri hreyfing-unni – grænu framboði að við erum andvíg skólagjöldum í ríkisháskólum, með þeim er verið að mismuna fólki. (**ÖS:** Hvaða ríkisháskólum?)

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson veltir fyrir sér hinum há-skólunum. Það er alveg hárrétt. Það er hægt að velta fyrir sér rekstri þeirra. Það er nefnilega svo að þeir virðast hafa meira eða minna sjálftökurétt inn í ríkissjóð. Þeir fá þar framlag, visst á nemanda, en hafa síðan frjálsar hendur með að innheimta skólagjöld.

Og það sem verra er og kom upp á fundi með ríkisend-urskoðanda er að það er sáralítið eftirlit með fjárhag og ráð-stöfun fjár þessara skóla, þessara svokölluðu einkaskóla, nánast ekki neitt af hálfu hins opinbera. En þó er varið um-talsverðu fjármagni til þeirra. Ég er ekkert að gefa í skyn að það sé ekki allt í lagi, en það ætti að vera skylaus krafa að þessir skólar, sem fá að meginhluta og stórum hluta rekstr-arfé sitt frá ríkinu, einkaháskólarnir, lúti sömu endurskoð-unarreglum og kröfum og gilda um aðrar stofnanir sem fá fjárframlög frá ríkinu.

Frú forseti. Vegna umræðu um stöðu sveitarfélaganna vil ég árétta að við lögðum fram tillögu við afgreiðslu fjár-aukalaga við 2. umr. um að veitt yrði aukið fjármagn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga upp á 700 millj. kr. til þess að mæta brýnustu þörf sveitarfélaganna, sem þýddi þá viðbót upp á einar 300 milljónir miðað við það sem meiri hlutinn lagði til við 2. umr. fjáraukalaga. Með sama hætti fyrir árið 2005 sjáum við ekki að í kortunum sé nein breyting á að-gerðum gagnvart sveitarfélögum. Við leggjum því til að nú þegar verði ákveðið að leggja til Jöfnunarsjóðs sveitarfé-laga til að mæta þessum sértæka vanda sem mörg þeirra standa frammi fyrir vegna fólksfækkunar, vegna skyndi-legra breytinga á tekjum íbúanna o.s.frv., 700 millj. kr. Að þeirri tillögu standa auk mín hv. þingmenn Einar Már Sig-urðarson, Guðjón A. Kristjánsson, Anna Kristín Gunnars-dóttir, Helgi Hjörvar og Jón Gunnarsson. Við leggjum áherslu á að það sé ekki verið að bíða fram undir næstu ára-mót með að koma til móts við afar brýnan vanda sveitarfé-laganna heldur verði ákvörðun um það tekin strax til við-bótar því að endurskoða þarf öll tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, sem núna virðast vera komin í hnút vegna beinnar sveltistefnu ríkisins gagnvart sveitarfélögunum, sem er alveg óþolandi.

Frú forseti. Ég kem svo ítarlegar að fleiri þáttum varð-andi þetta fjárlagafrumvarp í seinni ræðu minni í dag.

[13:43]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason er búinn að halda hér allítarlega ræðu þar sem hann hefur komið inn á marga þætti og væri út af fyrir sig vert að fara yfir suma af þeim. En það sem ég vil hins vegar ræða hér er að við höfum set-ið saman í fjárlaganefnd í haust, ég og hv. þingmaður og ég geri ráð fyrir að við höfum verið að fjalla þar um sama fjár-lagafrumvarpið.

En í niðurlagi nefndarálits kemur fram, með leyfi for-seta:

„Fyrsti áfangi stórfelldra skattalækkana kemur til fram-kvæmda. Þeim er mætt með skertum framlögum til velferð-arkerfisins, skólagjöldum og sjúklingasköttum."

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að miðað við það sem kemur fram í fjárlagafrumvarpinu, þar sem framlög til vel-ferðarmála eru stóraukin, ég bendi t.d. á að verið er að auka framlög til menntamála um 8% milli ára, til heilbrigðismála um sömu prósentutölu, á meðan verðlagsforsendur frum-varpsins eru 3,5%, þá segir þetta okkur að það er náttúrlega verið að stórauka framlög til þessara málaflokka, svo ég nefni dæmi.

Þess vegna spyr ég: Hvernig getur hv. þingmaður komið hér upp og haldið því fram að það sé verið að skerða fram-lög til velferðarkerfisins? Ég spyr hv. þingmann að því. Hvernig er hægt að halda slíku fram ef hann, eins og ég veit að er, hefur verið að fjalla um sama fjárlagafrumvarp og ég í allt haust? Þetta stenst ekki, hæstv. forseti.

[13:45]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vildi að það væri satt hjá hv. þm. að ekki væri verið að gera það.

Hvað er 40% hækkun á skólagjöldum til ríkisháskólanna? Er það ekki skerðing? Er það ekki aukið álag á fjárhag viðkomandi nemenda? (**EOK:** Er það skerðing?) Já, það er skerðing á velferðarkerfinu þegar verið er að auka álögur á fólk sem sækir þar þjónustu.

Þarna skilur kannski á milli okkar og þingmanna Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sem fylgja þeim að málum. Þeim finnst allt í lagi að hækka komugjöld á heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir. Hver skal vera sinnar gæfu smiður. En það er ekki stefna Vinstri grænna. Við viljum samfélagslega ábyrgð á ákveðnum grunnþáttum samfélagsins.

Má ég minna á að samgöngumálin eru líka hluti velferðarkerfisins. Á Vestfjörðum og Norðausturlandi eru slæmar samgöngur sem torvelda sókn til aukinna lífskjara. Samgönguáætlun á að skera niður um nærri 2 milljarða króna á næsta ári til þess að mæta þessum skattalækkunum. Ég spyr hv. þingmann og formann fjárlaganefndar: Er það ekki niðurskurður að skera samgönguáætlun niður um 1.700 milljónir í ár, 1.900 milljónir á næsta ári og 2.000 milljónir á þar næsta ári? Er það ekki niðurskurður?

[13:46]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málflutningur hv. þingmanns um að verið sé að skerða framlög til velferðarkerfisins, eins og kemur fram í nefndaráliti hans og málflutningi er bara ein bullandi froða. Það stendur ekki steinn yfir steini í þessum málflutningi. Það kemur skýrt fram í fjárlagafrumvarpinu að verið er að stórauka framlög til velferðarkerfisins og þess vegna eru ekki nokkur rök fyrir þessari fullyrðingu. Svo er talað um hin ýmsu mál eins og vegamál o.fl. í þessu samhengi. Ég hef yfirleitt ekki talið vegamál til velferðarkerfisins. Ég veit ekki hvernig Vinstri grænir skilgreina hugtakið velferð og velferðarkerfi. Ég hef hingað til haldið að það væru m.a. málaflokkar eins og menntamál, heilbrigðismál og félagsmál.

Hæstv. forseti. Þessi málflutningur því ein bullandi froða eins og ég segi og hann stenst ekki, því miður.

[13:47]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hygg að íbúar á Vestfjörðum, Norðausturlandi og reyndar alls staðar líti nú á samgöngurnar sem grunnþátt velferðarkerfisins, fjarskiptin, og það að geta komist í síma. Ég held að það sé einn af grunnþáttum velferðarkerfisins. Þarna greinir okkur þá í grundvallaratriðum á.

Ég vil benda á Landspítala – háskólasjúkrahús. Er ekki gert ráð fyrir að skera þar niður um 600 (Gripið fram í.) milljónir frá næsta ári? Hafa ekki raunfjártölur fjárveitinga til Landspítala – háskólasjúkrahúss staðið í stað um langt árabil? (**Gripið fram í:** Hækkað.) (**EOK:** Hvað er upp og hvað er niður?) Það væri gott að það væri á réttri leið. Þó að hv. stjórnarþingmönnum finnist sárt að þurfa að viðurkenna þetta og reyni að berja höfðinu við steininn hvað það varðar og reyni að kalla hlutina öðrum nöfnum þá er það niðurskurður þegar verið er að skerða fjárveitingar til stofnana eða þær fá ekki eðlilega fjármuni miðað við þau verkefni sem þeim eru falin. Því miður er þetta nú svo.

Stefna þessarar ríkisstjórnar er að prósentvís skattalækkanir koma fyrst og fremst þeim til góða sem hafa hæstar tekjurnar. Á hina sem hafa þær lægstar eru lögð aukin komugjöld og þurfa þeir að taka aukinn þátt í að greiða fyrir velferðarþjónustuna. Því miður er þetta stefna ríkisstjórnarinnar í þessum fjármálum og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum andvíg henni. Við teljum að styrkja og efla eigi hinn samfélagslega grunn og almannaþjónustuna.

[13:49]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég rifja það upp hér að þegar fyrir ári síðan, bæði við 1. og 2. umr. fjárlaga fyrir árið 2004, þá var það rauður þráður í málflutningi manna að ræða um þá stefnumörkun sem þar var gerð af hálfu ríkisstjórnarinnar til langs tíma. Það var bæði gert af okkur sem fylgjum stjórninni svo og af stjórnarandstöðunni og talsmönnum hennar.

Hver var þessi stefnumörkun sem skipti öllu máli og við fórum yfir? Jú, hún fjallaði um að samneyslan í þjóðfélaginu og rekstrarkostnaður ríkisins í þjóðfélaginu skyldi ekki hækka að raungildi á árinu 2004 nema um 2% og 2,5%. Þetta var það sem við ræddum um og allir voru sammála um það bæði í stjórn og stjórnarandstöðu að þetta væri það sem skipti máli, að þetta mundi ráða úrslitum um það hvernig fram gengi með ríkisfjármálin á Íslandi.

Nú vill svo til, virðulegi forseti, að enginn minnist á þessar stærðir, ekki nokkur einasti maður. Stjórnarandstaðan heldur langar tölur, fer yfir heilu talnadálkana, en ekki er minnst á það sem allir voru sammála um að skipti öllu máli, raunaukningu samneyslunnar og raunaukningu á rekstrarkostnaði ríkisins. (**Gripið fram í:** Það var minnst á það.)

Hvernig má það nú vera, virðulegi forseti, að stjórnarandstaðan hefur engan hug á þessu? Það er einfaldlega vegna þess að markmið ríkisstjórnarinnar stóðust. Við erum innan þessara marka. (**Gripið fram í:** Hvað ár ertu að tala um?) Ég er að tala um árið 2004. Það er árið sem er að líða. Við höfum gengið frá 2. umr. fjáraukalaga og eigum ekki von á því að neinar breytingar verði á frumvarpinu frekar í 3. umr. fjáraukalaga þannig að þessar tölur liggja allar fyrir.

Vera kann, virðulegi forseti, að þetta séu stjórnarandstöðunni sár vonbrigði. Ég ætla ekki svo sem að fjölyrða um það. En af einhverju stafar þögn þeirra um það sem þeir voru þó sammála um að skipti öllu máli fyrir ári síðan? Í stað þess að tala um það sem þeir vissu að skipti öllu máli hafa menn verið að fjalla hér um allt aðrar stærðir. Mönnum hefur orðið tíðrætt um aukningu einkaneyslu á þessu ári miðað við það sem þeir ætluðu. Það er alveg hárrétt að einkaneyslan hefur vaxið hér miklu meira en við gerðum ráð fyrir í áætlunum okkar fyrir ári. Hún hefur farið upp í

7% eins og við áætlunina í dag. Það er gríðarlega mikil aukning og allir sem um það fjalla eru sammála um að ástæðan geti ekki verið nema sú ein að við höfum á mjög óvarlegan hátt verið að taka hér inn gríðarlega háar fjárhæðir í erlendum lánum sem einstaklingar hafa verið að skrifa sig fyrir.

Ég veit ekki, virðulegi forseti, hver hefur þetta á valdi sínu. Ekki hefur ríkisstjórnin þetta á valdi sínu. Ekki hefur hið opinbera nein tök á því að koma í veg fyrir þetta. Ég veit ekki hvort stjórnarandstaðan telur sig kunna einhver ráð. Hún hefur þá ekki sagt frá því. Hins vegar veit ég ekki betur en að allir sem um málið hafa fjallað hafi lýst yfir áhyggjum sínum af því að þarna sé verið að fara mjög óvarlega, að íslenskt bankakerfi sé að fara þarna af miklum glannaskap. Ég veit ekki betur en allir séu um það sammála og allir séu um það sammála líka að við getum fátt annað gert í því máli en að hvetja einstaklinginn í þjóðfélaginu til þess að fara varlega, fara ekki svo gáleysislega fram sem raun ber vitni vegna þess að ákveðin hætta felst í því, og mikil hætta fyrir einstaklinga sem eiga allar sínar tekjur og alla sína tekjumöguleika í íslenskum krónum, að skuldsetja sig í erlendri mynt. Það hefur margsinnis verið tekið fram. Það hafa allir af þessu áhyggjur. Þetta er algjörlega óviðkomandi ríkisfjármálum Íslands að öllu leyti og ég veit ekki hvernig stendur á því, hvaða nauð rekur stjórnarandstöðuna til að tala um þetta sem hluta af ríkisvandanum.

Hagvöxtur hefur hins vegar, virðulegur forseti, verið hér meiri en við gerðum ráð fyrir í áætlunum. Hann hefur verið miklu meiri. Við erum að ætla núna að hagvöxturinn verði þetta 5,5% kannski upp í 6% sem er gríðarlegur hagvöxtur, meiri en hér hefur nokkurn tíma verið lengi og meiri en er í löndunum í kringum okkur. Þetta er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni, virðulegur forseti, en það kallar líka á það, eins og ég sagði áðan, að við skulum fara varlega og átta okkur á því að svona mikill vöxtur getur haft aukaverkanir sem við þurfum að vara okkur mikið á. (**Gripið fram í:** Hvaða aukaverkanir?)

Þær aukaverkanir eru, virðulegi forseti, svo ég svari nú þeirri spurningu, að það hefur sýnt sig alltaf að þegar eitt þjóðfélag vex mjög hratt þá tekst ekki að fylgja því eftir þannig að það getur valdið ójafnvægi á mörgum sviðum og er nú flókið mál að fara út í það en sjálfsagt að gera það seinna. En ég ætla mér frekar lítinn tíma til þessara ræðuhalda núna. Kannski tala ég aftur þegar líður á daginn.

En menn hafa líka í stjórnarandstöðunni verið að vekja athygli á enn einni staðreynd, þ.e. að hér er núna verðbólga sem er meiri en við ætluðum og allir hafa kveðið á um að það sé sannarlega hættumerki. En við skulum aðeins líta á þessa verðbólgu, virðulegi forseti. Hún hefur verið greind af kunnáttufólki og fyrir liggur í hverju það er fólgið að hún er hærri en við ætluðum. Meginástæðurnar eru tvær.

Fyrst eru það olíuhækkanir sem hafa gengið yfir heiminn, gríðarlegar olíuverðshækkanir, um 30%, sem enginn átti von á og enginn kann að skýra raunverulega nema sem aukna eftirspurn í heiminum. Við áttum ekki von á þessu. Þetta hefur sannarlega haft áhrif á íslenska verðbólgu.

Hinn meginþátturinn sem hefur haft áhrif á verðbólguna er mjög hækkað fasteignaverð á Íslandi. Þessi bóla, sem ég vil nú leyfa mér að kalla bólu, hefur gengið líka yfir mörg önnur vestræn ríki. Enginn kann skýringar á þessu. (**Gripið fram í:** Fasteignamatið hækkaði ... verulega 2001.) Ég þakka nú kærlega fyrir ábendingu virðulegs þingmanns, en hækkun á fasteignaverði er eitthvað sem markaðurinn býr til og enginn kann að skýra, hvorki á Íslandi, Bretlandi né á Norðurlöndum þar sem þessi bylgja hefur gengið yfir. Ef við lítum á breskar fréttir þá hefur þar komið fram að núna allt í einu er fasteignaverð aftur farið að síga niður í Bretlandi. Eins og fyrri daginn kann enginn skýringar á því hvers vegna það er allt í einu núna að lækka. Þetta eru því tíðindi sem við stöndum frammi fyrir og kunnum ekki skil á. Við kunnum engin skil á þessu. En hef heyrt stjórnarandstöðuna hvað eftir annað hrópa hér, virðulegi forseti: „Verðbólgan er farin úr böndunum. Verðbólgan er farin úr böndunum.“ Og menn tala um það skýrt að það hljóti að vera efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að kenna að hún sé farin úr böndunum.

Að sjálfsögðu, virðulegi forseti, er verðbólgan ekkert farin úr böndunum. Ef við tökum þessa tvo þætti frá þá er verðbólga langt fyrir neðan þau mörk sem Seðlabanki Íslands miðaði við. En við getum ekki skýrt það hvernig á þessu stendur. Við skulum vona þær gangi aftur, þessar verðhækkanir eða hækkanir á fasteignamarkaði. Við skulum vona að það gerist enda er engin skýring til á þessu. Við skulum líka vona að lát verði á hinum gríðarlegu olíuverðshækkunum sem sannarlega hafa verið erfiðar fyrir íslenskt þjóðarbú. Eigi að síður er verðbólgan þarna og hún getur valdið mjög miklum usla í okkar litla viðkvæma hagkerfi.

Ef við lítum á fjárlagafrumvarpið sem nú er til 2. umr., frumvarp til fjárlaga 2005, þá eru miklar hækkanir til velferðarmála gegnumgangandi í því, þvert á það sem stjórnarandstaðan virðist telja að passi sér að segja í nefndarálitum sínum. Hún segir að svo sé ekki, að hér sé verið að skera niður framlög til velferðarmála. Ef þeim finnst, virðulegi forseti, passa sér að viðhafa slíkan málflutning þá er það náttúrlega þeirra mál. En staðreyndirnar tala sínu máli. Við erum að hækka þar mjög mikið og það hefur verið gegnumgangandi á undanförnum árum að svo hefur verið, framlög hins opinbera til velferðarmála hafa verið að vaxa hér mjög mikið.

Við höfum sagt það og ég hef margsinnis sagt það, virðulegur forseti, að á uppgangstímum, á tímum mikillar tekjuaukningar, væri þess mjög mikil þörf að hið opinbera reyndi af fremsta megni að hemja útgjöld sín á öllum sviðum. Fyrir því eru mjög mörg dæmi að á uppgangstímum þjóðfélaga hefur ríkið aukið tekjur sínar verulega og alltaf aukið útgjöld sín um leið verulega. Síðan þegar niðursveiflan hefur komið — hún kemur alltaf í öllum þjóðfélögum — þá hefur hið opinbera átt mjög erfitt með að færa niður hin opinberu útgjöld. Þau hafa setið eftir þrátt fyrir að tekjurnar minnkuðu. Þetta er hin mikla hætta sem blasir við. Í þessa gildru hafa mjög mörg eða flest Evrópuríkin fallið á undanförnum 10–15 árum. Þetta eru víti til varnaðar. Einkaneyslan, einstaklingurinn í samfélaginu, virðist hafa miklu meiri sveigjanleika til þess að mæta tekjuminnkun en hið opinbera. (**Gripið fram í:** Erlend lán.) Þess ber því að gæta í þessu mjög og stefnan sem er mörkuð með þessu frumvarpi, eins og var farið hér yfir í 1. umr., hvar ég var nú ekki viðstaddur, er sú sama og fyrir ári síðan. Meginstefn-

an, rauði þráðurinn, er að halda samneyslunni innan við 2% að raungildi og rekstrarkostnaðinum innan við 2,5%.

Þetta er sama langtímamarkmiðið og við höfum haft. Það tókst í ár. Það liggur fyrir. Við leggjum upp með sömu ætlan á næsta ári. Það er ekkert séð fyrir endann á því. Það verður að sjálfsögðu barist. Það þarf að berjast fyrir því gegnum allt næsta ár, vetur, sumar, vor og haust. En við skulum vona að okkur takist á næsta ári svo farsællega fram að ganga sem á þessu.

Ég hef, virðulegi forseti, stundum velt fyrir mér gagnrýni stjórnarandstöðunnar og reynt að átta mig að því hvernig hún vildi standa að þessari gagnrýni sinni. Ég kemst ekki hjá að sjá að t.d. sá ágæti stjórnamálaflokkur Samfylkingin hefur brugðið á þann leik að deildarskipta sér svolítið, deildarskipta sér í þessari gagnrýni. (**Gripið fram í:** Er það ekki gott?) Það hefur stundum verið sagt, virðulegi þingmaður, að það sé gott að tala tungum tveim. (**Gripið fram í:** Nú?) Það hefur stundum verið sagt að það sé gott að tala tungum tveim, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Það er nú bara í Sjálfstæðisflokknum.) Ef við lítum á þessa deildarskiptingu þá mundi ég skipta þessu þannig að fyrsta deild væri svona deild mannúðar og sérstaklega væri það nú haft þar í huga. (Gripið fram í.) Þessi mannúðardeild kveður sér oft hljóðs hér og það er yfirleitt þannig í öllu hennar tali að það er fátt sem ekki þarf að hækka, auka, bæta og betrumbæta í velferðarkerfi Íslands og er þá ekki spurt að því hvað það kostar því örlætið á peninga skattborgaranna er náttúrlega alltaf svo mikið. Þessi deild talar svona og við þekkjum hana mjög vel og þetta er eflaust allt saman fallega meint og vel meint.

Hins vegar er önnur deild í þessari sömu Samfylkingu sem ég mundi vilja kalla: Ungir og glöggir. (**Gripið fram í:** Ungir og ...) Þeir vilja hafa dálítið annan hátt á þessu í gagnrýni sinni og vilja vera dálítið ábyrgir stundum. Þeir fara stundum ofan í OECD-tölur og benda á hvernig hlutirnir séu þar. Ég hef svolítið gaman af þessu. Í deild mildinnar og mannúðarinnar er alltaf verið að tala um að stórlega vanti í heilbrigðis- og félagskerfið, stórkostlega mikið, og það vanti þetta og hitt o.s.frv. En í deildinni ungir og glöggir hafa þeir ekki viljað fallast á það að við Íslendingar séum sú þjóð sem hefur mest aukið framlög til menntamála á umliðnum árum. Þegar þeir standa frammi fyrir þeirri staðreynd að samkvæmt OECD-skýrslunum er Ísland í fjórða sæti þeirra þjóða sem leggja hvað mest af mörkum í þetta þá er þetta dálítið óþægilegt. Hinir ungu og glöggu taka því skýrslu OECD þar sem við erum í fjórða sæti en benda hins vegar á að við séum yngsta þjóðin í Evrópu (Gripið fram í.) og vegna þessa þá beri að hliðra þessum tölum OECD, þ.e. miðað við að við séum svo ung þjóð og margir séu hér á skólaaldri þá beri að hliðra tölunum yfir í aldurssamsetninguna og þannig fá þeir út að við séum alls ekkert í fjórða sæti heldur einhver staðar í miðjunni hjá OECD.

Ég hef ekki skoðað þessa útreikninga hjá ungum og glöggum, (Gripið fram í.) en ég reikna með því að þetta sé bara rétt. Ég treysti þeim alveg til þess að reikna þetta rétt. Mér finnst þetta virðingarvert af þeim vegna þess að statistík hefur einn tilgang. Hún hefur þann tilgang að segja sögu. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að setja aldurssamsetninguna inn í þetta og umreikna töluna. Ef við treystum þeim þá er það rétt að við þurfum að auka hér framlög til menntamála og æðri menntunar, vísinda og rannsókna, heilmikið. Mér þykir vænt um þessa gagnrýni. Hún er athyglisverð.

En lítum nú aðeins á heilbrigðismálin. Þá kemur í ljós að þetta er sama þjóðin. Aldurssamsetning þessarar þjóðar er nefnilega alveg hin sama þótt við tökum þann málaflokk. Við þekkjum það og það liggur alveg fyrir í heilbrigðisfræðunum hver kostnaðurinn er miðað við hvað menn eru gamlir. Það liggur alveg fyrir, nákvæmlega, hver er kostnaðarhlutur 70, 71, 75 ára, 80 o.s.frv. Við þekkjum þetta alveg hreint.

Nú skulum við nota reikningsaðferð hinna ungu og glöggu og hliðra tölunum um heilbrigðismálin yfir í það að þetta er svona ung þjóð. Hvað skyldi nú koma þá í ljós? Þeir hafa ekki gert það, vinir mínir, vegna þess að þeir eru svona tillitssamir (Gripið fram í.) við hina deildina þarna, mannúðar og mildi, þannig að þeir hafa ekki gert það. En ég geri þetta fyrir þá. Þá kemur í ljós að kostnaður okkar við heilbrigðismál er hvað? Hann er langt, langt fyrir ofan allt sem þekkist í OECD. Við erum langt fyrir ofan. Við erum sko í miðjum fjöllum, langt fyrir ofan.

Þetta skulum við hafa til marks, einmitt þessar reikningsaðferðir, og gera okkur grein fyrir því að við erum með kostnað sem er óásættanlegur, allt of mikinn kostnað í heilbrigðismálunum sem segir okkur að eitthvað hljóti að vera að því skipulagi sem þar er. Það er ekkert að læknunum eða hjúkrunarkonunum og sjúklingarnir eru jafnveikir hér og erlendis. Þetta er mjög fínt fólk og það er unnið hér mjög vel og það er mikil tækni hér og mikil kunnátta o.s.frv. (**Gripið fram í:** ... skipulag?) Þetta skipulag er því nokkuð sem við þurfum að horfast í augu við. Við eigum ekkert endilega til að rífast um það milli stjórnmálaflokka heldur vera menn til þess að gera okkur grein fyrir því að þarna er gríðarlegur kostnaður á ferðinni sem við eigum og verðum að fara í gegnum og reyna að hemja og átta okkur á því að við eigum að ná sama árangri með minni peningum. Þetta er viðfangsefni okkar. Þetta er að vaxa hjá okkur, vaxa hjá okkur mjög víða. Við eigum að horfast í augu við þennan kostnað og gera okkur grein fyrir því að okkur ber að leita leiða til að ná honum niður.

Eitt atriði í fjárlagafrumvarpinu 2005 er ég hræddur við. Ég er hræddur við að það séu ekki nógu miklir peningar settir í það miðað við reynslu tveggja síðustu ára. Það eru framlögin til Tryggingastofnunar ríkisins vegna örorku. Ég er dauðhræddur um að að þessu leyti sé fjárlagafrumvarpið of veikt. Þá skulum við horfast í augu við þetta. Hvað hefur verið að gerast á tveim síðustu árum? Jú, örorka hefur verið að vaxa á Íslandi um 7 prósentustig hvort árið um sig — 7 prósentustig. Eigum við bara að horfa á þetta og segja, allt í lagi, þetta er bara svona, eða eigum við að reyna að átta okkur á því hvert viðfangsefnið er sem okkur ber að sinna?

Ég held að bæði embættismenn og stjórnmálamenn séu feimnir við að tala um þetta. Þeir eru feimnir við að tala um þetta og það er rangt hjá þeim vegna þess að það er þverpólitísk samstaða um það á Íslandi og hefur verið það lengi að við viljum svo sannarlega standa vel að verki til þess að hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi. Samhjálpin er

samgróin öllum íslenskum stjórnmálaflokkum. Þegar slíkur vöxtur hleypur í einhvern málaflokk eins og í örorkuna þá er ástæða fyrir okkur að staldra við og reyna að átta okkur á því hvort rétt geti verið sem sumir halda fram, að þessi málaflokkur sé að vaxa svo mikið vegna þess að hann sé misnotaður. Getur það verið rétt? Ef það er rétt þá er það stórhættulegt vegna þess að ef menn komast upp með að misnota samhjálpina þá erum við að grafa undan því þjóðfélagi sem við viljum byggja upp. Þá erum við erum að grafa undan því. Þess vegna verðum við að horfast í augu við það, átta okkur á því, að þetta er ekki eins og við viljum hafa það, þora að tala um það og þora að leita leiða sem geta komið í veg fyrir að svo haldi fram sem horfir. Þetta er alvarlegur hlutur. Við eigum alveg að þora að tala um hann. Það er nauðsynlegt. Orð eru til alls fyrst.

Ég get sagt um fleiri atriði í þessu frumvarpi að ég sé óánægður með kostnaðinn. Ég er mjög óánægður með þessa óendanlega miklu peninga sem við erum alltaf að færa til utanríkisþjónustunnar. Ég skil þetta ekki. Ég bara botna hvorki upp né niður í því að við séum að eyða svona miklum peningum og það hvarflar að mér að þarna sé um ofmetnað hinnar litlu þjóðar að ræða. Við erum 300 þúsund manna þjóð. Við erum með svo lítið hagkerfi að þó það gangi vel þá sjáumst við ekki nema í míkróskópi heimsins ef einhver ætlaði að taka eftir okkur. Ég held að við séum að ofmetnast. Ég les texta sem stendur með fjárlagafrumvarpinu um að nú ætlum við að fara að bjóða okkur fram til öryggisráðsins. Ég les þann texta og ég reyni að leita mér upplýsinga um hvað þetta muni nú kosta á endanum. Menn eru að segja mér að það gæti farið svona í 800–1.000 milljónir. Svo spyr ég líka eftir því hvar sem ég reyni að koma hvaða möguleikar séu nú á að við verðum kosnir. Þá segja allir: „Enginn. Það kýs okkur enginn. Þetta er bara vitleysisframboð." Það segja mér allir. Við erum að berjast þarna á móti Tyrklandi og við erum að berjast á móti Austurríki.

Þó við höfum góða og metnaðarfulla embættismenn í utanríkisráðuneytinu sem vilja sannarlega Íslandi allt hið besta þá er full þörf á því að Alþingi sem hefur fjárlagavaldið reyni að stramma hina góðu embættismenn af og segja að takmörk séu fyrir því hvaða peninga við höfum og hvernig við viljum verja þeim.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, af því að töluvert hefur verið komið inn á þær skattalagabreytingar sem voru hér til umræðu í gær, að ég tel þær skattalagabreytingar mjög þarfar einmitt til þess að gera það sem ég sagði áðan, hemja tekjur ríkisins á uppgangstímum, gefa svigrúm fyrir atvinnulífið, gefa svigrúm fyrir fólk og fyrirtæki. Ríkið á að draga saman seglin eins og það getur. Þær hafa alls ekki í för með sér að við séum að minnka neina velferðarþjónustu eða að fyrirliggjandi sé að við viljum skera hana niður. Það er enginn vilji til þess og engin áform um það. Hins vegar er æskilegt að aukning ríkisútgjaldanna verði hægari á komandi árum en hún hefur verið. Við þurfum að reyna að stuðla að því. Það á að vera það markmið sem við setjum okkur og við eigum að tala um það af fullri hreinskilni vegna þess að það markmið hefur það í för með sér að við stuðlum að því að hér sé það þjóðfélag sem við höfum barist fyrir, þjóðfélag frelsis, þjóðfélag sem leitar til mjög mikils ávinnings, efnahagslegs ávinnings og mikillar velferðar þegna sinna.

[14:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður fann upp nýja aðferð til þess að hemja verðbólguna. Hann ætlar bara að plokka út þau atriði sem hafa hækkað og þá er allt í fínu lagi með verðbólguna.

Eins og hv. þm. sagði er hætta á því að verðbólgan valdi usla. Út af fyrir sig tjóir ekki fyrir okkur að deila um hvað veldur verðbólgunni, spurningin er frekar: Getum við sameinast um leiðir til þess að draga hana niður?

Hv. þm. talaði um skattalækkanir. Er hv. þm. þá ekki sammála mér um það að heppilegasta skattalækkunin við þessar aðstæður, sem gæti miðað að því að treysta forsendur kjarasamninga og draga úr verðbólgunni, er einmitt að lækka virðisaukaskatt af matvælum?

Ég gæti farið yfir rökin með því í löngu máli, frú forseti, en ég veit að hv. þm. þekkir þær röksemdir. Þess vegna spyr ég hann: Telur hann ekki heppilegt að ráðast í slíka skattalækkun núna þegar svigrúm er fyrir hendi til þess einmitt að draga úr þenslu og treysta forsendur kjarasamninga?

[14:16]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svarið er já.

Það hafa legið fyrir nokkuð lengi áform og vilji Sjálfstæðisflokksins til skattalækkana. Þar hefur það verið hluti af prógramminu að lækka virðisaukaskatt af matvælum. Það hefur komið til nokkurrar andstöðu vegna þess að átök voru um málið þegar virðisaukaskatturinn var lækkaður úr 24 í 14%. Sumir töldu það hættulegt vegna þess að það gæti verið að bora gat á kerfið, en ég tók eftir því í umræðum í fyrradag að hæstv. forsætisráðherra tók það fram að sú hætta hefði sannarlega verið til staðar þá, en að færa þetta niður núna væri engin aukin hætta. Ég skildi því orð hans þannig að það gæti verið að myndast um það þverpólitísk samstaða, a.m.k. milli Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar og framsóknarmanna, að þetta væri leið sem við ættum að skoða í mikilli alvöru.

[14:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er einn helsti talsmaður Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum og hann svaraði spurningu minni um það hvort ekki væri heppilegasta skattalækkunin við þessar aðstæður að lækka virðisaukaskatt af matvælum algjörlega ærlega. Hann sagði já. Það er stefna Sjálfstæðisflokksins að lækka matarskattinn.

Nú vill svo til, frú forseti, að það er stefna allra flokka á þingi nema eins. Samfylkingin hefur lagt fram frumvarp um það. Sjálfstæðisflokkurinn hefur barist fyrir því í kosningabaráttunni og reyndar tekið undir það á þingi. Formaður Frjálslynda flokksins hefur tekið undir þetta og forustumenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa tekið undir þetta. Það er bara einn flokkur á alþingi Íslendinga sem kemur í veg fyrir að matarreikningur íslenskra heimila

sé lækkaður um 5 milljarða á ári og það er Framsóknarflokkurinn. Það er sorglegt hlutskipti flokks sem stofnaður var af alþýðufólki til sveita að það skuli vera sá flokkur sem streitist gegn því að lækka matarreikninga íslenskra alþýðuheimila.

[14:18]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að minna á að Sjálfstæðisflokkurinn er í samstarfi við Framsóknarflokkinn. Við höfum lagt á það höfuðáherslu að vera ærlegir í okkar samstarfi. Það hefur komið fram og ekkert launungarmál að við höfum samið um tekjuskattsbreytingarnar, við höfum sagt frá því að það væri til skoðunar og að verið væri að fara í gegnum breytingarnar á virðisaukaskattinum og flokkarnir ætluðu sér að leita sátta og samstöðu um það mál. Við höfum sagt það opinberlega, það er ekkert launungarmál.

Meðan við sjálfstæðismenn erum í samstarfi við einhvern stjórnmálaflokk erum við það ærlega. Við leitum samstarfs og sameiginlegrar niðurstöðu við þann flokk sem við vinnum með. Þó að það taki okkur einhvern tíma að ná þeirri niðurstöðu munum við gera það, segjum frá því og teljum það ekkert feimnismál.

[14:19]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það voru nokkrir kaflar í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem vöktu undrun mína, m.a. sá sem fjallaði um málflutning stjórnarandstöðunnar. Ég verð að játa það, frú forseti, að ég heyrði ekki alla ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar, en kaflinn í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar átti alla vega ekki við þá ræðu sem ég flutti í morgun, vegna þess að þar fjallaði ég sérstaklega um vaxandi útgjöld ríkissjóðs og áhyggjur okkar af því og um aukningu í samneyslu sem við höfum einnig áhyggjur af. Ég held því að við séum sammála um það, ég og hv. þm., að af þessu þurfum við að hafa áhyggjur. Ég þarf líklega í seinna andsvari mínu að fara yfir þær tölur sem hann fór með því það sló eitthvað saman árum hjá hv. þm.

Verðbólguskýringar hv. þm. voru á köflum afar sérkennilegar og ég verð að spyrja hv. þm. varðandi áhyggjur hans af verðbólgunni, hvort það sé ekki rétt skilið miðað við fyrri andsvör hv. þm. að hann telji að matarskattslækkunin eigi miklu frekar heima í skattalagabreytingunum til þess að verjast verðbólgunni heldur en þær skattalagabreytingar (Forseti hringir.) sem nú eru boðaðar.

[14:21]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig hafa hlustað á ræðu hv. þm. Ég varð aldrei var við það, ég tók þá ekki eftir því ef hann hefur sagt það, að hann minntist á það að eitt aðalmarkmið ríkisstjórnarinnar með ríkisfjármálunum frá því í fyrra hafi tekist, að halda samneyslunni og rekstrartilfærslunum innan þeirra marka raungildis sem ríkisstjórnin lagði upp með. Ég heyrði hann aldrei minnast á þetta. Ef ég hef hlaupið yfir það þætti mér gaman að fá að skoða ræðu hans sem flutt var fyrr í dag, þá hef ég eitthvað lokað eyrunum óvænt því ég heyrði þetta aldrei og mér er mjög til efs að hann hafi nokkurn tímann minnst á það. Það var einmitt þess vegna sem ég hafði orð á þessu, hvernig stæði á því í þessu talnaflóði að ekkert er talað um meginmarkmiðin sem stóðust.

[14:21]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er nákvæmlega þetta sem hefur farið eitthvað undarlega í höfuð hv. þm., vegna þess að eitt af því sem ég tók sérstaklega fyrir í ræðu minni um fjáraukalögin, þar sem þetta á auðvitað frekar heima, þ.e. árið í ár, að markmiðin sem hv. þm. er að tala um voru þau að samneyslan mundi aukast um 1% á þessu ári en ekki 2%. (**EOK:** Nei.) Það voru forsendur fjárlaga ársins 2004. Nú er því hins vegar spáð að hún verði 1,5%, þ.e. 50% fram yfir það. Á næsta ári, í fjárlögum fyrir árið 2005, er hins vegar gert ráð fyrir 2%. Þannig er staða málsins. Það er því eðlilegt að hv. þm. telji allt í lukkunnar velstandi ef samanburðurinn er með þessum hætti.

Síðan er rétt, frú forseti, að minna hv. þm. á að þrátt fyrir að verið sé að sýna fagrar tölur í fjáraukalagafrumvarpi þessa árs eigum við eftir að fá ríkisreikninginn. Ef við skoðum síðustu ár í því tilfelli getum við því miður búist við því að það verði allt önnur niðurstaða en verið er að boða í fjáraukalagafrumvarpinu.

[14:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki með gögn við hliðina á mér, en ég skal leita þeirra á eftir og áður en umræðu lýkur skal ég koma og lesa úr forsendum fjárlaga og sýna hv. þm. fram á það að hann fer með rangt mál. Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2004 var gengið út frá því að samneyslan hækkaði ekki nema um 2% að raungildi og 2,5% gagnvart tilfærslunum. Þetta stendur þar skýrt og skorinort. Hann misminnir hrapallega ef hann hefur haldið að þetta væri önnur tala. En áður en umræðum lýkur í kvöld skal ég koma með þessi gögn og lesa upp úr þeim, virðulegi forseti, þannig að ekki fari á milli mála hvað er hið rétta í málinu.

[14:24]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við í velferðardeild Samfylkingarinnar fögnum því að hv. þm. viðurkenni að framlög til menntamála á Íslandi séu langt í frá að vera í fremstu röð, en við í ungum og glöggum, eins og hv. þm. kallaði það, erum löngu búin að draga athyglina að því að hér skortir ekkert á í framlögum til heilbrigðismála. Hér skortir einfaldlega á um ráðstöfun fjárins, um til að mynda þessa glórulausu læknasamninga þar sem Sjálfstæðisflokkurinn samdi við sjálfan sig um 25 millj. kr. fyrir einn lækni á Hólmavík þegar ekki eru til nokkrar milljónir til að greiða nauðsynlegan efniskostnað við meðferð ungra ópíumfíkla hjá SÁÁ, um forgangsröðunina sem hv. þm. á að standa og verja en ekki ráðast að fátækasta fólkinu í landinu, dylgja um að það misnoti samfélagsþjónustuna og sé orsökin fyrir vandanum í ríkisfjármálunum. Það eru ekki öryrkjarnir sem honum

valda, hv. þm. — það ert þú og þeir samningar sem núverandi ríkisstjórn hefur gert.

[14:25]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Það var að vonum, virðulegi forseti, að þessi hv. þm. tæki umræðu mína um þróun öryrkja og fjölgun þeirra sem einhverja persónulega árás á sig. Ég var einmitt að hvetja menn til þess að fjalla um þessa hluti í alvöru en ekki í skætingi. Þróunin hefur verið mjög á svipaðan veg sums staðar á Norðurlöndum, ég tala nú ekki um í Noregi sem hefur haft alla forustu um þetta. Svo er komið fyrir því góða landi að 10% Norðmanna teljast öryrkjar. Þeir líta á það sem samfélagslegt vandamál sem þeir verði að taka á. Það er ekki umhyggja fyrir öryrkjum. Það er ekki umhyggja fyrir þeim sem eiga bágt og geta ekki starfað að vilja fjölga þeim svo óhugnanlega sem raun ber vitni í Noregi. Við erum með sömu hraðaaukningu, 7% á ári. Það getur ekki verið eðlilegt og ég vek athygli á því og er ekki feiminn við það, læt mig hafa það þó hv. þm. telji það ástæðu til þess að fara í eitthvert persónulegt níð út af því.

[14:26]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ætli sá sem dylgjar þurfi ekki að sæta níði.

Útgjaldavandi heilbrigðisráðuneytisins er fyrst og fremst fólginn í þáttum eins og læknasamningunum, sem hv. þm. þorði auðvitað ekki að eyða orði á, en ekki í þeirri lágmarksframfærslu sem öryrkjum er ætluð. Auðvitað er eitthvað um misnotkun í örorkukerfinu eins og öðrum kerfum. Það vitum við öll en er aðeins dregið fram til að ala á fordómum af hálfu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, því hann veit að ríkisstjórnin hefur svikið samkomulag það sem hún gerði við Öryrkjabandalag Íslands og reynir að breiða yfir það. Auðvitað á að standa við það samkomulag en ala ekki á fordómum með þessum hætti. Ég minni á að hv. þm. hefur ítrekað misnotað aðstöðu sína á Alþingi til að setja lög þar sem hann hefur brotið (Forseti hringir.) lágmarksmannréttindi um lágmarksframfærslu öryrkja og verið flengdur í Hæstarétti aftur og aftur (Forseti hringir.) svo hann ætti að tala varlega um ást sína á (Forseti hringir.) velferð og þeim sem verst standa í samfélaginu.

[14:28]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. kýs þann kostinn að bæta í, bæta í níðið, þá verður hann að velja það.

Hins vegar, virðulegur forseti, hefur enginn svo ég muni talað eins oft um kjarasamninga hins opinbera og sá sem hér stendur. Ég minnist þess ekki þegar ég hef verið að gagnrýna kjarasamninga hins opinbera að nokkur maður hafi komið mér til aðstoðar eða tekið undir það. Ég man ekki eftir því, allra síst að menn frá Samfylkingunni teldu kjarasamninga hins opinbera eitthvað linkulega.

Nú eru kjarasamningar lækna orðnir eitthvað innanflokksmál hjá Sjálfstæðisflokknum. Eru engin takmörk fyrir ruddaskapnum sem ákveðnir þingmenn geta látið út úr sér í þessum ræðustól? Telja þeir sér virkilega til bóta að vera með slíkt níð um mig að ég hafi verið að fótumtroða öryrkja með lagasetningu á Alþingi? Telja þeir sig virkilega vera að bæta stöðu sína eða bæta stöðu nokkurra í þjóðfélaginu með slíku tali? (Gripið fram í.) Ef það er hugarheimur hans, verð ég að segja honum, virðulegi forseti, að hann sé á miklum villigötum.

[14:29]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér hafa átt sér stað nokkur orðaskipti um forsendur fjárlaga ársins 2004 og hvaða forsendur ríkisstjórnin lagði upp með um vöxt samneyslu á því ári. Hinn gamli og glöggi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sagði að tölfræði segði sögu. Það er alveg rétt hjá honum. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004 koma fram hvaða forsendur voru lagðar til grundvallar í fjárlögum þess árs og hvaða breytingar eru gerðar í frumvarpinu til fjáraukalaga. Þar kemur fram með skýrum hætti að samneysla árið 2004 átti að vaxa um 1%. Fjáraukalögin gera ráð fyrir að hún vaxi um 1,5%. Tölfræðin segir sögu og hún segir að vöxturinn var vanáætlaður um 50%, hvorki meira né minna. Ég ætla að leyfa mér að skilja eftir frumvarp til fjáraukalaga í pontunni þegar hv. þm. kemur upp til að fara yfir þetta, þannig að hann sjái þetta svart á hvítu. Ég ætla að biðja hann um að skilja það eftir þegar ég kem upp í seinna andsvar mitt.

[14:30]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Ég þarf ekkert að lesa þetta, ég get ...

Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2003 stendur skýrum stöfum að markmið ríkisstjórnarinnar sé að halda samneyslu innan 2% að raungildi. Í markmiðum ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2004 og 2005 kemur líka skýrt fram að markmiðið er óbreytt, að halda henni innan við 2% að raungildi.

Ég skal, eins og ég hef sagt áður, virðulegi forseti, koma með þessar forsendur fjárlaganna í fyrra og forsendur fjárlaganna í ár vegna þess að það er nákvæmlega sami textinn — ég er með hvorugt við höndina, forsendur fjárlaganna fyrir árið 2004 eða forsendur fjárlaganna fyrir 2005 — og lesa upp úr þeim. Ég þarf ekkert að fá neina bók til að lesa upp úr ... Ég skal lesa upp úr þeim áður en þessum þingfundi lýkur. Ég hef lofað því áður og ég endurtek það hér. (Gripið fram í.)

[14:31]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef í forsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2004 stendur eitthvað annað en stendur í frumvarpi til fjáraukalaga er fjármálaráðuneytið einfaldlega ekki sjálfu sér samkvæmt því að hér stendur þetta alveg svart á hvítu. (**EOK:** Það er bara villa.)

Annað sem vakti athygli mína í ræðu hv. þingmanns var þegar hann var að tala um verðbólguna, hina góðkynja verðbólgu einna helst. Hv. þm. sagði að ef við tækjum frá hækkun vegna húsnæðis og hækkun vegna olíu væri ekki mikil verðbólga. Því held ég að full ástæða sé til að spyrja hv. þingmann hvort þessar stærðir, húsnæðishækkun og ol-

ía, séu óregluglegir liðir þannig að verðbólgan verði lág þegar þeir eru teknir frá en ekki hafðir með. Er hv. þm. að nota þarna sömu kúnstir og fjármálaráðherra notar þegar hann leggur fram fjárlagafrumvarp?

Varðandi öryggisráðið og framboðið þar verð ég að segja eins og er að ég hef ekki marga þingmenn hitt eða heyrt sem mæla því bót. Því langar mig að spyrja hv. þingmann: Hverjir eru það þá sem vilja eyða þúsundum millj. króna í framboð til öryggisráðisins? Ég hef ekki fundið marga þingmenn sem mæla því bót.

[14:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fór hérna yfir greiningu á verðbólgunni vegna þess að ég var að vekja athygli þingheims á því að þegar menn gengu út frá verðbólguspánni fyrir þetta ár, þ.e. í upphafi þessa árs, gátu þeir ekki séð fyrir þessa liði. Þeir gátu ekki áttað sig á því að þessi gríðarlega breyting yrði á olíuverði í heiminum. Það var enginn sem sá það fyrir, hvorki á Íslandi né erlendis. Það átti enginn von á þessum hækkunum.

Við kunnum heldur engin skil á því hvernig stendur á því að fasteignaverð hefur hækkað hér, ekki frekar en menn í Englandi, Danmörku eða Þýskalandi kunna skil á því hvernig stendur á þessum miklu fasteignaverðshækkunum. Það hefur enginn getað skilgreint það. Ég er bara að segja frá því að þarna eru tveir höfuðliðir sem eru frávikið frá því sem við ætluðum og við kunnum ekki skil á því. Við vonum að þetta gangi til baka. Þetta er alls ekki merki um það að almennt verðlag sé á einhverri ferð upp á við, það er alls ekki. Ég var að vekja athygli á því, virðulegi forseti.

[14:34]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Núverandi hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, hafði oft á orði í því sem ég hef kallað bæði villandi og falskan málflutning fyrir síðustu alþingiskosningar, vorið 2003, að þær áherslur sem Frjálslyndi flokkurinn setti fram í kosningabaráttunni um hvert við frjálslyndir vildum stefna í skattamálum væru ábyrgðarlausar með öllu, málflutningur sem setti allt á annan endann í þjóðfélaginu.

Frjálslyndir vildu breytingar á skattkerfinu með því að hækka persónuafsláttinn, þar með verulega hækkun skattleysismarka sem mundi bæta hag þeirra sem væru tekjulágir og auka þar með tekjujöfnun í skattkerfinu. Áherslur Frjálslynda flokksins um að bæta hag barnafjölskyldna í landinu með auknum skattafslætti í gegnum skattkerfisbreytingar voru einnig af stjórnarflokkunum taldar ábyrgðarlausar og lítt færar til aukinnar velferðar fyrir fjölskyldurnar í landinu. Þannig var hin ábyrgðarmikla umræða blekkingarmeistarans, eða eigum við að segja loddarans, sem nú ræður ríkjum á kvótalandinu bláa.

Með leyfi forseta ætla ég að vitna örstutt í ræðu mína um fjárlögin haustið 2003, en þar segir:

„Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að stefna Frjálslynda flokksins í kosningabaráttunni var sú að leggja til tvennt í skattamálum, annars vegar að horfa til vanda barnafjölskyldna og koma með skattalagabreytingar sem dygðu þeim best sem hefðu mesta fjölskyldustærð og réttur inn væri barnanna og fylgdi fjölskyldunni og fjölskyldan gæti notað sér þann afslátt eða frádrag, hins vegar hækkun á persónuafslætti sem einnig hefði hækkað tekjur þeirra sem lægst hafa launin. [...]

Þetta voru þær áherslur sem Frjálslyndi flokkurinn lagði til í kosningabaráttunni. Þess vegna er það alveg ljóst, virðulegi forseti, að sú stefna sem ríkisstjórnin keyrir á í skattamálum, að byrja á að lækka skatta þeirra sem skástar hafa tekjurnar, er algjörlega í andstöðu við stefnu okkar í Frjálslynda flokknum. Við teljum að það sé vitlaust forgangsraðað að fara svona í málin. Það er okkar niðurstaða og okkar skoðun."

Þetta var sagt þá og þótti stjórnarliðum afar lítið til málflutnings okkar í Frjálslynda flokknum koma. Það má segja að á fjóshaugnum hanarnir hreyki sér hátt. Það var a.m.k. stundum sagt um þá sem virkuðu eins og oflátungar og það á vel við um stjórnarliðið að þessu leyti varðandi þann málflutning sem ég hef verið að vitna til.

Í gærkvöldi sendi miðstjórn ASÍ frá sér ályktun um kjara- og skattamál í tilefni af skattalækkunaráformum ríkisstjórnarinnar og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþýðusambandið telur að sé svigrúm fyrir hendi hefði átt að nýta tækifærið og auka tekjujöfnun í skattkerfinu. Tillögur Alþýðusambandsins um meiri hækkun skattleysismarka, lægra skattþrep á lágar tekjur og lækkun virðisaukaskatts á matvæli væru tekjujafnandi, andstætt tillögum ríkisstjórnarinnar um afnám hátekjuskatts, flata lækkun skattprósentunnar og afnám eignaskatta. Veruleg hækkun barnabóta er aftur á móti tekjujafnandi aðgerð og fagnar miðstjórn henni. Alþýðusambandið lagði þó til við stjórnvöld, að barnabætur yrðu greiddar til 18 ára aldurs í samræmi við hækkun sjálfræðisaldurs.

Alþýðusambandið hefur ítrekað kallað eftir samstarfi við stjórnvöld um mótun samþættrar stefnu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum en stjórnvöld hafa ekki sýnt vilja til slíks samráðs. ASÍ mun því þurfa í samráði við aðildarfélög sín að endurskoða samskiptin."

Á ársfundi ASÍ sem lauk nýverið var samþykkt eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ársfundur Alþýðusambands Íslands krefst þess að ríkisstjórnin og Alþingi standi betur vörð um tekjujöfnunarhlutverk skattkerfisins og jöfnunarhlutverk velferðarkerfisins.

Ársfundur ASÍ skorar á ríkisstjórn og Alþingi að gæta hagsmuna lág- og meðaltekjufólks nú þegar boðað hefur verið að skattar verði lækkaðir um allt að 23 milljarða. Veruleg hækkun skattleysismarka, lægra skattþrep á lágar tekjur og lækkun virðisaukaskatts á matvæli eru skattkerfisbreytingar sem koma þeim sem eru með lægri og millitekjur að mestu gagni. Einnig skiptir miklu að koma betur til móts við barnafólk. Slíkt verður best gert með því að hækka barnabætur og draga úr tekjuskerðingum barnabótakerfisins.

Jafnframt þarf að gæta þess að skattalækkanir leiði ekki til þess að velferðarkerfið veikist, þvert á móti er nauðsynlegt að styrkja það. Þannig er unnt að nýta betur velferðarkerfið sem tæki til jöfnunar í samfélaginu, samhliða skattkerfinu. Í því sambandi minnir ársfundur ASÍ á ítarlegar og

vel útfærðar tillögur sínar í velferðarmálum frá síðasta ári."

Það er rétt í þessu sambandi, áður en lengra er haldið við að lesa upp úr þessari samþykkt, að minna á það að við í Frjálslynda flokknum tókum undir þá afstöðu sem ASÍ kynnti í velferðarmálum í bók sem það gaf út og kallaði „Velferð fyrir alla". Við tókum mjög undir þá stefnumótun.

Það er líka rétt að minna á það, hæstv. forseti, að í þrjú ár höfum við í Frjálslynda flokknum reynt að lagfæra stöðu ellilífeyrisþega með því að flytja hér inn mál um tryggan lágmarkslífeyri sem gerði það að verkum að lífeyrir undir 50 þús. kr. skerti ekki bætur ellilífeyrisþega. Það mál hefur ekki fengið mikinn hljómgrunn hjá stjórnarliðum.

Með tillögunni sem ég var að lesa hér upp úr, ályktun frá ársfundi ASÍ um skatta- og velferðarmál, fylgdi svofelld greinargerð, með leyfi forseta:

„Á liðnum árum hefur skattbyrði þeirra sem eru með lágar og miðlungstekjur hækkað meira en þeirra tekjuhærri. Þetta gerist annars vegar vegna þess að aukinn kaupmáttur leiðir sjálfkrafa til aukinnar skattbyrði en ekki síður vegna inngripa stjórnvalda í skattkerfið.

Inngrip stjórnvalda hafa falist í því að láta persónuafsláttinn á stundum hækka minna en verðlag, lækka hátekjuskattinn og nú að lögfesta afnám hans. Einnig má nefna að síðast þegar skattprósentan var lækkuð, var persónuafslátturinn lækkaður sérstaklega, til þess að draga úr áhrifum skattalækkunarinnar á þá tekjulægri! Þessi þróun hefur leitt til þess að dregið hefur úr tekjujöfnun skattkerfisins.

Stoðir velferðarkerfisins hafa líka verið að veikjast. Slíka þróun má meðal annars merkja á sífellt vaxandi þjónustugjöldum í heilbrigðis- og menntakerfinu og einnig á miklum tekjuskerðingum í skatta- og almannatryggingakerfinu sem hafa komið illa við þá tekjulægri.

Veiking velferðarkerfisins og sú þróun að draga úr tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins hefur leitt til þess að sífellt stærri hluti af kaupmáttarauka þeirra sem eru með lægri og miðlungstekjur rennur að lokum í ríkissjóð."

Það er algjörlega ljóst, og meira að segja hefur hæstv. fjármálaráðherra nefnt það sérstaklega sem jafnvel æskilega breytingu, að tekjuskattsgreiðendum hefur fjölgað hér á landi. Að sjálfsögðu gerist það þegar persónuafslátturinn heldur ekki raungildi sínu.

Það kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þegar við vorum að ræða hér skattamálin að 29 þús. manns með tekjur sem eru lægri en 100 þús. kr. á mánuði greiða samtals um 2 milljarða kr. í skatt. Varla trúi ég því að menn telji að 100 þús. kr. tekjur á mánuði og lægri séu ofrausn fyrir fólk til eigin ráðstöfunar.

Þetta sem ég var að lesa er að mestu leyti tekið upp úr samþykktum ASÍ á ársfundi nýverið. Þá mætti spyrja: Varla ætla forustumenn ríkisstjórnarinnar að dæma ASÍ-forustuna sem ábyrgðarlaust lið þó ASÍ hafi aðrar áherslur en ríkisstjórnin, eða hvað? Þannig var talað um þær tillögur sem við fluttum í kosningabaráttunni í Frjálslynda flokknum varðandi hækkun persónuafsláttar annars vegar og hins vegar það sem sneri að barnafjölskyldum í landinu. Þannig var málflutningur okkar dæmdur af stjórnaliðum sem var á svipuðum nótum og þær áherslur sem heildarsamtök launþega ASÍ hafa verið að flytja.

Það væri fróðlegt að heyra hvað varaformaður fjárlaganefndar, þjóðarsáttarmaðurinn hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, segir um þessa stefnu ASÍ, stefnu samtaka sem hann hefur jafnan hælt sem ábyrgðarmiklum samtökum sem hefðu sýnt fulla ábyrgð varðandi launastefnu og önnur mál í þjóðfélaginu og haft þar mikil áhrif, m.a. til þess að stuðla að stöðugleika í þjóðfélaginu.

Ég dreg þetta fram, virðulegi forseti, vegna þess að ég tel ástæðu til þess að vekja athygli á því að hægt er að fara aðrar leiðir í skattamálum en ríkisstjórnin leggur upp með. Verið er að velja áherslur sem færa skattalækkanir í miklu meira mæli til þeirra sem hæst hafa launin með þeirri útfærslu sem hér er.

Við forustumenn stjórnarandstöðunnar reynum með sameiginlegum breytingartillögum okkar að bæta strax á næsta ári hag barnafjölskyldna með því að leggja til að ákvörðun um hækkun barnabóta komi strax til framkvæmda á næsta ári en verði ekki fjölnota kosningaloforð eins og ríkisstjórnin leggur til. Við leggjum einnig til að orð skuli standa um málefni öryrkja.

Fyrir ári sagði ég við 3. umr. fjárlaga um öryrkjamálið, með leyfi forseta:

„Fréttin af miklum áfangasigri öryrkja með samkomulagi við hæstv. ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála frá því í lok mars 2003 var uppsláttarfrétt sem vel dugði í kosningabaráttu eins og sjá mátti á síðum Morgunblaðsins. En nú reynir á hvort orð skuli standa hjá ríkisstjórn eina ferðina enn. Á þessu hausti" — þ.e. haustinu 2003 — „hafa leiktjöld kosninganna fallið og á brókinni stendur ríkisstjórnin með svikin loforð og að orð skuli standa."

Þessi varnaðarorð mín frá því í fyrra hafa sannarlega haldið gildi sínu, því miður. Á þessu hausti hafa leiktjöldin aftur fallið og á brókinni stendur ríkisstjórnin enn og aftur með svikin loforð. Auglýsingar Öryrkjabandalags Íslands þessa dagana á síðum dagblaðanna hafa ekki farið fram hjá landsmönnum. Þær eru kaldhæðnar og sýna svo ekki verður um villst hvernig ríkisstjórnin talaði fyrir kosningar og svo eftir kosningar, þegar allt var svikið. Nú standa málin þannig að öryrkjar hafa beðið í tæpt ár eftir að fá þá kjarabót sem gert var heiðursmannasamkomulag um nokkrum dögum fyrir alþingiskosningarnar. Það var mál manna að samkomulagið hefði innsiglað kosningasigur Framsóknarflokksins í kosningunum vorið 2003 og var raunar viðurkennt, m.a. af þingmanni Framsóknar í Kastljósþætti í sjónvarpinu.

Hæstv. heilbrigðisráðherra kvaðst eftir kosningar ætla að skipta samkomulaginu upp í áfanga þannig að 66% samningsins yrði uppfylltur á þessu ári og afgangurinn á næsta ári, en þess sér hvergi stað í fjárlagafrumvarpinu að gert sé ráð fyrir því að efna samkomulagið að fullu.

Í ályktun aðalfundar Öryrkjabandalags Íslands sem haldinn var 27. október sl. segir svo, með leyfi forseta:

„Ein mikilvægasta forsenda þess að þjóðfélag fái staðist er að fólk virði og haldi gerða samninga. Freistist æðstu stjórnvöld til að ganga gegn slíkri grundvallarreglu eru þau að bjóða heim þeirri hættu að almennir borgarar taki að haga sér eins. Engir samningsaðilar eru svo léttvægir að löglega kjörin stjórnvöld geti leyft sér að vanvirða samninga sína við þá. Samninga við öryrkja ber að efna af sömu ábyrgð og aðra samninga. Til þess standa bæði lög og al-

menn réttlætisvitund."

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin ákveður að lækka skatta en á sama tíma er Landspítala – háskólasjúkrahúsi gert að spara 600 millj. kr. á næsta ári ofan í þær 700 millj. kr. sem átti að spara á þessu ári. Sparnaðurinn hefur í för með sér skerta þjónustu og aukinn kostnað sjúklinga ef hugmyndir um hækkun þjónustugjalda verða að veruleika. Fjárveitingar til spítalans hafa á föstu verðlagi nánast staðið í stað í nokkur ár á sama tíma og veruleg aukning hefur orðið á heildarútgjöldum ríkisins til heilbrigðismála. Þetta gerist þrátt fyrir miklar verðhækkanir á lyfja- og lækningavörum umfram forsendur fjárlaga, hækkun launatengdra gjalda vegna ákvarðana stjórnvalda, aukna eftirspurn eftir þjónustu spítalans m.a. vegna framfara í tækni og lyfjum og þess að fjölgað hefur í eldri aldurshópum þjóðarinnar. Allt þetta hefur haft neikvæð áhrif og getur haft áframhaldandi neikvæð áhrif á gæði þjónustunnar.

Fjárlögin valda því vonbrigðum þegar horft er til starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss. Ljóst er að bygging nýs sjúkrahúss er ekki í forgangi. Í skýrslu nefndar heilbrigðisráðherra um uppbyggingu spítalans er áætlað að tæplega 37 milljarða þurfi til að byggja nýjan spítala frá grunni. Rekstur spítalans kostar um 27 milljarða á þessu ári. Sérfræðingar í lækningum og hjúkrun hafa lagt ríka áherslu á mikilvægi nýs spítala til að unnt sé að auka hagræðingu, en þeir eru líka reiðubúnir að skoða þann möguleika að áfangaskipta uppbyggingu sjúkrahússins.

Kostnaður við þær framkvæmdir sem þarf til að sameina starfsemi sjúkrahússins á einum stað án þess að nýr spítali verði byggður frá grunni er ekki hár sé miðað við rekstrarkostnað sjúkrahússins.

Vonast var eftir að kröfu um frekari sparnað á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi yrði aflétt. Ef fjárlög verða samþykkt eins og þau eru nú standa stjórnendur spítalans frammi fyrir þeim vanda að þurfa að skerða þjónustu enn frekar og segja upp fleira starfsfólki. Ríkisstjórnin þrengir að rekstri spítalans enn eitt árið. Nær væri að hætta við lækkun hátekjuskattsins á næsta ári og búa betur að þessari lykilstofnun íslenska heilbrigðiskerfisins. Hætt er við því að hinu metnaðarfulla starfi sem starfsfólkið hefur byggt upp, m.a. við sameiningu spítalanna og þeim góða árangri sem tölur sanna að hafi verið náð, verði alvarlega ógnað með frekari samdráttaraðgerðum.

Virðulegi forseti. Það er afar brýnt, og undan því getur stjórnarmeirihlutinn ekki vikið sér endalaust, að efla núverandi tekjustofna sveitarfélaga til að þau geti með eðlilegum hætti sinnt lögbundnum og nauðsynlegum verkefnum sínum. Kostnaður sveitarfélaganna fer sífellt vaxandi vegna nýrra verkefna og laga sem valda nýjum álögum eða vegna þess að ríkið hefur ákveðið að minnka kostnaðarþátttöku sína í sameiginlegum verkefnum. Krafa fólks um þjónustu sveitarfélaga hefur aukist hin síðari ár. Auk þess hafa ný umhverfisviðhorf sjálfkrafa valdið auknum kostnaði, svo sem fráveitumál og friðlýsing landsvæða.

Um 70 sveitarfélög voru rekin með halla á sl. ári, m.a. af fyrrgreindum ástæðum, og einnig hefur vandi sumra sveitarfélaga vegna annarra þátta vaxið svo sem vegna aukins kostnaðar við rekstur grunnskólans og stóraukins kostnaðar vegna húsaleigubóta, t.d. á Ísafirði. Sveitarfélögin hafa verið að taka á sig aukin verkefni án þess að tekjustofnar hafi fylgt með og það verður að efla tekjustofna þeirra áður en þau taka við nýjum verkefnum. Til dæmis er líklegt að öldrunarmál og málefni geðfatlaðra færist í auknum mæli til sveitarfélaganna. Eldri fjárhagsvandi og ný verkefni verða ekki leyst á vegum sveitarfélaganna án nýrra tekjustofna eins og þessi umræða og margar fyrri umræður um fjárhagsvanda sveitarfélaganna hafa leitt í ljós.

Í nefndaráliti frá minni hluta félagsmálanefndar segir svo um fjárhagsvanda sveitarfélaganna, með leyfi forseta:

„Bráðavanda nokkurra sveitarfélaga á yfirstandandi ári hefur verið mætt með 400 millj. kr. framlagi, en á engan hátt er í fjárlögunum gert ráð fyrir að mæta knýjandi fjárhagsvanda sveitarfélaganna en halli af rekstri þeirra nam 2,8 milljörðum kr. á síðasta ári. Þó liggur fyrir sameiginleg viljayfirlýsing ríkis og sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins, en 3. töluliður hennar fjallar sérstaklega um breytingar á tekjuskiptingu og aukin framlög í jöfnunarsjóð. Þá leiða áform ríkisstjórnarinnar um 1% lækkun tekjuskatts og lækkun hátekjuskatts til 93 millj. kr. tekjutaps jöfnunarsjóðs sem í engu er bætt og gangi hugmyndir eftir um 4% lækkun á kjörtímabilinu verður jöfnunarsjóður af 300 millj. kr. Verði ekki tekið á þessum brýnu úrlausnarefnum fyrir afgreiðslu fjárlaga eru hugmyndir um eflingu sveitarstjórnarstigsins í öngstræti."

Sveitarfélögin í landinu eru 101 og er það stefna stjórnvalda að fækka þeim í liðlega 40. Í þeim tilgangi var sett á fót þverpólitísk sameiningarnefnd sveitarfélaga þar sem tveir flokkar sem eiga sæti á Alþingi voru útilokaðir frá þátttöku, þ.e. Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn. Það er ámælisvert að ráðuneyti félagsmála skuli standa svo ólýðræðislega að verki. Gerðar hafa verið tillögur um sameiningu sveitarfélaga og eru tillögurnar allar utan höfuðborgarsvæðisins. Það er mikill galli þar sem augljóst er að mestur sparnaður mundi nást við sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í tillögum sameiningarnefndar er nefnt að öflugri sveitarfélög verði betur í stakk búin til að uppfylla kröfur til sveitarstjórnarstigsins, atvinnulífsins og að taka að sér ný verkefni. Það er eins og það eigi að leysa vanda landsbyggðarinnar með því einu að sameina sveitarfélögin.

Því fer fjarri og nefna má að sveitarfélög sem hafa staðið utan við sameiningar, eins og Tálknafjörður, hafa ekki staðið verr að vígi en byggðarlögin Patreksfjörður og Bíldudalur sem gengu inn í Vesturbyggð. Vandi sjávarbyggðanna felst að mestu leyti í þeim höftum sem aðalatvinnuvegir landsbyggðarinnar eru hnepptir í af stjórnvöldum sem er kvótakerfi bæði til sjávar og sveita.

Fólk á landsbyggðinni er almennt hlynnt þeim möguleika að sameina sveitarfélög, en á hinn bóginn er lítill sem enginn áhugi á að taka við auknum verkefnum fyrr en núverandi tekjuskipting hefur verið leiðrétt. Sveitarfélögin hafa ekki fengið leiðréttingar á tekjustofnum til þess að annast núverandi verkefni. Sveitarfélögin voru rekin á síðasta ári með 2,8 milljarða halla eins og áður sagði. Þriðjungur sveitarfélaga glímir við alvarlegan rekstrarvanda og stendur vart undir núverandi verkefnum. Það er vafasöm pólitík að tengja fyrirhugaða sameiningu sveitarfélaga við reikular yfirlýsingar um yfirtöku á hinum ýmsu verkefnum

án tekna. Við frekari sameiningu er sveitarfélögunum ætlað að setja á fót velferðarstofu og yfirtaka málefni fatlaðra, aldraðra og heilsugæslu. Engar fréttir eru um hvaða tekjur eigi að fylgja.

Það er hins vegar ljóst hvernig á að afla tekna til að fjármagna hluta af rekstrarvanda háskólanna. Það á að gera með því sem rétt er að kalla skólagjöld á nemendur.

Það er vissulega jákvætt að lækka greiðslubyrði námslána innan hvers árs úr 4,75% í 3,75% af stofni útsvars og fjármagnstekna. Breytingin kallar á 300 millj. kr. hækkun á framlögum í Lánasjóð íslenskra námsmanna og er gert ráð fyrir því í fjárlögum. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að hækkun á skráningargjöldum sem brátt fara að teljast skólagjöld í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra, auka álögur á nemendur um 140 millj. kr. í háskólunum samanlagt á næsta ári. Og það er ólánshæft af því þær 45 þús. kr. sem hverjum nemanda er ætlað að greiða hækka um 40% milli ára (**Gripið fram í:** Vegna þess að það eru ekki skólagjöld.) teljast ekki skólagjöld eins og ríkisstjórnin setur málið fram. (**Gripið fram í:** Skólagjöld eru lánshæf.)

Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að eins og málið *snýr að sérhverjum nemanda eftir þessa miklu hækkun þarf* hann að verja u.þ.b. einum þriðja af þeim tekjum sem hann má afla án þess að fá skerðingu á námslánum í þessa einu gjaldtöku því að vitanlega þarf nemandinn að greiða skatta og skyldur til þess að geta greitt skráningargjöldin.

Ég tel að hér sé í upphæð komið alveg að þeim mörkum að hækka verði tekjuviðmið hvers nemanda um a.m.k. 100 þús. kr. áður en til skerðingar á námslánum kemur og jafnframt er full þörf að ákveða að þetta gjald verði lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Einn er sá atvinnuvegur á landi hér sem enn þá er ekki háður neinum kvótum og er í örum vexti. Það er ferðaþjónustan. Á þessu ári stefnir í að hingað komi að jafnaði þúsund ferðamenn á dag alla 365 daga ársins. Líklegt er að á næsta ári verði erlendir ferðamenn yfir 400 þús. og að innan 10 ára verði þeir orðnir yfir 1 millj. á hverju ári. Á þessu ári er líklegt að ferðaþjónustan taki inn u.þ.b. 14% allra gjaldeyristekna. Hún er enn stærri atvinnuvegur en stóriðjan í landinu og svo verður jafnvel áfram ef vel tekst til.

En hvað þarf til þess að svo geti orðið? Jú, byggðin í landinu til sjávar og sveita þarf að halda velli ef við ætlum, sem reyndar verður nauðsyn, að taka á móti 1 millj. ferðamanna og dreifa henni um sögu- og byggðasvæði landsins. Þetta þurfum við að hafa í huga við mótun fjárlaga og við framkvæmd byggðastefnu. Það verður mikils virði að halda landinu í byggð fyrir framtíðina, m.a. til að hafa afþreyingu fyrir 1 millj. ferðamanna árlega. Kvótakerfið má ekki rústa byggðina. Vegakerfið verður að gera á sem stystum tíma að uppbyggðum láglendisvegum, við verðum að fara í gegnum fjöll og yfir firði til að fá öruggar og stuttar ferðaleiðir til allra flutninga. Vetrartíminn getur líka verið sölutími til erlendra ferðamanna ef allir komast ferða sinna örugglega og daglega.

Við 1. umr. fjárlaga í byrjun október sl. fór ég nokkrum orðum um verklegar framkvæmdir, m.a. í vegamálum og um fyrirhugaðan niðurskurð á fé til samgöngubóta. Efnislega voru orð mín á þessa leið:

Miklar framkvæmdir fara nú fram á Miðausturlandi sem munu vonandi nýtast því svæði vel í framtíðinni, fjölga þar störfum ásamt því að efla mannlíf. Vonandi mun íbúum fjölga þar, atvinnuástand verða gott um nokkurra ára skeið og batna enn þegar álverið verður komið í fullan rekstur. Margfeldisáhrif munu fylgja slíkri atvinnustarfsemi. Nauðsynlegt var einmitt að efla atvinnustig á Austfjörðum. Ánægjulegt er að á Austfjörðum skuli hafa verið staðið fyrir vegaframkvæmdum eins og göngunum á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Þar næst u.þ.b. 30 km stytting og öruggur vegur. Göng í gegnum Almannaskarð eru einnig svo til klár. Þessar framkvæmdir eru fagnaðarefni, þarna er í báðum tilfellum verið að stytta vegalengdir og í raun og veru að komast á það sem ég hef kallað „varanlega láglendisvegi“ um landið.

Ég er mjög hlynntur slíkum framkvæmdum og minn flokkur hefur beinlínis sett það fram í stefnumörkun að það væri það sem menn ættu að stefna að á landi hér, að komast undir erfiða fjallvegi og yfir firði og stytta þannig vegalengdir á milli landsvæða og staða og einnig almennt inn á aðalþjónustukjarna landsins á suðvesturhorninu. Til þess ættu menn að horfa alveg óhikað. Hér er um að ræða mjög *arðsamar og varanlegar framkvæmdir fyrir framtíðina. Til* þess ættum við að horfa sem varanlegra fjárfestinga sem munu skila okkur miklum arði í framtíðinni.

Það hversu vel hefur gengið við þessar vegaframkvæmdir á Austurlandi sýnir okkur enn á ný hvaða arðsemi varanlegar samgöngubætur geta gefið. Við eigum að taka þá stefnu að skoða hvernig áframhald eigi að vera að þessu leyti.

Virðulegur forseti. Fyrir nokkuð mörgum árum, 1996, voru tekin í gagnið jarðgöng á Vestfjörðum sem fóru undir Breiðadals- og Botnsheiðar. Þau tengdu saman byggðirnar á Vestfjörðum. Síðan gerðist nánast ekkert í jarðgangagerð í fleiri ár, að fráteknum Hvalfjarðargöngum sem voru unnin í einkaframkvæmd og hafa vissulega bætt mjög mikið almennt í samgöngum hér á landi. Þær áætlanir sem stjórnvöld hins vegar höfðu uppi stöðvuðust nánast þar til hafist var handa við jarðgöng á Austfjörðum, þ.e. í nokkur ár. Ég ætla rétt að vona, virðulegur forseti, að núna standi ekki til að láta annað slíkt tímabil koma á eftir þessum varanlegu framkvæmdum sem verið er að gera á Austfjörðum og að það dragist aftur í mörg ár að hefjast handa við frekari jarðgangagerð.

Þenslan sem verið er að tala um að sé e.t.v. eða muni myndast vegna framkvæmdanna á Austurlandi er jú þar og landsvæðið mun vonandi njóta góðs af því. Vafalaust mun suðvesturhornið sem einn aðalþjónustukjarni landsins líka njóta góðs af því sem og fjármálastarfsemin sem á undirstöðu sína á suðvesturhorninu.

Ég tel afar mikilvægt að stjórnvöld átti sig á því að þenslan sem talað er um í stefnumótun ríkisstjórnarinnar er ekki til staðar á stórum svæðum landsins. Ég fullyrði, virðulegur forseti, að það er engin þensla í Norðvesturkjördæmi. Að vísu eru að fara af stað framkvæmdir í syðsta hluta kjördæmisins, í Norðuráli í Hvalfirði, sem munu hafa einhver áhrif á svæðinu syðst í Norðvesturkjördæminu. Þar með er það upptalið.

Þess vegna vara ég sérstaklega við því að farið verði í að draga saman framkvæmdir og það látið bitna á lands-

hlutum þar sem engin þensla á sér stað, landshlutum sem þurfa á uppbyggingu að halda. Minna má á vegakerfið á Vestfjörðum í þessu sambandi. Þar hefur vissulega margt gerst á undanförnum árum en því miður erum við enn langt á eftir. Það er svo margt sem þarf að gera til að koma okkur í eðlilegt akvegasamband innan fjórðungs og út úr fjórðungnum.

Hið sama á að mínu viti við t.d. um norðausturhorn landsins. Þar er auðvitað mikil þörf á að lagfæra vegi. Ég vara við því alveg sérstaklega og tjái afstöðu mína þannig að ég mun leggjast eindregið gegn niðurskurði framkvæmda að því er varðar þjóðvegakerfið í Norðvesturkjördæmi. Ég hafna því alfarið og skora á hæstv. samgönguráðherra að standa vaktina. Hann er einnig með ferðamálin á sínum snærum sem eru vaxandi atvinnuvegur, eins og ég gat um áður.

Að lokum þetta, virðulegi forseti: Fólkinu í landinu verður að tryggja þá sjálfsögðu þjónustu að eiga jafnan og greiðan aðgang að fjarskiptakerfum landsmanna, bæði tölvutengingum sem tryggja háhraðasamband og gagnaflugninga og í farsímakerfinu. Þessum málum verða stjórnvöld að koma í lag — undan því verður ekki vikist í nútímaþjóðfélagi.

[15:09]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Nú við 2. umr. frumvarps til fjárlaga ársins 2005 er ekki annað hægt að segja en að efnahagsstjórn ríkisstjórnarflokkanna sé styrk og að hún sé ábyrg. Í 10 ára samstarfi þessara tveggja flokka, í samstarfi Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, hafa menn sérstaklega gætt að stöðugleikanum. Stöðugleikinn tryggir fyrst og fremst áframhaldandi kaupmáttaraukningu íslensks almennings.

Á þessu sama 10 ára tímabili, árabilinu 1995–2005, hefur kaupmáttaraukning almennings verið um 40%. Ef tekið er tillit til þeirrar efnahagsspár sem mið er tekið af í fjárlagafrumvarpinu fram til ársins 2007 verður kaupmáttaraukning almennings 55% á 12 ára tímabili. Þessu hefur engin ríkisstjórn getað státað af í víðri veröld í þeim löndum sem við berum okkur saman við. En því miður reynir stjórnarandstaðan að mála hlutina í allt öðrum litum en þeir líta út í raun og veru. Þessi ríkisstjórn hefur náð stórkostlegum árangri í þeim efnum að bæta hag alls almennings. 55% raunkaupmáttaraukning á 12 ára tímabili — ég vil gerast svo djarfur, hæstv. forseti, að tala um afrek í því samhengi.

Kjarni málsins er að ef styrkrar efnahagsstjórnar nyti ekki við væri ekki svigrúm til fyrirhugaðra skattalækkana, skattalækkana sem munu sérstaklega að þessu sinni auka ráðstöfunartekjur launamanna, barnafólks og eldri borgara. Við höfum hér áður aukið kaupmátt öryrkja og þeirra sem búa við atvinnuleysi. Það var gert á fyrsta þingi nýrrar ríkisstjórnar, þá bættum við hag þessara tveggja þjóðfélagshópa sérstaklega og nú er því komið að hinum vinnandi manni í þessu landi.

Hæstv. forseti. Nú við 2. umr. hefur stjórnarandstaðan flutt dálítið merkilegan boðskap. Og hver er sá boðskapur sem hún hefur haft hér uppi? Jú, að fyrirhugaðar skattalækkanir, sem ég mun koma betur að á eftir, muni leiða til niðurskurðar í velferðarkerfinu, menntakerfinu o.s.frv.

Hv. talsmaður Vinstri grænna í fjárlaganefnd, hv. þm. Jón Bjarnason, sagði áðan að fyrirhuguðum skattalækkunum yrði mætt með skertum framlögum til velferðarmála og skólamála. Þetta eru hans óbreyttu orð, hæstv. forseti, og í raun og veru með ólíkindum að hv. þingmaður sem á sæti í fjárlaganefnd Alþingis og setur sig vanalega vel inn í hlutina skuli tala með slíkum hætti, enda veit hv. þingmaður betur í þessum efnum. Eins og ég hef sagt er þetta rangt og ég vil gefa mér að hv. þingmaður viti að í langtímaáætlun um ríkisfjármál er gert ráð fyrir því að raunaukning til heilbrigðismála verði 3% á ári umfram verðlag. Þetta veit hv. þingmaður. Af hverju fara menn hér með rangt mál? Er það til að auka óöryggi fólksins í landinu sem reiðir sig á það sterka velferðarkerfi sem núverandi ríkisstjórn hefur styrkt svo mikið sem raun ber vitni? Hver er tilgangurinn?

Ég vil halda því til haga, af því að við erum að tala hér um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2005, að verið er að auka framlög til þessara málaflokka á bilinu 4–5% umfram verðlagshækkanir. Af hverju heyrum við þá hér nær daglega að það sé verulegur niðurskurður til þessara málaflokka? Það er bara ekki rétt. Auðvitað er það samt svo að við getum ekki mætt kröfum allra stofnana sem undir þessi ráðuneyti heyra. Þannig hefur það alltaf verið og þannig mun það alltaf vera en ég legg áherslu á að velferðar- og menntamálum hefur verið sinnt mjög vel í tíð þessarar ríkisstjórnar og það stendur ekkert annað til samkvæmt langtímaáætlun hennar.

Hæstv. forseti. Hvað varðar útgjaldaramma þessa frumvarps vil ég koma að nokkrum punktum sem snerta einstaka málaflokka. Mig langar að byrja hér að ræða um hið myndarlega átak ríkisstjórnarinnar við að eyða biðlistum fatlaðra eftir búsetuúrræðum. Því átaki mun ljúka á næsta ári, fimm ára átaki sem hæstv. þáverandi félagsmálaráðherra Páll Pétursson hrinti af stað á sínum tíma. Hefur núverandi hæstv. félagsmálaráðherra Árni Magnússon fylgt þessu metnaðarfulla átaki fast eftir og í raun og veru rekið smiðshöggið á þetta brýna mál. Ég fullyrði að aðstandendur hinna fötluðu einstaklinga og þeir sjálfir munu minnast þessarar ríkisstjórnar með hlýju hvað það varðar. Við upphaf ársins 2000 var mikil neyð. Á annað hundrað fatlaðir einstaklingar fengu ekki búsetuúrræði við hæfi. Hvorki sú ríkisstjórn né sú ríkisstjórn sem t.d. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sat í gátu stært sig af þeim árangri. Hér höfum við náð virkilega góðum árangri hvað þetta varðar og sú yfirlýsing sem ríkisstjórnin hefur gefið, að næst sé komið að geðfötluðum, er fagnaðarefni.

En ég vil lofa sérstaklega það mikla og góða samstarf sem átti sér stað um þetta sérstaka átak í húsnæðismálum fatlaðra á milli félagsmálaráðuneytisins, hússjóðs Öryrkjabandalagsins og Landssamtakanna Þroskahjálpar. Án þeirrar góðu samvinnu efa ég að sá árangur hefði náðst sem raun ber nú vitni.

Annað mikilvægt mál sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir eru stórhækkuð framlög til Fæðingarorlofssjóðs, sjóðs sem stefndi því miður í þrot vegna þess að sú löggjöf sem við samþykktum hér, hin nýju fæðingarorlofslög, sem áttu að hafa það að markmiði að hvetja feður til þess að verja tíma með barni sínu virðast hafa tekist svo vel að feður

virðast almennt nýta sér fæðingarorlofið. Slíkt er náttúrlega mikið gleðiefni en hins vegar blasti það við að sjóðurinn hefði farið í þrot vegna þess hversu mikil ásókn er í þennan ágæta sjóð en Fæðingarorlofssjóði hefur nú verið tryggður rekstrargrundvöllur sem er mjög mikilvægt mál, sérstaklega ef við horfum til þess að hér er um eitt stærsta framfaramál að ræða í jafnréttismálum á síðari árum, og ég veit að hv. þingmenn geta tekið undir það að hér er um mjög gott mál að ræða. (**Gripið fram í:** Við erum komnir úr barneign. Þú verður að taka þetta að þér.)

Hæstv. forseti. Framlög til skólamála hafa aldrei í sögunni verið hærri en nú. (Gripið fram í.) Núverandi ríkisstjórn hefur aukið allverulega framlög til framhaldsskólanna í landinu og háskólastigið blómstrar. Aldrei hafa jafnmargir einstaklingar verið í háskólanámi og við höfum aldrei varið jafnmiklum fjármunum til háskólasamfélagsins og við gerum nú. Og það er líka gleðilegt að í því frumvarpi sem við höfum fyrir framan okkur er varið sérstaklega 300 millj. kr. til Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem mun lækka endurgreiðslubyrði greiðenda námslána um 1% á ári, úr 4,75% í 3,75%.

Mér þykir leitt hve hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa verið latir að benda á þetta mikilvæga mál fyrir námsmenn í landinu sem munu greiða af þessum lánum, og ég held að við ættum að hafa til hliðsjónar þá umræðu sem átti sér stað hér fyrr í vikunni og beindist mikið að okkur framsóknarmönnum hvað varðar aðbúnað að námsmönnum hér á landi. Hver var endurgreiðslubyrði námslána á tímum Alþýðuflokksins í tíð hv. þingmanna Össurar Skarphéðinssonar, Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðmundar Árna Stefánssonar og Rannveigar Guðmundsdóttur, sem eru öll í Samfylkingunni í dag? Ég sé að hv. þingmönnum verður órótt í salnum en ég bið menn um að sýna stillingu á meðan ég klára mál mitt. Hver var endurgreiðslubyrði námslána þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var í ríkisstjórn eða hv. formaður Samfylkingarinnar, Össur Skarphéðinsson? (**Gripið fram í:** 7%.) 7%. Þegar Framsóknarflokkurinn settist í ríkisstjórn árið 1995, í aðdraganda þeirra kosninga, lofuðum við að lækka endurgreiðslubyrði af námslánum vegna þess að þar var um skattpíningu að ræða fyrir námsmenn í landinu sem Samfylkingin, a.m.k. góður hluti af Samfylkingunni sem er í þessum ágæta þingsal í dag, bar ábyrgð á. Við höfum lækkað endurgreiðslubyrði námslána úr 7% niður í 3,75%. Ég mun síðar í ræðu minni fara yfir þau jaðaráhrif sem fólk sem er að koma úr námi hefur lent í í núverandi skattkerfi og verið er að bregðast við að verulegu leyti með því frumvarpi sem við höfum fyrir framan okkur. Með lækkun endurgreiðslubyrði er verið að stórbæta hag þess hóps sem greiðir af námslánum og náttúrlega mörgum öðrum dýrum lánum.

Hæstv. forseti. Þó að umræðan um heilbrigðismál hafi verið fyrirferðarmikil hér vil ég árétta að áfram verður staðinn vörður um heilbrigðiskerfið. Við skulum hafa í huga að það sem af er ári hafa biðlistar almennt styst, m.a. á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, og sjúkrahúsið, heilbrigðisstofnunin sem slík, hefur verið að ná gríðarlegum árangri. Ég fullyrði hér að við eigum besta heilbrigðiskerfi í heimi og við eigum að standa vörð um það. Eins og ég hef gert grein fyrir mun núverandi ríkisstjórn standa vörð um velferðarkerfið, um heilbrigðiskerfið, með 3% árlegri raunaukningu í þá málaflokka á næstu árum samkvæmt langtímaáætluninni. Það getur vel verið að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar vildu sjá 10% raunaukningu til þessara málaflokka, en er það ekki svo að við þurfum að sýna aðhald í einhverjum málaflokkum? Þurfum við ekki að sýna aðhald í heilbrigðismálum eins og í öðrum málaflokkum? Heilbrigðis- og tryggingamálin eru um 42% af fjárlögunum og halda hv. þingmenn að ef við yrðum við öllum kröfum á því sviði héldum við stöðugleika hér á landi? Ég stórefast um það.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi að nokkru leyti farið yfir útgjaldahluta frumvarpsins í ræðu minni og þá langtímaáætlun sem engin ríkisstjórn hefur áður treyst sér til að gera. Við hv. þingmenn höfum fyrir framan okkur langtímaáætlun í ríkisfjármálum þar sem stærstu línurnar eru dregnar og við vitum að hverju við göngum í meginþáttum þjóðfélagsins.

Ég vil þá snúa mér að tekjuhlið frumvarpsins sem hefur ekki síður hlotið gagnrýni og snýr sérstaklega að þeim skattalækkunum sem ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu fyrir síðustu kosningar og meiri hluti landsmanna stendur að. Það var meiri hluti landsmanna sem kaus þessa tvo flokka, m.a. út á þau skattalækkunaráform sem við lofuðum þá. (**JóhS:** ... vaxtabæturnar ...?) Það voru líka kjósendur m.a. Samfylkingarinnar sem kusu Samfylkinguna út á skattalækkanir. Ég held að hv. þingmenn geti ekki neitað því að Samfylkingin lofaði skattalækkunum. (Gripið fram í.)

Mig langar til, hæstv. forseti, að grípa aðeins niður í stefnu Samfylkingarinnar í skattamálum fyrir síðustu kosningar af því að nú segja forsvarsmenn Samfylkingarinnar að við skulum fara okkur hægt í þeim efnum. Vissu ekki allir frambjóðendur Samfylkingarinnar þá að það yrði þensla á þessu kjörtímabili? Við gerðum okkur öll grein fyrir því að við þyrftum líka að beita aðhaldi í ríkisfjármálum. En ég ætla að lesa örlítið upp úr stefnu Samfylkingarinnar, hæstv. forseti, hvaða stefnumið þeir höfðu í skattalækkunum almennt séð. Hefst þá lesturinn:

Samfylkingin vildi lækka tekjuskattinn, sem núverandi ríkisstjórn hefur reyndar lagt til, en Samfylkingin er allt í einu orðin á móti því að við lækkum tekjuskattinn.

Samfylkingin vildi hækka skattleysismörkin sem við erum reyndar að gera hér. Skattleysismörkin munu hækka um 20% við þá breytingu sem við erum að lögfesta hér en Samfylkingin er á móti því.

Samfylkingin vildi lækka virðisaukaskatt. Samfylkingin virðist hafa viljað hækka barnabætur sem hún hlýtur að vera sammála og mér hefur reyndar heyrst í umræðunni að sé það eina sem Samfylkingin getur fellt sig við.

Samfylkingin vildi lækka þungaskatt, afnema stimpilgjöld og lækka endurgreiðslubyrði námslána, jafna námskostnað, svo fátt eitt sé nefnt. Þetta eru u.þ.b. átta liðir og er ég þó ekki öllum hnútum kunnugur í stefnu Samfylkingarinnar í skattamálum (Gripið fram í.) og mér skilst nú að þau loforð sem Samfylkingin hélt á lofti fyrir síðustu kosningar hafi oft verið hálfpartinn landshlutabundin. (Gripið fram í.) Margir hafa reiknað þessi skattaloforð, ef ítarlega er reiknað, upp á 30 milljarða kr. (Gripið fram í.) Og nú heyrist hljóð. Hv. þingmenn Samfylkingarinnar vilja ekki kannast

við þessa kostnaðarútreikninga. En ég stórefa að þeir hafi gaumgæft það sérstaklega hvað skattapakkinn þeirra kostaði. (Gripið fram í.) Enda var það svo í umræðum um skattafrumvarpið í fyrradag að hv. formanni Samfylkingarinnar fannst mjög óeðlilegt að núverandi ríkisstjórn væri að huga að því svigrúmi sem við hefðum jafnvel til þess að lækka matarskattinn og hvort við hefðum svigrúm. Nei, það átti bara að fara strax í hlutina. Þannig hefði það orðið ef Samfylkingin hefði komist að, bara allar skattalækkanir strax, ekkert að vera að hugsa um hvaða áhrif það hefði á stöðugleikann eða neitt slíkt, bara að lækka þá strax. Ég þakka mínum sæla fyrir að stjórnarandstaðan komst ekki í stjórnarmeirihluta á síðasta kjörtímabili.

Hv. formaður Frjálslyndra hélt mikla ræðu áðan og talaði um að stjórnarflokkarnir og sérstaklega formaður Framsóknarflokksins hefði verið eins og hani á haug í skattamálum fyrir síðustu kosningar — og ég sé að hv. þingmaður kinkar kolli við því — eins og hani á haug. (**Gripið fram í:** Það er alveg rétt.) Ég leyfi mér að fullyrða að það er enginn hv. þingmaður á Alþingi sem hefur jafnmikið vit á skattamálum og gjörþekkir núverandi skattkerfi eins og hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson. Og ég veit ekki betur en að í umræðuþætti fyrir síðustu alþingiskosningar hafi þeim lent saman núverandi hæstv. forsætisráðherra Halldóri Ásgrímssyni og hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni út af skattamálum. Ég vil meina að Halldór Ásgrímsson hafi haft þar eitthvað til síns máls þegar menn voru að bera sama annars vegar persónuafslátt og hins vegar skattleysismörk. Ég man ekki betur.

En hvernig var skattastefna Frjálslyndra, sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gerði að umtalsefni áðan? Jú, það var tvennt, annars vegar að hækka persónuafsláttinn og þar af leiðandi skattleysismörkin, sem við erum að gera hér um heilar 15 þús. kr., og hins vegar að hækka barnabætur þannig við værum að tala um rétt barnsins. Hvað þýðir það á mæltu máli? Hver er stefna Frjálslynda flokksins í þeim efnum? Jú, að foreldrar, sama hvort þeir eru með 2 millj. á mánuði eða 100 þús. kr. á mánuði, fái jafnmikið í barnabætur. Það er ekki stefna ríkisstjórnarinnar. Stefna ríkisstjórnarinnar í þeim efnum hvað varðar barnabætur er sú að láglaunafólk og millitekjufólk fái nær alla þá fjármuni sem við setjum í barnabætur. Það er munurinn á stefnu núverandi ríkisstjórnar og þeirrar stefnu sem Frjálslyndi flokkurinn boðaði á síðasta kjörtímabili.

En eins og áður hefur komið fram, hæstv. forseti, lögðum við framsóknarmenn sérstaka áherslu á stórhækkun barnabóta í aðdraganda síðustu kosninga og nú liggur fyrir að 2,4 milljörðum kr. verður varið til hækkunar barnabóta sem munu sérstaklega, eins og ég hef áður sagt, nýtast láglaunafólki og millitekjufólki. Hátekjufólk fær mjög lítinn hluta af þessari hækkun, það liggur fyrir, enda munu ráðstöfunartekjur þess hóps hækka verulega í tengslum við lækkun á tekjuskattinum. Hér er um tekjujafnandi aðgerðir að ræða. Það þýðir ekki fyrir hv. þingmenn Samfylkingarinnar að bera það á borð fyrir íslenska þjóð að kennarinn sé að fá einn bleyjupakka út úr skattalækkunartillögunum og taka bara fyrir einn hluta af skattalækkunartillögunum en horfa ekki á heildarmynd hlutanna. Svona er öllu snúið á haus í þessari umræðu.

Það er ósköp eðlilegt að stjórnarandstöðunni verði hált á svellinu í umræðunni því hún talar út og suður. Vinstri grænir vilja engar skattalækkanir, Samfylkingin er horfin frá 30 milljarða kr. skattalækkunum sem hún boðaði fyrir kosningar þannig að það er ekki mikill samhljómur í hinni sameinuðu stjórnarandstöðu sem hér er.

Ég spyr hv. þingmenn Samfylkingarinnar að því hvort við værum yfir höfuð að taka ákvarðanir um einhverjar skattalækkanir í þjóðfélaginu ef þeir hefðu komist í ríkisstjórn eins og þeir áformuðu með Vinstri grænum og Frjálslyndum. Hv. þingmenn Vinstri grænna hafa sagt hér í ræðustól að þeim finnist skattalækkanir ekki tímabærar. Það væri ekki burðugt að vera undir þeirri stjórn miðað við þá hrópandi mótsögn í málflutningi sem stjórnarandstaðan hefur viðhaft í dag.

Hæstv. forseti. Stjórnarandstaðan hefur jafnframt boðað andstöðu við niðurfellingu eignarskattsins. Hverjum mun sú breyting koma einkum til góða? Það eru eldri borgarar, fólk sem er 60 ára og eldra og er í skuldlausu húsnæði. Við skulum taka dæmi um einstakling sem er 70 ára gamall og býr í þriggja herbergja íbúð úti í bæ, jafnvel tveggja herbergja íbúð, sem kostar 15 millj. kr., og hefur sín lífeyrisréttindi sem eru kannski ekki svo beysin, enda höfum við tekið umræðu um það á Alþingi að við þyrftum að bæta hag þessa þjóðfélagshóps. Hver yrði ávinningur þessa einstaklings sem situr í slíkri 15 millj. kr. íbúð? 60 þúsund krónur á ári. 6% hækkun á ráðstöfunartekjum viðkomandi.

Stjórnarandstaðan leggst gegn þessu vitandi það að meiri hluti eignarskattsins kemur frá þessum hópi fólks. Ætlar svo stjórnarandstaðan að koma hér upp utan dagskrár í næstu viku og ræða um kjör eldri borgara og stefnuleysi ríkisstjórnarinnar gagnvart þessum þjóðfélagshópi? (**HHj:** Það væri ástæða til.) Það væri nefnilega ástæða til að heyra hvað stjórnarandstaðan leggur þá til í þessum efnum því engar koma tillögurnar í þessari umræðu, bara niðurrif og gagnrýni. Allt er svo svart og allt svo neikvætt. Það er svo neikvætt að hygla sérstaklega lágtekjufólki og millitekjufólki, barnafólki. Það er ógurlega neikvætt að hygla eldri borgurum. Það er ógurlega að neikvætt að koma til móts við millitekjufólkið í þjóðfélaginu sem er nú það sem ég ætla að tala um næst, þ.e. 4% lækkun á tekjuskattinum. (Gripið fram í.)

Áður ætla ég þó að velta upp einni spurningu og gott væri að fá svar við henni í þessari umræðu: Er nokkuð sjálfgefið að háskólamenntaður maður með 200 þús. kr. í laun á mánuði hafi það eitthvað betra en ófaglærður einstaklingur sem hefur 150 þús. kr. laun á mánuði? Er það sjálfgefið? Eigum við bara að horfa á tekjuhliðina? Er veröldin svona svart/hvít? Ég fullyrði að oft sé það ekki svo vegna þess að viðkomandi háskólamenntaður maður er að borga af námslánum sínum. Þetta er ekki svona svart/hvítt. Við verðum að horfa líka á greiðslubyrði heimilanna. Við verðum að horfa á greiðslubyrði unga fólksins sem er að koma úr námi og reyna að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Stjórnarandstaðan vill það ekki. Hún hefur lýst sig andvíga 4% lækkun tekjuskattsprósentunnar.

Hverjir hafa nú hvað mest út úr 4% lækkun á tekjuskattsprósentunni? Jú, það er milli tekjufólk og duglegt ungt fólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Við

tölum um jaðarskatta. Er þetta ekki fólkið sem er að lenda í jaðarsköttunum? Er þetta fólk sem hefur kannski 500 þús. kr. laun á mánuði og er að reyna að koma sér upp þaki yfir höfuðið og bíl, að fá einhverjar barnabætur eða vaxtabætur? Eins og stefnan er gagnvart hátekjuskattinum, greiðir þetta fólk ekki hátekjuskatt líka? Þetta er glæsilegt umhverfi fyrir fólk að hefja sinn búskap í og stjórnarandstaðan er á móti. Ég mundi vilja fara á fund út í Háskóla Íslands með stjórnarandstöðunni og ræða þá skattastefnu sem hún viðhefur hér. Við höfum sérstaklega tekið á því að bæta kjör atvinnulausra og öryrkja. En má ekkert koma til móts við hið vinnandi fólk sem stendur undir velferðarkerfinu hér á landi? Á bara að loka fólk inni í einhverjum fangaklefa og af því það er með svo há laun þá fær það náttúrlega engar vaxtabætur eða barnabætur. Má ekki lækka tekjuskattsprósentuna um 4%? Það væri gott að fá svör við því hér í dag.

Mig langar að segja að ég held að það séu ekkert óalgeng kjör kennara, sambúðarfólks sem bæði hafa kennaramenntun og vinna í skóla, að þau séu um 450 þús. kr. á mánuði. Ef við gefum okkur að þessi kennaramenntuðu hjón hafi tvö börn á framfæri hvað munu þessar tillögur ríkisstjórnar þá skila þessu fólki í vasann? 45 þús. kr. mánaðarlega.

Hv. þm. Jón Gunnarsson getur brosað að þessu. En ég held að þessu fólki veiti bara ekkert af þessum tekjum miðað við allt og allt. (Gripið fram í.) Þetta fólk er kannski nýkomið úr námi og þarf að standa undir mikilli greiðslubyrði. Hvað ef endurgreiðslubyrði námslána hefði nú verið 7% eins og hún var hérna fyrir árið 1995, þá væru þessi jaðaráhrif enn verri. Ég vil fá að heyra stefnu stjórnarandstöðunnar gagnvart þessum þjóðfélagshópi, fólki sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Ég hef ekki heyrt neinar tillögur í þá átt að bæta kjör þessa fólks.

Hæstv. forseti. Hv. þingmenn hafa líka rætt um það hér að þetta sé allt miðað við hjón með tvö börn undir sjö ára aldri. Við skulum taka sömu kennaramenntuðu hjónin sem hafa 450 þús. kr. í laun á mánuði. Hver verður mánaðarlegur ávinningur þessa fólks? 30 þús. kr. á mánuði. Svo talar stjórnarandstaðan um að við séum bara að koma til móts við stóreignamenn. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon les hér upp úr Frjálsri verslun um einhverja einstaklinga sem hafa yfir milljón kr. á mánuði. (**GAK:** Gleymirðu hátekjuskattinum?) Hvers lags málflutningur er þetta? Þegar hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson talar um hátekjuskattinn þá minnist ég þess ekki að hann hafi greitt á móti því atkvæði að hann yrði felldur úr gildi. (**GAK:** Jæja?) Ég minnist þess ekki. (**GAK:** Nei.) Samfylkingin sat a.m.k. hjá í þeim efnum. Samfylkingin sat hjá í þeim efnum. Svo virðast nú ákveðnir þingmenn Samfylkingarinnar geta gagnrýnt þessa ákvörðun þegar Samfylkingin beitti sér ekki einu sinni gegn afnámi hátekjuskattsins, sem var, vel að merkja, tímabundinn skattur.

Hæstv. forseti. Þetta er kjarni málsins. Ef styrkrar efnahagsstjórnar hefði ekki notið við í þjóðfélaginu þau tíu ár sem þessi ríkisstjórnin hefur verið við völd þá værum við ekkert að fara í neinar fyrirhugaðar skattalækkanir. Við værum ekkert að fara að auka ráðstöfunartekjur sérstaklega barnafólks, eldri borgara eða alls almennings með þessum aðgerðum.

Við erum gagnrýnd fyrir það að skila launafólkinu í landinu til baka þeim árangri sem ríkisstjórnin hefur náð í efnahagsmálum á undanförnum árum, skila til baka arðinum af atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar sem stjórnarandstaðan hefur nú reyndar ætíð verið á móti, atvinnustefnu sem hefur skilað hagvexti og gefur okkur það svigrúm að koma til móts við launafólk í þessu landi.

Ég skal nefna tvo hluti í þeim efnum þegar við tölum um atvinnustefnuna. Ég veit ekki betur en að sjávarútvegurinn hafi verið að skila myndarlegum afgangi inn í ríkissjóð og skapi hagvöxt í landinu. Stjórnarandstaðan hefur verið sameinuð gegn ríkisstjórnarflokkunum í þeim efnum. Ég veit ekki betur en áhöld hafi verið um það í þingsalnum hvort við ættum að byggja upp frekari iðnað í landinu, m.a. á Austurlandi. Ég veit ekki betur en að þingmenn Frjálslyndra hafi setið hjá í þeim efnum og þingmenn Vinstri grænna hafi nú bara verið á móti því. Svo var Samfylkingin svona út og suður í þeim efnum. Það er náttúrlega voðalega ódýrt að geta talað einni röddu í Reykjavík en svo allt öðruvísi austur á landi. (Gripið fram í.) En fólk á orðið síma í dag. Fólk kemst að þessu. Við búum bara orðið í það hátæknivæddu samfélagi að svona spyrst út, líkt og sjávarútvegsstefna Samfylkingarinnar á Austfjörðum og á Siglufirði. Hún var ekki eins.

Hæstv. forseti. Ég sé að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er búin að gefa merki og ætlar að koma hér upp í andsvar. Mig langar að spyrja hana einnar spurningar: Hvernig var ástandið hér 1991–1995? Ég bið hv. þingmann að hugsa það vel. Þá var hún félagsmálaráðherra í mikilli jafnaðarstjórn eins og gefur að skilja. Jú, samneyslan var rúm 40% í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Hún er um 45% í dag. Við höfum aukið samneysluna um 5,4% á árabilinu 1994–2004.

Svo saka menn ríkisstjórnina um að vera ekki félagslega sinnuð. Í hvað fer þessi samneysla? Jú, hún stendur undir velferðarkerfinu, heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu. Það væri gott að heyra hv. þingmann leiðrétta mig ef ég fer með rangt mál. Það fer meira af sameiginlegum tekjum þjóðarinnar í að reka skólana, heilbrigðiskerfið og velferðarkerfið en á hennar tímum. Svo tala hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar um að hér sé gríðarleg hægri stjórn við völd. Það ætti reyndar Frjálslyndi flokkurinn að þakka fyrir því hann skilgreinir sig sem hægri flokk. En ég hef ekki orðið var við það í umræðunni í dag. Hér er engin hægri stjórn við völd. Hér er velferðarstjórn við völd.

Hvernig þróuðust t.d. barnabætur í tíð ríkisstjórnarinnar 1991–1995? Þær lækkuðu um 1 milljarð á því árabili. Kjör almennings skertust í tíð þeirrar ríkisstjórnar. Hér var engin velmegun í þá daga. Svo þegar við hér árið 2004 höfum hækkað meðalráðstöfunartekjur heimilanna um 40% og stefnum að því að hækka meðalráðstöfunartekjur heimilanna upp í 55% árið 2007 þá er eins og allt sé í rjúkandi rúst. Ég bið hv. þingmenn, þó ég sé nú ungur á þingi, að kannast við sína pólitísku fortíð, hv. þingmenn Jóhönnu Sigurðardóttur, Össur Skarphéðinsson og Steingrím J. Sigfússon. Þetta var ekkert glæsilegt. Þetta var ekkert glæsilegt hérna einu sinni.

Hvað heyrum við oft sagt hérna: „Ríkisstjórnin hefur fallið á efnahagsprófinu"? Það hefur ríkt stöðugleiki hérna í

tíu ár. (**Gripið fram í:** 9% verðbólga.) Var ekki gripið þar til ábyrgra aðgerða? Þegar við tölum um stöðugleika þá veit ég ekki betur en hv. þm. Jón Bjarnason hafi verið að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir niðurskurð í vegamálum um 2 milljarða á næsta ári og 2 milljarða á þessu. Við höfum skorið stórfelldlega niður eða frestað framkvæmdum í vegamálum. En þess þarf. Það þarf að taka óvinsælar ákvarðanir til þess að viðhalda stöðugleikanum. Svo eru það allar þær útgjaldatillögur sem hv. þm. Jón Bjarnason hefur lagt fram. Þetta eru menn sem standa í ræðustól og tala um hve mikilvægt sé að viðhalda stöðugleika í landinu. Er ekki einhver tvískinnungur í annars vegar orðum og hins vegar í gerðum? Reyndar munum við vonandi ekki samþykkja þessar gríðarlegu útgjaldatillögur sem hv. þm. Jón Bjarnason hefur lagt fram í flestöllum málaflokkum. Ég vona ekki. Við þurfum að varðveita stöðugleikann. Það er mikið mál.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég segja að ég er mjög stoltur af því frumvarpi sem við munum vonandi afgreiða fyrir jól til fjárlaga næsta árs, frumvarpi sem svarar bæði kalli verkalýðshreyfingarinnar og atvinnulífsins og skilar afgangi upp á rúma 10 milljarða sem er mjög mikilvægt miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi í efnahagslífinu.

[15:42]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður er stoltur. Ég vil spyrja hann hvort hann sé stoltur af því að hann stendur að því að rýra fæðingarorlofsgreiðslur á næsta ári þannig að þær verða ekki 80% af tekjum einstaklinga sem fara í fæðingarorlof heldur 74–75%. Það er verið að rýra þær um 6–7%. Það þarf að setja í Fæðingarorlofssjóðinn 400 millj. kr. ef greiðslurnar eiga ekki að rýrna í höndum framsóknarmanna eins og nú stefnir í. Þetta er veruleg kjaraskerðing fyrir unga fólkið.

Ég spyr hv. þingmann: Er það kjarabót fyrir unga fólkið og ætlar hann virkilega að standa að því að skerða vaxtabætur samtals á þessu og næsta ári um 900 millj. kr.?

Ég spyr líka hv. þingmann: Telur hann framsóknarmönnum til hróss að veruleg tekjuvöntun er hjá svæðisstjórn fatlaðra? Þó verið sé að veita 30 millj. kr. í ný úrræði þá er verið að taka 20 millj. kr. aftur í hagræðingarkröfu sem þýðir að þarna verða veruleg vandamál á næsta ári.

Þegar hann talar um að verið sé að leysa húsnæðismál fatlaðra þá spyr ég hv. þingmann: Er verið að leysa húsnæðismál þeirra 77 geðfötluðu einstaklinga sem eru á biðlistum hjá Öryrkjabandalaginu? (Gripið fram í.)

Ég spyr líka hv. þingmann: Er hann stoltur af því hvað framsóknarmenn hafa gert fyrir atvinnulausa á kjörtímabilinu? Í sex ár voru atvinnuleysisbætur skertar þannig að 15 þús. kr. vantaði upp á á mánuði að þær héldu raungildi sínu frá því sem þær voru þegar þessi stjórnarflokkar tóku við. Það var verkalýðshreyfingin sem fyrst rak þá til þess á síðasta ári að hækka bætur atvinnulausra.

Svo skyldi þingmaðurinn tala varlega um barnabæturnar vegna þess að þær eru 10 milljörðum lægri samtals en þær voru í upphafi kjörtímabilsins ef þær hefðu haldið raungildi sínu. Ég spyr þingmanninn: Hvar er barnakortið? Hvar eru fullar ótekjutengdar barnabætur fyrir öll börn að sextán ára aldri?

[15:44]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er sönn ánægja að tala hér um barnakort. Öll börn undir sjö ára aldri fá ótekjutengdar barnabætur að ákveðinni upphæð tilskilinni. (**JóhS:** Þið lofuðuð til 16 ára.)

Svo er það þannig í þessu stjórnarsamstarfi að við erum í mjög heiðarlegu samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn, (**JóhS:** En ekki við kjósendur?) mjög heiðarlegu. Þetta verður væntanlega skoðað eins og annað í því samhengi, t.d. virðisaukaskatturinn og annað. Við höfum haft mjög mikinn áhuga á því að skila barnafólki beint í vasann án milliliða þeim tekjum sem það þarf til þess að reka heimili sín sómasamlega, til þess að geta sinnt sínum börnum. Stefna Framsóknarflokksins í þeim efnum er alveg skýr.

Hvað varðar hins vegar fæðingarorlofið þá er það nú þannig að útgjöld til Fæðingarorlofssjóðsins hafa aukist allverulega frá stofnun hans. Það var engin heilög tala í upphafi þegar við stofnuðum þennan sjóð að við mundum greiða 80% af heildarlaunum. (**Gripið fram í:** Nú!) Það var engin heilög tala. Við vorum í ákveðnu tilraunaverkefni til þess að sjá hvernig viðbrögðin yrðu. Það getur vel verið að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir komi færandi hendi upp í ræðustól með 600 millj. kr. á sama tíma og hún talar um að við þurfum að gæta aðhalds í ríkisútgjöldum. Það getur vel verið að hún finni hérna fleiri, fleiri milljarða líka til þess að bæta 74 búsetuúrræði fyrir geðfatlaða, (**JóhS:** 77.) 77. Við erum að klára málefni fatlaðra. Næst verða það geðfatlaðir. Ég er stoltur af þeim árangri sem við höfum náð í búsetuúrræðum fyrir fatlaða. Ég sagði það akkúrat áðan — hv. þingmaður má ekki snúa út úr mínu máli — að næst á dagskránni er málaflokkur geðfatlaðra. Þar er mikil neyð. Það viðurkenni ég.

[15:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi hv. ungi þingmaður sem kom inn á þing með það veganesti að ætla að bæta kjör unga fólksins stendur hér bara og segir að það sé allt í lagi þó að verið sé að rýra fæðingarorlofsgreiðslurnar úr 80% af tekjum niður í 74–75%. Þingmaðurinn ætlar greinilega að standa að fjárlögum sem skerða fæðingarorlofsgreiðslurnar niður í 74–75%. (Gripið fram í.)

Þingmaðurinn ætlar líka greinilega að standa að fjárlagafrumvarpi sem eykur greiðslubyrði lána hjá fólki með því að skerða vaxtabæturnar. Þingmaðurinn ætlar líka að standa að fjárlagafrumvarpi sem færir ungu fólki enga aukningu í barnabótum á næsta ári vegna þess að það að hækka barnabætur er ekki í forgangi hjá þessari ríkisstjórn. Í forgangi hjá henni er að lækka skatta fyrst og fremst hjá þeim efnameiri.

Þannig stendur þessi ríkisstjórn að málum, hún bætir ekki kjör unga fólksins og hún bætir ekki kjör barnafólksins sem sést m.a. á því að framsóknarmenn vilja ekki (Forseti hringir.) lækka virðisaukaskatt eins og allir aðrir flokkar á þingi vilja.

[15:47]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafi ekki áttað sig á því að ákveðin kerfisbreyting hefur átt sér stað í húsbréfakerfi landsmanna. Fólk borgar í dag 4,15% vexti í stað 5,1% sem fólkið greiddi í tíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hún sat í ríkisstjórn. Hér munar einu prósenti. (Gripið fram í.) Hvernig var það á þeim tímum, hver voru afföllin á húsbréfalánunum? Tugir prósenta. (Gripið fram í.) Hvernig hafði unga fólkið það þá? Það fékk engin 90% lán. Það var á tímum Húsnæðisstofnunar þegar einhver maður sagði við ungan mann eða unga konu: Þú átt að búa þarna. Fólk réði ekki einu sinni í þá daga hvar það settist að. Þetta er náttúrlega með ólíkindum og sýnir hvað tímarnir hafa breyst frá því að hv. þingmaður var félagsmálaráðherra. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Átthagafjötrar?) Svona hafa tímarnir breyst, hv. þingmaður.

[15:48]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefur farið hér mikinn. Það var athyglisvert samt að hann undirstrikaði að hann væri í mjög heiðarlegu samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn og lýsti mjög fjálglega þjónkun Framsóknarflokksins við stefnu Sjálfstæðisflokksins. Þessi þjónkun Framsóknarflokksins gengur svo langt að það hriktir orðið í stoðum hans úti um allt land eins og við höfum ærið fengið að heyra. Það var mjög athyglisvert hvernig hv. þm. útlistaði þjónkun Framsóknarflokksins við Sjálfstæðisflokkinn. Ég held að kjósendum hans samt sé ekki öllum sama um það.

Þjónkunin er svo mikil að það varð að svíkja samninginn við öryrkja, samning sem var gortað af fyrir kosningar 2003 og sagt að enginn mundi leyfa sér að rjúfa. Þegar komið var fram á haust á sl. ári var sá samningur rofinn. Þjónkunin — við vorum í svo heiðarlegu samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn að við erum að þjónka honum líka hvað það varðaði að ganga á bak þessum samningum, eru skilaboð Framsóknarflokksins. Það væri líka fróðlegt að heyra stefnu Framsóknarflokksins, a.m.k. hv. þm. Birkis J. Jónssonar — ég geri ráð fyrir að framsóknarmenn geti haft mismunandi skoðanir á þessu — í skólagjaldamálum.

Við umræðuna hér um skólagjöldin í háskólunum, 40% hækkun á innritunargjöldum sem eru jú bara óbein skólagjöld, lýsti hv. þm. því að það yrði skoðað mjög vandlega. Er þingmaðurinn sammála þessum hækkunum á innritunargjöldum í háskólana? Það á að sameina Tækniháskólann og Háskólann í Reykjavík. Í viðtölum við forsvarsmenn þeirra skóla hefur komið fram að það væri eðlilegt að tekin yrðu upp skólagjöld sem eru nú 200 þús. kr. á ári við Háskólann í Reykjavík og yrði hliðstætt í Tækniháskólanum. Er þingmaðurinn sammála þeirri stefnu?

[15:51]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil rifja upp umræðu sem við áttum fyrr á þessu þingi um innritunargjöld, m.a. við Háskóla Íslands. Það er rétt, ég sagði þá að þetta mál yrði skoðað. Þetta mál var tekið upp innan flokksins, innan Framsóknarflokksins, og við kölluðum eftir rökstuðningi frá Háskóla Íslands hvað þetta varðar. Þetta er í fyrsta skipti sem við fáum góðan rökstuðning fyrir innritunargjöldum.

Ég vil minna á hvenær innritunargjöldin voru tekin upp, það var í tíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, besta vinar námsmanna í þessu landi að mér heyrist. Þá var þetta lögfest, í þá daga. En við vorum ekki tilbúin að samþykkja hvað sem var í þessum efnum. Við höfum fengið rökstuðning frá Háskóla Íslands. Munurinn á þessum innritunargjöldum og innritunargjöldum Samfylkingarinnar er sá að þeir fjármunir sem koma af þessum innritunargjöldum munu leggjast ofan á rekstrargrunn skólans. Hvernig var það áður fyrr? Þá drógust þau frá rekstrargrunninum. Hér er um algjöran viðsnúning að ræða hvað menntamálin varðar, ég vil upplýsa hv. þingmann um það.

Hvað varðar samning við öryrkja er það orðið langt mál. Við ræddum það mikið í fyrra. Ég spurði hv. þm. Þuríði Backman, samflokksmann Jóns Bjarnasonar, hvort ekki væri rétt að á öllum fundum sem ég fór á um Norðaust. með henni hafi ég talað um 1 milljarð. Ég hef alla tíð talað um 1 milljarð. Betur veit ég ekki í þessu máli, svo að ég segi það alveg eins og er. Ég tel mig hafa nokkuð hreina samvisku í þessum efnum. Ég talaði alla tíð um 1 milljarð í þessum efnum. (Gripið fram í.)

[15:53]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur komið í ljós sem mig grunaði, að hv. þingmaður hefur talið svo mikilvægt að þjónka stefnu Sjálfstæðisflokksins í skólagjaldamálum að hann hefur fallist á að taka upp þessi gjöld við háskólana. Hv. þm. svaraði því ekki hvort hann mundi líka þjónka stefnu Sjálfstæðisflokksins varðandi skólagjöldin í Tækniháskólann þegar hann verður sameinaður Háskólanum í Reykjavík.

Hvernig ætlar hv. þm. sem gumaði af skattalækkununum að útskýra það þegar niðurskurður á samgönguáætlun sem líka var hluti af kosningaloforðum Framsóknarflokksins og allir báru væntingar til að yrði staðið við ...? (**BJJ:** Stöðugri.) Ja, bílarnir standa vel á veginum — ef hann er gerður. Þann stöðugleika vil ég fá, að staðið verði við samgönguáætlunina sem var lofað fyrir kosningar. Skattalækkanir koma íbúum í Norðaust. eða á Vestfjörðum sem bíða eftir bættum vegasamgöngum ekki sérlega vel, þeir vilja heldur að skattarnir séu greiddir og fá sína vegi. (Forseti hringir.) Það á ekki að svíkja eitt loforð til að standa við annað þótt maður vilji þjónka Sjálfstæðisflokknum.

[15:54]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. Jón Bjarnason verði að átta sig á heildarsamhengi hlutanna. (**JBjarn:** Ja, þú gerir það ekki.) Það er alveg ljóst að í þeirri þenslu sem nú ríkir í íslensku þjóðfélagi getum við ekki farið í allar þær framkvæmdir sem okkur sýnist (**Gripið fram í:** En skattalækkanir?) án þess að kollvarpa stöðugleikanum.

Skattalækkanir munu ekki byggja upp vegi hér um allt land, ég held að það sé alveg ljóst og hv. þm. gerir sér grein

fyrir því. Þegar hv. þm. talar þannig til umbjóðenda sinna, barnafólks og annarra slíkra, að það fólk hafi bara ekkert við þá fjármuni að gera segi ég að það er mjög skrýtinn kjósendahópur sem stendur á bak við hv. þingmann. (Gripið fram í.)

[15:55]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því að taka fram að ég ætla að fara að tilmælum hv. þingmanns og tala ekki út og suður, heldur einmitt um hluti sem hv. þingmanni eru mjög kærir. Það eru stöðugleikinn annars vegar og hins vegar Siglufjörður.

Ég spyr fyrst hv. þingmann hvernig honum lítist á stöðugleikann á Siglufirði. Frá því að núverandi stjórn, eða öllu heldur Framsóknarflokkurinn, tók við völdum hefur fólki fækkað á Siglufirði um heila 300 einstaklinga og störfum um rúmlega 100. Telur hann þetta til marks um stöðugleika á landsbyggðinni? Ég tel svo ekki vera.

Það væri mjög áhugavert að fá að heyra hvaða augum hv. þingmaður lítur stöðugleikann á landsbyggðinni, og sérstaklega á Siglufirði. Á ágætri vefsíðu, siglo.is, er farið yfir í hvaða aldurshópum fólki fækkar mest. Þar kemur fram að í yngsta aldurshópnum fækkar hvað mest. Á síðustu sjö árum hefur fækkað í þeim aldurshópi sem er í grunnskólum um 120 manns. Það er mikið áhyggjuefni og mér finnst mjög sérstakt að hlýða á þingmann frá Siglufirði vera að tala um stöðugleika án þess að ræða neitt um landsbyggðina, um heimabæ sinn sem ætti að vera honum kær. Hann ætti að líta svolítið á hlutina út frá sínum heimabæ.

[15:57]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég átti ekki von á því í umræðu um fjárlög að við færum að ræða um heimaslóðir mínar á Siglufirði en ég skal glaður tala um það málefni hér í þessu stutta andsvari. Ég held að hv. þingmanni verði að vera eitt ljóst, það þýðir ekkert að tala alltaf hlutina niður, endalaust niður. Ég hef aldrei heyrt neina framtíðarsýn koma frá hv. þingmanni. Ég veit ekki betur en að hér á Alþingi sé búið að ákveða að við förum í mikla samgöngubót sem mun gagnast byggðunum við utanverðan Eyjafjörð. Ég veit ekki betur en að verið sé að verja þar líf fólks með ofanflóðavörnum sem ríkið stendur líka að.

Ég veit ekki betur en að ríkið og ríkisstjórnin hafi líka komið mjög myndarlega að ferðamálum á Siglufirði, með mjög myndarlegum framlögum til Síldarminjasafnsins. Ég veit ekki betur en að ríkið standi mjög myndarlega að heilbrigðismálum á Siglufirði, með fyrirhugaðri viðbyggingu við heilbrigðisstofnunina sem mun líka nýtast Ólafsfirðingum í framtíðinni. Ég veit ekki betur en að ég og hv. þingmaður séum að berjast fyrir því hér, a.m.k. er hann með mér á þeirri ágætu þingsályktunartillögu, að við munum reyna að koma á fót framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð.

Þetta er sú framtíðarsýn sem ég hef, að við höldum unga fólkinu lengur heima á þessum stöðum. Það getur þó sótt háskólanám sitt inn á Eyjafjarðarsvæðið sem verður nokkuð sjálfbært svæði að þessu leytinu til. Þetta er framtíðarsýn mín. Ég stend hér beinn í baki þegar ég ver stjórnarflokkana hvað Siglufjörð varðar.

[15:58]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki að tala hlutina niður. Ég er að tala um hlutina eins og þeir eru og blasa við öllum sem horfa raunsætt á málið. Ef við tölum um Síldarminjasafnið er gott að rifja það upp að þegar það bað um 1 tonn eða 1½ tonn til að fá að veiða var það ekki hægt vegna þess að kvótakerfið er svo heilagt hjá Framsóknarflokknum að þeir eru tilbúnir að grafa meira að segja sína eigin heimabæi niður. (Gripið fram í.) Það sem við höfum bent á og mun örugglega verða Siglufirði og öllum sjávarútvegsbyggðum landsins til bjargar er að opna atvinnugreinina.

Siglfirðingar lifa ekkert á snjóflóðavörnum. Hv. þingmaður ætti að fara að gera sér grein fyrir því. Þeir lifa á því að sækja sjóinn. Þannig hefur atvinnulífið verið á Siglufirði og ég tel að hv. þingmaður ætti að fara að kynna sér á hverju landsbyggðin lifir. Hún lifir ekki á snjóflóðavörnum eða söfnum, heldur þarf að fara að opna fyrir nýliðun í atvinnugreinum landsbyggðarinnar.

[16:00]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var ekki glæsilegt, andsvar háttvirts þingmanns. Hann gerði lítið úr viðleitni stjórnvalda til að auka öryggi íbúa Siglufjarðar. (**SigurjÞ:** Nei.) Hann gerði lítið úr þeim framkvæmdum sem þar eiga sér stað og miða að því að auka öryggi fólksins sem þar býr. Þar hef ég búið. Ég bjó því miður í næsta húsi við snjóflóðasvæði og slíkt er ekki þægilegt. Ég held að hv. þingmaður hefði þurft að upplifa hvernig sú ógn er.

Ég geri mér grein fyrir því að fólk lifir ekki eingöngu á snjóflóðavörnum, enda var það ekki það eina sem ég nefndi. (Gripið fram í.) En það væri fróðlegt að sjá þá leið sem hv. þingmaður og stjórnmálaflokkur hans hefur talað fyrir og meiri hluti þjóðarinnar greiddi ekki atkvæði sitt fyrir síðustu kosningar. Hvernig hefði sú leið t.d. farið með fyrirtæki eins og Þormóð ramma – Sæberg, eða Samherja, sem eru glæsileg fyrirtæki með hundruð manna í vinnu og eru undirstaða þessarar byggðar. (**SigurjÞ:** Hvers vegna fækkar fólki?)

[16:01]

Útbýting:

Fjárlög 2005, 1. mál, brtt. JBjarn og ÞBack, þskj. 453, brtt. ÞBack, þskj. 455 og 456, brtt. JBjarn og GAK, þskj. 458.

Rannsóknir og nýting á jarðrænum auðlindum, 374. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 459.

[16:01]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Strútsegg köllum við skilgetið afkvæmi þeirrar eindregnu viðleitni að stinga höfðinu í sandinn. Hókus-pókus. Tíu milljarða afgangur af ríkissjóði á pappírunum eins og venjulega. Ár eftir ár horfast menn ekki í augu við fyrirsjáanleg útgjöld og veruleikinn er árið

2002: 6 milljarða kr. halli, árið 2003: 8 milljarða kr. halli.

Í öðru lagi neitar stjórnin að horfast í augu við að munurinn á hinum ríku og hinum fátæku í samfélaginu eykst sífellt. Hún leggur lóð sín á þær vogarskálar með því að skenkja tekjuháum skattalækkanir en skerða vaxtabætur til skuldugra og svíkja samning sinn við fátækasta fólkið í landinu, öryrkja.

Í þriðja lagi hlusta þeir ekki á umræðuna í samfélaginu, um hæsta matvöruverð í heimi, og hafna skynsamlegum tillögum Samfylkingarinnar um lækkun matarskatts.

Í fjórða lagi skella þeir skollaeyrum við aðvörunarorðum Alþýðusambandsins og atvinnulífsins um hættuna á þenslu, ofþenslu og verðbólgu og hafna ábyrgum og skynsamlegum skattatillögum Samfylkingarinnar, sem leiða mundu til lækkunar neysluvísitölu um 0,8% og þar með hemja skuldir heimilanna.

Gorgeir, hæstv. fjármálaráðherra, gorgeir er það orð sem manni helst kemur í hug þegar maður situr undir ræðum stjórnarliða um ríkisfjármálin. Þar er talað eins og enginn maður þurfi að hafa áhyggjur af neinu og þar fái allir allt.

Það má út af fyrir sig til sanns vegar færa að allir fái allt, þ.e. allir í stjórnarliðinu. Það aðhaldsleysi í ríkisfjármálunum og sú mikla skekkja sem reynst hefur á áætlunum og niðurstöðum er auðvitað að stórum hluta til komin vegna þess að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hangir á tveimur atkvæðum. Stjórnarmeirihlutinn á Alþingi hangir á tveimur atkvæðum og forsendan fyrir því að sá meiri hluti geti hangið áfram, er að í stjórnarliðinu fái allir alltaf allt.

Það er því full ástæða til að hafa áhyggjur af því að á þeim þenslutímum sem nú fara í hönd sé þessi ríkisstjórn ekki nægilega öflug og ekki nægilega þróttmikil til að halda þeirri stjórn á ríkisfjármálum sem nauðsynlegt er svo verðbólgan fari ekki úr böndunum, eins og gerðist rétt upp úr árinu 2000 þegar við heyrðum, t.d. hjá hæstv. fjármálaráðherra, sama gorgeirinn um að allt væri í lukkunnar velstandi og engin ástæða til að hafa áhyggjur. Þá var sagt að varnaðarorð Össurar Skarphéðinssonar, formanns Samfylkingarinnar, væru tómt svartnætti. En í ljós kom að verðbólgan fór á einu ári í 9% og hækkaði samsvarandi skuldir heimilanna í landinu.

Það má sannarlega ekki gerast nú því að unga fólkið í landinu er í stórum stíl að taka 90 og 100% veðlán til að kaupa sér fasteignir. Hvar skiljum við það eftir ef við missum tökin á verðbólgunni? Nei, það er ástæða til að hafa áhyggjur þótt auðvitað sé full ástæða til að vona hið besta. Það er full ástæða til að vona að stjórnarmeirihlutinn reynist vandanum vaxinn og reyni að liðsinna honum við að halda nokkurri stjórn á hlutunum.

Það er, virðulegur forseti, auðvelt að galdra. Maður setur bara hatt á borð, stingur hendinni ofan í hattinn og svo dregur maður kanínu upp úr hattinum. Það eina sem maður þarf að hafa vit á að gera er að koma kanínu fyrir í hattinum áður en töfrasýningin hefst svo maður hafi eitthvað upp úr honum að draga.

Þessi fjárlög og þau fjárlög sem ég sá hér fyrir ári eru ekki þess háttar töfrasýning. Í þessum hatti er engin kanína. Í hatti hæstv. fjármálaráðherra er engin kanína. Ég er hins vegar búinn að fatta trixið, eins og krakkarnir mundu segja, sem hér er viðhaft við fjárlagagerð. Það olli mér mikilli undrun þegar ég kom til Alþingis síðastliðið haust sem nýliði. Þá skildi ég alls ekki hvers konar verklag þetta var. Hér vorum við í nefnd, eftir nefnd, eftir nefnd að benda stjórnarliðum á sjálfsagða hluti, á að augljóst væri að það vantaði t.d. 900 millj. kr. í Fæðingarorlofssjóð. Þeir skelltu skollaeyrum við, neituðu að horfast í augu við veruleikann og hvað gerist? Á fjáraukalögum koma 900 millj. kr. í Fæðingarorlofssjóð, af því að auðvitað vantaði þær í fjárlögin. Við bentum á niðurskurðinn á lyfjunum sem engar forsendur voru fyrir og ekkert var á bak við. Hver var raunin? Sparnaðurinn þar var aðeins á pappírunum en náðist ekki fram. Þannig mætti áfram telja.

Ég spurði hæstv. fjármálaráðherra hvort atvinnuleysið væri ekki vanáætlað. Ó nei, það var nú aldeilis ekki. Hvað fáum við í fjáraukalögum? Auknar fjárveitingar til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ég spurði sjálfan mig, nýr á þingi: Hvernig stendur á þessu? Þetta er ekki spurning hægri eða vinstri pólitík, virðulegur forseti. Hér er ekki verið að takast á um strauma og stefnur í stjórnmálum. Hér sat ég á Alþingi Íslendinga í virðulegri fjárlaganefnd en þegar mönnum var bent á augljósar staðreyndir um fyrirsjáanleg útgjöld ríkisins þá lokuðu þeir bara augunum. Svo komu reikningarnir samt.

Er nema von að ég hafi velt fyrir mér hvernig þetta ferli gengur fyrir sig? En síðan hef ég lært hvernig það er. Það er sem sagt þannig að áður en menn setjast að fjárlagagerðinni ákveða þeir hver afgangurinn á að vera. Hin síðustu ár hefur hann verið ákveðinn á bilinu 0,5–1% af landsframleiðslu, þetta 4–8 milljarðar kr. í fyrra. En í ár þarf hann að vera meiri því að það á að sýna aðhald í ríkisfjármálum. Þá er afgangurinn á fjárlögunum ákveðinn fyrir fram, hann skal vera 10 milljarðar kr. Við ætlum að skila frumvarpi upp á 10 milljarða kr. Svo fara menn að vinna, eins og þeir kalla það, þ.e. að skrifa tölur inn í þetta fjárlagafrumvarp þannig að eftir standi á blaðinu 10 milljarða kr. afgangur. Það er ekki unnin nein önnur vinna en það.

Menn neita einfaldlega að horfast í augu við þau útgjöld sem fyrirsjáanleg eru, fara ekki í nauðsynlega hagræðingu og sparnaðaraðgerðir, endurskoða ekki lög og reglugerðir til að ná raunverulegum árangri og þess vegna flæða bakreikningarnir inn, 10–18 milljarða kr. á fjáraukalögum ár hvert og enn þá meira í blessuðum ríkisreikningnum.

Þetta vinnulag, virðulegur forseti, nær náttúrlega ekki nokkurri átt. Það skapar ekki þann stöðugleika og þá festu í ríkisfjármálunum sem atvinnulífið og verkalýðshreyfingin hafa kallað eftir. Þá kemur hæstv. fjármálaráðherra og sakar óreglulega liði um að eiga sök á öllum vandanum, rétt eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sakaði í ræðu sinni fyrr í dag alla aðra aðila í heimunum um að eiga aðild að verðbólgunni á Íslandi en ríkisstjórnina. Þessir óreglulegir liðir eru afskriftir skattakrafna. Hæstv. fjármálaráðherra hefur samkvæmt upplýsingum Ríkisendurskoðunar tekjufært, í 14 ár í röð, áætlanir á sköttum á einn einstakling sem aldrei hefur borgað krónu. Þegar þetta er niðurfært í reikningunum telur hæstv. fjármálaráðherra það ákaflega ófyrirsjáanlegt og ákaflega óreglulegt. Því fer auðvitað fjarri. Ofáætlanir á skatttekjum með þessum hætti hafa verið ákaflega reglulegar og numið verulegum upphæðum. Það sem menn hafa talið sér til tekna, án þess að innstæða væri fyrir

því, verður auðvitað að færa til gjalda. Það verður auðvitað að vera í fjárlögunum sjálfum. Það eru ekkert annað en flóttamenn og náttúruhamfarir sem ekki rúmast í fjárlögunum sem geta komið sem óreglulegir liðir á ríkisreikningi.

Lífeyrisskuldbindingar er einn liðurinn sem ítrekað hefur verið vanáætlaður í reikningum ríkisins. Því skyldi það vera? Var t.d. ekki fullkomlega fyrirsjáanlegt að gerður yrði kjarasamningur við grunnskólakennara í ár? Jú, og auðvitað átti að áætla fyrir lífeyrisskuldbindingum sem sá kjarasamningur mundi leiða af sér. Þær lífeyrisskuldbindingar þarf að borga.

Það er út af fyrir sig rétt að menn geta ekki alltaf áætlað nákvæmlega. Stundum hlýtur það að reynast minna og stundum meira. En þegar vanáætlanir í fjárlagafrumvarpinu síðustu ár eru skoðaðar kemur í ljós að það er alltaf áætlað í vitlausa átt. Það er alltaf vanáætlað. Það er með skipulögðum hætti reynt að draga fram fegurri mynd í fjárlagafrumvarpinu en innstæða er fyrir. Það er áhyggjuefni.

Það er gleðilegt, virðulegur forseti, að stjórnarandstaðan mæti til 2. umr. samstiga. Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn flytja breytingartillögur við fjárlögin allar saman og að sex höfuðtillögum standa flokkarnir að ásamt Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Til að undirstrika ábyrgð okkar í Samfylkingunni í ríkisfjármálum er gert ráð fyrir því að þær tillögur skili meiri afgangi í ríkissjóð en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þær fela ekki í sér að það dragi úr rekstrarafganginum, heldur þvert á móti. Þrjár þessara tillagna flytja formenn stjórnarandstöðuflokkanna, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Steingrímur J. Sigfússon og Guðjón Arnar Kristjánsson. Þær lúta að þremur liðum fjárlaganna. Í fyrsta lagi er liðurinn 09-811, en þar er lögð til hækkun á liðnum Barnabætur, um 2.400 millj. kr. Það er tillaga okkar í stjórnarandstöðunni að þeir fuglar í skógi sem barnabætur ríkisstjórnarinnar eru árin 2006 og 2007 verði þegar að veruleika á næsta ári. Miðað við málflutning stjórnarliða í dag, um hversu kært þeim er um barnabæturnar, þá hljóta þeir að endurskoða forgangsröð sína í þeim efnum og koma til liðs við barnafjölskyldurnar í landinu eins drjúglega og þeir hafa talað í átt til þeirra.

Sömuleiðis er gert ráð fyrir hækkun á liðnum 09-821. Það er liðurinn Vaxtabætur, sem hækkar um 300 millj. kr. Við teljum öldungis fráleitt, nú þegar svo gleðilega vill til í íslensku samfélagi að það er borð fyrir báru til að lækka skatta, að menn skuli á því augnabliki nota tækifærið og skerða vaxtabætur til skuldugasta fólksins, unga fjölskyldufólksins sem er nýbúið að taka 90 eða 100% lán til fasteignakaupa, og þarf að geta treyst forsendunum sem voru í vaxtabótaútreikningum þegar það réðst í fjárfestingar sínar, að þær forsendur haldi, virðulegur forseti.

Unga fólkið í landinu verður að geta treyst því að þegar það reiknar út greiðslubyrði sína af húsnæðislánunum standi vaxtabæturnar, en ekki sé verið að skerða þær ár frá ári, vegna þess að ef ríkisstjórnin gengur þannig fram við að raska forsendum ungs fólks í húsnæðiskaupum hættir fólk auðvitað að sjá tilgang með því að gera áætlanir, ef stjórnvöld ganga þannig fram að raska ár frá ári þeim forsendum sem unga fólkið hefur lagt fyrir fjárfestingum í mikilvægustu eign sinni, heimilinu.

Í þriðja lagi gera formenn stjórnarandstöðuflokkanna tillögu sem ekki er síst mikilvæg þó ég tilgreini hana síðar, en það er hækkun á liðnum 08-204 Lífeyristryggingar, um 560 millj. kr. Hér er um sömu tillögu að ræða og við fluttum í fyrra, stjórnarandstaðan, þá sá sem hér stendur og hv. þingmenn Frjálslynda flokksins, um að hjálpa ríkisstjórninni við að standa við samkomulag sitt við Öryrkjabandalag Íslands. Það vantaði í fyrra um 500 millj. kr. upp á að hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, og hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, efndu þann samning sem þeir gerðu persónulega við Öryrkjabandalag Íslands fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Ég sakna þess sannarlega að hæstv. forsætisráðherra sé ekki á þingi nú til að ræða þessi mál, því hann kom sannarlega sjálfur að þeim viðræðum við Öryrkjabandalagið, hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson. Þar sem hann hefur skorast undan því að eiga utandagskrárumræður um þann samning sem hann vann að með hæstv. heilbrigðisráðherra, Jóni Kristjánssyni, vona ég a.m.k. að hann verði tiltækur við 3. umr. um fjárlög til að verja framgang ríkisstjórnar sinnar. Nú liggur fyrir sú ákvörðun Öryrkjabandalags Íslands að verði samningurinn ekki efndur í þessum fjárlögum eigi bandalagið engra kosta völ annarra en að stefna ríkisstjórn Íslands til að fá fullnustu á þeim samningi sem gerður var. Það er algerlega augljóst hverjum þeim sem kynnir sér málið um hvað samið var. Það liggur fyrir skjalfest og í munnlegum yfirlýsingum ráðherra og blandast engum hugur um hvað var samið um. Ég hlýt að telja verulegar líkur á því að það sé svo augljóst að dómstólar eigi ekki annarra kosta völ en að staðfesta um hvað samningurinn var.

Þá hlýtur maður að spyrja hver væri við slíkar aðstæður staða ríkisstjórnar Íslands. Ef hún hefur svikið samning hvers efni var svo augljóst að jafnvel fyrir dómstólum væri ekki annað hægt en að staðfesta. Þá þýðir ekki að koma eins og hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, hefur ítrekað gert í átökum sínum og árásum á Öryrkjabandalagið og segja: „Við gerðum það ekki viljandi.“ Því það er algerlega með opin augu og fullkomlega viljandi sem ríkisstjórn Íslands gengur á bak þeim samningi sem gerður var við Öryrkjabandalagið. Sá samningur um kjör öryrkja hefur ekkert með fjölgun öryrkja að gera. Þó menn reyni að beina athyglinni eitthvert annað og reyni með áróðri að kynda undir fordómum í garð þeirra sem höllustum fæti standa, hefur samningurinn við Öryrkjabandalagið ekkert með fjölgun öryrkja að gera, hann hefur með fækkun framsóknarmanna að gera.

Staðreyndin er sú að hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, var tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að fjármagn kæmi til samninga við Öryrkjabandalag Íslands þegar hann horfðist í augu við það tveimur mánuðum fyrir kosningar að hann næði ekki kjöri á Alþingi Íslendinga í Reykjavíkurkjördæmi norður, vegna þess að fylgi Framsóknarflokksins var komið niður í 8%. Þá var róinn lífróður og Framsóknarflokknum var ljóst að stór hluti af því fylgistapi sem hann hafði orðið fyrir var að hann hafði ásamt Sjálfstæðisflokknum gengið mjög hart fram gagnvart öryrkjum í landinu, svo hart að aftur og aftur varð að höfða mál gegn ríkisstjórninni, gegn Framsóknarflokknum, til að fá viðurkennd fyrir æðstu dómstólum þjóðarinnar lág-

marksmannréttindi öryrkja. Svo naumt var framfærslan skömmtuð mönnum að niðurstaða Hæstaréttar Íslands var að það bryti í bága við stjórnarskrá þau kjör sem Framsóknarflokkurinn ætlaði að búa öryrkjum.

Hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, ákvað að fjármagna samning hæstv. heilbrigðisráðherra, Jóns Kristjánssonar, til að komast í gegnum kosningarnar og ná kjöri til Alþingis. Ef sú staða hefði ekki verið uppi hefði Jón Kristjánsson, hæstv. heilbrigðisráðherra, aldrei fengið stuðning formanns Framsóknarflokksins til þess að verja meira fjármagni til öryrkja því þannig hefur forgangsröðunin ekki verið hjá Framsóknarflokknum sjálfviljug, hún varð það aðeins á stund neyðarinnar þegar allt útlit var fyrir að ríkisstjórnin væri fallin fyrir fullt og allt. Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur gætu ekki myndað stjórn aftur og að hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, næði ekki kjöri til Alþingis. Þá allt í einu voru til peningar og þá var Sjálfstæðisflokkurinn tilbúinn til þess að leyfa Framsóknarflokknum að gera þetta.

Það getur verið að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki lofað Halldóri Ásgrímssyni, hæstv. forsætisráðherra, meiri stuðningi en 1 milljarði í þetta verkefni, en það breytir engu um það hvað samið var um. Það sem samið var um í samningnum á að efna. Það stendur upp á ríkisstjórn Íslands að efna það samkomulag sem gert var í hennar nafni, jafnvel þótt þingflokkur sjálfstæðismanna hafi ætlað að hann mundi kosta minna en reyndin varð, vegna þess að það var ekki samið um heildarupphæðina, það var samið um útfærsluna.

Í Morgunblaðinu var öllum kjósendum birt nákvæmlega hvað hver og einn öryrki í landinu ætti að fá í mánaðarlegar greiðslur. Hvað sá sem væri 35 ára ætti að fá, hvað sá sem væri 43 ára ætti að fá og hvað sá sem væri 56 ára ætti að fá. Slíka samninga á að efna og það stendur upp á ríkisstjórnina að gera það. Ég hvet hana eindregið til þess að efna þetta samkomulag sem ég í upphafi þingferils míns hrósaði þeim svo mikið fyrir að hafa gert. Ég hvet ríkisstjórnina til að hlífa Öryrkjabandalagi Íslands við því að þurfa enn einu sinni að draga ríkisstjórnina fyrir dómstóla.

Ég hef farið yfir öll gögn málsins. Þau gögn sem kynnt voru blaðamönnum. Þau gögn sem blaðamenn birtu. Þær tillögur og þann samning sem sendur var Tryggingastofnun til útreiknings í kjölfar undirritunar samkomulagsins. Ég spurði hæstv. heilbrigðisráðherra á Alþingi fyrir ári eftir efndum á samkomulaginu. Hæstv. heilbrigðisráðherra sagði í þessum stól og ég trúi því að hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, ljúgi ekki að Alþingi, að hann yrði að áfangaskipta efndunum vegna þess að hann hefði ekki fjármagn nema til að uppfylla 2/3 hluta samkomulagsins. Þannig að ekki aðeins gögn málsins, ekki aðeins fréttir fjölmiðlanna, ekki aðeins yfirlýsingar stjórnmálamannanna, heldur orð hæstv. heilbrigðisráðherra, Jóns Kristjánssonar, í ræðustól á Alþingi Íslendinga taka af allan vafa um það hvað samið var um. Auðvitað vitum við að um samninga, eins og samninga um kjör öryrkja eða kjör lækna eða kjör grunnskólakennara, geta menn misreiknað sig um hver kostnaðurinn við samningsgerðina verður þegar upp er staðið. En þó að samningar verði dýrari en ætlað var í upphafi verða menn að efna samningana.

Ég spyr hæstv. heilbrigðisráðherra, vegna þess að hann er því miður einn til svara um þetta efni á þessum fundi, hvort það sé algerlega loku fyrir það skotið að fyrir 3. umr. komi tillögur ríkisstjórnarinnar í þessu efni, eða hvort óhjákvæmilegt sé að hæstv. ríkisstjórn verði dregin fyrir dómstóla og þeir fengnir til þess að úrskurða um það hvert hafi verið efnisinnihald þess samnings sem gerður var.

Ég hlýt jafnframt að spyrja ráðherrann, ef hann ætlar ekki að koma hingað með nýjar tillögur fyrir föstudag í næstu viku, hverjum augum hann liti slíka málsókn og hvort hann telji ekki algerlega óhugsandi fyrir ríkisstjórn Íslands að vera enn einu sinni dæmd fyrir að brjóta gegn fátækasta fólkinu á Íslandi og svíkja þá samninga sem gerðir hafa verið við það.

Fyrr í dag, í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, var minnst á misnotkun á örorkubótum. Ég mætti þeim dylgjum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar af fyllstu hörku, enda full ástæða til. Ég hef ekki kallað þessa þingmenn Sjálfstæðisflokksins til ábyrgðar fyrir samninginn við Öryrkjabandalagið. Ég hef gert alveg skýra grein fyrir því að það væru hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, og hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, sem vegna hagsmuna Framsóknarflokksins gerðu þann samning og beri á honum fulla ábyrgð. Ef þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja endilega taka að sér brjóstvörnina í málinu og reyna að beina athyglinni annað með dylgjum í garð öryrkja um misnotkun á kerfinu er alveg sjálfsagt að taka þá umræðu. Við vitum það öll, það er alltaf svo og hefur alltaf verið þannig að félagsleg kerfi eru að einhverju leyti misnotuð. Ekki bara félagsleg kerfi, ég hygg öll kerfi. Það er hlutverk okkar og skylda að reyna að tryggja það eins og við frekast getum að slík misnotkun sé í algjöru lágmarki. Vilji menn grípa til aðgerða í því skyni skal ekki standa á mér. Vilji menn rannsaka misnotkun og grípa til aðgerða, setja reglur eða annað slíkt, skal ekki standa á mér. En að dylgja um heila stétt manna, um misnotkun sem menn hafa engar staðfestingar fyrir, engin dæmi um og engar tillögur um hvernig á að bregðast við er ósæmilegt. Það er einfaldlega ósæmilegt, því við vitum sem hér störfum að með líkum hætti má dylgja um fjölmargar stéttir í samfélaginu en það er ekki samboðið virðingu hins háa Alþingis að gera það.

Hér var einfaldlega reynt að beina ljósinu frá því að ríkisstjórnin sveik samkomulag sitt við efnaminnsta fólkið í landinu og hefur reynt að draga upp þá mynd að öryrkjar og fjölgun þeirra væri helsti veikleikinn í fjárlagafrumvarpinu. Það sagði hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Heyr á endemi. Halda menn að þær lágu bætur sem öryrkjar þiggja og fá, að jafnvel þó einhver hluti þeirra sé þar ekki á bótum með réttu, að þær upphæðir séu það sem sköpum skipti í frumvarpinu? Nei, fjarri því. Eins og ég hygg að ég hafi farið ágætlega yfir í fyrri andsvörum mínum við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson er útgjaldavandinn í heilbrigðismálum sannarlega ekki öryrkjarnir. Trúlega heldur launaþróunin í heilbrigðiskerfinu almennt, ekki síst hjá læknunum, eins og hv. þingmaður hefur oftar en einu sinni vakið athygli á. Ég treysti því að hæstv. heilbrigðisráðherra komi og vona svo sannarlega að hann komi til að færa okkur þær góðu fréttir að menn hafi loks ákveðið að koma með síðari áfangann sem hann gat um í ræðu sinni í fyrra.

Í frumvarpinu eru auðvitað fjölmargir hlutir sem eru aðfinnsluverðir, en ég held að ég vilji ekki draga athyglina frá þeim gagngeru svikum við öryrkja með því að fjalla um þá að þessu sinni, en geymi mér það til 3. umr.

Ég þakka samnefndarmönnum mínum í fjárlaganefnd fyrir ágæta samvinnu við gerð og vinnslu fjárlaganna þetta árið. Fjárlaganefnd skilaði í sjálfu sér viðbótartillögum sínum á milli umræðna og ég vil segja að þær eru snöggtum betur unnar en í fyrra. Ég hef kallað eftir yfirliti um skiptingu þeirra milli kjördæma. Það er eðli þessara styrkveitinga að þær leita meira á landsbyggðina enda þörfin meiri þar og ég vil ekki gera lítið úr því. En hún virðist skiptast með jafnari hætti milli landsbyggðarkjördæmanna en var á síðasta ári, og er það vel.

Styrkir nefndarinnar til húsafriðunarmála voru líka sem betur fer þetta árið unnir í góðu samráði við framkvæmdastjóra húsafriðunarnefndar en ég tel að þær umtalsverðu fjárveitingar, kvartmilljarður eða svo, sem fjárlaganefndin deilir út til safnastarfsemi hingað og þangað um landið þurfi með sama hætti að fara fram í nánu og faglegu samráði við safnaráð við gerð næstu fjárlaga og þannig megi bæta nokkuð vinnubrögðin við fjárlagagerðina.

Vegna þess að hv. þm. Magnús Stefánsson, formaður fjárlaganefndar, hefur gefið fyrirheit um það að á nýju ári muni menn ganga í gagngera endurskoðun á fjárlagavinnunni vil ég að endingu brýna hv. formann í því efni. Það gengur auðvitað ekki að það sé alltaf eins mikil skekkja frá áætlunum til niðurstöðu og raun ber vitni. Það getur ekki gengið að þegar þingmenn benda á sjálfsagðar staðreyndir um útgjöld sem eru óhjákvæmileg og fullkomlega fyrirsjáanleg loki menn bara augunum og neiti að skrifa þau inn í fjárlögin af því að í fjárlögunum eigi að standa einhver tiltekinn afgangur. Ég held að það sé óheppilegt að fjárlaganefnd taki ekki til við vinnu við fjárlögin fyrr en seint í september og sé á einhverjum maraþonfundum í tvo mánuði í fremur yfirborðskenndri yfirferð yfir frumvarpið.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að fjárlaganefnd Alþingis eigi að koma að ákvörðun um ramma fyrir málaflokkana og að þingið eigi sjálft að láta framkvæmdarvaldið hafa rammana þó að auðvitað séu þeir ákvörðun stjórnarmeirihlutans á sínum tíma. Ef þingið kemur að þeirri ákvörðun er þingið líka bundnara af römmunum og þar af leiðandi þarf það að halda nokkuð aftur af almennri útgjaldagleði sinni sem þvert á orð stjórnarliðsins hér í ræðustólnum er síst minni meðal stjórnarþingmanna en stjórnarandstöðuþingmanna. Ég tel að með margvíslegum slíkum breyttum vinnubrögðum megi í raun og sann vinna að betri fjárhagsáætlunum í ríkisfjármálum sem skili okkur meira aðhaldi og betri rekstri, og að það eigi að vera þverpólitískt mál. Það er ekki spurning um hægri eða vinstri, frjálshyggju eða félagshyggju, að færa áætlanirnar í samræmi við veruleikann og að vinna að því að niðurstaðan sé í samræmi við áætlanirnar en ekki allt að 20 milljörðum frá þeim.

[16:33]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Að gefnu tilefni er bæði ljúft og skylt að fara enn einn ganginn yfir svokallað öryrkjamál og það sem er kallað svik tryggingamálaráðherra og ríkisstjórnar vegna samkomulags sem sá er hér stendur og formaður Öryrkjabandalagsins handsöluðu í Þjóðmenningarhúsinu þann 25. mars 2003. Það er talað um svik en það gleymist að þá voru báðir aðilar sammála um réttmæti þess og mikilvægi að tvöfalda grunnlífeyri þeirra einstaklinga sem yngstir verða öryrkjar. Það var meginmál samkomulagsins og við þetta meginatriði var staðið. Þetta var sú mikla stefnubreyting sem varð með samkomulaginu, þ.e. að viðurkenna sérstöðu þeirra sem yngstir verða öryrkjar. Síðan var gert ráð fyrir að hækkunin rynni út við 67 ára aldur þannig að öryrki sem væri á þeim aldri stæði í sömu sporum og áður.

Önnur staðreynd málsins er að í samkomulaginu var gert ráð fyrir að 1 milljarður kr. rynni til að fullnusta samkomulagið eins og ávallt hefur komið fram. Þannig var málið samþykkt í ríkisstjórn.

Það er nauðsynlegt á þessu stigi að fara nokkrum orðum um útfærslu málsins. Þegar samkomulagið var handsalað var rennt blint í sjóinn með það hver endanlegur kostnaður yrði. Þess vegna var talað um að kostnaðurinn gæti orðið um, allt að eða rúmlega 1.000 millj. kr. Eins og áður er fram komið var talið af hálfu heilbrigðisráðuneytisins að kostnaður gæti orðið eitthvað meiri og gæti hugsanlega farið í 1.200 millj., allt eftir því hvernig samkomulagið yrði útfært, en í viðræðum aðila sem staðið höfðu um nokkurra mánaða skeið hafði m.a. komið fram að kostnaðurinn gæti hugsanlega orðið á bilinu 700–1.000 millj. kr.

Útgangspunkturinn var sem sé að tvöfalda grunnlífeyri þeirra sem yngstir hafa orðið öryrkjar og útfæra samkomulag sem kostaði um 1.000 millj. kr. Til þess að útfæra samkomulagið frá 25. mars var skipaður starfshópur. Í honum sátu fulltrúar heilbrigðisráðherra, Öryrkjabandalagsins og fjármálaráðuneytisins, enda ljóst að endanleg útkoma og heildarkostnaður færi eftir þeim forsendum sem lagðar yrðu til grundvallar í starfi hans. Þessi starfshópur var skipaður þann 6. maí, sex vikum eftir að samkomulagið var kynnt, og útgangspunkturinn í starfi hans var í fyrsta lagi viðurkenningin á sérstöðu þeirra sem verða öryrkjar snemma á lífsleiðinni með því að tvöfalda grunnlífeyrinn og í öðru lagi að útfæra samkomulagið í samræmi við það fé sem það mundi kosta, þ.e. um 1 milljarð kr.

Rétt er að taka það fram að það er Öryrkjabandalagið sjálft sem með málflutningi sínum hefur valið sér að heildarkostnaðurinn við samkomulagið sé eða hafi verið 1.500 millj. kr. Á þeim grundvelli er því haldið fram að þar sem 1.000 millj. kr. hafi runnið til hækkunar bóta hafi heilbrigðisráðherra svikið samkomulagið og 500 millj. kr. vanti í viðbót til aldurstengdu örorkubótanna.

Það er líka rétt að hnykkja á því að hvorki heilbrigðisráðuneytið, Tryggingastofnun ríkisins né Öryrkjabandalagið gat sagt um það fyrir fram hvað samkomulagið mundi kosta endanlega vegna þess að þá lágu ekki fyrir útreiknaðar upplýsingar um það hvenær hver og einn varð öryrki en á því byggðist útkoma reikningsdæmisins. 1.500 millj. byggjast á forsendum sem Öryrkjabandalagið gaf sér og vísar í því sambandi til útreikninga sem Tryggingastofnun ríkisins gerði í apríl, miðað við tilteknar gefnar forsendur, og Öryrkjabandalag Íslands. Þeir útreikningar voru gerðir mánuði áður en nefnd sú sem m.a. átti að útfæra samkomu-

lagið var skipuð.

Svo mjög er heildarkostnaður eða endanlegur kostnaður háður forsendum sem menn gefa sér að marklaust er að tala um ákveðinn kostnað fyrr en forsendurnar hafa verið ákveðnar. Um það náðist ekki samkomulag í nefndinni sem átti að útfæra samkomulagið sem handsalað var, og niðurstaða um endanlegan kostnað lá því ekki fyrir útreiknuð fyrr en haustið 2003. Þetta var útreiknað að gefnum öllum þeim forsendum sem þurfti að fastsetja til að geta reiknað út heildarkostnaðinn með áreiðanlegum hætti.

Það er rétt að taka fram, til að halda öllu rétt til skila, að áður en vinna starfshópsins hófst lágu m.a. fyrir útreikningar Tryggingastofnunar ríkisins frá því í febrúar 2003 á nokkrum hugsanlegum leiðum sem fram höfðu komið í viðræðum við Öryrkjabandalagið áður en samkomulag ráðherra og formanns Öryrkjabandalags Íslands var gert og áður en veittar voru 1.000 millj. kr. í þessa miklu réttarbót fyrir öryrkja. Forsendur fyrir þessum útreikningum og mismunandi leiðum eru breytilegar eins og niðurstöður útreikninganna bera með sér.

Í fyrsta lagi eru t.d. útreikningar frá 27. febrúar 2003, reiknaður kostnaður vegna 10 ára aldurbils greiningaraldurs öryrkja, fimm ára aldursbils greiningaraldurs öryrkja, tilteknar breytingar á tekjutryggingu með óbreyttu fritekjumarki og hækkun tekjutryggingarauka um 15 þús. kr. á mánuði, svo dæmi séu tekin.

Í öðru lagi er Tryggingastofnun ríkisins fengin til þess í apríl 2003 að meta hvað hugsanleg breyting á örorkulífeyri kostaði ef miðað væri við greiningu sem miðaðist við aldur en ekki aldursbilið. Voru þessir útreikningar með öðru hafðir til hliðsjónar eftir að að starfshópnum hafði verið komið á fót 6. maí.

Til að undirstrika mikilvægi forsendnanna þegar heildarkostnaður við þessa mikilvægu kerfisbreytingu er metinn er rétt að það komi fram að í bréfi frá Tryggingastofnun ríkisins frá í september 2003 kemur fram að stofnunin geti reiknað út kostnaðinn við samkomulagið þegar allar forsendur útreikninganna sem ekki lágu fyrir liggi fyrir, enda var þá gerð tilraun til að ná samkomulagi í starfshópnum um endanlega útfærslu.

Meðal þess sem stofnunin tiltekur í bréfi sínu að þurfi að liggja fyrir til að hægt sé að meta kostnaðinn nákvæmlega er eftirfarandi:

ákvörðun um það hvort aldurstengdar greiðslur ættu að ná til endurhæfingarlífeyris og slysaörorkulífeyris,

ákvörðun um hvort fyrsta örorkumat eða örorkumat endurhæfingarlífeyris skyldi ráða því hvenær viðkomandi varð öryrki,

hvort aldursdreifing miðaðist við ár en ekki brot úr ári og

hvernig ætti að fara með þá sem ekki hefðu samfellt 75% örorkumat.

Hér eru aðeins tilfærðar nokkrar þeirra forsendna sem Tryggingastofnun ríkisins taldi í september 2003 að þyrftu að liggja fyrir til að reikna mætti út endanlegan kostnað við samkomulagið vegna áhrifanna sem mismunandi forsendur hefðu á niðurstöðu heildarútreikninganna. Forsendurnar lágu ekki fyrir fyrr en í nóvember 2003 og þar með sjálf útfærslan og kostnaðarmat.

Að halda því fram að samkomulagið hafi verið rétt og slétt reikningsdæmi þar sem allar stærðir hafi verið ljósar fyrir fram og löngu fyrir þennan tíma er ekki réttt. Staðreyndin er sú að þeir sem yngstir urðu öryrkjar fengu tvöfaldan grunnlífeyri eins og að var stefnt og ríkisstjórnin veitir til þeirrar merkilegu breytingar um 1.300 millj. kr. á þessu ári en ekki 1.000 millj.

Mörg orð og þung hafa fallið í umræðunni um þetta tímamótasamkomulag sem aldurstengdu örorkubæturnar eru, og mér finnst það mjög miður. Það eru nokkrar staðreyndir sem ég legg fram enn á ný til að menn sjái í krónum og aurum hvernig staðan er varðandi öryrkja.

Heildargreiðslurnar hafa tæplega tvöfaldast á síðustu fimm árum. Þær voru 7,5 milljarðar árið 2000 en verða samkvæmt áætlun næsta árs rúmlega 14,3 milljarðar. Greiðslur til örorkulífeyrisþega sem hlutfall af heildarútgjöldum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hafa hækkað úr 9,6% í um 12% á næsta ári.

Ef við tökum kaupmáttarþróun t.d. frá 1998 til dagsins í dag lítur dæmið þannig út að kaupmátturinn hefur aukist um 14,8% á tímabilinu en ráðstöfunartekjur á mann hafa aukist um 21,5%. Kaupmáttur bóta einhleyps örorkulífeyrisþega hefur aukist um 25,6%, kaupmáttur bóta hjóna sem bæði eru lífeyrisþegar hefur aukist um 50,2% og kaupmáttur bóta hjóna þar sem maki er ekki lífeyrisþegi hefur aukist um 45,2%.

Virðulegur forseti. Það getur enginn haldið því fram af sanngirni að hagsmunir öryrkja séu fyrir borð bornir, öðru nær. Ég vil undirstrika að könnun sem ég hef látið gera og er að láta gera um fjölgun öryrkja hefur það engan veginn í för með sér að ég sé að væna öryrkja um svik eða að misnota örorkubótakerfið. Eins og hv. þm. Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n., sagði réttilega getur alltaf verið eitthvað um misnotkun í félagslegum kerfum. En það er langt frá því að athugun mín á fjölgun öryrkja hafi nokkuð með þetta að gera. Ég vil bara láta skoða hvaða ástæður eru fyrir þeirri þróun sem leiðir til mikils útgjaldaauka í fjárlagafrumvarpinu á yfirstandandi ári og á næsta ári, upp á um 2,5 milljarða kr., en það hefur ekkert með staðreyndir þessa tiltekna máls að gera. Þetta eru staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir, að útgjöldin hafa hraðvaxið vegna öryrkjanna, og það er ekki þeim í hag að þróunin haldi svona áfram ef t.d. einhver önnur kerfi eru að bila og það ýtir fólki inn í örorkubótakerfið eða hvað það er í samfélaginu sem hefur það í för með sér að ýta undir þá þróun að fólk verði öryrkjar. Að mínu mati er nauðsynlegt að skoða þetta og sú skoðun sem ég er með í gangi í þessu efni er einn þátturinn í því.

Það eru kannski mistök mín í þessu efni að ég hef ætíð verið reiðubúinn til að berjast fyrir hagsmunum öryrkja. Ég tók það fram í umræðunni í fyrra um málið, mjög hörðum umræðum sem stóðu dögum saman, að ég teldi að hagsmunabaráttu öryrkja væri ekki lokið. Ég vona svo sannarlega að hægt verði að halda henni áfram og koma til móts við óskir Öryrkjabandalagsins því að ég tel að þetta sé kannski ekki eina óskin sem þeir hafi um sín kjör. Ég hef ætíð verið tilbúinn að berjast fyrir bættum kjörum þeirra.

Varðandi þær spurningar sem hv. þingmaður beindi til mín þá á ég ekki von á að það komi breytingartillaga við

málið við 3. umr. Mér finnst auðvitað mjög miður ef Öryrkjabandalagið fer í mál út af þessu og tel ekki líkur á því að dómstólarnir dæmi málið Öryrkjabandalaginu í hag. Mér þykir mjög miður ef til þess kemur að slík málssókn verði ákveðin

Hvað varðar útgjaldavandann í heilbrigðismálum þá tek ég undir að það eru vissulega stórar upphæðir sem fara í tryggingabætur, en það er rétt hjá hv. þingmanni að það eru einnig stórar upphæðir sem fara í launasamninga við heilbrigðisstarfsfólk. Við höfum bætt kjör heilbrigðisstarfsfólks mjög mikið á síðustu árum, gríðarlega mikið, og það kostar auðvitað mikla fjármuni að gera það og aukning útgjalda í heilbrigðismálum er auðvitað vegna þess.

Ég vil aðeins leiðrétta það sem mér fannst hv. þingmaður segja í ræðu sinni — hann leiðréttir mig þá ef ég hef tekið vitlaust eftir — að lyfjasparnaður hefði enginn orðið á árinu. Við höfum verið að vinna stórmerkilegt starf á árinu í sambandi við sparnað í lyfjum og höfum náð samningum um að lyfjaverð hér verði hið sama og á Norðurlöndunum á næstu tveimur árum. Það hefur náðst stórkostlegur árangur í þeim málum og ég vil halda því til haga í þessari umræðu.

Ég vil einnig halda því til haga og undirstrika það sérstaklega áður en ég skil við öryrkjamálið að ég hef ekki neina fordóma í garð öryrkja. Ég hef ætíð verið tilbúinn að berjast fyrir málum þeirra og þrátt fyrir þá leiðindahnökra sem komið hafa upp varðandi framkvæmd samkomulagsins, tel ég þetta samkomulag stórmerkilegt og tímamót, enda óskaði Öryrkjabandalagið sérstaklega eftir þessu samkomulagi á þingi sínu 1998 og það var stórmerkilegt skref að ná því fram.

Einnig verð ég að leiðrétta það að þessar viðræður mínar við Öryrkjabandalagið og formann þess voru búnar að standa í marga mánuði þegar við náðum þessari niðurstöðu. Þar á meðal áttum við Garðar Sverrisson einn fund með Halldóri Ásgrímssyni, það er hárrétt, og bárum málið undir hann. En það var ekki í tengslum við neinar skoðanakannanir um 8% fylgi Framsóknarflokksins í Reykjavík norður, það er alrangt, þær skoðanakannanir voru ekki til þegar við bárum þetta undir núverandi forsætisráðherra. Þetta var verkefni sem varð í rauninni til í viðræðum okkar Garðars Sverrissonar sem höfðu staðið svo mánuðum skipti og enduðu með þessari viljayfirlýsingu og handsali þann 25. mars í Þjóðmenningarhúsinu. Ég endurtek að mér finnst mjög miður hvernig umræðan um þetta mál hefur þróast og vona, satt að segja, innilega að menn geti haldið áfram að berjast fyrir kjörum öryrkja og fagna því góða samkomulagi sem við gerðum og tók gildi í fyrra.

Ég vil áður en ég lýk máli mínu drepa aðeins á að hv. þm. Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest., vék hér að einni heilbrigðisstofnun í framsöguræðu sinni, sem er heilsugæslustöðin í Lágmúla, og ég má til með að leiðrétta hv. þingmann eða hluta af því sem hann sagði. Hann taldi þá heilsugæslustöð vera dæmi um óráðsíu. (**JBjarn:** Nei, einkavæðingu.) Dæmi um einkavæðingu og einkavæðing er óráðsía í kolli hv. þingmanns. Það er samasemmerki þar á milli. En sannleikurinn er sá að ef stöðin í Lágmúla er borin saman við aðrar heilsugæslustöðvar hér á svæðinu þá eru laun lækna þar lægst og afköstin mest og stöðin er rekin með hagnaði eins og fram kom samkvæmt þjónustusamningi. Mér er mjög umhugað að koma þessu að vegna þess að þjóðin má ekki hafa það á tilfinningunni að það ágæta fólk sem hefur unnið ágætisstarf í þessari stöð sé eitthvert dæmi um einkavæðingu sem leiði til óráðsíu.

Það er hins vegar rétt sem Ríkisendurskoðun bendir á að óheimilt er að standa að lánveitingum til eigenda stöðvarinnar. Við munum auðvitað taka það upp. Við munum taka það upp við heilsugæsluna í Reykjavík að sjá um að eignaskrá verði gerð þar sem Lágmúlastöðin á ekki tækin á stöðinni. En ég vil endilega koma því á framfæri að það er unnið ágætisstarf á Lágmúlastöðinni og hefur verið svo lengi. Þar hefur m.a. verið sinnt erindum úr Voga- og Heimahverfi þar sem ekki er heilsugæslustöð en vonandi verður opnuð þar heilsugæslustöð á næsta ári. Við höfum verið að byggja upp heilsugæsluna í Reykjavík með markvissum hætti, hún hefur aukið afköst sín, m.a. með síðdegisvöktum. Risin er heilsugæslustöð í Salahverfi í Kópavogi þar sem reksturinn gengur mjög vel, en ég varð að verja þá ákvörðun utan dagskrár í þinginu að bjóða hana út. Sá rekstur gengur mjög vel og við erum að undirbúa opnun annarrar heilsugæslustöðvar í Hafnarfirði. Það er verið að þétta netið á höfuðborgarsvæðinu, komurnar hafa aukist þannig að kvartanir yfir þjónustu heilsugæslunnar hafa stórminnkað. Þær voru vissulega fyrir hendi fyrir þremur, fjórum árum, en hafa stórminnkað núna með auknum afköstum.

[16:56]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þá vitum við það, samkomulag heilbrigðisráðherra við Öryrkjabandalag Íslands hafði ekkert með kosningabaráttu Framsóknarflokksins að gera. Nei. Ég held, hæstv. ráðherra, að ekki sé hægt að bjóða hvorki Alþingi né almenningi á Íslandi upp á annan eins þvætting.

Ég harma það svo sannarlega ef hæstv. ráðherra ætlar ekki að koma hér við 3. umr. með tillögur um auknar fjárveitingar vegna samningsins við öryrkja, vegna þess að 500 milljónirnar voru ekki neitt sem Öryrkjabandalagið fann upp. 500 milljónirnar voru það sem Tryggingastofnun reiknaði út að beiðni heilbrigðisráðuneytisins og ráðherrann nefndi sjálfur í þessum ræðustól fyrir ári. Fyrir ári sagði hæstv. heilbrigðisráðherra í andsvari við mig að hann vantaði 500 milljónir til að uppfylla samninginn. Og hvernig er hægt að segja það fyrir ári og standa hér ári síðar og segja að það vanti ekki neitt til að uppfylla samninginn? (Forseti hringir.) Hvernig er það hægt, hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson, án þess að roðna og blána af skömm?

[16:57]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég endurtek það sem ég sagði og hv. 9. þm. Reykv. n. getur þá hlustað á það — ég geri enga kröfu til þess að hann játi því — að viðræður mínar við Öryrkjabandalagið höfðu staðið í marga mánuði um samkomulagið sem gert var. Það er svo hægt að halda áfram að tala um að þetta hafi verið kosningatrikk, það var það ekki og ég neita því harðlega.

Ég sagði í fyrra að það vantaði 500 millj. til að uppfylla óskir Öryrkjabandalagsins. Og ég vona svo sannarlega að hægt verði að berjast fyrir bættum kjörum öryrkja áfram

(Forseti hringir.) þegar menn ljúka þeim leiðindadeilum sem hafa verið um þetta merka mál.

[16:59]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. heilbrigðisráðherra talaði ekkert um óskir Öryrkjabandalagsins í þessum ræðustól. Það er hægt að fara í þingtíðindin. Ræða hæstv. heilbrigðisráðherra eða andsvar við ræðu minni í fyrra hlýtur að vera til hér á segulböndum. Hæstv. heilbrigðisráðherra sagði að sig vantaði 500 millj. til að uppfylla samkomulagið — ekki óskir Öryrkjabandalagsins.

Hvað viðvíkur góðum vilja hæstv. heilbrigðisráðherra um langan tíma í garð öryrkja þá dreg ég hana ekki í efa, en sú ríkisstjórn sem hann er hluti af níddist á öryrkjum árum saman þannig að þeir þurftu aftur og aftur að fara með hana uppi í Hæstarétt og flengja hana. Hæstv. heilbrigðisráðherra fékk ekki stuðning hæstv. forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar til að setja peninga í sinn góða vilja til öryrkja fyrr en örvæntingin ein ríkti í kosningabaráttu Framsóknarflokksins vorið 2003. (Forseti hringir.)

Það er þess vegna fyrst og fremst hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson sem reynist (Forseti hringir.) vera sá heigull að efna ekki samninginn þegar til kastanna kemur og (Forseti hringir.) láta hæstv. heilbrigðisráðherra ekki fá þær 500 milljónir sem (Forseti hringir.) hann svo gjarnan vildi fá. Um það efast ég ekki.

[17:00]

Forseti (Þuríður Backman):

Ég bið hv. þingmenn um að virða ræðutímann þar sem hann er knappur í andsvörum.

[17:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Helga Hjörvar þykir það henta núna að beina spjótunum að Halldóri Ásgrímssyni. Það verður hann að eiga við sig. Hins vegar er ljóst og það getur engum komið á óvart að Öryrkjabandlagið leit öðrum augum á þetta samkomulag, taldi að það væri 1.500 milljónir. En í samkomulaginu sem við handsöluðum var skráð 1.000 milljónir. Samkvæmt þeim útreikningum og samkvæmt þeim forsendum sem við gerðum og samkvæmt þeim forsendum sem voru niðurstöður þá eru komnar í þetta samkomulag 1.300 milljónir núna. Vonandi getum við barist áfram fyrir meiri framlögum til öryrkja. Ég er tilbúinn til þess. En staðan er þessi núna.

[17:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi málflutningur hæstv. heilbrigðisráðherra er ekki boðlegur. Það er alveg ljóst hvað í samkomulaginu var fólgið, hvort sem það var skriflegt eða handsalað. Það var alveg ljóst í huga hæstv. heilbrigðisráðherra 27. nóvember á síðasta ári þegar hæstv. ráðherra segir svo í DV, með leyfi forseta:

„Það er ljóst að það vantar þarna upp á og miðað við þá peninga sem ég hef, 1 milljarð króna, get ég ekki farið í nema tvo þriðju núna.“

Það þarf ekkert að deila um þetta, frú forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er hæstv. heilbrigðisráðherra sem skilgreinir þarna samkomulagið svo að 1 milljarður nemi tveimur þriðju hlutum samkomulagsins. Þá þýðir það samkvæmt einföldum útreikningi að það vantar 500 millj. kr. Er þetta einhver allt annar heilbrigðisráðherra sem er að tala hér, en sá sem talaði við DV 27. nóvember í fyrra?

[17:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að sú viljayfirlýsing sem við handsöluðum var gefin út í fréttatilkynningu, handsal okkar. Það fjallaði um 1.000 millj. kr. Sú viljayfirlýsing var samþykkt í ríkisstjórn. Öryrkjabandalagið hafði væntingar um að þetta yrðu 1.500 millj. kr. Sök mín er kannski í því fólgin að vilja berjast áfram fyrir hækkun bóta til að tvöfalda grunnlífeyri þeirra sem yngstir verða öryrkjar. Sök mín er kannski í því fólgin að hafa vilja til þess að koma til móts við þennan skilning. En það breytir því ekki að það hefur ekki verið svikin nein yfirlýsing í þessu efni. Yfirlýsingin var skrifleg. Hún var gefin út í skriflegri fréttatilkynningu. Hún var handsal. Þetta var ekki samningur. En það skiptir ekki máli. (Forseti hringir.) Þetta var handsalað og gefið út skriflega í fréttatilkynningu.

[17:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hafi það ekki verið svik í fyrra þá voru það svik hérna áðan í þessum ræðustól fyrir fimm sekúndum síðan vegna þess að þá var hæstv. heilbrigðisráðherra a.m.k. að svíkja þá yfirlýsingu sem hann gaf í DV 27. nóvember 2003. Hæstv. heilbrigðisráðherra var í þessum orðum töluðum að lýsa því yfir að samkomulagið sem hann gerði þá væri, að því er hann segir núna, ekki upp á nema 1.000 milljónir. Það kemur hins vegar alveg skýrt fram í yfirlýsingu hans í DV 27. nóvember að hann er þá að lofa 1 milljarði og segir: „Það eru ekki nema tveir þriðju.“ Það þýðir að hann á eftir að leysa a.m.k. þann hluta loforðsins sem nemur 500 millj. kr. og er ógreiddur. Það sem hann segir í DV er yfirlýsing. Hann er a.m.k. að svíkja þá yfirlýsingu. Það finnst mér ekki stórmannlegt og allra síst gagnvart öryrkjum.

[17:05]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vísa öllum svikabrigslum á bug. Það er alveg skýrt og ljóst að ríkisstjórnin samþykkti 1 milljarð kr. í þetta efni sem eru nú orðnar 1.300 millj. kr. í fjárlögum næsta árs og 1.300 millj. kr. á yfirstandandi ári. Það eru engin svik í þessu efni. Ég endurtek að það sem ég hef kannski til saka unnið er að vilja berjast áfram. En núna höfum við orðið að setja í forgang framlög til hinnar miklu fjölgunar sem orðið hefur í öryrkjahópnum sem er upp á 2,5 milljarða kr. á yfirstandandi ári og næsta ári. Það er ljóst að það setjum við (Forseti hringir.) í forgang nú. En það er um engin svik að ræða í þessu efni.

[17:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að hæstv. heilbrigðisráðherra er á flótta frá eigin loforðum. En hæstv. ráðherra getur ekki hlaupið frá því sem hann hefur sagt í þessu efni. Þau orð munu elta hann um ókomna framtíð. Þau munu líka elta hæstv. ráðherra inn í dómsali og það er á ábyrgð ríkisvaldsins að öryrkjar þurfa nú að leita með mál sitt eina ferðina enn inn í dómsali. Það stendur hér í blöðunum, virðulegi forseti, hvað hæstv. ráðherra hefur sagt í þessu efni og það er bara ekki hægt að hlaupa frá því.

Það hvarflar vissulega að manni, og lái manni hver sem vill, hvort það að ráðherra hafi þurft að svíkja loforðið við öryrkja, afneita öryrkjunum og þeim orðum sem hann hefur sagt, tengist eitthvað stólaskiptunum í Framsóknarflokknum fyrr á þessu ári.

[17:07]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er nú búinn að vera mjög lengi á þingi með hv. 2. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður, Jóhönnu Sigurðardóttur, þeim merka þingmanni. En mér datt ekki í hug að hún færi að tengja þetta mál stólaskiptum í Framsóknarflokknum. Ég segi það alveg eins og er að mér þykir ekki það vænt um stólinn minn að ég gæti ekki yfirgefið hann og ég þyrfti að svíkja einhvern hóp í þjóðfélaginu til að halda honum. Mér finnst þetta fyrir neðan virðingu hv. þingmanns — ég ber mikla virðingu fyrir dugnaði hennar og færni á Alþingi og baráttu — að blanda þessu saman. Það verð ég þó að segja.

[17:08]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hverju á maður að trúa? Ég hélt í lengstu lög að hæstv. ráðherra mundi standa við orð sín, mundi standa við það sem hann sagði í nóvembermánuði í fyrra, að hann gæti ekki efnt þá nema hluta, nema tvo þriðju af sínu loforði og að leita þyrfti leiða til að fullnusta samkomulagið. Mér finnst hafa orðið hamskipti á hæstv. ráðherra þegar hann nú greinilega lýsir því yfir, ef marka má orð hans hér áðan, að hann ætli ekki nú við 3. umr. að beita sér fyrir því að hægt sé að standa við þetta loforð. Hverju á maður að trúa, virðulegi forseti?

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra um niðurskurðinn á Ríkisspítölunum. Fyrir liggur að þar verður um 600 millj. kr. niðurskurður. Til þess að mæta þessum niðurskurði hafa komið fram tillögur um að fara þurfi í einhverja hækkun á þjónustugjöldum. Ég spyr ráðherrann því í lokin: Mun ráðherra styðja það að farið verði út í einhvers konar sjúklingaskatta eða hækkun á þjónustugjöldum til þess að mæta þeim bráðavanda sem Ríkisspítalarnir standa frammi fyrir á næsta ári?

[17:09]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ljúka því sem ég vil segja um öryrkjamálið með þessu:

Það voru ákvæði um að skoða þróun málsins á miðju ári. Þegar við skoðuðum þróun málsins þá þurftum við að setja í forgang framlög vegna fjölgunar öryrkja. Ég vísa öllum svikabrigslum á bug.

Varðandi Landspítalann þá hefur stjórn Landspítalans lagt fyrir mig tillögur um sparnað sem eru að mínu mati framkvæmanlegar. Varðandi þjónustugjöld þá hef ég ekki í huga að taka upp innritunargjöld á sjúkrahús. Ég hef ávallt hafnað því (**JóhS:** Enga sjúklingaskatta?) og það er ... Hvað kalla menn sjúklingaskatta? Við getum rætt um það. En ef menn tala um sjúklingaskatta, þjónustugjöld fyrir sérfræðinga og komur á heilsugæslustöðvar, (Forseti hringir.) þá getum við rætt um það. En það (Forseti hringir.) er ekki meiningin að taka upp innritunargjöld á sjúkrahús. Ég hef aldrei (Forseti hringir.) haft áform um það.

[17:11]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég efast ekki um persónulegan vilja hæstv. heilbrigðisráðherra til þess að vinna að málefnum öryrkja og trúi honum til þess að gera það áfram. Ég held að okkur sé öllum ljóst að hjá ríkisstjórninni sem tók við eða hélt áfram eftir kosningar þá höfðu bara önnur atriði forgang. Við upplifum hér skattalækkanirnar. Þær höfðu forgang og þess vegna varð hitt kosningaloforðið að víkja.

Ég vil enn inna hæstv. ráðherra eftir því hvort þeim niðurskurði hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem nú er verði fylgt eftir, þ.e. að spítalanum verði gert að spara um 600 millj. kr. frá því sem starfsemin nú er, eins og liggur fyrir í þessu fjárlagafrumvarpi. Þetta eru ekki tillögur frá spítalanum um sparnað. Hann stendur frammi fyrir (Forseti hringir.) þessari kröfu. Verður hún látin standa á spítalanum?

[17:12]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Landspítalinn er afgreiddur þannig í fjáraukalögum og á fjárlögum að aukafjárveiting til hans er tæplega 700 milljónir. Það er bætt inn í grunninn á spítalanum um 500 millj. kr. Hann er undanþeginn almennri hagræðingarkröfu sem er lögð á stofnanir og sem er í tilfelli Landspítalans um 260 millj. kr. Það er alveg ljóst að Landspítalinn þarf að sýna aðhald á næsta ári og stjórn og framkvæmdastjórn spítalans hefur undirbúið tillögur um það og þær tillögur eiga að langmestu leyti að viðhalda núverandi þjónustustigi spítalans.

Ég vil taka fram að þrátt fyrir þær hörðu umræður sem urðu um spítalann á síðasta ári þá hefur spítalinn (Forseti hringir.) sótt sig í starfsemi sinni á yfirstandandi ári og biðlistar þar hafa styst þvert ofan í það sem var (Forseti hringir.) sagt í umræðum hér fyrir ári síðan.

[17:14]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hagræðingarkrafa á stofnun þar sem útgjöldin fara að 70–80% í laun þýðir bara uppsögn starfsfólks.

Ég tel að fjárhagur Landspítalans sé slíkur að það sé veruleg áhætta að beita þar auknum niðurskurði. Ég tel að

heldur eigi að styrkja það starf sem fyrir er.

Hæstv. ráðherra minntist á Lágmúlastöðina og hafði misskilið orð mín. Ég var síður en svo að vega að störfum þess ágæta fólks sem þar vinnur. Ég veit að það gerir það af dugnaði og samviskusemi. Ég var aðeins að vitna í umsögn Ríkisendurskoðunar um þessa stöð vegna þess að hún var svona eins og flaggskip einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu, heilsugæslunni. Samningurinn rann út árið 2000 og bent var á alvarlega vankanta í rekstri stöðvarinnar, m.a. að hún sé rekin á arðsemisgrundvelli. Það er stefnubreyting að reka heilbrigðisþjónustu sem arðsemisfyrirtæki. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er meiningin að reka fleiri heilsugæslustöðvar og heilbrigðisstofnanir á arðsemisgrundvelli? (Forseti hringir.) Hve margir íbúar höfuðborgarsvæðisins eða Reykjavíkur eru án heimilislæknis?

[17:15]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil undirstrika það enn og aftur að Landspítalinn er undanþeginn almennri hagræðingarkröfu. Hins vegar þarf hann auðvitað að hafa aðhald í rekstri eins og aðrar stofnanir. Ég býst við að þeir sem hafa hrópað hér hæst um bullandi þenslu ríkisútgjalda sem ógni stöðugleikanum, vilji að stofnanir hafi aðhald í rekstri. Það er staðreynd.

Varðandi heilsugæsluna, þá rakti ég það áðan að við erum að byggja hana upp með markvissum hætti á höfuðborgarsvæðinu. (Gripið fram í.) Við höfum ekki slæma reynslu af þeim tveimur stöðvum sem eru með annað rekstrarform en ríkisreknar heilsugæslustöðvar. Aðalatriðið er hvar við nýtum best þá fjármuni sem við leggjum í þetta. Við þurfum að finna það form sem hentar best til að veita þessa þjónustu og nýta fjármunina sem best.

[17:16]

Útbýting:

Eldvarnaeftirlit, 382. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 467.

Fjárlög 2005, 1. mál, brtt. MS, þskj. 468.

Póstverslun með lyf, 378. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 463.

Söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar, 381. mál, fsp. MÞH, þskj. 466.

Utanlandsferðir lækna á kostnað lyfjaframleiðenda, 379. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 464.

[17:17]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. fjárlaga vil ég taka undir það sem félagar mínir í meiri hluta fjárlaganefndar hafa sagt í dag að það er mikilvægt að áfram takist að halda góðum og traustum böndum á ríkisfjármálunum. Það hefur gengið vel á undanförnum árum og miðað við útlit næstu ára, ef litið er til efnahagskerfisins með fyrirsjáanlegri þenslu vegna stórframkvæmda og aukinna umsvifa í atvinnulífinu mun það takast. Það er mikilvægt að með ríkisfjármálum sé efnislegum stöðugleika viðhaldið.

Það liggur fyrir að þær umfangsmiklu framkvæmdir sem standa yfir núna munu reyna á þanþol hagkerfisins næstu ár. Við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í efnahags- og ríkisfjármálum hefur í vaxandi mæli verið horft til lengri tíma en eins árs í senn. Ríkisstjórnin hefur lagt fram langtímamarkmið sín varðandi ríkisfjármálin og það er ljóst að sú stefna sem birtist þar, og nauðsynlegt er að verði fylgt eftir, mun hafa afgerandi þýðingu fyrir þróun efnahagslífsins. Það varðar því framtíðarhagsmuni þjóðarinnar að vel takist til í þessum efnum.

Það er ljóst að á næstu árum eigum við Íslendingar mikla möguleika á að halda áfram að sækja fram með það að markmiði að treysta efnahagslega stöðu okkar. Við munum halda áfram að efla og byggja upp atvinnulífið og treysta innviði samfélagsins á mörgum sviðum. Hagvöxtur hefur verið meiri hér en annars staðar miðað við þau lönd sem við viljum bera okkur saman við og kaupmáttur almennings hefur aukist um 40%, frá árinu 1995. Afrakstur þessa alls getum við nýtt til að treysta velferð þjóðarinnar og sækja fram í samfélagi þar sem þekking og færni skiptir sköpum og á þeirri braut getum við verið áfram, ef vel er haldið á málum. Auk þess þurfum við að hlúa að þeim traustu stoðum sem menning okkar og búseta í landinu hafa skapað í gegnum tíðina.

Hæstv. forseti. Aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum er ekki einungis mikilvæg forsenda fyrir stöðugleika í efnahagsmálum næstu árin, heldur einnig fyrir framgang lækkunar skatta. Nú eru skattalækkunartillögur ríkisstjórnarinnar komnar fram og strax á næsta ári verða skattar lækkaðir um 1% og á árunum til 2007 um 3% til viðbótar.

(**Forseti (ÞBack)**: Ég bið hv. þingmann afsökunar, en ég ætla að óska eftir betra hljóði í salnum. Þótt hér séu ekki margir, þá er kliðurinn mikill.)

Hæstv. forseti. Þakka þér fyrir og ég vil endurtaka, að á næsta ári verða skattar lækkaðir um 1% og árunum til 2007 um 3% til viðbótar. Það er eðlilegt að skattar lækki við þær aðstæður sem við búum við í dag. Skattalækkun kemur öllum sem greiða skatta til góða. Eignarskattar verða afnumdir, sem kemur eldra fólki, sérstaklega þeim sem eru um og yfir 60 ára, hvað best. Þetta eru þeir skattar sem að mínu mati hafa verið hvað ranglátastir, það eru eignarskattarnir. Barnabætur verða auknar til mikilla muna og verða samkvæmt fjárlögum næsta árs 5.600 millj. kr.

Ef þróun barnabóta á kjörtímabilinu er skoðuð þá má sjá að barnabætur hafa hækkað um nærri 38%. Áætlað er að á næsta ári muni þær verða 5,6 milljarðar, eins og ég gat um áðan. Ef hækkunin er borin saman við vísitölu neysluverðs, en vísitala neysluverðs hefur hækkað um 19,7%, þá þýðir það að barnabætur hafa hækkað nær tvöfalt á við vísitöluna. Það er mjög mikilvægt að halda þessu til haga þegar stjórnarandstaðan sakar okkur um að fara illa með barnafólk.

Hæstv. forseti. Um 60% af útgjöldum ríkisins ganga til heilbrigðismála, almannatrygginga, velferðarmála og fræðslumála. Þetta eru einnig þeir útgjaldaflokkar sem mestar sviptingar eru um á hverju ári, enda eru þetta meginstoðir í samfélagi okkar. Við búum við einstaklega sterkt velferðarkerfi hér á landi.

Við umfjöllun fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga hafa nefndinni borist nú, eins og á mörgum undanförnum árum, fjölmörg erindi um fjárframlög til ýmissa verkefna á vegum einstaklinga, félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana. Það er ljóst að því miður er ekki mögulegt að verða við nema hluta þeirra erinda. Það kemur því í hlut fjárlaga-

nefndar að forgangsraða, velja og hafna. Við slíkar aðstæður verður ekkert hafið yfir gagnrýni. Um allt land er unnið að mörgum mjög athyglisverðum verkefnum sem vert væri að styðja við. Við afgreiðslu erinda að þessu sinni hefur sérstaklega verið tekið tillit til ákveðinna þátta.

Eins og undanfarin ár höfum við lagt mikla áherslu á endurbyggingu og varðveislu gamalla húsa og uppbyggingu safna. Slík verkefni falla vel að menningartengdri ferðaþjónustu, en á hana hefur verið lögð mikil áhersla á undanförnum árum, og sá mikli uppgangur sem hefur verið á landinu öllu hefur komið ferðaþjónustunni mjög til góða. Við verðum að leggja okkur fram um að varðveita menningararfinn sem er okkur afskaplega mikilvægur. Við höfum því miður glatað of miklu af menningarverðmætum okkar, og slíkt má ekki henda framvegis. Þessar fjárveitingar hafa orðið hvatning og lyftistöng fyrir félög, byggðir og sveitarfélög um allt land og hefur verið afskaplega ánægjulegt að fylgjast með hvernig verkefni hafa dafnað í gegnum árin. Þetta kemur einnig fram í fjölmörgum heimsóknum til nefndarinnar á þessu hausti.

Nú var mjög góð samstaða með húsafriðunarsjóði varðandi úthlutanir fjármagns til endurbyggingar gamalla húsa og hefur framkvæmdastjóri húsafriðunarsjóðs, Magnús Skúlason, lagt mat sitt á umsóknirnar og komið með góðar tillögur í þeim efnum. Ég vil aðeins nefna nokkur dæmi um þau 31 verkefni um allt land sem fjárlaganefnd hefur lagt til að verði meðal tímabundinna verkefna. Ég ætla aðeins að taka nokkur dæmi af handahófi.

Norska húsið í Stykkishólmi, Vatneyrarbúð á Patreksfirði og Duushús í Reykjanesbæ fá hæsta styrkinn, eða 5 milljónir hvert. Ég vil einnig nefna Faktorshúsið á Djúpavogi, Húsavíkurkirkju, gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík, Brydebúð í Vík, Kaupangur á Vopnafirði, Tryggvaskála á Selfossi, gamla prestssetrið á Útskálum. Ég ætla að láta hér staðar numið, en öll þessi verkefni fá einhvern hluta af því fjármagni sem þau hafa beðið um.

Í kaflanum um landbúnaðarráðuneyti eru fyrirhleðslur. Fjárlaganefnd gerir tillögu um að 11,6 millj. kr. hærri upphæð verði bætt við til fyrirhleðslna og sá liður verður þá 56,1 millj. kr. Á fjáraukalögum ársins 2004 er gert ráð fyrir 15 millj. kr. til fyrirhleðslna við Kotá í Öræfum, en þar er mikil hætta á skemmdum á mannvirkjum og landi vegna vatnavaxta. Vatnsmagn árinnar hefur aukist vegna hnignunar jökulsins og því stafar hætta af landbroti þar.

Þess má geta að aldrei hefur verið lagt eins mikið til fyrirhleðslna í landinu eins og nú er gert.

Mikið hefur verið rætt um heilbrigðismálin hér í dag og þess má geta að hækkun á milli ára nemur um 8,5 milljörðum kr. í þennan málaflokk, en þar eru launa- og verðlagsbætur um 4 milljarðar kr. Starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss hefur verið að styrkjast. Þar hefur náðst framleiðniaukning og í mörgum sérgreinum eru nú engir biðlistar, en í öðrum er bið sem er talin viðunandi.

Í mörgum ræðum í dag hefur verið rætt um fjölgun örorkulífeyrisþega. Það er á engan hátt verið að gera lítið úr öryrkjum eða dylgja um þá, en það liggur fyrir og það er áhyggjuefni að fjölgunin hefur verið tæplega 40% á fimm árum, frá árinu 1998. Heildarbætur vegna öryrkja og endurhæfingar lífeyrisþega, hafa á sama tíma hækkað úr rúmlega 5 milljörðum í rúmlega 12 milljarða kr. Sérstaka athygli vekja breytingar á aldursskiptingu og kynjahlutföllum öryrkja. 63% fleiri konur á aldrinum 25–29 ára eru öryrkjar nú en fyrir fimm árum, svo dæmi sé tekið.

Það vekur líka athygli hvað öryrkjum hefur fjölgað mismunandi eftir landshlutum á tímabilinu. Þetta að verður að skoða, á þessu hlýtur að vera einhver skýring.

Í greinargerð Tryggingastofnunar, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, er velt upp ýmsum mögulegum skýringum, en heilbrigðisráðherra hefur, eins og hann gat um hér áðan, falið forstöðumanni Hagfræðistofnunar að grafast fyrir um ástæður mikillar fjölgunar öryrkja og endurhæfingarlífeyrisþega og sú skýrsla mun liggja fyrir í upphafi næsta árs.

Að mínu mati verður að skoða hvað veldur þessu, hvers vegna svo margar ungar konur eru úrskurðaðar öryrkjar. Ég held að sérstaklega verði að skoða hvort um kerfislægan vanda sé að ræða. Að sjálfsögðu verður að skoða hvert samspil lægstu launa, fjárhæðar atvinnuleysisbóta og lífeyrisgreiðslna er. Það verður að skoða þessi mál mjög gaumgæfilega og taka á þeim, því þetta er vissulega áhyggjuefni. Það er hvorki öryrkjum né öðrum í hag að svo margt ungt fólk dæmist öryrkjar í dag.

Eitt er það verkefni sem fjárlaganefnd hefur sérstaklega haft áhuga á í gegnum tíðina. Það eru símenntunarstöðvarnar á landinu og fjarkennslan. Stöðvarnar eru núna níu á landinu öllu og fær hver um sig 9,5 millj. kr. Fjarnám og símenntun hefur verið mikið áhugamál fjárlaganefndar og það verkefni hefur skipt sköpum fyrir marga sem hafa stundað nám á heimilum sínum í gegnum fjarskiptabúnað og sótt skóla fjarri heimabyggð sinni gegnum tölvusamskipti. Það er eitt af þeim verkefnum sem við í fjárlaganefnd erum afskaplega hreykin af og ánægð með.

Ég vil geta þess að gerð er tillaga um að veita sérhverri náttúrustofu 5 millj. kr. tímabundið framlag til rannsóknarverkefna. Það er til viðbótar við fasta upphæð þeirra. Náttúrustofurnar eru í Neskaupstað, Vestmannaeyjum, Bolungarvík, Stykkishólmi, Sauðárkróki, Sandgerði og Húsavík. Allar þessar náttúrustofur eru með ákveðin rannsóknarverkefni. Fjárlaganefnd leggur til að þær fái 5 millj. kr. tímabundið framlag til rannsóknarverkefna sinna.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar yfir þessi mál. Álit nefndarinnar hefur verið til umræðu í allan dag. Ég vil að lokum þakka meðnefndarmönnum í fjárlaganefnd samstarfið. Það hafa verið teknir upp nýir hættir í fjárlaganefnd, nýir vinnuhættir þar sem stjórn og stjórnarandstaða koma saman að því að útdeila safnliðunum. Ég þakka þeim sem unnu með mér þar fyrir afskaplega gott samstarf og nefndarmönnum öllum.

[17:32]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir lýsti því yfir að hún væri ánægð með skattatillögur ríkisstjórnarinnar sem hún styður. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort hún er tilbúin til að styðja okkur þingmenn Samfylkingarinnar í því að færa barnabætur fram um eitt ár þannig að hækkun barnabóta komi fram nú strax á árinu 2005 en ekki árin 2006 og 2007, eins og um er talað hjá ríkisstjórninni.

Einnig langar mig að spyrja hv. þingmann um afstöðu hennar til þess að lækka skatta á matvæli um helming. Mér er það vel kunnugt að hv. þingmaður er áhugasöm um lækkun á matarverði. Það kemur helst til vegna þess að hún er formaður landbúnaðarnefndar og veit hve mikilvægt er að halda niðri matarverði á Íslandi. Í fjárlagafrumvarpinu árið 2005 eru einmitt háar greiðslur undir landbúnaðarráðuneytinu sem ég lít á sem niðurgreiðslu á matvælum, t.d. greiðslur vegna mjólkurframleiðslu upp á 4.588 millj. kr. Það er lítið lægri upphæð en allar barnabæturnar sem hv. þingmaður fjallaði um í ræðu sinni. Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu eru upp á 2.843 millj. kr. og greiðslur vegna grænmetisframleiðslu eru 294 millj. kr.

Allar þessar greiðslur miða að sjálfsögðu að því að lækka matarverðið og má að sumu leyti líta á þær sem niðurgreiðslu á matarverði í gegnum beingreiðslur til bænda.

En mig langar til að spyrja hv. þingmann um annan lið, á bls. 108 í fjárlagafrumvarpinu, lið 04-811 Bændasamtök Íslands. Í þennan lið eiga að fara 433 millj. kr. Á fjárlögum ætlum við að setja 433 millj. kr. til að reka hagsmunasamtök bænda. Mig langar að spyrja hv. þingmann: Telur hún þetta eðlilegt?

[17:34]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu stend ég við tillögur ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna og mun því ekki greiða tillögu Samfylkingarinnar atkvæði.

Ég deili áhuganum á matarskattinum með hv. þm. Jóni Gunnarssyni. Ég hef oft sagt úr þessum ræðustól að ég vildi lækka matarskattinn. Að því er verið að vinna í ríkisstjórninni og standa yfir viðræður um það.

Hv. þingmaður ræddi um beingreiðslur til bænda. Ég vil taka það fram að þær koma neytendum mjög til góða. Ég vil geta þess að mjólkurverð hefur ekki hækkað í landinu eða mjólkurafurðir í þrjú ár. Í þrjú ár samfellt hafa mjólkurvörur ekki hækkað til neytenda. Það hlýtur að koma öllum til góða.

Hvað varðar framlag til Bændasamtakanna þá tel ég að þar sé um svolítinn misskilning að ræða. Inni í því eru greiðslur sem bændur borga sjálfir til Bændasamtakanna, inn og út. Þannig að það er oft tekið með, öll þau gjöld sem bændur greiða fara inn í fjárlögin og út úr þeim aftur til Bændasamtakanna og til annarra verkefna.

Ég vil halda því til haga að mjólkurvörur hafa ekki hækkað í landinu til neytenda mörg undanfarin ár.

[17:36]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst hv. þingmaður fara svolítið í vörn fyrir þessa liði sem ég nefndi í fjárlögunum. Það er alveg óþarfi því að þessir liðir eru hér og skýrt hvernig þeir skiptast.

Hvað varðar Bændasamtök Íslands þá er allt það fé, 433 millj. kr. greitt beint úr ríkissjóði. Þetta skiptist í: Leiðbeiningarstarfsemi, landsþjónustu; Leiðbeiningarstarfsemi, héraðsþjónustu; Búrekstraráætlanir, Búfjárrækt. Síðan eru hér aðrir liðir, eins og hv. þingmaður segir, þar sem um er að ræða greiðslur frá bændum, þ.e. greiðslur inn og út. En þá stendur í fjárlögunum eins og hv. þingmaður veit, innheimt af ríkistekjum. Það eru allt aðrir liðir en þarna er um að ræða. Þannig virðast Bændasamtök Íslands fá 433 millj. kr. greiddar beint úr ríkissjóði til að reka þessi hagsmunasamtök.

Ein lítil spurning í restina til hv. þingmanns: Hvaða álit hefur hún á því að ráðuneytin hafi annað árið í röð bannað forstöðumönnum, eftir því sem ég best veit, að hafa samband að fyrra bragði við fjárlaganefnd varðandi fjárlagabeiðnir?

[17:37]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel mikilvægt að Bændasamtök Íslands reki leiðbeiningarstöðvar. Þær eru reknar víða um landið, bæði leiðbeiningarstöðvar í héraðssamböndunum og eins koma að því starfsmenn í Bændahöllinni. Árum saman hafa framlög til landbúnaðarins lækkað afar mikið. Mig minnir að þau hafi lækkað um 5 milljarða á undanförnum árum, áður en síðustu samningar voru gerðir sem voru mjög góðir.

Hver var síðasta spurningin? (**JGunn:** Um að banna forstöðumönnum að koma til fjárlaganefndar.) Já, fjárlaganefnd hefur óskað eftir því að fá margar stofnanir til sín. Þær hafa komið til fjárlaganefndar. Fjárlaganefnd ræður alveg hvernig hún hagar sínum störfum og hefur gert það.

[17:39]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan spyrja hv. þingmann, af því að hún á sæti í fjárlaganefnd, hvort hún hafi þar gert einhverja tilraun með félögum sínum til að reyna að fá hækkuð framlög til atvinnumála kvenna. Það er mál sem þingmaðurinn þekkir nokkuð vel og veit að sjóðurinn um atvinnumál kvenna, sem hefur úr litlu að spila, eitthvað um 20 millj. kr., hefur gagnast konum vel m.a. til frumkvöðlastyrkja og veitt litlar fjárhæðir til kvenna sem hafa gert ótrúlega mikið. Fjárhæðin sem veitt hefur verið til sjóðsins hefur verið óbreytt í 10 ár. Ég veit að á þessu ári námu umsóknir í sjóðinn um 150 millj. kr. en hann hefur einungis úr að spila um 20 millj. kr. Ég spyr, af því að ég veit um áhuga þingmannsins, hvort hún hafi gert tilraunir til að auka fjármagn til þeirra mála.

Ég vil einnig spyrja þingmanninn um Fæðingarorlofssjóð. Það liggur fyrir að fæðingarorlofsgreiðslurnar hafa rýrnað verulega. Þær rýrna það mikið að fólk sem fer í fæðingarorlof á næsta ári fær ekki 80% af sínum launum í fæðingarorlof heldur einungis 74–75%. Hæstv. félagsmálaráðherra lofaði því á þessu ári þegar við ræddum um stöðu sjóðsins að hann mundi sjá til þess að greiðslur mundu ekki skerðast, þær yrðu 80% áfram að raungildi. Hvað segir hv. þingmaður um þetta? Hefur hún gert einhverja tilraun til að auka fjármagn í þann sjóð? Það vantar 400 millj. kr. í hann til að sjóðurinn geti staðið við að greiða 80% af tekjum viðkomandi í fæðingarorlofi. Þær 480 millj. kr. sem nú er verið að setja í hann við 2. umr. fara í allt annað, til að mæta fjölgun þeirra sem fá fæðingarorlofsgreiðslur. Önnur skýringin er sú að karlmenn fá þar meiri greiðslur en áður, sem sýnir okkur náttúrlega launamisréttið í skýrri mynd.

[17:41]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að við höfum mikinn áhuga á atvinnumálum kvenna. Þeim sjóð var komið á þegar hv. þingmaður var félagsmálaráðherra. Ég starfaði lengi í þeim sjóði, í bakhópi. Það var skemmtilegt starf. Sjóðurinn hefur alltaf haft úr litlu að spila en fjármunirnir hafa nýst afskaplega vel. Þeir hafa nýst vel konum sem hafa verið að byrja í frumkvöðlastarfi. Því miður hefur sjóðurinn þó ekki alltaf gengið alveg út. Hins vegar voru gerðar breytingar á honum fyrir nokkrum árum. Það var eftir þingsályktunartillögu sem ég lagði fram á Alþingi.

Það verður alltaf að hafa í huga að þessi sjóður mun aldrei hafa úr mjög miklu að spila, ekki 150 millj. kr. eins og sótt hefur verið um í hann. Úr honum hafa verið veittar lágar upphæðir. Það má heldur ekki veita slíkan stuðning á sviðum þar sem um er að ræða samkeppni og því hefur oft orðið að henda út af borðinu verkefnum á sviðum þar sem ríkt hefur samkeppni. En sjóðurinn er góður og ég hef lagt mitt til þess að hann fengi að vera þarna áfram. Gjarnan mundi ég vilja hafa upphæðirnar hærri en ég bendi á að hjá Byggðastofnun er líka sjóður sem nýtist til ýmissa verkefna.

Hvað varðar Fæðingarorlofssjóð þá hefur hann rýrnað vegna þess að miklu fleiri feður fara í fæðingarorlof en gert var ráð fyrir. Það er gott og mjög ánægjulegt að sjóðurinn hafi orðið til þess að mikill fjöldi feðra taki fæðingarorlof. Við vorum vöruð við því af ýmsum aðilum þegar við vorum að afgreiða þessi mál að það yrði að setja þak á greiðslur úr sjóðnum.

[17:43]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki það sem ég var að spyrja um varðandi Fæðingarorlofssjóð. Ég veit að hann þarf á meira fjármagni að halda af því að fleiri feður sækja um greiðslur úr sjóðnum, sem betur fer. En greiðslurnar hafa rýrnað vegna þess að viðmiðunartímabilið sem tekjur eru miðaðar við var áður tólf mánuðir en getur núna verið tvö til þrjú ár. Menn eru því að tala um tekjur yfir langt tímabil sem 80% miðast við. Það gerir það að verkum að greiðslurnar sjálfar rýrna og fólk í fæðingarorlofi fær á næsta ári einungis 74–75% af viðmiðunarlaunum sínum í fæðingarorlofi. Þetta er ófært, ef sjóðurinn er farinn að rýrna. Við óskuðum eftir því við síðustu fjárlagagerð að þetta yrði verðbætt miðað við launavísitölu en þær tillögur voru felldar.

Ég spyr um afstöðu hv. þingmanns til þessa. Ég tel það ófært ef greiðslurnar rýrna smátt og smátt, sem þær munu gera. Þær munu halda áfram að rýrna ef ekki verður brugðist við.

[17:44]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur að ástæða er til að gleðjast yfir síauknum umsvifum símenntunarmiðstöðvanna. Þær hafa leitað til fjárlaganefndar ár eftir ár með beiðni um aukið fjárframlag til að standa undir starfsemi sem skilar ekki tekjum til stöðvanna, t.d. leiðbeiningarstarfsemi, auk þess sem verið er með alls konar bráðnauðsynleg námskeið sem standa ekki undir sér. Þar að auki standa sveitarfélög á landsbyggðinni undir kostnaði, bæði við tengingu og afnotagjöld af FS-netinu svokallaða, sem er háhraðanet símenntunarmiðstöðva framhaldsskóla og háskóla. Námsaðstaða fyrir fullorðið fólk í dreifbýlinu er þar að auki á kostnað sveitarfélaganna.

Ég minni á það enn og aftur að íbúar landsbyggðarinnar og íbúar þéttbýlissvæðanna Reykjavíkur og Akureyrar búa við mjög mismunandi aðstæður þar sem ríkið stendur straum af námsaðstöðu nemenda á þessum tveimur stóru stöðum, en veikburða sveitarfélög úti á landsbyggðinni þurfa að standa straum af kostnaði við bæði námsaðstöðu og háhraðanet. Þetta hefur ríkisstjórnin ekki viljað skilja og hvorki viljað koma til móts við sveitarfélögin né heldur við miðstöðvarnar, sem eins og ég sagði áðan fara fram á aukin fjárframlög af ástæðum sem þingmenn ættu að skilja mjög vel verandi vitni að því hvernig starfsemin eykst ár frá ári.

[17:46]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum alveg sammála um það, ég og hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, hve umsvif símenntunarstöðvanna hafa aukist ár frá ári og aukning nema er gríðarlega mikil. Ég held að hv. fjárlaganefnd hafi gert eins vel og hægt er með því að bæta í þennan málaflokk á hverju ári, þó ekki hafi það verið stórar upphæðir, en eitthvað þó. Nú eru þetta nærri 10 millj. kr. Ég tel að námið þurfi endurskoðunar við í menntamálaráðuneytinu, það þarf að skilgreina námið upp á nýtt og skoða það betur.

Ég held að sumir hverjir sem fara á námskeið eigi kannski að borga meira í því sjálfir. Það finnst mér umhugsunarvert. Verkalýðsfélögin hafa greitt fyrir sína aðila, eins gætu fleiri félagasamtök gert það til að aðstoða fólk við að afla sér meiri menntunar. Það er mjög ánægjulegt til þess að vita hve fjarnámið hefur haft mikið að segja fyrir fólk, ekki bara úti á landi heldur líka í Reykjavík, t.d. eru 60% nema í Kennaraháskóla Íslands í fjarnámi. Það er mjög athyglisvert. Þetta finnst mér vera mjög mikilvægt og er rós í hnappagatið hjá íslenska ríkinu að geta boðið upp á svona mikið fjarnám.

[17:48]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er vissulega rós í hnappagat þeirra skólastofnana sem hafa staðið fyrir fjarnámi. Það er á góðri leið með að gjörbreyta aðstæðum úti á landi. Hins vegar bendi ég á að með auknu fjarnámi á háskólastigi tekur þjónustan við þá nema meiri og meiri hlut af starfsemi símenntunarmiðstöðvanna sem geta þess vegna verr sinnt þeim hópi sem hugsanlega þurfa mest á þeim að halda, þ.e. þeim íbúum landsbyggðarinnar sem hafa stysta skólagöngu.

Ég minni á að á vinnumarkaði á Íslandi hefur 40% fólks aðeins grunnskólapróf eða minna. Það er staða sem við verðum að breyta og þar eru símenntunarmiðstöðvarnar lykilatriði. Þess vegna verður að koma til móts við þær með auknum fjárframlögum.

[17:49]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Maður er kannski farinn að endurtaka sig ansi mikið, en eins og ég sagði áðan tel ég að það þurfi að skilgreina og skipuleggja námið upp á nýtt. Það varð algjör sprengja í fjarnáminu og miklu meiri en menn áttuðu sig á. Eins og ég sagði áðan hefur þetta verið barn fjárlaganefndar. Fjárlaganefnd kom verkefnunum á stað og hefur hlúð að þeim. Verið er að vinna mjög gott verk. Það hefur komið fram í tölum að þúsundir manna eru í fjarnámi. Það er lykilmál fyrir landsbyggðina að símenntunarstöðvarnar fái meira fjármagn og við höfum gert okkar til þess.

[17:50]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Einn málaflokkur sem lendir undir niðurskurðarhníf ríkisstjórnarinnar er grunnstuðningur við ferðamál. Fundin er ástæða til þess að skerða framlög til markaðsstarfs ferðaþjónustunnar úr 270 millj. kr. í 100 millj. kr. Málaflokkurinn í heild sinni fær einungis í kringum 250 millj. kr. á fjárlögum þessa árs, sem er veruleg lækkun frá því sem áður var.

Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein og skilar orðið hvað mestu í gjaldeyristekjum. Hún er líka mjög tengd störfum kvenna. Finnst hv. þm. réttlátt að beita niðurskurðinum á grunnstuðning við þá atvinnugrein sem á mjög lítinn höfuðstól? Stuðningskerfið við aðrar greinar, eins og rætt hefur verið um, landbúnað og sjávarútveg, skiptir hundruðum millj. kr. eða milljörðum kr. eins og í sjávarútveginum, en talin er ástæða til að klípa af ferðaþjónustunni.

[17:52]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það stendur ekki á hv. þm. Jóni Bjarnasyni að biðja um meiri peninga. Meiri, meiri, meiri peninga. (**JBjarn:** Í góð mál.) Meiri, meiri, meiri peninga. Hvernig færi ríkissjóður ef Jón Bjarnason væri fjármálaráðherra? Þá mættu menn fara að hugsa sig tvisvar um (Gripið fram í.) hvort þeir vildu búa hér ... (**Gripið fram í:** Hvernig dettur þér slíkt í hug?) Ja, hann hefur viljað halda námskeið í fjármálum fyrir marga.

Ég minni hv. þingmann á að tölurnar sem hann nefndi sem voru í ferðaþjónustunni á síðasta ári var sérstakt tímabundið framlag sem var bæði í gegnum iðnaðar- og samgönguráðuneytið. Það var tímabundið og tímabundin framlög eru ekki ætluð til þess að verða áfram ár eftir ár. Ég óska ferðaþjónustunni alls hins besta en einhvers staðar verðum við að setja punktinn. Það er ekki alltaf hægt að heimta meiri og meiri peninga. Það veit hv. þingmaður sem var einu sinni skólastjóri Landbúnaðarskólans á Hólum og vissi að það þýddi ekki að fara eftir öllum óskum starfsmanna þar.

[17:53]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir hleypur undan á handahlaupum. Ég minni á að ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem bundnar eru hvað mestar vonir við og er vaxandi. Ég tel að það sé ekki rétt forgangsröðun að lækka skatta um milljarða kr. en skera niður þessar litlu fjárveitingar til ferðaþjónustunnar. Ég minni á ályktanir frá Ferðamálasamtökum Íslands, frá stjórn og aðalfundi þeirra á Kirkjubæjarklaustri nú nýverið, þar sem þau skora á stjórnvöld að endurskoða afstöðu sína og lýsa í greinargerð sinni hversu fáránlegt og skammsýnt það er að skera niður þann litla grunnstuðning sem ferðaþjónustan fær. Grunnstuðningurinn er einungis um 250 millj. kr. Við reynum að reka upplýsingamiðstöðvar víða um landið. Þær eru fjársveltar en þar liggja atvinnumöguleikarnir.

[17:54]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt að hv. þm. Jón Bjarnason ætlaði að fara í allt annað mál við mig í andsvörum. Hann var búinn að tala um að ræða gamla bæinn á Keldum og missti (**JBjarn:** Já ...) af því tækifæri.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni að ferðaþjónustan er gríðarlega mikilvæg og er sá atvinnuvegur sem við horfum hvað mest til. Hér hefur orðið aukning ferðamanna langt umfram það sem björtustu vonir gerðu ráð fyrir.

En ég vil taka það aftur fram að þetta var tímabundið framlag sem var ekkert skorið niður. Það er ekkert skorið niður framlag sem er bara tímabundið. Það er einfaldlega ekki veitt aftur, en það fara þó 250 millj. kr. til ferðaþjónustunnar á þessum liðum. Ég vil geta þess að mjög mikið fer til ferðaþjónustunnar í gegnum aðra sjóði, eins og t.d. Byggðastofnun.

[17:55]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill tilkynna að fyrirhugað er að hafa kvöldverðarhlé frá klukkan 7.30 til klukkan 8. Þá er gert ráð fyrir atkvæðagreiðslum um afbrigði klukkan 8.30 í kvöld.

[17:56]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Helsta ástæðan fyrir því að ég kem í pontu er til þess að mæla fyrir tillögu sem við flytjum, ég og formenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins, og rökstyðja frekar. Ég fyrir hönd Samfylkingarinnar að sjálfsögðu. Þar er tillaga nr. 1 að hækka beri framlag til örorkulífeyris um 560 millj. kr. Það er ekki að ófyrirsynju.

Mér finnast tíðindi dagsins eftir umræðuna vera þau að það liggur alveg ljóst fyrir að Framsóknarflokkurinn hefur svikið það loforð sem hann gaf öryrkjum fyrir kosningar. Framsóknarflokkurinn hefur í dag orðið uppvís að því að reyna að kaupa sér atkvæði með því að lofa framlögum til öryrkja fyrir kosningar sem hann hefur svikið með afgerandi hætti eftir kosningar. Mér varð ekki ljóst hversu áberandi og augljós svikin voru fyrr en ég hlýddi á hæstv. heilbrigðismálaráðherra halda ræðu sína í dag og svara okkur þingmönnum stjórnarandstöðunnar.

Hæstv. félagsmálaráðherra hélt því fram algjörlega blákalt að hann hefði gert samkomulag við forustu Öryrkja-

bandalagsins sem fæli í sér útgjöld fyrir ríkissjóð upp á 1.000 millj. kr. Það voru færð að því óyggjandi rök í dag að það samkomulag var upp á snöggtum hærri upphæð og ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að Framsóknarflokkurinn er að svíkja loforð og samkomulag við öryrkja. Það er ekki bara hæstv. heilbrigðisráðherra sem er uppvís að því, það er líka hæstv. forsætisráðherra, formaður Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson.

Það kom fram í umræðunni í dag að hæstv. heilbrigðisráðherra bar sig saman við formann Framsóknarflokksins áður en hann handsalaði samkomulagið við Öryrkjabandalagið. Morgunblaðið birti degi síðar en það handsal átti sér stað útfærslu sem það fékk frá hæstv. heilbrigðisráðherra þar sem kom alveg skýrt fram hvaða upphæð öryrki af tilteknum örorkuflokki ætti að fá. Þegar það er reiknað saman er alveg ljóst að heildartalan sem fólst í samkomulaginu var 1.500 millj. kr. Það hefur líka komið fram í yfirlýsingum hæstv. félagsmálaráðherra að hann gerði sér mætavel grein fyrir heildartölunni.

Hæstv. heilbrigðisráðherra gaf þá yfirlýsingu í ræðustóli í andsvari við hv. þm. Helga Hjörvar fyrir u.þ.b. tæpu ári. Jafnvel þó hæstv. heilbrigðisráðherra muni ekki eftir þeirri yfirlýsingu getur hann lesið sér til um hvað hann sagði í fjölmiðlum um svipað leyti. Fram kemur í fjölmiðlum þessa dagana, þar sem forustumenn öryrkja eru að rifja upp loforð og samkomulagið sem hæstv. heilbrigðisráðherra gerði við þá og Öryrkjabandalagið, hvað hæstv. heilbrigðisráðherra lofaði. Hæstv. heilbrigðisráðherra sagði í DV 27. nóvember 2003, ég leyfi mér að vitna orðrétt í það sem haft er eftir hæstv. ráðherra innan gæsalappa, með leyfi forseta:

„Það er ljóst að það vantar þarna upp á og miðað við þá peninga sem ég hef, 1 milljarð kr., get ég ekki farið í nema 2/3 núna."

Það liggur því alveg ljóst fyrir að hæstv. heilbrigðisráðherra gekk ekki gruflandi að því hvað samkomulagið sem hann hafði gert við öryrkja kostaði hið opinbera. Hann segir það í beinni tilvitnun að 2/3 af því kosti 1.000 millj. kr. Þá er ekki hægt að ályktа annað en hann hafi að sjálfsögðu gert sér grein fyrir því að 3/3, þ.e. upphæðin öll, væri 1.500 millj. kr.

Hann getur með engu móti komið hingað og haldið því fram að samkomulagið sem hann gerði við öryrkja hafi verið upp á lægri upphæð en það. Það er ekki hægt. Allt annað er brot á þeim orðum sem hæstv. ráðherra lét falla í viðræðum við Öryrkjabandalagið. Morgunblaðið er sannferðugt vitni í þessum efnum. Það var Morgunblaðið sem birti ekki bara fréttatilkynninguna sem hæstv. ráðherra í samráði við formann Framsóknarflokksins sendi frá sér deginum eftir að samkomulagið var gert, heldur birti það líka útfærslu sem það fékk frá ráðuneyti hæstv. heilbrigðisráðherra. Ef menn fara í gegnum það og reikna það út er ekki hægt að reikna sig að lægri upphæð en 1.500 millj. Það er kannski tilefni þess að Morgunblaðið, sem ekki er hægt að ásaka fyrir að vera beinlínis andstætt þessari ríkisstjórn, segir í leiðara fyrir ríflegum mánuði, frú forseti. Ég vitna beint, með leyfi forseta:

„Kjarni málsins er sá að ríkisstjórnin gerði samkomulag sem flestir töldu að markaði tímamót í samskiptum hennar og öryrkja eftir áralangt stríð og málarekstur fyrir dómstólum. Samninga sem gerðir eru ber að efna."

Frú forseti. Þetta eru áhrínsorð. Þetta eru orðin sem hæstv. heilbrigðisráðherra ætti að taka til sín. „Samninga sem gerðir eru ber að efna." Það fyrsta sem dóttur minni sex ára var kennt í grunnskóla þegar hún byrjaði þar á þessum vetri var að „orð verður að efna". Það sem maður lofar verður maður að standa við. Hæstv. heilbrigðisráðherra lofaði þessu. Hann lofaði öryrkjum þessari upphæð eftir að hafa ráðfært sig við formann Framsóknarflokksins og ég get ekki, sama hvernig ég lít á þetta, hversu vinsamlega sem ég reyni að skoða þau orð sem hæstv. heilbrigðisráðherra lét falla hér í dag, komist að annarri niðurstöðu en þeirri að þarna sé Framsóknarflokkurinn að brjóta loforð. Hann er að brjóta samkomulag við öryrkja. Það heitir á hreinni og tærri íslensku svik. Þetta er ekki hægt að túlka öðruvísi en sem svik við öryrkja.

Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur komið hér í dag og fært sér ýmislegt til málsbóta. Hann hefur m.a. bent á þá staðreynd að öryrkjum hefur fjölgað. Öryrkjum hefur á síðustu árum fjölgað um 7% á ári. Það er hægt að leiða ýmsar tilgátur fram til að skýra þá fjölgun. Vissulega hefur hún í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkisstjórnina. Það mætti t.d. benda hæstv. heilbrigðisráðherra, og félagsmálaráðherra væri hann staddur hér líka, á að sú staðreynd að langtímaatvinnuleysi hefur mjög aukist undir þessari ríkisstjórn kynni að eiga þátt í því að öryrkjum fjölgar líka. Þetta er líka eitt af því sem við skulum skoða saman, reyna að grafast fyrir um orsakir og helst að breyta þessu samfélagi þannig að fólk lendi ekki í því að verða óstarfhæft sökum örorku.

Það breytir ekki hinu, frú forseti, að samkomulagið sem hæstv. ráðherra gerði verður að standa. Það þýðir ekki fyrir hann að benda á það að öryrkjum hafi fjölgað. Ég tek það skýrt fram að ég held því ekki fram að hæstv. ráðherra hafi sagt eða haldið því fram að menn misnotuðu það kerfi. Sú fjölgun er samt samkvæmt flokkunum og skilgreiningu þeirrar stofnunar sem hæstv. ráðherra fer fyrir þannig að hann getur ekki vísað til útgjaldaaukningar þar og sagt að vegna þess hafi hann ekki fjármuni til að standa við loforð. Eins og menn kenna í grunnskólum landsins: Orð skulu standa, maður efnir það sem maður lofar.

Hér er líka, frú forseti, komið að grundvallarágreiningi millum stjórnar og stjórnarandstöðu. Hvernig ber að verja þeim fjármunum sem hið opinbera hefur úr að spila? Er það þannig að á tímum velsældar eins og núna, þegar ríkisstjórnin telur að hún geti á einu kjörtímabili lækkað skatta sem svarar til 39 milljarða — það er hin uppreiknaða fjárhæð þegar maður leggur saman allar þær skattalækkanir sem eiga að koma fram á þessu kjörtímabili — að hægt sé að ráðast í slíkt á annan veginn og segja síðan: Nei, því miður, ég hef ekki meiri peninga til að standa við það sem ég lofaði öryrkjum? Það held ég ekki, frú forseti.

Ég rifja það upp að hér hefur í dag komið fram hjá þremur talsmönnum Framsóknarflokksins að ekki verður ráðist í skattalækkanir ef það kostar niðurskurð á hinu félagslega velferðarkerfi. Ef skattalækkanirnar verða til þess að ekki verður hægt að standa við samkomulag við öryrkja segi ég: Ég vil ekki slíkar skattalækkanir. Ég styð engar skattalækkanir ef þær þýða að það þurfi að ráðast í niðurskurð á hinu félagslega öryggisneti sem við höfum saman

ofið. Ef það ber að skilja hæstv. heilbrigðisráðherra svo að hann geti ekki annað en svikið samkomulag við öryrkja vegna þess að hann og hið opinbera þurfi að taka fjármuni og nota til skattalækkana segi ég: Hingað og ekki lengra. Þá segjum við í stjórnarandstöðunni: Við tökum ekki þátt í slíku. Það er heldur ekki í samræmi við þau orð sem hafa fallið frá hv. þingmönnum Framsóknarflokksins hér í dag. Þess vegna segi ég það: Orð skulu standa.

Hæstv. ráðherra verður að koma með betri skýringar ef hann ætlar að láta annað liggja eftir þessa umræðu en þá ályktun sem við höfum dregið, að Framsóknarflokkurinn hafi svikið orð sín við öryrkja. Það má ekki gerast. Þess vegna flytjum við þessa tillögu, sá sem hér stendur og formenn hinna stjórnarandstöðuflokkanna. Við viljum fyrir okkar parta ekki bera ábyrgð á því að hið opinbera efni ekki loforð sitt við öryrkja.

Umræðan hefur að ýmsu leyti snúist út í umræður um skattalækkanir. Eins og ég sagði áðan nema þær skattalækkanir sem ríkisstjórnin leggur núna fram, og tengjast að sjálfsögðu umræðu um fjárlög, allt 39 milljörðum á þessu kjörtímabili. Það er sjálfsagt að ráðast í skattalækkanir ef það er hægt án þess að það leiði annað tveggja til niðurskurðar á öryggisnetinu sem hefur einkennt hið íslenska velferðarsamfélag eða þá til óhóflegrar þenslu sem gæti komið stöðugleika í efnahagsmálum úr jafnvægi. Ég er sannfærður um að það er ekki vilji þeirra sem að þessari skattalækkun standa að gera hið síðarnefnda. Ég hef hins vegar hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins grunaða um græsku þegar kemur að velferðarkerfinu.

Ég heyrði það á máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar fyrr í dag að það á að nota þessar skattalækkanir sem skrúfu til að þrýsta mönnum í niðurskurð á ríkisútgjöldum. Á síðustu árum hefur vissulega orðið gríðarleg þensla á útgjöldum ríkisins en það er vegna þess að hæstv. fjármálaráðherra hefur einfaldlega ekki reynst starfi sínu vaxinn. Hann hefur ekki getað staðið í ístaðinu á þessum miklu velmegunarárum. Þar hefur allt lekið út í margvíslegan óþarfa, eins og oft hefur komið fram. Hvernig ætla Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn að bregðast við þegar kemur að því sem talsmenn og forustumenn beggja flokkanna hafa sagt að gerist hér 2007, 2008 og 2009, að það slakni á efnahagslífinu, slakni á tekjum ríkisins? Hvernig ætla þeir þá að standa bæði undir minnkandi tekjum skattkerfisins og núverandi stöðu velferðarkerfisins? Annað hvort hlýtur undan að láta. Þetta er sú græska sem ég gruna hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins um, að þeir ætli sér og séu meðvitað að nota þessar skattalækkanir til að setja skrúfu á velferðarkerfið og þau útgjöld sem því fylgja.

Í umræðu af þessu tagi eiga menn að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Ef þetta er tilgangurinn, segið það þá, drengir góðir og stúlkur góðar. Segið það þá og við skulum rökræða það. En menn eiga ekki að ráðast á velferðarkerfið bakdyramegin og undir einhverjum allt öðrum merkjum, eins og hv. þm. Sjálfstæðisflokksins eru að gera núna. Ég óttast að þeir sigli hér undir fölsku flaggi og séu búnir að breiða yfir nafn og númer. Þeir eru í reynd að búa hér til stöður til þess að gera áhlaup á velferðarkerfið þegar fram í sækir en þeir gera það undir því yfirskini að nú séu þeir bara að lækka skatta af því að efnahagslífið stendur með svo miklum blóma.

Það er að því leyti rétt að efnahagslífið stendur vel núna. Það eru miklar framkvæmdir í landinu og hið opinbera fær miklar tekjur. Af hverju stafar það? Að sjálfsögðu af þessari veltu út af þessu miklu tekjum en líka vegna þeirrar miklu einkaneyslu sem þeir áttu sjálfir ekki von á þegar menn voru að spá t.d. fyrir um þróun hagstærða í upphafi kjörtímabilsins. Menn áttu ekki von á því að hér yrði gríðarleg lántaka framkvæmd í útlöndum til að standa undir miklum viðskiptahalla sem að helmingi til stafar af aukinni einkaneyslu. Ég ætla ekki að fara að deila um þær breytingar sem hafa orðið á fjármálamarkaði og hafa vissulega fært mörgum, fólki af minni kynslóð og niður úr, miklu meiri möguleika til að koma yfir sig góðu þaki, yfir eigin höfuð og fjölskyldu sinnar. Ég er þeirrar skoðunar að það sé óhjákvæmileg þróun. Hún er ekkert séríslensk. Hún fylgir bara og er í takt við þá þróun sem við sjáum erlendis og það sem er að gerast hér er í rauninni ekkert annað en það sem jafnaðarmenn og sjálfstæðismenn og ýmsir aðrir sem hafa viljað aukið frelsi í efnahagslífinu hafa óskað eftir og predikað árum saman, þ.e. að hér komi upp samkeppni í fjármálalífinu þar sem erlent fjármagn, erlendur banki, keppir við hið innlenda. Ég lít svo á að eins og útrásarþróun íslenskra fjármálastofnana hefur verið, þó að þær heiti enn þá íslenskum nöfnum og séu með íslenskar kennitölur, séu þær í reynd orðnar alþjóðlegar. Við sjáum núna fram á jákvæðar afleiðingar sem stafa af samkeppni á fjármálamarkaði. Ég fagna henni.

Ég segi það hins vegar að þessi þróun hefur, a.m.k. tímabundið, leitt til verulegrar aukningar á einkaneyslu og það er parturinn af þessum miklu tekjum í samfélaginu. Ég spyr auðvitað þá ágætu þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem neita því að þeir séu að nota þessar skattalækkanir til að búa sér til stöðu, til að ráðast að velferðarkerfinu síðar meir: Hvernig ætla þeir að fjármagna hið opinbera og standa undir breyttu skattkerfi þegar þetta skeið er frá? Þegar það gerist sem hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra hafa báðir sagt í þessum umræðum síðustu daga að muni gerast eftir nokkur ár, þegar það kemur slaki, tekjur ríkisins minnka, veltan í samfélaginu verður minni. Þá hlýtur eitthvað undan að láta. (**BjarnB:** Afgangurinn.)

Frú forseti. Einn af hinum ungu þingmönnum Sjálfstæðisflokksins kallar fram í: Afgangurinn. Ég tek það svo að hv. þm. sé að tala um afganginn af ríkissjóði. Hann kinkar kolli til merkis um að svo sé. En hvað er að marka áform og áætlanir Sjálfstæðisflokksins, jafnvel á góðum degi, jafnvel þegar hann er í stuði, jafnvel þegar allt gengur vel, um afgang af ríkissjóði? Hvað er yfirleitt að marka Sjálfstæðisflokkinn þegar hann er að tala um þróun hagstærða? Ekki neitt. Þær glansmyndir sem sjálfstæðismenn hafa dregið upp á hverju hausti og barið miklar bumbur í fjölmiðlum hafa aldrei reynst pappírsins virði.

Ég verð að rifja það upp af því að ekki eru liðin tvö ár frá því að hv. þm. Bjarni Benediktsson kom inn á þing og hann man þess vegna kannski ekki sökum þingæsku það langt aftur í tímann að engar af áætlununum sem hæstv. fjármálaráðherra hefur sett fram um afgang af ríkissjóði hafa gengið eftir. Ekki ein einasta. Engin. Hæstv. fjármálaráðherra hefur gert ráð fyrir því í fjárlögum frá árinu 2000

til 2003 að hér yrði samtals afgangur af ríkissjóði um 75 milljarðar.

Hvernig hefur það endað? Því hefur lyktað með að hæstv. fjármálaráðherra hefur setið með halla upp á 10 milljarða í fanginu. Það er eftirtekjan, frú forseti. Það er þróunin sem hv. þm. Bjarni Benediktsson ætti að hafa áhyggjur af ef það er í afgang af ríkissjóði sem hann ætlar að sækja þetta.

Má svo benda hv. þingmanni líka á það, kannski af því að hann þjáist af tímabundnu minnisleysi um þetta, að hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt að afganginn ætti að nota í allt annað, ætti að nota í að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Þá getur auðvitað hv. þm. sagt: Það er fleira til í þessu. Það er hægt að selja eignir. En menn selja ekki eignir mjög lengi til að standa undir rekstri ríkisins. Þar að auki held ég að hv. þm. Sjálfstæðisflokksins séu búnir að selja flest það sem hægt er að selja. (**Gripið fram í:** O, nei ...) O, nei, kallar einn hinna ungu þingmanna fram í og ég sá í augum hans speglast orð eins og Landsvirkjun. Ekki veit ég um það, frú forseti.

Ég er einungis að slá hérna ákveðna varúðartóna. Ég er að segja það sem ég held. (Gripið fram í.) Ég kem til dyranna eins og ég er klæddur í þessu efni. Ég held að Sjálfstæðisflokkurinn sé að nota þetta til að seilast inn í framtíðina og setja skrúfu á velferðarkerfið. Ég óttast það. Ég óttast að hann sé með þessu að setja þrýsting á að hér verði farið út í óhóflega einkavæðingu á ýmsum félagslegum hlutum þegar kemur inn í framtíðina, t.d. eins og á grunnskólum, sem ég veit að margir hv. þm. Sjálfstæðisflokksins eru miklir baráttumenn fyrir. (**BÁ:** Hvað með heilbrigðiskerfið?)

Frú forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson kallar fram í: Hvað með heilbrigðiskerfið? Þá kemur að þeirri umræðu sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hóf hér í dag um heilbrigðiskerfið og var að mörgu leyti merkileg. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson benti á þá staðreynd að ef tekið er tillit til aldurssamsetningar þjóðarinnar eyðum við líklega einna mest innan OECD, næstmest að ég hygg, til heilbrigðismála. Það speglar einungis þá staðreynd að í gegnum tímann höfum við byggt upp heilbrigðiskerfi þar sem menn hafa ekki verið að eyða peningum á réttum stöðum í heilbrigðiskerfinu. Menn hafa ekki gripið í hemla á ýmsum stöðum þar sem hægt hefði verið. Ég minnist þess að hæstv. heilbrigðisráðherra flutti hér ákaflega snjalla tölu á vormánuðum þar sem hann var að kynna afrakstur nefndar sem hafði vélað um þróun lyfjaverðs. Hæstv. ráðherra sýndi t.d. fram á að þegar menn skoðuðu 40 stofnanir, minnir mig, innan heilbrigðiskerfisins, hafði þróun lyfjaverðs verið ákaflega mismunandi. Þar sem verðið hafði hækkað mest á árunum frá 1999–2003, hafði það hækkað um 102%, en uppi á Skaga, þar sem það hafði hækkað minnst hafði það hækkað um 13%. Hver var munurinn á Skagastofnuninni og hinum sem hækkuðu mest? Jú, þar var sérstakur starfshópur, sérstakt teymi innan borðs sem reyndi að haga lyfjanotkun og lyfjamálum innan stofnunarinnar með þeim hætti að sem skilvirkast væri. Í kjölfar þess lagði nefnd hæstv. ráðherra fram tillögur í 25 liðum sem áttu að geta sparað milljarða.

Maður hlýtur þá að spyrja, sérstaklega hv. þm. Sjálfstæðisflokksins sem hafa talað hér eins og þeir hafa gert hér, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson í dag: Af hverju var ekki farið í þetta löngu fyrr? Af hverju var ekki farið í svona löngu fyrr? Við vitum t.d. að mjög stóran hluta af þeim tilvikum sem bráðaþjónustur stóru spítalanna hafa verið að sinna, mætti sinna með öðrum og ódýrari hætti í frumheilsugæslunni, í heilsugæslustöðvunum. Af hverju hafa menn ekki gert það? Af því að sú heilsugæsla hefur ekki verið fyrir hendi. Ég tek það þó fram til þess að vera sanngjarn við hæstv. heilbrigðisráðherra, að það er alveg rétt hjá honum að á síðustu árum hafa menn í vaxandi mæli verið að setja byttu undir þennan leka, t.d. með því að hafa opið á heilsugæslustöðvum fram eftir degi og fram á kvöld og líka með einkareknum þjónustum eins og Læknavaktinni. Og bara svo það komi alveg skýrt fram hjá mér þá er ég þeirrar skoðunar að einkarekstur, sem í mínum huga er töluvert annað en einkavæðing, eigi rétt á sér innan heilbrigðiskerfisins og geti leitt til skilvirkari meðferðar á fjármunum. Ég hlakka t.d. til að sjá þá niðurstöðu sem verður eftir einhver ár í rekstri útboðinnar heilsugæslu í Salahverfi í Kópavogi, vegna þess að ég er þeirrar trúar að það skili árangri og tel að þar sé um að ræða breytingu sem við eigum að taka upp víðar.

Það er hægt að fara miklu betur með peninga í heilbrigðiskerfinu eins og menn vita. Það eru múrar milli ráðuneyta sem gera það að verkum að hæstv. heilbrigðisráðherra á erfitt með að rýma ákveðnar deildir á þeim spítölum sem hann hefur yfir að ráða vegna þess að ef það er gert þá eru þeir sem þar eru og beinlínis þurfa ekki á sjúkrahúsþjónustu að halda en þurfa vistun komnir undir væng annars ráðuneytis og þá eykst kostnaðurinn þar og það er ákveðinn múr, fyrirstaða. Þetta er mál sem við þekkjum.

Frú forseti. Ég gæti auðvitað farið í ákaflega löngu máli yfir ýmislegt sem er í þessu frumvarpi. Umræðan hefur óhjákvæmilega snúist töluvert um skattalækkanirnar. Það er rétt að það komi alveg skýrt fram að við í Samfylkingunni teljum að það sé ákveðið svigrúm til skattalækkana. Við teljum að það sé bæði vegna þess að það er vöxtur í efnahagskerfinu nú um stundir, eins og ég hef skýrt, en sömuleiðis má ekki horfa fram hjá þeirri staðreynd að Sjálfstæðisflokkurinn hefur, með dyggri aðstoð þeirra ungu þingmanna flokksins sem settust inn á þing eftir síðustu kosningar, staðið í stórfelldum skattahækkunum. Á síðasta ári stóðu þessir ágætu menn og ríkisstjórnin öll fyrir því að skattar voru hækkaðir um sennilega 4 milljarða þegar allt er tekið. Ef maður reiknar þetta út kjörtímabilið eru það fast að því 15–16 milljarðar. Ég man ekki alveg hvenær sumir þeirra tóku gildi, en þetta er a.m.k. drjúgur partur af þeirri skattalækkun sem á að færa fólki á kjörtímabilinu.

Við höfum sagt alveg skýrt að við styðjum ekki þá lækkun skattprósentunnar sem hér er verið að berjast fyrir. Það felur í sér ójöfnuð. Það leiðir til þess að hátekjumennirnir fá miklu meira í sinn hlut en lágtekjufólkið. Þegar maður skoðar skattkerfisbreytingarnar sem ríkisstjórnin er að beita sér fyrir á næsta ári t.d., þá er það aðallega tvennt sem upp úr stendur, það er verið að lækka hátekjuskatt um helming og það er verið að lækka skattprósentuna með flötum hætti, þannig að hátekjumenn, alvöru hátekjumenn fá 10–12 sinnum meira í krónum talið í sinn vasa en lágtekju-

fólkið. Þetta er ekki réttlæti sem við í Samfylkingunni berjumst fyrir. Við styðjum þetta ekki.

Hins vegar er það alveg klárt að við lítum svo á að hækkun barnabóta sé mjög jákvæð og af hinu góða. Við styðjum það. Ef það er svo að þingmenn Framsóknarflokksins vilji auka félagslegt réttlæti, eins og a.m.k. tveir þeirra hafa sagt hér í dag, hvernig stendur þá á því að ekki er hærri upphæð til hækkunar barnabóta? Hvernig stendur þá á því að hún kemur til framkvæmda að fullu síðar en t.d. afnám eignarskatta? Það hafa engar skýringar komið á því.

Ef Framsóknarflokkurinn vill auka félagslegt réttlæti og vill auka jöfnuð, þá styður hann tillögu stjórnarandstöðunnar um að láta aukningu barnabóta koma fram að fullu fyrr en gert er ráð fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Við styðjum barnabæturnar.

Við í Samfylkingunni leggjum líka sérstaka áherslu á aðra skattaaðgerð sem við teljum að sé langheppilegasta aðgerðin vegna þess að allir njóta hennar, hún eykur jöfnuð. Það er lækkun matarskattsins. Við höfum lagt það fram sem okkar helsta baráttumál að lækka matarskattinn. Með því að lækka virðisaukaskatt á þeim brýnu lífsnauðsynjum sem er að finna í öðru skattþrepi eða lægra skattþrepinu, úr 14% í 7%, lækkum við matarkostnað íslenskra heimila um 5 milljarða á ári. Það munar um minna. Þessi aðgerð lækkar líka neysluvísitöluna um 0,8%. Það munar um minna þegar við borð liggur að verðlagsþróun sé þannig að forsendur kjarasamninga bresti. Þetta leiðir líka til þess að skuldabyrði Íslendinga lækkar.

Það sem skiptir þó mestu máli er að þeir sem hafa svo lágar tekjur að þeir borga varla nokkurn tekjuskatt njóta aðgerða eins og þessara, þeir njóta lækkunar matarskattsins jafnvel hlutfallslega betur en hinir sem hafa hærri tekjur. Það skiptir máli. Þessi aðgerð nær til allra. Hinn jákvæði ávinningur af því að lækka matarskattinn sytrar út um allt samfélagið til allra þegnanna. Það þurfa allir að kaupa sér kjöt, mjólk, brauð, grænmeti, ávexti og mjölvöru ef þeir ætla sér að lifa. (**SJS:** Eru grænmetisæturnar ...?) Þetta felur líka í sér grænmeti, hv. þm., þannig að Samfylkingin og stjórnarandstaðan sjá fyrir þörfum allra. Það er auðvitað andstætt hv. þm. stjórnarliðsins.

Auðvitað er grátlegt að hlusta á ágætan þingmann, eins og hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, koma hingað og lýsa því yfir að í hjarta sínu finnist honum þetta vera mjög jákvæð skattaaðgerð og hann vilji styðja skattalækkun af þessu tagi, og hann lýsir því með ærlegum hætti hvernig þetta hafi verið eitt af helstu baráttumálum hans stjórnmálaflokks. En hvað kemur þá í veg fyrir það? Hv. þm. lýsti því líka hér í dag, hann sagði: Við erum ærlegir í samstarfi, við erum í samstarfi við annan flokk. Það er sá flokkur sem kemur í veg fyrir að hægt sé að lækka matarskattinn um helming. Það er Framsóknarflokkurinn sem kemur í veg fyrir að ráðist sé í að lækka matarkostnað íslenskra fjölskyldna, íslenskra heimila um 5 milljarða á ári. Það gerist á sama degi, frú forseti, og fregnir berast af því að verið sé að setja sérstaka könnun í gang af Evrópusambandinu til þess að skoða orsakir hás matarverðs, ekki síst í Noregi og Íslandi þar sem það er 52% hærra en innan Evrópusambandsins.

Frú forseti. Gæti nokkuð verið betra fyrir það fólk sem hefur úr litlu að spila, sem hefur lítið fyrir sig að leggja í dag, en einmitt að lækka dýrtíðina sem er á íslenskum matvælum? Að sjálfsögðu ekki. Auðvitað er grátlegt að sá flokkur sem sendir talsmenn sína hingað upp í löngum runum til þess að segja að þeir vilji félagslegt réttlæti, þeir vilji aukinn jöfnuð, leggst flatur og þver gegn því að þetta sé samþykkt. Ég er viss um að hæstv. heilbrigðisráðherra mun kveðja sér hljóðs þegar að minni ræðu lokinni og útskýra hvers vegna Framsóknarflokkurinn er á móti því að lækka matarskattinn.

[18:27]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. formaður Samfylkingarinnar, 1. þm. Reykv. n., fór hér mikinn í ræðustól og var reyndar orðinn klökkur í lokin.

Varðandi öryrkjamálið vísa ég enn einu sinni á bug öllum fullyrðingum um svik í því máli. Það var handsalað samkomulag um 1 milljarð sem er núna 1.300 milljónir. Það er samkomulagið sem var handsalað. Ég hef gert grein fyrir því máli í umræðunni í dag og ætla ekki að endurtaka það.

Varðandi heilbrigðiskerfið þá er ljóst að við verjum *miklum peningum til þess. Við erum með gott heilbrigðiskerfi.* Við erum að bæta það innbyrðis, eins og hv. þm. rakti reyndar. Ég þakka honum fyrir það og vil undirstrika það sem hann sagði í því efni að við þurfum að nota peningana á réttum stöðum.

Síðan er endurtekin (Forseti hringir.) fullyrðingin um að Framsóknarflokkurinn vilji ekki lækka matarverðið í landinu. Sú fullyrðing er einfaldlega röng.

[18:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvers vegna í ósköpunum skyldi hæstv. heilbrigðisráðherra halda því fram að það sé röng fullyrðing að Framsóknarflokkurinn komi í veg fyrir að matarskatturinn sé lækkaður um helming? Samfylkingin styður það. Sjálfstæðisflokkurinn styður það, Vinstri grænir hafa lýst stuðningi við það í umræðum, Frjálslyndi flokkurinn styður það. Hvers vegna er það þá ekki samþykkt? Þessi mikli stuðningur þýðir auðvitað að það er bullandi stuðningur við það í þinginu.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson svaraði því í dag af mikilli einlægni og heiðarleika af hverju þetta er ekki samþykkt, af hverju Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki náð því fram. Hann sagði: „Við erum í samstarfi við annan stjórnmálaflokk um stjórn landsins. Við erum heiðarlegur flokkur. Við getum ekki knúið það í gegn sem aðrir vilja ekki."

Það er bara staðreynd að Framsóknarflokkurinn hefur staðið þver gegn því að matarskatturinn verði lækkaður og verð á matvælum lækkað um 5 milljarða til íslenskra fjölskyldna. Hvernig í ósköpunum getur hæstv. heilbrigðisráðherra haldið öðru fram?

[18:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru einfaldlega staðreyndir þessa máls að gert var samkomulag milli stjórnarflokkanna um að

fara í þessar aðgerðir í skattamálum sem nú hefur þegar verið farið í. Síðan var samkomulag um að skoða virðisaukaskattinn. Ég veit ekki betur en að það samkomulag sé í fullu gildi. Síðan eru endurteknar trekk í trekk fullyrðingar um að Framsóknarflokkurinn sé á móti því að lækka matarverð í landinu. Það er einfaldlega rangt. Stjórnarflokkarnir vinna eftir ákveðinni áætlun varðandi skattamál. Það hefur legið fyrir alveg síðan um kosningar. Framsóknarflokkurinn lagði fram stefnu sína í skattamálum fyrir kosningar og eftir henni hefur verið unnið í samstarfi við samstarfsflokkinn. Það er ekkert nýtt í þeim efnum.

[18:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrir liggur að Framsóknarflokkurinn hefur aldrei lýst yfir stuðningi við að lækka matarskattinn. Þegar stjórnmálaflokkarnir lýstu tillögum sínum í skattamálum fyrir kosningar þá voru tveir flokkar alveg afdráttarlaust með það á sinni stefnu að lækka matarskattinn. Hvorugur þeirra hét Framsóknarflokkurinn. Þetta liggur því alveg klárt fyrir. Það liggur líka fyrir yfirlýsing frá hæstv. fjármálaráðherra frá því fyrr í haust að það væri vegna fyrirstöðu í Framsóknarflokknum sem matarskatturinn verður ekki lækkaður.

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sagði áðan að hann hefði ekki brotið loforð gagnvart öryrkjum vegna þess að hann hefði aldrei lofað þeim meiru en milljarði. Ég get ekki af orðum hæstv. ráðherra dregið aðra ályktun en þetta sé rangt því hæstv. ráðherra sagði í viðtali við DV eða þar er alla vega haft eftir honum innan gæsalappa:

„Það er ljóst að það vantar þarna upp á og miðað við þá peninga sem ég hef, 1 milljarð króna, get ég ekki farið í nema tvo þriðju núna."

Ef milljarður eru tveir þriðju, hvað eru þá þrír þriðju? Hv. þm. Birgir Ármannsson er fljótur að reikna það. Það eru 1.500 milljónir.

Því er alveg ljóst miðað við þá reikningskúnst sem við öll lærðum í barnaskóla að hæstv. heilbrigðisráðherra er hér að segja að það sem þetta samkomulag kostar sé að tveimur þriðju 1 milljarður og að þremur þriðju þar með 1.500 milljónir. Þetta er nú ekki flókið.

[18:33]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hætv. forseti. Hv. 1. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður talaði nokkuð glannalega um glansmyndir sem sjálfstæðismenn drægju upp af efnahagsástandi og ríkisfjármálum. Ég held að þessi orðanotkun hv. þingmanns bendi nú bara til þess ergelsis sem gætir meðal stjórnarandstöðunnar vegna þess árangurs sem náðst hefur á undanförnum árum. Við höfum upplifað eitt lengsta samfellda hagvaxtarskeið í Íslandssögunni. Við höfum upplifað eitt lengsta skeið samfelldrar kaupmáttaraukningar í Íslandssögunni. Stjórnarandstaðan er (Gripið fram í.) auðvitað afskaplega svekkt yfir þessum árangri núverandi ríkisstjórnar. Stjórnarandstaðan er svekkt yfir því að efnahagsstjórnin hefur verið með þeim hætti að ríkisstjórnin getur nú dregið úr skattheimtu og gefið þannig öllum almenningi í landinu kost á að njóta þess aukna ábata sem verður vegna aukinna umsvifa í atvinnulífinu.

[18:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvað er að svekkja hv. þm. Birgi Ármannsson? Hvers vegna kemur hann svona svekktur og önugur upp í ræðustól ef það er svo að sökum atbeina hans og félaga hans í Sjálfstæðisflokknum sé búið að búa til hérna bestu veröld allra veralda? Gæti verið að skýringin á því sé sú að hann, líkt og skein í gegnum ræðu hæstv. fjármálaráðherra þegar hann mælti fyrir skattalagafrumvörpum sínum, hefur ekki fulla trú á því að dæmið gangi upp? Kynni að vera, vegna þess að hv. þingmaður er skynugur og hefur góða þekkingu á efnahagsmálum, að hann renni í grun um að aðvörunarorð fjölmargra sérfræðinga séu rétt, að aðvörunarorðin um að þessar skattalækkanir og aðgerðir sem verið er að grípa til kunni að setja það mikla þenslu í efnahagslífið að verðbólgan fari úr böndum og ríkisstjórnin missi stjórn á málunum? Gæti það verið?

[18:35]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki missi ég svefn yfir því að þessar skattalækkanir valdi óhóflegri þenslu og setji efnahagslífið á hliðina. Ég held að þessar skattalækkanir séu jákvæðar, muni leiða til aukins kaupmáttar alls almennings í landinu og skila þjóðarbúinu miklum árangri þegar til lengri tíma er litið.

Við skulum aðeins velta fyrir okkur hvernig málflutningur stjórnarandstöðunnar er. Nú heitir það svo að skattalækkanirnar eigi að setja allt á hliðina í efnahagsmálum. Maður veltir þá fyrir sér hvort ráðið sé þá að stilla skattheimtustigið hátt nú þegar góðæri ríkir og hagvöxtur (Gripið fram í.) er mikill. Hvernig ætlar hv. þm. Össur Skarphéðinsson að bregðast við þegar tekjurnar dragast saman í þjóðfélaginu, búið er að stilla skattheimtuna hátt og búið er að stilla útgjaldastigið hjá hinu opinbera hátt?

[18:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Síðasti liður spurningarinnar var ósanngjarn vegna þess að stjórnarandstaðan hefur ekki lagt til að útgjaldastigið verði hækkað. Þau útgjöld sem við leggjum til hér, t.d. við fjárlögin, stjórnarandstaðan, eru dekkuð með tillögum á móti um niðurskurð eða auknar tekjur. Það er einfaldlega staðreynd. Því er ekki hægt að halda þessu fram.

En hugsanlega hafði ég rangt fyrir mér, frú forseti. Það getur vel verið að hv. þingmaður hafi ekkert verið svekktur yfir því að það kunni að vera of mikil þensla í vændum Ég tek fram að við höfum líka lagt til ákveðnar skattalækkanir og við teljum ekki í Samfylkingunni að efnahagslífið fari á hliðina út af þessu. Gæti verið að hv. þingmaður sé svekktur út af því að glansmyndirnar sem dregnar hafa verið upp hafa reynst vera algjörlega bara nákvæmlega það, þ.e. bara myndir á glans og ekkert undir þeim?

Áætlanir fjármálaráðherra um 75 milljarða afgang á ríkissjóði enduðu í 10 milljarða halla. Áætlanir um útgjöld

brustu svo svakalega að frá 2000–2003 fóru ríkisútgjöldin 23,8 milljarða að meðaltali á ári fram úr áætlunum.

[18:37]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar til þess að gera smávægilega athugasemd út af fullyrðingum hv. þingmans um efnahagsleg áhrif skattalækkana sem við erum að leggja til. Hann hefur haldið því fram að efnahagslegu áhrifin yrðu slæm og þó svo mér liggi hlýr hugur til þingmannsins þá trúi ég ekki öllu sem hann segir um efnahagsmál eins og nýju neti. Ég trúi meira á fræðimenn eins og Guðmund Ólafsson sem er lektor í hagfræði við háskólann og er þingmanninum að góðu kunnur. Hann sagði í hádegisfréttunum á sunnudaginn um þessar skattalækkanir að allar stórkostlegar fullyrðingar um að þetta mundi ríða hagkerfinu á slig væru mjög úr öllu hófi og pólitískur áróður, áhrifin væru lítil og þær mundu einfaldlega hverfa í ölduróti hagkerfisins. Ég veit reyndar ekki um neinn annan fræðimann á þessu sviði sem hefur tekið undir þessar dómsdagsspár (Forseti hringir.) hv. þingmanns.

Mig langar til þess að spyrja hann: Fyrst hann hefur svona miklar áhyggjur af efnahagslegum áhrifum 4% skattalækkunar, hefur hv. þingmaður þá ekki sömu áhyggjur (Forseti hringir.) af áhrifum 33% (Forseti hringir.) kauphækkunar einstakra stétta í landinu?

[18:39]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi verið í heimi draums og óraunveruleika þegar hann hlustaði á það sem ég hef sagt hér í dag eða í fjölmiðlum vegna þess að ég hef aldrei sagt þetta. Ég er sammála hinum merka fræðimanni Guðmundi Ólafssyni að þessar skattalækkanir munu ekki ríða hagkerfinu á slig, eins og hv. þingmaður orðaði það. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þær muni hafa miklu meiri áhrif en þau sem fræðimaðurinn sem vitnað var til hefur sagt. Hv. þingmaður hafði eftir fræðimanninum að þetta mundi hverfa í ölduróti efnahagslífsins. Ég óttast að svo sé ekki. Má ég þá nefna annan fræðimann sem reyndar hefur verið yfirmaður þessa fræðimanns sem hér er vitnað til, Tryggva Þór Herbertsson, sem hefur sagt að til þess að ekki verði mjög neikvæðar afleiðingar af þessum skattalækkunum þá þurfi að taka sama magn af peningum út úr hagkerfinu með einhverjum hætti. Hvernig? Með því að draga úr útgjöldum. Ég spyr þá hv. þingmann: Ætlar hann að skera niður í velferðarkerfinu (Forseti hringir.) eins mig grunar að sé ætlun sjálfstæðismanna?

[18:40]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Ég get svarað þessari spurningu þannig, frú forseti, að það stendur ekkert til að skera neitt niður í velferðarkerfinu. Við höfum verið að auka fjárframlög til velferðarkerfisins, bæði til almannatryggingakerfisins og heilbrigðiskerfisins.

Hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni hefur ekkert litist neitt sérstaklega vel á þessar skattalækkunartillögur sem við höfum verið að leggja til. Himinn og haf er á milli málflutnings hans um þær og fræðimanna á þessu sviði sem telja að áhrifin verði ekki svo orð sé á gerandi.

Eins og ég hef sagt hér áður þá skil ég ekki hvers vegna stjórnarandstaðan leggst svona þver gegn hugmyndum okkar um að auka kaupmátt fólksins í landinu. Af hverju vill stjórnarandstaðan ekki auka kaupmátt fólksins í landinu? Af hverju er stjórnarandstaðan svona mikið á móti launþegum? Af hverju heyrist ekkert í þessum þingmönnum, t.d. hv. 1. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, út af skattahækkunum sem hans flokkur stendur fyrir í Reykjavík og hækkunum á leikskólagjöldum í Reykjavík, en barnabæturnar sem við ætlum (Forseti hringir.) að hækka munu hverfa vegna þessara hækkana hans og hans manna? Af hverju heyrist ekkert í manninum?

[18:42]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og þingmaðurinn veit þá hef ég mikla trú á Reykjavíkurlistanum. Ég held að Reykjavíkurlistinn hafi unnið borgarbúum ákaflega vel. Um leikskólagjöldin segi ég bara þetta við hv. þingmann: Spyrjum að leikslokum. Um útsvarshækkunina segi ég: (**Gripið fram í:** Spyrjum að leikslokum.) Ríkisstjórnin er með fjársvelti sínu gagnvart sveitarfélögunum að knýja þau til útsvarshækkana. Það er hæstv. fjármálaráðherra sem er ábyrgur fyrir því að sveitarfélögin neyðast nú til þess að hækka útsvar. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Styður þú þær?)

Hv. þingmaður sagði að Sjálfstæðisflokkurinn og ríkisstjórnin ætluðu sér ekki að skera niður í hinni félagslegu velferð. Þá spyr ég hv. þingmann: Af hverju er þá ríkisstjórnin að hækka skólagjöld í Háskóla Íslands og öðrum háskólum um 40%? (**Gripið fram í:** Ekki skólagjöld.) Það er þegar byrjað, herra forseti.

Að öðru leyti verð ég að segja að (**Gripið fram í:** ... ekki svar.) mér fannst ýmislegt skynsamlegt koma fram (Forseti hringir.) í máli hv. þingmanns. En um hitt get ég ekki svarað honum. Ég mun gera það síðar.

[18:43]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gera athugasemdir eða staldra við tvennt í ræðu hv. þingmans. Það er í fyrsta lagi að hann lýsir yfir áhyggjum af því að skattalækkanir sem nú eru lagðar fyrir þingið verði notaðar í framtíðinni til þess að vega að velferðarkerfinu. Ef ég tók rétt eftir þá hélt þingmaðurinn því fram að vegið hefði verið að velferðarkerfinu undanfarin ár.

Af þessu tilefni vil ég spyrja hann að tvennu. Í fyrsta lagi: Hafa ekki útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála aukist um tugi milljarða á undanförnum árum eins og blasir við mér þegar ég les fjárlögin nokkur ár aftur í tímann? Hefur það ekki einmitt verið að gerast?

Í annan stað: Er þá ekkert svigrúm til skattalækkana eins og Samfylkingin er sjálf að leggja til?

Hitt atriðið sem ég vildi gera athugasemd við er það hvernig hv. þingmaður fer með samanburð á fjárlögum og niðurstöðum ríkisreiknings. Ég kem kannski aðeins betur inn á það í síðara andsvari mínu.

[18:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Jú, það er svigrúm til skattalækkana. Ég hef verið að lýsa því. Þess vegna leggur Samfylkingin til að um mitt næsta ár verði matarskatturinn lækkaður um helming. Það þýðir útgjöld upp á 2,5 milljarða. Sömuleiðis hefur stjórnarandstaðan lagt til að barnabætur verði teknar upp árinu fyrr en ríkisstjórnin ætlar sér. Það eru líka útgjöld upp á 2,4 milljarða. Þetta eru útgjöld upp á 5 milljarða. Svigrúmið sem þetta fyllir upp í stafar að stærstum hluta af skattahækkunum þessarar ríkisstjórnar. Þessi ríkisstjórn hækkaði skatt um 4 milljarða á síðasta ári. Við erum að taka það niður aftur.

Þar að auki gerum við ráð fyrir því að vaxandi umsvif í samfélaginu geri það að verkum að hægt sé að fara í ákveðnar skattalækkanir. Við segjum hins vegar: Það er ekki hægt að gefa fólki fugla í skógi og það er ekki hægt að lofa skattalækkunum út á einhverja framtíð sem kemur að vísu í hugum hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins rétt fyrir kosningar. Auðvitað eru þeir að nota þetta bara til þess að kaupa sér atkvæði eins og þeir hafa orðið uppvísir að í gegnum tímann, eins og síðast.

[18:45]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert hvernig hv. þm. telur vera svigrúm til skattalækkana þrátt fyrir allt en hann hefur engar áhyggjur af því þegar hann gefur eftir af ríkistekjunum hvernig eigi að bregðast við þegar hagvaxtarskeiðinu lýkur eða hægir á hagvextinum. Hann hefur hins vegar miklar áhyggjur af því þegar um er að ræða skattatillögur stjórnarinnar.

Hitt atriðið sem ég vék aðeins að í fyrri ræðu minni er að það gengur auðvitað ekki að stjórnarandstaðan beri ítrekað einfaldlega saman niðurstöður fjárlaga og hins vegar endanlegar tölur úr ríkisreikningi. Hverju er sleppt í þessum samanburði? Í fyrsta lagi er fjáraukalögunum sleppt. Í öðru lagi ýmsum óreglulegum liðum, t.d. gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga sem á árinu 1989 námu 61 milljarði. Í þriðja lagi er auðvitað öllum tekjum af sölu ríkiseigna sleppt í þessum samanburði.

Þegar tekið hefur verið tillit til þessa er niðurstaðan sú að frá árinu 1998 er afgangurinn 95 milljarðar.

[18:46]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir vænt um þann hv. þingmann sem hér var að tala en hann var heldur seinheppinn í ræðu sinni. Hv. þingmaður segir fullum fetum að ekki sé hægt að bera saman þá áætlun sem kemur fram í fjárlögum og ríkisreikning. Þetta geri ég þó í krafti fjárreiðulaganna sem voru samþykkt 1996 og fyrir þeim var mælt af núverandi hæstv. fjármálaráðherra. Þá sagði hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Breytingin hefur það í för með sér að áætlanir fjárlaga og niðurstöður ríkisreiknings verða að fullu samanburðarhæfar ... “ (**BjarnB:** Hvað stendur í fjárreiðu ...?)

Er hv. þm. Bjarni Benediktsson að segja það að hæstv. núverandi fjármálaráðherra, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, hafi haft rangt fyrir sér? Er hann að segja að heill kafli í síðustu skýrslu Ríkisendurskoðunar sem fjallar einmitt um þetta sé rangur? Þar segir: „Tekið skal fram að gert er ráð fyrir að ríkisreikningur verði færður með sama hætti og því verði áætlanir fjárlaga og niðurstöður ríkisreiknings að fullu samanburðarhæfar.“ (Gripið fram í.)

Má ég svo, frú forseti, biðja um að ég fái málfrið (Forseti hringir.) fyrir hv. 2. þm. Norðaust. og forseta þingsins?

[18:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Aðalerindi mitt í þennan ræðustól hér og nú er að mæla fyrir breytingartillögum sem ég er fyrsti flutningsmaður að en það eru nokkur atriði önnur sem tengjast afgreiðslu þessa frumvarps sem ég vil koma inn á.

Ég vísa að öðru leyti í framsöguræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar, fulltrúa okkar í fjárlaganefnd, og ítarlegt nefndarálit sem hann flytur, 2. minni hluti fjárlaganefndar, og þarf því ekki að vera að fjölyrða um þá hluti sem þar er komið inn á.

Það sem ég vil fyrst gera aðeins að umtalsefni eru almennar aðstæður í efnahagslífinu nú um stundir þegar við erum hér við 2. umr. fjárlaga undir lok nóvembermánaðar og stefnt er að því að Alþingi ljúki störfum fyrir miðjan næsta mánuð og hafi þá afgreitt bæði fjárlagafrumvarp eða fjárlög fyrir í hönd farandi ár og þær skattbreytingar sem hæstv. ríkisstjórn hefur mælt fyrir á þinginu og eru til umfjöllunar nú í þingnefnd.

Þannig háttar til að væntanleg er innan nokkurra daga, ef að líkum lætur, haustskýrsla eða skammdegisskýrsla Seðlabankans. Það hefði verið fróðlegt, herra forseti, ef þetta hefði staðið aðeins öðruvísi af sér í tíma og við hefðum haft í höndunum síðasta álit Seðlabankans á þessu ári áður en við lykjum þessari umræðu. Það munum við væntanlega hafa áður en fjárlagafrumvarpið kemur til 3. umr. og afgreiðslu. Ég verð að segja alveg eins og er að mér leikur nokkur hugur á að sjá hvað Seðlabankinn kemur til með að segja í síðasta áliti sínu á þessu herrans ári 2004, áður en það kveður, um ástandið og horfurnar í efnahagsmálunum.

Ég minnist þess að í desembermánuði sl., fyrir tæpu ári, var Seðlabankanum nokkuð órótt. Bæði kom það fram í þeim álitum sem frá honum gengu og í því að Seðlabankinn t.d. kallaði til sín viðskiptabankana, sendi þeim síðan í framhaldinu af þeim fundi harðort bréf þar sem mjög var varað við ýmsu sem í gangi væri í hagkerfinu þar sem m.a. viðskiptabankarnir, og ekki síst, væru gerendurnir. Það laut að því hversu miklu erlendu lánsfé hafði verið mokað inn í hagkerfið á skammtímakjörum af bönkunum á því ári sem þá var að líða og ýmsu fleiru. Það laut auðvitað líka að því að Seðlabankinn horfðist í augu við þær aðstæður sem drógust upp í hagkerfinu með greinilega vaxandi þenslu og verðbólguhættu. Seðlabankinn stóð þá frammi fyrir því að það var nokkuð ljóst að verðlagsþróunin væri að sigla út fyrir viðmiðunarmörk Seðlabankans, út fyrir stöðugleikaviðmiðunarmörkin sem Seðlabankinn reynir að halda verðlaginu innan.

Af hverju skyldi Seðlabankinn hafa haft sérstakar áhyggjur af þessu? Jú, það var vegna þess að við breyttum um grundvöll hagstjórnarinnar fyrir ekki löngu. Það er

hljótt um þá staðreynd núna í umræðum um efnahagsmál á Íslandi. Hvernig skyldi standa á því? Eru menn búnir að gleyma því að við hurfum frá þeim markmiðum sem voru í eldri lögum um Seðlabanka Íslands, sem er auðvitað ákveðin grundvallarlöggjöf hagstjórnarinnar í landinu, um gengisstöðugleika, markmið um lága vexti og annað í þeim dúr? Nú starfar Seðlabankinn á grundvelli aðeins eins meginmarkmiðs í hagstjórn, verðlagsstöðugleika, þ.e. að halda verðlagsþróuninni innan tiltekinna viðmiðunarmarka sem eru tiltölulega þröng. Þarna var horfið að ráði sem hefur verið gert víða í kringum okkur, að einbeita stjórntækjum Seðlabanka og eftir atvikum öðrum opinberum hagstjórnartækjum að svokölluðum stöðugleikamarkmiðum.

Það skyldi þó ekki vera að menn ræði lítið um þessa staðreynd núna vegna þess að það hentar ekki? Það er alls ekkert verið að horfast í augu við og reyna að virða og halda sig innan þessara stöðugleikamarkmiða. Þjóðhagsspáin gengur út á að keyra hérna áfram þrjú ár samfellt verulega utan þessa viðmiðs sem Seðlabankinn er þó samkvæmt lögum skyldugur til að reyna að halda verðlaginu innan.

Seðlabankinn er aleinn. Hann er aleinn í viðleitni sinni til að reyna að halda aftur af þenslu, verðbólgu, viðskiptahalla og hann er líka aleinn að því er virðist um að hafa áhyggjur af sterku raungengi krónunnar.

Öðruvísi mér áður brá. Einhvern tímann hefðu nú fleiri held ég í opinberri umræðu um efnahagsmál haft áhyggjur af þessum hlutum. Ótrúlegt þagnarsamsæri er ríkjandi á Íslandi í dag um að ræða ekki þessi hættumerki. Það er vegna þess að meðan á veislunni stendur, þangað til búið er að kalla hana formlega af, meðan einhver föng eru eftir, virðast allir ætla sér bara að njóta. Neyta meðan á nefinu stendur. *Flýtur meðan ekki sekkur er hugarfarið.* Dapurlegast af öllu er auðvitað að hæstv. ríkisstjórn skuli vera jafngjörsamlega ábyrgðarlaus í þessum efnum og raun ber vitni. Hún er ekki, að því er séð verður, að gera nokkurn skapaðan hlut í því að takast á við þetta af einhverri alvöru. Nærtækasta dæmið um það er hinar stórfelldu skattalækkanir. og skilaboðin sem ríkisstjórnin er með því að senda út í þjóðfélagið.

Þetta eru, frú forseti, að mínu mati ákaflega varhugaverðar og viðkvæmar aðstæður sem við stöndum núna frammi fyrir.

Það sem er líka ískyggilegt er að þrátt fyrir þessa þenslu og spennu í peningakerfinu er atvinnuleysi og það er ekkert lát á því. Við erum með 5–6 þús. manns á atvinnuleysisskrá. Það er mikið misgengi og jafnvægisleysi að þessu leyti í efnahagslífinu og atvinnulífinu. Það helgast m.a. af því að þær breytur eða þeir hlutir sem knýja áfram hagkerfið og þá „hagvöxtinn" um þessar mundir skila sér ekki í aukinni eftirspurn eftir störfum á vinnumarkaði. Það er fyrst og fremst vegna þess að annars vegar eru það stóriðjufjárfestingarnar þar sem atvinnuumsvifin eru að uppistöðu til mönnuð útlendingum og fjármunirnir sem streyma inn í hagkerfið vegna þeirra framkvæmda gera mjög stuttan stans á Íslandi.

Vinnulaun um þúsund starfsmanna við Kárahnjúkavirkjun og tengdar framkvæmdir eru greidd út erlendis. Það er mannskapur sem er á launum hjá erlendum verktökum, að stórum hluta ráðinn af starfsmannaleigum og fær launin sín greidd inn á bankareikninga í Portúgal. Það skapar ekki atvinnu og ætti þar af leiðandi líka að hafa heldur þensluletjandi áhrif en hitt en væntingarnar skila sér þó greinilega inn í þá hliðina.

Hins vegar er einkaneysla, aukinn innflutningur og viðskiptahalli greinilega þannig að hann skilar ekki miklu hér í almennum atvinnuumsvifum. Það eru sáralitlar nýfjárfestingar í hinu almenna atvinnulífi. Er sjávarútvegurinn að gera mikið? Nei, hann er að rembast við að halda sjó. Er hinn almenni iðnaður og samkeppnisiðnaður að fjárfesta mikið innan lands í dag? Nei, ekki neitt. Hann fjárfestir erlendis það litla sem það er. Það er furðuleg staða uppi að fjárfestingarhlutfallinu sem er kannski á þokkalegu róli, kringum 20 af hundraði eða eitthvað því um líkt, er haldið uppi af erlendum stórfjárfestum en hinir innlendu aðilar eru í miklu ríkari mæli að flytja fé úr landi. Bankarnir koma svo þarna á móti með því að dæla erlendu lánsfé inn í hagkerfið, út í atvinnulífið, sérstaklega á síðasta ári, 300 milljörðum kr. í nýju erlendu lánsfé, og á þessu ári hafa þeir snúið sér að því að auka mjög útán til svokallaðra húsnæðislána.

Á móti þessu öllu saman kemur svo hæstv. ríkisstjórn með þessa furðulegu áherslu sína í að boða núna við þessar aðstæður, jafngæfulegt og það er, stórfelldar skattalækkanir og boða þær langt fram í tímann. Það er auðvitað, frú forseti, ekkert annað en hreint glapræði.

Útfærsluna á þessum skattatillögum ríkisstjórnarinnar höfum við út af fyrir sig rætt og þarf ekki að endurtaka það hér. Við ræddum hana í fyrradag ef ég man rétt en það var þó dálítið athyglisvert og kannski sláandi að einmitt í dag birtir Fréttablaðið athyglisverða úttekt á því hvernig dregið hefur í sundur í launum og lífskjörum á Íslandi einmitt undanfarin ár. Á forsíðu þessa ágæta dagblaðs stendur „Bilið aldrei verið breiðara" og í greininni segir að 11 þús. tekjuhæstu Íslendingarnir hafi að meðaltali 22 sinnum hærri laun en 11 þús. tekjulægstu einstaklingarnir.

Mér fannst líka dálítið athyglisvert við skoðun á umfjöllun blaðsins inni í opnunni um þessi mál, þar sem þessi 22 manna maki er sýndur sem stór legókarl eða hvað það nú er í samanburði við hina, að á hinni síðunni er auðvitað auglýsing frá verðbréfafyrirtæki. Það var mjög vel til fundið í tengslum við umfjöllunina um hvernig vaxandi launa- og aðstöðumunur er að læðast aftan að okkur í þessu samfélagi þar sem höfum þó lengi talið okkur það til tekna að við værum tiltölulega einsleitt, óstéttskipt samfélag og að hér væri aðstöðu-, launa- og lífskjaramunur ekki óhóflegur miðað við það sem annars staðar gerist.

Það hefur hann vissulega ekki verið. Við höfum sem betur fer getað talið okkur, a.m.k. með nokkrum rétti, til Norðurlandanna í þeim efnum að hér væri meiri jöfnuður ríkjandi, þökk sé þá öflugu velferðarkerfi og tekjujafnandi aðgerðum innan skattkerfis og velferðarkerfis, sem jöfnuðu nokkuð þann mun sem úti á vinnumarkaðnum sjálfum er vegna launamunar og annars slíks.

Greinilegt er að við og við þarf enga sérstaka spámenn eða spekinga til að horfast í augu við hvað er að gerast í þessum efnum á Íslandi. Það er að draga alveg gríðarlega hratt í sundur. Við erum að vísu enn þá langt frá því að vera komin í bandarískt ástand þar sem forstjórar stórfyrirtækja

hafa að meðaltali 420-föld laun almennra starfsmanna sinna en þó er þetta farið að mælast í fleiri tugum. Forstjórarnir íslensku og topparnir, ekki síst í fjármálaheiminum, eru gjarnan með laun sem nema nokkurra tuga starfsmanna sinna, svo maður tali ekki um almenn laun í þjóðfélaginu. Við þær aðstæður grípur hæstv. ríkisstjórn til skattalegra ráðstafana sem eru af sama toga og markað hafa stefnu núverandi ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eða ríkisstjórn undir forustu Sjálfstæðisflokksins þangað til núna nýverið, síðastliðinn bráðum einn og hálfan áratug, að þær hafa verið úr smiðju frjálshyggjunnar og hægri hyggjunnar þar sem launajöfnun og samfélagsleg markmið af því tagi eru látin lönd og leið. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Það er víst rétt, hv. þingmaður.

Herra forseti. Í fyrsta lagi ætla ég að mæla fyrir breytingartillögu sem ég flyt ásamt öðrum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á þskj. 443. Hún lýtur að tekjuöflun sem við leggjum til á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins. Við höfum haft þá reglu undanfarin ár og alla tíð að reyna að setja áherslur okkar við fjárlagaumræðu þannig fram að þær væru í góðu jafnvægi, við legðum til tekjur á móti þeim gjöldum sem við legðum til þó það sé í sjálfu sér ekkert heilagt og alls ekki endilega þannig að stjórnarandstaðan þurfi að skrifa upp á þann meinta afgang sem meiri hluti á hverjum tíma setur fjárlagafrumvarp sitt fram með. Þó er auðvitað rétt og skylt ef menn vilja nálgast þessa hluti af ábyrgð að þeir sýni með hvaða hætti þeir telja að mögulegt væri að afla tekna á móti þeim útgjöldum sem þeir vilja auka á fjárlögum hins opinbera.

Við erum andvíg því að afnema það álag á hæstu laun eða hærri laun í landinu sem verið hefur við lýði í skattkerfinu og við höfum kallað hátekjuskatt, en heitir reyndar á lagamáli sérstakur tekjuskattur manna eða hvað það er. Ríkisstjórnin hefur tekið sér það alveg sérstaklega fyrir hendur, það hefur verið eitt af gæluverkum Sjálfstæðisflokksins að fara út með þennan skatt. Þeir hælast mjög um af því hvað þetta sé göfugt og mikið réttlætismál og markmið að létta sérstaklega sköttum af þeim einstaklingum sem hafa tekjur yfir 350 þús. kr. á mánuði og hjónum með tvöfaldar þær viðmiðunartekjur.

Nú virkar þetta þannig að ekki er verið að auka skattbyrði þessa hóps á tekjunum upp að þessum mörkum heldur einungis taka álagið af tekjunum ofan við viðmiðunarmörkin. Það er ástæða til að fara yfir þetta vegna þess að ég hef Sjálfstæðisflokkinn oft grunaðan um að tala viljandi svo óskýrt um þessa hluti að ætlunin sé að menn misskilji þetta og haldi að hátekjufólkið borgi 4%–6% meira eða hvað það nú er af öllum tekjum sínum ofan skattleysismarka, en svo er ekki. Að sjálfsögðu ekki. Þetta er þannig útfært (Gripið fram í.) að hátekjumaðurinn, ef við köllum hann svo, með t.d. 700 þús. kr. í tekjur á mánuði eða 1 millj. kr. borgar álagið sem á að verða 4% af launum fyrir ofan 340 þús. kr. Ef menn hafa fengið í fyrsta lagi skattfrjálsar fyrstu 72 þús. kr. eins og aðrir, borga síðan sömu prósentu og allir aðrir af launum upp að 340 þús. kr., er þá ósanngjarnt að menn borgi síðan af því sem þá kemur til viðbótar, hvort sem það er upp í 1 millj., 2 millj. eða 10 millj. kr. eins og þekkist á mánuði hverjum, örlítið álag? Nei, það er ekki ósanngjarnt. Það er þvert á móti þannig, ef Sjálfstæðisflokkurinn hefur sitt fram sem allt bendir auðvitað til, að íslenski tekjuskatturinn verður einhver sá flatasti sem þekkist á byggðu bóli. Þá hefur frjálshyggjuöflunum á Íslandi tekist að fletja út skattkerfið meira en nokkurs staðar annars staðar og við verðum með langlægstu prósentuna á hæstu laun sem fyrirfinnst á Norðurlöndum og sennilega innan OECD með kannski einni eða tveimur undantekningum, ég efast þó um það.

Ég sé að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hristir ákaft höfuðið. Ég tek það til samþykkis kenningum mínum um að íslenski tekjuskatturinn verði einhver sá flatasti sem þekkist á byggðu bóli. Af þessu eru sjálfstæðismenn ákaflega stoltir. Þeir vilja auðvitað ekki að menn borgi eitthvað í samræmi við getu. (**Gripið fram í:** Jú.) Nei, það er auðvitað draumur þeirra að leggja aðeins einn skatt á landið og miðin. Það er alveg greinilegt að þeir mundu vilja skafa upp úr vösum láglaunafólksins helst sömu krónur og hátekjumanna. Alla vega (Gripið fram í.) er bara ósköp einfaldlega verið að gera það, hv. þingmaður, það er ósköp einfaldlega það sem verið er að gera. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Er ekki verið að gera það með þeim breytingum í skattkerfinu sem eru á ferðinni? Jú, ætli það ekki. Hægt er að fara rækilega yfir það og sýna hvernig þetta er að gerast.

Eins er það með fjármagnstekjuskattinn. Hann er hér einhver sá lægsti sem fyrirfinnst og raunar held ég sannanlega sá lægsti. Það sem meira er, hér er allt sett í einn pott, vaxtatekjur, arður og annað því um líkt, söluhagnaður hlutabréfa og allur slíkur fjármagns- og eignahagnaður. Þetta er skattlagt flatt með 10% skatti. Þetta eru sérstök vildarkjör sem fjármagnseigendum bjóðast nánast hvergi annars staðar. Þarna var um mikla skattalækkun að ræða á sínum tíma þegar fjármagnsskatturinn var tekinn upp, eins og kunnugt er. Það var mikil skattalækkun á söluhagnaði hlutabréfa og arði sem áður hafði verið skattlagður eins og aðrar tekjur.

Fjármagnstekjur höfðu að vísu ekki verið skattlagðar, það er rétt. Vextir höfðu ekki verið skattlagðir og það má segja að þar hafi komið til sögunnar seint og um síðir sambærileg skattlagning hér og var orðin regla í öðrum löndum, en miklu lægri. Nánast alls staðar í löndunum í kringum okkur sem við berum okkur saman við, í Bretlandi, Írlandi, annars staðar á Norðurlöndunum, í Kanada og meira að segja í Bandaríkjunum borga menn fjármagnstekjuskatt sem endar í mun hærri prósentum en hér. Sums staðar eru fjármagnstekjur yfir vissum mörkum skattlagðar eins og launatekjur. Annars staðar er þetta kannski skattprósenta sem er á bilinu 20% og upp í 40%. Gjarnan er það þannig að einhver þrepaskiptur skattur fer hækkandi í prósentum eftir því sem tekjurnar aukast en hér er þvílíkur lúxus viðhafður gagnvart þeim einstaklingum sem hafa miklar fjármagnstekjur að þeir hafa þær alveg utan endis nánast skattfrjálst í sinn vasa, 10%, þó menn hafi hundruð milljóna eða kannski sem styttist örugglega í að einhverjir fari að hafa, milljarða í fjármagnstekjur. (**Gripið fram í:** Hundruð milljóna.) Hundruð milljóna, ekki hundruð milljarða, nei, ég hef ekki trú á því í bili. Við eigum að vísu orðið auðmenn sem eru að komast á listann yfir 500 ríkustu menn í heimi. (**Gripið fram í:** Er það ekki gott?) Það er gott, jú, vissulega. En væri ekki enn þá betri ef auðnum væri jafnar skipt

og við sætum ekki uppi með það á sama tíma að þúsundir í landinu búa við sára fátækt? Við skulum aðeins muna eftir þeim hópnum líka (**Gripið fram í:** Þeir kjósa ekki Sjálfstæðisflokkinn.) áður en við missum okkur í gleði yfir því að Ísland sé í fyrsta skipti að eignast virkilega auðmenn sem eru komnir á blað yfir ríkustu menn í heimi. Hvernig skyldi hluti af þessum auði vera tilkominn? Ætli hann sé ekki að einhverju leyti sprottinn upp úr aðstæðum sem stjórnvöld á Íslandi hafa skapað þessum mönnum til að græða? Er ekki búið að afhenda þeim ríkisbanka og fleiri tæki í leiðangri sínum til að láta hendur sópa í íslensku viðskiptalífi? Ætli það ekki? Ætli olnbogarýmið sem einmitt stjórnvöld hafa búið til hafi ekki nýst þeim ágætlega og þá er auðvitað teppalagt undir gróðann með því að hafa hann svo til alveg skattfrjálsan.

Við leggjum til að fjármagnstekjuskatturinn verði hækkaður í 18% og um leið komi frítekjumark eða skattleysismörk gagnvart fjármagnstekjum þannig að menn greiði ekki skatta af fyrstu 120 þús. kr. sem þeir hafa í tekjur. Það er réttlát og sanngjörn útfærsla og ég skora á menn að hugleiða að fara í kerfisbreytingu af þessu tagi gagnvart fjármagnstekjuskattinum. Við vinnum margt í senn með því. Við færum skattlagninguna nær öðrum tekjum. Við færum þær upp að því sem gildir um hreinan hagnað fyrirtækja og öflum tekna í ríkissjóð í leiðinni og hlífum sparnaðinum, hinum almenna litla sparnaði þess sem stundum hefur verið kallaður litli maðurinn og á sér fáa málsvara nú um stundir. Það er a.m.k. enginn lengur í Sjálfstæðisflokknum sem hefur fengið þá nafnbót að vera talsmaður og vinur litla mannsins, það er liðin tíð (**Gripið fram í:** Ekki síðan Albert fór.) Það er liðin tíð af eðlilegum ástæðum. Þetta finnst okkur vera sanngjarnt. Með þessu mundum við afla ríkissjóði tæplega 4 milljarða kr. tekna til að mæta þeim útgjöldum sem við leggjum til.

Við leggjum til, og þykir kannski einhverjum skrýtið, að arðgreiðslur frá opinberum stofnunum til ríkisins lækki um 1.000 millj. kr. og þar erum við að tala um Landssímann. Við höfum flutt og flytjum þingmál um að Landssímanum, sem er í opinberri eigu að 99%, verði beitt til að gera brýnar úrbætur í fjarskipta- og gagnaflutningamálum þjóðarinnar, sérstaklega að bæta háhraðatengingar og koma landsmönnum öllum í betra samband í þeim efnum og þétta farsímakerfið. Gagnvart þeim hluta slíkra fjárfestinga sem sannanlega teljast minnst arðbærar yrði þá létt á móti arðgreiðslum af Símanum sem samkvæmt nánari reglum mætti setja þar um. Þetta er einföld framkvæmd, skilvirk og hægt að byrja strax á morgun í staðinn fyrir að láta það vefjast fyrir sér og þvæla um það fram og aftur hvernig hugsanlega sé hægt að selja Símann fyrst en taka svo einhvern hluta af söluhagnaðinum og reyna að nota í slíka fjárfestingu. Það er fjallabaksleið, ógreiðfær og óskilvirk. Hitt er miklu skynsamlegra og skilvirkara á allan hátt og það held ég að menn hljóti að horfast í augu við.

Þá vil ég í þriðja lagi mæla fyrir breytingartillögu á þskj. 444. Það er mikill skaði að Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, sé ekki viðstaddur því ég ætlaði að heiðra hann alveg sérstaklega í sambandi við málflutning minn í tengslum við tillöguna. Hún gerir ráð fyrir því að inn á liðinn 02-989 Ýmis íþróttamál komi nýr undirliður 1.92 Jöfnun ferðakostnaðar íþróttafélaga innan lands, upp á 150 millj. kr. Það er nefnilega þannig að einn af þeim þáttum sem stendur mönnum tilfinnanlega fyrir þrifum að stunda íþróttir, keppnisíþróttir og senda lið í mót og halda þeim úti í mótum er ferðakostnaður. Það er ósköp einfaldlega þannig að félagslið á landsbyggðinni eru nánast að dæmast úr leik til þátttöku í mótum, Íslandsmótum og öðrum opinberum keppnismótum vegna ferðakostnaðar. Þetta er svo tilfinnanlegt að félög eru að draga lið sín út úr mótum.

Þetta bitnar sérstaklega á yngri flokkum og þetta bitnar sérstaklega á kvennaíþróttum og þarf reyndar ekki til. Meistaraflokkslið í 1. deildum íþrótta utan af landi, þeim fáu sem eftir eru því miður, eru sum hver algerlega að gefast upp og þátttakan í mótum þeirra er að setja viðkomandi félög á hausinn, er að lama alla starfsemi þeirra. Ekki bara þátttökuna í viðkomandi keppnisgreinum í meistaraflokkum heldur kemur þetta niður á allri starfsemi viðkomandi félaga. Við þurfum ekki annað en skoða stöðu félaganna á Akureyri, meistaraflokksliðanna í úrvalsdeild í knattspyrnu og handbolta, og við vitum hvernig þetta stendur. Það hefur því verið baráttumál manna að fá fjármuni til að jafna ferðakostnaðinn. Það væri gríðarlega góð aðgerð gagnvart jafnrétti og jafnri stöðu manna til að taka þátt í starfseminni og það þarf að sjálfsögðu að hugsa til fleiri aðila en bara keppnisliða í meistaraflokkum.

Hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, fyrrv. formaður — reyndar segja sumir að hann sé enn þá formaður Alþýðubandalagsfélagsins í Sandgerði — hefur flutt þingsályktunartillögu á a.m.k. tveimur þingum. Hún liggur víst ekki fyrir þessu þingi en var flutt í fyrra á 130. löggjafarþingi og var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að veita árlega af fjárlögum fé í ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir þeirra á viðurkennd mót. Úthlutun fari eftir reglum sem menntamálaráðherra setur."

Hv. þingmaður hefur fengið rós í hnappagatið fyrir að flytja þessa tillögu og allt gott um það. En það vantar sem við á að éta og það vantar ár eftir ár. Hv. þm. Hjálmar Árnason tilheyrir meiri hlutanum. Flokksbróðir hans, hv. þm. Magnús Stefánsson, er formaður fjárlaganefndar en það gerist ekkert. Það kemur ekki ein einasta króna í fjárlagafrumvarpið ár eftir ár til að fylgja þessu máli eftir. Við erum að afgreiða í þriðja sinn fjárlagafrumvarp frá því að hv. þingmaður kom með þessa tillögu.

Það vottar ekki fyrir því að það standi til að gera eitthvað í málinu. Nei, heldur er flutt svona sýndarmennskuþingsályktunartillaga ár eftir ár og þegar svo er þá hættir maður að taka viljann fyrir verkið. Ég vildi a.m.k. fá hv. þm. Hjálmar Árnason í ræðustól til að útskýra hvers vegna engir peningar koma í það verkefni sem hann er svona áhugasamur um og þeir stjórnarliðar aðrir sem hafa flutt málið með honum. (**EOK:** Hefur tillagan verið samþykkt?) Hér er einn af flutningsmönnunum, hv. þm. Magnús Stefánsson, formaður fjárlaganefndar. (**EOK:** Hefur hún verið samþykkt?) Hv. þm. Birkir Jón Jónsson, er hann ekki líka í fjárlaganefnd fyrir Framsóknarflokkinn? Ekki vantar þá aflið. Þeir hefðu átt að geta komið þessu fram sem breyt-

ingartillögu í fjárlaganefnd. Strandar þetta þá á Sjálfstæðisflokknum? Við skulum fá málið á hreint.

Ég held að það sé efni til að láta stjórnarþingmenn ekki leika svona leiki. Það er óskaplega lítil reisn yfir því að ætla að slá keilur meðal félagasamtaka og iðkenda íþrótta í landinu með því að flytja svona sýndarmennskutillögur ef þeim er ekkert fylgt eftir. En það er veruleikinn sem birtist hér frammi fyrir okkur.

Virðulegi forseti. Ég hef flutt breytingartillögu um það sem ég vona sannarlega að hv. þingmenn Framsóknarflokksins, Magnús Stefánsson, Hjálmar Árnason, Birkir Jón Jónsson og allir þeir kappar styðji, að það verði settar í þetta 150 millj. kr. Eigi að gera eitthvað sem munar um í þessum efnum þá er það lágmark. Þessi ferðakostnaður hleypur á fleiri hundruðum milljóna. Keppnislið KA í úrvalsdeild í handknattleik keyrir á milli í alla leiki til Reykjavíkur. Af hverju gerir það það? Vegna þess að það er svo dýrt að fljúga. (**GunnB:** HK keyrir líka norður.) Já, eina ferð á ári eða tvær. Það er alveg að drepa Reykjavíkurliðin að fara eina ferð á ári norður. Þau fara að gráta, liðin hérna á suðvesturhorninu, ef fleiri en eitt lið utan af landi lendir í úrvalsdeild. Svona er þetta. En hvað mega hin liðin segja sem þurfa 10–18 ferðir á ári með tilheyrandi kostnaði á Suðvesturhornið til að keppa? Af sparnaðarástæðum þurfa menn að taka sér hálfan dag í frí úr vinnu til viðbótar öllum öðrum frátöfum til að sitja í rútu fram og til baka. Halda menn að að það sé ekki erfitt fyrir menn sem jafnframt stunda vinnu, því hér er ekki um atvinnumennsku að ræða, að taka þetta á sig? Svona er þetta. Þá er spurningin: Vilja menn eitthvað gera í því eða vilja þeir láta nægja að flytja tillögur sem gufa upp og ekki er fylgt eftir?

Ég ætla síðan að nefna, virðulegur forseti, tillögu okkar formanna stjórnarandstöðuflokkanna sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur einnig gert grein fyrir og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Við sameinumst um flutning á breytingartillögu sem tekur á þremur liðum sem við sammæltumst um að gera sérstaklega að viðfangsefni okkar. Það má segja að þar séu þau mál sem við sameiginlega í stjórnarandstöðunni viljum leggja þyngsta áherslu á í þessari fjárlagaumræðu. Það snýr í fyrsta lagi að því að við samninginn við Öryrkjabandalagið, um sérstaka hækkun örorkulífeyris yngstu öryrkjanna, verði staðið.

Það verð ég að segja, herra forseti, að óskaplega finnst mér það ömurlegt fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra og ríkisstjórnina, ekki síst þó fyrir hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson, að standa frammi fyrir svikum af því tagi sem menn eru þarna berir að. Það þýðir ekki fyrir menn, þegar þeir lesa t.d. beinar tilvitnanir, sem enginn hefur vefengt að séu réttar, í fjölmiðlaviðtöl og þess vegna í ræður á Alþingi, að ætla að reyna að snúa við blaðinu hér. Ömurleg fannst mér framganga hæstv. heilbrigðisráðherra í þeim efnum í umræðunum fyrr í dag.

Það er ömurlegt að geta ekki viðurkennt að menn hafa ekki tommað með málið og hæstv. heilbrigðisráðherra hafi ekki afl eða stuðning í ríkisstjórninni og innan meiri hlutans til að efna samninginn eins og til var ætlast og hann var hugsaður. Það blasir við, það er hægt að taka hverja beinu tilvitnunina á fætur annarri í heilbrigðisráðherra sem sannar það, að hann sjálfur var þeirrar skoðunar að ekki væri verið að efna samninginn nema að tveimur þriðju. Samningurinn var um kerfisbreytingu. Samkomulagið er um kerfisbreytingu en ekki um upphæð. Allir sem að því komu eru sammála um hvernig sú kerfisbreyting var hugsuð.

Síðan snúa menn dæminu við og gera lauslegt minnisblað um líklegan kostnað að kerfisbreytingunni, gera það að grundvelli samkomulagsins. Þetta er óskaplega lágkúruleg framganga og ég held að hæstv. forsætisráðherra eigi verstan hlut í þessu. Hæstv. forsætisráðherra hefur að vísu reynt að gera lítið úr því, sem heilbrigðisráðherra lagði þó lykkju á leið sína til að koma inn í umræðuna í aðdraganda kosninganna 2003, hvað þáverandi utanríkisráðherra og formaður Framsóknarflokksins ætti mikinn og góðan hlut að þessu samkomulagi. Þannig sagði t.d. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í Morgunblaðinu 27. mars 2003, með leyfi forseta:

„Samkomulagið sem gert var við Öryrkjabandalagið náðist eftir fjölmarga formlega, en ekki síður óformlega samráðsfundi, sem undirritaður og embættismenn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins hafa átt með forystumönnum bandalagsins að ógleymdum Halldóri Ásgrímssyni, svo öllu sé nú til skila haldið."

Það voru teknar sérstakar lykkjur á leiðina til að koma því að að menn ættu líka Halldóri Ásgrímssyni mikið að þakka í sambandi við samkomulagið, hæstv. núverandi forsætisráðherra. Minnumst þess að þetta var í aðdraganda kosninganna 2003 og minnumst þess að þetta var í lokin á kjörtímabili þar sem ríkisstjórnin hafði staðið í blóðugum illdeilum við öryrkja og samtök þeirra og tapað hverju málinu fætur öðru fyrir dómstólum, verið dæmd fyrir brot á stjórnarskránni og brot á mannréttindum öryrkja, ekki bara einu sinni heldur tvisvar í sama málinu.

Þetta var friðargerningur, friðþægingargerningur af hálfu ríkisstjórnarinnar, gerður undir lok kjörtímabilsins og rétt fyrir kosningar til að reyna að koma þeim hlutum í skárra horf og komast í skjól í málinu. En vegna þess að málið var gott og vegna þess að þetta var mikil kjarabót fyrir öryrkja þá slógu menn striki yfir þær deilur. Þær voru lagðar til hliðar í kosningabaráttunni af okkur í stjórnarandstöðunni vegna þess að við vildum leyfa málinu að njóta sín. Það var fagnaðarefni, og er það út af fyrir sig svo langt sem það nær gagnvart yngstu öryrkjunum, þeim sem annaðhvort frá upphafi eða snemma á ævinni missa starfsorkuna. Þeirra staða var auðvitað og hefur verið erfiðust. Er þá ekki nöturlegt að menn skuli, fyrir ekki hærri fjármuni en þetta, gera sig að ómerkingum orða sinna? Ódýrir eru menn. Ódýr eru orðin, ódýr er æran þegar menn fara svona að ráði sínu.

Það mundi líklega kosta um 560 millj. kr. að efna þennan samning þannig að allir væru sammála um það og sáttir að hann væri fullnustaður. Nei, það er ekki hægt. Þetta er sennilega orðið að einhverju sálrænu þráhyggjumáli hjá Sjálfstæðisflokknum, að láta Framsókn beygja sig í duftið að þessu leyti. Það er væntanlega engin önnur skýring til á því. En það er heldur ekki geðslegt ef menn eru svo kaldrifjaðir í þanka og framgöngu að þeir vinni þannig vegna þess að það bitnar á saklausum þriðja aðila. Svo eru menn að tala illa um kennara, um að verkföll og að löglegar kjaraaðgerðir þeirra bitni á börnunum. Ég held að menn

ættu ekki segja mikið. Ef löngun þeirra til að niðurlægja Framsóknarflokkinn er svo mikil að þeir gera þá ekki bara að *ómerkingum orða sinna* ... (**HBl:** *Er það rangt að verkfall í skólum bitni á börnunum?*) Verkföll bitna alltaf á einhverjum, það eru alltaf þolendur verkfalla. (**HBl:** Það á ekki að gera lítið úr því að það er auðvitað ...) Það er ekki verið að gera lítið úr því, hv. þm. Halldór Blöndal. En þar eru lögmætar aðgerðir samkvæmt þeim lögum og leikreglum sem við höfum samið um í samfélaginu, að menn megi beita samtakamætti sínum til að knýja á um betri kjör. (**HBl:** Það er alveg rétt. En það á ekki að gera lítið úr þeim vandræðum barnanna.) Ég var ekki að gera lítið úr því. Ég var að vitna til ýmissa ummæla þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem hafa verið á þá leið að kennarar hafi með sérstaklega ómaklegum hætti beitt aðgerðum sem hafi bitnað á börnum.

Ég ætla rétt í lokin að nefna, virðulegi forseti, eitt lítið mál sem þó er stórt. Það lýtur að öðru kannski sambærilegu máli sem þó er í fjárhæðum miklu minna. Það er Mannréttindaskrifstofa Íslands og sú meðhöndlum sem hún fær hjá ríkisstjórninni. Mannréttindaskrifstofan hefur haft 8 millj kr. í föstum fjárveitingum í gegnum tvö ráðuneyti undanfarin ár á grundvelli samnings sem gerður var um það. Af hverju er mönnum mikið í mun að Mannréttindaskrifstofan hafi skýra merkta fjárveitingu sem hún gangi að og sé afgreidd á Alþingi hverju sinni? Það er m.a. til þess að Mannréttindaskrifstofa Íslands, sem er það tæki sem stendur á vaktinni og er í alþjóðlegum samskiptum fyrir Íslands hönd að því leyti og nýtur viðurkenningar Sameinuðu þjóðanna og norrænna og evrópskra systursamtaka, sé örugglega sjálfstæð og óháð og með fjármál sín og sinn stuðning á hreinu. En hvað gerir ríkisstjórnin? Hvað gerir hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason? Hann knýr það fram, og aftur beygir Framsókn sig í duftið, leggst á kviðinn, að Mannréttindaskrifstofan skuli fara út úr fjárlögunum og eiga það undir náð og miskunn m.a. dómsmálaráðherra hvort hún fái peninga frá stjórnvöldum. Þetta er svo sví*virðilegt og ömurlegt að það er leitun að öðru eins. Er geð* manna virkilega með þessum hætti, að heil ríkisstjórn, heill meiri hluti, skuli láta hæstv. dómsmálaráðherra komast upp með að þjóna lund sinni með þessum hætti?

Hér er hins vegar breytingartillaga frá meiri hlutanum um að sérmerkta fjárveitingin sem þar var þó hverfi líka. Ég vísa í breytingartillögu sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir flytur um þessu verði snarlega snúið við og Mannréttindaskrifstofan fái sjálfstæða og sérmerkta fjárveitingu, Alþingi gangi frá því að hún fái fjárveitingu og eigi hana vísa og þurfi ekki að sækja hana undir stjórnvöld. Annað væri grundvallarbrot á starfsskilyrðum stofnana eða félaga af þessu tagi. Það er í evrópskum og alþjóðlegum leikreglum að svona aðilar skuli vera sjálfstæðir og óháðir. Amnesty International hefur það t.d. í sínum samningum beinlínis að það þiggi ekki fé frá stjórnvöldum. Þar er gengið enn lengra til að tryggja að slíkir aðilar geti verið óháðir og staðið vaktina. Er það vegna þess að Mannréttindaskrifstofan leyfði sér að gagnrýna Falun Gong atburðina? Hvað er verið að refsa henni fyrir? Það er von að spurt sé. Þetta er auðvitað yfirgengilegt.

Ég vísa svo í breytingartillögu um fjárveitingar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í umræðunum höfum við reynt að koma að bágum fjárhag sveitarfélaganna og vekja athygli á *honum. Það er með miklum endemum að ríkisstjórnin skuli* ætla að fara í gegnum fjárlagaafgreiðsluna á lokafjárlögum fyrir næsta ár án þess að koma á nokkurn hátt til móts við stöðu sveitarfélaganna. Það gengur hvorki né rekur í viðræðum ríkisvaldsins við þau. Ég veit ekki til að ríkið hafi spilað neinu út á fundinum í gær, eða hvort það var fyrri partinn í dag. *Ég hef ekki haft af því fréttir. Ég spurði* hæstv. fjármálaráðherra að því í fyrirspurnatíma á dögunum. Hann svaraði auðvitað bara þoku, engu.

Svo virðist sem Sjálfstæðisflokkurinn sé þar enn á ferðinni, kannski vegna þess að félagsmálaráðherrann kemur úr Framsóknarflokknum, og þar eigi ekkert að gera. Það á að halda sveitarfélögunum í þeirri spennitreyju sem þau eru í. Þar virðist ekkert lát vera á og það er auðvitað niðurstaðan af umræðunni í mjög veigamiklum atriðum. Það er skaði að hafa ekki framsóknarmenn hér, a.m.k. eitt vitni, að Sjálfstæðisflokkurinn, sem hefur auðvitað ráðið ferðinni, lagt upp prógrammið, lagt til hugmyndafræðina, frjálshyggjuna og hægri stefnuna, hefur tvíeflst í að niðurlægja Framsóknarflokkinn eftir að Halldór Ásgrímsson tók við forsætisráðherrastólnum. Dýr var stóllinn á meðgöngutímanum en nú kastar fyrst tólfunum. Nú er allt flatt hjá gömlu Framsókn og hún niðurlægð í hverju málinu á fætur öðru svo hrottalega að engu tali tekur.

Hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra eru gerðir ærulausir menn í samskiptum við öryrkja og þeir glotta hérna undir umræðum um það, sjálfstæðismennirnir. (**Gripið fram í:** Það er annað en ræðumaðurinn sjálfur.) Hæstv. fyrrverandi utanríkisráðherra og núverandi forsætisráðherra er látinn éta þetta ofan í sig með Mannréttindaskrifstofu Íslands. Er það ekki hrottalegt út af 4 millj. kr. sem áttu að fara í gegnum ráðuneyti hans? Nei, það er of mikið. Sjálfstæðisflokkurinn snýr upp á hann þannig að aumingja hæstv. forsætisráðherrann er alveg kominn í þveng í miðjunni. Það er búið að snúa *svoleiðis upp á hann.*

Og hvernig er farið með félagsmálaráðherrann? Hann fær ekki eina einustu krónu út úr fjármálaráðherra, hvorki inn í fjárlögin, þaðan af síður tilboð um eitthvað í viðræðum um tekjuleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. (**Gripið fram í:** En fjárlögin?) Þetta er hrikaleg meðferð. (**EOK:** *400 millj. í fjárlögum.) Af 700 sem sveitarfélögin sögðu að* væri svartasta lágmark (Gripið fram í.) til að koma til móts við allra verst stöddu sveitarfélögin. Já, það er rétt haldið lífi í sjúklingnum, hann er kvalinn áfram en það er passað að hafa næringuna svo litla að hann rétt tóri. Það er aðferðafræðin. Þetta er auðvitað rosalegt, herra forseti, svakalegt.

Það hefur kannski ekki mikið upp á sig að messa meira yfir þeim framsóknarmönnum, sérstaklega ekki að þeim fjarstöddum. Það er óskaplega dapurlegt, virðulegur forseti. Ég vek athygli forseta á því af því að fleiri eru hér í salnum sem bera þann virðulega titil. (**Gripið fram í:** Það er mannval í deildinni.) Það er mannval í salnum, gott, en það er dapurlegt að hér skulu standa umræður um fjárlög ríkisins heilan dag og ekki einn einasti ráðherra sést, nema heilbrigðisráðherra má þó eiga það og er nokkur sómi að því

fyrir hann að hann mætti hér og tók við ákúrum og reyndi, þótt bágt væri, að standa fyrir máli sínu.

Fjármálaráðherra hefur ekki sést hér í dag og enginn af ráðherrum Sjálfstæðisflokksins hefur í raun og veru heiðrað okkur svo að heitið geti með viðveru í þessari umræðu. Ég hef ekki séð fjármálaráðherra klukkutímum saman. Það er nokkuð merkilegt að umræðan skuli halda áfram. Ég vek athygli virðulegs forseta á því, mig grunar að það hafi stundum verið rætt í forsætisnefnd að það ætti að undirbúa sérstaklega að fjárlagaumræða gæti farið fram hnökralaust í þeim skilningi að ráðherrar væru tilbúnir til að mæta hvenær sem eftir því væri óskað og standa fyrir máli sínu, þ.e. fagráðherrar. Sú hefur alltaf verið hefðin að fagráðherrar séu til staðar eða geti komið og það sé hægt að leggja spurningar fyrir þá um málaflokka þeirra, ekki síður en hæstv. fjármálaráðherra. Þegar hann sést ekki einu sinni er langt gengið, herra forseti.

Ég ætla ekki — ég nenni satt best að segja ekki að fara að krefja þessa hæstv. ráðherra um viðveru. Ef ég væri í þannig skapi mundi ég kannski gera það og ekki fara héðan úr stólnum fyrr en bólaði eitthvað á þeim en ég ætla ekki að gera það. Ég vek bara athygli virðulegs forseta á fjarverunni. Það er ljótur svipur á þessu og ég held að við ættum öll að taka það til íhugunar.

[19:35]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nöturlegt, þetta er hrikalegt, voru orð hv. þingmanns þegar hann rakti það hvað hefur gerst á Íslandi. Og það er nöturlegt að heyra það þegar hv. þingmaður harmar þá veröld sem var, harmar það að sú veröld skuli ekki enn þá vera hér á Íslandi þegar allt var í verðlagshöftum, þegar alþýða manna og allt þjóðlífið var bundið vilja pólitíkusa og allt skyldi standa og falla eins og einhverjir sósíalistar gátu ímyndað sér að helst mundi ganga fram.

Það er nefnilega þannig, hæstv. forseti, að við höfum gjörbreytt þessu þjóðfélagi, það er alveg rétt. Við höfum opnað það, við höfum gert það frjálst, við höfum opnað viðskiptin og áhrifin hafa ekki látið á sér standa. Gríðarlegt afl hefur verið leyst úr læðingi og þjóðfélagið hefur vaxið hraðar og meira en nokkru sinni fyrr sem hefur haft mjög mikinn tekjuauka, gríðarlegan tekjuauka sem hefur streymt inn í þetta land. Og nú harma menn það sem skelfilegan hlut að hér skuli vera til einhverjir auðmenn. Væri ekki betra að þeir væru þá allir erlendis? Liði þá ekki öllum betur? Sænska skattkerfið sér um það að enginn einasti auðmaður Svíþjóðar býr í Svíþjóð. Þeir búa allir annaðhvort í Bretlandi eða í einhverjum skattaparadísum. Væru menn betur staddir þar?

Skýrsla Sameinuðu þjóðanna um jöfnun lífskjara liggur fyrir og það liggur fyrir að Noregur og Ísland eru þau ríki þar sem jöfnuður er mestur. Eitt ríki er með meiri jöfnuð, það er Slóvakía þar sem allir lepja dauðann úr skel eins og fleiri ríki þar í kring og hafa ekki getað jafnað sig eftir áratugastjórn svokallaðra sósíalista.

[19:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessu er varla svarandi. Hv. þingmaður kemur með þau ræðuhöld að ég sakni veraldar sem var, ég vilji hafa allt í höftum og skömmtunum, eins og ég beri ábyrgð á því stjórnmálafyrirkomulagi og því kerfi sem þróaðist hér upp úr kreppunni 1930 og hélt áfram alveg fram á 8., 9. og 10. áratug síðustu aldar. Hverjir voru lengstum í ríkisstjórnum á Íslandi á árunum frá 1930 og hreinlega alveg fram til dagsins í dag? Voru það vinstri menn og sósíalistar? Nei, því miður ekki. Þeir komust einstöku sinnum inn í ríkisstjórn en allt of sjaldan, gerðu að vísu góða hluti þá. Það voru sjálfstæðismenn og framsóknarmenn sem auðvitað stjórnuðu landinu á öllum þessum kreppu- og skömmtunartímum. Svo koma menn og belgja sig hér út og segja að þeir hafi opnað, þeir hafi breytt, eins og þeir hafi tekið við eftir áratugalangar vinstri stjórnir, Davíð Oddsson & Co. 1991. Það var bara ekki þannig. (**Gripið fram í:** Nú?)

Svo að það sé t.d. upplýst sat ég í þeirri ríkisstjórn sem opnaði fyrir frjáls gjaldeyrisviðskipti til Íslands. Það höfðu sjálfstæðismenn ekki gert. Þeir höfðu haft nægan tíma til þess á 9. áratug síðustu aldar, setið í ríkisstjórn frá 1983–1988. Þeir höfðu ekki létt gjaldeyrishömlunum af. Nei, það gerði vinstri stjórnin sem sat árin 1988–1991. Hún opnaði fyrir frjáls viðskipti með gjaldeyri þannig að auðvitað stenst þetta ekki ef menn kunna söguna. En mönnum þykir þetta skemmtileg rökræða út í loftið án þess að hafa þó staðreyndirnar á takteinum sínum.

Ég tala ekki fyrir einhverri ofboðslegri ofskattlagningu en gjarnan kemur Svíþjóð við sögu hjá hægri mönnum. Þeir eru búnir að syngja þann söng áratugum saman að Svíþjóð sé að fara á hausinn. Svo kom hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og talaði um hvað það væri skelfilegt að það fyndist enginn ríkur maður í Svíþjóð því að þeir væru allir hraktir úr landi vegna skattpíningar. (**EOK:** ... borga skattana.) Svíþjóð er ekki farin á hausinn, hv. þingmaður. Það gengur bara býsna vel í Svíþjóð.

[19:39]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru þá kannski ekki svo voðalegir glæpir sem núverandi ríkisstjórn og ráðuneyti Davíðs Oddssonar hafa unnið á þessu þjóðfélagi á undanförnum einum og hálfum áratug. Annars hefði maður haldið það á málflutningi hv. þingmanns.

Það sem hefur gerst er þetta: Mjög vel hefur tekist til um efnahagsstjórn á Íslandi. Ísland hefur aukið hlut sinn meira en aðrar þjóðir. Það hefur fært Íslendingum betri og meiri kaupmáttaraukningu en aðrar þjóðir hafa haft. Það er fagnaðarefni.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kemur hér reglulega og heldur grátræður um það hvílík voðaleg hægrimennska sé hér á ferðinni, það sé verið að færa Ísland yfir á eitthvert bandarískt svæði, einhver óskaplegur kapítalismi. Svo kemur í ljós þegar maður talar við hann að hann átti jú þátt í því sjálfur, hv. þingmaður, og hefur víst opnað sjálfur gjaldeyrisviðskiptin við útlönd.

Það er rangt sem kom fram hjá honum í ræðu hans, að

enginn hafi nefnt að það væri hættumerki vegna skuldsetningar Íslendinga á undanförnum árum. Menn hafa gert það við hvert tækifæri. Ég hef t.d. sagt það margsinnis í ræðustól, sagt það í blöðum, útvarpi og sjónvarpi að það þyrfti að gjalda varhuga við því hvað væri að gerast á Íslandi. Allir sem ég þekki í pólitískri forustu hafa gert það. Það er rangt hjá honum að við höfum ekki áhyggjur af því. Það eiga allir og hafa allir áhyggjur af því vegna þess að bankar á Íslandi og íslenskur almenningur fer óvarlega, sannleikurinn er bara sá. Það þýðir ekkert fyrir hv. þingmann að koma hér og segja að ríkisstjórn Íslands beri ábyrgð á einhverjum sérstökum glannaskap. Við höfum opnað þetta land og það kostar okkur það að við verðum að gæta okkar í hverju fótmáli. Það er ekki þannig að ríkisstjórn Íslands eða eitthvert stjórnvald á Íslandi geti staðið hér og passað upp á hvern einasta Íslending. Þetta land er frjálst og menn bera ábyrgð á sjálfum sér.

[19:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það deilir enginn um það að Íslendingum hefur vegnað vel og hér hefur verið uppgangur í efnahagsmálum meira og minna frá því að við fórum að þokast upp úr hinni löngu kreppu 1994. Eins og við rifjum stundum upp var það gamli, góði sjávarútvegurinn sem byrjaði að skrúfa okkur upp úr þeirri kreppu með úthafsveiðum og góðum vertíðum í uppsjávarfiski.

Það er líka staðreynd að menn hafa hér haft þá pólitík, hagstjórnarlist og skattastefnu að misskipting hefur aukist mjög á Íslandi. Það hefur dregið hratt í sundur milli þeirra sem mest hafa og hinna sem minnst hafa, það er bara staðreynd. Á hlutfallslegan mælikvarða eru þar að gerast stórstígir hlutir. Menn geta rifist um hvort það sé viðeigandi við svona aðstæður að tala um svokallaða hlutfallslega fátækt en það er þó staðreynd að á þann hefðbundna viðurkennda mælikvarða, að skoða hvað þeir hafa hlutfallslega sem lakast eru staddir, hefur sú fátækt aukist á Íslandi.

Mikill hagvöxtur, kaupmáttaraukning, já, en ég hef verið ólatur við það, það er rétt — menn geta kallað það svartsýni, bölmóð eða hvað þeir vilja — að ég hef iðulega á undanförnum árum reynt að vekja athygli manna á því að það sé háskalegt að hve miklu leyti þetta er tekið að láni, að hve miklu leyti við tökum út lífskjörin fyrir fram með skuldsetningu þjóðarbúsins, út á við, með skuldsetningu heimila, atvinnulífs og sveitarfélaga. Það er það sem þetta m.a. snýst um. Ég hleyp bara ekkert frá því. Ég stend við það sem ég hef sagt bæði hér og nú og fyrr um þá hluti. Stjórnvöld bera alltaf mikla ábyrgð við svona aðstæður, þótt ekki sé nema með þeim skilaboðum sem þau senda. Áhrifamiklir menn eins og Greenspan mega ekki mismæla sig, þá fellur gengið. Bush felldi japanska jenið þegar hann var þar í heimsókn og ruglaðist á tveimur orðum. Hann ætlaði að tala um vandann sem væri samfara verðhjöðnun í Japan en talaði óvart um gengið.

[19:43]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með það hvernig hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði til þeirra sem hafa ágætis- eða góðar tekjur og hef ákveðnar áhyggjur af því að hv. þingmaður missi svefn ef einhverjum hér í þjóðfélaginu gengur vel. Mig langaði þó til að víkja að öðru og leiðrétta það sem kom fram í máli hv. þingmanns.

Hann talaði um að skattkerfið hér væri þannig að við værum að færast í þá átt að gera tekjuskatt flatan, að skattkerfið væri að fletjast út. Ég hef reiknað út hversu hátt hlutfall launa sinna ýmsir launamenn greiða. Þegar allt er tekið saman greiðir maður með 100 þús. kr. í mánaðarlaun 8% af launum sínum í skatt. 150 þús. kr. maðurinn greiðir 17,2% í skatt. 500 þús. kr. maðurinn greiðir 30% í skatt og milljón króna maðurinn greiðir 32,7% í skatt. Þetta segir okkur að maðurinn með 500 þús. kr. í mánaðarlaun greiðir þá 18-faldan skatt þess sem er með 100 þús. kr. í laun á mánuði þrátt fyrir að laun hans séu einungis fimm sinnum hærri. Maður með eina milljón á mánuði greiðir nærri því 13-faldan skatt þess sem hefur 150 þús. kr. í laun á mánuði þótt laun hans séu einungis ríflega sex sinnum hærri. Þetta breytist náttúrlega ekki meðan persónuafslátturinn er til staðar.

Svo tala menn um að það sé enginn jöfnuður í skattkerfinu. Menn tala um að tekjuskattur einstaklinga sé því sem næst flatur. Enn fremur tala menn um það að málflutningur annarra sem hafa tekið þátt í umræðunni sé ódýr, menn sem hafa ekki einu sinni fyrir því að reikna hlutina út áður en þeir halda einhverri vitleysu fram í ræðustól.

[19:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson getur ugglaust kennt mér eitthvað en hann þarf ekki að kenna mér prósentureikning, ég kann hann.

Ég er ekkert að ónotast yfir því að menn hafi góðar tekjur og há laun, það er engin óvild eða öfund af minni hálfu í garð slíkra manna. Ég get haft mínar skoðanir á því fyrirkomulagi sem hefur gert þeim kleift að auðgast. En ég hef eina skoðun og hún er ekki föl, ég tel að slíkir menn hafi efni á því að borga skatta. Þeir hafa getuna til að greiða til samfélagsins.

Svo kemur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hingað með prósenturnar sínar. Það er stórkostlegt. Það er stórkostlegt innlegg í þessa umræðu að vekja athygli okkar á því að 100 þús. kr. maðurinn, maður sem hefur hvorki meira né minna en heilar 100 þús. kr. í kaup, hugsið ykkur, borgar ekki nema 8%, segir hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og er eiginlega alveg gapandi hissa á þessu. Hann borgar ekki nema 8%, 100 þús. kr. maðurinn. Nei, en hann er talinn borgunarmaður og það á heldur að bæta í það, er það ekki? Að minnsta kosti hafa skattleysismörkin þróast þannig.

Það er einmitt um þetta sem málið snýst. Hverjir eru aflögufærir til að leggja af mörkum til þeirra sameiginlegu félagslegu verkefna sem við erum ásátt um að leysa úr á sameiginlegum grundvelli í þessu landi? Þá kemur að því hverjir hafa getuna til að greiða eitthvað, leggja eitthvað af mörkum, og þar skilja leiðir með okkur. Ég tel 100 þús. kr. manninn ekki of haldinn af sínum 100 þús. kr. þótt hann fengi þær allar og þótt hann borgaði ekki 8% af þeim í skatta. En það er greinilega ekki skoðun hv. þm. Sigurðar

Kára Kristjánssonar að neitt sé að því.

[19:48]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Mér láðist reyndar að geta þess, herra forseti, að það er kannski rétt að taka fram að það er smáskekkja í þessum útreikningum hjá mér. 100 þús. kr. maðurinn mun líklega greiða örlítið meira en 8% í skatta, a.m.k. 100 þús. kr. maðurinn sem starfar og þiggur laun í Reykjavík vegna þess að R-listinn sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon styður og á aðild að var að enda við að hækka skattinn á 100 þús. kr. manninn án þess að hv. þingmaður, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hafi gert miklar athugasemdir við það. Hann hefði líklega óskað eftir utandagskrárumræðu hér á þingi og farið mikinn ef Sjálfstæðisflokkurinn hefði farið með þeim hætti gegn láglaunamanninum en ólíkt hafast menn að. Við hér á þinginu, ríkisstjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, förum allt aðra leið. Við lækkum skattana á þetta fólk, við aukum kaupmátt þess og það er ótrúlegt að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og flokkur hans séu á móti slíkri kaupmáttaraukningu, berjist eins og naut í flagi gegn þeim og berjist gegn launamönnum í landinu og venjulegu fólki sem er ærlegt og vinnur fyrir launum sínum.

Ég hélt því ekkert fram að ríkir menn ættu ekki að greiða skatta eða hefðu ekki efni á því. (**Gripið fram í:** Jæja.) Þeir hafa alveg efni á því og þeir greiða skatta. Það sem ég var að segja og draga fram í umræðuna var einfaldlega þetta: Þeir greiða hærra hlutfall af tekjum sínum í skatta og þeir greiða líka miklu hærri krónutölu í skatta. Ég var ekkert að vorkenna þeim en þetta er aldrei tekið fram í umræðunni af hálfu þeirra sem eru að fjalla um skattamál, sérstaklega um skattalækkanir.

[19:50]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðallega vegna þess að þetta er svo sjálfgefinn hlutur. Þeir sem eitthvað hafa skoðað og kynnt sér skattkerfi vita að ef það er annaðhvort byggt upp á þrepum eða skattleysismörkum koma sjálfkrafa út svona prósentur þegar þessir hlutir eru reiknaðir. Það er ekki fyrr en vægi skattleysismarkanna minnkar verulega sem þessar prósentur fara að fletjast út og allir menn færast nær og nær því að borga hámarksskattprósentuna.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn átti sig á því að tekjujöfnunin og aðstöðujöfnunin í samfélaginu gerist hvort tveggja, og á að gerast þannig að okkar dómi, gegnum það að menn greiði í samræmi við getu sína til þess í sameiginlega sjóði. Þá kemur upp spurningin: Er 100 þús. kr. maðurinn aflögufær? Er framfærslukostnaðurinn og kostnaðurinn við að lifa sómasamlegu lífi í þessu landi ekki það mikill að það sé í raun og veru óhæfa að láta mann sem hefur aðeins 100 þús. kr. greiða af því skatt á sama tíma og menn með milljónir í tekjur borga þó ekki meira en raun ber vitni?

Við skulum samt ekki gleyma hinu, að kannski kemur mikilvægari hluti jöfnunarinnar í gegnum velferðarútgjöldin, þ.e. í gegnum það að menn hafi heilsugæslu, skóla og aðra félagslega þjónustu án endurgjalds. Þar á sér mesta aðstöðujöfnunin stað (**SKK:** ? leikskólunum í Reykjavík?) og við gagnrýnum skattapakka ríkisstjórnarinnar líka frá þeirri hlið að undirstöður samneyslunnar veikjast, velferðarþjónustunnar. Í henni er mesta aðstöðujöfnunin fólgin. Sem menn hafa lægri laun munar þá meira um að geta farið til læknis og komið börnunum sínum í nám án þess að borga sérstaklega fyrir það. Við viljum ekki af þeim ástæðum veikja undirstöður velferðarsamfélagsins með því að kasta milljarðatugatekjum fyrir borð.

[19:52]

Útbýting:

Fjárlög 2005, 1. mál, brtt. GunnB og DJ, þskj. 469.

Lífeyrsissjóður sjómanna, 376. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 461.

[19:52]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Nú verður gert hlé á þessum fundi til kl. 20.20. Forseti vill minna á að stefnt er að atkvæðagreiðslum um afbrigði upp úr kl. 20.30.

[Fundarhlé. — 19:53]

[20:23]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Við samanburð á fjárlögum undanfarinna ára og niðurstöðu ríkisreiknings kemur í ljós að áætlanir ríkisstjórnarinnar standast nær undantekningarlaust ekki. Fagrar áætlanir um margra milljarða afgang í árslok, sem fjármálaráðherra kynnir ævinlega með pompi og prakt og bros á vör, eru nær alltaf innstæðulausar. Halli reynist á ríkisrekstrinum þrátt fyrir að tekjuáætlanir ríkissjóðs reynist ætíð of lágar, sem undirstrikar enn vitlausar útgjaldaáætlanir.

Við samfylkingarmenn höfum haldið því fram að ríkisstjórnin setji vísvitandi fram rangar áætlanir í fjárlögum. Tilgangurinn er sá að auglýsa góð tök á fjármálum ríkisins. Það er gert í trausti þess að almenningur taki ekki eftir niðurstöðum ríkisreiknings þegar hann birtist. Það er jafnframt athyglisvert að ekki er blásið til kynningarfundar þegar ríkisreikningur er birtur. Í raun er ærnara tilefni til blaðamannafundar þá en að auglýsa fjárlög, sé ætlunin að fjalla um tök ríkisstjórnarinnar á fjármálum. Þá liggja þau fyrir þau tvö plögg sem verður að bera saman ef fjalla á um ríkisfjármál á efnislegum forsendum, þ.e. fjárlög og ríkisreikningur. Það eitt er raunverulegur vitnisburður um fjármálastjórnina. En á því prófi fær ríkisstjórnin ekki háa einkunn, samanber nýútkomna skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning.

Ríkisstjórnin fær heldur ekki háa einkunn hjá þeim meiri hluta landsmanna sem situr eftir með sárt ennið eftir nýboðaðar breytingar á skattkerfinu. Allar skattbreytingar miða að því að skara eld að köku þeirra best settu en láta þá verr stærðu í samfélaginu sitja eftir við kulnaðar glæður. Undantekningin er hækkun barnabóta en framkvæmd þeirra er slegið á frest til næstu ára. Það er brýnna, að mati Sjálfstæðisflokks og Framsóknar, að færa 25% þeirra tekjuhæstu

2,5 milljarða kr. skattalækkun en að hækka barnabætur á næsta ári.

Þessi 25% Íslendinga, þeir moldríku, fá helming upphæðarinnar sem varið er í skattbreytingar á næsta ári í sinn hlut á meðan aðeins 300 millj. kr. koma í hlut hinna 25% sem lægstar hafa tekjurnar. Hvor hópurinn hefur meiri þörf á að skattkerfið sé honum hliðhollt, virðulegi forseti? Þessi leið er valin frekar en lækka matarskatt, eins og tillögur Samfylkingarinnar hljóða upp á, þrátt fyrir að sú leið gagnist öllum þegnum landsins og komi best þeim sem lægstar hafa tekjurnar, barnafólki og öðrum sem verja hlutfallslega stærstum hluta tekna sinna í matarinnkaup.

Skattalækkunaraðferð ríkisstjórnarinnar mun enn auka á hagstjórnarvandann sem var þó ærinn fyrir og áhyggjuefni. Hún getur leitt til vaxandi verðbólgu á næstu missirum á meðan lækkun matarskattsins um helming, eins og Samfylkingin leggur til, mundi lækka neysluvísitöluna og þar með skuldabyrði landsmanna.

Hið undarlega í þessu dæmi er að flokkurinn sem vill kenna sig við félagshyggju, Framsóknarflokkurinn, stendur í vegi fyrir því að lækkun matarskatts verði að veruleika. Það hefur verið staðfest í sölum Alþingis í dag og áður, bæði af þingmönnum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. En forgangsröðun ríkisstjórnarinnar er skýr og kemur ekki á óvart. Mokað er í þá sem betur mega sín en allur almenningur situr eftir. Skólagjöld hækkuð á námsmenn, hækkun komugjalda á sjúklinga, barnabótum frestað, lækkun matarskatts hafnað en hátekjuskattur lækkaður um helming, eignarskattur felldur niður og almennur tekjuskattur lækkaður þannig að láglaunafólk með 150 þús. kr. á mánuði fær minna en tvo bíómiða á mánuði á meðan framkvæmdastjóri með hálfa millj. kr. á mánuði fær tæpar 8 þús. kr. á mánuði í skattalækkun eða tæplega 100 þús. kr. á ári.

Auk ranglætisins eru aðferðir ríkisstjórnarinnar í skattamálum þensluhvetjandi og það á tímum sem allir vita að sérstakrar aðgæslu er þörf.

Ég kynni hér breytingartillögur frá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Helga Hjörvar, Jóni Gunnarssyni og Guðjóni Arnari Kristjánssyni. Þær eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi, varðandi skatttekjur. Þar leggjum við til að *tekjuskattur á einstaklinga og staðgreiðsla hækki um* 4.750 millj. kr. Þetta má rekja til þess að við viljum ekki að tillögur stjórnarflokkanna um tekjuskattslækkun nái fram að ganga. Það skilar 4 milljörðum auk þess sem 750 millj. eru áætlaðar vegna herts skatteftirlits. Við teljum það varlega áætlað. Tekjuskattur lögaðila hækki um 100 millj. og skýringin á því er hin sama og að ofan. Við ætlum að efla skatteftirlit.

Varðandi virðisaukaskatt þá áætlum við 1,5 milljarða kr. í útgjaldaauka. Tillögur okkar gera ráð fyrir helmingslækkun matarskatts frá miðju ári sem kostar 2,5 milljarða kr. en *á móti kemur milljarður í tekjur vegna herts skatteftirlits.* Heildarútgjöldin á hálfu næsta ári til matarskattslækkunar eru 2,5 milljarðar kr.

Við gerum ráð fyrir tilflutningi frá lið 01-190 Ýmis verkefni undir forsætisráðuneyti til liðar 00-201 Alþingi, 10 millj. kr. Það á rætur að rekja til þess er Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, gaf til kynna, þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður á sínum tíma, að ástæða kynni að vera til þess að koma upp sérstakri hagdeild á Alþingi. Komið hefur í ljós, sérstaklega í störfum fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar, að brýn þörf er á að koma upp slíkri þjónustu við Alþingi.

Við leggjum til að liður 03-300 Sendiráð Íslands verði lækkað um 111,6 milljónir og ódýrara húsnæði verði keypt eða leigt undir sendiherra í Berlín.

Liðurinn Ýmis verkefni 06-190 fjallar um mannréttindamál og fellur undir tvö ráðuneyti eins og kom fram fyrr í dag, þ.e. dómsmálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið. Við leggjum til að Mannréttindaskrifstofa Íslands og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands komi inn á sitt hvorn fjárlagaliðinn og leggjum til ½ millj. kr. hækkun á Mannréttindaskrifstofu Íslands en 600 þús. kr. hækkun á Mannréttindastofnun Háskóla Íslands.

Mannréttindaskrifstofa Íslands er eina stofnunin hérlendis sem sinnir tengslum við sambærilegar stofnanir erlendis, þar á meðal á Norðurlöndum, og er hluti af mjög mikilvægu tengslaneti. Önnur samtök á Íslandi, m.a. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, fást við rannsóknir, gagnlegar og merkilegar rannsóknir en það er eðlisólíkt því starfi sem Mannréttindaskrifstofa Íslands fæst við í grundvallaratriðum.

Mannréttindaskrifstofa Íslands er stofnun sem tekur að sér að gæta hagsmuna borgaranna almennt og leiðbeina þeim, m.a. gagnvart hinu opinbera. Það er því óeðlilegt og óæskilegt að stofnunin sé háð velvilja stjórnvalda hverju sinni og að starfi hennar sé stefnt í tvísýnu með þessum hætti. Það er nauðsynlegt að stofnuninni sé markaður sérfjárlagaliður eins og verið hefur.

Fyrir nokkrum árum hugðust Danir breyta fyrirkomulaginu hjá sér á svipaðan hátt og lagt er til í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, þ.e. að leggja starfsemi skrifstofunnar undir aðra stofnun og gera hana þannig ósjálfstæða og öðrum háða. Þeir sögðu forstöðumanni stofnunarinnar upp en fengu í kjölfarið hávær mótmæli frá mannréttindaskrifstofum á öðrum Norðurlöndum og víðar um Evrópu og frá Sameinuðu þjóðunum. Í kjölfar víðtækra mótmæla drógu þeir í land, endurréðu forstöðumanninn sem gegnir starfi sínu enn í dag og stofnunin hélt tryggum sessi sínum.

Ef það er ætlun ríkisstjórnar Íslands að breyta fyrirkomulagi mála varðandi Mannréttindaskrifstofu Íslands þá er afar óheppilegt að gera það á þennan hátt, þ.e. án fyrirvara. Ef ríkisvaldið ætlar sér slíkt þá er talið að a.m.k. þurfi þrjú ár til að undirbúa breytingarnar, aðlaga starfsemi stofnunarinnar breyttum forsendum og finna henni annan rekstrargrundvöll. Mannréttindaskrifstofa Íslands vinnur jafnt fyrir hið opinbera sem aðra aðila, skrifar skýrslur og er upplýsingamiðill. Þetta starf hefur verið til fyrirmyndar og komið að góðum notum, m.a. í starfsemi utanríkisráðuneytisins og starfsmenn þess hafa fært skrifstofunni þakkir fyrir það. Í tíð Halldórs Ásgrímssonar sem utanríkisráðherra tryggði Framsóknarflokkurinn stöðu skrifstofunnar í utanríkisráðuneytinu og þá var staðinn vörður um hana. Ég vona að framsóknarmönnum renni nú blóðið til skyldunnar og þeir komi skrifstofunni til stuðnings þrátt fyrir þann niðurskurð sem boðaður er í fjárlögum.

Á lið 06-395 Landhelgisgæsla Íslands leggjum við til 80 millj. kr. aukafjárframlag sem er ætlað til að efla rekstur við að halda skipum Gæslunnar betur úti en nú er og til að sinna viðhaldi.

Í lið 07-701 Málefni fatlaðra leggjum við til 30 millj. kr. viðbót. Það er til að mæta biðlistum, en þar er vandinn mestur í Reykjavík. Raunhækkun til málefna fatlaðra í Reykjavík er aðeins um 10 millj. kr. vegna þess að þó að í frumvarpinu standi að hækkunin sé 30 milljónir var stofnuninni gert að spara um 20 milljónir og mismunurinn þar á er aðeins 10 milljónir, sem er allt of lítið fyrir viðkomandi stofnun.

Í Atvinnuleysistryggingasjóð leggjum við til 150 millj. kr. hækkun til að atvinnulausir fái greidda desemberuppbót en atvinnulausir eru meðal fárra landsmanna sem ekki fá slíka uppbót. Fatlaðir fá desemberuppbót, einnig öryrkjar, þeir sem fá stuðning frá Félagsþjónustu Reykjavíkur og sennilega frá flestum öðrum bæjarfélögum fá líka desemberuppbót en ekki þessi eini hópur, þ.e. atvinnulausir, sem þó þarf örugglega ekki síður en aðrir á henni að halda.

Liðurinn 08-305 Lýðheilsustöð, þar leggjum við til 30 milljónir sem eiga að fara til að efla forvarnir.

Liðurinn Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, þar leggjum við til 200 millj. kr. hækkun og þar er gert ráð fyrir að komið sé til móts við mikinn vanda sem glímt er við um allt land varðandi hjúkrunarrými. Vandinn er mikill í Reykjavík en hann er einnig fyrir hendi víða úti á landsbyggðinni.

Í liðnum 09-250 Innheimtukostnaður gerum við ráð fyrir 200 millj. kr. viðbót sem fari til að herða skatteftirlit en það er öruggt að slíkt eftirlit skilar árangri og álíta ýmsir, sem vel þekkja til, að upphæðin sem í það er lögð skili sér tífalt. Það er því til nokkurs að vinna, en að efla þá starfsemi er eitt af því sem ríkisstjórnin hefur þverskallast við að gera þrátt fyrir vitneskjuna um þetta. Við leggjum til að liður 09-999 Ýmislegt sé felldur niður en þar er um að ræða 10 millj. kr. framlag sem átti að fara til að endurnýja allar bifreiðir ráðuneyta. Við teljum það óþarfa.

Á lið 11-411, lið Byggðastofnunar, höfum við sett 150 millj. kr. í atvinnuþróunarátak. Víða á landsbyggðinni er mjög bágt ástand í atvinnumálum, fólksfækkun og miklir erfiðleikar og tekjur manna mjög lágar. Við teljum því brýna nauðsyn að koma landsbyggðinni til aðstoðar á vissum svæðum með fjármagni til atvinnusköpunar. Byggðastofnun hefur haft úr ákveðnu fjármagni að spila sem var lagt fram í tengslum við, eða fyrir síðustu kosningar. Það hefur komið sér ágætlega svo langt sem það nær, þó það færi að vísu á takmarkað landsvæði, því miður, en það sýnir þó hve miklu getur munað um svona aðgerðir. Þegar verið er að vinna að nýsköpun, hvort sem er úti á landsbyggðinni eða annars staðar, þá geta lágar fjárhæðir oft skipt miklu máli.

Til Samkeppnisstofnunar leggjum við til að verði veittar 100 millj. kr. aukalega. Þarna er um stórt mál að ræða og stofnunina vantar fjármuni til að hún geti sinnt málum á viðunandi tíma og við höfum einmitt nýleg dæmi um hversu skaðlegt það er að rannsóknir taki jafnlangan tíma og raun bar vitni t.d. varðandi olíumálið, og við höfum reyndar fleiri dæmi um slíkt.

Við 6. gr. leggjum við til að önnur útgjöld ráðuneyta verði lækkuð um 600 millj. Við leggjum til að yfirfærsla ónotaðra heimilda ráðuneyta frá því í fyrra verði lækkuð um 5 milljarða, að ferða- og risnukostnaður ráðuneyta verði lækkaður um 600 milljónir og að sérfræðikostnaður A-hluta stofnana verði lækkaður um 1.300 milljónir. Það er ekki langt síðan kom fram í skýrslu frá Ríkisendurskoðun sem fjallaði um þessi mál að líklegt væri að þarna mætti ná fram umtalsverðum sparnaði. Við viljum líka selja eignir ríkissjóðs erlendis fyrir 1 milljarð og láta andvirðið renna í ríkissjóð og teljum að hagkvæmara sé að leigja og oft sé hægt að kaupa ódýrara húsnæði en t.d. sendiráð Íslands eru í erlendis.

Við flytjum allmargar breytingartillögur við þessa umræðu fjárlaga sem miða allar að því að jafna aðstæður landsmanna og bæta hagstjórnina. Þrátt fyrir útgjaldatillögur okkar gera tillögurnar í heild ráð fyrir rúmlega milljarði í aukinn tekjuafgang ásamt því að við gerum ráð fyrir að nýtingu 5 milljarða heimildar verði frestað en komið hefur fram að ónotaðar heimildir undanfarin ár skipta milljörðum ár hvert. Á seinasta ári nam sú upphæð 16 milljörðum, sem hlýtur að vera enn ein vísbendingin um að einhvers staðar sé pottur brotinn í áætlanagerð ríkisstjórnarflokkanna.

[20:43]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er búinn að heyra töluvert af skrýtnum hlutum í dag en ég hrökk við í upphafi ræðu hv. þingmanns þegar hún sagði að ríkisstjórnin kæmi vísvitandi með rangt fjárlagafrumvarp. Og hún bætti við að ekkert væri að marka endanlegt fjárlagafrumvarp vegna þess að það stæðist ekki miðað við ríkisreikninginn. Hæstv. forseti, þingmenn verða aðeins að gæta sín í því sem þeir láta frá sér fara í þessari pontu. Hvað í ósköpunum á hv. þingmaður við? Getur þingmaðurinn sagt hvað er rangt í endanlegum fjárlögum landsins nú eða áður? Getur þingmaðurinn sagt hvað er rangt í ríkisreikningnum hér eða áður? Hvað var hv. þingmaður að reyna að segja? Var hún að reyna að segja að ekkert væri að marka þessa hluti? Getur það verið? Ég trúi því ekki. Þetta hlýtur að hafa verið einhver stórkostlegur misskilningur hjá hv. þingmanni að láta þessi orð út úr sér.

Ríkisreikningur Íslands er eins og ríkisreikningar allra annarra vestrænna þjóða byggður á tillögum og gerðum Sameinuðu þjóðanna sem hafa þróast á mjög tæknivæddan hátt og af mikilli nákvæmni. Ef menn segja að það sé ekkert að marka þetta, að ríkisreikningurinn passi ekki við endanleg fjárlög, lokafjárlög, þá eru menn að segja alveg hroðalega hluti. Þá hljóta menn að standa frammi fyrir því að þurfa skýra fyrir þingheimi hvað í ósköpunum þeir vildu sagt hafa.

[20:45]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég stend ekki í þeirri trú að ríkisstjórnin hafi áhrif á gerð ríkisreiknings og var ekki að tala um að þær niðurstöður væru gerðar fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar eða þar væri ríkisstjórnin með puttana í. Ég sagði að ég væri að tala um fjárlögin og það veit þingmaðurinn mætavel. Það sem ég átti við var m.a. reynsla okkar fjárlaganefndarmanna á síðasta ári þegar forstöðumönnum ríkis-

stofnana var sent bréf þar sem þeim var bannað að koma á fund fjárlaganefndar. Eftir að við fjárlaganefndarmenn stjórnarandstöðunnar höfðum kallað ýmsa forstöðumenn á okkar fund þá sáum við svart á hvítu að það var verið að halda tölum í fjárlagafrumvarpinu vísvitandi lægri en ríkisstjórnarflokkarnir vissu að þörf var á, enda kom það fram strax eftir áramót að fluttar voru tillögur um hækkun sem samsvaraði nákvæmlega þeim upphæðum sem forstöðumenn stofnana voru að fara fram á þegar þeir mættu á fund okkar fyrir áramótin. Mat þeirra á þörf fyrir rekstrarfé reyndist rétt. En það var hins vegar vilji ríkisstjórnarflokkanna að það kæmi ekki fram í frumvarpinu af því að þeir vilja, eins og við höfum margoft séð, sýna fram á glansmynd.

[20:47]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nú fróðlegt. Hér kemur hv. þingmaður og talar um allt annað mál en ég var að spyrja hana um. Ég var að spyrja hana hver væri mismunurinn og hvar væri villan gagnvart ríkisreikningnum eða lokafjárlögunum. Ég fékk ekkert svar við því heldur for hún að segja frá því hvernig forstöðumenn ríkisfyrirtækja hefðu gert athugasemdir við fjárlagagerð sína. Það er ekkert þessu máli viðkomandi.

Ég vil taka það fram, herra forseti, að við erum með skýrslu frá Ríkisendurskoðun sem staðfestir það í einu og öllu að auðvitað er ríkisreikningurinn sambærilegur á allan hátt við lokafjárlögin. Auðvitað er það þannig. Það er fjarstæða ef einhver hv. þingmaður vill kasta fram hlutum eða reyna að villa mönnum sýn um það að hér sé um einhverjar villur að ræða.

Það kom ein athugasemd sem við ræddum reyndar fyrr í dag, ein athugasemd um bókhald þar sem ég held að Ríkisendurskoðun geti vel hafa haft rétt fyrir sér. Það var hvernig við færum tekjurnar í Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna, hvort við færum það nettó miðað við skuldbindingar eða færum það beint. Þetta skiptir engu máli um uppgjörið. Ríkisendurskoðun getur vel haft rétt fyrir sér. Það skiptir engu máli. En hv. þingmaður hlýtur að fara yfir þau orð sem hún viðhafði í upphafi ræðu sinnar og ég veit að hún er með prentaða fyrir framan sig og íhuga að það hljóti að vera ábyrgðarhluti að koma og segja slíkt á Alþingi.

[20:49]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að það er ábyrgðarhlutur að setja fram fullyrðingar eins og þær sem ég setti fram áðan. Ég var þó ekki að tala um rangfærslur í ríkisreikningi. Það hvarflaði aldrei að mér. Hins vegar sagði ég að ríkisstjórnin setti vísvitandi fram rangar áætlanir í fjárlögum og við það stend ég.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 453–456, 458 og 468–469. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

[20:51]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins leggja orð í belg við 2. umr. fjárlaga. Eru það einkum sjónarmið sem fram hafa komið frá stjórnarandstæðingum sem eru mér tilefni til þess að koma hér upp og reifa nokkur atriði sem mér finnst skipta miklu máli þegar fjárlög eru rædd.

Um nefndarálit meiri hluta fjárlaganefndar sérstaklega vil ég vísa til framsöguræðu formanns nefndarinnar og þess sem áður hefur komið fram um þær áherslubreytingar sem gerðar eru með breytingartillögum sem fylgja nefndarálitinu. Samkvæmt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á upphaflegu frumvarpi þá er niðurstaða reikningsins sú að tekjujöfnuðurinn verður rétt rúmir 10 milljarðar. Ég ætla ekki að fara nánar út í einstakar breytingartillögur við frumvarpið. Ég tel að það hafi verið gert ágætlega í fyrri ræðum um málið.

Fjárlagafrumvarpið hefur við 2. umr. líkt og við 1. umr. verið allharkalega gagnrýnt af stjórnarandstæðingum. En bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar hafa verið sammála um það, og það allt frá því fyrir síðustu kosningar, að mikilvægt sé að beita fjárlögum sem öflugasta tækinu sem við alþingismenn höfum til að takast á við krefjandi verkefni í hagstjórninni. Við vitum öll að núna standa yfir og munu á næstu árum standa yfir mestu framkvæmdir Íslandssögunnar hvorki meira né minna. Hagfræðingar sem og stjórnmálamenn hafa verið sammála um að á því mikla vaxtarskeiði sem er fram undan skiptir miklu máli hvernig peningastefna ríkisins er rekin og hvernig fjárlögum þá einkum er beitt við þessar krefjandi aðstæður.

Við vitum líka öll að hætta er á ákveðnum neikvæðum áhrifum. Og þeim mun verr sem tekst til þeim mun meiri verða hin neikvæðu áhrif ef plön þau sem liggja fyrir um langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum til grundvallar ganga ekki eftir. Allir geta verið sammála um að þetta er krefjandi verkefni og menn eru almennt sammála um það held ég. Ég held að það endurspeglist svolítið í umræðunni sem á sér hér stað í dag. Verkefnið er að tryggja áfram stöðugleika. Við viljum ekki sjá þenslu. Við viljum ekki aftur sjá háa verðbólgu. Við vitum að slíkt leiðir til kjaraskerðingar. Um þetta eru allir sammála.

Hins vegar hefur í dag komið fram og dálítið kristallast í umræðunni ágreiningur milli stjórnarliða og stjórnarandstæðinga um hvort þær aðgerðir sem stjórnarflokkarnir standa fyrir með þessu fjárlagafrumvarpi og hafa kynnt að þeir hyggist standa fyrir á næstu árum, m.a. í langtímaáætlun sinni, séu líklegar til að skila nauðsynlegum árangri í þessu efni. Við höfum sagt, og það kemur fram í þessu fjárlagafrumvarpi, að stefnt er að því að ekki verði meira en 2% vöxtur á samneyslunni á ári á næstu árum. Það er skýrt markmið. Að mínu áliti styðja þær skattalækkanir sem nú hafa verið kynntar við þetta markmið þar sem þær draga þá úr því svigrúmi sem stjórnvöld hafa til þess að auka við útgjöld sín.

Staðan er sú að í stað þess að láta ríkissjóð skila gríðarlegum tekjuafgangi þá er tekin sú pólitíska ákvörðun að skila því svigrúmi sem myndast á þessu hagvaxtarskeiði sem er fram undan til einstaklinganna og ég get farið aðeins inn á það hér. Mér sýnist að menn hafi talið þessa 2. umr.

um fjárlög tilefni til að fara aftur yfir lögin um tekjuskatt og eignarskatt. Ég held að það sé sjálfsagt að gera það þá aðeins hér þar sem því er haldið fram í umræðunni að þær breytingar sem þar eru lagðar til, og fjárlagafrumvarpið m.a. byggir á, hafi þveröfug áhrif við það sem stefnt er að.

Hátekjuskatturinn hefur verið felldur niður. Erfðaskatturinn hefur verið lækkaður. Tekjuskatturinn hefur verið lækkaður eða til stendur að lækka hann með þeim frumvörpum sem liggja fyrir þinginu og jafnframt mun eignarskatturinn þá hverfa verði það frumvarp að lögum og virðisaukaskatturinn er næstur. Menn hafa gert mikið úr því í umræðunum í dag og gerðu jafnframt í umræðu um frumvarp um tekjuskatt og eignarskatt, frumvarpið sem við ræddum á þinginu í vikunni, að ekki skuli ráðist á virðisaukaskattinn strax. En þeir sem blanda sér í þá umræðu og koma fram með þá athugasemd vita líka alveg jafnvel og ég að það er sérstaklega tekið upp í stjórnarsáttmála stjórnarflokkanna að ráðist verði í endurskoðun á virðisaukaskattskerfinu til hagsbóta fyrir almenning. Við í Sjálfstæðisflokknum höfum sérstaklega sagt að að okkar áliti ætti að lækka lægra skattþrepið.

Um hvað er þá verið að deila í raun og veru? Er verið að deila um að þetta eigi að gera fyrst en ekki hitt? Eru menn að segja að það sé meira svigrúm en við erum að leggja upp með í þeim málum sem kynnt eru til lækkunar á sköttum, meira en við erum að halda fram? Er svigrúmið meira? Sérstaklega verður maður var við þetta í málflutningi Samfylkingarinnar. Því er á aðra höndina haldið fram að skattalækkanirnar sem ríkisstjórnarflokkarnir eru að kynna muni verða þensluhvetjandi og ýta verðbólgunni af stað og þar með valda kjaraskerðingu. En á hina höndina er um leið sagt að það sé fullt svigrúm til að lækka skatta og jafnvel tíndir til fleiri skattar en ríkisstjórnarflokkarnir leggja til að ráðist verði í að lækka nú á þessu þingi. Þessi málflutningur fer alls ekki saman.

Það liggur jafnframt alveg ljóst fyrir hvernig ríkisstjórnin hyggst bregðast við þegar hægir á hagvextinum, þegar við sjáum fyrir endann á hagvaxtarskeiðinu sem við horfum núna fram á. En vel að merkja þá er hagvaxtarskeiðið sem nú er að hefjast það lengsta sem nokkurn tíma hefur verið spáð. Aldrei áður í ríkisfjármálunum eða lýðveldissögunni hefur verið spáð jafnlöngu hagvaxtarskeiði og núna liggur fyrir. Í fyrri hluta frumvarpsins þar sem fjallað er um stefnu og horfur á bls. 5 má sjá að hagvexti er spáð þar alveg fram til ársins 2008 og jafnvel lengur. Þegar stjórnarandstæðingar koma hér í ræðustól og benda á stjórnarliðana og segja að þessir menn séu ekki líklegir til að valda því krefjandi verkefni sem er fram undan, þá eru þeir því að benda á mennina sem hafa lækkað skatta, eru að lækka skatta, eru búnir að tryggja hagvöxtinn, ekki einungis á undanförnum árum heldur fram til ársins 2008 samkvæmt fyrri hluta fjárlagafrumvarpsins. Þeir eru að benda á mennina sem leggja til að hækka barnabætur. Þeir eru að benda á mennina sem hafa stóraukið framlag til menntamála, stóraukið framlög til heilbrigðismála og þeir eru að segja um leið: „Þessir menn ætla að ráðast á velferðarsamfélagið." (Gripið fram í.) Þetta eru stjórnarflokkarnir sem hafa verið að greiða niður skuldir, bæta við í lífeyrissjóði opinberra starfsmanna til að tryggja að þeir sjóðir geti staðið undir þeim skuldbindingum sem þeir hafa tekið á sig. Maður hlýtur auðvitað að spyrja sig: Hver á að trúa þessum málflutningi? Þetta er fullkomlega ósannfærandi.

Mikið er gert úr því í þessari umræðu að á undanförnum árum hafi ríkissjóður verið rekinn með gríðarlega miklum halla. Ég verð að segja að ég hélt að sú umræða hefði í raun og veru verið tæmd við 1. umr. frumvarpsins eða jafnvel við 1. umr. fjáraukalagafrumvarpsins. Ég vék að þessu máli fyrr í kvöld í andsvörum við hv. þm. Össur Skarphéðinsson, en það gengur auðvitað ekki að menn beri fjárlagafrumvarp vísvitandi saman við ríkisreikning án nokkurra skýringa. Það gengur einfaldlega ekki upp. Ein augljós staðreynd er sú að í millitíðinni eru samþykkt fjáraukalög. Þessi samanburður tekur ekkert tillit til þess, ekki nokkurt.

Í öðru lagi skekkist myndin við það að ríkið selur af eignum sínum og þar með aukast tekjurnar. Oft þegar það gerist er einmitt tekin um leið sérstök ákvörðun um að verja þeim tekjum sem þannig myndast, þegar til verða nýjar tekjur við það að eignir eru seldar yfir bókfærðu verði, í einhverjum ákveðnum tilgangi til að mynda til þess að greiða inn í lífeyrisskuldbindingar. Það er ekkert tillit tekið til þess þegar þessi samanburður er gerður.

Eins og ég vék að í fyrri ræðu minni í dag nemur hinn raunverulegi afgangur, sem stjórnarandstæðingar hafa haldið fram í þessari umræðu að sé um 80 milljarðar í mínus, um 95 milljörðum í plús. Það er það sem fjárlagafrumvarpið hefur í raun og veru skilað í afgang frá árinu 1998 og um það hafa farið fram umræður eins og ég sagði áður. Ég vík að þessu í tilefni af því að menn eru að rifja þessi mál upp aftur núna við 2. umr. um fjárlagafrumvarpið en umræðan um þetta var að mínu áliti tæmd fyrr í vetur. Afgangurinn frá 1998–2003 er 95 milljarðar. Það svarar til 16 milljarða tekjuafgangs á hverju ári eins og kom fram í máli hæstv. fjármálaráðherra í þeim umræðum sem fóru fram fyrr.

Ég vék að því í ræðu minni að kaupmátturinn hefði vaxið. Það er í sjálfu sér alveg rétt að þegar ákvörðun var tekin um hinar miklu skattalækkanir sem birtast í frumvarpinu um tekjuskatt og eignarskatt er ákveðin hætta á þensluáhrifum. En hvert er öflugasta tækið til þess að sporna gegn því að þenslan fari af stað eða muni fram? Öflugasta tækið er það að haldið verði þétt um taumana í opinberum fjármálum. Þar skiptir launaþróun opinberra starfsmanna höfuðmáli og auðvitað verður jafnframt að halda í taumana við útgjöld ríkisins.

Hins vegar halda stjórnarandstæðingar og þá einkum þingmenn frá Vinstri grænum því fram að ekki sé nóg að gert í útgjöldunum. Það er ekki nóg með að þeir vilji ekki skattalækkanirnar heldur vilja þeir beinlínis nota meira og minna allan afganginn sem fyrirsjáanlegur er í hrein ríkisútgjöld. Það er þvert á þá sátt sem ég taldi vera hér bæði fyrir kosningar og eftir um að gæta þyrfti aðhalds í opinberum útgjöldum. Og Vinstri grænir skirrast ekki við að halda því fram alveg kinnroðalaust að verið sé að skera niður í menntamálum og heilbrigðismálum. Á háskólastiginu eingöngu hefur verið aukið við útgjöldin að jafnaði um 1 milljarð á ári frá árinu 2000.

Ef menn skoða heilbrigðis- og tryggingamálin sem eina summu nokkur ár aftur í tímann sjá menn mjög glögglega að þar hefur verið aukið við ekki svo nemur einstökum

milljörðum heldur tugum milljarða. Búið er að bæta tugum milljarða í þann málaflokk. Svo koma menn hér upp og segja að stjórnarliðar séu að skera niður í velferðarkerfinu.

Þegar við höfum horft fram á að gjaldaáætlanir fjárlagafrumvarpsins hafi ekki staðist, og það hefur vissulega gerst og er ekkert einsdæmi að það hafi gerst á undanförnum árum vegna þess að það hefur gerst í ríkisfjármálunum í gegnum tíðina, það er ekki hægt að sjá alla hluti fyrir vegna þess að fjárlagafrumvarpið er auðvitað einungis áætlun í ríkisfjármálum, en hvaða liðir eru það þá sem þarf að bæta í með fjáraukalögum? Það eru heilbrigðismál og menntamál. Það eru liðirnir sem bætt er í ár eftir ár. Þrátt fyrir það er því haldið fram að verið sé að skera niður.

Það heitir nefnilega niðurskurður hjá stjórnarandstæðingum þegar menn reyna að setja sér metnaðarfull markmið um tekjur og útgjöld á þessu sviði eins og öðrum. Þegar stjórnarflokkarnir kynna markmið um að reyna að halda samneyslunni niðri og að gæta að því að vöxturinn fari ekki úr hófi heitir það niðurskurður hjá stjórnarandstæðingunum vegna þess að þeir eru ósáttir við að útgjöldin séu ekki það sem þeir kalla raunhæf. Ef þeir síðan reynast hafa rétt fyrir sér, sem vissulega kemur fyrir, að útgjöldin hafi að einhverju leyti verið vanmetin, er að sjálfsögðu komið til móts við það í fjáraukalögum en þá er það aftur kallað niðurskurður hjá stjórnarflokkunum í viðkomandi málaflokki. Þessi málflutningur stenst auðvitað enga skoðun. Það er ekki flókið að fara í þennan samanburð og skoða þetta í prósentum eða í krónutölum eins og ég vék að.

Varðandi þær aðgerðir sem verið er að leggja til í skattamálum og um leið í ríkisfjármálunum almennt þá skiptir auðvitað meginmáli, eins og ég vék að í upphafi máls míns, að okkur takist að halda verðbólgunni niðri og viðhalda þeirri stöðugu kaupmáttaraukningu sem hefur átt sér stað. Hvernig hefur hún verið? Jú, laun allra hafa verið að hækka umfram verðlag, það er einfaldlega svo. Bætur hins opinbera hafa verið að aukast meira að kaupmætti en meðallaun. Kaupmáttur meðallauna hefur ekki hækkað eða vaxið jafnmikið og lágmarkslauna eða bóta.

Það kemur enn og aftur fram að það sama verður upp á teningnum ef þær áætlanir sem nú liggja fyrir í frumvarpsformi ganga eftir. Þetta má sjá ágætlega í vefriti fjármálaráðuneytisins sem gefið var út í dag, þannig að ég leyfi mér, virðulegi forseti, að vísa til þess að þar er tekið dæmi af barnlausum hjónum sem hafa 2 millj. í tekjuskattsstofn. Þau hjón sjá fram á að ráðstöfunartekjur þeirra aukist um 112 þús. kr. á ári eða tæp 6% sem er í formi niðurfellingar á skatti sem þau greiða nú en munu ekki greiða árið 2007. Í þessu dæmi er ekki tekið tillit til þess að tekjur þeirra geti hækkað á næstu þremur árum. Ráðstöfunartekjur þeirra aukast um 6%.

Síðan er hér önnur tafla. Hún sýnir breytinguna fyrir hjón eða sambýlisfólk annars vegar og hins vegar fyrir einstaklinga og einstæða foreldra. Lækkun tekjuskattsins ein og sér skilar hjónum og sambýlisfólki 5,9% aukningu ráðstöfunartekna og einstaklingum 6,8% aukningu miðað við 2 millj. kr. tekjuskattsstofns. Hækkun barnabóta, skerðingarmarka og hlutfalls bætir síðan allt að því öðru eins við fyrir barnafólk.

Þessar töflur sýna að með þeim aðgerðum sem kynntar hafa verið og liggja frumvarpinu til grundvallar er verið að koma til móts við alla, ekki bara þá sem oft hafa verið nefndir í ræðustól sem hátekjumennirnir og gert er mikið úr. Ég held að ég geti nánast skilið það svo að menn vilji ekki að meðallaunamaðurinn og þeir sem hafa hærri tekjur fái yfir höfuð neinar skattalækkanir vegna þess að margir sem hafa komið upp í ræðustól tala um venjulegt fólk, ungt fólk á *mínum aldri og kannski rúmlega það*, þar sem bæði hjónin eru útivinnandi, hafa haft fyrir því að afla sér menntunar, tekið á sig námslán, eru kannski nýbúin að fjárfesta í fasteign og eru að greiða af henni tiltölulega háar afborganir vegna lána, þetta fólk heitir allt saman hátekjufólk. Fólk sem er tilbúið að leggja mikið á sig, hjón sem hafa umtalsverðar tekjur, heitir allt hjá stjórnarandstöðunni hátekjufólk. Það er til þessa fólks, ég skil það svo, sem þeir eru að tala og segja: *Við viljum ekki skattalækkanirnar sem ríkisstjórnin* er að leggja til að þið fáið. Vegna þess að þetta snýst þegar öllu er á botninn hvolft ekki einungis um þá sem eru í lágmarkslaunaþrepinu. Og eins og hæstv. fjármálaráðherra hefur oft vikið að í þessari umræðu er auðvitað alveg óþolandi að aldrei skuli vera hægt að framkvæma neinar breytingar á tekjuskattslögunum til lækkunar hjá meðaltekjufólki án þess að hér sé hrópað að verið sé að hygla hátekjufólki. En þeir sem kynna sér tillögurnar sem hér liggja fyrir sjá að til að mynda með hækkun barnabótanna er einmitt verið að koma sérstaklega til móts við ungar fjölskyldur sem hafa lágar tekjur.

Samandregið verð ég að segja að mér finnst umræðan um frumvarpið hafa verið tiltölulega ómálefnaleg. Mér finnst málflutningur stjórnarandstöðunnar hafa verið afar ósannfærandi, mér finnst þingmenn Samfylkingarinnar hafa slegið úr og í. Það er ýmist glapræði að lækka skatta og hins vegar fullt svigrúm til þess að lækka skatta.

Hingað kom til að mynda formaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og spurði: Hvernig ætlið þið að bregðast við þegar hægir á hagvextinum, þegar við sjáum fyrir endann á hagvaxtarskeiðinu? Hvernig ætlið þið að bregðast við? Með því að lækka skattana núna er augljóst að þið ætlið að ráðast á velferðarkerfið þegar hægir á hagvextinum. Í sömu ræðu fullyrti hann að fullt svigrúm væri til að lækka skattana jafnmikið og við erum að leggja til, til að fórna jafnmiklu af tekjum ríkisins eins og við erum að gera, reyndar með aðeins öðrum áherslum í lækkunum. En tekjur ríkisins munu verða nákvæmlega jafnlágar þegar hægir á hagvextinum, eða því hagvaxtarskeiði lýkur sem ég vona að gerist ekki heldur verði enn lengra en spáð er, nákvæmlega sama vandamálið kemur upp verði fallist á þær tillögur til lækkana á sköttum sem hann mælti fyrir í þeirri ræðu. Mér finnst menn einfaldlega tala í hring.

Um þær áherslur sem kynntar hafa verið af þingmönnum Vinstri grænna þá sé ég ekki annað en að þeir séu að mæla fyrir því að allur sá afgangur sem myndast á næstu árum verði notaður í að auka samneysluna. Ég skil það ekki öðruvísi. Menn segja að það sé glapræði að nota það svigrúm sem er að myndast í ríkisfjármálunum til að lækka skatta á einstaklinga. Þá er bara eins gott að menn komi hér upp og geri grein fyrir því hvort þeir vilji sjá 30 milljarða kr. afgang á ríkisfjármálunum. Er það það sem menn stefna að? Eða ætla menn að gera það sem þeir eru að gefa undir

fótinn með, að setja þetta allt saman í útgjöld ríkissjóðs? Á að verja þessu öllu í mennta- og heilbrigðismálin þrátt fyrir alla þá aukningu sem þar hefur átt sér stað og fara þannig fyrst virkilega að sprengja alla mestu verðbólguskala sem við höfum nokkurn tíma séð? Þessi málflutningur verður ekki skilinn öðruvísi.

Um leið hlýtur maður að skilja hann þannig að ef ekkert svigrúm er til skattalækkana, eins og ætla má af málflutningi hv. þingmanna úr þingflokki Vinstri grænna, að verið sé hreinlega að mótmæla barnabótaaukanum sem mælt er fyrir í frumvarpinu sem við ræddum í vikunni og verið að mótmæla þeim aðgerðum sem eiga að tryggja áframhaldandi kaupmáttaraukningu lægstu launa á næstu árum.

[21:15]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í svo stuttu andsvari er náttúrlega alveg vonlaust að koma öllum þeim athugasemdum á framfæri sem nauðsynlegt væri við hv. þingmann. Ég verð því að biðja hv. þingmann að hinkra eftir seinni ræðu minni þar sem ég verð að eigna honum sérstakan kafla.

Það er augljóst mál að hv. þingmaður hefur ekki fylgst með umræðunni í allan dag. Í byrjun umræðunnar fór ég sérstaklega yfir þá samanburðarfræði sem hv. þingmaður taldi að umræðan væri tæmd um. Hann býður okkur enn upp á sama málflutning og boðið var upp á í 1. umr. um fjárlagafrumvarpið. Í millitíðinni hefur Ríkisendurskoðun gefið út bók, skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings árið 2003. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir hv. þingmann að kynna sér sérstaklega 3. kaflann sem heitir Reikningsskilaaðferðir. Sá kafli er augljóslega skrifaður til heiðurs hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, og lærisveina hans um það hvað má bera saman og hvað má ekki bera saman. Til þess að vita það er algjörlega nauðsynlegt (Forseti hringir.) að lesa þennan kafla í þaula. Ég get aðstoðað hv. þingmann (Forseti hringir.) við að fara yfir kaflann ef hann hefur áhuga á.

[21:17]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er enn og aftur sama umræðan sem var einmitt tæmd sem sýnir sig í því að alltaf er verið að sveifla sömu skýrslunni. Við skulum nota heilbrigða skynsemi. Settar eru áætlanir um tekjur og útgjöld í fjárlagafrumvarpinu. Í millitíðinni, áður en ríkisreikningur er gefinn út og hann kláraður, tekur ríkisstjórnin sérstaka ákvörðun um eitthvert átak eða bregst við einhverjum aðstæðum sem upp hafa komið frá því fjárlögin voru samþykkt og eykur útgjöldin. Síðan kemur ríkisreikningurinn. Það sem málflutningurinn gengur út á er að það skipti engu máli þó í millitíðinni hafi verið ákveðið að auka við útgjöldin til að bregðast við aðstæðum, vegna þess að það kom út einhver skýrsla sem sagði annað. Þetta stenst enga skoðun. Það verður að beita heilbrigðri skynsemi þegar menn gera þessa samanburðarskoðun.

[21:18]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Heilbrigð skynsemi á að sjálfsögðu alltaf við, en við höfum lög, reglur og ákveðna samanburði sem eru nauðsynlegir þegar við berum saman hluti. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður hefur greinilega ruglað þessu öllu saman, vegna þess að auðvitað eru fjárlög sett og fjáraukalög. Við erum að tala um að niðurstaða fjáraukalaganna eigi að standast og vera sem næst ríkisreikningi. Það hefur farið forgörðum, því er nú verr og miður.

Þau viðhorf sem hv. þingmaður lýsir og hæstv. fjármálaráðherra hefur því miður einnig gert er lýsandi dæmi um hvernig áætlanagerðin er hugsuð. Því miður virðist meiri hluti á þinginu líta þannig á að hinir svokölluðu óreglulegu liðir eigi að vera einhverjir liðir sem hægt sé að leika sér með til að tryggja að við getum haft glansmynd á fjárlagafrumvarpinu og í fjárlögum og svo sé ríkisreikningurinn eitthvað allt annað.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur þó sagt það í umræðunum í dag að þetta sé fyllilega sambærilegt og eigi að vera það, þ.e. ríkisreikningurinn og fjárlögin. Það er nákvæmlega sem það er og nákvæmlega þetta sem við höfum borið saman.

[21:19]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem vísað var til, hafi í umræðum um málið bent á að skýrslan staðfesti að endanlegur ríkisreikningur og fjárlögin séu einmitt sambærileg, öfugt við það sem málflutningur hv. þingmanns gengur út á. (Gripið fram í.)

Ég leyfi mér að spyrja í þessu samhengi: Ef ríkisfjármálin hefðu verið þannig þau ár sem vísað er til í umræðunni, að afgangurinn hefði verið neikvæður upp á 90 milljarða, hvernig í ósköpunum hefði þá ríkið átt að greiða svona mikið í lífeyrissjóðina? Hvernig í ósköpunum hefði þá ríkisreikningurinn átt að geta sýnt þann afgang sem gert hefur verið? Hvernig í ósköpunum hefðu menn þá getað haft svigrúm til þess að ráðast í umfangsmiklar framkvæmdir og bæta kjörin eins og gert hefur verið, hækka launin o.s.frv.?

[21:20]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru svolítið skringilegar stælur sem hér fara fram. Það vakti athygli mína í máli hv. þm. Bjarna Benediktssonar að hann kallaði fjárlög bara áætlun. Ég vil ekki tala svona óvirðulega um fjárlög. Fjárlög eiga að vera eins nálægt því sem okkur dettur í hug að þau geti verið í raunveruleikanum eins og við þekkjum hann á hverjum tíma. Man hv. þingmaður ekki eftir störfum okkar í fjárlaganefnd þar sem við fórum yfir fjárvöntun vegna framhaldsskóla, vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs, vegna Landspítala – háskólasjúkrahúss og stjórnarliðar sögðu: Við þurfum ekkert að áætla fyrir þessu í fjárlagafrumvarpi, við skoðum þetta í fjáraukanum og svo sjáum við bara til.

Málið er að fjárlögin eiga að vera eins rétt og mögulegt er þegar þau eru lögð fram og að sjálfsögðu berum við sam-

an ríkisreikning og fjárlög, vegna þess að það segir okkur hversu nákvæm fjárlögin voru sem lögð voru fram. Auðvitað veit ég að ríkisstjórnin (Forseti hringir.) kemur síðan með fjáraukalög og bætir í, en við eigum að bera saman fjárlögin og ríkisreikninginn. (Forseti hringir.)

[21:21]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni að auðvitað skiptir máli að menn haldi sig eftir því sem hægt er við fjárlögin. Ég ætla ekki að gera lítið úr því. Auðvitað ber að fara eftir fjárlögum, en það er einfaldlega ekki hægt að sjá fyrir ýmis atriði í fjárlögum, til að mynda launaþróun ef gerðir eru kjarasamningar. Tökum t.d. kjarasamningana sem nýverið voru gerðir sem auka við skuldbindingar ríkissjóðs án þess að ríkissjóður hafi haft neina aðkomu að þeirri kjarasamningagerð. Hægt er að tína til fjölmörg dæmi sem ekki verða séð fyrir. Það er einmitt þess vegna sem í lögum um fjárreiðurnar er gert ráð fyrir að hægt sé að breyta fjárlögunum með fjáraukalögum.

[21:22]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég og hv. þm. Bjarni Benediktsson erum sammála um að menn eigi að reyna að halda fjárlög eins og hægt er, en þá verðum við líka að gera þá kröfu til fjárlaganna og okkar sem störfum í fjárlaganefnd, að við reynum að hafa fjárlögin eins raunhæf og hægt er hverju sinni, vegna þess að það er ekki hægt að gera forstöðumönnum það aftur og aftur að skammta þeim of naumt og þeir reyna að aðlaga rekstur sinn að því, reyna það sveittir fram eftir miðju ári, fá þá fjáraukalög til að laga reksturinn, en hafa kannski í millitíðinni eytt tugum milljóna í að greiða dráttarvexti.

Hv. þingmaður sagði að á þeim árum sem hann nefndi hefðu frumvörpin skilað 95 milljarða kr. tekjuafgangi. Ég spyr hv. þingmann: Hvar er sá tekjuafgangur á bók? Vegna þess að ef þetta er afgangur á hann að vera til. Ef hann hefur farið í að greiða lífeyrisskuldbindingar hefði átt að áætla fyrir þeim í fjárlögum og a.m.k. í fjáraukalögum. Spurningin er því: Ef frumvörpin hafa skilað 95 milljarða tekjuafgangi á þessu tímabili, hvar er hann?

[21:23]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var dálítið gaman að hlýða á hv. þm. Bjarna Benediktsson sem talaði sig upp í talsverðar hæðir á köflum. Kannski náði hann mestu hæðum þegar hann orðaði það einhvern veginn þannig að mikilvægt væri að halda þétt í taumana á ríkisútgjöldum, milli þess sem hann deildi á stjórnarandstöðuna fyrir að bera saman epli og appelsínur þrátt fyrir að ríkisendurskoðandi hafi komist að hinu gagnstæða.

Ég ætla að beina þeirri spurningu til hv. þingmanns til þess að einfalda málið, vegna þess að þegar borin eru saman fjárlagafrumvörpin 2004 og 2005 eru ríkisútgjöldin upp á 7%. Hagvöxturinn er upp á 5% og verðbólgan er upp á 3,5%. Með öðrum orðum, ríkið tekur meira til sín en nokkru sinni og útgjöldin eru hærri en nokkru sinni. Hvers vegna getur hv. þingmaður komið upp og sagt: (Forseti hringir.) Það er virkilega haldið í taumana á ríkisútgjöldunum.

[21:25]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get deilt þeim áhyggjum sem fram komu í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar af því hvað útgjöld ríkisins hafa verið að aukast. Ég tel að hv. þingmenn ættu almennt að standa betur saman um að halda í taumana og finna leiðir til þess að halda útgjöldunum í skefjum. Ég heyri hins vegar miklu frekar í umræðunni sem hér fer fram tillögur til þess að auka útgjöld ríkisins. Mér finnst það hafa staðið algjörlega upp úr í þeirri umræðu sem fram hefur farið í dag að verið er að berja á ríkisstjórninni fyrir að skera niður í ýmsum málaflokkum. Er ekki verið að berja á mönnum fyrir að vera að skera niður í heilbrigðismálum? Er ekki verið að berja á mönnum fyrir að vera ekki með nógu mikil útgjöld í menntamálum?

Ég get alveg tekið undir með hv. þingmanni að ég vil gjarnan finna fleiri leiðir til þess að skera útgjöld ríkisins meira niður.

[21:26]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður sé maður að meiri að viðurkenna að ríkisstjórnin hefur misst tökin á útgjöldunum. Þá er kannski ekki ástæða til þess þegar maður er sjálfur í þeim sporum að hækka ríkisútgjöldin umfram allar þær hagstærðir sem vert er að miða sig við, að hundskamma aðra og gera lítið úr málflutningi þeirra þó þeir leggi eitthvað til.

Ég segi því bara þetta: Hv. þingmaður er maður að meiri að viðurkenna að ríkisútgjöldin hafa farið úr böndunum, en ég bið hann á sama tíma um að gera ekki lítið úr málflutningi annarra sem leggja til aðra forgangsröðun í ríkisútgjöldum.

[21:27]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem ég vil segja í síðara andsvari mínu. Í fyrsta lagi að þrátt fyrir að ríkisútgjöldin hafi e.t.v. verið meiri en ég hefði óskað hefur bæði tekist að viðhalda hagvextinum og kaupmættinum allan tímann. Við höfum séð kaupmáttaraukningu á heimilunum stanslaust tíu ár aftur í tímann og við sjáum ekki fram á neitt annað en að þeirri þróun verði áfram viðhaldið.

Það sem ég var einkum að gagnrýna varðandi málflutning þingmanna Samfylkingarinnar var þetta: Menn segja að með því að lækka skatta eins og við gerum séu menn að búa til vanda síðar meir þegar hægir á hagvextinum. Samt eru menn á sama tíma að leggja fram tillögur til skattalækkana sem nema jafnháum fjárhæðum á tekjuhliðinni. Ég spyr einfaldlega: Hvers vegna kemur ekki upp nákvæmlega sami vandi þegar hægir á hagvextinum ef það gerist í framtíðinni og menn halda fram að gerist (Forseti hringir.) ef gengið verður að tillögu okkar?

[21:28]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson fór mikinn í skattaumræðu og tekjujöfnunarumræðu við fjárlagagerðina. Mér fannst hann skauta ansi létt fram hjá stöðunni sem uppi er. Ég hef áhyggjur af viðskiptahallanum. Ég hef áhyggjur af því ef viðskiptahallinn er að verða aðaltekjustofn ríkisins. Viðskiptahallinn nálgast líklega 8% af landsframleiðslu í ár og á að fara upp undir 14% af landsframleiðslu 2006. Þetta er erlend skuldasöfnun. Ef viðskiptahallinn og innflutningurinn á að verða aðaltekjustofn ríkisins bendi ég á að einungis um 40% af viðskiptahallanum eru talin stafa frá stóriðjuframkvæmdum. Hitt er neysla (Forseti hringir.) og eru þá skattalækkanir rétta leiðin í þann feril sem við stöndum frammi fyrir?

[21:29]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli hv. þingmanns á því að vaxtagjöld ríkissjóðs, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, hafa verið að lækka ár frá ári. Það er vegna þess að menn hafa verið að greiða niður skuldir. Það er alveg rétt sem kemur fram í máli hv. þingmanns að það eru vissar ástæður til að hafa áhyggjur og skiptir miklu hvernig haldið er á spilunum.

Það sem ég gagnrýndi einkum í málflutningi hv. þingmanna Vinstri grænna er að ég hef ekki heyrt tillögur um hið aukna svigrúm sem myndast út af hagvaxtarskeiðinu sem við erum að fara inn í, lengsta hagvaxtarskeiði sögunnar eins og spáð er. Ég hef ekki heyrt að tillögurnar gangi út á að skilja þetta allt saman eftir í ríkissjóði eins og mér fannst hv. þingmaður gefa undir fótinn með að ætla að gera. Tillögur þeirra hafa fyrst og fremst gengið út á að nota allt svigrúmið til að auka útgjöld ríkissjóðs og það er auðvitað stórhættuleg stefna.

[21:30]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson lítur ansi þröngt á málið. Það sem skiptir máli eru skuldir þjóðarbúsins í heild sinni erlendis, ekki bara ríkissjóðs. Það eru skuldirnar í heild sinni. Vissulega eru lágir vextir nú en skuldirnar vaxa gríðarlega. Hvað ef yrði örlítil vaxtahækkun? Vextirnir erlendis eru nú í algjöru lágmarki. Þessi gríðarlega skuldasöfnun sem nú á sér stað ... (**Gripið fram í:** Og eignaaukning.) Eignaaukning. Það verður ekki eignaaukning þegar 60% af viðskiptahallanum eru vegna neyslu. (Gripið fram í.) Ég tel að skattalækkanir í því umhverfi séu afar óskynsamlegar.

Ég vil bara spyrja hv. þingmann: Hvaða áhrif mundi það hafa á þjóðarbúskapinn ef vextir hækkuðu erlendis um 2%, á þeim skuldum sem þjóðarbúið ber erlendis? Er engin ástæða til að hafa áhyggjur af því? Við búum hér við pappírshagvöxt. Það er ekki nema að litlum hluta hagvöxtur vegna raunaukningar á þjóðarverðmætum.

[21:32]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þingmaður virði það við mig að ég get ekki slegið á hve mikil áhrif 2% hækkun vaxta mundi hafa á skuldirnar. (**JBjarn:** En málið er áhrifin.) Ég held að ég hafi komið því ágætlega til skila í máli mínu að það skiptir máli hvernig haldið er á þeim tækjum sem við höfum til að stýra ríkisfjármálunum. Mér finnst það bara endurspeglast í máli hv. þingmanns. Þess vegna skil ég ekki þá stefnu að gjörnýta svigrúmið sem myndast við tekjuaukninguna sem verður til á næstu árum.

Ég neita að trúa öðru en að hv. þingmaður sé sammála því að stórkostleg aukning verði á tekjum ríkissjóðs á því hagvaxtarskeiði sem fram undan er. Ég skil ekki hvernig hv. þingmenn Vinstri grænna geta kynnt þá stefnu hér að ekki megi skila þessu aukna svigrúmi til almennings heldur eigi að nota þetta allt á vettvangi ríkissjóðs. (**JBjarn:** Þetta er skuldasöfnun erlendis.)

[21:33]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Þessa dagana er verið að setja hinu opinbera fjárhagsramma fyrir næsta ár. Miklu máli skiptir að vanda til verksins. Síðasti ríkisreikningur sem við höfum undir höndum er ríkisreikningur fyrir árið 2003. Það ár var gert upp með 6,1 milljarðs kr. halla. Sömuleiðis var halli árið 2002. Ef að líkum lætur er útlit fyrir að árið 2004 verði gert upp réttu megin við strikið, sem væri í fyrsta sinn frá árinu 2001.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2005 var kynnt með 11,2 milljarða kr. afgangi en í meðförum fjárlaganefndar hefur sá afgangur minnkað. Útgjöld hafa verið áætluð meiri, þ.e. tæpir 2 milljarðar kr., og sömuleiðis hafa tekjur verið áætlaðar meiri. Ef þróunin verður með svipuðum hætti og undangengin ár mun afgangurinn að öllum líkindum minnka þegar á líður og verða líklegast enn minni þegar lokafjárlög liggja fyrir.

Í allri umræðu um fjármál hins opinbera, skattahækkanir og -lækkanir, er rétt að líta um öxl, horfa yfir farinn veg og skoða hvernig gengið hefur á umliðnum árum. Vert er að skoða hvernig Sjálfstæðisflokknum hefur gengið að halda kúrs í þeim málum sem varða útgjöld hins opinbera. Ef við skoðum þau frá árinu 1991 þegar flokkurinn tók við völdum hafa útgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, vaxið. Þau hafa vaxið gífurlega sem hlutfall af landsframleiðslu, þ.e. um heil 5% sem er gífurlega mikið.

Menn hafa talað um að báknið eigi að fara burt. En báknið hefur vaxið og ekki ber á öðru en að flokkurinn sé sífellt að auka báknið. Ég minni á síðasta ævintýri flokksins í að auka báknið. Þar var verið að ríkisvæða sjónvarpsstöðina Skjá einn. Landssíminn tók þátt í þeirri ríkisvæðingu þannig að flokkurinn er samur við sig. Hann boðar minni afskipti en þau verða alltaf meiri og meiri. Afskiptin hafa aukist sem hluti af þjóðarframleiðslu.

Af og til eru þó fyrirtæki í eigu ríkisins afhent velunnurum flokkanna og vert að rifja upp í þessum ræðustól að ekki hafa fengist upplýsingar um ýmsar gjafir, svo sem um hvaða málamyndaverð var sett á hlut Landsbankans í VÍS

þegar það fyrirtæki var afhent einum velunnara stjórnarflokkanna.

Það er vert að fara yfir það að menn hafa talað um mikla hægri stefnu. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talar um að Sjálfstæðisflokkurinn sé hægri flokkur. Ég er ekki tilbúinn að skrifa undir það vegna þess að stjórnmálaflokkar eru metnir til hægri og vinstri eftir því hvaða umfang þeir vilja að hið opinbera hafi í þjóðlífinu. Ef við skoðum tölur yfir það þá kemur skýrt fram að mikill vöxtur hefur orðið á starfsemi hins opinbera sem hluta af þjóðarframleiðslu í valdatíð Sjálfstæðisflokksins. Af því leiðir að Sjálfstæðisflokkurinn er vinstri flokkur. Ég hef hlustað á hv. þingmenn flokksins, t.d. hv. þm. Bjarna Benediktsson. Ég gat ekki heyrt betur en að hann væri hvað eftir annað að hreykja sér af auknum ríkisútgjöldum á hinum og þessum sviðum. Þessi málflutningur fer ekki saman við það að báknið sé að fara í burtu, þegar menn auka sífellt ríkisútgjöldin.

Það er óneitanlega skrýtið að verða vitni að því að vinstri flokkurinn, Sjálfstæðisflokkur, berji sér á brjóst núna þegar hann skilar örlitlu af sköttunum til baka til fólksins í landinu. Ég held að það séu um 4–5 milljarðar kr. á næsta ári.

Við í Frjálslynda flokknum erum ekki sátt við hvernig þeir skila þessum upphæðum til landsmanna. Við hefðum skilað þessum sköttum öðruvísi. Við höfum gagnrýnt það hvernig þeir ætla að skila þeim peningum til baka. Þeir hafa fjármagnað eyðslu sína og aukið tekjur sínar umliðin ár, m.a. með því að skerða barnabætur. Nú á að skila einhverju af því aftur en ekki fyrr en eftir tvö ár. Ég hefði talið eðlilegra að fylgja þeirri leið sem við í Frjálslynda flokknum lögðum til um skattbreytingar, þ.e. að hækka skattleysismörkin. Slíkt hefði nýst fólkinu í landinu jafnt. Nei, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn ákveða að skila þeim peningum sem þeir hafa haft af fólki að mestu til þeirra sem hafa hæstu tekjurnar. Við erum þessu ósammála.

Ég vil vitna í einn ágætan þingmann, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Hún lýsti því hvernig ríkissjóður aflar tekna. Hið athyglisverðasta sem fram kom í máli hennar, að því er mér fannst, var að 29 þúsund skattgreiðendur hafa undir 100 þús. kr. á mánuði og eru skattlagðir af ríkinu. Ríkið nær af þessu fólki, sem hefur mjög lágar tekjur — ég held að við getum öll verið sammála um það sem erum hér inni að það séu lágar tekjur — 2 milljörðum kr. Það má eflaust byggja sendiráð og fínerí og flottheit fyrir þessa 2 milljarða en ég hefði farið aðra leið.

Við í Frjálslynda flokknum teljum, og ég finn ákveðinn samhljóm hjá stjórnarandstöðunni um þá skoðun, að ef fara ætti í skattalækkanir — þótt þingmenn Vinstri grænna hafi kannski verið skeptískir á skattalækkanir — þá væru menn miklu viljugri til að hækka skattleysismörkin. Það er meira vit í því. Það er í raun undarlegt að sjá eyðsluútþenslu ríkisins, ef við horfum á tölurnar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir birti okkur. Útþenslan er jafnvel byggð á skattfé af þeim sem minnst hafa í landinu. Það er náttúrlega ótækt. Það að vera vinstri flokkur, eins og Sjálfstæðisflokkurinn, á kostnað smælingjanna í landinu finnst mér alveg furðulegt.

Það má segja að stjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, séu samir við sig með stjórnlyndi og hálfstalíniska stjórnarhætti. Þeir vilja t.d. binda niður kvótakerfið, bæði til sjávar og sveita. Þeir njörva niður atvinnulífið þrátt fyrir að allar skýrslur, hagtölur og hvaðeina bendi til að það að njörva atvinnulífið niður skili ekki nokkrum sköpuðum hlut. Hvað sjávarútveginn varðar þá er það augljóst að kvótakerfið, sem var sett á til að byggja tímabundið upp fiskstofna, sett upp tímabundið, hefur ekki náð að byggja upp fiskstofna í kringum landið. Það verður ekki nógu oft tekið fram að þorskaflinn er helmingi minni nú en fyrir daga kerfisins. Samt er það heilagt hjá stjórnarflokkunum að halda í kerfið. Þeir eru hræddir við að ef því yrði eitthvað hnikað þá færi bara allt á hliðina. Kerfið er það vitlaust að það stendur ekki steinn yfir steini í röksemdafærslunni fyrir því.

Það má ekki láta lítið síldarminjasafn norður í landi fá 1–2 tonn af síld við bryggjusporðinn. Nei, það má ekki. Það er stórvarasamt. Ég veit ekki hvers vegna en ég sá hv. þm. Birki Jón Jónsson færa ákveðin rök fyrir því í viðtali við DV í sumar að kerfið væri það gott að varasamt væri að láta Síldarminjasafnið í heimabæ hans fá 1,5 eða 2 tonn af síld. Ég náði ekki alveg hvort hann teldi það varasamt fyrir síldarstofninn.

Það væri réttast að hv. þm. Birkir Jón Jónsson segði okkur frá því hvers vegna ekki má láta Síldarminjasafninu þetta eftir. Hann lýsti því yfir að það væri undirstaða byggðarinnar á Siglufirði ásamt snjóflóðavörnunum. Hann taldi að ríkisstjórnin hefði byggt upp atvinnulíf og byggð á Siglufirði með Síldarminjasafni og snjóflóðavörnum. Ég man ekki hvort hann nefndi eitthvað fleira, mögulega Héðinsfjarðargöng en ég verð að minna á að það kosningaloforð var svikið. Ég hef samt sem áður ekki trú á að stjórnarflokkarnir svíki það endanlega. Ég vona að svo fari ekki. Það væri mjög vafasamt og erfitt fyrir pólitískan feril hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar. Það virðist haldreipi hans, að lofa Héðinsfjarðargöngum æ ofan í æ.

Ríkisstjórnin finnur matarholur víðar. Hún fann eina drjúga hjá námsmönnum þjóðarinnar. Hún gat fundið þar 100 millj. kr. sem renna til háskólans. Það er kallað skráningargjöld en við köllum þetta þá a.m.k. furðuleg skráningargjöld, að það kosti 45 þús. kr. að skrá nemendur í skóla. Ég fæ ekki séð að það geti staðist. Þetta eru í raun ekkert annað en skólagjöld og þær 100 millj. kr. sem stjórnarflokkarnir ætla að ná í skólagjöld af nemendum eru náttúrlega þvert á allar samþykktir annars stjórnarflokksins, Framsóknarflokksins. Undir það hefur m.a. hv. þm. Dagný Jónsdóttir skrifað. Ég hef heyrt að hún ætli ekki að greiða þessu máli atkvæði sitt. Hún sér að þetta er þvert á það sem flokkurinn hefur samþykkt. Hún er yfirlýstur andstæðingur skólagjalda og með því að treysta sér ekki til að greiða þessu frumvarpi atkvæði sitt tel ég staðfest að um sé að ræða hrein og skólagjöld en ekki innritunargjöld.

Það væri mjög sérstakt ef það kostaði 45 þús. kr. að innrita nemanda í skóla. Ég hefði talið að ef það kostaði 45 þús. kr., sem er samræmt verðlag, þ.e. hinn samræmdi kostnaður í öllum þessum skólum, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, þá þyrfti að fara yfir þessa hluti og athuga hvar kostnaðurinn liggur. Ég held að menn hljóti hins vegar að sjá að þetta er hreint yfirvarp yfir hrein og tær skólagjöld.

Ég furða mig reyndar á því að Framsóknarflokkurinn sé

eitthvað feiminn við að gangast við samþykktum sínum í þessu efni. Ekki vafðist fyrir flokknum að svíkja öryrkja um 500 millj. kr. Það vafðist ekki fyrir Framsóknarflokknum. Hefðu þeir þá ekki getað komið hreint fram hvað þetta mál varðar? Ég hefði talið að flokkurinn yrði meiri við að koma til dyranna eins og hann er klæddur. Þeir svíkja öryrkja og er þá ekki nærtækt að fara gegn þessari flokkssamþykkt og gera það undir réttu flaggi en ekki fölsku?

Það hefur verið sérstakt að fylgjast með umræðum í dag og bæði átakanlegt og sorglegt að fylgjast með hæstv. heilbrigðisráðherra afsaka svik sín gagnvart öryrkjum. Þegar maður les Morgunblaðið sem sýnt var í umræðunni í dag og skoðar málið þá nennir maður varla að rökræða það meira við framsóknarmenn. Helstu rökin gegn málflutningi hæstv. ráðherra Jóns Kristjánssonar eru orð hans sjálfs.

Það er sérstakt og átakanlegt að þurfa að horfa upp á stjórnmálamann berjast í að höggvast á við eigin orð og eigin athafnir. Hann lét mynda sig í Þjóðmenningarhúsinu og skreytti sig með myndum þaðan fyrir kosningar. Hann kemur í þennan ræðustól hvað eftir annað til að ganga á bak orða sinna. Mér finnst það mjög sérstakt.

Maður fer að velta fyrir sér: Hve langt er hægt að ganga? Öll eigum við einhvern refsskap í okkur en ég tel að hér sé fulllangt gengið. Ég verð að taka undir þau orð sem féllu í umræðunni í dag. Sömu menn og hneyksluðust á kennurum, sem mættu ekki í vinnu dagspart vegna þess að þeir voru í uppnámi vegna lagasetningar, bera síðan í bætifláka fyrir svik sem ég tel algjörlega óafsakanleg.

Hvað sem því líður tel ég rétt að ræða stuttlega annað mál, þ.e. þá breytingu sem verður á vaxtabótakerfinu. Lækka á útreikning á vaxtabótum úr 5,5% í 5% af vaxtagjöldum skulda. Vaxtabætur renna til þeirra tekjulægri og með þessari breytingu er Sjálfstæðisflokkurinn enn þá að útfæra vinstri stefnu sína á kostnað smælingjanna. Það er í raun undarlegt að fylgjast með þessu. Það verður að taka með í reikninginn að breytingar hafa orðið á fasteignaverði, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Þær eru ekki óútskýrðar, eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson heldur fram, heldur eru mjög greinargóðar ástæður fyrir því.

Með breytingu, hækkun á verði fasteigna, hefur orðið eignamyndun. Vegna þess að vaxtabætur eru miðaðar við bæði tekjur og eignir hefur myndast eign og þarna er verið að raska ákveðnum grunni hjá efnalitlu fólki sem hefur reiknað með vaxtabótunum. Þessa hluti þarf að fara yfir. Þarna eru stjórnarflokkarnir enn á ný að kroppa í þá sem hafa lægri tekjurnar og færa til þeirra sem hafa hærri tekjur.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á það í þeim skattbreytingum sem fylgja þessari fjárlagaumræðu að skila þeim sem hafa háar tekjur, hærri en 450 þús. kr., meira til baka. Þeir sem hafa lægri tekjur fá lítið sem ekki neitt. Jú, barnafólk fær eitthvað árið 2006, ekkert á árinu 2005. Þetta er mjög sérstök forgangsröðun.

Ég hefði talið vænlegra og eðlilegra að byrja á barnafólkinu og láta þá sem hafa hæstu tekjurnar bíða til 2006. Ég held að mjög margir í samfélaginu væru tilbúnir að skrifa undir þá stefnu og að hægt væri að ná almennri sátt um hana.

Hvað varðar orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um hina óútskýrðu verðhækkun á fasteignum þá var á honum að skilja að það væri einhver mystík í kringum það. Í raun held ég að verð á fasteignum stjórnist bara af framboði og eftirspurn. Ég verð að minna þennan ágæta þingmann á að hann er þingmaður landsbyggðarinnar. Því miður hefur orðið lækkun á fasteignaverði víða á landsbyggðinni. Ég hef a.m.k. ekki orðið var við mjög mikla hækkun á Hofsósi, Skagaströnd, Patreksfirði og víðar. Þvert á móti hefur jafnvel orðið lækkun, a.m.k. miðað við fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu. Í rauninni er lágt fasteignaverð á landsbyggðinni afleiðing af stefnu stjórnarinnar. Atvinnuréttur-inn í þessum byggðum hefur verið gerður að söluvöru. Með því hefur verðið á fasteignunum einfaldlega lækkað.

Á þessu ári bætti hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson um betur og lagði enn einn stein í götu þessara byggða ásamt félaga sínum hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni þegar þeir samþykktu að kvótasetja trillurnar. Það er furðulegt í ljósi þess að þessir þingmenn koma af Vestfjörðum. En það er ekki ólíklegt að kvótasetning á trillum hafi einmitt komið Vestfjörðum hvað verst. Það er mjög sérstakt og maður fer að velta fyrir sér: Hvað gengur mönnunum til? Ég átta mig ekki á því.

Ég ætla að ítreka það að í rauninni er engin mystík í kringum þetta. Fasteignaverðið stjórnast af framboði og eftirspurn og fólksflutningurinn af landsbyggðinni til höfuðborgarinnar hefur enn aukið á eftirspurn eftir húsnæði á höfuðborgarsvæðinu sem vafalaust hefur hækkað verð.

Að mörgu leyti er það afar sérstætt, í ljósi stöðu landsbyggðarinnar, að verða vitni að niðurskurði í hjá hinu opinbera á störfum á landsbyggðinni, m.a. í Norðvesturkjördæmi. Lagt er til að kroppa í heilsugæslustöðvar, m.a. í Norðvesturkjördæmi á sama tíma og Framsóknarflokkurinn býr til mjög merkilega skýrslu um byggðamál og atvinnumál í kjördæminu. Á sama tíma segir hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson að nú sé komið að atvinnuuppbyggingu í Norðvesturkjördæmi. Ég verð að segja eins og er, að ég finn þeirri stefnu, úr skýrslu Framsóknarflokksins og orðum hæstv. forsætisráðherra, ekki nokkurn stað í fjárlagafrumvarpinu. Alls ekki.

Ég er að velta fyrir mér hvað þau meina með þessu. Eru þetta bara orð út í bláinn, eitthvert orðagjálfur. Það er kominn tími til að menn fari að standa fyrir máli sínu. Hvað meina þeir með að láta þetta ágæta fólk úr Framsóknarflokknum sem vann þessa skýrslu — ég kannast ágætlega við marga þeirra — um atvinnumál í Norðvesturkjördæmi, vinna skýrslu sem ekkert er gert með? Mér finnst sérstakt að horfa upp á þetta. Mér finnst lítið úr þessu fólki gert með því að láta það vinna mikla vinnu og gera ekkert með hana.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson bað um niðurskurðartillögur. Ég ætla að benda á að gífurleg aukning hefur orðið á útgjöldum hinna og þessara málaflokka sem maður botnar ekkert í. Ég var með fyrirspurn um fjölda sendiherra. Þeim hafði fjölgað ógurlega. Margir sendiherranna voru staddir á Íslandi og vinna örugglega mjög þarft starf. Ég veit það ekki, en mér finnst það illa útskýrt. Hv. þm. Bjarni Benediktsson ætti að fara ofan í saumana á því. Hvað eru þessir menn að gera á launum sem virðast í kringum milljón á mánuði? Ég tel að þar gæti verið um sparnað að ræða.

Í ræðu hæstv. utanríkisráðherra komu fram ákveðin skilaboð um að kannski mætti skoða hvort utanríkisþjónust-

an, sem hann taldi vera óaðskiljanlegan þátt af fullveldi Íslands og skipta miklu máli að hún hefði verið efld mikið, þyrfti að fara í einhverja hagræðingu. Ég held að menn ættu einmitt að skoða þá þætti. Eins þá vitleysu, vil ég leyfa mér að segja, að sækja um sæti í öryggisráðinu. Hvað eru menn að hugsa? Hverju ætla menn að breyta í öryggisráðinu? Ég átta mig ekki á því. Ég tel einsýnt að við getum einungis tapað á því að fá sæti þarna í öryggisráðinu. Ef við fylgjum stefnu Bandaríkjamanna í einu og öllu er hætt við að við bökum okkur óvinsældir og jafnvel óvild þjóða sem utanríkisstefna Bandaríkjamanna fer á skjön við. Við gætum jafnvel orðið aðhlátursefni.

Ég minnist þess að hafa séð ágæta bíómynd þar sem við vorum talin upp sem ein af stuðningsþjóðum innrásarinnar í Írak. Þar var gert óspart grín að Íslendingum. Ég tel að við ættum að hugsa okkur tvisvar um áður en við reynum að koma okkur inn í öryggisráðið. Ég tel einsýnt að við getum í raun einungis tapað á því.

Ég tel að við ættum að skoða hvað við erum að gera með 14 sendiherra starfandi á Íslandi. Ég átta mig ekki á því. Ég hefði talið að því fé betur borgið annars staðar, m.a. í Norðvesturkjördæmi. Það er alveg með ólíkindum að horfa upp á menn búa til skýrslu og kroppa í eitt og annað í atvinnulífinu og brjóta jafnvel gegn stjórnarskránni með því að ráðast gegn atvinnustarfsemi í byggðarlagi eins og Búðardal, sem stendur höllum fæti. Þá gengur ríkisstjórnin með hæstv. landbúnaðarráðherra Guðna Ágústsson í broddi fylkingar og meinar fyrirtæki og fólki í Búðardal að starfa. Auðvitað gengur þetta á svig við stjórnarskrána. Maður hefði haldið, eftir ég hafði látið stór orð falla um að þar væri mögulegt stjórnarskrárbrot, þá kæmi hæstv. landbúnaðarráðherra fram og segði fólkinu hvers vegna hann treysti því ekki fyrir starfsleyfi. Nei, hann treystir sér ekki til að útskýra það heldur bjó hæstv. landbúnaðarráðherra til moðreyk og reyndi að fela slóðina. Það er með ólíkindum.

Það er örugglega hægt að ná fram miklum sparnaði víða í ríkisrekstrinum. Ég ætla að benda á einn lið í viðbót fyrir hv. þm. Bjarna Benediktsson, vegna þess að hann hafði áhuga á að fá leiðbeiningar. Ég tel vert að fara að skoða Ábyrgðarsjóð launa. Þar er milljarður. Ég tel að menn eigi að skoða, ef þar eru það háar upphæðir, hvort fyrirtækin í landinu kaupi sér ekki tryggingar sjálf hvað þetta varðar í stað þess að þetta sé tekið af tryggingagjaldi, jafnvel af fyrirtækjum sem standa ætíð skil á reikningum sínum. Þau greiða með gjöldum sínum launakostnað fyrirtækja sem eru sífellt að skipta um kennitölur.

[22:02]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Já, við erum hér að ræða fjárlagafrumvarpið við 2. umr. Ég er að hugsa um að byrja á því að fara yfir þau álit sem ég á aðild að, álit sem send hafa verið fjárlaganefnd frá annars vegar menntamálanefnd og hins vegar umhverfisnefnd en í þeim tveim nefndum á ég sæti.

Kannski áður en ég byrja að fara yfir þau álit langar mig til að segja að vinnubrögðin við þetta fjárlagafrumvarp eru að nokkru leyti önnur en verið hafa undanfarin ár. Þar á ég fyrst og fremst við það að umsóknir frá félagasamtökum, stofnunum, félögum og einkaaðilum sem hafa komið til fjárlaganefndar og heyra undir viðkomandi fagnefndir hafa ekki farið þá leið sem þessar umsóknir hafa farið hingað til. Með því er ég að segja að menntamálanefnd Alþingis hefur ekki fengið að sjá þær umsóknir sem fjárlaganefnd hefur fjallað um varðandi menningarstarf, uppbyggingu gamalla húsa á landsbyggðinni, endurbyggingu eikarbáta, svo að eitthvað sé nefnt, ekki heldur neinar umsóknir frá félagasamtökum sem hingað til hafa allar ratað inn á borð þessara fagnefnda. Menntamálanefnd hefur hingað til getað haft mjög góða yfirsýn yfir það sem er að gerast hjá félagasamtökum, einkaaðilum og í menningarhéruðum úti um allt land en í þetta sinn hefur menntamálanefnd ekki þá yfirsýn sem ég tel nauðsynlega.

Hið sama má segja um umhverfisnefnd. Við höfum ekki lengur yfirsýn. Með þessu háttalagi hefur umhverfisnefnd ekki yfirsýn yfir það hvernig stöðu frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála er t.d. háttað, hvernig fjárveitingar til þeirra hafa þróast eða hverjar beiðnir þeirra hafa verið þetta árið. Ég tel það afar bagalegt, hæstv. forseti, og tel þetta hafa gert hv. þingmönnum sem starfa í fagnefndunum afar erfitt að gera sér grein fyrir því sem hér liggur á borðum okkar í formi breytingartillagna frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Ég ætla annars að byrja á áliti sem fylgir bæði nefndaráliti 2. minni hluta fjárlaganefndar og líka nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar. Þetta er álit sem ég rita ein undir og er frá minni hluta umhverfisnefndar. Þar gagnrýni ég það að í þetta sinn láðist að kalla til umhverfisnefndarinnar forstöðumenn stofnana sem heyra undir málasvið nefndarinnar og úr því að ekki reyndist tími til að kalla þessa forstöðumenn fyrir nefndina óskaði ég eftir því að þær helstu stofnanir sem heyra undir umhverfisráðuneytið sendu umhverfisnefnd minnisblöð sem gæfu okkur einhverjar upplýsingar um það hvernig fjármálum þeirra væri háttað og hver staða stofnananna væri. Við fengum minnisblöð frá þeim stofnunum sem ég óskaði eftir, þ.e. frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulagsstofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Samtökum náttúrustofa. Álit mitt byggir á minnisblöðum frá þessum stofnunum.

Það kemur auðvitað í ljós þegar minnisblöðin eru skoðuð að þessar stofnanir eiga allar við umtalsverðan rekstrarvanda að etja. Ég tel afar nauðsynlegt að fjárveitingavaldið taki afstöðu til þeirra upplýsinga sem því hafa verið gefnar við skoðun þessara mála og við meðferð fjárlaganefndarinnar.

Því miður kemur ekkert fram í breytingartillögum frá meiri hluta nefndarinnar sem kveikir einhverja von í brjósti mínu um það að staðan verði leiðrétt hjá þessum stofnunum.

Ég tel í fyrsta lagi Náttúrufræðistofnun Íslands afar illa stadda. Það sannar stjórnsýsluendurskoðun sem Ríkisendurskoðun er að láta framkvæma á stofnuninni að beiðni hennar sjálfrar. Fjárhagsstaða hennar er afar vel rakin í nýrri mjög svo veglegri ársskýrslu stofnunarinnar, enda hélt hún ársfund sinn fyrir einungis örfáum dögum. Í ávarpi í þessari ársskýrslu rekur forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands þennan fjárhagsvanda og segir m.a., með leyfi forseta:

„Nú er svo komið að stofnunin er ekki aðeins með verulegan uppsafnaðan fjárhagsvanda, heldur er hún einnig með

of veikan fjárhagsgrunn fyrir þá skertu starfsemi sem í gangi er. Starfsfólki hefur fækkað það mikið og fjárhagur er orðinn svo bágur að stofnunin nær ekki lengur að sinna lögbundnum verkefnum sínum með fullnægjandi hætti."

Hæstv. forseti. Það er auðvitað grafalvarlegt þegar stofnun á borð við Náttúrufræðistofnun Íslands, sem er einn af máttarstólpum náttúruverndar á Íslandi, þarf að syngja slíkan sultarsöng í ársskýrslu sinni. Það er alveg með ólíkindum að ekki skuli vera hægt að koma til móts við þessar grunnþarfir stofnunarinnar, stofnunar sem við þó erum að mæra hér þegar ber á góma málefni eins og náttúruverndaráætlun, gerð náttúrukorta eða vistfræðikorta. Meira að segja stóriðjufíklarnir í ríkisstjórninni tala stöðugt um vöktun á þessu og hinu hvað varðar náttúru og áhrif framkvæmda mannsins á náttúruna. Og hver á að annast þessa vöktun? Það er að stórum hluta Náttúrufræðistofnun Íslands en stofnunin fær bara enga fjármuni til að sinna þessum verkefnum.

Það er svo illa komið að ársverkum á Náttúrufræðistofnun Íslands hefur fækkað svo að þau verða færri á þessu ári, 2004, en þau voru fyrir fimm árum. Hvað segir þetta um áherslur ríkisstjórnarinnar um málefnin sem heyra undir þessa virðulegu stofnun?

Það er gott og blessað og virkilega ber að fagna því að Akureyrarsetur Náttúrufræðistofnunar skyldi hafa fengið úrbætur í húsnæðismálum. Það var sannarlega orðið tímabært. Því er fagnað í ársskýrslu stofnunarinnar en að sama skapi er því ekki fagnað hvernig ástandið er í Reykjavíkursetrinu. Það hefur verið í bráðabirgðahúsnæði í u.þ.b. hálfa öld. Húsnæðismálasaga Náttúrufræðistofnunar er náttúrlega orðin svo sorgleg að það er eiginlega ekki hægt að rekja hana. Hún hefur oft verið rakin hér úr þessum stóli og á málþingum og ársfundum stofnunarinnar þannig að það er ekki þörf á að lengja umræðuna hér með því að vera að fara frekar yfir hana en í sannleika sagt er ástandið svo bágborið að ekki verður lengur unað við þetta. Ríkisstjórn sem telur sig vera þess umkomna að hæla sér og hreykja af fjölgun friðlýstra svæða, stækkun þjóðgarða og guð veit hvað á ekki að koma svona fram við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Hún á heldur ekki að koma svona fram eins og hún gerir við Umhverfisstofnun Íslands sem er annar máttarstólpi undir náttúruvernd á Íslandi. Það er nákvæmlega sama sagan þar upp á teningnum. Umhverfisstofnun sendir okkur minnisblað. Í því kemur fram að fjárlaganefnd hafi beinlínis láðst að reikna með fjárveitingu vegna verndaráætlunar fyrir Mývatnssveit sem þó var gert ráð fyrir í lögum nr. 97/2004, sem sagt í lögum frá þessu ári, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Hv. þingmönnum hér í þessum sal ætti að vera í fersku minni sú lagabreyting sem við gerðum sl. vor og við vissum það öll sem sitjum í þessum sal að þessum breytingum áttu að fylgja fjármunir. Þeir komu ekki í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Þeir komu ekki í breytingartillögum meiri hlutans við 2. umr. um fjárlagafrumvarpið.

Hæstv. forseti. Þetta bara verður að leiðrétta. Þetta eru náttúrlega mistök og ekki hægt að flokka það undir neitt annað því að við erum nýbúin að samþykkja þessa breytingu á lögunum.

Einnig skortir fjárveitingu til Umhverfisstofnunar vegna dýraverndarmála. Ég gerði það að umtalsefni hér í ræðu minni við fjárlagaumræðuna fyrir ári og óskaði eftir því að hæstv. umhverfisráðherra beitti sér fyrir því að í fjárlögum fyrir 2005 yrðu þessi mál leiðrétt og dýraverndarmálum yrði komið í það horf sem sómi væri að innan Umhverfisstofnunar. Það hefur heldur ekki verið gert. Enn eru veigamiklir hlutir látnir dankast í þessum málaflokki.

Það er líka nauðsynlegt að ríkisstjórnin standi við stóru orðin um átak í uppbyggingu þjóðgarða og friðlýstra svæða en það er auðvitað Umhverfisstofnun sem ber hitann og þungann af því öllu saman og nauðsynlegt að henni sé gert kleift að standa þannig að málum að sómi sé að.

Náttúruverndaráætlunin okkar, nýsamþykkta, útheimtir líka talsvert aukin fjárframlög en þeirra sér ekki stað í fjárlagafrumvarpinu svo að nokkru nemi. Doðranturinn fíni, náttúruverndaráætlunin sem við samþykktum hér nýverið, kemur til með að verða rykfallið plagg uppi í hillum Umhverfisstofnunar ef ekki verður breyting á.

Skipulagsstofnun sendi umhverfisnefnd líka minnisblað. Þar eru hlutir eins og óraunhæf sértekjukrafa sem reyndar má líka nefna hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Ég skil ekki af hverju fjárveitingavaldið þarf alltaf að búa til óraunhæfar sértekjukröfur á stofnanir sem er algerlega fyrirséð hversu mikla möguleika eiga á að afla sér sértekna. Algerlega fyrirséð. Samt leyfir fjármálaráðuneytið sér, og eflaust með samþykki umhverfisráðuneytisins, að búa til sértekjukröfur sem eru út úr öllu korti og standast enga skoðun í raunveruleikanum. Þetta á eins og ég segi bæði við um Skipulagsstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Það verður líka að hafa í huga að stofnanir eins og Skipulagsstofnun geta alls ekki haft nein áhrif á sértekjur sínar. Það er ekki eins og þessar stofnanir geti bara framleitt einhverjar vörur og selt á markaði. Það er ekki um það að ræða. Eins og ég segi, þetta er fullkomlega fyrirséð og algerlega vitað í dag að sértekjukrafan á báðum þessum stofnunum er óraunhæf og að undir þeim kröfum geta stofnanirnar ekki staðið. Það þýðir að auknir fjármunir verða að koma til beint af fjárlögum.

Veðurstofa Íslands er þannig sett að veðurþjónustan og úrvinnsla veðurgagna er komin niður fyrir ásættanlegt lágmark að mati forstöðumanns stofnunarinnar. Það er auðvitað ekki tilhlýðilegt að maður þurfi að lesa þannig umsögn frá stofnun sem er að fá nýja lagaumgjörð. Hæstv. umhverfisráðherra fór fögrum orðum um gildi þessarar stofnunar í ræðu fyrir örskömmu á Alþingi og svo eru efndirnar í fjárlögunum þær sem við getum litið hér.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um náttúrustofurnar, hæstv. forseti. Þar tel ég að Alþingi fari á svig við sína lögbundnu skyldu en þessar náttúrustofur starfa samkvæmt lögum nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Í 10. gr. þeirra laga segir hvorki meira né minna en það að framlag ríkisins til hverrar stofu — þó að þær séu á ábyrgð sveitarfélaganna hvað varðar rekstur er framlag ríkisins samkvæmt lögunum fjárhæð „sem nemur launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri fjárhæð sem er allt að jafnhá þeirri fjárhæð", þ.e. launaupphæðinni.

Hvernig er þetta efnt? Frumvarpið gerir ráð fyrir 7,9 millj. á hverja náttúrustofu, þ.e. tæpum 4 millj. þá í laun og líka tæpum 4 millj. í rekstur. Nú segja stofurnar að 4 millj.

nái sannarlega ekki að dekka laun og launatengd gjöld vegna forstöðumanns, það vanti 3,8 millj. kr. upp á að framlagið til hverrar stofu standi undir því sem því er ætlað samkvæmt lögunum. Hver einasta stofa þarf að verða af tæpum 4 millj. og þar sniðgengur ríkisstjórnin lög sem hér hafa verið sett, á hinu háa Alþingi. Samkvæmt lögum ætti framlagið til hverrar náttúrustofu að vera 11,7 millj. en ekki 7,9 eins og það er. Ekki er gerð nein tilraun milli umræðna til að breyta þessu þó að búið sé að benda fjárlaganefnd skýrt og skorinort á að hér sé verið að fara á svig við lög.

Í stað þess bætir fjárlaganefnd 5 millj. á hverja stofu í sérverkefni sem er svo sem gott og gilt og þessar stofur þurfa auðvitað að hafa stuðning hins opinbera til að taka að sér ákveðin verkefni, hver í sinni heimabyggð. Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum hér, virðulegi forseti, hversu atvinnuskapandi þau verkefni eru sem þessar náttúrustofur standa fyrir. Þetta eru uppsprettur atvinnutækifæra í heimabyggð, þær eru í landshlutunum öllum og þeim hefur fjölgað. Það verður bara að sjá til þess að þær fái byr í vængina og geti staðið þannig að málum að sómi sé að.

Nokkur orð um safnliðina sem heyra undir umhverfisráðuneytið í fjárlögunum. Það er afar kúnstugt, virðulegi forseti, að fjárlaganefndin skrifaði tvö bréf til umhverfisnefndar í október, annað dagsett 12. október og hitt 18. október. Fyrra bréfið var til að tilkynna umhverfisnefnd að óskað væri eftir því að hún gerði tillögur um skiptingu safnliða sem heyrðu undir ráðuneyti umhverfismála en hið síðara, sem var ritað sex dögum síðar, tilkynnti nefndinni að fjárlaganefnd hefði skipt um skoðun og nú væri ekki óskað eftir því að umhverfisnefnd gerði tillögu um skiptingu safnliðanna. Engin rök voru færð í þessu síðara bréfi fyrir ákvörðuninni. *Engin rök. Umhverfisnefnd fékk ekkert að* vita.

Hæstv. forseti. Fyrir það fyrsta finnst mér þessi hringlandaháttur vera til marks um það að fjárlaganefnd sé í miklu ráðaleysi í þessari umsýslu sinni. Ég vil minna á að í 25. gr. þingskapalaga er þess getið að fjárlaganefnd geti vísað verkefnum til fastanefndar. Það fyrirkomulag hefur viðgengist hér á Alþingi allt síðasta kjörtímabil, ég sit hér mitt sjötta þing þannig að ég get talað af einhverri reynslu um þetta. Ég veit til þess að þetta fyrirkomulag var tekið meðvitað upp að fyrirmynd norrænu þjóðþinganna. Íslenskum þingmönnum sem þau heimsóttu þótti þetta verklag til fyrirmyndar og vildu innleiða það hér. Það var gert með góðum rökum en þegar það var síðan afnumið voru engin rök. Ekki nokkur.

Eins og ég segi hafa fagnefndirnar sem sagt fengið til umsagnar þær umsóknir sem fjárlaganefnd berast um stuðning við félög og einstaklinga á viðkomandi málasviði en nú er horfið frá því. Það gildir um aðrar nefndir þingsins líka eins og ég gat um í upphafi máls míns, t.d. hjá menntamálanefnd sem hefur haft umfangsmikið starf á hendi hvað þetta varðar. Ég vil meina að þetta geri störf nefndanna fátækari því að ég tel okkur þingmenn sem störfum á ákveðnum málasviðum missa yfirsýn þegar við missum þennan hluta starfsins út af borðum okkar.

Ég mæli hins vegar með því í grunninn að þeim úthlutunum af safnliðum sem hafa verið þær úthlutanir sem fagnefndirnar hafa haft umsagnarrétt yfir — ég hef talað fyrir því áður og tala fyrir því enn að þessum úthlutunum verði komið í einhvern formlegri farveg en þann að fjárlaganefnd ein sýsli um þetta og útdeili peningum á safnliðum án þess að það séu nokkrar kríteríur eða nokkur fagleg skoðun á verkefnunum sem um ræðir. Ég tel að hér þurfi að gera mikla bragarbót til þess að vel megi fara. Það væri eðlilegt að stofnaðir yrðu einhvers konar sjóðir með faglegri yfirstjórn sem mundi þá auglýsa eftir styrkjum, einu sinni til tvisvar á ári, þannig að þeir aðilar sem hafa með höndum verkefni sem gætu heyrt undir þær kríteríur sem settar yrðu gætu sótt um. Þeir vita þá hverjar reglurnar eru sem sjóðirnir starfa eftir, vita um úthlutanirnar, hvenær þær færu fram, og þannig væri hægt að tryggja eftir föngum að öllum væri ljós framgangsmáti styrkveitinganna. Þar með ættu allir jafnan aðgang að fjármununum og jafnan möguleika á að hreppa stuðning til þeirra verkefna sem væri verið að vinna að í það og það skiptið.

Einnig mætti hugsa sér, virðulegi forseti, að hluti af því fé sem fjárlaganefnd hefur úthlutað rynni óskipt til stofnana á viðkomandi sviði, t.d. vil ég nefna fjármunina sem fara í að endurgera gömul hús eða gamla eikarbáta. Þeir gætu þá farið beint í gegnum húsafriðunarnefnd. Mér er kunnugt um að eftir daginn í dag, eftir að ég hef lesið allar breytingartillögurnar frá meiri hluta fjárlaganefndar, hefur einmitt verið haft samstarf við húsafriðunarnefnd með alla þá styrki sem varða verndun gamalla húsa. Er það vel. Hins vegar er spurning hvort sá framgangsmáti, að þetta sé gert á borði fjárlaganefndar, sé endilega sá eini rétti.

Það má segja að það sé skref aftur á bak í þessari vinnu að fagnefndirnar skuli sviptar umsagnarréttinum. Ég tel það kannski sérstaklega vera í menntamálanefnd þar sem umfang þessa starfs hefur verið talsvert mikið. Að *mínu mati* var afar bagalegt að tapa yfirsýninni sem glataðist við það.

Ég rita líka, hæstv. forseti, undir sérálitið, þ.e. minnihlutaálit í menntamálanefnd. Það heitir í gögnum álit frá 2. minni hluta menntamálanefndar. Meiri hlutinn náði ekki að vera meiri hluti þegar álitin voru afgreidd frá nefndinni þannig að 1. minni hluti og 2. minni hluti menntamálanefndar skiluðu álitum. Hv. þm. Jón Bjarnason fór í sínu máli yfir ákveðna þætti í áliti sínu þannig að ég tíunda það ekki svo nákvæmlega. Þar á ég fyrst og fremst við tillögur sem koma frá stjórnarandstöðunni núna á þingskjölum sem lúta að breytingum á framlögum til framhaldsskólanna og framlögum til opinberu háskólanna.

Það er afar mikilvægt, hæstv. forseti, að einhverjar skýringar komi frá stjórnarmeirihlutanum á því hvers vegna verið er að fara með þeim hætti — ég vil segja að það sé ákveðin aðför í gangi að bæði framhaldsskólunum og hinum opinberu háskólum. Það hefur verið ágætlega rökstutt í ræðum þeirra hv. stjórnarandstöðuþingmanna sem sitja í fjárlaganefndinni og hafa talað hér í dag og það er eins vel rökstutt í þeim gögnum sem liggja hér að baki og í því áliti sem ég hef nefnt.

Ásamt mér rita undir þetta álit 2. minni hluta í menntamálanefnd hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir og Mörður Árnason. Ég nýt þó nokkurrar sérstöðu í þessu áliti þar sem ég hef sérstakar athugasemdir við afgreiðslu safnliðanna. Í áliti mínu segir að mér þyki afgreiðsla safnliðanna handahófskennd og að ég telji fráleitt

að hverfa aftur til þess tíma er fagnefndin var útilokuð frá því að sjá styrkumsóknir þær sem fjárlaganefnd bárust til ýmissa menningartengdra verkefna.

Ég auglýsi eftir því að ég hefði gjarnan viljað fá að fylgjast með hvernig stuðningur við verk á borð við Nýsköpunarsjóð tónlistar þróaðist, verk sem Tónskáldafélag Íslands hefur leitað eftir stuðningi við. Sömuleiðis Leikminjasafn Íslands, svo að eitthvað sé nefnt. Vitna ég þar til minna eigin orða í áliti menntamálanefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2004. Þetta ráðslag fjárlaganefndarinnar er afar gagnrýnivert, alveg eins og það ráðslag að ráðuneytin skuli banna forstöðumönnum ríkisstofnana að senda fjárlaganefnd erindi eða óska eftir að koma fyrir fjárlaganefnd til að skýra stöðu stofnana sinna.

Þegar nefndarálit meiri hluta fjárlaganefndar er skoðað, hæstv. forseti, dett ég niður á nokkur atriði sem mig langar til að gera athugasemdir við.

Það má eiginlega ítreka þau orð sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon viðhafði um tóma ráðherrabekki í sinni ræðu. Auðvitað fyndist manni eðlilegt að maður fengi að spyrja hæstv. ráðherra út úr og ég hef satt að segja talsvert margar spurningar til bæði hæstv. umhverfisráðherra og hæstv. menntamálaráðherra. Hvorug situr hér inni og reyndar eru ráðherrabekkirnir alveg galtómir, eins og þeir eru búnir að vera hér lengst af í dag. Það er skammarlegt að hæstv. ráðherrar skuli koma svona fram. Þetta er vinnulag sem er að versna. Þetta var ekki jafnslæmt og nú, þetta versnar orðið ár frá ári.

Ég hefði haft gaman af að spyrja bæði hæstv. menntamálaráðherra og hv. formann fjárlaganefndarinnar út í stuðning við myndlistarskóla sem hafa fengið stuðning undir liðnum Framhaldsskólar – almennt. Þar fær Myndlistarskólinn á Akureyri 2 millj. kr. hækkun til framlags. Það er fínt og ég fagna því. Það verður þó að segjast eins og er að aðrir myndlistarskólar sækja um nákvæmlega það sama. Myndlistarskólinn í Reykjavík skrifar afar sympatískt bréf til fjárlaganefndarinnar þar sem farið er yfir húsnæðismál skólans, framkvæmdir í skólanum, það hvernig kennslan hefur verið að eflast og hvernig þau hafa reynt að fjármagna aukin umsvif með hækkun skólagjalda. Svo kemur afskaplega hógvær ósk í lokin á því bréfi þar sem stjórn Myndlistarskólans í Reykjavík fer þess á leit við fjárlaganefnd Alþingis að skólanum verði veitt framlag úr ríkissjóði upp á 6,4 millj. kr., annars vegar til uppbyggingar á húsnæði skólans og hins vegar til að rétta af fjárhag fornámsdeildarinnar. Fornámsdeildin er eins og við vitum mjög mikilvæg deild til að undirbúa nemendur undir nám á háskólastigi. Úr fornámsdeild Myndlistarskólans í Reykjavík kemur fjöldinn allur af nemendum sem fer í myndlistardeildir Listaháskóla Íslands.

Ég vil fá að vita hvers vegna Myndlistarskólinn á Akureyri, sem hefur líka skrifað hógvært og huggulegt bréf, fær en ekki Myndlistarskólinn í Reykjavík. Mér finnst ekki hægt að gera svona upp á milli skóla sem eru að vinna á sama sviði, hvor í sínum landshlutanum, hafa báðir jafnmikið til síns máls og eru báðir með jafnhógværar óskir. Ég skil ekki þessa mismunun. Ég hefði viljað leggja hér spurningar fyrir a.m.k. hv. þm. Magnús Stefánsson, formann fjárlaganefndar, til að fá einhverjar skýringar á þessu. Við hv. alþingismenn megum ekki láta segja það um okkur að við förum hér í manngreinarálit.

Hæstv. forseti. Ég er alltaf að missa gögnin mín, ég bið afsökunar á því hvað mér helst illa á þeim en það eru svo mörg gögn sem mig langar til að vitna í og þau gögn sem eru að detta hér úr höndum mínum heyra líka til menntamálanefnd. Svo að þau hætti að detta ætla ég bara að taka þann hluta ræðu minnar núna.

Sá hluti ræðu minnar fjallar um húsasafn Þjóðminjasafns Íslands.

Húsasafn Þjóðminjasafnsins fær sérgreinda fjárveitingu upp á 55 millj. kr. Alþingismönnum er kannski ekki nægilega vel kunnugt um þetta safn sem þó er mikið að vöxtum og dreift úti um allt land. Þjóðminjasafnið er á bls. 87 í frumvarpinu og þar stendur að endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins fái 55 millj. kr. Árið 2001 var húsasafn Þjóðminjasafnsins skorið niður úr 65 millj. í 55 millj. Árið 2001 var menningarár UNESCO, menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Það ár hefði fjárveitingavaldið á Íslandi auðvitað átt að hækka verulega framlagið til húsasafns Þjóðminjasafnsins en það var skorið niður um 10 millj. Þeim niðurskurði hefur verið viðhaldið þannig að húsasafn Þjóðminjasafnsins fær núna þriðja árið í röð einungis 55 millj. kr.

Á sama tíma veitir fjárlaganefnd fjárveitingar til uppbyggingar gamalla húsa vítt og breitt um landið og eins og ég sagði áðan er það vel. Þau hús sem þar eru á listanum eru öll þess verðug að fá fjármuni frá hinu opinbera en ég ætla bara að vekja athygli á því til þess að það sé alveg hreint og skýrt og hv. alþingismönnum sé það ljóst að í húsasafni Þjóðminjasafnsins eru hin eiginlegu menningarverðmæti þegar gömul hús eru annars vegar, þjóðargersemar Íslendinga. Hvaða hús eru það? Jú, það eru torfbæirnir okkar og torfkirkjurnar, hlöðnu klukknaportin og þær byggingar sem vindur og vatn eiga virkilega greiða aðkomu að, byggingar sem þurfa verulega mikið viðhald, eru dreifðar úti um allt land og veita fólki vítt og breitt um landið atvinnu.

Nú er svo komið að þessar eðlu byggingar, þær byggingar sem húsasafn Þjóðminjasafnsins hefur í vörslu sinni, grotna niður. Á meðan þessar 55 millj. eru ekki hækkaðar fara þessi hús að láta verulega á sjá. Til að menn átti sig á því hvaða hús um er að ræða get ég nefnt bara af handahófi Glaumbæ í Skagafirði, Víðimýrarkirkju, Grenjaðarstað í Aðaldal, sæluhús við Jökulsá á Fjöllum, Staðarkirkju á Reykjanesi, Vopnafjarðarhús í Árbæjarsafni, hér úti á Seltjarnarnesi er Nesstofa við Seltjörn, (**Gripið fram í:** Keldur.) Keldur. Svona mætti áfram telja. Það má fara vítt og breitt um landið. Sómastaðir við Reyðarfjörð. Bænahúsið á Núpsstað er nú eitt hús sem þarf á því að halda að vel sé við haldið og vel gert við. Svona mætti eins og ég segi áfram telja, hæstv. forseti. Þetta er hluti af menningargersemum okkar, meira að segja gersemar sem hefur verið haft á orði að gætu átt heima á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Hún hefur verið vinsælt umræðuefni, bæði hér í þessum ræðustóli og eins hjá hæstv. ráðherrum upp á síðkastið. Við erum hreykin af því að Þingvellir skyldu hafa komist á heimsminjaskrá. Við erum hreykin af því að eiga torfbæi sem mögulega gætu átt heima á heimsminjaskrá Sameinuðu

þjóðanna. En þeir eiga kannski ekki þann möguleika miklu lengur ef við sinnum ekki betur en við gerum því sjálfsagða hlutverki okkar að efla húsasafn Þjóðminjasafnsins.

Til að gefa þingmönnum og þingheimi tækifæri á að gera bragarbót höfum við hv. þingmenn, ég og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir, flutt breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið þar sem við gerum ráð fyrir að endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins fái hækkun sem nemur 23 millj. kr. Fyrir þessari breytingartillögu er gerð grein á þskj. 451.

Sömuleiðis erum við þar með hækkun til safnasjóðsins sem hefur það lögbundna hlutverk að safnaráð á að veita til byggðasafna, minjasafna og safna og sýninga vítt og breitt um landið fjármuni eftir ákveðnum reglum. Safnasjóður er mjög merkilegur sjóður sem var stofnaður með safnalögunum. Mikil umræða var um hann þegar við fórum hér í gegnum öll safnalögin okkar fyrir einum þremur árum síðan. Ég veit að ég þarf ekki að hafa mörg orð um það við hv. þingmenn hversu mikilvægur sá sjóður er og hversu mikilvægt starf safnaráð hefur verið að vinna.

Ég vil segja að væntingar okkar sem unnum frumvörpin í menntamálanefnd til þessa safnasjóðs eru farnar að dala þar sem fjármunir til hans hafa ekki fylgt þeim væntingum sem nefndin hafði þegar safnasjóður var settur á laggirnar með þessum nýju lögum. Við gerum það að tillögu okkar, Álfheiður Ingadóttir og ég, að safnasjóður fái aukið fjármagn og það verulega. Við gerum í breytingartillögu okkar ráð fyrir að hækkunin verði 54 millj., úr 66 sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir þannig að sjóðurinn ætti þar með að hafa 120 millj. úr að spila. Það er ekki ofrausn vegna þess að þessa stundina liggja fyrir safnasjóði umsóknir upp á rúmar 200 millj. kr., allt afskaplega þörf verkefni.

Eflaust fær fjöldinn af þeim verkefnum svo sem einhvern stuðning núna í gegnum fjárlaganefnd en eins og við vitum veitir fjárlaganefnd hér yfir 200 millj. kr. í alls kyns menningartengd og safnatengd verkefni. Mér sýndist miklu skynsamlegra að koma þessum verkefnum fyrir undir safnaráði. Mér fyndist það á þann hátt vera tryggt að öll verkefni lytu faglegri umsjá og að umsóknirnar væru þá allar vegnar með sömu mælistiku. Þetta er ræða sem ég hef haldið áður úr þessum ræðustóli og ætla svo sem ekki að lengja mál mitt með því að hafa hana lengri að sinni.

Aðra breytingartillögu frá mér er t.d. að finna á þskj. 450, hæstv. forseti. Þar fjalla ég um breytingar á tveimur fjárlagaliðum, annar heyrir undir utanríkisráðuneytið og hinn undir dómsmálaráðuneytið. Hér er ég að sjálfsögðu að tala um Mannréttindaskrifstofu Íslands. Í þessum sal hafa orðið talsverð átök, vil ég segja, um málefni Mannréttindaskrifstofu Íslands eftir að ljóst varð að dómsmálaráðuneytið gerði ekki lengur ráð fyrir nafngreindu fjárframlagi til Mannréttindaskrifstofunnar í því fjárlagafrumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Það var í hæsta máta óviðeigandi og undarleg ráðstöfun að mínu mati og gerði ég athugasemdir við það hér og átti orðastað við hæstv. dómsmálaráðherra um þau mál. Ég gagnrýndi það að Mannréttindaskrifstofan skyldi vera tekin út af sakramentinu, og fjárlagaliðnum upp á 4 millj. kr. í staðinn breytt í almenn framlög til mannréttindamála.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um rökstuðninginn sem hæstv. ráðherra hafði fyrir þessum gjörðum sínum en eins og ég segi endaði hann með háværum mótmælum úti í samfélaginu. Hvað gerist svo í dag? Þegar við lesum breytingartillögurnar frá meiri hluta fjárlaganefndar uppgötvum við að undir lið utanríkisráðuneytisins kemur allt í einu breytingartillaga þar sem viðfangsefnið undir lið 190 Ýmis verkefni hjá utanríkisráðuneytinu nr. 1.23 breytist úr Mannréttindaskrifstofu Íslands í Mannréttindamál, almennt.

Hæstv. forseti. Hvað er hér á ferðinni? Hefur fjárlaganefnd tekið þá ákvörðun að breyta fjárlagalið utanríkisráðuneytisins sem tilgreindur var á Mannréttindaskrifstofu Íslands á sama hátt og hæstv. dómsmálaráðherra sá til þess að fjárlagaliðnum var breytt undir dómsmálaráðuneytinu?

Ég spyr hv. þingmenn í fjárlaganefnd og hv. þm. Magnús Stefánsson sérstaklega: Hverju sætir þessi breyting?

Ég gagnrýni hana harðlega því að með þessum breytingum erum við að svipta Mannréttindaskrifstofu Íslands þeim föstu framlögum sem hún hefur haft undanfarin ár. Hún hefur starfað í tíu ár og gegnt mikilvægu hlutverki í mannréttindamálum. Hún hefur starfað óháð og hún er eins konar regnhlífarsamtök yfir þau samtök sem starfa á sviði mannréttindamála. Sem slík er hún algerlega nauðsynleg, bæði til að samræma ákveðinn þátt þeirra starfa sem þeir aðilar sem aðild eiga að henni eru að vinna með, sömuleiðis bara til þess að gefa okkur umsagnir hér á hinu háa Alþingi um frumvörp og þingsályktunartillögur sem við erum að sýsla með sem lúta að mannréttindamálum.

Þess utan er þessi skrifstofa fulltrúi Íslands í norrænu og alþjóðlegu mannréttindastarfi. Það væri mikill álitshnekkir fyrir Ísland ef þessari skrifstofu væri ekki lengur tryggt framlag á fjárlögum og það yrði að draga úr þessum samstarfsverkefnum sem stofan hefur sinnt á alþjóðavettvangi.

Stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands sendi í dag frá sér áskorun til okkar, hv. þingmanna á Alþingi Íslendinga, þar sem við erum beðin að beita okkur fyrir því að framlagið til Mannréttindaskrifstofunnar verði ekki skert frá fyrra ári. Í áskoruninni sem ég tel ástæðu til að lesa hér orðrétt segir, með leyfi forseta:

„Enn fremur er alvarlega vegið að sjálfstæði skrifstofunnar þegar ákvörðun um framlag hennar hefur verið færð frá löggjafarvaldinu til framkvæmdarvaldsins. Hér getur skapast sú undarlega staða að skrifstofan sæki um beinan styrk til þess yfirvalds sem lagt hefur fram frumvarp þar eða skýrslu sem skrifstofan þarfnast fjármagns til að fjalla um. Stjórn Mannréttindaskrifstofunnar telur nauðsynlegt að framlag til hennar komi frá hæstvirtu Alþingi til að sjálfstæði hennar sé yfir allan vafa hafið."

Hæstv. forseti. Ég tek heils hugar undir hvert orð sem hér stendur. Þetta er algerlega nauðsynlegt. Við verðum að breyta þessu. Við getum ekki afgreitt fjárlögin á þeim nótum að Mannréttindaskrifstofan sé farin út sem sérgreindur liður á fjárlögunum.

Við getum breytt þessu með því að samþykkja breytingartillögu frá mér sem er á þskj. 450, þar geri ég ráð fyrir að undir utanríkisráðuneytinu verði sérgreind fjárveiting til Mannréttindaskrifstofu Íslands, ekki upp á 4 millj., heldur upp á 6 millj. sem er hækkun um 2 millj. frá fjárlagafrumvarpinu. Að auki geri ég ráð fyrir því að Mannréttindaskrifstofa Íslands fái sérgreinda fjárveitingu upp á 6 millj. frá dómsmálaráðuneytinu. Þar bý ég til nýjan lið, 1.95, vegna

þess að ég tel eðlilegt að dómsmálaráðuneytið hafi jafnframt úr að spila þeim 4 millj. til almennra verkefna á sviði mannréttindamála til úthlutunar til þeirra aðila sem gætu mögulega sótt um í slíkan sjóð. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur haft á orði að hann muni vilji setja úthlutunarreglur fyrir slíkan sjóð og setja sjóðstjórn yfir. Af þeim potti gæti t.d. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands fengið hlutdeild. Hún er önnur mikilvæg stofnun sem vinnur á sviði mannréttindamála en á eðli málsins samkvæmt, sem hefur verið rakið hér af öðru tilefni, ekki fulla samleið með Mannréttindaskrifstofu Íslands. Það er því eðlilegt að Mannréttindastofnun Háskóla Íslands hafi tækifæri til þess að sækja um í einhvern sérgreindan sjóð sem ætlaður er til verkefna á sviði mannréttindamála.

Ég tel afar nauðsynlegt að hv. þingmenn hugleiði þær breytingartillögur sem ég hef nú talað fyrir.

Þá tala ég fyrir breytingartillögu á þskj. 449 frá mér og hv. þm. Jóni Bjarnasyni. Þetta er endurflutningur á tillögu sem við fluttum á síðasta ári og varðar Ríkisútvarpið. Við teljum enn afar mikilvægt að efla innlenda dagskrárgerð í Ríkisútvarpinu. Við höfum reynt að fylgjast vel með fjárhag Ríkisútvarpsins á seinni árum og sjáum vel að þar vantar svigrúm til að efla metnaðarfulla innlenda dagskrárgerð. Meðan lífeyrisskuldbindingar hafa verið að að hækka á stofnuninni og skuldbindingar aðrar sem hún ber á bakinu eru jafnþungar og -erfiðar og raun ber vitni er ekki um það að ræða að stofnunin hafi aflögu fjármuni til að setja í innlenda dagskrárgerð. Því leggjum við til að útvarpið fái sérgreinda fjárveitingu upp á 140 millj. kr. og gerum ráð fyrir að það fé verði eyrnamerkt innlendri dagskrárgerð. Þá erum við ekki eingöngu að tala um innlenda dagskrárgerð í sjónvarpi, við teljum ekki síður mikilvægt að Ríkisútvarpið, hljóðvarp hafi umtalsverðum fjármunum úr að spila til þess að halda áfram sínu gífurlega öfluga og mikilvæga menningarstarfi.

Sömuleiðis er í þessari breytingartillögu ósk um styrkingu dreifikerfisins sem Ríkisútvarpið nýtir og notast við. Þar gerum við ráð fyrir 70 millj. kr. framlagi sem við teljum afar nauðsynlegt. Eins og við öll vitum sem í þessum sal störfum er enn þá þannig háttað með dreifikerfi Ríkisútvarpsins að sjónvarp nær ekki nægilega vel inn í alla dali og alla firði á Íslandi. Það eru upp undir 100 heimili á landinu sem njóta ekki enn í dag eðlilegra útsendinga ríkissjónvarpsins.

Ég hef sömuleiðis breytingartillögu á þskj. 441 en þar er ég ásamt hv. þm. Álfheiði Ingadóttur og læt henni eftir að mæla fyrir þeirri tillögu sem lýtur að þróunarmálum og alþjóðlegu hjálparstarfi.

Í menntamálunum er eitt atriði sem ég vil nefna áður en ég yfirgef mennta- og menningarmálin. Það eru vangaveltur mínar við þessa umræðu sem lúta að Náttúruminjasafni Íslands, nýju höfuðsafni á sviði náttúrufræða. Samkvæmt lögum eigum við eftir að stofna eitt af höfuðsöfnum okkar. Höfuðsöfnin eru samkvæmt lögum Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands en náttúruminjasafnið hefur enn ekki verið stofnað og ekki eru ætlaðir fjármunir í fjárlagafrumvarpinu til þess að undirbúa stofnun safnsins. Hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfðu hugsað sér að koma með breytingartillögu við þessa umræðu sem gerði ráð fyrir að fjármunir yrðu settir til þessa undirbúnings en í atganginum við undirbúning umræðunnar fórst fyrir að útbúa þá breytingartillögu en ég vil engu að síður geta þess hér að við gerum ráð fyrir að leggja hana fram á milli 2. og 3. umr. þannig að það kemur frá okkur tillaga upp á 20 millj. kr. þar sem við gerum ráð fyrir að Náttúrugripasafn fái undirbúningsframlag og vildi ég geta þess hér í framhjáhlaupi þó að breytingartillagan hafi ekki enn verið orðuð eða lögð fram á blaði.

Mig langar til að nefna hér málefni sem lýtur að Listasafni Íslands. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því, og reyndar samkvæmt yfirlýsingu frá hæstv. menntamálaráðherra sem kom ekki alls fyrir löngu, að á næsta ári verði byrjað að skrifa listasögu Íslands. Það segir í fjárlagafrumvarpinu að Listasafn Íslands fái 10 millj. kr. vegna rekstrarkostnaðar og útgáfu á íslenskri listasögu á 20. öld sem miðað er við að komi út í fjórum bindum. Reyndar eitthvað málum blandið — til rekstrarkostnaðar og útgáfu á íslenskri listasögu á 20. öld. Ég fagna þeirri ákvörðun hæstv. menntamálaráðherra að það skuli eiga að skrifa þessa listasögu en ég vil jafnframt taka undir gagnrýni Sambands íslenskra myndlistarmanna sem kom fram í opnu bréfi til hæstv. menntamálaráðherra og hefur verið sent okkur þingmönnum, a.m.k. þingmönnum í menntamálanefnd, þar sem tillögu hæstv. menntamálaráðherra er fagnað en jafnframt höfð nokkur varnaðarorð um þessa ákvörðun. Í því opna bréfi er spurt hvernig skrifa eigi íslenska listasögu, eftir hverju skuli farið. Þar leiða menn líkur að því að safnaeign listasafnanna væri sennilega sá efniviður sem nota ætti í uppbyggingu slíkrar sögu og ætti að vera mikilvægasti grunnurinn undir slíkar listfræðirannsóknir. Í ljósi þess væri eðlilegt að þeir peningar sem ætlaðir væru til ritunar listasögunnar færu einmitt til Listasafns Íslands. En þá skulum við skoða eitt. Hvernig hafa fjármunir Listasafns Íslands verið í gegnum tíðina til kaupa á listaverkum? Þar hefur staðan, satt að segja, verið ansi bágborin, hæstv. forseti, því að í heil 13 ár, á árunum 1991–2003, fékk Listasafn Íslands sömu upphæðina. Öll árin, 1991–2003, var engin hækkun, 12 millj. kr. á ári. Síðasta ár var sú upphæð skorin niður um 10%, skorin niður í 10,8 millj. kr. Í frumvarpinu sem við fjöllum um, í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2005, er innkaupafé safnsins óbreytt frá síðasta ári, þ.e. 10,8 millj. kr. Myndlistarmenn segja að ekki þurfi djúpan skilning á fjármálum til að sjá að með slíkt innkaupafé sé útilokað fyrir safnið að uppfylla þó ekki væri nema lítið brot af þeim söfnunarskyldum sem því eru lagðar á herðar og svo hefur í rauninni verið um mjög langan tíma, virðulegi forseti. Af þeim sökum, segja myndlistarmennirnir, er safneign Listasafns Íslands verulega takmörkuð heimild fyrir skrásetjara íslenskrar listasögu. Þeir sem taka verkið að sér eiga því ekki létt verk fyrir höndum.

Hæstv. forseti. Listasafn Íslands, sem er ein merkasta menningarstofnun okkar, er 120 ára gamalt um þessar mundir. Samband íslenskra myndlistarmanna stingur þess vegna upp á að þau merku tímamót í sögu listasafnsins verði notuð til að tryggja safninu í framtíðinni möguleika á að sinna helstu skyldum sínum með nokkrum sóma. Fyrir hönd stjórnar Sambands íslenskra myndlistarmanna er óskað eftir því í hinu opna bréfi til menntamálaráðherra Íslands

að hæstv. ráðherra fylgi þeim góðu áformum sínum, um ritun íslenskrar listasögu, úr hlaði með tímabærri leiðréttingu á fjármagni til innkaupa fyrir Listasafn Íslands. Það mundi að mati SÍM, Sambands íslenskra myndlistarmanna, auðvelda sagnariturum framtíðarinnar starfið til muna. Hv. fjárlaganefnd er örugglega kunnugt um þetta bréf, það birtist í fjölmiðlum, en hvað sjáum við í breytingartillögum frá meiri hluta fjárlaganefndar varðandi málið? Ekki stafkrók. Engin aukning til Listasafns Íslands, ekkert sagt um ritun listasögunnar, enn einungis 10,8 millj. kr. til innkaupa á næsta ári. Ég vil að það komi fram að þetta er auðvitað eitthvað sem við þurfum að ræða nánar í þessum sal og komum eflaust til með að gera. En það er synd þegar svo stórar upphæðir fara spjalda á milli í fjárlagafrumvarpinu að ekki skuli vera til fjármunir til að listasafnið geti staðið nægilega vel að sínum málum við listasöguritunina, sem kannski ætti að vera í höndum einhverra fleiri en listfræðinga Listasafns Íslands, kannski ætti að víkka verkefnið út og láta meira fjármagn í ritun íslenskrar listasögu á 20. öld og dreifa því verki víðar en til Listasafns Íslands. Ég hreyfi þeirri hugmynd hér og kem til með að halda þeirri umræðu vakandi í náinni framtíð.

Að lokum vil ég nefna í menningargeiranum nokkuð sem ég tel að hljóti bara að hafa verið mistök sem fólgin eru í því að Leikminjasafn Íslands, sem er nýtt safn sem í raun og veru er bara stofnað á pappírunum og hefur stjórn og ötulan starfsmann sem annast málefni þess, á ekki húsnæði og er þess vegna ekki með fast heimilisfang eða fastan sýningarsal, en þetta safn, Leikminjasafn Íslands, fékk á fjárlögum yfirstandandi árs tvær sérgreindar upphæðir. Annars vegar 1 millj. kr. til rekstrar og hins vegar 3 millj. kr. til sýningahalds. Meðal þess sem þetta merka safn hefur staðið fyrir er sýning á konunglegum mublum, mublum Reumert hjónanna, þ.e. mublum sem Poul Reumert, eiginmaður Önnu Borg, hafði í búningsherbergi sínu í konunglega danska leikhúsinu en sýning á þessum mublum stendur nú yfir í Þjóðminjasafni Íslands og er samvinnuverkefni milli leikminjasafnsins og Þjóðminjasafnsins.

Í tillögum frá meiri hluta fjárlaganefndar er gert ráð fyrir að Leikminjasafn Íslands fái áfram 1 millj. kr. til rekstrar en hin línan, 3 millj. kr. til sýningahalds, virðist hafa dottið niður þannig að ég bið hv. þingmenn í fjárlaganefnd að skoða hvort leikminjasafnið eigi ekki að fá 3 millj. kr. í viðbót, þ.e. til sýningahalds, svo það geti haldið áfram að byggja upp grunn fyrir öflugt safn leikminja á Íslandi. Ég tek fram að safninu hafa verið að berast mjög góðar gjafir, virkilega dýrmæt einkasöfn á síðasta ári, og það er orðið mjög forvitnilegt fyrir okkar leikhúsþjóð að fara að sjá eitthvað af þeim munum sem safninu hafa verið að berast en til þess þarf auðvitað fjármuni til sýningahalds þannig að í allri þeirri súpu sem nú er verið að deila út til safna og safnaverkefna getur ekki verið að okkur muni um 3 millj. kr. til sýningahalds fyrir Leikminjasafn Íslands.

Hæstv. forseti. Ég er að koma að lokum ræðu minnar en ég ætla ekki að yfirgefa ræðustólinn án þess að nefna frétt sem barst á öldum ljósvakans til okkar í dag og tengist umferðarþingi sem haldið er í dag, frétt sem gengur út á það að hæstv. samgönguráðherra ætli að ráðstafa 400 millj. kr. í þágu umferðaröryggis á næsta ári. Ég fagna þeirri frétt sannarlega en um leið ætla ég að gagnrýna hæstv. samgönguráðherra. Hvenær ætlar hæstv. ráðherra að hætta að halda þing af þessu tagi, umferðarþing, á þingdegi eins og þessum? Þingið stendur í tvo daga, í dag og á morgun. Allir þingmenn eru búnir að vera uppteknir frá því klukkan hálfellefu í morgun við fjárlagaumræðu. Það veit hæstv. samgönguráðherra jafn vel og við hin sem sitjum í þessum sal. Á morgun er líka þingfundur sem hefst klukkan hálfellefu og stendur allan daginn. Hvenær ætla hæstv. ráðherrar að sýna Alþingi Íslendinga tilhlýðilega virðingu og búa svo um hnúta að þingmenn geti sótt slík þing? Auðvitað ættum við að fjölmenna á þing af þessu tagi, umferðarþing. Auðvitað ætti öll samgöngunefnd að sitja á umferðarþingi í allan dag. Það hefur hún auðvitað ekki gert, hún hefur verið meira og minna í þessum sal, í þessu húsi að sinna skyldustörfum sínum. Þetta er samskonar gagnrýni og við höfðum á hæstv. umhverfisráðherra í fyrra þegar umhverfisþing var haldið og þingmönnum var gert ókleift að sækja það þing. Næst þegar hæstv. samgönguráðherra ætlar að tilkynna okkur um átak í þágu umferðaröryggis krefst ég þess að það verði gert á degi sem hv. alþingismenn geta sótt umferðarþing.

Svo fer maður náttúrlega að skoða töluna, 400 milljónir á ári næstu fimm árin. Ú-la-la, þetta er rosalegt. Hæstv. samgönguráðherra segir á umferðarþinginu að markmið þingsályktunar frá Alþingi sem samþykkt var í apríl 2002 séu þess efnis að við eigum að fækka alvarlegum umferðarslysum um 40% til ársins 2012 og markmið okkar hafi ekki náðst. Á það hefur verið bent í þessum sal. Ráðherrann segir í ræðu sinni að það hafi að vísu tekist að bæta umferðarmenninguna í þéttbýli og fækka banaslysum í þéttbýli. Þetta á auðvitað að lesast Reykjavík, en hæstv. samgönguráðherra á mjög erfitt með að viðurkenna að Reykjavíkurborg hafi sett umtalsverða fjármuni í umferðaröryggismál og haft árangur sem erfiði en sannleikurinn er auðvitað sá að í Reykjavík hefur tekist að fækka alvarlegum umferðarslysum á síðustu tíu árum eftir að farið var að vinna markvisst í þágu umferðaröryggis í borginni. Á síðustu tíu árum hefur borgin sett um 10 milljarða í breytingar á umferðarmannvirkjum og málefni sem beinlínis tengjast umferðaröryggi og það hefur dregið mjög úr fjölda alvarlega slasaðra og látinna í umferðinni í Reykjavík en það sama verður ekki sagt um landið allt. Það er auðvitað á ábyrgð hæstv. samgönguráðherra að breyta þar um. En þegar nánar er skoðað er alveg greinilegt að stór hluti þessara 400 millj. kr. er þegar til staðar í þessum málaflokki. Mér sýnist þegar ég skoða þetta að það séu ekki nema 165 millj. sem eru nýir peningar inn í þetta umferðaröryggisátak hæstv. ráðherra. Mér sýnist því hæstv. ráðherra vera að slá um sig með peningum sem eru nú þegar til staðar og hafa ekki reynst okkur nægilega drjúgir til að fækka slysum þannig að ég er ekki viss um að viðbótin, 165 millj. á ári næstu fjögur eða fimm árin, sé nóg til þess að ná markmiðum umferðaröryggisáætlunar.

Ég vildi aðeins nefna þetta í fáum orðum í lok máls míns af því að það er þessi dagur og verið er að halda umferðarþing og ég hefði svo gjarnan viljað sitja það því ég tel okkur þingmenn eiga fullt erindi á það þing og hafa margt til málanna að leggja og ekki síður á margt að hlusta frá því

ágæta fólki sem starfar að umferðaröryggismálum í dag.

Hæstv. forseti. Ég held að ég geti lokið máli mínu. Ég á einungis eftir að taka undir ágætar ræður hv. þingmanna Jóns Bjarnasonar og Steingríms J. Sigfússonar sem hafa talað á undan mér frá þingflokki Vinstri grænna. Þeir fóru ofan í stóru drættina í sjónarmiðum okkar í þessu efni og er óþarfi að endurtaka þá hér svo ég læt máli mínu lokið.

[23:00]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Eins og okkur öllum er ljóst fer hér fram ein aðalumræða fjárlaga í dag, 2. umr. þar sem rædd eru meginatriði gjalda- og tekjuhliðar fjárlaga sem við eigum síðan að vinna eftir allt næsta ár. Ég vil því beina spurningu til hæstv. forseta sem í sjálfu sér stýrir fundi ágætlega. Það yfirbragð er á þinghaldinu í einu aðalmáli þingsins, fjárlögunum, að ráðherrabekkirnir eru tómir.

Þingið er að afgreiða fjárlögin til framkvæmdarvaldsins. Framkvæmdarvaldið hefur lagt tillögur sínar fyrir þingið og þingmenn vilja gjarnan geta skipst á skoðunum við ráðherrana um einstök atriði í fjárlagafrumvarpinu og hvernig þeir sjá síðan framkvæmd þeirra. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvað henni finnst um þetta yfirbragð, hvort þetta sé í raun sæmandi í svo alvarlegu máli og hvort ekki væri ástæða til að fresta þingfundi úr því að ráðherrar eru svo uppteknir að þeir geta ekki setið hér. Hér hefur verið hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Hann hefur tekið mjög virkan þátt í umræðunni. En aðrir ráðherrar hafa ekki gert það. Nú standa ráðherrabekkirnir tómir. Ég vil ítreka spurningu mínar til hæstv. forseta. Finnst forsetanum það eðlilegt og sæmandi fyrir þingið að þinghald fari fram með þessum hætti um þetta stóra mál? Væri ekki ástæða til að fresta fundi þangað til ráðherrar hafa tíma til að sitja hér og taka eðlilegan þátt í þingstörfum?

[23:02]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vekur athygli á því að 2. umr. fjárlaga hefur staðið yfir frá því klukkan hálfellefu í morgun og mælt hefur verið fyrir álitum meiri hluta og minni hluta. Mjög margir hv. þingmenn hafa tekið þátt í umræðum og hæstv. ráðherrar, sumir hverjir. Umræðan stendur enn yfir og enn eru á mælendaskrá, samkvæmt þeim lista sem forseti hefur, um það bil 17 hv. þingmenn, bæði úr röðum stjórnar og stjórnarandstöðu. Þó einhverjir hv. þingmenn og ráðherrar hafi þurft að víkja sér frá þá treystir forseti því að þeir fylgist grannt með umræðum enda er óhætt að taka undir það með hv. þingmanni að þetta er afskaplega mikilvægt mál sem er verið að ræða hér í dag. Þess má geta að í húsi eru nú staddir tveir ráðherrar og annar þeirra er hæstv. fjármálaráðherra.

Forseti taldi rétt að láta þetta koma fram vegna athugasemda hv. þingmanns.

[23:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég leyfi mér að taka undir orð síðasta ræðumanns. Mér finnst ekki góður svipur á þessari umræðu. Hér hefur varla sést ráðherra nema með höppum og glöppum. Það má kalla að lengsta viðveran hafi verið þegar hæstv. heilbrigðisráðherra sat hér undir skömmum í kannski eins og klukkutíma og átti það auðvitað sannarlega skilið. En hæstv. fjármálaráðherra hefur verið afar kvikur hér við og núna klukkutímum saman hefur enginn einasti fulltrúi ríkisstjórnarinnar verið á svæðinu, alla vega ekki í þingsalnum. Ég beindi þeim orðum til hæstv. forseta rétt fyrir kvöldmatarleyfi að þetta væri kannski ekki alveg sá svipur sem bestur væri á þessari umræðu. En það virðist ekki hafa komið fyrir mikið.

Mér finnst algert svartasta lágmark að einn ráðherra sé í salnum að meðaltali og sé þá til staðar til að taka við skilaboðum til hæstv. ríkisstjórnar frá þeim þingmönnum sem hér flytja mál sitt. Nú er þetta löng umræða og það hefur legið fyrir strax frá því í dag að mælendaskráin var löng og það yrði hlutskipti einhverra þingmanna að flytja mál sitt í kvöld og jafnvel inn í nóttina. Mér finnst bara lágmarksvirðing sem þeim ræðumönnum væri sýnd að einhverjir ráðherrar séu hér til staðar. Þeim getur varla verið vandara um en okkur öðrum.

Þegar hæstv. forseti tekur þannig til orða að einhverjir ráðherrar hafi þurft að víkja af fundi eða bregða sér frá þá er það nú nokkuð vægt til orða tekið því miklu nær væri að orða það eins og það er, virðulegur forseti, að allir ráðherrarnir virðast hafa þurft að bregða sér frá, allir með tölu. Það er ekki mikið skipulag á hlutunum ef þeir geta ekki haft verkaskipti þannig að einn eða tveir séu hérna til staðar.

Svo vil ég leyfa mér að rifja það upp, frú forseti, að menn hafa verið að hafa dálitlar áhyggjur af virðingu þingsins, svona einn og einn maður. T.d. höfðu forseti Alþingis, hv. 2. þm. Norðaust., og ráðherrar í ríkisstjórninni miklar áhyggjur af virðingu þingsins og sóma í sumar þegar verið var að ræða um fjölmiðlalögin. Þá spratt upp í þeim ofboðsleg þingræðisást og þeir höfðu miklar áhyggjur af því að nú væri sóma Alþingis og virðingu ekki sýnd nægjanleg athygli. En hvar eru nú þessir höfðingjar sem höfðu svona miklar áhyggjur af sóma Alþingis og virðingu? Eru þeir með verkum sínum og viðhorfum að sýna Alþingi og þeim störfum sem hér fara fram þá virðingu sem skyldi?

En þetta snýr auðvitað, frú forseti, að lokum að forsetunum. Mér finnst að það eigi að vera í valdi forsetanna að meta hvort forsvaranlegt sé að umræður fari fram við aðstæður af þessu tagi og að forsetar, sem er annt um virðingu þingsins, eigi ekki að láta bjóða þinginu að umræður fari fram við algera fjarveru ráðherra og að ráðherrarnir komist þannig upp með að sýna Alþingi lítilsvirðingu. Þetta er auðvitað ekkert annað en hrein lítilsvirðing. Ég vil því bara hvetja hæstv. forseta til að athuga hvort (Forseti hringir.) ekki sé hægt að gera ráðstafanir til að ráðherrabekkirnir séu eitthvað skipaðir en fresta ella fundi.

[23:07]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti hefur áður lýst því að hæstv. ráðherrar eru staddir hér í húsinu, þar á meðal hæstv. fjármálaráðherra. Forseti hefur hlýtt á þessar athugasemdir hv. þingmanna.

[23:08]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Eins og fram hefur komið þá er þessi umræða orðin ansi löng og langt er liðið á kvöldið þannig að ég mun alla vega í minni ræðu af tillitssemi við alla hina sem á eftir koma reyna að stikla á stóru og tvítaka ekki mikið af því sem fram hefur komið fyrr í dag. En í svo stóru máli eins og fjárlagafrumvarpinu er þó ekki hægt annað en að gefa sér lágmarkstíma til að rúlla yfir þau atriði sem stinga í augun.

Ég mun ekki fara mikið í einstaka greinar enda er ég síðastur af fjárlaganefndarfólki Samfylkingarinnar sem hér talar og samflokksmenn mínir, hv. þingmenn Einar Már Sigurðarson, Helgi Hjörvar og Anna Kristín Gunnarsdóttir, hafa allir talað hér og farið vel í gegnum álit 1. minni hluta og þær breytingartillögur sem við leggjum fram.

Frá því í haust er mikil vinna er að baki í fjárlaganefndinni þar sem við fjárlaganefndarmenn og -konur höfum farið yfir fjárlögin eins og þau voru lögð fram og eins og venjulega hefur komið út úr því talsverður fjöldi breytingartillagna. Mjög margir gestir hafa heimsótt fjárlaganefndina í vinnuferli hennar og við fulltrúar minni hlutans kölluðum til okkar forráðamenn þeirra stofnana sem við töldum okkur þurfa að leita upplýsinga hjá. En eins og alþjóð veit er forstöðumönnum ríkisstofnana bannað að hafa frumkvæði að því að óska fundar með fjárlaganefnd og setja fram hugmyndir sínar varðandi fjárlagagerð fyrir þær stofnanir sem þeir stýra.

Fjárlaganefnd Alþingis fer með vinnu við fjárlögin eftir að þau hafa verið lögð fram á þinginu og okkur er þannig torveldað í raun að fá sem gleggsta sýn á fjárhagsstakk stofnana og forstöðumönnum er gert erfitt fyrir að koma á framfæri fullkomlega eðlilegum og raunhæfum athugasemdum við þann fjárlagastakk sem verkefnum undir þeirra stjórn er sniðin. Svo virðist vera sem forstöðumenn megi helst ekki segja okkur sem með fjárveitingavaldið förum hver staðan er, alls ekki segja okkur hverjar tillögur stofnana voru til viðkomandi ráðuneytis og því síður hvernig viðkomandi ráðuneyti tók á þeim hugmyndum sem þar komu fram og afgreiddi óskir forstöðumanna og þá með hvaða rökum. Það virðist í raun vera eins og helst megi ekki segja hinni ógurlegu fjárlaganefnd frá því hver afdrif tillagna forstöðumanna urðu.

Til að reyna að leggja mat á það hversu raunhæfar tillögur um fjárhag hinna fjölmörgu verkefna í ríkisrekstrinum væru kölluðum við eftir upplýsingum um hver væri niðurstaða rekstrar stofnana miðað við 31. september síðastliðinn og jafnframt hver væri áætluð útkoma þessara sömu stofnana fyrir árið í heild. Tilgangurinn með þessari beiðni okkar var aðallega tvíþættur, annars vegar til að sjá út úr þessum upplýsingum hvort framlagt fjáraukalagafrumvarp væri í samræmi við það sem vænta mætti í ríkisrekstrinum og hins vegar til að hafa nýjustu tölur á að byggja við mat á fjárlögum ársins 2005 sem við erum nú að ræða í 2. umr.

Skemmst er frá því að segja að ekki höfum við fengið þessar sjálfsögðu og nauðsynlegu upplýsingar. Við urðum að fara í gegnum 2. umr. um fjáraukalög án þess að þær upplýsingar sem við teljum nauðsynlegar lægju fyrir og einnig stöndum við hér nú og ræðum fjárlagafrumvarp næsta árs án þess að hafa við höndina nýjustu upplýsingar til að byggja á. Ég hef ekki trú á því að fjármálaráðuneytið leyni okkur þessum upplýsingum. Ég segi fjármálaráðuneytið vegna þess að öll ráðuneytin sem voru beðin um þessar upplýsingar vísuðu í svari sínu til nefndarinnar í það að fjármálaráðuneytið mundi svara öllum spurningum fyrir þeirra hönd. Þá hlýtur að kvikna spurning: Hvað veldur því að við fáum ekki þessar upplýsingar? Hér veldur örugglega meira en bara venjuleg tregða framkvæmdarvaldsins til að láta umbeðnar upplýsingar í hendur á þingnefnd. Getur verið að ráðuneytið hafi ekki þessar upplýsingar handbærar? Getur verið að ástandið í bókhaldi ríkisins sé með þeim hætti að upplýsingar um rekstur hinna mörgu viðfangsefna séu ekki handbærar innan þess tíma sem öll venjuleg fyrirtæki í rekstri telja eðlilegt að hafa upplýsingar um rekstur á takteinum?

Við í fjárlaganefndinni höfum heyrt embættismenn, bæði hjá fjármálaráðuneytinu og einstökum ráðuneytum, bera sig afar illa yfir því að hin nýju hugbúnaðarkerfi sem ríkið hefur tekið í notkun virki ekki eins og til var ætlast og að mjög erfitt sé að ná út venjubundnum upplýsingum um reksturinn. Getur verið að rekstur þjóðarbúsins búi við aðstæður í bókhaldskerfum sínum sem smáfyrirtæki mundi ekki einu sinni sætta sig við? Er nema von að spurt sé þar sem oft og iðulega fáum við þau svör að þessar eða hinar upplýsingar liggi ekki á lausu vegna þess að erfiðleikar séu við að ná þeim út úr kerfinu.

Það vekur eftirtekt að ekki er neinum erfiðleikum bundið, að því er virðist, að ausa stórum fjárhæðum í rekstur þessara hugbúnaðarkerfa og í raun er full ástæða til að skoða þann þátt ríkisrekstrarins sérstaklega. Undir fjármálaráðuneytinu á bls. 410 í fjárlagafrumvarpinu koma fram eftirfarandi upplýsingar í kaflanum Skuldbindandi samningar. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðuneytið hefur á síðustu árum gert samninga við einkaaðila um rekstrarverkefni sem áætlað er að nemi samtals um 814 millj. kr. á yfirstandandi ári.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Á árinu 2002 var gerður samningur um rekstur og viðhald á nýju fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins að undangengnu útboði og er reiknað með því að árlegur kostnaður við hann verði um 220 millj. kr.“

Þetta er kostnaður við nýtt fjárhags- og mannauðskerfi. Ég verð að segja eins og er að 220 millj. kr. við rekstur á svona kerfi sem virðist ekki skila þeim upplýsingum út úr sér sem við ætlumst til eru ansi miklir fjármunir. Svo segir, með leyfi forseta:

„Undir liðnum skattavinnslukerfi eru samningar um rekstur nokkurra kerfa sem samanlagt nema um 240 millj. kr. á ári. Um er að ræða rekstrar- og viðhaldssamninga við Skýrr, samninga um veframtal, notendaleyfi, gagnaflutninga og rekstur staðarnets fyrir skattkerfið í heild. Gera má ráð fyrir að þeir samningar sem renna út á tímabilinu verði flestir endurnýjaðir þegar að því kemur þannig að til jafnaðar verði nálægt 730 millj. kr. bundnar árlega vegna framangreindra verkefna eftir að nýtt fjárhagskerfi hefur leyst þau eldri af hólmi.“

Þarna er verið að eyða miklum fjármunum í þessi kerfi sem allir sem til okkar koma, hvort sem það eru embættis-

menn í ráðuneytum eða forstöðumenn stofnana, virðast tala um að ómögulegt sé að ná upplýsingum út úr. Ef þetta er svona, upplýsingar nást seint út úr kerfunum, ekki fæst það niðurbrot sem aðilar eru að leita eftir, stofnanir eru í vandræðum hver og ein með tilheyrandi kostnaði við að eiga við þessi nýju kerfi, hvernig á þá að vera hægt að byggja á bestu upplýsingum við gerð fjárlaga og fjáraukalaga? Það liggur við að maður vorkenni aumingja hæstv. fjármálaráðherra og embættismönnum hans að þurfa að starfa við þessi skilyrði og kannski er von að áætlanir hafi svolítið svikk þegar svona er í pottinn búið.

Mikil umræða fór fram við 1. umr. fjárlaga um hversu mikið væri að marka framlögð fjárlög þegar þau væru síðan borin saman við ríkisreikning sama árs þegar hann lægi fyrir. Mikil umræða hefur átt sér stað einmitt um þetta atriði í dag. Við vöktum að sjálfsögðu athygli á þeirri staðreynd að það munaði ansi miklu á niðurstöðutölum fjárlaga og endanlegri útkomu sama árs miðað við ríkisreikning. Í ráðherratíð hæstv. fjármálaráðherra hefur sú venja skapast að leggja fram frumvarp til fjárlaga sem stenst ekki þegar til á að taka. Fjáraukalög, stundum tvenn á ári, hafa síðan stoppað í stærstu götin. Samt hefur munað miklu þegar endanlegt uppgjör hefur legið frammi. Það verður þó að hæla hæstv. ráðherra fyrir það að nú kemur endanlegt uppgjör hvers árs mun fyrr en áður var. Það þýðir þá um leið að menn muna betur niðurstöðutölur fjárlaga og þar sem styttra er umliðið en áður hefur það eitthvað upp á sig að bera saman áætlaða útkomu og raunveruleikann.

Hæstv. ráðherra hefur firrst mjög við þegar þetta hefur borið á góma og nánast kallað okkur þingmenn stjórnarandstöðunnar hálfgerða vitleysinga, a.m.k. sagt fullum fetum að við séum ekki að bera saman sambærilega hluti og að við séum síðan með kúnstir til að reyna að láta hann líta illa út varðandi þau fjárlög sem hann hefur borið ábyrgð á. Það var því með nokkuð miklum feginleik sem ég las endurskoðun ríkisreikningsársins 2003 þar sem ég sé ekki betur en að Ríkisendurskoðun staðfesti að sá samanburður sem Samfylkingin hefur stundað á fjárlögum og ríkisreikningi sé sá rétti og að í raun ætti að bera þessa hluti saman nákvæmlega á þann hátt sem við höfum gert.

Í raun hefði verið markmið með þeim breytingum sem gerðar höfðu verið varðandi fjárreiður ríkisins að svona samanburður væri fær og skiljanlegur almenningi öllum. Hæstv. fjármálaráðherra er svo sannfærandi þegar hann tekur sér fyrir hendur að útskýra fyrir okkur hinum að hvítt sé svart og svart sé hvítt að maður var næstum farinn að efast um að samanburður okkar væri sá rétti. En hvað segir skýrsla Ríkisendurskoðunar um þessar reikningsskilaaðferðir? Ég leyfi mér að grípa aðeins niður í kafla 3 á bls. 17 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ein af meginástæðum þess að ráðist var í þá heildarendurskoðun á reglum um bókhald, reikningsskil og gerð ríkisreiknings og fjárlaga sem lokið var við í árslok 1994 var að tryggja að framsetning reikningsskila ríkissjóðs leiddi til markvissari umfjöllunar um ríkisfjármál en áður tíðkaðist og að reikningsskilin yrðu auðskiljanlegri fyrir almenning. [...]

Ráða má af þeirri opinberu umræðu sem að undanförnu hefur átt sér stað um niðurstöðu ríkisfjármála fyrir árið 2003 að þessi markmið hafi ekki náðst. Annað þeirra atriða sem einkum hafa verið til umfjöllunar er samanburður á fjárlögum og ríkisreikningi. Lög um fjárreiður ríkisins kveða skýrt á um að þessi tvö reikningsskil séu að fullu sambærileg, bæði hvað varðar rekstrar- og greiðslugrunn.“

Svo mörg voru þau orð. Ég ætlaði að hafa um þetta mun fleiri orð í ræðu minni en ég held að ég sleppi því. Ég sé ekki ástæðu til þess þar sem þetta hefur komið mjög skýrt fram í umræðunni í dag og ég held að ekki þurfi að leiða að því frekari rök að sá samanburður sem Samfylkingin hefur verið með á fjárlögum annars vegar og ríkisreikningi hins vegar er sá samanburður sem á að fara í, samanburður sem á fullan rétt á sér, er algjörlega heiðarlegur og hverjum manni skiljanlegur.

Það frumvarp sem við erum hér með til umfjöllunar með þeim breytingartillögum sem meiri hluti fjárlaganefndar hefur gert gerir ráð fyrir 306,4 milljörðum í tekjur og augljóst af öllu að sjaldan hefur verið jafnauðvelt fyrir starfandi meiri hluta að koma saman fjárlögum þar sem tekjur hafa aukist svo mikið milli ára. Til samanburðar voru heildartekjur ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi á árunum 2002–2004 sem hér segir:

Árið 2002 voru tekjur ríkissjóðs 259,2 milljarðar. Sala ríkiseigna var þá 11,7 milljarðar þannig að nettótekjur án sölu ríkiseigna voru 247,5 milljarðar.

Árið 2003, þegar búið er að draga sölu ríkiseigna frá eru tekjur ríkisins 262 milljarðar kr.

Árið 2004, á sama hátt er sala ríkiseigna dregin frá sem eingöngu var þá hálfur milljarður og þá voru tekjur ríkissjóðs 289,7 milljarðar.

Eins og áður segir, nú, árið 2005 samkvæmt því frumvarpi sem við erum að fjalla um, að frádreginni sölu ríkiseigna upp á hálfan milljarð, eru tekjur ríkisins áætlaðar 305,9 milljarðar kr.

Þegar tekjuþróunin er skoðuð kemur í ljós að ríkissjóður hefur nú tekjur sem aldrei fyrr þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir talsverðum skattalækkunum á tekjuhlið fjárlaga. Það er tiltölulega einfalt að seilast grynnra í vasa skattgreiðenda þegar niðurstaðan verður samt sem áður sú að eftir verða töluvert miklu meiri tekjur en áður var þrátt fyrir lægri skattprósentu.

Á árinu 2005, að teknu tilliti til sölu ríkiseigna, hefur ríkissjóður 58 milljörðum kr. meiru úr að spila en hann hafði fyrir þremur árum. 58 milljarðar kr. hafa bæst við tekjur ríkisins einungis á þremur árum ef við berum saman árið 2002 við árið 2005. Er einhver að vorkenna hæstv. fjármálaráðherra að reka ríkissjóð? Telja menn að það þurfi einhverja snilligáfu til að reka ríkissjóð við þessar aðstæður? (**EOK:** Nei.) Mætti ekki vænta þess að verulegur afgangur yrði á ríkissjóði við svona aðstæður, (**EOK:** Jú.) sérstaklega þegar haft er í huga að tilhneigingin hjá fjármálaráðuneytinu undanfarin ár hefur verið sú að vanmeta tekjur við gerð fjárlaga? (Gripið fram í.) Þrátt fyrir skattalækkanir bólgna tekjur ríkissjóðs út sem aldrei fyrr (**EOK:** Þú ...) og maður hlýtur að velta fyrir sér hvað vaki eiginlega fyrir Framsóknarflokknum (**Gripið fram í:** Jahá.) að vera einn flokka á Íslandi við þessar aðstæður á móti lækkun á matarskatti. Ef þeir sæju nú að sér, hv. þingmenn Framsóknarflokksins, og gengju í lið með okkur hinum þing-

mönnunum og lækkuðu með okkur matarskattinn mundu þeir ásamt okkur hinum stuðla að lækkun matarverðs á Íslandi. Það var einmitt frétt í Ríkisútvarpinu í morgun sem vakti athygli mína og ég ætla að leyfa mér að renna yfir hana, með leyfi forseta. Fréttin fjallar um verð á matvöru á Íslandi. Þar segir:

„Matvara er 56% dýrari á Íslandi og í Noregi en að jafnaði í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Þetta kemur fram í tölum frá hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat. Jótlandspósturinn í Danmörku segir í dag að samkeppnisyfirvöld í norrænum ríkjum hafi skipað samstarfsnefnd sem eigi að leggja til úrræði um aukna samkeppni og fjölskrúðugt framboð á matvöru. Nefndin á þó ekki að skila skýrslu fyrr en í september á næsta ári. Blaðið hefur eftir Eurostat að lægsta matvöruverð á Norðurlöndum sé í Finnlandi. Þótt landið sé í Evrópusambandinu sé matvara þar þó 23% dýrari en að jafnaði í sambandinu. Í Svíþjóð sé munurinn 24%, í Danmörku 41% og á Íslandi og í Noregi 56%. Í þessum tölum" — og nú hvet ég hv. þingmenn Framsóknarflokksins til að hlusta vel — „vegur virðisaukaskattur á matvæli þungt, hann er lægstur í Finnlandi og Svíþjóð. Hérlendis er virðisaukaskattur á matvæli ýmist 24,5% eða 14%."

Ef ekki eru aðstæður nú, eins og ríkissjóður hefur bólgnað út, til að taka á þessu háa matarverði og leggja skerf til þess að lækka matarskattinn, hvenær eru þá aðstæður? Að mínu viti, herra forseti, skulda framsóknarmenn landsmönnum skýringu á þessari þvermóðsku sinni. Þeir hafa í raun engu svarað hér á þingi fyrir þessa óskiljanlegu afstöðu sína. Ekki nokkur maður sem velt hefur henni fyrir sér skilur hana, ekki einu sinni samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn eins og margoft hefur komið fram.

Annað sem vekur athygli í fjárlögum nú er endurtekin afskrift ríkistekna og svo virðist sem það sé nánast alveg sama hve mikið er afskrifað á hverju ári, það sé alltaf þörf fyrir að afskrifa meira og meira. Hvernig stendur á þessu? Skoðum aðeins betur hvað það er sem verið er að afskrifa. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning árið 2003 er kafli einmitt sem tekur á afskriftum ríkistekna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hækkun niðurfærslureiknings sýnir að [það] er nauðsynlegt að endurskoða þann tekjugrunn sem birtist í ríkisreikningi. Ljóst er að áætlanir í virðisaukaskatti hefðu skekkt verulega tekjugrunninn ef ekki hefði verið gripið til þess að tekjufæra ekki 95% af áætlunum. Áætlanir eru einnig umtalsverðar í opinberum gjöldum og tryggingagjaldi. Ástæða þessa er m.a. að á virðisaukaskattskrá og álagningarskrá opinberra gjalda eru fjölmargir lögaðilar sem nú stunda enga starfsemi en fá áætlanir vegna þess að ekki er skilað inn gögnum vegna þeirra. Þessum aðilum hefur fjölgað verulega með tilkomu einkahlutafélaga. Oft er erfitt að losna við þessi fyrirtæki af skrá, sérstaklega eldri hlutafélög, þar sem forráðamenn finnast ekki og ekki er talið svara kostnaði að krefjast gjaldþrotskipta á þeim. Á meðan safna þessi fyrirtæki skattskuldum sem eru vaxtareiknaðar reglulega." — Það er sem sagt verið að áætla skuldir á eitthvað sem ekki er til, vaxtareikna svo þær áætlanir og færa þær tekjur allar inn í ríkisreikning. Hér segir einnig, með leyfi forseta:

„Annað sem skapar vandamál er sá tími sem tekur að ljúka gjaldþrotaskiptum. Allan þann tíma sem gjaldþrotaskipti standa yfir" — þ.e. eftir að gjaldþrotabeiðni hefur komið fram — „eru reiknaðir dráttarvextir á skuldina sem síðan eru færðir niður í árslok sem óbein afskrift." — Þarna eru líka tekjur, dráttarvextir á skuldir sem fyrirtæki sem eru í gjaldþrotaskiptum, áætlanir væntanlega í mörgum tilvikum, skulda samkvæmt ríkisbókhaldi. Dráttarvextir af slíkum skuldum eru færðir inn í tekjugrunn ríkisins.

Ríkið setti á laggirnar afskriftanefnd. Hún er skipuð af fjármálaráðherra og í henni eiga sæti fulltrúar frá tollstjóranum í Reykjavík, fjármálaráðuneytinu, ríkisskattstjóra og Ríkisendurskoðun. Afskriftanefndin skilaði í maí 2004 skýrslu um störf sín á árinu 2003 þar sem gerð er grein fyrir afskriftum á því ári. Í skýrslu nefndarinnar kemur ýmislegt fróðlegt fram. Þar kemur fram að í fjölda tilvika voru beiðnir um afskrift ekki í samræmi við afskriftareglur ríkisins, innheimtumenn ríkissjóðs að biðja um afskriftir á skuldum sem ekki voru í samræmi við þær afskriftareglur sem gilda. Tekin voru nokkur dæmi um athugasemdir sem nefndin gerði við afskriftabeiðnirnar. Dæmi voru um gildar kröfur á gjaldendur sem áttu eignir, t.d. bíla, íbúðir, raðhús eða einbýlishús. Í mörgum tilfellum voru þetta eignir sem dugað hefðu margfalt fyrir skuldinni. Samt var verið að óska eftir því af innheimtumönnum ríkisins að viðkomandi skuld væri afskrifuð. Maður hlýtur að velta fyrir sér hvað sé að í svona kerfi.

Kröfur sem sagðar voru fyrndar reyndust við athugun nefndarinnar vera ófyrndar. Unnt var að beita launaafdrætti en það var ekki gert, og makainnheimtu var ekki beitt. Nú hélt maður, herra forseti, að ríkið gengi ansi hart fram við að rukka inn skattskuldir. Að minnsta kosti hefur manni virst það af þeim dæmum sem maður þekkir en svo virðist vera sem á einhverjum stöðum séu vinnubrögð ekki vandaðri en svo að verið er að afskrifa eða óska eftir afskriftum á skattskuldum þar sem viðkomandi skuldari á nægar eignir til að greiða þessar skuldir.

Það segir í skýrslunni að það hafi háð innheimtu hjá einstaklingum að engar beinar heimildir eru í lögum eða reglugerðum til að afskrifa gjöld þeirra, jafnvel þótt þeir séu gerðir gjaldþrota. Kröfurnar verða því aðeins afskrifaðar á grundvelli fyrningar eða í tengslum við lögformlega nauðasamninga við gjaldanda. Kröfur á hendur 3.917 einstaklingum og 871 lögaðila voru afskrifaðar á árinu 2003.

Beinar afskriftir á þessu ári á ríkissjóðstekjum voru 4,7 milljarðar. Í fjárlagafrumvarpinu núna er talað um að afskrifa beint 5 milljarða af tekjum sem færðar hafa verið í ríkisreikning og menn hafa verið með í tekjugrunni ríkisins. Staða niðurfærslureiknings, þ.e. reiknings þar sem óbeinar afskriftir fara fram áður en beinu afskriftirnar fara fram, var í árslok ársins 2003 29 milljarðar kr. Inni á þessum reikningi standa 29 milljarðar kr. sem áður hafa verið færðir sem tekjur í ríkisbókhaldi og metið er að muni ekki innheimtast. Til dæmis eru inni á þessum óbeina afskriftareikningi dráttarvextir og álag sem að mestu leyti er reiknað á áætlanir sem ekki eru til upp á 13 milljarða kr. Er nema von að maður spyrji: Hvers konar vitleysa er þetta?

Lögaðilarnir, hvernig gengur að innheimta af þeim? Virðisaukaskatturinn hélt maður að væri tiltölulega öflugt innheimtukerfi þar sem skila skal skýrslum á hverju virðis-

aukaskattstímabili og fljótlegt að sjá ef einhverjir aðilar skila ekki inn skýrslum. Hvað gera innheimtumenn ríkissjóðs þá? Athuga þeir hvað er um að vera, athuga þeir af hverju ekki koma skýrslur? Athuga þeir yfirleitt hvort viðkomandi fyrirtæki sé í rekstri eða hvort um svartan rekstur geti verið að ræða? Nei, þeir áætla og áætla.

Í skýrslunni segir að alls skuldi 1.800 aðilar tólf tímabil eða fleiri, þ.e. meira en eitt ár. Það getur ekki talist eðlilegt að áætla virðisaukaskatt á einstakling í 14 ár án þess að gripið sé til aðgerða, eins og dæmi eru um.

Það er í raun ótrúlegt að skoða þær tölur sem hér birtast, eins og hlutfall skuldenda virðisaukaskatts eftir tímabilum, að enn eru í ríkistekjum aðilar sem skulda virðisaukaskatt frá árinu 1990. Það er ekki undarlegt þó maður velti fyrir sér hvað sé um að vera í innheimtu virðisaukaskatts á Íslandi og ekki undarlegt þó að við sem horfum upp á þetta í fjárlaganefndinni fyrir hönd Samfylkingarinnar komum fram með breytingartillögur þar sem við viljum herða skatteftirlit og reyna að ná einhverju inn af þeim tekjum sem raunverulega á að greiða í skatt en ekki láta þetta reka svona á reiðanum.

Varðandi opinber gjöld og áætlanir stendur í skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta,:

„Ekki eingöngu í virðisaukaskatti er um verulegar áætlanir skattyfirvalda að ræða. Á árinu 2003 voru skattstofnar og skattar 11.777 einstaklinga áætlaðir. Ýmist var um það að ræða að framtali var ekki skilað eða álitið var að tekjur væru vantaldar. [...] Lögaðilar sem ekki skiluðu framtali eða talið var að hefðu vantalið tekjur voru tæplega 6.500 og hefur þeim fjölgað um rúmlega 100 frá fyrra ári."

Fram kemur í fréttabréfi ríkisskattstjóra, Tíund, að 3.590 í þessum hópi hafi fengið áætlun í annað sinn og 932 lögaðilar voru áætlaðir í fimmta sinn. Verið er að áætla á þá skatt vegna þess að þeir skiluðu ekki skattframtali fimmta árið í röð. Halda menn svo að eitthvað sé að marka þær tölur sem færðar eru í ríkisbókhald sem útistandandi skuldir hjá skattaðilum?

Einnig kom fram að af þeim 13.844 millj. kr. sem lagðar voru á hagnað lögaðila, skatturinn sem lögaðilar áttu að borga, voru 4.171 millj. kr. eða þriðjungur áætlun frá skattstjóra.

Mér sýnist tvennt vera alveg augljóst af þeim upplýsingum sem þarna koma fram. Annars vegar að innheimtumenn ríkissjóðs ganga fáránlega fram í því að áætla gjöld á bæði einstaklinga og fyrirtæki sem enginn fótur er fyrir og þau gjöld síðan dráttarvaxtareiknuð og sett á þau viðurlög og álag. Hins vegar að skatteftirlit þarf að bæta verulega með kerfisbundnum hætti og fækka þeim einstaklingum og ég tala ekki um fyrirtækjum sem ekki skila lögbundnum framtölum. Losarabragur á þessu kemur einnig fram varðandi afskriftabeiðnir sem fram koma á aðila sem ættu að vera borgunarmenn fyrir skuld sinni. Það er alltaf hætta á því að eftirlit og innheimta versni þegar vel kemur í kassann þar sem þörfin fyrir krónurnar verður ekki eins brýn og annars hefði verið, en stjórnvöld mega ekki verða of feit og löt til að aðhafast nokkuð.

Eins og fram kom hjá mér erum við fulltrúar Samfylkingarinnar með tillögur um hert skatteftirlit og að settar verði í það 200 millj. kr. Við trúum því að þeir fjármunir skili sér margfalt til baka og að tekið verði að einhverju leyti á hinu svarta hagkerfi sem allir vita að er til. Ég held að öllum sé kunnugt um skattsvik sem eiga sér stað í tengslum við svarta vinnu og reikningslaus viðskipti. Hér er í raun um stuld að ræða og á honum verðum við að taka. Það gengur ekki þótt ríkissjóður fái miklar tekjur að menn horfi í gegnum fingur sér við það að svarta hagkerfið bólgni út sem aldrei fyrr. Svört vinna, reikningslaus viðskipti, ég fullyrði að allir skattgreiðendur hafa einhvern tíma á árinu hnotið um einhvers konar svarta vinnu eða viðskipti sem ekki eru gefnir út löglegir reikningar fyrir.

Herra forseti. Boðað hefur verið í aðdraganda áramóta að til standi að skera niður um 2.000 millj. kr. á næsta ári frá samþykktri vegáætlun. Maður hlýtur að spyrja hvort ekki sé eðlilegt að hugmyndir um jafnviðamikinn niðurskurð og þarna eru boðaðar verði ræddar sérstaklega á hinu háa Alþingi í tengslum við fjárlög næsta árs. Hvernig verður niðurskurðinum fyrir komið, hvaða fyrirhuguðu framkvæmdir á að skera niður eða fresta? Ég vek athygli á þeirri staðreynd að boðað er að einnig verði skorið niður um aðra 2 milljarða á árinu 2006 og hefur þá hæstv. samgönguráðherra boðað niðurskurð á framkvæmdum upp á tæpa 6 milljarða kr. á árabilinu 2004–2006. Það munar um minna í vegaframkvæmdum. Þetta verður allt hálfhjákátlegt þegar haft er í huga að ríkisstjórnin lofaði aukalega mörgum milljörðum til framkvæmda í vegamálum korteri fyrir kosningar þegar hlutirnir litu ekki vel út í skoðanakönnunum og nú er verið að svíkja það allt saman.

Einnig hefur verið farið yfir það í nokkuð mörgum ræðum hvernig sveitarfélögin standi um þessar mundir og þann mikla halla sem á þeim er. Sveitarfélög eru náttúrlega ekkert annað en íbúarnir sem þar búa og sömu skattgreiðendur og greiða skatta og skyldur til ríkisins. Staða sveitarfélaganna í samningum við ríkisvaldið er staða sem ég held að enginn sem ætlar sér að ná samningum vildi vera í. Sveitarfélögin hafa enga stöðu gagnvart ríkinu til að semja um sín mál, enda gerist ekki neitt og framkoma ríkisins í garð sveitarfélaganna vekur undrun allra þeirra sem til þekkja.

Maður skilur ekki af hverju ekkert gengur í samningunum milli ríkisins og sveitarfélaganna. Það virðast allir viðurkenna vandann nema stjórnarliðarnir sem sitja á þingi. Félagar þeirra í sveitarstjórnum velkjast ekkert í vafa um hvaða vandi er hjá sveitarfélögunum, en þeim virðist algjörlega fyrirmunað að koma félögum sínum á Alþingi í skilning um þá stöðu sem uppi er. Við hljótum að verða að taka á þessum vanda í stað þess að stinga höfðinu í sandinn eins og strúta er siður og við hljótum að reyna með einhverjum hætti að koma leiðréttingum í frumvarpið til fjárlaga ársins 2005 fyrir 3. umr., þannig að alla vega sjáist einhver vilji af hálfu ríkisvaldsins til að gera betur við sveitarfélögin en gert er.

Herra forseti. Fagnefndir þingsins gáfu frá sér álit til fjárlaganefndar. Álitin voru að mestu í sama dúr frá meiri hluta nefndanna, þ.e. litlar athugasemdir voru gerðar við fjárlagafrumvarpið sem hér liggur fyrir. Minni hluti nefndanna virtist gefa sér betri tíma til að fara yfir fjárlagafrumvarpið sem sneri að nefndunum enda fengum við vönduð og góð álit frá þeim sem þau skrifuðu.

Ég hafði bundið vonir við að efnahags- og viðskipta-

nefnd mundi fara vel yfir forsendur tekjuliða frumvarpsins en ég tel að sú háa nefnd hafi ekki staðið sig í stykkinu. Hv. formaður nefndarinnar ætlaði að láta það duga að hittast í nokkrar mínútur til að blessa álit sem sagði ekki neitt um þann tekjugrunn í stað þess að leita utanaðkomandi umsagnar um þær forsendur sem fjármálaráðuneytið leggur til grundvallar spá sinni um þjóðhagsstærðir. Gleymum því ekki að búið er að leggja niður Þjóðhagsstofnun og því meiri þörf en áður til að þingið fari yfir forsendur. Hv. formaður nefndarinnar hefur reyndar séð að sér með þetta og einnig að tillögur um utanaðkomandi álit séu réttmætar og sanngjarnar og vona ég að við höfum það í hendi við 3. umr. um frumvarpið.

Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2004 lögðum við fulltrúar Samfylkingarinnar til að í heimildargrein yrði ríkinu heimilt að selja hlutabréf í Hitaveitu Suðurnesja og verja andvirðinu til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum. Þetta gerðum við vegna þess að við höfðum áhyggjur af samdrætti í atvinnu á Suðurnesjum og vildum hafa þann varnagla inni að ríkið hefði heimild til að selja hlutabréf í þessu góða fyrirtæki ef á þyrfti að halda. Ég man að framsóknarmenn á þingi firrtust nokkuð við að við skyldum vera að skipta okkur af þessu, þeir sögðust hafa ætlað að leggja fram svona tillögu. Þess vegna leggjum við ekki fram tillöguna nú til að gefa framsóknarmönnum svigrúm. Ég vona að þeir nýti það svigrúm og leggi fram þessa gömlu tillögu sína sem þeir sögðust ætla að leggja fram í fyrra.

Í lok ræðu minnar, herra forseti, ætla ég aðeins að fara í eitt lítið mál sem var til umræðu fyrr í dag og enginn skilur sem ekki hlustaði á umræðurnar þá. Við áttum orðastað, ég og hv. varaformaður fjárlaganefndar, Einar Oddur Kristjánsson, um samneysluna og hvaða forsendur hefðu verið lagðar í fjárlagafrumvarpi ársins 2004 varðandi magnaukningu samneyslu. (**EOK:** Raunaukningu.) Raunaukningu, raunmagnaukningu samneyslu.

Þingmaðurinn sagði að í forsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2004 hefði staðið að stefnt væri að því að halda árlegum vexti samneyslu undir 2% að raungildi. Ég benti hv. þingmanni á að í frumvarpi ársins 2004 væri tafla þar sem fram kæmi að markmiðið væri 1% en ekki 2%. Ég benti honum einnig á að í frumvarpi til fjáraukalaga væri sama tafla þar sem fram kæmi að markmiðið um að samneyslan yxi ekki umfram 1% hefði ekki náðst, eins og það stóð í töflunni, heldur hefði hún vaxið 0,5% meira. Í þeirri töflu kom fram að aukningin hefði því verið 0,5% umfram væntingar.

En eftir að við vorum búnir að fara yfir þetta í ræðustól með þeim gögnum sem við höfðum varð ég mér úti um frekari gögn til að skoða hvernig stæði á því að þessi glöggi þingmaður Sjálfstæðisflokksins sem hefur verið í fjárlaganefnd til margra ára færi með rangt mál hvað varðaði stefnu ríkisins um vöxt samneyslu. Þegar ég fór í gegnum bæði stefnu og horfur í frumvarpi til fjárlaga árið 2004 og eins sama rit varðandi stefnu og horfur fjárlaga ársins 2005 kom í ljós að við höfðum báðir rétt fyrir okkur. (**EOK:** Nei, bara ég.) Í töflunni sem ég var með í fjárlögum ársins 2004 stendur skýrum stöfum að spáin sé að samneyslan aukist um 1%. Á bak við hana er texti í fjárlögunum sem segir annað.

Textinn segir, með leyfi forseta:

„Aðhald í ríkisfjármálum verði aukið. Þannig verði árlegur vöxtur samneyslu á árunum 2005–2007 ekki umfram 2% að raungildi. Þar verði meðal annars miðað við að launakostnaður ríkisins hækki ekki umfram laun í samkeppnisgreinunum. Enn fremur verði árleg hækkun tilfærsluútgjalda ekki umfram 2,5% að raungildi á árunum 2006–2007."

Þarna stendur sem sagt í texta 2%. En í töflu er 1%.

Í sama riti fyrir frumvarp til fjárlaga ársins 2005 er nákvæmlega sami texti. Það er í raun búið að setja textann úr fjárlögum ársins 2004 inn í fjárlögin 2005.

Þar stendur líka að *árlegur vöxtur samneyslu sé ekki* umfram 2% að raungildi. En í þeirri töflu sem því fylgir stendur 2%.

Þarna er því um það að ræða að einhver hefur gert mistök vegna þess að það liggur ljóst fyrir þegar maður skoðar forsendurnar og skoðar þessar magnbreytingar þjóðhagsstærða, eins og þær eru settar fram þarna, og ég tala nú ekki um þegar maður skoðar frumvarp til fjáraukalaga um sama efni þá kemur þar fram að markmiðið um 1% hafi ekki náðst. Er því furða, herra forseti, þó að menn virðist stundum ekki vera að tala um sömu hlutina?

Að endingu þakka ég samnefndarmönnum mínum í fjárlaganefnd fyrir samstarfið sem við höfum átt. Það er ansi annasamur tími í fjárlaganefnd frá því að þing kemur saman og fram að 2. og 3. umr. fjárlaga. Sérstaklega vil ég þakka þeim embættismönnum sem heimsótt hafa okkur og verið óþreytandi við að reyna að svara spurningum okkar þó að þeim virðist algjörlega ómögulegt að ná upplýsingum út úr þessu nýja bókhaldskerfi ríkisins til að svara spurningum öllum sem við höfum lagt fram. Ég vona þó að þeim takist það og treysti því að þeir séu að vinna núna næturvinnu eins og við við að reyna að ná í þessar upplýsingar sem við þurfum á að halda. En ég vil þakka þeim fyrir gott samstarf og sérstaklega vil ég þakka starfsmönnum fjárlaganefndar sem vinna oft langan og erfiðan starfsdag meðan á fjárlagatörninni stendur. Það stendur ekkert á upplýsingum sem við þurfum á að halda frá starfsmönnum okkar í fjárlaganefnd. Þeir eru alltaf boðnir og búnir og vinna sína vinnu þannig að óaðfinnanlegt er.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns þá ætlaði ég mér að halda hér miklu lengri ræðu en þessa og fara yfir einstaka liði fjárlagafrumvarpsins. En af tillitssemi við þá ræðumenn sem eftir mér koma og með tilliti til þess hvað klukkan er núna þá læt ég máli mínu lokið.

[23:48]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir óvenjulega hlutlæga gagnrýni sem kom fram í þessari ræðu. Sannarlega stakk þessi ræða töluvert mikið í stúf við þær upphrópanir sem maður hefur mátt heyra hér í allan dag þar sem menn reyndu ekki að nálgast neitt veruleikann heldur bara hrópuðu og kölluðu, því miður, ákaflega mikla fjarstæðu.

En þessi ræða var einmitt dæmi um það hvernig stjórnarandstaða getur og á að nálgast hin margvíslegu vandamál sem við eigum við að stríða við gerð fjárlaga. Það er ekkert

auðvelt að eiga við þetta.

Hins vegar verð ég nú, herra forseti, samt að hryggja hv. þingmann með því að ég get ómögulega fallist á það sem hann sagði áðan um að við hefðum báðir haft rétt fyrir okkur vegna þess að það er alveg dagljóst að það var bara ég sem hafði rétt fyrir mér. Hann hafði rangt fyrir sér, svo og félagi hans hv. þm. Einar Már Sigurðarson.

Það er nefnilega þannig, hæstv. forseti, alveg eins og þingmaðurinn las upp úr þessum gögnum, þ.e. úr Stefnu og viðhorfum gagnvart árinu 2004 og svo líka Stefnu og viðhorfum gagnvart árinu 2005, að þetta stendur skýrum stöfum. Ég var einmitt að vekja athygli á því að þetta er meginmarkmið ríkisstjórnarinnar í fjármálum ríkisins. Það var og er gríðarlega mikilvægt að fara yfir það að það tókst.

Hins vegar er tafla þarna sem þeir virðast ekki átta sig á. Taflan er þannig byggð upp að fjármálaráðuneytið er ekkert að gera neina vitleysu. Í frumvarpinu, eins og það var lagt fyrir í upphafi, er gert ráð fyrir 1% hækkun samneyslu vegna þess að það er venja, verkvenja við gerð fjárlaganna að setja inn alla þekkta kjarasamninga og alls ekkert þar að auki og það var þá 1%. (Forseti hringir.) Reynslan sýndi síðan að þetta voru tæp 2% þegar gert var upp þannig að taflan er alveg hárrétt. Markmið ríkisstjórnarinnar var (Forseti hringir.) 2% og okkur tókst að fylgja því sem betur fer.

[23:50]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svolítið erfitt í stuttu andsvari að fara yfir mál sem er jafnflókið og raun ber vitni án þess þó að líta út fyrir að vera það. En ég skal þó reyna.

Halda hv. þingmenn að ef ríkisstjórnin hefði ætlað sér á árinu 2004 að samneyslan mundi vaxa eða mætti vaxa allt að 2% að það hefði þá ekki verið sett inn í forsendur útreikninga? Halda menn að fjármálaráðherra, sem við höfum nú verið að væna um að vera kannski ekki með allt of góðar áætlanir í höndunum, hefði farið hér í gegnum tvær umræður um fjáraukalög þar sem fram kemur að fjárlög ársins 2004, samneysla, magnbreytingar, prósentur, ættu að aukast um 1% en síðan í áætlun ársins 2004, þ.e. eftir að fjáraukalögin eru komin fram, stendur 1,5% — það er frávik frá fjárlögum, hálft prósent — halda menn að hæstv. fjármálaráðherra hefði nú ekki komið hér og barið sér á brjóst og sagt: „Sjáið þið nú. Spá okkar um aukningu samneyslu stenst og hún gerir meira en að standast. Við gerðum ráð fyrir 2%, að hún mundi aukast um 2%. Hún eykst bara um 1,5%. Þarna sjáið þið nú aðhaldið í ríkisrekstrinum."

Halda hv. þingmenn að hæstv. fjármálaráðherra hefði látið fram hjá sér fara svona tækifæri ef raunin hefði verið sú að þarna hefði átt að standa 2% en ekki 1%?

[23:52]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál er einfalt en ekki flókið. Það er nákvæmlega þannig að í fjárlagafrumvarpið í ár eins og í fjárlagafrumvarpið í fyrra eru settir inn í launaliðina gerðir samningar. Hefur hv. þingmaður ekki tekið eftir því fyrr? Halda menn að í fjárlagafrumvarpinu 2005 sem við erum að afgreiða núna sé einhver áætlun um hverjir samningarnir verði við opinbera starfsmenn á næsta ári? Nei, að sjálfsögðu ekki. Það hefur aldrei nokkurn tíma komið fyrir að inn í fjárlagafrumvarp væri sett áætlun um hvað kynni að koma út úr kjarasamningum. Þetta er því nákvæmlega skýrt og fer ekki milli mála.

Í fjárlagafrumvarpinu núna er gert ráð fyrir því að samneyslan vaxi — ef við bara tökum fjárlagafrumvarpið — um 1,7% vegna þess að tölurnar sem við höfum fyrir framan okkur sýna það. Gerðir kjarasamningar sýna það.

Þess vegna vekja menn athygli á því að það er markmið ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum — og það er rauði þráðurinn — að samneyslan vaxi ekki að raungildi á næsta ári nema um 2%. Og það verður þrautin þyngri, herra forseti. Ég er að vekja athygli á þessu af því að þessar tölur skipta meginmáli þegar við reynum að átta okkur á því hvert viðgangsefnið er í ríkisfjármálunum. Þetta eru stóru tölurnar. Þetta er það sem ræður úrslitum um það hvernig til tekst. Því er nauðsynlegt að gera athugasemdir þegar ágætir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar skauta yfir þetta eins og þeir gerðu báðir, hv. þm. Jón Gunnarsson og hv. þm. Einar Már Sigurðarson. Þeir skauta yfir meginmálið og telja að þarna hafi ekki verið gert rétt. Það var nákvæmlega gert rétt og það merkilega við þetta, þó að margt sé athugavert við framgang fjárlaga á þessu ári, (Forseti hringir.) þ.e. of miklar hækkanir, þá tókst þó að fullnusta þessi meginmarkmið og því ber að halda til haga.

[23:54]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að stæla við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson um þetta atriði. Ég veit að hv. þingmaður er þrjóskur að endemum. Reyndar er sá er hér stendur það líka. Ég ætla því ekki alveg að hætta núna vegna þess að hér í Stefnum og horfum frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2005 er tafla um það hvernig fjármálaráðuneytið reiknar með að magnbreyting verði á helstu þjóðhagsstærðum á næstu árum, 2005, 2006, 2007 og 2008.

Ég vek athygli á því að þetta er í fjárlagafrumvarpinu sem við erum að ræða núna. Í þessari töflu stendur: „Áætlun ársins 2004", þ.e. er áætluð lokaútkoma ársins 2004. Það er fyrsti dálkurinn í þessari nýju töflu í nýja frumvarpinu. Þar stendur 1,5%. Alveg eins og stóð í fjáraukalagafrumvarpinu. (**EOK:** Innan við 2% ...) Í frumvarpi 2005 eru það 2%, 2006 2%, 2007 2% og 2008 2%. (**EOK:** Þetta er markmiðið.) Ég er alveg sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að það verður ekki auðvelt fyrir ríkisstjórnina að halda þessu markmiði. Það var heldur ekkert auðvelt og hefur ekki verið auðvelt að gera það á yfirstandandi ári. (**EOK:** En tókst samt.) Ég ætla að vona, satt best að segja, að það sé niðurstaða þessa árs, þetta 1,5% sem við erum að horfa á eða innan við 2%. En ég verð þó að reka ákveðinn varnagla þar eins og reynslan, mín stutta reynsla hér á þingi hefur kennt mér því við eigum eftir að sjá ríkisreikninginn. Við eigum eftir að sjá hvernig hann lítur út. Ef hann er í svipuðum dúr og áætlun 2004, þ.e. frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga, ef það stenst nú á árinu 2004 þá verður þetta svona. Ef aftur á móti verða aðrar tölur í ríkisreikningi þá er ekki víst að þetta verði svona.

[23:57]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð sérkennileg upplifun fyrir varaþingmann að gera hér öðru sinni stuttan stans á Alþingi í miðri fjárlagagerðinni. Fyrir réttu ári þótti mér ýmislegt undarlegt og jafnvel aðfinnsluvert í þeim framgangsmáta og ég verð að segja eins og er að því miður finnst mér ástandið ekki hafa skánað. Þvert á móti hafa vinnubrögðin, í það minnsta í hv. efnahags- og viðskiptanefnd sem ég á sæti í þessa dagana, versnað svo um munar.

Fyrir réttu ári sat ég á fundum í efnahags- og viðskiptanefnd og þar fengum við til okkar gesti, fulltrúa hagsmunasamtaka og við fengum umsagnir frá aðilum sem við tókum tillit til meðan nefndin var að sinna því hlutverki sem henni er falið við fjárlagagerðina, þ.e. að fara yfir og gefa umsögn um tekjuhliðina til fjárlaganefndar.

Fyrir réttu ári skiluðu bæði meiri og minni hluti hv. efnahags- og viðskiptanefndar ítarlegu áliti á tekjuöflun ríkissjóðs á árinu 2004 fyrir 2. umr.

En nú er öldin önnur. Í meirihlutaáliti fjárlaganefndar á bls. 18 er birt álit minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar á tekjugrein frumvarpsins. Þar eru vinnubrögð sem uppi hafa verið í nefndinni átalin harðlega þar sem minni hlutinn telur að mun ítarlegri skoðun hefði þurft að fara fram á tekjugreininni, en hún var tekin til umræðu í nefndinni þennan sama dag og áliti skyldi skilað, reyndar aðeins með nokkurra klukkutíma fyrirvara.

Minni hlutinn fór fram á að tekjugreinin yrði send til umsagnar til Seðlabanka, til hagdeildar ASÍ og til Hagfræðistofnunar en við því var auðvitað ekki hægt að verða því að það átti að skila umsögninni fyrir hádegi þennan sama dag.

Minni hlutinn benti á að ýmislegt væri athugavert við þessa tekjugrein og það væri ekki víst að hún mundi standast tímans tönn, ekki einu sinni fram yfir næstu mánaðamót, en þá er von á nýrri spá frá Seðlabankanum og eftir áramót er von á nýrri þjóðhagsspá. Loks bentum við á að nýframkomin skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar lægju ekki fyrir við þessa afgreiðslu og umfjöllun um þau og áhrif þeirra á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2005 væru ekki séð. Ekkert af þessum atriðum kom til athugunar í nefndinni. Af þessum sökum taldi minni hlutinn ekki forsendur til þess að skila efnislegu áliti fyrir þá umræðu sem hér fer fram.

Ég verð að segja að þetta eru hreint undarlega ótrúlega léleg vinnubrögð hjá meiri hlutanum. Það er ekki nema von að hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar, Pétur Blöndal, skuli ekki hafa verið viðstaddur þessa umræðu í dag. (Gripið fram í.) Var hann hér í dag? Þá biðst ég forláts. Ég hef ekki orðið vör við hann í salnum þann tíma sem ég hef setið og hann hefur svo sannarlega ekki verið hér í kvöld og ekki hefur hann tekið til máls, því hef ég fylgst með.

Virðulegur forseti. Þetta er ekki eina atriðið sem gerð hefur verið athugasemd við í vinnubrögðum við gerð fjárlaga að þessu sinni. Þannig er það eins og bent hefur verið á úr þessum stól hrein afturför að fjárlaganefnd skuli nú aftur vera farin að ráðstafa í sínum ranni safnliðum fjárlaga í stað þess að leita til fagnefnda þingsins og fá umsagnir þeirra. Og aftur gerist það sem harðlega var átalið hér á síðasta ári að forstöðumenn ríkisstofnana fá ekki að kynna málefni sinna stofnana og rekstur þeirra fyrir fagnefndum eða fjárlaganefnd nema í gegnum túlk eða miðil sem reyndar heitir ráðuneyti.

Þannig er ljóst, virðulegur forseti, að framkvæmdarvaldið hefur með augljósum hætti yfirtekið eftirlits- og fjárveitingavald Alþingis með ríkisstofnunum og í reynd fjárlagagerðina í heild. En formaður fjárlaganefndar lýsti því við upphaf umræðunnar í dag að nú væri ætlunin að endurskoða vinnubrögð við fjárlagagerðina og er það vel.

Ég ætla ekki að fjalla meira um vinnubrögðin að sinni en ég verð þó að taka undir með þeim félögum mínum fyrr í kvöld sem hafa bent á hversu lítið ráðherrar hafa verið viðstaddir umræðuna, en hún hefur í rauninni einkennst af því að stjórnarþingmenn hafa stært sig mikið af fyrirhuguðum skattalækkunum á hátekjufólk meðan áfram skal haldið skattpíningu á þá sem lifa á strípuðum töxtum og á atvinnuleysisbótum. Það er alveg ljóst fyrir hvaða tekjuhópa þessar skattalækkanir eru gerðar, þar skal enn hinum efnameiri hyglað á kostnað þeirra sem minna hafa.

Ég vil leyfa mér að vitna í álit miðstjórnar ASÍ vegna þessara skattaáforma en þar segir, með leyfi forseta, að Alþýðusambandið telji að sé svigrúm til skattalækkana fyrir hendi hefði átt að nýta tækifærið og auka tekjujöfnun í skattkerfinu. Tillögur Alþýðusambandsins um meiri hækkun skattleysismarka, lægra skattþrep á lágar tekjur og lækkun virðisaukaskatts á matvæli væru tekjujafnandi andstætt tillögum ríkisstjórnarinnar um afnám hátekjuskatts, flata lækkun skattprósentunnar og afnám eignarskatts.

Þarna tekur miðstjórnin undir þau varnaðarorð sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur haft uppi vegna þessara skattatillagna og það á eftir að koma í ljós þegar útreikningar munu liggja fyrir á þessum tillögum að þetta er því miður rétt spá.

ASÍ fagnar verulegri hækkun barnabóta sem tekjujafnandi aðgerð og undir það má vissulega taka. Stjórnarþingmenn hafa í dag stært sig af því að nú eigi að hækka barnabætur, að vísu ekki eins og lofað var fyrir síðustu kosningar, ekki með því að afnema tekjutenginguna að fullu og alls ekki með því að framlengja barnabætur til 18 ára aldurs. Nei, það er sko langt í frá, en þetta er þó skref í rétta átt. En ég verð því miður, virðulegi forseti, að segja að þetta eina ljós í myrkri skattastefnu ríkisstjórnarinnar er þannig vaxið að aðeins er verið að skila hér hluta af ránsfeng, ránsfeng sem tekinn var með vaxandi tekjutengingu barnabóta á sínum tíma og smiðshöggið á þá þróun var rekið á kjörtímabili ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar 1995–1998 þegar tekjutengingu barnabóta var komið á að fullu. Þessi ríkisstjórn hefur verið að skila því til baka í áföngum og það er gott en það þarf bara meira til að koma.

Herra forseti. Það er langt liðið á kvöldið. Ég ætla aðeins að fjalla um tvær tillögur þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, annars vegar um nær því tvöföldun framlaga til safnasjóðs og hins vegar um að stöðva fjárveitingar til svokallaðrar Íslenskrar friðargæslu og tryggja að þær fari í raunverulegt hjálpar- og friðarstarf á ófriðarsvæðum.

Ég ætla að byrja á að fjalla um breytingartillögu á þskj. 451 sem fjallar annars vegar um 23 millj. kr. hækkun til

endurbóta húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins, sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur gert hér góða grein fyrir, og hins vegar um 54 millj. kr. hækkun á safnasjóði sem ég vil fara nokkrum frekari orðum um, enda er mér málið vel kunnugt og nokkuð skylt.

Safnalög nr. 106/2001 voru sett til þess að treysta uppbyggingu safnastarfs í landinu og til þess að hafa eftirlit með þeim fjármunum sem ríkið veitir til safnastarfs. Með safnalögum var ákveðið að setja á stofn safnaráð sem skyldi vera samráðsvettvangur safnastarfs, bæði listasafna, minjasafna og náttúrusafna. Safnaráð skyldi líka hafa eftirlit með söfnum sem hljóta ríkisstyrki og úthluta styrkjum úr safnasjóði til þessara safna. Tillagan gengur út á, eins og ég sagði, að næstum því tvöfalda framlagið í Safnasjóð úr 66 millj. kr. í 120 millj. kr.

Við skulum rifja aðeins upp hver var tilgangurinn með safnasjóði. Hann er í rauninni sá sami og var þegar settur var á laggirnar Kvikmyndasjóður svo eitthvað sé nefnt, að tryggja jafnræði hvað varðar aðgang að opinberu fé, gagnsæi við úthlutun þess og faglegt eftirlit með rekstri styrkþega og ráðstöfun opinberra styrkja.

Mönnum til upplýsingar veitir safnaráð tvenns konar styrki, annars vegar rekstrarstyrki til safna sem uppfylla kröfur laganna um að teljast söfn og hins vegar verkefnastyrki til setra, til sýninga og til safna. Stofnframkvæmdir eru samkvæmt lögunum eftir sem áður á ábyrgð menntamálaráðuneytis og Alþingis.

Það er ekki sannfærandi að fjórum árum eftir þessa metnaðarfullu lagasetningu og þegar á þriðja hundrað milljóna króna er veitt til þessara mála í tillögum fjárlaganefndar skuli ekki vera hægt að hækka framlag til safnasjóðs milli ára um eina einustu krónu, og það er mjög miður. Umsóknir hjá safnasjóði fyrir næsta ár nema nú tæpum 200 millj. kr. en fjárframlög til safnsins hafa í rauninni lítið hækkað í þessi fjögur ár. Fyrsta árið, 2002, var það 58 millj., það var aftur 58 millj. árið 2003, árið 2004 var það 66 millj. og samkvæmt tillögu sem hér liggur fyrir skal það vera óbreytt á næsta ári.

Ég vil segja hv. þingmönnum það að upphafsfjárveitingin, 58 millj. kr., var á sínum tíma þannig til komin að 53 millj. komu í raun af því sem áður hafði verið hjá menntamálaráðuneytinu til þess að veita rekstrarstyrki til minjasafna í landinu, 5 millj. til sömu hluta komu frá umhverfisráðuneyti. Það að þessar fjárveitingar hafa staðið í stað og að þeim skuli vera ætlað að dekka ekki aðeins rekstrarstyrki til allra minjasafna í landinu heldur einnig til listasafna og náttúrusafna og þar að auki verkefnastyrki til þessara sömu safna og setra og sýninga þýðir í rauninni beinan niðurskurð á rekstri minjasafnanna, aðallega, í landinu og hefur, eins og ég sagði, leitt til þess að það er í rauninni ekkert til skiptanna handa hinum söfnunum sem starfa á sviði lista og náttúrugripa. Þetta var ekki ætlunin með þessum metnaðarfullu lögum, hæstv. forseti.

Ég vil því skora á hv. þingmenn og meiri hlutann í fjárlaganefnd að endurskoða afstöðu sína því eins og ég sagði áðan liggja umsóknir um tæpar 200 millj. kr. fyrir safnasjóði og 120 millj. mundu gerbreyta stöðunni og örva nýsköpun í faglegu safnastarfi í landinu.

Virðulegi forseti. Ég er 1. flutningsmaður að tillögu sem er á þskj. 441. Það er tillaga, eins og ég sagði áðan, sem er ætlað að tryggja að allir fjármunir sem Alþingi samþykkir að veita til alþjóðlegs hjálparstarfs og friðargæslu fari til þeirra hluta en ekki til hernaðarstarfa.

Á þingskjalinu er lagt til að 140 millj. kr. verði bætt við fjárlagalið 03-391 þannig að 25 millj. bætast við framlag til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, 25 millj. bætast við framlag til UNIFEM og 90 millj. bætast við liðinn Mannúðarmál og neyðaraðstoð, sem er liður 1.30. Á móti verði fellt niður framlag í liðinn Íslensk friðargæsla undir fjárlagalið 03-401.

Það er álit okkar flutningsmanna að hægt sé að koma fyrir í liðnum Mannúðarmál og neyðaðstoð allri þeirri eiginlegu friðargæslu sem Íslendingar nú sinna í stríðshrjáðum ríkjum svo sem störfum tveggja lögreglumanna og eins fjölmiðlafulltrúa í Bosníu-Hersegóvínu, starfi fjölmiðlafulltrúa í Kosovo og tveimur borgaralegum sérfræðingum á Sri Lanka auk jafnréttisfulltrúa UNIFEM í Kosovo sem er á sérstökum fjárlagalið. Ef einhver eiginleg friðargæsla fer fram hjá liði Íslendinga á Kabúl-flugvelli er líka hægt að koma henni fyrir innan þessa fjárlagaliðar enda, virðulegur forseti, er ekki gert ráð fyrir því að fjárveitingar til friðargæslu lækki. Þvert á móti er, eins og ég sagði áðan, gerð tillaga um að borgaraleg friðargæsla og hjálparstarf aukist sem nemur kostnaði við þá stríðsleiki sem nú eru stundaðir á Kabúl-flugvelli í nafni Íslands.

Íslensk friðargæsla hefur verið mikið til umræðu, einkum eftir þá eðlisbreytingu sem varð á henni skömmu eftir formlega stofnun friðargæslunnar, þegar stjórn Pristinaflugvallar var tekin yfir af Íslendingum haustið 2002 sem var ári eftir að þessi friðargæsla var sett formlega á laggirnar. Sú eðlisbreyting var enn frekar staðfest þegar Íslendingar tóku við stjórn Kabúl-flugvallar á miðju þessu ári og það sýnir sig í því að þá voru 17 Íslendingar í störfum þar en aðeins sjö annars staðar í stríðshrjáðum ríkjum á vegum Íslensku friðargæslunnar. Þetta 17 manna lið, sem er 70% mannafla friðargæslunnar, er klætt í felubúninga eyðimerkurhernaðar, það er vopnað, bæði hríðskotabyssum og marghleypum, það hefur hlotið hernaðarþjálfun, það ber hertitla og það lýtur heraga og stjórn ofursta.

Bent hefur verið á að NATO skilgreinir þessa sveit sem hermenn í sínu liði. Hæstv. forsætisráðherra hefur þrætt fyrir það og kallar þá borgaralega hjálpar- og friðargæslumenn. Hæstv. utanríkisráðherra hefur hins vegar svarað því til í þessum sal að liðið hafi réttarstöðu hermanna NATO ef svo ber undir. Því er það, virðulegur forseti, að í hugum margra ríkir mikill vafi á að lagastoð sé fyrir því að halda úti þessari liðssveit enda hafa Íslendingar ekki her. Þeir eru einnig til sem telja þessa starfsemi einfaldlega brot á íslenskum lögum og bent hefur verið á það áður í þessum sal af hv. þm. Ögmundi Jónassyni að í 114. gr. almennra hegningarlaga segir, með leyfi forseta:

„Hver, sem ræður menn innan íslenska ríkisins til erlendrar herþjónustu, skal sæta fangelsi allt að 2 árum."

Mér er spurn: Skyldi hæstv. utanríkisráðherra vera undanþeginn þessu lagaákvæði? Um það hefur verið spurt og verður spurt svo lengi sem á hans snærum er vopnuð liðssveit hernaðarbandalags úti í heimi, alveg sama hvað hann og aðrir kjósa að kalla þá sveit.

Það hefur verið bent á það, virðulegur forseti, að skilin á milli friðargæslu og hersveita verða að vera mjög glögg vegna þess að ef svo er ekki þá eru friðargæslumenn settir í mikla hættu. Óljós skil á milli starfa hermanns og friðargæsluliða eru því lífshættuleg, ekki aðeins fyrir íslenska friðargæslumenn heldur einnig fyrir aðra, svo sem starfsmenn Rauða krossins og Sameinuðu þjóðanna. Enda erum við alltaf aftur og aftur að heyra fréttir af því að hjálparstarfsmenn verða fyrir árásum, og það er ömurlegt til þess að vita, virðulegi forseti, að við eigum sem þjóð þátt í því að valda slíkum ruglingi og slíkri hættu með þeim feluleik sem er í gangi varðandi hina svokölluðu Íslensku friðargæslu. Sprengjuárásin í Kabúl í síðasta mánuði var glöggt dæmi um þetta. Það er ljóst að a.m.k. gera Afganir engan greinarmun á þessum herklæddu, herþjálfuðu og vopnuðu Íslendingum og öðrum hermönnum NATO á svæðinu.

Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að rifja upp lýsingu íslensks kvikmyndagerðarmanns, Friðriks Guðmundssonar, í DV, sem er að vinna að heimildarmynd um íslensku sveitina, eins og hann kallar hana, af viðhorfi heimamanna því að hún er mjög sláandi. Hann segir frá því í blaðaviðtali sl. sumar hvernig hann ekur í gegnum Kabúl með íslensku sveitinni og þeir eru neyddir til að stoppa. Það er einhver fyrirstaða á veginum og fyrir aftan þá er stór hertrukkur og hann er líka stopp. Það verður þrúgandi þögn í jeppanum hjá þeim, en sem betur fer losna þeir úr prísundinni án þess að til átaka komi. En í millitíðinni kemur lítill 8 ára drengur að bílnum. Hann réttir upp höndina, myndar með henni skammbyssu og hleypir af á ökumann jeppans. Og þetta, segir heimildarkvikmyndagerðarmaðurinn, er einkennandi fyrir viðhorf heimamanna til þessarar sveitar okkar.

Við skulum ekki auka frekar á þennan rugling á milli hernaðar og friðargæslu. Við skulum kalla hlutina réttum nöfnum. Við skulum tryggja að það fjármagn sem Alþingi veitir til friðargæslu fari til friðargæslu og ekki til annarra hluta. Til þess, virðulegi forseti, er þessi tillaga flutt.

[00:18]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Við 2. umr. fjárlaga fyrir 2004 hafa hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gert ítarlega grein fyrir áherslum hreyfingarinnar og ég þakka sérstaklega hv. þm. Jóni Bjarnasyni, sem er fulltrúi okkar í fjárlaganefnd, fyrir störf hans, framsögu og þátttöku í umræðunum, og fyrir vinnu fyrir okkar hönd að þessari fjárlagagerð.

Ég vil taka fram nokkur atriði, bæði sem flutningsmaður breytingartillagna og eins eru nokkrar áherslur sem ég tel rétt að koma aðeins betur að en gert hefur verið. Þá er fyrst að nefna að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs teljum að ekki fari vel saman að fara af stað með skattalækkanir í það umhverfi sem við erum að sigla inn í, þessa miklu þenslu, og að það eitt geti aukið þensluáhrifin. En telji ríkissjóður sig geta orðið af þessum tekjum þá teljum við rétt að yfirfæra þær til sveitarfélaganna og láta þau njóta fjármagnsins sem ríkissjóður telur sig geta verið án. Sveitarfélögin vantar sannarlega rekstrar- og framkvæmdafé og það er mikilvægt að leiðrétta það sem allra fyrst, en bíða ekki eftir þeirri vinnu sem nú liggur fyrir, en vinna að breytingum á tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga með hliðsjón af breyttri verkaskiptingu og stækkun sveitarfélaganna stendur nú yfir. Það liggur á að koma meira fjármagni yfir til sveitarfélaganna áður en einhver þeirra hafa hreinlega ekki möguleika á áframhaldandi rekstri eins og stefnir í. Yfir þetta hafa hv. þingmenn Jón Bjarnason og Steingrímur J. Sigfússon farið sérstaklega og ég ætla ekki að gera það frekar í þessari umræðu.

Í þessu sambandi má líka nefna varðandi hinar miklu stóriðjuframkvæmdir sem standa yfir og eru að flestu leyti undirrót þenslutímabilsins sem fram undan er að það var fyrirséð að með því að velja stóriðjuleiðina yrðu afleiðingarnar m.a. að draga yrði úr opinberum framkvæmdum og rekstri á velferðarþjónustunni og því erum við sannarlega að finna fyrir núna.

Áður en ég held lengra með ræðu mína vil ég fyrst nefna einn lið í fjárlögunum en það er heimildin til sölu á ríkiseignum og ríkisjörðum. Ég hef nefnt það áður að ég tel að liðurinn um sölu ríkisjarða eigi að fara út þar til mótuð verði opinber stefna um hvernig eigi að fara með ríkisjarðir, hvort heldur það eru jarðir sem eru í búskap nú eða í eyði, það verður hið allra fyrsta að móta ákveðna stefnu um hvort og þá hvernig búsetu við viljum hafa á ríkisjörðum. Það er svo hröð breyting sem er að verða hvað varðar eigendaskipti á jörðum sem hafa verið í eigu bænda, það eru uppkaup á jörðum og jarðir eru í ríkari mæli að færast á fárra manna hendur. Ég tel að þetta sé þróun sem við getum ekki látið líða hjá án þess að vera meðvituð um hvert gæti stefnt og vera þá tilbúin til að grípa inn í. Ég tel að ríkið eigi að móta sér stefnu með jarðir sínar, hvernig með þær skuli farið í framtíðinni en ekki hafa svona margar á söluskrá. Ég vil enn einu sinni ítreka þá skoðun mína.

En þrátt fyrir að hæstv. ríkisstjórn telji sig geta farið í skattalækkanir má með sanni segja að það vantar sárlega fjármagn til sveitarfélaganna, í framhaldsskólana, í háskólana, það vantar inn í heilbrigðisþjónustunnar og til þess að halda samgönguáætlun eins og hún hefur verið lögð upp og halda áfram þeim framkvæmdum sem búið var að setja á áætlun. Það vantar fjármagn til ákveðinna byggðaaðgerða, til að styrkja byggð og atvinnu í landinu. Og þegar við erum að tala um að það sé varhugaverð stefna að draga svona úr framlögum til hins opinbera þá er það mjög varhugavert að þrengja svo að þeirri grunnþjónustu, að hún skerðist þannig að allur almenningur finni fyrir því. Eitt er að fara vel með og sýna aðhald en annað er að draga svo úr þjónustunni að það komi niður á öllum landsmönnum, sem ég tel að það muni gera og þá sérstaklega innan heilbrigðisþjónustunnar. Ef fram heldur sem horfir mun þetta leiða til þess að þeir sem þurfa að nota þjónustuna verði að greiða meira eða hafi ekki efni á að nota hana, ákveðin þjónusta verði orðin það dýr að hér verði hópar fólks sem ekki hafi efni á að sækja hana. Því miður er það þannig í dag, herra forseti, að stórir hópar fólks hafa hvorki efni á að fara til tannlæknis né til sérfræðinga þar sem þjónustan er hvað dýrust.

En það er til fjármagn í landinu, það sýna allar tölur, og þá er ég ekki að tala um ríkissjóð, ég er að tala um fjármagnið úti í þjóðfélaginu. Það eru miklar fjárfestingar í gangi. Því miður eru þær ekki svo miklar innan lands, stóru

fjárfestingarnar eru á erlendri grundu og þær eru svo miklar að eftir því er tekið að við erum farin að slá stór högg inn í markaðinn á Bretlandi. Í dag vita Íslendingar sem fara til London að versla varla hvort verslanirnar sem þeir fara í eru í eigu Breta eða Íslendinga.

Því miður eru þessar stóru fjárfestingar erlendis, því ef þær væru í sama mæli hér heima þá væri atvinnulífið fjölbreyttara, það væri sterkara, mun meiri nýsköpun í gangi og meiri trú á framleiðni hér á landi og þar af leiðandi mundu atvinnuhjólin snúast hraðar á víðara sviði en er í dag. Nóg snúast þau en þau virðast öll vera í sömu hjólförunum, krafturinn virðist vera á mjög þröngu sviði. En til að styrkja undirstöður í atvinnulífi verðum við að fá fjármagn inn í fleiri greinar og inn í nýsköpun og þróunarstarf sem sárvantar fjármagn. Þar þarf hið opinbera að koma að, t.d. að styrkja atvinnuþróunarfélögin og Nýsköpunarsjóð til þess að komast í gang með verkefni sem geta svo skilað okkur inn í framtíðina.

Herra forseti. Við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum lagt fram á þskj. 443 tillögu um að sérstakur tekjuskattur, öðru nafni hátekjuskattur, verði hækkaður í 6% og hlutfall fjármagnstekjuskatts hækkaði úr 10% í 18%. Þetta gerum við til þess að ná inn meiri tekjum í ríkissjóð og koma til móts við hluta af þeim tillögum sem við leggjum fram sem útgjaldaliði. En þegar við lítum til sveitarfélaganna og fjársvelti þeirra hafa þau orðið að hækka þjónustugjöld á flestum sviðum, leikskólagjöldin, sorphirðugjöldin, gjöld í tónlistarskólana og fleira. Eins hafa þau orðið að fara með útsvarsprósentuna eins hátt og þeim er heimilt þó að mörg hver hafi reynt að draga úr því til að hafa áhrif á búsetu fólks og laða til sín íbúa gengur þeim sífellt verr að halda útsvarsprósentunni niðri því þau eru flest farin að safna skuldum.

Ég vil aðeins nefna einn þátt hjá sveitarfélögunum sem ég tel að við ættum að horfa til þegar við skoðum hvort ekki sé brýnt að yfirfæra fjármagn til sveitarfélaganna miðað við núverandi stöðu. Áhersla innan heilbrigðis- og félagsþjónustu er að auka þjónustu sjúklinga, fatlaðra og aldraðra í heimahúsum. Sú stefna sem er meðvitað og ómeðvitað pólitísk, a.m.k. kemur hún fram í heilbrigðisstofnunum og ekki síst á Landspítala – háskólasjúkrahúsi þar sem þjónustan miðast orðið við að senda sjúklinga sem fyrst heim, bæði til að spara og eins þykir manneskjulegra að sem flestir geti verið sem lengst í heimahúsum en til þess að það gangi upp þá verður að stórefla heimaþjónustuna svo forsvaranlegt sé að senda fólk af sjúkrahúsum eða hafa það ekki á hjúkrunar- og dvalarheimilum eins og áður þótti sjálfsagt. Hugmyndafræði getur verið góð en það þarf að fylgja henni eftir og styrkja sveitarfélögin þannig að heimaþjónustan og heimilishjálpin sé til staðar svo við höfum í framtíðinni möguleika á að draga úr áherslum á stofnanaþjónustunni og færa hana inn á heimilin. En það þýðir ekki að segja a nema segja b líka. Við leggjum því til að m.a. verði framlag til jöfnunarsjóðsins hækkað um 700 millj. kr. til að koma til móts við sveitarfélögin í núverandi stöðu.

Hvað varðar heilbrigðismálin og fjárlögin hafa útgjöld til heilbrigðismála sannarlega aukist. Sífellt er verið að bera okkur saman við OECD-löndin og að þar séum við mjög ofarlega á lista, útgjöld okkar séu há. Því miður er almannatryggingakerfi okkar þannig uppbyggt að við erum með bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð samþættar útgjaldalið almannatrygginga sem eru ekki í flestum öðrum löndum. Við erum því að bæta allverulega í samanburðarlið okkar þegar við berum okkur saman við OECD-löndin. Ég vil alla vega taka vara á því að liðurinn sé tekinn inn í samanburðartölum í samanburðinum. Þá er hætt við að við rennum aðeins lengra niður eftir listanum og getum ekki verið svona góð með okkur hvað við notum hátt hlutfall af fjárlögum okkar í heilbrigðisþjónustuna.

Ég vil benda á annað sem hefur komið fram í umræðunni, að örorkuþegum hefur fjölgað mjög ört á allra síðustu árum. Þetta er auðvitað áhyggjuefni, sérstaklega þegar maður skoðar og sér að sífellt yngra fólk fær örorkubætur eða örorkulífeyri. Reikna má með að þetta séu einstaklingar sem njóta örorkulífeyris til frambúðar eða um langan tíma. Ég tel mjög brýnt að rannsaka vel hvað veldur, hvaða orsakasamband er á milli fjölgun örorkulífeyrisþega, hvað er í grunninn því varla er það svo að einhver einn þáttur hefur þarna áhrif. Ekki hefur geisað hér lömunarveiki eða einhverjar farsóttir. Að öllum líkindum spilar ástandið á vinnumarkaðnum þarna inn í. Einnig langvarandi atvinnuleysi og upphæð atvinnuleysisbóta og eins hvað vinnumarkaðurinn er orðinn harður og óvæginn og að menn víli ekki fyrir sér að segja upp fólki sem komið er yfir miðjan aldur og hafa ekki áhyggjur af því að það fái ekki vinnu. Einhverjir slíkir samspilandi þættir hafa örugglega áhrif á að örorkulífeyrisþegum hefur fjölgað svona mikið. Því er mjög mikilvægt að skoða þættina og reyna að komast fyrir orsökina þannig að hægt sé að komast að rót vandans og nýta fjármagnið til að bæta úr, en ekki horfa á lífeyrisþegana og á útgjöldin sem aukinn lífeyriskostnaður veldur þjóðarbúinu.

Það er ekki hægt að nefna öryrkja nema að nefna Öryrkjabandalagið, og ég hefði kannski átt að koma að því fyrst í ræðu minni. Það er ekki hægt að nefna það neinu öðru nafni en svik við gefin loforð um bætur til öryrkja eins og gengið var frá í — það liggur við að maður segi margrómuðum samningi, samkomulagi milli öryrkja og hæstv. heilbrigðisráðherra um tvöfalda hækkun bóta til yngstu öryrkjanna því svo var samkomulaginu hampað og margir ánægðir með það. Ég er ein af mörgum sem lýstu ánægju með samkomulagið, að tvöfalda hækkun til yngstu örorkuþeganna en það sem lá að baki samkomulaginu var að það átti að vera línuleg hækkun upp aldursskalann og hækkunin átti að deyja út hjá þeim elstu. Það er alveg ljóst að verið var að tala um línulega hækkun og þannig voru bæturnar reiknaðar út af Tryggingastofnun og á því byggði Öryrkjabandalagið samkomulag sitt og alveg ljóst að hæstv. heilbrigðisráðherra túlkaði það þannig líka í upphafi og fyrir kosningar þó reyndin hafi orðið önnur í ríkisstjórn. Síðan þekkjum við framhaldið. Því standa allir stjórnarandstöðuflokkarnir að tillögu um að staðið verði við samkomulagið og þeim hálfa milljarði sem upp á vantar verði bætt í fjárlögin og málið verði þar með út af borðinu með afgreiðslu í fjárlögunum en ekki með málaferlum eins og stefnir í ef ekki verður gerð breyting á fjárlögunum. Sú hækkun sem er rífleg í fjárlagafrumvarpinu er vegna fjölgunar öryrkja en ekki vegna samkomulagsins.

Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um Landspítala – háskólasjúkrahús og þann mikla rekstrarvanda sem sú stofnun hefur verið í í nokkur ár og hefur ekki mikið lagast frá sameiningu sjúkrahúsanna fyrir fjórum árum. Vonandi verður sameiningarvandinn út af fyrir sig einhvern tíma að baki. Trúlega verður það ekki fyrr en stofnunin verður komin undir eitt þak og hægt að reka hana af meiri hagkvæmni en gert er í dag. Það er framtíðin. Rekstrarvandinn er af margvíslegum toga. Komið hefur verið til móts við stofnunina með því að gefa eftir 500 millj. kr. af þeim skuldum sem stofnunin átti að greiða á næsta ári, rekstrargrunnur verði styrktur með þeim 500 millj. kr. og síðan er líka gefin eftir, og það ber að virða, 1% sparnaðarkrafa eins og gerð er á allar opinberar stofnanir. Eftir sem áður er fyrirsjáanlegt að endar munu ekki ná saman á þessu ári og telja forstöðumenn stofnunarinnar að það stefni í um það bil 600 millj. kr. halla við næstu árslok.

Ég tel miklu raunsærra að ganga frá og afgreiða fjárbeiðni stofnunarinnar við afgreiðslu fjárlagafrumvarps. Við höfum áður staðið frammi fyrir því að settar voru mun lægri upphæðir í fjárlögin en fyrirsjáanlegt var að þyrfti til rekstursins sem hefur síðar skilað sér í fjáraukalögum og minni þjónustu. Ef ekki verður bætt um enn betur er ljóst að stofnunin mun fara í einhverjar aðgerðir til að mæta vandanum. Þær tillögur sem fram hafa komið eru mér ekki allar hverjar hugnanlegar, m.a. sú að koma á innritunargjöldum og ég gladdist yfir að hæstv. ráðherra tók ekki undir þá tillögu fyrr í dag. En það þarf áfram að segja upp fólki. Það þarf áfram að reyna að hagræða og er varla hægt lengur innan stofnunarinnar öðruvísi en að koma þeim rekstri út af stofnuninni sem flokkast ekki undir bráðaþjónustu, þetta geta verið rekstrareiningar eins og endurhæfingardeildin í Kópavogi sem er nú komin í einkarekstur og reynist dýrari en áður. Það er Arnarholt sem stofnunin ætlar að loka um næstu áramót, auka á göngudeildarþjónustu og auka fimm daga þjónustu. Af mörgu þessu er óhagræði og aukin sýkingarhætta sérstaklega ef komið er á fimm daga þjónustu. Því tel ég miklu eðlilegra að komið verði strax til móts við stofnunina og framlagið hækkað og reynt að koma á ró og draga úr því mikla álagi sem er á starfsmönnunum og hefur verið viðvarandi. Ég tel að ekki sé hægt að ganga nær starfsfólkinu og sjúklingunum með stofnunina í óbreyttum rekstri. Ég tel að það sé allt að því komið að hættumörkum hvað álag snertir.

Ég vil aðeins, hæstv. forseti, nefna Arnarholt því að það á að loka þeirri stofnun nú 1. janúar 2005. Á stofnuninni voru 40 sjúklingar. Hún er staðsett á Kjalarnesi í mjög vistvænu og fallegu umhverfi. Þar hefur verið starfsemi í um 40 ár. Margir þeirra sem þar eiga heima hafa búið þar í nær 40 ár. Sumir veiktust ungir að árum en eru fullorðnir í dag. Þeir fengu ekki þá læknismeðferð sem við þekkjum nú og voru oft það veikir að þeir gátu ekki búið í þjóðfélaginu eins og læknisþjónustan og hugmyndafræðin var á þeim tíma.

Eftir nokkurra áratuga búsetu á stofnunum eru margir sem ekki geta ekki búið einir eða í sambýlum. Því tel ég að stofnun eins og Arnarholt, sem er lítil stofnun, ódýr í rekstri og mannvæn, þar sem sjúklingar hafa búið við mikið öryggi, eigi að vera til. Í þjóðfélagi okkar verða alltaf einhverjir sem þurfa þannig stað. Þetta á við um þá sem ekki eru bráðaveikir, einstaklinga sem hafa fengið heilablæðingu, lent í alvarlegum slysum eða orðið alvarlega geðveikir. Þeir flokkast hugsanlega einhvers staðar á gráu svæði milli heilbrigðis- og félagsþjónustunnar. Slíka einstaklinga munum við alltaf hafa. Ég tel heppilegt að Arnarholt verði áfram rekið fyrir þá í stað þess, eins og nú á að gera, að þvæla þeim fram og til baka um stofnanir. Þeir verða áfram á stofnunum. Sumir fara jafnvel aftur til upprunabústaðarins á Kleppsspítala, þar sem þeir hugsanlega hófu sjúkrasögu sína. Ég tel þetta vanráðið.

Ég tek undir það að starfsemin á Arnarholti eigi ekki að vera undir Landspítalanum. Hún á að vera starfrækt undir heilbrigðisráðuneyti sem sérstök hæfingar- og endurhæfingarstofnun og má vera á þessu gráa svæði á milli heilbrigðis- og félagsþjónustu. Ég held að engum sé greiði gerður með því að flytja sjúklingana, 19 einstaklinga, inn á aðrar stofnanir og jafnvel dýrari. Svo koma aðrir í þeirra stað. Hvað á að gera við þá?

Umhverfið skiptir líka máli. Það er rólegt og mannvænt og þarna hefur fólkinu liðið vel. Ég vísa því til hæstv. heilbrigðisráðherra að hann skoði málið mjög vandlega, leysi Landspítalann undan því að hafa Arnarholt í rekstri en taki sjálfur við stofnuninni og reisi hana við á ný undir þeim formerkjum að þar sé hæfingar- og endurhæfingarheimili fyrir einstaklinga sem á þurfa að halda en með það markmið að allir sem útskrifast af stofnuninni komist á sambýli. Allt tekur þetta tíma en þeir sem hafa verið skemmst þarna hafa verið þar 2–3 ár.

Varðandi heilsugæsluna í landinu þá býr hún við það, eins og aðrar heilbrigðisstofnanir, að hafa þurft að sýna mikið aðhald í rekstri. Allt sem heitir þróunarstarf, nýmæli og aukin þjónusta hefur setið eftir. Það hefur verið hægt að sinna því allra brýnasta. Ég er ekki að segja að það hafi komið niður á heilbrigðisþjónustunni. Sjúklingar hafa komist til læknis og hvað heilsuverndina varðar þá hefur hún verið veitt. En þetta hefur allt saman verið undir pressu á að spara og hagræða. Lítið svigrúm hefur gefist til að fitja upp á nýjungum eða þróun.

Ég held við séum öll sammála um að heilsugæslan eigi að vera fyrsti viðkomustaðurinn í heilbrigðisþjónustunni. Hún á að hafa möguleika á að veita víðtækari þjónustu en hún gerir í dag. Því er rík þörf fyrir að fjölga þar í starfsliði, fá sálfræðinga, félagsráðgjafa og iðjuþjálfa inn á heilsugæsluna. Í minni samfélögum yrði það í samvinnu með sveitarfélögunum, félagsþjónustunni. Þannig mætti með sameiginlegu átaki efla heilsuvernd líkama og sálar sem er svo nauðsynleg í dag.

Ég legg fram breytingartillögu, hæstv. forseti, á þskj. 455, sem er í fjórum liðum.

Í fyrsta lagi legg ég til að auka framlög til Landspítala – háskólasjúkrahúss umfram fjárlög upp á 600 millj. kr.

Til hjúkrunarheimila legg ég til aukningu um 150 millj. kr. Það er til að möguleikar séu á að nýta hjúkrunarrými umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlögunum.

Þá geri ég ráð fyrir viðbót til heilsugæslustöðvanna, að bæta við 40 millj. kr. við það sem gert er ráð fyrir í fjárlögunum til að efla enn frekar þjónustu heilsugæslustöðvanna og víkka starfssvið þeirra. Þá er ég að hugsa um landið allt.

Á nokkrum stöðum væri hægt að fá starfskrafta inn á stöðvarnar þótt það yrði ekki endilega í fullu starfi. Þessar 40 millj. kr. væru rétt til að koma starfseminni af stað á nokkrum stöðum. Ég tel mikilvægt að vera ekki bara með tilraunastarfsemina á höfuðborgarsvæðinu heldur þurfi að gefa möguleika á að efla þetta um allt land.

Fjórði liðurinn er um hækkun til Heilbrigðisstofnunar Austurlands upp á 150 millj. kr. Þannig háttar til, eins og við vitum öll, að á því svæði er mikil uppbygging og þensla, tímabundið ástand sem kallar á mikla þjónustu. Fyrir hæstv. ríkisstjórn, sem keyrir atvinnulífið á stóriðjustefnunni og uppbyggingu, finnst mér að það ætti að vera umhugsunarefni að ekki hafi verið staðið betur að undirbúningi stóriðjuframkvæmda en gert var fyrir austan. Það er meira en að segja það að dengja inn á svæðið vinnubúðum sem eru jafnfjölmennar og þéttbýlið sem þar er fyrir. Uppi við Kárahnjúka eru yfir þúsund manns að störfum og niðri á Reyðarfirði eru þegar komnir um 300 manns í vinnubúðir.

Reiknað er með að fjölgun verði í Fjarðabyggð, aðallega á Reyðarfirði, um 1.800 manns næsta vor. Það segir sig sjálft að það þarf meiri undirbúning og fjármagn inn í starfsemi heilbrigðisstofnana á svæðinu. Það hefur ekki verið gert. Heilbrigðisstofnun Austurlands var í byrjun ársins með um 100 millj. kr. halla en hefur fengið á fjáraukalögum um 20 millj. kr. En þrátt fyrir framlögin á fjárlögum núna er ljóst að stofnunin mun halda áfram að safna skuldum og stjórn stofnunarinnar og heilbrigðisstarfsmenn hafa ekki hugmynd um hvernig í ósköpunum þeir eiga að vinna sig út úr næsta ári.

Hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands eru þrjár einmenningsstöðvar og ekki er hægt að skera þær niður. Það vantar fleiri stöðugildi til að anna eftirspurn og veita þjónustuna. Til þess að ná sparnaði verður hins vegar að skera niður, minnka þjónustuna og loka deildum, öfugt við það sem þyrfti að vera. Þannig að 150 millj. kr. eru rétt til að halda í horfinu. Slíkt framlag mundi ekki auka starfsemina. Enn vantar fjármagn til að undirbúa stækkun á heilsugæslustöðinni á Reyðarfirði, sem er nýbyggð. En áður en grunnurinn var tekinn var vitað að hún yrði helmingi of lítil. Hún var samt byggð vegna þess að það var ekki til fjármagn í stærra húsnæði en teikningin sagði til um. Stöðin varð þannig of lítil á teikniborðinu. Næsta vor er reiknað með að þangað komi 1.800 manns til viðbótar en heilsugæslustöðin er byggð utan um þá íbúa sem voru þar fyrir. Þessar 150 milljónir eru því bara rétt til að hægt sé að anda þótt ekki verði hægt að anda léttar.

Ég skora á hæstv. fjárlaganefnd að skoða starfsemi Heilbrigðisstofnunar Austurlands mjög vel fyrir lokaafgreiðslu fjárlaganna. Það er ekki forsvaranlegt að setja starfsmenn í þá stöðu að þurfa að taka við svo mikilli fjölgun á skömmum tíma án þess að búa þá undir það. Í tillögum mínum er ekkert til að bæta húsnæði sem löngu er sprungið, eins og heilsugæslustöðina á Egilsstöðum, eða bæta tækjakost á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, sem er orðinn úreltur, röntgentæki og annað, þurfi að taka á móti slysum og slíku. Það er ekki inni í þessu. Þetta er bara til að halda rekstrinum gangandi.

Herra forseti. Ég ætla aðeins í nokkrum orðum að nefna hérna atvinnumál. Ég mæli fyrir breytingartillögu á þskj. 456 sem er í þremur liðum og svo er ég meðflutningsmaður á þskj. 453 ásamt hv. þm. Jóni Bjarnasyni sem er um framlög til upplýsingamiðstöðva á landsbyggðinni.

Breytingartillaga sem ég legg fram er um hækkað framlag til skógræktar. Eins og við þekkjum öll í þessum sal var samþykkt þingsályktunartillaga í mars 2003 um áætlanagerð í skógrækt og markmið sett fram, m.a. með ákveðnu framlagi á fjárlögum. Þetta er ekki samningur en þetta var þingsályktunartillaga sem var vel undirbyggð og samþykkt með miklum meiri hluta á þinginu. Í raun og veru var samkomulag við a.m.k. landbúnaðarráðherra að því leytinu til að sú áætlun sem sérfræðingar innan skógræktarinnar unnu en féllu frá var miklu hærri og metnaðarfyllri en sú sem samþykkt var með þingsályktunartillögunni.

Ég tel mikilvægt, herra forseti, að ef á hinu háa Alþingi er samþykkt þingsályktunartillaga og áætlun eins og hér var gert með föstum fjárframlögum í fimm ár sem áttu svo að hækka samkvæmt verðlagsþróun sé mjög mikilvægt að við fylgjum því eftir og stöndum við tillöguna eins og um samning væri að ræða. Skógrækt er þannig atvinnugrein að það þarf að undirbúa hvert ár vel með plöntuframleiðslu. Því verða framlögin á allan hátt að standast, að þeir viti hvað þeir eigi að framleiða mikið til að eiga í útplöntun eftir tvö ár.

Í annað sinn ekki að standa við framlög til Skógræktar ríkisins, Héraðsskóga og landshlutabundnu verkefnanna sem ég tel mjög vítavert. Nauðsynlegt er að leiðrétta líka framlag til Héraðsskóga sem hefur séð um gagnagrunninn Grænsíðu sem nýtist til skipulagningar og skráningar allra skógræktarframkvæmda í landinu. Hann er mjög einstakur, hefur fengið mikla athygli og er á lokasprettinum. Það er verið að klára þetta verkefni en eitthvað hefur misfarist við afgreiðslu málsins því að enn vantar 8 millj. í það loforð sem gefið hafði verið til þess að hægt væri að klára gagnagrunninn á næsta ári. Ég hvet hv. fjárlaganefnd til að sjá til þess að þessi beiðni verði uppfyllt svo Grænsíðan verði kláruð á næsta ári.

Herra forseti. Ég nefndi ekki eitt hér áðan varðandi heilbrigðisstofnanirnar þegar ég var að fjalla um þær. Þær eru auðvitað fleiri sem væri verðugt að taka út úr og fjalla sérstaklega um, t.d. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem er að byggja upp starfsemi sína, bæði sem bráðaþjónustu og ekki síður sem endurhæfingu í Kristnesi. Ég tók út Heilbrigðisstofnunina á Austurlandi af því að sú stofnun býr við svo sérstök skilyrði og sérstök vandamál. Þetta hleypur ekki á hundruðum þúsunda en verður bara hreinlega að komast í lag.

Ég nefndi skógræktarverkefnin áðan, hæstv. forseti. Þau eru hluti af atvinnuuppbyggingu á stórum svæðum. Það er alveg ljóst að skógrækt sem slík, sem atvinnugrein, hefur styrkt byggðir á þessum svæðum og hreinlega forðað því að enn fleiri bændur flosnuðu upp af búum sínum. Það er fleira sem hægt er að gera en að horfa eingöngu til stóriðjunnar. Ferðaþjónustan hefur verið að eflast. Nýjustu spár sýna að fjölgun ferðamanna er miklu meiri og örari en okkur gat dreymt um fyrir bara fimm árum. Við erum við það að sprengja þann ramma sem við höfum hvað varðar móttöku á ferðamönnum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er atvinnugrein sem getur gefið miklar tekjur og mörgum vinnu

ef rétt er að staðið. Því tel ég mjög mikilvægt að stuðlað verði að því að styrkja upplýsingamiðstöðvarnar og veita ferðaþjónustunni sem slíkri þá athygli sem nauðsynleg er þannig að hún geti orðið sá máttarstólpi úti um allt land sem hún er vísir að. Hún þarf þá fjármagn. Það þarf að undirbúa komu þessara ferðamanna ef við viljum hafa fulla nýtingu af komu þeirra, ef svo má segja, að ekki verði of mikil ánauð hér á litlu svæði og að aðrir landsmenn njóti ekki þjónustu og tekna af þessum ferðamönnum.

Það er mikilvægt að stuðla að uppbyggingu upplýsingamiðstöðvanna eins og nú á að gera í Gljúfrastofu í Jökulsárgljúfrum. Annað áhugavert framtak er fuglaathugunarstöðin á Höfn í Hornafirði sem mikill metnaður liggur á bak við að koma á og fær svolitla fjárhæð núna af fjárlögum. Ég tel að starfsemi af þessu tagi eigi að skoðast mjög vandlega hvað varðar möguleika á framlögum úr ríkissjóði til að koma þarna á öflugu starfi og metnaðarfullu eins og til stendur.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra og ekki að grípa niður í fleiri þætti þótt full ástæða væri til. Það er orðið mjög áliðið og ég hef jafnvel staðið í þessum ræðustól lengur en ég taldi mig þurfa til að fara yfir þessi mál. Ég vil benda hæstv. forseta á álit heilbrigðis- og tryggingarnefndar til fjárlaganefndar. Þar get ég tekið undir margt í áliti meiri hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar en í áliti minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar koma einnig fram ábendingar sem ég tel vert að fjárlaganefnd og Alþingi skoði til þess að við getum eflt heilbrigðisþjónustuna og oft og tíðum á ódýrari hátt en við gerum í dag, enda kostar oft byrjunin meiri peninga.

[01:10]

Valdimar L. Friðriksson:

Hæstv. forseti. Við erum hér í umræðu um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2005. Það er margt við það að athuga og margt sem hefur komið fram í dag og í kvöld en ég ætla að drepa hér á nokkur atriði auk breytingartillagna Samfylkingarinnar.

Meiri hlutinn hefur ákveðið að fella niður fjárveitingu til Mannréttindaskrifstofu Íslands. Hvers vegna? Veit ekki sá er hér spyr. Mannréttindaskrifstofan var með 8 millj. á þessu ári og Samfylkingin gerir þá breytingartillögu að fjárveitingin verði 9 millj. árið 2005 en meiri hlutinn ætlar sér hins vegar að fella þetta algjörlega niður. Hér er vegið að mannréttindum, herra forseti. Hvers vegna er þessi stefnubreyting meiri hlutans? Mannréttindaskrifstofan þarf að vera á fastri fjárveitingu til að geta markað sér starfsumsvif og starfað sjálfstætt.

Eitt helsta verkefni skrifstofunnar er að gæta réttinda borgaranna gegn stjórnvöldum. Hvernig hafa menn eiginlega hugsað sér þetta í framtíðinni? Ef Mannréttindaskrifstofan þarf að vinna að vörn eða gagnrýni á umhverfisráðuneytið, þarf þá að byrja á því að sækja um styrk til ráðuneytisins til að geta unnið það verkefni, til að geta gagnrýnt ráðuneytið? Hvað er það sem Mannréttindaskrifstofan hefur gert sem valdhöfum líkar ekki?

Ég skora á þingmenn meiri hlutans — því miður eru þeir ekki hér til að hlusta á mig en ég mun þá bara dreifa þessu til þeirra á morgun — að endurskoða þessa ákvörðun sína, þ.e. ef hinn almenni þingmaður meiri hlutans, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, hefur eitthvað um málið að segja eða réttara sagt fær að hafa skoðun á þessu máli. Það gengur ekki að fella niður fjárveitingu til Mannréttindaskrifstofu Íslands svona fyrirvaralaust. Slík vinnubrögð eru með öllu ólíðandi.

Herra forseti. Við í Samfylkingunni leggjum fram breytingartillögu við liðinn Sendiráð Íslands. Meiri hlutinn ætlar greinilega að fara að reisa sér eða einhverjum af kumpánum sínum höll í Berlín. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 111,6 millj. kr. í þann lið til að fullkomna byggingu sendiráðs þannig að heildarkostnaður við það fari yfir 300 millj. kr. Er það ekki helst til mikið fyrir svona litla þjóð eða svo að ég noti orðalag hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar frá því fyrr í dag: Er hér ekki um að ræða „ofmetnað hinnar litlu þjóðar"?

Mér finnst ríkisstjórnin vera farin að hugsa helst til mikið út á við í stað þess að vinna að innri málefnum þjóðarinnar. Miðað við fjárlagafrumvarpið munu sendiráðin kosta þjóðina tæpa 2 milljarða árið 2005 og vekur það mann virkilega til umhugsunar.

Samfylkingin leggur til hækkun um 30 millj. til málefna fatlaðra í Reykjavík. Það er enn þörf á að fækka á biðlistunum. Fljótt á litið virðist vera um 30 millj. kr. hækkun ráðgerð hjá meiri hlutanum í fjárlagafrumvarpinu en hér er um raunhækkun að ræða upp á einungis 10 millj. því að eins og áður hefur komið fram hér í dag er þeim ætlað að spara um 20 millj. í rekstri 2005.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir hækkun til Samkeppnisstofnunar upp á 20,4 millj. Í breytingartillögum Samfylkingarinnar er gert ráð fyrir viðbótarhækkunum upp á 100 millj. Öllum ætti að vera ljós sú mikla nauðsyn að efla stofnunina til muna og gera henni kleift að sinna málum sínum á viðunandi tíma. Þessi tillaga sýnir framsýni og hlýtur að vera í takt við vilja þjóðarinnar á þessum verstu tímum samráðs. Samráð olíufélaganna er öllum kunnugt. Vinnslan á því máli tók allt of langan tíma. Maður hlýtur að leiða hugann að því hvort meiri hlutinn sé sáttur við að stofnunin sé í fjársvelti, hvort þingmenn eða ráðherrar vilji að mál fyrnist hreinlega í meðförum stofnunarinnar. Spyr hér sá er ekki veit.

Virðulegi forseti. Það þarf að skoða fleiri fyrirtæki og það án tafar. Tryggingafélögin hafa verið nefnd hér í þessu sambandi. Er samráð í gangi hjá tryggingafélögum á Íslandi? Miðað við mína reynslu, já. Ég ætla að leyfa mér að taka örlítið dæmi þar sem ég bað þrjú tryggingafélög um að gera tilboð í allar tryggingar fyrir mig og fjölskyldu mína, hús, innbú, bíla. Hver var niðurstaðan hjá tryggingafélögunum Íslandstryggingu, Tryggingamiðstöðinni og Verði? Heildarkostnaður upp á 157.152 kr., 157.369 kr. og 157. 686 kr. Það var 0,1% munur á milli tilboða frá þremur tryggingafélögum.

Herra forseti. Það er bráðnauðsynlegt að efla Samkeppnisstofnun til að vernda okkur íbúana og til að uppræta samráð. Við í Samfylkingunni höfum lagt til að lækka virðisaukaskatt á matvælum. Það er nokkuð sem ætti að koma öllum til góðs og leiða til jafnaðar. Þessi tillaga um að lækka virðisaukaskatt á matvælum úr 14% í 7% hefur ekki fengið hljómgrunn hjá meiri hlutanum. Hvers vegna er nánast ómögulegt að skilja nema þá helst af því þeim dettur

það ekki sjálfum í hug og það er búið að innprenta í þennan þaulsætna meiri hluta að allt sem kemur frá stjórnarandstöðunni sé slæmt. Einstaka þingmenn hafa þó haft kjark til að viðurkenna að hér sé góð tillaga á ferðinni, en þau hlýða.

Okkur eru sífellt að berast nýjar upplýsingar um lægra verð á matvælum í nágrannaríkjunum. Síðast í dag kemur það skýrt fram að verð á matvælum á Íslandi er 56% dýrara en í Evrópusambandsríkjunum. Þar vegur virðisaukaskatturinn þungt. Ég skora því á meiri hlutann að endurskoða afstöðu sína til matarskattsins og taka upp tillögu okkar, þó ekki væri nema til að gera að sinni.

Virðulegi forseti. Snúum okkur að ráðuneyti íþróttamála. Fyrir liggur tillaga um jöfnun ferðakostnaðar íþróttafélaga innan lands sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur lagt fram sem breytingu við fjárlagafrumvarpið. En höfum við ekki heyrt þetta áður eða eitthvað í svipuðum dúr? Jú, það var lögð fram tillaga til þingsályktunar um ferðasjóð íþróttafélaga 13. október 2003. Þessi tillaga var tekin til fyrri umr. mánuði síðar. Hana flutti framsóknarmaðurinn hv. Hjálmar Árnason og hún var studd af samflokksmönnum hans hv. þingmönnum Birki J. Jónssyni og Dagnýju Jónsdóttur meðal annarra. Þessir þingmenn hafa síðan þá barið sér á brjóst opinberlega og reynt að upphefja sig á kostnað tillögunnar. Við skulum rifja þetta aðeins upp.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að veita árlega af fjárlögum fé í ferðasjóð íþróttafélaga til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir þeirra á viðurkennd mót. Úthlutun fari eftir reglum sem menntamálaráðherra setur."

Er hv. þm. Hjálmar Árnason mælti fyrir tillögunni fyrir um 12 mánuðum síðan sagði hann m.a., með leyfi forseta:

„Fyrir þjóðina í heild er öflug íþróttastarfsemi einnig mikilvæg, vegna hollustunnar og forvarnagildisins en ekki síður vegna keppnisandans. Fátt sameinar þjóðina eins mikið og þegar strákarnir okkar eða stelpurnar okkar standa sig vel á alþjóðavettvangi í landsleikjum eða þegar spennandi leikir í úrslitakeppni eiga sér stað.

Við vildum ekki sjá af mörgum vöskum íþróttaliðum okkar af landsbyggðinni á Íslandsmótum eða í bikarkeppni. En því miður er staðan í fjármálum íþróttafélaganna þannig að sú umræða hefur komið upp í fúlustu alvöru hjá nokkrum öflugum íþróttaliðum. Íþróttalið frá Akureyri og Vestmannaeyjum hafa velt því fyrir sér hvort þau hafi ráð á að taka þátt í Íslandsmóti eða bikarkeppni með lið sín. Ástæðan er ferðakostnaðurinn, ferðakostnaðurinn við að taka þátt í Íslandsmóti eða bikarkeppni. Mér er kunnugt um að t.d. í Vestmannaeyjum mun kostnaðurinn, bara ferðakostnaðurinn, vera um 20 millj. kr. og þar á ofan bætist annar rekstrarkostnaður af íþróttadeildunum. Þetta er mjög alvarlegt mál."

Já, virðulegi forseti. Svo mörg voru þau orð. Þetta er mjög alvarlegt mál. En hvers vegna var málið þá svæft í menntamálanefnd? Málið komst einu sinni á dagskrá og það var einungis fyrir tilstilli undirritaðs. Hvers vegna tóku hv. þingmenn Hjálmar Árnason og Dagný Jónsdóttir þátt í því sem fulltrúar Framsóknarflokksins í menntamálanefnd að svæfa sína eigin tillögu og blekkja þannig iðkendur og forsvarsmenn íþróttafélaga fyrst og fremst af landsbyggðinni? Hér er ég að tala um félög eins og KS á Siglufirði og KA og Þór á Akureyri svo nokkur séu nefnd. Til hvers að koma með slíka tillögu, berja sér á brjóst í fjölmiðlum sem eins konar bjargvættir íþróttafélaga á landsbyggðinni og svæfa svo allt saman eða réttara sagt svíkja allt saman?

Virðulegi forseti. Úr því ég er farinn að snúa mér hér að íþróttamálum þá vil ég fá að beina athyglinni að fjárveitingum til sérsambanda ÍSÍ samkvæmt fjárlagafrumvarpinu og jafnframt breytingartillögum meiri hlutans.

Eins og áður hefur komið fram er Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands landssamtök með yfir 150 þúsund félagsmenn. ÍSÍ greinist síðan niður í 25 sérsambönd. Sérsamböndin eru í dag æðstu aðilar í sínum íþróttagreinum og eru mjög mikilvægur hlekkur í íþróttastarfinu. Þau stýra viðkomandi íþróttagreinum, mótahaldi, uppbyggingu, fræðslu og útbreiðslustarfsemi svo eitthvað sé nefnt. Sérsamböndin hafa jafnframt umsjón með þátttöku þjóðarinnar í keppni á erlendri grund. Þau eru þannig eins konar sendiherrar þjóðarinnar.

Á fjármálaráðstefnu ÍSÍ fyrir nokkrum árum hélt ég því fram að frumkvæði um fastar fjárveitingar ætti að koma frá ríkisvaldinu sjálfu. Mér er minnisstætt að hæstv. menntamálaráðherra sem þá var óbreyttur þingmaður taldi hins vegar að frumkvæðið ætti fyrst og fremst að koma frá íþróttahreyfingunni sjálfri. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hefur síðan þá sýnt frumkvæði í beiðni um fjárveitingar til sérsambanda ÍSÍ, en án nokkurs árangurs. Á síðustu árum hefur verið sýnt frumkvæði bæði bréflega og munnlega.

Í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn minni um þessi mál 31. mars síðastliðinn á hinu háa Alþingi kom skýrt fram að ráðherra hygðist boða formenn sérsambanda ÍSÍ á sinn fund og sagðist vænta góðs árangurs af því samráði. Þetta samráð, herra forseti, fór fram 19. nóvember síðastliðinn. Mér skilst að út úr þeim fundi hafi nákvæmlega ekkert komið. Þær afsakanir voru notaðar að fjárlagavinnan væri komin svo langt á veg. En ef það hefur verið vandamálið hvers vegna í ósköpunum var ráðherrann þá að bíða í átta mánuði með að halda þennan mikilvæga fund?

Síðan fundinum lauk hafa verið gerðar breytingar á fjárveitingu til íþróttamála hjá fjárlaganefndinni, þ.e. í fjárlagafrumvarpinu. Þar hafa m.a. 12 millj. kr. verið færðar til. Til sérsambandanna? Nei, þær hafa verið færðar frá sérsamböndunum. Fjárveiting sem sérsamböndin höfðu til lyfjaeftirlits voru í frumdrögum frumvarpsins 7 millj. til að hægt sé að framkvæma lyfjaeftirlit á Íslandi og greiða til WADA-stofnunar. Þessar 7 millj. hafa verið skornar niður af meiri hluta fjárlaganefndarinnar, þannig að það er ekki hægt að vænta neins lyfjaeftirlits í framtíðinni. Hvar var ráðherra þegar þetta gerðist? Þegar grannt er skoðað hvert þeir fjármunir hafa farið á síðustu vikum sem ég er að tala hér um ætti öllum að vera ljóst að fulltrúar Framsóknarflokksins hafa gjörsamlega knésett ráðherrann, ráðherra menntamála.

Það er þannig í dag þegar maður ræðir við forsvarsmenn ÍSÍ að þeim finnst þeir algjörlega hafa verið sviknir fyrir utan það að þeim hefur enginn skilningur verið sýndur. Þessir fjármunir hafa farið greinilega á annan stað, stað sem framsóknarmönnum hefur ávallt verið meira umhugað um.

Virðulegi forseti. Ef íþróttahreyfingin á að eiga sér uppreisnarvon á hinu háa Alþingi þá þarf að endurskoða stað-

setningu íþróttamála í kerfinu. Ekkert bendir til þess að íþróttamálin og þeir sjálfboðaliðar sem standa fyrir íþróttaiðkun á Íslandi eigi heima undir ráðuneyti mennta og lista. Þar er enginn skilningur, alla vega ekki meðan núverandi ráðherra situr þar við völd.

Herra forseti. Enn er vika í 3. umr. fjárlaga og því enn tími fyrir meiri hlutann til að hysja upp um sig buxurnar í þeim málum sem ég hef verið að benda á í ræðu minni.

[01:25]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Eins og margir ræðumenn á undan mér í kvöld ætla ég að byrja á því að taka fram að ég ætla ekki að vera langorð í þessari umræðu. Fjölmargir hafa tekið sig út af mælendaskránni af tillitssemi við það hvað umræðan hefur dregist á langinn. Enn þreyja þó einhverjir þingmenn þorrann og góuna og sitja í þingsal, fylgjast með umræðunni og aðrir bíða eftir því að komast að.

Ég ætlaði aðallega að tala um heilbrigðismál og ég ætlaði aðallega að gera grein fyrir áliti meiri hluta heilbrigðisnefndar á þeim kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar.

En umræðan hér í dag hefur snúist um eitt og annað og á margan hátt hefur frekar mátt heyra að hér færi fram almenn stjórnmálaumræða. Eiginlega má segja að ræða síðasta ræðumanns, hv. þm. Valdimars Friðrikssonar, hafi kveikt í mér og ræða hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur sem ræddi mikið um friðargæsluna.

Hv. þm. Valdimar Friðriksson nefndi áðan strákana okkar sem við gerum allar kröfurnar til þegar þeir keppa á erlendri grund og við höfum geysilegar væntingar til. Þjóðin öll situr spennt og gerir sér alltaf vonir um sigur. Ef vel gengur er þeim fagnað eins og hetjum. En ef illa fer og þeir tapa fer heldur minna fyrir þeim þegar heim er komið. Mér datt þetta í hug áðan þegar hv. þm. Álfheiður Ingadóttir talaði um friðargæsluna og tillögu sem hún og annar hv. þingmaður frá Vinstri grænum leggja fram í fjárlagaumræðunni um að leggja niður friðargæsluna. Ég held því fram að ef við getum verið stolt af einhverju liði sem við höfum átt á erlendri grund þá sé það einmitt Íslenska friðargæslan. Ég er líka þeirrar skoðunar að ef við viljum vera þjóð meðal þjóða, fullvalda þjóð í samfélagi þjóðanna og axla ábyrgð okkar getum við það m.a. með því að halda úti öflugri friðargæslu.

Vissulega gagnrýndi hv. þm. Álfheiður Ingadóttir fyrst og fremst það að friðargæsluliðar okkar eru vopnaðir. Sú umræða varð fyrst og fremst eftir hina hörmulegu atburði á dögunum í Kabúl, hið hörmulega slys sem þar varð. En mér finnst það lýsa ákveðinni vanþekkingu og ákveðnum tvískinnungi þegar menn setja síðan alla friðargæsluna og allt sem við erum að gera undir þennan sama hatt og leggja til að leggja hana niður. Þeim sem hafa komið á átakasvæði eins og á Balkanskaganum er fullljóst að hætta fylgir því að taka þátt í þessu jafnvel þótt menn séu ekki vopnaðir, jafnvel þótt menn séu ekki í Kabúl. Lögreglan á Balkanskaganum, bæði í Kosovo og Bosníu, er vopnuð. Það er hættulegt að vera þar bara sem ráðgjafi á vegum UNIFEM vegna þess að aðstæðurnar eru þannig. Það verður líka að horfa til þess að þar sem menn eru að starfa í Kabúl starfa þeir undir merkjum NATO, eru hluti af því liði, hlíta þeim reglum og þar með er það talið tryggja öryggi þeirra sem þar starfa að ganga með vopn. En því verður að halda til haga að íslenskir friðargæsluliðar sem þar starfa eru ekki þar til að beita vopnum. Það er fyrst og fremst þeim sjálfum til varnar og öðrum til varnaðar.

Svo þegar slysin verða vill enginn af þessu vita en mér finnst það tvískinnungur að leggja áherslu á að Íslendingar séu alls staðar í öruggri höfn, þegar hættur fylgja friðargæslunni meira og minna hvar sem okkar fólk kemur að. Það er heldur ekki eðlilegt að halda því á lofti að við eigum fyrst og fremst að útvega lækna og hjúkrunarfræðinga í friðargæsluna því að á átakasvæðum og annars staðar þar sem friðargæslan er að störfum er þörf fyrir margs konar fólk. Þetta fólk fer vel upplýst um ástandið á svæðunum sem það fer til og ágætlega þjálfað til að sinna störfum sínum.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, herra forseti, ætlaði ég fyrst og fremst að tala um heilbrigðismálin. Hins vegar hefur umræðan hér snúist meira og minna um skattalækkunartillögur ríkisstjórnarinnar og þær snúast um kosningaloforð ríkisstjórnarflokkanna. Framsóknarflokkurinn lofaði m.a. 4% lækkun tekjuskatts og að hækka barnabætur, bæði tekjutengdar og ótekjutengdar, að ógleymdu því loforði Framsóknarflokksins að lækka endurgreiðsluhlutfall námslána.

Ég vil líka minna á það, herra forseti, að Framsóknarflokkurinn kom fyrstur flokka fram með fyrirheit sín til kjósenda. Framsóknarflokkurinn tók ekki þátt í yfirboðinu, kapphlaupi annarra flokka, heldur lögðum við alltaf alla áherslu á að við ætluðum að hafa borð fyrir báru og standa vörð um velferðarkerfið.

Framsóknarflokkurinn stendur við það sem hann heitir kjósendum, nú sem fyrr, en í þeim umræðum sem hafa farið fram í dag virðist Samfylkingin og ekki síst formaður hennar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hafa allt á hornum sér. Samfylkingin lofaði 16–20 milljörðum í skattalagabreytingar og mér skilst að í dag megi reikna þær skattalagabreytingar á eina 30 milljarða. Í dag vill þessi sama Samfylking ekki kannast við neitt. Formaður Samfylkingarinnar gefur því þó undir fótinn með að ef hann hefði komist í ríkisstjórn hefði hann hugsanlega farið í skattalækkanir. Hv. formaður Samfylkingarinnar sagði í fréttatíma á Stöð 2, með leyfi forseta:

„Ég hugsa að ef aðstæður hefðu boðið upp á að hægt væri að fara í ríflegar skattalækkanir hefðum við notað töluvert af því svigrúmi sem kann að skapast en er ekki í hendi til þess að lækka skatta ...“

Þar með er þó ekki öll sagan sögð um málflutning hv. þingmanns því síðan snýst hann í annan hring og segir tímann ekki réttan vegna hugsanlegra þensluáhrifa skattalækkananna.

Ég spyr, herra forseti: Lágu ekki allar forsendur fyrir, þar með taldar forsendurnar og áhrif stóriðjuframkvæmdanna? Allar forsendur sem liggja fyrir í dag lágu fyrir þegar skattalækkanatillögur ríkisstjórnarinnar voru kynntar í undanfara síðustu kosninga.

Nú kemur í ljós að a.m.k. hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, þarf að hugsa sig um.

Hann þarf að hugsa sig um hvort Samfylkingin hefði efnt kosningaloforð sín sem auðvitað reyndi ekki á nema Samfylkingin kæmist í ríkisstjórn.

Það sem síðan gerist, herra forseti, er að hv. formaður Samfylkingarinnar í vandræðagangi sínum snýr öllu upp í áróður gegn Framsóknarflokknum. Það er öll ábyrgðin sem hv. formaður Samfylkingarinnar vill bera á kosningaloforðum flokks síns.

Því er haldið fram aftur og aftur, bæði af hv. formanni Samfylkingarinnar, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, og öðrum hv. þingmönnum, að Framsóknarflokkurinn sé á móti því að lækka matarkostnað heimilanna, Framsóknarflokkurinn sé á móti því að lækka virðisaukaskatt á matvælum um 7%.

Þetta er í fyrsta lagi ekki rétt, herra forseti, enda liggur það fyrir í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að ríkisstjórnin ætli að huga að endurskoðun virðisaukaskattskerfisins auk þess sem hæstv. forsætisráðherra hefur áréttað það í ræðu sinni hér á hinu háa Alþingi.

Formanni Samfylkingarinnar gengur vitaskuld það eitt til að draga athyglina frá eigin vandræðagangi og tvískinnungi, ég ætla að fjalla aðeins um tvískinnunginn síðar, en vegna þessa áróðurs langar mig til að benda á að hag heimilanna má bæta á annan hátt en með lækkun útgjalda, t.d. með hækkun ráðstöfunartekna. Þetta veit hv. þm. Össur Skarphéðinsson, og þetta er sú leið sem ríkisstjórnin ákvað að fara í þessari atrennu. Með því að lækka tekjuskattsprósentuna og hækka bæði tekjutengdar og ótekjutengdar barnabætur, með því að fella niður eignarskattinn og með því að lækka endurgreiðsluhlutfall námslána. Þetta eru allt leiðir til að auka ráðstöfunartekjur heimilanna, og þegar á heildina er litið eru þetta líka leiðir til tekjujöfnunar í samfélaginu.

Hækkun skattleysismarka nemur 20%, skattleysismörkin fara úr 71 þús. í 86 þús. kr. (**JGunn:** 2007.) Þetta eru 15 þús. kr., 5 þús. kr. hærri skattleysismörk en Samfylkingin lofaði fyrir síðustu kosningar. 2007, grípur hv. þm. Jón Gunnarsson fram í. Hefði þingmaðurinn viljað ráðast í meira á þessari stundu? (**JGunn:** Öðruvísi.) Herra forseti. Hefði hv. þingmaður viljað gera meira á þessari stundu og sér hv. þingmaður ekki rökin fyrir því að beðið er með að skattalækkanirnar taki gildi af fullum þunga til ársins 2007?

Hækkun barnabóta kemur öllum barnafjölskyldum til góða og mest hinum tekjulægri, sem m.a. ASÍ hefur lagt áherslu á í ályktun sinni. Afnám eignarskattsins kemur sér vel fyrir íbúðareigendur, best fyrir eldra fólk og ellilífeyrisþega sem búa í lítið skuldsettum íbúðum og greiða því hlutfallslega hæstan eignarskatt.

Fyrir þá sem leggja upp úr því að fara með rétt mál má benda á að upplýsingar úr skattframtölum sýna að flestir sem greiða eignarskatt eru með tiltölulega lágar tekjur, gagnstætt því sem oft er haldið fram eða látið í skína. Sem dæmi um skattalækkunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar má nefna að ráðstöfunartekjur einstæðs foreldris með eitt barn undir sjö ára aldri og 125 þús. kr. tekjur á mánuði hækka um 12.500 kr. á mánuði, þ.e. um 10%.

Ráðstöfunartekjur hjóna með samanlagt 300 þús. kr. á mánuði og tvö börn, annað yngra en sjö ára, hækka um 23.500 kr., þ.e. um 9,5%.

Það er alveg sama hvernig á málið er litið, herra forseti, það er ljóst að hinir tekjulægri bera hlutfallslega meira úr býtum en hinir tekjuhærri. Þessar aðgerðir eru öðrum fremur tekjujafnandi.

Í þessu samhengi er líka vert að skoða hvað 7% lækkun matarskattsins skilar fjölskyldum í landinu. Það fer auðvitað eftir því hvað matarkarfan kostar hjá hverjum og einum. Ef hún kostar 10 þús. kr. skilar 7% lækkun 700 kr. á mánuði. Ef verð hennar er 100 þús. kr. skilar hún 7 þús. kr. á mánuði, og allt þar á milli.

Þetta er sú leið sem Samfylkingin hefur básúnað í allan dag sem hina miklu tekjujöfnunarleið og kjarabót öðrum fremur fyrir fjölskyldurnar í landinu. Formaður Samfylkingarinnar er hugsi yfir því hvort Samfylkingin hefði gert betur þrátt fyrir stórkarlaleg kosningaloforð sem leggja sig á allt að 30 milljarða.

Áherslur ríkisstjórnarinnar gera fyrst og fremst ráð fyrir aðhaldi um opinberar framkvæmdir til að hamla gegn þensluáhrifum stóriðjuframkvæmda. Áfram er hins vegar gert ráð fyrir auknum útgjöldum til að halda uppi umfangsmikilli velferðarþjónustu. Aukið aðhald í opinberum framkvæmdum án þess að skera niður í velferðarþjónustunni. Og auðvitað á að kynna skattalækkunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar tímanlega og með góðum fyrirvara.

Sú leið er öðrum fremur fallin til að skapa öryggi og vissu um efnahagsþróunina og til að stuðla að stöðugleika. Við framsóknarmenn leggjum mikla áherslu á stöðugleikann og að í kjarasamningum verði lögð megináhersla á hóflegar launahækkanir og að megináherslan verði lögð á hækkun lægstu launa. Einmitt núna á ríkisstjórnin að kynna skattalækkunartillögur sínar þannig að verkalýðshreyfingin og ekki síst samtök opinberra starfsmanna, sem nú eru með lausa samninga, hafi færi á að taka mið af þeim við kröfugerð sína.

Lífskjarabótin sem kaupmáttaraukningin sem við höfum búið við á undanförnum árum felur í sér er einsdæmi í heiminum. Almenningur allur getur nýtt sér þennan tekjuauka til framfærslu eða hann getur nýtt sér hann til að auka sparnað, greiða niður skuldir eða mynda nýjar eignir.

Ég nefndi áðan tvískinnung Samfylkingarinnar og talsmanna hennar í umræðunni vegna þess að hv. þingmenn hennar tala í allar áttir og að mínu mati án allrar heildarsýnar eða ábyrgðar. Hluti hv. þingmanna Samfylkingarinnar, svo sem hv. þingmenn í fjárlaganefnd, tiltekur í áliti sínu, áliti 1. minni hluta fjárlaganefndar, hækkun tekna ríkissjóðs um 8,6% sem hann segir að endurspegli þá miklu þenslu sem búist sé við á næsta ári og síðan tiltekur hann aukningu útgjalda á milli ára um 7,6%, sem hann segir að endurspegli ekki það aðhald í ríkisfjármálum sem sé nauðsynlegt á þenslutímum.

Annar hluti Samfylkingarinnar — og nú man ég ekki hvað hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kallaði þann hluta í dag, (Gripið fram í.) þá deildina, mildu deildina segir hv. þm. Jón Gunnarsson — leggur hins vegar alla áherslu á að auka útgjöld ríkisins, ekki í eina átt, heldur í allar áttir. Ýmis dæmi er að finna um þetta í áliti minni hluta heilbrigðisnefndar til fjárlaganefndar, þ.e. um þann kafla frumvarpsins sem er á málefnasviði heilbrigðisnefndarinnar. Það er ekki nóg með að í áliti minni hlutans sé aftur og aftur gerð krafa

um aukin útgjöld, heldur er þar líka haldið á lofti mikilli aukningu á heildarútgjöldum til heilbrigðismála á síðustu fimm árum. Þar er ekki verið að gagnrýna þetta, heldur eru gerðar kröfur um enn meiri aukningu útgjalda.

Raunveruleikinn er sá, herra forseti, ef ég sný mér að heilbrigðismálunum að samkvæmt frumvarpinu eru heildargjöld heilbrigðisráðuneytisins tæpir 120 milljarðar kr. Hækkunin á milli ára nemur rúmum 8 milljörðum kr. Þar af eru launa- og verðlagsbætur rúmir 4 milljarðar kr. og raunaukning útgjaldanna er 3,9%, þ.e. 4,3 milljarðar. Af þessu nemur kerfislæg breyting í almannatryggingum — og kerfislæg breyting þýðir í þessu tilfelli fjölgun öryrkja — 2.935 millj. kr.

Sá hluti Samfylkingarinnar sem stendur að þessu áliti vill enn meiri útgjöld, ekki bara til þessa málaflokks, þ.e. heilbrigðismálanna, meðan annar hluti hennar gagnrýnir útgjaldaaukningu og ríkisstjórnina fyrir að sýna ekki nægjanlegt aðhald. Ég spyr, herra forseti, hvernig á fólk að skilja upp eða niður í því hvað Samfylkingin er að fara?

Það sem hv. talsmenn Samfylkingarinnar hér, ágætir þingmenn á hinu háa Alþingi, gera síðan er að reyna að beina kastljósinu frá eigin stefnuleysi og tvískinnungi með því að halda því á lofti statt og stöðugt í ræðum í dag að Framsóknarflokkurinn sé á móti lækkun matarskatts.

Í áliti sínu leggur meiri hluti hv. heilbrigðisnefndar m.a. áherslu á Landspítala – háskólasjúkrahús, einkum á þá miklu styrkingu sem hefur orðið í starfsemi sjúkrahússins á liðnum árum, mest á þessu ári og á því síðasta, og á þá miklu framleiðniaukningu sem hefur orðið á sjúkrahúsinu. Raunveruleikinn er sá að í mörgum sérgreinum eru nú engir biðlistar, í öðrum er bið sem er talin viðunandi og í örfáum greinum, augnaðgerðum og aðgerðum vegna offitu, er bið of löng þó að meira að segja hafi biðin eftir þeim aðgerðum styst um helming.

Meiri hlutinn leggur líka áherslu á að til þess að Landspítalinn geti náð fram frekari hagræðingu og aukinni skilvirkni í rekstri sjúkrahússins þurfi m.a. að tryggja Landspítala – háskólasjúkrahúsi áfram forgang að hjúkrunarrýmum í nágrenninu. Þrátt fyrir að grynnkað hafi verið á biðlistunum og sjúklingunum á Landspítalanum hafi fækkað er raunveruleikinn sá að enn bíða hundrað sjúklingar á sjúkrahúsinu, sem hafa lokið sérhæfðri bráða- og endurhæfingarmeðferð, eftir rýmum á hjúkrunarheimilum.

Það er álit meiri hlutans í heilbrigðisnefnd að eitt brýnasta viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar sé að fjölga hjúkrunarrýmum, bæði fyrir aldraða, geðfatlaða og unga fatlaða einstaklinga.

Í áliti sínu leggur hv. heilbrigðisnefnd áherslu á að afar mikilvægt sé, til að nýta þá miklu möguleika á hagræðingu í þjónustunni sem muni skapast með byggingu nýs bráðaspítala, að halda áfram þeirri vinnu sem unnin hefur verið á liðnum mánuðum og árum við að byggja nýjan bráðaspítala, og þá fyrst og fremst með það í huga að sameina bráðastarfsemina á einn stað en því er haldið fram — það liggja fyrir áætlanir um það — að það muni spara mörg hundruð milljónir króna árlega þegar sú bygging hefur risið.

Meiri hluti heilbrigðisnefndar leggur áherslu á þýðingu þess, m.a. fyrir aðhald og hagræðingu í heilbrigðiskerfinu, að ráðist verði í að byggja upp heilbrigðisnet og innleiða rafræna sjúkraskrá í heilbrigðisþjónustu. Það er ósk meiri hluta heilbrigðisnefndar að sem fyrst verði tekin skref til innleiðingar á rafrænni sjúkraskrá fyrir alla heilbrigðisþjónustu. Þegar talað er um alla heilbrigðisþjónustu, herra forseti, er jafnt átt við sjúkrastofnanir sem heilsugæslustöðvar og líka sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn.

Nefndin leggur áherslu á að ráðist verði í kostnaðarmat og að framkvæmdaáætlun um verkið verði unnin án tafa.

Í áliti meiri hluta heilbrigðisnefndar kemur fram að samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir að fjárfesting vegna rafrænnar sjúkraskrár nemi tæpum 2 milljörðum kr. en að fjárhagslegur ávinningur að lokinni fjárfestingu geti numið allt að 850 millj. kr. á ári.

Meiri hlutinn leggur í áliti sínu áherslu á að sérstaklega verði skoðaðar ástæður fyrir fjölgun öryrkja. Það hlýtur að mega nefna fjölgun öryrkja án þess að þeir sem það gera þurfi annaðhvort að sitja undir því að vera óvinveittir öryrkjum eða að vera með fordóma í þeirra garð. Það liggur fyrir að fjölgunin hefur verið tæplega 40% á fimm árum, frá 1998, og að heildarbætur vegna öryrkja og endurhæfingarlífeyrisþega hafi á sama tíma hækkað úr rúmlega 5 milljörðum kr. í rúmlega 12 milljarða kr.

Sérstaka athygli vekur breyting á aldursskiptingu öryrkja og kynjahlutföllum, 63% fleiri konur á aldrinum 25–29 ára eru öryrkjar en fyrir fimm árum, svo að ég nefni eitt dæmi. Þeim hefur líka fjölgað mjög misjafnlega eftir landshlutum sem er annað sem vekur athygli.

Tryggingastofnun ríkisins hefur unnið greinargerð um þetta til heilbrigðisráðherra og þar er ýmsum skýringum velt upp. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur í samráði við hæstv. fjármálaráðherra ákveðið að fela forstöðumanni Hagfræðistofnunar að grafast fyrir um ástæður mikillar fjölgunar öryrkja og endurhæfingarlífeyrisþega og skila um það skýrslu við upphaf næsta árs.

Við í meiri hlutanum leggjum áherslu á að sérstaklega sé hugað að því hvort um sé að ræða kerfislægan vanda. Með því eigum við við að sérstaklega verði skoðað samspil lægstu launa, fjárhæða atvinnuleysisbóta og lífeyrisgreiðslna.

Herra forseti. Sem fyrr leggur meiri hlutinn í heilbrigðisnefnd mikla áherslu á eflingu heilsugæslunnar og mikilvægi þess að hún sé hæf til að sinna því hlutverki að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu. Meiri hlutinn fagnar því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir 347 millj. kr. hækkun framlaga til heilsugæslunnar milli áranna 2004 og 2005. Við leggjum áherslu á eflingu þverfaglegs samstarfs heilbrigðisstarfsmanna sem hefur gefið góða raun, svo sem reynslan af ýmsum geð- og meðferðarteymum hefur sýnt.

Ég vil sérstaklega halda því til haga að hluti af auknum framlögum til heilsugæslunnar, þ.e. rúmar 42 millj. kr., er ætlaður til eflingar geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar og við leggjum áherslu á að a.m.k. hluti þeirrar fjárhæðar verði nýttur til að mæta aukningu sálfélagslegra vandamála í öllum aldurshópum sem kalla á fjölgun sálfræðinga, félagsráðgjafa og iðjuþjálfa, svo að dæmi séu nefnd, innan heilsugæslunnar.

Aðgangur að heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu, þar sem hann hefur verið takmarkaður undanfarin ár vegna fólksfjölgunar, hefur batnað mjög síðustu tvö ár. Aðsóknin

hefur aukist og komum til lækna hefur fjölgað um 12 þúsund árið 2003 og fyrstu átta mánuði þessa árs fjölgaði komum um 16.700.

Við leggjum áherslu á að heilsugæslunni sé áfram gert kleift að halda úti starfrækslu síðdegisvakta þannig að tryggt sé að sjúklingar þurfi ekki að leita í önnur dýrari og óþörf úrræði. Meiri hlutinn telur og brýnt að starfsemi heilsugæslunnar og vinnutími starfsmanna sé skipulagður með tilliti til þessa svo að hægt sé að halda þjónustunni úti á sem hagkvæmastan hátt.

Að lokum fögnum við sérstaklega hækkun framlaga til öldrunarþjónustu en með frumvarpinu verður tryggð fjárveiting til reksturs 128 nýrra hjúkrunarrýma. Þar af fara 83 í notkun hluta yfirstandandi árs. Þar er líka lögð áhersla á fjölgun dagvistarrýma fyrir heilabilaða um 20% og enn fremur eru hækkaðar fjárveitingar til hvíldarinnlagna. Allt eru þetta tillögur og aukin framlög sem ekki aðeins meiri hluti heilbrigðisnefndar heldur heilbrigðisnefndin öll hefur lagt mikla áherslu á það sem af er þessa þings og undanfarin ár.

[01:53]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var sár og bitur stjórnmálamaður sem hér talaði. Hún var ákaflega svekkt yfir því að Samfylkingin hefði í dag haldið uppi árásum á Framsóknarflokkinn fyrir að hann hefði komið í veg fyrir að tiltekin skattalækkun næði fram að ganga.

Ég get vel skilið að hv. þingmaður sé svekkt eftir þennan dag. Tvennt stendur upp úr þegar þessari umræðu er að ljúka. Í fyrsta lagi að hafa hæstv. heilbrigðisráðherra og hæstv. forsætisráðherra, formaður flokks þess þingmanns sem hér talaði áðan, hv. þm. Jónínu Bjartmarz, staðið fyrir því að svíkja loforð sem öryrkjum var gefið fyrir kosningar um 500 millj. kr.

Framsóknarflokkurinn reyndi þá, það sem fáir flokkar hafa gert, að kaupa sér atkvæði öryrkja með því að lofa þeim tilteknum hækkunum á bótum. En þeir sviku það eftir kosningar. Þetta hefur komið fram í umræðunni og það er von að hv. þingmaður sé svekkt yfir þessu.

Í annan stað er staðreynd að hér hafa allir flokkar meira og minna lýst yfir fylgi við að matarverð á Íslandi yrði lækkað með því að lækka matarskattinn. Allir flokkar nema einn. Það er eðlilega einna fréttnæmast úr þessari umræðu og það svíður hv. þingmanni. Framsóknarflokkurinn hefur komið í veg fyrir að matarreikningur íslenskra heimila verði lækkaður um 5 milljarða kr. Þessi ágæti þingmaður, hv. þm. Jónína Bjartmarz, kemur hingað og ver það að matarverði verði haldið uppi með þeirri miklu skattlagningu. Enginn skilur rökin fyrir þessu.

Herra forseti. Það er von að hv. þingmaður sé ekki glöð með afrakstur dagsins. Svo bæti ég því við að ég held að hver einasta tala sem hv. þingmaður fór með varðandi stjórnarandstöðuna hafi verið röng. Það er nokkurt afrek í svo langri ræðu.

[01:55]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom sannarlega ekki á óvart í þessu andsvari hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að hann talaði um allt annað en stefnu eigin flokks í skattalækkunum. Hv. þingmaður vék að samkomulaginu við öryrkja, sem er búið að ræða hér aftur og aftur í dag og hæstv. heilbrigðisráðherra er búinn að gera grein fyrir, ekki einu sinni heldur tvisvar.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hélt því enn og aftur fram að Framsóknarflokkurinn stæði gegn því að virðisaukaskattur á matvæli væri lækkaður um 7% þrátt fyrir að ég áréttaði í ræðu minni áðan að þess sæjust merki í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og að hæstv. forsætisráðherra hefði áréttað það í ræðu á dögunum, að það væri eitt af því sem ríkisstjórnin væri að skoða.

Hv. formaður Samfylkingarinnar talar enn og aftur um það sem hann heldur fram að Framsóknarflokkurinn ekki vilji gera. Hann heldur því fram að vert sé að lækka virðisaukaskattinn um 5 milljarða kr. Ég hlýt að spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson hvað hann hefði viljað gera að öðru leyti ef hann hefði komist í ríkisstjórn. Talandi um að menn séu svekktir: Hefði hann staðið við loforð Samfylkingarinnar upp á 15–20 milljarða kr, eða 30 milljarða, eins og menn reikna þau í dag?

Upp úr hv. þingmanni stendur bunan um samkomulag við öryrkja, sem einnig var rætt fyrir ári, og rangar ávirðingar á Framsóknarflokkinn um að hann standi gegn lækkun virðisaukaskatts á matvæli. Þetta finnst mér ekki vera mikil frægðarför hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar.

[01:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður þarf ekki að spyrja mig um það hvort ég vilji standa við yfirlýsingar um skattalækkanir. Verkin tala. Samfylkingin hefur lagt fram tvær tillögur um skattalækkanir, annars vegar um að lækka matarskattinn um helming, sem væri orðin að veruleika ef forusta Framsóknarflokksins hefði ekki verið á móti því að lækka matarreikning íslenskra heimila. Í öðru lagi hefur Samfylkingin, ásamt stjórnarandstöðunni, lagt fram tillögu um að barnabætur verði hækkaðar um 2,5 milljarða kr. á þeim fjárlögum sem við erum nú að véla um. Við erum ekki eins og Framsóknarflokkurinn sem lætur allt annað í forgang, eins og að lækka hátekjuskatt, flata tekjuskattsprósentu og eignarskatt.

Þetta liggur klárt fyrir. Hvað hefur t.d. breyst á síðustu sex mánuðum? Stöðugleikinn sem áður var er ekki lengur fyrir hendi. Ég er sammála hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra um að á meðan stöðugleiki ríki sé hægt að gera áætlanir eins og þessar fram í tímann. Það að lofa núna skattalækkunum árið 2007 — sem er bara tilraun til að kaupa sér atkvæði alveg eins og þegar Framsóknarflokkurinn samdi við öryrkja bara til þess að kaupa atkvæði þeirra — er ekki hægt við svona kringumstæður.

Hvað hefur breyst? Verðbólgan er farin úr böndum og viðskiptahallinn er mikill og vaxandi. Það segir allt sem segja þarf um málflutning hv. þingmanns að hún þekkir ekki skattastefnu eigin flokks. Hún þekkir ekki þær yfirlýsingar sem Framsóknarflokkurinn gaf fyrir síðustu kosningar. Hún fór rangt með tvennt, um þá skattprósentu sem Framsóknarflokkurinn vildi lækka, eins og hann lýsti því

fyrir kosningar, og um barnabætur. Hvort tveggja var rangt hjá hv. þingmanni. Það segir allt sem segja þarf.

Framsóknarflokkurinn lofaði ekki að lækka skattprósentuna um 4% og hann lofaði ekki að hækka ótekjutengdar barnabætur bara til sjö ára.

[01:59]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Á sama hátt og hv. þm. Össur Skarphéðinsson heldur því fram að ég hafi farið rangt með tölur leyfi ég mér að halda því sama fram um hv. þm. Össur Skarphéðinsson. (**ÖS:** Þrjú og hálft prósent.) Mig langar að minna hv. þingmann á að þegar hann sat í ríkisstjórn, samkvæmt töflum sem ég hef lesið, lækkuðu framlög til barnabóta um heilan milljarð. (**ÖS:** Tíu milljarðar.) Bara svo að við höldum sumum tölum til haga, sem ég held að ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson gætum orðið sammála að séu réttar. (**ÖS:** Þið tókuð 10 milljarða kr.) Hvað varðar loforðið við öryrkja, herra forseti, get ég ekki annað sagt en að í allri kosningabaráttunni talaði sú sem hér stendur aldrei um annað en milljarð (**ÖS:** Þið lofuðuð að hækka ...) til þess að tvöfalda lífeyrinn til yngstu öryrkjanna. Öðru var aldrei lofað.

Það segir mest, herra forseti, um málefnafátækt formanns Samfylkingarinnar að hann skuli, aftur og aftur í þessum ræðustól í dag, aldrei geta fjallað um eigin stefnu eða þá framtíð sem hann sá fyrir sér í síðustu kosningunum þegar hann lofaði 20 milljörðum kr. og hátt í 30 milljörðum kr. Hann þarf heldur að leggjast í matarskattinn.

Ég ætla að endurtaka það enn og aftur úr þessum ræðustól að Framsóknarflokkurinn hefur aldrei sett sig gegn því að lækka matarskattinn en það hentar hv. formanni Samfylkingarinnar vel að halda því fram vegna þess að málefnastaða hans er ekki betri en hún er. Talandi í öðru orðinu um þensluáhrifin sem menn gátu séð fyrir að yrðu af stóriðjuframkvæmdunum, líka hv. formaður Samfylkingarinnar, minnist hann ekkert á síðasta vor þegar hann var stórkarlalegur með kosningaloforð sín.

Ekkert hefur breyst af því sem menn gátu séð fyrir á þeim tíma. Þar fyrir utan mætti ætla manni sem verið hefur jafnlengi í pólitík og hv. þingmaður að sýna meiri framsýni að öllu jöfnu.

[02:01]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Komið er að lokum 2. umr. þessa fjárlagafrumvarps. Segja má að það sem eftir standi í umræðunni sé stefna ríkisstjórnarinnar sem lýtur að því að lækka skuli skatta og fyrst og fremst á hátekjufólki, þeim sem hæstar hafa tekjurnar. Stefna ríkisstjórnarinnar er lækkun skatta upp á um 5 milljarða kr. á næsta ári. Því er svo mætt með niðurskurði á samgönguáætlun um nærri 2 milljarða á næsta ári, 1.700 millj. í ár, og aðra 2 milljarða á þar næsta ári.

Það er hart að horfa upp á hvernig forgangsröðunin er hjá ríkisstjórninni, að þeir sem hafa hæstar tekjur beri mest úr býtum og njóti líka hagræðingar og skattalækkana af hálfu meiri hlutans og ríkisstjórnarinnar, en byrðarnar þyngjast hlutfallslega á hinum sem eru með lægri og lægstu tekjur.

Samgönguáætlun er skorin niður um tæpa 2 milljarða á næsta ári og ég legg áherslu á að fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga liggi fyrir hvar niðurskurðurinn í samgöngumálum á að koma niður. Ég hef ekki orðið var við að það sé slík þensla á Vestfjörðum eða Norðausturlandi að ástæða sé til að skera niður samgönguframkvæmdir þar. Ég legg áherslu á, herra forseti, að tillögur um niðurskurðinn í samgöngumálum komi til fjárlaganefndar á milli 2. og 3. umr. þannig að hægt sé að fjalla um þær áður en frumvarpið kemur til lokaafgreiðslu í þinginu. Ég býst við að íbúar vítt og breitt um landið hafi ekki átt von á því að metnaðarfull samgönguáætlun yrði skorin niður eins og hér er gert ráð fyrir og það er eins gott að þær tillögur liggi þá fyrir um það.

Ég ætla að mæla fyrir nokkrum tillögum sem við flytjum, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, til breytinga á fjárlagafrumvarpinu.

Í fyrsta lagi höfum mótmælt hækkun innritunargjalda eða skólagjalda í ríkisháskólunum, að þau skuli vera hækkuð um 40% á næsta ári. Við mótmælum þeirri stefnu af hálfu ríkisstjórnarinnar, mótmælum þeim kröfum sem þar er verið að gera á nemendur í háskólunum. Það er vafalaust gert til að mæta niðurskurðinum og þá eru byrðarnar færðar yfir á nemendur. Þetta eru breytingartillögur um að fallið verði frá því að innheimta hækkun á innritunargjöldum við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Tækniháskólann og Kennaraháskóla Íslands, þau verði látin standa óbreytt. Fallið verði frá því að hækka þessi innritunargjöld eða skólagjöld til ríkisháskólanna.

Þá mæli ég líka fyrir hliðstæðri tillögu um heilbrigðisstofnanirnar en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að vinna til baka lækkun á sköttum á hæstu laun með því að taka upp sjúklingaskatta, hækka komugjöldin á heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar. Þangað er seilst til að koma til móts við skattalækkunartillögur ríkisstjórnarinnar. Þessu mótmælum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og flytjum tillögu um að fallið verði frá því að hækka komugjöld á heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar en láta þau vera óbreytt.

Þá flyt ég tillögu ásamt hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni um háskóla á Vestfjörðum. Eins og hefur verið mjög í umræðunni á undanförnum missirum er mikill ákafi og vilji á Vestfjörðum til þess að stofna háskóla þar, sjálfstæðan háskóla á Ísafirði. Heimamenn hafa unnið mikið undirbúningsstarf og eru tilbúnir að takast á við þetta verkefni. Þetta frumkvæði hefur komið heiman að, frá íbúum á Vestfjörðum og þeir hafa unnið vel sína heimavinnu. Það sem skortir á er að Alþingi taki á með heimamönnum á Vestfjörðum um stofnun háskólans. Því flytjum við tillögu um að á næsta ári verði varið 25 millj. kr. til þess að flýta undirbúningi að stofnun háskólans og henni fylgir svohljóðandi greinargerð:

„Umfangsmikið símenntunar- og háskólastarf er nú í uppbyggingu á Ísafirði og vinnur Fræðslumiðstöð Vestfjarða, ásamt öðrum heimaaðilum, gott brautryðjendastarf. Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands og Kennaraháskólinn hafa unnið ötullega að því að bjóða fram háskólanám með fjarkennslu.

Á Ísafirði eru miklir möguleikar til að mynda sterka kennslustofnun sem mótar sérstöðu sína á grundvelli atvinnulífs og framtíðarmöguleika svæðisins. Hún tekur jafnframt að sér og stýrir rannsóknum, vöktun og nýtingu á fjölbreyttum náttúruauðlindum Vestfjarða og hafinu umhverfis. Miðstöð veiðarfærarannsókna og kennsla í gerð og notkun veiðarfæra væri vel staðsett á Ísafirði svo dæmi sé nefnt. Reynslan hefur sýnt að litlar stofnanir í sterkum og nánum tengslum við auðlindir, atvinnulíf og menningu heimahéraðs geta orðið öflugar ef þær fá til þess sjálfræði og stuðning. Heimamenn hafa unnið ítarlegar tillögur og áætlanir um verkefni og áherslur í starfi hins nýja skóla og hver skulu vera fyrstu skrefin. Hér er lagt til að Háskóli Vestfjarða á Ísafirði fái sérstakan fjárlagalið og fjármagn þannig að vinna að stofnun skólans geti haldið áfram af fullum krafti með það að markmiði að fyrstu nemendur skráist í skólann haustið 2005."

Herra forseti. Það er mikið hagsmunamál fyrir Vestfirðinga að þessi skóli verði stofnaður og það er engin ástæða til að draga lappirnar í að styðja við þetta framtak heimamanna. Alþingi ber skylda að gera það með þeim hætti að ótvíræður vilji komi fram um að þetta verk nái fram að ganga. Því flytjum við þessa tillögu, sá sem hér stendur og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, til þess að árétta þetta mál.

Að lokum flyt ég tillögu ásamt hv. þm. Þuríði Backman um að auka fjármagn til upplýsingamiðstöðva í ferðamálum á landsbyggðinni. Samkvæmt bréfi sem borist hefur frá Ferðamálasamtökum Íslands er undirstrikað að það skorti verulega fjármagn til þess að geta staðið á bak við upplýsingamiðstöðvarnar eins og þær eru nú þegar komnar í gang, hvað þá að efla og auka starf þeirra. Ferðaþjónusta er einmitt sá atvinnuvegur sem vex nú hvað hraðast hér á landi út um hinar dreifðu byggðir ekki hvað síst og á sér þar mikla möguleika. Því er mjög mikilvægt að ríkisvaldið styðji við grunnstoðir ferðaþjónustunnar um allt land. Við leggjum því til að veittar verði lágmark 30 millj. kr. til viðbótar til að styrkja störf upplýsingamiðstöðva ferðamála sem nú þegar hafa verið stofnaðar í landinu og ástæða væri til að bæta þar enn í og að hægt væri að fjölga upplýsingamiðstöðvum. Þær vinna mikið og þarft og nauðsynlegt verk.

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því eins og lög kveða á um að fjárlagafrumvarpið fari aftur til fjárlaganefndar milli 2. og 3. umr. þar sem nefndinni gefst tækifæri til að fara bæði yfir þau atriði sem hafa komið fram í umræðunni og ábendingar um hvað betur mætti fara í frumvarpinu. Einnig eiga eftir að koma bæði ítarlegri upplýsingar um samgönguáætlun og nefndarálit frá efnahags- og viðskiptanefnd til þess að skýra bæði tekjuhlið og tekjuforsendur frumvarpsins þannig að þá gefst tækifæri til að fara enn betur ofan í einstaka þætti fjárlagafrumvarpsins áður en það verður að lögum.

[02:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég mæla hér fyrir einni breytingartillögu sem mér láðist að mæla fyrir þegar ég flutti ræðu mína í dag. Hún er á þingskjali 446 og er um framhaldsskólana almennt, um auknar fjárveitingar í því skyni.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings árið 2003 kemur fram að fjárhagsstaða margra framhaldsskóla var slæm í árslok 2003. Í skýrslunni eru nefndir 11 skólar þar sem neikvætt eigið fé er samtals 662 millj. kr. Margir framhaldsskólar eru í slíkri stöðu ár eftir ár og er ljóst að taka verður á þeim vanda. Það er ótæk stjórnsýsla að okkar viti að láta framhaldsskólana bera stöðugt uppsafnaðan halla milli ára og hefur Ríkisendurskoðun ítrekað bent á að slíkt sé ekki heimilt samkvæmt fjárreiðulögum. Þá hafa forsvarsmenn framhaldsskólanna og ríkisháskólanna harðlega gagnrýnt að sjálft reiknilíkanið skuli ekki vera skólunum aðgengilegt þó að þeim sé gert að haga rekstri sínum í samræmi við það og duttlunga þess.

Við leggjum til, virðulegi forseti, að aukið verði í liðinn Framhaldsskólar, óskipt, og bætt við 330 millj. Tillagan er þá samtals upp á 466,8 millj. kr. til eflingar framhaldsskólanna og greiðslu uppsafnaðs vanda í skólunum.

[02:14]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Þetta er búin að vera löng og ströng umræða og víða hefur verið komið við. Það eru þó nokkrir þættir sem standa upp úr í umræðunni og þá fyrst og fremst það að ríkisstjórnin heldur uppteknum hætti og mun ekki taka á þeim málum sem nauðsynleg eru í því ástandi sem efnahagsmálin eru komin í. Það eru auðvitað engin tíðindi því við höfum séð þetta undanfarin ár og það virðist vera sívaxandi hætta á að þau ósköp sem gerðust á árinu 2000–2001 þegar verðbólga fór úr böndunum, muni endurtaka sig. Við vonum auðvitað að svo verði ekki en það er því miður ekki að sjá nein iðrunarmerki á ríkisstjórninni og því mikil hætta á ferðum.

Hér hefur orðið veruleg umræða um skattamál sem eðlilegt er því í gær kom skattafrumvarp ríkisstjórnarinnar til 1. umr. Markverðast í þeirri umræðu er að sjálfsögðu sá kafli sem snýr að hugmyndum um matarskatt og þar hefur auðvitað opinberast það sama og í gær að þar hefur Framsóknarflokkurinn staðið í vegi fyrir að sú leið væri farin, þrátt fyrir að ýmislegt hafi bent til þess á seinni dögum að flokkurinn muni hugsanlega fara um borð í þá lest sem vill fara þá leið í skattalækkunarmálum.

Það er fyrst og fremst eitt mál, herra forseti, sem ég hafði minnst á í andsvari við hv. þm. Bjarna Benediktsson sem ég tel nauðsynlegt að nefna hér, örfá atriði sem mikilvægt er að sá hv. þingmaður átti sig á, en það eru hin svokölluðu samanburðarfræði, þ.e. hversu mikilvægt er að fjárlög séu unnin með markvissri áætlunargerð og að við getum ætíð borið saman hina endanlegu niðurstöðu sem kemur auðvitað fram í lokafjárlögum og ríkisreikningi, borið það saman við fjárlög þannig að við áttum okkur á hversu góð áætlunargerðin er. Það verður að segjast eins og er, herra forseti, að undanfarin ár hefur ríkisstjórnin ekki staðist próf í þeim efnum og eru því miður ekki miklar líkur á því að svo verði.

Ég kom aðeins inn á það í andsvarinu að nýlega er komið út merkt rit á vegum Ríkisendurskoðunar þar sem fjallað er um þennan samanburð og hvernig þetta er hugsað, bæði á markaði, í ríkisrekstri og í alþjóðlegu samhengi. Þar eru

auðvitað færð sterk rök fyrir því og bent á að það sem hæstv. fjármálaráðherra og ýmsir stjórnarliðar hafa sagt að samanburðurinn væri óraunhæfur þar sem mikill fjöldi óreglulegra liða ætti sér stað, sú röksemd er raunverulega kaffærð algjörlega í því ágæta riti og er vonandi að þau fræði heyri sögunni til og hv. þm. Bjarni Benediktsson tileinki sér þessi vísindi líka og við getum þá átt orðastað við hv. þingmenn og farið í þennan samanburð á einfaldan hátt.

Herra forseti. Það var eitt athyglisvert til viðbótar sem kom fram í ræðu hv. þingmanns en það var rökstuðningur hans varðandi skattatillögur ríkisstjórnarinnar. Það kom fram að það væri býsna nauðsynlegt að lækka skatta til að draga úr tekjum ríkisins, minnka þann sjóð sem ríkisstjórnin hefði úr að spila og hv. þingmaður taldi það eina meginröksemdina að núverandi ríkisstjórn mætti í raun og veru ekki fá meiri tekjur því hún gæti ekki með þær farið, hún mundi sjálf missa þær út og auka þensluna. Þetta eru út af fyrir sig líklega ein bestu rök sem við höfum fengið fyrir skattalækkunum en þetta sýnir auðvitað traust hv. þingmanns til núverandi ríkisstjórnar varðandi það að eiga við ástandið sem nú blasir við í efnahagslífinu. Og úr þessum herbúðum er þetta okkur auðvitað sönnun þess að sá málflutningur sem við höfum haldið fram að undanförnu er réttur og nýtur væntanlega vaxandi hljómgrunns meðal stjórnarliða.

Herra forseti. Það er rétt nú þegar klukkan er langt gengin í þrjú að þessari umræðu ljúki. Ég þakka þeim sem tekið hafa þátt í henni og vona að fjárlaganefnd muni bæta frumvarpið sem kostur er áður en það kemur aftur til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 02:20.

---

40. FUNDUR

föstudaginn 26. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 2005, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 420, 438 og 439, brtt. 421, 422, 423, 424, 425, 440, 441, 442, 443, 444, 445, 446, 447, 448, 449, 450, 451, 452, 453, 454, 455, 456, 458, 468 og 469. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Skattskylda orkufyrirtækja, stjfrv., 364. mál, þskj. 419. — 1. umr.
3. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 366. mál, þskj. 429. — 1. umr.
4. Meðferð opinberra mála og aðför, stjfrv., 309. mál, þskj. 337. — 1. umr.
5. Fullnusta refsinga, stjfrv., 336. mál, þskj. 379. — 1. umr.
6. Raforkulög, stjfrv., 328. mál, þskj. 366. — 1. umr.
7. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, stjfrv., 320. mál, þskj. 356. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.

[10:33]

Útbýting:

Fjáraukalög 2004, 76. mál, stöðuskjal þskj. 403.

Fjárlög 2005, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 420, 438 og 439, brtt. 421, 422, 423, 424, 425, 440, 441, 442, 443, 444, 445, 446, 447, 448, 449, 450, 451, 452, 453, 454, 455, 456, 458, 468 og 469.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:34]

Einar Már Sigurðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Komið er að lokum 2. umr. um fjárlög ársins 2005. Við höfum heyrt í aðdraganda þessarar atkvæðagreiðslu mörg aðvörunarorð vítt og breitt úr þjóðfélaginu og ekki að ástæðulausu. Því miður hefur ríkisstjórnin valið það enn einu sinni að draga upp glansmynd í fjárlagafrumvarpi sínu. Ýmsar vanáætlanir koma hér fram. Agaleysið heldur áfram. Það eru ekki nægjanlegar viðvaranir varðandi þá þenslu sem fram undan er. Því miður er hætta á að ríkisstjórnin missi tökin á efnahagsmálunum og verðbólgan taki völdin.

Við erum með nokkrar tillögur þar sem við reynum á táknrænan hátt að bæta það frumvarp sem hér liggur frammi. Það eru tillögur í mennta-, heilbrigðis- og félagsmálum. Við munum að sjálfsögðu berjast áfram fyrir mörgum þeirra við 3. umr. en nokkrar þeirra munu koma til afgreiðslu hér.

Herra forseti. Það eru vissulega blikur á lofti en við vonum að meiri hlutinn átti sig áður en við afgreiðum frumvarpið endanlega við 3. umr. þó að vonin sé lítil. Það segir fortíðin okkur. Við munum að sjálfsögðu láta meiri hlutann bera ábyrgð á gjörðum sínum og munum þess vegna sitja hjá við breytingartillögur meiri hlutans en vonum að hann átti sig og greiði þeim tillögum sem við erum með til bóta atkvæði sitt.

[10:36]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 kemur nú til atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. Eins og fram hefur komið mjög rækilega eru hér ákveðin vatnaskil í fjárlögum ríkisins. Nú er tekið fyrsta skref í verulegum skattalækkunum sem koma fyrst og fremst hátekjufólki til góða en eykur hlutfallslega skattbyrði þeirra sem hafa lægstu launin.

Sömuleiðis er gripið til niðurskurðar á móti og skertra framlaga til velferðarþjónustunnar. Þessa stefnu gagnrýnum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytjum hér nokkrar breytingartillögur sem undirstrika áherslu okkar í velferðarmálum og ýmsum öðrum málum sem við höfum gert allverulegar athugasemdir við í tillögum meiri hlutans. Við munum styðja þær tillögur sem koma fram bæði af hálfu meiri hlutans og af hálfu annarra þingmanna sem koma fram með tillögur sem okkur þykir vera til bóta við afgreiðslu fjárlaganna. Ég vek athygli á því að meginniðurskurðurinn sem á að koma á í fjárlögum næsta árs er niðurskurður á samgönguáætlun sem Alþingi hefur samþykkt. Gert er ráð fyrir nærri tveggja milljarða króna niðurskurði á henni á næsta ári. Það liggur enn ekki fyrir sundurliðun á þeim niðurskurði og ég vek athygli hæstv. forseta á því að sundurliðaðar niðurskurðartillögur, verði þetta samþykkt við 2. umr., þurfa að koma inn í fjárlaganefnd áður en við afgreiðum frumvarpið úr nefndinni til 3. umr. Formlegar tillögur um niðurskurð í samgöngumálum þurfa að koma þar inn áður en við getum tekið endanlega afstöðu til frumvarpsins.

Að öðru leyti vísum við allri ábyrgð á þeirri vinnu og þeirri samþykkt sem hér verður gerð varðandi fjárlögin við 2. umr. á hendur ríkisstjórninni hvað það varðar sem hér er verið að gera.

[10:39]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við erum í rauninni að fara að taka afstöðu til stefnu ríkisstjórnarinnar í fjármálum og skattamálum og öðru sem lýtur að rekstri ríkisins. Ríkisstjórnin hefur þegar lögfest sérstaka skattalækkun á hátekjufólk og þær skattalagabreytingar sem fyrirhugaðar eru munu í meira mæli gagnast þeim sem hærri hafa tekjur en þeim sem hafa lægri tekjur. Það er því ekki verið að vinna að jöfnun í þjóðfélaginu með þessum útfærslum.

Stefna ríkisstjórnarinnar birtist í fjárlagafrumvarpinu og þeim áherslum sem hér eru lagðar upp og verða að sjálfsögðu á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Við munum samt eins og jafnan áður í Frjálslynda flokknum styðja þær tillögur sem við teljum að séu til bóta og séu til jákvæðrar þróunar hvort sem þær koma frá stjórn eða stjórnarandstöðu. En meginstefnan er auðvitað á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og við munum ekki styðja hana.

Brtt. 448,1 kölluð aftur.

Brtt. 443 felld með 29:5 atkv. og sögðu

já: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (BjörgvS, EKG, EOK, GHall, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða breytingartillaga okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins. Við leggjum til að viðbótartekna verði aflað með því að hverfa frá lækkun hátekjuskatts og hann verði innheimtur og áfram við lýði upp á 6% eins og verið hefur. Við erum algerlega andvíg þeim sértæku aðgerðum ríkisstjórnarinnar í skattamálum sem felast í sérstakri skattalækkun á hátekjufólk. Við leggjum jafnframt til breytta innheimtu fjármagnstekjuskatts þannig að innheimtuprósentan verði 18 í stað 10 en með frítekjumarki, þannig að tekjur upp að 120 þús. kr. verði án skattlagningar. Þessi tekjuöflun skilar ríkissjóði 3,8 milljörðum og breytingartillögur sem við flytjum að öðru leyti við frumvarpið eru því í góðu jafnvægi.

Brtt. 442 felld með 29:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GAK, GÁS*, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EMS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjörgvS, EKG, EOK, GHall, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 425 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjörgvS, EKG, EOK, GHall, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Það er afskaplega ánægjulegt að fá að greiða atkvæði um þessa tillögu og það er gaman að vera hér og taka þátt í afgreiðslu á fjárlögum. Við erum enn og aftur að verða vitni að stórkostlegum árangri í efnahagsstjórn og það er augljóst að við Íslendingar erum að keppa meðal þeirra bestu. Loksins erum við að hefja hér mestu skattalækkanir Íslandssögunnar. Við erum að lækka skatta á venjulegu vinnandi fólki. Það gerum við að sjálfsögðu þrátt fyrir það að núna hafi skattpíningarflokkarnir, Samfylkingin og Vinstri grænir, sýnt sitt raunverulega andlit og staðfest að þær skattalækkanir sem lofað var fyrir síðustu kosn-

ingar, sérstaklega af Samfylkingunni, voru loforð sem átti að svíkja.

Þingmaðurinn segir já. (Gripið fram í.) Hér er kallað matarskattur. Síðast þegar hv. þingmaður var í Alþýðuflokknum gengu þeir úr stjórn þegar (Forseti hringir.) við vildum lækka matarskattinn.

Brtt. 421,1.a–b samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI*, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH*, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack*, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BjörgvS, EKG, EOK, GHall, GÖrl, KHG, KLM, MÞH, StB) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja já.]

Brtt. 448,2 felld með 29:27 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

7 þm. (EKG, EOK, GHall, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:45]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Enn á ný er af okkar hálfu lögð fram tillaga um það að styrkja stöðu þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Nú leggjum við til að varið verði 10 millj. kr. til að koma upp hagdeild hjá Alþingi. Við teljum fulla þörf á slíku eftir að Þjóðhagsstofnun var aflögð og er rétt að minna á að þáverandi hæstv. forsætisráðherra, Davíð Oddsson, minntist einmitt á það í þeirri umræðu að rétt væri að styrkja sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Hér er verið að minna á þau orð og þess vænst að við það sé meirihlutastuðningur því það er ekki síst í fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd sem á slíku þyrfti að halda. Við sáum það við afgreiðslu í efnahags- og viðskiptanefnd varðandi tekjuhlið frumvarpsins að þar veitti ekki af að sú nefnd hefði sérstaka aðstoð við yfirferð sína.

Brtt. 421,1.c–d og 2 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GÁS, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddi ekki atkv.

7 þm. (EKG, EOK, GHall, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

Brtt. 448,3 kölluð aftur.

Brtt. 445,1 kölluð aftur.

Brtt. 421,3 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, EOK, GHall, GÖrl, JBjarn, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

Brtt. 445,2–3 kölluð aftur.

Brtt. 421,4 og sérstök yfirlit 1–2 samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

nei: MÞH.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, EOK, GÖrl, KHG, KLM, LB, StB) fjarstaddir.

Brtt. 458 kölluð aftur.

Brtt. 446 kölluð aftur.

Brtt. 421,5–9 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, EOK, GAK, GÖrl, KHG, KLM, MÞH, StB) fjarstaddir.

Brtt. 451,1 felld með 30:5 atkv. og sögðu

já: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, EOK, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér eru lagðar til breytingar á fjárframlagi til endurbóta þeirra húsa sem eru í vörslu Þjóðminja-

safns Íslands. Ég tel að það sé fyrir einhvern misskilning, reginmisskilning að hv. fjárlaganefnd skuli ekki hafa gert tillögu af þessu tagi því að hér er um að ræða varðveislu torfbæjanna okkar, þeirra menningarminja, þeirra húsa sem við erum búin að taka frá til langrar framtíðar, menningarminja sem meira að segja hafa verið orðaðar við heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Þjóðminjasafnið hefur ekki fengið áheyrn fjárlaganefndar varðandi þetta brýna verkefni undanfarin ár og nú er svo komið að hús eins og Reynistaður, Glaumbær, Grenjaðarstaður, Bænahúsið á Núpsstað, Víðimýrarkirkja, Keldur á Rangárvöllum og fleiri hús eru hætt komin og standa í raun og veru mjög illa þannig að það ríður á að Alþingi Íslendinga sýni þessari tillögu skilning. Í ljósi þess hversu mikil hækkun hefur komið frá fjárlaganefnd til endurbóta gamalla húsa þá eru hér hin eiginlegu menningarverðmæti, torfbæirnir okkar. Þeim verðum við að bjarga og standa myndarlega við uppbyggingu þeirra. Ég segi já.

Brtt. 421,10–11 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, EOK, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

Brtt. 451,2 felld með 29:5 atkv. og sögðu

já: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (BJJ, EKG, EOK, GÖrl, KHG, KLM, LB, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:51]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Safnalög voru sett á árinu 2001 til að treysta uppbyggingu faglegs safnastarfs í landinu og til að hafa eftirlit með þeim fjármunum sem ríkið veitir til þeirra hluta. Nú liggja fyrir umsóknir hjá safnasjóði um styrkveitingar upp á tæpar 200 millj. kr. Það er ljóst að þær 66 millj. sem er óbreytt fjárhæð frá fyrra ári duga hér engan veginn til. Því höfum við lagt fram tillögu um að hækka framlagið upp í 120 millj. Það er mikilvægt að efla safnasjóð til að tryggja framþróun og fagmennsku í safnastarfi. Ég segi já.

Brtt. 421,12–13 og sérstök yfirlit 3–5 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, EOK, GÖrl, KHG, KLM, MÞH, StB) fjarstaddir.

Brtt. 449 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, EOK, GÖrl, KHG, KLM, LB, StB) fjarstaddir.

Brtt. 421,14–15.a–b samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, EOK, GÖrl, KHG, KLM, LB, StB) fjarstaddir.

Brtt. 469 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, EOK, GÖrl, KHG, KLM, PHB, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:53]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir tillaga um að auka fjölda fólks á lista um heiðurslaun listamanna um tvo og hækkunin verði 3,2 millj. kr.

Hér er verið að greiða atkvæði um glæsileg fjárlög, fjárlög með 10 milljarða kr. afgangi meðan Evrópuþjóðirnar í kringum okkur afgreiða með 1–4% halla af (Gripið fram í.) landsframleiðslu sem mundi þýða 10 og upp í 30 eða 40 milljarða kr. halla hér. En hér er efnahagsstjórnin mjög styrk og hér er líka verið að greiða atkvæði um skattalækkanir í framtíðinni meðan (Gripið fram í.) stjórnarandstaðan greiðir atkvæði á móti þeim.

Brtt. 421,15.c–d, 16–17 og sérstök yfirlit 6–9 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

16 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (AKG, EKG, EOK, GÖrl, JóhS, KHG, KLM, LB, StB) fjarstaddir.

Brtt. 444 felld með 30:11 atkv. og sögðu

já: ÁI, GAK, JBjarn, KJúl, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, LB, MF, MÁ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, EOK, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er lagt til að undir liðnum Ýmis íþróttamál bætist við liður upp á 150 millj. til að jafna ferðakostnað íþróttafélaga innan lands. Þetta er auðvitað lagt til vegna þess að verkefnið er brýnt og hefur iðulega verið um það rætt að þarna þurfi að gera bragarbót á því að mikill ferðakostnaður háir mjög þátttöku einstaklinga og félaga í keppni, sérstaklega þeirra liða sem koma af landsbyggðinni.

Þetta er líka gert til að fylgja eftir tillögu til þingsályktunar sem nokkrir hv. þingmenn hafa a.m.k. tvívegis flutt hér um ferðasjóð íþróttafélaga, garpar eins og hv. þingmenn Hjálmar Árnason, Birkir J. Jónsson og Magnús Stefánsson. Þarna er um að ræða fjárlaganefndarmenn og verður þess auðvitað fastlega vænst að þeir fylgi sínu góða máli eftir og samþykki þessa tillögu þannig að ekki sé látið sitja við orðin tóm. (**Gripið fram í:** Þeir eru allir á rauðu.) Verkin sýna merkin og hér reynir á hvort menn meina eitthvað með því sem þeir eru að segja og flytja í tillöguformi eða hvort það er sýndarmennska ein.

Brtt. 421,18–19 og sérstök yfirlit 10–12 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÞBack*, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁI, EKG, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 421,20 samþ. með 31:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

nei: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GÖrl, JóhS, KHG, KLM, MÞH, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er enn á ferðinni hin ótrúlega útþensla utanríkisþjónustunnar eða utanríkisráðuneytisins og að þessu sinni það sem lýtur að stjórnsýslu og yfirbyggingu þess ráðuneytis. Hér á hið háa ráðuneyti að fá tvisvar sinnum 8 millj. kr. í viðbót annars vegar til að ráða starfsmann á skrifstofu NATO í Brussel og hins vegar til að ráða sérfræðing, einn enn í viðbót, inn á varnarmálaskrifstofuna í Reykjavík. Við teljum, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að það sé margt annað þarfara og nóg annað þarfara að gera við fjármuni af þessu tagi, 16 millj. kr., en hlaða enn undir yfirbygginguna og stjórnsýsluna í utanríkisráðuneytinu og það í báðum tilvikum tengt áráttunni til að hervæða landið og vígbúnaðar- og hernaðaraðdáun og brölti utanríkisráðuneytisins og utanríkisráðherra bæði fyrrverandi og núverandi. Við leggjumst því gegn þessari hækkun og mundum finna þessum fjármunum annan og þarfari stað ef fallist yrði á að ekki þurfi að hækka þessa fjárveitingu utanríkisráðuneytisins.

Brtt. 450,1 kölluð aftur.

Brtt. 448,4 kölluð aftur.

Brtt. 421,21.a samþ. með 31:23 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart*, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖrl, KolH**, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

[**Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:00]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er eitthvað undarlegt á ferðum sem við höfum ekki fengið skýringu á við 2. umr. um fjárlög. Fjárlaganefnd Alþingis Íslendinga gerir það að tillögu sinni að sérgreindur liður sem Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur haft í utanríkisráðuneytinu verði framvegis almennur

liður merktur Mannréttindamál. Hér er verið að fara í fótspor hæstv. dómsmálaráðherra sem gerði þessa breytingu á fjárlagalið dómsmálaráðuneytisins sem heyrði til Mannréttindaskrifstofu Íslands. Það er allsendis án útskýringa eða rökstuðnings að þessi breyting er gerð og meðan svo er mótmæli ég því að hún skuli gerð og vísa í tillögur sem ég bar upp og talaði fyrir í gær en mæli gegn því að þessi liður sé samþykktur og segi því nei.

Brtt. 421,21.b og 22 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, EKG, GÞÞ, GÖrl, KHG, KLM, LB, StB) fjarstaddir.

Brtt. 448,5 felld með 31:21 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

2 þm. (JBjarn, SJS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁI, EKG, GÖrl, JóhS, KolH, KHG, KLM, LB, StB) fjarstaddir.

Brtt. 421,23 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁI, EKG, GÖrl, KHG, KLM, MÁ, StB) fjarstaddir.

Brtt. 441,1felld með 29:5 atkv. og sögðu

já: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GHj, GÖrl, KHG, KLM, PHB, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:03]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er hluti tillögu sem einnig er að finna í næsta lið, 2. tölul. á sama þingskjali. Þetta er einföld tillaga sem miðar að því að tryggja að þeir fjármunir sem Alþingi Íslendinga veitir til hjálparstarfs og friðargæslu fari til þeirra hluta en ekki til hernaðar. Tillagan gengur út á að fellt verði niður 140 millj. kr. framlag til svokallaðrar íslenskrar friðargæslu en því fé verði skipt á Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNIFEM og liðinn Mannúðarmál og neyðaraðstoð. Það er álit okkar flutningsmanna að öll sú eiginlega friðargæsla sem Íslendingar halda uppi muni rúmast innan þessara liða og því segi ég já.

Brtt. 421,24 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

Brtt. 441,2 felld með 31:5 atkv. og sögðu

já: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, LB, StB) fjarstaddir.

Brtt. 421,25, sérstök yfirlit 13 (liðir 1–2), samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, StB, VF) fjarstaddir.

Brtt. 421,25, sérstök yfirlit 13 (liðir 3–4), samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, ÞSveinb,

ÖS) greiddu ekki atkv.

Brtt. 421,25, sérstök yfirlit 13 (liðir 5–15), og 26–28 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, BH, EKG, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

Brtt. 456,1–2 felld með 29:4 atkv. og sögðu

já: EOK, JBjarn, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁI, EKG, GÞÞ, GÖrl, KolH, KHG, KLM, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:08]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Með þessari tillögu er Alþingi að framfylgja þeirri þingsályktun sem samþykkt var fyrir rúmu ári síðan um að koma á sérstökum skógræktarverkefnum. Með þeirri tillögu var lögð fram fjárhagsáætlun og eins kom fram að hún skyldi fylgja verðlagsbreytingum. Tillagan lýtur að því að fylgja eftir þeirri þingsályktun sem Alþingi samþykkti um skógræktarátak.

Brtt. 421,29 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GÖg, GÖrl, KHG, KLM, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 456,3 felld með 31:3 atkv. og sögðu

já: JBjarn, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EKG, GÖrl, KolH, KHG, KLM, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 421,30 samþ. með 32:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, MS, SAÞ, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

nei: PHB.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, SKK, SigurjÞ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 421,31 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BH, EKG, GÖrl, KHG, KLM, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 468, (við brtt. 421, sérstök yfirlit 15) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 421, sérstök yfirlit 15, svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 421,32–33 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 448,6 kölluð aftur.

Brtt. 450,2 kölluð aftur.

Brtt. 421,34 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GÖrl, HHj, KHG, KLM, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 421,35 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BJJ, EKG, GÁ, GÖrl, KHG, KLM, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 421,36 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BH, EKG, GÖrl, KHG, KLM, MÞH, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 448,7 felld með 31:26 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

6 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:13]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Verið er að greiða atkvæði um tillögu um að auka fjárveitingar til Landhelgisgæslu Íslands. Í úttekt Ríkisendurskoðunar á Landhelgisgæslunni árið 2001 kom fram að það vantaði verulega á í rekstri Landhelgisgæslunnar og síðan hefur enn verið dregið úr rekstri og skipum lagt. Í fréttum hefur komið fram að Landhelgisgæslan gæti ekki staðið nógu vel að viðhaldi þannig að það liggur klárlega fyrir að á vanda Landhelgisgæslunnar verður að taka og það er algerlega óviðunandi að ekkert varðskip sé á sjó við Íslandsstrendur eins og komið hefur fyrir undanfarin ár.

Brtt. 421,37 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, MÞH, MS, MF, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

7 þm. (BjörgvS, EKG, GÖrl, KHG, KLM, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 421,38–40 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjörgvS, EKG, GÖrl, KHG, KLM, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 448,8–9 felld með 31:22 atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

10 þm. (AKG, BjörgvS, EKG, GÖrl, KHG, KLM, LB, MÞH, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 421,41 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu

ekki atkv.
9 þm. (BjörgvS, EKG, GÖrl, JBjart, KHG, KLM, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 447 kölluð aftur.

Brtt. 421,42 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.
24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BjörgvS, EKG, GÖrl, KHG, KLM, MÞH, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 448,10 felld með 31:27 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.
5 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Þessi litla tillaga felur í sér að atvinnulausum verði greidd sérstök jólauppbót með líkum hætti og aðrir fá sem eru á vinnumarkaðnum og lífeyrisþegar fá einnig. Atvinnulausir, þeir verst stöddu á vinnumarkaðnum, eiga það inni hjá ríkisstjórninni að hún fallist á þessa tillögu. Ég hygg að ekki hafi verið farið eins illa með neinn hóp í tíð þessarar ríkisstjórnar og atvinnulausa en með því að rjúfa tengsl atvinnuleysisbóta og launa árið 1996 hefur ríkisstjórnin í hverjum einasta mánuði skert atvinnulausa um 15 þús. kr. Verkalýðshreyfingin knúði þá þó til að hækka atvinnuleysisbæturnar fyrir um ári.

Þessi litla jólauppbót til atvinnulausra sem lagt er til að þeir fái eins og aðrir mundi gefa atvinnulausum 25 þús. kr. í desembermánuði.

Brtt. 421,43–44 og sérstök yfirlit 16–17 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.
19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EKG, GÖrl, JóhS, KJúl, KHG, KLM, LB, StB) fjarstaddir.

Brtt. 440,1 kölluð aftur.

Brtt. 421,45–46 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.
20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EKG, GÖrl, KJúl, KHG, KLM, LB, StB) fjarstaddir.

Brtt. 448,11 felld með 31:24 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.
8 þm. (EKG, GÖrl, KJúl, KHG, KLM, LB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 455,1 felld með 31:5 atkv. og sögðu
já: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.
22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[11:19]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að þrátt fyrir að rekstrargrunnur Landspítala – háskólasjúkrahúss hafi verið styrktur í fjárlögunum og að hagræðingarkrafa spítalans hafi verið felld niður á næsta ári dugar það samt ekki til að styrkja svo reksturinn að ekki komi til áframhaldandi samdráttar, uppsagnar starfsmanna og skerðingar á þjónustu. Þessar 600 millj. eru til þess að tryggja núverandi starfsemi þannig að hún fari fram nokkurn veginn ótrufluð. Þetta er ekki viðbót við starfsemina. Þetta er eingöngu til að halda núverandi starfsemi í nokkuð öruggum böndum. Ég segi já.

Brtt. 421,47 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.
22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF,

MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ArnbS, EKG, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

Brtt. 452,1 (við brtt. 421,48) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

Brtt. 421,48, svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖrl, KolH, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

Brtt. 421,49–50.a og sérstök yfirlit 18 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 448,12 felld með 31:27 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

5 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við leggjum til aukna fjárveitingu til heilbrigðismála til að fjölga hjúkrunarrýmum vítt og breitt um landið, þó aðallega á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjavík þar sem flestir hjúkrunarsjúklingar bíða eftir hjúkrunarrýmum. Þetta er líka til að koma til móts við fjárvöntun Landspítala þannig að hann geti veitt óbreytta bráðaþjónustu og þurfi ekki að grípa til sjúklingaskatta en þar bíða hundrað hjúkrunarsjúklingar í dýrum sjúkrarúmum.

Það vantar líka tilfinnanlega hjúkrunarrými fyrir hjúkrunarsjúklinga undir 67 ára aldri sem ekki fá inni á hjúkrunarheimilum í dag þannig að við leggjum til þessa fjárveitingu til að koma til móts við alla þessa sem bíða eftir hjúkrunarþjónustu. Þingmaðurinn segir að sjálfsögðu já.

Brtt. 421,50.b samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖg, GÖrl, KHG, KLM, StB) fjarstaddir.

Brtt. 421,50.c–e og sérstök yfirlit 19 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, LB, MF, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 455,2 felld með 31:5 atkv. og sögðu

já: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GÖrl, JóhS, KHG, KLM, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 421,51 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GÖrl, JóhS, KHG, KLM, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 421,52 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GÖrl, JóhS, KHG, KLM, MÞH, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 455,3 felld með 31:5 atkv. og sögðu

já: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, VF, ÞSveinb) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:27]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Í þessari breytingartillögu er lögð fram tillaga til hækkunar á þjónustu inni á heilsugæslustöðvunum enn frekar en er í fjárlagafrumvarpinu, sérmerkt í geðheilbrigðisþjónustu og vegna sál- og líkamlegra sjúkdóma sem sífellt herja meira á þjóð okkar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 42 millj. kr. framlagi til þessa en ég tel nauðsynlegt að fara af stað með þessa þjónustu sem víðast um land og þá þarf meira fjármagn í þennan málaflokk svo að hægt sé að ráða sérfræðinga, ýmist sálfræðinga, félagsráðgjafa eða iðjuþjálfa á fleiri stöðum þó að ekki sé fullskipað í hvert sæti. Ég segi já.

Brtt. 454,1–2 felld með 31:6 atkv. og sögðu

já: ÁI, GAK, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:28]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Sem lið í aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar og til þess að mæta skattalækkununum er reisn þessarar ríkisstjórnar svo mikil að hún ákveður að hækka komugjöld á heilbrigðisstofnanir og til heilsugæslustöðva. Þangað á að sækja fjármagn í ríkissjóð, til sjúklinga, til þeirra sem þurfa að nota heilbrigðisþjónustuna.

Tillagan sem ég flyt miðar að því að þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar verði felld, að það verði fellt að hækka skatta á því fólki sem þarf að sækja sér heilbrigðisþjónustu, hækka komugjöldin. Ég legg til að sú ákvörðun verði felld og treysti á þingmenn að fella þessa óhæfu og samþykki tillögu mína.

Brtt. 455,4 kölluð aftur.

Brtt. 448,13 kölluð aftur.

Brtt. 421,53 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

23 þm. (AKG, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁÓÁ, EKG, GÖrl, KHG, KLM, MÁ, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 440,2 kölluð aftur.

Brtt. 421,54 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

19 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

9 þm. (AKG, ÁMM, EKG, GÖrl, KHG, KLM, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 440,3 kölluð aftur.

Brtt. 421,55 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

22 þm. (ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, EKG, GÖrl, KHG, KLM, LB, MÞH, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 448,14 felld með 30:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

9 þm. (ÁMM, EKG, GÖrl, KHG, KLM, LB, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 421,56–59 og sérstök yfirlit 20–22 samþ. með 38

shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, LB, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 453 kölluð aftur.

Brtt. 421,60–66 og sérstök yfirlit 23 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BH, EKG, GÖrl, KolH, KHG, KLM, MÞH, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 448,15 felld með 30:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

9 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, MÞH, PHB, SigurjÞ, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:33]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Við íbúar Norðvest. væntum þess að sjá þess fljótlega merki að hæstv. forsætisráðherra muni þau orð sín að Norðvest. verði það kjördæmi sem næst verði litið til í uppbyggingu atvinnumála. Með samþykkt þessarar tillögu Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins gefst stjórnarliðum og öðrum færi á að sýna fram á að orð hæstv. forsætisráðherra hafi eitthvert vægi. Ástand atvinnumála er mjög alvarlegt um land allt og hér er færi á að sýna þess merki að menn vilji rétta örlitla hjálparhönd til stuðnings við frumkvöðla- og þróunarstarf.

Brtt. 421,67 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁRJ, EKG, GÖrl, KHG, KLM, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Brtt. 448,16 kölluð aftur.

Brtt. 421,68.a samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Brtt. 452,2 (við brtt. 421, sérstök yfirlit 24) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Brtt. 421,68.b og sérstök yfirlit 24, svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÞBack*, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 421,69–74 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MÞH, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EKG, GÖrl, KHG, KLM, LB, MF, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Sundurliðun 2 (fjármál ríkisaðila í A-hluta), svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

23 þm. (AKG, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁÓÁ, BH, EKG, GÖrl, KHG, KLM, LB, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Sundurliðun 3 (fjármál ríkisfyrirtækja í B-hluta) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GÖg, GÖrl, KHG, KLM, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Brtt. 422 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GÖrl, JBjarn, KHG, KLM, LB, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Sundurliðun 4 (fjármál lánastofnana í C-hluta), svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, MÞH, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

2.–4. gr., svo breyttar, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Brtt. 423 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁI, EKG, GÖrl, KHG, KLM, LB, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, GunnB, GÖrl, KHG, KLM, LB, MÞH, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Brtt. 448,17 (nýr liður) kölluð aftur.

Brtt. 424,1–2 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Brtt. 424,3 (liður 4.60) samþ. með 31:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK,

SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

nei: ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EKG, GÖrl, KHG, KLM, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:41]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að sækja um heimild til að selja hluta af jörðunum Selárdal og Uppsölum í Vesturbyggð. Við höfum jafnframt fengið erindi inn til þingsins um sérstakan fjárstuðning til að gera þar við mannvirki, byggja upp og skipuleggja svæðið. Ég tel því algjörlega ótímabært að vera að sækja um heimildir til að selja ákveðna hluta af þessu svæði fyrr en búið er að ganga frá því skipulagi og marka því þá áætlun sem því er ætlað að gera í framtíðinni. Ég tel gjörsamlega ótímabært að sækja nú um heimild til að mega selja hluta úr jörðunum Selárdal og Uppsölum. Í rauninni er það svo með stefnu landbúnaðarráðuneytisins í þessum jarðamálum og jarðasölumálum að hvað eftir annað hefur verið kallað eftir heildstæðri stefnu af hálfu ríkisins gagnvart jarðeignum í eigu ríkisins en ekki vera að selja þær svona hipsum haps.

Herra forseti. Ég tel að við eigum ekki að samþykkja að þessu sinni að selja hluta úr jörðunum Selárdal og Uppsölum í Vesturbyggð.

Brtt. 424,3 (liðir 4.61–4.62) og 4 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

24 þm. (AKG, ÁI, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁÓÁ, BH, EKG, GÁ, GÖrl, KHG, KLM, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Brtt. 448,17 (nýir liðir) kölluð aftur.

Brtt. 424,5 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, SæS, VS, ÞKG, ÞES, ÞBack.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddi ekki atkv.

7 þm. (EKG, GÁ, GÖrl, KHG, KLM, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SæS, VS, ÞKG, ÞES.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁI, EKG, GAK, GÁ, GÖrl, JóhS, KHG, KLM, LB, SigurjÞ, StB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.

Stjfrv., 366. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 429.

[11:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að tímabundin heimild til undanþágu frá greiðslum þungaskatts fyrir bifreiðar sem í tilraunaskyni nota annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu verði framlengd til 30. júní 2005. Undanþáguheimild þessari er sem sé ætlað að gilda áfram til þess tíma er ég gat um, 30. júní 2005, en þá, 1. júlí 2005, taka gildi ný lög um olíugjald og kílómetragjald o.fl., nr. 87/2004, sem leiða til þess að gildandi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, falla úr gildi. Því er um það að ræða að brúa sex mánaða bil sem ella hefði skapast varðandi þá undanþágu sem hefur verið í gildi í þessum lögum um nokkurt árabil. Frumvarpið snýr að tekjuhlið ríkissjóðs og er ekki gert ráð fyrir að það hafi áhrif á útgjöldin svo nokkru nemi verði það að lögum.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frumvarpi þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:46]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 11:47]

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 309. mál (sektarinnheimta o.fl.). — Þskj. 337.

[12:01]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um

breyting á lögum um meðferð opinberra mála og lögum um aðför.

Meginefni frumvarpsins snýr að breytingum er varða sektarinnheimtu og birtingu sektardóma. Auk þess er lagt til að aðfararlögum verði breytt þannig að svokölluð útivistarfjárnám verði heimiluð. Frumvarpið á rætur að rekja til skýrslu starfshóps sem ég skipaði í september árið 2003. *Starfshópnum var falið að vinna að endurskoðun sektarinnheimtu og leita leiða til að einfalda vinnu lögreglu við sektarinnheimtu sem og við birtingar sem sektarinnheimtunni fylgja.*

Vinna starfshópsins leiddi í ljós að sektarinnheimta hefur oft á tíðum mikla vinnu og fyrirhöfn lögreglu í för með sér vegna margs konar birtinga og skiptir þá ekki máli hvort sú sekt sem innheimta skal er há eða lág. Geta birtingarnar hlaupið á nokkrum tugum við innheimtu á t.d. umferðarsektum og er lýsing á því ferli í greinargerð frumvarpsins. Slíkum birtingum fylgir einnig mikil vinna skrifstofufólks hjá lögreglustjóra og Fangelsismálastofnun.

Ljóst er að mikið hagræði er fólgið í því að leysa lögreglu undan hluta þessara verkefna, bæði með því að einfalda sektarinnheimtuna og með því að fela öðrum tilteknar breytingar og birtingar. Ávallt verður þó að tryggja réttaröryggi sektarþola og gera tillögur frumvarpsins ráð fyrir því að fyrirkomulagi sektarinnheimtu verði aðeins breytt í einföldustu málum.

Með frumvarpi því sem nú liggur fyrir er lagt til að lögregla sem stendur mann að broti geti boðið honum að ljúka máli með greiðslu sektar á vettvangi að þremur skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi er skilyrði að sakborningur gangist skýlaust við broti og verður máli því ekki lokið með þessum hætti hafi sakborningur uppi mótmæli. Í öðru lagi verða að vera fyrir hendi skilyrði til að ljúka máli skv. 115. gr. laganna. Í þriðja lagi er það skilyrði til að máli verði lokið á þennan hátt að hæfileg viðurlög við broti séu einvörðungu sekt sem fari ekki fram úr 50 þús. kr. Þessu úrræði yrði því aðeins beitt í einföldustu málum og á það einkum við þegar lögregla stendur mann að umferðarlagabroti.

Ef þessi skilyrði eru uppfyllt, fyllir lögregla út og afhendir sakborningi skýrslu þar sem m.a. kemur fram lýsing á broti, þau refsiákvæði sem það varðar við, hvaða sekt og vararefsing liggur við broti og að unnt sé að krefjast fjárnáms ef sekt greiðist ekki.

Með þessu móti er tryggt að sakborningi séu ljós þau viðurlög sem við broti liggja og afleiðingar þess að sekt sé ekki greidd. Þessi breyting hefur í för með sér að ferill máls er að öllu leyti birtur á vettvangi brots og verður því ekki þörf á birtingu ítrekaðra sektarboða eða bréfaskriftum og birtingum vegna vararefsinga. Með því móti er dregið verulega úr þeim fjárhagslega kostnaði og vinnukostnaði sem felst í núgildandi sektarinnheimtukerfi. Jafnframt hefur breytingin í för með sér visst hagræði fyrir sektarþola sjálfan þar sem ætla má að margir muni kjósa að ljúka máli með greiðslu sektar á vettvangi.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til nokkrar aðrar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála og vil ég hér nefna sérstaklega breytingu á reglum um birtingu dóma. Ekki þurfi að birta dóm þar sem ákærði er dæmdur til greiðslu sektar eða upptöku eigna, sé dómþing ekki sótt af hálfu ákærða við uppkvaðningu hans. Ekki verði þó haggað við þeirri grundvallarreglu að skilorðsbundnir jafnt sem óskilorðsbundnir fangelsisdómar verði birtir ákærða. Meginhagræðið af þessari breytingu er að lögregla eða stefnuvottar þurfa ekki að hafa upp á dómþola til að birta honum dóm í þessum tilvikum, en slíkar birtingar hafa á tíðum reynst tímafrekar.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingum á lögum um aðför sem miði að því að svokölluð útivistarfjárnám verði heimiluð. Tillagan felur í sér að heimilt verði að ljúka fjárnámi að kröfu gerðarbeiðanda án árangurs á starfsstofu sýslumanns, *án nærveru gerðarþola að þremur skilyrðum uppfylltum.* Þessi skilyrði eru í fyrsta lagi að gerðarþoli hafi verið sannanlega boðaður til gerðarinnar. Í öðru lagi að gerðarbeiðandi hafi engar upplýsingar um eignir gerðarþola. Í þriðja lagi að skýrt hafi verið tekið fram í boðunarbréfi til gerðarþola að ljúka megi gerð með þessum hætti falli mæting niður hjá honum án lögmætra forfalla.

Mikil vandkvæði hafa skapast í framkvæmd vegna þess hve erfitt er að ljúka fjárnámi sem árangurslausu þegar gerðarþoli mætir ekki til sýslumanns, eins og algengt er, og engar upplýsingar um eignir hans liggja fyrir. Svokölluð útifjárnám á heimili gerðarþola eru kostnaðarsöm og tímafrek. Þá hefur lögregla ekki getað aðstoðað við að færa gerðarþola til gerðar í þeim mæli sem þörf hefur verið. Vegna þessa hafa fjárnámsbeiðnir hlaðist upp og hefur það leitt til óánægju gerðarbeiðenda og mikils vinnuálags hjá starfsfólki sýslumannsembætta.

Með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til er stefnt að því að sá kostnaður, tími og fyrirhöfn sem fylgja útifjárnámum *og því að kalla til lögreglu til að færa gerðarþola til gerðar* minnki til muna.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[12:07]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Reynsla mín af þingstörfum, þó hún sé ekki löng, hefur kennt mér að maður þarf að vera svolítið á tánum þegar fram koma frumvörp frá hæstv. dómsmálaráðherra. Þess vegna nálgast ég frumvarpið sem hæstv. dómsmálaráðherra mælti fyrir með ákveðinni varúð. Ég held að hér séu ákveðin hættumerki að finna, en þetta er að sjálfsögðu einungis 1. umr. og við eigum eftir að fá ítarlegar umsagnir bæði lögfróðra manna og hagsmunaaðila.

Hér eru á ferðinni atriði sem snerta réttarríkið. Ég vil a.m.k. byrja á að taka fram að við fyrstu skoðun virðist sú breyting sem lýtur að því að einfalda sektarinnheimtuna vera jákvæð. Það er margt til í því að það kerfi getur verið þungt í vöfum og alls ekki almenningi í hag. Ég held því að sú breyting geti í eðli sínu verið jákvæð. Við þurfum að hafa skilvirkt og skynsamlegt kerfi og reyna að vinna gegn skriffinnskunni. Að sama skapi er í frumvarpinu lagt til að aðrar breytingar verði gerðar sem eru fyrst og fremst réttlættar með því að hér sé á ferðinni vinnusparnaður, aukið hagræði og tímasparnaður. Verið er að spara kostnað hins opinbera og jafnvel verið að spara og minnka fyrirhöfn op-

inberra aðila og stofnana. Það getur verið hættulegt þegar við tölum um þetta svið. Verið er að tala um ákveðin grundvallaratriði réttarríkisins hvernig við framfylgjum þessum málum. Ég hef ákveðnar áhyggjur af stöðu sektarþola, dómþola eða gerðarþola eftir því sem við á.

Lagt er til að lögregla þurfi ekki að birta sektardóm fyrir dómþola hafi hann ekki verið viðstaddur uppkvaðninguna þegar viðurlög eru ekki önnur en sekt eða upptaka eigna. Þetta getur hljómað sakleysislega, en hins vegar þurfum við að vera aðeins á varðbergi. Ég held við þurfum að ræða þetta vel í hv. allsherjarnefnd því þetta er þvert á það sem við höfum verið að gera hingað til og við erum að sjálfsögðu að ræða um opinber mál. Þetta er ekki einkamál, þannig að kröfurnar ættu að mínu mati að vera enn þá ríkari hvað þetta varðar. Breytingin er réttlætt af hálfu frumvarpshöfunda þannig að með henni verði ákveðið hagræði og verið sé að minnka vinnu, tíma og jafnvel kostnað.

Síðan er önnur breyting sem lýtur að því að heimila svokölluð útivistarfjárnám. Það felur í sér að lögregla þarf þá ekki að handtaka menn og færa til sýslumanns í tengslum við árangurslaust fjárnám. Það getur einnig verið varhugavert að fara þessa leið, sérstaklega með það í huga að greinarhöfundar hafa það markmið að spara peninga og tíma. Heimildin lýtur að því að ljúka megi fjárnámi að kröfu gerðarbeiðanda á skrifstofu sýslumanns hafi fjárnámið verið án árangurs og án nærveru gerðarþola að þremur skilyrðum uppfylltum sem má sjá í greinargerðinni.

Þetta hljómar sakleysislega, en er hluti af grundvallaratriðum sem ég vil á þessu stigi a.m.k. vekja athygli á að við þurfum að skoða mjög vel. Ég vil að við leggjum vinnu í þetta mál, vegna þess að við höfum séð það í allsherjarnefnd að jafnvel hin sakleysislegustu mál geta orðið snöggtum flóknari og jaðra jafnvel við að vekja vafa um hvort á ferðinni sé stjórnarskrárbrot, en í vikunni var til umræðu frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra sem laut að því að heimila rafræna birtingu laga og reglugerða og alþjóðasamninga. Í fyrstu virtist það vera saklaust mál og skynsamlegt, en nú höfum við fengið ákveðnar efasemdir í nefndinni sem við erum að sjálfsögðu að skoða betur. Því er alveg rétt við 1. umr. að hvetja hv. allsherjarnefnd að vanda sig þegar kemur að þessum málaflokki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullnusta refsinga, 1. umr.

Stjfrv., 336. mál. — Þskj. 379.

[12:12]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um fullnustu refsinga og er það endurflutt frá síðasta löggjafarþingi.

Þegar frumvarpið, sem lagt var fram þá, var kynnt vakti ég athygli á því að hér gæfist Alþingi í fyrsta sinn tækifæri til að fjalla heildstætt um þær reglur sem hingað til hefðu gilt um fullnustu refsinga og sem hefði að miklu leyti verið skipað í reglugerð. Ég tók það fram að mikilvægt væri að heyra álit sem flestra á frumvarpinu, enda gafst fjölmörgum umsagnaraðilum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við allsherjarnefnd fyrir 2. umr. málsins. Í ljósi ábendinga og athugasemda sem fram komu ákvað ég að kalla aftur frumvarpið í ráðuneytið til að fara ofan í kjölinn á þeim ábendingum og athugasemdum sem fram höfðu komið. Hefur nú farið fram ítarleg endurskoðun á ákvæðum frumvarpsins í góðri samvinnu við núverandi forstjóra Fangelsismálastofnunar.

Við samningu frumvarps þessa var auk þess tekið mið af stefnumótun sem farið hefur fram undanfarið á vegum Fangelsismálastofnunar og lögð til ýmis nýmæli er varða skipulag og markmið afplánunar. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að gerð verði áætlun um framvindu afplánunarferils sérhvers fanga í upphafi refsivistar. Einnig verði rýmkaðar reglur um reglubundin dagsleyfi, en að sama skapi hertar reglur um endurveitingu þeirra verði brugðið út af skilyrðum sem um þau gilda.

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi við ákvörðun samfélagsþjónustu, en reglur um skilyrði þess að fá samfélagsþjónustu verði rýmkaðar að einhverju marki þannig að hún muni standa fleiri dómþolum til boða. Í núgildandi lögum kemur samfélagsþjónusta til greina þegar dómþoli hefur hlotið allt að sex mánaða óskilorðsbundna refsingu og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Hafi dómþoli hlotið fleiri en einn dóm eða hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn má heildarrefsing samkvæmt núgildandi lögum ekki vera lengri en sex mánuðir.

Lagt er til að þessu verði breytt þannig að heildarrefsingin í þeim tilvikum geti verið allt að níu mánuðir. Gert er þó að skilyrði að óskilorðsbundin refsing í þeim tilvikum sé ekki lengri en sex mánuðir. Rökin fyrir þessu eru m.a. þau að stærstur hluti þeirra dómþola er hljóta blandaða dóma eru 25 ára og yngri og með styttri sakarferil en þeir sem dæmdir eru í óskilorðsbundna refsingu.

Aftur á móti verði þrengdir möguleikar til að fullnusta vararefsingu fésektar með ólaunaðri samfélagsþjónustu. Í núgildandi lögum er ekki kveðið á um lágmarksfjárhæð þeirra sekta sem hægt er að fullnusta með þessum hætti og raunin hefur verið sú að allt niður í 5 þús. kr. sekt hefur verið fullnustuð með samfélagsþjónustu. Þykir í ljósi reynslunnar og til að koma í veg fyrir misnotkun rétt að leggja til 60 þús. kr. lágmarksfjárhæð fyrir samfélagsþjónustu.

Virðulegi forseti. Smygl í fangelsi er alvarlegt vandamál og verður með öllum tiltækum ráðum að stemma stigu við því. Í frumvarpinu eru lagðar til reglur í þessu skyni. Í fyrsta lagi er lagt til að heimilt verði að leita á þeim sem heimsækja fanga ef hann samþykkir það, ella fari heimsókn fram undir eftirliti eða synjað verði um hana.

Í öðru lagi er lagt til að smygl til fanga verði refsiverð háttsemi.

Þá hefur í frumvarpinu verið leitast við að gera réttindum og skyldum fanga í sambandi við ýmis atriði skýr skil. Þetta á við um símtöl og bréfaskriftir, hvaða muni fangi má hafa í klefa sínum, rétt hans til að njóta útiveru, iðka tómstundir, aðgang að hreinlætisaðstöðu, aðgang að fjölmiðli til að fylgjast með gangi þjóðmála, rétt til að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags, rétt fanga til að kjósa sér talsmann og fleira í þessum dúr.

Einnig má nefna ákvæði frumvarpsins að því er varðar heilsugæslu fanga og hlutverk heilbrigðisstétta. Ekki er gert ráð fyrir breytingum frá núgildandi lögum og framkvæmd að öðru leyti en því að Fangelsismálastofnun verði heimilt að leita sérfræðiálits um nauðsyn og tilhögun sjúkravistar en vitaskuld er vistun fanga á sjúkrahúsi ávallt háð mati læknis. Skýrt er tekið fram að læknir skuli skoða fanga við upphaf afplánunar.

Ýmis önnur ákvæði eru í frumvarpinu sem miða að því að gera réttarstöðu fanga skýrari. Á þetta m.a. við um leit á fanga og líkamsrannsókn, haldlagningu og eignaupptöku og önnur úrræði sem eru íþyngjandi í garð fanga en nauðsynleg til að gæta öryggis og góðrar reglu í fangelsi.

Í þessu sambandi má nefna að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að settar verði skýrar reglur um valdbeitingu fangavarða. Starf þeirra felur eðli málsins samkvæmt í sér valdbeitingu ef í nauðirnar rekur og þótti rétt að setja um það skýran lagaramma. Í frumvarpinu eru tæmandi talin þau tilvik þar sem fangavörðum er heimilt að beita valdi.

Virðulegi forseti. Eins og rakið er í athugasemdum með frumvarpinu sýna athuganir að nauðsynlegt er að reisa nýtt fangelsi við Reykjavík. Fyrirsjáanlegt er að taka þarf Hegningarhúsið á Skólavörðustíg úr rekstri sem fangelsi á næstu árum auk þess sem Fangelsismálastofnun hefur upplýst í skýrslu sem vísað er til í almennum athugasemdum með frumvarpinu að Kópavogsbær vinnur nú að breytingum á skipulagi þess svæðis þar sem fangelsið í Kópvogi er til húsa. Samkvæmt því er fyrirsjáanlegt að það fangelsi verður einnig að víkja á næstu árum.

Þegar rætt er um framtíðaruppbyggingu fangelsanna þarf að huga að mörgum þáttum en mikilvægast er að móta heildarstefnu á þessu sviði. Nauðsynlegt er því að stefnan sem mótuð verði taki ekki einungis til nýbygginga, heldur einnig til þróunar og framkvæmda við þau fangelsi sem verða starfrækt áfram. Með hliðsjón af framangreindum upplýsingum um fækkun fangelsa og spám um fólksfjölgun er það mat Fangelsismálastofnunar að byggja þurfi um 60 nýja fangaklefa hér á landi á næstu árum. Það er hins vegar ekki nóg að byggja þennan fjölda rýma og láta þar við sitja, heldur þarf að fara yfir og meta hvers konar vistunarúrræði eigi að standa til boða og í hvaða hlutfalli. Til dæmis hefur verið á það bent að stærra hlutfall fanga uppfylli skilyrði fyrir vistun í opnara fangelsi samanborið við þá kosti sem til staðar eru á slíkri vistun.

Þá hefur einnig verið bent á nauðsyn þess að vista unga einstaklinga sér, svo og að fjölga vistunarúrræðum fyrir kvenfanga. Konur í fangelsum njóta eins og málum er háttað um þessar mundir ekki sömu fjölbreytni í vistun og karlar þar sem konur eru einvörðungu vistaðar í fangelsinu í Kópavogi.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga þarf t.d. að huga að því að fjölga fangaklefum á Kvíabryggju. Einnig þarf að athuga kosti þess að stækka fangelsið á Akureyri, bæði til að fjölga þar rýmum og ekki síður til að bæta aðstöðu til vinnu fyrir þá sem þar eru. Þá er einnig nauðsynlegt að fara vel yfir leiðir til að stækka og nýta mannvirki á Litla-Hrauni og huga þar að endurbótum og breytingum. Í þessu samhengi yrði síðan skoðað hvers konar fangelsi þætti rétt að reisa á höfuðborgarsvæðinu. Þar er fyrst og fremst horft til móttöku- og greiningarfangelsis, svo og deildar þar sem höfuðáhersla yrði lögð á afeitrun og meðferð þeirra sem eiga við vímuefnavanda og/eða geðræn vandamál að stríða. Þann þátt þyrfti að vinna í góðri samvinnu við heilbrigðisyfirvöld sem bera ábyrgð á allri heilbrigðisþjónustu fyrir fanga.

Framtíðarskipan fangelsa í landinu er að sjálfsögðu nátengd þeim markmiðum og stefnu sem mótuð er á þessu sviði og leikur ný löggjöf um fullnustu refsinga þar að sjálfsögðu lykilhlutverk. Tillögur um þróun fangelsa verða því mótaðar í tengslum við afgreiðslu þessa frumvarps hér á Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[12:20]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og fram hefur komið var þetta frumvarp sem við höfum til umræðu, um fullnustu refsinga, flutt í fyrra. Það verður að segjast eins og er að þá fékk það hreint út sagt skelfilegar viðtökur í umsögnum og það kom í ljós við meðferð málsins í allsherjarnefnd að það var margt sem vantaði upp á í frumvarpinu og það margt sem þurfti að laga að það var mjög erfitt að vinna á grundvelli þess eitthvert vitrænt frumvarp. Sem betur fer var tekin sú ákvörðun af hálfu dómsmálaráðuneytisins að kalla frumvarpið til baka úr nefndinni og nefndin féllst á það í ljósi þeirra mörgu athugasemda sem höfðu komið fram. Þær athugasemdir lutu að fjölmörgum þáttum í frumvarpinu og voru mjög alvarlegar.

Talið var skorta á framtíðarsýn um markmið refsinga. Gerðar voru athugasemdir við þær kröfur sem voru gerðar í frumvarpinu til menntunar forstöðumanna, valdbeitingarheimildir fangavarða voru gagnrýndar og taldar vera allt of rúmar og illa skilgreindar, án nokkurra skilyrða um tilefni eða rökstuðning. Ákvæði um þagnarskyldu starfsfólks var gagnrýnt mjög og talið vera allt of rúmt, óhóflega langt gengið í því að heimila líkamsleit á gestum fanga og svo mætti lengi telja.

Að mínu mati var ekki nægilega vel staðið að undirbúningi frumvarpsins. Ég fagna því þeirri vinnu sem hefur átt sér stað síðan þá. Þegar frumvarpið kom upphaflega fyrir allsherjarnefnd virtist ekki hafa verið talað við nokkurn mann nema fangelsismálayfirvöld og það er auðvitað ekki viðunandi að frumvarp um svo mikilvægan og viðkvæman málaflokk sé lagt fram á svo veikum grundvelli.

Eins og kemur fram í greinargerð með þessu nýja frumvarpi hefur í millitíðinni ýmislegt gerst í þessum málaflokki. Nýr fangelsismálastjóri hefur verið skipaður og eftir því sem stendur í greinargerð með frumvarpinu hefur hann komið að þessari vinnu og á sama tíma hefur verið unnin stefnumótunarvinna hjá Fangelsismálastofnun og samin skýrsla á þeim grundvelli. Nafn skýrslunnar er „Um markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbyggingu fangelsanna“. Og vissulega er nýr tónn sleginn í þessu frumvarpi. Þó að við eigum eftir að skoða nánar einstök ákvæði í allsherjarnefnd er alveg greinilega nýr tónn sleginn. Ég vil í því sambandi ekki síst vitna til þess sem stendur í greinar-

gerð með frumvarpinu þar sem vísað er í skýrsluna um markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbyggingu fangelsanna. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Að lokinni refsivist snýr fangi aftur út í samfélagið og því er þjóðfélagslega hagkvæmt að draga úr líkum á endurkomu hans í fangelsi vegna nýrra afbrota. Fangelsismálastofnun telur mikilvægt að sett verði þau markmið að föngum verði tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að fyrir hendi verði aðstæður og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við vandamál sín. Til að ná fram þessum markmiðum þarf að setja fram einstaklingsbundna áætlun um framvindu afplánunarferils sérhvers fanga í upphafi refsivistar. Áætlun þessi fæli í sér þætti eins og áhættumat, meðferðarþörf, getu til náms og/eða vinnu, sálfræðilegan, félagslegan og annan stuðning. Eftir þessari áætlun yrði síðan unnið með viðkomandi fanga á afplánunartímanum af menntuðu og þjálfuðu starfsfólki og áætlunin endurskoðuð reglulega. Þegar kemur að lokum afplánunar viðkomandi yrði stuðlað að því, í samvinnu við fangann, að hann ætti fastan samastað, hefði góð tengsl við fjölskyldu og/eða vini, kynni að leita sér aðstoðar og næði að fóta sig í samfélaginu."

Virðulegur forseti. Þetta er vissulega nýr tónn og ég tel mjög mikilvægt að staðið verði við þau markmið sem þarna eru sett. Því miður hefur skort á það að mínu mati mjög stórlega í þessum málaflokki hingað til að til sé framtíðarsýn sem hafi m.a. þetta að markmiði. Auðvitað erum við ekki bara að tala um að einstaklingar fái viðeigandi refsingu fyrir þau afbrot sem þeir fremja. Það er samfélagslega virkilega mikilvægt líka að fangi fái þannig meðferð í fangelsinu, viðunandi meðferð og þannig aðbúnað að það sé líklegt að hann sé a.m.k. ekki miklu verri maður þegar hann kemur aftur út í samfélagið. Þar virðist því miður hafa verið brotalöm og sérstaklega hefur skort mjög á að horft sé á þann þátt að aðlaga fangann að því að fara aftur út í samfélagið. Flestir koma þeir sem betur fer aftur þangað. Ég fagna því að það kveður við nýjan tón í þessum málum.

Hvað einstakar greinar varðar virðast mér breytingarnar flestar vera til góða. Mikið tillit var tekið til þeirra athugasemda sem komu fram við meðferð málsins hér á Alþingi og í takt við þær umsagnir sem komu fyrir allsherjarnefnd á sínum tíma. Ég hef ekki tóm til að fara ofan í hverja einustu grein við 1. umr. þar sem við höfum aðeins tamarkaðan tíma og verð að gera það frekar þegar kemur að 2. umr. og eftir meðferð málsins í allsherjarnefnd. Ég vil samt koma inn á nokkrar greinar sem mér finnst mikilvægt að draga fram í umræðunni.

Í fyrsta lagi er það 7. gr. sem fjallar um heimild til valdbeitingar. Hún var eitt af því sem var mjög harðlega gagnrýnt í fyrra frumvarpi. Það var nánast óútfyllt ávísun til handa starfsmönnum fangelsa að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa ef það teldist nauðsynlegt. Þá komu fram mjög alvarlegar athugasemdir um að skilyrði slíkrar valdbeitingar og ramma hennar þyrfti að setja í lögum. Það hefur verið gert og ég fagna því sem hæstv. dómsmálaráðherra sagði áðan og ég tel mjög mikilvægt að komi fram, að þarna erum við að tala um tæmandi upptalningu á því hvenær heimilt er að beita valdi. Það er líka skilgreining á því í hverju valdbeiting getur falist. Mér finnst mikilvægt að nákvæmlega sé kveðið á um það í lögum og ég tel reyndar þessa breytingu nauðsynlega til að við uppfyllum ákvæði þeirra alþjóðlegu sáttmála sem við höfum undirgengist. Við höfum vissar skyldur á grundvelli þeirra og fyrri greinin eins og hún var hefði hreinlega ekki staðið þá. Þarna er búið að laga heilmikið.

Eitt enn varðandi heimild til valdbeitingar sem ég tel líka mjög mikilvægt að sé kveðið á um í lögum, það skal kalla til lækni eftir valdbeitingu ef grunur er um að hún hafi valdið skaða, ef um sjúkdóm er að ræða eða ef fangi sjálfur óskar læknisaðstoðar. Í slíkum tilvikum er búið að leggja þá skyldu á herðar starfsmanna fangelsanna að gera það ef fangi óskar þess sjálfur eða ef ástæða er til að ætla að einhverjum skaða hafi verið valdið. Þetta er líka að mín mati mjög mikilvæg breyting.

Þagnarskyldan kveður almennt á um þagnarskyldu starfsmanna fangelsa um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Það var líka kveðið á um það í fyrri útgáfunni að þagnarskylda skyldi ríkja um starfshætti fangelsa og það var það sem var hvað mest gagnrýnt. Það hefur verið tekið út. Hvort fella megi þá gagnrýni sem þar kom fram undir aðra liði í þessari grein er ég ekki viss um við fyrstu sýn en ég tel mjög mikilvægt að þetta ákvæði sé ekki til þess að upplýsa megi um það sem nauðsynlegt er að betur megi fara í fangelsunum.

Það var líka gagnrýnt í þessu ljósi og bent á það af hálfu fjölmargra umsagnaraðila að ekkert væri kveðið á um það að sérstakt ytra eftirlit væri með fangelsunum. Ef eitthvað þrífst þar, einhverjir starfshættir sem eru ekki í samræmi við góða starfshætti og ekkert utanaðkomandi eftirlit er með því hvernig framkvæmdin er er auðvitað mjög hættulegt að loka algjörlega á það að starfsmenn geti upplýst um slíka starfshætti og að þeim sé beinlínis bannað að gera það. Þess vegna held ég að þá grein þurfum við að skoða í allsherjarnefnd. Jafnvel þó að þetta með starfshættina hafi verið tekið út og það sé til bóta held ég að við þurfum að skoða aðeins betur hvort of langt sé gengið í þessu efni.

Kveðið er á um ákvörðun um vistunarstað í 14. gr. og þær breytingar sem þar eru gerðar sýnast mér allar vera til bóta. Þar er nýmæli eða kveðið á um að við flutning á milli fangelsa eða frá stofnun til fangelsis skuli eftir því sem aðstæður leyfa hafa hliðsjón af búsetu fanga og fjölskyldu hans. Fanga skal tilkynnt fyrir fram um slíkan flutning með minnst sólarhrings fyrirvara og gerð grein fyrir ástæðum flutnings, nema hann teljist nauðsynlegur af öryggisástæðum, vegna heilbrigðis fanga, til að fyrirbyggja ofbeldi, hafi fangi gerst sekur um gróft agabrot, eða fyrir liggi rökstuddur grunur um að fangi hafi fíkniefni eða ólögmæt lyf undir höndum. Þetta er mjög mikilvægt að setja í lögin. Þarna er m.a. tekið mið af því, ef ég skil þetta rétt, að undirbúa fangann undir endurkomu hans í samfélagið og að fjölskyldu hans sé gert sem auðveldast að hafa samband við hann með því að taka tillit til staðsetningar. Auðvitað skiptir þetta allt saman máli og mikilvægt er líka að kveðið sé á um það í lagatexta hverjar skulu vera ástæður flutningsins. Þarna tel ég því að enn hafi verið bætt úr frá því sem var í fyrra frumvarpi.

Í 2. mgr. 16. gr. er kveðið á um læknir skuli skoða fanga við upphaf afplánunar og einhvers staðar annars staðar í lagatextanum er kveðið á um að læknir skuli leggja mat á heilsufar fanga. Ég tel að mikilvægt sé að skoða betur hvort ekki sé ástæða til að kveða sérstaklega á um að í því skuli felast bæði mat á andlegu og líkamlegu heilsufari því fram komu athugasemdir í fyrra um að geðheilbrigðisþjónustu við fanga væri mjög ábótavant. Fangar sem eiga við geðræn vandamál að stríða en eru eigi að síður sakhæfir eru orðnir nokkurs konar utangarðshópur í samfélaginu. Hvorki er gert ráð fyrir viðunandi þjónustu við þá í fangelsunum né á geðheilbrigðisstofnunum. Auðvitað getur slíkt ástand verið mjög hættulegt, ekki bara fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga heldur ekki síður fyrir aðra sem umgangast þá. Það er mjög mikilvægt að úr þessu verði bætt. Mér finnst staða þessara geðveiku en sakhæfu afbrotamanna okkur til skammar. Við þurfum hreinlega að taka okkur virkilega taki þar því ella er hætt við að við horfum upp á enn fleiri sjálfsmorð í fangelsunum eða aðra harmleiki. Ég held því að það sé nokkuð sem við þurfum að skoða betur í allsherjarnefnd, e.t.v. mætti setja inn sérstakt ákvæði um þennan þátt og ítreka hann í ljósi þess að hann hefur því miður ekki verið ræktur sem skyldi.

Eitt atriði vil ég sérstaklega nefna sem kveðið er á um í 17. gr. Það er meðferðar- og vistunaráætlun. Þarna er um nýmæli að ræða. Þetta var eitt af því sem hefur verið mjög svo gagnrýnt af hálfu fjölmargra aðila í samfélaginu og kom fram ekki síst í umsögnum í fyrra, þ.e. að gerð sé meðferðar- og vistunaráætlun sem skal endurskoða eftir atvikum meðan á afplánun stendur. Ég tel þetta ákvæði mjög til bóta. En ég ítreka að mjög mikilvægt er líka að þessu fylgi þeir fjármunir sem þarf til að framkvæma þetta sem skyldi. Auðvitað er þetta alger grundvöllur þess að fangar geti fengið viðunandi meðferð eða viðeigandi undirbúning þess að fara út í samfélagið aftur þegar þar að kemur. Mikilvægt er að þessu fylgi þeir fjármunir sem til þarf því að auðvitað kostar þetta allt saman peninga.

Það er líka eitt ákvæði í 17. gr. sem ég vildi aðeins koma inn á sem ég tel líka vera af hinu góða. Það er tekið fram að við upphaf afplánunar skuli afhenda fanga og kynna, á því tungumáli sem hann skilur — það er búið að koma því í lögin að erlendir fangar eigi rétt á því að þeim séu kynnt réttindi sín á því tungumáli sem þeir skilja. Þetta er mikilvægt að hafa í lagatextanum.

Eitt ákvæði var í 21. gr. þar sem heimilað er að taka þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms í fangelsi og dagpeninga fanga til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fangi verður ábyrgur fyrir meðan á afplánun stendur. Það var þannig í fyrri útgáfu að taka mátti 70% af þóknun eða dagpeningum fanga upp í svona tjón eða sem nokkurs konar skaðabætur. Það hefur heldur verið dregið úr þessu í þessu frumvarpi. Heimilt er að taka núna samkvæmt frumvarpinu helming af þóknuninni og 25% af dagpeningunum. Miðað við það hversu rýr þessi þóknun er eða dagpeningar þá held ég að þetta orki enn þá tvímælis jafnvel þó það hafi verið lækkað. Þó er vissulega betra að lækka þetta. En mér finnst orka tvímælis enn að hafa þetta allt að 50% sem megi gera upptækt í þessu skyni og vil skoða það betur.

Annað ákvæði er í 23. gr. um dvöl ungbarna í fangelsum. Þar er kveðið á um það núna að ef kona eigi ungbarn við upphaf afplánunar, eða fæði barn í afplánun, þá megi heimila henni í samráði við barnaverndarnefnd að hafa það hjá sér í fangelsi. Áður var einungis talað um að tilkynna skyldi þetta barnaverndarnefnd. Þetta tel ég æskilegt því að auðvitað er það barnaverndarmál að kona fái að hafa með sér barn í fangelsi og þarf að ákveða það í samráði við slík yfirvöld. Ég held að það sé eðlilegt.

Heilmikið hefur verið unnið í kaflanum um réttindi og skyldur fanga. Það er kannski sá kafli sem var hvað mest gagnrýndur og talið að algjörlega væri sneitt hjá sjálfsögðum mannréttindum fanga í fyrri útgáfu og þetta hefur verið heilmikið bætt í þessari útgáfu. Í 33. gr. um heimsóknir m.a. er búið að koma inn ákvæðum um að rökstyðja skuli ákvarðanir um að banna heimsóknir og að það skuli gert skriflega. Þetta er mjög mikilvægt. Það er búið að draga úr ákvæðinu um að heimila megi líkamsleit á þeim sem heimsækja fanga. Það er búið að taka út ákvæði um að það megi heimila á þeim líkamsrannsókn. Þó að ég sé enn ekki sannfærð um að eðlilegt sé að heimila líkamsleit á þeim sem heimsækja fanga þá er a.m.k. bætt úr með því að ekki skuli vera heimilt líka að gera líkamsrannsókn. Reyndar er komið inn ákvæði um og gert að skilyrði að heimsóknargestur skuli samþykkja slíka leit. Það er af hinu góða. En væntanlega er það þó eigi að síður þannig að hægt er að banna heimsóknina ef hann ekki samþykkir slíkt. Þetta ákvæði tel ég að við þurfum að skoða aðeins betur.

Í 34. gr. er fjallað um fyrirkomulag heimsókna og að forstöðumanni fangelsis beri að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið með í heimsóknir og að þeim sé sýnd nærgætni. Þetta tel ég mjög jákvætt og kannski ákvæði sem ber svolítið vott um þann nýja tón sem er sleginn í þessu frumvarpi.

Ég vildi aðeins koma inn á símtöl. Kveðið er á um rétt fanga til að eiga símtöl við fólk utan fangelsa á þeim tímum sem reglur fangelsisins segja til um. Við í hv. allsherjarnefnd heimsóttum fangelsi í fyrra og ég verð að segja það fyrir mig að mér þóttu reglurnar sem þar eru settar um símatíma fanga og heimildir þeirra til að hringja í aðstandendur sína t.d. vera óþarflega takmarkaður. Reyndar fannst mér ýmislegt annað, t.d. varðandi útivistartíma, heimildir til að fara í líkamsrækt og í ýmsa uppbyggilega starfsemi vera kannski allt of strangt. Ég vona að með þeim nýja tóni sem við heyrum sleginn í þessu nýja frumvarpi verði kannski tekið líka á þeim málum því að það snýr vissulega líka að því að gera fanga kleift að vera betur undir það búinn að koma út í samfélagið að hann fái að stunda uppbyggilega starfsemi eins og t.d. líkamsrækt í fangelsinu eins og kostur er.

Ég vil gjarnan koma inn á fjölmörg fleiri atriði en tímans vegna er mér ekki unnt að gera það nú. En ég segi enn og aftur, virðulegi forseti, að hv. allsherjarnefnd mun skoða þetta frumvarp betur og við fáum væntanlega aftur umsagnaraðila til að gefa okkur álit á því sem þar kemur fram og þá mun ég áskilja mér rétt til að fara frekar yfir þau atriði síðar við 2. umr. málsins.

[12:40]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Eins og áður hefur komið fram var frumvarp um sama efni lagt fram á síðasta þingi. En eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur bent á var það frumvarp svo slæmt að það var dregið til baka af hálfu hæstv. dómsmálaráðherra. Vert er að minnast þess að það frumvarp fékk alveg gríðarlega miklar og alvarlegar athugasemdir. Í heilu umsögnunum voru gerðar athugasemdir við nánast allar greinarnar. Það má nefna að þeir sem gerðu alvarlegar athugasemdir voru t.d. trúnaðarráð fanga og Aðgát, félag áhugamanna og aðstandenda fanga. Mannréttindaskrifstofa Íslands kallaði frumvarpið afskaplega varhugavert. Laganefnd Lögmannafélags Íslands sagði í umsögn sinni að þetta frumvarp væri fyrst og fremst samið með hagsmuni fangelsisyfirvalda í huga fremur en hagsmuni fanga og lagðist gegn samþykkt þessa frumvarps. Meira að segja Barnaheill gerði athugasemdir við frumvarpið sem var lagt fram síðast.

Við þurfum ekki að dvelja allt of lengi við það. Nú er komið nýtt frumvarp sem betur fer og vonandi eitthvað til batnaðar. Við sem höfum fylgst með fangelsismálum hér á landi sjáum að víða er pottur brotinn hvað þau varðar. Það fyrsta sem stingur strax í augu er meðferðarþátturinn. Hann er svo að segja ekki til í íslenskum fangelsum. Eitt aðalmarkmið fangelsismála eða fangelsisvistar ætti að vera það að einstaklingurinn komi ekki verr út en þegar hann fór inn. En í því samhengi er rétt að rifja það upp að þessi stefna hefur algjörlega brugðist hvað varðar íslensk fangelsismál.

Fróðlegt er að skoða rannsókn Helga Gunnlaugssonar, prófessors í félagsfræði. Hann skoðaði fangelsismálin hér. Sú rannsókn sýndi að fyrir þá sem luku fangavist var ítrekunartíðnin mjög há. Menn lentu iðulega aftur í fangelsi eða lögreglan þurfti að hafa afskipti af þeim stuttu eftir að fangavistinni lauk. Í rannsókninni kemur fram að 37% þeirra voru fangelsaðir á ný, 44% voru dæmdir á ný og af 73% þeirra sem hafa lokið fangavist þurfti lögregla að hafa afskipti á ný innan fimm ára. Við sjáum því að ítrekunartíðnin er allt of há hér á landi. Þessi rannsókn sýndi að ítrekunartíðnin var almennt hærri hjá hinum yngri afbrotamönnum en öðrum aldurshópum þannig að það er eitthvað að varðandi þá sem taka út sína refsingu. Allt of margir virðast falla í sama far aftur og lenda aftur í klóm réttvísinnar. Við þurfum því aðeins að hugsa þetta upp á nýtt og taka meðferðarþáttinn fastari tökum en gert hefur verið. Við þurfum að taka tillit til þess að fangar eru ekki allir eins en meðal þeirra má finna einstaklinga sem þurfa góða og djúpa meðferð, sérstaklega á sviði vímuefna og geðræns vanda. Þetta hefur legið fyrir lengi. Það vita allir sem fylgjast með þessum málaflokki að meðferðarþættinum hefur alls ekki verið sinnt í fangelsismálum. En það er vonandi að breyting verði þar á.

Ég hef fyrir framan mig skýrslu eða samantekt Fangelsismálastofnunar ríkisins sem kallast Markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbygging fangelsanna. Þar er tekið fram að eitt af markmiðum með fangelsisvist sé að draga úr líkum á endurkomu einstaklings í fangelsi vegna nýrra brota. Sú markmiðssetning er mjög mikilvæg í þessu samhengi. Í samantektinni kemur líka fram að lengi hefur staðið til að byggja upp meðferðardeild í fangelsinu Litla-Hrauni en ekki hafi fengist fjármagn í það. Þannig er þetta iðulega að menn fylgja því ekki alveg eftir sem þeir segja og eins og staðan er núna þá er engin skipuleg meðferðardeild á Litla-Hrauni. Við höfum meira að segja dæmi um alvarlega geðsjúka einstaklinga sem hafa verið vistaðir á Litla-Hrauni og jafnvel í einangrunarklefanum við alveg skelfilegar aðstæður. Við höfum sorgleg dæmi um afdrif þessara einstaklinga, sem er óþarfi að fara nánar í.

Í allsherjarnefnd þurfum við að skoða afskaplega vel þetta nýja frumvarp í ljósi þess hve gallað hið fyrra frumvarp var. Ég vænti þess að nefndin taki góðan tíma í það og þetta fari víða til umsagnar. Það er fróðlegt að skoða hvernig þetta er gert erlendis. Við erum oft á eftir öðrum þjóðum, sérstaklega norrænum þjóðum í mörgum málum, því miður, en norrænu þjóðirnar hafa hugsað þennan málaflokk aðeins upp á nýtt. Eins og einhver benti á hafa t.d. Svíar verið feikilega öflugir í fangelsismálum en grunnhugsunin hjá þeim er að reyna að komast hjá því að læsa manneskjur inni í öryggisfangelsum. Slíkt sé samfélaginu einfaldlega ekki í hag. Þeir hafa keyrt á hinum opnu fangelsum. Að sjálfsögðu þarf fólk að taka út refsingu sína en þeir hafa nálgast það með öðrum hætti. Hér er ekki bara verið að tala um hagsmuni og réttindi fangans sem hefur brotið af sér, við megum ekki gleyma því að hér er verið að tala um hagsmuni samfélagsins og okkar allra, almennings, að einstaklingurinn komi ekki skaddaður eða verri út eftir að fangavist lýkur. Við þurfum að nálgast þetta aðeins út frá því að það er okkur í hag að vel sé staðið að fangelsismálum og að aðbúnaði fanga. Þetta tengist hagsmunum okkar allra ef menn vilja líta út frá sínum eigin hagsmunum.

Finnar hafa margs konar markmið með fangelsismálum. Þar segir m.a. að framkvæmd fangelsismála eigi að vera örugg fyrir samfélagið, bæði fyrir hinn dæmda og starfsfólkið. Þeir hafa það einnig að markmiði að eftir að fangavist lýkur sé reynt að stuðla að því að hinum dæmda gangi vel í samfélaginu og að auknum möguleikum hans á lífi án afbrota, og um það snýst þetta. Við viljum að einstaklingur sem leiðist til afbrota láti af þeirri hegðun og við eigum ekki að búa til þannig kerfi að það auki líkurnar á að hann haldi tilteknum hætti áfram.

Ég vil aðeins koma inn á samfélagsþjónustuna, en þegar frumvarpið var lagt fyrir síðast fengum við umsagnir frá Dómarafélagi Íslands og dómstólaráði. Báðir aðilar benda á að samfélagsþjónustan eigi að vera dómsathöfn. Í umsögn Dómarafélags Íslands frá í fyrra stendur, með leyfi forseta:

„Dómarafélag Íslands telur að ákvörðun um samfélagsþjónustu sé í eðli sínu dómsathöfn. Skilgreina beri samfélagsþjónustu sem tegund refsingar. Er hún almennt þannig flokkuð af fræðimönnum.“ Dómstólaráð segir svipað í sinni umsögn, með leyfi forseta:

„Samfélagsþjónusta er í eðli sínu refsing og hefur verið skilgreind á þann veg af fræðimönnum í refsirétti. Þar sem samfélagsþjónusta hefur verið í lög leidd í Evrópu er hún hvarvetna hluti af viðurlagakerfi viðkomandi ríkis. Það eru því dómstólar sem ákveða hvort þessu refsiúrræði er beitt.“

Eins og menn vita höfum við þetta ekki, það er Fangelsismálastofnun sem ákveður hvort viðkomandi einstaklingur fái að sinna samfélagsþjónustu eða ekki. Þetta ættum við að

taka til umræðu í allsherjarnefndinni, hvort við viljum breyta þessu í þá átt sem aðrar þjóðir hafa gert eða ekki. Mér finnast rök Dómarafélagsins og dómstólaráðs vera sannfærandi en mig langar líka til að taka fram, og ég fagna orðum hæstv. dómsmálaráðherra um að hann sé að opna á ýmsar nýjar leiðir, eins og t.d. aðskilnað yngri og eldri fanga. Fyrir þinginu liggur þingsályktun sem ég hef lagt fram, um þennan aðskilnað og með það að markmiði að sérstaða hinna ungu fanga verði viðurkennd og hægt verði að bregðast við sérþörfum þeirra, sérstaklega á sviði geð- og vímumeðferðar. Ég held að kostirnir séu fleiri en gallarnir hvað þetta varðar. En ég vil taka fram að slíkur aðskilnaður kemur að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að fangelsismálayfirvöld hafi úrræði til að bregðast við einelti eða taka einstaklinga út úr þeirri deild ef þannig mætti vinna gegn hugsanlegri hættu á klíkumyndun o.s.frv. Þetta sýnir ákveðna hugmyndafræði og ég fagna því að hæstv. dómsmálaráðherra opnar þennan möguleika.

Ég vil líka minnast á aðstæður kvenfanga. Eins og komið hefur fram eru þær ekki nægilega góðar. Konur sem eru í fangelsi hafa ekki sömu möguleika og fjölbreytileika og karlkynsfangar og við þurfum að bæta stöðu þeirra því að að sjálfsögðu á að vera jafnræði í þessu eins og í öllu öðru.

Mig langar líka að minnast á aðstandendur fanga. Fráfarandi eða fyrrverandi fangelsismálastjóri sagði einu sinni í fjölmiðlum þegar imprað var á þessu að fangar ættu yfirleitt enga aðstandendur og þá var málið útrætt af hans hálfu. Svona ummæli eru í rauninni ekki svaraverð en við sem erum að reyna að byggja þetta kerfi upp eigum líka að hafa það að markmiði að þetta má ekki snúast um að refsa fjölskyldu fangans. Við þurfum að búa til þannig aðstæður, heimsóknaraðstöðu, símareglur o.s.frv. að aðstandendum og fjölskyldu og ekki síst börnum fanga, því að fangar eiga börn, sé ekki refsað líka. Þetta er auðvitað vandmeðfarið. En þarna vega hagsmunir barns fanga þungt að mínu mati og við þurfum að vera meðvituð um þetta. Að sjálfsögðu eiga fangar foreldra, börn, ættingja og vini sem við þurfum að hafa í huga.

Ég held að við ættum að skoða betur, varðandi fangelsismálin almennt, að fara meira inn í opin fangelsi eins og við sjáum vísi að á Kvíabryggju. Norðurlandaþjóðirnar hafa gert þetta með góðum árangri. Mér fannst svolítið leiðinlegt að lesa í samantekt Fangelsismálastofnunar ríkisins þar sem komið er inn á fyrirhugað nýtt fangelsi sem hefur verið ákveðið að byggja, en eins og staðan er núna hefur ekki verið varið neinum fjármunum í það enn, að samkvæmt skýrslu fangelsismálastjóra er gert ráð fyrir að þetta nýja fangelsi verði öryggisfangelsi í anda Litla-Hrauns. Ég held að við ættum að nota tækifærið og hugsa þetta upp á nýtt og taka tillit til annarra þátta en þeirra sem öryggisfangelsi þarf að uppfylla. Við sjáum að margt er úrelt í þannig hugsun og var meira að segja þegar Litla-Hraun var endurbyggt og gert upp. Við sem höfum heimsótt Litla-Hraun sjáum þennan gríðarlega stóra turn sem gnæfir yfir allt svæðið og við vitum að hann er ekki notaður. Hann er tómur að staðaldri. Þetta sýnir ákveðna hugsanavillu í þessum málaflokki og við eigum að læra af því og fylgjast með nýrri þekkingu á þessu sviði. Það er kannski ekki sérstaklega mikil þörf fyrir einhvers konar turna og háar girðingar.

Við eigum líka að hafa það að markmiði að gera vinnustaðinn eftirsóknarverðan. Þá er ég að tala út frá sjónarhóli fangavarða og forstöðumanna, að það sé eftirsóknarvert að vinna í fangelsum, að þetta sé faglegur og spennandi vinnustaður sem hæfir einstaklingar vilja leita til. Að sjálfsögðu á það við um þessa stofnun eins og allar aðrar stofnanir að eftir því sem vinnustaðurinn er faglegri og betri, þá aukast líkur á að þangað fáist hæfir einstaklingar. Þetta eigum við líka að hafa á bak við eyrað, þ.e. hagsmuni fangavarðanna.

Að lokum langar mig að rifja upp að allsherjarnefnd heimsótti Litla-Hraun í fyrra og nefndin hafði mjög gott af þeirri heimsókn. Í kjölfar heimsóknarinnar ræddum við að okkur langaði til að gera eitthvað sameiginlega í þessum málum þó ekkert yrði úr því á síðasta ári. En þar sem ég sé að formaður allsherjarnefndar er í hliðarsal langar mig til að minna á að við ákváðum að lagfæra eitthvað sem nefndin var sammála um að mætti bæta. Ég held að okkur flestum í nefndinni hafi verið svolítið brugðið hvernig ýmsum fangelsisreglum er háttað, t.d. símareglum, útivistarleyfum og hvernig heimsóknaraðstaðan er. Þetta er eitthvað sem við ættum að geta komið okkur saman um en þurfum ekki að deila um.

Þetta er viðamikið frumvarp og hefur sem betur fer tekið þó nokkrum breytingum frá hinu fyrra frumvarpi. Við í allsherjarnefndinni munum skoða þetta vel og vandlega og senda víða til umsagnar svo að markmið okkar um að einstaklingurinn komi ekki út verri en hann fór inn, nái að rætast samhliða öðrum markmiðum sem að sjálfsögðu er einnig að finna í fangelsismálum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 320. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 356.

[12:56]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar vegna opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi sem er 320. mál þingsins á þskj. 356.

Á árinu 1999 voru samþykkt á Alþingi lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Með lögunum var gjaldið sem eftirlitsskyldir aðilar greiða til að standa straum af rekstri Fjármálaeftirlitsins breytt á þann veg að tryggt væri að gjaldið uppfyllti skilyrði stjórnarskrárinnar um skattlagningarheimildir. Þetta þýddi m.a. að festa þurfti álagningarhlutfall í lögum í stað þess að kveða einungis á um hámark álagningar. Þessum álagningarhlutföllum þarf að breyta á hverju haustþingi enda ógerlegt að ákveða nákvæm hlutföll álagningar á flokka eftirlitsskyldra aðila til lengri tíma en eins árs í senn.

Frumvarp þetta er flutt í því skyni að breyta álagningarhlutföllum 5. gr. laganna. Með frumvarpinu eru álagningarhlutföll lækkuð en lágmarksgjald er óbreytt að því undanskildu að lagt er til að lágmarksgjald vegna vátrygginga-

miðlara hækki úr 150 þús. kr. í 200 þús. Áætlað er að álagseftirlitsgjald hækki úr 289,5 millj. kr. árið 2004 í 298 millj. kr. árið 2005, eða um tæp 3%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins á þessu ári nemur 288,7 millj. kr. en 309,5 millj. kr. á því næsta, sem er 7% hækkun. Fjöldi starfsmanna er ráðandi þáttur í rekstrarkostnaði Fjármálaeftirlitsins. Af fjölda starfsmanna ráðast helstu stærðir að nokkru eða öllu leyti, svo sem laun og launatengd gjöld, stærð húsnæðis og umfang tölvubúnaðar. Gert er ráð fyrir því í fyrirliggjandi drögum að áætlun fyrir næsta ár, að bætt verði við starfskraft FME sem nemur einu ársverki. Því til viðbótar verði svigrúm til að ráða sumarstarfsmann í tímabundin verkefni.

Á næsta ári mun Fjármálaeftirlitið m.a. þurfa að verja meiri tíma en áður í eftirtalin verkefni: Aukin umsvif íslenskra viðskiptabanka erlendis kalla á aukið eftirlit með þessum fjármálafyrirtækjum á samstæðum grunni. Þegar íslenskir bankar reka starfsemi í gegnum dótturfélög erlendis hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með samstæðunni en leitar samstarfs við eftirlitsstofnanir í heimaríkjum viðkomandi dótturfyrirtækja. Þrátt fyrir slíkt samstarf leiða þessar breytingar ótvírætt til aukins eftirlits af hálfu Fjármálaeftirlitsins og kostnaðar sem því fylgir. Þessum breytingum fylgja fjölþættar áhættur sem ástæða er til að fylgjast vel með. Það á einnig við um samstarf viðskiptabanka og vátryggingafélaga sem í auknum mæli bjóða fram samþætta þjónustu.

Framangreind umsvif og vöxtur innlendra fjármálafyrirtækja kallar á vandaðan undirbúning undir nýjar alþjóðlegar eiginfjárreglur fyrir fjármálafyrirtæki. Þær taka gildi árið 2006 en nú má telja ljóst að aðilar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins muni nýta sér flóknar matsaðferðir sem hinar nýju eiginfjárreglur bjóða upp á. Í því felst að Fjármálaeftirlitið þarf að vera í stakk búið að meta og votta slíkar aðferðir.

Í þriðja lagi þarf að sinna innleiðingu og eftirfylgni við nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla að því er varðar eftirlitsskylda aðila.

Í fjórða lagi má nefna að eftirfylgni við framkvæmd nýrrar löggjafar á löggjafarsviði á verðbréfasviði mun kalla á aukna vinnu eftirlitsins.

Í fimmta lagi að með nýlegum lagabreytingum var Fjármálaeftirlitinu falið heildareftirlit með Íbúðalánasjóði en hafði áður einungis eftirlit með húsbréfadeild sjóðsins. Þetta ásamt breytingum á áhættu í starfsemi sjóðsins hefur í för með sér aukin verkefni í eftirliti.

Í síðasta lagi nefni ég aukin verkefni sem tengjast breytingum á lögum á vátryggingarmarkaði.

Hæstv. forseti. Í fylgiskjali III með frumvarpinu er að finna skýrslu Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra um starfsemi eftirlitsins. Í 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er kveðið á um að ráðherra skuli leggja slíka skýrslu fyrir Alþingi. Í skýrslunni er fjallað um eftirlit með einstökum sviðum fjármálamarkaðar, lánamarkaðar, verðbréfamarkaðar, vátryggingamarkaðar og lífeyrismarkaðar, þá er greint frá þróun og horfum á íslenskum fjármálamarkaði og áherslum í starfi Fjármálaeftirlitsins næstu missiri.

Í þessu efni ber að nefna að mikill vöxtur og útrás fjármálafyrirtækja, einkum hinna þriggja stóru viðskiptabanka, og áhættur sem m.a. tengjast sviptingum og vexti á verðbréfamarkaði, hafa verið meginviðfangsefni Fjármálaeftirlitsins í eftirliti á lánamarkaði.

Fyrirsjáanlegar eru umtalsverðar breytingar á umsvifum fjármálafyrirtækja sem fyrst og fremst felast í enn frekari aukningu á starfsemi erlendis. Þetta á einkum við um þrjá stærstu viðskiptabankana. Jafnframt má búast við sameiningum og hagræðingu innan sparisjóðageirans. Enn fremur má búast við að frekari sameiningar fyrirtækja í stærri rekstrareiningar hafi áhrif á getu fjármálafyrirtækjanna til að veita þeim fullnægjandi fjármálaþjónustu m.a. með hliðsjón af reglum um hámark stórra áhættuskuldbindinga. Í því sambandi mun reyna í auknum mæli á hvernig tengingum er háttað milli lánþega í skilningi viðkomandi reglna. Þá er fyrirsjáanleg aukning í hlutdeild viðskiptabanka, sparisjóða og annarra fjármálafyrirtækja í lánveitingum vegna íbúðarkaupa. Framangreindar breytingar munu hafa í för með sér ýmis ný tækifæri og fjölbreyttari tekjumöguleika fyrir fjármálafyrirtækin, en einnig nýjar og breyttar áhættur sem fylgjast þarf með. Þá eru í farvatninu veigamiklar breytingar á regluumhverfi fjármálafyrirtækja, sem felast í innleiðingu á alþjóðlegum reikningsskilareglum frá og með árinu 2005 annars vegar og nýrra eiginfjárreglna (Basel 2) frá og með árinu 2007 hins vegar. Breytingar á regluumhverfinu munu m.a. hafa í för með sér auknar kröfur um mælingu á áhættu, áhættustýringu og innra eftirlit og upplýsingagjöf um áhættu.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[13:02]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég velti því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra hafi ekki nokkrar áhyggjur af stjórnsýslulegri stöðu Fjármálaeftirlitsins, að það skuli í fyrsta lagi heyra beint undir ráðherrann og í öðru lagi að það skuli vera fjármagnað af þeim aðilum sem það hefur eftirlit með.

Því er ekki að leyna að í umræðunni að undanförnu, í þeim miklu sviptingum sem verið hafa í fjármálaheiminum, hefur Fjármálaeftirlitið verið gagnrýnt fyrir hversu seint það hefur komið inn í, þó að tilkynna beri Fjármálaeftirlitinu fyrir fram og fá um það mat fyrir fram um uppstokkun eða eignabreytingar á hlutum í fjármálaheiminum hafa þeir yfirleitt verið um garð gengnir þegar Fjármálaeftirlitið hefur rankað við sér og er oft löngu eftir á að spekúlera í því hvort hlutirnir hafi verið löglegir eða ekki.

Ég vil því spyrja ráðherrann hvort hún hafi ekki áhyggjur af þessari veiku stjórnsýslulegu stöðu. Hæstv. ráðherra og ráðuneytið stóðu jú fyrir mestu einkavæðingu og sölu á fjármálafyrirtækjum, bönkum, og sá aðili sem hafði eftirlit með því var starfsmaður stofnunar sem heyrir beint undir ráðuneytið, sem hlýtur að vera mjög óheppileg stjórnsýsluleg staða. Vafalaust hafa þeir staðið sína plikt varðandi það mál en óneitanlega er það óskemmtileg staða að vera settur í að staðfesta eða fara yfir gjörðir ráðuneytisins sem viðkomandi heyrir undir.

Ég leyfi mér því að ítreka hvort ráðherrann telji ekki eðlilegt að breyta stjórnsýslulegri stöðu, stjórnun og fjár-

mögnun (Forseti hringir.) þessarar mikilvægu eftirlitsstofnunar.

[13:05]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að mikill misskilningur felist í því sem fram kom hjá hv. þm. Jón Bjarnasyni vegna þess, eins og ég hef margítrekað á hv. Alþingi, að Fjármálaeftirlitið er sjálfstæð stofnun. Þó að það heyri í fjárlögum undir viðskiptaráðuneytið er því ekki stjórnað úr viðskiptaráðuneytinu, langt frá því.

Sannleikurinn er sá að það er ekki fyrr en forstjóri eftirlitsins afhendir mér skýrslu Fjármálaeftirlitsins um starfsemi, sem mér er kunnugt um hvað Fjármálaeftirlitið er að gera. Ég tel því að hlutirnir geti ekkert verið miklu betri hvað þetta varðar. Varðandi það að eftirlitsskyldir aðilar sjái um rekstur Fjármálaeftirlitsins hvað varðar kostnað er það almennt gert með þeim hætti þar sem við þekkjum til og ég tel að það sé ágætisfyrirkomulag. Ýmsir hafa bent á að sama fyrirkomulag ætti að vera í sambandi við Samkeppnisstofnun, eðlilegra væri að eftirlitsskyldir aðilar stæðu undir þeim kostnaði sem þar verður til, en ég tel að það sé miklu flóknara mál vegna þess að í rauninni nær það til allra Íslendinga.

Það er rétt að eitthvað hefur Fjármálaeftirlitið verið gagnrýnt fyrir að það grípi ekki nægilega snemma inn í. En við verðum að gera okkur grein fyrir því að almenningur og ráðuneytið hefur ekki einu sinni vissu um hvað Fjármálaeftirlitið er að sýsla hverju sinni. Bráðlega verður gerð bragarbót á því vegna þess að, eins og ég hef látið koma fram, við munum leggja fram frumvarp á næstunni þar sem þessu verður breytt og (Forseti hringir.) gagnsæið verður aukið.

[13:07]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég leyfi mér að inna hæstv. ráðherra eftir því hvort það sé ekki rétt hjá mér að ráðherra gangi frá ráðningu og skipan forstöðumanns Fjármálaeftirlitsins.

Ég vísa til þess að við höfum eftirlitsstofnanir eins og Ríkisendurskoðun sem var valið að færa undir Alþingi, heyrði fyrst undir Seðlabankann og svo undir fjármálaráðuneytið. Það var talið mikilvægt að gera það til þess að tryggja sjálfstæði Ríkisendurskoðunar.

Samkeppnisstofnun fær fjármagn sitt á fjárlögum þannig að hún er ekki beint háð þeim aðilum sem hún rannsakar málin hjá eða veitir eftirlit. Reyndar fær stofnunin allt of lítið fjármagn.

Nú skiptir afar miklu máli á þessum markaði að það ríki trúnaður og traust gagnvart þeim eftirlitsstofnunum sem um er að ræða. Menn hafa rætt um að í umræddu olíusamráði eru aðilar líka sem tengjast því umsvifamiklir á fjármálamarkaði.

Það verður að ríkja fullkomið trúnaðartraust gagnvart þeim eftirlitsstofnunum sem skipta miklu máli. Ég leyfi mér því að inna hæstv. ráðherra áfram eftir því hvort hún hafi ekki áhyggjur af veikri stjórnsýslulegri (Forseti hringir.) stöðu Fjármálaeftirlitsins.

[13:09]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki annað en endurtekið það sem ég sagði áðan að ég tel að þessu sé ágætlega fyrir komið stjórnsýslulega séð. Það er stjórn sem ræður forstjóra og hann heyrir þess vegna ekki beint undir ráðherra. Ég hef satt að segja ekki heyrt þá gagnrýni áður sem fram kemur hjá hv. þingmanni, að það orki eitthvað tvímælis að Fjármálaeftirlitið sé sjálfstætt og lúti ekki stjórn ráðherra eða ráðuneytis. Ég tel að þessu sé ágætlega fyrir komið svona og veit ekki eiginlega hvað hv. þingmaður er með í huga þegar hann kemur fram með þessa gagnrýni.

[Fundarhlé. — 13:11]

[13:31]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þó að hér sé verið að mæla fyrst og fremst fyrir breytingum á kostnaðarþátttöku eftirlitsskyldra aðila sem greiða gjald sitt m.a. til að standa undir starfsemi Fjármálaeftirlitsins fylgir líka frumvarpinu ítarleg greinargerð um ýmis verkefni Fjármálaeftirlitsins. Það er ástæða til að fara nokkrum orðum um þessar eftirlitsstofnanir ríkisins, ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem hefur verið upp á síðkastið, t.d. í tengslum við það mál sem hefur komið upp varðandi samráð olíufélaganna og hversu miklu máli það skiptir að eftirlitskerfið sem við höfum hér sé trúverðugt og að markaðurinn og þjóðin treysti því að það ráði við það mál.

Það er ágætt að taka útgangspunkt í olíusamráðsmálinu. Í viðtali í Morgunblaðinu 6. nóvember sl. er Þórólfur Árnason borgarstjóri spurður hvers vegna hann hafi ekki gengið út þegar honum varð ljóst að hann var þátttakandi í ólöglegu athæfi. Þórólfur hefur nú axlað ábyrgð og sagt af sér borgarstjóraembættinu þó að störfum hans í því embætti hafi síður en svo verið í neinu áfátt, þvert á móti vann hann starf sitt með miklum sóma. Það er einungis vegna tengsla hans við þessi fyrri mál sem sú ákvörðun var tekin. Í viðtalinu segir Þórólfur, með leyfi forseta:

„Sú spurning horfir öðruvísi við þegar horft er til baka heldur en þegar maður er á bólakafi í vinnunni sjálfri. Að hluta til verður að skoða það í þessu pólitíska andrúmslofti. Ég hefði verið að segja öllu valdakerfi landsins stríð á hendur ef ég ætlaði að brjótast út úr olíuviðskiptunum.“

Þetta eru mjög athyglisverð ummæli sem hljóta að vekja alla til umhugsunar, ekki síst þegar við höfum undanfarið mátt búa við helmingaskiptareglu Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins á ríkisstofnunum sem þeir hafa verið að skipta upp og selja, eins og t.d. ríkisbönkunum á sínum tíma sem heyrðu undir viðskiptaráðherra Framsóknarflokksins.

Við þekkjum líka þessa umræðu varðandi aðrar eftirlitsstofnanir. Það var valið að taka Ríkisendurskoðun undan framkvæmdarvaldinu, setja hana beint undir þingið og láta hana fá sjálfstæða stöðu gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það hefur reynt á. Framkvæmdarvaldið hefur oft verið með óvægna gagnrýni á álit Ríkisendurskoðunar. Gott og vel með það, en Ríkisendurskoðun hefur getað starfað sjálfstætt

af því að hún heyrir beint undir þingið og á aðeins að svara fyrir mál sín gagnvart því. Þetta var valið og ég er viss um að sú ákvörðun að taka Ríkisendurskoðun undan fjármálaráðuneytinu sem er að öðru leyti umsjónaraðili með starfsemi og fjármuni ríkisins í landinu hefur reynst happadrjúg.

Stofnun umboðsmanns Alþingis hefur haft gríðarlega mikið og vaxandi hlutverk í að fylgjast með og gæta réttar einstaklinga gagnvart framkvæmdarvaldinu, gagnvart ráðuneytunum, og gagnvart ráðherrunum ekki hvað síst. Það hefur umboðsmaður getað gert í skjóli þess að hann heyrir beint undir Alþingi en ekki undir einstök ráðuneyti. Hann hefur fengið bágt fyrir. Það hefur verið veist að honum, reynt að koma höggi á hann af hálfu framkvæmdarvaldsins. Það þekkjum við úr umræðunni hér á þingi, um skipan dómara svo að dæmi sé tekið þar sem hann hefur gefið umsögn og veitt framkvæmdarvaldinu alvarlegar snuprur og ámæli þó að umboðsmaður hafi í sjálfu sér ekki neitt framkvæmdarvald. Hefði sú valdastaða verið til hefði það getað gengið svo langt að honum hefði verið gert erfitt með að starfa. Staða hans undir Alþingi tryggði honum hins vegar þessa sjálfstæðu stöðu.

Við þekkjum aðra stofnun sem fór á annan veg, Þjóðhagsstofnun. Samt var hún ekki talin tiltölulega óvilhöll ríkisvaldinu. Hún hafði engu að síður sjálfstæða stöðu og skilaði áliti um stöðu efnahagsmála og forsendur þeirra til þingsins. Þjóðhagsstofnun starfaði með Alþingi við mat á fjárlögum og skilaði áliti til efnahags- og viðskiptanefndar hvað það varðaði þannig að Alþingi þyrfti ekki eingöngu að reiða sig á tölur fjármálaráðuneytisins. Hvað gerðist þar? Þjóðhagsstofnun kom með tölur og álit sem ekki voru að skapi framkvæmdarvaldsins og þá voru viðbrögðin þau að leggja Þjóðhagsstofnun niður. Nú búum við við það að í sjálfu sér er engin sjálfstæð efnahagsstofa af hálfu Alþingis til að meta stöðu og t.d. forsendur fjárlaga, enda upplifum við það að álit meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar sem átti að fara yfir þessar tekjuforsendur var ekki neitt sem heitið gat, kom varla fram að þeir hefðu lesið frumvarpið. Þannig kom það til Alþingis. Staða Alþingis hvað það varðar er fyrir vikið orðin mjög veik.

Víkjum aftur að stöðu Samkeppnisstofnunar. Henni er ætlað stórt hlutverk. Hún heyrir undir viðskiptaráðherra og hún hefur verið gagnrýnd fyrir að bregðast ekki nógu hratt við, hún hafi ekki gripið nógu ákveðið inn í mál en þó hefur henni tekist að komast það langt að birta skýrslu og skoðun á þessum málum olíufélaganna. Hverju má hún búast við? Hæstv. ráðherra boðaði að nú yrði gerð breyting á skipulagi þessara mála. Vonandi á ekki að fara að refsa Samkeppnisstofnun fyrir að hafa komist svona langt. Ég vona að það verði ekki viðbrögð ráðuneytisins, ríkisstjórnarinnar að fara að refsa Samkeppnisstofnun fyrir það að hún skuli hafa komist þetta langt. En í því andrúmslofti sem við höfum mátt búa við undanfarið, valdbeitingu af hálfu stjórnvalda, getum við búist við öllu í þeim efnum.

Það er ekki að ósekju að maður velti þá líka fyrir sér sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins. Það hefur verið rætt í sambandi við eftirlit með títtnefndu samráði olíufélaganna, samstarfi tryggingafélaganna o.s.frv. hvort Fjármálaeftirlitið hafi komið þar nógu vel að málum. Það vitum við ekki en hitt vitum við að hæstv. viðskiptaráðherra fór með einkavæðingu og sölu á ríkisbönkunum, öllum fjármálastofnunum landsins. Og hvernig var háttalagið þar? Fyrst var gefin út yfirlýsing um að það ætti að bjóða þá til sölu á almennum markaði. Síðan var það tekið til baka. Þá var ákveðið að auglýsa þá og leita eftir tilboðum. Svo komu ekki réttir tilboðsgjafar, tilboðsgjafar sem hugnaðist helmingaskiptaregla Framsóknar og Sjálfstæðisflokksins varðandi bankana. Þá var sú auglýsing bara gerð ómerk og samið samkvæmt gamla laginu, Framsókn fær þennan og Sjálfstæðisflokkurinn fær hinn. Þetta er staðreynd.

Eftirlitið með þessu átti svo aumingja Fjármálaeftirlitið að hafa. (**Gripið fram í:** Er það einhver aumingi?) Stjórnsýsluleg staða þess er svo veik í svona máli. Við skulum líta á stjórnsýslustöðu Fjármálaeftirlitsins. Með leyfi forseta stendur í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi:

„Með eftirlit samkvæmt lögum þessum fer sérstök stofnun er nefnist Fjármálaeftirlitið. Fjármálaeftirlitið er ríkisstofnun og lýtur sérstakri stjórn. Stofnunin heyrir undir viðskiptaráðherra."

Og hver ætli skipi þessa stjórn? Með stjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn sem viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Reyndar skal einn stjórnarmaður skipaður eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands en aðrir eru skipaðir af ráðherra, meiri hluti stjórnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna. Það er að vísu alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra að þessi stjórn sem ráðherra hefur skipað ræður síðan forstöðumann þannig að stjórnin er fullkomlega í höndum hæstv. viðskiptaráðherra og á ábyrgð hans. Það væri kannski ekkert óvenjulegt ef bara væri um venjulega stofnun að ræða sem væri með ákveðin skilgreind verkefni og gegndi ekki svo viðamiklu eftirlitshlutverki eins og Fjármálaeftirlitið gerir. Það gæti verið allt í lagi. Hér er hins vegar einn af hornsteinum þess að skapa trúverðugleika í kringum fjármálaheim landsins sem viðskiptaráðherra hefur verið hvað umsvifamestur í að keyra fram breytingar á, umdeildar mjög. Menn hafa velt fyrir sér eftir hvaða reglum hafi verið unnið.

Ég verð hér að leggja áherslu á að að mínu mati er stjórnsýsluleg staða Fjármálaeftirlitsins allt of veik og sú veika staða stendur fyrir þrifum trúverðugleika íslensks fjármálamarkaðar. Það er ekki við starfsmenn þess að sakast. Við skulum vona að þeir vinni verk sín vel en þessi beinu stjórnsýslulegu tengsl við ráðherrann og ríkisvaldið eru ekki trúverðug, síst í ljósi þess hvernig við sjáum að aðrar eftirlitsstofnanir hafa lent í hremmingum í samskiptum við þetta sama ríkisvald. Þjóðhagsstofnun var lögð niður, kom með áætlun sem ekki líkaði. Umboðsmaður Alþingis fær snuprur en heldur sjálfstæði sínu og stöðu vegna þess að hann heyrir beint undir Alþingi. Ríkisendurskoðun var sem betur fer flutt frá fjármálaráðuneytinu til Alþingis og hefur getað starfað þannig innan þeirra marka.

Nú er það Samkeppnisstofnun. Hæstv. ráðherra boðaði áðan að þar mætti búast við breytingum. Ég vona að það eigi ekki að fara að ráðast á Samkeppnisstofnun vegna þess að hún hafi þó komist þetta langt í endurskoðun. Er að furða þó að ágætur borgarstjóri, Þórólfur Árnason, segi það sem hann sagði í viðtalinu sem ég vitnaði til áðan? Það hlýtur að vera okkur öllum áminning um stöðu mála. Ég

leyfi mér að ítreka, frú forseti, þau orð sem höfð voru eftir Þórólfi Árnasyni í Morgunblaðinu 6. nóvember sl.:

„Að hluta til verður að skoða það í þessu pólitíska andrúmslofti. Ég hefði verið að segja öllu valdakerfi landsins stríð á hendur ef ég ætlaði að brjótast út úr olíuviðskiptunum.“ — Hann hefur ekki verið að segja þetta að gamni sínu. Það vitum við.

Því höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt fram tillögu til þingsályktunar um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins. Tillögugreinin, með leyfi forseta, er þá lund að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á starfsskilyrðum Fjármálaeftirlitsins og stöðu þess gagnvart ráðherra, ríkisstjórn og aðilum á fjármálamarkaði. Nefndin geri tillögur um hvernig sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins verði bestu tryggt og starfsemi þess efld. Í því skyni skoði nefndin m.a. stjórnsýslulega stöðu þess og hvort heppilegt sé að það heyri undir Alþingi.

Í greinargerð með þessari tillögu, sem lögð var fram sem eitt fyrsta málið hér í haust en ekki hefur verið ráðrúm til að mæla fyrir, er einmitt rakið mikilvægi sjálfstæðis Fjármálaeftirlitsins, að það sé engin stjórn yfir því sem ráðherra skipi að sínu vali. Þar sé sjálfstæð stjórn. Fjármálaeftirlitið væri langbest komið undir Alþingi þannig að það gæti starfað óháð valdbeitingu eða afskiptum framkvæmdarvaldsins. Þannig yrði trúverðugleiki íslensks fjármálamarkaðar aukinn því það skiptir miklu máli fyrir efnahagslíf þjóðarinnar, fyrir allt siðferði í viðskiptum, að það sé ótvíræður trúnaður í kringum þær eftirlitsstofnanir sem hafa þetta gríðarlega veigamikla hlutverk að fylgjast með.

Það væri t.d. fróðlegt að vita hvað er að gerast núna í fjármálaheiminum. Hæstv. ráðherra minntist á að fyrir dyrum stæðu miklar sameiningar og uppstokkanir á sparisjóðamarkaðnum. Við erum nýbúin, fyrir tæpu ári, að taka mikla umræðu í þinginu um stöðu sparisjóðanna.

Frú forseti. Ég ítreka að ég tel að stjórnsýsluleg staða Fjármálaeftirlitsins sé algjörlega óviðunandi, það eigi að taka þau skref að færa Fjármálaeftirlitið frá viðskiptaráðherra, frá helmingaskiptareglum Sjálfstæðisflokks og Framsóknar, og færa það undir Alþingi.

[13:49]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg undrandi á þessum málflutningi, ég get ekki annað en sagt það. Ég spyr hv. þingmann hvort hann haldi því fram að Fjármálaeftirlitið lúti fyrirskipunum frá mér sem viðskiptaráðherra. Ég vil fá svar við því.

[13:50]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er alls ekki að gera því skóna. (**Viðskrh.:** Jú, það er einmitt það sem þú ert að gera.) Ég er að benda á stjórnsýslulega stöðu Fjármálaeftirlitsins sem lýtur stjórn sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur skipað. Ég hef bent á stöðu annarra stofnana, ég hef bent á hver urðu örlög Þjóðhagsstofnunar, ég hef bent á að menn báru gæfu til þess að flytja Ríkisendurskoðun til Alþingis. Ég hef bent á hve það hefur verið mikið skjól fyrir umboðsmann Alþingis að starfa á þess vegum. Til þess að tryggja fullan og öruggan trúnað á þessum markaði er Fjármálaeftirlitið best komið þar. Ráðherrann hefur verið hvað umsvifamestur aðili á peningamarkaðnum í umskiptum á fjármálamarkaðnum á undanförnum árum og þess vegna er mikilvægt að ekki séu stjórnsýsluleg tengsl á milli eftirlitsaðilanna og þess aðila sem er hvað umsvifamestur á markaðnum hvað það varðar.

[13:51]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ber fulla virðingu fyrir þeim sjónarmiðum hv. þingmanns að leggja áherslu á sjálfstæði eftirlitsstofnana og það er það sem ég hef gert alltaf þegar það mál kemur upp í umræðunni. En ég fæ mjög mismunandi skilaboð frá stjórnarandstöðunni í þeim efnum því að annars vegar kemur hv. þingmaður og telur að þetta sé ekki í lagi eins og það er ogýjar greinilega að því að ég sem viðskiptaráðherra sé að hafa áhrif á störf Fjármálaeftirlitsins. Hins vegar fær ég þau skilaboð frá Samfylkingunni að ég eigi alltaf að vera að beina einhverju til Fjármálaeftirlitsins, um að Fjármálaeftirlitið eigi að fara í ákveðna athugun og þar fram eftir götunum.

Þegar ég svara því til að ég telji að það sé ekki mitt hlutverk vegna þess að þarna séu fagmenn á ferð og þeir meti sjálfir hvað þeir setji í forgang og hvernig þeir vinna þá er fundið að því við mig að ég skuli ekki alltaf vera að beina einhverju til þeirra um að fara í þessa og hina skoðunina.

Mér þótti vænt um að hv. þingmaður vildi ekki kannast við að Fjármálaeftirlitið lyti fyrirskipunum frá mér sem viðskiptaráðherra og það var þó gott að hann dró þau orð til baka, en mér finnst að hann sé nánast að ýja að því að eftirlitið fari ekki að lögum. Þegar hann talar svo um að það hafi eitthvað með það að gera að ég hafi staðið fyrir einkavæðingu á bönkunum hvernig Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit á markaðnum, þá er það alveg út í hött að halda slíku fram.

[13:53]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætlaði ekki endilega að vekja upp svona mikla viðkvæmni hjá hæstv. ráðherra en það er ágætt ef hún finnur að það er nauðsynlegt.

Það sem ég legg áherslu á er að þarna sé fullkominn trúnaður. Fjármálamarkaðurinn er einn umsvifamesti markaður hér á landi, hann er eðlilega undir gagnrýni en trúnaðurinn sem verður að ríkja í kringum þennan markað er veigamikil forsenda fyrir því að hann geti í rauninni starfað samkvæmt þeim óskum sem við viljum að hann starfi og blómgast á þeim grundvelli sem við viljum að hann blómgist. Því er svo mikilvægt að eftirlitsstofnanirnar, sem er falið svona gríðarlega mikið hlutverk, og gott og vel með það, séu fullkomlega sjálfstæðar frá framkvæmdarvaldinu, frá ráðherrum.

Mér kemur á óvart ef ráðherra finnst það vera lítil umsvif sem ríkisstjórnin og hún sem viðskiptaráðherra hafa staðið fyrir með sölu á ríkisbönkunum. Ég kalla það ekki lítil umsvif, síður en svo, og mjög umdeild.

[13:54]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hér er tekið til umræðu frumvarp til laga um breytingu á greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Um er að ræða frumvarp sem kveður á um fjármögnun á Fjármálaeftirlitinu og hvernig að því er staðið og þær breytingar sem hugsanlega eru gerðar á milli ára.

Það sem mér hefur fundist athyglisverðast við frumvarpið er að því fylgja mjög vönduð fylgiskjöl um stöðu Fjármálaeftirlitsins og um þróun og horfur á fjármálamarkaði sem ég tel sannarlega ástæðu til að ræða núna undir þessum dagskrárlið vegna þess að þróunin á fjármálamarkaðnum er ákveðið áhyggjuefni að mínu viti þessa stundina.

Ég vil þó byrja á að fara yfir frumvarpið sjálft og hvernig búið er að Fjármálaeftirlitinu til að takast á við verkefni sín. Á síðustu vikum hefur ítrekað komið fram að ekki er nægjanlega vel búið að eftirlitsstofnunum okkar og er ég þá að tala um Fjármálaeftirlitið, efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og ekki síst Samkeppnisstofnun.

Varðandi efnahagsbrotadeildina hefur komið fram að hún er ekki í stakk búin til þess að taka upp mál að eigin frumkvæði sem er auðvitað mjög slæmt. Hæstv. dómsmálaráðherra lýsti því yfir í umræðu við fyrirspurn minni að ekki stæði til að setja neitt viðbótarfjármagn til þess að efla efnahagsbrotadeildina til að sinna hlutverki sínu eða til að hún gæti flýtt þeirri rannsókn sem núna stendur yfir á olíufélögunum.

Varðandi Samkeppnisstofnun kom fram í umfjöllun fjárlaganefndar um fjárlagafrumvarpið að það vantar 100 millj. kr. til þess að Samkeppnisstofnun geti með fullnægjandi hætti sinnt skyldum sínum. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál vegna þess að það er mikið í húfi að vel sé búið að þessum stofnunum og að ríkisvaldið hafi skilning á því hvað það er mikilvægt fyrir efnahagslífið, atvinnulífið og fjármálamarkaðinn og hve mikil og örugg neytendavernd er í því fólgin ef vel er búið að þessum stofnunum.

Varðandi Fjármálaeftirlitið eru tíunduð verkefni í þessari ítarlegu og ágætu skýrslu, sem að mínu viti, virðulegi forseti, fær ekki nægjanlega umfjöllun, hvorki í þeirri nefnd sem fjallar um málið né í þinginu. Þar er vandlega farið yfir þau auknu verkefni sem sífellt hlaðast á Fjármálaeftirlitið með þeim öru og miklu breytingum sem stöðugt verða á fjármálamarkaðnum og með lögum frá Alþingi er sífellt verið að bæta nýjum verkefnum á Fjármálaeftirlitið.

Fjármálaeftirlitið fer í skýrslu sinni yfir þróunina sem það sér fyrir sér til næstu ára, sem gefur til kynna að þörf er á að búa betur að eftirlitinu og fjölga þar stöðugildum. Virðulegi forseti. Ef menn eru að tala um eyðslu í því sambandi þá er það rangt að mínu viti, bæði varðandi þessa stofnun, Samkeppnisstofnun og efnahagsbrotadeildina, vegna þess að það skilar sér allt í margföldum ávinningi til þjóðarbúsins og í ríkiskassann.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á að aukin umsvif íslenskra viðskiptabanka erlendis kalli á aukið eftirlit. Það bendir á að umsvif og vöxtur innlendra fjármálafyrirtækja kalli á vandaðan undirbúning undir nýjar alþjóðlegar eiginfjárreglur fyrir fjármálafyrirtæki sem eiga að taka gildi á árinu 2006. Það bendir á eftirfylgni við framkvæmd nýrra laga á verðbréfasviði sem er mjög umsvifamikil og mun kalla á aukna vinnu eftirlitsins. Það þarf að sinna innleiðingu og eftirfylgni við nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla og bent er á að með nýlegum lagabreytingum um breytingu í húsnæðismálum er Fjármálaeftirlitinu falið heildareftirlit með Íbúðalánasjóði. Síðan er einnig bent á aukin verkefni sem tengjast breytingum á lögum um vátryggingamarkað. Fjármálaeftirlitið segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af framangreindu er það mat Fjármálaeftirlitsins að mæta þurfi auknu umfangi í starfsemi eftirlitsins á næsta ári með svigrúmi í rekstri sem nemi um einu ársverki. Ljóst er að þörf vegna framangreindra verkefna nemur meiru en einu ársverki. Fjármálaeftirlitið mun leitast við að mæta þeirri þörf að öðru leyti með enn bættu innra skipulagi og forgangsröðun í nýtingu fyrirliggjandi þekkingar og reynslu."

Þessu vildi ég vekja athygli á, það verður að fylgjast að að búa vel að Fjármálaeftirlitinu og það að færa því sífellt aukin verkefni. Ég ætla ekki sérstaklega að þessu sinni að fara yfir rekstraráætlun stofnunarinnar en vil, virðulegi forseti, fara örfáum orðum um ítarlega umfjöllun í þessari skýrslu um fjármálamarkaðinn, þróun og horfur.

Það hefur vissulega vakið athygli mína, virðulegi forseti, að í því mikla umróti sem er á fjármálamarkaðnum, þeirri miklu útlánaþenslu sem þar á sér stað þar sem viðvaranir og hættumerki blasa við öllum sem hafa opin augun, hefur lítið heyrst í hæstv. bankamálaráðherra. Við höfum verið að fjalla um skattamálin og höfum vissulega áhyggjur af því að það að fara að lækka skattana í því þensluástandi sem nú er geti haft slæm áhrif á verðbólguþróunina. Við höfum þó metið það svo að það sé svigrúm til þeirra skattalækkana á næsta ári sem við höfum staðið fyrir í Samfylkingunni en ég bendi á í þessu sambandi að menn verða að skoða hlutina í samhengi. Það er mikil útlánaþensla á fasteignamarkaðnum og ég held hún hafi í raun og sanni miklu alvarlegri afleiðingar en það sem við erum að tala um varðandi lækkun skatta á næsta ári.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem við, sem erum að fjalla um húsnæðismálin í félagsmálanefnd, höfum fengið eru það 55 milljarðar sem bankarnir lánuðu út frá 23. ágúst til októberloka. Þar af má áætla að í neyslu fari um 10–15% sem eru þá kannski um 8,5 milljarðar. Það er mjög mikil innspýting inn í þá stöðu sem við erum í í efnahagsmálunum og er ástæða til að stoppa við það.

Það er vissulega mjög hagstætt fyrir lántakendur að geta umbreytt erfiðum og dýrum bankalánum yfir í lán með lægri vexti eins og nú bjóðast en það er samt full ástæða til að líta mjög til þeirrar þróunar sem við erum að sjá núna á markaðnum.

Bankarnir standa að verulegu leyti fyrir þessari útlánaaukningu sem ég nefni og ég vil geta þess að þeir voru með ákveðnar viðvaranir fyrir ári. Samtök banka og verðbréfafyrirtækja vöruðu við þeim áformum sem uppi voru hjá Íbúðalánasjóði að fara upp í 90% lán og hækka hámarksfjárhæðina. Þau sögðu í bréfi sem ég hef hér undir höndum að það væri óvarlegt að fara hærra með hámarkslánin en í 11–12 millj. og það í árslok 2007. Þetta sögðu þessir forsvarsmenn bankanna, og sögðu svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Þetta skiptir afar miklu máli til að sporna við hættu á verulegri ofþenslu á fasteignamarkaðnum.“

Nú eru bankarnir farnir að bjóða 100% lán og ekki 11–12 millj., heldur er þak þar rúmlega tvöfalt hærra, þ.e. um 25 millj. og ekkert þak á lánum miðað við 80% lán. Ég heyri það á fasteignasölum sem hafa heimsótt efnahags- og viðskiptanefnd að þeir eru áhyggjufullir út af þeirri stöðu sem uppi er, nota orðið öngþveiti um fasteignamarkaðinn og segja að í þeim asa sem hér gangi yfir í lánveitingum hjá bönkunum sé ráðgjöf kannski ekki nægilega vönduð. Þess vegna er ástæða til að hafa áhyggjur af þessu. Víða hringja viðvörunarbjöllur og ég hef sjaldan séð frá þeim sem eftirlit eiga að hafa með fjármálamarkaðnum, bæði Seðlabanka og Fjármálaeftirliti, eins sterkar aðvaranir um að veruleg hætta sé á fjármálakreppu og í þeirri stöðu sem við erum í núna varðandi útlánaþensluna. Menn tala alveg hikstalaust um verulega hættu á því að verið sé að yfirveðsetja eignir og að fólk geti staðið frammi fyrir því fyrr en menn órar að skuldir verði hærri en eignir. Það er alvarlegt mál. Þessar eftirlitsstofnanir benda til Norðurlandanna og þess sem þar gerðist fyrir ekki mörgum árum.

Við erum að tala um verðbólguna og allir hafa áhyggjur af henni, að hún sé á uppleið, aðilar vinnumarkaðarins og verkalýðshreyfingin komin í viðbragðsstöðu varðandi kjarasamningana, og þess vegna hygg ég að þessi útlánaþensla sé kannski helsti hættuvaldurinn sem við stöndum frammi fyrir núna. Í vægi vísitölunnar er húsnæðisliðurinn mjög þungur. Hann vegur orðið mjög þungt í vísitölunni, m.a. út af þessari þróun. Við sjáum að fasteignaverðið blæs hér upp og það er alveg ljóst að unga fólkinu sem er að kaupa sér íbúðir bjóðast vissulega hærri lán en áður var en verulega stór hluti af lánveitingunum fer beint í meiri skuldsetningu og hærra íbúðaverð. Það er þetta sem ég hef áhyggjur af. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvernig hún sjái fyrir sér þessa þróun. Við höfum ekkert heyrt frá bankamálaráðherranum um þessa þróun á markaðnum sem er þó full ástæða til að hafa áhyggjur af.

Ég spái því að í næstu útgáfu Peningamála, ritinu sem Seðlabankinn gefur út, verði þann 2. desember boðað að hækka þurfi vexti enn meira en gert hefur verið, t.d. varðandi stýrivextina, sem þá gæti leitt út í almenna vaxtalækkun. Ég býst við að við munum sjá þar einhverjar tölur sem valda áhyggjum varðandi þenslu og verðbólgu. Þó að menn hafi fyrir nokkrum mánuðum haft áhyggjur af því að Íbúðalánasjóður mundi hækka hámarksfjárhæðina sem gæti haft óæskileg áhrif á markaðinn — og reyndar varaði Seðlabankinn við því í sumar — skiptir það orðið engu máli núna. Það breytir ekki nokkru þó að við förum í 15–16 millj. með húsnæðislánin vegna þess að fólk mun bara fara með viðskipti sín yfir í bankana í enn meira mæli en við höfum séð hingað til ef Íbúðalánasjóður á að sitja uppi með það að geta einungis lánað fyrir lítilli kjallaraholu, 90% af lítilli kjallaraholu eða tveggja herbergja íbúð.

Ég ætla ekki að fara að taka upp almennar umræður um húsnæðismálin en þetta tengist þeim áhyggjum sem við höfum af fjármálamarkaðnum. Þess vegna vildi ég setja málið í samhengi við hann. Við sjáum líka í þessari skýrslu sem við ræðum hér að Fjármálaeftirlitið hefur ákveðnar áhyggjur og segir, með leyfi forseta, að frá „árslokum 2002 hefur útlánavöxtur innlánsstofnana verið umtalsverður og hefur 12 mánaða aukning á fyrri hluta ársins farið yfir 30%“. Þetta var áður en þessi sprenging kom til og að hluta til er um að ræða útlánaaukningu til erlendra aðila. Þessi mikla útlánaaukning er áhyggjuefni þar sem reynslan sýnir að í kjölfar mjög hraðrar útlánaaukningar má búast við auknum útlánatöpum. Þarna klingir enn ein viðvörunarbjallan.

Síðan er á bls. 35 í þessari skýrslu sem ég er með sýnd þróun í brúttó- og nettóskuldum viðskiptabanka og sparisjóða gagnvart erlendum aðilum frá júní 1998 til júní 2004. Frá árslokum 2002 segir svo hér að brúttóskuldir hafi tvöfaldast. Við erum að sjá verulega aukningu í brúttó- og nettóskuldum viðskiptabanka og sparisjóða gagnvart erlendum aðilum. Þar er verið að sýna aukningu sem er áður en sú útlánaþensla kemur til sem við erum að ræða.

Það er full ástæða, virðulegi forseti, og beini ég því líka til bankamálaráðherra, að hafa áhyggjur af því að bankarnir láni núna umfram það sem þeir raunverulega geta, a.m.k. margir hverjir. Hefur Fjármálaeftirlitið varað við því og í ræðu forstöðumanns Fjármálaeftirlitsins kom eftirfarandi fram, *með leyfi forseta:*

„Í öðrum tilvikum er ljóst að ekki hefur verið hugað nægilega vel að fjármögnun lánanna í upphafi eða arðsemi þeirra lána að teknu tilliti til þátta eins og afskrifta, rekstrarkostnaðar og annarra tekna.“

Sérfræðingar hafa raunverulega sagt að bankarnir gætu ekki með góðu móti staðið undir lægri vöxtum nú um stundir en 4,8–5% en þeir eru komnir niður í 4,15% sem er það nýjasta.

Ég vildi taka þetta upp hér, tel alveg ástæðu til þess þar sem við erum að ræða ítarlega skýrslu sem á skilið mikla umræðu. Hér er vandað vel til verka og þeir sem að þessari skýrslu standa árlega hingað til þingsins eiga heiður skilið fyrir það hvernig þeir standa að málum við að upplýsa þingið. Við eigum að nýta tækifærið með þessar upplýsingar í höndunum til að ræða þróun og horfur á fjármálamarkaði. Til þess er full ástæða um þessar mundir þar sem viðvörunarbjöllur klingja víða um þjóðfélagið og eftirlitsstofnanir hafa reist upp þau flögg að veruleg hætta sé á ferðum.

[14:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég ætlaði aðallega í ræðustólinn til að ræða um stöðu Fjármálaeftirlitsins í framhaldi af ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar og taka undir þau sjónarmið sem hann lýsti. Ég vildi líka ræða pínulítið um stöðu Fjármálaeftirlitsins og samband þess við framkvæmdarvaldið. Ég hlýt að taka undir með hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að það eru full efni til þess að nota þetta tækifæri og önnur sem bjóðast til að ræða dálítið um stöðuna í fjármálaheiminum og þróun, t.d. hvað varðar útlán og stöðu peningakerfisins, húsnæðislánakerfisins og bankastofnananna.

Mér hefur fundist Fjármálaeftirlitið, svo að ég orði það eins kurteislega og ég tel mig geta, mjög hógvært í ummælum sínum um slíka hluti undanfarin missiri. Ég held að því verði auðveldlega fundinn staður að Seðlabankinn hefur þó tekið á sig meiri rögg á köflum í ummælum sínum og at-

hugasemdum á undanförnum missirum en Fjármálaeftirlitið. Þessir tveir aðilar eiga að starfa saman, hafa lögbundna skyldu til að hafa með sér samvinnu um verkefni hvor annars. Það er eðlilegt því að Fjármálaeftirlitið er dagsdaglega að fylgjast með hlutum sem Seðlabankinn þarf að hafa yfirsýn yfir þegar hann metur heildarstöðuna og beitir stjórntækjum sínum.

Ég sé að vísu að í þessari skýrslu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vitnaði einmitt í og er fylgiskjal eru ummæli, t.d. á bls. 28 um fjármálamarkaðinn, þar sem vissulega er lýst áhyggjum. Bent er á það, sem eru ekki ný sannindi, að í kjölfar hraðrar útlánaaukningar megi búast við auknum útlánatöpum og að það sé einnig áhyggjuefni að verulegur hluti þessarar útlánaaukningar sé fjármagnaður með erlendum lántökum og að hröð útlánaaukning sé enn fremur einn af áhættuþáttum sem geta verið undanfari erfiðleika í fjármálakerfinu.

Það leynist kannski ýmislegt á bak við þessar setningar en þetta er allt kurteislega orðað. Þetta er talið þarna upp og þarna eru öll hættumerkin til staðar, þetta er allt þarna, hröð útlánaaukning, að miklu leyti fjármögnuð með erlendum lánum og sennilega mætti bæta því við sem Seðlabankinn vakti sérstaklega athygli á í fyrra að stór hluti þessara erlendu lána er á skammtímakjörum. Það hefur að vísu eitthvað lagast, m.a. vegna umvandana Seðlabankans um áramótin síðustu en þá var ískyggilega stór hluti af nýjum erlendum lánum sem bankarnir höfðu veitt inn í landið fjármagnaður á 3–6 mánaða kjörum. Stærstur hluti 300 milljarðanna sem bankarnir dældu inn í hagkerfið á síðasta ári í nýju erlendu lánsfé gjaldféll á þessu ári eða þurfti að endurfjármagnast innan ársins sem í hönd fór. Þar finnst mér t.d. að Fjármálaeftirlitið mætti nú líka láta í sér heyra.

Af því að hér voru nefndir sparisjóðirnir og þá bar á góma í orðaskiptum hv. þm. Jóns Bjarnasonar og hæstv. ráðherra, velti ég því líka fyrir mér hvort Fjármálaeftirlitið standi vaktina í þeim efnum eins og ég tel að löggjafinn hafi ætlast til þegar hann reyndi ítrekað með lagabreytingum að standa vörð um sparisjóðina sem sparisjóði. Hvað er að gerast í Sparisjóði Hólahrepps og hvað er að gerast í SPRON? Er Fjármálaeftirlitið að standa vaktina þar eins og löggjafinn ætlaðist í raun og veru til? Ég hef efasemdir um það.

Það er alveg með ólíkindum finnst mér ef fjármálaráðuneytið skrifar upp á að menn geti fundið leið fram hjá reglunni um að enginn skuli fara með meira en 5% atkvæðamagn í sparisjóðum, sem var ætluð til þess að tryggja að menn söfnuðu ekki saman eignarhlutum. Eða muna menn ekki deilurnar um uppkaupin og samþjöppunina? Hvað ætluðu menn að gera til þess að verjast því? Jú, tryggja að enginn einn aðili gæti ráðið meiru en 5% í sparisjóði og þó að hann ætti meira í honum yrði afgangurinn af eignarhlutnum að verða óvirkur. En svo fáum við fréttir af því, að talið er með blessun Fjármálaeftirlitsins, að menn séu búnir að finna sér leiðir fram hjá þessu. Hvað segir hæstv. viðskiptaráðherra um þetta?

Það er ekki að hafa óeðlileg afskipti af störfum Fjármálaeftirlitsins þótt hæstv. viðskiptaráðherra hafi skoðun á því hvort kerfið virki í samræmi við lög, því á meðan Fjármálaeftirlitið heyrir undir viðskiptaráðherra ber viðskiptaráðherra hina stjórnskipulegu ábyrgð á því að hlutirnir séu í lagi. Það á ekkert skylt við það að ráðherra á að sjálfsögðu ekki að segja Fjármálaeftirlitinu fyrir verkum um afstöðu til einstakra mála. Það vitum við og um það erum við öll sammála að þannig viljum við ekki hafa það.

Mér finnast menn grauta þessu stundum dálítið saman. Hæstv. ráðherrar tala stundum eins og að vegna þess að þeir eigi að virða sjálfstæðar faglegar niðurstöður og ákvarðanir eftirlitsaðilanna í einstökum málum geti þeir þegar þeim hentar látið eins og þeim komi starfsemin ekki við, hún sé bara einhvers staðar úti í bæ og þeim óviðkomandi. Það er ekki þannig. Þetta er alveg skýrt í lögunum.

Lögin heyra undir ráðherrann, ráðherrann skipar Fjármálaeftirlitinu stjórn, að vísu er einn af þremur samkvæmt tilnefningu en ráðherrann ræður hinum tveimur stjórnarmönnunum og stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Undir stjórnina á stofnunin eða forstjórinn að bera mikilvægustu ákvarðanir. Þannig er það í lögunum. Varastjórnin er skipuð með sama hætti. Ráðherrann skipar kærunefnd, að vísu alla samkvæmt tilnefningu frá Hæstarétti en ráðherra setur henni reglugerð eða hefur til þess heimildir í lögum að útfæra nánar starfsemi kærunefndarinnar með reglugerð. Ráðherrann hefur því þarna mjög mikið um málin að segja.

Þá er komið að spurningunni með það hvar Fjármálaeftirlitið eigi að vistast, hvar það eigi að eiga heima. Ég held að taka eigi til mjög rækilegrar skoðunar að bæði Fjármálaeftirlitið og Samkeppnisstofnun færist undir Alþingi. Valin verði sama leið og var með Ríkisendurskoðun og eins þegar embætti umboðsmanns Alþingis var stofnað að þessar mikilvægu undirstöðueftirlitsstofnanir og réttargæslustofnanir, eins og umboðsmannsembættið er fyrir borgarana í landinu gagnvart stjórnsýslunni, séu algerlega sjálfstæðar en í skjóli af Alþingi.

Ég vek t.d. athygli á því að það skiptir miklu máli að þær stofnanir séu algerlega ósnertanlegar hvað varðar fjárhagslega burði til að sinna verkefnum sínum. Þá er betra að fjárveitingavaldið hafi það alfarið í höndum sínum og það fari ekki krókaleiðina í gengum ráðuneyti í fjárlagavinnuna og í fjárlagafrumvarp fjármálaráðherra, því auðvitað er þar strax kominn áhrifavaldur þar sem er stýring ráðuneytanna eða framkvæmdarvaldsins á því að taka við óskum stofnunar af þessu tagi um fjárveitingar og matreiða þær í fjárlagafrumvarpið eftir sínu höfði.

Hæstv. ráðherra brást heldur illa við og spurði hv. þm. Jón Bjarnason að því hvort hann væri að gera því skóna að ráðherra skipaði Fjármálaeftirlitinu beint fyrir verkum hvað varðaði afstöðu til einstakra mála eða afgreiðslu á einstökum hlutum. Svo er að sjálfsögðu ekki. Menn halda ekki slíku fram nema sannanlegt sé að svo sé, að sjálfsögðu, því það væru mjög alvarlegar ásakanir. En — og það held ég að sé það sem við ræðum — spurningin er auðvitað um það hvort þarna geti ekki eftir sem áður verið óheppilegt orsakasamband sem byggir ósköp einfaldlega á þeirri stöðu sem Fjármálaeftirlitið upplifir sig í gegnum það að ráðherra skipar stjórnina, ræður meiri hluta hennar, að ráðherra hefur yfirumsjón og ábyrgð með framkvæmd laganna sem stofnunin starfar eftir, að fjárveitingarnar koma þessa leið og fleira mætti þar til tína.

Einnig er Fjármálaeftirlitið oft að glíma við viðfangsefni sem eru mjög pólitísk í eðli sínu og tengjast stefnu stjórnvalda á hverjum tíma. Auðvitað er einkavæðingin í bankakerfinu hápólitískt viðfangsefni og þegar Fjármálaeftirlitið fjallar um það eru menn ekki svo einangraðir frá þjóðfélaginu þar á bæ að þeir viti ekki að þeir eru með í höndunum eitt af pólitískum stefnumálum ríkisstjórnar. Þeir eru með það. Væru þeir þá ekki betur komnir í skjóli af Alþingi? Jú.

Það er stundum sagt þegar verið er að ræða um áhrif eigenda fjölmiðla á ritstjórnarstefnu og hvernig menn geti orðið undir áhrifum, án þess að þeim sé sagt fyrir verkum, að sjálfsritskoðunin sé jafnvel hættulegust. Það eru hinu sálrænu, óbeinu áhrif, vitneskjan um að vera eigandi einhvers eða vitneskjan um að vera þrátt fyrir allt að starfa undir hatti einhvers. Menn eru með pólitísk viðfangsefni í höndunum komin beint frá hinu sama stjórnvaldi og menn sækja umboð sitt til með vissum hætti. Þá verður til hættan á einhvers konar sjálfsritskoðun eins og sagt er stundum í blaðaheiminum.

Þessi fyrirbæri geta með nákvæmlega sama hætti legið í hlutum eins og því þegar eftirlitsstofnanir sem þurfa og eiga að vera algerlega sjálfstæðar heyra samt undir framkvæmdarvaldið. Það er þetta sem við eða ég a.m.k. tel að sé fullgilt að benda á og á hvorki að lesa meira né minna út úr þeim orðum en efni standa til. Þetta er bara svona, þetta er viðurkennt og m.a. af þeim ástæðum reyna menn með ýmsum hætti í löggjöf að búa þannig um að aðilar af þessu tagi séu sem allra sjálfstæðastir og ósnertanlegastir.

Hvers vegna er t.d. ekki hægt að segja upp hæstaréttardómurum? Af hverju er gengið eins frá ráðningarkjörum þeirra og raun ber vitni? Jú, til þess að framkvæmdarvaldið geti ekki haft þá undir hnefanum. Þegar einu sinni er búið að meta þá hæfa og skipa þá í Hæstarétt eru þeir ósnertanlegir þar. Þetta er ekkert út í loftið. Þetta er af ástæðum sem eru augljósar þegar farið er að hugleiða það.

Ég held að fara megi sannarlega betur yfir lögin um Fjármálaeftirlitið og sérstaklega stjórnsýslulega stöðu þess eins og lagt er reyndar til í þingsályktunartillögu, 45. máli þessa þings, sem hv. þingmenn Jón Bjarnason og Ögmundur Jónasson hafa flutt.

Herra forseti. Ég ætla tímans vegna og aðstæðna ekki að hafa orð mín fleiri. Ég áskil mér þó allan rétt til þess með svipuðum hætti og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði áður, að nota tækifærið ef til vill við síðari umræður og ræða betur þessa ítarlegu skýrslu sem er fylgigagn með frumvarpinu. Ég tel reyndar að það sé algerlega óumflýjanlegt að fram fari á þingi einhvern tíma eftir að Seðlabankinn birtir álit sitt í byrjun desember rækileg umræða um stöðuna í efnahagsmálunum. Ég held að það sé alveg óumflýjanlegt og er eiginlega alveg viss um að það verða meira en næg tilefni í framhaldi af skýrslu Seðlabankans einni og sér þó ekkert annað komi til, en þar er af miklu að taka.

Þó að við séum að ræða þetta til hliðar og meðfram í umræðum um fjárlagafrumvarp eða fjáraukalög og önnur slík eru þar líka undir fjölmörg efnisatriði af öðrum toga sem menn eru eðlilega að ráðstafa tíma sínum í að ræða. Þess vegna held ég að stefna eigi að því að hafa eina rækilega umræðu um þjóðhagsmálin og efnahagsmálin einhvern tíma í desember áður en þing lýkur störfum, hvort sem það er beint í tengslum við frumvarpið og skýrsluna sem því fylgir eða umræða utan dagskrár eða hvernig sem því yrði fyrir komið.

Ég læt þetta nægja, frú forseti.

[14:26]

Útbýting:

Grunnafjörður, 383. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 471.

Losun gróðurhúsalofttegunda, 384. mál, fsp. HHj, þskj. 472.

Skattalækkanir, 136. mál, svar fjmrh., þskj. 475.

Verðmæti og ráðstöfun losunarheimilda, 385. mál, fsp. HHj, þskj. 473.

[14:26]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Hvað varðar skýrsluna og rekstur Fjármálaeftirlitsins held ég að þar sé allt í tiltölulega góðu lagi og ég gat ekki betur heyrt en að þeir hv. þingmenn sem töluðu séu líka þeirrar skoðunar.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á fjármálamarkaði á tiltölulega fáum árum og náttúrlega fyrst og fremst vegna þess að við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Þær lagabreytingar sem hafa átt sér stað á því tíu ára tímabili eru gríðarlega miklar og frumvörpin því mörg sem hér koma fram á ári hverju og varða Fjármálaeftirlitið.

En grundvallaratriðið sem allir þekkja er að við búum við frjálst flæði fjármagns og Seðlabankinn stjórnar með verðbólgumarkmið að leiðarljósi. Öll erum við sammála um að vilja setja skorður við því að verðbólgan nái að komast á skrið því það yrði öllum Íslendingum, ekki síst hinum hefðbundnu neytendum og fjölskyldufólki, mikið áhyggjuefni.

Ég get tekið undir með hv. þingmönnum að sú þróun sem hefur orðið hvað varðar útlán er nokkuð glannaleg. Hún kemur náttúrlega til af því að bankarnir fara í samkeppni við Íbúðalánasjóð og stíga stór skref í þeim efnum. Við vonum svo sannarlega að þeir ráði við það en við höfum eftirlitsstofnanir til þess að fylgjast með þessum þáttum þó að við getum haft á þeim skoðanir og auðvitað höfum við það öll. Að sjálfsögðu eru lánastofnanir og fjármálafyrirtæki ekki að þröngva lánum upp á fólk, það er einstaklingurinn sem tekur ákvörðun um hvernig hann hagar lántökum sínum og við verðum að vona að fólk sé almennt ekki að reisa sér hurðarás um öxl. En breytingarnar eru gríðarlegar og fjármagnið sem er í umferð er mjög mikið.

Hvað varðar hinn þátt málsins sem hefur fyrst og fremst verið ræddur hér og varðar sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins finnst mér, eins og ég lét koma fram áðan, að hv. þingmenn geri óþarflega mikið úr því að þar sé ekki um fullt sjálfstæði að ræða. Ég get svarað því með ákaflega góðri samvisku að stofnunin, þetta eftirlit, starfar algjörlega sjálfstætt. Það er meira að segja svo sjálfstætt að ég man ekki einu sinni hverjir eru í stjórninni. Látið var að því liggja að ég væri í dálítið miklu sambandi við þetta (Gripið fram í.) allt saman en það er ýmislegt sem ráðherrar þurfa að fást við og það segir sína sögu um hvort mikið samband sé þarna á milli. Nú geta hv. þingmenn komið fram með tillögur eins

og þeim sýnist og hér kemur fram tillaga frá Vinstri grænum sem verður að sjálfsögðu rædd í þinginu en mér finnst hún á einhverjum misskilningi byggð.

Ég vil líka segja, eins og kom fram áðan, að það mun birtast frumvarp á vorþingi sem snýr að því að auka gagnsæi í starfsemi Fjármálaeftirlitsins þannig að við vitum meira um hvað Fjármálaeftirlitið er að gera hverju sinni. Ég held að það séu ekki nógu mikil varnaðaráhrif af starfseminni að stofnunin vinni í svo mikilli kyrrþey sem raun ber vitni. Þess vegna verður fyrsta skrefið stigið í þeim efnum að meira gagnsæi ríki hvað varðar verðbréfamarkaðinn.

Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa orðin fleiri. Ég þakka fyrir umræðuna og tel að hún sé mikilvæg en ítreka að sú starfsemi sem þarna fer fram kemur mér þannig fyrir sjónir að vera mjög fagleg og skýrslan ber þess vitni. Útlánastarfsemin og aukið fjármagn í umferð er ákveðið áhyggjuefni sem ég veit að bæði Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn horfa á, eins og þeim ber að gera, en meira hef ég í sjálfu sér ekki um það að segja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Raforkulög, 1. umr.

Stjfrv., 328. mál (gjaldskrár, tekjumörk o.fl.). — Þskj. 366.

[14:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum, sem er 328. mál þingsins. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt um hafa miklar breytingar orðið á skipulagi raforkumála hér á landi á undanförnum missirum. Er þess skemmst að minnast að í vor sem leið samþykkti Alþingi frumvarp sem varð að breytingalögum við raforkulög, nr. 65/2003.

Frumvarp þetta var byggt á afrakstri svokallaðrar 19 manna nefndar sem í ofangreindum lögum var einkum falið að gera tillögur um fyrirkomulag flutningskerfis raforku, rekstur þess og kerfisstjórnun auk annarra þátta svo sem hvernig jafna skyldi kostnað í raforkukerfinu. Ljóst var í vor að líklegt væri að gera þyrfti frekari breytingar á raforkulögum þegar undirbúningur markaðsopnunar væri lengra á veg kominn.

Í sumar og haust hafa komið fram nokkur atriði sem rétt þykir að skýra eða skipa með öðrum hætti en koma fram í gildandi lögum. Það frumvarp sem hér er lagt fram er unnið af starfsmönnum iðnaðarráðuneytisins í nánu samstarfi við Orkustofnun en stofnunin gegnir veigamiklu hlutverki við nýskipan raforkumála.

Þá er rétt að geta þess að frumvarp þetta hefur verið kynnt Samorku, samtökum raforkufyrirtækja.

Herra forseti. Ég mun á eftir rekja veigamestu atriði frumvarpsins. Ég tel rétt að taka fram að nokkur atriði frumvarpsins snúa aðeins að því að skýra eða leiðrétta einstaka þætti gildandi raforkulaga, nr. 65/2003, og mun ég ekki dvelja við þau atriði sérstaklega.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að stjórn og fastráðnir starfsmenn flutningsfyrirtækisins hafi stöðu opinberra sýslunarmanna. Þótt hér sé farin sú leið að setja ákvæði um þetta inn í III. kafla raforkulaga er ljóst að það kemur til með að gilda um starfsmenn Landsnets hf. en það fyrirtæki mun um áramót taka við rekstri allra flutningsstyrkja raforkukerfisins.

Sú breyting sem hér er lögð til er gerð í því skyni að starfsmenn flutningsfyrirtækisins hafa sömu réttarstöðu og þeir starfsmenn er nú starfa við flutning raforku. Hér er enda um að ræða sömu starfsmenn og ekki heppilegt að breyting verði á réttarstöðu starfsmanna þótt hlutafélag annist þau verkefni sem áður voru falin Landsvirkjun. Landvirkjun hefur hingað til rekið meginflutningskerfið. Fastráðnir starfsmenn þess fyrirtækis hafa stöðu opinberra sýslunarmanna. Af því leiðir að um þá gilda lög nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna. Þeir hafa því ekki verkfallsrétt og eru kjör þeirra við það miðuð.

Telja verður að þungvæg rök hnígi að því að tryggt sé að starfsmenn flutningsfyrirtækisins verði ekki fyrir truflunum vegna vinnudeilna. Hér er því lagt til að sama fyrirkomulag og gilt hefur gagnvart þeim starfsmönnum sem hafa starfað við flutning raforku gildi einnig eftir þá kerfisbreytingu sem fram undan er.

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingu á 12. gr. laganna. Þar er að finna heimild til að taka tillit til þess við gjaldskrárgerð ef arðsemi undanfarandi þriggja ára er utan þeirra marka sem sett eru í lögunum. Ekki er hins vegar tekið á því hvernig með skuli fara ef innheimtar tekjur samkvæmt gjaldskrá eru utan tekjumarka viðkomandi fyrirtækja en þó innan arðsemismarka. Þannig gæti verið að fyrirtæki innheimti of há gjöld og færi því upp fyrir tekjuhámark sitt en væri illa rekið og arðsemin því innan marka. Orkustofnun hefur heimild í 2. mgr. 26. gr. raforkulaga til að breyta gjaldskrám til að stöðva of háa gjaldtöku en heimildin nær ekki til þess að ná með lækkun gjaldskrár til baka ofteknum gjöldum aftur í tímann. Hér er lagt til að við endurskoðun tekjumarka á þriggja ára fresti verði heimilt að færa of- eða vanteknar tekjur milli ára og að í reglugerð verði sett hámark á það hlutfall tekjumarka sem heimilt verði að geyma milli ára. Slík heimild þekkist víðast hvar erlendis þar sem opnun raforkumarkaðar hefur þegar átt sér stað.

Við undirbúning frumvarps um breytingu á raforkulögum er varðaði flutningskafla raforkulaga sem varð að lögum sl. vor var gengið út frá því að dreifiveitur greiddu til flutningsfyrirtækisins fyrir alla raforku sem notuð væri á viðkomandi dreifiveitusvæði. Skipti þar ekki máli hvort orkan kæmi frá flutningskerfinu eða frá virkjunum á viðkomandi dreifiveitusvæði beint inn í dreifikerfi, enda væri það sú raforka sem flutningsfyrirtækið þyrfti að hafa til reiðu ef bilanir kæmu upp. Hér er verið að samræma gjaldtöku fyrir innmötun og úttekt og að greitt sé sama gjald hvort sem orkan fer beint inn í flutningskerfið eða tengist dreifiveitu. Ekki var kveðið nægilega skýrt á um þetta í lögum nr. 89/2004 sem kváðu á um breytingar á raforkulögum, nr. 65/2003, og samþykkt voru sl. vor. Hér er lagt til að úr þessu verði bætt og tekinn af allur vafi um hvernig reikna beri út úttektargjald.

Samkvæmt gildandi raforkulögum skal innmötunargjald

af virkjunum undir 7 megavöttum sem ekki tengjast flutningskerfinu beint skipt milli dreifiveitu og flutningsfyrirtækis. Hér er lagt til að allar virkanir búi við sömu meginreglur, að þær allar greiði innmötunargjald til flutningsfyrirtækisins en viðkomandi dreifiveita sjái um innheimtu þess. Á hinn bóginn er lagt til að kveðið verði á um skyldu flutningsfyrirtækisins til að greiða viðkomandi dreifiveitu fyrir þá þjónustu sem hún veitir við að annast tengsl virkjunarinnar við flutningskerfið.

3. gr. frumvarpsins fjallar um breytingu á 17. gr. laganna. Í 8. mgr. 12. gr. laganna segir að virkjanir sem tengjast flutningskerfinu beint geti þurft að greiða sérstakt upphaflegt tengigjald ef tekjur eru ekki taldar standa undir tengingunni og hún geti notið þess að tenging hennar er hagkvæm. Hliðstætt ákvæði er ekki að finna um virkjanir undir 7 megavöttum sem ekki ber að tengja flutningskerfinu heldur tengjast dreifikerfinu. Þó má krefja þær um viðbótarkostnað en ekki er beint ákvæði um hið gagnstæða, að slík virkjun geti notið þess hagræðis sem af tengingu hennar kann að leiða. Á því er tekið hér. Dreifiveitum er gert skylt að láta virkjun mundir 7 megavöttum sem tengist dreifikerfi beint njóta þess hagræðis sem kann að leiða af tengingu hennar, til að mynda vegna minnkandi tapa í viðkomandi dreifikerfi.

Opnun raforkumarkaðarins fer fram í áföngum. Um næstu áramót munu stærri notendur geta valið sér raforkusala en almennir notendur ekki fyrr en 1. janúar 2007. Þrátt fyrir það er í gildandi lögum ekki gert ráð fyrir að eftirlit Orkustofnunar með gjaldskrám til raforku verði nema til næstu áramóta. Því er lagt til að haft verði eftirlit með því að ekki verði óeðlilegar hækkanir á gjaldskrám fyrir raforku *á árunum 2005–2006*, þ.e. *umfram raunkostnað*, og heimilað að grípa til setningar reglugerðarákvæða um hámarksverð ef óeðlilegar hækkanir á raforku koma í ljós.

Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að setning tekjumarka fyrir dreifiveitur og flutningsfyrirtæki verði fyrst um sinn einungis til eins árs. Almenna reglan verði hins vegar að tekjumörk verði sett til þriggja ára. Ástæða þess að heppilegt þykir að setja takmörk á aðeins til eins árs í fyrstu er sú að vænta má að upp kunni að koma atriði sem lagfæra þarf og er því heppilegt að setja tekjuramma til eins árs í fyrsta skipti.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

[14:40]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra hvort breytingin á 12. gr. raforkulaganna sem kemur fram í 2. gr. frumvarpsins sé ekki óhagstæð fyrir minni virkjanir og skerði samkeppnishæfni raforkubænda.

[14:41]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram að ég tel að 2. gr. geri það ekki en ég vil sérstaklega taka fram að í 3. gr., held örugglega þar, er ákveði þess efnis að þar sem, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, hagstætt er að taka raforku inn á netið eða inn í dreifikerfið er heimild til að taka tillit til þess í sambandi við raforkuverð til viðkomandi raforkuframleiðenda. Þar sem hagstætt er að taka raforku inn í dreifikerfið geta viðkomandi raforkubændur — þá eru þeir sérstaklega hafðir í huga — notið þess í sambandi við verð á orkunni.

[14:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þá er það komið, fyrsta plástursfrumvarpið á nýja raforkulagamóverkið sem ég kallaði svo og reitti þar með til reiði hv. þm. Kristin H. Gunnarsson með svo óvirðulegu orði um þessa miklu smíð, markaðsvæðingu raforkumálanna á Íslandi. Og örugglega ekki það síðasta, það kæmi mér ákaflega á óvart ef þetta væri síðasta plástursfrumvarpið sem við eigum eftir að sjá á næstu árum.

Á sínum tíma var nefnt í umræðunum, hvort það var þegar raforkulögin sjálf voru til umfjöllunar árið 2003 eða lögin sem voru afgreidd síðasta vor, að Danir hefðu þurft einar fimm breytingar, fimm atrennur til að breyta sínum orkulögum og hefur þó gengið á ýmsu þar eins og kunnugt er. Þau vandamál sem verið er að rembast við að taka á með þessu frumvarpi og breyta lögum sem eru að hluta til ekki nema nokkurra mánaða gömul eru alveg dæmigerð og lýsandi fyrir öll þau vandamál sem menn eru að rekast á, stanga hausinn í þegar þeir ætla út í leiðangur af þessu tagi. Þetta er ákaflega snúið viðfangsefni og kannski gengur árátta nýfrjálshyggjunnar óvíða lengra en þegar verið er að reyna að búa til einhverjar markaðs- og samkeppnisforsendur inn í grein af þessu tagi. Hún lýtur nánast alfarið *lögmálum náttúrulegrar einokunar að öllu leyti nema þá því* að ef menn leggja út í allt þetta brölt til að geta komið á einhverri samkeppni á a.m.k. fræðilega að vera hægt að keppa um að selja raforku inn á kerfið. Að hinu leytinu til, bæði hvað varðar flutning og síðan sölu rafmagnsins í smásölu eftir dreifikerfum, er þarna um klassíska náttúrulega einokunarstarfsemi að ræða.

Hvað gerist þá? Þá gerist það að menn fara að reyna að setja upp eftirlit með því að menn misnoti ekki stöðu sína. Þetta er alveg yndisleg útgáfa af vandamálunum sem upp koma sem hér er verið að fjalla um í 2. gr. þessa frumvarps, alveg klassísk. Hugsuðirnir hafa fundið út úr því í sumar að ekki sé nóg að hafa þessi tekjumörk og heimild til að setja þau þannig að menn nái arðseminni inn fyrir ásættanleg mörk og þau sem lögfest eru eða ákveðin af framkvæmdarvaldinu, hvort sem heldur er nú. Hér var valin sú leið að miða við ávöxtun ríkisskuldabréfa og að menn skyldu ekki taka sér meiri arð af starfseminni en svo.

Menn hafa hins vegar áttað sig á því, samanber umsögn um 2. gr. frumvarpsins, að það er gat í þessu. Þeir fundu gat í þessu. Það er sem sagt ekki tekið á því hvernig með skuli fara ef innheimtar tekjur samkvæmt gjaldskrá eru utan tekjumarka viðkomandi fyrirtækja en þó innan arðsemismarka. Bíðið, hvernig getur það gerst? Jú, ef fyrirtækið er nógu illa rekið, ef það tekur sér allt of háar tekjur en er hins vegar svo illa rekið að arðsemin kemur inn fyrir mörkin. Já, það verður einhvern veginn að reyna að loka þessu. Þá er lagt fram frumvarp, plástur á kerfið frá því í fyrra og hittið-

fyrra. Þetta verður örugglega ekki síðasti plásturinn.

Það er sjálfsagt alveg rétt að Orkustofnun þarf að geta tekið á þessu. Að vísu hefur orkumálastjóri, sá mæti maður og mikli stærðfræðingur mótmælt því en ég hef spáð því, t.d. á fundi úti í bæ í gær um mál nátengt þessu, að eini aðilinn sem muni virkilega blómstra og græða á þessu brölti, markaðsvæðingu raforkumála á Íslandi, verði Orkustofnun. Þar mun þurfa mikinn mannskap og mikið úthald til að reyna að koma við öllu þessu eftirliti. Ég spái því að það eigi eftir að koma á daginn þótt menn telji sig þar enn vera frekar hófsama, með kostnað um áætlaðar 40 millj. kr. og um þrjá til fimm starfsmenn í þessum djobbum.

Nei, frú forseti, það er leitun að vitlausara sviði til að reyna að koma inn í markaðsvæðingu, samkeppni eða einkavæðingu, en raforkumálunum, og alveg sérstaklega hér á Íslandi. Það hefur eiginlega alls staðar reynst erfitt og meira og minna gefist illa þar sem menn hafa prufukeyrt þetta, sums staðar í áratugi eða a.m.k. um árabil. Það þýðir auðvitað ekki að neita þeim hroðalegu ógöngum sem menn hafa lent í í Norður-Ameríku, bæði á austur- og vesturströnd Bandaríkjanna, í Kaliforníu, New York fylki og víðar (**Iðnrh.:** Þar voru allt aðrar ástæður.) Allt aðrar ástæður, segir hæstv. ráðherra. Já, það er kannski sama skýringin og í skýrslu Verslunarráð, athyglisverðu plaggi sem ég hvet menn til að lesa. Þeir tala um þetta, auðvitað sanntrúaðir og þar skal niðurstaðan vera hvað sem tautar og raular að rétt sé að markaðs- og einkavæða raforkumálin.

Hvað gerist þegar reynslan er slæm, þegar veruleikinn er ómögulegur og neitar að hlýða kenningunum? Þá er það veruleikinn sem er vitlaus en kenningarnar réttar. Það er eiginlega grunntónninn í skýrslu Verslunarráðsins um markaðsvæðingu orkukerfisins og mér heyrist hæstv. ráðherra vera á sömu nótum.

Ófarirnar sem þetta hefur haft í för með sér í Bandaríkjunum, í Skandinavíu, á Nýja-Sjálandi og niðri á meginlandi Evrópu, eru ekki teknar með í reikninginn. Menn hafa víða lent í bullandi vandræðum. Það hefur dregið úr afhendingaröryggi og menn orðið rafmagnslausir lon og don. Kostnaðurinn hefur farið upp úr öllu valdi, menn hafa mátt dæla peningum inn í orkufyrirtækin til að þau færu ekki á hausinn og menn hafa meira að segja neyðst til að þjóðnýta þau aftur.

Á austurströnd Bandaríkjanna hafa fylki farið út í að leysa til sín aftur einkavædd orkufyrirtæki, bara til að bjarga málunum, til þess að menn hafi rafmagn. En það er ekkert að formúlunni. Kenningin er samt rétt. Það er bara veruleikinn sem er vitlaus. Þá tala menn um aðferðirnar við markaðsvæðinguna. Markaðsvæðing er iðulega, frú forseti, undanfari og auðvitað nauðsynlegur undanfari einkavæðingarinnar, en það er lokatakmarkið. Það er lokatakmarkið sem svífur alls staðar yfir vötnunum. Það stendur að vísu dálítið í mönnum að gera það hér vegna þess að orkufyrirtækin eru ekki mjög einkavæðanleg um þessar mundir, sérstaklega það stærsta þeirra, Landsvirkjun. Hún er ekkert sérstaklega fýsilegur pakki.

Hvert yrði gengið á bréfum í Landsvirkjun um þessar mundir ef hún yrði skráð? Ætli það yrði mjög beysið, eins og skuldir þess fyrirtækis hafa þróast um þessar mundir vegna hinna brjálæðislegu fjárfestinga, t.d. í Kárahnjúkavirkjun og alveg hörmulegrar arðsemi af því bröltí? Það liggur fyrir að þar er ekki um að ræða heildsölu á rafmagni heldur útsölu á rafmagni. Útsala á rafmagni til erlendrar stóriðju er lausnarorðið á Íslandi í dag.

Það er ljóst, frú forseti, það voru menn þó nánast allir sammála um sem tjáðu sig um raforkulagamálin í fyrra og hittiðfyrra og sendu umsagnir til iðnaðarnefndar Alþingis, að þetta mun leiða til hærra raforkuverðs. Annað er óhugsandi vegna þess að allar breytingarnar hafa í för með sér kostnað.

Í fyrsta lagi er ljóst að þetta leiðir til verulegs kostnaðar vegna aðskilnaðarins í starfsemi fyrirtækjanna. Forstjóri Landsvirkjunar kallaði það í gær öfug samlegðaráhrif. Það er oft talað um það, þegar starfsemi er sameinuð, hagrætt og sparað í yfirstjórn, að það hafi í för með sér jákvæð samlegðaráhrif. En hér er um hið gagnstæða að ræða. Menn eru neyddir til að skipta starfseminni upp, búa hana út í sjálfstæðum fyrirtækjum, í fleiri lögum sem eiga síðan innbyrðis viðskipti og svo verður að hafa eftirlit með öllu. Það leiðir í fyrsta lagi til umtalsverðs kostnaðar vegna framkvæmdarinnar og vegna hinna svokölluðu öfugu samlegðaráhrifa.

Í öðru lagi verður heilmikill kostnaður af eftirlitinu. Það þarf að borga eftirlitið. Eftirlitsiðnaðurinn blómstrar. Það er eiginlega reglan þar sem menn fara út í einkavæðingu, sérstaklega einkavæðingu á almenningsþjónustu sem lýtur að einhverju leyti lögmálum náttúrulegrar einokunar. Þá blómstrar eftirlitsiðnaðurinn og honum fylgir mikill kostnaður.

Í þriðja lagi munu raforkunotendur á komandi árum þurfa að borga arðinn sem á að fara að reikna eigendunum, sem hefur í litlum mæli verið tekinn inn í dæmið enn þá.

Hvers vegna voru menn ekkert uppteknir af því að reikna sér arð á árum áður, af fyrirtækjum eins og Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur eða forverum þeirra, Laxárvirkjun á sínum tíma fyrir norðan eða Hitaveitu Suðurnesja? Jú, það var af því að þetta var þjónusta, skilgreint sem almannaþjónusta en ekki bisness. Arðurinn var fólginn í því að veita þjónustuna, veita hana vel og hafa hana ódýra.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, sagði á nefndum fundi Verslunarráðsins um markaðsvæðingu orkugeirans í gær að það mætti segja að arðurinn hafi verið greiddur út til neytenda, kaupenda, í gegnum lægra orkuverð. Það er alveg rétt. En er það ekki fínt? Er hann ekki vel kominn þar?

Það er dálítið sérkennilegt að sjálfstæðismenn tala mikið um það í tengslum við skattamál að almenningur sé betur að því kominn að ráðstafa tekjunum og það eigi ekki að taka þær inn til ríkisins. Hér eru hinir sömu á því að fara gagnstæða leið. Nú á að hækka raforkureikninga heimilanna um allmörg prósent til þess að taka arðinn frá notendunum, sem áður var fólginn í lægra raforkuverði, og draga hann inn til eigendanna.

Hvað eru eigendurnir að ræða um? Þeir segja: Arðsemisviðmiðin í gildandi lögum eru of lág. Það stóð upp úr öðrum hverjum manni í gær. Þau eru of lág. Það þarf að hækka þetta. Hlutfallið af ávöxtun ríkisskuldabréfa til fimm ára dugir ekki, við verðum að fá meira, segja þeir. Það er hættulegt upp á framtíðina ef við megum ekki græða meira

en þetta.

Allt þetta mun valda hærra raforkuverði. Um það er ekki deilt. Tölurnar sem við munum frá því í fyrra og hittiðfyrra hlupu kannski frá 5%, hjá þeim sem allra bjartsýnastir voru, og upp í 20% eða þar yfir. Þá voru menn að vísu að tala um að taka inn í sjálft kerfið verðjöfnun, flutningsjöfnunina sem nú á að koma í gegnum fjárlög. Það kemur þá ekki fram með þeim hætti heldur munu skattgreiðendur í landinu taka á sig þann kostnað. En auðvitað er hann til staðar og hverfur ekki þar með.

Við börðumst fyrir því á sínum tíma og töluðum fyrir því ýmsir, allt frá því að orkutilskipun Evrópusambandsins var í smíðum á tíunda áratugnum og þangað til hún var innleidd hér og Íslendingar gerðust aðilar að henni, að reynt yrði að fá undanþágu frá þessari tilskipun. Það voru öll efni til þess. Ísland er einangraður orkumarkaður og ekki tengdur orkumörkuðum meginlands Evrópu þar sem menn reyna að koma á þessari samkeppni og viðskiptum með raforku yfir landamæri. Það á alls ekki við hér og er út í hött.

Í öðru lagi er eignasamsetningin á orkufyrirtækjum hér þannig að það er eins og hver annar brandari að fara í allt þetta brölt til að markaðsvæða orkubúskap á Íslandi, þegar eigendurnir eru opinberir aðilar, ríkið, Reykjavíkurborg, Akureyri. Reykjavíkurborg á hlut í Landsvirkjun og rúm 90% í Orkuveitu Reykjavíkur. Sveitarfélög á Suðurnesjum eiga stóran hlut í Hitaveitu Suðurnesja. Þetta er enginn einkarekstur. Hvað á þá allt þetta brölt að þýða? Það er óskiljanlegt nema að það sé gagngert hugsað sem undanfari einkavæðingar. (Gripið fram í.) Já, sem menn eiga auðvitað ekki að líta á sem heilög og óumbreytanleg vé.

Hvað var að því að reyna að fá undanþágu fyrir Ísland í þessum efnum, rétt eins og við erum með undanþágu frá evrópskri tilskipun um verslun með jarðgas? Af hverju erum við með undanþágu frá evrópskri tilskipun um verslun með jarðgas, hv. þm. Birkir Jón Jónsson? Jú, það að er af því að meira að segja Evrópusambandið sá hve arfavitlaust væri að Ísland þyrfti að brölta í því að innleiða tilskipun um viðskipti með jarðgas og því væri best að sleppa því. Það hefði verið álíka hallærislegt að við værum að brölta við eitthvað sem varðar járnbrautarsamgöngur á meginlandi Evrópu, skipaskurði eða annað í þeim dúr.

Einnig hefði verið hægt að fara fram á að fá tímabundna eða afmarkaða undanþágu frá tilskipuninni þótt hún sem slík stæði að einhverju leyti gagnvart Íslandi. Til eru mörg þekkt dæmi um að menn hafi fengið að hafa vissan sveigjanleika í framkvæmdinni, vissar tímabundnar undanþágur. Það er auðveldara að ná því fram gagnvart hinu háa Evrópusambandi. Það særir ekki eins samræmingarárättuna að allt skuli lúta einum vilja, viljanum í Brussel, ef það er hægt að fóðra það sem eitthvað tímabundið eða afmarkað.

Það var t.d. hugsanlegt að fá sérstakar undanþágur til dreifingar raforku á landsbyggðinni til almennra notenda og segja sem svo: Ja, við getum reynt að aðlaga þetta og sníða í grófum dráttum að samkeppnis- eða markaðsumhverfi hvað varðar hinn stóra markað og stórnotendur en á hinn bóginn höfum við Vestfirði, norðausturhornið og önnur svæði sem eru algjörlega einstök og hvergi til nema á Íslandi og megum við ekki fá að halda okkar fyrirkomulagi þar eða því sem við teljum best henta? Ég er alveg viss um að það hefði mátt tala fyrir slíku.

Veltum aðeins fyrir okkur hvaða skynsemi er fólgin í því að kljúfa upp Orkubú Vestfjarða sem var og er prýðilegt fyrirtæki? Það hefur leyst það verkefni vel af hendi að framleiða og dreifa rafmagni um Vestfirði með þeim árangri að raforkuverð á Vestfjörðum var lægra svo nam jafnvel 10% miðað við aðra staði á landinu, a.m.k. á dreifisvæði Rariks. Þetta var vegna þess að Orkubú Vestfjarða var uppbyggt eins og ég held að sé hárrétt að hafa þetta. Þar var á einni hendi talsverð framleiðsla, líklega um 40% af því sem selt var á svæðinu, afgangurinn var keyptur í heildsölu, og auk þess dreifing og sala, smásala. Inni í þessu kerfi hjálpuðu t.d. afskrifaðar virkjanir eins og Mjólkárvirkjun til. Framlegðin af henni hjálpaði til við að dekka dreifingarkostnaðinn á Vestfjörðum. Er eitthvað að því? Nei, það er alveg prýðilegt fyrirkomulag.

En þá kemur svona tilskipun og stjórnvöld hafa engan metnað eða vilja til að skoða hvort við eigum að reyna að hafa þetta á þeim forsendum sem við teljum henta okkur best. Fyrirvaralaust er ákveðið að gerast aðilar að hinni evrópsku orkutilskipun. Menn vöknuðu svo upp við vondan draum á Íslandi árin 2002 og 2003 þegar það var allt um garð gengið og löngu orðið of seint að grípa í taumana. Þá hrukku þau upp í borgarstjórn Reykjavíkur, og er nú ekki á hverjum degi sem þau verða sammála Ingibjörg Sólveig Gísladóttir og Björn Bjarnason. Þau hrukku upp og fóru að tala um að það hefði kannski átt að reyna að fá undanþágu frá þessu. Ég held að ég fari alveg hárrétt með það að þau hafi bæði haft orð á því í borgarstjórn Reykjavíkur. Það var bara tveimur, þremur árum of seint.

Þegar ég lagði það til á Alþingi í minnihlutaáliti utanríkismálanefndar vorið 2000, ef ég man rétt, að við féllum ekki frá stjórnskipulegum fyrirvara og færum aftur og reyndum að fá undanþágu þá talaði ég aleinn þar fyrir daufum eyrum. Svo fóru menn að hrökkva upp hér og þar í bænum, ótrúlegasta fólk, en ekki hæstv. ráðherra. Hún hefur aldrei vaknað af neinum blundi í þessu máli og er enn jafninnilega hamingjusöm og sannfærð um hvað þetta sé allt saman stórkostlega snjallt, t.d. sé þetta svo gott vegna þess að þá geti litlar virkjanir farið að blómstra og framleiða inn á kerfið. (Gripið fram í.) Hvernig gengur það nú hæstv. ráðherra? Hvernig gengur með Djúpadalsvirkjun? Eru ekki einhver smávandamál þar varðandi gjaldtökuna (Gripið fram í.) og dreifingargjöldin og allt það? Ætli það ekki? Vill nú ekki hæstv. ráðherra koma og upplýsa okkur um hvernig framkvæmdin og undirbúningurinn undir þetta gengur almennt? Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig á að fara með afslættina sem fiskeldið hefur haft á raforkuverði hingað til? Er búið að leysa það mál? Það er ekki hægt að koma slíku við í þessu fína nýja kerfi. Það má ekki. En þannig er að Landsvirkjun hefur látið fiskeldið hafa rafmagn á alveg geysilega hagkvæmum kjörum og það er í raun kannski nánast lifandi vegna þess að það hefur notið þar vildarkjara og ýmis rök eru fyrir því. En hvað verður nú um það?

Það mætti líka spyrja um grænmetið. Hvernig á að leysa þau mál, þó að það séu að vísu niðurgreiðslur, ef ég man rétt, yfir fjárlög. Ég vil líka spyrja um afgangsorkuna. Er iðnaðarráðuneytið búið að leysa það? Hvernig á að koma

afgangsorkunni frá framleiðanda eins og Landsvirkjun gegnum þetta kerfi og til kaupenda úti á hinum endanum, t.d. fiskvinnslustöðvar sem hafa varaafl í dísilvélum og hafa verið góðir kúnnar Landsvirkjunar um þessa afgangsorku eða við getum næstum sagt afgangsafgangsorku? Þetta hefur verið prýðileg lausn fyrir báða aðila. Landsvirkjun losnar við hana, fær svolítið fyrir hana og varaaflið er svo á móti hjá fyrirtækjunum sem yfirleitt kaupa vegna þess að þau þurfa auðvitað að tryggja sig einfaldlega af því að samkvæmt orðanna hljóðan er um afgangsorku að ræða.

Hvað gerist núna í nýja kerfinu? Jú, þetta drukknar í hinu blinda kerfi. Það verður að fara með rafmagnið, þó það heiti afgangsorka, sömu leið í gegnum flutningsfyrirtækið og þetta verða að vera viðskipti þessara óháðu aðila og það kemst ekki á leiðarenda. Ég sé ekki alveg hvernig menn ætla að leysa það. Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) upplýsti okkur í tengslum við umfjöllun um þetta mál hvernig svona hlutir standa.

[15:02]

Útbýting:

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 386. mál, frv. HBl, þskj. 478.

[15:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Nú er þetta mál enn einu sinni til umræðu. Ég hef haft það hlutverk í gegnum tíðina, frá því að ég a.m.k. fór að taka þátt í umræðum um þetta mál, að reyna að biðja um umræðu um grundvallaratriðin hvað varðar eignarhald á þeim fyrirtækjum sem eiga að taka þátt í þessari samkeppni. Stjórnvöld, sérstaklega hæstv. ráðherra, hafa aldrei lagt fram neinar hugmyndir um það hvernig þessum hlutum yrði sem eðlilegast fyrir komið. Það er gjörsamlega óþolandi þegar stjórnvöld ganga fram með að einkavæða — einkavæðingarhugmyndir eru alla vega á bak við ráðstafanir eins og þessar yfirleitt — að þá skuli menn ekki gera sér grein fyrir því hverjir eigi að taka þátt í samkeppni á markaðnum sem á að búa til.

Nú er Landsvirkjun fyrirtæki sem Íslendingar eiga, ríkissjóður og tvö bæjarfélög í landinu. Þetta fyrirtæki hefur fengið að velja hagkvæmustu virkjunarkosti í landinu fram að þessu, sameiginlegar auðlindir okkar til nýtingar.

Nú er niðurstaðan sú að það eigi að skapa samkeppnisumhverfi. Það er auðvitað fráleitt að þetta fyrirtæki geti verið eignaraðili að flutningsfyrirtækjum. Það hlýtur að þurfa að skilja með trúverðugum hætti þættina að. Það er ekki gert í þeim málatilbúnaði sem hér liggur fyrir. Ég kýs að ræða málið út frá þeirri stöðu sem það er komið í. Það er búið að taka ákvörðun um að þetta fyrirkomulag verði og ég ætla þess vegna ekki að fara í umræðu um það hvort fara hefði átt í þessa göngu eða ekki. Sú umræða hefur tekið enda. Ég hef hins vegar margreynt að fá fram umræður um það hvernig menn sjái þetta fyrir sér og mér finnst eiginlega að hæstv. ráðherra ætti að vera tilbúin til þess að lýsa fyrir okkur á hv. Alþingi hvernig hæstv. ráðherra sér fyrir sér samkeppnisumhverfið í framtíðinni. Hver verður framtíð Landsvirkjunar? Finnst hæstv. ráðherra að það gangi inn í framtíðina að Landsvirkjun eigi stóran hlut í flutningskerfinu, í Landsneti? Ég sé ekki fyrir mér að það geti gengið til framtíðar og mér finnst að það þurfi að tala um það.

Mér finnst líka að hæstv. ráðherra þurfi að útskýra fyrir okkur hvað hún sjái fyrir sér með framtíð Rariks. Hvernig verður því fyrirtæki fyrir komið? Æðimargir spyrja mann um þá hluti. Þar vita menn nákvæmlega ekkert hvað er fram undan eða hvernig því fyrirtæki á að reiða af í þessari samkeppni eða samkeppnisumhverfi sem menn tala hér um.

Ótalmargt sem hlýtur að vera óljóst þegar menn leggja í svona göngu og ég skil svo sem vel að koma þurfi inn með einhverjar breytingar á þeim lögum sem hér liggja fyrir. En það er líka mjög ádeiluvert að menn skuli ekki leggja í þessa göngu með skýrar yfirlýsingar um hvert þeir ætli að fara. Ég sé það fyrir mér að ef menn ætla að gera þessa hluti þá verði að leysa með einhverjum hætti Reykjavíkurborg og Akureyri út úr Landsvirkjun og að það verði líka að leysa Landsvirkjun út úr flutningsfyrirtækinu, að því þurfi menn að stefna. Það þurfa einnig að liggja fyrir yfirlýsingar um að svoleiðis skuli staðið að málum því annars verður aldrei hægt að líta á þessa hluti þannig að það sé ekki samkrull í þessu öllu saman. Hvernig ætla menn að koma í veg fyrir að þessi fyrirtæki verði tortryggð í framtíðinni ef eignarhaldið á allt saman að vera samkrullað eins og það liggur fyrir núna?

Ég hef ekki getað séð fyrir mér að eignarhald á Landsvirkjun geti verið annað en það að ríkið eigi hana. Landsvirkjun á og rekur í dag mikilverðustu orkulindir landsins. Það er fráleitt annað en að hún verði áfram fyrirtæki í eigu almennings. Eina hugsanlegu aðilarnir aðrir sem komið gætu til greina að ræða í því sambandi væru lífeyrissjóðir landsmanna eða einhverjir slíkir. En þá þurfa menn að velja á milli hvort lífeyrissjóðirnir geti orðið eignaraðilar að Landsvirkjun eða hvort þeir gætu orðið hugsanlega eignaraðilar að flutningsfyrirtækinu, ekki á báðum stöðum. Að mínu viti er það útilokað.

Mér finnst líka að hér þurfi að ræða um Rarik og þá stöðu sem sveitarfélögin önnur í landinu en þau sem eiga í Landsvirkjun eru í. Fólkið á landsbyggðinni hefur byggt upp eignir Rariks. Við höfum líka horft upp á það að þau bæjarfélög sem eiga í Landsvirkjun hafa eignast gífurleg verðmæti í gegnum það að reka fyrirtæki sem nýta sameiginlegar auðlindir. Það var ekki björgulegt að fara svona af stað með þetta í upphafi. Nú er tækifæri til þess að rétta þetta af. Ég sé ekki betur en það gæti t.d. gerst með því að sveitarfélögin önnur í landinu eignuðust hlut í Rarik eða flutningsfyrirtækinu.

Mér finnst alla vega ekki að hægt sé að skilja þannig við þessi mál að ekki sé reynt að rétta eitthvað af þar sem hallast á eftir að tvö bæjarfélög í þessu landi hafa verið eignaraðilar og rekstraraðilar að sameiginlegum auðlindum okkar og hagnast á því gífurlega. Það er engin ástæða til þess að hliðra sér hjá þessari umræðu. Það liggur allt fyrir um það hvernig þessar eignir hafa orðið til. Það er vel hægt að reikna út að hvaða leyti Akureyri og Reykjavík hafa hagnast á framlögum sínum og að hvaða leyti þau hafa hagnast á því að hafa haft aðgang að þessum sameiginlegu auðlindum og hvað vanti þá upp á gagnvart öðrum sveitarfélögum í landinu. Út úr þessu gæti auðvitað komið fyrirtæki sem væri skipt eðlilega. Mér finnst að það sé aðalatriði málsins

að menn viti hvert þeir ætla í þessu. Hæstv. ráðherra hefur aldrei látið frá sér fara orð svo ég hafi heyrt um það hvernig menn sjái þessa framtíð fyrir sér.

Ég tek undir það að ljóst er að það frumvarp sem hér liggur er bara eitt af fyrstu frumvörpunum. Þau munu verða fleiri því hér er á ferðinni mál sem er ekki undirbúið með þeim hætti að það sé komið í framtíðarhorf. Mér finnst reyndar full ástæða til þess að halda að sumt af því sem hér er sett fram muni kannski ekki standast allt of vel. Ég vek t.d. athygli á því að í e-lið 2. gr. frumvarpsins stendur, með leyfi forseta:

„Krefjast skal greiðslu ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfi veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins."

Síðan stendur í útskýringu með þessu, með leyfi forseta:

„Tenging nýrra virkjana eða stórnotenda hefur að sjálfsögðu kostnað í för með sér, en ákvæðinu er ætlað að taka af tvímæli um að sú tenging megi ekki auka kostnað annarra notenda flutningskerfisins verulega."

Það er nákvæmt orðalagið. Hver á að skera úr um þetta? Á Orkustofnun að finna út úr því hvort þetta sé verulegt eða ekki? Er hægt í lagasetningu að taka svona til orða? Ég held að menn verði nú að skoða þetta betur í nefndinni.

Síðan finnst mér ástæða til þess að benda á annað. Hér er talað um að hafa eigi að þetta fyrirtæki, Landsnet, í gjörgæslu og fyrirtækin sem selja orkuna í gjörgæslu, a.m.k. næstu árin, og hafa í huga hvað þau hafi hagnast eða hvort þau hafi tapað. Í máli sem dreift var á þinginu og var á dagskránni í dag, en komst ekki til umræðu, segir í lok skýringa, með leyfi forseta:

„Miklar sveiflur hafa verið í afkomu orkufyrirtækjanna á síðustu árum. Þannig voru fimm af sex stærstu orkufyrirtækjunum rekin með tapi á rekstrarárinu 2001 og á árinu 2000 voru þrjú af fyrirtækjunum sex rekin með tapi. Hins vegar voru öll fyrirtækin nema eitt rekin með hagnaði á árinu 1999."

Það virðist hafa farið að ganga heldur verr hjá þeim eftir aldamótin. Það er kannski þetta sem menn hafa í huga núna þegar þeir velta því fyrir sér hvernig eigi nú að passa upp á að allir fái sitt. Þetta segir okkur auðvitað enga aðra sögu en þá að það trúir enginn af þeim sem hefur staðið í því að setja saman reglur og lög um þessi fyrirtæki að hægt verði að gera þetta öðruvísi en með því að hafa þetta allt saman í gjörgæslu, sjá til þess að hver fái sitt. Hver er svo á hinum endanum? Það er bara neytandinn. Reikningurinn til hans á að taka sveiflurnar af öllu saman.

Er þetta þá einhvers konar samkeppnisumhverfi? Nei, ég held að þetta lýsi því nú bara best að þeir sem þarna um véla trúa því ekki því í samkeppni taka menn ábyrgð á því að bjóða fram þjónustu og standa við tilboð sitt. Það getur gengið upp og niður og þá kemur upp úr dúrnum hverjum gengur best á samkeppnismarkaði.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig sér hún fyrir sér samkeppni milli orkuframleiðenda á Íslandi? Hvað telur hæstv. ráðherra að muni gerast ef eitt af stærstu orkufyrirtækjunum í landinu ákveður nú að virkja í þeim tilgangi að ná sér í stærri hlutdeild á markaðnum, hefur hagkvæman orkukost til þess og virkjar virkilega til þess að taka þátt í samkeppni, bjóða fram verulegt magn af raforku inn á markaðinn? Hvað gerist þá?

Ég held að menn hafi ekki alveg áttað sig á því hvernig markaðurinn er vegna þess að þeir sem virkja, þeir sem fjárfesta í orkufyrirtækjum eru fyrst og fremst að fjárfesta í vélum og tækjum, en ekki í rekstri. Þegar búið er að virkja sitja menn uppi með nánast allan kostnaðinn. Rekstrarkostnaður virkjunarinnar er hins vegar mjög lítill og ef of mikið af raforku verður til á markaðnum, hvað gerist þá? Þeir sem eru í samkeppninni hafa hagnað eða öllu heldur fjármuni út úr því að selja orkuna, jafnvel fyrir mjög litla fjármuni, vegna þess að annars fá þeir ekki neitt.

Ég tel að þetta vandamál sé nánast óleysanlegt og ég veit að þeir sem reka orkufyrirtækin í landinu treysta því að ekki verði farið út í samkeppni af þessu tagi. En þetta segir allt um að á þessum markaði, sem er allt of lítill til þess að stórframleiðendur á orku geti keppt á honum, er ekki hægt að reka samkeppni milli orkuframleiðenda, það er ekki mögulegt. Sú samkeppni mundi kosta rekstrargrundvöll fyrirtækjanna á auga lifandi bragði.

Ég geri ráð fyrir að þetta vandamál komi ekki upp alveg á næstunni, einfaldlega vegna þess að menn hamast við að virkja upp í verkefni sem munu taka krafta á næstunni. En stóru orkufyrirtækin hafa samt gert ráð fyrir því að sjá markaðnum í landinu fyrir raforku. Með fyrirkomulaginu er búið að gefa öðrum aðilum möguleika á því að fara að virkja. Það er nánast búið að segja við þá alla: Ef þið virkið getið þið fengið að selja á markaðnum.

Það gæti því komið upp sú staða að stóru orkuframleiðendurnir stæðu frammi fyrir því að ýmsir aðilar á Íslandi væru allt í einu farnir að bjóða verulegt magn af raforku á markaðinn og draga færi úr því sem þeir stærri gætu selt.

Ég held að þetta sé vandamál sem hafi ekki verið rætt mjög mikið en sé virkilega mikið umhugsunarefni og segir manni að á næstunni verði þetta býsna mikið miðstýrt fyrirkomulag. Ég sé alla vega ekki fyrir mér samkeppnisumhverfi á þessum markaði þar sem framleiðendur raforku fari að keppa af einhverju viti. Það verða stóru fyrirtækin, ekki kannski með samráði en svona með tilliti hver til annars, sem ákveða hvaða verð verður á raforku á Íslandi. Þeir litlu munu auðvitað nýta sér þá gjaldskrá sem þannig verður til og þeir stóru verða alla vega að taka tillit til þess. Ég ætla þeim svo sem ekki að þeir verði í vandræðum með að keppa við litlu fyrirtækin um verðið, en ég dreg afar mikið í efa að þetta verði trúverðug samkeppni.

Mig langar líka til að spyrja hæstv. ráðherra hvort og hvernig gangi með allan þann skóg af reglugerðum sem getið var um í raforkulögunum að þyrfti að setja. Ég hef ekki talið það saman en það eru býsna margar reglugerðir sem gert er ráð fyrir að verði settar um þessi efni og spyr hvort þær séu farnar að líta dagsins ljós og séu allar að koma.

Einnig langar mig til að spyrja eftir því hvað hafi orðið um málefni sem komu upp í tengslum við þetta, t.d. afslættir Landsvirkjunar og Rariks til fiskeldis og garðyrkju, hvort hæstv. ráðherra sé búinn að finna leiðir til að koma í veg fyrir að raforka hækki verulega til þessara aðila eða hvort þeir þurfi að sitja uppi með að breytingin út af fyrir sig verði til þess að framleiðslukostnaður þeirra hækki verulega. Ég hefði áhuga á að heyra um þetta.

Hæstv. forseti. Ég ætla að endurtaka það í lok ræðu minnar að mér finnst kominn tími til að hæstv. ráðherra sýni okkur svolítið inn í þá framtíðarsýn sem ríkisstjórnin hefur hvað þessi mál varðar, sérstaklega eignarhaldið á fyrirtækjunum sem eiga að leika stærstu hlutverkin því ég tel afar brýnt að menn fari að komast til ráðs með að hverju þar er stefnt. Þarna þurfa að verða trúverðug skil á milli fyrirtækjanna. Hvernig sem svo mönnum gengur að búa til einhvers konar samkeppni í þessum geira í framtíðinni er það náttúrlega fyrst og fremst grundvöllurinn til þess að menn trúi því að ekki sé verið að snúa á þá að neytendur hafi traust á því hvernig staðið er að málum, jafnvel þótt miðstýrt verði, að ekki sé eignarhald öllum megin við borðið.

[15:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Við fjöllum enn á ný um frumvarp til raforkulaga. Það er ekki liðið hálft ár frá því að raforkulög voru síðast afgreidd á Alþingi. Ég ætla ekki að endurtaka það sem fram hefur komið í umræðunni en vil nota tækifærið til að gagnrýna þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við lagasetninguna alla.

Eins og margoft kom fram í umræðunni á síðasta þingi er ég þeirrar skoðunar að við hefðum ekki þurft að setja þessi lög. Við hefðum átt að geta fengið undanþágu, en menn voru ekki vakandi á sínum tíma þegar unnt hefði verið að fá hana, því það gilda auðvitað allt aðrar reglur um raforkumarkaðinn á Íslandi sem er einn og sér úti í miðju Atlantshafi. Það er skiljanlegt að Evrópuríkin hafi þurft að setja svona lög þar sem verið er að selja raforku yfir landamæri og samkeppni getur verið virk, en við erum sem sagt í lokuðu kerfi.

En það þýðir ekki að að tala um það, búið er að setja lögin og auðvitað mátti vita að lappa þyrfti upp á þessa nýju lagasetningu fljótlega. Það var óttaleg handarbakavinna á frumvarpinu sl. vetur og enn á ný er komið allt of seint inn með þetta frumvarp. (Gripið fram í.) Allur veturinn? Mér skilst að klára þurfi lagasetninguna fyrr en síðar vegna gjaldskráa í kerfinu og spyr hæstv. ráðherra: Er það rétt eða höfum við allan veturinn fyrir okkur í að sinna lagasetningunni, því auðvitað þurfum við að vinna almennilega að þessu? Málið var keyrt allt of hratt í gegnum hv. iðnaðarnefnd sl. vor því ýmsir annmarkar eru á lagasetningunni og hefði betur verið farið almennilega yfir það og málið skoðað betur en að keyra það áfram í hv. iðnaðarnefnd eins og gert var.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra út í reglugerðirnar. Það er fjöldinn allur af reglugerðarheimildum í raforkulögunum eins og þau eru núna og gott ef ekki er verið að bæta við reglugerðarheimild í frumvarpinu. Það væri því full ástæða til þess þegar iðnaðarnefndin fær málið til umfjöllunar að hún fái drög að þeim reglugerðum sem eru í farvatninu frá hæstv. ráðherra.

Ég ætla ekki að fara í mikla umræðu um málið en vildi koma að gagnrýni minni um vinnubrögðin. Það eru lok nóvember og næsta umfjöllun um málið verður ekki fyrr en einhvern tíma í desember eða í lok janúar, sýnist mér ef maður horfir á dagskrá þingsins, og hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra er ekki löngu kominn með málið í þingið? Við höfum fundað í sölum Alþingis frá 1. október og nánast ekkert komið inn af málum frá ráðherrunum. Svo seint og um síðir er komið með málið inn og ætlast til þess að menn flýti fundum í iðnaðarnefnd til þess að koma málinu frá.

Hvað hefur dvalið málið? Hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra var ekki tilbúin með þetta 1. október þegar við komum saman til þings ef það er svona áríðandi að afgreiða þetta?

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra skýri það og tel fulla ástæðu til þess að við tökum okkur góðan tíma í nefndinni til að fara yfir málið og skoða það frá öllum hliðum og kanna þá þætti sem fram hafa komið í umræðunni hjá þeim sem hafa tekið til máls á undan mér og að við skoðum reglugerðirnar og annað sem að málinu öllu snýr. Ég frábið mér að við fáum frumvörp til breytinga á raforkulögum árvisst eða jafnvel oftar á ári á næstunni. Ég fer því fram á að hv. iðnaðarnefnd taki sér góðan tíma til að skoða málið.

[15:28]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Þá er byrjað að tína plástrana upp úr sjúkrakassa iðnaðarráðuneytisins til að lappa upp á þetta götótta kerfi sem var sett saman fyrir ári eða svo.

Það verður að segjast eins og er að það er mikið til í því sem haft var eftir bandarískum fræðimanni og iðnjöfri held ég sem kom hingað til lands í fyrravetur þegar hann lýsti raforkuiðnaðinum sem iðnaði í fjötri kreddukenninga. Kreddukenningarnar eru í markaðsvæðingunni, sem eru eins og trúarbrögð sem hafa farið eins og eldur í sinu og undantekningarlaust leitt til hækkunar á raforkuverði til heimilanna þó svo að kannski stærstu fyrirtæki og í sumum tilfellum meðalstór fyrirtæki hafi getað lækkað raforkukostnaðinn hjá sér.

Kerfið var innleitt á Íslandi þvert á hagsmuni neytenda og þvert á þá sérstöðu sem íslenskur raforkumarkaður hefur, eins og hér hefur verið lýst áður. Þetta er lítill markaður, þetta er einangraður markaður, þetta er heildstæður markaður og er allur í almannaeigu og á Íslandi er rafmagnið ódýrt. Aðstæður hér voru ekki eins og í henni Evrópu þegar sameiginlegur evrópskur markaður var tekinn upp, að þar væri bullandi raforkuskortur á köflum en mikið aukaafl í kerfinu annars staðar. En þetta skyldi gert og var gert.

Hitt er svo annað mál að það sem er verst við þetta, og þar sem ráðherrann reyndist og í rauninni allir sem að málinu komu kaþólskari en sjálfur páfinn, það var að hlutafélagavæða flutningsfyrirtækið, vegna þess að þegar litið er til landanna í kringum okkur kemur í ljós að þar hafa ríkin haldið flutningskerfunum hjá sér og kemur ekki til hugar að setja þau út á almennan markað. Þó svo að framleiðslufyrirtækjunum sjálfum og sölufyrirtækjunum hafi verið breytt í hlutafélög og þau hafi jafnvel verið seld út á almennan markað og einkavædd með þeim hætti þá er það þannig á öllum Norðurlöndunum að flutningskerfið er lykilatriðið í öryggi raforkukerfanna, þ.e. að tryggja flutningsgetuna og öryggi í kerfinu, að það sé næg flutningsgeta og að flutningurinn sé öruggur.

Því miður hefur ríkisstjórnin og þessir páfar einkavæðingar og markaðshyggju í ríkisstjórninni komið óorði á hlutafélagaformið með því að nota það alltaf sem undanfara einkavæðingar. Hér er skýrt dæmi um það þar sem er þetta flutningsfyrirtæki vegna þess að það er innbyggt í lögunum að það megi fara á almennan markað, ef ég man rétt, 1. janúar 2011. Verslunarráðið kvartaði stórum undan því á fundi sínum í gær, sem hér var lesið upp úr að hluta af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að ekki væri hægt að versla út fyrir eigendahópinn fyrr en þá með hluti í þessu flutningsfyrirtæki.

Meðan við erum að fást við það hér að hlutafélagavæða flutningsfyrirtækið vil ég geta þess að í Danmörku eru tvö flutningsfyrirtæki sem flytja rafmagn. Annað heitir Eltra og hitt er Elkraft System. Annað er sameignarfyrirtæki, hitt er samvinnufyrirtæki. Í Noregi er það Statnett sem sér um flutninginn. Og hvernig skyldi rekstrarformið á því vera, ætli það sé einkavætt? Ónei, það er ríkisfyrirtæki. En hvernig er það þá í Svíþjóð? Þar er það Svenska Kraftnett sem er flutningskerfið. Og í hvaða rekstrarformi skyldi það vera, hæstv. ráðherra? Jú, það er ríkisfyrirtæki. En á Íslandi erum við náttúrlega kaþólskari en páfinn, eins og ég sagði, og þar skal þetta vera hlutafélag samkvæmt almennum hlutafélagalögum hér á landi og það er meira að segja gengið svo langt að búið er að ákveða hvenær fara eigi í einkavæðingu á þessu fyrirtæki.

Hæstv. forseti. Það skapast mýmörg álitamál og sjónarmið og hagsmunir skarast þegar starfsemi, rekstur félags, er flutt af sviði opinberra hagsmuna yfir á svið einkaréttar í formi hlutafélags. Þetta hafa nágrannalönd okkar farið í gegnum á undanförnum árum og þar hefur orðið mikil umræða um málið. Hún hefur ekki verið fyrirferðarmikil hér á landi.

Með háeffun fyrirtækja, opinberra fyrirtækja, er rekstrinn færður út fyrir ýmsar reglur og lög sem um opinberan rekstur gilda og skuldbindingar sem gilda um hann gilda þá ekki lengur. Þannig gilda stjórnsýslulög ekki um hlutafélög samkvæmt íslensku hlutafélagalögunum og upplýsingalög gilda ekki heldur enda þótt þau gildi á sviði opinbers réttar. Hvað þýðir það? Jú, það vita menn í þessum sölum mætavel, *það er ekki aðgangur fyrir eigandann, sem er íslenska ríkið*, og fulltrúa hans í þessum sölum að upplýsingum svo sem eins og um laun stjórnenda og stjórnarmanna né heldur um aðrar stórar ákvarðanir sem teknar eru á vegum fyrirtækisins og það er lítil sem engin leið að fylgjast með rekstri og árangri af rekstri fyrirtækisins.

Lög um opinbera starfsmenn gilda ekki heldur þegar opinberu fyrirtæki er breytt í hlutafélag. Og nú skal sett undir þennan eina leka, þ.e. hér er í rauninni verið að tryggja stöðu starfsmanna þessa flutningsfyrirtækis, að þeir hafi stöðu opinberra sýslunarmanna, hafi ekki verkfallsrétt, og þeir hafi væntanlega tryggt allt annað í starfsumhverfi sínu *sem þeir hafa í gegnum kjarasamninga hingað til.*

Í nágrannalöndum okkar er til annað rekstrarform sem er ríkishlutafélag eða opinbert hlutafélag. Í Danmörku — en við höfum löngum tekið mikið mið af dönskum rétti í þessum efnum — eru ákvæði um ríkishlutafélög og í raun má segja að í dönsku lögunum sé gerð sú krafa að um hlutafélög sem eru að meiri hluta til í opinberri eigu gildi það að þau séu tilkynningarskyld, þau séu opin sem um opinbert fyrirtæki væri að ræða. Þannig eru til að mynda hluthafafundir og aðalfundir þessara félaga opnir fyrir fjölmiðla og allan almenning og það gilda líka um þau ákvæði samsvarandi þeim sem gilda um hlutafélög sem skráð eru á markað eða skráð eru í kauphöll. Í hvoru tveggja er fólgið mikið aðhald og í rauninni er verið að tryggja að um þennan rekstur gildi áfram opinbert eftirlit svo lengi sem meirihlutaeignin er í eigu opinberra aðila. Og ég vil upplýsa það, virðulegi forseti, að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum flytja á næstu dögum þingsályktunartillögu um að almennu hlutafélagalögunum íslensku verði breytt í þá veru sem gildir í dönskum rétti og að við fáum ákvæði í okkar hlutafélagalög um hlutafélög sem eru að meirihlutaeign í opinberri eigu, þ.e. sveitarfélaga eða ríkis, og þau hafi sömu stöðu og móðurfélög skv. 2. gr. núgildandi hlutafélagalaga, sem er sú sama og er í dönsku hlutafélagalögunum.

Ef ríkisstjórnin og ráðherra bera gæfu til þess að fylgja okkur á þeirri vegferð að breyta ákvæðum hlutafélagalaga þá þarf hún ekki að vera með sjúkrakassann á lofti á þriggja til fimm mánaða fresti á næstu árum, vegna þess að þar er sett undir þá leka sem eru gallarnir á því formi að breyta opinberum rekstri yfir á svið einkaréttar. (**Iðnrh.:** Það hefur nú aldrei verið ljótt að vera með sjúkrakassa.) Ja, það er ljótt ef menn þurfa alltaf hreint að vera með hann á lofti, hæstv. ráðherra, það er eiginlega betra að setja undir lekana fyrir fram.

Það er auðvitað margt sem væri áhugavert að ræða varðandi stöðu raforkumála í landinu um þessar mundir. Ég get ekki neitað mér um að svara aðeins því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi áðan, þ.e. eignarhaldið á Landsvirkjun og staða Reykjavíkurborgar í því. Ég tek ekki undir að það hafi verið svo mikill gróði hjá Reykjavíkurborg vegna aðildarinnar að Landsvirkjun, mönnum sýnist sitt hvað um það. En það er ljóst að hjá Reykjavíkurborg hefur lengi verið áhugi á að losna úr þeim selskap, það er bara þannig. En stóriðjudraumarnir, skuldsetningin, stefnan sem eiginfjárhlutfall fyrirtækisins er að taka kemur auðvitað í veg fyrir að það verði á næstu árum. Það er ekkert hægt að rugga þessum báti vegna þess að þá mun lánshæfi fyrirtækisins minnka verulega og þegar eitt stykki sveitarfélag, hvort sem það heitir Reykjavík eða annað, á 45% eignarhlut í fyrirtæki við þær aðstæður þá eru það auðvitað hagsmunir þess sem eiganda að það gangi vel og þá ruggar það ekki bátnum.

Við tillögugerð um mótun orkustefnu fyrir Reykjavíkurborg var gerð grein fyrir nokkrum leiðum sem fara mætti til að minnka hlut Reykjavíkurborgar í raforkuvinnslu Landsvirkjunar. Ein af þeim er að ríkið hreinlega greiði Reykjavíkurborg út eignarhluta sinn eða að Reykjavíkurborg fái afhentan einhvern hluta af eigum Landsvirkjunar og þar hafa Sogsvirkjanir verið nefndar. Eða þá að Reykjavíkurborg eignist stærri hlut í flutningsfyrirtækinu en hún á í Landsvirkjun og taki þannig út sinn eignarhluta og loks að Landsvirkjun yrði breytt í hlutafélag og hlutur Reykjavíkurborgar einfaldlega seldur. Ég vil taka fram af því að ég átti sæti í þeirri nefnd sem undirbjó þessa tillögugerð hjá Reykjavíkurborg að ég var ekki sammála því síðasta þar

sem ég tel að ekki eigi að selja hluti í Landsvirkjun á almennum markaði og er sammála hv. þm. Jóhanni Ársælssyni þar um.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna frekar. Það mætti segja margt um þetta flutningskerfi, hversu miklu betra það væri kannski að hafa sjálfstæðan, óháðan kerfisstjóra í því, en ég held að versti kosturinn hafi í rauninni verið valinn og við eigum eftir að súpa seyðið af því á næstu árum og, eins og ég sagði, ráðherrann mun þurfa að vera með sjúkratöskuna hér á þriggja til fimm mánaða fresti ef þessari hugsun og ramma verður ekki gjörbreytt.

[15:42]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir ágæta ræðu, en það verður að koma fram við umræðuna að við erum samstjórnarmenn í Landsvirkjun sem er eins og kunnugt er stærsti orkuframleiðandi á þessum markaði.

Ég tek undir orð hv. þm. um ríkishlutafélög og stöðu þeirra. Vegna orða hv. þm. um þingsályktunartillögu vek ég athygli á því að við höfum nokkrir þingmenn undir forustu Guðmundar Árna Stefánssonar þegar flutt lagafrumvörp sem lutu að því að fyrirtæki í opinberri eigu skuli veita upplýsingar um sinn rekstur, en þau hafa því miður ekki fengið undirtektir í þinginu af hálfu stjórnarmeirihlutans og kannski ekki mikil von til þess að því máli fáist hreyft, því miður, því ég held að það skjól sem menn hafa með því að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög og leyna þar almenning upplýsingum sé mjög til óþurftar í opinberum rekstri á Íslandi.

En ég vildi spyrja hv. þm. hvort hún telji ekki algerlega útilokað að um raunverulega samkeppni geti orðið að ræða á raforkuframleiðslumarkaði meðan því er þannig háttað að Reykjavíkurborg á annars vegar næststærsta orkuframleiðandann, Orkuveitu Reykjavíkur, og hins vegar nær helmingshlut í Landsvirkjun, stærsta orkuframleiðandanum.

[15:44]

Álfheiður Ingadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki nein merki um samkeppni, þá ógurlegu samkeppni sem menn voru að tala um, enda held ég að þeir sem hæst höfðu um hana hafi ekki haft mikla trú á að hún yrði í raun. Aðstæður íslensks markaðar eru einfaldlega þær.

En ég þakka hv. þm. fyrir að minna mig á það sem ég gleymdi að geta í upphafi máls míns að ég og hv. þm. Helgi Hjörvar erum stjórnarmenn í Landsvirkjun og það þarf auðvitað að koma fram þegar maður tekur þátt í umræðum sem þessum.

[15:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem fær mig til að veita andsvar er að ég er ekki sammála hv. þingmanni sem síðast talaði um það að þótt breyting verði á eignarhaldi á Landsvirkjun þurfi eitthvað að rugga bátnum, eins og hv. þm. orðaði það. Það breytir ekki stöðu Landsvirkjunar að mínu viti þótt breyting verði á eigendahópnum. Ég er ekki heldur sammála því að Reykjavíkurborg hafi ekki eignast verulegar eignir í Landsvirkjun. Ég geri ráð fyrir því að þeir sem um það véla hjá Reykjavíkurborg telji að það sé býsna mikils virði sem þar er.

Ég bar einu sinni fram fyrirspurn á Alþingi um eignarhaldið á Landsvirkjun. Ég gat ekki betur séð en að Reykjavíkurborg ætti þar gríðarlega stóran hlut, bæði hvað varðar fjármuni og prósentu af eign í fyrirtækinu. Það er hægt að velta þessum hlutum fyrir sér á margan máta.

Við erum sammála um það, ég og hv. þingmaður, að ekki sé rétt að láta þetta fyrirtæki á markað eða „selja" Landsvirkjun þó að ég hafi þá skoðun að það þurfi að leysa þessa eignaraðila út úr Landsvirkjun. Ég tel ekki koma til greina að Landsvirkjun verði gerð að hlutafélagi til þess að selja á almennum markaði. Það er mín skoðun og ég er sannfærður um að það verða mikil átök ef menn ætla í þá göngu.

[15:46]

Álfheiður Ingadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef kannski ekki talað nógu skýrt. Þegar ég ræði um að breyta eignarhaldi á Landsvirkjun í þá veru að það ruggi bátnum á ég við það að hlutur ríkisábyrgðar og ábyrgðar Reykjavíkurborgar á skuldbindingum fyrirtækisins minnki að sama skapi. Ef hv. þm. er að tala um það sem mér heyrist hann vera að gera, að ríkið eignist og eigi alla hluta í Landsvirkjun, mun sú ríkisábyrgð að sjálfsögðu standa.

Fari hins vegar hluti af fyrirtækinu á almennan markað mun væntanlega draga úr ábyrgðum sem því nemur. Það hefur sýnt sig að slíkar breytingar á eignarhaldi geta leitt til verri lánskjara vegna minnkandi lánshæfni. Þannig er það að Standard & Poor´s sem er viðurkennt lánsmatsfyrirtæki hefur gefið út yfirlýsingu um að án ríkisábyrgðarinnar væri lánshæfi Landsvirkjunar allt annað og minna en það er núna. Við vitum hvað þýðir, það þýðir einfaldlega dýrari lán. Nóg er nú samt.

[15:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þetta er orðin þó nokkur umræða og ég þakka fyrir það. Þetta er stórt mál og margt um það að segja. Það er alveg óhætt að segja það.

Ég reiknaði svo sem með að einhver orð yrðu látin falla um það að ekki væri mikil reisn yfir því að koma hingað með frumvarp til breytinga á raforkulögum þar sem ekki er svo langur tími liðinn síðan við settum nýju lögin. Ég vil geta þess að t.d. í Danmörku þurfti á fyrstu tveimur árunum sex sinnum, held ég, að koma inn með frumvörp til breytinga. Það segir kannski sína sögu um það hvað þetta er gríðarlega mikil breyting sem er verið að gera á raforkukerfi landsins. Það er ekki alveg hægt að sjást fyrir um alla hluti. Þess vegna kemur þetta frumvarp hér inn og hefur í sjálfu sér ekki róttækar breytingar í för með sér. Það er frekar um það að ræða að þegar farið var að vinna í reglugerðum og gjaldskrársetningum kom í ljós að það þurfti að hnykkja á ákveðnum atriðum. Ég tel að hv. þingmenn taki því í sjálfu sér ekkert illa. Þetta er mál sem fer til iðnaðarnefndar og vona ég að það geti fengið hraða meðferð þar.

Ég fer ekkert í launkofa með það að þetta mál þarf endilega að nást fram fyrir jól vegna gildistöku um áramótin.

Í sambandi við mál hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar höfum við áður talað um, held ég, u.þ.b. það sama og hann kom hér fram með. Ég veit ekki hvort við eigum að vera að eyða miklum tíma í að fara frekar yfir þau atriði, a.m.k. ekki öll. Hvað varðar það að fá undanþágu frá þessari tilskipun var það reynt áður en fulltrúar borgarinnar fóru að velta þeim hlutum fyrir sér. Reynt hafði verið af hálfu ráðuneytisins að fá undanþágu. Svörin voru þau að ef það væri miklum erfiðleikum undirorpið að innleiða þessa tilskipun væri hægt að hugsa sér að skoða það frekar. Niðurstaða Orkustofnunar á þeim tíma varð að ekki væri um það að ræða og ég er alveg sammála henni. Þótt þetta sé mikil vinna er þetta ekki einhver óvinnandi vegur. Í rauninni finnst mér hafa verið skemmtilegt að fást við þetta mál og ég er alltaf jafnsannfærð um að það eigi fullan rétt á sér og það verði til þess að bæta raforkukerfi okkar. Nú verða hlutirnir miklu meira uppi á borðinu. Við aðgreinum rekstrarþætti og ég leyfi mér að segja að mjög margt í þessu kerfi hefur verið dálítið ósýnilegt og kannski ekki alveg skilvirkt fram til þessa. Það er heldur ekkert launungarmál að það voru ekkert óskaplega margir aðdáendur frumvarpsins hér á landi þegar það kom fyrst fram. Það er eiginlega alveg stórmerkilegt að það skuli þó hafa náð að verða að lögum og vera komið á þann stað í stjórnsýslunni sem raun ber vitni. Ég er þó alltaf jafnhamingjusöm með frumvarpið og lögin og ég held að það hljóti að segja sína sögu.

Hv. þingmaður kom inn á fiskeldismálið og grænmetið. Það er kannski svolítið dæmigert um það að það var ekki allt gert á grundvelli markaðshugsjónar og ekkert nema gott um það að segja en strax á árinu 1987 var samþykktur tímabundinn afsláttur af orku til fiskeldisfyrirtækja til að tryggja samkeppnisstöðu þeirra. Frá þeim tíma hafa Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og fleiri orkufyrirtæki veitt fiskeldisfyrirtækjum afslátt á raforku, auk þess sem flutningur og dreifing á þeirri orku til fiskeldisins hefur verið verðlagt undir kostnaðarverði. Nú erum við komin inn í það umhverfi að þetta getur ekki verið með sama hætti. Engu að síður notar þessi atvinnugrein jafnt þó nokkuð mikla raforku þannig að ég held að ekki sé útilokað að hægt verði að ná þar góðum samningum. Ég tek samt alveg undir áhyggjur hv. þingmanns, mér fyndist ekki gott til þess að vita að þetta hefði gríðarlega mikil áhrif á þennan rekstur. En það eru bara hlutir sem eru til athugunar núna á milli ráðuneyta. Gjaldskrármálin eru ekki komin það langt að við getum svarað öllum spurningum hvað þau varðar. Um þetta efni fer einmitt þessa dagana fram mikil vinna.

Garðyrkjan er hins vegar með ákveðinn samning. Fjármunir á fjárlögum koma til móts við þann kostnað sem að henni lýtur.

Hv. þingmaður talaði eins og það væri mikið að fara fram á 3% arðsemi en ég held að það sé alveg lágmark til þess að reka fyrirtækið. Það er bæði um það að ræða að þessi fyrirtæki veiti þjónustu en þau þurfa líka að vera í ákveðnum bisness, það er nú ekkert annað en það. (**Gripið fram í:** Ekki á flutningskerfinu?) Nei, ég meina að þegar búið er að markaðsvæða raforkukerfið sem slíkt erum við að fara inn í samkeppnisumhverfi sem hlýtur að þýða að lögmál viðskiptalífsins gilda þar. Svo er aftur annað sem ræður för með flutningskerfi og dreifikerfi. Við þekkjum það og þarf ekki að fara frekar yfir það.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson spurði um Rarik og var með ýmsar vangaveltur um framtíðarskipulag þessara mála sem er mjög eðlilegt að spurt sé um. Ég er ekki í aðstöðu til að svara miklu um það í dag en þetta eru hlutir sem við erum að sjálfsögðu að vinna að í iðnaðarráðuneytinu. Vonandi geta fljótlega legið fyrir línur um það hvernig við sjáum framtíðina fyrir okkur í þessum geira. Það er ljóst að ríkið er hreyfiaflið. Ríkið á tvö fyrirtæki að fullu og helminginn í Landsvirkjun. Það er ekki hægt að sjá fyrir sér framtíðina óbreytta, í því held ég að ég geti verið sammála hv. þingmanni. Mér fannst hann hafa þá skoðun að svo væri ekki.

Með reglugerðir gengur þannig að þær eru þrjár á lokastigi. Samráð hefur verið haft við raforkugeirann í því sambandi og ekki er ólíklegt að iðnaðarnefnd geti fengið frekari upplýsingar um það þegar málið kemur til hennar.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir var með ákveðnar skoðanir sem ég er ekki sammála en eiga að sjálfsögðu rétt á sér eins og allar skoðanir. Ríkisrekstrarhugsjónin var dálítið ofarlega í huga hennar. Ég vil ítreka hvað varðar flutningskerfið að ekki verður breyting þar á nema þá að lögunum verði breytt, þ.e. nema um sé að ræða að breytingar verði á eignarhaldi innan fyrirtækisins. Það þarf ný lög til þess að selja. Það varð niðurstaðan eftir meðferð málsins hér.

Í Danmörku eru reyndar fleiri en eitt flutningskerfi og þess vegna þarf sjálfstæðan kerfisstjóra þar. Þar sem við erum bara með eitt flutningskerfi höfum við kerfisstjórann innan þess.

Finnska flutningskerfið er hlutafélag. Það var ekki nefnt hér en ágætt er að halda því til haga.

Ég held að ekki sé fleira sem ég þarf að bregðast við. Þetta eru aðalatriðin að mínu mati. Ég gæti þess að fara ekki dýpra ofan í ágreiningsmálin af því að það er vel liðið á föstudag og ég held að við bætum okkur ekkert með því í rauninni. Við erum bara ekkert alveg sammála um hvort rétt hafi verið að fara út í þessa breytingu. Þó að þessi tilskipun hefði ekki komið til held ég að það sé nokkuð ljóst að við Íslendingar hefðum gert breytingar á fyrirkomulagi okkar, t.d. hvað það varðar að Landsvirkjun hafi ekki einkarétt á því að virkja fallvötn okkar. Mér finnst að það hefði ekki getað verið fyrirkomulag til framtíðar.

Ég trúi því að það verði samkeppni og hún er þegar hafin. Voru ekki Orkuveitan og Hitaveita Suðurnesja að gera samning við Norðurál í sambandi við stækkun þar? Þetta er bara nýtt í raforkuumhverfi okkar. Það má segja að samkeppnin sé komin á og hún mun halda áfram. Á því held ég að sé ekki nokkur vafi. Miðað við það að þessi fyrirtæki eru orðin jafnsterk og raun ber vitni hafa þau fulla burði til að keppa á markaðnum og þar höfum við fyrirtækið Landsvirkjun vonandi áfram.

[15:58]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hygg að allir þeir sem um þessi mál fjalla séu á einu máli um það að alger forsenda fyrir því að einhver samkeppni ríki á raforkumarkaði sé að Reykjavíkurborg, stærsta sveitarfélagið í landinu, sé ekki annars

vegar aðaleigandi Orkuveitu Reykjavíkur og um leið helmingseigandi í Landsvirkjun. Ég vil þess vegna inna hæstv. ráðherra eftir viðræðum hennar við borgaryfirvöld í Reykjavík um breytingar á eignarhaldi Landsvirkjunar: Hvernig miðar þeim, eru uppi einhverjar hugmyndir um breytingar í því efni sem ráðherrann bindur vonir við og hvenær megum við þá vænta niðurstöðu úr þeim viðræðum?

Sömuleiðis spyr ég hvort eignarhald ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja sé ekki tímaskekkja nú við hin nýju raforkulög og hvort það sé ekki álit hæstv. ráðherra að löngu sé tímabært að ríkið selji eignarhlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja og reyni þar með að fækka þeim fyrirtækjum sem það á aðild að vegna hinna eðlilegu samkeppnissjónarmiða á þessum markaði í ljósi nýrra laga.

[15:59]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í samræmi við samkomulag sem gert var á árinu 1996, minnir mig, var niðurstaðan sú fyrir síðustu áramót, fyrir tæpu ári, að eigendur Landsvirkjunar mundu koma sér saman um það hver niðurstaðan yrði um framtíðaráform í sambandi við Landsvirkjun, t.d. í hvaða rekstrarformi fyrirtækið skyldi rekið. Sú vinna hefur verið í gangi, nefnd verið að störfum sem hefur ekki lokið störfum en henni miðar allvel. Ég tel því ekki langt í að hægt verði að greina frá einhverjum niðurstöðum í þeim efnum. Þetta er hins vegar mjög stórt mál og tekur sinn tíma að vinna að því.

Varðandi Hitaveitu Suðurnesja þá er ég alveg sammála hv. þingmanni um að það er ástæða til að huga að því að selja þennan hlut. Það er ekki ástæða til þess lengur að ríkið eigi hlut í Hitaveitu Suðurnesja og það er nokkuð sem hefur verið til umfjöllunar í ráðuneytinu.

[16:01]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna orðum hæstv. ráðherra um sölu á eignarhlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja enda fluttum við þingmenn Samfylkingarinnar tillögu um það við afgreiðslu fjárlaga á síðasta ári.

Ég vildi spyrja ráðherrann hvort það sé markmið hennar í viðræðunum við borgaryfirvöld að losa um eignarhlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun og, ef svo er, hvort líkur séu á því að það markmið nái fram að ganga.

Í ljósi þess hversu skammt er í að lögin eiga að taka gildi og hve mikill dráttur hefur verið á þeim reglugerðum og gjaldskrám sem hér eiga við vildi ég sömuleiðis spyrja hvort ráðherrann telji þurfa að koma til þess að fresta gildistöku einstakra ákvæða í lögunum þannig að orkufyrirtækjunum gefist tóm og tækifæri til að aðlaga gjaldskrár sínar og viðskiptasamninga hinu nýja umhverfi.

[16:02]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að vinnan sé það vel á veg komin að það sé ekki ástæða til að tala um frestun á gildistöku í þessu sambandi. Eins og ég sagði áðan eru reglugerðir langt komnar. Ég held að þetta verði tilbúið nógu snemma til að allt verði eins og áformað er.

Varðandi það að losa um eignarhald Reykjavíkurborgar þá ætla ég ekki að svara því beint. Ég tel þó að það sé rétt, sem hefur komið fram hjá ýmsum og m.a. hjá Verslunarráðinu nýlega, að það sé í raun ekki í samræmi við áform nýrra raforkulaga, sem ganga út á að taka upp samkeppni í vinnslu á raforku, að Reykjavíkurborg sé svo stór aðili í Landsvirkjun þar sem hún á Orkuveituna.

[16:03]

Álfheiður Ingadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að gera smá athugasemd við orð ráðherrans um að þetta hafi verið mikil og skemmtileg vinna. Ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því að þessum aðgerðum hefur líka fylgt gríðarlega mikill kostnaður. Það er ekki aðeins eftirlitskerfið sem á eftir að kosta nokkuð mikið, mismikið eftir því við hvern maður talar. Einnig ber að hafa í huga að arðsemiskrafan er innbyggð í flutningskerfið og nú eru kröfur um hækkun hennar frá vinaklúbbi ríkisstjórnarinnar, Verslunarráðinu. Loks er fyrirhuguð skattlagning á orkufyrirtækin sem mun að sjálfsögðu líka leiða til meiri kostnaðar.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Telur hún að þessar aðgerðir muni leiða til hækkunar eða lækkunar á raforkuverði til neytenda í landinu, og þá kannski sérstaklega til heimilanna? Ég veit að þetta hróflar ekki stóriðjusamningunum, þeir fá áfram útsöluprísinn. En hvað verður með heimilin í landinu þegar upp er staðið eftir þetta, hæstv. ráðherra?

[16:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er engin ástæða til að tala um mikinn kostnað í þessu sambandi. Það verður enginn nýr kostnaður til í raun í kerfinu. Það kostar eitthvað að breyta yfir í þetta fyrirkomulag en ég er sannfærð um að raforkufyrirtækin og raforkugeirinn almennt verður betur rekinn eftir þessa breytingu en áður.

Talað hefur verið um 3% arðsemi. Það er ekki hægt að hafa það öllu lægra og er ekki hægt að reka fyrirtæki á núlli. Þess vegna er náttúrlega um eins litla arðsemi að ræða og hægt er að komast af með held ég.

Ég ætla ekki að fullyrða neitt um raforkuverðið í nýja kerfinu. Reynsla margra annarra landa er sú að það hafi lækkað. Sums staðar hefur það staðið í stað og annað slíkt en það hefur hins vegar lækkað meira til fyrirtækja. Það hefur sýnt sig í þeim löndum þar sem við höfum skoðað þessi mál.

Það getur vel verið að hjá einhverjum orkufyrirtækjum lækki verðið meira en annars staðar, t.d. eru teknar ákveðnar kvaðir af Rarik sem það fyrirtæki hafði áður í sambandi við félagslegan kostnað eða óarðbærar einingar sem ríkið tekur nú inn á fjárlög, Það nemur 230 millj. kr.

Auk þessa er meiri jöfnun í kerfinu en var áður sem getur þýtt örlitla hækkun á þessu svæði. En ég held að það sé ekki erfiðara en svo að það sé teljandi í einhverjum hundraðköllum á ári. Þannig verður ekki nein stórkostleg breyt-

ing. Það eru ýmsar svona breytingar sem eiga sér stað en þær munu ekki verða stórkostlegar.

Strax um áramót geta fyrirtæki sem kaupa meira en hundrað kílóvött valið sér orkufyrirtæki þannig að það eru bara nokkrir dagar þangað til fyrstu afleiðingar af þessum breytingum koma í ljós.

[16:07]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnast svör hæstv. ráðherra ævinlega rýr í sambandi við eignarhald á fyrirtækjunum til framtíðar. Satt að segja botna ég ekki í því af hverju menn vilja ekki ræða málin opið. Þetta eru opinberar eignir sem hér eru til umræðu. Mér hefði fundist að liggja ætti fyrir að hverju stjórnvöld stefna varðaði þessa hluti og það fyrir löngu síðan. Auðvitað hefðu átt að vera umræður um það hér á Alþingi en það hefur ekki gerst. Hæstv. ráðherra velur sér hvað hún vill setja fram um þessi efni og við því er ekkert að gera.

Hæstv. ráðherrann sagði áðan að samkeppni væri komin á og nefndi samninga sem hafa verið gerðir um sölu á raforku frá Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur til Norðuráls. Það er ekki hægt að halda því fram að þar hafi samkeppni ráðið för. Landsvirkjun var nú einfaldlega ekki fær um að uppfylla þarfir þessara fyrirtækja með þeim hraða sem til þurfti. Þannig er ekki hægt að segja að þetta sé til marks um að á sé komin samkeppni. Hins vegar verður kannski samkeppni í framtíðinni vegna þessa.

Varðandi alvörusamkeppni milli raforkuframleiðenda þá spyr ég hæstv. ráðherra aftur: Finnst henni líklegt að til verði alvörusamkeppni milli raforkuframleiðenda? Væri það líklegt til að leiða til velfarnaðar, ef það gerðist?

[16:09]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það verður samkeppni. Um það held ég að sé ekki nokkur spurning. Nú þegar er það komið í ljós í tengslum við a.m.k. þrjá virkjunarkosti, að þar hafa fleiri en eitt fyrirtæki gefið sig fram og óskað eftir rannsóknarleyfum. Ég held að það segi okkur að fyrirtækin eru að horfa í kringum sig. Síðan þurfum við náttúrlega að setja lög á Alþingi á þessum vetri sem segja til um hvernig við eigum að velja þann aðila sem fær rannsóknarleyfi og svo hitt hvort rannsóknarleyfi eigi að veita forgang að virkjunarleyfi.

Þetta eru stór mál sem eru fram undan og við þurfum að takast á við á Alþingi. Eins og hv. þingmenn hafa kannski séð var í gær dreift frumvarpi til laga sem lýtur einmitt að þessu. Þar er m.a. lagt til að allir þingflokkar eigi aðild að nefnd sem móti tillögur um hvernig þetta skuli vera til framtíðar vegna þess að þetta er eitt af stóru málunum sem við Íslendingar þurfum að vinna að á næstunni þar sem hér er um mikilvæga auðlind að ræða.

[16:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem hæstv. ráðherra sagði áðan. Þetta er sannarlega stórt mál. Ég vona sannarlega að niðurstaðan verði sú að jafnræði verði haft í huga og möguleikar til að nýta auðlindir verði þannig að allir hafi sömu tækifæri til að komast þar að, það verði ekki geðþóttaákvarðanir eða fegurðarsamkeppni á vegum ráðuneyta sem ráði því hverjir fái virkjunarleyfi í framtíðinni.

Það sem ég átti við með alvörusamkeppni var að ég hef orðið var við það, m.a. af hálfu forráðamanna fyrirtækja í þessum bransa, að þeir telji það geta orðið mjög alvarlegt ef farið verður að virkja og bjóða orku á markaði í miklu magni til að ná þar markaðshlutdeild. Þeir óttast að engar hömlur verði á slíkri samkeppni, einfaldlega vegna þess sem ég benti á í fyrri ræðu minni.

[16:12]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef í sjálfu sér engu við það að bæta sem fram kom hjá hv. þingmanni. Við eigum eflaust eftir að ræða þessi mál oftar á Alþingi í tengslum við frumvarpið sem ég nefndi áðan.

En af því að umræðunni er að ljúka þá vil ég þakka fyrir hana og vonast til að málið sem hér er til umfjöllunar fái skjóta og góða umfjöllun í hv. iðnaðarnefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:12]

Útbýting:

Aukatekjur ríkissjóðs, 375. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 460.

Bifreiðagjald, 377. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 462.

Forgangur í framhaldsskóla, 380. mál, fsp. AKG og MÁ, þskj. 465.

Málefni aldraðra, 85. mál, nál. heilbr.- og trn. þskj. 479.brtt. ÁRJ o.fl., þskj. 480.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 387. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 481.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 16:14.

41. FUNDUR

mánudaginn 29. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Meðferð opinberra mála og aðför, stjfrv., 309. mál, þskj. 337. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fullnusta refsingar, stjfrv., 336. mál, þskj. 379. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit við fjármálastarfsemi, stjfrv., 320. mál, þskj. 356. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Raforkulög, stjfrv., 328. mál, þskj. 366. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 375. mál, þskj. 460. — 1. umr.
6. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 376. mál, þskj. 461. — 1. umr.
7. Bifreiðagjöld, stjfrv., 377. mál, þskj. 462. — 1. umr.
8. Rannsóknir og nýting á jarðrænum auðlindum, stjfrv., 374. mál, þskj. 459. — 1. umr.
9. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 362. mál, þskj. 415. — 1. umr.
10. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 387. mál, þskj. 481. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Jón Kristjánsson heilbrrh., 4. þm. Norðaust.

Fjarvistarleyfi:

Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.,
Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá hv. 10. þm. Norðvest., Sigurjóni Þórðarsyni, dagsett 5. nóvember:

„Þar sem ég fer í fæðingarorlof í tvær vikur frá og með 29. nóvember 2004 óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varaþingmaður Frjálslynda flokksins í Norðvest., Steinunn K. Pétursdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.“

Steinunn K. Pétursdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Tilkynning um dagskrá.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að loknum atkvæðagreiðslum um fjögur fyrstu dagskrármálin fer fram umræða utan dagskrár um skiptingu tekna milli ríkis og sveitarfélaga í ljósi nýgerðra kjarasamninga. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson en hæstv. félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[15:02]

Útbýting:

Afplánun eldri fanga, 339. mál, svar dómsmrh., þskj. 482.

Afplánunaráætlun fanga, 338. mál, svar dómsmrh., þskj. 483.

Barnabætur, 273. mál, svar fjmrh., þskj. 477.

Grunnlínukerfi símans, 201. mál, svar samgrh., þskj. 457.

Konur í fangelsi, 301. mál, svar dómsmrh., þskj. 484.

Samstarf við Rauða kross Íslands um móttöku flóttamannahópa, 373. mál, fsp. ÁI, þskj. 437.

Styrkir úr starfsmenntasjóði, 134. mál, svar félmrh., þskj. 430.

Útlán banka og sparisjóða, 256. mál, svar viðskrh., þskj. 470.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins, 311. mál, svar sjútvrh., þskj. 476.

Athugasemdir um störf þingsins.

Stuðningur við stríðið í Írak.

[15:03]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna þeirra tíðinda sem áttu sér stað í gær þegar hv. þm. Hjálmar Árnason, sem því miður er ekki kominn til fundar, lýsti því yfir í ljósvakamiðlum og í Morgunblaðinu í morgun að hann vildi endurskoða allt ferlið í kringum stuðninginn við Íraksstríðið svokallaða og væri opinn fyrir því að fara í gegnum allt stafróf málsins og talar þar með mjög í anda þess sem við í stjórnarandstöðunni höfum gert allt frá byrjun, allt frá 20. mars fyrir hálfu öðru ári, þegar innrásin var gerð. Vekur það alveg sérstaka athygli að hér talar formaður þingflokks Framsóknarflokksins og forustumaður í hópi þingmanna þess flokks á Alþingi. Hann lætur þess að vísu getið í prentmiðli í morgun, Morgunblaðinu, að hann tali fyrir sjálfan sig en ekki fyrir hönd þingflokksins. Engu að síður hljóta það að teljast tíðindi þegar stjórnarliðar eru að týna tölunni í þeim staðfasta stuðningi við innrásina í Írak forðum daga.

Það er líka eftirtektarvert að hv. þm. lætur þess getið — og kemur hann nú í salinn og komi hann fagnandi. Ég vil sérstaklega nota tækifærið og hæla honum fyrir það pólitíska þrek sem hann sýnir með þeim hætti að láta samvisku sína ráða för. En hann segir í Morgunblaðinu í morgun orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég er ekki með neinar samþykktir á bak við mig, enda engar samþykktir um þetta gerðar á vegum flokksins, hvorki í upphafi né síðar.“

Þetta eru tíðindi út af fyrir sig. Framsóknarflokkurinn hefur ekki á einu og hálfu ári gert nokkra samþykkt um

stuðning við Íraksstríðið eða ekki stuðning og það vekur auðvitað sérstaka athygli.

Ég vil að lokum hæla hv. þm. og vænti þess að hann sé fyrstur af fleirum sem komi í lið okkar stjórnarandstæðinga í þessum efnum.

[15:05]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er alveg ljóst, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, að það er engin breyting á stefnu íslenskra stjórnvalda að því er varðar Írak. Við fögnum því að Saddam Hussein er farinn frá. Við styðjum lýðræðisuppbygginguna í Írak og við styðjum að vinna á grundvelli samþykktar Sameinuðu þjóðanna nr. 1546, um endurreisn í Írak. En ég held að það sé kominn tími til að Samfylkingin geri grein fyrir hvaða stefnu hún hefur í sambandi við þessi mál. (**Gripið fram í:** Hún er mjög skýr.) Er hún skýr já? Þá spyr ég: Styður Samfylkingin lýðræðisuppbyggingu í Írak? Styður Samfylkingin endurreisn í Írak? Er Samfylkingin sammála sósíaldemókrötum í Danmörku? Á fimmtudaginn var atkvæðagreiðsla um málefni Íraks á þinginu í Danmörku. 92 þingmenn studdu það sem Danir eru að gera í Írak, 15 voru á móti. Hvaða flokkar skyldu það vera? Þeir flokkar sem styðja ríkisstjórnina í Danmörku. Það eru sósíaldemókratar og Radikale venstre.

Eitt sinn var sú tíð að lýðræðisflokkarnir á Íslandi studdu það sem vestrænar þjóðir voru að gera. Framsóknarflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn. (**Gripið fram í:** Hvaða stríð var það?) (**Gripið fram í:** Kosovo.) Nú er orðið ljóst að gamla Alþýðubandalagið hefur enn einu sinni náð yfirhöndinni í Samfylkingunni að því er varðar utanríkismál. Á sama tíma og helstu samstarfsþjóðir okkar í utanríkismálum, Bretar, Bandaríkjamenn og Danir hafa ákveðið að ljúka starfinu í Írak að því er varðar lýðræðisuppbyggingu þar, að því er varðar endurreisnina þar, leggst Samfylkingin á móti alveg eins og gamla Alþýðubandalagið hefði gert.

[15:08]

Mörður Árnason:

Forseti. Hæstv. forsætisráðherra svaraði því ekki þó hann hefði fullt tilefni til þess hvort hann er sammála hv. þm. Hjálmari Árnasyni, formanni þingflokks Framsóknarflokksins, um að upplýsingarnar sem veittar voru við upphaf stríðsátaka hafi verið fáfengilegar, villandi og rangar. Þó hefðu honum verið hæg heimatökin að gera það því hæstv. forsætisráðherra hefur sjálfur lýst því yfir í viðtölum. Það má m.a. lesa um það í greinargerð með tillögu sem hefur verið flutt á þinginu um breytingu á þeirri stefnu sem þeir tveir hæstv. ráðherrar sem hér sitja hlið við hlið, höfðu reyndar stólaskipti á milli, tóku í upphafi Íraksstríðsins en hvorugur ráðherranna sá sér fært, og er þó annar undanskilinn vegna forfalla, en hinn, hæstv. forsætisráðherra, sá sér ekki fært að vera við fyrri umr. um þá tillögu. Hann hefur því engu svarað um það. Hann hefur ekki skýrt það fyrir þinginu hvernig stendur á þessu, hvort þær voru rangar eða hvort þær voru réttar. Hann spyr aðra, forsætisráðherrann sem tók þá afstöðu einn saman án nokkurs leyfis og sennilega þvert á landslög, sennilega þannig að hann ætti að segja af sér þessi maður vegna þess að hann hefur brotið þingskapalögin sem eru landslög. Hann hefur ekki skýrt það fyrir okkur og hann kemur upp í stólinn og segir okkur ekki einu sinni hvort hv. þm. Hjálmar Árnason er skilinn við flokkinn eða hvort hann er enn þá í heitum ástartengslum við hann.

Maður hlýtur að spyrja hv. formann Framsóknarflokksins að því hvort maður af þessu tagi, maður eins og hv. þm. Hjálmar Árnason, geti verið áfram í nefndum eða ekki, því ekki virðist hann tala sjálfur þessi Hjálmar og hefur kannski verið settur í bann eins og títt er um menn í þingliði framsóknarmanna, þá sem ekki eru með í liðinu hverju sinni.

[15:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hrósa hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir hugrekkið, fyrir að voga sér, andspænis þeim herrum sem hafa farið með eldi og brennisteini gagnvart þeim flokksmönnum Framsóknarflokksins sem hafa leyft sér að hafa sjálfstæða skoðun, að lýsa því yfir að það komi til greina að endurskoða stuðninginn við innrásina í Írak. Egill Helgason spyr hv. þm. að því í sjónvarpsþætti, með leyfi forseta: „En finnst þér koma til greina að taka okkur af þessum lista?“ Og hv. þm. Hjálmar Árnason svarar: „Ég segi bara já við því.“

Þetta er djarflega mælt og ég hrósa hv. þm. fyrir það. Hann mun fá tækifæri til að láta þá afstöðu koma fram í þinginu því það vill svo til að hér er til umræðu í frestun í þinginu tillaga frá okkur þremur formönnum stjórnarandstöðuflokkanna nákvæmlega um þetta, að Ísland verði með táknrænum og formlegum hætti tekið af þessum lista.

Það er alveg rétt sem hæstv. forsætisráðherra segir. Samfylkingin var á móti innrásinni. Munurinn á forsætisráðherra Íslands á annan bóginn og forsætisráðherra Dana á hinn bóginn er sá að forsætisráðherra Dana hleypur ekki á flótta undan umræðunni eins og hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson. Það hefur ekki verið hægt að leiða umræðuna til lykta í þinginu vegna þess að íslenski forsætisráðherrann þorir ekki í hana. Það sama er ekki hægt að segja um hæstv. utanríkisráðherra. Hann hefur ekki skirrst við að fara í hana. Munurinn á Dönum og okkur er sá að í danska þinginu fá menn að ræða þetta. Hér fá menn ekki að ræða þetta og spurt er um stefnu íslenskra stjórnvalda. Hún er kannski ekki til formlega því það var engin ákvörðun tekin í þingflokkum stjórnarinnar og engin umræða fór fram í ríkisstjórninni heldur. Það hefur komið fram.

[15:12]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það á sér hvergi í heiminum stað umræða af þessu tagi nema hér. Að taka landið af listanum yfir staðfastar þjóðir sem landið var á áður en til stríðsins kom, það fer enginn svona vitleysisumræða fram nema hér. Og hv. þm. Hjálmar Árnason var í þætti þar sem var yfirgengilega vitleysisleg umræða. Hann sýndi mikið þrek að vera í þættinum jafnlengi og hann var og talaði manna skynsamlegast í þættinum. Ég tel að allt of mikið sé úr orðum hans gert þó að hann segi í þætti af þessu tagi að hann geti skoðað alla

hluti og alla þætti. Hvað er að því að þingmaður lýsi slíku yfir?

Ég tek bara dæmi af sjálfum mér. Ég fór á Landspítalann og það var skorið úr mér krabbamein og ég þurfti að samþykkja það fyrir fram áður en það var gert. Það var ekki nákvæmlega vitað hvað út úr því mundi koma. Hvað mundu menn segja uppi á Landspítala ef ég kæmi þangað til að taka til baka samþykki mitt fyrir uppskurði? Það yrði bara litið á mig sem hvert annað fífl vegna þessarar umræðu. Vitanlega dettur engum þetta í hug nema Samfylkingunni að fara þessa leið. Og þegar menn tala um að þarna hafi einhverjir menn skrökvað. Það er algerlega ljóst að leyniþjónusta Breta og Bandaríkjamanna voru ekki með nægilega markvissar og skynsamlegar skýringar og upplýsingar. En búið er að rannsaka það í báðum ríkjunum með lýðræðislegum hætti og viðurkennt bæði af stjórn og stjórnarandstöðu að hvorug ríkisstjórnin laug nokkru til og við byggðum auðvitað á því. Við vildum að krabbameinið Saddam Hussein yrði skorið í burtu og síðan hæfist endurhæfing. Það eru allir með endurhæfingunni í Írak nema Samfylkingin á Íslandi. Norðmenn sem ekki voru með standa núna með því sem er að gerast í Írak. En Samfylkingin er eins og gamall afturhaldskommatittsflokkur og ætlar sér aldrei að verða stór og getur þess vegna ekki stutt verðugt verkefni eins og þetta.

[15:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er spurning hvort sómi Alþingis er fólginn í því að ræða þetta alvarlega mál á þeim nótum sem hér er gert og með myndlíkingum af því tagi sem notaðar eru.

Það sem þetta mál snýst um er auðvitað tvíþætt, annars vegar atburðirnir í mars 2003, hvernig það gerðist að Ísland birtist á lista hinna vígfúsu þjóða, að fá það rannsakað og upplýst hvernig sú ákvörðun var tekin, af hverjum og hvers vegna lögboðið samráð við utanríkismálanefnd Alþingis var ekki virt. Fyrir því höfum við barist, stjórnarandstæðingar, það mál hefur verið á dagskrá í utanríkismálanefnd frá því í haust og þar er núna til umfjöllunar tillaga um að þessir hlutir verði upplýstir.

Hinn þáttur málsins snýr að því sem áfram er að gerast í Írak. Það er útbreidd skoðun meðal heimsbyggðarinnar að þar fari nú fram hreinir stríðsglæpir, t.d. það sem gerðist í borginni Falluja. Lögfræðingar, bæði austan hafs og vestan, velta fyrir sér hvort möguleiki verði á því að fá bandaríska ráðamenn kyrrsetta, tekna höndum, ef þeir ferðast til Kanada eða Evrópu og láta þá svara til saka gagnvart ákærum um stríðsglæpi. Þetta er málið en ekki fliss og fíflalæti af því tagi sem við urðum vitni að hér áðan.

Það að Ísland skuli hafa verið dregið inn í það að styðja ólögmætt árásarstríð og bera síðan jafnvel með áframhaldandi stuðningi sínum við þessar aðgerðir samábyrgð á stríðglæpum er ekki mál sem ég hef geð í mér til að hlæja yfir hér í þingsal, herra forseti.

Auðvitað væri það fagnaðarefni ef stjórnarsinnar væru að byrja að sjá að sér í þessu máli, eins og kannski mátti ætla af hv. þm. Hjálmari Árnasyni í nefndum sjónvarpsþætti hafi hann verið með fullri meðvitund sem við hljótum að gera ráð fyrir. Það kemur samt fyrir lítið á meðan höfuðpaurarnir tveir sem einir hafa borið ábyrgð á þessu allan tímann, Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson, sjá ekki að sér.

[15:17]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ef það að opna hér umræðu um Írak og tilurð Íraksinnrásarinnar hinn 20. mars þýðir að ég verði hér uppnefndur afturhaldskommatittur, kratinn úr Hafnarfirði, verður svo að vera. Það breytir ekki hinu að ég mun halda áfram að halda á lofti þessari umræðu hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Ef menn kjósa að fara í gamla kaldastríðshaminn um komma, krata og íhald og allt það hér verður það líka svo að vera.

Það liggur algjörlega ljóst fyrir í hverju þessi umræða er fólgin og hún er tekin í þjóðþingum um alla Evrópu, núna síðast í breska þinginu eru menn að reyna að grafast fyrir um það hvort ákvörðun hafi verið tekin af yfirvegun og samkvæmt réttustu upplýsingum hverju sinni.

Og hver var það annar en þessi maður, hæstv. forsætisráðherra, sem viðurkenndi á góðri stundu að hann hefði gert mistök en er nú ekki maður til þess að gera það úr þessum stóli hér, sem þó hv. þm., formaður þingflokks hans, gerir með viti bornum hætti? Hafi hann aftur hrós fyrir.

Ég var hér að vekja athygli á því að menn eru farnir að horfast í augu við veruleikann eins og hann var fyrir hálfu öðru ári og hafði vonast til þess að menn væru komnir úr þessu fari kalda stríðsins. Því miður er ekki svo.

Það veit hver einasti maður og það er búið að staðfesta hér mörgum sinnum að Samfylkingin styður vitaskuld Sameinuðu þjóðirnar í uppbyggingu í Írak. Það gefur augaleið, landið er í rjúkandi rúst eftir þau átök sem þar hafa farið fram og vitaskuld er það skylda okkar allra að freista þess að byggja þar upp með viti bornum hætti. (Forseti hringir.)

Ég hafði, virðulegi forseti, von til þess að þessi umræða (Forseti hringir.) gæti verið á málefnalegum grunni en verð víst að viðurkenna að það er erfitt að koma því heim og saman þegar þetta mál er nefnt. (Forseti hringir.)

[15:19]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir lofið en hygg að það hafi kannski verið örlítið oflof hjá ágætum vini mínum, og bið hann um að oftúlka ekki orð mín.

Hvert er hlutverk stjórnmálamanna? Er það ekki hlutverk okkar allra sem höfum gefið okkur í stjórnmál að vilja skoða mál og fara yfir þau? Erum við ekki stöðugt að gera það, í hverju einasta máli? Ég tel, og hef sagt það, ekkert óeðlilegt fyrir okkur að skoða aðdraganda þessa máls. Ákveðnar forsendur komu fram sem síðar reynast ekki réttar. Á þeim tíma sem þær komu fram trúðu menn því að slíkar forsendur væru réttar.

Það er líka rétt, herra forseti, að minna á að við sem smáríki höfum í 50 ár verið háð upplýsingum frá mörgum bandamönnum okkar og á þeim upplýsingum höfum við byggt ákvarðanir okkar. Ef forsendur eru ekki réttar er eðli-

legt að við förum yfir það hvernig við ætlum að bregðast við til framtíðar.

Það sem mestu máli skiptir, virðulegur forseti, er að við öxlum ábyrgð okkar eins og öryggisráðið hefur samþykkt um uppbyggingu hjá stríðshrjáðri þjóð. Við getum ekki frekar en bandamenn okkar í austri og vestri dregið okkur út úr því uppbyggingarstarfi. Við hljótum að axla þá ábyrgð. Þetta eru þeir hlutir sem er eðlilegt að fara yfir og eðlilegt að skoða. Það er hlutverk okkar sem stjórnmálamanna.

[15:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ef rétt er eftir haft sem varla verður lengur dregið í efa þar sem þingflokksformaður Framsóknar mælir að Framsóknarflokkurinn hafi engar samþykktir gert um aðildina að Íraksstríðinu er hann þar með annar þingmaður flokksins sem staðfestir það. Kristinn H. Gunnarsson hefur staðfest það áður, og fékk frekar bágt fyrir.

Það er algjörlega ljóst að mikill meiri hluti íslensku þjóðarinnar var andvígur því að við færum inn í Írak og styddum þar aðgerðir. Það þýðir ekki að við munum ekki sem þjóð leitast við að reyna að bæta með einhverjum hætti fyrir þær ógurlegu hörmungar sem þar hafa átt sér stað. Það er algjörlega rétt sem hér hefur verið orðað að það er orðið stórt spurningarmerki hvort Bandaríkjamenn séu ekki að fremja stríðaglæpi í Írak eins og málin hafa þróast þar á undanförnum dögum og vikum.

Sífellt fleiri rök falla sem sagt að því að ákvörðunin sem tekin var af forustumönnum ríkisstjórnarflokkanna hafi verið tekin af þeim tveimur. Ég lít svo á, ef rétt er eftir haft, sem ég hirði ekki en var sagt í þessum ræðustól áðan, eftir formanni þingflokks Framsóknarflokksins, að engar samþykktir hafi verið gerðar í Framsóknarflokknum, tel ég að verið sé að byggja undir þau rök enn frekar að málið hafi allt átt uppruna sinn á þann hátt að það hafi ekki verið lýðræðisleg ákvörðun og meiri hluti fyrir henni.

[15:23]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég heyri á þingmönnum Samfylkingarinnar að þeir vilja fyrst og fremst ræða um fortíðina í þessum efnum. Gott og vel, þeir mega ræða hana mín vegna. Það sem skiptir hins vegar máli er hvaða afstöðu þingmenn Samfylkingarinnar hafa gagnvart því sem nú er að gerast í Írak. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði að flokkurinn styddi ályktun 1546 frá Sameinuðu þjóðunum sem gerir ráð fyrir viðveru liðsins í Írak, liði Bandaríkjanna, Breta og Dana. Á þá að skilja það svo að Samfylkingin styðji lýðræðisuppbygginguna í Írak og veru hersins í Írak? Það lá fyrir þegar ríkisstjórnin tók afstöðu til þessa máls á sínum tíma að við lofuðum því að styðja uppbyggingu í Írak.

Samfylkingin tönnlast stöðugt á því að það eigi að taka okkur af einhverjum lista. Hvað þýðir það að taka sig af þeim lista? Það þýðir að láta af stuðningi við uppbygginguna í Írak ... (Gripið fram í.) láta ... Vita ekki þingmenn Samfylkingarinnar að innrásin er löngu búin? (Gripið fram í.) Ef við tækjum þá ákvörðun núna værum við taka til baka stuðning okkar við uppbygginguna í Írak. (Gripið fram í.)

Ef Samfylkingin styður það vitum við það og þá eru þingmenn Samfylkingarinnar að segja að þeir hafi svipaða afstöðu til málsins og sósíaldemókratar í Danmörku. (Gripið fram í.) En er ekki tími kominn til, hv. formaður Samfylkingarinnar, að þú komir fram með þessa skoðun? Það er náttúrlega út í hött að halda því fram að einhver sé hræddur við það að mæta formanni Samfylkingarinnar hér í þingsal.

[15:25]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tek undir þau sjónarmið sem hér komu fram hjá hæstv. forsætisráðherra. Það eru merkileg tíðindi sem maður gat lesið út úr orðum hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, að Alþýðuflokkurinn gamli sé aftur kominn með töluverð ítök í Samfylkingunni og styðji núna veru hersins í Írak. Það hefur maður ekki getað skilið á umræðunum að undanförnu.

Þá spyr maður: Fyrst þið styðjið núna veru hersins í Írak, berið þið ábyrgð á öllu því sem sá her gerir, eins og þið hafið verið að gefa í skyn gagnvart mér og hæstv. forsætisráðherra? Að sjálfsögðu ekki, ekki frekar en við að öðru leyti til þó að þið hafið gefið annað í skyn.

En það er fagnaðarefni og ég vil þakka klókindi hv. þm. Hjálmars Árnasonar að starta þessari umræðu og ná því fram hér að því sé lýst yfir í fyrsta skipti — meðan því er ekki mótmælt — að núna, frá og með þessum tíma, styðji Samfylkingin veru herliðs Bandaríkjamanna, Breta og bandamanna í Írak. Það er mjög merkilegt að þetta skuli hafa náðst fram og ég þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni þennan laglega hælkrók til að fá þessa niðurstöðu fram.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 309. mál (sektarinnheimta o.fl.). — Þskj. 337.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fullnusta refsinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 336. mál. — Þskj. 379.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 320. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 356.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Raforkulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 328. mál (gjaldskrár, tekjumörk o.fl.). — Þskj. 366.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Skipting tekna milli ríkis og sveitarfélaga í ljósi nýgerðra kjarasamninga.

[15:29]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Fjárhagsleg staða sveitarfélaganna er ákaflega alvarleg um þessar mundir. Á síðasta ári nam samanlagt tap á rekstri þeirra um 2,6 milljörðum kr. Þá var 71 sveitarfélag rekið með tapi. Staðan á 23 þeirra var þannig að í október taldi eftirlitsnefnd sveitarfélaga ástæðu til að skoða fjárhagsstöðu þeirra nánar.

Sveitarfélögin kvarta nú sáran undan því að það gangi ekki neitt í samningum við ríkið í tekjustofnanefnd og að af ríkisins hálfu séu þar einungis embættismenn sem hafi hvorki leiðsögn né raunverulegt umboð hæstv. ráðherra til að semja. Eitt af mikilvægustu verkefnunum sem við stjórnmálamenn stöndum frammi fyrir er að stækka sveitarfélögin og flytja til þeirra frekari verkefni vegna þess að það felur í sér aukna valddreifingu og aukið lýðræði. Ég óttast hins vegar að fólkið okkar í sveitarstjórnunum treysti ekki lengur ríkisvaldinu eftir skæklatogið um tekjuskiptinguna og að það sé því um þessar mundir að draga nokkuð hratt úr möguleikunum á því að kjósa um frekari sameiningar.

Hæstv. félagsmálaráðherra sagði á aukalandsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga að þau yrðu að líta í eigin barm og kanna hvað ylli því að útgjöld þeirra yxu hraðar en tekjur. Þetta er erfitt að skilja öðruvísi en svo að hæstv. ráðherra telji að það sé í besta falli slök fjármálastjórn og í versta falli óráðsía sem valdi þessari bágu fjárhagsstöðu sveitarfélaganna núna. Ja, heyr á endemi. Er þetta sami Árni og fyrir örfáum missirum kvartaði undan því að skattkerfisbreytingar ríkisins drægju bótalaust úr tekjum sveitarfélaganna? Sá Árni sem þau vísu orð mælti var varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og ég spyr: Getur hæstv. ráðherra nokkuð upplýst um það hvar sá ágæti Árni er niður kominn? Varla er það sá sami Árni og situr þarna í stól félagsmálaráðherra og ber nú ábyrgð á málefnum sveitarfélaga.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að ríkisstjórn og Alþingi hafa breytt lögum sem rýra núna fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna og þau hafa gert það án þess að bæta þeim upp kostnaðinn. Lagabreytingin sem leiddi til þess að það varð auðveldara en áður að stofna einkahlutafélög var að sönnu í sjálfu sér jákvæð en hún kostaði sveitarfélögin í tekjum 1,2–1,4 milljarða. Auknar húsaleigubætur leggja sig á hundruð milljóna. Kröfur um aukna þjónustu í grunnskólum hafa leitt til meiri kostnaðar en við áttum von á og gerðum ráð fyrir við yfirfærsluna. Svo eru ýmsar aðrar breytingar sem ýmsir hv. þingmenn eins og hv. þm. Gunnar Birgisson hafa talið hér upp sem má rekja til lagaákvæða sem hafa valdið útgjöldum. Auðvitað viðurkenni ég að þar er ekki bara við núverandi ríkisstjórn að sakast. Ef hæstv. ráðherra tæki sig þó til og reiknaði þetta allt væri hann líklega kominn að þeirri upphæð sem þarf til að reka sveitarfélögin á sléttu núna. Ríkisvaldið er þess vegna beinlínis í skuld við sveitarfélög í landinu en bæði félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra láta eins og þeir séu staddir í miðju leikriti eftir Dario Fo, og þeir arga bara: Við borgum ekki, við borgum ekki.

Á sama tíma og ríkisstjórnin reynir að kaupa sér fylgi með því að sáldra út loforðum um skattalækkanir upp á 39 milljarða á þessu kjörtímabili er varla hægt að láta túskilding með gati renna til sveitarfélaganna. Hvernig eiga sveitarfélögin að bregðast við þessu, herra forseti?

Ég óttast að skilningsleysi og níska ríkisvaldsins gagnvart sveitarfélögunum neyði þau til að hækka gjöld og álögur eða grípa til niðurskurðar á velferðarþjónustu sinni. Það skal þá vera á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar.

Herra forseti. Nýlega voru gerðir samningar við grunnskólakennara og það verður að segjast að staða sveitarfélaganna mun ekki batna með þeim kjarasamningum sem eru fram undan í vetur. Hv. þm. Gunnar Birgisson, formaður bæjarráðs í Kópavogi, reifaði fyrr í þessum mánuði fjárhagsstöðu sveitarfélaganna eins og hún kynni að líta út eftir samningalotu vetrarins ef ríkisstjórnin gerði ekkert, og hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég óttast neyðarástand hjá sveitarfélögunum, neyðarástand eftir að menn verða búnir að fara í gegnum alla þessa kjarasamninga.“

Herra forseti. Það er ekki formaður Samfylkingarinnar sem mælir þessi orð. Það er einn helsti leiðtogi Sjálfstæðisflokksins á sveitarstjórnarstiginu sem mælir þessi varnaðarorð. Ég spyr þess vegna hæstv. félagsmálaráðherra: Telur hann ekki í ljósi stöðunnar að sveitarfélögin þurfi aukið fjármagn til að sinna lögboðnum verkefnum sínum? Telur hann ekki að það sé sanngjarnt að bæta sveitarfélögunum upp kostnað vegna lagabreytinga og aukinna verkefna? Hvenær ætlar hæstv. ráðherra að gera það og hvernig ætlar hann að gera það? Það eru spurningarnar sem brenna á vörum okkar í þessari umræðu hér í dag.

[15:35]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ríkisvaldið hefur að undanförnu sannarlega komið til móts við óskir sveitarfélaga um auknar tekj-

ur. Á síðustu árum hafa tekjustofnar sveitarfélaga verið styrktir verulega, m.a. með hækkun útsvarsheimilda og auknu framlagi ríkisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Að tillögu tekjustofnanefndar sem lauk störfum á árinu 2000 voru útsvarsheimildir rýmkaðar með hækkun hámarksútsvars. Hækkun útsvarsins hefur skilað sveitarfélögum tekjuauka sem nemur vel yfir 5 milljörðum kr. á ári miðað við núverandi verðlag.

Þá hefur framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga aukist umtalsvert á síðustu árum, að hluta til vegna aukinnar hlutdeildar í skatttekjum ríkissjóðs en einnig vegna þess að ríkissjóður tók á sig tekjuskerðingu sveitarfélaga á landsbyggðinni þegar breytingar voru gerðar á viðmiði fasteignaskatts árið 2000. Ríkissjóður hefur auk þess veitt samtals 2,9 milljarða kr. í viðbótarframlög til jöfnunarsjóðs frá árinu 1999, nú síðast með 400 millj. kr. framlagi sem úthlutað verður sérstaklega til þeirra sveitarfélaga sem standa höllum fæti fjárhagslega. Einnig má minna á að ríkissjóður hefur veitt um 200 millj. kr. á ári í stuðning til sveitarfélaga vegna fráveituframkvæmda.

Undanfarnar vikur hafa einnig verið gerðar ýmsar breytingar á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem ýmist munu spara sveitarfélögunum árleg útgjöld eða auka við þá fjármuni sem jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar.

Með frumvarpi til breytinga á lögum um húsnæðismál eru felld á brott ákvæði um ábyrgðir sveitarfélaga á viðbótarlánum með framlagi úr varasjóði viðbótarlána. Miðað við áætlun um viðbótarlán á þessu ári er um að ræða nálægt 300 millj. kr. lækkun á útgjöldum sveitarfélaganna ár hvert. Í frumvarpinu eru einnig ákvæði sem heimila að raunvextir á höfuðstóli varasjóðs viðbótarlána verði veittir til aukningar á söluframlögum vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis. Áætlað er að hér geti verið um að ræða a.m.k. 60 millj. kr. árlega.

Í frumvarpi til breytinga á lögum um Lánasjóð sveitarfélaga eru felld á brott ákvæði um framlag jöfnunarsjóðs til lánasjóðsins. Hér er um að ræða ríflega 250 millj. kr. árlega sem jöfnunarsjóðurinn getur þá nýtt til hækkunar á öðrum framlögum sjóðsins.

Hæstv. forseti. Samtals er hér um að ræða ríflega 600 millj. kr. á ári. Það er því fráleitt að halda því fram að ríkið hafi ekkert gert til að laga fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

Eins og margoft hefur komið fram undirritaði ég ásamt fjármálaráðherra og formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga viljayfirlýsingu í september sl. Þar er m.a. kveðið á um að meðal verkefna tekjustofnanefndar sé að skoða sérstaklega þau sveitarfélög á svæði sem standa höllum fæti fjárhagslega. Nefndin skal jafnframt meta ástæður fyrir þeim vanda og gera tillögur sem leitt geta til úrbóta. Í þessu felst viðurkenning á því að sveitarfélögin í landinu standa misjafnlega að vígi fjárhagslega og að rétt sé að fram fari skoðun á vanda þeirra sveitarfélaga. Ríki og sveitarfélög eru sammála um að þeirri vinnu verði hraðað eins og kostur er. Að sama skapi er eðlilegt að niðurstöður tekjustofnanefndar liggi fyrir áður en rætt er um varanlegar aðgerðir til að bregðast við vanda.

Í viljayfirlýsingunni frá því í september eru nefnd ýmis atriði sem stjórnarandstaðan hefur minna rætt um. Eitt þeirra er að með henni eru tryggðir fjármunir í gegnum jöfnunarsjóð til að aðstoða einstök sveitarfélög við sameiningu. Er þar um að ræða allt að 2,4 milljarða kr. á næstu fimm árum sem m.a. verður veitt í skuldajöfnunarframlög. Þar eru miklir fjármunir á ferðinni sem ættu að hvetja sveitarfélög til sameiningar.

Í tekjustofnanefnd hafa einnig verið ræddar ýmsar áhugaverðar leiðir sem miða að því að hemja útgjaldavöxt hjá sveitarfélögunum og koma á aukinni formfestu í samstarfi og samráði ríkis og sveitarfélaga. Meðal annars hefur verið rætt um aukið vægi eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og mikilvægi þess að þessi tvö stjórnsýslustig, ríki og sveitarfélög, komi sér saman um langtímamarkmið í efnahagsstjórn og aðgerðir til að hefta útgjöld hins opinbera. Ég tel mjög mikilvægt að menn haldi áfram á þessari braut, þ.e. að leita leiða til að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaga án þess að auka heildarútgjöld hins opinbera.

Hæstv. forseti. Það er ekki hægt að stökkva til þess að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga á nokkurra ára fresti og bæta við milljörðum kr. í hvert sinn. Ríki og sveitarfélög verða að eiga reglulegt samráð sem er í gagnsæjum farvegi. Þetta er hagsmunamál okkar, bæði ríkis og sveitarfélaga. Við verðum að horfa á hlutina í samhengi. Við erum að tala um sömu íbúana, sömu hagsmunina, sama heildarreikninginn. Menn mega ekki slíta hlutina í sundur og úr samhengi eins og allt of oft er gert. Við megum ekki leyfa okkur slíka nálgun.

Ríkissjóður er ekkert ótæmandi og ef endalaust er gengið í hann er aðeins hægt að brúa bilið með því að seilast í vasa skattgreiðenda. Við verðum að horfa heilstætt á þjóðarbúskapinn og taka höndum saman um að hemja vöxt opinberra útgjalda.

[15:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég er alveg gáttaður á málflutningi hæstv. félagsmálaráðherra, bæði hér í þessum ræðustóli og eins á því sem ég heyrði af ræðu hans á aukalandsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Hæstv. félagsmálaráðherra talar eins og hann hafi verið fjármálaráðherra í 100 ár og talar af mikilli íhaldssemi um það að standa verði á bremsunum, ekki megi auka útgjöldin, það gangi ekki að sveitarfélögin komi með reglubundnu millibili og heimti meiri peninga og þau verði að líta í eigin barm. Svo fer hann með talnaþulu sem á að sýna að í raun og veru sé þetta allt í lagi af því að samtals hafi ráðstafanir af ríkisins hálfu þýtt 600 millj. til sveitarfélaga. Hvað með t.d. skattkerfisbreytingar sem kosta sveitarfélögin á annan milljarð á hverju einasta ári vegna fjölgunar einkahlutafélaga? Hvað með öll hin málin, hæstv. félagsmálaráðherra, þar sem sannarlega hallar á sveitarfélögin í samskiptum við ríkið? Ég get skilið hæstv. fjármálaráðherra, að hann tali sem íhaldsmaður og á bremsunum gagnvart því að peningarnir streymi úr kassanum hjá honum, en að hæstv. félagsmálaráðherra, ráðherra málefna sveitarfélaganna, skuli vera ef eitthvað er heldur verri en fjármálaráðherra í viðhorfum sínum — það undrar mig mjög. Þá er ekki von á miklum árangri. Það er ekki von á góðu ef fagráðherrann í ríkisstjórninni er eiginlega aftan við fjármálaráðherrann í vörn-

inni gagnvart því að ekki fari peningar til sveitarfélaganna.

Veruleikinn er eins og hann er, hæstv. félagsmálaráðherra. Hallarekstur sveitarfélaganna, afkoma þeirra, kröfurnar sem á þau standa um þjónustu, ýmiss konar útgjaldaaukning sem sveitarfélögin sjálf hafa ekkert um að segja. Þetta er allt saman veruleiki, hæstv. félagsmálaráðherra, sem við verðum að horfast í augu við. Það tjáir ekki að berja höfðinu við steininn með þessum hætti. Það er nóg að hafa einn fjármálaráðherra til að standa á bremsunum. Hæstv. félagsmálaráðherra, ráðherra málefna sveitarfélaganna, þarf ekki að ganga í lið með honum.

[15:41]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Það má eiginlega skipta fjárhagsvanda sveitarfélaganna í þrjá hluta, í fyrsta lagi að sveitarfélögin hafa aukið þjónustuna, þ.e. bætt búsetuskilyrðin, t.d. með aukningu í þjónustu í grunnskólum, dægradvöl, félagsmiðstöðvar o.fl., í íþróttamálum, byggt knatthús, skautahallir — það kostar allt peninga og aukna þjónustu — og í menningu og listum hafa sveitarfélögin líka lagt mikla fjármuni, bæði til stofnkostnaðar og reksturs.

Í öðru lagi eru það kjararsamningar sem núna hafa verið gerðir við grunnskólakennara og margir eiga eftir að koma á eftir, við leikskólakennara og aðra opinbera starfsmenn. Þessir kjarasamningar, eins og ég hef sagt í þessum stól, virðulegi forseti, eru mjög glannalegir og geta leitt til verðbólgu í landinu, upptöku kaupmáttar en ekki aukningar, því miður. Það getur orðið mjög dýrkeypt fyrir sveitarfélögin.

Í þriðja lagi, eins og hv. málshefjandi kom hér að, eru tekjustofnarnir milli ríkis og sveitarfélaganna. Þar eru ýmsir hlutir sem hafa verið útgjaldaaukandi fyrir sveitarfélögin eða haft í för með sér minnkandi tekjur, svo sem eins og einstaklingsrekstur sem er breytt í einkahlutafélög, húsaleigubætur, félagslegar íbúðir og mörg önnur atriði, lagalegs eðlis sem bæði hafa verið tekin á þinginu og reglugerðarbreytingar í ráðuneytunum.

Að mínu mati er lykilatriði að ganga frá þessum málum áður en lengra verður haldið varðandi frekari verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Það er lykilatriði að ganga frá þeim atriðum fyrst. Eðlilegar breytingar á kjarasamningum milli ára þola sveitarfélögin. Þetta er atriði númer eitt sem þarf að ganga frá. Hitt geta síðan sveitarfélögin átt við sjálf sig, þ.e. aukið þjónustustig sem kostar líka fjármuni þannig að þetta er þríþætt eins og ég kom að, virðulegi forseti.

[15:44]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Stjórnarmeirihlutinn getur ekki vikið sér undan því að efla núverandi tekjustofna sveitarfélaga til að þau geti með eðlilegum hætti sinnt lögbundnum og nauðsynlegum verkefnum sínum. Kostnaður sveitarfélaganna fer sífellt vaxandi vegna nýrra verkefna og laga sem valda nýjum álögum og vegna þess að ríkið hefur ákveðið að minnka kostnaðarþátttöku sína í sameiginlegum verkefnum. Krafa fólks um þjónustu sveitarfélaga hefur aukist hin síðari ár. Auk þess hafa ný umhverfisviðhorf sjálfkrafa valdið auknum kostnaði, svo sem fráveitumál og friðlýsing landsvæða.

Um 70 sveitarfélög voru rekin með halla á síðasta ári, m.a. af fyrrgreindum ástæðum, og einnig hefur vandi sumra sveitarfélaga vegna annarra þátta vaxið, svo sem vegna aukins kostnaðar við rekstur grunnskólans og í sumum tilfellum vegna stóraukins kostnaðar af húsaleigubótum.

Sveitarfélögin hafa verið að taka á sig aukin verkefni án þess að tekjustofnar hafi fylgt með. Því verður að efla tekjustofna þeirra áður en þau taka við nýjum verkefnum, t.d. er líklegt að öldrunarmál og málefni geðfatlaðra færist í auknum mæli til sveitarfélaganna. Eldri fjárhagsvandi og ný verkefni verða ekki leyst á vegum sveitarfélaganna án nýrra tekjustofna, eins og þessi umræða og margar fyrri umræður um fjárhagsvanda sveitarfélaganna hafa leitt í ljós.

Sveitarfélögin í landinu eru 101 og er stefna stjórnvalda að fækka þeim í liðlega 40. Í þeim tilgangi var sett á fót þverpólitísk sameiningarnefnd sveitarfélaga. Í tillögum sameiningarnefndar er nefnt að öflugri sveitarfélög verði betur í stakk búin til að uppfylla kröfur til sveitarstjórnarstigsins og atvinnulífsins og taka að sér ný verkefni. Það verður aldrei hægt að leysa vanda landsbyggðarinnar með því einu að sameina sveitarfélögin. Ríkisstjórnin verður að viðurkenna vanda sveitarfélaganna í verki en ekki orði.

[15:46]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga eru í uppnámi vegna þess að ríkið kemur fram af fullkominni ósvífni við sveitarfélögin. Ríkið hefur stöðugt og með margvíslegum hætti verið að velta byrðum yfir á sveitarfélögin án nokkurs samráðs við þau og neitar svo að skila til baka þeim mörgu milljörðum sem hirtir hafa verið af sveitarfélögunum. Má ætla að um sé að ræða 2–3 milljarða króna og það sem þyngst vegur eru sívaxandi útgjöld vegna húsaleigubóta sem aukist hafa um þriðjung á tveimur árum og skattalagabreytingin frá 2001 sem fjölgaði einkahlutafélögum verulega.

Þessu til viðbótar er um að ræða verulegar skerðingar á tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem mun skipta hundruðum milljóna kr., þ.e. um 300 millj. á þessu kjörtímabili, bara vegna áformaðra breytinga á sköttum. Þá er ótalið hvernig ríkið veltir útgjöldum yfir á sveitarfélögin en vegna mikilla skerðinga á lífeyrisþegum og atvinnulausum á undanförnum árum hafa þessir hópar þurft að leita til sveitarfélaganna. Hefur fjárhagsaðstoð til þeirra blásið út sem aldrei fyrr af þeim sökum.

Það er líka sannarlega athyglisvert að á síðustu sex árum hefur skattbyrði einstaklinga aukist í tekjuskatti og útsvari um 15% en aðeins 1% af því runnið til sveitarfélaganna, þ.e. 700 millj. á sama tíma og ríkið tók til sín 8 milljarða í auknum sköttum.

Félagsmálaráðherra verður að gera sér grein fyrir að áform hans um sameiningu sveitarfélaga eru í fullkominni hættu vegna þess hvernig ríkið hefur ráðist að tekjum þeirra. Sveitarfélögin telja sig þurfa um 5 milljarða viðbótartekjur til að geta sinnt verkefnum sínum en halli í rekstri sveitarfélaganna var um 3 milljarðar á síðasta ári.

Ríkisvaldið ber fulla ábyrgð á því að mörg sveitarfélög þurfa nú að hækka skatta og gjöld á íbúa sína á sama tíma og ríkið hefur svigrúm til skattalækkana. Þetta er fullkomlega óásættanlegt og á þessu ber hæstv. ráðherra ábyrgð.

[15:48]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Sveitarfélögin á Íslandi hafa margoft rætt um það hve mikilvægt er að efla sveitarstjórnarstigið með því að sameina sveitarfélög. Bæði á 16. og 17. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga var ályktað um þessi mál og þá var rætt um að hin frjálsa aðferð ætti að vera við lýði, þ.e. að sveitarfélögin ættu að sameinast með kosningum en ef árangur næðist ekki ætti að leita annarra leiða. Það verður auðvitað að túlka þetta sem svo að menn vilja reyna hina frjálsu aðferð en takist hún ekki komi til greina að setja lágmarkstölu, hækka hana og setja í lög þannig að sveitarfélögin sameinist þannig.

Hæstv. félagsmálaráðherra hefur unnið í þessum anda og reynt að efla sveitarstjórnarstigið með því að setja á stofn vinnu. Þar eru þrjár nefndir, þ.e. verkefnisstjórn, síðan er það nefnd sem vinnur að sameiningu sveitarfélaga og svo svokölluð tejustofnanefnd. Með því plani sem er búið að setja upp á að fækka sveitarfélögum allverulega eða niður í u.þ.b. 40.

Það er búið að vinna að þessum málum í geysilangan tíma og nú eru komnar góðar tillögur sem á að kjósa um í lok apríl. Það kemur í ljós að um 60 sveitarfélög hafa ekki bolmagn til að sinna sínum lögboðnu verkefnum á sviði fræðslu- og félagsmála án samvinnu við önnur sveitarfélög þannig að það er brýnt að sameina sveitarfélögin. Þannig getum við eflt allar byggðirnar á Íslandi. Þetta er mikið byggðamál.

Við verðum að hafa í huga að verið er að sameina fyrir íbúana en ekki fyrir ríkið, og ríkið hefur ákveðið að leggja fram háar upphæðir, 2,4 milljarða, til að efla sveitarfélögin í því að sameinast. Við þessa vinnu má segja að sum sveitarfélög hafi viljað setja vinnuna í þann farveg að spyrða saman sameiningarkosningarnar og niðurstöðu varðandi núverandi tekjustofna sveitarfélaga. Ég vara mjög við því. Ég tel að það sé svo mikið hagsmunamál að sameina sveitarfélög að sveitarfélögin eigi ekki að stoppa vinnuna af varðandi tekjustofnana. Auðvitað á að skoða þá og kannski er hægt að styrkja jöfnunarsjóð varanlega með upphæð. Það er búið að losa um 600 millj. nú þegar en það á ekki að spyrða þetta algjörlega saman.

[15:50]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Á nýafstöðnu landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var föstudaginn 26. nóvember sl. var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða, með leyfi forseta:

„XVIII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldið 26. nóvember 2004, lýsir fullum stuðningi við störf fulltrúa sambandsins í tekjustofnanefnd og hvetur ríkisvaldið til þess að koma á móts við sjónarmið þeirra í nefndinni.

Landsþingið telur að ekki séu forsendur til þess að færa ný verkefni til sveitarfélaga fyrr en núverandi tekjustofnar þeirra hafa verið styrktir með hliðsjón af þeim lögskyldu og venjubundnu verkefnum sem þeim ber að sinna."

Ég hygg að mörgum hafi þótt þetta vera hógværlega til orða tekið en þó fast og ákveðið, ekki síst í ljósi þess að tekjustofnanefndin hefur nánast verið óstarfhæf nú í meira en hálft ár vegna stífni af hálfu ríkisvaldsins. Það að etja sveitarfélögum áfram í sameiningarviðræður undir því yfirskini að það eigi að ná fram hagræðingu í rekstri og að hægt sé að flytja ný verkefni til þeirra er fullkomin óráðsía gagnvart sveitarfélögunum eins og þau nú standa.

Sveitarfélögunum er mikilvægt nú að beita öllum kröftum sínum til að ná viðunandi niðurstöðu í samningum við ríkisvaldið um réttláta skiptingu tekna og gjalda til þeirra verkefna sem nú eru þegar á borðum og ábyrgð sveitarfélaganna. Þetta samband ríkis og sveitarfélaga þar sem ríkið telur sig geta svelt sveitarfélögin á eigin forsendum, geta skammtað þeim úr hnefa á eigin forsendum, er í hæsta máta óeðlilegt, ósanngjarnt og fullkomlega siðlaust. Þessir aðilar tveir, ríki og sveitarfélög, bera sameiginlega ábyrgð á þeim verkefnum sem við viljum að samfélagið axli og vinni sameiginlega (Forseti hringir.) að og þar á ekki annar að vera húsbóndinn yfir hinum.

[15:52]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Umræða, samráð og samningar um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga hafa verið og verða væntanlega viðvarandi viðfangsefni þessara tveggja stjórnsýslustiga.

Nú um stundir er í gangi átak til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Í því skyni að sem mestur og bestur árangur næðist voru skipaðar þrjár nefndir til að fjalla um það átak, verkefnisstjórn, sameiningarnefnd og tekjustofnanefnd. Samkvæmt viljayfirlýsingu frá 17. september sem undirrituð var af fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra og formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga ber tekjustofnanefnd að fjalla um sveitarfélög og svæði sem standa höllum fæti fjárhagslega. Hún á að skoða ástæður vandans og gera tillögur til úrbóta. Hún mun taka afstöðu til þess hvort rýmka beri núverandi tekjustofna, athuga um nýja tekjustofna, athuga hvort ójafnræði sé á milli sveitarfélaga um tekjuöflun og einnig hvort nýir tekjustofnar til jöfnunarsjóðs, m.a. í tengslum við fækkun undanþágna frá fasteignaskatti, komi til greina.

Bág fjárhagsstaða einstakra sveitarfélaga virðist geta átt sér ýmsar ástæður. Sveiflur í íbúaþróun og breytingar á atvinnulífi ráða miklu en einnig fjárfestingar og almennt hvernig staðið er að rekstri sveitarfélaga. Þess vegna er mikilvægt að tekjustofnanefnd nái að gera sér grein fyrir rótum vandans og móti tillögur sínar samkvæmt því.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur mikið hlutverk varðandi fjármál sveitarfélaga og nú hefur verið ákveðið, samkvæmt þeim tillögum sem samþykktar hafa verið hér á Alþingi við fjáraukalögin, að bæta í sjóðinn 400 millj. kr. Á undanförnum árum hefur verið bætt í sjóðinn án lögskyldu 2,1 milljarði og stefnt er að því að leggja í hann allt að 2,4 milljörðum (Forseti hringir.) til þess að jafna stöðu sveitarfélaganna nú í þessu sameiningarátaki.

[15:55]

Steinunn K. Pétursdóttir:

Virðulegur forseti. Líklega hefur flest það sem ég hafði hugsað mér að minnast á í þessari umræðu í dag komið fram en við vitum það öll, og sennilega hæstv. forseti manna best, að sjaldan er góð vísa of oft kveðin.

Það er fullljóst að efla þarf núverandi tekjustofna sveitarfélaganna til muna eða hugsanlega fjölga þeim til að þau geti sinnt þeim verkefnum sem þeim er ætlað samkvæmt lögum. Komið hefur fram í þessari umræðu að stór hluti sveitarfélaga er rekinn með halla af ýmsum ástæðum og sýnt þykir að rekstrarvandi þeirra muni ekki leysast nema með aðkomu ríkisvaldsins. Líklegt er að félagsmál margs konar muni í auknum mæli færast inn á borð sveitarfélaganna þó að ljóst sé að þau geti alls ekki tekið við nýjum verkefnum nema tekjustofnar þeirra verði efldir.

Líklega vegur þyngst rekstur grunnskólanna en við þeim rekstri *tóku sveitarfélögin af ríkinu án þess að tryggt væri* að tekjustofnar sem ætlaðir voru til verksins væru nægjanlegir.

Áætluð er fækkun sveitarfélaga úr rétt um 100 í liðlega 40, eins og komið hefur fram. Almennt eru íbúar landsbyggðarinnar jákvæðir gagnvart sameiningum en á hinn bóginn er lítill sem enginn áhugi á að taka við auknum *verkefnum fyrr en núverandi tekjuskipting hefur verið leið*rétt. Það er fullljóst að bregðast þarf við þeim mikla vanda sem blasir við fyrr en síðar og tvímælalaust þarf að aðstoða verst settu sveitarfélögin sem fyrst, og það áður en rætt er um frekari sameiningar.

Lausn fjárhagsvandans felst ekki í því að sameina. Lausnin felst í styrkingu þeirra tekjustofna sem sveitarfélögin hafa nú þegar og þar undan getur ríkisstjórnin ekki skotið sér.

[15:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Í ljósi nýgerðra kjarasamninga og þess aukna vanda sem kostnaður vegna þeirra skapar sveitarfélögunum vil ég rifja upp að hæstv. félagsmálaráðherra hefur ítrekað látið að því liggja að vanda sveitarfélaganna megi að hluta til rekja til þess að þau hafi ekki nýtt sér tekjustofnana sína.

Í svari við fyrirspurn minni sem hæstv. ráðherra svaraði fyrir tveimur vikum eða svo afsannast þessi kenning alveg. Þar sést að 1.100 millj. vantar upp á að útsvarið sé fullnýtt á árinu 2003 en af þeirri upphæð eiga einungis fimm sveitarfélög, þ.e. Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær og Reykjanes, rúman milljarð, 100 millj. eru eftir í svigrúm handa hinum sveitarfélögunum. Þetta er gjörnýting og sýnir að vandinn er almennur hjá sveitarfélögunum hvað varðar tekjustofnana.

Fasteignagjöldin eru miklu erfiðari til að nýta. Samt er það svo að af þeim 3,6 milljörðum sem upp á vantar að sveitarfélögin nýti sér fasteignagjöldin að fullu eiga sömu áðurtalin sveitarfélög að við bættum Hafnarfirði 2,6 milljarða. Það er því ekki lítil ósvífni og haldlaus rök í málinu að *benda sveitarstjórnunum á það með almennum hætti*, eins og hæstv. ráðherra hefur margítrekað gert, að hækka gjöldin. Það er létt í vasa fyrir fólkið í Snæfellsbæ, svo að maður taki dæmi, að benda því á að menn geti hækkað gjöldin á Seltjarnarnesi.

Það er fullkomið ábyrgðarleysi af hálfu stjórnvalda að útdeila skattbreytingum upp á 22 milljarða án þess að jafna tekjunum um leið á milli ríkisins og sveitarfélaganna. Nú er staðan sú að svigrúmið til skattbreytinga hefur verið nýtt að fullu, a.m.k. ef matarskatturinn kemur til viðbótar.

Hæstv. félagsmálaráðherra hefur núna talað. (Forseti hringir.) Skilaboðin eru þessi: Það á ekki að auka við tekjustofna sveitarfélaganna.

[15:59]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Við skulum ekki loka augunum fyrir því að það er fjárhagsvandi hjá mörgum sveitarfélögum og þá sérstaklega á landsbyggðinni. Því hljótum við að fagna þeirri viljayfirlýsingu sem samþykkt var þann 17. septem*ber sl. af hæstv. fjármálaráðherra, hæstv. félagsmálaráð*herra og formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem segir að verkefni tekjustofnanefndar séu þau að hún skuli skoða sérstaklega þau sveitarfélög og þau svæði sem standa höllum fæti fjárhagslega, meta ástæður fyrir þeim vanda og gera tillögur sem leitt geti til úrbóta. Jafnframt eru aðilar samkomulagsins sammála um að þeirri vinnu verði *hraðað eins og kostur er*.

Við horfum á mörg sveitarfélög sem glíma við mjög erfiða fjárhagsstöðu. Við getum tekið sem dæmi byggðir við utanverðan Eyjafjörð, Siglufjörð, Ólafsfjörð og Dalvík. Á Ólafsfirði verður ekki farið í neinar opinberar framkvæmdir á vegum bæjarfélagsins á næsta fjárhagsári. Það er alveg ljóst að við svo búið getum við ekki unað, við þurfum að styrkja sveitarfélögin í landinu og því fagna ég viljayfirlýsingunni sem ég vitnaði áðan til.

Hins vegar vil ég nefna það hér að ég tel að aldrei muni ríkja fullt traust milli ríkis og sveitarfélaga á meðan sveitarfélögin hafa ekki aðkomu að lagafrumvörpum er varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Staðið hefur yfir reynsluverkefni milli ríkisins og sveitarfélaganna hvað þetta varðar, annars vegar sem snertir félagsmálaráðuneytið og hefur gengið mjög vel og hins vegar umhverfisráðuneytið.

Hæstv. forseti. Það ber að efla sveitarstjórnarstigið í landinu og ég lýsi fullum stuðningi við hæstv. félagsmálaráðherra í þeim efnum. Sterk sveitarfélög standa vörð um sterka byggð og því er hér um mjög mikilvægt mál að ræða. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja máls á þessum brýna vanda. Sterk sveitarfélög móta sterka byggð og hér er um mjög mikið byggðamál að ræða sem brýnt er að ræða í sölum Alþingis.

[16:01]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður sagði að sterk sveitarfélög væru undirstaða sterkrar byggðar. Til að sveitarfélögin séu sterk teljum við að það þurfi að stækka þau til þess að hægt sé að flytja frekari verkefni til þeirra. Um *þetta held ég að flestir þingmenn í þessum sölum séu sam*mála. Hæstv. ráðherra er sammála því líka.

Ég heyri hins vegar á þeim sveitarstjórnarmönnum sem

ég hef rætt við að þeir eru orðnir svo úrkula vonar um að það sé hægt að fá skilning hjá framkvæmdarvaldinu fyrir því að verkefnaflutningnum þurfi að fylgja skynsamleg ráðstöfun fjár að þeir eru eiginlega búnir að fá upp í kok. Þeir eru ekki reiðubúnir í sama mæli og áður að ræða stækkun sveitarfélaga og þar með þennan flutning sem við teljum svo mikilvægan.

Mér fannst sem hæstv. ráðherra kæmi hérna með sitt gamalkunna plástrabox sem við erum farin að kannast við í þinginu. Hæstv. ráðherra ætlar að setja einn plástur upp á 100 millj. þarna, annan upp á 200 millj. þarna og þann þriðja upp á 300 millj. þarna. Samtals, þegar hann telur alla plástrana saman, er hann með í boxinu 600 millj. en það er ekki nóg. Það hrekkur fjarri því nógu langt til þess að það sé hægt að ná markmiði hæstv. ráðherrans.

Markmiðin voru hins vegar tvíþætt og ég fagna þeim. Markmiðið sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra var í fyrsta lagi að ljúka vinnu í tekjustofnanefndinni og hún átti m.a. að ræða bætur til sveitarfélaganna vegna skattkerfisbreytinganna sem hinn ungi varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga talaði um hér fyrir nokkrum missirum, út af húsaleigubótum og út af ýmsu öðru. Síðan sagði ráðherra: Það er ekki hægt að ræða um varanlega breytingu á skiptingu tekna milli sveitarfélaga og ríkisvalds fyrr en það starf er frá.

Þá verð ég að spyrja hæstv. ráðherra: Er hann að opna á það hér að þegar tekjustofnanefndin hefur lokið sínu verki verði farið í að ræða varanlega breytingu á tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga?

[16:03]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þakka þessa umræðu. Hún er af sama toga og þrjár eða fjórar fyrri umræður á þessu haustþingi.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefnir hér þær tölur er ég nefndi í fyrri ræðu minni. Ég verð nú að fara fram á það við þingmanninn að hann taki sig á í hugarreikningnum því að 600 millj. eru eingöngu vegna þeirra aðgerða sem ákveðnar hafa verið á þessu ári og nýtast sveitarfélögunum á hverju ári héðan í frá. Þar að auki er talað um árlegt framlag í jöfnunarsjóð undanfarin ár og á þessu ári og auknar heimildir sveitarfélaganna á undanförnum árum til innheimtu útsvars þannig að milljarðarnir sem þetta telur á hverju ári, hv. þingmaður, eru ansi margir, á föstu verðlagi ársins í fyrra 21 milljarður frá árinu 1999.

Menn verða hins vegar að hafa það í huga að að störfum eru tekjustofnanefnd og eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga sem fara yfir tekjugrundvöll sveitarfélaganna, einkum þeirra sem höllum fæti standa fjárhagslega. Og það er rétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson benti hér á, þessi vandi er misjafn. Hann kemur misjafnlega niður á sveitarfélögunum og það er nákvæmlega þess vegna sem mjög rík ástæða er til þess, hæstv. forseti, að fara nákvæmlega ofan í það hvaða sveitarfélög standa höllum fæti, hvers vegna og hvernig hægt sé að bregðast við þeim vanda. Það er um það sem það verkefni snýst sem við nú vinnum, ríkisvaldið með sveitarfélögunum, það er um það sem vinna tekjustofnanefndarinnar snýst og um það eru ríki og sveitarfélög sammála.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Stjfrv., 375. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 460.

[16:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Eins og rakið er í greinargerð með frumvarpi þessu er með því kveðið á um hækkun margvíslegra gjalda í lögum um aukatekjur ríkissjóðs sem flest hver hafa haldist óbreytt að krónutölu frá árinu 1997 eða jafnvel lengur. Lagt er til að gjöldin hækki að jafnaði um 10%, þó þannig að fjárhæðir gjalda standi eftir atvikum á heilu eða hálfu hundraði.

Þessi hækkun er í takt við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár og er talin skila um 200 millj. kr. á ársgrundvelli í ríkissjóð. Til samanburðar má nefna að vísitala neysluverðs hefur hækkað um tæplega 34% frá árinu 1997 til áætlaðs meðalverðlags á mælikvarða neysluvísitölu fyrir árið 2005.

Jafnframt er í frumvarpi þessu kveðið á um eftirfarandi fjögur atriði sem ég vil nefna:

Í fyrsta lagi er lagt til að breytt verði ákvæðum um gjaldtöku vegna vegabréfsáritana til samræmis við skuldbindingar Íslands á grundvelli Schengen-samstarfsins. Eru þær skuldbindingar þess efnis að við allar útgáfur vegabréfsáritana skuli taka sama gjald á svæðinu öllu. Er gjaldið 35 evrur sem samsvarar u.þ.b. 3 þús. kr.

Í öðru lagi er lagt til að fyrir leyfi til niðurjöfnunar sjótjóns beri að greiða 5 þús. kr. eins og fyrir önnur atvinnuréttindi og tengd réttindi. Sú stétt manna sem annast niðurjöfnun sjótjóna hér á landi er fámenn og í hópinn bætist einn nýr á 10–15 ára fresti. Störfin eru hins vegar mikilvæg og krefjast sérnáms og sérþekkingar. Eðlilegt þykir því að slíkir menn hljóti löggildingu til starfans enda er kveðið á um löggildingu þeirra í lögum nr. 74/1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns.

Í þriðja lagi er lagt til að gjald fyrir skráningu erlendra félaga verði hækkað til samræmis við gjald fyrir skráningu hlutafélaga og samvinnufélaga. Gjaldið fyrir skráningu erlendra félaga er í dag 50 þús. kr. en verður 165 þús. eftir þessa breytingu. Rökin fyrir þessari samræmingu eru þau að sérstök vinna hlýst af skráningu erlendra félaga eins og t.d. Evrópufélaga (evrópskra hlutafélaga) og er hún ekki minni en við skráningu innlendra hlutafélaga. Er því lögð til samræming að þessu leyti til.

Í fjórða lagi er lagt til að hjá Umferðarstofu verði 1.500 kr. gjald lagt á númeraplötur á bifreiðar. Hér er eingöngu um breytt fyrirkomulag að ræða og verður kostnaðarverð númeraplatna óbreytt hjá Umferðarstofu og þar með einnig söluverð til bifreiðaeigenda við skráningu.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frumvarpi þessu verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[16:08]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frumvarp sem hæstv. fjármálaráðherra mælir fyrir er önnur hlið af skattheimtunni, það er verið að færa í notendagjöld ákveðna tekjustofna á vegum ríkisins. Hluti af þessu verður að því sem við köllum eftirlitsiðnaðinn eða þær álögur sem lagðar eru á bæði einstaklinga og atvinnurekstur með öðrum hætti en beinum skattgreiðslum.

Það sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra út í er að ég átta mig ekki alveg á þessum tengslum gerðar númeraplatna og Fangelsismálastofnunar.

Um 14. grein stendur hér, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hafa tekjur af framleiðslu og sölu númeraplatna á bifreiðar fjármagnað hluta af rekstrarkostnaði Fangelsismálastofnunar. Tekjurnar ráðast fyrst og fremst af fjölda nýskráninga á ári hverju og hafa því sveiflast töluvert milli ára í takt við bifreiðainnflutning. Fyrirkomulag þessarar tekjuöflunar hefur þannig valdið töluverðum sveiflum í afkomu Fangelsismálastofnunar ..." og það held ég að öllum sé skiljanlegt. Hvernig tengist þetta? Voru það fangar sem unnu við þessar númeraplötur eða með hvaða hætti tengdist þessi númeraplatnagerð Fangelsismálastofnun í fyrsta lagi, og í öðru lagi: Er hér verið að færa aukin gjöld yfir á bifreiðaeigendur? Er verið að hækka það gjald sem bifreiðaeigendur þurfa að greiða fyrir númeraplöturnar með þessum lagabreytingum?

[16:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er ekki um það að ræða að aukin gjöld séu lögð á þessa vöru, númeraplöturnar. Eins og þingmaðurinn gat um á þetta mál sér nokkra sögu. Þegar breytt var um *númerakerfi hér á bifreiðum, sem mun hafa verið frá og* með ársbyrjun 1989 ef ég man rétt, var jafnframt farið inn á þær brautir að framleiða númerin austur á Litla-Hrauni undir handarjaðri fangelsisyfirvalda. Þar með sköpuðust Fangelsismálastofnun ákveðnar sértekjur og fangarnir fengu störf sem að mörgu leyti hentuðu ágætlega á þeim vettvangi. Hins vegar, eins og fram kemur í greinargerðinni, eru sveiflur í fjölda þeirra platna sem seljast á ári hverju og ræður innflutningur bifreiða þar mestu um. Hér er verið að fara út í tiltekna millifærslu í samræmi við það sem áður hefur verið lagt til í fjárlagafrumnvarpi þar sem gert er ráð fyrir að sértekjur Fangelsismálastofnunar lækki um 60 millj. og stofnunin fái þá í staðinn fjárveitingu sem því nemur með beinum hætti. Svo er tilfærsla innan Umferðarstofu sem gerir það að verkum að hið nýja gjald á númeraplöturnar sem rennur þá í ríkissjóð mætir fjárveitingunni sem ég gat um.

Þannig er þessari fléttu lokað og málið vonandi upplýst en hér er ekki um að ræða aukna tekjuöflun, eins og þó var að öðru leyti um að ræða í þessu frumvarpi. Þar er um það að ræða að hækka þessi gjöld almennt um 10 af hundraði.

[16:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingarnar. Eins og ráðherrann rakti hér á þetta sér svolítið sérstæða sögu.

Ég minnist þess að hafa heyrt að því hafi verið fagnað að þetta viðfangsefni sem slíkt hefði verið vistað á Litla-Hrauni og að fangarnir hefðu haft verkefni vinna. Ég vil þá bara inna hæstv. fjármálaráðherra eftir því hvernig þessari verkefnavinnu sé nú háttað. Kannski veit ráðherrann það ekki vegna þess að þetta er sjálfsagt á forsjá fangelsismálaráðherrans, en hvernig er þessari vinnu háttað nú? Ég held að það sé gríðarlegt hagsmunamál í sjálfu sér að verkefni séu unnin hjá Fangelsismálastofnun sem fangar geta haft bæði verklegan og fjárhagslegan ávinning af að vinna. Mér þætti mjög slæmt ef þessi breyting sem hér er verið að gera yrði til þess að þau verkefni yrðu tekin af vistmönnum í fangelsum. Ég held að það væri nær að byggja þar upp aukin verkefni í sjálfu sér.

Til að við ljúkum þessari sögu, herra forseti, með hæstv. fjármálaráðherra: Hvernig er þessari vinnu háttað nú og hvernig er nú almennt vinnu háttað hjá föngum, hvort sem er á Litla-Hrauni eða annars staðar?

[16:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss um að ég sé rétti maðurinn til að svara síðari hluta spurningar þingmannsins um almenn störf þeirra sem lúta frelsissviptingu. En hvað númeraplöturnar varðar verður það óbreytt, sú framleiðsla verður áfram á Litla-Hrauni. Það sem breytist er verðlagningin á plötunum frá Fangelsismálastofnun til Umferðarstofu. Hugmyndin er sú að í stað þess að framleiða þessar plötur og selja þær með álagningu verði þær seldar eingöngu á kostnaðarverði en stofnunin sem hafi notið þessara sértekna fái beint framlag úr ríkissjóði sem nemur þeirri tekjuminnkun sem þar er um að tefla. Á móti er síðan lagt þetta gjald á númeraplöturnar hjá Umferðarstofu og það rennur í ríkissjóð. Þar með er hringnum lokað.

Ávinningurinn er sá að Fangelsismálastofnun býr þá ekki lengur við sveiflukenndar tekjur sem ráðast af því hversu margir bílar eru fluttir inn í landið. Það held ég að sé eðlileg breyting vegna þess að starfsemi Fangelsismálastofnunar er allt annars eðlis en svo að tekjur stofnunarinnar eigi að sveiflast til og frá með einhverri slíkri utanaðkomandi stærð.

[16:16]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að leggja nokkur orð í belg í umræðu um aukatekjur ríkissjóðs, en það er eitt þriggja frumvarpa sem verða væntanlega rædd í dag, er varða það að auka tekjur ríkisins.

Það er vissulega athyglisvert að við skulum ræða í dag frumvörp sem kalla til baka nokkur hundruð milljónir af skattalækkununum sem voru boðaðar í síðustu viku, og ef mér skjöplast ekki þá er ekki ólíklegt að í dag munum við fjalla um frumvörp sem gera ráð fyrir allt að 700 millj. kr. tekjuauka til ríkisins.

Það sem liggur fyrir í þessu frumvarpi, og stingur aðeins í stúf, og kemur fram í greinargerð með því, er röksemdafærslan fyrir hækkuninni sem mér finnst vert að við tökum

aðeins til umfjöllunar. Hún er sú að ástæða sé til að hækka þessi gjöld fyrst og fremst af því að þau hafi ekki hækkað í langan tíma, þ.e. að flest þeirra hafi ekki hækkað frá 1997, þótt einhver þeirra hafi hækkað frá þeim tíma.

En spurningin sem mig langar að varpa fram í umræðuna er hvort sjálfkrafa þurfi að hækka öll gjöld hafi þau ekki hækkað í einhvern tíma, þ.e. hvort fjárþörf ríkisins sé þannig háttað að skylt sé að hækka alla tekjustofna sem hægt sé að hækka hafi þeir ekki hækkað í einhvern tíma.

Það er ekki að ástæðulausu, virðulegi forseti, að ég velti þessari spurningu upp en kannski ekki síst vegna þess að þegar maður ber saman fjárlagafrumvörpin, þ.e. það sem nú er til afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi og var lagt fram 1. október, og fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2004, þá sjáum við tekjuaukningu í þeim upp á ein 7%, þ.e. milli ára. Tekjuaukningin er upp á 7% sem er í raun 2% umfram það sem gert er ráð fyrir í öllum hagvaxtarspám. Þetta þýðir með öðrum orðum, virðulegi forseti, að ríkið tekur nú stærri hluta landsframleiðslunnar til sín en það hefur nokkurn tíma gert áður. Það er því ekki að ástæðulausu að menn spyrji hæstv. fjármálaráðherra hvort það sé full ástæða til að hækka sjálfkrafa alla tekjustofna einvörðungu vegna þess að þeir hafi ekki verið hækkaðir fyrr. Þetta er spurning sem mér finnst vera ástæða til að ræða hér á hinu háa Alþingi af því að röksemdafærslan fyrir hækkuninni er engin önnur en að þetta hafi ekki hækkað þennan tíma.

Síðan er hægt að velta fyrir sér hvað er verið að hækka og það er ýmislegt, t.d. má nefna dómsmálagjöld. Þau gjöld falla á endanum, oftar en ekki, á þá sem eru verst settir, þ.e. á þá sem ekki geta greitt skuldir sínar og er af þeim sökum stefnt fyrir dómstóla, það eru væntanlega þeir sem þurfa að blæða fyrir þessar hækkanir.

Þess vegna vil ég mótmæla þessari framsetningu, að það eitt skuli réttlæta hækkun að hún hafi ekki orðið í langan tíma, og eins og ég nefndi áðan þegar hæstv. fjármálaráðherra þurfti að bregða sér frá, sérstaklega í ljósi þess að ríkisvaldið er nú að hækka tekjur sínar milli þessara tveggja ára í fjárlagafrumvörpum — því að menn eru hálfsmeykir við að bera annað saman — að í fjárlagafrumvörpum fyrir árið 2004 og 2005 hækka tekjurnar um u.þ.b. 7% sem er verulega umfram hagvöxtinn, sem segir að ríkið tekur nú meira til sín en nokkru sinni. Þess vegna finnst mér, virðulegi forseti, þessi röksemdafærsla ekki ganga upp.

Ég sit í þeirri nefnd sem mun fá málið til umfjöllunar og þá munum við fara mjög vandlega yfir það sem er hér á ferðinni, en maður getur ekki látið hjá líða að vekja athygli á því að bara á þessum degi er hugmyndin sú að tala fyrir auknum tekjum í ríkissjóð upp á — ja ekki fjarri því að dagurinn gæti endað í allt að 700 milljónum eða svo. Þetta er nokkuð annað en ýmsir þingmenn töluðu um í síðustu viku og fögnuðu ógurlega yfir væntanlegum skattalækkunum, en ræddu lítið, hvorki hvað ríkið væri farið að taka miklu meira til sín, né að á leiðinni væru frumvörp sem gerðu fjárhæðirnar sem þá var talað um heldur lægri en þá var um rætt.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu en mun fara vel yfir frumvarpið þegar það kemur til nefndarinnar og þá munum við fara nánar í einstaka liði þess. En ég ítreka það að mér finnst röksemdafærslan sem hér er notuð fyrir þessum hækkunum ekki halda, hvorki vindi né vatni.

[16:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af vangaveltum hv. þingmanns, þá er það auðvitað matsatriði hverju sinni hvenær á að hækka tekjustofna og hversu mikið og hvað á að ganga langt í tekjuöflun á grundvelli tiltekinna tekjustofna. Lögin um aukatekjur ríkissjóðs, sem áður voru bara í reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs og hækkuð samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra, yfirleitt milli jóla og nýárs ár hvert, þau eru ekki hreyfð neitt sérstaklega reglulega og það hefur ekki verið hróflað við flestum ákvæðum þeirra í nokkuð mörg ár, þ.e. frá 1997, áður en núverandi fjármálaráðherra tók við starfi.

Hitt er annað mál að ég tel ekkert athugavert við að breyta upphæðum eins og þeim sem hérna er um að tefla annað slagið eitthvað í takt við verðlagsþróunina, þó það sé miklu minna núna, vegna þess að við eigum að taka sjálf ákvarðanir hér á Alþingi, þingmenn, um það hversu há gjöldin eigi að vera en ekki láta tilviljanakenndar breytingar í verðlagi ráða hvernig það gerist.

Það er auðvitað þannig að við þurfum að afla ríkissjóði tekna, þó að vissulega sé svigrúm til skattalækkana þá þurfum við að halda áfram að afla ríkinu tekna og það er rétt að meiningin er að taka fyrir nokkur þingmál um það efni í dag. En það er allt í samræmi við forsendur sem hafa legið fyrir frá því 1. október um tekjuáætlun fjárlaga. Sama er að segja um þetta mál, það hefur legið fyrir síðan í haust að það er eðlilegt að afla 200 millj. kr. með breytingum varðandi aukatekjur ríkissjóðs.

[16:24]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hæstv. fjármálaráðherra þegar hann segir að það sé vissulega matsatriði hvenær á að hækka gjöld og hvenær ekki. Það mat verður væntanlega að byggja á fjárþörf ríkisins og þeim verkefnum sem ríkið er að sinna.

Að sama skapi verða menn einnig að ræða það á hverja þau gjöld eigi að falla, og á hverja ekki. Þar hafa menn mismunandi sjónarmið uppi og skiptast jafnvel í stjórnmálaflokka á grunni þeirra.

En það sem ég var að gagnrýna er að í raun og veru er enginn rökstuðningur fyrir því hvers vegna nákvæmlega þessi gjöld eru hækkuð en ekki önnur. Það er erfitt að takast á í rökrænum umræðum um slíkt þar sem einungis segir að þau hafi ekki hækkað lengi.

Ég var að vekja athygli á að útgangspunkturinn í þessu hlýtur að vera hver fjárþörf ríkisins er, hvaða verkefni ríkið ætlar að ráðast í og hvers vegna þarf að fara í þessar hækkanir. Þetta hljóta að vera grundvallaratriði í þessu og þá vakna einnig spurningar: Af hverju þarf að leggja þessi gjöld á þá sem síst skyldi eins og hér er ætlunin að hækka dómsmálagjöld sem leggjast fyrst og fremst á þá sem ekki geta staðið undir skuldbindingum sínum?

Það er þetta sem ég vildi vekja athygli á og um leið taka undir að vissulega er gott að ákvarðanatakan um þessi gjöld

sé hér á hinu háa Alþingi. En það er mjög mikilvægt að þegar hæstv. ríkisstjórn kemur inn með hugmyndir og tillögur af þessum toga þá séu þær vandlega rökstuddar, ekki einungis vísað til þess að tekjuáætlun geri ráð fyrir einhverju heldur greint hvers vegna þetta er gert og hvaða kostnaður fellur til sem þeim er ætlað að standa undir.

[16:26]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frumvarp frá hæstv. fjármálaráðherra um endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs, þ.e. breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Það er í sjálfu sér skondið eða svolítið kátbroslegt að hér er rætt um hækkun á sköttum, það er verið að leggja til að ýmis gjöld sem lögð eru á einstaklinga sem stunda ákveðna starfsemi og fyrirtæki þeirra verði hækkuð, en á hinn bóginn erum við með frumvarp í þinginu sem felur í sér að lækka skatta og skerða tekjur ríkissjóðs. Maður sér að það er greinilega ekki mikið samhengi í hlutunum nema helst í stefnu ríkisstjórnarinnar um að auka gjöld og álögur á notendur hinnar ýmsu þjónustu og rétthafa til þess að mega stunda ákveðin störf. Sú stefna kemur jafnt niður á þeim sem hafa miklar tekjur og breið bök og á hinum sem hafa minni ráðstöfunartekjur.

Þetta er sem sagt hluti af eftirlitsiðnaðinum sem hefur byggst hvað hraðast upp á síðustu árum og missirum, að fyrst eru settar kvaðir á um að það verði að fá leyfi fyrir öllu mögulegu, gott og vel, en síðan er ekki skilgreint hvaða þjónusta eða ábyrgð á að felast í viðkomandi leyfi eða viðkomandi gjaldi. Þá kemur eftirlitið til að fylgjast með því að viðkomandi starfi eins og hann hefur verið að borga fyrir í leyfisgjaldi.

Samtök atvinnulífsins hafa gagnrýnt þessa stefnu ríkisvaldsins undanfarið, að færa stöðugt aukna gjaldtöku yfir á einstaklinga og atvinnulíf án þess að skilgreind þjónusta eða ábyrgð fylgi. Síðan er nokkurs konar sjálftökuréttur að senda eftirlitsmennina á eftir til að fylgjast með að staðið sé rétt að öllu og kostnaðurinn sem viðkomandi fyrirtæki þurfa að bera af eftirlitinu stendur fyrir utan þann kostnað. Þar sem megnið af þeim aðilum sem gefa út leyfin og hafa rétt til þess að sinna eftirlitinu eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu þýðir það að eftirlitsmaðurinn fer héðan vestur á firði eða norður í land og viðkomandi fyrirtæki verður að borga kostnaðinn, ferðir, dvalarkostnað og annað þvíumlíkt sem er stöðugt meira íþyngjandi.

Lítum aðeins á þau atriði sem talað hefur verið um í frumvarpinu. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur gert hækkun á dómsmálagjöldum að umtalsefni, gjöld sem leggjast yfirleitt jafnt á alla þolendur án þess að skilgreint sé hvaða þjónusta er að baki gjöldunum. Þetta er því bein skattheimta sem verið er að framkvæma þar. Sem dæmi er verið að hækka kröfur á opinberum skiptum á dánarbúum, fyrir kröfu um opinber skipti til fjárslita milli hjóna og fyrir opinber skipti til slita á félagi. Það eru líka ýmis önnur gjöld hér, eins og leyfi til sjúkraliða, matartækna, lyfjatækna, fótaaðgerðafræðinga, leyfi til hnykkja o.s.frv. Verið er að hækka leyfisgjöldin, sem er einfaldlega skattur á viðkomandi einstaklinga sem sinna þessum störfum.

Tökum t.d. leyfi til viðskiptafræðinga, leyfi til fasteigna- og skipasala, leyfi til leigubifreiðaaksturs. Hérna er beinlínis verið að hækka leyfisgjöldin. Hverjir eiga svo að bera leyfisgjöldin? Verða það ekki neytendur þessarar þjónustu? Verið er að varpa kostnaðinum með því að hækka gjöldin á almenna notendur sem þiggja þjónustuna.

Verið er að herða skattstefnu ríkisstjórnarinnar með því að láta einstaklinga borga í formi þjónustugjalda. Hér stendur t.d. að verið sé að hækka, með leyfi forseta: „Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað, leyfi fyrir næturklúbb," — gott og vel — „kaffihús, dansstað og krá." Einnig er verið að hækka leyfi fyrir gistiheimili, veitingastofuleyfi, greiðasöluleyfi, leyfi til að selja gistingu á einkaheimilum, gistiskálaleyfi, veisluþjónustuleyfi, veitingaverslunarleyfi og gjald fyrir endurnýjun á leyfi.

Verið er að hækka leyfisgjöldin án þess að nokkuð fylgi með hvað sé fólgið í þjónustunni. Hvað ætlar ríkið að gera í staðinn annað en að innheimta leyfin? Síðan er sendur her af aðilum til þess að fylgjast með og annast eftirlitið á stöðunum. Þar kemur gríðarlegur kostnaður viðkomandi aðila. Ef það stæði í leyfisveitingunum að innifalið væri ein heimsókn á ári eða tveggja ára fresti til að taka út kostnað vegna heimsóknarinnar, þ.e. laun, ferðakostnaður og dvalarkostnaður þess sem færi í úttektina væri þó eitthvað inni. Það er ekkert slíkt þannig að sá kostnaður fellur allur á viðkomandi. Mér finnst alveg ótækt að setja á gjöld og hækkun á gjöldum án þess að menn skilgreini jafnframt hvað þau eigi að innibera.

Við heyrum sögur af bátaflotanum. (**HBl:** Og leyfi til rekstrar á skotvopnaverksmiðju, 3 þús. kr.) Já, jafnmikið og að fá kindabyssuleyfi. Leyfið til að reka skotvopnaverksmiðju er jafnhátt og leyfið til að bera kindabyssu. Sjáið þið samhengið í þessu. Ég held að hæstv. fjármálaráðherra ætti að endurskoða þetta rugl, alla vega samhengi hlutanna í þessu.

Hér er t.d. eitt sem gæti verið mjög athyglisvert fyrir hæstv. utanríkisráðherra: Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar kostar bara 6 þús. kr., en almennt skotvopnaleyfi 3 þús. kr. Samhengi hlutanna er því, eins og hv. 2. þm. Norðaust. benti á, býsna skondið.

Hins vegar er komið hérna brennuleyfi á 5 þús. kr. Hvað á að brenna? Ég veit ekki hvort menn séu að fara aftur á brennuöldina, en brennuleyfi kostar 5 þús. kr. Það kemur ekkert fram hvað er innifalið í brennuleyfinu, hvort því fylgir eftirlit, trygging eða hvað. (Gripið fram í.)

Frú forseti. Mér finnst farið mjög mikið aftan að hlutunum í skattheimtunni. Menn gefa bara út lista, taka gjald fyrir þetta, taka leyfisgjald fyrir hitt og þetta án þess að það sé nokkuð skýrt hvað sé innifalið.

Samtök atvinnulífsins hafa einmitt í tillögum sínum bent á að þetta sé orðið verulega hamlandi fyrir frumkvöðulsstarf í atvinnulífinu, að fyrst þurfi menn að borga hátt leyfisgjald áður en þeir geta farið í gang með lítinn rekstur. Síðan kemur allur eftirlitsiðnaðurinn í halarófu á eftir. Beinn kostnaður af eftirlitsiðnaðinum er á milli 7 og 8 milljarðar kr. sem menn greiða að hluta til til ríkisins og að hluta til til eftirlitsstofnana. Væri ekki rétt að skilgreina einhverja ákveðna þjónustu í gjaldinu þannig að þegar menn greiddu veitingahúsaleyfi þyrfti viðkomandi ekki að kaupa þá þjónustu? Það munar um að borga 20 þús. kr. fyrir leyfi og til

viðbótar allt eftirlitið í litlum veitingahúsarekstri eða gistihúsarekstri úti um land og borga svo ferðakostnað og uppihaldskostnað þeirra sem koma og líta eftir. Það ættu að vera lágmark ein til tvær heimsóknir innifaldar í gjaldinu.

Frú forseti. Ég gat ekki orða bundist því það er ekkert samræmi í þeim gjaldtökum sem hér eru á ferðinni, hvorki áhættur eða skyldur ríkisins. Maður skyldi ætla að einhver grundvöllur væri á bak við gjaldheimtuna, umfang reksturs ins og ábyrgð gagnvart samfélaginu og þá ábyrgð sem ríkisvaldið tekur á sig með því að veita leyfið. En eins og þetta birtist hér er þetta púra skattheimta og ávísun fyrir eftirlitsiðnaðinn til þess að raka saman fé á bæði stórum og smáum á meðan ríkisvaldið situr eins og lítill púki í horninu og rakar að sér leyfisgjöldum.

[16:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp um ýmsar gjaldtökur ríkisins. Það er ýmislegt sem vekur furðu þegar maður flettir því, t.d. er á bls. 16 talað um gjöld vegna sérstakrar þjónustu starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Þar í 5. lið er talað um millifærslu fjármuna til og frá útlöndum. Þar er gjaldtaka fyrir millifærslu fyrir allt að 50.000, 3.000, fyrir millifærslu á bilinu 50.000 til 200.000, 7.500 kr. og fyrir millifærslu yfir 200.000 skal greiða 3,75% af millifærðri fjárhæð. Ég bið hæstv. fjármálaráðherra um skýringu á þessum lið og hvort ekki sé fullt tilefni til að endurskoða ýmislegt þar. Ég get tekið undir það sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði áðan, að ástæða væri til að fara yfir allar gjaldtökurnar í rólegheitum og skoða þær.

Ég vil líka gjarnan benda á að við framsetningu málsins hefði verið eðlilegt að nefna í greinunum strax í upphafi, með einu orði, hvaða gjöld væri átt við í hverjum lið en það kemur svo sem fram í skýringunum á eftir. Almennt eru stóru línurnar í þessu þær að ríkið er að taka inn 200 millj. kr. í auknum tekjum og er liður í gjaldtökum ríkisins, eins og fram hefur komið.

Ef við ræðum þetta í samhengi við það sem við ræddum í fyrra við afgreiðslu fjárlaganna og ég minnist þess hvaða orð ég hafði um það í þessum ræðustól þegar við lögðum upp með það í fjárlagafrumvarpinu á síðasta ári, fyrir árið 2004, að taka inn í ýmsum gjöldum upphæð sem mig minnir að hafi legið á bilinu 3–3,5 milljarðar. Í dag er verið að tala um frumvörp sem búa til tekjur fyrir um 600–700 milljarða. Það vill svo skemmtilega til að þær upphæðir sem voru teknar inn í nýjum málum í fjárlagafrumvarpinu í fyrra og viðbótartekjurnar hér stemma nokkurn veginn við 1% skattalækkun í núverandi fjárlagafrumvarpi, um 4 milljarðar kr. Hvort það sé algjör tilviljun skal ég ekki segja um, en gjaldtökurnar sem verið er að ræða hækka á nokkurra ára fresti, ekki reglulega og fram kemur að frá 1997 eða lengur hafi dregist að uppfæra ákveðin gjöld. Ég hefði almennt talið að ástæða væri til þess að skoða alla gjaldaflokkana og eyða vinnu í það. Vonandi fer hv. nefnd með því hugarfari í vinnuna.

Hæstv. fjármálaráðherra nefndi áðan að taka upp sérstaka gjaldtöku vegna manna sem hefðu réttindi til að meta sjótjón. Það kann vel að vera að það eigi rétt á sér, en ekki held ég að muni mikið um það, hæstv. fjármálaráðherra, þó það bætist við einn á fimm ... (**Gripið fram í:** Fimmtán.) fimmtán ára fresti. Ég veit því ekki hvort við erum að slægjast eftir miklu í þessa veru, en að sjálfsögðu þurfa að vera til menn á þessu sviði sem geta tekið að sér þau störf og metið þau. Það er út af fyrir sig eðlilegt til samræmingar við annað.

En sá þáttur sem ég held að þurfi að eyða svolítilli vinnu í í nefndinni er að skoða gjöldin og samræmingu þeirra og hvort þau eigi öll enn þá við eða hvort menn eru í sjálfkrafa uppfærslu eins og það sem ég nefndi í 5. lið á bls. 16 í skýringu varðandi gjöld vegna sérstakrar þjónustu starfsmanna utanríkisþjónustunnar, þegar verið er að taka sérstakt gjald til ríkisins fyrir millifærslu á fé.

Hæstv. forseti. Ég tel ástæðu til að nefndin eyði dálitlum tíma í að fara yfir þetta og beri þetta saman til nútímans og raunveruleikans.

[16:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ábendingarnar. Það var hér eitt atriði sem hann spurði um, og kannski ekki alveg að ástæðulausu, um IX. kafla þessara laga, 15. gr., um gjöld vegna sérstakrar þjónustu starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Hann spurði um gjaldtöku fyrir millifærslu fjármuna til og frá útlöndum.

Ég hygg að þessi ákvæði séu frá þeim tíma ættuð þegar millifærsla fjármuna var meira mál en hún er í dag. Ég held reyndar að það sé orðið sjaldgæft, jafnvel mjög sjaldgæft, að einstaklingar þurfi að leita atbeina utanríkisþjónustunnar að slíkri millifærslu. Þó kunna þess að vera dæmi og það er þá þess vegna sem lagaheimild er fyrir því að taka gjald fyrir slíka aðstoð, enda er það ekki beint hlutverk utanríkisþjónustunnar að taka slíkt viðvik af fólki sem nú orðið er mjög lítið mál fyrir hvern og einn að sinna, jafnvel í heimabanka sínum. Það má vel vera, hv. þingmaður, að það sé rétt að ákvæði sem þetta ætti jafnvel að hverfa með tímanum. Er það þá ágæt ábending til þingnefndarinnar að fara í gegnum þetta.

[16:47]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við ræðum núna frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 88 frá 1990, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi þessu er að finna tillögu að hækkun margvíslegra gjalda sem flest hver hafa haldist óbreytt að krónutölu frá árinu 1997 eða lengur. Lagt er til að gjöldin hækki um 10% að jafnaði, þó þannig að fjárhæð þeirra standi, eftir atvikum, á hálfu eða heilu hundraði. Til samanburðar má nefna að vísitala neysluverðs hefur hækkað um tæplega 34% frá árinu 1997 til áætlaðs meðalverðlags á mælikvarða neysluvísitölu fyrir árið 2005. Þessi hækkun er í takt við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005 og er talin skila um 200 millj. kr. á ársgrundvelli.“

Ég get tekið undir það sjónarmið sem kemur fram í athugasemdum með lagafrumvarpi þessu, að nauðsynlegt sé fyrir okkur að endurskoða aukatekjur ríkissjóðs. Helst ættum við að gera það mun reglulegar en hér er verið að leggja

til, þ.e. ef það væri svo í flestum tilvikum að þessi gjöld hefðu haldist óbreytt að krónutölu frá árinu 1997. Þegar maður fer að skoða lögin um aukatekjur ríkissjóðs sér maður að á þeim hafa orðið talsvert miklar breytingar frá árinu 1997. Þannig tóku gildi lög nr. 28/1998, 159/1998, 8/1999, 26/1999, 29/1999, 55/2000, 59/2001, 145/2002 og 72/2003. Á þessum lögum um aukatekjur ríkisins hafa sem sagt orðið talsvert miklar breytingar frá árinu 1997.

Í ljósi þess texta sem kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið er fróðlegt að velta fyrir sér hvort það séu þá eingöngu einhvers konar orðalagsbreytingar í öllum þessum breytingum á lögum eða hvort þarna er um að ræða að verið sé að breyta fjárhæðunum eða setja inn nýja gjaldaliði og þá um leið nýjar fjárhæðir.

Það tæki allt of langan tíma að fara að skoða öll þessi lög frá 1998 og 1999 þannig að ég læt duga að skoða á handahlaupum lög frá árunum 2000, 2001 og 2002. Þar koma inn ansi mörg atriði sem eru ný eða verið er að fara í breytingar á upphæðum.

Í lögum nr. 55/2000 eru miklar upptalningar, m.a. um leyfi fyrir alls konar starfsemi tannfræðinga, matarfræðinga, náttúrufræðinga o.s.frv., og þar stendur:

„Fyrir endurnýjun framantalinna leyfa og skírteina skal greiða 1.000 kr.“ — Þetta gerist á árinu 2000 en samt sem áður hækkar þessi upphæð núna um 10%.

Rétt til að kíkja í hin lögin eru hér lög frá 26. maí 2001. Þar kemur t.d. inn útflutningsleyfi, 1.200 kr., leyfi til skoteldasýningar, 5.000 kr., og brennuleyfi, 5.000 kr. Þetta gerist á árinu 2001, samt er verið að hækka þetta um 10% núna í því frumvarpi til laga sem við fjöllum hér um.

Á árinu 2001 koma einnig inn ýmsir liðir varðandi útgáfu vegabréfa. Þar segir t.d. í 5. gr.:

„Á eftir 2. tölul. koma þrettán nýir töluliðir, svohljóðandi:

3. Fyrir útgáfu diplómatískra vegabréfa og þjónustuvegabréfa:

a. Fyrir 18–66 ára 4.600 kr.“

Þetta gjald hækkar núna um 10%. Svona gæti maður í raun haldið áfram að telja nokkuð lengi. Því verð ég að segja að textinn í athugasemd með lagafrumvarpinu eins og það er lagt fram núna er í besta falli villandi þar sem segir að flest hver þessara gjalda sem verið er að leggja til að hækki hafi haldist óbreytt að krónutölu frá árinu 1997 eða lengur. Það kemur þvert á móti í ljós að mörg þessara gjalda hafa komið inn ný eða verið hækkuð á árunum 2000, 2001, 2002 og 2003.

Því held ég að þegar efnahags- og viðskiptanefnd fer yfir þetta þurfi hún að skoða sérstaklega hvaða gjöld það eru sem hafa haldist óbreytt frá árinu 1997 og kannski eðlilegt að þau taki nú 10% hækkun en skoða þá um leið hvaða gjöld eru nýrri, hvaða gjöld hafa breyst á árunum 2000, 2001 og 2002 og hvort ástæða sé til að þau hækki nú um 10% eins og hér er lagt til.

Þegar maður rennir hratt í gegnum þessi lög sýnist mér reyndar full þörf á að fara einmitt í hortittaleit, fara í leit varðandi það hvaða liðir eru þarna inni í lögum sem engin ástæða er til að hafa inni. Í tilefni af orðaskiptum hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar og hæstv. fjármálaráðherra varðandi gjöld vegna sérstakrar þjónustu starfsmanna utanríkisþjónustunnar um að þetta væri gamall hortittur í lögunum er þessu breytt í lögum nr. 59/2001. Þar segir í 6. gr., með leyfi forseta:

„Gjöld vegna sérstakrar þjónustu starfsmanna utanríkisþjónustunnar. [...]

Greiða skal gjöld fyrir sérstaka þjónustu er starfsmenn utanríkisþjónustunnar veita svo sem hér segir:

1. Fyrir aðstoð við útvegun vottorða [...]

2. Fyrir þýðingar [...]

3. Fyrir milligöngu um birtingu stefnu [...]“

Og akkúrat það sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson var að tala um:

„5. a. Fyrir millifærslu allt að 50.000 kr. 3.000 kr.“ o.s.frv.

Það kemur reyndar mjög á óvart ef það kostar orðið meira að millifæra 200 þús. kr. en að millifæra 50 þús. kr. Ég hélt að millifærsla væri sama aðgerðin, sama hver upphæðin væri.

„c. Fyrir millifærslu yfir 200.000 kr. skal greiða 3,75% af millifærðri fjárhæð [...]“

Það er ekki lítið. Þetta er upp undir sömu vextir og Íbúðalánasjóður er að heimta núna af 40 ára lánum. Til að gæta allrar sanngirni segir líka í greininni „[...] en þó ekki hærra en 37.500 kr.“ Jafnvel þó að menn væru að færa milljónir á milli mundi ríkissjóður ekki rukka þá um 3,75%.

200 millj. kr. eru ekkert litlir fjármunir og það er það sem hér er verið að leggja til að gjöldin hækki. Mat fjármálaráðuneytisins á ársgrundvelli er að þetta þýði 200 millj. í auknar tekjur.

Við hlustuðum á hæstv. félagsmálaráðherra í morgun berja sér á brjóst yfir því að verið væri að bæta við heilum 400 millj. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Nú væru sveitarfélögin í góðu lagi, það þyrfti ekki að hafa miklar áhyggjur af þeim. Þarna er bara helmingurinn af því sem verið er að tala um að setja í jöfnunarsjóðinn sem ríkissjóður ákveður á einu bretti með aukatekjum að hækka og taka í ríkissjóð.

Ég held, frú forseti, að aðalverkefni efnahags- og viðskiptanefndar hljóti að vera að fara yfir tvennt varðandi þetta frumvarp til laga, annars vegar hvaða liðir eiga heima þarna inni, hvaða liðir eru orðnir of gamlir og hvaða liðir eiga í raun og veru ekkert heima inni í gjaldskrá ríkisins, og hitt, eins og ég nefndi áðan, hvaða liðir eru frá árinu 1997 eins og athugasemdin segir og eðlilegt að taki hækkun allt að 10% en líka hvaða liðir eru þarna yngri. Kannski er engin ástæða til að huga að mikilli hækkun á gjöldum sem sett voru 2001 eða 2002.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 376. mál (afnám laganna). — Þskj. 461.

[16:57]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um afnám hinna sérstöku laga nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Á undanförnum árum hefur annað slagið komið til skoðunar og umræðu, jafnvel hér á Alþingi, hvort þörf væri fyrir sérstök lög um Lífeyrissjóð sjómanna og hefur fram komið sú skoðun að það gæti staðið sjóðnum fyrir þrifum að reglur um hann væru bundnar í sérstök lög. Í ljósi þess að sjóðurinn er um flest eðlislíkur öðrum lífeyrissjóðum verður að telja eðlilegra að hann starfi á grundvelli hinna almennu laga um þessi málefni, nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og síðan sinna eigin samþykkta eins og flestir lífeyrissjóðir gera. Athugun fjármálaráðuneytisins hefur leitt það í ljós að þetta væri hin heppilegasta skipan hvað varðar málefni Lífeyrissjóðs sjómanna.

Því er við að bæta, virðulegi forseti, að ráðuneytinu hefur borist erindi frá Lífeyrissjóði sjómanna þess efnis að farið er fram á að ráðuneytið beiti sér fyrir afnámi þessara laga. Í samræmi við framangreint er með frumvarpi þessu lagt til að lögin nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, verði afnumin. Hygg ég að þessu máli tengist áform á vegum lífeyrissjóðsins um að sameinast hugsanlega öðrum öflugum lífeyrissjóði í framtíðinni.

Ég vil láta þess getið að í núgildandi lögum um Lífeyrissjóð sjómanna kemur fram að iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skuli hvíla sem svokallað lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga þannig fyrir öllum öðrum veðum. Ákvæðið kom upphaflega inn í lög um Lífeyrissjóð togarasjómanna, nr. 49/1958, með breytingu sem gerð var með lögum nr. 34/1960. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur sú sérstaða lífeyristrygginga sjómanna, að hafa á þeim tíma verið lögboðin, skipt sköpum við afgreiðslu ákvæðisins um lögveð á sínum tíma.

Frá gildistöku framangreinds lagaákvæðis um lögveð hefur mikið vatn runnið til sjávar í lífeyrismálum hér á landi. Þannig hefur á grundvelli allsherjarsamkomulags aðila vinnumarkaðarins náðst sátt um skipan lífeyriskerfis fyrir alla launamenn í landinu. Um það efni gilda nú lögin sem ég gat um áðan, þ.e. lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Er nú svo komið að öllum launamönnum er skylt að greiða í lífeyrissjóð af launum sínum og framangreind sérstaða lífeyristryggingar togarasjómanna því ekki lengur fyrir hendi. Á undanförnum árum hafa verið settar almennar reglur um innheimtu lífeyrisiðgjalda og ábyrgð á vangoldnum iðgjöldum við gjaldþrot vinnuveitanda. Í almennu lífeyrislögunum er sérstaklega fjallað um eftirlit með greiðslu iðgjalda en ríkisskattstjóraembættið skal hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Þá er þess að geta að samkvæmt ákvæðum laga um Ábyrgðasjóð launa, njóta kröfur lífeyrissjóðs um lífeyrisiðgjöld, sem fallið hafa í gjalddaga á ábyrgðartímabilinu, ábyrgðar sjóðsins. Samkvæmt framansögðu þykja því ekki vera rök til þess að viðhalda umræddu ákvæði um lögveð. Því er lagt til að það falli brott með afnámi laganna um Lífeyrissjóð sjómanna, en um það efni gildi þá hin almennu lagaákvæði í lögunum um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[17:01]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Oft hefur nú verið tekið til við það á hv. Alþingi að gera breytingar ef þurft hefur á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. En frumvarpið sem hér birtist er hins vegar um það að fella þau lög algjörlega úr gildi og láta hina almennu reglu laga um starfsemi lífeyrissjóða í landinu frá 1997 taka yfir varðandi starfsemi Lífeyrissjóðs sjómanna. Auðvitað hefur Lífeyrissjóður sjómanna að hluta til starfað undir þeim lögum eins og aðrir lífeyrissjóðir og m.a. hafa ákvæði þeirra laga verið notuð á undanförnum árum til þess að knýja fram breytingar í þá veru að skerða réttindi í sjóðnum á grundvelli þess sem í hinum almennu lögum um lífeyrissjóði segir, þ.e. að sjóður skuli eiga fyrir skuldbindingum sínum og að stjórn viðkomandi lífeyrissjóðs beri að aðhafast eða koma með tillögur ef hún telur að svo verði ekki. Í samræmi við hina almennu löggjöf hefur það komið upp í lífeyrissjóði sjómanna, að ég hygg á undanförnum árum tvisvar sinnum, að taka til við að breyta innunnum réttindum í Lífeyrissjóði sjómanna.

Virðulegur forseti. Ef ég man rétt féll nýverið dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli sjómanns varðandi Lífeyrissjóð sjómanna. Hann dæmdi það ólögmæta aðgerð að taka réttindi af sjómanninum. Ég hygg að nokkrir sjómenn hér á landi sem urðu fyrir sams konar skerðingu og umræddur maður eigi rétt á lagfæringu í Lífeyrissjóði sjómanna. Hins vegar er ekki víst að allir þeir sem slíkt ákvæði gæti náð til séu í stakk búnir til að sækja þann rétt eða hyggist sækja hann. Það er svo annað mál. Ég vildi aðeins láta þessa getið vegna þess að oft höfum við í hv. Alþingi því miður þurft að skerða réttindin í Lífeyrissjóði sjómanna.

Lífeyrissjóður sjómanna er að mörgu leyti nokkuð sérstakur að ýmsu leyti. Ég held að við getum alla vega nefnt eitt sérstakt atriði sem hefur verið viðvarandi í Lífeyrissjóði sjómanna og reyndar einhverjum öðrum lífeyrissjóðum sem hafa að meiri hluta haft sjómenn innan sinna vébanda. Það er hin mikla greiðslubyrði sem fallið hefur á lífeyrissjóðina vegna örorkuþáttarins sem hefur komið til og iðulega fylgt sjómannsstarfinu. Þetta tengist slysatíðni og því miður hefur örorkan oft verið algengari hjá undirmönnum en yfirmönnum vegna eðlis starfsins og hversu hættulegt það getur verið að starfa á dekki fiskiskipa. Um 45%, ef ég man rétt, af öllum greiddum útgjöldum eða bótum Lífeyrissjóðs sjómanna hafa verið kostnaður vegna örorku. Að þessu leyti held ég að Lífeyrissjóður sjómanna sé nokkuð sérstakur. Reyndar eru einnig til lífeyrissjóðir, t.d. í Vestmannaeyjum, ef ég man rétt, með 42–43% miðað við síðustu tölur sem ég sá og einhverjir aðrir, t.d. Lífeyrissjóður Austurlands og Lífeyrissjóður Bolungarvíkur, svo einhverjir séu nefndir, bera einnig hlutfallslega mjög mikla byrði vegna örorkuþáttarins.

Það er einfaldlega þannig, virðulegi forseti, að hinir einstöku lífeyrissjóðir úti um landið hafa tekið upp ýmis ákvæði varðandi lífeyrisrétt sjómanna sem hafa verið í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna og notað þær reglur. Ég ætla því ekki að segja hér já einn, tveir og þrír við því að fella þessi lög niður. Ég vil spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort það sé nú ekki nokkuð óvanalegt að mæla fyrir þessu frum-

varpi alveg undir mánaðamótin nóvember/desember og ætlast til að það verði að lögum 1. janúar á næsta ári.

Hæstv. forseti. Ég hefði haldið að rétt væri rétt að gaumgæfa þetta mál. Það getur vel verið að starfsmenn í fjármálaráðuneytinu og reiknimeistarar aðrir hafi komið að því að skoða þessi mál vel. En ég tel að til þess að fara í gegnum þetta þá þurfi menn að skoða ýmsa þætti. Ég nefni m.a. örorkuþáttinn sem einn þeirra þátta sem er öðruvísi í Lífeyrissjóði sjómanna en mörgum öðrum lífeyrissjóðum. Ef ég man rétt þá var Lífeyrissjóður, ég held, Búnaðarbankans með lægstu örorkuna af öllum lífeyrissjóðum. Mig minnir að það hafi verið 8%, Þetta er mjög mismunandi.

Vera kann rétt að ekki finnist lengur rök til að viðhalda lögveði í skipum fyrir þessum iðgjöldum vegna þess að Ábyrgðasjóður launa tekur yfir þessa ábyrgð eins og á öðrum launum nú orðið og að hin gamla regla sem sett var um Lífeyrissjóð togarasjómanna um lögveð í skipum eigi því ekki lengur við. Að því gefnu að greiðslur í lífeyrissjóði séu jafn vel tryggðar fyrir og eftir breytinguna þá ætla ég fyrir fram ekki að tjá mig andvígan henni. En ég segi enn og aftur að ég tel að þessi mál þurfi miklu nánari skoðunar við áður en við klárum þessa lagasetningu, fyrir jól væntanlega ef markmiðið er að lögin taki gildi 1. janúar 2005. Á meðan ég hef ekki meiri upplýsingar um málið en koma fram í þessu stutta frumvarpi þá hef ég allan fyrirvara á um þetta.

Vera kann að til standi viðræður um sameiningar þessara lífeyrissjóða, sem ég held að hæstv. fjármálaráðherra hafi nefnt í ræðu sinni. Við vitum að fram fóru einhverjar viðræður milli Lífeyrissjóðs sjómanna og Lífeyrissjóðsins Einingar um sameiningu að mig minnir. Það kann vel að vera að það þjóni markmiðum allra að lífeyrissjóðirnir stækki og verði öflugri. Samkvæmt upplýsingum mínum er þó ekkert sérstakt í farvatninu varðandi þessi sameiningarmál sem knýr á um þann hraða sem lagt er upp með í afgreiðslu málsins hér. Ég held ég hafi heyrt það nýlega í fréttum að menn væru búnir að leggja þessi sameiningaráform til hliðar og sæju ekki ástæðu til að fara í þau að svo komnu máli.

Í samþykktum Lífeyrissjóðs sjómanna stendur að Lífeyrissjóði sjómanna sé heimilt að leita eftir samruna við aðra lífeyrissjóði. Í 3. gr. samþykkta sjóðsins segir, með leyfi forseta:

„Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna."

Ég átta mig nú ekki á því hvað þurfi meira en þetta til þess að menn geti sameinast. Ég vildi fá það upplýst frá hæstv. fjármálaráðherra í þessari umræðu hvaða atriði hafi komið upp sem e.t.v. gætu stoppað sameiningu ef menn hafa áhuga á henni. Ég sé ekki að neitt í starfsreglum Lífeyrissjóðs sjómanna komi beinlínis í veg fyrir það að öðru leyti en því að þeir gera kröfu um að staða manna í Lífeyrissjóði sjómanna versni ekki og jafnframt að við sameiningu sé allt bara metið á réttum grundvelli.

Það er líka rétt að minna á að við sem störfuðum á þessum kjarasamningum sjómanna í gegnum árin og eigum talsvert af okkar réttindum í Lífeyrissjóði sjómanna, álitum að á sínum tíma hefði myndast ákveðin bótaábyrgð af ríkinu til þess að greiða tilteknar skuldbindingar varðandi hina svokölluðu 60 ára reglu í Lífeyrissjóði sjómanna því sett voru lög um hana á hv. Alþingi án þess að tekjur fylgdu með á sínum tíma. Það er náttúrlega ekkert venjulegt að hér skuli vera hægt að segja lög um skyldur án þess að tryggja samsvarandi tekjur. Á þetta mál er búið að reyna og því miður hefur það farið svo að Hæstiréttur hefur talið að Lífeyrissjóður sjómanna eigi engan bótarétt í því máli. Þær kröfur mundu þar af leiðandi falla á sjóðfélaga. Ef ég man rétt þá var krafa gerð upp á 1,4 milljarða kr. á hendur ríkinu vegna 60 ára reglunnar á sínum tíma. En að gengnum dómi Hæstaréttar í þessu máli þá lendir þetta á sjóðfélögum nema hægt verði að finna því einhvern annan farveg sem ég átta mig nú ekki alveg á hver ætti að vera — ef til vill Mannréttindadómstóll Evrópu — um að ekki sé hægt að setja lög á menn nema borga ákveðna upphæð fyrir aðra. Það tel ég nú að hafi verið niðurstaða lagasetningarinnar hér árið 1981 um 60 ára regluna, ef ég man rétt, sem varð til þess að hún var tekin upp án þess að neinar tekjur kæmu samhliða.

Um þetta hafa staðið deilur og eins og ég sagði áður hefur fallið hæstaréttardómur í þessu máli og ekki rétt að lengja málið mikið með því.

Ég nefndi áðan örorkuþáttinn og fór með hann eftir minni. Ég fann hins vegar töflu í fórum mínum frá árinu 2001 þar sem farið er yfir örorkuþáttinn í nokkrum lífeyrissjóðum þar sem sjómenn eru þó nokkur hluti gjaldenda. Í þeirri töflu segir, með leyfi forseta, að Lífeyrissjóður Austurlands beri 45% af örorkulífeyri sjóðfélaga sinna miðað við árið 2001, af þeim lífeyri sem hann greiddi út. Þessi tafla miðaðist við að greiddur hefði verið út lífeyrir fyrir 321 milljón. Lífeyrissjóður Vestmannaeyja greiddi einnig 45% í örorkuþáttinn af lífeyri sem hann greiddi út þá sem var 243 milljónir. Lífeyrissjóður sjómanna greiddi 43% í örorkuþáttinn af 975 millj. kr. greiðslu sýnist mér vera. Það er því auðséð að lífeyrissjóðir sem sjómenn eru aðilar að bera mikinn kostnað af örorkuþættinum og þeir eru talsvert öðruvísi samsettir að þessu leyti en aðrir lífeyrissjóðir. Ég held að menn þurfi að skoða þetta vandlega, hvað við erum að gera, hvort þetta samræmist þeim markmiðum að gæta hagsmuna þeirra sem eiga réttindi sín í Lífeyrissjóði sjómanna því að við hljótum að vera að horfa til þess í þessu sambandi. Það getur ekkert annað fengið að ráða för við breytingu á lögum að þessu leyti en að við verjum hagsmuni sjómanna og lífeyrisþega sem eiga rétt í lífeyrissjóðnum.

Því vara ég við því, hæstv. forseti, að við förum í einhverja fljótaskrift í þessu máli ef svo góðar upplýsingar liggja fyrir að allur vafi sé tekinn af um það að menn skaðist ekki við þessa lagasetningu. Þá kann vel að vera að það verði hægt að afgreiða málið en ég vara við því að við flýtum okkur og ég sé heldur ekki ástæðuna fyrir því að við klárum þetta mál á einum mánuði og mig mundi langa til að heyra rök hæstv. fjármálaráðherra fyrir því að málið gangi svo hratt fram sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

[17:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt til að svara spurningu hv. þm. þá held

ég að í sjálfu sér sé ekki eftir neinu að bíða með að ljúka þessu máli. Það er oft þannig að þegar ákveðnar grundvallarbreytingar í umgjörð eða lagaumhverfi eru á ferðinni getur verið gott að útrýma óvissunni og ljúka slíku máli um leið og það er hægt.

Ég veit ekki betur en að þetta mál sé í góðri sátt við þá sem ráða för í Lífeyrissjóði sjómanna, bæði útgerðarmennina og sjómennina sem hvorir tveggja skipa fulltrúa í stjórn sjóðsins. Ég hef skilið það svo að þeir líti þannig á að það sé hagsmunamál fyrir sjóðinn að hin sértæku lög sem um hann gilda, og sem við þekkjum svo vel á Alþingi vegna breytinga sem við höfum þurft að ráðast í, eins og hv. þm. nefndi, falli brott en í staðinn gildi almenna lífeyrissjóðalagaumhverfið um þennan sjóð eins og alla aðra. Þess vegna hefði ég talið heppilegt að ljúka málinu sem fyrst nema annað komi í ljós í umfjöllun nefndarinnar sem fram undan er.

[17:19]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ákveðnar efasemdir um að við eigum að flýta okkur hratt í þessu máli. Ég verð hins vegar að segja að ég hef ekki kynnt mér síðasta kjarasamning sem sjómenn og útvegsmenn skrifuðu undir alveg út í hörgul en þar var verið að breyta ýmsu er varðar inngreiðslur í lífeyrissjóð o.s.frv. Mér er sagt að það kunni að skipta máli varðandi þessa lagabreytingu hvort það gengur eftir sem þar var undirskrifað. En það vitum við ekki, hæstv., fjármálaráðherra, fyrr en 31. desember. Samningurinn er í atkvæðagreiðslu og við vitum ekki hver niðurstaðan af þeirri atkvæðagreiðslu verður. Þar af leiðandi, ef ég skil málið rétt eftir mínum munnlegu upplýsingum, getur skipt talsverðu máli eins og litið er á þetta mál af hálfu sjómannaforustunnar, hvort við erum tala um lífeyrisumhverfi sem tengist núverandi kjarasamningi sem er í atkvæðagreiðslu eða hvort hann yrði felldur. Meðal annars þess vegna held ég að menn þurfi að skoða málið vandlega og flýta sér ekki um of því að niðurstaðan af þessu er auðvitað sú að samningurinn er í atkvæðagreiðslu og það kann að vera að sá lagarammi sem við erum að ræða hér geti jafnvel haft áhrif á þá atkvæðagreiðslu. Ég held að menn ættu að skoða þetta vandlega og ég sé ekkert í þessu máli sem þurfi að hraða svo mjög að við eigum að lögfesta það fyrir fram án þess að vita þá niðurstöðu.

[17:22]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem hér í andsvar við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson af því að ég veit að hann býr yfir mikilli þekkingu á málinu og kannski þekkja hann og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, að öðrum þingmönnum ólöstuðum, þetta mál mest af eigin raun. Þeir hafa staðið í kjarabaráttu fyrir sín stéttarfélög og þekkja það. Þess vegna langar mig til að víkja aðeins að því sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom að í lok ræðu sinnar og spyrja: Eru lífeyrissjóðirnir ekki hluti af viðkomandi kjarasamningum með beinum eða óbeinum hætti? Við höfum rætt hér á undanförnum þingum hina miklu fjárvöntun sem er í Lífeyrissjóði sjómanna og haft áhyggjur af því og að það væri hans stærsta vandamál að geta staðið við eðlilegar skuldbindingar og réttindi gagnvart sjómönnum. Sjómenn eru sú stétt sem við vitum að býr við hvað mesta áhættu eins og hv. þm. kom inn á með örorkuna við sjómennskuna. Er það ekki meginmál hvernig hægt er að styrkja Lífeyrissjóð sjómanna eða þann lífeyrissjóð sem um er að ræða, er ekki staðan sú að það vanti fjármagn í hann? Sér hv. þm. nokkuð í þessu frumvarpi um að verið sé að styrkja fjárhag lífeyrissjóðsins?

Hv. þm. kom líka inn á og bar saman Lífeyrissjóð sjómanna og aðra lífeyrissjóði eins og Lífeyrissjóð Austurlands og Lífeyrissjóð Vestmannaeyja, að mig minnir. Er ekki svo að sjómenn eru líka í fleiri en einum lífeyrissjóði? Erum við ekki að taka á einhverju mjög afmörkuðu máli sem hv. þm. dró í efa að við vissum á hvaða vegferð væri? Ég leyfi mér að spyrja hv. þm. aðeins um þessi atriði þar sem ég veit að hann þekkir þessi mál svo vel.

[17:24]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal reyna að svara þessum spurningum eins og ég get.

Í fyrsta lagi er það alveg rétt hjá hv. þm. að tengsl sjómanna við réttindi í lífeyrissjóði, inngreiðslur og annan rétt, eru í kjarasamningum, og einmitt í síðasta kjarasamningi var verið að breyta verulega ákvæðum er snúa að lífeyrisgreiðslum sjómanna og hafði staðið lengi í þrefi um það, og var m.a. einn af ásteytingarsteinunum fyrir því hversu lengi dróst að gera kjarasamning. Menn eiga því eftir að sjá hvort hann verður samþykktur eins og hann lítur út því að það voru auðvitað líka nokkrar fórnir af hendi sjómanna við að ná þessum samningi þó að ég telji að það sé ávinningur í honum.

Það er líka algjörlega rétt hjá hv. þm. að það eru margir lífeyrissjóðir sem hafa sjómenn innan sinna vébanda eða allnokkrir. Ég nefndi áðan Lífeyrissjóð Austurlands, Lífeyrissjóð Vestmannaeyja og Lífeyrissjóð sjómanna og nefna má Lífeyrissjóð Vestfjarða og Lífeyrissjóð Bolungarvíkur og vafalaust eru þeir fleiri. Það er sammerkt með þessum sjóðum, ef ég veit rétt, að þeir eru allir með mikla greiðslubyrði varðandi örorkuþáttinn og þar af leiðandi hafa þeir á undanförnum árum verið að taka mið af m.a. starfsreglum og lögum Lífeyrissjóðs sjómanna, því að sá sjóður hefur starfað eftir sérstökum lögum og verið brautryðjandi í því að taka upp ýmis réttindi eins og m.a. 60 ára regluna sem aðrir sjóðir tóku svo upp eftir honum, sem var reyndar lagasetning frá Alþingi og ég fór yfir áðan.

[17:26]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir upplýsingarnar. Þær vekja mann einmitt til umhugsunar um hvort ekki þurfi að taka á málinu með mun heildstæðari hætti. Það má vel vera að þau afmörkuðu lög sem við erum að ræða, um breytingu á Lífeyrissjóði sjómanna, geti á ýmsan hátt verið góðra gjalda verð. En þar er verið að taka á ákvæðum að mínu mati sem hljóta líka að gilda hliðstætt um lífeyrissjóði sjómanna sem eru að taka réttindi samkvæmt öðrum lífeyrissjóðum.

Mér sýnist því mjög brýnt að taka heildstætt á málinu,

ekki hvað síst á fjárhagsvanda Lífeyrissjóðs sjómanna og að auka og styrkja rétt sjómanna sem mér finnst eins og ég hef greint í umræðunni að sé allt of veikur fyrir þá, bæði hvað varðar örorkumat eins og hv. þm. minntist á og að þessi stétt verður að hætta störfum mun fyrr á lífsleiðinni. Það sýnir sig að menn verða að hætta sjósókn almennt mun fyrr en menn í öðrum störfum og þess vegna verði þessi lífeyrissjóður að vera sterkur.

Ég vil spyrja hv. þm. áfram hvort ekki séu hliðstæð atriði í öðrum lífeyrissjóðum sem eru með sjómenn innan sinna vébanda og hefði þá verið ástæða til að taka þetta heildstætt, ef hv. þm. veit það?

[17:28]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held því ekki fram að ég viti alla skapaða hluti um Lífeyrissjóð sjómanna en hv. þm. spurði áðan um ávöxtunina og hvernig sjóðurinn hefði ávaxtað sig. Ávöxtunin á þessu ári stefnir sennilega í að vera góð, hún var góð á síðasta ári og á árinu þar áður en mjög slök tvö ár þar á undan, ef ég man rétt. En það er talið að lífeyrissjóðir þurfi að meðaltali að vera með 3,5–4% raunávöxtun eigna sinna til þess að geta staðið undir þeim skuldbindingum sem þeir hafa tekið á sig.

Eins og ég gat um áður hefur tvisvar verið tekið til við að skerða réttindi í Lífeyrissjóði sjómanna og síðast var m.a. hin svokallaða 60 ára regla gerð hlutlaus með því að menn gátu tekið áfram lífeyri sextugir en tóku hann þá skertan að mig minnir upp á 24%, eru komnir á slétta stöðu 65 ára en fara síðan að vinna sér inn ávinning frá 65 ára og upp í sjötugt með því að fresta töku lífeyris og eiga ef þeir taka hann sjötugir að vera komnir með 24% ávinning umfram 65 ára aldursmörkin.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að margir sjómenn eru ekki til starfanna á sjó eftir sextugt, þótt blessunarlega séu til dæmi um að sjómenn haldi góðri heilsu. Það er m.a. einn þátturinn sem skoða þarf við þessar lagabreytingar, þ.e. aldurssamsetningin í Lífeyrissjóði sjómanna og í öðrum lífeyrissjóðum sem hafa sjómenn innan sinna vébanda. Ég er ekki viss um að hún sé eins og í almennu lífeyrissjóðunum.

[17:30]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega af mörgu að taka í þessu mikla máli sem oft hefur verið rætt um í sölum Alþingis.

Lög um Lífeyrissjóð sjómanna urðu til árið 1957. Þá hétu þau lög um Lífeyrissjóð togarasjómanna. Árið 1960 komu síðan farmenn inn í sjóðinn, sem upp úr því fékk nafnið Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á kaupskipum. Síðan var gerður samningur árið 1970 um að fiskimenn kæmu inn í þennan sjóð og greiddu þeir aðeins af 25% kauptryggingu á meðan aðrir sem voru fyrir í sjóðnum greiddu af heildarlaunum sínum.

Það var nokkur aðdragandi að því að sjómenn kæmu inn í lífeyrissjóðinn en þess ber að gæta að margir sjómenn voru mjög andsnúnir því að fara í lífeyrissjóðinn. Þar má t.d. nefna fiskimenn á smærri bátum. Togarasjómenn töldust þeir sem voru á togurum yfir 400 tonnum og stærri en bátasjómenn, á skipum undir þeirri stærð, komu ekki inn í þennan sjóð fyrr en árið 1970 og greiddu þá, eins og ég sagði áðan, óverulegan hlut í lífeyrissjóðinn, því miður aðeins af kauptryggingu sinni eins og ég gat um áðan. Það hefur valdið leiðindum og deilum í umræðum sjóðfélaga á milli. Þegar komið hefur að greiðslu lífeyris þá hefur hann verið jafnmisjafn og aðkoma sjómanna að lífeyrissjóðnum.

Bæði voru bátasjómenn andsnúnir því að fara inn í lífeyrissjóðinn og svo, eins og ég gat um áðan, vildu sjómenn úti á landi ekki ganga í Lífeyrissjóð sjómanna. Þess vegna er um marga lífeyrissjóði að ræða sem sjómenn greiða til iðgjöld sín enn í dag og þess vegna, eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og Jón Bjarnason komu inn á, erum við ekki að fjalla um alla sjómenn þegar við tölum um Lífeyrissjóð sjómanna.

Þegar litið er á lög um Lífeyrissjóð sjómanna þá eru þar aðeins sex greinar um lög um Lífeyrissjóð sjómanna en um 20 reglugerðargreinar fjalla um lífeyrissjóðinn. Það er kannski til marks um hvernig stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna hefur þurft að leita víða fanga og taka mið af reglugerðum annarra lífeyrissjóða við að útbúa ramma utan um starfsemi sína.

Hér var komið inn á örorku sjómanna og þau vandamál sem við hafa blasað varðandi stöðu sjóða með sjómenn innan sinna vébanda. Hvað áhrærir Lífeyrissjóð sjómanna þá er það rétt, eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kom inn á, að 43% þeirra upphæða sem greiddar eru úr Lífeyrissjóði sjómanna eru vegna örorku, 42% vegna lífeyris og 15% eru ekkna- og barnabætur.

Sé það skoðað að enn skuli slysatíðni á sjó vera með þeim hætti sem hún er núna, að á fimmta hundrað sjómanna, af rúmlega þremur þúsundum í starfi, skuli slasast árlega þá sjá menn náttúrlega að eitthvað er að. Ég er sannfærður um að þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir þá reiknuðu menn ekki með því að svo mundi fara að örorkuþáttur lífeyrissjóðanna yrði slíkur. Menn stofnuðu lífeyrissjóði til að búa öldruðum gott ævikvöld en reyndin er sú að örorkan hefur orðið öllum lífeyrissjóðum í landinu íþyngjandi og einkum sjóðum sjómanna og fiskverkunarfólks.

Umhverfið hefur breyst. Með lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingar lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða, tel ég að nokkuð hafi verið komið til móts við að tryggja starfsemi lífeyrissjóðanna og rétt þeirra til innheimtu ef atvinnurekendur greiddu ekki í sjóðina af launum eins og til er ætlast.

Þegar talað er um hvort rétt sé að flýta þessum lögum eða að menn vilji hafa varann á sér þá er það í sjálfu sér ekki óeðlilegt. En hinu er þó ekki að leyna að það eru ekki mörg ár síðan fjölgað var í stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna þannig að nú sitja þar níu fulltrúar, allra stéttarfélaga eða samtaka sjómanna og útgerðarmanna. Þau senda nú bréf og óska eftir því að lög um Lífeyrissjóð sjómanna verði nánast afnumin og sjóðurinn starfi á sama grunni og með sama hætti og aðrir lífeyrissjóðir í landinu.

Ég minnist þess að það eru ekki mörg ár síðan tekið var fram í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna hvert væri heimili hans og varnarþing. Heimili Lífeyrissjóðs sjómanna skyldi þá vera innan Tryggingastofnunar ríkisins. Það þótti mönnum miður þegar á leið og var því lögum um Lífeyrissjóð

sjómanna breytt þannig að heimili og varnarþing væru í Reykjavík. Hins vegar var ekki tíundað frekar hvert heimilisfangið væri, sem var náttúrlega mjög óeðlilegt að í lögunum skyldi standa þannig.

Hér var komið nokkuð inn á 60 ára regluna. Það er náttúrlega kapítuli út af fyrir sig í sögu íslenskrar verkalýðshreyfingar vegna þess að algengt var á þeim sama tíma að allir þeir sem gerðu kjarasamninga í kringum árin 1975–1977, að fólk fengi lægri launahækkanir en vísitala sagði til um og fengu í staðinn hækkun á greiðslum í sjúkrasjóði sína og orlofssjóði. Jafnvel voru til stéttarfélög sem fengu hækkanir vegna svokallaðs félagsheimilagjalds. Á þeim tíma voru sjómenn í kjarasamningum og þá var rætt um hvort og með hvaða hætti sjómenn gætu komið að slíkum félagsmálapökkum með sama hætti. Einnig var nokkuð rætt um vinnutímaákvæði og fleira sem illmögulegt þótti að koma inn í kjarasamninga sjómanna.

Úr varð að gengið var til samninga með loforð þáverandi stjórnvalda um að ef ekki yrði hækkun á kauptryggingu fiskimanna eða hækkun á fiskverði, sem þá var ákveðið af svokallaðri sex manna nefnd, þá mundu sjómenn fá félagsmálapakka, eins og ég gat um áðan, þ.e. möguleika á að hætta sjómennsku eftir 25 ára starf við 60 ára aldur. Hins vegar var aldrei formlega gengið frá því við stjórnvöld hver skyldi borga þann reikning og þær háu upphæðir sem mundu renna úr Lífeyrissjóði sjómanna. Því var lofað en orð voru ekki látin standa.

Farið var í mál við ríkisvaldið og eins og fram hefur komið felldi Hæstiréttur þá kröfu. Hún var ekki talin eiga sér neina stoð.

Ég hef ekki áttað mig á því, virðulegi forseti, sem fram kom í máli Guðjóns Arnars Kristjánssonar, að þau ákvæði sem hér er um að ræða, þær lagabreytingar, geti haft áhrif á atkvæðagreiðslu sjómanna sem nú stendur yfir vegna nýgerðs kjarasamnings. Ef svo er þá er eðlilegt að þetta mál fái að anda. Hins vegar er það rétt, eins og hæstv. fjármálaráðherra kom inn á, að það er ekki ástæða til að draga málið frekar en þörf er á, með tilliti til óska fulltrúa útgerðar og sjómanna sem biðja um að þessi lög verði afnumin og þeim sköpuð sömu starfsskilyrði og umhverfi og aðrir lífeyrissjóðir starfa eftir, lífeyrissjóðir sem sjómenn eru innan víða um land eins og fram kom áðan, í Vestmannaeyjum, á Austurlandi, Vestfjörðum og fyrir norðan líka.

Ég tek undir, virðulegi forseti, þær óskir sem hér hafa verið lagðar fram af hálfu stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna, með tilliti til þess hóps sem þar situr við stjórnarborðið. Ég tel rétt að unnið verði hratt og vel í þessu máli.

[17:41]

Mörður Árnason:

Forseti. Tveir ágætir spekingar úr þingsalnum, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og Guðmundur Hallvarðsson, hafa flutt ræður sínar um Lífeyrissjóð sjómanna. Ég ætla ekki að bæta miklu við þær hugleiðingar en kem til að nota þetta tækifæri til að ræða eilítið við þá og fjármálaráðherrann um hvernig kjör sjómanna hafa verið rýrð með tilteknum ríkisstyrk sem ég hygg að hafi staðið í um hálfa öld og gengur undir nafninu sjómannaafsláttur. Þá er átt við afslátt þann á tekjuskatti sem í orði kveðnu er veittur sjómönnum af tekjum þeirra. Hann er auðvitað ekki annað en styrkur til útgerðarinnar sem atvinnugreinar. Þannig var það líka í upphafi þótt ég kunni ekki að rekja það með staðfestum dæmum eða tölum.

Afslátturinn á sér það upphaf að á sínum tíma, ég hygg að það hafi verið á sjötta áratugnum eða jafnvel þeim fimmta, fengust menn trauðla á sjó vegna þeirra kjara sem í boði voru. Það ráð var að lokum tekið að ríkið bætti kjör þeirra með þessum skattafslætti.

Í fyrra lagði hæstv. fjármálaráðherra fram frumvarp um að afnema þennan afslátt og þótt deila megi um hvort það hafi verið skynsamlegt, ef ráðherrann yfir höfuð meinti eitthvað með því, á þeim tíma sem hann lagði frumvarpið fram, þá var það frumvarp að sjálfsögðu framhald af ákveðinni umræðu í samfélaginu öllu um að þessi svokallaði afsláttur væri óeðlilegur og í ósamræmi við skattkerfið sem við værum að búa til og einnig í ósamræmi við umhverfið sem við höfum á 10–20 síðustu árum búið atvinnulífinu. Í því felst að það standi sjálft uppi sem fjárhaldsmaður og þegar það leiti til opinberra aðila sé alveg skýrt að um styrki sé að ræða sem standist alþjóðlegar reglur og almenna skynsemi í hagstjórn og atvinnulífi. Undir þetta hafa forustumenn í atvinnulífinu, bæði atvinnurekendur og verkalýðsleiðtogar, tekið og fylgt þessu fram, enda hefði þetta ekki verið gerlegt án þeirra.

Nú má spyrja sig í hvaða tilgangi þetta hafi í raun og veru verið lagt fram því að hæstv. fjármálaráðherra er frægur fyrir ákveðin klókindi þó að hann sé iðulega bjartur í framan, eins og lítill drengur á sólardegi uppi í sveit. Vera kann að allt hafi þetta verið gert til þess að ríkið ætti eitthvað uppi í erminni þegar kom að þeim samningum sem nú er sem betur fer lokið og ber í leiðinni að fagna. Þetta er í fyrsta sinn í a.m.k. tvo áratugi ef ekki lengur sem sjómönnum og útgerðarmönnum hefur tekist að semja sín í milli án afskipta ríkisins. Það kunna að hafa verið klókindi hjá hæstv. fjármálaráðherra, a.m.k. liggur fyrir að liður í þessum samningum var að fjármálaráðherra lofaði því fyrir sína hönd, ríkisstjórnarinnar og þess þingmeirihluta sem hann hefur hér að þetta yrði ekki gert á, ég man ekki hvort heldur var, á samningstímabilinu eða kjörtímabilinu, að reynt yrði að afnema þennan sjómannaafslátt.

Ég skal ekki segja um þær aðstæður sem voru uppi við þessa samningagerð, hvort þá var mögulegt að gera það sem ég tel að hefði átt að gera, og tel að eigi að gera, að ríkið verður einhvern tíma að koma að samningum sjómanna og útgerðarmanna þannig að þetta mál leysist, að útgerðarmenn taki að sér að borga sjómönnum það fé sem felst í sjómannaafslættinum. Hann á, eins og ég sagði áður, uppruna sinn í því að vera styrkur til útgerðarmanna og það er hann, hann er ríkisstyrkur til útgerðarinnar.

Eitt af því sem menn hafa ekki komið auga í umræðu um þennan sjómannaafslátt — og ég veit að margir hafa á honum aðrar skoðanir en ég læt í ljósi hér, til þess eru skoðanir að maður láti þær í ljósi — er það hvernig það kemur út fyrir sjómenn sjálfa að búa við þessa sérstöku tegund af tekjum. Það sýnir sig auðvitað gagnvart lífeyrissjóðnum og gagnvart lífeyri sjómanna að það er ekki hagfellt fyrir sjómenn að búa við þetta.

Ég spurði fjármálaráðherra í fyrra um sjómannaafslátt

og fékk ágæt svör, a.m.k. við þremur af fjórum spurningum, og þar á meðal kom fram að heildartala sjómannaafsláttarins, árið 2002 hygg ég að það hafi verið, var um 1.267 millj. kr. Ef við tökum bara einfaldan reikning má reikna með að hefðu þetta verið tekjur sjómanna hefðu þeir væntanlega borgað 10% af þessu fé, við skulum segja það, 6% og svo 4%, í lífeyrissjóð, og þar með hefðu Lífeyrissjóði sjómanna bæst 127 millj. kr. á þessu ári.

Ég spurði fyrst um árið 1994 og síðan áfram að þeim endimörkum sem fjármálaráðuneytið treysti sér til og þetta er upphæðin. Þetta hefur reyndar verið hærra, var hærra áður, 1994 t.d. er upphæðin 1.553 millj. og með sama reikningi má auðvitað taka 10% af því og segja að þetta vanti í Lífeyrissjóð sjómanna.

Það er fróðlegt að velta þessu fyrir sér. Mér sýnist líka — nú hef ég þann fyrirvara að ég var að reikna sjálfur sem maður á náttúrlega ekki að gera — að þetta kunni að vera 12 þús. á ári á mann miðað við þær upplýsingar fjármálaráðherra að heildarfjöldi sem nýtur þess arna hafi verið 8.834 á árinu 2002. Ef maður er enn þá grófari getur maður sagt að starfsævi sjómanns, sem leggur sjómennskuna fyrir sig, kunni að vera um 25 ár, styttri en annarra vegna þess hvað þetta starf er erfitt og hvað þarf til að sinna því, og ef svo er kynnu það að vera um 300 þús. kr. sem vantar í lífeyrissjóðinn fyrir hvern sjómann á þessum 25 árum.

Ég held að þetta dæmi sýni ágætlega hvað sjómannaafslátturinn er vondur liður í almennum kjörum sjómanna og sé enn eitt dæmið um þörfina á því að leggja hann niður.

Fjórða spurningin sem ég spurði hæstv. fjármálaráðherra á sínum tíma — ég spurði hve margir fengju þetta og hvernig vinnudagar hefðu skipst á milli ýmissa greina, en eins og við vitum eru beitningamenn í landi með þetta og líka t.d. menn á farskipum, í strandsiglingum, ferjum og sanddæluskipum. Síðan spurði ég um fjárhæð afsláttar eftir flokkum og loks spurði ég hvernig afslátturinn á þessum tíma skiptist eftir einstökum atvinnufyrirtækjum. Þetta var skrifleg spurning og skriflegt svar og því er rétt að nota tækifærið, þar sem hæstv. fjármálaráðherra mun vera einhvers staðar í húsinu, og finna að því við hann að hann skuli ekki hafa getað svarað því með öðru en þessu hér, með leyfi forseta:

„Ekki er unnt að skipta sjómannaafslættinum eftir einstökum atvinnufyrirtækjum."

Nú kann þetta að hafa verið mikið mál á þeim tíma sem hér er spurt um en við eigum fullkominn rétt á því að fá þessum ríkisstyrk skipt eftir einstökum atvinnufyrirtækjum. Hann er veittur atvinnufyrirtækjunum, hann er ekki veittur sjómönnum. Þessi afsláttur er ekki einhver ölmusa til sjómanna, heldur einmitt öfugt, þetta er styrkur til útgerðarinnar í landinu sem hún á að kannast við. Í sama mund og hún er að berjast gegn ríkisstyrkjum í samkeppnislöndunum á hún líka að kannast við þennan ríkisstyrk og takast á við það að koma honum inn í sínar eigin launagreiðslur, þar á meðal greiðslurnar til Lífeyrissjóðs sjómanna.

[17:51]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mönnum hættir dálítið til þegar verið er að ræða um sjómenn að ræða um þann hóp sem einan og sér án tillits til hvernig hann skiptist. Að tala um að á annan áratug hafi ekki tekist samningar milli sjómanna og útgerðarmanna er náttúrlega ekki rétt. Það er sjómannastétt sem heitir farmenn. Farmenn á varðskipum, hafrannsóknaskipum, sanddæluskipum og kaupskipaflotanum hafa gert kjarasamninga. Við erum hér að einangra málið við fiskimenn. Það er rétt að halda því til haga og í sjálfu sér óþarft að deila um það. Hv. þm. Mörður Árnason er ekki sá eini sem talar eins og að öll sjómannastéttin hafi ekki gert kjarasamninga á annan áratug.

Í annan stað vildi ég segja að það að ætla að skipta sjómannaafslættinum upp og halda því fram að hann sé ekki til sjómannanna sjálfra heldur sé þetta styrkur til útgerðarinnar er náttúrlega rangt. Sjómannaafslátturinn byggist á því hversu lengi viðkomandi sjómaður hefur verið skráður til sjós. Það er á nafn viðkomandi sjómanns sem sjómannaafslátturinn birtist í formi skattafsláttar.

Ég get ekki séð fyrir mér að hægt sé að blanda saman einhverjum iðgjöldum í Lífeyrissjóði sjómanna annars vegar og tengja þau við sjómannaafsláttinn, enda þekkist það hvergi. Það er líka rétt að taka fram að sjómannaafslátturinn er ekkert sérískenskt fyrirbrigði. Hann er alls staðar á Norðurlöndunum og í öðrum löndum Evrópu þekkist hann líka.

Hér hefur hv. þm. Mörður Árnason farið yfir upphæðir og nefnt tölur máli sínu stuðnings. Ég efa þær ekki eða þau svör sem hann vitnar í að hæstv. fjármálaráðherra hafi veitt honum en ég held að það væri afar vont mál að ætla að fara í þessar hrókeringar með sjómannaafsláttinn.

[17:53]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Já, ég tek undir það, forseti, að það eru fleiri en útgerðir sem njóta þessa. Ég held þó að það hafi verið þannig í upphafi, og enn er það þannig að um milljarður af þessum 1,2–1,3 milljörðum sem ég nefndi áðan er veittur útgerðum fiskiskipa. Hins vegar vitum við líka með þennan tekjuauka eða þennan ríkisstyrk að hann hefur farið í ýmislegt annað, svo sem til jöfnunar, þar á meðal til ríkisfyrirtækja og annarra fyrirtækja sem hafa sett tré á flot eða eitthvað annað það sem á flot kemst og jafnvel þarf ekki að fara á flot. Eins og ég segi njóta fyrirtæki sem ráða menn í landi líka þessa afsláttar.

Menn þurfa ekki að vera sárir yfir því, það er hinn mikli misskilningur sjómanna og leiðtoga þeirra að vera sárir yfir því, þegar um þetta er talað og líta á það sem einhverja árás á sjómenn að segja að þetta sé ekki ölmusa til þeirra. Sögulega er þetta ríkisstyrkur til útgerðarmanna og síðan hefur eitthvað af honum flust annað, á flutningaskipin auðvitað og síðan ýmis önnur skip sem sóttu á þessi mið vegna þess að ríkið reyndist vera viljugt til þess undir stjórn ýmissa hæstvirtra fjármálaráðherra að styrkja fleiri en útgerðirnar einar í staðinn fyrir að fella niður þennan ríkisstyrk til þeirra. Útgerðarmenn hafa ævinlega átt nokkuð auðvelt með að komast upp í bólið til hæstvirtra fjármálaráðherra og til þeirra ríkisstjórna sem hér hafa verið. Það er sem sé að mínu viti kominn tími til að við hættum þessu og förum að taka upp skynsamlegar og eðlilegar reglur sem auðvitað felast í því að þessar tekjur fari inn í launin til sjómanna sjálfra og þar á meðal inn í lífeyrissjóð þeirra.

[17:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið. Það eru nokkur orð bara í tengslum við frumvarpið sem má telja nokkurt tímamótafrumvarp miðað við allar þær umræður sem gegnum tíðina hafa farið hér fram oft og iðulega og lengi um málefni Lífeyrissjóðs sjómanna. Hér er nú komið frumvarp þar sem lagt er til að sérlög um sjóðinn falli niður.

Að sjálfsögðu er ekki ástæða til að ríghalda í sérlög um þennan lífeyrissjóð ef engar sérástæður eða sérákvæði gera það nauðsynlegt að hafa að einhverju leyti sérstaklega búið um málefni sjóðsins í lögum. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að fara að gerast dómari í því og treysti því að þeir sem þetta hafa undirbúið og skoðað hafi farið með fullnægjandi hætti í gegnum það.

Ég kemst samt ekki hjá því sögunnar og hefðarinnar vegna að minna á það í tengslum við þetta frumvarp að sá hlutur ríkisins sem ætlunin var að kæmi til sögunnar í tengslum við upptöku svonefndrar 60 ára lífeyristökureglu stendur alltaf út af, sá sem mikið var um rætt á sinni tíð. Það er sjálfsagt staðreynd að menn hafi fyrir nokkru gefist upp á því að halda ríkinu við efnið og reyna að sækja að fullu uppgjör á þeim samskiptum. Ég man þó eftir fylgiskjali með þingmáli fyrir ekkert ýkja mörgum árum þar sem þessi hlutur framreiknaður var af stærðargráðunni 1.200 millj. eða svo sem talið var að vantaði inn í sjóðinn vegna innleiðingar 60 ára reglunnar á sínum tíma og þess sem upp á vantaði að sjóðnum væri bætt það í tekjum sem svaraði þeim réttindum sem mynduðust á því tímabili sem reglan var við lýði og hafði áhrif á stöðu sjóðsins. Því var svo breytt eins og kunnugt er og í raun og veru heyktust menn á því að reyna að tryggja mönnum eiginlegan 60 ára lífeyristökurétt, eins og best sést á því að menn borga að öllu leyti fyrir það sjálfir í formi skertra réttinda ef þeir hefja töku lífeyris fyrr en hin almenna regla segir til um. Það er á mannamáli einfaldlega uppgjör á því að tryggja þessari stétt þann möguleika að fara fyrr á eftirlaun en almennt gerist. Fyrir því eru áfram nákvæmlega sömu efnisrök og voru á sínum tíma vegna eðlis sjómannastarfsins og ýmislegs sem í því er fólgið. Mér hefur alltaf sárnað að þessi niðurstaða skyldi verða á þennan veg. Ég er enn þeirrar skoðunar og ekkert sem ég hef skoðað í gegnum tíðina í þessu máli hefur breytt því áliti mínu að þarna hafi ríkið ekki staðið við sinn hluta af samkomulaginu.

Það hafa svo sem verið gerðar ýmsar tilraunir til að koma í einhverjum mæli til móts við stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna. Til sjóðsins hafa runnið fjármunir þegar skipt hefur verið einhverjum sameiginlegum eignum sem orðið hafa til innan sjávarútvegsgeirans eins og við munum. (**Gripið fram í:** Gengismunasjóður.) Gengismunasjóður er nefndur hér og kunna kannski ekki allir í dag skil á honum. Eins var það þegar t.d. fyrirbærið síldarútvegsnefnd var gerð upp og seld, þá stóðum við sem þá vorum í sjávarútvegsnefnd fyrir því að tryggja að Lífeyrissjóður sjómanna fengi hluta þeirra verðmæta einfaldlega sem viðurkenningu á því að sjómenn lögðu sitt af mörkum til þeirrar verðmætasköpunar í gegnum tíðina.

Eitt tel ég að menn verði að fara vandlega yfir áður en þeir taka þá ákvörðun að fella endanlega úr gildi sérlög um sjóðinn, að þar með er slíkt tæki ekki í höndum manna lengur að um Lífeyrissjóð sjómanna geti að einhverju leyti gilt sérreglur. Ég hélt satt best að segja að það gæti ekki verið neitt sérstakt vandamál þó að áfram giltu sérstök lög um einhverja afmarkaða þætti sem vörðuðu málefni Lífeyrissjóðs sjómanna. Það mætti vel gera þá breytingu á núgildandi lögum að byrja á því að taka fram að um Lífeyrissjóð sjómanna skuli gilda lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum eftir því sem við á. Það kynni vel að mega fella að verulegu leyti úr gildi og einfalda mjög löggjöfina sem er í raun og veru alveg heildstæð löggjöf um lífeyrissjóð með því einfaldlega að láta hin almennu lög gilda en eftir sem áður gætu einhver afmörkuð sérákvæði staðið eftir. Ég sé ekki að það þyrfti að vera neitt sérstakt vandamál.

Ef menn telja hins vegar enga ástæðu til slíks ætla ég eða þeir sem ég tala fyrir að sjálfsögðu ekki að standa gegn því en þetta er hlutur sem mér hefði samt fundist ástæða til að menn færu rækilega yfir. Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Það verða ekki bæði tryggð með lögum einhver sérákvæði um sjóðinn en að hinu leytinu slík lög felld úr gildi og hin almenna löggjöf lífeyrissjóðanna látin alfarið gilda.

Ég ímynda mér að það gætu áfram átt eftir að reynast vissar séraðstæður sem menn kynnu að vilja geta brugðist við með sérstakri útfærslu á lífeyrisréttindum sjómanna að einhverju leyti. En kannski er engin ástæða til slíks lengur og ef til vill hægt að sjá fyrir öllu slíku sem kynni að koma upp í samþykktum sjóðsins á grundvelli hinnar almennu löggjafar.

Aðalerindi mitt við þessi tímamót, virðulegi forseti, var að minna á að þessi hlutur stendur alltaf þarna eftir. Ég er alveg viss um að ef sú ákvörðun verður tekin að fella endanlega úr gildi öll sérákvæði um lífeyrismálefni sjómanna eru endanlegar lyktir málsins að aldrei framar verða reistar kröfur um einhverjar sérstakar aðgerðir eða sérstaka þátttöku ríkisins í því að tryggja stéttinni lífeyrisréttindi sem full rök geta þó verið fyrir. Ég er ekki sérstakur talsmaður þeirra sjónarmiða að það geti ekki verið réttlætanlegt og verðskuldað að búa einhvern veginn að einhverju leyti sérstaklega að kjörum sjómannastéttarinnar á Íslandi, hvort sem það er með sjómannafrádrætti eða sérreglum um lífeyrismálefni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:05]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Stjfrv., 375. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 460.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:05]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

[18:06]

Útbýting:

Gjald af áfengi og tóbaki, 389. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 486.

Sívinnsla við skil skattframtala, 388. mál, þáltill. VF o.fl., þskj. 485.

Út af dagskrá voru tekin 7.–10. mál.

Fundi slitið kl. 18:06.

---

42. FUNDUR

mánudaginn 29. nóv.,
að loknum 41. fundi.

Dagskrá:

Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 389. mál, þskj. 486. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:08]

Of skammt var liðið frá útbýtingu eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Gjald af áfengi og tóbaki, 1. umr.

Stjfrv., 389. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 486.

[18:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum. Ég þakka öllum þeim sem greitt hafa fyrir því að veitt væru afbrigði til að málið mætti koma á dagskrá þessa fundar, en efni málsins er þannig að það þarf að hafa hraðar hendur við að afgreiða það í þingsölum eins og allir þingmenn þekkja.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til tvenns konar breytingar í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2005. Annars vegar er lagt til að áfengisgjald á sterku víni hækki um 7%. Hins vegar er lagt til að tóbaksgjald hækki um sömu prósentu, 7%. Gert er ráð fyrir því að tekjuauki ríkissjóðs vegna þessara hækkana geti numið allt að 340 millj. kr. á ársgrundvelli og áætluð áhrif á vísitölu neysluverðs eru talin verða um 0,08%. Áfengis- og tóbaksgjald hækkuðu síðast í lok nóvember 2002 og hefur þróun þeirra gjalda því ekki verið í samræmi við almennt verðlag og hafa gjöldin því lækkað að raungildi síðan þá. Tillaga um hækkun nú er í samræmi við þróun almenns verðlags á síðustu árum en almenn vísitala neysluverðs hefur hækkað um u.þ.b. 7% frá því að gjöldin hækkuðu síðast.

Hækkun gjaldanna mun leiða til um það bil 5,6% hækkunar á útsöluverði sterks áfengis og um það bil 3,7% hækkunar á útsöluverði tóbaks að meðaltali. Í frumvarpinu er ekki lagt til að áfengisgjald á léttum vínum eða bjór breytist frá því sem verið hefur, en það hefur verið óbreytt frá árinu 1998. Af þeim sökum hefur áfengisgjald af þeim tegundum drykkja lækkað að raungildi um ríflega 30%. Frumvarpið miðar að því að lögin taki þegar gildi.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði að lokinni umræðunni vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[18:10]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Eins og gefur að skilja höfum við ekki haft mikinn tíma til að kynna okkur efni frumvarpsins, enda var því dreift rétt í þessu. Hér er gert ráð fyrir talsverðri hækkun á áfengisgjaldi á sterku víni og tóbaksgjaldi, eða 7%. Gert ráð fyrir að aukning á tekjum ríkissjóðs verði um það bil 340 millj. kr. Eins og komið hefur fram í umræðum í dag virðast manni sem þau frumvörp sem hafa legið fyrir á þinginu í dag geri ráð fyrir allt að 700 millj. kr. aukningu á tekjum ríkissjóðs.

Eitt af þeim atriðum sem við munum skoða í hv. efnahags- og viðskiptanefnd síðar í kvöld, því mér skilst að til standi að boða til fundar í nefndinni í kvöld, er að leita leiða til að fá upplýsingar um hvaða áhrif 0,08% hækkun á vísitölu neysluverðs kunni að hafa á skuldir heimilanna og almennt á verðtryggðar skuldir í landinu. Ég held að mikilvægt sé að menn nái almennt vel utan um það sem verið er að gera og hvaða áhrif þetta kunni að hafa.

Ef skuldir heimilanna eru nálægt 300 milljörðum virðist mér í fljótu bragði að ofan á þær 340 millj. kr. aukningu á tekjum ríkissjóðs gæti bæst 240 millj. kr. eða svo við skuldir heimilanna. Hér er því um verulega háar fjárhæðir að ræða og mikilvægt að hv. efnahags- og viðskiptanefnd kalli til fólk sem geti skýrt þetta eins vel fyrir okkur og kostur er.

Það kemur hins vegar ekki fram í frumvarpinu að hækkun gjalds á sterkt vín beri með sér þá stefnumörkun sem ríkisstjórnin hefur tekið í áfengismálum. Ég vil beina áfengisneyslu almennings í landinu meira inn á létt vín og bjór í stað þess að drekka sterkt vín, en það er væntanlega eitt af því sem við þurfum að skoða. Ef þetta er angi af slíkri hugmyndafræði held ég að rétt sé að menn skoði þá vandlega að lækka til móts við þetta gjald á létt vín og bjór í því skyni að þetta hafi ekki áhrif á neysluvísitöluna. Ég held því að þetta hljóti að vera eitthvað sem efnahags- og viðskiptanefnd muni skoða mjög vandlega í yfirferð sinni í kvöld til þess að við getum fengið góða yfirsýn yfir það sem hér er á ferðinni.

Það er sama með þetta gjald eins og önnur gjöld sem við höfum rætt í dag að röksemdafærslan er ekki sú að ríkissjóður standi það illa að sérstök þörf sé á gjaldtökunni, heldur hitt að verið er að uppfæra verðið til samræmis við verðlagsþróun og ekkert annað. Það er líka eitthvað sem við verðum að skoða mjög vandlega á fundinum í kvöld.

Að sama skapi hljótum við að þurfa að kalla til Samtaka ferðaþjónustunnar því þau hafa mjög mótmælt þeim gjöldum sem lögð eru á áfengi hér á landi og talið að það hafi slæm áhrif á aukningu ferðamanna til Íslands. Það er því alveg ljóst að margt er að skoða í frumvarpinu og það dugar ekki eitt að vísa til þess að nauðsynlegt sé að fara í hækkanirnar fyrst og fremst vegna þess að þær hafa ekki hækkað síðan í nóvember 2002. Það er einfaldlega engin röksemdafærsla fyrir þessu.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi höfum við ekki haft mikinn tíma til að skoða frumvarpið og því erum við ekki í stakk búin til að lýsa yfir hvernig við munum afgreiða það. Ég tel að við verðum betur í stakk búin til þess eftir vandlega yfirferð í hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Ég hef þegar óskað eftir því við formann nefndarinnar, hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem fagnaði ógurlega í síðustu viku og sagði að sér liði alveg óskaplega vel þegar skattalækkunarfrumvarpið kom, og brosir enn þrátt fyrir að verið sé að hækka álögur á landsmenn. Það virðist því vera sama hvað gert er, allt kætir hv. þm. Pétur H. Blöndal.

Að sinni er ekki ástæða til að hafa um þetta fleiri orð önnur en þau að mikilvægt er að hv. efnahags- og viðskiptanefnd fari vandlega í gegnum málið og hvaða áhrif þetta komi til með að hafa á verðtryggðar skuldir, einkum skuldir heimilanna. Ef tekjuaukning ríkissjóðs, eins og ég nefndi áðan, verður 340 millj. kr., eru skjótdregnar ályktanir mínar af því hvaða áhrif þetta kann að hafa á skuldir heimilanna að þær verði um 600 millj. kr. Eru þá ekki taldar með aðrar verðtryggðar skuldir og því um gríðarlega mikla breytingu að ræða sem við munum fara vandlega yfir.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar sjái til þess að umfjöllun nefndarinnar verði þannig að við eigum auðveldara með að taka afstöðu til málsins eftir þá umfjöllun. Ég vænti þess að málið skýrist í meðförum nefndarinnar í kvöld.

[18:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér er nýbúið að ræða skattalækkunarfrumvarp ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjármálaráðherra virtist vera óskaplega sár í viðtölum við Morgunblaðið og í ræðum sínum á fundum með sjálfstæðismönnum um helgina yfir því að þetta mál hafi ekki fengið verðuga athygli. Að byltingin hafi verið þögguð niður var fyrirsögnin í Morgunblaðinu og nú er byltingin farin að éta börnin sín hjá hæstv. ráðherra. Nú er hann kominn inn með skattahækkunarfrumvörp í röðum, a.m.k. 660 millj. kr. bara í dag. Hvað verður á morgun? Hæstv. ráðherra virðist telja að peninga vanti í ríkissjóð. Það var ekki svo fyrir nokkrum dögum þegar skattalækkunarfrumvörpin voru til umræðu.

Það er hægt að velta þessu máli fyrir sér út frá ýmsum sjónarhornum. Við höfðum fréttir af því að heilbrigðisráðherrar Norðurlanda hefðu hist og rætt um þá stefnu sem ætti að hafa í sköttum á áfengi og þar eru menn þeirrar skoðunar að það eigi að hafa þá eins háa og mögulegt er. En þar er við ramman reip að draga því að í Evrópusambandinu eru skattar á áfengi almennt miklu lægri en hér og við höfum séð kvartanir ferðaþjónustunnar á Íslandi yfir því að hér séu skattar á áfengi allt of háir.

Ég er á þeirri skoðun að allar breytingar í áfengismálum eigi að vera hægar og tel þess vegna að ekki sé ástæða til að koma að fullu til móts við hugmyndir ferðaþjónustunnar um hvað áfengi eigi að kosta á Íslandi. Það er hins vegar umhugsunarefni hvort menn eiga að hlaupa til með hækkanir núna á áfengi. Ég sé ástæðu til þess að menn skoði það í nefndinni og hlusti á röksemdir ferðaþjónustumanna t.d. hvað þessi málefni varðar.

Það er náttúrlega greinilegt að þær álögur sem verið er að ákveða í dag koma út hjá almenningi í landinu með meiri þunga en bara sem svarar hækkunum á áfenginu, á bifreiðagjöldunum sem voru til umræðu í dag og á þeim aukatekjum sem ríkissjóður er að innheimta. Þess vegna er ljóst að við erum í raun að tala um álögur sem eru sennilega ekkert langt frá því að skipta milljarði fyrir almenning í landinu ef allt er saman reiknað vegna hækkana á skuldum því að allt hefur þetta áhrif á vísitöluna og vísitalan er undarleg skepna á Íslandi. Þar skal allt reiknað til verðs og skuldir fólks skulu hækka í samræmi við það. Þetta er mikið umhugsunarefni og hefur verið lengi, þ.e. spurningin um hvort ekki sé kominn tími til að menn fari að skoða þessi mál aftur, hvort virkilega sé ástæða til þess að skuldir heimilanna hækki þó hér sé breytt áfengisgjaldi. Ég tel alla vega að setja eigi við það nokkur spurningarmerki og fara yfir það að nýju hvort það eigi að hafa þessa stefnu til framtíðar.

Svo getum við líka velt því fyrir okkur hvort við eigum í raun að fara svona að með mál á hv. Alþingi. Hér hefur orðið til sú venja að þegar fara á að breyta álögum á áfengi þá skuli það gert með einhverjum extra hraði í sölum Alþingis. Það er kastað fram frumvarpi. Því er dreift og tekið til umræðu á auga lifandi bragð. Nefnd skal koma að störfum, setjast yfir málið og klára það og Alþingi skal bíða á meðan, taka síðan málið fyrir og klára það. Er þetta nú svona óskaplega nauðsynlegt að fara svona að í opnu lýðræðissamfélagi? Ég held ekki. Og ég held ekki að 7% breytingar á einhverjum vörum kalli menn til þess að fara að hamstra viðkomandi vörur. Mér hefur a.m.k. sýnst að þegar kaupmenn vilja laða að sér fólk þá séu prósentutölurnar töluvert hærri sem eru þá veittar í afslætti eða með öðrum hætti komið til móts við kaupendurna. Ég hef enga trú á því að menn muni raða sér í langar biðraðir við áfengisverslanir þó að von sé á hækkun upp á 7%. Ég vil beina því til hæstv. fjármálaráðherra að hann velti því fyrir sér a.m.k. næst hvort ekki megi bara fara með breytingar á áfengisverði eins og hver önnur mál sem sem koma til Alþingis. Það er ábyggilegt að ýmsum finnst þetta ekki vera neitt nauðsynleg aðferð. Þetta er kannski skiljanlegra í ljósi tímans. Þetta var nefnilega öðruvísi meðan verðbólgan geisaði á Íslandi. Þá var verið að taka hér afstöðu til þess að hækka áfengi um miklu hærri prósentutölur en hér er um að ræða og þá hefur kannski verið ástæða til að halda að ein-

hverjir mundu leggja land undir fót og fara í áfengisverslun til að ná sér í áfengi á lága verðinu eins og hefði mátt kalla það þá. En þessi breyting er nú ekki svo mikil að ástæða sé til þess að fara svona að. Ég alla vega kann ekki afskaplega vel við að mál séu tekin með slíkum hraða í gegnum hv. Alþingi.

Auðvitað er þetta mál ekki flókið þannig að sjálfsagt er svo sem hægt að afgreiða það með hraða í hv. nefnd. En ég vil hafa þessi orð uppi einfaldlega vegna þess að ég tel að engin þörf sé á því að afgreiða þetta mál með þeim aðferðum sem hér er beitt.

[18:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þó að ég sé mikill efahyggjumaður á ýmsa lund og þar á meðal í trúmálum þá á ég ekki í eins miklu sálarstríði varðandi afstöðu mína til þessa frumvarps og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Ég tel tiltölulega einfalt að taka afstöðu til þess hvort menn vilji að áfengis- og tóbaksgjald sé uppfært miðað við verðlagsþróun og haldið í grófum drættum óbreyttri í framkvæmd þeirri aðhaldssömu stefnu í þessum efnum sem þessi gjaldtaka er auðvitað hluti af. Við höfum verið eindregnir stuðningsmenn þess í þingflokki Vinstri grænna að hér væri framfylgt aðhaldssamri áfengisstefnu í norrænum anda og höfum vilja standa vörð um það fyrirkomulag og það gildir óbreytt.

Þetta frumvarp snýst að sjálfsögðu ekki bara um tekjuöflun til ríkissjóðs þó að tekjuáhrifin séu út af fyrir sig ljós. Það er hluti af þeirri heilbrigðisstefnu, aðhaldssömu stefnu á þessu sviði sem hér hefur verið framfylgt. Hitt er svo annað mál að hæstv. fjármálaráðherra verður kannski ekki með vinsælustu mönnum að velja sér það verklag að koma með þennan hrekk nokkurn veginn árlega í byrjun jólaföstunnar og lauma þessu í gegn í skjóli kvöldrökkurs þannig að menn vakni upp við vondan draum á morgun.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það sem hv. síðasti ræðumaður var að velta vöngum yfir, þ.e. hvort endilega sé ástæða til þessa vinnulags. Ég held a.m.k. að ef menn færu þá einföldu leið að hafa þessa verðlagsuppfærslu árlega þannig að breytingin væri hverju sinni ekki nema sem næmi verðlagsþróun milli ára þá væri þetta ekkert sem neinn mundi kippa sér upp við og þyrfti ekki að vera með neina sérmeðhöndlun á afgreiðslu þessara tekjuforsendna fjárlagafrumvarps frekar en annars.

Varðandi áhrif þessa á verðlag og vísitölu þá liggur það út af fyrir sig fyrir úr því að sá kostur er valinn að hafa áfengi og tóbak eða gjaldtökuna af þeirri vöru inni í vísitölunni. Það er auðvitað hlutur sem oft hefur borið á góma og hv. þm. Þuríður Backman og fleiri hafa iðulega flutt tillögu um það að t.d. tóbaksverðið verði tekið út úr þeirri vísitölu sem notuð er til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár eða að þau tengsl verði sem sagt slitin. Það er auðvitað dálítið kúnstugt varðandi gjaldtöku af þessu tagi á vöru sem svona sérstöku máli gegnir um, t.d. tóbak, að gjöld á vöruna sem beinlínis eru ætluð til að hafa neyslustýringu í för með sér og draga úr óhóflegri notkun á þessum varningi úr því að menn ganga þá ekki alla leið og banna hann, séu síðan tekin inn í þessa vísitölu eins og um hverja aðra nauðsynjavöru væri að ræða sem menn yrðu tilneyddir að kaupa. En svo er auðvitað ekki þannig að fullgild rök geta verið fyrir því að skilja þarna á milli. Vísitöluáhrifin eru sem betur fer ekki veruleg og hér er reiknað út að áætluð áhrif á vísitölu neysluverðs séu 0,08%. Það er alla vega ekki tilfinnanlegt.

Hér er enn valin sú leið sem fylgt hefur verið undanfarið að öll hækkunin kemur fram á sterkt áfengi en ekki er um hækkun á gjaldi á létt vín og bjór að ræða. Það dregur þá áfram þar í sundur og það hefur verið samstaða út af fyrir sig um þá stefnu, hygg ég, að rétt sé að breyta þessum hlutföllum þannig og færa gjaldtökuna meira yfir í sterku drykkina. Þetta hefur verið gert ítrekað á undanförnum árum. Ég er ekki að mæla gegn því að þessu sé áfram haldið nú. En það gefur þó auðvitað auga leið að einhvern tíma kemur upp sú spurning hvenær nóg sé komið. Þó menn tali mikið um að áfengi og sérstaklega létt vín og bjór séu dýr hér og það hamli mönnum í ferðaþjónustu þá sér þess ekki sérstaklega stað í því að erlendir ferðamenn fælist landið í stórum stíl því að þeim fjölgar nú sem aldrei fyrr og virðast ekki setja það sérstaklega fyrir sig, enda er ekkert einsdæmi að þessi vara sé skattlögð. Ekki þarf annað en til Noregs til að finna svipaðar upphæðir á ferðinni.

Ég vil að síðustu segja að auðvitað hefur verið vegið með ýmsum hætti að hinni norrænu aðhaldssömu stefnu í vímuefnamálum sem Norðurlöndin, a.m.k. fjögur þeirra, voru þekkt fyrir að framfylgja, þ.e. Norðurlöndin að Danmörku slepptri. Þar á meðal hefur hið háa Evrópusamband sett sig mjög upp á móti því að hér sé gjaldtaka, áfengisgjöld af því tagi sem við lýði hafa verið á Norðurlöndunum. Sömuleiðis hefur það gert athugasemdir við það fyrirkomulag á verslun með þennan varning sem Norðurlöndin hafa valið sér og hafa viðhaft í áratugi, þ.e. að vera með ríkiseinkasölu á áfengi og tóbaki. En kannski má gleðjast yfir því að það virðist hylla undir meiri samstöðu á nýjan leik meðal Norðurlandaþjóðanna um að standa að einhverju leyti vörð um áherslur sínar í þessum efnum samanber samkomulag heilbrigðisráðherra Norðurlandanna á fundi. Eins hafa forsætisráðherrar Norðurlandanna úttalað sig um þetta og það er vel. Hins vegar er ljóst að þrýstingurinn er ekkert að baki hvað varðar stöðu mála á Íslandi og í Noregi þar sem menn hafa enn varið tiltölulega há gjöld af þessu tagi þó að við séum að því leyti í annarri stöðu en Norðmenn að landamæraverslun með þennan varning er ekki af sama tagi og þar gerist.

Frú forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta meira. Eins og væntanlega er ljóst af máli mínu þá tel ég að þetta sé í sjálfu sér eðlileg uppfærsla þessara gjalda miðað við verðlagsþróun frá því að þau voru síðast hækkuð í nóvember 2002 og að því tilskildu að menn styðji það almennt að framfylgt sé áfram þeirri stefnu sem við lýði hefur verið í þessum efnum hér á landi þá hljóta þeir að vera sæmilega sáttir við það.

[18:31]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er kannski ástæða til að byrja á því að óska hv. þm. Pétri Blöndal og félögum hans í ríkisstjórnarsamstarfinu til hamingju með það að hafa lagt hérna til skattahækkanir á einum eftirmiðdegi upp á tæplega 700 millj. kr. Hefur margur orðið af minna feginn þannig að ég

óska honum til hamingju með það. Það verður gaman að heyra ræðu hans á eftir þegar hann fer yfir málið sem formaður nefndarinnar sem um það fjallar og hvort komnir séu brestir í fögnuðinn sem hann lýsti fyrir nokkrum dögum.

Ég vildi taka aðeins upp þráðinn. Fyrir utan þá skattahækkun sem hérna á sér stað hef ég töluverðar efasemdir annars um efni frumvarpsins. Hér hafa menn talað um árangur eða árangursleysi hinnar svokölluðu norrænu áfengispólitíkur sem ég tel að sé fyrir löngu síðan komin í algert þrot. Ég vildi til að byrja með spyrja hæstv. ráðherra hvort menn hefðu metið áhrif þessarar gjaldahækkunar á sterk vín á áhrif á sölu á smygli og landabruggi. Það hefur verið skotið á þær tölur að neysla á landabruggi og smygluðum spíra geti numið allt að 20% af heildarneyslu sterkra vína á Íslandi. Það eru svipaðar tölur og eru annars staðar á Norðurlöndunum og er engin ástæða til að gera ráð fyrir því fyrir þá sem til þekkja að neysla á smygli og bruggi sé nokkru minni hér en annars staðar á Norðurlöndunum, ef hún er ekki meiri. Það væri gaman að heyra viðhorf manna til þeirra áfengispólitísku afleiðinga sem svo veruleg hækkun á áfengisgjaldinu hefur í för með sér, 7% hækkun á sterku víni. Ég tel að áhrifin geti verið töluverð. Það er gríðarlegur undirheimabisness í gangi með bæði landa og smyglaðan spíra og ég get ekki ímyndað mér annað en að þessi gjaldahækkun á sterkt vín sé eins og vítamínsprauta inn á þann markað og hljóta menn að fagna þar, í þeim undirheimum eins og hv. þm. Pétur Blöndal fagnaði skattalækkuninni í síðustu viku sem er farið að sjá verulega á núna eftir þessa 700 millj. kr. skattahækkun í dag.

Svo vildi ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort fyrirætlanir væru uppi um það að einhverjar þessara 340 millj. sem hér á að innheimta séu hugsaðar til forvarnastarfs og/eða reksturs SÁÁ. Síðustu daga og vikur hafa verið fréttir um það að starfsemi SÁÁ og fleiri slíkra meðferðarstofnana sé í uppnámi og þess vegna væri fróðlegt að heyra hvort hæstv. ráðherra hugsi sér að verja einhverjum þessara 340 millj. kr. skattahækkana til SÁÁ eða til að mæta þeim vanda sem er þar eða almennt til forvarnamála. Burt séð frá því hversu mikla trú menn hafa á gildi forvarna og slíkrar starfsemi væri gaman að heyra viðhorf ráðherrans til þessara mála.

Þá hafa menn komið inn á það að Samtök ferðaþjónustunnar kvarta sáran yfir háum gjöldum á áfengi og þeirri áfengispólitík sem stjórnvöld reka hér. Þess vegna hlýtur hæstv. ráðherra að taka af skarið með það hvort stjórnvöld hyggist lækka á móti áfengisskattinn á létt vín og bjór sem aftur leiðir sjónir að því hvort þessi gjaldahækkun á sterka vínið og tóbakið sé tilkomin vegna manneldissjónarmiða einhverra, hvort menn séu almennt að viðhalda háum sköttum á þessa vöru sem aðra eða hvort það sé liður í áfengisstefnu stjórnvalda að hækka álögur á sterkt vín en að halda þeim neðar á hitt. Þá kemur aftur upp spurningin: Hver eru áhrifin á neyslu á sterku víni sem er í undirheimunum, smygli og landabruggi sem menn telja eins og ég sagði áðan að sé gríðarleg? Þetta allt væri gaman og fróðlegt að fá að heyra frá hæstv. ráðherra.

Þá er ekki hægt að hverfa frá þessari umræðu án þess að nefna að það er ansi kúnstugt að hækkun á áfengisgjaldi þurfi að ræða í skjóli myrkurs með þeim rökum að fólk rjúki til og hamstri vín í vínbúðum landsins ef vínbúðir eru opnar á meðan málið er afgreitt frá Alþingi. Málið þarf að ræða og afgreiða í skjóli myrkurs af því að stjórnvöld telja að fólkið rjúki út og fari að hamstra sterkt vín út af 7% hækkun. Þetta er mjög kúnstugt, undarlegt í besta falli.

Það væri fróðlegt að fá svör frá hæstv. ráðherra við þessum spurningum. Hyggst hann beita sér fyrir því að hluta af skattahækkuninni verði varið til starfsemi SÁÁ eða annarrar skyldrar starfsemi í forvörnum og meðferð á áfengissjúklingum og neytendum ólöglegra fíkniefna? Hefur farið fram eitthvert mat á því hvaða áhrif hækkunin á áfengisgjaldinu hafi á sölu á smygluðum spíra, sterku víni og landabruggi? Hyggjast stjórnvöld taka eitthvað sérstaklega út hvert umfang neyslunnar sé hlutfallslega miðað við neyslu á sterku víni? Menn hafa séð að neysla á sterku víni hefur minnkað á pappírunum meðan neysla á léttu víni og bjór hefur aukist stórkostlega.

Þá væri að mínu mati nauðsynlegt að fá inn í þær tölur raunsanna áætlun um neyslu á smygli og landabruggi sem er náttúrlega stórhættuleg og hefur oft leitt af sér stórslys þar sem menn hafa drukkið baneitraðan viðbjóð sem hefur annaðhvort orsakað blindu eða dauðsfall. Það er mjög mikilvægt að draga það fram hvort þessi skattahækkun á sterka vínið muni að mati færustu manna leiða til aukinnar neyslu á smygli og landabruggi. Ef svo er er betur heima setið en af stað farið og þá ættu menn frekar að huga að því að fara aðrar leiðir til að berjast fyrir breyttu áfengisneyslumynstri en þessa.

[18:39]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru örfá atriði í ræðu þingmannsins sem ég vildi nefna. Í fyrsta lagi er þetta tekjuöflun sem áætlað er að geti numið 340 millj. kr. sem er í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins sem hér var lagt fram 1. október og menn eru nú að ljúka meðferð á í þinginu. Þessar tekjur eru ekkert sérstaklega merktar tilteknum málaflokkum frekar en almennar tekjur af áfengis- eða tóbaksgjaldi, þó með þeirri undantekningu að í Forvarnasjóð rennur tiltekið hlutfall af tóbaksgjaldi til að styrkja starfsemi sjóðsins. Geri ég ráð fyrir að svo verði áfram hvað þessa aukningu varðar.

Að því er hins vegar snýr að smygli og landabruggi sem hv. þingmanni varð tíðrætt um liggur náttúrlega í hlutarins eðli að við vitum ekki umfang slíkrar starfsemi. Ef við vissum það og hefðum tök á henni mundi úr henni draga, geri ég ráð fyrir.

Hitt er athyglisvert sem bæði hv. þingmaður og fleiri hafa vikið að og það er hlutfallið milli verðs á sterku áfengi og léttu víni. Það hefur dregið úr notkun á sterku áfengi en í víninu hefur aukningin verið mjög mikil. Ég held að þetta sé heppileg þróun og ég hef staðið gegn því að hækka áfengisgjaldið á léttum vínum núna í sex ár þótt ég hafi talið óhjákvæmilegt að halda áfram að afla ríkissjóði tekna með því að hækka gjaldið á sterka víninu og tóbakinu. Ég vek athygli á því að 7% hækkun þessara gjalda þýðir minni hækkun í útsöluverðinu og ég er viss um að það eru ýmsir í þessum sal sem gætu hugsað sér að útsöluverðið hækkaði um 7% eða jafnvel meira. Þetta er staðan, virðulegi forseti,

hvað varðar hlutfallið milli sterkra og léttra vína.

[18:41]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra í sjálfu sér fyrir að skýra þó þessa þætti, að þessi tekjuöflun ríkissjóðs sé ekki ætluð til þessara málaflokka eða einhverra annarra. Ég hvet ráðherrann til að beita sér fyrir því að hluti af þessari skattlagningu, þessari tekjuöflun ríkissjóðs, renni til þessara málaflokka og verði til að mæta þeim bráða vanda sem uppi er í málefnum meðferðarstöðva á Íslandi. Gríðarlegur fjöldi ungmenna streymir nú í meðferðarstöðvarnar og hefur alltaf aukist ár frá ári. Ég nefni ungmennin sérstaklega af því að það virðist ríða yfir mikill faraldur á neyslu ólöglegra fíkniefna ef við skilgreinum áfengi sem löglegt fíkniefni en önnur eiturlyf eins og heróín, kókaín, hass og e-töflur sem ólögleg fíkniefni.

Ég held að menn þurfi að taka verulega á þarna til að ná einhverjum viðunandi árangri. Verði þessi skattahækkun að veruleika einhvern tíma í nótt væri ágætt að sjá í framhaldinu að stjórnvöld létu meira af hendi rakna til þess.

Hæstv. ráðherra gat um það að við einmitt þekktum ekki til umfangs neyslu á landabruggi og smygluðum spíra og smygluðu sterku víni. Það er mikið rétt. Því síður höfum við þá nokkra einustu vitneskju um hvort raunverulega hafi dregið verulega úr neyslu á sterku víni þótt tölurnar frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins segi það. Þá höfum við alls enga hugmynd um það hver áhrifin af slíkri gjaldahækkun á sterk vín séu á tölu, neyslu og umfang á smygli og landabruggi í framhaldi af þessu. (**Gripið fram í:** En í Hreppunum?) Það er lítið drukkið af því í Hreppunum orðið. (**Gripið fram í:** Það er af sem áður var.) Það er af sem áður var.

Ég vil að lokum skora á hæstv. ráðherra, af því að hann nefnir þetta vandamál sérstaklega, að beita sér fyrir því að úttekt verði gerð á þessu og að menn beri þá rauntölur saman en ekki ímyndaðar tölur frá ÁTVR.

[18:43]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ekki veit ég hvernig þetta gengur fyrir sig í Hreppunum nú til dags en í Borgarfirðinum gildir örugglega hið fornkveðna sem sótt var í Biblíuna, að hóflega drukkið vín gleður mannsins hjarta. Ég er út af fyrir sig ánægður með þær áherslur sem koma fram í máli hæstv. fjármálaráðherra, þ.e. hann bendir á þá staðreynd að frá manneldislegu og heilsufarslegu sjónarmiði sé miklu heppilegra að hækka ekki gjald á léttu víni en frá heilsufarslegu sjónarmiði er líka heppilegt að fara þá leið að hækka gjaldið á sterka víninu og tóbakinu. Það er alveg rétt.

Ef hæstv. fjármálaráðherra er þeirrar skoðunar að það þurfi að hækka álögur til að vega upp á móti þeim skattalækkunum sem hann er að beita sér fyrir er þetta út af fyrir sig ágætisleið. Ef menn hafa hins vegar sjónarmið heilsufræðinnar að leiðarljósi ættu þeir miklu frekar að velta fyrir sér hvort ekki ætti að hækka álögur á tóbaki og á sterku víni en nota það sem þannig fæst í kassann til að lækka álögur á léttu vínunum, ekki bara vegna þess að það gleður mannsins hjarta heldur vegna þess að nú liggur alveg ljóst fyrir að það hefur ákveðið forvarnagildi að neyta ákveðins magns af léttu víni. Svo einfalt er það, frú forseti.

Ég kem hingað aðeins þó til að halda örstutta ræðu og ræða þetta mál í samhengi við önnur sem hér hafa verið rædd í dag og síðustu daga, þ.e. skattalækkanir eða skattahækkanir. Á síðustu dögum hefur hæstv. ríkisstjórn verið að berja sér á brjóst sökum loforða um að hún ætli sér að lækka skatta einhvern tíma í framtíðinni, þ.e. rétt í þann mund sem kosningar bresta á. Það að vísu tókst ekki hönduglegar til hjá hæstv. ríkisstjórn en svo að hæstv. fjármálaráðherra þurfti að boða sérstakan fund í flokksmusterinu að morgni laugardags til að gera enn eina tilraun til að koma því til skila hvað þetta væri gott fyrir þjóðina. Þetta er auðvitað algjörlega ómöguleg þjóð sem við búum við og hún neitaði hreinlega að skilja það hjá hæstv. ráðherra að þetta væri eitthvað sérstaklega gott fyrir hana. Eins og hæstv. ráðherra sagði, hér er verið að þegja í hel einhverja mestu skattabyltingu sem lögð hefur verið til. Skyldi það nú vera, frú forseti, að það hafi ekki verið um neina þöggun að ræða heldur hafi þjóðin einfaldlega skilið það að skattalækkanir ríkisstjórnarinnar fólu í sér ójöfnuð, stór hluti þeirra, og þar að auki voru þær hálfgerðir furðufuglar í skógi. Svo einfalt er það nú.

Þegar við skoðum síðan hvað er að gerast í dag blasir það við að íslensk alþýða er að fá á sig klyfjar sem í fljótu bragði er hægt að leggja niður á milljarð. Þegar við þau gjöld, sem verið er að leggja á landsmenn vegna hækkaðra aukatekna ríkissjóðs sem var rætt í dag ásamt þeim álögum sem hér er verið að ræða, er bætt þeim skuldaböggum sem valda hækkun vísitölunnar vegna þessa máls sem við erum hér að ræða er hægt að reikna sig fast að milljarði. Ríkisstjórnin er sem sagt búin að leggja til bagga á herðar landsmanna í dag sem hægt er að vigta upp á milljarð. Í fyrra kom þessi sama ríkisstjórn líka og lagði hvers konar álögur á landsmenn sem hægt er að vigta upp á 3,5–4 milljarða. Þegar við leggjum þetta saman, frú forseti, blasir við að skattahækkanir ríkisstjórnarinnar frá því að hún tók við má leggja á um u.þ.b. 5 milljarða ef við leggjum þetta allt saman sem ég hef hér verið að rekja. Frú forseti. Hvað er það mikið sem á að lækka skattana um á næsta ári? Eru það ekki 5 milljarðar? Gæti það þá verið að sú lækkun sem verið er að leggja til í skattbyrði landsmanna og metin er á 5 milljarða sé ekki bara tekin til baka í dag heldur hafi hún verið tekin að hluta til til baka í fyrra? Ef við leggjum saman þessi tvö ár kemur ríkisstjórnin út í plús frá sjónarhóli ríkissjóðs. Kynni það að vera að allt það sem þessi ríkisstjórn hefur verið að segja um bættan hag landsmanna strax á næsta ári sé bara hjóm eitt og vitleysa þegar maður leggur þetta allt saman?

Ég velti því t.d. fyrir mér hver niðurstaðan yrði ef það væri skoðað hvernig millitekjufjölskyldan hefur komið út miðað við upphaf kjörtímabilsins og stöðuna í lok næsta árs eins og áætlað er að hún verði þegar tekjuskattslækkun ríkisstjórnarinnar er komin til framkvæmda. Niðurstaðan yrði auðvitað þannig, frú forseti, að hátekjumaðurinn með sína helmingslækkun á hátekjuskatti og flata tekjuskattsprósentulækkun upp á 1% kemur auðvitað fínt út. Hann fær í vasa sinn einhverja tugi þúsunda, jafnvel hundruð þúsunda. Það er hins vegar hugsanlegt að þegar dæmi meðaljónsins

sem þarf að sæta öllum þeim álögum sem hafa verið að hækka í fyrra og núna á þessum degi er reiknað komi hann ekkert miklu betur út, og jafnvel ekkert betur. Þetta er eitt af því sem við þurfum að skoða.

Ef þetta hugboð mitt reynist vera rétt, að breytingin sé harla lítil fyrir meðaltekjumanninn og þann sem er jafnvel með lægri tekjur, verð ég að segja að lítið lagðist fyrir kappann, hæstv. fjármálaráðherra, að koma hér og tala um einhverjar skattabyltingar. Byltingin blasir þá bara við í hugsanlegum skattalækkunum sem koma til framkvæmda rétt fyrir kosningar og enginn veit hvernig staðan verður þá. Og það er sjálfsagt að draga inn í þessa umræðu að greiningardeild Íslandsbanka sendi frá sér spá í dag og hún var ekki fögur fyrir hæstv. fjármálaráðherra. Þar er því spáð að vextir taki á rás og verði um mitt næsta ár komnir upp í 10%. Þar er því spáð að verðbólgan sé komin úr böndum. Svo kemur hæstv. fjármálaráðherra og gerir skop og gys að þeim mönnum sem voga sér að hlusta á sérfræðinga við Háskóla Íslands, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og annars staðar sem tala um að það gæti verið að skattalækkanirnar sem hæstv. ráðherra er að lofa til framtíðar séu ekki sá ávinningur sem verið er að lofa almenningi í krafti skattabyltinga eins og hæstv. ráðherra orðaði það.

Gæti verið að þegar hæstv. ráðherra kom og kvartaði undan því að verið væri að þagga niður gríðarlega merkilegt frumvarp sem hann hefur lagt fram væri niðurstaðan bara sú að almenningur í landinu er ekki fífl, eins og fram hefur komið? Hann skilur bara hvað er að gerast og hann veit að miðað við þær álögur sem eru að dynja á fólki t.d. í dag, t.d. með ýmsum samþykktum í fyrra, er ákaflega umdeilanlegt hvort meðaljóninn kemur eitthvað betur út í lok næsta árs en hann var í upphafi þessa kjörtímabils.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:52]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 18:53.

---

43. FUNDUR

mánudaginn 29. nóv.,
kl. 8.05 síðdegis.

Dagskrá:

Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 389. mál, þskj. 486. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

[Fundarhlé. — 20:05]

[20:57]

Útbýting:

Gjald af áfengi og tóbaki, 389. mál, nál. meiri hl. efh.- og viðskn. þskj. 492 og minni hl. efh.- og viðskn. þskj. 493.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:57]
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu þskj. 492. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Gjald af áfengi og tóbaki, 2. umr.

Stjfrv., 389. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 486, nál. 492 og 493.

[20:59]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar Hallgrímsson og Sigrúnu Ólafsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Hallgrím Snorrason frá Hagstofu Íslands, Ernu Hauksdóttur frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Höskuld Jónsson frá ÁTVR.

Í frumvarpinu er lagt til að gjald á sterkt áfengi og tóbaksgjald hækki um 7%. Þessi gjöld hafa ekki hækkað frá nóvember 2002 og er hækkunin í takt við hækkun verðlags á þessum tíma. Með hækkuninni halda gjöld þessi raungildi sínu.

Gjald á létt vín og bjór hækkar hins vegar ekki og er það í samræmi við þá stefnu að færa neyslu frá sterku áfengi yfir í létt vín og bjór. Sú stefna hefur náð marki sínu eins og kemur skýrt fram í sölutölum ÁTVR fyrir síðustu ár. Gjald á létt vín og bjór hefur ekki hækkað í krónutölu frá 1998 og hefur því lækkað að raungildi um nálægt 22%.

Þær breytingar sem lagðar eru til eru í samræmi við forsendur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2005 og meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Undir nefndarálitið skrifa auk mín hv. þm. Dagný Jónsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Gunnar Birgisson og Álfheiður Ingadóttir.

Ég vil bæta því við vegna umræðunnar áðan að þau ykkar sem komin voru til vits og ára fyrir áratug, orðin fertug eða meira, munið eftir því þegar hér í landinu geisaði verðbólga. Það var áður en þessi góða ríkisstjórn kom til valda. Þá rýrnuðu krónur mjög hratt. Ef einhver upphæð var óverðtryggð og hækkaði ekki þá lækkaði hún að raungildi. Þetta vissu allir Íslendingar á þeim tíma, allir þeir sem voru komnir til vits og ára og líka hinir sem eru svo ungir að þeir muna ekki eftir þessum tímum. (**Gripið fram í:** Ég man

þetta víst.) Sú umræða sem áðan átti sér stað, um að hér væri um skattahækkun að ræða, er náttúrlega alveg út í hött. Krónutalan hækkar þannig að fjárhæðin haldi í við verðbólguna, það er allt og sumt. Hún er látin halda verðgildi sínu miðað við verðlag. Það er ekki skattahækkun í mínum huga.

Gjöld sem eru hins vegar látin haldast óbreytt ár eftir ár eru skattalækkun. Ef mönnum finnst þetta gjald hátt — sem ég reyndar tel og ég er ekkert sáttur við þetta gjald — og vilja lækka það, eiga þeir að gera það meðvitað en ekki láta verðbólguna gera það að þeim meðvitundarlausum. Menn eiga að lækka skatta og hækka meðvitað. Verðbólguáhrif eiga ekki að hafa áhrif á það hvort skattar hækka eða lækka.

Varðandi það sem kom fram áðan um að skuldir heimilanna hækkuðu um 0,08% þá er það gömul tugga. Ég minni t.d. hv. þingmenn á að verðbólga síðustu tíu ára hefur að mestu leyti stafað af hækkun íbúðarhúsnæðis sem aftur veldur aukinni verðbólgu. Ef húsnæðisverð hækkar um ákveðna prósentu hækkar vísitalan að sjálfsögðu miklu minna af þeim ástæðum og skuldirnar hækka því miklu minna hlutfallslega. Mismunur á eignum og skuldum íbúðaeigenda hefur því aukist óðfluga síðustu árin. Þróunin sem verið hefur undanfarið er ekki til skaða fyrir íbúðareigendur, alls ekki.

[21:03]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson):

Ég get huggað hv. þm. Birki J. Jónsson með því að þótt hann sé ekki orðinn fertugur eins og háttvirtur formaður efnahags- og viðskiptanefndar þá sýnist mér, á þeim ræðum sem þeir tveir hafa haldið hér í dag, að hann sé miklu fyrr kominn til vits og ára en hv. formaður.

Ef það er skilgreining hv. þingmanns að menn þurfi að vera orðnir fertugir til að vera komnir til vits og ára þá finnst mér, miðað við ræðuna sem hv. þingmaður fór með áðan, að hann hljóti að vera kornungur enn þá. Sú ræða bar ekki með sér að hv. þm. Pétur Blöndal væri kominn langt áleiðis á vits- og þroskabrautinni. Satt að segja fannst mér þetta ótrúleg samsuða hjá hv. þingmanni og hef ég þó margt heyrt frá honum.

Út af fyrir sig hefur það með öðru lagst á þá sveif að gera mér dagana glaða að sjá hv. þingmann koma hingað hoppandi af kæti og lýsa yfir ást sinni á ráðherrunum sem koma með þessi frumvörp. Það er út af fyrir sig gleðilegt að hv. þingmaður telji það sérstakt hátíðarefni og tilefni til fagnaðarláta að hér skuli vera á ferðinni frumvarp sem hækkar skatta allmikið.

Þetta er sérstakur gleðidagur, hlýtur að vera, hjá hv. þm. Pétri Blöndal því að hér er ekki bara eitt frumvarp sem þessi ágæti þingmaður hefur tilefni til að gleðjast yfir, ekki tvö, heldur þrjú. Á dagskrá þingsins í dag hafa verið þrjú frumvörp sem samtals hækka skattbyrði landsmanna um 640 millj. kr. Auðvitað getur hv. þm. Pétur H. Blöndal komið hingað og sagt: Þetta er bara til þess að halda í við verðbólguna og lýst því yfir að þetta sé ekki skattahækkun. Eigi að síður er hér verið að hækka álögur með þremur atlögum ríkisstjórnarinnar. Það hefði áður verið hv. þm. Pétri Blöndal tilefni til að vera dapur. Einu sinni var hann svo fúll að hann nánast bar ösku í hár sitt og reif klæði sín af sorg og súr yfir því að hér væri stöðugt verið að hækka skatta. Mig langar hins vegar, af því að hv. þingmaður er svo kátur í dag, að koma með nokkrar staðreyndir sem gætu hugsanlega dempað geð hans aðeins.

Staðan er einfaldlega sú, herra forseti, að hv. þm. Pétur H. Blöndal og ágætir þingmenn í liði stjórnarinnar hafa glaðst ákaflega síðustu daga yfir lækkun skatta. Þegar maður skoðar skattalækkunarfrumvarp ríkisstjórnarinnar er ljóst að fyrst og fremst á að lækka skatta einhvern tíma í framtíðinni, rétt fyrir kosningar, hugsanlega til að ginna fleiri til að kjósa stjórnarflokkana. Þetta trix var reynt síðast og tókst með þeim ágætum að Sjálfstæðisflokkurinn tapaði 7%, eins og menn muna.

Við skulum skoða það sem á að koma til framkvæmda von bráðar en það er tekjuskattslækkun á næsta ári um 1%. Hún kostar 4 milljarða. Þegar maður fer hins vegar yfir þær hækkanir sem hæstv. ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir og væntanlega hafa orðið hv. þm. Pétri H. Blöndal til mikillar gleði á síðustu missirum þá blasir við að ríkisstjórnin hefur með hækkunum á þessu og síðasta ári halað inn fyrir skattalækkunum næsta árs. Það er merkilegt.

Mér sýnist að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafa ærið tilefni til að gleðjast meira. Þessar hækkanir ... Háreysti. Herra forseti. Formaður Samfylkingarinnar á því ekki að venjast að stjórnarliðið ljósti upp höndum með fagnaðarlátum undir ræðum hans eins og hér áðan. En kannski var það vegna þess að þeir voru sammála því sem ég er að segja um málið.

Ég var að rifja það upp að stjórnarliðið er hér að samþykkja frumvarp sem felur í sér hækkun upp á 340 millj. kr. í beinum útgjöldum landsmanna. Það felst í frumvarpinu. Samhliða hækkar neysluvísitalan um 0,08%. Ég hef fengið aðstoð töluglöggra spámanna úr liði Sjálfstæðisflokksins til að reikna út að það þýðir að skuldaklyfjar landsmanna munu á eftir, þegar stjórnarliðar samþykkja þetta frumvarp, aukast um a.m.k. 1 milljarð kr.

Fyrr í dag, eins og ég drap á í upphafi ræðu minnar, voru á dagskrá tvö frumvörp, annað um aukatekjur ríkissjóðs og hitt um bifreiðagjöld. Þessi frumvörp gera samanlagt ráð fyrir því að skattheimta ríkissjóðs aukist um 320 millj. kr. „Ódrjúg eru morgunverkin," sagði í Laxdælu. Þau eru ekki síðri kvöldverkin hjá hæstv. ríkisstjórn. Hún er á þessum degi, áður en nótt hefst, búin að leggja fyrir Alþingi og ræða þrjú frumvörp, samþykkja eitt, sem samtals fela í sér að bein útgjöld landsmanna aukast um 640 millj. kr. og jafnframt hefur þeim tekist að auka skuldir einstaklinga, fjölskyldna og heimila um fast að milljarði. (**PHB:** Og fyrirtækja.)

Hvað kemur í ljós ef maður skoðar síðan hve miklar hækkanir ríkisstjórnin hefur samþykkt á þessu ári og því síðasta? Það blasir við að í dag eru það 640 millj. kr. en þær hækkanir sem við höfum verið að ræða í dag koma í kjölfar annarra hækkana sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á síðasta ári. Þar má nefna hækkun á þungaskatti, hækkun á sérstöku bensíngjaldi, lækkun vaxtabóta, afnám sérstakrar ívilnunar vegna séreignarlífeyrissparnaðar, hækkun komugjalda á heilsugæslu, auk margra annarra smærri gjalda sem voru lögfest í fyrra. Ég leyfi mér að nefna að auki frumvarp sem

samþykkt var um siglingavernd. Í því voru lögð til átta ný gjöld. Þetta kallaði sá ágæti flokkur, sem hv. formaður þingflokks sjálfstæðismanna, Einar K. Guðfinnsson, ólst upp í skjóli hjá í Essex margt fyrir löngu, taxation by stealth, þ.e. hina hljóðlátu skatta sem enginn tekur eftir sem skríða samt inn í pyngju allra og taka úr henni svolítinn bita. Þegar saman er lagt er þetta orðið ansi mikið.

Það sem skiptir máli varðandi þetta er að þegar maður reiknar saman allar þessar skattahækkanir kemur í ljós að riddarar þeir sem skolaði inn á fjörur þingsins undir því yfirskini að þeir ætluðu sér að lækka skatta, menn eins og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, Sigurður Kári Kristjánsson og fleiri, hafa með fjárlögum sem verið er að samþykkja og ýmsu öðru sem þeir hafa samþykkt líka farið í allt aðra átt. Þeir standa ekki einu sinni á núlli. Miðað við skattalækkunina sem á að kosta 4 milljarða kr. og koma til framkvæmda á næsta ári munu Íslendingar, þegar þeir fagna lokum ársins 2005, standa andspænis lagafrumvörpum sem þessir ungu herramenn hafa samþykkt sem fela það í sér að skattaálögur hafa aukist um 1 milljarð kr. Þetta er skattabyltingin sem hæstv. fjármálaráðherra talaði svo fjálglega um í musteri flokksins, í Valhöll, á laugardaginn. Svo undraðist hann að þjóðin skyldi ekki standa upp, stappa niður fótum og ljósta saman höndum af fögnuði. Það er vegna þess að þjóðin er skynsamari en hæstv. fjármálaráðherra hefur e.t.v. gert sér grein fyrir. Þjóðin sér skattalækkanir í framtíðinni, undir lok kjörtímabilsins, en hver veit hver staðan verður þá? Skoðið bara, góðir hálsar sem eruð að hlusta á mig hér í kvöld, greininguna frá Íslandsbanka í dag og veltið fyrir ykkur hver staðan verður þá.

Það sem við höfum í hendi er það sem hefur verið samþykkt til hækkunar eða lækkunar á þessu ári og í besta falli á hinu næsta. Þá kemur í ljós, þegar allt er samanlagt og frádregið, þegar við erum búin að fara í debet og kredit er niðurstaðan sú að ríkisstjórnin verður við lok næsta árs búin að hækka skatta á landsmenn. Það er öll skattabyltingin.

Svo kemur vesalings hæstv. fjármálaráðherra í Morgunblaðinu og fær þar stóra frétt á síðu 2 á tveimur hæðum, gamli Morgunblaðsunginn — ég leyfi mér ekki að segja Morgunblaðstitturinn — og kvartar og vælir undan því andspænis allri þjóðinni að verið sé að þagga niður skattabyltinguna.

Má ég spyrja ykkur, ungu herramenn Sjálfstæðisflokksins, hina ungu þingmenn: Hver er skattabyltingin í ár og á næsta ári? Þið eruð ábyrgir fyrir því að hafa dregið þjóðina á asnaeyrum. Þegar upp verður staðið hafið þið við lok næsta árs aukið skattheimtu á landsmönnum um 1 milljarð kr. jafnvel þótt tekið sé tillit til 2% lækkunar á hátekjuskatti og 1% lækkunar á tekjuskattshlutfallinu. Þetta eru afrek ykkar. Komið svo hingað og berjið ykkur á brjóst og talið um skattabyltingu. Nei, Íslendingar eru klárari en hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa bersýnilega gert sér grein fyrir. Þeir hafa ekki staðið á öndinni yfir þessari skattabyltingu vegna þess að þeir vita að hún er enn þá furðufugl í skógi og ekkert annað.

Herra forseti. Af alveg sérstökum ástæðum ætla ég ekki að lengja þessa umræðu mikið. Ég hef komið þeim sjónarmiðum á framfæri sem ég tel að eigi erindi í þessa umræðu. Mér þykir auðvitað fyrir því ef ég hef raskað ró hinna ungu hvítu riddara Sjálfstæðisflokksins sem lofuðu skattabyltingu, skattabyltingu sem þjóðir skynjar ekki á sínu eigin hörundi.

Ég vil koma einu á framfæri að lokum. Ég vil að það komi fram að ég er sammála þeirri afstöðu sem birtist í skattbreytingum og skattstefnunni gagnvart áfengum drykkjum og tóbaki hjá hæstv. fjármálaráðherra. Ég tel að ef menn ætla á annað borð að skattleggja áfengi sé betra að skattleggja sterka drykki en létt áfengi. Að því leyti er ég sammála hæstv. ráðherra og finnst það mjög jákvætt.

Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, alveg eins og hæstv. ráðherra var fyrir tveimur árum, í nóvember 2002 þegar við vorum síðast í svona bixi, að ef á annað borð á að auka tekjur ríkissjóðs með því að hækka tóbaks- og áfengisgjald þá eigi að láta það koma harðar niður á tóbaki. Ástæðan er sú að ég tel að það sé miklu meiri skaðvaldur en áfengið. (**SKK:** Neftóbakið líka?) Neftóbakið líka, og kannski ekki síst það, hv. þingmaður. Síðast þegar við vorum að þessu leiddi það til þess að smásöluverð á sterku víni hækkaði um nálega 10% en tóbak um 12% að jafnaði. Áherslan á tóbakið var miklu þyngri. Ég sagði við þá umræðu að ég teldi vel hægt að rökstyðja að hafa hækkunina meiri á tóbak en á áfengu drykkina. Ég er enn þeirrar skoðunar.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé farsælla frá heilbrigðissjónarmiði að auka fremur álögur á tóbak en vín en þegar við skoðum það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu sést að stefnan frá því í nóvember 2002 er þveröfug, þ.e. nú hækkar verð á tóbaki töluvert minna en á sterku drykkjunum. Ég vil að það komi skýrt fram að þetta er stefna sem við í Samfylkingunni erum andvíg. Talsmönnum hæstv. fjármálaráðherra tókst ekki að skýra þetta út í efnahags- og viðskiptanefnd. Við viljum í sjálfu sér ekki tefja afgreiðslu málsins með því að fá aðra til fundar við nefndina til að veita okkur upplýsingar um þetta. Það væri samt þarft, ef hæstv. fjármálaráðherra kýs að taka til máls síðar við þessa umræðu, að hann skýrði út fyrir okkur þessa pólitísku stefnubreytingu. Ég lít á þetta sem pólitíska stefnubreytingu. Þarna er breytt um áherslur varðandi þessi gjöld. Ég tel að sú átt sem hæstv. fjármálaráðherra lullar nú í sé ekki farsæl.

[21:16]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á orðum hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Hann talaði um að þjóðin væri dregin á asnaeyrunum. Ég vil upplýsa það, ef hv. þingmaður veit það ekki, að hann sem formaður Samfylkingarinnar getur kannski dregið þingflokk Samfylkingarinnar á þeim eyrum en þjóðin er engin asni og hv. þingmaður dregur ekki aðra á þeim eyrum nema asna.

Það hlýtur að vera aumt að vera í þingliði Samfylkingarinnar. Hv. þingmenn hafa staðið hér fyrir kosningar og lofað skattalækkunum og hér standa menn og horfa fram á mestu skattalækkanir í Íslandssögunni. Búið er að lögfesta erfðafjárskattinn, eignarskattinn, hátekjuskattinn og tekjuskattinn. Þá segja þessir herramenn: Já, við viljum lækka matarskattinn. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Þessir aðilar sögðu fyrir kosningar þegar þeir voru spurðir: Viljið þið virðisaukaskatt á mat-

væli? Nei. Þeir sögðu nei. Það var kosningaloforðið. Þetta kom fram og er opinbert. Þar síðast þegar við vorum í ríkisstjórn með einu af flokksbroti Samfylkingarinnar, Alþýðuflokknum, kom upp hugmynd um að lækka matarskattinn. Hvað gerðu hv. þingmenn í Alþýðuflokknum þá? Þeir hlupu út úr ríkisstjórninni, sögðu að það væri hnífsstunga í bakið að hrófla við þeim skatti.

Nú standa þessir hv. þingmenn upp og æmta og skræmta og tala niður til þjóðarinnar vegna þess að þeir horfa upp á mestu skattalækkanir Íslandssögunnar og vita ekkert hvað þeir eiga að gera í því.

[21:19]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er viss um að forseti þingsins minnist þess þegar Halldór Laxness talaði um 111. meðferð á skepnum. Þessi orð Laxness rifjast upp fyrir mér þegar ég hlusta á þennan unga þingmann koma með saltbaukinn og strá úr honum í sár framsóknarmanna. Hann dregur fram með umræðu sinni um matarskattinn að í þessum sal eru allir með því að helminga matarskattinn nema Framsóknarflokkurinn.

Menn tóku kannski eftir því að ég nefndi ekki matarskattinn í ræðu minni, af því að ég vildi ekki lengja umræðuna. En hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson vakti sérstaklega athygli á því að ríkisstjórninni hefði ekki tekist að lækka matarskattinn og Samfylkingin væri alltaf með það á vörunum. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni. Samfylkingin er stöðugt að tala um það, alveg eins og Sjálfstæðisflokkurinn gerði í kosningabaráttunni þar sem hann setti það mál númer eitt, og í þessum sölum hafa talsmenn allra flokka lýst stuðningi við að helminga matarskattinn nema Framsóknarflokkurinn. Það sýnir hins vegar heilindin í stjórnarsamstarfinu hjá þessum unga þingmanni að hann kemur hingað og gerir grín að Framsóknarflokknum, kemur með saltbaukinn og stráir og stráir.

Herra forseti. Auðvitað er dapurlegt að hugsa til þess að þegar næsta ári sleppir hefur þessi hv. þingmaður afrekað að hafa greitt atkvæði með skattalækkunum og skattahækkunum. Þegar allt er talið saman, allar skattalækkanirnar og allar skattahækkanirnar, hefur hann, maður sem ætlaði að fremja skattbyltinguna miklu, hækkað skatta á landsmenn um 1 milljarð. Svo kemur hann hingað og gerir grín að Framsóknarflokknum.

[21:21]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég áttaði mig náttúrlega ekki alveg á þessu. Það er hárrétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að hann nefndi ekkert matarskattinn. Maður verður að fylgjast betur með, þeir eru væntanlega hættir við hann. Samfylkingin talaði nefnilega fyrir kosningar um að lækka tekjuskattinn. Samfylkingin er hætt við það og síðast þegar ég vissi var hún að tala um að lækka matarskattinn.

Það uppgötvaðist ekki fyrr en núna, af því að mönnum er kannski ekkert ofsalega mikið í mun að hlusta á Samfylkinguna almennt fyrir kosningar, en menn fóru þó að rifja upp hvað hún sagði um matarskattinn fyrir kosningar. Þá sögðu hv. þingmenn Samfylkingarinnar eins skýrt eins og getur orðið þegar þeir voru spurðir hvort þeir vildu lækka skattinn: Nei. Eitt orð, nei. Það var svo einfalt. Síðan hefur það að vísu verið upplýst sem allir vita að samstaða er um það innan ríkisstjórnarinnar og kom fram hjá forustumönnum Framsóknarflokksins hvað varðar virðisaukaskatt á matvæli.

Ég vil vekja athygli á þessum endalausa hringlandahætti í þessum blessaða flokki, Samfylkingunni, sem hefur algjörlega upplýst fyrir þjóðinni að allar þær tillögur og stefnur í helstu málaflokkum gamla Alþýðubandalagsins eru teknar upp núna af Samfylkingunni. Við þekkjum það í utanríkismálunum, það var farið ágætlega yfir það. Hér áður fyrr var nefnilega til flokkur sem hét Alþýðuflokkurinn og er að vísu enn þá til og formaðurinn er hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sem hafði það að stefnumarki sínu að fara með tekjuskattinn niður í 35% síðast þegar hann var hækkaður upp.

En hver er staðan núna? Hv. þingmenn hafa hvað eftir annað lýst því yfir að þeir vilji halda tekjusköttum á almenningi eins háum og mögulegt er og það er ekkert að marka hvað þeir sögðu fyrir kosningar.

[21:25]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit reyndar ekki hvort orðið „borgarstjórnartittur" er til í orðabók hæstv. forseta, þá mundi ég ef til vill freistast til þess að nota það en sökum ókunnugleika míns ætla ég ekki að gera það.

(**Forseti** (HBl): Það yrði þá með ypsíloni.)

Nú ætla ég ekki að deila um stafsetningu við hæstv. forseta, a.m.k. ekki á þessu tiltekna orði, en mig langar að beina sjónum hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar að þeirri biblíu sem hann leggur meiri trúnað á en öll önnur guðfræðirit í samanlagðri mannkynssögunni og það er Morgunblaðið. Morgunblaðið leggur fram ákveðna greiningu þann 8. apríl 2003 á tillögum stjórnmálaflokkanna um aðgerðir í skattamálum: Sjálfstæðisflokkurinn, virðisaukaskattur. Lægra þrepið verði lækkað um helming, svo sem af mat. Samfylkingin, virðisaukaskattur af matvælum og öðrum matvörum lækki úr 14% í 7%. Það er helmingur.

Ég veit því ekki hvaðan hv. þingmaður hefur þessar upplýsingar sínar en hann má auðvitað lifa vel og lengi og dafna og þroskast með þeim. En við sem trúum Morgunblaðinu vitum hvað er rétt og hvað er rangt í þessum efnum.

Hv. þm. er líka borgarfulltrúi eins og reyndar fleiri í þessum sal. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa lagt ríka áherslu á að beita sér fyrir aðgerðum sem geta eflt ferðaþjónustu, bæði í borginni og á landinu öllu. Í stjórnarsáttmálanum er lögð áhersla á að efla ferðaþjónustuna þannig að hún verði samkeppnishæfari atvinnugrein og Ísland þar með samkeppnishæfara á hinum alþjóðlega ferðamarkaði. En fram kom í efnahags- og viðskiptanefnd áðan, hjá fulltrúa Samtaka ferðaþjónustunnar, að Íslendingar ættu heimsmet í áfengisgjöldum og að sú gjaldastefna hefði mjög neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna.

Það er því alveg sama, herra forseti, hvernig maður lítur á þetta, hvort sem maður lítur á þetta í gegnum gleraugu

skattborgarans eða í gegnum gleraugu borgarfulltrúans, aðgerðin er á heildina tekið heldur neikvæð.

[21:26]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einhvern veginn þannig að þegar rætt er um skatta og gjöld kemur alltaf sami maðurinn upp í pontu á hinu háa Alþingi og býsnast yfir mér og fleiri hv. þingmönnum um að við stöndum ekki í ístaðinu varðandi skattstefnuna. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerir það og ég er farinn að hafa áhyggjur af því að hann sé með mig og fleiri hv. þingmenn á heilanum.

Nú sakar hann okkur um að vera að hækka gjöld og að við verðum að átta okkur á því að kjósendur séu ekki fífl, þeir sjái í gegnum þetta allt saman. En bíddu, hvað vorum við að gera fyrir nokkrum dögum? Við vorum nefnilega að styðja frumvarp sem fól í sér mestu skattalækkanir sögunnar, ekki bara hvað varðar tekjuskatt heldur líka eignarskatt o.s.frv. Skattalækkanir sem hv. þingmaður og flokkur hans lofuðu m.a. fyrir síðustu kosningar. Þegar hann fær svo loksins tækifæri til að styðja slíkar kjarabætur fyrir fólkið í landinu sér maður ekki í annað en iljarnar á honum, hann hleypur á undan í flótta og treystir sér ekki til þess að styðja slík framfaramál.

Það var dálítið skrýtið að hlusta á ræðu hv. þingmanns þar sem hann skammar mig og fleiri þingmenn fyrir skattahækkanir. Þessi 1. þm. Reykv. n., formaður Samfylkingarinnar, formaður flokksins sem hækkar álögur á Reykvíkinga með skattahækkunum, útsvarshækkunum á mig og fleiri Reykvíkinga, hækkar fasteignaskattinn í borginni og hækkar leikskólagjöld á ungt barnafólk um allt að 42%. En það heyrist hvorki hósti né stuna í þessari liðleskju þegar kemur að þeim skattahækkunum sem hans ágætu félagar standa fyrir hér í borg.

[21:28]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki til hvers hv. þingmaður var að beina orðum sínum þegar hann talaði um liðleskjur, hvort það vorum við í Samfylkingunni eða hvort það voru samstarfsmenn hans í Framsóknarflokknum, sem eru reyndar líka samstarfsmenn mínir í ráðhúsinu.

En að því er varðar hækkun á leikskólagjöldum segi ég eins og ég hef áður sagt við hv. þingmann: Spyrjum að leikslokum.

Að því er varðar útsvarshækkanir lýsi ég allri ábyrgð á henni á hendur hv. þingmanni og nótum hans í stjórnarliðinu. Ríkisstjórnin er að þvinga sveitarfélögin til skattahækkana með því að svelta sveitarfélögin. Á sama tíma og verið er að verja 39 milljörðum í skattalækkanir, samkvæmt a.m.k. þeim orðum sem standa á pappírnum í fjárlagafrumvörpum og ýmsum frumvörpum, er ekki til túskildingur með gati handa sveitarfélögunum. Núverandi ríkisstjórn og hæstv. fjármálaráðherra eru að knýja sveitarfélögin í landinu til útsvarshækkana.

Herra forseti. Lykilspurning hv. þingmanns var þegar hann leit til liðinna daga og spurði, með leyfi forseta: Hvað vorum við að gera? Það er von að hv. þingmaður spyrji. Hvað er hann að gera hérna alla daga? Hvað hefur hann verið að gera síðan hann kom á þing?

Ég get upplýst hv. þingmann um það. Hann hefur verið að hækka skatta. Hv. þingmaður hefur hækkað þungaskatt, hækkað sérstakt bensíngjald, hann hefur staðið fyrir skattahækkun sem felst í lækkun vaxtabóta, í afnámi sérstakrar ívilnunar vegna séreignarlífeyrissparnaðar, hann hefur hækkað komugjöld á heilsugæslustöðvar og var um daginn líka að hækka skólagjöld.

Þetta hefur hv. þingmaður verið að gera. Og þegar maður reiknar saman hvað skattahækkanir hans kosta landsmenn og dregur frá því hvað lofaðar skattalækkanir fram til loka næsta árs kosta, kemur í ljós að þessi ungi maður ber ábyrgð á því að hafa hækkað álögur á landsmenn um heilan milljarð. Það var það sem hv. þingmaður var að gera.

[21:30]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður sem hér talaði og benti á mig fer með ákveðnar rangfærslur. Sá sem hér stendur hefur staðið fyrir því að lækka tekjuskatt á launþega í landinu meira en nokkru sinni hefur verið gert, fella niður eignarskatt, fella niður sérstakan tekjuskatt, lækka erfðafjárskatt o.s.frv., hefur staðið fyrir einhverri mestu kaupmáttaraukningu sem ég hygg að íslenska þjóðin hafi séð á lýðveldistíma. Svo kemur hann hér og segir að ég sé að hækka skatta. Hvers konar vitleysa er þetta?

Síðan bendi ég hv. þingmanni á konkret hækkanir sem flokksmenn hans, undirmenn í Samfylkingunni hafa staðið fyrir og eru óumdeildar, þeir hafa hækkað útsvarið, þeir hafa hækkað fasteignaskatta og þeir eru að hækka gjöld á barnafólk. Það eina sem þessi hv. þingmaður, sem, nota bene, er nú 1. þm. Reykv. n., 1. þingmaður okkar Reykvíkinga, segir er: Ekki benda á mig, þetta er ekki okkur að kenna, þetta er ríkisstjórninni að kenna. — Hvers konar málflutningur er þetta eiginlega?

Spyrjum að leikslokum. Ég veit ekki betur en leikskólaráð hafi tekið ákvarðanir um að hækka gjöldin á unga fólkið í landinu og þess vegna langar mig til þess að spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson: Styður þingmaðurinn hækkanir á útsvari hér í Reykjavík, hans kjördæmi? Styður hann hækkun fasteignaskatts hér í Reykjavík og styður hann hækkanir á leikskólagjöldum hér í Reykjavík? Það þýðir ekkert fyrir hv. þingmann að segja: Ekki benda á mig.

Þetta eru þrjár einfaldar spurningar sem ég óska eftir að þingmaðurinn geðþekki svari.

[21:32]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég misskildi þetta auðvitað allt saman. Ég taldi að þá kaupmáttaraukningu sem hefði orðið á síðustu tíu árum, eða a.m.k. einhvern lítinn part hennar mætti e.t.v. eigna einhverjum öðrum en hv. þingmanni. Nú kemur hann hingað og segir um sjálfan sig: Hvað hef ég verið að gera? Ég hef verið að hækka kaupmáttinn, segir hv. þingmaður, meira en hefur nokkru sinni gerst.

Ja, miklir menn erum vér. Ég er viss um að hv. þing-

maður á eftir að vera lengi í stjórnmálum og örugglega eftir að láta gott af sér leiða. Ég leyfi mér þó að efast um að sú kaupmáttaraukning sem hefur orðið hjá íslensku þjóðinni allar götur frá því að við bárum gæfu til að samþykkja samninginn um EES, sé að öllu leyti hv. þingmanni að þakka. Ég vona að mér leyfist að hafa þá skoðun.

Hv. þm. Ásta Möller innir mig eftir svari við ákveðnum spurningum: Um leikskólagjöldin hef ég sagt og segi það enn: Spyrjum að leikslokum í því máli.

Um útsvarshækkunina þá er það alveg klárt að ég lýsi allri ábyrgð á útsvarshækkun í Reykjavíkurborg, og hugsanlega öðrum sveitarfélögum þar sem sveitarstjórnir neyðast til þess að hækka útsvar, á hendur ríkisstjórninni. (**Gripið fram í:** Þú segir það.) Það er alveg klárt að verið er að ýta sveitarstjórnum í að hækka útsvarið með því að svelta þau að því er varðar fjárframlög frá ríkisstjórninni. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Gunnar Birgisson hefur lýst þróuninni með sterkari orðum en formaður Samfylkingarinnar. Hann sagði 18. nóvember í ræðu að ef svo færi fram sem horfði og ef ríkisstjórnin kæmi ekki með aukið fjármagn þá blasti við neyðarástand hjá sveitarfélögunum. Það var hv. þm. Gunnar Birgisson, einn þyngsti leiðtogi Sjálfstæðisflokksins á sveitarstjórnarstiginu sem það sagði. (**Gripið fram í:** Svaraði hann spurningunni?) Það er því alveg ljóst að ég lít svo á að útsvarshækkanir sem menn kunna að ráðast í eru ríkisstjórninni að kenna. (**Gripið fram í:** Svaraði hann spurningunum?)

[21:35]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styður tillögur sem liggja hér fyrir um hækkun á áfengis- og tóbaksgjaldi til samræmis við verðlagshækkanir síðustu tvö ár. Þetta er í góðu samræmi við norræna áfengisstefnu og í þeim anda sem heilbrigðisráðherrar Norðurlanda hafa stefnt að.

Ég þarf í rauninni ekki að gera grein fyrir ástæðunum sem liggja að baki afstöðu okkar því það var gert ágætlega hér í dag. En mig langar til þess að upplýsa hv. þingmenn um að á nefndarfundinum var töluvert rætt um athugasemdir sem komu fram í þingsalnum í dag um verklagið sem er viðhaft þegar verið er að hækka gjöld af þessu tagi og er fólgið í því að setja sérstakan þingfund og setja málið á dagskrá klukkan sex að kvöldi og sigla inn í nóttina með það.

Á fundinum upplýsti forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að þetta væri í rauninni óþarft vegna þess að áfengisverslanir eru opnar lengur en til klukkan sex, þannig að ástæðan fyrir þessu er ekki fyrir hendi eins og lýst er. Ég vil hvetja til að verklagi verði breytt næst þegar þessum gjöldum verður breytt. Þá mun kannski gefast færi á, hv. þingmaður, að ræða um stefnu í áfengis- og tóbaksmálum, þeim stóru málum, þegar verið er að hækka þessi gjöld.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði hér áðan að ríkið efni væru til að breyta og hækka álögurnar á tóbakið enn frekar en hér er gert vegna þess að margoft hefur verið sýnt fram á mjög sterk tengsl milli verðlags á tóbaki og tóbaksnotkunar.

En þegar málið er þannig í pottinn búið sem hér er og verklagið er samkvæmt hefðinni, þá gefst ekki færi á að ræða þessa hluti. En við styðjum að þessi gjöld haldi raungildi sínu á sterku víni og tóbaki.

[21:37]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Þetta frumvarp fjallar um að verð á sterkum vínum og tóbaki haldi verðgildi sínu, það þýðir 320 milljónir. En það sem hefur gleymst í umræðunni — hv. þm. Össur Skarphéðinsson tiplaði í kringum það en sagði ekki neitt — er að verð á léttum vínum og bjór breytist ekkert, það er lækkun á þeim vínum.

Samkvæmt ágætis ársskýrslu frá ÁTVR er heildarsala á áfengi u.þ.b. 12 milljarðar. Síðan sagði forstjóri ÁTVR okkur í efnahags- og viðskiptanefnd að um 1/4 væri beinn innflutningur, þannig að áfengisgjald kemur þá af u.þ.b. 15 milljörðum. Þáttur bjórs og léttvína er 10 milljarðar af því. 7% lækkun á áfengisgjaldi af þessum vínum mundi þýða 4–5% lækkun á útsöluverði. Þetta er það sem við erum að tala um, við erum að tala um lækkun á útsöluverði. Þetta þýðir lækkun upp á 400–550 milljónir að raungildi, sem er meira en 320 milljónir og við erum því að tala hér um skattalækkun nettó, þannig að ég átta mig ekki á málflutningi Samfylkingarinnar í málinu. Ég held að menn þurfi að setjast aðeins niður og reikna og sjá tölur.

Auðvitað styð ég að skattur á áfengi sé lækkaður og það sem hér er verið að gera styrkir ferðaþjónustuna.

Frá árinu 1998 er lækkun áfengisgjalds á léttvín og bjór einhvers staðar á bilinu frá 22% upp í 30%, hér er því um verulega breytingu að ræða.

Virðulegi forseti. Ég vildi koma því hér að, að í reyndina er verið að tala um lækkun, lækkun á léttum vínum sem vegur meira en verðlagshækkun á sterkum vínum. Og ég vil segja að nú eru góðir tímar, fjármálaráðherra hefur lagt fram fjárlagafrumvarp með verulegum afgangi, upp á 10–11 milljarða, hér hafa verið skattalækkanir, búið er að lækka erfðafjárskatt niður í 5%, búið að afgreiða hátekjuskatt, hann dettur út eftir næsta ár, það er komið frumvarp um hækkun á barnabótum, afnám eignarskatts. Hver hefði getað ímyndað sér fyrir 7–8 árum að eftir eitt ár borguðum við ekki eignarskatt? Ímyndið þið ykkur byltinguna. Svo eru 4 prósentustig á næstu þremur árum í lækkun á tekjuskatti einstaklinga.

Svo tala menn hér út og suður í þessum málum. Þetta er alveg ótrúlegt. En þetta eru góðir tímar og síðan ég kom á þing 1999 er þetta besta þing sem ég hef setið hingað til og vonandi verða þau jafngóð hér eftir. Virðulegi forseti. Ég vildi draga fram þá hækkun og lækkun sem hefur orðið á víni.

[21:41]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeir sem hafa setið í þingsal og hlýtt á umræðuna sem hefur farið fram eru kannski dálítið hugsi yfir því sem hér hefur verið sagt. Hér er mestu skattalækkunum sögunnar lýst yfir, hér er óbreytt verðlag, hér eru slíkar skattalækkanir að annað eins þekkist ekki, o.s.frv. Væntanlega fylgir persónuafsláttur ekki verðlagsþróun

heldur skattahækkun, þó það hafi ekki verið nefnt sérstaklega í umræðunni.

En mig langar til að spyrja hv. þingmann, af því að honum var eins og fleirum hér í kvöld tíðrætt um skattabyltinguna, skattalækkunarbyltinguna og mestu skattalækkun sögunnar. Ég gerði kannski ekki mikið annað en að líta á fjárlagafrumvarpið, þ.e. tekjuöflun ríkissjóðs, en þar kemur fram, eða í fjárlagafrumvörpum 2004 og 2005, að breytingin þar á milli, að samneyslan sé að aukast um 7–8%. (**EOK:** 1,7%.)

Ef það er þetta sem er verið að ræða um, þá spyr ég hvaðan tekjurnar komi. Aukningin er umfram hagvaxtarspár, tekjuaukning ríkissjóðs er umfram hagvaxtarspár (Gripið fram í.) og þá spyr ég: Hvaðan koma tekjurnar úr því að við erum að tala hér um mestu skattalækkunarbyltingu sögunnar? Þetta er mikilvægt að upplýsa í umræðunni svo við hinir venjulegu þingmenn fáum að einhverju leyti skilið það sem hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa verið að segja.

[21:43]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rétt til að svara þessu þá hefur samneyslan ekki aukist um 6–7% heldur einungis tæp 2%, það er alveg nóg og í hámarki.

En ég hélt að hv. þingmaður þyrfti ekki spyrja hvers vegna hefði orðið aukning á tekjum. Þegar veltan og umsvifin aukast í þjóðfélaginu þá hækka tekjurnar vegna skatta, vegna virðisaukaskatts, aðflutningsgjalda og annars slíks, það er mjög einfalt, bara út af aukinni veltu.

En þingmenn Samfylkingarinnar reyna að gera lítið úr skattalækkunum, það er eitur í þeirra beinum, þeir ættu heldur að samfagna með okkur stjórnarliðum, m.a.s. vinstri grænir eru farnir að taka þátt í fagnaðarlátunum með okkur.

En þið eruð orðinn sá sérflokkur sem var talað um hér í dag, sérstaki flokkur sem kemur fyrir kosningar og lofar skattalækkunum og svo þegar kosningarnar eru afstaðnar þá eruð þið á móti skattalækkunum. Í stuttu máli er það nákvæmlega svona sem Samfylkingin hagar sér.

Til að fara í gengum þetta aftur fyrir hv. þingmann, þá er búið að lækka erfðafjárskatt, eftir eitt ár verður búið að afnema sérstakan tekjuskatt. Það er búið að ákveða að hækka barnabætur. Það er búið að ákveða að afnema eignarskatt eftir eitt ár og það er búið að ákveða að lækka tekjuskatt um 4%, þetta eru skattalækkanir en ekki skattahækkanir.

Varðandi þetta með vínið þá þurfa menn að sýna sanngirni og segja ekki bara að þetta séu skattahækkanir, þegar verið er að færa sterk vín að núgildandi verðlagi. Núgildandi verðlagi, hv. þingmaður. En síðan er verið að lækka léttu vínin og bjórinn, það er verið að lækka verðið á því. Það er meira en nemur hækkuninni á sterku vínunum. Nettó er því um að ræða enn eina skattalækkun.

[21:45]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefði verið gaman að geta fagnað þeim skattalækkunum sem um hefur verið talað. Vissulega hefðum við fagnað þeim ef um raunverulegar skattalækkanir væri að ræða.

En vegna þess sem fram kom hjá hv. þingmanni þá liggur fyrir að spár liggja fyrir um að veltuaukningin verði 5%. Ríkið tekur til sín tekjur upp á 7–8% umfram það sem það gerði í fyrra. Þess vegna stendur enn eftir spurningin: Hvar birtast heildaráhrif skattalækkananna? Það er það sem við erum að reyna að fá fram. Þess vegna benti hv. þm. Össur Skarphéðinsson á það áðan að þessar hækkanir og álögur nema um 5 milljörðum kr. á næsta ári á meðan lækkanirnar eru um 4 milljarða kr. Nettóniðurstaðan er hækkanir og um það erum við að tala.

Við auglýsum eftir skýringum, ekki bara innihaldslausum slagorðum um byltingarkenndar skattalækkanir. Þau hafa í sjálfu sér ekkert með umræðuna að gera. Við köllum eftir skýringum á þessum veruleika. Menn geta ekki talið það skattalækkanir að verð á léttum vínum hafi ekki hækkað í tiltekinn tíma. Það er veruleikinn, virðulegi forseti.

[21:47]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nenni varla að þvarga við hv. þingmann. Hann virðist ekki skilja þetta og maður verður náttúrlega bara að óska þess að honum fari fram og lesi sér til um þetta, hvað er hækkun og hvað er lækkun yfirleitt.

Á næstu árum verður mikill kaupmáttarauki, einhver sá mesti í Íslandssögunni. Það þýðir aukna launaveltu og það þýðir að ríkið fær meiri skatta af henni. Það er mjög einfalt. Aukin velta fyrirtækja skapar aukinn virðisaukaskatt o.s.frv. Það verður því gósentíð bæði fyrir ríkið og þegna þessa lands á næstu árum. Ég held að hv. þingmaður ætti að fagna því að hér er verið að lækka verð á áfengi nettó.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:49]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, SæS, VS, ÞKG, ÞBack.

9 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, JGunn, LB, MÞH, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BÁ, BjarnB, BjörgvS, BH, GHj, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, KJúl, KHG, KLM, MF, MÁ, StP, VF, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, SæS, VS, ÞKG, ÞBack.

9 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, JGunn, LB, MÞH, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BÁ, BjarnB, BjörgvS, BH, GHj, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, KJúl, KHG, KLM, MF, MÁ, StP, VF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, SæS, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS.
4 þm. (ÁÓÁ, EMS, LB, MÞH) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BH, GHj, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, KJúl, KHG, KLM, MF, MÁ, StP, VF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 21:50.

---

44. FUNDUR

mánudaginn 29. nóv.,
að loknum 43. fundi.

Dagskrá:
Gjald af áfengi og tóbaki, stjfrv., 389. mál, þskj. 486. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:52]
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Gjald af áfengi og tóbaki, 3. umr.

Stjfrv., 389. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 486.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:52]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BJJ, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, SæS, VS, ÞKG, ÞBack.
9 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, GAK, JGunn, LB, MÞH, ÖS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (BÁ, BjarnB, BjörgvS, BH, GHj, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, KJúl, KHG, KLM, MF, MÁ, StP, VF, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 494)

Fundi slitið kl. 21:53.

---

45. FUNDUR

þriðjudaginn 30. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
1. Fjáraukalög 2004, stjfrv., 76. mál, þskj. 403, frhnál. 495 og 496, brtt. 497. — 3. umr.
2. Málefni aldraðra, stjfrv., 85. mál, þskj. 85, nál. 479, brtt. 480. — 2. umr.
3. Bifreiðagjald, stjfrv., 377. mál, þskj. 462. — 1. umr.
4. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frv., 386. mál, þskj. 478. — 1. umr.
5. Innrásin í Írak og forsendur fyrir stuðningi íslenskra stjórnvalda, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Frh. fyrri umr.
6. Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Fyrri umr.
7. Gjaldfrjáls leikskóli, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Fyrri umr.
8. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 32. mál, þskj. 32. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvest.,
Guðjón Hjörleifsson, 5. þm. Suðurk.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh., 1. þm. Norðaust.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):
Borist hefur svohljóðandi bréf frá 4. þm. Reykv. n., Birni Bjarnasyni, dagsett 25. nóvember:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykv. n., Katrín Fjeldsted læknir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan en 1. varamaður situr nú á Alþingi."

Katrín Fjeldsted hefur áður setið á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

[13:32]

Útbýting:

Fjáraukalög 2004, 76. mál, frhnál. 1. minni hl. fjárln. þskj. 495 og 2. minni hl. fjárln. þskj. 496, brtt. 2. minni hl. fjárln. þskj. 497.

Flutningur hættulegra efna, 392. mál, fsp. ÁI og ÞBack, þskj. 490.

Hlutafjáreign einstaklinga, 391. mál, fsp. EKG, þskj. 489.

Hlutur kvenna í sveitarstjórnum, 393. mál, þáltill. SF o.fl., þskj. 491.

Öryggislögregla, 390. mál, fsp. HHj, þskj. 488.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 497. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

Fjáraukalög 2004, 3. umr.

Stjfrv., 76. mál. — Þskj. 403, frhnál. 495 og 496, brtt. 497.

[13:35]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004 kemur nú til 3. umr. Fjárlaganefnd hefur fjallað um málið eftir 2. umr. og fékk fulltrúa fjármálaráðuneytisins til fundar við sig. Fjármálaráðuneytið lét í té áður umbeðnar upplýsingar um fjárhagsstöðu A-hluta stofnana miðað við lok september sl., þ.e. fyrir fyrstu níu mánuði ársins og var farið yfir þær upplýsingar.

Hæstv. forseti. Meiri hluti fjárlaganefndar gerir engar frekari tillögur til breytinga á frumvarpinu eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. og skilar þinginu því ekki framhaldsnefndaráliti.

[13:35]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir áliti 1. minni hluta fjárlaganefndar, þ.e. fulltrúa Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd.

Við 3. umr. um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004 eru ekki lagðar til frekari útgjaldaheimildir af hálfu meiri hluta fjárlaganefndar. Það virðast því ekki hafa fallið á ríkissjóð neinar nýjar kvaðir frá því að 2. umr. fór fram. Þótt ýmislegt megi finna að tillögum í frumvarpinu með tilliti til fjárreiðulaga telur 1. minni hluti að umgengni meiri hluta fjárlaganefndar um fjáraukalagafrumvarpið hafi batnað á undanförnum árum. Hins vegar skortir mikið á að fjárlög og fjáraukalög séu unnin af þeirri fagmennsku sem gera verður kröfu til og verður fjallað nánar um það síðar.

Heildarútgjaldaheimild ársins 2004 nemur 284,6 milljörðum kr. Útgjöld samkvæmt ríkisreikningi ársins 2003 námu 280,7 milljörðum kr. þannig að útgjaldaukningin milli ára er áætluð 1,4%. Þetta verður óvenjugóður árangur ef hann næst. En því miður er líklegra að þetta endurspegli veika fjármálastjórn, þ.e. afleiðing þess að viðurkenna ekki fjárhagsvanda fjölda stofnana við gerð fjárlaga hverju sinni. Þrátt fyrir að settar hafa verið reglur um framkvæmd fjárlaga virðist verulega skorta á að þeim sé framfylgt eins og síðar verður vikið að í ræðu minni.

Óverulegar breytingar verða á afkomu ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu. Bæði tekjur og gjöld eru talin aukast um 9,3 milljarða kr. Tekjuaukinn fylgir þeirri uppsveiflu sem verið hefur í efnahagslífinu á yfirstandandi ári og gæti jafnvel orðið meiri en hér er áætlað. Þá má í þessu samhengi að sjálfsögðu ekki gleyma þeim auknu gjöldum og skattheimtu sem ákveðin var á síðasta ári og hefur skilað ríkissjóði væntanlega um 3–4 milljörðum kr. Það er hins vegar útgjaldastýring eða skortur á henni sem er áhyggjuefnið á tímum vaxandi þenslu. Einstök ráðuneyti virðast ekki ráða við að stjórna fjármálum stofnana sinna og fjármálaráðuneytið virðist ekki hafa getu eða þor til að taka á þessu vandamáli ráðuneytanna.

Það tók t.d. fjármálaráðuneytið tvo mánuði að skila upplýsingum til nefndarinnar um stöðu A-hluta stofnana miðað við lok september en ráðuneytið treystir sér hins vegar ekki til að áætla stöðu sömu stofnana um næstu áramót. Samt sem áður liggur fyrir þinginu frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 þar sem teknar eru ákvarðanir um rekstrargrundvöll sömu stofnana fyrir næsta ár. Að gera slíkt án þess að hafa hugmynd um hvernig útgjöld koma til með að þróast til loka ársins er sérstakt áhyggjuefni.

Í þessu samhengi er eðlilegt að spyrja hvort stofnunum sé gert skylt að skila inn rekstraráætlunum fyrir árið í heild og hvort slíkar rekstraráætlanir séu ekki notaðar sem stjórntæki innan ársins og endurmetnar eftir því sem þörf er á. Því miður virðist svarið við báðum þessum spurningum vera nei. Stærri fyrirtæki og sveitarfélög hér á landi viðhafa ekki slík vinnubrögð.

Við skoðun á þeim viðbótarfjárveitingum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er erfitt að átta sig á hvaða reglur gilda um tilurð þeirra. Í frumvarpinu kemur fram að tillögurnar séu í samræmi við framvindu ríkisfjármála það sem af er árinu og að tekið sé tillit til nýrra lagasetninga, ófyrirséðra útgjalda, breytinga á forsendum og ákvarðana ríkisstjórnar um ný útgjöld.

Þá er vakin athygli á því að ekki er beint samhengi á milli þeirra fjárheimilda sem sótt er um í frumvarpinu og áætlaðra útgjalda á árinu. Kemur þar einkum tvennt til. Annars vegar eru í frumvarpinu veittar fjárheimildir til umframgjalda frá fyrri árum sem þegar hafa verið gjaldfærðar í reikningum ríkissjóðs. Hins vegar verða ekki öll umframútgjöld bætt á árinu og reynslan sýnir að fjárheimildir verða ekki að fullu nýttar á árinu. Þannig flytjast ónýttar fjárheimildir og umframútgjöld á milli ára og bætast við eða dragast frá útgjaldaheimild næsta árs.

Hér er með öðrum orðum verið að fara á bak við fjárlögin. Vissulega eiga stofnanir að hafa ákveðið svigrúm til að færa verkefni á milli ára. En þegar ljóst er að yfirfærð skuld er orðin svo mikil að stofnun getur ekki gert hana upp á næsta ári nema með því að skerða reksturinn verulega ber framkvæmdarvaldinu að vísa málinu til Alþingis. Það er

Alþingi sem taka á ákvörðun um að bæta halla eða taka meðvitaða ákvörðun um að skerða tiltekna þjónustu. Til þess að það sé hægt verða allar upplýsingar að liggja fyrir. Sama gildir um stofnanir sem sífellt safna upp fjárheimildum.

Enn eitt árið samþykkti ríkisstjórnin að banna stofnunum að óska eftir viðtölum við fjárlaganefnd og hafa þannig frumkvæði að koma sínum sjónarmiðum á framfæri við nefndina. Slík afskipti ríkisstjórnarinnar, þ.e. framkvæmdarvaldsins, af eðlilegu upplýsingastreymi frá stofnunum til fjárlaganefndar eru afar óeðlileg en því miður lýsandi fyrir viðhorf framkvæmdarvaldsins til upplýsinga.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að uppsafnaður hallarekstur stofnana og verkefna er bættur í þeim tilfellum þar sem verkefnum er lokið eða sýnt þykir að komið sé jafnvægi á reksturinn og ekki verði um áframhaldandi hallarekstur að ræða. Því miður á þetta ekki við nema í fáum tilfellum. Oft er verið er að bæta útgjöld vegna vanáætlunar og rekstrarhalla án þess að sýnt sé fram á að reksturinn sé kominn í jafnvægi.

Í þessu samhengi má minna á yfirlit fjármálaráðuneytisins frá því í fyrra þar sem tilteknar voru þær stofnanir sem oftast hafa verið í fjáraukalögum undanfarin fimm ár. Þar kom fram að 100 fjárlagaliðir hafa fengið aukafjárveitingu þrisvar eða oftar á síðustu fimm árum. Þar af hafa 26 fjárlagaliðir fengið fjárveitingar öll fimm árin og 33 fjárlagaliðir hafa fengið fjárveitingar á fjáraukalögum fjórum sinnum af þessum fimm. Þannig er vanda stofnana velt áfram í stað þess að komast að vandanum og leysa hann.

Þá er ríkjandi sá ósiður að stofna til útgjalda sem ekki eru heimildir fyrir og fjárlaganefnd ekki gerð grein fyrir eins og fjárreiðulög segja til um. Þetta er gert, eins og hæstv. fjármálaráðherra hefur oft lýst yfir, í trausti þess að meiri hluti ríkisstjórnarinnar á Alþingi staðfesti gjörninginn eftir á.

Herra forseti. Rétt er að ítreka þá skoðun 1. minni hluta að til þess að fjárlaganefnd hafi þá yfirsýn sem nauðsynleg er verður að tryggja að í upphafi þings liggi ávallt fyrir áætluð fjárhagsstaða stofnana við lok yfirstandandi árs. Þetta á ekki síður við um afgreiðslu fjárlaga því að það eru óvönduð vinnubrögð að samþykkja fjárveitingar til rekstrar stofnana á næsta ári án þess að taka tillit til stöðu þeirra um áramót.

Taka þarf á vanda stofnana strax og hann kemur fram því að tilgangslaust er að flytja skuldir yfir áramót ef ekki liggja fyrir raunhæfar áætlanir um að stofnanirnar geti ráðið við vandann. Sama gildir um inneignir einstakra stofnana því ekki er sjálfgefið að þær flytjist milli ára án athugunar. Nauðsynlegt er að við afgreiðslu fjárlaga og fjáraukalaga liggi fyrir áætluð útkoma stofnana miðað við fjárheimildir þannig að því sé ekki frestað að taka á vandamálum og þess beðið að í óefni sé komið.

Vegna þessa óskaði 1. minni hluti eftir því við upphaf fjárlagavinnunnar í byrjun október að fá upplýsingar um stöðu allra A-hluta stofnana miðað við lok september og áætlaða stöðu þeirra í lok ársins. Það var ekki fyrr en 29. nóvember sl. sem hluti upplýsinganna barst. Upplýsingarnar sýna aðeins stöðu A-hluta stofnana í lok september. Engar upplýsingar eru veittar um áætlaða stöðu í lok ársins. Ekki er tekið tillit til þeirra aukafjárveitinga sem þegar hafa verið samþykktar við 2. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2004. Svona vinnubrögð eru ekki líðandi. Samt er ljóst að fjölmargar stofnanir eiga nú þegar við slíkan fjárhagsvanda að etja að ef vinnubrögð við fjárlagagerðina væru með eðlilegum hætti yrði tekið á þeim vanda við 3. umr. um fjárlög ársins 2005 en því miður eru engar líkur á því.

Á lista ráðuneytisins eru 323 stofnanir og var rekstrarhalli 91 þeirra kominn fram yfir 4% í lok september. En það er það viðmið sem sett er í reglum um framkvæmd fjárlaga og á að kalla á viðbrögð af hálfu fjármálaráðuneytisins og viðkomandi fagráðuneytis. Af 55 stofnunum menntamálaráðuneytisins voru 28 komnar yfir 4% rekstrarhalla. Af 12 fjárlagaliðum landbúnaðarráðuneytisins voru sex komnir yfir 4% halla og í félagsmálaráðuneytinu voru sjö af 15 stofnunum komnar yfir 4% rekstrarhalla.

Herra forseti. Samkvæmt listanum vantar 2,5 milljarða kr. í lok september til að reksturinn sé innan fjárheimilda. Á sama tíma var rekstrarvandi ríkisháskólanna um 320 millj. kr., þar af nemur rekstrarvandi Háskólans á Akureyri um 190 millj. kr. Rekstrarvandi framhaldsskólanna nam 480 millj. kr. í lok september en á vanda þeirra er nú enn einu sinni tekið í þessu frumvarpi og ákveðið að bæta stöðu þeirra um 450 millj. kr.

Sumar stofnanir á lista ráðuneytisins hafa í lok september farið verulega fram úr fjárheimildum. Þannig hefur embætti forseta Íslands farið 86% fram úr fjárheimildum eða 61,6 millj. kr. Embætti yfirdýralæknis hefur farið 60% fram úr eða 91,6 millj. kr., Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri 59% eða 72,8 millj. kr., heilsugæslan í Reykjavík er komin 210,4 millj. kr. fram úr fjárheimildum eða 26% og Náttúrufræðistofnun Íslands er komin tæpum 100 millj. kr. fram yfir fjárheimild eða sem nemur 109%.

Herra forseti. Eðlilegt er að spyrja hvernig slíkt getur gerst. Er áætlanagerð þessara stofnana í molum? Bera menn ekki virðingu fyrir fjárlögum? Fylgjast fagráðuneyti ekki með rekstri sinna stofnana og grípa til aðgerða þegar í óefni stefnir? Alþingi á kröfu á því að framkvæmdarvaldið svari þessum spurningum og upplýsi af hverju engin tengsl virðast vera milli bókhalds og áætlanagerðar.

Ljóst er að ef fjárlög ársins 2005 eiga að tryggja stofnunum eðlilegan rekstrargrundvöll þarf að koma til verulegra lagfæringa. Rekstur opinberra stofnana á ekki að líða fyrir átök ráðuneyta og forstöðumanna. Alþingi er með fjárlögum að ákveða að tiltekna þjónustu skuli veita. Telji ráðuneytin ekki unnt að framfylgja þeirra stefnu sem fjárlög marka hverju sinni þarf að leita skýringa á því.

Fjármálaráðuneytið verður að beita fagráðuneyti aga og sama gildir um fagráðuneytin gagnvart einstökum stofnunum. Ráðuneytin þurfa einnig að gæta þess að taka ekki ákvarðanir um útgjöld án þess að heimild liggi fyrir þrátt fyrir þá skoðun hæstv. fjármálaráðherra að slíkt sé í lagi vegna meiri hluta ríkisstjórnarinnar á Alþingi. Málið snýst um það í hnotskurn að ráðuneytin geta ekki ætlast til að stofnanir beri virðingu fyrir fjárlögum ef þau gera það ekki sjálf. En meðan áætlanagerðin tekur ekki mið af staðreyndum munu fjárlög ekki ná að virka sem aðhald í ríkisrekstri.

Herra forseti. Þó að nokkuð hafi áunnist á undanförnum árum varðandi umgengni ríkisstjórnar og meiri hlutans Al-

þingi á lögum um fjárreiður ríkisins vantar enn verulega upp á að eftir þeim lögum sé farið í einu og öllu. Meðan svo er munu fjárlögin ekki vera sá rammi sem þau eiga að vera um ríkisrekstur. Meðan þessi vinnubrögð ráða för og meiri áhersla er lögð á glansmyndir en raunhæfa áætlanagerð munu fjárlög og fjáraukalög ekki fá þann sess sem þeim ber í fjármálastjórn ríkisins.

Herra forseti. Ég hef lokið að gera grein fyrir áliti 1. minni hluta fjárlaganefndar, en Guðjón A. Kristjánsson, sem hefur setið fundi nefndarinnar og er þar áheyrnarfulltrúi, er samþykkur nefndaráliti þessu.

Auk þess sem hér stendur rita undir þetta nefndarálit hv. þingmenn Anna Kristin Gunnarsdóttir, Helgi Hjörvar og Jón Gunnarsson.

[13:49]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður fór eðlilega yfir upplýsingar sem fjárlaganefnd fékk frá fjármálaráðuneytinu um fjárhagsstöðu A-hluta stofnana eftir níu mánuði ársins. En ég sé ástæðu til að koma í ræðustól til að leggja áherslu á að varast ber að draga of einfaldar ályktanir af þeim upplýsingum sem þarna liggja fyrir vegna þess að hér, eins og kom fram í upplýsingum frá ráðuneytinu, á eftir að gera ýmislegt varðandi t.d. millifærslur af óskiptum liðum o.s.frv. til að hægt sé að draga beinar ályktanir af því hvernig rekstrarstaðan er í raun.

Hæstv. forseti. Ég sá ástæðu til þess að leggja áherslu á þetta. Þessar upplýsingar eru mjög góðar svo langt sem þær ná, en að mínu mati ekki alveg tæmandi varðandi stöðuna eins og fram kemur og við höfum rætt í fjárlaganefndinni.

[13:51]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt sem fram kemur hjá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni að þær tölur sem ég nefndi úr skýrslu fjármálaráðuneytisins segja ekki alla sögu. En ég fór með þessar tölur til að vekja athygli á því hvernig staða ýmissa stofnana var eftir níu mánaða rekstur og í því samhengi að velta upp þeirri spurningu sem ég lagði fyrir framkvæmdarvaldið, hvernig á því standi að engin tengsl eru á milli bókhalds og áætlanagerðar.

Eins og fram kom hjá hv. þingmanni þá á eftir að gera ýmsar leiðréttingar. Það er afskaplega sérkennilegt að þessar leiðréttingar skuli yfirleitt vera látnar bíða annaðhvort til loka árs eða jafnvel fram yfir áramót. Það er eðlilegt að þessar leiðréttingar séu gerðar jafnóðum, t.d. varðandi ýmsar tekjur sem stofnanir fá og auðvitað til að laga stöðu þeirra. Einnig varðandi ýmsa svokallaða safnliði sem er útdeilt af ráðuneytum, eins og ég segi, oft og tíðum annaðhvort í lok árs eða að loknum áramótum. Þetta er algerlega ólíðandi varðandi rekstur þessara stofnana vegna þess að forstöðumenn eru settir í þann vanda að vita í raun ekki nákvæmlega hver staða þeirra stofnana er. Samt sem áður er ætlast til þess að forstöðumennirnir reki stofnanirnar miðað við fjárlög hvers árs og það á að gera þá kröfu. En það verður líka að gera þá kröfu til ráðuneytanna, og þá kröfu á undan, að þau hagi sér þannig við framkvæmd fjárlaga að einstakir forstöðumenn í stofnunum viti nákvæmlega hvernig stofnanir þeirra standa hverju sinni. Það er augljóst, miðað við t.d. allan þann tíma sem það tók að fá upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu, að eitthvað mikið er að í upplýsingastreymi innan ríkiskerfisins. Það er eitthvað mikið að þegar menn nota ekki bókhald til þess að reyna að gera áætlanir eins góðar og kostur er. Eins og fram kom í nefndarálitinu þekkist það hvergi í stærri fyrirtækjum eða hjá einu einasta sveitarfélagi að það nýti sér ekki upplýsingar úr bókhaldi við áætlanagerð.

[13:53]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að við hv. þingmaður erum báðir áhugamenn um að bæta áætlanagerð í ríkiskerfinu og ég get að hluta til tekið undir að betur megi gera í þeim efnum. Ég held t.d. að það væri mjög mikilvægt ef stofnunum ríkisins sem gera rekstraráætlanir sínar í upphafi árs — það er bara þannig — verði gert að endurskoða rekstraráætlanirnar síðari hluta ársins, t.d. í septembermánuði þannig að fjárlaganefndin geti haft þær til hliðsjónar í sínum störfum. Með þeim hætti tel ég að við getum bætt enn frekar úr í þessum málum þó svo við vitum að þokast hefur vel áfram í þessu síðustu árin. Áætlanagerð hjá ríkinu og ríkisstofnunum hefur lagast mjög mikið á síðustu árum og er það vel. En í þessu eins og öðru má alltaf gera betur og ég held að þetta sem ég nefni hér yrði mjög til bóta fyrir alla aðila málsins sem um þurfa að fjalla.

[13:54]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni að ástæða er til þess að bæta alla áætlanagerð í ríkiskerfinu og full ástæða er til þess að gera ráð fyrir því að ríkisstofnanir endurskoði áætlanir sínar þegar líður að hausti til að átta sig á því hvernig til hefur tekist og hvort eitthvað þurfi að lagfæra eða hvort rangt hafi verið áætlað í upphafi.

En slík áætlanagerð verður líka að ná inn í fjárlagagerðina sem slíka. Ekki er nóg að einstakar ríkisstofnanir, eins og við höfum því miður heyrt dæmi um, hafi verið að vanda sig við áætlanagerð sína en síðan nái það ekki alla leið inn í fjárlögin. Það er ástæðan fyrir því að við m.a. höfum verið að tala um að fjárlögin séu allt of mikil glansmynd en úr tengslum við raunveruleikann. Það er vegna þess að þarna vantar öll tengsl á milli. Og það er ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort ekki sé eðlilegt að fjárlaganefnd óski eftir því t.d. við Ríkisendurskoðun að Ríkisendurskoðun skili fjárlaganefnd í byrjun þings, í byrjun október, skýrslu um framkvæmd fjárlaga þannig að farið sé nákvæmlega yfir það hvernig framkvæmd fjárlaga fyrir viðkomandi ár standi að hausti og hægt sé að nýta slíkar upplýsingar bæði varðandi það að auka aðhald gagnvart framkvæmdarvaldinu með auknu eftirliti og einnig til að bæta áætlanagerðina og tryggja, herra forseti, að fjárlög verði þau fjárlög og fái þann sess sem við viljum að þau hafi, þ.e.

að þau séu virt á sama hátt og önnur lög og að allar stofnanir fari eftir þeim, en ekki síður og kannski enn frekar að ráðuneyti átti sig á því að fjárlög eru lög og eftir þeim ber að fara og að vanda beri áætlanagerð og alla undirbúningsvinnu varðandi fjárlög á þann hátt að menn ætlist til þess að eftir þeim sé farið.

[13:56]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti 2. minni hluta fjárlaganefndar um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004. Ég sit í fjárlaganefnd fyrir hönd míns þingflokks, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og stend að þessu nefndaráliti.

Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004 kemur nú til lokaafgreiðslu við 3. umr. Því er rétt að líta yfir helstu stærðir þjóðarbúsins og fjárlaganna fyrir þetta ár og einnig horfa nokkuð á vinnubrögð og forsendur sem unnið hefur verið eftir við fjárlagagerðina og við framkvæmd fjárlaga á árinu. Fjárlög yfirstandandi árs gerðu ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs næmu um 275,3 milljörðum kr. og heildartekjur yrðu um 282 milljarðar kr. Tekjujöfnuður var því áætlaður rúmir 6,7 milljarðar kr. Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004 með þeim breytingum sem gerðar voru við 2. umr. eru tillögur um aukin útgjöld sem nema um 9,3 milljörðum kr. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkisins á árinu 2004 verði um 284,6 milljarðar kr. Samkvæmt frumvarpinu og endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs aukist um 9,3 milljarða kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Samtals er því gert ráð fyrir því að tekjur ársins verði um 291,3 milljarðar kr. Auknar skatttekjur má að mestu rekja til aukins bifreiðainnflutnings, áhrifa aukinnar einkaneyslu á innheimtu virðisaukaskatts og góðrar afkomu fyrirtækja á árinu 2003. Tekjujöfnuður er því áfram áætlaður um 6,7 milljarðar kr. Því miður hefur reynslan kennt okkur að þessar niðurstöðutölur muni geta breyst. Í því sambandi er nærtækast að nefna reynslu síðustu ára. Sérstök ástæða er til að hafa áhyggjur af auknum viðskiptahalla sem er talinn verða 7–8% af landsframleiðslu á þessu ári, eða nærri 70 milljarðar kr., og fara ört vaxandi á næstu árum þannig að hann verði 13–14% af landsframleiðslu 2006 eða um 140 milljarðar kr. á ári. Bein áhrif stóriðjuframkvæmda eru aðeins um 40% af þessum halla. Yfir 60% hallans er aukinn innflutningur almennrar neysluvöru og þjónustu. Gjöld á vöruinnflutning og viðskiptahalla verða því aðaltekjustofn ríkisins á næstu árum fari fram sem horfir. Skuldir þjóðarbúsins, skuldir einstaklinga og fyrirtækja eru orðnar með því mesta sem gerist meðal þjóða heimsins og þær eru alvarleg ógnun við efnahagslegan stöðugleika.

Í ágætri skýrslu sem BSRB hefur unnið og birti nýverið, um skuldir Íslendinga og stöðu þjóðarbúsins, kemur fram að erlendar skuldir þjóðarbúsins námu í árslok 2003 um 1.160 milljörðum kr. Ágrip af þeirri skýrslu er birt sem fylgiskjal með þessu framhaldsnefndaráliti þar sem raktar eru skuldir þjóðarbúsins og hvernig þær skiptast á einstaklinga, ríkisvald, fyrirtæki og sveitarfélög. Þar kemur fram að skuldir ríkissjóðs hafa ekki aukist og hafi jafnvel aðeins minnkað, þótt það sé háð genginu á hverjum tíma. Heildarskuldir þjóðarbúsins hafa aftur á móti aukist verulega og er svo komið, eins og kemur fram í skýrslunni, að íslenska þjóðarbúið er að verða þriðja skuldugasta þjóðarbú heimsins. Það er full ástæða til að hafa áhyggjur af þeirri þróun.

Um helmingur erlendra skulda okkar er bundinn í evrum. Þar eru vextir í lágmarki en til að átta sig á stærð þess sem um er að ræða má nefna að verði 1% vaxtahækkun á evrusvæðinu munu skuldbindingar þjóðarbúsins aukast um 5 milljarða kr. á ári. Af því sést hve gríðarlega viðkvæmt efnahagslífið er gagnvart þeirri skuldasöfnun sem þjóðin í heild hefur stofnað til, sérstaklega erlendis.

Upp á síðkastið hefur fjármálaráðuneytið lagst gegn því að fulltrúar stofnana og annarra sem fá starfsfé sitt að hluta eða öllu leyti frá ríkinu komi á fund fjárlaganefndar og geri grein fyrir starfsemi sinni, fjárhagstöðu og rekstrarþörf. Sú þróun er alvarleg ógnun við stöðu Alþingis og störf og verkefni þingmanna og þingnefnda. Það er þar með einnig ógnun við lýðræðið.

Eitt brýnasta verkefnið sem bíður Alþingis og fjárlaganefndar er að endurskoða alla vinnu við fjárlagagerðina, marka framkvæmdarvaldinu sinn bás í þeirri vinnu og tryggja eðlileg og lýðræðisleg vinnubrögð við fjárlög. Þar þarf að styrkja stöðu Alþingis í fjárlagavinnunni þannig að þegar fjármálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til fjárlaga á Alþingi og því hefur verið vísað til fjárlaganefndar sé öll frekari vinna og afgreiðsla þess á ábyrgð nefndarinnar og þingsins.

Til að fjárlaganefnd geti sinnt hlutverki sínu sem skyldi þarf að bæta upplýsingastreymi til hennar. Nefndin verður að fá betri upplýsingar um stöðu stofnana og áætlaða stöðu þeirra við árslok. Aðeins með slíkum upplýsingum getur nefndin tekið ábyrga afstöðu og ákvarðanir um fjárveitingar til einstakra stofnana. Jafnframt er nauðsynlegt að bæta möguleika fjárlaganefndar á að meta á sjálfstæðan hátt forsendur útgjalda og tekjuhliðar frumvarpsins. Fjárlagafrumvarpið er lagt fram og unnið á efnahagsforsendum fjármálaráðuneytisins. Það er hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og mótast af væntingum hennar og brellum. Fjárlaganefnd hefur eins og áður sagði litla möguleika á að leita annarra viðhorfa eða meta öryggi efnahagsforsendna fjármálaráðuneytis. Þess vegna er mikilvægt að styrkja stöðu Alþingis og nefnda þess. Það er hægt að gera með stofnun sérstakrar efnahagsskrifstofu þingsins sem gæti lagt sjálfstætt mat á stöðu og þróun efnahagsmála og fjármála ríkisins og verið nefndum þingsins til ráðgjafar við vinnu að fjárlögum.

Varðandi fjárhagsstöðu stofnana í A-hluta í lok ársins kemur fram í minnisblaði frá fjármálaráðuneytinu um fjárhagsstöðu þeirra í janúar til september að 91 stofnun var yfir 4% viðmiðunarmarkinu, þ.e. útgjöld miðað við fjárheimild voru umfram fjögur prósent. Þannig var t.d. staða Háskólans á Akureyri neikvæð um rúmar 190 millj. kr. í lok september og staða 15 framhaldsskóla neikvæð um 624 millj. kr. Þá má og nefna að staða 20 heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana var neikvæð um tæpar 994 millj. kr. í lok september.

Það er reyndar athyglisvert að það eru stöðugt sömu málaflokkarnir sem virðast líða við fjárlagagerðina og fjárveitingar, þ.e. skólar, framhaldsskólar sérstaklega og há-

skólarnir, og síðan heilbrigðisstofnanir.

Eigi að taka þennan lista alvarlega er ljóst að margar stofnanir verða í miklum fjárhagsvanda við lok ársins. Margt bendir til þess að fjárveitingar séu ekki í samræmi við umsvif og lögbundin verkefni margra þeirra. En vegna skorts á upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu um væntanlega raunstöðu þessara stofnana um áramót er ekki hægt að taka á málum þeirra í tíma við fjáraukalagagerðina eins og skylt væri þó. Úr því að fjárlaganefnd getur ekki fengið upplýsingar um rekstrarstöðu stofnana, hvernig getur þá fjármálaráðuneytið eða hlutaðeigandi fagráðuneyti sinnt með eðlilegum hætti eftirlits- og ráðgjafarhlutverki sínu, t.d. kallað forstöðumenn þessara stofnana á fund til sín og rætt við þá um hvernig þeir ætli að bregðast við þeirri fjárhagsstöðu og rekstrarstöðu sem stofnanirnar standa frammi fyrir? Það gefur augaleið að þegar upplýsingar um framvindu mála liggja ekki fyrir er erfitt að ræða þau mál á raunsæjum grunni.

Minnisblaðið sem við fáum frá fjármálaráðuneytinu sýnir að það er eitthvað verulega athugavert við áætlanagerðina sjálfa. Það er gott að samþykkja hallalaus fjárlög að hausti en á uppsöfnuðum fjárhagsvanda stofnana verður að taka í fjárlögum næsta árs.

Ég vil í þessu sambandi vísa til umsagnar Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaganna. Þar er bent á að stofnanir fara með halla ár eftir ár inn í árið á eftir og að ekki sé tekið á þeim vanda. Skera þarf af þessum halla af því að A-hluta stofnanir eiga ekki lagalegan rétt á að bera halla á milli ára og eru á ábyrgð ríkisins hvað það varðar. Það er því brot á fjárreiðulögum að haga málum þannig ár eftir ár hjá sömu stofnunum. Það er ljóst að eitthvað er að, að fjárveitingar eru ekki í samræmi við rekstur og umfang eða þá einhver önnur brotalöm sem ætti fyrir löngu að vera búið að taka á.

Í umræðum á þingi í haust hefur einmitt verið bent á hve erfið fjárhagsstaða sveitarfélaganna er. Þótt gerð hafi verið tillaga á fjáraukalögum um að bæta 400 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að koma til móts við sveitarfélög í sérstökum vanda — það er ástæða til að fagna því framlagi — þá er ljóst að leysa þarf vanda sveitarfélaganna til framtíðar. Fjárhæðin sem bætt er í jöfnunarsjóðinn er reyndar allt of lág til að mæta brýnasta vanda þeirra. Samband sveitarfélaga hefur sagt að 700 millj. kr. til 1 milljarður kr. þyrfti að bætast inn í sjóðinn í ár til að bæta þar úr og koma til móts við brýnasta vanda sveitarfélaganna.

Það verður að fara yfir og laga tekjustofna sveitarfélaganna þannig að þau geti staðið undir lögbundinni þjónustu. Sveitarfélögin eiga ekki að þurfa að vera undir náð og miskunn ríkisvaldsins komin á hverju ári eða nauðbeygð til að selja arðbærustu eignir sínar, eins og stjórnvöld hafa ráðlagt þeim að gera.

Herra forseti. Ég flyt breytingartillögu við fjáraukalagafrumvarpið og legg til að bætt verði þótt ekki væri nema 250 millj. kr. til viðbótar í jöfnunarsjóðinn til að mæta þeim bráðaerfiðleikum sem mörg sveitarfélög standa frammi fyrir. Annars eru þau nauðbeygð til að skera niður þjónustu og selja eignir sínar, hitaveitur, skóla, mannvirki o.s.frv. Það er fullkomið neyðarbrauð og ætti reyndar ekki að vera heimilt að beita sveitarfélögin slíkum þvingunum. Ábyrgðin á þessum verkefnum er ríkis og sveitarfélaga þótt verkum sé skipt. En ábyrgðin á þessum verkefnum á að vera sameiginleg. Þá á ekki annar aðilinn að svelta hinn til neyðar, eins og gert hefur verið gagnvart mörgum sveitarfélögum í landinu.

Eins og oft áður endurspeglar fjáraukalagafrumvarpið óvönduð vinnubrögð meiri hlutans við fjárlagagerðina frá árinu áður. Margar nauðsynlegra leiðréttinga sem hafa verið gerðar með fjáraukalögum voru fyrirsjáanlegar. Ég get nefnt framhaldsskólana og héraðsdómstólana sem hafa fengið viðbót á fjáraukalögum. Þó var fyllilega fyrirséð í fyrrahaust að það fé mundi vanta. Því miður dugir framlagið sem framhaldsskólarnir fá engan veginn til að mæta þeim þörfum sem þeir stóðu frammi fyrir þó að það sem gert er sé nokkur bót.

Annar minni hluti lýsir fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og meiri hlutanum vegna óvandaðrar vinnu við fjárlagagerðina á síðastliðnu ári og rangrar forgangsröðunar. Tekjuöflun ríkissjóðs færist í síauknum mæli í þjónustugjöld og hlutfallslega aukna skattheimtu á almennu launafólki og lágtekjufólki. Á sama tíma er skattbyrðinni létt af fjármagnseigendum, fyrirtækjum og hátekjufólki. Vinstri hreyfingin – grænt framboð berst fyrir öðrum áherslum. Hún leggur áherslu á jöfnun lífskjara og velferð allra. Skattkerfinu á að beita til að afla hinu opinbera nægilegra tekna til að standa undir samneyslu þjóðfélagsins og öflugu velferðarkerfi. Skattastefnan á að fela í sér tekjujöfnun og að byrðunum sé dreift með sanngjörnum hætti.

Herra forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir framhaldsnefndaráliti sem ég stend að við 3. umr. fjáraukalaga. Fylgiskjöl með framhaldsnefndaráliti mínu eru í fyrsta lagi grein eftir mig og hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, sem birtist í Morgunblaðinu 29. sept. 2004 sem bar yfirskriftina „Sveitarfélögin svelt til hlýðni". Þar er rakin erfið staða sveitarfélaga og hvernig ríkisvaldið beitir þau stöðugt harðræði í samskiptum, í verka- og tekjuskiptingu.

Í öðru lagi er fylgiskjal með nefndarálitinu frétt um skýrslu BSRB um skuldir þjóðarbúsins sem birtist í Morgunblaðinu 27. nóv. 2004.

Þriðja fylgiskjalið er kafli úr skýrslu BSRB sem birtist í síðustu viku. Kaflinn ber heitið „Skuldir Íslendinga" og þar er rakin í stuttu máli þróun skulda íslenska þjóðarbúsins. Þær eru greindar eftir því hvort þær eru ríkis, einstaklinga, sveitarfélaga eða fyrirtækja og hvar þær skuldir eru teknar erlendis.

Það er ástæða til að hafa áhyggjur af skuldasöfnun þjóðarbúsins í heild erlendis. Eins og ég nefndi áðan mundi vaxtahækkun á evrusvæðinu um 1% þýða um 5 milljarða kr. aukningu á skuldbindingum okkar þar.

[14:14]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur hv. þm. Jón Bjarnason flutt langa og lærða ræðu. Oft var þó ekki hægt að greina hvort hann væri að ræða fjárlögin í ár eða fjáraukalögin. Ég hugsa að svo sé komið fyrir fleirum, að þeir ruglist svolítið í málflutningi hv. þingmanns.

En ég vil biðja hv. þingmann að koma með dæmi þegar hann segir að ríkið hafi hvatt sveitarfélögin til að selja eigur

sínar. Ég kannast ekki við það. Ég bið hann því um að koma með dæmi um það. Getur hann sagt okkur hvernig þessu er háttað? Þetta er nokkuð sem ég kannast ekki við.

Hv. þingmaður segir jafnframt óvönduð vinna fari fram í fjárlaganefnd. Ég vil meina að þar hafi verið mjög vönduð vinna. Vinnan hefur þá farið fram án þess að hann hafi verið með meðvitund, þegar við unnum þar aðrir þingmenn. Það er mjög einkennilegt að heyra hvernig hv. þm. Jón Bjarnason talar um kollega sína. Hann talar einnig gjarnan um að við rekum lélegt velferðarkerfi. Hins vegar er það þannig, hv. þingmaður, að við rekum eitt öflugasta velferðarkerfi í heimi.

[14:15]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur greinilega ekki fylgst vel með eða áttað sig á því um hvað umræðan snýst. Við erum að ræða fjárlög þessa árs og framkvæmd þeirra. Þau voru samþykkt í desember fyrir um ári síðan, fjárlög fyrir þetta ár. Til þess að leiðrétta fjárlög fyrir árið 2004 eru flutt fjáraukalög, fjáraukalög við fjárlög ársins 2004. Þess vegna ræðum við hér saman fjárlögin og framkvæmd þeirra og þau fjáraukalög sem lúta að því þannig að hv. þingmanni sé það ljóst.

Síðan tökum við umræðu um fjárlög fyrir árið 2005, 3. umr. fjárlaga fyrir árið 2005 verður tekin á föstudaginn kemur.

Varðandi það að ríkið sé að hvetja sveitarfélögin til að selja eignir er skemmst að minnast þess þegar ríkið hvatti sveitarfélög á Vestfjörðum til að selja Orkubú Vestfjarða, nánast stillti þeim upp við vegg vegna skuldastöðu þeirra. Orkubúið var verðmætasta eignin þeirra. Hvernig sjáum við stöðuna núna á Ólafsfirði? Þar er fjárhagsstaða mjög erfið. Ef um raunverulega samábyrgð væri að ræða kæmi ríkisvaldið þar að með fjármagn, annaðhvort á breiðum grunni eða sértækt, til að bjarga því að Ólafsfirðingar þyrftu ekki að fara að selja hitaveituna sína. Þetta eru sameiginleg verkefni og við erum samábyrg fyrir velferðarkerfinu, ríki og sveitarfélög, og annar aðilinn getur ekki setið hjá og horft á þegar hinn aðilinn, í þessu tilviki sveitarfélögin, á í svona erfiðleikum. Þar er ríkið að bregðast skyldu sinni.

[14:17]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vissi alveg að við vorum að ræða hér fjáraukalög og fjárlög þess árs sem er að líða núna en ég gat ekki heyrt betur en að hv. þingmaður væri að ræða fjárlögin í ár og blanda því saman.

Hvað varðar svör hans við spurningu minni um að ríkið hafi hvatt sveitarfélögin til að selja eigur sínar urðu þau heldur einkennileg. Þar ræddi hann um Orkubú Vestfjarða og ég veit ekki betur en að sveitarfélögin sjálf hafi óskað eftir þessu. Ekki veit ég til þess að ríkið hafi verið að skipta sér af því að Hveragerði hefur selt sína hitaveitu, að öll sveitarfélögin á Suðurnesjum eru saman í Hitaveitu Suðurnesja, að Ölfus hafi selt sína hitaveitu og svo mætti lengi telja. Þar hefur ríkið ekkert skipt sér af. Það er sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaganna og auðvitað haga þau sínum málum eins og þau telja best.

[14:18]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi atriði sem ég átti ósvarað frá fyrra andsvari hv. þingmanns, um fjárlagavinnuna. Þá var ég að tala um fjárlagavinnuna og fjárlagagerðina, ekki endilega stöðu fjárlaganefndar eða ítreka hversu veik hún væri orðin. (**DrH:** talaðir um óvönduð vinnubrögð.) Já, ég talaði um óvönduð vinnubrögð við fjárlagagerðina. Fjárlaganefndarmenn, sérstaklega meiri hlutinn, geta þá tekið það til sín eftir því sem við á en það er alveg ótækt að verið sé að kreista út úr fjármálaráðuneytinu á síðustu mínútunum áður en farið er í umræðuna um fjáraukalög grunntölur sem eru nauðsynlegar til að vinna með í fjárlagagerðinni, grunntölur sem ættu að liggja fyrir strax á hausti. Því miður verður hv. þm. að sætta sig við að þarna eru verulegar brotalamir á.

Varðandi síðan þetta með sveltistefnu ríkisins gagnvart sveitarfélögunum. Þau voru virkilega pínd til að selja Orkubú Vestfjarða á sínum tíma. Þeim var stillt upp við vegg. Eftirlitsnefnd sveitarfélaga er víðar að stilla sveitarfélögunum upp við vegg. Hvernig er í Vestmannaeyjum? Þar eru menn að reyna að selja skólann sinn og taka hann svo aftur á leigu til þess að bjarga lausafjárstöðunni. Þetta eru alveg óverjandi aðgerðir, sú erfiða staða sem mörg sveitarfélög eru sett í, ríkið situr hjá, hlær og lækkar skatta, segir að við höfum það svo gott en sveitarfélögin sem sitja uppi með verkefnin vantar tekjustofna og eru pínd til þess að selja frá sér þjónustustofnanir og skera niður þjónustu. Svona vinnur maður ekki ef það á að vera með ábyrgum hætti. Þarna er ríkið að svíkjast undan þeim ábyrgðum sem það ber.

[14:21]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og oft áður væri nú tilefni til að ræða ýmislegt sem kom fram í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar. Það sem ég vil hins vegar fá að nefna hér er umfjöllunin um upplýsingar varðandi framvindu rekstrarstofnana. Af máli hv. þingmanns mátti skilja að einstök ráðuneyti hefðu ekki forsendur til að hafa eftirlit með rekstri viðkomandi stofnana sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti. Ég tel hins vegar ástæðu til að koma því að að auðvitað hafa ráðuneytin eftirlit með stofnunum sínum. Ég veit mörg dæmi þess að ráðuneyti hafa átt fundi með forstöðumönnum stofnana á þessu ári til að fara yfir rekstur þeirra. Ráðuneytin eru auðvitað í sambandi við stofnanir sínar og fylgjast með framvindu rekstrar þeirra.

Hins vegar get ég alveg tekið undir með hv. þingmanni að það er ekki gott fyrir fjárlaganefndina að við höfum ekki fengið umbeðnar upplýsingar fyrr en nánast á síðustu stundu. Ég tek undir það. Við höfum að vísu fengið skýringar á því frá fjármálaráðuneytinu af hverju það er. Ég geri ráð fyrir að á næsta ári verði þessi upplýsingamiðlun miklum mun skilvirkari en var á þessu ári. Ég veit að hv. þm. veit hvað ég er að tala um í því efni. Ég vildi bara leggja áherslu á það að auðvitað fylgjast ráðuneytin með fram-

vindu rekstrar stofnana sinna og það eru fjölmörg dæmi um að þau eiga fundi með forstöðumönnum til að fara yfir þau mál.

[14:22]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg undir með hv. þingmanni, formanni fjárlaganefndar. Að sjálfsögðu gerir maður ráð fyrir að ráðuneytin fari yfir málin með stofnunum sínum. Það sem ég var að vekja athygli á er hversu góðar forsendur þeir hafa til að fara yfir málin saman þegar þær tölulegu upplýsingar sem hljóta að eiga að vera mikilvægur þáttur í því að meta rekstrarstöðu stofnana liggja ekki fyrir. Það er a.m.k. búið að vera mjög erfitt fyrir fjárlaganefnd að fá fram tölur um milliuppgjör hjá stofnunum miðað við 1. september og einnig ýmsar aðrar lykiltölur til að meta stöðuna.

Það var því mat mitt að úr því að fjárlaganefnd á svona erfitt með að fá þessar tölur frá fjármálaráðuneytinu og þær bókhaldsupplýsingar sem eru nauðsynlegar hljóti að vera jafnerfitt fyrir ráðuneytin að fá þær.

Ég tek svo undir með hv. þingmanni, það er eitt brýnasta verkefnið að tryggja aðgang fjárlaganefndar og þingsins að grunnupplýsingum sem nefndinni er nauðsynlegt að hafa við ákvörðun einstakra fjárlagaliða og við fjárlagagerðina í heild. Þar má svo sannarlega betrumbæta.

[14:24]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Hér erum við búin að fara í umræðum áður vel yfir þetta frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004. Þó held ég að full ástæða sé til að fara aðeins betur yfir það sem hér er lagt fram og velta fyrir sér stöðu ríkisfjármálanna almennt út frá þeim upplýsingum.

Forsendur fjárlaganna þekkjum við vel. Á bls. 51 í fjáraukalögunum eins og þau voru lögð fram á sínum tíma kemur fram að það er ansi mikil breyting á þjóðhagsstærðum frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2004. Það er búið að fara vel yfir það í fyrri umræðum, þá miklu þenslu sem er í gangi og þá miklu breytingu sem er á þjóðhagsstærðunum á milli ára. Ég sé í sjálfu sér ekki mikla ástæðu til að eyða löngum tíma í það.

Auðvitað sjáum við í fjáraukalögunum sem verið er að leggja fram að þensla er mikil, tekjur aukast hér um rúma 9 milljarða samkvæmt frumvarpinu eins og það liggur fyrir núna. Gjöldin aukast reyndar nánast um það sama þannig að fjáraukalögum er skilað með 8,9 millj. kr. halla eins og frumvarpið lítur út.

Eins og fram kom í nefndaráliti hjá 1. minni hluta fjárlaganefndar óskuðum við eftir upplýsingum um stöðu einstakra stofnana miðað við 30. september sl. vegna þess að mat okkar er að það sé alveg nauðsynlegt fyrir okkur að fá slíkar upplýsingar til að við getum áttað okkur á stöðu stofnana og hvert stefnir í fjármálum ríkisins. Þetta eru nauðsynlegar upplýsingar til að gera sér grein fyrir því sem við erum nú að ræða og hvort fjáraukalög taki á þeim vanda sem við blasir á mörgum stöðum, og einnig og ekki síður hvort um ofrausn sé að ræða í fjárveitingum á stöku stað.

Það verður að segjast eins og er að það hefur tekið afar langan tíma, eins og fram hefur komið hér í umræðum, að fá þessar upplýsingar. Þær voru ekki handbærar þegar 2. umr. fór fram, bæði um fjáraukalögin og eins um fjárlög næsta árs. Við höfðum fullan skilning á því í 1. minni hluta að það gæti tekið einhvern tíma að ná út úr bókhaldskerfum þeim upplýsingum sem um var beðið og að þær lægju ekki á lausu á þeim tíma sem beiðni okkar var komið á framfæri en að við skyldum ekki fá lista í hendur yfir stöðu einstakra stofnana fyrr en á fundi í gær tel ég óskiljanlegt með öllu.

Enn erfiðara er í sjálfu sér að skilja af hverju sá listi sem við fengum í hendur var settur fram með þeim hætti að nánast engin leið var að átta sig á hvernig rekstri einstakra stofnana er háttað innan ársins og að upplýsingarnar sem fram eru settar ná engan veginn því markmiði sem þeim er ætlað að ná, að fjárveitingavaldið geti glöggvað sig á því með nýjustu haldbæru upplýsingum hvernig stofnanir standa sig í því að halda sig innan fjárheimilda og hvort efni sé til að athuga rekstur sérstaklega eða þá fjárheimildir sem augsýnilega hrökkva engan veginn til að láta í té þá þjónustu sem lögbundin er á sviði einstakra stofnana.

Ég verð að segja eins og er, hæstv. forseti, að ég er orðinn hundleiður á því með hvaða hætti brugðist er við fullkomlega eðlilegum óskum okkar sem erum hér í minni hluta um upplýsingar varðandi fjárlagagerðina. Þar er ekki við hv. formann fjárlaganefndar að sakast, Magnús Stefánsson, sem allur er af vilja gerður til að óska eftir þeim upplýsingum sem við förum fram á. Umbeðnar upplýsingar koma oftast seint og þegar þær berast virðist oft og tíðum eins og reynt sé að takmarka þær eins og hægt er og helst að þær séu óskiljanlegar hverjum þeim sem ber þær augun.

Þessu verður að breyta. Við getum ekki búist við markvissum skoðanaskiptum um upphæðir og aðferðir meðan svona er í pottinn búið. Það getur engum fundist eðlilegt að upplýsingar sem óskað er eftir í upphafi fjárlagavinnunnar hér á Alþingi berist okkur daginn fyrir lokaumræður um efnið. Þetta er algjörlega til skammar, virðulegi forseti, og gengur ekki upp.

Ég vona að hæstv. fjármálaráðherra beiti sér fyrir því að á þessu verði breyting þannig að kjörnir fulltrúar minni hlutans hér á Alþingi geti sinnt því eftirlitshlutverki sem okkur er ætlað. Ég átta mig ekki heldur á geðleysi fulltrúa meiri hlutans í fjárlaganefnd ef upplýsingastreymi til þeirra er háttað með sama hætti og þeir geta þá ekki frekar en við í minni hlutanum rækt hlutverk sitt sem skyldi. Þeir eiga að setja þrýsting á framkvæmdarvaldið um breytt vinnubrögð. Ef þeir gera það ekki eru þeir að mínu mati ekki að rækja skyldur sínar með eðlilegum hætti.

Það kom ekki fram í listanum sem við fengum í gær hver upphafsstaða stofnana hefði verið í byrjun árs þó að sú upphafsstaða væri svo sett inn í fjárheimildir viðkomandi stofnunar til hækkunar eða lækkunar eftir því hvort stofnunin átti inni fjárveitingar frá fyrri árum eða hvort hún hefði keyrt fram úr heimildum sínum. Þar með, samkvæmt þeim lista sem við fengum, var ekki hægt að skoða reksturinn innan ársins og listinn sagði því litla sögu um núverandi rekstur stofnana. Mér fannst reyndar hv. formaður fjárlaganefndar, Magnús Stefánsson, staðfesta það í andsvörum fyrr í umræðunni að menn ættu ekki að taka of mikið mark

á þeim lista sem við höfum fengið í hendur, hann væri nú þannig fram settur og þær upplýsingar væru þannig sem á honum eru að okkur bæri að varast að draga of miklar ályktanir af þeim tölum sem fram væru settar.

Ég spyr hv. formann fjárlaganefndar: Er það ásættanlegt að í gær fengum við lista þar sem verið er að fá okkur í hendur upplýsingar sem við báðum um um stöðu stofnana ríkisins miðað við lok september á þessu ári og að hann sé settur fram með þeim hætti að hv. formaður þurfi að koma í andsvar í pontu til að vara okkur við því að draga of miklar ályktanir af því sem þar kemur fram og að upplýsingarnar séu settar svo villandi fram að nánast sé ekki að marka þær eins og við fáum þær í hendur?

Við óskuðum eftir því strax við embættismenn fjármálaráðuneytisins þegar þeir lögðu fram þennan lista á fundum fjárlaganefndar að við fengjum upphafsstöðu inn á listann til þess að hann gerði eitthvað gagn og við gætum borið þessa hluti saman. Þær upplýsingar fengum við klukkan hálfellefu í morgun. Hv. þingmenn geta gert sér í hugarlund hversu nákvæm yfirferð er möguleg fyrir okkur fulltrúa fjárlagavaldsins að fara yfir allar stofnanir ríkisins frá þeim tíma sem við fengum listann í hendur þannig að hægt var að skoða hann af einhverju viti og þangað til umræðan hófst hér í dag. Við höfðum heila þrjá klukkutíma til að fara yfir þessar upplýsingar, heila þrjá klukkutíma til að setja okkur inn í stöðu stofnana, til að ræða það hér hvort þau fjáraukalög sem verið er að setja hér fram tækju á stöðu stofnana eins og hún er í lok árs eða á þeim vanda sem hugsanlega gæti komið í ljós í þessum tölum. Heila þrjá klukkutíma, herra forseti, höfðum við til þess að kynna okkur efnið.

Ég reyndi samt eins og ég mögulega gat að rúlla yfir þennan lista og kynna mér hvort ekki væri hægt með góðum vilja að fara í gegnum þessar upplýsingar þannig að maður sæi hvar einstakar stofnanir eru staddar í rekstri sínum og eins til að sjá hvort í fjáraukalögum sem hér er verið að leggja fram sé komið að einhverju leyti til móts við stöðu stofnana sem eiga í vandræðum eða hvort verið sé að taka fjármuni af stofnunum sem hefðu of mikla peninga í þessum fjáraukalögum.

Maður veltir því fyrir sér þegar maður sér lista sem þennan og hve margar stofnanir eru að reka sig í lok september umfram fjárheimildir, hvað ráði því hvort stofnanir fá bættan halla eða ekki. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér var ómögulegt að koma auga á nokkra reglu þar sem ég gat farið yfir og séð að stofnanir væru komnar svo og svo mikið fram yfir og að það þýddi að það leiddi inn í fjáraukalögin að þar væru tillögur um svo og svo mikla fjármuni til þeirra stofnana. Ég gat ekki séð á nokkurn hátt að kerfisbundið væri unnið heldur virtist geðþótti ráða.

Ég ætla að reyna aðeins að rúlla í gegnum listann, með leyfi forseta, og drepa svona á því helsta sem vakti þar athygli mína og áhuga. Listinn byrjar á æðstu stjórn ríkisins. Þar kemur fram að embætti forseta Íslands hóf árið 2004 með halla sem það embætti hafði þá dregið með sér undanfarin ár upp á tæpar 37 millj. kr. Í lok september er áætlað að halli embættisins sé 62 millj. kr. tæpar. Þá veltir maður fyrir sér hvernig meiri hluti fjárlaganefndar ætli að taka á þessum vanda í fjáraukalögum. Ekki á nokkurn hátt. Það er engin tillaga í fjáraukalögum um auknar fjárveitingar til embættis forseta Íslands. Ef þetta heldur áfram sem þarna lítur út þá sýnist manni að í upphafi næsta árs, í upphafi ársins 2005, komi embættið jafnvel til að draga með sér halla upp á 80 milljónir eða þar yfir inn í næsta ár. Þá geta menn rétt ímyndað sér hvort mikið sé svo að marka það að bera saman fjárheimildir embættisins og eyðslu þess á því ári sem fram undan er.

Aftur á móti Alþingi, sú stofnun þar sem við störfum, byrjar þetta ár mun betur en embætti forseta Íslands. Alþingi á 81 milljón inni í plús með sér í upphafi árs. Það lítur þannig út að eftir níu mánaða rekstur eigi Alþingi enn þá fyrningar upp á 65 millj. kr. Svo ber maður það saman við það hvað verið er að leggja til í fjáraukalögum. Jú, meiri hluti fjárlaganefndar leggur til tæpar 100 milljónir í fjárauka, 100 milljónir í aukafjárveitingu til Alþingis sem þó stendur þetta vel miðað við þennan lista.

Ríkisendurskoðun aftur á móti byrjar árið með rúmum 15 milljónum í mínus. Það er talið að í lok september sé sá halli um 19 millj. kr. og meiri hluti fjárlaganefndar tekur á því í tillögu sinni og leggur til að Ríkisendurskoðun fá 15 milljónir í fjárauka þannig að hún verði nokkurn veginn á pari eftir árið.

Ef við kíkjum á forsætisráðuneytið þá átti forsætisráðuneytið í heimildum sem það flytur með sér milli ára 193 millj. kr. Ekki einn einasti liður af þeim sem undir forsætisráðuneytið heyra er í mínus eða ber með sér halla til næsta árs. Það er alveg sama hvort við lítum á upphafsstöðu ársins eða áætlaða stöðu í lok september. Reyndar er einn liður áætlaður með halla í lok september á forsætisráðuneytinu. Það er liður sem kallaður er Ýmis verkefni. Sá liður átti 121 milljón í upphafi árs. Heildaruppsöfnuð fjárheimild með þessum 120 millj. kr. fyrir fyrstu níu mánuði árs er 294 milljónir. En það er búið að eyða 296 milljónum þannig að maður velti fyrir sér þegar maður sér að þessi 121 milljón er horfin sem til var í upphafi árs í Ýmis verkefni í forsætisráðuneytinu, í hvað þeim fjármunum hafi verið eytt. Kannski getur hv. formaður fjárlaganefndar útskýrt það fyrir okkur hér á eftir.

Í menntamálaráðuneytinu er annað uppi á teningnum en í forsætisráðuneytinu. Menntamálaráðuneytið fer ekki með eins mikið nesti inn í þetta ár og forsætisráðuneytið gerði. Menntamálaráðuneytið er í mínus í fjárheimildum í upphafi ársins 2004 upp á 652 millj. kr. Áætlað er að í lok september standi stofnanir menntamálaráðuneytisins í mínus upp á tæpan milljarð, 936 milljónir. Þegar maður fer að skoða þennan lista yfir stofnanir menntamálaráðuneytisins áttar maður sig fljótlega á því að ansi margir liðir, segja má meiri hluti stofnana sem undir menntamálaráðuneytið heyra, eru í mínus í lok september á þessu ári.

Það er eitt reyndar sem er nokkurn veginn rauður þráður í gegnum allar tillögurnar í fjáraukanum. Það er að aðalskrifstofur ráðuneytanna eru meira og minna allar að fá fjáraukatillögur, flestar hverjar frekar smáar, en samt sem áður á bilinu 3 til 10 milljónir svona til að sinna hinum og þessum gæluverkefnum sýnist manni.

Skoðum Háskólann á Akureyri. Í upphafi ársins fer Háskólinn á Akureyri af stað með 127 millj. kr. í mínus. Það

er talið í lok september að þessi mínus sé um 190 millj. kr. En ég gat ekki séð neinar tillögur um fjáraukaheimildir til Háskólans á Akureyri. Það sama gildir með Tækniháskólann. Hann er á svipuðum slóðum.

Námsmatsstofnun byrjar þetta ár samkvæmt þessum lista með mínusstöðu. Allar fjárheimildir ársins 2004 duga ekki til þess að sú stofnun byrji á núlli. Á þessu eru skýringar eðlilega. Þegar eftir var leitað við embættismenn fjármálaráðuneytisins kom í ljós að einhvers staðar í menntamálaráðuneytinu væri til safnliður sem héti Grunnskólar og það ætti eftir að færa 40 milljónir af þessum safnlið yfir á Námsmatsstofnun sem væri nú búin að semja samræmd próf og leggja í ýmsan kostnað sem því fylgdi. Þá hlýtur maður að spyrja eins og reyndar hefur verið spurt fyrr í umræðunni: Af hverju eru slíkir safnliðir, eða þeir hlutar þeirra sem tilheyra verkefnum sem til falla fyrr á árinu, ekki skuldaðir út á þessi verkefni þannig að þessi staða sjáist og að safnliðirnir séu ekki einhvers staðar inni í ráðuneytum liggjandi allt árið og svo fari menn svona einhvern tímann milli jóla og nýárs að velta fyrir sér hvort ekki sé nú rétt að fara að skipta þessum safnliðum út á þessar stofnanir sem eru búnar að reka sig með bullandi halla meira og minna allt árið?

Framhaldsskólana ætla ég að taka, virðulegi forseti, alveg sér hérna á eftir því það er kapítuli út af fyrir sig hvernig farið er í að áætla á framhaldsskólana og hvernig þeirra þörf fyrir fjármuni er mætt.

Utanríkisráðuneytið hefur þetta ár með mínus upp á 205 millj. kr. þrátt fyrir mjög hagstætt gengi. Talið er að þessi mínus í lok september sé tæpar 300 milljónir. Þar ekki sama sagan eins og kannski í forsætisráðuneytinu þar sem flestir liðir byrjuðu á plús og flestir liðir litu út fyrir að vera með plús í lok september. Nei, nánast allt sem undir utanríkisráðuneytið heyrir er í mínus. Í upphafi ársins er aðalskrifstofa utanríkisráðuneytisins með 63 millj. kr. mínus. Hann er orðinn 78 milljónir í lok september. Ýmis verkefni hjá utanríkisráðuneytinu byrja með 42 milljónir í mínus, hafa aðeins náð að klóra í bakkann og eru með 29 milljónir í september. Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli er með 50 milljónir í mínus, 74 milljónir í lok september. Á því er tekið í fjárauka.

Sendiráð Íslands, þessi stofnun sem enginn veit hver er, eða réttara sagt: Þetta er stofnunin sem öll sendiráð okkar erlendis og hérlendis falla undir. Það er engin leið fyrir okkur í fjárlaganefnd að gera okkur grein fyrir hver kostnaðurinn er í raun við hvert sendiráð heldur er eitt stykki sendiráð Íslands. Hugsum okkur ef það væri einn liður fyrir spítala Íslands, einn liður fyrir framhaldsskóla Íslands. Hvernig í ósköpunum ættum við á Alþingi sem förum með fjárlagavaldið að geta áttað okkur á hvað sé að gerast á hverjum stað?

Sendiráð Íslands byrjar árið með 89 millj. kr. mínus. Í september er talið að mínusinn sé orðinn 181 milljón miðað við fjárheimildir. Í fjáraukanum er jú tekið á þessu. Sendiráði Íslands er — nei, í fjáraukanum er ekki tekið á þessu heldur er verið að taka af sendiráði Íslands 70 milljónir vegna gengisþróunar. Það bætist því við þann rekstrarvanda sem kemur fram í þessum lista og maður veltir fyrir sér enn og aftur hvað ráði þegar teknar eru ákvarðanir um hvað eigi að bæta og hvað ekki og hvort verið sé að reka stofnanir á eðlilegan og ábyrgan máta.

Landbúnaðarráðuneytið byrjar í plús í upphafi árs um 7 millj. kr. en frávikið í lok september, mínusinn, er orðinn 182 milljónir. Þar eru atriði inni sem maður veltir fyrir sér. Þar eru t.d. Ýmis verkefni sem byrja árið með 28 millj. kr. mínus og eru komin í 40 millj. kr. mínus í lok september. Af hverju eru ekki gerðar neinar tillögur um aukafjárveitingar til að mæta svona miklu sukki?

Yfirdýralæknir dregur með sér halla frá ári til árs samkvæmt því sem hér kemur fram. Yfirdýralæknir byrjar árið með 54 millj. kr. halla. Samkvæmt listanum er hallinn í lok september orðinn 92 millj. kr. Maður hefði haldið að í ekki stærra embætti væri tiltölulega gegnsætt að sjá hvernig reka bæri það embætti eða hvort fjárveitingar dygðu fyrir þeim lögbundnu skyldum sem lagðar eru á embættið og þá kæmi í fjáraukanum einhvers konar leiðrétting á því. Jú, það er tillaga í fjáraukanum um fjárveitingu á yfirdýralækni upp á 7 millj. kr. til það mæta hinum 90 millj. kr. halla.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hefur árið með 37 millj. kr. halla og er kominn í 72 millj. kr. halla samkvæmt listanum í lok september.

Upptalningin mín sýnir hversu algengt það er að stofnanir byrji starfsemi með gamlan halla sem ekki er tekið á, halla sem lögin heimila ekki að sé færður á milli ára, en vaxandi halli er færður ár eftir ár í bókhaldi stofnananna sem þær þurfa síðan að reyna með einhverju móti að berjast við, en ná að sjálfsögðu aldrei með þeim fjárveitingum sem þeim er ætlað að berjast við viðvarandi króníska halla.

Í sjávarútvegsráðuneytinu er staðan ekki slæm í upphafi árs. Þar eru til fjárveitingar upp á 237 millj. kr. og eru enn þá til í lok september upp á 100 millj. kr.

Maður veltir því fyrir sér með liðinn Ýmis verkefni sem á 46 millj. kr. í upphafi árs og 41 millj. kr. í lok september, af hverju þar kemur aukafjárveiting upp á 6,8 millj. kr.?

Hafrannsóknastofnun er aftur á móti samkvæmt listanum í halla upp á 92 millj. í september. Komið er til móts við það í fjáraukalögum með 50 millj. kr. framlagi. Aftur á móti á Fiskistofa, eftirlitsbatteríið í sjávarútveginum, 142 millj. kr. í upphafi árs í ónotaðar fjárheimildir og 123 millj. í lok september. Samt er verið að bæta þeirri stofnun upp núna að hún missi veiðieftirlitsgjaldið upp á 270 millj. og gerð tillaga um það í fjáraukalögum að ríkið greiði 270 millj. í rekstur Fiskistofu og sýnist mér þá að staða þeirrar stofnunar verði ansi drjúg.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið stendur vel í upphafi árs, 530 millj. kr. í fjárveitingar sem þeir bera með sér í poka yfir áramótin, og talið að fjárheimildir séu í plús 242 millj. kr. í lok september. Reyndar eru þarna dæmi sem við þekkjum öll, gamlir kunningjar ef við getum orðað það svo. Héraðsdómstólarnir byrjuðu árið með 36 millj. kr. halla, fyrirséðum halla segjum við sem vorum í fjárlaganefnd því það var margbúið að kynna okkur þá stöðu. Komið er til móts við það í fjáraukalögum nú með 35 millj. kr. fjárveitingu.

Ríkislögreglustjóri á aftur móti 75 millj. kr. í upphafi árs. Hann er kominn í mínus eftir skipulagsbreytingarnar upp á tæpar 12 millj. kr. í lok september, en fjáraukalögin bæta það líka upp með 113 millj. kr. fjárauka.

Ýmis löggæslumál, þar er fært að fjárheimildir í upphafi árs séu 93 millj. kr. og um 60 millj. kr. eru eftir í lok september fá 51 millj. kr. í fjáraukalögum. Það virðist því ekki vera nein regla á því með hvaða hætti stofnunum ríkisins er bættur halli. Mér virðist heldur ekki í þeim vinnubrögðum sem ég hef séð að það sé neitt kerfisbundið eftirlit af hálfu fagráðuneytanna þar sem þau fara yfir stofnanirnar með einhverju móti. Jú, reynt er að draga út úr bókhaldi ríkisins einhverjar upplýsingar sem sýna stöðu, eins og listann sem ég er með fyrir framan mig, en það virðist afskaplega lítið við hann gert þegar loksins er búið að ná honum út.

Félagsmálaráðuneytið er í upphafi árs með 227 millj., en með mínus 89 millj. í september.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið er náttúrlega alveg sér kapítuli þegar kemur að fjárveitingum og aukafjárveitingum. Þar eru stofnanir að dragast með áralangan vanda ár eftir ár án þess að nokkuð sé tekið á honum. Í upphafi árs 2004 eru heimildir sem vantar til að standa á núlli 1.120 millj. kr. Það er sem sagt lítið í pokanum sem heilbrigðisstofnanirnar bera yfir áramótin, eins og sumar aðrar stofnanir gera, heldur er stórt gat á þeim poka sem þau eru með í höndunum og það vantar enn 1.120 millj. kr. í upphafsstöðu stofnana heilbrigðisráðuneytisins í upphafi árs. Það hefur frekar sigið á verri veginn á árinu, eins og við var að búast, því staðan í lok september á stofnunum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins er mínus 1.652 millj. kr.

Tryggingastofnun ríkisins byrjar árið með 138 millj. kr. halla á efnahagsreikningi sínum. Talið er að hann sé í lok september upp á 107 millj. kr. Hér er verið að reka eitt mikilsverðasta fyrirtæki sem ríkið rekur og heldur utan um alveg geysilega miklar fjárhæðir fyrir okkur og hefur afskaplega marga skjólstæðinga sem þangað leita og þurfa á þjónustu að halda. Það er því full ástæða til þess að stofnunin sé rekin þannig að hún sé ekki í fjárhagsvanda í rekstri sínum, sjálfum rekstri Tryggingastofnunar, og maður hefði haldið að komið væri til móts við þetta að einhverju leyti í fjáraukalögum. En, jú, gerð er tillaga um að bæta Tryggingastofnun ríkisins í rekstur sem hóf árið með 138 millj. kr. halla, 18,2 millj.

Annar gamall kunningi sem við þekkjum öll er Landspítali – háskólasjúkrahús. Óbættur halli í upphafi árs 760 millj. Áætlaður halli í lok september 1.300 millj. Þar er aðeins komið inn í með fjáraukalögum og tekið úr sárasta kulið með nýrri fjárveitingu upp á 667,7 millj. kr.

Varðandi heilbrigðisstofnanirnar má segja að það sé svipað og með framhaldsskólana. Þó ég hafi ekki verið nema tvö ár við fjárlagagerðina er ég farinn að tala um gamla kunningja, vegna þess að í þau tvö skipti sem ég hef fjallað um málið er verið að fjalla aftur og aftur um sömu stofnanirnar sem við vitum að eiga við verulegan vanda að stríða. En í þeim veruleikaflótta sem mér sýnist ríkisstjórnin vera í neitar hún algjörlega að viðurkenna vandann og neitar því oft á tíðum að vandi sé fyrir hendi. Alla vega er enginn vilji til að taka á vandanum þó hann sé auðsær öllum sem hann vilja sjá.

Heilsugæslan í Reykjavík byrjaði árið með mínus 236 millj. á efnahagsreikningi sínum, hefur lítið getað gert til að klóra í það og er í septemberlok í mínus 210 millj. Ég þykist þess fullviss hvað varðar framhaldsskólana og eins varðandi heilsugæslustöðvarnar og heilbrigðisstofnanirnar, að einhver úr meiri hluta fjárlaganefndar muni koma og benda þeim þingmanni sem hér stendur og er nýr og nánast óreyndur enn þá, að hægt sé að taka af fullt af safnliðum, það sé fullt af pottum í ráðuneytunum sem eigi eftir að deila út í september, þannig að þetta sé nú ekki alveg eins slæmt og þingmaðurinn heldur fram.

Ég segi bara, herra forseti, horfandi á mínustölu eftir mínustölu í þeim stofnunum sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, að menn verða að fara að taka sér tak og deila út þessum pottum oftar en í lok árs, jafnvel ekki fyrr en árið er liðið, eins og hv. framsögumaður 1. minni hluta sagði áðan. Þetta eru kannski janúarverkin hjá fjármálaráðuneytinu að deila út pottunum.

Fjármálaráðuneytið er ekkert illa haldið. Er í upphafi árs með 581 millj. í plús, en reyndar komið í 270 millj. í mínus í lok september og er þar ýmsu um að kenna.

Fjársýsla ríkisins, sem átti 145 millj. kr. í upphafi árs í pósitífan höfuðstól, er núna 40 millj. umfram. Þegar maður veltir fyrir sér hvað gerist hjá Fjársýslu ríkisins kemur upp gamall kunningi. Hafa hv. þingmenn heyrt talað um hugbúnaðarkerfi ríkisins í sölum Alþingis? Hafa hv. þingmenn heyrt talað um að ríkið verji hundruðum og tæpum þúsund milljónum á ári í rekstur hugbúnaðarkerfa? Kerfa sem menn beita svo fyrir sér þegar kallað eftir upplýsingum þannig að ekki sé hægt að ná út úr þeim upplýsingum. Þau eru ekki betri en það þegar til á að taka og um þetta er búið að gera samninga til fjölda ára. Ef við horfum á fjárlagafrumvarpið árið 2005 er gert ráð fyrir að til ársins 2008 séu greiddar að lágmarki um 800 millj. kr. í samninga vegna hugbúnaðarsamninga ríkisins og talað sérstaklega um í þeim kafla að komi til þess að samningarnir renni út á tímabilinu verði þeir örugglega endurnýjaðir. Svo góð er reynslan eða svo góð er gíslingin sem fyrirtækin hafa ríkið í með kerfinu.

Varðandi Fjársýslu ríkisins er það að gerast í fjáraukalagafrumvarpinu að verið er að færa 181 millj. úr stofnkostnaði varðandi hugbúnaðarkerfi í launagreiðslukerfi, tekjubókhaldskerfi, bókhalds- og áætlunarkerfi ríkisins og fjárhags- og starfsmannakerfi. Verið er að færa 181 millj. kr. úr stofnkostnaði í rekstur til að reka kerfin sem er kannski ekki vanþörf á. Ég gagnrýni ekki að menn reyni með einhverju móti að fá kerfin til að virka, því við þekkjum það í fjárlaganefnd að langflestir forstöðumenn stofnana og embættismenn ríkisins sem komu þangað báru fyrir sig að það væri ekki nokkur leið að eiga við þessi kerfi, það gengi seint og illa að fá þau til að virka eins og þau ættu að gera.

Í samgönguráðuneytinu var höfuðstóllinn 31 millj. kr. í upphafi árs og er 170 millj. kr. í plús í lok september, samkvæmt listanum.

Vegagerðin var í upphafi árs öfug á höfuðstólum um 705 millj. kr., en innan ársins hefur verið tekið á því þannig að í lok september eru það 95 millj.

Um iðnaðarráðuneytið er lítið annað að segja en að þar voru til tæpar 250 millj. kr. í upphafi árs hjá stofnunum iðnaðarráðuneytisins og eru um 145 millj. kr. eftir í lok september. Viðskiptaráðuneytið var með 74 millj. í upphafi en er komið í mínus 6 millj. í lok september samkvæmt listan-

um sem lagður var fram.

Þar er helst liður sem heitir Ýmis verkefni, sem full ástæða er til að leita skýringa á, vegna þess að sá liður átti tæpar 17 millj. kr. í upphafi árs í höfuðstól. Uppsöfnuð fjárheimild með því sem var í fjárlögunum var um 35 millj. kr., en í liðnum Ýmis verkefni hefur viðskiptaráðuneytið eytt 68 millj. eða 33 millj. umfram fjárheimildir í lok september, 95,22%. Maður hefði haldið að eitthvað stórt og óvænt hefði komið upp á sem yrði tekið á í fjáraukalögum. En viti menn, liðurinn er í fjáraukalögum, en á móti hallarekstrinum upp á 33 millj. kr. er gerð tillaga upp á 4,5 millj. kr. til sérstakra ýmissa verkefna.

Hagstofa Íslands er með mínus 23 millj. kr. í upphafi en mínus 28 millj. kr. í lok september. Hún viðheldur halla sínum, hefur fjárveitingar til þess.

Umhverfisráðuneytið er með 468 millj. kr. í plús, 534 millj. kr. í plús í lok september. Það er aðallega Úrvinnslusjóður sem skapar þá góðu stöðu. Hver er staða sjóðsins? Hann á 260 millj. kr. í upphafi árs. Hann er með uppsafnaða fjárheimild, þ.e. það sem er á fjárlögum og áætlað í Úrvinnslusjóð, plús þessar sem hann átti í byrjun ársins, upp á 728 millj. kr. Þetta er bólginn sjóður. Hann greiddi út 222 millj. kr. í september þannig að í honum eru rúmar 500 millj. kr.

Væri ekki rétt að skoða hvort rétt sé að safna í þennan sjóð á sama tíma og margir aðrir sjóðir ríkisins eiga ekki fyrir skuldbindingum sínum, t.d. Ábyrgðasjóður launa, Atvinnuleysistryggingasjóður, Fæðingarorlofssjóður o.s.frv.? Hver veit nema Úrvinnslusjóður gæti greitt eitthvað úr þeim vanda?

Náttúrufræðistofnun Íslands er í upphafi árs með 39 millj. kr. í öfugan höfuðstól og 99 millj. kr. í lok september. Í fjáraukalögum er gert ráð fyrir aukafjárveitingum til hennar upp á 39 millj. kr.

Ég hef, frú forseti, farið yfir listann sem við fengum frá ráðuneytinu í gær og höfðum beðið þess ansi lengi. Við í minni hluta fjárlaganefndar höfðum ætlað okkur að fara mjög nákvæmlega í stöðu einstakra stofnana til að gera okkur grein fyrir hver staða þeirra raunverulega væri, hvernig þessum stofnunum gengi að reka sig á þeim fjárveitingum sem þær fá. Eins og ég sagði í upphafi vildum við einnig skoða hvort einhverjar stofnanir fengju hærri fjárveitingar en þörf er fyrir og söfnuðu upp fyrningum eða hagnaði á hverju ári á efnahagsreikninga sína.

Tíminn sem við höfðum til að gera okkur almennilega grein fyrir þeirri stöðu sem við blasir var þrír klukkutímar. Það er allt og sumt, frú forseti. Við fengum ekki listann yfir stöðu stofnana í upphafi árs fyrr en klukkan hálfellefu í dag. (**Gripið fram í:** Og enn vantar einn dálk.) Enn vantar einn dálk sem beðið var um.

Við óskuðum eftir því, þegar við báðum um upplýsingarnar í upphafi fjárlagavinnunnar, að fá ekki aðeins stöðuna í upphafi árs, stöðuna í rekstrinum fyrstu níu mánuðina, heldur einnig áætlaða útkomu hverrar stofnunar í lok árs. Þannig hefðum við áætlun fagráðuneytanna eða stofnananna sjálfra um hvernig þær mundu enda þetta ár. Þannig hefðum við einhverjar raunupplýsingar til að bera saman við fjáraukalögin og velta fyrir okkur hvort tekið sé á vanda stofnana sem eiga við vanda að etja vegna þess að fjárveitingar séu það lágar miðað við lögbundið hlutverk þeirra að þar þurfi að gera breytingu.

Auðvitað gerum við í minni hlutanum, alveg eins og meiri hlutinn í fjárlaganefnd, okkur grein fyrir því að það að stofnun sé rekin með halla þýðir ekki að hann skuli bæta sjálfvirkt og engar refjar. Það getur vel verið að eitthvað sé að í rekstri stofnananna. En þá þurfum við að hafa lykiltölur til að fara ofan í það og skoða. Getur verið að svo sé þegar það gerist ár eftir ár hjá sömu stofnunum. Hallinn safnast upp og á þessum lista eru stofnanir sem í upphafi árs, þrátt fyrir fjárveitingu ársins, eru í mínus og eiga ekki einustu krónu með gati, ekki túskilding, til rekstrarins allt árið. Samt er haldið áfram án nokkurra breytinga, engu breytt og haldið áfram. Ef þetta er ábyrg fjármálastjórn þá hef ég aldrei séð aðra eins ábyrgð í slíkum málum.

Ég ætla að beina sjónum heim í kjördæmi mitt og velta fyrir mér einu litlu dæmi. Gerð var breyting hjá heilbrigðisstofnunum á Suðurlandi. Þær voru sameinaðar í eina heilbrigðisstofnun. Sú sameining átti sér stað 1. september á þessu ári. Í fjáraukalagafrumvarpinu eru því fjárveitingar frá hverri heilsugæslustöð og sjúkrahússinu á Selfossi og allt látið sameinast til þeirrar einu stofnunar. Þetta er allt fært saman.

Samkvæmt þeim lista sem við höfum undir höndum getum við séð hvaða heimanmund Heilbrigðisstofnun Suðurlands fær. Ég sé ekki betur, þegar ég legg saman plúsana og mínusana, því að sumar heilsugæslustöðvar voru í plús þegar sameiningin átti sé stað og aðrar í mínus, en að þessi nýja stofnun hefji starfsemina með mínus 51 millj. kr. í heimanmund. Og það verður örugglega erfitt að reka stofnunina sameinaða, með öllum þeim kostnaði sem því fylgir að koma slíkri stofnun saman, ef ekki er tekið tillit til þessa í fjáraukalögum. Ég get ekki séð að svo sé gert heldur sé heimanmundurinn í raun mínus 51 millj. kr.

Eins og ég hef áður sagt þá veltir maður því fyrir sér í fullri alvöru hvað veldur því að sumar stofnanir fá bættan halla sinn en aðrar ekki. Ég ætla enn að halda mig heima í kjördæmi. Ef ég skoða Heilbrigðisstofnun Suðurnesja kemur í ljós að hún byrjar starfsárið með 76 millj. kr. halla og eftir níu mánuði er hún komin í 135 millj. kr. halla.

Mér er vel kunnugt um að innan þeirrar stofnunar var farið í mikla vinnu við að fara yfir reksturinn og móta framtíðarstefnu hennar. Það var gert í nefnd á vegum hæstv. heilbrigðisráðherra sjálfs. Ég sat í þeirri nefnd sjálfur og veit að ráðherrann hefur staðfest þá sýn sem fram var sett í lokaskýrslu nefndarinnar. En fjárveitingar hafa ekki fylgt. Þetta gerist allt of oft, að það er engin leið til að reka stofnanir miðað við þær fjárveitingar sem þær fá, jafnvel þótt umfang rekstrarins sé þekkt og einmitt eins og fagráðherrann eða ríkisvaldið vill að það sé og hefur skrifað upp á að það eigi að vera.

Er nema von að forstöðumenn þeirra stofnana séu í hálfgerðum vandræðum með að skilja til hvers er af þeim ætlast? Hjá þessari stofnun á Suðurnesjum liggur fyrir stefnumótun, samþykkt af ráðherra, og liggja meira að segja fyrir upphæðir varðandi rekstur og uppbyggingu sem ráðherra sjálfur hefur skrifað undir. Hins vegar fylgja engir fjármunir.

Samkvæmt áðurnefndri framtíðarstefnumótun hefði á

þessu ári og því næsta átt að leggja rúmar 200 millj. kr. í uppbyggingu. Til hennar renna hins vegar 12 millj. kr. þannig að það er lítið að marka undirskrift sumra hæstv. ráðherra.

Gagnrýni okkar í 1. minni hluta fjárlaganefndar hefur aðallega snúist um að fjárveitingar sem lagðar eru til í fjáraukalögum væru fyrirséðar við fjárlagavinnuna. Við höfum oft bent á það en á það hefur ekki verið hlustað. Þar nægir að nefna vanda framhaldsskólanna sem nú er að hluta viðurkenndur í fjárlagafrumvarpinu, fyrst í upphaflegu frumvarpi, með tillögu upp á 250 millj. kr. en síðan er í meðförum fjárlaganefndar viðbót upp á 200 millj. kr. Heildarviðbótarfjárveiting til framhaldsskólanna er því upp á 450 millj. kr.

Ég sagðist mundu fara sérstaklega í fjárveitingar til framhaldsskólana. Ég held að það sé full ástæða til þess vegna þess að ansi margir skólar — ég ætla ekki að taka tíma í að lesa þá alla upp, frú forseti — margir framhaldsskólar eru með mikinn halla bæði í upphafi árs og eins í lok árs. Maður veltir fyrir sér hve lengi sami skóli á að safna halla án þess að á því sé tekið með einhverjum hætti, annaðhvort með því að ráðamenn segi að þetta sé bara allt of dýrt og að minnka þurfi þjónustuna eða þá að þeir segi: Við gerum okkur grein fyrir því að við skömmtum naumt og stofnunin safnar upp halla á hverju einasta ári og því verður að breyta með því að auka fjárveitingar. Með einhverju móti verður að taka á þessu.

Þá komum við að hinum frægu pottum. Á þessum lista okkar, undir Menntamálaráðuneyti, er liður sem heitir Framhaldsskólar, almennt. Gleymum því ekki að framhaldsskólarnir eru allir meira og minna að drepast úr fjárskorti. En á þessum lið, Framhaldsskólar, almennt, eru í upphafi árs til 100 millj. kr. og í lok september er talið að inni á honum séu 151 millj. kr. Ég er hræddur um að ýmsir skólameistarar í framhaldsskólum hefðu viljað sjá einhverju af þeim peningum dreift úr þessum potti fyrr en núna í lok árs, því að enn er ekki búið að deila úr honum.

Hvað er gert í fjáraukalögunum? Jú, þeim 450 millj. kr. sem lagðar eru til framhaldsskólanna er bætt inn í þennan lið. Mér sýnist því sem að þar verði 600 millj. kr. fjárheimild í lok september. Af hverju í ósköpunum er ekki gengið í að skipta þessum potti út á framhaldsskólana? Af hverju í ósköpunum er það svo meðan við fáum í hendur upplýsingar um að sumir skólanna séu með 70–90% og jafnvel yfir 100% halla? Er þá svo erfitt að fara í gegnum skiptingu á þessum potti upp á 600 millj. kr.? Er það ekki krafa okkar í fjárlaganefnd, sem erum hluti af fjárveitingavaldinu, að við fáum eitthvað að vita um hvernig eigi að skipta þessum pottum? Eigum við ekki að hafa nein áhrif á þá skiptingu? Nei, jafnvel ekki fyrr en í janúar eða í lok ársins er farið að velta fyrir sér hver staða framhaldsskólanna hefur verið á árinu og reynt að skipta upp.

Maður óttast að hið sama gerist enn og aftur. Ég sé ekkert kerfi, enga kerfisbundna afgreiðslu á einu né neinu varðandi halla stofnana. Það hefur ekki verið gagnsæ leið til að deila út þessum potti og ég óttast að þetta verði svipað og maður hefur allt of oft séð í fjárveitingum og fjárlögum ríkisins, þ.e. geðþóttaákvarðanir.

Árinu fer að ljúka og það er ljóst að margir framhaldsskólar eru reknir með miklum halla. Sumir þeirra eiga við þann langa hala að etja sem ég nefndi hér. Við erum engu nær um það nú við lok nóvember, 1. desember á morgun, með hvaða hætti eigi að mæta vanda framhaldsskólanna og hvaða skóli eigi að fá hvað úr þeim 600 millj. kr. potti sem nú verður til.

Virðulegur forseti. Á þessu þingi hef ég talsvert gagnrýnt vinnubrögð við gerð fjárlaga og fjáraukalaga. Ég tel mig hafa fært gild rök fyrir þeirri gagnrýni og einnig hafa bent á hvað betur mætti fara. Ég trúi ekki öðru en að það sé einlægur vilji allra að vanda vinnubrögðin sem mest og að áætlanagerð frá einum tíma til annars verði sem nákvæmust.

Ég verð að viðurkenna að það fór léttur hrollur niður bakið á mér þegar fulltrúar fjármálaráðuneytisins voru í sinni síðustu heimsókn hjá fjárlaganefnd og sögðu, í framhaldi af því að við gagnrýndum hve seint þær upplýsingar lægju fyrir sem ég fór yfir áðan um stöðu einstakra stofnana, að það skipti ekki öllu máli þar sem staða stofnananna tengdist ekki beint fjárlagagerðinni. Eftir þær útskýringar skilur maður betur að ekki virðist hægt að áætla framlögin betur.

Það er viðtekin venja við alla áætlunargerð að taka tillit til nýjustu upplýsinga um stöðu og þróun kostnaðarliða. Í vandaðri áætlunargerð ber að skoða strax hvaða orsakir geti legið á bak við óvænt eða ófyrirséð útgjöld eða hækkanir einstakra liða og reyna að taka á vandanum þá þegar eða aðlaga áætlun að nýjum raunveruleika sem þá væri orðinn staðreynd.

Hvernig ætla menn að taka inn breyttar forsendur og aðstæður sem alltaf geta skapast, bæði vegna fyrirséðra og ófyrirséðra breytinga sem upp kunna að koma, ef ekki má skoða og staðreyna hvað um er að vera? Menn halda áfram að reka stofnanir, sem hafa verið reknar með viðvarandi halla í mörg undangengin ár án nokkurra breytinga í rekstri, þrátt fyrir að augljóst sé að hallarekstur muni halda áfram. Ekki er skoðað hvort breyta eigi rekstrinum eða aðlaga kröfurnar að þeim fjármunum sem fyrir hendi eru eða þá að auka fjármuni til rekstrar, ef um lög- eða skyldubundin verkefni er að ræða. Þau verkefni kostar þá einfaldlega það mikið og rétt að viðurkenna það með fjárveitingum.

Nei, lenskan í íslenskri fjárlagagerð virðist að setja fram óraunhæfar fjárveitingar til verkefna til að sýna betri afkomu í fjárlagafrumvörpum og einnig til að reyna að þvinga rekstur stofnana inn í fjárlagastakk sem er allt of þröngt sniðinn. Menn viðurkenna síðan hluta vandans í fjáraukalögum án nokkurrar reglu að því er virðist og láta restina dragnast inn í næsta ár til að skekkja myndina áfram og gera rekstrarumhverfi margra stofnana ríkisins ekki bjóðandi frá fyrsta degi nýs fjárlagaárs.

Ef maður ætlaði að temja sér tungutak hæstv. utanríkisráðherra þá mundi maður segja að hér væri um ómengaða afturhaldsíhaldstittsmennsku að ræða. Þrátt fyrir milljarða kostnað við kaup á nýjum bókhaldskerfum fyrir ríkið virðist ekki nein von til þess að fjármálaráðuneytið breyti vinnubrögðum sínum við gerð fjárlaga þannig að við komumst nær því en nú er að fjalla um raunveruleg fjárlög í stað endurtekinna glansmynda sem ekki standast þegar til kastanna kemur.

[15:15]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er e.t.v. litlu við að bæta eftir þessa yfirgripsmiklu ræðu hv. þm. Jóns Gunnarssonar sem speglaði djúpa þekkingu á þessum málaflokki. Við erum hér að ræða fjáraukalög og hv. þm., félagar mínir úr Samfylkingunni, Jón Gunnarsson og Einar Már Sigurðarson, hafa farið ákaflega ítarlega yfir það frumvarp sem hér er til 3. umr.

Ég vil segja það í byrjun að þegar fjáraukalögin voru lögð fram í haust spunnust hér töluvert harðar umræður um það með hvaða hætti væri hægt að bera saman þau áform sem ríkisstjórn birtir annars vegar í fjárlagafrumvörpum og hins vegar í niðurstöðu fyrir sérhvert ár eins og hún kemur fram í ríkisreikningi. Það er rétt að rifja upp að á síðasta áratug voru samþykkt sérstök lög um fjárreiður ríkisins þar sem reynt var að búa svo um hnúta að þessir hlutir væru sambærilegir. Það væri þess vegna hægt að sjá hvernig ríkinu tækist varðandi framkvæmd fjárlaga. Þetta skiptir máli við umræðuna.

Hví segi ég það, frú forseti? Vegna þess að við höfum sagt það, eins og hv. þm. Jón Gunnarsson lauk sinni prýðilegu ræðu á hér áðan, að áætlanirnar sem hæstv. fjármálaráðherra hefur lagt hér fram í fjárlagafrumvörpum eru ekki pappírsins virði. Þetta eru glansmyndir sem hæstv. ráðherra hefur notað til að slá sér upp á. Hann heldur blaðamannafundi á hverju einasta hausti og heldur fram ákveðnum blekkingum gagnvart fjölmiðlum og þjóðinni og segir: Svona gerum við, svona ætlum við að ná miklum árangri. Svona er ég góður fjármálaráðherra og svona er þetta góð ríkisstjórn.

Það hefur aldrei brugðist á seinni árum að þessi glansmynd hefur ekki reynst pappírsins virði. Áætlanir hæstv. fjármálaráðherra hafa þegar upp er staðið allar fokið út í veður og vind. Þegar ríkisreikningur er skoðaður kemur í ljós að niðurstaðan er alltaf allt öðruvísi en átti að vera. Hvergi er þetta jafnátakanlegt og þegar hæstv. fjármálaráðherra ber sér á brjóst yfir þeim afgangi sem ríkisstjórnin ætlar að skila á fjárlögum.

Á bilinu 2000–2003 ætlaði hæstv. fjármálaráðherra að skila afgangi sem samtals næmi 75 milljörðum. Þegar upp er staðið sat hæstv. fjármálaráðherra eftir með í fanginu halla á ríkissjóði upp á 10 milljarða. Sama birtist þegar skoðuð eru áform hæstv. fjármálaráðherra um útgjaldaþróun ríkisins. Þar stendur ekki steinn yfir steini. Á þessum árum, frá árinu 2000 til 2003, fór hæstv. fjármálaráðherra 114 milljarða fram úr hvað varðar útgjöld ríkisins. Hæstv. ráðherra hélt enga blaðamannafundi þegar þessi skelfilegu glöp komu fram. Þá var ekki boðað til blaðamannafunda í Þjóðmenningarhúsinu til að segja frá því að honum hefði mistekist í lykilatriði, þ.e. þensluþróun ríkisútgjalda. Það verður að segja það alveg eins og er að hæstv. fjármálaráðherra hefur reynst einhver versti spámaður um það hvernig ríkisútgjöld munu þróast hér á landi.

Hæstv. ráðherra hefur ítrekað lagt fram áform og áætlanir í fjárlagafrumvörpum og ekkert gengur eftir. Það er alveg sama í hvaða kristalskúlu hann og völvur hans í ráðuneytinu reyna að skoða til að spá fyrir um framtíðina, það gengur ekkert eftir. Það er alveg sama hvort við erum hér að tala um afgang á ríkissjóði, þróun ríkisútgjalda, verðbólgu, viðskiptahalla, atvinnuleysi — um engar þessara lykilstærða hefur hæstv. fjármálaráðherra haft rétt fyrir sér. Þetta eru ákaflega sorglegar lyktir og maður hálfvegis vorkennir hæstv. ráðherra. Mest vorkenni ég þó hæstv. ráðherra, frú forseti, vegna þess að hann hefur ítrekað komið hingað og efnt til mikilla burtreiða við hv. þingmenn Samfylkingarinnar og sagt að þessi samanburður sem ég er hér að rekja standist ekki. Hæstv. fjármálaráðherra hefur sagt það ítrekað að ekki sé hægt að bera saman þær áætlanir sem koma fram í frumvörpum til fjárlaga og síðan ríkisreikning fyrir sama ár. Breytingin sem gerð var á fjárreiðulögunum um miðjan síðasta áratug var einmitt þess eðlis að það á að vera hægt að gera það. Sá ágæti þingmaður stjórnarliðsins, þáverandi formaður fjárlaganefndar, sem mælti fyrir því frumvarpi sagði einmitt að með þeirri breytingu væri hægt að bera saman niðurstöður í ríkisreikningi við þau áform sem kæmu fram í fjárlagafrumvarpi. Hæstv. fjármálaráðherra hefur samt sem áður mótmælt þessu harkalega. Hann hefur hjólað hér í einstaka þingmenn Samfylkingarinnar sem hafa haldið öðru fram, og hver veit nema hæstv. ráðherra birtist í gættinni á eftir og finni líka að þessum málflutningi mínum?

Ég vil þess vegna rifja það skýrt upp að í nýlegri skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út um endurskoðun ríkisreikningsárið 2003 er sérstakur kafli sem er helgaður hæstv. fjármálaráðherra. Hann er um reikningsskilaaðferðir og þar segir, með leyfi forseta:

„Tekið skal fram að gert er ráð fyrir að ríkisreikningur verði færður með sama hætti og því verði áætlanir fjárlaga og niðurstöður ríkisreiknings að fullu samanburðarhæf."

Nú langar mig að beina þeirri fyrirspurn til hv. formanns fjárlaganefndar, Magnúsar Stefánssonar, hvort hann sé sammála eða ósammála þessari niðurstöðu Ríkisendurskoðunar. Telur hv. þm. að það sé rangt sem Ríkisendurskoðun segir hér á bls. 18 í þessari skýrslu, að áætlanir fjárlaga og niðurstöður ríkisreiknings séu að fullu samanburðarhæfar? Það verður fróðlegt að heyra svar hv. þingmanns. Ef hann er ósammála Ríkisendurskoðun hlýtur hann sem formaður nefndarinnar að skýra hvers vegna. Ég tel að það væri þarfast að hann gerði það með einhverjum hætti á prenti þannig að menn gætu farið yfir þær röksemdir alveg eins og aðstoðarmaður fjármálaráðherra fyrir hans hönd skýrði sína afstöðu í blaðagrein. Ég tel að þetta sé ákaflega mikilvægt og óska eftir því að hv. þm. Magnús Stefánsson skýri afstöðu sína til þessa.

Einmitt þessi niðurstaða Ríkisendurskoðunar gerir það að verkum að við í Samfylkingunni teljum að við höfum alveg örugglega haft rétt fyrir okkur þegar við segjum að það er hægt að meta frammistöðu fjármálaráðherra og ríkisstjórnar hverju sinni með því að bera saman þau áform sem ríkisstjórnin birtir í fjárlagafrumvarpi og síðan þá niðurstöðu sem birtist í ríkisreikningi.

Hæstv. fjármálaráðherra hefur t.d. sagt að á því ári sem nú er að líða verði afgangur á ríkissjóði upp á 6,7 milljarða. Nú er auðvelt að færa rök að því að það er harla lítill afgangur í árferði eins og núna þegar sjaldan hefur ríkt meiri velsæld og góðæri. Það mætti ætla að í svona árferði skilaði ríkissjóður miklu meiru en 6,7 milljörðum. En látum gott heita, við skulum vona að það vísi til betri framtíðar. Það

versta er þó að miðað við reynsluna af frammistöðu hæstv. fjármálaráðherra eru engar líkur á því að þessi tala gangi eftir. Þegar ég tala um reynsluna af verkum hæstv. fjármálaráðherra horfi ég auðvitað til þess að síðustu ár bera vitni um allt annað en að hæstv. ráðherra geti nokkurn tíma staðið við áætlanir sínar.

Má ég rifja það upp, frú forseti, að árið 2000 lagði hæstv. ráðherra fram frumvarp sem gerði ráð fyrir tekjuafgangi af ríkissjóði upp á 15 milljarða. Ríkisreikningur fyrir árið 2000 sýndi halla upp á 4,3 milljarða. Árið 2001 lagði hæstv. ráðherra til og sýndi áætlanir um það að afgangur af ríkissjóði yrði 30 milljarðar. Það varð afgangur það ár, eina árið af síðustu fjórum árum, en hann varð ekki 30 milljarðar heldur 8,6 milljarðar. Árinu síðar, 2002, lagði hæstv. ráðherra fram í fjárlagafrumvarpi áætlun sem gerði ráð fyrir því að afgangurinn yrði 18,6 milljarðar. Niðurstaðan varð halli upp á 8,1 milljarð. Hið sama varð árið 2003. Þá átti að vera afgangur upp á 10,7 en niðurstaðan varð halli uppi á 6,7 milljarða.

Svona hefur þetta verið.

Svo kemur hæstv. ráðherra og heldur því fram að hér sé ekki um að ræða samanburðarhæfar tölur vegna óreglulegra liða eins og lífeyrissjóðaskuldbindinga, sölu ríkiseigna o.s.frv. Það blasir hins vegar við að í úttekt Ríkisendurskoðunar kemur fram að þetta eru að fullu samanburðarhæfar áætlanir, þ.e. fjárlög annars vegar og loks sú endanlega niðurstaða sem birtist í ríkisreikningi. Sú er niðurstaða Ríkisendurskoðunar og hæstv. fjármálaráðherra verður að koma með betri rök máli sínu til stuðnings en einhverjar geðvonskulegar ræður hér í þingsölum og upphlaup gagnvart einstökum þingmönnum. Þá er ég að vísa til þess þegar hæstv. fjármálaráðherra hjólaði hér harkalega í hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson út af einmitt þessu, út af hlutum sem hann hafði sagt. Hv. þm. var að vísu ekki viðstaddur þá og gat ekki svarað.

Hér tel ég að ég hafi skýrt mjög rækilega viðhorf Samfylkingarinnar til þessa. Hæstv. fjármálaráðherra hefur líka skýrt viðhorf sín en ég vil gjarnan heyra hvað hv. þingmanni, formanni fjárlaganefndar, finnst um þetta.

Við búum við sérstakar aðstæður í efnahagslífinu núna. Margt hefur breyst frá kosningum og við sem töldum þá, bæði hæstv. fjármálaráðherra og ýmsir aðrir, að við værum að horfa fram á tiltölulega stöðugt efnahagsástand sjáum hins vegar ýmis teikn á lofti sem benda til annars. Við sjáum t.d. að viðskiptahalli er hér orðinn gríðarlegur og þó að það megi með vissum hætti fallast á það að a.m.k. hluti af þessum viðskiptahalla sé það sem menn hafa skilgreint sem góðkynja viðskiptahalla er það einfaldlega þannig að stærsti hlutinn af honum stafar af öðru en fjárfestingum við stóriðju austur á landi. Það hlýtur að skipta ákaflega miklu máli.

Viðskiptahallinn í dag er nærri 70 milljarðar, hann er 7–8% af landsframleiðslu og því er spáð að hann fari ört vaxandi á næstu árum þannig að árið 2006 verði hann kominn í 13–14% af landsframleiðslu. Ég man aldrei eftir því að hafa séð slíkar tölur hér, a.m.k. ekki frá því að ég fór að fylgjast með stjórnmálum, en hæstv. fjármálaráðherra leiðréttir mig þá ef svo er. Það er náttúrlega alveg hrikalegt þegar viðskiptahallinn er kominn í 140 milljarða.

Ég veit vel að því er spáð að á árunum þar á eftir lækki hann töluvert mikið, og lækkar vonandi hratt. Ég óttast hins vegar að þessi staða sem er allt önnur en menn áttu von á geti leitt til þess að allrækilega verði grafið undan genginu og það hafi áhrif á allt efnahagsástandið. Ég ætla ekki að fara að spá neinu illu, frú forseti, en það er alveg ljóst hvað varðar þessa stöðu að hún er öll önnur og miklu verri en áður.

Hæstv. fjármálaráðherra og ríkisstjórnin hafa gumað af því að þau standi nú fyrir mestu skattabyltingu sem nokkru sinni hefur sést í þingsölum og á Íslandi. Að vísu hefur hæstv. fjármálaráðherra vælt undan því í fjölmiðlum að landslýður skilji ekki þessa skattabyltingu. Ástæðan er auðvitað sú að menn eru fullir varúðar gagnvart ríkisstjórninni þegar verið er að tala um skattalækkanir. Staðreyndin er nefnilega sú, frú forseti, að ef við skoðum þær skattalækkanir sem ríkisstjórnin hefur samþykkt fyrir þetta ár og næsta og reiknum dæmið til hlítar blasir eftirfarandi við:

Ríkisstjórnin er búin að hala inn fyrir kostnaðinum við þær skattalækkanir sem verða í ár og á næsta ári. Það hefur hún gert með því að hækka ýmsa aðra skatta. Í gær vorum við hér með þrjú frumvörp í gangi. Fyrr um daginn voru á dagskrá frumvörp um aukatekjur ríkissjóðs og bifreiðagjöld sem samanlagt gera ráð fyrir því að skattheimta ríkisins aukist um 320 millj. kr. Í gærkvöldi samþykktum við hér líka hækkun á áfengisgjaldi og tóbaksgjaldi sem fól í sér aðra skattheimtu upp á 320 millj. kr. Þetta leiddi líka til hækkunar á neysluvísitölu. Bara í gær samþykkti ríkisstjórnin auknar álögur á landsmenn sem hægt er að segja að nemi samtals 640 millj. kr. og á sama degi leiddi þetta líka til hækkunar á neysluvísitölu þannig að færa má sterk rök að því að skuldaklyfjar landsmanna hafi í gær hækkað um a.m.k. einn milljarð kr.

Þessar hækkanir koma í kjölfar annarra hækkana sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á síðasta ári. Þar má nefna hækkun á þungaskatti, hækkun á sérstöku bensíngjaldi, lækkun vaxtabóta, afnám sérstakrar ívilnunar vegna séreignarlífeyrissparnaðar, hækkun komugjalda á heilsugæslu auk margra annarra smærri gjalda sem voru lögfest í fyrra. Þá eru ótaldar ýmsar hækkanir sem hafa komið fram á yfirstandandi vetri, eins og hækkun á skólagjöldum og enn frekari hækkanir á komugjöldum.

Samtals er hægt að meta þær hækkanir sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á síðasta ári og þessu ári til a.m.k. 5 milljarða kr. Það er hærri tala en kostnaðurinn sem ríkissjóður hefur af því að lækka skatta samkvæmt áætlun fyrir næsta ár, þ.e. 2% lækkun á hátekjuskatti og 1% flata lækkun á tekjuskattshlutfalli. Ríkisstjórnin er þess vegna þegar búin að fjármagna skattalækkanir þessa og næsta árs með hækkunum á gjöldum og sköttum sem hún er búin að samþykkja. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem berja sér á brjóst og tala um skattbyltingar ættu að skoða þetta. Staðreyndin er sú að frá því að þetta kjörtímabil hófst hafa þeir hækkað ýmiss konar skatta, ýmiss konar álögur, ýmiss konar gjöld í þeim mæli að þeir hafa fengið inn auknar tekjur í ríkissjóð sem eru hærri en kostnaðurinn við skattalækkanir. Hverjir borga þá fyrir skattalækkanir ríkisstjórnarinnar? Það eru landsmenn sjálfir sem gera það.

Ef við skoðum hvernig þessi gjöld, t.d. þungaskattur,

sérstakt bensíngjald, vaxtabætur, komugjöld á heilsugæslustöðvar, áfengisgjaldið, bifreiðagjaldið dreifast á fólk þá sjáum við það auðvitað að millitekjufólkið og lágtekjufólkið greiðir í reynd að hluta til fyrir skattalækkanir hátekjumanna á næsta ári. Það er ekki réttlæti og það er ekki það sem við lögðum upp með í þessari umræðu um skattalækkanir. Það er með öðrum orðum hægt að sýna fram á að ríkisstjórnin sé að hækka skatta á fyrstu tveimur árum kjörtímabilsins en ekki að lækka þá. En hún er líka að breyta innri dreifingu skattbyrðarinnar þannig að lágtekjufólk og millitekjufólk núna á fyrstu 24 mánuðum kjörtímabilsins er að öllum líkindum að greiða meira frá sér en það er að fá til sín. Hverjir njóta þessa? Það eru hátekjumennirnir sem njóta þess mest. Þetta finnst mér algjörlega nauðsynlegt að komi fram, frú forseti, í þessari umræðu.

Það er líka athyglisvert þegar við erum hér að ræða fjáraukalög að skoða að ekki er mikið tillit tekið til stöðu sveitarfélaganna um þessar mundir. Við höfum á þessum vetri þremur eða fjórum sinnum rætt stöðu sveitarfélaganna og hversu erfið hún er. Það hefur komið fram m.a. hjá talsmönnum og þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að ýmis sveitarfélög séu að hækka gjöld og útsvar og það er rétt. En hvernig stendur á því að ýmis sveitarfélög eru að hækka gjöld og hækka útsvar eins og þau geta? Ástæðan er einföld. Þau eru fjársvelt af ríkinu.

Á síðustu árum hefur ýmsum verkefnum verið ekið yfir á sveitarfélögin og ýmsar breytingar hafa verið gerðar sem hafa dregið úr tekjum þeirra. En ríkisstjórnin hefur ekki komið til móts við sveitarfélögin til þess að mæta kostnaðinum af auknum verkefnum og til þess að mæta áföllum, því að það er hægt að kalla það áfall þegar sveitarfélögin í landinu samtals tapa 1,2–1,4 milljörðum vegna skattkerfisbreytinga ríkisins. Við sjáum það ekki í þessum fjáraukalögum að hæstv. ríkisstjórn sé með einhverjum hætti að reyna að bæta stöðu þeirra, síður en svo. Þess vegna segi ég: Ég lýsi allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni þegar kemur að útsvarshækkunum og gjaldahækkunum sveitarfélaga. Ég held því fram að ríkisstjórnin sé með því að fjársvelta sveitarfélögin að knýja þau til þess að nota þau meðöl sem þau geta til þess að auka tekjur með útsvarshækkunum og gjaldahækkunum. Þar er ríkisstjórnin því í reynd að velta skattbyrði yfir á íbúana og svo kemur hún hingað og talar um að hún sé að lækka skatta. Þetta verða menn líka að skoða þegar þeir gera upp debet og kredit varðandi skattstefnu ríkisstjórnarinnar.

Frú forseti. Ég hef töluverðar áhyggjur af því hvernig sveitarfélögunum mun vinda fram. Við sjáum að í mörgum sveitarfélögum er þjónustan að batna. Við sem erum foreldrar skólabarna getum borið vitni um það að grunnskólinn hefur tekið stakkaskiptum frá því að hann fluttist yfir til sveitarfélaganna í ágúst 1996. Þjónustan er miklu meiri en áður og hún er sérstaklega góð við þau börn sem með einhverjum hætti þurfa sérstaka umönnun. Ýmiss konar nýbreytni sem fylgir nútímanum hefur verið tekin upp í skólakerfinu, t.d. það sem menn hafa kallað skóla án aðgreiningar. Það er í sjálfu sér alveg dásamlegt að skynja það viðhorf sem þar liggur að baki. Það er viljinn til þess að taka sérstaklega á þeim börnum sem með einhverjum hætti eru á eftir og við hér áður fyrr greindum frá öðrum börnum með því að setja í sérstakar deildir og sérstaka skóla. Þarna er verið að sjá til þess að öll börn geti verið saman í sínum árgangi. Þetta er bæði fallegt og þetta er þroskavænlegt. En þetta kostar peninga og þetta er ástæðan fyrir því að starfsígildum hefur fjölgað innan grunnskólanna. Það er vegna þess að verið er að taka á vandamálum og bæta þjónustuna.

Ég tel að í þessu felist mikill samfélagslegur ávinningur. En ég geri mér líka grein fyrir því að af því hlýst töluverður kostnaður. En ég segi: Sá kostnaður er samfélagslegur. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að fyllilega komi til álita að ríkisvaldið taki á sig hluta af þessum samfélagslega kostnaði. Kröfur fólksins í landinu breytast og því er svarað með aukinni þjónustu af hálfu sveitarfélaganna og sú þjónusta kostar meira en þegar skólinn var fluttur.

Nú vil ég taka það alveg skýrt fram að ég er ekki með þessu að segja að rangt hafi verið gefið þegar skólinn var fluttur yfir. Ég veit að ýmsir þingmenn halda því fram. En hv. þm. Einar Már Sigurðarson hefur t.d. rökstutt það viðhorf sitt að svo hafi ekki verið. Ég hef ekki skoðað það til hlítar og ég er ekki að halda því fram að það hafi verið vitlaust gefið. Ég er hins vegar að rökstyðja hér að þjónusta skólanna er miklu betri og það er meira af hamingjusömum börnum í landinu út af þessu. Er það ekki nokkurs virði? Að sjálfsögðu skiptir það ákaflega miklu máli.

Frú forseti. Þegar kjarasamningar voru gerðir síðast var gert ráð fyrir því að verðbólgumarkmiði Seðlabankans yrði náð. Það var gert ráð fyrir því við forsendur kjarasamninga að verðbólgan færi ekki fram úr 2,5%. Nú blasir við að það verður ákaflega erfitt að ná því marki. Verðbólgan er núna þegar komin yfir 3%. Greiningardeildir bankanna spá því að hún muni halda áfram að aukast. Greiningardeild Landsbankans hefur gefið frá sér álit sem bendir til þess að hún muni jafnvel fara meira en tvöfalt yfir þolmörk Seðlabankans. Hagdeild ASÍ hefur spáð því að ef verðbólguþróunin heldur áfram eins og hún hefur verið hingað til þá muni verkalýðshreyfingin neyðast til þess að segja upp kjarasamningum. Maður hlýtur auðvitað að spyrja: Er þetta stöðugleikinn sem hæstv. fjármálaráðherra hefur verið að berja sér á brjóst yfir? Er þetta stöðugleikinn sem ríkisstjórnin hefur verið að guma af?

Það er óhjákvæmilegt þegar menn ræða efnahagsmál og hagstjórn ríkisins að hæstv. fjármálaráðherra sé inntur eftir því með hvernig hann ætli að beita þeim tækjum sem hann hefur yfir að ráða til þess að draga úr verðbólgunni. Eða ætlar hann bara að sitja aðgerðalaus hjá?

Hér fyrir nokkrum árum, í desember 2002, blasti líka við sú framtíðarsýn að samfélagið mundi sigla yfir rauðu strikin sem voru forsenda þeirra kjarasamninga sem þá giltu. Þá var gripið til samræmdra aðgerða af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar. Við í stjórnarandstöðunni héldum hér ræður daginn út og daginn inn til þess að benda á hvernig ýmsar hækkanir ríkisstjórnarinnar leiddu til þess að verðbólgan væri að fara úr böndunum. Sem betur fer hlíttu menn þeim aðvörunarorðum sem komu mjög víða að úr samfélaginu og það leiddi til þess að ríkisstjórnin greip að lokum til þess að lækka ýmis gjöld hins opinbera til þess að stuðla að því að ekki væri brotist í gegnum múr hinna rauðu strika. Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera núna? Ætlar hún bara að fljóta

sofandi að feigðarósi?

Þessu til viðbótar hafa margir sérfræðingar, sem út af fyrir sig hafa ekki tekið illa í eðli þeirra skattbreytinga sem ríkisstjórnin hefur verið að leggja fram, eigi að síður mælt ákveðin varnaðarorð. Þeir hafa bent á að miðað við þá þensluþróun sem er í samfélaginu sé óhjákvæmilegt af ríkisins hálfu að taka úr umferð sama eða svipað magn af peningum og sem nemur skattalækkununum. Frá hagfræðilegu sjónarmiði hljómar þetta heldur vitlega. En þá verður maður að spyrja: Hvernig á ríkisstjórnin að gera það? Til hvaða ráða getur hún gripið? Hún getur þá væntanlega ekki gripið til annars en að skera niður í útgjöldum ríkisins. Þá hljótum við í stjórnarandstöðunni að spyrja: Hvar á að skera niður?

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson sem hér hefur oft lagt gott til mála í efnahagsumræðu sagði í sjónvarpinu um daginn að það yrði að skera niður. Hann þvertók hins vegar fyrir að það yrði gert á velferðarsviði og nefndi sérstaklega samgöngur. En þær skattalækkanir sem við erum að tala um eru svo gríðarlegar að ef þær koma einhvern tíma til framkvæmda, sem má efast um, og ef það á að fara að aðvörunarorðum þeirra sérfræðinga sem ég nefndi þá þarf nú gott betur að skera niður en um þá 3, 4 milljarða í vegaframkvæmdum sem mig minnir að hv. þingmaður sem ég nefndi áðan hafi sérstaklega tekið til.

Ef það á t.d. á þessu kjörtímabili að lækka skatta samtals um 39 milljarða, eins og hægt er að reikna skattalækkunartillögur ríkisstjórnarinnar út frá upphafi kjörtímabilsins til enda, þá er ég ansi hræddur um að það heyrðist hljóð úr horni ef það á að fara að taka einhverjar upphæðir sem nálgast þá summu út úr rekstri ríkisins. Staðreyndin er nefnilega sú að hæstv. fjármálaráðherra hefur ekki haft beind í nefinu til þess að stemma útgjaldaþenslu ríkisins á hinum góðu árum. En á hinum góðu árum eiga menn auðvitað að safna í forða í hlöðu sinni til þess að geta gripið til hans þegar mögru árin ganga í garð. Þetta þekkjum við úr bók bókanna þar sem sérstaklega er lögð rík áhersla á að safna til mögru áranna þegar hin góðu ganga í garð. Það hefur hæstv. fjármálaráðherra ekki tekist.

Þessi ríkisstjórn tók til starfa 1995 með þá yfirlýsingu á vörunum að hún ætlaði að draga úr framleiðslu um sem svaraði 2% á ári í eitthvert tímabil. Niðurstaðan hefur orðið þveröfug. Þessi ríkisstjórn hefur í reynd látið útgjaldaþróunina fylgja með þeirri tímabundnu sveiflu upp á við sem hefur gætt og við höfum auðvitað fundið sterklega stað í efnahagslífinu. Hún hefur bara ekki safnað forða.

Allar áætlanir hæstv. fjármálaráðherra um að skila afgangi til þess að búa til forða til mögru áranna hafa hrunið eins og spilaborg. Svo hefur hæstv. fjármálaráðherra komið hingað og vælt í fjölmiðlum og við þingmenn um það að ekki sé hægt að bera saman þau áform og áætlanir sem hann kemur fram með í fjárlagafrumvarpinu við niðurstöður ríkisreikninga. Þetta er svo hlægilegt, frú forseti, að það tekur ekki nokkru tali. Er það þá þannig að hæstv. fjármálaráðherra segir það bara og viðurkennir það opinberlega að menn eigi ekki að trúa áætlunum hans í fjárlagafrumvarpinu, því að það er ekki hægt að draga neina aðra rökræna ályktun af því sem hæstv. ráðherra hefur verið að segja um þessi mál.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mál lengra. Ég varpa ákveðnum spurningum til formanns fjárlaganefndar og ef hann getur svarað þeim núna verð ég glaður við. Ég mundi nú ekki bera ösku í skegg mitt eða hár þó að hann sjái sér ekki fært að svara þessu núna. Þetta er flókið mál. Ég geri mér grein fyrir því. Það er kannski erfitt fyrir hann, ef hann ætlar sér að komast að rökrænni og skynsamlegri niðurstöðu, að gera það þannig að hann verði algjörlega úr takti við hæstv. ráðherra. En hann kemst ekki að skynsamlegri niðurstöðu, sem er niðurstaða Ríkisendurskoðunar, nema að vera í andstöðu við hæstv. fjármálaráðherra. En ég veit það hins vegar að skynsemd hv. formanns fjárlaganefndar og sú þekking sem hann hefur á fjármálum ríkisins getur ekki leitt hann að annarri niðurstöðu.

[15:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Mig langar til að leggja orð í belg í umræðuna þó að margt hafi komið fram og óþarfi að endurtaka mikið af þeim upplýsingum sem dregnar hafa verið fram.

Samt er rétt að vekja sérstaka athygli á því að til þess að fjárlagagerðin geti orðið markvissari en hún hefur verið á undanförnum árum þurfa að liggja fyrir upplýsingar í fjárlaganefnd. Um það held ég að allir fjárlaganefndarmenn séu sammála, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Það er algjörlega nauðsynlegt að mínu viti til þess að bæta starfið og gera það auðveldara og að menn nái markvissar utan um þann vanda sem hefur verið ræddur mest í dag, sem er framúrkeyrsla ýmissa stofnana miðað við fjárlög. Fjáraukalögin eru stórt tilefni þar sem verið er að taka á vanda stofnana þar sem fjárlögin hafa ekki dugað til rekstrar og því mikilvægt að fyrir liggi samantekt um fjárhagsstöðu stofnana í upphafi þings.

Ég þykist vita að allir fjárlaganefndarmenn, formaður og varaformaður fjárlaganefndar þar með taldir, hafi mikinn áhuga á því að slík plögg liggi fyrir við upphaf þings þegar fjárlagafrumvarp er kynnt og að búið væri að leggja mat á stöðu reksturs stofnana fram til þess tíma og einnig spá um hvernig staðan gæti hugsanlega verið um áramót. Þær upplýsingar mundu auðvelda okkur fjárlagavinnuna og til að taka betur á ýmsu sem við gerum í fjáraukalögunum og væntanlega verða til þess að þegar kæmi að því að vinna fjárlögin fyrir næsta ár mundi það vonandi breytast í kjölfarið að jafnmikið þyrfti að koma í fjáraukalögin eins og reyndin hefur verið á undanförnum árum, lagfæringar á stöðu ýmissa stofnana á vegum ríkisins vegna þess að menn hefðu betri upplýsingar í höndunum og tækju þá e.t.v. stærri upphæðir beint í fjárlögin sem mundi draga úr því að fjáraukalögin þyrftu að koma til með þeim hætti sem gert er í dag.

Við eigum að reyna að sjá sem mest fyrir í fjárlagagerðinni og taka á því í fjárlögunum á hverju ári. Það sem vandséð er hver staðan verði á árinu eða aðrar utanaðkomandi breytur sem menn ráða ekki við, eins og hvað gerist í kjarasamningum og viðskiptakjörum þjóðarinnar o.s.frv. sem erfitt getur verið að sjá fyrir, alla vega hefur það sýnt sig á undanförnum árum að það geta orðið sveiflur í því sem menn sjá ekki fyrir, eins og olíuverðsdæmin sanna og verðbreytingar á afurðum okkar eins og t.d. sjávarafurðum.

Slíkt er eðlilegt að menn þurfi að takast á við í fjáraukalagafrumvarpi. En ég held að mjög æskilegt væri að reyna að fækka þeim tölum og þeim ákvörðunum sem við þurfum að setja í fjáraukalögin. Ég held að slíkur listi sem lægi fyrir í upphafi starfsins í fjárlaganefnd væri mjög nauðsynlegt tæki í þá veru að gera fjárlögin markvissari að þessu leyti.

Virðulegi forseti. Við afgreiðslu fjárlaganna, þegar við ræddum þau við 3. umr. einhvern tíma á fyrstu dögum desembermánaðar á síðasta ári, sagði ég að ljóst væri að verulega fjármuni mundi vanta á ýmislegt varðandi það sem kæmi upp á þessu ári. Sumt væri fyrirsjáanlegt eins og varðandi vanda háskólanna, vanda framhaldsskólanna og vanda sveitarfélaganna. Ég gat sérstaklega um þetta í máli mínu í desember sl. að væri örugglega vanáætlað í fjárlögum ársins og svo kemur auðvitað í ljós að í fjáraukalögunum erum við m.a að fjalla um þessi atriði. Ég tel að vandinn hafi verið nokkuð fyrirsjáanlegur á síðasta ári þegar við afgreiddum fjárlögin.

Ég er hins vegar alveg sannfærður um að ef við hefðum haft upplýsingar nógu tímanlega varðandi vanda stofnananna hefði okkur gefist miklu meiri tími í fjárlaganefnd til þess að vinna málið betur og þar af leiðandi að draga e.t.v. úr því hvað þarf að fara yfir í fjárauka. Um það held ég að við sem störfum í fjárlaganefnd — og sá sem hér stendur hefur áheyrnaraðild þar og leggur til mála eins og hann telur tilefni til, þó hann sé ekki vanasti maður í fjárlaganefndinni. En ég tel rétt að horfa sérstaklega á þennan þátt og þess er réttilega getið í nefndaráliti 1. minni hluta, sem ég samþykki fyrir mitt leyti, að sérstaklega þurfi til þess að taka að slíkir listar liggi fyrir í upphafi þings svo að betur megi vinna að málunum.

Það er náttúrlega forkastanlegt að við skyldum hafa verið að — ja, hvað eigum við að segja — nauðga listanum út úr stofnunum í gær. Það held ég að gangi alls ekki inn í framtíðina og menn verða að taka sig verulega á í þeim efnum. Ég veit að formaður fjárlaganefndar hefur gert sitt til þess að reyna að fá listann fyrr til fjárlaganefndar og ekki við hann að sakast, en það er alveg greinilegt að við þurfum að breyta þessu í fjárlagavinnunni og gera kröfu um að slíkir listar séu unnir upp og liggi helst fyrir strax á fyrstu dögum þingsins þegar fjárlagavinnan hefst þannig að við sjáum betur við hvaða vanda er að fást og um hvaða stærðir gæti verið að ræða. Það getur ekki verið svo í ríkiskerfinu að ekki sé hægt að vinna málið betur.

Við erum að setja 450 millj. kr. núna til þess að taka á rekstrarvanda framhaldsskólanna. Ef ég man rétt er þetta ekkert ólíkt þeirri tölu sem menn veltust með í fyrrahaust, sem var á bilinu 300–400 millj. kr. Ég trúi því og treysti að formenn fjárlaganefndar muni í framtíðinni beita hörku í því að ná slíkum upplýsingum fram fyrr en raunin hefur verið.

Það var ágætlega farið yfir ýmsa framúrkeyrslu á ýmsum stofnunum af hv. þm. Jóni Gunnarssyni og ég veit ekki hvort á nokkuð að vera að endurtaka það. Það er fjöldamargt annað sem hægt er að ræða í tengslum við fjárlögin en að endurtaka tölur fram og til baka varðandi þetta. Ég held að ég láti þetta nægja um það sem við þurfum að taka betur á varðandi stofnanir og upplýsingar til þess að ná betri árangri við að fjárlögin séu nær raunveruleikanum en við höfum upplifað á undanförnum árum með því að þurfa að bæta tiltölulega háum upphæðum inn á mörg svið fjármálanna í fjáraukanum.

Undanfarna daga hefur verið rætt talsvert mikið um skattamálin og vikið að því almennt í stöðunni varðandi það hvenær ríkið tekur til sín tekjur og hvenær ríkið segist vera að skila tekjum til launþeganna, til borgara. Því hefur verið haldið fram að miðað við skattstefnuna sem nú er í gildi sé verið að skila miklum fjármunum til baka þegar á næsta ári, áætlað rúmir 4 milljarðar. Það er líka algjörlega rétt sem hefur verið dregið fram og sá sem hér stendur benti réttilega á í fyrrahaust við umræðu fjárlaganna að ríkið tók til sín verulegar tekjur með ýmsum álögum sem þá voru settar til þess að — ég held að ég hafi orðað það þannig sl. haust að ríkisstjórnin væri í raun og veru með inntöku á nýjum álögum í fjárlögum ársins sem nú er að líða að undirbyggja það sem hún hygðist aðhafast í breytingum á skattalögum á næstkomandi ári. Verið var að breyta ýmsum álögum í fjárlögunum á haustinu 2003 fyrir þetta ár, m.a. bensíngjaldi, þungaskatti, frádrætti varðandi húsnæðislánin og gjöldum sem voru lögð á einstaklinga þegar þeir nýttu sér ákveðna þjónustu eins og heilbrigðisþjónustu.

Það er því rétt sem hefur verið dregið fram í umræðunni að við afgreiðslu síðustu fjárlaga fyrir árið 2004 var verið að undirbúa að taka inn tekjur sem slaga í það sem nú er fyrirhugað að láta út. Það var því komin inneign áður en sú boðaða skattstefna sem nú liggur í þingi og er í skoðun í efnahags- og viðskiptanefnd lá fyrir.

Í gær ræddum við ýmsa tekjuliði ríkisstjórnarinnar varðandi hækkun á ýmsum gjöldum og varð nokkur umræða um hækkun á áfengi og tóbaki. Menn greindi á um hvort verið væri að ná einhverjum tekjum með því að auka álögur á sterkt áfengi og tóbak. Aðalrökin í máli sjálfstæðismanna í pontu voru, ég held að hv. þm. Gunnar Birgisson hafi fært rök fyrir því, að af því að álögur á létt vín og bjór hefðu ekki verið auknar á undanförnum árum væri í raun og veru um skattalækkun að ræða en ekki skattahækkun eða tekjuauka, heldur hefði ríkið tapað tekjum á því að leggja ekki álögur á rauðvín og bjór.

Nú vill svo til, hæstv. forseti, að það þykir víst orðið nokkuð vísindalega sannað að rauðvín sé heilsubætandi, að hóflega drukkið rauðvín, ættum við ekki að orða það svo, sé heilsubætandi. Hvað skyldi nú vera hóflega drukkið rauðvín, er það hálfur lítri á dag, hálfflaska? Eigum við að segja að fólk hafi gott af því að fá sér eitt, tvö glös af rauðvíni seinni part dags og fyrir svefninn, að það sé heilsubætandi? Ég mundi alla vega telja, miðað við það sem læknavísindin hafa verið að segja, að það sé betra fyrir fullorðið fólk að drekka hálfflösku af rauðvíni en einn lítra af kók.

Hvers vegna dreg ég þetta fram í umræðuna? Jú, því hefur ákaft verið haldið fram, sérstaklega af sumum sjálfstæðismönnum, ég minni á orð hv. þm. Péturs H. Blöndals að ef menn lækkuðu skatta, sérstaklega á atvinnulífið þýddi það tekjuaukningu, það kæmu meiri peningar í kassann. (**Gripið fram í:** Fullur kassi.) Þess vegna skildi ég ekki þá röksemdafærslu sem hér fór fram í gær vegna þess að hún var alveg öfug við það sem áður hafði verið haldið fram af sjálfstæðismönnum að tekjurnar mundu aukast í kassann ef menn lækkuðu álögur, en það var verið að færa fyrir því

rök að ríkið væri að tapa á því að hækka þessar álögur vegna þess að það hefði ekki fylgt verðlaginu varðandi léttvínið og bjórinn.

Þá spyr maður auðvitað miðað við rök sjálfstæðismanna í allri umræðunni um að lækkandi skattar auki umsvif: Skyldu ekki lækkuð gjöld á rauðvín verða til þess að meira verði keypt af rauðvíni? Og af því að þetta er í verslun ríkisins fengi þá ekki ríkið meiri peninga ef meira yrði selt af rauðvíni? Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér fannst sú röksemdafærsla sem fram fór í gærkvöldi afar furðuleg og fékk ekki nokkurn botn í það að aukin sala á rauðvíni yki ekki tekjur ríkisins.

Þetta vildi ég segja um þá merkilegu umræðu sem fram fór í gær um að hækkun á áfengisgjaldi yki ekki tekjur ríkisins heldur jafnvel að lækkaði þær. Ég held að það sé á hinn veginn að ríkið fái tekjur af hækkun á sterku víni og tóbaki og auk þess fái það meiri tekjur af meiri sölu á léttvínum, þó að ekki hafi verið hækkuð gjöld á þau. Ég held líka miðað við upplýsingar lækna að það sé heilsusamlegra að drekka meira af rauðvíni og minnka kókdrykkjuna hjá þeim sem fullorðnir eru, svo farið sé í gegnum það örstutt.

Að öðru leyti ætla ég ekki að taka skattaumræðu að þessu sinni en geyma mér það til 3. umr. fjárlaga en ég held að það sé orðið mikið efni í það að ræða skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar fram og til baka og hvernig rök hafa verið færð fyrir þeim af ýmsum hér á undanförnum dögum og vikum. Ég er ekki viss um að þar haldi allt vatni sem sagt hefur verið.

Hæstv. forseti. Að lokum langar mig til að víkja að því að við umræðuna síðastliðið haust minntist ég á málefni líknarfélagsins Byrgisins sem hefur séð um að taka til vistunar þá sem halloka hafa farið í lífinu hvað varðar fíkniefni og annað slíkt og hafa þurft á aðstoð að halda. Ég hef margoft komið að vanda þeirrar stofnunar sem ég tel að sé hin þarfasta og við hv. þingmenn höfum oft rætt þann vanda hér. Í seinni tíð hefur það verið kallaður fortíðarvandi Byrgisins sem við höfum verið að ræða, þ.e. sá viðskilnaður sem varð á Miðnesheiði en líknarfélagið Byrgið hafði fjárfest þar í endurbyggingu húsnæðis en þurfti að hverfa frá því og færa starfsemi sína annað að ósk utanríkisráðuneytisins sérstaklega. Þar varð eftir ákveðin skuldbinding og við ræddum það mál í fyrra og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýsti því þá yfir að ef það væri svo að ekki væri samningur á milli Byrgisins og ríkisins um frágang málsins væri sjálfsagt að taka það til skoðunar. Ég vil leyfa mér að vitna í niðurlagsorð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar í andsvari en hann sagði, með leyfi forseta:

„Virðulegi forseti. Ég hélt að þetta væri mjög skýrt. Ég sagði áðan að eins og staðan væri skyldi ég vera reiðubúinn til að fara í gegnum þessi mál, fara þá með þessu ágæta vistheimili, ræða þetta við félmrn., gá hvort það væri einhver flötur á því að við gætum náð saman um það. Ekki skal standa á því" — sagði varaformaður fjárlaganefndar. — „Það eru engin önnur loforð sem ég hef gefið. Reiðubúinn til að gera það."

Sá sem hér stendur sagði af þessi tilefni, virðulegi forseti:

„Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Þau fullvissa mig um að þegar hv. þm. áttaði sig á því að raunverulegur samningur var ekki til um þetta mál væri hann tilbúinn til að vinna að því að skoða það og sjá hvaða lausn megi finna út úr því máli."

Og ég þakkaði fyrir hin skýru svör varaformanns fjárlaganefndar.

Af þessu hefði ég getað dregið þá ályktun að jafnvel hér í fjáraukalögunum, t.d. undir félagsmálaráðuneyti þar sem m.a. er verið að bæta við fjárhag Stígamóta og ýmis önnur framlög, hefði verið einhver liður um að taka á þeim vanda Byrgisins sem kallaður hefur verið fortíðarvandi og staðið hefur út af. En því miður er ekki svo og ég verð að lýsa vonbrigðum með það miðað við það sem sagt var í þessum ræðustóli fyrir ári. Ég vonast til þess að áður en hin endanlegu fjárlög fyrir næsta ár verða afgreidd takist okkur e.t.v. að lagfæra eitthvað í þessum efnum og vísa þar í orð varaformanns fjárlaganefndar og orð fyrrverandi formanns fjárlaganefndar, Ólafs Arnar Haraldssonar sem þá var formaður fjárlaganefndar og hafði sérstaklega lofað að þessi mál skyldu verða tekin til lausnar. Ég mun fara vel yfir þá umræðu við 3. umr. fjárlaga, hvað þar var sagt og til hvers það átti að standa og lýsi vonbrigðum mínum í lok ræðu minnar með það að menn skyldu ekki reyna að leysa málið með þeim hætti sem hv. þm. og varaformaður fjárlaganefndar, Einar Oddur Kristjánsson, lýsti yfir í fyrra að hann skyldi beita sér fyrir, að þessi mál yrðu rædd sameiginlega við félagsmálaráðuneytið að því marki að reyna að finna lausn eða koma á samningi sem betur dygði.

Ég vænti þess að félagar mínir í fjárlaganefnd kannist við þá umræðu alla og ljái mér stuðning í því að ræða þessi mál við 3. umr. fjárlaga í von um að finna megi nokkra lausn á þessu vandamáli.

[16:08]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Umræðan sem hér hefur staðið lungann úr deginum um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004, hefur um margt verið lík slíkri umræðu en ég minnist þess þó ekki undanfarin ár að svo slakleg þátttaka hafi áður verið af hálfu stjórnarliða í þeirri umræðu. Nú virðast stjórnarliðar vera algjörlega horfnir úr umræðu um fjáraukalög og veit ég ekki hverju það sætir nema ef vera skyldi að þeir séu orðnir sammála okkur í minni hluta fjárlaganefndar um þau vinnubrögð sem því miður eru enn viðhöfð bæði við fjárlagagerð og fjáraukalagagerð og treysti sér þess vegna ekki lengur til að verja þau vinnubrögð. Vona að gott á viti, en það er ekki stjórnarliðum sæmandi að sýna ekki meiri þátttöku í umræðunni og reyna að verja þær gjörðir sem við vitum auðvitað öll að hv. þingmenn munu síðan styðja í atkvæðagreiðslu væntanlega á morgun. (Gripið fram í.) Það gæti verið, hv. þingmaður, að stjórnarliðar séu orðnir svo fullir af veruleikaflótta að þeir óttist veruleikann í þessu þannig að þeir séu komnir í takt við þau vinnubrögð sem því miður eru viðhöfð við það frumvarp sem við hér ræðum, að veruleikaflóttinn sé orðinn allsráðandi í stjórnarliðinu. Við skulum vona að þeir nái aftur að tengjast veruleikanum og geti bætt um betur við næsta tækifæri því að við skulum ekki gleyma því að þó að hér sé ýmislegt sem betur má fara, þá hafa vissulega verið stigin skref í rétta átt

þannig að margt hefur lagast, en vissulega þarf mjög margt að bæta.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi m.a. í ræðu sinni þá skattaumræðu sem verið hefur að undanförnu og er auðvitað rétt að við rifjum örlítið upp í því samhengi vegna þess að við erum að fjalla um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2004. Við skulum ekki gleyma því að sú ríkisstjórn sem nú situr hóf feril sinn eftir kosningar með því að hækka ýmis gjöld og skatta. Við ræddum það töluvert í tengslum við fjárlög yfirstandandi árs að þar væri væntanlega verið að safna fyrir þeim skattalækkunum sem boðaðar voru í kosningunum.

Nú höfum við fengið fram frumvarp með skattalækkunum og það er eitt sem er algjörlega kristaltært að þegar tölur eru lagðar saman blasir við að í lok næsta árs hefur ríkisstjórnin sótt meira fé í gegnum hækkun skatta og ýmiss konar gjalda en verið er að veita í skattafslætti á næsta ári. Hversu mikið það er ætla ég ekki að fullyrða, nefnd hefur verið talan milljarður og mér kæmi ekki á óvart þó að sú tala gæti jafnvel verið hærri þegar við t.d. framreiknum og verðbætum þau gjöld og skatta sem bætt var við á þessu ári. Þannig að allur þessi galsi manna um að verið sé að stíga söguleg skref í skattalækkunarátt er býsna innihaldslítill þegar allar þessar tölur eru lagðar saman og skoðaðar í samhengi.

Ég ætla ekki að fullyrða á þessu stigi að þannig verði útkoman einnig þegar kjörtímabilinu lýkur, en mér sýnist ýmislegt benda til þess að hugsanlega verði það nokkurn veginn á sléttu, það fer auðvitað eftir því hvernig ýmsar efnahagsstærðir munu þróast, en mér kæmi ekki á óvart að það væri nokkurn veginn á sléttu þegar upp er staðið í lok kjörtímabilsins.

En þá þarf að skoða, og við þurfum auðvitað að fara í þá vinnu, hvernig þetta hefur síðan komið á mismunandi tekjuhópa í samfélaginu. Ég er ansi hræddur um að þegar við skoðum það fáum við þá útkomu að í raun og veru séu allar þessar kúnstir að færa til fjármuni í samfélaginu, þ.e. að enn einu sinni sé verið að færa fjármuni frá þeim sem minna hafa til hinna sem meira hafa, vegna þess að það sem verið er að gera, eins og við vitum, er að lækka prósentur í tekjuskatti og síðan að fella út hinn svokallaða hátekjuskatt. Síðar á kjörtímabilinu koma síðan inn fleiri aðgerðir sem eru frekar til jöfnunar. Þetta skilar að sjálfsögðu, af því að þetta er leiðin sem farin er, hærri fjármunum til þeirra sem meira hafa fyrir. En hin gjöldin sem hafa verið hækkuð eru mörg hver þeirrar tegundar að hinir tekjulægri geta ekki komist hjá því að greiða þau, þannig að fjármununum sem sóttir hafa verið eftir þeirri leið inn í ríkissjóð er síðan deilt út aftur til hinna sem meira hafa, þ.e. í meira mæli. Þessi leið er því eitthvað sem þarf að skoða. Það væri auðvitað fróðlegt ef einhver úr stjórnarliðinu gæti komið með þessar tölur þannig að það lægi alveg ljóst fyrir hvernig þetta er hugsað, þ.e. hvað búið er að ná í mikla fjármuni með hinum breyttu tillögum í innheimtu sem liggur fyrir á þessu ári og síðan áfram á næsta ári. Við sáum það í gær þegar frumvörpin komu hvert af öðru að við það að hækka gjöld var, ef ég man rétt, komið á sjöunda hundrað milljónir sem þar var tekið á einum degi, þannig að þegar þetta er allt lagt saman sjáum við þessar tölur hreint og klárt, því að ég trúi ekki öðru en að þeir sem standa á bak við allar þessar tillögur hafi skoðað það allt saman báðum megin frá og farið vandlega yfir það hvernig þetta fjármagn er sótt til ákveðinna hópa og hvernig því er síðan dreift út, þannig að það sé algjörlega skýrt hver tilgangurinn er með þessu öllu saman.

Það væri fróðlegt ef hæstv. fjármálaráðherra eða einhver úr hans liði hefði þessar tölur þannig að við gætum bara fengið þetta og þyrftum ekkert að velta þessu fyrir okkur. Þó að við getum reiknað ýmislegt og farið yfir það þá verður það að játast að miklu betri upplýsingar eru fyrir hendi í fjármálaráðuneytinu þannig að auðveldast ætti að vera að reikna þetta þar. Vel getur verið að við leitum eftir þessum upplýsingum þar. Þó að við höfum nú misjafna reynslu af því að leita upplýsinga úr þeim herbúðum þá getur vel verið að við reynum að leita í það forðabúr til þess að fá þessar upplýsingar algjörlega klárar.

Frú forseti. Fleira tengist þessu og það stærst hvernig við ætlum að tryggja stöðugleikann og halda niðri verðbólgunni. Ég ætla ekki að fara að gagnrýna það beint en vil segja vegna þess að ég hef tekið þátt í því og tel að við í minni hlutanum höfum lagt okkur fram í því að flýta fjárlagaferlinu þinginu, að það er umhugsunarefni hvort við höfum farið of geyst í þá hluti. Nú á fimmtudag kemur t.d. ný þjóðhagsspá frá Seðlabanka Íslands. Eftir að Þjóðhagsstofnun var aflögð hefur fjármálaráðuneytið tekið að sér að vera með þær spár sem lagðar hafa verið til grundvallar í fjárlagaferlinu en hefur ekki talið ástæðu til þess að endurskoða forsendurnar fyrir lokaafgreiðslu fjáraukalaga og fjárlaga. Því er meiri hætta á því nú á þessu ári eins og í fyrra að við séum því miður ekki með nægjanlega góðar forsendur. Ég fór yfir það við 2. umr. um fjáraukalögin að forsendur þessa árs hafi meira og minna allar brugðist og taldi að ég væri að færa rök fyrir því að þess vegna væri m.a. ástæða til þess að endurskoða þessar áætlanir. En það hefur ekki verið talið svo í fjármálaráðuneytinu þannig að við hljótum að bíða með frekari umræðu um þetta þar til við höfum endurskoðaða þjóðhagsspá sem kemur út í riti Seðlabankans á fimmtudaginn og getum þar af leiðandi rætt það vonandi í 3. umr. um fjárlög.

Frú forseti. Því miður hefur gleymst hjá okkur í umræðunni að koma með eitt sérstakt mál fyrr, en það hefur vakið athygli okkar að hjá sjávarútvegsráðuneytinu er nú verið að óska eftir töluverðum fjármunum til þess að standa straum af kostnaði við hrefnuveiðar. Þetta eru hinar svokölluðu vísindaveiðar sem hafa að áliti ýmissa misjafnlega mikið vísindayfirbragð. En það ætla ég ekki að ræða hér, ekki um ástæður veiðanna heldur vil ég fá upplýsingar. Enn á ný, frú forseti, óska ég eftir því að ef stjórnarliðar hafa betri upplýsingar en við að þær komi þá fram hér við umræðuna vegna þess að afskaplega erfitt er að átta sig á því hvað þessar hrefnuveiðar hafa kostað. Það er afskaplega erfitt að átta sig á því hvaða áætlanir lágu til grundvallar þessum veiðum.

Í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árið 2004 var t.d. gert ráð fyrir 8,5 milljónum til þess að greiða upp tap vegna vísindaveiðanna á árinu 2003. Ég ætla ekki, frú forseti, að fara yfir lög um fjárreiður ríkisins, en samkvæmt þeim á þessi tala náttúrlega í fyrsta lagi ekkert heima í fjáraukalögum

fyrir árið 2004 því að hún hefur orðið til á árinu 2003 og tilheyrir þar af leiðandi ekki árinu 2004. En þetta er nú eitt af því sem enn liggur eftir í því að bæta umgengni um lög um fjárreiður ríkisins og við vonum að það takist fyrr en síðar að koma svona hlutum út. En þarna eru sem sagt áætlaðar 8,5 milljónir kr.

Síðan gerist það við 2. umr. að meiri hluti fjárlaganefndar gerir tillögu um 15,1 milljón í framlag vegna þessara sömu veiða, en nú reyndar á árinu 2004. Það kemur síðan fram í svari til hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar sem spyr um Verkefnasjóð sjávarútvegsins að sjávarútvegsráðuneytið hafi lagt til á þessu ári til veiða sem í þeim plöggum heita nú orðið rannsóknarhvalveiðar 18,9 millj. kr. Hér virðist því vera komin tala upp á 34 millj. kr. á þessu ári sem er utan við það sem væntanlega hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum ársins. Ég hef ekki haft tök á því að kanna hversu sú tala var há. Þess vegna er nauðsynlegt að spyrja, ef einhver getur því svarað: Hvað var áætlað að þessar veiðar kostuðu og hvað er gert ráð fyrir að þessar veiði hafi kostað? Hve mikið er tapið orðið af þessum veiðum? Það verður fróðlegt að fá svör við því og við munum væntanlega ræða það enn frekar varðandi árið 2005 við 3. umr. um fjárlög á föstudag hvað sé áætlað að þessar veiðar muni kosta á næsta ári.

Frú forseti. Þessi ræða mín á ekki að verða mjög löng. Örlítið hefur borið á umræðum um þann málflutning sem við höfum reglulega verið með hér til þess að reyna að bæta vinnubrögð við fjárlagagerðina. Við höfum tínt til í því samhengi ýmis talnasöfn og m.a. höfum við lagt okkur nokkuð fram við að bera saman ríkisreikning og fjárlög og fjárlagafrumvörp til þess að velta því fyrir okkur hversu marktækir þessir pappírar séu. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu að því miður virðist það vera stundað ár eftir ár að leggja fram glanspappíra, reyna að koma þeim skilaboðum út að hér sé allt með felldu, hér sé allt svo glæsilegt og hér sé allt saman best. Þegar við höfum síðan farið í þennan samanburð höfum við komist að því að því miður er þetta bara rangt og það eru allt of miklar líkur á því að þær niðurstöðutölur sem samþykktar eru í þinginu í fjárlögum á hverju ári verði síðan allt aðrar þegar raunveruleikinn hefur tekið völdin.

Frú forseti. Þess vegna held ég að það sé alveg nauðsynlegt að rifja örlítið upp það sem fram kemur í III. kafla skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings árið 2003. Það er í kafla sem heitir Reikningsskilaaðferðir. Þar er farið mjög nákvæmlega yfir þetta og ekki að ástæðulausu. Ríkisendurskoðun segir að þetta sé vegna þess að átt hafi sér stað opinber umræða um þessi mál.

Á bls. 17 segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Annað þeirra atriða sem einkum hafa verið til umfjöllunar er samanburður á fjárlögum og ríkisreikningi. Lög um fjárreiður ríkisins kveða skýrt á um að þessi tvö reikningsskil séu að fullu sambærileg."

Frú forseti. Þetta er ekki úr nefndaráliti okkar fulltrúa Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd. Þetta er ekki úr ræðu neins af okkar hv. þingmönnum. Þetta er úr skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það ætti því ekki að þurfa að deila um að þetta er að fullu sambærilegt, enda er það eðlilegt þannig að það sé hægt að bera þessa hluti saman og fjalla um það sem betur má fara.

Frú forseti. Á næstu blaðsíðu segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Tekið skal fram að gert er ráð fyrir að ríkisreikningur verði færður með sama hætti og því verði áætlanir fjárlaga og niðurstöður ríkisreiknings að fullu samanburðarhæf."

Enn á ný er sagt að gert sé ráð fyrir því í áætlanagerðinni að fjárlögin séu algjörlega sambærileg við ríkisreikning. En það sem helst hefur verið notað af stjórnarsinnum sem hafa ýmsir hlaupið út á tún og týnt sér þar, eru hinir óreglulegu liðir. Menn hafa gjarnan veifað alls konar nöfnum í því samhengi og talið að þar með væri allur okkar málflutningur horfinn og jarðaður.

En svo vill til að í þessari skýrslu er einmitt fjallað sérstaklega um hina óreglulegu liði og á bls. 18 segir, með leyfi forseta:

„Óreglulegir rekstrarliðir eru einkum liðir sem ekki lúta valdi forráðamanna fyrirtækis, heldur eru utanaðkomandi öfl að verki og eignaupptaka. Dæmi eru t.d. tjón af völdum jarðskjálfta eða annarra náttúruhamfara."

Frú forseti. Í raun er hér verið að segja að það sem er óreglulegt er það sem er ekki í valdi okkar mannanna, ekki nokkur leið að sjá fyrir.

Þessu er fylgt töluvert betur eftir hér og ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að fara örlítið betur yfir þetta. Þar er kallaður til reikningsskilastaðall Alþjóðareikningsskilaráðsins.

Þar er fjallað um þetta og segir hér orðrétt, með leyfi forseta:

„... að næstum allir tekju- og gjaldaliðir í uppgjöri hins opinbera verða til við reglulega starfsemi."

Örlitlu neðar á sömu síðu segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Óreglulegir liðir verða að vera vel aðgreinanlegir frá venjulegri starfsemi. Fjárhæðin sem um ræðir þarf líka að vera stór í hlutfalli við stærð ríkisins í heild en ekki eins ráðuneytis eða einhverrar einingar innan ríkisgeirans. Af þessari ástæðu einni eru óreglulegir liðir afar sjaldgæfir.

Færsla óreglulegs liðar má ekki vera fyrirsjáanleg og getur því ekki verið hluti af áætlunargerðinni."

Frú forseti. Síðan er ástæða til að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi setningu:

„Ef einhver liður er inni í fjárlögum bendir það til þess að hann hafi verið fyrirsjáanlegur."

Þess vegna, frú forseti, þýðir ekkert fyrir stjórnarliða að koma og benda á liði sem eru í fjárlögum og segja að það séu óreglulegir liðir. Þeir væru ekki í fjárlögum ef þeir væru óreglulegir.

Síðasta tilvitnun, með leyfi forseta:

„Óreglulegur liður þarf að vera fyrir utan valdsvið og ákvarðanatöku stjórnvalda. Söluhagnaður eða sölutap af eignum ríkisins flokkast ekki sem óreglulegir liðir vegna þess að ákvörðun um söluna er tekin af ráðamönnum, þ.e. hún er tekin innan dyra en kemur ekki utan frá."

Frú forseti. Þetta er líklega sá liður sem stjórnarliðarnir hafa hvað mest orðað, það er söluhagnaðurinn, að ekki sé nokkur leið að sjá fyrir hvað hitt og þetta verði selt á. En samkvæmt hinum alþjóðlegu stöðlum, samkvæmt þeim lögum sem við störfum eftir þá er það ekki óreglulegur lið-

ur af þeirri einföldu ástæðu að stjórnarherrarnir sjálfir taka þessa ákvörðun.

Frú forseti. Ég held ég láti þetta duga og vona svo sannarlega að ég þurfi ekki enn einu sinni að fara yfir þessi samanburðarfræði. Ég vona — eins og sumir hv. þingmenn stjórnarliðanna hafa sagt — að þessi umræða sé tæmd. Ég vona svo sannarlega að núna sé hún tæmd og við séum laus við þann málflutning sem við höfum heyrt allt of mikið af um að ekki sé hægt að bera saman þessa sambærilegu pappíra.

[16:28]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Nú er komið að lokum 3. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2004. Við munum þurfa að draga einhverja hluti í land við gerð svokallaðra lokafjárlaga sem koma hér sem eins konar uppgjörsfjárlög fyrir árið. En reynslan hefur sýnt á undaförnum árum að í þeim lokafjárlögum er það síðasta dregið í land sem hefur staðið út af við framkvæmd fjárlaga fyrir árið.

Hér hefur verið rætt allmikið um vinnubrögð við fjárlagagerðina og öryggi þeirra vinnubragða. Ég vil einmitt draga fram tillögur sem ég hef flutt á þingi um breytt vinnubrögð hvað varðar fjáraukalögin. Ég hef rakið það hér að fjárlögin eru samþykkt í árslok fyrir næsta ár og síðan gerist ekkert fyrr en þetta er aftur tekið upp með fjáraukalögum haustið eftir.

Ég hef lagt til að fjárlögin verði tekin upp að vori að afloknu vetrarþingi og fjáraukalög unnin með tilliti til þeirra breytinga sem eru gerðar á þinginu frá því að fjárlög eru samþykkt og fjáraukalög leiðrétt miðað við þær breytingar. Sömuleiðis yrði farið yfir breytta stöðu á gjalda- og tekjuhlið ríkissjóðs. Þetta ætti að vera síðasta verk þingsins áður en það fer heim á vorin. Síðan væri hægt að taka málið upp aftur og fjalla um fjáraukalög, taka upp að hausti þær breytingar sem á kunna að hafa orðið.

Með slíkum vinnubrögðum væru fjárlögin á hverjum tíma og ákvarðanir um fjárveitingar eða breytingar á fjárlögum teknar af þinginu. Við stöndum frammi fyrir því að í flestum tilvikum er búið að taka ákvarðanir um þær breytingar sem hér um ræðir. Þar hefur jafnvel verið lofað greiðslum án þess að þingið hafi þar komið að. Þau vinnubrögð falla raunar ekki að lögum.

Ef við færum yfir fjáraukalög að vori og aftur að hausti væri aðkoma þingsins tryggð. Með því móti hefðum við ekki staðið frammi fyrir því alvarlega ástandi í sumar er framhaldsskólana skorti nokkur hundruð milljóna króna til að geta tekið nemendur inn með eðlilegum hætti. Allt var komið í hreinustu vandræði. Það var reyndar vitað fyrir en haustið áður vildi ríkisstjórnin og meiri hluti hennar ekki viðurkenna það og lét framhaldsskólana fara inn í árið með allt of lágar fjárveitingar. Við munum umræðuna síðasta sumar þegar fjöldi nemenda, hundruð nemenda, gátu ekki fengið svar um skólavist vegna þess að framhaldsskólarnir bjuggu við svo mikið fjársvelti. Hefði verið tekið á þeim málum þegar síðastliðið vor hefði það ekki þurft að koma til.

Frú forseti. Vissulega er tekið á nokkrum vandamálum varðandi gjaldahlið einstakra stofnana og fjárlagaliða í fjáraukalögum en aðrar stofnanir og önnur verkefni munu send yfir áramótin með skuldir sem gera þeim örðugt að standa undir þeim verkefnum sem þeim eru falin á næsta ári. Það er ótækt að A-hluta stofnanir á vegum ríkisins skuli þurfa að hefja næsta ár með halla. Þetta á m.a. við um framhaldsskólana og sjúkrahúsin. Ég vil benda á að slík vinnubrögð ganga ekki.

Ég flyt fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs breytingartillögu við lokaafgreiðslu fjáraukalagafrumvarpsins, um að veitt verði aukið fjármagn til að styrkja stöðu sveitarfélaganna. Fjárhagsstaðan hjá nokkrum sveitarfélögum er mjög alvarleg og ríkinu ber skylda til að koma þar að. Það er ósvinna að beita þeirri sveltistefnu sem ríkisvaldið beitir sveitarfélög, einstök sveitarfélög eru hreinlega að kikna undan henni.

Þess vegna leggjum við til, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að bæta við fjármagni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til úthlutunar í haust auk þess sem tekið verði á fjárhagsvanda sveitarfélaganna á næsta ári. Eitt brýnasta mál þingsins er að veita aukið fjármagn til sveitarfélaganna, leysa bráðavanda nokkurra sveitarfélaga sem nú standa frammi fyrir því að þurfa að skera niður þjónustu og selja bestu eignir sínar.

Herra forseti. Ég læt að lokum í ljós þá ósk mína að vinnubrögð við fjárlagagerðina verði betri en verði hefur í ár og einnig í fyrra.

[16:34]

Útbýting:

Húsnæðismál, 220. mál, nál. félmn. þskj. 499, brtt. félmn. þskj. 500.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 85. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 85, nál. 479, brtt. 480.

[16:35]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá heilbrigðisnefnd um breytingu á lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, með síðari breytingum

Með þessu frumvarpi sem er hefðbundið, en slíkt frumvarp er lagt fram árlega, er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra verði hækkað um 2,9%, þ.e. 162 kr. á hvern gjaldanda, úr 5.576 kr. í 5.738 kr. Hækkunin er í samræmi við áætlaðar verðlagsbreytingar en gert er ráð fyrir að byggingarvísitala hækki um 2,9% frá meðalverði ársins 2004 til meðalverðs ársins 2005.

Heilbrigðisnefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir álitið rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Pétur H. Blöndal, Siv Friðleifsdóttir og síðan hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Þuríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir, öll með fyrirvara.

Að þeim orðum sögðum, herra forseti, vildi ég í tilefni af þessu máli, sem er hefðbundið þegar hv. heilbrigðisnefnd

fjallar um þessa breytingu sem kallað er á að skuli gerð með lögum hverju sinni, að hækka þetta gjald til samræmis við verðlag, hafa nokkur orð um framkvæmdasjóðinn og ekki síður um svokallað samkomulag við aldraða, þ.e. tillögur samstarfshóps sem í átti sæti Landssamband eldri borgara sem skilaði tillögum árið 2002 í níu liðum. Þegar þetta mál er tekið fyrir í nefndinni verða gjarnan nokkrar umræður um hvernig hafi gengið að standa við þetta samkomulag og hvað sé búið að efna af því sem samkomulagið nær til.

Það kom fram í yfirferð nefndarinnar núna, og hjá þeim gestum sem við fengum á fund nefndarinnar út af þessu máli frá Landssambandi eldri borgara, að það eina sem stendur út af borðinu í samkomulaginu er 9. liðurinn, sem fjallar um sveigjanleg starfslok. En það mál er til skoðunar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

Hluti af þessu samkomulagi og einn liðurinn laut að breyttu hlutverki Framkvæmdasjóðs aldraðra. Þeim tillögum var mætt með breytingum sem voru samþykktar á vorþingi 2004. Þar var m.a. tekið á því að breyta hlutverkinu þannig að sjóðurinn fengi það formlega hlutverk að greiða öldrunarstofnunum húsnæðisframlag eða leiguígildi sem stæði undir viðhaldskostnaði og stærstum hluta fjárfestingarkostnaðar vegna nýrra hjúkrunarheimila. Þannig heimila lögin núna framkvæmdasjóðnum að greiða þann hluta húsaleigu sem telst stofnkostnaður vegna leigu á hjúkrunarheimili sem samþykkt er að byggja 1. janúar 2005 á kostnað annarra en ríkisins.

Í öðru lagi var tekin upp greiðsla húsnæðisgjalds. Því gjaldi er ætlað að standa undir almennu viðhaldi öldrunarheimila. Það gjald var tekið upp á árinu 2003. Á því ári námu greiðslur á húsnæðisgjaldi til öldrunarheimila samtals um 280 millj. kr. Þar af var hlutur framkvæmdasjóðsins um 188 millj. kr.

Í þriðja lagi hefur þátttaka Framkvæmdasjóðs aldraðra í *almennum rekstri hjúkrunarheimila verið minnkuð verulega* frá árinu 2002. Þá var hún 409 millj. kr. en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu núna er gert ráð fyrir því að hlutur sjóðsins í almennum rekstri verði einungis 231 millj. kr. Framlög til stofnkostnaðar og viðhalds hjá Framkvæmdasjóði aldraðra námu 312 millj. kr. á árinu 2002 en nema 696 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpinu núna.

Allt þetta skilar sér í því, ásamt framlögum á fjárlögum, að hægt er að standa við þann hluta samkomulagsins sem gekk út á það að hjúkrunarrýmum á árunum 2003–2005 skyldi fjölgað um 150–200. Hjúkrunarrými sem ráðist hefur verið í að byggja nema samtals 168 rýmum á árunum 2004–2005 og árlegur rekstrarkostnaður þeirra nemur 803 millj. kr. á verðlagi ársins 2004. En til viðbótar þeim 168 rýmum sem ég nefndi hafa orðið til 28 rými með því að dvalarrýmum hefur verið breytt í hjúkrunarrými.

Í fjárlögum ársins 2004 og í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir 437 millj. kr. stofnframlagi til uppbyggingar öldrunarþjónustu. Þetta gerir samtals, á þessum tveimur árum, 875 millj. kr. Hluta af þessu framlagi verður varið til uppbyggingar öldrunarþjónustu á Akureyri. Sú framkvæmd er í gangi og hins vegar, sem er sérlega gleðilegt og lengi búið að bíða eftir, er ákveðið að hluti fari til uppbyggingar öldrunarþjónustunnar í Reykjavík. Þar er næsti áfangi í verulegri uppbyggingu slíkrar þjónustu enda hafa biðlistar á höfuðborgarsvæðinu verið lengstir og þörfin þar verið mest. Áformað er að hefja framkvæmdir við uppbyggingu rúmlega 100 hjúkrunarrýma í Reykjavík á næsta ári og það eru rými sem ættu að komast í notkun um áramótin 2006/2007.

Þessu vildi ég halda til haga, herra forseti, í tengslum við álit heilbrigðis- og tryggingaefndar um hækkun gjaldsins í Framkvæmdasjóð aldraða, ekki síst vegna þess að iðulega kemur upp umræða um efndir á samkomulaginu við aldraða. Ljóst er að átta liðir af níu hafa verið efndir og við erum að ná miklum árangri í að stytta verulega biðlista eftir hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu.

[16:42]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki efni þessa máls sem gerir það að verkum að ég tel mig knúinn til að koma í andsvar. Þar ræður fremur hitt að ég fann ekki upplýsingar sem ég tel þurfa þegar ég skoðaði þau gögn sem fylgja þessu máli. Hér er um það að ræða að hækka á nefskatt um 162 kr., þ.e. úr 5.576 kr. í 5.738 kr., sem leggst á flesta skattgreiðendur hér á Íslandi.

Ég vildi spyrja hv. þingmann: Hve mikil er tekjuaukningin fyrir ríkissjóð? Ég fann það ekki í gögnunum. Það má vel vera að þessar tölur leynist einhvers staðar á milli en mér þætti vænt um það ef hv. formaður nefndarinnar, hv. þm. Jónína Bjartmarz, gæti upplýst við þessa umræðu hve mikla tekjuaukningu það hefur í för með sér fyrir ríkissjóð að þessi hækkun nái fram að ganga.

[16:44]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Einhvers staðar í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins hlýtur að liggja fyrir samlagningartala *um þetta. Ég hendi ekki alveg reiður á hvað þetta gerir* samtals.

En af því að hv. þingmaður sagði að þetta legðist á alla skattgreiðendur þá vil ég árétta það að undanþegnir þessu gjaldi eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuársins. Skattstjóri hefur líka heimild til að fella þetta gjald niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem eru undir 70 ára aldri og dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem eru með tekjuskattsstofn við skattleysismörk.

En ef þessir eru frátaldir má margfalda fjárhæðina í Framkvæmdasjóði aldraðra með fjölda skattgreiðenda.

[16:45]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli formanns hv. heilbrigðis- og tryggingaefndar, hv. þm. Jónínu Bjartmarz, skrifuðum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni undir nefndarálitið með fyrirvara. En það kom ekki fram í máli hv. þingmanns í hverju fyrirvarar okkar eru fólgnir. Við gerum fyrirvara í tveimur liðum og erum með breytingartillögu við frumvarpið. Eins og fram kom í andsvörum eru ákveðnir skattgreiðendur undanþegnir greiðslu nefskattsins sem verið er að fjalla um, sem er gjaldið í Fram-

kvæmdasjóð aldraðra, ellilífeyrisþegar yfir sjötugt og þeir sem ekki eru orðnir 16 ára gamlir greiða sem sagt ekki þann skatt. Við teljum og gerum breytingartillögu um að örorkulífeyrisþegar eigi ekkert frekar en ellilífeyrisþegar að greiða í Framkvæmdasjóð aldraðra ef þeir eru einvörðungu með bætur almannatrygginga eða með lægri tekjustofn. Ég minni á að lífeyrisþegar sem eru eingöngu með bætur almannatrygginga greiða sem nemur tveimur mánaðargreiðslum í skatt á ári. Þetta fólk er með tekjur undir framfærslumörkum á mánuði og í þeim hópi eru t.d. þeir sem eru á atvinnuleysisbótum. Verið er að rukka þá um 5.738 kr. í nefskatt sem er verulega þung byrði fyrir þá sem hafa þetta lágar tekjur.

Við erum því með breytingartillögu á þskj. 480, 85. mál, sem lýtur að þeim hópi. Hún hljóðar svo:

„Við 1. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo:

Undanþegin gjaldinu eru börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs. Einnig eru þeir undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn sem nemur fjárhæðum grunnlífeyris, tekjutryggingar og tekjutryggingarauka almannatrygginga árið 2004 eða lægri tekjum. Tekjuviðmiðun þessi skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á örorkulífeyri, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka samkvæmt lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.“

Síðan kemur viðbótarsetningin sem vitnað var í áðan: „Skattstjóri skal fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, undir 70 ára aldri, sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum.“

Fyrirvari okkar lýtur einnig að því hversu mikið af tekjum sjóðsins fer í rekstur. Við teljum að meiri hluti hans eigi að fara til uppbyggingar öldrunarstofnana. Ég minni á að þegar sjóðurinn var settur á laggirnar var það í samstarfi við verkalýðsfélögin. Samkomulagið var á þeim tíma í þá veru að allir fjármunir sjóðsins ættu að fara í uppbyggingu, en 45% af tekjum sjóðsins hafa farið í uppbyggingu, annað hefur farið í rekstur.

Ég var á fundi um síðustu helgi með fulltrúum frá Landssambandi eldri borgara þar sem þeir gagnrýndu þessi vinnubrögð harðlega. Þar kom fram að um 400 manns bíða í mjög brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum. Þörfin er því mjög mikil fyrir uppbyggingu hjúkrunarrýma. Þó að uppbyggingin hafi verið nokkur er vandinn engu að síður mjög stór.

Vegna þeirrar breytingartillögu sem við, hv. þingmenn Ágúst Ólafur Ágústsson, Þuríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir, leggjum fram, ásamt þeirri sem hér stendur, minni ég á að verið er að rukka fatlaða, þroskahefta og fólk á örorkulífeyrisgreiðslum um nefskattinn sem aldrei hefur greitt í lífeyrissjóð, fólk sem er undir framfærslumörkum eins og ég nefndi áðan. Ég minni á það vegna umræðunnar í gær um auknar skattálögur ríkisstjórnarinnar að verið er að hækka skatta á þetta fólk.

Einnig hefur komið fram í umræðunni fyrr í dag um fjáraukalög að verið er að sækja meiri skatta til almennings með þeim frumvörpum sem hafa verið til umræðu í gær og í dag en verið er að veita í skattalækkanir á næsta ári. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hvernig þetta bitnar á ýmsum hópum í samfélaginu. Hvaða skattbyrði er verið að færa á milli hópanna með þeim breytingum sem verið er að fjalla um þessa dagana.

Ég minni á að það eru ekki háar upphæðir sem fólkið hefur til framfærslu sem við erum að tala um að eigi að sleppa við að greiða nefskattinn. Verið er að tala um grunnlífeyrinn sem er ekki nema rúmlega 21 þús. kr., tekjutryggingu sem er rúmar 42 þús. kr. og tekjutryggingarauka. Þetta eru 85 þús. kr. sem fólkið er með í tekjur sem við leggjum til að sleppi við greiðslurnar. Eins og fram kom í umræðunni í gær er verið að leggja verulega auknar álögur á almenning. Auðvitað bitnar það að einhverju leyti á þeim hópum sem við teljum að eigi ekki að greiða nefskattinn, sem bitnar þyngst á þeim sem minnst hafa.

Það má nefna upptalninguna sem margoft var nefnd í gær um allar þær hækkanir sem eru að koma. Ég er ekki að segja að sá hópur sé mikill neytandi áfengis eða tóbaks, þó veit maður það náttúrlega ekki, en þar eru náttúrlega að koma auknar álögur. Það er bensíngjaldið, vaxtabæturnar eru lækkaðar, verið er að hækka komugjöldin á heilsugæslurnar og ýmis önnur gjöld hafa verið að hækka undanfarið sem bitnar auðvitað að einhverju leyti á þessum hópi.

Virðulegi forseti. Ég kom aðallega upp til að gera grein fyrir þeim fyrirvörum sem við erum með við frumvarpið. Við erum með breytingartillögu sem ég trúi ekki öðru en stjórnarliðar samþykki því hún er mjög sanngjörn og mun ekki kosta ríkið mikið. Fólkið sem við leggjum til að sleppi við gjaldið er allt með svo lágar tekjur að það er í rauninni til skammar að leggja hátt í 6 þús. kr. nefskatt á ári á þann hóp sem er langt undir 100 þús. kr. í tekjum á mánuði og borgar skatta sem nemur tvennum mánaðarlaunum á ári.

Ég hvet stjórnarliða, sem virðist vera mjög umhugað um að lækka skatta, að horfa til sinna minnstu bræðra sem við leggjum til að lendi ekki í nefskattinum. Ég minni á það, virðulegi forseti, að við höfum lagt þetta til við svo til hverja umræðu þegar gjöldin í Framkvæmdasjóð aldraðra hafa komið til umræðu. Vissulega er þörf fyrir greiðslur úr sjóðnum í uppbyggingu hjúkrunarheimila, en þetta er ekki fólkið sem á að standa straum af þeim kostnaði. Það eru breiðari bök í samfélaginu.

[16:54]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í tilefni af ræðu hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur árétta að hér er einungis verið að tala um að hækka gjaldið til samræmis við áætlaðar verðlagsbreytingar og að hækkunin er 162 kr. á hvern gjaldanda. Það er lögbundið að hækkunin skuli fara þessa leið fyrir Alþingi og að gjaldið skuli fylgja verðlagi.

Hitt vil ég segja í tilefni af ræðu hv. þingmanns, og ekki síst breytingartillögunni sem þingmaðurinn hefur lagt fram, að í ákvæðinu eins og það er núna er gert ráð fyrir því að börn innan 16 ára aldurs og þeir sem eru 70 ára og eldri í lok tekjuárs séu undanþegnir gjaldinu. Það er líka heimild skattstjóra til að fella það niður á þeim sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum og eru undir sjötugu. Það stendur óbreytt.

Hv. þingmaður gerði grein fyrir því að eins og ákvæðið er er talað um að þeir skuli einnig undanþegnir gjaldinu

sem hafa tekjuskattsstofn sem nemur í dag 855 þús., sem eru skattleysismörkin. Með þeim breytingum á skattalögunum sem stjórnarflokkarnir hafa mælt fyrir verða skattleysismörkin 1 millj. og 32 þús. í lok kjörtímabilsins, en heildarfjárhæð grunnlífeyris, tekjutryggingar og tekjutryggingarauki sem breytingartillaga hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttur mælir fyrir um nemur samtals 1 millj. og 13 þús. Markmiðum breytingartillögunnar verður því náð með þeim skattalækkunum sem nú liggja fyrir þinginu.

Þar af leiðandi sé ég ekki ástæðu til að styðja breytingartillöguna, vegna þess að með skattalækkuninni verða undanþegnar hærri tekjur en samanlögð fjárhæð grunnlífeyris, tekjutryggingar og tekjutryggingarauki nemur í dag.

[16:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Guð láti gott á vita ef þessi hópur er undanþeginn, en breytingarnar eru ekki orðnar að lögum. Engu að síður höldum við því til haga að við teljum að þessi hópur eigi ekki að greiða nefskattinn sem hækkar stöðugt, eins og hv. þingmaður benti á. Við teljum sem sagt að hópurinn eigi að vera undanþeginn.

Ég minni á það vegna umræðunnar um þá sem eru á hjúkrunarheimilum, þó ekki að þeir greiði skattinn sem eru tekjulausir þar. Ég minni á að þeir sem eru yfir 70 ára greiða auðvitað fyrir vistina þar. Þeir borga hluta af rekstrinum þó þeir borgi ekki í sjóðinn. Það er ástæða til þess að halda því til haga en mér láðist það í umræðunni áðan.

[16:57]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki miklu við þetta að bæta, bara að halda því til haga að þeir sem eru 70 ára og eldri borga ekki gjald í framkvæmdasjóðinn og ekki þeir sem eru á hjúkrunar- og dvalarheimilum og eru undir sjötugu. Það er því engin breyting sem felst í því með breytingartillögunni.

Af því að hv. þingmaður hafði orð á því að þetta væri ekki orðið að lögum árétta ég að stjórnarflokkarnir munu standa við kosningaloforð sín og þær skattalækkanir sem frumvarpið felur í sér. Það felur jafnframt í sér að breytingartillagan er óþörf, vegna þess að hún tryggir að fólk með þessi tekjumörk, samanlagða fjárhæð grunnlífeyris, tekjutryggingar og tekjutryggingarauka greiðir ekki gjaldið. Það má því segja að málið sé í höfn með skattalækkun ríkisstjórnarflokkanna.

[16:58]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í lokin minna á að skattalækkanirnar sem ríkisstjórnin hefur lofað eiga ekki að koma til framkvæmda fyrr en í lok kjörtímabilsins, rétt fyrir kosningar, þannig að verið er að lofa dálítið langt inn í framtíðina. Þeir sem við ræðum um eiga örugglega erfitt með að bíða svo lengi eftir þeim skattalækkunum.

[16:59]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð varðandi hið árlega frumvarp sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um málefni aldraðra og fjallar um framkvæmdasjóðinn og hækkun á nefskattinum sem frumvarpið tekur til.

Ég vil nefna að það er lögbundið að breytingar á gjaldskrá séu samþykktar á Alþingi. Hækkunin lýtur verðlagsbreytingum. Í ár er áætluð 162 kr. hækkun og er eingöngu verðlagsbreytingarhækkun, þannig að það sé alveg ljóst. Það er hægt að samþykkja verðlagshækkun svo lengi sem nefskatturinn er lagður á. Hann var jú settur á til þess að auðvelda frekari uppbyggingu á hjúkrunarheimilum og hjúkrunarþjónustu, samkvæmt lögum um málefni aldraðra. Það sem við höfum gagnrýnt í stjórnarandstöðunni er hvernig sjóðnum hefur verið úthlutað, hve stór hluti af tekjum sjóðsins hefur runnið í rekstur öldrunarþjónustunnar í stað þess að fara að mestu leyti í uppbyggingu.

Hv. formaður heilbrigðis- og tryggingarnefndar, Jónína Bjartmarz, hefur lýst þeirri breytingu sem gerð var á lögunum til að auðvelda einkarekstur í öldrunarþjónustunni og þátttöku sjóðsins í einkarekinni öldrunarþjónustu. Ég ætla ekki að fara út í það núna, sem að mörgu leyti er gagnrýnisvert, hve mikið öldrunarþjónustan er að færast yfir á hendur einkaaðila.

Varðandi það hve stór hluti af tekjum sjóðsins hefur farið í rekstur þá hefur orðið á breyting þar á á árinu 2004 eins og fram kemur í frumvarpinu. Nú er meira áætlað í framkvæmdir en var. En það má líka gagnrýna það að á yfirstandandi ári fór ekkert í viðhald. Það finna allar þær öldrunarstofnanir sem reknar eru í dag, að sá þáttur hefur dregist aftur úr og á mörgum stöðum þarf að gera stórátak í viðhaldi öldrunarstofnana.

Við leggjum síðan til að einstaklingum á strípuðum lífeyri, sem gerir rúmar 83 þús. kr. til einstæðings, verði sleppt við nefskattinn, eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir gerði góð skil. Við leggjum í raun til að frítekjumörkin hjá þessum einstaklingum verði hækkuð upp í 83 þús. kr., en frítekjurnar eru um 71 þús. kr. í dag. Þeir sem eru með tekjur þar fyrir ofan greiða skatta.

Hv. formaður nefndarinnar nefndi að markmiðið væri það sama og það má vel vera, þegar litið er til lengri tíma. En breytingartillagan felur í sér að strax verði reynt að hliðra til fyrir þá sem hafa lægstu tekjurnar, með tekjur undir framfærslukostnaði, sama hvort það eru atvinnulaust fólk, lífeyrisþegar eða aðrir sem af einhverjum ástæðum hafa þetta lágar tekjur, að þeim verði hlíft við þessum nefskatti. Það er mikilvægt að ef um nefskatt er að ræða, sama hvort það er í Framkvæmdasjóð aldraðra eða skattur af tóbaki, að sá sérstaki skattur fari í þau verkefni sem honum er ætlað, í vel skilgreind verkefni en ekki í annan rekstur. Að öðru leyti eiga framlög í öldrunarþjónustu eða forvarnir, af því að ég nefndi nú áðan tóbakið, að vera greidd úr ríkissjóði.

[17:04]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil árétta það, í tilefni af ræðu hv. þm. Þuríðar Backman, að breytingartillagan sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir mælti fyrir gengur út á að þeir séu undanþegnir gjaldinu sem hafa tekjuskattsstofn sem nemur fjárhæð grunnlífeyris, tekjutryggingar og tekjutryggingarauka. Þetta gerir samtals 1.013 þús. á ári, þessir þrír

bótaliðir. En eins og ákvæðið er núna er gert ráð fyrir því að þeir sem eru með 855 þús. kr. tekjur, í skattleysismörkum eða lægri tekjur, greiði ekki gjaldið. Með skattalækkunum ríkisstjórnarinnar, 8% hækkun persónuafsláttar og 4% lækkun tekjuskattsins náum við þessu markmiði, þá verða þeir sem hafa tekjur að 1.030 þús. kr. undanþegnir greiðslu gjaldsins.

Þess vegna er þessi breytingartillaga óþörf. Þetta gerist í áföngum en við lok kjörtímabilsins erum við búin að tryggja að ná því markmiði sem breytingartillagan felur í sér.

[17:06]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Herra forseti, ein setning: Við viljum hækka frítekjumarkið núna en ekki rétt fyrir kosningar.

[17:06]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég árétta það að þessi hópur stækkar og fjárhæðin hækkar í áföngum jafnt og þétt. Strax á fyrsta ári hækka þessi viðmiðunarmörk en fyrst og fremst vil ég halda því til haga að þeir sem eru með tekjur við skattleysismörk í dag greiða ekki þetta gjald né þeir sem eru undir 16 ára aldri, eru yfir sjötugt eða eru á hjúkrunarheimilum og dvalarheimilum. Þessir aðilar eru allir undanþegnir og sá hópur á eftir að stækka.

[17:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti, örstutt. Hér er um að ræða nefskatt sem á sér langa sögu. Hann er mjög ófélagslegur auk þess sem hann flækir skattkerfið. Þetta eru lágar upphæðir og þarf að hækka þær reglulega. Ég hef gert að tillögu minni og komið með þá hugmynd að þessi skattur verði settur inn í persónuafsláttinn, markaður þar þessu ákveðna verkefni. Það gæfi nákvæmlega sömu niðurstöðu fyrir utan það að þá þyrfti hugsanlega að hækka ellilífeyri eitthvað eilítið sem því nemur. Þar með væru allir eins settir en skattkerfið yrði ólíkt einfaldara við þá breytingu.

Ég held að við ættum að reyna að stefna að því að gera skattkerfið eins einfalt og hægt er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bifreiðagjald, 1. umr.

Stjfrv., 377. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 462.

[17:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er lagt til að bifreiðagjald hækki um 3,5% frá 1. janúar 2005. Síðast var bifreiðagjald hækkað 1. janúar 2002. Síðan þá hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæp 7%. Áætlað er að hækkunin skili ríkissjóði 120 millj. kr. í auknar tekjur.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[17:08]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ekki þurfti hæstv. fjármálaráðherra að hafa mörg orð um þetta frumvarp. Hér er enn eitt frumvarpið í sarpinn á þinginu sem kveður á um hækkun á gjöldum og sköttum einstaklinga. Ég tel ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um þetta mál.

Með frumvarpinu á að hækka gjöld á bifreiðaeigendur. Maður hefði haldið að nóg væri komið samt. Ríkið hefur verulega skatta af bifreiðaeigendum. Ég man ekki betur en að þar sé um 31 eða 32 milljarða kr. að ræða. Hér er verið að hækka bifreiðagjaldið sem kemur til viðbótar annarri skattlagningu sem við höfum farið í gegnum. Í gær voru t.d. aukatekjur ríkissjóðs hækkaðar, ef ég man rétt, um 200 millj. kr. Álögur á áfengi og tóbak voru hækkaðar um 320 millj. kr. og nú er verið að hækka bifreiðagjöldin um 120 millj. kr. Á einum sólahring eru þetta sennilega 600 millj. kr. eða 600–700 millj. kr. í auknum gjöldum og álögum, m.a. á bifreiðaeigendur.

Mér hefur fundist, virðulegi forseti, nóg komið af álögum á bifreiðaeigendur sem slíka. Við fórum nýlega í umræður við fjármálaráðherra um auknar tekjur ríkissjóðs í gegnum virðisaukaskatt af bensíni, m.a. af svindli og samráði olíufélaganna sem við sýndum fram á að hefði aukið virðisaukaskattstekjur ríkissjóðs um 600 millj. kr. Af þeirri umræðu var ljóst að hæstv. ráðherra telur óþarft að skila því til baka til bifreiðaeigenda. Hann er kokhraustur og kemur inn með nýtt mál, hækkun á bifreiðagjöldum sem hækkar enn álögur á bifreiðaeigendur.

Í efnahags- og viðskiptanefnd er til umræðu annað mál sem enn eykur álögur á fólk, svokallað umsýslugjald sem rennur til Fasteignamats ríkisins. Það átti að vera tímabundið gjald á árunum 2000–2004 og renna út á þessu ári. Því átti að verja til að koma á koppinn Landsskrá fasteigna. En nú stendur til að framlengja það umsýslugjald næstu fjögur ár, næsta kjörtímabilið. Þar er um að ræða um 280 millj. kr. á hverju ári, þ.e. um 1.100–1.200 millj., virðulegi forseti, á næsta kjörtímabili til viðbótar þeim álögum sem fjallað hefur verið um síðustu daga. Ríkissjóður er því jafnt og þétt að hala inn með hækkunum fyrir þeim skattalækkunum sem hún ætlar út á næsta ári. Hún gerir það myndarlega og duglega eins og á síðasta ári, þegar skattahækkanir og gjöld og álögur á einstaklinga námu 3–4 milljörðum kr.

Þannig er það hjá þessari blessaðri ríkisstjórn. Hún gefur og tekur þannig að fólk á erfitt með að átta sig á hvernig það kemur nettó út úr skattalækkunum ríkisstjórnarinnar sem áformaðar eru út þetta kjörtímabil.

Það er líka ástæða til að skoða bifreiðagjaldið nánar af því að hér er lagt til að það hækki um 3,5%. Rökin, með leyfi forseta, eru eins og hér segir:

„Síðast var bifreiðagjald hækkað 1. janúar 2002. Bifreiðagjald hefur því ekki hækkað í samræmi við almenna verðlagsþróun á síðustu árum. Þannig hefur vísitala neysluverðs hækkað um tæp 7% frá þeim tíma. Hér er því lögð til

ákveðin leiðrétting á því. Áætlað er að hækkunin skili ríkissjóði 120 millj. kr. í auknar tekjur."

Hækkun gjaldsins er réttlætt með því að það hafi ekki hækkað í langan tíma og einungis sé verið að færa það í samræmi við verðlagsþróun, virðulegi forseti. En er það svo? Er það aðeins hækkað í samræmi við verðlagsþróun? Ef við lítum á forsögu þessa máls þá var bifreiðagjald fyrst lagt á á árinu 1988. Það var þá 2 kr. á hvert kíló af eigin þyngd bifreiðar að 2.500 kílóum. Bifreiðagjaldið hefur frá árinu 2002 verið 6,60 kr. fyrir hvert kíló að 1.000 kílóum og 8,90 kr. á hvert kíló eigin þyngdar umfram það, allt að 3.000 kílóum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að gjaldið hækki í 6,83 á hvert kíló og í 9,21 kr. fyrir hvert kíló umfram það.

Þetta þýðir, ef við berum það við gjaldið eins og það var 1988, að ef bifreiðagjaldið hefði tekið mið af þróun verðlags frá 1988 þá væri það um 4,76 kr. fyrir hvert kíló af eigin þyngd bifreiðar. Með breytingunni sem lögð er til í frumvarpinu er því um 43% hækkun að ræða, virðulegi forseti, miðað við gjaldið eins og það var 1988. Það er því ekki hægt að vera að tala um að þetta sé bara einföld verðlagsuppfærsla.

Öfugt við það sem stendur í frumvarpinu þá hefur bifreiðagjaldið hækkað langt umfram almenna verðlagsþróun á síðustu árum. Hér er því ekki lögð til ákveðin leiðrétting, heldur hærri álögur, virðulegur forseti. Það er ekki hægt að líta öðruvísi á en að þetta séu hærri álögur, en ekki einföld verðlagsuppfærsla á gjaldinu.

Við getum líka skoðað hvers konar skattur er hér á ferðinni. Bifreiðagjaldið er í raun bara eignarskattur lagður á miðað við þyngd á bifreið í kílóum án tillits til verðmætis eða vélarstærðar. Skatturinn kemur því harðast niður á þeim sem eiga gamla, þunga og verðlitla bíla, og álagning eignarskatts sem hefur ekkert með verðmæti að gera er *ranglát skattheimta. Bifreiðaeigendur borga eignarskatt* af bílum sínum við árlega álagningu skatta og bifreiðagjaldið er líka á mjög gráu svæði hvað tvísköttun snertir, en bifreiðagjaldið rennur ekki til vega, umferðaröryggis eða bifreiðatengdra mála.

Ég held að nauðsynlegt sé, virðulegi forseti, að halda þessu til haga í umræðunni þegar lagt er fram frumvarp sem lætur lítið yfir sér og er einungis rökstutt með því að verið sé að færa það upp í samræmi við verðlagsþróun, en staðreyndin er sú, eins og ég hef rakið, að breytingin sem er lögð til felur í sér yfir 43% hækkun umfram verðlagsþróun frá því þetta gjald var fyrst lagt á 1988. Þetta er sú staðreynd í málinu sem við stöndum frammi fyrir.

Það er athyglisvert að við skulum í frumvarpi eftir frumvarpi frá hæstv. ráðherra á síðustu dögum — og guð einn veit hvort fleiri koma inn það sem eftir lifir af þinginu — hækka skatta og álögur á fólk á sama tíma og stjórnarflokkarnir reyna að láta líta svo út að þeir séu í góðvild gagnvart einstaklingunum að lækka skatta á þá.

[17:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Æ ofan í æ þurfum við að hlusta hér á ræður um skattahækkanir þegar verið er að hækka krónutölur í skattalögum og krónutölur í gjöldum. Þeir sem upplifðu verðbólgu fyrir 10, 15, 20 árum muna og vita nákvæmlega af biturri reynslu að óbreytt krónutala lækkar að verðgildi eða raungildið lækkar þegar verðbólga er. Þess vegna, ef gjöld eru ekki hækkuð eða skattar í verðbólgu sem nú er metin 3,5% á ári, þá eru þau í rauninni að rýrna. Þau eru að rýrna að verðgildi og því er um skattalækkun að ræða.

Í gær ræddum við um skatta á bjór og léttvín en það gjald hafði lækkað að raungildi um 22% frá 1998 en það hefur verið óbreytt í krónutölu. Það hefur verið skattalækkun allan tímann og verður áfram.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann skilji þetta. Hvort hann vilji þá beita sömu reglu á persónuafsláttinn, sem er nákvæmlega sama fyrirbærið. Það er krónutala í skattalögum, sem menn hafa verið að hækka í hlutfalli við hækkun verðlags, (**Gripið fram í:** Nei.) verið að hækka í hlutfalli við verðlagsforsendur fjárlaga, en svo getur verið að þær hafi ekki alltaf staðist. En þetta hefur alltaf verið hækkað og stjórnarandstaðan hefur krafist þess að það verði hækkað eins og verðlag og ætti að krefjast þess að önnur gjöld hækkuðu eins og verðlag með nákvæmlega sama rökstuðningi. Ég skil því ekki þessa umræðu, því gjald sem hefur ekki hækkað í tvö ár og ætti að hækka um 7%, en er hækkað um 3,5%, það er í mínum huga skattalækkun.

[17:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er iðulega erfitt að botna í málflutningi hv. síðasta ræðumanns. Hann segir að svart sé hvítt og hvítt sé svart og maður fær engan botn í það sem hann er að tala um.

Ég hef sýnt fram á það með rökum að við erum ekki bara að tala um litla hækkun í samræmi við verðlag, heldur er verið að hækka gjaldið um 43% ef tekið er mið af því hvernig það var í upphafi, þegar það var lagt á 1998.

Af því hv. þingmaður er að spyrja um skattleysismörkin og persónuafsláttinn og hvernig hann hefur þróast og hækkanir á hvoru tveggja, þá liggur fyrir, og ég get sýnt hv. þingmanni það á blaði, að ef skattleysismörkin hefðu þróast í samræmi við neysluvísitölu þá væru þau ekki 72 þúsund í dag heldur 90 þúsund. Ef þau hefðu þróast í samræmi við launavísitölu, þá væru skattleysismörkin ekki 72 þúsund heldur 110 þúsund. Þetta eru nú bara staðreyndir málsins.

Hv. þingmaður kemst ekki fram hjá því frekar en aðrir stjórnarliðar að hér er daglega verið að fjalla um hundruð millj. kr. hækkanir í skattaálögum og gjaldtökum á fólk. Það er sú staðreynd sem við stöndum frammi fyrir nú.

[17:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Bifreiðagjaldið var hækkað meðvitað fyrir nokkrum árum en það hefur ekkert með þessa hækkun að gera, því hér er eingöngu um að ræða hækkun í hlutfalli við verðlagshækkanir. Og þar sem hækkunin er 3,5% í staðinn fyrir 7% sem verðlagið hefur hækkað um (Gripið fram í.) þá er þetta í rauninni skattalækkun upp á 3,5%.

Það má vel vera að hv. þingmaður skilji ekki það sem ég er að segja og henni finnist ég segja að svart sé hvítt og hvítt sé svart. En ég minni á að þegar verðbólgan var sem mest hér á landi — þetta veit fólk sem man þá tíma — þá var það þannig að ef eitthvað hækkaði ekki í verði þá lækk-

aði það að verðgildi. Það er nú bara svo einfalt. Ef hv. þingmaður man það ekki og skildi það aldrei, þá held ég að það sé ekki mitt vandamál.

Þess vegna leggja þingmenn svo mikla áherslu á að persónuafslátturinn sé hækkaður eins og verðlag, eins og hv. þingmaður hefur bent á hefur hann alltaf verið hækkaður í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga, sem ekki hafa alltaf staðist. Þess vegna hefur sá neikvæði skattur, nefskattur, ekki hækkað eins og verðlag í gegnum tíðina og minnst hækkaði hann og féll mest fyrstu tvö árin en þá var vinstri stjórn við völd. Þá kom aðalfallið í þeim neikvæða skatti sem er persónuafslátturinn. Það er svo merkilegt. Hann hefur nokkurn veginn haldið verðgildi sínu síðan 1992 eða 1993.

Ég undirstrika að um persónuafsláttinn og aðrar krónutölur í skattalögum gildir nákvæmlega það sama, það á að hækka það miðað við forsendur fjárlaga, annars er um að ræða um ómeðvitaða skattalækkun.

[17:22]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði varla að nenna hérna upp í stólinn til að svara hv. þingmanni en þegar hann fór að halda því fram að persónuafslátturinn hefði nokkurn veginn haldið verðgildi sínu síðan, hvað sagði hv. þingmaður? (**HBl:** 1992 eða 1993 eins og hv. þingmaður sagði.) 1992 eða 1993, þá er það auðvitað rangt. Ef við skoðum hvernig skattleysismörkin hafa þróast alveg frá 19? (Gripið fram í.) persónuafslátturinn og skattleysismörkin, hvernig þau hafa breyst á þessum tíma, þá er alveg ljóst að á þessum tíma frá 1988 til 1995 þá hélst það nokkurn veginn í hendur (**PHB:** Frá 1993–1995) Ég er að tala um 19? Hef ég orðið, virðulegi forseti? Ég er að tala um tímann frá 1988 til 1994, þá héldust skattleysismörkin, sem eru nú líka afleidd af persónuafslættinum, þá héldu þau nokkurn veginn verðgildi sínu miðað við launavísitölu alveg fram til ársins 1995. Þá byrjaði þetta allt (Gripið fram í.) að gliðna og nú er komið svo að skattleysismörkin eru 72 þús. kr., en ættu að vera 110 þús. kr. miðað við launavísitölu. Það er nú staðreyndin málsins.

[17:24]

Útbýting:

Úrvinnslugjald, 394. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 501.

[17:24]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hann er skrýtinn þessi stöðugleiki ríkisstjórnarinnar. Við höfum heyrt það aftur og aftur í tengslum við fjárlög að hér ríki svo mikill stöðugleiki að leitun sé að öðru eins á byggðu bóli, sérstaklega í Vestur-Evrópu. Síðan, þegar ríkisstjórnin og hæstv. fjármálaráðherra eru að safna fyrir skattalækkuninni sem búið er að kynna, þá er komið með þau rök að verðlagshækkunin frá ári til árs sé svo mikil að nauðsynlegt sé fyrir okkur að hækka öll gjöld sem ríkisstjórninni hefur dottið í hug að leggja á. Á tveimur dögum höfum við séð ansi miklar hækkanir á gjöldum sem margir hverjir mundu kalla skatta.

Það sem er kannski verst við þá skatta sem nú er verið að hækka, svona almennt, er að þetta eru skattar sem fæstir komast undan að greiða. Það sama á við um bifreiðagjöldin, alveg burt séð frá því hvort menn hafa háar eða lágar tekjur, hver fjölskyldustærðin er o.s.frv., því flest þurfum við að eiga bifreiðar. Við könnumst öll við þegar greiðsluseðillinn fyrir bifreiðagjöldin kemur þá munar um þann skatt á hverja fjölskyldu, og fyrir fjölskyldur sem hafa lág laun hlýtur að muna meira að þurfa að borga bifreiðaskattinn vegna þeirrar hækkunar sem nú er verið að innleiða en fyrir fjölskyldur sem hafa hærri laun.

Það sem við erum búin að upplifa á undanförnum dögum er ekkert annað en skattahækkun, skattahækkanir á hverjum einasta tekjulið sem ríkið og hæstv. fjármálaráðherra hefur yfir að segja og eins og oft hefur komið fram í málflutningi Samfylkingar, þá er verið að safna upp í skattalækkunina sem verið er að lofa hinum almenna skattborgara, og dugir ekki einu sinni til ef við horfum til ársins 2005.

Bíllinn og allt sem honum tengist er afskaplega þægilegur tekjustofn fyrir ríkissjóð. Það vill nú svo til að það eru ekki fáir skattar sem eru lagðir á bílinn og bifreiðaeigendur. Ef við kíkjum aðeins í fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2005 og rennum yfir tekjuhlið þess, þá kemur í ljós, virðulegi forseti, að áætlað er að vörugjald af innfluttum ökutækjum verði, áætlað á rekstrargrunni, 5.587 millj. kr., fimm og hálfur milljarður. Vörugjald af bensíni 2.040 milljónir. Sérstakt vörugjald af bensíni, ekki það sama og ég var að tala um, heldur sérstakt vörugjald af bensíni, tæpar 6.300 milljónir. Talið er að bifreiðagjöldin, sem talað er um að hækka í fjárlagafrumvarpinu, gefi ríkissjóði 3.221 milljón og þungaskatturinn, sem er önnur gerð af bifreiðagjöldum, 3.323 milljónir. Ef við tökum bara þessi gjöld saman, þá eru þetta yfir 20 milljarðar kr. í áætlun fjárlaga fyrir árið 2005. Og þá er ekki á nokkurn hátt tekið tillit til virðisaukaskatts af ökutækjum en við vitum að með þeirri miklu fjölgun ökutækja sem hefur verið, hefur hann verið að skila verulegum tekjum í ríkissjóð.

Hv. þingmönnum stjórnarliðsins verður tíðrætt um að nauðsynlegt sé að hækka alla þessa gjaldaliði, hvort sem það eru aukatekjur ríkissjóðs, bifreiðagjöldin sem hér um ræðir, eða allar aðrar tekjur, að hækka þær með þróun verðlags. Í umræðunni í gær, um breytingar á verði tóbaks og sterks áfengis, heyrðum við mjög haldið á lofti að með því að hækka ekki gjald á léttvín og bjór, þá væri í raun verið að lækka það. Ég hef reyndar ekki heyrt að bjórinn í Áfengisverslun ríkisins hafi lækkað neitt í morgun, ég held að hann kosti það sama og hann kostaði í gær, þannig að í krónutölu er ekki verið að lækka útsöluverð á bjór. En þeir sem halda þessum rökum fram, eins og hv. þm. Pétur Blöndal hefur gert mjög stíft, verða líka að taka umræðuna um persónuafsláttinn. Þá umræðu verður að taka um leið og því er haldið fram að hækka verði öll gjöld ríkisins með verðlagi. Hv. þm. Pétur Blöndal verður að taka þá umræðu sem hann átti við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, um persónuafsláttinn. Þetta má ekki vera sjálfvirkt, hv. þm. Pétur Blöndal hefur sagt það margoft, það á ekki að hækka skatta þannig að það sé einhver sjálfvirk verðlagshækkun, það þarf að taka ákvörðun um að hækka skatt í hvert einasta skipti, meðvitaða ákvörðun og það er það sem ríkisstjórnin

er að gera, hún er að taka ákvörðun um að láta öll þessi gjöld fylgja verðlagsþróun að einhverju leyti (**HBl:** Ekki að öllu leyti ?) ? ekki að öllu leyti, við skulum vera sanngjarnir, hv. þm. Halldór Blöndal, við skulum vera sanngjarnir þegar við förum yfir þetta. (**HBl:** Svara rétt ?) Hér er talað (Forseti hringir.) um að verið sé að hækka bifreiðagjaldið ...

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vildi eingöngu geta þess að hv. þingmaður hefur orðið.)

Þakka þér fyrir, hæstv. forseti, en ég þarf enga hjálp við að ræða við þingmenn hér í salnum ef þeir kalla fram í, nema þeir yfirgnæfi mig, þá mun ég þiggja að forseti slái í bjölluna.

Hér er verið að hækka þetta og talað um verðlagshækkanir upp á 3,5% en vísitala neysluverðs hefur hækkað um 7% frá þeim tíma sem verið er að miða við. Gleymum því nú ekki að í gær var ríkisstjórnin að hækka vísitölu neysluverðs um 0,08%, tæplega 0,1% með hækkun á sterku víni og tóbaki. (**HBl:** En þá ýkti þingmaðurinn ...)

En ef við ætlum að vera í þessari umræðu þá verða menn líka nauðsynlega að tala um tekjur, álögurnar á skattborgarana. Það vita allir sem það vilja vita að með því að frysta persónuafsláttinn eins og gert var á tímabili og hann fylgdi ekki verðlagi þá hækkuðu hér skattar verulega og þeir hækkuðu mest á þeim sem minnst höfðu vegna þess að skattleysismörkin nýttust ekki því fólki eins og áður. Þetta verða hv. þingmenn stjórnarliðsins að viðurkenna því að svona er þetta og ekkert öðruvísi.

Aðeins um bifreiðagjöldin og vanda sveitarfélaganna. Ég hef alltaf undrað mig á því með alla þessa skatta á ökutæki af hverju ríkið situr eitt og sér að sköttum á ökutæki. Ég hef verið í sveitarstjórn í tæp 20 ár og ég kannast við hvað það kostar að leggja götur og ég kannast við hvað það kostar að halda við þessum götum vegna slits sem á þeim verður við það að bifreiðar aka um götur sveitarfélaganna. Af hverju í ósköpunum velta menn því ekki fyrir sér að hluti af þessum sköttum á bifreiðaeign landsmanna gangi til sveitarfélaga? Hvaða sanngirni er í því þegar við skoðum rök ríkisstjórnar fyrir nauðsyn þess að skattleggja bíla að það sé til að viðhalda vegakerfinu, þó þeir fjármunir sem teknir eru undir því yfirskyni fari náttúrlega aldrei í vegakerfið, hvaða sanngirni er þá í því að sveitarfélögin með allt sitt vegakerfi njóta einskis af bifreiðagjöldum eða öðrum gjöldum á bílaeign landsmanna? Væri ekki vert að þegar hv. þm. Pétur Blöndal kemur upp í andsvar á eftir að hann velti því aðeins fyrir sér hvort ekki væri eðlilegt að þeir sem nota borgi og að þeir borgi til þess sem verður fyrir kostnaði? Mér hefur heyrst hv. þingmaður einmitt vera að tala um slíkt.

Aðeins um þær hækkanir sem nú er verið að boða. Hér eru 120 millj. kr. í viðbót við þær hækkanir sem voru í gær.

Í frumvarpi til fjárlaga segir um vörugjöld af bensíni og síðan olíugjald, með leyfi forseta:

„Síðastliðið vor voru á Alþingi samþykkt lög um olíugjald og kílómetragjald. Breytingin felst fyrst og fremst í því að tekið er upp olíugjald á dísileldsneyti og núverandi þungaskattskerfi er lagt niður. Jafnframt er tekið upp sérstakt kílómetragjald á ökutæki 10 tonn og þyngri, önnur en ökutæki til fólksflutninga. Olíugjaldið er 45 krónur á hvern seldan dísillítra. Þessi lög taka gildi um mitt ár 2005. Áætlaðar tekjur af olíugjaldi á árinu 2005 eru um 1.870 millj. kr. Olíugjaldið er markaður tekjustofn sem rennur til Vegagerðarinnar. Vörugjöld á hvern seldan bensínlítra eru tvenns konar, annars vegar almennt vörugjald af bensíni sem er 11,35 krónur og rennur í ríkissjóð og hins vegar sérstakt bensíngjald sem er 30,90 krónur og rennur til Vegagerðarinnar. Við upptöku olíugjalds verður breyting á þessum fjárhæðum."

Nú skora ég á hv. þm. Pétur Blöndal að hlusta vel.

„Við upptöku olíugjalds verður breyting á þessum fjárhæðum. Almenna vörugjaldið af bensíni lækkar um 2,06 krónur á hvern seldan lítra og sérstaka vörugjaldið af bensíni hækkar um sömu fjárhæð. Þessi breyting er gerð til að koma í veg fyrir að Vegagerðin verði fyrir tekjutapi vegna þessarar kerfisbreytingar. Gert er ráð fyrir að áætlaðar tekjur af bensíni verði rúmlega 8,3 milljarðar króna. Í tekjuáætlun er auk þess gert ráð fyrir að hækkun gjalda muni skila 350 millj. kr. í viðbótartekjum í ríkissjóð á árinu 2005."

Þarna eru 350 milljónir í viðbótartekjur í ríkissjóð á árinu 2005 vegna hækkunar gjalda á bifreiðaeigendur. Þarna er ekki verið að tala um bifreiðagjaldið. Þarna er ekki verið að tala um 120 milljónirnar sem við erum að ræða hér. Þarna er um aðra hækkun að ræða.

Það verður bara að segjast eins og er, virðulegi forseti, að þessi endalausa hrina hækkana af hálfu fjármálaráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar og þeirra hv. þingmanna sem hana styðja er í raun alveg óskiljanleg. Á sama tíma og menn koma hér og berja sér á brjóst og segja að þeir séu að lækka skatta sem aldrei fyrr, missa sig í hrifningu í ræðustólnum yfir skattalækkunum ríkisstjórnarinnar þá er komið hér dag eftir dag með hækkanir upp á hundruð milljóna. Ég get alveg lofað hv. þm. Pétri Blöndal því að í þetta skipti munum við halda utan um þessar tölur. Í þetta skipti munum við halda utan um þessar krónur og þær verða færðar til gjalda og tekna og þegar upp verður staðið í lok árs 2005 verður þetta borið saman, skattalækkunin svokallaða sem ríkisstjórnin er að bjóða upp á og svo allar þær hækkanir sem verið hafa frá því að kosið var á árinu 2003.

Það versta við þetta allt saman er að fæstir komast undan því að greiða þessi gjöld sem verið er að hækka svona mikið á svona mörgum stöðum. En tekjuskattslækkunin sem búið er að boða á næsta ári kemur að langmestu leyti, eins og margoft er búið að fara yfir, hátekjufólki nánast eingöngu til góða og því er enn verið að færa skattbyrðarnar frá þeim sem meira hafa til þeirra sem minna hafa.

[17:36]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þingmaður sagði að það ætti að hækka öll þau gjöld sem ríkisstjórninni hefur dottið í hug að leggja á. Flest þessara gjalda sem við erum að hækka og lækka hefur þessi ríkisstjórn ekki lagt á. Þau eru eldgömul þannig að þetta er rangt hjá hv. þingmanni. (**Gripið fram í:** Þið eruð fórnarlömb.)

Ég hygg að persónuafslátturinn lauslega reiknaður sé um 40 milljarðar samtals. Hækkun á honum sem kemur skattgreiðendum til góða yfirgnæfir, hygg ég, öll þau gjöld sem við erum að hækka og hann er hækkaður í samræmi

við verðlagsforsendur fjárlaga.

Ég vil enn einu sinni segja að ef einhver gjöld hækka ekki í verðbólgu, hversu lítil sem hún er — hún er ekki mikil. Það verður að viðurkennast. Hún er ekki mikil, 3,5% — þá er viðkomandi gjald að lækka að raungildi. Þetta vita náttúrlega allir sem þekkja eitthvað inn á verðtryggingu og verðlagsforsendur og verðbólgu og því um líkt, að þó að verðbólgan sé lítil þá sé samt um raunlækkun að ræða.

Skatttekjur ríkissjóðs hækka m.a. vegna veltuaukningar í þjóðfélaginu. Það er líka vegna þess að tekjur almennings hafa hækkað sem ég hef oft bent á að stjórnarandstöðunni finnist vera sérstakt vandamál. Ég bendi t.d. á að lækkun á skatti á hagnað fyrirtækja úr 50% niður í 18% jók tekjur ríkissjóðs stórlega af þeim skatti. Er það þá skattahækkun? Ónei, það er ekki skattahækkun að lækka prósentuna úr 50 niður í 18%. Nei, það er skattalækkun. En hún eykur tekjur ríkissjóðs engu að síður af þessum ákveðna skattstofni.

[17:38]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þegar ríkið eykur alltaf sinn hlut af því sem til skiptanna er þá eru það skattahækkanir alveg sama í hvaða búning menn reyna að klæða það.

Mér fannst reyndar lítið leggjast fyrir hv. þingmann eftir málflutning hans sem var að snúa þannig út úr því sem ég sagði að einhverjir aðrir vondir í ríkisstjórn hefðu lagt á þau gjöld sem þessi góða ríkisstjórn neyddist nú til að hækka, gjöld sem hefðu verið fyrir hendi og að ríkisstjórnin yrði að sjálfsögðu að hækka þau af því að einhverjir aðrir vondir í ríkisstjórn hefðu lagt þau á.

Mig langar bara að fara yfir tvö lítil gjöld sem ég tel að þessi ríkisstjórn sé nú að leggja á eða breyta. Umsýslugjald fasteigna var hér til og átti að falla niður samkvæmt lögum sem voru í gildi. Hér er komið fram frumvarp í þinginu um Fasteignaskrá ríkisins þar sem lagt er til að þetta gjald haldi áfram. Samkvæmt þeim skilgreiningum sem hv. þingmaður hefur farið mjög fyrir í þinginu þá hlýtur það að vera meðvituð ákvörðun um að halda skatti eða hækka skatt þannig að umsýslugjald fasteigna hlýtur þá að skrifast á þessa góðu ríkisstjórn sem nú er.

Annað sem hlýtur að skrifast á hana er breyting á vörugjaldi á bensíni og olíu. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að þessi hækkun, þessi kerfisbreyting, muni skila um 350 milljónum til viðbótar í ríkissjóð. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur því tekið báðar þessar ákvarðanir. Það er hálfpartinn hlálegt að fylgjast með hv. þingmönnum stjórnarliðsins þegar þeir koma í þessa skattaumræðu og reyna að verja það sem verið er að gera því að allir eru þeir þó það skynugir að þeir átta sig alveg á því að ef við horfum til ársins 2005 þá er verið að flytja verulega skattbyrði af þeim sem mestu tekjurnar hafa en lítið verið að gera fyrir þá sem minna hafa.

[17:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og oft þegar fólk lendir í vandræðum með rökin þá fer það út um víðan völl, tekur eitthvað annað til eins og umsýslugjald fasteigna sem við getum rætt þegar þar að kemur, herra forseti. Ég vil ræða hérna um gjöld sem eru hækkuð vegna þess að krónutala rýrnar í verðbólgu og ég ætla að spyrja hv. þingmann enn einu sinni: Nú er 7% verðbólga búin að vera í tvö ár. Ákveðið gjald hefur ekki hækkað að krónutölu síðan þá, í síðastliðin tvö ár, er það ekki raunlækkun ef það gjald er ekki hækkað? Og ef það gjald er hækkað um 3,5% í 7% verðbólgu í tvö ár, er það ekki enn raunlækkun? Er það ekki lækkun á skattbyrði?

Ég ætla að reyna að fá hv. þingmann til að svara þessu en fara ekki út um víðan völl með allt skattkerfið undir.

[17:42]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að tala mína íslensku þannig að hún skiljist. Er það lögmál, hv. þm. Pétur Blöndal, (**PHB:** Get ekki svarað?) ef ríkissjóður hefur það gott ... Ég skal breyta því sem ég segi. Hv. þm. Pétur Blöndal heldur því fram í ræðustól að það þurfi að hækka öll gjöld sem ríkið hefur lagt á í takt við verðbólguna, að það sé bara nauðsynlegt. Af hverju var þá afnumin bein tenging á mörgum gjöldum sem var í lögum sem sagði að þau ættu að hækka með lánskjaravísitölu eða neysluvísitölu ... (**PHB:** Stjórnarskrárbreytingin 1995.) Vegna þess að menn vilja taka ákvörðun um hvort það eigi að hækka eða ekki hækka. (**PHB:** Stjórnarskrárbreytingin 1995.) Ef þetta eru rök, hv. þm. Pétur Blöndal, að það sé nauðsynlegt að fylgja verðbólgu þá hlýtur að vakna sú spurning af hverju ríkisstjórnin fylgir þá ekki þeirri veðbólgu sem er. Af hverju? Ef hún verður að halda sínum tekjum í takt við verðlag hvernig dettur henni þá í hug að hækka bara um 3,5%? Af hverju hækkar hún þá ekki um 7%? (**Gripið fram í:** Af því hún er að lækka.) Af því að það er meðvituð ákvörðun um það ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill vekja athygli hv. þm. Péturs H. Blöndals á því að hann er næstur á mælendaskrá og biður hann að gefa hér frið. Hlýðir þingmaðurinn á mig?)

Þakka þér fyrir, virðulegi forseti. Það er sem sagt meðvituð ákvörðun hjá ríkisstjórnarflokkunum að það þurfi ekki að hækka þessi gjöld alveg í takt við verðlag þó að það sé sögð ástæðan fyrir þessum hækkunum.

Ég nefndi í upphafi máls míns stöðugleikann. Það er mikið talað um stöðugleikann og sérstaklega af hálfu ríkisstjórnarinnar. Er 7% verðbólga á tveimur árum til marks um mikinn stöðugleika? (**Gripið fram í:** Hjá R-lista væri það.)

[17:44]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Áður en gripið var fram í í ræðu Jóns Gunnarssonar áðan, 10. þm. Suðurk., og hann leiðréttur hélt hann því fram að það væri vilji ríkisstjórnarinnar og þingmeirihlutans að hækka öll gjöld sem næmi þróun verðlags. Vísvitandi ósannindi að sjálfsögðu vegna þess að í því frumvarpi sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir að bifreiðagjald hækki um 3,5% en verðbólga hefur hækkað um 7%, vísitala neysluverðs, síðan þetta gjald var hækkað síðast. Þarna voru ósannindin með öðrum orðum 100%. Ef við tökum annað frumvarp sem var rætt hér, um aukatekjur ríkissjóðs, þá er gert ráð fyrir að gjöldin hækki um 10% en neysluverð hefur hækkað um 34% frá árinu 1997 sem eru

samanburðartölurnar. Þingmaðurinn fór því vísvitandi rangt með.

(**Forseti** (GÁS): Hv. þingmaður.)

Hv. þingmaður fór vísvitandi rangt með, sem er auðvitað sorglegt vegna þess að það ruglar allar umræður og gerir auðvitað mjög örðugt fyrir um skoðanaskipti þegar þannig er haldið á málum. En það er eins og við vitum að „*hálfsannleikur oftast er óhrekjandi lygi*“, og hv. þm. er auðvitað að reyna að læða því inn hjá fólki að hér sé verið að hækka gjöldin meira en gert er og reyna að læða því inn hjá fólki að ríkisstjórnin sé að beita sér fyrir hækkun þessara gjalda á öðrum forsendum en hann sjálfur veit að eru réttar. Það ber auðvitað að harma slíkan málflutning og er það ekki hv. þm. til sóma ef hann ætlar að halda honum áfram.

[17:46]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal hélt því fram að sá þingmaður sem hér stendur hefði farið vísvitandi með ósannindi í máli sínu og vil ég mótmæla því algjörlega.

Það sem ég var að gera, hv. þm. Halldór Blöndal, var að hafa eftir þau rök sem annar hv. þm., Pétur Blöndal, fór með hér í stólnum á undan mér um að nauðsynlegt væri að hækka allar tekjur og gjöld til ríkissjóðs eftir verðlagi ef menn ætluðu að láta þau halda raungildi sínu. Um leið og hv. þm. kallaði fram í mál mitt leiðrétti ég mig snarlega og fór yfir það sem akkúrat í þessu frumvarpi stendur, að hér væri verið að hækka um 3,5% á sama tíma og vísitala neysluverðs hefði hækkað um tæp 7%.

Hv. þingmaður nefndi aukatekjurnar sem við samþykktum í gær og fór þar með alveg hárrétt mál, að það væri verið að hækka aukatekjur ríkissjóðs um 10%. Jafnframt fór hann yfir það að viðmiðunartölurnar sem miðað væri við væru frá 1997 og verðbólgan hefði verið 34% frá 1997. Það er ansi mikil verðbólga á ekki lengri tíma, en þarna fór hv. þingmaður með rangt mál vegna þess að stórum hluta af þessum gjöldum, aukatekjum ríkissjóðs sem verið var að hækka í gær um 10%, hafði áður verið breytt bæði á árinu 2001 og árið 2002 og sum þeirra voru frá árinu 2003. Verðbólgan hefur ekki verið 10% frá þeim tíma.

Með þessum rökum er þingmaðurinn einfaldlega að segja ósatt og þarna þarf að skoða hvaða gjöld það eru sem eru frá árinu 1997 og hver eru yngri. Ég fór yfir það í máli mínu í gær að stór hluti af þessum gjöldum, og ég las upp góðan hluta af þeim, hefðu verið lögð á á árinu 2001 og því er það ekki 34% sem miðað er við heldur mun minna.

[17:48]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er mjög ánægður yfir því að hv. þm. skuli taka það til greina, bæði það sem ég sagði í frammíkalli og það sem ég sagði áðan. Með leyfi hæstv. forseta, stendur hér:

„Í frumvarpi þessu er að finna tillögu að hækkun margvíslegra gjalda sem flest hver hafa haldist óbreytt að krónutölu frá árinu 1997 eða lengur.“

Ekki er hægt í andsvari að rekja hvern lið fyrir sig en við vitum auðvitað ofur vel að á bak við ræðu hv. þm. var ekki vilji til að upplýsa það mál sem við erum að tala um og það er það dapurlega við málflutning hans og raunar málflutning ýmissa annarra úr Samfylkingunni sem hafa kvatt sér hljóðs og rætt um skattamál upp á síðkastið. Þannig er t.d. ekki hægt að skilja hv. þm. öðruvísi en svo, fremur en ýmsa aðra samfylkingarmenn, að vilji hans standi raunverulega til þess að fella úr gildi allar aukatekjur ríkissjóðs en hækka tekjuskattinn í staðinn ef draga má ályktun af því hvernig hv. þingmenn leggja upp mál sitt.

Nú er ég á hinn bóginn þeirrar skoðunar að hv. þm. telji nauðsynlegt að halda aukatekjum ríkissjóðs. Ég tel víst að hv. þm. geri sér grein fyrir því að nauðsynlegt sé að hafa skattheimtu ríkisins með margvíslegum hætti til þess að draga úr líkum á skattsvikum. Einn þátturinn í því að draga úr líkum á skattsvikum er sá að reyna að dreifa tekjuöflun ríkissjóðs og það er það sem við erum að gera með þessu frumvarpi og ég hygg að óhjákvæmilegt sé, ef hv. þm. vill í raun skilja það sem á bak við hvílir, að hann velti því fyrir sér hvort ekki sé nauðsynlegt að þannig sé haldið á málum.

[17:50]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að hv. þm. Halldór Blöndal sé að vitna í umræður í gær um mál sem hann hefur auðsjáanlega ekki hlustað neitt á varðandi aukatekjurnar. Það er rétt sem hv. þm. las upp að í athugasemdum við frumvarp fjármálaráðherra stendur að flest hver þessara aukagjalda hafi haldist óbreytt frá árinu 1997. (**HBl:** Eða lengur.) Eða lengur. Ég fór mjög vel yfir það í máli mínu í gær og rakti hér lagabreytingarnar sem orðið hafa 1998, 1999, 2000, 2001, 2002 og 2003 varðandi aukagjöld. Hvaða gjöld? Ég gaf mér ekki tíma í stuttri ræðu til þess að fara yfir gjöldin sem höfðu hækkað 1998 og 1999. Ég fór yfir gjöld sem höfðu hækkað 2000, 2001, 2002 og 2003.

Ég næ ekki hvernig menn skilja það í máli mínu hér að ég mundi vilja fella úr gildi aukatekjur ríkissjóðs. Það hef ég aldrei sagt og hvarflar ekki að mér en ég vil að við köllum hlutina, virðulegi forseti, réttum nöfnum. Aukatekjur, margar hverjar, eins og þær eru lagðar á eru ekkert annað en skattur. Þegar verið er að hækka þær á sama tíma og menn berja sér á brjóst og segjast vera að lækka skatta þá er það bara á móti þeirri skattalækkun sem verið er að kynna. Og mér svíður óréttur inn sem þeir sem minni laun hafa eru beittir með því að vera að hækka álögur á þá til þess að færa yfir til þeirra sem meira hafa. Það er einmitt það sem ríkisstjórnin er að gera á árinu 2005. Ég veit að hún klórar í bakkann á árinu 2006 og árið 2007 með barnabótum en árið 2005 er það tekjuskattur og hátekjuskattur og ekkert annað.

Ég skil ósköp vel að hv. stjórnarþingmenn, sem lengi hafa verið stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar, þoli það ekki þegar maður stendur hér í pontu, bendir á, híar og segir: Hann er ekki í fötum. (Gripið fram í.)

[17:53]

Útbýting:

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 503.

[17:54]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið afar fróðlegt að hlýða á þá umræðu sem hér hefur farið fram og kannski sérstaklega málflutning þeirra frænda, hv. þingmanna Péturs H. Blöndals og Halldórs Blöndals. Umræðan hefur kannski fyrst og fremst snúist um það hvað raunverulega er að gerast í ríkisfjármálunum. Þeir hv. þingmenn sem ég nefndi til sögunnar hafa verið í hópi þeirra sem hafa barið sér á brjóst og talað um gríðarlegar skattalækkanir með mikilli hrifningu og lýst yfir gríðarlegri gleði og ánægju úr þessum ræðustól með það sem er að gerast.

Það er ekkert óeðlilegt við það, eins og hér hefur komið fram og hefur verið haldið fram í þessari umræðu, að hv. þingmenn fari vandlega yfir það sem hér er raunverulega á ferðinni. Hv. þingmenn hafa hver á fætur öðrum dregið fram að þær hækkanir sem ráðist var í í fyrra og núna í ár þýði í reynd að þær eru hærri en þær skattalækkanir sem nú eru boðaðar. Með öðrum orðum það er búið að fjármagna þessar skattalækkanir með öðrum hækkunum og það þýðir í reynd að þetta er aðeins tilfærsla á tekjum, verið er að færa tekjur frá einum hópi til annars. Það er verið að færa tekjur frá þeim sem minna mega sín til þeirra sem meira mega sín. Það eru skattalækkunarhugmyndir ríkisstjórnarinnar.

Það hefur komið mjög skýrt fram í umræðunni að fyrir árið 2005 voru skattahækkanir ríkisstjórnarinnar hærri en boðaðar skattalækkanir. Þetta hefur verið dregið fram með mjög skýrum hætti og reyndar þarf ekki að fara lengra en í fjárlagafrumvarpið sjálft vegna þess að þar er einfaldlega tekið fram og segir í Stefnu og horfum, sem fylgdi með fjárlagafrumvarpinu, að tekjur ríkissjóðs hækka um 7–8% á meðan verðbólgan hækkar um 3,5%. Það er alveg sama hvernig menn fara yfir hundalógík hv. þm. Péturs Blöndals að 7% er mun meira en 3,5%. Þetta endurspeglar aðeins það sem ríkisstjórnin hefur verið að gera.

Hér hefur einnig verið rætt um persónuafsláttinn og gert er ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpinu að hann hækki um 3%, sem er 0,5% undir verðbólguspá og margir spá mun meiri verðbólgu eins og til að mynda ASÍ. Ég veit ekki hvað Seðlabankinn gerir en hann mun opinbera sína spá á fimmtudaginn.

Það sem hér hefur verið dregið fram er einfaldlega að umrædd skattalækkun er tekjutilfærsla frá þeim sem minna mega sín til þeirra sem meira mega sín í tekjulegu tilliti, það hefur verið dregið fram og hefur farið óskaplega fyrir brjóstið á hv. þingmönnum stjórnarliðsins.

Það mál sem við nú ræðum er hækkun bifreiðagjalda og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir dró það fram á skýran hátt að ef þau gjöld hefðu hækkað í takt við verðlagsþróun væri gjaldið, þ.e. bifreiðagjaldið er lagt á þyngd bifreiða í kílóum án tillits til verðmætis eða vélarstærðar, í dag 4,76 kr. á hvert kíló. Gjaldið sem hér er hins vegar verið að áætla er 9,21 kr. á hvert kíló. Hér er því aðeins verið að benda á það hvert gjaldið væri ef verðlagsþróun hefði verið fylgt, sem hefur verið rauði þráðurinn í röksemdafærslu hv. þingmanna og ekki síst hv. þm. Péturs Blöndals sem hér hefur flutt hverja ræðuna á fætur annarri þar sem hann hefur verið að réttlæta nauðsyn þess að hækka öll gjöld.

Sú var tíðin að hv. þm. barði sér á brjóst og sagðist aðeins hafa eitt verkefni á þinginu, hann væri í „mission" sem væri í þá veruna að lækka skatta. Hv. þingmaður kemur upp núna í hverju málinu á fætur öðru og segir að það sé alveg ófært og ómögulegt í alla staði ef gjöld og álögur ríkisins hækki ekki í samræmi við verðlagsforsendur þannig að þetta er algjörlega breytt. Ég skil í raun og veru ekki hvernig hægt er að missa gersamlega sjónar á hugsjónum sínum á ekki lengri tíma en raun ber vitni.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þá lógík sem hér hefur verið notuð að úr því að gjöld hækki ekki í samræmi við verðlagsþróun sé um skattalækkanir að ræða. Ágætur hagfræðingur ASÍ sem kom á fund efnahags- og viðskiptanefndar í morgun var spurður þessarar spurningar og hann brosti kankvíslega en sagði að það þyrfti kannski ekki langa útreikninga til að komast að þeirri niðurstöðu að færa mætti rök að því að raungildi þeirra fjárhæða sem væru innheimtar mundi minnka vegna verðbólgunnar en að tala um skattalækkanir væri alveg fráleit nálgun.

Sú kenning, sem að einhverju leyti má heimfæra og eigna hv. þm. Gunnari Birgissyni sem kom í ræðustól í gær og færði rök fyrir henni, stenst náttúrlega ekki skoðun á nokkurn hátt, enda væri það væntanlega þannig að það að persónuafsláttur fylgi ekki verðlagsþróun þýðir skattahækkun sem hinir sömu og halda hinu fram hafa alls ekki viljað viðurkenna í mörg ár. Það er því alveg sama hvar borið er niður í þessum efnum, það stendur ekki steinn yfir steini.

Það sorglega við umræðuna, sem hefur gengið illa að fá menn til þess að ræða um, eru hvaða heildaráhrif aðgerðirnar hafa raunverulega á ríkisfjármálin. Ekki umræða um einstakar álögur eða einstök mál heldur að reyna að átta sig á heildarmyndinni sem birtist einmitt með svo skýrum hætti í fjárlagafrumvarpinu. Tekjur ríkissjóðs hækka helmingi meira en verðbólguspá gerir ráð fyrir. Þá koma aftur hin dæmigerðu rök: Já, en það er bara orðin svo mikil velta í samfélaginu, hagkerfið er að stækka svo mikið.

Gott og vel, en þá kemur á daginn í spám þessara sömu manna að hagkerfið er að stækka um 5%. Ríkið er hins vegar að taka til sín milli 7% og 8% meira en í fyrra. Þeir eru því að taka meira af landsframleiðslunni en áður. Það stendur því ekki steinn yfir steini í röksemdafærslu þessara manna og ég skil vel að menn sjái í iljarnar á þeim í hverju einasta máli og að þeir vilji ekki kannast við neitt.

Ég hef reyndar ekki mikið séð framsóknarmenn í umræðunni, en einstaka sjálfstæðismenn hafa stungið höfðinu í ræðustól annað slagið. Það hefur ekki verið til þess að dýpka umræðuna mikið en þeir hafa reynt að færa rök fyrir vonlausum málstað á sinn hátt.

Virðulegi forseti. Niðurstaðan er einfaldlega sú, að þær skattalækkanir sem rætt hefur verið um er aðeins tekjutilfærsla og ekkert annað. Verið er að færa tekjur til þeirra sem meira hafa frá þeim sem minna hafa. Það er hins vegar gert í mörgum smáum skömmtum, en niðurstaðan er einfaldlega þessi: Ríkissjóður er að taka meira til sín af þeim verðmætum sem fyrir eru í samfélaginu en nokkru sinni og þess vegna er fráleitt og afleitt að ríkisstjórnin og þingmenn ríkisstjórnarinnar berji sér á brjóst og tali um byltingarkenndar skattalækkanir. Það er aðeins til þess að reyna að villa um fyrir fólki og draga upp ranga mynd af því sem er að gerast.

[18:03]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Skattálögur geta aldrei orðið einhver nákvæm vísindi og þó menn uppfæri verðlag á sköttum á hverju ári munu slíkir skattar aldrei koma nákvæmlega jafnþungt niður. Nú er verið að tala um skatta á bifreiðaeigendur. Hverjir hafa orðið fyrir einna mestu álögum og hækkunum á verðlagi undanfarið aðrir en bifreiðaeigendur? Við höfum séð orkuverð, bensínverð og olíuverð hækka gríðarlega á undanförnum mánuðum. Ríkisstjórnin hefur tekið ákvarðanir um að hækka skatta á bifreiðaeigendur sem eiga að koma til framkvæmda á næsta ári. Samt sjá menn ástæðu til þess að bæta í. Ríkissjóður er ekki að missa af tekjum frá bifreiðaeigendum, því tekjur frá bifreiðaeigendum hafa sennilega aldrei verið hærri en núna og fyrirhugaðar skattahækkanir vegna þeirra breytinga sem verða á þungaskattinum koma auðvitað til viðbótar við önnur gjöld. Það var því í sjálfu sér aldrei nein þörf hjá ríkissjóði að hækka gjöldin núna vegna þess að hann væri að missa af einhverjum tekjum frá bifreiðaeigendum. Ég held að meiri ástæða hefði verið til þess að gera eins og gert var fyrir nokkrum árum þegar olíuverð hækkaði verulega á heimsmarkaði og orkuverð innan lands, bensín- og olíuverð, hækkaði mikið. Þá kom ríkissjóður til móts við bifreiðaeigendur með því að breyta bensíngjaldi og öðrum gjöldum á bifreiðaeigendur. Það er ekki aldeilis verið að því núna, í vonandi toppi þeirrar orkuverðshækkunar sem hefur verið kemur ríkissjóður og heimtar meira fé af bifreiðaeigendum, ekki bara í frumvarpinu heldur í álögum sem hefur verið ákveðið að komi á næsta ári.

Mér finnst að rökin sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur fært fram um að færa þurfi gjöldin upp með verðlagi standist ekki í ljósi þessa. Við erum með gjöld á bifreiðaeigendur um 20 milljarða á ári. Yfirleitt eru þau rökstudd með því að þetta sé notað til að viðhalda vegum og nýframkvæmdum í vegum, en það er gríðarlegur afgangur af þeim upphæðum ár frá ári og þær upphæðir renna í ríkissjóð í annað en vegakerfið.

Hér er því að mínu viti meðvituð hækkun á álögum á bifreiðaeigendur á ferðinni. Það getur ekkert annað verið, því auðvitað hljóta menn að þurfa að leggja saman þær álögur sem ríkisstjórnin setur á hverjum tíma á bifreiðaeigendur. Við sjáum hvern daginn líða af öðrum þar sem ræddar eru hækkanir á gjöldum og sköttum í framhaldi af hinu mikla skattalækkunarfrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Það er full ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort næsta ár muni ekki koma út í mínus fyrir marga hvað varðar skatta. Hitt er ekki í hendi sem menn eiga að fá í skattalækkanir í framtíðinni. Það er að vísu laukrétt að einhverjir hópar munu græða á þeim skattalækkunum sem fram undan eru á komandi ári, en það eru þeir sem best eru staddir í samfélaginu en ekki hinir.

Það er líka ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort persónuafslátturinn sem hækkaði núna hefur verið hækkaður nóg, ef þær röksemdir eiga að duga sem hv. þm. Pétur H. Blöndal lagði fram um að viðhalda ætti gjöldunum í einhvers konar jafnvægi, sem verður auðvitað aldrei hægt. Menn verða að horfa til þess hvað gerist í raun, en ekki hvað spárnar gera ráð fyrir hjá ríkisstjórninni sem aldrei standast. Þess vegna hefur persónuafslátturinn kannski einna helst úrelst með þeim hætti sem menn þekkja.

Byltingin heldur áfram að éta börnin sín. Byltingin í skattamálum ríkisstjórnarflokkanna skilar a.m.k. ekkert óskaplega miklu á næsta ári, nema til þeirra sem betur mega sín, en ríkið græðir sem aldrei fyrr. Það er nokkurn veginn ljóst og eru spár sem hafa staðist hjá ríkisstjórninni undanfarin ár og rúmlega það, að ævinlega hefur komið meira í ríkissjóð á árinu sem fram undan er en spáð hefur verið. Ég held að það sé nokkurn veginn óhætt að treysta því að það skili sér í ríkissjóð sem menn spá að komi í hann á næsta ári og líklega meira. Það þýðir að ríkið innheimtir meiri skatta af þjóðinni en áður. Menn geta svo sem fundið einhver rök fyrir því að það komi af hinum og þessum ástæðum, ekki skattahækkunum, en greinilegt er að sumt af því á að koma með skattahækkunum. Það hefur sést á þeim frumvörpum og málum sem við höfum rætt undanfarna daga.

Búið er að ákveða að hækka brennivínið og er það komið í gegnum Alþingi. Aukatekjur ríkissjóðs eiga að hækka um 10%. Það mál var rætt í gær og nú ræðum við um hækkun á bifreiðaeigendur, sérstaka hækkun ofan á þá hækkun sem var ákveðin og liggur fyrir að komi til framkvæmda á næsta ári.

Ég held að ástæða sé til þess að menn velti því fyrir sér hversu langt eigi að ganga með þessum hætti áður en menn breyta því kerfi sem notað er til þess að leggja álögur á bifreiðaeigendur. Auðvitað ættu menn að taka umhverfismálin miklu meira inn í en gert er og leggja álögur á bifreiðaeigendur í takti við það sem það kostar samfélagið að nota bílana. Það er ekki gert í dag en þarf að endurskoða álögur ríkisins með það í huga að hafa áhrif á hvernig bíla menn nota, hvernig bílarnir fara með göturnar og andrúmsloftið. Allt þetta þarf að taka inn í þá stefnu sem menn hafa hvað varðar álögur á bifreiðaeigendur. Síðan þurfa menn líka að endurskoða, að mínu viti, að láta bifreiðaeigendur greiða sérstaklega í ríkissjóð langt fram yfir það sem vegakerfið þarf á að halda. Það kann vel að vera að þegar menn endurskoða málin í heild sinni komi eitthvað annað út en ég ræði hér um, einfaldlega vegna þess að umhverfismálin hafa ekki verið skoðuð með nægilega góðum hætti fram að þessu en þurfa auðvitað að fá þá skoðun.

Mér finnst ástæða til þess að nefna þetta í umræðunni. Ég tel að rökin fyrir því að hækka gjöldin á bifreiðaeigendur séu ekki til staðar, einfaldlega vegna þess að ríkissjóður er í miklum plús gagnvart hækkunum á bifreiðaeigendur. Bifreiðaeigendur hafa ekki bara orðið fyrir miklum álögum vegna hækkana á orkuverði, heldur líka vegna hækkana á tryggingagjöldum og öðrum rekstrarkostnaði bifreiða á undanförnum árum. Fjölskyldum í samfélaginu sem þurfa að reka tvo bíla hefur fjölgað ár frá ári, einfaldlega vegna þess að bæði hjón eru á atvinnumarkaðnum og hér er ekki til almenningskerfi til þess að flytja fólk sem dugar og því þarf fólk að eiga tvo bíla.

Það er gríðarlegur útgjaldapakki sem hvert heimili í landinu greiðir vegna kaupa og rekstrar á bifreiðum. Mér finnst að ríkissjóður eigi ekki að fitna mikið á því að leggja skatta á þessa hluti. Það verða að vera betri rök fyrir því en hafa verið tínd til. Mér finnst rökin að viðhalda þurfi gjald-

inu vegna verðbólgu á undanförnum árum haldlítil þegar búið er að taka ákvörðun um að hækka gjöld á bifreiðaeigendur sem eiga að koma til framkvæmda á næsta ári.

[18:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sorglegt að heyra enn einu sinni sömu setningarnar um að verið sé að hækka skatta þegar verið er að lækka þá. (Gripið fram í.) Nei, þetta er bara þreytandi. (Gripið fram í.)

Með stjórnarskrárbreytingunni 1995 var kveðið á um að ekki mætti breyta sköttum nema með lögum. Eftir það töldu menn að ekki væri hægt að hafa sjálfvirkar vísitölubreytingar á krónutölugjöldum í skattalögum. Eftir það þurfum við að hækka gjöldin á hverju ári með ákvörðun Alþingis, jafnt persónuafslátt sem bifreiðagjöld og fleira. Það er ákveðið þannig núna.

Hv. þingmaður hefur kynnst fjármálastarfsemi, veit hvað verðtrygging er og veit hvað verðlag og verðbólga er. Hann á að vita að upphæð sem er óbreytt í verðbólgu rýrnar að raungildi, menn geta keypt minna fyrir hana. (**Gripið fram í:** Fjárlagafrumvarpið rýrnar líka, nema verðlag lækki.) Nema verðlag lækki, já.

Í fjárlagafrumvarpinu eru ákveðnar forsendur um verðlagshækkun á næsta ári og út frá þeim er gengið. Gjaldið sem við ræðum hér hefur ekki hækkað í tvö ár. Á sama tíma hefur verðlag hækkað um 7% og samt er gjaldið ekki hækkað nema um 3,5%. Ég spyr hv. þingmann: Er verið að hækka gjaldið að raungildi eða lækka það að raungildi? Ég fullyrði að það er verið að lækka það um 3,5% að raungildi. Ég vil fá svar við þessu.

[18:16]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvernig í ósköpunum getur það verið svo óskaplega mikilvægt að viðhalda álögum á bifreiðaeigendur þegar ríkissjóður hefur þegar fengið heimildir til að hækka gjöld á þá sömu gjaldendur á næsta ári um miklu hærri fjárhæð en hér um að tefla? Ég segi bara eins og er, að mér finnst að menn séu komnir út á undarlegar brautir hvað þetta varðar, þegar menn geta ekki horft á gjaldendahópinn og velt því fyrir sér hvað ríkissjóður er að gera gagnvart honum. Þetta gerist á sama tíma og bifreiðaeigendur borga hærri orkugjöld en þeir hafa líklega nokkru sinni gert.

Ég held því ekki fram að gjaldið hafi ekki rýrnað. En ríkissjóður hagnast fram yfir verðlagsforsendur. Það er 7% hækkun núna á næsta ári í fjárlögunum en raunverulega eru 3,5% verðlagsforsendur fyrir hækkunum. Hverjir eiga að fá þann mismun?

Mér finnst hv. þm. kominn á hálan ís í málflutningi sínum ef hann þarf að halda sig við þetta eina mál og getur ekki þolað að bent sé á að ríkissjóður fær fjármuni frá þeim hópi sem hér um ræðir með fleiri sköttum en þessum.

[18:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Oft þegar menn verða rökþrota þá fara þeir um víðan völl og tala um hitt og þetta.

Ég var að spyrja hv. þingmann um (Gripið fram í.) eitt ákveðið gjald sem lagt er á með skattalögum: Ef það er óbreytt í verðbólgu, hækkar það eða lækkar að raungildi? Ef verðbólgan er 7% og gjaldið hækkar um 3,5%, er það raunlækkun eða raunhækkun? Ég var að spyrja hv. þm. að þessu.

Ég var ekki að spyrja um álögur á skattgreiðendur. Ég var ekki að spyrja um eitthvað allt annað. Ég fékk svar við einhverju allt öðru.

Það að tekjur ríkissjóðs geti hækkað meira en hækkun á skattinum er vel þekkt. Ég nefndi fyrr í umræðunni lækkun á tekjuskatti fyrirtækja, sem lækkaður var úr 50% í 30% og síðan niður í 18%. Var það skattahækkun, herra forseti, eða skattalækkun? Tekjur ríkissjóðs af þeim skatti stórjukust en þar var samt ekki skattahækkun. (Gripið fram í.) Það er samt ekki skattahækkun þegar tekjur ríkissjóðs hækka vegna þess að umsvifin vaxa. Það er ekki skattahækkun. Þegar umsvifin vaxa og tekjur ríkissjóðs aukast af þeim sökum þá er það ekki skattahækkun. Ég ætla að biðja menn að rugla ekki saman tekjum ríkissjóðs og skatti á einstaklinga. Ég ætla að biðja menn um að rugla því ekki saman.

En ég spurði: Ef ákveðið gjald hækkar um 3,5% í 7% verðbólgu er það þá raunlækkun eða raunhækkun? Ég vil fá skynsamlegt og rökstutt svar.

[18:19]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef tekjur ríkissjóðs hækka um 7% á næsta ári en raunhækkun verðbólgu er 3,5%, er það raunlækkun eða raunhækkun? (**PHB:** En spurningin.) Mér finnst ég ekki þurfa að svara því. Auðvitað vitum við að verðbólgan rýrir krónutöluna. Þannig er það. Þurfa menn að svara svona spurningum í þingsal? (Gripið fram í.) Ég hélt því hins vegar fram að menn mættu ekki gleyma að reikna með því að þeir væru þegar búnir að hækka álögur á bifreiðaeigendur, að þeir væru búnir að ákveða hærri álögur á bifreiðaeigendur. (**PHB:** Allt annað mál.) Já, allt annað mál, það er bara búið að því.

Mér finnst ástæða til þess að hv. þingmenn muni eftir skattahækkunum sínum þegar þeir bæta við nýjum álögum. Bifreiðaeigendur greiða á næsta ári, ekki 350 millj. kr. í viðbót ofan á gjöldin sín heldur 470 millj. kr. samkvæmt því sem liggur fyrir í hækkunum. Hv. þingmenn reyna þá að beina umræðunni inn í það að viðhalda gjöldunum gagnvart verðbólgunni. Það hefur þeim aldrei tekist þegar um hefur verið að ræða persónuafslátt hjá einstaklingum. Þá hafa verðlagsforsendur fjárlaga verið notaðar en raunverulegar forsendur, verðlagið, hefur gleymst.

[18:21]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er örugglega einhverjum sem finnst skrýtið að stjórnarþingmenn reyni að útskýra skattamál fyrir þingmönnum Samfylkingarinnar. En ég held að það sé þess virði og þetta er allt að koma. Ég vil nota tækifærið og óska hv. þm. Jóhanni Ársælssyni til hamingju með svörin við spurningum hv. þm. Péturs Blöndals. Það vísar á gott.

Ég held að málið snúist um að fara hægt í gegnum þetta

með hv. þingmönnum Samfylkingarinnar lið fyrir lið. Ég er sannfærður um, virðulegi forseti, að ef við eyðum nógu miklum tíma og förum nógu skýrt í gegnum þetta þá fari þetta í gegn hjá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar. Ég held að það gerist. (**GÁS:** Þú verður að skilja eitthvað í því sjálfur.)

Ég ætla hins vegar að spyrja hv. þm. Jóhann Ársælsson að einu, vegna þess að hér hefur Samfylkingin talað mikið um hækkun skatta og gott betur. Þeir hafa tilgreint það sem þeir telja hækkun skatta. Þar er m.a. afnám sérstakrar ívilnunar vegna séreignarlífeyrissparnaðar. Ég vildi gjarnan að hv. þm. Jóhann Ársælsson útskýrði fyrir þingheimi og þeim sem fylgjast með, virðulegi forseti, hvernig afnám þessarar ívilnunar getur verið skattahækkun (**GÁS:** Ætlaðir þú ekki að útskýra þetta?) því að ... (**LB:** Þú ætlaðir að fara hægt í gegnum þetta og útskýra þetta. Hvað, ertu hættur?)

Virðulegi forseti. Hér er kallað fram og ætmt frá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar að það sé slæmt að ég skuli spyrja því að ég eigi að útskýra þetta. Þetta er leið til að læra, að spyrja fyrst þá aðila sem halda þessu fram. Ég ætla fyrst að sjá hver skilningur þeirra er og svo skulum við fylgja því eftir. En ég vil gjarnan fá svar við þessu, hv. þingmaður, hvernig þetta má teljast skattahækkun.

[18:23]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er nokk sama hvað menn kalla þetta afnám ívilnunarinnar. Það hlýtur þó að þýða að menn missi af einhverju sem þeir hafa fram að því fengið.

Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort það þurfi ekki að fara hægt í gegnum það fyrir hv. þingmann með hvaða hætti menn leggja skatta á og að ástæða sé til að gera það rólega, að menn rifji upp hvaða skatta þeir eru búnir að leggja á áður en þeir ákveða að hækka aðra eða leggja á nýja skatta. Þegar um er að ræða sömu hópana, bifreiðaeigendur í þessu tilfelli, þá ættu menn að fara vel yfir stöðuna hjá viðkomandi hópi. Hefur ríkið verið að leggja nýjar álögur á þann hóp og stendur til að nýjar álögur á hópana komi til framkvæmda? Hver er almenn staða bifreiðaeigenda t.d. núna? Hún gefur ekki tilefni til að ríkissjóður leggi til sérstakrar atlögu við þá og reyndar reka nánast allir í landinu bifreiðar.

Það að hv. þingmenn hafi gleymt því að hér voru sett lög sem þýða hækkanir á bifreiðaeigendur á næsta ári, þegar þeir koma með þessa skattahækkun að auki, bendir til að þeir þurfi að setjast öðru hvoru niður og fara rólega yfir það sem þeir hafa gert í skattamálum.

[18:25]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi skilið hv. þingmann rétt, að hann viðurkenndi að svokölluð skattahækkun sem Samfylkingin hefur talað um er engin skattahækkun. Hún er að sjálfsögðu engin skattahækkun. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir að vera það heiðarlegur að gangast við því.

Þetta er enn eitt dæmið um rangfærslur og útúrsnúninga hjá þingmönnum Samfylkingarinnar í umræðum um skattamál. (Gripið fram í.) Hér hefur staðið upp úr hverjum þingmanni Samfylkingarinnar á fætur öðrum að um sé að ræða skattahækkanir og m.a. vitnað í þetta afnám ? (Gripið fram í.) Fyrirgefðu, hvað sagði hv. þingmaður? (**JÁ:** Skiptir breytingin engu máli?) Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr hvort þessi breyting skipti engu máli. Það var enginn að tala um það. Hér komu menn upp, hver á fætur öðrum og töluðu um skattahækkanir.

En, virðulegi forseti, þeir hafa gengist við því að þeir hafi farið rangt með og ekki kallað hlutina réttum nöfnum. Þeir eru að blekkja meðvitað og þannig hafa menn gengið fram við þessa umræðu af Samfylkingarinnar hálfu. Það má öllum vera ljóst eftir svar hv. þm. Jóhanns Ársælssonar.

[18:27]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst það mikilvægt eins og hv. þingmanni, að hlutirnir séu kallaðir réttum nöfnum. Það breytir ekki því að þessi breyting sem hv. þingmaður gerði að umræðuefni skiptir máli fyrir fólk. (**GÞÞ:** Þú kallaðir það skattahækkun.) Hæstv. forseti. Ég nefndi þetta mál reyndar aldrei í ræðu minni. (**GÞÞ:** Fyrirgefðu, félagar þínir.)

Ég held hins vegar að það sé rétt að halda sér við dagskrármálið sem hér er til umræðu, þ.e. hækkun á álögum á bifreiðaeigendur. Ég tel satt að segja að í hv. nefnd ættu menn að fara nákvæmlega yfir það hvaða hækkanir muni koma til framkvæmda á bifreiðaeigendur á næstu mánuðum og hverjar hafi komið til framkvæmda á síðustu mánuðum. Þannig sjá menn í raun hvað ríkisstjórnin er að gera varðandi álögur á bifreiðaeigendur. Ég tel fulla ástæðu til þess að það verði gert. Þetta er ekki sjóður sem hægt er að sækja í endalaust. Þarna er einn af stærstu útgjaldaliðum fjölskyldnanna í landinu og það á ekki að umgangast þennan skattahóp, þ.e. það fólk sem rekur bifreið, með þeim hætti að gæta ekki að því hvaða gjöld voru lögð á síðast þegar menn hækka álögur á ný.

[18:28]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hafði svo sem ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu en ég hlýt að vekja athygli á því hve mikið hefur þyngst í allri stemningu hjá stjórnarliðinu í för þeirra í skattamálum.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal stóð í þessum sama stól fyrir ekki allt of mörgum dögum og mátti vart mæla af fögnuði, æsingi og gleði yfir tekjuskattslækkun og fleira góðgæti sem í vændum var. Nú heyrum við hjá þeim ágæta hv. þingmanni og raunar kollega hans, hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni, sem er eins konar flautaþyrilsíhaldsþingmaður, kveða við allt annan tón. Nú eru þetta bara leiðindi og ? (**MÁ:** Hvað er þingmaðurinn, segirðu?) Flautaþyrilsíhaldsþingmaður.

Nú kveður bara við allt annan tón. Nú er ekkert gaman lengur og nú er það þannig að þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal er spurður af hverju gleðin sé ekki við völd eins og hér fyrri daga, þá er hann orðinn svo leiður og þreyttur.

Með öðrum orðum þá hefur hin meinta sigurför stjórnarliðanna í þá veru að lækka álögur á fólk í landinu og koma færandi hendi eins og jólasveinar gera gjarnan á þessum

tímum snúist upp í fullkomna andhverfu sína. Þeir hafa nefnilega allt í einu áttað sig á því — og kemur nú satt að segja vel á vondan, herra forseti, að þessir tveir þingmenn þurfi hér að sitja bekkinn. Hæstv. fjármálaráðherra er auðvitað löngu farinn, búinn að tala fyrir þessu skattahækkunarfrumvarpi sínu og hefur skilið eftir í kviksyndinu hv. þingmenn sem komu hvor um sig inn á þing með hrópum og köllum um að þeirra meginmál á þinginu og í lífinu sjálfu væri að lækka skatta á fólk. (**Gripið fram í:** Pétur er nú hættur.) En það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann, og það gerðist nákvæmlega í þessu samhengi.

Satt að segja, virðulegi forseti, vorkenni ég dálítið þessum hv. þingmönnum að þurfa að vera í þingsal á þessum myrku dögum stjórnarliða þegar skattalækkun öll hin stóra hefur snúist upp í andhverfu sína og hefur reynst vera skattahækkun og auknar álögur á fólk. Menn hafa sýnt fram á það að hinar meintu skattalækkanir á næsta ári, tekjuskattslækkun upp á 1%, að þegar allt er saman dregið þá eru þeir tæplegast að skila aftur til baka góssinu frá því í fyrra sem þeir tíndu saman í skattahækkunum.

Ég á erfitt með að setja mig í spor þessara hv. þingmanna. En ég vil þó reyna að skilja að þeim líður ekkert afskaplega vel við þessar kringumstæður. Við erum mannlegir í Samfylkingunni og hlustum á hjartslátt fólks. Ég finn að þeim er órótt. Ég heyri það alla leið hingað að þeim er órótt og kalt og heitt á víxl og líður illa undir þessum kringumstæðum því að þeir hafa blekkt fólk til fylgilags við sig. Það er ekkert öðruvísi, herra forseti.

Ég vil hins vegar ekki trúa því að þeir hafi gert það vísvitandi. Ég held að hreinn og klár barnaskapur hafi ráðið för í þessu sambandi og að þeir hafi gleymt sér í hita leiksins og í loforðaglaumnum og loforðaflaumnum fyrir kosningar. Ég vil a.m.k. reyna að trúa að svo sé. (Gripið fram í.) Ég vil trúa því, herra forseti. Nú bætist þriðji hv. þingmaðurinn við og eru þeir nú allir mættir í kviksyndið, skattalækkunarpostular Sjálfstæðisflokksins sem áttu þann draum æðstan að koma inn í þennan sal (**Gripið fram í:** Er þingmaðurinn ...?) og létta álögum af fólki. En veruleikinn hefur snúist í andhverfu sína og þeir hafa fengið það hlutskipti að þurfa að hanga á græna takkanum og greiða hér skattahækkunum atkvæði sitt með ýmsum hætti.

Menn voru með réttu að rifja það upp fyrr í þessari umræðu hvernig hlutirnir gengu fyrir sig til að mynda í gær í þinginu þar sem smáskammtur af skattahækkunum fór hér inn í formi aukagjalda ríkissjóðs. Menn fóru yfir það lið fyrir lið og gerðu það býsna vel, m.a. hv. þm. Jón Gunnarsson. Ég hlýddi á það með mikilli athygli og vænti þess að skattalækkunarpostularnir, hv. þingmenn Sigurður Kári Kristjánsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Pétur H. Blöndal sem eru nú orðnir talsmenn skattahækkana, hafi gert það líka. Þar fór hv. þingmaður m.a. yfir það að ranghermt var í forsendum frumvarpsins að þar hafi ekki verið hreyft við einu eða neinu eða afskaplega fáu frá því árið 1997. Hv. þingmaður rakti það lið fyrir lið í mjög ítarlegu máli hvernig menn hefðu staðið þessa vakt, m.a. hv. þm. Pétur H. Blöndal, í því að hækka þessi aukagjöld ríkissjóðs, sem eru auðvitað ígildi skatta, á árinu 2000 og á árinu 2001 og árinu 2002 og árinu 2003. Það er því bara ekki rétt að menn hafi ekki staðið vaktina í skattahækkunum. Ég vil að rétt sé rétt.

Á síðasta kjörtímabili og því kjörtímabili sem nú er senn hálfnað hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal sannarlega staðið vaktina í því að hækka allar þessu álögur með mikilli samviskusemi og ekki síst núna sem talsmaður Sjálfstæðisflokksins í efnahags- og viðskiptanefnd. Hann hefur staðið þessa vakt algjörlega upp á punkt og prik. Rétt skal vera rétt í þessu sambandi. Hann nýtur nú stuðnings ágætra félaga sinna sem voru kosnir hingað inn til að lækka skatta en hafa fengið það hlutskipti og hlutverk í hendur að hækka þá. Svona vill þetta nú stundum verða í lífinu, virðulegi forseti, að menn ráða ekki við hlutskipti sitt eða hafa ekki áttað sig á því inn í hvaða umhverfi þeir voru að fara og hverjir þeirra vinir voru sem þeir völdu á sínum tíma. Þannig er þetta nú bara og við verðum að horfast í augu við það. En alla hafa þeir samúð mína.

Það rifjast upp fyrir mér dæmi af þessum aukatekjum ríkissjóðs — þau voru nú mörg ágæt tínd til hér í umræðum í gær — sem er auðvitað hluti af þessari skattaumræðu sem við erum að fara í gegnum og birtist nú í dag. Skattahækkunin í dag er í formi bifreiðagjaldsins. Í gær voru það aukagjöldin. Ég vakti athygli á því í lok síðasta kjörtímabils hvernig menn nota allar smugur, allar matarholur sem finnast. Ég vænti þess að hv. þingmenn þekki það til hlítar hvernig menn sækja tugi milljóna, sennilega eru þær farnir að hlaupa á hundruðum núna, í formi útgáfu á vegabréfum og ökuskírteinum. Þar er nú ein matarholan sem skilar verulegum fjármunum í ríkissjóð í formi skatta. Og núna eru það bifreiðagjöldin. Það má ekki gleyma því. Það þarf að leggja það á.

Það eru ýmsar hliðar á þessu bifreiðagjaldi sem ég held að væri ástæða til að menn veltu fyrir sér. Það er auðvitað ekki allt réttlátt í þessari álagningu. Við þurfum ekki annað en fara niður í kjallara á þessu húsi og skoða ólíka bílaeign þingmanna. Þar er greitt nánast sama gjald á bíl sem getur verið upp á 4 millj. kr. og bíl að verðmæti upp á 400 þúsund. Það er bara þyngd bílsins sem ræður för en ekki verðmæti hans. Ég er svo sem ekki með neina sérstaka lausn á þessu. Þetta hefur verið svona um allnokkurt skeið. En þetta vekur mann til umhugsunar um hvort ekki eigi að skoða þetta skattaform miklu nánar en gert hefur verið.

Ég talaði um flautaþyrilshátt áðan, herra forseti, og ég get ekki annað en aðeins skýrt þá nafngift miklu betur. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson kom í þennan ræðustól, fór mikinn, gerði sig breiðan og vildi kenna mönnum lexíuna og hvernig bæri að lesa úr tölfræði og texta. Látum það liggja milli hluta. Hann hélt því fram eins og félagi hans og vinur hv. þm. Pétur H. Blöndal að allt væri þetta innan eðlilegra ramma og menn væru bara að fylgja verðlagsþróun. Ég heyrði hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson ekki halda svona ræðu úti í Ráðhúsi um daginn þegar var verið að hækka leikskólagjöld í Reykjavík. Ég heyrði hann ekkert tala í þá veruna að það þyrfti að láta leikskólagjöld fylgja verðlagi í landinu. Heldur hann öðruvísi ræður þar en hér eða (Gripið fram í.) hvernig víkur því við? (**GÞÞ:** Hvað sagði ég í ...?) Ef hv. þingmaður hefur lagt við hlustir og (**GÞÞ:** Hvað sagði ...?) Ég var að spyrja hv. þingmann að því hvort hann héldi sams konar ræðu úti í Ráðhúsi og hér. (Gripið fram í.) Ég var að spyrja hv. þingmann að því. Hafi hann hlustað þá

getur hann kannski svarað.

Það rifjast upp fyrir mér að ég man ekki eftir mjög mörgum ræðum hv. þingmanns í Ráðhúsi Reykjavíkur í svipaða veru og hér, þ.e. að mjög mikilvægt sé fyrir borgaryfirvöld í Reykjavík að breyta þjónustugjöldum. Og þar erum við svo sannarlega að tala um þjónustugjöld. Við erum ekki að tala um skattlagningu í formi aukatekna ríkissjóðs. Þar er verið að tala um þjónustugjöld. Ég þekki það úr sveitarstjórnarmálum og ég vænti þess (Gripið fram í.) að aðrir hv. þingmenn geri það líka. Svo talað sé um leikskólagjöld þá dekka þau kannski þriðjung af útgjöldum vegna leikskóla. Annað er tekið af almennu skattfé. Þar kemur þó vissulega þjónusta á móti. En því er ekki að heilsa hér þegar menn ræða um aukatekjur ríkissjóðs. En menn vilja kalla það því nafni því að það hljómar miklu betur en skattahækkanir. Við skulum kalla hlutina réttum nöfnum. Það fer alltaf best á því. Ég held að allir hljóti að vera sammála um það þegar til lengdar lætur.

Herra forseti. Vegamálin og skattálögur á bíla eru umhugsunarefni. Við ræddum það í þessum sal fyrir ekki margt löngu hvað hlutirnir geta nú tekið á sig skrýtna mynd satt að segja. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór yfir það og vakti sérstaka athygli á því að samráð olíufélaganna og óhófleg gjaldtaka olíufélaganna á eldsneyti og öðrum vörum hefði raunverulega leitt til þess að ríkissjóður hagnaðist a.m.k. um 600 milljónir. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði hæstv. fjármálaráðherra hvort ekki væri ástæða til þess að reyna að finna leið til að koma þessum ofteknu fjármunum sem sannarlega voru teknir af borgurunum til baka með einhverjum hætti. Þá var því svarað sisvona að búið væri að eyða þessum peningum og vonandi og væntanlega í uppbyggilega hluti og að ríkissjóður væri auðvitað sjóður allra landsmanna og menn yrðu bara að búa við þennan veruleika.

Mér datt þetta svona í hug í framhjáhlaupi. Þegar menn eru í þessum útreikningum í þá veruna að nú hallist á ríkissjóð og ekki megi bíða boðanna með að hækka bifreiðagjaldið til þess að halda í við verðlagsþróun, hafa menn þá nokkuð gaumgæft það að þessi jöfnunarreikningur er nú kannski ekki jafnskakkur fyrir ríkissjóð og raun ber vitni ef menn til að mynda líta til þess að bensíngjaldið skilaði inn miklu meiri tekjum í ríkissjóð en því bar að gera, allt vegna þess að oflagt var af hálfu olíufélaganna?

Þegar menn nálgast það viðfangsefni að ná inn tekjum fyrir ríkissjóð til þess að standa undir velferðarþjónustu þá þurfa þeir að gaumgæfa þessa stóru mynd. Málin eru bara ekki eins svart/hvít og menn vilja vera láta á þessu blaði hér. Langtum fleiri þættir spila þar inn í. Kjarni máls er þessi.

Virðulegi forseti. Það er auðvitað ljótt af mér að koma í ræðustól og auka enn á eymd og vonleysi hv. stjórnarþingmanna við þessar kringumstæður. Æsingur þeirra og gleði fyrir nokkrum dögum, eins og ég sagði, hefur snúist upp í andhverfu sína. Þreyta þeirra og uppgjöf er auðvitað alger. Það er ekki í stíl okkar jafnaðarmanna að leggjast svona á lítilmagnann. En ég gat ekki stillt mig.

[18:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fullyrði að hv. þingmaður vorkennir mér ekki neitt. Ég fullyrði að hv. þingmaður hafi enga samúð með mér. Ég fullyrði að það sem hann er að segja hérna á tilfinninganótum er ekki rétt. Þetta er slagur, herra forseti.

Gleði mín og hamingja yfir skattalækkununum sem við ræddum fyrir nokkrum dögum er enn til staðar. Ég þarf bara að hugsa um það og þá verð ég glaður aftur.

Það sem þreytir mig er að þurfa að spyrja þingmenn Samfylkingarinnar þrisvar sinnum sömu spurningarinnar. Það þreytir mig, en ekki nógu mikið til þess að gleðin hverfi.

Við höfum lækkað eignarskatt, fellt hann niður. Við höfum lækkað erfðafjárskatt og gert hann mjög einfaldan. Við erum búin að einfalda fjármagnstekjuskattinn og við erum búin að fella niður hátekjuskattinn. Er það ekki gleðilegt? Vissulega, og ég varð glaður og ég er enn þá glaður.

Svo ætlum við að lækka tekjuskattinn um 4%, herra forseti. Þetta er til framtíðar.

Ég ætla að spyrja hv. þingmann enn einu sinni: Þegar krónutala í gjöldum er hækkuð um 3,5% og verðbólgan hefur verið 7%, er það þá raunlækkun eða raunhækkun?

Ég ætla að spyrja aftur, herra forseti, ef ég má: Þegar krónutala í gjöldum hækkar um 3,5% og verðbólgan hækkar um 7%, er það raunlækkun eða raunhækkun? (**Gripið fram í:** Er þetta spurning?)

[18:44]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt eitt andartak að það væri að taka sig upp gamalt bros hjá hv. þingmanni. En það var ekki nema örskotsstund. Svo þreyttist hann fljótt aftur og endurtók spurningu sína sem hann er búinn að spyrja 15 sinnum hér seinni partinn og búinn að fá 15 sinnum svör við. Hann er eins og rispuð plata.

Ég hlýt að sjá aumur á hv. þingmönnum og endurtaka ekki það sem búið er að segja við hv. þingmann allnokkrum sinnum hér í dag.

Nú bið ég hann að reyna eins og hann getur að halda brosinu þó ekki væri nema þessar tvær mínútur sem hann er í ræðustóli til að maður fái það á tilfinninguna að hann sé að ná þrótti sínum og krafti á nýjan leik. Það gleður mig því að ég er mannvinur. (**Gripið fram í:** Ætlarðu ekki svara?)

[18:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reyni að hugsa eins og ég get um skattalækkanir ríkisstjórnarinnar svo gleði mín haldi. Það er nefnilega mjög þreytandi þegar ég spyr spurninga og ég fæ ekki svar. Það er mjög þreytandi, herra forseti, og jafnvel öll gleðin yfir skattalækkununum dugar ekki til að vega upp á móti þeim leiðindum. En ég vil endurtaka aftur að það er virkilega stórkostlegt og það hefði einhver átt að segja mér fyrir sjö árum að eignarskatturinn yrði felldur niður. Það er stórkostlegt, herra forseti, þannig að nú hef ég tekið gleði mína aftur og ég spyr hv. þingmann aftur: Ef gjöld sem eru krónutala hækka um 3,5%, eins og í þessu frumvarpi, í 7%

verðbólgu er það raunlækkun eða raunhækkun? (**Gripið fram í:** Það er langt í gleðistund.)

[18:46]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er augljóst að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er sár og hann gat ekki einu sinni komið og svarað þeirri einföldu spurningu sem hv. þm. Pétur H. Blöndal spurði hann að. Hann er svo sem búinn að ganga í gegnum ýmislegt undanfarna tvo daga, hv. þm. og formaður Alþýðuflokksins. Það er búið að upplýsa að Samfylkingin hefur tekið upp utanríkisstefnu Alþýðubandalagsins og skattastefnu þess.

Þegar hv. þm. var í þingflokki Alþýðuflokksins átti tekjuskatturinn ekki að vera hærri en 35%, virðulegi forseti. Það er farið. Nú berjast menn með oddi og egg gegn öllum skattalækkunum. Svo kemur þingmaðurinn upp og segir að það eigi að kalla hlutina réttum nöfnum en það er búið að afhjúpa hér í umræðunni að það sem þeir hafa kallað skattahækkanir er eitthvað allt, allt annað.

Hann var svo ótrúlegur að fara að ræða borgarstjórn Reykjavíkur og segir hér, virðulegi forseti, að ég hafi haldið einhverja ræðu um leikskólamál í borgarstjórn Reykjavíkur sem hefði verið á allt öðrum nótum en ræður mínar hér. (**Gripið fram í:** Spurðu ...) Nei, nei, hv. þm. sagði að ég hefði haldið ræðu. Og ég spyr hv. þm. og vil gjarnan fá svar við því, hann getur ekki talað sig út úr því, hvaða ræðu er hann að vísa í? Hvað er maðurinn að fara, hv. alþingismaður Guðmundur Árni Stefánsson? Því hann upplýsti að hann væri búinn að hlusta á margar ræður um leikskólamál sem ég hefði haldið í borgarstjórn Reykjavíkur og ég vildi gjarnan fá að vita hvað það er nákvæmlega í þeim ræðum sem er í ósamræmi við það sem við erum að ræða hér í dag.

[18:48]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að játa á mig þá synd að ég hef aldrei farið út í Ráðhús og hlustað á ræður hv. þm. og ætla aldrei að gera það. En ég hef hins vegar heyrt eftir honum haft í dagblöðum og ljósvakamiðlum, stundum kannski allt of mikið, í þá veruna að hann talar mjög mikið um mikilvægi þess úti í Ráðhúsi og í borgarstjórn Reykjavíkur að lækka þurfi álögur á fólk og hann talar mikið um mikilvægi þess að þjónustugjöldum þurfi að stilla í hóf. Svo víkur því svo við, og þar kemst ég ekki hjá því, virðulegi forseti, að þurfa að hlusta á ræður hans, að í þessum sal talar hann hins vegar með allt öðrum hætti, þá talar hann um mikilvægi þess að ríkissjóður fái sitt og ver það núna með ráðum og dáð, bæði í gær og í dag, að hækka álögur í aukatekjum ríkissjóðs sem eru auðvitað ígildi skatta. Nú vill hann hækka bifreiðagjöldin og álögur á bifreiðaeigendur í landinu. Það er þessi flautaþyrilsíhaldsháttur sem ég var að vísa til áðan og ég heyri nú ekkert hjá hv. þm. sem gerir það að verkum að ég þurfi endilega að skipta um skoðun eða heiti í því sambandi.

[18:49]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði þegar ég hóf andsvör mín að það væri bara spurning um að fara hægt í gegnum þetta og þá mundi þetta fara alveg í gegn hjá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar og það er að koma á daginn. Nú er það upplýst að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, sem vitnaði í ræður mínar í borgarstjórn Reykjavíkur um leikskólamál, hefur aldrei hlustað á neinar ræður, a.m.k. ekki mínar, í Ráðhúsi Reykjavíkur og er búinn að lofa því alveg sérstaklega að gera það aldrei.

Hvers vegna hv. þingmanni datt í hug að nefna R-listann og hækkanir á þjónustugjöldum og hækkanir á skatti í þessari umræðu sem rökstuðning í máli sínu er algjörlega óskiljanlegt. Við erum ekkert að tala um það þegar hækkanir eru á þjónustugjöldum hjá R-listanum, eitthvað sem fylgir verðlagi, virðulegi forseti. Við erum ekkert þar. En þegar við erum að tala um skattamál, þá koma menn þar glaðir og keikir og segja: Nú ætlum við að ræna tekjuskattslækkun ríkisstjórnarinnar, og eru ekkert að fara neitt í felur með það, hækka bara skattana hvort sem það er útsvar eða fasteignagjald.

Bara til að upplýsa þig, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, þá eru fasteignagjöldin búin að hækka um 91% að raungildi, 25 þús. kr. á hvern einasta einstakling frá því að R-listinn tók við, fyrst og fremst út af beinum skattahækkunum. (Gripið fram í.) Og við skulum, virðulegi forseti, endilega bera saman stjórn Reykjavíkurborgar, R-listans, og ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Þar er skýr munur. Svo getum við farið ekki bara í skatta og þjónustugjöld, virðulegi forseti, heldur líka í skuldamálin. Það er annar þáttur.

[18:52]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei sérstaklega gefið mig út fyrir að vera sérlega glaður í þessari skattaumræðu því að ég hef haft áhyggjur af fólki, skattgreiðendum í landinu, um leið og skattapólitík ríkisstjórnarinnar kom inn í þennan sal. Ég þarf því ekkert að undirgangast það að vera skælbrosandi í ræðustól og reyna að telja fólki trú um að ég sé afskaplega glaður með þessa stöðu mála.

Innskot hv. þingmanns sannaði eiginlega nákvæmlega það sem ég sagði, að honum veitist afskaplega létt að gagnrýna það úti í Ráðhúsi að stundum þurfi að hækka álögur á fólk, hvort sem það er í formi þjónustugjalda, útsvars eða fasteignagjalda, ég ætla ekkert að leggja mat á það. Hins vegar vitum við öll í þessum sal að sveitarfélögin í landinu, og ég hugsa að hv. þingmaður viti það kannski ekkert síður en hver annar, hafa verið keyrð niður af ríkisvaldinu og vantar eðlilega fjármuni til reksturs þjónustustigsins. Það er hins vegar önnur saga. Síðan kemur hv. þingmaður í þennan sal og byrjar að halda allt aðra ræðu og telur bara afskaplega eðlilegt og sjálfsagt að menn hækki álögur á fólk í hvaða formi sem það er, bifreiðagjald, bensíngjald, aukatekjur ríkissjóðs og hvaða nöfnum sem hann kann að nefna.

Að lyktum, bara til að halda því til haga, herra forseti: Samfylkingin er afskaplega skýr í stefnumörkun sinni í þessum efnum. Hún vill lækka matarverð um helming, það sama og Sjálfstæðisflokkurinn lofaði fyrir kosningar en hefur svikið eftir þær. (Gripið fram í.) Samfylkingin vill hækka persónuafsláttinn og hún vill strax á næsta ári skila

til baka einhverju af þeim ránsfeng sem búið er að taka af barnafjölskyldunum í landinu með því að snarhækka barnabætur strax á næsta ári. En það ráða þeir auðvitað ekki við, blessaðir stjórnarliðarnir, frekar en svo margt annað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 1. umr.

Frv. HBl, 386. mál (andaveiðar). — Þskj. 478.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–8. mál.

Fundi slitið kl. 18:55.

---

46. FUNDUR

fimmtudaginn 2. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 2004, stjfrv., 76. mál, þskj. 403, frhnál. 495 og 496, brtt. 497. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Málefni aldraðra, stjfrv., 85. mál, þskj. 85, nál. 479, brtt. 480. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Bifreiðagjald, stjfrv., 377. mál, þskj. 462. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Úrvinnslugjald, stjfrv., 394. mál, þskj. 501. — 1. umr.
5. Húsnæðismál, stjfrv., 220. mál, þskj. 223, nál. 499, brtt. 500. — 2. umr.
6. Rannsóknir og nýting á jarðrænum auðlindum, stjfrv., 374. mál, þskj. 459. — 1. umr.
7. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 396. mál, þskj. 503. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá stjórn Kvenréttindafélags Íslands.
Erindi frá Mannréttindastofnun háskólans í Åbo.
Erindi frá Mannréttindastofnun Rauls Wallenbergs.
Erindi frá Mannréttindastofnun Noregs.

[10:31]

Útbýting:

Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, 398. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 505.

Fjárhagsstaða forsjárlausra feðra, 397. mál, þáltill. GÖrl o.fl., þskj. 504.

Fæðingarorlofssjóður, 138. mál, svar félmrh., þskj. 487.

Opinber hlutafélög, 395. mál, þáltill. ÁI, þskj. 502.

Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, 399. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 506.

Umræður utan dagskrár.

Skuldastaða heimila og fyrirtækja.

[10:32]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Skuldir íslenskra heimila og fyrirtækja hafa aukist gríðarlega undanfarin missiri og eru þær mun hærri hér en í nágrannalöndunum. Íslensk heimili skulda núna um 800 milljarða kr. samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands, þ.e. sem nemur allri árlegri lánsframleiðslunni. Til samanburðar kostar allt heilbrigðiskerfið minna en einn tíunda þessarar upphæðar. Hvert einasta mannsbarn á Íslandi skuldar því tæplega 3 millj. kr. en skuldir heimilanna voru rúmlega helmingi lægri fyrir fimm árum.

Skuldir heimilanna voru 20% af ráðstöfunartekjum árið 1980 en í árslok 2003 var þetta hlutfall komið upp í 180%. Það hafði nífaldast á tímabilinu. Íslensk fyrirtæki skulda um 1.300 milljarða kr. og hafa skuldirnar meira en tvöfaldast á fimm árum. Alþjóðlegur samanburður sýnir að skuldir íslenskra fyrirtækja eru með þeim hæstu sem þekkjast meðal þróaðra ríkja heims. Heildarskuldir íslenska þjóðarbúsins eru rúmlega 2.400 milljarðar kr. sem er þreföld landsframleiðslan. Þar af eru erlendar skuldir um helmingur af heildarskuldunum og er Ísland eitt skuldugasta iðnríki í heimi. Greiðslubyrði af erlendum lánum hefur aukist gífurlega mikið. Greiðslur til útlanda í vexti og afborganir af erlendum lánum kosta rúmar 6 kr. af hverjum 10 kr. sem þjóðin aflar í útflutningstekjum.

Herra forseti. Þetta eru ótrúlegar tölur en réttar. 60% af útflutningstekjum okkar fara í afborganir og vexti af erlendum lánum. Um 1% hækkun á erlendum vöxtum leiðir til um 12 milljarða kr. hækkunar á vaxtagreiðslum en fyrir þá upphæð mætti t.d. reka alla framhaldsskóla landsins. Innlend útlán innlánsstofnana í ár jukust um 70 milljarða kr. í október sl. Nýju íbúðarlánin námu í lok október um 55 milljörðum kr. en til samanburðar kostar rekstur alls Landspítalans um helming þessarar upphæðar.

Í Financial Times var Ísland sérstaklega nefnt sem dæmi um land þar sem erlend lán banka til að fjármagna lántökur heimila draga úr lánshæfi á alþjóðlegum mörkuðum. Í blaðinu kemur einnig fram að hækkandi skuldir heimilanna séu

einn þeirra þátta sem hægi á hagvexti. Allar þessar skuldatölur eru í sögulegu hámarki. Skuldir heimila og fyrirtækja hafa aldrei verið hærri og hafa aldrei hækkað jafnört. Það er því ríkt tilefni til að hafa áhyggjur. Þótt hér sé um að ræða skuldir heimila og fyrirtækja en ekki opinberra aðila geta stjórnvöld ekki litið fram hjá þeim. Ríkisvaldinu ber skylda til að stuðla að heilbrigði í efnahagskerfinu. Of mikil skuldsetning lýsir ekki heilbrigðu hagkerfi.

Nú getur sá tími runnið upp að fólk skuldi meira en sem nemur verðmæti fasteignar sinnar en við þekkjum mýmörg dæmi slíks varðandi bifreiðakaup. Of miklar skuldir hafa sundrað mjög mörgum heimilum og mörg sorgarsagan hefur orðið vegna of mikilla skulda. Okkur stjórnmálamönnum ber að vara við óæskilegri þróun. Það hefur ríkisstjórnin ekki gert. Hún hefur gert hið þveröfuga og ýtt undir væntingar og skuldasöfnun. Ríkisstjórnin gerir lítið úr varnaðarorðum óháðra aðila og hefur haldið væntingum í samfélaginu uppi með fagurgala, oflofi og sjálfshóli. Peningamálastefna Seðlabankans virðist hafa lítil áhrif.

Nú er verðbólgan á uppleið, þenslan mikil og litlar eða engar mótvægisaðgerðir í ríkisfjármálum. Stefna stjórnvalda ýtir því undir aukna neyslu og hvetur almenning til að verja æ stærri hluta ráðstöfunartekna sinna í vaxtagreiðslur vegna neyslu líðandi stundar. Hið svokallaða góðæri sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa stært sig af er einfaldlega fengið að láni. Sé reyndar litið til meðalhagvaxtar hér á landi á árunum 1991–2001 sést að hann er nákvæmlega sá sami og meðalhagvöxtur OECD-ríkjanna. Á þessum 10 árum höfum við því verið um miðja deild en ekki í toppbaráttunni. Aukning neysluútgjalda heimila á sér ekki stoð í auknum kaupmætti en er fjármögnuð með lántökum, erlendum og innlendum, og þetta hafa Samtök atvinnulífsins bent á.

Það er því full ástæða til að leita svara hjá hæstv. forsætisráðherra um hvort hann hafi ekki áhyggjur af þessari gríðarlegu skuldasöfnun íslenskra heimila og fyrirtækja. Einnig er spurt hvort hæstv. forsætisráðherra hugi að einhverjum aðgerðum til að sporna við þessari þróun.

[10:37]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Á sama tíma og rétt er að hvetja til varkárni í sambandi við skuldsetningu, hvort sem það varðar heimili eða fyrirtæki, er ekki rétt að halda því fram að miklar erlendar skuldir séu merki um lausatök í hagstjórn. Það sem skiptir að sjálfsögðu höfuðmáli er hvers eðlis skuldirnar eru. Eru það opinberir aðilar sem skulda eða eru það einkaaðilar? Það liggur t.d. alveg ljóst fyrir að skuldsetning ríkisins hefur farið minnkandi. Skuldir ríkisins voru 35% af landsframleiðslu árið 1995 en nú stefnir í það í lok næsta árs að skuldir ríkisins verði 17%.

Það er heldur ekki rétt að fjalla um þetta mál þannig að talað sé um skuldasöfnun eins og einhvert meiri háttar efnahagslegt áfall sem stjórnvöld verði að takast á við. Við verðum að líta til þess í hverju verið er að fjárfesta. Þessar skuldir stafa m.a. af auknum fjárfestingum, arðbærum fjárfestingum. Við getum nefnt fyrirtæki eins og Alcoa, Norðurál og Alcan.

Ef við lítum til fyrirtækjanna að öðru leyti hafa t.d. skuldir sjávarútvegs og ýmissa iðnfyrirtækja staðið í stað á meðan skuldir ýmissa hátæknifyrirtækja og fjármálafyrirtækja hafa aukist verulega, bæði innan lands og á erlendum mörkuðum. Það er ekki óeðlilegt að þetta gerist vegna þess að þetta er sá hluti hagkerfisins sem eykst hraðast. Útrás íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði hefur gengið vonum framar og vakið mikla athygli erlendis. Þetta er mjög jákvæð þróun og það er ánægjulegt að þær skipulagsbreytingar sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir í íslensku efnahagslífi hafi stuðlað að uppbyggingu öflugra og framsækinna fyrirtækja, bæði innan lands og erlendis.

Það er líka nauðsynlegt að hafa í huga að á bak við skuldir fyrirtækjanna standa mjög miklar eignir. Þetta vill oft gleymast í umræðunni.

Hvað varðar skuldir heimilanna er rétt að hafa í huga að hér búa hlutfallslega miklu fleiri í eigin húsnæði en víðast hvar annars staðar í heiminum. Þetta stafar líka af því að aldurssamsetning þjóðarinnar er önnur þar sem hér er hlutfallslega meira um ungt fólk. Það er ekki óeðlilegt að hlutfall skulda sé hærra hér á landi en hjá þeim þjóðum sem eldri eru. Þetta gildir að sjálfsögðu líka hjá fyrirtækjunum þar sem mjög miklar eignir standa á móti skuldunum.

Það þarf að skoða heildarmyndina hvað varðar eignir og skuldir. Hér skiptir gríðarlegu máli að við búum við öflugt lífeyrissjóðskerfi. Heimilin hafa þannig lagt til hliðar mjög mikið á undanförnum árum og áratugum og menn horfa öfundaraugum til góðrar stöðu lífeyrismála hér á landi, m.a. í Noregi þar sem Norðmenn hafa lagt hluta af sínum olíuauð upp á tugmilljarða til að safna fyrir lífeyrisskuldbindingum. Það mun þó ekki duga þeim. Það er hins vegar ljóst að lækkun verðbólgunnar og hagstjórn á undanförnum árum hefur dregið úr óvissu hér á landi, bæði að því er varðar rekstur fyrirtækja og áætlanagerð heimilanna. Fyrirtæki fara fremur út í meiri skuldsetningu á heimili vegna þess að þau eru betur undir það búin að skuldsetja sig til framtíðar.

Ég sagði áðan að hins vegar væri rétt að stíga til jarðar af varúð og hvetja til þess að fólk skuldsetji sig ekki mikið. Það hefur verið jákvætt að þátttaka bankanna á íbúðalánamarkaðnum hefur aukist. Það er hins vegar mikilvægt að bankarnir hugi vel að áhættustöðu sinni að því er varðar þessa nýju útlánastarfsemi, jafnframt um fjármögnun lánanna og arðsemi þeirrar lánastarfsemi. Fjármálaeftirlitið fylgist með þessu eins og kom fram í ræðu forstjóra þess fyrir nokkru síðan sem er mjög mikilvægt. Það er líka mjög mikilvægt fyrir einstaklinga að huga að heildardæminu, hugsa ekki um of um lága vexti, heldur horfa á greiðslubyrðina og fara ekki út í lántökur vegna einkaneyslu.

[10:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Fyrir rétt tæpu ári hóf ég umræðu um mikla útlánaaukningu og vaxandi erlendar skuldir þjóðarbúsins. Til svara var þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson. Þá var mest til umræðu það mikla erlenda lánsfé sem bankarnir höfðu dælt inn í landið, m.a. til að fjármagna skuldsettar yfirtökur í atvinnulífinu, eignabreytingar í sjávarútvegi og fleira. 300 milljarðar í nýju erlendu lánsfé höfðu þá streymt inn í hagkerfið á undangengnu ári en á þessu ári hafa bankarnir snúið sér að heimilunum af auknum krafti.

Skuldir bæði fyrirtækja og heimila á Íslandi eru með því mesta sem þekkist í heiminum og skuldir þjóðarbúsins í heild út á við eru ískyggilega miklar. Þær þarf að greiða með einum eða öðrum hætti, hæstv. forsætisráðherra, og þó að gagnlegt sé að leita skýringa á þessum skuldum eru þær samt til staðar. Skuldirnar hverfa ekki þó að menn skilji af hvaða rótum þær eru sprottnar. Þær þarf að borga samt. Mér finnast hæstv. ráðherrar og hæstv. ríkisstjórn hafa mikla tilhneigingu til að reyna að fegra þetta ástand fyrir sér. Það er talað um góðkynja viðskiptahalla og annað rugl af því tagi.

Viðskiptahalli upp á 500 milljarða frá og með árinu í ár og til og með 2010 er gríðarlegt vandamál þegar hann bætist ofan á þær miklu skuldir sem fyrir eru. Í niðurlagsorðum skýrslu BSRB um þessi skuldamál segir, og ég held að okkur sé hollt að hafa það í huga:

„Hækkandi skuldir hafa því leitt til þess að stór hluti launþega hefur nú þegar ráðstafað hluta af launum sínum fyrir fram og því eru kollsteypur í efnahagslífinu nú líklegri en áður ef vextir fara hækkandi að nýju og aðstæður breytast til hins verra í hagkerfinu."

Þetta gildir um heimili, fyrirtæki og þjóðarbúið íslenska í heild út á við.

[10:45]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ungt par fer til náms og tekur námslán. Er það slæmt? Nei. Það er að fjárfesta í menntun sem er þjóðhagslega mjög gott. Síðan kemur þetta unga fólk til Íslands og kaupir sér íbúð og allt í einu vaxa skuldir heimilisins gífurlega. Er það slæmt, herra forseti? Nei. Það er gott vegna þess að eignin er á móti, það stendur eign á móti. Þetta fólk borgar í lífeyrissjóð alla ævi. Er það slæmt? Nei. Í lífeyrissjóðunum eiga Íslendingar rúmar 3 millj. að meðaltali, hvert einasta mannsbarn, litlu börnin líka. Það er meira en allar skuldir heimilanna sem er í lífeyrissjóðunum. Svo á fólk hlutabréf og lausafé þannig að staðan er ekkert slæm. Þetta er ekki slæmt þegar maður lítur á allar þessar eignir sem standa á móti. Þessar eignir hafa hækkað sem aldrei fyrr. Hækkun á íbúðarhúsnæði, hlutabréfum o.s.frv. geta menn aftur á móti sett spurningarmerki við.

Herra forseti. Við þurfum samt að gæta varúðar og fólk almennt þarf að gera það. Menn þurfa að átta sig á því hvað lántaka er. Lántaka er ekkert annað en ráðstöfun á framtíðartekjum viðkomandi einstaklings og hann hefur ekki nema takmarkaðar framtíðartekjur, sérstaklega ef hann er kominn á efri ár. Þetta þarf hver einasti einstaklingur að athuga. Og það er einstaklingurinn sem ég treysti til að athuga þetta. Ég held að stjórnmálamenn eigi ekki að hafa vit fyrir fólki í þessu.

Það er alveg á hreinu að mjög margir hafa tekið kollsteypu og farið offari í því að taka lán. Það sýna árangurslaus fjárnám, þau eru allt of mikil, og ég vara fólk við því núna að taka þessi ódýru lán nema til þess að fjárfesta í eignum sem hækka. Ekki t.d. í bílum, utanlandsferðum eða slíku.

[10:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka málshefjanda, hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni, fyrir að taka þetta mál til umræðu. Það mikla framboð sem fólkinu í landinu stendur nú til boða af lánsfé mun að líkum enn þá auka skuldsetningu heimilanna. Þeir möguleikar sem nú eru til upp á 90% eða allt að 100% fjármögnun íbúðarkaupa gera jafnframt kröfu til þess að fólk og lánastofnanir vandi mjög til allra áætlanagerða um greiðslu afborgana.

Lítið má út af bera í áætlunum um þjóðarhag svo að verðtryggð lán verði ekki venjulegum launþegum þungur baggi að bera og borga áratugi inn í framtíðina. Menn eru með langtímalánum að veðsetja lífskjör sín og greiðslubyrði í óvissu um hvað framtíðin beri í skauti sér. Greiningardeild Landsbankans telur að greiðslubyrði af lánum til heimilanna í landinu séu að jafnaði 20–25% af ráðstöfunartekjum þeirra. Þessa greiðslubyrði telja þeir að sjálfsagt megi lækka niður fyrir 20% af ráðstöfunartekjum með endurfjármögnun og nýjum lengri lánum.

Eins og áður sagði verður mikil skuldsetning ávallt varasöm. Fólkið og fyrirtækin í landinu eru nú þegar mjög skuldsett og eins og horfir um viðskiptahalla á næstu árum má lítið út af bera. Hátt verð á stóriðjuframleiðslu getur breyst og jafnan hefur verið erfitt að spá um verðþróun á þeirri vöru sem og sjávarafurðum okkar. Olíuverðið og framleiðslan eru með slíkri óvissu að spár á þeim markaði hafa nánast ekkert gildi. Þótt fasteignaverð hér á landi, sérstaklega á suðvesturhorninu, hafi hækkað nánast stöðugt undanfarin ár eru dæmi um allt aðra þróun, m.a. frá nágrannalöndum okkar. Varfærni er þess vegna lykilorð við núverandi aðstæður og brýnt er að stjórnvöld og við sem erum í stjórnmálum hvetjum ungt fólk sérstaklega til aðhalds og sparnaðar.

[10:49]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Það er staðreynd að skuldir heimila á Íslandi eru með því mesta sem þekkist í heiminum. Skuldir nema 180% af ráðstöfunartekjum. Þetta er hættulegt mark. Við lifum í eyðsluhvetjandi þjóðfélagi þar sem lífsgæðakapphlaupið er í algleymingi og aðgengi að lánsfé er nánast óheft. Lánastofnanir eru sífellt að auglýsa vöru sína sem er peningur á kostakjörum, eftir því sem helst má skilja, og síðan þarf ekki að hafa áhyggjur af því að greiða hann til baka. Þjónustufulltrúi þinn í bankanum sér um það.

Ótrúlega miklar yfirdráttarskuldir sýna svo að ekki verður um villst hvernig hin mikla umframeyðsla er fjármögnuð. Yfirdráttarlán einstaklinga sem liggja einhvers staðar kringum 60 milljarða kr. segja allt sem segja þarf um þær ógöngur sem margir einstaklingar og heimili eru lent í. Nýjustu tilboðin á lánamarkaði um allt að 100% lán til íbúðakaupa eru síðan nýjasta varan sem skuldurum stendur til boða. Ekkert mál. Kaupið það sem ykkur langar í, við fjármögnum og þú borgar seinna.

Hin mikla hækkun íbúðaverðs í kjölfar þessara nýju lána sýnir síðan hvernig aukið magn peninga í umferð skrúfar upp verð og eftir standa íbúðakaupendur með hærri skuldir en áður fyrir sömu vöru. Ríkið fitnar sem aldrei fyrr með

því að skattleggja þetta allt saman í formi stimpilgjalda sem greiða þarf af öllu saman.

Mikill fjöldi aðfararbeiðna og fjárnáms hjá einstaklingum sýnir að það getur verið hált á lánasvellinu og nauðsynlegt að umgangast gylliboð lánastofnana af varúð. Í þenslu eins og nú er er hætta á að verðbólgan fari af stað. Það munar um hvert prósent sem skuldir hækka við verðbólguna. Heimilin í landinu eiga mikið undir stöðugleika í efnahagsmálum. Það stendur því upp á ríkisstjórnina að fara varlega og draga eins og hægt er úr hækkun ýmissa gjalda sem hún hefur með að gera. Það hefur hún ekki gert undanfarna daga.

[10:51]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Við ræðum skuldastöðu fyrirtækja og heimila. Það kemur auðvitað ekkert á óvart að hv. stjórnarandstaða dregur hér upp sem dekksta mynd af stöðunni og að málflutningurinn er nokkuð einhliða. Staðan er sú að skuldastaðan er há en það þarf ekki endilega að þýða að efnahagslífið standi höllum fæti. Við ættum frekar að skoða ástæður þess að tölurnar eru eins og þær eru. Hver skyldi sú ástæða vera? Jú, hún er sú að staða efnahagsmála hér á landi er mjög traust. Hagstjórn síðustu ára hefur leitt til meiri stöðugleika en lengi hefur þekkst í íslensku efnahagslífi. Kaupmáttur hefur aukist um 40% frá árinu 1995 og stefnir í 55% aukningu í lok kjörtímabils. Þessi þróun er einstök þótt víða sé leitað.

Þessi langvarandi stöðugleiki hefur að sjálfsögðu þau áhrif að fyrirtæki og heimili lifa ekki í óvissu um næstu ár. Fyrirtæki sem og heimili eru því betur í stakk búin til að gera áætlanir til framtíðar og skuldsetja sig. Það kom t.d. fram í fjölmiðlum í síðustu viku að sjávarútvegurinn leið töluvert fyrir það fjárhagslega í síðustu kosningabaráttu að mikil óvissa var uppi um framhaldið vegna þess að stefna flokkanna er ólík í sjávarútvegsmálum. Það var því mikill léttir fyrir útveginn að stjórnarmynstrið skyldi haldast óbreytt. Þetta er dæmi um það hvað óstöðugleiki getur gert.

Að sjálfsögðu er eðlilegt að við stöldrum við og skoðum þróunina. Við eigum að hvetja til varfærni og ég tek undir aðvaranir hæstv. forsætisráðherra vegna neyslulána. Það er mjög mikilvægt að við myndum eignir á móti skuldunum. Við verðum þó að líta á heildarmyndina og passa okkur á því að mála ekki skrattann á vegginn þó að okkur bregði við tölurnar. Fyrirtækin í landinu standa í öflugri útrás sem er jákvæð þróun. Hún kostar mikið og eflir mjög fjármálakerfið hér heima.

[10:53]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við ræðum alvarlega skuldasöfnun þjóðarbúsins, heimila og fyrirtækja. Það er rétt að velta því fyrir sér hvað hefur verið að gerast undanfarið varðandi lántökur heimilanna en lántökur í erlendum gjaldmiðlum hafa farið mjög vaxandi, reyndar gríðarlega vaxandi á síðustu mánuðum.

Skuldir heimilanna í erlendri mynt hafa nær tvöfaldast frá því í júní en þá voru þær 10.643 millj. kr. en í september voru þær komnar í 16 milljarða og í október í 23,5 milljarða, þ.e. á milli september og október hækka erlendar skuldir heimilanna um 7 milljarða kr. og tvöfaldast á fjögurra mánaða tímabili.

Hvað mundi gerast ef gengið lækkaði og íslenska krónan veiktist á ný? Við búum nú við hæsta gengi íslensku krónunnar í meira en áratug og lægstu erlendu vexti sem hafa gilt um langt árabil. Við vitum að það mun ekki standa áfram. Hvað gerist ef íslenska krónan veikist um 10, 20 eða 30% sem fjármálasérfræðingar segja að muni gerast á næstu mánuðum eða missirum? Þetta mun gerast samhliða því að erlendar vaxtahækkanir munu koma líka yfir þannig að greiðslubyrði heimilanna vegna þessara erlendu lána getur vaxið um tugi prósentna á nokkrum mánuðum.

Með vaxtabreytingu úr 2 til 4% og gengisbreytingu um 10% mun mánaðarleg greiðslubyrði aukast um meira en 50%. Ég tel, herra forseti, að hér sé um alvarlega hluti að ræða og maður veltir fyrir sér hvernig ráðgjöf bankanna sem hafa nánast fjárhæð heimilanna í höndum sér er háttað. Auðvitað firra bankarnir sig ábyrgð með því að láta heimilin taka erlend lán. En hvernig er sú ábyrgð sem þeir eru farnir að veita?

[10:56]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson byggði framsöguræðu sína mjög á nýlegri skýrslu BSRB um skuldastöðu heimila og fyrirtækja. Það verður hins vegar að segja að sú skýrsla er á margan hátt mun jákvæðari en ráða mátti af ræðu hans sem stafar af því að í þeirri skýrslu eru dregnir fram fjölmargir þættir sem geta skýrt skuldastöðuna í samanburði við önnur lönd og hæstv. forsætisráðherra hefur ágætlega gert grein fyrir.

Það eru nokkrir mikilvægir þættir í þessu sambandi. Skuldir hins opinbera hafa dregist saman á undanförnum árum. Ríkið hefur í stórum stíl greitt upp skuldir sínar þótt sveitarfélögin hafi vissulega aukið þær. Frjálsræði á fjármagnsmarkaði veldur miklu um breytingarnar sem orðið hafa og þær hafa auðveldað mjög aðgang að erlendu lánsfjármagni sem í heildina er auðvitað góð þróun.

Það er hins vegar rétt að of mikil skuldsetning, skuldsetning umfram getu, getur valdið hættu og miklar erlendar skuldir gera þjóðarbúið viðkvæmara fyrir sveiflum. Íslendingar allir, bæði einstaklingar og fyrirtæki, verða þess vegna að gæta sín í lántökum og þurfa auðvitað að auka sparnað. Ég held að við getum öll verið sammála um það.

Það er ekki nóg að gera eins og stjórnarandstaðan gerir hér, að koma í ræðustól Alþingis og hafa óskaplegar áhyggjur. Menn verða líka að segja aðeins hvað þeir vilja gera.

Ég spyr: Vill stjórnarandstaðan hverfa aftur til hafta og miðstýringar á fjármálamarkaði? Vilja samfylkingarmenn sem töluðu hvað hæst um Evrópuvexti fyrir síðustu kosningar lýsa áhyggjum sínum í dag af því að vaxtastig til íbúðakaupenda hefur lækkað? Vilja menn bregðast við aukinni skuldasöfnun með því að hækka skatta á sparnað? Vinstri grænir hafa lagt fram tillögu um það í þinginu. Vilja stjórnarandstæðingar hjálpa ríkisstjórnarflokkunum að hemja vöxt hins opinbera í stað þess að koma alltaf með nýjar og nýjar útgjaldatillögur? Vilja menn í stjórnarand-

stöðunni hjálpa ríkisstjórninni að lækka skatta þannig að svigrúm heimilanna til að borga niður skuldir aukist?

[10:59]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Skuldir heimilanna í dag eru 800 milljarðar kr. og eigendur þeirra skulda eru að hálfu leyti Íbúðalánasjóður með 400 milljarða, fjórðunginn eiga bankarnir, 210 milljarða ef ég man rétt, og afgangurinn liggur að mestu leyti hjá lífeyrissjóðunum. Þróunin á næstu missirum verður með þeim hætti að hlutfall banka eykst upp í líklega 50% af kostnaði Íbúðalánasjóðs og skuldir heimilanna munu aukast.

Það er rétt sem kom fram í máli hæstv. forsætisráðherra, það eru eðlilegar skýringar að baki meginþorra skuldanna, húsnæði og svo má lengi telja. Því er hins vegar ekki að neita að íslensk heimili velta í dag á undan sér 60–80 milljörðum kr. í formi yfirdráttarheimilda, kortaskulda, skammtímalána o.s.frv. Þar liggur vandinn, sá alvarlegi vandi.

Það sem hefur vantað á og Frjálslyndi flokkurinn lagt áherslu á er að verkalýðsfélög í þessu landi, sveitarfélög í þessu landi og ríkisvaldið í þessu landi beini af krafti og ákveðni aðvörunarorðum að heimilunum í landinu. Það vantar upplýsingar til handa íslenskum heimilum til að auka sjálfstæði þeirra á nýjum tímum, á nýrri öld. Öll þekkjum við það að kveikja á sjónvarpinu og sjá gylliboð bankanna. Við þekkjum auglýsingar frá ólíkum fjármálafyrirtækjum af ýmsu tagi og þau líta mörg hver afar vel út. Aðvörunarorðin verða að koma frá bæði verkalýðsfélögum, sveitarfélögum og ríkisvaldinu svo að fólk fari ekki fram úr sér á okkar hröðu og erfiðu tímum.

[11:01]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Það kom fram hjá hv. málshefjanda að íslenska þjóðarbúið skuldar nú 2.400 milljarða kr., þ.e. þrefalda landsframleiðslu. 1.200 milljarðar af þessu eru í erlendum skuldum.

Hæstv. ráðherrar tala um aukinn hagvöxt undanfarinna ára. Það má segja að hann hafi að mestu leyti verið keyrður áfram af aukinni einkaneyslu. En á hvaða forsendum hefur vaxandi neysla almennings byggst? Að einhverju leyti má rekja hana til kaupmáttaraukningar undanfarinna ára en vöxtur neyslu hefur verið mun meiri en vöxtur kaupmáttar. Hraðari vöxtur neyslu en kaupmáttar bendir til þess að heimilin séu í auknum mæli að fjármagna framtíðarneyslu sína með lántökum.

Hér hefur komið fram að íslensk heimili eru mjög skuldsett. Talið er að skuldir þeirra séu um 200% af ráðstöfunartekjunum og hafi tvöfaldast sl. fimm ár. Skuldir heimilanna í erlendum myntum eru sérstakt áhyggjuefni. Hér hefur komið fram að þær séu komnar í 27 milljarða kr. og hafi hækkað um 200% frá sama tíma í fyrra.

Virðulegi forseti. Hvað gerist gagnvart þessum erlendu skuldum þjóðarbúsins og heimilanna ef gengið fellur um 15–20%, bandarískur dollari kostar í kringum 80 kr. og erlendir lánardrottnar hækka vexti sína um 1–1,5%? Getur það verið að í þessu dæmi sem ég er hér að taka hækki greiðslur okkar til erlendra lánardrottna um allt að 20 milljarða kr. á ári vegna þessa?

Ef þessi leikur minn að tölum er réttur skapast hér, ég ætla að leyfa mér að segja, bara erfitt ástand hjá okkur Íslendingum. Ég ætla ekki að kveða sterkar að.

Herra forseti. Skuldasöfnun heimilanna og þjóðarbúsins í heild sinni er verulegt áhyggjuefni, svo og sofandaháttur og sjálfumgleðiháttur ráðherra í núverandi ríkisstjórn gagnvart þessu.

[11:03]

Sæunn Stefánsdóttir:

Virðulegur forseti. Fyrir aldarfjórðungi var tekin upp verðtrygging fjárskuldbindinga á Íslandi sem leiddi til þess að skömmtunarstjórar lánsfjár þurftu að líta á lántakendur sem viðskiptamenn. Þessi bylting gjörbreytti íslensku samfélagi. Hún lagði grunninn að miklu frelsi í viðskiptum manna en í henni fólst líka að lántakendur og lánveitendur þurftu að taka ábyrgð á gjörðum sínum með öðrum hætti en áður var.

Í ljósi 25 ára reynslu og þegar rætt er um skuldastöðu heimilanna á Íslandi er vert að hafa nokkur atriði í huga. Í fyrsta lagi eins og forsætisráðherra benti á veldur aldurssamsetning þjóðarinnar því að það er eðlilegt að skuldir heimilanna séu hærri hér en hjá nágrannaþjóðunum.

Í öðru lagi ríkir hér á landi samstaða um sjálfseignarstefnu í húsnæðismálum.

Í þriðja lagi má nefna gríðarlega uppbyggingu húsnæðis síðustu 100 árin, úr nánast engu í einhverja mestu fermetratölu á mann í heiminum. Þetta tiltölulega nýja húsnæði er því eðlilega veðsett fyrir háar fjárhæðir.

Í fjórða lagi má svo nefna landfræðilega stöðu landsins sem leiðir til þess að húsnæðið þarf að vera dýrara og stærra þar sem við eyðum meiri tíma innan dyra en annars staðar þekkist.

Herra forseti. Lækkun verðbólgunnar og hagstjórn síðustu ára hefur leitt til meiri stöðugleika en lengi hefur þekkst í íslensku viðskiptalífi. Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar munu einnig leiða til aukins kaupmáttar almennings og um leið gera þær heimilum auðveldara að standa undir afborgunum lána. Þótt ég fagni frelsinu og auknum möguleikum sem felast í hagsældinni bið ég menn að gleyma sér ekki. Í þessu sambandi fannst mér það bæði ánægjulegt og ábyrgt þegar Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, lét hafa eftir sér varnaðarorð þegar bankinn tilkynnti að hann hygðist bjóða upp á 100% lán til húsnæðiskaupa.

Ég undrast líka að þessi varnaðarorð eða áminning skuli ekki hafa verið meira áberandi. Þetta segi ég vegna þess að þegar við, þ.e. mín kynslóð, veðsetjum eignir okkar og tökum há lán til að eignast húsnæði haustið 2004 erum við líka að ráðstafa tíma okkar og möguleikum í lífinu, í sumum tilvikum allan okkar starfstíma á vinnumarkaðnum.

Ég fagna breytingum sem orðnar eru á íslenskum fjármálamarkaði í kjölfar farsællar efnahagsstjórnar en geri orð bankastjórans að mínum og hvet lántakendur til að passa vel upp á frelsi sitt svo að það snúist ekki upp í andhverfu sína.

[11:05]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin. Það var hins vegar lítið sem ekkert að græða á svörum hans. Stjórnmálamenn eiga að koma með skýra leiðsögn og framtíðarsýn fyrir almenning. Hæstv. forsætisráðherra veitti enga slíka framtíðarsýn í svari sínu. Hann ypptir hins vegar öxlum og vísar öllu á fólkið í landinu.

Árangurslaus fjárnám einstaklinga hafa verið 17 þús. sl. fjögur ár, 17 þús., herra forseti. Ríkisstjórnin er hins vegar með viðhorf afskiptaleysis eins og kemur fram í afstöðunni gagnvart skuldastöðu almennings. Hv. stjórnarþingmenn kölluðu eftir hvað þeir gætu beinlínis gert. Ríkisstjórnin getur gripið til margra aðgerða við að leggja sitt af mörkum til að sporna gegn aukinni skuldasöfnun í samfélaginu. Í fyrsta lagi gæti ríkisstjórnin horfst í augu við vandann og viðurkennt hann.

Í öðru lagi gæti ríkisstjórnin tekið mark á þeim aðvörunarmerkjum í efnahagslífinu sem hlutlausir aðilar eru sífellt að benda henni á.

Í þriðja lagi gæti ríkisstjórnin lækkað matarskattinn eins og við í Samfylkingunni viljum gera. Það lækkar neysluverðsvísitölu og þar af leiðandi afborganir af lánum.

Í fjórða lagi gæti ríkisstjórnin lagt fram trúverðug fjárlög sem standast þegar á hólminn er komið.

Í fimmta lagi gæti ríkisstjórnin leyst sveitarfélögin úr spennitreyjunni sinni.

Í sjötta lagi má benda á ýmsar sérhæfðar leiðir, svo sem greiðsluaðlögun skuldugra einstaklinga.

Hæstv. forsætisráðherra og fleiri bentu á það að skuldasöfnun væri í sjálfu sér ekki vandamál þar sem eignir hefðu aukist jafnmikið á móti. Það er hins vegar ekki rétt. Seðlabankinn hefur bent á það að t.d. á síðasta ári hefur skuldamyndun fyrirtækja ekki nema að litlu leyti tengst fjármunamyndun fyrirtækjanna. Ég held að það sé alveg augljóst að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur beðið skipbrot og það hörmulega er að hún tekur með sér í fallinu þúsundir heimila sem eru að sligast undan lánum sínum.

Ég legg því til, herra forseti, að við snúum þessari þróun við og byggjum upp heilbrigt efnahagslíf byggt á minni lántökum.

[11:07]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þessi umræða hefur verið mjög góð og ég tel að hún hafi fært okkur heim sanninn um það að stefna ríkisstjórnarinnar í skattamálum er rétt. Hér hefur m.a. komið fram að það megi reikna með því að heimilið greiði jafnvel um það bil 20% af ráðstöfunartekjum sínum til afborgana lána og vaxta. Hvaða fólk skyldi þetta vera? Þetta er unga fólkið, fólkið með millitekjurnar og ríkisstjórnin er einmitt að lækka skattbyrði þessa fólks.

Stjórnarandstaðan hefur gert mikið úr því undanfarna daga að þetta sé rangt en ég tel að stjórnarandstaðan hafi sannað með þessum umræðum í dag að við erum þarna einmitt á réttri leið. Við erum að lækka skattbyrði heimilanna, skattbyrði unga fólksins og fólksins með millitekjurnar, fólksins sem er með miklar skuldir.

Ég tel að það sé afskaplega jákvætt hvað við eigum orðið öflugan fjármálamarkað, fjármálamarkað sem getur lánað eðlileg húsnæðislán, fjármálamarkað sem er ekki lengur að lána ungu fólki peninga til íbúðakaupa á yfirdráttarlánum, víxlum og öðrum slíkum lánum sem við þekkjum úr fortíðinni.

Ég tel það líka mjög jákvætt að við eigum banka og fjármálakerfi sem getur stutt við heilbrigða uppbyggingu íslensks atvinnulífs og útrás íslensks atvinnulífs erlendis. Ef við ættum ekki þessar traustu fjármálastofnanir væri engin útrás meðal Íslendinga í dag. Þetta er grundvöllur hagvaxtar. Á sama tíma eigum við að sjálfsögðu að hvetja til varúðar og hvetja einstaklinga til að fara varlega en við hljótum að gleðjast yfir því að fjármálamarkaðurinn skuli vera jafnsterkur og hann er.

Úrvinnslugjald, 1. umr.

Stjfrv., 394. mál (fjárhæðir, gjaldskylda o.fl.). — Þskj. 501.

[11:10]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald.

Lög um úrvinnslugjald öðluðust gildi 1. janúar 2003 og frá sama tíma tók Úrvinnslusjóður til starfa. Starfsemi sjóðsins hefur verið umfangsmikil og jafnframt gengið vel í öllum meginatriðum.

Þegar frumvarp til laga um úrvinnslugjald var lagt fram var ljóst að nauðsynlegt væri að gjaldtaka samkvæmt lögunum yrði endurskoðuð reglulega sem og hvaða vörur skyldu bera úrvinnslugjald, enda er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 4. gr. laganna að svo skuli vera. Í því ákvæði er kveðið á um að umhverfisráðherra leggi fram, að fenginni tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs, tillögu til fjármálaráðherra um breytingar á fjárhæðum úrvinnslugjalds, álagningu skilagjalds og nýjar gjaldskyldar vörur og að fjármálaráðherra flytji frumvarp á Alþingi um fjárhæðir úrvinnslugjalds. Frumvarp það sem hér liggur fyrir er unnið í samráði við fjármálaráðuneytið með vísan til framangreinds ákvæðis. Frumvarpið varðar hins vegar ekki eingöngu „fjárhæðir úrvinnslugjalds og skilagjalds“ heldur varðar meginbreytingin álagningu nýrrar gjaldskyldrar vöru, þ.e. pappa-, pappírs- og plastumbúða. Það er sameiginleg niðurstaða fjármálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis að umhverfisráðherra flytji þetta frumvarp. Ég geri nú grein fyrir helstu breytingum þess.

Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar er varða úrvinnslugjald á umbúðir. Lagt er til að úrvinnslugjald verði lagt á allar umbúðir úr pappa, pappír og plasti. Samkvæmt lögum um úrvinnslugjald er í ákvæði til bráðabirgða III kveðið á um að leggja skuli úrvinnslugjald á pappa- og plastumbúðir frá 1. janúar 2005 án nánari útfærslu í lögunum. Í frumvarpinu er útfært hvernig sú framkvæmd eigi að vera. Samkvæmt tilskipun 94/62/EB, um umbúðir og umbúðaúrgang, er stjórnvöldum skylt að ná sem svarar 50–65% af þessum

umbúðum til endurnýtingar.

Umbúðaúrgangur er til kominn annars vegar vegna umbúða sem framleiddar eru hér á landi eða fluttar inn tómar vegna innlendrar vöruframleiðslu og svo hins vegar vegna vöru sem flutt er til landsins í umbúðum. Forsenda fyrir álagningu úrvinnslugjalds á tiltekinn vöruflokk við tollafgreiðslu er að unnt sé að afmarka vörurnar í vöruflokknum með tollskrárnúmerum. Vörur eru tollflokkaðar eftir eðli þeirra en ekki eftir umbúðategund eða umbúðamagni. Af þessu leiðir að við álagningu úrvinnslugjalds á umbúðir þarf að fara aðrar leiðir við ákvörðun gjaldsins en við aðra vöruflokka. Mikill hluti vara er fluttur inn í pappa- eða plastumbúðum af einhverju tagi og því hefði þurft að leggja úrvinnslugjald vegna pappa-, pappírs- og plastumbúða á mikinn fjölda tollskrárnúmera.

Sú leið sem lögð er til hér er að ákvarða úrvinnslugjaldið vegna þessara umbúða á grunni upplýsinga sem innflytjendur og framleiðendur gefa upp við tollafgreiðslu um þyngd umbúða. Innflytjendur munu gefa þessar upplýsingar við venjubundna tollskýrslugerð en viðræður hafa átt sér stað milli Úrvinnslusjóðs og tollstjórans um breytt fyrirkomulag við innheimtu á úrvinnslugjaldi á pappa- og plastumbúðir og er niðurstaða þeirra lögð til grundvallar í frumvarpi þessu.

Þessi leið felur í sér hvata til að minnka magn umbúða utan um vöru þar sem greitt er á grunni raunþyngdar umbúða. Gera má ráð fyrir að innflytjendur muni sjá sér hag í að flytja inn vörur með lágmarksumbúðum til að lækka kostnað sinn. Þetta fyrirkomulag mun væntanlega hafa áhrif á framleiðendur til að minnka umbúðir vöru. Vegna þessa er lagt til að bætt verði inn í lögin skilgreiningu á hugtakinu umbúðir.

Í frumvarpinu er lagt til að álagning úrvinnslugjalds á nýjar umbúðir hefjist ekki fyrr en 1. september 2005. Ég vil hins vegar leggja áherslu á það að greiðsla út úr Úrvinnslusjóði vegna móttöku umbúða frá fyrirtækjum og bylgjupappa frá söfnunarstöðum sveitarfélaga skal þó hefjast fyrr, þ.e. frá og með 1. apríl 2005, en vegna annarra umbúða 1. desember 2005. Jafnframt er lagt til að frá gildistöku laganna og til 15. mars 2005 starfi sérstök nefnd til að undirbúa móttöku á umræddum umbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga. Þetta er gert til að leysa þann vanda sem snýr að söfnun hjá sveitarfélögunum en ljóst er að gefa verður þeim rúman tíma til að skipuleggja söfnun flokkaðs umbúðaúrgangs frá heimilum. Samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs skal sveitarstjórn ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi, bera ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu.

Í öðru lagi er lögð til lækkun úrvinnslugjalds á fjóra vöruflokka til að koma á jafnvægi í rekstri þessara flokka. Við áætlanagerðina er miðað við að jafnvægi náist á rekstrarafkomu vöruflokka á 4–5 árum. Lagt er til að úrvinnslugjald á samsettar drykkjarvöruumbúðir lækki um tæp 55%, á rafhlöður 50%, á hjólbarða tæp 17% og tæp 33% á ökutæki. Lækkun úrvinnslugjalds á samsettar drykkjarvöruumbúðir taka þó ekki gildi fyrr en 1. september nk.

Í þriðja lagi er lagt til að skilagjald á ökutæki hækki um 50%, þ.e. í 15 þús. kr. en það er það gjald sem fólk fær þegar það skilar bifreið til endurvinnslu. Fjölgun bifreiða á liðnum árum umfram þær sem eru afskráðar til úrvinnslu er umtalsverð. Við það hefur myndast sjóður í flokki ökutækja og skil hafa ekki verið viðunandi að mati Úrvinnslusjóðs. Hækkun á skilagjaldi í 15 þús. kr. er hvatning til eigenda bifreiðar að koma henni til meðhöndlunar og förgunar í safnstöðvum sveitarfélaga.

Í fjórða lagi er lagt til að fleiri ökutæki falli undir úrvinnslukerfið en áður. Við nánari skoðun og aldursgreiningu á bifreiðaeign landsmanna kom í ljós að um 29 þús. bifreiðar sem ekki eiga rétt á skilagjaldi eru enn á skrá hjá Umferðarstofu. Nokkuð stór hluti þessara bifreiða eða allt að helmingur er talinn vera á skrá Umferðarstofu með innlögð númer þrátt fyrir að búið sé að farga þeim.

Í gildandi lögum eiga eigendur bifreiða sem skráðar voru fyrir 1. janúar 1988 ekki kost á skilagjaldi og greiða ekki úrvinnslugjald en með því frumvarpi sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir að því verði breytt og að eigendur allra ökutækja yngri en 25 ára eigi rétt á skilagjaldi við afskráningu hafi þeir greitt a.m.k. einu sinni úrvinnslugjald af bifreiðinni.

Með frumvarpinu er sem sagt gert ráð fyrir því að af öllum bifreiðum skuli greiða úrvinnslugjald í full 15 ár eða þar til bifreiðin verður 25 ára, hvort sem verður á undan en þó nægi að greiða gjaldið einu sinni til að bifreiðin sé komin inn í kerfið og eigandinn eigi rétt á skilagjaldi. Til samræmingar á lögum um bifreiðagjald sem innheimta úrvinnslugjalds á ökutæki fylgir nær innheimta úrvinnslugjalds ekki til bifreiða sem náð hafa 25 ára aldri og teljast þar með fornbílar sem ekki falla undir úrvinnslukerfið.

Í fimmta lagi eru lögð til rýmri ákvæði til að semja um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu tiltekins úrgangs. Úrvinnslusjóður hefur sérstaklega fjallað um óskir útgerðarmanna um að ábyrgjast sjálfir úrvinnslu veiðarfæraúrgangs og að veiðarfæri væru þar með undanþegin úrvinnslugjaldi. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur tekið undir óskir útgerðarmanna enda telur hún að rétt sé að gefa atvinnugreinum tækifæri til að leysa úrgangsmál sín. Framkvæmdin verður hins vegar að uppfylla markmið laganna auk þess sem eftirlit með henni verði í höndum Úrvinnslusjóðs. Í ljósi þess er lögð til breyting á 3. mgr. 8. gr. þannig að auk svartolíu verði hægt að gera samninga vegna veiðarfæra og kveðið er á um hvað skuli koma fram í slíkum samningi. Einnig er lagt til að fresta álagningu úrvinnslugjalds á veiðarfæri til 1. september 2005 þar sem ljóst er að atvinnulífið þarf lengri tíma til að gera þær ráðstafanir sem ég hef gert grein fyrir til að tryggja úrvinnslu veiðarfæraúrgangs en það er unnið að því hjá þeim aðilum sem málið snertir.

Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að á árinu 2005 lækki tekjur af úrvinnslugjaldi og kostnaður við úrvinnslu úrgangs um rúmlega 350 millj. kr. frá því sem verið hefði að óbreyttum lögum en að frá og með árinu 2006 hækki tekjur og gjöld hins vegar um tæpar 216 millj. kr. á ársgrundvelli. Tekjur ríkissjóðs af 0,5% umsýslugjaldi hækka við það um 1 millj. kr. á ári.

Ég legg til, herra forseti, að frumvarpinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhverfisnefnd.

[11:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég skil muninn á skilagjaldi og úrvinnslugjaldi er úrvinnslugjaldi ætlað að standa straum af því að farga eða endurnýta tilteknar umbúðir. Það leggst þess vegna ofan á vörur, hækkar verð þeirra eftir atvikum, eða lækkar í þeim tilvikum sem hæstv. ráðherra rakti hérna áðan.

Mig langaði til að spyrja hæstv. ráðherra hvort lagt hefði verið mat á hvaða áhrif þessar álögur eða breytingar á álögum muni hafa á þróun neysluvísitölu ef einhverjar.

Í öðru lagi langaði mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvað ylli því að sjávarútvegurinn fær þarna enn frekari frest til að koma málum sínum í lag. Ég stóð í þeirri trú — hugsanlega er það misskilningur og rangminni hjá mér — að sjávarútvegurinn hefði fengið allrúman tíma til að búa sig undir þær breytingar sem margir hafa barist fyrir varðandi förgun veiðarfæraleyfa.

[11:23]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað snertir fyrri spurningu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar munu þessar breytingar hafa mjög óveruleg áhrif á neysluvísitölu, enda má draga þá ályktun af því að þarna er verið að lækka. Þetta hefur óveruleg áhrif, hvort heldur sem er til lækkunar eða hækkunar.

Hvað varðar hins vegar veiðarfærin byggist þetta fyrst og fremst á upplýsingum frá þeim aðilum sem málið snertir um að undirbúningurinn sé ekki svo langt kominn að unnt sé að gera þetta um áramót. Þess vegna töldum við óraunhæft annað en að koma til móts við þær óskir að fresta þessu fram til 1. september. Þeir sem málið snertir eru að vinna að þessum málum.

[11:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skýst alltaf skelkur í bringu mína þegar hæstv. ráðherrar tala um að hitt og þetta hafi óveruleg áhrif. Tveir dagar eru liðnir síðan hér var verið að breyta gjöldum og það var sagt að það mundi hafa óveruleg áhrif á þróun neysluvísitölu. Þessi óverulegu áhrif voru 0,08% og það kom í ljós að það hafði áhrif til hækkunar á skuldum landsmanna um 1 milljarð kr.

En ég vona að þetta verði eitt af því sem verður skoðað í meðferð nefndarinnar, og vísast er rétt hjá hæstv. ráðherra að miðað við þær tölur sem hún fór með er líklegt að heldur verði þetta til lækkunar en hækkunar, a.m.k. næstu tvö árin.

Að því er varðar sjávarútveginn þá er ég orðinn æðiþreyttur á að sú grein virðist vera eins konar fríríki í ríkinu og fær því allt fram sem hún þarf til að skjóta sér hjá því að fylgja reglum sem við höfum verið að basla við að setja í þinginu.

Ég rifja það upp þegar menn settu sérstök ákvæði um að frystitogarar ættu að koma með allan úrgang að landi. Ákveðinn tímafrestur var settur. Þegar kom að honum var hlaupið í gegnum þingið af hálfu unnenda þessarar ágætu greinar og hér var lögum breytt í flýti til að koma í veg fyrir að sjávarútvegurinn hlýtti þessum fyrirmælum. Honum var leyft að halda áfram bæði að menga hafið og jafnframt að kasta verðmætum. Nú blasir við að sjávarútvegurinn var seldur undir gildistöku þessa ákvæðis sem í allra nánustu framtíð átti að taka gildi og hæstv. ráðherra kemur núna hingað og segir: Hann er ekki reiðubúinn og það er ekki stætt á öðru en að láta hann fá frekari undanþágu.

Ég tek það ekki gilt. Ég er þeirrar skoðunar að sjávarútvegurinn verði að hlíta þessum lögum og áskil mér allan rétt til að ræða málið í þaula þegar það kemur hingað til frekari afgreiðslu.

[11:26]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Ég tel ekki útilokað að þessir aðilar sem málið snertir gætu, ef þeir spýta virkilega í lófana, gert þetta fyrir 1. september og ég tel mjög eðlilegt að umhverfisnefnd fari vandlega ofan í þetta mál þegar það kemur til hennar.

[11:27]

Mörður Árnason:

Forseti. Við erum að ræða breytingar á lögum frá 2002. Þau eru í eðli sínu þannig að búast má við sífelldum breytingum á þeim, árlega raunar, og ekki undan því komist vegna þess að það er þingið sem á að ákveða þær fjárhæðir sem hér er um að ræða.

Ég hef ekki athugasemdir að sinni við þessar gjaldskrárbreytingar með einni undantekningu en yfir þær verður auðvitað farið í umhverfisnefnd og þeir reikningar skoðaðir sem þar verða væntanlega lagðir fram.

Það er merkilegt við þessa umferð breytinga á lögum um úrvinnslugjald að það er umhverfisráðherra sem flytur frumvarpið og umhverfisnefnd sem um það fjallar í stað fjármálaráðherra og efnahags- og viðskiptanefndar sem var á síðasta þingi. Hæstv. umhverfisráðherra skýrði það svo að það væri vegna þess að hér væri um efnislegar breytingar að ræða en ekki einungis breytingar á gjaldskrá. Það má deila hins vegar um hvor leiðin er heppilegri í þessu. Upphæðirnar ráðast ekki af sömu rökum og eiga við yfirleitt hjá fjármálaráðherra heldur ráðast af kostnaði eða eiga að gera það og breytingarnar eru því á fagsviði umhverfisráðherrans og umhverfisnefndarinnar. Við skulum sjá til hvað gerist síðar í þessu en það er auðvitað sjálfsagt að nefndin eigi samstarf við efnahags- og viðskiptanefnd um þetta mál ef þess er óskað, enda leggur umhverfisráðherra málið fram í samráði við fjármálaráðherrann.

Ég vil segja að þótt umhverfisráðherrann hafi núna málið í sínum höndum verður að gera kröfu til þess að upplýsingar um áhrif þess á efnahaginn og fjárhag þeirra sem fyrir verða séu skýrar og mér þykir svo ekki vera í umsögn fjárlagaskrifstofunnar um þetta frumvarp. Ég vek athygli á því í tilefni af orðum hæstv. umhverfisráðherra og orðaskiptum hennar við hv. þm. Össur Skarphéðinsson að vissulega er gert ráð fyrir nokkurri lækkun á tekjum af þessu á næsta ári en síðan er gert ráð fyrir hækkun frá og með árinu 2006, eins og hér stendur. Auðvitað þurfum við að fá betri skýringar á þessu og áhrifum þess á verðlag í landinu og á skuldir heimilanna sem voru ræddar í þaula áðan.

Það verður að bíða nefndarinnar heyrist mér á hæstv.

umhverfisráðherra en farið verður fram á það auðvitað þar.

Ég vil aðeins tæpa á nokkrum atriðum í þessu frumvarpi sem auðvitað er alltæknilegt. Fyrst vil ég aðeins fara yfir bílamálin og leggja þar fram spurningu eða a.m.k. einhvers konar beiðni um skýringu. Það er breytingin á tímanum sem ég velti fyrir mér. Í frumvarpinu er lagt til í c-lið 2. gr. að úrvinnslugjald falli niður eftir að hafa verið borgað í 15 ár en í niðurlagi 5. gr. núverandi laga eru ákvæði um full 15 ár frá skráningu ökutækisins. Í athugasemdum við greinina segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta er gert vegna þess að í ljós hefur komið að um 40% af afskráðum bifreiðum falla ekki inn í kerfið þar sem þær voru nýskráðar fyrir árið 1988 en eðlilegt er að einnig verði tekið á þessum bifreiðum.“ — Þetta er sérkennilegt orðalag, að það sé eðlilegt að tekið verði á þessum bifreiðum. Ég skil ekki alveg hvað það þýðir.

Hæstv. ráðherra upplýsti í framsöguræðunni að þetta ákvæði hafi verið sett til þess að ná afskráningu á helming þeirra 29 þús. bifreiða þar sem þær séu í raun taldar aflagðar, ónýtar eða að þeim hafi verið fargað þótt númerin liggi enn þá inni. Ég reikna þá með að um sé að ræða bifreiðar frá 1978–1988. Gallinn við þessa hugsun er sá að ef það er rétt að helmingurinn sé ekki í notkun eða ekki til er helmingurinn enn þá til og væntanlega í notkun, þá u.þ.b. 14.500 bifreiðar ef taka má mark á tölunni 29 þús. Það sem hér er að gerast er að það á að gera eigendum þessara 14.500 bifreiða að greiða gjald sem þeir væntanlega gera oftar en einu sinni því að sú regla að aðeins þurfi að greiða einu sinni til að fá skilagjald er væntanlega sett fram til að ná í hina bílana. Þar með er verið að leggja nýtt gjald á töluverðan hóp fólks, þann sem á þessar 14.500 bifreiðar.

Hvaða fólk er það sem á bifreiðar sem eru framleiddar milli 1978 og 1988? Ég veit ekkert um það og óska um það upplýsinga ef hæstv. ráðherra hefur þær. Ég geri samt ráð fyrir því að það sé þá annars vegar einhver hópur sem er að rækta fornbíl og bíður eftir að bifreiðin verði 25 ára. Mér finnst ekki líklegt að sá hópur sé mjög stór. Ef ég man rétt frá þessum árum eru þetta ekki mjög merk ár í bifreiðasögunni. Þetta eru japönsku og kóresku bílarnir sem mér finnst fyrir fram frekar ólíklegt að verði vinsælir fornbílar. Hinn hópurinn er þá væntanlega þeir sem eiga bílana til að nota þá. Mér finnst ekki stórmannlegt að gera þann hóp núna að gjaldendum því að ég ímynda mér að það séu ekki breiðu bökin í samfélaginu sem keyra um á bílum framleiddum 1978–1988.

Það getur vel verið að hæstv. umhverfisráðherra hafi betri upplýsingar um þetta og geti skýrt fyrir okkur af hverju núna þarf að fara í þennan hóp. Kannski er það vegna þess að ríkisstjórnin hefur, eins og við sjáum á undanförnum dögum sérstaklega í þinginu, ætlað sér að ná inn fyrir skattalækkununum sem lofað er með öðrum hætti. Hún gerði það í fyrra og gerir það svo aftur núna og reynir hverja smugu til þess. Það eru háskólastúdentar og ýmislegt fólk sem fundið er til þess, öryrkjar auðvitað sem hafa verið sviknir um sínar 500 millj. samkvæmt sérstöku samkomulagi við einn af hæstv. ráðherrum, reyndar fleiri af hæstv. ráðherrum. Núna eru það eigendur bifreiða sem framleiddar voru á tímabilinu frá 1978–1988. Mér finnst þetta heldur óviðkunnanlegt.

Spurningin er auðvitað síðan um það hvort þessi lækkun úrvinnslugjalds sem hér er gert ráð fyrir, úr 520 í 350 kr. árlega, byggist á því að skattstofninn sé núna breiðari. Við sjáum eðlilega engar skýringar á því í frumvarpinu eða greinargerð með því en fáum væntanlega í nefndinni. Er eitthvert sérstakt hagræði í því að bæta þessum eigendum 14.500 bíla frá 15–25 ára við sem þar með afsaki lækkunina? Er e.t.v. um það að ræða að verið sé að leggja sérstakt gjald á þennan hóp sem sleppt var hins vegar árið 2002? Enn langar mig að spyrja þá sem hafa lengri þingsögu en ég: Hver voru rökin til þess að því var sleppt þá og hvað hefur síðan breyst? Það verður auðvitað að rökstyðja vel þessa breytingu eftir aðeins tveggja ára gildistíma laganna og með betri hætti en þeim að „eðlilegt [sé] að einnig verði tekið á þessum bifreiðum“. Ég sé enga sérstaka ástæðu til að það sé eðlilegt nú en hafi ekki verið þá.

Ég ætla að taka undir ákvæðið um fornbílana og af því að ég er ekki gamalkunnugur þessum lögum hefði ég haldið að það væri inni en það er auðvitað sjálfsagt að það sé þannig og í samræmi við tilhögun bifreiðagjalda. Af þeim á auðvitað að vera búið að borga nægilega mikið úrvinnslugjald þegar fram í sækir fyrir utan tæknilegt óhagræði í þeirri innheimtu að hafa eitt gjald á þeim en ekki annað.

Ég fagna því að kominn er nokkur gangur í umbúðamálin. Í frumvarpi sem flutt var í fyrra og var auðvitað efnislegt líka fyrir utan tæknina var gert ráð fyrir ótímabundinni frestun á umbúðunum. Umhverfisnefnd sætti sig hins vegar ekki við það og setti þennan tímafrest, 1. janúar 2005, sem síðan var samþykktur í vor. Nú á að auka tímann til 1. september og ég held að eftir atvikum sé hægt að sætta sig við það. Hæstv. umhverfisráðherra sagði frá þeim ákvæðum lagafrumvarpsins að gjaldtakan hæfist að nokkru leyti fyrr og dagsetningin 1. september bendir til þess að ekki eigi að fresta þessu öllu lengur því að þing er þá ekki saman komið að nýju. Ég hef í fljótu bragði engar athugasemdir við aðferðafræðina á bak við þetta, sýnist þetta vera vel unnið. Það þarf auðvitað samt að skoða betur í nefndinni.

Fróðlegar upplýsingar koma fram í greinargerðinni um umbúðirnar og minnir mann á það að góður fræðimaður og þjóðfélagsrýnir, Hörður Bergmann, skrifaði bók sem hét einmitt Umbúðaþjóðfélagið. Þó að hún hafi kannski ekki fjallað einkum um umbúðir um vöru er það nokkuð glæfralegt dæmi um nútímann að við skulum eyða hér að líkum 27 þús. tonnum á ári í umbúðir. Það eru 93 kíló á mann á ári. Maður sér þetta fyrir framan sig: Þetta er mitt framlag til heimsmenningarinnar og til umhverfismála í heiminum, 93 kíló, fjögurra manna fjölskylda 372 kíló árlega. Spurning hvort fjölskyldan geti komið þessu fyrir inni hjá sér, og það á hverju ári. Ef við söfnuðum þessu upp sjálf og hefðum hvert sinn haug, sem væri kannski ráð, mundi maður sennilega minnka neysluna og biðja um aðra hluti. Það er auðvitað það sem við þurfum í framtíðinni að gera og vonandi stuðlar þetta frumvarp að því með nokkrum hætti að minnka þessar umbúðir, að leita allra mögulegra leiða til þess að neysla okkar geti farið þannig fram að umbúðir hlaðist ekki upp og verði ekki til frekar en það að við séum að búa til flókið kerfi um úrvinnslu og skilagjald á þær.

Ég ætla ekki að hafa þetta mál lengra en hlýt að spyrja ráðherrann í tilefni af því að hér er um pappa-, pappírs- og

plastumbúðir að ræða: Hvað með pappírinn almennt? Það eru engin ákvæði um pappír í þessu frumvarpi nema þegar hann er umbúðir. Nú er pappír aðeins meira, hann myndar stofn í vörunni sjálfri og þar er einkum um prentgögn að ræða. Þetta er vissulega viðkvæmt mál vegna menningarlegs og lýðræðislegs gildis bóka, dagblaða og tímarita en við þurfum líka að ræða það. Eins og við vitum er sú hefð í þessu landi að við fleygjum ekki bókum eftir að við erum búin að lesa þær einu sinni, heldur eru þær geymdar að mestu leyti. Á dagblöð lítum við öðruvísi. Um dagblöð gærdagsins ortu Rolling Stones á sínum tíma á þann hátt sem ég hygg að sé niðurstaða okkar í nútímanum, að dagblöð gærdagsins skipti litlu máli og þeim hendum við alla jafna. Við sáum að umbúðirnar eru 93 kíló á mann á ári og ef við bætum dagblöðunum við hygg ég að þunginn verði talsvert meiri. Þetta er mál sem við þurfum að ræða í fullri alvöru, hvernig eigi að koma þeim pappír fyrir í því ágæta kerfi sem við erum hér að búa til.

Um veiðarfæri í gerviefnum tek ég undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sem talaði áðan um nokkuð furðulegt langlundargeð sem þessari atvinnugrein hefur verið sýnt. Þetta er þó að gerast núna þótt fresturinn hafi verið lengdur. Því ber að fagna.

Út af fyrir sig er ekkert á móti þeirri lausn sem lögð er til í frumvarpinu, svartolíulausninni, og mér virðist að í lagatextanum sé gengið tryggilega frá þeim hlutum. Verður ekki annað úr frumvarpstextanum lesið. Þar er öruggt eftirlit Úrvinnslusjóðs tiltekið og svo búið um hnúta að væntanlega verður af því. Það á að innheimta umsýslugjald og útgerðarmenn eru ekki líklegur hópur til að sætta sig við slíkt gjald nema eitthvað komi á móti. Mér sýnist nokkuð vel búið að þessu.

Ég vil spyrja hæstv. umhverfisráðherra hvort hugmyndir séu um frekara andlag sem fara ætti þessa leið. Í athugasemdum við frumvarpið er nefnt væntanlegt frumvarp um raf- og rafeindabúnað sem menn gera ráð fyrir að sé um samið, og ég spyr: Er eitthvað fleira slíkt á ferðinni? Þetta þarf alls ekki að vera slæm lausn sé eftirlitið tryggt.

Um rafhlöður er aðeins fjallað í frumvarpinu og minnst á að þær skila sér illa. Ég held að það sé eitt af þeim málum sem við þurfum að spekúlera í að koma öðruvísi fyrir. Þetta eru hlutir sem falla til á heimilum að miklu leyti og ég held að yfirvöld hafi nokkuð brugðist, kynning sé lítil á því að rafhlöðum beri að skila og skilastaðir eru ekki augljósir. Eitthvað er um að menn geti farið með þetta í næstu búð en það er ekki mjög náttúrulegt ferli. Ég held að við ættum að hugsa þetta mál betur og hugsanlega ætti að taka upp, a.m.k. í einhvern tíma, skilagjald eins og er á drykkjarumbúðum. Það mundi örva heimilin til dáða og koma mönnum upp á þá venju að sjálfsagt sé að skila rafhlöðum en fleygja þeim ekki eða láta þær með öðrum hætti eiga sig.

Samfylkingin gerði í upphafi athugasemd við þessi lög, árið 2002. Alvarlegustu athugasemdirnar voru við skipan stjórnar í Úrvinnslusjóðinn og ég held að þær haldi fullu gildi sínu vegna þess að það virðist vera eitthvert munstur í umhverfisráðuneytinu og kannski víðar að í stjórnum slíkra sjóða sé heppilegast að hafa, fyrir utan ráðherramennina, menn frá sveitarfélögum og atvinnurekendum, þannig sé komin einhver þríliða sem vel dugi. Við þetta var gerð athugasemd 2002 og verður gerð athugasemd líka í nefndinni og við 2. umr. Slík athugasemd var gerð reyndar í þessu svokallaða hollusturáði sem hér á að fara að breyta. Ekki er gert ráð fyrir fulltrúum neytenda og almannasamtaka, svo sem Alþýðusambandsins eða Neytendasamtakanna, og það er auðvitað spurning um samræmi við Árósasamninginn sem gerir ráð fyrir áhrifum almennings á öllum sviðum umhverfismála. Hann hefur ekki verið staðfestur en við þurfum samt að taka við honum eftir hinni ágætu Evrópuleið sem sér okkur fyrir þeim réttarbótum sem ráðherrarnir eru tregir að færa inn.

Að þessari athugasemd slepptri eru þessi lög í samræmi við kjarnann í stefnu Samfylkingarinnar um sjálfbæra þróun í umhverfisvænu samfélagi þar sem hver og einn ber sína ábyrgð, hefur sín réttindi en líka sínar skyldur, skyldur við sig og sína, við samfélag sitt og eftirkomendurna. Þetta frumvarp styður flokkurinn þess vegna í öllum höfuðatriðum og fulltrúar hans í umhverfisnefnd hyggjast greiða því för eftir megni í gegnum nefndina og síðan þingið nú fyrir jólin.

[11:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald. Ég vil byrja á því að gagnrýna það hversu seint þetta mál er fram komið. Ég tel að öll tilefni hafi verið til að málið kæmi fyrr inn í þingið því að reynsla okkar í umhverfisnefndinni er sú að umfjöllun um þessi mál eru afar flókin og tyrfin svo að ekki sé meira sagt.

Það var gagnrýnt fyrir nákvæmlega ári þegar hæstv. fjármálaráðherra Geir Haarde mælti fyrir sams konar frumvarpi að það væri seint fram komið. Þá var verið að ýta á þingmenn um að hraða afgreiðslu málsins í nefndum sem þá voru tvær, efnahags- og viðskiptanefnd og umhverfisnefnd. Það eru alveg sömu tilefni til gagnrýni hér og nú og jafnvel enn meiri því að hér eru viðameiri breytingar lagðar til en við vorum að vinna að fyrir ári.

Það er auðvitað rétt sem hv. fyrri ræðumaður sagði, hv. þm. Mörður Árnason, mál sem þetta er auðvitað lýsandi fyrir það samfélag sem við búum í, það neyslubrjálæði sem er til staðar í samfélaginu og það hvernig löggjafinn hefur varla haft við í þeim efnum að setja löggjöf sem taki á þeim vandamálum sem neyslukapphlaupið skapar. Gífurlega mikinn fróðleik er að finna um úrgangsmál og förgunarmál á vef Sorpu og í ársskýrslu Sorpu. Þar eru magntölur sem eru hreint með ólíkindum. Þegar hv. þm. Mörður Árnason reynir að ímynda sér hér fyrir framan okkur 93 kíló af umbúðum sem liggi eftir hvern einasta Íslending á ári er það í sjálfu sér einföld mynd að setja fyrir framan sig en það eru fleiri mjög skarpar og athyglisverðar myndir sem má draga upp af þessum málum ef þau eru skoðuð heildstætt. Það er ekki einasta að við skiljum eftir okkur þetta umbúðamagn heldur er gífurlega mikið magn af hlutum sem við köstum, bara venjuleg heimili að ekki sé talað um fyrirtækin í landinu, á hverju einasta ári. Það má segja að víða sé enn pottur brotinn í þessum úrgangs- og förgunarmálum okkar. Þar vil ég t.d. nefna förgun sláturúrgangs, förgun og meðferð kælimiðla, söfnun þeirra og rafeindabúnað. Þetta eru allt málaflokkar sem við verðum að taka til rækilegrar skoðunar og

ég treysti að verið sé að skoða af alvöru í umhverfisráðuneytinu.

Það verður líka að segjast eins og er að ástandið í þessum málum er víða mjög bágborið úti um landið. Þó að byggðasamlagið Sorpa sem starfar á höfuðborgarsvæðinu sé búið að ná ákveðnum tökum á því sem hér gerist verður ekki hið sama sagt um allt landið. Það er mjög mikilvægt að þessum málaflokki sé vel sinnt í umhverfisráðuneytinu og ég geri ráð fyrir því að umhverfisnefnd Alþingis vilji fá að vita nánar um ástand þessara mála núna þegar við fáum tækifæri til þess og tökum þetta mál inn í nefnd á nefndadögum sem fram undan eru.

Síðan almennt um þetta frumvarp. Ég fagna því að hæstv. umhverfisráðherra skuli mæla fyrir því enda hef ég óskað þess. Þegar hæstv. fjármálaráðherra mælti á síðasta þingi fyrir sams konar frumvarpi varðandi gjaldabreytingar og frestun á ákveðnum ákvæðum sem höfðu verið í lögunum frá 2002 óskaði ég eftir því að umhverfisnefnd fengi málið til umfjöllunar og það gekk eftir. Ástæðan var sú að hæstv. fjármálaráðherra lagði til efnisbreytingar á málinu, efnisbreytingar sem höfðu á sínum tíma komið frá umhverfisnefnd sjálfri. Að frumkvæði umhverfisnefndar voru sett ákveðin tímamörk á skil og úrvinnslugjald veiðarfæranna og líka á samsettar pappaumbúðir, umbúðir utan af mjólk og slíku. Umhverfisnefnd var samhljóma í áliti sínu þegar lögin voru upphaflega sett og þessi ákvæði inn í þau. Það kom í ljós í fyrra þegar við fjölluðum um málið í umhverfisnefnd Alþingis að enn var öll umhverfisnefnd samdóma í því áliti sínu að ekki bæri að fresta ótímabundið gildistökuákvæðum varðandi úrvinnslugjald á samsettar pappaumbúðir. Sömuleiðis var umhverfisnefnd í fyrra alveg á einu máli um það að útvegurinn fengi ákveðinn tíma til að laga sig að þessum lögum, fengi ákveðna frestun, það var sem sé séð í gegnum fingur sér við útgerðarmenn fyrir ári og nú er enn verið að biðja um meira en hálft ár í frest fyrir útvegsmenn til að fara að lögum sem sett voru 2002. Ég verð að lýsa því yfir, hæstv. forseti, að mér finnst það ekki tilhlýðilegt. Ég skil ekki að umhverfisráðuneytið skuli ekki geta staðið betur í ístaðinu gagnvart þessum öflugu hagsmunaaðilum og að hingað inn komi árlega tillaga um að fresta því að úrvinnslugjaldið og veiðarfærin taki gildi.

Ég tel að umhverfisnefnd hafi talað afar skýrt í þeim pappírum sem liggja fyrir, bæði nefndaráliti frá síðasta ári, frá desember 2003, og eins í álitum sínum frá því árinu þar áður. Ég tel engin tilefni til að veita aftur svona langan frest, sérstaklega ekki hvað varðar þessi gjöld á veiðarfærin.

Þetta verður auðvitað að skoða gaumgæfilega í umhverfisnefnd núna og ég geri ráð fyrir að menn hafi sama áhuga á þessum málum þar eins og verið hefur á undanförnum árum. Við vitum hvað til okkar friðar heyrir í þessum efnum þá örfáu klukkutíma sem við fáum, umhverfisnefndin, til að funda á nefndadögunum sem fram undan eru.

Ég geri líka ráð fyrir að þar verði gerðar athugasemdir við skilgreiningarnar í frumvarpinu um flokkun umbúða og skilgreiningu á ólíkum umbúðum. Ég verð að segja að ég hef sjaldan séð jafnknosaða lýsingu, jafnsamansúrraða málfar og þegar verið er að lýsa söluumbúðum eða grunnumbúðum, safnumbúðum og flutningsumbúðum. Ég hef fullan skilning á því hversu erfitt er að smíða þau nýyrði sem þarf oft og tíðum í svona lagaskilgreiningum en ég tel að það hljóti að vera hægt að vanda betur til verka en hér er gert. Ég fullyrði að fyrir mér er þetta þvílíkt torf að ég sé ekki að það sé gagnsætt á einn eða annan hátt hverju verið er að lýsa. Ég tel að nefndin komi til með að reyna með hjálp góðra manna (Gripið fram í.) — það er mikið mannval og fræðimenn á sviði íslensku í nefndinni þannig að nefndin kemur áreiðanlega til með að fara ofan í saumana á þessu. Það er alveg nauðsynlegt þegar svona skilgreiningar eru settar í lög að venjulegt fólk geti gert sér í hugarlund hvað við er átt. Ég tel tæpast að svo sé þegar þessi texti sem nú stendur í frumvarpinu er lesinn.

Varðandi þá möguleika sem opnaðir eru í 8. gr. laganna, að fyrirtækjum og atvinnugreinum sé „heimilt að semja sín á milli um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs vegna svartolíu og veiðarfæra úr gerviefnum“, vil ég líka setja ákveðna fyrirvara þar um. Ég tel að umhverfisnefnd þurfi að fara verulega gaumgæfilega yfir þetta ákvæði þó að ágætir samningar hafi náðst varðandi svartolíuna. Ég viðurkenni að það virðist vera kerfi sem fúnkerar ágætlega eftir því sem við best vitum en ég er ekki alveg sannfærð um það að óathugðu máli að slíkt komi til með að fúnkera jafn vel varðandi veiðarfærin. Við erum komin með úrvinnslugjald á heyrúlluplastið og það er farið að innheimtast í miklu magni. Ég tel að þessi veiðarfæramál þurfi að skoðast alveg sérstaklega og ætla ekki að úttala mig um það hér hvort ég sjái það mögulega gerast á þeim nótum sem hér er lagt til í breytingartillögu við 8. gr.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara nánar út í einstök atriði frumvarpsins en ég nú hef gert. Ég legg einungis áherslu á það að hér er um viðamikið mál að ræða. Umhverfisráðuneytið hefur auðvitað unnið að þessu stöðugt síðan lögin voru sett af því að hér er um nýjan og margslunginn málaflokk að ræða. Ég tel þó til vansa að Alþingi Íslendinga skuli fá mál af þessu tagi svona seint inn og að okkur sé gert að vinna þetta á örfáum dögum, reyndar örfáum klukkutímum, mál sem ætti að þurfa að taka miklu lengri tíma vegna þess að hér þarf að vanda vel verkið.

[11:56]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég vil bregðast við nokkru af því sem þingmenn drápu á í umræðunni um þetta mál. Það er alveg ljóst að það er mikill áhugi fyrir því og mjög fín umræða hefur farið fram. En sérstaklega hvað snertir bílana vil ég taka mjög skýrt fram að meginreglan er að borgað sé af bílum í 15 ár. Það sem hefur gerst er, eins og hv. þm. Mörður Árnason kom réttilega inn á. Stór hluti þeirra 14.500 bifreiða sem eru sannanlega enn þá til, hefur ekki komið til förgunar og er á skrá hjá Umferðarstofu með innlögð númer þannig að þær eru ekki í notkun. Það er alveg skýrt. Tilgangurinn með þessu ákvæði er að koma bílum í rétta meðhöndlun, sá er megintilgangurinn. Til að það sé gert þarf að hafa borgað af þeim a.m.k. einu sinni. Það hvetur þá til þess að fólk skili bílnum til endurvinnslu. Hins vegar er það hárrétt hjá honum að einhverjir af þessum bílum eru í umferð og það þýðir auðvitað að verið er að leggja gjald á þá bíla

sem ekki hefur verið lagt á áður. Það er hárrétt.

Síðan var dagblaðapappírinn nefndur. Dagblöðin falla undir almenna sorphirðu sveitarfélaganna. Það má vel vera að sveitarfélögin vilji grípa til sérstakrar úrvinnslu á dagblöðum, það verður bara að koma í ljós en það fellur ekki undir verkefni Úrvinnslusjóðs.

Ég get tekið undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur um að frumvarpið sé seint fram komið og að æskilegra hefði verið að það hefði komið fram fyrr. Þetta er mjög flókið mál. Sú er fyrst og fremst ástæðan fyrir því að málið kemur ekki fram fyrr. Hér er um mjög flókið mál að ræða og tímaþátturinn í þessu var þannig að ekki náðist að koma því fyrr fram.

Hvað það snertir að umhverfisráðherra mæli fyrir frumvarpinu að þessu sinni er það fyrst og fremst vegna þess að ekki er eingöngu um upphæðir að ræða í frumvarpinu en það er mjög skýrt í lögum hvernig skuli fara með þessi mál og hvert sé hlutverk fjármálaráðherra.

Hvað snertir skilgreiningar á umbúðum sem eru í frumvarpinu tel ég að þær séu ekki flóknar en ef umhverfisnefndin getur bætt eitthvað úr tel ég afskaplega gott ef hægt væri að gera þetta enn þá einfaldara.

Ég ítreka líka með veiðarfærin, af því að ýmsir hafa nefnt að ekki þyrfti þennan frest til viðbótar, að ég tel kannski ekki útilokað að menn þyrftu ekki að nýta frestinn til fulls. Það væri gleðiefni ef svo væri en ég tel auðvitað rétt að nefndin skoði þessi mál. Að síðustu þakka ég fyrir þessa ágætu umræðu.

[12:02]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir góð svör og sérstaklega það að hún tók undir það sem ég sagði um að þær hagrænu aðgerðir í umhverfisþágu sem eiga að leiða til þess að menn hætti að reka þá bíla þar sem númerin hafa verið lögð inn og klári sína hluti gagnvart kerfinu bitni líka á þeim sem eiga bíla frá 1978–1988 og eru að keyra þá um göturnar og þjóðvegina.

Nú er það þannig að við erum sammála um það, yfir hið pólitíska litróf sem betur fer, að taka upp þessar hagrænu aðgerðir í umhverfisþágu. Það er eðlilegt að það knýi menn til að vernda umhverfið, menga minna o.s.frv. en við verðum að passa okkur á því að þær bitni ekki á þeim sem þær eiga ekki að bitna á. Í þessu tilviki er það þannig að árið 2002 var sleppt þeim hópi sem átti bíla eldri en 15 ára. Það er auðvitað sólarlagsmál að þetta smám saman renni út og ég sé enga ástæðu til að skattleggja þennan hóp manna nema þá vegna hinnar almennu skattlagningarstefnu ríkisstjórnarinnar sem er að reyna að vinna sér inn fyrir kreddukenndum skattalækkunaráformum sínum. Ég vil hreinlega verja þennan hóp og bara bið um að hann verði látinn í friði. Eins og ég sagði áðan eru þetta sennilega ekki mjög breið bök, bökin á þeim sem eiga bíla sem eru 15–25 ára gamlir.

[12:03]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst ítreka að það er verið að lækka árlega gjaldið á bílana og þannig vil ég bregðast við þessum orðum hv. þm. Marðar Árnasonar. Það er verið að lækka það úr 1.040 kr. niður í 700 kr. og það er þá alveg ljóst að þeir sem borga einu sinni — þetta gjald er borgað tvisvar á ári, skipt í tvennt — sá sem borgar 350 kr. getur fengið skilagjaldið þegar hann skilar inn bifreið til endurvinnslu.

[12:04]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Já, ég geri mér grein fyrir því að það er þannig og það hvetur þá væntanlega þá sem í raun og veru reka ekki bifreið, ef bifreiðin er bara ónýt og er bara drasl eða ekki til lengur, til að klára sín mál gagnvart kerfinu. Það sem ég er að tala um er að það er hópur sem á sennilega um 14.500 bifreiðar samkvæmt útreikningum sem koma frá hæstv. umhverfisráðherra sem þarf að borga þetta gjald líka og borgaði það ekki áður.

Við höfum ekki rætt um ástæður fyrir því að þessum hópi var sleppt á sínum tíma en það er satt að honum var sleppt þannig að það að leggja núna gjald á hann er skattahækkun. Nú vantar hv. þm. Pétur Blöndal til að ræða það mál mjög ítarlega í andsvörum sem hann gerði á glæsilegan hátt í gær. Nú er hann allt í einu horfinn, sá hv. þm., en hér er hæstv. umhverfisráðherra og þá verður að vera klárt að með þessu frumvarpi, ef það verður að lögum, er verið að hækka gjald á ákveðnum hópi sem er alveg fáránlegt að fara að draga hér inn til að fjármagna skattalækkunarkreddur kollega hæstv. ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Ég vil bara vekja athygli á þessu og ég segi það að ég ætla að berjast gegn þessari skattahækkun í umhverfisnefnd eins og ég er vanur að berjast gegn skattahækkunum af margvíslegum toga. Ég er miklu sannari í því en þeir hv. þm. sem hér sitja og hafa glennt sig og geiflað og gólað um einmitt það hvað þeir séu góðir við skattgreiðendur en reynast svo vera hinir verstu svíðingar og kremjendur í vösum venjulegrar alþýðu og fátæks fólks þegar til stykkisins kemur enda eru þeir ekkert að hugsa um það heldur bara lærðu þeir einhverja lexíu í Heimdalli í gamla daga og fara enn með hana eins og einhverja bilaða plötu. Það er allur munur á því hvað er hjá þeim í hinu gamla orði eða hvað verður uppi á hinu stóra borði þegar þeir eru sestir við það, blessaðir karlarnir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðismál, 2. umr.

Stjfrv., 220. mál (hámark lánshlutfalls). — Þskj. 223, nál. 499, brtt. 500.

[12:07]

Frsm. félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum. Þetta mál er að ég tel nokkuð þekkt og meginefni frumvarpsins er að veita leyfi til að hækka lán Íbúðalánasjóðs í allt að 90% af matsverði

eigna. Félagsmálaráðherra verður áfram heimilt að ákveða hámarkslán með reglugerð en slíka heimild hefur hann haft frá setningu laga nr. 44/1998.

Nefndin gerir tillögur um ákveðnar breytingar á frumvarpinu sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

1. Lagt er til að við bætist ný grein sem verði 4. gr. en þar segir að íbúðabréf skuli gefin út sem framseljanleg rafrænt eignaskráð verðbréf. Hér er aðeins um tæknilegt atriði að ræða sem þó skiptir máli til að eyða hugsanlegri óvissu við framkvæmd útboða íbúðabréfa. Þörf er á þessari breytingu til að taka skýrt fram að markmið ákvæðisins er að tryggja að íbúðabréf séu rafbréf, óháð því hvort þau eru skráð í Verðbréfaskráningu Íslands eða hjá öðrum verðbréfaskráningum, svo sem hjá Euroclear, eins og nú er.

2. Lagt er til að við bætist ný grein sem verði 5. gr. Samkvæmt henni getur ráðherra heimilað Íbúðalánasjóði með reglugerð að bjóða skuldurum ÍLS-veðbréfa að afsala sér rétti til að greiða upp lán eða greiða aukaafborganir gegn því að greiða lægri vexti.

Með þessari breytingu getur félagsmálaráðherra heimilað Íbúðalánasjóði sama svigrúm við lánveitingar og aðrar fjármálastofnanir njóta samkvæmt almennum lögum á hverjum tíma, nú lög um neytendalán, nr. 121/1994, með síðari breytingum. Nokkur óvissa ríkir um heimildir fjármálastofnana í þessum efnum og hefur Samkeppnisstofnun málið til skoðunar. Þar til niðurstaða í því máli liggur fyrir telur nefndin rétt að beðið verði með setningu reglugerðar á grundvelli þessa ákvæðis. Jafnframt vill nefndin taka fram að augljóst er að efni slíkrar reglugerðar hlýtur að taka mið af niðurstöðu Samkeppnisstofnunar í málinu.

3. Lögð er til breyting á 5. gr., sem verður 7. gr., þess efnis að vextir af lánum til leiguíbúða geti verið fastir eða breytilegir. Fastir vextir munu ákveðast á sama hátt og vextir ÍLS-veðbréfa en Íbúðalánasjóður skal ákveða breytilega vexti við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Breyting þessi er til samræmis við nýja 5. gr. frumvarpsins. Lán til leiguíbúða eru ekki háð ákvæðum laga um neytendalán, nr. 121/1994, en rétt þykir að ákvörðun um þóknun fyrir uppgreiðslu láns verði bundin í reglugerð á sama hátt og mælt er fyrir um í 5. gr.

4. Lögð er til breyting á 1. mgr. 9. gr. og er þar lagt til að lögin öðlist þegar gildi.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jóhanna Sigurðardóttir, Gunnar Örlygsson og Katrín Júlíusdóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara um einstaka þætti málsins, t.d. uppgreiðsluálag, og leggja einnig megináherslu á hækkun hámarkslánsfjárhæðar. Áskilur minni hlutinn sér rétt í því sambandi til að styðja og flytja breytingartillögur.

Álfheiður Ingadóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu en tekur undir sjónarmið minni hlutans.

Eins og áður sagði er meginefni frumvarpsins að hækka lán Íbúðalánasjóðs í 90% af matsverði eignar af hóflegu íbúðarhúsnæði og er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í því máli. Frá því hins vegar að þessi fyrirrætlun var kynnt hefur orðið afskaplega mikil breyting á íslenskum íbúðalánamarkaði eins og menn þekkja og stærsta breytingin er auðvitað sú að nú hafa bankarnir loksins tekið virkan þátt á þessum markaði og lána núna til íbúðakaupa. Sá sem hér stendur segir loksins því að þetta er eitthvað sem ég hefði viljað sjá gerast fyrr. Þetta er auðvitað fyrst og fremst afleiðing af stærð og styrk þessara fjármálastofnana því sem betur fer, og það er ánægjulegt ekki bara út frá þessari forsendu heldur mjög mörgum öðrum, eigum við stórar og öflugar fjármálastofnanir sem hafa styrkst á undanförnum árum og geta boðið viðskiptavinum sínum núna íbúðalán á mun hagstæðari kjörum en sést hafa áður og á sama hátt ýta þau undir útrás íslenskra fyrirtækja til annarra landa eins og oftsinnis hefur verið nefnt.

Hins vegar ber að hafa í huga eins og þingheimur sem og þjóðin þekkir að fasteignaverð hefur hækkað mjög á undanförnum missirum, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu en það er hins vegar ekki alfarið bundið við þetta svæði. Þar hefur margt komið til. Menn þekkja umræðuna um lóðaskort í stærsta sveitarfélagi landsins sem hefur verið ein stærsta ástæðan fyrir því að fasteignaverð hefur hækkað en nú hefur svo sannarlega líka komið til hækkun vegna þess að menn hafa aukið fjármagn á hagstæðari kjörum á þessum markaði en áður hefur verið.

Ég vil nota þetta tækifæri til að segja, og ég vona að þeir þingmenn sem taka þátt í þessari umræðu taki undir, að ekki er hægt að gera ráð fyrir því að fasteignaverð hækki endalaust. Það skiptir máli að það komi frá okkur sem og öðrum þeim aðilum sem um þetta fjalla. Ef eitthvað er alveg öruggt er það það að fasteignaverð mun ekki hækka með sama hraða og það hefur gert á undanförnum mánuðum og missirum. Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta er einfaldlega sú að ef menn gera ráð fyrir því, hvort sem það eru einstaklingar sem taka lánin eða þeir aðilar sem halda utan um hagstjórnina eða koma að öðrum ákvörðunum, taka þeir ekki ákvarðanir á réttum forsendum og einhvern tíma verður skellur. Við þekkjum dæmi um lækkun fasteignaverðs í þeim löndum sem við berum okkur saman við og eru í nefndarálitinu nokkur dæmin tekin en sú upptalning er síður en svo endanleg eða fullnægjandi. Með leyfi forseta vil ég þó vitna í nokkur dæmi.

Á árunum 1986–1993 lækkaði fasteignaverð í Noregi um 48%. Á árunum 1989–1993 lækkaði fasteignaverð í Finnlandi um 50% og á árunum 1989–1993 lækkaði fasteignaverð í Bretlandi um 30%. Ef menn skoða þetta út frá þeim forsendum sem eru gefnar upp hjá OECD er meðatal af niðursveiflu fasteignaverðs í 29 tilfellum í ríkjum OECD 15–17% samkvæmt niðurstöðum eða þeim upplýsingum sem við höfum fengið frá Seðlabankanum. Menn þurfa að hafa í huga, hvort sem um er að ræða 90% lán, ég tala nú ekki um 100% lán, að eðli málsins samkvæmt er engin eignamyndun eða mjög lítil, sérstaklega fyrstu árin. Eignamyndun á fasteignamarkaði hjá almenningi hefur fyrst og fremst legið í því — af því að skuldsetning hefur verið mikil, það er ekki nýtt — að fasteignaverð hefur hækkað. Ef þessar hækkanir stöðvast hins vegar, ég tala ekki um ef það snýst við og fasteignaverð lækkar, þýðir það að hér verður um að ræða neikvæða eignamyndun.

Nú hafa viðbótarlán verið til staðar, 90% viðbótarlán, og þess eru dæmi — menn þekkja það sem að þeim málum

koma — að einstaka aðilar hafi farið flatt á þeim. Ef þeir hefðu þurft að selja íbúðina sína tiltölulega skömmu eftir kaup hefðu þeir hreint og klárt verið í mínus.

Þess vegna skiptir máli að allir þeir aðilar, hvort sem það eru þeir sem taka lánin, þeir sem veita þau eða þeir sem ræða þau, séu meðvitaðir um þetta. Það eru auðvitað misjafnar aðstæður hjá hverjum og einum, og auðvitað er íslenskri þjóð og því fólki sem kaupir sér húsnæði hér á landi treystandi til þess að taka ákvörðun út frá eigin forsendum. Hins vegar er mikilvægt að öllu sé haldið til haga og ég tel mjög mikilvægt að þingmenn geri það einnig.

Það kom fram í umræðum áðan um skuldir heimilanna hjá einum hv. þingmanni Framsóknarflokksins að viðkomandi þingmaður fagnaði varnaðarorðum bankastjóra Landsbankans, Sigurjóns Árnasonar, þegar hann tilkynnti að bankinn færi út í 100% lán. Þá fór hann akkúrat yfir það að það skipti máli fyrir einstaklinga og fjölskyldur að vera meðvituð um þessar staðreyndir og fara vel yfir stöðu sína áður en farið er út í kaup með slíkri lánsfjármögnun. Og ég fagna því þegar forsvarsmenn fjármálastofnana tala þannig. Ég er þess sannfærður að þeir aðilar sem að þessum málum starfa hjá þeim stofnunum, og þá er ég að tala um fjármálastofnanir almennt, hvort sem það er hjá Íbúðalánasjóði eða bönkum, upplýsi viðskiptavini sína um þær hættur sem eru til staðar.

Menn hafa mikið rætt, og hér var áðan utandagskrárumræða sem var í sjálfu sér mjög gott að fá, um skuldir heimilanna. Ég fagna slíkri umræðu og vil nota tækifærið, virðulegi forseti, í þessu sambandi og vekja athygli á þeirri skýrslu sem var gerð fyrir BSRB um skuldir íslenska þjóðarbúsins. Hún er greinargóð og tekur vel á þessu máli og ég hvet bæði þingmenn og aðra til að kynna sér hana. Hún er á heimasíðu BSRB. Þar er enn og aftur staðfest sem menn þekkja, að ríkissjóður hefur verið í fararbroddi við það að lækka skuldir og er auðvitað mjög ánægjulegt að sjá samanburð skulda íslenska ríkisins við þær þjóðir sem við berum okkur saman við. Allir þingmenn hljóta að fagna þeim árangri sem náðst hefur og að sjá að þar er Ísland með þeim allra bestu.

Hins vegar hafa aukist skuldir hjá heimilunum og skýrsluhöfundar fara vel yfir það hverjar þær helstu ástæður eru að þeirra mati. Þar er t.d. nefndur ungur aldur þjóðarinnar og vitnað í það, svo að ég lesi nú beint úr úrdrætti skýrslunnar, með leyfi forseta, að í „skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá árinu 2003 kemur meðal annars fram að sjóðurinn telji að um 60% af erlendum skuldum landsins megi rekja til ungs aldurs þjóðarinnar". Munurinn á íslenskri þjóð og þeim þjóðum sem við berum okkur saman við, sérstaklega Evrópuþjóðum og þá kannski þeim sem kenndar hafa verið við gömlu Evrópu eða Vestur-Evrópu, er hvað íslensk þjóð er mun yngri en þessar þjóðir.

Þá er einnig farið í það að lífeyriskerfið, okkar góða lífeyriskerfi,ýti undir skuldasöfnun. Það er með sjóðasöfnun sem hefur líka þá sérstöðu í samanburði við löndin sem ég nefndi áðan — er þess vegna staða okkar mun betri og er það mikið samkeppnisforskot — að þar telja skýrsluhöfundar þessa vörn, eignarréttindi sem felast í þessari sjóðasöfnun, mjög gott mál. Stærstan hluta skulda heimila má hins vegar rekja til fjárfestingar í íbúðarhúsnæði samkvæmt skýrsluhöfundum, hvort sem litið er til Íslands eða annarra ríkja. Um 80% landsmanna búa í eigin húsnæði og það er eitt hæsta, ef ekki hæsta, hlutfall sjálfseignarhúsnæðis sem þekkist. Það er auðvitað mjög ánægjulegt. Í skýrslunni er rakið að íslenska skattkerfið hafi í rauninni hvetjandi áhrif á lántökur til húsnæðiskaupa og er þá verið að vísa í vaxtabótakerfið sem ég hef nú lýst yfir áður að við þyrftum að skoða gaumgæfilega, m.a. út frá þeim forsendum.

Aðalatriðið í þessu finnst mér þó vera að um þetta frumvarp er eftir því sem ég best veit ágætissátt í þinginu. Ég held að allir fagni þeirri breyttu stöðu sem er komin á húsnæðislánamarkaði. Það er ánægjulegt að sjá fleiri aðila en áður bjóða þjónustu hvað íbúðalán varðar og vonandi munum við sjá þessa stöðu verða hér til langs tíma. Ég efast svo sem ekkert um það, ég er þess sannfærður að bankarnir eru komnir til að vera.

Það sem snýr að okkur er hins vegar það lagaumhverfi sem Íbúðalánasjóður býr við. Eins og ég segi held ég að menn hafi farið ágætlega yfir það í nefndinni og það er ágætissátt um það, bæði meðal meiri og minni hluta. Ég vil hins vegar nota tækifærið hér og segja að við eigum, hvort sem það snýr að þessari lagasetningu eða í umræðum almennt, ekki að gera neitt, þingmenn, sem skapar þær aðstæður að ýta undir þenslu í samfélaginu. Það borgar sig frekar að stíga varlega til jarðar en fara af stað með miklu offorsi því að það er mikið í húfi. Ég vonast til þess og er þess sannfærður að hin mikla verðhækkunarbylgja sem hefur verið á fasteignum sé að ná hámarki og við náum fljótlega jafnvægi hvað það varðar. Við eigum ekki að fara út í neitt, löggjafinn frekar en aðrir aðilar, sem ýtir undir aðra þætti, þvert á móti ættum við að reyna að gera hvað við getum til að minnka þá þenslu sem hefur verið á markaðnum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Eins og ég sagði er ágætissátt um þetta í félagsmálanefndinni og ég tel að við höfum farið vel yfir þetta þrátt fyrir að nefndin hafi tekið sér tiltölulega skamman tíma í þetta verkefni. Það var sátt um það í nefndinni að reyna að hraða þessu sem mest mátti vera. Án nokkurs vafa styrkir frumvarpið starfsemi Íbúðalánasjóð á þessum markaði og erum við á undanförnum mánuðum búin að gera ýmislegt til að styrkja sjóðinn til þess að hann geti náð fram þeim markmiðum sínum að veita íbúðakaupendum eins hagstæð lán og kostur er. Af þessu tilefni vísa ég í þá lagasetningu sem við fórum í á vormánuðum sem hefur án nokkurs vafa ýtt undir það að Íbúðalánasjóður hefur getað boðið viðskiptavinum sínum sem hagstæðust kjör. Það hlýtur að vera markmið okkar allra að sjá til þess að íbúðakaupendum á Íslandi gefist kostur á að fá eins hagstæða fyrirgreiðslu við íbúðakaup og búa við eins góð skilyrði og mögulegt er hvað það varðar. Það liggur alveg fyrir að það umhverfi hefur breyst á undanförnum mánuðum mjög til hins betra og vonandi heldur sú þróun áfram.

[12:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ánægjulegt að hlýða á ræðu þessa hv. þingmanns sem talaði hér áðan. Ég verð að segja að þeir sem hafa viljað stuðla að félagslegri uppbyggingu húsnæðis í landinu hljóta að hafa fagnað þessum nýja liðs-

manni. Það er ekki langt síðan það var eitt af helstu baráttumálum Heimdallar og ýmissa samtaka sem hv. þingmaður hefur stutt í gegnum árin að leggja niður Íbúðalánasjóð. Hér kemur hv. þingmaður og, ja, ég segi nú ekki að hann sé að vinna til frelsisverðlauna Heimdallar með þessu en hann leggur hér fram tillögur sem styrkja undirstöður Íbúðalánasjóðs. Það er undrunarefni en ánægjuefni fyrir marga, og auðvitað er það gott þegar þingmenn sjá að sér.

Það sem mér þótti þó merkilegast við ræðu hv. þingmanns var sá stríði varúðartónn sem var í orðum hans gagnvart stöðunni í samfélaginu. Hv. þingmaður talaði hér langt mál og snjallt um þróun fasteignaverðs og í framhaldi af því sagði hann að það væri skylda okkar þingmanna allra að gera allt sem við gætum til að draga úr þenslunni í samfélaginu. Í framhaldi af því rifjaði hv. þingmaður upp að tekið hefði verið saman að í 29 tilvikum þar sem hefði verið niðursveifla á fasteignaverði hefði sú sveifla að meðaltali numið 15–20%. Klárlega var hv. þingmaður að reisa flagg varúðar gagnvart þeirri þróun sem er á Íslandi.

Ég verð hins vegar að segja að ég er ekki eins svartsýnn og hv. þingmaður varðandi stöðuna í samfélaginu. Hv. þingmaður talar með mjög neikvæðum hætti um hugsanlegar afleiðingar af þróuninni á íslenskum fasteignamarkaði og er augljóslega að lýsa því yfir að það gæti orðið bankakreppa. Eða lendum við ekki í bankakreppu, herra forseti, ef þessi niðursveifla á fasteignaverði sem hv. þm. var að lýsa í öðrum löndum verður líka hér?

[12:27]

Frsm. félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér fagna menn nýjum liðsmönnum og ég fagna því. Ef ég hef skilið hv. þm. Össur Skarphéðinsson rétt sem er fyrrum ritstjóri Þjóðviljans og barðist hér fyrir sósíalisma og þjóðfrelsi, ef ég man rétt, og þjóðnýtingu og mjög harkalega gegn eignarréttinum, er hann kominn í lið með okkur sem viljum ýta undir séreignastefnu í húsnæðismálum. Ef svo er er það auðvitað mjög ánægjuleg þróun, gott að taka undir hana og ég fagna henni sérstaklega.

Hvað varðar þróun á markaðnum og bankakreppu var það alveg skilgreint markmið mitt hér, og ég held að það skipti máli fyrir okkur þingmenn, að fara yfir þetta mál og vekja athygli fólks á því hvað það þýðir þegar menn taka 90 eða 100% lán. Kannski hef ég gert það með svo hressilegum hætti að ég var búinn að hræða hv. þingmanninn svo að hann sér fyrir sér bankakreppu. Ég sá ekkert slíkt fyrir mér, alls ekki. Ég var fyrst og fremst að vísa í lántakendur, að þeir viti af þessu. Þegar þingmenn tala um þessa hluti, og ég er kannski frekast að vísa til þess þegar menn kalla hér upp að þeir vilji fá 90% lán upp í 20–25 millj. og annað slíkt, eru viðkomandi aðilar ekki að gera neitt annað en að ýta undir hækkun fasteignaverðs og þenslu. Ég hef hins vegar engar áhyggjur af því ef þetta frumvarp nær fram að ganga að slíkt verði uppi og ég sé enga bankakreppu fyrir. (Forseti hringir.) Ég held hins vegar að við eigum iðulega að tala varlega um mál sem þessi.

[12:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þingmanns vakti eftirtekt mína vegna þess að hann kemur hér dag eftir dag og hefur sífellt nýja skoðun á hverjum degi. Hv. þm. talaði um nauðsyn þess að draga úr þenslu og að þingmönnum bæri skylda til þess að grípa til aðgerða sem drægju úr þenslu. Hann talaði fyrir nokkrum dögum um nauðsyn þess að lækka skatta í þensluástandi sem samkvæmt ráðleggingum sérfræðinga er óvarlegt vegna þess að það ýtir undir þenslu. Það rekur sig hvað á annars horn í máli hv. þingmanns. Látum það nú vera.

Ég er ekki jafnsvartsýnn og hv. þingmaður um það að þessi þróun á fasteignamarkaði sem Íbúðalánasjóður hefur ýtt af stað leiði til einhvers konar kreppu eða niðursveiflu í verði fasteigna um 15–20%. Menn verða að gæta að því hvað þeir segja, menn sem eru í talsmennsku og forustu eins og hv. þingmaður eiga ekki að koma með svona dómadagsspár. Eða hvað vakti fyrir þingmanninum með því að rekja með svona svartsýnum hætti þá þróun sem hefur verið erlendis? Tæpast getur það verið annað en að nota það til þess að slá varnagla hér.

Að öðru leyti, herra forseti, hefur hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson oft og mörgum sinnum talað gegn Íbúðalánasjóði. Hann hefur talað um að það eigi að leggja sjóðinn af. Þau samtök sem hann hefur tengst helst, Samband ungra sjálfstæðismanna og Heimdallur, hafa talað um að það eigi að leggja af Íbúðalánasjóð. Nú er hv. þingmaður hér með tillögur sem styrkja Íbúðalánasjóð. Hv. þingmaður hefur algjörlega snúist eins og skopparakringla, hann er farinn að styðja það sem hann vildi afnema áður. En ég skil af hverju. Hv. þingmaður sér þessa þróun fyrir, hann lýsir hér mjög uggvænlegri þróun í húsnæðismálum og ef hún gengur eftir þurfum við á stofnun eins og Íbúðalánasjóði að halda til að hreinsa upp eftir hv. þingmann og nóta hans.

[12:32]

Frsm. félmn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég taki aftur fögnuð minn yfir því að fyrrum ritstjóri Þjóðviljans hafi eitthvað skipt um skoðun. Allir sem hlustuðu á niðurlag ræðu hans heyrðu að komin voru gömul og góð leiðaraskrif úr Þjóðviljanum sáluga þar sem allt var að fara fjandans til (Gripið fram í.) ef frelsinu væri veittur forgangur. (**ÖS:** Ég var einmitt að segja ...) Allt væri að fara fjandans til og þess vegna þyrftu menn að hafa opinberar stofnanir, virðulegur forseti, til þess að bjarga.

Ég hef ekkert skipt um skoðun í húsnæðismálum. Ég tel að við getum alveg náð þeim markmiðum sem við náum fram með Íbúðalánasjóði með öðrum hætti. Það hefur ekkert breyst hvað það varðar. Það vita allir, og veit allur þingheimur. Ég er hins vegar hér sem varaformaður félagsmálanefndar að koma í framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar sem er auðvitað málamiðlun á milli aðila, bæði innan flokka og milli flokka. Það er ekkert leyndarmál. (Gripið fram í.)

Hins vegar annaðhvort skilur hv. þm. Össur Skarphéðinsson ekki þá hluti sem ég var að fara hér yfir eða hann hefur ekki hlustað. Ég hélt því ekki fram úr þessum stól að

það sem ég var að fara yfir hér mundi ýta undir lækkun um 15–17%, það var ekki það sem ég sagði. Ef hv. þingmaður hefði hlustað ætti honum að vera það algjörlega ljóst. Það sem ég hins vegar vara við, svo að það sé alveg kristaltært, er að menn tali með þeim hætti sem þeir hafa gert. Menn eiga ekki að gera það. Þegar stjórnarandstaðan kemur hér upp og hvetur til þess að íbúðalán fari í 20–25 millj. er hún að ýta undir verðhækkanir á þessum markaði. Það er algjörlega kristaltært og öllum ljóst.

Sú gamla tugga, nútímaútfærsla vinstri mannsins sem berst gegn skattalækkun fyrir venjulegt fólk, að þær ýti undir þenslu stenst enga skoðun. Ef stjórnarandstaðan vill í alvöru styrkja fjölskyldurnar í landinu lækkum við að sjálfsögðu skatta á þeim.

[12:34]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef ásamt nokkrum öðrum þingmönnum í stjórnarandstöðunni sem sæti eiga í félagsmálanefnd skrifað undir álit þetta með fyrirvara um einstaka þætti málsins. Ég vil gera stuttlega grein fyrir honum hér.

Frá því að þetta mál var hér til 1. umr. hafa enn betur komið í ljós þær sviptingar sem eru í fasteignaviðskiptum og útlánum til þeirra. Mig minnir að tilboð um 100% lán sem bankar bjóða nú að hámarksfjárhæð 25 millj. hafi komið eftir að við ræddum málið við 1. umr. Líka hafa komið upplýsingar frá Seðlabanka um 55–56 milljarða útlán til einstaklinga hjá bönkum frá 23. ágúst til októberloka og að sama skapi 40 milljarða uppgreiðslur hjá Íbúðalánasjóði. Ekki er ólíklegt að 10–15% af þeim útlánum hjá bönkunum hafi farið í einkaneyslu, kannski 6–8 milljarðar af þessum 55 milljörðum.

Mér kom á óvart svar sem ég fékk frá hæstv. viðskiptaráðherra. Væntanlega hefur hæstv. ráðherra leitað til bankanna til að fá svör við þeirri spurningu en bankarnir virðast ekki geta upplýst um það hvernig þessi miklu útlán upp á 55 milljarða skiptast á milli annars vegar lána til fasteignakaupa og hins vegar til endurfjármögnunar. Það er umhugsunarvirði að Seðlabanki Íslands hafi ekki slíkar upplýsingar.

Mér finnst það hafa verið staðfest í nefndinni sem ég hélt fram við 1. umr., að úr því sem komið væri út af innkomu bankanna inn á markaðinn mundi það litlu breyta þótt hámarksfjárhæðin á lánum hjá Íbúðalánasjóði yrði eitthvað hærri en áform ráðherrans eru, að það mundi ekki hafa þensluhvetjandi áhrif eða neikvæð efnahagsleg áhrif að fara þarna örlítið hærra upp. Sú hækkun hverfur raunverulega í skuggann af þeim víðtæku lánamöguleikum sem bankarnir hafa nú sett fram þar sem eru 80% lán með engu þaki og 100% lán með hámarksfjárhæð 25 millj. kr.

Það hefur raunverulega verið staðfest af fulltrúum þeirra sem komu á fund nefndarinnar, bæði Hagfræðistofnunar og Seðlabanka, að þetta mundi litlu breyta fyrir þensluna. Eins og ég hef bent á mun fólk bara leita í auknum mæli til bankanna og endurfjármagna lán sín þar og flytja frá Íbúðalánasjóði.

Eftir umfjöllun í nefndinni er ég alveg sannfærð um að stjórnvöld eiga, a.m.k. um hríð, að búa þannig að Íbúðalánasjóði að hann geti veitt bönkunum nauðsynlegt aðhald. Það er full ástæða til að hafa áhyggjur af því að ekki séu nægjanlega traustar stoðir undir fjármögnun lánanna hjá bönkunum, a.m.k. ekki hjá öllum lánastofnunum, og tilgangurinn sé fyrst og fremst að ýta Íbúðalánasjóði út af markaðnum eins og ég hef sagt.

Í umfjöllun okkar í félagsmálanefnd kom fram að vísað var til álits sænsks ráðgjafarfyrirtækis sem sérhæfir sig á sviði fjármálaráðgjafar og hefur verið að vinna fyrir Íbúðalánasjóð að undanförnu. Þetta fyrirtæki er vel þekkt á norræna markaðnum og þar kom fram að þeir telja að bankar og sparisjóðir þurfi að vera með 0,6–1,2% hærri vexti en Íbúðalánasjóður ef allt er tekið með í reikninginn.

Mín skoðun er sem sagt sú — var við 1. umr. og ég hef enn herst í þeirri skoðun — að það þurfi að hækka hámarksfjárhæðina. Vegna þeirra miklu uppgreiðslna sem Íbúðalánasjóður stendur frammi fyrir, hreinlega af því að hann er ekki samkeppnisfær, þarf líka að auka sveigjanleikann í veðmörkum á 1. veðrétti vegna annarra lána þannig að fólk sé ekki neytt til þess að flytja allan lánapakkann með sér frá Íbúðalánasjóði yfir í bankana einungis til þess að geta skuldbreytt mjög óhagstæðu bankaláni upp á kannski 1–3 millj.

Þess eru dæmi að fólk hafi verið að flytja hagstæð byggingarsjóðslán til þess að ná fram skuldbreytingu á einu óhagstæðu bankaláni sem hvílir á eigninni. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um það og það lýtur m.a. að fyrirvara okkar á hámarksfjárhæðinni sem er breytt með reglugerð: Eru einhver áform uppi af hálfu hæstv. ráðherra varðandi það að fara eilítið hærra í hækkun á hámarksfjárhæðinni? Eru uppi hugmyndir um að auka sveigjanleikann í veðmörkum á 1. veðrétti vegna annarra lána til þess að verja sjóðinn gegn þessum uppgreiðslum sem eru mjög miklar og hafa verið frá því í ágústmánuði?

Hér var aðeins farið inn á fasteignaverðið. Það er raunverulega staðreynd að fyrir þá fjárhæð sem nú er hægt að fá lánaða hjá Íbúðalánasjóði, þ.e. um 11,5 millj., held ég, sem á að fara í 13 millj. þegar þetta frumvarp tekur gildi, er nú einungis hægt að fá litla kjallaraholu eða kannski tveggja herbergja íbúð. Íbúðalánasjóður hefur sett fram að þeir telji sig þurfa að geta veitt lán sem tryggi það að þeir geti lánað fyrir fjögurra til fimm herbergja íbúð. Höfum við fengið frá Fasteignamatinu yfirlit yfir þróun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu. Fasteignir hafa hækkað verulega mikið. Við erum að tala um að lítil 70 fermetra íbúð hefur hækkað um nærri 2,5 millj. á einu ári. Við erum að tala um að íbúð upp á 110–130 fermetra hefur hækkað á einu ári úr 14,7 millj. í 17,2 þannig að við erum að tala hér um verulega hækkun. Ég hygg að Íbúðalánasjóður sé að tala um íbúðir á bilinu 110–130 fermetra sem eru í dag um 17 millj. Mín skoðun er sú að það þurfi að fara hærra með hámarksfjárhæðina og það þurfi strax að fara með hámarksfjárhæðina í 15–16 millj. sem mundu duga fyrir, eins og ég segi, kannski fjögurra herbergja íbúð af þessari stærð sem ég nefndi. (**Gripið fram í:** ... skuldir heimilanna.)

Það er gripið hér fram í fyrir mér og sagt að það muni auka skuldir heimilanna. Við höfum farið yfir það í nefndinni og staðreyndin er bara sú að ef við gerum Íbúðalánasjóð ekki samkeppnishæfan mun fólk leita í auknum mæli til bankanna. Það mun stuðla að þenslu vegna þess að þeir

lána ekki til fólks bara miðað við fasteignaviðskipti, heldur bara eins og fólk vill fá. Það er þó ákveðið þak og bremsa hjá Íbúðalánasjóði. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að Íbúðalánasjóður starfi áfram um hríð þar til bankarnir hafi sannað að þeir séu ekki fyrst og fremst í þessari útrás núna til að ýta Íbúðalánasjóði til hliðar þannig að þeir geti þá hagað sér á markaðnum eins og þeim sýnist þegar þeir eru búnir að koma Íbúðalánasjóði út af honum. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt að við gerum hann samkeppnishæfari til að takast á við bankana meðan þeir eru að sanna sig.

Við höfum séð verulega mikla hækkun á fasteignaverði. Það hefur komið fram í vísitölunni. Frá nóvember 2003 til nóvember 2004 hefur vísitala neysluverðs hækkað um 3,8% og þar af vegur húsnæðisliðurinn í vísitölunni 1,5%. Það er nú alveg gífurlega mikið í vísitölunni og hefur áhrif á verðbólguna og kjarasamninga. Sumir spá meira að segja að íbúðaverð muni halda áfram að hækka frá því sem það er núna.

Varðandi markaðshlutdeild Íbúðalánasjóðs er alveg ljóst að hún hefur dregist verulega saman. Við erum með tölur frá Íbúðalánasjóði sem sýnir á undanförnum vikum að samanborið við sömu mánuði á síðasta ári hefur samdráttur í lánum verið allt að helmingur. Raunar töldu fasteignasalar sem komu á fund nefndarinnar að markaðshlutdeild Íbúðalánasjóðs á þessum síðustu vikum í nýjum fasteignaviðskiptum væri, að mig minnir, 15–25%. Við sjáum hvaða sviptingar eru hér að eiga sér stað og hvernig bankarnir reyna með markvissum hætti að koma Íbúðalánasjóði út af markaðnum. Mín skoðun er sú að flestir af þessum bönkum, eða a.m.k. margir þeirra og margir sparisjóðanna líka, séu ekkert í stakk búnir til að veita lán með þessum vaxtakjörum. Eins og ég nefndi áðan og vitnaði þá í þetta sænska matsfyrirtæki telur það að almennir vextir í bönkunum til fasteignaviðskipta þurfi að vera 0,6–1,2% hærri en þeir eru í dag. Bankarnir eru raunverulega að niðurgreiða lánin, niðurgreiða fasteignalán sín, í þeim eina tilgangi að mínu viti að koma Íbúðalánasjóði út af markaðnum til þess að þeir geti svo hagað sér þar eins og þeir vilja þegar þeir hafa náð fram ætlunarverki sínu.

Lánveitingar til landsbyggðarinnar og félagsleg lán komu nokkuð til umræðu. Það hefur komið fram hjá bönkunum og reyndar Samtökum atvinnulífsins líka að þeir vilja bara að Íbúðalánasjóður breytist í nokkurs konar Byggðastofnun sem láni fyrst og fremst til landsbyggðarinnar og félagslegra nota. Það hefur bara komið skýrt og skilmerkilega fram og það er alveg ljóst að Íbúðalánasjóður mun ekki án mikilla ríkisstyrkja geta verið með fyrirgreiðslu og lánveitingar til landsbyggðarinnar og til leiguíbúða og félagslegrar aðstoðar. Hann verður að geta lánað út almennt til þess að eiga það mögulegt.

Það kom á óvart í bréfi frá Samtökum banka og verðbréfasjóða að samkvæmt þeim upplýsingum sem þau höfðu aflað sér væri búið að lána um 60 milljarða, þ.e. 5 milljörðum meira en þegar við vorum að skoða þessar tölur fyrir stuttu, og að af þeim hefðu um 64% farið til lántakenda á höfuðborgarsvæðinu og 36% til lántakenda á landsbyggðinni. Þetta eru ótrúlega háar tölur varðandi landsbyggðina þannig að við fengum upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins um hvernig þessar lánveitingar hefðu skipst milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðarinnar. Þar koma upp allt aðrar tölur. Þar kemur fram að af heildarlánveitingum á þessum mánuðum, þ.e. frá ágústmánuði, hafi aðeins 13–14% farið til landsbyggðarinnar. Þetta eru allt aðrar tölur en við fengum upplýsingar um frá Samtökum banka og sparisjóða.

Ég held að ég þurfi ekkert að hafa miklu fleiri orð um þessi mál. Við í minni hlutanum höfum haft fyrirvara og ég vil aðeins lýsa þeim. Þeir lúta að því sem fram kemur í frumvarpinu, að samkvæmt því er mögulegt að skerða hámarkslánið, króna á móti krónu, vegna áhvílandi lána sem hvíla á íbúðum. Það skerðir auðvitað hámarksfjárhæðina. Rökin eru þau að þetta sé krafa frá ESA, þessi skerðing verði að eiga sér stað með þeim rökum að Íbúðalánasjóður sé með yfirgnæfandi markaðsstöðu á þessum markaði og þess vegna þurfi að vera með þessa skerðingu, króna á móti krónu. Við höfum það bara fyrir okkur að þetta er gjörbreytt landslag frá því fyrir nokkrum vikum. Bankarnir eru með miklu stærri hlut í nýjum lánveitingum en nokkurn tímann Íbúðalánasjóður þannig að ég tel að þessi rök séu ekki til staðar. Þess vegna getur þetta ákvæði um skerðingu, króna á móti krónu, ekki átt að vera í frumvarpinu. Mun ég sitja hjá við afgreiðslu þess ákvæðis. Ég held sem sagt að það sé einfaldlega rangt að Íbúðalánasjóður sé í markaðsráðandi stöðu sem voru rökin fyrir þessu ákvæði í frumvarpinu.

Ég hef líka efasemdir um það sem er verið að setja hér inn hjá meiri hlutanum og kemur fram í breytingartillögunum um uppgreiðsluálagið. Þarna vill meiri hlutinn fá inn ákvæði sem heimilar að fólk geti valið um hvort það taki lán með eilítið hærri vöxtum og þurfi ekki að greiða sérstakt uppgreiðsluálag ef það óskar eftir að greiða upp lánið. Uppgreiðsluálagið er raunverulega komið inn í það vaxtaálag sem sjóðurinn hefur nú, þessi 0,6%. 0,25% af því eru áætluð vegna uppgreiðslu. Síðan hafi fólk valið um að fá þá vaxtakjör, t.d. 0,25% neðar, þ.e. 3,90%, en þá gengst það undir það að sjóðurinn áskilji sér, ef lántaki vill greiða upp slíkt lán með þessum lægri vöxtum, þóknun sem aldrei nemur hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði Íbúðalánasjóðs vegna uppgreiðslunnar. Miðað við þetta eins og það er sett fram getur sjóðurinn tekið, ef fólk velur lægri vextina, hugsanlega mismun á markaðsvöxtum eins og þeir eru á þeim tíma þegar fólk vill greiða upp lánið og á útlánavöxtum eins og þeir voru þegar viðkomandi tók lánið. Þarna getur verið um verulega háa fjárhæð að ræða.

Meiri hlutinn leggur líka til að slík heimild til að taka uppgreiðsluþóknun gangi yfir á leiguíbúðirnar. Ég tel mjög vafasamt að fara þessar leiðir, ekki síst þegar Samkeppnisstofnun hefur ekki úrskurðað í þessu álitamáli. Leitað var til Samkeppnisstofnunar um það hvort bankarnir hefðu í raun og sanni heimild til að veita lán með slíku uppgreiðsluákvæði og bent á að lög um neytendalán kæmu í veg fyrir slíkt.

Eins og framsögumaður tók fram er hvatt til þess að sú heimild sé ekki nýtt fyrr en kominn er þessi úrskurður og niðurstaða og það er auðvitað vörn í málinu.

Ég held að ég hafi þá gert grein fyrir þeim fyrirvörum sem lúta að þessum ákvæðum, króna á móti krónu, uppgreiðsluálaginu, af því að ég tel nauðsynlegt að fara hærra

með þessa hámarksfjárhæð en nú liggur á borðinu og ég tel rétt að auka sveigjanleikann í veðmörkum. Þá vísa ég til þess sem stendur í nefndarálitinu, virðulegi forseti, um það ákvæði. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Í nefndinni var rætt um hvaða möguleika Íbúðalánasjóður hefði til að mæta þörfum fólks með eldri óhagstæðari lán frá sjóðnum og til að verja sjóðinn uppgreiðslu. Fram kom af hálfu fulltrúa félagsmálaráðuneytis að kannaðir yrðu möguleikar þess að heimila sjóðnum að fallast á takmarkaðar veðsetningar framar eldri lánum sjóðsins."

Um þetta spyr ég hæstv. ráðherra líka.

Loks er það spurning mín sem lýtur að félagslega íbúðakerfinu sem mér finnst við ekki hafa fengið nægjanleg svör við í félagsmálanefnd þar sem við fjölluðum um þetta. Fyrir liggja tillögur nefndar um hvernig efla eigi leigumarkaði, m.a. eru þar tillögur um að til álita komi að veita stofnstyrki til byggingar leiguíbúða fyrir sérstaka hópa aldraða, öryrkja og námsmanna sem búa við erfiðar aðstæður og eru með tekjur og eignir innan tiltekinna tekju- og eignamarka. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um það.

Einnig er bent á það að breyta ákvæðum um húsaleigubætur. Ég vil spyrja hvaða áform eru uppi varðandi leiguíbúðirnar einnig. Ég hef áhyggjur af stöðunni á leigumarkaðnum, þótt staðan hafi kannski batnað á almenna leigumarkaðnum eru miklir erfiðleikar hjá lágtekjufólki sem á allt undir því að geta fengið leiguíbúðir hjá sveitarfélögunum eða hjá félagasamtökum eins og Öryrkjabandalaginu. Ég held að lítið hafi saxast á biðlistana sem voru síðast þegar ég skoðaði um 2 þús. manns. Þess vegna spyr ég í lokin hæstv. ráðherra hvaða áform séu uppi um það að efla leigumarkaðinn gagnvart því fólki sem er á biðlista eftir leiguíbúðum hjá sveitarfélögunum og félagasamtökum.

[12:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gat þess í ræðu sinni sem var mjög yfirgripsmikil og ágæt að minni lánastofnanir þyldu ekki þá samkeppni sem væri á lánamarkaðnum og jafnvel gæti farið illa fyrir sumum þeirra. Hún á þá væntanlega við sparisjóði, sérstaklega úti á landi, hina minni sparisjóði.

Sparisjóðirnir eiga marga vini á þingi. Það kom fram í vetur. Sérstaklega eru landsbyggðarþingmenn vinir þeirra. Þingmaðurinn vill auka samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs enn frekar með því að hækka hámarkið og gera hann á allan máta eins samkeppnishæfan og hægt er. Þar með eykur hann samkeppni á þessum lánamarkaði, harkan vex og það kemur væntanlega þessum litlu lánastofnunum enn verr. Spurning mín til hv. þingmanns er þessi: Er það það sem hv. þingmaður vill?

[12:55]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Það skal koma skýrt fram af minni hálfu, virðulegi forseti, að ég tel að innkoma bankanna á fasteignamarkaðinn hafi verið mjög jákvæð. Ég tel að þeir hafi gert marga góða hluti með innkomu sinni, sérstaklega fyrir fólk sem hefur þurft að breyta óhagstæðum lánum, verið með lán kannski á 8–10% vöxtum hjá bönkunum. Þarna hafa bankarnir opnað fyrir möguleika hjá þessu fólki til að skuldabreyta erfiðum lánum og það er vissulega mjög jákvætt. Þeir hafa haft þarna ákveðið frumkvæði að því að ná niður vaxtastiginu. Það var tími til kominn vegna þess að bankarnir hafa haldið uppi allt of háu vaxtastigi í langan tíma og hefðu fyrir lifandis löngu átt að vera komnir inn á þennan markað.

Það gera þeir ekki fyrr en þeir sjá niðurstöðuna frá ESA sem gerði enga athugasemd við starfrækslu Íbúðalánasjóðs. Þeir verða auðvitað að átta sig á stöðu sinni, sjóðirnir, að keyra ekki harðar fram en þeir mögulega þola. Það hefur komið fram, og hv. þingmaður veit það, í umfjöllun um starf okkar í nefndinni að Fjármálaeftirlitið hefur gert athugasemdir við það að a.m.k. einhverjar lánastofnanir séu á grensunni og þurfi að huga betur að áhættustýringu. Það hefur líka komið fram frá Íbúðalánasjóði að sænskt matsfyrirtæki telur að vaxtakjör ýmissa lánastofnana séu hærri en þessir bankar raunverulega geta, eða sparisjóðir eða hverjir það eru. Þetta verða þeir auðvitað að eiga við sjálfa sig og fara ekki lengra þá í samkeppnina en þeir treysta sér þannig að það séu þá bærilegar stoðir undir því sem þeir veita.

Það er það sem ég hef gert athugasemdir við, að þeir séu bara í þessu í þeim eina tilgangi að ýta Íbúðalánasjóði út af markaðnum.

[12:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður svaraði ekki spurningunni. Hv. þingmaður hefur lýst því yfir að hún vilji auka samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs til þess að hann lifi af. Nú er það þannig að þegar t.d. Íbúðalánasjóður lækkaði vexti nýverið eltu allir bankarnir þá lækkun og urðu að gera það, annars misstu þeir viðskiptamenn sína. Þannig er samkeppnin einu sinni. Þessar minni lánastofnanir sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni að gætu lent í vandræðum verða líka að elta samkeppnina, ella missa þær viðskiptamenn sína.

Ég spyr hv. þingmann: Vill hún auka samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs enn frekar vitandi það að markaðurinn verður að bregðast við og gera þessum minni lánastofnunum svo erfitt fyrir að þær geti jafnvel ekki starfað? Hvað segja landsbyggðarþingmenn í flokki hv. þingmanns við þessari stefnu hennar að gera Íbúðalánasjóð eins samkeppnishæfan og hv. þingmaður leggur til, hækka hámarkið o.s.frv.?

[12:58]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Það er ekkert markmið í sjálfu sér hjá mér að halda þannig á málum að Íbúðalánasjóður starfi hér um alla eilífð. Hv. þingmaður orðaði það svo að ég vildi að Íbúðalánasjóður lifði af. Já, ég held að hann eigi erindi enn þá, Íbúðalánasjóður, meðan bankarnir eru að sanna sig. Það eru ótraustar stoðir undir útlánum ýmissa banka.

Ég get endurtekið mig aftur og aftur með það að ég tel að hlutverk Íbúðalánasjóðs sé afar mikilvægt þannig að bankarnir fái að sanna sig, að þetta séu þá lánveitingar til frambúðar sem þeir geti veitt fólki á þessum hagstæðu kjörum en að tilgangurinn sé ekki bara að ýta Íbúðalánasjóði út

af markaðnum. Því miður, virðulegi forseti, held ég að það sé meginmarkmið þeirra.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:59]

Fjáraukalög 2004, frh. 3. umr.

Stjfrv., 76. mál. — Þskj. 403, frhnál. 495 og 496, brtt. 497.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:35]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér koma fjáraukalög fyrir árið 2004 til lokaafgreiðslu. Meginhluti þess sem verið er að greiða atkvæði um í fjáraukalagafrumvarpinu er búið að afgreiða. Framkvæmdarvaldið hefur þegar tekið ákvarðanir um flesta þætti þess sem verið er að greiða atkvæði um og þess vegna er nánast formsatriði af hálfu þingsins að staðfesta það sem þegar er orðið.

Engu að síður er ástæða til þess að fagna ákveðnum breytingum sem gerðar eru þó löngu hafi verið ljóst að bæta þyrfti úr, en það er sérstaklega aukið fjármagn til framhaldsskólanna. Reyndar var ljóst við fjárlagaafgreiðslu fyrir ári að framhaldsskólarnir voru settir í mikinn fjárhagsvanda eins og raun varð á sl. sumar þegar þeir gátu ekki tekið inn nemendur vegna fjárvöntunar. Úr nokkru hefur hér verið bætt. Engu að síður fara framhaldsskólarnir inn í næsta ár með nokkur hundruð millj. kr. halla sem er algerlega óverjandi aðgerð og á svig við lög að stofnanir fari með halla með þeim hætti milli ára.

Ég vil einnig víkja að öðrum þætti sem mér finnst að þingið hefði átt að taka á af meiri myndarskap, en það er aukið framlag til sveitarfélaganna, en fjárhagur margra sveitarfélaga er afar slæmur eins og komið hefur rækilega fram í umræðum á þingi. Ríkinu ber skylda til þess að sjá til þess að fjármagn til almennra velferðarmála, hvort sem er á vegum ríkis eða sveitarfélaga, sé nægilegt svo hægt sé að standa undir lögboðinni þjónustu eins og ráð er fyrir gert. Mörg sveitarfélög sárvantar fjármagn til þess að standa undir þeirri þjónustu og hefði þurft að leggja fram aukið fé til þeirra mála.

Ég legg fram tillögu til lokaafgreiðslu fjáraukalaga um að veitt verði aukið framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga upp á 250 millj. kr. til þess að styrkja frekar og að nokkru þau sveitarfélög sem verst eru stödd.

Virðulegi forseti. Frumvarpið er algjörlega unnið á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og af meiri hluta hennar. Eins og ég hef áður rakið munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sitja hjá við heildarafgreiðslu frumvarpsins.

[13:38]

Einar Már Sigurðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þá er komið að lokaafgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 2004. Ljóst er að minni hlutinn stendur frammi fyrir gerðum hlut í því frumvarpi sem hér er til afgreiðslu. Farið er á svig við fjárreiðulög í ýmsum atriðum eins og við höfum bent á í umræðum og álitum okkar. Þó er rétt að taka fram að ýmislegt hefur færst til betri vegar í gegnum árin, en margt í fjáraukalögunum var fyrirséð og bent á við umræður við fjárlög ársins, annað á raunverulega heima í fjárlögum næsta árs því það er eldra. Það sem er hvað alvarlegast í málinu er að ekki er hægt að sjá neina reglu í því hvernig tekið er á vanda einstakra fjárlagaliða, heldur virðist vera um eitthvert tilviljunarkennt úrtak að ræða sem ekki er hægt að átta sig á. Kannski má segja að það sem einkennir þetta allt saman sé ákveðinn veruleikaflótti, ekki sé tekið á þeim vanda sem við blasi heldur eingöngu því sem hentar hverju sinni.

Herra forseti. Ríkisstjórnarmeirihlutinn ber auðvitað alla ábyrgð á málinu og mun þess vegna einn greiða atkvæði með því. Samfylkingin mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[13:39]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við göngum nú til afgreiðslu fjáraukalaganna. Það er algjörlega ljóst að fjáraukinn allur eins og hann er hér til lokaafgreiðslu er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Í fjáraukalögunum er verið að lagfæra suma liði sem bent var á við afgreiðslu fjárlaganna sl. haust og voru þá þegar fyrirséðir. Við höfum oft bent á að æskilegt væri að taka þetta að meira leyti inn í fjárlögin þegar hægt er að sjá fyrir að á muni vanta. Svo hefur ekki verið gert til þessa og afgreiðsla fjáraukalaganna er algjörlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Brtt. 497 felld með 26:22 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁI, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MÁ, SJS, StP, VF, ÞBack, ÖS.

nei: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, StB, SæS, VS.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, EOK, GunnB, HHj, JBjart, KJúl, LB, MF, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:41]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það væri ágætt ef hæstv. félagsmálaráðherra greiddi þessari góðu tillögu atkvæði, þá mundi hann sýna ábyrgð í starfi. Tillagan fjallar um að veitt verði aukið fé í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til þess að mæta sárustu vöntun sem mörg sveitarfélög standa frammi fyrir hvað varðar fjárhag til rekstrar. Þetta eru 250 millj. kr. Við horfum upp á það að ríkið er stöðugt að flytja aukin verkefni til sveitarfélaganna. Það breytir lögum þannig að tekjustofnar sveitarfélaganna rýrna. Þau standa frammi fyrir því að halda uppi þjónustu, þá selja þau eigur sínar, hitaveitur og jafnvel skóla til þess að standa í skilum. Ástandið er ófært og ekki Alþingi eða ríkisvaldi samboðið. Við berum sameiginlega ábyrgð á þessum verkefnum. Ef sveitarfélögin vantar fjármagn en ríkið hefur nóg fjármagn á að veita það til sveitarfélaganna. Þess vegna á að segja já við þessari góðu tillögu.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, StB, SæS, VS.
23 þm. (AKG, ÁI, BJJ*, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MÁ, SJS, StP, VF, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, EOK, GunnB, HHj, JBjart, KJúl, LB, MF, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.
[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 509)

Málefni aldraðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 85. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 85, nál. 479, brtt. 480.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 480 felld með 26:22 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁI, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MÁ, SJS, StP, VF, ÞBack, ÖS.
nei: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, StB, SæS, VS.
15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, EOK, GunnB, HHj, JBjart, KJúl, LB, MF, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:43]

Þuríður Backman:
Hæstv. forseti. Við greiðum atkvæði um það hvort þeir sem njóta grunnlífeyris, tekjutryggingar og tekjutryggingarauka almannatrygginga árið 2004 eða hafa lægri tekjur, þ.e. allt það fólk sem hefur tekjur undir framfærslumörkum eigi að vera undanþegið nefskattinum sem rennur til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Við teljum að það sé réttmætt að allir þeir sem hafa tekjur undir framfærslumörkum séu undanþegnir gjaldinu, auk þeirra sem lögin taka tillit til.

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Bifreiðagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 377. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 462.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁI, ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SJS, StP, StB, SæS, VF, VS, ÞBack.
1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, EOK, GÖg, GunnB, HHj, JBjart, KJúl, LB, MF, SF, SP, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Úrvinnslugjald, 1. umr.

Stjfrv., 394. mál (fjárhæðir, gjaldskylda o.fl.). — Þskj. 501.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Húsnæðismál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 220. mál (hámark lánshlutfalls). — Þskj. 223, nál. 499, brtt. 500.

[13:46]

Sigurður Kári Kristjánsson:
Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja langa ræðu, en mig langar til að koma að nokkrum sjónarmiðum varðandi það mál sem hér er til umfjöllunar, frumvarp til laga um breytingar á lögum um húsnæðismál, og koma fram bæði í greinargerð með frumvarpinu og í nefndaráliti. Einnig langar mig til að varpa fram a.m.k. tveimur spurningum til hæstv. félagsmálaráðherra.

Eins og kom fram í ræðu hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar er málið sem er hér til umfjöllunar vel þekkt. Þetta er mál sem ekki fer lágt í umræðunni, heldur hátt. Hér er á ferðinni hækkun á húsnæðislánum upp í 90%. Þetta mál var eitt af þeim sem fóru hvað hæst í aðdraganda síðustu kosninga og rötuðu inn í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, þar sem sagt er að stefnt skuli að því að hækka húsnæðislán upp í allt að 90%. Við það stefnumið er staðið með frumvarpinu sem hér er til umræðu.

Það er rétt að geta þess að þegar þetta stefnumál kom inn í stjórnarsáttmálann voru aðstæður á íslenskum fjármálamarkaði allt aðrar en nú eru, þar á meðal á húsnæðislánamarkaðnum. Á þeim tíma bauð Íbúðalánasjóður bestu vextina og sat í rauninni einn að húsnæðislánamarkaðnum, en síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Viðskiptabankarnir, sem eru einkafyrirtæki, hafa blandað sér inn í þau viðskipti og haslað sér völl á húsnæðismarkaði. Það sama má segja um sparisjóðina og jafnvel lífeyrissjóðina, sem

hafa boðið lægri vexti til húsnæðis- og fasteignakaupenda og hærri hlutföll en við höfum áður séð á þeim markaði.

Þetta eru atriði sem allir sem þekkja, öll þjóðin þekkir. Í kjölfar þessara breytinga hefur orðið nokkur umræða um Íbúðalánasjóð og stöðu hans á markaðnum og menn hafa sett fram ákveðin sjónarmið um hvort eðlilegt sé að ríkið taki þátt í lánamarkaði með þessum hætti. Um þetta eru skiptar skoðanir eins og sjá má í umsögnum sem nefndinni bárust og kemur fram í nefndarálitinu. Sumir telja mikilvægt að styrkja Íbúðalánasjóð svo hann geti áfram verið raunverulegur valkostur fyrir fólk í fasteignakaupum, en aðrir telja að hlutverk sjóðsins eigi fremur að einskorðast við að gegna félagslegu hlutverki, svo sem að sinna lánveitingu til fólks sem hefur ekki mikið á milli handanna og sömuleiðis til lánveitinga vegna fasteignakaupa á landsbyggðinni. Í þriðja lagi má benda á sjónarmið sem einnig hefur heyrst í umræðunni að ríkið eigi hreinlega að draga sig út af þessum markaði.

Í nefndarálitinu segir að nefndin telji og bendi á að sú fyrirgreiðsla sem Íbúðalánasjóður veitir og hefur veitt sé forsenda fyrir jöfnum aðgangi að lánsfé til fasteignakaupa, óháð búsetu eða félagslegri forsögu einstaklinga, og markmið með hækkun lánshlutfalls sé að auðvelda kaupendum minni og meðalstórra fasteigna að fá heildstæða fjármögnun til slíkra kaupa. Þetta eru sambærileg sjónarmið við það sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að sú breyting sem nú hefur orðið á lánsframboði sé jákvæð fyrir þróun íslensks húsnæðismarkaðar er jafnljóst að Íbúðalánasjóður og sú fyrirgreiðsla sem sjóðurinn veitir er forsenda fyrir jöfnum aðgangi almennings að lánsfé til fasteignakaupa, óháð búsetu eða fjárhagslegri forsögu. Ljóst er að atburðarásin á lánamarkaði undanfarna mánuði sýnir með skýrum hætti að tilvist og lánaframboð Íbúðalánasjóðs felur í sér nauðsynlegt aðhald gagnvart viðskiptabönkum og sparisjóðum."

Nauðsynlegt aðhald gagnvart viðskiptabönkum og sparisjóðum. Ég leyfi mér hins vegar að halda því fram að orðalagið, eins og það kemur fram í greinargerðinni, og tekið er undir í áliti nefndarinnar, sé varlegt. Afsakið, ég leiðrétti að það er ekki tekið undir þetta í nefndarálitinu, eins og kom hér fram, ekki með frammíkalli, heldur með líkamshreyfingum hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. Ef við skoðum markaðinn þá snýst þetta ekki um aðhald ríkisins gagnvart einkafyrirtækjunum, þ.e. viðskiptabönkunum sem eru í einkaeigu. Hér er mjög hörð samkeppni í gangi, samkeppni í sinni hörðustu mynd, einkum hvað varðar vaxtakjör á húsnæðislánamarkaðnum. Sama sjónarmið kom fram í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrr í dag sem talaði um og lagði ríka og mikla áherslu á að við yrðum að tryggja samkeppnishæfni og auka samkeppnishæfni Íbúðalánasjóðs gagnvart lánastofnunum. Sem sagt – auka samkeppnishæfni ríkisins gagnvart einkaaðilunum. Þetta er það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lagði mikla áherslu á.

Mörg þessara sjónarmiða eru góð og gild og ég hef skilning á þeim, en ég er samt sem áður þeirrar skoðunar að við eigum að hafa þessi mál, þar á meðal húsnæðismálin og lánamálin, til stöðugrar endurskoðunar. Ég tel að markaðurinn hafi breyst það mikið á síðustu vikum og mánuðum með innkomu einkaaðila sem hafa boðið lántakendum, fólkinu í landinu, miklu lægri vexti við kaup á húsnæði en áður hefur þekkst, að nauðsynlegt sé að taka þessi mál til endurskoðunar.

Sömuleiðis hef ég efasemdir um, og tel óeðlilegt að sjóður eins og Íbúðalánasjóður, sem er í eigu ríkisins og rekinn af hinu opinbera og nýtur þeirrar stöðu að hafa ríkisábyrgð og grundvallar allt starf sitt á henni, taki þátt í jafn hatrammri samkeppni um vaxtakjör til einstaklinga á markaði og nú er, í þessu tilviki hjá fasteignakaupendum.

Þetta er ástæðan fyrir því að ég blandaði mér í umræðuna, og úr því hæstv. félagsmálaráðherra er hér í húsinu, langar mig til að varpa fram tveimur spurningum og óska eftir að hann geri grein fyrir skoðunum sínum hvað þær varðar í ræðu sinni.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji eðlilegt að Íbúðalánasjóður taki þátt í samkeppni við viðskiptabankana, sparisjóðina og eftir atvikum lífeyrissjóðina, um að bjóða lægstu vexti á markaði til neytenda, til fasteignakaupenda, með hliðsjón af því að Íbúðalánasjóður nýtur ríkisábyrgðar sem hinir aðilarnir njóta ekki. Telur hæstv. félagsmálaráðherra að þátttaka ríkisins á þessum markaði sé eðlileg eins og hún er nú og sér hann fyrir sér einhverjar breytingar hvað aðkomu Íbúðalánasjóðs að þessum hluta starfseminnar og samkeppninnar varðar?

Í annan stað, eins og ég vék að áðan, kom fram í umsögnum að skiptar skoðanir eru meðal manna um hvort Íbúðalánasjóður eigi að starfa. Sumir eru þeirrar skoðunar að svo sé, og að slíkt sé beinlínis nauðsynlegt fyrir fasteignamarkaðinn, en aðrir telja að hann eigi einungis að sinna félagslegu hlutverki sínu og svo er þriðji hópurinn sem telur að ríkið eigi ekkert að vera að vasast í starfsemi eins og þessari. En ef við gefum okkur það, og ég geri ráð fyrir að hæstv. félagsmálaráðherra telji að réttlæta megi tilvist Íbúðalánasjóðs á þessum markaði, þá langar mig að spyrja hann hvort ekki nægi að einskorða þátttöku Íbúðalánasjóðs við lánveitingar til hinna eignaminni og til þeirra svæða úti á landi þar sem viðskiptabankarnir sinna einstaklingum kannski ekki með sama hætti og Íbúðalánasjóður hefur gert – nægir ekki einfaldlega að Íbúðalánasjóður sinni þessu hlutverki, en láti einkaaðilunum eftir þann markað sem eftir stendur?

Ég mundi vilja fá sjónarmið hæstv. ráðherra á því hvort hann sjái fyrir sér einhverjar breytingar í framtíðinni hvað aðkomu sjóðsins að þessum markaði varðar.

Að öðru leyti hef ég ekki meira um málið að segja. Nefndarálitið sem hér er til umræðu er ítarlegt og gagnlegt og ég þakka þá málefnalegu umræðu sem hefur farið fram um það. En ég óska eftir að hæstv. félagsmálaráðherra geri grein fyrir þessum sjónarmiðum og svari þeim spurningum sem ég hef varpað fram til hans.

[13:59]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir góða og glögga ræðu um þær breytingar sem eru hér til umræðu á Íbúðalánasjóði. Hann kom að kjarna málsins í ræðu sinni eins og þess hv. þingmanns er von og vísa. Það varðar framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóðs eftir þessar miklu og rót-

tæku breytingar á lánamarkaði og hann spyr hæstv. félagsmálaráðherra hvernig hann sjái sjóðnum best fyrir komið. Þetta er stórpólitísk spurning.

Því vildi ég spyrja hv. þingmann sömu eða svipaðrar spurningar: Hvernig sér hann aðkomu ríkisins að íbúðalánamarkaðnum eftir þær breytingar sem nú eiga sér stað? Að margra mati blasir við að Íbúðalánasjóður hökti nú haltur á eftir hinum í kjölfar þess sem er að gerast á lánamarkaði og haldi ekki í við breytingar sem þar eru að verða. Þá kemur upp sú spurning hvort ríkið eigi almennt að keppa við einkafyrirtæki á þessum markaði. En stærsta spurningin er að sjálfsögðu þessi: Hvernig tryggjum við öllum landsmönnum öruggt aðgengi að íbúðalánum, burt séð frá búsetu? Allir vita að íbúðalán bankanna miðast fyrst og fremst við suðvesturhornið og nágrannabyggðir, en alls ekki við landsbyggðina og hvað þá þar sem hvað mest sverfur að. Því vildi ég spyrja hv. þingmann: Hvernig sér hann þessum hlutum háttað í framtíðinni? Á ríkið að láta af almennri samkeppni á þessum markaði en einbeita sér að því að halda úti einhvers konar félagslegum jöfnunarsjóði sem lánar þá til þeirra svæða sem bankarnir og aðrar lánastofnanir lána ekki til? Á það að vera hlutverk ríkisins? Á það að standa undir slíkri starfsemi eða verður þar látið skeika að sköpuðu? Ég vildi fá viðhorf hans til þessara mála.

[14:01]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú byrja á því að þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir einkar hlýleg orð í minn garð hvað varðar þá ræðu sem ég hélt hér.

Varðandi spurningar hans er mér ljúft og skylt að svara þeim. Skoðun mín er einföld, hún er sú að ríkið eigi ekki að vera fyrirferðarmeira á lánamarkaði, hvort sem það er á fasteignalánamarkaði eða öðrum fjármálamarkaði, en nauðsynlegt er. Eftir því sem þátttaka ríkisins er minni þeim mun betra, því minni þátttaka þeim mun betra.

Ég hef hins vegar, eins og ég held að hafi komið fram í ræðu minni, samúð með því sjónarmiði að komið sé til móts við þá fasteignakaupendur sem hafa lítið fé á milli handanna og kannski ekki sterk veð sem þeir geta lagt fram til tryggingar þeim lánum sem þeir taka til kaupa á fasteignum. Það sama á við um lánveitingar til svæða úti á landi þar sem fasteignamarkaður er kannski ekkert mjög virkur, eins og t.d. í dreifbýlum sveitum þar sem ekki er raunverulegur markaður.

Þess vegna sagði ég og varpaði þeirri spurningu til félagsmálaráðherra hvort þessum málum væri hugsanlega ekki betur komið með því að ríkið mundi þá bara sjá um þennan félagslega þátt húsnæðislánamarkaðarins en draga sig að öðru leyti út af honum. Ég held að það væri betra en að ríkið væri í hreinni samkeppni við einkaaðila á húsnæðismarkaði.

Mitt svar er því þetta: Umsvif ríkisins eiga að vera sem minnst en ég hef alveg samúð með því að komið sé til móts við efnaminna fólk og landsbyggðina, (Forseti hringir.) sérstaklega þar sem ekki er virkur markaður með fasteignir.

[14:03]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gleður mig að heyra þau viðhorf sem fram komu í máli hv. þingmanns um að hann hafi samúð með þeim sjónarmiðum að tryggja þurfi landsbyggðinni og efnaminna fólki aðgengi að íbúðalánum á sömu kjörum eða alls ekki lakari en gerist og gengur nú á hinum frjálsa markaði. Ég get einnig tekið undir að auðvitað er það eftirsóknarverð staða að ríkið sé í sem allra minnstum mæli þátttakandi á frjálsum lánamarkaði. Það er að sjálfsögðu eftirsóknarverð staða.

En hlutverk okkar er að tryggja það að þessar breytingar, þessi öra og hraða þróun — sem er held ég örari og hraðari en við flest sáum fyrir eða gátum ímyndað okkur — leiði ekki til þess að landsbyggðin og íbúðaeigendur eða væntanlegir kaupendur þar og seljendur lendi í vanda með að fjármagna kaup og sölu á fasteignum sínum. Því tel ég það standa upp á stjórnvöld að koma fram með hugmyndir um hvernig eigi að bregðast við þessu sjái menn fram á það að endalok Íbúðalánasjóðs blasi við, sjái menn fram á að það sé staðan að Íbúðalánasjóður sem slíkur sé að syngja sitt síðasta. Fram kom í máli forstjóra sjóðsins fyrir nokkrum dögum, Guðmundar Bjarnasonar, að hann teldi, að mér skildist, að svo gæti orðið ef þessi þróun héldi áfram.

Það verður þá að liggja skýrt fyrir, eins og fram kom í máli hv. þingmanns, að ríkið eigi að draga sig út úr samkeppni, þ.e. lánum á þeim svæðum þar sem bankarnir eru og vilja lána. Það er miklu róttækara og annað viðhorf en fram kemur í því þingmáli sem hér er til umræðu. Mér fannst það vera innstæðan og kjarninn í máli hv. þingmanns og viðbrögð ríkisins við því væru að stofna einhvers konar félagslegan jöfnunarsjóð sem tryggði íbúðaeigendum, bæði þeim efnaminni og þeim úti á landi, aðgengi að þessum lánum. (Forseti hringir.) Ef þettta er þróunin tek ég undir að ríkisvaldið verður að gera það.

[14:06]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson séum alveg sammála um að það sé engin ástæða, hvorki á þessum markaði, lánamarkaði né öðrum markaði, til að verið sé að níðast á einhverjum sérstökum þjóðfélagshópum, hvort sem það er efnalítið fólk, stórefnað fólk, höfuðborgarbúar, landsbyggðarmenn eða hverjir aðrir. Ég er bara að varpa fram þessum sjónarmiðum til hæstv. ráðherra til umræðu og umhugsunar.

Ég tel alveg rök fyrir því, eins og hv. þingmaður vék hér að, að komið sé til móts við þessa hópa sem ég hygg að Íbúðalánasjóði hafi í upphafi verið ætlað að sinna, þ.e. sinna félagslegri þjónustu gagnvart fólki sem þurfti að sækja sér lánveitingar til að koma þaki yfir höfuðið. Síðan hefur bara, og ég vék að því í ræðu minni, umhverfið allt saman gjörbreyst frá því t.d. að stjórnarsáttmálinn var undirritaður og samþykktur af hálfu okkar sem stöndum að þessari ríkisstjórn. Það hlýtur að leiða til þess að menn taki til umræðu hvort hugsanlega sé eðlilegt að taka þessi mál öll til gagngerrar endurskoðunar eða a.m.k. til umræðu. Þá á ég við þessa auknu samkeppni á húsnæðismarkaði sem

orðið hefur með lækkandi vöxtum, hærra lánshlutfalli og greiðari aðgangi að fjármagni.

Við þessar aðstæður, þessar nýju og breyttu aðstæður, hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort ríkið eigi að taka þátt af fullum krafti eins og gert hefur verið, í samkeppni við einkaaðila eða ekki.

[14:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óskaplega erfitt að henda reiður á skoðunum og stefnu Sjálfstæðisflokksins í þessu máli. Það er engu líkara en að hún breytist dag frá degi. Hér hlustum við t.d. í dag á tvo talsmenn Sjálfstæðisflokksins sem virðast vera algjörlega á öndverðum meiði, ekki bara varðandi Íbúðalánasjóð heldur líka varðandi þróunina á húsnæðismarkaðnum.

Við heyrðum fyrr í morgun hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson tala eins og allt væri að fara til fjandans á þessum markaði. Það var ekki hægt að skilja mál hans öðruvísi en svo að í reynd væri möguleiki á einhvers konar bankakreppu. (**Gripið fram í:** Rangt.) Mig langar til þess að fá álit hv. þingmanns á því ef hann gefur kost á því, ég mun þó ekki ganga hart eftir því.

Það sem mig langar hins vegar til að spyrja hv. þingmann um — herra forseti, gæti ég fengið frið til að halda áfram ræðu minni fyrir þessum óánægjuhljóðum frá hv. þingmanni?

Herra forseti. Svo að ég hefji aftur máls á síðari spurningu minni er staðan sú að innan Sjálfstæðisflokksins eru samtök sem hafa lýst yfir fullum fjandskap við Íbúðalánasjóð, hafa lýst því yfir að það eigi að selja þá stofnun og leggja niður. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur verið forustumaður þessara samtaka. Mig langar til að spyrja hv. þingmann: Er hann enn þeirrar skoðunar að það eigi að leggja Íbúðalánasjóð niður eða hefur hann tekið flipp-flopp og skipt algjörlega um skoðun eins og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sem kom hingað í morgun og talaði fyrir tillögum sem beinlínis miða að því að styrkja sjóðinn?

[14:10]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var eitthvert furðulegasta andsvar sem ég hef á ævinni orðið vitni að, ekki bara hin ímynduðu frammíköll og truflun sem hv. 1. þm. Reykv. n. gerði hér að umfjöllunarefni heldur líka sú túlkun sem frá honum kom varðandi fyrri ræður sem hafa verið haldnar hér í dag og sömuleiðis sjónarmið manna gagnvart Íbúðalánasjóði.

Ég gat ekki heyrt hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson lýsa því yfir í ræðu sinni fyrr í umræðunni að það væri hætta á einhverri stórkostlegri bankakreppu. Þar fyrir utan kannast ég ekki við það að ég og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson séum sérstaklega ósammála hvað varðar þátttöku ríkisins á fjármálamarkaði, hvort sem sá markaður höndlar með húsnæðislán eða stendur í annars konar lánaviðskiptum. Það er einhver hundalógík sem býr að baki þessum málflutningi hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar.

Svo fjallaði hann um fjandskap við Íbúðalánasjóð af hálfu samtaka sem ég og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson höfum verið í forsvari fyrir. Þau samtök hafa engan fjandskap sýnt í garð sjóðsins. Það er fyrst og fremst velmegun fólksins í landinu sem hefur búið að baki þeim málflutningi sem við höfum staðið fyrir og hann er nákvæmlega sá sem ég hélt fram í fyrra andsvari mínu. Ríkið á ekki að taka þátt á (Forseti hringir.) fjármálamarkaði umfram það sem nauðsynlegt er. (Forseti hringir.) Ég held að ég hafi skýrt það nákvæmlega út áðan, í fyrra andsvari mínu.

[14:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá eru á þessum degi komnar fram þrjár skoðanir af hálfu sjálfstæðismanna gagnvart Íbúðalánasjóði. Í fyrsta lagi var rifjað hér upp að ýmis félög, eins og Samband ungra sjálfstæðismanna, hafa gert ályktanir í gegnum tíðina um að leggja beri Íbúðalánasjóð niður.

Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson flutti hér tölu í morgun þar sem hann reifaði og rökstuddi tillögur til þess beinlínis að halda Íbúðalánasjóði á lífi. Af því er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hafi skipt um skoðun og telji núna að það skipti máli að halda Íbúðalánasjóði á lífi. Sjálfur er ég nokkuð hlynntur því sjónarmiði.

Síðan er þriðja sjónarmiðið sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kom með, lagði nú ekki í að skýra afstöðu sína algjörlega, en hún var sú að það ætti að láta Íbúðalánasjóð lifa til þess að sinna þeim verkefnum sem þörf væri á. Hann skilgreindi hins vegar ekkert frekar hvaða verkefni nákvæmlega það væru. Hugsanlega var það landsbyggðin og hugsanlega voru það ýmis félagsleg vekefni.

Út af fyrir sig skiptir það ekki máli. Það sem bara stendur upp úr þessari umræðu er vandræðagangurinn í Sjálfstæðisflokknum gagnvart félagslegum húsnæðismálum og gagnvart Íbúðalánasjóðnum.

Sjálfstæðisflokkurinn, sem er stærri flokkurinn í ríkisstjórninni, kemur hérna í þessu mikilvæga máli og það stendur ekki steinn yfir steini af því sem talsmenn, hv. þingmenn, flokksins eru að fara með. Það er ekki hægt að leggja saman þessar mismunandi afstöður sem þessir tveir hv. þingmenn hafa flutt hér á þessum degi. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson verður að skýra það út, ekki bara fyrir kjósendum sínum, heldur líka okkur sem erum hér í umræðunni: Er hann búinn að skipta um skoðun? Er hann að lýsa því yfir að það hafi bara verið vitleysa sem (**GÞÞ:** Ég var ...) Samband ungra sjálfstæðismanna sagði hér fyrr á árum og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson tók undir með honum (Forseti hringir.) um að það ætti að leggja niður sjóðinn? (Forseti hringir.) Eða er hann allt í einu farinn að umfaðma hann?

[14:14]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Umræðan er alltaf að verða furðulegri og furðulegri. Í fyrsta lagi er dálítið erfitt að eiga skoðanaskipti við mann sem hlustar ekki á það sem maður segir. Í öðru lagi er ansi hart þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson kemur upp í andsvar vegna þeirra orða sem ég hef látið falla og beinir öllum spjótum sínum að öðrum hv. þm., Guðlaugi Þór Þórðarsyni, sem hefur enga möguleika á að bera hönd fyrir höfuð sér. Ég veit ekki til þess að ég sé í þeirri stöðu

að leggja honum orð í munn frekar en hann mér. Umræðan er öll komin í tómt rugl af hálfu 1. þm. Reykv. n.

Ef hv. þingmaður hefði hlustað á mig, þá sagði ég mjög skilmerkilega í ræðu minni að ég hefði samúð með þeim sjónarmiðum að Íbúðalánasjóður hefði hugsanlega einhverju hlutverki að gegna gagnvart hinum dreifðu byggðum þar sem enginn virkur markaður væri í gangi með fasteignir annars vegar og hins vegar gagnvart efnalitlu fólki sem ætti ekki aðgang að lánsfé hjá einkaaðila. Þetta er afskaplega lítill hluti af lántakendum á íslenskum fasteignamarkaði. Ég nefndi þessa tvo hópa. Hv. þingmaður segir að ég hafi ekki skýrt út afstöðu mína til málsins en hún er alveg kristalskýr.

Ég segi það, bara til þess að friða hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að auðvitað hefur það ekkert breyst að úrvalsstaðan væri sú að ríkið stæði ekki í lánastarfsemi eða væri þátttakandi á fjármálamarkaði. Ég hef áður sagt það og þau samtök sem ég hef verið í forsvari fyrir. (Forseti hringir.) Það hefur ekkert breyst og mun ekkert breytast, en spurningin er hvort aðstæður til þess muni skapast og það er ég ekki viss um.

[14:16]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fann að því við mig að ég hefði verið ómálefnalegur gagnvart honum í andsvari og beint orðum mínum jafnvel með ásökunum til hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að ég átti ekki að gera það. Ég var auðvitað í andsvari við hann og átti ekki að misnota það með þessum hætti og ég bið hv. þingmann afsökunar á því.

[14:17]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismál sem unnið er í samræmi við samkomulag ríkis og sveitarfélaga sem gert var í sumar. Eins og fram hefur komið er meiningin að heimila Íbúðalánasjóði að hækka lán sín í 90% af hóflegu íbúðarhúsnæði, þó með tilteknu hámarki sem nú er 11,5 millj. kr. Markmið lagasetningarinnar er að viðskiptamenn Íbúðalánasjóðs geti notið heildstæðrar lánsfjármögnunar þegar þeir kaupa sér húsnæði og að allir geti haft jafnan aðgang að lánsfé til þeirra þarfa á lágum vöxtum, óháð búsetu og efnahag, ef þeir standast mat.

Ef þau markmið nást verður ekki þörf fyrir svokölluð viðbótarlán sem veitt hafa verið efnaminna fólki, sem þýðir að ekki verður frekari þörf fyrir framlög sveitarfélaganna til þeirra hluta. Sveitarfélögin hafa lagt 1.100 millj. kr. í viðbótarlánin frá árinu 1999. Auk þessa eru hér ákvæði sem liðka fyrir breytingum á félagslegum íbúðamarkaði hjá sveitarfélögunum og ákvæði um lán til leiguíbúða. Loks er verið að veita Íbúðalánasjóði heimild til að bjóða upp á uppgreiðslu eldri lána og það að bjóða viðskiptamönnum sínum að afsala sér slíkum rétti gegn lækkun á vöxtum.

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að ræða þessi mál öðruvísi en að koma inn á þá stöðu sem uppi er á fasteignamarkaðnum nú um stundir, þ.e. um aðkomu og innkomu bankanna á markaðinn sem hefur á örfáum mánuðum valdið mikilli hækkun á fasteignaverði og býður heim hættu á yfirveðsetningu vegna þess að nú er verið að bjóða ekki aðeins 80% lán með 25 millj. kr. hámarki, heldur allt að 100% lán með 4,1% vöxtum án þess að um eiginleg fasteignaviðskipti sé að ræða. Því er ekki nema von að menn hafi haft uppi varnaðarorð. Við heyrðum það í ræðum hv. þingmanna í dag, bæði vegna mikillar skuldsetningar heimilanna sem fyrir er, en einnig telja margir hverjir að bankarnir séu að ganga lengra en flestir þeirra þola. Við heyrðum þær skoðanir gesta í hv. félagsmálanefnd að kannski væri bara einn bankanna sem gæti staðið undir tilboðunum til lengri tíma og til langframa. Á þetta hafa m.a. sænskir ráðgjafar á vegum Íbúðalánasjóðs bent.

Málið sem hér liggur fyrir hefur verið í undirbúningi í rúmt ár, frá sumrinu 2003. Hvað skyldi hafa gerst síðan þá? Á síðustu 12 mánuðum hefur vísitala fasteignaverðs hækkað um 12,5%. Verð á íbúðarhúsnæði hefur samkvæmt sömu vísitölu hækkað um 100% á tíu árum frá því að vísitalan var sett. Hún er sett á 100 árið 1994 og er komin í 209 samkvæmt síðustu tölum sem ég sá. Hækkunin hefur orðið gífurlega brött á síðustu mánuðum.

Veltan á markaðnum er gríðarlega mikil. Fram kom í fasteignablaði Morgunblaðsins 29. fyrra mánaðar að á síðustu 12 vikum hefur veltan að jafnaði verið 4,5 milljarðar í viku hverri. Það þýðir að í hverri viku eru yfir 260 fasteignasölur í þéttbýlinu suðvestanlands og á Akureyri inni í þeirri tölu. Yfir 260 sölur í hverri viku. Bankarnir komu inn á markaðinn fyrir 12 vikum með lánsfjártilboð sín. Meðalverð íbúða síðan þá er 17,6 millj. kr. á höfuðborgarsvæðinu og 16,1 millj. kr. á Akureyri.

Breytingin er ekki einungis fólgin í hækkun á fasteignaverði. Vextir hafa líka lækkað niður í 4,15 og lántökugjald hefur lækkað niður í 1% úr 2%. Miðað við þær tölur þar sem heildarveltan er milli 50 og 60 milljarða kr. er ekki nema von að varnaðarorð heyrist, einkum í ljósi skuldsetningar heimilanna, fyrirtækjanna og þjóðarbúsins í heild sem var til umræðu fyrr í dag. Í því efni nálgumst við heimsmet sem skýrsla BSRB, sem einnig hefur verið rædd, bendir á. Fram hefur komið að hlutdeild Íbúðalánasjóðs í þessu 55–60 milljarða kr. lánsfé á síðustu vikum er ekki nema 15%–25%. Þetta kom fram hjá fulltrúum Félags fasteignasala í hv. félagsmálanefnd, en í fylgiskjölum frumvarpsins í umsögn fjármálaráðuneytisins kemur fram að sjóðurinn hafi um 60% hlutdeild. Þarna hafa því orðið miklar breytingar.

Markmiðin sem sett eru í frumvarpinu og tilgangur Íbúðalánasjóðs eru alveg skýr. Miðað er að jöfnun í aðgangi að lánsfé hvar sem er á landinu með lágum vöxtum. Þetta er gríðarlega mikilvægt í samfélagi okkar þar sem séreignastefnan í húsnæðismálum tröllríður enn því miður öllu. Til þess að 90% lánin sem stefnt er að standi undir nafni þarf að hækka hámarksfjárhæðina úr 11,5 millj. kr. Einnig þarf að liðka til fyrir viðskiptamenn sjóðsins þannig að þeir geti fengið heildstæða lánsfyrirgreiðslu og fjármögnun á húsnæðiskaupum sínum hjá sjóðnum.

Miðað við þær tölur sem ég nefndi um meðalverð í fasteignaviðskiptum síðustu 12 vikur, 16–17,6 millj. kr., og miðað við þær tölur sem við fengum uppgefnar m.a. frá Félagi fasteignasala og frá Fasteignamati ríkisins í hv. efnahags- og viðskiptanefnd um meðalverð á 100–110 fermetra

íbúð ... (**GÞÞ:** Félagsmálanefnd.) Félagsmálanefnd, þarna varð mér fótaskortur á tungunni eins og einhver sagði, þetta er auðvitað hv. félagsmálanefnd sem fékk upplýsingarnar og fjallaði um frumvarpið. Ég þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir ábendinguna. En miðað við tölurnar tel ég einsýnt að það dugi ekki minna en að miða við 17 millj. kr. eign í þessum efnum. Þetta segi ég þrátt fyrir að bent hafi verið á að hugsanlega væri sú fjárhæð of lág og að fara þyrfti nær 20 millj. kr. Ég tel að lágmarkið sé að miða við 17 millj. kr. meðalverð á íbúð til að 90% lánin standi undir nafni.

Ég tel mjög mikilvægt að búið sé vel að Íbúðalánasjóði af þeim ástæðum sem ég hef fyrr rakið. Ég tel mig hafa fengið fullvissu um það hjá gestum í hv. félagsmálanefnd að sú viðbót sem um ræðir á fasteignamarkaðnum muni ekki valda kollsteypu á markaðnum úr þessu og muni ekki setja þensluna út fyrir öll mörk. Ég held að hún sé kannski komin þangað nú þegar. Það skiptir miklu máli að fólk geti farið í endurfjármögnun og geti fengið húsnæðislán heildstætt án þess að þurfa að fara á marga staði.

Ég sat sem áheyrnarfulltrúi í félagsmálanefnd þar sem fjallað var um frumvarpið og styð það álit sem hér liggur fyrir. Það er eitt álit frá nefndinni, en ég ítreka þá fyrirvara sem gerðir eru af hálfu minni hlutans. Þeir eru einkum vegna óvissu um ákvörðun á því hvernig uppgreiðsluálagið á að vera annars vegar og hins vegar vegna hámarksfjárhæðarinnar sem ég hef gert að umtalsefni.

[14:28]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér málefni Íbúðalánasjóðs að mestu leyti vegna þeirrar ánægjulegu þróunar sem orðið hefur á fjármagnsmarkaði síðustu fjóra, fimm mánuðina með stórkostlegri lækkun vaxta og samkeppni á útlánum til einstaklinga sem hefur verið óþekkt hér á landi í marga áratugi. Þróunin er að sjálfsögðu mjög ánægjuleg því hún veldur því að útgjöld heimilanna til íbúðakaupa og lánveitinga lækkar yfirleitt. Sennilega hafa heimilin ekki fengið meiri kjarabót í annan tíma.

Lækkun t.d. vaxta úr 5,1% í 4,15% eins og algengt er hjá almenningi þýðir 14% lækkun á ársgreiðslu af 40 ára láni og 10% lækkun á ársgreiðslu af 25 ára láni. Það munar um minna því þetta eru oft stærstu útgjöld heimilanna.

Það sem er líka ánægjulegt við þetta er að ríkisábyrgðin flyst frá Íbúðalánasjóði yfir til bankanna sem eru ekki með ríkisábyrgð. Það er líka mjög ánægjuleg þróun. Það eykur líka ábyrgð þeirra sem lána hátt hlutfall af verði íbúðar vegna þess að þeir sem bera áyrgð á bönkunum gagnvart hluthöfum sínum verða náttúrlega að vera miklu meira vakandi fyrir áhættu sem þeir taka sjálfir en einhverjir opinberir aðilar sem njóta ríkisábyrgðar.

Þessi þróun kemur ekki á óvart. Þannig hefur KB-banki vaxið mjög umtalsvert síðustu árin. Hann hefur reyndar vaxið alla tíð frá stofnun hans. Hann hefur farið í útrás og keypt upp banka víða um heim, aðallega á Norðurlöndum. Umsvifin hafa vaxið mikið og styrkur hans vaxið sömuleiðis. Þetta hefur að sjálfsögðu þýtt aukna skuldsetningu fyrirtækisins en á móti koma gífurlegar eignir, eins og nefnt var í umræðunni í morgun. Það sem er meira um vert er að lánshæfi bankans hefur batnað svo mjög að það er farið að verða svipað lánshæfismati íslenskra ríkisins. Þar af leiðandi getur þessi banki boðið lán sem eru sambærileg lánum Íbúðalánasjóðs þótt sá sjóður njóti ríkisábyrgðar.

Herra forseti. Vegna umræðunnar sem fram fór áðan, um fylgispekt við Íbúðalánasjóð og hvort menn vildu hafa hann eða ekki, þá vil ég taka skýrt fram að ég hef alltaf verið á móti Íbúðalánasjóði og Húsnæðisstofnun þar áður. Ég er á móti því að ríkið standi í lánveitingum þegar við höfum lánakerfi, lífeyrissjóði og banka, sem geta fullt eins staðið undir þeirri þörf. Það er mín stefna og margir innan Sjálfstæðisflokksins eru sömu skoðunar, kannski ekki allir.

Hafa verður í huga að við erum í samstarfi í ríkisstjórn og í því samstarfi er m.a. kveðið á um að Íbúðalánasjóður eigi að lifa. Menn verða að átta sig á því að stefna ríkisstjórnar getur aldrei orðið stefna annars hvors flokksins. Menn þurfa að átta sig á því. Því ætti Samfylkingin að átta sig manna best á því að hún hefur oft þurft að vera í ríkisstjórnarsamstarfi áður, sem Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag, og náði ekki öllu sínu fram. Þetta eiga menn að skilja og þess vegna kemur ekki til umræðu að afnema Íbúðalánasjóð. Þess vegna stend ég að því nefndaráliti sem hér um ræðir sem nefndarmaður í félagsmálanefnd. Mín einlæga skoðun er sú að Íbúðalánasjóður hafi ekkert að gera á markaði, að hann trufli markaðinn frekar en hitt og alveg sérstaklega núna.

Menn hafa rætt nokkuð um uppgreiðsluálag. Það eru uppi deilur um það að uppgreiðsluálag sé ólöglegt á markaðnum. En það er svo merkilegt, herra forseti, að Íbúðalánasjóður er með uppgreiðsluákvæði. Hann tekur 0,25% álag á vexti fyrir það að fólk má greiða upp. Ef maður reiknar þetta yfir í ársgreiðsluna þá er þetta á 25 ára láni 2,7% hærri ársgreiðsla. Ef slíkt álag væri ekki þá gæti fólkið fengið 2,7% hærra lán án þess að ársgreiðslan breyttist. Það segir mér að menn verða að borga 2,7% af láninu fyrir að fá að greiða upp sem segir mér jafnframt að það er uppgreiðsluálag hjá Íbúðalánasjóði. Svo einfalt er það. Þetta álag er reyndar 3,8% í 40 ára láni. Þannig er við lýði uppgreiðsluálag og ég skil ekki í mönnum að fara í eitthvert dómsmál til og segja að það sé bannað að leggja á slíkt álag þegar Íbúðalánasjóður leggur það á sjálfur.

Herra forseti. Hér hefur mikið verið rætt um hækkun á fasteignamarkaði. Það er hárrétt. Það er mikill órói og mikil hækkun á fasteignamarkaði sem minnir á vissan hátt á gullgrafarastemmningu. En það er ekkert einsdæmi. Þetta var verra, herra forseti, um áramótin 1999 og 2000. Ég er búinn að teikna það upp, bæði mánaðarlegar hækkanir yfir allt tímabilið, þriggja mánaða hækkanir og hálfs árs hækkanir, og óróinn eða hækkanirnar voru meiri og öfgafyllri um áramótin 1999 og 2000 en núna. Hið merkilega er að ef maður skoðar þetta hafa hækkanirnar ekkert aukist eftir að lán bankanna komu fram. Hækkanir á verði íbúða hafa ekki aukist. Þær voru meiri í febrúar, mars og apríl á þessu ári en nú með haustinu. Ég skil því ekki hvað menn eru að tala um þegar þeir segja að hin nýju lán bankanna hafi valdið hækkunum á íbúðaverði. Þar er nákvæmlega sama hækkun og ella hefði verið.

Hins vegar er sá munur á stöðunni núna og um áramótin 1999/2000 að þá var íbúðaverð að skríða upp fyrir bygging-

arkostnað en nú er það komið langt upp fyrir þann kostnað. Það er ákveðin hætta því að nú er verið að framleiða íbúðir um allt af því að það er ódýrara að byggja hús en að kaupa þau. Það er mikill hagnaður fólginn í því að byggja íbúðir og selja þær. Þess vegna verða til nýjar íbúðir út um allt og því ætti fólk að vera sérstaklega vakandi yfir. Þegar margar nýjar íbúðir koma á markaðinn er verðið dæmt til að lækka. Þetta verður fólk að hafa í huga. Spurningin er hvenær það gerist, hvenær það byrjar að gerast.

Þá geta menn lent í því, eins og margoft hefur verið bent á, að 90% lánin hjá Íbúðalánasjóði, svo maður tali ekki um 100% lánin hjá bönkunum, fari upp fyrir verð á eigninni ef það lækkar. Þá eru menn komnir með neikvæða eiginfjárstöðu. Það er ekki skemmtilegt því að þá geta menn ekki selt. Það er því mikilvægt að fólk hugi nákvæmlega að sínum málum og verði varkárt.

Nokkuð hefur verið rætt um skýrslu BSRB. Það er afskaplega góð skýrsla. Hún er virkilega góð. Hún er alls ekki svo neikvæð. Ég skil ekki af hverju menn lesa svo margt neikvætt úr skýrslunni. Hún fjallar um miklar eignir þjóðarinnar í menntun, sem endurspeglast í skuldum við LÍN, í íbúðarhúsnæði, sem endurspeglast í skuldum við Íbúðalánasjóð, í hlutabréfum, sem yfirleitt eru bara hrein eign, og í lífeyrissjóðunum, sem er hrein eign. Hver einasti Íslendingur á um þrjár milljónir rúmar í lífeyrissjóði. Þrjár milljónir, litlu börnin líka. Fjögurra manna fjölskylda á 12 milljónir í lífeyrissjóði að meðaltali. Ég skil því ekki að menn ætli að búa til úr því eitthvert dómadags vandræðamál hérna. Hins vegar getur vel verið að margur Íslendingurinn sé í vandræðum með lausafjárstöðuna. Það er athugunarefni út af fyrir sig. Fólk ætti virkilega að huga að því að lenda ekki í vandræðum með lausaféð. Menn geta átt eignir út um allt, fasteignir o.s.frv., eign í lífeyrissjóði en lent í miklum vandræðum ef þeir eiga ekki fyrir daglegum útgjöldum. Það er allt annar handleggur.

Ég má til með að endurtaka varnaðarorð mín frá því áðan, að fólk þarf að átta sig á því að lántaka er ekki annað en ráðstöfun á framtíðartekjum. Framtíðartekjurnar eru nokkurn veginn afmarkaðar á hvern einstakling. Það er á ábyrgð einstaklingsins hvað hann ráðstafar miklu af framtíðartekjum sínum. Menn þurfa að vera mjög varkárir í því hvað þeir ráðstafa miklu, átta sig á því að lán er ráðstöfun á framtíðartekjum. Það er gott ef lánið er tekið til þess að kaupa eignir sem eru varanlegar, fasteignir, hlutabréf eða eitthvað slíkt. En það er slæmt ef það er notað til neyslu, bílakaupa, sem eru yfirleitt mjög slæm fjárfesting, utanlandsferða eða eitthvers af því tagi. Þá er lántakan mjög slæm og hættuleg. Fólk þarf náttúrlega að bera ábyrgð á því sjálft. Ég treysti fólki til að sjá um fjármál sín og þarf ekki að hafa vit fyrir því.

[14:39]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka þá málefnalegu umræðu, mestan part, sem um þetta mál hefur verið í dag. Að mínu viti höfum við hér afar mikilvægt mál til umfjöllunar og er ánægjulegt hve mikill samhljómur er um það í sölum Alþingis. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„... haldið verði áfram endurskipulagningu á húsnæðismarkaði í samræmi við markmið um Íbúðalánasjóð. Lánshlutfall almennra íbúðalána verði hækkað á kjörtímabilinu í áföngum í allt að 90% af verðgildi eigna, að ákveðnu hámarki."

Í ljósi þróunar á húsnæðislánamarkaði á undanförnum mánuðum er mikilvægt að ríkisstjórnin undirstriki hvaða hlutverk hún ætlar Íbúðalánasjóði. Við undirbúning lagabreytinga vegna hækkunar lánshlutfalls sjóðsins sem og breyttrar fjármögnunar hans hefur það verið haft að leiðarljósi að sjóðnum verði eftirleiðis gert kleift að tryggja fólki, hvar í landinu sem það býr, aðgang að fjármagni til kaupa á hóflegu íbúðarhúsnæði á hagkvæmustu kjörum og með allt að 90% lánshlutfalli í samræmi við markmið um Íbúðalánasjóð. Þetta er sú stefna sem ríkisstjórnin setti sér með stefnuyfirlýsingu sinni og út frá henni hefur verið unnið.

Hæstv. forseti. Ég tel afar mikilvægt að áfram verði stuðst við þetta stefnumið. Í því ljósi er mikilvægt að grípa til ákveðinna aðgerða til að aðlaga sjóðinn breyttum aðstæðum út frá hagsmunum húsnæðiskaupenda, hagsmunum Íbúðalánasjóðs og þar með ríkisins og hagsmunum annarra aðila á markaði.

Í fyrsta lagi þarf að bregðast við uppgreiðslum á eldri lánum Íbúðalánasjóðs og í öðru lagi þeirri staðreynd að of lágt hámarkslán sjóðsins í gjörbreyttu umhverfi á lánamarkaði geri það að verkum að hann er ekki virkur á markaðnum á höfuðborgarsvæðinu, sem aftur getur leitt til verri kjara hans við fjármögnun og þar með endurlán. Það gæti kallað á annað af tvennu: verri lánskjör gagnvart þeim sem minna mega sín á húsnæðislánamarkaði og þeim sem búa á landsbyggðinni eða að öðrum kosti að ríkissjóður greiði niður vexti til þessara hópa, sem ekki getur talist sérlega heillandi framtíðarsýn.

Hæstv. forseti. Þegar ég mælti fyrir þessu máli á Alþingi fyrir fáeinum vikum var gert ráð fyrir því að hámarkslán Íbúðalánasjóðs mundi við gildistöku laganna hækka í 13 millj. kr. Þeirri tölu til grundvallar lá sú lauslega skilgreining að hóflegt íbúðarhúsnæði, eins og rætt er um í stjórnarsáttmála, væri um fjögurra herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Á þeim tíma sem viðmiðunin tók til var meðalverð slíkrar íbúðar á höfuðborgarsvæðinu 14,4 millj. kr. 90% af því verði eru 13 millj. kr. Gert var ráð fyrir að húsnæðisverð mundi til loka kjörtímabilsins þróast líkt og það hafði gert missirin þar á undan. Verð hóflegrar íbúðar yrði þannig rúmlega 17 millj. kr. í lok kjörtímabilsins og hámarkslánið því um 15,4 millj. kr.

Það er álit þeirra sem best þekkja til á húsnæðismarkaði, og hefur komið fram við umræðuna í dag, að eðlilegra sé, við skilgreiningu á meðalhúsnæði, að miða við fermetrafjölda en herbergjafjölda. Er það ekki síst í ljósi þess að herbergjafjöldinn segir ekki allt um stærð íbúðar, fjögurra herbergja íbúð getur allt eins verið 200 fermetrar og 80 fermetrar.

Samkvæmt neyslukönnun Hagstofunnar frá því í júní á þessu ári er meðalstærð húsnæðis 119 fermetrar. Það er þó breytilegt eftir staðsetningu. Samantekt Fasteignamats ríkisins sýnir að í október fyrir ári var meðalverð húsnæðis af stærðinni 110–130 fermetrar á höfuðborgarsvæðinu 14,9 millj. kr., 90% af því eru 13,5 millj. kr. Í október síðastliðn-

um var verðið hins vegar komið í 16,5 millj. kr., 90% af því eru 14,8 milljónir og hefur því verðið hækkað um 10% á einu ári.

Í umræðu undanfarna daga, m.a. í tengslum við umfjöllun félagsmálanefndar um málið sem hér er til umræðu hafa ýmsir aðilar bent á nauðsyn þess að hækka hámarkslán umfram það sem ráðgert var við framlagningu frumvarpsins. Ég tek undir mikilvægi þess, hæstv. forseti, að hámarksfjárhæðin sé endurskoðuð og hámarkslánið hækki enn frekar. Er enda örðugt að sjá að hóflegu hækkun hámarkslánsins frá því sem nú er áætlað hafi nokkur efnahagsleg áhrif né áhrif á þróun fasteignaverðs, eins og húsnæðislánamarkaðurinn hefur þróast að undanförnu. Einnig hefur við meðferð málsins verið bent á að unnt sé að hægja á uppgreiðslum áhvílandi lána Íbúðalánasjóðs með því að auka svigrúm sjóðsins til að veita veðleyfi.

Hæstv. forseti. Að öllu virtu er það niðurstaða mín að grípa til eftirfarandi aðgerða til að fylgja eftir því markmiði ríkisstjórnarinnar að marka Íbúðalánasjóði ákveðinn bás á húsnæðislánamarkaði. Honum verði gert kleift að bjóða fólki 90% lán til kaupa á hóflegu húsnæði á hagkvæmustu kjörum. Er rétt að ítreka að með hóflegu húsnæði er átt við meðalverð 110–130 fermetra íbúðar á höfuðborgarsvæðinu.

Við gildistöku laganna mun ég því gefa út reglugerð til hækkunar hámarkslánsins þannig að það nemi 14,9 millj. kr., eða 90% af meðalverði síðastliðinna sex mánaða, sem nú er 16,6 millj. kr. Enn fremur verði gripið til aðgerða til að draga úr uppgreiðslum lána hjá Íbúðalánasjóði.

Gefin verði út reglugerð þar sem sjóðnum verði heimilt að fallast á veðsetningu á undan öðrum áhvílandi lánum sjóðsins en ÍLS-veðbréfum, svo fremi sem sameiginleg uppreiknuð fjárhæð eftirstöðva lánsins og nýs láns er ekki hærri en hámarkslán Íbúðalánasjóðs á hverjum tíma, hún rúmist innan matsverðs eignarinnar og fari ekki yfir 90% af markaðsvirði. Þessi heimild mun væntanlega einkum nýtast þeim sem þegar hafa greitt verulegan hluta áhvílandi lána sinna, en þurfa að skuldbreyta öðrum lánum.

Með þeim aðgerðum sem ég hef hér lýst hæstv. forseti, tel ég að ég hafi gripið til þeirra ráða sem mér eru fær í því augnamiði að tryggja stöðu Íbúðalánasjóðs og þar með ríkissjóðs við gjörbreyttar aðstæður á húsnæðislánamarkaði. Sjóðnum hefur um leið verið afmarkaður ákveðinn bás á markaðnum og þannig skotið stoðum undir möguleika hans til framtíðar, en ekki síður, hæstv. forseti, skapað nauðsynlegt rými fyrir aðrar lánastofnanir á þessu sviði.

Við umfjöllunina í dag, hæstv. forseti, hefur verið fjallað um samkeppni á húsnæðislánamarkaði og stöðu Íbúðalánasjóðs við þær breyttu aðstæður sem nú eru uppi. Eins og kunnugt er kom hinn 11. ágúst 2004 niðurstaða frá Eftirlitsstofnun EFTA um lögmæti lána Íbúðalánasjóðs gagnvart ríkisstyrkjareglum EES-samningsins. Í ákvörðun ESA var fallist á hækkun hámarksláns og talið að starfsskilyrði Íbúðalánasjóðs stæðust í einu og öllu ákvæði EES-samningsins. Þá var fallist á þau rök íslenskra stjórnvalda að fyrirkomulag íbúðalána Íbúðalánasjóðs feli í sér almannaþjónustu sem sé heimilt samkvæmt ákvæðum EES-samningsins. Ástæða er til, hæstv. forseti, að taka þetta fram hér við þessa umræðu.

Ég tek undir það sem fram hefur komið hér í dag að full ástæða er til þess að fagna aukinni þátttöku banka og annarra fjármálafyrirtækja á húsnæðislánamarkaði. Ég get eins og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagt: Loksins, loksins. Ég vona sannarlega að þessi fyrirtæki séu komin inn á þennan markað til að vera og þá með framboð þeirra lánskjara sem nú gilda.

Þær breytingar sem Alþingi gerði liðið vor á lögum um húsnæðismál og varða fjármögnun Íbúðalánasjóðs hafa án vafa stuðlað að auknu framboði lánsfjármagns á kjörum sem ekki hafa áður boðist almenningi hér á landi. Þær hafa því tekist vel og um þessar breytingar var góð samstaða á Alþingi.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson beindi til mín tveimur spurningum, hæstv. forseti, í fyrsta lagi um vaxtaákvörðun Íbúðalánasjóðs.

Um það er að segja að sjóðurinn á í sjálfu sér lítið val um aðferðafræði við vaxtaákvörðun. Alþingi hefur með lögum frá því í vor ákveðið að sjóðurinn skuli lána út á fjármögnunarkjörum sínum að viðbættu skýrt fyrir fram skilgreindu vaxtaálagi. Þannig eru vextir hans ákvarðaðir, hæstv. forseti, en alls ekki með tilliti til vaxta annarra lánastofna á húsnæðislánamarkaði og ástæða er til að undirstrika þetta hér.

Í öðru lagi gerði hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson að umfjöllunarefni hlutverk Íbúðalánasjóðs, félagslegt hlutverk ekki síst.

Eins og fram hefur komið í ræðu minni í dag þá er mikilvægt að stjórnvöld marki sjóðnum ákveðinn bás á þeim lánamarkaði sem hér er til umfjöllunar og ég hef gert grein fyrir þeirri stefnumörkun. En í núverandi húsnæðislánakerfi er það forsenda fyrir getu Íbúðalánasjóðsins, getu hans til að bjóða þeim sem lakast standa lán, að hann hafi tiltekna stærð og veiti einnig almenn lán. Eftirlitsstofnun EFTA hefur, eins og áður sagði, farið yfir þessi mál og komist að sömu niðurstöðu. Ef sjóðnum væri einungis ætlað að veita félagslega húsnæðisaðstoð værum við að breyta í grundvallaratriðum um húsnæðiskerfi og engin leið að sjá slíkt fyrir sér öðruvísi en til þess væri þá lagt umtalsvert fjármagn af ríkisins hálfu, nokkuð sem ég reikna með að við hv. þingmaður getum verið sammála um að sé ekki sérlega heillandi framtíðarsýn.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði að umfjöllunarefni hámarkslán sjóðsins, aukið veðrými og stöðu félagslega húsnæðisins og leigumarkaðarins. Ég hef þegar fjallað um tvö fyrrnefndu atriðin hæstv. forseti, en síðastliðið haust skipaði ég nefnd til þess að yfirfara stöðu leigumarkaðarins og gera tillögur um aukið framboð leiguíbúða. Nefndin átti sömuleiðis að greina biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá sveitarfélögunum eða félagasamtökum. Í niðurstöðum nefndarinnar kom fram að staða leigumarkaðarins væri almennt góð, framboð leiguhúsnæðis væri fullnægjandi og ljóst að það átak sem ríkisstjórnin stóð fyrir í uppbyggingu leiguíbúða árið 2001 hefði skilað góðum árangri. Í frumvarpi því sem við nú ræðum er gert ráð fyrir að stuðlað verði að eflingu leigumarkaðarins með því að heimila Íbúðalánasjóði að bjóða tvenns konar lán til byggingar leiguíbúða, annars vegar verði sem fyrr boðin lán með breytanlegum vöxtum sem eru nú 4,9%, hins vegar upp á lán með föstum vöxtum en án uppgreiðsluheimildar.

Við gildistöku ákvæða frumvarps þessa verður til heildstætt og einsleitt húsnæðiskerfi. Með því er lokið við það umbótaferli sem hófst með setningu laga um húsnæðismál árið 1998. Tilkoma viðbótarlánakerfisins í stað félagslega íbúðakerfisins árið 1999 hefur sannað gildi sitt, aukið valfrelsi tekju- og eignaminni kaupenda og dregið úr neikvæðum félagslegum afleiðingum afmarkaðra félagslegra íbúða.

Nefnd sú sem ég hér minntist á, hæstv. forseti, vann gott starf, gerði margar gagnmerkar tillögur. Úr þeim er nú unnið í félagsmálaráðuneytinu.

Örlítið um uppgreiðslugjald, hæstv. forseti, sem talsvert hefur komið til umfjöllunar í dag.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að kveða á um í reglugerð að Íbúðalánasjóði verði kleift að bjóða húsnæðislán án endurgjaldslausrar uppgreiðsluheimildar í samræmi við almenn lagaákvæði á hverjum tíma. Í breytingum þeim á lögum um húsnæðismál sem Alþingi samþykkti á liðnu vori var gert ráð fyrir að skuldurum ÍLS-veðbréfa væri ávallt heimilt að greiða aukaafborganir eða greiða skuldina upp að fullu fyrir gjalddaga án endurgjalds. Í því skyni að standa undir þessari heimild var gert ráð fyrir að hluti vaxtaálags sjóðsins mundi verja sjóðinn tapi.

Ástæða þess að sú leið var farin var það mat félagsmálaráðuneytisins að breytingar sem gerðar voru á lögum um neytendalán í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis árið 2000 yllu því að ákvæði þeirra laga tækju nú einnig til íbúðalána. Á undanförnum mánuðum hefur komið fram að viðskiptabankarnir leggja ekki þennan skilning í ákvæði laga um neytendalán og hafa sett ákvæði um uppgreiðslugjald inn í skilmála íbúðalána sinna. Athugasemdum um þetta mun hafa verið beint til Samkeppnisstofnunar og Fjármálaeftirlits og mun það vera til athugunar hjá þeim stofnunum.

Félagsmálaráðuneytið lítur svo á að ef það er skilningur þeirra eftirlitsstofnana sem með málið fara að lög um neytendalán krefjist þess ekki að uppgreiðslugjald sé óheimilt séu engar forsendur fyrir því að gera aðrar kröfur til Íbúðalánasjóðs að þessu leyti en til annarra þeirra sem veita íbúðalán á markaði. Því sé eðlilegt að ráðherra hafi heimild til að veita Íbúðalánasjóði þetta svigrúm ef réttmætar eftirlitsstofnanir komast að þeirri niðurstöðu að það sé löglegt. Rétt er að athuga að þetta lagaákvæði felur ekki í sér sjálfstæða heimild til Íbúðalánasjóðs til að veita lán með þessum hætti heldur er forsenda þess að unnt sé að beita ákvæðinu sú að almenn lög heimili það.

Hæstv. forseti. Ég tel að ég hafi í máli mínu svarað þeim spurningum sem til mín var beint. Ég vil að lokum vekja sérstaka athygli á þeirri samstöðu sem um þetta mál er á Alþingi. Hv. félagsmálanefnd hefur innt af hendi afar gott starf við umfjöllun málsins og náð saman um það í öllum meginatriðum. Ég vil ljúka máli mínu á að þakka nefndinni sérstaklega starf hennar, hæstv. forseti.

[14:53]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem fram kom hér hjá hæstv. félagsmálaráðherra um að hann ætli að hækka þá hámarksfjárhæð sem má veita að láni og er það í samræmi við það sem ég lagði áherslu á bæði við 1. og 2. umr., þ.e. að sú hámarksfjárhæð sem var áformuð af hendi hæstv. ráðherra væri of lág og að fara þyrfti hærra með þá hámarksfjárhæð til að sjóðurinn yrði samkeppnisfær á markaðnum og hefur hæstv. ráðherra komið að hluta til móts við það og ég fagna því mjög.

Ég tel að vísu að ráðherrann fari heldur of lágt í þessu. Ráðherrann talar um 14,9 í staðinn fyrir 13 milljónir sem átti að fara í núna um áramótin. Í staðinn verða það 14,9 og það er auðvitað skref í áttina. En ef hæstv. ráðherra er að miða við 110–130 fermetra íbúð þá kosta þær núna í nóvembermánuði samkvæmt áætlun Fasteignamats ríkisins 17,2 milljónir. Ráðherrann hefði því þurft að fara í 15,5 milljónir með hámarksfjárhæðina til þess að mæta því.

Ég fagna ekki síður því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra um aukið veðrými til uppgreiðslu óhagstæðra lána. Nú geta því lántakendur með óhagstæð lán skuldbreytt þeim án þess að þurfa að flytja öll sín lán frá Íbúðalánasjóði til þess að geta skuldbreytt einu óhagstæðu láni. Ég tel að þetta muni verja sjóðinn uppgreiðslu og sé til verulegra hagsbóta fyrir þá sem eru með vexti sem eru núna á bilinu 5–6% hjá Íbúðalánasjóði sem þeir geta ekki hreyft sig með.

Aftur á móti veldur það mér miklum vonbrigðum að hæstv. ráðherra telur sig ekkert þurfa að gera varðandi leigumarkaðinn. Hann telur framboð leiguíbúða nægjanlegt. Það má vera að svo sé á almenna markaðnum. En það er ekki í félagslegum leiguíbúðum þar sem um 2.000 manns bíða og ríkir þar neyðarástand.

En ég fagna hinum yfirlýsingum hæstv. ráðherra.

[14:56]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Rétt til að bregðast við lokaorðum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur vil ég segja að ég hef ekkert útilokað í þeim efnum. Sú nefnd sem ég vitnaði til í ræðu minni skilaði ágætu áliti með hugmyndum um ákveðnar breytingar og tillögum þar um. Við erum að fara yfir það í félagsmálaráðuneytinu.

Ég þakka þann stuðning sem ég finn fyrir í orðum hv. þingmanns við þá meginstefnu sem hér hefur verið lögð. Ég átti svo sem ekki von á því, hæstv. forseti, að við hv. þingmaður mundum kannski endilega ná saman í þessari umræðu um endanlega krónutölu þessa hámarksláns. En eins og ég rakti í máli mínu þá liggja að baki þessari ákvörðun minni um hækkun hámarkslánsins mjög skýr rök. Þarna er verið að horfa til meðalverðs síðastliðinna sex mánaða á íbúðum af þeirri stærð sem skilgreind er sem meðalstærð íbúða á höfuðborgarsvæðinu. Þegar það er tekið saman þá er meðalverð þeirra síðastliðna sex mánuði 16,6 milljónir, 90% af því eru 14,9. Þannig er þessi krónutala fundin og þannig þurfum við að horfa til þessa í framtíðinni.

[14:57]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi síðustu orð hæstv. ráðherra á þann veg að í framtíðinni mundi hámarksfjárhæðin fylgja því að lántakendur hjá Íbúðalánasjóði gætu keypt sér íbúð miðað við 110–130 fermetra sem er svona fjögurra herbergja íbúð og fengið 90% af þeirri fjárhæð. Ég sé að hæstv. ráðherra kinkar kolli þannig að það verður þá reglu-

lega að breyta þessu miðað við það hvernig fasteignaverð þróast. Er það mjög ánægjulegt að ráðherrann skuli nú við 2. umr. hafa komið með þessa yfirlýsingu.

Varðandi leiguíbúðirnar þá finnst mér, virðulegi forseti, mjög slæmt að lægst launaða fólkið þurfi enn að bíða og ekkert sé gert fyrir þessa hópa. Þetta eru um 2.000 manns og neyðarástand ríkir víða hjá þessu fólki. Ég nefni t.d. að sennilega bíða 300–400 manns hjá Öryrkjabandalaginu eftir að geta fengið leiguíbúðir hjá þeim. Þar af eru 77 geðfatlaðir. Nokkur hundruð námsmenn bíða eftir að fá leiguíbúðir. Við tókum þessa umræðu í fyrra hvort ekki væri nú nauðsynlegt að stíga einhver skref til þess að bæta leigumarkaðinn hjá þessu fólki og að þau fengju hagstæðari lán og þyrftu ekki að bíða svona lengi eftir því að fá fyrirgreiðslu. Það hefur raunverulega ekkert gerst nema það að fyrir liggur álit nefndar hæstv. ráðherra þar sem nefndin leggur til að farið verði m.a. út í að veita stofnstyrki til byggingar leiguíbúða fyrir sérstaka hópa, aldraða, öryrkja og námsmenn, sem búa við erfiðar aðstæður og eru með tekjur og eignir innan tiltekinna marka. Ráðherrann útilokar að vísu ekki neitt, að skoðaðar verði leiðir til þess að grynnka á þessum biðlistum og koma með leiguíbúðir á hagstæðari kjörum en nú bjóðast lágtekjufólki. En ég hvet ráðherra til þess að gera þetta fyrr en seinna, svo lengi hafa þessir hópar beðið eftir úrlausn sinna mála.

[14:59]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að taka undir með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fagna þeirri yfirlýsingu frá hæstv. ráðherra félagsmála að til standi að hækka þakið sem hér um ræðir með það að markmiði að sjóðurinn keppi áfram af fullum krafti við bankana og lífeyrissjóðina um lán til fasteignakaupa. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt að sjóðurinn starfi áfram af fullum krafti sérstaklega á meðan þróunin er að ganga yfir og við erum að átta okkur á til hvers hún muni leiða og því sé mikilvægt að styrkja sjóðinn og gera hann samkeppnishæfan við bankana og lífeyrissjóðina um fasteignalán til íbúðakaupa. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt og væri mikið glapræði ef fótunum væri kippt undan Íbúðalánasjóði eins og staðan er núna og mundi hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir marga og sérstaklega landsbyggðina og þá sem verr eru settir, enda hefur það komið í ljós við umræðuna í dag að það er ákaflega erfitt að skilgreina þá sem ættu að hafa aðgang að einhvers konar félagslegum sjóði til fasteignakaupa og við hvað ætti að tengja. Það er ákaflega erfitt.

En ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um leið og ég tek undir það markmið með honum að við eigum að renna stoðum undir framhaldslíf Íbúðalánasjóðs og tryggja að hann geti starfað áfram: Óttast hann ekki að sú þróun sem er í gangi núna marki endalok sjóðsins sem slíks jafnvel á næstu mánuðum? Hver eru viðbrögð hans við því og telur hann að grípa þurfi á einhvern hátt til sértækra aðgerða til að tryggja að sjóðurinn starfi áfram annarra en þeirra að hækka þak á lánum sjóðsins til fasteignakaupa?

[15:01]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er trú mín að með þeim aðgerðum sem ég hef boðað í dag verði Íbúðalánasjóði kleift að standa þannig að málum að hann verði virkur á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu eins og á landsbyggðinni en virkni hans á þessum markaði hefur vissulega dregist saman á undanförnum vikum.

Ég lýsti því yfir, hæstv. forseti, þegar ég mælti fyrir þessu máli fyrir nokkrum vikum að eitt það mikilvægasta sem sneri að þessu máli væri að hámarkslán Íbúðalánasjóðs þróaðist með þeim hætti að honum væri þetta kleift. Öðruvísi gæti hann ekki staðið undir þeim markmiðum sem sett eru með lögum um sjóðinn. Hækkun hámarkslánsins sem og með rýmkun í reglugerðarheimild hvað varðar veðrými fyrir framan lán Íbúðalánasjóðs tel ég, hv. þingmaður, að muni tryggja sjóðnum þá stöðu sem honum er nauðsynleg til að standa undir þeim kröfum sem til hans eru gerðar samkvæmt lögum.

[15:03]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Guð láti gott á vita. Ég vona að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra að það sem hér er gert sé nægjanlegt til að sjóðurinn megi starfa áfram og geti starfað áfram af fullum krafti án þess að hann skakklappist með einhverjum hætti haltur á eftir þeirri þróun sem á sér stað á markaðnum eins og margir óttast. Það viðhorf hefur komið nokkuð sterkt fram hjá ýmsum talsmönnum og félagsmönnum í Sjálfstæðisflokknum að sjóðurinn ætti ekki að keppa á frjálsum markaði við banka og lífeyrissjóði um lán til fasteignakaupa heldur ætti hann einfaldlega að líða undir lok og bankar og aðrar lánastofnanir að taka við þessu hlutverki. Ég fagna því að hæstv. ráðherra er á allt annarri skoðun og tek undir þau sjónarmið sem hann hefur haldið fram að við eigum að tryggja líf sjóðsins og við eigum að halda sjóðnum úti áfram allra hluta vegna, ekki síst til að tryggja að þeir efnaminni og þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins eigi fullan og algeran aðgang að íbúðalánum svo og til að vera það virka og öfluga aðhald á bankana og lánastofnanir sem ég tel að sé nauðsynlegt. Það er engin ástæða til að ætla annað ef sjóðurinn hyrfi nú af markaði löngu áður en þróunin er gengin yfir, núna meðan þróunin er rétt að hefjast og kannski að ganga hvað hraðast yfir, en að í kjölfarið mundu vextirnir hækka aftur. Ég held að vera Íbúðalánasjóðs á þessum markaði geri það að verkum að bankarnir lækki vextina og sjóðurinn fylgir að sjálfsögðu á eftir í þá áttina. Ef svo væri ekki sæjum við vextina hækka aftur. Sjóðurinn gegnir því áfram margþættu og mikilvægu hlutverki og við honum á að mínu mati ekki að hagga heldur treysta stoðir hans þannig að hann geti starfað áfram.

[15:05]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins nota tækifærið til að fagna yfirlýsingu ráðherra hvað varðar Íbúðalánasjóð. Ég hrökk að vísu svolítið við vegna fjárhæðarinnar sem hann nefndi, að setja hámarkið ekki hærra en 14,8 milljónir, en ef miðað er við það sem hann sagði að það verði endur-

skoðað miðað við þróun á markaði sex mánuði aftur í tímann tel ég að það megi mjög vel við það una. Ég tel að það skipti verulega miklu máli að Íbúðalánasjóður verði áfram kjölfestan í lánakerfi okkar til íbúðarhúsnæðis.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:08]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Við í Samfylkingunni styðjum þetta frumvarp og fögnum yfirlýsingu hæstv. ráðherra áðan um að ráðherra ætlar með reglugerðarbreytingu að fara hærra með hámarksfjárhæð lána hjá Íbúðalánasjóði en upphaflega var áætlað. Einnig er mikilvæg sú yfirlýsing hæstv. ráðherra að fallast á að auka sveigjanleika til uppgreiðslu óhagstæðra lána til að mæta þörfum fólks með óhagstæð lán sem það vill skuldbreyta og til að verja sjóðinn uppgreiðslu en lántakendur geta nú ekki skuldbreytt óhagstæðum lánum nema flytja öll áhvílandi lán frá Íbúðalánasjóði.

Við munum við atkvæðagreiðsluna sitja hjá við breytingartillögu félagsmálanefndar um uppgreiðsluákvæði sem kveður á um heimild til að taka sérstaka þóknun bæði af almennum og félagslegum lánum. Sömuleiðis munum við ekki styðja það ákvæði 3. gr. sem heimilar skerðingu á hámarksláni sem nemur áhvílandi lánum með rökum sem ég lýsti við 2. umr. Að öðru leyti styðjum við frumvarpið og munum greiða fyrir því að það geti sem fyrst orðið að lögum.

[15:10]

Álfheiður Ingadóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðja einnig það frumvarp sem hér liggur fyrir og þær breytingartillögur frá félagsmálanefnd aðrar en þær sem lúta að uppgreiðsluákvæðinu og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði að umtalsefni áðan. Við teljum mjög mikilvægt að skotið sé styrkum stoðum undir Íbúðalánasjóð á þessu stigi þannig að sjóðurinn megi áfram vera kjölfesta á húsnæðislánamarkaðnum á Íslandi.

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

3. gr., inngmgr. og 1. málsl., samþ. með 44 shlj. atkv.

3. gr., 2. málsl., samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, StB, SæS, VS.

16 þm. (AKG, ÁI, EMS, GAK, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, BH, EOK, GÞÞ, GÁS, GÖg, GunnB, HHj, JBjart, KJúl, LB, MÞH, MF, SF, SP, SJS, StP, ÞKG) fjarstaddir.

3. gr., 3. málsl., samþ. með 44 shlj. atkv.

3. gr., 4. málsl., samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, StB, SæS, VS.

19 þm. (AKG, ÁI, BjörgvS, EMS, GAK, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, EOK, GÁS, GÖg, GunnB, HHj, JBjart, KJúl, LB, MF, SF, SP, StP, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 500,1.a (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 500,1.b (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, StB, SæS, VS, ÖS.

18 þm. (AKG, ÁI, BjörgvS, EMS, GAK, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, EOK, GÁS, GÖg, GunnB, HHj, JBjart, KJúl, LB, MF, SF, SP, StP, ÞKG) fjarstaddir.

4. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 500,2 (ný 5. gr., verður 7. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, StB, SæS, VS.

18 þm. (AKG, ÁI, BjörgvS, EMS, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÞH, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, EOK, GAK, GÁS, GÖg, GunnB, HHj, JBjart, KJúl, LB, MF, SKK, SF, SP, StP, ÞKG) fjarstaddir.

6.–8. gr. (verða 8.–10. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 500,3 samþ. með 44 shlj. atkv.

9. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 6.–7. mál.

Fundi slitið kl. 15:15.

47. FUNDUR

fimmtudaginn 2. des.,
að loknum 46. fundi.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál, stjfrv., 220. mál, þskj. 223 (með áorðn. breyt. á þskj. 500). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Málefni aldraðra, stjfrv., 85. mál, þskj. 85. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Rannsóknir og nýting á jarðrænum auðlindum, stjfrv., 374. mál, þskj. 459. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:16]

Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. og 2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Húsnæðismál, 3. umr.

Stjfrv., 220. mál (hámark lánshlutfalls). — Þskj. 223.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:17]

Hjálmar Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Síðasta vor var lögum um húsbréfaviðskipti breytt með þeim hætti að upp voru tekin íbúðabréf Íbúðalánasjóðs. Í umræðum í hv. félagsmálanefnd og eins á þessum vettvangi var því spáð að sú breyting mundi leiða almennt til lækkandi vaxta á íslenskum fjármálamarkaði. Sú hefur orðið raunin.

Það frumvarp sem hér er til umræðu og atkvæðagreiðslu er rökrétt framhald af þeim gjörningi. Hér er með öðrum orðum verið að innleiða svokölluð 90% lán. Þau eru að verða að veruleika.

Þá er rétt, herra forseti, að minna á það að fyrir aðeins örfáum mánuðum var hámarkslán hjá Íbúðalánasjóði 8 millj. kr. en með yfirlýsingu hæstv. félagsmálaráðherra fara þau upp í 14,9 millj. kr. sem er sannarlega stórt stökk. Það má því segja að bæði þessi mál, breytingin frá því í vor og sú breyting sem hér er til atkvæðagreiðslu, séu líklega ein áhrifaríkasta stjórnvaldsaðgerð fyrir heimilin í landinu sem um getur og fyrir efnahagslífið í heild sinni. Hún mun auka ráðstöfunartekjur heimilanna um tugi og í mörgum tilvikum hundruð þúsunda króna.

Í annan stað hefur hún leitt til harðari samkeppni á fjármálamarkaði en verið hefur um langa hríð og vextir eru þeir lægstu sem sést hafa hér í áratugi. Það er til hagsbóta fyrir heimilin, fyrir atvinnulífið og efnahagslífið í heild sinni. Það er því sannarlega ástæða til að gleðjast og segja að þetta sé ein áhrifaríkasta stjórnvaldsaðgerð sem gripið hefur verið til.

[15:19]

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er oft þannig að veruleikinn yfirtekur drauma mannsins og á síðasta vori var Framsóknarflokkurinn með ansi glæsilegar tillögur um breytingar á húsnæðislánum. Síðan hefur það gerst að veruleikinn hefur farið fram úr þeim og í dag veita bankarnir 100% lán þannig að 90% lána Framsóknar er ekki lengur þörf. Hins vegar þarf að samþykkja sérstök lög vegna þróunar á markaði til að skjóta styrkari stoðum undir Íbúðalánasjóð. Við í Samfylkingunni teljum að hann hafi, a.m.k. enn um sinn, nokkuð mikilvægu hlutverki að gegna. Við teljum nauðsynlegt að Íbúðalánasjóður haldi bönkunum við efnið þannig að þeir bjóði áfram þessi ríflegri kjör en Íbúðalánasjóður gerir. Þess vegna samþykkjum við þetta frumvarp og tökum sérstaklega undir með yfirlýsingu hæstv. félagsmálaráðherra um hækkun á hámarksláni. Sú lagabreyting sem hér er verið að gera skýtur stoðum undir Íbúðalánasjóð og sér til þess að hann getur starfað enn um sinn.

Um leið og ég lýsi stuðningi við þetta vil ég lýsa því yfir að ég tel ástæðu til að óska Sjálfstæðisflokknum alveg sérstaklega til hamingju. Hann hefur með því að samþykkja þetta í reynd verið að auka ríkisumsvif. Hann hefur skipt um skoðun í þessu máli og er nú að skjóta stoðum undir Íbúðalánasjóðinn sem er algjörlega í andstöðu við það sem hann hefur áður sagt og gert. Ég segi auðvitað eins og jafnan þegar menn sjá ljósið: Guð láti gott á vita í þessum efnum.

[15:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara í karp um það í anda Framsóknarflokksins hvort hafi komið á undan, eggið eða hænan. Það er best að láta hann um þá deild enda á hann heilt landbúnaðarráðuneyti til að glíma við slík mál. Ég ætla heldur ekki að fara að gera þetta að einhverju pólitísku karpsmáli. Aðalatriðið er að a.m.k. við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum sannfærð um að áfram er rík þörf fyrir opinbert húsnæðislánakerfi. Það er mikilvægt að stjórnvöld hafi slíkt tæki í höndunum til að reyna að tryggja eins og kostur er að landsmönnum, hvar sem þeir búa og eftir því sem mögulegt er án tillits til efnahags, standi til boða sómasamlegt húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Til þess hafa ráðstafanir hins opinbera í húsnæðismálum jafnan tekið. Við höfum enga trú á öðru en að hér eftir sem hingað til verði þörf fyrir slíkt opinbert húsnæðislánakerfi, og þótt meira væri en í dag. Staðreyndin er sú að núverandi ríkisstjórn lagði niður á einu bretti félagslegan hluta húsnæðislánakerfisins og það kemur að því fyrr eða síðar að taka verður upp ráðstafanir á nýjan leik undir þeim formerkjum. Aðstæður efnalítils fólks til að tryggja sér húsnæði hafa því miður ekki batnað, ef eitthvað er á köflum versnað. Hér er líka óþroskaður leigumarkaður.

Aðalatriði þessa máls er að hér er verið að taka skref í

rétta átt. Það er liður í því að skjóta styrkari stoðum undir Íbúðalánasjóð og á því er full þörf þannig að hann verði ekki úti í þeim sviptingum sem nú ganga yfir og geta vel átt eftir að reynast tímabundnar. Okkur segir svo hugur að menn mundu sakna vinar í stað þar sem er Íbúðalánasjóður ef gengið yrði af honum dauðum á þessum missirum. Það er fagnaðarefni að hér er að nást þverpólitísk samstaða um að gera ráðstafanir sem tvímælalaust eru í rétta átt og til bóta fyrir Íbúðalánasjóð.

[15:23]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þegar hæstv. félagsmálaráðherra mælti fyrir þessu máli lýsti ég því yfir að við í Frjálslynda flokknum mundum styðja það. Skoðun okkar hefur ekki breyst að því leyti til að við teljum mikla þörf fyrir Íbúðalánasjóð. Að sjálfsögðu fylgjum við þessu máli og sannfæringu okkar í því.

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁI, ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SJS, StB, SæS, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

18 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, EOK, GÁS, GÖg, GunnB, HHj, JBjart, KJúl, LB, MF, SF, SP, StP, ÞKG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:23]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að leiða í lög eina mestu kjarabót íslensks almennings á seinni árum og jafnframt er verið að leiða í lög eitt stærsta kosningaloforð Framsóknarflokksins fyrir síðustu kosningar. Hér eru tryggðir hagsmunir allra landsmanna óháð búsetu, aðgangur að lánsfjármagni hvort sem fólk býr á landsbyggðinni eða höfuðborgarsvæðinu.

Hæstv. forseti. Það má áætla að á nokkrum mánuðum, allt frá því að Íbúðalánasjóður hóf að lækka vexti sína, hafi vextir til almennings í landinu lækkað um 1% og ef haft er í huga að skuldir heimilanna eru á bilinu 800–900 milljarðar skilar 1% lækkun 8–9 milljörðum lægri vaxtagjöldum fyrir heimilin í landinu. Hér er því um mjög mikla kjarabót að ræða og ég vil af þessu tilefni óska íslenskum heimilum til hamingju með 90% húsnæðislánin.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 518)

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 85. mál (gjald í Framkvæmdasjóð). — Þskj. 85.

Enginn tók til máls.

[15:25]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁI, ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SJS, StB, SæS, VF, VS, ÞBack.

24 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, BH, EOK, GÁS, GÖg, GunnB, HHj, JGunn, JBjart, KF, KJúl, LB, MF, SKK, SF, SP, StP, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 519)

Rannsóknir og nýting á jarðrænum auðlindum, 1. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 459.

[15:26]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum sem er 374. mál þingsins. Í dag eru í gildi lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þó að þau lög séu einungis rúmlega sex ára gömul hefur um nokkurt skeið verið talið nauðsynlegt að endurskoða þau. Við setningu þeirra laga var fyrst og fremst höfð í huga nauðsyn þess að skera ótvírætt úr um það með lögum hvernig háttað væri eignarhaldi á auðlindum í jörðu auk þess sem þar var komið á nýskipan í auðlindastýringu. Í núgildandi lögum hefur þótt skorta lagafyrirmæli um stjórnun auðlinda landsins. Þá taka lögin ekki til allra jarðefnaauðlinda og sem dæmi ná þau ekki til orkunýtingar vatnsfalla. Því var á árinu 2002 skipaður sérstakur starfshópur til að endurskoða gildandi lög á þessu sviði og skilaði hann drögum að frumvarpi í árslok sama ár. Með hliðsjón af samþykkt nýrra raforkulaga á árinu 2003 og breytingum á öðrum lögum á orkusviði var talið eðlilegt að taka frumvarpsdrögin til endurskoðunar á þessu ári.

Meðan unnið hefur verið að gerð þessa frumvarps hafa einnig vaknað mikilvægar spurningar varðandi auðlindanýtingu, forgang að orkuauðlindinni og hvernig leysa skuli úr álitaefnum sem vakna þegar fleiri en einn aðili sækja um leyfi til rannsóknar, nýtingar og/eða virkjunar sömu auðlindar. Við þessu álitaefni er brugðist með tvennum hætti í frumvarpinu. Annars vegar er komið á nauðsynlegri tengingu nýtingarleyfis auðlindar samkvæmt þessu frumvarpi og virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum. Er það gert með þeim hætti að nýtingarleyfi verði lögbundin forsenda þess að viðkomandi aðila verði veitt virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum. Hins vegar er í bráðabirgðaákvæði gert ráð fyrir stofnun sérstakrar nefndar með fulltrúum allra þingflokka og helstu hagsmunaaðila sem á næstu tveimur árum á að móta lagaákvæði sem taka á framangreindum grundvallarspurningum. Ákvæði frumvarps þessa er því að hluta til og eðli máls samkvæmt til bráðabirgða og skal þar sérstaklega nefna ýmsa tímafresti er tengjast rannsóknar- og nýtingarleyfum.

Framangreind nefnd fær það hlutverk að móta tillögur í

formi lagafrumvarps um það hvernig velja eigi á milli aðila er sækja um rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi. Lagt er til að nefndin ljúki störfum og skili niðurstöðu sinni í formi lagafrumvarps eigi síðar en 15. september 2006. Frumvarp þetta gerir því ráð fyrir nokkurs konar bráðabirgðaástandi varðandi rannsóknir á nýtingarleyfi þar til niðurstöður nefndarinnar liggja fyrir. Lagt er til að heimila útgáfu rannsóknar- og nýtingarleyfa en binda gildi þeirra því skilyrði að nýting sé hafin innan tiltölulega skamms tíma. Með þessu er komið í veg fyrir að umsækjandi geti helgað sér staði til nýtingar orkulinda langt fram í tímann en um leið komið til móts við óskir orkufyrirtækjanna um rannsóknir til skamms tíma. Kemur þetta fyrirkomulag þannig í veg fyrir að allar orkurannsóknir stöðvist vegna réttaróvissu næstu 2–3 árin.

Herra forseti. Ég mun nú greina efnislega frá helstu breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir miðað við núverandi löggjöf.

Í markmiðsákvæði frumvarpsins kemur fram að markmið laganna sé að tryggja að stjórnun náttúruauðlinda sé hagkvæm frá samfélagslegu sjónarmiði og að við nýtingu þeirra sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða og réttmætra hagsmuna fasteignareiganda. Í núgildandi lögum er ekki að finna sérstakt markmiðsákvæði. Rétt þykir hins vegar að slíkt ákvæði sé fyrir hendi enda gefur það vísbendingu um hver sé tilgangurinn með lögunum og hvaða sjónarmið Orkustofnun ber að hafa að leiðarljósi við auðlindastjórnun.

Í 3. gr. frumvarpsins er kynnt nýtt hugtak, jarðrænar auðlindir, sem er skilgreint sem hvers konar frumefni, lífræn og ólífræn efnasambönd og orkulindir sem vinna má á landi og úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þær kunna að finnast við.

Frumvarp þetta tekur til allra jarðrænna auðlinda, grunnvatns og yfirborðsvatns, þar á meðal auðlinda í vatnsföllum og stöðuvötnum, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga. Þau taka hins vegar ekki til gróðurs og lífvera, annarra en hveraörvera. Af þessu leiðir að hagnýting vatnsorku fellur undir frumvarpið, en núgildandi lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu gilda ekki um vatnsorku, hvorki um rannsóknir né nýtingu hennar.

Í frumvarpinu er það nýmæli að rannsóknum á jarðrænum auðlindum er skipt upp í tvo hluta, annars vegar leit að auðlindinni og hins vegar rannsóknir.

Leit að jarðrænum auðlindum felur í sér forathugun og yfirlitskönnun á mjög stóru landsvæði sem leiðir í ljós umfang og magn viðkomandi auðlindar og getur tekið áratugi. Að aflokinni leit eru hins vegar gerðar rannsóknir á viðkomandi auðlind, gerðar ítarlegri mælingar og rannsóknir til að meta afköst og hagkvæmni á vinnslu auðlindarinnar.

Rannsókn samkvæmt frumvarpi þessu felur í sér mat á stærð og legu auðlindar og sannprófun hennar. Rannsókn getur verið margfalt dýrari en leit. Eigandi auðlindar þarf ekki leyfi Orkustofnunar til rannsóknar hvort sem hann rannsakar auðlindina sjálfur eða aðrir á hans vegum en vilji hann njóta forgangsréttar til nýtingar verður að afla sér rannsóknarleyfis. Hann á forgangsrétt að rannsóknarleyfi á auðlind sinni en óski hann ekki eftir að nýta þennan forgangsrétt getur Orkustofnun átt frumkvæði að rannsókn á auðlindinni eða auglýst eftir umsóknum um rannsóknarleyfi á auðlindinni. Í frumvarpinu er miðað við að tímalengd rannsóknarleyfa verði allt að fimm ár og skal í því efni miða við eðli og umfang rannsóknaráætlunar umsækjanda.

Vegna mikils kostnaðar við rannsóknir á jarðrænum auðlindum er í flestum tilvikum nauðsynlegt að sá sem hana kostar njóti fyrirheits um forgangsrétt til nýtingar að rannsókn lokinni. Rannsóknarleyfi veitir leyfishafa forgangsrétt til nýtingarleyfis í allt að tvö ár að loknum gildistíma þess og tryggir að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á sama svæði á gildistíma þess. Sams konar ákvæði er fyrir hendi í núgildandi lögum.

Þá er í frumvarpinu fjallað nokkuð um tímalengd nýtingarleyfa. Þar er lagt til að leyfi geti verið til 60 ára fyrir vatnsorku og til 30 ára fyrir jarðhita og aðrar auðlindir. Heimilt er að framlengja leyfi til allt að 30 ára hafi forsendur leyfisveitingar ekki breyst. Hér er ekki verið að leggja til að auðlindanýting verði takmörkuð við þennan tíma heldur það að viðkomandi leyfi gildi ekki lengur. Séu eðlilegar forsendur fyrir hendi væri ekkert því til fyrirstöðu að leyfishafi legði fram nýja umsókn um nýtingarleyfi að framlengingartímanum liðnum og yrði þá nýtt leyfi gefið út á grundvelli fenginnar reynslu af nýtingu auðlindarinnar.

Herra forseti. Í frumvarpinu er byggt á þeirri meginreglu að auglýsa skuli eftir umsækjendum áður en leyfi er veitt til rannsókna og nýtingar á jarðrænum auðlindum í eignarlöndum ríkisins og í þjóðlendum. Þá er heimildarákvæði þess efnis að auglýsa megi eftir umsækjendum áður en leyfi er veitt til rannsókna og nýtingar á auðlindum á landi og í jörðu í eignarlöndum annarra en ríkisins óski eigendur ekki eftir að nýta sér forgangsrétt sinn til rannsóknarleyfis.

Í frumvarpinu er að finna reglur um málsmeðferð við veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa og er meginreglan sú að veita skuli rannsóknar- eða nýtingarleyfi á grundvelli umsóknar sem metin skal á hlutlægan og gagnsæjan hátt. Þar eru og rakin þau sjónarmið sem líta verður til við veitingu nýtingarleyfis.

Eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar er í bráðabirgðaákvæði II gert ráð fyrir því að iðnaðarráðherra skipi nefnd til að gera tillögur um með hvaða hætti verði valið á milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi samkvæmt lagafrumvarpi þessu og mörkuð framtíðarstefna um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin munu ná til. Er að því stefnt að tillögum nefndarinnar verði skilað til iðnaðarráðherra í formi lagafrumvarps haustið 2006.

Þá er í frumvarpinu nýr kafli um stjórnsýslu. Þar segir að Orkustofnun hafi eftirlit með framkvæmd laganna. Iðnaðarráðherra gegnir veigamiklu stjórnsýsluhlutverki í núgildandi lögum sem réttara þykir að Orkustofnun hafi á hendi. Frumvarpið miðar að því að Orkustofnun fái skilgreint hlutverk við stjórnun auðlinda landsins. Í þessu skyni er lagt til að lögfestar verði reglur um málsmeðferð við veitingu rannsóknar- og nýtingarleyfa og eftirlit og úrræði Orkustofnunar við framkvæmd laganna.

Orkustofnun gegnir mikilvægu hlutverki sem fagstofnun á sviði auðlinda- og orkumála, leyfisveitinga- og eftirlitshlutverki. Heimildir og úrræði Orkustofnunar verða aukin mjög frá núgildandi lögum. Reynslan hefur sýnt að núgildandi lög veita Orkustofnun ekki nægilega möguleika á að sinna eftirliti sínu með viðunandi hætti.

Það nýmæli er í frumvarpinu að gert er ráð fyrir sérstökum gagnagrunni um auðlindir, þar sem varðveitt verða gögn sem Orkustofnun hefur aflað eða látið afla með leit, rannsóknum og eftirliti, auk þeirra gagna sem henni berast frá öðrum sem vinna að leit, rannsókn eða nýtingu auðlinda. Gert er ráð fyrir að gögn í þessum grunni verði gerð öllum opin og aðgengileg, en sum gögn geta þó verið bundin trúnaði um takmarkaðan tíma. Þetta ákvæði er afar mikilvægt í ljósi þeirra vísindalegu rannsókna sem unnar eru hér á landi á eðli og eiginleikum jarðhitans.

Frú forseti. Ég minntist á að samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu ætti iðnaðarráðherra að skipa nefnd allra þingflokka auk annarra til að gera tillögur um með hvaða hætti verði valið á milli umsókna, um rannsóknir og nýtingarleyfi og að tillögu nefndarinnar verði skilað til iðnaðarráðherra í formi lagafrumvarps haustið 2006. Meginhlutverk lagafrumvarps þessa er því að skapa eðlilegt umhverfi rannsókna og nýtingar á jarðrænum auðlindum þar til tillögur nefndarinnar liggja fyrir. Frumvarpið byggist að mestu á núgildandi lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu með hliðsjón af nýjum lögum á sviði orkumála sem tekið hafa gildi á síðustu árum.

Ég mælist til þess, frú forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

[15:38]

Álfheiður Ingadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir gríðarlega umfangsmikið mál sem tekur til nær alls þess sem er ofan jarðar og neðan, svo framarlega sem það er ekki gróður eða dýr.

Mér finnst nauðsynlegt að það komi strax fram við þessa umræðu hvert hlutverk umhverfisráðuneytinu er ætlað í þessum lögum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær var umhverfisráðuneytið lagt niður? Í frumvarpinu er ekki minnst á það nema í einu orði, þ.e. þegar fjallað er um fyrirhugað skipulag varðandi hveraörverur.

Hér er heldur ekki minnst á sjálfbæra þróun eða sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Það er ekki minnst á umhverfismat. Það er ekki minnst á náttúruvernd, virðingu fyrir umhverfinu og gæðum náttúrunnar einu orði. Það er ekki einu sinni minnst á rammaáætlunina, sem þó heyrir undir ráðherrann.

Mér finnst að hér seilist hæstv. ráðherra og ráðuneytið sem slíkt býsna langt og spyr mig: Hvar eru skilin á milli verksviða í Stjórnarráði Íslands þegar svo er komið?

Ég ítreka spurningu mína: Hvert á hlutverk umhverfisráðuneytisins að vera í þessum ósköpum?

[15:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hún sé eitthvað á misskilningi byggð hjá hv. þingmanni, sú harða afstaða sem hér kom fram í upphafi umræðunnar um þetta mál. Það vill svo til að þetta er frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Sá málaflokkur heyrir undir iðnaðarráðherra samkvæmt stjórnsýslu Íslands.

Varðandi það sem hv. þingmaður talar um í tengslum við umhverfisráðuneytið þá er þetta mál unnið með umhverfisráðuneytinu, í nánu samstarfi við það. Það hefur ekki gert athugasemdir við framlagningu þess enda er það að sjálfsögðu lagt fram með samþykki beggja stjórnarflokka.

Umhverfisráðuneytið kemur til með að eiga fulltrúa í nefndinni sem skipuð verður til að móta framtíðarstefnu um þetta mikilvæga málefni. Ég held að hv. þingmaður hljóti að hafa tekið eftir því.

Það sem er mikilvægt, og á það vil ég leggja áherslu, er að við teljum þetta eitt af stóru málunum sem við fjöllum um á Alþingi og þess vegna er ástæða til að allir þingflokkar eigi aðild að þeirri nefnd sem fer í vinnuna, sem verður til framtíðar. Að hluta til er um að ræða bráðabirgðaástand sem yrði komið á með samþykki þessa frumvarps en stóra málið er vinnan framundan og þar þurfa allir þingflokkar að eiga aðild.

[15:41]

Álfheiður Ingadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur ekkert fram í skýringartexta við ákvæði til bráðabirgða um að þar skuli vera fulltrúi frá umhverfisráðuneytinu. Það segir einfaldlega að þingflokkarnir skipi hver sinn mann, síðan koma þrír fulltrúar frá Samorku og tveir sem ráðherra skipar sjálfur. Ég spyr aftur: Hvar er náttúruverndin í þessu landi?

Og hæstv. ráðherra: Hvar er Samband íslenskra sveitarfélaga og þeir sem gæta hér að eignar- og landréttindum í landinu?

Ég er þeirra skoðunar, og fullyrði að ég er ekki ein um það, að hér er tekið til mála sem falla ekki með eðlilegum hætti undir verksvið iðnaðarráðuneytis til hreinnar nýtingar auðlindarinnar án tillits til alls annars. Það má lesa það út úr þessum texta. Það kemur mér verulega á óvart ef þetta er unnið í samráði við umhverfisráðuneytið eða að umhverfisráðuneytið hafi skrifað þennan texta. Því á ég hreinlega erfitt með að trúa, hæstv. forseti.

Ég tel algert lágmark að þetta mál fái umfjöllun í umhverfismálanefnd þingsins, ekki síður en í iðnaðarnefnd. Hér er sannarlega verið að tala um náttúruleg gæði og okkur ber, sem aðilum að Ríó-sáttmálanum, að gæta að sjálfbærri nýtingu þeirra. Við það mat á náttúran að njóta vafans. Við höfum lög um þessa hluti og það hlýtur að verða að taka tillit til þeirra.

[15:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það þarf ekki að koma á óvart að þetta hljóð heyrist úr herbúðum Vinstri grænna. Hér er um að ræða frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Ég geri mér fulla grein fyrir því að hv. þingmenn þess stjórnmálaflokks eru ekki mikið fyrir nýtingu á auðlindinni. (**ÁI:** Þetta eru útúrsnúningar ...) Ég vil aðeins leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa upp úr greinargerð um 2. gr. frumvarpsins:

„Um leit, rannsóknir og nýtingu auðlinda samkvæmt lögum þessum gilda einnig náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða þó að það sé ekki sérstaklega tekið fram í frumvarpinu, enda leiðir það af eðli máls. Það ræðst því af ákvæðum þessara laga hverju sinni hvort einnig er

skylt að afla leyfis, t.d. byggingar- eða framkvæmdaleyfis, leyfis Umhverfisstofnunar á friðlýstum svæðum, eða gera breytingu á aðalskipulagi, deiliskipulagi eða friðlýsingu áður en heimilt er að ráðast í framkvæmdir á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu jarðrænna auðlinda.“

Það eru fleiri lög í landinu en þessi. Það veit hv. þingmaður, en við verðum einhvern veginn að setja mörk á milli valdsviða ráðuneyta. Með þetta mál fer iðnaðarráðuneytið og svo hefur verið þannig frá því lög voru sett í landinu um þetta efni.

[15:45]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þetta er stórt og mikið mál eins og fram kom í fyrri andsvörum og í byrjun langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji að hin svokallaða markmiðsgrein, 1. gr. frumvarpsins, þýði nákvæmlega það sama og sagt er í greinargerðinni í athugasemdum III, en 1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er skynsamleg stjórn og hagkvæm nýting náttúruauðlinda frá samfélagslegu sjónarmiði, að teknu tilliti til eignarréttar fasteignareigenda.“

Í greinargerð í athugasemdum III, 1 segir, með leyfi forseta:

„Nýtt markmiðsákvæði er í frumvarpinu þar sem fram kemur að markmið laganna sé að tryggja að stjórnun náttúruauðlinda sé hagkvæm frá samfélagslegu sjónarmiði og að við nýtingu þeirra sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða og réttmætra hagsmuna fasteignareiganda.“

Í markmiðsgreininni sjálfri er talað um skynsamlega stjórn og hagkvæma nýtingu frá samfélagslegu sjónarmiði, en í greinargerðinni er það lagt þannig út að stjórnun náttúruauðlinda sé hagkvæm frá samfélagslegu sjónarmiði og að við nýtingu sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.

Mig langar að vita hvort það er skilningur ráðherrans að þetta sé alveg eins og þá hvers vegna má ekki taka orðalagið sem í greinargerðinni stendur og hafa það í markmiðunum, því mér þykir það miklu skýrara. Mér er ekki ljóst að þetta þýði það sama.

[15:46]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki tekið sérstaklega eftir að þarna væri eitthvert ósamræmi, (**MÁ:** Hafðirðu ekkert heyrt um það?) en það er sú lagagrein sem kemur til með að verða samþykkt sem lög frá Alþingi sem skiptir máli í þessu sambandi, ef af verður.

Þetta er ekki stórmál að mínu mati, en ég held að við getum talað opinskátt um að í frumvarpinu er verið að tala um að nýta auðlindina. Ég held að það sé ekkert launungarmál. Hins vegar hefur allt sín takmörk og við höfum líka lög um mat á umhverfisáhrifum og þess vegna fara allar stærri framkvæmdir í það ferli sem lög um mat á umhverfisáhrifum kveða á um.

Að mínu mati er það ekki stórmál sem hv. þingmaður nefnir þarna, en þó getur verið að þarna sé um eitthvert misræmi að ræða, og ef svo er álít ég að sé hægt að skoða það í nefndinni. Þetta er allt til umfjöllunar.

[15:48]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þetta var óljóst svar, en ég tel að þetta verði að vera alveg ljóst, vegna þess að í greinargerðinni heldur umræddur texti svo áfram, með leyfi forseta:

„Í núgildandi lögum er ekki að finna sérstakt markmiðsákvæði. Rétt þykir hins vegar að slíkt ákvæði sé fyrir hendi enda gefur það vísbendingu um hver sé tilgangurinn með lögunum og hvaða sjónarmið Orkustofnun ber að hafa að leiðarljósi við auðlindastjórnun.“

Það er þetta sem skiptir máli. Ef í lögunum stendur „skynsamleg stjórn og hagkvæm nýting frá samfélagslegu sjónarmiði“ þá er hægt að túlka það þannig, eins og Framsóknarflokkurinn gerir oft í hlutverki sínu sem hinn pólitíski armur Landsvirkjunar, að nýtingin sé umfram allt, það beri að nýta alla hluti og klára þá sem allra fyrst, þannig að ég endurtaki röksemdafærslu ráðherrans áðan í andsvari við hv. þm. Álfheiði Ingadóttur. En ef hinn skilningurinn er á ferðinni, þ.e. sá að orð greinargerðarinnar séu í fullu gildi, og við eigum þá að færa orð greinargerðarinnar inn í markmiðsgreinina, 1. gr., þá hins vegar skýtur skökku við að fela Orkustofnun að gæta þess að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða.

Það verður því að vera alveg á hreinu, forseti, hvað hæstv. ráðherra meinar, því það er hún sem leggur fram frumvarpið og getur ekki vísað neitt annað með það, hún getur ekki vísað því inn í nefndina. Við verðum því að vita hvað hæstv. iðnaðarráðherra vill sjálf, hvort skynsamleg stjórn og hagkvæm nýting náttúruauðlinda frá samfélagslegu sjónarmiði þýði að við nýtingu þeirra sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.

Þetta vil ég fá á hreint, já eða nei, vegna þess að ef svarið er já þá getur Orkustofnun ekki ein verið ábyrg fyrir því að frumvarpið nái markmiði sínu þegar það verður að lögum.

[15:50]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á ég að skilja það svo að hv. þingmaður hafi einhverjar athugasemdir við það þegar talað er um skynsamlega stjórn og hagkvæma nýtingu? Ég get ekki annað séð en þetta sé orðað á ákaflega skynsamlegan máta. (**MÁ:** Ráðherrann fékk spurningu, svari ráðherrann spurningunni.) Mér finnst þetta svo mikil smámunasemi og svo undarlegur málflutningur, (Gripið fram í.) ... að sjálfsögðu, ég er búin að taka það fram (Forseti hringir.) Það er tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Var ég ekki að segja það rétt áðan? (Gripið fram í.) Við erum með lög í landinu um mat á umverfisáhrifum þar sem fjallað er um umhverfismál.

Það er svo sem mjög eðlilegt að við tölum í kross, vinstri grænir og ég sem iðnaðarráðherra, vegna þess að vinstri grænir og hluti Samfylkingarinnar vill ekki að auðlindin sé nýtt. Þarna kemur fram meginágreiningur í upphafi umræðunnar.

[15:51]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er rétt, hér er á ferðinni stórt mál og

kannski er það heldur snemma á ferðinni miðað við undirbúning þess og að sumu leyti ber málið það með sér að menn hafa ekki komist til botns með alla hluti sem hefðu þurft að liggja fyrir.

Ég vil í upphafi nefna að umhverfisþáttur málsins verður kannski ræddur meira síðar í umræðunni, af öðrum en mér, en við fyrsta lestur þá finnst mér margt í frumvarpinu hljóma eðlilega. Ég vil samt gera tvo afar mikilvæga fyrirvara um grundvallaratriði.

Í fyrsta lagi finnst mér ástæða til að staldra við 1. gr. frumvarpsins. Þar er sagt að markmið laga þessara sé skynsamleg stjórn og hagkvæm nýting náttúruauðlinda frá samfélagslegu sjónarmiði að teknu tilliti til eignarréttar fasteignareigenda. Það er síðari hlutinn sem ég staldra við, vegna þess að hvorki í frumvarpinu né annars staðar í skýringum með því er skilgreining á hvað þetta þýðir í raun, þ.e. að teknu tilliti til eignarréttar fasteignareiganda. Eignarréttur fasteignareiganda á orku eða auðlindum er að mínu viti ekki skilgreindur og ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra hvað menn styðjist við í frumvarpinu hvað varðar nýtingarrétt á auðlindum.

Hér er t.d. gert ráð fyrir því að vatn í jörðu heyri sem auðlind undir þann fasteignareiganda ef hann er til staðar annar en ríkið. Hvernig á þá að fara með vatnskerfi sem eru undir þeim löndum? Þau liggja auðvitað saman við vatnskerfi annarra. Hvernig ætla menn að hafa meðferðina á því og væri ekki ástæða til að slíkt væri skilgreint svo menn vissu að hverju þeir gengju? Til dæmis ef menn eiga veiðirétt í landi þá ber þeim skylda til að stofna félag, vegna þess að auðvitað liggja vötnin saman og það er ekki hægt að nýta hluta þeirra vatna öðruvísi en það hafi áhrif á önnur. Þetta á auðvitað einnig við um vatn í jörðu.

Þetta á líka við um jarðhita. Það er ekki sama hvorum megin við landamerkin er borað. Það hefur áhrif á nýtingu hinum megin við landamærin ef einn borar öðrum megin og hefur nýtingu. Það þyrfti alla vega að liggja fyrir hvað menn telji að liggi til grundvallar og mér finnst vanta töluvert upp á að það sé gert þarna, það er ekki einu sinn gerð tilraun til þess.

Hitt atriðið sem ég vil gera sérstakan fyrirvara um í upphafi, er við 11. gr. frumvarpsins. Þar er fjallað um málsmeðferð við úthlutun rannsóknarleyfa. Þar sýnist mér vera uppi hugmyndir um mjög umdeilanlegt fyrirkomulag og ég veit að gert er ráð fyrir þessu fyrirkomulagi til bráðabirgða, a.m.k. er gert ráð fyrir að sett verði nefnd í að fara yfir þessa hluti síðar. Samt held ég að gera megi ráð fyrir að í þessu fyrirkomulagi sé með einhverjum hætti verið að vísa veginn.

Ég fæ tækifæri til að fjalla um þetta mál í iðnaðarnefndinni og ætla því ekki að fara yfir nema nokkur þeirra atriða sem mér finnast mikilvæg við þessa umræðu. Þetta er mikið mál og verður tímafrekt að fara yfir það allt í nefndinni. Mér finnst skynsamlegt að þrískipta leyfaferlinu eins og gert er ráð fyrir. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að leita að auðlindum. Í öðru lagi til þess að rannsaka auðlindirnar. Í þriðja lagi til að nýta þær.

Það verður að skoða allt ferlið sem heild með það í huga að réttur til að nýta auðlind verði ekki til með óeðlilegum hætti. Þarna verða auðvitað jafnræðissjónarmið að vera í fyrirrúmi. Um það vantar skýr fyrirmæli í lagatextann.

Þegar kemur að þriðja stiginu, þ.e. rannsóknarleyfinu skv. 7. gr., þá fylgir því forgangsréttur til nýtingarleyfis. Mér sýnist sá forgangsréttur vera nánast trygging viðkomandi fyrir því að geta nýtt auðlindina til framtíðar, því eins og hæstv. ráðherra sagði, þá eru rannsóknir á auðlindum af þessu tagi dýrar og ef rannsóknarleyfinu fylgir leyfi til nýtingar í tvö ár, þá hafa menn ekki einungis lokið rannsóknunum, heldur líka lokið virkjun til þess að geta nýtt leyfin. Þá þarf mikið að ganga á til að hægt sé að taka auðlindina af viðkomandi aðila.

Þess vegna er nauðsynlegt þegar ákveðið er hver fær að nýta auðlind, sem að mínu viti er þá sá sem fær rannsóknarleyfið, það nánast liggur í hlutarins eðli, að gengið verði frá því þannig að jafnræðis sé gætt.

Hæstv. ráðherra lýsti því að ef til stæði að leita að auðlind þá ætti að auglýsa það. Ég geri ekki lítið úr því. Hins vegar sýnist mér að í fyrirmælunum í lagatextanum sé gert ráð fyrir að þeir sem eru valdir séu ekki endilega valdir út frá jafnræðissjónarmiðum, heldur sé gert ráð fyrir því, t.d. á einum stað, að gilda skuli reglan „fyrstur kemur fyrstur fær", ef jafngildir aðilar hafa sóst eftir rannsóknarleyfi. Síðan er talað um einhvers konar gagnsæi í ákvarðanatökunni. Ég geri ekki lítið úr því að það eigi að vera, en ég efa mjög að þetta dugi til.

Ég tel því mjög nauðsynlegt að í þessu ferli felist möguleiki, og ekki bara möguleiki heldur skylda þeirra sem með það fara, að bjóða út auðlindir ef margir sækjast eftir nýtingunni. Þó svo hér sé verið að tala um bráðabirgðafyrirkomulag þangað til nefnd skili af sér, þá tek ég mark á því sem hér er lagt til.

Ég held að full ástæða sé til þess að láta sér detta það í hug að einhverjir muni sækjast eftir auðlindum á tímabilinu til að tryggja sér möguleikana á því að fá þær í hendur. Við gætum alveg séð fram á að aðilar reyndu að tryggja sér auðlindir til þess að nýta í framtíðinni. Þó gert sé ráð fyrir því að menn fái rannsóknarleyfi til tiltekinna ára er ekki hægt að líta fram hjá því að aðilar geta auðvitað stjórnað hraða rannsóknanna með það fyrir augum að viðhalda möguleika sínum til þess að fá nýtingarréttinn í framtíðinni.

Ég tala ekki út frá engu í þessu. Ég tel nefnilega að þau stjórnvöld sem nú ráða ríkjum á Íslandi hafi sýnt það skýrt í verki á undanförnum árum að þau vilja ekki nýta möguleika af því tagi sem ég er að tala um, þ.e. jafnræði fengið með þeim hætti að öllum standi til boða að nýta auðlindirnar. Þau hafa fram að þessu haft reglur í lögum sem gera ráð fyrir því að aðilar séu valdir undir handarjaðri ríkisvaldsins. Undir handarjaðri ráðuneytisins. Við getum t.d. rifjað upp hvernig fjarskiptalögin eru og sú fegurðarsamkeppni sem hæstv. ráðherra hefur með höndum þegar velja á einhvern sem á að fá fjarskiptaleyfi, leyfi til að reka þriðju kynslóð farsíma. Það er gert með fegurðarsamkeppni. Þær reglur sem hér er gert ráð fyrir að nýta eru mjög skyldar slíku fyrirkomulagi.

Ég vara við þessu og tel fulla ástæðu til þess að muna eftir tillögum auðlindanefndar hvað varðar auðlindir í landinu. Við erum líka að tala um auðlindir í einkaeigu. Gert er ráð fyrir því að aðilar séu valdir með fegurðarsamkeppni til að nýta auðlindir sem eru í eigu okkar sameiginlega með

„fyrstur kemur fyrstur fær"-aðferðinni. Í fyrstu greininni er líka rætt um auðlindir í eigu einkaaðila. Eiga einkaaðilar að selja aðganginn að auðlindum sínum á fullu verði eða því verði sem verður á markaðnum og ríkið svo að velja aðilana út frá einhverjum allt öðrum sjónarmiðum og menn fái að nýta þær auðlindir fyrir ekki neitt?

Hvar eru hagsmunir einkaaðilanna ef um er að ræða sambærilegar auðlindir? Eiga þeir bara að bíða eftir því að ríkisauðlindirnar séu uppurnar vegna þess að þær eru allar frítt? Ætlar ríkið að standa í því að halda niðri verði á nýtingu auðlindanna með því að hafa þær alltaf frítt á markaðnum? Mér finnst að menn verði að horfast í augu við það að auðlindir eru mikils virði og að láta verði aðila á markaðnum meta hvers virði þær eru.

Úr því að menn ætla að gefa einkaaðilum rétt til þess að nýta auðlindir sínar, sem ég tel fulla ástæðu til að gera, en tel þó að skilgreina þurfi betur en gert hefur verið fram að þessu, mega menn ekki gefa með annarri hendinni og taka með hinni. Koma í veg fyrir að einkaaðilarnir fái eðlilegt endurgjald fyrir þær auðlindir sem búið er að ákveða í sölum Alþingis að skuli vera þeirra eign, en koma svo hinum megin að þeim og gefa auðlindir ríkisins í kapp við þá. Það er engin skynsemi í slíku fyrirkomulagi.

Við höfum séð framkvæmdina hvað varðar auðlindina í hafinu og hægt að líkja þessu nákvæmlega við það. Þar er einkaaðilum úthlutaður rétturinn til þess að nýta auðlindina. Þegar þeir eru búnir að fá þann rétt í hendur, hvað gera þeir þá? Þeir selja aðganginn að auðlindinni á hæsta verði sem hægt er að fá á markaðnum, eðlilega. Það er ekki við þá að sakast. Það er hér í sölum Alþingis sem fyrirkomulagið var fundið upp. En ég hélt að menn hefðu tekið mark á niðurstöðum auðlindanefndar. Þær eru alveg skýrar, að sameiginlegar auðlindir landsmanna á að láta frá sér á eðlilegu verði. Og eðlilegt verð er það sem markaðurinn vill borga.

Þess vegna er alveg furðulegt að menn skuli fá hér inn frumvarp eftir frumvarp, því þetta er ekki það fyrsta. Menn geta skoðað fjarskiptalögin, eins og ég nefndi áðan, og hvernig farið var með þriðju kynslóð farsíma hvernig menn vilja úthluta þeim réttindum. Menn geta skoðað hvernig eigi að úthluta rétti til þess að nýta auðlindir á hafsbotni. Allt á þetta að gerast fríhendis með einhverjum aðferðum sem ekki taka mið af því hvers virði auðlindirnar eru heldur eiga að gilda einhvers konar „fyrstur kemur fyrstur fær" aðferðir við þetta allt saman.

Þetta vil ég gera að aðalathugasemdum mínum við það sem hér liggur fyrir. Í fljótu bragði finnst mér að öðru leyti frumvarpið vera ágætlega unnið, en stór grundvallaratriði, eins og þau sem ég hef rætt um, eru ekki í lagi og mér dugar ekki fyrirvarinn um að setja eigi á nefnd til þess að fara yfir þessi mál. Mér finnst leiðarmerkin vera of augljós í frumvarpinu um það hvert menn ætli með þetta.

Stjórnmálaflokkarnir hafa flestir a.m.k. lýst því yfir að þeir telji að setja eigi ákvæði í stjórnarskrána um sameiginlegar auðlindir okkar. Því finnst mér að þeir ættu að velta því dálítið fyrir sér þegar verið er að setja lög um nýtingu auðlindanna að það geti farið saman við að gera auðlindirnar að stjórnarskrárbundnu ákvæði. Mér finnst það skipta mestu máli þar. Ég get auðvitað skrifað upp á ýmislegt í frumvarpinu og sé ekki að kastað hafi verið til höndunum, en mér finnst að komið hafi verið of snemma með málið til þings. Hin pólitíska niðurstaða um þau grundvallaratriði sem ég hef rætt um liggur ekki fyrir.

Ég er á þeirri skoðun að í frumvarpinu sé fyrirkvíðanleg vísbending um hvert menn ætla. Ég tel mikið vandræðamál að setja lög á Alþingi sem eiga að gilda í tvö ár með leiðsögn af þessu tagi um hvernig fara eigi með nýtingarréttinn, vegna þess að stjórnvöld í landinu hafa sýnt á spilin sín áður. Ég vil hafa það lokaorð mín núna.

Ég mun setjast yfir málið með öðrum mönnum í iðnaðarnefndinni og vil ræða það þar auðvitað. Mér finnst að skoða þurfi mjög vandlega hvort skynsamlegt sé að setja af stað ferli hvað varðar úthlutanir á leyfum eins og hér er gert ráð fyrir, ef menn meina eitthvað með því að ætla að reyna að finna þverpólitíska lausn á málinu. Sú lausn hlýtur að verða að byggjast á svipuðum sjónarmiðum og fram komu í niðurstöðu auðlindanefndar og hafa komið fram hjá flestum stjórnmálaflokkum í landinu um að þeir vilji varðveita sameiginlegar auðlindir okkar og að ákvæði um þær verði sett í stjórnarskrána.

[16:10]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Eins og hæstv. ráðherra sagði í inngangsræðu sinni er verið að breyta lögum sem hingað til hafa gilt í landinu og fjölluðu um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Umtalsverðasta breytingin er sú að vatnsföllin og vatnsorkan er tekin inn undir þetta mál. Þar verður stór hluti af fókusnum að vera í umfjöllun um málið. Ég vil af því tilefni byrja á því að spyrja hæstv. ráðherra hreinlega um yfirskriftina á frumvarpinu: Rannsóknir og nýting á jarðrænum auðlindum. Hvernig getur hæstv. ráðherra heimfært vatn og vatnsorkuna upp á jarðrænar auðlindir þegar við vitum öll hver hringrás vatnsins er? Það kemur jú upphaflega úr himninum, rignir þaðan yfir okkur og gufar svo upp. Mér finnst þetta alveg ótrúlega villandi nafn á frumvarpi. Þetta er ekki hártogun og ég ætlast til þess að ég fái málefnalegt svar. Hvers vegna er frumvarpið þá ekki bara látið heita: Rannsóknir og nýting á ólífrænum auðlindum jarðar, eða eitthvað slíkt? Mér finnst alveg fáránlegt að kalla vatnsorkuna okkar og vatnsföllin okkar jarðrænar auðlindir. Þetta vildi ég segja í tilefni af fyrirsögninni á þingskjali 459.

Því næst vil ég koma að því sem mér finnst vera meginatriði málsins. Mér finnst vægast sagt með ólíkindum hversu sterkur sá vinkill er í málinu, eins og hæstv. ráðherra flytur það, sem heimfæra má undir framkvæmdaraðilana og framkvæmdina sjálfa á rannsóknunum og nýtingunni og hvernig hún í frumvarpinu, greinargerðinni og inngangsræðu sinni kemst algerlega hjá því að líta svo á að hér geti verið um umhverfismál að ræða. Í ræðu sinni bendir hún eingöngu á önnur lög sem gildi í landinu þar sem umhverfissjónarmiða sé gætt.

Ég mótmæli þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra og mótmæli fókusnum í frumvarpinu, hversu halt það er undir sjónarmið hagsmunaaðila á borð við framkvæmdaraðilana í þessu tilfelli og segja fullum fetum að málið sé ekki síður umhverfismál en nýtingarmál. Hæstv. ráðherra á auðvitað

ekki að koma á óvart að þingmenn í þessum sal og stór hluti þjóðarinnar geri við það athugasemdir þegar framkvæmdarvinkill iðnaðarráðuneytisins er gagnrýndur á þeim nótum sem fram kom í andsvari hjá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, gagnrýndur vegna þess að umhverfisþátturinn sé skilinn undan framkvæmdarþættinum. Það er ekki hægt að fjalla um þessa hluti með því að aðskilja þá svo gjörsamlega sem hæstv. ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, virðist óska sér. Það ætti henni að vera fullkunnugt, sérstaklega í ljósi þess að hún hefur umsjón með rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu jarðvarma og vatnsfalla. Þar er verndarþátturinn tekinn inn í sem einn af veigamestu þáttunum, svo hæstv. ráðherra á auðvitað ekki að koma þetta á óvart.

Ég tók eftir því í máli hæstv. ráðherra, að hún segir að málið hafi verið unnið í góðri sátt og samvinnu við umhverfisráðuneytið. Ég krefst þess að hæstv. ráðherra geri nánari grein fyrir aðkomu umhverfisráðuneytisins á vinnslustigi málsins.

Það er algerlega nauðsynlegt áður en málið fer til nefndar að það sé algjörlega uppi á borðinu og skýrt og kvitt og klárt hver aðkoma umhverfisráðuneytisins að þessu máli hefur verið. Það verður að vera þingmönnum á Alþingi Íslendinga ljóst hvort umhverfisráðuneytið er endanlega orðin skúffa í iðnaðarráðuneytinu eða hvort það hefur sjálfstæðan vilja sem það hefur getað látið koma fram í vinnslu þessa máls. Ef það er vilji umhverfisráðuneytisins að mál með þessum hætti fari svona í gegnum þingið þá verður það líka að liggja ljóst fyrir við 1. umr. því það segir þá meira en mörg orð um umhverfisráðuneytið og hvernig því er fyrirkomið í Stjórnarráðinu hjá Halldóri Ásgrímssyni.

Ég vísa á bug hinum ómálefnalega málflutningi hæstv. ráðherra Valgerðar Sverrisdóttur sem kom fram í andsvörum áðan þar sem hún enn eina ferðina lýsti því yfir að afstaða hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sé kunn, hún sé sú að vera á móti allri nýtingu. Þetta er ómálefnalegur málflutningur hæstv. ráðherra og henni ekki sæmandi. Enn eina ferðina neyðist ég því að gera alvarlega athugasemd við málflutning af þessu tagi og bið hæstv. ráðherra í þessari umræðu að halda sig við það sem hér er til umræðu.

Ég fæ ekki betur séð við lestur þessa frumvarps en að iðnaðarráðuneytið sé að sölsa undir sig málefni umhverfisins og þykir mér því vera staðfest sú tilfinning sem ég hef haft og hef oft lýst í þessum sal að iðnaðarráðuneytið fari offari innan ríkisstjórnarinnar og nái til sín málum sem eðli máls samkvæmt ættu ekki síður að heyra undir umhverfisráðuneytið.

Ég skal alls ekki draga úr nauðsyn þess að efla rannsóknir á möguleikum okkar til orkunýtingar. Ef hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir kynnir sér þingsályktunartillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um sjálfbæra orkustefnu þá finnur hún út að Vinstri hreyfingin – grænt framboð talar fyrir nýtingu á afar varfærnum nótum. Við viljum efla rannsóknir og að þær fari fram með þeim hætti að sem yfirgripsmest þekking náist án þess að rannsóknirnar sjálfar skaði lífríkið og auðlindirnar, náttúruna. Við höfum talað fyrir nýtingu þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi en ekki jarðvöðulsháttur og böðulgangur sem manni finnst oft einkenna vilja þeirra sem vilja komast í auðlindirnar.

Nú hafa framkvæmdaraðilar verið frekir til fjörsins upp á síðkastið, sérstaklega eftir að ný raforkulög litu dagsins ljós, raforkulög sem hæstv. iðnaðarráðherra mælti hér fyrir og sem hafa verið gagnrýnd af hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs m.a., ekki síst fyrir það að með þeim sé gefið út nánast veiðileyfi á allar orkuauðlindir landsins. Það er auðvitað sú staðreynd sem er fólgin í raforkulögunum sem kallar á það frumvarp sem hér er til umfjöllunar, bráðabirgðafrumvarp til þess að búa til einhvers konar regluverk utan um framkvæmdaraðilana sem eru frekir til fjörsins og vilja nú ólmir fara upp um fjöll og firnindi, búa til rannsóknarverkefni í tengslum við ýmist jarðhita eða vatnsorku, hver um annan þveran, jafnvel tveir eða þrír á sömu svæðunum. Allt saman er þetta komið til vegna ákvæða sem finna má í raforkulögunum og gera ráð fyrir þessari samkeppni á orkumarkaði, samkeppni sem ég hef alltaf haldið fram að eigi ekki við íslenskar aðstæður.

Ég hef ævinlega talað fyrir því að það sé farið með gát og það hafa þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gert. Við töldum frá því fyrsta að tilskipun Evrópusambandsins varðandi raforkulögin hefði verið þess eðlis að við hefðum átt að geta fengið undanþágu frá henni. Við mæltum fyrir því að — þó Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi raunar ekki verið komin til þegar tilskipunin leit upphaflega dagsins ljós þá talaði hv. fyrrverandi þingmaður Hjörleifur Guttormsson um það hér. Ég man eftir að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um það líka að raforkutilskipunin væri þess eðlis að það ætti að vera hægt að sækja um undanþágur frá henni. Það var ekki gert. Það var pólitísk ákvörðun að slíkt yrði ekki gert. Þess vegna erum við í því umhverfi sem hér um ræðir, umhverfi sem útheimtir það að hér séu settar einhverjar bráðabirgðareglur um rannsóknir og nýtingu á meðan einhver nefnd eða starfshópar hæstv. ráðherra starfa til þess að reyna að klóra sig út úr því að finna eitthvert kerfi sem gæti nýst okkur eða komið að gagni í þessum efnum til framtíðar.

Þó ég dragi ekki úr nauðsyn þess að rannsóknir á möguleikum okkar til orkunýtingar séu efldar þá vil ég jafnframt gera mjög mikið úr því að þær rannsóknir verða að fara fram á einhverjum sanngjörnum nótum. Það er ekki hægt að hleypa rannsóknaraðilum á t.d. viðkvæm jarðhitasvæði sem eru náttúrugersemar í sjálfu sér. Framkvæmdaraðilar þurfa að leggja vegi að framkvæmdasvæðum sínum eða rannsóknarsvæðum. Á jarðhitasvæðunum þarf að bora holur og í djúpborununum sem nú er verið að reyna að fara út í þarf gífurleg mannvirki nánast, liggur mér við að segja, bora sem þurfa borplan sem þarf að vera slétt. Þegar menn ryðjast inn á þessi viðkvæmu svæði með rannsóknarborholum eða einhverjum rannsóknarleyfum þá fara þeir því í raun í eiginlegar framkvæmdir því ekki verður aftur snúið eftir að borplönin eru búin til.

Ætla menn í alvöru með þessum lögum að senda tvo, þrjá, fjóra rannsóknaraðila inn á viðkvæm jarðhitasvæði sem eru náttúrugersemar sem allt eins gætu ósortin átt heima á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna? Er það það sem menn ætla sér? Svo virðist vera samkvæmt þessu frumvarpi. Vegna þess hvernig andinn eða tónninn í því er

þá er full ástæða til að blása í alla varúðarlúðra og hringja öllum varúðarbjöllum sem mögulegt er því það er ekki hægt að sjónarmið þeirra sem vilja virkja orkuna ein séu látin ráða.

Vera kann að við spillum svo náttúrugersemum okkar að það verði ekki aftur snúið. Nú þegar er búið að spilla svo miklu af þessum svæðum og af þeim náttúrugersemum sem við höfum yfir að ráða, fórna þeim á altari stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar, að mál er að linni. Það er mál að menn fari með meiri varfærni að hlutunum.

Hvers vegna í ósköpunum er t.d. ekki minnst á vatnalögin hér? Ég sé það ekki af lestri þessa frumvarps að hér sé nokkur virðing borin fyrir vatnalögunum okkar. Þau eru komin til ára sinna. Ef ég man rétt þá eru þau frá 1928. Ég segi fullum fetum: Auðvitað er kominn tími til þess að endurskoða þau. En þá vil ég líka að það sé gert á sömu nótum og Norðmenn endurskoðuðu vatnalöggjöf sína. Þeir bjuggu fyrir örfáum árum, ég held tveimur árum síðan, út nýja vatnslöggjöf og hún er vatnsverndarlöggjöf. Nákvæmlega á sama hátt og þegar Norðmenn settu sér rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma þá settu þeir sér jafnframt verndaráætlun. Þeir stoppuðu framkvæmdaraðilana af sem eru svo frekir til fjörsins eins og ég hef áður sagt. Ef við værum nú að tala um löggjöf af því tagi, eins og vatnsverndarlöggjöf Norðmanna sem er til fyrirmyndar, stór og mikil löggjöf sem tekur á því hvernig hægt sé að fara að þessum málum án þess að bera fyrir borð sjónarmið náttúruverndar þá segi ég: Við eigum í þessu máli að fara að dæmi Norðmanna, hafa verndarsjónarmiðin í fyrirrúmi en ekki að fara með þessu offorsi, nýtingarofforsi upp um fjöll og firnindi og hætta að eyðileggja náttúrugersemar sem við fáum aldrei til baka ef fram heldur sem horfir. Vatnsverndarlög Norðmanna ætti auðvitað að hafa til hliðsjónar þegar þetta frumvarp verður skoðað í nefndum.

Það er algjört skilyrði að þetta mál fari í umhverfisnefnd Alþingis til skoðunar. Það er ekki af því ég vantreysti iðnaðarnefnd þingsins til þess að fjalla um rannsóknir eða nýtingu vatnsafls eða jarðvarma. Það er eingöngu vegna þess að ég lít svo á að hér sé um órjúfanlega þætti að ræða. Nýtingarsjónarmiðin heyra undir iðnaðarnefnd en verndarsjónarmiðin heyra undir umhverfisnefnd. Það er sjálfsagt mál að báðar þessir nefndir fái málið til umfjöllunar og það er til vansa fyrir hæstv. iðnaðarráðherra að hún skyldi ekki hafa séð það sjálf áður en frumvarpið var lagt hér fram að þetta mál væri þannig vaxið að það yrði að fara í báðar þessar nefndir. (**Iðnrh.:** Mál fara aldrei nema í eina nefnd.)

„Mál fara aldrei í nema eina nefnd", segir hæstv. ráðherra en veit að að sjálfsögðu fullvel hver framgangsmátinn hefur verið á Alþingi Íslendinga þegar þingmönnum hefur þótt ástæða til að setja málin inn í tvær nefndir. Þá vísar önnur nefndin málinu til umfjöllunar í hinni. Það er hægur vandi og það veit hæstv. ráðherra vel að hefur viðgengist hér. Það hefði verið sjálfsagt mál að hún hefði getið þess í inngangsræðu sinni með þessu máli.

Hæstv. forseti. Ég hef í máli mínu komið inn á rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Ég vil í því sambandi ítreka að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lagt fram þingsályktunartillögu í þinginu og talað fyrir henni þar sem þess er óskað að forræði rammaáætlunarinnar verði tekið úr höndum iðnaðarráðherra og fært undir hæstv. umhverfisráðherra. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta. Sjónarmið okkar í þessum málum eru nákvæmlega þessi: Við teljum að rammaáætlunin heyri undir þetta mál, tengist því órjúfanlegum böndum á sama hátt og við teljum að hér sé um umhverfismál að ræða, náttúruverndarmál sem eigi eðli máls samkvæmt að koma til umfjöllunar í umhverfisráðuneyti og umhverfisnefnd.

Hæstv. ráðherra segir í ræðu sinni að til þess að orkurannsóknir stöðvist ekki meðan verið er að vinna þetta mál í starfshópi og nefnd sem hún hyggst skipa samkvæmt frumvarpi þessu þá verði að setja upp svona löggjöf sem beri að líta á sem einhvers konar bráðabirgðaástand. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu líka. Ég tel enga þörf á því að setja upp vona bráðabirgðalöggjöf. Ég tel að við höfum allan þann tíma sem við þurfum til þess að fara rækilega ofan í saumana á þessu máli, vinna það vandlega með öllum þeim sem að því mundu vilja koma því þetta er svo gífurlega umfangsmikið mál að það er nauðsynlegt að hér sé vandað til verka og stigið varlega til jarðar.

Í orkustefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem byggir á hugmyndum sjálfbærrar þróunar þá gerðum við okkur grein fyrir því að það þyrfti á einhverjum punkti að stoppa til þess að við gætum mótað okkur stefnu. Mér finnst sjálfsagt að við hægjum nú á. Setjum bara í handbremsuna og segjum: Við förum ekki lengra í orkunýtingarmálum á næstu tveimur, þremur, fjórum eða fimm árum eða hvað það er sem við teljum okkur þurfa, vegna þess að við viljum gæta hér jafnræðis í sjónarmiðum. Við viljum sjá til þess að umhverfisvernd sé hér höfð að leiðarljósi og að varúðarreglan sé hér við lýði og að farið sé að þeim ákvæðum í Ríó-samningnum sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist fyrir hönd íslensku þjóðarinnar. Það erum við ekki að gera með því óðagoti og bráðræði sem þetta frumvarp lýsir.

Hæstv. forseti. Í greinargerð með þessu frumvarpi — hv. þm. Mörður Árnason gat um í það andsvari áðan við hæstv. ráðherra — er sagt í 1. tölulið III. kafla greinargerðarinnar að markmiðsákvæðið í frumvarpinu sem fólgið er í 1. gr. sé til að tryggja að stjórn náttúruauðlinda sé hagkvæm frá samfélagslegu sjónarmiði og að við nýtingu þeirra sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða og réttmætra hagsmuna fasteignareiganda

Ég tel hæstv. ráðherra hafa reynt að koma sér hjá því í andsvari sínu að svara réttmætri athugasemd hv. þingmanns. Það verður að koma hér fram hjá hæstv. ráðherra svo hægt sé að vitna til þess í umfjöllun nefnda um málið hvernig hún álítur að taka beri tillit til umhverfissjónarmiða í þessum efnum og hvort hún telji í alvöru að umhverfissjónarmiðanna sé gætt í orðalagi 1. gr. eða hvort þarna sé um einhvern lapsus að ræða, hvort það vanti umhverfissjónarmiðin, það orð, í 1. gr. Þessi athugasemd er fullkomlega réttmæt og spurningin eðlileg og rétt er að ítreka að ekki er hægt að ljúka 1. umr. um málið án þess að hæstv. ráðherra gefi okkur svar. Hvaða sjónarmið á Orkustofnun að hafa að leiðarljósi við auðlindastjórnina? Á hún að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi eða ekki? Þetta er klár spurning sem nauðsynlegt er að fá svar við.

Ég sé að ræðutími minn er nokkurn veginn úti og vil ég í lok máls míns bara segja að það hvernig hæstv. iðnaðarráðherra hefur fókuserað þetta mál í kringum þá sem vilja framkvæma á hálendinu, sem vilja nýta orkuna, tel ég til mesta vansa og málinu ekki til framdráttar. Af því að ég heyrði gagnrýni úti í sal frá hv. þm. Birki Jónssyni þegar ég talaði um framkvæmdaraðilana þá ætla ég bara að minna á það hér að það eru nú einu sinni framkvæmdaraðilar, þ.e. Landsvirkjun sem hefur t.d. ráðið hvað mestu um hvernig vegir hafa verið lagðir um hálendi Íslands vegna þess að virkjunarhagsmunirnir hafa ráðið því. Þetta er eitt dæmi sem ber að hafa í huga við umfjöllun þessa máls.

[16:31]

Mörður Árnason:

Forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur farið yfir þann hluta frumvarpsins sem snýr að úthlutun leyfa og ýmislegu öðru, gert þar grein fyrir sjónarmiðum jafnaðarmanna og spurt hæstv. ráðherra eðlilegra spurninga um þau efni. Ég tek undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um að hér leita á grunnspurningar um eignarhald, sérstaklega í ljósi þeirra nýju aðstæðna sem blasa við eftir að samkeppni komst á við orkuöflun og á orkumarkaði. Það er auðvitað kominn tími til þess að við reynum að svara þessum spurningum öll saman og hvert í sínu lagi. Það er erfitt að taka á máli af þessu tagi og kannski vorum við fullfljót á okkur — ég tala nú bara um okkur sem Íslendinga — að hlíta þeim raforkutilskipunum sem við hefðum kannski ekki þurft að gera, fullfljót á okkur vegna þess að við erum bara hreinlega ekki búin undir þá ferð sem fara skal. Okkur vantar betri eignarskilgreiningar í lög og í hugsun, og það eru auðvitað sérstaklega skilin milli annars vegar þjóðareignar eða almannaeignar og hins venjulega hefðbundna eignarréttar sem við þurfum að hafa gleggri og líta ekki svo á að einkaeign ríkis eða sveitarfélaga samsvari þjóðareign eða almannaeign, eins og mér virðist vera skilningur flestra hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar.

Hins vegar tel ég að við stöndum í þeim sporum gagnvart þessu máli að við lagasetningu þess frumvarps fyrir sex árum sem nú er orðið að þeim lögum sem þetta frumvarp á að leysa af hólmi hafi allt of víðtæk eignarvöld fylgt því að eiga jörð eða jarðarskika og það þurfi að endurskoða rækilega. Þetta tvennt held ég að valdi því að við erum vanbúin að fást við þetta mál og kannski ekki furða að hæstv. iðnaðarráðherra sé í vandræðum með að útskýra einföldustu hluti hér í umræðunni.

Við þurfum að skilja þessi hugtök og tileinka okkur þau. Ef við gerum það kynni umræða okkar að fara á annað stig. Ég tek dæmi af hugmyndafræði klassískra sjálfstæðismanna sem lítið er af hér í salnum, því miður, og þá á ég við klassíska sjálfstæðismenn fyrir tíma nýlíberalismageðþóttafrekjuhundstittanna. Þeir líta ósköp einfaldlega svo á að aðeins sé til ein gerð af eignarrétti, hinn hefðbundni einkaeignarréttur, og í þeirra huga togast þess vegna á annars vegar eignarréttur einstaklinga og hins vegar eignarréttur hins ópersónulega opinbera valds, sem sé einkaeignarréttur ríkisins annars vegar og einkaeignarréttur einstaklinganna hins vegar. Það er kjarninn í hugmyndafræði þeirra að reyna að færa þennan eignarrétt yfir til einstaklinga eins og hægt er. Þeir horfa á heiminn með þessum augum, a.m.k. að því leyti sem snertir þau mál sem við erum að tala um hér og ýmis fleiri. Ef þeir fengjust til þess að greina á milli annars vegar þjóðareignar, almannaeignar, og síðan einkaeignarréttarins í klassísku formi væri mjög mikið unnið. Þá gætum við kannski komist áfram í þeim vandamálum sem við blasa, bæði með auðlind hafsins og þá auðlind sem hér er um að ræða.

Ég tek undir þetta og bæti þessu við málflutning hv. þm. Jóhanns Ársælssonar.

Ef við gerðum þetta væri ekkert því til fyrirstöðu að við legðumst síðan yfir það mál að tiltaka þjóðareign í stjórnarskrá okkar sem er engin uppáfinningasemi í okkur í Samfylkingunni eða stjórnarandstöðunni heldur staðreynd í ýmsum stjórnarskrám, þeim sem nýlegar eru, og einkum má finna slíkar stjórnarskrárgreinar í stjórnarskrám nýfrjálsu ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu sem höfðu úr ýmsu að velja.

Ég vil svo segja í tilefni af andsvarinu áðan að hér er um töluverðan lagabálk að ræða, nýframkominn. Við höfum verið að reyna að tileinka okkur hann og fara í gegnum hann. Hann hefur vakið spurningar og það er eðlilegt að menn vilji ræða ýmsa hluti. Þá er þeim ráðherra sem málið flytur skylt að hafa ekki aðeins vald yfir málinu, heldur líka vald á málinu og geta svarað þingmönnum hreinskilnislega og af fullum málefnalegum þrótti því sem þeir spyrja um.

Þegar spurt er hvert markmið frumvarpsins eigi að vera, hvort 1. gr. frumvarpsins, markmiðsgreinin, sé í samræmi við lýsingu hennar í athugasemdum í greinargerðinni er eðlilegt að ráðherrann svari því hreinskilnislega hvort honum finnst það eða ekki. Þegar spurt er hvort Orkustofnun eigi síðan að gæta þess að þessi markmið náist er eðlilegt að ráðherrann geri grein fyrir því hvort hann telji að svo eigi að vera eða ekki.

Ef umhverfistillit er inni í 1. gr., það sé markmið þessara laga og þar með markmiðið með þeim völdum sem falin eru Orkustofnun í frumvarpinu, er Orkustofnun með einhverjum hætti orðin umhverfisstofnun með litlu u-i, ný umhverfisstofnun. Þá verðum við auðvitað að byggja þá stofnun allt öðruvísi upp. Spurningin er auðvitað sú: Þurfum við fleiri slíkar? Erum við ekki með ágætar stofnanir á verksviði umhverfisráðuneytisins sem mætti tengja inn í lögin og fela eitthvað af þeim verkefnum sem Orkustofnun á hér alfarið að sjá um? Orkustofnun er nú ný stofnun, ekki satt? Orkustofnun hin gamla var klofin í tvennt þar sem annars vegar var fræðihlutinn og rannsóknarhlutinn — sem ég hygg að heiti núna ÍSOR eða eitthvað álíka — og hins vegar er stjórnsýsluhlutinn í Orkustofnun. Ég veit það ekki, ég hef ekki unnið þar og ekki kynnt mér það sérstaklega, en ég held að ekki séu margir vísindamenn eða fræðingar hjá Orkustofnun og þegar þeim er falið eitthvert hlutverk verður að gæta þess að ekki sé verið að fela þeim vísindalegt eða fræðilegt hlutverk sem þeir ráða ekki við.

Mér finnst skrýtið að Orkustofnun skuli falið að sjá um að gefa út leyfi og sjá um leit að auðlind. Leit að auðlind er svona skilgreind í 3. gr. frumvarpsins, 10. lið, með leyfi forseta:

„Yfirlitskönnun á svæði með aðferðum jarðvísinda og skyldra fræða, gerð yfirlitskorta og skýrslna sem lýsa um-

fangi auðlindar og legu, magni og helstu aðstæðum."

Það er athyglisvert að eitt af því sem önnur stofnun, sem ég er sammála að sé rannsókna- og vísindastofnun og heitir Náttúrufræðistofnun Íslands, á að gera samkvæmt sínum lögum, 4. gr. e-lið, er „að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda" — og þá er rétt að spyrja hver munurinn sé á náttúrulegum og jarðrænum auðlindum — „og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna".

Í c-lið stendur að Náttúrufræðistofnun eigi, með leyfi forseta, „að skrá kerfisbundið einstaka þætti íslenskrar náttúru og sjá um gerð og útgáfu korta, m.a. um jarðfræði og útbreiðslu tegunda".

Ég sé ekki betur en að með þessu frumvarpi sé búið að blanda saman verksviði Orkustofnunar og Náttúrufræðistofnunar með þeim hætti að ekki verður annað séð en að allt fari í rugl og að Orkustofnun sé fyrst og fremst látin teygja sig yfir á svið Náttúrufræðistofnunar.

Ég vil svo taka undir það með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að umhverfistengingin í þessu frumvarpi er illsjáanleg. Hún kann að vera fyrir hendi en við fyrstu sýn, við fyrsta lestur okkar þingmanna, er hún illsjáanleg. Maður spyr hvernig þetta frumvarp samræmist lögum um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlögum og nýja frumvarpinu sem lagt hefur verið fram um mat á umhverfisáhrifum.

Í viðauka við mat á umhverfisáhrifum er getið um t.d. rannsóknarholur, að þær séu að vísu ekki umhverfismatsskyldar en þær komi til greina í umhverfismat samkvæmt þeim skilyrðum sem nefnd eru í næsta viðauka. En það er t.d. ekki talað um umhverfisþátt á leitarstiginu. Þá kynnu menn að segja: Það er ekkert rask við leitarstigið. Ég var að lesa hvað það er, það er yfirlitskönnun á svæði o.s.frv., hvort sem það er Náttúrufræðistofnun eða Orkustofnun sem annast hana. Svo vill til að í frumvarpinu sjálfu er gert ráð fyrir því að um rask kunni að vera að ræða við leitina. Það er ekkert verið að fela það, maður þarf að vísu aðeins að leita en um það er klásúla í 35. gr. frumvarpsins sem vísað er til úr 6. gr., um málsmeðferð. Í 6. gr. stendur að ef fasteignareigandi vill bætur á grundvelli leitarleyfis Orkustofnunar fari það samkvæmt ákvæðum 35. gr. Af hverju skyldi fasteignareigandi vilja bætur? Jú, hann getur auðvitað viljað það vegna þess að það sé eyðilagt hjá honum hús eða eitthvað álíka. Hann getur líka viljað þær vegna þess að — það þarf ekki að eyðileggja hús mikið við leit að auðlindum — rask hafi orðið á svæðinu, á þessari eign hans.

Í 35. gr. stendur þetta beinlínis, með leyfi forseta:

„Nú veitir Orkustofnun öðrum en fasteignareiganda leyfi til leitar og rannsókna" — ég legg áherslu á leitar og rannsókna, þarna er tiltekið leyfi — „á auðlind innan eignarlands, og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum" — og nú vil ég aftur leggja áherslu — „vegna röskunar eða skemmda á landi og mannvirkjum."

Það er eins og beinlínis sé gert ráð fyrir því í frumvarpinu sjálfu að um rask kunni að vera að ræða vegna leitarinnar. Ekki er samt gert ráð fyrir því að leitin fari í neins konar mat á umhverfisáhrifum eða sé háð neins konar leyfum eða umsögn þar til bærra aðila nema þá Orkustofnunar sem nýrrar umhverfisstofnunar með litlu u-i, umhverfisstofnunar iðnaðarráðuneytisins sem þá þarf ekki að leita til þess stjórnvalds, umhverfisráðherra og stofnunar hans, sem við héldum upphaflega að væri yfir þetta sett.

Það gerist svo líka í þessu frumvarpi að vatni er bætt við auðlindirnar sem lagabálkurinn fjallar um. Lögin sem þetta frumvarp á að leysa af hólmi heita Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu en nú eru þær kallaðar jarðrænar auðlindir af einhverjum ástæðum sem eru fremur óglöggar, og vatni er bætt við. Það er ein helsta breytingin.

Þar með hefur iðnaðarráðuneytið, ef þetta verður að lögum, lagt undir sig vatnið í landinu, ekki bara það vatn sem nýta má til orkuframleiðslu eins og er í gömlu lögunum heldur líka grunnvatnið og vatn, hverju nafni sem það nefnist, grunnvatnið undir hverju landi sýnist mér á frumvarpinu, og spyr um það, eða er það bara grunnvatn þar sem það kemur upp? Hvernig á að skilja þennan eignarrétt sem nú er framlengdur yfir á grunnvatnið? Á að skilja hann þannig að hver maður eigi grunnvatn undir sinni jörð eða sinni lóð? Eigum við, íbúarnir á Laugavegi 49, grunnvatnið sem við kynnum að finna undir þeirri landareign okkar? Getum við þá af því að við eigum landið og ekki þarf leyfi til að leita á eigin landi sett upp bor á Laugavegi 49, borað niður í jörðina og leitað að grunnvatni? Gætum við ef við fyndum það fengið bara rannsóknar- og nýtingarleyfi hjá iðnaðarráðherranum ef hann er okkur velviljaður sem ég geri ráð fyrir að hann yrði og sett upp svona grunnvatnsfabrikku og selt grunnvatnið okkar? Hvað yrði þá um grunnvatnsréttindi íbúanna á Laugavegi 47, Laugavegi 51 og Laugavegi 49b?

Hér er auðvitað verið að teygja málið út í öfgar en það er ekki endilega eðlilegt að grunnvatn eigi að eiga heima í þessum lagabálki. Vatn er ekki bara til virkjananota, vatn er grunnauðlind, grundvallarauðlind í heiminum. Vatn varðar lífsþarfir manna, dýra og plantna og vatn er órjúfanlegur hluti náttúrunnar og það er ótrúlegt að vatnið í landinu skuli vera sett undir iðnaðarráðuneytið og kallað jarðræn auðlind án þess að nokkur grein sé gerð fyrir því hvar mörkin eru á milli leyfisveitinga á vegum iðnaðarráðuneytisins til að „nýta" það og verndarskyldu umhverfisráðuneytisins.

Ég vil svo af því að ég á lítinn tíma eftir, þó taka nokkur mál og minnast á 31. gr. frumvarpsins um þagnarskylduna. Nú er hún að vísu nokkurn veginn samhljóða þeim lögum sem í gildi eru en það sem gerst hefur síðan er að ljóst er að Árósasamningurinn tekur hér gildi vegna hins góða Evrópusambands sem við þökkum fyrir að hafa tengst, a.m.k. ég og hæstv. iðnaðarráðherra, og þó að hæstv. ríkisstjórn Íslands hafi ekki treyst sér til að staðfesta samninginn boðar hann framfarir í þessum efnum því að hann gerir ráð fyrir að almenningur hafi veruleg áhrif á öll umhverfismál, og áhrif manna í lýðræðiskerfi, þarf ég varla að segja hæstv. iðnaðarráðherra, forseti góður, byggjast á því að menn hafi aðgang að upplýsingum. Þess vegna verður að rökstyðja mjög vel þegar upplýsingum er haldið leyndum. Það finnst mér ekki gert í 31. gr. Þegar menn hafa leitað á einhverju landsvæði þá eiga þær upplýsingar, þær sem ekki eru beinlínis viðskiptalegs eðlis, að standa öllum opnar og það verður að vera öllum almenningi ljóst hvað um er að vera og það á líka að vera keppinautunum ljóst, öðrum áhuga-

mönnum og áhugafyrirtækjum og -aðilum hvað um er að vera á hverju svæði um sig. Ég geri því athugasemd við 31. gr. og fer fram á að hún verði sérstaklega skoðuð í iðnaðarnefnd, að ég ekki tali um þegar hún kemur til umhverfisnefndar eins og ég tel blasa við og ekki þurfa í raun og veru að hafa fleiri orð um.

Nefndin sem á að skipa, af því að þetta eiga nánast að vera bráðabirgðalög, kannski með bandstriki á milli, á að gera tvennt. Hún á annars vegar, sem eðlilegt er, að gera tillögu um með hvaða hætti valið verði milli umsókna um rannsóknar- og nýtingarleyfi. Það þarf að sjálfsögðu slíka nefnd og það þarf slíka vinnu og ég vona svo sannarlega að hún takist vel. En hún á ekki bara að gera þetta, forseti góður, þingheimur allur og aðrir þeir sem til mín heyra á landi og hafi úti, hún á líka, með leyfi forseta: að „marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til", sem eru allar auðlindir í landinu sem ekki eru lifandi, sem ekki eru plöntur eða dýr eða mannauður.

Hverjir eiga að gera þetta? Jú, þingflokkarnir fá náðarsamlegast að taka þátt í þessu en síðan eru það hverjir? Jú, það eru tveir fulltrúar frá iðnaðarráðherra, annar þeirra formaður nefndarinnar, og síðan þrír fulltrúar frá Samorku. Það er þrír fulltrúar frá Samorku og tveir fulltrúar iðnaðarráðherra sem eiga, auk þingmanna úr þingflokkunum eða fulltrúa þeirra, að marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til.

Þetta er auðvitað algjörlega dæmalaust. Þetta hlýtur að vera einhver villa, prentvilla eða hugsanavilla á síðustu stigum frumvarpsins og ég bið hæstv. iðnaðarráðherra að staðfesta það með mér að um það sé að ræða því það er auðvitað ekki hægt að láta svona nefnd gera slíkt á nokkrum missirum, að marka framtíðarstefnu um nýtingu þeirra auðlinda sem lögin ná til, án miklu breiðari þátttöku og veigameira starfs en hér sýnist vera um að ræða.

Enn get ég tekið undir flest það hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði um rammaáætlun og vatnsaflsflokkun Norðmanna sem við þurfum að ræða hér miklu betur og í umhverfisnefndinni. Það eru aðgerðir og áætlanir af þessu tagi sem eru í raun og veru forsenda þess að það starf takist sem nefndin á að fjalla um, þ.e. hið fyrra, umsóknir um rannsóknar- og nýtingarleyfi, og það á líka að vera kjarninn í þessari framtíðarstefnu um nýtingu auðlinda. Og án þess að það sé alveg klárt hvað út úr því starfi kemur er varla hægt að samþykkja þessi lög, jafnvel ekki til bráðabirgða.

Það kemur fram í frumvarpinu sjálfu að lögin, ef af verður, eiga að gilda í tvö ár. Ég segi fyrir mig að ég tel enn betra að bíða, ræða saman um grundvöll laganna og um ástandið við auðlindirnar og sóknina í þær og búa til nefndina, kannski án laga, og reyna að bjarga sér þangað til ráðherrann getur komið með eitthvað betra inn á þingið, hvort sem það verður núverandi hæstv. iðnaðarráðherra eða einhver annar sem e.t.v. (Forseti hringir.) hefur betri skilning á umhverfismálum og auðlindanýtingu en sá sem nú er.

[16:51]

Útbýting:

Erfðabreytt aðföng til landbúnaðar, 404. mál, fsp. ÞBack, þskj. 512.

Fjárlög 2005, 1. mál, þskj. 474.

Fjölgun öryrkja, 162. mál, svar heilbrrh., þskj. 498.

Rekjanleiki kjöts, 402. mál, fsp. ÞBack, þskj. 510.

Virðisaukaskattur, 401. mál, frv. MÞH o.fl., þskj. 508.

[16:52]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði í andsvari mínu við ræðu ráðherra fyrr í dag er hér um gríðarlega umfangsmikið mál að ræða. Svo virðist sem iðnaðarráðuneytið stefni að því að sölsa undir sig allt sem er að finna á og í landi svo framarlega sem það ekki er fjölfrumulífvera, planta eða dýr, og að með úthlutun leyfa til leitar og rannsókna á slíkum auðlindum skuli einungis fara samkvæmt þrengstu kröfum nýtingaraðilanna. Það er ekkert undanskilið hér, það er sama hvort um er að ræða gjallnámur, rauðamöl, jarðvarma eða vatnsfall. Frumvarpið nær svo ótrúlega langt að ég held að það hafi nánast ekkert verið undanskilið þegar það var sett saman.

Ég ætla bara til upprifjunar að renna yfir það, með leyfi hæstv. forseta, til hvaða auðlinda frumvarpið tekur. Það er í fyrsta lagi það sem bent hefur verið á hér og gagnrýnt, þ.e. grunnvatnið. Það er sem sagt nytjavatnið okkar, grunnvatnið sem vatnsspegillinn byggir á, „vatn í samfelldu og viðvarandi vatnslagi í vatnsmettuðum jarðlögum". Það fellur hér undir.

Ég hafði áður nefnt hveraörveruna. Það er eina lifandi eindin sem er í frumvarpinu og hefur hingað til ekki heyrt undir iðnaðarráðuneytið.

Undir lögin falla „öll gosefni og önnur steinefni, málmar, málmblendingar og málmsteindir, kol, jarðolía, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna á landi og í jörðu".

Síðan er auðvitað allur jarðhitinn. Hvað skyldi það nú vera? Það er „jarðvarmaforði í jarðlögum, varmastraumur úr iðrum jarðar og heitt grunnvatn, sem flytur jarðvarmaorku". Allt þetta eru jarðrænar auðlindir samkvæmt frumvarpinu og á því kemur sérstök skilgreining, með leyfi forseta:

„Hvers konar jarðefni, frumefni, lífræn og ólífræn efnasambönd," — þarna er olían komin ef hún skyldi finnast — „vatn og orkulindir sem vinna má á landi og úr jörðu, hvort heldur er í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þær kunna að finnast við."

Ég segi enn og aftur, hæstv. forseti, að hér hefur ekkert gleymst, því að á næstu síðu er að finna nytjavatnið, það fellur líka undir þessi lög og það er „grunnvatn og yfirborðsvatn sem numið er til neyslu eða til annarra nota".

Þarna er auðvitað líka vatnsfallið, orkulindin og yfirborðsvatnið, sem er „annað vatn en grunnvatn".

Ég nefndi það áðan og spurði ráðherra hver væri hugmynd hæstv. ráðherra um aðkomu umhverfisráðuneytis og umhverfissjónarmiða/náttúruverndarsjónarmiða í málinu og fékk auðvitað engin svör. Mér finnst frumvarpið ganga það langt að ég hreyfði þeirri spurningu og spurði hæstv. ráð-

herra að því hvenær leggja ætti umhverfisráðuneytið niður því að á það væri ekki minnst í frumvarpinu. Hæstv. ráðherra brást ókvæða við en sagði að umhverfisráðuneytið hefði komið að undirbúningi málsins.

Nú ætla ég, með leyfi forseta, að lesa það sem segir um undirbúning málsins, ef vera kynni að þar væri minnst á umhverfisráðuneytið. Það kemur fram á bls. 12 í athugasemdum við frumvarpið, með leyfi forseta:

„Í júní 2002 skipaði iðnaðarráðherra starfshóp til þess að endurskoða lög nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu."

Síðan er rakið hvað stóð í skipunarbréfinu og að skipaður var starfshópur sem hér segir: „Sveinn Þorgrímsson, skrifstofustjóri í iðnaðarráðuneytinu, formaður, Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu, Sveinbjörn Björnsson, deildarstjóri í Orkustofnun, Valgarður Stefánsson, yfirverkefnisstjóri í Orkustofnun, og Eyvindur G. Gunnarsson hdl." Mér er ekki kunnugt um að Eyvindur þessi Gunnarsson vinni hjá umhverfisráðuneytinu en það kann þó að vera þótt það komi ekki fram hér.

Síðan er rakið hvernig nefndin skilaði af sér frumvarpsdrögum í desember 2002, fyrir tveimur árum, og að frumvarpið hafi síðan verið til skoðunar. Hvar skyldi það hafa verið? Í iðnaðarráðuneytinu og hjá Orkustofnun. Enn er ekki minnst á umhverfisráðuneytið.

Síðan, í september 2004, með leyfi forseta, „voru Karl Axelsson hrl. og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, Eyvindur G. Gunnarsson hdl., fengnir til þess að endurskoða frumvarpsdrögin ásamt starfsmönnum" — hverra? — „iðnaðarráðuneytis, þeim Pétri Erni Sverrissyni lögfræðingi, Helga Bjarnasyni skrifstofustjóra og Sveini Þorgrímssyni skrifstofustjóra. Frumvarp það sem hér er lagt fram er afrakstur þessarar vinnu."

Er nema von, hæstv. ráðherra, að maður spyrji: Hver er aðkoma umhverfisráðuneytisins að málinu? Ég leyfi mér að segja það enn og aftur að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á — ég hef ekkert hér í höndunum í þessum frumvarpsdrögum eða greinargerð með frumvarpinu sem segir mér annað en að það hafi verið unnið í iðnaðarráðuneytinu og Orkustofnun og hvergi annars staðar. Ég vil bara leyfa mér að vekja aftur athygli á þessu vegna þess að ég fékk ekki nein svör við því áðan.

Menn hafa spurt hér: Hvað er það sem rekur menn til þessarar lagasetningar nú? Það er auðvitað ljóst að það eru raforkulögin nýju sem verið er að bæta þessa dagana, setja bætur á eða plástra eftir því hvað menn vilja kalla það, sem hafa orðið til þess að verið er að stefna orkunýtingarfyrirtækjunum í landinu saman í einhverja ímyndaða samkeppni til tjóns fyrir fyrirtækin sjálf, landeigendur og alla þá sem þurfa á orku og orkunýtingu að halda vegna þess að þetta mun aðeins hækka verðið, bæði á raforku og vatni, ef svo fer fram sem horfir.

Í greinargerð með frumvarpinu er sagt að ekki séu nægilega skýr ákvæði í lögum til þess að taka á þeirri stöðu sem upp er komin vegna nýju raforkulaganna, og það kann vel að vera, en það er hins vegar ágætlega tekið á ýmsum atriðum sem vantar í þetta frumvarp. Það er ágætlega tekið á því til að mynda í lögum nr. 57/1998, sem samkvæmt þessu frumvarpi eru ekki nothæf til þess að úthluta leyfum til rannsókna og vinnslu, hvernig fara skuli með umhverfismálin.

Ég hef hér áður nefnt að það er rangt samkvæmt frumvarpinu og greinargerð þess að umhverfisráðuneytið hafi komið að þessu máli. Það kemur fram á bls. 12 í þessu frumvarpi, í inngangínum. Og á það hefur verið bent að það er rangt þegar hæstv. ráðherra segir að í greinargerðinni og með útlistun á einstaka greinum hér eigi að taka tillit til umhverfissjónarmiða.

Á bls. 13 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nýtt markmiðsákvæði er í frumvarpinu þar sem fram kemur að markmið laganna sé að tryggja að stjórnun náttúruauðlinda sé hagkvæm frá samfélagslegu sjónarmiði" — Það er rétt. Það er í markmiðslýsingunni — "og að við nýtingu þeirra sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða ..."

Þetta er rangt. Það stendur ekki í markmiðsgreininni.

Síðan er þriðji liðurinn, með leyfi hæstv. forseta:

„... og réttmætra hagsmuna fasteignareiganda."

Það er rétt. Það er minnst á hann, eignarrétt fasteignareiganda, í 1. gr. laganna um markmið. Það er hins vegar ekkert fjallað þarna um umhverfissjónarmiðin.

Það er heldur ekki rétt sem segir á bls. 14 í greinargerðinni, að fylgt sé leiðbeiningum auðlindanefndar við lagasmíði þessa. Þar segir, með leyfi forseta:

„Telja verður að unnt sé að hafa hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem sett eru fram í álitsgerð auðlindanefndar frá september 2000 ..."

Hvað skyldi nú segja í leiðbeiningum frá auðlindanefnd um nýtingu auðlindar? Þar segir, með leyfi forseta:

„Tryggð sé sjálfbær nýting endurnýjanlegra auðlinda og hins sameiginlega umhverfis jarðarbúa.

Varlega sé farið í nýtingu óendurnýjanlegra auðlinda með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi.

Stjórn auðlinda byggist á vísindalegri þekkingu um náttúruauðlindir og þau áhrif sem nýting þeirra hefur í för með sér."

Í þessu frumvarpi er ekkert að finna um þessi atriði sem hér eru talin, bara ekki neitt, því miður.

Enn eitt atriði er rangt í þessari greinargerð. Hér segir enn og aftur um markmiðsgreinina á bls. 15, með leyfi forseta:

„Meginmarkmiðið er skynsamleg stjórnun og hagkvæm nýting náttúruauðlinda frá samfélagslegu sjónarmiði, að teknu tilliti til eignarréttar fasteignareiganda."

Svo segir, með leyfi forseta:

„Með tilvitnuðu orðalagi er vísað til þeirra sjónarmiða sem talin eru mikilvæg í samfélaginu á hverjum tíma, þar á meðal umhverfissjónarmiða. "

Á það er bent að ekki sé eiginlegt markmiðsákvæði í lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Hins vegar er bent á að svipaða reglu sé að finna í 17. gr. þeirra laga. Svipaða, já. Það segir reyndar líka í þessu frumvarpi, því að þetta er orðað með með nokkuð öðrum hætti. Já, það er rétt. En hvað skyldi nú segja í þessari 17. gr., með leyfi forseta:

„Við veitingu nýtingarleyfa skal þess gætt að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem

þegar er hafin í næsta nágrenni."

Á blaðsíðu 16 segir einnig, með leyfi forseta:

„Ákvæði frumvarpsgreinar þessarar" — þ.e. þeirrar sem við erum að tala um, 1. gr. frumvarpsins — „er orðað með nokkuð öðrum hætti en 17. gr. laga nr. 57/1998. Rétt þykir að nota fremur orðið „frá samfélagslegu sjónarmiði" en „frá þjóðhagslegu sjónarmiði" ..."

Hins vegar er ekki nefnt hér einu orði að orðið „umhverfissjónarmið" hefur einfaldlega verið fellt út og að taka beri tillit til þess. Því er nú ekki alveg allt sem sýnist í þessum efnum.

Það kemur fram í greinargerðinni að samhliða þessu frumvarpi eigi að leggja fram nýtt frumvarp að vatnalögum. Það fylgir ekki þessu frumvarpi. Það kemur fram í þessari greinargerð líka að Orkustofnun sé falin stjórnsýsla vatnamála að hluta en að allar reglur einkaréttarlegs eðlis sé að finna í vatnalögunum. Á það var bent fyrr í dag að þau eru komin nokkuð til ára sinna. Þau eru frá 1924 og það er furðulegt að þess skuli getið í greinargerðinni að nýtt frumvarp til vatnalaga verði lagt fram samhliða þessu frumvarpi og að þess vegna séu ekki talin efni til þess í greinargerðinni að fjalla nánar um vatnalögin. Það hlýtur að þurfa að ræða mjög ítarlega um vatnalögin í þessu sambandi vegna þess að hér er verið að fella inn allt vatn, hverju nafni sem það nefnist, loftkennt, heitt og kalt, neysluvatn, grunnvatn, yfirborðsvatn og regnvatn, allt. Allt skal fara hér inn.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég gagnrýndi áðan þá tillögu sem hér er nefnd í bráðabirgðaákvæði um sérstaka nefnd til þess að fjalla um ráðstöfun nýtingar- og rannsóknarleyfa eftir 15. september 2006. Fleiri hafa orðið til þess að gagnrýna samsetningu þeirrar nefndar og ég tel einsýnt að það eigi bara að vinna þetta mál betur og vísa þessu til beggja nefnda, umhverfisnefndar og iðnaðarnefndar, eins og hér hefur komið fram.

Ég get ekki farið úr þessum ræðustól, hæstv. forseti, öðruvísi en að spyrja mig þeirrar spurningar hvort hér sé verið að efla rannsóknir á íslenskri náttúru. Svarið er því miður nei. Svarið er því miður nei vegna þess að verið er að taka út úr leitar-, rannsóknar-, þ.e. nýtingarrannsóknunum öllum þann þátt sem þó hefur verið innibyggður í því ferli sem er rannsóknir á hinni lifandi náttúru Íslands og því sem tekið er fram í álitsgerð auðlindanefndar, þ.e. hvaða áhrif nýtingin sem slík kann að hafa á umhverfið og náttúruna, að ekki sé talað um auðlindina sjálfa. Þetta vantar allt saman hér inn.

Ég átti þess kost fyrir nokkru að hlýða á fyrirlestur íslensks sérfræðings hjá Skipulagsstofnun sem heimsótti Nýja-Sjáland og Japan og skoðaði þar nýtingu jarðhita. Hv. þm. Mörður Árnason spurði áðan: Hvað gerist ef íbúarnir í ákveðnu húsi við Laugaveginn fara að nýta grunnvatnið sitt? Það er að vísu sett aðeins undir þann leka hér. En á Nýja-Sjálandi eru þeir hættir að nýta jarðhitann með þessum hætti. Þeir eru bara hættir því. Stærsta nýtingarsvæðið þeirra hefur fallið saman um 17 metra. Jarðhitageymirinn undir því svæði er svo mikill og svo stór að menn hafa ekki undan að gera við vegi og brýr og annað landslag og upp koma alls staðar og úti um allt heitir hverir og laugar. Þarna var farið af stað án þess að nægilega mikil vitneskja lægi fyrir hendi. Þeir eru hættir að nýta þessa auðlind sína vegna þess að þeir hafa séð hvernig ofnýtingin hefur verið með hana.

Við skulum vona að kapphlaupið sem búið er að setja af stað um jarðhitasvæðin okkar eigi ekki eftir að fara svona með landið okkar.

[17:09]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst í raun sorglegt að ekki skuli vera hægt að tala um nýtingu auðlinda á hv. Alþingi á málefnalegum nótum, að við getum ekki rætt hér um nýtingu auðlinda.

Hv. þingmaður sem kom hér upp og er þar að auki stjórnarmaður í Landsvirkjun, hinu stóra orkufyrirtæki okkar Íslendinga, talar ekki um nýtingu auðlinda. Hún er á móti nýtingu auðlinda, stjórnarmaður í Landsvirkjun. Ég segir það satt að ég er sorgmædd yfir því að hv. þingmenn skuli tala með þeim hætti sem þeir gera þar sem við Íslendingar höfum nú aldeilis haft ágóða af því sem þjóð að nýta auðlindir okkar, bæði vatnsaflið og jarðvarmann. Svo kemur hv. þingmaður hér upp, stjórnarmaður í Landsvirkjun, og hefur áhyggjur af því að iðnaðarráðuneytið sé að sölsa undir sig alla hluti. Ég man ekki hvort það var hún eða einhver annar sem spurði hér áðan hvort það ætti ekki bara að leggja niður umhverfisráðuneytið.

Þetta er frumvarp um nýtinguna. Þarf ekki lög um nýtingu? Hvernig er það? Svo tala hv. þingmenn um að vísa þessu máli til umhverfisnefndar. Þetta er nýtingarfumvarp. Við ætlum að setja nýtingarlög og það er allt annað. Hver hefur sinn málaflokk í stjórnsýslu Íslands.

Ég segi það bara satt að ef stjórnarmaður í Landsvirkjun, skipaður þar af Reykjavíkurborg, meðeiganda okkar, er á móti meginmarkmiði fyrirtækisins sem er að nýta auðlind og virkja þá er ekki vel komið fyrir þessu fyrirtæki.

[17:11]

Álfheiður Ingadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki meginmarkmið Landsvirkjunar að nýta auðlindina okkar, hvort sem það er jarðvarmi eða vatnsafl, öðruvísi en með sjálfbærum hætti. Það er aðalatriði þessa máls, hæstv. ráðherra.

Ég er eins og fram hefur komið einn þriggja fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Landsvirkjunar og við erum ekki endilega alltaf sammála um það þar hversu nærri landinu skuli ganga við nýtingu vatnsafls eða jarðvarma.

Ég bara frábið mér, hæstv. ráðherra, fullyrðingar á borð við þær að ég sé á móti nýtingu auðlinda í þessu landi. Við Íslendingar erum svo rík af náttúrulegum auðlindum. Ég er á móti því að nýta þær með skammtímasjónarmið, með gróðasjónarmiðið að leiðarljósi. Þó að málefni hæstv. ráðherra varði nýtingu auðlindanna þá eru Íslendingar aðilar að alþjóðasáttmálum, m.a. Ríó-sáttmálanum, um að stuðla að sjálfbærri þróun og nýta náttúruauðlindir með sjálfbærum hætti. Það er stefnan sem við eigum að hafa. Það er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það er stefna mín og það er þannig sem ég vinn á vegum Reykjavíkurborgar innan Landsvirkjunar.

[17:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir gott að heyra að hv. þingmaður er ekki algjörlega á móti allri nýtingu auðlinda. Það var gott að heyra það, enda er hún stjórnarmaður í Landsvirkjun. Kannski væri ágætt að hún kæmi hér upp aftur og teldi þá upp t.d. þær virkjanir í eigu Landsvirkjunar sem eru í lagi og svo hinar sem eru ekki í lagi. Það vill nú svo til að hér gilda lög um mat á umhverfisáhrifum og það framkvæmdaferli sem Landsvirkjun fer væntanlega í gegnum. (Gripið fram í.)

Fyrst hv. þingmaður nefndi Ástralíu sérstaklega þá er mér kunnugt um ... (**Gripið fram í:** Nýja-Sjáland.) eða Nýja-Sjáland, þá fór hún á kostnað Landsvirkjunar þangað og notaði tækifærið til þess að koma á framfæri áróðri um fyrirtækið Landsvirkjun. (**Gripið fram í:** Er þetta nú málefnalegt?) Þetta var nú það sem hv. þingmaður (Gripið fram í.) afrekaði í ferð sinni til Nýja-Sjálands.

[17:14]

Álfheiður Ingadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Lágt er nú lagst. Ég átti þess kost í heimsókn minni til Ástralíu í haust að hitta Bob Brown og nokkra aðra þingmenn græningja í Ástralíu og ég vona ... (**Iðnrh.:** Á kostnað Landsvirkjunar?) Það var ekki á kostnað þess tíma sem ég var í vinnu fyrir Landsvirkjun þarna, hæstv. ráðherra. Það var í mínum eigin tíma. (**Iðnrh.:** Hver borgaði ferðina?) Hver borgaði ferðina? Ég fór þangað eins og aðrir á vegum Landsvirkjunar á kostnað Landsvirkjunar í flugi. Ég dvaldi þarna hins vegar á minn eigin kostnað það sem ég var umfram fundartímann, eðlilega. Þetta finnst mér einhvern veginn ekki sæma. Ég ætla ekki að ansa þessu frekar.

En ég vil segja við hæstv. ráðherra: Ég ætla ekki að fara að telja upp virkjanir, hvorki á vegum Landsvirkjunar né umsóknir sem kunna að vera mér eða einhverjum öðrum þóknanlegar. Það vill svo til að það er verkefni hæstv. ráðherra að telja upp í næsta skrefi rammaáætlunar, í öðrum áfanga rammaáætlunar, þær virkjanir og virkjanakosti sem eru boðlegir vegna hagkvæmnissjónarmiða og vegna umhverfissjónarmiða. Ég held, virðulegur forseti, að það sé kominn tími til að ráðherrann snúi sér að því verki. Það liggur á því vegna þess að kapphlaupið sem iðnaðarráðuneytið hefur sett af stað um virkjanakosti í landinu er að verða þessu landi hættulegt.

[17:16]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér er stórt og mikið mál tekið til meðferðar í 1. umr. um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum. Vonandi verður það til þess að frekar þróist í átt til heilbrigðrar nýtingar og öfgalausrar á auðlindum landsins og að umræður á báða bóga, öfgakenndar á báða bóga oft og tíðum, fari í annan farveg.

Ég ætla ekki að fara yfir mörg efnisatriði málsins heldur gera helst að umræðuefni það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson og fleiri hafa komið inn á, sem er eitt af meginatriðum þessa frumvarps að mínu mati og kemur fram í 11. gr. þess, sem ber yfirskriftina Málsmeðferð, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum skal veitt á grundvelli umsóknar sem metin skal á hlutlægan og gagnsæjan hátt.

Við veitingu rannsóknarleyfis skal einkum taka mið af því hvernig framlögð rannsóknaráætlun getur náð settu markmiði um að ná sem mestum og bestum upplýsingum um stærð og eðli auðlindarinnar á sem hagkvæmastan hátt. Telji Orkustofnun að umsókn um rannsóknarleyfi uppfylli ekki þessar kröfur getur hún synjað um rannsóknarleyfi eða sett sérstök skilyrði í rannsóknarleyfi af þessu tilefni.

Ef tvær eða fleiri umsóknir berast, sem Orkustofnun telur jafngóðar, skal elsta umsóknin ganga fyrir."

Þetta er afleitt ákvæði að mínu mati, virðulegi forseti, og fjarri lagi að fylgja til að mynda niðurstöðum auðlindanefndar frá því um árið og er að mínu mati fullkomlega andstætt þeim sjónarmiðum sem koma fram í niðurstöðum þeirrar ágætu og þverpólitísku nefndar. Ákvæðið er að mínu mati til þess fallið að vekja áfram deilur um nýtingarrétt og gjaldtöku o.s.frv. á takmörkuðum gæðum okkar Íslendinga sem flokkast undir auðlindir og ávísun á það að upp rísi deilur og ósætti eins og kvótasetningin og framsalsheimildin á kvóta í sjávarútvegi ól af sér og fjarri því að sjái fyrir endann á því með öllum þeim afleiðingum og byggðahruni sem kvótakerfið í sjávarútvegi hefur haft í för með sér. Vonandi er að þessi grein, þessi málsmeðferð, taki stakkaskiptum í meðförum iðnaðarnefndar og hún mun væntanlega vekja upp miklar umræður um þetta því það sem er í raun og veru lagt til þarna er að handvali og geðþótta sé beitt til að velja þá sem nýta mega eða rannsaka auðlindirnar. Það er algjörlega óásættanlegt að mínu mati. Og sú umræða sem var í þingsölum á dögunum, um frumvarp hæstv. samgönguráðherra um þriðju kynslóð farsíma, hin svokallaða fegurðarsamkeppni eða handval á þeim sem senda inn umsóknir er algjörlega óásættanlegt að mínu mati, virðulegi forseti. Það á að ganga þannig fram að í öllum meginatriðum sé nýting og nýtingarréttur á auðlindum settur fram líkt og auðlindanefnd lagði til um árið og hefur verið verið ofarlega í umræðu margra á síðustu árum, sem er að auðlindanýtingin og rétturinn á henni fari eftir tilboðum í auðlindina, sá fái sem hæst býður og að uppfyllt séu að sjálfsögðu ákveðin skilyrði. Til að jafnræðis sé gætt í því hverjir eru valdir til þess að nýta auðlindir okkar sem þetta stóra og mikla mál tekur yfir, þá er það algjört meginmál að mínu mati hvernig gengið er frá því hverjir geti fengið auðlindirnar til nýtingar og hverjir séu valdir, af því að sú geðþóttaleið sem hér er lögð til er algjörlega óásættanleg að mínu mati og elur af sér tortryggni og að menn efist um heilbrigði niðurstöðu þess hver fær að nýta hverju sinni og fjarri því að þarna sé fylgt leikreglum um gagnsæi o.s.frv.

Þarna á eðlileg verðmyndun og uppboð að ráða þar sem allir eru jafnir í að bjóða í auðlindina og falla að mínu mati önnur markmið þessa ágæta máls í skuggann ef þetta nær ekki fram að ganga, af því að markmið málsins eru að flestu leyti mjög góð þó svo að hér sé fjöldi vafaatriða sem menn gera ágreining um eins og fram hefur komið í þeim nokkuð ítarlegu umræðum sem átt hafa sér stað í dag og var komið inn á fjölmörg atriði málsins sem sjálfsagt munu

taka heilmiklum breytingum í meðförum nefndarinnar og á milli 1. og 2. umr. En ég held að menn verði að staldra sérstaklega við það hvernig þessum málum er fyrir komið við veitingu rannsóknarleyfa og nýtingarleyfa, og sérstaklega þykir mér undarleg framsetningin á því að ef tvær umsóknir berast, sem Orkustofnun telur jafngóðar, skuli elsta umsóknin ganga fyrir. Það er í rauninni í hnotskurn hve afleit aðferð þetta er til að skera úr um hverjir fái að rannsaka og/eða nýta auðlindirnar að þarna er einskis jafnræðis gætt. Þarna er stuðst við ákaflega huglægt mat Orkustofnunar og auðvelt að vefengja niðurstöðuna mjög eindregið. Þarna er það ekki uppi á borðinu, þarna er ekkert gagnsæi um það hverjir skuli fá leyfin fyrir utan einhverjar reglur sem settar eru fyrir fram og Orkustofnun metur huglægt hverjir uppfylli skilyrðin og skilmálana. Þetta er afleitt markmið. Þarna á að mínu mati að fara uppboðsleiðina þar sem allir geta boðið í nýtinguna og/eða rannsóknarleyfið uppfylli þeir önnur skilyrði og sá fái. Þar með fær auðlindareigandinn — í mörgum tilfellum þjóðin eða hið opinbera — eðlilegan afrakstur af sinni auðlind, eðlilegt auðlindagjald fyrir nýtinguna á þeirri auðlind sem um er að ræða og sem hefur valdið hvað mestum deilum hvað varðar sjávarútveginn fyrir utan það brask og framsal sem átt hefur sér stað með veiðiheimildirnar eftir að það var heimilað 1989 og hefur orðið til þess að margar byggðir Íslands hafa nánast hrunið og heilu landsvæðin standa eftir í sárum og auðn og hlýtur að vera víti til varnaðar um það hvernig menn gangi fram til að haga málum um nýtingu annarra auðlinda.

Við horfum fram á gjörbreytt umhverfi t.d. á raforkumarkaði sem er að mörgu leyti til góðs og mun samkeppnisvæðing raforkumarkaðarins, ef hægt er að tala um það á svo litlum markaði, vonandi verða til þess að notendur eigi kost á ódýrara rafmagni en áður þó svo að að sjálfsögðu séu þar blikur á lofti. En sérstaklega vegna þessarar samkeppni á raforkumarkaði og vegna þess að nú blasir það nokkurn veginn við að stjórnvöld hafi í hyggju á næstu missirum, nái þeir að kaupa Reykjavíkurborg og Akureyri út úr Landsvirkjun, að háeffa fyrirtækið með það að markmiði að fara með það á markað. Þess vegna er sérstaklega mikilvægt að búið sé að búa þannig um hnúta hvað varðar nýtingar- og rannsóknarheimildir á auðlindum að þar sé jafnræðis gætt og komið í veg fyrir að pólitísk spilling spili þar inn í eða menn geti vefengt og tortryggt þær niðurstöður sem komist er að vegna þess hve óljóst og loðið er að málum staðið þegar kemur að þessum hlutum.

Ég vil því sérstaklega leggja þetta hér inn við 1. umr. um málið sem að sjálfsögðu eru mörg önnur vafaatriði um og hefur verið komið inn á fjölmargt annað sem þarf að breyta og málið þarf að flestu leyti að taka stakkaskiptum þannig að nást megi um það einhver pólitísk samstaða út úr nefnd og inn í þingið aftur, og hefur einungis verið drepið á örfá atriði sem koma að því hér í dag. Mörgu þarf að breyta og laga til og það er ekki óeðlilegt við 1. umr. enda er um stórt og viðamikið mál að ræða, en sérstaklega þarf að taka á þessu máli í sambandi við veitingu leyfa til rannsókna og nýtingar á auðlindum.

[17:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Hér er á ferðinni mikilvægt mál sem nauðsynlegt er að Alþingi gefist tími og ráðrúm til að athuga vel og það þarf að vanda þessa löggjöf sem auðvitað er tímabær. En það vill svo heppilega til að það er á hinn bóginn engin þörf á að kasta hér til höndunum og hraða þessu verki á nokkurn hátt því það er engin slík vá fyrir dyrum varðandi það að gefa út rannsóknar- eða leitarleyfi eins og frumvarpið gengur út á að gert verði og sett í farveg. Þvert á móti standa öll rök til þess að vanda nú grundvallarlöggjöfina sem um þetta gildir og fara í þá vinnu sem í raun og veru á að skjóta á frest og setja í nefnd samkvæmt bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu, þannig að á grundvelli þess fyrirkomulags sem síðan verður niðurstaðan að viðhafa verði hægt að standa faglega og vel að málum. Það er ýmislegt að breytast í þessum efnum og þar kemur auðvitað sérstaklega markaðsvæðing orkugeirans við sögu sem mun hafa heilmikil áhrif á rannsóknarumhverfið á þessu sviði hvað varðar orkunýtinguna og að mínu mati mjög líklega leiða til þess að hlutur ríkisvaldsins eða hins opinbera verður að aukast verulega á nýjan leik í grunnrannsóknum vegna þess að einkafyrirtæki í samkeppni á þessum markaði eru í annarri stöðu til að taka áhættu og leggja fé í rannsóknir þegar samkeppni er komin á um framleiðsluna og þau hafa ekki sömu lögvernduðu stöðuna til að selja framleiðslu sína og verið hefur.

En ég held ég neyðist fyrst til þess að víkja nokkrum orðum að hæstv. ráðherra og þeim orðaleppum sem hæstv. ráðherra hefur viðhaft hér í garð flokkssystra minna sem hér töluðu á undan mér, Kolbrúnar Halldórsdóttur og Álfheiðar Ingadóttur. Ég hygg að það hafi verið lærdómsríkt fyrir hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, tiltölulega nýlega manneskju í þingstörfum, að kynnast kynsystur sinni og viðhorfum og hlýjunni sem stafaði frá hæstv. ráðherra í garð þingmannsins í ýmsum ummælum. Satt best að segja er leitun að öðrum eins ómerkilegheitum og komu fram í máli hæstv. iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur þegar hún vék að stöðu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur sem stjórnarmanns í Landsvirkjun. Lengi getur vont versnað, verð ég að segja.

Við erum auðvitað orðin því alvön hér sum að taka við orðaleppunum frá Framsókn og þjóðin er að verða þessu býsna vön líka. Það vill svo til að á undanförnum dögum hef ég verið stöðvaður á götu og í mig hafa hringt menn eða sent mér tölvupóst, algerlega gáttaðir t.d. á hæstv. forsætisráðherra Halldóri Ásgrímssyni, þegar hann í ræðusölum Alþingis ber það beinlínis á menn, á þingmenn á löggjafarsamkomunni, að þeir séu á móti því að bæta lífskjör þjóðarinnar og finnst bara sjálfsagt mál að koma með slíka leppa.

Svipaða spurningu fékk ég frá hv. þm. Jónínu Bjartmarz í sjónvarpsþætti. Ég var spurður hvort ég væri á móti því að bæta lífskjör þjóðarinnar. Hv. þingmanni Jónínu Bjartmarz fannst ekkert óeðlilegt við þessa spurningu að því er virtist, eins og það gætu verið til stjórnmálamenn og jafnvel heilir stjórnmálaflokkar sem væru bara beinlínis á móti því að bæta lífskjör í landi sínu. Kemur svo ekki hæstv. iðnaðarráðherra í sama framsóknarstílnum og telur ekkert að því að bera á menn hluti af því tagi sem hún gerði hér áðan. Ég tel

það argasta áburð að bera það á stjórnmálamenn eða stjórnmálaflokka að menn séu á móti því að nýta auðlindir þjóðar henni til velsældar. Dettur einhverjum heilvita manni virkilega í hug að það geti verið þannig? Að einhverjir tækju sig til og stofnuðu stjórnmálaflokk sem hefði það á stefnuskrá sinni að vera á móti því að skapa velsæld í landinu?

Það er fínt að Framsókn segi sem mest af þessu. Í raun afhjúpast hin fullkomna málefnafátækt Framsóknarflokksins mjög rækilega í gegnum það hvernig Framsókn gengur hér fram. Það var auðvitað voðalega fyndið að vera með þá frasa að við værum á móti öllu í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði af því að við stóðum í hörðum slag gegn ýmsum umdeildum málum ríkisstjórnarinnar, t.d. á síðasta kjörtímabili. Ætli það fari ekki að fá ýmsa til að hugsa og velta hlutunum fyrir sér þegar mönnum finnst ekkert að því að bera hluti af þessu tagi á menn, að þeir séu á móti framförum, þeir séu á móti velsæld, þeir séu á móti bættum lífskjörum í einu landi?

Má ég þá biðja um umræðuna upp á aðeins hærra plan, eins og Nóbelsskáldið sagði forðum.

Ætli það sé ekki frekar þannig, frú forseti, að okkur greini stundum á um þær leiðir sem bestar séu og vænlegastar til að bæta lífskjörin? Í þessum málum er ósköp einfaldlega á köflum um grundvallarágreining að ræða. Í hverju felst hann? Jú, hann felst í því að við sem erum í umhverfisverndarsinnuðum grænum stjórnmálaflokki höfum önnur viðmið þegar kemur að því hvað sé réttlætanlegt gagnvart náttúru og umhverfi landsins. Það er alveg deginum ljósara. Það er ósköp einfaldlega það sem þessi ágreiningur snýst um, að stjórnarflokkarnir, og alveg sérstaklega Framsóknarflokkurinn, hafa ítrekað sýnt það með verkum sínum að þeir sjá ekkert athugavert við að ganga miklu nær náttúru og umhverfi landsins en aðrir flokkar og miklu nær en Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Það er alveg ljóst.

Framsóknarflokkurinn segir að vísu stundum á fundum þegar hann er í góðu skapi að það eigi ekki að snerta friðuð svæði. Það mun hafa verið ályktað um það hjá Framsókn að friðlýst svæði ættu alltaf að vera í friði. Hvað gerir svo Framsókn? Berst með kjafti og klóm fyrir Kárahnjúkavirkjun sem eyðileggur um 40% af löngu friðlýstu svæði, Kringilsárrananum. Það átti ekki að snerta ferþumlung af Þjórsárverum, ekki fersentímetra, sagði Guðni Ágústsson. Svo kemur Framsókn og berst fyrir Norðlingaölduveitu sem réttara væri að kalla Þjórsárveraveitu og telur ekkert athugavert við það að sökkva þar hluta af Þjórsárverum. (**BJJ:** Þetta er bara ekki málefnalegt, Steingrímur.) Þetta er fullkomlega málefnalegt, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, vegna þess að þetta eru staðreyndir. Er það kannski ekki staðreynd að Framsóknarflokkurinn hafi barist fyrir Kárahnjúkavirkjun? Er það ekki staðreynd að undir Hálslón fari 40% af Kringilsárrana? Er það ekki staðreynd að Kringilsárrani var friðlýstur fyrir meira en 20 árum? Jú, þetta eru allt staðreyndir. (**BJJ:** ? svæði.) Allt staðreyndir. Hið landfræðilega hugtak Þjórsárvera nær langt út yfir friðlýsta svæðið. Það hefur verið baráttumál umhverfisverndarsinna um áratuga skeið að færa út þessi friðlandsmörk vegna þess að þau voru sett á kort með beinum línum sem afleiðing af málamiðlun fyrir löngu síðan. Þetta á hv. þm. að kynna sér áður en hann fer að gjamma hér fram í og tala um að þetta sé ekki málefnalegt. Ég er að rekja staðreyndir.

Eru það ekki staðreyndir að Framsóknarflokkurinn sé uppi um leið og við mælum varnaðarorð gagnvart því að menn fari ekki offari og gangi ekki á hinar náttúrulegu auðlindir landsins? Um leið og við förum fram á að þær séu nýttar á sjálfbæran hátt kemur m.a. hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra Valgerður Sverrisdóttir og dregur af því þá ályktun að þar með sé leyfilegt að fullyrða að við séum á móti allri nýtingu auðlinda, við séum á móti öllum virkjunum og svo allt hitt sem á eftir fylgir. Þetta er svo barnalegur málflutningur, svo neðan við allar hellur, að ég vona að Framsóknarflokkurinn haldi honum sem lengst uppi. Það gefur okkur tækifæri til að svara honum og ég er ekki feiminn við þá umræðu. Ég er ekki hræddur við hana. Ég spái því að við munum hafa betri hlutinn í því svo lengi sem við höfum málfrelsi til að ræða hlutina og koma rökum okkar á framfæri.

Ég held að það sé mjög djúprætt í þjóðarsálinni að þrátt fyrir allt vilji menn fara varlega gagnvart náttúrugersemunum okkar. Ég held það. Ég held að það sé mjög auðvelt í raun og veru að ná víðtækri sátt í þjóðfélaginu um að reisa hér stefnu sjálfbærrar þróunar og sjálfbærrar nýtingar, t.d. sjálfbærs orkubúskapar. Þar er aðeins ein hindrun í veginum, stóriðjugræðgin. Ísland hefur stórkostlega möguleika og langt umfram flestar aðrar þjóðir í reynd til að móta hér sjálfbærar áherslur, t.d. í orkumálum. Við erum hins vegar ekki að gera það. Við erum á fullri ferð í burtu frá því. Það er mjög dapurlegt.

Það er nefnilega ekki nokkurt minnsta vandamál fyrir Ísland að sinna öllum þörfum landsmanna sjálfra fyrir orku, almennra borgara og almenns atvinnulífs, almenns iðnaðar í þessu landi. Það er enginn vandi að skaffa blómlegum og blómstrandi almennum iðnaði orku til framtíðar. Það er enginn vandi þegar þar að kemur og í fyllingu tímans að skipta út innfluttu jarðefnaeldsneyti fyrir innlenda orkugjafa án nokkurra umtalsverðra náttúrufórna. Þetta er nefnilega allt hægt. Það er fyrst þegar kemur að stóriðjugræðginni, orkugræðginni, hömlulausri, sem vandamálin banka á dyrnar. Við höfum meira en nægan orkuforða í jarðvarma og fallvatni sem hægt er að virkja án umhverfisspjalla að heitið getur, a.m.k. alveg örugglega án nokkurra óafturkræfra umhverfisspjalla ef við förum skynsamlega að ráði okkar. Þetta er hægt með gufuaflsvirkjunum sem nýta svæðin hóflega. Í fyllingu tímans munu þær verða lokuð hringrás, þ.e. það verður dælt niður nokkurn veginn sama vökva aftur og upp er tekinn. Með því að draga þá ekki meiri orku upp en nokkurn veginn endurnýjar sig jafnóðum neðan frá getur sú nýting orðið alveg glæsilegt dæmi um fullkomlega sjálfbæran orkubúskap. Þetta vita menn.

Við getum reist mikið af vatnsaflsvirkjunum enn þá, t.d. beinum rennslisvirkjunum, ég tala nú ekki um í bergvatnsám, sem hafa engin stórfelld umhverfisáhrif í för með sér nema þá þá farvegi sem standa tómir á einhverjum kafla, kannski á móti fallinu sem tekið er. Þær eru líka afturkræfar, a.m.k. í þeim skilningi að það er hægt að taka þær niður og skila vatninu aftur í farveginn. Það getur auðvitað haft áhrif á lífríki og annað því um líkt en þau áhrif eru brot af hinu (**BJJ:** Ertu með dæmi?) sem við sjáum í nýtingu þegar við erum að beisla jökulvötnin. Nú kemur þetta venjulega:

Ertu með dæmi? (**BJJ:** Nei, ég bara ...) Já, ég skal fara með dæmin fyrir hv. þm. Birki Jón Jónsson. Ég held að ég kunni þessi fræði ágætlega þótt ég ætli ekki að fara að hæla sjálfum mér. Ég hef hrærst í þessum heimi í næstum 30 ár, frá því að ég fór að læra náttúruvísindi í Háskóla Íslands. Hvers vegna fór ég í jarðfræði? Jú, m.a. vegna þess að ég var mjög spenntur fyrir því að hafa þekkingu á takteinunum um nýtingu auðlinda.

Ég hef alla mína tíð verið því hlynntur að við nýttum hinar náttúrulegu auðlindir landsins okkur til framfara, hvort sem er til lands eða sjávar. En leiðir skilur í því hvað við getum leyft okkur í þeim efnum. Þá skilur sem betur fer leiðir með mér og umhverfissóðum af því tagi sem tóku völdin í Framsóknarflokknum þegar Steingrímur Hermannsson lét þar af formennsku. Það voru dapurleg og sorgleg tímamót að í flokki Eysteins Jónssonar og Steingríms Hermannssonar skyldi komast til valda fólk af tagi Halldórs Ásgrímssonar og Valgerðar Sverrisdóttur sem hafa meira en gjöreyðilagt þann orðstír sem Framsóknarflokkurinn þá átti á sviði umhverfismála. Það var glæsilegt fyrir framsóknarmenn að eiga á einum tíma og sinni tíð forustumann í þeim málum eins og Eystein Jónsson, blessuð sé minning hans. Og Steingrímur Hermannsson átti sér þá drauma að gera Framsóknarflokkinn að grænum flokki í bókstaflegri merkingu þess orðs, að hann yrði hlynntur umhverfisvernd. Hann hefur reynt að róa á það borðið síðan en honum hlýtur að líða illa, og fleirum sem bundu vonir við það að Framsóknarflokkurinn yrði með þessi merki við hún, að sjá hvernig sá flokkur er núna leikinn af þeim sem þar fara með völdin. Og að ungt fólk í þessum flokki sem ætlar sér kannski einhverja framtíð í honum skuli ganga undir þetta jarðarmen og elta forustuna út á þetta berangur, það er dapurlegt til þess að vita.

Framsóknarflokkurinn hefur alls ekki komið því inn í höfuðið á sér hvað sjálfbær þróun er, og ríkisstjórnin yfir höfuð ekki. Það er svo undarlegt með það að ráðherrar í ríkisstjórnum Íslands skrifa iðulega undir plögg og gera ályktanir, t.d. á alþjóðavettvangi og koma svo heim og virðast ekkert vita hvað þeir skrifuðu undir, gera hið gagnstæða, nema tvöfeldnin sé svona ofboðsleg. Það má taka mörg dæmin um þetta. Fyrrverandi hæstv. umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, stóð að því að skrifa undir ágætisbók um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum. Hvað var hún að gera hérna heima? Hún var með stimpilinn á lofti fyrir iðnaðarráðuneytið og Landsvirkjun að berja niður alla andstöðu gagnvart þeim umhverfisspjöllum sem stórframkvæmdir munu hafa í för með sér. Hún var í aðstöðu til að stoppa þau og átti að gera það sem umhverfisráðherra. En hvað gerði hún? Hún tók faglega niðurstöðu stofnunar sem undir hana heyrði um að hafna Kárahnjúkavirkjun sem fékk falleinkunn í mati á umhverfisáhrifum og sneri henni við með málamyndaskilmálum sem engu breyttu um verkið. Það er einhver dapurlegasti bautasteinn sem einn ráðherra hefur í langan tíma reist sér á Íslandi, þetta sem Siv Friðleifsdóttir er ábyrg fyrir í ráðuneytistíð sinni. Menn þykjast svo sem vita það að henni hafi kannski ekki verið vel sjálfrátt, að flokksaginn hafi ráðið, en hún ber ábyrgðina engu að síður.

Hvernig er þetta t.d. með loftslagsmálin? Ég er hér með bækling sem núverandi hæstv. utanríkisráðherra ritar undir. Þar er verið að vara við þessum miklu gróðurhúsaáhrifum sem hlýnun lofthjúpsins mun hafa hér á norðurslóðum. Þar er ekkert verið að skafa utan af því þegar kemur að orsökunum, að mjög sterkar vísbendingar séu orðnar um þátt mannsins í þessu öllu saman. Mengunin er hér á myndum. Við vitum hvernig sami hæstv. ráðherra hefur stundum talað, vefengt þetta allt saman og dregið í efa. Það er eins og ráðherrum finnist ekkert mál að skrifa undir skýrslur, gefa þær jafnvel út, senda frá sér rit þar sem fagmenn hafa reitt fram upplýsingarnar, en gera síðan eitthvað alveg gagnstætt.

Það er mjög dapurlegt, herra forseti. Þess vegna er full ástæða til að menn hafi varann á sér gagnvart þessu frumvarpi sem kemur úr virkjanaráðuneytinu. Umhverfismálin eru hér nánast hvergi nefnd — það var varla við öðru að búast — og þá kemur hæstv. ráðherra og segir: Já, en þetta er nýtingarfrumvarp. Þetta er nýtingarlöggjöf, nýtingin heyrir undir iðnaðarráðuneytið en svo er bara eitthvert umhverfisráðuneyti með þau mál. Bíddu, á þá ekki að vera neitt samband þarna á milli? Tengist þetta hvergi? Ha? Halda menn að þetta geti gengið þannig, að það sé bara hægt að keyra einhverja nýtingarlínu algerlega ómeðvitaður um hinn þátt málsins, þ.e. áhrifin á umhverfið? Nei, auðvitað ekki. Það heitir samþætting. Ég hélt að hún væri líka í tísku. Það á að vefa umhverfisþættina inn í alla stefnumótun og alla ákvarðanatöku um nýtingu á auðlindum. Það er búið að skrifa undir það líka, hæstv. ráðherra virðist bara ekki vita það. Hér rekur sig algerlega hvað á annars horn.

Ég skal kannski bara í seinni ræðu nefna virkjanirnar fyrir hv. þm. Birki Jón Jónsson af því að tíma mínum er senn lokið. Ég hef svo sem oft gert það áður. Það er svo fáfengilegt að manni finnst það eiginlega hálfgerður brandari að þurfa að fara að telja upp virkjanir sem maður geti stutt og maður telji góðar. En af því að Framsókn skilur ekki umræðuna nema hún sé á því plani er alveg hægt að gera það. Ég hef sagt það úr þessum ræðustóli t.d. að Vatnsfellsvirkjun er algerlega sjálfsögð virkjun til að nýta frekar þær miðlanir og þær framkvæmdir sem hvort sem er eru komnar á Þjórsársvæðinu. Sama má segja um Búðarhálsvirkjun. Það er alveg sjálfsagt mál að taka þessar virkjanir í framhaldi af því sem þegar er búið að gera þarna. Það er miklu betra að fara í þær en að fara inn á ný og ósnortin svæði. Það er alveg sjálfsagt mál að fullnýta Kröflusvæðið úr því sem komið er. Að sjálfsögðu. Það er miklu gáfulegra að gera það en að bera niður á nýjum stað, fara að rassakastast um á Torfajökulssvæðinu o.s.frv. Það er ekkert vandamál að telja upp næga virkjunarkosti í jarðvarma og þess vegna í fallvötnum sem duga Íslendingum sjálfum, þróun almenns iðnaðar hér í landinu í 50, 100, 200 ár, plús það að vetnisvæða okkur ef það verður niðurstaðan eða skipta olíum og öðru slíku út með innlendum orkugjöfum þegar og ef tæknin leyfir okkur það. Ekki nokkurt vandamál.

Það er einmitt það sem við eigum að stefna á að gera. Við þurfum að passa að við eigum orku eftir í það, vera ekki búin að tappa öllu saman í erlendar álbræðslur á útsöluverði til langs tíma. Það er glórulaus stefna, ég tala nú ekki um þegar menn fara í virkjanirnar í algerlega öfugri röð. Hæstv. ríkisstjórn veit vel að þær virkjanir sem hún er að knýja í gegn einmitt núna eru tvær af þremur sem verst

komu út í bráðabirgðaniðurstöðum rammaáætlunar, Kárahnjúkavirkjun og Þjórsárveravirkjun eru tvær af þremur verstu *virkjununum sem bráðabirgðaniðurstöður* rammaáætlunar tóku til. Sú þriðja væri þá Jökulsá á Fjöllum, ef einhverjum dytti það í hug.

Þetta liggur fyrir. Þetta eru líka staðreyndir, hv. þm. Birkir Jón Jónsson. Ef það er ómálefnalegt að fara með staðreyndir er það ný útgáfa Framsóknarflokksins á því hugtaki, væri svo sem eftir öðru.

Það sem er sérstakt vandamál í sambandi við þetta frumvarp og viðfangsefni þess er það kapphlaup sem er skollið á milli orkufyrirtækjanna um að helga sér land, um að míga utan í allar þúfur og helga sér land vegna þeirra breytinga sem fram undan eru í þessum efnum. Við eigum ekki að láta það hafa áhrif á fagleg og vönduð vinnubrögð að þessu leyti. Þess vegna er að mínu mati gæfulegast að frysta nú um sinn frekari útgáfu rannsóknarleyfa, undirbúa grundvöllinn, setja rammaáætlun í gildi og koma þessu fyrirkomulagi hér á. Þá er hægt að fara að taka einhverjar vitrænar ákvarðanir og þar á meðal að úthluta leitar- og rannsóknarleyfum.

[17:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er komið að lokum þessarar umræðu sem hefði mátt vera málefnalegri. Ég held því fram að við séum að fjalla um eitt af grundvallarmálum í landinu, sem varða nýtingu á auðlindum okkar. Það hljóta allir að vera sammála um að við þurfum að hafa lög og reglur um hvernig skuli á málum haldið, nú þegar tekið er upp frelsi í sambandi við vinnslu á orku, bæði jarðvarma og vatnsafli. Þetta *mál gengur m.a. út á að koma málum í ákveðinn farveg til* bráðabirgða og að síðan verði unnið að framtíðarmarkmiðum og framtíðarstefnu í þeirri nefnd sem tillaga er um að verði skipuð eftir að lögin hafa verið samþykkt. Ég hélt að það yrði fulltrúum stjórnarandstöðunnar ánægjuefni að lagt er til að stjórnarandstaðan eigi aðild að nefndinni, en ég hef ekki heyrt nokkurn mann nefna það. Það er þá kannski óþarfi að hafa þetta þannig, þó ég teldi rétt að leggja það til.

Margt hefur verið nefnt sem ekki síður varðar framtíðarskipulagningu þessara mála heldur en frumvarpið sem er til umfjöllunar, og öll þau sjónarmið eiga að sjálfsögðu erindi inn í nefndarstarfið sem boðað er. En ég tel frumvarpið sem hér liggur frammi fela í sér skynsamlega nálgun á því hvernig við eigum að halda á málum þar til sú nefnd hefur lokið störfum. Þar er kveðið á um rannsóknarleyfi, nú þarf rannsóknarleyfi bæði í vatnsafli og jarðvarma. Þau eru mest til fimm ára. Síðan er tveggja ára tímabil sem viðkomandi handhafi rannsóknarleyfis hefur til þess að ákveða hvort hann ætli að nýta þá auðlind sem hann hefur rannsakað, með því að fá þá nýtingarleyfi. Það er því ekki hægt að safna að sér auðlindum eða safna að sér virkjanakostum án þess að nýta þá. Þess vegna tel ég að það sem hér er farið fram á og lagt er til, sé skynsamlegt og vona að um það geti orðið samstaða í hv. iðnaðarnefnd. Að sjálfsögðu þarf að fara vel yfir málið, ég get alveg tekið undir það.

Af því að mikið hefur verið gert úr því í þessari umræðu að ekki sé fjallað nægilega um umhverfisþáttinn og umhverfismálin í frumvarpinu, þá endurtek ég að það er önnur löggjöf sem þar um ræðir, en þetta frumvarp er um nýtinguna. Við getum bara talað opinskátt um það, þetta er um *nýtingu á auðlindum*. Miðað við síðustu ræðu formanns vinstri grænna, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, þá harðneitar hann að hann sé á móti því að nýta auðlindirnar. Hann hlýtur þá að vera sammála því að það þarf að hafa reglur um hver skuli fá réttinn til nýtingar.

Það hafa fleiri en einn þingmaður talað um að 1. gr. frumvarpsins sé ekki í samræmi við greinargerðina um 1. gr., en greinargerðin hlýtur alltaf að vera ítarlegri. Þar kemur fyrir orðið „umhverfissjónarmið" sem ekki kom fyrir í greininni sjálfri og mér finnst ekkert athugavert við það. Og þegar talað er um skynsamlega stjórn, þegar það orðatiltæki er notað, þá erum við að sjálfsögðu með umhverfissjónarmiðin í huga, ég held að það hljóti að vera hægt að útskýra það. Það kemst ekki allt fyrir í sjálfum lagatextanum, en greinargerðir eru gjarnan taldar vera lögskýringatæki. Þess vegna er þetta með þessum hætti. Mér finnst eins og einhver tilhneiging hafi verið hér í dag hjá ákveðnum hv. þingmönnum til að leggja allt út á versta veg, að einhver annarleg sjónarmið búi að baki framlagningar þessa frumvarps, sem ég tel vera eins og hvern annan sjálfsagðan hlut, miðað við það að við erum komin í breytt umhverfi raforkumála. Það er óþarfi að taka þá umræðu einu sinni enn, en hún hefur svo sem aðeins komið inn líka.

Það var líka sagt að það vantaði alveg vísindamenn í Orkustofnun og þess vegna væri fráleitt hvað Orkustofnun hefði stórt hlutverk. En í auðlindadeild Orkustofnunar hefur virtur maður farið með forustuna en það er Sveinbjörn Björnsson, fyrrverandi rektor. Mér finnst leiðinlegt að þannig skuli vera talað um jafnvirtan mann og Sveinbjörn er, og þá deild sem hann hefur veitt forustu, þó svo að þar sé nú að verða breyting á.

Það var líka talað um að það væri galli að ekki þyrfti umhverfismat á leitarstigi. En leit er ekki þess eðlis að þá þurfi að fara í umhverfismat, því þá er nánast farið fótgangandi um svæðið. Það er hins vegar allt annað þegar komið er á rannsóknarstigið. En það var líka nefnt að skynsamlegt væri að skipta þessu í þrjá þætti, eins og lagt er til í frumvarpinu og ég þakka fyrir það.

Ég veit ekki hvort ég á að fara að fara út í að ræða við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon um það sem kom fram í ræðu hans, mér fannst það vera nokkuð hástemmt. Hann gerir mikið úr að Framsóknarflokkurinn hafi farið villur vegar og þar séu fyrst og fremst umhverfissóðar, eins og sú sem hér stendur, en því vil ég mótmæla. Það er ekki svo. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að við eigum að nýta auðlindir okkar og það vill svo til að margar nágrannaþjóðir okkar — og þótt víðar væri leitað — horfa til okkar með mikilli öfund vegna þess hve langt við erum komin hvað varðar umhverfisþátt raforkumála, þar sem við framleiðum eingöngu hreina orku og um 2/3 af þeirri orkunýtingu sem á sér stað í landinu er endurnýjanleg orka. Það eru ekki aðrir sem gera mikið betur í þeim efnum, en í umræðunni sem fer fram hér á hv. Alþingi þá er þetta á allt annan veg, þá erum við umhverfissóðar sem stöndum fyrir þessu.

Af því að hv. þingmaður nefndi Steingrím Hermannsson í þessu sambandi, að hann hefði ætlað sér að gera þennan flokk að grænum flokki, þá varð það nú þannig að þegar

hann var ungur maður í Framsóknarflokknum þá var hann eini maðurinn, eða u.þ.b. sá eini sem studdi að álverið væri byggt í Straumsvík og hann barðist ekki gegn því, þótt aðrir framsóknarmenn væru dálítið mikið á móti þessu á þeim tíma. Þetta segir kannski sína sögu um ákveðnar breytingar sem hafa átt sér stað. Ég held að nú séu flestir ánægðir með að þetta fyrirtæki skuli vera rekið í Straumsvík og hv. þingmenn vinstri grænna hafa meira að segja ekki gert athugasemdir við stækkun þess. Hugsanlega hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, en þegar álverið í Straumsvík var stækkað á 10. áratugnum þá rann það allt ljúflega í gegn og engin mótmælti. Svona hafa nú tímarnir breyst.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara dýpra í fyrirspurnir sem komu fram. Þessi mál verða rædd í nefnd, og síðan í þeirri nefnd sem verður til í framhaldi af samþykkt laganna. Þetta er að sjálfsögðu mál sem vísað er til iðnaðarnefndar eins og ég lagði til í framsöguræðu minni.

[17:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst ástæða til að hæstv. ráðherra geri okkur betur grein fyrir því hvers vegna liggur á með þetta mál, áður en það hefur verið undirbúið þannig að hægt sé að koma ákvörðuninni um nýtinguna fyrir með einhverjum skilgreindum hætti, en ekki með bráðabirgðaákvæði eins og verið er að tala um að hafa. Varðandi þá nefnd sem gert er ráð fyrir að sett verði upp, og hæstv. ráðherra talaði um að væri kannski óþarfi að hafa fulltrúa frá stjórnarandstöðunni í, þá finnst mér ástæða til að segja — af því að hún var svona hvassyrt hér í dag — að sú nefnd hlýtur fyrst og fremst að fást við pólitískt verkefni, þ.e. hvaða leið eigi að fara til að velja þá sem nýta auðlindirnar. Mér finnst þess vegna svolítið undarlegt að í nefndinni eigi að vera þrír fulltrúar frá Samorku.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún sé ekki sammála mér um að stærsta hlutverk nefndarinnar sé að finna einhverja skynsamlega niðurstöðu, þar sem pólitísk samstaða gæti orðið um hvernig eigi að ráðstafa þessum auðlindum?

Í upphafi ræðu minnar spurði ég um skilgreiningu á eignarrétti á auðlindum. Telur ráðherrann ekki nauðsynlegt að fyrir liggi skilgreining á eignarréttinum, hvernig með hann skuli fara, hvað hann nær langt niður og hvernig eigi að skera úr því ef orka eða önnur verðmæti liggja saman neðan jarðar?

[17:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvers vegna liggur á þessu máli? Það liggur á vegna þess að nú er ákveðið millibilsástand. Á þó nokkrum svæðum hafa fleiri en einn aðili sótt um rannsóknarleyfi. Það vantar nægilega skýrar reglur um hvernig skuli tekið á málum í þeim tilfellum. Þess vegna finnst mér mikilvægt að ekki líði langur tími án þess að fram fari rannsóknir af hálfu orkufyrirtækjanna á svæðunum sem hér um ræðir.

Ég geri mér grein fyrir því að þetta mál verður ekki afgreitt fyrir jól, eða mér finnst ekki miklar líkur á því, það er orðið stutt til jóla. Þannig að við skulum sjá til hve snemma á nýju ári við getum orðið með þessa lagasetningu.

Pólitískt verkefni, segir hv. þingmaður, að leggja línurnar fyrir framtíðina, og það er hárrétt. En ég held, að það sé þó mikilvægt að við höfum þekkingu og sjónarmið inni í nefndinni frá orkufyrirtækjunum í gegnum Samorku. Þetta er nokkuð stór nefnd en engu að síður tel ég að ekki sé ofgert í þeim efnum þó að Samorka, orkufyrirtækin, eigi þar þrjá fulltrúa. Hvað varðar skilgreiningu á eignarrétti fer það samkvæmt lögum. Ég man það ekki nákvæmlega til að fara yfir í stuttu máli, en landeigendur mega nota um 10 lítra á sekúndu til heimilisnota, bústarfa og annars slíks. Ég held að þar sé ekki um að ræða að ákvæði vanti í lög.

[18:00]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því við lestur frumvarpsins að gert var ráð fyrir því að einkaeigendur að auðlindum gætu án sérstaks leyfis nýtt þessa 10 lítra á sekúndu sem hæstv. ráðherra nefndi. Þeir þurfa að sækja um leyfi til rannsókna og síðan um nýtingarleyfi þegar þeir ætla að nýta meira.

Hæstv. ráðherra sagði að það lægi á vegna þess að það væri millibilsástand og að fleiri en einn vildu komast að. Í þessu frumvarpi er sem sagt verið að skera úr um það, t.d. með því að hafa þar ákvæði sem kveður á um að sá sem fyrstur sækir um eigi að fá ef umsóknir eru jafngildar. Er þá þar með búið að ákveða að þeir sem sendu inn fyrst umsóknir eigi að fá leyfi til að nýta þessar viðkomandi auðlindir? Verður kannski auglýstur umsóknarfrestur eftir að lögin hafa tekið gildi þegar þar að kemur?

Ég spyr að þessu. Mér finnst ástæða til að heyra það nánar en geri auðvitað ráð fyrir að það þurfi að auglýsa þegar lögin koma. En þá á sem sagt að nota fegurðarsamkeppnisaðferðina til að velja á milli aðila ef þeir eru jafnhæfir til að nýta auðlindina. Mér finnst það ekki boðlegt. Ég tel að það sé ekki á Orkustofnun leggjandi og ekki heldur hæstv. ráðherra. Ef Orkustofnun klárar ekki málið eða upp kemur ágreiningur á ráðherrann að taka við málinu, skilst mér.

Ég segi eins og er að mér finnst að þarna þurfi menn að vanda sig betur en gert er í þeim tillögum sem liggja fyrir.

[18:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er um það ákvæði að segja að ef um jafngóðar umsóknir er að ræða ræður það hvor kom á undan ef um rannsóknarleyfi er að ræða. Ég veit ekki hvort rétt er að kalla þetta einhverja fegurðarsamkeppni, þetta er svona og ég veit ekki hvernig það ætti að vera öðruvísi. Það eru leiðbeinandi reglur í greinargerðinni um það hvernig þetta skuli gert.

Hv. þingmaður Samfylkingarinnar Mörður Árnason — það er kannski ekki sanngjarnt að nefna það hér en hann er engu að síður þingmaður Samfylkingarinnar líka — gerði nokkuð mikið úr því að verið væri að reyna að færa eignarréttinn til einstaklinganna og það væri almennt stefna stjórnvalda. Hins vegar komu upp allt önnur sjónarmið af hálfu Samfylkingarinnar, fannst mér, í tengslum við þjóð-

lenduumræðuna eins og hér á Suðurlandi þar sem ríkið, þ.e. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, þótti ganga of nærri einkaréttinum. Þá var allt annað upp á teningnum hjá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar. Þá stóðu þeir með einstaklingunum, með bændunum, um það að verja rétt þeirra. Það er stundum svolítið erfitt að átta sig á hlutunum.

[18:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kemur feginsandvarp í ræðu hæstv. ráðherra þegar hún segir að nú sé komið að lokum þessarar umræðu. Hún kveinkar sér sáran og kvartar undan því að hér sé verið að leggja málin út á versta veg. Ég vísa yfirlýsingum af þessu tagi til föðurhúsanna. Hæstv. iðnaðarráðherra getur auðvitað ekki kveinkað sér undan því þótt hér séu hafðar uppi gagnrýnisraddir, að öllu leyti málefnalegar, á það mál sem hún flytur fram.

Ég vil í þessu andsvari inna hæstv. ráðherra eftir svörum við þeim spurningum sem voru lagðar fyrir hana af fjölda þingmanna í þessari umræðu. Þar má nefna spurningar á borð við útskýringu á nafninu. Hér er gagnrýnt að einungis skuli talað um jarðrænar auðlindir. Ég vil fá að vita hvers vegna þetta nafn er valið. Hvaða hugtak er verið að þýða? Yfir hvað á þetta að ná? Af hverju svarar hæstv. ráðherra ekki þeim spurningum sem var beint til hennar í þeim efnum?

Sömuleiðis vil ég fá að vita hvernig samstarf fór fram við umhverfisráðuneytið á vinnslutíma þessa frumvarps. Það var líka bein spurning til hæstv. ráðherra sem hún svaraði ekki. Síðan vil ég fá svör við því hvernig hæstv. ráðherra telur umhverfissjónarmiðin falla inn í 1. gr., þ.e. markmiðsgreinina. Fyrst hún gat ekki svarað því betur en hún gerði í ræðu sinni vil ég hreinlega fá svar við því hvort hæstv. ráðherra telji að það megi breyta markmiðssetningunni til samræmis við það sem sagt er í greinargerðinni, að umhverfissjónarmið skuli höfð til hliðsjónar.

Svo svaraði hæstv. ráðherra heldur ekki spurningum varðandi vatnalögin, ekki heldur um skuldbindingar á erlendum vettvangi varðandi aðra samninga sem lutu að sjálfbærri þróun eins og Ríó-samningurinn er og ekki heldur spurningu varðandi Árósasamninginn um þagnarskylduna. Allar þessar spurningar standa enn út af.

[18:07]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki að kveinka mér en mér fannst ekki allt málefnalegt sem kom fram hjá hv. þingmanni í fyrri ræðu hennar. Það var talað um óðagot, bráðræði og nýtingaroffors og eitthvað slíkt sem mér finnst ekki vera sérstaklega málefnalegt.

Hvað varðar þetta heiti, hvort vatn geti verið þarna innifalið, er það ólífrænt efni og það er þannig skilið frá lífrænum auðlindum. Ég held að ekki sé hægt að útskýra það neitt sérstaklega mikið frekar. Þetta er heitið á frumvarpinu og auðvitað er hægt að fjalla um það í hv. nefnd hvort það sé eitthvað óskynsamlegt við það.

Ef það er ekki búið að dreifa vatnalagafrumvarpinu hlýtur það alveg að vera að koma inn í þingið. Ég var búin að tala um 1. gr. og tel að ég þurfi ekki að útskýra hana frekar. Það er ekki hægt að koma öllu fyrir í greininni sjálfri, hins vegar skiptir greinargerðin að sjálfsögðu máli.

Árósasamningurinn, ég veit ekki hvort ég á að fjalla eitthvað sérstaklega um hann. Hann er ekki á mínu borði en einhver vinna tel ég að sé í gangi í sambandi við það mál.

Ég veit ekki hvort það var fleira sem hv. þingmaður saknaði að hefði ekki verið svarað.

[18:08]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, hæstv. ráðherra hefur ekki mörg orð um þessi atriði sem ég nefndi. Gott og vel, hún verður að fá að hafa það þannig en það er afar slæmt og beinlínis afleitt að hæstv. ráðherra skuli ekki fjalla hér um ákveðin atriði sem við erum búin að vera að ræða hér, þingmenn, í nokkra klukkutíma meðan þetta mál hefur verið til umfjöllunar.

Þá vil ég t.d. nefna framtíðarstefnu í orkumálum. Gerðar voru athugasemdir við það hvernig nefndin sem hæstv. ráðherra hugsar sér að skipa verði samsett, tíu manna nefnd þar sem gert er ráð fyrir einum fulltrúa frá hverjum af fimm stjórnmálaflokkum sem sæti eiga á Alþingi, þremur frá hagsmunaaðilum framkvæmdaraðila í þessum efnum, þ.e. Samorku, og svo tveimur sem hæstv. iðnaðarráðherra skipar án tilnefningar.

Ætlast hæstv. iðnaðarráðherra í alvöru til þess að nefnd sem svona verður samsett setji fram einhverjar alvörutillögur um það hvernig framtíðarstefnu í nýtingarmálum orkunnar og auðlinda landsins verði háttað? Er það alvara hæstv. ráðherra að svona nefnd geti sinnt því hlutverki? Ég verð að segja að ég tel ekki svo vera.

Svo get ég gagnrýnt hæstv. ráðherra fyrir það að staglast hér á því hvernig við séum að nýta hér hreina og endurnýjanlega orku. Hæstv. ráðherra verður að fara að skilja að virkjanir á borð við Kárahnjúkavirkjun geta ekki talist sjálfbærar. Þær teljast ekki sjálfbærar samkvæmt neinum mælikvörðum sem gefnir hafa verið út á alþjóðavísu og eru viðurkenndir af samtökum og stofnunum vítt og breitt um heiminn, vísindastofnanir þar með taldar. Virkjun sem eyðileggur umhverfi sitt óafturkræft í þeim mæli sem Kárahnjúkavirkjun gerir framleiðir ekki hreina orku. Hún framleiðir ekki endurnýjanlega orku.

[18:10]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri ágætt ef hv. þingmaður gæti nefnt mér þá virkjun sem hefur ekki einhver áhrif á náttúruna. Ég veit ekki hvaða virkjanir eru sjálfbærar að hennar mati. Þær hafa allar einhver áhrif á náttúruna og þess vegna þýðir ekkert að tala um þetta eins og hv. þingmaður gerir.

Hvers vegna fengum við sérstakt íslenskt ákvæði inn í Kyoto-bókunina? Auðvitað vegna þess að við erum að framleiða hreina orku. Það var skilningur á því í alþjóðasamfélaginu að það væri mikilvægt þegar horft er á umheiminn að bræða t.d. ál á Íslandi. Með þessu verða bara hv. þingmenn að lifa. Þetta var ástæða þess að við fengum inn íslenska ákvæðið og af því er ég mjög stolt.

Af hverju er nefndin svona samsett? Það er sjálfsagt hægt að hafa hundrað skoðanir á því hvernig svona nefnd eigi að vera samsett en eftir að við erum búin að fjalla um þetta í nokkur ár í ráðuneytinu leggjum við til að nefndin verði skipuð með þeim hætti sem tillaga er uppi um. Ef það er vandamál að of margir séu frá Samorku, þrír í tíu manna nefnd, finnst mér það bara ekki. Mér finnst mikilvægt að hafa fulltrúa orkufyrirtækjanna þarna inni, fulltrúa sem hafa þekkinguna og að sjálfsögðu líka miklar skoðanir á því hvernig á málum skuli haldið. Þeir, þ.e. þessi orkufyrirtæki og hugsanlega einhver fleiri eða einhver önnur, koma til með að nýta auðlindir okkar til framtíðar.

Rammaáætlun var nefnd í þessari umræðu. Komin er af stað vinna í sambandi við næsta áfanga þannig að það er allt í bærilegum farvegi.

[18:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég held að það sé ágætt að reikna með því að þegar, eða ef, þetta frumvarp verður til afgreiðslu hér á vormánuðum noti menn tækifærið og fari í dálítið rækilega umræðu um stöðu orkumála og orkubúskapinn í landinu. Ég held að það sé miklu meira en tímabært að fara í grundvallarumræðu um þessi mál. Hana hefur verulega vantað. Það þarf að reyna að koma hér á dagskrá, og það höfum við svo sem verið að reyna með tillöguflutningi og ræðuhöldum í ein fimm ár, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, alvöruumræðu um framtíðarorkustefnu í landinu, um sjálfbæra orkustefnu sem hlýtur að verða kölluð svo. Það bara ósköp einfaldlega stenst ekki annað en að Íslendingar reyni að koma sér í þau hjólför með sín mál eins og straumar eru orðnir í alþjóðlegu samhengi í þessum efnum og við höfum reyndar skuldbundið okkur til með undirskrift Ríó-sáttmála og fleiri slíkra hluta. Inn í það koma að sjálfsögðu stefnumótandi ákvarðanir og stefna hvað varðar rannsóknaþáttinn.

Ég vil bara nefna 2–3 atriði af því tagi sem ég held að hljóti að þurfa að taka til grundvallarumræðu á Íslandi og mér finnst ekki hafa verið gert að undanförnu. Menn hafa anað áfram í blindni, að hluta til byggt á gömlum, jafnvel áratuga gömlum, viðhorfum um orkuforðann og um aðstæður hér í landinu í þessum efnum. Ég held að aldrei hafi farið fram sú grundvallarumræða um virkjun jökulvatna sem auðvitað hefði þurft að vera búið að taka fyrir löngu. Íslendingar eru nánast eina þjóðin í heiminum sem reynir að beisla korgug jökulvötn með jafngríðarlega árstíðabundna sveiflu í rennsli. Þetta erum við að gera. Það er eitt af þeim vandamálum sem er verið að glíma við og kalla á hin miklu miðlunarlón og allt sem þeim fylgir. Rennsli þessara vatna er þannig að það eru kannski nokkrir tugir rúmmetra á veturna en nokkur hundruð rúmmetra á sumrin. Menn vilja helst ná að beisla þetta allt. Menn hafa sett alla sína útreikninga þannig upp að það eigi helst að mjólka hvern einasta dropa út úr ánum og þá þurfa menn gríðarleg uppistöðulón og mikla miðlun til að fanga sumarrennslið. Með því kemur hins vegar allur framburðurinn. Það leiðir síðan til þess að lónin fyllast mjög hratt.

Það er hárrétt sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði, það er algerlega út í hött og fráleitt að telja jökulárvirkjun hverrar uppistöðulón fyllist á áratugum eða þótt það séu fáeinar aldir sjálfbæra virkjun. Það stenst ekki og það fæst ekki viðurkennt sem slíkt á alþjóðavettvangi. Kárahnjúkavirkjun með þeim miklu hliðaráhrifum og umhverfisspjöllum þar til viðbótar sem henni fylgja nær t.d. náttúrlega engan veginn máli í þessu, svo að maður tali ekki um t.d. Villinganesvirkjun sem á að fylla einhver fallegustu árgljúfur á Íslandi, sökkva þeim í eðju á 40–60 árum og þar með er virkjunin ónýt. Búin. Lónið fullt. Dettur einhverjum manni í hug að halda því fram eins og viðhorf eru orðin í nútímanum til umhverfismála að þetta sé hægt að kalla sjálfbæra virkjun? Nei, auðvitað ekki. Það er bara ekki þannig, hæstv. ráðherra, að af því að við séum með vatnsaflsvirkjanir séu þær sjálfkrafa umhverfisvænar. Það er bara því miður alls ekki þannig.

Annað atriði sem að mínu mati vantar stórlega inn í áætlanagerð okkar og stefnumótun á þessu sviði er hlýnunin, bráðnun jöklanna. Ég get eiginlega ekki ímyndað mér annað en meira og minna allar gamlar áætlanir Landsvirkjunar og Orkustofnunar, eldri en 5–10 ára, séu algerlega ónýtar. Þessir hlutir koma til með að þróast og verða strax á næstu áratugum allt öðruvísi en menn töldu alveg fram undir að ljóst varð í hversu stórfelldar og hraðar breytingar stefndi, svo ekki sé talað um næstu aldamót. Hvaða áhrif hefur þetta síðan á árnar sem að einhverju leyti sækja vatn sitt til jöklanna, eða inn á þau svæði sem nú eru hulin jöklum? Jú, þetta hefur þau áhrif að bráðnunin veldur gríðarlegu rennsli á einhverju áratugatímabili. Ætla menn þá að byggja virkjanirnar miðað við að ná þeim toppum öllum saman? Hvað gerist svo? Svo allt í einu er vatnsforðinn búinn. Þessar ár sem eru í mörg hundruð rúmmetrum á sumrin, breytast í snyrtilegar bergvatnsár með einhverra tuga rúmmetra rennsli á ári hverju, jafnvel á sumrin.

Það hlýtur að þurfa að endurmeta að verulegu leyti ýmsar áætlanir af þessu tagi. Þá vinnu vantar, og þeim mun fráleitari er sú ákvarðanataka sem menn hafa ráðist í á undanförnum árum. Það vantar ekki bara þessar forsendur, heldur einnig kortlagningu orkukostanna og forgangsröðun þeirra, m.a. og ekki síst með tilliti til umhverfisáhrifa sem rammaáætluninni var ætlað að gera. Hvað hafa menn gert? Jú, þeir hafa tekið jafnóðum út úr vinnunni þá virkjanakosti sem þeir eru farnir að bera víurnar í. Þetta er það sem hefur verið gert. Það var reiknað með því að Kárahnjúkavirkjun yrði þarna inni og þannig var lagt af stað með vinnuna. Þess vegna kom bráðabirgðamatið á hana, sem má spyrja hvaða tilgangi þjóni þegar hvort sem er var búið að taka pólitíska ofbeldisákvörðun um að byggja virkjunina og gefa allri vinnunni að rammaáætlun langt nef.

Hæstv. ráðherra segir að þetta sé nýtingarlöggjöf og menn eigi að skilja að þess vegna séu umhverfismálin ekki mjög fyrirferðarmikil þar. Ég minni á að þessir hlutir verða að vera samofnir. Það er ekki hægt að aðskilja þetta svona. Það eru ekki tvö algjörlega aðskilin hólf, umhverfishólfið og nýtingarhólfið. Það bara fúnkerar ekki þannig.

Það er óskaplega nöturlegt, og von að menn verði tortryggnir þegar fram kemur við lestur gagna að orðið „umhverfisáhrif“ ratаði ekki inn í sjálfa 1. gr. laganna. Var ekki pláss fyrir það eða hvað? Ber að skilja þetta svo? Útskýringar ráðherra eru að það sé haft í umsögn um greinina,

því þar er talað um „þar á meðal umhverfissjónarmið". Það er von að menn séu nokkuð tortryggnir. Ætli tilefni sé ekki til hjá þeim sem reyna að standa vaktina í þágu umhverfis og náttúru að vera býsna hvekktir, eftir framgöngu og framferði *stjórnvalda undanfarin missiri*? Jú, ætli það ekki.

Varðandi Orkustofnun, sem er vel mönnuð og góð stofnun og sinnir mikilvægum verkefnum, þá held ég að vandamálið sé ekki að menn vantreysti henni eða því ágæta fólki sem þar vinnur, a.m.k. geri ég það ekki. Hafi einhverjir sagt eitthvað í þá veru í umræðunum í dag, þá tek ég ekki undir það. Ég hef hins vegar miklar efasemdir um að vel fari á endanum að hrúga öllum þeim verkefnum inn á Orkustofnun sem nú er verið að setja á hana. Er Orkustofnun ekki farin að verða í ansi mörgum og sumpart mótsagnakenndum hlutverkum? Er hún ekki eiginlega farin að sitja allt í kringum borðið? Hún á að hafa eftirlit, sjá um verðlagningu og hafa kontról á allri samkeppninni í orkuframleiðslunni, síðan á hún að sinna klassísku grundvallarhlutverki sínu hvað varðar grunnrannsóknir og upplýsingaráðgjöf til stjórnvalda. Svo á hún að vera með úthlutun á rannsóknarleyfunum og leitinni og öllu því, en á svo sjálf að hafa frumkvæði að því á köflum að standa fyrir rannsóknum til hliðar. Ég er ekki viss um að þetta komi til með að ganga vel, allt saman á einu borði. Ég velti því hreinlega fyrir mér hvort ekki verði að aðskilja þarna stjórnsýslulega ýmsa þætti, jafnvel skipta þessum hlutverkum upp.

Ég held líka að eigi Orkustofnun að fá þetta gríðarlega hlutverk og hafa með höndum, þá hljóti að koma til skoðunar að henni verði kosin stjórn, hún fái stefnumótandi og ráðgefandi stjórn. Orkuráði sem þar starfar er ætlaður allt annar hlutur. Mér finnst ekki sjálfgefið að stofnun sem á að fá og hafa með höndum þetta mikilvæga hlutverk, heyri beint undir einn ráðherra sem hafi algjört alræðisvald yfir henni.

Þarna er að mínu mati ýmislegt sem þarf alveg tvímælalaust að taka til skoðunar.

Að síðustu þetta: Hæstv. ráðherra segir að oft hafi heyrst að við séum litin öfundaraugum í útlöndum vegna þess hve vel á vegi við séum stödd og komin langt með umhverfisþáttinn í orkubúskap okkar. Jú, tölurnar eru vissulega impressívar, að við fullnægjum hér tveimur þriðju orkuþarfarinnar með svokölluðum vistvænum orkugjöfum. En nú þarf heldur betur að hafa fyrirvara á, samanber það sem rætt hefur verið um umhverfisáhrif sumra virkjana. Slíkt fréttist líka út fyrir landsteinana og verður sífellt betur þekkt í löndunum í kringum okkur hvað Ísland er að gera um þessar mundir. Margir eru farnir að sjá í gegnum þann tvískinnung sem framganga íslenskra stjórnvalda markast af, bæði í sambandi við heimskautaráðið og umhverfis- og virkjanamál. Það eru ábyggilega fleiri blaða- og fréttamenn en hinn frægi hjá franska blaðinu Le Monde sem eru farnir að reka augun í að ýmislegt stangast á hjá Íslandsmönnum um þessar mundir, að auglýsa landið og selja og kynna sem hreint og ósnortið, paradís þeirra sem vilja koma og sjá fallega ósnortna náttúru, og standa svo fyrir hervirkjum af því tagi sem bygging Kárahnjúkavirkjunar er, það fer ekki beinlínis saman.

[18:22]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér tókst ekki að fá svör við spurningum sem ég lagði fram til ráðherrans, alla vega ekki þannig að ég skildi nógu vel. Það er í fyrsta lagi nýting eiganda á auðlindinni. Ég skil það svo að með þessu lagafrumvarpi, samkvæmt 1. gr. þess, sé verið að tala um að eigandi eigi allan nýtingarréttinn sem er undir landinu. Ég spyr því: Hvar finna menn skilgreiningu á þeim verðmætum? Hversu langt niður nær þetta? Hvað má viðkomandi gera á svæðinu? Og hvernig eiga menn að finna út úr því? Á ekki að vera nein skilgreining svipuð og í vatnalögum, t.d. hvað varðar nýtingu á hita eða orku sem er þarna í jörðinni og vatninu sem er undir landinu eða aðrar auðlindir sem hugsanlega gætu legið saman, sem ég hef svo sem ekki hugmyndaflug til að nefna hér? Mér finnst að það þurfi að liggja fyrir í hvað menn ætla að vísa úr því engin leiðsögn í er lagafrumvarpinu um þetta.

Síðan fannst mér hæstv. ráðherra ekki heldur svara skýrt þegar ég spurði hvort þeir sem nú eru á biðlistanum verða taldir með ef lögin taka gildi. Eða hvort auglýst verður, eftir að lögin taka gildi, að nú sé kominn umsóknarfrestur og þá muni allir sækja um sama daginn. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra þá að fara að? Ekki er hægt að nota „fyrstur kemur, fyrstur fær" ef allir sækja um sama dag og lögin taka gildi. Mér finnst menn vera komnir í ógöngur með mál sem alltaf virðast vefjast fyrir stjórnvöldum, hvernig eigi að fara með *verðmæti sem eru í höndum okkar sameiginlega og einka*aðilar komi til með að nýta. Það eru ýmsar aðferðir til þess, vilji menn nota þær.

Úr því ég er kominn í ræðustólinn aftur, þá langar mig til að nefna að í 12. gr. frumvarpsins er talað um eiganda auðlindar en þar segir, með leyfi forseta: „Eigandi auðlindar hefur ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlindar sinnar, nema hann hafi öðlast forgangsrétt með rannsóknarleyfi." Annars staðar í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Orkustofnun geti látið aðra rannsaka auðlindir í eignarlandinu.

Í 36. gr. er ákvæði um eignarnám. Þar stendur að hægt sé að láta fara fram eignarnám í eignarlandi ef leyfishafi nær ekki samkomulagi um verðmæti eignarinnar við fasteignareigendurna. Þá hljóta að vakna spurningar eins og: Ef fyrst er leyft að rannsaka auðlind í eignarlandi einhvers í andstöðu við hann, og síðan fer fram eignarnám á þeirri auðlind í landinu, er það þá þannig að sá sem fær leyfi til rannsóknarinnar fái síðan áframhaldandi leyfi til nýtingarinnar, án þess að til sé nokkurt úrræði þannig að útboð geti farið fram til að meta verðmæti eignarinnar? Og út frá hvaða hugmyndum ætti þá að ákveða verðmæti eignarinnar, þegar ekki liggur fyrir hvernig meta ætti það verðmæti sem *felst í að fá að nýta auðlindina*?

Mér finnst að þetta atriði þurfi að rannsaka vel í nefndinni. Ég spyr hæstv. ráðherra: Úr því 1. gr. gerir ráð fyrir að taka eigi tillit til eignarréttar fasteignareiganda, hvernig er hægt að gera það með fullnægjandi hætti öðruvísi en að í lögunum séu úrræði sem geri ráð fyrir að hægt sé að finna markaðsvirði eignarinnar á markaði?

[18:28]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þau atriði sem hv. þingmaður spyr um varða t.d. eignir, ég held að hann sé að tala um 21., 22., 23. og 24. gr., en þar er rætt um þinglýstar eignir. Þar er fjallað um hvernig tekið skuli á undantekningum frá rannsóknar- og nýtingarleyfum.

Hvað varðar fasteignareiganda þá þarf hann rannsóknarleyfi til að eiga möguleika á nýtingarleyfi, en honum er hins vegar í raun heimilt að rannsaka án rannsóknarleyfis, en til þess að eiga möguleika á nýtingu, þá er rannsóknarleyfi grundvöllur að því að nýtingarleyfi sé gefið út.

Annað atriði er þegar ekki næst samkomulag um verðmæti, eða réttara sagt um gjald fyrir afnot af auðlind við fasteignareiganda eða jarðareiganda, þá þarf að koma málum í þann farveg að niðurstaða náist í málum. Ég held að ég beini því til nefndarinnar að fara betur yfir þau mál. Þegar frumvarpið var í vinnslu í iðnaðarráðuneytinu gátum við ekki séð að þarna væri um vandamál að ræða. En nefndirnar eru upplagðar til að fara yfir mál eins og þetta, til að leita af sér allan grun, en að mínu mati eru þau ákvæði sem þarna koma fram fullnægjandi.

[18:30]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég tek það gilt að nefndin fari vel ofan í málið því mér sýnist að það séu spurningarmerki við þetta. En hæstv. ráðherra hafði ekki tíma til að svara spurningunum um hvort þeir sem bíða á bekknum, hvort umsóknir þeirra sem liggja fyrir núna muni ekki falla niður og að þeir þurfi að sækja um aftur og hvort hæstv. ráðherra finnst úrræðin fullnægjandi í frumvarpinu til að taka á því ef margir aðilar sækja um þann dag sem lögin taka gildi, ef og þegar það gerist.

Mér finnst þetta mikilvægt vegna þess sem ég hef svo oft sagt og ætla ekki að fara að endurtaka hér um að stjórnvöld eru alltaf á flótta undan því að skera úr um nýtingarrétt á auðlindum með útboðum eða öðrum slíkum markaðsaðgerðum ef á þarf að halda.

[18:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þá sem hafa nú þegar gefið sig fram og óskað eftir rannsóknarleyfum hef ég lagt þann skilning í málið að þeir séu ekkert útilokaðir, að rannsóknarleyfi þeirra séu virk vegna þess að það verður ekki allt auglýst. Það er heimild til að auglýsa, t.d. er reiknað með því að það sem varðar þjóðlendur og ríkiseign sé auglýst, eins getur það verið auglýst ef fasteignareigandi eða landeigandi ætlar sér ekki að nýta auðlindina.

En eins og ég segi, við erum komin dálítið út í smáatriði núna. Þetta eru atriði sem verður að sjálfsögðu fjallað um í nefndinni, en skilningur minn hefur verið sá að umsóknir þeirra aðila sem þegar hafa sótt um séu virkar.

[18:33]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir mikilvægt að fá þennan skilning hæstv. ráðherra og ætla ekkert að gefa út um afstöðu mína til þess núna. Ég tel ástæðu til þess að nefndin fari vandlega yfir það hvernig þetta lítur allt saman út og hvort í raun og veru sé verið að setja hér lagaákvæði sem úthluti sjálfkrafa leyfum til þeirra sem hafa sótt eftir rannsóknarleyfum nú þegar og hafi þar með, með því að vera framsýnir og spáð rétt til um að hér verði sett lög sem passi, verið búnir að tryggja sér að nýta tilteknar auðlindir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:34]

Útbýting:

Almenn hegningarlög, 409. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 520.

Fjárlög 2005, 1. mál, brtt. EMS o.fl., þskj. 521, brtt. JBjarn og ÞBack, þskj. 522, brtt. EMS o.fl., þskj. 523, brtt. GAK o.fl., þskj. 524, brtt. KolH, þskj. 525, brtt. ÖS o.fl., þskj. 526, og brtt. JBjarn o.fl., þskj. 528.

Húsnæðismál, 220. mál, þskj. 517.

Iðnaðarframleiddar transfitusýrur í matvælum, 403. mál, fsp. ÞBack, þskj. 511.

Löggæslukostnaður á landsmótum Ungmennafélags Íslands, 407. mál, fsp. VF, þskj. 515.

Rekstur grunnskóla, 405. mál, fsp. VF, þskj. 513.

Samráð við sérsambönd Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, 408. mál, fsp. VF, þskj. 516.

Veiðar á rjúpu, gæs og öndum, 406. mál, fsp. VF, þskj. 514.

Fundi slitið kl. 18:36.

---

48. FUNDUR

föstudaginn 3. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Rannsóknir og nýting á jarðrænum auðlindum, stjfrv., 374. mál, þskj. 459. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Fjárlög 2005, stjfrv., 1. mál, þskj. 474, brtt. 521, 522, 523, 524, 525, 526, 528 og 529. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:
Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Rétt er að geta þess að tvær utandagskrárumræður eru fyrirhugaðar í dag. Hin fyrri hefst þegar eftir atkvæðagreiðslu um fyrsta dagskrármálið og er um málefni sparisjóðanna. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon en hæstv. viðskiptaráðherra Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara.

Hin síðari hefst kl. 1.30 í dag, að loknu hádegishléi, og er um hrun veiðistofna skelfisks og innfjarðarrækju. Málshefjandi er hv. þm. Einar K. Guðfinnsson en hæstv. sjávarútvegsráðherra Árni M. Mathiesen verður til andsvara. Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund.

[10:33]

Útbýting:

Fjárlög 2005, 1. mál, brtt. GunnB o.fl., þskj. 529.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt 529. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

Rannsóknir og nýting á jarðrænum auðlindum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 374. mál. — Þskj. 459.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁI, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JónK, KF, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SJS, StB, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

22 þm. (AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, EMS, GÞÞ, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, JGunn, JBjart, KJúl, KHG, MF, SF, SP, StP, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég greiði að sjálfsögðu atkvæði með því að þetta mál fari til nefndar til umfjöllunar og fái þar þinglega meðferð sem þarf að vera yfirgripsmikil og vönduð. Mig langar til að gera athugasemd í þessari atkvæðaskýringu vegna þess að ég geri ráð fyrir að málinu verði vísað til iðnaðarnefndar Alþingis eins og hæstv. ráðherra óskaði eftir við umræðuna í gær en ég vil þá óska eftir því hér formlega að hv. iðnaðarnefnd Alþingis óski eftir umsögn frá umhverfisnefnd Alþingis þar sem hér er ekki síður um umhverfismál að ræða en mál er lýtur að iðnaðarnefnd.

[10:35]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þessu máli er að sjálfsögðu vísað til iðnaðarnefndar enda fjallar það um nýtingu auðlindanna. Við skipum málum okkar þannig í stjórnsýslu Íslands að ákveðnir ráðherrar fara með ákveðna málaflokka og þessi málaflokkur heyrir undir iðnaðarráðuneytið. Það var ákveðinn misskilningur í umræðunni í gær um að þetta mál ætti jafnvel að fara til umhverfisnefndar sem ég sé í raun ekki ástæðu til. Að sjálfsögðu fjallar svo nefndin um það hvort ástæða sé til að senda það þangað til umsagnar. Það er algjörlega skýrt í lögum um Stjórnarráð Íslands að þessi málaflokkur heyrir undir iðnaðarráðherra og málinu er vísað til iðnaðarnefndar. (Gripið fram í.) (**KolH:** Ég mótmæli.)

[10:36]

Forseti (Halldór Blöndal):

Til að það verði enginn misskilningur er það Alþingi sem ákveður hvert málum er vísað.

Frv. vísað til iðnn. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JónK, KF, KÓ, KLM, LB, MS, PHB, SAÞ, SKK, SJS, StB, SæS, VF, VS, ÞKG.

9 þm. (AKG, ÁI, GAK, JBjarn, KolH, MÞH, MÁ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÞÞ, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, JGunn, JBjart, KJúl, KHG, MF, SF, SP, StP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er að sönnu rétt hjá forseta enda skeikast honum ekki, reyndum manninum í slíku, að það er Alþingi sem ákveður hvernig það skipar hér verkum og hvert það sendir þingmál til umfjöllunar. Ég treysti því að sjálfsögðu að hv. iðnaðarnefnd muni leita álits umhverfisnefndar. Það er sjálfsagður hlutur og fyrir því eru öll rök en hitt verður að segjast að tilraunir hæstv. iðnaðarráðherra til að ýta því algerlega út af borðinu og til hliðar að þetta mál hafi nokkra skírskotun eða tengingu til umhverfisverndar eða umhverfismála eru ónotalegar. Það er eðlilegt að menn verði tortryggnir í garð málsins þegar hæstv. ráðherra gengur fram og talar fyrir því og um það eins og hún gerir. Hún kemur með þessar rullur hér um að þetta sé verkaskiptingin í Stjórnarráðinu, þetta sé nýtingarmál og komi umhverfismálum ekkert við og þá er eðlilegt að menn verði tortryggnir. Það er enn þá meiri ástæða til þess að umhverfisnefnd fái þetta mál til umfjöllunar í ljósi þess hvernig hæstv. ráðherra talar.

Umræður utan dagskrár.

Málefni sparisjóðanna.

[10:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Saga sparisjóðanna á Íslandi er gagnmerk, allt frá því að fyrsti forveri þeirra leit dagsins ljós norður í Mývatnssveit upp úr miðri 19. öld. Sú saga er einnig, lengst af a.m.k., gott dæmi um félagslegan þroska og óeigingirni þess fólks sem bast samtökum um að byggja upp og efla sína heimabyggð, bæta þar mannlíf, hlúa að menningu og styðja þá sem höllum fæti standa. Í nærri 150 ára sögu sparisjóðanna var það alla tíð þannig og allt þar til fyrir fáeinum árum að ábyrgðarmenn og stofnfjáreigendur í sparisjóðum voru gæslumenn sparisjóðanna. Öllum sem tóku þátt í stofnun sparisjóðs eða gerðust stofnfélagar var ljóst að þeir áttu ekki sparisjóðinn umfram það stofnfé, áður ábyrgðir, sem þeir lögðu fram til að koma sjóðnum á laggirnar. Aldrei stóð til að menn högnuðust á þeirri þátttöku sinni umfram þann arð sem framlag þeirra skilaði og að þeir ættu það uppreiknað ef til slita á sjóðnum kæmi. Þetta er hollt að rifja upp nú þegar það virðist allt í einu orðinn sjálfsagður hlutur að stofnfjárhlutinn í sparisjóðum gangi kaupum og sölum fyrir margfalt uppfært verð. Þaðan af síður er það í samræmi við upprunalegan tilgang sparisjóðanna og anda laganna sem um þá gilda að menn taki í krafti stofnfjáreignar að ráðskast með sjóðina í stað þess að gæta þeirra og ætli sér jafnvel að ná undir sig eigin fé þeirra öðru en stofnfé eða hafa af því persónulegan eða pólitískan hag að ráða fyrir því.

Því miður er veruleikinn sá að á síðustu missirum hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að komast fram hjá anda laganna um sparisjóði, sjálfstæði þeirra og fjármuni í eins konar félagslegri sameign íbúa á viðkomandi starfssvæði, að þeirra sé hvort tveggja gætt með dreifðri eignaraðild hóps stofnfjáreigenda sem séu gæslumenn sjóðsins og standi vörð um hann. Svæsnastir hafa leiðangrarnir verið til að komast að sjóðum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis enda er þar mikið að hafa. Það er ótrúlegt upp á það horfa að þar hefur farið einna fremstur í flokki formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, hv. þm. Pétur Blöndal.

Nú er enn eina ferðina upp hafinn mikill óróleiki kringum SPRON og allt að helmingur stofnfjár hefur á skömmum tíma skipt um hendur. Norður í Skagafirði standa yfir hörð átök milli almennra stofnfjáreigenda í Sparisjóði Hólahrepps og síðan kaupfélagsins og fleiri aðila sem eru að taka völdin í sjóðnum með því að dreifa stórum eignarhlut á hóp tengdra og skyldra aðila, bæði einstaklinga og fyrirtækja. Þannig er verið að komast fram hjá reglunni um að enginn fari með meira en 5% atkvæða í sparisjóði, grunnhugsuninni um að enginn einn ráðskist með sjóðina heldur sé þeirra gætt af hópi jafnsettra stofnfjáreigenda. Fjármálaeftirlitið virðist máttlaust eða viljalaust í þessum efnum, nema hvort tveggja sé.

Hér hangir mikið á spýtunni, herra forseti. Spurningin er hvort menn ætli að láta það líðast að menn finni sér nýjar hjáleiðir fram hjá þeim vörnum sem Alþingi hefur ítrekað á síðustu árum reynt að setja upp til að tryggja sparisjóðina, að þeir fái að vera í friði og sinna sinni mikilvægu viðskiptaþjónustu en þeir eru sem kunnugt er stærsti einstaki aðilinn í almennum bankaviðskiptum með 25–30% markaðshlutdeild. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hversu mikilvægur aðili sparisjóðirnir eru þegar kemur að því að tryggja fjölbreytni og samkeppni á þessum markaði, og veitir víst ekki af.

Ég hef því af þessu tilefni leyft mér að leggja spurningar fyrir hæstv. viðskiptaráðherra. Þær eru eftirfarandi:

Hefur viðskiptaráðuneytið fylgst með þeim hræringum sem verið hafa í málefnum SPRON og Sparisjóðs Hólahrepps að undanförnu?

Telur ráðherra ástæðu til að gera lagalegar ráðstafanir til að tryggja betur en nú er gert að stofnfjáreigendur geti ekki tekið til sín eða hagnast með óeðlilegum hætti á eigin fé sparisjóða, öðru en stofnfé?

Ég spyr t.d. vegna hugleiðinga í ítarlegri fréttaskýringu í Morgunblaðinu sl. sunnudag um að menn ætli sér að ná ávöxtun á kaup á stofnfé í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis fyrir margfalt uppfært nafnverð með því að greiða stanslaust út ríflegan arð og uppfæra stofnféð þannig að gengið verði í reynd á eigið fé sjóðsins. Kemur til greina t.d. sem vörn við því að skylda að sambærilegur arður verði þá greiddur út til menningar- og líknarstarfsemi á svæðinu og stofnfjáreigendur fá á hverju ári?

Telur ráðherra að þörf sé á að skerpa á lagaákvæðum um að enginn geti farið með meira en 5% atkvæða í sparisjóði, t.d. með því að banna alfarið að stærri eignarhlutur sé gerður virkur með því að dreifa honum á nokkra skylda eða tengda einstaklinga eða nokkur tengd fyrirtæki?

Loks spyr ég fjármálaráðherra út í Fjármálaeftirlitið.

[10:44]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Málefni sparisjóðanna hafa komið oft upp hér á hv. Alþingi á undanförnum árum. Það er svo sem ekkert að undra miðað við þær gríðarlegu breytingar sem hafa orðið á íslenskum fjármálamarkaði. Sparisjóðirnir standa nú frammi fyrir tvenns konar vanda. Annars vegar er aukin samkeppni, það er engum blöðum um það að fletta að aukinn styrkur viðskiptabankanna þriggja gefur þeim forskot í samkeppninni við sparisjóðina. Hins vegar er það órói og deilur innan sparisjóðanna um eignarhald og framtíðarsýn. Þær deilur eru nú aðallega uppi í SPRON og Sparisjóði Hólahrepps eins og kom fram hjá hv. þingmanni.

Deilur um hvert sparisjóðir skuli stefna hafa staðið lengi yfir innan sparisjóðafjölskyldunnar. Þær mögnuðust upp í SPRON-málinu hinu fyrra sumarið 2002. Þá kvað Fjármálaeftirlitið upp þann úrskurð að heimilt væri að eiga viðskipti með stofnbréf á yfirverði. Þótt ekki hafi verið vefengt að Fjármálaeftirlitið hafi komist að lögfræðilega réttri niðurstöðu er ljóst að þegar Alþingi samþykkti árið 1985 að framsal stofnfjárbréfa væri heimilt með ákveðnum skilyrðum var það aldrei ætlun löggjafans að stofnbréf gengju kaupum og sölum á almennum markaði. Stjórnarskráin heimilar hins vegar löggjafanum ekki að leiðrétta þetta. Þróuninni verður ekki snúið við.

Hv. þingmaður spyr hvort ég telji þörf á lagabreytingu til að tryggja að stofnfjáreigendur geti ekki tekið til sín eigið fé sparisjóðanna og hvort skerpa ætti betur á reglum um 5% atkvæðahámark. Um fyrra atriðið vil ég nefna að lög-

gjöfin hefur smátt og smátt gert stofnfjárbréf að vænlegri kosti fyrir fjárfesta, nú síðast árið 2001. Stofnfjáreigendur hafa a.m.k. síðustu 10 árin eða svo fengið góða raunarðsemi af stofnfé sínu. Það er Tryggingarsjóður sparisjóða sem ákveður árlega hámarkshlutfall arðgreiðslu. Ákvörðun sjóðsins er eins konar öryggisventill fyrir sparisjóðina enda hefur tryggingarsjóðurinn verulegra hagsmuna að gæta í því að útgreiðsla sjóðsins tefli ekki hag einstakra sparisjóða í tvísýnu.

Hlutverk tryggingarsjóðsins er samkvæmt lögum að tryggja hagsmuni viðskiptamanna og fjárhagslegt öryggi sparisjóðanna þannig að sú kenning sem sett var fram í Morgunblaðinu um helgina, að unnt sé að ná yfirráðum í tryggingarsjóðnum og ákveða síðan himinháa arðgreiðslu, brýtur í bága við lög og gengur augljóslega ekki upp.

Varðandi 5% atkvæðahámark er ég mjög fylgjandi því að það sé vel tryggt að tengdir aðilar fari ekki saman með meira en 5% atkvæða. Það er vel þekkt alþjóðlegt vandamál að erfitt er að setja lagaákvæði sem spyrða fyrirtæki og einstaklinga saman. Viðskiptaráðuneytið er um þessar mundir að skoða ákvæði um tengsl milli aðila í vinnu við nýjar yfirtökureglur og það er ekki útilokað að svipað ákvæði gæti átt við um sparisjóði. Ekki verður þó hugað að slíkri vinnu fyrr en athugun ESA á því hvort ákvæði um 5% atkvæðahámark brjóti í bága við EES-samninginn lýkur.

Að síðustu spyr hv. þm. um eftirlit Fjármálaeftirlitsins með sparisjóðum. Ég tel að Fjármálaeftirlitið sé mjög vel í stakk búið til að hafa eftirlit með fjárhagslegu öryggi sparisjóða og öðrum ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki. Það er hins vegar ekki hlutverk eða verkefni Fjármálaeftirlitsins að bregðast við ef sjálfstæði sparisjóða er ógnað eða búa svo um hnúta að sparisjóðir í landinu verði 24 um aldur og ævi. Það eru sparisjóðirnir sjálfir sem verða að móta framtíð sína.

[10:48]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þegar þingið kom saman í fyrra til að afgreiða lög um sparisjóði var markmiðið fyrst og fremst að tryggja að á fjármálamarkaðnum væri fjórði öflugi aðilinn, þ.e. við hlið viðskiptabankanna. Markmiðið var að tryggja eins mikla samkeppni á þessum markaði og kostur var. Það er því afar sérstakt að núna skuli vera gerð aðför að fjórða aflinu á þessum markaði, enn og aftur af forustu efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Menn hafa séð að undanförnu hvað er til að mynda fengið með því að hafa þrjá aðila á olíumarkaðinum. Þess vegna skiptir miklu máli að fleiri öflugir aðilar séu á markaðnum. Til þess kom Alþingi saman í fyrra að breyta þessum lögum, til að tryggja þetta, og sparisjóðunum er ætlað það hlutverk að vera öflugur aðili á markaðnum enda er opnað á það í þeirri lagabreytingu að sparisjóðirnir geti sameinast, þeir geti orðið stórir og þeir geti eflt sig á eigin forsendum til að tryggja fjórða aflið á markaðnum. En hvað gengur mönnum til að reyna að brjóta niður þetta afl? Hvert er markmiðið, hver hefur hag af því? Eru það bankarnir eða eru menn að reyna að komast yfir eigið fé sparisjóðanna með viðbótararðgreiðslu? Er það græðgisvæðingin sem hér hefur algerlega tekið yfirhöndina?

Ég spyr, virðulegi forseti: Ef menn ætla að halda áfram í þeim farvegi að brjóta samstöðu sparisjóðanna til að tryggja þetta afl er þá ekki eðlilegt þegar kemur til arðgreiðslna að jafnhátt hlutfall fari til samfélagsins og til stofnfjáreigenda? Það mundi a.m.k. tryggja það að þau græðgissjónarmið sem virðast ráða för hjá hv. formanni efnahags- og viðskiptanefndar í tilraunum hans til að grafa (Forseti hringir.) undan sparisjóðakerfinu næðu ekki ná fram að ganga.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þingmann að gæta orða sinna.) Hv. þm. gætir ætíð orða sinna.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þm. hefur ekki orðið. Ég bið hv. þingmann að gæta velsæmis í þingsölum.)

[10:51]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Sparisjóðirnir námu hér land fyrir meira en 100 árum. Það var eitt af mörgu góðu sem hefur komið frá Danmörku. Þeir komu og hófu starfsemi sína í fátæku landi og hafa tekið virkan þátt í því að byggja upp þetta land frá fátækt til auðlegðar. Löggjafinn hefur hvað eftir annað sýnt hug sinn til sparisjóðanna, í tvígang núna á stuttu tímabili, síðast fyrir einu ári síðan. Það var ljóst í þverpólitískri afstöðu manna að löggjafinn vildi tryggja eins vel og hann gæti að þetta form, lánastarfsemi, gæti haldið velli. Það er alveg ljóst.

Hins vegar liggur fyrir, virðulegi forseti, að það er vandséð hvernig löggjafinn á núna að koma inn í þetta mál. Sparisjóðirnir hafa fullt frelsi til þess að bregðast við þeim aðstæðum sem af þeim stafar. Þeir geta sameinast, þeir eiga að reyna að finna sér rekstrargrundvöll í því harða og erfiða viðskiptaumhverfi sem þeir búa við. Ég held að enginn annar en þeir geti ákveðið hvernig þeir vilja bregðast við. Ef þeir eru trúir uppruna sínum og muna hvaðan þeir koma ætti ekki að vera erfitt fyrir þá að vita hvert þeir eru að fara. Sparisjóðirnir geta staðið heils hugar utan um stofnanir sínar og ættu að hafa fulla burði til þess að tryggja áframhaldandi farsælt uppbyggingarstarf fyrir land og lýð eins og þeir hafa gert í meira en 100 ár.

[10:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Enn á ný eru átök um eignarform að sparisjóðunum og ljóst að völdin eru eftirsóknarverð að mati margra. Svo virðist a.m.k. sem sumir stofnfjáreigendur sparisjóðanna horfi hýru gróðaauga til varasjóðanna og að þar megi ná út fé, samfara t.d. sameiningu sparisjóða ef verðmætin eru sett á rétt verðmat og jafna þarf eignaraðild að ákveðnum hlutföllum. Varla fer á milli mála hver vilji meiri hluta Alþingis var um það að stofnfjáreigendur ættu ekki að hagnast óeðlilega á því að hafa gerst stofnfjáreigendur umfram arð af stofnfé sínu. Það var almenn skoðun að það væru viðskiptamenn sparisjóðsins sem byggt hefðu upp eiginfjár- og eignastöðu sjóðanna. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé hvort ráðherra telji að gera þurfi lagalegar ráðstafanir til að tryggja betur en nú er gert að stofnfjáreigendur geti ekki tekið til sín eða hagnast með óeðlilegum hætti á eigin fé sparisjóðanna öðru en stofnfé.

Eins og jafnan áður segja stofnfjáreigendur að engin áform séu uppi um að reyna að ná tökum á sjóðum spari-

sjóðanna, m.a. SPRON. Nýverið varð samt yfirtaka á Sparisjóði Hólahrepps og ekki hægt annað en að draga þá ályktun að þar sé komin uppskrift að vina- og fjölskyldueignarformi að sparisjóðum eða að bankarnir, t.d. KB-banki, verði virkir í yfirtöku á SPRON. Því er eðlilegt að ráðherra svari því hvort þörf sé á því að skerpa á lagaákvæðum um að enginn geti farið með meira en 5% atkvæða í sparisjóði. Á að takmarka að stærri eignarhlutur sé gerður virkur með því að dreifa honum til nokkurra skyldra eða tengdra einstaklinga eða tengdra fyrirtækja? Þarf ekki að huga betur að því að vilji Alþingis sem var svo skýr síðasta haust nái að vinna í verki eins og að var stefnt?

[10:55]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þjóðin hefur verið sammála um að standa vörð um sparisjóðina á grundvelli hugsjóna þeirra sem þeir voru byggðir á og að tryggja að þeir starfi eftir dreifðri eignaraðild, þar stýri jafningjarétturinn ferð. Vilji þingsins í þessum efnum var áréttaður í lögum á Alþingi síðasta vetur.

Átökin snúast um völd og yfirráð yfir peningum og græðgin virðist yfirleitt finna sér farveg. Samkvæmt úttekt Agnesar Bragadóttur í Morgunblaðinu nýlega hafa um 50% stofnfjár í SPRON skipt um eigendur á skömmum tíma. Að sögn blaðsins eru kaupendur einstaklingar og fyrirtæki tengd KB-banka sem reyndi einmitt á síðasta ári að ná SPRON undir sig. Þannig á KB-banki ásamt hinum nýju kaupendum rúmlega helming stofnfjár SPRON. Kaupverðið er sjöfalt verð á stofnbréfunum og kunnugir segja að sú fjárfesting geti ekki skilað arði, annað hljóti að hanga á spýtunni, að ætlunin sé að komast yfir sparisjóðakerfið, þetta sé fórnarkostnaður til að bora sig inn í sparisjóðakerfið, ná sparisjóðunum undir sig í áföngum nema hvort tveggja sé, líka það að komast yfir það fjármagn sem samfélagið á í sparisjóðunum og á ekki að vera til ráðstöfunar fyrir einstaka stofnfjáreigendur. Svo virðist sem minnsti sparisjóður landsins, Sparisjóður Hólahrepps, og sá stærsti, SPRON, séu þarna í sömu vegferð. Með því að komast yfir einn sparisjóð, stóran eða lítinn, getur öflug fyrirtækjasamsteypa borað sig inn í sparisjóðakerfi landsins og étið það innan frá.

Herra forseti. Ég tel fyllilega ástæðu til þess að nú verði kannað hvað sé á seyði og gripið til aðgerða til að standa vörð um sparisjóðina.

[10:57]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Enn koma sparisjóðir til umræðu og er í sjálfu sér ekki skrýtið í ljósi hinnar gagnmerku sögu þeirra yfir 100 ár þar sem sparisjóðir hafa verið kjölfestan í atvinnuuppbyggingu og þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki í svo mörgum byggðarlögum víða um land, ekki síst í ljósi þeirrar sérstöðu þeirra að hagnaðinum er ætlað að renna til samfélagsverkefna í heimabyggð hvers og eins sparisjóðs sem og hefur gengið eftir. Það er sérstaða þeirra og það sem hefur skapað hina öflugu markaðsstöðu þeirra víða um land.

Í hinum miklu sviptingum á fjármálamarkaði að undanförnu, harðnandi samkeppni og glæsilegri útrás þriggja stórra banka má taka undir það sem hér kom fram, þeir hafa að sumu leyti verið að ná ákveðnu forskoti á íslenskum fjármálamarkaði í ljósi stærðar sinnar. Í þessu umhverfi er auðvitað ástæða til að hafa áhyggjur af stöðu einstakra sparisjóða og er mjög mikilvægt að þeir bregðist við í þessu nýja umhverfi sínu. Ég held að ekki sé ástæða til að hafa mestar áhyggjur af innanhússátökum í hverjum og einum sparisjóði. Þau hafa alltaf átt sér stað og munu eiga sér stað. Mikilvægt er að hafa í huga hver staða þeirra er í ljósi smæðar sinnar og stærðar hinna þriggja öflugu banka og hvernig sparisjóðir muni þróast í því umhverfi. Þeir verða að bregðast við og ein leiðin er auðvitað sú, eins og rætt hefur verið um, að þeir sameinist í eina sparisjóðakeðju sem starfi á grundvelli upphaflegra hugsjóna sinna eða taki upp formlegt samstarf við aðra aðila.

Aðalatriðið er hins vegar, eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra, að sparisjóðirnir sjálfir taki frumkvæði í því og efli sig innan frá í samstarfi við aðra.

[10:59]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það fer að verða árviss viðburður í svartasta skammdeginu á aðventu að Alþingi Íslendinga sjái sig knúið til að taka á dagskrá málefni sparisjóðanna. Það var fyrir réttu ári síðan fyrir tilverknað tveggja hv. þm., Einars Odds Kristjánssonar og Lúðvíks Bergvinssonar, sem Alþingi Íslendinga setti á stofn björgunarsveit til þess að forða því að örfáir einstaklingar settu sparisjóðina í raun á hvolf og tækju út úr þeim fjármuni sem þeir áttu ekki. Nú virðist sama sagan vera að endurtaka sig.

Ég velti því hér upp, herra forseti, hvort þörf sé á því enn á ný að þverpólitísk björgunarsveit þingmanna setjist yfir það verkefni í efnahags- og viðskiptanefnd að fara yfir málið, ofan í kjölinn, og tryggja það að þessi nýja árás á sparisjóðina, á fé sem er sannarlega ekki í eigu stofnfjáreigenda eða þeirra aðila sem fara þar í forustu, verði hrifsað út úr þeim. Ég hvet þingmenn í efnahags- og viðskiptanefnd til að taka það mál upp að eigin frumkvæði enda var um það rætt fyrir réttu ári að málinu væri ekki lokið og að menn mundu gaumgæfa það áfram.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, herra forseti, að ég hef ásamt átta öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar lagt fram frumvarp sem lýtur að þessum atriðum og varðar það að sparisjóðum sé gert að tryggja að öllum viðskiptamönnum sparisjóðs á ákvörðunardegi um stofnfjáraukningu verði gefinn kostur á að koma þar að. Það mundi a.m.k. tryggja að ekki yrðu örfáir einstaklingar handvaldir af forustumönnum sparisjóðanna sem kæmu þar að verki. Ég vek athygli á því að þeir sparisjóðir eru til þar sem stofnfé er eingöngu 0,3% af fleiri milljarða eign viðkomandi sparisjóða.

Svona gengur þetta ekki lengur, herra forseti, og enn á ný lifum við það að viðskiptaráðherra lætur sem ekkert sé. Hún lét sem ekkert væri í fyrra og það var ekki fyrr en þingmenn tóku í taumana sem skikk var komið á málin og mér sýnist allt ætla að fara á sama veg enn þann dag í dag.

[11:02]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Málefni sparisjóðanna eru enn á ný komin til umræðu á hinu háa Alþingi. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að taka þetta mál upp.

Á síðasta þingi var samþykkt frumvarp til laga um breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Þar kvað m.a. á um að eigandi stofnfjár í sparisjóði, hversu stór sem hann er, hefði ekki meira atkvæðavægi en 5%. Þar kemur einnig fram að stofnfé á ekki vera meira virði en sem nemur uppreiknuðu verði þess.

Nú er ljóst að verið er að kaupa stofnfé í sparisjóði á hærra verði og stórir og sterkir aðilar leggja mikið undir til þess að ná í völd í viðkomandi stofnun. Að mínu mati munu þeir á síðari stigum setja pressu á að þeir öðlist meiri réttindi en 5%. Samt sem áður er til önnur leið sem byggir á því að hægt sé að hækka arðgreiðslur meira en eðlilegt er og því getur viðkomandi aðili haft verulegar tekjur af fjárfestingu sinni.

Ég sem mikill sparisjóðamaður, starfsmaður til 16 ára í Sparisjóði Vestmannaeyja og núverandi stofnfjáraðili, hef áhyggjur af þessari þróun. Sameining sparisjóða er hið besta mál ef þeir verða áfram sparisjóðir og starfa sem slíkir, verða ekki yfirteknir af stóru viðskiptabönkunum og verða sjálfstætt afl á bankamarkaðnum við hlið þeirra stóru.

Sparisjóðir á landsbyggðinni hafa oft verið kallaðir hornsteinar heima í héraði og þeir hafa sinnt ákveðinni samfélagsskyldu við eflingu heimabyggðar sinnar og atvinnulífsins. Ef sameiningar og breytingar eru gerðar á forsendum sparisjóðanna er það eingöngu styrkur. Sparisjóðakerfið hrynur ef fleiri en einn af stóru sparisjóðunum fara út úr því en hættan liggur í því að fleiri fylgi í kjölfarið ef einn sparisjóður fer. Þeir hafa haft Sparisjóðabankann sem sinn seðlabanka, ef svo má að orði komast, og þess vegna hafa minni sparisjóðir getað þjónað töluvert betur í sinni heimabyggð með Sparisjóðabankann sem bakland.

Sparisjóðirnir þjóna sennilega best hinum dreifðu byggðum landsins og þjóna þannig að hluta öðrum markaði en aðrar bankastofnanir. Ábyrgð stofnfjáraðila er mikil því að þeir eru ekkert annað en trúnaðarmenn heima í héraði og það er óeðlilegt að þeir hagnist mikið á því að selja stofnfjárhlut sinn á yfirverði sem jafnframt getur orðið til þess að gamla ungmennafélagshugsunin hverfi og geti bitnað á því samfélagi sem sparisjóðurinn tilheyrir.

[11:04]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að spurt sé hvort fjölbreytt flóra fjármálafyrirtækja skipti yfir höfuð einhverju máli. Í mínum huga gerir hún það. Það skiptir verulegu máli að neytendur í þessu landi hafi val hvað varðar fjármálafyrirtæki eins og aðra hluti á markaði. Ef löggjafinn getur staðið vörð um fjölbreytnina á löggjafinn að gera það. Það var almennur vilji þingsins hér í fyrra þegar fjallað var um þessi mál að standa vörð um 5% þakið í atkvæðavægi einstakra aðila og ef farið er að ógna þessari lagaklásúlu er það skylda hæstv. viðskiptaráðherra að standa vörð um hana. Ef það þarf að skerpa á henni á hæstv. viðskiptaráðherra að gera það.

Kjarni málsins frá mínum bæjardyrum er sá að sparisjóðirnir hafa hingað til verið annarrar náttúru en viðskiptabankarnir. Þeir sinna einstaklingum, eru sprottnir upp úr félagslegu umhverfi, hafa borið félagslega ábyrgð og mér finnst skipta verulegu máli að almenningur hafi á þessum tímum, þessum umrótatímum á fjármálamarkaði, tækifæri til að velja fyrirtæki sem vaxið er upp úr þessum jarðvegi, sem er þeirrar náttúru sem sparisjóðirnir eru.

Mér finnst hættumerki í gangi hjá viðskiptabönkunum sem eru í óðaönn að breytast í fjárfestingarbanka. Það hefur verið gagnrýnt á háværan hátt þannig að ég tel að við sem stöndum að lagasetningu í þessu landi þurfum að standa vörð um það að flóran sé sem fjölbreyttust.

Hér mæra hv. þingmenn stjórnarflokkanna það félagslega umhverfi og þessa félagslegu ábyrgð sem sparisjóðirnir eru upphaflega sprottnir upp úr. Mér finnst þá skipta verulegu máli að þessir hv. þm. sinni þeim skyldum sem þeim ber hér í þessum sölum því að sannleikurinn er auðvitað sá að hin félagslega ábyrgð er á undanhaldi. Ógnanirnar sem standa á sparisjóðina koma vegna peningavæðingar samfélagsins. Fyrirtæki, félög og einstaklingar eru að reyna að sölsa undir sig það sem þeim ekki ber. Hlutafélagavæðingin sjálf býður líka heim þeirri hættu að sparisjóðirnir verði gleyptir af stóru fiskunum i sjónum.

[11:06]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Sparisjóðirnir starfa nú í allt öðru umhverfi en þeir gerðu áður fyrr og það er ljóst að þeir höfðu þá ekki eins sterka viðskiptabanka sem keppinauta og verða því að fóta sig í því umhverfi.

Við vitum þó og sáum það er við fjölluðum um málefni sparisjóða síðasta vetur að framtíð þeirra er nokkuð óviss í óbreyttri mynd. Þeir verða auðvitað sjálfir að finna leiðir til að tryggja framtíð sína og vinna úr þeim lögum sem sett voru þeim til hjálpar.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talar um 5% atkvæðahámarkið. Ég tek undir með hæstv. viðskiptaráðherra og tel afar mikilvægt að tryggja að þetta hámark sé virt, einnig til að koma í veg fyrir að hægt sé að mynda gervifélög.

Varðandi Fjármálaeftirlitið er staðreyndin sú að það mun aldrei geta tryggt framtíð sparisjóðanna, og í raun getur háttvirt Alþingi það ekki heldur. Það er ekki hægt að hlaupa til í hvert skipti sem markaðurinn þróast þó að það sé mjög eðlilegt að við séum vel á verði. Við brugðumst við síðasta vetur. Við erum minnug þess að það var afar umdeilt hjá mörgum en ég er sannfærð um að við gerðum rétt.

Fjármálaeftirlitið mun ekki geta tryggt sjálfstæði sparisjóðanna en það mun að sjálfsögðu fylgjast með markaðnum líkt og það hefur gert hingað til og hefur fulla burði til. Við viljum að sjálfsögðu halda öflugu sparisjóðakerfi í landinu en hvort framtíðin verði sú að áfram verði 24 sparisjóðir í landinu veit ég ekki. Sparisjóðirnir verða að líta í eigin barm og verða að halda áfram að berjast enda er það hagur landsmanna að viðhalda starfsemi þeirra. Ég held að það sé alveg ljóst að í þessari keppni bankanna um húsnæðislánin á síðustu mánuðum hafi sparisjóðirnir svo sannarlega sannað tilvist sína, ekki síst landsbyggðinni til bjargar.

[11:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu, hún leiðir enn á ný í ljós mikla samstöðu hér á Alþingi og vilja til að standa vörð um sparisjóðina. Þau skilaboð þurfa að koma héðan og þeir vita sem við eiga að taka og gerðu rétt í því að hafa það í huga. Alþingi hefur áður sýnt vilja sinn í verki til þess að koma í veg fyrir að menn komist fram hjá og á svig við anda og inntak laganna um sparisjóði.

Svör hæstv. ráðherra fundust mér óþarflega daufleg. Varðandi fyrra atriðið sem ég spurði um sérstaklega held ég að taka eigi það til skoðunar, þótt ekki væri nema sem hreint öryggisatriði, að jafnræði væri tryggt með aðilum, þ.e. stofnfjáreigendum annars vegar og öðrum markmiðum sparisjóðanna hins vegar, þegar til arðgreiðslna kæmi. Sú leið væri bara fyrir fram lokuð að stofnfjáreigendurnir gætu náð til sín meiru en þeim ber í gegnum eignarhlut sinn í sparisjóðunum.

Varðandi 5% regluna er það ekki flókið mál, það á ekki að þurfa langa skoðun þó að það sé gott að ráðuneytið sé að skoða hana. Það er ósköp einfalt að banna það að tengdir og skyldir aðilar yfir vissum mörkum fari nokkurn tíma samanlagt með meira en 5%. Víða í lögum eru til skilgreiningar á því hvað teljist skyldir og tengdir aðilar í rekstri eða hvað blóðbönd og fjölskyldutengsl varðar sem einstaklinga. Þetta er til í lögum um fjárfestingar útlendinga í sjávarútvegi, lögum um kvótaþak, víða í fjármálalöggjöfinni þar sem skyldleiki manna er skilgreindur varðandi vanhæfi eða annað því um líkt. Þetta er hægt að gera.

Varðandi áhyggjur manna af afkomu sparisjóðanna deili ég þeim ekki svo lengi sem sparisjóðirnir fá að vera í friði sem sparisjóðir. Það sem menn telja veikleika þeirra í dag gæti reynst styrkleiki þeirra á morgun, það að hafa ekki þanið sig út á ótryggu erlendu lánsfé eins og sumir hafa gert.

[11:11]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með hv. þingmönnum mörgum sem hér hafa talað að það skiptir máli að sparisjóðirnir séu fjórða aflið á markaðnum og þar með eigum við fjölbreyttari flóru en ella. Eins og ég sagði áðan verða þeir sjálfir að móta framtíð sína. Ég endurtek það sem ég sagði, Tryggingarsjóður sparisjóða ákveður hámarkshlutfall arðgreiðslna og þess vegna gengur sú kenning sem sett var fram núna um helgina í einu dagblaðanna ekki upp, nema þá eins og mér fannst hv. málshefjandi ýja hér að að völdin verði tekin af sparisjóðunum en þeir hafa að sjálfsögðu stjórn á Tryggingarsjóði sparisjóða. Ég mun ekki beita mér fyrir því að þar á verði gerð breyting.

Ég vil enn einu sinni hvetja sparisjóðina til að leggja deilur til hliðar og vinna saman að því að efla þetta fjórða afl á fjármálamarkaði. Það skiptir mjög miklu máli því að banka- og fjármálamarkaður er þeim mun sterkari eftir því sem þar ríkir meiri fjölbreytni. Ég tel algjörlega augljóst að sparisjóðirnir verði við þær aðstæður sem núna eru á fjármálamarkaði að hugsa sinn gang og móta stefnu sína með það í huga að þeir geti áfram verið sterkt afl á markaðnum.

Hvorki viðskiptalífinu né fjármálamarkaðnum er stjórnað úr viðskiptaráðuneytinu, ég held að allir geri sér grein fyrir því. Við höfum ekki það hlutverk að segja til um hvað hver gerir innan laga. Þess vegna getur löggjafinn ekki mótað þessa stefnu. Það verða sparisjóðirnir að gera sjálfir og ég treysti þeim fyllilega til þess.

[11:13]

Útbýting:

Fjárlög 2005, 1. mál, frhnál. 1. minni hl. fjárln., þskj. 530; frhnál. 2. minni hl. fjárln., þskj. 531.

Fjárlög 2005, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 474, frhnál. 530 og 531, brtt. 521, 522, 523, 524, 525, 526, 528 og 529.

[11:13]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Nú hefst 3. umr. um fjárlög ársins 2005. Það liggur fyrir að eftir 2. umr. um frumvarpið leggur meiri hluti fjárlaganefndar ekki fram frekari breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið.

Ég vil leggja áherslu á það að störf fjárlaganefndar hafa gengið alveg samkvæmt áætlun og í fullu samræmi við starfsáætlun þingsins. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt um þakkir til allra þeirra sem hafa komið að þessari vinnu fyrir mjög gott samstarf.

Að afgreiddum fjárlögum mun fjárlaganefndin snúa sér að öðrum verkefnum, þar á meðal því að fylgjast með framkvæmd fjárlaga 2005 og veita framkvæmdarvaldinu eðlilegt og nauðsynlegt aðhald í þeim efnum ásamt öðrum verkefnum sem nefndin mun taka sér fyrir hendur.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri en ítreka það að ekki liggja fyrir frekari breytingartillögur frá fjárlaganefnd.

[11:15]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæða til þess að spyrja hv. þm. Magnús Stefánsson, formann fjárlaganefndar, hvort hann hafi ekki af því áhyggjur að í gær lagði Seðlabankinn fram endurskoðaða þjóðhagsáætlun. Þar kemur í ljós að nær allar meginforsendur fjárlagafrumvarpsins, og þar með væntanlegra fjárlaga, eru gjörbreyttar. Dæmi um það er að gert er ráð fyrir að samneyslan aukist um 50% meira en í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Það er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist einnig um nærri 50% og hagvöxtur verði töluvert meiri. Það er augljóst að þetta mun hafa veruleg áhrif á bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs. Þess vegna er eðlilegt að spyrja hv. þingmann að því hvort hann telji ekki að það hafi verið vanhugsað af fjármálaráðuneytinu að endurskoða ekki þjóðhagsáætlun.

Í fjárlaganefnd kom fram hjá fulltrúum fjármálaráðuneytisins að þeir teldu ekki ástæðu til að endurskoða þessa áætlun fyrr en í byrjun næsta árs sem mundi þar af leiðandi ekki hafa nein áhrif á fjárlagaferlið í þinginu.

Nú hefur Seðlabankinn komist að því að flestar forsend-

ur frumvarpsins séu gerbreyttar. Það er vandséð að frumvarpið sé í takt við raunveruleikann. Það bætist þá ofan á það sem við höfum bent á í umræðum varðandi hve fjarri það er raunveruleikanum miðað við stöðu stofnana og það hvernig mál hafa yfirleitt þróast. Hér er komið plagg sem enn frekar styður þá skoðun okkar að því miður sé hér til umræðu frumvarp sem sýnir meira sýndarveruleika en raunveruleikann sjálfan.

[11:17]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ábending hv. þingmanns út af fyrir sig eðlileg en hins vegar hefur legið fyrir allan tímann, við vinnslu frumvarpsins í fjárlaganefnd, að farið verði í endurskoðun á forsendum í byrjun ársins. Það lá fyrir að fjármálaráðuneytið mun gera það í byrjun næsta árs. Ég tel líklegt að þar komi fram frekari áhrif á tekjuhlutann en gjaldahlutann. En við munum að sjálfsögðu fara yfir endurskoðaða áætlun fjármálaráðuneytisins þegar hún liggur fyrir, væntanlega í janúar eða febrúar.

[11:18]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst að ferlið sem slíkt eins og það hefur snúið að fjárlaganefndinni hefur allt gengið eftir áætlun. Hins vega hefur verið bent á að eðlilegt væri að endurskoða þjóðhagsspána sérstaklega á þeim tímum sem við lifum, þar sem mjög margir óvissuþættir geta augljóslega haft gífurleg áhrif.

Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þingmanni að vissulega bendir þjóðhagsspá Seðlabankans til að mikil áhrif komi fram á tekjuhlið frumvarpsins. En reynslan segir okkur, raunar er bent á það af hálfu Seðlabankans, að í sögulegu samhengi megi gera ráð fyrir því að aðhald fjárlaganna haldist ekki við slíkar aðstæður. Það er auðvitað mikið áhyggjuefni.

Það er greinilega ekki vilji meiri hlutans, miðað við svör hv. þingmanns, að gefa sér tíma til að endurskoða þetta. Því er eðlilegt að spyrja hv. þingmann hvort við megum búast við því, þegar fyrir liggur endurskoðuð þjóðhagsáætlun af hálfu fjármálaráðuneytisins, að fjáraukalagafrumvarp sjái dagsins ljós mjög snemma á næsta ári.

[11:19]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi það hvort frumvarp til fjáraukalaga muni koma fram fyrr, þ.e. á næsta vorþingi, þá get ég auðvitað ekki svarað til um það á þessari stundu. Ég tel að það verði metið eftir aðstæðum á fyrri hluta næsta árs. Við verðum bara að sjá til hvernig þeim málum verður háttað.

[11:19]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Magnús Stefánsson, formaður fjárlaganefndar, hefur mælt fyrir nefndaráliti meiri hlutans um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins við 3. umr.

Eitt aðalatriðið í frumvarpinu er niðurskurður til að mæta skattalækkunum ríkisstjórnarinnar, sem hafa forgang þó að efnahagssérfræðingar hafi talið þær hið mesta glapræði miðað við þær aðstæður sem nú eru.

Það er niðurskurður í samgöngumálum. Það á að skera niður samgönguáætlun um tæpa 2 milljarða kr. á næsta ári til að mæta skattalækkunaráformum ríkisstjórnarinnar. Það er ótækt að afgreiða fjárlög án þess að ljóst sé hvar menn hyggjast skera niður í vegaframkvæmdum á landinu. Mér finnst að Alþingi geti ekki afgreitt fjárlögin öðruvísi en að taka jafnframt afstöðu til niðurskurðarins í samgöngumálum. Alþingi ætlar að afgreiða málið með 2 milljarða kr. niðurskurði á samgönguáætlun, gildandi samgönguáætlun sem þingið hefur samþykkt.

Ég spyr formann fjárlaganefndar: Liggja ekki fyrir á borðinu tillögur meiri hlutans um niðurskurð til samgöngumála? Mér finnst að þær eigi að liggja fyrir áður en við afgreiðum fjárlög.

[11:21]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að leiðrétta hv. þingmann. Ég mælti ekki fyrir nefndaráliti. Það hefur ekki verið borið fram.

Varðandi það sem hann kallar niðurskurð í samgöngumálum þá er þar um að ræða frestun framkvæmda eins og málið hefur verið lagt upp. Það er ekki til að mæta skattalækkunum heldur til að mæta þensluáhrifum í efnahagslífinu eins og við vitum og höfum fjallað um. Ég veit ekki betur en að vegáætlun sé í vinnslu. Það er ekki eitt af verkefnum fjárlaganefndar að vinna að vegáætlun. Það mál er í höndum samgönguráðherra eins og hv. þingmaður veit og ég get því miður ekki svarað fyrir hans hönd við þessa umræðu.

[11:22]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að á þessu ári er frestað framkvæmdum frá gildandi samgönguáætlun og gildandi vegáætlun um nærri 1.700 millj. kr. Á næsta ári á að skera niður framkvæmdir um tæpa 2 milljarða kr. Annað eins á að skera niður samkvæmt tillögu varðandi samgönguáætlun árið 2006. Þá á að skera niður um aðra 2 milljarða kr. Við erum að tala um nærri 6 milljarða kr. niðurskurð.

Seinkun á framkvæmdum segir hv. þingmaður um niðurskurð frá gildandi samgönguáætlun sem Alþingi hefur samþykkt og ætti í raun að vera fylgiskjal með fjárlagafrumvarpinu.

Mér finnst það rýrt svar og léleg ábyrgð meiri hlutans ef ekki liggja samtímis fyrir tillögur um hvar niðurskurðurinn á að koma niður. Það hafa verið miklar væntingar um samgöngumannvirki, átak í samgöngumálum vítt og breitt um landið, m.a. á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Þetta var eitt af kosningamálum fyrir síðustu alþingiskosningar, sér-

stakt fjármagn, átak til vegamála. Það átak er löngu gufað burt, fjármagnið fer ekki til þess. Það er búið að skera það niður.

Ég krefst þess að umræðu um fjárlög ljúki ekki fyrr en fyrir liggja tillögur um hvar niðurskurður í samgöngumálum á að koma niður. Ég tel það ótækt gagnvart Alþingi ef fjárlagafrumvarpið er afgreitt án þess að þær tillögur séu gerðar ljósar. Þetta er niðurskurður upp á um 2 milljarða kr. og fráleitt ef Alþingi ætlar ekki að láta til sín taka og segja til um hvar hann skuli koma niður. Þetta snertir landsmenn sem vænst hafa að ráðist skuli í samgöngumannvirki að nú skuli fjárveitingar skornar niður.

[11:24]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Framsöguræða hv. formanns fjárlaganefndar olli mér talsverðum vonbrigðum. Ég átti von á því, eftir fréttir gærdagsins þar sem Seðlabankinn birti þjóðhagsspá sína, að hv. formaður fjárlaganefndar mundi fara yfir það hvernig fjárlaganefnd yrði að taka á breyttri stöðu mála varðandi ýmsar þjóðhagsstærðir.

Ein af forsendunum í fjárlagafrumvarpinu er að gert er ráð fyrir því að Seðlabankinn hækki stýrivexti upp í 7,5% á árinu 2006, að þá muni stýrivextirnir ná hámarki sínu og hámarkið verði 7,5%. Í gær tilkynnti Seðlabankinn um hækkun á stýrivöxtum úr 7,25% í 8,25% eða um 100 punkta á einu bretti. Ég tel fulla ástæðu til að spyrja hv. formann fjárlaganefndar hvort þetta, jafnvel eitt og sér, væri ekki næg ástæða til að við veltum fyrir okkur hvort ekki þyrfti, miðað við þá miklu þenslu sem fram undan er, að skoða helstu forsendur fjárlagafrumvarpsins meðan tími gefst til þannig að hið háa Alþingi afgreiði frá sér fjárlagafrumvarp í einhverjum takti við þann raunveruleika sem nú blasir við.

Seðlabankinn hefur engin ráð í núverandi ástandi nema þau að hækka stýrivexti og mun gera það. Það kom fram í Peningamálum Seðlabankans í gær að þeir mundu gera það áfram fram í rauðan dauðann. Þeir ætli sér að halda í verðbólgumarkmið eða reyna það eins og hægt er, upp á 2,5%. Það vekur reyndar athygli og ákveðnar áhyggjur að ef við skoðum forsendur fjárlagafrumvarpsins, þar sem ráðuneytið gerir ráð fyrir 7,5% stýrivöxtum, þá dugar það ekki einu sinni til að ná verðbólgumarkmiðum Seðlabankans. Hefur hv. formaður fjárlaganefndar ekki neinar hugmyndir um hvernig við þyrftum að skoða þessa nýju stöðu?

Ég sé, hæstv. forseti, að það er eitthvert rugl á tímanum, eins og hann er hér. Ég er kominn talsvert fram yfir tíma minn í andsvari. Ég gæti svo sem haldið áfram en ég á inni annað andsvar þannig að ég hinkra eftir svari hv. formanns.

(**Forseti** (GÁS): Þetta var býsna langt andsvar.)

[11:27]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi þessar vangaveltur hv. þingmanns, sem eru eðlilegar, vil ég bara endurtaka það sem ég sagði áðan. Við höfum gert ráð fyrir því að fá nýja þjóðhagsspá frá fjármálaráðuneytinu í janúarmánuði, eins og fram hefur komið. Ég svara því sem fyrr, að við munum að sjálfsögðu fara yfir þá spá þegar hún kemur fram. Við fjöllum um hana á þeim tíma en menn hljóta að fara yfir þessa nýju spá Seðlabankans í því samhengi og fara yfir málin síðar.

Það má alltaf velta því fyrir sér hvort ekki væri rétt að gera það á þessum tíma. Við erum hins vegar komin að lokum afgreiðslu fjárlaga, eins og gert er ráð fyrir í starfsáætlun þingsins. Sú er staðan en við munum að sjálfsögðu fara yfir málið í byrjun næsta árs þegar ný spá liggur fyrir frá fjármálaráðuneytinu.

[11:28]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að Seðlabankinn reynir af veikum mætti að beita þeim stýritækjum sem hann hefur til að hafa áhrif á ástandið sem nú er. Það er jafnframt ljóst að hækkun stýrivaxta mun ekki hafa mikil áhrif á árinu 2005. Yfirleitt byrjar sú aðgerð ekki að virka fyrr en talsvert löngu síðar og jafnvel ekki fyrr en tveimur árum eftir að gripið hefur verið til hennar.

Ef maður veltir fyrir sér forsendum fjárlaga árið 2004 og fjáraukalögunum í framhaldi af þeim sést að nánast allar þjóðhagsstærðir, eins og fjármálaráðuneytið spáði þeim, voru rangar. Vöxtur þjóðhagsstærða var yfirleitt um það bil helmingi meiri í flestum þáttum en fjármálaráðuneytið hafði spáð. Við sjáum kannski fram á hið sama nú með spá Seðlabankans fyrir næsta ár. Það munar, t.d. í einkaneyslunni, um það bil helmingi á þeim vexti sem Seðlabankinn spáir og þeim vexti sem fjármálaráðuneytið gengur út frá í fjárlögum sínum, sem er kunnugleg tala að mörgu leyti frá árinu 2004.

Maður veltir því fyrir sér, gott væri að fá svar við því hjá hv. formanni fjárlaganefndar, hvort þetta sé meðvitað af hálfu þeirra sem fjárlagafrumvarpið setja fram, að gera það með þeim hætti. Ef svo er er í raun áætlað að tekjur verði minni en raunin verður. Ef við horfum á að einkaneyslan jókst 2% umfram það sem fjármálaráðuneytið hafði spáð á þessu ári og ef hún eykst um 4%, eins og Seðlabankinn er að spá, umfram það sem fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir þá gætum við vænst aukinna tekna í ríkissjóð upp á 20 milljarða kr. á næsta ári frá því sem fjárlög gera ráð fyrir. Það er talsvert mikil skekkja og ég endurtek spurningu mína til hv. formanns fjárlaganefndar: Hefur hann engar áhyggjur af slíkri áætlunargerð?

[11:30]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi það hvort frumvarpið sé sett fram meðvitað með þeim forsendum sem þar eru. Eins og hv. þm. fór yfir tel ég að svo sé ekki. Forsendurnar byggja auðvitað á spá sem unnin er miðað við þær forsendur sem liggja fyrir. Síðan gerist það að nýjar spár koma fram og byggja á öðrum forsendum o.s.frv. en ég hygg að menn reyni að vinna þessa vinnu eftir bestu getu miðað við þann grundvöll sem menn hafa á hverjum tíma.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna en ég legg áherslu á að við munum að sjálfsögðu fara yfir þessi mál frekar þegar þar að kemur á næsta ári og ég hlakka til að fjalla um þau mál með hv. þm.

[11:31]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir áliti 1. minni hluta fjárlaganefndar, þ.e. fulltrúa Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd, en auk þess er áheyrnarfulltrúi Frjálslynda flokksins, Guðjón A. Kristjánsson, samþykkur álitinu.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 kemur nú til 3. umr. Eins og á síðasta ári eru ekki við 3. umr. lagðar til neinar breytingar á frumvarpinu af hálfu meiri hlutans. Því miður er ekki hægt að túlka þetta á þann hátt að rekstrargrundvöllur allra stofnana ríkisins sé tryggður, að menntakerfið, félagsmálakerfið og heilbrigðiskerfið starfi með eðlilegum hætti á næsta ári eða að kjarasamningar á næsta ári verði í samræmi við forsendur fjárlaga. Þessir liðir eru allir meira og minna í uppnámi. Eins og fram kom hjá þingmönnum Samfylkingarinnar við 3. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2004 er ekki rekstrargrundvöllur hjá fjölmörgum A-hluta stofnunum vegna uppsafnaðs halla. Í félagslega kerfinu bera öryrkjar og aldraðir enn skarðan hlut frá borði, hallann í heilbrigðiskerfinu á m.a. að bæta með hækkuðum þjónustugjöldum. Rekstur Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri er í skilinn eftir í óvissu, þrátt fyrir hækkun skólagjalda. Framhaldsskólar búa áfram við árlegan fjárhagsvanda. Ekki er áætlað fyrir fyrirséðri aukningu lífeyrisskuldbindinga, m.a. vegna kjarasamnings grunnskólakennara. Þannig mætti áfram telja.

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur undanfarnar vikur haldið mjög á lofti boðuðum skattalækkunum sem eiga að nema 4 milljörðum kr. á næsta ári. Hefur hæstv. fjármálaráðherra talið að nú væri verið að skila aftur þeim efnahagsbata sem ríkissjóður hefur notið á undanförnum árum. Ef horft er til þeirra skatta- og gjaldahækkana sem dunið hafa yfir á þessu ári og boðaðar eru á því næsta kemur í ljós að þessar skattalækkanir duga ekki til að mæta þeim hækkunum. Í þessu sambandi má benda á eftirfarandi:

Á þessu ári hækkaði þungaskattur og vörugjald af bensíni um 1.200 millj. kr. Vaxtabætur voru skertar um 600 millj. kr. Afnám frádráttar tryggingagjalds vegna viðbótarlífeyrissparnaðar skilaði ríkissjóði um 600 millj. kr. Framlag ríkissjóðs vegna sjúkratrygginga lækkaði um 750 millj. kr. Barnabætur voru skertar um 150 millj. kr. og komugjöld á heilbrigðisstofnanir hækkuðu um 50 millj. kr. Þá var nefskattur í Framkvæmdasjóð aldraðra hækkaður um 23 millj. kr. Þá er ótalið að persónuafsláttur fylgdi ekki launaþróun; þrátt fyrir það er upphæðin á yfirstandandi ári komin yfir 3 milljarða kr.

Herra forseti. Allar þessar auknu álögur halda áfram á næsta ári og til viðbótar hefur ríkisstjórnin ákveðið að hækka áfengisgjald um 340 millj. kr., hækka aukatekjur ríkissjóðs um 200 millj. kr., hækka bifreiðagjald um 120 millj. kr., hækka skólagjöld í háskólum um 140 millj. kr. og hækka komugjöld á heilbrigðisstofnanir um 50 millj. kr. Vaxtabætur verða skertar til viðbótar skerðingunni í ár um 300 millj. kr. Breytingar á þungaskatti skila aukalega 350 millj. kr. Þá mun viðbótarhækkun í Framkvæmdasjóð aldraðra verða um 24 millj. kr. Samtals er þetta komið í tæpa 5 milljarða kr. á næsta ári. Ef hins vegar bæði árin eru lögð saman er hér um að ræða rúma 8 milljarða kr. á móti boðaðri skattalækkun upp á 4 milljarða kr. Það er von að spurt sé: Er um að ræða skattahækkun eða skattalækkun? Allt þetta sjónarspil minnir á fyrri vinnubrögð ríkisstjórnarinnar, fyrst er af fólkinu tekið og síðan er hluta fengsins skilað með mikilli skrautsýningu. Það er eðlilegt að fjármálaráðherra kvarti á hátíðarfundi hjá Sjálfstæðisflokknum um að skattaveisla hans hafi verið misskilin. Allt tal fjármálaráðherra um að verið sé að skila efnahagsbatanum til baka er blekking. Í árslok 2005 er ljóst að ríkissjóður hefur „hagnast" um einhverja milljarða króna á öllum þessum breytingum.

Herra forseti. Síðan má auðvitað velta því fyrir sér hvert þessir peningar hafa verið sóttir, hverjir hafa þurft að borga þá peninga og hverjum er síðan skilað. Hræddur er ég um, ef það yrði rannsakað náið, að enn sé verið að fara hina sömu leið að auka hlut þeirra sem meira hafa fyrir en minnka hlut þeirra sem minna hafa.

Herra forseti. Í þjóðhagsáætlun forsætisráðuneytisins frá því í haust er fjallað um helstu atriði í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og er lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

Að tryggja jafnvægi og stöðugleika í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Að viðhalda jafnvægi í fjármálum ríkisins og halda áfram umbótum í ríkisrekstri.

Að nýta aukið svigrúm ríkissjóðs til að tryggja aukinn kaupmátt þjóðarinnar með markvissum aðgerðum í skattamálum.

Að tryggja undirstöður byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu, menntunar og menningar.

Enn fremur kemur fram að stefnt er að því að auka enn útgjöld til heilbrigðismála, fræðslumála, almannatrygginga og velferðarmála. Þá er það ætlun ríkisstjórnarinnar að tryggja að nauðsynlegar aðhaldsaðgerðir bitni ekki á heilbrigðiskerfinu, menntakerfinu eða almannatryggingakerfinu. Einnig er það ætlun ríkisstjórnarinnar að fresta framkvæmdum og beita öðrum aðhaldsaðgerðum til að létta undir með peningastefnu Seðlabankans á næstu missirum og árum. Fögur markmið og háleit. En hvernig er raunveruleikinn, herra forseti?

Ljóst er að hæstv. fjármálaráðherra hefur með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005 boðað allt aðra efnahagsstefnu en hæstv. forsætisráðherra hafði í huga þegar hann samdi þjóðhagsáætlunina. Vissulega eru boðaðar aðhaldsaðgerðir. 1% hagræðingarkrafa sem metin er á 800 millj. kr. er strax tekin til baka með nýjum útgjaldaliðum sem eru margfalt hærri. Frestun á framkvæmdum upp á 1,9 milljarða kr. er aðeins lítið brot af þeim fjárfestingum sem áætlaðar eru á næsta ári. Hins vegar virðist alltaf vera nóg til af fjármunum í ýmis gæluverkefni eins og sérsveitir hæstv. dómsmálaráðherra, sendiherrabústaði og hernaðarstefnu hæstv. utanríkisráðherra. Á sama tíma er þrengt að starfsemi frjálsra félagasamtaka á sviði mannréttindamála.

Eins og fyrri ár er ríkisstjórnin aðeins farþegi í efnahagshraðlestinni sem nú brunar nær stjórnlaust um þjóðfé-

lagið. Seðlabankinn hefur af veikum mætti reynt að draga úr ferðinni en mátt sín lítils einn og sér. Fjármálamarkaðurinn lítur ekki lengur á fjárlög og framkvæmd þeirra sem hluta af efnahagsstjórninni og reiknar ekki lengur með þeim í sínum ákvörðunum. Fram undan eru kjarasamningar við opinbera starfsmenn og er gríðarlega mikilvægt að þar takist vel til.

Herra forseti. Í þessu samhengi er rétt að minna á að í ályktun miðstjórnar ASÍ frá 24. nóvember sl. er varað við því að verðbólga er langt umfram forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og að þær umfangsmiklu skattalækkanir sem nú eru boðaðar auki enn á hagstjórnarvandann og geta leitt til vaxandi verðbólgu á næstu missirum. Þá bendir ASÍ á að samtökin hafi ítrekað kallað eftir samstarfi við stjórnvöld um mótun samþættrar stefnu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum en stjórnvöld hafa ekki sýnt vilja til slíks samráðs. ASÍ mun því þurfa, í samráði við aðildarfélög sín, að endurskoða samskiptin. Þessi niðurstaða ASÍ er mikið áhyggjuefni því síðast þegar ríkisstjórnin missti tökin á verðbólgunni lék ASÍ mikilvægt hlutverk við að ná aftur tökum á efnahagslífinu og tryggja stöðugleika á ný. Í þessu ljósi ber að taka aðvaranir ASÍ mjög alvarlega.

Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram gaf Seðlabanki Íslands út í gær endurskoðaða þjóðhagsspá fyrir næsta ár. Samkvæmt henni eru flestar efnahagsforsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2005 brostnar. Í áliti 1. minni hluta fjárlaganefndar er birt tafla sem sýnir það svart á hvítu hverju þarna skeikar og mun ég fara yfir þá þætti. Fyrst er tilnefnd einkaneysla. Í forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir að hún muni aukast um 5%. Seðlabankinn spáir að hún muni aukast um 9,5% eða 4,5% fram yfir forsendur fjárlaga, þ.e. nær 50% meira en gert er ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að samneyslan aukist um 2% í forsendum fjárlaga og hér í umræðunni hefur það komið mjög skýrt fram að það sé alger nauðsyn að samneyslunni sé haldið innan þeirra marka. Nú spáir Seðlabankinn því að samneyslan verði 3,10%, þ.e. 1,10% meira en gert er ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Þetta ætti að vera aðvörunarmerki, a.m.k. einhverjum.

Í forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir að fjárfesting aukist um 18% en Seðlabankinn gerir ráð fyrir að hún muni aukast um 20,6%, þ.e. 2,6% meira. Gert er ráð fyrir að þjóðarútgjöldin alls muni aukast um 7,5% en Seðlabankinn gerir ráð fyrir 10,9% eða 3,4% meira. Gert var ráð fyrir að útflutningur vöru og þjónustu mundi aukast um 4% en í spá Seðlabankans er gert ráð fyrir að hann muni aukast um 5,7%, þ.e. mismunur upp á 1,7%. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að innflutningur vöru og þjónustu mundi aukast um 10,5% en Seðlabankinn gerir ráð fyrir að hann muni aukast miklum mun meira eða um 17,2%, þ.e. 6,7% meira en forsendur fjárlaga gera ráð fyrir. Í forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir að verg landsframleiðsla aukist um 5%, Seðlabankinn gerir ráð fyrir að hún muni aukast um 6,1% eða 1,10% meira. Gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga að hallinn á viðskiptajöfnuði mundi verða um 11% af landsframleiðslu, en gert er ráð fyrir að hann verði örlítið minni í spá Seðlabankans eða -10,4% eða bæting um 0,6%.

Herra forseti. Seðlabankinn vekur athygli á í endurskoðaðri þjóðhagsspá að frá því í september hafi orðið töluverðar breytingar á verðbólguhorfum, en það er rétt að minna á að forsendur fjárlaga byggjast einmitt á því hvernig menn töldu þær vera í septembermánuði. Flest bendi nú til þess, að mati Seðlabankans, að innlend eftirspurn muni aukast hraðar en þá var talið líklegt. Þá bendir hann á að loks hafi áform um lækkun skatta verið staðfest, án þess að nákvæmlega hafi verið skilgreint hvar skuli skera niður útgjöld. Því telur Seðlabankinn að verulegar líkur séu á því að aðhald í opinberum fjármálum verði ófullnægjandi. Allt þetta ýtir undir meiri þenslu.

Lækkun skatta mun auka enn ráðstöfunartekjur almennings og hvetja til aukinnar einkaneyslu. Því telur Seðlabankinn aðhald í útgjöldum hins opinbera brýnt og telur að áform þar um í fjárlögum séu nokkuð metnaðarfull. Hins vegar bendir bankinn á að í ljósi þeirra umsvifa sem fram undan eru verður aðhaldið þó ekki fullnægjandi, jafnvel þótt áformin næðu fram að ganga. Boðað aðhald er að auki almennt orðað, segir Seðlabankinn, og því hætta á framúrkeyrslu í ljósi sögulegrar reynslu.

Þessi vísan Seðlabankans í sögulega reynslu er í raun það sama og þingmenn Samfylkingarinnar hafa verið að benda á í umræðum um efnahagsmál síðustu mánuði. Agaleysið í ríkisfjármálum er ein helsta hættan varðandi verðbólguhorfur og stöðugleikann.

Herra forseti. Það hafa auðvitað borist viðbrögð við þessari skýrslu og ákvörðun Seðlabankans um að hækka stýrivexti sem aldrei fyrr. Hæstv. fjármálaráðherra tekur ekki mikið af þessu til sín og reynir að gera sem allra minnst úr þeim aðvörunarorðum sem fram koma hjá Seðlabankanum og í Morgunblaðinu í dag er haft eftir hæstv. ráðherra:

„Tekur hann fram að athugasemdir Seðlabankans í nýjustu útgáfu Peningamála um aðhald í ríkisfjármálum feli ekki í sér gagnrýni á stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi skattalækkanir."

Herra forseti. Í öðru blaði í dag liggur mér við að segja að Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri svari því að í blaðinu er haft eftir seðlabankastjóra og í fréttinni segir, með leyfi forseta:

„Birgir Ísleifur sagði einnig að skattalækkanir ríkisstjórnarinnar hefðu áhrif."

Síðan er vitnað orðrétt í Birgi Ísleif Gunnarsson, bankastjóra Seðlabankans, með leyfi forseta:

„Það verður að telja verulegar líkur á því að aðhald í opinberum fjármálum verði ófullnægjandi," segir hann.

Þarna er þetta tengt beint saman við það að ríkisstjórnin haldi ekki rétt á málum og það er sérkennilegt að hæstv. fjármálaráðherra skuli ekki taka hið minnsta mark á þessum aðvörunum. Það kemur okkur að sjálfsögðu ekki á óvart í þessum þingsal því að það er búið nú um nokkurra mánaða skeið að reyna að benda hæstv. ráðherra á þessa sömu hluti. En viðbrögðin hafa ætíð verið þau sömu.

Síðan held ég áfram með frétt Morgunblaðsins. Þar gengur hæstv. ráðherra enn sömu leið því þar er vitnað til þess að í riti Seðlabankans segi að aðhald í opinberum fjármálum verði ófullnægjandi eins og bankastjórinn segir í öðru dagblaði í dag. Um þetta segir hæstv. fjármálaráðherra og blaðið hefur það eftir í fréttinni, með leyfi forseta:

„Um þetta segir Geir að ekki sé víst að Seðlabankinn og

ríkisstjórnin séu sammála um túlkun á hugtakinu „ófullnægjandi“.“

Það er nefnilega það. Það er líklega meginskýringin. Auðvitað er hægt að skýra hugtakið ófullnægjandi á marga vegu. En ég hugsa að hæstv. fjármálaráðherra hafi kannski hitt naglann á höfuðið. Það sem Seðlabankinn og nær allir aðrir segja að sé ófullnægjandi telur ríkisstjórnin nefnilega fullnægjandi. Þetta er vandamálið í hnotskurn, að ríkisstjórnin virðist áfram ætla að ganga hinn sama veg í sjálfsánægjunni um að allt sé best hjá sér og ekkert megi betur gera.

Síðan kemur afar sérkennilegt orðalag hjá hæstv. ráðherra í þessari sömu frétt og virðist þar vera gefið í skyn hver sé helsti vandinn í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þar er vitnað orðrétt í hæstv. ráðherra. Þar segir hæstv. ráðherra meðal annars, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir miklar kröfur um útgjöld af hálfu stjórnarandstöðunnar og fleiri held ég að það aðhald sem við erum að reyna að ná fram sé fullnægjandi.“

Þarna er vandinn stóri. Við höfum orðið vör við það á undanförnum árum að gífurlega mikið mark hefur verið tekið á tillögum stjórnarandstöðunnar. Er nú líklegt að allt í einu verði samþykktar sérstakar útgjaldatillögur frá stjórnarandstöðunni?

Það er hins vegar rétt að vekja athygli á því að undanfarin ár hafa tillögur Samfylkingar við fjárlagaafgreiðslu verið með þeim hætti að ætíð hefur verið gert ráð fyrir því að afgangur af ríkissjóði væri meiri en í tillögum meiri hlutans. Þrátt fyrir að útgjaldatillögur hafi verið líka þá hefur þeim verið mætt. Því er ekki hægt að hafa hugtakið stjórnarandstaða hér um Samfylkinguna a.m.k. Þess vegna verður að biðja hæstv. fjármálaráðherra að vanda orðalag sitt betur næst þegar hann fer í blaðaviðtöl.

Seðlabankinn kemur víða við og hægt væri að taka nokkrar tilvitnanir í viðbót til að sýna fram á aðvörunarorð bankans. Í því samhengi ætla ég samt sem áður að láta duga að líta aðeins á töflu eina sem birt er á blaðsíðu 37 í riti Seðlabankans. Það er tafla 6 sem heitir Helstu ósamhverfir óvissuþættir verðbólguspár. Þar er m.a. fjallað um hvað séu miklir óvissuþættir sem gætu því er verr og miður leitt hugsanlega til hærri verðbólgu. Ég held að nauðsynlegt sé, herra forseti, að fara yfir hluta þessarar töflu.

Óvissuþættirnir eru hér nefndir fimm og aðeins einn þeirra getur hugsanlega verið vanmetinn í þá átt að verðbólga gæti lækkað.

Fyrsti þátturinn sem nefndur er er einkaneyslan og skýringin sem gefin er á þeim þætti er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Áhrif breytinga á lánamarkaði í formi lægri langtímavaxta og aukins aðgengis að lánsfé og möguleg auðsáhrif á einkaneyslu geta verið vanmetin“.

Hvaða áhrif hefði það á verðbólgu? Í töflunni segir, með leyfi forseta:

„Hætta á að eftirspurnarþrýstingur sé vanmetinn og verðbólgu því vanspáð“.

Næsti liður er gengisþróun. Þar segir í skýringu, með leyfi forseta:

„Mikill viðskiptahalli og væntingar um aukna verðbólgu næstu árin geta þrýst niður gengi krónunnar“.

Og áhrif á verðbólgu samkvæmt Seðlabankanum, með leyfi forseta:

„Hætta á að gengi krónunnar lækki og verðbólgu því vanspáð“.

Þriðji liður, launaþróun. Þar segir í skýringu, með leyfi forseta:

„Möguleiki á að slæmar verðbólguhorfur og útkoma annarra kjarasamninga setji launalið almennra kjarasamninga í uppnám“.

Hvaða afleiðingar gæti það haft á verðbólgu? Þar segir, með leyfi forseta:

„Hætta á að launahækkanir verði meiri en spáð er og verðbólgu því vanspáð“.

Fjórði liðurinn, ríkisfjármál. Hann ætti a.m.k. að koma hæstv. fjármálaráðherra við. Þar segir í skýringu, með leyfi forseta:

„Möguleiki á að aðhald í ríkisfjármálum verði minna en gert er ráð fyrir í áætlunum.

Möguleiki á að áhrif skattalækkunaráætlana á væntingar um framtíðartekjur séu vanmetnar og að eftirspurnaráhrif áforma verði því meiri“.

Og áhrif á verðbólgu samkvæmt Seðlabanka, með leyfi forseta:

„Hætta á að eftirspurnarþensla verði meiri í hagkerfinu en spáð er og verðbólgu því vanspáð“.

Herra forseti. Ég vil að sjálfsögðu gæta jafnræðis þegar ég vitna í gögn Seðlabankans. Eins og ég sagði áðan getur einn liður af þessum fimm sem Seðlabankinn telur að hugsanlega geti haft áhrif ef vanáætlunin er til staðar, lækkað verðbólgu. Það er eignarverð og þar segir í skýringu, með leyfi forseta:

„Möguleiki á lækkun eignaverðs sem dragi úr einkaneyslu þegar líða tekur á spátímabilið“.

Þeir telja hugsanlegt að fasteignaverð — það sé fyrst og fremst verið að tala um það — sé orðið of hátt og geti hugsanlega lækkað þegar líður á tímabilið. Og hvaða áhrif gæti það haft á verðbólgu? Þar segir, með leyfi forseta:

„Hætta á að eftirspurnarþensla verði minni í hagkerfinu en spáð er og verðbólgu því ofspáð“.

Þarna er því staðan 4:1. Ég hefði nú talið eðlilegt að hæstv. fjármálaráðherra hefði í viðbrögðum sínum í dagblöðum dagsins sýnt að ýmislegt væri að varast og að hugsanlega mætti eitthvað bæta. En það varð ekki af þeirri einföldu ástæðu að áfram skal haldið í þeirri trú að hjá oss sé allt best og ekkert megi betur fara.

Herra forseti. Það er líklega að bera í bakkafullan lækinn að fara enn einu sinni að minnast á fjárhagsstöðu tiltekinna A-hluta stofnana en hjá því verður ekki komist. Listinn sem fjármálaráðuneytið lagði fram fyrir 3. umr. um fjáraukalög fyrir árið 2004 sýnir svo ekki verður um villst að fjármálastjórn hins opinbera er afar slök. Hjá stærstu ráðuneytum, og þeim mikilvægustu í fjárhagslegu tilliti, virðist fjármálastjórnin ekki standast þær kröfur sem gera verður. Það er skýlaust brot á fjárreiðulögunum að taka ekki á vanda stofnana í fjárlögum næsta árs.

Hæstv. fjármálaráðherra verður að gera sér grein fyrir því að þessi vandi hverfur ekki með því að tala ekki um hann og láta sem hann sé ekki til. Vandinn heldur aðeins áfram að stækka og verða erfiðari viðfangs. Benda má á að

ekki var tekið á vanda framhaldsskólanna svo árum skipti og þegar loks var gerð tilraun til lausnar kostaði það 1 milljarð kr. en þó án þess að vandinn væri að fullu leystur.

Herra forseti. Þrátt fyrir fréttir af undirritun menntamálaráðherra á samningi um sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík hefur ekkert verið minnst á þessa sameiningu í fjárlagaferlinu. Samkvæmt fréttum er þó gert ráð fyrir að sameinaður skóli eigi að hefja störf næsta haust. Hvernig hægt er að komast hjá því að slík sameining komi við sögu í fjárlögum næsta árs er með miklum ólíkindum. Það er þó í anda vinnubragða ríkisstjórnarinnar því að Alþingi hefur í engu verið gerð grein fyrir hvernig sameiningin eigi að fara fram, þar til loks í gær að lagt var fram frumvarp um málið.

Fréttir herma hins vegar að samningurinn feli m.a. í sér að akademískt frelsi starfsfólks og áhrif þess á stjórnun og stefnumótun sé ekki tryggt. En grundavallaratriði í öllu háskólastarfi er akademískt, stjórnunarlegt og fjárhagslegt frelsi, í þessari röð. Rekstrarfélag hins nýja skóla er í hlutafélagaformi, sem er efnahagslegur félagsskapur, en slík félög eru í eðli sínu fyrirbrigði sem ætlað er að afla eigendum sínum arðs. Í þessu tilfelli mun þó ekki ætlunin að greiða slíkan arð út, a.m.k. ekki fyrst um sinn. Slíkur einkarekstur á háskólum þekkist vart í hinum vestræna heimi utan örfárra dæma vestan hafs. Ef háskólar eru ekki reknir af ríkinu eða opinberum aðilum eru þeir yfirleitt sjálfseignarstofnanir sem ekki eru reknar með hagnaði, samanber t.d. flesta ef ekki alla bestu háskóla Bandaríkjanna.

Til viðbótar bendir margt til þess að ekki sé í raun um að ræða eiginlega sameiningu heldur sé ríkið í raun að gefa rekstraraðilum Háskólans í Reykjavík Tækniháskólann. Eignir Tækniháskóla Íslands og viðskiptavild virðast í engu metnar inn í hið nýja hlutafélag og Háskólinn í Reykjavík mun eiga 270 millj. kr. af 300 millj. kr. hlutafé. Afgangur hlutafjárins kemur síðan frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins. Þessi sérkennilega gjörð kallar á þá spurningu hvort búast megi við fleiri slíkum sameiningum. Verður t.d. Viðskiptaháskólanum á Bifröst gefinn Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri? Hver veit hvað þessu ágæta fólki dettur í hug?

Herra forseti. Þá er ósvarað hvernig farið verður með þann rekstrarhalla sem safnast hefur upp hjá Tækniháskólanum. Að vísu sé ég það í frumvarpi sem dreift var í gær að komin er lausn á þeim vanda, þ.e. ríkissjóður virðist ætla að taka þann vanda á sig því að í fylgiskjali með frumvarpinu, sem er mat fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins á kostnaði, er stærsti hluti þess kostnaðar sem áætlaður er talinn vera vegna þess halla sem safnast hefur upp hjá Tækniháskóla Íslands. Það er því líka heimanmundur í sameiningunni svokallaðri. Það er ekki bara að það eigi að gefa hann heldur á líka að borga með honum.

Herra forseti. Þetta mál verður að sjálfsögðu miklu betur rætt þegar frumvarpið um Tækniháskóla Íslands verður til umræðu. En í þessu samhengi er rétt að rifja upp að á fjáraukalögum áranna 2002 og 2003 var gerður upp halli Tækniskóla Íslands, forvera Tækniháskólans. Það voru samtals 235 millj. kr. Enn á ný virðist eiga að mæta þessum vanda en nú á þann hátt að skólinn skal gefinn, settur í rekstrarform sem við þekkjum ekki á háskólastigi og það verður ekki látið duga heldur greitt með króganum þannig að þeir sem við taka verði þá væntanlega nægjanlega ánægðir.

Herra forseti. Við 3. umr. um fjárlög fyrir árið 2005 leggur Samfylkingin fram breytingartillögur við frumvarpið sem miða að því að jafna áhrif skattalækkana þannig að þær nýtist efnaminna fólki betur en gert er ráð fyrir í tillögum ríkisstjórnarinnar. Þessar tillögur eru lagðar fram með ýmsum aðilum úr stjórnarandstöðunni, bæði Frjálslynda flokknum og Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Nánar verður gert grein fyrir því síðar í umræðunni. Auk þess eru lagðar fram tillögur sem miða að sparnaði í ríkisrekstrinum og breyttum áherslum í skiptingu ríkisútgjalda. Gerð er tillaga um að staðið verði við samning við Öryrkjabandalagið og stjórnarliðum þannig enn á ný gefið tækifæri til að standa við loforð sem gefið var fyrir síðustu alþingiskosningar. Þá er gerð tillaga um að halda þeirri skipan sem verið hefur varðandi stöðu Mannréttindaskrifstofu Íslands á fjárlögum. Heildaráhrif tillagnanna bæta stöðu ríkissjóðs. Auk þess er gerð tillaga um að fresta yfirfærslu 5 milljarða kr. af uppsöfnuðum fjárlagaheimildum stofnana sem voru um 16 milljarðar kr. í árslok 2003. Eins og ég sagði áðan verður nánar gerð grein fyrir tillögunum síðar í þessari umræðu.

Herra forseti. Að mati 1. minni hluta þarf fjárlaganefnd m.a. að móta stefnu varðandi þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar við umfjöllun um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga. Auk þessa þarf nefndin að fylgjast betur með framkvæmd fjárlaga innan ársins og krefja bæði viðkomandi fagráðuneyti og aðra eftirlitsaðila skýrslna um framkvæmd fjárlaganna. Þetta er í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga, en samkvæmt 9. gr. reglugerðarinnar ber fjármálaráðuneytinu ársþriðjungslega að taka saman yfirlit um framkvæmd fjárlaga og gera ríkisstjórn og fjárlaganefnd grein fyrir niðurstöðunum. Því miður hefur þessari grein reglugerðarinnar ekki verið fylgt eftir en vonandi skilar sú mikla umræða sem átt hefur sér stað um verklag þeim árangri á næsta ári að yfirlit um framkvæmd fjárlaga berist fjárlaganefnd reglulega.

Herra forseti. Strax við 1. umr. var ljóst að fjárlög fyrir árið 2005 voru andvana fædd. Þess vegna verður þeirra minnst á þann hátt í fjáraukalögum næsta árs og með lokafjárlögum sama árs verða þau endanlega horfin. Það er ábyrgðarhluti af hálfu Alþingis að samþykkja það frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 sem hér er til umræðu. Það felur í sér að ýmsar mikilvægar stofnanir þurfa að skerða verulega þá þjónustu sem Alþingi hefur ákveðið í lögum að landsmenn skuli njóta. Nær þessi skerðing til heilbrigðismála, menntamála og félagsmála eða þeirra málaflokka sem eru mikilvægastir fyrir þá sem minna mega sín í samfélaginu.

Þá hefur Seðlabankinn staðfest að fjárlögin munu ekki duga sem aðhald í efnahagsmálum og jafnvel auka hættu á vaxandi verðbólgu. Það sem fram kom í áliti 1. minni hluta við 2. umr. stendur allt óhaggað þar sem engar breytingar koma nú fram hjá meiri hluta fjárlaganefndar og er vísað til þess álits til viðbótar því sem fram kemur í þessu framhaldsnefndaráliti.

Herra forseti. Guðjón Arnar Kristjánsson, áheyrnarfulltrúi í fjárlaganefnd, er sammála því nefndaráliti sem ég hef nú gert grein fyrir, en undir það rita auk mín hv. þingmenn

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Helgi Hjörvar og Jón Gunnarsson.

[12:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér leikur nokkur forvitni á að vita hvað hv. þingmaður vildi sagt hafa með þessari löngu ræðu. Hann sagði fjárlagafrumvarpið andvana fætt vegna þess að þar kæmi fram að skera þyrfti niður stórlega opinbera þjónustu, félagslega þjónustu og í heilbrigðismálum. Þar er þó aukning um 8%. Jafnframt sagði hann að Seðlabankinn teldi aðhaldsaðgerðir ríkisstjórnarinnar ekki nægar. Átti þá að skera niður meira? Átti það að vera minna eða meira?

Jafnframt gerði hv. þingmaður þau orð að sínum sem seðlabankastjóri sagði í viðtali, að skattalækkanir hefðu áhrif. Hann vitnaði líka í hann og sagði að aðhaldsaðgerðir hins opinbera væru ekki nægjanlegar. Á sama tíma segir hann frá því og eyðir löngu máli í að kannski séu engar skattalækkanir heldur vegi alls konar aðrar hækkanir ríkisins upp á móti því.

Þá er mér spurn, herra forseti: Hvað verður með þensluáhrifin ef ein króna kemur á móti annarri? Er þá verið að þenja út eða draga saman? Eða hvaða stefnu vill hv. þingmaður taka í ríkisfjármálunum? Telur hann að draga eigi meira saman í ríkisútgjöldunum eða telur hann að eigi að auka ríkisútgjöldin? Telur hann að þensluáhrif verði af því sem gert er eða ekki? Telur hann að það eigi að auka skatta eða lækka skatta? Þetta eru allt mjög forvitnilegar spurningar, eftir að hafa hlustað á hv. þingmann tala í 45 mínútur eða lengur og vitna stanslaust í nýútkomna skýrslu um peningamál. Hann heldur því fram að allt sé rangt í núverandi spám og hefur á hornum sér að Seðlabankinn spái meiri einkaneyslu. Af hverju ætti að vera meiri einkaneysla? Er hann hræddur um að kaupgjald fari úr böndunum, eða vill hann fá að segja nokkur orð um hver hættan er og hvers vegna?

[12:04]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sparar aldrei spaugsyrðin. Það er vel að menn geti skemmt sér örlítið yfir jafnalvarlegri umræðu og umræða um fjárlög er. Það er afar sérkennilegt þegar hv. þingmaður talar eins og það sé engin hætta á ferðum og ekkert sem skipti máli annað en það hvað ég hafi sagt í ræðu minni, hvort ég hafi vitnað í menn og hvort ég hafi gert orð þeirra að mínum eða ekki.

Við höfum haldið því fram, alveg frá því að þessi umræða hófst í haust, að meginvandinn sé sá að menn hafi ekki náð tökum á áætlunargerðinni. Við bendum á menn hafi verið með rangar forsendur, viðurkenni ekki vanda sem er til staðar og þess vegna hafi yfirleitt verið svo stór munur á fjárlögum og ríkisreikningi. Menn hafa ekki getað horft á staðreyndirnar heldur verið í draumum og teiknað glansmyndir.

Þegar Seðlabankinn leggur fram töflur sínar, sem ég fór yfir til að sýna fram á hve langt forsendur fjárlaganna væru frá því sem talið var, þá blasir við að áætlunargerðin er ekki marktæk, því miður. Ég veit að hv. þingmaður er algerlega sammála mér um að eitt hið albrýnasta í þensluástandi eins og er hjá okkur og virðist stefna í að verði enn meira er að ríkisfjármálin þurfa að vinna gegn verðbólgu.

Það var megininntak ræðu minnar, hv. þingmaður, hvaða leiðir við gætum farið til að viðhalda stöðugleikanum. Ég hélt, herra forseti, að ég ætti það sameiginlegt með hv. þingmanni að vilja varðveita stöðugleikann.

[12:06]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að ítreka fyrri spurningu mína: Um hvað var ræða hv. þingmanns? Telur hann að ríkið þurfi að skera niður í ríkisfjármálunum til að halda jafnvægi eða telur hann að auka þurfi framlög, eins og hann sagði áðan, til heilbrigðis- og félagsmála? Telur hann þensluáhrif af skattalækkunum eða telur hann að engar skattalækkanir eigi sér stað? Hann taldi reyndar upp sjálfur að önnur gjöld hækkuðu jafnmikið. Eru þá engin þensluáhrif? Um hvað var ræðan? Hver er stefnan sem hv. þingmaður vill halda fram?

[12:06]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er skemmtilegt að hv. þingmaður haldi áfram spaugsyrðum sínum og virðist ekki vilja taka þátt í efnislegri umræðu. Ég hélt að við ættum það sameiginlegt að vilja viðhalda stöðugleikanum.

Í ræðu minni, svo ég endurtaki það enn á ný, reyndi ég að færa rök fyrir því að fjárlagafrumvarpið væri ekki af þeirri gerðinni að það viðhéldi stöðugleikanum heldur skapaði meiri óvissu í efnahagsmálum. Það vill svo til, hv. þingmaður, að Seðlabankinn er sammála mér í þessu mati. Það væri ráð fyrir hv. þingmann, áður en hann heldur ræðu sína á eftir, að fara yfir Peningamál, hið ágæta rit Seðlabankans, og segja til um hvað hann telur rangt í því. Ég er tilbúinn til að fara í þær vangaveltur með hv. þingmanni, um hvort einhverju geti skeikað í þeirri áætlun.

En það sem skiptir meginmáli þegar við erum að ræða fjárlög er spurningin: Eru fjárlögin í takt við raunveruleikann? Um það var ég að tala, t.d. varðandi heilbrigðismálin. Þar er því miður skilinn eftir vandi stofnana. Það leysir engan vanda að horfa fram hjá honum eða vilja ekki um hann ræða. Það verður að taka á honum jafnóðum og hann kemur upp. Ef ætlunin er að skerða þjónustu stofnananna þá á Alþingi að taka um það ákvörðun. Það á ekki, ár eftir ár, að samþykkja röng fjárlög. (**EOK:** Það er 8% aukning.) Við vitum það, hv. þingmaður, að ein ástæðan fyrir því að menn bera ekki virðingu fyrir fjárlögum er að menn vita það, og hv. þingmaður líka, að fjárlögin hafa ekki verið hið marktæka plagg sem þau ættu að vera. 8% aukning hér og 8% aukning þar. Það er alveg hárrétt að heildarútgjaldaaukningin er um 8% og heildaraukning tekna svipuð. Það er ekki vandamálið, þegar menn teikna upp eitthvað annað en raunveruleikann. Málið snýst um að við höldum okkur við raunveruleikann og látum fólk taka mark á fjárlögunum en séum ekki bara að skemmta okkur. Plaggið á að vera alvarlegt, grafalvarlegt, hv. þingmaður, vegna þess að við þurf-

um að tryggja stöðugleikann áfram.

[12:09]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli á því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson spurði í tvígang hv. þm. Einar Má Sigurðarson spurninga og fékk ekki svar.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill vekja athygli á því að hv. þingmaður er að veita andsvar við ræðu hv. þingmanns en ekki andsvar við andsvari.)

Fundarstjórn forseta. (**Gripið fram í:** Þú ert ekki í borgarstjórn núna.)

(**Forseti** (GÁS): Hv. þingmaður er í andsvari og forseti vekur athygli hans á þeirri venju í þinginu að veitt eru andsvör við ræðu hv. þingmanns en ekki við síðari andsvörum annarra aðila. Þannig eru þingsköpin.)

Virðulegi forseti. Ég hef verið hér frá síðustu kosningum og tekið þátt í mörgum andsvörum. Hér er algerlega ný túlkun hjá hæstv. forseta, að maður megi ekki minnast á og vekja athygli á því að hér hafi ekki verið svarað spurningum er vægast sagt sérkennilegt. En kannski þarf að koma viðkomandi aðila til bjargar, ég veit það ekki.

Ég hef hins vegar ákveðnar spurningar sem ég vil spyrja hv. þingmann. Ég veit ekki hvort ég fæ leyfi forseta til að vekja athygli á því að hann hafði ekki svarað spurningum áður en látum það liggja á milli hluta. Ég skal ekki vekja athygli á því að hv. þingmaður svaraði ekki spurningunum síðast.

Hvað sem því líður er ljóst að allir þeir sem hlustuðu á ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar velkjast ekki í vafa um að hv. þm. telur að hér sé allt á hinn versta veg og sá sem þekkti ekki aðstæður mundi meta það sem svo að við værum í mikilli kreppu og vandræðum.

Ég vil spyrja hv. þingmann í fyrsta lagi: Telur hann að það hafi náðst einhver árangur í efnahagsmálum á undanförnum árum?

Í öðru lagi af því að hér hafa menn alla vega í orði kveðnu haft áhyggjur af skuldum heimilanna: Telur hv. þingmaður að það sé ómögulegt, þegar menn lækka skatta, að viðkomandi einstaklingar sem fá skattalækkun geti greitt skuldir sínar?

Í þriðja lagi talar hv. þingmaður um skattahækkanir og nefnir m.a. afnám sérstakra ívilnana vegna séreignar lífeyrissparnaðar. Afnám sérstakra ívilnana vegna séreignarlífeyrissparnaðar, ég vildi gjarnan fá svar við því hvernig hv. þingmaður kemst að þeirri niðurstöðu ásamt þingflokki Samfylkingarinnar að hér sé um skattahækkun að ræða.

[12:12]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill taka það fram, vegna orðaskipta við hv. þingmann að í 2. mgr. 56. gr. þingskapa segir svo:

„Forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari.

Ég vona að þetta skýri málið.

[12:12]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ber að virða það við hv. þm. að hann hefur verið alinn upp í borgarstjórn Reykjavíkur. Þar virðast önnur vinnubrögð viðhöfð en hjá okkur. Hins vegar er sjálfsagt að fara enn einu sinni yfir þetta fyrir hv. þingmann ef hann hefur ekki áttað sig á því. Ég nefndi aldrei kreppu í ræðu minni heldur fór ég fyrst og fremst með varnaðarorð vegna þess að það er hætta fram undan, hætta á að menn missi tökin í efnahagsmálum og verðbólga fari af stað.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég skil ekki alveg viðbrögð hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem virðast ekki vilja taka þátt í að viðhalda stöðugleikanum. Ég átta mig hreinlega ekki á því hvað hefur breyst. Ég hélt að það væri sameiginlegt áhugamál okkar, að reyna að tryggja það. Þegar aðvörunarorð koma, m.a. frá Alþýðusambandi Íslands og Seðlabanka Íslands, þá hljótum við auðvitað að taka mark á þeim og velta því fyrir okkur hvort það megi ekki bæta eitthvað. En nú virðist það boðað að hér skuli allt vera svo gott, fínt og flott að ekkert geti betur farið.

Ég get glatt hv. þingmann með því að segja að ég telji að náðst hafi árangur í efnahagsmálum á undanförnum árum. Í ræðu minni kom ég m.a. inn á að þegar sú ríkisstjórn sem nú situr var búin að missa tökin á efnahagsmálum 1999–2000 komu aðilar vinnumarkaðarins, Alþýðusamband Íslands lék þar stórt hlutverk, að málum og hjálpuðu ríkisstjórninni við að ná aftur tökum á ástandinu. Ég held að það hafi bjargað því sem bjargað varð þá. Þess vegna fór ég m.a. yfir það í ræðu minni að það væri sérstakt áhyggjuefni að Alþýðusambandi Íslands hefði sent frá sér ályktun þar sem fram kemur að Alþýðusambandið sé ítrekað búið að reyna að ná sambandi við stjórnvöld með ósk um að menn setjist niður og fari sameiginlega yfir þessi mál til að viðhalda stöðugleikanum. Ályktun Alþýðusambandsins endar hins vegar á því að nú verði væntanlega að endurskoða allt þetta. Þeir velta því fyrir sér hvort slíku samstarfi verði slitið. Ég tel það mikið hættumerki. Það er lykilatriði að þessir aðilar nái saman ef við ætlum að viðhalda þeim stöðugleika sem ég hélt að væri sameiginlegt áhugamál okkar.

[12:15]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er vandi á höndum þar sem það liggur alveg fyrir að ég hef í andsvörum mínum, eins og hæstv. forseti las og vitnaði í, verið að vísa í mál ræðumanns. Nú er hins vegar túlkun hæstv. forseta sú að ekki megi vekja athygli á því að ræðumaður svari andsvari.

Það liggur hreint og klárt fyrir að ég spurði ræðumanninn þriggja spurninga. Ég verð að spyrja hæstv. forseta: Má ég vekja athygli á því að hann svaraði bara einni af þremur? (**Gripið fram í:** Það er skammtaður tími.) Er það svo? Þetta er auðvitað mjög sérstakt svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Það liggur hins vegar hreint og klárt fyrir að þessi stjórnmálaflokkur, Samfylkingin, hefur talað um hættu fram undan hvert einasta ár og það er frægt þegar formaður Samfylkingarinnar talaði um að allt væri að fara norður og

niður út af aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Það hefur einfaldlega aldrei gengið eftir. Það er hins vegar ágætt að hv. þingmaður, ég vek athygli á því, gekkst við því sem öllum er ljóst að hér hefur náðst gríðarlegur árangur í efnahagsmálum. En hann svaraði ekki spurningu tvö og þrjú. (**EMS:** Hvað var þrjú?) Hvað var þrjú? segir hann. Hann vildi augljóslega ekki svara númer tvö, en númer þrjú var einfaldlega að hér hafa menn staðið upp, þingmenn Samfylkingarinnar, og talað um skattahækkanir. Eitt af því sem nefnt var er afnám sérstakra ívilnana vegna séreignarlífeyrissparnaðar. *(Gripið fram í.)* Já, nákvæmlega. Og hvernig komast menn að þeirri niðurstöðu, hv. þm. Einar Már Sigurðarson, að slíkt sé skattahækkun? Svo væri gjarnan gott að fá svar við spurningu tvö og ég ætla alls ekki að vekja athygli á því að hv. þm. Einar Már Sigurðarson svaraði ekki spurningum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar en hann spurði að því í tvígang.

[12:17]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hv. þingmaður lesi svör mín til hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Það er auðvitað sama línan í þessu öllu saman og ég ætla ekki að fara að endurtaka það einu sinni enn. En þar sem hv. þingmaður er afskaplega viðkvæmur fyrir því að hverri spurningu sé svarað með tölustaf skal ég reyna að gera það í réttri töluröð.

Spurning númer tvö var varðandi skuldir heimilanna, ef ég hef skráð það rétt hjá mér, og hvernig menn ættu að ná þeim niður. Ég held að hann hafi síðan tengt það skattalækkunarfrumvarpinu og það átti síðan að skila því að auðveldara væri fyrir fólk að greiða skuldir sínar. Það tengir hv. þingmaður líklega því að annað árið í röð er verið að skerða vaxtabætur og það auðveldar líklega fólki að borga skuldir heimilanna. Það getur vel verið að ef þessi skattalækkun gengur eftir og hefur ekki þau áhrif sem ýmsir óttast að það geti auðveldað einhverjum að borga skuldir en við höfum margoft bent á það í umræðunum að það væri vænlegra að skipta eða dreifa þessum skattalækkunum á allt annan hátt til þess að tryggja að skuldsettustu heimilin fái þá kannski meira til að auðvelda sér að borga skuldir. En aðalhættan er, og enn einu sinni kem ég að því sama máli sem hv. þingmaður virðist ekki hafa áhuga á og engar áhyggjur af, að ef verðbólgan fer úr böndum verður hún fyrst og fremst það sem gerir heimilunum erfitt að greiða skuldir sínar. Við skulum ekki gleyma því að þegar ríkisstjórnin missti tökin á þessu síðast var verðbólgan komin upp undir 9% og ætli skuldir heimilanna hafi ekki vaxið töluvert mikið við það. Í því ljósi er líka eðlilegt að við veltum fyrir okkur því sem Seðlabankinn bendir á varðandi það að nú sé minna aðhald en var á árinu 1999–2000 sem var aðdragandinn að því að menn misstu tökin á verðbólgunni. Og þegar hv. þingmaður virðist trúa því sjálfur að aðvaranir okkar hafi aldrei ræst þá gerðist það því miður þarna, en auðvitað vonum við að það gerist ekki.

En misskilningur hv. þingmanns um að ég hafi kallað það skattahækkun sem greitt var niður af tryggingagjaldi til þess að koma með ... *(Gripið fram í.)* Það er rangt, hv. þingmaður, og ég skal fara yfir það með þér í kaffistofunni vegna þess að tími minn er búinn.

[12:20]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti 2. minni hluta fjárlaganefndar en ég sit í fjárlaganefnd fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég vísa til fyrra nefndarálits um fjárlagafrumvarpið við 2. umr. þar sem farið er sundurgreint í einstaka liði fjárlagafrumvarpsins.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 kemur nú til lokaafgreiðslu. Í frumvarpinu með þeim breytingum sem gerðar voru við 2. umr. er gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs á næsta ári verði um 296,3 milljarðar kr. Engar breytingartillögur liggja fyrir frá ríkisstjórn og meiri hluta fjárlaganefndar nú þrátt fyrir að ljóst sé að útgjöld ríkissjóðs séu vanmetin á mörgum sviðum í frumvarpinu. Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á næsta ári verði um 306,4 milljarðar kr. Tekjuafgangur ríkissjóðs er því áætlaður um 10,1 milljarður kr. Því miður hefur reynsla undanfarinna ára kennt okkur að þegar árið verður loks gert upp getur reyndin verið önnur.

Ég vil í upphafi máls míns vekja athygli á því sem ég kom fram með í andsvari við hv. formann fjárlaganefndar, Magnús Stefánsson, um að niðurskurður á samgönguáætlun liggur ekki fyrir við umræðuna nú. Meginbreytingar þessa fjárlagafrumvarps eru m.a. að skera niður samgönguáætlun um 2 milljarða kr. á næsta ári. Mér finnst skipta miklu máli og er raunar alveg sjálfsagt að tillögur um hvar sá niðurskurður eigi að koma niður liggi fyrir og þingið taki afstöðu til þess niðurskurðar við afgreiðslu fjárlaga því annars verður það ekki gert. Ég vil því inna forseta eftir því hvort hægt sé að koma þeim skilaboðum til hæstv. samgönguráðherra að hann upplýsi um tillögur ráðuneytisins hvar niðurskurður í samgöngumálum á að bera niður þannig að tillögur ráðuneytisins liggi fyrir fyrir lok umræðunnar. Ég vil biðja forseta að koma þeim óskum á framfæri.

Í Peningamálum, ársfjórðungsriti Seðlabankans sem kom út í gær, spáir bankinn að verðbólga verði 3,4% á næsta ári. Þetta er meiri verðbólga en bankinn hefur áður spáð. Í Peningamálum kemur m.a. fram eftirfarandi, með leyfi forseta: „Frá því í september hafa töluverðar breytingar orðið á verðbólguhorfum. Flest bendir til þess að innlend eftirspurn muni vaxa enn hraðar en þá var talið líklegt. Umfang stóriðjuáformanna hefur vaxið, einkum á næsta ári, bæði vegna áforma Norðuráls og breytinga á tímasetningum framkvæmda Fjarðaráls. Þá hefur samkeppni á milli lánastofnana á sviði fasteignaveðlána magnast eftir að bankarnir brugðust við auknum umsvifum Íbúðalánasjóðs með því að bjóða einstaklingum fasteignaveðlán og endurfjármögnun eldri lána á lægri vöxtum en áður. Aðgangur almennings að lánsfé er eftir þessar breytingar orðinn mun greiðari en áður og vextir verðtryggðra fasteignaveðlána lægri en um langt skeið. Viðbrögðin hafa ekki látið á sér standa. Útlán til einstaklinga hafa aukist hröðum skrefum og verð stórra fasteigna hefur hækkað skarpt. Loks hafa áform um lækkun skatta á næstu árum verið staðfest, án þess að nákvæmlega hafi verið skilgreint hvar skuli skera

niður útgjöld á móti. Því verður að telja verulegar líkur á að aðhald í opinberum fjármálum verði ófullnægjandi. Allt leggst þetta á eitt um að ýta undir meiri þenslu og þar með meiri verðbólguþrýsting ...“

Herra forseti. Þetta var tilvitnun í skýrslu Seðlabankans, Peningamál, sem birt var í gær. Í stuttri umsögn greiningardeildar KB-banka frá því í gær um þetta útspil Seðlabankans segir svo, með leyfi forseta:

„Seðlabankinn hækkaði vexti um 1% samhliða því að tilkynna um að gjaldeyriskaupum verði hætt í árslok. Ljóst er að þessi ákvörðun mun þrýsta gengi krónunnar upp í nýjar hæðir og hún sýnir að bankinn hyggst beita genginu með ákveðnum hætti í miðlunarferli peningamálastefnunnar til þess að reyna að slá á þenslu og draga úr verðbólguvæntingum. Eins og nú er málum komið er aðeins um 20–30% af skuldum heimila og fyrirtækja í íslenskum breytilegum vöxtum. Meiri vaxtamunur mun gefa enn frekari hvata til erlendrar lántöku, en þó skyldi það tekið með í reikninginn að eftir því sem gengið rís hærra vakna einnig væntingar um gengislækkun sem vegur á móti. Enn fremur bendir hin skarpa hækkun til þess að Seðlabankinn hyggist reyna að þrengja að lausafjárstöðu bankakerfisins og þannig hægja á lánsfjárframboði. Hættan við þessa leið sem nú hefur verið valin er þríþætt. Í fyrsta lagi má nefna að sú gengishækkun sem hækkun stýrivaxta kallar fram er í rauninni frestun á verðbólgu sem mun koma fram þegar gengið leiðréttist. Í öðru lagi skapa frekari erlendar lántökur hættu á fjármálaóstöðugleika þegar fleiri aðilar hérlendis taka gengisáhættu. Í þriðja lagi er þrengt verulega að útflutningsatvinnuvegunum sem gæti tafið vöxt útflutnings þegar til framtíðar er litið.“

Lýk ég þar með tilvitnun í stutta umsögn greiningardeildar KB-banka um þessar aðgerðir Seðlabankans.

Ég held að hér sé vert að staldra við og huga á hvaða vegferð við erum. Seðlabankinn hækkar vexti um 1%, er kominn upp í um 8,25% stýrivexti. Hvar lendir þessi vaxtahækkun? Hún lendir fyrst og fremst á lánum til einstaklinga og minni fyrirtækja hér á landi sem eru með rekstrarfé sitt bundið í innlendum skammtímalánum. Meginhluti þess lánsfjár og þess fjármagns sem hér er í umferð er því á allt öðrum vöxtum. Langtímaskuldir eru á föstum vöxtum og erlendar lántökur eru gengistryggðar og bera erlenda breytilega vexti. Því kemur þetta stýritæki Seðlabankans mjög harkalega niður á afmörkuðum hópi þessa samfélags, minni fyrirtækjum og einstaklingum sem eru með lán sín í innlendum gjaldeyri og á skammtímavöxtum innan lands. Er það sá hópur sem við erum að reyna að ná til með þessum vaxtaákvörðunum?

En gengisáhrifin láta ekki á sér standa. Það er ljóst að ruðningsáhrif stóriðjuframkvæmdanna, sem vísað er til í umsögn Seðlabankans, ruðningsáhrif stóriðjuframkvæmdanna sem núverandi ríkisstjórn hefur beitt sér svo öflugt fyrir, eru gríðarleg og fórnarkostnaður mikill fyrir allt annað atvinnulíf í landinu. Fyrir nokkrum missirum var gengi Bandaríkjadals 110 kr. en þegar þetta var skrifað í gærkvöldi var gengið 65 kr. Í dag er það komið niður í 63 kr. Það hefur lækkað um 40%, um nærri helming á örfáum mánuðum. Hvaða atvinnulíf, útflutningsgreinar, getur starfað við slíkan breytileika á gengi íslensku krónunnar á gengi erlendra gjaldmiðla? Gengisvístalan var liðlega 130 fyrir um einu og hálfu ári síðan eða svo og þá var talið að vísitala upp á 125–130 væri eðlileg miðað við að halda jöfnuði í inn- og útflutningi og eðlilegri samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna. Þegar þetta nefndarálit var skrifað í gær var gengisvísitalan komin niður í 118 en í morgun, núna fyrir hádegið, var hún komin niður í 115.

Hvaða atvinnulíf getur staðið af sér svona gríðarlega breytingar á genginu, breytingar sem hafa þau einu áhrif að skerða samkeppnisstöðu útflutningsins? Og mundi þó margur hyggja að okkur væri þörf á að styrkja eða efla útflutningsgreinarnar og ná meiri útflutningstekjum. En efnahagsaðgerðirnar koma langharðast og nánast eingöngu niður á hinum almennu útflutningsgreinum landsins.

Mér er spurn: Hefur enginn áhyggjur af þessu? Hvað segir hæstv. fjármálaráðherra? Breytingar á innan við tveimur árum: Dollarinn úr 110 kr. niður í 63 kr., gengisvísitalan úr 130 og niður í 115. Hvaða útflutningsgrein stendur þetta af sér? Sjávarútvegurinn, stendur hann þetta af sér? Við vonum það en ekki léttir þetta stöðu hans. Sprotafyrirtæki, ferðaþjónustan, þau fyrirtæki og það atvinnulíf sem hefur einmitt skaffað meginfjölda landsmanna atvinnu og þjóðinni útflutningstekjur. Nei, nú skal ráðist á það. Efnahagsaðgerðir og atvinnuaðgerðir ríkisstjórnarinnar miða að því að ryðja þeim atvinnugreinum burt.

Það þarf að skapa rými fyrir stóriðjuframkvæmdirnar svokölluðu, það þarf að skapa rými fyrir þær í íslensku atvinnulífi og verður ekki gert nema ryðja öðru atvinnulífi burt. Gengisvísitala upp á 115, dollari upp á 63. Íslenskur útflutningur mun trauðla ráða við svona gríðarlegar sveiflur á gjaldeyrinum í útflutningi sínum. Ég ítreka spurningu mína: Hafa menn ekkert áhyggjur af þessu, ætla menn bara að láta þetta yfir sig ganga?

Ofan á þetta grípur ríkisstjórnin til skattalækkana sem eru fáránlegar við þessar aðstæður þegar verið er að beita harkalegum aðgerðum til að halda niðri einhverju sem menn kalla þenslu, þenslu sem er til komin vegna atvinnustefnu núverandi ríkisstjórnar. Þá skal beita skattalækkunum sem auka á þenslu og valda óstöðugleika í efnahagskerfinu, ég tala ekki um við þær aðstæður sem við búum við. Þær krefjast þess að ríkisútgjöld verði skorin niður á móti til þess að þær hafi ekki bein áhrif og það er gert.

Megininntak efnahagsaðgerða ríkisins á næsta ári felast í um 2 milljarða kr. niðurskurði á samgönguáætlun, skertum fjárveitingum til heilbrigðismála, til ríkisháskólanna og framhaldsskólanna. Innritunargjöld í háskóla eru aukin, svo og komugjöld á heilbrigðisstofnanir. Þá eru skornar niður fjárveitingar til markaðsstarfs ferðamála. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er andvíg þessum áherslum ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum og telur þann mikla fórnarkostnað sem stóriðjustefna hennar krefst ógna varanlega hinu almenna atvinnulífi og velferðarkerfi þjóðarinnar.

Mikill munur er á skattstefnu ríkisstjórnarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Skattstefna ríkisstjórnarinnar gengur út á að þeir fái mest sem hafa mest fyrir og þeir fái minnst sem hafa minnst. Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir slíkum áherslum. Stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gengur út á meiri jöfnun og sanngjarnari skattlagningu og flokkurinn hefur í því

sambandi lagt fram tvö frumvörp á Alþingi.

Í fyrsta lagi hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Frumvarpið felur í sér þá einföldu breytingu á lögunum að rýmka heimildir þeirra til álagningar útsvars um eitt prósentustig, þ.e. úr 13,03% í 14,03% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur í viðeigandi ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt. Frumvarpið er flutt í beinum tengslum við boðuð áform ríkisstjórnarinnar um að lækka álagningu tekjuskatts um sama hundraðshluta. Ástæða frumvarpsins er sú einfalda staðreynd að ekki verður lengur vikist undan því að grípa til ráðstafana til að bæta stöðu sveitarfélaganna. Teljist ríkissjóður aflögufær um skatttekjur, sem vissulega má deila um, hlýtur því að vera nærtækast að færa þær tekjur a.m.k. að einhverjum hluta til sveitarfélaganna.

Í öðru lagi hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þar er lagt til að hlutfall fjármagnstekjuskatts hækki úr 10% í 18% en jafnframt verði sett skattleysismörk við 120 þús. kr. tekjur einstaklinga á ári. Samkvæmt þessu frumvarpi mundu tekjur af fjármagnstekjuskatti aukast talsvert og má ætla að þær yrðu rúmir 10 milljarðar kr. eða sem svarar aukningu upp á rúmlega 3 milljarða kr. Þessar tillögur miða að því að dreifa skattbyrðum með sanngjarnari hætti en nú er gert. Þannig mundu þeir sem eru með smásparnað ekki greiða neinn fjármagnstekjuskatt, en nú eru allir rukkaðir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill jafnframt með þessu frumvarpi bregðast við breyttu tekjumynstri í þjóðfélaginu og því óréttlæti sem stafar af misræmi í skattlagningu fjármagnstekna og launa.

Við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum ítrekað lagt áherslu á að munurinn í skattlagningu á því fjármagni sem einstaklingar afla sér með arði eða vöxtum á fjármagni eða hlutafé annars vegar og launatekjum hins vegar eigi ekki að vera svona mikill. Samræmið eigi að vera mun meira, ekki eigi að gera greinarmun á því hvaðan tekjurnar koma heldur að allir beri hlutfallslega sinn hlut í velferðarkerfi þjóðarinnar í gegnum skattheimtuna.

Þingmenn Vinstri grænna lofuðu því fyrir kosningar að efla og styrkja velferðarkerfið og hlífa lægstu tekjum við skattheimtu. Stórfelldar almennar skattalækkanir á efnameira fólki og fyrirtækjum, sem aðrir flokkar lofuðu og börðust fyrir, voru ekki á loforðalista Vinstri grænna.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð bendir á nauðsyn þess að Alþingi hafi sjálfstæða ráðgjafa í efnahagsmálum. Núna verður þingið að reiða sig á útskýringar sérfræðinga framkvæmdarvaldsins en það er fjármálaráðuneytið sem gefur út endurskoðaða þjóðhagsspá sem fjárlagafrumvarpið byggist á. Nauðsynlegt er að Alþingi hafi eigin stofnun sem starfar með því í efnahagsmálum og við fjármálastjórn ríkisins. Sem dæmi um stöðu þingsins má nefna að efnahags- og viðskiptanefnd skilaði gagnslausu nefndaráliti um tekjuhlið frumvarpsins og efnahagsforsendurnar, en nefndinni er skylt að skila ítarlegu áliti eftir vandlega skoðun. Enda hafði hún ekki leitað annað en í fjárlagafrumvarp ráðuneytisins sem var dreift í upphafi þings. Síðdegis í gær gaf Seðlabankinn út umsögn sína um horfur í efnahags- og peningamálum. Spá bankans um ýmsar grunnforsendur efnahagsþróunarinnar á næsta ári er frábrugðin því sem fjárlagfrumvarpið byggist á.

Ég vil aðeins víkja að alvarlegri skuldastöðu heimilanna sem áður hefur verið tekin upp á Alþingi. Fram kemur í nýútkominni skýrslu BSRB, „Skuldir íslenska þjóðarbúsins", að á síðustu tveimur áratugum hafi skuldir íslenskra heimila vaxið gríðarlega. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ef litið er yfir þróunina frá árinu 1980 má sjá að í upphafi tímabilsins voru skuldir heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum um 20% en voru rúmum tveimur áratugum síðar komnar í um 180% og hefur hlutfallið því nífaldast yfir tímabilið. Þrátt fyrir að á síðustu áratugum hafi skuldir heimila aukist í nær öllum Evrópulöndum, hefur aukningin óvíða verið eins mikil og hjá íslenskum heimilum."

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill þó í þessu sambandi vekja athygli á hratt vaxandi gengisbundnum lánum heimilanna. Bankarnir keppast nú við að ná til sín viðskiptavinum, veðum þeirra og íbúðum og knýta þá fasta í framtíðarviðskiptum. Innlend lán á bundnum vöxtum fela í sér verulega áhættu fyrir bankana. Þess vegna virðast þeir í auknu mæli ýta einstaklingum út í að taka gengistryggð lán á erlendum vöxtum. Með lánveitingu af því tagi fær bankinn sitt en áhætta hans verður í lágmarki. Samkvæmt Seðlabankanum voru gengistryggðar skuldir heimilanna í júní sl. 10,6 milljarðar kr., í september 16,1 milljarður kr. og í októberlok 23,5 milljarðar. Gríðarlega ört vaxandi hluti af skuldum heimilanna, nýjum lántökum heimilanna er gengistryggður og með breytilegum erlendum vöxtum.

Það er rétt að átta sig á því hvað þetta getur þýtt. Við búum jú við lágmarksgengi og lágmarksvexti erlendis, hámarksgengi er þannig að krónan stendur hátt og erlend mynt lágt. Við lítils háttar breytingar á genginu, sem væntanlega gæti orðið á þá lund að íslenska krónan félli í verði, það búast allir við því að á næsta eða þarnæsta ári falli íslenska krónan gagnvart erlendri mynt. Það getur þýtt verulega hækkun á erlendum skuldum. Sömuleiðis eru vextir erlendis í lágmarki og er búist við því að vextir erlendis muni hækka innan tíðar.

Vaxtabreyting erlendis úr 2–4% og gengislækkun um 10% munu þýða rúmlega 50% aukningu á mánaðarlegri greiðslubyrði. Með húseign sína veðsetta upp í topp eiga heimilin litla möguleika á að standa af sér snöggar breytingar á gengi eða vöxtum erlendis. Annar minni hluti veltir fyrir sér siðferðisreglum bankanna. Hafa bankarnir sett sér einhverjar siðferðisreglur í samskiptum sínum og viðskiptum við viðskiptavinina? Hver er ábyrgð bankanna á ráðgjöfinni sem þeir veita viðskiptavinum sínum? Við þekkjum það að einstaklingar sem leita ráða hjá bankanum eru nánast ofurseldir þeim ráðum sem bankinn gefur þeim, þó að ég ætli ekki að gera lítið úr einstaklingum í því sambandi er þetta oft raunin. Alla vega er ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort ráðgjöf bankanna geti verið hlutlaus þegar hagsmunir bankans snúast mest um að fá einstaklinginn til að taka hluta af lánum sínum tryggð í erlendu gengi og erlendum vöxtum. Áhætta bankans er langminnst við slíkar lánveitingar. Er öruggt að ráðgjöf bankanna geti verið hlutlaus gagnvart viðskiptavininum í slíkum tilfellum? Vonandi, en maður hlýtur samt að spyrja sig hver staða viðskiptavinarins er í slíkum viðskiptum.

Það hvílir því gríðarleg siðferðisleg ábyrgð á bönkunum, starfsmönnum þeirra og ráðgjöfum þegar þeir ræða við viðskiptavini sína um framtíðarráðstöfun á tekjum og eignum þeirra kannski til lífstíðar. Það verður ekki að fullu brýnt fyrir mönnum að gæta þarf að sér báðum megin við borðið.

Frú forseti. Ljóst er nú að ríkisstjórnin ætlar ekki að uppfylla samkomulagið við Öryrkjabandalagið frá því í mars 2003 um aldurstengdar örorkubætur. Orð heilbrigðisráðherra í fjölmiðlum haustið 2003, þar sem hann staðfesti að loforðið við öryrkja hefði ekki verið efnt að fullu, að það þyrfti að áfangaskipta samkomulaginu og afgangurinn kæmi til greiðslu ári síðar, hafa reynst orðin tóm. Ríkisstjórnin öll og ekki þó síst Framsóknarflokkurinn, sem sló sér upp á loforðum til öryrkja fyrir síðustu alþingiskosningar, ber mesta ábyrgð á því að ekki skuli vera staðið við samkomulagið.

Ef vikið er að stöðu heilbrigðismálanna er ljóst að mikill fjárskortur er hjá mörgum sjúkrastofnunum í landinu. Þannig má sjá á minnisblaði frá fjármálaráðuneytinu um stöðu stofnana í A-hluta í lok septemer sl. að neikvæð staða 20 heilsugæslustöðva og heilbrigðisstofnana var samtals tæpar 994 millj. kr. Þá er fjárhagsvandi Landspítala – háskólasjúkrahúss mikill, og handahófskenndur niðurskurður hefur gengið mjög nærri starfsemi hans á árinu. Ljóst er að ef þessar sjúkrastofnanir eiga að vinna á fjárhagsvanda sínum þýðir það einungis meiri niðurskurð sem svo aftur kemur niður á þjónustu þeirra.

Tillögur þingmanna Vinstri grænna um framlög til að mæta brýnni þörf heilbrigðisstofnananna voru felldar af meiri hlutanum. Ljóst er því að margar heilbrigðisstofnanir standa frammi fyrir miklum fjárhagsvanda og skerðingu á þjónustu.

Ef litið er til menntamála mótmælir Vinstri hreyfingin – grænt framboð hækkun skráningargjalda í opinberum háskólum. Áfram skal tryggja jafnrétti til náms. Það má ekki þrengja svo að opinberum háskólum að þeir þurfi í meira mæli en nú er að taka upp aðgangstakmarkanir. Fjárhagsstaða margra framhaldsskóla er slæm, og nauðsynlegt er að ljúka endurskoðun á reiknilíkani sem greitt er eftir. Þá er ótækt að láta framhaldsskólana bera stöðugt uppsafnaðan halla á milli ára. Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á að slíkt sé ekki heimilt samkvæmt fjárreiðulögum. Það gengur ekki lengur að láta skólana bera gamlan fjárhagsvanda sem m.a. er til kominn vegna gallaðs reiknilíkans og tregðu stjórnvalda á að viðurkenna fjölda nemenda. Minni hluti fjárlaganefndar flytur breytingartillögu sem miðar að því að bæta nokkuð úr brýnni þörf ríkisháskólanna og framhaldsskólanna.

Ef litið er til umhverfismála vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð efla stofnanir sem starfa á sviði náttúruverndar og nýtingar náttúruauðlinda og gera þeim kleift að sinna þýðingarmiklu hlutverki sínu. Ljóst er að margar stofnanir sem undir umhverfisráðuneytið heyra eiga við rekstrarvanda að etja eins og nýútkomin skýrsla Ríkisendurskoðunar um Náttúrufræðistofnun Íslands sýnir en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Stjórnvöld eiga tveggja kosta völ til að leysa alvarlegan rekstrar- og fjárhagsvanda Náttúrufræðistofnunar Íslands. Að laga starfsemi hennar að núverandi fjárhagsramma með verulegum niðurskurði í rekstri eða að auka fjárveitingar til hennar svo að hún geti sinnt þeim verkefnum sem henni eru falin í lögum með svipuðum hætti og undanfarin ár.“

Vísað er til fyrri hluta nefndarálits 2. minni hluta um fjárlagafrumvarpið. Þar er rakið hvernig umhverfismálin og náttúruverndin eru stöðugt hornrekur í áherslum þessarar ríkisstjórnar.

Ef litið er til sveitarfélaganna sem hér hafa svo mjög verið rædd á þessu hausti, þ.e. erfiður fjárhagur þeirra, er staðreynd að fjárhagur margra sveitarfélaga hefur verið afar erfiður undanfarin ár. Stöðugt fleiri verkefni hafa verið færð til sveitarfélaganna án þess að þeim hafi fylgt nægir tekjustofnar. Þennan vanda verður að leysa til framtíðar en ekki með árlegum björgunaraðgerðum. Í þessu sambandi hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt fram frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga eins og áður hefur verið gerð grein fyrir.

Þá er hér enn fremur flutt tillaga um 700 millj. kr. aukið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að bæta að nokkru úr brýnum fjárhagsvanda þeirra sem verst eru sett. Brýnt er að endurskoða tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og það áður en rætt er um frekari verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga.

Þá vil ég gera hér að umtalsefni Mannréttindaskrifstofu Íslands. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir framlagi til mannréttindamála almennt en framlagið er ekki eins og áður eyrnamerkt Mannréttindaskrifstofu Íslands. Samkvæmt þessari breytingu munu stjórnvöld sjálf ráða hvaða verkefni á þessu sviði verða styrkt í mannréttindamálum. Það er ekki ásættanlegt að vegið sé að sjálfstæði stofnunarinnar þar sem ákvörðun um framlag til hennar hefur verið færð frá löggjafarvaldinu, frá Alþingi, til framkvæmdarvaldsins. Nauðsynlegt er að hér á landi starfi óháð og sjálfstæð stofnun sem sinni mannréttindamálum, eins og segir m.a. í áskorun frá stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands, með leyfi forseta:

„Að mati stjórnarinnar væri það mikill álitshnekkir fyrir Ísland ef sú yrði raunin að skrifstofunni væri ekki lengur tryggt fast framlag á fjárlögum og yrði að draga sig út úr þeim samstarfsverkefnum sem hún á aðild að á alþjóðavettvangi.“

Vinstri hreyfingin – grænt framboð tekur undir með stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands og öðrum sem hafa gagnrýnt þessa breytingu, svo sem hinni virtu Wallenbergstofnun sem hefur sent erindi til Alþingis. Nauðsynlegt er að breyta þessu og færa aftur í fyrra horf þannig að sjálfstæði skrifstofunnar sé tryggt og hún geti starfað án þess að fjárframlögum fylgi skuldbindingar eða stýring.

Með þessu nefndaráliti fylgja í fylgiskjölum áskoranir varðandi sjálfstæði Mannréttindastofnunar Íslands, áskorun frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Íslandsdeild Amnesty International, Rauða krossinum, Landssamtökum Þroskahjálpar, Biskupsstofu, UNIFEM og frá presti innflytjenda, svo að nokkuð sé nefnt. Hér er gríðarlegt áherslumál á ferðinni sem lýtur að mannréttindamálum og stöðu Íslands gagnvart störfum að mannréttindamálum um allan heim.

Stjórnarandstaðan mun flytja breytingartillögu við fjárlagafrumvarpið sem felur í sér að sjálfstæði Mannréttinda-

skrifstofu Íslands sé tryggt með beinum fjárframlögum frá Alþingi en ekki frá framkvæmdarvaldinu.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur ekki samþykkt þær áherslur sem fram koma í þessu fjárlagafrumvarpi. Frumvarpið er í samræmi við fyrri frumvörp þessarar ríkisstjórnar, þó þannig að nú er enn meiri áhersla lögð á að færa þeim einstaklingum mest sem hafa mest fyrir. Boðaðar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar munu koma þeim best sem hafa mest. Til að auka tekjur ríkissjóðs eru síðan komugjöld á sjúkrastofnanir og skráningargjöld í opinberum háskólum hækkuð.

Þá mótmælir Vinstri hreyfingin – grænt framboð þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að auka fjárveitingar til þess að hervæða íslenska ríkisborgara og stilla þeim upp við hlið hersveita NATO og Bandaríkjanna. Þá er hér mótmælt veru Íslands á lista um stuðning hinna vígfúsu ríkja við innrásina í Írak og að fjármagni sé varið til þeirra aðgerða, enda hefur hvorki íslenska þjóðin né Alþingi verið haft með í þeirri ákvarðanatöku. Því er enn fremur mótmælt að íslenska ríkið leggi fram fé til hergagnaflutninga.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir þessum áherslum og vill að ríkisfjármálum sé beitt til að auka jöfnuð í samfélaginu. Mikilvægt er að létta af þeirri spennu sem hefur magnast á síðustu árum vegna aukins tekjumunar í þjóðfélaginu og kerfisbundins mismunar á lífskjörum fólks. Það að öllum þegnum þjóðfélagsins séu tryggð mannsæmandi lífskjör á að vera aðalsmerki hins samábyrga velferðarsamfélags. Leggja á meiri áherslu á að tekjum ríkisins verði í auknum mæli varið til menntunar og rannsókna, að framlög til umhverfismála verði aukin og að tekið verði upp grænt bókhald þegar meta skal arðsemi í rekstri og framkvæmdum.

Stjórnvöld verða að stuðla að fjölbreyttari atvinnustefnu en nú er. Stefna stjórnvalda nú snýst alfarið um að byggja hér upp erlenda stóriðju sem ryður burt minni fyrirtækjum og öðrum útflutningsgreinum.

Frú forseti. Þessu nefndaráliti fylgja síðan fylgiskjöl til að undirstrika frekar þau atriði sem hér hafa verið rakin. Ég minntist á áskoranir um að standa vörð um sjálfstæði Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ég minntist á skuldir fyrirtækjanna og þjóðarbúsins og hér fylgir með í fylgiskjali útdráttur úr skýrslu BSRB sem fjallar um skuldir þjóðarbúsins og var birt í síðustu viku. Þar er rakið hvernig Ísland er að verða með skuldugustu löndum heims.

Hér eru einnig rakin í stuttri greinargerð frá greiningardeild KB-banka áhrif þess að taka gengistryggð lán á breytilegum erlendum vöxtum. Hún sýnir að ef erlendir vextir heimilis sem tekur 10 millj. kr. lán með erlendum vöxtum hækka um 2% og gengið lækkar um 10% eykst mánaðarleg greiðslubyrði viðkomandi um meira en 50%. Í þessari greinargerð er lýst þeirri gríðarlegu áhættu sem felst í því að taka erlend lán. Það getur verið ávinningur að taka erlend lán þegar krónan stendur lágt og vextir erlends eru háir. Þá eru líkur til þess að það geti orðið ávinningur og þeim krónum fjölgað sem teknar eru að láni vegna breytinga í gengi og vöxtum. Við þær aðstæður sem nú eru, við lægstu vexti erlendis og hæsta gengi krónunnar, er mikil áhætta að taka erlend lán og veðsetja eignir sínar upp í topp fyrir erlendum lánum því þau geta ekki annað en vaxið að raungildi og greiðslubyrði þeirra aukist. Þetta er rakið hér ítarlega.

Frú forseti. Ég hef lokið við að mæla fyrir framhaldsnefndaráliti við 3. umr. fjárlaga en kem síðar í dag og mæli fyrir einstaka breytingartillögum sem ég flyt.

[12:57]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hug á því að spyrja hv. þingmann hvað það er miðað við núverandi efnahagsástand sem flokkur hans vildi helst gjöra. Hann hafði áhyggjur af því í ræðu sinni að gengið væri mjög nærri heilbrigðisstofnunum, menntastofnunum og ýmsum stofnunum á vegum félagsmála. Ég gat ekki skilið annað á ræðu hans en að hann teldi að auka þyrfti framlög til allra þessara málaflokka. Telur þá þingmaðurinn að of mikils aðhalds sé gætt í ríkisfjármálunum? Eða er hann þeirrar skoðunar að kannski ætti að auka skatta í þjóðfélaginu? Eða hvað er það annars sem hv. þm. telur að helst sé að varast?

Ég veitti því athygli að formaður hans ágæta flokks sagði í sjónvarpi ekki alls fyrir löngu að hann teldi að baráttа grunnskólakennara ætti að vera öðrum starfsstéttum hvatning. Telur hann að það sé málið, það sé nauðsynlegt að auka og hækka kaupgjald á Íslandi og það gæti þá helst orðið að ráði til að bjarga þeim sem hann telur að séu í vanda, þ.e. jafnvæginu?

Þegar hv. þm. vitnar í Seðlabankann, er hann sammála aðgerð Seðlabankans að rétt sé að hækka stýrivexti? Telur hann að það komi að gagni? Eða hvert er viðhorf hans ágæta flokks til þeirra vandamála sem við erum að glíma við núna?

[12:59]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og kom fram í ræðu minni hef ég miklar efasemdir um þessar aðgerðir Seðlabankans og vil jafnframt inna hv. þingmann eftir viðbrögðum hans. Hækkun stýrivaxta Seðlabankans nær einungis til um 30% af því fjármagni sem er í umferð hér á landi. Það fjármagn er jú skammtímalán einstaklinga og minni fyrirtækja hér á landi. Ég er ekki viss um að þetta sé sú aðgerð sem við viljum sjá. En aðgerðirnar hafa þegar í stað áhrif á gengið. Gengið hefur breyst á nokkrum mánuðum, íslenska krónan hefur hækkað, gengisvísitalan hefur fallið úr 130 niður í 115. Dollarinn er kominn úr 110 niður í 63 kr. Hvaða útflutningsgrein stendur svona lagað af sér, svona snöggar breytingar á nokkrum mánuðum? Hvaða útflutningsgrein ætlar að standa það af sér? Við vonum að þær geri það en þetta eru ekki þær aðgerðir sem ég tel brýnast að efna til. Þetta byggir að vísu á atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar.

Varðandi skattstefnu er ég ekki sammála þeim áherslum sem koma fram í efnahagsmálum hjá ríkisstjórninni. Lækkun skatta á hátekjufólki við þessar aðstæður er röng. Við þessar aðstæður ber að standa vörð um velferðarkerfið, hinar almennu grunnstoðir samfélagsins sem allir geta leitað til og greitt jafnt fyrir, notið með jöfnum hætti hvort sem menn hafa miklar tekjur eða litlar. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram áherslur

okkar í skattamálum sem lúta að því að jafna skattgreiðsluna á þegnana, taka upp aukna skatta á fjármagnstekjur að frádregnu ákveðnu frítekjumarki og breikka þar með tekjugrunn ríkisins.

[13:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki miklu nær þrátt fyrir þessa ágætu ræðu. Ég veit ekki enn þá hver stefna hv. þm. og hans ágæta flokks, Vinstri grænna, er. Telur hann að 8% aukning, eins og kemur fram í því fjárlagafrumvarpi sem við erum að ræða um núna, til menntamála, félagsmála og heilbrigðismála sé ekki nægjanleg aukning? Telur hann að það hefði átt að hækka þetta meira en við erum að gera? Það kemur svolítið einkennilega við okkur stjórnarþingmenn sem sitjum þó undir gagnrýni alls staðar annars staðar frá um að aðhald í ríkisútgjöldum sé ekki nægilegt og að við séum að auka þetta of mikið að þá kemur gagnrýni frá Vinstri grænum að við eigum að auka þetta enn þá meira. Það er mjög erfitt að átta sig á þessu.

Hv. þm. svaraði heldur ekki spurningu minni: Hvað með kaupgjaldið í landinu? Er það rétt sem komið hefur fram frá þeim að þeir telji að það þurfi að hækka það verulega núna, það þurfi að auka einkaneyslu í þjóðfélaginu verulega núna? Er það baráttumál þeirra? Hvernig koma þeir því heim og saman?

Hins vegar bregður svo við, virðulegi forseti, að einstaka sinnum erum við ekki ósammála, ég og hv. þm. Jón Bjarnason, því það lán er yfir mér eða ólán, hvort heldur menn vilja kalla það, að oftast nær hefur mér ekki tekist að skilja hagstjórnartilburði Seðlabankans á síðari árum. Ég átta mig því ekkert á hvað hann er að gera og hvers vegna hann er að gera þetta núna, ég fæ engan botn í það. Og ég skil ekki hvernig við getum núna við þessar aðstæður farið að auka ójafnvægið, það eina sem er í samfélaginu, þ.e. viðskiptajöfnuðinn eða viðskiptaójöfnuðinn, með því að hækka gengið enn einu sinni. Þar erum við kannski loksins sammála.

[13:03]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er svo sem ekkert óeðlilegt við það að við séum á öndverðum meiði hvað varðar stefnu í skattamálum og velferðarmálum. Þar greinir okkur á stjórnmálalega á milli flokka. Ég tel t.d. að það sé orðinn stór hópur í þjóðfélaginu sem hefur himinháar tekjur og allt of háar tekjur og það eigi fyrst og fremst að snúa sér að þeim sem hafa hundruð þúsunda, milljónir á mánuði, frekar en að beina spjótunum stöðugt að þeim sem eru með lægstu eða lægri launin. Það eru þeir sem valda þenslunni í þjóðfélaginu, það eru þeir sem eru með himinhá laun og launabil í samfélaginu eykst nú stöðugt.

Hv. þm. hafði áhyggjur af vaxandi einkaneyslu og hann kemur sjálfsagt að því í ræðu hér seinna hvaða áhrif skattalækkanir ríkisstjórnarinnar á þeim sem hafa hæstar tekjurnar og fá mest út úr skattalækkununum hafa á einkaneysluna. Er það ekki þensluhvetjandi? Hefði ekki verið rétt að huga frekar að þeim sem eru lægst launaðir og hækka ávinning þeirra meira en ekki að hygla þeim sem hafa hæstar tekjurnar? Ég held að það hefði virkað á stöðugleikann.

En það sem ég vil ítreka hér og nefna er sú staða sem við stöndum nú frammi fyrir með gengisvísitölu upp á 115 og dollarann á 63 kr. Dollarinn hefur næstum því lækkað um helming á tveimur árum. Það stendur enginn útflutningsatvinnuvegur svona lagað af sér. Erum við markvisst að fara að rústa meiri hlutanum af útflutningi þjóðarinnar? (Forseti hringir.) Ég vona að svo sé ekki og vona að það verði breyting á efnahagsstefnunni sem styrki aftur útflutninginn og atvinnulíf landsins.

[13:05]

Útbýting:

Fjárlög 2005, 1. mál, brtt. AKG o.fl., þskj. 527; brtt. JBjarn og GAK, þskj. 534.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:06]

Umræður utan dagskrár.

Hrun veiðistofna skelfisks og innfjarðarrækju.

[13:31]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þeir kölluðu rækjuna stóra kampalampa þegar rækjuveiðar byrjuðu fyrst í tilraunaskyni í Ísafjarðardjúpi fyrir 80 árum. Alvaran hófst síðan árið 1936 þegar vinnsla á rækju hófst á Ísafirði. Rækjuveiðar innfjarða hafa verið mjög mikilvægar í atvinnulífi víða um land og má segja að þær hafi tryggt vöxt og viðgang minni bátaútgerðar þar sem þær hafa verið stundaðar.

Þegar hörpudisksveiðar hófust fyrst frá Bolungarvík árið 1968 urðu kaflaskil í útgerðarsögu okkar og hörpudiskveiðar og vinnsla hafa verið mjög þýðingarmikill þáttur í sjávarútvegi okkar og gjaldeyrissköpun og hreinlega burðarás í atvinnulífi á Snæfellsnesi, einkanlega Stykkishólmi.

Virðulegi forseti. Getur verið að nú sé sagan öll? Við vitum það ekki. En eitt er ljóst. Engar innfjarðarækjuveiðar eiga sér lengur stað hér við land og algert veiðibann er nú á hörpudiski við landið. Þetta eru auðvitað hrikaleg tíðindi.

Við skulum aðeins átta okkur á tölunum. Á árunum 1990–2000, eða þar um bil, nam innfjarðarækjuveiðin að jafnaði 7–10 þús. tonnum. Veiðin var stunduð á minni bátum, oftast í eigu einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Þessi veiðiskapur skipti miklu máli. Hann var grundvöllur annarrar útgerðar og skapaði mikilvæg störf á svæðum sem sannarlega þurftu á þeim að halda. Á síðustu árum hafa veiðarnar smám saman dregist saman.

Rækjuveiðin við Snæfellsnes er ekki svipur hjá sjón. Í Ísafjarðardjúpi hefur aldrei fengist jafnlítið af rækju í rannsóknarleiðangri. Rækjustofninn í Húnaflóa hrundi árið 1996. Rækjan hvarf í Skagafirði haustið 2000. Veturinn 1999–2000 hvarf hún í Skjálfanda og í Öxarfirði hefur verið og er veiðibann. Til marks um hversu hlutirnir ganga hratt fyrir sig má nefna að í ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar sl. vor var talað um að rækjustofninn í Arnarfirði væri nærri sögulegu hámarki, en við rannsóknir í haust varð niðurstaðan sú að leggja til algert veiðibann. Þar með hurfu

síðustu rækjuveiðar innfjarða við strendur landsins. Svo alvarlegt er málið.

Athyglisvert er að samkvæmt gögnum vísindamanna er ástandið alls staðar hið sama og á innfjarðaslóðinni. Rækjan er horfin en ýsa og þorskur vaða inn um allt, einkanlega ýsan sem er nú í gríðarlegum vexti á svæðum sem hún þekktist jafnvel ekki. Hækkandi hitastig sjávar er greinilega að gjörbreyta myndinni. Hér sýnist manni að á ferðinni séu einhver skýrustu merki sem við þekkjum um umhverfisbreytingar í hafinu í kringum okkur. Gagnvart þessum stofnum, rækjustofnunum og hörpudiskinum, birtist þetta sem eins konar náttúruhamfarir.

Svipaða sögu er að segja af hörpudiskinum. Á árunum 1990–2000 var veiðin í Breiðafirði að jafnaði 8–10 þús. tonn. Nú er veiðibann. Stofninn er í sögulegu lágmarki. Afleiðingarnar eru gríðarlegar. Atvinnuráðgjöf Vesturlands mat það svo að fyrir Stykkishólm, sem var með 75% í heildarhörpudiskaflanum, að efnahagslega tapið í byggðarlaginu gæti numið 614–660 millj. kr. á ári. Það þarf ekki að orðlengja það að þetta er gífurlegt áfall. Útgerðarmenn og sjómenn skelfisksbátanna hafa gagnrýnt vinnubrögð Hafrannsóknastofnunar mjög harðlega og telja mjög ákveðið að ekki hafi verið vel staðið að rannsóknum. Athygli vekur að forsvarsmenn fyrirtækjanna hafa sjálfir haft frumkvæði að því að kalla til erlenda sérfræðinga til að vinna að rannsóknunum.

Stjórnvöld hafa reynt að koma til móts við þær byggðir sem orðið hafa fyrir þessu áfalli með ýmsum hætti. Byggðakvótum hefur verið beitt, en einkanlega svokölluðum jöfnunaruthlutunum og hefur um þær ráðstafanir verið prýðileg sátt. Vandinn er hins vegar sá að hér er um skammtímaaðgerðir að ræða. Forsendan er sú að um sé að ræða mjög tímabundið ástand sem muni breytast til batnaðar. Þannig hefur það líka jafnan verið. Við þekkjum dæmi úr sögunni um tímabundinn aflabrest á einstökum tegundum.

Núna er ástandið hins vegar miklu alvarlegra og langvinnara. Með núverandi aðferðum munu aflabæturnar smám saman eyðast út. Útgerðirnar sem byggðust upp með veiðirétti í þessar tegundir verða verðlausar og menn geta ekki bjargað sér með því að hverfa að öðrum veiðum. Við þekkjum því miður afleiðingarnar nú þegar. Bátum hefur fækkað gífurlega þar sem vandræðin hafa staðið lengst. Til viðbótar þessu hefur síðan komið verðfall á rækju, ekki síst smærri rækjunni sem er uppistaðan í afla bátanna. Þessi útgerðarflokkur sem var mjög öflugur, t.d. við Djúp og í Húnaflóa, er nú ekki svipur hjá sjón og afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Færri störf og lakari afkoma á svæðum sem síst máttu við slíku.

Því leyfi ég mér, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra eftirfarandi spurninga:

1. Er ástæða til sérstakra og frekari rannsókna á þeim aðstæðum sem upp eru komnar í innfjarðar- og skelfiksstofnunum?

2. Í ljósi þessa hruns sem ég hef hér lýst gefur þetta tilefni til nýrra vinnubragða varðandi úthlutun aflabóta í landinu?

[13:36]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það er sannarlega um alvarlegt mál að ræða sem hv. þm. átti frumkvæði að að hér yrði tekið upp. Það er rétt að skipta umræðuefninu í tvennt. Annars vegar er það hörpuskelin og hins vegar rækjan. Þó ástæðurnar fyrir þeim breytingum sem við höfum séð séu hugsanlega tengdar eru þær þó ólíkar. Þegar um hörpuskelina er að ræða er það, að því er virðist vera, samspil á milli hitastigs og sníkjudýra sem í skelinni eru eða hafa komist í skelina. Þegar um rækjuna er að ræða er um afrán annarra tegunda; þorsks, ýsu og jafnvel lýsu að ræða, en breytingar á hitastigi sjávar hafa leitt til meiri ýsugengdar á slóðum rækjunnar og leitt til þess að lýsa er meiri en við höfum áður séð á þeirri slóð. Til viðbótar kemur að það virðist sem afrán ýsu af rækju sé mun meira en áður var talið. Hvers vegna það er er ekki gott að segja, hvort það er vegna þess að menn hafa hreinlega ekki náð því að mæla rétt áður eða hvort ýsan hafi einfaldlega breytt hegðun sinni, það verður hver og einn að meta.

Til þess að svara spurningunum er rétt að fara þarf í sérstakar rannsóknir. Þær hafa reyndar staðið yfir og standa yfir nú þegar en ég geri ráð fyrir því að við verði bætt í í nánustu framtíð.

Hvað varðar skelina hafa farið fram hefðbundnar rannsóknir á veiðislóðinni til þess að meta stöðu stofnsins. Það eru jákvæð merki um að yngri einstaklingar tegundarinnar komist vel á legg, en við eigum eftir að sjá hvernig þeir einstaklingar bregðast við gagnvart sníkjudýrunum þegar þeir eldast. Það eru líka rannsóknir í samvinnu við tilraunastöðina á Keldum til að rannsaka meinafræði sníkjudýrsins og hvernig það hefur áhrif á skelina. Að mínu viti eru það mjög áhugaverðar og góðar rannsóknir sem þar fara fram.

Þó að ég telji að Hafrannsóknastofnun og Keldur séu að gera það sem nauðsynlegt er í þessu hef ég síður en svo neitt á móti því að erlendir sérfræðingar á vegum hagsmunaaðila komi að rannsóknunum, því betur sjá augu en auga. Hins vegar er rétt að geta þess að þegar lagt er upp í rannsóknir sem þessar þurfa þær að hafa tiltekin markmið og tiltekna tilgátu til að sýna fram á með niðurstöðum rannsókna. En ég tel að við séum að gera eins vel og hægt er í þessu tilfelli.

Rannsóknir varðandi rækju hafa sérstaklega snúist um að mæla stofnstærðina og breytingar á stofnstærðinni, en nú eru uppi hugmyndir um hvernig hægt er að bregðast við þessu aukna afráni og hvort á einhvern hátt sé hægt að draga úr því. Á næstu vikum og mánuðum verður unnið frekar úr hugmyndum þar um og vonandi gefa þær af sér verkefni sem hægt verður að fara í á næstunni.

Varðandi það hvort rétt sé að gera breytingar á því hvernig staðið er að úthlutun bóta má svara því játandi. Hins vegar verður að bæta því við að það sem við ræðum um í dag er ekkert að gerast í einu vetfangi. Við höfum fylgst með þessu í nokkurn tíma og höfum jafnvel getað gert okkur í hugarlund að ástand eins og þetta gæti komið upp. Þess vegna hafa bæði verið gerðar breytingar í ráðuneytinu á þeim vinnubrögðum sem þar hefur verið beitt með tilliti til þessa ástands og eins hefur hv. Alþingi gert breytingar á löggjöfinni sem gera okkur auðveldara að

bregðast við þeim aðstæðum sem upp eru komnar. Það felst sérstaklega í því að í fyrsta lagi hefur verið beitt bótum vegna fyrirsjáanlegs aflabrests og þeim verið breytt en síðan er nú auðveldara að bregðast við með hinni nýju löggjöf um byggðakvótana, bæði þar sem um varanlegan samdrátt yfir lengri tíma er að ræða og eins þegar skyndilegar breytingar á atvinnulífi í einstökum byggðarlögum verða. Ég vona að þess sjáist merki þegar úthlutað verður í fyrsta skipti samkvæmt nýrri löggjöf.

[13:42]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Lífríki sjávar er breytilegt og þeir sem hafa lífsafkomu af því að nýta það hafa alla tíð orðið að laga sig að breyttum skilyrðum. Stundum hefur fiskast vel af einni tegund, á öðrum tíma er sama tegund horfin. Á sumar tegundir hefur verið valtara að treysta en aðrar. Síld, loðna, ufsi, rækja, hörpudiskur og ígulker eru dæmi um tegundir sem hafa komið og farið sviplega af miðunum við landið. Hrun veiðistofns sem á er treyst getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulífið á viðkomandi stað. Það ígildi eignarréttar á veiðiréttinum sem felst í núgildandi lögum hefur leitt til þess að útgerðir sem hafa jafnvel greitt gríðarlegar upphæðir fyrir veiðirétt í einhverri tegund verða að hætta að veiða hana og hafa ekki grundvöll vegna þess háa verðs sem er á veiðiréttinum til að snúa sér að öðrum veiðiskap.

Í lögunum um stjórn fiskveiða hafa stjórnvöld það úrræði að veita veiðirétti í öðrum tegundum til útgerða sem lenda í vanda vegna hruns á veiðistofni. Úrræðið snýr þó einungis að viðkomandi fyrirtæki. Engin skilyrði um að nýta veiðiheimildirnar á viðkomandi stað hafa fylgt bótum af þessu tagi.

Það er eðlilegt að ríkið komi til móts við byggðarlög sem lenda í vanda af þessu tagi. Sá stuðningur á hins vegar að vera tengdur atvinnulífi byggðarlagsins í stað þess að taka eingöngu til ábyrgðar á fjárfestingu fyrirtækja í veiðirétti. Ég tel fulla ástæðu til að veita orðum hæstv. ráðherra um breytt vinnubrögð athygli og vonast sannarlega til þess að hluti af þeim breyttu vinnubrögðum sé að sjá til þess að veiðiréttur sem verður úthlutað með þessum hætti vegna vanda í byggðarlögum verði tengdur byggðarlögunum en ekki einungis fyrirtækjunum.

[13:44]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er vissulega mjög alvarlegt fyrir sjávarbyggðir þegar heilu veiðistofnarnir hrynja sem viðkomandi byggðarlög byggja afkomu sína á. Við getum tekið skelfisk og innfjarðarrækjustofna sem dæmi víða um land. Það er mikið áfall fyrir byggðir sem byggja afkomu sína að miklu leyti á því sem sjórinn gefur. Ég er á því og ég held að þverpólitísk sátt sé um það að stjórnvöld eigi að koma að áföllum sem þessum með sértækum hætti.

Mörg byggðarlög hafa hins vegar orðið fyrir viðlíka áföllum á umliðnum árum. Við getum tekið sem dæmi innfjarðarrækjustofninn í Öxarfirði og jafnframt erfiða stöðu í rækjuiðnaði víða um land sem bitnar sérstaklega á ákveðnum byggðarlögum. Við getum tekið þar Húsavíkurkaupstað og Siglufjarðarkaupstað sem dæmi. Það er því rétt að árétta að stjórnvöld hafi á hverjum tíma stjórntæki til að takast á við staðbundið hrun veiðistofna eða aðrar óhagstæðar aðstæður sem af einstökum tegundum stafar.

Hæstv. forseti. Við skulum hins vegar horfast í augu við það að störfum í sjávarútvegi fer fækkandi og þeim mun fara fækkandi á næstu árum miðað við óbreytt ástand fiskstofna. Miklar tækniframfarir gera það að verkum að störfum fækkar, enda er nauðsynlegt að reka íslenskan sjávarútveg með arðsemi að meginmarkmiði. Þess vegna er það sjálfsögð krafa sjávarbyggðanna að það veiðigjald sem af starfsgreininni er tekið verði nýtt til nýsköpunar í atvinnumálum í viðkomandi byggðarlögum. Það er sjálfsögð krafa, því ef fjármunir af veiðigjaldinu munu ekki renna til sjávarbyggðanna er hér um sérstakan landsbyggðarskatt að ræða og það munu íbúar í hinum dreifðu byggðum ekki sætta sig við.

[13:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það augljóslega mikið áfall fyrir þau svæði og byggðarlög sem alfarið hafa byggt á veiðum á innfjarðarrækju og hörpudiski er ekkert veiðist. Það er þeim mun tilfinnanlegra sem þær greinar hafa vegið þyngra í atvinnulífi á viðkomandi svæði.

Nú er það svo að flest bendir til að með þessu séum við a.m.k. að verulegu leyti að horfast í augu við afleiðingar af loftslagsbreytingum, hlýnun sjávar og lofthjúps. Það er hollt fyrir ýmsa að hafa það í huga en sennilega er þetta aðeins lítið sýnishorn af þeim hrikalegu breytingum sem orðið geta því samfara á næstu áratugum ef svo heldur fram sem horfir og spár vísindamanna ganga eftir. Við svona aðstæður er að sjálfsögðu mikilvægt að efla rannsóknir, reyna að vakta svæðin og skilja hvað þar er að gerast.

Það er að sjálfsögðu eðlilegt að tekið sé til skoðunar með hvaða hætti er hægt að standa við bakið á þeim sem mæta þessum erfiðleikum, t.d. með breyttu fyrirkomulagi á bótum í formi veiðiréttinda í öðrum tegundum, ef til vill úthlutun með varanlegri hætti en verið hefur. Þá er rétt að hafa í huga að menn greiddu fyrir veiðiheimildir í sérveiðum með afsali veiðiréttinda á sínum tíma. Ef þær veiðiheimildir, sá kvóti, er í raun orðinn verðlaus og gagnslaus þar sem ekki er lengur um veiðanlega stofna að ræða til langframa þá hlýtur auðvitað að þurfa að endurmeta það.

Ég tel líka eðlilegt að skoða það sérstaklega að koma til móts við atvinnuhagsmuni og stöðu viðkomandi byggða í almennu samhengi. Þetta bitnar sérstaklega þungt á byggðum um norðvestanvert landið, þótt áhrifanna gæti reyndar allt austur um til Skjálfandaflóa og Öxarfjarðar. Mér finnst að við slíkar aðstæður sé eðlilegt að stjórnvöld skoði það að auka fjárframlög til atvinnuþróunar og nýsköpunar í öðrum greinum á viðkomandi svæðum þannig að menn geti reynt að snúa vörn í sókn og efla annað atvinnulíf í stað þess sem þar er að dragast saman eða tapast.

[13:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum árum var sagt: Farið að okkar ráðum við nýtingu á veiðistofnum innfjarða og þið munuð búa að þeirri gullkistu um áratugi. Treystið þeirri

vísindalegu ráðgjöf sem gefin er og afkoma ykkar og byggðanna verður tryggð. Þessi orð fóru oft á milli manna í rökræðum um veiðar úr innfjarðastofnum eins og rækju og hörpuskel. Hafrannsóknarmönnum var tamt að halda því fram að með því að fara eingöngu eftir veiðiráðgjöf byggju menn að því um alla framtíð að veiða innfjarða.

Sömu viðhorf voru uppi þegar kvótakerfið var tekið upp og veiðarnar voru skertar. Þá var litið til verðmæta þess afla sem tekinn var úr sjó og hann uppreiknaður. Ætli eitt kíló af rækju hafi ekki þá verið eins og þrjú kíló af þorski í dag, eitthvað nálægt því? Menn fengu auðvitað skerðingu í samræmi við hlutfall verðmætanna, voru skertir fyrir sérveiði sína. Hið sama gilti með skelina.

Núna búa sjómenn við það að vísindaleg ráðgjöf hefur að þessu leyti ekki staðist og að breytur eins og sjávarhiti hafa allt önnur áhrif en menn gerðu ráð fyrir, að því er varðar innfjarðaveiði, einkanlega varðandi rækjuna þó að annað eigi við um hörpuskelina.

Því verður ekki á móti mælt að það verður að líta sérstaklega til hagsmuna þess fólks sem hefur haft atvinnu af þessu áratugum saman og hefur auðvitað tekið á sig skerðingu samfara verðfalli og öðru á undanförnum árum. Menn hafa jafnvel reynt aðrar leiðir eins og kræklingaeldi, t.d. í Arnarfirði. En menn hafa núna orðið fyrir sérstökum skaða þar án bóta. Ég tel að það verði að gilda sama regla fyrir alla, að þessar veiðar verði bættar og það sé ekki hægt að mismuna mönnum að því leyti. Það verður að líta til upphafsins þegar heimildir voru skertar.

[13:51]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég fagna þeim ríka skilningi sem fram kom í svörum hæstv. sjávarútvegsráðherra á þeim vanda sem við er að etja.

Það er ljóst að geysilegt hrun hefur orðið og mikill skaði er skeður í þeim byggðum sem búa næst rækju- og hörpudisksmiðunum. Það er óhjákvæmilegt að bregðast við því og með aflabótum hefur verið reynt að koma til móts við byggðirnar og atvinnulífið þar.

Ég tel fá dæmi um annan eins skell og orðið hefur í tengslum við aflabrest í rækju og skel. Talið er að 70% af tekjum af sjávarútvegi í Stykkishólmi vegna skelveiðanna hverfi á einu ári og má nærri geta að það komi við byggðina þegar slíkur brestur verður. Það er augljóst að við þessu þarf að bregðast og við þessu hefur verið brugðist með þeim hætti sem sjávarútvegsráðherra hefur gert, með því að úthluta aflabótum. Það er ástæða til þess að undirstrika það.

Það sem er hins vegar athyglisvert í þessu öllu er að ekkert bendir til þess að um ofveiði sé að ræða. Þess vegna er svo mikilvægt, eins og fram kom í ræðu hv. málshefjanda, að rannsóknir verði auknar og allra leiða leitað til þess að greina ástæður fyrir þessu hruni. Innfjarðarrækjan hefur nánast algjörlega verið veidd eins og tillögur fiskifræðinga hafa hljóðað upp á, upp á kíló. En þrátt fyrir það verður þessi brestur. Talið er að smáfiskur, þorskur og ýsa, gangi í rækjuna. Það þarf að líta á þessa hluti mjög rækilega bæði hvað varðar rækjuna og skelina (Forseti hringir.) og er algerlega óhjákvæmilegt að taka tillit til þess gagnvart þeim byggðum sem um er að ræða.

[13:53]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég fagna því að þetta mál skuli tekið upp utan dagskrár á hinu háa Alþingi, hrun veiðistofna skelfisks og innfjarðarrækju. Það er sannarlega rétt að innfjarðarrækjan hefur hrunið úr 12 þús. tonnum niður í 500 tonn og hörpudiskurinn úr 10–11 þús. tonnum niður í ekki neitt.

En, virðulegi forseti, það er einn stofn í viðbót, úthafsrækjan, sem ég ætla að gera að umtalsefni. Þar hefur úthlutaður kvóti dottið niður í 20 þús. tonn úr 75 þús. tonnum veiðiárið 1997–1998, þ.e. um 75%. Við skulum einnig halda því til haga, virðulegi forseti, að það hefur haft mjög alvarleg áhrif á fjölmörgum stöðum á landsbyggðinni, alveg eins og hrunið í innfjarðarrækjunni og hörpudisknum. Þess vegna verðum við að ræða málið í heild sinni.

Það er ekkert annað, virðulegi forseti, en náttúruhamfarir sem koma upp í huga manns þegar þessi mál eru rædd. Á öllum náttúruhamförum höfum við Íslendingar tekið sameiginlega, sama hvort um jarðskjálfta eða snjóflóð hefur verið að ræða. Þess vegna tel ég, virðulegi forseti, að taka verði á þessum málum af meiri krafti en gert hefur verið. Það er ekki ásættanlegt, virðulegi forseti, að rétt um 3.500 tonn komi úr svokallaðri 9. grein til bóta fyrir innfjarðarrækju og hörpudisk. Það er ekki ásættanlegt að ekki séu komnar bætur í öðrum veiðistofni fyrir úthafsrækjuna, að það þurfi að bíða næsta árs.

Þetta er mjög alvarlegt mál, virðulegi forseti, og inn í það blandast jafnframt skortur Hafrannsóknastofnunar á fjármagni til að stunda rannsóknir á því sem er að gerast vegna hlýnunar sjávar.

Ég vil, virðulegur forseti, í lokin spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra tveggja spurninga. Annars vegar hvort hann, innan ríkisstjórnar eða hann sjálfur, vilji beita sér fyrir breytingu á 9. grein þannig að þessi viðlagapottur, eða hvað við eigum að kalla þennan viðlagasjóð, komi strax til þegar áföllin verða, eins og urðu í fyrra með 20 þús. tonnin í úthafsrækjunni.

Í öðru lagi vil ég spyrja um nokkuð sem snýr að veiðileyfagjaldinu eða auðlindagjaldinu: Telur hæstv. sjávarútvegsráðherra (Forseti hringir.) að vegna erfiðleika í rækjuveiðum, verðfalls á rækjuafurðum, komi til greina að leggja ekki auðlindagjald á úthlutaðar aflaheimildir í úthafsrækju?

[13:55]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er athyglisvert varðandi veiðibrestinn sem er tilefni þessarar utandagskrárumræðu að stjórn á veiðum á umræddum tegundum hefur þannig verið háttað á undanförnum árum að farið hefur eftir tillögum fiskifræðinga að fullu og öllu. Menn hafa sniðið veiðunum þann stakk sem fiskifræðingar hafa skorið utan um þær en engu að síður er allt í fári. Það mætti vera mönnum umhugsunarefni gagnvart annarri ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Menn mega hafa það í huga að fiskifræðin er ekki sú fræðigrein sem hefur alla þekkingu á valdi sínu er menn taka mið af henni í ákvörðun um leyfilegar veiðar úr fiskstofnum.

Víkjum aðeins að innfjarðarrækju og hörpudiski. Þetta eru stofnar eða auðlindir sem menn hafa nýtt sér frá nálæg-

um byggðarlögum. Nytjar af þeim hafa verið nátengdar tilteknum byggðarlögum þar sem menn hafa nýtt þessar auðlindir sér til framfæris. Auðvitað getur farið svo í náttúrunni að aðstæður breytist þannig að þessir stofnar verði veikari og ekki veiðanlegir en þá verða aðrir stofnar sterkari, eins og hér hefur verið rakið, bæði þorskur og ýsa. Þá eiga menn auðvitað að haga hlutunum þannig að menn geti nýtt sér þær auðlindir sem eru við bæjardyrnar, ef það er ekki rækja eða skelfiskur í dag þá er það þorskur eða ýsa á morgun. Menn eiga þá að geta gengið í þær auðlindir og nýtt sér þær sér til framfæris og atvinnusköpunar.

Við höfum því miður búið til allt of stíft kerfi utan um þessa atvinnugrein sem gerir það að verkum að menn geta ekki brugðist við náttúrulegum breytingum til þess að þróa atvinnulífið í takt við það. Það er okkar vandi.

Ég minni á það að lokum, virðulegi forseti, að þeir sem veiða í Ísafjarðardjúpi, svo dæmi sé tekið, því að það þekki ég mætavel, urðu að borga ákaflega mikið fyrir sérveiðileyfið með því að afsala sér hluta af þorskveiðikvóta sínum. (Forseti hringir.) Mörg þúsund tonnum var afsalað frá þessum byggðarlögum af þorskveiðikvóta (Forseti hringir.) til annarra sem aldrei höfðu lagt inn neina veiðireynslu til að fá þann kvóta.

[13:58]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir að taka þetta mál upp. Rækja og hörpudiskur hafa haft gríðarlega staðbundna þýðingu fyrir byggðarlögin, ekki hvað síst við Breiðafjörð og norður um Vestfirði en einnig austur um Norðurland. Hrun stofnanna og uppnámið sem veiðarnar hafa komist í hefur mikil áhrif á atvinnulífið á viðkomandi svæðum.

Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram, að Hafrannsóknastofnun og rannsóknaraðilar hafa verið gagnrýndir fyrir slælega vöktun og árangur í rannsóknum á þessum sviðum. Ég minnist þess að við Breiðafjörð voru venjulegir sjómenn farnir að óttast verulega umgengnina um auðlindina. Það var stöðugt verið að finna upp ný og öflugri tæki til að skafa upp skelina. Hvort það hefur haft raunveruleg áhrif veit ég ekki. Engu að síður voru áhyggjur heimamanna löngu komnar fram áður en vísindaleg ráðgjöf fór að taka tillit til þeirra eða vara við.

Við sjáum nú fram á að eitthvað verður að koma í staðinn, eitthvert atvinnulíf og verkefni, og þá er náttúrlega nærtækast að horfa til annarra auðlinda í sjónum. Hér var nefnd aukning á þorski og ýsu á sömu miðum. En þá erum við bundin í svo vitlaust kvótakerfi að fólkið sem býr við hliðina á þessari auðlind má ekki nýta sér hana, það afsalaði sér á sínum tíma þorskveiðiheimildum til að fá heimildir í hörpudisk.

Núna hljótum við að krefjast þess að byggðirnar við Breiðafjörð, á Vestfjörðum og annars staðar þar sem mann hafa mátt horfa á eftir auðlindinni hverfa fái til baka þær fiskveiðiheimildir sem þær áttu og þær verði bundnar byggðunum, íbúunum á viðkomandi svæðum, til varanlegs öryggis og atvinnuuppbyggingar. Það hlýtur að vera krafa okkar í dag.

[14:00]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst að þessi mjög svo gagnlega umræða sem fram fer í dag eigi að snúast um orsakir, afleiðingar og svo aðgerðir. Við sjáum að hörpudisks- og rækjustofnar allt í kringum landið hafa hrunið á undanförnum missirum. Náttúran hefur eflaust mjög mikið að segja hér og hækkandi hitastig allt í kringum landið hefur gert það að verkum að hörpudiskurinn á erfitt uppdráttar víða. Kadmínmengun í Arnarfirði hefur slegið út hörpudiskinn þar, þungmálmurinn. Fyrir Norðurlandi hafa rækjustofnar horfið, einnig í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði. Ýsan hefur breytt mjög um útbreiðslumynstur og finnst núna víða fyrir Norðurlandi og inni á fjörðum fyrir vestan og það er enginn vafi á því að ýsan á hér verulegan hlut að máli. Hún er botnlæg tegund og étur upp rækjuseiðin þannig að nýliðunin í rækjustofninum hrynur.

Ég hef oft lýst því yfir að ég sakna þess að ekki sé meira hugsað um vistfræði þegar fiskveiðistjórn er annars vegar hér á Íslandi. Við þurfum að fara að gera það í miklu meira mæli en nú er gert. Við þurfum að fara að taka tillit til næringarkeðjunnar í hafinu og við þurfum að auka skilning okkar á henni því að þar liggur svarið.

Loðnan. Við gerðum mjög alvarleg mistök fyrir nokkrum árum með því að draga ekki markvisst úr loðnuveiðum. Við áttum að gera það um leið og kolmunnaveiðar jukust, einmitt vegna þess að loðnan er mjög mikilvæg sem fæðutegund fyrir grunnslóðina allt í kringum Ísland. Hún er eins og áburðardreifari sem keyrður er yfir tún á vorin. Við höfum gengið allt of nærri loðnustofninum á undanförnum missirum.

Nú berast þær fréttir frá Noregi að stærsti síldarárgangur sem nokkurn tíma hefur mælst frá því að mælingar hófust, árið 1950, er fundinn í Barentshafi og það mun sennilega leiða til þess að síldveiðar munu aukast stórkostlega á næstu árum, á norsk-íslenskri síld, og við stöndum mjög sennilega frammi fyrir því með hækkandi hitastigi að útbreiðslumynstur síldarinnar breytist og jafnvel er fyrir höndum nýtt síldarævintýri fyrir Austfjörðum og Norðurlandi. Þetta eru mjög góðar fréttir.

Ég vil nota tækifærið og hvetja hæstv. sjávarútvegsráðherra til þess að draga úr loðnuveiðum og gefa síðan þeim mönnum sem hafa orðið fyrir tjóni vegna hruns á rækju og hörpudiski lausan tauminn, leyfa þessu fólki að veiða. Um það snýst þetta.

[14:02]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Hér er hreyft alvarlegu máli. Við vitum að rækjustofninn er í lágmarki, hvort sem við lítum til úthafsrækju eða innfjarðarrækju og eins og sakir standa er, hygg ég, ekkert rækjuskip við veiðar. Ef til vill eru horfur á því að rækjuvinnsla í landi stöðvist, um skeið a.m.k., á einstökum stöðum. Þessi atvinnurekstur á í miklum erfiðleikum.

Ég vil á hinn bóginn vara mjög við því undir þessum kringumstæðum að menn reyni að slá keilur með því að gera lítið úr rannsóknum og athugunum hér við landið eins og hv. þingmenn gerðu, vöruðu við því að farið væri eftir ráðleggingum fiskifræðinga sérstaklega og höfðu við orð að

þekking og rannsóknir þeirra byggðu á veikum grunni. Auðvitað höfðum við ekki á öðru að byggja en þeirri þekkingu sem er í Hafrannsóknastofnun og þeirri ráðgjöf sem þaðan kemur. Ég hygg að hv. þingmenn búi ekki yfir meiri þekkingu en þar er saman komin.

Ég vil einnig vara við því að menn dragi af þessu þær almennu ályktanir að ástæða sé til að hreyfa við kvótakerfinu en vil á hinn bóginn taka undir með hæstv. sjávarútvegsráðherra að nauðsynlegt er að bregðast við. Ég hef trú á því að hann muni gera það sem í hans valdi stendur til að beita hinum sérstöku úrræðum sem hann ræður yfir til að mæta áföllum eins og þessum. Frá því var gengið þegar kvótalögin voru sett að sjávarútvegsráðherra hefur ákveðin úrræði sem hér voru samþykkt og ég legg áherslu á að þeim sé skynsamlega beitt og að rannsóknir séu efldar á rækjustofninum.

[14:05]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég held að þær umræður sem hér hafa farið fram og hafa verið ákaflega málefnalegar undirstriki fyrst og fremst alvöru þessa máls, bæði hvað varðar hörpudiskinn og eins innfjarðarrækjuna. Ég get tekið sem dæmi að hér kom fram hver heildarkvótinn í úthafsrækjunni er á yfirstandandi fiskveiðiári og það svarar til þess að þegar best lét á síðasta áratug var innfjarðarrækjan u.þ.b. helmingurinn af þeirri úthlutun. Hér er um að ræða gífurlega mikla hagsmuni.

En það er ástæða til að árétta það sem ég nefndi áðan, þau vandræði sem við stöndum núna frammi fyrir varðandi innfjarðarrækjuna og hörpudiskinn stafa náttúrlega af þessum umhverfisbreytingum, varðandi hörpudiskinn sérstaklega, líka sníkjudýr eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra sagði hér. Það er ástæða til að vekja athygli á því hvað þessir hlutir gerast hratt. Við stöndum kannski eitt haustið í bullandi rækjuveiði og allt gengur vel og menn hafa ekki ástæðu til að ætla annað en að allt muni ganga vel. Þá fara menn að taka eftir breytingum. Það var mat Hafrannsóknastofnunar í maí í vor til að mynda að í Arnarfirðinum væri rækjustofninn í sögulegu hámarki. Síðan eru gerðar rannsóknir í október og þá er niðurstaðan sú að ekki sé hægt að leyfa rækjuveiðar þennan veturinn. Við sjáum með öðrum orðum hvað þessir hlutir gerast gríðarlega hratt og það er engin ástæða til annars en að undirstrika það.

Ég held að það sé rétt sem hér hefur verið sagt að auðvitað verðum við að laga umhverfið þannig að við getum einhvern veginn brugðist við þegar svona aðstæður verða. Og það eru þær breytingar sem við höfum einmitt verið að gera á lagaumhverfinu. Við höfum verið að gera það þannig að þegar aðstæður koma upp eins og nú í innfjarðarrækjuveiði, eins og varðandi hörpudiskinn, er það þannig núna í fyrsta skipti að við erum búin að breyta lögunum þannig að það er hægt að úthluta aflaheimildum í öðrum tegundum strax til að koma til móts við þessa báta. Þegar um er að ræða aðstæður eins og við erum núna að sigla inn í — það er miklu varanlegra en áður — höfum við líka þessi úrræði.

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að hvetja til þess að tiltækum úrræðum sé beitt til að vernda útgerðina og þá atvinnustarfsemi sem þarna er til að menn geti síðan haldið áfram með aðra atvinnustarfsemi í þessum byggðarlögum. Þetta er gífurlega mikilvæg atvinnugrein í þeim byggðarlögum sem um er að ræða, hvort sem um er að ræða hörpudiskinn í Breiðafirði eða innfjarðarrækjuveiðina víða um norðanvert landið.

[14:07]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það voru fluttar 11 ræður sem ég þarf að veita svör við á tveimur mínútum þannig að það er eins gott að drífa sig í það.

Reynt hefur verið að tengja bæturnar við atvinnulífið í byggðarlögunum og í þeirri vinnu sem við höfum verið að vinna að undanförnu er enn frekar reynt að gera það.

Það er ástæða til að taka undir með hv. þm. Birki Jóni Jónssyni um að ástæða sé til þess að verja fjármunum til nýsköpunar í atvinnulífi á landsbyggðinni. Það er einmitt markmiðið með svokölluðu AVS-verkefni því að sjávarútvegurinn er auðvitað fyrst og fremst atvinnugrein landsbyggðarinnar.

Ég vara hins vegar við því þegar menn fara í ræðustól og tala eins og þetta sé fiskifræðingunum að kenna, af því að farið hafi verið eftir ráðleggingum fiskifræðinganna sé það þeim að kenna að ekki veiðist betur nú en raun ber vitni. Treystið okkur, vitnaði hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson í fiskifræðingana, en vísindamenn ræða aldrei á þessum nótum nema að gefnum ákveðnum forsendum. Það eru þær forsendur sem eru að breytast og það er raunverulega við þeim sem við verðum að bregðast, alveg á sama hátt og náttúran bregst við þessum breytingum. Ég held hins vegar ekki að það sé rétta leiðin að fara 20–25 ár aftur í tímann og rífa upp kvótatilfærslur sem komu til vegna sérveiðileyfa. Þeir sem fengu þá rækjuúthlutun og skelúthlutun hafa notið þess í ríkum mæli þegar þessir stofnar ruku upp, alveg upp í 75 þús. tonn eins og gerðist hérna í stuttan tíma, eins og hv. þm. Kristján Möller nefndi, á meðan samdráttur hefur verið í öðrum tegundum, eins og var t.d. í ýsunni og auðvitað í þorskinum.

Hæstv. forseti. Tíminn er liðinn. Það er margt sem ég hefði gjarnan viljað svara frekar en verð að reyna að gera það síðar.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:09]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 527 og 534. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Fjárlög 2005, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 474, frhnál. 530 og 531, brtt. 521, 522, 523, 524, 525, 526, 527, 528, 529 og 534.

[14:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við erum hér nú við 3. umr. fjárlaganna, framhaldið eftir hádegishlé. Ég ætla að nota mér fljótlega í ræðu minni að hæstv. samgönguráðherra er í salnum og víkja að samgöngumálunum og fyrirhuguðum niðurskurði á þeim. Ég mun þar af leiðandi breyta ræðu minni nokkuð frá því sem ég hugðist flytja hana.

Ég vil þó í upphafi geta þess sem mér fannst mikill galli við fjárlagavinnuna núna á síðustu vikum, að það skyldi dragast svo úr hömlu þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, að því er ég tel, formanns fjárlaganefndar að fá yfirlit yfir stofnanir og ráðuneyti um það hvernig stefndi með fjárlagaeftirfylgnina á þessu ári. Ég held að rétt sé að fara nokkrum orðum um það áður en lengra verður haldið.

Við reynum í fjárlagavinnunni að meta hvernig fram hefur undið á því ári sem við erum að vinna. Við höfum verið að afgreiða fjáraukalög og til þess að meta málið í heild sinni, fjárlög fyrir næsta ár, hefðu menn eðlilega viljað sjá í tíma í hvað stefndi í hinum ýmsu stofnunum ríkisins. Það verður að segjast alveg eins og er, virðulegur forseti, að þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni formanns fjárlaganefndar barst þessi listi okkur ekki fyrr en núna fyrir örfáum dögum, þ.e. 29. nóvember. Það gerir, a.m.k. að mínu viti, það að verkum að menn hafa ekki þá yfirsýn sem þessi listi birtir. Þess vegna vil ég ítreka það sem ég sagði reyndar einnig við umræðu um fjáraukalögin og tel næsta víst að allir í fjárlaganefnd — ég á þar áheyrnaraðild — séu mér sammála um að mjög æskilegt sé að slíkur verkefnalisti, um stöðu stofnana og ráðuneyta að því er varðar fjárlögin og hvernig rauntölur líta út, liggi fyrir sem fyrst í upphafi hvers þings. Eins og venja er eru fjárlög lögð fram sem fyrsta skjal þingsins á hverju hausti. Það mundi örugglega auðvelda fjárlagavinnuna og gefa mönnum betri yfirsýn yfir það hvert stefndi í einstökum málaflokkum og stofnunum ef það lægi fyrir strax í upphafi. Þá væri líka æskilegt að fyrir lægi áætluð staða viðkomandi stofnana og ráðuneyta um áramót.

Þetta vildi ég segja almennt og tel ég að þessu þurfi að fylgja mjög vel eftir næsta haust. Ég hef ekki heyrt annað reyndar en að formaður fjárlaganefndar muni gera það en það hefur gengið ákaflega illa að ná þessum lista, væntanlega út úr viðkomandi ráðuneytum eða stofnunum. Eitthvað hefur tafið það. Þetta held ég að þurfi að leggja mikla áherslu á varðandi vinnu í fjárlagagerðinni.

Að öðru leyti vil ég segja almennt um fjárlagagerðina, svo það hafi verið sagt af minni hálfu, að ég sé ekki annað en að menn hafi reynt að leysa verkefnið vel af hendi og að starfið hafi gengið vel að flestu leyti, en það má gjarnan bæta upplýsingagjöfina og því vek ég athygli á þessu hér.

Þá langar mig að víkja að því, á meðan hæstv. samgönguráðherra er í salnum, sem fyrirhugað er varðandi niðurskurð á fjárlögunum. Stefnt er að því að skera niður framkvæmdir í landinu um 2 milljarða á þessu ári og um 2 milljarða á því næsta. Ég minni á að við frestuðum verklegum framkvæmdum í samgöngugeiranum sl. ár fyrir 1,6 milljarða, ef ég man rétt. Samanlagt eru það tæpir 6 milljarðar á þremur árum, þ.e. þessu ári, næsta og þarnæsta. Hið svokallaða flýtifé í vegaframkvæmdum sem kom inn fyrir kosningarnar 2003, á því þingi og við töldum öll á hv. Alþingi til mikilla bóta, er búið að draga til baka núna ef niðurskurðurinn á að bitna á samgönguframkvæmdunum.

Ég hef sagt það áður í ræðum mínum varðandi hinn fyrirhugaða niðurskurð að því miður væri ástandið svo í því kjördæmi sem ég er þingmaður fyrir að þar væri ekki um mikla mælanlega þenslu að ræða og að ekki fyrirsjáanlegt að við gætum sætt okkur við mikinn niðurskurð á verklegum framkvæmdum þar. Vona ég að svo verði ekki. Ég hef einnig nefnt það í ræðum mínum að vegakerfið í Norðvesturkjördæmi og reyndar líka á norðausturhorninu væri þannig að mikið þyrfti að gerast þar til að við kæmumst á svipað stig og annars staðar á landinu. Þess vegna væri okkur mikið í mun að berjast á móti því að niðurskurður vegaframkvæmda ætti sér stað.

Ég tek þetta til umræðu af því tilefni að hæstv. samgönguráðherra er í salnum. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. ráðherra gerði nokkra grein fyrir því í andsvari á eftir eða ræðu hvort fyrir liggja tillögur um hvar niðurskurðurinn á að koma niður eða hvað hafi verið rætt í því sambandi og hvar menn hyggist skera niður í framkvæmdum.

Ég tel að það væri afar erfitt fyrir þau landsbyggðarsvæði þar sem þenslan hefur vart verið mælanleg og sem eru verulega á eftir í vegakerfinu ef niðurskurður ætti að bitna harkalega á vegaframkvæmdum þar, því sennilega eru fáar verklegar framkvæmdir eins nauðsynlegar og vegaframkvæmdir á mörgum svæðum landsins, sérstaklega held ég að menn deili ekki um að vegakerfið á Vestfjörðum er langt á eftir því sem er víða annars staðar á landinu, þó þar hafi vissulega gerst ágætir hlutir á undanförnum árum. Ber ekki að lasta það. Þetta vildi ég sagt hafa varðandi þetta atriði og mundi mjög gjarnan vilja að hæstv. samgönguráðherra reyndi að tjá okkur hvað fyrirhugað væri varðandi niðurskurð á vegaframkvæmdum til aðhalds í ríkisfjármálum.

Talað er um að þensla sé mikil í landinu og að á henni þurfi að taka. Rétt kann að vera að svo sé, alla vega er þó nokkuð mikið um að vera á Reykjavíkursvæðinu. Hér rýkur fasteignaverð upp og miklir peningar streyma út úr bankakerfinu, m.a. í endurlán og fjármögnun á kaupum á íbúðarhúsnæði. Við vitum að í tengslum við framkvæmdirnar á Austurlandi, sérstaklega Miðausturlandi, verður mikið um að vera þar á næstu árum. Að sjálfsögðu getur þetta haft áhrif um allt land, en þetta hefur fyrst og fremst að mínu viti áhrif á Austfjarðasvæðið vegna uppbyggingarinnar þar og hins vegar, eins og ævinlega ef einhvers staðar er eitthvað um að vera á landinu, hefur þetta áhrif á suðvesturhorninu þar sem peningarnir fara um og margföldunaráhrifin koma iðulega fram. Það eru því ýmsar hliðar sem þarf að ræða í þessu sambandi. Ég held að menn verði líka að líta á rök okkar úr landsbyggðakjördæmunum þegar við ræðum þessi mál almennt fyrir landið og horfa til þess í hvaða stöðu kjördæmin eru, því hún er vissulega mjög mismunandi eftir landsvæðum. Þetta vildi ég segja um samgöngukerfið og fyrirhugaðan niðurskurð þar.

Mikil umræða hefur verið um fyrirhugaðar skattalagabreytingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við fjárlagaumræðuna undanfarið og þær áherslur sem lagt hefur verið upp með þar. Það er ekkert launungarmál og er öllum ljóst að stjórnarandstaðan hefur haft aðrar skoðanir á því hvernig fara bæri í útfærslu á skattalækkununum. Það hefur ekki verið neitt launungarmál í mínum flokki þegar upp kom umræðan um miklar skattalækkanir í kosningabaráttunni, að við töldum að ef að fara ætti að lækka skatta ættu þeir að hafa forgang sem hefðu lökust kjörin. Við töldum og teljum enn að það sé öfug forgangsröðun að halda áfram að lækka hátekjuskattinn um 2% á næsta ári, fella hann niður árið 2006 og bæta síðan við í útfærslu varðandi skattalagabreytingarnar með því að fara í flata prósentulækkun á tekjuskatti. Við teljum að þessar tvær útfærslur nýtist miklu betur þeim sem hæstar hafa tekjurnar, en komi miklu lakar út fyrir þá sem hafa lægri tekjur.

Að mínu viti er nánast óásættanlegt að upp undir 30 þús. einstaklingar greiða tekjuskatt af launum sem eru undir 100 þús. kr. á mánuði. Mér finnst það varla ásættanlegt. Þess vegna er ég mjög ósammála framsetningu hæstv. fjármálaráðherra, sem hann vék að í ræðu sinni ef ég man rétt, þegar hann sagði að skattgreiðendum hafi fjölgað hér á landi hlutfallslega. Það liggur náttúrlega í augum uppi að ef persónuafslátturinn heldur ekki raungildi sínu og menn greiða tekjuskatta af bótum og lágmarkslaunum undir 100 þús. kr. á mánuði fjölgar skattgreiðendum miðað við það sem áður var. Ef ég man rétt úr umræðu sem hér fór fram þá nefndi hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir að þeir sem væru með tekjur undir 100 þús. kr. greiddu alls um 2 milljarða í tekjuskatt.

Ég tel að það hefði átt að reyna að vinna markvisst að því að fólk með minni tekjur en 100 þús. kr. á mánuði greiddi alls ekki tekjuskatt. Bara alls ekki. Það er í samræmi við það sem við settum fram í kosningabaráttunni í Frjálslynda flokknum, að ef svigrúm væri til skattalækkana ætti að horfa sérstaklega til hækkunar á persónuafslætti til að hækka frítekjumarkið og koma þannig á móts við stöðu þeirra sem lægst hafa launin. Slík útfærsla hefði fært sömu krónutölu til hátekjumannanna eins og lágtekjumannanna. Ég tel að það hefði verið sanngjarnt í þessari stöðu að fara þá leið.

Það má líka velta fyrir sér öðrum leiðum sem færa því fólki kjarabót sem notar alla fjármuni sína til viðurværis og á ekki afgang til sparnaðar. Nefndar hafa verið ýmsar útfærslur, t.d. að því er varðar barnafjölskyldur. Við í Frjálslynda flokknum styðjum það sem gert er ráð fyrir varðandi barnabæturnar í tillögum ríkisstjórnarinnar. Því miður kemur það ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 2006, ekki næsta ár, og hins vegar á árinu 2007. Ég tel að þær skattalagabreytingar sem við erum að keyra inn í á þessu ári, þ.e. sem eru fjárlögin sem við ræðum fyrir næsta ár, komi fyrst og fremst því fólki sem hefur meiri tekjur til góða.

Ég er algjörlega andvígur því í þessari stöðu að fella niður hátekjuskattinn og tek ekki undir þau rök sem hafa iðulega verið flutt að menn ættu ekkert að vera að ræða það því það væri búið að binda það í lög. Það ætti ekkert að vera að ræða það að fella niður hátekjuskattinn því það væri í lögum. Ég tel að það eigi einmitt að ræða það, það sé öfug forgangsröðun við núverandi aðstæður.

Síðan hefur það verið dregið fram og sá sem hér stendur dró það fram þegar við fjárlagaumræðuna sl. haust þegar við gagnrýndum ríkisstjórnina fyrir að sýna ekki neinar tillögur til skattalækkunar, að ríkisstjórnin væri sennilega að undirbúa skattalækkanir næstu ára sl. haust með því að leggja af stað með ýmis gjöld og ýmsa gjaldtöku í fjárlögunum sem voru látin koma í gildi á þessu ári. Verið var að taka inn nýja tekjustofna, eins og þungaskatt, vörugjöld, skerðingar á vaxtabótum, tryggingagjald, skerðingar á barnabótum, upptöku komugjalda o.s.frv.

Síðan hefur verið bætt í nýverið. Við vorum að hækka áfengisgjöldin og tókum þar inn 340 millj. kr. í tekjur. Það stendur til að hækka skólagjöldin. Þar tókum við um 140 millj. kr. í tekjur. (**GunnB:** *150 milljónir.*) *150 milljónir*, segir hv. þm. Gunnar Birgisson, bæjarstjórnarmaður úr Kópavogi. Ég geri ráð fyrir að hann viti það og tek leiðréttingu hans til greina, 150 millj. kr., hv. þingmaður.

Ef við höldum áfram að tína saman það sem hækkað var við fjárlagaafgreiðsluna síðasta haust og það sem hækkað hefur núna þá komumst við að niðurstöðu sem réttilega birtist í nefndaráliti 1. minni hluta, að með þessu lagi verði tekjurnar auknar um tæpa 5 milljarða kr. Nú eru skattar hins vegar lækkaðir um 1% flatt á tekjuskattinn. Áætlað er að það kosti um 4 milljarða kr. og þar til viðbótar megum við ekki gleyma hátekjuskattinum sem lækkar um 2% á næsta ári. Þannig mætti ætla að útkoman sé nokkurn veginn á jöfnu. Ætli það sé ekki nokkurn veginn núll sem kemur út úr dæminu þegar upp er staðið ef við horfum bara á næsta ár. Ég er ekki að horfa til atriða sem koma fram í barnabótum og öðru slíku á árinu 2006 og 2007. Ef við horfum til næsta árs og reiknum með þeim lögum frá því í haust sem eru líka í gildi fyrir næsta ár þá erum við að tala um að það standi nánast á jöfnu, tekjuskattslækkun annars vegar, sem færist mun í meira mæli til hátekjufólksins og hins vegar ýmsir gjaldstofnar.

Rökræðu um að hér og þar muni 100 millj. kr. til eða frá ætla ég algjörlega að *láta liggja milli hluta*. Því verður ekki á móti mælt að sennilega koma inn 4–5 milljarðar í gjöld. Á móti kemur að það er verið að lækka tekjuskatt og hátekjuskatt.

Áherslur okkar í Frjálslynda flokknum fara ekki saman við áherslur ríkisstjórnarinnar að þessu leyti þótt við styðjum vissulega að það sem rætt er um í skattatillögum ríkisstjórnarinnar varðandi barnabætur komi til framkvæmda. Við hefðum hins vegar talið rétt að láta þær koma til framkvæmda þegar á næsta ári, koma þegar til móts við barnafjölskyldurnar í landinu og laga stöðu þeirra.

Vissulega hefði mátt sleppa því algjörlega, hæstv. forseti, að okkar viti í Frjálslynda flokknum, að lækka hinn sérstaka tekjuskatt. Við teljum enga þörf á því eins og ástandið í þjóðfélaginu er núna, að auka sérstaklega tekjumöguleika þeirra sem þegar hafa nægar tekjur fyrir, fólks með yfir 400 þús. kr. á einstakling eða 800 þús. kr. á hjón, að það þurfi sérstaka skattalækkun. Ég á voðalega erfitt með að átta mig á þeirri áherslu og furða mig á því að menn skyldu halda áfram á þeirri leið. Við núverandi aðstæður hefði ég talið að það hefði verið eðlilegt að fresta þeirri útfærslu, algjörlega. Þetta vildi ég segja, hæstv. forseti, varð-

andi skattamálin almennt.

Það er rétt að minna á einn tekjustofn sem ég held að skaði engan. Hann færir íslenska ríkinu nýjar tekjur sem ella hefðu horfið í hafið. Það er 5% reglan, um að það megi landa afla utan aflamarks sem tekinn var upp á árinu 2002. Lengi stóð styr um hvort leyfa ætti mönnum að tilkynna afla utan aflamarks. Það var sem betur fer loksins leyft. Síðan þessi regla var tekin upp á árinu 2002 hafa tekjur af afla sem svo hefur verið tilkynntur utan aflamarks — sem geta verið margar ástæður fyrir og hefur örugglega komið í veg fyrir eða minnkað brottkast, eða það vona ég — af þessari einu aðgerð aukið tekjur ríkisins um 472 millj. kr., á rúmum tveimur árum.

Ég spyr, virðulegi forseti, hvort ekki hefði verið rétt að hækka þessa prósentu upp í 7%. Reyndin er sú að nokkur skip fullnýta sér þessa reglu. Ef við erum sammála um það að dauður fiskur sé betur kominn á landi en í sjó, þótt hann gangi vissulega inn í lífríkið þar og verði fæða, þá held ég að við hefðum átt að líta til þessa. Við höfum enn þá tækifæri til að að skoða það.

Þessar tekjur renna í verkefnasjóð í sjávarútvegsráðuneytinu ... — Nei, þær ganga reyndar í AVS-sjóðinn. Verkefnasjóðurinn fær hins vegar sektarákvæðin sem gáfu 150 millj. kr. á síðasta ári sem er sérúthlutað af ráðuneytinu. Tökum aðra umræðu um það við tækifæri. En þessar tekjur færa okkur bæði aukin verðmæti og vinnu. Það sem meira er, við vitum þá betur hvað er veitt og drepið. Ég vildi nú aðeins geta þessa í umræðunni.

Einnig hefur mikið verið rætt um verkefni sveitarfélaga, stöðu þeirra og afkomu. Ég held að menn deili ekki um að sveitarfélögin þurfa mörg hver á auknum fjármunum að halda. Það kann að vera að einhver öflugustu sveitarfélögin hafi nægar tekjur til að standa undir verkefnum sínum en það er alveg ljóst að verkefni hafa verið að færast til sveitarfélaganna. Auk þess hefur ríkið ákveðið að draga úr kostnaðarþátttöku sinni í sumum verkefnum hjá sveitarfélögunum, sem ríki og sveitarfélög hafa haft sameiginlega. Í því sambandi má nefna eyðingu refa og minks og húsaleigubætur, svo eitthvað sé nefnt.

Sveitarfélögin þurfa örugglega á auknum tekjum að halda enda hefur verið sérstök nefnd í að ræða það. En þar hillir því miður ekki undir neitt samkomulag ef ég veit rétt. Ég held að allt sé í uppnámi í þeirri nefnd. Sveitarstjórnarmennirnir segja jafnvel að þeir hafi ekkert þar að gera ef menn ætli ekki að finna neinn flöt á þeim fortíðarvanda sem skapast hefur hjá sveitarfélögunum. Áður en kemur að fyrirhuguðum sameiningum, sem kynni að vera hagkvæmt fyrir þjóðina og koma vel út til framtíðar, m.a. í fjárlögum Íslands í heild, þá held ég að leysa verði fortíðarvandann og marka nýja tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga áður en ný verkefni færast til sveitarfélaganna.

Það væri full ástæða til að vekja máls á stöðu ýmissa stofnana. Ég ætla ekki að taka langt mál í það en vek athygli á því að Landhelgisgæslan hefur dregið úr rekstri sínum á undanförnum árum til að reyna að haldast innan ramma fjárlaga. Nú er svo komið að suma daga, ef ekki vikur, er ekkert varðskip á sjó.

Ríkisendurskoðun hefur gert úttekt á stöðu Landhelgisgæslunnar og benti á að þar vantaði 80 millj. kr. inn í rekstrurinn ef ætti að vera hægt að halda úti eðlilegri og stöðugri útgerð miðað við verkefni Gæslunnar. Þar hafa menn dregið verulega saman í umfangi og ég tel að við höfum gengið á öryggisstuðul Gæslunnar með því.

Nýlega birtist skýrsla frá Ríkisendurskoðun um Náttúrustofnun. Það vantar verulega á að sú stofnun geti sinnt verkefnum sínum. Menn þurfa að fara yfir það og finna út hvernig með skuli fara. Ég vek líka athygli á því að nú, þegar fyrirhuguð er sameining Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík, er því lofað að koma með sérstaka fjárveitingu til þess í fjárlögum á næsta ári. Við erum hér að ræða fjárlög og hefðum átt að reyna að meta hvað um væri að ræða. Menn ættu strax að gera ráð fyrir þeim fjármunum sem menn þykjast sjá fyrir að á muni vanta í rekstri Tækniháskólans í stað þess að það verði bætt síðar í fjáraukalögum. Meginaðferðin ætti að vera sú að allt komi inn í fjárlögin sem við vitum af og getum séð fyrir.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði ekki að hafa ræðu mína mjög langa. Ég var að vona að hæstv. samgönguráðherra þyrfti ekki að fara úr salnum án þess að svara spurningum mínum.

Ég ætla að víkja að einu máli í lokin sem varðar málefni sem ég hef nokkrum sinnum rætt í sölum Alþingis og einnig talað um í fjárlaganefnd. Það varðar málefni Byrgisins og fortíðarvanda þess. Þegar við tölum um fortíðarvanda Byrgisins þá er um að ræða uppsafnaðan vanda vegna framkvæmda þess félags á Miðnesheiði í Rockville, þegar aðstaðan var byggð upp þar. Þegar mönnum var gert að fara þaðan var ekki búið að greiða niður skuldbindingar vegna þeirra fjárfestinga og upp kom ágreiningur á milli ríkisins og Byrgismanna um hvernig á ætti að taka.

Á sínum tíma var sett nefnd í málið. Ég veit að menn muna að það var sett í þetta sérstök nefnd, ég held að hún hafi verið á vegum félagsmálaráðuneytisins, til að meta hvað þyrfti til. Niðurstaðan var sú að auka þyrfti fjárveitingar verulega til að þar væri hægt að vista alla vistmenn sem ráð var fyrir gert.

Ég ætla ekki að vera að rekja þá umræðu frá orði til orðs þótt ég hafi hana fyrir framan mig, hæstv. forseti. En það fór fram umræða um þessi mál við fjárlagagerðina í fyrra. Ég ætla að leyfa mér að vitna aðeins til hennar. Þá skiptumst við á skoðunum um þetta mál, ég og háttvirtur varaformaður fjárlaganefndar, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Í ljós kom í rökræðum okkar á milli að þar sem hv. þingmaður taldi að kominn væri á samningur á milli Byrgisins og viðkomandi stjórnvalds þá væri ekki ástæða til að taka á málinu. Þessi misskilningur var leiðréttur við umræðuna og ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í umræður milli okkar um þetta mál til að koma í veg fyrir misskilning. En hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði, með leyfi forseta:

„Virðulegi forseti. Það er komið kvöld, og það er líka komið kvöld í þessa umræðu, 3. umr. fjárlaga fyrir árið 2004. Það eru samt nokkur atriði sem komið hafa hér fram sem ég held að rétt sé að gera aðeins að umræðuefni.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson ræddi mikið um málefni Byrgisins og annarra meðferðarstofnana. Það þarf að segja nokkur orð um það. Vitnað var í umræðunum réttilega til ummæla minna við 2. umr. fjárlaga um þá stefnu og

þær meginmeiningar fjárln. að fara ekki ofan í gerða samninga sem ráðuneytin hefðu staðið fyrir. Nú upplýsti hann, sem ég vissi ekki áður, að ekki hefði orðið samkomulag milli félmrn. og Byrgisins. Eigi að síður er það meining okkar að við förum ekki óskoðað ofan í málefni, samninga eða það sem viðkomandi ráðuneyti vilja gera. Það eina sem ég gæti í málinu sagt og gert, og er guðvelkomið og sjálfsagt, er að fara yfir þennan samning sem Byrgið hefur gert með félmrn. og reyna að skoða hvort hægt sé að leita einhverra sátta."

Þannig var þetta, hæstv. forseti. En síðan langar mig að vitna örstutt í andsvar hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar við ræðu sem ég flutti. Í lokin á umræðunni féllu svofelld orð, með leyfi forseta:

„Virðulegi forseti. Ég hélt að þetta væri mjög skýrt. Ég sagði áðan að eins og staðan væri skyldi ég vera reiðubúinn til að fara í gegnum þessi mál, fara þá með þessu ágæta vistheimili, ræða þetta við félmrn., gá hvort það væri einhver flötur á því að við gætum náð saman um það. Ekki skal standa á því. Það eru engin önnur loforð sem ég hef gefið. Reiðubúinn til að gera það."

Þetta voru orð háttvirts varaformanns fjárlaganefndar.

Í lokaandsvari mínu sagði ég eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Þau fullvissa mig um að þegar hv. þm. áttaði sig á því að raunverulegur samningur var ekki til um þetta mál væri hann tilbúinn til að vinna að því að skoða það og sjá hvaða lausn megi finna út úr því máli. Ég þakka fyrir þau svör."

Þannig voru umræðurnar okkar á milli, hæstv. forseti. Ég hafði vonast til að viðræður hv. þm., varaformanns fjárlaganefndar, Einars Odds Kristjánssonar, við forsvarsmenn Byrgisins og stjórnvöld, mundu leiða til sátta og vonandi samnings um svokallaðan fortíðarvanda Byrgisins.

Ég lít þess vegna svo á að verkinu sé enn ólokið, en að hv. þm., varaformaður fjárlaganefndar, hafi mætt mótbyr við lausn málsins. Það er mín skoðun á málinu. Ég þekki hv. þingmann ágætlega og veit að ef hann hefur sagst ætla að skoða mál þá gerir hann það. Ég met því málin þannig að hann hafi fengið mótbyr, annaðhvort í ráðuneytinu eða hjá öðrum nefndarmönnum í fjárlaganefnd við það að finna lausn á málinu, en vona samt sem áður að málið sé ekki út af borðinu og á því megi finna lausn og treysti því auðvitað að hv. þingmaður muni reyna það svo framarlega sem hann fái ekki algjöra neitun samstarfsmanna sinna í ríkisstjórninni um að þennan vanda megi leysa.

Hæstv. forseti. Þetta vil ég láta koma hérna fram og ég tel rétt að víkja að þessu, einnig vegna ummæla fyrrverandi formanns fjárlaganefndar, Ólafs Arnar Haraldssonar, um að þessi mál þyrfti að leysa í sátt. Við stóðum í þeirri meiningu margir þingmenn, að það yrði gert.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[14:47]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að ekki hefur reynst vera pólitískur vilji til að leysa það sem menn kalla fortíðarvanda Byrgisins. Hv. þingmaður fór alveg rétt með alla hluti varðandi þetta. En ég ítreka að sjálfsagt er að halda áfram að athuga hvort til er flötur á málinu til að gera eitthvað og ég er reiðubúinn til þess.

Hins vegar langar mig til að ræða um annað við hv. þingmann, vegna þess að hann eyddi stórum hluta ræðu sinnar í að fjalla um skattalækkanir. Ég vil minna hann á að Sjálfstæðisflokkurinn hefur alla tíð barist mjög harkalega gegn hátekjuskatti, eins og sjá má í ótal samþykktum á landsfundum flokksins og formannaráðstefnum, o.s.frv. Baráttan fyrir því að afnema hann hófst fyrir löngu, hefur staðið árum saman og er sennilega jafngömul skattinum. Hér er því um mikið baráttumál Sjálfstæðisflokksins að ræða, sem ég vona að hv. þingmaður kannist við, en það er fagnaðarefni að hátekjuskatturinn skuli nú vera að hverfa.

Í öðru lagi erum við að framfylgja stefnu sem við sögðum frá fyrir kosningar og lögðum þá nákvæmlega fyrir. Við töldum og teljum enn að það sé alrangt að hegna mönnum með sérstökum skatti, mönnum sem þéna 350 þús. kr., eins og t.d. allir togarasjómenn Íslands. Við teljum það rangt og höfum alltaf verið hreinir og beinir í því.

Herra forseti. Hv. þingmaður má vita að við erum að framfylgja þessari stefnu eins og við sögðumst ætla að gera. Við höfum talað um prósentur. Nú talar hv. þingmaður um að hann telji réttara að fara í krónutölulækkun. Þá er spurningin, herra forseti: Telur hv. þingmaður að nota eigi krónutöluna þegar við lækkum skatta? En hvað þegar við hækkum skatta, á þá líka að nota krónutöluna? Á þá að hækka jafnt í krónutölu á hvern mann? Eða hvaða aðferð vill hv. þingmaður viðhafa þegar sköttum er breytt?

[14:50]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst það alveg kýrskýrt að það er stefna Sjálfstæðisflokksins að fella niður hátekjuskattinn. Það var ekki það sem ég taldi að við værum að rífast eða deila um. Ég var að tala um að ég og minn flokkur værum andvíg því að fara þessa leið, að fella niður hátekjuskattinn og teldum að komið væri að því að lagfæra frekar stöðu þeirra sem lægri hafa launin og það yrði best gert með því að hækka m.a. persónuafsláttinn og/eða, sem við höfum einnig flutt tillögur um ásamt öðrum stjórnmálaflokkum í stjórnarandstöðu, að flýta barnabótunum og láta þær koma til framkvæmda þegar á næsta ári. Þetta leggjum við til eingöngu vegna þess að, eins og staðan er núna, við teljum að ekki sé rétt forgangsröðun að byrja á því að lækka meira skatta á þeim sem hæstar hafa tekjurnar. Ég vorkenni engum manni, engum einstaklingi sem er með meira en 400 þús. kr. á mánuði í kaup, þótt hann greiði 4% viðbótarskatt af tekjum umfram þá upphæð. Ég geri það ekki. Engu máli skiptir í hvaða stétt sá maður er, ég tel að slíkt sé röng forgangsröðun. Ég geri mér fyllilega ljóst að þetta er stefna Sjálfstæðisflokksins. Ég er ósammála því að fara þessa leið.

[14:52]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en harmað að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sé ósammála því að fella niður hátekjuskattinn. Skatturinn er ekki miðaður við 450 þúsund eins og hann sagði, heldur er miðað við 350 þúsund. Við höfum alla tíð staðið saman um að það ætti að afnema

hann, a.m.k. í gamla daga, hélt ég.

Hins vegar ítreka ég fyrri spurningu mína: Úr því menn telja það rangt að breyta þessu í prósentum og telja það réttara að breyta þessu í krónum, er það þá stefna Frjálslynda flokksins eða hv. þingmanns, að þegar kemur að skattabreytingum þá sé það gert í krónutölum, bæði þegar við hækkum og lækkum skatta? Við erum núna með svipaðan skatt eða heldur hærri en við vorum með þegar staðgreiðslan var tekin upp, hann var rúmlega 35% þá. Síðan hafa skattar hækkað mikið. Sú hækkun hefur alltaf verið í prósentum, en ekki í krónum. Nú erum við að lækka skatta aftur og þá verðum við að gera það í prósentum, ekki í krónum. Menn verða að hafa þetta alveg skýrt, vegna þess að ef menn vilja fara að leggja á skatta í krónum, þá eru það nefskattar, t.d. að hækka um 100 þúsund kall á hvern mann, þá eru það 100 þús. kr., burt séð frá því hvað hann þénar. Ég efast stórlega um að þetta geti verið stefna nokkurs flokks. Ég held að menn verði að vera alveg hreinir og skýrir í því þegar þeir eru að tala svona. Það kannski hljómar fallega að segja: „Við viljum ekki þessa prósentu vegna þess að þá lækka þeir mest sem hæstar hafa tekjurnar." En þeir hækka þá mest sem hæstar hafa tekjurnar, þegar skattarnir hækka. Það er engin önnur aðferð til að gera þetta en í prósentum.

[14:54]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni, það er akkúrat það sem ríkisstjórnin hefur verið að gera á undanförnum árum, hún hefur verið að hækka skattbyrðina á þeim sem lægst hafa launin. Fjármálaráðherra hefur sagt það sjálfur að skattgreiðendum hafi fjölgað mikið hér á landi. Hvernig fjölgaði þeim öðruvísi en að nú eru miklu fleiri með lág laun sem greiða skatt? Ætlar hv. þingmaður að bera á móti því að það séu um 30 þúsund Íslendingar sem greiða tekjuskatt af tekjum undir 100 þús. kr. á mánuði? Þegar persónuafsláttur var lækkaður þá var hann lækkaður í krónutölu. Ef við ætlum að hækka hann aftur, ætli við þurfum þá ekki að hækka hann í krónutölu?

Ég átta mig alls ekki á hvað hv. þingmaður er að fara. Ég hef ekki haldið því fram að allt tekjuskattskerfið þyrfti að vera í krónutöluútfærslu. Ég hef einfaldlega bent á að þær útfærslur sem ríkisstjórnin leggur upp með núna sem áherslur sínar, þær væru rangar að mati okkar í Frjálslynda flokknum og það væri ekki rétt að fara þá áhersluleið sem núna er farin með því annars vegar að fella niður hátekjuskattinn og hins vegar að setja flata prósentulækkun á í skattkerfinu. Það væri hægt að ná meiri jöfnuði, og væri æskilegt að gera það við núverandi aðstæður, með því að hækka persónuafsláttinn og hækka frítekjumarkið.

Ég held varla að hv. þingmaður mótmæli því að þegar persónuafslátturinn lækkaði, þá lækkaði hann í krónutölu. Við hljótum þá að fá að hækka aftur í krónutölu. Varla greinir okkur á um það.

Ef á að fara að tala almennt um útfærslur í skattkerfi, þá er þar fjöldamargt sem ég tel að þyrfti að skoða. Til dæmis hafna ég því alls ekki sem Alþýðusambandið hefur sett fram, að skoða hvort fleiri en eitt þrep eigi að vera í tekjuskattskerfinu. Mér finnst alveg fyllilega koma til greina að skoða það.

Mér finnst líka fyllilega koma til greina að skoða það að einstaklingar sem ekki eru atvinnurekendur megi draga frá tekjum áður en skattlagt er, t.d. ferðakostnað við að fara til og frá vinnu. Það er fjöldamargt annað sem ég mundi vilja skoða í skattkerfinu, hæstv. forseti.

[14:56]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson spurðist fyrir um áform hvað varðar frestun framkvæmda í samgöngumálum í samræmi við fjárlagafrumvarpið.

Það er rétt að minna á að þegar samgönguáætlunin sem er í gildi var undirbúin, þá var ekki á vísan að róa með allar þær stórkostlegu miklu framkvæmdir sem nú eru komnar í gang á sviði uppbyggingar orkufreks iðnaðar og álversframkvæmda.

Nú er það hins vegar veruleiki að feiknarlega miklar framkvæmdir eru í landinu og við verðum að taka tillit til þess. Þess vegna var tekin ákvörðun um að draga seglin ögn saman og gera ráð fyrir að minnka framkvæmdir í samgöngumálum, eins og hv. þingmenn vita vel um.

Ég hef verið svo heppinn sem samgönguráðherra að hafa haft úr meiri fjármunum að spila en áður hefur verið í uppbyggingu samgöngukerfisins. Það er því af mörgu að taka.

Það liggur hins vegar fyrir að við þurfum að hægja á, við höfum gert það á þessu ári eins og þingmenn þekkja og munum gera það á næsta ári sem nemur 1,9 milljörðum kr. Ég hef lýst því áður hér úr ræðustól að gert er ráð fyrir frestun framkvæmda vegna jarðgangagerðar í Héðinsfirði verði langstærsti parturinn.

Að öðru leyti verður tekin afstaða til þess og tilögur lagðar fram við endurskoðun á samgönguáætluninni sem fer fram í vetur. Þá munu liggja fyrir tillögur um nýja samgönguáætlun, sem byggja á fjárlögum hvað varðar næsta ár og hv. þingmenn munu fá tækifæri til að fjalla um þær í byrjun þess árs.

[14:58]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir upplýsingarnar. Ef ég tók rétt eftir þá sagði hann að stærstur hluti af fyrirhuguðum niðurskurði í framkvæmdum mundi sennilega bitna á göngum milli Héðinsfjarðar, Ólafsfjarðar og Siglufjarðar.

Einmitt af því tilefni vil ég spyrja hæstv. ráðherra spurningar sem ég bar reyndar fram fyrr í haust. Hún er á þessa leið, hæstv. forseti:

Mér fyndist áhugavert fyrir okkur sem eigum að fara að meta hagkvæmni þess að skera niður eina framkvæmd frekar en aðra, að skoðað væri hver eru þensluáhrif þess þegar 40–50 karlar bora gat í gegnum fjall og þau verk sem þar eru unnin, þá auðvitað ásamt tækjum og öðru slíku.

Er hægt að leggja mat á hver þensluáhrifin voru af því að gera göng undir Almannaskarð og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar? (**Samgrh.**: Ég er búinn að því einu sinni.) Nei, þú svaraðir nefnilega ekki. Þú svaraðir en án þess að geta svarað þessu nákvæmlega, vegna þess að ég hygg að þú hafir ekki þessar upplýsingar. Ég hygg að (Forseti hring-

ir.) Seðlabankinn hafi þær ekki heldur.

(**Forseti** (BÁ): Forseti áminnir þingmanninn um að ávarpa forseta en ekki einstaka þingmenn eða ráðherra.)

Hæstv. forseti. Ég þakka áminninguna.

Hæstv. forseti. Ég hygg að hæstv. ráðherra hafi alls ekki þessar upplýsingar. En það væri hins vegar mjög fróðlegt ef það yrði skoðað og menn gætu sagt okkur áður en við förum að ræða niðurskurð í verklegum framkvæmdum, hvaða áhrif framkvæmdirnar sem ég nefndi hefðu haft til að auka þenslu hér á landi, annars vegar Almannaskarðið og hins vegar göngin milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

[15:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þegar við fjöllum um fjárlagagerðina þá höfum við heildarmyndina í huga og það er eins að þessu sinni. Ég held að varla nokkur mæli því í mót að við verðum að gæta okkar í efnahagsmálunum um þessar mundir þannig að efnahagskerfið ofhitni ekki vegna mikilla framkvæmda.

Það er hins vegar alltaf matsatriði hvaða framkvæmdir hafa meiri áhrif en aðrar. En við erum hérna að fjalla um hversu mikla fjármuni við ætlum að setja í opinberar framkvæmdir og upp á hvern einasta dag held ég að við fáum leiðbeiningar um það frá aðilum í bankakerfinu og víðar að nauðsynlegt sé að hægja á opinberum framkvæmdum núna þegar svo miklar framkvæmdir eru á sviði orkufreks iðnaðar. (Gripið fram í.)

Ég held að erfitt sé að meta það út af fyrir sig hvort vinna við jarðgöng hefur meiri áhrif á þenslu en aðrar framkvæmdir. En á það er að líta að verktakamarkaðurinn nær um allt land þannig að framkvæmdir fyrir norðan hafa jafnmikil áhrif og framkvæmdir fyrir sunnan ef á það er litið. Verktakar fara um allt land þannig að við getum ekki stýrt áhrifum ríkisútgjalda með staðsetningu framkvæmda.

Aðalatriðið er að við höfum tekið ákvörðun um að draga úr opinberum framkvæmdum og um það snýst málið. Þegar Alþingi hefur samþykkt fjárlög kemur að því að við afgreiðum samgönguáætlun og leggjum línur um hvaða framkvæmdir við ætlum að fara í á næstu fjórum árum.

[15:03]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég geri nú ráð fyrir því að við séum að reyna að fást við þessi fjárlög sem við erum að ræða almennt. Okkur greinir ekki mikið á um að það sé það sem við erum að tala um svona í heildina tekið. En svo vill til að í þessum fjárlögum er fullt af fjárveitingum og fjárlögin í heild sinni byggjast á uppsöfnuðum fjárveitingum í allar áttir. En af því að menn hafa valið þann kúrsinn að taka niður verklegar framkvæmdir í vegakerfinu sem ég álít að séu einar arðbærustu framkvæmdir sem við getum verið í þá spyr ég sérstaklega að því hvernig menn finna það út að það sé best fyrir framtíð okkar að skera niður þar frekar en annars staðar.

Þegar minnst er á bankana í þessu sambandi og að bankarnir séu að vara við þenslunni þá kasta menn náttúrlega steinum úr glerhúsi í því sambandi. Engir standa í jafnmiklum lánveitingum, deilandi fé út í þjóðfélagið, og bankakerfið nú til dags. Það var auðvitað að vonum að þeir töluðu sérstaklega um að menn þyrftu að beita aðhaldi.

[15:04]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2005 um breytingar á sundurliðun 2 við tölulið 02-982 Listir, framlög, um heiðurslaun listamanna. Á þessum lista núna eru 27 manns. Þeir voru 25 í fyrra og í hittiðfyrra voru þeir 21.

Tillaga þessi frá Gunnari Birgissyni, Dagnýju Jónsdóttur, Drífu Hjartardóttur, Guðjóni Hjörleifssyni og Birki J. Jónssyni er eftirfarandi:

Atli Heimir Sveinsson, Ásgerður Búadóttir, Erró, Fríða Á. Sigurðardóttir, Guðbergur Bergsson, Gunnar Eyjólfsson, Hannes Pétursson, Herdís Þorvaldsdóttir, Jóhann Hjálmarsson, Jón Nordal, Jón Sigurbjörnsson, Jón Þórarinsson, Jónas Ingimundarson, Jórunn Viðar, Kristbjörg Kjeld, Kristinn Hallsson, Kristján Davíðsson, Matthías Johannessen, Megas, Róbert Arnfinnsson, Thor Vilhjálmsson, Vigdís Grímsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þorbjörg Höskuldsdóttir, Þorsteinn frá Hamri, Þráinn Bertelsson og Þuríður Pálsdóttir.

Frá því á síðasta ári hafa tveir heiðurslistamenn látist. Tveimur nýjum var bætt við. Þeir eru því samtals 27. Ég legg til að þessi tillaga verði samþykkt.

[15:05]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. formanni menntamálanefndar fyrir þetta yfirlit. Ég ætla að fá að nota tækifærið hér við fjárlagaumræðuna og spyrja hv. þingmann um atriði í fjárlagaumræðunni sem er mikilsvert, sýnist mér.

Hér var lagt fram í gær frumvarp til Tækniháskóla Íslands þar sem gert er ráð fyrir framlögum á næsta ári á bilinu 130–150 millj. kr. En það er ekki að sjá (Forseti hringir.) að það sé gert ráð fyrir því í fjárlögunum sem hér eru til afgreiðslu. Ég vil því spyrja hv. formann menntamálanefndar hvernig á því stendur.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill vekja athygli hv. þingmanns á því að hér er nú tæpast um að ræða andsvar við ræðu hv. þingmanns hér áðan.)

(**Gripið fram í:** Þetta er umræða ...) Hv. formanni menntamálanefndar er frjálst að svara eða láta það ógert, virðulegur forseti. En ég læt hér lokið máli mínu.

(**Forseti** (BÁ): Forseti gerir athugasemd við að í andsvari sé með þessum hætti spurt um atriði sem hvergi koma fram í ræðu hv. þingmanns sem andsvarið beindist að.)

[15:07]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun taka þessa umræðu við hv. þingmann um Tækniháskólann þegar þar að kemur. Það er allt í lagi svo sem að ræða það og ræða fjárlögin almennt. En ég ætlaði ekki að lengja þá orðræðu hér. Ég hef sagt það áður að þetta eru glæsileg fjárlög með miklum afgangi, yfir 10 milljarða, og skattalækkunum sem stjórnarandstaðan er alveg gífurlega mikið á móti þótt hún hafi lofað þeim fyrir kosningarnar eins og Samfylkingin.

En umræðuefnið er heiðurslaun listamanna. Við í menntamálanefnd erum stolt af því að hafa fjölgað þar plássum um heil sex á tveimur árum. Annars mun ég eiga orðastað við hv. þingmann seinna um Tækniháskóla Íslands.

[15:08]

Einar Oddur Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt til þess að vita að menn fara hér í andsvör við mig áður en ég hef mál mitt. Það veit á gott. (**Gripið fram í:** Þú ert aðalmaðurinn.)

Virðulegi forseti. Við erum nú að ljúka þessari 3. umræðu fjárlaga fyrir árið 2005. Flestir hlutir hafa verið ræddir þó að kannski aldrei verði öll kurl komin til grafar.

Stjórnarandstaðan hefur haldið fram dálítið einkennilegum málflutningi sem er vert að skoða aðeins. Hún hefur viljað meina að á yfirstandandi ári, því ári sem nú er að ljúka, standi ekki steinn yfir steini í þessum fjárlögum sem við höfum farið eftir á þessu almanaksári.

Sannleikurinn er sá, virðulegi forseti, að það sem hefur farið úrskeiðis, ef úrskeiðis skyldi kalla, er að hagvöxtur á þessu ári í landinu hefur verið miklum mun meiri en menn gerðu ráð fyrir. Almennt og alls staðar í heiminum hélt ég að það væri fagnaðarefni og svo veit ég að er líka á Íslandi. Það er gríðarlegur árangur í efnahagsstjórn að ná 5,5–6% hagvexti og einstakt í Vestur-Evrópu og ástæða til að fagna því sérstaklega.

Auðvitað breytast rauntölur af þeim sökum. Auðvitað breytast allar rauntölur. Það gefur náttúrlega auga leið. En aðalmarkmið ríkisstjórnarinnar, rauði þráðurinn — eins og við orðuðum það fyrir ári síðan — í fjárlögunum fyrir árið 2004, að halda samneyslunni innan við 2% að raungildi og rekstrargjöldunum innan við 2,5% að raungildi, þau markmið náðust á þessu ári sem nú er að líða.

Spurningin er svo um þau fjárlög sem við erum að afgreiða núna fyrir næsta ár, hvort það gengur eftir eða ekki. Við erum að afgreiða þessi fjárlög, virðulegi forseti, með 10 milljarða afgangi. Menn geta svo sem deilt um það hvort það sé mikill eða lítill afgangur. Það er mikill afgangur í sögulegu samhengi á Íslandi. Það er mjög óvenjulegt og varla til dæmi um það í Evrópu á þessum árum að svona afgangur sé nokkurs staðar afgreiddur nema í Noregi sem hefur alveg sérstöðu. Flest Evrópuríkin hafa misst tök á ríkisfjármálum sínum. Þar er meðaltalshallinn yfir 3% af landsframleiðslu og yfir það á ríkinu í flestum ríkjum Evrópu eða sem samsvaraði 30 milljarða halla á ári. Þetta hefur okkur Íslendingum tekist að forðast, forðast að lenda í þeirri ótrúlegu súpu sem mun skerða lífskjör Evrópubúa, manna í Vestur-Evrópu, á komandi árum óhjákvæmilega.

Eins og gefur að skilja, virðulegur forseti, þá hefur sett dálítinn svip sinn á umræðuna hér í dag nýútkomið hefti Seðlabankans um peningamál svo og líka viðtöl við seðlabankastjóra og sú ákvörðun Seðlabankans að hækka enn stýrivexti á Íslandi og það um heila 100 punkta. Það á að hækka þá um 100 punkta, virðulegi forseti. Ég efast um að nokkur dæmi séu til um slíkt.

Ég veit ekki heldur, herra forseti, hvort það er mitt lán eða ólán að um nokkuð margra ára skeið hef ég verið í þeim hópi manna sem hafa átt mjög erfitt með að höndla tilburði Seðlabankans til hagstjórnar á Íslandi. Stundum hefur það komið fyrir mig að nærri því hefur verið komin fram á varir mínar svona faríseabæn: Guð, ég þakka þér að ég skil ekki þessa menn. Og þetta er alveg rétt. Þannig er þetta. Mér er alveg ómögulegt að skilja þetta. Mér er alveg ómögulegt að skilja það hvernig Seðlabankinn sem hefur eina skyldu — hann hefur eitt markmið. Það er verðlagið hér á Íslandi — hvernig honum dettur nú í hug sú eina aðgerð að hækka stýrivexti um 100 punkta til þess eins að auka enn á eina ójafnvægið sem er í íslensku þjóðfélagi, sem er utanríkisverslunin og hallinn á fjárlögunum, að fara núna enn eina ferðina að hækka íslensku krónuna, til þess að setja hvað? Til að setja útflutningsframleiðsluna út á gaddinn? Við verðum að geta framleitt í þessu landi. Hélt einhver að við kæmumst hjá því? Það mætti halda það.

Þessi sami Seðlabanki sem hefur þær skyldur að sjá um verðlag á Íslandi lækkaði bindiskylduna á síðasta ári um helming, fór með hana niður í 2%. Og þegar þessi stofnun er spurð að því hvernig standi á því að hún nýtir ekki þau stjórnunartæki sem hún hefur, af hverju hún notar ekki bindiskylduna þegar flæðir yfir landið slíkur aragrúi af peningum eins og sýnt hefur sig á undanförnum missirum í þeim glannaleik sem íslenskar peningastofnanir leika, hvert er þá svarið? Það er ekki til siðs lengur í flestum seðlabönkum að nota bindiskyldu, segja þeir. Það er svarið sem ég fæ. Það er ekki til siðs lengur.

En skyldi það nú vera, virðulegi forseti, að nokkurt þjóðríki eigi við álíka vanda að stríða eins og Íslendingar, að það hellist inn peningar í þetta örlitla viðkvæma hagkerfi, peningar af þeirri stærðargráðu sem við höfum verið að glíma við á undanförnum missirum? Örugglega hvergi, virðulegi forseti. Örugglega hvergi er nokkurs staðar við sambærilegan vanda að stríða. En þá fær maður þetta svar, að aðrir seðlabankar noti ekki þetta meðal.

Ég hef á undanförnum vikum og mánuðum verið ákaflega uggandi varðandi hinn íslenska gjaldmiðil og í hvaða hæðir hann er að fara. Þegar Seðlabankinn kemur í gær og ætlar enn að bæta um betur og keyra gengisvísitöluna niður í, ég veit ekki í hvað, 112, 110 er mér öllum lokið. Þá gerist ég mjög hræddur. Það er verið að reyna á þanþolið á svo fantalegan hátt að atvinnulífið í heild sinni, útflutningsframleiðslan, samkeppnisframleiðslan er í verulegri hættu. Það hlýtur að vera mjög ámælisvert og ástæða til að tala til þessara manna í fullri alvöru.

Þegar svo bætist ofan á að þessir sömu menn koma og ætlja stjórnvöld fyrir að þau hafi ekki nóg aðhald í ríkisfjármálum — það er kannski að einhverju leyti rétt. En það er undarlegt þegar stjórnarandstaðan vitnar í þessi orð og notar þau sem sín. Það er rétt, virðulegi forseti, að í þeim fjárlögum sem hér liggja fyrir er um miklar hækkanir að ræða í heilbrigðismálum, félagsmálum og menntamálum. Það er um 8% hækkun, þ.e. kringum 5% raunhækkun ef spáin um verðbólgu gengur eftir. (**Gripið fram í:** Þið eruð greinilega búin að missa tökin á þessu.)

Það er þannig í þjóðfélagi okkar eins og flestum öðrum, og það er það sem öll stjórnvöld eiga við að glíma, að það er ásókn, það er mikill þrýstingur í félagslega þjónustu. Það er mjög sóst eftir því að auka framlög til menntamála. Það er mjög sóst eftir því að auka framlög til félagsmála og

heilbrigðismála. Allar ríkisstjórnir, jafnframt sú sem situr í þessu lýðveldi Íslandi sem og aðrar í Vestur-Evrópu, eiga við það að stríða að gerð er almenn krafa og miklar kröfur um félagslega þjónustu alls staðar að. Það er kannski auðvelt að standa uppi í Seðlabanka og segja að ríkisstjórnin standi sig ekki gegn slíkri ásókn þjóðarinnar. Það er kannski léttasta verkið. Það er léttara um að tala en í að komast. Það er hins vegar rétt að þetta er aukning, þetta er verulega mikil aukning og það er ástæða til að taka það alvarlega.

Við gætum staðið betur að ríkisfjármálum en við gerum þó að við höfum staðið betur en flestar aðrar þjóðir. Það á bara að viðurkenna það. En það kostar heilmikið. Það kostar miklar fortölur við þessa þjóð að biðja hana að hætta og láta af kröfunum til hins opinbera, láta af kröfunum til ríkisins, láta af kröfunum til sveitarfélaganna. Við sitjum undir mjög miklum þrýstingi og við þurfum verulega á því að halda að sá þrýstingur minnki.

Mér finnst undarlegur málflutningur hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar sem taka upp þessi orð Seðlabankans og gera þau að sínum um leið og þau fullyrða að ekki sé nóg gert í þessum málaflokkum. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Kann að vera, herra forseti, að ég hafi þá tekið rangt eftir. Það eru gleðitíðindi ef menn eru að láta af þessu. Mér hefur a.m.k. heyrst þetta mjög lengi, undanfarna daga, vikur, mánuði og ár. Ef það er horfið, ef menn eru að hætta því í stjórnarandstöðunni að gera þessar kröfur, fagnar því enginn meira en ég. (**Gripið fram í:** Stjórnarandstaðan ...) Það fagnar því enginn meira en ég, og ég vona að það sé rétt því að þá getum við sameiginlega staðið að því að vinna þessari þjóð það gagn sem við þurfum og við gerum það mest með því að biðja hana í góðu og með fortölum að láta af kröfum.

Íslenskri þjóð hefur gengið vel. Henni hefur gengið betur en öðrum vestrænum þjóðum núna um þó nokkurt árabil. Það er ástæða til að vera hræddur, það er ástæða til að fara varlega og það eina sem við getum kannski gert er að reyna að sameinast um að biðja menn að fara varlega. Það á þá við allar kröfur. Ég heyrði ekki betur en að hv. formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs segði í sjónvarpinu að ástæða væri til og vonandi yrði kröfugerð grunnskólakennara um kauphækkanir öðrum starfsstéttum hvatning. Sumir eru bestir þegar þeir ná að bulla í beinni útsendingu. Þá líður þeim best og eru stoltastir yfir því. Þetta heyrði ég í mínu sjónvarpstæki. Ég býst við að líkt hafi verið farið um önnur sjónvarpstæki landsins líka. Menn skulu gæta sín því að tímarnir eru mjög hættulegir. Innstreymi peninga og velferð Íslendinga er undir því komin að við séum menn til þess — eins og máltækið segir þarf sterk bein til að þola góða daga. Nú þurfum við virkilega að reyna að átta okkur á því hvar við stöndum.

Gríðarlegt magn af peningum hefur hellst yfir þessa þjóð, gríðarlegt framboð er af peningum, mikið offramboð. Það er óvenjuleg staða á Íslandi þar sem menn litu alltaf á lánsfjárskort sem hið eðlilega náttúrulega lögmál. Ég fer ekki ofan af því, virðulegi forseti, sem ég hef sagt áður að mér finnast íslenskar peningastofnanir fara fram með ótrúlegum glannaskap með gylliboðum til almennings, einmitt til að biðja almenning um að taka þátt í þessari veislu, gerast lántakendur, kaupa, kaupa, bæta við sig, hækka, auka og efla. Það er almenningur og einkaneyslan sem bankarnir eru að reyna að efla, auka og trylla.

Það er ástæða til að taka undir orð sem féllu í gær, bæði hjá hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni og hæstv. forsætisráðherra Halldóri Ásgrímssyni, við eigum að reyna að sameinast í því að biðja fólk að fara varlega. Við eigum að sameinast í því og standa saman að því. Það er fullkomin ástæða til þess. (**Gripið fram í:** Á ríkissjóður ekki að ganga á undan með góðu fordæmi?) Ríkissjóður reynir að ganga á undan með góðu fordæmi, gæti gert það betur, hefur lækkað skuldir sínar, hefur reynt að hemja sig, er að reyna að hemja sig sérstaklega núna með því að lækka skatta. Reynsla okkar og annarra er sú, einmitt eins og ég hef oft tekið fram, virðulegi forseti, að eyðslustigið er sama og skattstigið. Það er mjög nauðsynlegt að passa sig á því í mikilli uppsveiflu í hagkerfinu að ríkið taki ekki til sín gríðarlega fjármuni og standi svo uppi eins og saltstólpi þegar fjarar undan tekjunum. Þetta er dæmi sem við þekkjum úr ríkisfjármálum svo margra annarra ríkja og sem hefur orðið þeim til svo mikils tjóns.

Það er sannarlega hægt að taka á mörgum hlutum og við eigum að gera það. Ég gerði það t.d. við 2. umr. fjárlaga, virðulegi forseti, tók tvö dæmi sem ég taldi að væri vert að skoða því að ég sæi þar miklum fjármunum kastað á glæ. Ég hef ekki orðið var við neitt mikil viðbrögð við því. Úr því að ég tók bara tvö dæmi af mörgum sem ég þekki skal ég endurtaka þessi tvö dæmi sem ég tók við 2. umr. og fara í gegnum þau aftur. Þau eru samt fleiri, þau eru mun fleiri.

Í fjárlögunum má lesa að núna höfum við í nokkur ár verið að undirbúa að bjóða okkur fram til öryggisráðsins. Við frekjuðumst fram fyrir Finna sem vildu gera þetta fyrir nokkrum árum, frekjuðumst fram fyrir þá þannig að það er rétt og satt sem sagt er, við eigum fjögur trygg atkvæði sem er búið að lofa okkur. Það eru Svíþjóð, Danmörk, Finnland og Noregur auk okkar eigin. Erum svo að bæta við kynningarfulltrúum, áróðursmeisturum, inn í kerfið. Það kostar 17 millj. kr. á ári, stykkið af þeim körlum. Ég hef látið að því liggja, og spurt eftir því, miðað við eins og segir í fjárlögunum að það er ákveðið að sækja á þessi mið af auknum þunga 2008, er þessi kostnaður einhvers staðar á milli 800 og 1.000 millj. kr. sem er varið í herkostnaðinn til að koma okkur inn í þetta öryggisráð. (Gripið fram í.)

Síðan eru hinar fréttirnar kannski góðar eða vondar, ég veit ekki hvernig menn líta á. Eftir því sem ég best veit eru líkurnar til að við verðum kosin nánast engar. (Gripið fram í.) Við erum að bjóða okkur fram á móti Tyrkjum. Tyrkir eru sú þjóð sem er nátengdust okkur af múslimaþjóðunum og mjög margir líta á það sem verulegan feng fyrir alþjóðastjórnmálin að Tyrkir sem starfa svo mjög með Evrópuþjóðunum en eru samt hluti af hinum múslimska heimi komi inn í öryggisráðið.

Evrópusambandið hefur boðið fram í þessar sömu kosningar Austurríki sem þykir ekki stórt á Evrópumælikvarða en er stórt miðað við Ísland. Auðvitað styðja Evrópuþjóðirnar sitt eigið framboð, og mér er spurn: Af hverju getum við ekki hætt við svona vitleysu? Af hverju getum við ekki tekið um það þverpólitíska ákvörðun, með allri virðingu fyrir þeim góðu og gegnu embættismönnum sem þarna of-

metnuðust fyrir hönd Íslands? Af hverju getum við það ekki? Við eigum að gera það en til þess þurfum við að ræða hlutina. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið. Flugið í eyðslunni er ekki komið á það stig enn þá en það kemur eftir næsta ár, eyðslan fer þá á mikið flug þannig að það er ekki ráð nema við ræðum þetta núna.

Hitt málið sem ég tók dæmi um við 2. umr. var hin gríðarlega aukning sem er á örorku á Íslandi. Ég vitnaði þar í skýrslu sem kom út hjá Tryggingastofnun ríkisins í maí og það menn að fara í gegnum þetta, reyna að átta sig á því um hversu víðtækt vandamál væri þarna að ræða, bara efnislega vegna þess að við höfum heilmikið efni til að fjalla um. Við þurfum að fara í gegnum það sem Norðurlandaþjóðirnar eru að fást við, sérstaklega Svíar og Norðmenn því þar er aukningin mest. Það er rangt sem sagt er, að við séum lægri en allar Norðurlandaþjóðirnar. Við erum með fleiri öryrkja en t.d. Danir og sem verra er í því og ógnvænlegt, hraðaaukningin á Íslandi er yfir 7%.

Virðulegi forseti. Ég bað um málefnalega umræðu um þetta. Það kom mér ekki mjög mikið á óvart þó að ég fengi hana ekki, heldur fékk ég eitthvert hvæs frá hv. þm. Helga Hjörvar sem þá var hér í salnum og er enn þá. Hann vildi meina að mér gengi ekkert til nema mannvonskan ein að hafa orð á vandamálunum. Þess vegna fer ég aftur ofan í þetta því ég skora enn þá á þingheim að ræða þetta efnislega. Því miður hefur það ekki enn tekist.

Það er enginn heilsubrestur á Íslandi, það vita allir, ekki frekar en í Noregi. Við erum með bestu heilsu í heimi. Það er þverpólitísk samstaða og hefur verið það á Íslandi, órjúfandi, að allir íslenskir stjórnmálaflokkar standa með samhjálp, vilja samhjálp og hafa verið að efla samhjálp í gegnum áratugina. Það er óvíða meira en á Íslandi. Það er enginn pólitískur ágreiningur um það. Eins og ég gat um fyrir nokkru er hins vegar að mínum dómi mjög nauðsynlegt að bæði embættismenn og stjórnmálamenn átti sig á því að það gæti orðið til að eyðileggja þessa samhjálp og þjóðarviljann um að standa að samhjálpinni, standa að því að hjálpa þeim sem verulega þurfa á því að halda eins og við vitum að svo mjög margir þurfa, ef menn komast upp með það að misnota ríkið, misnota þann pólitíska vilja sem er til staðar hjá hinu opinbera.

Þetta er mikið alvörumál, 7% aukning ár eftir ár hjá þjóð sem fjölgar um 1%. Allir sem kunna litlu margföldunartöfluna geta nokkurn veginn náð því hvar það endar. Noregur á núverandi heimsmet í þessu. Þar var einu sinni, eins og ég hef áður getið um, heilbrigð og sterk þjóð sem lenti í því óláni að finna olíu og verða rík. Núna eru 10% Norðmanna öryrkjar og það allra versta er að af þeim 90% sem eru í vinnunni eru 10% daglega veikir. Er þó enginn heilsubrestur þar þannig að velferðin er eitthvað sem við þurfum að passa okkur á, passa okkur verulega mikið á, því að við höfum dæmin um hvernig hún getur orðið mönnum að falli.

Það hlýtur að vera vilji til þess að skoða þessi mál. Við fórum í gegnum þetta fyrir nokkrum árum. Þá töldum við að við værum að gera rétt þegar við breyttum um matsreglurnar, tókum upp einhvern enskan staðal um að hafa þetta miðað við læknisfræðilegt eða hlutlægt mat, fórum frá skandinavíska matinu. Það sem gerðist var að aukningin hefur aldrei verið meiri en nú. Hér er því ástæða til að staldra við, fara í gegnum þetta og ef að líkum lætur verður stórt gat í fjárlögunum ef þessi hraða aukning heldur áfram. Við ráðum ekkert við þetta.

Við sem berum ábyrgð á fjárlögunum verðum að gera okkur grein fyrir því hvar veikleikinn er og reyna þá að vinna að því að opna augu, bæði okkar sjálfra og annarra, fyrir því hvernig við gætum helst komið þar að gagni. Svo geta menn komið hér á eftir ef þeir vilja, endurtekið það og haft uppi meiningar um að mér gangi ekkert annað til en mannvonskan ein að gera þetta að umræðuefni. Það hefur engin áhrif á afstöðu mína. Það er lífsnauðsynlegt að ræða þetta mál, hvort sem menn telja það líklegt til vinsælda eður ei. Stjórnmál hljóta að gera þá kröfu til manna að þeir segi stundum meira en þeir halda að aðrir vilji heyra. Það eru erfiðleikarnir í þessu hjá mörgum manninum.

Virðulegi forseti. Við erum hér með fjárlög fyrir næsta ár og við tekur heils árs barátta við að láta þau ganga upp. Ég lét þau orð falla við 2. umr. að ég gerði mér grein fyrir því að það yrði þrautin þyngri á næsta ári að standa við þær fyrirætlanir að halda framleiðslunni innan við 2% af raungildi. Ég endurtek það hér. Ég veit að það verður mjög erfitt. Ég veit að það er mikill þrýstingur í þjóðfélaginu og mikið óþol. Það er óþol í því þjóðfélagi sem hefur fengið mestar launahækkanir og mesta kaupmáttaraukningu allra þjóða í Vestur-Evrópu. Samt þjáumst við af óþoli, miklu óþoli, og ég spyr eins og ég hef spurt áður: Hvaða launþegar eru það sem ekki þurfa á 30–40% kauphækkun að halda? Ég held að hver einasti launþegi þurfi þess með ef grannt er skoðað. En menn eiga líka að líta til sögunnar. Hvernig hefur mönnum farnast best? Hver hefur verið eina leiðin sem menn hafa þekkt hingað til til að bæta kjör fólks og best þeirra sem verst standa? Það er hin sígandi lukka, virðulegi forseti.

Það hefur aldrei tekist að bæta kjörin með rykkjum eða skrykkjum, heldur hefur það gengið með sígandi lukku. Menn verða að gæta að því að allt á sér uppruna í framleiðslunni og framleiðsluatvinnuvegunum. Þeir búa til verðmætin og það verður að hlúa að þeim en ekki grafa undan þeim eins og hagstjórnaraðilarnir á Íslandi virðast gera með tillögum sínum í dag.

[15:32]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að vanda kom hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson víða við í ræðu sinni og er ekki hægt í andsvari að taka á öllum þeim þáttum. Þar var margt sem rakst á annars horn og svo sem ekki í fyrsta skipti.

Þó er nauðsynlegt að hv. þingmaður fari nákvæmlega yfir það, þannig að um það ríki enginn misskilningur, en ég gat ekki skilið hv. þingmann betur en svo að hann teldi að þær aðgerðir sem Seðlabankinn boðaði í gær, þegar ný þjóðhagsspá lá fyrir, gengju gegn hagsmunum samfélagsins, þ.e. gætu aukið á vandann í efnahagslífinu, gætu aukið þenslu og grafið undan atvinnulífinu. Bara svo að ég sé ekki að misskilja neitt, hv. þingmaður, þá vil ég að það komi skýrt fram, hvort ég hef skilið þetta rétt eða rangt.

Varðandi dæmin sem hv. þingmaður tók þá er rétt að spyrja hann hvort hann sé ekki klár á því hver er hæstv. utanríkisráðherra nú um stundir.

[15:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyrði að hv. þingmaður sagði að hvað hefði rekist á annars horn í ræðu minni. Ég bið hann að skýra fyrir mér hvað það var því að hann gat ekki um í hverju það væri fólgið.

Það er hárrétt sem virðulegur þingmaðurinn tók eftir, að ég tel að með því að hækka gengi krónunnar núna séum við að grafa undan atvinnulífinu, grafa undan framleiðslunni og setja okkur í mikla hættu. Seðlabankinn, sem ber að sjá um hagstjórnina, getur notað allt önnur tæki. Hann á að nota bindiskylduna. Hættan sem íslenskt þjóðfélag stendur frammi fyrir er vegna gríðarlegs framboðs og glannagangs í íslenskum peningastofnunum. Seðlabankinn á að stoppa það af.

Við skulum líta á verðbólguna, virðulegur forsetii. Hvernig er hún saman sett? Hvað hefur farið úrskeiðis þar? Íbúðaverð, fasteignaverð (Gripið fram í.) (**LB:** Og bensínverð.) og olía og bensín. Þetta hefur farið úrskeiðis. Þeir skulu bara átta sig á því um hvað er að ræða.

[15:35]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Örstutt um hornin öll. Það er náttúrlega algjörlega ljóst að í málflutningi sem gengur út á að Seðlabankinn sé að gera tóma vitleysu en ríkissjóður að standa sig býsna vel með fjárlagafrumvarpi rekur sig hvað á annars horn.

Aðhaldsleysið í ríkisfjármálum veldur því að Seðlabankinn telur sig þurfa að grípa til þeirra aðgerða sem hann gerir. Skortur á aðhaldi í ríkisfjármálum og óstjórnin á ríkisfjármálunum veldur því. Seðlabankinn hefur þá aðeins eitt úrræði eftir, eins og bankinn segir. Hann hefur lög til að fara eftir og verðbólgumarkmið til að fara eftir. Hann neyðist því til að hækka stýrivextina, að sjálfsögðu, væntanlega með skelfilegum afleiðingum fyrir heimili landsins og ýmislegt í atvinnulífinu. Það er þó talið mildara en það sem mundi gerast ef keyrt yrði áfram eftir stefnu ríkisstjórnar í ríkisfjármálum vegna þess að þá biði okkar líklega svipað ástand og árið 2001 þegar verðbólgan fór úr böndum.

Ég trúi því enn, herra forseti, að hv. þingmaður sé sammála mér um að mikilvægast sé að viðhalda stöðugleikanum.

[15:36]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er bara hreint bull. Verðbólgan er ekki að fara úr böndunum. Ég hef farið yfir það áður hvað gerst hefur með fasteignaverð og olíuna. (Gripið fram í.)

Hins vegar hafa bankastofnanir Íslands á 90 dögum komið inn í þjóðfélagið með 85 þús. millj. kr. til að lána sjö þúsund einstaklingum. Ég kalla þetta glannaskap. Þeir hafa gert þetta á örfáum mánuðum, að kýla inn óhemjulega fjármuni. Og Seðlabankinn situr bara eins og ... — jæja, ég ætla ekki að segja það. Hann situr bara með hendur í skauti og segist ekkert geta gert. Hann hefur öll lög í hendi sér, hann getur notað bindiskylduna og á að nota hana en hann gerir það ekki.

[15:37]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur fundið hinn eina sanna sökudólg í vandræðum ríkisstjórnarinnar við að halda þjóðarskútunni réttri. Það er Seðlabankinn. Þetta minnir mann á það þegar Þjóðhagsstofnun sáluga var og hét og lét frá sér fara álit sem ríkisstjórninni féll ekki í geð. Þá var henni bara lokað umsvifalaust. Hv. þingmaður treystir sér væntanlega ekki til að loka Seðlabankanum en ætlar að tala alvarlega við þá.

En það sem vakti mesta athygli mína var þegar hv. þingmaður talaði um nauðsyn þess að beita þjóðina fortölum til að hún hætti að gera kröfur. Herra forseti, ég tel að lýðræðið byggist á því að þjóðin láti í ljós þarfir og sínar og óskir og geri kröfur en það sé ekki hlutverk okkar þingmanna að meta út frá okkur sjálfum þarfir hennar. (Forseti hringir.)

Ég vil líka segja það, herra forseti, að ég tel eðlilegt (Forseti hringir.) að þjóðin sé haldin óþoli á þessum tímum þegar sífellt er haldið á lofti hve gott við höfum það og hve vel okkur farnist.

[15:38]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það skyldi aldrei vera að ég mundi bregða undir mig betri fætinum og leggja til að Seðlabankinn yrði lagður niður. Það gæti alveg eins gerst. Ég sé ekki til hvers þessi stofnun er í dag. Mér er alveg ómögulegt að sjá það. Ég veit ekki hvað hún er að gera.

Hins vegar hélt ég að það væri stjórnmálamanna að halda fram skoðunum sínum, meiningum og trú og þeir ættu að nýta sér aðstöðuna hér til þess að boða hvað þeir telja rétt, hvað þeir telja að eigi að gera, hefðu fyllsta rétt til þess og bæri skylda til að segja það öllum. Ég hélt að þeim bæri skylda til þess, að til þess væru þeir og ef þeir hefðu enga skoðun eða meiningu, enga sýn og engan draum þá gætu þeir bara þagað og fengið sér aðra vinnu. (**Gripið fram í:** Taki þeir til sín sem eiga.)

[15:39]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega eiga þingmenn að láta í ljós skoðanir sínar. En jafnframt hljóta þingmenn að þurfa að hlusta á íbúa landsins, á hvað þeir telja þarft og nauðsynlegt í umhverfi sínu. Ég tel að stjórnmálamenn eigi að meta og skipuleggja aðferðir út frá því hvernig landsmenn láta í ljós skoðanir sínar á uppbyggingu og þörfum verkefnum víða um land.

Á þetta hefur einmitt skort mjög í tíð þessarar ríkisstjórnar og reyndar tveggja síðustu ríkisstjórna einnig, eins og við sjáum hvað best á því hvernig byggðum landsins farnast. En hér er kannski komin skýringin, í máli hv. þm. hér áðan, að hann telji þetta bara kvabb og óþarfa kröfur.

[15:40]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fljótlega eftir að þingræði og lýðræði komst á í þessum heimi fóru menn að sjá í því dálítið hlægilega hluti.

Árið 1791 birtist í dagblaði einu í París frásögn af því að

maður einn hefði hlaupið mikið, verið mikil læti í honum og hann hefði rutt öðrum mönnum frá sér á götunni og sagt: Frá, frá, ég er að flýta mér. Hann var spurður: Hvað gengur á fyrir þér, maður minn, af hverju liggur þér svo mikið á? Þá sagði maðurinn: Jú, frá, frá, ég er að flýta mér. Ég er að fara á eftir fólkinu af því að ég er nefnilega foringinn.

[15:41]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fjallaði hér af mikilli þekkingu um fjárlögin og sagði að rauði þráðurinn á þessu ári hefði verið að halda samneyslunni innan við 2% aukningu, að það hefði tekist en verið mikið verk og erfitt.

Því langar mig að spyrja hv. þingmann: Hvað gerist ef spá Seðlabankans um að samneyslan aukist um 3,1% á árinu 2005 gengur eftir, þ.e. ef aukning hennar verður rúmlega 50% meiri en ríkisstjórnin gerir ráð fyrir í frumvarpi sínu?

Þingmaðurinn fór mikinn og sagði 10 milljarða kr. afgang af fjárlagafrumvarpinu og var nánast jafnhrifinn og annar þingmaður var, hv. þm. Pétur H. Blöndal, yfir skattafrumvarpi. Seðlabankinn segir að afgangur á fjárlögum þyrfti við núverandi aðstæður helst að vera 3–4% af landframleiðslu, 30 milljarðar kr. Er þingmaðurinn sammála því?

[15:42]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Það er önnur tala sem er náttúrlega miklu drastískari, þ.e. spá Seðlabankans um að aukning einkaneyslu fari upp í 9%.

Ef Seðlabankinn hefur rétt fyrir sér með að samneyslan aukist svo mikið og einkaneyslan einnig þá aukast tekjur ríkisins náttúrlega gríðarlega, það gefur augaleið. En það yrðu falskar tekjur.

Ég get sagt það, virðulegur forseti, að þó að Seðlabankinn telji sér einhvern sóma í að segja að það ætti að vera 30–40 milljarða kr. afgangur af ríkissjóði þá er það bara tal einhverra manna úti í bæ. Það er engin pólitísk geta til þess við núverandi aðstæður, hvorki á Íslandi né í öðrum nærliggjandi löndum, að ná slíkum afgangi á ríkissjóð enda mega menn vita að peningar sem ríkið fær eru ekki frystir inni í einhverri geymslu. Sagan segir okkur að tilhneigingin er til að nota þá einmitt í þær þarfir sem borgararnir eðlilega gera kröfu til.

[15:43]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að tekjur í ríkissjóði á árinu 2005 mundu aukast ef spá Seðlabankans gengi eftir. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni. En það kæmi ekki eitt til heldur og allar þær auknu álögur sem ríkisstjórnin hefur lagt á launþega þessa lands. Mér endist varla ein mínúta í andsvari til að telja þær allar upp en ég ætla að reyna.

Skólagjöld, háskólagjöld, 140 millj. kr. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, 70 millj. kr. Aukatekjur ríkissjóðs, 200 millj. kr. Umsýslugjald fasteigna, 280 millj. kr. Áfengisgjald, 340 millj. kr. Bifreiðagjald, 120 millj. kr. Vaxtabætur, 1.500 millj. kr. Olíugjald, 350 millj. kr. Sjúkratryggingar, 1.500 millj. kr. Komugjöld á heilsugæslustöðvar, 150 millj. kr. Vörugjald af bensíni, 1.200 millj. kr. Þungaskattur 800 millj. kr. Barnabætur 300 millj. kr. (**GAK:** Allt frá 19. febrúar.)

Ég rétt hafði þetta á þeim tíma sem ég hafði en þarna sést hvað ríkisstjórnin hefur verið að gera. Ég vil spyrja hv. þingmann, þar sem hann er vanur að kalla hlutina réttum nöfnum: Er þetta skattalækkun eða er þetta gjaldahækkun?

[15:44]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu er það svo að forráðamenn ríkisstjórnarinnar, ríkisstjórnin sjálf og stuðningsmenn hennar, hafa í gegnum tíðina gætt ríkissjóðs mjög vel, passað upp á að hann sé rekinn með þokkalegum afgangi, passað upp á að hann geti borgað niður skuldir frá óráðsíutímunum, þannig að ríkissjóður Íslands er í miklu jafnvægi. Til þess er notað bæði gjöld og skattar sem lagðir eru á borgarana. Hvort tveggja hefur verið gert núna, gjöld hafa verið hækkuð gjöld og skattar lækkaðir. Svo segja menn þegar skattarnir eru lækkaðir að það hafi svo mikil þensluáhrif. En þegar menn segja að tekjurnar séu í jafnvægi, heildartekjurnar, hver eru þá þensluáhrifin? Þessi umræða hefur engan tilgang, virðulegi forseti. Ríkissjóður er í tiltölulega góðum málum hér á landi. Það hefur margsinnis komið fram og við ætlum að halda honum þannig. Það gefur okkur svigrúm til að halda áfram á sömu braut.

[15:45]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður heldur venju sinni og finnur rót efnahagsvandans á Íslandi í allsnægtum öryrkjanna. Það er auðvitað sjálfsagt, hv. þingmaður, að ræða breytingar á atvinnuháttum, aukinn geðheilbrigðisvanda og annað það margvíslegt sem veldur fjölgun öryrkja. En ég bið hv. þingmann um að stunda ekki þá umræðu undir formerkjum misnotkunar og halda þannig órökstuddum dylgjum að þúsundum Íslendinga, öryrkjum sem hér búa við lágmarksframfærslu og eru ekki að misnota sér eitt eða neitt til að njóta hennar þó að auðvitað sé alltaf eitthvað um misnotkun í félagslegum kerfum að ræða.

Þingmaðurinn er auðvitað að beina athygli sinni frá því að í þetta frumvarp vantar 500 millj. upp á drengskaparloforð stjórnarflokkanna til þessa fátæka fólks. Ég vil þess vegna spyrja hv. þingmann: Hver er útgjaldaaukningin til utanríkisþjónustunnar sem við finnum í þessu frumvarpi svo við höfum forgangsröðun hv. þingmanns sem er svo annt um samstöðina og samhjálpina í landinu.

[15:47]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki blanda mér í þær deilur sem komið hafa upp milli Öryrkjabandalags Íslands og hæstv. heilbrigðisráðherra. Mér finnst það mjög óviðeigandi í alla staði. Ég vil ekki gera það og hann er fullfær um að gera það sjálfur. Hins vegar liggja fyrir samþykktir ríkisstjórnarinnar um framlög til félagsmála. Það liggur allt saman skýrt fyrir og ég frábið mér því að blandast inn í þær umræður.

Hins vegar er það þannig og ég fagna því að hv. þm. Helgi Hjörvar tekur þó þannig í þessi mál núna. Það er nauðsynlegt að átta sig á því hvað við erum að gera. Hér hafa verið óvænt útgjöld sem við köllum svo. Við höfum verið að setja peninga inn í þessa málaflokka umfram það sem við ætluðum. Svo hefur komið í ljós að þetta er tiltölulega stöðug aukning sem allir sem ég þekki telja óeðlilega. Í allri umræðu sem á sér stað, bæði á Norðurlöndum og Íslandi, er talið óeðlilegt að við séum með 7% aukningu í fjölda öryrkja á hverju ári. (Forseti hringir.) Það eru allir sammála um það sem ég þekki.

[15:48]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að hv. þingmaður skuli hafa lagt til hliðar orðið misnotkun í þessari umræðu og treysti því að svo verði framvegis þannig að hún geti verið með málefnalegum hætti. Ég lýsi enn þá eftir þeim 500 millj. sem vantar í samkomulagið því að samkomulagið er samkomulag ríkisstjórnar Íslands, hv. þingmaður. En mér virðist þó af ræðum hv. þingmanns eins og að hér standi ekki lengur bjargvætturinn í ræðustól á Alþingi heldur fórnarlambið því að staða efnahagsmála virðist vera öllum öðrum í landinu að kenna. Staða efnahagsmála er ýmist öryrkjum að kenna, kennurum, bönkum eða Seðlabankanum. En hví reiðist hv. þingmaður? Hann reiðist vegna þess að Seðlabankinn og allar helstu fjármálastofnanir landsins eru sammála um að því miður sé ekki mark að fjárlögunum heldur sýni sagan síðustu ár að það vanti yfirleitt um 20 þús. millj. inn í útgjaldaáætlanir fjárlaganna og það er það aðhaldsleysi sem hv. þm. veit og þekkir og reiðist yfir að hefur nú verið afhjúpað.

[15:49]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit stundum ekki hvort ég á að hlæja eða gráta þegar hinir ágætu virðulegu þingmenn stjórnarandstöðunnar tala um aðhaldsleysi í ríkisfjármálum. Við höfum vissulega átt við það að stríða að fjárlög hafa reynst hærri en við höfum gert ráð fyrir og undir öllum kringumstæðum hefur langstærsta og mesta hækkunin og frávikið frá því sem við höfum verið að fást við legið í launaþætti ríkisins. Það er sá þáttur sem við höfum átt erfiðast með að meðhöndla. Það er sá þáttur sem við höfum ekki náð tökum á. Ég hef margsinnis árum saman farið yfir að það væri hinn eini sanni akkillesarhæll íslenskra ríkisfjármála. Svo kemur stjórnarandstaðan og segir réttilega að það vanti ýmislegt upp á að við höfum nógu sterk tök á ríkissjóði. Það er alveg hárrétt en þá skulum við fara yfir hvað hefur farið úrskeiðis. Það sem hefur farið úrskeiðis líka er að við höfum látið undan þrýstingi um ýmiss konar velferðarmál, eðlilegum kröfum kannski en þetta er sagan. Þannig hefur þetta gengið fyrir sig.

[15:51]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt eftir yfirlýsingar hv. þingmanns, varaformanns fjárlaganefndar, að forseti kalli til fundar með þingflokksformönnum og leiti leiða til að ná samstöðu um framvindu umræðunnar sem skapi fjárlaganefnd svigrúm til að taka málið aftur til umræðu og fara yfir þó ekki væri nema forsendur fjárlaga vegna þess að áður hefur verið bent á það í dag að forsendur fjárlaga væru gersamlega brostnar miðað við endurskoðaða þjóðhagsspá Seðlabankans. Hér í umræðunni hefur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar, talsmaður stærri stjórnarflokksins, einnig fullyrt að forsendur fjárlagafrumvarpsins sem ekkert hafa breyst í meðförum þingsins séu einnig brostnar þó það sé af öðrum ástæðum heldur en Seðlabankinn hefur komist að niðurstöðu um.

Í fyrsta lagi sagði hv. þingmaður að aðgerðir Seðlabankans, sem ákveðnar voru í gær, breyttu forsendum vegna þess einfaldlega að þær sköpuðu meiri hættu í efnahagslífinu, mundu skapa atvinnulífinu mikinn vanda og líklega auka á þensluna. Í öðru lagi sagði hv. þingmaður að bankakerfið sem slíkt hefði með miklu innstreymi fjármagns einnig aukið á einkaneysluna og skapað verulega hættu. Hv. þm. hefur þó með öðrum hætti en við tekið undir það að forsendur fjárlaganna hafi algerlega breyst. Ég held að það hljóti að vera okkur öllum sama keppikefli að fjárlög séu sem réttust og til þess að þau geti verið það er algerlega nauðsynlegt að þau séu byggð á réttum forsendum. Nú liggja fyrir upplýsingar um að forsendurnar eru a.m.k. mjög hæpnar, herra forseti, og þess vegna hlýtur að vera eðlilegt að óska eftir því að við reynum með sátt og samlyndi að tryggja það að fjárlög næsta árs verði sem allra best því ekki veitir af í því ástandi sem efnahagslífið er nú.

Herra forseti. Ég vísa í þessu sambandi til 23. gr. þingskapa þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið þá skal henni frestað."

Herra forseti. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að um þetta náist samstaða þannig að það sé líka hægt að semja um það hvenær umræðunni verður frestað því það er lykilatriði að málið fari til nefndarinnar áður en umræðu lýkur. Það er í rauninni það eina sem þingsköpin segja varðandi þetta mál. Ég óska því í fullri vinsemd eftir því við herra forseta að málið verði kannað sem allra fyrst á sameiginlegum fundi forseta með þingflokksformönnum.

[15:54]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tel enga ástæðu til að fresta umræðunni og afgreiðslu fjárlaga vegna þjóðhagsspár Seðlabankans frá því í gær. (Gripið fram í.) Það var vitað að von væri á nýrri þjóðhagsspá frá Seðlabankanum á þessum tíma og það hefur legið fyrir allt frá því að við byrjuðum að fjalla um fjárlagafrumvarpið að fjármálaráðuneytið mun endurskoða þjóðhagsspá sína í byrjun næsta árs og ég get ekki séð að Seðlabankinn sé að spá hruni eða neyðarástandi í sinni þjóðhagsspá. Þar birtist hins vegar aðvörun og áminningar um aðhald og festu í ríkisrekstri og það samrýmist auðvitað þeim markmiðum og því sem stjórnarflokkarnir hafa verið að vinna að, að við verðum einfaldlega að halda útgjaldavexti ríkissjóðs í skefjum. Við erum öll sammála um það.

En ég velti því fyrir mér hvað stjórnarandstaðan ætlar að fá út úr því að fresta umræðunni og afgreiðslu fjárlaganna núna út af þessu máli. Eru menn að hugsa um að fara ofan í fjárlagafrumvarpið allt aftur eins og við höfum verið að gera á síðustu vikum? Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnst þetta bera keim af ákveðnu sjónarspili og kannski kryddi í umræðuna, sem er svo sem ágætt, aðeins að rífa okkur upp og krydda umræðuna.

Það liggur fyrir eins og ég sagði að ný þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins mun birtast í byrjun næsta árs. Við hljótum að fara yfir hana og fylgja henni eftir ef ástæða þykir til vegna þess að við viljum halda utan um ríkisfjármálin af ábyrgð og festu og við höfum gert það og við ætlum okkur að gera það áfram. En ég ítreka það, hæstv. forseti, að ég tel ekki ástæðu til að þessari umræðu verði frestað og málið tekur aftur fyrir í fjárlaganefnd.

[15:56]

Helgi Hjörvar *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég kemst ekki hjá því að vera fullkomlega ósammála hv. þm. Magnúsi Stefánssyni, formanni fjárlaganefndar. Það var auðvitað alveg augljóst af ræðu hans þegar frumvarpið kom til 3. umr. á innan við mínútu, trúi ég, í ræðustólnum þar sem engar breytingartilögur eru gerðar frá því að það var afgreitt við 2. umr. að það virðist ríkja algert metnaðarleysi af hálfu stjórnarmeirihlutans um frumvarpið sjálft, um forsendur þess og um að áætlanir þess gangi eftir. Ég harma það að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem hefur stundum í þingsölum verið talsmaður aðhalds, skuli taka undir þann söng að horfast ekki í augu við þann útgjaldavanda sem vantar í þetta frumvarp og allir vita af. Ég hef satt að segja sjaldan kynnst öðrum eins vinnubrögðum og hér í þinginu.

Ég tek sem dæmi að í gær var dreift stjórnarfrumvarpi, sem kynnt hefur verið í þingflokkum stjórnarflokkanna, um Tækniháskóla Íslands og í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins segir að kostnaður vegna samþykktar frumvarpsins verði á bilinu 130–150 millj. kr. á næsta ári, árið 2005. Þær 130–150 millj. kr. er ekki að finna í frumvarpinu sem á svo að afgreiða á morgun, þ.e. sama ríkisstjórnin flytur útgjaldafrumvarp á fimmtudegi og ætlar að afgreiða fjárlög á laugardegi sem ekki gerir ráð fyrir útgjöldum þannig að metnaðarleysi stjórnvalda í þessu efni er algert eins og sést af því að frávikin hafa verið 20 þús. millj. kr. á hverju ári. Og jafnvel Seðlabankinn verður að leiðrétta áætlanir ríkisstjórnarinnar í spám sínum og gera ráð fyrir því að fjárlagafrumvarpið sem Alþingi Íslendinga skili frá sér sé vitlaust. Seðlabanki Íslands þarf að ganga út frá því sem gefinni staðreynd að Alþingi Íslendinga geti ekki skilað frá sér réttum fjárlögum. Ég tel að það sé fullkomlega óviðunandi fyrir hið háa Alþingi og það sé algerlega fráleitt að afgreiða fjárlagafrumvarp í desember og endurskoða síðan allar forsendur þess í janúar. Úr því að það þarf að endurskoða allar forsendur fjárlagafrumvarpsins þá er eins gott að menn taki sér þann tíma sem þarf í desember til þess að gera það þannig að þingið geti skilað af sér sæmilega réttu plaggi. Það getur verið að fjárlaganefnd þurfi eina viku til þess eða tvær en ég bendi líka á að meðhöndlun málsins í hv. efnahags- og viðskiptanefnd var fyrir neðan allar hellur og það liggur ekkert faglegt mat fyrir hendi um tekjukafla fjárlagafrumvarpsins vegna þess að það vannst enginn tími eða var nein aðstaða í efnahags- og viðskiptanefnd til að fara sómasamlega yfir málið. Ég tel ekki að hið háa Alþingi geti afgreitt annað eins grundvallargagn frá sér með slíkum og þvílíkum handarbakavinnubrögðum.

[15:59]

Jón Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að vona að hæstv. forseti hafi vit fyrir framkvæmdarvaldinu núna og taki undir með okkur þingmönnum þar sem við förum fram á að 3. umr. um fjárlög verði frestað vegna þeirra upplýsinga sem fram hafa komið um mjög breyttar efnahagsforsendur eftir að Seðlabankinn kynnti spá sína í gær. Það hlýtur að vera krafa okkar á hverjum tíma og jafnframt krafa þingsins að þau lög sem við afgreiðum frá okkur séu eins nákvæm og nokkur kostur er. Miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir þá verða þau lög sem við ætlum að fara að afgreiða hér, ljúka umræðu um í dag, 3. umr. um fjárlög, hvorki fugl eða fiskur. Og ég vona satt að segja, herra forseti, eftir að forseti hefur hugsað málið þá sjái hann að við höfum rétt fyrir okkur og að full ástæða sé til þess að kalla saman þingflokksformenn til að skoða hvernig við höldum áfram.

Við höfum nógan tíma. Desember er rétt byrjaður og við hljótum að geta tekið nokkra daga til að skoða þær breytingar sem nú blasa við í efnahagsforsendum í okkar þjóðarrekstri. Ef við skoðum fjárlagafrumvarpið, Stefnu og horfur sem fylgdu fjárlagafrumvarpinu, þá segir þar um nokkrar forsendur, með leyfi forseta:

„Litlar breytingar hafa orðið á framvindu stóriðjuframkvæmda á næstu árum frá síðustu spá í maí.“

Seðlabankinn segir: „Umfang stóriðjuáforma hefur vaxið, einkum á næsta ári, bæði vegna áforma Norðuráls og breytingu á tímasetningum framkvæmda Fjarðaáls.“ — Þarna er ein forsenda brostin.

Hér er forsenda um gengisþróun sem segir að gengisvísitalan verði að meðaltali um 122 stig árið 2004 en hækki síðan í 125 stig árið 2005 sem þýðir um 2,5% lækkun íslensku krónunnar. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að íslenska krónan muni veikjast stig af stigi og er þá tekið mið af minnkandi gjaldeyrisinnflæði á næstu árum. Þessu til viðbótar ber að hafa í huga að með vaxandi viðskiptahalla myndast aukinn þrýstingur á krónuna til lækkunar. Ég heyrði ekki betur en að hv. varaformaður fjárlaganefndar væri einmitt að vara við því að gengið væri að styrkjast en ekki lækka.

Önnur mikilvæg forsenda sem tiltekin er í Stefnu og horfum fjárlagafrumvarpsins er að nýgerðir kjarasamningar samtaka launþega og atvinnurekenda muni einnig gilda í megindráttum fyrir þau stéttarfélög sem ekki hafa endurnýjað kjarasamninga sína. Er verið að tala um kennarasamningana þarna eða um hvaða samninga er verið að tala? Það er búið að gera nýja samninga síðan þetta var gefið út og full ástæða til fyrir okkur að skoða hvernig við tökum á þeim veruleika sem þar blasir við.

Kafli efnahags- og viðskiptanefndar er alveg sérstakur í þessu máli. Hér segir í þingsköpum: „Til efnahags- og viðskiptanefndar vísar fjárlaganefnd frumvarpi til lánsfjárlaga og tekjugrein fjárlagafrumvarps.“ Hún á að fara yfir þetta

og skila okkur áliti. Hún gerði það og segir að spá um þjóðhagsforsendur hafi ekki verið breytt frá framlagningu frumvarpsins. Fulltrúi Seðlabankans kom í gær til efnahags- og viðskiptanefndar og meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar tilkynnti að hann teldi ekki þörf á því að breyta áliti sínu þó fram væri komin ný þjóðhagsspá.

[16:02]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Í tilefni af orðum hv. þingmanns og fleiri hv. þingmanna vill forseti taka það fram að hann telur ekki tilefni til að gera það hlé á fundahöldum sem óskað var eftir.

[16:03]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég lýsi mig andvígan þeim viðhorfum sem fram komu hjá hæstv. forseta og vek einnig athygli á því að formaður fjárlaganefndar felldi nokkuð þunga dóma yfir ræðu varaformanns fjárlaganefndar þegar hann kallaði það að við skyldum taka upp umræðu um þau orð sem hann lét falla, sjónarspil og til þess fallið að lýsa upp eitthvað í skammdeginu og til að skemmta okkur. En hver var kjarninn í því sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði, varaformaður fjárlaganefndar? Hann sagði að hin ofsafengnu viðbrögð Seðlabankans við aðhaldsleysi í ríkisfjármálum og útlánaaukningu bankanna væru slík að það væri verið að kippa fótunum undan útflutningsgreinunum. Það þýddi að vaxtastigið væri á uppleið. Og hvað þýddi það? Það þýddi styrkingu á krónunni langt um fram það sem útflutningsgreinarnar þyldu. Ef þetta eru ekki nýjar forsendur fyrir umræðu um fjárlagafrumvarpið þá veit ég ekki, virðulegi forseti, hvaða forsendur gera það að verkum að þingið skoði frekar þau fjárlög sem verið er að afgreiða.

Seðlabankinn sem hefur það eitt verkefni að fylgjast með verðlagi í landinu grípur til ofsafenginna viðbragða þegar hann sér hvernig fjárlagafrumvarpið virðist ætla að líta út með þeim skattalækkunum og öðru sem það felur í sér og því aðhaldsleysi sem það ber með sér. Ætlar meiri hlutinn að láta þetta fram hjá sér fara í þeirri stöðu sem við erum í? Ætla menn að láta það ganga eftir sem hv. varaformaður fjárlaganefndar spáir um að fótunum verði kippt undan útflutningsgreinunum? Ætla menn ekki að taka mark á því þegar hann segir að við verðum að framleiða á Íslandi, við verðum að flytja út, við verðum að afla okkur tekna? Er þetta eitthvað sem skiptir ekki neinu máli?

Virðulegi forseti. Ég lýsi mig algerlega andvígum þeim sjónarmiðum sem hér komu fram, að ekki sé ástæða til að taka þetta til frekari skoðunar því að það er mjög alvarlegur hlutur að afgreiða fjárlagafrumvarp frá okkur á sömu forsendum og menn töldu að hefðu legið fyrir þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram 1. október og gefa ekki gaum að þeim breytingum sem átt hafa sér stað síðan þrátt fyrir hástemmdar yfirlýsingar varaformanns fjárlaganefndar um gersamlega breyttar forsendur í íslensku hagkerfi.

[16:06]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tók fram við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins úr fjárlaganefnd að ég teldi að það væri í rauninni ekki tækt til meðferðar og var andvígur því að það væri afgreitt þannig út. Það skorti bæði umsögn efnahags- og viðskiptanefndar um tekjuhlið frumvarpsins og um forsendur fjárlaganna, sérstaklega tekjuforsendurnar, auk þess voru þar veigamiklir málaflokkar sem væri ljóst að fengu ekki fjárveitingar miðað við lögbundin verkefni þeirra. Þetta tók ég fram við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins úr nefnd. Sama staðan er enn uppi.

Nú hefur komið fram í umræðunni hjá hv. varaformanni fjárlaganefndar að hann hefur ítrekað að forsendur fjárlagafrumvarpsins væru mjög breyttar nú frá því sem var í haust og skýrsla Seðlabankans er notuð sem grundvöllur þess málflutnings. Ég er alveg sammála hv. varaformanni fjárlaganefndar.

Eins og ég rakti í ræðu minni þá tel ég að þær harkalegu aðgerðir sem Seðlabankinn er að grípa til, gríðarlegra vaxtahækkana, komi mjög hart niður á útflutningsgreinunum og efnahagslífinu í landinu, enda lætur það ekki á sér standa að gengið er komið í 115 og dollarinn í 63 kr. En í forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir gengisvísitölu 125 þannig að þarna er aldeilis mikill munur á. Ég tel því eðlilegt og nauðsynlegt að fjárlagafrumvarpið fari aftur til fjárlaganefndar og við fáum fulltrúa Seðlabankans á fund nefndarinnar til að ræða á hvaða forsendum þeir grípa til svona aðgerða. Við vitum að verið er að bregðast við þessum fáránlegu skattalækkunartillögum ríkisstjórnarinnar sem passa engan veginn inn í ríkjandi efnahagsástand. En hefur ekki Seðlabankinn einhverjar aðrar aðgerðir til að grípa til? Ég hef nefnt áður í umræðunni og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson endurtók það að hér að Seðlabankinn hefur líka bindiskyldumöguleikana, þ.e. að taka fé úr umferð frá bönkunum. Síðustu áramót lækkaði Seðlabankinn bindiskylduna úr 4 í 2% og hleypti tugum milljarða peninga þar með í umferð. Seðlabankinn hefur því ýmis önnur úrræði.

Væri ekki líka ráð að Seðlabankinn og fjárlaganefnd, Alþingi, ræddust við um stöðu efnahagsmála og aðgerða í efnahagsmálum og fjármálum. Eins og nú horfir fer ríkissjóður einn veg með skattalækkunum, Seðlabankinn annan veg með því að grípa til vaxtahækkana, (Forseti hringir.) hækkunar gengis með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir atvinnulífið í landinu. (Forseti hringir.) Ég tel, herra forseti, að frumvarpið eigi aftur að fara til fjárlaganefndar til nánari vinnslu áður en það kemur til lokaafgreiðslu.

[16:09]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég átti því miður ekki kost á að vera við 2. umr. fjárlaga. Ég var erlendis á vegum þingsins. Ég hef hlustað með athygli í dag á stjórnarliða og aðra ræða um fjárlög. Einnig hef ég hlustað með athygli á það sem hefur komið fram núna eftir dæmalausir aðgerðir Seðlabankans frá því í gær og nýjustu tölur af gengisvísitölu sem voru rétt að berast í þennan sal — ég hafði nú ekki skoðað fjölmiðla í dag eða fréttamiðla á netinu — um að gengisvísitalan sé komin niður í 115 stig. Það sýnir hvers konar — ég ætla að sleppa að nota það orð sem kemur upp í huga minn um þessar aðgerðir Seðlabankans sem greinilega eru

stefna í þveröfuga átt við það sem hér hefur verið fjallað um.

Virðulegur forseti. Í forsendum fjárlaga er talað m.a. um að í spánni sé gengið út frá því að stýrivextir Seðlabankans verði hækkaðir stig af stigi í 7,5% fram til ársins 2006. Nýjasta ákvörðun gerir það að verkum að þeir eru nú komnir í 8,25%. Hvað á þá að gera á þeim tíma sem er fram undan til 2006? Á að hækka þetta enn meira? Eiga stýrivextir að fara upp í 10–11% eða hvernig endar þetta?

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt og óska eftir því fyrir hönd þingflokks Samfylkingar — ég vona að ég tali alveg skýrt — að gert verði hlé á þessari umræðu, fundi verði frestað og boðað verði til funda með formönnum þingflokka og forseta þingsins til að ræða það sem hér er komið fram og hefur verið borið fram af fulltrúum stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað um að spá Seðlabankans og margt það sem þar var að gerast í gær fari í þveröfuga átt miðað við það sem hér hefur verið talað um, þ.e. að full ástæða sé til að taka þetta fjárlagadæmi upp strax áður en ríkisstjórnin pakkar því inn í glansumbúðir, jólapappír núna rétt fyrir jól sem verður ekki pappírsins virði.

Virðulegi forseti. Eitt í viðbót sem rök fyrir þessu. Á sama degi og við ræðum fjárlög við 3. umr., og það á að klára þær umræður og við eigum að samþykkja fjárlög á morgun, þá er dreift frumvarpi til laga um afnám laga um Tækniháskóla Íslands þar sem fjármálaráðuneytið segir að það kosti um 130–150 millj. á næsta ári. Virðulegi forseti. Af hverju er þetta ekki komið inn í breytingartillögur vegna fjárlaga? Á núna að samþykkja fjárlög á morgun með svona vitleysisgangi? Hér er frumvarp komið fram sem eykur útgjöld ríkissjóðs. Er meira í pípunum, virðulegi forseti?

Þess vegna ítreka ég það að í 23. gr. þingskapa er veitt heimild fyrir því að hægt sé að vísa máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið þá skal henni frestað. Ég vil því ítreka enn einu sinni fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar að hlé verði gert á þessum fundi til að þingflokksformenn geti átt fund með forseta til að ræða þá stöðu sem komin er upp.

[16:13]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti ítrekar þá afstöðu sína að hann telur ekki tilefni til að gera hlé á þessari umræðu. Ef formenn þingflokka geta notað tímann til að ræða saman þá er auðvitað eðlilegt að þeir geri það en til þess er ekki þörf að gera hlé á umræðunni enda er talsvert eftir af henni eftir því sem forseta sýnist.

[16:13]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér hafa komið fram óskir um að fundi verði frestað og menn ræði saman um framhald málsins. Ég tel alveg sjálfsagt að fjárlaganefnd hittist og fari yfir málin eins og þau liggja núna fyrir með tilliti til þess sem komið hefur fram hjá Seðlabankanum í ritinu Peningamálum og í ræðum sem hér hafa verið fluttar m.a. af forustumönnum ríkisstjórnarinnar í fjárlaganefnd. Ég tel fullt tilefni til að ræða þetta mál og sé ekki hvaða hætta er fólgin í því, hæstv. forseti, þó við frestum þessum fundi þannig að málin verði rædd af forseta þingsins og þingflokksformönnum. Auðvitað vonumst við til þess að niðurstaðan af þeim fundi verði sú að boðað verði til fundar í fjárlaganefnd þar sem farið yrði yfir þessi mál. Það verður þá að ráðast hvort menn þurfa fleiri en einn fund til að tala um málin og fara yfir þau þar. En ég sé ekki að neitt sé í hættu með afgreiðslu fjárlaganna þó við tækjum 1–2 daga í að fara yfir þessi mál miðað við núverandi forsendur og ræða þau og skoða hvaða leiðir menn vilja fara ef þeir vilja breyta einhverju eða þá að færa rök fyrir því og hlusta á rök fyrir því að hafa stöðuna algerlega óbreytta. Ég held að fullt tilefni sé til að skoða málin og ég sé ekki að neitt sé í hættu þó það mundi jafnvel dragast fram á þriðjudag að klára það að afgreiða fjárlögin. Það hefur nú oft verið sagt um þriðjudaginn að hann sé til þrautar. Menn skulu þá klára þrautina þá.

[16:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir þær óskir að þessari umræðu verði frestað. Ég tel að þær séu prýðilega vel rökstuddar og ígrundaðar. Það má segja að það hafi verið gáleysi og ankannalegt að setja þessa umræðu á, 3. umr. um fjárlög, strax 3. desember og degi eftir að Seðlabankinn birti síðasta ársfjórðungslegt mat sitt á stöðu efnahagsmála. Það er fáránlegt að hafa ekki tíma til að skoða það álit og taka það fyrir í þingnefndum og stilla svo fjárlögin af í lokin með hliðsjón af nýjustu þjóðhagslegum upplýsingum og efnahagslegum upplýsingum þegar þær liggja fyrir.

Þar á ofan bætist það við að upplýst hefur verið að efnahags- og viðskiptanefnd sem á að sjá um að fara yfir þann þátt málsins, tekjuforsendur fjárlagafrumvarpsins og þjóðhagslegar aðstæður þegar verið er að loka fjárlögunum, hefur nánast ekkert komið að því máli. Það kom ekkert álit frá henni við 2. umr. og ég hef ekki orðið mikið var við hana heldur á ferðinni í þessu máli enda er kannski hv. formaður nefndarinnar, Pétur Blöndal, uppteknari við annað en að stjórna fundum í efnahags- og viðskiptanefnd.

Svo gerist það að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar, kemur og fer mikinn eins og stundum þegar sá gállinn er á honum og ræðst á Seðlabankann fyrir aðgerðir hans. Nú get ég að mörgu leyti tekið undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að harkaleg vaxtahækkun Seðlabankans er engin gleðitíðindi með þeim áhrifum sem hún virðist vera að hafa á gengið. En hvað á Seðlabankinn að gera? Seðlabankinn er að bregðast við meðal annars og ekki síst efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar þannig að það er verið að hengja bakara fyrir smið þegar verið er að skamma ræfils Seðlabankann sem aleinn er að reyna að róa á móti verðbólgunni og þenslunni og verður að fara út í harkalegri aðgerðir en ella vegna skattalækkana ríkisstjórnarinnar, vegna stóriðjustefnunnar og af fleiri slíkum ástæðum. Ég held að hæstv. forsætisráðherra eigi að láta sjá sig við umræðuna, yfirmaður efnahagsmála í ríkisstjórninni og undir hvern Seðlabankinn heyrir, enda er það allt í lagi, herra forseti, að það sjáist nú eins og einn og einn ráðherra — ég ætla nú ekki að bæta því viðhengi við sem mér datt í hug (**Gripið fram í:** Jón Kristjánsson er í húsinu.) til að vera við umræðuna þegar aðstæður í efnahagsmálum eru líka þessar sem raun ber vitni. Ég fer því fram á það í öllu

falli að ef forsætisráðherra og þá fjármálaráðherra láta ekki sjá sig við umræðuna þá verði umræðunni frestað þegar af þeim ástæðum. (Gripið fram í.) Þar á ofan eru fullar ástæður til þess að þingnefndirnar taki málið aftur til sín. Það liggur ekkert á. Við höfum nógan tíma og hægur vandinn að afgreiða fjárlögin þegar líður á næstu viku.

[16:18]

Einar Oddur Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu gengur umræðan um fjárlögin fram eins og lög gera ráð fyrir. Henni lýkur í nótt og atkvæðagreiðsla verður um hana á morgun. Þannig er áætlunin hjá þinginu.

Hins vegar get ég verið mjög sammála mörgum hv. þingmanninum sem hefur komið hér og sagt að ástæða sé til þess fyrir þingmenn, fyrir forustumenn þingsins og flokkana, að setjast niður og ræða efnahagsmál. Það held ég að sé mjög brýnt. Seðlabankinn (**Gripið fram í:** Þá erum við sammála.) er að knýja fram gengi sem mér er sagt að þeir jafnvel láti sér detta í hug að geti endað í vísitölunni 110 þegar við erum að afgreiða fjárlög þar sem forsendurnar eru 125. (**Gripið fram í:** Brostin ...) Þetta er gríðarlegur munur og varðar íslenskt atvinnulíf stórkostlega, samkeppnishæfni útflutningsframleiðslunnar og þeirrar framleiðslu sem á hér í samkeppni við innflutning. Þetta er alvarlegur hlutur.

Menn átelja mig, virðulegi forseti, fyrir að ráðast á Seðlabankann og spyrja: Hvað átti vesalings Seðlabankinn að gera? Þetta er nú engin vesalings Seðlabanki, virðulegi forseti. Seðlabankinn hefur mjög mörg tæki. Seðlabankinn hefur setið og aðhafst ekkert þegar íslenskir bankar hafa á undanförnum mánuðum, ausið inn í þetta þjóðfélag milli 80 og 100 milljörðum kr. til þess að lána einstaklingum, til þess að fjármagna kaup einstaklinga. Þeir hafa lánað yfir 7 þúsund einstaklingum milli 80 og 100 milljarða kr. Á þessum tíma situr bara Seðlabankinn og aðhefst ekkert. Auðvitað hefur hann í valdi sínu bindiskylduna. Hann hefur hana ótakmarkaða í valdi sínu. Í stað þess minnkuðu þeir fyrir ári bindiskylduna úr 4% í 2% og aðhafast svo ekkert. Svo koma menn með svona kjánatal og segja að það sé vegna þess að afgangur af ríkissjóði sé ekki nægur að verðbólga sé að fara úr böndunum. Hvaða verðbólga er að fara hér úr böndunum? Það hefur margsinnis verið greint. Það er hækkun á fasteignaverði og það er hækkun á olíu og eldsneyti. Verðbólgan skiptir okkur máli ef hún er hærri hér en í nágrannalöndunum og samkeppnislöndunum. Olíuhækkanir erlendis skipta íslenskt efnahagslíf engu, koma engu við. Þær ganga yfir heiminn allan og breyta engu um samkeppnisstöðuna.

Þetta er staðan sem við stöndum frammi fyrir, virðulegi forseti. Við klárum að sjálfsögðu fjárlagafrumvarpið. En það er ærin ástæða fyrir alla að tala og fara í gegnum stöðu íslenska atvinnulífsins vegna þess að atvinnulífið er í verulegri hættu og því er (Forseti hringir.) ógnað með þeim ráðstöfunum sem Seðlabankinn telur sig einan geta notað.

[16:22]

Jón Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni fyrir að staðfesta í ræðu sinni að veigamikil forsenda í fjárlagafrumvarpinu eins og gengismál sé brostin.

Það vakti vonbrigði mín þegar ég heyrði hæstv. forseta kveða upp úrskurð sinn um það hvort fresta ætti umræðu. Nú er reyndar ekki í fyrsta skipti þegar ég stend í ræðustól og horfi fram á hvernig mál fara fram í þinginu að ég velti fyrir mér hvort hæstv. forseti þingsins sé forseti þingmanna. Ég hélt að hæstv. forseti ætti að gæta hagsmuna þingmanna gagnvart framkvæmdarvaldinu og jafnframt að halda í heiðri þingsköp Alþingis.

Aðeins til að bæta kannski í þann sarp sem forseti hefur þegar hann veltir fyrir sér hvort hann eigi að verða við þessari sjálfsögðu ósk okkar sem hér komum upp þá ætla ég að fara yfir eitt mál í viðbót þar sem í raun er búið að brjóta þingsköp á okkur sem störfum í fjárlaganefnd. Í 25. gr. þingskapa segir, með leyfi forseta:

„Fjárlaganefnd á rétt á að fá þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar um rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana sem óska eftir framlögum úr ríkissjóði. Enn fremur er þeim stofnunum ríkisins, er fást við efnahagsmál, skylt að veita nefndinni upplýsingar og aðstoð sem hún þarf á að halda við afgreiðslu þingmála."

Ég vakti athygli á því við 3. umr. fjáraukalaga að okkur hefðu ekki borist upplýsingar sem við báðum um í tengslum við fjárlagavinnuna. Við óskuðum eftir stöðu stofnana ríkisins miðað við 30. september, þ.e. hver hún væri og einnig óskuðum við eftir áætlaðri lokastöðu þessara sömu stofnana í lok ársins. Þær upplýsingar hafa ekki borist okkur enn þá og hér er verið að brjóta á okkur þingsköp. Ég ætla að vona að hæstv. forseti hafi dug í sér að verja okkur þingmenn fyrir því að verið sé að brjóta á okkur þingsköp.

Einnig óska ég eftir því að hæstv. forseti taki til sjálfstæðrar skoðunar hvernig fjárlögin fóru í gegnum efnahags- og viðskiptanefnd og það að við skulum vera hér við 3. umr., eftir að Seðlabankinn heimsótti nefndina í gær, með eina álit meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar sem segir að spá um þjóðhagsforsendur hafi ekki breyst frá framlagningu frumvarpsins. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni þá var ég á þessum fundi efnahags- og viðskiptanefndar. Ég spurði hv. formann nefndarinnar hvort ekki ætti að koma nýtt álit í ljósi nýrra upplýsinga (Forseti hringir.) og hann taldi þess ekki þurfa. Segir þetta ekki allt sem þarf, hæstv. forseti?

[16:26]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hér hafa menn rætt um að fresta þessum fundi til að gefa sér tíma til að skoða mállin í ljósi þeirra upplýsinga sem hafa verið að koma fram. Ég verð satt að segja að segja að ég undrast mjög að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson skuli ekki taka undir þá kröfu eftir ræðu sína í dag þar sem hann lýsti því hvers konar fár mundi verða í samfélaginu í kjölfarið á tiltektum Seðlabankans. Það er eiginlega ótrúlegt hvernig þessi hv. þingmaður kemur stundum í umræður og í þessu tilfelli keyrir úr hófi. Hann spilar út sínum stærstu ásum og kemur svo aftur í ræðustól og segir að það eigi bara ekkert að gera með þetta, að við skulum bara halda áfram og klára fjárlagaumræðuna og af-

greiða hana í kvöld eða nótt.

Voru þá þessi ræðuhöld bara til að draga athygli að hv. þingmanni eða var einhver meining með þeim? Fjárlögin eru framlag hins opinbera til að halda stöðugleika í þjóðfélaginu og þegar forsendur fyrir þeim breytast snarlega eins og mátti vel heyra á ræðu hv. þingmanns að mundi vera að gerast þá hljóta menn að þurfa að fara yfir málið aftur og velta fyrir sér hvað sé hægt að gera í því að koma til móts við þær breytingar sem liggja í loftinu.

Ég ætla ekki að gagnrýna Seðlabankann fyrir það sem hann gerði einfaldlega vegna þess að þar á bæ telja menn að staðið hafi verið þannig að málum í samfélaginu að grípa þurfi í neyðarbremsuna. Þetta eru þau tæki sem Seðlabankinn hefur í höndunum. Það má velta því fyrir sér hvort of langt sé gengið er Seðlabankinn hættir að kaupa gjaldeyri og bætir í vaxtahækkanir eins og gert var í gær. En ef afleiðingar þess verða eitthvað líkar því sem menn hafa talað um hér þá hljóta þeir að þurfa að fara yfir málin aftur.

Það er svo pínulítið hagkerfi í þessu landi að það ætti að vera orðið hverjum manni ljóst að ef þeir nota ekki öll ráð til að stjórna því af skynsemi þá muni illa fara. Frá greiningardeildum bankanna hefur borist að þeir sem hafa tekið stöðu með krónunni eins og það er kallað, gjaldeyriskaupendur eða þeir sem kaupa margvísleg skuldabréf á markaði, séu orðnir miklu stærri í þeim hlutum en þeir voru 2002 þegar gengið féll og að þeir munu að öllum líkindum hverfa á braut eftir ár. Eftir akkúrat ár munu þeir hverfa á braut. Hvernig fer þá fyrir íslensku samfélagi? Eigum við þá ekki von á svipaðri kollsteypu eða miklu verri en 2002?

[16:29]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Okkur hér, alla vega þingmönnum stjórnarandstöðunnar, er nokkur vandi á höndum. Hér hefur komið fram, einkum af hálfu talsmanns fjárlaganefndar, hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að forsendur fyrir fjárlögum séu gersamlega brostnar. Þetta hefur komið fram mjög skýrt og við höfum á það bent að það sé skynsamlegt við þessar aðstæður að skoða frekar forsendur fjárlaga og hvort ástæða sé til að ræða þær frekar því að fjárlögin eru nokkuð sem við eigum að taka alvarlega. Við eigum að afgreiða þetta frá okkur á þann hátt að sómi sé að og þannig að við höfum trú á því að við séum á réttri leið. Látum liggja á milli hluta hver hafi rétt fyrir sér í því hvers vegna forsendur fjárlaga eru brostnar, hvort það sé sökum þess að Seðlabankinn hafi ekki hundsvit á efnahagsmálum og sé að grípa til aðgerða sem grafi undan útflutningsgreinunum eða hvort aðhaldsleysi ríkisstjórnarinnar í fjárlagagerðinni leiði til þess að forsendur eru brostnar eða hvort það sé vegna þess að bankarnir hafa farið í útlán langt um fram það sem eðlilegt þykir. Látum liggja á milli hluta hver er ábyrgur fyrir þessari stöðu. Kjarninn er hins vegar sá, hvernig sem við lítum á málin, að forsendur fjárlaga virðast gersamlega brostnar hvað varðar það sem fram kemur í ræðu talsmanns fjárlaganefndar og einnig það sem fram kemur í þjóðhagsspá Seðlabankans. Á þessum forsendum leggja þingmenn stjórnarandstöðunnar til að við hægjum aðeins á okkur og skoðum það frekar til þess að tryggja að fjárlagafrumvarpið verði þannig úr garði gert að það sé líklegt til þess að fara nálægt raunveruleikanum. (**Gripið fram í:** Já.) Þá segir hæstv. forseti að ekki sé ástæða til að skoða þetta frekar.

Kannski er það bara þannig að þingmenn minni hlutans á hinu háa Alþingi geta lítið annað gert en að benda á þessar forsendur og benda á þessar breytingar. En þá er einnig ljóst að þegar við verðum komin inn í næsta ár og fjárlagafrumvarpið reynist hjóm eitt hvað varðar tekjur og gjöld þá er það a.m.k. ekki vegna þess að minni hlutinn hafi ekki bent á að þessar forsendur hafi verið brostnar heldur vegna þess að meiri hlutinn neitaði að hlusta á það. Það er mikilvægt að þetta liggi fyrir í umræðunni.

[16:31]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum með viðbrögð hæstv. forseta við þeirri málefnalegu ósk að gert yrði örstutt hlé á fundi á meðan þingflokksformenn funduðu og reyndu að komast að samkomulagi um framvindu umræðunnar. Ég taldi mig færa málefnaleg rök fyrir þessari ósk og ég held að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi gert það einnig, bæði í ræðu sinni í dag og þegar hann kom í umræðuna, vegna þess að hv. þingmaður sagði að ærin ástæða væri til þess að ræða efnahagsmál.

Hvað er fjárlagaumræðan annað en umræða um efnahagsmál? Það er stærsta umræðan sem fram fer á þingi um efnahagsmál. Ég verð því að óska eftir því við hæstv. forseta að hann íhugi enn betur hvort ekki megi verða við þessari ósk okkar vegna þess að ella verðum við að kanna hvort ekki sé rétt að leggja fram tillögu um að fjárlagafrumvarpið verði aftur sent til fjárlaganefndar og byggja á ákvæðum í 23. gr. þingskapalaga.

Mér skilst að vísu á reyndum hv. þingmönnum að það hafi aldrei verið gert áður en það gæti verið ástæða til þess nú ef hæstv. forseti getur ekki orðið við þessari beiðni sem, eins og ég hef margtekið fram og fleiri hv. þingmenn, er afskaplega málefnaleg og er lögð hér fram í fyllstu alvöru. Hún er lögð fram til að menn megi ná sáttum um umræðuna, hún er lögð fram til þess að við getum bætt fjárlögin, vegna þess að það hefur komið fram hér ítrekað að það er býsna mikilvægt að fjárlögin séu sem allra best tengd raunveruleikanum.

En, herra forseti, þau viðhorf sem komið hafa fram til fjárlaga eru hálfskelfileg. Fram hefur komið hjá báðum þeim fulltrúum sem hér hafa talað fyrir hönd stjórnarliðsins, það er nú allur fjöldinn, tveir hv. þingmenn, formaður og varaformaður fjárlaganefndar, hafa verið þátttakendur í umræðunni. En við skulum ekki gleyma því að það er 100% fjölgun frá 3. umr. um fjáraukalög. (Gripið fram í.) Væntanlega verður aftur 100% fjölgun á næsta ári og fjórir munu taka þátt.

Þetta viðhorf er skelfilegt og lýsir sér í því þegar horft er á ráðherrabekkina. Hér er ekki einn einasti hæstv. ráðherra við umræðuna, (**Gripið fram í:** Að ræða fjárlög.) ekki einn einasti. Tveir hv. þingmenn taka þátt í umræðunni. Svo kemur hv. þm., formaður fjárlaganefndar, Magnús Stefánsson, og talar um sjónarspil og krydd í umræðuna, að hér sé komið fram með málefnalega ósk um að við vöndum vinnubrögð. Ég hélt að hv. þingmaður, sem er ekki búinn

að vera svo lengi formaður fjárlaganefndar, væri ekki orðinn svo samdauna ástandinu að hann væri orðinn á móti því að menn vönduðu verk sín.

Herra forseti. Ég ítreka enn beiðni mína um að virðulegi forseti íhugi betur hvort ekki er hægt að verða við þessari litlu, einföldu ósk.

[16:34]

Helgi Hjörvar *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Mér er spurn hvort þingmenn stjórnarliðsins hafi skuldbundið sig sem jólasveina einhvers staðar, því hér er lögð rík áhersla á að þingið komist heim 13 dögum fyrir jól, virðulegur forseti. Mér er það umhugsunarefni hvað kallar þingmenn stjórnarliðsins heim til sín einmitt 13 dögum fyrir jól (**Gripið fram í:** Jólasveinar ...) úr því að þeir eru tilbúnir til þess að afgreiða fjárlagafrumvarpið, grundvallarrit um efnahagsmál íslensku þjóðarinnar fyrir heilt ár, vitandi vits um að forsendur þess séu rangar.

Ég árétta það sem fram kom í máli hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar áðan að vera kann að flytja þurfi tillögu um það, þótt einsdæmi sé, að vísa frumvarpinu aftur til fjárlaganefndar, að efna þurfi til atkvæðagreiðslu. Ég treysti því að þingmenn stjórnarliðsins geti þá mætt til þeirrar atkvæðagreiðslu og séu ekki uppteknir við aðrar skuldbindingar í jólamánuðinum.

Ég hlýt að kalla eftir því, virðulegur forseti, að þingmenn séu virtir þess að þau lög sem þeir afgreiði frá Alþingi séu sómasamlega frágengin og að hér gangi ekki forusta ríkisstjórnarinnar í ræðustólinn, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, og lýsi því yfir að þær forsendur sem hér séu undir, m.a. um gengi íslensku krónunnar, séu ekkert að marka. *Við hljótum að hafa tíma til þess að taka eitthvað af* þeim 13 dögum eða ef í það fer þessu nærri tveggja mánaða jólafríi þingmanna, sem hlýtur að vera einsdæmi norðan Alpafjalla að nokkur starfsstétt sé með hátt í tvo mánuði í jólafrí. Ég skora á þingmenn stjórnarliðsins að sýna þann metnað að leggja í þá vinnu í desembermánuði sem þarf til þess að hafa frumvarpið sæmilega rétt og hvet hæstv. forseta til þess að gera hlé á fundi og kalla saman formenn þingflokka til umræðna um þetta.

[16:37]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tel alveg augljóst að fyllilegar ástæður séu til að gert verði hlé á þingfundi og að þingflokksformenn fari yfir stöðu málsins og ræði hvort ekki sé orðið brýnt og eðlilegt að málið fari aftur til fjárlaganefndar í fyrsta lagi.

Í öðru lagi er líka sjálfsagt að fara yfir það hvort ekki sé eðlileg og sjálfsögð krafa að ráðherrar efnahagsmála, sérstaklega hæstv. forsætisráðherra sem Seðlabanki heyrir undir og hæstv. fjármálaráðherra sem er ábyrgur fyrir framkvæmd fjárlaganna, séu ekki við umræðuna. Mér finnst það reyndar svo sjálfsagt að það ætti ekki að þurfa að hafa orð á því, ekki hvað síst í ljósi þess að í gærkvöldi með útkomu skýrslu Seðlabankans og mati hans á stöðu efnahagsmála og forsendum þeirra fyrir næstu mánuði og ár, þær forsendur eru svo gjörólíkar því sem fjárlagafrumvarpið er unnið á, þannig að það er vanvirða að mínu mati við þingið ef við afgreiðum hér fjárlög án þess að farið sé yfir forsendurnar upp á nýtt.

Við höfum hér orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, sem með sínum heiðarlega hætti lýsti skoðunum sínum á aðgerðum Seðlabankans, þó að við séum ekki sammála að öllu leyti að Seðlabankinn sé sökudólgurinn, auðvitað er það efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar sem er það, en hv. þingmaður dró enga dul á að þar væru kynntar allt aðrar forsendur en fjárlagafrumvarpið byggir á. Þó er þetta eini aðilinn, opinber aðili, utan fjármálaráðuneytisins sem fjallar um efnahagsmál eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður.

Því er það eindregin krafa og ég styð þá kröfu afar eindregið, að gert sé hlé á þingfundinum, hlé sé gert á meðferð fjárlagafrumvarpsins, það fari aftur til þingnefndar, við fáum Seðlabankann til fundar við fjárlaganefnd þar sem farið verður yfir þau atriði sem Seðlabankinn og fjárlaganefnd vilja ræða þar, en það er alveg gjörólíkur grunnur sem þeir leggja upp með.

Kannski sjá menn að eðlilegt væri og sjálfsagt að hætta við þessar vitlausu skattalækkanir, það væri ávinningur út af fyrir sig ef það næði fram. En að vera hér svo í kross við að afgreiða fjárlagafrumvarp (Forseti hringir.) á allt öðrum forsendum en Seðlabankinn vinnur á eru fáránleg vinnubrögð, herra forseti.

[16:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil, eins og fleiri ræðumenn, biðja hæstv. forseta að skoða hug sinn vel um það hvort ekki sé skynsamlegt að gera hlé á umræðunni. Það getur varla sakað að menn hittist og ræði málin. Það er ágætlega rökstutt hér og liggur fyrir að það eru breyttar forsendur frá því að fjárlagafrumvarpið var lagt fram og jafnvel frá því sem þeir héldu að mundi verða þegar það yrði afgreitt núna. Það þarf ekki annað en að skoða gengið og þróun þess og viðbrögð þess við ákvörðunum Seðlabankans til að sjá að þar eru alvarlegir hlutir á ferð sem snúa að stöðu atvinnulífsins. Þar er auðvitað á ferð fyrst og fremst hinn dýri herkostnaður vegna stóriðjustefnunnar. Það er augljóst mál að stóriðjufjárfestingarnar og væntingarnar sem þeim tengjast halda uppi genginu og þegar Seðlabankinn á engin önnur úrræði að eigin mati en að keyra upp vextina stefnir náttúrlega í mikið óefni. Það munar um minna en heilla 10% mun á gengisvísitölunni ef hún er í 115 í staðinn fyrir þau 125 sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að hún sé.

Það er ástæða til að óttast, þegar maður ber saman ýmsar aðstæður nú við það sem var t.d. 1987 og aftur 2001 í aðdraganda gengiskollsteypanna og erfiðleikanna þá. Þetta veit ég að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kann og veit og kannski á það sinn þátt í því hvernig hann tekur hér til orða.

Það er ekkert því til fyrirstöðu að nefnd kalli mál til sín á hvaða stigi sem er, samanber ákvæði í 23. gr. þingskapa. Ég man fyrir víst að það hefur gerst að samkomulag hefur orðið um að nefnd tæki mál aftur til sín í miðri umræðu. Mig rekur ekki minni til að um það hafi verið greidd atkvæði, en ég man að samkomulag hefur tekist um slíkt þegar menn hafa orðið ásáttir um að gera breytingar á frum-

varpi eða að breyttar aðstæður væru orðnar, hafi menn náð samkomulagi um að umræðu yrði frestað og mál tekið aftur til nefndar og skilað framhaldsnefndaráliti. Ég fullyrði að það eru mörg fordæmi fyrir slíku, kannski ekki fyrir því að það hafi verið knúið fram með tillögu.

Það er athyglisvert að eina framsöguræða meiri hlutans hér við 3. umr. fjárlaga er ræða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Það er auðvitað ekki hægt að kalla einnar mínútu kurteisisræðu hv. þm. Magnúsar Stefánssonar framsöguræðu. Ekki heldur mjög stutta ræðu Gunnars Birgissonar sem mælti fyrir nefndaráliti um heiðurslaun listamanna. Nei, eina framsöguræðan fyrir meiri hlutann er ræða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, og út á hvað gekk hún? Hún gekk út á að forsendur fjárlagafrumvarpsins væru brostnar, algerlega brostnar, og það stefndi í hreint óefni vegna aðgerða Seðlabankans.

Það er fagnaðarefni að hæstv. forsætisráðherra er kominn hér og lýsir kannski hug sínum til þessara mála. Ég tel það sanngjarna og vel rökstudda ósk að umræðunni verði nú frestað, það verði skotið á fundi (Forseti hringir.) og helst náist samkomulag um að nefndirnar taki málið aftur til sín og vinni það betur.

[16:44]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hv. þingmenn hafa kvartað yfir því að ráðherrar væru ekki hér til að ræða þau mál sem hér eru til umræðu. Ég heyri að margir hv. þingmenn vilja gera hlé og breyta ýmsu vegna þess að komið hafi fram nýjar upplýsingar frá Seðlabankanum.

Ríkisstjórnin byggir á þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins og engin ástæða til að breyta því. Þjóðhagsspá Seðlabankans er nokkuð frábrugðin að því leyti til að hún gerir ráð fyrir 6,1% hagvexti á næsta ári en ríkisstjórnin byggir á því að hagvöxtur verði 5% á næsta ári. Seðlabankinn byggir á því að viðskiptahalli verði heldur minni.

Þjóðhagsspá Seðlabankans er að því leyti úrelt að hún byggir á því að stýrivextir Seðlabankans verði 7,25%. Nú hefur Seðlabankinn ákveðið að hækka stýrivexti í 8,25%, sem væntanlega mun draga úr hagvexti. Ég tel ljóst að hærri vextir komi til með að draga úr hagvexti. Þess vegna er engin ástæða til að breyta til. Í báðum tilfellum er um spá að ræða og við byggjum áfram á þeirri spá sem liggur til grundvallar fjárlagafrumvarpinu. Það er engin ástæða til að rjúka upp til handa og fóta og breyta fjárlagafrumvarpinu.

Það kann vel að vera, ef spá Seðlabankans rætist, þótt ekki væri nema að einhverju leyti, að afgangurinn á fjárlögum verði meiri. Er það ekki það sem hv. þingmenn eru að biðja um, að afgangurinn verði meiri og afkoma ríkissjóðs betri? Ég sé ekki ástæðu til að gera hlé til að fara ofan í það. Það væri ánægjulegt ef það mundi gerast og við skulum vona að það gangi eftir.

Hins vegar er alveg ljóst að hærri stýrivextir munu að mínu mati draga úr hagvexti á nýjan leik.

[16:46]

Kristján L. Möller *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt að hæstv. forsætisráðherra kemur og heiðrar Alþingi og umræðuna með nærveru sinni.

Ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Hlustaði hann ekki á ræðu varaformanns fjárlaganefndar áðan sem talaði um aðgerðir Seðlabankans? Ég hefði talið þörf á því að hæstv. forsætisráðherra hlustaði á þann lestur um aðgerðir Seðlabankans.

Hæstv. forsætisráðherra talar um það að fjárlög séu byggð á efnahagsspá fjármálaráðuneytisins. Það er rétt. Þar er talað um gengisvísitölu 125. En hvar er gengisvísitalan í dag við lokun? Hún er 115.

Sé það rétt sem Seðlabankinn hefur sagt gæti það farið í 110 krónur. Það getur vel verið að hæstv. forsætisráðherra geti þá glaðst yfir meiri afgangi í ríkissjóði. En hver verður staða útflutningsatvinnuveganna ef þetta heldur svona áfram?

Virðulegi forseti. Fjármálastefna ríkisstjórnarinnar byggist á mikilli eyðslu og tekjur ríkissjóðs einnig. Síðan flæðir gjaldeyrir inn í landið, styrkir krónuna o.s.frv.

Við erum stödd í vítahring. Það er mjög alvarlegt mál, virðulegi forseti, að hæstv. forsætisráðherra komi hér rétt í lokin og láti eins og ekkert sé að en talar um að það geti vel verið að forsendur fjárlaga séu brostnar. Á þá ekki að fara yfir það strax?

Virðulegi forseti. Má ég benda hæstv. forsætisráðherra á að í dag er dreift stjórnarfrumvarpi, á sama degi og við ræðum um fjárlög, þar sem gert er ráð fyrir 130–150 millj. kr. útgjöldum á næsta ári vegna Tækniháskóla. Ég vil spyrja hæstv. forseta þingsins og óska eftir úrskurði um það hvort það sé ekki skylda að taka það stjórnarfrumvarp sem hér hefur verið lagt fram inn í fjárlögin, þótt þar sé lítil tala miðað við margt annað.

Mér finnst, virðulegi forseti, að hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutinn eigi að sýna Alþingi þá virðingu að senda fjárlögin, sem hér eru að falla eins og spilaborg, til fjárlaganefndar og fara betur yfir þau. Það er engin skömm að því að skoða hlutina eftir þeim ábendingum sem m.a. hafa komið frá Seðlabankanum. Það er nauðsynlegt að kíkja í þennan jólapakka sem á að setja inn í skrautumbúðir en verður kannski áður en jólin ganga í garð orðinn hálfgerður fúlpakki.

[16:49]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Mætti ég fara þess á leit að hæstv. dómsmálaráðherra verði gert viðvart um það að nærveru hans sé óskað í þessum sal.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill geta þess að reynt var að koma skilaboðum til hæstv. dómsmálaráðherra fyrr í dag vegna óskar um að hann yrði hér. En þess má geta að hæstv. dómsmálaráðherra er með varamann inni á þingi vegna embættisferða erlendis. (**SJS:** Hver gegnir fyrir hann?) Forseti skal kanna hver gegnir embætti dómsmálaráðherra í fjarveru dómsmálaráðherra.)

Ég þakka fyrir.

Herra forseti. Góð hagstjórn felst ekki í því einu að setja fram áferðarfallegar áætlanir heldur í því að setja fram raunhæf markmið og standa við þau. Góð hagstjórn hlýtur að felast í því að læra af reynslunni og fylgjast vel með því

hvernig fram vindur í rekstrinum.

Þegar fulltrúar ráðuneyta komu hver á fætur öðrum á fund fjárlaganefndar í upphafi fjárlagavinnunnar óskuðu fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd eftir upplýsingum frá öllum ráðuneytum um stöðu stofnana sem undir viðkomandi ráðuneyti heyra þann 1. september og áætlaða stöðu um næstu áramót. Hluta þeirra upplýsinga var fyrst skilað til okkar fyrir nokkrum dögum eftir margítrekaðan eftirrekstur af hálfu starfsmanna fjárlaganefndar. Þá vantaði enn upplýsingar um áætlaða stöðu um áramót og einnig stöðu stofnana um síðustu áramót. Sumar stofnanir taka með sér halla yfir á nýtt ár en aðrar taka með sér afgang frá síðasta ári.

Fjárveitingar yfirstandandi árs segja ekki alla söguna um rekstrargrundvöll viðkomandi stofnana. Upplýsingar um stöðuna um síðustu áramót bárust nokkrum dögum á eftir stöðunni í september en enn eru ekki komnar upplýsingar um áætlaða stöðu við næstu áramót. Þó er aðeins tæpur mánuður til áramóta. Maður kemst ekki hjá því að spyrja sig, virðulegi forseti, hvort verið geti að forstöðumenn stofnana leitist ekki við að hafa hugmynd um hvernig rekstrinum er komið við þau tímamót. Mundi forstöðumaður í almennum rekstri ekki telja sig þurfa að vita nokkurn veginn hvernig rekstri yfirstandandi árs reiddi af áður en hann gerði endanlegar áætlanir um rekstur komandi árs? Ég held að svarið við þeirri spurningu sé jú. Ég spyr því: Hvað er öðruvísi við opinberan rekstur? Ekkert, virðulegi forseti. Það er fráleitt að gera áætlanir um rekstur án þess að skoða fortíðina og læra af henni á sama tíma og markmið eru sett um rekstur til framtíðar.

Þessar staðreyndir um lélega upplýsingaöflun og upplýsingaskort vekja furðu og spurningar um fjárlagagerðina, hvernig hún fari fram. Á hverju byggist hún. Ekki er að sjá að farið sé í saumana á rekstrinum og rótarinnar að vanda stofnananna leitað. Ár eftir ár glíma sömu stofnanir við rekstrarvanda. Slík endurskoðun mundi óhjákvæmilega leiða til þess í ýmsum tilfellum að auka þyrfti framlög á fjárlögum, t.d. til framhaldsskóla. Þeir hlíta lagaboði með því að veita skólavist þeim sem sækja um en komast í rekstrarvanda. Stjórnendum er haldið í óvissu og úlfakreppu meiri hluta ársins. Þeir fá ekki að vita hvaða fjármuni þeir hafa til rekstrarins fyrr en um eða eftir áramót, löngu eftir að útgjöld hafa fallið til.

Það virðist árátta ráðuneyta, og fer vaxandi, að halda hluta þess fjármagns sem ætlað er til rekstrar stofnana eftir í svokölluðum pottum í ráðuneytinu og deila út seint og um síðir eftir reglum sem eru framhaldsskólunum ekki ljósar fyrir fram. Framhaldsskólar hafa fengið fjárveitingu á fjáraukalögum ár eftir ár. Það er ekki vegna þess að almennt sé neitt sérstakt athugavert við rekstur þeirra heldur vegna þess að ríkisvaldið vill ekki horfast í augu við raunverulegar aðstæður.

Háskólarnir eru annað árlegt vandamál. Þar er árleg fjárvöntun vegna fjölgunar nemenda. Fjölgun nemenda er í sjálfu sér ánægjuleg en skapar úrlausnarefni sem reikna verður til enda. En ríkisstjórnin neitar að horfast í augu við staðreyndir og takast á við vandamál.

Herra forseti. Helstu atriði efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar frá í haust voru eftirfarandi:

Að tryggja að jafnvægi og stöðugleiki ríki í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Að viðhalda jafnvægi í fjármálum ríkisins. Umbótum í ríkisrekstri verði haldið áfram.

Að nýta aukið svigrúm ríkissjóðs til að tryggja aukinn kaupmátt þjóðarinnar með markvissum aðgerðum í skattamálum.

Að treysta undirstöður byggðar í landinu og skapa jöfn skilyrði til atvinnu, menntunar og menningar.

Allt eru þetta fögur og fín markmið. En við skoðun virðast þau því miður runnin út í sandinn og engar líkur á að neitt af markmiðum hennar náist.

Seðlabankinn staðfesti síðast í gær þær ljótu blikur sem eru á lofti varðandi jafnvægi og stöðugleika, allar spár eru úr skorðum gengnar nú þegar. Svigrúmið til að auka kaupmátt er nýtt til að skara eld að köku þeirra sem betur mega sín í samfélaginu. En sú hefur verið reyndin í tíð núverandi ríkisstjórnar frá upphafi. Undirstaða byggðar í landinu veikist dag frá degi án nokkurs viðnáms. Jöfn skilyrði til atvinnu, menntunar og menningar eru lítið annað en orðin tóm, eða: Er aðeins átt við örfáa staði á landinu þegar skrifað er og sagt „á landinu"? Það sýnist mér.

Fjárlög eiga að virka sem aðhaldstæki í rekstri og ef þau gera það ekki þarf að leita skýringa og bregðast við samkvæmt þeim. En meðan áætlanagerðin tekur ekki mið af staðreyndum er ekki við því að búast að fjárlög stýri ríkisrekstrinum eins og þeim er ætlað samkvæmt fjárreiðulögum.

Fjárlagafrumvarpið einkennist sem fyrr af því að horft er fram hjá vandanum og megináherslan lögð á að bregða upp leiktjöldum. Svokallaðar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar reynast skattahækkanir þegar upp er staðið, ekki nóg með það heldur er reytt af öllum almenningi til að stinga í vasa þeirra sem nóg hafa fyrir. Regla ríkisstjórnarinnar „því meira óréttlæti því betra" er höfð í heiðri sem aldrei fyrr. Því meira sem menn eiga og þéna þeim mun meira fá þeir í skattalækkun, sem ríkisstjórnin safnar í úr vösum almennings. Fyrir almenning eru þetta ekki góð fjárlög, virðulegi forseti.

Nú mun ég gera grein fyrir breytingartillögum sem stjórnarandstaðan gerir við þessa síðustu umræðu um fjárlög.

Fyrst eru tillögur frá mér og hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, Helga Hjörvar, Jóni Gunnarssyni og Guðjóni Arnari Kristjánssyni, þingmönnum Samfylkingar og Frjálslynda flokksins.

Í skatttekjum gerum við ráð fyrir 4.750 þús. kr. hækkun sem rekja má til þess að við viljum ekki að skattalækkunin sem ríkisstjórnin leggur til taki gildi. Sömuleiðis er gert ráð fyrir 750 millj. kr. vegna herts skatteftirlits. Við teljum það reyndar varlega áætlað sem hert skatteftirlit mun skila.

Við gerum tillögu um að tekjuskattur lögaðila hækki um 100 millj. kr. með hertu skatteftirliti.

Í liðnum Virðisaukaskattur gerum við ráð fyrir 1,5 milljörðum kr. í mínus. Það má rekja til tillögu okkar um matarskatt sem við gerum ráð fyrir að tæki gildi á miðju árinu 2005. Sú tillaga mun kosta 2,5 milljarða en við reiknum með að ná inn milljarði með skatteftirliti.

Við gerum ráð fyrir að Háskóli Íslands fái 220 millj. kr.

í kennslu að auki og 250 millj. kr. í rannsóknir og önnur verkefni. Háskólinn á Akureyri fái 100 millj. kr. að auki og Kennaraháskóli Íslands sömuleiðis. Framhaldsskólar almennt fái 330 millj. kr.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga á að fá 700 millj. Öllum er kunnugt um þau vandræði sem sveitarfélögin glíma við og veitir örugglega ekki af þessu fjármagni til að rétta hlut þeirra. Það þyrfti reyndar að vera hærra og þyrfti að vera það hátt að sveitarfélögin gætu stutt við atvinnulíf í byggðum sínum en eins og öllum þingmönnum, a.m.k. stjórnarandstöðunnar, er kunnugt um er atvinnulíf víða á landinu mjög bágborið og víðast hvar er ekkert fjármagn til þess að standa undir nýsköpun og nýjungum í því efni. Ríkisstjórnarmeirihlutinn felldi m.a. tillögu við 2. umr. um fjármagn til Byggðastofnunar sem nýta átti í nýsköpun og eflingu atvinnulífs á landsbyggðinni.

Við leggjum til að 200 millj. verði varið í innheimtukostnað við hert skatteftirlit. Það er öruggt að hert skatteftirlit skilar sér mjög og telja vísir menn að hver króna sem varið er í það skili sér a.m.k. tífalt. Það er eftir einhverju að slægjast þar.

Við leggjum til að Samkeppnisstofnun fái 100 millj. og þarf vart að skýra fyrir nokkrum manni hver þörf er þar á, svo nýlegt er dæmið um hve langan tíma rannsókn á t.d. samráði olíufélaganna tók, öllum til skaða og mest íslenskum neytendum.

Við gerum ráð fyrir því að önnur útgjöld ráðuneyta verði lækkuð um 600 millj. kr., að yfirfærslu ónotaðra heimilda ráðuneyta verði frestað sem nemur 5 milljörðum kr. Ráðuneytin eru með á sínum snærum sífellt hækkandi upphæð óráðstafaðs fjár, lítur út fyrir að það hafi verið 16 milljarðar á síðasta ári og engin ástæða til að láta það liggja svona.

Við leggjum til að ferða- og risnukostnaður ráðuneyta verði lækkaður um 600 millj. og sérfræðikostnaður A-hluta stofnana verði lækkaður um 1,3 milljarða.

Ríkisendurskoðun sendi frá sér ekki alls fyrir löngu skýrslu um þessi mál og þar kom fram að líklegt væri að í þessum lið mætti spara verulega fjármuni.

Einnig leggjum við til að eignir utanríkisráðuneytisins erlendis verði seldar fyrir 1 milljarð kr. og að andvirðið verði látið renna í ríkissjóð.

Þá geri ég grein fyrir breytingartillögu sem er flutt af öllum þingmönnum stjórnarandstöðunnar frá A til Ö og hún hljóðar svo:

Breytingar á sundurliðun 2:

Við lið 03-190 Ýmis verkefni, 1.23 Mannréttindamál orðist liðurinn svo: Mannréttindaskrifstofa Íslands fái 1 millj., þ.e. 5 millj. verðir veittar til Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Undir liðnum 06-190 Ýmis verkefni fái Mannréttindaskrifstofa Íslands einnig 5 millj. samtals. Við bætum 1 millj. við, auk þess sem við leggjum til að fjárlagaliðurinn sem var á fyrra frumvarpi fyrir þetta ár haldi sér en verði sem sagt hækkaður um 1 millj. Mannréttindaskrifstofa Íslands fengi þannig samtals 10 millj. á þessum tveim fjárlagaliðum. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands fái hins vegar nýtt fjárlaganúmer og 1 millj.

Eins og kunnugt er, herra forseti, hyggur ríkisstjórnin á breytingar í þessu efni þannig að Mannréttindaskrifstofa Íslands og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands fái ekki sérfjárveitingu á fjárlögum, heldur verði þetta sett á annan lið undir dómsmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti sem nefnist Mannréttindamál, almennt. Við þessu hafa borist víðtæk mótmæli, m.a. frá UNIFEM á Íslandi, frá Biskupsstofu, stjórn Siðmenntar, félags um borgaralegar athafnir, frá Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna, frá Åbo akademi, Institute for Human Rights og fjölda annarra stofnana og einstaklinga.

Enn fremur hafa borist athugasemdir frá Amnesty International og ég ætla með leyfi forseta að lesa úr bréfi Amnesty International sem gefur góða sýn á þróun þessa verkefnis eða þessarar skrifstofu og verkefni hennar. Hér segir, með leyfi forseta:

„Íslandsdeild Amnesty International er eitt þeirra félaga sem stóð að stofnun skrifstofunnar, ásamt Barnaheillum, Rauða krossi Íslands, UNIFEM á Íslandi, Biskupsstofu, Jafnréttisstofu og fleiri félögum og samtökum. Hvert aðildarfélag starfar að afmörkuðu sviði mannréttinda og/eða mannúðarmála og með stofnun Mannréttindaskrifstofu Íslands skapaðist vettvangur fyrir aðildarfélögin til að samhæfa mannréttindastörf á Íslandi. Mannréttindaskrifstofan hefur sjálfstæða stjórn sem í sitja fulltrúar félaganna. Á tíu ára starfstímabili Mannréttindaskrifstofunnar hefur hún margsannað gildi sitt, staðið hefur verið fyrir fjölmörgum málþingum, yfirgripsmiklar umsagnir um lagafrumvörp hafa verið lagðar fram ásamt viðbótarskýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna, komið hefur verið á fót bókasafni með efni um mannréttindi, stuðlað hefur verið að fræðslu á sviði mannréttindamála og ýmsar bækur og rit verið gefin út á vegum Mannréttindaskrifstofunnar.

Á öllum Norðurlöndum, í flestum Evrópuríkjum og víða annars staðar um heiminn starfa mannréttindaskrifstofur sem Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur verið í samvinnu við. Mest samvinna hefur verið við skrifstofurnar á Norðurlöndum og hefur Mannréttindaskrifstofan skipulagt ráðstefnur og fundi hér á landi með fulltrúum ýmissa erlendra mannréttindaskrifstofa. Sameinuðu þjóðirnar hafa hvatt aðildarríki til að tryggja að í hverju landi starfi mannréttindaskrifstofur og í skýrslu Íslands til eftirlitsnefndar SÞ um framfylgd samnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi var þess sérstaklega getið að yfirvöld hér á landi styddu starfsemi Mannréttindaskrifstofu Íslands sem eins framlags ríkisins til eflingar mannréttinda á Íslandi, og var því fagnað af hálfu eftirlitsnefndarinnar.

Eins og fram hefur komið starfa aðildarfélög Mannréttindaskrifstofunnar að afmörkuðum sviðum mannréttinda og hafa ekki umboð til að fjalla um öll mannréttindi í starfsemi sinni. Mannréttindaskrifstofan hefur umboð til að fjalla um öll mannréttindi og sem slík er hún mjög mikilvæg, t.d. við gerð umsagna við lagafrumvörp og veitir hún löggjafanum mikilvægt aðhald sem nauðsynlegt er í hverju lýðræðissamfélagi.

Tillögur fjárlaganefndar Alþingis eins og þær liggja nú fyrir, þar sem gert er ráð fyrir framlögum til mannréttindamála almennt, fela í sér þá hættu að þeir fjármunir nýtist illa og dreifist á marga aðila og einstaklinga. Eins og fram hefur komið standa flest ef ekki öll þau félög sem starfa á

vettvangi mannréttinda á Íslandi að Mannréttindaskrifstofunni og stjórn Íslandsdeildar Amnesty International telur að fjármagni til mannréttindamála sé vel varið með því að tryggja traustan rekstrargrundvöll Mannréttindaskrifstofu Íslands og tryggja þannig sjálfstæði skrifstofunnar gagnvart framkvæmdarvaldinu, þannig að Mannréttindaskrifstofan geti áfram verið sú sjálfstæða og óháða stofnun sem sinnir þessum málaflokki á breiðum grundvelli."

Þarna, herra forseti, liggur einmitt eitt kjarnaatriðið, þ.e. mikilvægi þess að Mannréttindaskrifstofa Íslands sé óháð í störfum sínum og alls ekki háð velvild einstaka ráðuneyta eins og stefnt er í með þessari fyrirhuguðu breytingu sem ég satt að segja vona að hæstv. ríkisstjórnin taki til endurskoðunar.

Ég ætla líka að leyfa mér að vitna í hádegisfréttir Ríkisútvarpsins 1. desember. Þar er vitnað til viðtals við Louise Arbour, sem er mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, en hér segir, með leyfi forseta:

„Louise Arbour, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, kveðst ætla að fylgjast grannt með þróun mannréttindamála á Íslandi eftir að stjórnvöld ákváðu að hætta að styrkja Mannréttindaskrifstofu Íslands. Hún segir að málaflokknum sé best borgið hjá sjálfstæðri stofnun sem heyri undir þjóðþing hvers lands."

Þetta liggur í rauninni alveg í augum uppi, herra forseti, og mér finnst afar dapurlegt að við þurfum að vera að ræða *þessi mál hér í dag og standa frammi fyrir því að við erum* að vekja athygli erlendis fyrir þessa neikvæðu breytingu sem hér eru lögð drög að.

Herra forseti. Ég veit að hér á Alþingi á Mannréttindaskrifstofa Íslands ýmsa velvildarmenn. Ég ætla rétt að vona að þeir velvildarmenn innan stjórnarliðsins og þeir sem skilja mikilvægi þess að Mannréttindaskrifstofan sé sjálfstæð, haldi því sjálfstæði sem hún hafði áður, hysji upp um sig buxurnar og styðji þessar tillögur okkar, allra stjórnarandstöðuflokkanna, hvers og eins einasta.

[17:11]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill geta þess að það er hæstv. utanríkisráðherra sem gegnir nú um stundarsakir stöðu dómsmálaráðherra. Boðum hefur verið komið til hans um að hans sé óskað hingað í salinn. Eins vill forseti geta þess að fjármálaráðherra er á leiðinni hingað í þinghúsið.

[17:12]

Útbýting:

Meðferð Bandaríkjamanna á föngum í Guantanamo, 411. mál, fsp. JÁ, þskj. 535.

Stóriðja og mengun, 298. mál, svar umhvrh., þskj. 532.

Ungir vímuefnaneytendur, 410. mál, fsp. VF, þskj. 533.

[17:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vil láta það koma fram í upphafi máls míns að um hádegisbilið í dag, skömmu eftir að ég setti mig á mælendaskrá í þessari umræðu, aðvaraði ég forseta um að ég óskaði nærveru hér helst þriggja ráðherra, þ.e. hæstv. dómsmálaráðherra, hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra. Að sjálfsögðu gekk ég út frá því að hæstv. fjármálaráðherra yrði hér viðstaddur. Ég hef vanist því lengst af á ferli mínum hér á Alþingi, í 22 ár bráðum, að ráðherrar yrðu við óskum af þessu tagi og mættu til umræðu þegar réttmætt er að eftir því sé kallað. Það er í þeim tilvikum þegar frumvörp eða þingmál eru á dagskrá sem varða þeirra ráðuneyti beint og alveg sérstaklega þegar rædd eru fjárlagafrumvörp. Þá er brýnt að fagráðherrar séu viðstaddir ásamt með fjármálaráðherra til að svara spurningum um sína málaflokka.

Nú veit ég að hæstv. forsætisráðherra er í salnum og þykir mér gott að vita af því, einnig hæstv. fjármálaráðherra sem er kominn hér. Upplýst er að dómsmálaráðherra sé erlendis en að utanríkisráðherra gegni fyrir hann og auðvitað þætti mér best ef hæstv. utanríkisráðherra gæti þá komið og svarað spurningum sem slíkur og sem starfandi dómsmálaráðherra en komi hann því ekki við mun ég svo sem ekki gera frekari athugasemdir við það.

Ég ætla að byrja á að snúa mér að því sem ég ætla að ræða við dómsmálaráðherra og núverandi og fyrrverandi utanríkisráðherra, sem sagt núverandi hæstv. forsætisráðherra, og það varðar það sem hv. síðasti ræðumaður gerði hér reyndar ágætlega grein fyrir. Vona ég að ráðherra hafi heyrt það, það eru málefni Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Ég held að það mál sé gott dæmi um lítið mál en stórt prinsippmál. Það er auðvitað ekki mikið í tölum talið sem *fer í þessa litlu skrifstofu, sá stuðningur ríkisvaldsins við* rekstur hennar sem verið hefur á fjárlögum undanfarin ár, 8 millj. kr. eða svo. Þess vegna má segja að menn leggist lágt, menn lúti að litlu og meinbægnin dragi menn langt þegar þeir fara að þjóna lund sinni með því að taka Mannréttindaskrifstofu Íslands út af föstum fjárlögum og láta hana sæta því að sækja — undir hverja? — framkvæmdarvaldið, undir ráðherrana, um tilverugrundvöll sinn á ári hverju.

Auðvitað varðar það sóma Alþingis að láta ekki ráðherrana komast upp með þetta, en það er því miður þannig eins og við vitum að hér er múlbundinn meiri hluti sem aldrei hreyfir sig og gerir aldrei neitt ef það er í móti vilja ráðherranna og sérstaklega formanna stjórnarflokkanna.

Satt best að segja batt ég vonir við að menn sæju sóma sinn í að reyna að lagfæra þetta mál, og reyndi að tala fyrir því þar sem ég kom því við alveg fram á síðustu stundu. En úr því að svo er ekki þá er ekkert annað að gera en að gagnrýna það eins og gagnrýni er vert, að menn skuli ætla að *láta þetta ganga svona til enda.* Það er öllum til skammar, ekki bara ráðherrunum sem þarna hafa greinilega verið tillögumenn, heldur líka og ekkert síður hverjum og einum þingmanni sem ætlar að láta það ganga yfir Alþingi að loka fjárlögunum með þessum hætti.

Hvar eru nú ræðurnar um sóma og virðingu Alþingis sem haldnar voru hér í vor og sumar þegar menn töldu að Alþingi væri að lúta í gras fyrir forseta lýðveldisins? Ætli það sé nú ekki stundum í öðrum tilvikum sem sómi Alþingis verður kannski hvað minnstur, t.d. í grundvallarmáli af þessu tagi, algeru prinsippmáli? Að aðili eins og Mannréttindaskrifstofan skuli ekki njóta þess stuðnings og sjálfstæðis sem henni ber til að geta sinnt sínu mikilvæga hlutverki. Það er ekki eins og þetta sé fyrst að koma til umræðu núna

hversu mikilvægt er talið að hafa í hverju landi öflugan sjálfstæðan aðila sem m.a. getur gagnrýnt stjórnvöld og veitt þeim aðhald. Það er fylgst með því erlendis frá hvernig mannréttindamálum er fyrir komið í hverju landi fyrir sig af því að mannréttindamálin eru kannski orðin alþjóðlegri en flest annað og eru það auðvitað í eðli sínu. Þau eru algild og eiga ekki að vera háð landamærum. Réttur mannsins samkvæmt stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna er helgur og hann er algildur og mönnum ber að beita sér fyrir því hvar sem er á byggðu bóli að grundvallarmannréttindi samkvæmt alþjóðasamningum, og alveg sérstaklega stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, séu virt. Og til þess hafa menn sjálfstæða, óháða aðila að fylgjast með framgöngu stjórnvalda, veita upplýsingar, ráðgjöf, umsögn um lagasetningu og annað í þeim dúr.

Íslensk stjórnvöld hafa á köflum stært sig af því að hér sé starfandi sjálfstæð mannréttindaskrifstofa sem skili hlutverki sínu. Það skyldi nú ekki vera að hæstv. fyrrv. utanríkisráðherra hafi í skýrslugjöf til Sameinuðu þjóðanna alveg sérstaklega tilgreint hlutverk Mannréttindaskrifstofunnar í því að vera stjórnvöldum til aðhalds og eftir atvikum ráðgjafar og umsagnar?

Þannig t.d. hvetja Sameinuðu þjóðirnar aðildarríki sín til að tryggja að í hverju landi starfi mannréttindaskrifstofa, og í skýrslu Íslands til eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna um framfylgd samningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi þá var þess sérstaklega getið að yfirvöld hér á landi styddu starfsemi Mannréttindaskrifstofu Íslands, sem eins og framlag ríkisins væri til eflingar mannréttinda á Íslandi og var því fagnað af eftirlitsnefndinni.

Íslensk stjórnvöld hafa sérstaklega tilgreint með hvaða hætti þessi starfsemi væri studd af hinu opinbera og því hefur síðan verið fagnað af eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna, sömu eftirlitsnefndinni og núna hefur þegar gert vart við sig og sagt að hún muni fylgjast grannt með framvindu mála á Íslandi hvað þetta varðar. Þurfum við að taka svona lagað á okkur? Er sóma landsins best borgið með því að standa í skaki af þessu tagi, sem þegar hefur vakið mikla athygli langt út fyrir landsteinana?

Ég er með skeyti og orðsendingar frá allmörgum virtum erlendum samtökum og stofnunum á sviði mannréttindamála og ég þykist vita að hæstv. ríkisstjórn hafi fengið þau einnig. Eru þeir ekki stoltir af því að fá umvandanir og áhyggjur úr öllum áttum, frá sjálfri eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna, frá norsku mannréttindastofnuninni?

Hér segir í skeyti frá þeim, dagsettu 30. nóvember, það er mannréttindastofnunin við Óslóarháskóla:

„Norska mannréttindastofnunin hefur djúpar áhyggjur af breytingum sem eru til umfjöllunar á Alþingi hvað varðar stuðning við Mannréttindaskrifstofu Íslands."

Undir þetta skrifar forstöðumaður norsku mannréttindaskrifstofunnar, og hver skyldi það vera? Jú, það er góðkunningi okkar, Geir Ulstein. Ætli hæstv. forsætisráðherra muni ekki eftir nafninu? Einhver virtasti lögmaður Norðmanna og sérfróður aðili í þjóðarrétti og mannréttindum og skrifaði m.a. bók um Svalbarðasvæðið, ef ég kann rétt að greina að þar sé sami maðurinn á ferðinni.

Mannréttindastofnunin við Essex háskóla tekur svo til orða, að þar hafi menn miklar áhyggjur af því sem þau hafi veitt athygli að til standi að breyta fjármögnunargrundvelli íslensku Mannréttindaskrifstofunnar. Undir það skrifar Sir Nigel Rodley.

Mannréttindaskrifstofan við Åbo háskólann lýsir sömuleiðis þungum áhyggjum í bréfi sem sent er 29. nóvember.

Raul Wallenberg stofnunin í Svíþjóð, einhver virtasta stofnun sinnar tegundar í heiminum lýsir sömuleiðis þungum áhyggjum, og þar eiga Íslendingar hauk í horni þar sem er Guðmundur Alfreðsson, prófessor og framkvæmdastjóri.

Þessar skeytasendingar og orðsendingar eru margar fleiri, auk þess sem má nefna að allir aðstandendur Mannréttindaskrifstofunnar með tölu, ef ég veit rétt, hafa sent Alþingi áskorun og bænaskrá um að þessu verði ekki breytt með þeim hætti sem ríkisstjórnin og meiri hlutinn hefur lagt til. Ég geri ráð fyrir að hæstv. utanríkisráðherra viti hverjir standa að Mannréttindaskrifstofunni, en kannski er ástæða til að rifja það upp. Maður hefði einhvern tíma látið sér detta í hug að menn gerðu eitthvað með það þegar slíkur hópur leggur þessu mikilvæga hugsjónastarfi lið, að þá sé eitthvað gert með það. Rauði kross Íslands, Íslandsdeild Amnesty International, Samtökin Barnaheill, Biskupsstofa, Hjálparstarf kirkjunnar, Jafnréttisskrifstofan, UNIFEM á Íslandi, Kvenréttindafélag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp, Öryrkjabandalag Íslands, Samtökin '78, Háskólinn á Akureyri og ugglaust fleiri sem ég man ekki eftir að telja upp, allir þessir aðilar skora á Alþingi að fara ekki út í þessar breytingar.

Hvað segir hæstv. forsætisráðherra um þetta mál? Er hann stoltur af því að standa svona að verki? Mér finnst það dapurlegt að engin haldbær rök hafa verið færð fram fyrir þessum breytingum, engin. Hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason er að vísu að reyna að útlista að eðlilegra sé að svona aðili sæki um, komi skríðandi á hnjánum inn teppið, heldur en að hann sé á föstum fjárlögum, þegar hver hugsandi maður sér að það er akkúrat öfugt. Það eru einmitt slík samtök sem þurfa að vera með rekstur sinn og fjárhag á þurru og ganga að stuðningnum vísum og þurfa helst að vera ósnertanleg hvað það varðar að þau geti óhrædd í skjóli þess fyrirkomulags sem um starfsemi þeirra er búið, gagnrýnt stjórnvöld ef svo ber undir, gagnrýnt framkvæmdarvaldið, veitt því aðhald, og því miður hafa tilefnin gefist hér á Íslandi ekki síður en annars staðar. Íslendingar hafa misstigið sig í mannréttindamálum á síðustu missirum, við höfum gert alvarleg mistök. Það fóru fram mannréttindabrot við setningu laga um miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði, sem nú hefur verið dæmt af Hæstarétti. Það er enginn vafi á því að í Falun Gong málinu urðu stjórnvöldum á stórfelld mistök, það vita allir. Þar voru brotin lög um persónuvernd og mönnum vísað frá landinu án nokkurra réttmætra ástæðna.

Herra forseti. Þetta er hneykslanlegt mál, þetta er ríkisstjórninni til skammar, og alveg sérstaklega dómsmálaráðherra Birni Bjarnasyni, hæstv. forsætisráðherra Halldóri Ásgrímssyni og hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddssyni til skammar. En þetta er líka hverjum einasta þingmanni sem greiðir þessari óhæfu atkvæði sitt, til hreinnar skammar og hana nú.

Virðulegur forseti. Síðan vil ég gjarnan ræða það sem kom upp í máli hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, varð-

andi efnahagsaðstæður og brostinn grundvöll fjárlagafrumvarpsins. Og þá sakar ekki að hæstv. forsætisráðherra, yfirmaður efnahagsmála og yfirmaður Seðlabankans, og hæstv. fjármálaráðherra séu viðstaddir. Það er auðvitað kostulegt að vera að ræða þetta fjárlagafrumvarp við þær aðstæður að bæði varformaður fjárlaganefndar, bjargvætturinn sjálfur, Einar Oddur Kristjánsson, sem hefur, vel að merkja, haldið einu framsöguræðuna í þessari umræðu fyrir stjórnarliðið, og Seðlabankinn í áliti sínu frá því í gær segja: Forsendur fjárlagafrumvarpsins eru brostnar, þær halda ekki.

Þær halda augljóslega ekki hvað það varðar að í forsendum fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að gengisvísitalan verði um 125, en hún er komin niður í 115, og það munar nú um minna, og dollarinn kominn niður í 63 kr. Hvernig halda menn að horfurnar séu fyrir útflutningsgreinar sem framleiða að verulegu leyti eða selja afurðir sínar í dollurum, sem menn voru að fá 110 kr. fyrir, fyrir tveimur árum eða liðlega það, en fá núna 63 kr. fyrir? Það eru mörg fyrirtæki sem selja svo til allar sínar afurðir annað hvort beint á Ameríkumarkað eða viðskiptamyntin er dollari. Við getum t.d. nefnt að í mjöliðnaðinum er allt lýsi selt í dollurum. Hvernig halda menn að loðdýraræktin fari að við þetta gengi? Hvernig halda menn að ýmsar greinar sjávarútvegsins fari sem fyrst og fremst selja afurðir sínar í dollurum, hvernig eru framtíðarhorfunar hjá þeim með hækkandi vöxtum og gengi á þessum nótum?

Svo kemur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og ræðst harkalega á Seðlabankann. Það væri auðvitað fróðlegt og mér finnst nauðsynlegt að hæstv. forsætisráðherra svari því hvort hann sé sammála eða ósammála viðbrögðum Seðlabankans við þeim aðstæðum sem nú blasa við í efnahagsmálum. Því það á ekki að vera feimnismál að ræða hvort menn eru sammála eða ósammála viðbrögðum Seðlabankans, þó að hann sé að sjálfsögðu sjálfstæður í störfum sínum. Það snýst ekki um það að menn ætli að fara að segja honum fyrir verkum en menn geta haft skoðun á því.

Auðvitað er alveg ljóst að Seðlabankinn telur sig kominn algerlega upp að vegg vegna stefnu ríkisstjórnarinnar og þar er sérstaklega tvennt sem hrekur Seðlabankann út í það horn sem hann upplifir sig í, þ.e. tvennt af hálfu stjórnvalda. Það eru hinar gríðarlegu stóriðjufjárfestingar og það eru skattalækkanirnar. Þetta er algerlega skýrt þegar lesnar eru kjarnasetningarnar í skýrslu Seðlabankans frá í gær. Þessu er þjappað saman í innganginum þannig að það þarf í sjálfu sér ekkert að lesa textann allan.

Þar segir með leyfi forseta:

„Frá því að Seðlabankinn birti síðustu verðbólguspá sína í júní sl. hafa verðbólguhorfur til lengri tíma litið versnað töluvert. Má einkum rekja það til meiri vaxtar innlendrar eftirspurnar en áður var reiknað með. Frá því júníspáin var gerð hefur ýmislegt orðið til þess að kynda undir vexti eftirspurnar. Stóriðjuáformin hafa enn færst í aukana, á sama tíma og aðgangur almennings að lánsfé hefur orðið mun greiðari en áður og vextir verðtryggðra húsnæðislána til langs tíma lækkað. Einnig hefur verið boðað að áformum um lækkun skatta á næstu árum verði framfylgt, sem enn frekar mun auka ráðstöfunartekjur almennings og hvetja til aukinnar einkaneyslu. Horfur eru á að þessar aðstæður muni leiða til þess að framleiðsluspenna verði meiri en áður var talið og muni kynda undir verðbólgu síðari hluta spátímabilsins ef ekkert verður að gert."

Síðan segir í textanum: „Á næsta ári er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 9,5%" — verulega autt frá fyrri spám — „og þjóðarútgjöld um tæplega 11%."

Hringir það engum bjöllum þegar svona stórar breytur í dæminu stökkva upp um u.þ.b. 10%? Verðbólguspárnar eru upp um 1% frá því sem var í sumar, bæði ársspáin um 0,5% og spáin til næstu tveggja ára um heilt prósent. Hvað segir svo? Jú, það segir: „Hins vegar eru taldar meiri líkur á að verðbólgu sé vanspáð en að henni sé ofspáð til lengri tíma litið." Seðlabankinn er á diplómatísku máli að reyna að segja okkur, þegar því er svo bætt við sem segir hér um ónógt aðhald, að þessar forsendur eru brostnar. Þær halda ekki. Verðbólgan er á uppleið og það eru meiri líkur en minni á því að henni sé vanspáð, þ.e. hún verði meiri, auðvitað, það blasir við af öllum þessum tölum.

Ríkisstjórnin með stóriðjustefnunni og skattalækkununum er að hella hér olíu á eldinn. Það er ekki hægt að lesa álit Seðlabankans öðruvísi en að fá það út. Meginskýringarnar eru dregnar hér saman í kjarnagreininni í inngangi kaflans. Svo er það þriðji aðilinn sem hellir olíu, eða við gætum þess vegna sagt bensíni, á eldinn, bankarnir, með því að moka út lánsfé með þeim hætti sem þeir gera. Hvað á þá Seðlabankinn að gera? Ég get verið sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um það, og það eru sjálfsagt fleiri, að þær aðstæður sem blasa núna við útflutningsgreinunum og samkeppnisgreinunum eru skelfilegar. Það er ekkert sem átti að koma mönnum á óvart. Því var nákvæmlega spáð að ruðningsáhrif stóriðjuframkvæmdanna yrðu þessi og þau verða á kostnað samkeppnisskilyrða hins almenna atvinnulífs. Það gengur nákvæmlega eftir eins og margir hagfræðingar sáu fyrir, þeir sem á annað borðu þorðu eða gátu tekið til orða eins og hugur þeirra stóð til þegar þau áform voru til umræðu hér. Það gengur allt eftir.

Herkostnaðurinn af þessum miklu fjárfestingum er sem sagt borinn núna af öðru atvinnulífi. Í reynd er Seðlabankinn að ganga í lið með ríkisstjórninni við að ryðja út, búa til pláss fyrir stóriðjufjárfestingarnar með því að ryðja öðru út. Það verður samdráttur í öðru atvinnulífi sem á þá að reyna að halda aftur af verðbólgu og þenslu í landinu. Þetta er að gerast.

Sjávarútvegsfyrirtækin rifa nú seglin eins og þau mögulega geta og eru bara að reyna að lifa af. Hvað er samkeppnisiðnaðurinn að gera? Hann er hættur að fjárfesta innan lands, fjárfestingar hans fara nú fram erlendis ef þær eru einhverjar, og það er verið að skoða það í fleiri en einu og fleiri en tveimur stórum iðnfyrirtækjum í landinu að úthýsa starfsemi, fara með hana úr landi. Eðlilega, þessar aðstæður eru svo bersýnilega óhagstæðar að það hálfa væri nóg.

Ferðaþjónustan á eftir að bíta í súrt epli ef gengið verður áfram með þessum hætti, vaxtakostnaðurinn eins og nú stefnir í. Hæstv. ríkisstjórn verður að horfast í augu við afleiðingar af eigin stefnu. Það þýðir ekkert að skamma aumingja Seðlabankann. Hvað á hann að gera? Menn hafa talað hér um bindiskylduna, að hann hafi gert rangt í því að lækka hana. Það kann vel að vera að það hefði einhver áhrif hér á peningamarkaðinn en það er ekki það stóra í þessu. Þegar bankarnir ganga svo frjálslega í erlent lánsfé og lána

það út með þeim ágætum sem raun ber vitni, kannski á ívið lægri vöxtum en þeir taka það á, hefur það kannski ekki mikil áhrif þótt Seðlabankinn reyni eitthvað með slíkum aðferðum.

Seðlabankinn starfar samkvæmt verðbólgumarkmiðum. Það er misskilningur hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni ef hann heldur að Seðlabankinn eigi að reyna að hafa áhrif á gengið. Það er beinlínis bundið í lög að nú á hann ekkert að skipta sér af því. Hann á eingöngu að reyna að halda hér verðstöðugleika, halda verðbólgu innan þeirra marka sem hann hefur sett sér í framhaldi af nýjum lögum, þ.e. 2,5% +/- ákveðin viðmiðunarmörk sem eru 1% gólf og 4% þak eins og þetta stendur núna. Innan þessara marka á Seðlabankinn umfram allt að reyna að halda verðlaginu og hann hefur fyrst og fremst eitt stórt stýritæki til þess, vaxtaákvarðanir, þá að svo miklu leyti sem þær virka í nútímanum.

Ég held að Seðlabankanum sé mikil vorkunn, og alveg sérstaklega þegar hann er aleinn. Hann er aleinn og rær meira og minna á móti straumi frá öðrum, frá ríkisstjórninni og frá bönkunum. Það blasir við hverjum manni að ákvarðanir ríkisstjórnarinnar að undanförnu og framganga bankanna er mjög mótdræg tilraunum Seðlabankans til að sinna hlutverki sínu eins og honum ber lögum samkvæmt. Það er bara þannig. Það liggur algerlega fyrir, og hef ég þó ekkert nefnt þann þáttinn í þessu sem kannski er á sinn hátt alltaf vanmetinn og mjög stór, hinn sálræna, þ.e. það andrúmsloft sem er skapað í þjóðfélaginu með þeim skilaboðum sem koma frá stjórnvöldum og öðrum slíkum aðilum hverju sinni. Hvað á almenningur að halda þegar góðærisvaðallinn stendur upp úr mönnum alveg endalaust og það er ýtt undir það með öllum tiltækum ráðum að menn bara trúi á gullöld og gleðitíð? Staðreyndin er auðvitað sú að það eru verulegar ástæður til að hafa áhyggjur af því að hve miklu leyti neysluaukningin í landinu er fjármögnuð með nýjum skuldum, að við erum að ráðstafa tekjum framtíðarinnar í sívaxandi mæli með því að lífskjörin í dag eru tekin að láni. Við erum að reka þjóðarbúið út á við með dúndrandi viðskiptahalla og innan við helmingur af honum er frá stóriðjufjárfestingunum, 40% kannski. Afgangurinn er fyrst og fremst eyðsla, því miður, ekki fjárfestingar í nýjum framleiðslutækjum eða öðrum slíkum hlutum sem við getum reiknað með að skili miklum arði síðar meir, heldur alveg þvert á móti.

Hér var ágæt umræða í gær, svo langt sem hún náði á hálftíma, um skuldir heimilanna og fyrirtækjanna. Það eru alveg ískyggilegar tölur sem við okkur blasa þar og þróunin í þeim efnum er rosaleg. Ekki batna horfurnar núna með nýju þjóðahagsspánni frá Seðlabankanum og var þetta þó ekkert sérstaklega glæsilegt í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Hvað sagði þar um útgjaldaaukningu heimilanna? Ekkert lát virðist á útgjaldaaukningu heimilanna, með leyfi forseta. Ekkert lát virðist á útgjaldaaukningu heimilanna, sagði fjármálaráðherra í sinni eigin þjóðhagsáætlun í haust og var hann þá ekki farinn að taka tillit til útlána bankanna, hinna nýju svokölluðu húsnæðislána bankanna.

Þetta eru þeir hlutir, herra forseti, sem alvarlegastir eru í þessu. Mér finnst satt best að segja ábyrgðarleysið sem einkennir framgöngu ríkisstjórnarinnar núna við afgreiðslu þessara fjárlaga með endemum. Það endurspeglast líka í áhugaleysi þeirra á því að mæta hér og standa fyrir máli sínu, að hérna skuli ekki hafa verið haldin einhver almenn leg framsöguræða fyrir áherslum ríkisstjórnarinnar í tengslum við lokaafgreiðslu fjárlaganna. Flutt var einnar mínútu ræða.

Svo kom ræðan frá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni sem er svartasta ræðan sem hér hefur verið flutt í dag. Menn tala um að við stjórnarandstæðingar málum hlutina dökkum litum og séum svartsýn. Hvað má segja um hv. þm. Einar Odd Kristjánsson? Hann spáði í raun og veru atvinnulífinu meira og minna hruni ef svo héldi sem horfði og úthúðaði Seðlabankanum fyrir það sem hann var að gera, að hækka gengið í gegnum þessar harkalegu vaxtabreytingar sínar, þá ákvörðun að hætta gjaldeyriskaupum núna um áramótin og að hafa lækkað bindiskylduna í fyrra.

Maður veltir því vissulega fyrir sér af hverju Seðlabankinn haldi þá ekki bara áfram að reyna að kaupa gjaldeyri og eiga hann þá í handraðanum þegar og ef, sem því miður örugglega verður, flótti brestur á í liðinu þegar þeir sem taka stöðu með krónunni núna ákveða að losa um. Spár ganga út á að það verði um ár í mesta lagi sem þetta haldi og þar eru stórar fjárhæðir á ferð. Hvað verður þá? Það eru allar líkur á því að breytingarnar geti orðið enn þá harkalegri en þær voru síðast, við séum nær því að tala um ástand af því tagi sem var 1987–1988.

Herra forseti. Tímans vegna og af ýmsum ástæðum ætla ég að geyma mér annað sem ég ætlaði að ræða hér við þessa 3. umr. fjárlaga og ljúka hérna máli mínu með von um að hæstv. forsætisráðherra sem heiðrar okkur með nærveru sinni geti tekið þátt í umræðunni og við fáum að heyra mat hans á stöðunni.

Ég endurtek alveg sérstaklega að ég óska eftir því að hæstv. forsætisráðherra svari því hvernig hann meti viðbrögð Seðlabankans fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Hvernig telur hann að atvinnulífið komi út úr því gengisstigi sem nú blasir við okkur og spár eru um að eigi jafnvel eftir að þróast þannig að gengisvísitalan lækki enn frekar og krónan styrkist jafnvel umfram það sem nú er?

[17:40]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er mikill kraftur í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Það er mikið um að vera og vissulega reynir mikið á efnahagsstefnuna og efnahagslífið. Að meginhluta til er það þó jákvætt. Hinar miklu fjárfestingar í atvinnulífinu og þá ekki síst í stóriðju eru að sjálfsögðu jákvætt merki um það sem er að gerast hér á landi, eykur fjölbreytni í atvinnulífinu og skýtur nýjum stoðum undir efnahagslíf okkar og sjálfstæði. Ég botna ekkert í því af hverju hv. þm. getur aldrei séð neitt jákvætt við það. Hann sér þetta fyrst og fremst sem vandamál en það verður hann að eiga við sjálfan sig og sinn flokk. Þar erum við hreinlega ósammála og það verður að vera svo. Ég ætlast ekki til þess að hv. þingmaður verði sammála ríkisstjórninni í þeim efnum þótt ég hafi aldrei botnað neitt í þeirri stefnu sem hann mælir fyrir. Það liggur alveg ljóst fyrir að þetta er meginrótin fyrir þeim

mikla hagvexti sem er hér á landi, verður á næstu árum og hefur verið undanfarin ár. Ríkisstjórnin hefur staðið fyrir þessari stefnu í þeim megintilgangi að auka kaupmátt almennings og til þess að skjóta sterkari stoðum undir velferðarkerfi okkar. Hvernig á að gera það með öðrum hætti átta ég mig ekki á og veit ekki hvernig hv. þm. vill gera það.

Hvað varðar skattstefnuna lítur hann jafnframt á það sem vandamál. Hann lítur á það sem vandamál að ráðstöfunartekjur almennings sem, alveg rétt, munu aukast vegna skattalækkana og þá sérstaklega á árinu 2007. Á því ári er gert ráð fyrir að meginþungi þessara framkvæmda verði yfirstaðinn og þess vegna sé rétt að meginþungi breytinga í skattkerfinu komi til framkvæmda þá. Það er alveg rétt að það mun auka ráðstöfunartekjur almennings, þá sérstaklega fjölskyldna með millitekjur, þeirra fjölskyldna sem eru með hvað mesta greiðslubyrði, m.a. vegna húsnæðismála. Skoðun ríkisstjórnarinnar er sú að það sé mun betra fyrir efnahagslífið að ráðstöfunartekjur almennings aukist með skattalækkunum en með samsvarandi launahækkunum og það valdi lægri verðbólgu. En ég hef tekið eftir því í málflutningi hv. þingmanns að hann hvatti til þess í sambandi við launahækkanir til kennara sem eru eins og aðrar þjóðfélagsstéttir alls góðs maklegir að sem flestir færu í kjölfar þeirra og að launahækkanir yrðu sem mestar. Það er sem sagt allt í lagi að hans mati að auka ráðstöfunartekjur umfram getu þjóðarbúsins með launahækkunum, með prósentuhækkunum sem að sjálfsögðu munu valda verðbólgu, en ekki með skattalækkunum. Um þetta erum við jafnframt ósammála.

Við teljum í ríkisstjórninni að miklu betra sé að auka ráðstöfunartekjur með þessum hætti og þótt Seðlabankinn sé með viðvörunarorð í því sambandi verður að taka það inn í dæmið hvað gerst hefði á vinnumarkaði og hvað mundi gerast þar ef ekki kæmi til skattalækkana, hvort ekki sé líklegt að það yrði þess valdandi að það yrðu mun meiri kröfur um launabreytingar. Það hlýtur að vera markmið okkar allra að auka ráðstöfunartekjur almennings og það sem liggur þessu til grundvallar af hálfu ríkisstjórnarinnar er að það sé mun betra að gera það með þessum hætti og tryggja þar með frekar hóflegar launabreytingar í landinu sem stuðli að því að verðbólga verði minni.

Hv. þingmaður talar um að það sé ónógt aðhald. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er mikið aðhald í fjárlagafrumvarpinu og ég hef ekki orðið þess var að það séu uppi miklar tillögur á Alþingi og ekki heldur af hálfu stjórnarandstöðunnar að draga úr útgjöldum í fjárlagafrumvarpinu. Ég hef ekki séð neinar tillögur um það. Ég hef hins vegar séð tillögur um að auka útgjöldin. Það er vissulega rétt að það eru óskir um aukin útgjöld úr öllum áttum og það er hlutverk okkar sem viljum stunda ábyrga fjármálastjórn, hvort heldur þeir styðja ríkisstjórnina eða eru í stjórnarandstöðu, að standa gegn ýmsum kröfum og leita leiða til að ná sanngjarnri niðurstöðu í fjárlagafrumvarpinu og fjárlögunum. Það er alveg ljóst að í fjárlagafrumvarpinu er veruleg aukning til velferðarmála og menntamála, málaflokka sem ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á og hefur ávallt gert. Við gerum okkur vel grein fyrir því að það væri betra að draga úr útgjöldunum efnahagslega séð en það gæti haft alvarlegar afleiðingar í för með sér bæði fyrir velferðarkerfið og menntakerfið og við höfum ekki séð möguleika til þess.

Það er hins vegar rétt hjá hv. þingmanni að útlán bankanna vegna húsnæðismála hafa verið meiri undanfarið en menn gerðu almennt ráð fyrir, en við skulum jafnframt líta á jákvæðar hliðar þess máls. Ég býst við að það sé rétt að það megi áætla að útlán bankanna vegna þessa séu að undanförnu, þ.e. í september, október og nóvember, milli 80 og 90 milljarðar. Á sama tíma hafa uppgreiðslur hjá Íbúðalánasjóði verið upp á rúma 50 milljarða. Stærsti hluti þessara lána hefur farið til þess að greiða upp önnur lán. Síðan hafa lánin farið til að greiða upp önnur lán í bankakerfinu, yfirdráttarlán, lán hjá lífeyrissjóðum og margvísleg vanskil. Þetta hefur gefið fólki tækifæri til þess að endurskipuleggja fjármál sín. Það er að sjálfsögðu mjög jákvætt og gerir það að verkum að húsnæðismál eru að færast í það horf sem gengur og gerist í kringum okkur. Þetta er eitt af því jákvæða sem er að gerast á fjármálamarkaði okkar sem hefur verið að þroskast mikið og fólk hefur verið að læra á og er farið að umgangast með ábyrgari hætti en áður var. Auðvitað fylgja þessu hættur og það er ástæða til að vara við. Það er ástæða til að vara bankana við að ganga ekki of geyst fram í þessum efnum og það er ekki síður ástæða til að vara allan almenning við því að taka ekki þessi lán til að fjármagna neyslu, t.d. bílakaup, ég tek undir það. En ég gleðst yfir því að fólk skuli loksins hafa fengið tækifæri til að fjármagna íbúðir sínar með eðlilegum hætti eins og gengur og gerist í kringum okkur.

Hér hefur verið rætt um að nú séu forsendur fjárlaga brostnar. Það er alrangt. Það sem hefur gerst er að komið hefur fram spá frá Seðlabankanum sem gerir ráð fyrir meiri hagvexti en fjármálaráðuneytið gerði ráð fyrir. Hins vegar er sama spá byggð á því að stýrivextir Seðlabankans séu 7,25%, eru núna hækkaðir í 8,25% og mun verða þess valdandi að hafa margvísleg áhrif. Gera má ráð fyrir að það dragi úr hagvaxtarspá Seðlabankans vegna þessa. Seðlabankinn hefur ekki endurmetið spána þegar þessar ráðstafanir hafa verið framkvæmdar. Ráðstafanir Seðlabankans eru til þess fallnar að slá á verðbólgu, enda er það ætlunin með þeim og mjög mikilvægt að hafa það í huga.

Ég hygg að það sé rétt að spá Seðlabankans fyrir árið í ár sé mjög nálægt því sem fjármálaráðuneytið spáði þannig að orðinn sé lítill munur á spá Seðlabankans fyrir árið í ár og því sem fjármálaráðuneytið spáði fyrr á þessu ári. Það er nú svo að spá er spá og engin ástæða til þess að ætla að spá Seðlabankans sé réttari en spá fjármálaráðuneytisins. Þvert á móti þarf að endurskoða spá Seðlabankans í ljósi þeirra ráðstafana sem Seðlabankinn hefur farið út í núna. Ríkisstjórnin sér enga ástæðu til að breyta forsendum fjárlaga vegna þess sem nú hefur komið fram hjá Seðlabankanum, enda hefur það aldrei verið gert. Ég skil ekki af hverju stjórnarandstaðan krefst þess allt í einu nú að farið verði að taka upp einhver allt önnur vinnubrögð í þessu sambandi. Það var alltaf byggt á þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar hér áður fyrr og síðan á spá fjármálaráðuneytisins eftir að efnahagsskrifstofa þess tók yfir þá starfsemi sem áður var hjá Þjóðhagsstofnun. Þannig hefur alltaf verið unnið og það er engin ástæða til þess að breyta því.

Hv. þingmaður spurði mig um málefni Mannréttinda-

skrifstofu Íslands. Það liggur fyrir í fjárlagafrumvarpinu að það eru óbreyttar fjárveitingar til mannréttindamála. Meðan ég var í utanríkisráðuneytinu, í rúm níu ár, átti ég ágætt samstarf við Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ég veit ekki til þess að ég hafi sem utanríkisráðherra nokkurn tímann kvartað yfir því á opinberum vettvangi sem fram kom frá Mannréttindaskrifstofunni. Það er ekki þar með sagt að ég, frekar en aðrir, hafi verið sammála öllu því sem þar kom fram, enda ætlaðist ég ekki til þess. Ég tel mjög mikilvægt að þessi skrifstofa starfi. Hins vegar hafa verið uppi ýmsar hugmyndir um breytingar. Ég man ekki betur en að þeir sem að Mannréttindaskrifstofunni standa hafi m.a. verið að tala um að flytja skrifstofuna til Akureyrar. Ég man eftir umræðum um það í utanríkisráðuneytinu. Fjármagnið til Mannréttindaskrifstofunnar kemur frá hinu opinbera og ekkert nema eðlilegt við það. Hins vegar er nauðsynlegt að fara vel yfir þessi mál og ég veit ekki hvað mönnum gengur til að vera með þessa óskaplegu svartsýni um framtíð þessarar skrifstofu. Utanríkisráðuneytið og dómsmálaráðuneytið þurfa að sjálfsögðu að fara vel yfir það í samvinnu við það fólk og þær stofnanir sem hafa staðið að þessum málum en að halda því fram að þar með sé sjálfstæði skrifstofunnar ekki lengur fyrir hendi (Gripið fram í.) með því að fá fjármagn frá hinu opinbera. Fá ekki stjórnmálaflokkarnir fjármagn frá hinu opinbera? (**SJS:** Þeir fá það á fjárlögum, þeir þurfa ekki að skríða fyrir ráðherra.) Á fjárlögum? Hver er að tala um það, hv. þingmaður, að skríða þurfi fyrir ráðherrum? Ætlar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að halda því fram að þeir peningar sem voru á fjárlögum samgönguráðuneytisins og landbúnaðarráðuneytisins meðan hann var landbúnaðarráðherra og samgönguráðherra, að fólk hafi almennt þurft að koma inn á skrifstofu hans og skríða fyrir honum út af þeim málum? Þurftu kannski þeir sem voru að biðja um peninga til samgöngumála að koma til samgönguráðherrans og skríða fyrir honum út af því? Hvers konar málflutningur er þetta? (**SJS:** Við erum að tala um óskiptan lið sem ráðherrann hefur einn vald á.) Ég veit alveg hvað verið er að tala um. (**SJS:** Þá skaltu ekki reyna að snúa út úr.) Ég er ekkert að snúa út úr, hv. þingmaður, en það er ósæmilegt hvernig hv. þingmaður talar um þessi mál, og í hvert skipti sem hann kemur upp segir hann mönnum að skammast sín. Ég held að hann sjálfur ætti að fara að skammast sín eitthvað fyrir málflutning sinn á Alþingi oft og tíðum.

Það er engin ástæða til að ræða þessi mál með þeim hætti sem hv. þingmaður hefur gert og síst málinu til framdráttar. Það þarf að sjálfsögðu að hafa góða (**SJS:** Hver eru rökin fyrir ...?) sátt um þessi mál. Það hefur ríkt ágæt sátt um þau í tíð núverandi ríkisstjórnar og ég sé enga ástæðu til þeirrar bölsýni og svartsýni sem kemur fram í máli hv. þingmanns um málið frekar en bölsýni hans og svartsýni í efnahagsmálum þjóðarinnar.

[17:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gerir nú ekki mikið til þó að hæstv. utanríkisráðherra botni ekki mikið í málflutningi mínum en hann þarf helst að botna í sínum eigin málflutningi. (**Gripið fram í:** Ertu að tala um forsætisráðherra?) Hæstv. forsætisráðherra. Ég fékk lítil svör við því hvernig hæstv. forsætisráðherra metur þau ruðningsáhrif sem stóriðjufjárfestingarnar og skattalækkanirnar hafa og Seðlabankinn kemur að í inngangsorðum sínum varðandi efnahagsmálin.

Hæstv. forsætisráðherra sem og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gera ummæli mín í sambandi við kjarasamninga grunnskólakennara að umtalsefni. Ég sagði tvennt um þá samninga, að ég fagnaði þeirri samstöðu sem kennarar hefðu sýnt í baráttu sinni og að ég vonaði að barátta þeirra yrði öðru láglaunafólki í landinu hvatning til þess að berjast fyrir betri kjörum. Ég stend við þau ummæli og skammast mín ekki mikið fyrir þau. Skattalækkanir sem gagnast fyrst og fremst hinum tekjuhæstu koma ekki í sama stað niður og kjarabætur handa láglaunafólki. Og það að halda tekjunum inni hjá ríkissjóði og t.d. greiða með meiri afgangi niður erlendar skuldir eða borga inn á lífeyrisskuldbindingar væri ábyrg efnahagsstjórn (Forseti hringir.) en ekki það sem hæstv. ríkisstjórn stendur fyrir.

[17:59]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og í mörgum öðrum málum er ég algjörlega ósammála hv. þm. í skattamálum. Það liggur alveg ljóst fyrir að þær skattalækkanir sem ráðgert er að framkvæma með þeim frumvörpum sem hér hafa verið flutt koma millitekjufólki og fjölskyldufólki sérstaklega til góða, einmitt fólki sem er með mestu greiðslubyrðina, einmitt fólki sem stjórnarandstaðan hafði sem mestar áhyggjur af í umræðunni í gær. En það er einhvern veginn svo með stjórnarandstöðuna að það er eitt í dag og annað á morgun. Það er ekki hægt að meta stöðu fólks eingöngu út frá tekjum. Það verður líka að taka tillit til þess hvaða greiðslubyrði fólkið hefur, og það er það sem stjórnarandstaðan virðist ekki geta gert.

[18:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Öflug velferðarþjónusta kemur líka þessu sama fólki til góða og ekki síður. Það er líka í þágu alls almennings í landinu að efnahagsstjórnin sé styrk. Það væri skynsamleg ráðstöfun við núverandi efnahagsaðstæður að halda þessum tekjum hjá ríkinu, a.m.k. að verulegu leyti, og nota þá meiri afgang á ríkissjóði til þess að greiða niður erlendar skuldir til mótvægis við þá miklu skuldaaukningu sem á sér stað annars staðar eða borga inn á lífeyrisskuldbindingar hins opinbera í framtíðinni. Með því hefðu menn jákvæð áhrif á hagkerfið. Þetta væri hvort tveggja í senn skynsamleg ráðstöfun í hagstjórnarlegu tilliti og kæmi öllum almenningi til góða í formi sterkari stöðu þegar fram líða stundir.

Hæstv. ráðherra sér enga ástæðu til að endurmeta forsendur fjárlagafrumvarpsins og segir að það hafi aldrei verið gert vegna þess að menn hafi alltaf byggt á einhverjum gömlum þjóðhagsáætlunum. En það er heldur ekki á hverjum degi, hæstv. forsætisráðherra, sem Seðlabankinn rýkur til rétt fyrir lokaafgreiðslu fjárlaga og hækkar stýrivexti í einu stökki um heilt prósent.

[18:02]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ýmislegt í ræðu hæstv. forsætisráðherra sem ástæða væri til að gera athugasemdir við en það gefst ekki mikill tími til þess í þessu andsvari.

En eitt vakti sérstaka athygli mína. Hæstv. forsætisráðherra lýsti yfir því að það hefði ekkert með sjálfstæði Mannréttindaskrifstofu að gera að hún þyrfti að sækja um framlög til tiltekinna ráðherra í stað þess að hún fengi það beint af fjárlögum eins og var hér áður. Nú hefur það komið fram í fjölmiðlum að hæstv. forsætisráðherra, þáverandi utanríkisráðherra, lagði það sérstaklega til að breytt yrði frá því sem áður var að framlög kæmu frá dómsmálaráðuneytinu heldur kæmu þau beint frá Alþingi. Því spyr ég hæstv. ráðherra, sem lýsti því yfir áðan að þetta hefði ekkert að gera með sjálfstæði stofnunarinnar: Hvað hefur breyst frá því að hann lýsti því yfir, þáverandi hæstv. utanríkisráðherra, að sjálfstæði Mannréttindaskrifstofunnar fælist í því að hún (Forseti hringir.) þyrfti ekki að eiga framlög sín beint undir ráðherra?

[18:03]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur haft margvíslegt samstarf við utanríkisráðuneytið og dómsmálaráðuneytið. Ég tel það sjálfsagt og tel enga ástæðu til að breyta því. Það er ljóst að þessi ágæta skrifstofa þarf að eiga viðræður við þessi ráðuneyti um starfsemina. En að halda því fram að með því sé sjálfstæði skrifstofunnar skert, ég veit ekki til þess að neitt hafi komið upp sem þurfi að verða þess valdandi að halda því fram. Að mínu mati er eðlilegt að farið sé yfir þessi mál með reglubundnum hætti. Það kom upp m.a. óvissa um hvar Mannréttindaskrifstofan ætti að starfa og það er eitt af því sem varð þess valdandi að það var talið rétt í utanríkisráðuneytinu og dómsmálaráðuneytinu (Forseti hringir.) að gera þetta með þessum hætti, en það er ekki þar með sagt að það leiði til breytinga.

[18:04]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég var að reyna að kalla eftir var hvað hefði breyst í málflutningi hæstv. utanríkisráðherra sem hélt því fram og haft hefur verið eftir honum í fjölmiðlum að til þess að tryggja sjálfstæði skrifstofunnar yrðu að koma framlög beint frá Alþingi en ekki í gegnum ráðuneytin. Þetta hefur verið haft eftir hæstv. ráðherra í fjölmiðlum og það er alveg þveröfugt við það sem hann hefur sagt hér. Þess vegna ítreka ég spurningu mína til hæstv. ráðherra um hvað hafi breyst og í öðru lagi hvort hann muni sjálfur beita sér fyrir því áður en fjárlögin verða afgreidd frá hinu háa Alþingi að Alþingi ákveði framlög til skrifstofunnar beint. Það er mikilvægt að þetta liggi fyrir því að hæstv. forsætisráðherra hefur lýst því yfir að það skipti miklu um sjálfstæði skrifstofunnar að framlög komi beint frá Alþingi. (Forseti hringir.) Því spyr ég: Hvað hefur breyst?

[18:06]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í kosningabaráttunni 2003 kom hæstv. forsætisráðherra persónulega að viðræðum við formann Öryrkjabandalagsins um kjarasamninga við öryrkja. Sá samningur var kynntur í Þjóðmenningarhúsinu og kynntur þjóðinni og á annan tug þúsunda öryrkja í dagblöðum daginn eftir.

Í Morgunblaðinu sagði m.a. að fyrir hvert ár sem liði eftir að menn hefðu orðið öryrkjar fengju menn 421 kr. Það var reiknað út hvað það þýddi fyrir mann á tilteknum aldri, á þessum aldrinum og hinum aldrinum, og þannig birt þjóðinni og athugasemdalaust af Framsóknarflokknum. Í kosningabaráttunni fór hæstv. forsætisráðherra og lofaði þjóðinni efndum á þessu samkomulagi.

Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur lýst því yfir að hann vanti rúmlega 500 millj. kr. til þess að geta uppfyllt þetta samkomulag, hann hafi aðeins getað tekið tvo þriðju hluta samkomulagsins við síðustu fjárlagagerð. Ég hlýt því að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort ekkert sé að marka samninga sem gerðir eru við ríkisstjórn Íslands og birtir almenningi opinberlega í fjölmiðlum í aðdraganda kosninga.

[18:07]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður svarað hv. þingmanni. Ríkisstjórnin samþykkti á sínum tíma að verja 1 milljarði kr. til viðbótar til þess að hækka lífeyri til öryrkja. Við það hefur verið staðið og ég veit ekki betur en að gert sé ráð fyrir því að þessi fjárhæð verði 1.300 millj. á næsta ári.

Þetta er það sem liggur fyrir og hefur alltaf legið fyrir. Ég hlýt að harma málflutning Öryrkjabandalags Íslands í þessu máli, og að Öryrkjabandalagið skuli koma fram með þeim hætti sem gert hefur verið er mér algjörlega óskiljanlegt. Það hefur fullkomlega verið staðið við það sem sagt var í þessum efnum af hálfu ríkisstjórnarinnar. Hitt er svo annað mál að þarna mun ávallt verða meiri þörf eins og víða annars staðar í þjóðfélaginu.

[18:08]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í kosningabaráttunni, þegar hæstv. forsætisráðherra var að berjast fyrir því að ná inn á þing með fylgið niðri í 8% í Reykv. n. þá talaði hæstv. forsætisráðherra aldrei um samþykkt ríkisstjórnarinnar. Þá talaði hann um samkomulag við Öryrkjabandalag Íslands, um samning sem birtur var öllum almenningi í fjölmiðlum þar sem hver og einn öryrki gat lesið sér til nákvæmlega um krónutölu þeirra kjarabóta sem hæstv. forsætisráðherra ætlaði að færa þeim þá um jólin. Þær kjarabætur komu aldrei nema að tveimur þriðju. Það er því ekki nema von að spurt sé hvort ekkert sé að marka samninga sem gerðir eru við ríkisstjórn Íslands og birtir alþjóð í fjölmiðlum lið fyrir lið hvernig koma skuli til framkvæmda. Það þýðir ekki, hæstv. forsætisráðherra, að koma hér og tala allt í einu bara um samþykkt ríkisstjórnarinnar. Þetta var samkomulag við Öryrkjabandalag Íslands um kjör öryrkja (Forseti hringir.) og þá kjarasamninga á að virða eins og aðra kjarasamninga hvað sem líður samþykktum ríkisstjórnarinnar.

[18:09]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er beinlínis rangt hjá hv. þm. Það hefur alltaf legið fyrir og því var alltaf haldið fram að hér væri um að ræða 1 milljarð. Það hefur aldrei neitt annað verið samþykkt af ríkisstjórninni. Þetta hefur alltaf legið fyrir. (Gripið fram í.) Nú liggur fyrir að þetta (Gripið fram í.) mun verða 1,3 milljarðar á næsta ári. Það er með ólíkindum hvernig hv. þingmaður reynir alltaf að snúa út úr þessu máli. Sköpuð hafa verið skilyrði til þess hér á landi að bæta kjör öryrkja, sem betur fer, en það er alveg ljóst ... (**HHj:** ... þeir dæma ykkur í Hæstarétti, Halldór Ásgrímsson. Þeir dæma ykkur í Hæstarétti til að greiða mannsæmandi kjör.) Það er alveg ljóst að ef hv. þingmaður hefði fengið sínu framgengt í efnahagsmálum, miðað við hvernig flokkur hans hefur talað, þá hefðu þessi skilyrði aldrei skapast.

(**Forseti** (HBl): Ég vil vekja athygli á því að þegar umræðutími er einungis ein mínúta og menn vilja fá svar við spurningum sínum þá er skynsamlegra að vera hógvær.)

[18:11]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir það afar miður að hæstv. forsætisráðherra skuli þverskallast svo við eða neita að viðurkenna að verið sé að vega að sjálfstæði Mannréttindaskrifstofu Íslands með þeim ráðstöfunum sem gerðar eru í fjárlagafrumvarpinu varðandi fjárveitingar til hennar. Ég spyr: Er hæstv. forsætisráðherra svo skyni skroppinn að hann upplifi þetta ekki á sama hátt og þeir erlendu aðilar sem hafa verið að senda okkur þingmönnum bréf síðustu daga og mótmæla þessu? Þá er ég að tala um norsku mannréttindastofnunina sem hefur aðsetur við háskólann í Ósló, finnsku mannréttindastofnunina sem hefur aðsetur í háskólanum í Åbo, Raoul Wallenberg-stofnunina og fleiri sem allar geta um það að þessar ráðstafanir vegi að sjálfstæði Mannréttindaskrifstofunnar. Það er alveg nauðsynlegt að hæstv. forsætisráðherra skilji þetta og skilji það líka að til þess að Mannréttindaskrifstofan komi og eigi viðræður við þá tvo ráðherra sem hann nefndi þá vil ég benda á að það hefði verið eðlilegra að ráðherrarnir hefðu haft samráð við Mannréttindaskrifstofuna um þetta ráðslag.

[18:12]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Forustumenn Mannréttindaskrifstofunnar ræddu mál oft við mig sem utanríkisráðherra og ég veit ekki til þess að það hafi skert sjálfstæði Mannréttindaskrifstofunnar að eiga samtöl við mig sem ráðherra. Ég geri ráð fyrir að Mannréttindaskrifstofan muni síðan ræða þessi mál bæði við hæstv. utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra með þeim hætti sem tíðkast hefur í gegnum tíðina. Ég fæ því ekki skilið hver ósköp ganga á í þessu máli.

[18:13]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þau ósköp ganga á í þessu máli að hæstv. dómsmálaráðherra og hæstv. utanríkisráðherra gerast æðitortryggnir og tortryggilegir í þessu máli þegar það er skoðað að Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur gegnt því hlutverki að fylgjast með og gera skýrslur til alþjóðastofnana um starfsemi íslenskra stjórnvalda. Hún hefur gegnt því hlutverki að gefa umsagnir um lagafrumvörp íslenskra stjórnvalda. Hún hefur verið gagnrýnin á frumvörp sem hafa komið frá hæstv. dómsmálaráðherra og ég verst ekki þeirri hugsun, eins og ég hef reyndar getið um í pistlum á heimasíðu minni og fleiri hafa getið um á opinberum vettvangi, að hér sé verið að refsa Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ég vil að hæstv. forsætisráðherra sverji það af sér og ríkisstjórn sinni ef svo er ekki og hann hefur tækifæri til að gera það hér.

Ég vil líka að hæstv. forsætisráðherra svari því ákalli sem komið hefur frá aðilum sem starfa að mannréttindamálum, ekki bara á Íslandi heldur vítt og breitt í nágrannalöndum okkar, sem mótmæla þessu ráðslagi.

[18:14]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Hér eru til 3. umr. fjárlög ársins 2005, þrátt fyrir að fram hafi komið upplýsingar um að ýmsar mikilvægar forsendur sem lagðar eru til grundvallar í því frumvarpi standist ekki þegar til á að taka.

Ekki virðist vilji hjá stjórnarliðum til að nýta þó þann tíma sem við höfum samkvæmt þingsköpum til að fara í gegnum breytingarnar og skoða hvort rétt sé að gera á frumvarpinu einhverjar breytingar.

Með leyfi forseta, í þingsköpum stendur:

„Álit og tillögur nefndanna skal prenta sem fylgiskjöl með nefndaráliti fjárlaganefndar eða meiri hluta hennar. 3. umræða um frumvarp til fjárlaga skal hefjast eigi síðar en 15. desember."

Í þingsköpum stendur að við þurfum ekki að hefja 3. umr. um frumvarp til fjárlaga fyrr en 15. desember. Því er nægur tími fyrir hendi til að velta því fyrir sér hvaða áhrif þær breytingar sem við höfum séð í þjóðhagsspá Seðlabankans mundu hafa á helstu hagstærðir í fjárlagafrumvarpinu. En til þess er ekki vilji hjá ríkisstjórnarmeirihlutanum eins og skýrt hefur komið fram í dag og lýsi ég undrun minni á því.

Í umræðum um frumvarp til fjáraukalaga fór ég yfir það að við hefðum ekki fengið upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu um áætlaða stöðu einstakra stofnana í lok þessa árs. Eins og þar kom fram tel ég að slíkar upplýsingar séu nauðsynlegar til að meta hvernig til hefur tekist í rekstri einstakra stofnana miðað við þau fjárframlög sem þeim eru ætluð.

Við vinnum eftir þingsköpum. Í þeim er skýrt tekið á á því, í 25. gr., hvaða upplýsingum nefndir eiga rétt á og hverjir skuli veita nefndum upplýsingar sem um er beðið. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upp úr 25. gr. þingskapa. Þar segir:

„Fjárlaganefnd á rétt á að fá þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar um rekstur og fjárhagsáætlanir fyrirtækja og stofnana sem óska eftir framlögum úr ríkissjóði. *Enn fremur er þeim stofnunum ríkisins*, er fást við efnahagsmál, skylt að veita nefndinni upplýsingar og aðstoð sem hún þarf á að halda við afgreiðslu þingmála."

Ósk okkar í minni hluta fjárlaganefndar um að fá upplýsingar, ekki bara stöðu stofnana eins og hún er í lok sept-

ember á þessu ári árs heldur líka hver væri áætluð staða stofnananna af þeirra hálfu eða fagráðuneytanna í lok ársins. Það eru nauðsynlegar upplýsingar til að gera sér grein fyrir því hvort áætlað er af skynsemi með fjárframlög næsta árs.

Til eru dæmi um stofnanir, virðulegi forseti, sem hefja árið 2003 með neikvæðan höfuðstól, jafnvel þótt búið sé að taka tillit til allra fjárveitinga til þeirra á fjárlögum ársins. Uppsafnaður gamall halli er það mikill í upphafi ársins að allar fjárveitingar stofnunarinnar á árinu duga ekki til að koma höfuðstól hennar í upphafi árs upp fyrir núllið. Hún hefur því starfsemina á árinu í mínus.

Það er ótrúlegt hve mikil tregða virðist vera til að taka á þessu og skoða þetta mál. Það hlýtur að vera þannig, með hverju árinu sem líður að stofnunum með neikvæðan höfuðstól fjölgar og byrja árið með neikvæðan höfuðstól. Það hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir fjármálaráðuneytið og hæstv. fjármálaráðherra að gera gangskör að því að meta umfang þessara stofnana og með hvaða hætti skuli mæta hallarekstrinum.

Það er ekki við öðru að búast, ef við lítum ekki á raunveruleikann hjá einstökum viðfangsefnum ríkisins, en að þá safnist annaðhvort umframfjárveitingar upp eða, það sem líklegra er, að halli frá ári til árs myndist með öllum þeim vandræðum sem honum fylgir. Umgengni flestra við fjárlög einkennist af virðingarleysi fyrir þeim lagabókstaf sem þar er settur fram. Í þessu tilfelli gildir hið sama og í öðrum þar sem texti laga er ekki í samræmi við viðtekna venju eða framkvæmd. Smátt og smátt verða allir ónæmir fyrir því að eftir þeim lagabókstaf þurfi að fara.

Þegar við búum við þensluástand eins og nú er er meiri nauðsyn en nokkru sinni fyrr að eftir lagabókstafnum sé farið. Öll markmið um aðhald í ríkisrekstri fjúka út um gluggann ef það sem á blað er sett í fjárlögum er það fjarri raunveruleikanum að engin leið sé fyrir þá sem eftir bókstafnum eiga að starfa að gera svo. Ekki er hægt að fylgjast með hvort að einstakir forstöðumenn stofnana halda sig innan fjárheimilda því að þeim, viðkomandi fagráðuneyti og fjármálaráðuneytinu, er ljóst frá upphafi árs að það er ekki hægt.

Okkur þingmönnum var að berast úttekt Ríkisendurskoðunar á Náttúrufræðistofnun. Hún var rétt að detta í pósthólfin okkar á Alþingi. Ríkisendurskoðun skoðar þar stofnun sem hefur átt við þann vanda að etja sem ég var að lýsa. Uppsafnaður vandi frá ári til árs. Ef maður skoðar þá stofnun á lista sem við fengum frá fjármálaráðuneytinu og stöðu stofnana í upphafi árs þá byrjar Náttúrufræðistofnun árið með halla upp á 39 millj. kr. Sá halli er áætlaður í lok september tæpar 100 millj. kr.

Hvað er eiginlega um að vera? Þannig mætti spyrja þegar maður sér svona tölur. Af hverju er þetta svona? Ríkisendurskoðun fer vel í gegnum rekstur stofnunarinnar og veltir fyrir sér hvað sé að. Hún segir, með leyfi forseta, í þessari skýrslu:

„Brýnt er að taka á fjárhagsvanda Náttúrufræðistofnunar hið fyrsta. Svara þarf því hvort stofnunin fái aukin fjárframlög til að takast á við vandann eða hvort draga eigi saman þannig að rekstur rúmist innan þess ramma sem stofnunin býr nú við. [...]

Taka verður sérstaklega á uppsöfnuðum vanda. Vegna hans þarf að ákveða hvort stofnunin skuli greiða hann niður af rekstrarfé sínu eða hvort hann verði greiddur með sérstakri fjárveitingu. [...]

Ákvarðanir um það hversu mikla fjármuni stofnun fær til ráðstöfunar eru þó ávallt fyrst og fremst pólitískar og aðeins að hluta til í höndum þess ráðuneytis sem stofnun heyrir undir. Skipting fjármuna milli ráðuneyta og stofnana miðar almennt að því að þeir skili sem mestum ávinningi. [...]

Ákvarðanir um það hversu mikla fjármuni stofnunin fær til ráðstöfunar eru þó ávallt fyrst og fremst pólitískar. Aðeins að hluta til í höndum þess ráðuneytis sem stofnunin heyrir undir. [...]

Það er álit forsvarsmanna Náttúrufræðistofnunar og talsmanna ráðuneytisins að ramminn sem stofnunin býr við sé of þröngur miðað við lagalegt hlutverk stofnunarinnar og mikilvægi þeirra verkefna sem hún sinnir."

Hér staðfestir Ríkisendurskoðun í úttekt sinni á stofnuninni að á ferðinni er vandi sem við í stjórnarandstöðunni höfum oft á tíðum bent á. Það er ekki tekið á vanda stofnana þegar ljóst er að þær hafa ekki einu sinni fjármuni til að rækja sitt lagalega hlutverk.

Er ekki betra að setja fram fjárlög sem eru nær raunveruleikanum, viðurkenna að leiðrétta þurfi tekjugrunn margra verkefna eða þá að hafa kjark til að taka pólitíska ákvörðun um annað umfang þjónustunnar en veitt hefur verið og axla pólitíska ábyrgð á slíkri ákvörðun í stað þess að reyna að þvinga umfang rekstrar í ákveðinn farveg með allt of knöppum fjárveitingum?

Þetta háttalag er í raun farið að minna á sams konar háttalag og maður sér hjá bandarískum yfirvöldum í málefnum Keflavíkurflugvallar. Þar er reynt að komast hjá opinberri ákvörðun um umfang, skera fjárveitingar niður smátt og smátt og láta þannig fjármagnið ráða umfangi frekar en að taka stefnumarkandi ákvarðanir. Kannski eru forkólfar ríkisstjórnarinnar í einhvers konar námi hjá þeim sem ráða í Bandaríkjunum.

Ég fór yfir stöðu margra stofnana í umræðunni um fjárlög þessa árs. Þar voru margir skrýtnir hlutir á ferðinni. Sum viðfangsefni virðast safna upp ónotuðum fjárheimildum ár eftir ár meðan önnur, reyndar eru þau fleiri, safna sífellt halla.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með því að telja upp einstaka stofnanir. Við afgreiðslu lokafjárlaga mun ég taka þessa umræðu upp aftur og hvort ekki sé rétt að breyta núverandi vinnubrögðum og taka upp önnur nútímalegri sem jafnframt kalla á að um hver áramót verði staða stofnana metin og ákvarðanir teknar ef fjárhagslegur rammi er auðsýnilega á skjön við raunveruleikann.

Virðulegi forseti. Í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins eru svokallaðar heimildagreinar, sem heimila ríkissjóði annaðhvort að kaupa eða selja eignir sínar á næsta ári. Þar kennir að vanda ýmissa grasa og er um misstórar eignir og upphæðir að tefla. Til dæmis kom inn sem breytingartillaga frá meiri hluta fjárlaganefndar heimild til að kaupa viðbótarhúsnæði að Grensásvegi 12 í Reykjavík, að selja húsnæði sýslumannsembættisins á Hvolsvelli og ráðstafa andvirðinu til kaupa á öðru hentugra húsnæði.

Ein heimildin vakti athygli mína í fjárlagafrumvarpinu sjálfu. Það var heimild til að kaupa sumarbústaði í þjóðgarðinum á Þingvöllum og jarðir í næsta nágrenni hans. Eins og sést á þessari upptalningu, nánast af handahófi, þarf að leita heimilda í fjárlögum til nánast allra eignabreytinga, stórra og smárra, þegar um ríkiseignir er að ræða. Það vakti þá spurningu, í framhaldi af fréttaflutningi um yfirstandandi viðræður ríkisins við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ um kaup ríkisins á eignarhlut þeirra fyrrnefndu í Landsvirkjun, hvort ekki væri nauðsynlegt að leita heimildar í fjárlögum eða fjáraukalögum til svo viðamikillar eignabreytingar.

Þar er um stórt mál að ræða og væri full ástæða til að inna eftir því hvort ráð sé gert fyrir því að óska heimildar til umræddra kaupa eða hvort engin þörf sé á því. Vonast ég virðulegi forseti til að einhver talsmaður ríkisstjórnarinnar sjái sér fært að svara þessu þótt áhugi þeirra á umræðunni um fjárlögin virðist af skornum skammti.

Maður veltir óneitanlega fyrir sér hvað veldur tregum áhuga stjórnarliða á að blanda sér í umræðuna. Hið sama var upp á teningnum þegar 3. umr. fór fram um fjáraukalögin og hélt maður helst að það væri vegna þess að þeir bæru einhvern kinnroða fyrir því að í því frumvarpi var tryggilega eytt öllum viðbótartekjum sem ráð var fyrir gert umfram forsendur fjárlaganna sjálfra.

Nú segjast stjórnarliðar vera með glæsilegt frumvarp, eins og þeir kjósa að kalla það. Maður saknar þess að þeir séu hér til umræðna um meistarastykkið. Getur verið að það sé að renna upp fyrir mörgum þeirra að þetta sé ekki eins glæsilegt frumvarp og þeir hafa haldið? Getur verið að það sé að renna upp fyrir þeim ljós að sá samanburður sem Samfylkingin hefur verið með á fjárlögum annars vegar og ríkisreikningi hins vegar sé bara kórréttur? Hafa þeir áttað sig á þeim sannleik að framlögð fjárlög séu nokkuð langt frá raunverulegri útkomu ársins þegar upp er staðið? Það skyldi þó ekki vera?

Eða getur verið að þeir séu að átta sig á því að forsendur fjárlagafrumvarpsins og sú þjóðhagsspá sem þær eru byggðar á séu á hæpnum grunni fram settar. Við fulltrúar Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd inntum eftir því á fundi nefndarinnar í vinnuferlinu, hvort fjármálaráðuneytið hygðist endurskoða þjóðhagsspá áður en fjárlagafrumvarpinu yrði lokað en fengum þau svör að það teldist ekki nauðsynlegt þar sem sú spá sem frumvarpið byggði á væri það nýleg.

Hæstv. forsætisráðherra sagði í ræðu áðan að alltaf hefði verið farið eftir spá fjármálaráðuneytisins eða Þjóðhagsstofnunar, meðan hún var enn til. Þá liggur beint við að spyrja, virðulegi forseti: Á alltaf að fara eftir spá fjármálaráðuneytisins, jafnvel þó að á síðustu dögum við meðferð frumvarpsins komi fram upplýsingar sem nánast kollvarpa forsendum frumvarpsins? Á samt að halda áfram? Á þá að setja á sig hliðarblöðkurnar eins og vagnhestur og þumbast áfram við að keyra þetta og klára á þeim tíma sem menn ætluðu sér, þótt alls staðar séu farnar að hringja bjöllur og menn segi: Getur verið að þurfi að skoða málið aðeins betur?

Við í fjárlaganefnd áttum von á að efnahags- og viðskiptanefnd þingsins færi gaumgæfilega í gegnum forsendur fyrir tekjuhlið frumvarpsins. En meiri hluti hennar hummaði það fram af sér. Formaður nefndarinnar, hv. þm. Pétur Blöndal, samþykkti þó að fá fulltrúa frá Seðlabanka á fund hennar fyrir 3. umr. þar sem farið yrði yfir forsendur. Það var gert í gær og ber að þakka hv. formanni nefndarinnar fyrir það að hafa orðið við þeirri ósk stjórnarandstöðunnar.

Ef einhver hefur velkst í vafa um nauðsyn þess að fara yfir áætlanir fjármálaráðuneytisins og þjóðhagsstærðir og vöxt þeirra á næsta ári getur hann það ekki lengur eftir yfirferð Seðlabankans. Ekki verður betur séð en að ýmsar forsendur sem lagðar eru til grundvallar í fjárlagafrumvarpinu séu afskaplega rangt áætlaðar. Í raun er ábyrgðarlaust að staldra ekki við og endurskoða þær forsendur miðað við nýjustu upplýsingar. Halda menn að það sé bara að gamni sínu sem Seðlabankinn grípur til þess að hækka stýrivexti sína nú um heilt prósentustig.

Manni sýnist helst, virðulegi forseti, að stjórnarliðar hafi verið það lengi í stjórn og það lengi með meiri hluta á hinu háa Alþingi að þeir telji sig í raun ekki þurfa á nokkurn hátt að taka tillit til þeirra sem hér eru í minni hluta og heldur ekki að taka tillit til þeirra stofnana í þjóðfélaginu sem þó hringja bjöllum.

Berum aðeins saman spá fjármálaráðuneytisins við það sem Seðlabankinn lét frá sér fara í gær.

Við erum hér með rit sem heitir Stefna og horfur, frumvarp til fjárlaga ársins 2005. Þar kemur fram yfirlit yfir þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins. Þar segir, og er ein forsendan fyrir því sem fjárlagafrumvarpið byggir á, að litlar breytingar hafi orðið á framvindu stóriðjuframkvæmda á næstu árum frá síðustu spá í maí. Þetta er einfaldlega rangt. Það hafa orðið breytingar. Framkvæmdir í Hvalfirði og eins hjá Fjarðaráli á Reyðarfirði verða fyrr á ferðinni en ætlað var í maí þannig að þessi forsenda er fallin.

Í forsendum segir einnig að gert sé ráð fyrir því að gengisvísitalan verði að meðaltali um 122 stig á þessu ári en hækki síðan í 125 stig á næsta ári sem þýðir 2,5% lækkun íslensku krónunnar. Allir sem hafa kynnt sér stöðu efnahagsmála núna eru ósammála þessari forsendu. Þeir telja að gengið muni halda áfram að styrkjast á næsta ári.

Í forsendum fjármálaráðuneytisins sjálfs segir um gengið, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að íslenska krónan muni veikjast stig af stig og er þá tekið mið af minnkandi gjaldeyrisinnflæði á næstu árum. Þessu til viðbótar ber að hafa í huga að með vaxandi viðskiptahalla myndast aukinn þrýstingur á krónuna til lækkunar.“

Þetta er rangt miðað við þær upplýsingar sem menn hafa í dag.

Hér segir einnig, með leyfi forseta:

„Önnur mikilvæg forsenda er að nýgerðir kjarasamningar samtaka launþega og atvinnurekenda muni einnig gilda í megindráttum fyrir þau stéttafélög sem ekki hafa endurnýjað kjarasamninga sína.“

Virðulegi forseti. Þetta er skrifað fyrir kennarasamningana og þar með orðin forsenda sem ekki stenst.

Síðan segir í riti fjármálaráðuneytisins enn, með leyfi forseta:

„Auk framangreindra forsendna er gert ráð fyrir mótvægisaðgerðum stjórnvalda bæði á sviði peningamála og

ríkisfjármála til að styrkja stöðugleika í verðlagsmálum. Í spánni er gengið út frá því að stýrivextir Seðlabankans verði hækkaðir stig af stigi í 7,5% fram til ársins 2006 en fari síðan lækkandi.

Við vitum öll sem hér erum inni að þetta er rangt. Þetta getur ekki orðið svona eins og þarna er sagt og gert ráð fyrir að þróunin verði á stýrivaxtastiginu hjá Seðlabanka. Seðlabankinn var að hækka vexti sína í 8,25% og er kominn 75 punkta um fram það sem þarna segir strax núna í lok ársins 2005 þannig að þessi spá sem lögð er til grundvallar fjárlagafrumvarpinu að þessu leyti er einnig röng.

Virðulegi forseti. Það er nánast sama hvar maður drepur niður fæti í kaflanum Forsendur fjárlaga og yfirlit þjóðhagsspár, að það sem þar stendur er annaðhvort þegar orðið úrelt eða beinlínis rangt. Það hlýtur að vera ábyrgðarhluti og við hljótum að vísa þeirri ábyrgð á stjórnarmeirihlutann að afgreiða fjárlögin, lögin sem allir sem á einhvern hátt koma að rekstri á vegum ríkisins eða njóta fjármuna úr ríkissjóði þurfa að fara eftir og eiga að fara eftir. Hvernig í ósköpunum getum við búist við að nokkur sýni þessum fjárlögum virðingu þegar svona er staðið að?

Annað sem vakti athygli mína við að fara hér yfir forsendur er að fjármálaráðuneytið gerði ráð fyrir að stýrivextir yrðu 7,5% fram til ársins 2006 en færu síðan lækkandi. En jafnvel ef þetta hefði staðist þá hefðu verðbólgumarkmiðin sem Seðlabankinn hefur sett sér og þarf að gæta ekki staðist. Ef menn hefðu viljað vera sjálfum sér samkvæmir og styrkja Seðlabankann í því að halda sínum verðbólgumarkmiðum þá hefði ekki dugað að setja hér inn 7,5% eins og fjármálaráðuneytið gerir í þessum forsendum.

Svona mætti halda áfram nokkuð lengi. En umræðan er orðin nokkuð löng og ég ætla mér ekki að draga hana mjög á langinn. Ég held þó að með því að fara yfir þessar forsendur, draga þær fram og bera þær síðan saman við þær forsendur sem búið er að leggja í þjóðhagsspá Seðlabankans í gær þá hljóti allir sanngjarnir menn að sjá að hér erum við að fara fram með hætti sem ekki er boðlegur. Við höfum nógan tíma til að skoða hvort við getum ekki komið þessu í boðlegt ástand. Við þurfum ekkert að taka 3. umr. um fjárlög fyrr en 15. desember eftir því sem þingsköpin segja.

Virðulegi forseti. Við verðum að fara að breyta vinnubrögðum. Fjárlagafrumvarpið er allt of mikið sett fram á sama grunni ár eftir ár og stundum er reyndar mjög erfitt að verjast brosi þegar maður þekkir sama textann í skýringum bæði með frumvarpinu í fyrra og nú. Ég er nú ekki eldri sem þingmaður en svo að ég hef ekki stúderað texta fjárlagafrumvarpa nema í þessi tvö skipti. Ég er að sjá sama textann koma upp aftur og aftur. Brosið verður þó að grettu þegar maður áttar sig á því að texta er ekki einu sinni breytt þar sem þó hafa orðið breytingar á lögum sem kalla á slíka textabreytingu.

Nærtækt dæmi er um hátekjuskattinn en breytingar á honum voru lögfestar á liðnu þingi. Þá var leitt í lög að hann skyldi lækka úr 5% í 4% á þessu ári. Á næsta ári, árinu 2005 sem við erum hér að fjalla um, ætti hann að lækka um helming, úr 4% í 2%. En sjálfvirknin við gerð fjárlaga er það mikil að í frumvarpi fyrir næsta ár er sami texti hvað þessa breytingu varðar og var í síðasta frumvarpi.

Í fjárlagafrumvarpinu á bls. 268 undir kaflanum Tekjuskattar einstaklinga segir, með leyfi forseta:

„Einnig er skatthlutfall sérstaks tekjuskatts lækkað úr 5% í 4% samkvæmt ákvörðun Alþingis.“

Þetta er rangt. Þarna á að standa: Einnig er skatthlutfall sérstaks tekjuskatts lækkað úr 4% í 2% samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Ég held að þetta sýni okkur kannski betur en margt annað hvað mikið er um það að textinn í frumvarpinu sé einfaldlega skorinn út úr síðasta frumvarpi og settur í það nýja, sérstaklega af því að þetta er þessi umdeildi hátekjuskattur og maður hefði því haldið að embættismenn fjármálaráðuneytisins mundu nú passa sig á því að textinn væri réttur. En svona villa fer í gegn.

Virðulegi forseti. Mér hefur orðið tíðrætt um þjóðhagsspá Seðlabankans og kannski er það ekki skrýtið. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hélt hér ræðu fyrr í dag og talaði um góðærisvaðalinn, held ég að hann hafi kallað það. Ég vil nú kannski ekki taka þannig til orða. Þó er rétt að hafa í huga að stjórnmálamenn hafa áhrif á þær ákvarðanir sem almenningur er að taka.

Með leyfi forseta ætla ég að lesa hér upp úr Peningamálum Seðlabanka Íslands, undir kaflanum Einkaneyslu. Þar segir:

„Heimilin líta nokkuð björtum augum til framtíðarinnar, ef marka má væntingavísitölu Gallup. Þótt vísitalan hafi tvívegis lækkað nokkuð á árinu stendur hún hátt. Við slíkar aðstæður eru heimilin fúsari en ella til að auka skuldir sínar, enda jukust útlán meginhluta lánakerfisins, þ.e.a.s. innlánsstofnana, Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóða, til heimilanna um 14% á tólf mánuðum til septemberloka, eins og fyrr segir. Í október bætti enn frekar í vöxtinn, því að í lok mánaðarins nam tólf mánaða vöxtur útlána innlánsstofnana til einstaklinga 30%.“

Svo standa hér hæstv. ráðherrar í ræðustól og tala um að menn þurfi að sýna varkárni, menn þurfi að sýna hógværð og umgangast þessa peninga sem nú eru í boði með varfærni. Ég held að góðæristalið eins og það er búið að vera hjá hæstv. ráðherrum nokkuð lengi hafi einmitt mikil áhrif á væntingar almennings sem mælast síðan í væntingavísitölu Gallups og hæstv. ráðherrar eigi sinn þátt í þessari skuldaveislu sem nú er í gangi.

Í sama riti Seðlabanka er tafla um helstu óvissuþætti verðbólguspár bankans. Þeir fara þar yfir ýmsa óvissuþætti eins og einkaneyslu, gengisþróun, launaþróun, ríkisfjármál og eignaverð.

Ég ætla aðeins að fá að lesa upp úr þessari töflu, en þar segir varðandi einkaneyslu, með leyfi forseta:

Áhrif breytinga á lánamarkaði í formi lægri langtímavaxta og aukins aðgengis að lánsfé og möguleg auðsáhrif á einkaneyslu geta verið vanmetin.“

Hvað áhrif hefur það á verðbólgu samkvæmt þessari töflu? Með leyfi forseta:

„Hætta á að eftirspurnarþrýstingur sé vanmetinn og verðbólgu því vanspáð.“

Um gengisþróun segir í töflunni með leyfi forseta:

„Mikill viðskiptahalli og væntingar um aukna verðbólgu næstu árin geta þrýst niður gengi krónunnar.“

Hver eru áhrif á verðbólgu? Með leyfi forseta:

„Hætta á að gengi krónunnar lækki og verðbólgu því vanspáð."

Launaþróun, með leyfi forseta:

„Möguleiki á að slæmar verðbólguhorfur og útkoma annarra kjarasamninga setji launalið almennra kjarasamninga í uppnám."

Hver eru áhrif á verðbólgu? Með leyfi forseta:

„Hætta á að launahækkanir verði meiri en spáð er og verðbólgu því vanspáð."

Ríkisfjármálin, með leyfi forseta:

„Möguleiki á að aðhald í ríkisfjármálum verði minna en gert er ráð fyrir í áætlunum.

Möguleiki á að áhrif skattalækkunaráætlana á væntingar um framtíðartekjur séu vanmetnar og að eftirspurnaráhrif áforma verði því meiri."

Áhrif á verðbólgu, með leyfi forseta:

Hætta á að eftirspurnarþensla verði meiri í hagkerfinu en spáð er og verðbólgu því vanspáð."

Helstu óvissuættir á bak við verðbólguspá Seðlabankans eru þeir að þegar þeir fara yfir það sem gæti breyst þá telja sérfræðingar Seðlabankans að þeir séu frekar að fara varlega í að spá verðbólgu hér á landi og að frekar sé hætta á að óvissan sé með þeim hætti að verðbólga geti verið meiri en spáð er.

Virðulegi forseti. Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur alveg frá síðustu kosningum og reyndar áður kerfisbundið hækkað gjöld og álögur á almenning til að safna fyrir skattalækkunarloforðum sínum. Vel hefur verið farið yfir hvernig það hefur verið gert og mun ég ekki endurtaka það hér þó full ástæða sé til að halda því til haga einu sinni enn.

Hryggilegast við þetta er þó sú staðreynd að ef við horfum til næsta árs þá skilar þessi ríkisstjórn ekki einu sinni til baka þeim auknu álögum sem hún hefur lagt á á þessu ári og hyggst leggja á á því næsta. Þetta er ljótur leikur og helst til þess fallinn að færa auknar byrðar á lág- og millitekjufólk í landinu frá þeim sem betur eru búnir til að bera þær byrðar.

Herra forseti. Veruleikaflótti stjórnvalda er átakanlegur og ekki til þess fallinn að jafna lífskjör í landinu.

[18:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður gat rétt aðeins um samskipti stjórnarandstöðu við hv. formann efnahags- og viðskiptanefndar, sem er mín persóna. Þannig var að haldinn var fundur í efnahags- og viðskiptanefnd á mánudegi um umsögn til hv. fjárlaganefndar varðandi tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins. Þá kom að máli við mig hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og gat þess að það mætti nú kannski skoða betur forsendur þeirrar tekjuhliðar. Því miður tókst ekki á þeim stutta tíma að taka þær athyglisverðu athugasemdir til greina og það er ætlan mín, ef ég verð enn þá í þessu embætti, að skoða það á næsta ári.

Hins vegar féllst ég á það góðfúslega og með miklum og góðum vilja að skoða álit Seðlabankans og skýrslu hans sem birtist núna í gær. Það var gert. Ég skil því ekki alveg að ég hafi ekki brugðist með velvild við þessu.

Svo er það sem hv. þingmaður sagði um fjárlögin. Nú þykir það gott að hafa fjárlögin afgreidd snemma til þess að allir geti búið sig undir það, þjóðfélagið, opinberar stofnanir o.s.frv. Þess vegna togast það á við það hvort við viljum hafa allar nýjustu upplýsingar í fjárlögunum, t.d. þessa spá Seðlabankans, t.d. nýrri spár, og hvort við eigum að afgreiða, eins og var hérna í eina tíð, fjárlögin á Þorláksmessu eins og gerðist þegar verst var.

Ég tel betra að fjárlögin séu afgreidd fyrr þannig að allir megi vita að þetta sé vilji löggjafarvaldsins og fjárlagavaldsins og þess vegna verðum við að ganga út frá þeim forsendum sem þekktar eru þegar það er samþykkt. Skýrsla Seðlabankans lá ekki fyrir.

[18:45]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að ég hefði hælt hv. þingmanni og formanni efnahags- og viðskiptanefndar fyrir að hafa orðið við ósk minni hlutans í nefndinni um að kalla fulltrúa Seðlabankans á fund nefndarinnar þó það hafi ekki getað orðið fyrir 2. umr. Ég geri það aftur, ef einhver misskilningur er á ferð, og hæli hv. formanni fyrir að hafa þó orðið við þessari ósk minni hlutans í nefndinni, því eins og við höfum séð í dag og höfum oft upplifað á þingi þá er það því miður orðin venja hjá hv. meiri hluta á Alþingi að taka lítið tillit til þess hvað minni hlutinn segir, vill eða gerir.

Aftur á móti get ég ekki hælt hv. formanni efnahags- og viðskiptanefndar fyrir það álit sem sett var fram á fjárlögunum á fundi nefndarinnar eins og gengið var frá því 23. nóvember 2004, einfaldlega vegna þess að ég tel að efnahags- og viðskiptanefnd hafi ekki gert það sem henni ber að gera, þ.e. að fara yfir skattatillögur, áhrif skattalagabreytingar á tekjur ríkissjóðs eins og segir í þingsköpum, og einnig að fara yfir tekjuhluta frumvarpsins. Það eina sem segir í áliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar er, að þarna séu ákveðnar tekjur inni og þær þróist með þessum hætti en ekki er á nokkurn hátt reynt að leggja mat á þær. Það verður þó að hæla nefndinni fyrir að hún er ekkert að fela gjaldahækkanir sem þarna voru komnar fram. Hún talar um að tekjur af umsýslugjaldi fasteigna verði 280 millj. kr., að bifreiðagjöld og ýmsar aukatekjur hækki um 320 millj. kr. og svo mætti áfram telja. En svo segir í áliti nefndarinnar að spá á þjóðhagsforsendum hafi ekki verið breytt frá framlagningu frumvarpsins og það er alveg rétt á þessum tímapunkti, en að nefndin skyldi ekki koma saman aftur með álit og senda fjárlaganefnd þegar Seðlabankinn var búin að heimsækja hana var óskiljanlegt.

[18:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta hól til persónu minnar byggist sennilega á misskilningi, því mér fannst sjálfsagt að verða við þessu og ég áleit það ekki vera þakkarvert, þannig fannst mér einnig sjálfsagt að fá Seðlabankann til að ræða um nýja spá hans, þjóðhagsstærðir, og það var gert.

Hitt verð ég að segja að álit nefndarinnar byggir eiginlega á hvernig þetta hefur verið unnið hingað til, sem er einmitt það sem ég vil breyta, en það var ekki hægt að verða við því með svo stuttum fyrirvara, það var vandamálið. En ég reikna með að næsta haust muni nefndin taka

þetta til nánari skoðunar eftir ábendingum frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Menn hafa talað mikið um 9,5% aukningu einkaneyslu, um gengi og margt fleira. Nú er það þannig að ákvörðun Seðlabankans um hækkun stýrivaxta breytir þessum forsendum, ella hefði sennilega komið inn einn tugur milljarða í tekjuauka af ríkissjóði eða jafnvel meira, og afgangurinn þá orðið snöggtum meiri en við ætluðum í dag og er hann þó nokkuð myndarlegur fyrir.

Það er ljóst, eins og Seðlabankinn hefur ítrekað, að þessar breytingar, þ.e. hækkun á stýrivöxtum, breyta spánni sem var verið að gera, þannig að hún er ekki lengur marktæk. Nú þyrfti Seðlabankinn að gera nýja spá miðað við þá ákvörðun sem hann tók og þá kemur eitthvað allt annað í ljós. Til dæmis varðandi gengisforsendur, menn geta haldið áfram að breyta fjárlagafrumvarpinu fram í rauðan dauðann, en það togast þá á við það markmið að hafa fjárlögin snemma á ferðinni, þannig að allir megi vita hver vilji ríkisvaldsins er. Og oft er það þannig að breytingar sem verða á forsendum virka bæði til aukningar á tekjum og gjöldum eða öfugt, og því helst mismunurinn oftast nær.

[18:49]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal með glöðu geði hætta að þakka hv. þingmanni fyrir sjálfsagða hluti, en maður er orðinn vanur því að telja sig þurfa að þakka fyrir þegar menn bregðast með eðlilegum og sjálfsögðum hætti við beiðnum minni hluta. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að auðvitað eigum við ekki að vera að þakka fyrir sjálfsagða hluti, eins og það að halda fund í nefnd og kalla til aðila þegar eftir því er óskað.

Það kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal að þjóðhagsspá Seðlabankans væri sett fram áður en kemur til breytinga á stýrivöxtum, og það er alveg hárrétt. En ég hélt þó að hv. þingmaður hefði verið á sama fundi hv. efnahags- og viðskiptanefndar og ég, þegar fulltrúi Seðlabankans sagðist telja að þau tæki sem Seðlabankinn hefði bitu það seint, eða færu að virka það seint að varla væri við því að búast að þetta hefði mikil áhrif á árinu 2005, og ég vona að fleiri nefndarmenn en ég hafi heyrt þetta.

Hvað það varðar að efnahags- og viðskiptanefnd hafi ekki getað sent frá sér álit eftir að Seðlabankinn var þar í heimsókn vil ég benda hv. formanni nefndarinnar á að ekki *vafðist það fyrir minni hlutanum. Minni hlutinn* skilaði hér inn nefndaráliti um stöðu mála eftir að Seðlabankinn hafði verið í heimsókn og það vafðist ekkert fyrir honum og því vorkenni ég ekki meiri hlutanum að endurskoða álit sitt og senda fjárlaganefnd, þegar svona mikil breyting hefur orðið á forsendum fjárlaga.

Spurningin er: Eigum við að afgreiða fjárlög snemma og vitlaus, eða eigum við að reyna að afgreiða þau tiltölulega seint og eins rétt og mögulegt er? Ef ég á að velja leið þá mundi ég velja þá leið að reyna frekar að taka lengri tíma, vanda mig og skila lögunum frá mér réttum, þannig að þeir sem eftir þeim eiga að fara sýni þeim virðingu og fari eftir þeim.

[18:51]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Okkur sem tökum til máls við 3. umr. fjárlaga er nokkur vandi á höndum því að komið hefur fram hjá til að mynda talsmanni ríkisstjórnarinnar í fjárlaganefndinni, þ.e. hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, að forsendur fjárlaga séu gersamlega brostnar. Það kom einnig fram í útvarpsviðtali í morgun hjá formanni efnahags- og viðskiptanefndar, hv. þm. Pétri Blöndal, að aðgerðum Seðlabankans og tilkynningum sem komu frá Seðlabankanum í gær mætti líkja við að skútan hefði verið á leið í strand en aðgerðir bankans hefðu breytt kúrsinum þannig að ekki væri lengur hætta á að hún strandaði. Við erum í 3. umr. fjárlaga en helstu talsmenn ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hafa gengið langt fram í að halda því fram að forsendur fyrir fjárlögum séu brostnar. Seðlabankinn gengur út frá því í spá sem birtist í gær að forsendurnar sem lagt var upp með 1. október sl. séu brostnar. Í því samhengi má taka sem dæmi að Seðlabankinn geri ráð fyrir að einkaneyslan aukist um allt að 100% frá því sem spáð var 1. október, samneyslan um 60% frá því sem spáð var í október, fjárfesting um 10% frá því sem spáð var í október, þjóðarútgjöld um allt að því 50% frá því sem spáð var í október, þ.e. aukningin ... (**Gripið fram í:** Hann er búinn að breyta þessu.) Frá því í gær? (**Gripið fram í:** Já, ...) Virðulegi forseti. Fulltrúi Seðlabankans tók fram í gær, í frammíkalli, að þau tæki sem Seðlabankinn hefur til að grípa inn í bíti það seint að ólíklegt sé ... (**PHB:** Hann gerði það í morgun.) að þau hafi mikil áhrif á þessu ári. Virðulegi forseti. Við erum að ræða um fjárlög í 3. umr. við þær forsendur að flestir sem hafa tjáð sig um málin draga mjög í efa forsendurnar sem lagt var upp með 1. október sl. haldi. Í þeim veruleika ræðum við fjárlagafrumvarpið og þess vegna fór fram í dag talsverð umræða um að ástæða væri til að taka fjárlögin á ný inn til fjárlaganefndar til að ræða þessar forsendubreytingar, og þá fyrst og fremst til að þingið gæfi þau skilaboð frá sér að það taki fjárlögin alvarlega.

Það er gríðarlega stór ákvörðun að afgreiða fjárlögin frá þinginu við slíkar aðstæður, vitandi vits að forsendur þeirra séu brostnar. Þetta er afar sérstök staða, og þessar forsendur verður að taka inn í þegar menn meta hvað sagt hefur verið um fjárlögin.

Kjarninn í gagnrýni Seðlabankans frá í gær er fyrst og fremst aðhaldsleysi ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Það er kjarninn í gagnrýninni sem þar kom fram og þess vegna grípur Seðlabankinn til jafnróttækra aðgerða og raun ber vitni, að hækka stýrivexti um 100 punkta sem Seðlabankinn hefur aldrei gert áður. Það eru skýr skilaboð um verðbólguna sem bankinn telur að sé hér undirliggjandi.

Þess vegna vil ég, virðulegi forseti, draga það mjög skýrt fram í þessari umræðu hversu vandmeðfarin öll umræða um fjárlögin er, vegna þess að forsendur eru brostnar.

Í ræðu sinni í dag talaði hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson um að hækkanir Seðlabankans á *stýrivöxtum mundu* grafa undan útflutningsgreinunum, mundu í raun og veru valda kollsteypu hjá útflutningsgreinunum sem mundi hafa gríðarleg áhrif í för með sér fyrir íslenskt atvinnulíf og íslenskt hagkerfi. Hann talaði þannig í dag að líklega hefur enginn sem hefur tjáð sig í 3. umr. fjárlaga komist með

tærnar þar sem hv. þingmaður hafði hælana í þeirri svartsýnisspá sem hann hafði uppi um næsta ár í íslenska hagkerfinu. Hann benti hins vegar réttilega á að þær forsendur sem menn hafa núna í fjárlagafrumvarpinu, þ.e. um gengið og gengisþróun, gera ráð fyrir að gengisvísitalan verði 125. Í dag var gengisvísitalan 115, og hún gæti jafnvel farið niður í 110. Þessar staðreyndir draga fram með skýrari hætti en flest annað hve stór og alvarleg mál eru á ferðinni og því er full ástæða til að fjárlaganefnd kalli fjárlagafrumvarpið á ný inn til fjárlaganefndar.

Ég vil hins vegar segja það, virðulegi forseti, að í þessari umræðu hafa hv. þingmenn Samfylkingarinnar farið mjög vandlega yfir hlutina. Þeir hafa gert skýra grein fyrir, og goldið varhuga við að afgreiða fjárlög frá þinginu við þessar aðstæður, það sé mikill ábyrgðarhluti og lýsi því að menn taki afgreiðslu fjárlaga ekki mjög hátíðlega ef þeir treysta sér til að afgreiða fjárlögin á þessum forsendum.

Hv. þingmenn hafa einnig farið þannig yfir einstaka liði að ég vil leyfa mér að taka undantekningalaust undir það sem frá þeim hefur komið. En megintilgangur minn með því að koma hér í ræðustól, virðulegi forseti, í 3. umr. fjárlaga er fyrst og fremst að draga fram þá sérstæðu ákvörðun sem virðist hafa verið tekin bæði við undirbúning fjárlaga hjá hæstv. dómsmálaráðherra, þ.e. að leggja til að látið verði af beinum framlögum til Mannréttindaskrifstofu Íslands og síðan sú ákvörðun utanríkisráðherra að fylgja í kjölfarið á milli umræðna með sömu ákvörðun. Þetta hefur verið gagnrýnt af svo til öllum sem láta sig mannréttindi varða og í fylgiskjölum sem fylgja með minnihlutaáliti frá 1. minni hluta fjárlaganefndar eru dregnar fram áskoranir og ályktanir frá fjölmörgum félögum og stofnunum sem láta sig þetta varða.

Hér hefur einnig verið dregið fram að Mannréttindaskrifstofan hefur verið notuð af stjórnvöldum til að draga fram hve gott ástandið sé hér í mannréttindamálum og að stjórnvöld þurfi í raun og veru að þola aðhald í þeim málefnum, hún sé með sjálfstæða skrifstofu sem fari yfir frumvörp og geri athugasemdir við það sem miður kann að fara í áætlunum ríkisstjórnarinnar og þeim frumvörpum sem lögð eru fyrir Alþingi.

Þess vegna er hér um afar mikilvægt málefni að ræða, ekki aðeins að það sé sjálfsagt og eðlilegt að stjórnvöld þurfi að undirgangast aðhald af þessum toga heldur er hér einnig um alþjóðlegt samstarf að ræða. Mannréttindaskrifstofan hefur tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi sem er í raun og veru sett í uppnám með þeirri ákvörðun sem ríkisstjórnin virðist hafa tekið, að láta af beinum framlögum Alþingis til þessarar skrifstofu og færa í stað þess samsvarandi framlög undir ráðherrana og eiginlega gefa í skyn að Mannréttindaskrifstofan þurfi að eiga allt sitt undir þeim. Þetta er talið verða til þess að sjálfstæði skrifstofunnar skerðist.

Það er ekki síður alvarlegur hlutur ef lengi hefur staðið til að láta af þessum framlögum að skrifstofunni sé ekki gert kleift að undirbúa þær breytingar á þann hátt að hún geti þá sótt á önnur mið um fjárframlög. Þetta skiptir miklu máli því að það er alveg ljóst að ef það gerist núna um áramót að skrifstofan fái ekki frekara fjármagn þá leggst starfsemi hennar væntanlega niður sökum þess að hún hefur engan tekjugrundvöll og þar af leiðandi getur hún ekki greitt laun og ekki staðið undir þeim verkefnum sem hún nú stendur í. Það er því ekki aðeins að það sé mjög alvarlegur hlutur að ætlast til þess að skrifstofa eins og Mannréttindaskrifstofa eigi allt sitt beint undir ráðherra heldur ekki síður að ef sú hefur verið ætlunin að gefa þá ekki skrifstofunni aðlögunarfrest a.m.k. til þriggja ára til að vinna sig inn í aðrar leiðir hvað varðar fjármögnun.

Því verður að segjast eins og er, virðulegi forseti, að sú umræða er athyglisverð sem hér fór fram fyrr í dag eða núna seinni partinn við hæstv. núverandi forsætisráðherra, fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra, sem ég taldi og hef talið að væri haukur í horni hvað varðar framlög til Mannréttindaskrifstofunnar, enda ritaði hann fyrir nokkrum árum minnisblað til ríkisstjórnarinnar þar sem hann sagði, með leyfi forseta:

„Þetta fyrirkomulag, þ.e. opinbert framlag frá dómsmálaráðuneytinu, er ekki í samræmi við það sem tíðkast annars staðar. Mikilvægt er að undirstrika sjálfstæði skrifstofunnar og styrkja starfsemi hennar einkanlega sem rannsóknarstofnunar og almennt til eflingar mannréttinda.“

Það er eins og hæstv. forsætisráðherra hafi algerlega gleymt þessum orðum eða algerlega snúist á sveif með hæstv. utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra og þeim hugmyndum sem þaðan koma vegna þess að hann sagði áðan í umræðunni að það að skrifstofan eigi núna undir ráðherrana hafi ekkert með sjálfstæði hennar að gera. Það er þveröfugt við það sem kemur fram í minnisblaði frá ráðherra til ríkisstjórnarinnar á árinu 1997. Því vöktu þessi ummæli hans athygli mína og þegar reynt var að ganga á hæstv. forsætisráðherra og óska frekari skýringa á þeim viðhorfum sem hann lét falla í ræðu sinni í dag að það að skrifstofan þurfi að sækja undir hæstv. ráðherra hafi ekkert með sjálfstæði hennar að gera, þá var það þveröfugt við það sem hann sagði í minnisblaði til ríkisstjórnarinnar líklega á árinu 1997.

Á sama hátt voru orð hæstv. forsætisráðherra þegar hann sagði að upp hafi komið hugmyndir um að færa skrifstofuna til Akureyrar, að það skipti máli í þessu samhengi, þá eru það, virðulegi forseti, aðeins hugmyndir sem ég held að hafi fyrst og fremst komið frá Háskólanum á Akureyri og aldrei verið opnað á það sérstaklega af Mannréttindaskrifstofunni að flytja til Akureyrar. Það er því að minni hyggju í besta falli ómerkilegur útúrsnúningur að reyna að snúa sig út úr þessari umræðu á þann hátt. Ég verð því að lýsa mikilli furðu, virðulegi forseti, á ummælum hæstv. forsætisráðherra í dag og er alveg augljóst að þau eru í algjörri andstöðu við sjónarmið sem hæstv. þáverandi utanríkisráðherra, núverandi hæstv. forsætisráðherra, sendi ríkisstjórninni líkast til á árinu 1997 og varðaði rekstur Mannréttindaskrifstofu á árunum 1998 og 1999.

Í sama minnisblaði sagði einnig, með leyfi forseta:

„Enn fremur er lagt til að nýtt fyrirkomulag varðandi opinberan fjárstuðning við rekstur Mannréttindaskrifstofu Íslands, þ.e. að hann greiðist ekki lengur af dómsmálaráðuneyti„ — eins og var á árinu 1997 — „heldur þiggi skrifstofan fjárveitingu beint frá Alþingi í stað handhafa framkvæmdarvaldsins, þ.e. samtals kr. 15 milljónir sem lagt var til á árinu 1997.“ — Og er þá vísað til fundar sem haldinn

var 15. maí í utanríkisráðuneytinu.

Þannig að þau orð sem hæstv. utanríkisráðherra lét á blað á þeim tíma, núverandi hæstv. forsætisráðherra, virðast ekki hafa neina merkingu í umræðunni í dag.

Þetta er afar sérstakt vegna þess að í dag var gengið á hæstv. forsætisráðherra og hann krafinn svara um þessa kúvendingu í málflutningi sínum. Líkast til má draga þá ályktun að hann hafi verið knúinn til fylgilags við hugmyndir hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. dómsmálaráðherra, en ég átti þó von á því í umræðunni í dag að hæstv. forsætisráðherra lýsti því yfir að hann mundi gera tilraun til þess að sveigja hæstv. dómsmálaráðherra og hæstv. utanríkisráðherra frá þeirri villu sem þeir viðkomandi hæstv. ráðherrar eru í með því að leggja fram þær hugmyndir og tillögur sem þeir hafa gert.

Hann reyndi ekki á nokkurn hátt að verja sig í þessum efnum, hann gerði enga tilraun til þess að lýsa því yfir að hann muni reyna að beita sér fyrir breytingu, hann gerði ekkert sem benti til þess að hann mundi standa við hin stóru orð sem hann lét frá sér fara á árinu 1997. Vissulega er spurning, virðulegi forseti, hvaða mark eigi að taka á slíkri kúvendingu, einkanlega þar sem engar skýringar koma fram og jafnvel voru hér í ræðustólnum færð rök að algerlega gagnstæðum sjónarmiðum en hann setti fram á árinu 1997. Það er alveg ljóst að hæstv. forsætisráðherra skuldar þinginu skýringar á þeirri kúvendingu sem hér hefur orðið á afstöðu hans aðrar en þær að Sjálfstæðisflokkurinn hafi beygt hann til hlýðni. Varla hefur stóll forsætisráðherra verið svo dýru verði keyptur að hæstv. forsætisráðherra kyngi öllu því sem hann hefur sagt fyrr á árum. En það er alveg ljóst að hæstv. forsætisráðherra skuldar skýringu á þessari kúvendingu í afstöðu sinni.

Virðulegi forseti. Að lokum ætla ég að leyfa mér að taka undir sjónarmið sem fram komu í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um að það sé með ólíkindum við þær aðstæður sem við nú búum við og við aðstæður þar sem ríkisstjórnin ætlar sér að svíkja samkomulag við öryrkja, að við skulum ætla að eyða 800–1.000 milljónum í að reyna að fá sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það er með ólíkindum að þessi hugmynd hafi komist á flug og það er með ólíkindum að menn ætli að fylgja því eftir.

Við hljótum að spyrja hvert annað og við hljótum að spyrja þá sem standa fyrir þessum hugmyndum: Er það hugmynd okkar að við ætlum að fylgja algerlega sjálfstæðri utanríkisstefnu og jafnvel að fara gegn utanríkisstefnu Bandaríkjamanna? Er það hugmynd okkar að við ætlum að hafa frumkvæði og marka ný spor í alþjóðamálin? Eða á hvaða ferðalagi erum við?

Eins og menn hafa rætt á hinu háa Alþingi þurfti varla annað en símtal að vestan til þess að taka ákvörðun um að styðja innrásina í Írak. Halda menn að það að við fáum sæti í öryggisráðinu muni gera það að verkum að við förum algerlega nýjar leiðir í utanríkispólitík? Það hvarflar ekki að nokkrum einasta manni. Og að við ætlum að eyða 800–1.000 milljónum við þessar aðstæður í baráttu fyrir þetta sæti er með hreinum ólíkindum. Það er alveg kristaltært að þeir sem ganga með þessa drauma í maganum verða að gefa miklu betri skýringar á því á hvaða ferðalagi þeir eru. Þetta hefur verið eitthvert gæluverkefni fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra, núverandi forsætisráðherra, og það er mitt viðhorf, og ég tek undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, að ég held að það sé mikilvægt að Alþingi taki fram fyrir hendurnar á þeim sem ganga með slíkar hugmyndir í maganum og ætla að berjast fyrir þeim út í hið óendanlega. Einhver verður að hafa vit fyrir þessum mönnum. Við höfum ekki haft neitt fram að færa í utanríkispólitík hingað til, þó vel kunni að vera að þar geti orðið breyting á, sem réttlætir það að við eyðum þessum fjármunum í þá baráttu.

Við höfum heldur ekki þá stöðu í alþjóðastjórnmálum að geta ætlast til þess að við munum leika lykilhlutverk í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Vel má vera að þetta sé skemmtilegur og ánægjulegur draumur en að ætla að eyða þessum fjármunum í þetta þegar í fyrsta lagi innlendar bankastofnanir og greiningardeildir gagnrýna ríkisstjórnina fyrir aðhaldsleysi í fjármálum, öryrkjar sækja á ríkisstjórnina vegna þess að hún sé að svíkja samninga, svo ekki sé minnst á það að taka eigi 8 millj. af Mannréttindaskrifstofu Íslands. Það verður að segjast alveg eins og er, virðulegi forseti, að forgangsröðunin er slík að ég vil leyfa mér að taka undir með varaformanni fjárlaganefndar að Alþingi verður að bera gæfu til þess að taka fram fyrir hendurnar á þeim mönnum sem ganga með þá drauma í maganum að leika lykilhlutverk í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

[19:13]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Við erum komin í 3. umr. um fjárlög fyrir árið 2005. Í 2. umr. lagði Samfylkingin fram margar góðar breytingartillögur en meiri hlutinn hefur hafnað þeim þrátt fyrir margar ábendingar og aðvaranir, bæði frá okkur þingmönnum Samfylkingarinnar svo og ýmsum velmetnum samtökum í landinu.

Tillaga Samfylkingarinnar um lækkun matarskatts er algjörlega hunsuð af meiri hlutanum. Lækkun matarskatts er eitthvað sem kæmi okkur öllum til góða og mundi stuðla að jöfnuði. En slíkt hugnast ekki hinum þaulsætna meiri hluta þrátt fyrir þær hliðarverkanir að lækkun matarskattsins mundi leiða af sér lækkun neysluverðsvísitölu sem aftur mundi leiða af sér léttari afborganir af lánum.

Þrátt fyrir margítrekaðar ábendingar stendur meiri hlutinn við þá ákvörðun sína að fella niður, eins og hér hefur oft komið fram í dag og í kvöld, fjárveitingu til Mannréttindaskrifstofu Íslands. Þingmönnum og ráðherrum hafa borist áskoranir frá mörgum samtökum vegna fjárveitinga til Mannréttindaskrifstofunnar, t.d. frá stjórn Íslandsdeildar Amnesty International, frá stjórn Rauða krossins, frá Landssamtökunum Þroskahjálp og frá Biskupsstofu. Þrátt fyrir áskoranir frá þessum mikilvægu mannúðarsamtökum heldur meiri hlutinn fast við sitt og sker niður beina fjárveitingu til Mannréttindaskrifstofu Íslands. Sjálfstæður rekstur skrifstofunnar á að tryggja að í landinu starfi óháður greiningar- og eftirlitsaðili á sviði mannréttinda. Það ætti, virðulegur forseti, öllum að vera ljóst.

Hróður meiri hlutans í þessu máli hefur borist út fyrir landsteinana. Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna lýsti yfir furðu með þessa ákvörðun og telur sig þurfa að fylgjast grannt með þróun mannréttindamála á Íslandi. Einu

svörin frá meiri hlutanum eru þau að nú skuli skrifstofan sækja í sjóði. Ef Mannréttindaskrifstofan þarf t.d. að verja mannréttindi gagnvart dómsmálaráðuneytinu þá er það starf undir því komið að ráðuneytið samþykki að veita styrk til verksins. Hvað veldur því að þetta gerist svo fyrirvaralítið?

Við slíkar aðstæður læðist að manni sá grunur að skrifstofan sé meiri hlutanum ekki lengur þóknanleg. Getur það virkilega verið að einstaka ráðherrum ríkisstjórnarinnar, eins og ýjað hefur verið að í dag, sé svo í nöp við skrifstofu mannréttindamála að þeir í bræði sinni felli hana út af fjárlögum? Getur verið að afskipti og álit á lagafrumvörpum, t.d. frumvarpi um útlendinga, hafi komið skrifstofu mannréttindamála á svartan lista dómsmálaráðherra?

Virðulegi forseti. Minni hlutinn er með breytingartillögu sem farið var yfir áðan í þeim tilgangi að tryggja Mannréttindaskrifstofu Íslands 9 millj. kr. fjárveitingu árið 2005. Því gefst meiri hlutanum enn eitt tækifærið til að standa vörð um mannréttindi á Íslandi.

Það hefur og komið fram í máli hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur að Þjóðhagsstofnun, sem á sínum tíma kom með álit og athugasemdir sem hinum háu herrum þóknaðist lítt, var einfaldlega lögð niður.

Nú við 3. umr. um fjárlög kemur í ljós að vilji meiri hlutans til að byggja sendiráð í Berlín í formi hallar hefur ekkert breyst. Á milli 2. og 3. umr. hefur komið í ljós að tilboð í hallarbygginguna hafa farið langt fram úr kostnaðaráætlun. Því er við búið að þær 111,6 millj. kr. sem meiri hlutinn ætlar að veita á næsta ári séu ekki nægar og þar af leiðandi megi búast við tugmilljóna aukafjárveitingu í þennan lið á fjáraukalögum 2005.

Frú forseti. Þrátt fyrir ítrekuð varnaðarorð okkar í Samfylkingunni og forsvarsmanna SÁÁ um fjárveitingar til sjúkrahúsrekstursins á Vogi eru þær langt undir þörfum. Til að slá ryki í augu fólks fara þingmenn meiri hlutans frjálslega með tölur. Í því sambandi hrósaði t.d. hv. þm. Sæunn Stefánsdóttir, þann 24. nóvember síðastliðinn, hinum þaulsætna meiri hluta fyrir mikla aukningu á fjárlögum til SÁÁ. Þar bar hún saman tölur á fjárlögunum í dag og fjárlögunum árið 1997. Þannig reiknaðist hv. þingmanni til aukning á sjö árum, um 280 millj. kr., úr 219 millj. kr. í 499 millj. kr.

Frú forseti. Það er virkilega alvarlegt þegar þingmaður meiri hlutans fer svo frjálslega með tölur. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu 2005, sem hér er til umræðu, fara 471,3 millj. kr. til SÁÁ. 219 millj. kr. 1997 þarf að uppreikna til að geta borið þetta saman og uppreiknaðar í dag eru þetta rúmar 291 millj. kr. Raunbreytingin á þeim sjö árum, miðað við frumvarpið, er ekki hækkun upp á 280 millj. kr. eins og hv. þingmaður Framsóknarflokksins gaf í skyn heldur einungis 180,3 millj. kr. Miðað við þarfir sjúkrahússins á Vogi er sú hækkun á sjö árum hvergi næg.

Framlögin eru ekki næg árið 2005 og meiri hlutinn virðist ekki ætla að sjá að sér við 3. umr. Það leiðir af sér niðurskurð, samkvæmt áætlun forsvarsmanna SÁÁ um sparnað. Ég ætla aðeins að nefna nokkur atriði af lista frá samtökunum þar sem birt er áætlun til sparnaðar á árinu 2005. Gert er ráð fyrir að prestaþjónusta sem þar hefur verið veitt verði lögð af. Vakt og móttaka á ráðgjafa- og göngudeild við Vog verði lögð af. Dregið verði úr læknisþjónustu við göngudeild á Vogi og hún að mestu leyti lögð af. Engir nýir sjúklingar verða teknir í viðhaldsmeðferð við ópíumfíkn. Minni þjónusta verður fyrir vímuefnafíkla sem jafnframt eru með geðsjúkdóma og sjúklingar yngri en 16 ára verða ekki innritaðir á Vog, þ.e. breyting verður á rekstri unglingadeildar. Bráðaþjónusta verður að mestu lögð af og viðhaldsmeðferð fyrir ópíumfíkla mun verða dregin saman.

Sjúklingar yngri en 16 ára verða ekki innritaðir á Vog. Þetta er sorgleg afturför, frú forseti. Á sama tíma og við getum lesið um hetjulega baráttu föður við að ná dóttur sinni úr klóm fíkniefna og fíkniefnasala, fáum vitneskju um hve nauðsynlegt er að aðstoða unga vímuefnaneytendur, berast okkur þessar upplýsingar. Sjúklingar yngri en 16 ára verða ekki innritaðir á Vog. Þeir verða ekki innritaðir á Vog verði fjárlagafrumvarpið að lögum óbreytt.

Á hverju ári njóta um 40 börn sérhæfðrar meðferðar á Vogi, meðferðar hjá læknum, hjúkrunarfræðingum og öðrum meðferðaraðilum sem hafa sérhæft sig í meðferð fyrir ungt fólk. Það er dýrara að meðhöndla yngra fólkið. Það krefst yfirsetu, jafnvel sólarhringsyfirsetu. En er það ekki mun hagstæðara fyrir þjóðfélagið að meðhöndla sjúklinganna á unga aldri og aðstoða þá þannig við að verða nýtir þjóðfélagsþegnar?

Í fjárlagafrumvarpinu eru aukin framlög til þróunaraðstoðar, þar með talið til friðargæslu í erlendum ríkjum. Við megum ekki gleyma því sem stendur okkur nær og er okkur hvað dýrmætast, það eru börnin okkar. Börn og unglingar sem njóta meðferðar hjá SÁÁ eiga framtíðina fyrir sér. Ef þau eiga ekki kost á aðstoð fyrr en þau verða eldri þá er lífshlaup þeirra mögulega í molum og mikill skaði orðinn hjá þeim og þeirra nánustu.

Frú forseti. Ég vil svo að lokum enn og aftur lýsa yfir óánægju með það skilningsleysi sem meiri hlutinn, með menntamálaráðherra í broddi fylkingar, sýnir sérsamböndum ÍSÍ. Ég fæ ekki betur séð en framlög sem þau hafa haft til að annast lyfjaeftirlit sé algerlega skorið niður. Sérsambönd ÍSÍ hafa ýmsum verkefnum að sinna sem óþarfi er að fara yfir en það sem almenningi er hvað sýnilegast er umsjón með þátttöku okkar í íþróttum á erlendri grund. Í flestum tilfellum þurfa þeir einstaklingar er keppa fyrir hönd þjóðarinnar að kosta þátttökuna sjálfir. Þessu verður að breyta. Hæstv. menntamálaráðherra hélt nýverið samráðsfund með forsvarsmönnum ÍSÍ og sérsambandanna, fund sem engu virðist hafa skilað. Ég skora á ráðherra og fjárlaganefnd að endurskoða afstöðu sína um fastar fjárveitingar til sérsambanda ÍSÍ, ef ekki við afgreiðslu þessara fjárlaga á morgun þá fyrir fjárlagagerð 2006.

[19:25]

Þuríður Backman:

Frú forseti. Hér er komið til 3. umr. fjárlagafrumvarp fyrir 2005. Sá þáttur í starfi þingsins sem vegur hvað þyngst á haustþinginu er vinnan að gerð fjárlaga. Hér hafa margir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar lýst vinnubrögðum fjárlaganefndar og komið með margar athugasemdir við störf hennar. Ég tel mikilvægt að Alþingi taki tillit til þeirra athugasemda og skoði þær með opnum hug. Með því að bera vinnubrögðin saman við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar gætum við séð hvort ástæða er til að endur-

skoða vinnuferli fjárlaganefndar við fjárlagagerðina og aðkomu þingsins að þessu mikilvæga máli.

Athugasemdirnar eru margvíslegar. Ég ætla ekki að telja þær allar upp en, hæstv. forseti, ég tel margar þeirra það alvarlegar að okkur beri að athuga mjög vandlega hvort breytt vinnubrögð, vinnuferlið sem slíkt, muni ekki geta bætt áreiðanleikann við lokaafgreiðslu þessa máls.

Ég vil taka undir þá beiðni sem komið hefur fram, að miðað við skýrsluna sem Seðlabankinn birti í gær um þróun og horfur í efnahags- og peningamálum, verðbólguhorfur til næstu tveggja ára, sé full ástæða til að gera hlé á umræðum um fjárlögin við 3. umr. fjárlaga og vísa málinu aftur til fjárlaganefndar sem færi yfir forsendur fjárlaga miðað við þær upplýsingar.

Forsendurnar eru í skýrslu Seðlabankans allt aðrar en þær sem fjárlagafrumvarpið byggir á. Þótt minni hluti fjárlaganefndar, stjórnarandstaðan, fái engu um það hnikað þá tel ég að það mundi a.m.k. sýna ákveðna ábyrgð að fara yfir málið í fjárlaganefnd með tilliti til breyttra forsendna.

Eins og komið hefur fram í dag og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lýsti kannski hvað skýrast eru forsendur fjárlaganna brostnar. Ég tel eins og fleiri að mikilvægt sé að endurmeta fjárlagafrumvarpið með tilliti til verðbólguspár Seðlabankans. Okkur liggur ekki svo á að afgreiða frumvarpið í kvöld eða á morgun. Við höfum næstu viku fyrir okkur til að greiða atkvæði um málið. Ég tek undir það að það sé lágmarkskrafa að fjárlaganefndin fari aftur yfir frumvarpið.

Eins og fram kemur í upphafi greinar um nýja þjóðhagsspá Seðlabankans hafa verðbólguhorfurnar til lengri tíma versnað töluvert. Ég ætla að nefna nokkrar ástæður sem tilgreindar eru í því sambandi, m.a. stóriðjuáformin. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa beint úr greininni:

„Stóriðjuáformin hafa enn færst í aukana, á sama tíma og aðgangur almennings að lánsfé hefur orðið mun greiðari en áður og vextir verðtryggðra húsnæðisveðlána til langs tíma lækkað."

Frú forseti. Það var fyrirséð að stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar mundi steypa öllu um koll í efnahagsmálum, ruðningsáhrif framkvæmdanna yrðu m.a. þau að mikil spenna yrði á fjármálamarkaðnum. En það sem var ekki vitað þegar stóriðjuáformin fóru í gang var sú breyting sem orðið hefur á lánamarkaði bankanna og að lán til íbúðarkaupa færu í svo ríkum mæli yfir til bankanna og að útlán þeirra yrðu ekki bundin við kaup á íbúð. Þar af leiðandi hefur orðið mikil spenna og eyðsluþensla hjá almenningi hér á landi í efnahagslífinu.

Ljóst er að þær stóriðjuframkvæmdir sem við stöndum í núna eru af þeirri stærðargráðu að íslenskt efnahagslíf ræður tæplega við það og eru timburmennirnir rétt að byrja að koma í ljós. Þetta er þegar farið að hafa áhrif á útflutningsgreinarnar og sjávarútvegurinn, sem hefur verið sterkasta undirstöðugrein okkar í atvinnulífinu til margra ára, hefur verið að veikjast vegna sterks gengis krónunnar. Það er erfitt að sjá fyrir hvert þetta muni leiða. Hugsanlega mun þetta verða til þess að það verður meira kallað eftir erlendum fjárfestingum inn í íslenskan sjávarútveg. Hvort þetta er meðvitað eða ómeðvitað skal ég ekki segja um, en það lætur að mér sá grunur að þegar verið er að þrengja svo að stöðu opinberra stofnana að þær hafi ekki möguleika til að sinna lögboðnum verkefnum og að verkefnin eru þá sett yfir í einkarekna þjónustu, að þetta sé hugsanlega meðvitað að horfa til þess að sjávarútvegurinn muni þurfa á erlendu fjármagni að halda til þess að fara hreinlega ekki í gjaldþrot.

Til þess að halda sjó hefur Seðlabankinn það mikilvæga hlutverk að halda verðbólguspánni sem gefin er sem stöðugastri og til þess hefur hann möguleika til þess að hækka vexti sem hann hefur gert í dag. Er ekkert um það að segja annað en að Seðlabankinn er að bregðast við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og þýðir ekki að kenna honum um heldur fremur að líta í eigin barm. Ég vona að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson geri það og endurmeti afstöðu sína til fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar.

Til þess að ná hér endum saman og halda verðbólgu í skefjum verður að draga úr opinberri þjónustu og það hefur svo sannarlega verið gert. Það er dregið úr opinberum framkvæmdum og það eru stórir málaflokkar eins og samgöngubætur, heilir 2 milljarðar eru teknir úr framkvæmdaáætlun Vegagerðarinnar. Það er dregið úr opinberri þjónustu og verið að hækka þjónustugjöld og aðra þætti sem bæði sjúklingar og neytendur finna fyrir.

Það má segja að heilbrigðisþjónustunni og velferðarþjónustunni sé settur mjög alvarlega þröngur rammi til þess að halda uppi óbreyttri velferðarþjónustu, og þó að hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti á Alþingi neiti því að verið sé að skera niður í velferðarþjónustunni er ramminn svo þröngur að forstöðumenn stofnana og stofnanir hafa sárlega kvartað undan að þau geti ekki sinnt þeim verkefnum sem þeim ber samkvæmt lögum. Þetta er staðreynd sem við stöndum frammi fyrir núna þegar verið er að afgreiða fjárlög fyrir 2005.

Sjúklingar hafa sérstaklega fundið fyrir þessu aðhaldi eða niðurskurði, vil ég frekar kalla það, því komugjöldin hafa hækkað, þátttaka í heilbrigðisþjónustunni kostar orðið meira og lyfjakostnaður er orðinn hærri fyrir einstaklinga, sérstaklega þá sem þurfa eitthvað á þeirri meðferð að halda. Því tel ég, alveg þvert á það sem hæstv. forsætisráðherra hélt fram í dag, að stóriðjustefnan væri hér til þess að lyfta tröllataki í atvinnulífi þjóðarinnar og undir hennar regnhlíf mundu fleiri atvinnutækifæri blómstra, ef ég má nota mitt orðalag til þess að lýsa skoðun hans. Ég tel að þvert á móti geti það til lengri tíma litið verkað öfugt, að stefnan, þenslan og gengisstaða krónunnar muni hreinlega bitna á útflutningsfyrirtækjum okkar og veikja þau svo að við munum búa við fyrirtæki sem eru ekki eins fjölbreytt og í dag.

Hvað varðar öryrkjana og loforð ríkisstjórnarinnar um að bæta kjör öryrkja vil ég enn og aftur taka fram, sem ég held að megi segja að sé skjalfest á mörgum stöðum, að ríkisstjórnin hefur ekki uppfyllt það samkomulag sem hún stóð fyrir að gera við Öryrkjabandalag Íslands rétt fyrir kosningar. Forsenda þess að Öryrkjabandalagið skrifaði undir samkomulagið voru ákveðnir útreikningar. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur viðurkennt að það sé ekki búið að uppfylla nema tvo þriðju samkomulagsins og þær hækkanir sem fram hafa komið til öryrkja í núverandi og fyrrverandi frumvarpi eru eingöngu til þess að mæta fjölgun öryrkja en ekki til þess að uppfylla það samkomulag sem gert var, þá

línulaga lækkun ákveðinnar upphæðar sem átti að vera mest til þeirra sem yngstir hafa orðið öryrkjar.

Því miður er þetta enn eitt málið sem öryrkjar verða að reyna að fá fram með því að fara dómstólaleiðina. Ég verð að lýsa því yfir að mér finnst þetta ekki hæstv. ríkisstjórn til sóma að koma fram við öryrkja eins og gert hefur verið, ekki bara í þessu máli heldur öðrum. Ég vona að ríkisstjórn og þær ríkisstjórnir sem munu sitja hér eftir muni láta þessi mál sér að kenningu verða og koma fram við öryrkja eins og þeim ber og a.m.k. standa við það samkomulag sem gert er.

Ég ætla aðeins að fara nokkrum orðum um stöðu heilbrigðisþjónustunnar. Það er alveg ljóst að miðað við frumvarpið verða áfram miklir rekstrarerfiðleikar á flestum stofnunum. Má nefna Landspítala – háskólasjúkrahús þar sem upphæðirnar eru jú hæstar, og að öllu óbreyttu verður enn frekari skerðing á þjónustu á þeirri stofnun. Það er ljóst að til þess að halda óbreyttum rekstri vantar um 600 millj. í frumvarpið fyrir 2005 þannig að farnar verða einhverjar af þeim leiðum sem stofnunin hefur lagt til, að segja upp fólki, koma af sér ákveðinni þjónustu og/eða taka hærri gjöld fyrir þá þjónustu veitt er í dag, auka göngudeildarþjónustu og fjölga þeirri meðferð sem fer inn á fimm daga þjónustu og alls konar tilfærslur innan stofnunarinnar vegna helgarþjónustu sem mun leiða af sér mikið óhagræði og aukna sýkingarhættu. Stofnunin stendur frammi fyrir þessu og alveg greinilegt að frekar á að líta til þess í fjáraukalögum að styrkja rekstrarstöðu stofnunarinnar frekar en að gera það núna. Ég tel að þetta vinnuferli eða þetta ráðslag sé mjög erfitt og ætti að vera óþarft fyrir stjórnendur ríkisstofnana að eyða svo mikilli orku og kröftum í þennan þátt í staðinn fyrir að geta einbeitt sér að því að reka stofnanir sínar eins og lög kveða á um. Þetta er orðin óþolandi staða sem forstöðumenn stofnunarinnar eru settir í.

Ef við nefnum sjúkrahúsin vítt og breitt um landið er greinilegt að þar verða vandamál uppi. Það þarf greinilega að skera niður helgarvaktir, minnka bráðaþjónustu, dregið verður úr viðhaldi og reynt að halda mannahaldi niðri eins og hægt er. Þetta eru þær aðgerðir sem stofnanirnar verða að grípa til og það verður erfitt fyrir heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar að uppfylla lögboðna þjónustu miðað við fjárlögin.

Dvalarheimilin fá aukið framlag, þ.e. óskilgreint framlag til dvalarheimilanna vegna aukinnar hjúkrunarþyngdar, sem er alls ekki nóg samkvæmt þeim heimildum sem við höfum í dag vegna þeirrar breytingar sem hefur orðið á hjúkrunarþyngd sjúklinga sem liggja inni á dvalarheimilunum, og enn vantar fleiri rými inn á hjúkrunarheimilin, og er þá einungis fátt upp talið.

Hvað varðar heimaþjónustu aldraða, langveikra og fatlaðra þá þarf að stórefla þá þjónustu, bæði til að mæta kröfum heilbrigðisþjónustunnar um styttri legutíma og einnig vegna breyttra viðhorfa til einstaklingsbundinnar þjónustu.

En að mínu mati er það stórhættuleg stefna að stytta legutímann og útskrifa sjúklinga á sama tíma og sveitarfélögin eru það aðþrengd í rekstri að þau hafa ekki haft bolmagn til að efla heimaþjónustuna eins og nauðsynlegt er. Þetta hefur nú þegar leitt af sér meiri einangrun margra sem eru heima þar sem þjónustan er ekki í því magni sem hún þyrfti að vera. Eins má búast við að við förum að sjá fleiri einstaklinga sem fá legusár og verri legusár en verið hefur. Þetta er bara hluti af því að gæta þess ekki að sveitarfélögin geti sinnt þessari þjónustu og látið hana fylgja breyttum áherslum á sjúkrahúsunum.

Ég held að við hér á hinu háa Alþingi séum öll sammála um að betra sé að byrgja brunninn, og það á við um forvarnirnar og ætti því að koma enn sterkara fram í fjárlagaframvarpinu. Því þó svo að áhersla á forvarnaþáttinn hafi að nokkru aukist þá vantar sárlega inn á marga pósta sem til lengri tíma litið spara þjóðfélaginu háar upphæðir. Þetta er viðurkennt og vitað og vil ég bara nefna Tannverndarsjóð í því sambandi.

Það vantar líka fleiri meðferðarúrræði fyrir geðfatlaða, fyrir geðsjúka og fyrir eiturlyfja- og áfengissjúklinga, eins og dæmi SÁÁ gefur sterkt til kynna og einnig þrengingar Geðdeildar Landspítalans sem hefur orðið að draga úr, og mun verða að draga enn frekar úr þjónustu sinni við áfengissjúklinga. Það vantar einnig meðferðarúrræði fyrir fullorðna einstaklinga sem er erfitt að flokka undir einstaklinga sem eigi alfarið að fá heilbrigðisþjónustu eða félagsþjónustu, og sá hópur er stór.

Frú forseti. Mig langar enn og aftur að segja nokkur orð um stöðu Heilbrigðisstofnunar Austurlands, þó hægt væri að nefna fleiri heilbrigðisstofnanir vegna þess hve erfiðri skuldastöðu þær eru í. Heilbrigðisstofnun Austurlands er í þeirri stöðu, vegna mikilla umsvifa og fólksfjölgunar á svæðinu, að þrátt fyrir ákveðinn samning um þjónustu vegna virkjunarframkvæmda uppi á hálendinu þá dugar aukið framlag engan veginn til að halda uppi óbreyttum rekstri, það er öllum ljóst. Það eru að rísa 1.800 manna vinnubúðir á Reyðarfirði, þetta er heilt þorp, og Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað hefur ekki verið búið nýjum tækjum sem til þarf, og þar nefni ég eingöngu röntgentækin. Sú stofnun er sett á biðlista eftir röntgentækjum, rétt eins og hver önnur stofnun, og ef afgreiðsla þeirra gengur með sama hraða og afgreiðsla annarra dýrra tækja á fjárlögum þá má búast við að Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað fái ný röntgentæki um svipað leyti og stóriðjan á Reyðarfirði er risin.

Það sér hvert einasta mannsbarn að jafnmiklum framkvæmdum og þarna verða fylgir mikil ábyrgð, þar sem þá er svo mörgum stefnt inn á svæði einnar heilbrigðisstofnunar. Það hlýtur því að eiga að koma til móts við stofnunina og sjá til þess að hún geti sinnt hlutverki sínu þannig að bæði heilsugæslan, og þá ekki síður sjúkrahúsið séu vel tækjum búin þann tíma sem þessi mikli mannfjöldi er þarna, og mikil slysahætta er fyrir hendi, en við þessu verður að vera hægt að bregðast. En ég tel að svo sé ekki og það tel ég vera mjög alvarlega stöðu og hvet hæstv. heilbrigðisráðherra til að fylgjast mjög vel með ástandinu á þessu svæði.

Ég vil enn og aftur nefna forstöðumenn heilbrigðisstofnana, sem vítt og breitt um landið eru í þeirri stöðu að búið er að leggja niður stjórnir heilbrigðisstofnananna og þar af leiðandi hafa þeir ekkert bakland heima í héraði. Þeir eiga að framfylgja lögum, bæði lögum um heilbrigðisþjónustu og sjá til þess að stofnanirnar sinni því sem þeim ber, og þeir eiga líka að framfylgja fjárlögum, en hvorugt er hægt

að gera. Staða þessara forstjóra er því algjörlega óviðunandi og mér finnst að hæstv. heilbrigðisráðherra eigi að skoða alveg sérstaklega hvort sú breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu að leggja niður stjórnir heilbrigðisstofnana, hafi verið rétt og skoða það með opnum hug og endurmeta stöðuna.

Að lokum vil ég nefna eitt mál sem margir aðrir hafa nefnt hér í dag en það er Mannréttindaskrifstofan. Það er verið að vega að sjálfstæði stofnunarinnar og þýðir ekki að reyna að snúa út úr því og segja að hún fái sama fjármagn, það sé hægt að tala við hæstv. ráðherra, og að allt sé í lagi því vel hafi farið á með hæstv. ráðherra og Mannréttindaskrifstofunni þegar fulltrúar hennar hafa átt erindi til dómsmálaráðherra eða forsætisráðherra.

En það er verið að skerða sjálfstæði stofnunarinnar og ég tel að við eigum að horfa til Mannréttindaskrifstofunnar á nákvæmlega sama hátt og til umboðsmanns Alþingis. Það er stofnun sem á að vera gagnrýnin, á að gagnrýna störf opinberra stofnana, og nákvæmlega sama gildir um Mannréttindaskrifstofuna, það verður að tryggja algjört sjálfstæði slíkra stofnana.

Ég held að ekki þurfi að segja neitt fleira um það og ég veit að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, sem tekur til máls á eftir mér, mun fara betur yfir mál Mannréttindaskrifstofunnar. Þetta er ekki spurning um upphæð, þetta er spurning um sjálfstæði og við verðum að standa vörð um sjálfstæði Mannréttindaskrifstofunnar og það er betra að við gerum það hér og gerum það strax en að fá á okkur kærur og illt umtal úti í heimi.

[19:55]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég óskaði eftir því fyrr í dag að tveir ráðherrar yrðu viðstaddir þegar ég flytti ræðu mína, annars vegar hæstv. umhverfisráðherra og hins vegar hæstv. menntamálaráðherra. Ég hef fengið símtal frá hæstv. umhverfisráðherra þar sem hún sagði mér að ómögulegt væri fyrir sig að komast frá en mig langar til að vita hvort einhver boð hafi borist frá hæstv. menntamálaráðherra.

(**Forseti** (HBl)**:** Hæstv. menntamálaráðherra er ekki í húsinu.)

Þá langar mig að spyrja hæstv. forseta hvort vitað sé hvort viðkomandi ráðherra, hæstv. menntamálaráðherra, sé væntanlegur í húsið vegna beiðni minnar.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég skal láta athuga það en mér var ókunnugt um þessa beiðni.)

Ég get þá hafið mál mitt, virðulegi forseti, meðan verið er að ganga úr skugga um hvort hæstv. menntamálaráðherra sé væntanlegur í húsið. Nú hefur 3. umr. um fjárlög farið fram frá því í morgun og eins og venjulega flytur stjórnarandstaðan mónólóga sína og ráðherrabekkirnir eru nánast auðir. Hæstv. fjármálaráðherra hefur þó verið í húsinu og fylgst með umræðunum, eins og eðlilegt hlýtur að teljast, en aðrir ráðherrar hafa ekki sést hér nema að litlu leyti, jú reyndar heiðraði hæstv. forsætisráðherra okkur með nærveru sinni í stutta stund í dag. Þetta er vægast sagt orðið afar bagalegt því stjórnarandstaðan hefur mikið til málanna að leggja, sérstaklega þegar ástandið í efnahagsmálunum er eins og það er og aðgerðir Seðlabanka í gær eru jafndramatískar og þær eru, þá er eðli málsins samkvæmt afar óeðlilegt að hæstv. ráðherra skuli ekki vera hér til andsvara varðandi málefni einstakra ráðuneyta.

Það hlýtur að teljast eðlilegt og hluti af sjálfsögðu lýðræði í lýðræðissamfélagi að hér fari fram samtal stjórnarandstöðu og hæstv. ríkisstjórnar, sérstaklega þegar um er að ræða eitt viðamesta mál hvers þings, þ.e. fjárlögin.

(**Forseti** (HBl)**:** Hæstv. menntamálaráðherra hefur enga möguleika á að vera hér.)

Jæja, hæstv. forseti, eins og venjulega þurfum við þingmenn stjórnarandstöðunnar að taka því með stóískri ró að hæstv. ráðherrar séu svo uppteknir að þeir sjái sér ekki fært að vera við síðustu umræðu fjárlaga, umræðu sem hefur verið mjög efnis- og yfirgripsmikil, þar sem tekið er á grundvallaratriðum í efnahagsstjórn okkar og hagstjórn. Mér þykir það vægast sagt mjög miður að ekki skuli vera hægt að leggja spurningar fyrir hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. umhverfisráðherra vegna tveggja tillagna sem ég ætla að fjalla um í ræðu minni, en það verður þá svo að vera, við reynum að halda ró okkar yfir því eins og öðru sem mætir okkur á vegferð okkar við störf Alþingis Íslendinga.

Ég ætla ekki að fara vítt yfir í máli mínu, hæstv. forseti. Tillögunar sem ég vil fyrst og fremst gera að umræðuefni eru tvær. Þær er að finna annars vegar á þskj. 527, þar er um að ræða breytingartillögur við frumvarp til fjárlaga sem er frá öllum þingmönnum stjórnarandstöðunnar og lýtur að málefnum Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands.

Hin tillagan er á þskj. 525 og er breytingartillaga frá mér sem varðar náttúruminjasafn. Þá tillögu boðaði ég í 2. umr. um fjárlög og nú liggur hún hér fyrir þannig að formleg framsaga mín um þá tillögu fer fram hér og nú.

Það er að mörgu leyti heppilegt að nú skuli vera komin í hús skýrsla frá Ríkisendurskoðun um fjármál Náttúrufræðistofnunar en hún barst í hólf þingmanna í gær. En svo sem kunnugt er hefur rekstrar- og fjárhagsvandi Náttúrufræðistofnunar Íslands verið talsverður undanfarin ár og það tengist að sjálfsögðu málefnum Náttúruminjasafns og ég mun því leggja út af þeirri skýrslu í máli mínu, virðulegi forseti.

Fyrir tveimur árum samþykkti Alþingi Íslendinga safnalög og nýja stefnu um höfuðsafn þjóðarinnar. Þar gerum við ráð fyrir fjórum höfuðsöfnum, þ.e. Landsbókasafni, Þjóðminjasafni, Listasafni Íslands og fjórða safnið er svo Náttúruminjasafn. Sannleikurinn er sá að síðan þessi ákvörðun var tekin og lögin sett, hefur ekkert gerst í málefnum Náttúruminjasafns og er það að sjálfsögðu afar miður því að Náttúrufræðistofnun Íslands sem hefur með varðveislu þessa safns að gera hefur í áratugi barist fyrir úrbótum í húsnæðismálum sínum. Í þeirri vinnu allri hefur ævinlega verið gert ráð fyrir safnahúsi, enda tel ég afar nauðsynlegt að Náttúrufræðistofnun Íslands og væntanlegt náttúrugripasafn verði í nánum tengslum, helst svo nánum að þau séu ef ekki undir sama þaki þá í mjög tengdum byggingum, því eðli málsins samkvæmt hljóta vísindamenn Náttúrufræðistofnunar að þurfa að nýta sér efni Náttúruminjasafns við störf sín.

Breytingartillaga mín gerir ráð fyrir því að Alþingi Ís-

lendinga samþykki 20 millj. kr. framlag til þess að undirbúa stofnun Náttúruminjasafnsins. Ég verð að segja að það er afar lág upphæð og í sjálfu sér táknræn og ætti að vera útlátalaus fyrir okkur en í öllu því flóði milljóna sem við höfum veitt til safnamála, ég ætla ekki að gagnrýna það því það er vel, tel ég að Náttúruminjasafnið sé hér út undan og hornreka sannarlega að ástæðulausu.

Varðandi fjárhagsvanda Náttúrufræðistofnunar almennt kemur í ljós í skýrslu Ríkisendurskoðunar að talsmenn umhverfisráðuneytisins eru sammála yfirmanni Náttúrufræðistofnunar um að stofnunin nái ekki lengur að sinna lögbundnum verkefnum með fullnægjandi hætti. Mér þykja það nokkur tíðindi, hæstv. forseti, að umhverfisráðuneytið skuli viðurkenna að vandi stofnunarinnar sé orðinn svo mikill að hún nái ekki lengur að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Á sama tíma og það gerist er sett fram, má segja, krafa um það frá íslenskum stjórnvöldum að hluti af starfsemi Náttúrufræðistofnunar, þ.e. starfsemi Akureyrarseturs stofnunarinnar, skuli færður í nýtt rannsóknarhús sem tengt er Háskólanum á Akureyri.

Komið hefur fram í máli yfirmanna stofnunarinnar að þetta ráðslag sé gagnrýnivert og varhugavert á þessum tímum, sérstaklega vegna núverandi fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Það sé hæpið að gera þessar umfangsmiklu breytingar í húsnæðismálum stofnunarinnar vegna þess að þær leiði til mikillar hækkunar á húsaleigu. Þær leiði til viðbótarkostnaðar sem nemur 25 millj. kr. á ári. Sú upphæð er álíka mikil og árleg fjárvöntun stofnunarinnar um þessar mundir. Það verður því að taka undir þau orð sem koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að þessi ráðstöfun orki mjög tvímælis miðað við þá stöðu sem stofnunin er í.

Ég hefði sannarlega talið fulla þörf á því að eiga hér skoðanaskipti við hæstv. menntamálaráðherra og hæstv. umhverfisráðherra, því nú heyra þessi mál undir báða þessa ráðherra, um þetta ráðslag. Ég vil fá að heyra það úr munni hæstv. ráðherra hvernig þær rökstyðji það að farið skuli í þennan flutning á setri Náttúrufræðistofnunar á Akureyri á þeim tíma sem stofnunin nær svo langt í frá endum saman í fjármálum sínum. Gert er ráð fyrir að uppsafnaður halli stofnunarinnar verði við lok þessa árs yfir 60 millj. kr. Nú geri ég mér ekki fulla grein fyrir því hvort þær 36 millj. sem komu til stofnunarinnar á fjáraukalögum eru dregnar frá þessum 60 millj. sem við höfum verið að vinna með í aðdraganda þessara fjárlaga, en hvort sem þær eru dregnar frá eða við getum dregið þær frá þeim 63 millj. eða bætt þeim við, þá gildir það einu því að vandi stofnunarinnar, bæði uppsafnaður vandi og fyrirsjáanlegur á næstu árum ef ekki verða breytingar, er slíkur. Hann er umtalsverður.

Það sem í raun og veru er ósanngjarnast af öllu varðandi fjármál Náttúrufræðistofnunar er að sértekjukrafan skuli vera jafnhá og raun ber vitni, tæpar 130 millj. ef ég man rétt. Það er fullkomlega óraunhæft að ætla að sértekjur stofnunarinnar verði svo miklar á næsta ári. Það hefur í sjálfu sér verið staðfest af fulltrúum umhverfisráðuneytisins og það er vitað að þær hafa verið að dragast saman á undanförnum tveimur árum og engin teikn á lofti um að þær komi til með að aukast, heldur þvert á móti, vegna þess að uppsagnir stofnunarinnar á starfsmönnum gera það að verkum að sértekjurnar dragast saman, vegna þess að sértekjurnar fylgja oftar en ekki einstökum starfsmönnum. Og því fleiri starfsmönnum sem sagt er upp, þeim mun minni líkur eru á að einhverjar umtalsverðar sértekjur komi í hlut stofnunarinnar.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er verið að lýsa veruleika sem ekki er hægt að vefengja, veruleika sem umhverfisráðuneytið hefur viðurkennt, samt leyfir ríkisstjórnin sér athugasemdalaust að gera þær kröfur sem gerðar eru í fjárlagafrumvarpinu um sértekjur og um að stofnunin komist af á fjármunum sem eru langt undir því sem eðlilegt gæti talist miðað við það að hún standi undir sínum lögbundnu kröfum. Hér er stefnt í það að fleiri háskólamenntaðir einstaklingar sem hafa verið í opinberum störfum verði atvinnulausir og þykir manni nóg um háskólamenntað fólk á atvinnuleysisskrá, virðulegi forseti.

Ég krefst svara um það við þessa umræðu hvers vegna menn draga svona lappirnar í málefnum stofnunarinnar og þá um leið málefnum eins af höfuðsöfnum þjóðarinnar, Náttúruminjasafns. Eru menn vísvitandi að ganga þannig frá málum að verið sé að gengisfella þau málefni sem heyra undir Náttúrufræðistofnun Íslands? Ég tel eðlilegt að spyrja hreint út og ég krefst þess að fá hér svör. Nú er einungis hæstv. fjármálaráðherra til svara og ég kvarta enn einu sinni undan því að fagráðherrarnir skuli ekki vera hér því það var sannarlega ástæða til að fá þessa umræðu upp og svör hæstv. ráðherra um hvort þær vilji veikja Náttúrufræðistofnun, hvort þær vilji að flokkun vistgerða stöðvist? Eitt af meginmálum sem stofnunin vinnur að er vöktun vegna framkvæmda og ýmissa verkefna sem tengjast mengun, sem tengist aftur stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Vilja menn að þetta leggist af? Hvers vegna draga menn svo lappirnar í jafnmikilvægum málaflokki?

Það segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar að almennt séð megi rökstyðja auknar fjárveitingar til eftirlits og upplýsingaöflunar um náttúruna með tilvísun til mikilvægis náttúruauðlinda fyrir þjóðarhag, virðulegi forseti, og að ákvarðanataka velti á endanum á áherslum og forgangsröðun stjórnvalda. Það er nákvæmlega mergurinn málsins í þessari umræðu. Náttúrugripasafn verður ekki stofnað hér nema það sé vilji stjórnvalda. Alþingi hefur talað. Alþingi vill að hér verði stofnað náttúrugripasafn sem allra fyrst. Alþingi hefur líka tjáð sig um málefni Náttúrufræðistofnunar. Fjárlaganefnd jók meira að segja lítillega við fjárveitingarnar vegna náttúrufarskortanna, sem var vinna sem er afar brýn og útlit var fyrir að mundi stöðvast, en 6 eða 7 millj. voru settar til málamynda í það tiltekna verkefni þannig að ekki þyrfti að koma til stöðvunar í þeim málaflokki.

Ég gagnrýni, hæstv. forseti, það ráðslag að á erfiðum tímum hjá Náttúrufræðistofnun Íslands skuli vera tekin sú ákvörðun að flytja setrið á Akureyri í svo dýrt húsnæði. Það kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að meira að segja yfirmaður Akureyrarsetursins sjálfur og forstjóri Náttúrufræðistofnunar séu mótfallnir þessum flutningi núna vegna þeirrar fjárhagsstöðu sem stofnunin er í, og eins og ég sagði áðan vegna þess að kostnaður vegna húsnæðisins á Akureyri fer langt með að leiðrétta árlegan halla á rekstri stofnunarinnar. Svo kemur fram í skýrslunni að húsnæðið sé svo stórt að það rúmi 14 starfsmenn en við setrið starfa einungis átta. Og þá vil ég rifja það upp í þessari umræðu, vegna

þess að það er hluti af ráðslagi ríkisstjórnarinnar, að rannsóknarhúsið á Akureyri er byggt í einkaframkvæmd, það er byggt á þeim nótum að þeir aðilar sem byggja það eru með allt sitt á þurru. Það er svo ríflega í látið að meira að segja svona lítil stofnun eins og setur Náttúrufræðistofnunar á Akureyri er sett inn í sali sem eru allt of stórir. Ég hef heyrt talað um að leigan á fermetrann sé um 3 millj. kr. á ári. Ég bið um að ég sé leiðrétt ef ég fer með rangt mál. (**Gripið fram í:** Leigan á fermetra?) Á fermetra 3 millj. kr. á ári. Þá erum við auðvitað að tala um tækjum búið rými. Ég tel að ríkisstjórnin sé með því ráðslagi að setja slíka hluti í einkaframkvæmd og sjá til þess að einkaaðilarnir sem reka húsnæðið séu ævinlega með allt sitt á þurru að fara illa með fjármuni ríkisins, að ekki sé verið að gæta þeirrar ráðdeildar sem hæstv. ríkisstjórn talar fjálglega um í fjárlagaumræðunni að eigi að gera og hún sé að gera. Mér sýnast því verkin ekki lofa meistara sína í þessu tilliti.

Hæstv. forseti. Ég tel að málefni Náttúrufræðistofnunar Íslands og sérstaklega væntanlegs Náttúruminjasafns eigi að vera hér á dagskrá og verðskuldi það að vera rædd hér af yfirvegun áður en fjárlögum hins íslenska ríkissjóðs er lokað. Mér þykir afar miður að hér skuli ekki vera boðið upp á það.

Hitt málið sem ég vildi gera að umtalsefni í ræðu minni, hæstv. forseti, varðar málefni Mannréttindaskrifstofu Íslands. Margir þingmenn hafa reyndar komið inn á það hér og sjálf fór ég í andsvar við ræðu hæstv. forsætisráðherra áðan út af því máli og verð að hafa nokkur orð af því tilefni, enda kom hæstv. forsætisráðherra ekki upp hér í síðara andsvar sitt, nýtti ekki þann tíma sem hann þó hafði til umræðnanna, þannig að hann svaraði ekki þeim grundvallarspurningum sem ég lagði fyrir hann.

Spurningarnar ganga út á það hvort ætlunin sé að draga úr stuðningi stjórnvalda við mannréttindasamtök. Við eigum eftir að fá svör við þeirri spurningu. Ég tel ekki eðlilegt að þessari umræðu ljúki án þess að stjórnvöld svari okkur hreint út hvers vegna þessi breyting er gerð. Hvers vegna nafngreindir liðir sem hafa verið ætlaðir Mannréttindaskrifstofu Íslands hjá tveimur ráðuneytum eru nú búnir til og gerðir að almennum liðum og sagt er að nú eigi að leyfa ýmsum aðilum sem starfa að mannréttindamálum að sækja um í þessa sjóði sem þar með eru orðnir til, tveir 4 millj. kr. sjóðir.

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að ráðherrarnir svari því við þessa umræðu hvaða aðilar það væru mögulega sem þeir búast við að fari að koma hér hlaupandi upp til handa og fóta og sækja um í þessa sjóði, því staðreynd málsins er auðvitað sú að Mannréttindaskrifstofa Íslands er sameiginleg skrifstofa, ég vil meina allra, alla vega langflestra þeirra aðila sem starfa að mannréttindamálum á Íslandi, því innan vébanda Mannréttindaskrifstofu Íslands eru Amnesty International, Barnaheill, Hjálparstarf kirkjunnar, Jafnréttisstofa, Kvenréttindafélag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp, Rauði kross Íslands, Samtökin '78, Unifem á Íslandi, Öryrkjabandalag Íslands og Háskólinn á Akureyri. Ég vil bara árétta það að nánast allir þessir aðilar hafa sent þingmönnum undanfarna daga áskoranir þess efnis að það ráðslag sem ríkisstjórnin leggur til verði ekki við lýði, því verði afstýrt og Mannréttindaskrifstofan fái áfram sína nafngreindu liði sem Alþingi Íslendinga veitir henni þar með, þ.e. að fjármagnið komi frá Alþingi Íslendinga en Mannréttindaskrifstofan sé ekki háð einstökum ráðherrum með fjárframlag.

Það er auðvitað eðlilegt að við þingmenn gagnrýnum ríkisstjórnina fyrir þetta ráðslag og spyrjum hér alvarlegra spurninga á borð við þær sem ég spurði hæstv. forsætisráðherra í andsvari og fékk engin svör við, hvort hér sé verið að refsa Mannréttindaskrifstofu Íslands fyrir gagnrýnar umsagnir við stjórnarfrumvörp á síðasta ári. Hæstv. forsætisráðherra svaraði því engu, þannig að enn glymur sú spurning í loftinu: Eru stjórnvöld að refsa Mannréttindaskrifstofu Íslands fyrir að hafa verið gagnrýnin á stjórnarfrumvörp á síðasta ári eða undanförnum árum? Ég krefst svara.

Allir þeir aðilar sem hafa haft samband við okkur erlendis frá og starfa að mannréttindamálum í nágrannalöndum okkur, ítreka og undirstrika nákvæmlega það sem við þingmennirnir sem höfum verið að mótmæla þessu höfum verið að segja hér. Það skiptir meginmáli að Mannréttindaskrifstofa Íslands sé sjálfstæð í störfum sínum og þurfi ekki að eiga allt sitt undir einstökum ráðherrum, heldur geti verið örugg í starfi sínu og óháð með því að Alþingi Íslendinga eyrnamerki henni fjármunina en ekki einstakir ráðherrar.

[20:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil við lok umræðunnar gjarnan draga saman nokkur atriði sem mér finnast skipta máli í því sem fram hefur komið að undanförnu varðandi afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins fyrir næsta ár. Ég mun stikla á stóru, en ekki nefna mikið af einstökum fjárlagaliðum.

Ég vil aðeins leiðrétta það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði áðan, hún bað um að verða leiðrétt og ég held að það sé alveg óhætt að gera það. Það er algjörlega óhugsandi að fermetraleiga á ári í einhverju húsnæði sem ríkið er með á leigu sé 3 millj. kr. Algengt fermetraverð á mánuði er um 1.000 til 1.500 kr. Það sinnum tólf eru um 12–18 þús. kr. á ári en ekki 3 millj. Það er því einhver misskilningur í þessu, enda getur þingmaðurinn reiknað það út sjálf að ef 100 fermetra húsnæði mundi kosta 300 millj. kr. á ári yrði ekki mikið aflögu í annan rekstur hjá slíkri stofnun. Þarna hefur því eitthvað farið úrskeiðis, getur verið að einhver núll hafi skolast til einhvers staðar.

Síðan örstutt út af Mannréttindaskrifstofunni, vegna þess að það hefur borið hér á góma oftar en einu sinni, hv. síðasti ræðumaður gaf mér tilefni til þess, að mér er ekki kunnugt um að Mannréttindaskrifstofan hafi gert eitthvað refsivert. Þess vegna er alveg af og frá að gera því skóna. Hér er um að ræða ákvörðun sem fagráðuneyti tvö sem að málinu koma hafa komist að niðurstöðu um. Ég sé ekki að verið sé að minnka framlög til þessa málaflokks með nokkrum hætti. Það er alveg ástæðulaust að óttast eða gefa í skyn að það sé eitthvað annarlegt á ferðinni. (Gripið fram í.) Þetta eru sem sagt ákvarðanir þeirra fagráðuneyta sem að málinu koma, að öðru leyti vísa ég til þeirra skýringa sem hæstv. forsætisráðherra og fyrrverandi utanríkisráðherra gaf um málið.

Áður en ég held lengra, virðulegi forseti, langar mig að nota tækifærið og þakka þeim sem hafa komið að frum-

varpinu hér í þinginu fyrir sín störf. Ég tel að vinnubrögðum í sambandi við afgreiðslu fjárlaga hafi farið mjög fram á undanförnum árum. Ég vil þakka öllum í fjárlaganefnd og annars staðar í þinginu fyrir að sjá til þess að tímaáætlun sem sett var fram í upphafi þings hefur staðist í einu og öllu, vil ég sérstaklega nefna fulltrúa stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefndinni, auk að sjálfsögðu annarra þingmanna, formanns og varaformanns, en auðvitað er þetta ekki hægt nema með góðu samstarfi stjórnar og stjórnarandstöðu á vettvangi fjárlaganefndar.

Ég tel mjög mikilvægt allra hluta vegna að þetta gangi svona til og að við setjum hér ákveðið fordæmi sem hefur áhrif, bæði á okkar eigin störf í öðrum málum en líka störf annarra. Ég nefni t.d. að það að okkur tókst að flýta afgreiðslu fjárlaga fyrir nokkrum árum um nokkrar vikur varð til þess að það varð miklu auðveldara fyrir sveitarfélögin að ganga í að klára fjárhagsáætlanir sínar fyrir áramót o.s.frv. Það var auðvitað enginn bragur á þessu þegar menn voru hangandi fram á Þorláksmessu næstum því við að ljúka fjárlagaafgreiðslunni.

Ég vil hins vegar gjarnan bæta því við að ég tel að við getum enn bætt okkur í sambandi við vinnubrögð, þá er ég ekki síst að tala um umræðuna sjálfa, sem því miður er stundum nokkuð marklaus þó hún sé löng og víða sé komið við. Ég held að við hljótum að geta skipulagt hana betur, tekið fyrir með skipulögðum hætti einstaka málaflokka með þátttöku fagráðherranna og gert það þannig að tekin séu fyrir tiltekin mál og þau rædd í þaula og fenginn botn í þau í staðinn fyrir að umræðan sé skipulagslaus með löngum ræðum þar sem sí og æ er verið að tala um sömu málin endalaust út í gegn. Þetta nefni ég sem næsta skref sem ég tel að við gætum kannski náð samkomulagi um að gera í átt til bættra vinnubragða í þinginu hvað varðar afgreiðslu fjárlaga.

Það virðist ætla að verða raunin að niðurstaða fjárlaganefndar eftir 2. umr. fjárlaga verði jafnvel óbreytt við 3. umr. Ég tel líka að það skapi ákveðið aðhald í vinnubrögðum okkar. Við vitum alveg hvernig þetta er þegar fjárlagafrumvarpið er opið á haustin, það má líkja því við ákveðinn glugga sem margir banka á og er af ýmsum ástæðum ekki heppilegt að sá gluggi sé of lengi opinn, því það þarf að passa vel upp á þessa hluti eins og reyndar er gert, en það er sama, það er gott að hafa þann glugga ekki opinn of lengi.

Niðurstaðan eftir 2. umr. og þá væntanlega niðurstaðan eftir atkvæðagreiðsluna á morgun er sú að tekjuafkoman verður ekki 11.221 millj. í afgang, heldur 10.001.500 kr. í afgang. (**SJS:** Eru ekki einhverjir aurar?) Það má vera að séu einhverjir aurar líka.

Mig langar aðeins að rekja hvaða aðrar breytingar eru í gangi. Þær breytingar verða á sjóðstreymi ríkissjóðs að handbært fé frá rekstri verður við nánari athugun neikvætt um 882 millj. í stað þess að vera jákvætt um 349 millj. Skýringin á þessu er sú að stórir flokkar spariskírteina koma á gjalddaga á næsta ári og verða greiddir vextir því 4,2 milljörðum kr. hærri en gjaldfærðir vextir. Það þarf jafnframt að hafa í huga að ríkissjóður gjaldfærir alla fjárfestingu sína eins og menn vita, sem er samtals 14,8 milljarðar, en færir ekki þá fjárfestingu til eignar og afskrifta síðar meir.

Á sjóðstreymi verður einnig sú breyting að lánsfjárafgangur vex úr rúmum 4 milljörðum í 11 milljarða kr. Stafar það alfarið af auknum innheimtum afborgunum af veittum lánum sem hækka um tæpa 7,4 milljarða. Fjármunahreyfingar batna sem því nemur og að frádreginni rýrnun handbærs fjár skilar það sér í betri lánsfjárafgangi sem er eins og við vitum lykilstærð í þessu dæmi öllu saman. Af þeim sökum batnar staðan við Seðlabanka Íslands um á að giska 2,4 milljarða í stað þess að rýrna um tæplega 3,7 eins og gert var ráð fyrir í upphaflega frumvarpinu.

Þess vegna er áætlað að staðan við Seðlabanka Íslands í árslok 2005 verði 25 milljarðar kr. í inneign, til samanburðar við 20 milljarða í árslok 2004 ef áætlanirnar ganga eftir. Þeim fjármunum má síðan verja til þess að greiða frekar niður lán og spara þannig vaxtagjöld, leggja frekar inn til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til að mæta framtíðarskuldbindingum eða láta peningana liggja á vöxtum í Seðlabankanum sem varasjóð til seinni tíma. Ákvarðanir um það verður að taka með tilliti til stöðunnar á hverjum tíma á lánsfjármarkaðnum og með tilliti til þess hvað er talið heppilegast fyrir ríkissjóð á hverjum tíma.

Mig langar aðeins að nefna það sem margir hafa nefnt í umræðunni, þ.e. hina nýju þjóðhagsspá Seðlabankans. Farið var fram á það fyrr í dag að umræðunni yrði frestað vegna þess að Seðlabankinn hefði sent frá sér nýja þjóðhagsspá. Það er reyndar ekki óvenjulegt því það er ævinlega gert á þessum árstíma, í byrjun desember, að bankinn sendir frá sér slíka spá. Fyrirkomulagið er það í þessum efnum að spáaðilarnir eru með sínar eigin tímasetningar í sambandi við það og fjármálaráðuneytið gefur út þjóðhagsspá 1. október, um leið og fjárlagafrumvarpið kemur út. Hún er síðan endurskoðuð í janúar, m.a. í ljósi þess með hvaða hætti fjárlagafrumvarpið hefur verið afgreitt en einnig nýjustu upplýsinga á öðrum sviðum. Það er ekkert nýtt við þetta. Fjárlagafrumvarpið er að sjálfsögðu byggt á grunni þeirrar þjóðhagsspár sem fjármálaráðuneytið styðst við.

Nú er það þannig, virðulegi forseti, að þær spár sem ég hef nefnt, þ.e. þjóðhagsspár fjármálaráðuneytisins annars vegar og Seðlabankans hins vegar fyrir árin 2004–2006 eru ekkert gríðarlega frábrugðnar. Þær eru mjög keimlíkar hvað varðar árið 2004. Þar munar sáralitlu, en á árinu 2005 er Seðlabankinn einkum með það frávik að gert er ráð fyrir því að landsframleiðslan aukist meira en fjármálaráðuneytið gerir ráð fyrir, eða um 6,1%, á meðan ráðuneytið gerir ráð fyrir um 5% aukningu. Seðlabankinn gerir ráð fyrir því að viðskiptajöfnuðurinn verði minni en ráðuneytið gerir ráð fyrir, svo muni 0,5% á landsframleiðslu og gerir ráð fyrir því að verðbólgan milli ára á næsta ári verði 3,4%, á meðan ráðuneytið spáði 3,5%. Í öllum þessum þáttum er Seðlabankinn því með heldur hagstæðari spá almennt séð en ráðuneytið.

Bankinn spáir því á grundvelli meiri hagvaxtar að einkaneyslan vaxi meira en við í ráðuneytinu höfðum gert ráð fyrir og samneyslan sömuleiðis eilítið meira. Að öðru leyti eru ekki nein gríðarleg frávik þarna að mér sýnist. Þeir spá meiri útflutningi á móti meiri innflutningi o.s.frv. Mér finnst því að menn hafi gert fullmikið úr spá Seðlabankans í kjölfarið á því að sú spá var birt í gær. Hvað varðar árið

2006 eru auðvitað einhver frávik þar, en mér sýnist ekki að þau séu stórvægileg. Viðskiptajöfnuðurinn er talinn minni í spá Seðlabankans. Verðbólgan 0,2% meiri. (Gripið fram í.) Mismælti ég mig, hv. þingmaður? Viðskiptahallinn ... (**Gripið fram í:** ? í staðinn fyrir viðskiptahallann ...) Ég biðst afsökunar á því, vona að það verði leiðrétt í útskriftinni ... 11,4% af landsframleiðslu í viðskiptahalla í stað þess að vera 13,5% í spá ráðuneytisins. Ég er að tala um árið 2006.

Hér er því ekki um það að tefla að það hafi orðið gríðarlegar breytingar í þessu, enda eru spárnar alltaf háðar óvissu mikilli eins og við vitum og ef maður leitar aftur í tímann er sú spá vandfundin sem hefur staðist upp á punkt og prik. Síðan hefur Seðlabankinn gripið til aðgerða nú þegar til að reyna að koma í veg fyrir að spá hans rætist. Það er vaxtahækkunin sem var tilkynnt um í gær, 1% hækkun stýrivaxta bankans, sem er ætlað að reyna að sjá til þess að spáin rætist ekki því hún byggist á forsendum nóvembermánaðar, þar á meðal lægri stýrivöxtum, annarri gengisvísitölu o.s.frv.

Ég ætla ekki að fara meira út í þessa sálma. Ég vildi bara láta þess getið að þetta eru tölurnar svona í grófum dráttum. Þær gefa ekki sérstakt tilefni til að vera með mikið drama um þessa hluti. Þetta er allt í þeim farvegi sem ráð er fyrir gert.

Ég vildi nefna annað atriði sem nokkrir þingmenn hafa gert að umtalsefni. Ég veit að fjárlaganefndin velti því töluvert fyrir sér, þ.e. spurningunni um fjárhagsstöðu einstakra stofnana á yfirstandandi ári. Ég veit ekki betur en að nefndin hafi fengið í hendur yfirlit yfir stöðu stofnana til septemberloka, sem er auðvitað ágætt að nefndin velti fyrir sér. Að mínum dómi er hins vegar afskaplega röng ályktun að segja sem svo að þær stofnanir sem komnar eru meira en 4% fram úr í rekstri sínum á fyrstu níu mánuðum ársins eigi þar með kröfu á meiri fjárveitingu. Ef einhver heldur því fram þá er sá hinn sami ekki á réttum nótum með út á hvað rammafjárlögin ganga. Krafan sem menn eiga þá að koma fram með til forstöðumannanna er: Viljið þið ekki gjöra svo vel að sjá til þess að þið standið ykkur þannig það sem eftir er ársins að þið verðið innan rammans? Í stað þess ætla menn að segja: Má ekki bjóða ykkur meiri fjárveitingar? Þeir skamma síðan ríkisvaldið eða meiri hlutann á Alþingi fyrir að koma ekki með meiri fjárveitingar.

Ég vil benda á þetta. Þeir sem tala um að það vanti aga í ríkiskerfið eiga samleið með okkur sem berum ábyrgð á því og við tökum þá höndum saman um að reyna að gera betur en gert hefur verið. Ég er fyrstur manna til að viðurkenna að betur megi gera í þessum efnum. En árangur byggist ekki á því að gera endalausar kröfur um meiri fjárveitingar. Ef það væri þannig að Seðlabankinn hefði rétt fyrir sér um það að aðhaldið væri ófullnægjandi — ég er reyndar ekki sammála því þótt margir haldi því á lofti í þessari umræðu að skýrsla Seðlabanka sýni fram á að aðhaldið sé ófullnægjandi — þá ættu þeir hinir sömu sem því halda fram ekki að gera meiri kröfur um fjárveitingar í hin og þessi verkefni eða stofnanir heldur þvert á móti. Aðhaldið byggist á því að hafa taumhald á fjárveitingum og taumhald á útgjöldum.

Virðulegi forseti. Ég vil að endingu þakka aftur fyrir gott samstarf um þetta frumvarp sem kom fram 1. október. Það er enginn að gera kröfu til þess að allir á Alþingi verði sammála um fjárlagafrumvarpið. Í því birtist að sjálfsögðu stefna ríkisstjórnarinnar en ekki stjórnarandstöðunnar. Þó eru menn sammála um mjög margt sem þar er og mér finnst mikilvægt að í ár og á undanförnum árum hafa menn orðið sammála um að bæta vinnubrögðin. Ég held að það skili ágætum árangri. Ég vil enn á ný þakka fólki samstarfið að því leyti.

[20:34]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo að það gleymist ekki er rétt að þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir hlý orð í garð okkar sem starfað höfum í minni hluta fjárlaganefndar. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að vinnubrögðin hafa verið bætt þó að við tökum heils hugar undir orð hæstv. ráðherra um að enn megi bæta þau verulega.

Hugmynd hæstv. ráðherra um skipulag umræðunnar er eitthvað sem við hljótum að gefa okkur tíma til að velta fyrir okkur. En það er ein spurning sem mér býr fyrst og fremst í brjósti til hæstv. ráðherra. Hún varðar þá þjóðhagsspá sem kom frá Seðlabankanum í samanburði við það að fjármálaráðuneytið ætlar að bíða fram í janúar. Væri ekki eðlilegt að endurskoða þær tímaáætlanir í ljósi þess að þar munar býsna miklu að mínu mati þótt hæstv. ráðherra segi að munurinn sé eilítill? Mér finnast 50% skekkjumörk vera meira en eilítið. Væri ekki rétt að endurskoða þennan tímaramma því að það er ljóst, miðað við áætlun Seðlabankans, að mikið hefur breyst frá því í lok september þegar fjármálaráðuneytið gerði áætlun sína?

[20:35]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Í þessum efnum, herra forseti, held ég að það sé öllum fyrir bestu að halda ró sinni og sínu striki, vinna eftir þeim áætlunum sem lagðar hafa verið fram í þessum efnum og láta ekki hagga ró sinni. Ég mæli með því við þingmanninn líka.

[20:36]

Frsm. 1. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur ekkert á því að við höldum ró okkar en ég held að það sé samt nauðsynlegt í allri rósemninni að við íhugum að reyna að vanda vinnu okkar sem allra best. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. fjármálaráðherra sé sammála okkur hinum um að fjárlög þurfi að vera vel vönduð þannig að hægt sé að fara eftir þeim. Menn þurfa ekki að gera ráð fyrir því að þegar stofnanir, eins og hæstv. ráðherra tók dæmi um, eru komnar 4% fram úr áætlun þá þurfi endilega að bjóða meiri fjármuni. En þá þarf að gefast tími til að fara yfir það og skoða hvers vegna viðkomandi stofnun hefur farið fram úr, eins og fjárreiðulög gera ráð fyrir.

En því miður virðist það vinnulag ekki stundað í ráðuneytunum, að fara yfir það hvernig á þessu stendur. Getur verið að eitthvað hafi komið upp á eða að vitlaust hafi verið

áætlað? Það er því miður, herra forseti, allt of algengt, þegar þessi mál eru skoðuð, að áætlanirnar standist ekki raunveruleikann. Þær á skjön við hann, eins og því miður allt of margt í því frumvarpi sem hér er komið til lokaafgreiðslu.

[20:37]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála þingmanninum um að við eigum að reyna að bæta vinnubrögðin eins og við getum. Það á að sjálfsögðu við um áætlanagerð innan ársins gagnvart einstökum stofnunum og vinnu ráðuneytanna í því efni. Það er ákveðið verklag á þessu núna. Fjármálaráðuneytið kemur skilaboðum til ráðuneytanna um hvaða stofnanir þeirra eru ekki alveg á réttu róli með útgjöld sín og það er ráðuneytanna að bregðast við því og stofnananna að sjálfsögðu að grípa til nauðsynlegra ráðstafana.

Auðvitað er til í dæminu að einhvern tíma sé einhvers staðar vitlaust áætlað. Það reynum við að gera upp í fjáraukalögum, eins og þekkt er, eða þegar búið er að koma viðkomandi rekstri á rétt ról og sýnt er að hann verður innan rammans í framtíðinni. En stundum þarf að gera meira en það.

[20:38]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst inna hæstv. fjármálaráðherra eftir rökunum fyrir því að flytja Mannréttindaskrifstofuna frá þinginu og undir ráðherra. Fyrir því hafa engin rök komið fram í umræðunni.

Ég vil benda á að hver einasti þingmaður stjórnarandstöðunnar flytur tillögu um að Mannréttindaskrifstofan haldi sjálfstæðri stöðu sinni og fái fjárveitingar beint frá þinginu. Það þarf veigamikil rök fyrir þeim breytingum sem þar hafa orðið. Þau hafa enn ekki komið fram og ég krefst þess að fá að heyra þau.

[20:39]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Eins og hv. þingmaður veit, herra forseti, erum við með rammafyrirkomulag á fjárlögunum. Fjármálaráðherra skiptir sér ekki lengur af því hvernig einstök fagráðuneyti fara með þær fjárveitingar sem varið er til liða af þessu tagi heldur treystir því að ráðuneytin viti kannski betur en fjármálaráðherrann eða fjármálaráðuneytið um það hvernig þeim málum verði best fyrir komið.

Telji þingmaðurinn að hann hafi ekki fengið fullnægjandi skýringar hvað þetta mál varðar hjá forsætisráðherra áðan þá verður bara svo að vera.

[20:39]

Frsm. 2. minni hluta fjárln. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var snautlegt svar hjá einum ráðherra ríkisstjórnarinnar sem er meira að segja hæstv. fjármálaráðherra.

En ég vil einnig inna hæstv. ráðherra eftir því hvort hann hafi engar áhyggjur af þeirri stöðu sem fram hefur komið í spá Seðlabankans varðandi gengið. Gengisvísitala íslensku krónunnar er nú komin niður í 115 eða 113, eftir því hvenær á deginum það er skoðað. Forsendur fjárlagafrumvarps gera ráð fyrir gengi upp á 125.

Hefur hæstv. fjármálaráðherra engar áhyggjur af stöðu útflutningsgreinanna við slíkt gengi? Hækkun vaxta sem við vorum hér að ræða, hækkun stýrivaxta, nær aðeins til um 30% af því fjármagni sem er í umferð, fyrst og fremst fjármagns hjá einstaklingum og hjá minni fyrirtækjum sem þessi stefna bitnar harðast á? (Forseti hringir.) Hefur hæstv. ráðherra engar áhyggjur af þessu?

[20:41]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fyrst til að taka að ef gengisvísitalan verður í reynd lægri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu þá sparar ríkissjóður sér gengisbundinn kostnað og útgjöld í því sambandi.

En spurning þingmannsins er auðvitað stærri en það. Hann er að spyrja, eins og ég skildi hann, um rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreinanna. Það er auðvitað stórmál. Það er nú eitt af því sem við erum að reyna að gera með því að skila ríkissjóði með myndarlegum afgangi og beita ríkisfjármálunum í aðhaldsskyni, að tryggja þennan grundvöll.

Við búum við þannig gengisfyrirkomulag að það geta verið sveiflur í því. Stundum kemur ákveðinn kúfur á það sem hjaðnar, eins og margir hafa nú sagt að sé tilfellið núna, að þessi staða á genginu sé tímabundin. Ég treysti mér nú ekki til að fullyrða meira um það á þessum vettvangi.

[20:42]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að hæstv. fjármálaráðherra skuli segja að það megi auka á agann í ríkisfjármálunum og það muni ekki standa á honum, enda getur það ekki gengið þannig að það sé 20 milljarða kr. skekkja á frumvarpinu ár eftir ár.

Vegna hinnar vönduðu skýrslu Seðlabanka sem hæstv. ráðherra hefur hrósað í dag er ástæða til að spyrja ráðherrann hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að Seðlabankinn þurfi í þjóðhagsspá sinni að gefa sér það, eins og Landsbankinn og fleiri fjármálastofnanir, sem fyrir fram gefna staðreynd að útgjöld ríkisins verði meiri en áætlað er í fjárlagafrumvarpinu. Þurfa það að vera fyrir fram gefin sannindi í fjármálaheiminum á Íslandi að útgjöld fjárlaga standist ekki heldur verði meiri en ætlað var? Telur hæstv. fjármálaráðherra ekki að þau sjónarmið fjármálafyrirtækjanna og núna Seðlabankans renni stoðum undir þá gagnrýni stjórnarandstöðunnar að ekki sé nægilega vandað til fjárlagagerðarinnar á Alþingi?

[20:43]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að rifja upp þann landlæga misskilning, sem Samfylkingin virðist ekki geta útrýmt, að gjaldfærsla skuldbindinga sé það sama og greiðslur úr ríkissjóði. Þessi 20 milljarða kr. tala er þannig til komin. Ég skal ekki hafa fleiri orð um það.

En auðvitað ber okkur öllum að reyna að auka aðhaldið og agann í ríkiskerfinu. En í spám Seðlabankans og sumra fjármálafyrirtækjanna, ég nefni Seðlabankann sérstaklega hér, er bókstaflega gert ráð fyrir meiri hagvexti, meiri einkaneyslu og meiri umsvifum í þjóðfélaginu sem skapi ríkissjóði meiri tekjur. Mér finnst ekki undarlegt að bankinn geri þar með ráð fyrir því að útgjöld verði meiri en fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir. En okkar er að sjálfsögðu að reyna að halda okkur við það eftir því sem kostur er.

En svo kemur Samfylkingin og hvetur til aukinna launahækkana, jafnvel meiri en fjárlögin gera ráð fyrir. Á þá ekki líka að borga það?

[20:44]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki einkennilegt að það sé landlægur misskilningur að 20 milljarða kr. skekkja sé á fjárlögunum ár hvert. Það er einfaldlega niðurstaðan þegar lokafjárlögin liggja fyrir.

Ég hlýt að minna hæstv. fjármálaráðherra á að hin vandaða skýrsla, sem Seðlabankinn hefur kynnt og ráðherrann sjálfur lofað, segir berum orðum að minna aðhalds sé gætt í ríkisfjármálum núna en árin 1999 og 2000, þegar hæstv. fjármálaráðherra var við stjórnvölinn. Það endaði með því að hann missti svo stjórnina á efnahagsmálunum að hér varð 9% verðbólga árið 2001. 9% verðbólga þýðir fyrir 900 milljarða kr. skuldir heimilanna 80 milljarða kr. hækkun á skuldum heimilanna yfir eitt ár. Ætti ráðherrann ekki að taka alvarlega þær aðvaranir Seðlabankans um að nú gæti minna aðhalds í efnahagsmálunum en árin 1999 og 2000, með þeim alvarlegu afleiðingum sem það hafði fyrir heimilin í landinu?

[20:45]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er stutt síðan þessi skýrsla kom og ég er ekkert hissa á því að þingmanninum hafi ekki gefist tími til að rýna í allt sem þar stendur. Þar stendur m.a. að gera megi ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs aukist mikið á næsta ári og 2006 og það mikið umfram útgjöldin að afgangurinn á næsta ári verði 5–10 milljörðum meiri en við erum að samþykkja hér í þessu fjárlagafrumvarpi.

Ég segi fyrir mig, það er nýtt ef stjórnarandstaðan er farin að telja að allt sem frá Seðlabankanum komi varðandi hagspár sé heilagur sannleikur. Hvernig geta menn fullyrt það? Við förum varfærnari leið. Það kemur í ljós þegar maður rýnir í þessar tölur að við erum ekki að reikna okkur 5–10 milljarða í viðbót í afgang sem væri sennilega niðurstaðan ef þetta þjóðhagsdæmi yrði reiknað upp á nýtt á forsendum Seðlabankans.

[20:47]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi að ég væri eins og hæstv. fjármálaráðherra með það að hafa svona mótefni gegn miður góðum tíðindum. Ég held að flestir hverjir sem lesið hafa Peningamál Seðlabanka Íslands sem komu út í gær hafi lesið þau með öðrum hætti en hæstv. fjármálaráðherra. Hv. varaformaður fjárlaganefndar vildi t.d. skjóta sendiboðann eða leggja hann niður vegna þeirra frétta sem hann kom með.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Er aldrei ástæða til að endurskoða þjóðhagsspá ráðuneytisins oftar en gert er? Ef forsendur fyrir þjóðhagsspánni bresta hver af annarri eins og varðandi framvindu stóriðjuframkvæmda, gengisvísitalan, launasamningar, vaxtastigið, er þá aldrei ástæða til að endurskoða þjóðhagsspána örar?

[20:48]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað ekki hægt að alhæfa um það, hugsanlega gætu einhvern tímann komið aðstæður sem kölluðu á slíkt en ég sé ekki að þær séu fyrir hendi núna.

[20:48]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú eru breyttar forsendur, eins og ég fór hér yfir, varðandi stóriðjuframkvæmdir, gengisvísitölu, launasamninga og vaxtastig Seðlabanka og stýrivaxta. Ef ekki nú, þá hvenær?

Hæstv. ráðherra fór hér yfir stöðu stofnana og lista sem við báðum um, minnihlutafulltrúar í fjárlaganefnd. Ástæðan fyrir því að við vildum sjá stöðu stofnana í lok september var að sjá hvernig þær stæðu sig í rekstri. Við vildum líka sjá upphafsstöðu þeirra í upphafi árs og það verður að segjast eins og er að fjöldi stofnana hefur starfsár sitt á hverju ári með stóran negatívan höfuðstól, jafnvel svo stóran að allar fjárveitingar ársins duga ekki til að hífa hann upp á núll. Hvernig í ósköpunum á að vera hægt að reka slíka stofnun yfir árið? Getur hæstv. fjármálaráðherra ekki verið sammála mér um nauðsyn þess að taka stofnanir sem eru með svona stóran halla í upphafi árs og skoða sérstaklega til hvaða aðgerða þarf að grípa og hvort fjárveitingar gætu hugsanlega verið of litlar til að þær gætu sinnt lögbundnu hlutverki sínu?

[20:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aftur svo með þessa spurningu að við henni er ekkert eitt svar til. Það geta vel verið þannig stofnanir að það sé eðlilegt að taka þær sérstaklega út úr og fara yfir þeirra mál en það eru hugsanlega aðrar stofnanir þar sem það væri ekki eðlilegt eða réttlætanlegt. Svo eru stofnanir sem byrja með halla og eru að vinna sig út úr honum á nokkrum árum. Það er allur gangur í þessu eins og við vitum og erfitt að alhæfa um það. Ég er hins vegar alveg sammála því sem er undirliggjandi í máli þingmannsins, nefnilega því að við verðum að gera það sem við getum, hér í þinginu og í Stjórnarráðinu, til að bæta áætlanagerðina og gera þannig að það sé auðveldara að gera þá kröfu til forstöðumannanna að þeir geti almennilega borið ábyrgð á stofnunum sínum og rekið þær eins og ætlast er til þegar fjárlög eru samþykkt.

[20:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég náði ekki í þann hóp sem komst að til að veita andsvar við ræðu hæstv. fjármálaráðherra þannig

að ég kýs að gera hér tvær stuttar athugasemdir í ræðu. Ég á seinni ræðu mína eftir og nóg er nóttin þannig að það þarf víst ekki að biðjast afsökunar á því að nýta sér málfrelsi sitt en ég skal hafa þetta stutt.

Sú fyrri snýr að málflutningi hæstv. fjármálaráðherra en sú síðari að framkvæmd þessarar umræðu hér og þeim svip sem á henni hefur verið.

Hæstv. fjármálaráðherra gerir mikið úr því að með því að bera saman spár, þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans, komi í ljós að þar sé harla lítill munur á. Má ég þá minna á að önnur gögn höfum við ekki í höndum um þessar mundir eftir að Þjóðhagsstofnun sáluga var lögð niður í reiðikasti í fyrra. Hæstv. fjármálaráðherra var hins vegar mjög fáorður um, og það hafa menn reyndar verið hér almennt í dag fyrir utan hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, aðgerð Seðlabankans sem slíka. Mér finnst athyglisvert að menn skauta hér algerlega fram hjá því að það er auðvitað ekki á hverjum degi sem Seðlabanki grípur til þess ráðs að fíra stýrivöxtum sínum upp um heilt prósentustig með þeim afleiðingum sem það auðvitað hefur, með þeim titringi sem það hlýtur að valda og gerði í dag. Dettur hæstv. fjármálaráðherra í hug að reyna að halda því fram að Seðlabankinn væri að þessu ef hann teldi allt í lagi, ef hann hefði ekki áhyggjur af ástandinu? Það er algerlega vonlaust að lesa saman ummælin í skýrslu Seðlabankans og þá aðgerð hans að fíra stýrivöxtunum upp um heilt prósentustig í einu skrefi öðruvísi en þannig að þar á bæ hafi menn miklar áhyggjur af ástandinu. Á sama tíma og aðrir seðlabankar hreyfa stýrivextina til um einhver prómill, sjaldan meira en fjórðung úr prósentu, telur íslenski seðlabankinn ástandið þannig að ekkert minna dugi hér á aðventunni en að rífa stýrivextina upp um heilt prósentustig, með fjárlögin opin og alla þá umræðu uppi sem Seðlabankinn veit auðvitað vel eins og aðrir að hefur tiltekið samhengi.

Svo kemur hæstv. ráðherra hér með aðhaldsfræðin sín og þeir stjórnarliðar. Þeir reyna að útlista fyrir okkur hvernig 20–30 milljarða skattalækkun í aðdraganda mestu þenslu sem íslenska þjóðarbúið hefur gengið í gegnum í háa herrans tíð fari saman. Þeir færa fram þau rök að þetta sé útgjaldastýring. Það er nýtt hugtak sem er mjög í tísku nú, og kenningar líka, að það sé nauðsynlegt að gera þetta svona, að lækka tekjurnar því annars muni útgjöldin fara upp, fylgja skatttekjunum, segir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, það sé bara regla. Er þá aldrei hægt að hafa afgang á fjárlögum? Hverfur hann ævinlega? Eða er eðlismunur á því hvort afgangur á fjárlögum sé 10 eða 20 milljarðar?

Ég vildi gjarnan heyra hin hagfræðilegu rök fyrir því að það sé skynsamlegt að standa svona að málum, að sleppa þessum tekjum út frá hinu opinbera, setja þá fjármuni í umferð með þeim áhrifum á einkaneysluna í landinu sem m.a. Seðlabankinn varar við, að það sé gáfulegra en að halda þessum tekjum hjá ríkissjóði, ekki endilega og alls ekki til að þær fari allar í útgjöld — eða hvað? Eru menn þá svona kjarklitlir? Er sjálfstraustið svona lítið að menn reikni með að það verði alls ekki hægt, að auka þá afganginn á fjárlögunum — og gera hvað við þá fjármuni? Jú, greiða niður erlendar skuldir til að hamla gegn skuldaaukningu annarra aðila eða borga inn á lífeyrisskuldbindingar framtíðarinnar. Ætlar hæstv. fjármálaráðherra að halda því fram að það væri ekki hagstjórnarlega betri aðgerð við þessar aðstæður að setja þessa fjármuni ekki í umferð, heldur halda þeim hjá hinu opinbera og ráðstafa þeim t.d. með öðru tveggja eða blöndu af þessum tveim ráðherrum?

Ég lýsi eftir hagfræðingi sem er sammála ríkisstjórninni ef það er virkilega afstaða hennar að hagstjórnarlega og efnahagslega sé hitt gáfulegra. Ef menn reikna með því að þeir mundu alls ekki ná að verja aukinn afgang á fjárlögum og hann færi allur í útgjöld sem vissulega geta verið ærin rök fyrir í einhverjum tilvikum og mun sennilega verða hvort sem er er eðlilegt að menn séu hræddir. Af því að menn treysta ekki sjálfum sér er þetta fyrirbyggjandi aðferð, einhver antabus sem menn eru að éta ofan í sig fyrir fram með þessum hætti.

Þá er okkur öðruvísi farið en t.d. Norðmönnum — sem gera hvað? Þeir taka til hliðar árlega stórar fjárhæðir og leggja í olíusjóðinn fræga, plús það að hafa rekið ríkissjóð þar með afgangi og greitt niður allar erlendar skuldir Norðmanna. Ef þeir geta þetta ættum við að geta það líka. Það er algerlega augljóst að þetta væri betri aðferð vegna þess að þá væru þessar tekjur þarna — þegar hvað gerist? Þegar þenslunni lýkur. Þegar viðskiptahallinn hverfur sem verður að gerast einhvern tímann því að ekki rekum við þjóðarbúið með grenjandi halla út á við að eilífu, ad infinitum, það endar illa. Hvað mun þá gerast? Jú, þá munu tekjur ríkissjóðs dragast skart saman vegna þess að þá hættir hæstv. fjármálaráðherra, Geir Hilmar Haarde, eða hvað hann kemur þá til með að heita, að fá tekjur af viðskiptahallanum og þenslunni. Hvers vegna er spáin svona ef hagvöxturinn og einkaneyslan verður enn meiri á næsta ári en eldri spár gerðu ráð fyrir? Af hverju ættu þá tekjur ríkissjóðs að aukast eins og það er? Jú, það er af þessum ástæðum, af því að þetta er eyðsludrifinn hagvöxtur að allt of miklu leyti og hann verkar svona gagnvart ríkissjóði. Það er afar gerótt meðal að treysta á þó að ríkissjóður tímabundið fitni á viðskiptahallanum.

Hin athugasemdin lýtur að því eins og ég sagði hvernig þessi umræða hefur farið hér fram og hver framkvæmd hennar hefur verið. Það hefur verið mjög dapurlegt. Það hefur verið framhald af þeirri þróun sem hér hefur ágerst. Ég gagnrýni forseta þingsins mjög harðlega fyrir linku og aumingjaskap gagnvart því að sjá til þess að ráðherrar séu hér og sinni þingskyldum sínum. Þeir menn sem hafa áhyggjur af virðingu þingsins og tala um það þegar þeim þykir svo henta ættu þá að standa sig í stykkinu og sinna embætti sínu af reisn og láta það ekki gerast að sú gamla hefð, að ráðherrar skuli vera hér til svara fyrir málaflokka sína við fjárlagaumræðuna, leki algerlega niður. Var það ekki snautlegt fyrir hæstv. forseta Halldór Blöndal að þurfa að tilkynna það hér aftur og aftur áðan að viðkomandi ráðherrar sem höfðu verið beðnir um að koma til umræðunnar á miðjum degi gætu það bara alls ekki? Snubbóttar tilkynningar frá hæstv. forseta. Engar afsökunarbeiðnir. Það var ekki á honum að sjá að honum þætti þetta verra.

Það er lélegur svipur á þessu, herra forseti. Ábyrgðin er ekki bara viðkomandi ráðherra, heldur á hæstv. forseti að beita áhrifum sínum til þess að umræðan geti farið fram með sómasamlegum hætti. Ríkisstjórninni hefði einmitt verið rétt og skylt að fá það á sig að umræðunni yrði

frestað, að forseti hefði sagt hér síðdegis: Nei, þetta gengur ekki. Ef ríkisstjórnin hefur áhuga á að koma sínum eigin fjárlögum í gegn skal hún líka sinna hér þingskyldum sínum og sýna umræðunni og þingmönnum þann sóma að vera hér og til svara. Það tókst með herkjum að draga hér ráðherra í hús í smástund en svo þurftu þeir að rjúka burtu af því að þeir voru búnir að skipuleggja hlaðborð eða eitthvað annað úti í bæ á því kvöldi sem verið er að ljúka 3. umr. um fjárlög. Hvaða ástæður eru svo ríkar að ráðherrar sem höfðu margra klukkutíma aðvörun um að þeir ættu að mæta hér gera það ekki og telja sér sæmandi að láta forsetann fara upp með tilkynningar um að þeir komi því alls ekki við, ráðherrar sem eru á landinu, eru hér í bænum, og hafa þingskyldum að gegna eins og við hin?

Ég kann þessu illa, herra forseti. Ég man þá daga sem mönnum var ekki hlíft við þessu. Þegar Halldór Blöndal, hv. 2. þm. Norðaust., virðulegur forseti, var þingmaður í efri deild og ég var ráðherra lét hv. þm. Halldór Blöndal — þá hefur hann sennilega verið 2. þm. Norðurl. e., hins forna — hringja heim til mína að ganga þrjú að nóttu og krafðist viðveru minnar hér í efri deild og að ég mætti til svara, ekki við fjárlagaumræðu heldur út af bara einhverjum umræðum sem þá voru í gangi. Að sjálfsögðu brást ég vel við og reif mig á fætur og keyrði hér niður eftir alveg á — a.m.k. á leyfilegum hraða. Þegar ég kom í dyrnar kom viðkomandi þingmaður skælbrosandi út á móti, tilganginum var þá náð.

Sama er. Þá var sú hefð og sú venja að ráðherrar litu á það sem algerlega ófrávíkjanlegan hlut af embættisskyldum sínum að mæta til þingsins ef þeir kæmu því við væri þess óskað. Fyrir þessu eru m.a. þau ósköp einföldu rök að ráðherrar hafa þingskyldur eins og aðrir menn, hvort sem þeir eru kosnir eða eru ráðherrar án þess að vera kosnir þingmenn. Það fylgir embættinu. Þess vegna hafa þeir hér málfrelsi og tillögurétt, jafnvel þó að þeir séu ekki sjálfir kjörnir þingmenn, leiðir af sjálfu.

Ég held að menn verði eitthvað að fara að velta þessu alvarlega fyrir sér, herra forseti. Það þýðir ekki að láta þetta bara leka sífellt í þessa áttina og kæruleysið aukast, hroka og virðingarleysi ráðherranna gagnvart þinginu fara vaxandi ár frá ári. Ég mun a.m.k. ekki taka því þegjandi á meðan ég verð hér, hversu lengi sem það verður og hversu mikið sem það dugar. Það getur vel verið að öllum þyki þetta bara leiðindanöldur en það verður þá að hafa það, menn skulu a.m.k. fá að heyra það.

Menn vaxa ekki að virðingu af því að koma svona fram. Er fullfrískum, nýskipuðum ráðherrunum svona erfitt að sinna störfum sínum? Er fólkið svona þreytt og aðframkomið að það geti ekki mætt hérna kannski eftir kvöldmat? Eru þær komnar í rúmið, hæstv. umhverfisráðherra og hæstv. menntamálaráðherra, sem ég veit ekki betur en að séu hér báðar í bænum og höfðu langan fyrirvara hvað það varðaði að koma hér og svara spurningum. Hvorug taldi sér það fært. Það er ekki góður svipur á þessu, herra forseti, og þó að mér þyki í sjálfu sér miður að messa þetta hér undir lok þessarar umræðu fannst mér ástæða til að gera það. Einhver verður að segja hlutina sem þarf að segja og það er þá best bara að ég taki það að mér.

[21:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum nú að ljúka 3. umr. fjárlaga sem verða afgreidd með 10 milljarða afgangi. Það er mjög raunhæft og mjög gott markmið að ná 10 milljarða afgangi. Það er full ástæða til að vera gramur út í ósanngjarna gagnrýni Seðlabankans á að þessi afgangur sé ekki nægur.

Hvað er það sem farið hefur úrskeiðis? Jú, verðbólgan hefur verið aðeins hærri en við ætluðum og hvers vegna? Það hefur verið greint, það eru olíuhækkanir sem enginn átti von á og í öðru lagi fasteignaverð sem hefur vaxið hér óskaplega. Og hvað veldur því? Gríðarlegt offramboð af peningum, fjármagn yfir 300 milljarða kr. hefur verið flutt inn og lánað á einkamarkaði án þess að Seðlabankinn hreyfði hönd né fót, helst þó það að hann gerði allt öfugt, hann minnkaði bindiskylduna í staðinn fyrir að auka hana.

Það er ástæða til að gagnrýna það þegar rætt er um ríkisfjármálin af svo mikilli lausung sem þeir gera. Þeir hafa enga ástæðu til þess að gagnrýna ríkissjóð, hann hefur staðið sig mjög vel. Það er mjög mikill afgangur á ríkissjóði bæði í sögulegum skilningi og í samanburði við fjárlög annarra ríkja í Vestur-Evrópu. Þetta hefur gengið eins vel og við gátum helst vonast til að yrði. Það er hið raunhæfa í þessu máli og við skulum þakka fyrir það.

Hins vegar er ástæða til að hafa áhyggjur af grundvelli þessa alls sem eru atvinnuvegir þjóðarinnar, samkeppnisgreinarnar og útflutningsgreinarnar. Það var þess vegna og vegna afkomu þeirra sem ég hef gagnrýnt Seðlabankann í dag og gagnrýnt vaxtahækkun, eina ráðið sem þeir telja sig hafa, gagnrýnt vaxtahækkun sem gæti orðið stórhættuleg því jafnvægi sem við stefnum að.

[21:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kemur í raun og veru alltaf í sömu erindagerðum upp í ræðustólinn. Hann er að reyna að búa til algera fjarvistarsönnun fyrir hæstv. ríkisstjórn og efnahagsstefnu hennar. Þetta er allt einhverjum öðrum að kenna. Sökudólgurinn núna er Seðlabankinn og svo bankarnir, að þeir fari glannalega.

Hvað er það m.a. sem Seðlabankinn er — að vísu að verulegu leyti undir rós — að gagnrýna hjá hæstv. ríkisstjórn? Af hverju telur hann sig knúinn til að bregðast svona harkalega við? Það kemur alveg skýrt fram í inngangsgrein efnahagskaflans í skýrslunni. Það er stóriðjustefnan, það eru hinar miklu fjárfestingar sem verða meiri en áður var reiknað með og það eru skattalækkanirnar sem Seðlabankinn hefur greinilega í huga plús útlánaþenslan og framferði fjármálastofnananna þegar hann telur sig knúinn til svona harkalegra aðgerða.

Það þýðir auðvitað ekki að skjóta sendiboðann. Það er í reynd verið að því þegar menn ráðast á aumingja Seðlabankann, sem ég hef því miður leyft mér að kalla svo, eða við skulum segja vesalings Seðlabankann, þegar hann er að reyna að grípa til þeirra nánast einu úrræða sem hann hefur til þess að reyna að ná fram lögbundinni skyldu sinni að halda verðstöðugleika í landinu. Það er ekki sanngjarnt.

Ég held að það sé ekki síður ástæða til að kvarta undan því hvernig rætt er um Seðlabankann í þessu samhengi

heldur en að snúa því við og væla undan ósanngjarnri gagnrýni á ríkisstjórnina þegar það er algjörlega ljóst að Seðlabankinn er að bregðast þarna við m.a. þessu tvennu og þessu sérstaklega.

Þegar svo hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kemur hér og réttilega hefur áhyggjur af útflutningsgreinunum og samkeppnisiðnaðinum ætti hann að líta í eigin barm, maðurinn sem studdi stóriðjuframkvæmdirnar. Eru það ekki ruðningsáhrif þeirra sem við erum þarna að súpa seyðið af umfram allt annað og sjávarútvegurinn og samkeppnisiðnaðurinn að greiða herkostnaðinn af?

[21:07]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri spurning hvernig efnahagslífið á Íslandi liti út hefðu menn ekki gripið til þess ráðs 1967 að hefja hér stóriðjuframkvæmdir, það væri spurning út af fyrir sig. Þá gætu menn kannski, þeir sem vildu, komið sér í torfkofana.

Það er ekki eina ráð Seðlabankans að hækka stýrivexti. Hann hefur fleiri ráð. Ég gat þess áðan, herra forseti, að það hefðu komið yfir 300 milljarðar kr. inn í landið og Seðlabankinn aðhafðist ekkert, hann minnkaði bindiskylduna í staðinn fyrir að auka hana. (Gripið fram í.) Það er mjög hættulegt hjá Seðlabankanum að ýta undir þá þróun að hækka gengi krónunnar, það er mjög hættulegt og bankinn má ekki gera þetta. Þeir eiga að stoppa af þetta umframfjármagn, þeim ber að gera það, þeir hafa til þess öll völd og öll tæki þó að þeir þykist ekki hafa það. Það er ástæða til að gagnrýna þetta vegna þess að offramboðið af peningum er að skapa hér hættuástand. Það er ástæða til þess að vara við þegar það gerist á Íslandi að komið er slíkt offramboð af peningum eins og raun ber vitni. Það er ástæða til að vera hræddur við það þegar gefið er upp að 7.000 einstaklingar hafi verið að taka um 90 milljarða kr. í erlendum lánum núna á þrem mánuðum. Það er ástæða til að vara við og ástæða til að þykja ekki mikið til þeirrar hagstjórnar koma sem þeir þykjast geta beitt í Seðlabankanum.

[21:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Það er alveg augljóst mál og um það er ekki deilt hér að þetta eru áhyggjuefnin og hættumerkin eru mikil þegar útlánaþenslan er skoðuð, skuldaaukningin að undanförnu og hvert stefnir í þeim efnum, viðskiptahallinn og allt það sem við erum auðvitað með hér undir, skuldir heimila og fyrirtækja.

En ég tel að menn séu að ætla Seðlabankanum að gera í raun og veru annað en hefur verið ákveðið með lögum á Alþingi að hann skuli gera. Í mínum huga var aldrei neinn vafi á því þegar ákvörðunin var tekin um að gjörbreyta grundvallarlöggjöf Seðlabankans og taka út öll önnur markmið úr markmiðsgreinum laganna en verðstöðugleikamarkmiðin ein að þá voru menn að velja það að fara inn á þá braut að Seðlabankinn ræki mjög harðsvíraða stefnu sem eingöngu miðaðist við verðstöðugleikann. Það eru engin gengismarkmið lengur í lögunum um Seðlabankann og það þýðir ekki fyrir hv. þm. Einar Odd Kristjánsson að koma hér og láta eins og gömlu, góðu dagarnir séu áfram við lýði, að Seðlabankinn eigi að reyna að hafa áhrif á gengið og stýra hlutum í gegnum það. Það er bara liðin tíð. Það var tekin ákvörðun um það, ég held einróma, á Alþingi að fara út í þessi verðstöðugleikamarkmið. Ég hef að vísu oft velt því fyrir mér hvort það hafi verið yfirsjón að ganga svo langt.

Hvað gæti Seðlabankinn gert annað en að beita vöxtunum? Jú, það er talað um bindiskylduna, en það væri nú hálfankannalegt að fara að bakka inn í hana aftur eftir að vera nýbúinn að ákveða að lækka hana, og Seðlabankinn bendir réttilega á að þannig er þróunin í löndunum í kringum okkur. Og þá er fátt annað eftir nema ef Seðlabankinn, í samráði við Fjármálaeftirlitið, hækkaði kröfurnar um eiginfjárhlutföll fjármálastofnananna til þess að reyna að neyða þær þannig til að draga saman efnahagsreikninga sína og umsvif. Auðvitað veltir maður því fyrir sér eins og þær hafa hegðað sér að undanförnu hvort það gæti ekki verið nauðsynlegt stýritæki og kannski öryggisráðstöfun gagnvart því sem kann að vera, því miður, handan við hornið að það fari eitthvað loft úr blöðrunni á næstu missirum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[21:11]

Útbýting:

Ríkisútvarpið sem almannaútvarp, 400. mál, þáltill. MÁ o.fl., þskj. 507.

Fundi slitið kl. 21:12.

---

49. FUNDUR

laugardaginn 4. des.,
kl. 11 árdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 2005, stjfrv., 1. mál, þskj. 474, frhnál. 530 og 531, brtt. 521, 522, 523, 524, 525, 526, 527, 528, 529 og 534. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Fjárlög 2005, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 474, frhnál. 530 og 531, brtt. 521, 522, 523, 524, 525, 526, 527, 528, 529 og 534.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:02]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2005 er komið til lokaafgreiðslu 4. desember í fyllsta samræmi við þá tímaáætlun sem lagt var af stað með í haust.

Niðurstaða þessa frumvarps er sú að afgangur á ríkissjóði á næsta ári verður 10 milljarðar kr. sem er mjög viðunandi niðurstaða í ljósi allra aðstæðna og veitir nauðsynlegt aðhald í efnahagsmálunum en skapar eigi að síður svigrúm til þeirra skattalækkana sem ráðgerðar eru á næsta ári. Þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt var í fyrradag sýnir að það eru frekar líkur á því að afgangurinn í ríkissjóði á næsta ári verði meiri en 10 milljarðar en minni. Það eru auðvitað ánægjuleg tíðindi.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka sérstaklega fjárlaganefndarmönnum, bæði í meiri hluta og minni hluta, fyrir vel unnin störf og fyrir að hafa tryggt að frumvarpið kæmi svo snemma til lokaafgreiðslu.

[11:03]

Einar Már Sigurðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Nú er komið að lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2005 og enn virðist eiga að halda áfram blekkingarleiknum. Þrátt fyrir að í fyrradag hafi komið ný þjóðhagsspá frá Seðlabankanum sem sýndi fram á að forsendur fjárlaganna eru nær allar brostnar skal ekki bæta plaggið. Plaggið skal inn í framtíðina í þeirri mynd sem það var lagt fyrir þingið í upphafi þrátt fyrir að bent hafi verið á að vanbúið var það í upphafi og síðan hafi hlutir, margir hverjir, breyst gífurlega. Það er ljóst að Seðlabankinn hefur sent frá sér fyrsta aðvörunarmerkið, hækkað stýrivexti sína og tekið undir með okkur sem bent höfum á að ekki er nægjanlegt aðhald í fjárlagafrumvarpinu. Fjárlögin munu því ekki nýtast sem skyldi til að mæta þeirri þenslu sem fram undan er.

Herra forseti. Við gerum tilraun til þess við lokaafgreiðslu fjárlaganna að gera á því nokkrar bætur. Við leggjum fram tillögur, m.a. um það að breyta fyrirhugaðri skattalækkun sem svo er kölluð og lækka ekki tekjuskatt flatt um 1% heldur lækka matarskattinn sem vitað er að er meiri hluti fyrir í þinginu. Einnig gerum við tillögu um það að barnabætur sem stjórnarflokkarnir hafa lofað í framtíðinni verði hækkaðar strax í upphafi næsta árs. Við erum með nokkrar tillögur til að bæta stöðu menntastofnana, stöðu sem vitað er að þarf að bæta en stjórnarflokkarnir virðast ætla að halda áfram þeim leik að gera slíkt í fjáraukalögum og skapa þar af leiðandi stofnununum óþarfavanda.

Við gerum enn einu sinni tilraun til að staðið verði við samninginn við Öryrkjabandalagið. Við gerðum tilraun til þess að halda óbreyttu ástandi varðandi Mannréttindaskrifstofu Íslands og við gerum tilraun til þess að horfst verði í augu við fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Það er auðvitað með ólíkindum, herra forseti, að svokölluð tekjustofnanefnd skuli ekki hafa lokið störfum áður en fjárlög fyrir árið 2005 eru afgreidd. Það er búið að viðurkenna að þar er vandi sem taka þarf á því að með skipun nefndarinnar er að sjálfsögðu búið að viðurkenna að vandi sveitarfélaganna sé til staðar. Þess vegna eiga menn sem aðhyllast vönduð vinnubrögð að ljúka slíkum störfum áður en fjárlög eru afgreidd.

Þannig er það á fjölda sviða. Nýlega dreifði t.d. hæstv. menntamálaráðherra frumvarpi um Tækniháskóla Íslands þar sem gert er ráð fyrir því, herra forseti, að á næsta ári þurfi að greiða þar á annað hundrað milljónir en sú breyting sem þar er fyrirséð er ekki inni í fjárlögum. Þetta sýnir enn einu sinni hvaða viðhorf, því miður, stjórnarherrarnir hafa til fjárlaga.

[11:07]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Fjárlög fyrir árið 2005 koma hér til lokaafgreiðslu. Hér eru vissulega mörkuð nokkur tímamót í sögu þessarar ríkisstjórnar, nú skal keyra hart á skattalækkanir, skattalækkanir til þess fólks sem hefur hæstar tekjur. Nú skal svo virkilega keyra á þann þáttinn en lágtekjufólk skal bera aukinn hlut í skattheimtu ríkisins.

Sveitarfélögin standa frammi fyrir miklum fjárhagslegum vanda. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði leggjum til að ef svigrúm er hjá ríkisstjórninni nú til 1% skattalækkunar geti sú skattalækkun færst til sveitarfélaganna og styrkt tekjustofna þeirra.

Ég lít á það sem hinn alvarlegasta hlut hér við fjárlagaafgreiðsluna að skilja stöðu sveitarfélaganna eftir svo fjárhagslega veika sem raun ber vitni. Skattalækkunum er mætt með því að skera niður í samgönguáætlun. Reyndar liggur sá niðurskurður ekki sundurgreindur fyrir þinginu og því mótmæli ég. Þeim er mætt með því að hækka innritunargjöld í ríkisháskólunum, með því að auka gjöld á sjúklinga sem þurfa að sækja heilbrigðisstofnanir með hækkun á komugjöldum. Þetta er það fólk sem ríkisstjórnin telur að geti lagt inn í þjóðarbúið og mætt þeim skattalækkunum sem keyrðar eru fram. Staða efnahagsmála er annars svo að *aðaltekjustofn ríkisins á næstu árum* virðist eiga að vera skattar á viðskiptahallann.

Seðlabankinn gaf út mjög sterka aðvörun í fyrradag um hvert stefndi í þróun efnahagsmála, hækkaði stýrivexti þannig að þeir eru komnir upp í 8,25%, stýrivextir sem koma fyrst og fremst niður á lánum til einstaklinga og minni fyrirtækja hér á landi. Um 30% af því fjármagni sem í umferð er verður snert af þessari hækkun stýrivaxta. Gengisvísitalan er komin niður í 115. Gengið er út frá því í fjárlagaforsendum að hún sé 125. Ruðningsáhrif svona mikillar breytingar á genginu geta orðið gríðarleg og atvinnulífið, sérstaklega útflutningsgreinarnar úti um land, mun standa frammi fyrir miklum vanda fari fram sem horfir, herra forseti.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytja hér tillögur sem eru til bóta og rétta að nokkru af veikan hluta fjárlagafrumvarpsins en að öðru leyti sitjum við hjá við tillögur ríkisstjórnarinnar.

[11:10]

Magnús Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Frumvarp til fjárlaga ársins 2005 kemur nú til lokaafgreiðslu á Alþingi. Í frumvarpinu birtist sterk og góð staða ríkissjóðs. Fram undan er aukinn hagvöxtur og aukinn kaupmáttur almennings. Frumvarpið felur m.a. í sér lækkun tekjuskatts launafólks, verulega aukin framlög til velferðarmála en jafnframt ákveðið aðhald í ríkisútgjöldum. Niðurstaða frumvarpsins er góður tekjuafgangur upp á um 10 milljarða kr. sem er mun betri útkoma en þekkist í flestum samanburðarlanda okkar. Á heildina litið er því um gott frumvarp að ræða með góðri heildarútkomu.

Herra forseti. Fram undan er að halda uppi aðhaldi í ríkisútgjöldum, auka aga í ríkisrekstrinum og að framkvæmd fjárlaga verði eins og lagt er upp með. Það eru mikilvæg verkefni í þágu framtíðarhagsmuna þjóðarinnar og tryggir framhald á góðum árangri stjórnarflokkanna í ríkisfjármálum.

[11:11]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Með verkum sínum við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2005 og fjárlaganna sl. haust fyrir árið 2004 hefur ríkisstjórnin þegar tekið meira inn í tekjum með nýjum álögum en sem nemur fyrirhugaðri skattalækkun næsta árs, skattalækkun sem fyrst og fremst færir fjármuni til þeirra sem hærri hafa tekjurnar. Sjá má í nefndaráliti 1. minni hluta upptalningu á nýjum tekjum sem lagðar voru á á þessu ári og því fyrra.

Afgreiðsla fjárlaga nú er á ábyrgð stjórnarþingmanna enda mun margt þurfa að lagfæra með fjáraukalögum á næsta ári, hæstv. forseti.

Brtt. 521,1.a–b felld með 31:19 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÞH, MÁ, StP, VF, ÞSveinb.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SæS, VS, ÞKG.

5 þm. (ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, GÁS, JBjart, KJúl, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 521,1.c felld með 31:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SJS, StP, VF, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SæS, VS, ÞKG.

1 þm. (GÖrl) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, GÁS, JBjart, KJúl, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 523 felld með 31:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SJS, StP, VF, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SæS, VS, ÞKG.

8 þm. (ÁRJ, GÁS, JBjart, KJúl, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:14]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ríkisháskólarnir búa við allt of lág fjárframlög sem og háskólastigið allt og hér er lögð til aukning til að mæta þeim fjárhagsvanda sem skólarnir standa frammi fyrir en þeir búa við allt of lág fjárframlög af hálfu hins opinbera miðað við nemendafjölda þeirra. Sá vandi er fyrirsjáanlegur og borðleggjandi og því leggjum við til að þeim vanda verði mætt hér og nú í stað þess að berja í brestina í fjáraukalögum á næsta ári og láta skólana engjast í þeim vanda sem þeir eru í.

Á nokkrum árum hefur t.d. átt sér stað hrein bylting í bæði meistara- og doktorsnámi í skólunum, sérstaklega Háskóla Íslands, og hefur nemendafjöldi í framhaldsnámi tólffaldast, úr liðlega 100 nemendum í yfir 1200. Þessari jákvæðu þróun og svo aukinni eftirspurn í skólana á að mæta með auknum fjárveitingum til kennslu og rannsókna en þeim hefur ekki verið mætt og styðst skólinn í auknum mæli við stundakennara sem ekki fæst fé til rannsókna. Því leggjum við til þessi fjárframlög til skólanna.

[11:15]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga er viðbragð við þeim ásetningi ríkisstjórnarflokkanna að þrengja sífellt að rekstri opinberu háskólanna sem hafa í auknum mæli þurft að taka upp aðgangstakmarkanir á sama tíma og stjórnvöld þykjast ætla að hækka menntunarstig þjóðarinnar. Opinberu háskólarnir eru þvingaðir til að hækka skráningargjöld sín og eru beinlínis sveltir inn á braut skólagjalda. Slíkt ógnar því grundvallaratriði í menntastefnu þjóðarinnar sem við höfum talið að standa þyrfti vörð um, nefnilega jafnrétti til náms.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur spyrnt við fótum gegn þessari þróun og við munum gera það áfram. Við teljum engar röksemdir fyrir því að Háskóli Íslands þurfi að láta sér lynda það að í ár fái hann einungis fjármagn fyrir 46% af kennsluframlagi til rannsókna þegar það var 67% fyrir örfáum árum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð skilur ekki stefnu stjórnvalda í þessu. Þess vegna greiðum við tillögunni atkvæði. Ég segi já.

Brtt. 534 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, MÞH, SJS, StP, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SæS, VS, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, HHj,

JÁ, JóhS, JGunn, KHG, KLM, LB, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, GÁS, JBjart, KJúl, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:17]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er tillaga sem við flytjum, sá sem hér stendur og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, um að Háskóli Vestfjarða fái byrjunarfjárveitingu til að geta hafið störf. Vestfirðingar hafa lagt mikla áherslu á stofnun háskóla á Vestfjörðum með staðsetningu á Ísafirði og það er fyllilega ástæða til að standa á bak við þá með því að þetta starf komist í gang.

Reynslan hefur sýnt að litlar stofnanir í sterkum og nánum tengslum við umhverfi sitt eins og litlir háskólar sem þessi geta starfað vel. Það er mjög brýnt fyrir þennan væntanlega háskóla að fá fjárlagalið, fá eigin kennitölu á fjárlögum til að geta haldið áfram að byggja sig upp og starfa. Það hefur verið ein meginkrafa Ísfirðinga og Vestfirðinga nú á síðari missirum að fá að stofna sinn eigin háskóla sem tengdist auðlindum og möguleikum þess byggðarlags. Því leggjum við til að þingheimur samþykki það að veita þeim þennan stuðning.

[11:18]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um *hreina* *sýndartillögu* og *sýndarmennskutillögu*. Þannig er mál með vexti að í vor var lokið starfi nefndar þar sem sátu fulltrúar heimamanna og menntamálaráðuneytis. Þar var ákveðið hvernig staðið skyldi að þessum málum. Það kom fram á fundi með heimamönnum og þingmönnum Norðvest. að ekki skorti fjármagn til þess, hvorki á þessu ári né því næsta, til að halda áfram þeirri vinnu í samræmi við það sem heimamenn vildu.

Það liggur fyrir að til staðar er fjárveiting á þessu ári upp á 20 millj. kr. Það liggur fyrir að til staðar er fjárveiting á næsta ári upp á 20 millj. kr. — 40 millj. kr. á tveimur árum til að hefja undirbúning að háskólakennslu á Ísafirði eins og við heimamenn höfum verið að berjast fyrir. Þessi tillaga er eingöngu gerð til að reyna að slá einhverjar pólitískar keilur. Hún hefur enga efnislega þýðingu, hún er sýndartillaga, sýndarmennskutillaga sem við eigum að fella.

Brtt. 524 felld með 31:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SJS, StP, VF, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SæS, VS, ÞKG.

8 þm. (ÁRJ, GÁS, JBjart, KJúl, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:19]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að sett verði aukið fé til framhaldsskólanna, og væri ekki vanþörf á. Það eru engir eðlilegir stjórnunarhættir að láta framhaldsskólana vera með uppsafnaðan vanda árum saman og ég held að rétt væri fyrir hv. þingmenn að muna að þegar kemur að afgreiðslu fjáraukalaga á næsta ári þarf örugglega að taka á þessum vanda. Það á að taka á þeim vanda sem fyrirséður er í fjárlögunum og þess vegna er það hrein sýndarmennska ef það á að afgreiða þetta með þeim hætti að það vanti tugi og hundruð milljóna til þess að reka framhaldsskólana.

[11:20]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Sú ánægjulega þróun hefur átt sér stað undanfarið að nemendum á framhaldsskólastigi hefur fjölgað og auk þess hefur skólunum tekist að minnka brottfall verulega. Samfylkingin og aðrir flokkar stjórnarandstöðunnar telja því sýnt að veita þurfi meira fjármagn til framhaldsskólanna til að koma til móts við og standa straum af kostnaði vegna þessarar ánægjulegu þróunar, auk þess sem við teljum að hætta eigi því sem verið hefur undanfarið, að láta skólana engjast í fjárskorti og láta þá vera fastagesti á fjáraukalögum ár eftir ár.

[11:21]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er gerð tillaga um að bæta 330 millj. kr. við fjárveitingar til framhaldsskólanna sem er lágmark samkvæmt tillögum frá skólameistarafélagi framhaldsskólanna. Til viðbótar þessari fjárhæð sem kæmi þá til móts við þá 400 nemendur sem vantar fé til á næstu fjárlögum er uppsafnaður vandi framhaldsskólanna 500–600 millj. kr. Það sýnir algert metnaðarleysi nýs menntamálaráðherra að sætta sig við að fjárlögum 2005 verði lokað með því að ekki sé komið til móts við raunverulegar þarfir og raunverulegan nemendafjölda í framhaldsskólum landsins á næsta ári. Allir muna vandræðaástandið sem varð í haust þegar ljóst varð að ekki var hægt að taka við öllum árgangnum í skólunum og síðan var því mætt með fjáraukalögum og með því sem hér hefur verið kallað sýndarmennska í fjárlagagerð og á ekki að viðgangast. Ég segi já.

[11:22]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Sá fáheyrði atburður átti sér stað í íslensku skólakerfi síðasta vor að fjölda umsækjenda í framhaldsskólana var vísað frá og eftir allan hamaganginn stóð það eftir að þeir sem voru að sækja um skólavist og nám eftir að hafa fallið brott, sem kallað er, eða gert hlé á námi sínu án útskriftar fengu flestir ekki skólavist. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum nemendum við skólann í samanburði við þá fjölgun sem átti sér stað vegna stærri árganga í framhaldsskólunum. Þetta var fáheyrð og meginbreyting á skólastefnu okkar sem fékk enga umræðu hér. Þó að einstakir skólar hafi náð árangri í glímunni við brottfallið eigum við enn þá heimsmetið þar. Við þurfum að bæta verulega í til að gera almennilega við framhaldsskólana og því styð ég eindregið þessa tillögu um aukna fjárveitingu til skólanna þannig að þeir geti tekið við þeim nemendum sem þangað sækja, hvort sem það eru nýnemar eða nemar sem

hafa áður fallið á brott og sækja um skólavist öðru sinni. Ég segi já.

Brtt. 525 felld með 31:9 atkv. og sögðu

já: ÁI, GAK, JBjarn, KJúl, KolH, MÞH, SJS, StP, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SæS, VS, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁRJ, GÁS, JBjart, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:24]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér greiðum við atkvæði um tillögu sem gerir ráð fyrir því að settar verði 20 millj. kr. í það að undirbúa eitt af höfuðsöfnum þjóðarinnar sem samkvæmt lögum á að vera Náttúruminjasafn Íslands. Frá því að safnalögin nýju voru sett hefur ekki verið settur neinn peningur í það að undirbúa stofnun þessa safns.

Nú er nýkomin út skýrsla frá Ríkisendurskoðun sem greinir frá því hvernig staðan er hjá Náttúrufræðistofnun Íslands í dag og hún er vægast sagt bágborin. Sýningaraðstaðan kúrir enn í tveimur sýningarherbergjum á tveimur hæðum í afar óhentugu húsnæði uppi við Hlemm. Vísindasafnið er í afar óhentugu húsnæði líka í geymslum í kjöllurum, bæði sunnan heiða og norðan. Það er sannanlega orðið mál að linni og almennileg bragarbót verði gerð í þessum efnum. Náttúrufræðistofnun Íslands er búin að vera í tæplega hálfa öld í bráðabirgðahúsnæði. Hún á það inni hjá Alþingi Íslendinga að við setjum núna fjármuni í Náttúruminjasafn Íslands.

[11:25]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Náttúruminjasafn Íslands er 115 ára gömul stofnun á þessu ári, ein af elstu menningarstofnunum Íslands. Safnið hefur búið við mikil þrengsli í bráðabirgðahúsnæði í tæp 40 ár. Undanfarna áratugi hefur verið unnið að endurbótum og búið í haginn fyrir önnur söfn, höfuðsöfn í landinu, nú síðast Þjóðminjasafnið með myndarlegum hætti.

Hér er gert ráð fyrir að veittar yrðu 20 millj. kr. til undirbúnings aðgerða í málefnum Náttúruminjasafns Íslands, þetta yrði fyrsta skrefið í endurreisn safnsins. Hér er um að ræða táknræna fjárhæð sem gæti verið viljayfirlýsing frá þinginu um áframhaldandi uppbyggingu safnastarfs í landinu. Það er komið að Náttúruminjasafninu. Ég segi já.

Brtt. 529 samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁI, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MÁ, SAÞ, SF, SJS, StP, SæS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

nei: PHB.

1 þm. (SKK) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, GÁS, JGunn, JBjart, KJúl, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:27]

Mörður Árnason:

Forseti. Það hefur gengið á ýmsu í áranna rás við úthlutun heiðurslauna listamanna. Þó hefur held ég alltaf verið virt sú sjálfsagða regla að reynt sé að ná samstöðu um málið á Alþingi þvert á skurðlínur flokka og landamæri stjórnar og stjórnarandstöðu. Þessi hefð er nú rofin. Stjórnarmeirihlutinn í menntamálanefnd var búinn að ganga frá þessu máli þegar það kom til afgreiðslu í nefndinni. Tillögumenn eru því aðeins þeir hv. þm. sem smalað var saman til að mynda meiri hluta í nefndinni á fimmtudagskvöldið en ekki við sem sitjum í menntamálanefnd fyrir stjórnarandstöðuflokkana.

Ég harma það að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn skuli hafa kosið að láta þennan skugga bera á veitingu heiðurslauna til fjögurra nýrra manna í þessum hópi en til að sýna því ágæta listafólki þá virðingu sem skylt er segi ég þó að þessu sinni já.

[11:28]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Árlega kemur fjöldi íslenskra listamanna til greina inn á heiðurslaunalista Alþingis. Þeir fjórir einstaklingar sem hér er bætt við eiga sannarlega skilið sæti á þessum lista, en þeir eru líka fleiri. Það er áralöng hefð hjá Alþingi Íslendinga að það sé unnið í sátt og samlyndi að uppstillingu á þennan lista á hverju ári.

Ég harma það að sú hefð skuli hafa verið brotin en það hefur gerst núna annað árið í röð að meiri hlutinn leggur fram tillögu sem er ekki til umræðu. Það er mjög miður að svo skuli að verki verið í menntamálanefnd Alþingis. Ég hvet til þess að þau vinnubrögð sem hv. menntamálanefnd er að reyna að innleiða nú verði afnumin og að framvegis verði reynt að eiga samtal um þessi mál þar sem allir stjórnmálaflokkar sem sæti eiga á Alþingi komi jafnir að málum.

[11:29]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ríkið á ekki að greiða heiðurslaun til listamanna. Rökin eru í fyrsta lagi: Stjórnmálamenn eiga ekki að skera úr hverjir eru góðir listamenn og hverjir eru slæmir, það er ákvörðun fólksins í landinu sem það sýnir með því að kaupa og njóta listaverka. Menningu á ekki að stýra ofan frá enda gaf það slæma raun í Sovét.

Í öðru lagi: Listamenn eiga ekki að þakka og þóknast stjórnmálamönnum.

Í þriðja lagi: Þegar listamenn hafa öðlast þann sess að vera gjaldgengir á lista yfir heiðurslaun eru þeir yfirleitt komnir á græna grein og þurfa ekki á styrk að halda.

Ég sakna þess listamanns á þessum lista — ef menn vilja veita heiðurslaun — sem heitir Björk Guðmundsdóttir. Hún er sá listamaður sem hefur selt íslenska menningu víðast og fyrir mesta peninga og ætti skilið að vera þarna. Ég legg til að á næsta ári fái hún eina krónu á mánuði því hana

munar ekkert um þetta, samtals 12 krónur, og geti fengið það fyrir fram allt árið. Ég segi nei.

[11:30]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að bæta fjórum nýjum aðilum inn á heiðurslaun listamanna. Meiri hluti nefndarinnar gerði grein fyrir tillögu sem var mjög vel rökstudd og hún var auðvitað rædd í nefndinni. Minni hlutinn vill ráða þessu líka og fær um það ráðið en ef hann fær ekki að ráða kemur hann hingað og kvartar eins og gamlar nöldurskjóður. Þannig er lýðræðið hjá þeim. Ég segi já.

[11:31]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu vill minni hluti nefndarinnar hafa með þær tillögur að gera sem honum er ætlað að standa að. Um það snýst þetta mál. Á hverju ári eru margir kallaðir þegar kemur að því að veita heiðurslistalaun Alþingis og styð ég eindregið að slík laun séu veitt. Hins vegar skortir reglur og viðmið til að þeir hlutir geti gengið í gegn nokkuð eðlilega, enda kemur mikill fjöldi valinkunnra listamanna augljóslega til greina á hverju einasta ári.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um þetta mál frá hv. þm. Merði Árnasyni þannig að þau mál gætu horft til betri vegar á næstunni. En við komum að þessu sinni, fulltrúar minni hlutans í menntamálanefnd, að gerðum hlut. Við styðjum eindregið þau nöfn sem þar eru og greiðum því tillögunni atkvæði okkar en við fengum ekki að hafa um það að segja frekar hvernig þessu máli var háttað. Það eru óviðunandi vinnubrögð, þau eru ólýðræðisleg og við hörmum að svo sé að máli staðið og hvetjum formann og aðra nefndarmenn eindregið til að standa öðruvísi að á næsta ári. Við tillögunni segi ég engu að síður já.

Brtt. 527 felld með 30:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KHG, KLM, LB, MÞH, MÁ, VF, StP, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÁI, AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH.

nei: MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, VS, ÞKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, KF, DJ, ÁMöl, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, SæS, HjÁ, JónK, KÓ, HBl.

8 þm. (MF, SP, StB, ÖS, ÁRJ, GÁS, JBjart, KJúl) fjarstaddir.

15 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:33]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum árum ritaði formaður Framsóknarflokksins, núverandi hæstv. forsætisráðherra, minnisblað til ríkisstjórnarinnar þar sem hann taldi að til þess að tryggja sjálfstæði Mannréttindaskrifstofu yrðu framlög að koma beint frá Alþingi. Það gengi ekki að þau kæmu frá einhverju tilteknu ráðuneyti.

Ég er sammála þeirri skoðun sem hæstv. forsætisráðherra hafði á þeim tíma og segi því já og vænti þess að Framsóknarflokkurinn sé enn sama sinnis og hann var þá.

[11:34]

Mörður Árnason:

Forseti. Það hefur þegar vakið athygli á alþjóðavettvangi að íslenska ríkisstjórnin skuli hafa kosið að fara með þessum hætti fram gegn mannréttindaskrifstofu sem fjölmörg félagasamtök standa að og hefur unnið það starf að enginn gagnrýnir. Það fer hins vegar í taugarnar á valdsmönnum að einhver skuli taka sér það vald að hafa eitthvað um gerðir þeirra að segja og þess vegna ráðast þeir núna gegn þessari skrifstofu.

Ég held að þetta sé óvenjulegt mál vegna þess að þetta er ekki aðeins skrýtið innan lands, heldur eru stjórnarmeirihlutinn og ríkisstjórnin að búa til hneyksli sem verður okkur til háðungar og óvirðingar utan lands. Ég segi já.

[11:35]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Þessi breytingartillaga minni hlutans snýst einfaldlega um það að tryggja Mannréttindaskrifstofu Íslands áfram fasta fjárveitingu, fasta fjárveitingu til að tryggja sjálfstæði skrifstofunnar. Sjálfstæður rekstur skrifstofunnar tryggir að í landinu starfi óháður greiningar- og eftirlitsaðili á sviði mannréttinda. Það gengur ekki upp að Mannréttindaskrifstofan sé háð duttlungum einstakra ráðherra. Þingmaðurinn segir já.

[11:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er aldeilis ótrúleg meinbægni hjá hæstv. ráðherrum og meiri hlutanum múlbundnum að baki þeim að geta ekki unnt Mannréttindaskrifstofu Íslands þess að vera sjálfstæður og sérmerktur liður á fjárlögum þannig að skrifstofan gangi að fjárveitingum sínum vísum og að sjálfstæði hennar og óhæði sé þar með tryggt, m.a. og ekki síst gagnvart framkvæmdarvaldinu sem hún þarf að veita aðhald og eftir atvikum að gagnrýna, og hefur gert á undanförnum árum.

Þetta mál er kristaltært og ef hæstv. ráðherrar skilja ekki af hverju verið er að berjast fyrir því að óbreytt skipan haldist og skrifstofan sé sjálfstæð að þessu leyti er eitthvað mikið að hjá þeim. Þá er eitthvað mikið að í sálarbúi þeirra þannig að það er ískyggilegt inn í hvaða heim glittir í gegnum þessa meinbægni ríkisstjórnar Íslands undir forustu dómsmálaráðherra Björns Bjarnasonar, utanríkisráðherra Davíðs Oddssonar og forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar sem eiga sérstaka skömm skilið fyrir framgöngu sína í þessu máli. Þingmaðurinn segir já.

[11:38]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það er eitthvað rotið í innviðum þess stjórnkerfis sem ekki vill styðja við bakið á starfsemi sjálfstæðrar mannréttindaskrifstofu, mannréttindaskrifstofu sem veitir stjórnvöldum afar nauðsynlegt aðhald og tekur virkan þátt í opinni umræðu um stöðu mannréttinda á Íslandi.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins geta snúið dæminu við í þessari atkvæðagreiðslu og bjargað bæði orðspori sínu og Íslands á erlendum vettvangi og sagt já við þessari tillögu.

Hæstv. forseti. Ég segi já.

[11:39]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Árás ríkisstjórnarinnar á Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana. Með afgreiðslu sinni á stofnuninni hefur ríkisstjórnin skapað sér tortryggni allra virtustu samtaka á sviði mannréttinda í okkar heimshluta. Við sjáum það á öllum þeim skeytum sem rignir yfir þingmenn þessa dagana, nú síðast frá biskupnum yfir Íslandi.

Þetta er undarleg ráðstöfun, ekki síst í ljósi umsóknar ríkisstjórnar Íslands um setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það auðveldar varla hæstv. utanríkisráðherra það verk að hafa nú eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna með mannréttindum á bakinu. Ég held að þingmenn ættu að auðvelda honum frekar það verk ef menn meina eitthvað með því að sækja um aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og segja já hér, hv. stjórnarþingmenn. Ég segi já.

[11:40]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Það er allt í lagi að rugla nafnaröðinni svo fremi að ég fái að greiða hér atkvæði og gera grein fyrir því. Með þessari breytingartillögu er verið að tryggja, ekki eingöngu fjármagn heldur sjálfstæði Mannréttindaskrifstofu Íslands. Það er það sem skiptir máli í þessari breytingartillögu.

Skrifstofan þarf að vera jafnsjálfstæð og umboðsmaður Alþingis. Sú hegðan sem hér birtist gerir ekkert annað en að skapa tortryggni hér á landi sem erlendis. Ég hvet hæstv. ríkisstjórn til að líta til allra þeirra fjölmörgu áskorana sem hafa komið frá virtum félögum og stofnunum sem láta sig mannréttindamál varða, bæði hér á landi og erlendis. Þingmaðurinn segir já.

[11:42]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Með því að taka Mannréttindaskrifstofu Íslands út af fjárlögum er gengið verulega að sjálfstæði skrifstofunnar og ekki hægt að kalla það öðrum nöfnum en að hér sé um að ræða aðför að sjálfstæði Mannréttindaskrifstofu Íslands. Er sérstök ástæða til þess við þessa atkvæðagreiðslu að lýsa eftir skýrri afstöðu Framsóknarflokksins, sérstaklega með tilliti til þess minnisblaðs sem þáverandi hæstv. utanríkisráðherra, núverandi hæstv. forsætisráðherra, skrifaði ríkisstjórn Íslands árið 1997, svo og þeirrar yfirlýsingar sem fram kom frá hv. þm. Jónínu Bjartmarz í þætti í Ríkisútvarpinu á sunnudaginn var, fyrir sex dögum.

Þó að þingmaðurinn sé því miður ekki stödd hér í dag til að svara fyrir það hljóta aðrir þingmenn Framsóknarflokksins að geta hlaupið í skarðið og gert grein fyrir stefnu flokksins í þessu máli. Ætlar Framsóknarflokkurinn að taka þátt í aðför Sjálfstæðisflokksins að Mannréttindaskrifstofu Íslands? Ég segi já við breytingartillögunni.

[11:43]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Í lýðræðisríkjum tíðkast það að stjórnvöld styrkja sjálfstæða mannréttindastarfsemi í stað þess að brjóta hana niður eins og ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar er að gera með þessum tillögum sínum. Nú er röðin komin að Mannréttindaskrifstofunni í viðleitni ríkisstjórnarinnar til að leggja niður starfsemi sem gagnrýnir hana.

Þetta er uggvænleg þróun og hættuleg lýðræðinu. Gildir þá einu hvort við erum að tala um Seðlabankann, Þjóðhagsstofnun eða Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ég vil tryggja sjálfstæða mannréttindastarfsemi undir hatti frjálsra félagasamtaka og fordæmi það markmið ríkisstjórnarinnar að vilja drepa hana niður. Ég segi já.

[11:44]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það hefur gætt dálítils misskilnings í frásögnum fréttastofa okkar af þessu máli. Hið rétta er að í fjárlögum þeim sem við erum nú að afgreiða er nákvæmlega sama upphæð til mannréttindamála og í fjárlögum yfirstandandi árs, þ.e. tvisvar sinnum 4 millj., samtals 8 millj. Það er ekki verið að skera þetta niður í heildina.

Við hverja afgreiðslu koma til álita fjárlaga meiningar um það hverjir eigi að úthluta fé, Alþingi eða ráðherrar, og menn geta deilt um það enda orkar það oft tvímælis. Hér er um að ræða getgátur um það að ráðherrar ætli eitthvað sem ekki hefur komið í ljós. Við höfum ekki talið ástæðu til að hækka þetta og ég segi því nei.

[11:45]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er einkennilegur hugsanagangur sem birtist í því að draga úr sjálfstæði umfjöllunar um mannréttindi hér á landi sem annars staðar. Ég átta mig ekki á því á hvaða vegferð ríkisstjórnin er í þessu máli. Ég tel að menn séu að verða sér til skammar með því að fara í málið með þeim hætti að draga úr frjálsræði og frjálsri ákvaðanatöku varðandi mannréttindi. Ég segi já.

[11:46]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Alþingi Íslendinga ber öðru fremur að standa vörð um tjáningarfrelsið. Það tjáningarfrelsi hefur Mannréttindaskrifstofa Íslands nýtt og sem betur fer hefur mannréttindabarátta á Íslandi eflst. Mikilvægir dómar hafa náðst, m.a. gegn ríkisstjórn Íslands og slæm mál frá henni hafa verið stöðvuð á síðustu árum. Það truflar stjórnarherrana. Lítt dulin skilaboð felast í þeirri ógnun að svipta Mannréttindaskrifstofuna fjárveitingu og það er árátta hv. formanns Sjálfstæðisflokksins að vilja leggja niður stofnanir, svipta frjáls félagasamtök innheimtu hjá ríkissjóði eða svipta Mannréttindaskrifstofuna sjálfstæðum fjárveitingum. Slíkar athafnir forustumanna í stjórnmálum gegn lýðræðislegri umræðu eru hneyksli og stjórnarþingmönnum sem hér taka þátt í atkvæðagreiðslu til minnkunar. Ég segi já.

[11:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er ljóst að það verður dapurleg niðurstaða í þessari atkvæðagreiðslu. Hún er dapurleg fyrst og fremst fyrir Alþingi vegna þess að skilaboð frá ráðherrum eru tekin sem fyrirmæli til manna um það hvernig þeir eigi

að greiða atkvæði í þingsölum. Það sannaðist býsna vel í viðtali við formann fjárlaganefndar í útvarpi fyrir 3–4 dögum þar sem hann hafði þá einu skýringu á því að þessar breytingar væru gerðar að komið hefðu tillögur um þær frá ráðuneytunum.

Það er ótrúlegt að alþingismenn skuli vera svo litlir og lágir til hnésins að þeir skuli ekki geta slegið á puttana á ráðherrum sínum þegar valdið hefur spillt þeim eins og hér má vel sjá. Þingmaðurinn segir já.

[11:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er ástæða til að leiðrétta varaformann fjárlaganefndar, hv. þm. Einar Odd Kristjánsson, (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Atkvæðaskýring.) (Gripið fram í.) varðandi ... Herra forseti. Menn hafa hér í frammi nokkra sýndarmennsku en fjárveiting til Mannréttindaskrifstofu Íslands er felld niður af fjárlögum. Fjárveitingin hefur verið sérstakur liður á fjárlögum til þessa. Nú er hún færð undir sérstakan lið sem heitir Mannréttindamál og heyrir undir ákveðinn ráðherra.

Mannréttindaskrifstofa Íslands verður að sækja þar um vilji hún gera það ásamt öðrum aðilum sem gætu viljað sækja um fjármagn vegna mannréttindamála. Það er því veruleg grundvallarbreyting á stjórnsýslulegri stöðu Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ég er andvígur þessari breytingu. Með því er verið að skerða stöðu mannréttindamála hér á Íslandi, þátt okkar í mannréttindamálum úti um allan heim. Ég segi því já, herra forseti, og hef enga sýndarmennsku í því.

[11:50]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur að tilstuðlan ríkisstjórnarinnar verið strikuð út af fjárlögum Íslendinga. Breytingin er ekki rökstudd, alls ekki. Mannréttindaskrifstofa Íslands er rekin af öllum, ég held örugglega öllum þeim félagasamtökum sem starfa á sviði mannréttindamála á Íslandi. Hún hefur skilgreint verksvið undir hatti þessara félagasamtaka. Nú ætla hæstv. ráðherrar að láta fjármunina sem hafa runnið til þessarar skrifstofu vera í einhverjum óskilgreindum potti þar sem þeir aðilar sem starfa að mannréttindamálum á Íslandi geta sótt um. Þetta er algerlega órökstudd tillaga, algerlega, og ég mótmæli henni. Ég sé ekki betur en að hér sé eitthvað rotið beinlínis við afstöðu ríkisstjórnarinnar til mannréttindamála almennt.

Það orðspor sem ríkisstjórnin kemur sér upp með þessum gjörningi á eftir að fylgja henni sem skuggi inn í framtíðina og hann á eftir að verða ríkisstjórninni til mikillar vansæmdar. Ég segi já við breytingartillögunni.

Brtt. 528 felld með 30:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SJS, StP, VF, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SæS, VS, ÞKG.

9 þm. (ÁRJ, GÁS, HjÁ, JBjart, KJúl, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:53]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Þingenn Samfylkingarinnar bera þessa tillögu stjórnarandstöðunnar uppi. Þeir eru þá ósammála ummælum oddvita Samfylkingarinnar í borgarstjórn Reykjavíkur sem hann viðhafði á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir viku hvar hann sagði helst eiga að leggja Jöfnunarsjóð sveitarfélaga niður, varaði við auknu fjármagni í hann og taldi starfsemi hans einkennast af sjóðasukki.

Það er út af fyrir sig vel að sjá þetta hér, hæstv. forseti, en tillagan er ótímabær. Ríki og sveitarfélög ræða nú tekjuskiptinguna og sú vinna er á réttu róli. Rétt er að gefa nefnd þeirri sem um málið fjallar frið til að setja fram rökstuddar tillögur í málinu, ekki órökstuddar eins og þá sem hér er borin fram. Ég segi nei.

[11:54]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Erfið fjárhagsstaða margra sveitarfélaga nú er ein alvarlegasta ógnunin við velferðarkerfið í landinu. Ríki og sveitarfélög bera sameiginlega ábyrgð á því að halda uppi velferðarþjónustunni. Þar ríkir að vísu ákveðin verkaskipting. Sú hefur orðið raunin nú að skipting tekna milli ríkis og sveitarfélaga hefur skekkst mjög, sveitarfélögunum í óhag. Þau hafa fengið aukin verkefni án þess að tekjustofnar hafi fylgt. Mörg sveitarfélög eru nú rekin með gríðarlegum halla. Þau verða að selja eignir sínar, veitur, jafnvel skóla, til að fjármagna rekstur sinn. Þessi staða er fullkomlega óábyrg af hálfu ríkisvaldsins. Orð hæstv. félagsmálaráðherra sýna að hann áttar sig hreinlega ekki á um hvað málið snýst.

Hér er lagt til að til bráðabirgða, meðan verið er að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga, verði veittar á fjárlögum næsta árs að lágmarki 700 millj. kr. sem fara í gegnum jöfnunarsjóðinn því að það er sá farvegur sem fyrir hendi er til styrktar þeim sveitarfélögum sem verst standa.

[11:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Útreiðin sem sveitarfélögin í landinu fá í samskiptum við þessa ríkisstjórn er löngu orðin fræg að endemum. Það sem vekur sérstaka athygli auðvitað er metnaðar- og þó sennilega frekar viljaleysi hæstv. félagsmálaráðherra til að berjast fyrir málaflokki sínum. Það virðist vera sem hæstv. ráðherra, samanber ræðuhöld hans á vettvangi sveitarfélaganna og hér á Alþingi, uni því vel að vera undir skóhæl íhaldsins og komast hvorki lönd né strönd með málaflokk sinn.

Þessi breytingartillaga er lítils háttar viðleitni til þess að laga stöðu sveitarfélaganna á næsta ári með 700 millj. kr. viðbótarfjárveitingu í jöfnunarsjóð og dugar þó auðvitað hvergi nærri til til að rétta stöðu sveitarfélaganna almennt. Hún er þó í samræmi við óskir þeirra um fjármagn til að taka á allra brýnasta bráðavanda verst stöddu sveitarfélaganna. Og það að hæstv. félagsmálaráðherra skuli ekki einu

sinni reyna að leggja því lið að fá slíka fjármuni segir meira en mörg orð um vilja-, getu- og metnaðarleysi hans.

[11:56]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Engum sem það skoðar dylst að sveitarfélögin í landinu eiga í erfiðleikum í rekstri sínum. Tekjuskipting milli ríkis og sveitarfélaga hefur verið til umræðu mjög lengi án þess að niðurstaða fáist í málið og virðist helst sem ríkið hafi engan vilja til að ná sanngjarnri niðurstöðu í málin í heild sinni. Ríkisvaldið verður að fara í alvöru að semja við sveitarfélögin og það er orðið mjög brýnt að ná niðurstöðu í verka- og tekjuskipti milli þessara tveggja stjórnsýslustiga.

Hér er á ferðinni tillaga um að sýna jákvæðan vilja gagnvart sveitarfélögunum með því að bæta 700 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ég geri mér fulla grein fyrir því að sú upphæð leysir ekki þann rekstrarvanda sem sveitarfélögin eiga við að etja en sú lausn er til bráðabirgða til að leysa vanda til skemmri tíma. Ég segi já.

Brtt. 526,1 felld með 30:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SJS, StP, VF, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SæS, VS, ÞKG.

9 þm. (ÁRJ, GÁS, JBjart, KJúl, KHG, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:58]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Þegar útlit var fyrir að hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson næði ekki kjöri á Alþingi í aðdraganda kosninganna síðustu gerði ríkisstjórnin samning við Öryrkjabandalag Íslands um kjör öryrkja. Lífeyrir hinna yngstu skyldi tvöfaldaður og síðan skyldi hann lækka um 421 kr. fyrir hvert ár sem liði. Sá kjarasamningur var birtur í öllum fjölmiðlum landsins fyrir kosningar, hann var kynntur í Þjóðmenningarhúsinu en þegar Framsókn hafði aukist fylgið og verið kosin á þing kom hæstv. heilbrigðisráðherra hér í fyrra, sagðist verða að áfangaskipta efndunum og gæti ekki efnt nema tvo þriðju að þessu sinni.

En þetta árið er engan síðari áfanga að sjá. Nú hafa þeir gerst svo ósvífnir að lýsa því yfir að það verði aldrei neinn síðari áfangi vegna þess að því miður sé ekkert mark takandi á samningum við ríkisstjórn Íslands þegar öryrkjar og hinir fátækustu í landinu eiga í hlut. Þeir verða aftur og aftur að draga ríkisstjórn Íslands fyrir Hæstarétt (Forseti hringir.) og láta dæma sér mannréttindi sín fyrir dómstólum. Ég harma það, herra forseti, ég harma það.

[11:59]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Yfirlýsing mín og formanns Öryrkjabandalagsins frá 25. mars 2003 hefur verið uppfyllt. Í hana eru komnar 1.300 millj. núna og engin svik hafa verið þar í tafli. Í þessu frumvarpi og í fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 2004 eru veittar 2.500 millj. kr. til örorkubóta. Við það verður að sitja að sinni en kjarabarátta öryrkja heldur vissulega áfram. Ég segi nei við þessari tillögu.

[12:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni ein af þremur tillögum sem við formenn stjórnarandstöðuflokkanna flytjum sameiginlega. Með því viljum við undirstrika þessi mál og þar kemur fyrst til atkvæða þessi tillaga um að efna samninginn við öryrkja sem gerður var í aðdraganda alþingiskosninganna vorið 2003. Það er sérstaklega smánarlegt í ljósi forsögunnar að ríkisstjórnin sem hefur troðið illsakir við öryrkja og verið dæmd fyrir mannréttindabrot á þeim á því kjörtímabili var að reyna að vinna sér það til aflausnar að gera við þá samning. Því var auðvitað fagnað að því marki sem innihald þess sannings var mjög jákvætt.

Hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson er hér gerður að ómerkingi orða sinna. Það gerir hann reyndar sjálfur með því að snúa nú við blaðinu frá því sem hann lýsti yfir í fjölmiðlum áður. Einkanlega aumlegur er einnig hlutur hæstv. forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar en aðild hans að þessum samningi var sérstaklega hampað í aðdraganda kosninga, væntanlega til að veiða honum atkvæði eins og hv. síðasti ræðumaður benti réttilega á.

Brtt. 521,2 felld með 29:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SJS, StP, VF, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SæS, VS, ÞKG.

10 þm. (ÁRJ, GÁS, GÁ, JBjart, KJúl, KHG, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 526,2–3 felld með 31:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SJS, StP, VF, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SæS, VS, ÞKG.

8 þm. (ÁRJ, GÁS, JBjart, KJúl, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með þessari tillögu er lagt til að barnabætur hækki um 2,4 milljarða en með því verður m.a. hægt að greiða barnabætur til allra barna að 18 ára aldri eins og Framsóknarflokkurinn lofaði á árinu 1999. Ríkisstjórnin hefur hlunnfarið barnafólk um 10 milljarða síðustu 10 árin og ætlar aðeins að skila fjórðungi af því fjármagni til baka — eftir tvö ár. Við mótmælum líka harðlega að enn einu sinni sé verið að ráðast að skuldugum heimilum með skerð-

ingu vaxtabóta og flytjum tillögu um að fallið verði frá þessari skerðingu sem íþyngja mun a.m.k. 50–60 þús. heimila á næsta ári.

[12:04]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur komist að niðurstöðu um að lækka tekjuskatt í áföngum um 4%. Skattleysismörk hækka úr rúmlega 71 þús. kr. upp í tæp 86 þús. Barnabætur hækka um 2,4 milljarða, þ.e. um helming. Endurgreiðsluhlutfall námslána lækkar um 1%, eignarskattur er afnuminn.

Áhrifin á kaupmátt almennings eru mikil. Dæmi: Ráðstöfunartekjur foreldris með eitt barn undir 7 ára aldri með 125 þús. kr. á mánuði hækka um 10%. Ráðstöfunartekjur hjóna með 300 þús. kr. á mánuði samanlagt, tvö börn, hækka um 23.500 á mánuði. Sparnaður sömu fjölskyldu ef matarskattur svokallaður væri lækkaður úr 14% í 7% eru 46 þús. á ári, þ.e. 4 þús. kr. á mánuði (**KLM:** Hvað með vísitölu neysluverðs?) þannig að ríkisstjórnin komst að hárréttri niðurstöðu fyrir almenning í landinu.

[12:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni tillaga sem við formenn stjórnarandstöðuflokkanna flytjum sameiginlega sömuleiðis um að barnabætur hækki þegar á næsta ári um 2,4 milljarða kr. Það er tvímælalaust það jákvæðasta sem fólgið er í skattatillögum ríkisstjórnarinnar að hefja nú að skila til baka þeim skerðingum barnabóta og draga úr þeim óhóflegu tekjutengingum þeirra sem sú hin sama ríkisstjórn hefur staðið fyrir á undanförnum kjörtímabilum. Við teljum hins vegar að þessar tillögur eigi að koma til framkvæmda strax en ekki geyma þær þangað til á síðari hluta kjörtímabilsins og leggjum það því til. Það er verulega í áttina, til baka til þess fyrirkomulags sem var áður en óhóflegar tekjutengingar og skerðingar barnabóta hófust á 10. áratugnum að samþykkja þessa tillögu.

[12:06]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér leggjum við í stjórnarandstöðunni til að lagfæra að nokkru þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur lagt fram með því að leggja til að þegar á næsta ári verði greiddar barnabætur til barnafjölskyldna og að þær tillögur sem ella hefðu átt að koma til framkvæmda á árinu 2006 og 2007 í tillögum ríkisstjórnarinnar komi strax til framkvæmda. Þetta yrði til mikilla bóta fyrir barnafjölskyldur í landinu og þess vegna segi ég já.

Brtt. 522 felld með 31:7 atkv. og sögðu

já: ÁI, GAK, JBjarn, KolH, SJS, StP, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SæS, VS, ÞKG.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÁ, VF, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRJ, GÁS, JBjart, KJúl, MÞH, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

Alþt. 2004. B. (131. löggjafarþing).

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:07]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða tillögu um 30 millj. kr. framlag til þeirra 11 upplýsingamiðstöðva sem starfræktar eru víða um land. Að hluta til eru upplýsingamiðstöðvarnar fjármagnaðar með fé af fjárlögum en fá ekki bein framlög samkvæmt frumvarpinu. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein og hefur mikla möguleika í hinum dreifðu byggðum ef fjármagn fæst til að sinna undirstöðu greinarinnar, þ.e. upplýsingamiðlun þjónustumiðstöðvanna.

Þessi auknu umsvif kalla fyrst og fremst á fjölgun starfsmanna og stærra vinnurými til að hafa undan eftirspurn um hlutlausar upplýsingar sem eru m.a. um ákvörðunarstað, gistingu, bílaleigu, afþreyingu, rútuferðir, akstur, vegi, færð og veður. Ferðamálasamtök Íslands hafa margítrekað bent á nauðsyn þess að auka framlög til þessa mikilvæga grunnverkefnis. Hér er um að ræða mikilvægt verkefni sem mun stuðla að því að gera íslenskri ferðaþjónustu kleift að taka á móti vaxandi fjölda ferðamanna og styrkja fjölbreytta atvinnustarfsemi úti um allt land. Ég segi já.

[12:08]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Vegna þessarar tillögu vil ég vekja athygli á því að aldrei nokkurn tíma hefur jafnmiklum fjármunum verið varið til stuðnings ferðaþjónustunni í landinu eins og gert hefur verið á undanförnum árum. Það er blákaldur veruleiki, ekki sýndarmennska, hv. þingmaður.

Ég vil t.d. vekja athygli á því að frá haustinu 2002 hefur verið aukalega varið til markaðssóknar fyrir Íslands hönd 700 millj. kr. Við leggjum til fjármuni, það kemur m.a. fram í þessu fjárlagafrumvarpi sem við erum núna að afgreiða, til upplýsingagjafar af margvíslegum toga, m.a. menningartengdrar ferðaþjónustu. Þess vegna er það þannig að Alþingi hefur með stefnumótun sinni stutt rækilega við bakið á ferðaþjónustunni og það hefur borið árangur. Ég tel þess vegna þessa tillögu ekki tímabæra og segi nei.

Brtt. 521,3 felld með 31:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SJS, StP, VF, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SæS, VS, ÞKG.

8 þm. (ÁRJ, GÁS, JBjart, KJúl, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:10]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Verði þessi tillaga samþykkt verða Samkeppnisstofnun tryggðir þeir fjármunir sem stofnunin sjálf telur að hún þurfi til að halda uppi eðlilegri starfsemi. Mikilvægi Samkeppnisstofnunar og fjárhagslegt sjálfstæði hennar hefur aldrei verið augljósara en nú á árinu sem olíusamráðsmálið komst í hámæli. Stjórnarflokkarnir lofuðu því að tryggja sjálfstæði og rekstrargrundvöll stofnunarinn-

ar í kjölfar þess máls. Nú er tækifæri til að standa við stóru orðin. Ég segi já.

[12:10]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið hafa stjórnarflokkarnir ákveðið að stórefla samkeppniseftirlitið í landinu, m.a. með því að breyta skipulagi samkeppnismála sem þýðir auknar fjárveitingar til þessa málaflokks. Sérstök áhersla verður einmitt lögð á eftirlit með samkeppnishömlum og sjálfstæði stofnunarinnar aukið auk þess sem til verður nýtt embætti talsmanns neytenda.

[12:11]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það hefur öllum verið ljóst að þessari stofnun, Samkeppnisstofnun, hefur verið haldið í fjársvelti í mörg ár. Þrátt fyrir það hefur hún náð miklum árangri, eins og raun ber vitni í olíuverðsamráðsmálinu og allir hafa verið upplýstir um.

Það kemur mér dálítið á óvart að Framsóknarflokkurinn skuli ekki styðja tillögunar því að Sjálfstæðisflokkurinn hefur haldið þessari stofnun í fjársvelti. Með þessari tillögu köstum við eiginlega björgunarhring yfir til Framsóknarflokksins sem gæti þá náð einhverju fram sem hann hefur stefnt að lengi. Það er hins vegar alveg augljóst, virðulegi forseti, að hann treystir sér ekki til þess núna.

Brtt. 521,4 felld með 31:19 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÞH, MÁ, StP, VF, ÞSveinb.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SæS, VS, ÞKG.

5 þm. (ÁI, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, GÁS, JBjart, KJúl, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:13]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í þessu sambandi aðeins vekja athygli á því að í þessari tillögu er m.a. verið að tala um að lækka sérfræðikostnað A-hluta stofnana um 1.300 millj. kr. Í svari við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur liggur fyrir sundurliðun á þessu.

Ég vil vekja aðeins athygli á því hverjir eru stærstu liðirnir í þessu sambandi. Það eru m.a. Háskóli Íslands, Landspítali – háskólasjúkrahús, Vegagerðin til að hægt sé að undirbúa vegaframkvæmdir, opinber réttaraðstoð og málskostnaður í opinberum málum. Samkvæmt svarinu nam þessi sérfræðikostnaður um 4 milljörðum kr. á árinu 2002. Hér er verið að leggja til niðurskurð upp á 1.300 millj. Hér er auðvitað augljóslega um að ræða niðurskurðartillögur sem mundu bitna sérstaklega á þessum aðilum. Ég segi því nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SæS, VS, ÞKG.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁI, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, SJS, StP, VF, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, GÁS, JBjart, KJúl, MF, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:14]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Þá er komið að lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2005 og nú skal blekkingarleiknum haldið áfram. Við höfum heyrt hvern hv. stjórnarþingmann af öðrum reyna að berja í sig kjark með því að fullyrða að hér sé allt svo gott og hér þurfi engu að breyta. Aðvaranir hafa komið fram, m.a. frá Seðlabanka Íslands þar sem í ljós kemur m.a. að forsendur fjárlaganna eru brostnar. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, talsmaður stærri stjórnarflokksins, sagði það í umræðum í gær að forsendur væru brostnar.

Herra forseti. Það gengur ekki enn eitt árið að samþykkja fjárlög sem ekki eru marktækt plagg. Fjárlög eiga að vera eins og önnur lög, lög sem við getum treyst og lög sem við getum farið eftir. Því miður munu fjárlög næsta árs ekki nýtast okkur í baráttunni við verðbólgu og við að viðhalda stöðugleikanum.

Forseti. Þingflokkur Samfylkingarinnar tekur ekki þátt í þessum blekkingarleik og situr þess vegna hjá.

[12:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það frumvarp sem nú hlýtur lokaafgreiðslu er ábyrgt framlag af hálfu ríkisstjórnarinnar til að slá á þenslu í efnahagslífinu. Með frumvarpinu er sýnt að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hefur sterk tök á ríkisfjármálunum. Ég bendi á að efnislegri afgreiðslu þessa máls var í raun lokið af hálfu stjórnarmeirihlutans og meiri hlutans í fjárlaganefnd við 2. umr. Frumvarpið tekur engum breytingum við 3. umr.

Tillögur stjórnarandstöðunnar einkennast af sýndarmennsku, yfirboðum og viðleitni til að ýta undir alla helstu kröfugerðarhópa í þjóðfélaginu. Niðurstaðan er skýr: 10 milljarða kr. afgangur, mjög gott framlag til umræðunnar um efnahagsmál á næstunni. Þjóðhagsspá Seðlabankans sýnir að ef eitthvað er verður þessi afgangur meiri á næsta ári. Ég segi já.

[12:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við þessa lokaafgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2005 er mér efst í huga sá glannaskapur, sú ábyrgðarlausa sigling sem hæstv. ríkisstjórn er að fara með þjóðarskútuna í. Útlánagleði bankanna og skattalækkana- og stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar knýr Seðlabankann til þeirra óvenjulega harkalegu aðgerða að hækka stýrivexti sína á jólaföstunni um heilt prósentustig í einu lagi. Það er ljóst að forsendur

þessa fjárlagafrumvarps eru afar ótraustar og brostnar um margt. Alvarlegust eru ruðningsáhrif stóriðjuframkvæmdanna sem nú eru að koma fram af fullum þunga með stórversnandi skilyrðum fyrir almennt atvinnulíf í landinu, sérstaklega útflutnings- og samkeppnisgreinar. Fram undan er efnahagslegur ólgusjór vaxandi verðbólgu, viðskiptahalla, vaxtahækkana og raungengis krónunnar í sögulegu hámarki. Það er ljóst að herkostnaðurinn af stóriðju- og skattstefnu ríkisstjórnarinnar verður mikill.

[12:17]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Hér er verið að afgreiða fjárlög með um og yfir 10 milljarða kr. greiðsluafgangi. Hér er verið að leggja áframhaldandi grunn og sýna trausta efnahagsstjórn. Hér er áfram verið að leggja grunninn að aukningu kaupmáttar og stefnir í að kaupmáttur á 10 ára tímabili muni aukast um 55% sem er líklega heimsmet. Hér er áfram verið að styrkja velferðarkerfið, hér er verið að leggja grunn að lækkun skatta og hækkun barnabóta. Hér er verið að bæta húsnæðiskerfi. Það er verið að auka ráðstöfunartekur fólksins í landinu um tugi ef ekki hundruð þúsunda króna á hverju ári. Þetta eru með öðrum orðum glæsileg fjárlög og það er von að hv. stjórnarandstaða nöldri. Ég segi já.

[12:18]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við afgreiðslu þessara fjárlaga nú hefur ríkisstjórnin mótað þá stefnu að til framtíðar skuli beita skattkerfi landsins á þann hátt að þeir fái meira til sín sem hærri hafa tekjurnar og að ekki verði lagt upp með jöfnuð varðandi tekjudreifingu.

Þær tillögur sem stjórnarandstaðan hefur flutt, m.a. um það að taka upp barnabæturnar þegar á næsta ári, voru felldar. Allar tilraunir stjórnarandstöðunnar til að lagfæra stöðuna að því leyti sem varðar fólkið í landinu hafa einnig verið felldar. Sú afgreiðsla er algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Við í Frjálslynda flokknum sitjum hjá við lokaafgreiðslu málsins.

[12:19]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Þau fjárlög fyrir árið 2005 sem hér er verið að samþykkja af ríkisstjórnarflokkunum eru óskhyggjufjárlög. Því miður er það svo að stjórnarliðar eru í ákveðnu afneitunarferli. Mismunur á milli þjóðhagsspár Seðlabankans og forsendna fjárlaga frá fjármálaráðuneytinu er mikill. Himinn og haf er þarna á milli. Nægir að nefna gengisvísitöluna eða stýrivextina.

Ríkisstjórnin er auk þess að hækka skatta mjög mikið (Gripið fram í.) til að safna í sarpinn fyrir ímynduðum skattalækkunum ríkisstjórnarflokkanna. (Gripið fram í.) Efnahags- og viðskiptanefnd fundaði eftir að Seðlabankinn birti spá sína en sá ekki ástæðu til að breyta áliti sínu. Þetta eru skýrustu dæmi um þá afneitun sem hér á sér stað. Ríkisstjórnarflokkarnir eru því miður í afneitunarferli í ríkis- og efnahagsmálum og treysta á að þetta reddist allt saman einhvern veginn, því miður.

Þar að auki, þó að það sé lág upphæð, er dreift á borð þingmanna á sama tíma og verið er að ræða fjárlög í 3. umr. útgjaldaauka upp á 130–150 millj. vegna Tækniháskóla sem ekki er tekinn inn.

Virðulegi forseti. Því miður eru allar forsendur þessa fjárlagafrumvarps fallnar. Ég greiði ekki atkvæði með þessu.

[12:21]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hér um ræðir brýtur í blað fyrir margra hluta sakir og verður lengi í minnum haft, í fyrsta lagi fyrir þá undarlegu aðför sem hér um ræðir að Mannréttindaskrifstofu Íslands, þá hina sögulegu lágkúru sem svikin við öryrkjana hafa í för með sér og þá ekki síst að hér er verið að innleiða skólagjöld í grunnnámi í ríkisháskólana alla þrjá, stefnumið sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengi haft í heiðri en hér er laumað inn í skólakerfið bakdyramegin án þess að nokkur umræða fari fram um það á Alþingi hvort þá meginstefnubreytingu eigi að leiða í ríkisháskólana. Hér er það gert í formi innritunargjalda, undir þeim skrípaleik og feluleik, og það ber að harma. Hér er stigið vont skref í menntamálum þjóðarinnar og því verður það lengi í minnum haft að þetta frumvarp var frumvarpið sem innleiddi skólagjöld í grunnnámi í ríkisháskólanum. Ég sit hjá.

[12:22]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er kraftur í íslensku hagkerfi og því ber að fagna. Þess vegna var mikilvægt að ríkisstjórnin vandaði mjög afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2005 en því miður, eins og hér hefur komið fram, eru forsendur fyrir fjárlögum brostnar. Ég er sammála hv. varaformanni fjárlaganefndar og Seðlabanka Íslands um að forsendurnar eru brostnar.

Það sem vekur einnig sérstaka athygli í þessu frumvarpi er að skattar hafa verið hækkaðir um 8 milljarða en nú stendur fyrir dyrum að lækka þá um 4. Þó tekur steininn úr í þessu, virðulegi forseti, þegar hæstv. heilbrigðisráðherra hvetur öryrkja til að halda áfram kjarabaráttu sinni, væntanlega fyrir dómstólum, á sama tíma og verið er að leggja milljarð í að berjast fyrir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Það er nokkuð ljóst hver forgangsröðin er hjá þessari ríkisstjórn, virðulegi forseti. Ég greiði ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 536)

Fundi slitið kl. 12:24.

50. FUNDUR

mánudaginn 6. des.,
kl. 6 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

Fjarvistarleyfi:
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[18:01]

Útbýting:
Fjáröflun til vegagerðar, 366. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 545.

Losun gróðurhúsalofttegunda, 384. mál, svar umhvrh., þskj. 538.

Norræni fjárfestingarbankinn, 284. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 542.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 299. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 543; nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 544.

Vatnalög, 413. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 546.

Vegagerð á Uxahryggjaleið, 369. mál, svar samgrh., þskj. 537.

Fundi slitið kl. 18:03.

---

51. FUNDUR

þriðjudaginn 7. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
1. Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, stjfrv., 398. mál, þskj. 505. — 1. umr.

2. Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, stjfrv., 399. mál, þskj. 506. — 1. umr.

3. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 284. mál, þskj. 307, nál. 542. — 2. umr.

4. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 366. mál, þskj. 429, nál. 545. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Lagt fram á lestrarsal:
Áskorun Barnaheilla til Alþingis.

Ályktun frá aðalfundi Róta, félags áhugamanna um menningarfjölbreytni.

Áskorun til Alþingis frá dönsku mannréttindaskrifstofunni.

[13:32]

Útbýting:
Innflutningur í gámum, 262. mál, svar fjmrh., þskj. 540.
Olíuleit við Ísland, 347. mál, svar iðnrh., þskj. 539.

Athugasemdir um störf þingsins.
Ummæli forsætisráðherra í sjónvarpinu.

[13:32]

Steingrímur J. Sigfússon:
Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna ummæla sem hæstv. forsætisráðherra og fyrrverandi utanríkisráðherra viðhafði í Kastljóssþætti í gærkvöldi um aðdraganda þess að nafn Íslands birtist á lista yfir hinar vígfúsu eða viljugu þjóðir í Íraksstríðinu. Hæstv. utanríkisráðherra lét ítrekað, a.m.k. þrisvar sinnum, að því liggja að það mál sem slíkt hefði verið rætt áður í utanríkismálanefnd og á Alþingi. Hæstv. ráðherra sagði m.a. að það lægi náttúrlega alveg fyrir að þetta mál hefði verið margrætt á Alþingi og rætt í utanríkismálanefnd. Aðspurður hvort ekki hefði verið hægt að standa að þessu með öðrum hætti og fara leiðina í gegnum þingflokk, ríkisstjórn og að ræða málið á Alþingi svaraði fyrrverandi utanríkisráðherra aftur: „Ég meina, sko, þetta var margrætt á Alþingi, þetta var margrætt í utanríkismálanefnd." Og í þriðja sinn var viðbára hæstv. fyrrverandi utanríkisráðherra sú: „Jú, það var rætt á Alþingi og það var hérna rætt í utanríkismálanefnd."

Það er afar ósvífið og einfaldlega alrangt að halda því fram að uppáskrift Íslands að innrásinni í Írak án undangenginnar ályktunar, sérstakrar ályktunar í öryggisráðinu, hafi nokkurn tímann verið rædd í utanríkismálanefnd eða á Alþingi áður en nafn Íslands birtist á hinum víðfræga lista. Allt frá því haustið 2002, gegnum janúar 2003, febrúar og svo seint sem 17. mars 2003 var hin yfirlýsta afstaða utanríkisráðherra fyrir hönd Íslands að það bæri að gefa vopnaeftirlitinu í Írak meiri tíma og það þyrfti nýja ályktun í ör-

yggisráðinu ef til aðgerða ætti að koma. Ályktun 1441 dygði ekki í þeim efnum.

Það er fyrst 19. mars, þegar nafn Íslands hefur birst vestur í Washington, sem utanríkisráðherra snýr við blaðinu. Það var farið gegnum öll viðtöl, allar umræður á Alþingi sem og í utanríkismálanefnd og það var aldrei gefið í skyn að til stæði að Ísland styddi þetta ólögmæta árásarstríð með þeim hætti sem síðar varð raunin.

[13:35]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þetta mál hefur oft verið rætt áður. Það liggur alveg ljóst fyrir að Íraksmálið var margrætt á Alþingi og það var margrætt í utanríkismálanefnd. Hins vegar liggur alveg ljóst fyrir og hefur legið fyrir allan tímann að það var síðan framkvæmdarvaldið sem þurfti að taka lokaákvörðun um það hvort við styddum áform bandamanna okkar. Og við gerðum það.

Við skulum fara í gegnum öll þessi mál, fyrst Bosníu þar sem við tókum beinan þátt í málinu sem aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Það var öðruvísi mál. Hið sama má segja um Kosovo þar sem við vorum beinir þátttakendur vegna þess að við erum aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Það sama á ekki við um Afganistan og heldur ekki Írak þar sem við erum ekki beinir þátttakendur. Það er að sjálfsögðu framkvæmdarvaldið sem hefur þá ábyrgð að taka af skarið í slíku máli. Það gerðum við og það liggur alveg ljóst fyrir að allan tímann höfum við gengist við þeirri ábyrgð.

Ég geri mér það hins vegar alveg ljóst að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur verið andvígur öllum þessum málum. Hann var líka andvígur viðskiptabanni á Írak. Hvað tók hv. þm. það oft upp á Alþingi að vera andvígur viðskiptabanninu í sambandi við Írak? Mér þætti fróðlegt að vita hvað hann vildi gera í þessu máli. Vildi hann að Saddam Hussein væri þarna áfram? Hann var á móti viðskiptabanni. Hann var á móti því að taka af Írak. Hann var á móti því að gera nokkurn skapaðan hlut. Það væri nær fyrir hv. þingmann að gera einhvern tíma grein fyrir því hvað hann vildi gera til að koma í veg fyrir þau hrottalegu mannréttindabrot sem voru framkvæmd í Írak.

[13:37]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg óþolandi hvernig ráðherrar leyfa sér að tala utan þingsalar eftir að hafa farið sínu fram án samráðs við utanríkismálanefnd og án samráðs við þingið. Fram til loka þings í fyrra sem lauk aðfaranótt 16. mars 2003 talaði hæstv. þáverandi utanríkisráðherra þannig að hann vildi að Hans Blix og menn hans fengju meiri tíma, að vopnaleitarmenn fengju meiri tíma. Það var ekkert í málflutningi hans sem gaf annað til kynna.

Ég var að fá mér útskrift af síðustu umræðunni á Alþingi 12. mars 2003, fjórum dögum fyrir þinglok. Þar vék hv. þm. Ögmundur Jónasson að þessum málum og er hræddur við hvernig Ísland ætli að hegða sér. Þá kemur hæstv. núverandi utanríkisráðherra, þáverandi forsætisráðherra, og segir:

„Ég átta mig ekki á því af hverju hv. þm. Vinstri grænna kjósa að haga orðum sínum svo hér að hæstv. utanríkisráðherra og ríkisstjórnin vilji stuðla að árás á íröksku þjóðina. Menn vita auðvitað að það er ekki svo.“

Og svo fer hann hörðum orðum um Saddam af því að menn hafa alltaf í öðru orðinu farið hörðum orðum um Saddam en stríðsundirbúningur snerist ávallt um það hvort vopn fyndust eða ekki. Ég hlýt að vísa til þess að ákvörðun um innrás í Írak mun hafa verið tekin 18. mars og loftárásir hefjast 19. mars. Þann dag senda formenn stjórnarandstöðu bréf til hv. formanns utanríkismálanefndar, Sigríðar Önnu Þórðardóttur, og biðja um fund til þess að fá upplýsingar um hvað hafi gerst og á hvaða forsendum sú ákvörðun hafi verið tekin fyrir Íslands hönd. Þann 21. mars kemur svo hæstv. utanríkisráðherra á fund utanríkismálanefndar til að svara áleitnum spurningum. Síðan getur núverandi forsætisráðherra, fyrrverandi utanríkisráðherra, sagt í sjónvarpinu í gær:

„Við tókum að sjálfsögðu af skarið eftir að hafa rætt við ýmsa aðila, þar með talið utanríkismálanefnd og rætt málið á Alþingi.“

[13:39]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Tilefni þessarar umræðu eru ummæli hæstv. forsætisráðherra í sjónvarpinu í gær þar sem rætt var um aðdraganda þess að Íslendingar lýstu yfir stuðningi við innrásina í Írak. Hæstv. forsætisráðherra segir að Íslendingar hafi verið beðnir um þrennt: Að styðja það að Saddam Hussein yrði komið frá völdum á grundvelli ályktunar Sameinuðu þjóðanna nr. 1441 — þar vitnar hann reyndar ranglega í þá yfirlýsingu — að heimiluð yrðu afnot af Keflavíkurflugvelli í þessu skyni og að Íslendingar lýstu yfir stuðningi við uppbyggingu í Írak ef til innrásar kæmi.

Í mars 2003 staðfesti hæstv. núverandi utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, þetta í viðtölum. Hann sagði m.a., með leyfi forseta:

„Íslendingar hafa veitt heimild til yfirflugs yfir íslenska flugumsjónarsvæðið. Í öðru lagi heimilum við afnot af Keflavíkurflugvelli ef þurfa þykir. Í þriðja lagi tökum við þátt í uppbyggingu í Írak eftir að ófriði lýkur. Í fjórða lagi tökum við pólitíska afstöðu með því að ályktun 1441 verði fylgt eftir að loknu fjögurra mánaða þófi.“

Þegar hér var komið sögu hafði þingflokkur VG sett fram þingsályktunartillögu um að Íslendingar lýstu því yfir að hvorki yrði veitt aðstaða hér á landi né nokkur stuðningur við árásarliðið. Þvert á móti yrði því lýst yfir afdráttarlaust að Íslendingar fordæmdu yfirvofandi hernaðarofbeldi Bandaríkjastjórnar. Þessi tillaga fékkst ekki borin undir atkvæði á þinginu. Síðan leyfðu menn sér að tala á þann veg sem hér hefur ítrekað verið gert, að Íslendingar heiti meira að segja efnahagsaðstoð í kjölfar eyðileggingar sem yrði af völdum stríðsins, sem yrði með stuðningi og ásetningi af Íslands hálfu.

Með öðrum orðum eru menn tilbúnir að lýsa yfir stríði eða stuðningi við þá sem ætla í stríð og heita efnahagsaðstoð í kjölfarið án þess að um það fari fram umræða hér í þinginu, hvað þá að um það sé hér tekin lýðræðisleg ákvörðun.

[13:41]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Það er algjörlega óviðunandi og ófyrirgefanleg vinnubrögð að tveir hv. þm. og hæstv. ráðherrar hafi tekið sér það vald að taka svo umdeilda og viðamikla ákvörðun eins og þá að setja Ísland á þann lista sem studdi innrásarstríðið í Írak. Það er algjörlega ófyrirgefanlegt. Til þess höfðu þeir enga heimild. Þeim bar að hafa samráð við þing og við fleiri um það en þeir gerðu. Það er eiginlega algjörlega með ólíkindum að ekki skuli fleiri hv. stjórnarliðar í þinginu hafa andmælt þessu vinnulagi en einn, kannski einn til í mesta lagi. Mér finnst það algjörlega með ólíkindum, virðulegi forseti.

Ég vil líka segja að það er merkilegt að heyra yfirlýsingar hæstv. forsætisráðherra þegar hann lýsir yfir mikilvægi þess að breyta stjórnarskránni með það í huga að efla þingið eins og fréttir í gær gáfu til kynna. Framganga hans sem utanríkisráðherra í Íraksmálinu gagnvart sínum eigin þingflokki, hv. utanríkisnefnd og þinginu ber því miður ekki vott um að þar fylgi hugur máli.

[13:43]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Málefni Íraks er að verða einn af föstum dagskrárliðum Alþingis. Svo virðist sem stjórnarandstöðuflokkarnir séu í samkeppni um að koma máli þessu að á dagskrá þingsins. (Gripið fram í.) Rétt er að vekja athygli hæstv. forseta á því að enn er til umræðu þingsályktunartillaga frá stjórnarandstöðunni um Írak, þ.e. 3. mál þingsins. Ég held að rétt væri að ljúka þeirri umræðu áður en farið er að ræða um sama mál undir liðnum um störf þingsins.

Þá bendi ég á að utanríkismálanefnd er með málið til skoðunar að beiðni stjórnarandstöðunnar og ég teldi farsælast, hæstv. forseti, að nefndin fengi frið til að klára vinnu sína við málið en að þingheimur væri í stöðugum deilum um það í þingsalnum. (**Gripið fram í:** Hvernig væri að hún fundaði þá um málið?)

Ályktanir Sameinuðu þjóðanna um afvopnun Íraks voru í fullu gildi fyrir innrásina og öllum mátti vera ljóst að aðgerðum var hótað ef ekki yrði orðið við þeim ályktunum. Saddam Hussein þráaðist við í áraraðir og varð ekki við ályktunum öryggisráðsins varðandi gereyðingarvopn. Mótstaða hans varð til þess að mjög erfitt var að treysta nokkrum upplýsingum sem frá írökskum stjórnvöldum komu. Engin stefnubreyting hafði orðið af hálfu íslenskra stjórnvalda í afstöðu til hættunnar sem stafaði af ógnarstjórninni í Írak. Ákvarðanir um stuðning við aðgerðirnar voru teknar í ljósi ályktana Sameinuðu þjóðanna sem í gildi voru og á grundvelli upplýsinga sem fengnar voru frá bandamönnum okkar. Við treystum því mati bandamanna okkar á þeirri hættu sem að steðjaði.

Fyrir innrásina í Írak hafði málið verið ítarlega rætt og það lá ljóst fyrir hvert stefndi. Í því sambandi má vísa til stefnuræðu forsætisráðherra í október 2002, umræðna í utanríkismálanefnd í febrúar og mars 2003 og auk þess má vísa til skýrslu utanríkisráðherra og ræðu fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í febrúar það ár.

[13:45]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að þessi ákvörðun, eins og margar aðrar, var erfið. Ég minnist þess þó að eitt sinn var hér flokkur sem hét Alþýðuflokkur og fór lengi með utanríkismál. Það vildi svo til að sá flokkur axlaði ábyrgð í þeim málum alla tíð. Þær ákvarðanir voru ekki alltaf fallnar til vinsælda en ráðherrar þess flokks öxluðu ábyrgð. Með sama hætti höfum við axlað ábyrgð í þessu viðkvæma máli.

Mér finnst vera kominn tími til að stjórnarandstaðan upplýsi almennilega afstöðu sína til ályktunar 1456 af hálfu Sameinuðu þjóðanna. (Gripið fram í.) Það liggur fyrir að fjölþjóðaherinn sækir í dag umboð sitt til Sameinuðu þjóðanna. Bráðabirgðastjórnin í Írak sækir umboð sitt til Sameinuðu þjóðanna. Það er verið að berjast fyrir lýðræðislegri uppbyggingu í Írak og kosningum.

Mér er spurn: Hver er afstaða stjórnarandstöðunnar til þessarar ályktunar? Er hún sú sama og danskra jafnaðarmanna sem styðja hana og styðja það að Danmörk taki þátt í þessari uppbyggingu? Er afstaða Samfylkingarinnar og Vinstri grænna sú sama eða hafa þeir enga afstöðu til ályktunar 1456?

Það liggur alveg ljóst fyrir að allt sem er að gerast í Írak í dag er ekki á grundvelli 1441, heldur á grundvelli 1456. Ég tel tíma til kominn að menn hætti að ræða einu sinni í viku um fortíðina og fari að ræða það sem er að gerast í dag í Írak. (Gripið fram í.)

[13:47]

Mörður Árnason:

Svarið er vel hægt að veita hæstv. forsætisráðherra, forseti, ef hann þyrði að mæta í þá umræðu sem hér hefur verið frestað um Íraksmálið vegna þess að hann vildi ekki vera þar við, og ekki hæstv. utanríkisráðherra heldur.

Svar Samfylkingarinnar getur verið mjög einfalt. Við höfum sömu afstöðu og spænskir jafnaðarmenn í þessu máli.

Vinsæl flóttaleið hjá ráðherrum Framsóknarflokksins er að koma sér undan eigin verkum með því að ráðast á vinstri græna. Það er kannski ekki gustuk að gera það. Þeir voru spurðir hér áðan: Ja, hvað hefðuð þið gert við fjöldamorðingjann Saddam Hussein, hinn ógurlega? Svar hæstv. þáverandi utanríkisráðherra, núverandi forsætisráðherra, hef ég frá 27. janúar 2003, ekki tveimur mánuðum fyrir innrás. Þá segir hann þetta, með leyfi forseta, hér á þingi:

„En ég held að allir geti verið sammála um það að ef þessi maður [sem heitir Saddam Hussein] býr yfir gjöreyðingarvopnum með þeim afleiðingum sem það gæti haft í för með sér, þá stendur alþjóðasamfélagið frammi fyrir mjög erfiðri stöðu. Það hlýtur að vera krafa okkar Íslendinga eins og annarra að þeir afvopnist. Það er krafa Sameinuðu þjóðanna.“ — Þetta sagði Halldór Ásgrímsson 27. janúar 2003.

Og áfram:

„Hins vegar ef í ljós kemur að hann býr ekki yfir gjöreyðingarvopnum, þá er málið væntanlega leyst.“

Þetta sagði Halldór Ásgrímsson, hæstv. þáverandi utanríkisráðherra og núverandi forsætisráðherra, 27. janúar 2003: „Þá er málið væntanlega leyst.“ Þá lá ekki á að koma

múgmorðingjanum mikla frá völdum vegna þess að þá hafði Halldór þessa afstöðu. Og hana hafði Halldór alveg fram að því að kallað er í hann hér upp í forsætisráðuneyti, sem þá var, þegar hæstv. núverandi utanríkisráðherra Davíð Oddsson beygði Halldór Ásgrímsson til stuðnings við Bandaríkjamenn og stefnu þeirra í Írak. (Gripið fram í.) Þar fyrir utan hafði þingheimur enga ástæðu til að ætla að hæstv. núverandi forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson hefði aðra skoðun en þessa og því stendur enn þá upp á hann að hann hefur brotið 24. gr. þingskapalaga. Það er það sem hann á að biðjast afsökunar á (Forseti hringir.) og gera eitthvað í í staðinn fyrir að standa hér og kasta skít í aðra menn.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill biðja hv. alþingismenn að gæta orða sinna.)

[13:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Því miður heyrði ég hvorki né sá þennan þátt í sjónvarpinu í gærkvöldi, Kastljós, vegna þess að ég var að starfa hér í þingnefnd á Alþingi. Miðað við þá útskrift sem ég fékk í hendur núna rétt áður en ég kom hingað inn á þingið finnst mér þó liggja fyrir að hæstv. fyrrverandi utanríkisráðherra og núverandi forsætisráðherra er eiginlega búinn að viðurkenna að ákvörðunin hafi ekki verið samþykkt formlega í ríkisstjórn. Þá liggur í raun og veru fyrir, eins og hér kemur fram, að það eru að sjálfsögðu „við" — þegar hann er að tala um sjálfan sig og fyrrverandi forsætisráðherra, núverandi utanríkisráðherra — sem bera ábyrgð og taka af skarið.

Ég get ekki lesið annað út úr þessum texta, ef maður skoðar hann, en að fyrir liggi að formleg ákvörðun hafi aldrei verið tekin í þessu máli, það hafi ekki verið bókað í ríkisstjórn. Það hefur komið hér fram að í þingflokki Framsóknarflokksins hefur þetta ekki verið rætt og það eru þá tvö vitni á móti einu hér ... (Gripið fram í.) Já, úr þeim flokki, Framsóknarflokknum. Ég held að menn velkist ekkert í vafa um að það voru tveir ráðherrar í ríkisstjórninni sem tóku þessa ákvörðun og menn sitja bara uppi með það. (Gripið fram í.)

[13:51]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Kjarni þessa máls er það sem hæstv. forsætisráðherra sagði hér áðan. Íraksmálið var rætt í þaula í þinginu áður en til innrásarinnar kom. Íraksmálið kom æ ofan í æ til umræðu í utanríkismálanefnd Alþingis.

Þegar við förum yfir þessar umræður og það sem við heyrum úr þeim, í þeim ívitnuðu orðum sem hv. þm. hafa verið að vitna til hér í umræðunum, er alveg ljóst að þessi mál voru rædd frá öllum hliðum, m.a. sá möguleiki að efnt yrði til innrásarinnar. Það er ekki hægt að segja að þessi mál hafi verið umræðulaus. (Gripið fram í.) Þessi mál voru hér ítarlega rædd og það getur vel verið, og það vitum við, að um þessi mál var síðan ágreiningur. (**Gripið fram í:** ? utanríkisráðherra.) Þessi mál voru samt rædd og það var auðvitað þannig að hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra á þeim tíma eins og núna vissu vitaskuld vel hver afstaða þingsins var í þessum efnum. Það liggur þá auðvitað fyrir að stjórnarmeirihlutinn tekur hina pólitísku ákvörðun í þessu máli eins og vera ber. (Gripið fram í.) Auðvitað er það síðan stjórnarmeirihlutinn sem ber ábyrgð í þessu máli. Efast einhver um það að stjórnarmeirihlutinn hafi haft eða hafi meiri hluta á bak við sig í þessum efnum? Það liggur auðvitað krítarklárt fyrir.

Síðan segja menn núna: Ja, við vorum óskaplega mikið á móti þessari innrás en við erum hins vegar óskaplega jafnmikið með því að styðja uppbygginguna. Hvernig átti það nú að gerast? Menn voru á móti innrásinni en ætluðu síðan (Gripið fram í.) að fara að styðja einhverja uppbyggingu. Hvar átti það að gerast? Í skjóli Saddams Husseins sem liggur nú fyrir að ekki mátti hrófla við, sem vinstri grænir vildu verja sérstaklega (Gripið fram í.) með því að koma í veg fyrir það að hann yrði beittur viðskiptaþvingunum þannig að hægt væri að koma honum frá völdum? Forsendan fyrir því að hægt yrði að fara í þessa uppbyggingu var sú að harðstjóranum yrði ýtt frá völdum. Það er athyglisvert að þeir þingmenn sem hér hafa komið upp og hafa verið spurðir hvernig þeir hefðu viljað standa að þessu þegja. Þeir þegja (Gripið fram í.) og þögnin þeirra segir (Forseti hringir.) meira en mörg orð (Gripið fram í.) og hún er farin að vera vandræðaleg fyrir þá. (**Gripið fram í:** Við fáum ekki orðið.)

[13:54]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Kjarninn í þessari umræðu hlýtur að vera þessi: Hvernig er ákvörðun tekin um það þegar lýðveldið Ísland fer með ófriði á hendur öðrum fullvalda ríkjum? Sá hlýtur að vera kjarninn í þessari umræðu og menn hljóta að skoða hvernig þessi ákvörðun var tekin. Það eru ekki mörg lagaákvæði um það hvernig þetta skuli gert en það segir þó í þingsköpum um utanríkismálanefnd að öll meiri háttar mál skuli ræða í utanríkismálanefnd áður en ákvarðanir eru teknar. Það er alveg kristaltært.

Hér hefur hins vegar komið fram, og hæstv. forsætisráðherra staðfesti það í gær, að einungis tveir ráðherrar virðast hafa talað saman um það að segja öðru fullvalda lýðveldi stríð á hendur. Þetta er slíkt fordæmi, virðulegi forseti, að það hlýtur að þurfa að kanna þetta miklum mun betur. Þetta getur ekki verið fordæmi inn í framtíðina. Það getur ekki verið fordæmi að við tökum með þessum hætti ákvörðun um að styðja árásarstríð, það getur ekki verið. Það hlýtur að þurfa að ræða þetta á þinginu, það hlýtur að þurfa að ræða þetta í ríkisstjórn og það hlýtur að þurfa að ræða þetta í utanríkismálanefnd áður en ákvörðun er tekin. Sú ákvörðun á þá að vera undir í umræðunni en ekki ákvörðun um það hvað hugsanlega kann að gerast í framtíðinni.

Þetta er kjarnaatriðið og eins og fram hefur komið hjá hæstv. forsætisráðherra virðist vera ljóst að við höfum lýst yfir stuðningi við hernað á hendur öðru fullvalda ríki þannig að einungis tveir hæstv. ráðherrar hafa tekið þessa ákvörðun, jafnvel einn. Þetta er algerlega óásættanlegt, virðulegi forseti, og við hljótum að gera þá eðlilegu kröfu að farið verði ofan í þessa ákvörðunartöku, líkt og önnur þjóðþing í Evrópu hafa gert. Þetta er ekki mikil krafa en hún er lýðræðisleg og hún er eðlileg við þessar aðstæður.

[13:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Tilefni þessarar umræðu af minni hálfu nú eru ósvífnar tilraunir hæstv. forsætisráðherra í sjónvarpsþætti í gærkvöldi til að láta að því liggja að þetta mál hafi verið margrætt í utanríkismálanefnd Alþingis áður en nafn Íslands birtist á listanum. Það að ræða almennt um málefni Íraks vikum og mánuðum fyrir 19. mars 2003 jafngildir að sjálfsögðu ekki því að bera undir utanríkismálanefnd þá ákvörðun sem slíka að setja nafn Íslands á lista yfir þær þjóðir — sem gera hvað? Styðja ólögmætt árásarstríð á fullvalda þjóð á upplognum forsendum. Það var það sem gerðist.

Það var aldrei rætt í utanríkismálanefnd. Ég er með fundargerðirnar hér í höndunum og það er rangt af formanni utanríkismálanefndar að gefa það í skyn að á fundinum 19. febrúar hafi utanríkisráðherra gefið neitt í þá átt í skyn. Hann gaf hið gagnstæða í skyn og sagði: Það er mikilvægt að vopnaeftirlitið fái meiri tíma. Og hann sagði: Ég bind vonir við að samstaða náist í öryggisráðinu um nýja ályktun.

Svo mikið ætla ég að upplýsa hér og ég skora á hæstv. utanríkisráðherra að létta trúnaði af fundargerðinni af sinni hálfu þannig að þetta megi lesa upp svart á hvítu.

Þetta var brot á 24. gr. laga um þingsköp Alþingis, um samráðsskyldu ríkisstjórnar við utanríkismálanefnd um meiri háttar utanríkismál. Það er ósvífið að gefa annað til kynna, *jafnvel þó að menn séu í nauðvörn með vondan málstað* í sjónvarpsþætti. Reyndir menn í pólitík eiga að kunna meira en það að fara, ekki einu sinni, heldur þrisvar út af sporinu eins og hæstv. ráðherra gerði þarna hvað sannleikann varðar.

Ég er síðan farinn að halda að það sé ekki rétt mat hjá okkur stjórnarandstæðingum að tveir menn hafi tekið þessa ákvörðun. Ég held að bara einn maður hafi tekið ákvörðunina, Davíð Oddsson, (Forseti hringir.) sem síðan hafi hringt í Halldór Ásgrímsson og sagt honum hvernig þetta ætti að vera, (Forseti hringir.) sem lét það yfir sig ganga eins og annað. (**Gripið fram í:** Auðvitað.)

[13:58]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þessi umræða er með hreinum ólíkindum. Ég sagði í þessum sjónvarpsþætti að þessi mál hefðu verið margrædd í utanríkismálanefnd. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að staðfesta það hér áðan. Þessi mál voru margrædd á Alþingi. Ef ég man rétt hafði Alþingi farið heim vegna þingkosninga þegar innrásin átti sér stað og það vill svo til að eftir þessa alvarlegu atburði og þær ákvarðanir sem voru teknar fóru fram kosningar í landinu.

Eitt fannst mér líka athyglisvert í þessari umræðu, þegar hv. þm. Mörður Árnason sagði: Samfylkingin hefur sömu afstöðu og spænskir jafnaðarmenn. Punktur.

Það var mjög gott að vita að það er þá hægt að lesa afstöðu spænskra jafnaðarmanna þegar maður áttar sig á afstöðu Samfylkingarinnar. En hver er afstaða hennar? Fór hún sérstaklega til Washington eins og hún ætlaði að gera til þess að taka sig út af einhverjum lista? Nei. Spánverjar kölluðu heim hermenn sína enda tóku þeir þátt í þessum aðgerðum beint. Það gerðum við ekki. Síðan hafa spænskir jafnaðarmenn ákveðið að standa áfram að uppbyggingunni í Írak ? (**Gripið fram í:** Við líka.) Það líka, já. Þá er það niðurstaðan að Samfylkingin styður ályktun 1456, þar með umboð fjölþjóðahersins (**MÁ:** Komdu í umræðuna.) og þar með umboð bráðabirgðastjórnarinnar í Írak. (Gripið fram í.) Það er mjög (Gripið fram í.) mikilvægt að þetta komi fram. (Gripið fram í.)

Ég tek eftir því að Samfylkingunni er mjög órótt í þessari umræðu allri. (Gripið fram í.) Þá ætti Samfylkingin að koma hér og skýra afstöðu sína betur. (**Gripið fram í:** Kofi Annan.)

Um fundarstjórn.

Mælendaskrá í athugasemdaumræðu.

[14:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er nokkuð undrandi á því að ekki skuli vera gætt jafnræðis með málsaðilum. Hæstv. utanríkisráðherra talaði þrisvar í umræðum um störf þingsins. Ég hefði ekki talið ósanngjarnt að ég fengi það sömuleiðis sem málshefjandi við umræðuna. Ég á margt órætt við hæstv. utanríkisráðherra, ekki síst vegna þess sem hann sagði í þriðju ræðu sinni og fundarstjóri virðist ekki ætlast til þess að við þingmenn höfum mikla möguleika til að bregðast við.

Ég ætla ekki að misnota þetta ræðuform til að fara aftur út í efnislega umræðu en ég skora á forseta þingsins og hæstv. utanríkisráðherra að greiða fyrir því að umræðan um Írakstillögu þá sem hér liggur fyrir og er óútrædd ... (**Forsrh.:** Er þingmaðurinn að tala við utanríkisráðherra eða forsætisráðherra?) Hæstv. forsætisráðherra, fyrrv. utanríkisráðherra. (**HBl:** Er þetta ekki um þingsköp?) Þetta er um fundarstjórn forseta, hv. 2. þm. Norðaust. (Gripið fram í.) Getur forseti séð til þess að ég fái frið til þess að ljúka máli mínu?

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti mælist til þess að hv. þingmenn gefi ræðumanni kost á að ljúka máli sínu.)

Ég tel mig vera að ræða um fundarstjórn forseta því ég er að gera beinar athugasemdir við fundarstjórn forseta, sem lét hæstv. forsætisráðherra fá orðið þrisvar sinnum í umræðunni. Hv. þm. Halldór Blöndal má hrista hausinn í marga hringi mín vegna. Það breytir því ekki að það er fullkomlega eðlilegt að ég geri þessar athugasemdir, eða hvar stendur það í þingsköpum að ráðherrar hafi svo mikla yfirburðaaðstöðu í umræðum af þessu tagi að þeir megi tala þrisvar (**Gripið fram í:** Tvisvar sinnum.) um liðinn um störf þingsins og taka þar með drjúgan hluta af þeim 20 mínútum sem í það er ætlað í upphafi hvers fundar. Það sem ég er svo að segja vegna athugasemda minna um fundarstjórn, og snýr beint að forseta, er að ég fer fram á það að forseti reyni að sjá til þess að umræðunni um Írakstillöguna verði áfram haldið áður en þing fer í jólahlé, en hún liggur hér hálfrædd, og að hæstv. forsætisráðherra verði þá til svara, þannig að við höfum meira jafnræði með okkur að ræða þessa hluti og m.a. fara yfir þær mjög svo alvarlegu rangfærslur sem hæstv. forsætisráðherra fór með í sjónvarpinu í gærkvöldi, sem snúa beint að þinginu og stöðu þess í þessu sambandi, þ.e. utanríkismálanefnd. Það er auðvitað

ekki líðandi að þar sé beinlínis haldið fram röngum hlutum.

Ég beindi öðru til hæstv. forsætisráðherra, að hann létti trúnaði af því sem eftir honum er haft í fundargerð utanríkismálanefndar frá 19. febrúar 2003. Ég hygg að það yrði ákaflega upplýsandi fyrir menn að heyra hvernig hæstv. forsætisráðherra ræddi þar um stöðuna en eðli málsins samkvæmt er það í valdi hans að létta þar af trúnaði sem er á orðum hans þar inni.

Svo er mergurinn málsins sá, herra forseti, að mönnum finnst fara mikill tími í umræður um þetta mál endurtekið. Það er til ein leið að leysa það, að ríkisstjórnin og ráðherrarnir leggi spilin á borðið, upplýsi um aðdraganda málanna sólarhringana fyrir 19. mars 2003. Hvað er verið að fela þar? Hvers vegna er þessi skrípaleikur í kringum það, herra forseti?

[14:04]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Vegna ummæla hv. þingmanns vill forseti geta þess að fordæmi eru fyrir því að ráðherrar fái tækifæri til að koma oftar en tvisvar í umræður af þessu tagi. Byggir það á ákvæði í 1. málsl. 51. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að ráðherrar eigi samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi og eigi rétt á að taka þátt í umræðum eins oft og þeir vilja.

[14:04]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kemur mér mjög á óvart að forseti skuli úrskurða með þessum hætti. Það kom mjög á óvart að hæstv. forsætisráðherra væri heimilað að fara þrisvar í umræðuna. Ég er mjög gagnrýnin á umræðuna og tek undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um hvernig haldið var á henni. Ég vil líka gagnrýna með hvaða hætti farið er í umræðuna af hálfu stjórnarmeirihlutans og hæstv. ráðherra. Við erum ekki að taka upp Íraksmálið. Við erum að ræða ummæli ráðherra sem féllu í sjónvarpinu í gær þar sem ráðherrann kýs að haga málflutningi sínum þannig, og ég ítreka að ég ætla ekki í efnisumræðu, að það hafi verið rætt í utanríkismálanefnd á Alþingi að við fórum á lista 30 viljugra ríkja. Um þetta snerist umræðan í dag um störf þingsins.

Það að formaður utanríkismálanefndar skuli svo koma hér og ræða hversu oft við höfum rætt Íraksmál í utanríkismálanefnd, tillögur, þingsályktanir eða annað og að við séum að reyna að fá það fram hvað gerðist daganna fram til 19. mars hjá ríkisstjórninni eða tveimur mönnum eða einum manni hjá utanríkismálanefnd kemur því ekkert við sem hæstv. ráðherra lét falla í gær í sjónvarpsþætti og við gagnrýnum í dag. Þetta finnst mér skipta mjög miklu máli. Ég vil að þingið komist út úr því að vísa í allar umræður um Írak í hvert einasta skipti sem við höfum reynt að leiða í ljós hvernig ákvörðunin var tekin um að Ísland færi á lista 30 viljugra ríkja til þess að fara inn í Írak með hernaði.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill að gefnu tilefni taka fram að hann er tilbúinn að hlusta á gagnrýni á fundarstjórn sína en ekki efnislegar umræður um málið sem rætt var áðan.)

[14:06]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði einmitt að tala einungis um fundarstjórn forseta og ekkert annað. Ég held reyndar að flestir hafi gert það sem hér hafa talað. Ég er afar ósátt við túlkun hæstv. forseta á því hversu oft ráðherra megi tala í umræðum sem þessum og er hrædd um að hæstv. forseti hafi gengið örlítið langt í því að leyfa ráðherrum að hafa vald umfram það sem þeir hafa í raun og veru leyfi til.

Hæstv. forseti las upp úr stjórnarskránni, 51. gr. Þar segir:

„Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa."

Ég held að hæstv. forseti hafi alveg gleymt því í túlkun sinni að kynna sér 3. mgr. 50. gr. þingskapa þar sem segir:

„Í upphafi fundar, áður en gengið er til dagskrár, geta þingmenn gert athugasemdir er varða störf þingsins. Enginn má tala oftar en tvisvar og ekki lengur en tvær mínútur í senn."

Ég er því hrædd um að hæstv. forseti þurfi að kynna sér betur þingsköp Alþingis áður en hann gefur út túlkanir af þessu tagi. Ég held að nóg sé komið af því að hæstv. ráðherrar hafi meiri völd en ástæða er til samkvæmt stjórnarskrá og þingsköpum. Ég bið forseta að leiðrétta mig ef ég fer rangt með ákvæði þingskapa að þessu leyti.

[14:08]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill taka fram að tilvitnuð grein þingskapa hljóðar að sjálfsögðu eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir las upp. Hins vegar kemur ótvírætt fram í 51. gr. stjórnarskrárinnar að ráðherrar eigi rétt á að taka þátt í umræðum eins oft og þeir vilja, en gæta verði þingskapa. Það hlýtur t.d. að eiga við um ræðutíma og aðrar formreglur þingskapa um umræður. (Gripið fram í.) Hvað varðar ræðufjölda verður forseti að líta svo á að 51. gr. stjórnarskrárinnar taki á því máli.

Forseti byggir ákvörðun sína í þessu tilviki á fordæmum úr þinginu og samkvæmt upplýsingum forseta er samhljóða grein dönsku stjórnarskrárinnar, 40. gr. hennar, túlkuð með sambærilegum hætti í danska þinginu og þingsköpum þess.

[14:09]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Ég held að athuga þurfi það sérstaklega, ef hæstv. forseti túlkar það svo og þeir sem stýra hinu háa Alþingi á þessu herrans ári líti svo á að hæstv. ráðherrar séu undanþegnir þingskapalögum þegar hreinn og klár texti þingskapanna tekur fram hversu oft þeir megi tala eins og aðrir þingmenn. Ég mótmæli þessari túlkun og held að hæstv. forseta væri meiri sæmd af því að viðurkenna að hann hafi gert mistök með því að leyfa hæstv. ráðherra að tala þrisvar, væntanlega á kostnað annarra í umræðunni, því ef hæstv. ráðherra má tala eins oft og hann vill er ég ansi hrædd um að endurskoða þurfi þann tíma sem gefinn er til umræðu sem þessarar. Ég mótmæli því þessari túlkun hæstv. forseta. Hafi þetta verið framkvæmt svona áður er

það beinlíns rangt og í andstöðu við þingsköp og stjórnarskrá.

[14:10]

Mörður Árnason:

Forseti. Mér er þessi túlkun gersamlega óskiljanleg og bið um betri rökstuðning við henni. Stjórnarskráin takmarkar þennan rétt með þingsköpum. Hún gerir eins og stjórnarskrárgjafar gera gjarnan, þeir segja eitthvað í stjórnarskránni og tala síðan um að frekar skuli kveðið á um það í lögum.

Hins vegar má segja að hvert orð sem hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, mælir um málið er kærkomið, vegna þess að forsetum þingsins hefur láðst að koma honum til að mæta við umræður um það mál sem við erum sífellt að ræða í krampakenndum stíl utan dagskrár eða í upphafi fundar um störf þingsins. Ef forsetar sinntu því verki sem þeim er falið samkvæmt sömu þingskapalögum væri nær að afgreiða málið með skynsamlegum umræðum þar sem hver maður fengi skikkanlegan tíma til að ræða mál sitt. Þar sem hæstv. núverandi forsætisráðherra getur svarað almennilega, sem hann hefur ekki gefið sjálfum sér tækifæri til, þeim ásökunum sem á hann eru bornar. Ég hef sagt að þetta sé lögbrot. Á móti því hefur ekki verið borið og meðan ekki er borið á móti því stendur það hjá þeim ræðumanni sem hér stendur í stólnum.

Ég óska þess að forseti gefi hæstv. forsætisráðherra tækifæri til þess og knýi hann til þess að koma í umræðu sem stendur yfir í þinginu um nákvæmlega þetta mál, um Írak, um listann, um það sem hæstv. forsætisráðherra reynir að bera af sér og það sem hann hafði svo mörg orð um í sjónvarpsþættinum í gær að hann var orðinn ekki bara margsaga heldur alsaga í því máli.

Að lokum þetta. Ég held að það hljóti að verða tilefni til sérstaks fundar í forsætisnefnd og meðal formanna þingflokka að ráðherrar fái þennan mikla ræðutíma í óvenjulegri umræðu, í umræðu um störf þingsins en ekki í umræðu um sérstök mál ráðherrans þar sem það kynni að eiga við, enda væri leitað um það sérstaks samkomulags. Mér finnst þetta skrýtið hjá 6. varaforseta þingsins og leita eftir því að þetta verði staðfest af forsætisnefnd allri eða þeim forseta sem hefur verið kosinn sem forseti Alþingis þó hann hafi ekki alltaf virkað sem slíkur.

[14:13]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess, áður en lengra er haldið, með umræðuna um fundarstjórn forseta, að það ákvæði þingskapa sem byggt er á við umræður um störf þingsins við upphaf þingfundar hefur oft og tíðum verið túlkað með sveigjanlegum hætti, t.d. varðandi tímamörk og annað og svo var í dag. Ekki var því um það að ræða að forsætisráðherra væri að taka tíma frá öðrum sem til máls tóku.

[14:13]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst og fremst hvetja menn til þess að bíða aðeins með stóryrðin í málinu, vegna þess að hæstv. forseti hefur kveðið upp úrskurð sinn á efnislegum grundvelli. Það getur vel verið að menn greini á um hann en hæstv. forseti hefur engu að síður rökstutt mál sitt mjög vel, bæði með skírskotun til þingskapaákvæða og einnig til stjórnarskrárinnar. Hann hefur vakið athygli á því að til séu fordæmi í málinu sem styrki úrskurð hans í þessum efnum og ég hef ekki heyrt menn draga það í efa.

Hins vegar getur vel verið að menn hafi um þetta ólíkar skoðanir, en er þá ekki skynsamlegt að við skoðum málið til hlítar við betri aðstæður í stað þess að vera með einhver stóryrði eins og hafa heyrst, sérstaklega utan úr sal frá einstökum mönnum sem hafa blandað sér í umræðuna með þeim hætti sem er farið að tíðkast mjög í þessum sal.

Ég vil sérstaklega víkja máli mínu til hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem, eins og fyrri daginn þegar verið er að ræða svona mál, hreykir sér mjög hátt. (Gripið fram í.) Talar niður til annarra þingmanna og með þeim hætti að svona eigi menn ekki að tala. Það sé allt öðruvísi sem menn eigi að tala. Ég segi það í mestu vinsemd að ég kann því óskaplega illa að sitja undir slíkum umræðum. Umræðurnar hafa auðvitað farið um víðan völl eins og eðlilegt er þegar rætt er um mál af því tagi sem Íraksmálið er. Það er því ekkert óeðlilegt þegar verið er að ræða þessi mál og allar hliðar þess að þingmenn, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, reyni að velta upp þeim flötum sem miklu máli skipta. Þess vegna kann ég því ákaflega illa þegar hv. þingmaður þykist hafa til þess burði og vald og stöðu að tala niður til þingmanna eins og hv. þingmaður gerði í ræðu sinni og er svo sem ekkert nýjabrum af. (Gripið fram í.)

[14:15]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti ítrekar það sem áður kom fram við umræðuna og biður hv. þingmenn að halda sig við umræður um fundarstjórn forseta þegar tekið er til máls undir þeim lið.

[14:15]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Já, það er nefnilega full ástæða til að ræða um fundarstjórn forseta núna því að úrskurður hans hvað varðar þessa þriðju ræðu hæstv. forsætisráðherra hér áðan, sem hann hafði auðvitað mikla þörf fyrir að fá, var ekki upp á marga fiska, finnst mér. (**Gripið fram í:** Ræðan?) Ja, bæði ræðan og líka úrskurður forseta. Ef þessi úrskurður forsetans gæti staðist mundu engar aðrar þingskapareglur um umræður þar sem ráðherrar eiga að taka þátt standast heldur. Þá gætu þeir bara komið í þær umræður eins oft og þeim sýndist og hvernig sem þeim svo sem dytti í hug. (Gripið fram í.) Það er gjörsamlega út í hött að það sé hægt að velja eitthvert eitt umræðuform hér og segja: Jú, það er hægt að bæta inn í hérna einhverjum ræðum frá ráðherrum, bara þegar mönnum dettur það í hug. Það væri slæmt fordæmi. Þó að hæstv. aðalforseti þingsins, Halldór Blöndal, hafi kannski gefið mönnum orðið of oft finnst mér það ekki vera fordæmi fyrir því að aðrir forsetar þingsins (Gripið fram í.) geri það líka. Mistök geta alltaf átt sér stað og hafa auðvitað átt sér stað í sölum Alþingis.

Mér finnst þetta vera mál sem menn þurfa að skoða og tek undir það sem sagt var hér áðan, svona með ró í huganum, en niðurstaðan finnst mér vera augljós: Hæstv. ráðherr-

ar hljóta að verða að hlíta sömu þingskapareglum og aðrir þingmenn hér í salnum við allar umræður. Það er auðvitað óþolandi annað en að þannig sé að málum staðið.

(**Forseti** (BÁ)**:** Sá forseti sem hér stendur vill láta þess getið að ekki mun hann standa í vegi þess að þetta verði rætt í forsætisnefnd.)

[14:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég tel fyllstu ástæðu til þess að hvetja forseta til að endurskoða þá ákvörðun sem hann tók áðan úr forsetastóli. Ég tek undir þær óskir sem hér hafa komið fram um að málið verði rætt á vettvangi forsætisnefndar í góðu tómi, menn fari vandlega yfir þessa ákvörðun með það í huga að breyta henni. Ég sé ekki hvernig á að vera hægt að komast að þeirri niðurstöðu sem forseti komst að. Ég sé heldur ekki hvernig þingmenn eiga að geta unað því að á Alþingi sem þingmenn eru kosnir til skuli ráðherrar sem eru ekki kosnir eiga fullt og ótakmarkað málfrelsi en þingmenn búi við skorður í þeim efnum. Það er ósamræmi á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds sem ég get ekki sætt mig við sem fulltrúi á löggjafarþinginu.

Ég vil benda á að það sem fram kemur í þingsköpunum gerir ráð fyrir öðru. Það gerir ráð fyrir því að takmörk séu sett á málfrelsi ráðherra. Ég vísa m.a. til 44. gr. þingskapalaga þar sem fjallað er um tilllögur til þingsályktunar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við fyrri umræðu má hver ræðumaður tala tvisvar, flutningsmaður allt að fimmtán mínútum og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að átta mínútum í senn.“

Þýðir þetta þá að þetta ákvæði um tvisvar varðandi ráðherra er marklaust? Svo mundi vera ef úrskurður forseta stæðist.

Ég vísa líka til 48. gr. sem fjallar um umræður um skýrslur en þar segir að við þær umræður megi þingmenn og ráðherrar tala tvisvar. Á það þá bara við um þingmenn en ekki ráðherra? Það getur augljóslega ekki verið vilji löggjafans sem setti þessi lög að ekki beri að skilja lögin eins og þau standa.

Ég vísa líka í 49. gr. þingskapa um fyrirspurnir en þar segir um munnlegar fyrirspurnir til ráðherra:

„Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en tvisvar ...“

Ef þessi úrskurður stendur þýðir það væntanlega að ráðherra má tala oftar en tvisvar.

Hið sama má nefna í 50. gr. á tveimur stöðum um umræður utan dagskrár þannig að ég held, herra forseti, að ef úrskurðurinn stendur óbreyttur séum við búin að breyta ansi miklu í þeim þingsköpum sem við höfum sett okkur. Þá er ég hræddur um að taka þurfi miklu fleira til athugunar.

[14:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get stytt mál mitt því að hv. síðasti ræðumaður sagði mikið af því sem ég vildi segja. Ég held að þó að hæstv. forseti uppfræði okkur um það, sem við nú sjálfsagt vitum, að ráðherrar hafi málfrelsi og tillögurétt á þingi, hvort sem þeir eru kjörnir þingmenn eða ekki, sé engu að síður ljóst að stjórnarskrárákvæðin vísa til þingskapanna og þau taka síðan af skarið í mjög mörgum tilvikum. Ég hef aldrei heyrt að til stæði að túlka þetta ákvæði stjórnarskrárinnar þannig að það ýtti beinlínis til hliðar pósitífum ákvæðum þingskapalaga sem algerlega ramma af rétt ráðherra til umræðna hér í mjög mörgum tilvikum.

Mér býður í grun að hér sé sá misskilningur að þvælast fyrir mönnum, forseta og sérfræðingum hans, að það hafi borið við að menn hafi hneigst til frjálslegrar túlkunar á möguleikum ráðherra til að tala oftar en tvisvar í ótímabundnum umræðum um þingmál ef þeir væru að því spurðir. Það er allt annar hlutur en að ráðherrar hafi ríkari rétt en aðrir þingmenn í tímabundinni og algerlega afmarkaðri umræðu, t.d. þegar menn eru að takast á um gagnstæð sjónarmið. Það er algerlega á móti anda þingskapanna um jafnræði milli manna við slíkar aðstæður að t.d. ráðherrann hafi ríkari rétt en málshefjandi, segjum bara í hálftímaumræðu, að ráðherrann mætti tala þrisvar en málshefjandinn bara tvisvar. Það hefur aldrei hvarflað að neinum manni, aldrei.

Ég tel að nákvæmlega hið sama gildi um þessa umræðu sem er eðli málsins samkvæmt þannig römmuð af að engan veginn gengur að ráðherrann færi að tala þrisvar eða fjórum eða fimm sinnum, vera annar hver ræðumaður. Hvernig ætti það að geta verið? Hvert væri þá jafnræðið sem væri tryggt með aðilum sem ættu skoðanaskipti í viðkomandi máli?

Hér er einhver misskilningur á ferð sem ég held að hljóti að upplýsast og leiðréttast þegar menn fara yfir þetta í rólegheitum og skoða, eins og nú hefur verið lofað að gert verði í forsætisnefnd. Þá tel ég að ekki þurfi að ræða um þetta frekar.

[14:23]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég hygg, án þess að það sé ljóst, að sú stjórnarskrárgrein sem vitnað var til sé sett vegna þess að ekki er endilegt að ráðherrar séu þingmenn. Þar með þarf að veita þeim rétt til að vera á þinginu þó að þeir séu ekki kosnir á það, standa þar fyrir máli sínu og tala með málum sínum. Þess vegna er þetta sett inn. Síðan er þetta að sjálfsögðu takmarkað með því að bent er á þingsköp.

Þetta er nokkuð ljóst og ég held að það væri heiðarlegast og affarasælast fyrir forseta að viðurkenna strax að þessi úrskurður hafi verið hæpinn, ef ekki beinlínis rangur. Við skulum þá gera það á móti, þingmenn, að fyrirgefa ráðherranum að hafa talað þrisvar því að hann var með það vondan málstað að honum veitti ekki af.

Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 398. mál. — Þskj. 505.

[14:24]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er lagt fram í tilefni af fyrirhugaðri sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Sameining þessara skóla byggist á viljayfirlýsingu menntamálaráðherra, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Verslunarráðs Íslands um stofnun einkahlutafélags sem tekur við starfsemi Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, dags. 19. október 2004.

Vegna frumvarps þessa tel ég rétt að minna í framsöguræðu minni á að hugmyndir um að sameina Tækniskóla Íslands, sem var fyrirrennari Tækniháskólans eins og menn vita, Háskólanum í Reykjavík hafa oftar en einu sinni verið til meðferðar í menntamálaráðuneytinu. Þannig voru ítrekaðar tilraunir gerðar til að sameina Tækniskólann og verkfræðideild Háskóla Íslands. Allar strönduðu þær á ágreiningi milli hinna ýmsu hagsmunaaðila er tóku þátt í þeirri skoðun. Nefndarálit um þetta efni voru m.a. unnin á áttunda áratugnum án þess að verulegar breytingar næðu fram að ganga. Síðan var gerð alvarleg tilraun með starfi nefndar á vegum menntamálaráðuneytisins árin 1995–1996. Komst hún ekki að sameiginlegri niðurstöðu en formaður hennar skilaði ráðuneytinu ítarlegri greinargerð.

Segja má að sú aðferðafræði sem viðhöfð var, að láta alla hugsanlega hagsmunaaðila koma að undirbúningi máls frá upphafi og verja sérhagsmuni sína, hafi sýnt að nauðsynlegt var að leita annarra leiða til að ná fram því markmiði að efla nám á þessu sviði. Tilraunir ráðuneytisins sem gerðar voru 2000–2001 til að semja við hagsmunaaðila atvinnulífsins um aðkomu að rekstri Tækniskóla Íslands og tryggja þar með styrkari tengsl atvinnulífs og menntunar runnu út í sandinn þar sem ekki tókst að finna sameiginlegan grundvöll varðandi fjármögnun nýs tækniháskóla sem báðir aðilar gátu sætt sig við.

Sú mikla gróska sem orðið hefur á háskólastiginu á undanförnum árum, m.a. með því að nýir háskólar hafa verið settir á stofn, hefur að mínu mati jafnvel falið í sér mun meiri framfarir á háskólastiginu en menn gerðu sér almennt grein fyrir. Samkeppni um nemendur og námsframboð tel ég að hafi fyrst og fremst leitt af sér aukið frumkvæði innan háskólastofnananna, samkeppnin hefur kallað á ríkari kröfur til þeirra og allt þetta hefur leitt til þess að háskólarnir allir hafa styrkst verulega. Er m.a. komið inn á þetta í ágætri grein dr. Harðar Arnarsonar sem fjallar um sameiningu þessara háskóla í Morgunblaðinu í dag en þar ítrekar Hörður að þessi sameining fjölgi valkostum, samkeppnin líka, hún hafi aukið fjölda nemenda í háskólanámi, fjölbreytni náms og gæði. Þetta er maður sem kann afskaplega mikið fyrir sér og þekkir atvinnulífið allt mjög vel.

Það er samt alveg rétt að alltaf má gera betur og ég tel rétt, til að styrkja háskólastigið enn frekar, að skoða vel kosti þess að sameina þær sterku einingar sem hér hafa myndast og styrkja þannig háskólana sem rekstrareiningar án þess þó að dregið sé úr samkeppni á milli þeirra. Því leitaði ég til núverandi rektora Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík síðasta vor og þær lýstu sig þegar reiðubúnar til að kanna möguleika á samvinnu og síðar sameiningu þessara öflugu skóla.

Fljótt kom í ljós að mikill áhugi var á sameiningu og í framhaldi af því átti ráðuneytið frumkvæði að því að kynna þessa hugmynd fyrir Verslunarráði Íslands, Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins sem tóku vel í hugmyndina.

Það er staðfest skoðun mín að samkeppni milli háskóla sé af hinu góða og vænleg leið til að tryggja gæði menntunarinnar. Tilkoma hins nýja tækni- og verkfræðiháskóla er líkleg til að auka áhuga ungs fólks á tæknimenntun og styrkja þannig framþróun og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að hinn sameinaði háskóli taki formlega til starfa í síðasta lagi í júní 2005. Háskólinn mun bjóða nám til BA-, BS- og diplóma-prófs í þeim greinum sem Tækniháskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík hafa boðið upp á. Auk þess er að því stefnt að stofnaðar verði nýjar deildir á fyrsta starfsári skólans í kennslufræði og verkfræði. Þá verður í boði við skólann sérhæft undirbúningsnám sambærilegt námi við frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands. Mikilvægt er að því námi verði vel við haldið.

Það er rétt að árétta að námsframboð í hinum sameinaða skóla mun í öllum aðalatriðum felast í því námi sem skólarnir bjóða nú upp á hvor í sínu lagi. Sameiningin mun tvímælalaust styrkja nám á þeim sviðum þar sem um skyldleika er að ræða á milli fræðasviða, svo sem á sviði viðskiptagreina sem skólarnir hafa sinnt hvor um sig, og á sviði tæknigreina, svo sem tölvunarfræða sem kennd hafa verið við Háskólann í Reykjavík, en þær falla vel að áformum um uppbyggingu tækni- og verkfræði.

Í tengslum við sameininguna hefur einnig gefist tækifæri að íhuga það hvort eitthvað af því námi sem skólarnir hafa sinnt eigi ef til vill heima annars staðar.

Menntamálaráðuneytið hefur haft forgöngu um að skoða sérstaklega hvort skynsamlegt sé að flytja heilbrigðisgreinar sem Tækniháskóli Íslands hefur sinnt til Háskóla Íslands og er það mat ráðuneytisins að margt mæli með því að sá flutningur eigi sér stað áður en til eiginlegrar sameiningar kemur. Í gangi eru viðræður menntamálaráðuneytisins, Háskóla Íslands og stjórnar hins sameinaða skóla um að nám í meinafræði og geislafræði verði eftirleiðis kennt við Háskóla Íslands. Er niðurstöðu um það að vænta á allra næstu vikum. Hefur ráðuneytið lagt á það áherslu að slík breyting raski í engu námsframvindu þeirra sem þegar hafa hafið nám í þessum greinum við Tækniháskóla Íslands og eins hitt að greinunum sé að sjálfsögðu tryggilega fyrir komið innan Háskóla Íslands.

Vegna starfsemi frumgreinadeildar í Tækniháskóla Íslands vil ég sérstaklega benda á að í viðræðum ráðuneytisins og stofnenda hins sameinaða háskóla hefur komið fram að ekki standi til að innheimta skólagjöld vegna námsins sem ætlunin er að bjóða upp á sambærilegt því sem nú er í Tækniháskóla Íslands. Eðli málsins samkvæmt fjallar frumvarp þetta ekki um frumgreinadeildina, enda er ekki fjallað um hana í gildandi lögum um Tækniháskóla Íslands þar sem ekki er um að ræða nám á háskólastigi. Um frumgreinadeildina var hins vegar fjallað í greinargerð frumvarps til laga um Tækniháskóla Íslands þegar hann var færður upp á háskólastig. Frumvarp þetta fjallaði einungis um afnám þeirra laga en stofnun hins sameinaða skóla byggir ekki á sérlögum heldur rammalögum um háskóla sem nú eru í gildi.

Í samræmi við framangreint gerir 1. gr. frumvarpsins ráð fyrir að núgildandi lög um Tækniháskóla Íslands verði felld úr gildi. Jafnframt tryggir ákvæðið rétt þeirra nemenda sem eru nú í námi við Tækniháskóla Íslands á þann hátt að þeir eiga rétt á að ljúka námi samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er og á sömu forsendum. Ákvæðið nær til nemenda sem eru við nám nú verði frumvarp þetta að lögum. Þá er áréttað að réttur þessi sé bundinn við gildandi reglur um námsframvindu. Einungis er við það miðað að þessi réttur nái til náms við hinn nýja háskóla sem verður til við sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Af því leiðir, og ég legg áherslu á það, að óheimilt er að innheimta skólagjöld af þeim nemendum vegna þess náms sem þeir hafa þegar hafið við gildistöku laga þessara.

Í 2. gr. frumvarpsins er áréttað að störf starfsmanna Tækniháskóla Íslands verði lögð niður um leið og lögin um skólann falla úr gildi og að um réttindi þeirra fari eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Með því er vísað til réttar starfsmanna eftir atvikum til biðlauna og uppsagnarfrests, með þeim takmörkunum sem af því leiða. Þá er einnig kveðið á um í 2. gr. að flytjist kennari við Tækniháskóla Íslands til annars háskóla, verði frumvarp þetta að lögum, sé heimilt að byggja ráðningu hans á dómnefndaráliti sem hann hefur hlotið skv. 5. mgr. 3. gr. laga um Tækniháskóla Íslands í sömu eða sambærilegri fræðigrein. Ákvæðið á við um prófessora, dósenta eða lektora. Teljist viðkomandi hæfur á grundvelli slíks dómnefndaráls til að gegna stöðu prófessors, dósents eða lektors verður ekki séð að nauðsyn sé á öðru slíku áliti, auk þess sem mikilvægt er að hægt sé á sem skemmstum tíma að ráða prófessora, dósenta eða lektora sem starfað hafa við Tækniháskóla Íslands til hins sameinaða háskóla í framhaldi af niðurlagningu starfa þeirra, verði frumvarp þetta að lögum. Sama gildir samkvæmt ákvæðinu ráði kennari sig til starfa við annan háskóla en hinn sameinaða háskóla.

3. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að frumvarp þetta, verði það að lögum, öðlist gildi 1. júlí 2005, en þá er við það miðað að hinn sameinaði háskóli hafi tekið formlega til starfa.

Virðulegi forseti. Ég tel að frumvarp þetta sé hluti af miklu framfaraskrefi á háskólastiginu hér á landi, við sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík verði til mjög öflugur háskóli sem mun á grunni þeirra skóla sem hann mun hefja starfsemi sína á bjóða upp á nám sem verður afar eftirsóknarvert. Í þessari sameiningu felst einnig ákveðin nýsköpun í skólakerfinu. Skólinn mun vaxa á komandi árum og stefnt er að því að nemendum við hann fjölgi á komandi árum en þær áætlanir eru innan þess ramma sem útgjöld til menntamála á komandi árum samkvæmt langtímaáætlun ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum leyfir.

Vitanlega mun viðgangur skólans þó fyrst og fremst ráðast af frammistöðu hans. Það á við um kennsluþátt starfseminnar jafnt sem rannsóknarþáttinn. Vísinda- og tækniráð hefur ályktað sérstaklega um eflingu rannsókna í háskólum og er til þess vonast að hinn sameinaði skóli taki þátt í sameiginlegu átaki sem nær til allra háskólastofnana í landinu til að skapa hér samfélag sem rís undir nafni sem vísinda- og þekkingarsamfélag.

Að sjálfsögðu mun hinn sameinaði skóli starfa í samræmi við rammalög um háskóla og sömu kröfur gerðar til hans og annarra háskóla. Starfsumhverfi það sem honum er búið af hálfu stjórnvalda er hliðstætt því sem stjórnvöld búa öðrum skólum á háskólastigi.

Vegna kostnaðarmatsins sem fylgir frumvarpinu, þar sem gerð er grein fyrir rekstrarhalla Tækniháskólans, vil ég taka það fram að núverandi stjórnendur skólans tóku við mjög erfiðri fjárhagsstöðu á árinu 2002 og eiga þau umframútgjöld sem urðu á því ári og árinu 2003 fyrst og fremst rætur að rekja til ófrágenginna fjárhagsmálefna og hagræðingar sem núverandi stjórnendur hafa unnið að með miklum ágætum. Er svo komið að horfur eru á að rekstur Tækniháskóla Íslands verði jákvæður fyrir rekstrarárið 2004 í fyrsta sinn í langan tíma.

Það er trú mín að við sameiningu skólanna muni verkfræði- og tæknifræðinám eflast enn frekar hér á landi og ég vil, virðulegi forseti, leyfa mér að vitna í þá ágætu grein sem ég minntist á fyrr í ræðu minni, grein sem dr. Hörður Arnarson, forstjóri Marels, ritaði í Morgunblaðið í gær. Þar segir hann m.a., með leyfi forseta:

„Fram hefur komið að sameinaður háskóli Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík mun leggja mikla áherslu á tæknifræði og verkfræði. Fyrir Marel og önnur hérlend tæknifyrirtæki er þetta mikið fagnaðarefni."

Svo mörg voru þau orð.

Ég er sannfærð um það, hæstv. forseti, líkt og margir aðilar innan atvinnulífsins að stofnun þessa öfluga háskóla muni verða háskólastarfinu í landinu til framdráttar, það mun efla atvinnulífið mjög til muna og fjölga tækifærum íslenskra ungmenna til framtíðar.

Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntamálanefndar og 2. umr.

[14:37]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er það rétt að sameining skóla á háskólastigi getur skapað mörg tækifæri og öflugra nám, en að því kem ég á eftir, og er lykilatriði að vel sé á málum haldið.

Það var tvennt sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra út í núna í andsvari við ræðu hennar. Annað lýtur að eignarhaldinu en hér er um að ræða einkaeignarhlutafélag, hlutafélagsform sem er fordæmalaust í háskólarekstri hér og eins og komið hefur fram til að mynda hjá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni nánast fordæmalaust rekstrarform skóla í hinum vestræna heimi utan örfárra dæma frá Bandaríkjunum. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Af hverju er það form valið? Hverju er ætlað að ná fram með því formi þar sem það er fyrst og fremst valið til að ná fram arðsemissjónarmiðum og hvort hún telji ekki að formið geti leitt til þess að ekki verði um að ræða nægan faglegan og rekstrarlegan aðskilnað, þannig að akademískt frelsi hins nýja væntanlega skóla, ef þetta verður samþykkt, sé í hættu?

Hitt sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um lýtur að skólagjöldum. Fyrirhugað er að innheimta skólagjöld af öllu námi í hinum nýja háskóla og þar af leiðandi einnig af tæknifræðináminu, að sjálfsögðu. Þar með er tæknifræðinámið tekið út úr öðru námi á háskólastigi á Íslandi þar sem

ekki gefst kostur á að stunda það nema gegn verulegum skólagjöldum í einkareknum skóla. Það gefst ekki kostur á því að stunda tæknifræðinám gegn lægri gjöldum eins og í ríkisreknu háskólunum þannig að þar er það nám tekið út úr. Hefði ekki verið eðlilegra að mati hæstv. ráðherra að búa svo um hnútana að fram fari heildstæð umræða um allt grunnnám á háskólastigi, en ekki væri svo að farið að tæknifræðinámið væri tekið út úr og þar með ranglega að staðið, að mínu mati?

[14:39]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir þann áhuga sem hann sýnir málinu. Það er alla vega nýtt að stjórnarandstaðan sýni hinum sjálfstæðu háskólum athygli og sýni þeim einnig umhyggju í verki og orði í þessum ágæta ræðustól.

Ég vil enn og aftur undirstrika það sem ég hef sagt áður að við værum ekkert að ræða um sameiningu háskóla í landinu ef stefna til að mynda Samfylkingarinnar hefði fengið að ráða í háskólamálum, svo einfalt er það. (**BjörgvS:** Það er bara rangt ...) Við værum ekki að ræða slíka grósku og slíka sameiningu sem við erum að gera hér með umræðu um þetta ágæta frumvarp.

Það er ekki rétt sem hér hefur komið fram að það sé fordæmislaust varðandi einkahlutafélag í háskólarekstri eða í menntakerfinu, því það er menntafélag sem hefur tekið að sér rekstur Stýrimannaskólans og Vélskólans og gerir það mjög kröftuglega og vel þannig að sómi er að. Ég vil líka undirstrika það, að ef einhver hagnaður kann að myndast m.a. í þessum stóra, nýja, sameinaða háskóla er skilyrt að allur sá ágóði rennur beint til uppbyggingar háskólastarfseminnar í skólanum þannig að það sé alveg á hreinu. Það er ekki verið að reka hér hlutafélag til þess að hafa fjárhagslega hagsmuni af því heldur munu þeir fjárhagslegu hagsmunir renna fyrst og fremst til uppbyggingar háskólastarfsins.

[14:41]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í engu svaraði hæstv. ráðherra spurningum mínum.

Fyrir það fyrsta er nám í Sjómannaskólanum, bæði stýrimanna- og vélstjóranámið, á framhaldsskólastigi þannig að það svarar í engu spurningunni um þetta rekstrarform við skóla á háskólastigi. Ég ítreka því spurninguna: Af hverju var það valið, til hvers á það að leiða? Ekki í hvað á að nota arðinn.

Hitt sem ég spurði hana um og hún kom ekkert inn á var: Af hverju er tæknifræðinámið tekið út úr öðru námi á háskólastigi þannig að það bjóðist einungis hér eftir, verði frumvarpið að lögum, í einkareknum skóla gegn verulegum skólagjöldum? Af hverju fer ekki fram heildstæð úttekt og umræða um allt nám á háskólastigi áður en tæknifræðinni er mismunað með þessum hætti þannig að ekki sé hægt að stunda nám í tæknifræði nema gegn verulegum skólagjöldum í einum einkareknum háskóla?

Ég tek svo undir það að lokum að hinir sjálfstæðu skólar hafa hleypt miklu lífi í háskólanám okkar en það verður að vera rétt að málum staðið og það má ekki mismuna einni námsgrein miðað við aðra.

[14:42]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég tel það ekki að ástæðulausu að hv. þingmaður þurfi sérstaklega að undirstrika að hann beri ákveðna umhyggju fyrir sjálfstæðu háskólunum. Það er rétt að það komi fram að hann þurfti sjálfur að undirstrika þá stefnu sína og það er ágætt og mikið fagnaðarefni að hann ásamt fleiri talsmönnum Samfylkingarinnar í menntamálum skuli loksins sjá ljósið þegar kemur að háskólamálunum.

Ég vil líka undirstrika að einkahlutafélagsformið sem tengist hinum sameinaða háskóla hefur skýr markmið í för með sér. Það eru félagsleg markmið og skólaleg markmið sem þetta einkahlutafélag hefur sett sér og allur sá ágóði sem hugsanlega kann að renna inn í þá starfsemi mun renna einmitt inn í háskólastarfsemina.

Varðandi það að búa til heildstæða úttekt er þetta viðtekin, ég ætla ekki að segja lumma, en dæmigerður frasi sem er notaður þegar á að drepa málum á dreif og menn þora ekki að taka stórar ákvarðanir til þess að efla og styrkja háskólanám. (**BjörgvS:** Er það skólagjaldið?)

[14:43]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að vonast til þess að hæstv. menntamálaráðherra yrði ögn málefnalegri í þeirri umræðu sem hér fer fram því hún er býsna mikilvæg. Verið er að taka afskaplega afdrifaríka ákvörðun, þ.e. í fyrsta skipti er einkahlutafélagsformið valið á háskólastigi. Það voru því miður ekki nægileg rök sem komu fram í svörum hæstv. ráðherra í andsvörum áðan. Það er auðvitað eðlilegt að fulltrúar atvinnulífsins sem vinna í svona umhverfi vilji horfa til þess þegar þeir koma að háskólarekstri. En ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra: Kom það fram sem krafa af hálfu þeirra aðila sem viðræðurnar voru við að þetta form yrði valið og getur verið að einhver vandi hafi komið upp í rekstri Háskólans í Reykjavík, sem er sjálfseignarstofnun, sem er ástæðan fyrir því að þessi leið er valin? Það er alveg nauðsynlegt að þetta verði upplýst strax við byrjun umræðunnar. Hvað ræður því að þetta form er valið?

Það er nær fordæmalaust í háskólum heimsins að þetta form skuli vera valið og er sérkennilegt þegar við erum að stíga þessi skref, eins og hæstv. ráðherra segir þá erum við að þróa hér sjálfseignarstofnanir á háskólastigi sem mörgum hverjum hefur gengið býsna vel og ég hef ekki heyrt áður að væri neitt vandamál með það form. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra skýri það fyrir okkur af hverju þetta form er valið.

Einnig er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra skýri það út fyrir okkur hvernig eigi að tryggja akademískt frelsi starfsfólksins þannig að starfsfólkið hafi eðlileg áhrif á stjórnun og stefnumótun í stofnuninni, vegna þess að í þeim takmörkuðu upplýsingum sem við höfum séð virðist stjórn félagsins einnig vera háskólaráð. Það verður að segjast alveg eins og er að það er vægt til orða tekið afar sérstakt og

mjög hæpið við rekstur á háskóla að slíkt skuli vera ákveðið.

[14:45]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mun reyna að svara mínum ágæta vini og félaga, hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, þeim spurningum sem hann beindi til mín. Fyrst og fremst er ljóst að það hefur greinilega verið efst í hugum þeirra sem koma að þessum málum í hinum nýja sameinaða háskóla að þeir telja formið sem var valið, einkahlutafélagið, gegnsætt og til að efla þá háskólastarfsemi sem þeir koma til með að standa vörð um og efla til framtíðar.

Mér finnst umræðan um hvaða form er valið, hvort það er sameignarfélagsformið, sjálfseignarstofnunarformið eða einkahlutafélagsformið í raun umræða um keisarans skegg. Ég átta mig ekki á umræðunni. Menn virðast þar reyna að finna einhvern flöt á því, eitthvað sem hægt er að hanga í til að gera málið tortryggilegt.

Ég vona að hv. þingmaður undirstriki í síðara andsvari sínu að hann telji sameiningu háskólanna mikla framför fyrir háskólastigið allt og þarft verk. Ég var að vonast til að hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni mundu koma upp í púltið og fagna þessari sameiningu en ekki að leggja fram tillögu sem mundi eingöngu leiða til þess að drepa málinu á dreif. Mér finnst slíkur málflutningur því miður slæmur.

[14:47]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður virðist hæstv. ráðherra ekki átta sig á alvöru málsins. Ég vona að hæstv. ráðherra muni upplýsast í þeirri umræðu sem fram fer í dag og einnig í því nefndarstarfi sem hlýtur að vera fram undan varðandi þetta mál. Það er auðvitað grafalvarlegt þegar þessu formi er komið inn á háskólastigið, formi sem hefur að meginmarkmiði að skila hagnaði. Allt formið miðast við það. Hins vegar höfum við fram að þessu verið með sjálfseignarstofnanir sem ekki hafa haft það sem markmið að skila hagnaði.

Varðandi stjórnunarþáttinn, sem hæstv. ráðherra minntist ekkert á, þ.e. hvernig tryggja á hið akademíska frelsi sem er grundvöllur háskólastarfsins, þá er heldur ekkert á það minnst í svörum hæstv. ráðherra.

Þriðja atriðið sem ég vil koma inn á, þó að tíminn sé stuttur, en ég kem frekar inn á það í ræðu minni á eftir, varðar eignir Tækniháskólans, þ.e. hvernig staðið var að samrunanum. Miðað við þær óljósu fréttir sem við höfum virðast þær í raun einskis metnar en hins vegar hafi hinn háskólinn verið metinn á allt annan hátt. Það er nauðsynlegt að upplýsa það einnig.

En þannig að við forðum öllum misskilningi frá umræðunni vil ég nota þetta tækifæri og fagna því að menn (Forseti hringir.) skuli ná samstarfi við atvinnulífið. En það er lykilatriði að (Forseti hringir.) samstarfið sé byggt á jafnréttisgrundvelli.

[14:48]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil, með leyfi forseta, fá að vitna í lög um háskóla og vil að hv. þm. Einar Már Sigurðarson hlusti á mig lesa úr þeim. Þar segir m.a. í 3. gr.:

„Heimilt er einkaaðilum að stofna háskóla að fengnu samþykki menntamálaráðherra."

Um þetta snýst málið, að einkaaðilum er heimilt að reka háskóla lögum samkvæmt.

Ég skil mætavel að hv. þingmaður, sem á pólitískar rætur sínar að rekja til Alþýðubandalagsins, hafi ekki í orðabók sinni orðið „einkarekstur". Ég vona að menn bæti úr því.

[14:49]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er að sjálfsögðu á mælendaskrá með ræðu í þessu máli. Þá kem ég til með að fara yfir sjónarmið mín í þessum efnum. En áður en lengra er haldið tel ég rétt að hæstv. ráðherra svari spurningu varðandi skólagjöld þeirra nema sem nú stunda nám í frumgreinadeildinni.

Mér hefur borist til eyrna að frumgreinadeildarnemar geri ráð fyrir því að þeir verði rukkaðir um skólagjöld um leið og þeir komast upp úr frumgreinadeildinni og inn á háskólastigið. Það verður ekki séð af því hvernig frumvarpið er orðað hvort þeir frumgreinanemar sem hafið hafa nám eru meðtaldir í þeim nemendahópi sem fær að ljúka námi án skólagjalda eins og til er stofnað.

Það er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra svari þeirri spurningu hér og nú: Hver verður staða þeirra nema sem eru í frumgreinadeild í dag? Þurfa þeir að greiða skólagjöld þegar þeir eru komnir upp á háskólastigið eða fá þeir að ljúka námi eins og til er stofnað, án skólagjalda, enda hafi þeir hafið nám og gert áætlanir til framtíðar um að ljúka háskólanámi eftir 4–6 ár?

[14:50]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þeir nemar sem nú þegar eru í Tækniháskólanum og hafa skráð sig, eins og hv. þingmaður kom inn á, munu ekki greiða skólagjöld. Þeir sem hafið hafa háskólanám i Tækniháskólanum munu ekki greiða skólagjöld þar til þeir ljúka námi sínu.

Ég vil undirstrika það að nemar í frumgreinadeildinni munu ekki greiða skólagjöld. Nemar í frumgreinadeildinni, samkvæmt samtölum mínum við forsvarsmenn hins nýja háskóla, munu ekki greiða skólagjöld í nýjum háskóla, enda er það nám ekki á háskólastigi heldur á framhaldsskólastigi.

[14:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svarið var ekki skýrt hjá hæstv. ráðherra. Gerir hún ráð fyrir að þeir nemar sem hafa hafið nám í frumgreinadeild núna þurfi einhvern tímann að greiða skólagjöld við hinn nýja háskóla? Eða komast þeir í gegnum háskólanám sitt án þess að greiða skólagjöldin? Það verður að vera alveg skýrt.

Varðandi orð hæstv. ráðherra áðan um að í þessum sal eigi það sem hún kallar sjálfstæðu háskólana ekki stuðning þá er það alrangt. Hér hafa stjórnarandstöðuþingmenn, ég þar með talin, fagnað auknum tækifærum ungs fólks til náms á háskólastigi. Hins vegar hef ég gagnrýnt hæstv. menntamálaráðherra og stjórnvöld fyrir að sú aukning megi ekki vera á kostnað hinna opinberu háskóla.

Hæstv. ráðherra verður að hafa það sem rétt er í þessum efnum. Opinberu háskólarnir hljóta að verða að fá að standa keikir og njóta sannmælis í þessum efnum. Efling háskólastigsins má ekki vera á kostnað þeirra.

[14:52]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mótmæli því að efling háskólastigsins hafi verið á kostnað opinberu háskólanna. Svo hefur aldeilis ekki verið heldur hafa fjárframlög til allra ríkisháskólanna aukist verulega á undanförnum missirum.

Hins vegar er greinilegt að ég hef snert mjög viðkvæma taug í brjóstum háttvirtra stjórnarandstöðuþingmanna. Það er bersýnilega viðkvæmt þegar við tölum um sjálfstæðu háskólana. Við skulum enn og aftur rifja upp að pólitísk ákvörðun var tekin um að setja á stofn og reyna að stuðla að fjölbreytni í háskólasamfélaginu, m.a. að stuðla að því að hér mundu spretta upp, vaxa og dafna blómlegir sjálfstæðir háskólar. Til þess höfum við ekki fengið mjög mikinn stuðning stjórnarandstöðunnar fram til þessa. (**KolH:** Hvað um skólagjöld frumgreinanema?)

[14:53]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom við upphaf þessarar umræðu í andsvörum og innskotum sem komið hefur verið að er um mikilvægt mál að ræða, bæði skólapólitískt og fordæmisgefandi fyrir framhald þróunar á háskólastiginu að mörgu leyti. Þess vegna hafa menn gert eignarhaldið að sérstöku umtalsefni við upphaf 1. umr. um málið, sem vonandi mun fá vandaða og ítarlega málsmeðferð í menntamálanefnd á fyrstu mánuðum næsta árs.

Komið hefur fram að hér er um að ræða form á eignarhaldi sem er fordæmalaust á háskólastiginu á Íslandi, sem og víðast hvar annars staðar. Horfið skal frá sjálfseignarstofnunarforminu sem t.d. er notað í Háskólanum í Reykjavík og Viðskiptaháskólanum á Bifröst. Það fyrirkomulag hefur reynst alveg hreint prýðilega þar og engin svör hafa fengist við því af hverju ekki er notast við það form. Af hverju er farið frá því formi og hverju skal ná fram með því að hinn nýi skóli verði einkahlutafélag? Það form er almennt notað út frá arðsemissjónarmiðunum einum. Þess vegna hefur það ekki verið notað á háskólastiginu, þar sem skólar hafa almennt ekki verið reknir út frá arðsemissjónarmiði heldur skólastefnunni o.s.frv.

Á þessu hafa ekki fengist neinar skýringar. Sá þunni þrettándi sem fram kemur í frumvarpinu sjálfu greinir ekki á neinn hátt frá því. Þetta er grundvallarbreyting á rekstrarformi á háskólastigi, ekki bara á Íslandi heldur og, eins og ég sagði áðan og hefur komið fram hjá öðrum hv. þingmönnum, um allan hinn vestræna heim. Einungis eru örfá dæmi til um þetta frá Bandaríkjunum en almennt, ekki einu sinni þar, tíðkast slíkt rekstrarform ekki á sjálfstæðum eða einkareknum háskólum, hvernig sem menn vilja orða það.

Áhyggjurnar vegna þessa forms koma t.d. fram við skipan háskólaráðs þar sem nemendum var ekki gefinn kostur á að velja inn fulltrúa. Ekki var gert ráð fyrir því í sjö manna stjórn sem skipuð var af einkahlutafélaginu sjálfu sem er jafnframt háskólaráð hins nýja skóla. Auðvelt er að leiða rök að því að slíkt ráð sé ósjálfstætt frá rekstraraðilanum, að akademískt frelsi starfsmanna skólans og stjórnar háskólaráðsins sé ekki nægjanlegt. Þótt það geti að sjálfsögðu mögulega farið saman er það ekki tryggt í forminu sjálfu.

Rekstrarfélag hins nýja skóla er í hlutafélagaformi, sem er efnahagslegur félagsskapur, en slíkum félögum er samkvæmt upplegginu ætlað að skila eigendum sínum arði, sem er þvert gegn viðhorfum og markmiðum einkarekinna skóla á háskólastigi á Íslandi. Ég ítreka að sjálfseignarstofnanaformið, sem bestu skólar Bandaríkjanna eru t.d. reknir eftir, hefur reynst ágætlega

Hins vegar getur vel verið að þetta rekstrarform eigi rétt á sér. Þess vegna spurði ég hæstv. ráðherra, í andsvari áðan: Af hverju var það valið og hverju á að ná fram með því? Af hverju er þessi grundvallarbreyting á rekstrarformi háskóla valin og hvert er markmiðið með því, hver er tilgangurinn? Það er prinsippmál og við þurfum að fá upplýsingar um það í umræðum um sameiningu Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík: Hvert er markmiðið með því? Ógnar það sjálfstæði skólanna, akademísku frelsi skólanna, sem er algjört grundvallaratriði í rekstri hvers skóla?

Sé ætlunin að reka skólann í hagnaðarskyni fyrir eigendur hans er einfaldlega um að ræða allt aðrar áherslur í skólastarfi á háskólastigi en við höfum áður séð. Þess vegna spyrjum við hvort verið sé að brjóta niður múra á milli faglegs sjálfstæðis og viðskiptasjónarmiða. Hæstv. ráðherra og öðrum stjórnarliðum gefst að sjálfsögðu nægur tími til að útskýra þetta fyrir okkur í umræðunni í dag, í nefndinni og við 2. og 3. umr. um málið.

Eins og ég segi þá er ekkert sem segir það fyrir fram að slíkt form eigi ekki rétt á sér en hins vegar þarf að útskýra vel og vandlega af hverju þetta form er valið umfram sjálfseignarformið.

Einnig hefur sjónum manna verið beint að þeirri meginbreytingu á aðgengi að grunnnámi á háskólastigi sem felst í sameiningunni, þ.e. að tæknifræðinámið verði ekki lengur aðgengilegt nema í gegnum einkaskóla og þar með í gegnum skólagjöld. Hæstv. ráðherra var spurður að því fyrr í haust hvort til standi að tryggja með einhverjum hætti að nemendur hins nýja skóla, sem ætla að nema tæknifræði, eigi aðgengi að slíku námi án verulegra skólagjalda, þ.e. án hærri skólagjalda en innheimt eru í grunnnámi á háskólastigi.

Svarið við því er að svo verði ekki, að hér sé verið að taka tæknináminu út úr öðru grunnnámi á háskólastigi og það verði einungis aðgengilegt með greiðslu skólagjalda í einkareknum skóla. Allt um það þá hlýtur það að þarfnast útskýringa og auðvitað hefði átt að fara fram, ef svo á að vera, heildstæð umræða og úttekt á því hvort almennt eigi að taka upp skólagjöld á grunnnám í ríkisháskólunum. Það hlýtur að fylgja. Af hverju á að rukka skólagjöld af grunn-

námi í tæknifræði en ekki t.d. guðfræði, viðskiptafræði, lögfræði, íslensku, heimspeki, bókmenntafræði, tannlæknanámi og svo mætti lengi telja? Hver er munurinn þar á? Af hverju eiga íslenskir námsmenn ekki að eiga kost á grunnnámi í tæknifræði án þess að borga hærri skólagjöld en nú eru innheimt í ríkisháskólunum þremur sem verða eftir að Tækniháskólinn rennur saman við Háskólann í Reykjavík? Við því hlýtur að vera einfalt svar. Af hverju er verið að mismuna greinunum með þessum hætti? Þá er sjálfsagt mál að taka heildstæða umræðu um hvort taka eigi upp skólagjöld í meira mæli til að fjármagna nám á háskólastigi en af því sem er að sjá hér og samkvæmt ummælum ráðherra í blaðagreinum, þá er þetta ekki vísbending um að taka eigi upp skólagjöld í grunnnámi í ríkisháskólunum þremur. Þess vegna spyr ég: Af hverju er verið að taka tæknifræðina út úr öðru námi? Af hverju gildir ekki hið sama um nám í tæknifræði og í öðru námi?

Ég gat áðan um skipan háskólaráðs þar sem ástæða er til að ítreka það og skora á væntanlega eigendur hins nýja skóla að standa óðruvísi að málum og tryggja með mjög skýrum hætti akademískt frelsi hinnar nýju stofnunar. Það er sjálfsagt mál og öllum í hag að gera það og eykur trúverðugleika skólans og þá möguleika sem hann hefur á að verða öflugur og kraftmikill skóli á þessum vettvangi að akademískt frelsi hans sé að fullu og öllu tryggt og að sjálfsögðu að fulltrúar nemenda og kennara eigi þar sæti eins og gengur og gerist í öðrum háskólum almennt og yfirleitt.

Það hlýtur að vera markmið allra, bæði þeirra sem koma til með að reka hinn nýja skóla sem og annarra, að akademískt frelsi verði fullkomlega tryggt og faglegt sjálfstæði skólans verði tryggt frá rekstrarlegum sjónarmiðum, af því að hlutafélagsformið er að sjálfsögðu form hinna rekstrarlegu sjónarmiða, bisnessform, og þess vegna þurfum við að fá fram skýran ásetning um að fagleg sjónarmið ráði för og akademískt frelsi skólans verði tryggt.

Í frétt í blöðunum í október var tilkynnt hverjir sitja í hinu nýja háskólaráði sem tilnefnt er af Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði Íslands, en þessir aðilar mynda væntanlega hið nýja einkahlutafélag um rekstur skólans. Kennsla í skólanum, er sagt, verður með óbreyttu sniði út þetta skólaár undir stjórn núverandi skólaráða og rektora en nýtt háskólaráð, sem þar var skipað, tekur við haustið 2005.

Aftur að sameiningu skóla. Það eru að sjálfsögðu margir góðir kostir til sameiningar og eflingar á háskólastigi. Hér erum við sérstaklega að ræða um að við viljum efla tækni- og verkfræðinámið sem þörf er á. Það er gott tækni- og verkfræðinám rekið í Háskóla Íslands og Tækniháskólanum, en markmið mjög margra, og hefur komið fram í skólapólitískri umræðu síðustu missira, er að efla það enn frekar með þeim hætti að fleiri stundi nám í tækni- og verkfræðigreinum og það hlýtur að vera ágætur kostur í því að fjölga verulega nemendum í þeim greinum og efla það nám verulega að fleiri en einn skóli bjóði upp á það.

Þess má geta að það kom fram í greinum í Morgunblaðinu, bæði eftir Einar H. Jónsson, formann Tæknifræðingafélags Íslands, svo og Stefán Friðgeirsson, formann Verkfræðingafélags Íslands, að þeir hefðu viljað sjá hér rísa einn Tækniháskóla, eins og það er kallað, en ekki tvo og segir Stefán í grein sinni að sameining Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík tefji fyrir þeirri þróun. Fleiri hafa skrifað og fært rök fyrir því að það borgi sig að setja öll eggin í eina körfu, að vera með einn tækniháskóla en ekki tvo.

Ég tek ekki undir það sjónarmið. Ég held að það sé ágætur kostur að vera með tvo skóla á háskólastigi sem bjóða upp á gott og öflugt og vandað nám í tækni- og verkfræði og við verðum að sjálfsögðu að ná þeim markmiðum skilyrðislaust fram ef af þessari sameiningu verður, sem að sjálfsögðu allt lítur út fyrir að verði, og nýta þau tækifæri sem geta verið í og eru í aflinu á háskólastigi. Núna eru um 3.500 manns á vinnumarkaði með tækni- og verkfræðimenntun og er það verulega mikið lægra hlutfall en gerist á meðal grannþjóða okkar og annarra Evrópuþjóða og hefur komið fram, bæði hjá stjórnvöldum og skólasamfélaginu öllu og Verkfræðingafélaginu og Tæknifræðingafélaginu, mikill ásetningur um að fjölga þeim verulega á vinnumarkaði sem hafa slíka menntun.

Það er oft nefnt sem ein af undirstöðunum fyrir því mikla efnahagsævintýri sem á sér stað í Finnlandi og kemur víða fram að þeir hafa sett mikla fjármuni í fjárfestingar í tækni- og verkfræðinámi og ættum við Íslendingar að sjálfsögðu að taka þá okkur til fyrirmyndar í því og nota tækifærið og reyna að efla þetta nám verulega og nýta okkur hina fyrirhuguðu sameiningu til þess að rétt verði að henni staðið.

Það eru hins vegar margir aðrir möguleikar á slíkum sameiningum og komið hafa fram hjá ýmsum ábendingar um hvort aðrir kostir hafi verið skoðaðir. Spurði ég hæstv. ráðherra að því í umræðum á þinginu fyrr í haust hvort farið hefðu fram könnunarviðræður um aðra sameiningarkosti eins og t.d. sameiningu Tækniháskólans við verkfræðideild Háskóla Íslands og stofna um það sérstakan skóla, eða sameiningu Tækniháskóla Íslands og Viðskiptaháskólans á Bifröst o.s.frv. Það eru margir aðrir kostir í boði og til að ná sem allra bestum árangri og til að gæta jafnræðis og sanngirni er sjálfsagt mál að skoða alla slíka kosti einnig. Það liggur ekkert í augum uppi að einn skóli á háskólastigi eigi að fá aðgang og kost á því að sameinast Tækniháskólanum umfram aðra. Viðskiptaháskólinn á Bifröst hefur t.d. einnig lýst yfir eindregnum áhuga á því að hefja kennslu og menntun í tækni- og verkfræðinámi við sinn skóla, skiljanlega, þar sem hann er einnig eins og Háskólinn í Reykjavík mjög öflugur skóli sem hefur sannað það á síðustu árum að hann er að útskrifa ákaflega vel menntað fólk. Því er eðlilegt að það komi fram hér í umræðunni af hverju ekki var rætt við þann skóla einnig. Voru þessir kostir allir skoðaðir? Hvað olli því því þá að þessi kostur varð ofan á að lokum eftir að kannaðir höfðu verið allir kostir sem í boði eru? Það er að sjálfsögðu mjög eðlilegt þegar svo afdrifarík ákvörðun er tekin, að sameina skólastofnanir, að allir aðrir kostir hafi verið skoðaðir einnig.

Það hefur verið nefnt í þessari umræðu síðustu mánuðina, sem segja má að hafi hafist í ágúst, 24. ágúst held ég að hafi birst frétt um það í Morgunblaðinu að fyrirhugað væri að þessi samruni ætti sér stað og svo síðar um haustið, í október held ég, birtist frétt um að viljayfirlýsing hefði verið undirrituð á milli þessara aðila og menntamálayfirvalda sem lítur nú dagsins ljós í þessu frumvarpi, að það hljóti að

koma upp spurningar um hvort og á hvað eignir og ef svo má segja viðskiptavild, skólaleyfi o.s.frv., Tækniháskólans sé metið. Það kemur fram að það sé borgað með skólanum og að borga eigi upp þann halla sem honum fylgir á næsta ári þó að ekki hafi verið gert ráð fyrir því í fjárlögum eða eins og sagt er að eignir Tækniháskóla Íslands og viðskiptavild virðist í engu metnar inn í hið nýja hlutafélag og Háskólinn í Reykjavík muni eiga 270 millj. af 300 millj. kr. hlutafé. Afgangur hlutafjárins komi síðan frá Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins.

Þetta fyrirkomulag kallar á þá spurningu hvort búast megi við því að þetta mundi fylgja með við fleiri sameiningar, t.d. ef Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri yrðu óvænt sameinaðir. Nú var verið að sameina nokkra skóla í Landbúnaðarháskóla Íslands og ekki hefur annað frést en að sá rekstrarhalli sem þar var um að ræða hafi fylgt með inn í þá sameiningu. Stendur til að gæta þarna jafnræðis og af hverju stóð ríkisvaldið að því með þessum hætti? Á hvað voru eignir Tækniháskólans metnar sem og hefðin, sagan og viðskiptavildin? Hvaða hugtök best er að nota til að ná utan um það nákvæmlega þá er þetta skóli með ríka sögu, og þótt hann hafi vissulega átt undir högg að sækja út af fjárhagslegum þrengingun á síðustu missirum og á þeim fáu árum sem liðin eru síðan hann var gerður að háskóla, þá er hann samt að sjálfsögðu töluverðs virði. Þess vegna er rétt að það komi fram hvort verið sé að gefa eignir skólans og borga svo með honum á annað hundrað milljónir eða hvernig þessi mál hafi verið hugsuð. Þessu hlýtur hæstv. ráðherra að svara í síðari ræðu sinni því auðvitað á skólinn inni mikla, ef svo má kalla, viðskiptavild. Þetta er virtur skóli sem margir líta til enda stunda þar margir nám og er sjálfsagt að ræða þetta mál.

Rétt er að geta þess undir lok ræðutíma míns að mjög mikilvægt er að það verði tryggt um framtíð alla að nemendur geti sótt nám í frumgreinadeildunum án þess að greiða fyrir það hærri skólagjöld en gerist og gengur í ríkisreknu háskólunum. Eitt af því kannski merkilegasta og mikilvægasta við Tækniháskólann og Tækniskólann þar áður, er frumgreinadeildin þar sem iðnmenntuðu fólki og öðrum sem hafa verið að vinna við ýmis slík fög gefst kostur á að koma aftur til náms, ganga í einn skóla þar sem fyrst er um að ræða nám í frumgreinadeild sem lýkur með nokkurs konar stúdentsprófi af verknámsbraut. Síðan tekur við nám í einhverri þeirra deilda sem þar eru starfandi, tæknifræðinám í þessu eða hinu, þannig að fólk innritast í einn skóla og byrjar þar í frumgreinadeildinni og útskrifast úr sama skólanum nokkrum árum síðar sem er mjög eftirsóknarvert. En þessi hefð í starfsemi Tækniháskólans er mjög glæsileg og mjög mikilvæg í okkar skólastarfi. Ég held að það sé áríðandi að stjórnvöld standi vörð um frumgreinadeildina alveg sérstaklega þó svo að stjórnvöld ákveði að taka tæknifræðina þannig út úr og mismuna henni miðað við aðrar greinar í grunnnámi á háskólastigi og láta hana standa þannig eina greina að ekki sé hægt að stunda hana nema að greiða fyrir það há skólagjöld og miklu hærri en tíðkast í ríkisháskólunum. Það er að mínu mati ranglæti og ójafnræði á milli greina og stjórnvöld ættu að tryggja að nemendur geti stundað nám í hinum nýja skóla í tæknifræðigreinunum án þess að greiða fyrir það hærri skólagjöld en tíðkast í hinum ríkisháskólunum þremur.

Mér finnst þetta mjög mikilvægt atriði og ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir að svo megi verða. Sérstaklega þarf að taka utan um og hlúa að frumgreinadeildinni. Hún er, og ég efast ekki um að hæstv. menntamálaráðherra er því sammála, mjög mikilvægur hlekkur í menntasamfélaginu, í skólakerfi okkar, þar sem frumgreinadeildin eru dyrnar til að koma inn fyrir iðnaðarmenn og aðra sem hafa stundað hin ýmsu störf í samfélaginu til að fá fyrri menntun sína og störf metin og taka nokkrar annir í frumgreinadeild og hefja síðan nám í tæknifræðigreinum ýmiss konar.

Þetta er mjög mikilvægur þáttur og ég vona, hvernig sem þessu máli reiðir af hér á næstu vikum og mánuðum í meðförum menntamálanefndar, að þetta standi alveg sérstaklega upp úr, að staðinn verði vörður um frumgreinadeild þar sem nemendur geta sótt nám án þess að greiða fyrir það hærri skólagjöld en tíðkast í ríkisháskólunum þremur í öðrum greinum þar, sem og um tæknifræðinámið allt.

[15:14]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru reyndar fjölmörg atriði sem rétt er að gera athugasemd við varðandi ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar. Ég kem þeim kannski ekki öllum að hér í fyrra andsvari mínu. Mig langar til að byrja á því að nefna það atriði sem gagnrýnt hefur verið hér, þ.e. fyrirhugað rekstrarform á þessum sameinaða skóla.

Því hefur verið haldið fram að óeðlilegt sé að hinn nýi og sameinaði skóli sé rekinn sem einkahlutafélag en ekki sem sjálfseignarstofnun. Rökin fyrir því eru fyrst og fremst þau að sjálfseignarstofnanirnar séu svokölluð „non-profit associations" en einkahlutafélögum sé ætlað að skila arði. Ég vil meina að almennt sé aðeins stigsmunur en ekki eðlismunur á þessu tvennu. Það er ekki sjálfgefið að sjálfseignarstofnanir skili ekki arði og að ekki sé gerð krafa um að þær skili ekki arði. Ég nefni sem dæmi sparisjóðina í landinu. Ætla menn að halda því fram að þær sjálfseignarstofnanir starfi ekki á grundvelli arðsemi og hagnaðar? Það getur líka verið að einkahlutafélögum sé ekki gert skylt að skila neinum verulegum arði, heldur komi menn sér saman í félagi um einhver tiltekin mál. Á þessu er bara stigsmunur en ekki eðlismunur.

Það sem skiptir máli hér er að ríkisvaldið taki ákvörðun um hvort fela eigi einkaaðilum rekstur á ýmsum stofnunum, þar á meðal menntastofnunum. Þegar sú ákvörðun hefur verið tekin á ríkið ekkert að skipta sér af því á hvaða formi hinir tilteknu einkaaðilar ætla að reka starfsemina. Það er aukaatriði í málinu. (Forseti hringir.) Aðalatriðið er prinsippákvörðun um að fela einkaaðilum þennan rekstur.

[15:16]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir að í mörgum tilfellum getur verið mjög góður kostur að fela einkaaðilum í einhverri mynd að reka menntastofnanir og það hefur gefist vel hér á

landi, bæði á háskólastigi sem og á öðrum stigum. Um það deilum við ekki, ég og hv. 10. þm. Reykv. n. Hins vegar fullyrti hann, að sagt hefði verið að óeðlilegt væri að velja þetta rekstrarform. Það er alls ekki rétt. Ég fullyrti aldrei að óeðlilegt væri að velja einkahlutafélagaformið frekar en sjálfseignarstofnunarformið. Ég spurði hins vegar: Af hverju er það valið? Hverjir eru kostirnir við það umfram sjálfseignarstofnunarformið? Hverjir eru gallarnir við það? Leiðir það til þess að sjálfstæði háskólanna sé ógnað? Leiðir það til þess að faglegu starfi skólanna sé á einhvern hátt ógnað á kostnað rekstrarlegra sjónarmiða, o.s.frv.?

Þetta var það sem ég spurði hæstv. ráðherrann um, en fékk engin svör. Hv. þingmaður svaraði því fyrir sitt leyti áðan, að á þessu væri lítill og óverulegur munur og skipti í sjálfu sér engu máli. Ég spurði hvort þetta skipti máli, af hverju var það valið o.s.frv. Ég óskaði skýringa á af hverju þetta rekstrarform væri valið umfram annað. Ég fullyrti ekki að það væri óeðlilegt eða verra, ég hef einfaldlega ekki enn þá aflað mér upplýsinga um það, en mun að sjálfsögðu gera það í menntamálanefnd á næstu mánuðum og missirum þar sem málið mun malla áfram, í ítarlegum og vandvirknislegum meðförum nefndarinnar. Ég spurði bara um kosti og galla formsins, en fullyrti ekki að það væri óeðlilegt. Hins vegar getur vel verið að sú staðreynd að hæstv. ráðherra og þeir sem bera málið fram svari ekki spurningunni, gefi þá mynd að eitthvað sé óeðlilegt og tortryggilegt. Ég veit það ekki. Ég fullyrti ekki að svo væri, heldur spurði einungis um kosti og galla þessa rekstrarforms umfram sjálfseignarstofnunarformið.

[15:18]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er kannski auðveldast að svara spurningum hv. þingmanns með því að segja, að í sjálfu sér er það ekki menntamálaráðherrann sem á að taka ákvörðun um hvaða form einstaklingarnir sem taka að sér þennan rekstur velja. Ég geri hins vegar ráð fyrir, vegna þess að ég þekki félagarétt ágætlega, að menn hafi kosið að velja sér einkahlutafélagaformið vegna þess að það er miklu þægilegra rekstrarform en sjálfseignarstofnunarformið, sem er að mörgu leyti gengið sér til húðar og ekki jafnþægilegt og einkahlutafélagsformið.

Það var annað í ræðu hv. þingmanns sem ég vil gera að umtalsefni, en það er andúð hans í garð skólagjalda, hann galt ákveðnum varhuga við skólagjöldum og innleiðingu þeirra. Mér fannst það dálítið sérstakt og það kom mér á óvart, vegna þess að fyrir framan mig er ég með umræðuplagg frá Samfylkingunni um hið ábyrga stjórnvald, rekstrarform í almannaþjónustu, sem Samfylkingin hefur lagt fram og að því hafa staðið, m.a. hv. þingmenn Bryndís Hlöðversdóttir og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Þar er vikið að skólagjöldum og að rannsókn sem fræðimenn við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands létu framkvæma og birta haustið 2004. Þar segir, með leyfi forseta:

„Skoða má hvort einstaklingar sem geta vænst slíks arðs af námi sínu greiði einhvern hluta þess kostnaðar sem af menntuninni hlýst."

Á öðrum stað segir, með leyfi forseta:

„Mætti e.t.v. segja að óeðlilegt sé að skattgreiðendur beri allan kostnað af menntun einstaklinga sem geta vænst slíks einkaarðs af sínu námi."

Með öðrum orðum, frú forseti, það virðist vera stefna Samfylkingarinnar að eðlilegt sé að skólagjöld séu tekin upp og stúdentar (Forseti hringir.) beri að töluverðu leyti stóran hluta (Forseti hringir.) af kostnaði sem til fellur við nám þeirra. Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hann sé sammála stefnu Samfylkingarinnar hvað varðar (Forseti hringir.) skólagjöld og hvort þetta sé ekki (Gripið fram í.) stefnan.

[15:21]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ágætt að hv. þingmaður dró fram ágætt plagg frá framtíðarhópnum svokallaða sem hefur lagt fram ýmsar róttækar hugmyndir á ýmsum sviðum samfélagsins. Verst að hv. þingmaður las skjalið ekki betur en raun ber vitni, því þarna er um ýmsar hugmyndir að ræða. (**SKK:** Ég skal gera það í ræðu minni.) Já, já. Stefna Samfylkingarinnar í þessum málum er ákaflega skýr og var ítrekuð á síðasta landsfundi flokksins. Hins vegar er sá reginmunur á Samfylkingunni og Sjálfstæðisflokknum í þessu máli, hv. þingmaður hefði líka getað vitnað í greinar frá mér sjálfum um akkúrat þetta mál, að Samfylkingin þorir að taka heildstæða og opinskáa umræðu um kosti og galla skólagjalda. Eiga nemendur að taka meiri þátt í rekstri skólanna o.s.frv.? Um það fjallar þetta plagg, um fullt af hugmyndum sem mér finnast sumar góðar og aðrar vondar, en Samfylkingin fyrst og síðast vill og ætlar að taka opinskáa og hreinskilna umræðu um hvernig á að fjármagna háskólana. Eiga nemendur að gera það í auknum mæli? En við ætlum ekki að gera það sem Sjálfstæðisflokkurinn gerir í sínum aumkunarverða feluleik, að lauma inn skólagjöldum á grunnnám í ríkisháskólana bakdyramegin, taka út einstakar greinar við sameiningu við aðra skóla og mismuna þeim þannig og láta greiða skólagjöld fyrir aðgang að þeim en ekki öðrum greinum, án þess að tekið sé tillit til þess án nokkurrar einustu umræðu um málið.

Það vita allir að það er stefna Sambands ungra sjálfstæðismanna og ungliðanna í flokknum að einkavæða og taka upp skólagjöld. Það hefur hins vegar aldrei komið fram í máli hæstv. ráðherra eða annarra forustumanna í flokknum hér á þinginu, nema þá kannski hv. þingmanns, að skólagjöld í grunnnám í ríkisháskólunum sé stefna flokksins, en það er hins vegar verið að berja það í gegn bakdyramegin og það er aumkunarverð pólitík, hæstv. forseti, (Gripið fram í.) og ég skora á hæstv. ráðherra og hv. þingmann að ganga sömu slóð og Samfylkingin, taka um þetta opna og hreinskipta umræðu án þess að vera að lauma inn slíkum níðingsverkum bakdyramegin.

[15:23]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, sem sett voru á hinu háa Alþingi fyrir u.þ.b. tveimur árum eftir áralanga baráttu Tækniskóla Íslands fyrir að fá viðurkennt að hann væri skóli á háskólastigi, eftir það sem ég vil kalla misheppnaðar einkavæðingartilraunir sjálfstæðismanna,

þegar þeir reyndu að sameina Tækniskóla Íslands Margmiðlunarskólanum, sællar minningar, sem var ömurleg tilraun sem að sjálfsögðu fór afar illa, og er sjálfstæðismönnum til háðungar. Þegar hæstv. menntamálaráðherra hóf ræðu sína á að rifja upp söguna varðandi tilraunir til að sameina Tækniskóla Íslands, verkfræðideild Háskóla Íslands, þá hefði mér þótt tilhlýðilegt að við í salnum fengjum ítarlegra söguágrip í þeim efnum, því nú segja aðilar sem standa að verkfræðideild Háskóla Íslands að ekki hafi verið fullreynt í þeirri sameiningu. Formaður Tæknifræðingafélags Íslands telur jafnvel álitlegri kost að sameina Tækniháskóla Íslands verkfræðideild Háskóla Íslands, en að fara út á þá braut sem hér hefur verið ákveðin.

Nú hef ég enn ekki gert endanlega upp hug minn varðandi hvor þessara tveggja leiða sé fýsilegri. Ég á eftir að fjalla um málið inni í hv. menntamálanefnd og áskil mér fullan rétt í þeim efnum. En miðað við allar þær greinar sem hafa verið skrifaðar og ummæli þeirra sem til þekkja, og ég hef verið að lesa síðustu daga, þá tel ég möguleikann á sameiningu Tækniháskóla Íslands og verkfræðideildar Háskóla Íslands ekki hafa verið fullreyndan.

Eitt merki um það kemur í ljós þegar læknadeild Háskóla Íslands virðist eiga frumkvæði að því að bjóða til sín deildum á heilbrigðissviði sem Tækniháskóli Íslands hefur hingað til hýst, en það eru geislafræðingar og meinatæknar. Mér fyndist það afar skynsamleg ráðstöfun í því sem nú er að gerast, að þær tvær greinar fari inn í Háskóla Íslands og ég fagna því ef hæstv. menntamálaráðherra getur lent því máli þannig. Hins vegar er ljóst af ræðu hæstv. ráðherra að það er enn ekki komið í höfn. Það kannski lýsir svolítið flumbruganginum og fljótaskriftinni sem er á öllu þessu máli. Það voru ekki liðnar margar vikur frá því það fréttist á skotspónum að unnið væri að að samkomulagi milli Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík um sameiningu þessara tveggja skóla, þangað til á borðinu lá viljayfirlýsing undirrituð af hæstv. menntamálaráðherra. Ég held að margt í þessu máli hefði mátt vinnast betur á undirbúningsstigi og af því ég nefni þessa viljayfirlýsingu þá finnst mér í hæsta máta óeðlilegt að hún skuli ekki fylgja frumvarpinu sem fylgiskjal.

Mér finnst að greinargerðin með frumvarpinu hefði líka mátt vera ítarlegri, sérstaklega þegar ljóst var að ekki koma mikið fleiri upplýsingar fram í framsöguræðu hæstv. menntamálaráðherra. Þar eru ákveðnir þættir afar óljósir. Einn þeirra nefndi ég í andsvari við hæstv. ráðherra áðan, en það varðar rétt þeirra nema sem nú stunda nám í frumgreinadeild. Það hefur komið í ljós að háskólaráð hins nýja skóla, sem eins og fram hefur komið á hvorki að vera skipað kennurum né nemendum háskólans, því miður, hefur gefið út yfirlýsingu um að nemendur frumgreinadeildar eigi að greiða skólagjöld um leið og þeir verða komnir upp á háskólastig í náminu.

Ég tel að hæstv. menntamálaráðherra verði að koma með yfirlýsingu við þessa umræðu um að þetta sé ekki meining hennar. Því eins og orðanna hljóðan er í frumvarpinu, þá virðist vera að nemendur sem nú stunda nám í skólanum í Tækniháskóla Íslands, og eru búnir að ákveða námsframvindu sína, eigi að fá að stunda námið ótruflaðir af skólagjöldum til enda. Við í þessum sal verðum að fá að vita hvort það er ekki alveg öruggt að menntamálaráðherra sjái til þess að hið nýja háskólaráð vitkist og heimili þeim nemum sem nú eru í frumgreinadeild og ætla sér áfram upp á háskólastigið, að fá að ljúka sínu háskólaprófi án skólagjalda. Það er ekki hægt að ljúka þessari umræðu, virðulegi forseti, án þess að þeirri spurningu sé svarað.

Ég hef reyndar áður í umræðu á Alþingi spurt þessarar spurningar, þegar ég átti orðastað við hæstv. menntamálaráðherra um — ég man ekki lengur hvort það var utandagskrárumræða eða umræða um störf þingsins — þannig að hæstv. ráðherra hefur haft nægan tíma til að undirbúa svar sitt.

Tækniháskóli Íslands er ekki gamall skóli. Hann erfði marga góða hluti frá Tækniskóla Íslands, en hann erfði líka eitt sem enginn sómi hefur verið að að ganga með í farteskinu og það var skuldahalinn. Tækniskóli Íslands hefur átt í viðræðum við menntamálaráðuneytið árum saman um þennan skuldahala, og hv. menntamálanefnd Alþingis hefur ekki farið varhluta af þeirri umræðu, en það hefur ekki verið við það komandi, né neitt ljós í myrkrinu í þeim efnum. Stjórnvöld hafi ekki séð ástæðu til að koma til móts við Tækniháskólann eða Tækniskóla Íslands á sínum tíma og losa hann við þennan skuldahala.

Nú er sagt abrakadabra, stofnaður sjálfstæður háskóli eins og hæstv. menntamálaráðherra kýs að kalla háskóla sem er einkarekinn eða rekinn af einkaaðilum og þá er allt í einu hægt að fella niður skuldahala Tækniháskóla Íslands upp á 110–125 milljónir. Ég fagna því auðvitað að sú ákvörðun hafi verið tekin, en mér finnst ekki rétt og mér finnst það pólitísk mistök að gera það ekki fyrr en ljóst er að sjálfstæðismönnum tekst ætlunarverkið að gera Tækniháskóla Íslands að einkaskóla. Þá er hægt að opna budduna og koma með 110–125 milljónir og greiða upp skuldahala skólans. Hvers vegna var það ekki gert fyrr? Hvers vegna er í lagi að gera það nú?

Virðulegi forseti. Það verður líka að gera við það athugasemd hér, eins og reyndar var gert í umræðum um fjárlagafrumvarpið, að ekki er gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpinu að upphæðin verði greidd á árinu 2005. Það er því ljóst áður en fjárlagafrumvarpið er samþykkt að stefna á þessari háu upphæð í fjáraukalög fyrir árið 2005 sem vitað er fyrir samþykkt fjárlaganna að komi til með að falla á ríkissjóð.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur svarað andsvörum varðandi rekstrarformið einkahlutafélag. Ég krefst þess að hæstv. ráðherra komi með það skýrt og skorinort í síðari ræðu sinni hvers vegna þetta félagsform er valið, hvers vegna á að reka skólann í formi einkahlutafélags?

Auðvitað hefur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sýnt okkur á spilin með því að þetta er ein af kennisetningum frjálshyggjumannanna að það verði að vera hægt að hagnast af rekstri stofnana á borð við þessa. Það er auðvitað einfaldast í einkahlutafélagi að fá þá útkomu að eigendum viðkomandi hlutafélags verði greiddur út arður. Ég vil fá að vita það við þessa umræðu hvað aðstandendur einkahlutafélagsins ætla sér að hagnast mikið? Hver verður hagnaðarhluti þeirra einstaklinga sem ætla sér að reka þetta einkahlutafélag? Liggur það fyrir? Það væri ekki verra að fá um það umræðu við 1. umr. því skýra verður hvers vegna

einkahlutafélagaformið er valið. Það hefur aldrei verið sett upp skólastofnun á háskólastigi á Íslandi sem á að reka undir þessu félagsformi.

Virðulegi forseti. Eitt af því sem hefur komið upp í umræðunni nú þegar varðar nám í tæknifræðinni og í þeim greinum öðrum sem mögulega yrðu lokaðar í þessum nýja háskóla, í þessu nýja einkahlutafélagi, á þann hátt að þær byðust ekki lengur nemum innan opinberu háskólanna. Þar með værum við komin með ákveðnar greinar á háskólastigi sem stæðu fólki ekki til boða nema gegn háum skólagjöldum. Þetta tel ég afar mikla öfugþróun.

Ég ítreka þau orð mín að ég fagna fjölbreytileika í flóru framboðs háskólanáms á Íslandi, en það má aldrei verða þannig að við lokum ákveðnar greinar inni í einkaskólunum án þess að þær séu líka til staðar í opinberu skólunum svo nemar geti valið um það hvort þeir ætli í skóla sem innheimtir allt að 200 þús. kr. skólagjöld eða jafnvel meira á ári, eða hvort þeir taki viðkomandi fag, nám eða grein í opinberum háskóla sem hefur ekki lagaheimild til að innheimta skólagjöld.

Hér er um afar mikilvægt atriði að ræða. Ef hv. menntamálanefnd gerir ekki bragarbót í þessum efnum sé ég ekki annað en að ég verði að taka það að mér að boða breytingartillögu í þessum efnum sem bannar hreinlega að sjálfseignarstofnunum á háskólastigi verði gert kleift að rukka há skólagjöld fyrir nám sem er ekki í boði í hinum opinberu háskólum skólagjaldsfrítt.

Við ræddum áðan í andsvari, ég og hæstv. menntamálaráðherra, um eflingu háskólastigsins almennt. Hæstv. ráðherra sakaði okkur þingmenn stjórnarandstöðunnar um að sjálfstæðu háskólarnir ættu ekki stuðning okkar eða nytu ekki sannmælis. Ég vísaði þeim ummælum hæstv. ráðherra til föðurhúsanna. Jafnframt ítrekaði ég það sjónarmið mitt að sú mikla uppbygging sem orðið hefur í flóru sjálfstæðra háskóla eða einkaháskóla eða sjálfseignarstofnana á háskólastigi eða hvað við viljum kalla þetta skuli hafa orðið að talsverðu leyti á kostnað opinberra háskóla. Hæstv. menntamálaráðherra mótmælti mér í andsvari sínu og sagði að það væri ekki rétt að uppbyggingin hefði orðið á kostnað hinna opinberu háskóla. Gott og vel. Þau orð hennar standa, en þá vil ég ítreka það sem fram kom í hv. menntamálanefnd Alþingis í morgun þegar rektorar hinna opinberu háskóla voru hjá okkur þar sem við ræddum skólagjaldamál háskólanna. Í umræðum við rektorana þrjá kom á daginn það sem þingmenn vita, að opinberu háskólana vantar hundruð milljóna til þess að hægt sé að ná endum saman á árinu 2005. Háskóla Íslands vantar 300–400 millj. til þess að hann geti haldið úti óbreyttu starfi út næsta ár, 2005, Háskólann á Akureyri vantar 100 millj. til þess að hann geti haldið úti óbreyttu starfi út næsta ár og Kennaraháskóli Íslands hefur hafnað þúsund umsóknum frá nemendum sem hefðu eflaust að stórum hluta getað komist í gegnum inntökukerfi Kennaraháskólans til þess eins að standa við þann þrönga stakk sem honum er skorinn í fjárlögum íslenska ríkisins. Ætlar hæstv. menntamálaráðherra svo að þylja áfram þuluna um að fjármunir opinberu háskólanna hafi aldrei verið meiri, án tillits til nemendafjölgunar sem hefur orðið í þessum skólum?

Ég spyr hæstv. menntamálaráðherra: Hvernig má það vera að hér eigi að efla háskólastigið, fjölga nemendum á háskólastigi og hækka menntunarstig þjóðarinnar án þess að hlustað sé á rótgrónar stofnanir eins og Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands? Ég vísa því á hæstv. menntamálaráðherra að svara því ákalli sem kemur frá hinum opinberu skólum og stend við þau orð mín þegar ég segi að hæstv. menntamálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa látið gróskuna hjá sjálfstæðu háskólunum bitna á hinum opinberu háskólum. Það er ekki hægt að lesa dæmið öðruvísi.

Hæstv. forseti. Áðan var minnst á að hið nýja einkahlutafélag væri búið að skipa stjórn og stjórn einkahlutafélagsins væri jafnframt háskólaráð. Það er gagnrýnt að hvorki nemendur eða kennarar virðast eiga aðild að háskólaráðinu. Ég ítreka að ég treysti því að hæstv. menntamálaráðherra og hv. menntamálanefnd Alþingis geri athugasemdir við það, því það er alveg ljóst að við getum ekki heimilað að hér séu reknir háskólar þar sem starfsfólk og nemendur eiga ekki aðild að stjórn viðkomandi skóla. Þannig að ég treysti því að fá viljayfirlýsingu hæstv. menntamálaráðherra áður en umræðunni lýkur sem lýsir sjónarmiðum hennar í þessum efnum og vona að hún verði í þá veru að sjálfsagt og eðlilegt sé að þessu sé breytt, að kennarar og nemendur háskólans komi til með að eiga aðild að háskólaráði.

Það hefur talsvert verið skrifað um þessi mál síðustu vikurnar eftir að ljóst varð að hverju stefndi í þessum efnum. Hér hefur verið vitnað, ég hef reyndar vitnað oftar en einu sinni í grein eftir Einar H. Jónsson sem er formaður Tæknifræðingafélags Íslands og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson vitnaði í sömu grein í ræðu sinni áðan, það er ekki að ósekju því það er margt athyglisvert í greininni og sömuleiðis í grein eftir Steinar Friðgeirsson sem er formaður Verkfræðingafélags Íslands. Þessir tveir heiðursmenn hafa ritað eins og ég segi athyglisverðar greinar um verkfræðimenntunina annars vegar og tæknifræðina hins vegar. Það kemur afar sterkt í ljós í grein Einars H. Jónssonar að tæknifræðingar hafa verulegar áhyggjur af stöðu tæknifræðinámsins.

Hæstv. menntamálaráðherra svaraði fyrirspurn frá mér úr þessum stóli fyrir einhverjum tveim, þrem vikum og sagði að þær áhyggjur væru ástæðulausar, viðkomandi sem bæru hag tæknimenntunarinnar fyrir brjósti þyrftu ekki að óttast eitt eða neitt í þeim efnum. Við þessa umræðu verður hæstv. menntamálaráðherra að gefa okkur sem höfum þessar áhyggjur haldbetri svör hvað þetta varðar.

Ljóst er að Tæknifræðingafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands hefur sent frá sér ályktanir sem styðja að ástæða sé til þess að hafa ákveðnar áhyggjur. Ég tel alveg nauðsynlegt að farið verði aðeins nánar út í það hér, þar sem nám í verkfræði annars vegar og nám í tæknifræði hins vegar eru mjög ólíkar námsgreinar, námsleiðir. Námið er byggt upp á ólíkan hátt. Námið í tæknifræði er þrjú og hálft ár, en námið í verkfræði er fimm ár. Kröfur til aðfaranámsins eru afar ólíkar, til að hefja verkfræðinám þurfa nemendur að hafa lokið stúdentsprófi, en til að hefja tæknifræðinám er gerð krafa um sveinspróf eða tveggja ára starfsreynslu auk stúdentsprófs eða frumgreinadeildarprófs.

Það kemur líka fram í þeim greinum sem hér er vitnað til að það sé dálítið merkilegt að skoða flóruna hér og bera

hana saman við flóruna á Norðurlöndum þar sem vöxturinn hér hafi verið hjá verkfræðingum og í verkfræðináminu, en svo mun ekki vera á Norðurlöndunum. Þar eru tæknifræðingar mun fleiri en verkfræðingar. Það væri athyglisvert að fá upp umræðu um þessi mál og verður að sjálfsögðu gert í menntamálanefnd þegar hún fer að fara yfir hverju þetta sætir.

Það er alveg ljóst að huga þarf sérstaklega að stöðu tæknifræðinnar í þessum nýja Tækniháskóla, því ef marka má skrif einstaklinga sem til þekkja virðist eiga að leggja ofuráherslu á verkfræðina, en tæknifræðin geti orðið hornreka.

Einnig vil ég nefna til sögunnar grein sem vekur mann til mikillar umhugsunar um þessi mál, almennt um menntun í verkfræði og tæknifræði. Það er grein sem birtist í Morgunblaðinu fimmtudaginn 25. nóvember sl. og er skrifuð af Valdimar K. Jónssyni, prófessor emeritus við verkfræðideild Háskóla Íslands, en hann starfaði þar í 32 ár og hefur nýlokið afar farsælu starfi eins og menn í þessum sal þekkja. Valdimar skrifar athyglisverða grein sem hann kallar: Á að bjóða upp á verkfræðinám í sameinuðum Háskóla Reykjavíkur og Tækniháskóla Íslands? Ég tel að greinin verði mjög haldgott skýringargagn fyrir menntamálanefnd í umfjöllun sinni, þar sem Valdimar spyr spurninga eins og þessarar: Eflir þetta háskóla sem rannsóknastofnanir? Hann svarar spurningunni reyndar líka og segir: Nei. Hann spyr spurninga eins og: Er fjárhagsleg skynsemi í að kenna verkfræði á tveimur stöðum? Hann svarar reyndar þeirri spurningu líka neitandi.

Allt þetta þarf menntamálanefnd auðvitað gott svigrúm til þess að skoða og menn sem þekkja vel til, eins og Valdimar K. Jónsson og fleiri, verða auðvitað kallaðir fyrir nefndina. Ég hef ekki gert upp hug minn endanlega hvað varðar alla þætti málsins, en treysti því að hæstv. menntamálaráðherra svari í seinni ræðu sinni skýrt og skorinort þeim spurningum sem hafa verið lagðar fyrir hana við 1. umr.

[15:43]

Útbýting:

Aldraðir á dvalar- og hjúkrunarheimilum, 414. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 548.

Erfðabreytt matvæli, 417. mál, fsp. KolH, þskj. 551.

Hjólreiðabrautir meðfram Vesturlandsvegi, 416. mál, fsp. KolH, þskj. 550.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, 422. mál, fsp. JóhS, þskj. 556.

Tryggingavernd innstæðueigenda, 421. mál, fsp. JóhS, þskj. 555.

[15:44]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það frumvarp sem hér er til umræðu, þ.e. frumvarp til laga um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum, er út af fyrir sig ekki mikið að vöxtum, en það gæti falist í því ýmislegt stærra en umfang þess. Þess vegna er afar leitt að hæstv. menntamálaráðherra skyldi ekki hafa svarað fyllilega þeim spurningum sem spurðar voru í andsvörum við ræðu hæstv. ráðherra þannig að hægt væri að fara yfir þau, vegna þess að það er afar margt óljóst í þessu efni og því ljóst að menntamálanefnd bíður gífurlega mikil vinna við yfirferð málsins.

Á margan hátt var fróðleg sú stutta upprifjun sem hæstv. menntamálaráðherra fór hér yfir varðandi gamlar sögur um tæknifræðinámið, tilraunir til sameiningar og breytinga á því námi. Það eru nú ekki nema rétt rúm tvö ár síðan fyrrverandi menntamálaráðherra kom hér með frumvarp þar sem niðurstaðan var sögð sú að eftir miklar umræður og vangaveltur og leit væri eðlilegt að hafa þetta nám í formi Tækniháskóla Íslands.

Nú, rétt rúmum tveimur árum síðar, er komið með annað form og það svo óljóst að hæstv. ráðherra virðist ekki geta nema með hálfgerðum skætingi svarað einföldum spurningum varðandi rök fyrir því að þessi leið skuli farin.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að sameining háskóla hlýtur alltaf að vera til skoðunar og ef slík sameining getur eflt og bætt nám er eðlilegt að fara í það og það á að sjálfsögðu ekki að útiloka það að hinir svokölluðu opinberu háskólar og aðrir háskólar sem reknir eru með sjálfseignarstofnunarsniði geti sameinast. Það er hið eðlilegasta mál. Það er einnig mjög eðlilegt og jákvætt ef hægt er að fá atvinnulífið til samstarfs við rekstur háskóla — ég get líka nefnt framhaldsskóla — vegna þess að það hefur verið eitt af vandamálum okkar hér, skortur á samstarfi skóla og atvinnulífs.

Það leiðir hins vegar ekki sjálfkrafa af sér að það sé algjörlega sama hvernig að þessu máli er staðið. Ég vakti t.d. athygli á því í umræðum um fjárlög næsta árs að það væri afar sérkennilegt að hvergi fyndist stafkrókur um þessa sameiningu og þær fjárhagslegu skuldbindingar sem hljóta að felast í þeirri yfirlýsingu sem undirrituð var 19. október. Það hlýtur að kalla á einhverja skýringu af hálfu hæstv. ráðherra hvernig á því stendur að undirrituð er viljayfirlýsing um málið 19. október — skyldum við nú ætla að þegar undir hana er ritað hafi málið verið nokkuð kannað — og það sé ekki fyrr en nú, 7. desember, sem þetta mál kemur til umræðu í þinginu. Allt of langur tími líður þarna á milli og það er væntanlega ástæðan fyrir því að ekki er stafkrókur um þetta í fjárlagafrumvarpinu. Hins vegar er gert ráð fyrir því í fylgiskjali sem kemur frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að þetta muni á næsta ári kosta ríkissjóð aukalega allt að 150 millj. kr. Sýnist manni margt í því jafnvel varlega áætlað.

Þetta liggur fyrir en samt sem áður, eins og oft er, er ekki getið um það í fjárlagafrumvarpi. Væntanlega eru rökin þau að ekki sé búið að samþykkja það frumvarp sem hér er lagt fram. Ef þetta væri algild regla væri ekki gert ráð fyrir ýmsum tekjum í fjárlögunum nýsamþykktu sem byggja á frumvörpum sem hér liggja í þinginu, en ósamþykkt. Ég held að það sé alveg ljóst að þessi upphæð er fyrirséð og hefði þess vegna átt að vera í fjárlögunum.

Þegar maður sér slíka umfjöllun hlýtur maður að velta því fyrir sér hvaða reglur gildi almennt um það þegar stofnanir eru sameinaðar eða það er unnið að nýrri stofnun sem byggð er á grunni eldri stofnana. Hvaða reglur gilda um það að bæta upp fjárhagsstöðu slíkra stofnana? Það er ekki langt síðan sameinaðar voru nokkrar menntastofnanir undir nafni Landbúnaðarháskóla. Þar voru allt aðrar reglur í gildi

vegna þess að ég veit ekki betur en að sú stofnun hafi þurft að bera hallann sem var á þeim stofnunum sem fyrir voru og hafi ekki fengið neinar lagfæringar á því. Hér virðist hins vegar gengið út frá því sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut og ég ætla ekkert að efast um að það geti verið eðlilegt en rökstuðningur er hins vegar enginn eða upplýsingar um það hvaða reglur gilda um þetta.

Ég ætlaði samt ekki að fjalla mjög ítarlega um þetta þó að nauðsynlegt sé að vekja athygli á því. En eins og ég vakti athygli á fyrr í dag í andsvari við hæstv. ráðherra tel ég að hæstv. ráðherra skuldi okkur fyllri skýringar á því af hverju þessi nýstárlega leið í rekstri háskóla er valin, þ.e. þetta rekstrarform. Vissulega getur verið rétt hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, sem hefur væntanlega miklum mun meiri þekkingu á alls konar rekstrarformum en sá sem hér stendur, að það sé á einhvern hátt þægilegra form. Ég efast ekkert um það enda er það form miklum mun algengara en sjálfseignarstofnanir, sérstaklega á hinum almenna markaði þar sem meginmarkmiðið er að skila hagnaði og það er væntanlega vegna þess að þetta er á einhvern hátt einfaldara til að ná því markmiði.

Með rekstri háskóla eru markmiðin yfirleitt önnur og þess vegna er algjörlega nauðsynlegt að almennileg röksemd komi fyrir því af hverju þetta rekstrarform var valið. Ég spurði í stuttu andsvari hvort það gæti verið að upp hefðu komið einhverjir gallar í rekstri Háskólans í Reykjavík sem rekinn er með sjálfseignarforminu, hvort það væri skýringin á því að þeir aðilar sem nú eru að leggja þann skóla inn í þetta sameiginlega púkk hafi komist að því að þar væru einhverjir agnúar á. Þá er eðlilegt að þeir séu upplýstir. Þá er spurning hvort þeir eigi einnig við hjá öðrum háskólum sem reknir eru með því formi. En það er athyglisvert ef svo er því að þetta er það form sem er algengast á rekstri háskóla sem ekki eru reknir af opinberum aðilum. Það er algjörlega nauðsynlegt við þessa umræðu áður en tekin er endanleg afstaða til málsins að fullkomin rök liggi fyrir í því.

Það er líka eðlilegt að rifja upp að þetta form sem valið er virðist ekki tryggja hið mikilvæga akademíska frelsi sem öllum háskólum er nauðsynlegt og að starfsfólkið sé raunverulega frjálst frá rekstraraðilanum. Með því formi sem hér er valið og a.m.k. í því birtingarformi sem við höfum séð er stjórn einkahlutafélagsins jafnframt háskólaráð þannig að þar er enginn aðskilnaður á milli. Þetta vekur upp ýmsar hugrenningar, sérstaklega í ljósi hinnar undarlegu hugtakanotkunar af hálfu hæstv. ráðherra sem talaði um sjálfstæða háskóla og það var eins og þá væri verið að tala um háskólana sem reknir eru af öðrum en hinu opinbera. (**Gripið fram í:** Þeir eru ósjálfstæðir.) Er þá verið að gefa í skyn að hinir háskólarnir séu ósjálfstæðir ef þessir háskólar eru sjálfstæðir? Það er meginmarkmið, og það á að vera tryggt í lögum, að háskólarnir séu sjálfstæðir sem slíkir en vissulega er þeim stýrt og stjórnað oft og tíðum í krafti fjármagnsins.

Ef það er skýring hæstv. menntamálaráðherra að þeir skólar sem ekki eru reknir af opinberum aðilum séu sjálfstæðir vegna þess að þeir hafi meiri möguleika á því að afla sér fjármuna er það út af fyrir sig rétt skýring. Þannig er fyrirkomulagið í dag, þ.e. hinum opinberu háskólum eru settar skorður í því að afla sér fjármagns en það má segja að hinir skólarnir séu ekki á sama hátt takmarkaðir, a.m.k. af hinum opinberu aðilum. Væntanlega er það þá markaðurinn sem takmarkar hversu há t.d. skólagjöld geta verið. Að öðru leyti geta ýmsir aðrir sett fjármagn til þeirra skóla og hafa gert það. Það er afar sérkennilegt, frú forseti, að hæstv. menntamálaráðherra skuli tala á þennan hátt en það er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra skýri hvað átt er við með því að tala um sjálfstæða háskóla og þá hvað aðrir skólar eru. Ég ætla ekki að geta neitt í þær eyður, heldur sýna hæstv. ráðherra þá virðingu að hlusta á eðlilegar skýringar hennar.

Ég ræddi áðan um hið akademíska frelsi. Það er grundvallaratriði í öllum háskólum að það sé til staðar, bæði stjórnunarlegt og fjárhagslegt frelsi, þannig að ekki séu bein tengsl á milli eigendanna, rekstraraðilanna, og síðan háskólastarfsins sem slíks — eins og því miður virðist vera í því formi sem hér er valið. Það er ástæðan fyrir því að þetta form er ekki hið algenga í rekstri háskóla. Við vonum að menntamálanefndin fari yfir þetta og komist að réttri niðurstöðu.

Frú forseti. Það er margt fleira sem eðlilegt er að skoða í þessu samhengi. Ég nefndi í stuttu andsvari og fékk ekki svör við spurningu um eignir Tækniháskólans, þ.e. hvernig eru þessir tveir skólar metnir í þessum samruna? Miðað við þær takmörkuðu upplýsingar sem ég hef komist yfir virðist halla verulega á í þeim efnum, þ.e. annar skólinn er metinn miklum mun hærri til fjárhagslegra verðmæta en Tækniháskólinn, þ.e. Háskólinn í Reykjavík er metinn til fjárhagslegrar eignar en hinn virðist ekki vera metinn á eitt eða neitt. Hann virðist bara vera afhentur. Á þessu þarf að fá skýringar.

Hér hefur aðeins verið rætt um einn þátt í þessari breytingu sem tengist frumgreinadeild Tækniháskólans. Það er eðlilegt að það sé rætt alveg sérstaklega vegna þess að það hefur lítið verið gefið fyrir það hverjir t.d. hagsmunir nemenda eru í þessu samhengi. Það hefur verið sagt jú að við frumgreinadeildina verði ekki rukkuð skólagjöld, og allt gott um það að segja. Hins vegar hafa þeir nemendur sem nema nú þegar við frumgreinadeildina hafið nám þar af því að þeir ætla sér að fara ákveðna leið í námi sínu. Þeir byrja væntanlega námið við Tækniháskólann af því að þeir hafa ætlað sér að ljúka námi sínu við þann skóla þannig að þeir hafa hafið tæknifræðinám sitt við skólann. Vegna væntanlega bakgrunns eða þeirrar menntunar sem áður hefur verið lokið byrja þeir námið á þennan hátt þannig að þeir munu halda áfram eðlilegu námi. Það liggur fyrir frá háskólaráðinu í nýja skólanum að um leið og nemendurnir fara upp á háskólastigið, eins og það er metið af þeim, verði þeir að greiða sömu skólagjöld og aðrir þannig að þarna er augljóslega verið að mismuna nemendum sem eru í Tækniháskólanum í dag. Það er ljóst að þetta eru allt aðrar forsendur en voru þegar nemendurnir hófu nám sitt.

Það er eðlilegt í þessu samhengi að skoða það að Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir nemum í frumgreinadeildinni námslán. Það segir í raun og veru að sjóðurinn metur námið sem hluta af tækniháskólanáminu raunverulega sem nám á háskólastigi miðað við þær skilgreiningar sem þar fara fram.

Þetta getur þýtt það að nemendur í þessari deild hugsi sér til hreyfings og þar af leiðandi gæti þeim fækkað verulega. Þetta nám er hægt að stunda t.d. í Danmörku og Svíþjóð án skólagjalda og síðan geta þessir nemendur væntanlega einnig stundað nám við verkfræðideild Háskóla Íslands. Það er alveg ljóst að umræddir nemendur hljóta að standa á krossgötum og þurfa að meta stöðu sína algjörlega upp á nýtt miðað við þær forsendur sem þeir gáfu sér þegar þeir hófu námið.

Einnig er ýmislegt athyglisvert varðandi skólagjöld sem þarna er rætt um og er alveg með ólíkindum að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa beitt sér fyrir því að umræða um skólagjöldin færi fram í samhengi og að rætt verði almennt um það fyrirkomulag á háskólastigi. Það er afar sérkennilegt að stigin séu hænufet sums staðar eins og við vitum varðandi hina opinberu háskóla þar sem hin svokölluðu skráningargjöld voru hækkuð stórlega með samþykkt fjárlaganna og verður væntanlega að lögum innan nokkurra daga héðan frá Alþingi. Þar er ekki um neitt annað að ræða en skólagjöld og er með ólíkindum að menn skuli enn reyna að stunda þennan feluleik. Við getum hins vegar sagt og erum væntanlega sammála um það að skólagjöldin séu ekki há, en skólagjöld eru það og auðvitað á að kalla hlutina réttu nafni. Nú er stigið það skref að það nám sem hefur verið boðið upp á í opinberum háskóla, þ.e. tæknifræðin, verður — miðað við það sem hér stefnir í — nám sem á Íslandi verður eingöngu hægt að stunda með greiðslu skólagjalda.

Þar með er enn verið að víkka út og þessi vinnubrögð eru hreinlega ekki boðleg, að alltaf þurfi að fara einhverjar krókaleiðir eða bakdyramegin í það að ná markmiðum sínum. Mér finnst að stjórnmálamenn eigi að hafa skýr markmið, eigi að berjast fyrir þeim og koma hreint fram en ekki að vera að smámjatla þetta inn vegna þess að það skapar líka óvissu og enginn veit í raun og veru hvar það endar.

Hér virðist sem sagt stefnan sú að skapa þær aðstæður við háskólana að það verði áframhaldandi beiðni vegna stöðunnar í háskólanum um að skólagjöld af einhverju tagi verði heimiluð. Ég verð að segja það alveg skýrt, frú forseti, að mér finnst miklu eðlilegra að sú umræða sé tekin heildstætt og að við náum þá að taka þá umræðu þannig að markmiðið um jafnrétti til náms sé tryggt. Það hlýtur jú að vera grundvöllurinn að þessu.

Ég ætla alls ekki að útiloka að einhver tegund skólagjalda sem mér sýnist hins vegar vera komin á geti ekki tryggt jafnrétti til náms en þá verður að taka umræðuna heildstætt og taka Lánasjóð íslenskra námsmanna inn í umræðuna líka. Það er hugsanlegt að mæta gjöldunum í gegnum hann og tengja jafnframt skattkerfinu, endurgreiðslum námslána eða styrkjum til náms. Það eru ýmsar leiðir. Það að ætla að fara þá leið sem mér sýnist hér vera farin er örugglega versta leiðin vegna þess að þá er ekki heildstætt tekið á kerfinu og markmiðin ekki skýr með þeim breytingum sem verið er að fara í. Það virðist vera að þegar allir þessir þættir eru samanlagðir sem hér hafa komið fram í haust sé það stefna hæstv. menntamálaráðherra að koma á skólagjöldum við háskóla. Þá segi ég aftur að hæstv. menntamálaráðherra á að koma t.d. í ræðustól á Alþingi og segja skýrt að það sé markmiðið. Um leið verður að gera þá kröfu til hæstv. ráðherra að ýmsum öðrum spurningum sé svarað, fyrst og fremst þessari: Hvaða leiðir þarf þá að fara samhliða upptöku skólagjaldanna til að tryggja jafnrétti til náms. Það er lykilspurningin sem þarf að svara og því miður hefur algjörlega skort á að henni hafi verið svarað.

Eins og komið var inn á í umræðum áðan hefur býsna mikið verið skrifað um það ferli sem hér er verið að boða. Ég er oft nokkuð upptekinn af spurningunni um hina fjárhagslegu hlið málanna. Valdimar K. Jónsson prófessor vill meina í grein sem hann skrifar að nær hefði verið að sameina tækninámið verkfræðideild Háskóla Íslands og hann færir ýmis rök fyrir því. Hann spyr líka spurningarinnar: Er fjárhagsleg skynsemi í að kenna verkfræði á tveimur stöðum? Svarið er nei. Hann færir ýmis rök fyrir því. Hann veltir líka fyrir sér í þessari grein spurningunni um samkeppni sem hann segir að sé ein meginröksemd hæstv. ráðherra fyrir þeirri sameiningu sem boðuð er í því frumvarpi sem við ræðum hér. Valdimar færir rök fyrir því að þessi samkeppni sé nú þegar til staðar vegna þess að verkfræðin sem slík sé alþjóðlegt nám og að við séum í bullandi samkeppni við verkfræðinám annars staðar. Til þess að við stöndumst þá samkeppni ættum við frekar að styrkja það verkfræðinám sem hér er til staðar og samkvæmt rökum Valdimars má ná fram styrkingu á því námi m.a. með því að það tæknifræðinám sem verið hefur í Tækniháskólanum yrði sameinað verkfræðideild Háskóla Íslands. Ég ætla ekki að fullyrða að Valdimar hafi fyllilega rétt fyrir sér en það er augljóst mál að hann hefur töluvert til síns máls.

[16:04]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni fyrir heiðarlegar yfirlýsingar sínar varðandi afstöðu sína til skólagjalda. Þingmaðurinn lýsti því yfir að hann útilokaði ekki að tekin yrðu upp skólagjöld, svo lengi sem það yrði ekki gert á kostnað jafnréttis til náms og nefndi Lánasjóð íslenskra námsmanna í því sambandi. Þetta er alveg í samræmi við þann málflutning sem t.d. Heimdallur og Samband ungra sjálfstæðismanna hefur talað fyrir í sambandi við töku skólagjalda. Þetta er líka í samræmi við það sem fram kemur í umræðuplaggi Samfylkingarinnar um rekstrarform í almannaþjónustu sem ég vék hér að áðan og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, sem er nú að ganga út úr salnum, og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir áttu aðild að að semja og endurspeglar stefnu Samfylkingarinnar til töku skólagjalda.

Auðvitað hafa hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og fleiri þingmenn Samfylkingarinnar ekki verið tilbúin til að standa við stóru orðin vegna þess að ég man ekki betur en að þetta ágæta plagg hafi horfið af heimasíðu Samfylkingarinnar með mjög dularfullum hætti. (Gripið fram í.) Svona er þetta.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson vék að forminu. Hann sagði að röksemdir vantaði fyrir því af hverju þetta rekstrarform væri valið. Það er alls ekki ekki aðalatriði málsins. Rekstraraðilarnir sjálfir verða að fá að ákveða með hvaða hætti þeir haga rekstri sínum. Ef þeir fengju ekki að ráða því gætum við bara sleppt þessu, þá gæti ríkið bara ráðið rekstrarforminu. Ef menn vilja að hlutirnir séu þannig

(Forseti hringir.) eiga þeir að segja það. Við erum að fara með þennan skóla í einkarekstur (Forseti hringir.) og við gerum það á þeim forsendum sem við teljum réttar.

[16:07]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður gerði nokkuð að umræðuefni þau örfáu orð sem ég lét falla varðandi skólagjöld en sleppti því að í aðdraganda þess hafði ég sagt að í raun væri búið að koma á skólagjöldum við háskóla og að ég saknaði hinnar heildstæðu umræðu. Ég get svo sem endurtekið það fyrir hv. þingmann að ég útiloka ekki, vegna þess að ég vil skoða öll mál, að það geti verið hægt að tryggja jafnrétti til náms þrátt fyrir skólagjöld. Ég útiloka það að sjálfsögðu ekki. Þá nota ég hugtakið skólagjöld þannig að það nái yfir m.a. það sem hv. þingmaður væntanlega kallar skráningargjöld. Ég er alveg með það kristaltært að markmiðið verður þá að vera jafnrétti til náms en ekki það að skólar séu píndir í fjárþörf og þurfi þess vegna að sækja fé til nemenda sinna. Það er ekki umræða að mínu skapi.

Um rekstrarformið gerir hv. þm. nokkra umræðu og telur eðlilegt að þeir aðilar sem að þessu komi ráði því. Ég hlýt þá að draga þá ályktun af þessum orðum hv. þingmanns að það hafi verið krafa þeirra aðila sem voru í viðræðum við menntamálaráðuneytið að þetta form yrði valið. Því spyr ég enn og aftur eftir röksemdum þeirra sem hljóta að hafa komið fram í viðræðunum: Hvernig stendur á því að þeir vilja fara í þetta form? Nú eru a.m.k. þeir sem standa að Háskólanum í Reykjavík með sjálfseignarformið við þann skóla. Ég hef ekki heyrt frá þeim aðilum neitt um galla þess forms. Ég man ekki betur en að ég hafi jafnvel verið þar á ágætum fundum í þeim ágæta skóla þar sem menn meira að segja hældu þessu formi. Ég hlýt að velta fyrir mér hvað ráði þessu. Er það kannski það sem ég fjallaði um varðandi háskólaráðið? Eða er það það að þetta er, eins og hv. þingmaður orðaði það áðan ef ég man rétt, á einhvern hátt þægilegra form?

[16:09]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú verð ég að játa að mér er ekki kunnugt um það hvort þeir aðilar sem ætla að taka að sér rekstur þessa sameinaða skóla gerðu kröfu um að það yrði gert á þessu formi eða öðru. Við munum fá tækifæri til þess að spyrja þá spjörunum úr þegar málið kemur til menntamálanefndar. Það sem ég er bara að segja er að þegar menn ákveða að fara með stofnun eins og þennan skóla í einkarekstur eru það þeir sem annast þann rekstur sem verða sjálfir að fá að ákveða á hvaða formi hann fer fram. Að öðrum kosti væri ekki um neinn einkarekstur að ræða. Þá væri bara ríkið að nafninu til að færa málin í form einkareksturs en réði sjálft með hvaða hætti sá rekstur færi fram. Það er ekki hugmyndin, hv. þingmaður, með því að færa rekstur ríkisstofnana til einkaaðila.

Hv. þingmaður kom að skólagjöldunum enn og aftur og sagði að á Íslandi væri ríkisstjórnin að taka upp skólagjöld við ríkisháskólana. Það er náttúrlega fullkomlega rangt og við munum fá tækifæri til að ræða það hér þegar þau mál sem varða skrásetningargjöld í háskólana verða til umræðu. Það er alveg ljóst að það er ekki verið að taka upp skólagjöld við þá skóla.

Ég hlýt að fagna því — ég verð að segja það aftur — og hrósa hv. þingmanni fyrir það að vera heiðarlegur í málflutningi sínum og lýsa því hér yfir að hann útiloki ekki að tekin verði skólagjöld við ríkisháskólana, svo lengi sem það verði ekki gert á kostnað jafnréttis til náms, þá með aðkomu Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Ég ítreka að þessi stefna hv. þingmanns og Samfylkingarinnar er í fullkomnu samhengi (Forseti hringir.) og samræmi við stefnu Heimdallar og Sambands ungra sjálfstæðismanna í málinu. Til hamingju með að hafa tekið þá stefnu.

[16:11]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur við að maður þurfi að bera af sér sakir þegar þessi ósköp eru á mann borin. Ef Heimdallur og Samband ungra sjálfstæðismanna hefur nálgast umræðu um skólagjöld á sama hátt og ég er það fagnaðarefni. Því miður er það ekki þannig, heldur er allt önnur hugsun að baki. Ég held að hv. þingmaður hafi lýst henni ágætlega áðan þegar hann lýsti því eins og að hann teldi að samningaviðræður ættu að fara fram milli ríkisvaldsins og einkaaðila ef um einkarekstur væri að ræða, þ.e. samningarnir færu bara þannig fram að þeir aðilar sem hefðu áhuga á að reka t.d. þennan nýja háskóla sem hér er verið að tala um lýstu bara — þyrftu jafnvel ekki að lýsa neitt, heldur bara taka við. Krafa ríkisins er þá engin. Ríkinu kemur þetta mál bara akkúrat ekkert við ef ég hef skilið hv. þingmann rétt. Það er ekkert skrýtið þótt þessar samningaviðræður hafi gengið ef engar kröfur eru gerðar til rekstraraðilanna af hálfu ríkisins.

Við hljótum hins vegar að gera þá kröfu að það sé örugglega verið að reka alvöruháskóla. Það hlýtur menntamálanefnd að þurfa að fara yfir lið fyrir lið, hvort ekki sé örugglega tryggt að þarna eigi að reka alvöruháskóla. Það er algjört lykilatriði. Við getum ekkert verið að gengisfella nám hér á okkar landi í hinni alþjóðlegu samkeppni. Ég trúi því ekki að það sé markmið eins eða neins sem kemur að þessu máli, hvorki hér í þingsölum né í menntamálanefnd. Það hlýtur að verða að fara algjörlega yfir það og þá verður að tryggja að hið akademíska frelsi sé til staðar hjá starfsfólki skólans. Það getur ekki verið algjörlega undir hælnum á rekstrarforsendum þeirra sem skólann eiga eins og formið er á þessu hlutafélagaformi sem þarna er boðað.

Frú forseti. Ég held að skólagjaldaumræðan sé svo stór að um hana þurfi að fara fram miklu vandaðri umræða en getur átt sér stað í stuttum andsvörum. Hér er um grundvallaratriði að ræða. Ég get endurtekið það sem ég sagði áðan — það á ekki að troða þessum gjöldum bakdyramegin inn í skólana. Ég stend við það fyllilega sem ég sagði áðan að skrásetningargjöldin í opinberu háskólunum eru ekkert annað en skólagjöld. Ég veit ekki hvernig hv. þingmaður (Forseti hringir.) getur komið þeim fyrir annars staðar ef við förum í lagaskýringar og skoðum það t.d. út frá því hvernig þetta er fært í fjárlögunum.

[16:14]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég hygg að það sé óhjákvæmilegt annað

en að leggja orð í belg í þessari umræðu sem fjallar um afnám laga um Tækniháskóla Íslands vegna þess að kjarninn í breytingunni er sá að taka upp skólagjöld í námi sem ríkið býður nemendum upp á í dag í Tækniháskólanum og verður eftir breytinguna boðið upp á af öðrum aðila gegn greiðslu skólagjalda. Þess vegna er málið viðamikið og snýst um grundvallaratriði í menntastefnu stjórnvalda.

Áður en ég vík að því eru fáein atriði sem ég vildi koma að sem lúta að frumvarpinu með beinum hætti. Mig langaði að beina fyrirspurnum til hæstv. menntamálaráðherra og biðja um frekari skýringar á einstökum atriðum sem fram koma í frumvarpinu.

Ég vil fyrst víkja að nýja skólanum og spyrja hæstv. ráðherra hvað áformað er í þeim efnum. Er áformað að flytja starfsemi nýja skólans frá þeim stöðum þar sem starfsemin fer fram núna og byggja nýjan háskóla eða kaupa nýtt húsnæði, eða hver eru áformin í þeim efnum, hafa menn skoðað fjárhagshliðina í þeim áformum og athugað hvort það geti gengið upp með því að selja þær eignir sem hið nýja fyrirtæki kemur til með að eignast eða verður leitað til ríkissjóðs um stuðning við að koma upp nýju húsnæði fyrir hinn nýja háskóla?

Mig langar í öðru lagi að spyrja frekar um þann halla sem getið er um í fylgiskjali frá fjármálaráðuneytinu. Hvort það sé rétt skilið að sá kostnaður sem frumvarpið leiðir til, 130–150 millj. kr. útgjöld, eins og segir í umsögninni, fyrir ríkissjóð, verði það óbreytt að lögum, hvort það þýði að þetta sé kostnaður í eitt skipti þannig að það leiði ekki hinn sameinaða rekstur til nýrra útgjalda fyrir ríkissjóð þannig að samningar við nýja skólann um greiðslur fyrir kennslu verði með þeim hætti að kostnaður ríkissjóðs verði ekki meiri en hann er í dag á því formi sem hann er. Mig langaði að falast eftir upplýsingum um það þannig að það kæmi hér skýrt fram.

Í þriðja lagi langar mig að biðja hæstv. ráðherra, ef hún hefur tök á, að greina dálítið hallarekstur inn þannig að við fáum nánari skýringar á því hvernig hann er til orðinn, því eins og kom fram fyrr í umræðunni er þetta nýr skóli. Tækniháskóli Íslands var stofnaður fyrir tveimur árum eða svo og má skilja greinargerð fjármálaráðuneytisins þannig að hallinn hafi komið til á starfstíma Tækniháskóla Íslands, sem væri býsna alvarlegt mál ef hallinn hefði verið svo mikill á aðeins tveimur árum. Ég hygg að finna megi á þessu skýringar sem eigi rætur sínar að rekja til fyrri tíma og hygg að rétt væri að draga þær upplýsingar fram þannig að ekki verði misskilið hvernig hallinn kom til.

Þá vil ég einnig spyrja hæstv. ráðherra um starfsemi hins nýja skóla, hvort áformað er að hann tengist kennslu í íþróttafræðum sem mun eiga að fara fram í Reykjanesbæ og ef svo er hvort það hafi einhver áhrif á kennslu Íþróttakennaraháskólans eða Kennaraháskóla Íslands á Laugarvatni, en ég hef heyrt áhyggjur manna af því að þessir tveir skólar kunni að tengjast saman hvað þetta varðar.

Í fjórða lagi spyr ég aðeins um frumgreinadeildina. Ég rek augun í að í viljayfirlýsingunni og reyndar í greinargerðinni með frumvarpinu segir hvað frumgreinadeildina varðar, að hinn nýi háskóli muni bjóða upp á sérhæft undirbúningsnám, sambærilegt námi í frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands. Verður þetta sérhæfða undirbúningsnám skilgreint með sama hætti og námið í frumgreinadeild, þ.e. nám á framhaldsskólastigi? Munu lög um það nám gilda um námið og m.a. líka ákvarðanir sem lúta að gjaldtöku fyrir námið? Ég hygg að það sé rétt að fá þetta skýrt. Mér heyrðist á framsöguræðu ráðherra að meiningin væri að frumgreinadeildin og það sem við henni tekur yrði rekið með sama hætti og frumgreinadeildin hefði verið og yrði undanþegin skólagjöldum, en ég vildi spyrja um þetta með beinum hætti þannig að það kæmi skýrt fram svo ekki verði misskilið síðar.

Þá er það formið á málinu, að stofna einkahlutafélag um þennan nýja háskóla. Það má velta því fyrir sér hvers vegna menn fara þá leið að leggja niður nýstofnaðan háskóla aðeins tveimur árum eftir að honum hefur verið komið á fót. Mér finnst, svo ég segi það virðulegi forseti, vanta dálítið skýringar á því hvers vegna menn taka þessa U-beygju í uppbyggingu tæknináms frá því sem ákveðið var fyrir svo stuttum tíma. Ég held að menn hljóti að kalla eftir skýrari svörum við því hvers vegna menn taka þessa miklu stefnubreytingu að leggja niður skólann með formlegum hætti og tengja námið sem í honum er við annan skóla á allt öðru sviði.

Hæstv. ráðherra rakti í framsögu sinni, ef ég skildi rétt, að horft væri til þess að líta til samlegðaráhrifa og auka fjölbreytni með sameiningunni. Vissulega geta það verið rök fyrir málinu en ég spyr: Var gerð úttekt á hugsanlegum kostum þess að færa saman starfsemi Tækniháskólans og Háskóla Íslands, einkum þá verkfræðideild þess háskóla í menntamálaráðuneytinu?

Ef menn horfa til samlegðaráhrifa með því að breyta tveimur skólum í einn þá finnst mér að ríkið, sem á bæði Háskóla Íslands og Tækniháskólann, ætti eðlilega að horfa til þess hvaða samlegðaráhrif kunni að vera á því að sameina þá tvo skóla eða starfsemi þeirra undir einum hatti. Ég spyr: Var gerð úttekt af þessu tagi og liggur fyrir hvaða ávinningur gæti hafa orðið af því?

Ég vil víkja að öðru, sem lýtur að skólagjöldunum. Ég neita því ekki að það mál stendur verulega í mér að breyta námi sem ríkið býður upp á í dag og mun ekki bjóða upp á eftir breytinguna yfir í nám sem verður boðið upp á gegn skólagjöldum. Það má vænta þess að þau skólagjöld verði þau sömu og eru í Háskólanum í Reykjavík í dag eða um 200 þús. kr. á ári. Þar með er málið komið í þann farveg að snúast um það hvort menn vilji taka upp skólagjöld eða ekki. Að formi til snýst málið um það hvort menn vilji fara úr ríkisrekstri yfir í einkarekstur. Ég hef út af fyrir sig ekki stífar meiningar í því, ég er tiltölulega opinn fyrir einkarekstri á sem flestum sviðum, þó hef ég fyrirvara á því hversu langt menn eigi að ganga í þeim efnum, sérstaklega að starfa í mjög stífum hagnaðar- eða ábatarekstri, hvort heldur það er í menntakerfinu eða heilbrigðiskerfinu og er heldur varfærinn í þeim efnum. En ég tel ekki ástæðu til að andmæla því eða hafna því að menn færi formið úr þeim rekstri sem verið hefur yfir í rekstur þar sem aðrir koma að því, annaðhvort einir eða í samstarfi við ríkið. Ég held að það sé ekki stóra áhyggjuefnið í þeim efnum og ég er ekki mjög hræddur við þá breytingu og ég held að það að tengjast atvinnulífinu geti að mörgu leyti verið ávinningur fyrir skólastarfið.

Skólagjöldin eru stóra málið í frumvarpinu vegna þess að breytingin leiðir til þess. Ég velti því fyrir mér, ef við stígum þetta skref núna hvað varðar þennan háskóla erum við þá ekki búin að fallast á það að stíga önnur skref varðandi annað nám sem ríkið býður upp á í dag, nám í Listaháskóla Íslands, nám í Háskólanum á Akureyri eða í einstökum deildum í Háskóla Íslands? Erum við þá ekki búin að fallast á að færa það úr því formi sem það er yfir í eitthvert annað form, hvort sem það er sjálfseignarstofnun eða einkahlutafélag? Breytingin verður þá sú að menn eru að innleiða skólagjöld í námið, það er stóra breytingin. Ég held að það sé ekki hægt að fara í gegnum þessa formbreytingu á tækninámínu án þess að fara um leið í gegnum umræðuna um skólagjöld, það er svo nátengt að það verður ekki sundur slitið.

Fyrra atriðið sem tengist því sem ég held að sé ástæða til að vekja athygli á er hinn mikli munur sem er í dag — og hefur viðgengist í nokkuð mörg ár — á skólum eftir því hvort þeir eru ríkisskólar eða ekki, munurinn sem felst í því að skólar sem ekki eru ríkisskólar hafa heimild í lögum til þess að innheimta skólagjöld og ráða því nokkuð sjálfir hvað þau verða mikil. Ríkið hefur gert skólunum kleift að fara mjög hratt inn á þessar brautir með því að opna Lánasjóð íslenskra námsmanna fyrir því að fjármagna skólagjöldin. Það þýðir í raun að ríkið er að styrkja rekstrarformið utan ríkisháskólanna umfram það sem það styrkir ríkisháskólana. Eftir lækkun á endurgreiðsluhlutfalli námslána niður í 3,75% er talið að lán úr Lánasjóði námsmanna séu að meðaltali um 53% ríkisstyrkt, sem þýðir t.d. fyrir nám í Háskólanum í Reykjavík, þar sem eru innheimt 200 þús. kr. skólagjöld á einum vetri, að liðlega 100 þús. kr. styrkur úr ríkissjóði rennur til skólans í gegnum nemandann umfram það sem ríkið leggur til sambærilegs náms í Háskóla Íslands eða í Háskólanum á Akureyri. Með því móti er ríkið auðvitað að mismuna formunum. Það er að bjóða meiri peninga til þeirra sem standa að háskólastarfi í formi einkaháskóla eða sjálfeignarstofnana en þeirra sem starfa hjá ríkinu. Það er ekki eðlilegt að gera slíkt og ég tel að við getum ekki rekið þá mennta- eða skólapólitík að mismuna formunum með þeim hætti sem þarna er gert. Það er ekki eðlilegur hlutur, enda hafa forstöðumenn ríkisháskólanna bent ítrekað á það og gert athugasemdir við þá mismunun sem felst í þessari pólitísku ákvörðun að styrkja aðra skóla í gegnum lánasjóðinn með því að fjármagna skólagjöldin.

Þetta er fyrra atriðið sem skiptir verulegu máli og er satt að segja alveg óþolandi mismunun á milli skólanna. Við getum ekki haft þá menntastefnu í háskólanámi að mínu mati. Menn verða að búa þannig að skólunum að jafnræði gildi við kennslu og rannsóknarstarf í skólunum óháð því hvort þeir eru ríkisskólar eða ekki.

Hitt er svo skólagjöldin sem lúta að nemendunum. Það er heilmikið mál hvort menn eigi að taka upp skólagjöld og það hefur verið rætt, t.d. í Framsóknarflokknum. Menn hafa tekið mjög eindregna afstöðu í þeim efnum. Það útilokar auðvitað ekki að menn taki umræðuna upp á nýjan leik og komist kannski að annarri niðurstöðu en er í dag, en horfa verður á ýmsa hluti í þeim efnum.

Lítum t.d. á nám grunnskólakennara. Í sumar kom út skýrsla frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands sem leiddi í ljós að arðsemin af kennaramenntuninni er núll, þannig að miðað við það kerfi sem gildir í dag gerir tekjuaukinn af menntuninni ekki meira en að borga kostnaðinn við menntunina, sem fyrst og fremst er fólginn í þeim hluta af námslánunum sem viðkomandi einstaklingur greiðir að lokum.

Gerum ráð fyrir því að við hækkum kostnað við að afla sér menntunar, t.d. með því að taka upp skólagjöld eins og í Háskólanum í Reykjavík, um 200 þús. kr. á ári. Í fjögurra ára námi yrði kostnaðurinn hækkaður um 1 millj. kr. Þá er ég hræddur að arðsemin yrði ekki lengur núll, heldur neikvæð. Þetta er eitt af þeim atriðum sem horfa þarf til.

Sum störf sem krefjast langrar skólagöngu eru þannig að þau gefa góðar tekjur, eins og læknisfræði, jafnvel lögfræði og annað slíkt. Það er hugsanlegt að þeir sem leggja fyrir sig slíkt nám geti tekið á sig meiri skuldir á lánstímanum en engu að síður gert sér vonir um að afla tekna eftir að námi lýkur með góðum ávinningi. Það má hugsa sér að skólagjöld skipti ekki svo miklu máli fyrir þann hóp. Það mundi ekki draga úr möguleikum einstaklinganna til að sækja inn í það nám, jafnvel þótt viðkomandi einstaklingur hefði ekki góð efni. En hið sama á ekki við um nærri allar fræðigreinar eða menntun. Því er að mörgu að hyggja áður en menn geta leitt þessa umræðu til lykta.

Síðast þegar við ræddum þetta í Framsóknarflokknum fyrir flokksþingið í febrúar 2003 var niðurstaðan mjög skýr, að flokkurinn lagðist eindregið gegn almennum skólagjöldum. Þá var ályktað, með leyfi forseta:

„Almenn skólagjöld verði ekki tekin upp í grunnskólum og framhaldsskólum, né heldur í ríkisreknum háskólum."

Það kom fram breytingartillaga á flokksþinginu um að milda tillöguna þannig að hún útilokaði ekki að tekin yrðu skólagjöld í framhaldsnámi á háskólastigi. Sú tillaga fékk ekki brautargengi og var reyndar vísað frá. Afstaðan var því mjög skýr.

Ég tel að menn séu bundnir af því að vinna samkvæmt þeim samþykktum og stefnum sem flokkurinn leggur. Það eru ekki í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar ákvæði um að víkja frá þessu eða samið um að taka upp skólagjöld. Við höfum ekki lagt það fyrir flokksstofnanir okkar að víkja frá stefnunni í stjórnarsáttmálanum. Ég lít svo á að sú stefna og það veganesti sem þingmenn flokksins hafa frá flokksþinginu sé skýrt.

Auðvitað ræður hver og einn þingmaður sjálfur hvernig hann tekur afstöðu eða greiðir atkvæði. Það er stjórnarskrárvarinn réttur sem enginn þingmaður afsalar sér. En að öðru leyti leitast þingmenn við að framfylgja þeirri stefnu sem menn undirgangast á sínum flokksvettvangi. Ég hef undirgengist þessa stefnu og tel mig ekki geta vikið frá henni jafnvel þótt málið sé þannig vaxið að ekki sé lagt til að taka upp skólagjöld í ríkisreknum háskóla heldur farin fjallabaksleið að því markmiði með því að breyta ríkisháskóla í einkaháskóla. Að mínu mati er það bara leið til að fara fram hjá ... (**Gripið fram í:** Ertu á móti málinu?) Mín niðurstaða er sú að ég styð ekki málið í þessum búningi. Ef málið felur í sér þá afstöðu að nám sem í dag er kennt hjá ríkisháskóla verði eftir breytingu boðið í einkaháskóla með skólagjöldum þá tel ég mig ekki hafa umboð flokksþingsins til að standa að því. Afstaða mín í þessu efni er alveg skýr og ég kom upp í þessa ræðu til að gera grein fyrri henni

þannig að menn væru ekki í neinum vafa um hvar ég stend í þessum efnum.

[16:34]

Mörður Árnason:

Forseti. Það sem hér er að gerast er í grunninn að einn af opinberu háskólunum í landinu, Tækniháskóli Íslands, er færður Háskóla Reykjavíkur eða eigendum Háskóla Reykjavíkur að gjöf. Ég hef ekki heyrt hæstv. menntamálaráðherra mótmæla því enda væri það til lítils. Það er sjálft eðli málsins og ber að ræða það þannig.

Nú er ekki endilega bannað eða slæmt að taka einhverjar eigur ríkisins og afhenda öðrum í samfélaginu með meðgjöf eða gegn gjaldi en þegar það er gert við háskóla þá verður að athuga málið mjög gaumgæfilega, sérstaklega þegar um er að ræða opinberan skóla án skólagjalda á tilteknu fagsviði sem enginn annar skóli í landinu hefur upp á að bjóða. Tækniháskólinn er felldur inn í einkaskóla, þar er ekki um sjálfseignarstofnun að ræða, þar sem tekin eru skólagjöld samkvæmt yfirlýsingu sem hæstv. menntamálaráðherra skrifar sjálf undir. Staðan gagnvart þeim sem vilja stunda nám í þessum skóla er því sú að þeir þurfa að borga skólagjöld í skóla sem stjórnað er í samræmi við stjórnarhætti einkahlutafélags í staðinn fyrir að borga ekki skólagjöld í opinberum skóla þar sem þeir geta sótt sinn rétt og gert þær kröfur sem tíðkast í þeirri gerð af skólum.

Við þetta skapast strax þær aðstæður að maður hefði ætlað að ráðherra sem í þetta réðist, sem fengi slíka hugmynd, teldi sig þurfa að vinna henni fylgi, ekki eingöngu hjá þeim skólum sem um ræðir og nemendum þeirra og kennurum heldur líka hjá landsmönnum öllum, foreldrum og væntanlegum foreldrum. Maður hefði ekki síður talið nauðsynlegt að reyna að skapa um málið pólitíska samstöðu á þinginu.

Út frá orðum síðasta háttvirts ræðumanns virðist samstaða vera að skapast meðal stjórnarflokkanna, með einhverjum hætti, sem gengur þvert á yfirlýsta stefnu annars þeirra um það að ekki skuli vera skólagjöld í opinberum skólum. Að því er að vísu farin fjallabaksleið sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lýsti.

Háskólar eru taldir öðruvísi skólar en aðrir skólar. Þeir heita universitas á latínu og það orð er líka notað afleitt í nýtungunum. Skólastarf í háskólum gerir meiri kröfur um frelsi en starf í annars konar menntastofnunum. Segja mætti að um sé að ræða þríþætt frelsi.

Í fyrsta lagi er um að ræða akademískt frelsi sem er háskólum algjörlega bráðnauðsynlegt. Þeir geta ekki án þess verið. Ef þeir hafa ekki akademískt frelsi þá verðskulda þeir ekki nafnið háskóli. Þá verðskulda þeir ekki að standa undir því að vera sú menntastöð sem veitir fram gömlum menntum og menningu um leið og nýjar verða til í skurðpunkti rannsakandi frjálsra fræðimanna og þess samtíma sem þeir vinna í og þeirrar stöðu sem fræðin eru í á hverjum tíma gagnvart viðfangsefnum sínum.

Skólar verða líka, ef þeir eiga að teljast háskólar, að búa við eins mikið fjárhagslegt frelsi og unnt er. Jafnframt verða þeir að búa við stjórnunarlegt frelsi. Þetta þríþætta frelsi þarf að fara saman.

Gera verður ráð fyrir því að ákveðin skil séu á milli þeirra sem annast hvern þessara þátta. Að háskóla þarf að vera þannig búið að hver þeirra fái að njóta sín. Þegar þetta er sagt þá verður líka að segja að þótt opinberir háskólar hafi sinnt hlutverki sínu, bæði hér á Íslandi og víða annars staðar, af mikilli prýði, þá er ekki víst að ríkisháskóli sé í sjálfu sér einstök fyrirmynd í þessum efnum. Þar ræður miklu hvernig að slíkum háskóla er búið, hver afstaða ríkisvaldsins er til hans. Stundum hefur ríkisvaldið ekki veitt háskólum í þess eigu nægilegt fjárhagslegt frelsi. Um það höfum við rætt í tengslum við okkar ríkisháskóla. Stundum er ekki nægilegt stjórnunarlegt frelsi í ríkisháskólum vegna þess að ríkisstjórn og stjórnvöld skipta sér af hlutum sem þau eiga ekki að gera í háskólum og grípa inn í eðlilegt frelsi háskólanna til þess að stjórna sér sjálfir. Þetta leiðir oft til þess að hið akademíska frelsi er skert í skólum þar sem stjórnvöld kunna sér ekki hóf og vita ekki hvernig þau eiga að haga sér gagnvart háskólum.

Margir eru því þeirrar skoðunar að háskólar séu best settir sem einhvers konar sjálfseignarstofnanir, ef ekki með formlegum hætti þá a.m.k. þannig að tryggilega sé frá því gengið að ríkisvaldið eða aðrir opinberir eigendur veiti þeim frelsi, að sá skilningur ríki þar á milli að ríkisvaldið veiti þeim slíkt frelsi. Þess vegna er ekki endilega slæmt að breyta um rekstrarform á ríkisháskóla að þessu leyti og gera háskóla að sjálfstæðu fyrirbæri. En það að taka ríkisháskóla og breyta honum í einkaskóla getur verið að fara úr öskunni í eldinn í þessu efni. Að velja hlutafélagaform á universitas er hugmynd sem enginn hefur fengið fyrr en hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir virðist hafa látið sér detta það í hug einhvern tímann í lok fyrra árs. Hlutafélagsformið sjálft, hvort sem það heitir hf. eða ehf., gerir ráð fyrir markaðsrekstri og stjórn í samræmi við hagnaðarvon. Það er ósköp einfaldlega ekki það umhverfi sem háskóli þrífst í þótt aðrar menntastofnanir geti vissulega gert það.

Þetta eru því ekki eingöngu einhverjar pælingar úr miðöldum, þegar háskólar unnu sér einhvers konar sjálfstæði frá samfélaginu í kringum sig. Þeir fengu að gera það vegna þess að þeim sem tókst það best í Evrópu miðalda urðu að mestu gagni fyrir samfélagið. Þetta á auðvitað líka við í nútímasamfélagi, hið akademíska frelsi er ákaflega nauðsynlegt fyrir okkur í nútímasamfélagi. Það fer nefnilega svo að ef stjórnunarárättan er of mikil, ef samstilling fræðanna og einhvers konar þarfa sem samfélagið skilgreinir hjá sér er of stíf hverfur andinn úr skólunum og gagnsemi þeirra fyrir langtímahagsmuni samfélagsins minnkar.

Þegar fjallað er um háskóla er mikilvægt að það séu ekki skammtímasjónarmið sem ráða, hvorki þau sem stjórnvöldum geta dottið í hug, að skipuleggja fjölda útskrifaðra námsmanna í einhverri grein samkvæmt einhverjum formúlum, eins og ég hygg að stundað hafi verið í Sovétveldinu, né það skammtímasjónarmið sem fulltrúar atvinnulífsins túlka oft þannig að á næstunni þurfi að útskrifa, svipað og í Sovét, þetta marga á þessu sviði og þetta marga á hinu sviðinu. Sem betur fer, þrátt fyrir spádóma og áætlanir, þá vitum við ekki hvað gerist í samfélaginu. Við vitum ekki hvað gerist í fræðunum heldur.

Mig langar að nefna eitt dæmi um það vegna þess að menn tala stundum um óhagnýtar greinar og hagnýtar greinar. Nú hefur t.d. lögfræði verið talin ákaflega hagnýt

grein og viðskiptafræði núna undanfarin 10–20 ár, hvað sem verður nú í framtíðinni. En það er nokkuð langt síðan málfræði hefur verið talin hagnýt grein. Það var svona nokkurn veginn á miðöldum þegar hún nýttist vel til að lesa Nýja og Gamla testamentið og síðan á renessans-tímanum til þess að eiga við gríska og latneska texta. Síðan höfum við svona meira hugsað um málfræði og málfræðinga sem einhverja rykfallna grein þar sem standa menn með slaufur og rýna í kringilyrði. Þó hafa málfræðingar hafist til vegs og virðingar á síðustu árum og málfræði er með ýmsum hætti orðin nútímalegri grein en margar þær sem hún hefur fætt af sér og í kringum hana standa vegna þess að upp er runnin tölvuöld þar sem málfræði hins daglega tungumáls manna, hin sígilda, er í raun orðin systir þess máls sem tölvurnar tala. Það má vera okkur til kenningar í þessu efni að nýverið lauk, því miður — þ.e. að því lauk, það á að halda áfram — en nýverið lauk ákveðnu tímabili hér sem menntamálaráðuneytið á heiður skilinn fyrir og menntamálaráðherrar, sérstaklega hæstv. núverandi dómsmálaráðherra sem ég hélt að ég mundi seint sakna úr stóli menntamálaráðherra. Hann á heiður skilinn fyrir að hafa staðið að þeirri samtengingu málfræði og málfræðinga við tölvuheiminn og sem hefur gengið undir nafninu tungutækni eða máltækni.

Þetta gat enginn séð fyrir og þetta varð ekki nema vegna þess, bæði hér og sérstaklega þar sem þetta spratt upp erlendis, að sjálfstæðir og frjálsir fræðimenn tóku saman höndum og tengdust auðvitað atvinnulífinu á þann hátt sem til fyrirmyndar er.

Ekki er nóg með að sá skóli sem við erum að fjalla um, hinn nýi háskóli úr Háskólanum í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands, eigi að vera einkahlutafélag heldur á stjórn einkahlutafélagsins jafnframt að vera háskólaráð. Það er, held ég, fáheyrt að þessu sé skipað með þessum hætti. Í engum öðrum skóla hérlendis er þetta svona. Ég aflaði mér upplýsinga um skipan stjórnar Viðskiptaháskólans í Bifröst og þar er þetta með allt öðrum hætti. Þar er það þannig og er sagt vera — kannski ekki stæling frá Ameríku en mjög í samræmi við stjórnarskipun í amerískum skólum, að þar sitja fimm í stjórn. Einn er skipaður af ráðherra. Tveir eru fengnir úr atvinnulífinu og tveir eru ættaðir úr skólanum sjálfum. Einn er frá gömlum nemendum, sem þessi skóli á reyndar fleiri en margir aðrir og kannski tryggari en margir aðrir líka, og annan skipa starfsmenn og nemendur í sameiningu. Hér er því málum fyrir komið allt öðruvísi en til stendur í hinum nýja skóla Verslunarráðs Íslands og fleiri samtaka.

Það er sorglegt að menn skuli hafa kórónað þetta svona því að það vekur strax tortryggni sem á að vera óþörf að háskólaráðið skuli jafnframt vera þessi stjórn, að starfsmenn skuli ekki eiga neina aðild að henni, að námsmenn skuli vera fullkomlega áhrifalausir í hinu nýja háskólaráði. Maður spyr sig hvort skóli atvinnulífsins eigi með þeim hætti að vera skipulagður eftir þörfum atvinnulífsins úr því að þessir fulltrúar atvinnulífsins sem sitja í þessari stjórn, sjálfsagt ágætt fólk, eiga að vera einráðir líka á hinu faglega sviði sem háskólaráð, ekki aðeins á stjórnunarsviðinu og á fjárhagssviðinu heldur líka á hinu faglega sviði, eiga að stjórna þessari akademíu þvert á lögmálið, að ég kalla, um hið þrí-þætta frelsi háskólanna.

Enn verður að rekja þráð í þessu máli. Hafa þó margir verið raktir hingað til í þessari umræðu og ég sé að margir eru á mælendaskránni þannig að ekki þarf nú að gína yfir öllu. Við sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskólans verður til nokkuð breiður háskóli. Það er sem sé meiningin og það er út af fyrir sig ágæt hugmynd að setja upp slíkan breiðan háskóla sem veldur því að Tækniháskólinn eða hlutur Tækniháskólans verður kannski kjarninn í þeim háskóla. Ég geri ráð fyrir að það verði þannig með fullri virðingu fyrir Háskólanum í Reykjavík. Háskólinn í Reykjavík býr yfir tiltölulega fáum greinum og er kannski háðari stöðunni á „markaði" en Tækniháskólinn. En það er sem sé stefnan að þessi skóli verði breiður skóli og verði sem sé við hliðina á eða móti Háskóla Íslands með einhverjum hætti.

Kannski er það ágætt. Ég ætla a.m.k. ekki að leggjast gegn því að svo verði. Hins vegar verðum við í því tilliti að spyrja hver sé áætluð verkaskipting milli þessara skóla. Er t.d. í ráði að rannsóknarsamningar við þessa skóla verði hliðstæðir? Maður spyr vegna þess að staða þeirra er ekki hliðstæð að neinu öðru leyti. Að minnsta kosti samkvæmt því sem hæstv. menntamálaráðherra segir nú á annar háskólinn að innheimta skólagjöld. Óvíst er hvað það er mikið. En má ekki gera ráð fyrir að það verði eitthvað svipað og Háskólinn í Reykjavík innheimtir núna, þ.e. svona 300 þús. kr. skilst mér, svona nokkurn veginn, eitthvað mismunandi eftir deildum kannski, sem mundi vera svona um helmingur af raunkostnaði í skólanum?

Hinn háskólinn á ekki að innheimta nein skólagjöld nema hin frægu skrásetningargjöld sem ég nenni nú ekki að gera að umræðu hér því að ég á eftir að ræða mikið um það við 2. umr. um það mál á næstu dögum. Þetta skapar þá stöðu milli þessara skóla að óþolandi er eða lítt þolandi fyrir Háskóla Íslands.

Önnur spurning vaknar um það hvað Háskóli Íslands eigi að fá, hvernig eigi að bæta honum það upp að honum er ætlað að halda uppi ýmsum fræðum sem við teljum nauðsynlegt að kenna í landinu og halda uppi rannsóknum í, en sem eru hins vegar fámenn og óhagkvæm eining í skólakerfinu. Hér hefur Tækniháskóli Íslands – Háskólinn í Reykjavík, eða hvað sem þetta nú heitir, gríðarlegt forskot sem menntamálaráðherra hefur enn ekki skýrt hvernig hún ætlar að bregðast við. Vegna þess að lítill tími er eftir þá verðum við að fá að vita það betur hver staðan er gagnvart skólagjöldunum, hvað hæstv. menntamálaráðherra ætlar sér í skólagjöldum í hinum nýja skóla því ekki er sæmandi að þessi gjöf sem hér er lögð til fari fram án þess að við vitum nokkuð nákvæmlega hvernig hinn nýi skóli á að vera og hvernig hann ætlar að hegða sér. Það er alveg ljóst að þar verða skólagjöld. Það stendur í yfirlýsingu aðstandenda hins nýja skóla og hæstvirts menntamálaráðherra sem þó hefur lýst því yfir að ekki eigi að vera skólagjöld í hinum opinberu skólum. Þetta verður hún að skýra betur fyrir okkur auk ýmissa annarra spurninga sem fram hafa komið í umræðunni og væntanlega eiga eftir að koma fram í þessu mikla og flókna máli sem ég sé ekki að hægt verði að afgreiða hér fyrr en einhvern tíma á vormánuðum, forseti góður.

[16:54]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Mig langar til að eyða nokkrum orðum í það frumvarp og það mál sem hér er til umfjöllunar, þ.e. frumvarp um afnám laga um Tækniháskóla Íslands. Ég verð að segja það til að byrja með að umræðan hefur verið afar athyglisverð og að hluta til hafa menn fjallað um efnisatriði málsins. Þó verð ég ekki síður að minnast á að í þingsalnum hafa átt sér stað nokkuð sérstakir atburðir. Við höfum orðið vitni að miklum pólitískum tíðindum, sérstaklega varðandi stefnu Samfylkingarinnar til innheimtu skólagjalda.

Ég vík að því og stefnu Samfylkingarinnar almennt í menntamálum seinna í ræðu minni. Ég geri ráð fyrir að þeir hv. þingmenn Samfylkingarinnar sem hér eru muni þá bregðast við og svara þeim spurningum sem ég hef fram að færa um þau atriði. Ég verð að segja að mér finnst verra að hv. þingmenn Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir séu ekki í salnum. Það væri óskandi ef þær ættu kost á því að koma hingað til að svara þeim sjónarmiðum sem ég mun víkja að á eftir.

Til að byrja með verð ég að segja að mér finnst það mál sem hér er til umfjöllunar einstaklega gott. Það mun að mínu mati fyrirsjáanlega styrkja mjög þær menntastofnanir sem í hlut eiga, þ.e. Háskólann í Reykjavík og Tækniháskólann. Þessar tvær stofnanir sameinaðar verða mun sterkari sem slíkar en sem tvær stofnanir. Úr verður að mínu mati mjög öflugur háskóli, mjög öflug menntastofnun sem mun nýtast nemendum og þjóðfélaginu einkar vel í framtíðinni.

Ég lít þannig á, og það er skoðun mín, að kostir þessarar sameiningar séu augljósir. Þeir eru reyndar býsna margir. Ég ætla að víkja að nokkrum þeirra hér. Það er alveg ljóst að samkeppni milli háskóla er mjög af hinu góða. Við höfum séð það eftir að fleiri háskólar hafa verið stofnaðir að gæði menntunar hafa aukist mjög mikið og með því að sameina þessa tvo skóla, þ.e. Háskólann í Reykjavík og Tækniháskólann, er fyrir séð að samkeppni muni aukast mjög verulega milli stofnananna, þ.e. Háskóla Íslands og hins nýja sameinaða skóla. Ég tel að það sé vel. Ég tel reyndar að reynslan hafi kennt okkur að svo muni verða. Mér nægir t.d. að nefna mína gömlu deild, lagadeild Háskóla Íslands, sem ég nam við ekki alls fyrir löngu, þ.e. á árunum 1993–1998. Frá þeim tíma er búið að stofna þrjár aðrar lagadeildir í landinu og ekki verður annað séð en að það laganám sem boðið er upp á í dag sé miklu betra, efnisríkara og — hvað á ég að segja — kröfuharðara en þegar ég var í námi. Valfrelsi hefur aukist og kostir þeir sem stúdentum standa til boða eru miklu fleiri, fjölbreyttari og að mínu mati merkilegri. Ég tel því að reynslan hafi kennt okkur að samkeppni milli háskóla og háskóladeilda sé af hinu góða og með því að sameina þessa tvo skóla og efla þar með samkeppni þá stígum við mjög mikilvægt skref í að bæta hér menntakerfið á háskólastigi.

Í annan stað verð ég að segja að hinn nýi skóli mun líklega auka aðgang ungs fólks á tæknimenntun, hvort sem um er að ræða verkfræðinám eða aðrar tæknigreinar. Eins og hér hefur komið fram má ætla að slík framþróun muni styrkja samkeppnishæfni atvinnulífsins og gera okkur einfaldlega hæfari til að sinna þeim verkum sem nauðsynlegt er að sinna. Ég minnist þess að hafa sem fulltrúi í menntamálanefnd heimsótt Háskólann í Reykjavík, held ég, þrisvar síðasta vetur þar sem fram kom hjá rektor þess skóla, Guðfinnu Bjarnadóttur, mikilvægi þess og nauðsyn fyrir íslenskt þjóðfélag að útskrifa fleiri einstaklinga með tækni- og verkfræðimenntun vegna þess að það væri alveg segin saga að slíkt mundi leiða til góðs fyrir íslenskt atvinnulíf.

Ég minnist þess að í ræðum sínum hafi Guðfinna Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, nefnt sérstaklega þá stefnu sem Finnar hafa framfylgt í menntamálum sínum á síðustu árum og áratugum. Þeir hafa lagt mikla áherslu á að tækni- og verkfræðinám skipi mikinn sess í menntakerfi þeirra sem hefur leitt til mikillar framþróunar í atvinnulífinu sem við öll þekkjum. Finnar eru, eins og heimurinn veit, einna fremst staðsettir á sviði tæknimála í heiminum. Við Íslendingar höfum hins vegar verið aftarlega á merinni í þessum málaflokkum og ekki útskrifað hlutfallslega jafnmarga tækni- og verkfræðimenntaða stúdenta eins og t.d. Finnar. Það er einmitt vegna þess að ekki hafa verið nægilega margar háskólastofnanir sem hafa sinnt þessu sviði.

Þá er að nefna að efling náms í tækni- og verkfræði við nýjan háskóla mun efla enn frekar nám í verkfræðideild Háskóla Íslands sem er vel. Samkeppnin er öllum góð, þar á meðal verkfræðideildinni við Háskóla Íslands. Það er rétt að vísa til stefnu vísinda- og tækniráðs um eflingu slíks náms. Sú efling þarf að vera víðari en í hinum nýja skóla enda dugir hún ekki til. Til að markmið vísinda- og tækniráðs nái fram að ganga þurfa stjórnvöld að styðja enn frekar við verk- og raungreinar í HÍ. Þetta er bara hluti af öllum pakkanum.

Síðan í fjórða lagi er náttúrlega sérstakt ánægjuefni fyrir mann eins og mig sem er þeirrar skoðunar að við eigum að minnka umsvif ríkisins sem mest við megum að með þessu frumvarpi liggur fyrir að ríkisstofnunum fækkar um eina. Er það í sjálfu sér sérstakt ánægjuefni.

Virðulegi forseti. Það hefur verið komið inn á rekstrarform hins nýja skóla í umræðunni og hafa einkum hv. þm. Samfylkingarinnar gagnrýnt að hinn nýi skóli muni verða starfræktur á grundvelli einkahlutafélags en ekki sjálfseignarstofnunar. Menn hafa spurt sig hvers vegna svo sé og óskað eftir svörum frá menntamálaráðherra. Ég hef hins vegar sagt að meginatriði málsins sé ákvörðun um að einkaaðilar taki við rekstri þessa skóla en ekki á hvaða formi sá rekstur fer fram. Ég tel reyndar að á þessu tvennu, þ.e. sjálfseignarstofnunarforminu og einkahlutafélagsforminu, sé í sjálfu sér stigsmunur en ekki neinn eðlismunur. Ég tel að þegar tekin hefur verið ákvörðun um það að fela einkaaðilum þennan rekstur eigi ríkisvaldið ekki að ákveða á hvaða formi hann sé. Ég nefndi hér í andsvari að ég teldi — við fáum væntanlega tækifæri í menntamálanefndinni til að spyrja hina nýju stjórnendur skólans hvers vegna þeir völdu þetta félagsform en ekki eitthvert annað, og fáum skýringar frá þeim — að sú leið hljóti að hafa verið valin vegna þess að það rekstrarform er einfaldlega miklu hentugra og þægilegra, hvort sem um er að ræða rekstur menntastofnunar eða annarrar stofnunar.

Það má t.d. nefna að eftir því sem ég best veit gilda eng-

in heildarlög um sjálfseignarstofnanir. Það er ýmislegt líkt með sjálfseignarstofnunum og einkahlutafélögum eins og Björn Þ. Guðmundsson, prófessor í lögum, sagði á sínum tíma í bók sinni Lögbókin mín, þar sem hann skilgreinir sjálfseignarstofnanir, með leyfi forseta, „að sjálfseignarstofnun geti líka starfað í atvinnurekstri og getur þá starfsemin fallið undir hlutafélagalög". Sjálfseignarstofnun verður að hafa einhvers konar stjórn og fer hún að jafnaði með æðsta vald í málefnum sjálfseignarstofnunarinnar. Venjulega hefur enginn eftirlit með gerðum stjórnarinnar, hvorki stofnandi né annar hefur þar neitt að segja nema sérstök heimild sé til þess. Þetta er kannski ástæðan fyrir því að menn velja ekki sjálfseignarstofnunarformið, þ.e. í slíkum stofnunum er alveg undir hælinn lagt hvort stjórnin er háð endurskoðun einhverra æðri stjórnenda. Í hlutafélögum starfar stjórn einfaldlega í umboði hluthafa sinna og þeir hafa þá eftirlit með störfum stjórnarinnar.

Við fáum svör við þessu öllu þegar hv. menntamálanefnd fær tækifæri til að ræða við þá aðila sem að þessum rekstri munu koma.

Hér hafa menn líka nefnt skólagjöld. Ég minnist þess að Samfylkingin hafi fyrir síðustu kosningar lýst því yfir að hún væri algjörlega mótfallin töku skólagjalda á háskólastigi. Ég minnist þess líka að hafa rætt þessi mál á fundum hér og þar, m.a. við hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson sem er ekki hér, m.a. uppi í háskóla. Það var alveg ljóst að Samfylkingin var á þeirri skoðun að taka skólagjalda væri af hinu slæma. Í þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað hafa hins vegar þau stórpólitísku tíðindi gerst að hv. þm. Einar Már Sigurðarson, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur lýst því yfir að hann útilokaði alls ekki töku skólagjalda á háskólastigi. Þetta er nokkuð sem margir af þingmönnum Samfylkingarinnar hafa tekið fyrir, bæði fyrr og síðar, en í þessu felast náttúrlega stórpólitísk tíðindi. Það verður ekki annað sagt en að þessi talsmaður Samfylkingarinnar í fjármálum, sérstaklega í fjármálum ríkisins — þetta er enginn símastrákur á vegum Samfylkingarinnar, heldur lykiltalsmaður Samfylkingarinnar í fjár- og efnahagsmálum. Hann lýsir því hér yfir fullt og fast að hann útiloki alls ekki töku skólagjalda af sinni hálfu.

Ég fór að grafast fyrir um það hvernig Samfylkingin hefði haldið á málum sínum í skólagjaldaumræðunni, fór að skoða stefnu Samfylkingarinnar varðandi rekstrarform í almannaþjónustu og þá komst ég að því að ekki alls fyrir löngu var skipaður framtíðarhópur á vegum Samfylkingarinnar. Það voru svo sem engar smákanónur sem skipa kjarnahóp þess framtíðarhóps, þ.e. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sem er varaformaður Samfylkingarinnar og svo fjórar aðrar silkihúfur Samfylkingarinnar, þ.e. Kristrún Heimisdóttir, Svanfríður Jónasdóttir, fyrrverandi alþingismaður, Sverrir Teitsson og Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar. Þetta ágæta fólk tók að sér að búa til annan hóp sem fjallaði í nokkuð ítarlegu máli um rekstrarform í almannaþjónustu. Það vill svo skemmtilega til að í þeim hópi áttu sæti hv. þingmenn Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir sem hafa hingað til, eftir því sem ég best veit, ekki verið sérstaklega hlynntar töku skólagjalda og almennt einkarekstri í menntakerfinu.

Þessi ágæti hópur sendi frá sér svokallað umræðuplagg sem nálgast má nú á netinu. Það er sama hvaðan gott kemur en eftir lestur þessa plaggs verð ég að segja að það kom mér verulega á óvart að Samfylkingin virðist hafa tekið upp stefnu Heimdallar í menntamálum, þ.e. hér lýsir Samfylkingin því yfir að mikilvægt sé að hefja einkarekstur bæði á grunnskólastigi, framhaldsskólastigi o.s.frv. Það er athyglisverður kafli í þessu umræðuplaggi sem fjallar um opinberan rekstur og önnur rekstrarform á háskólastigi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Telur Samfylkingin að ekkert sé því til fyrirstöðu að skoða í fullri alvöru að Íslendingar fari sömu leið og Danir hvað varðar rekstur þeirra háskóla sem nú eru reknir af hinu opinbera, að þeir verði gerðir að sjálfseignarstofnunum." — Eins og ég sagði áðan er í sjálfu sér enginn eðlismunur heldur bara stigsmunur á því hvort reksturinn fari fram á sjálfseignarformi eða einkahlutafélagsformi. Það eru í sjálfu sér ánægjuleg tíðindi að slíkt komi fram frá Samfylkingunni, að hún sé tilbúin til að skoða ný, betri og fjölbreyttari rekstrarform hvað varðar háskólastigið. Þessi ágæti hópur bætir frekar í. Hann leggur mikið upp úr því að háskólarnir séu samkeppnishæfir og keppi innbyrðis um góða nemendur og fræðimenn, að samkeppni fari fram á Íslandi um nemendur og fræðimenn. Ég verð að hæla Samfylkingunni fyrir þessar áhugaverðu hugmyndir.

Síðan er kafli um skólagjöld. Þar koma fram þessi stórkostlegu pólitísku tíðindi sem hv. þingmenn Bryndís Hlöðversdóttir og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir standa að (Gripið fram í.) og skrifa undir og varða stefnu Samfylkingarinnar varðandi töku skólagjalda. Það segir reyndar að sérstaklega þurfi að gæta þess við töku skólagjalda að þau virki ekki sem efnahagsleg hindrun fyrir einstaklinga til að sækja sér menntun, það sé mikilvægt að Lánasjóður íslenskra námsmanna láni fyrir skólagjöldum. Þetta er algjörlega í samræmi við þann málflutning sem Samfylkingin hefur gagnrýnt svo hressilega af hálfu Heimdallar. Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, hefur nákvæmlega talað fyrir þessum hlutum en jafnframt lagt áherslu á að skólagjöld séu lánshæf.

Síðan segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Rannsókn sem framkvæmd var af fræðimönnum við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og birtist haustið 2004 sýnir fram á verulegan efnahagslegan einkaávinning af ákveðnu háskólanámi, sérstaklega lækna-, viðskipta- og hagfræðinámi, auk tækni- og verkfræðináms. Nemur einkaarðsemi af ofangreindu námi um og yfir 20%."

Svo kemur:

„Skoða má hvort einstaklingar sem geta vænst slíks arðs af sínu námi greiði einhvern hluta þess kostnaðar sem af menntuninni hlýst, sérstaklega í ljósi þess að í rannsókn Hagfræðistofnunar HÍ er sýnt fram á að skólagjöld lækka arðsemi af námi einungis um 0,2–1,5%."

Að lokum segir, með leyfi forseta:

„Mætti e.t.v. segja að óeðlilegt sé að skattgreiðendur beri allan kostnað af menntun einstaklinga sem geta vænst slíks einkaarðs af sínu námi."

Það liggur fyrir að Samfylkingin hefur tekið undir með m.a. málflutningi þeim sem komið hefur fram úr röðum Heimdallar, málflutningi sem Samfylkingin hefur fram að þessu skammast yfir. Mig langar að nota tækifærið hér í

þessari ræðu minni til að óska Samfylkingunni innilega til hamingju með þá miklu stefnubreytingu sem hefur orðið hvað varðar stefnu hennar til töku skólagjalda á háskólastigi. Sú stefna lýsir frjórri hugsun og ákveðnum nýjungum í hugmyndafræði hennar. Það verður gaman að sjá hvernig þingmenn Samfylkingarinnar fylgja þessari stefnu sinni eftir þegar við á hinu háa Alþingi munum fjalla um mál sem þau hafa talið að varði skólagjöld en gera hins vegar að mínu mati ekki.

Þetta eru hin stóru pólitísku tíðindi í umræðunni sem hér hefur átt sér stað. Samfylkingin styður töku skólagjalda á háskólastigi. Þetta er það merkilega og það sem stendur upp úr í þessari umræðu. Í lok ræðu minnar vil ég lýsa því yfir að það mál sem að öðru leyti er hér til umfjöllunar er mikið framfaramál og mig langar til að óska hæstv. menntamálaráðherra innilega til hamingju með það.

[17:14]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég samgleðst hinni barnslegu kæti þingmannsins yfir Samfylkingunni. Hún er fölskvalaus og falleg og var ágætur endir á hans ágætu ræðu.

Hann gat sérstaklega um það að plaggið sem hann las svo vel og skýrt upp úr er umræðuplagg úr framtíðarhópi Samfylkingarinnar sem er eini flokkurinn á Íslandi sem þorir að taka opinskáa og hreinskipta umræðu um kosti og galla hinna ýmsu rekstrarforma, kosti og galla skólagjalda. Það er ekki farið í feluleik, baktjaldamakk og þau undirmál sem því fylgja að lauma hlutunum að eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fjallaði um áðan, að fara fjallabaksleið að því að innleiða skólagjöld á grunnnám í ríkisháskólana.

Stefna Samfylkingarinnar er alveg skýr. Hún hafnar eindregið skólagjöldum í grunnnám Háskóla Íslands. Hvort umræðuplagg framtíðarhópsins leiðir til breytinga á stefnunni kemur í ljós á landsfundinum næsta haust. Við skulum sjá hvað setur þar. Ég fagna umræðunni og tek undir það að plaggið er gott og þar er opnað með hreinskiptum hætti á hinar ýmsu leiðir.

Ég vil spyrja þingmanninn upp úr ræðu hans hvort hann telji að það að innheimta skólagjöld á tækninám í grunnnámi á Íslandi leiði til þess að á bresti fjöldaflótti nemenda til Norðurlandanna þar sem ekki eru innheimt skólagjöld. Í öðru lagi: Tekur hann undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni? Er hér um að ræða frekar dapurlega fjallabaksleið að upptöku skólagjalda í ríkisháskólunum þar sem menn hafa ekki pólitískan kjark til að koma framan að málinu, heldur hendast á það aftan frá? Í þriðja lagi: Hvað segir hann um jafnstöðu ríkisháskólanna á við hina einkareknu þar sem hinir einkareknu hafa heimild til innheimtu skólagjalda en ekki hinir? Finnst hv. þingmanni að heimila eigi ríkisháskólunum að innheimta jafnhá skólagjöld til að jafnstöðu sé þar náð við hina einkareknu sjálfseignarskóla?

[17:17]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tók eftir því að hv. þingmaður mótmælti ekki þeim sjónarmiðum sem ég las upp úr plaggi Samfylkingarinnar varðandi stefnu flokksins í menntamálum. Ég lít því þannig á að hann sé fylgjandi töku skólagjalda á háskólastigi eins og félagar hans, hv. þingmenn Bryndís Hlöðversdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir, virðast vera og ég óska honum til hamingju með það. Af því að ég veit að hv. þingmaður er ungur að árum get ég upplýst hann um það að honum standa allir vegir færir að ganga til liðs við Heimdall, Félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík. (**BjörgvS:** Hvar eru mörkin?) Mörkin eru við 35 ára aldur og menn sem eru þeirrar skoðunar sem hér hefur verið lýst eiga heima í því félagi og ég óska þingmanninum velfarnaðar í starfi fyrir félagið og býð hann velkominn.

Ég óttast ekki að það verði flótti tækni- og verkfræðinema til Norðurlanda ef tekin verða upp skólagjöld við hinn nýja háskóla. Ég tel að það muni ekki gerast, ekki frekar en þegar Háskólinn í Reykjavík var stofnaður og tekin voru upp skólagjöld þar í viðskiptafræðinámi.

Varðandi heimildir ríkisháskólanna til að taka upp skólagjöld höfum við sjálfstæðismenn alltaf sagt að yfirstjórn háskólans verður að ákveða hvort hún telji nauðsynlegt að taka upp skólagjöld vegna reksturs síns. Það eru ekki við stjórnmálamennirnir sem eigum að gera það, það eru stjórnendur skólanna. (Gripið fram í.) Það hefur ekkert breyst. Þetta er skoðun mín og hún er alveg skýr.

[17:18]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svar hv. þingmanns kom mér á óvart því hann er frekar opinskár um hægri sinnuðu skoðanir sínar, var það alla vega á árum fyrr og yfirleitt enn þá. Ég var að spyrja hann um viðhorf hans, ekki hvað hann teldi að stjórnvöld ættu að telja og eitthvað slíkt. Eiga ríkisháskólarnir að fá heimild til að innheimta skólagjöld til jafns við sjálfstæðu eða einkareknu skólana? Er hann ósammála hæstv. ráðherra sem segir að alls ekki komi til greina að heimila eigi ríkisreknu háskólunum að innheimta skólagjöld á grunnnám?

Þarna virðist vera einhver meiningarmunur. Þingmaðurinn hlýtur að hafa þá skoðun enn þá sem hann hefur viðrað í sjónvarpsþáttum árum saman, og er tíður gestur þar sem betur fer, enda gaman að hlusta á hann af því að hann er svo afdráttarlaus í skoðunum en hér fer hann undan í flæmingi. Telur hann að heimila eigi skólunum þetta? Ég skal svara fyrir mitt leyti af því að hann var að þýfga mig um frekari svör. Ég tel að það eigi ekki að heimila þeim að innheimta skólagjöld á grunnnám að svo komnu máli svo það sé alveg á hreinu. Hins vegar hef ég sagt að vel komi til greina að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að innheimta skólagjöld á ákveðið nám á framhaldsstigi. Menn noti hófleg staðfestingargjöld o.s.frv. Fyrst og fremst á eftir að taka þessa umræðu.

Sjálfstæðisflokkurinn er á harðaflótta í málinu. Hann gerir ekki eins og framtíðarhópur Samfylkingarinnar sem tekur opinskáa umræðu um kosti, galla og möguleika málsins, heldur reynir Sjálfstæðisflokkurinn að lauma því inn bakdyramegin að skólagjöld verði innheimt í ríkisháskólunum og ef ekki vill verða betur, þá með því að leggja þá niður og sameina öðrum. Þess vegna spyr ég hv. þingmann um pólitísk viðhorf hans, burtséð frá öllu öðru, hvort ríkisháskólarnir eigi ekki að reka sig að miklu meira leyti með skólagjöldum innheimtum af nemendum.

[17:20]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel ekki maklegt að væna okkur sjálfstæðismenn um að hafa forðast opinskáa umræðu um töku skólagjalda í ríkisháskólum. Hún hefur farið fram, bæði á vettvangi flokksins og sömuleiðis á vettvangi ungliðahreyfingar flokksins. Menn í mínum flokki hafa ekki verið neitt hræddir við að segja skoðun sína hvað varðar skólagjöld. (**BjörgvS:** Hver er það?) Svo ég fái að svara, þá hef aldrei verið hræddur við það, hvorki hér, í sjónvarpsþáttum eða á öðrum opinberum vettvangi að lýsa skoðun minni á þessum atriðum. Ég er þeirrar skoðunar, rétt eins og hinn ágæti hópur Samfylkingarinnar sem fjallar um rekstrarform í almannaþjónustu, að rétt sé að skoða að heimila Háskóla Íslands að taka skólagjöld. Ég hef aldrei dregið fjöður yfir það. Mér finnst ekkert óeðlilegt við það og ég hef sagt það áður, eins og Samfylkingin segir í stefnu sinni, að mér finnst það ekkert óeðlilegt. Það eru sterk rök á bak við það að stúdentar taki virkari og ríkari þátt í kostnaði þeim sem fellur til vegna náms þeirra. Þetta er alveg ljóst í mínum huga og meira að segja virðist mér þetta vera ljóst í huga hv. þingmanna Bryndísar Hlöðversdóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur, þingmanna Samfylkingarinnar.

Ég tel því að afstaða mín til málsins sé alveg skýr og að hún hafi alltaf verið það. Ég hef hins vegar sagt það og segi enn að ég tel að það sé ekki okkar stjórnmálamannanna, enda erum við ekki með nefið ofan í rekstri Háskóla Íslands frekar en annarra menntastofnana á Íslandi, að taka ákvörðun um hvort rétt sé að innheimta skólagjöld. Það er ákvörðun þeirra sem stýra skólunum sem vita hvar skórinn kreppir og hvort rétt sé að taka slík skólagjöld.

[17:23]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kom víða við í ræðu sinni, en gerði verulega að umtalsefni skólagjöld og vinnuplögg framtíðarhóps Samfylkingarinnar. Hann vitnaði til orða sem ég lét falla í ræðu minni áðan og taldi ýmislegt sem ég sagði til mjög stórra og merkilegra pólitískra tíðinda. Ég ætla að biðja hv. þingmann að gera ekki of mikið úr yfirlýsingum mínum, vegna þess að þær eru ekki nýjar af minni hálfu, þ.e. að ég vilji skoða málin í samhengi. Hins vegar er alveg skýrt að stefna Samfylkingarinnar er sú, eins og fram kom hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni, að hún er á móti upptöku skólagjalda í grunnnámi á háskólastigi. Það er enginn vafi um það.

Ég hef hins vegar sagt að það sé vænlegra til árangurs í því að tryggja jafnrétti til náms og jöfn tækifæri til náms, að málið sé skoðað heildstætt en gera ekki eins og Sjálfstæðisflokkurinn framkvæmir stefnu sína um að koma á skólagjöldum, að laumast inn bakdyramegin eða fara fjallabaksleiðir til að koma þessu á. Það mun skekkja kerfið á alvarlegan hátt og koma í veg fyrir jafnrétti til náms. Þess vegna eiga menn að skoða málið heildstætt en ekki skoða skólagjöld eingöngu sem fjármögnunarleiðir fyrir skóla. Mér sýnist það vera gert núna og er stefna sem ég er algerlega andvígur. Ég tel að nálgast eigi þetta út frá því hvernig við getum tryggt jafnrétti til náms, hvernig við getum tryggt sem jafnasta stöðu allra háskóla. Eitt af því sem skekkir myndina í því er að skólagjöld eru innheimt í sumum háskólum hér á landi sem Lánasjóðurinn lánar til. Síðan verða auðvitað afföll af skólagjöldunum o.s.frv. og færa má rök fyrir því, sem er varla hægt í svo stuttu andsvari, að ríkisframlögin séu hærri að því leytinu til. Á móti koma svo flóknir útreikningar varðandi t.d. rannsóknafé o.s.frv. Málið er því ekki svona einfalt heldur þarf að fara yfir það frá A til Ö.

[17:25]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að við hv. þm. Einar Már Sigurðarson séum sammála um mörg meginatriði málsins sem skipta miklu máli, eins og að tryggja jafnrétti til náms. Við sjálfstæðismenn höfum aldrei haft aðra stefnu en að tryggja að það jafnrétti sé ekki skert. En mér finnst ansi ódýrt að koma hingað upp á handahlaupum undan stefnu Samfylkingarinnar í menntamálum og kalla hana vinnuplögg.

Ég er með útskrift af heimasíðunni www.framtid.is, sem er heimasíða framtíðarhópsins. Þar segir um markmið hópsins, með leyfi forseta:

„Markmið framtíðarhópsins er í senn að innleiða ný vinnubrögð í íslenskum stjórnmálum og að móta tillögur að heildstæðri stefnu fyrir Samfylkinguna byggðar á grundvallarstefnu flokksins.“

Eins og ég fór yfir í ræðu minni eru það engir símastrákar sem skrifa undir þetta plagg um rekstrarform í almannaþjónustu. Það þýðir ekki að skýla sér á bak við það. Það eru hvorki meira né minna en tveir hv. þingmenn Samfylkingarinnar, Ásta R. Jóhannesdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir, sem fjalla um að rétt sé að taka skólagjöld á háskólastigi á Íslandi. Svo kallar hv. þingmaður plaggið vinnuplagg. Hér segir einfaldlega að þetta séu tillögur byggðar á grundvallarstefnu flokksins. Ég geri alla vega ráð fyrir því fyrir fram að þessir tveir hv. þingmenn Samfylkingarinnar leggi ekki fram tillögur sem ganga algerlega í berhögg við stefnu flokksins. Allt sem fram hefur komið í málinu liggur því fyrir. Það virðist vera í samræmi við stefnu Samfylkingarinnar og er stefna Samfylkingarinnar að taka skólagjöld í háskólum.

[17:27]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er óþarfi fyrir hv. þingmann að æsa sig svona mikið yfir málinu. Það er eðlilegt að hv. þingmaður kannist ekki við þannig vinnubrögð að menn leggi fram ýmsar hugmyndir, ræði þær og móti svo stefnu á grundvelli þeirra. Hjá okkur samþykkir landsfundur stefnuna og eins og hv. þingmaður las er framtíðarhópurinn að móta tillögur sem fara í eðlilegt ferli, en ég skil vel að hv. þingmaður kannist ekki við það því að einhver önnur vinnubrögð eru stunduð þar sem hann sinnir pólitískum störfum sínum.

Hv. þingmaður lýsti því yfir að við værum líklega sammála um ýmislegt í málinu. Ég vona að það sé rétt, en skil þá ekki hvers vegna stendur á því að Sjálfstæðisflokkurinn og ráðherrar hans skuli ekki geta komið hreint fram í því að ræða málin heildstætt. Ég var að lýsa eftir því að menn færu yfir umræðuna þannig að allt væri lagt á borðið, en ekki væri stöðugt verið að reyna að lauma hlutum inn, með mis-

jöfnum árangri að vísu og með mismunandi aðferðum, mismunandi feluleik en markmiðið virðist ætíð vera að koma skólagjöldunum inn.

Ég get endurtekið það fyrir hv. þingmann sem ég vona þó að muni ekki skapa okkur slíkan æsing að hann fari að minna okkur á hv. þm. Pétur H. Blöndal þegar hann lýsti yfir miklum æsingi sínum vegna skattafrumvarpa hæstv. fjármálaráðherra, þá get ég endurtekið það fyrir hv. þingmann að ég tel að umræðan sé mjög þörf og að fara þurfi yfir hana alla í samhengi. Ég er algerlega andvígur því að slíta málið úr samhengi og gera þetta á þann hátt sem hér er t.d. verið að gera og verður væntanlega rætt betur á næstu dögum varðandi skólagjöldin í hinum opinberu háskólum.

Ég vona að hv. þingmaður komi í lokaandsvari sínu og lýsi því yfir hreint og klárt hvort það sé einhver misskilningur hjá mér að stefna Sjálfstæðisflokksins sé sú að lauma inn skólagjöldum í háskólum og hann sé á móti heildstæðri umræðu um það hvort skólagjöld eiga við eða ekki og hvernig tryggja megi jafnrétti til náms á háskólastigi, hvort sem það er gert með skólagjöldum eða á einhvern annan hátt.

[17:29]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Já. Ég verð að svara spurningu hv. þingmanns játandi. Það er ákveðinn misskilningur að stefna Sjálfstæðisflokksins sé að lauma inn einhverjum skólagjöldum. Það hefur aldrei verið stefna Sjálfstæðisflokksins að vera með einhvern feluleik, hvorki varðandi skólagjöld eða aðra hluti. En maður skyldi ætla að ef markmið Sjálfstæðisflokksins væri að koma á skólagjöldum í ríkisháskólunum að hv. þm. Einar Már Sigurðarson tæki þeim markmiðum og stefnumiðum fagnandi vegna þess að það er svo sannarlega í samræmi við stefnu Samfylkingarinnar í menntamálum.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur aldrei, hvorki fyrr né síðar, staðið í vegi fyrir því að tekin sé heildstæð umræða um skólagjöld. Þá skulum við líka bara ræða um skólagjöld. Þau skrásetningargjöld sem við munum fjalla um á næstu dögum eru ekki skólagjöld. (**Gripið fram í:** Hvað er það þá?) Það hefur komið fram í viðtölum við fulltrúa ráðuneytisins við stjórnendur allra háskólanna að skráningargjöldin sem við fjöllum um hér eru ekki skólagjöld. Skólagjöldum er ætlað að standa undir þeim kennslukostnaði sem til fellur vegna náms þeirra sem sækja það í háskólanum. (**Gripið fram í:** En skráningargjöldin?) Skráningargjöldin eru þjónustugjöld vegna skráningar í háskólanum. Við getum fjallað um þau síðar. En ef við værum að tala um skólagjöld get ég upplýst hv. þm. Einar Má Sigurðarson um það að meðalkostnaður á nemanda í Kennaraháskóla Íslands vegna kennslu sem þar er innt af hendi er í kringum 650 þús. og ef hann telur að 45 þús. kr. skráningargjald sé ætlað að mæta þeim kostnaði er það misskilningur, eins og fleira í málflutningi hv. þingmanns.

[17:32]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Menn voru að sleppa orðinu um skólagjöld. Eftir þá umræðu í sölum Alþingis stendur maður einhvern veginn alltaf með þá tilfinningu að menn átti sig ekki á því hvað er átt við með orðinu skólagjöld. Eru skólagjöld ekki öll gjöld sem eru tekin fyrir að fá einhvers konar þjónustu í skólum? Verða menn ekki að komast til ráðs við að kalla hlutina sínum réttu nöfnum? Er meiningin að skilgreina einhverja sérstaka þjónustu í skólunum ekki sem skólagjöld og aðra þjónustu sem skólagjöld? Verða menn ekki að kalla það réttum nöfnum, kalla það endurgjald fyrir kennslu eða kennslugjöld sem menn borga ef menn ætla að skilgreina þetta í sundur, sem ég tel reyndar enga ástæðu til.

Mér finnst alveg furðulegt að hlusta á mörg andsvör í umræðunni og síðan ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar í dag sem gekk út á að hann var að koma þingheimi í skilning um að hann hefði fylgst með því sem Samfylkingin væri að gera hvað varðar umræðu um skólagjöld og fann út að komin væri stefna hjá Samfylkingunni sem færi saman við stefnu a.m.k. Heimdallar. Ég heyrði hann nú aldrei segja Sjálfstæðisflokksins, (**Gripið fram í:** SUS ...) Já, og kannski SUS, en Sjálfstæðisflokkinn nefndi hann ekki að ég hygg. Við höfum verið tekin í einhvers konar óvissuferð varðandi vilja stjórnvalda hvað varðar skólagjöld, af því að ekki er sett á borðið hvað menn ætla sér. Það liggur hvergi fyrir nein skýr yfirlýsing um hvert menn ætla, hvaða gjöld menn vilja leggja á í skólum og hvernig menn ætla að skilgreina þau. Það er verkefni sem stjórnmálaflokkarnir mega ekki ýta frá sér. Menn verða að svara þeim spurningum skýrt.

Samfylkingin hefur verið að fást við þessa spurningu, m.a. í Framtíðarhópnum, og auðvitað á Samfylkingin að svara því hvað hún vill gera. Á næsta landsfundi kemur t.d. fram hvort sú tillaga sem hér var nefnd verður að niðurstöðu eða ekki. Þingmenn geta auðvitað sagt skoðun sína í sölum Alþingis, en landsfundur sker úr. En þó það hvíli þung skylda á Samfylkingunni að svara því hvað hún vill gera er enn þá þyngri skylda á stjórnarflokkunum að svara því hvað þeir vilja gera, af því þeir bera ábyrgð á niðurstöðu hvað varðar stjórn og hvernig menn fara með fjármál og styðja við þá skóla sem starfa í landinu.

Þess vegna er gjörsamlega óviðunandi að ekki skuli liggja fyrir með neinum hætti hvað menn vilja gera hvað skólagjöld varðar í háskólum landsins. Að bjóða upp á það ár eftir ár að hér séu reknir skólar sem taka mjög há skólagjöld og eru í samkeppni við ríkisháskólana eins og gert hefur verið fram að þessu, án þess að menn komist til ráðs við það hvað eigi að gera til þess að jafna þann aðstöðumun sem verður með þessum hætti er ekki hægt að sætta sig við. Sú ábyrgð liggur hjá stjórnarflokkunum og hvergi annars staðar. Þeir verða að svara þeim spurningum sem ástandið vekur upp.

Það er svo margt sem væri ástæða til að tala um í sambandi við það frumvarp sem hér liggur fyrir. Það er ástæða til þess að rifja upp hvað rekstur Tækniháskóla Íslands sagði mikla sögu um það hvernig menn litu mismunandi augum á nám í landinu. Ég geri ráð fyrir að þingmenn hafi ýmsir skoðað þá aðstöðu sem Tækniskóli Íslands hefur búið við á undanförnum árum og síðan Tækniháskólinn. Það er satt að segja ekki hægt að hrópa húrra fyrir þeirri aðstöðu.

Þess vegna er hægt að fagna því að nú skuli koma áfangi sem gefur fyrirheit um að náminu verði komið í

betra horf hvað varðar aðstöðu í framtíðinni. Ég leyfi mér að segja að ég tel að endurskoða þurfi fleira en það sem gerist við að setja saman þessa tvo skóla. Ég tel að í Háskóla Íslands eigi að bjóða upp á sams konar námsleiðir og meiningin er að bjóða upp á í þessum skóla, vegna þess að munurinn á verkfræðinámi og tæknifræðinámi er ekki svo mikill og verður ekki mikill fyrr en kemur að lokaáföngunum. Þess vegna þarf námið að vera hugsað í áföngum þannig að menn séu ekki lokaðir af þegar kemur að framhaldinu. Það hefur mjög oft orðið niðurstaðan hjá mönnum sem hafa farið í tæknifræðinám að enda sem verkfræðingar ef þeir fara til útlanda t.d.

Ég sé ekki betur en það sé bráð nauðsyn á því ef menn ætla að ná þeim jákvæða árangri sem ætti að nást út úr því að vera með fleiri möguleika á skólum, að hægt sé að þjónusta hvort tveggja í Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands, bæði verkfræði- og tæknifræðinámi, með sambærilegum eða svipuðum hætti þannig að menn geti valið á milli þessara skóla og þeir geti keppt um nemendurna.

Hægt er að velta ýmsu fyrir sér í sambandi við hvernig þetta muni allt ganga. Við vitum t.d. að ekki er til húsnæði fyrir skólann. Það liggur heldur ekki fyrir með hvaða hætti menn ætla að leysa úr því. Það vill svo heppilega til að frést hefur af því að ein býsna stór og ágæt prentsmiðja sé að flytja úr húsum og þar muni losna húsnæði og ritstjórnarskrifstofur þess blaðs sem notaði prentsmiðjuna geti jafnvel líka verið til staðar. Þetta er tilviljun sem verður kannski ekki oft að það skuli einmitt gerast á sama svæði að menn sameina skóla og vantar húsnæði, að húsnæði losnar og þar er til staðar möguleiki á því að flytja starfsemi í burtu.

Ég held að rétt væri að hæstv. ráðherra gerði svolítið grein fyrir því í ræðu sinni á eftir hvaða möguleika hún sér helst hvað varðar húsnæðismál skólanna á næstunni til að leysa úr þeim vanda sem þar er, því auðvitað þarf að koma hinum nýja skóla í viðunandi húsnæði sem allra fyrst.

Ég vísa til þess sem félagar mínir hafa sagt um stjórn þessa nýja skóla. Ég held að full ástæða sé til þess að menn fari yfir það og skoði vandlega þegar ríkið á aðild að skólastarfi af þessu tagi að vel sé til vandað og að áhrifin á skólastarfið séu hugsuð fyrst og fremst út frá þörfum nemendanna sem þar eiga að fá þjónustu og kennslu, og að líka sé passað upp á þann grunn, þær eignir, það kapítal sem við eigum í Tækniháskólanum og að sá grunnur sem var til staðar sé ekki látinn grotna niður með neinum hætti.

Ég ætla ekki að hafa hér langt mál. Ég tel að menn hafi allt fram á þennan dag gert undarlegan greinarmun á þekkingarleit fólks eftir því hvort um er að ræða bóklegt nám eða nám á verksviði eða tæknisviði og löngu sé kominn tími til þess að menn líti þetta nákvæmlega sömu augum, geri leiðunum jafnt undir höfði. Það má heldur alls ekki ganga þannig fram að farið verði að gera upp á milli nemenda hvað varðar kostnað af skólanámi eftir því hvaða leiðir þeir velja í námi, ekki eftir því einu sinni hvaða möguleika það gefi á tekjum, heldur því eftir því hvað námsefnið heitir. Á það virkilega að vera þannig, að ef menn leita eftir því að verða tæknifræðingar borgi þeir miklu meira fyrir þá kennslu og þekkingarleit sína en þeir sem leita eftir því að verða verkfræðingar í gegnum Háskóla Íslands? Ætlar ríkið að standa í slíkri framtíð? Ætlar ríkið að skrifa upp á þannig verði gert upp á milli nemenda? Það er auðvitað óþolandi og verður að finna leiðir til þess að hlutirnir verði með sambærilegum hætti og að jafnræðis verði gætt gagnvart þeim nemendum sem hyggja á nám í þessum skólum.

[17:43]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem fram hefur farið til þessa, en það er þó nokkuð eftir. Engu að síður hafa komið upp margar spurningar sem ég tel rétt að reyna að svara á þessu stigi, en ég sé á mælendaskránni að þó nokkrir eru eftir og eflaust koma þá upp fleiri spurningar.

Meginástæðan fyrir sameiningu háskólanna er að auka og efla tækni- og verkfræðinám, auka samkeppni í náminu og ekki síst er þetta gert með þátttöku og dyggum stuðningi atvinnulífsins. Þetta er það sem m.a. atvinnulífið vill og það skiptir okkur máli þegar við tölum um þetta gríðarlega merkilega og stóra mál.

Mér finnst hins vegar miður að enginn af þeim hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem hafa komið upp í þennan ræðustól í dag hefur virkilega tekið undir þetta gríðarlega þýðingarmikla skref í háskólamálum sem við stígum með því að samþykkja frumvarpið.

Það er nokkuð sérstakt að fá það í rauninni skjalfest að þingmenn stjórnarandstöðunnar séu a.m.k. ekki hlynntir — fari ég rangt með verður að leiðrétta mig hér á eftir — þeim stórstígu framförum sem við erum að ræða hér um með því að sameina þessa háskóla, Tækniháskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Finnst mér það miður og það er frekar verið að reyna að gera þessa sameiningu tortryggilega. Á dauða mínum átti ég von en ekki þessu.

Menn hafa verið að ræða um eitt og annað. Hér hafa verið settar fram spurningar um m.a. það af hverju þessi sameining hafi orðið ofan á, af hverju ekki hafi verið reynt að leita annarra leiða. Auðvitað skoðuðum við ýmsar leiðir. Það hefur verið gert í gegnum tíðina og það er ekki hægt að tala um neina U-beygju í þessum málum eins og einn hv. þingmaður kom inn á. Lengi hafa verið athugaðir kostir þess að sameina eða fela Tækniháskólann öðrum rekstraraðilum, hvort tveggja á undanförnum árum. Það hefur ekki tekist. Því varð á sínum tíma tímans vegna að setja lögin um Tækniháskóla Íslands. Það var nauðsyn sem knúði okkur til að setja þá rammalöggjöf en það varð ekki til þess að við legðum árar í bát varðandi það að reyna að skoða kosti þess að sameina öðrum þennan góða háskóla sem er búið að vera að byggja upp undir dyggri forustu Stefaníu Karlsdóttur á undanförnum árum.

Menn hafa nefnt hér Bifröst. Gott og vel. Það er frábær skóli sem hefur verið í miklum vexti, örum vexti og hefur mikla sérstöðu meðal háskóla hér á landi. Hann hefur skapað sér þessa sérstöðu á markvissan hátt undir forustu Runólfs Ágústssonar rektors þar. Ég hef rætt við hann um m.a. hugsanlegar sameiningar og það er ekki beint uppi á borðum á þeim bænum, a.m.k. ekki að sinni. Þeir vilja frekar halda áfram að stuðla að sérstöðu sinni. Það er vel og ég tek heils hugar undir það. Okkur ber skylda til þess að huga að því hvernig hægt er að efla þann góða skóla.

Það hefur líka verið rætt af hverju Tækniháskólinn hafi ekki verið sameinaður verkfræðideild Háskóla Íslands. Það var á sínum tíma kannað. Það hefur komið skýrt fram, m.a. í viðtali við Stefaníu Karlsdóttur, rektor Tækniháskólans, þar sem hún sér skýrt og greinilega tækifærin sem felast í því að breyta um rekstrarform, að fara ekki ríkisháskólaleiðina og fara upp í Háskóla Íslands, heldur segir hún hreint og klárt í viðtali við Morgunblaðið á sínum tíma að hún sjái tækifæri felast í nýju og breyttu rekstrarformi, tækifæri sem koma til með að stuðla að því að styrkja það nám sem nú þegar stendur nemendum til boða í Tækniháskóla Íslands. Það er fyrst og fremst vegna hagsmuna tæknimenntunarinnar sem forsvarsmenn Tækniháskólans fara í þessa sameiningu með okkur, sjá það tækifæri sem blasir við þeim til að efla þennan nýja skóla, efla tæknimámið með því að fara þá leið sem við erum að fara hér.

Menntafélagið ehf. sem nú rekur Stýrimannaskólann með afar myndarlegum og jákvæðum hætti — það er nú þegar kominn jákvæður árangur og skemmtilegt að fylgjast með þeirri þróun sem er að gerast innan Menntafélagsins og Stýrimannaskólans — er einkahlutafélag en það er rétt sem hefur komið fram hér að það er ekki á háskólasviði. Það er ekki þar með sagt að ekki sé rétt að skoða þessa rekstrarleið og þetta rekstrarform. Að sjálfsögðu er það heimilað í lögum um Háskóla Íslands að menntamálaráðherra geti veitt einkaaðilum heimild til að reka háskóla. Ef hagsmunaaðilar hins nýja skóla meta það þannig að það sé betra og hagkvæmara að fara einkahlutafélagsleiðina viðurkenni ég það, tek undir þá leið með þeim og met það svo að þeir fari fyrst og fremst þá leið með hagsmuni skólans í huga.

Það var sérstaklega tekið fram í viljayfirlýsingu ráðuneytisins 19. október að einkahlutafélagið verður ekki rekið í hagnaðarskyni fyrir eigendur félagsins heldur verður hagnaður, ef hann kann að myndast, fyrst og fremst settur inn í skólastarfið og það eflt enn frekar, enda verðum við líka að hugsa þessa háskólaumræðu alveg upp á nýtt. Við verðum að sjá hvað við erum að gera með þessari samkeppni í háskólasamfélaginu. Það er verið að bítast um nemendur og að sjálfsögðu mun skóli með þessu rekstrarformi sjá hag sinn mikið í því að hlúa sem mest og best að hinu akademíska umhverfi og akademíska frelsi. Þeir vilja jú byggja upp öflugan háskóla og að nemendur sæki í það nám sem hann hefur fram að færa. Svo einfalt er það.

Menn vilja í þessum skóla sem öðrum háskólum landsins vera með aðlaðandi umhverfi, fjölbreytt nám, gæðanám, góða kennslu, góða kennara og prófessora, sem laða til sín nemendur. Um það snýst þetta í samkeppnisumhverfi á háskólasviðinu, að hafa umhverfi og háskólana þannig að það laði að hæfileikaríkt fólk sem hefur metnað til að byggja upp öfluga háskóla.

Þess vegna finnst mér tortryggnin gagnvart þessu rekstrarformi vera allt að því yfirgengileg hjá stjórnarandstöðunni en ég vona að hún sjái ljósið fyrir þennan nýja háskóla sem felst í því að geta byggt hann upp með öflugum hætti. Þetta er ekki ógnun við starfsemina eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson kom inn á, heldur miklu frekar munu þeir sem reka þennan nýja háskóla að sjálfsögðu hafa það að leiðarljósi hvernig hægt er að hlúa að háskólanáminu, akademísku umhverfi o.s.frv.

Ég vil reyna að svara fleiri spurningum, m.a. spurningu frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, þar sem hann fjallaði um fjárhagshliðina, kom m.a. inn á hallann. Sá halli sem er á skólunum er um 130 millj. og hann spurði hvort þetta væri í eitt skipti, hvort þetta væru nokkuð ný útgjöld. Það er alveg hárrétt, þetta er bara eitt skipti, hér er ekki um ný útgjöld að ræða af hálfu ríkisins.

Ég vil líka geta þess að það eru engin áform uppi og það eru engin fyrirheit af hálfu ríkisins um að koma að byggingu nýs húsnæðis fyrir hinn nýja skóla. Hið nýja rekstrarfélag mun algjörlega sjá um það. Það sem meira er, við erum með leigusamning fyrir Tækniháskóla Íslands sem rennur út árið 2009. Afar óhentugt húsnæði, því miður, kostnaðarsamt fyrir Tækniháskólann, óhagstæður leigusamningur, en nú er hins vegar mikið tækifæri uppi fyrir Tækniháskólann að komast mun fyrr í nýtt og glæsilegt húsnæði, þ.e. á árinu 2007 eins og fyrirætlanir hinnar nýju stjórnar hins nýja háskóla bera með sér. Tæknihluti hins nýja háskóla, Tækniháskólinn, mun komast mun fyrr í nýtt og glæsilegt húsnæði ef áform hinna nýju stjórnenda skólans ganga eftir. Það skiptir gríðarlega miklu máli að vel sé hlúð að öllu háskólaumhverfi, hvort sem það eru ríkisháskólarnir eða aðrir háskólar á þessum gróskumikla markaði í samkeppnisumhverfi.

Ég tek undir það með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að mér hefur þótt miður hvernig umræðan um þennan halla hefur þróast. Það er ekki hægt að rekja hann til stjórnenda skólans sem nú eru, síður en svo, því að á árinu 2003 var skólinn rekinn með halla sem samsvarar biðlaunakostnaði starfsmanna Tækniskólans gamla sem létu af störfum við breytinguna í Tækniháskólann. Síðan má bæta við að þessu til viðbótar kom til hallarekstur vegna þessa óhagkvæma húsnæðis sem hann er í, þessa leiguhúsnæðis. Ef þessir tveir kostnaðarliðir hefðu ekki komið til hefði skólinn verið hallalaus árið 2003, og árið 2004 er hann rekinn með rekstrarafgangi. Það er ekki síst fyrir tilstuðlan og þrotlausa vinnu núverandi stjórnenda sem hefur leitt til þessa viðsnúnings á rekstri Tækniháskólans. Það er líka gert í góðu samstarfi við menntamálaráðuneytið. Það hefur orðið viðsnúningur af hálfu Tækniháskóla Íslands.

Menn hafa líka rætt um af hverju hallinn þarna sé felldur niður en ekki við aðra sameiningu annarra háskólastofnana. Þetta er mjög einfalt mál í rauninni. Þegar menn hafa rætt um sameiningu annarra háskólastofnana voru menn að ræða m.a. um Landbúnaðarháskólann. Þar erum við að sameina ríkisstofnanir. Hér erum við að fella niður ríkisstofnun. Þetta er halli sem ríkið myndaði í rauninni og þarf að taka að sér að greiða. Þess vegna færist þessi halli yfir á ríkið, stendur eftir sem fjárskuldbinding og færist væntanlega yfir á ríkið á fjáraukalögum.

Það er mikill munur á því þegar verið er að fella niður ríkisstofnanir eða að sameina þær. Það veit ég að hinn skilningsríki hv. þm. Einar Már Sigurðarson skilur sem hefur verið lengi í fjárlaganefnd, að mig minnir.

Það var líka talað um kennslu í íþróttafræðum. Það mun ekki standa til að skerða kennsluna á Laugarvatni, síður en svo. Menn eru þegar byrjaðir að ræða hvernig hægt verði að efla kennsluna í íþróttafræðum á Laugarvatni. Ef við lít-

um til sögunnar kvíði ég engu varðandi Laugarvatn eða hina nýju sportakademíu því að samkeppni í háskólamálum sem og á öðrum sviðum samfélagsins hefur leitt til þess að gróskan hefur orðið mun meiri og tækifærum einstaklinganna fjölgað gríðarlega, allt auðvitað samfélaginu til hagsbóta.

Ég vil undirstrika það — ég sé að það er lítið eftir af tíma mínum að þessu sinni — að sameining þessara tveggja merku háskóla hefur verið studd dyggilega af atvinnulífinu, m.a. vil ég vitna í það sem Sveinn Hannesson hefur sagt um það efni í leiðara sínum hjá Samtökum iðnaðarins. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Samningur stjórnvalda, Samtaka iðnaðarins, Samtaka atvinnulífsins og Verslunarráðs Íslands um stofnun nýs háskóla er stórfrétt. Hér ná stjórnvöld og atvinnulíf breiðri samstöðu og ætla að láta verkin tala. Því er ekki að leyna að Samtök iðnaðarins urðu fyrir vonbrigðum á sínum tíma þegar ekki tókst samkomulag um að breyta Tækniskólanum í einkarekinn Tækniháskóla. Nú hefur þetta skref verið stigið og þar með staðfest að einkarekstur skóla er ekki lengur feimnismál eða skammaryrði heldur raunhæf og viðurkennd aðferð til þess að nýta betur opinbert fjármagn. Um leið sýna samtök í atvinnulífinu að þau geta staðið saman um stór verkefni."

Þetta eru orð sem ég tek undir. Þetta er gríðarlega stórt verkefni sem liggur fyrir Alþingi að fara vel yfir og að sjálfsögðu er það fyrst og fremst til hagsbóta fyrir allt háskólasamfélagið.

[17:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir rökunum fyrir því að stofna einkahlutafélag til að taka að sér þessa skóla. Er það vegna þess að metnaðarleysi hafi verið svo mikið að baki rekstri ríkisháskólans, Tækniháskólans, að orðið hafi að gera það?

Við höfum dæmi úr einkavæðingu velferðarþjónustunnar, eins og t.d. hjúkrunarheimilið Sóltún sem var búið til hlutafélag um. Rekstur þess er þannig að ef elliheimilið Grund fengi jafnmikið á hvern vistmann þar með sömu hjúkrunarþyngd fengi elliheimilið Grund 285 millj. kr. meira til síns rekstrar en það fær nú. Þar er borið fé á.

Hvernig mun þá vera háttað t.d. samningum við ríkið og þennan nýja skóla varðandi framlög? Þegar maður stofnar hlutafélög gerir maður það til þess að markaðsvæða verkefnið.

[18:00]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst miður að heyra hv. þingmann tala um metnaðarleysi af hálfu forsvarsmanna Tækniháskóla Íslands. Þvert á móti hefur mikill metnaður verið þar til staðar og þeir, eins og ég og atvinnulífið almennt séð, sáu tækifæri í því að sameina þessa tvo góðu háskóla, Tækniháskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Það er ekkert um annað ræða. Það eru gríðarleg tækifæri fyrir menntakerfið og háskólasamfélagið allt ef sameiningin kemst í gegn. Það er ekki verið að fara í einhverjar björgunaraðgerðir, síður en svo. Verið er að byggja upp öflugan háskóla sem gerir atvinnulífið mun samkeppnishæfara en ella og það hafa forsvarsmenn í atvinnulífinu nú þegar staðfest bæði í riti og í ræðum. Ég bendi því hv. þingmanni á þær staðreyndir sem þeir hafa dregið fram.

[18:01]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Umræða mín um metnaðarleysi sneri fyrst og fremst að ráðherra og ríkisstjórn. Starfsfólk Tækniháskólans hefur unnið af miklum metnaði. Metnaðarleysi hefur verið á skrifstofu ráðherrans, forvera hæstv. ráðherra og núverandi menntamálaráðherra.

Svörin við því hvers vegna á að fara út í einkahlutafélag. Hlutafélagavæðing er það þegar maður stofnar fyrirtæki sem á að geta gengið kaupum og sölum, hlutirnir geta gengið kaupum og sölum, hlutirnir eru markaðsvæddir. Ef þetta er eitthvað brýnt er það af því að allir skólarnir sem núna eru fyrir hendi, Háskólinn í Reykjavík og ríkisháskólarnir, séu svo ömurlegir, starfsemi þeirra svo slæm að keyra verður út í þennan vafasama rekstur á velferðarþjónustu í hlutafélagarekstur? Ég tók dæmi um elliheimilið Sóltún.

Hæstv. ráðherra hefur samt ekki svarað því hvernig nemendur sem eru núna í frumgreinadeild, ef þetta verður að veruleika með þeim hætti sem gert er ráð fyrir, hvaða rétt þeir hafa til þess að taka háskólanám sitt (Forseti hringir.) áfram í skólanum skólagjaldalaust.

[18:02]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að með því að fara þessa leið varðandi rekstrarformið eru forsvarsmenn hins nýja skóla að velja leið sem þeir telja rétta og raunhæfa til þess að byggja enn frekar upp háskóla á alþjóðamælikvarða og er mjög samkeppnisfær. Þeir hafa fyrst og fremst hagsmuni nemenda og atvinnulífs að leiðarljósi. Það er það sem þeir gera. Það er ekki ágóðinn sem er til staðar, enda er það skýrt og klárt í viljayfirlýsingu sem ég undirritaði ásamt forsvarsmönnum hins nýja skóla, að ef einhver hagnaður verður af einkahlutafélaginu rennur hann beint inn í rekstur skólans með það að markmiði að efla og styrkja hið innra skólastarf. Að sjálfsögðu munu hlutirnir ganga þannig fyrir sig.

[18:03]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fátt kemst að í stuttu andsvari þannig að ég ætla að vinda mér beint að efninu.

Ég vil byrja á því að ítreka þá spurningu sem fram kom fyrr í dag hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni í sambandi við frumgreinadeildina: Fá þeir nemendur sem nú hafa hafið nám í frumgreinadeildinni að ljúka tækninámi sínu sem þeir fara í eftir frumgreinadeildina gjaldfrítt, án þess að innheimt verði af þeim frekari skólagjöld en nú? Þetta þarf að vera á hreinu.

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra aftur, hún svaraði sumu áðan en alls ekki öllu: Hvað með verðmat á eignum og vild Tækniháskólans eins og það er í dag? Er það einskis metið,

er það núll? Ef svo er, af hverju er það svo?

Að lokum: Finnst hæstv. ráðherra eðlilegt að taka tæknifræðina með þessum hætti út úr grunnnámi á háskólastigi og innheimta fyrir það skólagjöld í einkareknum háskóla meðan svo er ekki um annað nám? Tekur hæstv. ráðherra ekki undir að hér sé um mismunun að ræða á milli nemenda og greina?

[18:04]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Nei, út af þessu síðastnefnda get ég sagt strax að ég tel ekki um mismunun að ræða. Þegar við lítum til þess sem gerðist með Listaháskóla Íslands getum við ekki sagt að það sé ójafnrétti til náms á því sviði, eða telur hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson að það sé ekki jafnrétti til náms þegar kemur að listgreinum í landinu? Að sjálfsögðu er það þannig. Það hafa allir jöfn tækifæri til þess að stunda listgreinar í landinu. En það vill svo til að þar eru skólagjöldin á annað hundrað þúsund. Þannig var það með ríkið þegar við gengum til samninga varðandi það fyrirkomulag sem nú er við lýði í Listaháskóla Íslands. Það er enginn sem lítur á þau mál þannig að Listaháskólinn hafi ekki stuðlað að öðru en jafnrétti til náms í auknum og fjölbreytilegum tækifærum, sér í lagi þegar kemur einmitt að listnáminu.

[18:05]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá er munurinn að Listaháskólinn er í eigu ríkisins. Ég ætla ekki að láta hæstv. ráðherra þvæla umræðunni út í það fen, því við erum að tala um grunnnám í tæknifræði sem er verið að taka út úr öðru grunnnámi á háskólastigi, setja yfir í einkarekinn skóla og þar með að sjálfsögðu verið að mismuna í samanburði við aðrar greinar grunnnáms í háskólum sem ríkið rekur. Að sjálfsögðu er verið að mismuna því gróflega. Undan því getur ráðherrann ekki vikist.

En aftur að verðmati eigna Tækniháskólans, viðskiptavild hans og öllum eignum og orðspori hans: Er það einskis metið? Af hverju er það einskis metið að því er virðist, auk þeirra meðgreiðslna upp á annað hundrað millj. kr. sem fylgja skólanum? Fór ekki fram verðmat á skólanum á vinnu og verðmat á eignum skólans og vild hans o.s.frv. og öllu því sem hann fer með með sér í hið nýja einkahlutafélag?

[18:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu fór fram mat m.a. á eigum og eignum skólans. Þær voru metnar á u.þ.b. 35–40 millj. Það var hafður nákvæmlega sami hátturinn á og þegar ríkið gekk til samninga við Menntafélagið varðandi Stýrimannaskólann og Vélskólann. Það eru leyfð afnot af tækjunum. Þetta eru ýmis tæki, tölvur og fleira sem er einfaldlega metið til þessarar fjárhæðar. Það er nákvæmlega sama fyrirkomulag, fyrir liggja fordæmi hvernig þessum málum er háttað.

Varðandi frumgreinadeildina vil ég ítreka enn og aftur að það verða ekki tekin skólagjöld á þeim sem eru í frumgreinanámi, en það er jafnframt ekki fyrirætlan hinnar nýju stjórnar að meta frumgreinanámið eins og háskólanámið, þannig að ætla má að þeir sem eru í frumgreinadeildinni núna komi til með að borga skólagjöld þegar fram í sækir. (**KolH:** Þá vitum við það.)

[18:07]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekki hægt að koma með allar þær athugasemdir sem maður þarf að gera í stuttu andsvari, þannig að ég geri ráð fyrir að umræðan haldi áfram síðar og þá gefist tækifæri til að fara betur yfir málin. Það virðist blasa við að hæstv. ráðherra telur það algjörlega vera í höndum þeirra sem við eru gerðir samningar hvernig þeir standa að rekstri háskóla. Það segir okkur að hæstv. ráðherra hefur engar kröfur gert í því sambandi og þar af leiðandi líklega ekki óskað eftir neinum skýringum. Þetta er bara allt saman hugsað svo fallega, vegna þess að nú er verið að hugsa allt upp á nýtt á háskólastiginu og nú bjargar samkeppni öllu.

Frú forseti. Það er nauðsynlegt miðað við ræðu hæstv. ráðherra að spyrja hvort hún hafi einhverjar hugmyndir um hvað þeir rekstraraðilar sem eru að taka við hinum nýja háskóla ætla að leggja mikið fjármagn í þá uppbyggingu sem fram undan er varðandi hinn nýja háskóla? Hvaða reglur hugsar ráðuneytið sér að miða við varðandi framlög til nemenda í hinum nýja háskóla?

[18:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það er rétt að við erum að tala um samkeppni sem við ellegar hefðum ekki verið að ræða um ef hv. þingmaður hefði einhverju fengið að ráða í þeim efnum, en það er önnur saga.

Að sjálfsögðu eigum við eftir að gera kennslusamning við hinn nýja háskóla. Það verður haft sama fyrirkomulag og gagnvart öðrum háskólum, það eru ákveðin nemendaígildi sem ríkið borgar fyrir og ekki meira. Þannig er það. Hinn nýi háskóli mun að sjálfsögðu og hefur þegar veitt fyrirheit um að hann komi til með að leggja í ákveðnar fjárhagsskuldbindingar, sér í lagi varðandi nýja húsnæðið, og við eigum að fagna því.

Við eigum að fagna því að atvinnulífið sé með þessum hætti að koma með öflugan stuðning í háskólasamfélagið. Í stað þess að karpa um allt að því smáatriði eiga menn frekar að fagna því og reyna að huga að því hvernig hægt sé að efla bæði þennan háskóla sem og alla aðra háskóla í landinu.

[18:10]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra heldur áfram að drepa málinu á dreif. Það verður bara að hafa það. Ég hef áður tekið það sérstaklega fram að ég fagni því að það sé samstarf við atvinnulífið varðandi rekstur háskóla og mætti vera við fleiri skóla. Ég tek því þessa sneið ekki til mín. Ég fagna því ef tekst að efla tækninám í landinu. Ég lít hins vegar

ekki á það sem neitt aukaatriði hvaða rekstrarform er á háskólanum. Ég lít á það sem gífurlega stórt atriði og við höfum farið yfir það í umræðunni að hugsanlega er verið að stíga nýtt skref inn í þennan heim.

Ég endurtek enn á ný að það virðist enn einu sinni verið að lauma skólagjöldum á háskólastigið án þess að við förum heildstætt yfir málið.

Þau orð sem hæstv. menntamálaráðherra nefndi varðandi listnám er enn einn rökstuðningurinn fyrir því að við skoðum málið heildstætt. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra, þar eru skólagjöld. Verið er að fjölga þeim skólum þar sem skólagjöld eru og þess vegna er algjörlega nauðsynlegt að við nálgumst umræðuna heildstætt og hættum að lauma þessu inn bakdyramegin eftir alls konar krókaleiðum.

[18:11]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mótmæli því að verið sé að lauma skólagjöldum bakdyramegin í háskólasamfélagið. Þetta er alveg hreint og klárt og ég er ávallt tilbúin til þess að taka umræðu um skólagjöld á heildstæðum, víðum og góðum grunni. Við sjálfstæðismenn höfum haft ákveðna stefnu varðandi skólagjöld. Við höfðum hana fyrir síðustu kosningar og við höfum ekki þurft að kalla á símastráka til þess að breyta stefnu okkar. Þannig er það hjá okkur, að við þurfum hvorki að breyta um kennitölur eða nöfn á flokknum til þess að horfast í augu við stefnu okkar sem hefur fylgt okkur í rúm 75 ár.

Ég ætla að reyna að hafa það þannig í mínu stutta andsvari að vera ekki að reyna að svara þessu nákvæmlega. Kennslusamninginn á eftir að gera, þannig að það sé skýrt. Þegar við komum að því að fara í kennslusamninginn og kennslusamningagerðina við háskólann verða að sjálfsögðu hafðar uppi miklar gæðakröfur og hugsanlega farnar að því leytinu til nýstárlegri leiðir en hafa verið farnar fram til þessa og sér í lagi með Bologna-ferlið í huga.

[18:12]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra hefur títt notað orðið samkeppni í umræðunum í dag og orðaði það svo áðan að skólarnir mundu bítast um nemendur, væntanlega þá á grundvelli faglegra gæða.

Á að skilja orð ráðherra svo í dag að hér sé um að ræða faglega gagnrýni á verkfræðideild Háskóla Íslands, að henni sé þörf á gagnrýni?

Nú er það svo að 100 virkir nemendur voru við nám í verkfræðideild Háskóla Íslands á síðasta skólaári án þess að kæmi til greiðslna frá ríkinu. Telur ráðherra þetta viðunandi samkeppnisstöðu verkfræðideildar Háskóla Íslands þegar annar skóli verður kominn til að keppa um nemendur? Og hyggst ráðherra beita sér fyrir bættri stöðu verkfræðideildar Háskóla Íslands í væntanlegri samkeppni við einkaskólann?

[18:13]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Ég vil undirstrika að verkfræðideild Háskóla Íslands hefur staðið sig afar vel fram til þessa bæði í kennslu og í framboði á því efni sem hún hefur fram að færa, hvort sem það er í gegnum kennara, prófessora eða aðra sem hafa komið að verkfræðimenntun í gegnum tíðina hjá Háskóla Íslands. Það er afskaplega þýðingarmikið.

Ég sé ekki að það eigi að gilda annað um verkfræðina en til að mynda lögfræðina og viðskiptafræðina, þar sem aukin samkeppni á því sviði hefur leitt til þess að við sjáum meiri grósku í öllum háskólum, Háskóla Íslands, Bifröst, Háskólanum í Reykjavík og líka fyrir norðan, af því að sú samkeppni var sem við erum að berjast fyrir. Ég vona að hv. þingmenn, sér í lagi Samfylkingarinnar, fari að sjá ljósið og átti sig á því að samkeppnin kemur til með að nýtast menntakerfinu og menntasamfélaginu öllu. Samkeppni er af hinu góða. Það hafa allir bent á það undanfarna daga, sér í lagi atvinnulífið sem veit hvaða þörf og hvers konar þörf er á menntuðu fólki innan lands.

[18:14]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg klárt að ef samkeppni á að vera af hinu góða verður þeim aðilum sem standa í samkeppni að vera gerðar sambærilegar undirstöður til að stunda samkeppnina á og það tel ég ekki vera í dag. Ég tel að Háskóli Íslands sé í mjög veikri stöðu með öllum þeim fjölda nemenda sem hann sinnir án þess að fá til þess nægilegt fjármagn.

[18:15]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í lokin fá að vitna í orð dr. Harðar Arnarsonar sem er forstjóri Marels. Hann veit nákvæmlega hvernig þörfin skapast á hinum almenna markaði. Hann segir, með leyfi forseta:

„Innlend samkeppni er alltaf til góðs. ... Þeim sem fyrir eru líður oft illa með nýja samkeppni, þótt fæstir vilji viðurkenna það. Sama gildir um menntastofnanir. Þau rök halda ekki, ef nýr aðili kemur inn á markaðinn t.d. með verkfræðinám, að þá verði nám í báðum háskólunum lakara en í þeim sem fyrir var. Þannig hræðsluáróður er ekki boðlegur nú á tímum og vonandi að þeir sem óttast samkeppni beiti almennt ekki þessum rökum.“

Umræðu frestað.

[18:16]

Útbýting:

Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., 423. mál, frv. EKG, þskj. 557.

Dvalarleyfi erlendra námsmanna, 420. mál, fsp. VF, þskj. 554.

Einkamálalög og þjóðlendulög, 190. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 563.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 320. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 572.

Greiðslur yfir landamæri í evrum, 212. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 560.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 208. mál, nál. allshn., þskj. 561; brtt. allshn., þskj. 562.

Skráning og mat fasteigna, 335. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 573.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 300. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 571.

Þriðja kynslóð farsíma, 160. mál, nál. samgn., þskj. 559.

[Fundarhlé. — 18:18]

[21:31]

Útbýting:

Aukatekjur ríkissjóðs, 375. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 578.

Háskóli Íslands, 348. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 575.

Háskólinn á Akureyri, 350. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 577.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 192. mál, nál. umhvn., þskj. 547; brtt. umhvn., þskj. 581.

Kennaraháskóli Íslands, 349. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 576.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 330. mál, nál. menntmn., þskj. 579; brtt. menntmn., þskj. 580.

Lífeyrissjóður sjómanna, 376. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 574.

Raforkuverð til garðyrkju, 415. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 549.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, 191. mál, nál. allshn., þskj. 569; brtt. allshn., þskj. 570.

Styrkir til að sporna við atvinnuleysi, 307. mál, svar félmrh., þskj. 558.

Úrvinnslusjóður, 419. mál, fsp. VF, þskj. 553.

Vöruflutningar til og frá Vestur-Barðastrandarsýslu, 352. mál, svar samgrh., þskj. 564.

Þagnarskylda um kaup og kjör, 418. mál, fsp. VF, þskj. 552.

Út af dagskrá voru tekin 2.–4. mál.

Fundi slitið kl. 21:33.

---

52. FUNDUR

miðvikudaginn 8. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Neyslustaðall, fsp. JóhS, 129. mál, þskj. 129.

Til heilbrigðisráðherra:

2. Rannsóknarstofa heilsugæslunnar í Reykjavík, fsp. ÁMöl, 227. mál, þskj. 233.

3. Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu, fsp. JBjart, 168. mál, þskj. 168.

Til menntamálaráðherra:

4. Samræmt gæðaeftirlit með háskólum, fsp. KolH, 283. mál, þskj. 305.

5. Aðgerðir í kjölfar verkfalls kennara, fsp. BjörgvS, 333. mál, þskj. 372.

Til forsætisráðherra:

6. Urriðastofnar Þingvallavatns, fsp. MÞH, 346. mál, þskj. 392.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.

Lagt fram á lestrarsal:

Áskorun frá þýsku mannréttindastofnuninni.

Tilkynning um dagskrá.

[10:00]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill láta þess getið að tvær utandagskrárumræður eru fyrirhugaðar í dag. Hin fyrri hefst um kl. 11 og er um lokun Kísiliðjunnar. Málshefjandi er hv. þm. Kristján Möller en hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara.

Hin síðari hefst kl. 1.30 í dag, að loknu hádegishléi, og er um samgöngur til Vestmannaeyja eftir 1. des. 2004. Málshefjandi er hv. þm. Hjálmar Árnason en hæstv. samgönguráðherra Sturla Böðvarsson verður til andsvara. Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

Athugasemdir um störf þingsins.

Náms- og starfsendurhæfing fyrir geðsjúka.

[10:01]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna ástandsins sem blasir við ef ekkert verður að gert í málefnum náms- og starfsendurhæfingar fyrir geðsjúka á vegum Fjölmenntar og Geðhjálpar en alger óvissa ríkir um framtíð þjónustunnar við þá 140 einstaklinga sem óska eftir áframhaldandi námi nú eftir áramótin.

Í haust sóttu um 140 manns um að komast í þetta nám en aðeins 80–90 fengu tilboð með ákveðnum takmörkunum og 50 manns fengu ekki nám. 6 millj. komu þá frá menntamálaráðuneytinu svo að hægt var að hefja námið í haust. Frá því í ágúst hafa verið viðræður milli menntamálaráðuneytisins og Geðhjálpar og Fjölmenntar um að endurskoða þjónustusamning og hafði menntamálaráðuneytið tilkynnt bæði Fjölmennt og Geðhjálp að búið yrði að ganga frá því *máli fyrir 1. desember. Nú er 8. desember og ekkert hefur* heyrst frá menntamálaráðuneytinu.

Fyrir þinginu liggur reyndar fyrirspurn um þetta mál sem ekki átti að svara fyrr en eftir áramót en vegna þess

hve alvarleg staða málsins er ákvað ég að taka málið upp hér undir liðnum um störf þingsins.

Þannig er mál með vexti að þessi tími, skammdegið, er ákaflega erfiður fyrir geðsjúka. Óöryggið og óvissan fram undan er slæm fyrir bæði nemendur og aðstandendur. Ég vil spyrja hæstv. menntamálaráðherra sem ég þakka fyrir að hafa komið til að svara þessari umræðu: Hvar stendur þetta mál? Þurfa geðsjúkir sem þurfa menntun að bíða áfram í óvissu? Þetta getur verið lífsspursmál fyrir marga þeirra. Ég veit að þetta líður fyrir það að heyra undir fleiri en einn ráðherra en menntamálaráðherra hefur verið með þetta mál á sinni könnu og ég óska hér með eftir því, virðulegi forseti, að upplýst verði hver staða málsins er.

[10:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að hér er um að ræða samstarfsverkefni sem fór af stað á sínum tíma á vegum Fjölmenntar annars vegar og Geðhjálpar hins vegar um starfsendurhæfingu og nám sem tengist málefnum geðsjúkra. Þannig er upphafið að þessu máli öllu saman, og í kjölfarið og á sínum tíma var gerð úttekt á þessu verkefni þar sem í ljós kom að þörfin er nokkuð brýn. Ég held að það sé ljóst að hún er brýn en síðan hafa málin þróast á þann veg að reynt var að láta þetta halda áfram í þeim farvegi, þ.e. á milli Fjölmenntar sem hóf þetta nám og Geðhjálpar, þessara tveggja aðila sem hófu þetta ágæta verkefni. Að því leytinu til er ljóst að engir samningar voru gerðir á milli ráðuneytanna sem koma að þessu máli núna og eru að reyna að leysa þetta, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og menntamálaráðuneytis, þannig að menn hafi það líka á hreinu. Það er líka alveg hreint og klárt að þjónustusamningur menntamálaráðuneytisins við Fjölmennt er í gildi, og Fjölmennt hefur verið falið það hlutverk að sinna fræðslumálum fatlaðra en í þeim samningi er enginn greinarmunur gerður á einstökum hópum fatlaðra.

Eins og kom fram í máli hv. þingmanns hafa farið fram viðræður milli Fjölmenntar og ráðuneytisins. Því miður hefur ekki enn náðst niðurstaða í þessu máli en engu að síður vil ég varpa ljósi á það að við höfum rætt um þetta, ég og heilbrigðisráðherra, með það auðvitað að markmiði að reyna að leysa málið. Ég vil einnig geta þess að í sumar voru að mínu frumkvæði settar til viðbótar í verkefnið 6 millj., þ.e. 2 millj. frá menntamálaráðuneyti, 2 millj. frá heilbrigðisráðuneyti og 2 millj. af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar.

[10:06]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Öryrkjum fjölgar nú um 700 á ári og þá mest í yngri aldurshópunum. Það er mikilvægt að nota öll þau úrræði sem til eru til að halda bæði geðsjúkum og geðfötluðum virkum úti í þjóðfélaginu. Fólk festist í hlutverki öryrkja og það er hlutverk sem við eigum að reyna að forðast.

Samstarfsverkefni Fjölmenntar og Geðhjálpar hófst í byrjun árs 2003. Það hefur sýnt sig að þar er unnið mikilvægt starf. Námið hefur nýst geðfötluðu fólki mjög vel. Námið kemur til móts við þarfir geðfatlaðra og einstaklinga sem hafa flosnað úr námi en vandamálið er það að þrjú ráðuneyti koma að málinu. Við þekkjum það öll að það er erfiðara að koma á samningum þegar fleiri en eitt ráðuneyti eiga í hlut. Ég hvet hæstv. menntamálaráðherra til að beita sér í þessu máli og fá til liðs við sig bæði félagsmála- og heilbrigðisráðherra til að ganga þegar frá þjónustusamningi við Fjölmennt og Geðvernd um áframhaldandi nám. Það er búið að loka fjárlögum og þetta er eitt af mörgum verkefnum sem ég tel að muni banka fljótlega upp á á þeim fáu dögum sem eftir eru fram að þinghléi og strax á næsta ári. Það vantar fjármagn inn í stoðþjónustu sem er utan stofnana. Það er ekki nóg að greina, það þarf líka að bjóða upp á meðferðarúrræði og þetta meðferðarúrræði er mjög til bóta og gefur fólki góða von.

[10:08]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að taka undir orð hv. þingmanna um að mikilvægt sé að leiða þetta mál til lykta. Vissulega eru vonbrigði að heyra að ekki hafi náðst niðurstaða í samræður og viðræður Fjölmenntar annars vegar og fulltrúa menntamálaráðuneytisins hins vegar. Það er ástæða til að skora á ráðherrana þrjá sem hér eiga í hlut að setjast niður og klára þetta mál. Það væri fróðlegt að heyra viðhorf hæstv. heilbrigðisráðherra sem er staddur í salnum núna því að hæstv. menntamálaráðherra hefur tjáð vilja sinn til að klára þetta mál þannig að sómi sé að.

Það leikur enginn vafi á því að Fjölmennt og þau tækifæri sem það opnar geðfötluðum og þeim sem eiga við slík vandamál og veikindi að stríða dyrnar aftur út í samfélagið, eykur þeim sjálfstraust og hæfi til að takast á við tilveruna á nýjan leik þegar fólk er að rísa upp úr erfiðum veikindum sem er erfitt að meðhöndla. Þá er enn þá erfiðara að finna oft fótum sínum forráð í tilverunni þegar þeirri leið í sjúkdómsgöngunni sleppir og mjög mikilvægt að auka aðgengi að menntun og tækifærum til að takast þannig á við tilveruna og fjölga tækifærum þessa fólks á atvinnumarkaði. Oft er um að ræða fólk sem hefur flosnað snemma upp úr námi án þess að ljúka annarri skólagöngu en grunnskólanum vegna veikinda sinna. Þess vegna er ekki síst áríðandi að leiða málið til lykta af festu, og fljótt. Þetta eru litlir peningar en mikilvægt mál. Þess vegna er ástæða til að skora á ráðherrana þrjá að beita sér af fullri hörku í þessu máli og leiða það til lykta svo fljótt sem verða má.

Óvissan og óöryggið er alvarlegt fyrir þetta fólk og því ástæða til að ljúka málinu.

[10:10]

Helgi Hjörvar:

Virðulegi forseti. Ekki efast sá sem hér stendur um góðan vilja þeirra ágætu ráðherra sem að þessu máli koma til lausnar á því en betur má ef duga skal. Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. menntamálaráðherra að hún beitti sér síðasta haust fyrir því að í verkefnið fengust 6 millj. Það dugði þó ekki nema til að mæta tveimur þriðju hluta þarfarinnar núna í haust. Umsækjendur um þá menntun og endurhæf-

ingu sem hér er í boði voru um 140 en aðeins var hægt að taka á móti 80–90 manns.

Hér er um litlar fjárhæðir að ræða og það er fagnaðarefni að þeir sem stríða við geðfötlun leiti sjálfir eftir og hafi frumkvæði að því að leita eftir endurhæfingu og menntun af því tagi sem hér um ræðir. Þeim eiga að standa þær dyr opnar. Það er óviðunandi að það sé biðlisti geðfatlaðra eftir úrræðum sem ekki eru kostnaðarmeiri en hér um ræðir. Við getum ekki í þessum sölum undrast yfir því annan daginn að öryrkjum sem ekki eru á vinnumarkaði fari fjölgandi ár frá ári og sjá ekki síðan, ég vil segja, af smáaurum í nauðsynleg verkefni af þessu tagi. Ég treysti því að þeir ráðherrar sem hér eiga hlut að máli leggist saman á árarnar og nái þessu máli í land, eins og ég trúi og treysti að vilji þeirra standi til.

[10:12]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér er hreyft afskaplega mikilvægu máli í dag. Sem betur fer er öll umræða um geðfatlaða opnari í dag en hún var fyrir nokkrum árum. Þetta er, eins og hefur komið fram, afar viðkvæmur tími fyrir marga og allt starf með geðfötluðum skiptir afskaplega miklu máli, ekki bara fyrir þá sem einstaklinga heldur okkur öll sem samfélag.

Það er mikil og brýn þörf fyrir starfsmenntun og starfsþjálfun og ég vil í þessu minna á aukin úrræði sem eru að verða fjölbreytt sem betur fer. Ég minni á klúbbinn Geysi þar sem fer fram mjög markviss vinnumiðlun og uppbygging einstaklingsins, og samsvarandi klúbbar eru komnir á stofn bæði á Selfossi og í Reykjanesbæ. Ég held að þetta sé með því mikilvægara sem við komum að, þ.e. að byggja upp einstaklinginn, tala opinskátt um vandamálin og gera þá hæfari til að komast út í samfélagið sem fyrst.

[10:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að þessu máli sé hreyft. Það er meira en tímabært. Eiginlega er alveg til skammar að ekki skuli vera komin niðurstaða hvað varðar þá önn sem á að hefjast í janúarmánuði nk. Ég verð að segja að mér fundust svör hæstv. menntamálaráðherra, ef svör skyldi kalla, heldur deyfðarleg. Stjórnvöld eiga auðvitað að taka því fagnandi að eiga kost á samstarfi við aðila eins og Geðhjálp um svona verkefni. Það er að mínu mati fyrst og fremst þannig sem á að líta á hlutina. Það er til fyrirmyndar, og stjórnvöld eiga að taka því fegins hendi að eiga kost á samstarfi við slíkan aðila sem leggur mikið af mörkum. Það að láta það vera í óvissu út af einhverjum smávægilegum fjármunum er svo sannarlega að kasta krónunni og spara eyrinn. Ef það er eitthvað sem er tiltölulega óumdeilt að er jákvætt og getur sparað mikla fjármuni, fyrir utan mannlega þáttinn, er það auðvitað að styðja fólk til endurhæfingar og aðstoða það út í lífið, út á vinnumarkaðinn á nýjan leik eftir að hafa lent í veikindum eða erfiðleikum af þessu tagi.

Svo vil ég segja að lokum að menn eru að tala um að þetta sé eitthvert vandamál af því að þetta heyri undir þrjú ráðuneyti. Það er engin afsökun, eitt ráðuneyti tekur ósköp einfaldlega forustu fyrir verkefnum af þessu tagi. Ég hélt að hæstv. ríkisstjórn fundaði nógu oft og að sessunautarnir gætu leyst úr því hver það er. Mér skilst að það sé þá hæstv. menntamálaráðherra, og það er vel. Þar með er það í höfn og það er engin afsökun þó að tvö eða fleiri ráðuneyti leggi sitt af mörkum og um viðfangsefni af því tagi sé að ræða sem að hluta til heyrir undir fleiri en eitt málasvið. Það er engin afsökun fyrir því að þetta sé í einhverjum seinagangi og vandræðum. Það á að klára þetta mál í hvelli.

[10:15]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég tek undir að um mikilvægt mál er að ræða. Málið var rætt í ríkisstjórn á haustdögum. Þá voru gerðar ráðstafanir til þess að halda starfseminni áfram til áramóta og einnig var rætt um hvernig vista ætti starfið. Niðurstaðan varð sú að eðlilegt væri að það væri viðauki við þjónustusamning Fjölmenntar og menntamálaráðuneytisins. Síðan hefur hæstv. menntamálaráðherra unnið að málinu. Mér er kunnugt um það og við höfum verið í sambandi vegna málsins. Stefna heilbrigðisráðuneytisins er að þjóna geðfötluðum í samfélaginu eftir því sem kostur er, forðast stofnanavistun þeirra eftir því sem mögulegt er og ég tel það mjög áríðandi. Ég tel því mjög áríðandi að niðurstaða fáist í málinu og mun vissulega hafa samstarf við hæstv. menntamálaráðherra um það.

Málið er í þessum farvegi og ég vona svo sannarlega að við náum um þetta niðurstöðu. Heilbrigðisráðuneytið vill fyrir sitt leyti stuðla að því.

[10:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka þeim sem tóku þátt í umræðunni. Það er greinilega mikill skilningur á því að leysa þurfi málið. Hæstv. heilbrigðisráðherra vill forðast stofnanavist. Við viljum koma geðsjúkum aftur út í lífið og gera þá virka þjóðfélagsþegna að nýju.

Hvers vegna er þá málið látið bíða svona? Fólk er áhyggjufullt og óöryggi ríkir á heimilum geðfatlaðra, meðal aðstandenda og meðal kennara hjá Fjölmennt sem sinna mjög dýrmætu og mikilvægu starfi, bæði Geðhjálp og Fjölmennt. Við eigum ekki að þurfa að horfa upp á biðlista fyrir þennan hóp. Öryrkjum er að fjölga og menn kvarta yfir því. Hvers vegna taka menn ekki höndum saman? Ég heyri að hæstv. menntamálaráðherra er tilbúin og hæstv. heilbrigðisráðherra talar einnig í þá veru. Hvernig væri nú að drífa þetta af fyrir jólin þannig að fólk þurfi ekki að búa við þessa óvissu og tryggja fjármunina — þetta eru lágar fjárhæðir sem við erum að tala um — þannig að hægt sé að sinna því mikilvæga starfi sem þarna er á ferðinni og tryggja að allir komist að. Það voru ekki nema tveir þriðju sem komust að í haust þegar 6 millj. kr. komu. Við þurfum viðbótarfjármagn þannig að hópurinn geti hafið starfsmenntun sína og endurhæfingu þannig að hann komist aftur út í lífið.

Ég skora á hæstv. félagsmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og menntamálaráðherra að taka höndum saman við aðra ráðherra — ég sé að forsætisráðherra situr hér í hliðarherbergi sem veit af málinu líka — að þeir taki sig saman á næsta ríkisstjórnarfundi og tryggi að námið hefjist á tilsettum tíma í janúar og að allir sem óska eftir því geti fengið

þessa þjónustu sem mikil þörf er fyrir í samfélaginu í dag.

[10:19]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil, eins og fleiri hafa gert, þakka fyrir þessa mikilvægu og brýnu umræðu. Það gera sér allir grein fyrir mikilvægi þessa ágæta verkefnis.

Ég undirstrika að verkefnið hófst að frumkvæði Fjölmenntar og Geðhjálpar og er það afar gott. Það er þjónustusamningur í gangi við Fjölmennt upp á 150 millj. kr. á ári. Þar er reyndar enginn greinarmunur gerður á fötluðum og því ósköp eðlilegt að Fjölmennt hafi hafið samstarf við Geðhjálp sem hefur skilað miklum árangri. Til viðbótar hafa bæst við 6 millj. kr. sem ríkisstjórnin samþykkti á haustmánuðum. Þær hafa því miður ekki dugað og það liggur fyrir og er alveg ljóst að við verðum að leysa málið.

Málið er í ákveðnum farvegi, eins og ég kom inn á áðan og hæstv. heilbrigðisráðherra líka, og ég vil ekki meina að það hafi verið notað sem afsökun að málið væri þvert á þrjú ráðuneyti, síður en svo. Mér finnst frekar jákvætt að það er ekki bara þverpólitísk samstaða um svona mál heldur sé líka komið af fagmennsku innan ráðuneytanna þriggja, félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis, að borðinu og málin rædd. Mér finnst það þýðingarmikið, það er engin afsökun en mér finnst skipta máli að við ræðum málin heildstætt og reynum að leysa menntunarmál geðsjúkra sem fyrst.

Neyslustaðall.

Fsp. JóhS, 129. mál. — Þskj. 129.

[10:21]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í maí 2001 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um gerð neyslustaðals sem fól m.a. í sér að hæstv. forsætisráðherra var falið að gera könnun á notkun neysluviðmiðanna í nágrannalöndum Íslendinga við ákvarðanir er lúta að fjárhæðum bóta og styrkja í velferðarkerfinu. Enn fremur átti að leggja mat á hvort ástæða væri til að samræma slíkar neysluviðmiðanir hér á landi, en tilgangurinn með flutningi tillögunnar var að unnið yrði að gerð samræmds neyslustaðals sem yrði leiðbeinandi fyrir stjórnvöld sem viðmiðunargrundvöllur við ýmsar ákvarðanir sem tengjast rétti til bóta samkvæmt skatta- og almannatryggingalögum sem og fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum. Ekki síður átti neyslustaðallinn að vera grundvöllur greiðsluáætlana og greiðslumats hjá lánastofnunum, þar með töldum Lánasjóði íslenskra námsmanna, og við innheimtu vangoldinna opinberra gjalda, t.d. skattaskulda og meðlagsgreiðslna.

Fyrir einu og hálfu ári innti ég þáverandi hæstv. forsætisráðherra, Davíð Oddsson, eftir framkvæmd á tillögunni. Þá upplýsti þáverandi hæstv. forsætisráðherra að hann hefði vísað málinu í nefnd sem væri að skoða m.a. fjölþrepatekjuskatt. Nefndinni var einnig falið að kanna forsendur þess að vinna upplýsingar um viðmiðunarreglu fyrir mismunandi fjölskyldur sem nota mætti við útreikninga á greiðslubyrði og félagslegum bótum og við mat á breytingum á skatta- og bótakerfinu.

Hæstv. forsætisráðherra taldi þá rétt að bíða eftir niðurstöðu nefndarinnar. Nú liggur hún fyrir, lá fyrir fyrir einu ári, og fram kemur í niðurstöðu nefndarinnar varðandi neyslustaðlana, með leyfi forseta:

„Nefndin telur brýna þörf á viðmiðunarreglum sem nota megi m.a. við útreikning á greiðslubyrði félagslegra bóta o.fl. og leggur til að slík neysluviðmiðun verði unnin.“

Síðan benda þeir á að eðlilegt sé að nýta reynslu Norðmanna og Svía í þessum efnum og sníða viðmiðunarreglurnar eftir þeirri vinnu jafnframt því sem notast verði við þær innlendu rannsóknir um neyslu sem til eru, svo sem neyslukönnun Hagstofunnar og athuganir manneldisráðs. Þeir benda á líka að eðlilegast sé að opinberir aðilar komi að fjármögnun verksins ásamt þeim sem einkum þurfi á slíkum neyslustöðlum að halda.

Ég hef því leyft mér að leggja fyrir hæstv. forsætisráðherra eftirfarandi fyrirspurn:

Hvernig ætlar ríkisstjórnin að framfylgja þingsályktun um gerð neyslustaðals frá maí 2001 og niðurstöðu nefndar fjármálaráðherra um fjölþrepaskatt sem fjallaði um málið og taldi brýna þörf að koma á neyslustöðlum en nefndin skilaði af sér tillögum 3. apríl 2003?

[10:24]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að viðskiptaráðherra skipi starfshóp er skuli hafa umsjón með gerð forkönnunar á framkvæmd slíkrar neysluviðmiðunar, hverjir séu kostir þess og gallar miðað við íslenskar aðstæður. Einnig skal metið hvaða kostnaður kunni að fylgja því að viðhalda slíkum grunni þannig að hann haldi áfram að gefa raunhæfa mynd varðandi þá þætti framfærslukostnaðar sem eðlilegt er að séu í íslenskri útgáfu neysluviðmiðunarinnar.

Það hafði ekki verið gert ráð fyrir fjármagni til þessa verks á fjárlögum ársins í ár, en ríkisstjórnin hefur samþykkt að veita 2 millj. kr. af ráðstöfunarfé sínu til að hefja verkið. Í þeim starfshópi sem skipaður er eiga sæti fulltrúar félagsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, Hagstofu Íslands, auk viðskiptaráðuneytisins. Lögð er áhersla á það að starfshópurinn nýti sér þær rannsóknir og þá vinnu sem önnur Norðurlönd hafa lagt í á þessu sviði en SIFO, þ.e. norska neytendarannsóknarstofnunin, hefur boðið fram aðstoð sína við starfið hér á landi.

Það er gert ráð fyrir að með starfshópnum muni starfa sérfræðingur við rannsóknarstofnun háskóla sem faglegur ráðgjafi og starfsmaður og við það miðað að starfshópurinn skili skýrslu til viðskiptaráðherra eigi síðar en 31. desember á næsta ári, þ.e. í árslok 2005.

[10:26]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er full ástæða til þess að fagna yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra sem hér kemur fram, að viðskiptaráðherra hafi á ríkisstjórnarfundi verið falin forkönnun á framkvæmd slíkrar neysluviðmiðunar. Ég tel að það geti orðið mikil framför að koma á slíkum samræmdum

neyslustaðli sem ætti að styðja við velferðarkerfið. Við getum komið á neyslustaðli sem hægt er að byggja ýmsar bætur og ákvarðanir á þar sem leggja þarf til ákveðinn framfærslugrunn.

Hið opinbera tekur nú mið af a.m.k. fimm mismunandi framfærslugrunnum við ákvörðun bóta, lána, fjárhagsaðstoðar og styrkveitingar svo sem við mat á greiðslugetu vegna fjárhagserfiðleika. Við getum nefnt tryggingakerfið, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, Lánasjóð íslenskra námsmanna, Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, Íbúðalánasjóð og lánastofnanir. Ég held að það sé mikið framfaraspor ef við getum komið á samræmdum neyslustaðli eins og nágrannaþjóðir okkar hafa víða gert. Það hefur ítrekað verið kallað eftir slíkum neyslustaðli, m.a. frá Ráðgjafarstofu heimilanna, og því fagna ég yfirlýsingu hæstv. ráðherra og tel að hugur fylgi máli, vegna þess að ráðherrann upplýsir jafnframt að verja skuli ákveðnum fjármunum, 2 millj. kr., til þess að gera úttektina, og ég gat ekki skilið ráðherrann öðruvísi en að fyrir lægi ákvörðun um að farið yrði í slíkan samræmdan neyslustaðal. Þetta er fagnaðarefni og ég þakka fyrir svör hæstv. ráðherra.

Rannsóknarstofa heilsugæslunnar í Reykjavík.

Fsp. ÁMöl, 227. mál. — Þskj. 233.

[10:28]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Á síðustu missirum hefur þess verið gætt að ríkisstofnanir hafi í auknum mæli tekið inn verkefni sem þær hafa áður útvistað til einkaaðila. Einnig hefur borið á því að ríkisfyrirtæki hafi samið við aðra ríkisstofnun um að taka yfir verkefni sem áður voru í höndum einkaaðila. Þá eru dæmi þess að ríkisfyrirtæki séu í beinni samkeppni við einkaaðila um þjónustu og verkefni og hafi í krafti stöðu sinnar tekið yfir verkefni sem einkaaðilar hafa sýnt áhuga á og jafnvel keppst um að taka að sér.

Það sem eru þó sýnu verst eru ábendingar um að ríkisfyrirtæki hafi hreinlega stolið viðskiptahugmyndum sem einkaaðilar hafa kynnt þeim og gert þær að sínum. Þau hafa þannig brotið trúnað við viðkomandi aðila sem hefur leitað til stofnunarinnar í góðri trú. Þetta atriði er þó efni til síðari umræðu hér á hinu háa Alþingi.

Með þessi dæmi í huga er ekki furða að illa gangi að hemja rekstur ríkisins. Með þessari hegðan ríkisfyrirtækja standa stjórnvöld beint eða óbeint að því að þrengja að starfsemi einkaaðila í landinu í stað þess að hlúa að þeim og styrkja og skapa þeim eðlileg vaxtarskilyrði. Sú þróun stríðir jafnframt gegn stefnu ríkisstjórnarinnar.

Ástæða þess að ég tek þetta mál upp í fyrirspurnatíma er að á síðasta vori lagði heilsugæslan í Reykjavík niður rannsóknarstarfsemi sína en samdi án undangengins útboðs við aðra ríkisstofnun, Landspítala – háskólasjúkrahús, um framkvæmd rannsókna á hennar vegum. Heilsugæslan hafði áður útvistað hluta af rannsóknarstarfsemi sinni til einkaaðila með samningi þar um. Þessi háttur stríðir gegn innkaupastefnu ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var í ríkisstjórninni á árinu 2002. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á framkvæmd innkaupa, þannig að tryggt verði að öll opinber innkaup séu hagkvæm, opin, ábyrg og sanngjörn. Tilhögun innkaupanna miði að því að efla samkeppni á markaði. ...

Með því að fela einkaaðilum tiltekin verkefni er hægt að ná fram markmiðum um hagræðingu, aukna samkeppnishæfni og auka fjölbreytni þjónustunnar sem byggir upp þekkingu í þjóðfélaginu og nýtist öðrum aðilum á markaði. Innkaupastefnan nær því einnig til þess að bjóða út verkefni eða rekstrarþætti sem nú eru hluti af ríkisrekstri.“

Þessi stefna endurspeglast jafnframt í nýrri innkaupastefnu heilbrigðisráðuneytisins 2003–2006 þar sem segir m.a. að útboð á þjónustu og rekstrarþáttum skuli aukast og tekið verði í auknum mæli upp útvistun þátta sem ekki snúa beint að kjarnastarfsemi stofnana. Jafnframt segir í sama skjali, með leyfi forseta:

„Innkaup á sérfræðiþjónustu fari fram að undangenginni þarfagreiningu og útboði.“

Eftir að ég lagði fyrirspurn mína fram á hinu háa Alþingi, kom fram í fréttum að rannsóknarstofan í Mjódd sem hafði samning við heilsugæsluna um framkvæmd rannsókna um langt árabil og missti viðskiptin í kjölfar samnings heilsugæslunnar við LSH, hefur kært ákvörðun heilsugæslunnar í Reykjavík til samkeppnisráðs. Niðurstaða er ekki fengin í því máli.

Ég spyr því hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra: Hvað réð því að ekki var farið að stefnu heilbrigðisráðuneytis um útboð við kaup á sérfræðiþjónustu þegar rannsóknarstofa heilsugæslunnar í Reykjavík var lögð niður sl. sumar og samningur gerður við Landspítala – háskólasjúkrahús um að spítalinn tæki við rekstri hennar?

[10:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. n., Ásta Möller, hefur beint til mín fyrirspurn um hvað hafi ráðið því, eins og það er orðað í fyrirspurninni, að ekki var farið að stefnu heilbrigðisráðuneytisins um útboð við kaup á sérfræðiþjónustu þegar rannsóknarstofa heilsugæslunnar í Reykjavík var lögð niður sl. sumar og samningur gerður við Landspítala – háskólasjúkrahús um að spítalinn tæki við rekstri hennar.

Forsaga málsins er sú að hjá heilsugæslunni í Reykjavík voru uppi áform um að sameina minni rannsóknarstofur á heilsugæslustöðvunum í eina stærri rannsóknarstofu sem yrði staðsett á Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg. Rannsóknarstofu þessari var ætlað að annast rannsóknir í blóðmeinafræði og klínískri lífefnafræði fyrir heilsugæsluna í Reykjavík. Fyrir lá að hliðstæðar rannsóknarstofur voru fyrir hendi á Landspítala og afkastageta þeirra var langt umfram fyrirsjáanlega rannsóknarþörf. Ég taldi því mikilvægt að nýta þau tæki og aðstöðu sem þegar var fyrir hendi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og ekki er fullnýtt í stað þess að tvöfalda stofnkostnað með því að setja á fót nýja rannsóknarstofnun.

Hv. þm. spyr hvað hafi ráðið því að þjónustan var ekki boðin út. Því er til að svara að það hlýtur að vera háð mati hverju sinni hvort þjónusta er veitt af hinu opinbera eða hvort samið er við einkaaðila um einstaka verkþætti eftir atvikum að undangengnu útboði. Mat á því hvort semja skuli

við einkaaðila hlýtur ávallt að vera háð annars vegar mati á hagkvæmni og hins vegar mati á gæðum þjónustu. Í þessu tilviki var það mat mitt að ná mætti meiri hagkvæmni með því að nýta umframafkastagetu rannsóknarstofu á Landspítala en með því að bjóða út rannsóknirnar. Þannig taldi ég einnig að sú mikla reynsla og sérfræðiþekking sem fyrir er á Landspítala ætti að tryggja betur gæði þjónustunnar.

Tilgangur samnings heilsugæslunnar í Reykjavík og Landspítala – háskólasjúkrahúss um rannsóknarþjónustu er að ná sem mestri hagkvæmni í rannsóknum fyrir heilsugæsluna í Reykjavík. Er hann því í fullu samræmi við ákvæði 3. mgr. 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu þar sem ráðherra er veitt heimild til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að auka hagkvæmni og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu.

Ráðuneytinu ber að haga starfsemi stofnana sinna með þeim hætti að fjármunir nýtist sem best, m.a. með því að koma á samvinnu og samningum milli einstakra stofnana sem miða að því að lágmarka kostnað við einstaka rekstrarþætti. Ég tel því að mér hafi verið bæði rétt og skylt að leitast við að ná sem mestri hagræðingu í framkvæmd rannsókna fyrir heilsugæsluna í Reykjavík og hafi verið heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana í því skyni, m.a. að hlutast til um að heilsugæslan semdi við Landspítalann um rannsóknir. Ég tel því að hér hafi verið um að ræða nauðsynlegar ráðstafanir sem miði að því að draga úr kostnaði hins opinbera af heilbrigðisþjónustu.

[10:35]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég þekki forsögu þessa máls og bendi aftur á að framgangur málsins er ekki í samræmi við innkaupastefnu ráðuneytisins varðandi kaup á sérfræðiþjónustu. Ég geri því verulegar athugasemdir við þetta. Ég minni jafnframt á stefnu ríkisstjórnarinnar í innkaupamálum sem er í þá veru sem ég las áðan að „með því að fela einkaaðilum tiltekin verkefni er hægt að ná fram markmiðum um hagræðingu, aukna samkeppnishæfni og auka fjölbreytni þjónustunnar sem byggir upp þekkingu í þjóðfélaginu og nýtist öðrum aðilum á markaði".

Með þessari ákvörðun hefur heilbrigðisráðuneytið í rauninni tekið ákvörðun um að leita ekki leiða til þess að fá ákveðinn samanburð varðandi rekstur ríkisstofnana annars vegar og einkaaðila hins vegar. Ég bendi á að hæstv. heilbrigðisráðherra sagði nýverið í umræðu á hinu háa Alþingi að heilsugæslan í Lágmúla, sem er einkarekin, væri ein best rekna, afkastamesta og hagkvæmasta heilsugæslustöðin sem rekin er í landinu, sem bendir ekki til annars en að það sé hagkvæmt að semja við einkaaðila. Það sama á einnig við um heilsugæsluna í Salahverfinu. Þegar hún fór í útboð kom í ljós að fimm aðilar buðu í reksturinn og að tilboð þess aðila sem fékk verkefnið var lægra en mat ráðuneytisins sjálfs varðandi kostnaðarmat.

Síðan er eitt atriði í viðbót sem ég vil líka benda á að í samningi Landspítalans og heilsugæslunnar gefur Landspítalinn mestan afslátt á þeim þáttum rannsóknarstarfsemi sem einkaaðilar hafa með höndum. Hins vegar er minni afsláttur, afar lítill afsláttur gagnvart þeim þáttum sem Landspítalinn hefur einokunarstöðu á. Þetta sýnir að samkeppni leiðir til hagkvæmari niðurstöðu fyrir ríkið sem kaupanda á þjónustu jafnframt því sem hægt er að gera samanburð á þjónustu.

Ég er þeirrar skoðunar að þarna hafi verið kærkomið tækifæri fyrir heilbrigðisráðherra að fara eftir innkaupastefnu sinni og ná fram meiri hagkvæmni í rekstri og meiri tækifærum til samanburðar.

[10:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég undirstrika það og endurtek að þessar ráðstafanir voru gerðar við mjög sérstakar aðstæður. Ég taldi ekki hagkvæmt að setja upp nýja, stóra rannsóknarstofu í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg þegar önnur rannsóknarstofa með gífurlega umframafkastagetu var hinum megin við götuna. Það hefur í rauninni ekkert með stefnu ráðuneytisins að gera, hún er alveg óbreytt varðandi það að við leitum útboða ef okkur finnst það hagkvæmt. Það er stefna okkar. Við höfum gert það í takmörkuðum mæli að vísu, við gerðum það í Salahverfinu í Kópavogi. Það útboð hefur reynst ágætlega og við horfum auðvitað á reynsluna af því. Í Lágmúlanum er þjónustusamningur. Mig minnir að sú þjónusta hafi ekki verið boðin út á sínum tíma, útboðið í Salahverfi var nýjung. Þar höfum við fengið verðmæta reynslu af útboði í þessum efnum og við munum horfa á það í framtíðinni. En aðalatriðið er hagkvæmnin og að reyna að nýta þá peninga sem við höfum handa á milli sem best.

Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.

Fsp. JBjart, 168. mál. — Þskj. 168.

[10:39]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég ætla að það eigi ekki bara við um mig en ég hef nokkrum sinnum heyrt í fólki sem kvartar yfir því eða bendir á að það eigi ekki aðgang að heimilislækni eða ekki aðgang að heilsugæslustöð. Ef ég gef mér að eins hátti um aðra þingmenn þá getur maður gefið sér fyrir fram að þetta sé tiltekinn hópur, en mörg undanfarin ár hefur verið kastað fram ýmsum tölum um fjölda þeirra íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem ekki njóta heimilislæknis eða þjónustu heilsugæslustöðvar. Stundum hefur verið fullyrt að sá hópur telji ekki þúsund, heldur tugi þúsunda íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Mér finnst skipta máli, herra forseti, að það liggi fyrir haldbærar upplýsingar um þetta og um leið og liggja fyrir haldbærar upplýsingar um það hversu margir þessir íbúar eru, þá liggur það líka fyrir hvað við þurfum að byggja upp og efla rekstur heilsugæslunnar til að geta tryggt öllum íbúum höfuðborgarsvæðisins, eins og annars staðar á landinu, greiðan aðgang að grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins.

Það er nefnilega þannig, herra forseti, að það er almenn samstaða um þá forgangsröðun í heilbrigðisþjónustunni að tryggja að heilsugæslan geti sinnt því hlutverki að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu. Það er líka almennt viðurkennd og eiginlega óumdeild afgerandi hag-

kvæmni þess að heilsugæslan þjóni því hlutverki, enda er almennt talið að 80–85% af þjónustuþörf landsmanna megi sinna innan heilsugæslunnar.

Við megum heldur ekki gleyma þýðingu heilsugæslunnar fyrir sjúklinga, fyrir einstaklinga og fjölskyldur í landinu, vegna þess að störf og starfsumhverfi heimilislækna skapar þeim mjög náið samband við sjúklinga og fjölskyldur þeirra og heilbrigðiskerfið getur í rauninni ekki verið án þeirrar samhæfingar og yfirsýnar sem heilsugæslunni og heimilislæknum er ætlað að hafa. Ég held líka að með auknu þverfaglegu samstarfi innan heilsugæslunnar eða með þjónustusamningum, að ógleymdri rafrænni sjúkraskrá, getum við enn bætt þessa þjónustu. Undanfarið ár hefur verið unnið markvisst að því að byggja upp heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu og efla þá þjónustu, m.a. til að mæta fólksfjölgun og aukinni eftirspurn. Í fjárlögum þessa árs sér þess merki eins og undanfarin ár.

Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um hversu langt við eigum í land til að geta metið hver raunveruleg þörf er en upplýsingar um fjölda íbúa sem hafa hvorki aðgang að heilsugæslustöðvum né heimilislækni hafa ekki legið á lausu. Það er að því sem fyrirspurn mín til heilbrigðisráðherra lýtur. Ég hef spurt hæstv. ráðherra að því hve margir íbúar það séu sem ekki hafi aðgang, hvað heilsugæslustöðvarnar séu margar, hve mörg stöðugildi séu við hverja þeirra og hvað gert sé ráð fyrir að þessar tvær nýju stöðvar geti þjónað mörgum íbúum. Og loks hve mikið komum á heilsugæslustöðvar hafi fjölgað og hvað sé talið skýra þá fjölgun.

[10:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. s. hefur beint til mín fyrirspurn um heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu.

Í fyrsta lagi spyr þingmaðurinn um fjölda íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem hafi ekki aðgang að heimilislækni eða aðgang að heilsugæslustöð og á hverju þær tölur byggist.

Samkvæmt upplýsingum frá heilsugæslunni í Reykjavík sem byggjast á talningu úr sjúkraskrá voru í byrjun nóvember á milli þrjú og fjögur þúsund íbúar í Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesi án heimilislæknis.

Í öðru lagi spyr hv. þm. um fjölda heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu, fjölda stöðugilda við hverja þeirra og hve margir njóti þjónustu hverrar um sig.

Því er til að svara að á höfuðborgarsvæðinu voru alls 15 heilsugæslustöðvar, þar af 13 á svæði heilsugæslunnar, þ.e. í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ. Tölurnar sem ég fer yfir á eftir um fjölda á þjónustusvæðum stöðvanna, fjölda þeirra sem njóta þjónustu þeirra og fjölda ársverka á hverri stöð, ná ekki yfir Garðabæ, Hafnarfjörð og Álftanes.

Fram kemur að rúmlega 21 þúsund manns séu skráðir hjá sjálfstætt starfandi heimilislæknum.

Ef rætt er um mannfjölda á þjónustusvæði í maí 2004 og hve margir eru skráðir með heimilislækni í nóvember 2004 og hve mörg ársverk voru á viðkomandi heilsugæslu árið 2003, þá er ég með sundurliðaðar tölur um það hér en tíminn leyfir ekki að ég lesi það, en ég fer yfir niðurstöðutölurnar í þessu.

Mannfjöldinn á þjónustusvæðum er í maí 2004 150.318. Skráðir með heimilislækni eru 147.540. Og ársverk á viðkomandi heilsugæslu árið 2003 eru 254.

Hv. þm. spyr hvað gert sé ráð fyrir að þær tvær heilsugæslustöðvar sem áætlað er að koma á fót á þessu ári muni þjóna mörgum íbúum.

Í maí sl. voru íbúar á svæði heilsugæslustöðvarinnar í Salahverfi tæplega 5.800 en áætlað er að í hverfinu verði um 10 þúsund íbúar þegar það er fullbyggt. Í Voga- og Heimahverfi voru tæplega 4.500 íbúar í maí sl., en heilsugæslustöð mun taka til starfa þar á næsta ári.

Loks er spurt um hve mikið komum fjölgaði á heilsugæslustöðvar á síðastliðnu ári og hvað sé talið skýra fjölgunina.

Komum til læknis á heilsugæslustöðvar í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ fjölgaði á árinu 2003 um 11.640, þ.e. um 7,3%. Fyrstu átta mánuði þessa árs fjölgaði komum enn, um 16.788 sem svarar 16,1% ef miðað er við sama tímabil árið áður. Í þessum tölum eru hvorki komur í heilsuvernd né komur á einkareknu heilsugæslustöðvarnar í Lágmúla og Salahverfi í Kópavogi. Bætt aðgengi að heilsugæslustöðvunum og tilflutningur þjónustu, m.a. frá bráðamóttökum, eru helstu skýringar á þessari aukningu að mati forsvarsmanna heilsugæslunnar.

[10:46]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn en það kom fram í svari hæstv. heilbrigðisráðherra að fyrirhugað sé að setja á laggirnar nýja og langþráða heilsugæslustöð fyrir íbúa Voga- og Heimahverfis á næstunni. Í því sambandi langar mig til að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hann hafi tekið ákvörðun um rekstrarform hinnar nýju stöðvar, ekki síst í ljósi góðrar reynslu hæstv. heilbrigðisráðherra af samningum við einkaaðila um rekstur heilsugæslustöðva sem hann hefur lýst hér á hinu háa Alþingi, bæði varðandi heilsugæslustöðina í Salahverfi og ekki síður þá í Lágmúla sem, eins og kom fram í ræðu minni áðan, hæstv. heilbrigðisráðherra hefur lýst sem mjög hagkvæmri, vel rekinni og afkastamikilli heilsugæslustöð.

Ég vil spyrja ráðherrann, ítreka það, hvort hann hafi tekið ákvörðun um rekstrarform hinnar nýju stöðvar.

[10:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta er þörf umræða um heilsugæsluna. Ég fagna því að það skuli ekki vera fleiri en 3–4 þús. manns sem eru án heilsugæslulæknis á höfuðborgarsvæðinu í dag. Þetta hefur verið hátt í 20 þús. manns á undanförnum árum þannig að þarna hefur greinilega náðst árangur.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra út í hina nýju heilsugæslustöði í Voga- og Heimahverfi sem mér heyrist að muni þjóna 4.500 manns. Ekki er gert ráð fyrir að hún starfi nema í þrjá mánuði á næsta ári eftir því sem fjárlög segja. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvenær telur hann að hún verði komin í fulla notkun? Það verður auðvitað ekki á þessum þrem til fjórum mánuðum. Hvenær verðum við búin að leysa þann vanda sem þeir búa við sem hafa ekki aðgang að heilsugæslulækni, þ.e. þessi 3–4 þús., munum við

verða búin að leysa hann þegar þessar stöðvar sem eru í farvatninu verða komnar í fulla notkun?

[10:48]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Það er náttúrlega ekki vel gert gagnvart hæstv. ráðherra að spyrja hann um svona sundurliðun á tölum, það er ekki nokkur leið að henda reiður á tölunum þó að ráðherrann hafi gert grein fyrir þeim hér í ræðu sinni. Það var ekki vel gert. Meginmálið í ræðu og svari hæstv. ráðherra er náttúrlega það sem hann sagði í upphafi ræðu sinnar, að þetta væru 3–4 þús. manns af íbúafjöldanum á höfuðborgarsvæðinu sem ekki njóta heimilislæknis eða aðgengis að heilsugæslustöð. Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, þetta er verulegur árangur sem náðst hefur og því ber auðvitað að fagna.

Þetta var meginmálið í svari ráðherrans og gott að vera búin að fá það fram sem segir mér að til viðbótar því sem stendur til að byggja vantar ekki nema eins og eina heilsugæslustöð, hefðbundna að stærð, til að sinna íbúafjöldanum í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu til fulls.

Hins vegar kom jafnframt fram í svari ráðherra að tölurnar ná ekki til Garðabæjar, Hafnarfjarðar og Álftaness sem teljast jú til höfuðborgarsvæðisins. Ég hefði kosið að fá þær upplýsingar fram þó að þær séu ekki hér akkúrat núna. Ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi þær á takteinunum. Svo heyrist mér líka að með þessari nýju heilsugæslustöð í Salahverfi séu enn einir 5 þús. íbúar sem áfram vantar heimilislækni en að Voga- og Heimahverfisstöðin muni dekka þörfina í því hverfinu.

Loks vil ég ítreka, herra forseti, það sem kom fram í niðurlagi svars hæstv. ráðherra varðandi fjölgun koma á heilsugæslustöðvarnar, þær eru fyrst og fremst til marks um aukna og betri þjónustu og eflda þjónustu heilsugæslunnar. Meðal annars sagði hæstv. ráðherra að það væri vegna þess að verið væri að flytja þjónustu frá bráðavöktunum (Forseti hringir.) sem segir líka að við erum að þjónusta fólk á hagkvæmari hátt.

[10:50]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég undirstrika að verulegur árangur hefur náðst í starfsemi heilsugæslunnar hér undanfarin ár og ég fullyrði að aðgengið hefur batnað.

Spurningum var beint til mín hér, fyrst hvort ég hefði tekið ákvörðun um rekstrarform hinnar nýju stöðvar í Voga- og Heimahverfi. Ég hef ekki tekið hana enn þá en ég geng að því máli með opnum huga. Ég hef líka verið að skoða með hverjum hætti við gætum endurnýjað samninga við sjálfstætt starfandi heimilislækna samkvæmt þeirri viljayfirlýsingu sem við skrifuðum undir á sínum tíma. Við höfum verið að skoða þessi mál í ráðuneytinu og þurfum að taka ákvörðun innan tíðar um þau.

Varðandi það hvenær stöðin verður komin í fulla notkun — það á að skrifa undir verksamninga næsta föstudag og ég vonast til að þær áætlanir standi sem eru um að koma henni í gagnið á næsta ári og að hún komist í fulla notkun í framhaldi af því.

Varðandi svo aftur áform um framhaldið erum við að undirbúa að koma upp annarri heilsugæslustöð í Hafnarfirði. Þar kreppir skórinn. Síðan þarf að laga aðstæður heilsugæslustöðvarinnar í Árbæ. Það er verkefni sem hefur beðið en það þarf að laga aðstöðu þar.

Varðandi Salahverfið er það ekki fullbyggt enn þá en þegar það verður er áætlað að þar verði 10 þús. manns en þar eru tæplega 6 þús. manns eins og stendur núna.

Ég endurtek að það er áríðandi að halda þessari uppbyggingu áfram.

Samræmt gæðaeftirlit með háskólum.

Fsp. KolH, 283. mál. — Þskj. 305.

[10:53]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ólíkar leiðir til æðri menntunar, fjölbreytni menntunartækifæra, fjölgun nemenda á háskólastigi, fjölgun háskóla og efling háskólastigsins kallar allt á aukna umræðu um mat á háskólanámi.

Það eru haldnar málstefnur og málfundir um háskólastigið í ríkum mæli þessa dagana. Mér er kunnugt um að hæstv. menntamálaráðherra er að fara að tala á málþingi í dag sem fjallar um stjórnun háskóla. Haldnar hafa verið mjög fínar ráðstefnur og málþing í Háskóla Íslands síðustu vikur og missiri sem fjalla um skilgreiningar ólíkra skóla, t.d. á háskólastigi. Nýlega var dreift á Alþingi þingsályktunartillögu frá hv. þm. Framsóknarflokksins, Hjálmari Árnasyni og Dagnýju Jónsdóttur, sem fjallar um skilgreiningu háskólastigsins. Sú tillaga gerir ráð fyrir því að stofnuð verði nefnd til að skilgreina stöðu og hlutverk skóla á háskólastigi, enda sé mikilvægt að menntastefna þjóðarinnar sé skýr og skilvirk svo að ekki ríki um það neinn efi að hver skóli þjóni þeim markmiðum sem honum er ætlað að þjóna.

Norðurlöndin hafa um langt árabil haft með sér náið samstarf á sviði háskólamenntunar þar sem Íslendingar hafa verið virkir þátttakendur. Það samstarf hefur einnig náð til stjórnvalda þessara landa almennt og hafa menntamálaráðherrar Norðurlandanna lagt áherslu á að efla beri þetta samstarf. Í því skyni að auka vægi tiltekinna þátta í þessu samstarfi hafa stjórnvöld samstarfslanda á þessu sviði útbúið ýmsar yfirlýsingar sem þau nú starfa eftir. Þar má nefna yfirlýsingar eins og Lissabon-samþykktina, nýgerða Reykjavíkur-yfirlýsingu og svo Bologna-yfirlýsinguna sem leggur áherslu á eflingu gæðamats á háskólastigi. Það er einmitt eitt þeirra atriða sem hefur verið í sérstökum fókus á þessum tíma umróts og breytinga á háskólastiginu.

Gæðamat og gæðaeftirlit er sameiginlegt hagsmunamál okkar allra, ekki síst auðvitað stúdenta og háskólasamfélagsins, en einnig okkar sem komum á einhvern hátt að mótun stefnu í námi á háskólastigi.

Það er nauðsynlegt að meta á faglegan, skýran og óvilhallan hátt hvort skólar hér á landi standist þær kröfur sem gerðar eru til náms í sambærilegum greinum í erlendum háskólum. Slíkt mat er jú í samræmi við stefnu menntamálaráðuneytisins um gæðamat í skólastarfi og ætti að tryggja

að nemendur sem stunda nám í hinum ýmsu háskólagreinum hér á landi fái greiða inngöngu í framhaldsnám við góða háskóla hvar sem er í heiminum.

Í ljósi þessa alls, hæstv. forseti, hef ég lagt fyrir hæstv. menntamálaráðherra tvær spurningar. Þær eru eftirfarandi:

1. Með hvaða hætti hefur menntamálaráðuneytið gæðaeftirlit með háskólanámi og hvaða samræmdu kröfur liggja til grundvallar?

2. Hvaða fyrirmæli felast í Bologna-yfirlýsingunni um slíkt gæðaeftirlit og almennt um mat á gæðum háskólanáms?

[10:56]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Varðandi fyrri spurningu hv. þingmanns er í lögum um háskóla að finna almennt ákvæði um gæðaeftirlit á háskólastigi en skv. 4. gr. skal menntamálaráðherra hafa eftirlit með gæðum menntunar sem háskólar veita og að þeir uppfylli ákvæði laganna.

Árið 1999 voru gefnar út reglur um gæðaeftirlit með háskólakennslu á grundvelli þessara laga. Þær voru síðan endurskoðaðar árið 2003. Reglurnar gilda um allar háskólastofnanir sem heyra undir menntamálaráðuneytið, það er rétt að taka það fram. Samkvæmt reglunum skal hver háskólastofnun hafa eftirlit með gæðum kennslunnar á grundvelli formlegs gæðakerfis. Það felst m.a. í kerfisbundnu sjálfsmati stofnunarinnar eða eininga innan hennar og formlegri umfjöllun um matið til þess að bæta kennsluna. Þá skal einnig fara fram kerfisbundið mat á störfum kennara.

Hnykkt er á þessu í samningum ráðuneytisins við hverja háskólastofnun þar sem lögð er áhersla á að þróað sé formlegt gæðakerfi og lýsing á því birt opinberlega. Einnig er ákvæði í lögum um ytra mat á háskólastofnunum. Það getur náð til stofnunarinnar í heild, einstakra greina, skora, námsbrauta, deilda eða annarra skilgreindra eininga. Þá getur ytra gæðamat náð til nokkurra skóla eða eininga í senn. Við ytra gæðamatið er fjallað um alla þætti sem varða kennslu, svo sem innihald náms, kennslufyrirkomulagið, stjórnun, starfsmannamál, námsmat, málefni nemenda og aðbúnað.

Rektor viðkomandi háskólastofnunar skipar sjálfsmatshóp sem starfar samkvæmt leiðbeiningum er ráðherra setur. Formaður hópsins skipuleggur starfið, ber ábyrgð á sjálfsmatinu og ritun sjálfsmatsskýrslu. Í hópnum eiga 4 til 6 fulltrúar sæti og skulu allir starfa innan viðkomandi einingar og vera fulltrúar kennara, nemenda og stjórnenda. Að loknu sjálfsmati fer ytri matshópur á vettvang, sannreynir sjálfsmatsskýrslu, kannar önnur þau atriði sem hann telur nauðsynleg og ritar skýrslu um niðurstöður sínar.

Langflest lönd í Evrópu, m.a. öll Norðurlöndin, skylda háskólastofnanir til að koma upp formlegu gæðakerfi en munur er eftir löndum hvort stofnanir hafi frjálsar hendur um aðferðir eða þurfi að uppfylla ákveðin viðmið. Það ferli við ytra gæðamatið sem lýst er hér að ofan er svokallað fjögurra þrepa módel sem er notað í flestum löndum Evrópu, að mér skilst.

Varðandi seinni spurninguna er rétt að fara yfir tilurðina og markmið Bologna-yfirlýsingarinnar sem menntamálaráðherrar Evrópu gáfu en gerð er grein fyrir þeim tilmælum við mat á gæðum háskóla sem ráðherrar hafa síðan komið sér saman um. Það er ekki um að ræða fyrirmæli frá neinum aðila, heldur er þetta samkomulag um framgangsmáta. Bologna-yfirlýsingin er yfirlýsing sem menntamálaráðherrar 29 Evrópuríkja undirrituðu 1999 en markmiðið með henni er að vinna sameiginlega að því að gera Evrópu að samfelldu menntunarsvæði árið 2010. Með undirritun sinni tóku Íslendingar m.a. undir þau markmið Bologna-yfirlýsingarinnar að efla samstarf í Evrópu til að tryggja gæði háskólanáms. Þetta höfum við undirritað. Í Bologna-yfirlýsingunni er einungis getið um gæðatryggingu, þ.e. að efla skuli samstarf til þess að þróa sambærileg viðmið og aðferðafræði.

Á næsta ráðherrafundi á eftir Bologna-ferlinu sem haldinn var í Prag 2001 var nokkuð ítarlega fjallað um samstarf um gæðatryggingu en í yfirlýsingu fundarins segir m.a. að ráðherrarnir geri sér ljóst hið mikilvæga hlutverk gæðatryggingakerfa til að standa vörð um gæði háskólamenntunar og auðvelda samanburð á prófgráðum í Evrópu. Hvatt er síðan til nánara samstarfs matsstofnana og gæðatryggingaaneta og lögð áhersla á mikilvægi gagnkvæms trausts á milli þeirra. Ráðherrarnir beindu því til háskóla og annarra æðri menntastofnana, matsstofnana og Evrópunets um gæðamat æðri menntunar, INKQA, að vinna að því að þróa sameiginleg viðmið. Menntamálaráðuneytið hefur átt aðild að þessu Evrópuneti um gæðamat æðri menntunar frá stofnun þess 1999.

Þriðji ráðherrafundurinn í Bologna-ferlinu var haldinn í Berlín 2003 og þar lögðu ráðherrarnir áherslu á að gæði æðri menntunar séu þungamiðjan í uppbyggingu evrópska menntasvæðisins en samkvæmt grundvallarreglunni um sjálfstæði stofnana hvílir ábyrgðin á gæðamati fyrst og fremst á herðum menntastofnananna sjálfra. Í Berlín fóru ráðherrarnir þess á leit við fyrrnefnt Evrópunet um gæðamat að í samvinnu við Evrópusamtök háskólastofnana og samtök nemenda verði þróaðir sameiginlegir staðlar, verkferlar og leiðbeiningar til að tryggja gagnkvæmni eftirlitskerfa.

Eins og fyrr segir fylgist íslenska háskólasamfélagið með allri þeirri vinnu sem fer fram innan Bologna-ferlisins, ekki síður en yfirvöld sjálf. Varðandi gæðatryggingamálin er horft til niðurstöðu vinnunnar sem nú fer fram innan ferlisins sem getur væntanlega hentað hér á landi eins og í öðrum löndum Evrópu og orðið viðbót við það gæðamat sem nú þegar fer fram í háskólum hér á landi.

[11:01]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra afar fróðleg svör við spurningum mínum. Lýsing hæstv. ráðherra færir okkur heim sanninn um hversu mikilvægt gæðamat á háskólastarfi er, og hversu risavaxið verkefni það er. Þegar þetta er útlistað á svo skýran hátt sem hæstv. ráðherra gerði, leiðir maður hugann að því hvort íslensk stjórnvöld séu nægilega vel í stakk búin til að sinna þessu verkefni svo að vel fari. Kerfi af þessu tagi, sem hefur bæði innra og ytra gæðamat, og það að skrifa allar skýrslur sem því fylgja, og fylgjast með skýrslum sem koma frá sjálfsmatshópunum,

hlýtur að vera yfirþyrmandi og yfirgripsmikið verkefni. Hæstv. menntamálayfirvöld hljóta því að verða að hafa margt gott fagfólk til að sinna því.

Ég treysti því sannarlega að við höfum það, og ég veit að við höfum margt vel menntað og hæft fólk á sviði þessa málaflokks. Við verðum auðvitað að treysta hæstv. menntamálaráðherra hvað það varðar að málaflokkurinn fái nægilegt vægi í menntamálaráðuneytinu svo tryggt sé að við séum að gera jafn vel og mögulegt er.

Samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðherra mun Berlínarfundurinn hafa sett á oddinn að gæði æðri menntunar verði þungamiðjan í sameiginlegri stefnu ráðherranna og er það vel. Að sameiginlegir staðlar skuli nú vera í þróun í þeim efnum eykur auðvitað enn á öryggi okkar, því við verðum að sjá til þess að stúdentar í háskólum okkar séu öruggir um að nám þeirra standist gæðakröfur sem gerðar eru í nágrannalöndunum.

[11:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að hafa tekið upp þetta brýna málefni sem eru gæðamál háskóla og mér finnst hún einmitt hafa tekið á þeim punkti sem er afar mikilvægur í umræðunni. Eins og hún kom inn á í fyrri ræðu sinni hefur gróskan verið mjög mikil, það hefur verið mikil þensla — jákvæð þensla að sjálfsögðu — varðandi fjölgun nemenda, fjölgun háskóla, fjölgun námstækifæra, en þegar upp er staðið þá verðum við að hugsa um hvað það er sem nemendurnir fá. Fá nemendur þau gæði sem þeir eiga rétt á að fá og við viljum að þeir fái innan háskólasamfélagsins sem við höfum komið hér upp? Þau mál sem ég hef lagt áherslu á varðandi háskólamálin tengjast gæðamálunum. Í rauninni er einfalt að segja hver áherslan sé: Gæði, gæði, gæði eru nokkurn veginn þau lykilorð sem skipta máli fyrir háskólann í dag.

Í ljósi þeirrar gæðaumræðu sem hefur átt sér stað víðs vegar um Evrópu, hef ég ákveðið m.a. líka með tilliti til annarra skólastiga, að skipa hóp sem fer yfir gæðamálin og ég hef þegar skipað hann og hann mun vonandi skila mér sem fyrst tillögum um hvernig hægt sé að efla enn frekar þetta gæðaeftirlit, hvort sem það er innra eða ytra mat í háskólunum og í öðrum skólum landsins. Að þessu koma margir færir aðilar úr háskólunum, til að mynda frá Háskóla Íslands, frá atvinnulífinu og síðan frá öðrum góðum menntastofnunum og fræðslustofnunum í samfélaginu.

Þetta skiptir okkur gríðarlega miklu máli að við vitum að allt það fjármagn sem við höfum sett í menntamálin á undanförnum árum skili sér í formi mikilla gæða til nemenda okkar.

Aðgerðir í kjölfar verkfalls kennara.

Fsp. BjörgvS, 333. mál. — Þskj. 372.

[11:05]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Í kjaradeilu kennara og sveitarfélaganna á liðnu hausti varð verulegur skaði á skólagöngu tíu árganga skólabarna, skaði sem er hægt að bæta fyrir að hluta, gangi menntamálayfirvöld þannig fram í málinu og leggi til samræmdar aðgerðir við sveitarfélögin í landinu svo að úr megi bæta, og því fylgi fjármagn til að mæta aukakennslustundum. Yfir ein og hálf milljón skóladaga fóru í súginn í haust og nú er það á ábyrgð stjórnvalda að hafa forustu um að bæta börnunum skaðann.

Það hefur komið fram í máli hæstv. forsætisráðherra að rætt hafi verið í ríkisstjórn hvernig bregðast eigi við afleiðingunum verkfallsins á skólagöngu barnanna og sagði hæstv. ráðherra í umræðum á Alþingi að hann teldi að menntamálaráðherra mundi á næstunni hafa forgöngu um að kynna slíkar tillögur.

Nú líður að jólafríi í grunnskólum landsins og því spyr ég hæstv. ráðherra menntamála til hvaða aðgerða hún ætli að grípa. Hvað leggur hún til að sveitarfélögin geri til að mæta afleiðingum verkfallsins á skólagöngu barnanna? Meginmálið er að menntamálaráðherra leggi fram og hafi forustu um tillögugerð til að mæta afleiðingum verkfallsins með samræmdum hætti í öllum skólum landsins.

Eins og fram hefur komið í niðurstöðum úr alþjóðlegri samanburðarkönnun á námsgetu grunnskólabarna sem birtust fyrr í vikunni, svokallaðri PISA-könnun, þarf að lyfta grettistaki til að koma Íslendingum í fremstu röð í skólamálum. Þó að sumt í PISA-könnuninni sé jákvætt og eitthvað horfi þar til framfara, líkt og árangur stúlkna í stærðfræði, þá er þar samt margt sem er algjörlega óviðunandi og staðfesting á ákveðnu agaleysi og meðalmennsku í íslenskum skólamálum.

Margt í könnuninni er algjörlega óásættanlegt. Við eigum að vera í fremstu röð í öllum fögum og í báðum kynjum. Við þurfum að ná þverpólitískri þjóðarsátt um betri grunnskóla, svo einfalt er það mál. Ríki, sveitarfélög, menntasamfélagið, atvinnulífið og stjórnmálmenn þurfa að taka höndum saman, ná saman um markmið, leiðir og aukið fjármagn til menntamála. Um þetta mál hef ég óskað eftir sérstakri umræðu utan dagskrár og sem vonandi næst fyrir jól, það er áríðandi því annars dregst málið fram á nýja árið.

Samræmd og öflug tillögugerð frá hæstv. menntamálaráðherra til að mæta alvarlegum afleiðingum verkfallsins í haust á skólagöngu barnanna getur orðið gæfuríkt spor, fyrsta skref í þjóðarátaki um betri grunnskóla.

[11:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Menntamálaráðuneytið hefur verið í viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga, ekki eingöngu formann þess heldur þá sem koma að fræðslumálum innan Sambands íslenskra sveitarfélaga, um hvernig brugðist verði við afleiðingum verkfalls grunnskólakennara.

Enginn ágreiningur er milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytisins um að það er á hendi hvers sveitarfélags fyrir sig að grípa til aðgerða til að leitast við að bæta nemendum upp kennslu sem þeir hafa orðið af vegna verkfalls grunnskólakennara, að svo miklu leyti sem hægt er. Ýmis sveitarfélög, þar á meðal Reykjavík og Akureyri, hafa

sett upp samráðsnefndir til að gera tillögur um með hvaða hætti megi bæta nemendum upp kennslutapið og að mínu mati er til mikillar fyrirmyndar hvernig brugðist hefur verið við á þeim stöðum.

Af hálfu ráðuneytisins hefur samræmdum prófum í 4. og 7. bekk verið frestað fram í febrúar. Rétt er að fram komi að í þeim prófum er prófað í færni sem nemendur eiga að hafa náð í 3. og 6. bekk en ekki námsefni vetrarins. Tilgangur samræmdra prófa í 4. og 7. bekk er að veita þeim er standa nemendum næst mikilvægar upplýsingar um stöðu þeirra. Prófin eru fyrst og fremst í þágu nemenda í öðru samhengi en námsmat innan skóla. Niðurstöðurnar gefa síðan vísbendingar um að hve miklu leyti nemendur hafa náð grundvallarfærni sem frekara nám byggir á.

Eftir umræður við Námsmatsstofnun, sem sér um framkvæmd samræmdra prófa fyrir hönd ráðuneytisins, var ákveðið að fresta samræmdum prófum í 10. bekk um viku næsta vor, en lengri frest var einfaldlega ekki unnt að veita þar sem framkvæmdin hefði farið úr skorðum og einnig innritunin í framhaldsskóla. Tekið skal fram að samræmd próf í 10. bekk eru hönnuð til að mæla námsefni síðustu þriggja ára grunnskólans.

Menntamálaráðuneytið hefur einnig átt viðræður við forustumenn samtaka Heimilis og skóla um skólastarf í kjölfar verkfallsins. Í þeim viðræðum kom fram að mest um vert er talið að skólastarf fari fram með sem eðlilegustum hætti og allir sem koma að skólastarfi leggi sig fram um að láta nemendum líða sem best. Forsvarsmenn Heimilis og skóla lögðu áherslu á gott upplýsingarflæði milli stjórnvalda, skóla, kennara og foreldra. Hjá forsvarsmönnum Heimilis og skóla kom fram að sérstakt tillit yrði að taka til 10. bekkinga vegna undirbúnings samræmdra prófa og því beint til ráðuneytisins að tekið yrði tillit til röskunar skólastarfsins við innritun í framhaldsskólana í vor og mun ráðuneytið beita sér fyrir því í samráði og samstarfi við framhaldsskólana og fagaðila, að svo verði gert.

Eins og ég hef sagt er það á hendi hvers og eins sveitarfélags að ákveða hvernig leitast verður við að bæta nemendum upp þá röskun sem varð vegna verkfallsins. Menntamálaráðuneytið hefur sent sveitarstjórnum ósk um greinargerð um með hvaða hætti skólahald verði skipulagt í einstökum sveitarfélögum út skólaárið. Ráðuneytið telur sjálfsagt, og leggur mikla áherslu á að skólar nýti alla virka daga sem eftir eru af skólaárinu til kennslu, þar á meðal daga sem í venjulegu ári eru notaðir til ýmiss annars starfs. Menntamálaráðuneytið mun kanna hvort, og þá með hvaða hætti sveitarfélögin hafi brugðist við í þessu efni.

Í gegnum árin hefur menntamálaráðuneytið litið svo á að lögvarinn verkfallsréttur grunnskólakennara leiði til þess að ákvæði grunnskólalaga um skyldunám víki á meðan verkfall varir. Því sé eðlilegt að líta sömu augum á niðurfellingu kennslu vegna verkfalls kennara og þegar fella verður niður kennslu af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Því sé ekki hægt að skylda sveitarfélög til að bæta nemendum upp kennslu vegna verkfalls á sama hátt og ef um aðrar ófyrirsjáanlegar ástæður er að ræða, en hins vegar kemur þetta ekki í veg fyrir að sveitarfélög geri allt sem í þeirra valdi stendur til að uppfylla ákvæði grunnskólalaga. Það er því hvers sveitarfélags að ákveða hvort, og með hvaða hætti nemendum verði bætt upp kennslutap sem orðið er og hvernig best verði brugðist við þeirri röskun á námi grunnskólanema sem orðin er og mun menntamálaráðuneytið að sjálfsögðu hafa eftirlit með því, eins og því ber lögum samkvæmt.

[11:12]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Þunnur var þrettándinn og mikil vonbrigði að heyra svar hæstv. ráðherra, að engar fyrirætlanir skuli vera uppi um að í ráðuneyti menntamála verði lagðar til samræmdar aðgerðir við sveitarfélögin í landinu þannig að mæta megi afleiðingum verkfallsins í hverjum einasta skóla á landinu með samræmdum og öflugum hætti.

Að sjálfsögðu er fjölgun skóladaga, aukin kennsla og fleiri skóladagar eina leiðin til að mæta með réttum og afdrifaríkum hætti afleiðingunum sem verkfallið hafði á skólagöngu barnanna. Niðurfelling eða frestun samræmdra prófa skiptir þar engu máli.

Vissulega eru þessi mál á forræði sveitarfélaganna en ráðuneytisins er ábyrgðin, ráðuneytisins er að leggja til samræmdar aðgerðir til að mæta afleiðingum verkfallsins líkt og hæstv. forsætisráðherra hafði gefið til kynna í umræðum á Alþingi fyrr í haust að menntamálaráðherra mundi gera. Nú hefur komið á daginn að í því ágæta ráðuneyti eru engar fyrirætlanir uppi um að leggja til við sveitarfélögin hvernig þau eigi að mæta afleiðingum verkfallsins. Auðvitað á að þrýsta á sveitarfélögin af öllu afli að þau beiti sömu aðferðum og mæti afleiðingunum með sama hætti, og auðvitað á að leggja þeim til aukið fjármagn þannig að þeim sé öllum gert kleift að mæta afleiðingunum, ekki bara þeim stóru og öflugu, heldur öllum sveitarfélögum á landinu. Um það snýst þetta mál að öllum börnunum, rúmlega 4.500, öllum þessum tíu árgöngum sé bættur skaðinn með samræmdum hætti.

Hæstv. ráðherra svarar því að svo verði ekki gert af hálfu ráðuneytisins og það eru mikil vonbrigði. Slíkt er vont að heyra því skaðinn á skólagöngu barnanna er verulegur. Afföllin á kennsludögum og skóladögum í haust urðu svo mikil að þá fór yfir ein og og hálf milljón skóladaga í súginn. Það er því á ábyrgð hæstv. ráðherra að mæta (Forseti hringir.) því með ábyrgum hætti.

[11:14]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að hv. þm. er pikkfastur í fortíðinni og gerir sér enga grein fyrir því hvernig fyrirkomulagi grunnskólamála er háttað í dag. Að sjálfsögðu hafa sveitarfélögin forræði á grunnskólunum. Þau undirstrika það sérstaklega og telja ekki æskilegt að miðstýrt boðvald komi frá menntamálaráðuneytinu þegar ábyrgðin er á þeirra vegum. Hv. þm. nefndi PISA-skýrsluna og það kemur akkúrat fram í niðurstöðum hennar að þau lönd sem ná hvað mestum framförum — og við erum að stefna að því að komast í fremstu röð — eru þau lönd sem leggja m.a. áherslu á minni miðstýringu af hálfu ríkisins þannig að sjálfstæði skólanna verði aukið. Það er akkúrat þannig sem ástandið er hér í landinu, sem betur fer eru ekki allir skólar

hér á landi eins. Þeir hafa mismunandi hugmyndir um það hvernig hægt er að uppfylla kröfurnar um 170 daga skylduna. Ég vil líka benda hv. þingmanni á það að mörg sveitarfélög, ekki öll þó, hafa verið með 180 daga skólaskyldu. Þannig er nú það.

Það er á forræði sveitarfélaganna hvernig þau ætla að gera þetta. Þau vilja nota þau sérkenni og hugsanlega mismunandi aðstöðu til þess að bæta nemendum upp þá fjarveru sem þeir urðu fyrir vegna verkfallsins en að sjálfsögðu mun menntamálaráðuneytið sem fyrr hafa mjög öflugt eftirlit með því hvernig sveitarfélögin framkvæma það. Sveitarfélögin geta að sjálfsögðu ekki komist upp með að gera ekki allt sem í þeirra valdi stendur til að uppfylla þá lagaskyldu sem á þeim hvílir.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 11:16.

---

53. FUNDUR

miðvikudaginn 8. des.,
að loknum 52. fundi.

Dagskrá:

1. Greiðslur yfir landamæri í evrum, stjfrv., 212. mál, þskj. 214, nál. 560. — 2. umr.
2. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 284. mál, þskj. 307, nál. 542. — 2. umr.
3. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 299. mál, þskj. 326, nál. 543 og 544. — 2. umr.
4. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 300. mál, þskj. 327, nál. 571. — 2. umr.
5. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 366. mál, þskj. 429, nál. 545. — 2. umr.
6. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 376. mál, þskj. 461, nál. 574. — 2. umr.
7. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit við fjármálastarfsemi, stjfrv., 320. mál, þskj. 356, nál. 572. — 2. umr.
8. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 335. mál, þskj. 374, nál. 573. — 2. umr.
9. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 375. mál, þskj. 460, nál. 578. — 2. umr.
10. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 208. mál, þskj. 208, nál. 561, brtt. 562. — 2. umr.
11. Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, stjfrv., 191. mál, þskj. 191, nál. 569, brtt. 570. — 2. umr.
12. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 192. mál, þskj. 192, nál. 547, brtt. 581. — 2. umr.
13. Þriðja kynslóð farsíma, stjfrv., 160. mál, þskj. 160, nál. 559. — 2. umr.
14. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 330. mál, þskj. 368, nál. 579, brtt. 580. — 2. umr.
15. Háskóli Íslands, stjfrv., 348. mál, þskj. 394, nál. 575. — 2. umr.
16. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 349. mál, þskj. 395, nál. 576. — 2. umr.
17. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 350. mál, þskj. 396, nál. 577. — 2. umr.
18. Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, stjfrv., 398. mál, þskj. 505. — Frh. 1. umr.
19. Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, stjfrv., 399. mál, þskj. 506. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.

Umræður utan dagskrár.
Lokun Kísiliðjunnar.

[11:17]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Fullveldisdagurinn 1. desember sl. er frekar svartur að þessu sinni í atvinnusögu landsins, þá sérstaklega landsbyggðarinnar. Þennan dag hætti Eimskip, fyrrum óskabarn þjóðarinnar eins og sagt var, strandsiglingum um landið og Kísiliðjunni við Mývatn var lokað eftir tæplega 40 ára starfsemi. Lokun Kísiliðjunnar og alvarleg afleiðing hennar er einmitt tilefni þess að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár hér á Alþingi til að ræða þá alvarlegu stöðu sem er komin upp.

Um 50 manns misstu vinnu sína við þessa lokun og sennilega hafa um 30–50 afleidd störf tapast þannig að við erum að tala um 80–100 störf alls. Rekstur verksmiðjunnar hefur auk Mývatnssveitar skapað fjölmörg störf, bæði á Húsavík og Akureyri, t.d. í verslun og þjónustu, svo að lokunin kemur víða við. Þetta er gríðarlegt áfall fyrir ekki stærra sveitarfélag og reyndar landsmenn alla þegar svo mörg störf tapast í einu vetfangi. Til að setja þetta í samanburð við önnur sveitarfélög, virðulegur forseti, svo fleiri skilji alvarleika málsins, er þetta svipað og að 1.500 manns töpuðu vinnu sinni á Akureyri, 2.700 manns í Kópavogi eða 10.000 manns í Reykjavík. Einnig tapast miklar útflutningstekjur, þ.e. um þúsund millj. kr. miðað við það sem bruttótekjur verksmiðjunnar hafa verið.

Haustið 2000 varð mér ljóst að til tíðinda gæti dregið með framtíð Kísiliðjunnnar við Mývatn, sagði hæstv. iðnaðarráðherra hér á Alþingi. Lokun verksmiðjunnar hefur því verið fyrirsjáanleg í langan tíma og á þessum tíma hefur verið unnið að könnun á rekstri kísilduftverksmiðju sem kæmi í stað kísilgúrverksmiðjunnar.

Ekki er hægt í stuttri utandagskrárumræðu að fara yfir ferilinn í heild sinni frá þeim tíma til dagsins í dag og verður því aðeins stiklað á stóru.

Fyrirtækið Allied EFA sem eignaðist verksmiðjuna við sölu hennar hefur á þessum tíma unnið að því að þróa aðferð til framleiðslu á kísildufti eftir einkaleyfi í eigu þess.

Því miður var ekki byggð tilraunaverksmiðja hér á landi á sínum tíma, heldur í Noregi og réðu þar áreiðanlega mestu stofnstyrkir og norskir byggðastyrkir. Rekstur tilraunaverksmiðjunnar í Noregi gekk vel og stöðugar endurbætur á framleiðsluferlinu vöktu mikla bjartsýni. Mér er kunnugt um það að á vegum fyrirtækisins voru skoðaðir möguleikar á að byggja upp slíka verksmiðju í Noregi, Þýskalandi, Belgíu og svo hér á Íslandi. Það er skemmst frá því að segja, virðulegi forseti, að staðsetning í Mývatnssveit kom alltaf best út og réði þar úrslitum mikil gufuorka á góðu verði sem hefur úrslitaþýðingu fyrir slíka framleiðslu.

Hafa ráðamenn bundið miklar vonir við að kísilduftverksmiðja mundi koma í stað verksmiðjunnar og miklar væntingar oft verið byggðar upp, eins og t.d. í aðdraganda kosninga 2003 þegar ríkisstjórnin ákvað að veita allt að 200 millj. kr. til hlutafjárkaupa í einu eða fleiri félögum sem uppfylla kröfur um arðsemi og búsetuáhrif, eins og sagt var. Miklar væntingar hafa því verið byggðar upp og þær væntingar haldið aftur af mönnum, menn lifðu í voninni.

Seinni hluti næsta árs eða fyrri hluta ársins 2006 var nefnt sem upphafsár nýrrar verksmiðju sem mundi veita 40 manns vinnu og vinna um 15 þús. tonn af kísildufti.

Í kjördæmavikunni í október sl. upplýsti hæstv. iðnaðarráðherra okkur þingmenn kjördæmisins og fulltrúa sveitarstjórnar Skútustaðahrepps um að miklar líkur væru á að fjármögnun kísilduftverksmiðjunnar væri að ganga í gegn. Ráðherra ræddi m.a. um 25–28% arðsemi eigin fjár væntanlegrar verksmiðju og bjartsýnin jókst á ný.

Nú hefur heldur betur slegið í baksegl, virðulegi forseti. Nú berast okkur þær fréttir að ekkert verði af byggingu kísilduftverksmiðjunnar ef marka má þær fréttir og þær upplýsingar sem liggja á lausu. Þess vegna legg ég fyrir hæstv. iðnaðarráðherra eftirtaldar spurningar:

1. Eru áform um byggingu kísilduftverksmiðju í Mývatnssveit endanlega brostin?

2. Hver er nákvæm staða mála nú?

3. Til hvaða mótvægisaðgerða hyggst hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin í heild sinni grípa nú á næstu missirum vegna lokunar kísilgúrverksmiðjunnar og þess að ekki verður af byggingu kísilduftverksmiðju, ef það er rétt?

[11:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir góða ræðu hér við upphaf þessarar umræðu.

Í gærkvöldi bárust mér þau tíðindi að stjórn norska fyrirtækisins Promex ASA hefði ákveðið að óska eftir að félagið yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Promex er í meirihlutaeigu Allied EFA sem er eigandi Kísiliðjunnar við Mývatn. Við þetta hverfa eigur Promex úr höndum Allied EFA og annarra eigenda félagsins og verða á forræði norsks skiptastjóra þar til annað ræðst.

Í þessu felst að Allied EFA hefur ekki lengur yfirráð yfir einkaleyfi því sem framleiðsla kísilduftsins byggir á. Með þessu er orðið ljóst að áform eigenda Kísiliðjunnar um byggingu og rekstur kísilduftverksmiðju við Mývatn eru að engu orðin. Hvort einhverjir aðrir sjái tækifæri til að nýta sér þá þekkingu og reynslu sem aflað hefur verið með margra ára rannsóknum og tilraunarekstri í Noregi verður ekkert sagt til um á þessari stundu.

Þessi frétt kemur ekki á óvart eftir þau snöggu umskipti sem urðu í málinu fyrir um fjórum vikum. Þá var fjármögnun hlutafjár vegna fyrsta áfanga verksmiðjunnar nánast í höfn, aðeins vantaði um 100 millj. kr. Bakhjarl Allied EFA er fjárfestingarfélagið Brú sem á 40% hlutafjár en á síðustu metrunum, í nóvember, komu fram athugasemdir frá nýjum stjórnendum Brúar sem ekki hefur verið greitt úr.

Sveitarstjóri Skútustaðahrepps er lengi hefur fylgst með framvindu málsins, skiljanlega, sagði um þetta á fundi með starfsmönnum í Kísiliðjunni 30. nóvember sl. að frekar hefði hann átt von á dauða sínum en að þessi afstaða kjölfestufjárfestisins kæmi upp. Telja má víst að þar hafi sveitarstjórinn talað fyrir hönd margra þeirra sem að þessu verkefni hafa komið síðustu missirin.

Þegar fjallað er um mál kísilduftverksmiðjunnar er mikilvægt að það sé skoðað í samhengi við þróun kísilgúrvinnslunnar í Kísiliðjunni. Í stuttu máli er það að segja að í lok ársins 2000 komu fram efasemdir hjá meðeigendum ríkisins í Kísiliðjunni, World Minerals, um áframhaldandi rekstur verksmiðjunnar. Á fundi með forstjóra World Minerals í janúar 2001 voru kynntar upplýsingar og mat hans á stöðu kísilgúrvinnslu, þróun markaða og greining á framtíðarþróun kísilgúriðnaðarins. Þar kom m.a. fram að markaðir fyrir kísilgúr hefðu dregist saman og raunverð lækkað. Afkoma Kísiliðjunnar við Mývatn hafði verið óviðunandi síðustu 10 ár, að einu ári undanskildu, verksmiðjan hafði verið rekin með tapi þrátt fyrir að framleiðslugeta hennar hafi verið fullnýtt. Því til viðbótar væri verksmiðjan úr sér gengin og ekki var talinn grundvöllur fyrir kostnaðarsömum endurbótum.

Niðurstaða forstjórans var alveg ótvíræð, það þjónaði ekki hagsmunum félagsins að halda áfarm rekstri Kísiliðjunnar við Mývatn. Ef ekki væri möguleiki á því að selja verksmiðjuna og nýta hana til annarra hluta væri aðeins einn kostur í stöðunni, þ.e. að loka henni. Þegar hér var komið hafði Allied EFA átt í viðræðum við World Minerals um kaup á verksmiðjunni. Allied EFA vildi kaupa verksmiðjuna með það að markmiði að hefja þar framleiðslu á kísildufti. Þeir sáu hag í því að geta notað hluta af búnaði Kísiliðjunnar, orkuverki hennar og traust starfslið með langa reynslu af verksmiðjustörfum. Í þessari stöðu var það forgangsverkefni ráðuneytisins að vinna þannig að málinu að það yrði sem heilladrýgst fyrir Mývetninga og atvinnulífið í héraði. Hugmyndir Allied EFA um kísilduftvinnslu féllu vel að þessum sjónarmiðum ráðuneytisins.

Frá því síðsumars hefur ráðuneytið metið aðgerðir sem nauðsynlegar væru til þess að brúa tímabundna lægð í atvinnumálum starfsmanna verksmiðjunnar. Samkvæmt áætlunum eigendanna var við það miðað að nokkurra mánaða bil yrði frá því að Kísiliðjan hætti störfum nú í desember og þar til ný starfsemi gæti hafist. Þessi staða er nú breytt, í rauninni erum við aftur á byrjunarreit.

Ráðuneytið hefur brugðist við með því að taka upp samstarf við sveitarstjórn Skútustaðahrepps og eigendur Kísiliðjunnar um ný atvinnutækifæri. Of fljótt er að segja nokkuð um árangur annað en að nokkrar verkefnahugmyndir eru til skoðunar. Auk þessa hefur ráðuneytið skoðað hvort og hvernig unnt væri að tryggja búsetu við Mývatn með öðrum

varanlegum hætti. Þetta er gert í samráði við önnur fagráðuneyti og stofnanir.

Að lokum má geta þess að meginhluta af söluandvirði Kísiliðjunnar hefur verið varið til atvinnuuppbyggingar í héraði. Um er að ræða þátttöku í byggingu baðlónsins við Mývatn og mat á hagkvæmni þess að staðsetja iðjuver sem byggir á hagnýtingu jarðgufu nærri Húsavík og nýtir orku frá Þeistareykjum. Hér er fyrst og fremst verið að huga að framleiðslu á pólýoli en önnur sambærileg starfsemi (Forseti hringir.) hefði einnig gagn af þessum undirbúningi.

[11:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hversu bagaleg sú óvissa er sem uppi hefur verið í atvinnumálum í Mývatnssveit og tengist lokun Kísiliðjunnar sem reyndar hefur verið fyrirséð eða væntanleg um alllangt skeið.

Ég held að ástæða sé til þess að undirstrika við þessar aðstæður hversu mikla ábyrgð stjórnvöld bera á þeirri aðstöðu sem þarna er komin upp. Það var auðvitað pólitísk ábyrgð á sínum tíma að reisa Kísiliðjuna. Ríkið sem eigandi fyrirtækisins að hálfu, nánast allan tímann, hefur sem slíkur borið mikla ábyrgð. Ríkið seldi síðan að lokum verksmiðjuna til einkaaðila og varpaði í raun og veru ábyrgðinni af framhaldinu yfir á þær herðar.

Nú er ljóst að menn hafa haft alllangan tíma til að búa sig undir þessar aðstæður. Allt eins hefur legið fyrir í 10–12 ár að þessi yrðu líklega endalokin, að á fyrri helmingi fyrsta áratugar þessarar aldar lyki starfseminni þegar námusvæðið í Ytriflóa yrði tæmt. Efasemdir voru uppi og reyndar var mjög umdeilt að veita fyrirtækinu frekari starfsleyfi og námuréttindi annars staðar í Mývatni. Reyndar eru það að lokum markaðslegar ástæður sem ráða úrslitum eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, hinn erlendi meðeigandi að verksmiðjunni og sá sem tryggt hefur sölu afurðanna varð afhuga frekari rekstri og fékkst ekki til að tryggja frekari sölu. Eins og aðstæður eru á þessum markaði var þá í raun og veru sjálfhætt.

Það sem mikilvægast er nú að mínu mati og ég vil leggja áherslu á er að stjórnvöld taki höndum saman við heimamenn með myndugum hætti og fari yfir þær hugmyndir, margar góðar hugmyndir, sem okkur hafa verið kynntar af hálfu heimamanna, og m.a. voru lagðar fyrir okkur í formi lista á fundi á Akureyri í lok apríl sl. (Forseti hringir.) Þar eru verkefni á sviði umhverfismála og ferðaþjónustu, samgöngubætur og annað í þeim dúr (Forseti hringir.) sem nú er auðvitað einboðið að ráðast í.

[11:29]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hlýtur að valda okkur og íbúum Mývatnssveitar verulegum áhyggjum og miklum vonbrigðum að ekki hefur tekist að hrinda af stað þeim hugmyndum sem uppi hafa verið um að byggja kísilduftverksmiðju í Mývatnssveit eins og áform hafa verið um síðan ljóst varð að ekki var áhugi fyrir að reka kísilgúrverksmiðjuna áfram.

Saga kísilduftsins hefur verið ágætlega rakin hér í umræðunni af ráðherra. Ákvörðun var m.a. tekin í Byggðastofnun um að koma að þessu verkefni þannig að allir treystu því og trúðu að þarna væri um að ræða mikinn áhuga og vilja til að hrinda því í framkvæmd.

Möguleikar til annarrar atvinnusköpunar í Mývatnssveit eru fyrir hendi og nú þarf að vinda sér í að skoða aðra kjölfestu í sveitarfélaginu í stað Kísiliðjunnar. Hugmyndir hafa komið upp hjá heimamönnum um stórfellda uppbyggingu vetrarferðaþjónustu sem vert er að skoða betur. Ferðaþjónusta byggir á traustum grunni í Mývatnssveit en hefur til þessa verið að mestu rekin yfir sumartímann. Það vakti þó óskipta athygli þegar Selhótel Mývatn og frumkvöðullinn Ingvi Ragnar Kristjánsson fengu nýsköpunarverðlaun SA fyrir nýsköpun utan háannar í ferðaþjónustu.

Byggðastofnun hefur komið að ýmsum verkefnum í Mývatnssveit, sérstaklega tengdum ferðaþjónustu. Meðal annars er Byggðastofnun þátttakandi í Snow Magic verkefninu sem snýst um að markaðssetja vetrarferðaþjónustu. Verkefnið er samstarfsverkefni, styrkt af NPP verkefninu. Sú vaxandi vetrarferðaþjónusta sem nú er í Mýatnssveit gefur vonir um að ferðaþjónusta geti orðið alvöru heilsársatvinnugrein. Jarðböðin sem hafa verið opnuð núna eru mikill stuðningur við ferðaþjónustuna og það sem byggir á sérstöðu svæðisins hlýtur að vera það sem við viljum horfa á til framtíðar. (Forseti hringir.)

Nú þarf að taka höndum saman við heimamenn (Forseti hringir.) og skoða hvað getur til framtíðar orðið kjölfestuatvinnugrein í Mývatnssveit.

[11:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. þm. Kristjáni Möller, fyrir að koma með þetta mál hér til umræðu. Það er vissulega þarft að taka á dagskrá í þinginu umræður um atvinnuástand byggða þegar veruleg áföll verða, núna vegna þess að rekstur Kísiliðjunnar við Mývatn hefur lagst af, og ræða þá um framtíðaratvinnuhorfur á svæðinu.

Kísiliðjunni var lokað þann 1. desember eftir nær fjögurra áratuga starfsemi og við það misstu 30 starfsmenn vinnu sína og Skútustaðahreppur missir með þessu u.þ.b. 30% af tekjum sínum. Um hríð hafði verið stefnt að því að setja á fót nýtt fyrirtæki um framleiðslu á kísildufti og höfðu flest sveitarfélög á þessu landsvæði lýst sig tilbúin til að leggja fram allt að 150 millj. kr. í það fyrirtæki. Áætlað var að kæmist kísilduftverksmiðjan á laggirnar mundu 20–30 manns fá þar störf. Allt er það nú í algjöru uppnámi eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra áðan. Þá hefur einnig verið kannaður sá möguleiki að reisa lífmassaverksmiðju sem ynni etanól úr lífrænum úrgangi. Áætlað var að slík verksmiðja gæti skapað 10 störf.

Það er óhjákvæmilegt að stjórnvöld taki með heimamönnum á þeim vanda sem skapast hefur í atvinnumálum á svæðinu. Stjórnvöld hljóta að þurfa að bregðast við svo alvarlegu áfalli í atvinnumálum á einu svæði. Því hefur þess verið vænst að Byggðastofnun og jafnvel Vinnumálastofnun legðu heimamönnum lið við að leita nýrra atvinnutækifæra. Möguleikar Mývatnssveitar eru miklir í ferðaþjónustu vegna mikillar náttúrufegurðar, fjölbreytts fuglalífs og jarðvarma sem jafnframt býður upp á heilsutengda endurhæfingarþjónustu.

Því miður blasir atvinnuleysið við eins og mál hafa nú þróast og það hefur margfeldisáhrif á atvinnu- og byggðaþróun um alla Suður-Þingeyjarsýslu. Bæjarmálafélag Frjálslynda flokksins á Húsavík hefur á þessu hausti tvisvar ályktað um þetta mál. Þar segir m.a, með leyfi forseta.:

„Fyrirsjáanlegt er, að það hafi alvarlegar afleiðingar á atvinnu- og byggðaþróun um alla Suður-Þingeyjarsýslu og má sem dæmi um það nefna að Mánafoss er hættur (Forseti hringir.) strandsiglingum frá Húsavík. Bæjarmálafélag Frjálslynda flokksins lýsir vonbrigðum með ótrúlegt sinnuleysi og tómlæti stjórnvalda í þessu máli. "

[11:34]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er grafalvarlegt mál sem við fjöllum um hér. Mætti í raun og veru líkja því við náttúruhamfarir sem nú hefur gerst í Mývatnssveit. Það er hins vegar ekki rétt að fyllast bölsýni gagnvart framtíðinni, heldur er rétt að fagna yfirlýsingu hæstv. iðnaðarráðherra um það að ráðuneytið hafi nú tekið höndum saman með heimamönnum um það að leita lausna á þeim vanda sem nú er uppi. Það er því miður ljóst að ekki er verið að leysa millibilsástand, heldur þarf að finna lausn til frambúðar.

Það er einnig ljóst að við höfum eytt allt of miklum tíma í þá hugmynd sem við allt of mörg héldum að væri raunveruleg, og hæstv. ráðherra nokkrum sinnum fyllti trú okkar von. Því miður hefur innstæða ekki verið fyrir þeim vonum og þess vegna á að einbeita sér að því að reyna að finna lausn sem dugar til frambúðar. Þá hljóta menn að sjálfsögðu að byggja á sérstöðu svæðisins, það er ljóst að ferðaþjónustan hlýtur að leika þar stórt hlutverk. Orkan sem býr í umhverfinu hlýtur líka að leika þar stórt hlutverk og þarf að tvinna þetta saman á þann hátt að byggðin eflist.

Það er því miður ekki nóg að stjórnvöld hafi bara haft eina leið. Ég saknaði þess í ræðu hæstv. ráðherra að það hafi ekki verið undirbúin áætlun B ef slík ósköp dyndu aftur yfir sem nú hafa yfir dunið, og það væri hægt að grípa til einhverra aðgerða sem duga mættu. Auðvitað ráða fjárfestarnir för og það er ætíð mikil áhætta þar til búið er að skrifa undir hvað úr verður. Margt getur breyst og nú heyrðum við í ræðu hæstv. ráðherra að fyrirtækið sem ætlaði að standa að þessu hefur óskað gjaldþrotaskipta. (Forseti hringir.)

[11:36]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Það er væntanlega samhljóma álit allra þingmanna hér í sal á Alþingi að það bakslag sem hefur orðið gagnvart atvinnuuppbyggingu kísilduftverksmiðju í Mývatnssveit sé gríðarlegt áfall fyrir Mývetninga og nágrannabyggðir, ekki síst Húsvíkinga. Það er jafnframt kristaltært, og það er hv. málshefjanda ljóst, þar sem við höfum báðir, ég og hv. þingmaður, fylgst nokkuð með framgangi þessa máls, að hæstv. iðnaðarráðherra hefur lagt sig fram um að af kísilduftverksmiðju gæti orðið. Það ber að hafa í huga í þessari umræðu að hæstv. ráðherra ber hag Mývetninga fyrir brjósti í þessu máli.

Hann er hins vegar mjög athyglisverður, málflutningur Samfylkingarinnar, hér í þessari umræðu og í aðdraganda síðustu kosninga þar sem hv. málshefjandi talaði um þær væntingar sem ríkisstjórnarflokkarnir hefðu byggt upp gagnvart landsbyggðinni varðandi það fjármagn sem ríkisstjórnin beitti til atvinnuuppbyggingar þar. Hv. þm. Kristjáni L. Möller finnst aldrei nóg að gert í Norðaust. til uppbyggingar og nýsköpunar í atvinnumálum.

Hvað segir svo Samfylkingin í öðrum kjördæmum, t.d. þingmenn Samfylkingarinnar í Norðvest.? Jú, að hæstv. iðnaðarráðherra sjái ekki nema sitt eigið kjördæmi og þá atvinnuuppbyggingu sem þar fer fram. Ábyrgir stjórnmálamenn og ábyrgir stjórnmálaflokkar verða að tala einni röddu í þessum málum. (**Gripið fram í:** Bíddu, hvað ...?) Hæstv. iðnaðarráðherra hefur lagt sig mjög mikið fram í uppbyggingu í atvinnumálum í Mývatnssveit. Stórum hluta af söluandvirði kísilgúrverksmiðju, sem því miður bar sig ekki, hefur verið varið til annarrar atvinnuuppbyggingar í héraðinu. Þar má nefna Baðfélagið en stjórnvöld hafa staðið mjög myndarlega að uppbyggingu þess og þar er þáttur hæstv. iðnaðarráðherra mjög mikill.

Ég vil jafnframt halda því til haga að mikill metnaður er í ferðaþjónustuaðilum á svæðinu og hefur aukning ferðamanna yfir vetrartímann verið allmikil.

[11:38]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Allt frá því að kísilgúrverksmiðjan var stofnuð 1967 var ljóst að um takmarkaðan framleiðslutíma gæti orðið að ræða þar sem vinnsla á kísilþörungum sem pumpað var upp af botni Mývatns væri viðkvæm út frá náttúruverndarsjónarmiðum og þá sérstaklega á svæðum utan Norðurflóa. Breytingar á eignarhaldi og hugmynd um að breyta framleiðslunni yfir í kísilduft í stað kísilgúrs urðu til þess að íbúar og starfsmenn við verksmiðjuna hafa búið við aukið öryggisleysi undanfarin sex ár. Fólki hefur verið haldið volgu og því lofað áframhaldandi starfsemi í verksmiðjunni.

Nú síðast í nóvember átti allt að vera að koma, allt væri að smella saman varðandi fjármögnun á nýju fyrirtæki til vinnslu á kísildufti. Þetta reyndust falsvonir og þar hafa ýmsir utanaðkomandi og að mörgu leyti óviðráðanlegir þættir ráðið endalokum starfsins. Verksmiðjunni hefur verið lokað, fólk hefur misst atvinnuna í því fyrirtæki sem hefur borið uppi atvinnu í heilu sveitarfélagi. Allt að 80 manns hafa nú misst atvinnu sína, þar af margir vegna afleiddra starfa.

Það sem ég tel mjög ámælisvert í öllu þessu langa ferli er að ekki skuli hafa verið reynt að styrkja aðrar atvinnugreinar eða stuðla að nýjum atvinnutækifærum í Mývatnssveit öll þau ár sem vitað var að til lokunar gæti komið, kísilgúrinn væri ekki óþrjótandi auðlind á botnssvæði Mývatns. Sveitin býr yfir ómældum náttúruauðæfum og miklum möguleikum til að nýta til atvinnusköpunar. Ferðaþjónusta er öflug atvinnugrein í Mývatnssveit og hana má efla enn frekar og fá af henni meiri tekjur til sveitarfélagsins. Því hvet ég hæstv. iðnaðarráðherra til að snúa sér (Forseti hringir.) að því að styrkja svæðið að óskum (Forseti hringir.) íbúanna og að þörfum svæðisins í heild.

[11:41]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það var athyglisvert að hv. 5. þm. Norðaust., Steingrímur J. Sigfússon, skyldi hafa orð á því að fyrir 10 árum hafi legið fyrir að Kísiliðjunni yrði lokað. (Gripið fram í.) Á þeim tíma sameinuðust þeir um það, Aflokkarnir, Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag, að beita sér fyrir því. Ég get nefnt þessi nöfn: Jón Sigurðsson, Björn Friðfinnsson, Steingrímur J. Sigfússon og Jón Gunnar Ottósson. Við vorum hins vegar margir sem töldum að halda ætti áfram vinnslu í námarekstri í Mývatni en því miður varð niðurstaðan sú að Kísiliðjunni var lokað. Við vitum nú og sjáum hvaða afleiðingar það hefur haft. Um þetta hafa orðið miklar umræður í gengum tíðina hér á Alþingi en nú stöndum við frammi fyrir þessu.

Ekki þýðir að fást um það. Nauðsynlegt er að reyna að skapa ný atvinnutækifæri í Mývatnssveit. Ég hef lagt áherslu á að efla Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn í tengslum við þann Vatnajökulsþjóðgarð sem nú er efnt til. Ég vil líka leggja áherslu á að efnt verði þar til rannsóknastarfsemi sem tengist jarðhita og loks vil ég lýsa þeirri skoðun minni að eins og nú er komið er einsýnt að ekki megi standa á fjármagni til að hægt sé að ráðast í lagningu vegar niður að Dettifossi um leið og umhverfismat liggur fyrir og það er tæknilega unnt til þess með þeim hætti að treysta og byggja upp ferðaþjónustu árið um kring. Ég álít að það sé fyrsta skrefið sem ríkið eigi að stíga nú, að tryggja að vegur niður að Dettifossi verði boðinn út á næsta ári og að fjármagn verði ekki látið tefja fyrir þeirri framkvæmd.

[11:43]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Hugur okkar er hjá þeim sem hafa misst atvinnu sína við Mývatn. Þar er nú stór hluti fólks á vinnumarkaði án atvinnu með öllum þeim hliðarverkunum sem það hefur fyrir samfélagið. Fyrirhuguð stöðvun kísilgúrvinnslu hefur vofað yfir í mörg ár og því óþarft að fólkið standi uppi atvinnulaust á einangruðum vinnumarkaði sem getur ekki tekið við því. Það er ótrúlegt að ráðherra iðnaðar- og byggðamála, sami einstaklingurinn, skuli ekki hafa beitt afli sínu meira en raun ber vitni, ekki síst ef haft er í huga að verkefni blasa við í Mývatnssveitinni.

Mývatnssvæðið er perla á heimsmælikvarða, jafnt vetur sem sumar. Þar blasa við tækifærin til uppbyggingar, verkefni sem sinna þarf í tíma og með fjármagni. Hvorki tími né fjármagn er hins vegar hagnýtt af skynsemi. Tíminn er látinn renna burt á meðan aðeins einn iðnaðarkostur er skoðaður, ágætur í sjálfu sér en haldlítill þegar á reynir. Ekki er hlustað á rök ferðamálafrömuðar Mývetninga, Ingva R. Kristjánssonar, sem sett hefur fram athyglisverðar hugmyndir um uppbyggingu heilsársferðaþjónustu við Mývatn, framkvæmd sem kostar umtalsvert fjármagn en stefnir ekki hinu viðkvæma umhverfi við Mývatn í hættu eins og ýmsir iðnaðarkostir gera.

Iðnaðarráðherrann er staurblind á annað en orkufrekan iðnað og gleymir því eins og vanalega að ráðherra byggðamála á að vera ráðherra alls landsins.

Virðulegi forseti. Enn og aftur stöndum við frammi fyrir óþolandi skeytingarleysi og virðingarleysi gagnvart lífsbaráttu og kjörum fólks á landsbyggðinni. Alltaf skal þeim komið á knén áður en eðlileg aðstoð við uppbyggingu er veitt ef hún þá er veitt á annað borð. Framferði ráðamanna gagnvart íbúum landsbyggðarinnar er ætíð það sama, sinnuleysi, skollaeyrum skellt, bent á aðra til að axla þá ábyrgð sem með réttu hvílir á herðum þeirra sem sækjast eftir að stjórna landinu.

[11:45]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Fyrir það fyrsta þakka ég iðnaðarráðherra og öðrum þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu. Ég tel mikilvægt, miðað við það sem hér hefur komið fram og hefur vofað yfir um að af byggingu kísilduftverksmiðju verði ekki, að þau skilaboð komi þá frá Alþingi Íslendinga og öllum þeim stjórnmálaflokkum sem hér eiga aðild að unnið verði í mótvægisaðgerðum gagnvart sveitarfélögunum sem þarna eru að missa mikið frá sér.

Ég vil líka taka það skýrt fram, virðulegur forseti, að ég er ekki að deila á hæstv. iðnaðarráðherra fyrir aðgerðaleysi gagnvart kísilduftinu. Ég hef verið upplýstur um það af hæstv. ráðherra nokkrum sinnum og tel að ráðuneytið hafi reynt allt sem hægt var að gera í þessu máli. Ég hvet reyndar til þess að hæstv. iðnaðarráðherra og ráðuneytið haldi því áfram. Þó að svo illa virðist horfa núna að fyrirtækið sem á patentið sé að fara í gjaldþrot gætu leynst í því líka einhver sóknarfæri.

Ég held nefnilega að við Íslendingar verðum að átta okkur á því að við getum ekki lengur horft á atvinnutækifæri í framleiðslustörfum tapast eingöngu vegna þess að það sé eitthvert bannorð að ríkisvaldið komi að hlutunum. Ríkisvaldið gæti þurft að leggja lóð á vogarskálarnar við uppbyggingu slíkrar verksmiðju eins og við höfum verið að tala hér um núna. Ríkisvaldið á svo að sjálfsögðu að selja sinn hlut eins fljótt og hægt er vegna þess að fjárfestar eru oftast nær ginnkeyptari fyrir fyrirtækjum sem eru í rekstri en að leggja fram peninga til að byggja upp frá grunni.

Það hefur komið fram hér, er kannski það versta sem hefur komið fram og kom fram fyrir u.þ.b. fjórum vikum, að fjárfestingarfélag eitt hér í bæ kippir að sér höndunum eins og hefur verið lýst vegna þess að ágóðinn er sennilega betri í annarri atvinnugrein en að byggja upp iðnaðarstarfsemi. Því miður höfum við Íslendingar ekki lagt mikið á okkur við að byggja upp (Forseti hringir.) iðnaðarstarfsemi í landinu. Við höfum eftirlátið það útlendingum, því miður.

[11:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og frummælanda fyrir að hefja hana. Mér finnst vera mikill samhljómur í umræðunni almennt, að þetta sé verkefni sem er fram undan sem við verðum að vinna vel að til þess að afla nýrra atvinnutækifæra í Mývatnssveit. Það er vissulega svo.

Það hefur verið nefnt að ég hafi eflaust, eða e.t.v., eytt of miklum tíma í duftið. Það er alltaf auðvelt að vera vitur eftir á og ég get í sjálfu sér tekið undir það. Ég hafði virkilega trú á þessu verkefni og sparaði mig ekki í því að reyna að láta verða af því. Svona eru hlutirnir stundum, þá þýðir

ekkert annað en að taka því, spýta í lófana og reyna að vinna að verkefnum sem geta leitt til nýrra atvinnutækifæra í Mývatnssveit. Það verður svo sannarlega gert.

Af því að talað var um að ekki hefði verið reynt að styðja aðrar atvinnugreinar er það samt þannig að við erum alltaf með augu opin fyrir nýjum atvinnutækifærum. Auðvitað vitum við samt líka að ríkisvaldið bjargar ekki öllu í þeim efnum. Það er mjög mikilvægt að heimamenn hafi frumkvæði og mér finnst gott að vita til þess að yfirvöld í Mývatnssveit eru ábyrg og eru að vinna að þessu máli af mikilli ábyrgð að mínu mati og án þess að fara nokkuð á taugum. Það skiptir miklu máli.

Í sambandi við ný atvinnutækifæri mætti nefna ýmislegt sem ég ætla ekki að gera. Ég ætla að endurtaka það sem ég sagði í ræðu minni áðan að nú þegar hafa okkur borist ýmsar hugmyndir að nýrri uppbyggingu sem eru svo sannarlega þess virði að þær séu skoðaðar. Það verður líka gert.

Ég þakka hvatningarorð til mín og mun ekki spara mig í því að vinna Mývatnssveit gagn í þessum efnum sem ráðherra allra landsmanna.

[11:50]

Steingrímur J. Sigfússon *(ber af sér sakir)*:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðaust. vitnaði ranglega í orð mín og ég hlýt að bera það til baka að ég hafi sagt að það hafi legið fyrir í meira en 10 ár að kísilverksmiðjunni yrði lokað. Það sagði ég ekki. Ég sagði að frá þeim tíma hefði legið fyrir að sú gæti allt eins orðið niðurstaðan. Menn hlutu að reikna með því að sú gæti orðið niðurstaðan, eins og allt var í pottinn búið með útgáfu starfsleyfis og námaleyfis í byrjun tíunda áratugarins. Það var það sem ég sagði.

Síðan hlýt ég líka að mótmæla þeirri söguskýringu hv. þingmanns sem hér var flutt og bera hana til baka að það hafi verið A-flokkarnir, eins og hv. þm. orðaði það, sem hafi náð saman um að loka verksmiðjunni 1992 eða hvenær það á að hafa verið. Mér finnst með miklum ólíkindum að hv. þingmaður skuli nafgreina embættismenn sem ekki eru hér til að svara fyrir sig eða verja sig og sinn heiður. Það er ósmekklegt, það er óviðeigandi og það er dapurlegt að jafnþingreyndur maður og hv. þm. Halldór Blöndal skuli gera slíka hluti.

Hvað á það að þýða að nafngreina með þessum hætti inn í umræðuna embættismenn eins og Björn Friðfinnsson og Jón Gunnar Ottósson? (**Gripið fram í:** ... horfa á mig.) Látum það nú vera þó að við séum nefndir til sögunnar, stjórnmálamennirnir sem vorum á þeim tíma, ég og hv. fyrrverandi þingmaður og hæstv. fyrrverandi ráðherra Jón Sigurðsson, gott og vel. Að spyrða síðan tvo nafngreinda embættismenn saman við stjórnmálamennina og búa til þá mynd að þarna hafi orðið eitthvert samsæri um að loka þessari verksmiðju er ósmekklegt og það er rangt. Hæstv. ráðherra fór hér rækilega yfir það hvað að lokum réði niðurstöðunni í því máli, að hinir erlendu aðilar, World Minerals, misstu áhugann á frekari rekstri verksmiðjunnar og voru ekki tilbúnir til að leggja þar í frekari fjárfestingar, hvorki til endurnýjunar eða opnunar nýrra námusvæða né vildu þeir tryggja sölu afurða lengur en fyrir lá í samningi.

Þetta eru borðleggjandi staðreyndir, og til hvers kemur þá hv. þm. Halldór Blöndal upp með ræðuflutning af því tagi sem hann gerði hér, sem er ósanngjarn og ómaklegur og þar á ofan fluttur við aðstæður þar sem aðrir hafa ekki aðstöðu til að svara fyrir sig eins og ég, sem hv. þm. var auðvitað sérstaklega að reyna að ráðast að? Ég mótmæli þessu, herra forseti, og vísa þessum ásökunum öllum til föðurhúsanna sem röngum og ómaklegum.

[Fundarhlé. — 11:54]

Tilhögun þingfundar.

[13:31]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill láta þess getið að atkvæðagreiðslur eru áformaðar kl. 7 í dag. Samkomulag er milli þingflokka um að fundir þeirra standi milli kl. 4 og 5.

Forseti vill enn fremur vekja athygli hv. þingmanna á hugsanlegum atkvæðagreiðslum um afbrigði síðar í dag, kl. 4 eða 5.

Umræður utan dagskrár.

Samgöngur til Vestmannaeyja eftir 1. des. 2004.

[13:31]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég leyfi mér að gera að sérstöku umtalsefni samgöngur við Vestmannaeyjar í ljósi þess að strandsiglingum hefur nú verið hætt frá 1. desember sl. Flutningar til og frá öðrum byggðarlögum hafa færst á þjóðvegina með tilheyrandi kostnaði fyrir samfélagið og álagi á vegakerfið í heild sinni. Sérstaða Vestmanneyinga er hins vegar sú að flutningar þeirra verða einfaldlega ekki færðir á þjóðvegina, a.m.k. ekki enn þá. Í athugun er framtíðarlausn í þeim efnum en slíkar lausnir munu ekki verða að veruleika á næstu árum og því er brýnt að finna úrræði er þjóna yfir 4 þús. manna samfélagi.

Frú forseti. Staðan er einfaldlega þessi: Samgöngur við Vestmannaeyjar eru annaðhvort flugleiðis eða með Herjólfi. Um aðrar leiðir er ekki að tefla. Hver er staðan? Ef við lítum fyrst á flugið hefur komið í ljós að það fellur iðulega niður svo að ljóst má vera að sú leið er ekki nándar nærri alltaf örugg. Árið 2000 féll flug þannig niður 35 heila daga þar sem báðar ferðir féllu niður og 78 daga féll flugið niður aðra leiðina, þ.e. u.þ.b. 20% áætlaðra flugferða féllu niður. Árið 2001 voru það 36 heilir dagar sem féllu niður og 83 svokallaðir hálfir dagar. Á fyrstu 11 mánuðum þessa árs hafa 36 dagar fallið niður í flugi og 45 hálfir dagar.

Af þessu má sjá, frú forseti, að flugsamgöngur eru ekki tryggar til Eyja af veðurfarsástæðum. Menn verða enn um hríð að reiða sig á sjóleiðina, þjóðbrautina til Vestmannaeyja. Fólk og fyrirtæki reiða sig á siglingar Herjólfs. Almenningur sem þarf að leita sérfræðiþjónustu, svo sem læknishjálpar, upp á land þarf oftar en ekki að verja til þess a.m.k. tveimur dögum með tilheyrandi vinnutapi og kostnaði vegna þess að Herjólfur fer aðeins eina ferð á dag þrjá virka daga vikunnar.

Sjávarútvegur er uppistaða atvinnulífsins. Þar skiptir mestu að koma framleiðslunni á markað þegar markaðurinn

kallar. Fyrirtæki í sjávarútvegi eiga þess ekki kost að koma vörum sínum af sér til útflutnings, m.a. vegna plássleysis í Herjólfi og takmarkaðra ferða. Þannig mun þurfa að flytja a.m.k. 10 40 feta gáma frá Eyjum vikulega en Herjólfur getur ekki boðið nema takmarkað pláss daglega til viðbótar því sem áður var í stað þeirra flutninga er Eimskip annaðist áður.

Auknir vöruflutningar með Herjólfi munu þar að auki takmarka enn frekar möguleika Vestmanneyinga eða annarra ferðamanna til að flytja bíla sína og er ástandið þó þröngt fyrir.

Frú forseti. Svo sem sjá má af þessari lýsingu er óhætt að halda því fram að Vestmanneyingar sitji ekki við sama borð og aðrir landsmenn, hvorki íbúar þar né fyrirtæki. Ég minni á að um er að ræða samfélag með á fimmta þúsund íbúa. Lágmarkslausn á samgönguvanda þeirra til skemmri tíma hlýtur að vera tvær ferðir Herjólfs á dag nema laugardaga, allan ársins hring.

Vitaskuld ber að fagna því samkomulagi sem náðist nýlega milli Vegagerðarinnar og Vestmannaeyjabæjar en það dugar þó engan veginn til. Yfir vetrarmánuði standa enn eftir þrír virkir dagar vikunnar þar sem aðeins er um eina ferð á dag að ræða en æpandi þörf er á frekari samgöngum.

Nýtt útboð á Herjólfi stendur nú fyrir dyrum. Þar munu væntanlega allar forsendur verða endurskoðaðar en í ljósi þess að Eimskip er hætt að sigla með vörur til og frá Vestmannaeyjum er aðkallandi að bæta þeirri þjónustu við samfélagið í Vestmannaeyjum. Það er þjóðvegurinn til Eyja og ríkisvaldið ber skyldur gagnvart samfélaginu þar.

Ég leyfi mér því, frú forseti, að spyrja hæstv. samgönguráðherra hvort hann sjái fyrir sér að hin aðkallandi lausn á samgöngum við Vestmannaeyjar verði tekin til alvarlegrar endurskoðunar þegar í stað í ljósi hinna gjörbreyttu aðstæðna.

[13:36]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. málshefjanda fyrir að gefa mér tækifæri til að gera grein fyrir stöðu mála hvað varðar samgöngur við Vestmannaeyjar.

Í marsmánuði á síðasta ári skilaði vinnuhópur sem ég skipaði tillögum um aðgerðir til að bæta samgöngur við Vestmannaeyjar. Eftir þeim tillögum hefur verið unnið eins og fært hefur verið. Eins og að líkum lætur eru sjóflutningar meginsamgönguleið Eyjanna. Herjólfur hefur gegnt þar lykilhlutverki ásamt vöruflutningaskipum íslensku skipafélaganna. Rekstur Herjólfs var boðinn út árið 2000. Hefur rekstur allra ferja verið boðinn út og hefur það fyrirkomulag gefist vel. Rekstraraðili Herjólfs er Samskip.

Þegar ljóst varð í haust að Eimskipafélagið mundi hætta strandsiglingum var hafin vinna í samgönguráðuneytinu við að leggja á ráðin um hvernig mætti bregðast við gagnvart þeim byggðum sem eiga allt undir sjóflutningum. Hvað varðar Vestmannaeyjar er ljóst að ekki varð undan því vikist að fjölga ferðum Herjólfs við þessar aðstæður til að tryggja nauðsynlega ferðatíðni svo að þjónusta við Eyjarnar væri fullnægjandi hvað varðar vöruflutninga. Frá því að rekstur Herjólfs var boðinn út hefur ferðum verið fjölgað verulega. Sem dæmi má nefna að árið 1999 voru farnar 419 ferðir. Samkvæmt nýgerðum samningi við Samskip verða farnar allt að 595 ferðum á næsta ári og hefur því ferðum verið fjölgað um 42% á þessu tímabili. Farþegum fjölgaði milli áranna 1999 og 2003 um 46%. Af þessu má sjá að þjónusta Herjólfs hefur stóraukist og mun aukast mikið með þessari fjölgun ferða sem nú hefur verið samið um. Ástæða er til að vekja athygli á því að styrkur ríkissjóðs vegna reksturs Herjólfs á árinu 2003 var 177 millj. kr.

Samkvæmt upplýsingum frá skipafélögunum verða siglingar vikulega til Evrópuhafna frá Eyjum svo sem verið hefur. Hvað varðar flutninga til Ameríku geta flutningafyrirtækin nýtt Herjólf til að koma afurðum í veg fyrir skipin sem sigla þangað. Fjölgun ferða Herjólfs skiptir þannig mjög miklu máli fyrir atvinnulífið og er afar mikilvægt að það samkomulag hefur náðst.

Eins og sjá má hefur verið brugðist við þessum aðstæðum hvað varðar sjóflutninga og ættu Eyjamenn að standa bærilega að vígi þrátt fyrir að strandsiglingarnar leggist af eins og þær hafa verið reknar. Það er von mín að um þessa aukningu geti ríkt sátt. Hún mun kosta verulega aukna fjármuni í rekstrarstyrki og á því verður að sjálfsögðu að taka.

Flugið til Eyja hefur verið að aukast á nýjan leik, bæði frá Reykjavíkurflugvelli og Bakkaflugvelli sem skiptir mjög miklu máli fyrir Vestmannaeyjar. Á Bakkaflugvelli er verið að bæta aðstæður. Þar verður byggð ný flugstöð sem verður tekin í notkun um mitt næsta ár. Þannig ætti aðstaða til flugs að batna mjög mikið.

Á vegum samgönguráðuneytisins hefur verið unnið mikið starf við að leggja á ráðin um framtíðarhugmyndir hvað varðar samgöngur við Vestmannaeyjar. Í samræmi við tillögur starfshóps um samgöngur við Eyjar hefur verið unnið að rannsóknum á suðurströndinni vegna hugsanlegrar ferjuhafnar við Bakkafjöru. Í þingsályktunartillögu um rannsóknir á ferjuaðstöðu við Bakkafjöru var gert ráð fyrir að undirbúningsrannsóknatíminn tæki a.m.k. þrjú ár. Unnið hefur verið að öldufarsreikningum á siglingaleiðinni milli lands og Eyja og til Þorlákshafnar. Samið hefur verið við Vestmannaeyjahöfn um reglulegar dýptarmælingar við Bakkafjöru til að fylgjast með botnsbreytingum undan Bakkafjöru. Talið var nauðsynlegt að kanna breytingar á sandfjörum með dýptarmælingum vetur, sumar, vor og haust í a.m.k. þrjú ár, þ.e. til ársins 2006. Þetta þarf að gera þar sem aðstæður við ströndina þarna eru síbreytilegar.

Hjá Siglingastofnun eru skoðaðar mismunandi útfærslur skjólgarða og siglingaleiða og má þar nefna hvort hentar betur að ferjuhöfnin sé við ströndina eða hvort staðsetja eigi höfnina utan við brimgarðinn með vegtengingu í land. Siglingamálastofnun mun standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á Hornafirði á næsta ári og munu þessar hugmyndir verða lagðar þar fyrir mestu sérfræðinga á þessu sviði.

Eins og fyrr sagði skipaði ég starfshóp til að fara yfir samgöngumál fyrir Vestmannaeyjar. Það verkefni að skoða höfn við Bakkafjöru var ein af þeim tillögum sem sá starfshópur lagði fram. Ég tel afar mikilvægt að ljúka þeim rannsóknum þannig að hægt verði að taka ákvörðun árið 2006 um hvort sá kostur sé fær sem framtíðarlausn fyrir ferjusiglingar til Eyja.

[13:41]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þá umræðu sem hér fer fram sem snýst um samgöngur við Vestmannaeyjar, kannski fyrst og fremst um samgöngur í núinu, þ.e. samgöngur á sjó. Einnig ber að þakka fyrir að nýverið tókst að fjölga ferðum um 26 á ári þrátt fyrir að sá böggull fylgi skammrifi að um lítils háttar hækkun á fargjöldum verður að ræða.

Í nútímasamfélagi gerir samfélag eins og Vestmannaeyjar með vel á fimmta þúsund íbúa kröfur um að geta komið og farið þegar mönnum sýnist. Herjólfur er vissulega þjóðvegur Vestmannaeyja. Eins og staðan er núna er óásættanlegt að þetta skip skuli aðeins vera nýtt 7–12 tíma á sólarhring, þ.e. þessi þjóðvegur er þá lokaður bróðurpartinn úr hverjum sólarhring. Krafan er mjög skýr. Hún er að lágmarki tvær ferðir á dag, og jafnvel þrjár þegar það á við.

Menn mundu sjálfsagt gera athugasemdir við það ef einhverjir vegir hér á landi yrðu lokaðir bróðurpartinn úr sólarhringnum. Það er það sem fólk horfir til hvað varðar nútíðina, þ.e. að efla og bæta þessa flutninga. Það er lykilatriðið. Svo er, eins og hæstv. ráðherra kom inn á áðan, líka verið að horfa til framtíðar. Verið er að skoða nokkra valkosti, m.a. er verið að rannsaka Bakkafjöru. Eins hefur verið ákveðið að leggja fjármagn í að skoða þann möguleika hvort jarðgöng séu möguleg. Þetta eru hlutir sem verið er að skoða og vonast er til að á haustdögum 2005 verði hægt að taka ákvarðanir um framtíðarlausn í samgöngumálum við Vestmannaeyjar.

[13:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er auðvitað löngu viðurkennt að Vestmannaeyjar hafa mikla sérstöðu í samgöngulegu tilliti og það er jafnljóst að það er hlutverk hins opinbera að tryggja þangað samgöngur, góðar og greiðar og á sanngjörnum kjörum eftir því sem tæknilega er viðráðanlegt og innan rýmilegra kostnaðarmarka. Með nákvæmlega sama hætti og hið opinbera stendur straum af rekstri sameiginlegs vegakerfis, byggir hafnir og flugvelli hljóta menn að leysa þau samgöngumál sem snúa að Vestmannaeyjum og öðrum byggðum eyjum við landið.

Ég hef lagt það til undanfarin ár, 2–4 ár, að farið yrði skipulega og samræmt yfir þá kosti sem til greina koma í framtíðarsamgöngum við Eyjar. Það er auðvitað alveg ljóst að á meðan slík vinna er unnin, og að einhverju leyti virðist hún vera í gangi, þurfa menn að nýta núverandi tæki og kosti þeirra. Ég skil ekkert í því að ekki sé fyrir löngu komin á áætlun fyrir Herjólf þar sem skipið gengur tvisvar á dag alla daga vikunnar. Það er nákvæmlega það sama og við þekkjum úr áætlunarfluginu, fyrr kemst ekki gott lag á þessa hluti. Það er þannig sem menn vilja hafa þetta, að geta farið og komið samdægurs. Vegurinn þarf að vera opinn bæði að heiman og heim og það gerist auðvitað ekki nema með þessu, með sama hætti og þar sem t.d. áætlunarflugi er haldið úti, að berjast fyrir því að fá tvær ferðir á dag að lágmarki.

Herjólfur er gott skip og 12 ára farsæll rekstur þess hefur auðvitað afsannað og hrakið allar kenningar um annað sem uppi voru í byrjun. Það kemur auðvitað að því að hann þarf að endurnýja. Það má kalla gott ef líftími tækis af þessu tagi er 15 ár. Þess vegna er meira en tímabært að fara að huga að því og á meðan á auðvitað nota skipið. Það er svo einfalt í mínum huga. Þetta eru ekki kostnaðartölur sem við eigum að hrökkva undan þótt við bætist einhverjir tugir milljóna ári, þó að þær væru 50, til þess að geta nýtt skipið eins og það býður upp á.

[13:46]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Vestmannaeyjar hafa á undanförnum árum háð mjög harða varnarbaráttu fyrir tilvist sinni eins og svo margar sjávarbyggðir á Íslandi. Íbúum þar hefur fækkað. Ég hygg að þeir séu núna jafnfáir og þeir voru eftir að Heimaeyjargosinu lauk fyrir rúmum 30 árum.

Óþarfakvótasetningar á fisktegundir eins og kolmunna, skötusel, keilu og löngu hafa að sjálfsögðu lagt hömlur á atvinnufrelsi Vestmannaeyinga. Hér er hv. formaður sjávarútvegsnefndar, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson. Hann lofaði því fyrir síðustu kosningar að hann mundi beita sér fyrir því að afnema þessar kvótasetningar. Ekki hefur orðið mikið vart við efndir á þeim loforðum fram til þessa en það yrði að sjálfsögðu mikil vítamínsprauta fyrir atvinnulífið í Vestmannaeyjum.

Atvinnulíf er hins vegar ekki nóg, við verðum líka að tryggja samgöngur. Hér eru til umræðu siglingar til og frá Vestmannaeyjum. Enginn efast um að siglingarnar eru sjálfur þjóðvegurinn til og frá Eyjum. Það er að sjálfsögðu skylda ríkisvaldsins að tryggja að þessi þjóðvegur sé sem greiðastur allan ársins hring.

Því ber að fagna að ferðum með Herjólfi hefur verið fjölgað. Hins vegar verða stjórnvöld núna að setjast niður og vinna mjög markvisst og ákveðið að framtíðarstefnumótun fyrir samgöngur til og frá Vestmannaeyjum. Við verðum að fara að íhuga það að skipta Herjólfi hugsanlega út, fá nýtt, stærra og hraðskreiðara skip. Herjólfur er of lítill. Við verðum að skoða möguleikana á því að grafa jarðgöng til Vestmannaeyja. Við verðum líka að athuga möguleikann á því að höfn verði gerð við Bakkafjöru.

Þetta eru gríðarlega mikilvæg mál fyrir framtíð Vestmannaeyja og hérna verður að fara að taka ákvörðun, ákvörðun til framtíðar. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að jarðgöng séu besti kosturinn.

[13:48]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég fagna umræðu um samgöngur við Vestmannaeyjar og þakka þann vilja sem hér kemur fram, bæði hjá hæstv. samgönguráðherra og þingmönnum, að bæta enn frekar samgöngur við Vestmannaeyjar. Það er stórt mál. Auðvitað er Herjólfur þjóðvegur Eyjanna. Herjólfur er þeirra Hellisheiði. Það skiptir mjög miklu máli, nú þegar farið verður yfir nýtt útboð á Herjólfi, að skoða vel forsendur útboðsins þannig að hann geti þjónað sem allra best íbúum Eyjanna, ferðaþjónustunni og atvinnulífinu. Þarna þarf að taka á og endurskoða. Svo þarf auðvitað að fara vel yfir þá ferðakosti sem Eyjamenn eiga, bæði flugið að Bakka og hingað til höfuðborgarinnar, þess vegna á Sel-

foss. Ekki eru margar eyjar byggðar og við þurfum að huga vel að samgöngum við þær eyjar sem enn eru í byggð í landinu, efla þær og styrkja.

Svo er hitt auðvitað framtíðin, hinar stóru forsendur sem menn ræða um, Bakkafjara og jarðgöng milli lands og Eyja. Það er auðvitað enn þá fjarlægur draumur þannig að menn mega ekki gleyma sér í þeirri umræðu. Margt getur líka nýtt gerst. Ég hef fylgst með skemmtilegu verkefni nemenda í Háskólanum á Bifröst sem hafa verið að skoða þessa miklu tækni sem Bretar eru að hanna og bjóða upp á, „skycat", þ.e. loftfar sem tekur mikið af bílum og mikið af fólki og er hugsað sem framtíðarfarkostur. Það er virkilega skemmtilegt verkefni sem Háskólinn á Bifröst vinnur að og skoðar sérstaklega út frá forsendum og samgöngum við Vestmannaeyjar, milli Vestmannaeyja og lands. (Gripið fram í.)

Ég þakka þessa umræðu og vona að þetta fái farsæla lausn og að samgöngur batni enn við Eyjarnar.

[13:51]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svör hans, svo og sérstaklega fyrir að beita sér fyrir fjölgun ferða Herjólfs, bæði fyrr og nú. Í þessari viku var þeim fjölgað um tvær á viku yfir vetrarmánuðina, desember til febrúar, þ.e. úr 8 í 10.

Þegar fyrir lá að strandsiglingar mundu hætta varð ljóst að upp kæmu vandamál víða, ekki síst á útgerðarstað eins og Vestmannaeyjum. Ég hafði samband við formann Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, Magnús Kristinsson, um þessi áhrif og formann bæjarráðs, Arnar Sigurmundsson, þar sem ég óskaði eftir því að málið yrði tekið upp í bæjarráði þar sem viðræður væru í gangi við samgönguyfirvöld um fjölgun ferða Herjólfs, svo og önnur mál sem verið hafa í umræðunni. Brugðist var vel við og fóru þeir félagar ásamt Bergi Ágústssyni, bæjarstjóra í Eyjum, á fundi með samningsaðilum. Niðurstaðan er, eins og áður hefur komið fram, fjölgun ferða Herjólfs yfir vetrartímann og önnur mál sem út af stóðu voru kláruð.

Að meðaltali fóru 10 40 feta gámar á viku með Mánafossi þegar hann gekk á milli lands og Eyja. Nú hefur ferðum Herjólfs verið fjölgað, m.a. til að bregðast við þessu.

Virðulegi forseti. Ef ekki verður breyting á strandsiglingum er ljóst að við þurfum að fylgjast vel með þeirri þróun sem verður, þ.e. hvaða áhrif þessir viðbótarflutningar munu hafa á nýtingarhlutfall á bílatæki Herjólfs á álagstímum. Það má ekki hafa þau áhrif að farþegum fækki vegna aukinna flutninga sem hefðu þau áhrif að erfiðara væri að komast með fólksbíla til Vestmannaeyja. Það er ekki hægt að etja atvinnulífinu og hinum almenna Herjólfsfarþega saman vegna þessara breytinga.

Til greina gæti komið að fara sérstakar næturferðir eingöngu vegna völuflutninga. Það er sennilega ódýrasta leiðin til að bregðast við. Ég er þess fullviss að hæstv. samgönguráðherra mun bregðast við þörfum okkar Eyjamanna komi til þess að fjölga þurfi ferðum enn frekar. Herjólfur er þjóðvegur okkar Eyjamanna og við höfum mikla sérstöðu samanborið við önnur sveitarfélög.

Á næsta ári verður tekin ákvörðun um hvaða valkostur verður í framboði í samgöngumálum okkar Eyjamanna en góðar samgöngur eru stærsta hagsmunamál Eyjanna.

[13:53]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það er skiljanlegt að samgöngumál séu Vestmannaeyingum hugleikin þar sem þeir búa við allt aðrar aðstæður í þeim efnum en meginþorri landsmanna. Nútímaþjóðfélag byggir á öruggum og hraðvirkum samgöngum og krafa íbúa og fyrirtækja, hvar sem þau eru, er að þjóðvegurinn til þeirra sé greiðfær alltaf þegar raunhæft er að gera kröfu um slíkt vegna umhverfisaðstæðna. Um Vestmannaeyjar gildir ekkert annað lögmál. Þeir sem þar búa hafa uppi sömu væntingar og kröfur til þjóðvegakerfisins sem á þessari stundu er ferjan og flugsamgöngur. Vonir og væntingar standa til að samgöngur verði tryggðar eins ört og örugglega og nokkur kostur er.

Nú þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hætta strandsiglingum og færa flutninga að mestu yfir á þjóðvegina hlýtur það að kalla á að þjóðvegurinn til Eyja verði styrktur frá því sem verið hefur og Herjólfi gert kleift að auka frekar tíðni ferða til að mæta a.m.k. þeirri minnkun á flutningsgetu sem leiðir af niðurfellingu strandflutninga.

Í nýju útboði sem fyrirhugað er í janúar 2006 hlýtur að þurfa að gera ráð fyrir að ferjan gangi að lágmarki til 2–3 ferðir á hverjum sólarhring til að halda þjóðveginum til og frá Eyjum opnum með skammlausum hætti.

Öflugar og tryggar flugsamgöngur eru hraðvirkasta leið Eyjamanna til lands, og nauðsynlegt í ljósi sérstöðu þeirra að hlúa sérstaklega að því að framboð haldist í hendur við eftirspurn. Það hlýtur alltaf að vera hlutverk opinberra aðila að leita allra leiða til að halda niðri kostnaði þeirra sem greiða fyrir samgöngur til og frá stöðum þar sem ekki er um það að ræða að hægt sé að setjast upp í einkabílinn hvenær sem mönnum hugnast og aka á þann stað sem hugurinn stendur til.

Við höfum rætt á Alþingi um kostnað þeirra sem nýta göngin undir Hvalfjörð og hvort unnt sé að leita leiða til að minnka hann. Þeir sem þau göng nota hafa þó annan valkost sem er að nýta þjóðvegakerfið fyrir fjörðinn og eiga því val um hvaða leið er notuð með tilliti til ferðatíma og kostnaðar. Þetta val, frú forseti, eiga Vestmannaeyingar ekki og eðlilegt er að það sé haft í huga þegar fjallað er um ferðamöguleika þeirra og kostnað.

[13:55]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Góðar og traustar almenningssamgöngur eru sérstaklega mikilvægar þeim sem búa í eyjasamfélagi og hafa ekki sömu möguleika og aðrir landsmenn á að setjast upp í bíl og aka leiðar sinnar eftir þjóðvegum landsins. Góðar samgöngur eru því lykilatriði fyrir Vestmannaeyjar til að bæjarfélagið geti bætt stöðu sína og eflt atvinnulífið. Atvinnuleysi er mest í Vestmannaeyjum í öllu Suðurk.

Flugsamgöngur eru ekki síður mikilvægar fyrir Vestmannaeyinga en samgöngur á sjó. Um flugvöllinn á Bakka fara t.d. um 30 þús. manns á ári og er hann einn fjölfarnasti flugvöllur landsins. Það tekur ekki nema 5 mínútur að

fljúga á milli lands og Eyja. Í júní á næsta ári mun ný flugstöð rísa á Bakkaflugvelli sem mun þjóna þeim vaxandi umferðarþunga sem um völlinn fer.

Landsflug hóf flugrekstur frá Reykjavík til Vestmannaeyja og Hornafjarðar 1. október sl. og er þess vænst að næstu daga muni þeir bæta flugkost sinn um aðra flugvél. Sú staðreynd að Eimskip hefur lagt niður strandsiglingar hefur kallað á breytta og aukna þjónustu Herjólfs. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra Sturlu Böðvarssyni fyrir að hann hefur beitt sér fyrir því að vetraráætlun Herjólfs hefur verið breytt. Verða ferðirnar auknar um tvær á viku og verða því samtals 10. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra hafa ferðirnar aukist um 42% síðustu ár og ber að fagna því.

Nú er verið að gera rannsóknaáætlun um jarðgöng til Eyja. Að öllum líkindum munu þær rannsóknir fara af stað á næsta ári og þingmenn Suðurk. stóðu saman að því að færa fjármuni úr Bakkavegi til þess að þær gætu farið af stað. Ekki voru allir ánægðir með það en við töldum, þingmennirnir allir, að það yrði að ganga fyrir.

[13:58]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að taka þetta mál til umræðu. Eins og kom fram í máli þingmannsins er rótin fyrir þessari umræðu sú staðreynd að Eimskipsmenn hafa ákveðið að hætta strandsiglingum. Þá kom einnig fram í máli hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar að allt að 10 40 feta gámar hafa verið fluttir með skipi Eimskips fram til þessa en nú er svo komið að þessar ferðir leggjast niður. Því tel ég ráðlegt í þessari umræðu að við beinum spjótum okkar að þeim vanda sem er upp kominn og er ástæðan fyrir því að þetta er til umræðu.

Það kom fram í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að skipið er nýtt 7–12 klukkustundir á sólarhring sem segir okkur að það er pláss fyrir sýnu meira. Því vil ég beina því til samgönguráðherra að horfa til þeirrar leiðar að auka við ferðir til að tryggja að atvinnufyrirtæki í Vestmannaeyjum fái sömu þjónustu og þau fengu fyrir þá ákvörðun Eimskipsmanna að hætta strandflutningum. Nógu erfitt eiga atvinnuvegirnir í dag með þá hagstjórn sem er við lýði. Hér er sterk staða krónunnar og ekki er á það bætandi fyrir Vestmannaeyinga að samgöngur skuli daprast með þeim hætti sem raunin er.

Menn hafa rætt um að skipið sé komið til ára sinna. Ég held að 12 ára skip eigi allmikið eftir og að kannski megi liggja á milli hluta að fara að breyta um farkost hvað það varðar. Ég vil styðja þær hugmyndir sem ráðherra kom inn á í máli sínu áðan um að skoða eins hratt og auðið er tilveru ferjuhafnar á Bakka en umfram allt í þessari umræðu verður niðurstaðan að verða sú að samgönguráðherra íhugi alvarlega — og ég veit að Samskipsmenn mundu taka honum fagnandi — að setjast niður með þeim og ræða alvarlega hvort ekki sé tilefni til að fjölga ferðum milli lands og Eyja. Þá er ég að tala um Herjólf, herra forseti.

[14:00]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu og þær upplýsingar sem komu fram hjá hæstv. samgönguráðherra. Ég get verið stoltur af því að vera einn níu þingmanna sem flutti þingsályktunartillögu í upphafi þings árið 2000 um það að Alþingi ályktaði að fela samgönguráðherra að hlutast til um að Siglingastofnun Íslands hæfi sem fyrst rannsóknir á ferjuaðstöðu Bakkafjöru og öðrum aðstæðum í tengslum við ferjuleið frá Vestmannaeyjum að Bakkafjöru. Þetta var samþykkt á Alþingi 5. desember árið 2000 og eins og kom fram hjá hæstv. samgönguráðherra hefur verið unnið að þessu máli.

Samt hefur verið ótrúlega lítið um þetta mál rætt af hálfu Eyjamanna og kemur það mjög spánskt fyrir sjónir. Þarna er mikill möguleiki. Rannsóknir sem hafa þegar farið fram benda til þess að þarna sé mikill möguleiki á að byggja upp höfn. Það mun hins vegar liggja ljóst fyrir í lok árs 2005 eða upphafi árs 2006 og þá tengist það auðvitað því sem fram undan er, þ.e. endurnýjun þessa skips. Þess vegna gætu þeir legið saman, þessir tveir valkostir, þ.e. væntanleg ferjuaðstaða í Bakkafjöru og nýtt skip.

Hér hafa menn talað um ferðir Herjólfs. Árið 1999 voru farnar rúmlega 400 ferðir en fram undan, árið 2005, verða farnar 600 ferðir og það segir okkur náttúrlega að það hefur verið gert nokkuð í því máli að bæta samgöngur við Eyjar þótt auðvitað megi betur fara. Ég er sammála því sem hér hefur komið fram hjá hv. þingmönnum að eðli málsins samkvæmt ætti auðvitað að laga ferðir skipsins að þörfinni eins og hún er á hverjum tíma. Það er hið besta mál og það munum við auðvitað styðja og styrkja. Umfram allt er rétt að haldið sé áfram þessari miklu og góðu rannsókn um Bakkafjöru og það finnst mér vera stóra málið sem skiptir miklu hvað framtíðarsamgöngur Vestmannaeyja áhrærir.

[14:02]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og eins þeim hv. þm. sem hér hafa lagt orð í belg í þessari umræðu.

Vissulega ber að fagna því sem vel er gert, bæði 42% fjölgun ferða Herjólfs á tiltölulega skömmum tíma og þær aðgerðir sem eiga sér stað hvað varðar aðstöðuna á Bakkaflugvelli.

Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd eins og hér hefur glögglega komið fram í umræðunni að eftir að Mánafoss hætti að sigla og koma við í Vestmannaeyjum 1. desember eru núverandi aðstæður algjörlega ófullnægjandi. Það eru þau skilaboð sem við þingmennirnir fáum, bæði frá atvinnurekendum og almenningi í Vestmannaeyjum. Auðvitað höfum við ákveðnar skyldur gagnvart þessu samfélagi sem telur á fimmta þúsund manns. Þannig hafa atvinnurekendur tjáð mér að miðað við óbreytt ástand um flutninga kunni þeir beinlínis að neyðast til að færa starfsemi sína upp á land vegna samgönguerfiðleika, vegna erfiðleika við að koma vöru sinni á markað. Það þarf ekkert að efast um hvaða afleiðingar það hefði fyrir samfélagið í Eyjum og hver kostnaður samfélagsins af slíku yrði.

Eins og hér hefur komið fram er unnið að langtímalausnum, bæði við Bakkafjöru eða göng, endurútboð á siglingum og hugsanlega nýtt skip. Þær lausnir eru framtíðarlausnir og langtímalausnir og duga Vestmannaeyingum skammt í þeim vanda sem þeir eru að glíma við í dag og

þeim vanda sem steðjar að Vestmannaeyingum í dag. Ég treysti því að hæstv. ráðherra muni þá beita sér fyrir því að leysa þennan vanda. Eins og hér hefur skýrt komið fram í umræðunum standa þingmenn Suðurk., og augljóslega langt út fyrir það, að baki því að þessi vandi verði leystur og það hið bráðasta.

[14:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir góðar undirtektir við þeim ákvörðunum sem ég hef tekið hvað varðar úrbætur í samgöngumálum Vestmannaeyja. Það er alveg ljóst að það er mikill vilji eins og skýrt hefur komið fram í umræðum á Alþingi um samgöngumál Vestmannaeyinga. Þingmenn vilja standa vel að verki þar, og ég tel að svo hafi verið gert.

Það er nauðsynlegt að vandamálin séu ekki gerð meiri en þau eru. Það liggur ljóst fyrir að flutningar verða með sama hætti áfram hvað varðar flutninga til meginlands Evrópu en fjölgun ferða Herjólfs er m.a. til að koma til móts við fyrirtæki sem þurfa að koma framleiðslu sinni í veg fyrir skip sem sigla til Ameríku. Auðvitað þurfum við að meta stöðuna. Það liggur í hlutarins eðli að það er afar mikilvægt fyrir okkur að standa þannig að verki að atvinnufyrirtækin í Vestmannaeyjum, sjávarútvegsfyrirtækin í Vestmannaeyjum, geti bæði fengið aðföng og komið framleiðslu sinni á markað með sem hagkvæmustum hætti.

Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að eyjasamfélagið er auðvitað með sínum takmörkunum og samgöngur geta aldrei verið með sama hætti og út á hina stóru markaði eins og er á höfuðborgarsvæðinu. Það skilja allir.

Aðalatriði málsins er að unnið er eftir skýrum áætlunum, ég vil að það komi skýrt fram vegna orða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, það er unnið eftir tillögum sem voru settar upp í góðu samstarfi við heimamenn og ég vænti þess að það geti orðið samkomulag um það sem kemur út úr rannsóknum hvað Bakkafjöru varðar.

Áfram verður unnið að því að bæta samgöngur við Vestmannaeyjar. Það eru skilaboðin sem koma úr samgönguráðuneytinu.

Greiðslur yfir landamæri í evrum, 2. umr.

Stjfrv., 212. mál (EES-reglur). — Þskj. 214, nál. 560.

[14:07]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri í evrum frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Nefndarálitið er á þskj. 560 og málið er 212. mál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Í frumvarpinu er lögð til innleiðing á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum. Reglugerðin er prentuð sem fylgiskjal með frumvarpinu. Með innleiðingu reglugerðarinnar er stefnt að því að gjöld vegna greiðslna í evrum yfir landamæri verði hliðstæð þeim sem tekin eru fyrir greiðslur innan lands. Reglugerðin nær til færslna að fjárhæð allt að 12.500 evrur en frá og með 1. janúar 2006 hækkar fjárhæðin í 50.000 evrur. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að reglugerðin nái til greiðslna í íslenskum krónum þó svo að heimild sé til þess í reglugerðinni.

Í umsögn Fjármálaeftirlitsins um málið var bent á að vafi væri á hvort það gæti uppfyllt að öllu leyti þau skyldu verk sem í greinargerð segir að það eigi að vinna varðandi beitingu viðurlaga, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar og setningu reglna um kvartanir og málskot til að jafna deilur á milli aðila á sífreytilegum fjármálamarkaði. Þetta ræddi nefndin nokkuð og leggur meiri hlutinn til breytingu á málinu á grundvelli þessa þar sem ráðherra er veitt heimild til að setja nánari reglur um greiðslur yfir landamæri í evrum.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu: Á eftir 1. gr. frumvarpsins bætist við ný grein, svohljóðandi: Viðskiptaráðherra er heimilt að setja reglugerð um greiðslur yfir landamæri í evrum.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson, Siv Friðleifsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara, og Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara.

[14:09]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni mál sem í sjálfu sér er ekki stórmál en að mörgu leyti er þetta prinsippmál og að sumu leyti veitir það ákveðna innsýn í vinnubrögð Evrópusambandsins. Það sem um er að ræða er að tryggja með lögum að gjöld vegna greiðslna í Evrópugjaldmiðlinum, í evrum, yfir landamæri verði hliðstæð þeim sem tekin eru fyrir greiðslur innan lands. Ástæðan fyrir því að þessi tilskipun var samþykkt í Evrópusambandinu var sú að þar á bæ vildu menn stuðla að viðskiptum á hinu Evrópska efnahagssvæði, á innri markaði Evrópusambandsins og hins Evrópska efnahagssvæðis, þó sérstaklega í Evrópusambandinu sjálfu. Að sjálfsögðu er þessu beint gagnvart stórum ríkjum í Evrópu, Þýskalandi, Bretlandi, Frakklandi, Ítalíu og öðrum ríkjum, og er það gert til að stuðla að því að löndin séu ekki lokuð af, ekki sé mismunað gagnvart viðskiptaaðilum í öðrum ríkjum, að þeir sem eru innan landamæra hvers ríkis búi ekki við betri kjör en viðskiptaaðilar í öðrum ríkjum. Þetta er gert til þess að stuðla að auknum viðskiptum innan Evrópusambandsins. Það er alveg skiljanlegur hlutur.

Við höfum í sjálfu sér ekki þurft að taka þessa tilskipun upp. Það var ákveðið í EFTA-batteríunum að gera slíkt en við höfum vel getað staðið utan þessa fyrirkomulags. Þar sem þessi ákvörðun var á annað borð tekin höfum við líka getað farið ýmsar aðrar leiðir. Við höfum t.d. getað tekið um það ákvörðun að sama regla skuli gilda um alla gjaldmiðla. Hvers vegna aðeins um evruna? Hvers vegna á hún að njóta forgangs? Hvers vegna ekki aðrir gjaldmiðlar sem Íslendingar nota í viðskiptum við útlönd? Þetta er augljós-

lega gert til að styrkja evruna sem gjaldmiðil og ég hef spurt: Hvers vegna er hið sama ekki látið gilda um alla gjaldmiðla?

Aðeins síðan um afstöðu okkar til mála af þessu tagi, hún er tvímælalaust á þann veg að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði viljum stuðla að því að fjarlægja óþarfahindranir í viðskiptum. Við höfum verið fylgjandi því að innleiða hvers kyns staðla í fjármálaheiminum og í viðskiptum sem auðvelda samskipti og viðskipti milli ríkja. Gagnrýni okkar á Evrópusambandið hefur fyrst og fremst verið af pólitískum toga, við höfum ekki viljað þurfa að kyngja því jafnframt að afsala okkur lýðræðislegu valdi, valdi um það hvernig við skipuleggjum samfélag okkar að öðru leyti. Gagnrýni okkar er fyrst og fremst á þá lund.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að orðlengja um þetta en vildi aðeins skýra hvers vegna nafn mitt er ekki á þessu nefndaráliti. Það er ekki vegna þess að ég telji þetta mál til ills, nema síður sé, ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga en ég hefði viljað láta eitt ganga yfir alla gjaldmiðla, hefði ekki viljað láta þetta einvörðungu gilda um evruna.

[14:14]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef menn hafa þá trú að samkeppni haldi verðlagi það niðri að það sé nánast kostnaðarverðlag sem endurspeglist í verðlagi átta menn sig væntanlega á því að ef menn ætla sér að láta innlendan gjaldmiðil, þ.e. íslensku krónuna, njóta sömu reglu yrði mjög dýrt að senda t.d. krónu til Apenu vegna þess að þar í landi kannast menn ekki endilega við þann gjaldmiðil. Það yrði nánast bara að senda mann með hana eða senda hana þangað með pósti (Gripið fram í.) og það mundi auka kostnaðinn mjög mikið. Ég reikna ekki með því að öll lönd í Evrópusambandinu séu tilbúin til að taka við þessum greiðslum á rafrænan hátt. Ef það er gert rafrænt verður nokkuð sama hversu langt er flutt.

Af þessari ástæðu hygg ég að menn hafi ekki viljað taka inn fleiri myntir. Kostnaðurinn mundi aukast svo mikið fyrir örfáar greiðslur í íslenskum krónum út í heim að gjaldið innan lands yrði að vera töluvert miklu hærra fyrir krónur á milli banka þar sem eru jafnvel í sömu götu. Þetta er ástæðan fyrir því að menn vildu ekki láta þetta gilda fyrir alla gjaldmiðla. Þá væri illt að skilja krónuna eftir.

Menn ákváðu að taka þetta lágmark sem hafði verið samþykkt í samráðsnefndinni í EFTA og láta evruna njóta þessa forgangs. Þetta mun án efa, ef menn trúa því að samkeppni haldi verði niðri, hækka verðið eilítið innan lands í flutningi á evrum milli innlendra bankastofnana. Ég geri ráð fyrir að það verði ekkert voðalega mikið vegna þess að magn þessara færslna er ekki mikið og ég held að bankarnir noti þetta sem ákveðna viðskiptavild fyrir viðskiptavini sína.

[14:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við þetta er ekki miklu að bæta. Ég gerði grein fyrir sjónarmiðum mínum og hv. þingmaður hefur gert grein fyrir sínum. Það kemur fram í máli hans að þetta muni hafa í för með sér einhverjar tilfærslur á kostnaði. En fróðlegt væri að heyra álit hans á því hvort það sé ekki svolítið stílbrot hjá frjálshyggjumönnum að setja viðskiptaaðilum skorður að þessu leyti. Ég er í sjálfu sér ekki að gagnrýna það í mínu máli, nema síður sé, mér finnst það ekkert óeðlilegt en það væri fróðlegt að heyra hv. þm. Pétur H. Blöndal tjá sig um þetta efni.

[14:17]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að þetta er mikið stílbrot í augum frjálshyggjumanna og meira að segja líka í mínum augum — ég er ekki endilega frjálshyggjumaður — enda eru þetta kvaðir á atvinnulífið að gera eitthvað sem er ekki endilega eðlilegt, vegna þess að það er jú ódýrara að senda greiðslur milli banka í sömu götu en að senda þær endanna á milli í Evrópusambandinu.

Verið er að taka þarna upp ákveðið jöfnunargjald og jöfnunargjald er alltaf þjóðhagslega óhagkvæmt og þar af leiðandi ætti maður að vera á móti þessu. Hins vegar er aðildin að Evrópusambandinu eða EES-samningnum það mikil hagsbót að menn kyngja þessu eins og öðru sem kemur frá Evrópusambandinu vegna þeirrar hagræðingar sem fylgir aðildinni.

[14:18]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins til að botna umræðuna, þá eru miklar efasemdir um að þegar á heildina er litið séu hagsbæturnar af aðild okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði þær sem menn vilja vera láta eða aðdáendur samningsins vilja vera láta. Að öðru leyti tel ég að sjónarmið okkar hafi verið skýrð í þessum orðaskiptum.

[14:19]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður spyr hvers vegna sé aðeins í þessu efni tekið til evrunnar. Mér virðist svarið vera nokkuð augljóst þó ég hafi ekkert fylgst með umfjöllun um málið í þinginu, en eins og fram kom hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal eru miklir hagsmunir okkar bundnir í Evrópska efnahagssvæðinu. Það hlýtur einnig að staðfesta það að til framtíðar hljótum við að horfa á evruna sem þá mynteiningu sem við notum hér og almennt á Evrópska efnahagssvæðinu. Ég hygg að hv. þingmaður hljóti að geta verið mér sammála um það að í fyrirsjáanlegri framtíð muni heimurinn ekki skiptast í fjögur myntsvæði, jenið, dollarann, evruna og íslensku krónuna, heldur sé það óhjákvæmilegt að við og ýmsar aðrar þjóðir aðlögum okkur að einu af myntsvæðunum og evran sé í því efni nokkuð augljós kostur.

Ég vil spyrja hv. þingmann í leiðinni hvort hann telji ekki að þróun gengis íslensku krónunnar undanfarna daga sem viðbrögð við stórframkvæmdum fyrir austan og þau alvarlegu áhrif sem það hefur á stöðu útflutningsgreinanna og ógnun við atvinnusköpun, m.a. í kjördæmi þingmannsins, Reykjavík, sýni svo ekki verður um villst að til framtíðar þurfi menn að huga að því að skipta út þeim gjaldmiðli sem hér hefur verið notaður og einmitt að stíla inn á þann gjald-

miðil sem hér er til umræðu, þ.e. evruna.

[14:20]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég treysti mér sannast sagna ekki til að gefa út neina spádóma um framtíðarhorfur helstu gjaldmiðla heimsins en minni á að Íslendingar skipta að sönnu mikið við Evrópusambandsríkin og viðskipti okkar við þau hafa farið vaxandi. Við erum jafnframt með viðskipti í aðrar áttir, til Bandaríkjanna og til annarra ríkja í heiminum. Varðandi evruna er það náttúrlega staðreynd að hana munum við ekki taka upp hvort sem við notum hana sem viðmiðunargjaldmiðil nema við göngum í Evrópusambandið og ég hef ekki trú á því að við séum á leiðinni þangað, alla vega ekki á næstu dögum.

[14:21]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þó að hv. þingmaður treysti sér ekki til að spá um framtíð einstakra gjaldmiðla, sem út af fyrir sig er skiljanlegt, hljótum við að velta því fyrir okkur og taka það til umræðu, m.a. vegna þess að sú atvinnustefna sem flokkur hv. þingmanns hefur talað fyrir, t.d. í þekkingariðnaði og um starfsemi sem er í eðli sínu að mörgu leyti alþjóðleg og byggir á þekkingu og menntun er algerlega nauðsynlegt að við sköpum hér skilyrði fyrir slík fyrirtæki og slíka starfsemi til að þrífast.

Það hvernig dollarinn hefur verið að þróast á síðustu árum, er í 62 krónum hygg ég í dag en var í yfir 116 fyrir aðeins örfáum árum, hlýtur hver maður að sjá að er algerlega óviðunandi fyrir sprotafyrirtæki og þekkingariðnað, sem ég veit að hv. þingmaður hefur talað fyrir sem valkosti við þá stóriðjudollarapólitík sem hefur verið rekin á undanförnum árum með afdrifaríkum afleiðingum m.a. fyrir útflutningsgreinarnar.

Ég vil þess vegna spyrja hann hvort hann telji ekki fulla ástæðu til þess, ekki aðeins að laga okkur með þeim hætti sem hér um ræðir við evrusamstarfið heldur að ræða það hvort ekki sé nauðsynlegt skref í fyrirsjáanlegri framtíð að við tökum evruna upp sem gjaldmiðil.

[14:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins minna á það sem er staðreynd í málinu að það tekur ekkert ríki upp evruna sem gjaldmiðil án þess að ganga í Evrópusambandið. Það er forsenda þess að menn taki upp evru og þangað erum við ekki að halda, alla vega ekki á næstunni og hugsanlega gerum við það aldrei.

Gengi gjaldmiðla heimsins er breytilegt. Ég er sammála greiningu hv. þingmanns hvað snertir afleiðingar þeirrar stóriðjustefnu sem hér hefur verið rekin. Bandaríkjadollari er veikur að öðru leyti á heimsvísu. Það er að hluta til rakið til efnahagsstefnu þeirrar stjórnar sem þar situr, en sem betur fer fyrir Bandaríkjamenn verða einhvern tíma stjórnarskipti. Bush Bandaríkjaforseti á að sönnu eftir fjögur ár og getur margt illt gert af sér enn, en síðan koma vonandi batnandi tímar í því ríki.

[14:24]

Útbýting:

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 299. mál, brtt. LB o.fl., þskj. 585.

[14:24]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta er kannski ekki stórt mál sem við ræðum, en eins og komið hefur fram í umræðunni veitir það okkur örlitla innsýn inn í störf Evrópusambandsins og hvernig það svæði er hugsað. Verið er að innleiða í íslensk lög reglugerð um greiðslur yfir landamæri í evrum. Hugmyndafræðin sem býr að baki er að reyna að tryggja að sami kostnaður verði alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu þegar kemur að því að flytja evrur milli landa og innan landa.

Áður en lagt var af stað í þá vinnu var gerð tilraun með að flytja 100 evrur milli allra landanna og þegar upp var staðið var lítið sem ekkert eftir af þeim fjármunum, þ.e. flest hafði runnið til bankastofnana vegna kostnaðar. Menn sáu að þarna voru miklar hindranir hvað varðaði viðskipti á evrusvæðinu. Þess vegna var farið í þá vinnu að reyna að tryggja að kostnaður við flutning á evrum milli landa væri hinn sami og innan landa. Við, sem erum aðilar að EFTA og þau ríki sem eru með EES-samninginn í gildi við Evrópusambandið, þurfum að taka þetta upp.

En hugmyndafræðin er fyrst og fremst sú að reyna að jafna kostnað við flutning á peningum innan svæðisins. Þar kemur að þeim fyrirvara sem ég hef á því áliti sem hér liggur fyrir vegna þess að möguleikar okkar við að afgreiða málið og leiða þetta í lög eru a.m.k. tveir. Það er annars vegar sú leið sem hér er farin, þ.e. að tryggja að kostnaður við flutning á evrum innan lands sé sá hinn sami og milli landa, en við hefðum einnig átt möguleika á því að ákveða að kostnaður við flutning á evrum milli landa væri sá hinn sami og flutningur á krónum innan lands. Það hefði vissulega haft jákvæð áhrif fyrir út- og innflutning að mínu mati. Það hefði vissulega verið kjarabót fyrir útflutnings- og innflutningsgreinarnar sem ég tel að hefði átt að skoða mun betur en ákveðið var að fara ekki þá leið. Þá leið fóru Svíar en við virðumst hafa tekið þá ákvörðun að fara þá leið sem er að einhverju leyti kostnaðarminni fyrir bankakerfið, eða kannski ekki kostnaðarminni heldur verði möguleikar bankakerfisins að ná í tekjur meiri verði þessi leið farin en að fara þá leið sem Svíar fóru.

Gott og vel. Ég held að málið sé á hinn bóginn skref fram á við. Það ber líka að gæta þess að hér er ekki um háar fjárhæðir að ræða. Við erum að tala um að þetta taki fyrst til evruflutninga milli landa upp á 12.500 evrur en frá og með 1. janúar 2006 hækki fjárhæðin í 50.000 evrur. Það sem ég er aðeins að vekja athygli á og mér finnst skipta máli er að hér gæti verið um stefnumótun til lengri tíma að ræða og við eigum að leita allra leiða til þess að auðvelda viðskipti milli landa og innan EES-svæðisins og er mat mitt að við hefðum getað farið aðra leið. Það hefði að vísu þýtt tekjumissi fyrir bankakerfið en hefði á hinn bóginn leitt til þess að kostnaður við inn- og útflutning hefði minnkað. Ég tel að við hefðum átt að skoða frekar að fara þá leið en vil þó segja sem er að sú leið sem hér er farin er til bóta, þó að

ég telji að það hefði mátt taka stærri og markvissari skref í þessum efnum við afgreiðslu málsins.

[14:29]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu enn eitt frumvarpið sem lýtur að Evróputilskipunum, um frumvarp um greiðslur yfir landamæri í evrum. Megintilgangur og meginmarkmið frumvarpsins er að tryggja að gjöld vegna slíkra greiðslna verði hliðstæð því sem gerist í greiðslum innan lands.

Ég vil koma því að í umræðunni að það eru ófáar Evróputilskipanir sem við á hinu háa Alþingi þurfum að afgreiða. Flestar eru saklausar en ein og ein virðist lauma með sér auknum kostnaði, bæði fyrir ríki og sveitarfélög. Í þessu tilviki geld ég varhuga við einu atriði og beini þessum orðum til allra sem sitja í efnahags- og viðskiptanefnd, að innflutningsfyrirtækin í landinu eru þau fyrirtæki sem færa evrur á milli landa.

Þegar innflutningsfyrirtæki kaupa vörur af fyrirtækjum í þjóðríkjum sem nota evru þurfa hin sömu fyrirtæki að millifæra evrur frá Íslandi til slíkra landa. Aftur á móti þegar útflutningsfyrirtæki flytja út vörur fá þau yfirleitt greitt í evrum inn á sína reikninga hér heima ef þau flytja út til evrulanda. Það sem gerist í störfum 200–300 útflutningsfyrirtækja hér á landi, virðulegi forseti, er að þau millifæra evrur til sinna birgja sem eru framleiðendur í landinu. Í þessu tilviki er verið að tala um að hámarksupphæðin verði fyrst 12.500 evrur og hækki síðan eftir 1. janúar 2006 upp í 50.000 evrur. Þannig er mál með vexti að það eru ótal greiðslur, og ég gat þess í störfum nefndarinnar, í viku hverri í íslenska bankakerfinu sem eru einmitt á þessu bili, svona frá 4.000 og upp í 40–50 þúsund evrur. Útflutningur á ferskum fiski er á þessum kalíber og svo má lengi telja.

Því beini ég þeim orðum til okkar sem erum í efnahags- og viðskiptanefnd að fylgjast vel með því eftir að þessi lög verða að veruleika, hvort breytingin muni valda því að kostnaður innflutningsfyrirtækja við að flytja evrur á milli landa muni lækka á kostnað útflutningsfyrirtækjanna þegar þau flytja evrur á milli íslenskra framleiðslufyrirtækja. Því er nú þannig farið í dag, miðað við hagstjórn landsins, virðulegi forseti, að útflutningsgreinarnar eiga undir högg að sækja. Gengisþróunin hefur verið þeim afleit. Því vil ég að við hv. þingmenn í efnahags- og viðskiptanefnd fylgjumst vel með þeirri þróun sem mun eiga sér stað eftir þessa breytingu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norræni fjárfestingarbankinn, 2. umr.

Stjfrv., 284. mál (afnám laga nr. 26/1976). — Þskj. 307, nál. 542.

[14:32]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um afnám laga nr. 26/1976, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun Norræna fjárfestingabankans.

Nefndarálitið er frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd og er 284. mál þingsins á þskj. 542.

Nefndin hefur fjallað um málið. Í frumvarpinu er lagt til að felld verði brott lög nr. 26/1976 sem heimiluðu ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans. Samningurinn sem hér um ræðir var undirritaður í Kaupmannahöfn 4. desember 1974 en hefur nú vikið fyrir nýjum samningi milli Norðurlandanna um starfsemi bankans, sem gerður var í Ósló 23. október 1998. Alþingi hefur heimilað fullgildingu núgildandi samnings með þingsályktun sem samþykkt var á 123. löggjafarþingi. Að þessu virtu telur nefndin rétt að lög nr. 26/1976 verði felld brott.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Siv Friðleifsdóttir, Álfheiður Ingadóttir og Jón Gunnarsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 2. umr.

Stjfrv., 300. mál (fjárfestingar). — Þskj. 327, nál. 571.

[14:34]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Nefndarálitið er frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd og er 300. mál þingsins á þskj. 571.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti og Árnínu Steinunni Kristjánsdóttur frá Kauphöll Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að gerð verði breyting á 1. málsl. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem fjallað er um skilyrði fjárfestinga lífeyrissjóða. Markmiðið með breytingunni er að taka af allan vafa um skilyrði ákvæðisins og gera skýrara en nú er að lífeyrissjóðum sé heimilt að fjárfesta í óskráðum hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða svo fremi að eignir þeirra séu skráðar á markaði. Samræmist þetta túlkun Fjármálaeftirlitsins á núgildandi ákvæði.

Nefndin fjallaði nokkuð um efni þessara reglna í tengslum við meðferð á 480. máli á 130. þingi og mæltist þá til þess í nefndaráliti að fjármálaráðherra tæki málið til ítarlegrar skoðunar í samstarfi við Fjármálaeftirlitið og Kauphöll Íslands.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt óbreytt.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu en áskilur sér rétt til að leggja fram breytingartillögur við málið.

Undir nefndarálitið rita Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Siv Friðleifsdóttir, Ögmundur Jónasson, með fyrirvara og Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 2. umr.

Stjfrv., 366. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 429, nál. 545.

[14:37]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Í frumvarpinu er lagt til að framlengd verði til 30. júní 2005 undanþága frá greiðslu þungaskatts fyrir bifreiðar sem í tilraunaskyni nota annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu. Óþarft er að framlengja undanþágu frá þessum lögum í lengri tíma þar sem lög um olíugjald og kílómetragjald o.fl., nr. 87/2004, taka gildi 1. júlí nk. og falla þá úr gildi lögin sem frumvarpið breytir.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu

Undir nefndarálitið rita Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármansson, Gunnar Birgisson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Siv Friðleifsdóttir, Álfheiður Ingadóttir og Jón Gunnarsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 376. mál (afnám laganna). — Þskj. 461, nál. 574.

[14:38]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um afnám laga nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Landssamtökum lífeyrissjóða og Lífeyrissjóði sjómanna.

Í frumvarpinu er lagt til að lög nr. 45/1999, um Lífeyrissjóð sjómanna, verði afnumin frá og með 1. janúar nk. og að lífeyrissjóðurinn starfi frá þeim tíma á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í umsögn Lífeyrissjóðs sjómanna kemur fram að sjóðurinn hefur leitað eftir því að lögin verði felld úr gildi og stjórn sjóðsins styðji málið. Landssamtök lífeyrissjóða mæla einnig með afnámi laganna.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að tryggt sé talið að sjóðsfélagar glati ekki réttindum við breytinguna.

Nefndin leggur til að málið verði samþykkt óbreytt.

Gunnar Birgisson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Siv Friðleifsdóttir, Ögmundur Jónasson, með fyrirvara, og Einar Már Sigurðarson.

[14:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það var rétt sem fram kom í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals að bæði stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna og Landssamband lífeyrissjóðanna mæla með því að frumvarpið verði samþykkt, að sérlögin verði numin úr gildi, en ástæða þess að ég er með fyrirvara er sú að ég vildi nota þetta tækifæri til að vekja athygli á því að ríkisvaldið hefur í rauninni aldrei staðið við skuldbindingar sínar hvorki gagnvart lífeyrissjóðnum né sjómönnum.

Lífeyrissjóður sjómanna hefur átt í miklum erfiðleikum og eru ýmsar ástæður fyrir því. Örorka er mjög mikil í röðum sjómanna og hefur það valdið því að byrðarnar á þann lífeyrissjóð eru þyngri en gerist almennt hjá öðrum lífeyrissjóðum og hefur það leitt til þess að lífeyrisréttindi sjómanna hafa aftur og ítrekað verið skert með lögum og hefur mörgum sjómanninum og landsmanni sviðið að horfa upp á það, ekki síst í ljósi þess að samtök sjómanna hafa talið og fullyrt að ríkisvaldið hafi aldrei staðið við skuldbindingar sem gefnar voru í tengslum við kjarasamninga upp úr 1980. Þá voru gerðir kjarasamningar þar sem fyrirheit voru gefin um að komið yrði til móts við sjómenn með því að styrkja lífeyrissjóð þeirra. Um þetta hafa oft farið fram umræður á Alþingi. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, flutti þingmál sem lýtur að því að styrkja Lífeyrissjóð sjómanna og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum tekið undir málflutning hans. Ég vildi aðeins nota tækifærið nú til að árétta sjónarmið okkar hvað þetta snertir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 320. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 356, nál. 572.

[14:43]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags-

og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Fjármálaeftirliti, Kauphöll Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða, Sambandi íslenskra lífeyrissjóða, Seðlabanka Íslands, Samtökum fjárfesta og Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á álagningarhlutföllum 5. gr. laganna sem byggist á skýrslu Fjármálaeftirlitsins um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Líkt og segir í inngangi athugasemda við frumvarpið þá eru álagningarhlutföll lækkuð en lágmarksgjöld eru óbreytt að því undanskildu að lagt er til að lágmarksgjald vegna vátryggingamiðlara hækki úr 150 þús. kr. í 200 þús. kr. Áætlað er að álagt eftirlitsgjald hækki úr 289,5 millj. kr. árið 2004 í 298 millj. kr. árið 2005, eða um tæp 3%. Áætlaður rekstrarkostnaður Fjármálaeftirlitsins á þessu ári nemur 288,7 millj. kr. en 309,5 millj. kr. á því næsta sem er um 7% hækkun. Fyrir liggur samþykkt samráðsnefndar á þessum gjöldum.

Í umsögn Fjármálaeftirlitsins um málið eru lagðar til tvær breytingar varðandi orðalag sem nefndin telur rétt að fallast á. Annars vegar að áréttað verði með breytingu á 4. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. að álagningarstofn eftirlitsgjalds sjóða sem þar eru taldir upp sé samanlagðar eignir rekstrarfélags og viðkomandi sjóða. Hins vegar að breytt verði orðalagi 9. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. til samræmis við útvíkkað eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins gagnvart Íbúðalánasjóði eftir að lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, var breytt með lögum nr. 57/2004.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. 3. málsl. 4. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. orðist svo: Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,00988% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóðs samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 400.000 kr.

2. Síðari málsliður 9. tölul. 1. efnismgr. 1. gr. orðist svo: Íbúðalánasjóður skal greiða 0,0011% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 400.000 kr.

Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ögmundur Jónasson og Einar Már Sigurðarson skrifa undir álit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram breytingartillögur við málið.

Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með sama fyrirvara og framangreindir nefndarmenn.

Undir nefndarálitið rita Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Siv Friðleifsdóttir, Ögmundur Jónasson, með fyrirvara, Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara.

[14:46]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals er stjórnarandstaðan með fyrirvara við frumvarpið. Hann hefur gert grein fyrir ýmsum efnisbreytingum sem verið er að leggja til og lúta fyrirvarar okkar — ég held að ég geti fullyrt fyrir hönd annarra — ekki að þeim í sjálfu sér, heldur fyrst og fremst að því hve seint málið er fram komið. Samhliða rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins ber því að leggja fram skýrslu um starfsemi sína og við teljum mjög mikilvægt að þessi skýrsla hefði komið fram fyrr og fengið ítarlegri og þar af leiðandi vonandi vandaðri umfjöllun. Í þessu felst ekki gagnrýni á innihald skýrslunnar, heldur fyrst og fremst á hve seint ráðuneytið og þeir aðilar sem að þessu standa hafa lagt þetta mál fram.

Fyrirvari minn snýr einnig að öðru. Við lögðum fram tillögu til þingsályktunar fyrr í haust, ég og hv. þm. Jón Bjarnason, sem snýr að Fjármálaeftirlitinu. Við viljum kanna leiðir til að efla sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Við höfum talið eðlilegt að sú umfjöllun hefði farið fram hér í þingsal samhliða þessari skýrslu. Í þingsályktunartillögu okkar segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á starfsskilyrðum Fjármálaeftirlitsins og stöðu þess gagnvart ráðherra, ríkisstjórn og aðilum á fjármálamarkaði. Nefndin geri tillögur um hvernig sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins verði best tryggt og starfsemi þess efld. Í því skyni skoði nefndin m.a. stjórnsýslulega stöðu þess og hvort heppilegast sé að það heyri undir Alþingi.“ — Þá í stað þess að heyra undir ráðuneyti.

Þetta er einfaldlega umræða sem við teljum mjög brýnt að fari fram í þinginu og að þessi tillaga til þingsályktunar verði tekin til afgreiðslu. Það þekkja allir þær miklu hræringar sem hér eiga sér stað í efnahagslífinu og í fjármálalífi þjóðarinnar og ég held að það sé almennt viðurkennt að þar hafi Fjármálaeftirlitið mikilvægu hlutverki að gegna. Ég held enn fremur að flestir séu á þeirri skoðun að það sé nauðsynlegt að tryggja sjálfstæði þeirrar stofnunar gagnvart aðilum á markaði en einnig pólitísku framkvæmdarvaldi og þess vegna viljum við láta skoða það sérstaklega hvort rétt sé að þessi stofnun heyri beint undir Alþingi.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta mál en vildi aðeins gera grein fyrir þessum almennu viðhorfum.

[14:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að blanda mér í umræðuna þegar þetta mál er nú tekið til 2. umr. eftir yfirferð í efnahags- og viðskiptanefnd. Ég lét þá skoðun mína í ljósi í efnahags- og viðskiptanefnd að ég teldi miður að aldrei ynnist tími í þessari ágætu nefnd til að fara yfir ýmsar skýrslur og úttektir sem fylgja með þessu frumvarpi um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit við fjármálastarfsemi. Til dæmis kemur fram mjög ítarleg skýrsla um þróun og horfur á fjármálamarkaði sem svo sannarlega hefði verið ástæða til að ræða í því mikla umróti sem er á fjármálamarkaðnum. Það mál var því miður rætt á mjög stuttum tíma og ekki gafst neinn tími til að ræða þessa ítarlegu skýrslu um fjármálamarkaðinn, þróun og horfur. Er það miður.

Ég ræddi nokkuð um það við 1. umr. þessa máls og vil þá bíða til betri tíma með að ræða það ítarlega í þeirri tíma-

þröng sem þingið er komið í við afgreiðslu mála.

Það er alveg ljóst að Fjármálaeftirlitið líkt og aðrar eftirlitsstofnanir, Samkeppnisstofnun og efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, er mjög illa í stakk búið til þess að takast á við viðfangsefni sín. Þeim er þröngur stakkur skorinn fjárhagslega og í mannskap. Í þeim öru breytingum sem eru á atvinnu- og fjármálamarkaðnum eru sífellt að bætast aukin verkefni og auknar kvaðir á þessar stofnanir með ýmsum laga- og reglugerðarbreytingum sem verið er að samþykkja. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það, virðulegi forseti, að þetta eru kannski einar mikilvægustu stofnanir þjóðfélagsins, Fjármálaeftirlitið, Samkeppnisstofnun og efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, til þess að hafa eftirlit með því að hér sé farið að leikreglum og lögum og reglum í þessu samfélagi. Ég hef lýst þeirri skoðun minni áður að ég tel að hverri einustu krónu sem varið er í þessar eftirlitsstofnanir sé vel varið og skili sér margfalt aftur í heilbrigðara og betra samkeppnisumhverfi sem er jú þegar upp er staðið það sem við viljum sjá til hagsbóta fyrir alla landsmenn og neytendur.

Í umsögn Fjármálaeftirlitsins kemur fram að þó að Fjármálaeftirlitið styðji frumvarpið eins og það er úr garði gert telur það rétt að taka fram að í áætlun þeirri sem frumvarpið er byggt á sé ekki gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi formlegum skyldum að gegna í eftirliti með því að farið verði að reikningsskilastöðlum Alþjóðareikningsskilaráðsins. Í undirbúningi er frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga þar sem lagt er til að innleidd verði ESB-reglugerð um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Hér segir orðrétt í umsögn Fjármálaeftirlitsins:

„Frumvarp sama efnis var lagt fram á síðasta vorþingi, en þar var gert ráð fyrir að ársreikningaskrá hefði þetta eftirlit með höndum. Fjármálaeftirlirlitið vill einnig taka fram að það hafði ekki forsendur til að leggja fullnaðarmat á áhrif lagabreytinga á verðbréfa- og vátryggingamarkaði, sem í undirbúningi eru og fyrirhugað er að taki gildi á næsta ári. Eðlilegt er að taka áhrif þessara breytinga á rekstur Fjármálaeftirlitsins til nánari umfjöllunar þegar endanleg frumvörp koma til umfjöllunar."

Fjármálaeftirlitið bendir sem sagt í umsögn sinni á að því sé þröngur stakkur skorinn og að enn séu að flytjast á það verkefni með lögum sem hafa verið samþykkt hér á Alþingi sem fram koma á næsta ári og ekki hefur verið tekið tillit til í rekstrinum eða því frumvarpi sem við fjöllum hér um um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Seðlabankinn telur ástæðu til að fara yfir mikilvægi þessarar eftirlitsstofnunar í nokkuð ítarlegri umsögn af þeirra hálfu. Hann segir, með leyfi forseta:

„Þær miklu breytingar sem orðið hafa á innlendum lánamarkaði á seinni hluta þessa árs þýða jafnframt að Fjármálaeftirlitið þarf að beina sjónum sínum enn frekar að áhættustýringu bankanna en gert hefur verið til þessa."

Þetta er ásamt fleiri atriðum sem Seðlabankinn var með þar sem vitnað er til mikilvægis í breytingu á löggjöf um innlendan fjármálamarkað sem mun leggja auknar skyldur á herðar Fjármálaeftirlitsins. Hann dregur síðan eftirfarandi ályktun, með leyfi forseta:

„Í ljósi framansagðs má jafnvel ályktа að rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir komandi ár sé fullhófleg."

Þetta eru þeir aðilar í þjóðfélaginu sem eru að hvetja til aukins aðhalds í ríkisbúskapnum miðað við stöðu í verðbólguþróun og efnahagsmálum. Þeir segja að rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir komandi ár sé fullhófleg. Auðvitað gera þessir aðilar, t.d. Seðlabankinn, sér fullkomlega ljóst mikilvægi þess að Fjármálaeftirlitinu sé gert kleift að sinna verkefnum sínum í þeirri stöðu sem fjármálalífið er í, í þeirri miklu útlánaþenslu sem er hjá bönkunum o.s.frv.

Ég taldi ástæðu til að leggja áherslu á þetta tvennt og skal ekki tefja umræðuna miklu frekar. Ég vildi þó benda á fleira sem mér hefði fundist fyllsta ástæða til að skoða nánar en það er nú svo mikill hraði á öllum málum hér í þinginu og í nefndum þingsins að það er ekki tími til að taka upp alla þá þætti sem menn annars vildu þegar skoðað er grannt ofan í þessi mál. Hér kemur umsögn frá Samtökum fjárfesta, almennra hlutabréfa og sparifjáreigenda og þau óska eftir að koma meira að þessum málum. Þau segja, með leyfi forseta:

„Samtökin vilja minna á nauðsyn eftirlits viðskiptavina. Það eru umboðsmenn skuldara í sumum fjármálastofnunum en eigendur sparifjár og annars sparnaðar þurfa að sækja rétt sinn með erfiðismunum og er þá gjarnan mikilvægum þáttum haldið leyndum fyrir sparifjáreigendum eða jafnvel haldið fram að þeir séu ekki aðilar að málum eins og í samskiptum við Fjármálaeftirlitið. Samtök fjárfesta sendu iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti greinargerð um kostnað við að halda starfsmann til að geta sinnt umsögnum og öðrum hagsmunamálum sparifjáreigenda. Samtökin vilja ítreka að þau óska eftir að fá tekjur á svipaðan hátt og Fjármálaeftirlitið til þess arna."

Virðulegi forseti. Ég tel að í því umróti sem núna er á fjármálamarkaðnum þar sem menn eru með viðvörunarbjöllur á lofti varðandi stöðu fjármálakerfisins sé full ástæða til þess að Samtök fjárfesta komi meira að þessum málum til þess að gæta hagsmuna sparifjáreigenda og innstæðueigenda en þeir hafa haft tök á til þessa. Hvet ég til þess að viðskiptaráðherra skoði þá beiðni sem hér liggur frammi.

Ég tel líka ástæðu til þess, úr því að ég er að tala hér um Samtök sparifjáreigenda, að það verði skoðað mjög gaumgæfilega af efnahags- og viðskiptanefnd hver staða Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta er og hvort Fjármálaeftirlitið hafi gert athugasemdir við stöðu sjóðsins með tilliti til tryggingaverndar, áhættustýringar eða annarra þátta sem lúta að fjárhagslegri stöðu sjóðsins út frá öryggi innstæðueigenda. Ég hef lagt fram fyrirspurn þar að lútandi og spyr m.a. viðskiptaráðherra hvort tillögur hafi komið frá Fjármálaeftirlitinu til að styrkja fjárhagsstöðu sjóðsins eða eftirlit með honum.

Maður hugleiðir einmitt þegar menn eru með þessar viðvörunarbjöllur á lofti að það er mikið um útlán. Margir benda á hin Norðurlöndin sem gengu í gegnum fjármálakreppu fyrir nokkrum árum og það væri vert að við huguðum að innstæðu eigenda. Að því lýtur önnur fyrirspurn sem ég hef flutt, fyrir utan fyrirspurn um tryggingarsjóðinn. Ég vil vita hvernig tryggingavernd innstæðueig-

enda er háttað hérlendis samanborið við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum, hver sé meðalinnstæða einstaklinga í viðskiptabönkum og sparisjóðum og hversu margir eiga innstæður, annars vegar undir og hins vegar yfir þeirri lágmarkstryggingavernd sem lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta kveða á um. Einungis er tryggð innstæða sparifjáreigenda að 1,7 millj. kr. meðaleign ef kemur til skakkafalla í bankakerfinu.

Ég hef einmitt lagt fyrirspurn fyrir ráðherrann um hvort hann telji rétt í ljósi aðstæðna á fjármálamarkaði að grípa til aðgerða til að treysta betur stöðu innstæðueigenda og hvort hann telji að öryggi þeirra sé nægjanlega tryggt komi til alvarlegra skakkafalla hjá innlánsstofnunum þannig að þær geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart innstæðueigendum.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins nefna í lokin það sem ég lét koma fram í efnahags- og viðskiptanefnd, að ég tel að við eigum að huga að því hvort ekki sé rétt að Fjármálaeftirlitið sé fjármagnað á annan hátt en frá eftirlitsskyldum aðilum. Ég tel það hefta sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins að eftirlitsskyldir aðilar fjármagni það. Eftirlitsskyldir aðilar telja sig með því hafa meiri ítök í Fjármálaeftirlitinu en ég tel æskilegt. Ég tel að sjálfstæði þess væri betur tryggt ef ríkið fjármagnaði Fjármálaeftirlitið. Við fórum aðeins yfir það í efnahags- og viðskiptanefnd að í nokkrum ríkjum, einum fimm ríkjum í Evrópu tel ég að hafi verið, greiðir ríkið allan kostnað við fjármálaeftirlit. Í tveim ríkjum greiðir ríkið helming á móti eftirlitinu en ég tel að við ættum að vera í hópi þeirra ríkja sem greiða allan kostnað af fjármálaeftirliti og tel það styrkja stöðu þess gagnvart eftirlitsskyldum aðilum ef svo er. Ég vil láta þessi verða lokaorð mín.

[15:02]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir þessar ábendingar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um það að skýrslur sem oft innihalda mjög mikilvægar og verðmætar upplýsingar og eru frá fólki sem er með fingurna á púlsinum, ef svo má segja, ætti að sjálfsögðu að ræða. Ég er ekki alveg sammála því að þær eigi að ræða í tengslum við þetta frumvarp sem fjallar um greiðslu kostnaðar og þarf að afgreiða áður en þingið lýkur störfum fyrir áramót. Hins vegar gæti ég vel hugsað mér að ræða þessa skýrslu á fundum nefndarinnar sem ætti þá að halda í þinghléinu. Ég vildi gjarnan eiga gott samstarf við hv. nefndarmenn um það atriði. Það hefur verið reynt áður og gekk reyndar illa að ná saman fundi en vonandi tekst betur til í þessu þinghléi.

Varðandi það hvort önnur fjármögnun eftirlitsaðila kæmi til greina er það líka mjög athyglisverð hugsun sem er þó þessu máli ótengd. Það er sjálfstætt efni sem mætti ræða í tengslum við það ef það mál sem hv. þm. nefndi kemur til umfjöllunar á þinginu, þingsályktun um hvort eigi að haga fjármögnun með þeim hætti að eftirlitsskyldir aðilar borgi, hvort það komi beint úr ríkissjóði eða með öðrum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:04]

Útbýting:

Bifreiðagjald, 377. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 587.

Skráning og mat fasteigna, 335. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 583.

Þriðja kynslóð farsíma, 160. mál, brtt. GAK o.fl., þskj. 586.

Skráning og mat fasteigna, 2. umr.

Stjfrv., 335. mál (auðkennisnúmer, umsýslugjald o.fl.). — Þskj. 374, nál. 573 og 583.

[15:05]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hauk Ingibergsson og Margréti Hauksdóttur frá Fasteignamati ríkisins og Hafstein S. Hafsteinsson frá fjármálaráðuneyti.

Tilgangur frumvarpsins er líkt og kemur fram í athugasemdum við það að skýra reglur um auðkennisnúmer fasteigna, styrkja stjórnsýslu við framkvæmd fasteignamats og marka fjárhagsgrundvöll Fasteignamats ríkisins til að halda og þróa Landskrá fasteigna.

Nefndin gerir athugasemd við það til hve langs tíma til viðbótar lagt er til að umsýslugjald, sbr. 4. gr., verði innheimt af húseigendum. Við afgreiðslu 285. máls á 125. þingi var samþykkt tillaga meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar um breytingar á því máli þar sem ákveðið um umsýslugjaldið var fært í bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 48/1994 og því ætlað að falla niður á árinu 2004. Átti stofnkostnaði við Landskrá fasteigna þá að vera lokið. Nefndin metur Landskrá fasteigna sem mjög merkilegt og mikilvægt verk en telur jafnframt að leita verði leiða til að takmarka þann kostnað við verkið sem fasteignaeigendur bera einir. Því leggur nefndin til að tímabilið sem umsýslugjaldi er ætlað að vera innheimt skv. 4. gr. verði árin 2005 og 2006 í stað 2005–2008. Eftir það skuli tekna aflað með öðrum hætti.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Í stað „2005–2008“ í 4. gr. komi: 2005 og 2006.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Siv Friðleifsdóttir, Gunnar Birgisson og Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

Frú forseti. Þegar þetta mál var rætt eins og hér getur á 125. þingi stóð fyrir dyrum að byggja upp mjög merkilegt kerfi fasteignaskráningar, kerfi sem samanstendur af skráningunni sjálfri, skilgreiningum á hvað er eign, hvað er fasteign og hvernig beri að skilgreina einstaka fasteignahluta, síðan lagasetningu og reglusetningu í kringum þetta. Það er mjög merkilegt verk sem þarna var unnið og það gagnast

mjög mörgum. Það gagnast fasteignaeigendum, lánakerfinu og bönkum, Íbúðalánasjóði og sveitarfélögum til álagningar gjalda. Þess vegna taldi nefndin ekki eðlilegt að fasteignaeigendur, einn af þeim hópum sem þetta gagnast, ættu að greiða kostnaðinn og eðlilegra væri að þessi stofnun leitaði leiða til að innheimta gjöld af notendum kerfisins, þ.e. tæki inn meiri þjónustugjöld af þeim sem nota kerfið og næði þannig inn stofnkostnaði.

Þetta eru þau sjónarmið sem uppi eru. Nú hefur það gerst að ýmsum verkefnum er bætt við sem að einhverju leyti koma fasteignaeigendum til góða en ekki að öllu leyti. Það á að lengja tímann í fjögur ár en meiri hluti nefndarinnar komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri eðlilegt að lengja hann nema í tvö ár. Sú varð sem sagt niðurstaðan en lögð er mikil áhersla á það að fundnir verði greiðendur að kostnaðinum meðal þeirra sem mest njóta kerfisins.

[15:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hugsanlegt að sem hv. þingmaður gekk úr ræðustól hafi hann svarað þeirri spurningu sem ég hugðist bera fram. Ég ætlaði að spyrja hv. þingmann með hvaða hætti ætti eftir árið 2006 að afla þessara tekna. Hv. þm. sagði að æskilegt væri að leita leiða til þess að kostnaði yrði mætt af þeim sem mest nytu þessa kerfis.

Ef ég man rétt, frú forseti, var þetta gjald sett á fyrst og fremst til að standa straum af ákveðnum stofnkostnaði. Nú hygg ég að menn séu sammála um að þeim stofnkostnaði sé að mestu fullmætt. Þá er hér verið að setja á einhvers konar annan og enn nýjan skatt sem á að standa undir einhverju öðru en stofnkostnaðinum.

Mig langaði líka til að spyrja hv. þingmann hvort hann líti ekki svo á að hér sé verið að taka upp nýjan skatt. Í öðru lagi spyr ég hverjir það séu og með hvaða hætti hann og þeir sem honum fylgja á þessu áliti telji að tekna skuli aflað eftir árið 2006.

[15:11]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og kom fram í máli mínu áðan hafa bæst við verkefni, þ.e. það sem menn ætluðu að gera hefur hlaðið utan á sig og orðið meira og ítarlegra. Til dæmis er verið að meta lendur og annað slíkt, og auk þess hafa menn farið út í aukin verkefni eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu.

Svo hefur það líka gerst að stofnkostnaðinum er ekki með öllu lokið. Hann hefur verið meiri en menn áætluðu í upphafi. Vonandi er enn þá verið að greiða stofnkostnað en ekki rekstrarkostnað.

Með hvaða hætti mætti afla teknanna? Það er bara hreinlega með því að láta menn greiða fyrir afnot af kerfinu, bæði sveitarfélög sem nota það til skattlagningar eins og ég gat um, fasteignasala sem nota það til að fá upplýsingar um veðbönd og annað slíkt, lánakerfið sem þinglýsir veðsetningum og annað slíkt og svo gætu menn, ef þeir eru snjallir, líka skoðað að flytja út kerfið. Ég nefndi það í sambandi við skýrslu hæstv. utanríkisráðherra að Íslendingar gætu jú gefið þetta kerfi sem þróunarhjálp til þróunarríkis vegna þess að það er talið að skráning fasteigna sé einn af grundvöllum kapítalismans. Sagt er að skortur á slíkri skráningu í mörgum nýfrjálsum ríkjum Sovétríkjanna valdi því að þar hefur ekki tekist að byggja upp markaðsbúskap þrátt fyrir að frelsi hafi verið innleitt. Það vantar sem sagt skráningu á eignum. Þetta kerfi sem er orðið mjög gott hér á landi að mínu mati, bæði skilgreiningar og lagasetning, regluverk, skráning og mat, mætti flytja út sem þróunarhjálp og þá yrði það hluti af þróunarhjálp íslenska ríkisins og Fasteignamatið fengi greitt fyrir.

[15:13]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þótti þetta með eindæmum merkilegt svar en mér fannst það ekki að öllu leyti rökvíst. Hv. þingmaður sagði að í ljós hefði komið að stofnkostnaður væri meiri en menn teldu og að hann vonaði að með þessu gjaldi væri verið að mæta auknum stofnkostnaði. Jafnframt sagði hann að þetta tiltekna verkefni hefði tekið á sig svolítið breytta mynd, búið væri að færa ný verkefni undir það.

Ég vek þá eftirtekt á því að það er alltaf hægt að finna ný verkefni og búa til aukinn kostnað fyrir ríkið. Er þetta þá ekki alveg dæmigert fyrir einmitt útþenslu ríkisins, eins og hv. þm. hefur svo oft bent á? Ég dreg ekki í efa að þetta er í sjálfu sér jákvætt verkefni en er það ekki dæmigert um það hvernig ríkið og umsvif þess þenjast út? Fundin eru ný verkefni sem kosta peninga, og hverjir eiga svo að borga? Það var athyglisvert. Jú, hugsanlega á að taka þetta af þróunarsamvinnufjármagni. Það er hugsanlegt, segir hv. þm. Ég skal ekki lasta það. Það er fallega hugsað. Hugsanlega af fasteignasölum.

Síðan var það þriðji aðilinn sem átti að greiða, sveitarfélögin í landinu. Þarna er búið að finna enn eina matarholuna hjá sveitarfélögunum. Á síðustu vikum höfum við verið að ræða í þinginu um nauðsyn þess frekar að létta undir með sveitarfélögunum en ég fæ með engu móti séð annað en að hv. þm. sé að segja að hluti af þessu gjaldi eigi í framtíðinni að vera greiddur af sveitarfélögum í landinu. Það eru nýjar upplýsingar í þessu máli sem mér finnast skipta allnokkru. Hér er um það að ræða að ríkið er að taka sjálfstæða ákvörðun um að framlengja gjaldið. Í reynd þýðir það að verið er að taka upp nýjan skatt, svo einfalt er málið. Það er verið að þenja út báknið sem hv. þm. hefur barist svo mikið gegn.

[15:15]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er hárrétt hjá hv. þingmanni. Ég er mjög varkár í þessu, ég er ekkert ánægður með að þurfa að framlengja þennan skatt um tvö ár en þó tókst að stytta þann tíma úr fjórum árum niður í tvö og ég reikna með því að menn reyni ekki að framlengja hann enn einu sinni.

Varðandi það að sveitarfélögin og aðrir mæti kostnaði þá fylgir þessu kerfi mikil hagræðing. Kerfinu fylgir hagræðing t.d. í að fá veðbókarvottorð og í alls konar greiningar, minni hætta á villum. Ég tel að þeir aðilar sem njóta verði glaðir með að fá að greiða þetta gjald vegna þess hve mikil hagræðing fylgir kerfinu, eða svo er manni sagt. Það

liggur líka í augum uppi að það er mikil hagræðing í því að geta flett upp í tölvum í staðinn fyrir að fletta upp í þungum, gömlum doðröntum.

Ég held því að á endanum verði allir glaðir að borga þann kostnað sem af þessu hlýst því hann verður miklu minni en er í dag. Sveitarfélögin sömuleiðis. Þetta er mikil hagræðing fyrir sveitarfélögin í allri skráningu og skipulagningu og öðru slíku, þannig að ég held að þetta sé því ekki neinn kostnaðarauki fyrir þessa aðila.

Varðandi það að flytja kerfið til útlanda hygg ég að þetta gæti verið verðmæt þróunarhjálp til þeirra ríkja þar sem, eins og kemur fram í bókinni The Mystery of Capital eftir Hernando de Soto, fátæklingar eiga stóran hluta af fasteignum landanna en geta ekki skráð eignir sínar. Um leið og þeir gætu skráð þær mundi efnahagslífið taka mikinn kipp eins og það hefur gert hér á landi — kannski í og með að einhverju leyti vegna þessarar nýju skráningar sem er rafræn og miklu hraðvirkari og betri en áður.

[15:17]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, en að minnihlutaálitinu standa ásamt mér hv. þingmenn Lúðvík Bergvinsson og Einar Már Sigurðarson. Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er sammála áliti þessu.

Það er alveg rétt sem fram kom hjá framsögumanni meiri hlutans að hér er um skattahækkun að ræða sem er verið að framlengja og við mótmælum harðlega þeim áformum sem felast í frumvarpinu um að framlengja í fjögur ár gjaldtöku af fasteignaeigendum sem nemur liðlega 1.100 millj. kr.

Þegar gjaldtakan var sett á á 125. löggjafarþingi, fyrir um fjórum árum, létum við skoða það og það var mat þeirra sem fóru yfir það í lauslegu mati að ríkissjóður hefði í gjöldum af fasteignaeigendum um 8 milljarða kr. Það hefur sjálfsagt breyst núna þannig að talan er orðin enn hærri, ekki síst þegar ríkissjóður hefur varla undan að hala inn peninga á stimpilgjöldum af fasteignaeigendum.

Það er gott að meiri hlutinn hafi séð að sér við meðferð málsins í efnahags- og viðskiptanefnd og flytji breytingartillögur um að þessi ósanngjarna gjaldtaka framlengist um tvö ár í stað fjögurra, en gjaldtakan er engu að síður algjörlega óásættanleg. Mér finnst hún lýsa því í hnotskurn, ásamt náttúrlega öðrum gjaldtökum, skattahækkunum og skerðingu á bótum sem ríkisstjórnin hefur staðið að á þessu og síðasta ári, að hún er að dæla út álögum á skattgreiðendur og boða skattalækkanir á sama tíma. Hún er því að ná inn með alls konar álögum, sköttum og gjaldtökum á fólkið í landinu því sem hún ætlar að láta út í skattalækkanir á komandi árum þannig að skattalækkanir ríkisstjórnarinnar og áformin þar um eru auðvitað sýndarmennskan ein. Ríkisstjórnin fer fyrst í vasa skattgreiðenda og tekur þar með alls konar gjöldum, eins og þeim sem við ræðum, á þessu og síðasta ári, þangað til hún er búin að ná upp í þær fjárhæðir sem hún ætlar að láta í skattalækkanir á komandi árum. Ég held að nauðsynlegt sé að fólk geri sér grein fyrir þeim staðreyndum sem við munum kynna enn frekar þegar við ræðum á næstu dögum skattalækkunarfrumvarp ríkisstjórnarinnar, sem ég veit ekki hvort er hægt að nefna lengur skattalækkunarfrumvarp.

Forsaga gjaldtökunnar er að á 125. löggjafarþingi lagði fjármálaráðherra fram frumvarp sem fól í sér að fasteignaeigendur yrðu látnir bera kostnaðinn við að koma á einu samhæfðu gagna- og upplýsingakerfi um fasteignir og réttindi sem þeim tengjast. Lagt var til að svonefnt umsýslugjald sem nú rennur til Fasteignamats ríkisins hækkaði úr 0,025‰ í 0,1‰ af brunabótamati hverrar húseignar. Kveðið var á um hækkun umsýslugjaldsins í ákvæði til bráðabirgða sem renna átti út nú um áramótin og gilda aðeins í fjögur ár.

Ég minnist þess mjög, virðulegi forseti, af því að ég átti sæti í efnahags- og viðskiptanefnd sem fjallaði um þetta á þeim tíma, að meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar lagði mikla áherslu á að hér væri um tímabundið gjald að ræða sem ekki yrði framlengt. Það eru sömu orð og hv. formaður, framsögumaður efnahags- og viðskiptanefndar viðhefur nú, að hann vænti þess að gjaldið verði ekki framlengt, en ég er ekki eins bjartsýn og hv. þingmaður miðað við reynsluna.

Brunabótamat fasteigna er notað sem gjaldstofn í ýmsum tilgangi og námu gjöld sem lögð voru á húseigendur samkvæmt því um 1.600–1.800 millj. kr. árið 1999 en mér vannst ekki tími til að skoða hvað það er orðið mikið núna. Ég man þegar við fjölluðum um þetta fyrir fjórum árum að umsagnaraðilar sem sendu efnahags- og viðskiptanefnd umsagnir sínar vöruðu mjög við gjaldinu og töldu það orka tvímælis að húseigendum væri einum gert að greiða kostnaðinn af stofnun Landskrár fasteigna en eigendur lóða, jarða, hlunninda og ítaka hvers konar, sem virt eru til fasteignamats, yrðu hins vegar undanþegnir þessu gjaldi. Það kom líka fram að færa mætti rök fyrir því að Landskráin hefði svo almennt gildi að eðlilegt væri að fjármagna hana með skatttekjum ríkissjóðs fremur en að leggja kostnaðinn af þessu á fasteignaeigendur eina saman. Það eru fjölmargir aðilar sem nýta sér upplýsingar fasteignamatsins, eins og tryggingafélög, álagningardeildir sveitarfélaga, byggingarfulltrúar, þinglýsingarstjórar, lánastofnanir o.fl. Af hverju mega þeir aðilar ekki bara gjöra svo vel og borga notendagjöld þannig að ekki þurfi að leggja álögurnar eingöngu á fasteignaeigendur?

Það var einmitt bent á þetta á sínum tíma að ekki væri óeðlilegt að líta á stofnkostnaðinn sem fjárfestingu sem ríkissjóður fengi síðan endurgreiddan með notendagjöldum, sem þeir sem nota upplýsingar frá Fasteignamatinu stæðu straum af. Ég vorkenni ekkert t.d. lánastofnunum sem örugglega nota Fasteignamat ríkisins mikið, sérstaklega eftir að þeir fóru að hefja umfangsmikla lánafyrirgreiðslu til íbúðarkaupenda, að þeir greiði nú gjald til þess að standa straum af þessu en þunginn af þessu lendi ekki á fasteignaeigendum.

Það er ástæða til þess að rifja upp að þegar gjaldtakan var sett á fyrir fjórum árum var gert ráð fyrir að stofn- og rekstrarkostnaður Landskrár fasteigna yrði á fjórum árum

um 615 millj. kr. eða um 150 millj. kr. á hverju ári og að þegar Landskráin væri tilbúin yrði árlegur rekstrarkostnaður um 100 millj. kr.

Þá er best að líta til þess hvað gjaldið hefur gefið Fasteignamatinu á þeim tíma. Á árunum 2001–2004 hefur umsýslugjaldið skilað um 950 millj. kr. Tekjur til Fasteignamats ríkisins á þessum árum hafa því vel staðið undir kostnaðinum við Landskrána samkvæmt þeirri áætlun sem lögð var fram á árinu 2000. Nú á að framlengja gjaldið aftur eða átti að gera það um fjögur ár sem þýðir að það hefur verið mikil vanáætlun í þeirri áætlun sem lögð var fyrir þingið fyrir fjórum árum. Var farið fram á það nú að framlengja þetta um fjögur ár, þannig að til viðbótar þeim fjárhæðum sem hafa runnið í Landskrána, sem átti að fullu að standa undir þessu á fjórum árum, áttu að koma inn rúmar 1.100 millj. til viðbótar á næstu fjórum árum til þess að koma á Landskránni. Áætlunin er því annaðhvort helmingi of lág, meðvitað eða ekki, ég hef ekki hugmynd um það, eða þá að kostnaðurinn hafi farið úr böndum nú þegar verið er að óska eftir framlengingunni.

Það virðist því stefna í að kostnaður við að koma Landskránni á fót verði tvöfalt meiri en upphaflega var gert ráð fyrir. Ég kallaði að vísu eftir því í efnahags- og viðskiptanefnd og fékk skriflegt álit Fasteignamatsins hvernig þeir skýrðu kostnaðinn sem er umfram þá áætlun sem við lögðum upp með fyrir fjórum árum eða 615 millj., og til að gæta sannmælis vil ég vísa til þess sem Fasteignamatið sagði í álitinu sem ég kallaði eftir. Það er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þær breytingar í lögum sem gengu í gildi 1. janúar 2001 og mörkuðu grundvöll Landskrár fasteigna beindust einkum að myndun þinglýsingarhluta skrárinnar með því að samræma upplýsingar um fasteignir í þinglýsingarbókum, fasteignamatsskrá Fasteignamats ríkisins og fasteignaskrám sveitarfélaga. Þær áætlanir um stofn- og rekstrarkostnað Landskrár fasteigna sem fjármagnaðar voru með hækkun umsýslugjalds árið 2001 miðuðu einvörðungu að fjármagni þeirra aðgerða. Sú áætlun hefur gengið eftir nema að því leyti að misræmi upplýsinga um fasteignir milli skráar Fasteignamats ríkisins, skráar sveitarfélaga og þinglýsingabóka var áætlað 10% en hefur reynst vera á bilinu 18%–33% eftir sýslumannsumdæmum."

Það er alveg óskiljanlegt að þetta hafi ekki verið hægt að sjá fyrir.

Síðar í áliti Fasteignamatsins segir, með leyfi forseta:

„Með ofangreindri þróun Landskrár fasteigna hafa nýjar þarfir og ný not komið í ljós fyrir skrána og sífellt koma fram ábendingar frá fasteignaeigendum, opinberum aðilum, tryggingafélögum, lánastofnunum, fyrirtækjum o.fl. um þróun skrárinnar við að þjóna samfélaginu sem best. Þetta snertir m.a. endurgjaldslausa upplýsingagjöf um fasteignamarkaðinn og vinnslu á ýmiss konar tölfræði um hann, en á heimasíðu stofnunarinnar hefur almenningur möguleika á að setja fram sérsniðnar fyrirspurnir um fasteignaverð og birtast þá tölfræðilegar upplýsingar unnar úr kaupsamningum fasteigna."

Sem sagt, þeir lýsa í álitinu að verkið hafi reynst miklu umfangsmeira en menn hafi lagt upp með. En það er ótrúlegt að við séum að tala um að kostnaðurinn við þetta hafi farið 100% fram úr þeirri áætlun sem lagt var upp með, eða meira en það.

Virðulegi forseti. Við mótmælum því harðlega þessari skattheimtu sem á að framlengja, sem tekin var upp fyrir fjórum árum og að enn eina ferðina sé verið að leggja auknar byrðar á fasteignaeigendur og þeir einir látnir standa undir fjárfestingu sem hefur víðtækt þjóðfélagslegt gildi og nýtist fjölda aðila í opinberri stjórnsýslu og á einkamarkaði. Þessu mótmælum við, að ríkisstjórnin sjái ekkert annað þegar hún leitar að aurum en að fara í vasa einstaklinganna með einum eða öðrum hætti og það séu ekki notendurnir sjálfir, bæði opinberu fyrirtækin og fyrirtæki á einkamarkaði, sem standi undir fjármögnun á þessu. Þetta er aldeilis með eindæmum að verið sé að leggja þessa pinkla á fasteignaeigendur. Því mótmælum við harðlega og út á það gengur nefndarálit okkar. Við munum að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn gjaldtökunni.

[15:29]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég verð að segja að ég verð fyrir miklum vonbrigðum þegar ég les þá meðferð sem málið fær hjá hv. þingmönnum stjórnarmeirihlutans. Hvert er hlutverk okkar, þingmanna, þegar fjármunir skattborgara eru annars vegar? Að standa vörð um góða meðferð þeirra. Og við þurfum a.m.k. að gera okkur grein fyrir hvað hefur gerst þegar áætlanir sem settar hafa verið fram fara gróflega úr skorðum.

Ég hef talið að fremstur í flokki hv. þingmanna stjórnarliða sem berðist fyrir varfærnislegri meðferð á fjármunum skattborgaranna, ætti að vera hv. þm. Pétur H. Blöndal. Sá ágæti þingmaður hefur mörgum sinnum með jákvæðum hætti bent á það sem miður hefur farið og hann hefur a.m.k. viljað sjálfur vera einn af þeim riddurum sem berjast hvað ákafast gegn sóun og eyðslu. En hvað er það sem blasir við þegar frumvarpið sem liggur fyrir er lesið? Það blasir við að frá því lögin voru sett árið 2000 hefur ríkið farið fram úr áætlunum sínum um sem svarar 335 milljónum varðandi þetta litla afmarkaða verkefni. Það eru næstum 90 millj. kr. á ári. Maður skyldi ætla að þegar þingmenn stjórnarliðsins með hv. þm. og formann nefndarinnar, Pétur Blöndal, í broddi fylkingar, leggja til að gjaldið verði áfram tekið af fasteignaeigendum í landinu, þá leggist menn a.m.k. í einhvers konar vinnu til að skoða hvernig stendur á að áætlanirnar hafa svo gróflega farið úr böndum.

Það er gert ráð fyrir, frú forseti, að árið 2004 hefði verið aflað til verkefnisins með umsýslugjaldi 615 millj. kr. En þegar horft er til baka fjögur ár aftur í tímann, kemur í ljós að til verkefnisins hefur verið aflað með þessu gjaldi u.þ.b. helmingi meira, þ.e. 950 millj. kr. Verkefnið hefur því farið 50% og ríflega það fram úr áætlunum á þessu fjögurra ára tímabili. Og er það ekki skylda hv. þingmanna sem leggja til að áfram verði varið fjármunum til verkefnisins, a.m.k. að upplýsa okkur hin sem eigum að greiða atkvæði með þessu ef vilji þeirra nær fram að ganga, hvað veldur því?

Hv. þm. Pétur H. Blöndal upplýsti mig meira að segja um það í andsvari fyrir nokkrum mínútum að enn þyrfti að afla fjár með þessu gjaldi til að standa undir stofnkostnaði. Hvað veldur því að til stofnkostnaðar, sem átti að vera

ásamt rekstri ekki nema 615 milljónir á þessum fjórum árum, duga ekki einu sinni 950 milljónir?

Í frumvarpinu er enn lagt til að gjaldið yrði framlengt um önnur fjögur ár sem sýnir mat þeirra sem stýra þessum málum í ráðuneytinu, hvað þeir telja að mikið þurfi til verksins. Hvað þýðir það, frú forseti? Er verið að leggja til að til verkefnisins sem upphaflega átti að verja 615 milljónum, verji menn a.m.k. 1,8 milljörðum? Ég leyfi mér að framreikna um önnur fjögur ár þær 950 milljónir sem fóru til verksins á hinum fyrstu fjórum, ekki ætlumst við til þess að gjaldið verði minna, það verður að öllum líkindum tölurvert meira.

Ég geri mér grein fyrir að partur af þessu fer í rekstur, en eigi að síður virðist það blasa við að mat þeirra í ráðuneytinu, sem fara með þetta mál, sé að verkið muni kosta 300% meira en menn ætluðu. Það er sú eina og rökrétta ályktun sem er hægt að draga af þessum tölum og málsmeðferðinni.

Nú veit ég að hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem einnig styður tillögu meiri hlutans, eru ósammála þeim mönnum í ráðuneytinu sem véla um þetta, vegna þess að þeir hafa þrátt fyrir allt döngun og sóma til að stappa niður fæti fyrir hönd skattborgaranna og segja: Ekki meira en tvö ár til viðbótar. Áður en þeir geta lagt fram slíka tillögu, þá finnst mér að þeir hefðu þurft að ganga úr skugga um hvað fór úrskeiðis. Hver eru þau verkefni sem á að bæta við?

Þegar greinargerðin með frumvarpinu er lesin, kemur að sönnu í ljós að það eru ýmis verkefni sem á að slá undir hið upphaflega verkefni, þar á meðal á að endurmeta jarðir og sumarbústaði. Það sem er merkilegt við það, frú forseti, er að ekki er verið að taka gjald af matsvirði jarða, landa, sem hefði þó verið eðlilegt ef ráðast á í þetta verkefni. Það finnst mér skrýtið.

Aðalatriði máls míns er þetta, frú forseti:

Lagt var í þetta ferðalag með það fyrir augum að kostnaðurinn á fjórum fyrstu árunum ætti að verða 615 milljónir. Á þeim tíma átti að taka ákveðið umsýslugjald sem til bráðabirgða var hækkað fjórfalt frá því sem það var áður, það var 0,025‰, var hækkað upp í 0,1‰. Það er svo sem hægt að verja slíkt, en það verður hins vegar að segjast að þó hv. þm. Ögmundur Jónasson sé sjálfum sér samkvæmur í þessu efni er ekki slíkt hið sama hægt að segja um þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa t.d. deilt mjög harkalega á sveitarfélag sem m.a. er stýrt af flokki sem hv. þm. Ögmundur Jónasson er félagi í. Sveitarfélagið er Reykjavíkurborg og flokkurinn er Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Þar tóku Samfylkingin, sem ég tilheyri, Framsóknarflokkurinn og flokkur hv. þm. Ögmundar Jónassonar, þátt í að fjármagna ákveðna framkvæmd, mjög þarfa og miklu nauðsynlegri frá öllum sjónarhornum en sú sem hér er verið að fjármagna. Sú framkvæmd fólst í því að endurnýja og leggja ný holræsi um höfuðborgina og var fjármögnuð með sérstöku gjaldi, holræsagjaldi. Hvaða flokkur var það sem djöflaðist gegn þessu? Það var Sjálfstæðisflokkurinn og hann sagði: Þetta er skattur og ekkert annað en skattur. Það er ekki hægt að verja þennan skatt.

Nú er það Sjálfstæðisflokkurinn með sjálfan skattaherforingjann, hv. þm. Pétur H. Blöndal í broddi fylkingar, flokkurinn sem áður barðist gegn sérstökum framkvæmdaskatti í Reykjavíkurborg, núna koma sjálfstæðismenn auðmjúkir með húfuna í höndunum og biðja um að Alþingi geri nákvæmlega það sama og þeir lögðust gegn í Reykjavíkurborg, þ.e. samþykki ákveðinn framkvæmdaskatt. Þeir eru meira að segja svo ósvífnir að andstætt því sem vinstri menn í Reykjavíkurborg gerðu, eru þeir með tillögu sinni að brjóta yfirlýsingu sem þeir gáfu árið 2000.

Menn skulu lesa greinargerðina með hinu upphaflega frumvarpi sem hér liggur fyrir. Niðurlagsorð þess greina frá loforði meiri hlutans árið 2000 um að þetta gjald yrði tekið af árið 2004. Það loforð er verið að svíkja með þeirri tillögu sem hv. þingmenn leggja til að verði samþykkt í dag.

Reykjavíkurlistinn var sjálfum sér samkvæmur. Hann sagði þetta gjald á að setja á, holræsaskattinn, sem þeir kölluðu svo pent „skítaskattinn“ hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Hann verður tekinn af þegar búið er að leggja holræsin. Um það var gerð áætlun. Og þegar búið var að framkvæma þá áætlun, réðst Reykjavíkurlistinn í að afnema holræsagjaldið.

Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins gera þveröfugt. Þeir framlengja skattinn. Þeir hafa engar röksemdir fyrir því hvers vegna það er gert. Það er talað um rekstur á kerfinu, þótt þeir hafi lofað því árið 2000 að eftir fjögur ár frá samþykkt frumvarpsins yrði farið í að finna aðra tekjustofna en þetta tiltekna gjald. Það er svikið. Það er ekki einu sinni farin sú leið sem Reykjavíkurlistinn fór varðandi framkvæmdaskattinn, að taka hann af í áföngum. Ó nei, það eina sem er gert til að bjarga andliti Sjálfstæðisflokksins er að tillaga ráðuneytisins er skorin niður um tvö ár. Hv. þm. Pétur Blöndal leggur ekki til að skatturinn verði afnuminn þegar í stað eins og flokkur hans lofaði árið 2000. Nei, en hann ætlar hins vegar að vera svolítið betri en þeir í ráðuneytinu, svo hann og hans ágætu félagar í Sjálfstæðisflokknum leggja til að í stað þess að vera framlengt um fjögur ár, verði bara framlengt um tvö ár.

Spurningin er: Með hvaða rökum? Hver eru rökin? Hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þingmenn stjórnarliðsins hafa ekki komið hingað og sýnt fram á með nokkrum rökum hvers vegna þarf að gera þetta. Ég get út af fyrir sig skilið að til þess að reka kerfið þurfi tekjustofna, en það hefur komið fram, sem kom mér á óvart hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal, að þetta er ekki síst til þess að standa áfram undir stofnkostnaði. Í anda góðra stjórnarhátta og góðrar stjórnsýslu væri ekki úr vegi að spyrja hv. þingmann Pétur H. Blöndal, sem ég efa ekki að hafi farið ákaflega grannt í málið, hversu stór hluti af gjaldinu á næstu tvö ár að fara til að standa undir stofnkostnaði? Hversu stór hluti á að fara í rekstur? Er þetta ósanngjörn spurning?

Nei, frú forseti, þetta er ekki ósanngjörn spurning. Í hverju einasta fyrirtæki gætu menn svarað slíkum spurningum. Menn eiga ekki með svo kæruleysislegum hætti að taka þátt í og hafa frumkvæði að því að velta byrðum af rekstri og stofnun svona fyrirtækis, því þetta er ekkert annað, yfir á skattgreiðendur án þess að vita hvað á að greiða með þessu. Hver er stofnkostnaðurinn? Hvað er verið að stofna? Hver eru hin nýju verkefni? Það kemur ekki fram. Ég spurði hv. þingmann að þessu. Það liggur ekki fyrir. Þetta veldur mér

miklum vonbrigðum.

Ég gef ekkert fyrir að hv. þm. Pétur H. Blöndal komi hingað, lofi bót og betrun og segi að þeir hafi þó skorið tvö ár af tímanum sem ríkisstjórnin vildi fá að halda þessum framkvæmda- og rekstrarskatti. (**JÁ:** Það var þá afrekið.) Það var þá afrekið. Hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði í lok ræðu sinnar að miklu máli skipti að settur væri punktur aftur við þessa skatttöku, með því að meiri hlutinn segir að eftir árið 2006 skuli tekna aflað með öðrum hætti. Guð láti gott á vita, frú forseti.

En ólygnust alls er reynslan. Við höfum reynslu af ríkisstjórninni og stjórnarliðinu í málinu. Það var akkúrat fólkið sem lofaði því árið 2000 að þegar fjögur ár yrðu liðin af gildistíma laganna sem þá voru samþykkt, yrði rekstrarkostnaði mætt með öðrum tekjustofnum. Það er verið að svíkja í dag. Hvers vegna skyldu menn þá taka það trúanlegt sem stjórnarliðið segir í tillögu sinni? Það er engin ástæða til þess. Hér ekki neitt annað að gerast en að verið er að taka sjálfstæða ákvörðun um að framlengja tiltekinn skatt. Fólk var blekkt þegar lögin voru samþykkt í upphafi og áfram er verið að blekkja fólk með því að halda því fram að þessum skatti eigi að afljúka eftir tveggja ára skeið.

Hérna er verið að taka 280 millj. kr. af skattborgurum til að standa undir einhverju sem hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar getur ekki skýrt út hvað er. (**LB:** Gæluverkefni Framsóknarflokksins.) Gæluverkefni, kallar þingmaður sem þekkir málið vel fram í, og það er líkast til hárrétt. En ég taldi hins vegar að sá vandaði sýslumaður skattborgarans sem formaður efnahags- og viðskiptanefndar er og vill vera, mundi ekki taka þátt í slíku. Mér finnst satt að segja ekki hægt að ljúka umræðunni án þess að fram komi til hvers á að verja fjármagninu. Hver eru þessi nýju verkefni? Hvernig er skiptingin á útgjöldunum tvö næstu ár, annars vegar á milli stofnkostnaðar og hins vegar rekstrar? Það sem skiptir langmestu máli fyrir okkur sem eigum að veita framkvæmdarvaldinu aðhald er þetta: Höfum við vitneskju um hvað fór úrskeiðis? Hvað veldur því að það sem átti að kosta 615 milljónir fór meira en 50% fram úr áætlunum, þ.e. að 950 milljónir virðast ekki hafa hrokkið til að standa straum af þessu nýja dæmi?

Viðhorfið hjá þeim sem stjórna þessu máli, fjármálaráðuneytinu, bendir til að enn sé töluvert í land með að kostnaði skattborgaranna við þetta ljúki. Hið upphaflega frumvarp gerði ráð fyrir að skatturinn yrði heimtur inn í fjögur ár til viðbótar. Það eru þá 1.120 millj. kr. sem ætlun þeirra var að taka til að standa straum af þessu. Í hvað átti að verja öllum þessum peningum?

Nei, frú forseti, hér er ekki um annað að ræða en form þeirrar skattheimtu sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir þessa daga. Hún er að öngla saman í skattalækkanir. Hún fer þessa sniðugu leið, eins og ég orðaði um daginn þegar ég átti spjall við hæstv. fjármálaráðherra í ljósvakamiðli, að hækka skatta til þess að geta lækkað þá síðan. Það er auðvelt að vera mikill maður, berja sér á brjóst og monta sig um allar þorpagrundir af því að lækka skatta þegar menn hafa áður ráðist í það hervirki og þau spjöll að búa til nýja skatta hér og þar og nánast alls staðar. Þetta mál er ekkert annað en sjálfstæð ákvörðun um að auka skattheimtu af íslenskum skattborgurum um 280 millj. kr. á ári.

Stjórnarmeirihlutinn brýtur með þessu loforð sem hann gaf árið 2000. Það er ekkert að marka það þegar hv. þingmenn stjórnarliðsins segja að ekki eigi að halda skattheimtunni áfram nema í tvö ár til viðbótar. Þeir sögðu fjögur ár árið 2000 og nú lengja þeir hana upp í sex. Hver á að taka mark á svona? Hér rekur sig hvað á annars horn. Það er ekkert að marka þetta. Svo kemur hv. þm. Pétur H. Blöndal og svarar glaður í bragði þegar ég spyr hann hér áðan: Með hvaða hætti á síðan að afla nýrra tekjustofna árið 2006? Hann þylur upp þrennt. Fasteignasölu, gott og vel. Þróunarsamvinnustofnun nefndi hann næst, sem væntanlega ætti þá að standa straum af því, að gefa þetta sem þróunarhjálp til vanþróaðra ríkja, gott og vel. Þriðja atriðið er sveitarfélög. Það á heldur betur að seilast í vasa þeirra sem nóg hafa eða hvað?

Höfum við ekki, bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar, talað um nauðsyn þess að bæta með einhverjum hætti fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna? Var það ekki einn helstu þungavigtarmaður Sjálfstæðisflokksins á sveitarstjórnarstiginu, hv. þm. Gunnar Birgisson, sem kom hingað 18. nóvember og sagði úr þessum stól að ef ríkið mundi ekki með einhverjum hætti bæta fjárhagslegan hlut sveitarfélaganna þá blasti ekki við neitt annað en neyðarástand. Við þetta neyðarástand ætlar hv. þm. Pétur H. Blöndal greinilega að bæta, bæta gráu ofan á svart með því að auka það sem sveitarfélögin eiga að greiða í framtíðinni.

Nei, frú forseti, ég held að frumvarp þetta sé mjög sérkennilegt og held að það eigi ekki að samþykkja það. Mér finnst fráleitt að það sé gert, a.m.k. án þess að hv. þm. geri grein fyrir því í fyrsta lagi hvað fór úrskeiðis á hinum síðustu fjórum árum sem veldur því að kostnaðurinn er 50% fram úr áætlunum. Í öðru lagi: Til hvers á að verja þessum peningum sem á að taka með þessum hætti næstu tvö árin?

[15:49]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er réttmæt gagnrýni hjá hv. þingmanni að þetta er skattahækkun og ég er ekkert voðalega ánægður með hana. Hins vegar hafa bæst við verkefni eins og stendur í greinargerð með frumvarpinu. Alþingi setti jarðalög, lög nr. 81/2004, sem skylda Fasteignamatið til að meta jarðir. Það hefur bæst við fyrri verkefni og er fjórði þátturinn sem þeir eiga að meta.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tæplega 34 þús. eignir séu ómetnar enn þá. Af fasteignum þar sem skráning í Landskrá fasteigna er ekki hafin eða ólokið eru 19 þús. í Reykjavík.

Þetta er skýringin á því að það er enn verið að vinna að stofninum. Enn þá er unnið að skráningu en þegar það er búið verður af því mikið hagræði fyrir alla aðila sem nýta þá skrá.

Það sem menn hefðu getað gert, frú forseti ? (Gripið fram í.) Get ég fengið frið. Það sem menn hefðu getað gert var að fara yfir í fasteignamat í staðinn fyrir brunabótamat þannig að jarðir borguðu líka þetta gjald. En það hefði þýtt kerfisbreytingu því að þetta er innheimt af tryggingafélögum með brunabótaiðgjaldi og það hefði sennilega kostað meira en það sem við leggjum til.

Ég reyndi að fara yfir í eitt og hálft ár. Þá var sagt að það væri svo erfitt að taka hálft ár inn í þetta að það tæki því ekki. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar sendir því frá sér skýr skilaboð með því að segja: „Eftir það skal tekna aflað með öðrum hætti.“ Það stendur skýrt og skorinort í greinargerð meiri hlutans sem styður þetta frumvarp.

Hver er upphæð skattsins? Ef við tökum 18 millj. kr. eign að brunabótamati í Reykjavík — brunabótamat er lægra en fasteignamatið í dag — eru þetta 150 kr. á mánuði. Þetta eru 150 kr., frú forseti, sem menn eru að gera svo mikið veður út af. Mér finnst sem menn séu að skjóta mýflugu með fallbyssu. Ef þetta er 12 millj. kr. eign, að *brunabótamati, er um að ræða 100 kr. á mánuði.*

[15:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekki upphæðin sem skiptir máli heldur prinsippið. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur fallist á hvert grundvallareðli þessa frumvarps er, þ.e. skattahækkun. Hann sagði það sjálfur og þá höfum við það. Hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem hér hefur komið manna oftast, fagnað háværast, barið sér mest á brjóst yfir því að hafa verið í fylkingarbrjósti í liði þeirra sem lækka vilja skattana er hér að hækka skatta. Hann hefur viðurkennt það sjálfur. Til hvers er hann að hækka skatta? Hann er að hjálpa hæstv. fjármálaráðherra að öngla saman fyrir skattalækkunum sem eiga að vera kosningabeitan sem hv. þingmaður ætlar að kaupa sér atkvæði með fyrir næstu kosningar.

Þegar Sjálfstæðisflokkurinn lenti í ógöngum fyrir síðustu kosningar þá gerði hann það sem hann hefur aldrei gert áður í sinni sögu. Hann kom með stórkostleg kosningaloforð sem kostuðu gríðarmikla peninga. Nú er hann að reyna að standa við þau. Það dugði ekki fyrir síðustu kosningar, hann tapaði 7%. Ég dreg í efa að sjónhverfingar af þessu tagi dugi gagnvart kjósendum.

Ef það væri þannig að hv. þingmenn stjórnarliðsins gætu sýnt fram á hagræðingu í ríkisrekstri, sýnt fram á aðhald og sparnað og þannig búið til svigrúm fyrir skattalækkanir, þá horfði málið öðruvísi við. Þá er ég viss um að skynsamir menn mundu jafnvel velta fyrir sér hvort það væri einnar messu virði að íhuga að kjósa þá en hér fara þeir fram með blekkingar gagnvart kjósendum. Þeir eru ekki að gera neitt annað en að búa til pótemkíntjöld sem þeir svipta fyrir og þegar þeir hafa varið fjórum árum í að hækka skatta með ýmsu móti segjast þeir lækka skattana þegar kemur að kosningum.

Háttvirtur þingmaður á hins vegar hrós skilið fyrir hreinskilnina, hann sagði að þetta væru ekkert annað en skattahækkanir.

[15:54]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gat um það áðan að verkefnum hefði verið bætt á Fasteignamatið með lögum frá Alþingi og því hefði verið eðlilegt að breyta um skattstofn, fara úr brunabótamati yfir í fasteignamat. En það hefði kostað svo mikið fyrir þau örfáu ár sem eftir eru að það tæki því ekki.

Ég talaði um að við hefðum reynt að fara í eitt og hálft ár en það þótti ekki taka því vegna þess hve skatturinn er lágur. Þetta eru 100–150 kr. á hverja íbúð á ári. Það tekur því ekki að fara að skipta um kerfi fyrir það. Það tekur því ekki að taka hálft ár inn í reikninginn.

Nei, ég tek aftur gleði mína þegar ég hugsa um það sem hv. þingmaður minnti mig á, að við höfum náttúrlega gert alveg stórkostlega hluti. Ég nefni erfðafjárskattinn, sem kemur öldruðum til góða. Hann hefur verið stóreinfaldaður og lækkaður. Ég nefni fjármagnstekjuskattinn sem gefur ríkissjóði gífurlegar tekjur þrátt fyrir að skatturinn hafi stórlækkað.

Ég nefni hátekjuskattinn, sem er að hverfa og margir af *mínum kjósendum eru afskaplega ánægðir með það.* Nú geta þeir farið að vinna eins og menn. Ég nefni eignarskattinn, frú forseti, sem er horfinn og kemur vonandi aldrei aftur, nema einhverjir aðrir komist í ríkisstjórn.

Ég er því mjög glaður, mjög glaður þrátt fyrir að við tökum mánaðarlega hundrað kall í skatt eða 150 kr. skatt og framlengjum hann í tvö ár, sem ég er ekki glaður með, ég tek það fram. (**ÖJ:** Talaðu svolítið um Landspítalann.) Svo getum við rætt um aðhald og þá fer fyrst að verða skemmtilegt að hlusta á tal hv. þingmanna sem annars vegar tala um aðhald í rekstri ríkissjóðs og krefjast útgjalda í hinu orðinu.

[15:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Munurinn á stjórnarandstöðunni og stjórnarliðinu birtist í þessu frumvarpi. Stjórnarandstaðan leggur við fjárlagagerðina aldrei fram tillögur sem fela í sér aukinn kostnað nema að leggja til sparnað á móti. Hér leggja hv. þingmenn stjórnarliðsins til að ráðast í ný verkefni. Gott og vel. Ráðumst í ný verkefni ef þeirra er þörf.

En munurinn á þeim og okkur er hins vegar sá að þeir finna ekki fjármagn fyrir þessum nýju verkefnum með því að spara, sýna aðhald eða hagræðingu í rekstri. Nei, þeir leggja á nýja skatta. Það er hlálegt, að ég ekki segi grátbroslegt, að heyra helsta riddara skattalækkunarmanna koma hingað og segja: Ég gef ekkert fyrir það þótt verið sé að hækka hér skatta af því það er ekki nema hundrað kall á eign á mánuði. Þetta eru 280 millj. kr. á ári og 1.120 millj. kr. á kjörtímabilinu. Svo kemur hv. þm. og segir: Þetta skiptir engu máli.

Staðreyndin er einfaldlega sú að hv. þingmenn stjórnarliðsins og hæstv. ráðherrar skapa sér svigrúm með skattahækkunum til að geta blekkt kjósendur rétt fyrir kosningar og keypt sér atkvæði þeirra með því að lækka skattana þá. Þetta eru ekkert annað en blekkingar og það er þeim til minnkunar. Ég sjálfur skildi þetta ekki fyrr en leið á skattalækkunarhrinuna sem þeir hafa svo kallað. Þegar menn fóru *að reikna þetta saman kom í ljós að t.d. næstu tvö árin mun* ríkisstjórnin koma út í plús. Svo kemur auðvitað hv. þingmaður og segir: Ég gef ekkert fyrir það þótt við séum að hækka skatta um 280 millj. kr. En hafi hann hrós fyrir það að hafa kallað málið hinu rétta nafni, þ.e. skattahækkun.

Umræðu frestað.

[15:58]

Útbýting:

Aukatekjur ríkissjóðs, 375. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 590.

Bifreiðagjald, 377. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 588.

Gleraugnakostnaður barna og ungmenna, 178. mál, svar heilbrrh., þskj. 565.

Neyðarmóttaka fyrir þolendur heimilisofbeldis, 424. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 582.

Sala ríkiseigna, 412. mál, fsp. LB, þskj. 541.

Tekjuskattur og eignarskattur, 351. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 591.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 585–586. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 16:01]

Skráning og mat fasteigna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 335. mál (auðkennisnúmer, umsýslugjald o.fl.). — Þskj. 374, nál. 573 og 583.

[17:02]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þegar umræðunni var frestað áður en þingflokksfundir voru settir vorum við að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna. Það er svona angi af þeim skattahækkunarpakka sem ríkisstjórnin hefur lagt fram á hinu háa Alþingi og stefnir að að afgreiða fyrir þingfrestun sem áætluð er í lok þessarar viku.

Ég finn mig knúinn til þess að taka þátt í þessari umræðu. Ég á sæti í efnahags- og viðskiptanefnd. Þegar maður skoðar málið þá sést að það snýst reyndar um fjármögnun fyrirbæris sem kallast Landskrá fasteigna. Hugmyndafræðin er sú að leggja álögur á fasteignaeigendur fyrst og fremst og fjármagna þetta næstu árin. Ég held að ekki sé gróft að áætla að þetta muni skila 300 milljónum eða svo a.m.k. hvert ár um sig og einkanlega sökum þeirrar fasteignahækkunar sem nú gengur yfir samfélagið.

En okkur í efnahags- og viðskiptanefnd gekk reyndar mjög illa skilja var hvers vegna svona hugmynd sem fæðist í ríkiskerfinu og menn hrinda í framkvæmd, hugmynd sem sem átti kannski að kosta hálfan milljarð eða svo hefur núna hlaðið svo utan á sig að þegar þetta frumvarp var lagt fram þá ráðgerðu menn a.m.k. 2 milljarða í þetta verkefni. Menn hafa þegar eytt í þetta um það bil 1 milljarði og fyrstu hugmyndir sem fram komu þegar frumvarpið kom fram voru um að leggja um það bil 1.200 milljónir í þetta á næstu fjórum árum.

Sú hugsun sem ég vil koma á framfæri og benda á er að það virðist svo oft gerast að menn fara af stað með hugmyndir án þess að vera í raun búnir að hugsa til þess hvar þeir ætli að lenda málinu og hvar þeir ætla að enda málið og hver sé tilgangurinn með verkefninu. Það spélega við þetta mál er að þeir sem hafa a.m.k. á mannamótum og hátíðisdögum barið sér á brjóst og talið sig fánabera og boðbera skattalækkana og minnkandi ríkisútgjalda standa nú frammi fyrir því að meira að segja málgagnið þeirra Morgunblaðið segir í frétt 7. desember að útgjöld ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu hafi aldrei verið hærri frá árinu 1980. Það endurspeglar kannski það að menn hafa gersamlega misst tökin á því hvernig ríkið þróast.

Landskrá fasteigna sem við ræðum nú felst að stærstum hluta í að skrá upplýsingar sem þegar liggja fyrir hjá sýslumönnum landsins, þ.e. í þinglýsingarbókum. Það er verið að færa þetta í eitthvert tölvukerfi. Sjálfsagt má nýta þessar hugmyndir til góðra verka eins og margar góðar hugmyndir sem menn fá og hafa áhuga á að hrinda í framkvæmd en menn gera kannski ekki. Ég er alveg sannfærður um það. En þessi hugmynd, þetta verkefni kostar 2 milljarða. Fyrstu hugmyndir voru um 2 milljarða en reyndar var slegið af á leiðinni, þ.e. 600 milljónir voru slegnar af. Þetta virtist því ekki vera betur úr garði gert en svo að þó að menn legðu af stað með 1.200 milljónir í kostnað þá gátu þeir á miðri leið slegið helminginn af. Þetta er ekki mjög trúverðugt. Þetta virðist ekki hafa verið mjög ígrundað þegar menn lögðu í hann. Það virðist ekki vera að menn hafi reiknað í botn hvað þeir ætluðu að gera. Og það er þetta sem er svo hættulegt þegar menn leggja af stað með hugmyndir sem þeir hafa engin tök á og svo fer hugmyndin í raun að verða partur af kerfinu. Þetta vefur utan á sig. Þegar frumvarpið kom fram var áætlað að eyða í þessa hugmynd 2 milljörðum.

Við ræddum fyrr í dag bæði um kísilverksmiðju í Mývatnssveit og samgöngur til Vestmannaeyja og ég held að það sé allt í lagi að upplýsa það að ég held að styrkurinn til reksturs Herjólfs á ári sé innan við 200 milljónir. Það lýtur að því að viðhalda þjóðvegi við sveitarfélag þar sem eru á fimmta þúsund íbúa. Það er allt í lagi að upplýsa um það hér að það hefur verið þrautin þyngri að fá einhverjar krónur til þess að mæta því til að mynda þegar Mánafoss hætti strandsiglingum sínum 1. desember. Það var þrautin þyngri að fá nokkrar milljónir til þess að taka við þeim flutningum sem nauðsynlegir eru sökum þess að skipið hætti og á það var ekki fallist nema bæjarstjórnin féllist á að hækka gjöld um 6%.

Þar eru menn að berjast fyrir grundvallaratriðum hvað varðar lífskjör og umgjörð íbúa landsins. En hér munar menn ekkert um að henda 280 milljónum hingað og þangað af því að þeir vilja bókfæra og skrá einhver verðmæti sem flest eru þegar skráð. En nú er verið að skrá þetta í eitthvert annað kerfi. Það er þetta sem er svo hættulegt, þ.e. að þegar svona hugmyndir fara af stað þá virðist enginn ráða við þær.

Hv. þm. Pétur Blöndal var mjög ærlegur þegar hann sagði — og ég held að í hjarta sínu sé hann mér sammála í þessu máli — hv. þingmaður reyndi jafnvel að koma þessum fjórum árum niður í eitt og hálft ár og vildi athuga hvort nokkur möguleiki væri á því að reyna að bjarga einhverju í þessu sérstæða máli. En það tókst ekki. Þetta þurfum við að hugleiða mjög vandlega.

Mig langar að lesa upp úr frumvarpinu upphaflega sem er kannski það skásta sem ég hef fundið um markmið og tilgang þeirrar vinnu sem þarna fer fram. Hér segir, með leyfi forseta:

„Sá undirbúningur" — þ.e. sem hér er verið að tala um og reyna að vinna — „felst einkum í samræmingu á hugtakanotkun, kerfishönnun, forritun og kerfisprófun og síðar í skráningu upplýsinga í jarðahlutann og leiðréttingu á misræmi á skráningu einstakra jarða."

Þetta er það sem ég er að benda á. Hér er verið að leggja af stað í verkefni og hefur verið lagt af stað í verkefni sem nú á að halda áfram með og þegar maður les þetta þá snýst þetta augljóslega ekki lengur um neitt annað en að viðhalda sjálfu sér. Hugmyndin sem af stað var farið með hefur sjálfsagt verið ágæt. Menn hafa algerlega misst tök á henni. Síðan fæðast nýjar hugmyndir um að nauðsynlegt sé að setja þetta inn í o.s.frv. og kostnaðurinn er að nálgast 2 milljarða eða áætlað er að hann verði sjálfsagt 2 milljarðar því að þó að þær hugmyndir sem hér eru uppi um að leggja í þetta 1.200 milljónir á fjórum árum hafi verið skornar niður í 600 þá er hugmyndafræðin líka sú að halda áfram að taka tekjur af fasteignaeigendum og þá í annars konar formi, hvort heldur það er þegar fasteignir eru keyptar og seldar þannig að fasteignasalar þurfi að innheimta þetta eða þegar menn sækja eftir upplýsingum o.s.frv. En hugmyndin er að halda þessu áfram.

Ég er að vekja athygli á þessu, þ.e. að menn virðast ekki hafa neina stjórn á því hvernig „báknið" vex. Ég þori að fullyrða að þessum fjármunum megi eyða í mýmargt í okkar samfélagi, með fullri virðingu fyrir þessu verkefni sem er sjálfsagt ákaflega verðugt og mun einhvern tíma skila einhverju. En það eru mýmörg verkefni í þessu samfélagi sem þeir mættu ekki síður fara til. Á þessu, virðulegi forseti, vil ég vekja athygli.

Enn og aftur vil ég á það benda sem hér hefur oft verið bent á, að hér er bara einfaldlega um að ræða enn frekari álögur á landsmenn, ekkert annað. Hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar, Pétur Blöndal, hefur viðurkennt það í ræðustól að hér sé um skattahækkunarfrumvarp að ræða.

Það er því kannski ekki nema von að Morgunblaðið birti það 6. desember að útgjöld ríkisins hafi aldrei frá árinu 1980 verið hærri sem hlutfall af landsframleiðslu og það er reyndar kannski besti mælikvarðinn á hvað ríkið er að taka stóran hluta af landsframleiðslunni til sín. Þess vegna verður að segja alveg eins og er að það virkar sem hjóm eitt þegar menn síðan í þessari umræðu berja sér á brjóst og segja: „Við erum mennirnir sem ætlum að lækka skatta og álögur á íbúa þessa lands."

Það hefur einnig komið fram og mun koma fram væntanlega í umræðunni enn frekar á morgun að menn hafa verið að draga það saman að þær miklu skattahækkanir sem þessi ríkisstjórn hefur núna lagt á, þ.e. með álögum á einstaklinga vegna þjónustu og annarra hluta séu að skila ríkissjóði á tveimur árum, árunum 2004 og 2005, tæplega 8,2 milljörðum, tæplega 8,2 milljörðum eru þessar skattahækkanir að skila ríkissjóði í auknum tekjum og sú tala er fundin bara með útreikningum fjármálaráðuneytisins. Það er ekki eins og andstæðingar ríkisstjórnarinnar hafi fundið út þessa tölu, nei, síður en svo. Það er aðeins byggt á gögnum fjármálaráðuneytisins. Þar kemur fram að þær álögur sem lagðar hafa verið á landsmenn í formi alls konar hækkana og gjalda séu 8,2 milljarðar.

Hins vegar eru skattalækkunarhugmyndirnar sem nú liggja fyrir upp á rúmlega 5 milljarða, þ.e. á árinu sem er að líða, 2004, og árinu 2005, þannig að mismunurinn er u.þ.b. 2,5 milljarðar sem eru auknar tekjur fyrir ríkissjóð.

Þetta er sá veruleiki sem við ræðum þessi mál í og við erum að benda á og tala um að ríkisstjórnin hafi í reynd misst tökin á ríkisfjármálunum. Það er alveg hið sama og Seðlabankinn segir. Það er alveg hið sama og til að mynda hagfræðingur Landsbankans, sem kom fyrir efnahags- og viðskiptanefnd, segir. Þeir aðilar sem komu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd töldu að lágmarksafgangur á fjárlögum ætti að vera 35–40 milljarðar. Þeir tala um mikið aðhaldsleysi í ríkisfjármálunum.

Þetta litla mál er náttúrlega bara dæmi um útgjöld sem vaxa af sjálfu sér og enginn virðist hafa tök á. Ég verð að segja alveg eins og er að ég skil vel að hv. þm. Ögmundur Jónasson sé fylgjandi þessum útgjöldum vegna þess að hann hefur þá pólitísku skoðun að hann telur að ríkið eigi að vera stór partur af hagkerfinu hverju sinni, eigi að taka stóran þátt til sín og þannig sé kannski hægt að hafa meiri stjórn á hagkerfinu en ella. Það eru bara hin grunnpólitísku viðhorf hans. Þess utan þykir hv. þingmanni sjálfsagt ekki verra að það tryggi líka fleiri störf opinberra starfsmanna. Þetta eru bara grundvallarsjónarmið og grundvallarviðhorf sem hv. þingmaður hefur og hann er algjörlega samkvæmur sjálfum sér þegar hann styður frumvarpið.

En ég vil leyfa mér að fullyrða hér að þetta eru ekki þau sjónarmið sem hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar, Pétur Blöndal, hefur kynnt sig með og sagst standa fyrir þegar hann hefur talað til almennings. Ég ætla ekki að vísa til þeirra þriggja hv. þingmanna sem jafnan er vísað til þegar skattahækkunarfrumvörpin eru rædd, þ.e. þeirra hv. þingmanna sem komu inn á þing sem skattalækkunarriddarar, ég ætla ekki að tilgreina þá í þessari umræðu. En að hv. þm. Pétur Blöndal skuli hafa sannfærst svo gersamlega af röksemdafærslu hv. þm. Ögmundar Jónassonar kemur manni verulega á óvart. Það kemur verulega á óvart vegna þess að viðkomandi þingmaður hefur kynnt sig og sagst standa fyrir allt öðrum sjónarmiðum í stjórnmálum en þessum.

Virðulegi forseti. Þá verður að nefna líka annað sem hefur komið skýrt fram í þessari umræðu, sem ég hafði ekki gert mér grein fyrir fyrr en öll þessi skattahækkunarfrumvörp ríkisstjórnarinnar komu til umræðu, en hv. þm. Pétur Blöndal og sá meiri hluti á hinu háa Alþingi sem styður ríkisstjórnina, hefur talað fyrir þeirri pólitísku stefnumörkun að allir gjaldstofnar og allir skattstofnar skuli vera verðtryggðir á sama tíma og persónuafsláttur og bótafjárhæðir skuli ekki vera verðtryggðar. Þetta eru hinir sömu menn sem tala fyrir því á mannamótum að það sé nauðsynlegt að lækka skatta, skera niður útgjöld ríkissjóðs, draga úr bákninu, láta finna fyrir því að nú séu nýir menn við stjórnvölinn, nú sé tekið á málum, nú sé loksins búið að ná tökum á ríkisfjármálunum.

Þá kemur Morgunblaðið og segir: Útgjöld ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu hafa aldrei verið meiri frá árinu

1980. Það er eins og að sjónarmið hv. þm. Ögmundar Jónassonar hafi algjörlega orðið ofan á hjá ríkisstjórninni. Ég vil, virðulegi forseti, óska hv. þingmanni til hamingju með að hafa snúið ríkisstjórninni svona gjörsamlega á sveif með sér. En ég verð eiginlega að lýsa því yfir einnig að þó að ég og hv. þingmaður eigum oft samleið í góðum málum eigum við ekki samleið í þessu máli. En það er vegna þess að sá sem hér stendur er samkvæmur þeim sjónarmiðum sem hann hefur sett fram og hv. þm. Ögmundur Jónasson er samkvæmur sínum sjónarmiðum, en aðrir eru það ekki.

Ég verð einnig að segja það, virðulegi forseti, að þegar maður fer yfir Landskrá fasteigna virkar þetta á mig sem einhvers konar gæluverkefni sem menn hafa gersamlega misst tökin á. Hugmyndin um að fara að skrásetja fasteignir er komin í 2 milljarða.

Sú var tíðin að sá hv. þingmaður sem nú situr í forsetastóli — sem á ekki möguleika á að svara fyrir sig og verður að virða það í þessari umræðu og gæta orða sinna í ljósi þess — hann reið hér um héruð í búningi ungliða Sjálfstæðisflokksins og talaði fyrir niðurskurði hvar sem hann bar niður í ríkisfjármálum. Hann er núna partur af þeim meiri hluta sem ekki hefur tekið jafnmikið til sín úr hagkerfinu og frá því á árinu 1980, en þá var hér við völd ríkisstjórn undir forustu Gunnars Thoroddsens, sem var reyndar ekki studd af öllum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. En það er athyglisvert í þessari umræðu að ríkisútgjöld hafa aldrei verið meiri en þegar Sjálfstæðisflokkurinn er í forustu.

Þau tvö dæmi sem við höfum núna — og ber nú vel í veiði að hv. þm. Gunnar Birgisson skuli koma í salinn — eru hæstu dæmin þar sem ríkisvaldið hefur tekið meira til sín úr hagkerfinu en nokkru sinni, 1980 og 2004. Í báðum þessum tilvikum voru ríkisstjórnir leiddar af forustumönnum Sjálfstæðisflokksins. (Gripið fram í.) Og af því að hv. þingmaður kallar hér fram í þá eru þetta aðeins upplýsingar sem komu fram í Morgunblaðinu og rétt er að vísa til af því að hv. þingmaður hefur ekki verið í salnum meðan þessi umræða hefur farið fram.

Það sem ég hef viljað leggja til umræðunnar er þetta: Það ber að varast að fara af stað með hugmyndir sem menn sjá ekki fyrir endann á. Þessi litla hugmynd, um að skrásetja skuli allar fasteignir — ekki allan heiminn — er komin í 2 milljarða og sér ekki fyrir endann á. Þetta er einhvers konar gæluverkefni einhverra ráðherra, kannski til að vera enn frekar samkvæmir sjálfum sér. Kannski er ástæða til þess að velta því upp af því að eitt af þeim verkefnum sem Landskrá hefur nú verið falið eru verkefni tengd jarðalögum og um leið tengd landbúnaðarráðuneytinu, kannski er kominn tími til þess að færa verkefni þess ráðuneytis til annarra ráðuneyta. Það mætti til að mynda færa skólana yfir til menntamálaráðuneytisins, færa jarðirnar undir fjármálaráðuneytið og sameina atvinnuvegaráðuneytin. Það gæti kannski verið hægt að ná einhverjum sparnaði í ríkisrekstrinum við það að leggja niður landbúnaðarráðuneytið. Ég held að það hljóti að vera ein þeirra hugmynda sem menn velta fyrir sér í allri þessari umræðu, enda skilar landbúnaðurinn í dag ekki meiru en kannski svona rúmlega 1,5% af landsframleiðslunni. Það er því verðugt verkefni að menn velti fyrir sér að þeim þætti stjórnsýslunnar og ríkisvaldsins sé komið fyrir annars staðar, því það verður ekki sagt um skjólstæðinga landbúnaðarráðuneytisins að það séu þeir sem hafi haft hvað mest upp úr starfsemi sinni á undanförnum áratugum þó að þeir af einhverjum ástæðum, okkur ókunnum, hafi jafnan að mestu leyti stutt þá flokka, þ.e. bændur, sem nú fara með völd í ríkisstjórn.

En ég vildi bara velta þessari hugmynd upp í ljósi þess að við höfum verið að gagnrýna þær miklu skattahækkanir sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir að undanförnu og ég vísaði til í ræðu minni, að þær eru u.þ.b. 2,5 milljörðum hærri en þær skattalækkanir sem fyrirhugað er að ráðast í. Leikurinn sem leikinn er er að hækka fyrst skatta, gjöld og álögur og lækka þetta síðar. Þetta er sá veruleiki sem blasir við okkur þó að hér sé aðeins um eitt lítið frumvarp að ræða þar sem menn hafa misst tökin á sjálfsagt ágætri hugmynd sem einhver hefur velt upp og menn fallið fyrir og fengið síðan hið ágætasta fólk til þess að framkvæma. Sú litla hugmynd er komin í 2 milljarða. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum um hvernig núverandi ríkisstjórn hefur gersamlega misst tökin á ríkisfjármálunum og af þeim sökum hafa Seðlabankinn, hagfræðingar og fleiri talað um hið mikla og ægilega aðhaldsleysi sem er á ríkisfjármálunum sem m.a. gerði það verkum að Seðlabankinn taldi sig knúinn til að hækka stýrivexti um 1%, sem hefur leitt til verulegrar hækkunar á gengi með tilheyrandi afleiðingum fyrir útflutningsgreinarnar.

Ég sá það í yfirlýsingu frá Samtökum atvinnulífsins í dag að þeir telja að þessi hækkun á genginu undanfarna daga þýði 15 milljarða tekjulækkun hjá útflutningsgreinunum. Það er nú ekkert minna. Það er því ekki lítið sem aðhaldsleysið í ríkisfjármálunum hefur í för með sér og ekki skrýtið að þessi mál séu tekin til rækilegrar umræðu á hinu háa Alþingi þegar menn fá eitt svona lítið dæmi, þetta er bara lítið dæmi um hvernig menn hafa misst tökin á þessu, lítið dæmi af mörgum þar sem lítil hugmynd er orðin að bákni í ríkiskerfinu.

[17:28]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fór mikinn og víða og var ágætur framan af en þegar hann fór að endurtaka sig aftur og aftur minnkaði gildi ræðunnar þannig séð.

Hann talaði um skattahækkunarpakka. Ég fellst á að þetta gjald sé skattahækkun, það er framlenging á skatti, ég fellst á það og er búinn er að segja það. Ég færði líka rök fyrir af hverju.

Hækkun á krónutölugjöldum í samræmi við verðlag er í mínum huga ekki skattahækkun og það þarf einhver að segja mér að það sé skattahækkun, krónutölugjöld í verðbólgu sem allir vita að rýrna. Ég trúi því ekki að hv. þm. hafi ekki tekið eftir því. Hann er þá eini Íslendingurinn sem þannig er ástatt um.

Varðandi það sem hann talaði um sem tilganginn með verkefninu, hann talaði alltaf um Landskrá fasteigna sem eitthvert gæluverkefni. Þetta er grundvöllur kapítalismans, þetta er grundvöllur markaðshagkerfisins. Þarna eru eignir skráðar, þetta er grundvöllurinn. Og þegar talað er um að búið sé að skrá þetta allt saman áður, það er rétt, en það er skráð í þykkum doðröntum með bleki. (**Gripið fram í:** Hvað kostar að ...?) Það kostar líka rosamikið að skrá það

með gamla laginu, með bleki á þykka doðranta og það kostar mikið að lesa upp úr þeim doðröntum. Það er sá kostnaður sem verið er að taka burtu með því að hafa þetta tölvukeyrt þannig að hægt sé að fá upplýsingar strax um eignir og veðbönd á þeim og eigendur og allt slíkt í staðinn fyrir að fletta fjölda bóka um allt land sem er nánast tæknilega útilokað. Þessi skráning er örugglega mjög arðbær fyrir þjóðfélagið í heild sinni og fyrir atvinnulífið allt. Það sem ég er á móti er að fasteignaeigendur skuli einir greiða þetta en ekki þeir sem njóta þess mest sem eru bankakerfið, sveitarfélögin, fasteignasalar og fleiri. Kerfið sjálft er mjög gott kerfi.

[17:30]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég að kveinka mér undan því þótt hv. þingmaður hafi viljað gefa ræðu minni einkunn en oft hefur hann komið í ræðustól og kveinkað sér undan því að hans eigin ræður hafa fengið einhverja einkunn hjá þeim sem hafa komið í andsvar.

Það kemur mér líka alveg gríðarlega á óvart að Landskrá fasteigna skuli vera grundvöllur kapítalismans. Ég spyr bara: Hvernig áttu viðskipti sér stað áður? Ég svara því einnig að áfram á að skrá í þinglýsingabækur, áfram á að vinna það sem hann talaði um, þykka doðranta og að skrifa með bleki. Þær skrár halda allar áfram. Þær eru unnar í tölvur ef það er málið. Ég vísa þessu náttúrlega bara út í hafsauga. Markaðskerfið hlýtur að fúnkera ef einhver vill selja og einhver vill kaupa, það þurfa ekki að vera sérstakar opinberar skrár á öllum eignum, ekki nema menn hafi sérstakan metnað til að skattleggja allar eignir sem mögulega er hægt að ná í og skrásetja.

Varðandi raunlækkun og raunhækkun komum við alltaf að sömu spurningunni: Hvenær tók ríkisstjórnin upp þá pólitísku stefnumótun að verðtryggja alla gjaldstofna og alla skattstofna? Síðan hvenær er þetta hin pólitíska stefnumótun? Hún hefur ekki verið gerð opinber en er afar athyglisverð. Á móti kemur að persónuafsláttur er ekki verðtryggður. Bótafjárhæðir eru ekki verðtryggðar. Skattstofnar og gjaldstofnar skulu verðtryggðir. Hv. þingmaður sem hefur farið mikinn í umræðu um (Forseti hringir.) skattalækkanir er leiðandi afl fyrir meiri hluta á þingi sem hefur aldrei tekið meira til sín úr (Forseti hringir.) landsframleiðslunni.

[17:33]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Í fyrsta lagi varðandi Landskrá fasteigna og þá fullyrðingu mína að hún sé grundvöllur kapítalismans eða markaðshagkerfisins. Þetta var áður skráð í þykka doðranta, veðbækur. Veðbækurnar hafa verið í gildi hér á landi í fjölda áratuga, árhundruð, sem grundvöllur eignaskráningar. Opinber eignaskráning er grundvöllur kapítalismans. Þetta vantar í fyrrum Sovétríkjunum og víða annars staðar.

Það að taka upp Landskrá fasteigna er að setja þetta yfir á rafrænt form. Sá er munurinn. Nú á að skrá þetta inn á rafrænt form en ekki með bleki á þykka doðranta sem þarf svo að lesa af og skrá aftur inn á blöð, eins og þegar við fengum veðbókarvottorð í eina tíð. Það verður liðin tíð. Það er þetta sem menn sjá sem hagræði við þetta kerfi og þess vegna ganga núna öll viðskipti á þeim eignum sem skráðar eru miklu hraðar fyrir sig en var áður. Þegar búið er að skrá allar eignir inn í þetta — vonandi á þessum tveim árum sem eftir eru — munu menn geta fengið upplýsingar um sumarbústaði og lönd og lendur, jarðir og íbúðir og hvað sem er á augabragði. Þá verða öll viðskipti miklu hraðari.

Varðandi bætur og persónuafslátt og slíkt, þetta hefur allt verið hækkað, reglulega hefur þetta hækkað. Bæturnar hafa hækkað umtalsvert umfram verðlag, þær hafa meira að segja hækkað meira en laun, og meira en lægstu laun þannig að það er búið að passa mjög vel að hækka bæturnar.

Svo varðandi það sem mér finnst vanta í þessu. Menn fara offari gegn þessum 280 millj. kr. skatti á ári. Þetta eru eins og ég gat um 100–150 kr. á hverja íbúð á mánuði. Þetta eru 100 kr. á mánuði sem menn eru að tala um, sem öll þessi fallbyssuárás gengur út á. Það er verið að skjóta 100-kall, eða 150-kall ef það er 18 millj. kr. eign. Þá segja menn að upphæðin skipti ekki máli, það sé prinsippið. Allt í einu skiptir ekki máli hver upphæðin er.

[17:35]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði í ræðu minni að þetta væri án efa tæknileg skráning og í sjálfu sér mundi hún upplýsa og geyma upplýsingar sem skiptu máli. Ég vildi bara upplýsa hv. þingmann um að það er talsvert síðan sýslumannsembættin fóru að skrásetja eignir og innfæra skjöl í tölvu. (**PHB:** Nei.) Ég vildi bara upplýsa hann um það og (Gripið fram í.) það er ágætt fyrir hann að vita það, og eins með bifreiðar og annað. Ég vildi bara upplýsa hv. þingmann þannig að hann fari ekki (Gripið fram í.) aftur með þessa tölu.

Hins vegar er kjarninn sá að fram hefur komið að til þess að ríkið geti staðið undir þeim verkefnum sem það er með verði að verðtryggja skattstofna og gjaldstofna. Það er ekki gert með persónuafsláttinn eða bótafjárhæðir. Í hugmyndum sem fram koma í fjárlögunum og greinargerð með þeim á að hækka persónuafsláttinn um 3%. Verðbólguspá fjármálaráðuneytisins er hins vegar 3,5%. Með öðrum orðum mun raunvirði persónuafsláttarins rýrna. Við erum sammála um það. Þegar við skoðum hins vegar alls konar gjöld og álögur, ekki síst álögur á fasteignir og bifreiðar, erum við að tala um álögur langt umfram það sem verðbólgan getur réttlætt. Ég skil vel að hv. þingmaður eigi hér í talsverðum erfiðleikum með að reyna að rökstyðja hugmyndir sem hann hefur talað gegn gegnum tíðina, þ.e. um endalausa útvíkkun og stækkun ríkisins, endalausa, þar sem menn hafa algjörlega misst tökin á því (Forseti hringir.) og ég skil vel að hv. þingmanni líði illa. (Forseti hringir.) Ég átti samt ekki von á að hann færi í þessar skotgrafir í vörn sinni.

[17:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta hefur verið prýðileg umræða og hún hefur að mörgu leyti varpað ljósi á eðli þess frumvarps sem við erum hér að ræða. Það kom fram hjá hv. þm. Pétri H.

Blöndal að hér er verið að leggja til hækkun á sköttum. Hv. þm. hefur ekkert skafið utan af því að þetta er skattahækkun. Það rennir stoðum undir það sem við höfum verið að segja í stjórnarandstöðunni að ríkisstjórnin er að beita sér núna fyrir hrinu skattahækkana til að öngla saman fyrir því sem kostar að ráðast síðan í skattalækkanir þegar líður að kosningum og það þarf að kaupa atkvæði kjósenda og reyna aftur eins og síðast að nota tálbeitu skattalækkana til að verða sér úti um atkvæði. Ég þarf ekki að rifja það upp fyrir hv. þm. Pétri H. Blöndal hvernig það gekk síðast. Það leiddi til 7% taps fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Því miður fyrir hann, en sem betur fer fyrir heilbrigða skynsemi, hefur runnið upp fyrir landsmönnum að hér er Sjálfstæðisflokkurinn að iðka blekkingar. Hann hækkar skatta til þess að lækka þá aftur. Það var þess vegna, herra forseti, sem hæstv. fjármálaráðherra vældi inni í flokksmusterinu Valhöll og kvartaði undan því að verið væri að þagga niður þessa mestu skattabyltingu lýðveldistímans. Hvers vegna komst hann svo að orði, herra forseti? Vegna þess að hann varð hvergi var við það að fólk hoppaði hæð sína af fögnuði eða lysti höndum saman í gleði eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal gerði hér í ræðustól af einskærri ánægju yfir því að ráðist væri í svo miklar skattalækkanir.

Þó hefur runnið upp fyrir flestum öðrum en hv. þingmanni að skattalækkanirnar eru ekki eins og sýnist. Þegar allt er saman reiknað kemur í ljós að þegar hv. þingmaður mun hugsanlega slá tappa úr kampavínsflösku og fagna því að árið 2005 sé liðið í aldanna skaut hefur hann tekið þátt í því að auka skattheimtu að öllu samanlögðu. Ég á við, herra forseti, að þegar menn reikna saman þær skattalækkanir sem þá verða komnar til framkvæmda og draga frá þeim þær skattahækkanir sem búið er að samþykkja nú þegar hefur ríkissjóður fitnað. Það er töluvert annað en sá óður sem kveðinn er af hv. þingmanni og ríkisstjórninni þessa dagana.

Hér er í reynd ekki um neitt annað að ræða en það að verið er að setja á sérstakan framkvæmdaskatt. Ef hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson væri nærstaddur mundi hann væntanlega kannast við það að hann sem borgarfulltrúi hamaðist mjög gegn því að Reykjavíkurlistinn setti á slíkan skatt sem Reykjavíkurlistinn kallaði holræsaskatt og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson barðist mjög á móti. Hér er hv. þingmaður ásamt félögum sínum í Sjálfstæðisflokknum hins vegar að samþykkja algerlega sambærilegan framkvæmdaskatt. Það sem er í lagi hér í sölum hins háa Alþingis er ekki í lagi úti í Ráðhúsi. Þannig rekur sig hvað á annars horn hjá þeim hv. þingmönnum sem hér berjast mest fyrir skattalækkunum.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur hins vegar hreinleika sálarinnar til þess að viðurkenna að hér er um skattahækkun að ræða og honum finnst það sárt. Hann (**PHB:** 100-kall á mánuði.) telur sjálfum sér það helst til málsbóta að hann hafnaði því að samþykkja stefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún gekk fram í hinu upphaflega frumvarpi. Fyrir það ber auðvitað að þakka hv. þingmanni. Frumvarpshöfundar vildu að þessi nýi skattur sem hér er verið að taka sjálfstæða ákvörðun um yrði látinn gilda fjögur ár til viðbótar. Hv. þm. Pétur H. Blöndal leggur það til með meiri hlutanum að hann vari einungis í tvö ár. Hv. þingmaður hefur haft uppi mikla svardaga um það að þar með skuli sá skattur niður falla og eftir það, eins og segir, skuli tekna aflað með öðrum hætti.

Nú vildi ég fyrir hönd skattborgara getað trúað og treyst þessum orðum hv. þingmanns. Reynslan er ólygnust og hún sýnir að það er ekki hægt að treysta ríkisstjórninni í þessu máli. Ríkisstjórnin gaf nákvæmlega sama loforð árið 2000 þegar lögin voru upphaflega samþykkt. Þá var það lagt til af meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar að eftir þetta ár sem við erum nú stödd á, 2004, yrði Landskrá fasteigna markaður annar tekjustofn. Það hefur ekki verið gert. Fyrst þeir sviku það þá, svíkja þeir ekki aftur núna? Hvað ætli hv. þm. Gunnar I. Birgisson segi um það? Hann var einmitt partur af þeim meiri hluta ef ég man rétt sem lofaði því árið 2000 að núna, við lok ársins 2004, mundi þessum skatti sleppa. En hv. þm. Gunnar I. Birgisson vill kannnski skýra það út fyrir okkur sem hér sitjum og kjósendum hans hvernig stendur á því að hann ætlar sér ekki að standa við hina upphaflegu yfirlýsingu. Hann ætlar ekki að standa við það loforð sem hann gaf.

Látum það vera. Það kann að vera að einhver nauður reki hv. þingmann til að breyta því en hvers vegna skyldu þá ég og aðrir landsmenn treysta orðum hans núna, um að eftir tvö ár verði fallið frá þessum skatti fyrst ekki var hægt að treysta því árið 2000?

Við í stjórnarandstöðunni höfum þá vinnureglu að við leggjum ekki til breytingar á verksviði ríkisins sem hafa í för með sér aukin útgjöld nema á móti komi með einhverjum hætti sparnaður, aðhald, hagræðing, sem mætir kostnaði við hin nýju verkefni.

Þetta greinir okkur frá ríkisstjórnarliðinu. Hér er meiri hlutinn, ríkisstjórnin, að leggja til aukin verkefni innan vébanda ríkisins. Þessi auknu verkefni kosta fjármagn og hæstv. ríkisstjórn ætlar ekki að mæta kostnaðinum með því að spara annars staðar heldur ætlar hún þvert á móti að ýta úr vör því sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur sjálfur kallað skattahækkun. Það eru rangar leikreglur. Þær eru rangar sérstaklega í tilviki Sjálfstæðisflokksins sem hefur básúnað aðhald. Sá flokkur gat sér einu sinni orð fyrir að hafa farið herför um landið og blásið í lúðra og ætlaði að blása bákninu burt. Hér er það að gerast, reyndar í hverju málinu á fætur öðru, að báknið er að þenjast út. Hv. þm. Pétur H. Blöndal og Gunnar I. Birgisson sem báðir tala nauðsyn þess að hemja ríkisútgjöld ættu frekar, ef þeir telja svo nauðsynlegt að ráðast í þau verkefni sem tengjast þessu frumvarpi, að benda á hvernig sé hægt að spara á móti.

Það sem vantar á til þess að við getum fallist á þetta er að með einhverjum hætti sé reynt að skýra út fyrir þingheimi, reynt að skýra út fyrir skattborgurunum, hvað hafi farið úrskeiðis við framkvæmd hinna upphaflegu laga. Sú framkvæmd átti, eins og kom fram í lögunum árið 2000 eða í greinargerð með frumvarpinu sem þá var að lögum, að kosta 615 milljónir. Á þessu fjögurra ára tímabili voru eigi að síður innheimtar 950 milljónir. Hæstv. forseti sem er glöggur í hugarreikningi getur staðfest að í einu vetfangi er hægt að reikna það sem menn standa hér að þetta er meira en 50% aukning. Hvað veldur því, vösku riddarar aðhalds og sparnaðar í rekstri ríkis, að þessi verkefni kostuðu svona miklu meira en þau áttu upphaflega að gera? Getur hv. þm.

Gunnar I. Birgisson sem stóð að loforði ríkisstjórnarinnar um að þennan skatt ætti ekki að framlengja útskýrt það? Það er alla vega ljóst að hv. þingmaður félagi hans, Pétur H. Blöndal, getur það ekki. Hann hefur ekki getað skýrt út fyrir okkur hvers vegna stofnkostnaður og rekstur fór 50% fram úr áætlun. Ekki getur hv. þingmaður útskýrt það með því að ráðist hafi verið ný verkefni á gildistíma laganna sem ekki var mælt fyrir. (Gripið fram í.) Nei, það finnst mér með ólíkindum. Var þá verið að blekkja þá sem samþykktu þetta á sínum tíma?

Ég skildi ræðu hv. þingmanns fyrr í dag þannig að framhald og framlenging þessa skatts, sem hann svo kallar sjálfur, væri nauðsynlegt vegna þess að nú væri verið að ráðast í ný verkefni. Hv. þingmaður gat þess og rakti reyndar með greinargóðum hætti að upphaflega frumvarpið hefði gert ráð fyrir því að ráðist yrði í fjórþætt verkefni en með þessu frumvarpi væri kominn fimmti hlutinn inn í, jarðahluti, þar sem verið væri að ganga frá ákveðnum nýjum upplýsingum. Það er því núna sem þessi nýju verkefni koma til. Ég er þeirrar skoðunar að ef ráðist er í tiltekið verkefni sem standa á straum af með ákveðnum skatti þá er ekki leyfilegt af hálfu ríkisins að þenja svo út svið og ramma þess verkefnis að það fari 50% fram úr áætlun. Það er bara ekki svo. Við gerum ekki þannig í rekstri ríkisins. Það er ekki í anda góðrar stjórnsýslu. Það er ekki í anda stjórnfestu eins og hv. þm. Bryndís H. Hlöðversdóttir gæti haldið hér greinargóða ræðu um þó þess sé ekki æskt af henni núna.

Hins vegar er fróðlegt, herra forseti, að skoða einmitt rök hv. formanns efnahags- og viðskiptanefndar fyrir nauðsyn þess að framlengja gjaldið. Gjaldið á að framlengja þannig að innheimta á af skattborgurum 280 milljónir á ári næstu tvö árin. Þetta er ansi mikið. Þetta er meira en búið er að innheimta á ári til þessa. Hvað á að koma á móti þessari skattheimtu? Hvað eiga skattborgararnir að fá? Samkvæmt því sem hv. þingmaður sagði er verið að lögfesta fimmta þáttinn í þetta verkefni, þ.e. hinn svokallaða jarðahluta. Það er svo sem fróðlegt að skoða hvað það er. Þarna er verið að uppfylla ákveðna breytingu á jarðalögum sem samþykkt voru, held ég, á síðasta þingi fremur en í upphafi þessa. Samkvæmt því var fimmti hluti þessarar Landskrár lögfestur eða hann gekk í gildi lögum samkvæmt 1. júlí 2004. Hvað á að gera þar? Jú, það á að afla upplýsinga um jarðir. Það er hinn svokallaði jarðahluti Landskrárinnar. Þar eiga að koma fram upplýsingar um nöfn jarða, annars lands, sveitarfélög, eigendur, fyrirsvarsmenn ef fleiri eigendur eru að jörð, ábúendur, leigutaka, ræktun, mannvirki, nýtingu, hvort það er félagsbú eða ekki og önnur atriði sem landbúnaðarráðuneytið ákveður nánar í reglugerð.

Herra forseti. Þetta er að sönnu viðamikið verkefni. En herra minn trúr, verðskuldar þetta sem ég var að lesa upp það að menn innheimti áfram svona háan skatt? Ég held að það geti ekki verið. Það kann vel að vera rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að fasteignaskráning af þessu tagi sé undirstaða kapítalismans. En maður veltir því nú fyrir sér hvernig blessaður kapítalisminn hafi komist af áður en Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn stofnuðu ríkisstofnunina Landskrá fasteigna. (Gripið fram í.) Maður skildi halda að blessaður kapítalisminn hafi verið í molum og að allt efnahagskerfi heimsins hafi verið heldur í slaklegu ástandi. Ég get upplýst hv. þm. Pétur H. Blöndal um að kapítalisminn hefur, takk fyrir, bara gengið bærilega og markaðshagkerfið sömuleiðis án þess að Landskrá fasteigna hafi verið niðurnjörvuð í lög eins og hér.

Herra forseti. Með þessu frumvarpi og breytingartillögu meiri hlutans eru Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn að brjóta loforð sitt frá árinu 2000. Með samþykkt þessa frumvarps er verið að hækka skatta um 280 milljónir á ári. Hv. þm. Pétur H. Blöndal sem telur sjálfur að hann hafi mest vit flestra góðra manna á skattheimtu hefur kallað þetta skattahækkun. Því er með engu móti hægt að segja annað en að hér sé ríkisstjórnin að hækka skatta. Þetta er einn af fjölmörgum sköttum — líklega eru það hátt á annan tug skatta — sem ríkisstjórnin hefur hækkað frá því þetta kjörtímabil hófst. Ríkisstjórnin er með þessu að öngla saman til þess að geta lækkað skatta. Hún hefur fundið upp þá einstæðu aðferð til skattalækkana að gera það með því að hækka skatta. Það er auðvitað sniðug aðferð. Það kostar ekki mikið. En, herra forseti, þetta eru blekkingar. Það er verið að blekkja kjósendur og hv. þm. Pétur H. Blöndal tekur þátt í því.

Ég hélt að síst af öllu yrði það hlutskipti formanns efnahags- og viðskiptanefndar sem jafnan hefur viljað vera góði hirðir þess fjár sem tilheyrir skattborgurum að taka þátt í að blekkja skattborgara með þessum hætti. Það er hér að gerast. Hér er verið að hækka skatta. Síðan á að gabba kjósendur með því að gefa þeim þessa skattahækkun aftur til baka í öðru formi og það kalla þeir skattalækkun. Þetta er sniðug aðferð. En ég er ansi hræddur um að þær ríkisstjórnir sem eiga eftir að taka við af þessari muni varla feta í þau fótspor sem hv. þm. Pétur H. Blöndal og félagar hans í meiri hlutanum hafa troðið í þessu máli.

[17:54]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð víst að endurtaka það sem ég sagði áðan. Ég sagði aldrei að þessi Landskrá fasteigna væri fyrsti grundvöllur kapítalismans. Auðvitað voru veðbækur til áður. Ég sagði það í áðan í andsvari. Ef menn ekki fylgjast með umræðum þá verður dálítið erfitt að þurfa að segja þetta aftur og aftur. Veðbækur voru til og hafa verið til mjög lengi á Vesturlöndum. En það er bara mjög þunglamalegt kerfi. Við höfum þurft að bíða eftir veðbókarvottorðum stundum í marga daga, stundum stutt. Hér er verið að gera þetta miklu liprara og hraðvirkara þannig að öll viðskipti geti gengið miklu hraðar. Ég er búinn að segja þetta allt saman. Ég er líka búinn að segja það áður að með jarðalögum samþykktum á Alþingi 2004 hafi bæst við verkefni þannig að stofnkostnaðurinn eykst. Ég er líka búinn að segja að búið sé að skrá 123.000 fasteignir í Landskrá fasteigna en að eftir eigi að skrá 34.000 fasteignir. Ég er búinn að segja þetta allt saman.

Mér finnst bara að menn sem blanda sér í umræðuna eigi að fylgjast með henni frá upphafi þannig að ekki þurfi að endurtaka aftur og aftur það sem um er rætt. Enn er því eftir töluverður stofnkostnaður í þessu og það er eftir viðbótin. Reiknað er með því að það náist á næstu tveim árum. Auðvitað er þetta skattahækkun. Ég fer ekkert ofan af því.

En ég neita að fallast á það varðandi krónutöluhækkanir í samræmi við verðlagshækkun. Það er ekki skattahækkun í mínum huga.

[17:56]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ber ekki á móti því að ég sé ekki slík mannvitsbrekka að ég hafi skilið allt sem hv. þingmaður sagði áðan. Hitt er algjörlega ljóst að hversu takmörkuð sem greind mín kann að vera af guðs hendi þá er hún næg til þess að skilja að Sjálfstæðisflokkurinn er að hækka skatta, ekki bara hér heldur með öðrum aðgerðum. Sennilega er þessi flokkur ábyrgur fyrir 15–20 mismunandi skattahækkunum frá því að kjörtímabilið hófst og til þessa dags.

Ég vil rifja það upp fyrir hv. þingmanni að ég hélt hér langa ræðu og vonandi efnismikla um tiltekið frumvarp sem hæstv. samgönguráðherra tróð í gegnum þingið þar sem var hægt að finna ein sex eða sjö, jafnvel átta með góðum vilja, ný gjöld. Allt eru þetta feluskattar. Þessi feluskattastefna Sjálfstæðisflokksins er ekkert annað en tilraun hans til þess að blekkja kjósendur. Það er verið að keyra í gegnum Alþingi hvern laumuskattinn á fætur öðrum. Hv. þm. Pétur H. Blöndal tekur þátt í því. Svo kemur hann og segir að það sé ekki skattahækkun þegar verið er að hækka hin ýmsu gjöld til samræmis við verðlagsbreytingar. Má ég upplýsa hv. þingmann um að í öðrum löndum sem við berum okkur oft saman við þá er engin sjálfvirkni þarna á milli. Til dæmis hefur hv. þingmaður stundum hrósað Verkamannaflokknum í Bretlandi fyrir aðgát og aðgæslu og aðhald í ríkisfjármálum. Þar var verið að leggja fram fjárlagafrumvarp nú fyrir nokkrum dögum og þar var það sérstaklega tekið fram af fjármálaráðherranum að sökum góðrar stöðu í ríkisfjármálum þyrfti ekki að hækka ýmis slík gjöld eins og bensínskatt sem hv. þingmaður hefur hins vegar tekið þátt í að gera og á örugglega eftir að taka oft þátt í.

[17:58]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í eina tíð voru öll þau gjöld sem hér um ræðir verðtryggð. Hæstv. fjármálaráðherra gat með einfaldri reglugerð hækkað þau gjöld í samræmi við hækkun á byggingarvísitölu eða öðrum vísitölum sem tilgreindar voru í lögum. Þannig var þetta gert.

Þegar stjórnarskránni var breytt árið 1995 og tekið upp ákvæði um að skatta yrði að leggja á með lögum og stjórnvöld mættu ekki ákvarða skatta þá var horfið frá því fyrirkomulagi, herra forseti. Ég hélt að menn vissu þetta. Síðan þá er fjármálaráðherra ekki heimilt að hækka gjöld og annað slíkt sjálfvirkt heldur þarf að gera það með ákvörðun Alþingis. Ég vona að menn viti að gjöld sem ekki eru hækkuð í lengri tíma lækka að verðgildi. Ég vona að allir skilji það. Ég hef mörgum sinnum spurt hvort gjöldin séu að hækka eða lækka en fæ aldrei svar.

Ég segi, vegna þess að stjórnarandstaðan eða nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar kalla það sífelldar skattahækkanir eða skattahækkunarpakka, að ég fellst aðeins á þennan lið hér, sem skattahækkun. Ég fellst ekki á að hið sama gildi um hækkun á krónutölugjöldum í samræmi við verðlag. Ég lít ekki á það sem skattahækkun. Ég fellst á að hérna sé skattahækkun, herra forseti. Fyrir 18 millj. kr. íbúð, samkvæmt brunabótamati, eru þetta 150 kr. á mánuði. Við höfum í marga klukkutíma, herra forseti, rætt um 150 kr. á mánuði. Ef það er t.d. 12 millj. kr. eign samkvæmt brunabótamati þá eru það 100 kr. á mánuði.

[18:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær 100 kr. sem hv. þingmaður gefur í skyn að lendi á öxlum venjulegra greiðenda á mánuði hverjum eru samt sem áður, þegar saman er talið, 280 millj. kr. á ári. Það eru 280 millj. kr. sem hv. þingmaður ásamt félaga sínum, hv. þm. Gunnari Birgissyni, lofaði að yrðu ekki teknar af skattborgurunum eftir þetta ár. Hann svíkur það loforð. Andstætt sínum eigin orðum taka þeir 280 millj. kr. í nýjan skatt.

Það er sama hvert horft er. Sjálfstæðisflokkurinn er alls staðar í forustu við að heimta aukinn skatt af landsmönnum. Það kom fram í Morgunblaðinu 6. desember að af ríkisins hálfu fari stöðugt stærri hluti landsframleiðslunnar í skattheimtuna. (**PHB:** Aukin velta.) Hv. þingmaður bendir á að veltan hafi aukist og þess vegna aukist tekjur ríkissjóðs. Það dregur hins vegar úr nauðsyn þess að ráðast í vasa skattborgaranna með þessum hætti líka.

Eins og fram kom í fjölmörgum umsögnum, eins og reyndar var vísað til í umsögn meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar árið 2000, er þetta ákaflega umdeild aðferð. Þá var bent á að eðlilegt væri að líta á þetta sem mikilvæga fjárfestingu af ríkisins hálfu sem ríkið ætti að standa straum af með sameiginlegu sjóðum en ekki með sérstöku gjaldi. Hv. þingmaður hefur sjálfur tekið undir að gjaldið er rangt. Þess vegna sem vill hann hafa það sem skemmstan tíma og leita annarra leiða. Það þýðir ekki fyrir hv. þingmann að koma hingað og halda því fram að það sem hann sé að gera sé í góðu lagi. Þetta er andstætt stefnu Sjálfstæðisflokksins, andstætt hans eigin orðum, andstætt yfirlýsingunni frá árinu 2000.

[18:02]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur nokkuð lengi staðið yfir fróðleg umræða og ég held að það liggi ljóst fyrir að ríkisstjórnin leggur upp með að taka inn nýjar tekjur og viðbótartekjur. En eitt vildi ég leggja inn í málin, bara til að fá nánari upplýsingar. Ég ætla ekki að fara að deila við formælendur þessa máls um hvort hér sé um lítinn skatt eða stóran að ræða. Upplýst hefur verið um hvaða tekjur er að ræða. Við breytinguna koma inn viðbótartekjur hvort sem menn tala um 100 eða 150 kr. á mánuði.

En þar sem gjaldið miðast við brunabótamat af húseignum og væntanlega fasteignamat af löndum, jörðum og öðru slíku (**PHB:** Nei.) Ekki það. (Gripið fram í.) Er brunabótamat á jörðum sem engin bygging er á? (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Það liggur í hlutarins eðli að verðmæti eigna hér á landi er metið eftir ákveðnum aðferðum og reglum. Það hlýtur líka að liggja í hlutarins eðli að þegar bruna-

bótamat hækkar þá hækkar sá skattstofn sem prósentan er miðuð við. Þess vegna spyr ég: Telur hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar að þær tekjur sem hér er gert ráð fyrir séu vanáætlaðar, vegna verðþróunar á fasteignum?

[18:05]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er mjög ljúft að svara þessu. Fram eru komnar upplýsingar um að sú gífurlega hækkun á fasteignaverði sem hefur verið undanfarið kunni að hækka þennan skatt. Svo er ekki. Hækkun á fasteignaverði hefur áhrif á fasteignamatið árlega og þar með á lóðir og annað slíkt sem er andlag fasteignamatsins en hefur ekki áhrif á brunabótamatið, sem er í raun byggingarkostnaður fasteignarinnar, þ.e. húsa, íbúða en ekki lóða. Þessi skattur er ekki lagður á lóðir. Hann er innheimtur með brunabótaiðgjaldi tryggingafélaganna. Það kerfi hefur verið til staðar og þótti ódýrt til að ná umræddum tekjum inn. Þetta mun því ekki hækka í takt við þá miklu hækkun sem er á fasteignamarkaði. Gjaldið mun hækka eins og byggingarvísitalan.

[18:06]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þar sem gjaldið fylgir byggingarkostnaði sem mun örugglega hækka hér á landi (Gripið fram í.) þá vil ég spyrja hvort gert hafi verið ráð fyrir þeirri þróun þegar menn reiknuðu út áætlaðar tekjur af þessu máli. Eða er lagt upp með tölu sem á eftir að hækka?

[18:06]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég reikna með að þessi tekjustofn sé hækkaður miðað við forsendur fjárlaga, sem eru 3,5% verðlagsforsendur. Ég tel að það muni standast því að byggingarkostnaður hefur ekki hækkað nein ósköp. Hann mun varla hækka núna eftir að gengið er orðið hagstætt. Líklegra er að sá kostnaður lækki þegar dollarinn er kominn niður í 61 kr.

[18:07]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Úr því að hv. þm. vék að genginu þá tel ég fulla ástæðu til að spyrja að því hvort það sé hans mat, miðað við svarið, að gengi íslensku krónunnar verði líkt því sem nú er eða jafnvel að krónan eigi eftir að styrkjast enn frekar.

Ég vona að hv. þingmaður sé ekki búinn að tæma möguleika sína til að halda ræðu í þessu máli.

[18:08]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Aðgerðir Seðlabankans miða að því að viðhalda stöðugleika og halda niðri hækkun á verðlagi. Til þess hækkar hann vexti um 1%, sem að sumu mati er dálítið öfgakennd aðgerð en hefur þegar lækkað gengið. Hvort það er varanlegt eða ekki skiptir kannski ekki miklu máli en vísitalan mun ekki hækka eins og menn óttuðust. Vísitalan sem hefur áhrif á kostnað bygginga mun ekki hækka eins og menn óttuðust og því mun þessi skattur ekki hækka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 2. umr.

Stjfrv., 299. mál (stjórn, innheimtuþóknun). — Þskj. 326, nál. 543 og 544, brtt. 585.

[18:09]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 155/1998, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum, frá meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti. Umsagnir um málið bárust frá Landssamtökum lífeyrissjóða og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu eru þar lagðar til tvær breytingar á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Annars vegar að stjórnarmönnum sjóðsins verði fækkað úr sjö í sex og tilnefningaraðilum fækkað og hins vegar að innheimtuþóknun vegna ógreiddra iðgjalda sem sjóðnum ber að innheimta samkvæmt 6. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, verði hækkuð.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þingmenn Lúðvík Bergvinsson og Jón Gunnarsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með sama fyrirvara og framangreindir nefndarmenn.

Ég vil taka það fram að um er að ræða innheimtugjald allt að 4%, það er hámarkið.

Undir þetta nefndarálit skrifa auk mín hv. þm. Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson, Lúðvík Bergvinsson með fyrirvara, Siv Friðleifsdóttir og Jón Gunnarsson með fyrirvara.

[18:11]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti sem sett var fram af hálfu hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur sem sat í efnahags- og viðskiptanefnd þegar þetta mál var afgreitt. Hún getur ekki stutt frumvarpið í óbreyttri mynd. Við leggjum til að það verði skoðað á milli umræðna hvort hægt verður að koma til móts við þau sjónarmið sem hún talaði fyrir.

Í frumvarpinu er lagt til annars vegar að stjórnarmönnum Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verði fækkað um einn og hins vegar að innheimtuþóknun sem sjóðum ber að gera kröfu um vegna ógreiddra iðgjalda verði hækkuð.

Við leggjumst ekki gegn hinu síðarnefnda, þ.e. að inn-

heimtuþóknunin verði hækkuð en höfum miklar efasemdir um fækkun stjórnarmanna. Þar vísum við í álit sem hafa borist frá Landssamtökum lífeyrissjóða þar sem fjallað er um aðkomu fulltrúa opinberra starfsmanna að sjóðnum. Samkvæmt þessum tillögum hættir Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins að tilnefna fulltrúa í sjóðinn en í álitsgerð Landssamtaka lífeyrissjóða segir m.a., með leyfi forseta:

„Hins vegar er jafnframt vakin athygli á því að ekki er óeðlilegt að opinberir starfsmenn tilnefni sérstaklega fulltrúa í stjórn sjóðsins, eins og verið hefur, enda eiga fjölmargir lífeyrisstarfsmenn lífeyrisréttindi í sjóðnum."

Í álitsgerð LSR er einnig bent á þetta atriði. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Það má því líta svo á að þeir stjórnarmenn sem LSR hefur tilnefnt til setu í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda hafi í raun verið fulltrúar opinberra starfsmanna í stjórn sjóðsins."

Í álitsgerð frá BSRB var einnig er bent á sama atriði. En í álitsgerð samtakanna, í niðurlagi hennar, með leyfi forseta, segir:

„Lífeyrissjóðirnir fara með mikla fjármuni og hvílir mikil ábyrgð á þeirra herðum. Þegar fækkað er í stjórnum lífeyrissjóða eins og hér er lagt til ber að hafa þetta í huga. Einnig hitt að stjórnarmenn hafi mismunandi félagslegan bakgrunn og þar með tengsl við sjóðfélaga. Æskilegt er að í stjórn lífeyrissjóða sitji fleiri en færri og bakgrunnur stjórnarmanna sé fjölbreyttur."

Ég vil taka undir þessi sjónarmið. Ég hvet eindregið til þess að skoðað verði á milli umræðna hvort samkomulag geti náðst um að koma til móts við þær ábendingar sem ég hef vikið að.

[18:15]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum hér er kannski ekki stórt og um það ríkir nokkuð bærileg sátt í þinginu en eitt af því sem verið er að opna á og hefur komið á daginn er að innheimtuþóknun sjóðsins hefur ekki staðið algerlega undir innheimtukostnaði sem sjóðurinn hefur haft sökum þess að fyrirtæki hafa ekki greitt í sjóðinn. Það er því ljóst að verið er að hækka innheimtuþóknun sjóðsins og gera mögulegt að hækka úr 2% í allt að 4% vegna þess að kostnaður við innheimtu hefur verið meiri en gert var ráð fyrir. Hér er því verið að koma til móts við kostnað sem fallið hefur til vegna innheimtu og við, ég og hv. þingmenn Jón Gunnarsson og Gunnar Örlygsson, flytjum af þeim sökum litla tillögu til að koma til móts við það að kostnaður hafi hækkað. Við erum að leita leiða til sparnaðar og erum með litla tillögu vegna þessa tiltekna máls. Við skrifum undir álit efnahags- og viðskiptanefndar með fyrirvara, en núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir því að sex stjórnarmenn sitji í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. Við gerum tillögu um að þeir verði fimm og lítum svo á að við séum að koma til móts við þau sjónarmið sem birtast í greinargerð með frumvarpinu um að kostnaður vegna innheimtu hafi verið of mikill og það sé full ástæða til að leita leiða til að spara á móti. Við gerum því svofellda breytingartillögu við frumvarp til laga um breyting á lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Að henni standa auk þess sem hér stendur eins og ég áður nefndi hv. þingmenn Jón Gunnarsson og Gunnar Örlygsson en tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„3. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra skipar fimm menn og jafnmarga varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skulu fjórir stjórnarmanna skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður sjóðstjórnar en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Fjármálaráðherra ákvarðar þóknun stjórnarmanna. Stjórnin skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði."

Við veltum upp því sjónarmiði hvort ekki megi spara enn frekar hvað varðar rekstur sjóðsins með því að fækka stjórnarmönnum um einn. Það kann líka í einhverjum tilvikum að vera óheppilegt að fjöldi stjórnarmanna skuli vera á tölu þar sem mál geta fallið á jöfnu, því sé eðlilegt að styðjast við oddatölu í stað þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir. Virðulegi forseti. Við leggjum þessa tillögu fram í anda þess sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að hér er verið að leita leiða til að spara í rekstri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 2. umr.

Stjfrv., 375. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 460, nál. 578 og 590.

[18:19]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum, frá meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ragnheiði Snorradóttur, Guðmund Thorlacius, Ingva Má Pálsson og Fjólu Agnarsdóttur frá fjármálaráðuneyti.

Í frumvarpinu er lögð til hækkun ýmissa gjalda um 10% að jafnaði. Þó er gert ráð fyrir að fjárhæð gjalda standi eftir atvikum á heilu eða hálfu hundraði. Fram komu á fundi nefndarinnar upplýsingar um að við þetta hækki flest gjaldanna minna en verðlag almennt frá því þeim var síðast breytt með lögum. Þau lækki því að raungildi. Helstu undantekningar varða annars vegar skráningu erlendra félaga þar sem gjöld eru hækkuð til samræmis við gjöld fyrir skráningu innlendra félaga og hins vegar gjöld fyrir útgáfu vegabréfa sem er samræmd á milli allra aðildarríkja Schengen-samningsins.

Auk þess er lögð til formbreyting á gjaldi fyrir skráningarmerki á ökutæki, þ.e. bílnúmeraplötur. Þetta er gert í samráði við Fangelsismálastofnun sem hefur haft tekjur af framleiðslu og sölu merkjanna. Kostnaður bifreiðaeigenda verður hinn sami og áður þar sem gert er ráð fyrir að söluverð merkjanna lækki að sama skapi.

Meiri hlutinn leggur til að orðalagi 14. gr. verði breytt til samræmis við hugtakanotkun í VIII. kafla umferðarlaga.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

14. gr. orðist svo:

Við VIII. kafla laganna: Ýmis vottorð og leyfi, bætist ný grein, 14. gr. a, er orðast svo: Greiða skal í ríkissjóð 1.500 kr. af hverju skráningarmerki ökutækja.

Undir þetta nefndarálit skrifa hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson og Siv Friðleifsdóttir.

[18:22]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir minnihlutaáliti efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Það er rétt í upphafi að taka fram að þetta frumvarp er aðeins eitt af mörgum sem hér eru ýmist til umfjöllunar eða verða það fljótlega og virðast öll vera því merki brennd að auka tekjur ríkissjóðs verulega. Þegar allt er lagt saman má segja að hér sé í raun stigið verulegt skref í aðhaldsátt í ríkisfjármálum og verður að telja það afar sérkennilegt miðað við þá stöðu sem er í efnahagslífi þjóðarinnar að hv. þingmenn ríkisstjórnarinnar skuli ekki hafa vakið á því sérstaka athygli að þeir væru að sýna verulegt aðhald í ríkisfjármálum með öllum þeim hækkunum á gjöldum og sköttum sem hér hafa verið lagðar fram.

Það er líka merkilegt að á sama tíma og allar tillögurnar eru lagðar fram er ríkisstjórnin aðallega að halda því á lofti að boðaðar séu skattalækkanir sem eiga að nema um 4 milljörðum kr. á næsta ári. Hæstv. fjármálaráðherra hefur talið að nú væri verið að skila aftur þeim efnahagsbata sem ríkissjóður hefur notið á undanförnum árum. Ef hins vegar er horft til þeirra skatta- og gjaldahækkana sem dunið hafa yfir á þessu ári og boðaðar eru á því næsta kemur í ljós að þessar lækkanir — afsakaðu, herra forseti, en svona getur maður ruglast í þessum orðum hækkun og lækkun og ekki skrýtið því að svo mikill er bægslagangur hv. þingmanna ríkisstjórnarinnar að boða skattalækkanir að það er ekki skrýtið þó að manni sé það tamt á tungu, en það eru hækkanir sem þeir standa auðvitað fyrst og fremst frammi fyrir en þegar maður skoðar lækkanirnar duga þær ekki til að mæta þeim hækkunum sem boðaðar hafa verið eða nú þegar eru samþykktar. Ég held að nauðsynlegt sé í þessu samhengi að rifja sérstaklega upp nokkrar staðreyndir í málinu.

Á þessu ári hækkaði þungaskattur og vörugjald af bensíni um 1.200 millj. kr., vaxtabætur voru skertar um 600 millj. kr., afnám frádráttar tryggingagjalds vegna viðbótarlífeyrissparnaðar skilaði ríkissjóði um 600 millj. kr., framlag ríkissjóðs vegna sjúkratrygginga lækkaði um 750 millj. kr., barnabætur voru skertar um 150 millj. kr. og komugjöld á heilbrigðisstofnanir hækkuðu um 50 millj. kr. Þá var nefskattur í Framkvæmdasjóð aldraða hækkaður um 23 millj. kr. Þá er ótalið að persónuafsláttur fylgdi ekki launaþróun. Þrátt fyrir það er upphæðin á yfirstandandi ári komin yfir 3 milljarða kr.

Herra forseti. Ég mun fljótlega fara yfir þær hækkanir sem boðaðar eru á næsta ári en vegna þess sem ég sagði varðandi persónuafsláttinn tel ég nauðsynlegt að vitna í gögn sem komu fram í efnahags- og viðskiptanefnd fyrir stuttu sem tengjast persónuafslætti. Þar er merkilegt línurit sem hv. þingmaður og formaður nefndarinnar, Pétur H. Blöndal, óskaði sérstaklega eftir að kæmi fram í nefndinni. Þar eru þrír ferlar. Í fyrsta lagi ferill persónuafsláttarins, hvernig hann hefur þróast frá upphafi til ársins í ár. Í öðru lagi er það ferill sem sýnir þróun neysluvísitölu, þ.e. ef persónuafslátturinn hefði fylgt neysluvísitölu, og þriðji ferillinn er ef persónuafslátturinn hefði fylgt launavísitölu. Það er afskaplega merkilegt hversu miklu munar orðið á ferlunum. Neðsti ferillinn er samt persónuafslátturinn í dag, sá næsti er ef fylgt hefði verið neysluverðsvísitölu og sá þriðji er ef fylgt hefði verið launavísitölu.

Það er líka athyglisvert hvenær fer virkilega að skera á milli ferlanna. Skurðpunkturinn á ferlinum um persónuafsláttinn og launavísitöluna er að því er virðist um mitt ár 1995. Þá fer fyrst að muna á milli ferlanna og hefur vaxið jafnt og þétt síðan. (**Gripið fram í:** Hvað gerðist 1995?) Það er nákvæmlega spurningin: Hvað gerðist árið 1995? Það skyldi þó ekki vera að það ár hafi sú ríkisstjórn sem nú situr verið mynduð? Ekki ætlum við þeim ágætu herrum að þeir viti ekki hvað þeir gera. Það hlýtur því að hafa verið meðvituð stefna að draga úr persónuafslætti á þennan hátt og ef notaður er rökstuðningur ýmissa hv. þingmanna ríkisstjórnarinnar þýðir það þegar þetta er ekki látið fylgja skattahækkun. Hér hafa verið haldnar nokkrar lærðar ræður um að þegar hlutum er ekki breytt í takt við verðlag þýði það skattahækkun í þessu tilfelli en í öðrum tilfellum eins og a.m.k. tveir hv. þingmenn sem hér sitja í salnum notuðu þegar rætt var um áfengisgjald og í ljós kom að ekki átti að hækka áfengisgjald varðandi léttvín og bjór, þá þýddi það í raun og veru lækkun. Með nákvæmlega sömu röksemdafærslu þýðir það að persónuafslátturinn fylgi ekki skattahækkun ef notuð eru rök þessara ágætu hv. þingmanna.

En hvað skyldi þetta þýða í tölum? Áðan talaði ég um að á þessu ári væri 3 milljarða hækkun og nú skulum við skoða persónuafsláttinn. Það vill svo til að ég hef í fórum mínum minnisblað frá efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og línuritið er líka úr ráðuneytinu. Þetta eru því ekki einhverjar uppdiktaðar tölur stjórnarandstæðinga að reyna að leika einhvern leik, eins og gjarnan er gert af hálfu ríkisstjórnarinnar þegar verið er að fjalla um þessi mál, heldur eru þetta staðreyndir. Ég trúi því að þær tölur sem ég mun fara með á eftir og eru fengnar úr fjármálaráðuneytinu séu frekar í lægri kantinum, vegna þess að ekki trúi ég því að þeir bæti í gagnvart því hversu vasklega ríkisstjórnin hefur staðið að skattahækkunum þrátt fyrir öll loforðin um skattalækkanir.

Hér segir að tekjulækkun ríkissjóðs sé 36,4 milljarðar ef fylgt hefði verið launavísitölu frá 1989 en 16,3 milljarðar ef fylgt hefði verið vísitölu neysluverðs frá 1988. (**Gripið fram í:** Hvenær var skurðpunkturinn fenginn?) Skurðpunkturinn var fenginn 1995, hv. þingmaður, þ.e. á þeim tímapunkti sem svo undarlega vill til að mynduð var ríkisstjórn á Íslandi. Sama ríkisstjórn og er að reyna að telja fólki trú um að þetta sé einhver sérstök skattalækkunarríkis-

stjórn. En það má fara yfir allar tölurnar og átta sig á því að þetta á við örlítinn hóp í samfélaginu. Þar virðist ríkisstjórnin vera að uppfylla loforðin um skattalækkanir. Það er ákveðinn hópur sem er sérstaklega valinn úr til þess að lækka skatta hjá. En hinn almenni maður, ég tala ekki um þeir sem minna hafa á milli handanna, fá ekki að njóta skattalækkunar ríkisstjórnarinnar. Nei, á þeim skal hækkað. Í þeirra vasa skal sótt það sem síðan er dreift út til annarra. Við sjáum því að þó að við notum þessar lágu tölur úr fjármálaráðuneytinu er sannarlega margfalt til fyrir heildarskattalækkun að svo boðuðu, þ.e. búið er að sækja þetta áður en því er dreift.

Frú forseti. Það er rétt að halda örlítið áfram með nefndarálitið því þar var ég staddur að ég var búinn að taka saman þær tölur sem voru hækkaðar á yfirstandandi ári og kominn upp í um 3 milljarða kr. Það má segja um þessar hækkanir að þær munu allar halda áfram á næsta ári og til viðbótar hefur ríkisstjórnin ákveðið að hækka áfengisgjald um 340 millj. kr., hækka aukatekjur ríkissjóðs um 200 millj. kr. Það er það frumvarp sem hér er til umræðu. Við teljum eðlilegt að þetta sé sett í samhengi því ekkert er þetta eitt og sér í heiminum heldur hluti af heild. Það á að hækka bifreiðagjald um 120 millj. kr. Það á að hækka skólagjöld í háskólum um 140 millj. kr. Það á að hækka komugjöld enn á ný á heilbrigðisstofnanir og aftur um 50 millj. kr. Vaxtabætur verða skertar til viðbótar skerðingunni í ár um 300 millj. kr. og framlenging umsýslugjalds fasteigna kostar 280 millj. kr. á næsta ári. Breytingar á þungaskatti skila aukalega 350 millj. kr. Þá mun viðbótarhækkun í Framkvæmdasjóð aldraða verða um 24 millj. kr. Samtals er þetta komið í tæpa 5 milljarða kr. á næsta ári. Þá bætist við það sem ríkisstjórnin sótti á þessu ári og þá erum við kominn upp í rúma 8 milljarða kr. á móti boðaðri skattalækkun upp á 4 milljarða.

Frú forseti. Von er að spurt sé: Er um að ræða skattahækkun eða skattalækkun? Allt þetta sjónarspil minnir á fyrri vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Hún er orðin býsna vön í þessum vinnubrögðum. Fyrst er af fólkinu tekið og síðan er hluta fengisins skilað með mikilli skrautsýningu. Það er eðlilegt, frú forseti, að hæstv. fjármálaráðherra kvarti á hátíðarfundi hjá Sjálfstæðisflokknum um að skattaveisla hans hafi verið misskilin. Allt tal hæstv. fjármálaráðherra um að verið sé að skila efnahagsbatanum til baka er hrein og klár blekking. (**Gripið fram í:** Byltingin er þöguð í hel.) Hárrétt, hv. þingmaður. Það er mjög sérkennilegt að þessa byltingu í aðhaldi í ríkisfjármálum skuli reynt að þaga í hel af hv. þingmönnum ríkisstjórnarinnar vegna þess að það sem fyrst og fremst hefur verið beðið um er að sýnt yrði aðhald í ríkisfjármálum. Og þegar það er gert á þennan hátt þá steinþegja hv. þingmenn ríkisstjórnarinnar. Skattahækkunum er beitt, hlýtur að vera, til að tryggja ákveðið aðhald í ríkisfjármálum. Nei, þá vilja hv. þingmenn ríkisstjórnarinnar ekki orða það einu sinni, ekki kannast við það þannig að mér finnst rétt að reyna að hæla þessari ríkisstjórn þó fyrir eitthvað því það er ekki svo margt sem hægt er að hæla henni fyrir. En hér er þó gengið nokkuð rösklega fram í aðhaldi. Ég hefði viljað, hv. þingmaður, fara kannski örlítið aðrar leiðir í aðhaldinu en þessa vegna þess að sú leið að seilast ætíð í vasa þeirra sem minna hafa er ekki að mínu skapi. Ég held að við gætum frekar átt við aðra hópa varðandi það að hækka skatta í þessu landi. (**Gripið fram í:** Hátíðarsamkundur með ...)

Frú forseti. Í árslok 2005 er ljóst að ríkissjóður hefur, ef nota má það orð, hagnast um einhverja milljarða króna á öllum þessum breytingum. Enn á ný, frú forseti, er ljóst að þetta aðhald í ríkisfjármálum er sérstakt fyrir það að stjórnarliðar hafa ekki vakið nokkra athygli á því heldur fyrst og fremst rætt um skattalækkun sem er, eins og sýnt hefur verið fram á, örlítið brot af öllum þeim hækkunum sem átt hafa sér stað. Það er líka athyglisvert að með þeim hækkunum sem átt hafa sér stað er enginn greinarmunur gerður á fólki heldur gengið í vasa allra og jafnvel gengið í vasa þeirra sem í ýmsum erfiðleikum eiga vegna þess að sum gjöldin sem hér er verið að hækka nálgast oft það fólk frekar en hina. Ójöfnunarstefnan er því í algleymingi og það kemur okkur reyndar ekkert á óvart að sumt sé reynt að fela. Við höfum séð það á ýmsum öðrum sviðum.

Síðan kemur saklaust orðalag í áliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar þar sem reynt er að gera afskaplega lítið úr þeirri gjaldahækkun sem hér á sér stað og að sjálfsögðu er ekki minnst á að verið sé að hækka gjöld út og suður og búið að stunda það um nokkurt skeið. Ég tala nú ekki um hinn sérstaka kafla um persónuafsláttinn sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur vakið alveg sérstaka athygli okkar á með beiðninni um það ágæta línurit sem ég sýndi áðan og sýnir svart á hvítu að afrekið í þeim efnum er hreinlega ekki hægt að taka af núverandi ríkisstjórn. Hún á þetta afrek algjörlega ein. Það hefur enginn aðstoðað hana við það, ekki nokkur maður. Hv. þingmaður hefur hins vegar gefið það oft í skyn, sérstaklega í efnahags- og viðskiptanefnd, að einhverjir aðrir hefðu aðstoðað við þetta. En mér finnst engin ástæða til að taka þetta af hæstv. ríkisstjórn. Þessi ríkisstjórn á þessi afrek öll algerlega óskipt og þetta sönnunargagn sem hv. þingmaður bað sérstaklega um sýnir það algerlega svart á hvítu. Ég verð að hæla hv. þingmanni fyrir að hafa beðið sérstaklega um þetta línurit. Ég hef aldrei áður séð þetta svona skýrt. Þetta er miklum mun skýrara, eins og hv. þingmaður þekkir vel, en fá þetta í töflu með fullt af tölum. Hér blasir þetta við. Ég trúi því að hv. þingmaður komi jafnvel í sérstaka ræðu á eftir og fari yfir það hversu glæsilegur árangur ríkisstjórnarinnar er á þessu sviði. (Gripið fram í.) Hér hafa menn hækkað skatta um marga milljarða kr. Það er spurning hvort það eru tæpir 20 milljarðar eða hvort þetta eru rúmlega 30 milljarðar eða tæplega 40 milljarðar. (Gripið fram í.) Þetta eru slík afrek að það er alveg með ólíkindum að hv. þingmenn skuli ekki hæla sér af þessu. Ekki trúi ég því, frú forseti, að þetta hafi menn verið að gera án þess að vita hvað þeir voru að gera. Maður trúir því ekki, alla vega ekki á hinn talnaglögga hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hann hlýtur að hafa vitað allan tímann að þarna væru menn á fullu í skattahækkunum, í skattahækkunum sem hv. þingmaður hefur stutt allan tímann og hlýtur að vera býsna ánægður með.

Frú forseti. Ég sé að hv. þm. Pétur H. Blöndal iðar í skinninu væntanlega til að lýsa því yfir hversu æstur hann er orðinn yfir hinu magnaða frumvarpi hæstv. fjármálaráðherra sem kallað er skattalækkunarfrumvarpið og vill væntanlega fá að hæla því frumvarpi örlítið meir. En ég vænti

þess, frú forseti, að hv. þingmaður geri það í ljósi þeirra talnalegu staðreynda sem hér hefur verið farið yfir. (Gripið fram í.)

[18:38]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er oft þannig þegar menn lenda í rökþrotum að þá fara þeir út um víðan völl og tala um eitthvað allt annað en til umræðu er. Hér erum við að ræða 375. mál um aukatekjur ríkissjóðs. Við erum ekkert að ræða um skattalagafrumvarpið. *Það ætlum við að ræða á morgun.* Hv. þingmaður hefur þjófstartað af því að hafði átti engin rök við því sem ég ætla að tala um núna.

Samkvæmt töflu sem við fengum í hv. efnahags- og viðskiptanefnd kemur fram að leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort heldur í heildsölu eða smásölu auk gjalda fyrir verslunarleyfi, var 15 þús. kr. í frumvarpinu en er hækkað upp í 16.500. Þetta gjald er búið að vera óbreytt síðan 1991, í 13 ár, frú forseti. (Gripið fram í.) Það ætti núna að vera 23.250 ef það hækkaði eins og verðlag almennt, eins og epli og appelsínur og allt annað. Nei, það er enn þá 15 þús. kr. og er hækkað upp í 16.500. Ég ætla að spyrja hv. þingmann: Er þetta skattalækkun eða skattahækkun? (Gripið fram í.)

Síðan er annað, þ.e. skráning hlutafélaga eða samvinnufélaga sem er 150 þús. kr. í lögunum í dag og hefur verið óbreytt síðan 1995. Það er hækkað upp í 165 þús. kr. en ætti að vera 210 þús. kr. ef verðlagi hefði verið fylgt, ef það hefði fylgt verðlagi eins og epli og appelsínur og aðrar vörur. Það ætti að vera 210 þús. kr. Ef einhver ætlar að stofna hlutafélag núna þá þarf hann ekki að borga nema 165 þús. kr. miðað við 210 þús. kr. ef þetta hækkaði í samræmi við verðlag. Er þetta skattahækkun eða skattalækkun, frú forseti?

[18:40]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg ljóst að þetta eru gjalda- og skattahækkanir. Það er ekki nokkurt vafamál vegna þess að þetta er ekki þannig sjálfvirkt að það eigi að hækka samkvæmt vísitölunni eins og hv. þingmaður hefur margoft sagt. En ef við gefum okkur þetta þá getum við út af fyrir sig tekið þetta svona og lagt þetta til hliðar við persónuafsláttinn vegna þess að hv. þingmaður hlýtur að vilja hafa samhengi í hlutunum. Því hlýtur persónuafslátturinn að eiga að fylgja launavísitölunni líka og þá eigum við væntanlega nóg í pottinum til að mæta þessu öllu saman.

Málið er hins vegar fyrst og fremst það að allar þær hækkanir sem hér eru eru meðvitaðar. Þær eru ekki sjálfvirkar. Ef við teldum að þetta ætti að vera sjálfvirkt mundum við væntanlega leggja þetta fram með fjárlagafrumvarpi og segja að hér sé verið að mæta þessu og gera það á hverju einasta ári. Það er ekki þannig. Þessar hækkanir eru meðvitaðar. Og fyrst hv. þingmaður er farinn að leika sér með einstakar tölur úr þessu frumvarpi sem ég að sjálfsögðu get haldið langa ræðu um og tínt til hverja einustu tölu ef hv. þingmaður telur að umræðan eigi að snúast um það, þá er auðvitað ekki eðlilegt að gera það vegna þess að við erum með þetta í samhengi við annað. Ég er að reyna að vekja athygli hv. þingmanns á því að þetta er bara hluti af heild.

Vegna þess að hv. þingmaður hefur voðalega gaman af tölum og bendir á eina og eina tölu og segir að þær hafi hækkað að jafnaði um 10% eins og segir í áliti hans þá er væntanlega hægt að spyrja hv. þingmann vegna þess að m-liður og n-liður 13. gr. hljóða svo, með leyfi forseta:

„m. Í stað fjárhæðarinnar „800 kr.“ í 5. og 6. tölul. kemur: 3.000 kr.

n. Í stað fjárhæðarinnar „1.800 kr.“ í 7. tölul. kemur: 3.000 kr.“

Hv. þm. Er þetta kannski líka skattalækkun?

[18:42]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gat um það í andsvari áðan að í eina tíð hefðu fjármálaráðherrar getað sjálfir hækkað þessi gjöld á þriggja, fjögurra mánaða fresti í (**Gripið fram í:** Nú hefur ...) samræmi við hækkun byggingarvísitölu. Ég þarf að endurtaka mig aftur og aftur vegna þess að menn virðast ekki fylgjast með umræðunni. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Hefur hv. þingmaður fylgst með þessu? (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) *Hann vissi þá sem sagt að þessi gjöld* (Gripið fram í.) voru hækkuð hérna einu sinni sjálfvirkt. En svo var horfið frá því með breytingu á stjórnarskránni og nú þarf að hækka þau árlega til að þau rýrni ekki að verðgildi og verði lítils virði eða einskis (Gripið fram í.) virði. Hækkuninni sem við erum að framkvæma hérna lýsti hv. þingmaður áðan sem í rauninni raunhækkun. Það er mjög skemmtilegt að fá það fram — ég ætla að fá það geymt — að það sé raunhækkun þegar gjald fyrir skráningu hlutafélaga hækkar úr 150 þús. kr. í 165 þús. þegar það ætti að vera 210 þús. kr. miðað við verðlag eins og allt annað verðlag. Hv. þingmaður kallar þetta raunhækkun. Ég vil gjarnan að því sé haldið til haga.

En varðandi persónuafsláttinn þá er það náttúrlega allt annað mál. (Gripið fram í.) Þar erum við að tala um skattfrelsismörk, frítekjumark, og frítekjumarkið er háð skattprósentunni og persónuafslættinum. Frítekjumarkið, þ.e. þær tekjur sem menn hafa til ráðstöfunar áður en farið er að borga skatt, hefur hækkað umtalsvert nema fyrstu árin eftir að það var tekið upp. Árin 1989 og 1990 lækkaði frítekjumarkið mjög hratt vegna þess að skattprósentan var hækkuð. Þetta þarf að taka með inn í dæmið og ég get sýnt fram á það og fullyrt það að frítekjumarkið hefur hækkað. Þetta eru bara skattleysismörkin eða persónuafslátturinn en hefur ekkert að segja um það hvert frítekjumarkið er, þ.e. hvaða tekjur menn mega hafa til ráðstöfunar áður en þeir fara að borga skatt. *Það mark hefur hækkað umtalsvert og nánast* eins og verðlag undanfarin ár.

[18:44]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér kom hv. þingmaður áðan og talaði um að það væru rökþrot þegar farið væri um víðan völl. Ég taldi (Gripið fram í.) mig hafa svarað því áðan að ég hefði

verið að reyna að setja hlutina í samhengi en hv. þingmaður virðist bara stundum vilja vera með hlutina í samhengi og stundum ekki.

Ég skal mæta þessu með persónuafsláttinn og frítekjumarkið. (Gripið fram í.) Nú þegar hv. þingmaður hefur fengið þá ósk sína uppfyllta að fá línurit um hvernig persónuafslátturinn hefur þróast og í ljós kemur að núverandi ríkisstjórn á allan heiðurinn af því hvernig þetta hefur verið að gliðna hér á milli þá vill hv. þingmaður fara að tala um eitthvað allt annað. Af hverju bað hv. þingmaður í efnahags- og viðskiptanefnd ekki um þessar upplýsingar sem hann telur nú að muni sýna eitthvað allt annað en þetta? Það er afar merkilegt. Ástæðan er sú auðvitað að hann er rökþrota í þessu máli, algerlega rökþrota. Hv. þingmaður vill ekki kannast við að hann hafi verið að styðja skattahækkanir alveg frá því að ríkisstjórnin tók við völdum árið 1995. Markvisst hafa skatttekjur stöðugt verið auknar hjá ríkissjóði og það sem meira er, talan sem hv. þingmaður hefur verið að kalla skattalækkanir er bara lítið brot af þeim skattahækkunum sem hv. þingmaður hefur staðið að. Ég hef verið að reyna, bæði í andsvörum og í ræðu minni, að vekja athygli á því að það væri nú örlítið meiri mannsbragur að því hjá hv. þingmönnum ríkisstjórnarinnar að koma upp og hæla sér af því að þeir hafi þó verið að sýna aðhald í ríkisfjármálum með því að hækka þessa skatta og þessi gjöld. Það væri mannsbragur að því en ekki fara undan í flæmingi og kannast ekki nokkurn skapaðan hlut við sínar eigin gjörðir. Það er afar sérkennilegt. Þeir ætla svo að koma núna og veifa eða gráta í Valhöll yfir því að enginn taki eftir því að þeir séu að lækka skatta, þ.e. að skila örlitlu broti af því sem þeir eru búnir að sækja á undanförnum árum.

[18:46]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gaman að hlusta á þessa umræðu og sérstaklega málflutning hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar sem er talsmaður Samfylkingarinnar í því máli sem hér er til umræðu, þ.e. aukatekjur ríkissjóðs. Ég hef áhuga á að halda mig við aukatekjur ríkisins og vil spyrja hv. þingmann í mestu vinsemd: Ef hv. þingmaður og Samfylkingin réði þessu, ef þetta væri frumvarp Samfylkingarinnar, hver væri þá stefnan? Er það svo að það sé meðvituð stefna Samfylkingarinnar að lækka allar aukatekjur ríkissjóðs, eða er það meðvituð stefna Samfylkingarinnar að sjá til þess að ekkert verði hækkað og þá verði um enn meiri raunlækkun að ræða en raun ber vitni? Hvernig mundi Samfylkingin vilja sjá þetta? Ég vildi geta áttað mig á þeim valkosti, því ég man ekki eftir neinum áherslum og hef þó fylgst nokkuð grannt með þessu flokkabandalagi, Samfylkingunni, í gegnum tíðina. (Gripið fram í.) Já, hv. þingmaður kallaði þetta áhugamál mitt. Það er mikið til í því. Ég hef mikinn áhuga á íslenskum vinstri mönnum og hef oft skemmt mér yfir því að fylgjast með þeim (**LB:** Línu.Net.) og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kallar Línu.Net, það er akkúrat afsprengi íslenskra vinstri manna sem er afskaplega gaman að skoða og ég get kannski einhvern tíma rætt það við hv. þingmann. En Samfylkingin á það mál algerlega skuldlaust með smáhjálp frá Alfreð Þorsteinssyni en við skulum ekki fara út í slíkt. En ég vil fá svar við spurningunni, hv. þingmaður: Hvernig vill hann sjá þetta og hver er stefna Samfylkingarinnar hvað þetta varðar?

[18:48]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki skrýtið þó að hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni gangi illa að átta sig á að hér er jafnaðarmannaflokkur sem vill nota skattkerfið til að jafna aðstöðu fólks í samfélaginu. Það er ekkert skrýtið þó að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins skilji það ekki. En við mundum auðvitað fara nákvæmlega yfir allt þetta dæmi, sem ég gerði áðan, því við viljum skoða hlutina í heild. Við höfum vakið athygli á að með því að hækka blint þessi gjöld og ýmsa aðra skatta, án þess að taka tillit til þess t.d. hver efnahagur íbúanna er, og lækka síðan tekjuskattinn á móti fyrir hluta af fengnum (**GÞÞ:** Hver er stefnan?) þá er verið að auka ójöfnuð. Ég var að segja, hv. þingmaður, en ég geri ekki ráð fyrir að þið áttið ykkur á því að það sé til eitthvað sem er hægt að nálgast í jöfnuð og í gegnum skattkerfið, vegna þess að þið horfið bara á skattkerfið sem tekjuöflunarleið (**GÞÞ:** ... aukatekjur ...) og ekkert annað. Við teljum hins vegar, hv. þingmaður, að hægt sé að nota skattkerfið til að jafna kjörin í landinu. Aukatekjur ríkissjóðs eru að sjálfsögðu hluti af því, hv. þingmaður, og við viljum þess vegna skoða það í heild sinni. Ég ætla ekki að útiloka að hækka megi einstaka aukatekjur ríkissjóðs, þó ekki væri, því eins og kom fram hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal, er búið að breyta hlutunum þannig að taka verður sjálfstæða ákvörðun um hækkanirnar, þær gerast ekki sjálfvirkt, og hæstv. fjármálaráðherra getur ekki einn og sér ákveðið slíkt. Það á að fara hér í gegn, vegna þess að það er ætlast til að við skoðum þetta í heild sinni. Hv. þingmaður getur auðveldlega skoðað þinggögn sem liggja frammi frá Samfylkingunni um hvernig við teljum að nýta eigi það svigrúm sem nú er til skattalækkana. En við viljum ekki gera það á sama hátt og ríkisstjórnin gerir núna vegna þess að, svo ég endurtaki, við lítum á skattkerfið sem hluta af því að jafna kjörin í landinu.

[18:50]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var auðvitað mjög skýrt. Þetta verður ekki skýrara. Stefna Samfylkingarinnar er: Að fara yfir þetta í heild sinni, virðulegi forseti, fara yfir þetta í heild sinni.

Virðulegi forseti. Hvaða grín er þetta? Er þetta ekki stjórnmálaflokkur? Er þetta ekki þingflokkur? Þeir koma upp í hverju máli á fætur öðru og gagnrýna. Svo er bara einföld spurning: Hvað viljið þið gera? Eigum við ekki bara að ráða þessu? Fara yfir þetta í heild sinni. Og það er kallað frammí, aukatekjur ríkissjóðs. Hvað viljið þið gera við það? Þetta er ekkert sérstaklega flókið. Þetta er ekki nýtt mál í íslenskri pólitík. Það er ekki eins og menn hafi verið að uppgötva. Það er ekki eins og þeir sem hér sitja inni, og koma úr hinum og þessum flokksbrotum Samfylkingarinnar, séu nýliðar. Það er ekki einu sinni komið að þessu í gegnum tíðina. Nei, nei. Hver er stefnan? Alveg skýr. Fara yfir þetta

í heild sinni. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu ...) Hann stóð í tvær mínútur og sagði: „Fara yfir þetta í heild sinni" nokkuð reglulega með einhverjum krúsindúllum. Og ég vildi gjarnan, virðulegi forseti — og í örvæntingu sinni kallar hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, sem er farinn að átta sig á vanda flokks síns í málinu, hann kallar Lína.Net, sem er honum mjög hugleikið, enda afsprengi Samfylkingarinnar. En hvað sem því líður, þá vil ég aftur gera tilraun. Hver er stefna Samfylkingarinnar hvað varðar aukatekjur ríkissjóðs? (Gripið fram í.) Hver er stefnan? Það liggur alveg fyrir hver stefna ríkisstjórnar er hvað það varðar, en gott væri að fá það á hreint hver sé stefna Samfylkingarinnar, ef þú fengir að ráða þessu hv. þm. Einar Már Sigurðarson. Hvað mundir þú gera?

[18:52]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að byrja á að játa að ég kann ekki alveg á þá borgarstjórnartaktík sem hér er notuð, þegar menn eru talandi út og suður og setjandi upp í aðra einhver orð sem þeir hafa aldrei sagt, en þetta er einhver kúnst sem sumir hafa tileinkað sér og sjálfsagt að bera virðingu fyrir henni.

En stefna ríkisstjórnarinnar er alveg skýr í þessu eins og hv. þingmaður segir, stefna ríkisstjórnarinnar er að hækka gjöld og skatta umfram það sem þeir kalla lækkun. Ég er hins vegar margbúinn að segja hv. þingmanni að stefnumál okkar um þetta liggja fyrir, og ég er líka búinn að segja að við viljum jafna kjörin gegnum skattkerfið. Við höfum talað um það, hv. þingmaður að við eigum að nota svigrúmið m.a. til að lækka matarskattinn og ég hélt að hv. þingmaður væri sammála því.

Aukatekjur ríkissjóðs, hv. þingmaður, er ég búinn að fjalla um nokkrum sinnum og ég vil ekki fara að endurtaka það frekar, vegna þess að þetta er auðvitað hlutur sem þarf að skoða í samhengi við annað. Og ég notaði ræðu mína áðan í það, sem hv. þingmaður hefði betur hlustað örlítið betur á, að vekja athygli á hverju heildarniðurstaðan er að skila okkur. Hún skilar okkur því að ríkisstjórnin er væntanlega — ekki að setja Íslandsmet, ætli það sé ekki heimsmet í skattahækkunum þrátt fyrir að hv. þingmenn komi hér hver um annan þveran og reyni að telja sjálfum sér trú um að verið sé að lækka skatta. En aukatekjur ríkissjóðs eru hluti af þeirri mynd, hv. þingmaður, alveg sama hvort þér líður vel eða illa með það, þá eru aukatekjur ríkissjóðs hluti af þeirri miklu hækkun sem hefur átt sér stað og mun eiga sér stað á næsta ári. Það er ekkert undan því hlaupist, hv. þingmaður, þó svo hver og einn þingmaður hjá Sjálfstæðisflokknum vilji eingöngu ræða um þetta í bútum, eitt og eitt í einu af því að þá verður hver tala lægri. En þegar allt er saman lagt, eins og ég fór nákvæmlega yfir í ræðu minni, þá er niðurstaðan algerlega kristaltær. Hún er sú að hv. þingmaður sem hefur gefið sig út fyrir að vera mikill skattalækkunarmaður er skattahækkunarmaður „par excellence".

[18:55]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Mér finnst vera kominn hálfgerður galsi í menn. Sumir hv. þingmenn eru farnir í jólaköttinn, svei mér þá.

Hér erum við að ræða um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs þar sem er verið að færa gjöld nær verðlagi en umræðan sem fer fram er alveg ótrúleg. Hér er verið að hækka gjöld eða færa þau að verðlagi, raungildi og tæplega það. Hvað gerir stjórnarandstaðan? Hún kemur og segir að verið sé að hækka skatta bara til að reyna að fela að ríkisstjórnin sé að lækka skatta. Svo ruglast þeir, hækkanir og lækkanir, voru ekki klárir á því um daginn og eru ekki orðnir klárari á því núna.

En rétt til að fara yfir þessar aukatekjur ríkissjóðs, þá vita hv. þingmenn sem bæði hafa verið í sveitarstjórnum og öðrum málum að það verður að hækka gjöld til samræmis við verðlag. Það er ekki hægt að vera með sömu gjöldin ár eftir ár, því það er verðbólga. Hún getur verið 1, 2, 3 eða 4%. Þetta er það sem verið er að gera með aukatekjunum og í þessu frumvarpi. Það hefur verið farið yfir þetta í dag þannig að ég átta mig ekki á röksemdum hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar og Lúðvíks Bergvinssonar, sem ég taldi að væru þingmenn með ágæta greind en þeir hafa greinilega skilið hana eftir heima núna.

Hér er dæmi um gjöld sem er verið að hækka, það eru orðin 3–4 ár síðan þetta var hækkað og þetta nær ekki nærri verðlagi. Hér eru gjöld sem ættu að vera 46.900 kr. ef farið verður með hækkun frá vísitölu en eru 38.500 kr. þannig að það er verið að tala um raunlækkun á aukatekjum ríkissjóðs um 5–10%. Svo segja menn að þetta sé að hækka í raun. Þetta er hækkun í krónutölum, en krónan er ekki söm að verðgildi. Hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar, hv. þm. Pétur Blöndal er búinn að fara yfir þetta í hverri einustu ræðu en svo virðist sem þingmennirnir skilji þetta ekki eða vilji ekki skilja þetta. Þetta er alveg ótrúlegt fyrir mann að hlusta á þetta, eins og maður sé kominn í sandkassaleik af verstu sort. Við erum þingmenn þjóðarinnar og það er lágmarkskrafa að við getum skilið þetta.

Það var t.d., virðulegi forseti, verið að ræða hækkun á áfengisgjaldi, þ.e. hækkun á útsöluverði á sterkum vínum þar sem verðlag var fært upp um 5,7% meðan verðlag hækkar um 7%, og það er því raunlækkun. Tóbakið hækkar um 3,5%. Hvorki léttvín né bjór var hækkað sem er raunlækkun á þeim tegundum, og þá er sagt að það sé hækkun. Hér er öllu snúið á hvolf. Það sem er stefna ríkisstjórnarinnar er að lækka skatta, þ.e. að færa fjármuni beint til fólksins án þess að ríkið sé að vasast í þeim beint. En það er ekki stefna hv. þingmanna Samfylkingarinnar, nei. Þeir sögðu fyrir kosningar: Nú ætlum við að lækka skatta, koma með 18 eða 20 milljarða. Eftir kosningar koma þeir og segja: Eina leiðin í aðhaldi í ríkisfjármálum er að hækka skatta. Ekki vilja þeir lækka framlög til almannatryggingakerfisins eða Fæðingarorlofssjóðs eða hvað það heitir. Nei, þeir vilja það ekki. Það hefur aldrei komið nein stefna hjá þeim. En þeir vilja hækka skatta. Ekki málið. Mér finnst þessi málflutningur alveg fyrir neðan allar hellur, í alvöru að talað.

Við skulum snúa okkur aftur að víninu. Hér var raun-

lækkun á víni, sem styrkir ferðamannaiðnaðinn og hefur kannski líka í för með sér neyslustýringu, því þá er neyslunni stýrt inn á léttari tegundir, þ.e. bjór og léttvín í stað sterkra vína. Síðan er búið að fara í gegnum nokkrar þjónustutekjur sem hafa verið hækkaðar eða færðar að verðlagi, nær allar lægra en verðlag, þær hafa allar lækkað að raungildi. Rétt til að fara yfir skattalækkanir með þingmönnum stjórnarandstöðunnar, sem ég held að séu ekki alveg klárir á því að virðisaukaskatturinn hefur verið lækkaður niður í 5%, flatt, þá er búið að samþykkja lög um að afnema sérstakan tekjuskatt og nú liggur frammi frumvarp um að afnema eignarskattinn, ímyndið þið ykkur. En við förum í þá umræðu þegar farið verður yfir það frumvarp hér.

En ég kom með spurningu til fjármálaráðuneytisins í efnahags- og viðskiptanefnd varðandi hvaða tekjur hefðu verið af eignarskatti ef sama álagningarprósenta hefði verið notuð eins og var 1990 í tíð þáverandi vinstri stjórnar. Það voru 6,5 milljarðar. Nú verða tekjur ríkissjóðs vegna eignarskatts 2,4 milljarðar og það er verið að þurrka þær út. Síðan á að lækka tekjuskatt í þrepum niður í 34%. Einu sinni var hann 43%. Það eru tvær aðferðir til að gera þetta. Það er annaðhvort að hækka persónuafsláttinn eða fara tekjuskattsleiðina og sú leið var valin. Þetta lítur því tiltölulega einfalt út og er ótrúlegt að reynt skuli vera að snúa þessu öllu á hvolf. Það virðist vera alveg sama í hvaða máli það er, menn koma hér og segja að með því að hækka skatta séu menn að lækka þá, og vita betur. Þetta er eins og hjá sveitarfélögunum. Ef menn eru að hækka leikskólagjöld á milli ára, eða hvað þetta heitir, þá eru menn að hækka skatta. Menn eru að færa þjónustugjöldin að réttu verðlagi.

Virðulegi forseti. Auðvitað legg ég til að þetta frumvarp verði samþykkt þar sem verið er að tala um raunlækkun á aukatekjum ríkissjóðs.

[19:02]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem fram hefur farið undanfarna daga um þessar hugmyndir hefur snúist um það hverjar eru í raun tekjuhækkanir ríkissjóðs og hvaða lækkanir koma á móti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að verið er að tala um að lækka tekjuskatt. Á móti er hins vegar verið að hækka gjöld og álögur. Hvað höfum við gert í þessu? Við höfum farið vandlega yfir álögur og hækkanir á tekjum ríkissjóðs og sett lækkanirnar á móti. Við höfum tekið árið 2004 og árið 2005. Þá liggur fyrir að tekjuhækkanir ríkissjóðs eru um það bil 8 milljarðar og 150 millj. Tekjulækkanir á móti eru rúmir 5 milljarðar. Ég hef aðeins eina spurningu til hv. þingmanns, en hann fór mikinn um málflutning stjórnarandstöðunnar og ég vil ekki elta ólar við þá orðaleppa sem þar féllu. Ég vil því aðeins spyrja hv. þingmann: Þegar ríkissjóður tekur til sín 8 milljarða í viðbótartekjur en lækkar á móti tekjur eða álögur sem metnar eru á 5 milljarða, hver er nettóniðurstaðan af þessu? Það er eina spurningin sem ég hef til hv. þingmanns og kristallar það sem við höfum rætt um hér og kannski þess vegna sem hæstv. fjármálaráðherra sagði á fundi hjá innvígðum í Valhöll: Því miður hefur skattabyltingin verið þögguð niður. Kannski er það kjarni málsins því þegar maður sækir tekjur upp á 8 milljarða en lækkar upp á 5 skilja flestir að 3 milljarða kr. tekjuaukning er skattálögur.

[19:04]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sami söngurinn byrjaði aftur hjá hv. þingmanni, þetta er því alltaf sama ræðan. Verið er að hækka aukatekjur og önnur gjöld ríkissjóðs til að færa þau nær verðlagi. Það nær því ekki einu sinni. Því er verið að tala um raunlækkun af þessu. Ef menn ætla alltaf að hafa sama verðlagið, ég veit ekki hvort það er alltaf sama verðlagið heima hjá hv. þingmanni í Vestmannaeyjum, þar sé sama verðlag 1990 og núna. Kannski. Hér er því verið að lækka skatta. Verið er að fara í mestu skattalækkanir Íslandssögunnar og Samfylkingin er að reyna að fara í eitthvert málþóf og drepa málinu á dreif en þeim mun ekki takast það. Þeim mun ekki takast það því það eina sem þetta fólk kann er að hækka skatta. Það er það eina sem það kann og hefur sýnt sig.

Eina gjaldið sem er til umræðu í dag er hækkun á fasteignamati. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson fór yfir sérstök verkefni fyrir Fasteignamat ríkisins upp á 280 millj. en hann sagði ekki hvað lengi. Það er í tvö ár. Þetta var gert árið 2000. Þá voru þetta fjögur ár en það dugði ekki til að ljúka verkefninu. Nú hafa þeir tvö ár til að ljúka þessu með skrásetningu á eignum og annað sem er mjög nauðsynlegt og gott mál fyrir alla, sveitarfélög, einstaklinga, fyrirtæki, fasteignasala o.s.frv. Það er því mjög gott. En það er eina skattahækkunin sem hefur í raun og veru komið fram. Hitt er allt verið að færa að verðlagi.

Það þýðir ekki að berja hausnum við steininn og segja: Það er sama verðlag á Íslandi og var á landnámsöld. Þetta er alveg ótrúlegt. Menn halda að það sé 0% verðbólga. Ég skil ekki að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson skilji þetta ekki, en ég er alveg tilbúinn til að taka hv. þingmann í einkatíma ef nauðsyn ber til og hann vill hlusta á mig.

[19:06]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bar upp litla spurningu til hv. þingmanns og spurði einungis um nettóniðurstöður fyrir ríkissjóð þar sem álögur hafa hækkað um 8 milljarða á þeim tveimur árum sem ég nefndi en skattalækkanir ná 5 milljörðum. Þetta var ekki stærri spurning en hann fór um víðan völl og var um tíma staddur á landnámsöld og vildi fara yfir verðlagið á þeim tíma og þangað ætla ég ekki með hv. þingmanni. Hv. þingmaður má gefa okkur í stjórnarandstöðunni þessa einkunn og það er allt í lagi. Hann má gefa málflutningi okkar hvaða einkunn sem er en ég er með frétt úr Morgunblaðinu og þar segir, með leyfi forseta:

„Útgjöld ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu fóru í 35,4% í fyrra og hefur útgjaldahlutfallið ekki verið hærra a.m.k. frá árinu 1980."

Með öðrum orðum hafa útgjöld ríkissjóðs aukist umfram hagvöxtinn. Annars værum við ekki að tala um að útgjöldin hafi aldrei verið hærra hlutfall af landsframleiðslu. Þetta er ekki eitthvað sem stjórnarandstaðan er að búa til, síður en svo. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður má gefa okkur hvaða einkunn sem er en þetta liggur fyrir. Þetta er veruleikinn og auðvitað er erfitt að koma upp á hól og æpa og

góla: Skattalækkun, skattalækkun. En af því að tekjurnar eru teknar inn undir öðru nafni, aukatekjur, bifreiðagjöld, Landskrá fasteigna eða hvað þetta heitir allt saman er ekki um skattahækkanir að ræða. Við vorum að tala um nettóniðurstöður fyrir ríkissjóð. Það er allt og sumt sem við nefndum. Það eru 3 milljarðar og hv. þingmaður má gefa því hvaða einkunn sem er, en um leið gefur hann aðeins sjálfum sér einkunn.

[19:08]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef við tökum uppgjör á fyrirtækjum er það alltaf fært til verðlags þess árs. Ég held að það væri hollt fyrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að færa töluna til þess verðlags sem verið er að tala um. Menn eru að tala um krónur í öðru tilfellinu og prósentur í hinu og öllu er ruglað saman.

Varðandi tillögur Samfylkingarinnar sem hafa verið í umræðunni um fjárlög og annað og vegna fjárlaga 2005 eru tillögur Samfylkingarinnar upp á tugi milljarða í útgjaldaauka. (Gripið fram í.) Á sama tíma ? (Gripið fram í.) Virðulegi forseti, ég verð að hafa orðið hérna fyrir þingmanninum.

Hv. þingmaður vitnaði í Morgunblaðið þar sem þess er getið að samneyslan í samfélaginu hafi aukist og það er rétt, hún hefur aukist og kannski helst til mikið. (**LB:** Ég las upp úr Morgunblaðinu.) Hv. þingmaður las ekki nema part af greininni. Síðar í henni kemur fram að sveitarfélögin hafa aukið þjónustu sína og aukið útgjöld sín í samneyslunni sem orsaka kannski þetta, þannig að það sé alveg á hreinu. Við skulum reikna nettóáhrifin af þessu öllu, skattalækkunum og hækkun á þjónustugjöldum á sama verðlagi. (**LB:** Auðvitað er maður að tala ...) Við skulum gera það á sama verðlagi, hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Það er verkið. Við erum alveg óhræddir við það.

[19:10]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að ég veit að hv. þm. Gunnar Birgisson kann afskaplega vel að fara með tölur er leiðinlegt að hann skuli ekki hafa kynnt sér þær tölur sem hann þarf að hafa til að geta reiknað út frá. Þá sæi hv. þingmaður að niðurstaðan er auðvitað sú sem við höfum verið að tala um. Þó má gagnrýna okkur fyrir a.m.k. eitt, að við höfum farið heldur varlega með að hækka tölur. Ég er fyllilega tilbúinn til að færa tölurnar frá því í ár inn á sama verðlag og tölurnar á næsta ári. Það mundi að sjálfsögðu skila enn meiri mismun vegna þess að á þessu ári var byrjað að safna í pottinn sem á að deila út á næstu árum en þó á ekki að skila öllu, langt frá því.

Herra forseti. Vegna þess að áðan í umræðum var verið að tala um niðurstöðu sem kom út úr hinu glæsilega línuriti sem hv. þm. Pétur H. Blöndal bað um, að skárra væri að miða við skattleysismörkin, hef ég í millitíðinni fengið tölur sem sýna svart á hvítu, eðlilega, að niðurstaðan er nokkurn veginn sú sama byggð á tölum úr fjármálaráðuneytinu, hv. þingmaður. Hún sýnir okkur, alveg sama hvort við miðum við persónuafsláttinn eða skattleysismörkin, að tekjuaukning ríkissjóðs er ýmist — það vill nú svo til, hv. þingmaður, þegar ég skoða þetta nánar að það er líklega meira ef við skoðum skattleysismörkin. Það er bara ekkert annað, miðað við launavísitölu rúmir 40 milljarðar kr. En það er ekkert skrýtið að þeir hv. þingmenn, sem því miður hafa ekki kynnt sér allar tölurnar og hafa allan tímann trúað áróðrinum um að verið væri að lækka skatta, eigi svolítið erfitt með að kyngja staðreyndunum þegar þær loksins liggja fyrir en ég vona og veit að hv. þingmaður mun leiðrétta allt það sem hann hefur sagt þegar hann er búinn að kynna sér staðreyndirnar.

[19:12]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri kannski rétt að vita stefnu Samfylkingarinnar í þjónustugjöldum. Eiga þau ekkert að hækka eða hvað? Eiga þau að hækka til samræmis við verðlag eða hvað? Ég vil fá að vita um þetta mál. (Gripið fram í.) Svar við því já. En vegna góðs reksturs ríkissjóðs hefur fjármálaráðherra komið í tillögum sínum að hækkun á þjónustugjöldum sem hafa ekki farið alveg að verðlagi, ekki þannig að það hafi orðið raunlækkun eins og aukatekjur ríkissjóðs, eins og í áfenginu og fleiru. Menn þurfa því að fara yfir þetta. Er það stefna Samfylkingarinnar að hækka ekki þjónustugjöld? Hvernig ætla menn að snúa sér í því? Ætla menn bara að gera það í ríkissjóði en ekki annars staðar í samfélaginu, eða hvað? Það væri gaman að vita hver stefna Samfylkingarinnar er í málinu.

Málið er að það er alveg sama hve oft menn fara yfir það og reyna að þyrla upp ryki og reyna að fela það góða sem ríkisstjórnin er að gera í skattalækkunum, þá gengur það ekki. Ykkur tekst það ekki. Þið hjakkið alltaf í sama málinu, virðulegir þingmenn stjórnarandstöðunnar, og menn eiga að vera sanngjarnir í málflutningi sínum og samkvæmir. Ég vil fá að vita stefnu Samfylkingarinnar í þjónustugjöldunum, aukatekjunum, áfenginu og öllu sem verið er að fara í gegnum. Hvernig ætlið þið að snúa ykkur í þessu? Samfylkingin hefur lagt til tugi milljarða í útgjaldahækkanir, margar tillögur frá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni, hvar ætlar hann að fá fjármuni fyrir því? Jú, með því að hækka skatta á landsmenn. Það er það eina sem þið kunnið.

[19:15]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ánægjulegt þegar hv. þm. Gunnar Birgisson fer að ræða um tillögur okkar við fjárlagaafgreiðsluna. Þar hefur hv. þm. ekki heldur fylgst nægilega vel með. Þegar hann skoðar allar tillögur okkar getur hann séð að við vorum að skila auknum afgangi á ríkissjóði þannig að þetta var tóm vitleysa hjá honum, því er verr og miður. Það er líka fróðlegt að vita að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ígrundaða stefnu varðandi aukatekjur ríkissjóðs og að þær skuli verðtryggðar. Það er fróðlegt.

Aðeins vegna þess misskilnings sem hér hefur gætt held ég að það sé nauðsynlegt að fara örlítið yfir tölur í því sem munar kannski mestu í hinni auknu skattheimtu ríkisstjórnarinnar, skattleysismörkunum. Ég skal reyna að hafa tölurnar fáar þótt ég viti að hv. þm. sé talnaglöggur og geti tekið við töluverði magni. Við skulum horfa á skattleysismörkin

af því að því var haldið fram að þar kæmi þetta eitthvað betur úr. Skattleysismörkin núna eru 71.269 kr. Ef skattleysismörkin á tímabilinu 1995–2004 hefðu fylgt launavísitölu (**Gripið fram í:** Launa?) væru skattleysismörkin 114.015 kr. á mánuði. Mismunurinn er upp á 42.746 sem skilar með auknum skatttekjum ríkissjóðs rúmlega 42 milljörðum kr. Ef skattleysismörkin hefðu fylgt neysluverðsvísitölu væru þau 85.709 á mánuði í stað 71.269, þ.e. mismunurinn er 14.440. Þetta þýðir tæpa 15 milljarða á ári fyrir ríkissjóð.

Herra forseti. Hv. þm. talaði um að það ætti að vera samræmi í hlutunum og að það ætti að fylgja vísitölum. Það væri fróðlegt að fá að heyra hjá hv. þingmanni hvorri vísitölunni hann vill fylgja varðandi skattleysismörkin, launavísitölunni eða neysluverðsvísitölunni. Ég held að það sé sama hvorri við fylgjum. Við sjáum að næg er innstæðan til að dreifa einhverju örlitlu til baka.

[19:17]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fæ ekki svar við spurningu minni, hver stefna Samfylkingarinnar sé í málinu. (**Gripið fram í:** Engin.) Hún er engin. (Gripið fram í.) Verðtryggðar aukatekjur. Ég gat ekki skilið annað en að hann væri að tala um verðtryggðar aukatekjur þannig að það er sem sagt stefna Samfylkingarinnar að verðtryggja aukatekjur og aðrar tekjur ríkissjóðs, þjónustugjöld. Ég heyrði ekki betur.

Varðandi persónuafslátt, við erum ekki að ræða hann hér. Hvora aðferðina á að fara? Það væri gaman að vita hvaða skuldbindingar menn ætla að tryggja með launavísitölu. Ég skil ekki í hv. þingmanni að vera að taka þetta hérna upp, ég átta mig ekki á því. 42 milljarðar og 15 milljarðar og allt þetta. Við skulum ræða það þegar við förum í skattalagabreytingarnar á morgun, (**EOK:** Rétt.) þá getum við átt orðastað um þetta mál.

Að lokum í þessu versi varðandi aukatekjur ríkissjóðs og önnur þjónustugjöld sem er verið að færa nær verðlagi, ekki að verðlagi — það er raunlækkun á mestöllu þessu og ég fagna því að ríkisstjórnin er að lækka skatta líka með þessu eins og ég fór í gegnum í áfengisumræðunni. Það er verið að lækka skatta. Svo erum við enn frekar að fara í gegnum tekjuskattslækkanir og eignarskattslækkanir þar ofan í kaupið. Við erum í góðum málum hér og megum vera stolt af verkum okkar. Þið eigið að vera ærlegir, hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, og viðurkenna þetta.

[19:18]

Útbýting:

Háskóli Íslands, 348. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 592.

Háskólinn á Akureyri, 350. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 594.

Kennaraháskóli Íslands, 349. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 593.

Lánasjóður sveitarfélaga, 269. mál, nál. félmn., þskj. 595; brtt. félmn., þskj. 596.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, 321. mál, nál. félmn., þskj. 597.

Tekjuskattur og eignarskattur, 351. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 598.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:21]

1. gr. samþ. með 30:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, StP.

3 þm. (JBjarn, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BjörgvS, EOK, GÁS, HHj, JónK, KJúl, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2.–13. gr. samþ. með 29:13 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, KF, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EMS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, RG.

5 þm. (GAK, JBjarn, SJS, StP, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (BjörgvS, EOK, GÁS, HHj, JónK, JBjart, KJúl, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 578 (ný 14. gr.) samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: ÁRJ.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, LB, RG, SJS, StP, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BjörgvS, EOK, GÁS, HHj, JónK, KJúl, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

15.–18. gr. samþ. með 30:12 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KF, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EMS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, RG.

6 þm. (AKG, GAK, JBjarn, SJS, StP, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BjörgvS, EOK, GÁS, HHj, JónK, KJúl, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Greiðslur yfir landamæri í evrum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 212. mál (EES-reglur). — Þskj. 214, nál. 560.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:22]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munum sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. Við höfum stutt það að óþarfir þröskuldar og hindranir í viðskiptum verði fjarlægð og við höfum stutt tillögur þess efnis, hvort sem þær lúta að hinu Evrópska efnahagssvæði eða annars staðar. Við viljum auðvelda aðgang íslenskra fyrirtækja að mörkuðum erlendis.

Hér er um það að ræða að gjöld fjármálastofnana vegna greiðslna í evrum yfir landamæri verði hliðstæð þeim sem tekin eru fyrir greiðslur innan lands. Við hefðum viljað að þetta hefði verið látið gilda almennt um gjaldmiðla, ekki evruna einvörðungu.

Í annan stað mun þetta leiða til einhverra millifærslna innan bankakerfisins hér sem er ekki fyrirséð hverjar verða og hvar byrðarnar munu lenda þannig að í þessu tilviki treystum við okkur ekki til að styðja þetta þingmál.

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, VS, ÞKG.

3 þm. (JBjarn, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BjörgvS, EOK, GÁS, HHj, JónK, KJúl, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 560 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, VS, ÞKG.

3 þm. (JBjarn, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EOK, GÁS, HHj, JónK, KJúl, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, VS, ÞKG, ÖS.

3 þm. (JBjarn, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BjörgvS, EOK, GÁS, HHj, JónK, KJúl, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Norræni fjárfestingarbankinn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 284. mál (afnám laga nr. 26/1976). — Þskj. 307, nál. 542.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:25]

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 299. mál (stjórn, innheimtuþóknun). — Þskj. 326, nál. 543 og 544, brtt. 585.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:27]

Brtt. 585 felld með 34:14 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EMS, GÖg, GÖrl, JÁ, JGunn, KLM, LB, RG, StP, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KF, KÓ, KolH, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

15 þm. (BjörgvS, EOK, GAK, GÁS, HHj, JóhS, JónK, KJúl, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [19:26]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Eitt megintilefni þess að þetta frumvarp er flutt er að kostnaður vegna innheimtna sjóðsins hefur hækkað verulega og það þurfti þess vegna að hækka kostnaðarhlutfall eða möguleika á því að taka ekki 2% heldur allt að 4% í innheimtuþóknun til sjóðsins. Við segjum að það sé full ástæða til að fækka stjórnarmönnum úr sex í fimm í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og gerum tillögu um að sá möguleiki á því að spara fyrir sjóðinn sé nýttur.

Virðulegi forseti. Það má sjá hér eins og víða annars staðar í umræðum og afgreiðslu fulltrúa ríkisstjórnarinnar að þeir hafa engan áhuga fyrir því að spara. Segið svo ekki að við höfum ekki lagt okkar af mörkum í því skyni að reyna að spara.

1. gr. samþ. með 44:3 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JGunn, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖS.

nei: JBjarn, KolH, ÖJ.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.
15 þm. (BjörgvS, EOK, GAK, GÁS, HHj, JónK, KJúl, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, StP, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 300. mál (fjárfestingar). — Þskj. 327, nál. 571.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:28]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 366. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 429, nál. 545.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:29]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JBjarn, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, LB, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.
1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.
13 þm. (EOK, GÁS, HHj, JGunn, JónK, KJúl, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 376. mál (afnám laganna). — Þskj. 461, nál. 574.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:30]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JGunn, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS.
5 þm. (GAK, JÁ, SJS, StP, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (EOK, GÁS, HHj, JBjarn, JónK, KJúl, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JGunn, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS.
6 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SJS, StP, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BjörgvS, EOK, GÁS, HHj, JÁ, JónK, KJúl, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 320. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 356, nál. 572.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:31]
Brtt. í nál. 572,1 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 572,2 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Skráning og mat fasteigna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 335. mál (auðkennisnúmer, umsýslugjald o.fl.). — Þskj. 374, nál. 573 og 583.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:32]
1. gr. samþ. með 34:17 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KF, KÓ, KolH, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, RG, StP, ÖS.
12 þm. (EOK, GÁS, HHj, JónK, KJúl, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 34:17 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KF, KÓ, KolH, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, RG, StP, ÖS.

12 þm. (EOK, GÁS, HHj, JónK, KJúl, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 573 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KF, KÓ, KolH, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

17 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, RG, StP, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EOK, GÁS, HHj, JónK, KJúl, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KF, KÓ, KolH, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

nei: JÁ.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JóhS, JGunn, KLM, LB, RG, StP, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EOK, GÁS, HHj, JónK, KJúl, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 34:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JBjart, KF, KÓ, KolH, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, GÖrl, JóhS, JGunn, KLM, LB, RG, ÖS.

2 þm. (GAK, StP) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EOK, GÁS, HHj, JÁ, JónK, KJúl, KHG, MÞH, MS, MF, MÁ, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 19:34]

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 2. umr.

Stjfrv., 208. mál (kirkjugarðsgjald o.fl.). — Þskj. 208, nál. 561, brtt. 562.

[20:02]

Frsm. allshn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. allsherjarnefndar á þskj. 561, um frumvarp til laga um breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993.

Í nefndaráliti er greint frá þeim gestum sem komu á fund allsherjarnefndar út af þessu máli. Frumvarpið miðar einkum að því að koma á nýskipan kirkjugarðsgjalds. Gert er ráð fyrir að grundvelli útreiknings á kirkjugarðsgjaldi verði gjörbreytt og fjárhæð þess ákvörðuð í reiknilíkani sem tekur mið af raunverulegum tilkostnaði við greftranir og rekstur kirkjugarða í stað þess að vera áfram fast árlegt gjald sem miðast við fjölda sóknarbarna 16 ára og eldri í viðkomandi sókn.

Jafnframt er lagt til að lögfest verði heimild kirkjugarðaráðs til að veita á bilinu 8–12% af fjárveitingu til kirkjugarða til Kirkjugarðasjóðs, í stað þess að heimildin verði bundin við 8% eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Þá eru aðrar smávægilegar breytingar einnig lagðar til í frumvarpinu, t.d. varðandi heimildir til sameiningar eða niðurlagningar kirkjugarða og reglur um legstaðaskrá.

Í 2. gr. frumvarpsins er að finna smávægilega villu, en þar er gert ráð fyrir að 1. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna breytist. Þetta á að vera 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laganna. Nefndin leggur því til breytingu á greininni í samræmi við þetta.

Við meðferð málsins var athygli nefndarinnar vakin á því að láðst hefði að leggja til breytingu á 26. gr. laganna. Þar er að finna ákvæði sem gerir kirkjugarðsstjórnum skylt að láta smíða hlífðarstokka um þá legsteina er þjóðminjavörður tiltekur. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið lúta störf Fornleifaverndar ríkisins í ríkari mæli að kirkjugörðum en verkefni þjóðminjavarðar. Með hliðsjón af því leggur nefndin til breytingu á frumvarpinu þess efnis að í stað orðsins „þjóðminjavörður“ í 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. laganna komi orðin „forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins“.

Allsherjarnefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef gert grein fyrir og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, 2. umr.

Stjfrv., 191. mál (heildarlög). — Þskj. 191, nál. 569, brtt. 570.

[20:06]

Frsm. allshn. (Jónína Bjartmarz):

Ég mæli, herra forseti, fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar um frumvarp til laga um stjórnartíðindi og lögbirtingablað á þskj. 569.

Í nefndarálitinu er gerð grein fyrir þeim aðilum sem skiluðu nefndinni umsögnum um frumvarpið. Jafnframt eru þar taldir upp þeir gestir sem komu á fund allsherjarnefndar vegna málsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sett verði ný heildarlög varðandi skipulag á birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Við gildistöku þeirra falli jafnframt úr gildi lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64/1943, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ráðherra verði veitt heimild til að ákveða að Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað skuli að hluta eða í heild eingöngu gefin út og þeim dreift á rafrænan hátt. Slík heimild hefur verið í lögum í tæp þrjú ár hvað Lögbirtingablað varðar og bæði Lög-

birtingablað og Stjórnartíðindi hafa verið gefin út rafrænt jafnlengi, þ.e. síðastliðin þrjú ár.

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að undirbúningur þess að prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs verði hætt og blaðið eingöngu gefið út rafrænt er langt kominn og stefnt er að því að heimildin verði nýtt strax frá upphafi næsta árs. Að fenginni reynslu af þeirri útgáfu er síðan stefnt að því að rafræn útgáfa Stjórnartíðinda leysi hina prentuðu af hólmi um mitt næsta ár. Nefndin ítrekar að verði útgáfa blaðanna eingöngu rafræn muni þeir sem þess óska geta keypt þau í prentuðu formi í áskrift eða fengið einstök tölublöð send gegn greiðslu kostnaðar af prentun þeirra og sendingu. Aðgengi allra landsmanna að lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og opinberum tilkynningum verður því það sama og hingað til.

Nefndin fjallaði ítarlega um ákvæði frumvarpsins, einkum ákvæði 4. gr. og 7. gr. Í 4. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um C-deild Stjórnartíðinda, en í henni skulu líkt og hingað til birtir samningar við önnur ríki og auglýsingar varðandi gildi þeirra. Birting ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og þeirra gerða sem þar er vísað til í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins telst jafngild birting að þessu leyti. Í 2. mgr. 4. gr. er síðan gert ráð fyrir að heimilt verði að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings í C-deild Stjórnartíðinda ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar. Í 7. gr. er svo að finna heimild til handa dómsmálaráðherra til að ákveða að Stjórnartíðindi eða Lögbirtingablað skuli að hluta eða í heild eingöngu gefin út og þeim dreift á rafrænan hátt. Þar er jafnframt að finna ákvæði þess efnis að dómsmálaráðherra mæli í reglugerð nánar fyrir um rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, þar á meðal um persónuvernd, gagnaöryggi og ákvörðun útgáfudags.

Í 2. mgr. 4. gr. er, eins og áður var getið, að finna nýmæli þess efnis að heimilt verði að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings í C-deild Stjórnartíðinda ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar. Í þessu sambandi bendir nefndin á að venjulega eru frumtextar milliríkjasamninga ekki á íslensku og þýðingar á þeim yfir á íslensku hafa ekki ígildi samnings og þar af leiðandi ekkert lagalegt gildi. Til að taka af allan vafa telur nefndin þó rétt að bæta við 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. ákvæði þess efnis að þær heimildir sem þar eru nefndar til að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna eigi eingöngu við um reglur sem hafi verið birtar og þýddar á íslensku.

Nefndin telur rétt að skerpt verði á ákvæði 7. gr. frumvarpsins hvað varðar þær kröfur sem gerðar eru í löggjöfinni til rafrænnar útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs. Því leggur nefndin til viðbót þess efnis að tryggja skuli að birtar upplýsingar varðveitist á varanlegan hátt. Jafnframt verði skýrt kveðið á um að rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs skuli hagað þannig, eftir því sem tæknilega er unnt, að komið verði í veg fyrir úrvinnslu og samtengingu persónuupplýsinga sem birtar eru. Þá skuli útgáfudagur undantekningarlaust tilgreindur við rafræna birtingu, en nefndin telur rétt að sú regla sé fortakslaust orðuð í lagatexta í stað þess að vera tilgreind í reglugerð sem ráðherra setur.

Loks gerir nefndin athugasemd við það sem fram kemur í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins sem fjallar um réttaráhrif birtingar. Þar segir að ákvæðið komi ekki í veg fyrir að lög eða eftir atvikum stjórnvaldsfyrirmæli feli stjórnvöldum að taka ákvörðun um gildistöku þeirra á einhverju síðara tímamarki. Nefndin bendir á að réttaröryggis vegna verður að gera kröfu um það að skýrt sé hvenær og með hvaða hætti lög öðlist gildi. Með því að ráðherra verði hugsanlega falið að ákveða endanlega hvenær og þar með hvort lög skuli öðlast gildi kann að vera vegið að réttaröryggi almennings. Hugsanlega mætti þó fara þá leið að löggjafinn mælti fyrir um að ráðherra væri heimilt að ákveða gildistöku laga innan ákveðins frests eða að tilteknum skilyrðum fullnægðum eins og fram kemur í nýlegri grein Sigurðar Líndals um birtingu laga og annarra fyrirmæla í 2. tölublaði 57. árgangs Úlfljóts.

Allsherjarnefnd leggur til að þetta frumvarp verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef gert grein fyrir. Þær breytingar eru lagðar til á þskj. 570. Háttvirtir þingmenn Bryndís Hlöðversdóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson skrifa undir álitið með fyrirvara, sem þau munu gera grein fyrir við 2. umr. um málið. Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu. Undir álitið rita auk þeirrar sem hér stendur hv. þm. Bjarni Benediktsson, Steinunn K. Pétursdóttir, Birgir Ármannsson, Kjartan Ólafsson og Sigurður Kári Kristjánsson.

[20:13]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jónína Bjartmarz hefur gert ágæta grein fyrir efni frumvarpsins sem hér um ræðir, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblað. Eins og hún rakti er með frumvarpinu verið að heimila eingöngu rafræna útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs ef svo ber undir.

Við 1. umr. málsins í þinginu fékk það mjög góðar móttökur. Það má eiginlega segja að sama viðhorf hafi ríkt í allsherjarnefnd, að almennt hafi nefndarmenn verið ánægðir með efni frumvarpsins og það markmið þess að heimilt væri að gefa út Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað eingöngu á rafrænu formi.

Hins vegar kom einnig fram heilmikil gagnrýni á frumvarpið í nefndinni, m.a. í umsögnum, sem laut að ákveðnum tilgreindum þáttum og því hvernig breytingin ætti að eiga sér stað. Ég er mjög ánægð með það að í allsherjarnefnd var tekið tillit til gagnrýninnar að flestu leyti. Það má segja að nefndin hafi valið að fara öruggu leiðina og að í allsherjarnefnd hafi ríkt ákveðin afturhaldssemi þegar komið var að þessu frumvarpi.

Við vorum nokkuð sammála um að rétt væri að stíga varlega til jarðar þegar um svo mikilvægan grundvöll réttarríkisins eins og birtingu laga er að ræða. Réttarríkishugtakið byggir á þeim grunni að lög og reglur samfélagsins séu aðgengilegar og hægt sé að fara eftir þeim. Til að svo geti orðið þarf að birta lagareglurnar með tilhlýðilegum hætti.

Í umsögnum var líka bent á að skv. 27. gr. stjórnarskrár-

innar hvílir ákveðin athafnaskylda á löggjafarvaldinu í þessum efnum því að stjórnarskráin kveður á um að lög skuli birta og að um birtingarháttu og framkvæmd laga skuli fara að landslögum. Því var það að frumvarpið fékk nokkra gagnrýni fyrir að verið væri að framselja í of miklum mæli hlutverk sem löggjafarvaldið hefði samkvæmt stjórnarskránni til framkvæmdarvaldsins. Ég fagna því að allsherjarnefnd féllst á að taka tillit til þeirrar gagnrýni og má segja að við höfum lagfært frumvarpið að mestu leyti hvað þetta varðar.

Markmiðið er að endurskoða lögin með tilliti til möguleika á rafrænni birtingu samhliða eða í stað hefðbundinnar birtingar. Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað nokkuð um undirbúning frumvarpsins og sérstök nefnd starfaði að því að undirbúa þá vinnu. Í því skyni var útbúinn sérstakur gagnagrunnur Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs sem var opnaður á netinu 1. febrúar 2002. Upp frá því hafa Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað verið aðgengileg á netinu samhliða hinni prentuðu útgáfu.

Síðan er rakið að góð reynsla af útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs á netinu hafi orðið til þess að það var heimilað með lögum frá árinu 2002 að hætta prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs og gefa það eingöngu út á rafrænu formi, þó þannig að þeir sem þess óska geti keypt rafræna útgáfu blaðsins prentaða.

Síðan, að fenginni tæplega þriggja ára reynslu af rafrænni útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, þykir tímabært að leggja til að lögfest verði sams konar heimild til að birta Stjórnartíðindi eingöngu á rafrænu formi. Endurskoðunin gengur út á það en jafnframt er tekið fram að það sé mjög mikilvægt gera þetta vegna þess að slík útgáfa sé til þess fallin að gera birtingu laga, stjórnvaldserinda og milliríkjasamninga skilvirkari og ódýrari án þess að á nokkurn hátt sé slakað á þeim kröfum sem ber að gera til réttaröryggis um miðlun upplýsinga af því tagi. Það er kannski um það sem gagnrýnin snerist að miklu leyti, hvort verið sé með þessari heimild, sem allir eru sammála um að leiði til aukinnar skilvirkni og hægðarauka fyrir þá sem þurfa að nota þessa texta, að slá á einhvern hátt of mikið af kröfunum sem gera þarf til slíkra reglna.

Í umsögnum kom fram gagnrýni á nokkra þætti, einkum tvo þætti, í fyrsta lagi 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins en samkvæmt upphaflega frumvarpstextanum gat dómsmálaráðherra ákveðið að Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað skyldu að hluta eða í heild eingöngu gefin út og dreift á rafrænan hátt enda væru öryggi og áreiðanleiki birtra upplýsinga tryggð. Þarna þótti mörgum, m.a. laganefnd Lögmannafélags Íslands og lagadeild Háskóla Íslands, eiga sér stað of mikið framsal til framkvæmdarvaldsins því skv. 27. gr. stjórnarskrárinnar hvíldi þessi skylda á löggjafarvaldinu og því bæri að kveða nánar á um þessa þætti í lögum, ekki væri nægilegt að gera það í reglugerð.

Ráðherra var jafnframt falið að mæla fyrir í reglugerð um hina rafrænu útgáfu þar á meðal um persónuvernd, gagnaöryggi og ákvörðun útgáfudags. Það fékk nokkurt pláss í þeim umsögnum sem við fengum til nefndarinnar að þarna væri um að ræða of rúmt framsal í ljósi þess að þessi athafnaskylda hvíldi á löggjafarvaldinu sem slíku og þar af leiðandi væri ekki unnt að framselja það.

Það kom líka fram heilmikil gagnrýni á 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins en þar er að finna nýmæli þess efnis að heimilt verði að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings í C-deild Stjórnartíðinda ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar. Þarna er fyrst og fremst verið að hugsa um texta sem eru mjög sérhæfðir og eru jafnvel yfirleitt notaðir í frumtextanum af þeim sem þurfa að nota þá. Af hálfu ráðuneytisins var nefnt sem dæmi reglur um t.d. flugmál, alþjóðlegar reglur um flugmál og flugöryggi þar sem menn nota yfirleitt ensku textana og ensku hugtökin og það þjónaði litlum tilgangi að þýða slíka texta og þar af leiðandi væri mikilvægt að létta þeirri skyldu af ríkisvaldinu að þýða þá með miklum tilkostnað þegar þýðingin hefði kannski ekkert að segja auk þess sem allir sem þyrftu að nota slíkar reglur skildu frumtextann.

Það kom fram gagnrýni á þetta og einnig var bent á að í ljósi þess að heimilað er í 2. og 3. gr. frumvarpsins að beita svokallaðri tilvísunaraðferð, sem hv. þm. Jónína Bjartmarz lýsti nokkuð í máli sínu, þá væri nauðsynlegt að kveða tvímælalaust á um það í frumvarpinu að heimildir sem þar eru nefndar til að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna, eigi eingöngu við um reglur sem hafa verið birtar og þýddar á íslensku. Allsherjarnefnd tók þessa gagnrýni til greina og breytingartillögurnar sem við höfum lagt til eru líka þess efnis að þarna séu tekin af öll tvímæli um þetta.

Ég vil í örstuttu máli gera grein fyrir fyrirvaranum sem við höfðum á undirritun okkar á nefndarálitið, en auk mín skrifaði hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson undir með fyrirvara, og það gerðum við fyrst og síðast vegna þess að við teljum að það hefði verið gott að eyða örlítið meiri tíma í þá ágætu vinnu sem fór fram í allsherjarnefnd því þarna eru ýmis tæknileg úrlausnaratriði sem ég tel að hefði mátt skoða örlítið betur, m.a. það sem lýtur að þessari tilvísunaraðferð og um hvers konar texta við erum að tala og þó að ég styðji heils hugar og muni styðja efni frumvarpsins með þeim breytingum sem allsherjarnefnd hefur gert, þá held ég að það hefði verið fróðlegt úr því að verið var að opna þessi lög á annað borð að fara örlítið betur ofan í þau og skoða framkvæmdina. Við fengum m.a. fulltrúa frá þýðingardeild utanríkisráðuneytisins á fund okkar og þar komu fram ýmis atriði sem hefði verið ástæða til að skoða nánar, m.a. ýmis atriði sem lúta að því hvernig þýðingar fara í raun og veru fram og í hvaða mæli og kannski hefði verið ástæða til að gera einhver frekari atriði þar að umtalsefni í frumvarpinu. En svo langt sem það nær og með þeim breytingum sem hafa verið gerðar á því í hv. allsherjarnefnd þá erum við sátt við það eins og það lítur út núna og munum geta stutt það við afgreiðslu í þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 2. umr.

Stjfrv., 192. mál (hollustuháttaráð). — Þskj. 192, nál. 547, brtt. 581.

[20:24]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli með mikilli ánægju fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Með frumvarpinu er lagt til að hollustuháttaráð verði lagt niður en umhverfisráðherra skipi í stað þess þriggja manna samstarfsnefnd fulltrúa ráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins sem taki við verkefnum þess.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur m.a. fram að hollustuháttaráð hafi starfað frá júní 1998 og reynslan af störfum ráðsins þyki ekki gefa tilefni til þess að halda því gangandi í núverandi mynd. Eru ástæður þess skilmerkilega raktar í frumvarpinu. Þá kemur fram að vinna ráðsins hafi fyrst og fremst tengst gjaldskrám sveitarfélaganna fyrir lögboðið eftirlit heilbrigðisnefndanna en að öðru leyti hafi ráðið lítið komið að málum enda hafi því ekki verið ætlað neitt frumkvæði heldur eingöngu að taka við aðsendum erindum.

Nefndin tekur undir það sjónarmið að leggja skuli hollustuháttaráð niður en telur hins vegar ekki þörf á að koma á fót samstarfsnefnd þeirri sem frumvarpið mælir fyrir um í staðinn. Nefndin leggur þó áherslu á að markmið frumvarpsins um samráð milli hins opinbera, sveitarfélaga og atvinnulífsins hvað varðar stefnumarkandi þætti sem undir lögin falla í tengslum við atvinnustarfsemi sé mjög mikilvægt en telur hægt að ná því með öðrum og einfaldari hætti. Þá telur nefndin það markmið í sjálfu sér að hafa stjórnsýsluna og stjórnkerfið eins einfalt og skilvirkt og kostur er og leggur því til að hollustuháttaráð verði lagt niður án þess að nýrri lögbundinni nefnd verði komið á fót.

Í ljósi framangreinds leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Þar er lagt til að 17. gr. laganna verði felld brott en hún fjallar m.a. um skipun hollustuháttaráðs. Til samræmis við það eru lagðar til breytingar á greinum sem vísa í hollustuháttaráð, þ.e. annars vegar 12. gr. laganna og hins vegar 21. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Góð sátt var um málið í nefndinni. Einn nefndarmaður var fjarverandi við afgreiðsluna, Þórunn Sveinbjarnardóttir, en undir nefndarálitið skrifa Guðlaugur Þór Þórðarson, Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnar Birgisson, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Mörður Árnason og Valdimar L. Friðriksson. Steinunn K. Pétursdóttir áheyrnarfulltrúi sat fund nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Eins og ég fór yfir, virðulegi forseti, var hér um að ræða ráð sem aðilar voru sammála um að hafi ekki náð því markmiði sem til var ætlast með stofnun þess. Hugmyndin var að einfalda það og fækka fólki í því og koma á fót samstarfsnefnd í staðinn fyrir hollustuháttaráð. Það var hins vegar samdóma álit nefndarmanna eftir að búið var að fjalla um það að engin ástæða væri til að halda henni heldur, þannig að hér er einfaldlega lagt til að lögð sé niður ein opinber nefnd og talið að þeim markmiðum sem menn ætluðu að ná með slíkri nefnd, þ.e. samráði milli atvinnulífs og hins opinbera, sveitarfélaga og ríkisins, sé hægt að ná með öðrum og skilvirkari hætti. Í sjálfu sér er ekki mikið meira um það að segja en ánægjulegt að nást skyldi samstaða, bæði milli aðila innan nefndarinnar og sömuleiðis þeirra sem að málinu komu með öðrum hætti og haft var samband við í tengslum við málið.

[20:28]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tek undir þau orð hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, framsögumanns og formanns umhverfisnefndar, að um þetta mál tókst ágæt samvinna í nefndinni og þurfti ekki mikið fyrir henni að hafa. Þessi tillaga er flutt með samþykki allra sem í nefndinni sitja sem er fremur óvenjulegt um slík mál.

Það er þó rétt að taka fram að nefndin gaf sér ekki langan tíma til umræðu um málið og hugsanlegt er að það hafi farið fyrir brjóstið á ýmsum sem hefðu viljað ræða um þetta. Það sem til stóð af hálfu ríkisstjórnarinnar og hæstv. umhverfisráðherra var að breyta hollustuháttaráðinu í þriggja aðila samstarfsnefnd þar sem kæmu saman ráðuneytið, sveitarfélög og atvinnurekendur. Það var ljóst að ekki var samstaða um það hjá þeim sem setið höfðu í nefndinni, m.a. kom nokkuð harðorð umsögn frá Alþýðusambandi Íslands í þessu efni og í dag barst okkur kvörtun frá umhverfis- og náttúruverndarsamtökum og sem töldu að þau hefðu átt rétt á að fá að segja sitt um þetta efni og eiga aðild að þeirri samstarfsnefnd sem um ræddi í frumvarpinu. Ég hefði í sjálfu sér, bara til að það sé fram tekið, talið eðlilegt að einmitt fulltrúar almannasamtaka, Alþýðusambands Íslands, Neytendasamtakanna o.s.frv. annars vegar og hins vegar umhverfissamtaka, hefðu átt sæti í þessari nefnd ef við hefðum viljað halda henni á lífi en til þess er í raun og veru, að okkur sýndist, engin ástæða og því er rétt að taka undir þau orð hv. formanns okkar ágætu nefndar að við treystum ráðuneytinu til þess að hafa samstarf við þessa hópa alla, og treystum á að það geri það, við sveitarfélögin að sjálfsögðu, við atvinnulífið, bæði atvinnurekendur og verkalýðssamtök, og enn fremur við umhverfisáhugamenn og náttúruverndarmenn eins og skylt er að venju og á síðrænum forsendum og einnig samkvæmt Árósasamningnum sem rétt er að minnast á í hverri einustu ræðu um umhverfismál, sem að vísu hefur sem kunnugt er ekki verið staðfestur af íslenskum yfirvöldum en verður sem betur fer píndur upp á þau í gegnum hið góða Evrópusamband sem sér okkur fyrir flestum mannréttindabótum þessi missirin.

[20:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er svo sem ekki mörgu við það að bæta sem hv. ræðumenn hafa sagt á undan mér. Ég vil einungis undirstrika það sem kom fram í ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar að nefndinni hafa borist ábendingar frá bæði Alþýðusambandi Íslands og Landvernd þar sem efnisatriðum um þetta mál er velt upp. Alþýðusamband Íslands kvartar undan því í umsögn sinni að aðilar atvinnulífsins, þ.e. Sam-

tök atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarfélaga og í þessu tilfelli umhverfisráðuneytið, skuli hafa ætlað sér að sitja ein að þessu samráði. Það er ekkert óeðlilegt þó að Alþýðusambandinu sem átti einn fulltrúa af þessum níu í hollustuháttaráðinu hafi fundist að hér væri verið að bola sér frá borðinu. Þau kvarta undan því í umsögn sinni.

Nefndin hefur tekið þá ákvörðun að leggja þessa samráðsnefnd líka niður sem lögð var til í frumvarpinu og þá var ekki verið að bola einum frá borðinu frekar en öðrum. Þó er eitt í þessu máli sem verður að hafa í huga og þau stjórnvöld sem starfa eftir þessum lögum verða að skoða. Í mínum huga er alveg nauðsynlegt að stjórnvöld og þar af leiðandi umhverfisráðuneytið hafi opin augu fyrir því að verði áhrifanna af þessum breytingum vart á einhvern neikvæðan hátt gæti verið á ferðinni breyting sem þyrfti að skoða sérstaklega í ráðuneytinu. Það vakandi auga ráðuneytisins verður að vera til staðar. Þó að samráðið sé formlega aflagt er ekki þar með sagt að ráðuneytið eða stjórnvaldið þurfi að ganga fram hjá eða hunsa þá aðila sem eðlilegt er að komi að málum, fólk sem sýslar með þau atriði sem verið er að fjalla um.

Hollustuháttaráðið starfaði samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og þótt það hafi komið fram að starf þess hafi fyrst og fremst tengst gjaldskrám sveitarfélaganna fyrir lögboðið eftirlit heilbrigðisnefndanna kann vel að vera að upp hafi komið, og eigi eftir að koma upp, mál sem tengjast t.d. mengunarvörnum. Þá er eðlilegt að umhverfisráðuneytið, stjórnvaldið, hafi það í huga að í slíkum málum sé haft samráð við þá aðila sem sýsla með þau úti á akrinum. Á sama hátt má segja að eðlilegt sé að stjórnvaldið hafi vakandi auga fyrir því að haft sé samráð við þá aðila vinnumarkaðarins sem ASÍ er fulltrúi fyrir. Þegar þessi breyting hefur tekið gildi þarf stjórnvaldið að hafa vakandi auga með því að hér sé ekki verið að vinna neinn skaða því að ætlun umhverfisnefndar er alls ekki að láta neitt slíkt neikvætt leiða af þessari breytingu.

Við getum tekið undir það sem kemur fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um þetta mál, það er rétt að fram fari samráð á þessu sviði milli þeirra aðila sem hlut eiga að máli. Hér eftir verður það þá í höndum stjórnvaldsins, umhverfisráðuneytisins og þeirra stofnana sem starfa eftir lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir að sjá til þess að ekki sé lokað á samráð þótt lagagreinin sé farin út.

[20:35]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og Merði Árnasyni sem eru bæði í umhverfisnefndinni fyrir fínar ræður. Ég held að ég geti tekið undir flest ef ekki allt sem þar kom fram, undanskil þó mæringar hv. þm. Marðar Árnasonar á Evrópusambandinu en við ræðum það kannski við betra tækifæri.

Að öllu gamni slepptu er alveg rétt sem kom fram hjá þeim báðum að eðli málsins samkvæmt er málaflokkurinn þannig og þær ákvarðanir sem eru teknar á þessum vettvangi að það verður að vera samráð við þá aðila sem þurfa að koma að málum. Það er ekki meining nefndarinnar að koma í veg fyrir slíkt samráð. Þegar menn fóru yfir þetta sáu þeir að hægt var að gera það með einfaldari og skilvirkari hætti en að vera í þessu tilfelli með samstarfsnefnd. Að sjálfsögðu er það þannig í þessum málum eins og öllum öðrum að ef menn á einhverjum tímapunkti sjá að hlutirnir megi betur fara er sjálfsagt að fara yfir það og skoða það.

Í þessu máli eins og í öðrum var gott samstarf í nefndinni og ég vildi bara nota tækifærið og þakka nefndarmönnum fyrir það. Síðan verður sá sem hér stendur auðvitað að gangast við því að honum finnst það mikið ánægjuefni að fyrsta málið sem ég kynni hér sem formaður nefndarinnar felist í því að leggja niður opinbert ráð. Það er ekkert leyndarmál að það gleður mig mjög. Ég veit ekki hvort það heyrir til undantekninga en ég held að það eigi að vera rauður þráður í starfi allra nefnda að hafa stjórnsýsluna eins einfalda og skilvirka og mögulegt er. Ef við sjáum tækifæri til að einfalda starfið, hvort sem það er með þessum hætti sem við gerum hér eða með öðrum hætti, eigum við að sjálfsögðu að gera það. Ég ítreka þó enn og aftur út af þeim orðum sem hér komu fram hjá hv. þingmönnum að það er alls ekki meining nefndarinnar að koma í veg fyrir samráð á þessu sviði, því fer víðs fjarri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 330. mál (endurgreiðslur, málsmeðferð o.fl.). — Þskj. 368, nál. 579, brtt. 580.

[20:38]

Frsm. menntmn. (Gunnar Birgisson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Steingrím Ara Arason frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Jarþrúði Ásmundsdóttur og Erlu Ósk Ásgeirsdóttur frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Heiði Reynisdóttur frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, Jónínu Brynjólfsdóttur og Huldu Katrínu Stefánsdóttur frá Iðnnemasambandi Íslands, Eyrúnu Jónsdóttur frá Bandalagi íslenskra sérskólanema og Halldóru Friðjónsdóttur frá Bandalagi háskólamanna.

Umsagnir bárust nefndinni frá Bandalagi íslenska námsmanna, Iðnnemasambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Alþýðusambandi Íslands, Félagi stúdenta við Háskólann á Akureyri, Sambandi íslenskra námsmanna erlendis, skólafélagi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Visku – félagi stúdenta við Háskólann í Reykjavík og Bandalagi háskólamanna.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á reglum um endurgreiðslur og málsmeðferð og lagt til að heimild til að veita lán á markaðskjörum verði felld niður.

Nefndin vekur athygli á því að í lok umsagnar fjármálaráðuneytis um frumvarpið er ranglega farið með tölur í lokamálsgreininni. Þar segir að niðurstaða umræddss kostnaðarmats, verði frumvarpið óbreytt að lögum, sé að ríkið þurfi að öðru óbreyttu að hækka framlag til sjóðsins um 235–340 millj. kr. á ári. Hið rétta er 265–340 millj. kr. á ári

eins og kemur reyndar fram framar í umsögninni. Þetta var leiðrétt við 1. umr. en er áréttað hér.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins kemur fram að málskotsnefnd getur frestað réttaráhrifum úrskurðar síns, að kröfu stjórnar LÍN, fyrir hönd sjóðsins telji nefndin ástæðu til þess. Í athugasemdum segir að við mat á því hvort heimildinni verði beitt beri málskotsnefndinni að taka mið af því hvort úrskurðurinn geti haft fordæmisgildi, hann hafi í för með sér veruleg fjárútlát fyrir sjóðinn eða að lögfræðilegur ágreiningur sé um niðurstöðuna.

Þegar litið er til þessara tilvika í heild sinni telur nefndin heimildina vera helst til of rúma. Mestu hlýtur að skipta hvort niðurstaða málskotsnefndarinnar í tilteknu máli hafi eða geti haft í för með sér veruleg fjárútlát fyrir sjóðinn og raskað þannig fjárhagslegum forsendum hans. Nefndin telur því rétt að málskotsnefndin leggi mat á þann þátt eingöngu við beitingu heimildarinnar en ekki hvort úrskurðurinn kunni að hafa fordæmisgildi eða að lögfræðilegur ágreiningur sé um niðurstöðuna. Leggur nefndin til að umrætt skilyrði verði tekið upp í lagatextann sjálfan. Auk þess eru lagðar til smávægilegar orðalagsbreytingar í 1. efnismálsl. b-liðarins til að árétta að þar er átt við úrskurð nefndarinnar.

Með leyfi forseta eru breytingartillögurnar við 1. gr. eftirfarandi:

a. 1. efnismálsl. b-liðar orðist svo: Að kröfu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir hönd sjóðsins getur nefndin frestað réttaráhrifum úrskurðar síns telji hún að hann muni hafa í för með sér veruleg fjárhagsleg áhrif á sjóðinn.

b. 3. efnismálsl. b-liðar orðist svo: Skal frestun á réttaráhrifum úrskurðar að auki vera bundin því skilyrði að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna beri málið undir dómstóla innan 30 daga frá frestun og óski þá eftir að það hljóti flýtimeðferð.

Þá telur nefndin þörf á að orða 6. gr. frv. skýrar en gert er en greinin fjallar um breytingu á 8. gr. laganna. Ætlunin með 6. gr. frumvarpsins er að setja fram reglur sambærilegar þeirri sem nú er í 18. gr. laganna þess efnis að námsmenn ljúki við endurgreiðslu svokallaðra R-lána áður en endurgreiðsla á öðrum lánaflokkum á að hefjast. Er því lagt til að 6. gr. frumvarpsins verði breytt til samræmis við það. Með leyfi forseta eru breytingartillögurnar frá nefndinni:

Ný málsgrein bætist við er orðist svo: Ef lánþegi skuldar námslán sem var úthlutað á árunum 1992–2004, svokallað R-lán, og jafnframt námslán samkvæmt lögum nr. 72/1982 eða eldri lögum skal hann fyrst endurgreiða að fullu R-lánið. Greiðslur af eldri námsskuldum frestast þá þar til R-lánið er að fullu greitt.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali og ég var að lesa upp. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, Mörður Árnason og Kolbrún Halldórsdóttir skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

Steinunn K. Pétursdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykk áliti þessu með fyrirvara.

Undir álitið skrifa Gunnar Birgisson, formaður og framsögumaður, Dagný Jónsdóttir, Hjálmar Árnason, Kjartan Ólafsson, Björgvin G. Sigurðsson með fyrirvara, Kolbrún Halldórsdóttir með fyrirvara, Sigurður Kári Kristjánsson og Mörður Árnason með fyrirvara.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið urðu litlar breytingar á frumvarpinu. Ég vil rétt renna yfir þær.

Breytingartillaga við 1. gr. um að stjórnin geti krafist þess að málskotsnefnd fresti réttaráhrifum úrskurðar vegna verulegra fjárhagslegra hagsmuna fyrir sjóðinn. Stjórn sjóðsins sem ber ábyrgð á fjármálum hans verður að hafa slíka heimild undir höndum ef málskotsnefnd úrskurðar á þann veg sem getur haft veruleg áhrif, kannski kostnað upp á einhver hundruð milljóna eða þaðan af meira. Stjórnin er samt ábyrg og verður að hlíta þessu þannig að það er ekki annað hægt en að skjóta þessu máli fyrir dómstóla ef slíkt er. Nefndin sem samdi frumvarpið lagði það til líka ef lögfræðilegur ágreiningur yrði en það var fellt út. Eingöngu var haldið í þetta atriði sem var kannski aðalatriði málsins ef slíkt kemur upp, að stjórnin hafi þennan möguleika.

Í 2. gr. laganna er endurgreiðslan síðan lækkuð úr 4,75% í 3,75%.

3. gr. þýðir veruleg útgjöld fyrir sjóðinn, upp á 600–700 millj., en á móti er sett inn í 3. gr. að þegar verið er að reikna út tekjuviðmið fyrir lánþega er tekinn fjármagnstekjuskattur ásamt tekjuskatti og reiknað út frá þeim stofni. Stofninn breikkar og nettóáhrif ríkisins verða eins og áður sagði 260–340 millj. sem þarf aukalega að setja inn í sjóðinn frá ríkinu. Á fjárlögum fyrir 2005 eru áætlaðar 300 millj. í þetta.

Síðan eru tæknileg atriði í 4. gr. til að herða á málum varðandi það að menn sæki um endurútreikning varðandi viðbótargreiðslu. Gefnir eru 60 dagar til þess.

Í 5. gr. er lagt til að markaðskjaralánin detti út og hins vegar er í 6. gr. eins og ég fór yfir áðan viðbótartillaga. Í ákvæði til bráðabirgða er mönnum sem hafa tekið lán frá 1992 gefnir möguleikar á því að skuldbreyta miðað við þessi lög þannig að endurgreiðslan þeirra lækki úr 4,75% í 3,75%.

Með þessu lagafrumvarpi er stigið mikið framfaraspor fyrir lánþega hjá sjóðnum.

Annað sem hefur gerst og stjórnin náði var að gera samkomulag við Landsbankann upp á að fella niður nauðsyn þess að ábyrgðarmenn skrifi á lánið. Menn geta keypt sér ábyrgð upp á 15 ár hjá Landsbankanum og munu örugglega fleiri lánastofnanir koma þar á eftir. Það er gjörbylting í þeim málum þannig að mörg góð teikn eru á lofti og mörg framfaraspor sem er verið að stíga núna í lánasjóðnum. Ég legg til að þetta frumvarp verði samþykkt með þeim breytingum sem ég kynnti.

[20:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Gunnars Birgissonar, framsögumanns og formanns menntamálanefndar, rita ég undir nefndarálitið með fyrirvara og mun ég nú gera grein fyrir honum.

Í fyrsta lagi vil ég fagna því sem hér er verið að gera, þ.e. að lækka endurgreiðslubyrði námslána um eitt pró-

sentustig. Það er sannarlega tilefni til að fagna því að það skuli vera gert. Að hluta til er það gert vegna mikils þrýstings frá námsmönnum og þeim sem hafa þurft að standa undir endurgreiðslubyrði námslánanna, nefnilega því fólki sem starfar í atvinnulífinu, er með háskólamenntun og hefur verið að sligast undan endurgreiðslubyrðinni. Hv. þingmenn hafa fengið erindi frá þeim hópi fólks og er komið á annað ár að við fengum í hendur skýrslu um tölulegar upplýsingar um lánþega LÍN. Þetta er afar mikið plagg sem námsmenn og BHM þar á meðal hafa byggt rökstuðning sinn og kröfur sínar á.

Þó að fagna beri þeim áfanga sem er að nást verður að segjast eins og er að námsmannahreyfingarnar og BHM hefðu viljað fara aðra leið að málinu en ákveðið var að gera af stjórnvöldum. Námsmannahreyfingarnar áttu sæti í nefndinni sem undirbjó frumvarpið og í því starfi var lögð fram bókun af hálfu námsmannahreyfinganna. Bókun sú var til umfjöllunar í menntamálanefnd Alþingis við vinnslu málsins sem hefði gjarnan mátt hafa rýmri tíma til að sinna starfi sínu í þetta skiptið. Engu að síður fórum við eftir því sem við mögulega gátum í gegnum þau plögg sem við höfðum. Mér þótti afar athyglisverð sú bókun sem námsmannahreyfingarnar lögðu fram og BHM studdi en segja má að sú leið sem þar er lögð til til þess að létta endurgreiðslubyrðina virki afar skynsamleg þegar maður skoðar hana ofan í kjölinn. Ég skil kröfu námsmannahreyfinganna í þessum efnum að þeir vilji frekar fara þá leið sem þeir kalla skattaleiðina, leið sem byggir á frádrætti í skattkerfinu, þ.e. að veita endurgreiðendum námslána skattafslátt af árlegri afborgun til LÍN.

Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að sú leið gæti verið nokkuð flókin og snúin að fara, en það breytir ekki því að rökin fyrir þeirri leið eru að ég tel skynsamleg og ekki nægileg mótrök að leiðin sé flókin og þess vegna hafi ekki verið hægt að fara hana.

Mig langar í máli mínu, hæstv. forseti, að fara í örfáum orðum yfir þau atriði sem námsmannahreyfingin lætur okkur í té í bókun sinni hvað skattaleiðin innifeli. Það byggir á því að námsmannahreyfingarnar telja að sýnt hafi verið fram á að hið opinbera hagnist beinlínis á auknum lántökum námsfólks úr lánasjóðnum og það hafi aldrei verið markmið með lögunum um lánasjóðinn frá 1992. Þau telja skattaleiðina vera vel rökstudda í þeirri skýrslu sem ég veifaði og er unnin af Þórólfi Matthíassyni árið 2002 fyrir Bandalag háskólamanna ásamt Sambandi íslenskra námsmanna erlendis og fjölda háskólamanna utan heildarsamtaka.

Skattaleiðin, eins og fram kemur í skýrslunni, sýnir fram á að hægt sé að ná tekjuaukningu ríkisins við aukna námsfjárfestingu með ákveðnum áhættudreifingarröksemdum. Sömuleiðis telja námsmannahreyfingarnar að lán á hvern lánþega séu að dragast saman og þau benda á ákveðin rök máli sínu til stuðnings í þeim efnum og segja að það bendi til þess að markmiði laganna um Lánasjóð íslenskra námsmanna sé stefnt í hættu varðandi jafna möguleika til náms. Mér þykir það athyglisverð röksemd hafandi starfað talsvert mikið að því að reyna að standa vörð um jafnan rétt námsmanna og jafna möguleika námsmanna til náms. Einnig segja námsmannahreyfingarnar að í skattaleiðinni sé fólginn ávinningur af auknum lántökum sem dreift sé á milli hins opinbera og lántakanna sjálfra. Sömuleiðis að hún tryggi jafnrétti til náms á þeim forsendum að þung endurgreiðslubyrði hafi beinlínis áhrif á námsval fólks.

Þá segja þau að skattaleiðin skerði ekki tekjustreymi lánasjóðsins og komi þar af leiðandi ekki niður á núverandi lántakendum og heldur ekki lántakendum framtíðarinnar. Svo segja hreyfingarnar að með tilliti til ávinnings ríkisins af hærra menntunarstigi og aukinni hagsæld í samfélaginu sé eðlilegt að greiddur sé einhvers konar arður af fjárfestingunni. Þau telja þjóðfélagsleg rök vera fyrir skattaleiðinni. Með henni sé stuðlað að aukinni og hraðari mannauðsuppbyggingu þjóðarinnar með því að hækka menntunarstig og þar með skatttekjur hins opinbera. Hér sé því ekki um að ræða neitt sérhagsmunamál fámenns hóps heldur hreinlega kjarabót fyrir alla þjóðina þegar til lengri tíma er litið.

Þá nefna þau að fyrirmyndir séu að skattafsláttarleiðinni og nefna þar vaxtabætur í íbúðalánakerfinu. Því þurfi ekki að finna upp hjólið í því að innleiða aðferð af þessu tagi. Að þeirra mati er þetta nokkuð einföld aðgerð þar sem unnt sé að forskrá allar upplýsingar nú orðið er varði lántökur hjá LÍN á skattskýrslu, þannig að mótrökin um það eins og ég nefndi áðan að þetta væri svo flókin leið halda kannski ekki á gervihnatta- og upplýsingaöld þegar allt er orðið tölvuskráð og við fáum skattframtalið okkar meira eða minna forskráð upp í hendurnar.

Að lokum segja námsmannahreyfingarnar að tekjutap í skattheimtu dreifist milli ríkis og sveitarfélaga enda deili þau ávinningi af auknum lántökum.

Hæstv. forseti. Þó ég fagni eins og ég sagði áðan því meginmarkmiði að með frumvarpinu sé lækkuð endurgreiðslubyrðin tel ég enn að mat námsmannanna á skattalækkunarleiðinni sé þess eðlis að eðlilegt hefði verið fyrir nefndina að skoða það nánar. Námsmannahreyfingarnar segja aðferðina sem lögð er til í frumvarpinu vera lítið skref í rétta átt en varla mikið meira en það, þó slær enginn hendinni á móti því að endurgreiðslubyrðin sé þó lækkuð.

Þó benda námsmannahreyfingarnar á í greinargerð sinni að hlutfallslækkun um 1% hafi í för með sér lengri endurgreiðslutíma lána sem þýði að einhverjir lánþegar muni greiða af námslánunum jafnvel upp í háa elli og tala þess vegna um að hlutfallsleiðin sé einungis kjarabót fyrir þá sem hafi tekið lánin eftir 1992 en skattaleiðin eigi að koma öllum endurgreiðendum vel.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa mikið fleiri orð um þá skattaleið sem námsmannahreyfingarnar hefðu gjarnan viljað sjá að farin yrði. Það sama á við um BHM og gerir BHM vel grein fyrir röksemdum sínum í umsögn til nefndarinnar hvað þetta varðar.

Annan fyrirvara hef ég við frumvarp þetta sem lýtur að 1. gr., b-liðnum. Sú grein fjallar um málskotsréttinn og frestun réttaráhrifa úrskurðar málskotsnefndarinnar. Námsmannahreyfingarnar og BHM hafa ígrunduð rök fyrir því að verið sé að fara út á hæpna braut og ég sé ekki annað en að færð séu sannfærandi rök fyrir því í umsögnum aðilanna til hv. menntamálanefndar. Greinin gerir ráð fyrir að hægt sé, að kröfu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, að fresta réttaráhrifum úrskurðarmálskotsnefndarinnar og stjórnin geti síðan borið málið undir dómstóla með ákveðn-

um 30 daga fresti. Í umsögn BHM um þetta atriði segir að málskotsnefndin hafi nú þegar slíka heimild samkvæmt gildandi lögum, sbr. 1. málslið 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. BHM segir því í umsögn sinni að breytingin sé óþörf, enda sé óeðlilegt að mæla sérstaklega fyrir um rétt lægra setts stjórnvalds til slíkrar kröfugerðar gagnvart úrskurðarnefndinni sem á að vera og er sjálfstæð í öllum störfum sínum. Í umsögn BHM segir, að stjórn lánasjóðsins hafi ávallt haft fullkominn rétt og möguleika á hagsmunagæslu gagnvart málskotsnefndinni og yrði slík heimild til að óska frestunar áréttuð í lögum væri eðlilegt að rætt væri um að það væri „málskotsnefndin" en ekki „hún" — sem sagt persónufornafnið hún, sem gæti vísað til stjórnarinnar — í 1. málslið b-liðar til að ljóst sé að frestunarvaldið sé hjá málskotsnefndinni en ekki hjá stjórn lánasjóðsins. Lagatæknilega telur því BHM að ekki sé nægilega skýrt að orði kveðið.

BHM telur eðlilegt að setja inn efnisskilyrði við slíkt mat, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, sem heimilar þó einungis frestun á því er varðar fordæmisgildi úrskurðarnefndarinnar.

Varðandi málshöfðunarrétt lægra setts stjórnvalds gegn æðra stjórnvaldi telur BHM breytinguna beinlínis óeðlilega og telur að hún gangi gegn þeim meginreglum stjórnsýsluréttar um stigskiptingu stjórnsýsluvaldsins sem ætti að fara eftir í þessu tilfelli. Slíkt telja samtökin, Bandalag háskólamanna, vera algerlega fordæmalaust og telja að benda megi á að ríkisskattstjóri, sem fer með aðild að máli fyrir hönd gjaldkrefjenda samkvæmt áðurnefndum lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, hafi ekki heimild til málshöfðunar til ógildingar á úrskurðum yfirskattanefndar. Það vald hafi eingöngu fjármálaráðherra, skv. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/1992. Þess vegna telur BHM eðlilegt að valdið yrði í höndum menntamálaráðherra ef það á annað borð ætti að vera fyrir hendi en alls ekki hjá stjórn lánasjóðsins.

BHM tekur fram í umsögn sinni að það vilji að málskotsrétturinn verði fremur fluttur aftur til menntamálaráðherra, sem ber enda pólitíska og lagalega ábyrgð á málinu samkvæmt stjórnarskránni, í stað þess að veikja sjálfstæði sérfróðrar málskotsnefndar. Auðvitað er málið nokkuð flókið og lagatæknilegs eðlis. Þess vegna hefði ég viljað hafa rýmri tíma til að fara vel yfir málið í nefndinni og óskaði eftir því að við fengjum stjórnsýslufræðing til að gera okkur fulla grein fyrir því hvað hér um ræðir og hvað sé fólgið í breytingunni og á hvern hátt leiðin sem BHM vill fara kæmi út. Það reyndist ekki tími til þess svo ég hef áskilið mér fullan rétt til þess að hafa alla fyrirvara við greinina. Ég tel rétt að taka það fram að ég áskil mér enn þann rétt að flytja breytingartillögu við málið hvað þetta varðar þó það verði ekki gert fyrr en við 3. umr. Þegar nægt tóm og nægur tími hefur gefist til að skilja þetta ofan í kjölinn og sjá hvort verið sé að fara inn á mjög óæskilega braut, eins og ég tel BHM vera búið að rökstyðja mjög vel, kem ég til með að taka ákvörðun um það hvort ég flyt breytingartillögu við málið.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið við að gera grein fyrir fyrirvörum mínum sem vörðuðu þessar tvær greinar og læt því máli mínu lokið.

[21:02]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði í ræðu sinni. Þetta mál er afar ánægjulegt fyrir námsmenn og bætir hag þeirra að lækka endurgreiðsluhlutfall námslána verulega. Ég varð fyrir ákveðnum vonbrigðum með að þingmaðurinn skyldi ekki vera fullkomlega sátt við þá leið sem hér er farin en námsmenn geta verið sáttir.

Þingmaðurinn vék að ákvæðum b-liðar 1. gr. frumvarpsins og gerði rökstuðning BHM að sínum þegar hún gagnrýndi regluna sem þar kemur fram. Eins og fram kom í ræðunni telur BHM að heimildin sem þar á að vera til staðar sé fordæmalaus. Það er ekki rétt. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er fyrirmyndin, fordæmi þess sem hér um ræðir, sótt annars vegar í lög um almannatryggingar og hins vegar í upplýsingalög. Heimild eins og sú sem hér er til umræðu liggur því fyrir í lögum nú þegar.

Það er hins vegar rétt hjá þingmanninum að meginregla stjórnsýsluréttarins er sú, eins og fram kemur í 29. gr. stjórnsýslulaganna, að kæra frestar ekki réttaráhrifum en samkvæmt 2. mgr. er æðra stjórnvaldi heimilt að fresta réttaráhrifum ef talin er ástæða til. Sú meginregla varðar réttindi borgaranna gagnvart stjórnvöldum.

Í frumvarpinu er lagt til að stjórn sjóðsins hafi eitthvað um það að segja ef niðurstaða málskotsnefndarinnar hefur mikil fjárhagsleg áhrif á hagsmuni sjóðsins og geti farið fram á að málskotsnefndin fresti réttaráhrifum. Það breytir því hins vegar ekki, eins og fram kemur í greininni, að málskotsnefndin hefur alltaf síðasta orðið um það hvort sá frestur er veittur eða ekki.

[21:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og skilja mátti af andsvari hv. þingmanns, sem stóð yfir í tvær mínútur og nægði ekki hv. þingmanni til að útskýra það sem hér um ræðir, er hér um nokkuð flókið lagatæknilegt mál á ferðinni. Þess vegna óskaði ég eftir því við menntamálanefnd að við fengjum stjórnsýslusérfræðing til að ræða málið ofan í kjölinn.

Hér erum við að fjalla um álitaefni og þótt hv. þingmaður telji að í greinargerðinni séu nefnd fordæmi, þ.e. í almannatryggingalögum og upplýsingalögum, þá dregur BHM að mínu mati fram afar sannfærandi rök fyrir því að fordæmin eigi ekki við í þessu tilfelli þar sem réttur er færður í hendur lægra settu stjórnvaldi gagnvart hinu hærra setta, þ.e. að stjórn lánasjóðsins eigi að hafa aukinn rétt umfram málskotsnefndina, sem á að mati BHM að vera fullkomlega sjálfstæð og óháð í störfum sínum. Það er fyrst og fremst þetta sem BHM gagnrýnir.

Ég tel eðlilegt að við fáum tíma til að ræða og fara virkilega ofan í saumana á málinu, hvort þetta sé fordæmalaust, hvaða fordæmi séu og hvort þau eigi við í þessu tilfelli. Til þess þurfum við sérfræðinga og tíma til að skoða málið.

[21:05]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta mál er alls ekki flókið. Það er í raun sáraeinfalt. Með ákvæðinu er ekki verið að færa lægra settu

stjórnvaldi vald umfram það sem hærra sett stjórnvald hefur. Neðra stjórnvaldið, þ.e. stjórn LÍN, kemur aldrei til með að geta tekið ákvarðanir málskotsnefndarinnar í gíslingu. Í ákvæðinu segir einfaldlega að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna geti fyrir hönd sjóðsins krafist þess að réttaráhrifum verði frestað. Það er málskotsnefndin sem tekur ákvörðun um það hvort til slíkrar frestunar kemur ef hún telur ástæðu til þess. Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna tekur ekki þá ákvörðun heldur þarf hið hærra setta stjórnvald að telja ástæðu til að fresta réttaráhrifum úrskurðarins.

Af hverju skyldi þessi regla vera sett inn? Jú, það er vegna þess að ákvarðanir málskotsnefndarinnar geta skipt verulegu fjárhagslegu máli fyrir sjóðinn. Stjórn sjóðsins á að hafa eitthvað um það að segja ef úrskurður nefndarinnar getur haft veruleg fjárhagsleg áhrif á afkomu hans og stöðu hans. Þetta er því alveg kristaltært og ekki gripið fram fyrir hendur æðra setts stjórnvalds. Lægra stjórnvaldinu er hins vegar gefinn umþóttunartími og möguleiki á að óska eftir því við æðra sett stjórnvald að réttaráhrifunum verði frestað. En það er alltaf endanleg ákvörðun hins æðra stjórnvalds hvort við þeirri ósk verði orðið eða ekki.

Það er ekki verið að taka fram fyrir hendurnar á einum eða neinum í þessu máli. Ég bendi enn og aftur á að þetta ákvæði á sér fordæmi í almannatryggingalögum.

[21:08]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Gott og vel. Látum sem að hér sé einungis um þessa fyrstu setningu málsgreinarinnar að ræða, þ.e. þá sem hv. þingmaður gerði að meginefni andsvars síns:

„Að kröfu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir hönd sjóðsins getur málskotsnefnd frestað réttaráhrifum úrskurðar telji hún ástæðu til þess."

Þá erum við komin að þessu persónufornafni sem BHM gerir athugasemd við og telur ekki nægilega skýrt að átt sé við málskotsnefndina heldur geti það allt eins vísað til stjórnar lánasjóðsins.

Séu áhöld um slíkt þá ætti það að vera hægur vandi fyrir menntamálanefnd að gera tillögu til úrbóta, bara hvað þetta varðar. Eins og hv. þingmaður túlkar þessa setningu þá er átt við málskotsnefndina með persónufornafninu en ekki stjórn lánasjóðsins. (**SKK:** Það kemur fram í lögskýringargögnum.) Það kemur fram í lögskýringargögnum, segir hv. þingmaður. Það er gott og vel en ég tel að það hefði verið afar gott fyrir nefndina, þar sem ekki eru allir lögfræðimenntaðir í nefndinni, að fá stjórnsýslusérfræðing til að rýna betur í málið með okkur. En eins og ég segi þá er ég ekki á móti málinu. En þessi grein stendur verulega í mér.

Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns, að inntakið og hin pólitísku tíðindi í þessu frumvarpi eru nokkuð sem ber að fagna. Prinsippið er þess eðlis. Það er gott að lækka skuli endurgreiðslubyrði námslánanna en þegar við fáum svo alvarlegar ábendingar, sem eru þar að auki nokkuð flóknar fyrir sum okkar a.m.k., tel ég að við þyrftum að hafa rýmri tíma til að fara í saumana á málunum.

[21:10]

Frsm. menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið farið ágætlega í gegnum b-lið 1. gr. og væri réttast fyrir hv. þingmann að setja sig í spor okkar í stjórn lánasjóðsins ef við fengjum á okkur úrskurði sem valda mundu verulegum fjárútlátum fyrir sjóðinn. Það væri slæmt að þurfa að bera ábyrgð á því án þess að geta nokkuð haft um það að segja. Hv. þingmaður verður að reyna að skilja hvað er þarna á ferðinni.

Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fór mjög vel í gegnum lagalegar hliðar málsins en hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vitnaði í námsmannahreyfingarnar og BHM, eins og BHM væri stóri sannleikurinn í þessu máli. Námsmannahreyfingarnar voru ekki mjög jákvæðar og sögðu þetta lítið skref í rétta átt. Þetta er auðvitað mjög stórt skref sem hér er stigið.

Aðferðin sem BHM lagði til var sú að fara þessa tekjuskattsleið, þ.e. með afslátt á tekjuskattinn. Skattafsláttaleið BHM kostar alltaf ákveðið mikið, hún kostar 700 millj. kr. og það yrði tekið beint úr ríkissjóði. Það væri gott fyrir sjóðinn og hefði ekkert að segja varðandi fjárstreymi til hans. En þar væru teknar beint úr ríkissjóði 700 millj. kr. Það er tillaga BHM. Við fórum bil beggja í þessu. Það var að breikka stofninn sem við reiknum afborganir af og hins vegar að taka 260–340 millj. kr. úr ríkissjóði. Þannig var þetta gert.

Varðandi stjórnsýslufræðinginn sem um var rætt, sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi, þá hefur verið unnið að því að reyna að fá þann ágæta stjórnsýslufræðing í nefndina, eins og ég lofaði, og vonandi ætti það að geta gengið á föstudagsmorgun.

[21:12]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því og þakka hv. formanni menntamálanefndar fyrir að málið skuli verða kallað inn til nefndarinnar aftur milli 2. og 3. umr. og að unnið sé að því að fá stjórnsýslufræðing til að skýra þetta nánar fyrir okkur sem höfum ekki botnað í þessu jafn vel og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson.

Varðandi hitt sem ég sagði, er ég vitnaði til umsagnar námsmannahreyfinganna um að þau teldu þetta lítið skref í rétta átt, þá voru það ekki mín orð, þannig að það sé alveg á hreinu. Hins vegar er það kristaltært að ríkissjóður er ævinlega að fjármagna sjóðinn. Lánasjóður íslenskra námsmanna er fjármagnaður af ríkissjóði. Ég sé því ekki að það skipti sköpum þótt 700 millj. kr. hefðu farið í skattendurgreiðsluleiðina. Ég sé ekki að það skipti sköpum því að ríkissjóður er hvort sem er í ábyrgð fyrir sjóðinn og fjármagnar sjóðinn frá upphafi til enda.

Ég tel, án þess að ég viti það fullkomlega, að það hafi ekki verið fullreynt að ná samkomulagi milli námsmannahreyfinganna og stjórnar lánasjóðsins í þessu máli. Ég veit ekki nákvæmlega hvernig starfið í nefndinni gekk fyrir sig. Ég veit ekki hvort námsmannahreyfingarnar töldu sig hafa fengið nægan tíma til að vinna málið, til að sannfæra þá sem voru á öndverðum meiði eða hver rök stjórnar lánasjóðsins voru í þessum efnum. Þetta er eitt af því sem við í nefndinni höfðum ekki ráðrúm til að fara nægilega vel í

gegnum, hæstv. forseti, að mínu mati.

[21:13]

Frsm. menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Rétt til að skýra það fyrir hv. þingmanni varðandi starfið í nefndinni voru þessar tvær leiðir til umfjöllunar, þ.e. leiðin sem varð fyrir valinu og hins vegar BHM-leiðin. Síðan vildi svo merkilega til að námsmannahreyfingarnar komu með þá leið nánast óbreytta sem sínar tillögur. Það vakti athygli okkar sem störfum í nefndinni. Ég held að nefndin hafi haldið níu eða tíu fundi þar sem m.a. þetta var tekið fyrir. BHM var kallað til nefndarinnar og gefinn kostur á að skýra hugmyndir sínar en síðan komu þær orðréttar í tillögum námsmannahreyfinganna. Þegar þær tillögur sem hér eru voru ræddar við námsmannahreyfingarnar þá tók t.d. fulltrúi stúdentaráðs mjög jákvætt í þessa leið. Þetta er jákvætt fyrir stúdenta.

Þegar frumvarpið verður að lögum þýðir það að ríkissjóður greiðir 52–53% með lánasjóðnum, þ.e. ef einhver tekur 1000 kr. að láni á ríkið að borga 520 kr. Styrkurinn frá ríkinu er 52% af því sem hver stúdent tekur að láni. Þessi sjóður er félagslegur jöfnunarsjóður og gefur jafnrétti til náms. Þessa hefur verið mjög vel gætt. Hins vegar hefur verið reynt að halda hinu gagnstæða fram en það stenst alls ekki. Sjóðurinn býður upp á bestu þjónustu sem námsmenn geta fengið í heiminum. Enginn hefur getað bent mér á sjóð sem stendur sig eins vel. Bandaríkjamenn tóku þennan sjóð sér til fyrirmyndar þegar þeir byggðu upp lánasjóð sinn á sínum tíma. Þeir voru mikið hér fyrir 5–7 árum.

[21:16]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Lánasjóður íslenskra námsmanna er sannarlega alls góðs maklegur. Ég tek undir orð hv. þm. Gunnars Birgissonar að hann er félagslegur jöfnunarsjóður og ríkið hefur staðið vel á bak við sjóðinn og hann er til fyrirmyndar. Um allt þetta erum við sammála, en þá verðum við líka aðeins að horfa í gegnum fingur og hafa skilning á því þegar þarf að breyta lögum um sjóðinn að þá geti verið mismunandi sjónarmið uppi.

Hv. þingmaður sagði í fyrra andsvari sínu að BHM væri ekki einhver stóri sannleikur í málinu. Hv. þingmanni virðist hafa gramist það að námsmannahreyfingarnar skyldu gera sjónarmið BHM að sínum í starfinu í nefndinni.

Gott og vel. Þar voru andstæð sjónarmið á ferðinni og ævinlega þegar andstæð sjónarmið eru um hlutina en samt sem áður sameiginlegt takmark þarf oft að sýna ákveðna kænsku til að komast að sameiginlegri niðurstöðu sem allir verða ánægðir með. Ég vildi óska þess að námsmannahreyfingarnar og BHM sem fólkið sem nýtir sjóðinn og nýtir sér sem stéttarfélag þegar út er komið að stórum hluta, að þetta fólk hefði getað verið sátt við þá leið sem valin er. Sáttara en raun ber vitni. Þó allir segi auðvitað, námsmannahreyfingarnar, BHM, ég og flokksfélagar mínir að verið sé að stíga mikilvægt, jákvætt skref, verður hv. þm. Gunnar Birgisson að skilja að það hafa verið ólík sjónarmið uppi um þetta og menn hafa ekki náð að sætta þau fullkomlega þar sem önnur leið var valin en sú sem hinir hefðu kosið. Eðli málsins samkvæmt er erfitt að ná sameiginlegri lendingu. Það þekkjum við sem störfum í stjórnmálum og ég held að í þessu tilfelli hefði mátt vinna betur í að ná sáttum, en engu að síður fagnar maður lokaniðurstöðunni.

[21:18]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fór ágætlega yfir þá fyrirvara sem við þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna höfum við málið og kom ágætlega fram sá ágreiningur sem uppi er, bæði í nefndinni og hjá þeim sem málið er skylt, BHM og fleirum út af umræddri grein, b-lið 1. gr. frumvarpsins, sem hv. þingmaður rakti ágætlega og síðan rakti hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson það viðhorf sem hann hefur í málinu og hvernig hann túlkar það.

Það var samkomulag í nefndinni að stjórnsýslufræðingur yrði kallaður fyrir nefndina á milli 2. og 3. umr. Mér skilst á formanni nefndarinnar og öðrum nefndarmönnum sem véla um það með honum að allt útlit sé fyrir að stjórnsýslufræðingurinn Páll Hreinsson komi fyrir nefndina síðar í vikunni. Þá gefst nefndarmönnum færi á því að leiða með einhverjum hætti til lykta hvernig málum sé háttað og hvort þær nokkuð afdráttarlausu athugasemdir sem BHM gerir í III. kafla umsagnar sinnar um umræddan lið, eins og BHM segir, með leyfi forseta:

„Að því er varðar hið síðara — málshöfðunarrétt lægra stjórnvalds gegn æðra stjórnvaldi — telur BHM þessa breytingu afar óeðlilega og ganga gegn meginreglum stjórnsýsluréttar um stigskiptingu stjórnsýsluvaldsins. Er slíkt og algerlega fordæmalaust og má m.a. benda á að ríkisskattstjóri, sem fer með aðild að málum f.h. gjaldkrefjenda [...] hefur ekki heimild til málshöfðunar til ógildingar á úrskurðum yfirskattanefndar."

BHM leggur til í umsögn sinni að málskotstigið verði fremur flutt aftur til menntamálaráðherra sem beri enda pólitíska og lagalega ábyrgð á þessum málum samkvæmt stjórnarskránni, í stað þess að veikja sjálfstæði sérfróðu málskotsnefndarinnar.

Taka má undir álit BHM um frumvarpið og mjög eðlilegt að málið verði leitt að fullu til lykta eins og kostur er, þannig að nefndarmenn hafi nokkuð skýrt hvaða túlkun er rétt, túlkun sú sem BHM leggur fram og hefur áreiðanlega lögfróða menn að baki því áliti sínu. Þetta er vandvirknislega unnið álit hjá BHM og ástæðulaust að afskrifa þær aðfinnslur. Því er rétt er að leiða það til lykta og fá úr því skorið hvort álitið eigi við rök að styðjast eða sú túlkun sem eini löglærði nefndarmaðurinn, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hefur haldið fram bæði í nefndinni og í andsvari við hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur sem mælti á undan mér. Það þarf því að vera alveg á hreinu hvað um sé að ræða, hvort þetta sé óeðlilegt, hvort þetta sé vond breyting eða hvort stjórn LÍN eigi að hafa þennan rétt.

Ég tel ekki óeðlilegt að færa þetta til menntamálaráðherra sem ber hina pólitísku ábyrgð á málinu og ber hina pólitísku ábyrgð á rekstri sjóðsins. Ég get því vel ímyndað mér að sú leið sem BHM leggur til sé ekki óeðlileg og jafnvel hin ágætasta í málinu. Hvort sem hitt stenst og eigi sér fordæmi eins og hv. þingmaður gat um áðan í almannatryggingalögum o.s.frv. getur breytingin samt sem áður einungis verið til bóta. Ég tel að svo sé, en það ræðum við bet-

ur í nefndinni og við 3. umr. verður væntanlega búið að ræða málið að fullu.

Svona vill þetta oft verða þegar fáir dagar eru til umráða til að klára mál. Það liggur á að klára þetta mál fyrir hátíðahöld kristinna manna sem bresta á eftir stuttan tíma og þingið fer í 40 daga frí, og í raun ástæða til að harma það því þetta er hið ágætasta mál eins og fram hefur komið. Ég held að allir stjórnmálaflokkarnir, alla vega Framsóknarflokkur og Samfylkingin, hafi haft það á stefnuskrá sinni hreint og klárt að lækka endurgreiðslubyrðina með þessum hætti.

Við, nokkrir samfylkingarþingmenn, fluttum frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þar er ein af tillögðum breytingum að lækka endurgreiðslubyrðina um þetta prósent niður í þessa upphæð. Aðrar breytingar sem við leggjum til eru að ábyrgðarmannakrafan verði afnumin hjá sjóðnum og að skoðað verði að hluti af lánum breytist í styrk hafi eðlilegri og tillagðri námsframvindu verið haldið.

Hv. formaður nefndarinnar kom inn á það að einn banki hér í borg, Landsbanki Íslands, gæfi námsmönnum kost á því að kaupa sér ábyrgð hjá bankanum til 15 ára gegn ákveðnu ábyrgðargjaldi. Það er góð breyting og ástæða til að fagna því að bankinn skyldi að einhverju leyti taka ómakið af stjórnvöldum. Af því að ég minntist á að flokkarnir hefðu haft það á stefnuskrá sinni að lækka endurgreiðslubyrði námsmanna, hafa bæði Framsóknarflokkur og Samfylking það einnig skýrt á stefnuskrá sinni að afnema ábyrgðarmannakröfuna. Sex þingmenn Framsóknarflokksins, að mig minnir, fluttu þingmál um það á síðasta þingi og er þáttur um lánasjóðsmál okkar þingmanna Samfylkingarinnar. Ég held að þar sé um mikið réttlætismál að ræða og mjög eðlilegur liður í þeim breytingum sem eru að verða í lánaumhverfi okkar almennt þar sem mjög eðlilegt er að fólk gangist í sjálfskuldarábyrgðir, en ekki sé verið að gera þessa kröfu, enda mismunar það klárlega námsmönnum um aðgang að láni, um aðgang að félagslega jöfnunarsjóðnum, því það blasir við að það hafa ekki allir sama aðgang að ábyrgðarmönnum, að fólki sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til ábyrgðarmanna, um að fólk eigi eignir, standi vel fjárhagslega o.s.frv.

Það er morgunljóst að það eiga ekki allir foreldra, vandamenn eða nána vini sem þeir geta leitað til um slíka kröfu. Þar með er verið að halda því fólki frá því að geta nýtt sér þjónustu hins félagslega jöfnunarsjóðs sem, eins og fram kom hjá hv. formanni nefndarinnar áðan, er félagslegur jöfnunarsjóður að mjög miklu leyti. Þá er ekki verið að tala um að verið sé að mismuna fólki aðgengi að einhverri venjulegri lánastofnun eftir því hvort það hefur aðgang að ábyrgðarmanni eða ekki, heldur er verið að mismuna fólki um aðgang að félagslegum jöfnunarsjóði sem niðurgreiðir lán sín yfir 50%.

Því ber að skoða málið í sambandi við ábyrgðarmannakröfuna í því ljósi að verið er að mismuna fólki um aðgang að einum mikilvægasta jöfnunarsjóði í samfélaginu. Því er algjörlega óviðunandi að ábyrgðarmannakrafan skuli ekki vera felld niður í breytingunum á Lánasjóði íslenskra námsmanna og fjarri lagi að tilboð eins banka bæti þar úr að fullu þó það sé að sjálfsögðu mjög góð breyting og bankarnir eigi að sýna slíkt réttlætisframkvæði beri stjórnvöld ekki gæfu til að gera það. Það er ástæða til að brýna stjórnvöld í framhaldinu af því að þetta ágæta mál verður afgreitt frá Alþingi fari fram frekari endurskoðun á Lánasjóði íslenskra námsmanna, sérstaklega með það að markmiði að afnema ábyrgðarmannakröfuna, skoða hvort rétt sé og hvað það mundi kosta ef hluti lána breyttist í styrk af ákveðinni námsframvindu fenginni; þriðjungur, fjórðungur o.s.frv. Það þarf að reikna þetta út, hafa þetta svart á hvítu og skoða hvaða leiðir eru bestar að markmiðinu. Við vitum að ef hluti lána breyttist í styrk mundi verulegur hluti námsmanna ljúka námi sínu fyrr, sem er talsverður sparnaður fyrir háskólana og svo mætti lengi telja. Þetta er efni í aðra umræðu, ítarlegri og lengri og á þessari notalegu kvöldstund sem við eigum hér saman á Alþingi í umræðum um menntamál ætla ég ekki að dvelja mikið lengur við þetta atriði, enda margt annað órætt.

Ég ætla að koma inn á eitt annað í sambandi við hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna og þær umræður sem hafa verið um sjóðinn og hlutverk hans. Í umræðum á hinu háa Alþingi í fyrradag um niðurlagningu Tækniháskóla Íslands og sameiningu hans við Háskólann í Reykjavík og stofnun nýs einkahlutafélags utan um rekstur þess sameinaða skóla kom mjög skýrt fram að verið er að taka eina námsgrein, grunnnám á háskólastigi, út úr ríkisreknum háskólum, leggja hana niður og inn í annan skóla, sem sagt tæknifræðina. Ef sú breyting verður að lögum verður ekki hægt að nema tæknifræði á Íslandi nema í einkareknum háskóla gegn verulegum skólagjöldum. Vissulega er hluti af lánum niðurgreiddur og þar kem ég einmitt að kjarna málsins, að við þær umræður var því lýst yfir að jöfn staða til náms ætti að nást í gegnum lánasjóðinn. Lánasjóður íslenskra námsmanna ætti að lána fyrir skólagjöldunum, lánasjóðurinn ætti að lána fyrir skólagjaldavæðingu grunnnáms á háskólastigi á Íslandi án þess að nokkurs staðar hafi verið tekin einhver umræða um það. Þó svo það blasi við að skólagjaldaleiðin verði farin og skólagjöld há og hærri almennt lögð á grunnnám í ríkisháskólunum munu menn að sjálfsögðu fara þá leið að lána fyrir þeim. En þá er verið að leggja verulegar fjárhagslegar byrðar á Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Talandi um það og peningana sem koma allir úr ríkissjóði og að þetta kosti og hitt kosti, þá er verið að tala um að færa yfir á sjóðinn verulegan hluta af fjármögnun háskólastigsins á Íslandi. Ríkið hefur staðið illa að rekstri og uppbyggingu Tækniháskólans. Það vita allir og þarf ekki að leita lengur sannana fyrir því miðað við hallareksturinn á skólanum á undanförnum árum. Hann hefur verið hálfgert olnbogabarn. En allt um það. Þeim vanda á nú að stórum hluta að velta yfir á Lánasjóð íslenskra námsmanna sem á hér eftir að greiða fyrir talsverðan hluta af því námi sem þar er stundað. Segjum að skólagjöld upp á 200 þús. á ári standi undir alla vega þriðjungi af kostnaði við hvern nemanda, þá er verið að velta rekstrarvandanum yfir á lánasjóðinn og fjármagna nám á háskólastigi að stórum hluta í gegnum Lánasjóð íslenskra námsmanna. Það getur vel verið að það sé hin ágætasta leið.

En um það höfum við aldrei tekið umræðu. Ég vil segja um þetta ágæta mál þar sem endurgreiðslubyrðin er lækk-

uð, mál sem Samfylkingin barðist fyrir í kosningabaráttunni og styður hér með ákveðnum fyrirvörum um aðra þætti frumvarpsins, er að við eigum að taka ítarlega umræðu um heildstæða endurskoðun á hlutverki Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Er það framtíðarhlutverk sjóðsins að standa að stóru leyti undir fjármögnun á grunnnámi á háskólastigi? Það er sú leið sem hæstv. menntamálaráðherra og yfirvöld virðast vera að fara og blasir við hvað varðar tækninámið, grunnnámsgrein á háskólastigi sem verið er að leggja inn í einkavæddan skóla gegn háum skólagjöldum. Skólagjöldunum segir hæstv. ráðherra að eigi að lána fyrir úr Lánasjóði íslenskra námsmanna og þar með er fjármögnunin að verulegu leyti komin inn í sjóðinn.

Því vil ég beina spurningum til hv. formanns nefndarinnar: Hvernig líst honum á þessa þróun og hefur þetta nýja hlutverk lánasjóðsins verið rætt sérstaklega og munu því fylgja aukin framlög til sjóðsins frá ríkisvaldinu? Hérna er verið að tala um að þetta frumvarp kosti 265–340 milljónir eins og áréttað er hér og leiðrétt úr tölum frá fjármálaráðuneytinu. Þetta gætu orðið smámunir miðað við hvað það mundi kosta sjóðinn að eiga að standa að stórum hluta undir grunnnámi í háskólum á Íslandi. Því væri fróðlegt að fá smá innsýn í hugarheim sjálfstæðismanna, hvernig þeir ætla að standa að skólagjaldavæðingunni svona holt og bolt. Eða er þetta algjörlega órætt mál gripið héðan og þaðan úr lausu lofti án þess að tengja nokkurs staðar? Í allri umræðu um hlutverk, stöðu og framgang sjóðsins er þetta algjört lykilatriði.

Þá vildi ég koma örlítið að því sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerði annars einnig alveg prýðilega grein fyrir. Ég ætla ekkert að endurtaka það í ítarlegu máli af því að hún fór mjög vel yfir þetta. En námsmannahreyfingarnar hafa allar sem ein lagt áherslu á að skattafsláttarleiðin verði farin í stað þess að endurgreiðslubyrðin verði lækkuð að þessu leyti, þ.e. að endurgreiðslubyrðin verði létt með frádrætti í skattkerfinu, að veita endurgreiðendum námslána skattafslátt af árlegri afborgun til LÍN.

Í umsögn Bandalags íslenskra námsmanna segir að að mati námsmanna sé með þeirri leið sem hér er farin, þ.e. lækkun endurgreiðslu úr 4,75 í 3,75, um að ræða lítið skref í rétta átt eins og hent hefur verið hér á lofti. En námsmenn sjá sér þó ekki fært að styðja þessa tillögu í ljósi framangreindra raka. Þeir leggja mikla áherslu á skattafsláttarleiðina og vel getur verið og ekki ætla ég að útiloka það að það sé betri leið að mörgu leyti og réttlátari o.s.frv. Það ræðum við að sjálfsögðu líka í umræðum um framtíðarhlutverk sjóðsins og ef við förum að innleiða há skólagjöld, miklu hærri skólagjöld á grunnnámi á háskólastigi og lánasjóðurinn eigi að lána fyrir þeim þá hljóta menn einnig eins og Bretarnir að tekjutengja afborganir af námslánum að verulegu leyti þannig að hluti námsmanna greiði þau aldrei niður eða litlu leyti — þeir sem eru tekjulægri — en þeir sem eru tekjuhæstir greiði þau upp að öllu leyti, hratt, fljótt og vel. Þetta er sú niðurstaða sem náðist í Bretlandi. Sjálfstæðisflokkurinn og stjórnvöld hér virðast vera að fara einhverja slíka leið án þess að vilja ræða það eða kannski án þess að geta rætt það því að ég held að málið sé algjörlega óuppgert í Sjálfstæðisflokknum einnig. Þó Heimdallur hamri járnið og einhverjir fleiri þá hefur hæstv. menntamálaráðherra sagt að í hennar tíð verði ekki tekin upp skólagjöld í grunnnámi á háskólastigi. En það er samt verið að því með fjallabaksleið, með því að leggja niður skóla, leggja niður námsgreinar og leggja þær í einkavæddan skóla. Þetta þurfum við að ræða mjög ítarlega og ef og þegar einhverjar slíkar breytingar ganga yfir þá tel ég einboðið að farin verði skattafsláttarleiðin í stað og meðfram þessari hér. Sú umræða bíður seinni tíma. En ég vildi að það kæmi skýrt fram að við fulltrúar Samfylkingarinnar og fleiri tökum undir það með námsmönnum að það sé vænleg og góð leið og hún mun að sjálfsögðu verða skoðuð vel og vandlega í fyllingu tímans.

Hægt væri að ræða hér í alla nótt um lánasjóðinn og það breytta hlutverk sem við erum að finna út í þingsölum að honum sé ætlað og búið án þess að það hafi nokkurs staðar annars staðar komið fram eða verið rætt nema hv. formaður menntamálanefndar svipti hulunni af málinu og útskýri það hér á þeim örfáu mínútum sem honum gefast í andsvari, nema hann ætli í aðra ræðu.

[21:35]

Frsm. menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum bara að ræða þetta frumvarp sem hérna er undir en ekki um Tækniháskólanum. Það kemur seinna.

En það er rétt að taka það fram og fara yfir það fyrir hv. þingmann og aðra hér að á þessum lánum er einungis 1% vextir. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir 300 milljónum að meðaltali útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Og svo segir fólk bara ekkert hérna nema að þetta rétt svona sleppi, sé lítið skref í rétta átt o.s.frv., virðulegi forseti.

Það eru hvergi slík kjör í boði fyrir námsmenn í heiminum. Spurningin er síðan: Á að fara aðra leið? Á að vera með beina styrki og síðan, eins og á Norðurlöndunum, taka lán á markaðskjörum? Hér er ríkið að niðurgreiða lánin til námsmanna sem er um 52%.

Ef þetta frumvarp verður að lögum er reiknað með að endurgreiðslutími muni lengjast um fjögur til fimm ár, ef ég man rétt, úr 18 í 23 ár að meðaltali. Það er nú ekki alveg fram á gamalsaldur eins og kom fram í máli hv. þingkonu Kolbrúnar Halldórsdóttur. Svo er nú ekki.

Ég vil enn og aftur undirstrika að auðvitað eigum við að vera ánægð með það sem vel er gert. Það er alltaf hægt að gera betur og setja meiri peninga í þetta. En hvar á að draga línuna? Við verðum líka að átta okkur á því að menntun er fjárfesting. Einstaklingarnir eru að fjárfesta í sjálfum sér og sinni framtíð með menntun og auðvitað eiga menn að borga fyrir það að einhverju leyti. Við tökum svo umræðu um skólagjöldin þegar við ræðum hér Tækniháskólann, þegar þar að kemur.

[21:37]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Lítið skref í rétta átt er betra en stórt skref í vitlausa átt. Auðvitað höfum við tekið undir það að hér er um að ræða gott mál enda erum við samþykk því og erum með á nefndarálitinu með þeim fyrirvörum sem hér

hafa verið raktir. En þó það nú væri að menn hefðu fyrirvara um jafnstórt mál og þetta. En að sjálfsögðu fögnum við því að verið er að létta endurgreiðslubyrðina. Þó ekki sé í meira mæli en hér um ræðir er þetta að sjálfsögðu ágætt mál. Þetta með litla skrefið er úr umsögn námsmanna, minnir mig, og hefur verið marghent hér á lofti af hv. formanni.

Af því að hann talaði um þann útgjaldaauka fyrir ríkissjóð sem hér um ræðir þá spurði ég hann áðan hvað hann áætli að sú breyting á skólafyrirkomulagi okkar muni kosta sjóðinn að því sé velt yfir á hann án umræðu að fjármagna grunnnám á háskólastigi að verulegu leyti og ef Tækniháskólanemendur eiga að fara að taka lán fyrir sínum skólagjöldum, þ.e. hvaða útgjaldaauka það hafi í för með sér og hvort það mál hafi verið rætt sérstaklega á milli formanns menntamálanefndar og hæstv. menntamálaráðherra eða yfirmanna menntamála í landinu. Á hvaða stigi er þessi umræða á milli forustumanna Sjálfstæðisflokksins í menntamálum? Er hún ekki á neinu stigi, frumstigi? Með hvað er farið af stað í þessa umræðu? Hvert er markmiðið og hver er áætlaður kostnaður við að Lánasjóður íslenskra námsmanna eigi að stórum hluta eða að einhverju leyti að standa undir kostnaði við grunnnám á háskólastigi?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 348. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 394, nál. 575 og 592.

og

Kennaraháskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 349. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 395, nál. 576 og 593.

og

Háskólinn á Akureyri, 2. umr.

Stjfrv., 350. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 396, nál. 577 og 594.

[21:41]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég fer fram á að við ræðum þessi þrjú mál öll í einu. Þetta eru samkynja frumvörp og í raun alveg nákvæmlega eins. Ég fer fram á það við hæstv. forseta að við ræðum saman frumvörp um Háskóla Íslands, Kennaraháskólann og Háskólann á Akureyri.

(**Forseti** (HBl)**:** Ef ekki er gerð athugasemd við það þá mælir hv. þingmaður fyrir öllum málunum samtímis.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir.

Fyrsta málið er frumvarp til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, með síðari breytingum.

Frumvarpið hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „32.500 kr.“ í 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2005.

Nefndarálit meiri hluta menntamálanefndar hljóðar svo, með leyfi forseta:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Pál Skúlason og Tryggva Þórhallsson frá Háskóla Íslands, Ólaf Proppé og Guðmund Ragnarsson frá Kennaraháskóla Íslands, Þorstein Gunnarsson og Úlfar Hauksson frá Háskólanum á Akureyri, Erlu Ósk Ásgeirsdóttur og Jarþrúði Ásmundsdóttur frá stúdentaráði Háskóla Íslands, Jónínu Brynjólfsdóttur frá Iðnnemasambandi Íslands og Eyrúnu Jónsdóttur frá Bandalagi íslenskra námsmanna.

Umsagnir bárust nefndinni frá Samtökum atvinnulífsins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Iðnnemasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi íslenskra námsmanna, skólafélagi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, Visku – félagi stúdenta við Háskólann í Reykjavík, stúdentaráði Kennaraháskóla Íslands, stúdentaráði Háskóla Íslands og Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Í frumvarpinu er lagt til að hámarksfjárhæð skrásetningargjalds verði hækkuð úr 32.500 kr. í 45.000 kr. á heilu skólaári.

Meiri hlutinn bendir á að orðin „allt að“ í 1. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna séu óþörf enda liggur nú fyrir að fjárhæð skrásetningargjaldsins er lægri en kostnaðurinn við skrásetningu samkvæmt nánar sundurliðuðu yfirliti sem birtist í fylgiskjali I með frumvarpinu. Meiri hlutinn leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

1. gr. orðist svo:

Í stað orðanna: „allt að 32.500 kr.“ í 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

Undir þetta skrifa Gunnar Birgisson, formaður og framsögumaður, Dagný Jónsdóttir, með fyrirvara, Birkir J. Jónsson, Kjartan Ólafsson og Sigurður Kári Kristjánsson.

Síðan er hér frumvarp á þskj. 395 um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands, með síðari breytingum.

Þar eru 1. og 2. gr. alveg samhljóða frumvarpinu um Háskólann.

Svo er nefndarálit frá meiri hluta menntamálanefndar þar sem segir að nefndin hafi fjallað um málið og fengið á sinn fund sömu gesti og áður voru nefndir og sömu umsagnir.

Svo segir í nefndarálitinu, með leyfi forseta:

Í frumvarpinu er lagt til að hámarksfjárhæð skrásetningargjalds verði hækkuð úr 32.500 kr. í 45.000 kr. á heilu skólaári.

Meiri hlutinn bendir á að í 3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur fram að skrásetningargjald skuli ekki vera hærra en sem nemur þeirri fjárhæð sem þar um ræðir. Meiri hlutinn telur að umorða þurfi setninguna þar sem nú liggur fyrir að fjárhæð skrásetningargjaldsins er lægri en kostnaður við skrásetningu samkvæmt nánar sundurliðuðu yfirliti sem birtist í fylgiskjali I með frumvarpinu. Meiri hlutinn

leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

1. gr. orðist svo:

3. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: Fjárhæð skrásetningargjalds er 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

Undir þetta skrifa Gunnar Birgisson, formaður og framsögumaður, Dagný Jónsdóttir, með fyrirvara, Birkir J. Jónsson, Kjartan Ólafsson og Sigurður Kári Kristjánsson.

Þriðja frumvarpið er frumvarp til laga um breyting á lögum um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, með síðari breytingum. Þar eru sömu gestir og voru á hinum nefndarálitunum og gefa samhljóða umsagnir, sem eru eftirfarandi:

Í frumvarpinu er lagt til að hámarksfjárhæð skrásetningargjalds verði hækkuð úr 32.500 kr. í 45.000 kr. á heilu skólaári. Meiri hlutinn bendir á að orðin „allt að“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna séu óþörf, enda liggur nú fyrir að fjárhæð skrásetningargjaldsins er lægri en kostnaðurinn við skrásetningu samkvæmt nánar sundurliðuðu yfirliti sem birtist í fylgiskjali I með frumvarpinu. Meiri hlutinn leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu: 1. gr. orðist svo: Í stað orðanna „allt að 32.500 kr.“ í 1. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: 45.000 kr. fyrir heilt skólaár.

Undir þetta skrifa Gunnar Birgisson, formaður og framsögumaður, Dagný Jónsdóttir, með fyrirvara, Birkir Jón Jónsson, Kjartan Ólafsson og Sigurður Kári Kristjánsson.

Gestir sem komu fyrir nefndina höfðu nokkuð mismunandi skoðanir um málið en báðir aðilar rökstuddu mál sitt nokkuð vel, sérstaklega þó rektorar háskólanna. Ég ætla ekki að ræða meira um þetta mál í bili, virðulegi forseti, en mun sjálfsagt fara í andsvör við hv. þingmenn hér á eftir.

[21:47]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason):

Forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti svokallaðs minni hluta menntamálanefndar um þessi þrjú mál. Við högum því þannig að við höfum í nefndarálitinu um Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, eða frumvarpinu um lagabreytingar um þær stofnanir, einfaldlega vísað til röksemda í frumvarpinu sem fyrst var fyrir, sem er frumvarpið um breytingar á lögum um Háskóla Íslands því að málið er auðvitað hið sama eins og reyndar kom fram í orðum og flutningi hv. þm. Gunnar Birgissonar, formanns menntamálanefndar, áðan.

Forseti. Með því frumvarpi sem hér um ræðir og þeim tveimur öðrum sem ég nefndi er ætlunin að hækka svonefnd skráningargjöld í þessum skólum þremur úr 32.500 kr. í 45 þús. kr. Með því er námsmönnum gert að greiða gjöld til að auka tekjur Háskóla Íslands um 100 millj. kr., Kennaraháskóla Íslands um 24 millj. kr. og Háskólans á Akureyri um 16 millj. kr. Í athugasemdum við hvert frumvarpanna segir, með leyfi forseta: „Ekki er gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrumvarpsins að innheimta gjaldanna komi til frádráttar fjárveitingum til ríkisháskólanna á fjárlögum.“

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis segir hins vegar, með leyfi forseta, enn á ný og vonandi í tilvitnunum í allri þessari ræðu sem að sjálfsögðu er að stofni til byggð á nefndarálitinu: „Útgjaldaheimild skólans í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 byggist á þeirri forsendu að skólinn nýti sér heimildina og afli 100 millj. kr. meiri tekna sem renni óskertar til hans.“ Hér ræðir um Háskóla Íslands og samsvarandi tala er í umsögnum um önnur frumvörp. Starfsmenn fjármálaráðherra segja því í umsögn sinni, gera ráð fyrir því í umsögn sinni að aðeins hækkunin, 12.500 kr., renni óskert til háskólanna hvað sem líður athugasemdum um frumvarpið. Þarna stangast sem sagt á athugasemdir við frumvarpið frá starfsmönnum menntamálaráðherra, við umsögn starfsmanna fjármálaráðherra. Ég kem að því betur á eftir.

Starfsmaður menntamálaráðherra, Valur Árnason, kom eins og áður segir í ræðu hv. þm. Gunnars Birgissonar á fund menntamálanefndar og sagði þá m.a. að hækkun gjaldsins væri ein af forsendum fjárveitingatillagna í fjárlagafrumvarpinu. Það er ljóst að við áætlun heildartekna skólans og skólanna þriggja, í menntamálaráðuneytinu og í fjármálaráðuneytinu, er gert ráð fyrir þessum auknu tekjum til þeirra. Þær bætast ekki við, hvorki að öllu leyti né einungis hækkunin, eins og um væri að ræða fundið fé eða einhvers konar gjafir. Með frumvörpunum er einfaldlega verið að færa hluta af útgjöldum ríkisins yfir á nemendur skólanna og það eru engar áætlanir uppi um sérstaklega bætta þjónustu samfara þessari gjaldtöku af nemendum. Enda kom það fram á fundum nefndarinnar með rektorum skólanna þriggja að verulega vantar á að fjárveitingar samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2005, sem nú er orðið að fjárlögum, nægi skólunum til starfa á komandi ári. Rektor Háskóla Íslands taldi að þar munaði hjá sér um 300–400 millj. kr. Rektor Háskólans á Akureyri nefndi um 100 millj. kr. sem þar vantaði upp á. Rektor Kennaraháskóla Íslands nefndi að sönnu enga upphæð þótt hann teldi að tölur í Kennaraháskóla Íslands væru vanmetnar en hann nefndi að um þúsund nemendum hefði verið vísað frá, verið neitað um skólavist til að hægt væri að halda skólunum innan fjárlagarammans. Til að rétt sé rétt sagði hann einnig að sennilega væri ekki um að ræða að allir þúsund hefðu komist inn í skólann, þótt ljóst væri að meiri hluti þeirra hefði gert það, þannig að ástæðan fyrir því að þeim var vísað frá er ekki að Kennaraháskólinn vilji hafa tiltekinn fjölda inni í skólanum og ekki fleiri, heldur sú að hann fékk hreinlega ekki fjárveitingar til þess að hleypa fleiri nemendum í sitt ágæta nám.

Meðan svona er ástatt um fjárveitingar til ríkisháskólanna þá er fáfengilegt, og í raun og veru tómt mál, að halda því fram að einhverjar upphæðir komi eða komi ekki til frádráttar fjárveitingum til ríkisháskólanna á fjárlögum, eins og það er orðað í athugasemdum með frumvörpunum öllum þremur.

Forseti. Ekki hefur tekist að fá úr því skorið hvers eðlis það gjald er sem í lögum og frumvarpi heitir skráningargjald. Í athugasemdum við frumvarpið um Háskóla Íslands, og hina skólana einnig, er vísað til álits umboðsmanns Alþingis frá árinu 2003 þar sem hann komst einkum að þeirri niðurstöðu að gjaldtakan væri lögmæt. Álitamálið sem hann var beðinn að skera úr var hvort um lögmæta gjaldtöku væri að ræða og hann komst að því að hún væri vissulega lögmæt þar sem Alþingi hefði samþykkt hana, með þeim hætti að ekki væri hægt að efast um það, en í áliti umboðs-

manns var hins vegar ekki skorið úr því hvort gjaldið væri skattur eða þjónustugjald og umboðsmaður Alþingis lenti greinilega í vandræðum með þá flokkun.

Nú kynnu menn að halda að það væri deila um keisarans skegg ekki keisarans skatt, sem er annars konar en keisarans skegg þó að stundum fái keisarar með skegg greiddan skatt, hvort álögur af þessu tagi eru þjónustugjöld eða skattar. Allajafna þarf hvort eð er að borga þannig að neytandanum, greiðandanum, skattþegninum má vera andskotans sama. En hér skiptir þetta nokkru máli því að ef um þjónustugjald væri að ræða þá ætti hver og einn sem gjaldið greiðir aðeins að greiða fyrir þá þjónustu sem látin er í té, honum sjálfum er látin í té en ekki einhverjum öðrum, því það er ekki eðli þjónustugjalda. Skattur er hins vegar lagður á samkvæmt allt öðrum grundvallarreglum eins og við vitum sem borgum skatt og hlítum því, sumir með glöðu geði og aðrir með súrum svip eftir grundvallarhugmyndum manna og þeirri ríkisstjórn sem skattinn leggur á hverju sinni, og við borgum hann óháð því hvaða þjónustu ríkisins við erum að nota. Við borgum skatt og sættum okkur við það að hann fari til lögreglu og fangelsismála þótt við þurfum ekki að eiga við lögreglu og séum ekki sett í fangelsi. Við borgum skatt með glöðu geði, eða a.m.k. án þess að efast um réttmæti þeirrar greiðslu, þó að við notfærum okkur t.d. ekki *á því ári hina góðu þjónustu í heilbrigðismálum* sem hér er rekin eða a.m.k. styrkt af hinu opinbera.

Að gjaldið heitir skráningargjald bendir til þess að hér sé um þjónustugjald að ræða. Það bendir líka til þess að um þjónustugjald sé að ræða að hæstv. menntamálaráðherra hefur í samræmi við það kallað eftir sérstökum skjölum frá háskólunum þremur, nú í fyrsta sinn, um kostnað eins og þar stendur „vegna skrásetningar og tengdrar þjónustu við stúdenta" í fylgiskjalinu frá Háskóla Íslands, „vegna skráningar og tengdrar þjónustu við nemendur" í fylgiskjalinu frá Háskólanum frá Akureyri og „vegna skrásetningar og þjónustu við stúdenta" frá Kennaraháskóla Íslands. Hér eru tilbrigði við stef og er auðvitað notalegt en kannski líka einkennandi fyrir þann anda sem fylgir þessum fylgiskjölum.

Í þessum plöggum, sem menn gætu haldið að væru greinargerð um hvers konar þjónusta er reidd af hendi fyrir þjónustugjaldið, er þó gert ráð fyrir að allir nemendur skólanna borgi sama gjaldið og nýti sér hnífjafnt þá þjónustu sem í boði á að vera og þarna er talin upp, en svo er allajafna ekki um þjónustugjöld.

Forseti. Við höfum nokkuð rætt um skólagjöld síðustu daga og við kynningu þessara þriggja frumvarpa hafa hæstv. menntamálaráðherra og starfsmenn hans í nefndinni og í fjölmiðlum neitað því að hér sé um skólagjöld að ræða. Að sjálfsögðu er ljóst að gjaldið nemur ekki nema litlum hluta þess kostnaðar sem skólarnir hafa af hverjum nemanda sínum, og er því ekki um gjald fyrir skólavist að ræða í þeim skilningi. Hitt er jafnljóst af vandlegri skoðun málsins að gjaldið sem er hið sama í öllum skólunum þremur er ekki miðað við tiltekinn kostnað á skráningu hvers nemanda. Gjaldið hefur fullkomlega óljóst andlag í þjónustu eða verkum sem fyrir það fást, bæði innan hvers skóla og þegar skólarnir eru bornir saman. Það væri auðvitað æskilegt að hæstv. menntamálaráðherra og stjórnendur skólanna, sem ekki er hægt að skilja hér undan enda koma plöggin frá þeim og eru á ábyrgð þeirra, að þetta fólk hygði að og hermdi hið sanna, sem er þetta: Hækkun þessa gjalds um 38,5% núna er ekkert annað en skref í átt að skólagjöldum, hvort sem það skref er stigið vitandi vits eða með bundið fyrir augun.

Því miður eru þessi skjöl um kostnað við skráningu, eða skrásetningu og aðra þjónustu henni tengda, ekki háskólanum til vegsauka. Það kom raunar fram og var viðurkennt á fundi menntamálanefndar með rektorunum að þarna væri margt matskennt, eins og það var orðað. Því ber líklega ekki að taka plöggin af fullri alvöru af hálfu skólastjórnendanna og enn er óljóst, þrátt fyrir að rektorarnir hafi komið á þennan fund með aðstoðarmönnum sínum, í hvers konar alvöru ber að taka þessi plögg. Um þá stöðu er það eitt að segja, að hún er ekki góð.

Það er hins vegar upplýst að menntamálaráðherra óskaði eftir þessum skjölum þegar málið var komið vel á veg. Sú staðreynd er auðvitað athyglisverð í því ljósi að allir semjendur plagganna komust að svipuðum tölulegum niðurstöðum um þennan kostnað, í orði kveðnu hver í sínu lagi, þó að þessir semjendur yrðu svo ekki samhljóða um forsendur útreikningsins eins og ágætlega má sjá þegar menn skoða fylgiskjölin og horfa t.d. á það að í fjölmennasta skólanum, Háskóla Íslands, er þessi kostnaður talinn mestur þar sem ætla mætti fyrir fram að hann væri minnstur. Hann er talinn 48.494 kr. á nemanda en í fámennasta skólanum, Háskólanum á Akureyri, er hann hins vegar nokkru lægri, 45.987 kr. Í Kennaraháskóla Íslands er hann aðeins 45.181 kr. og er þar lægstur í skólanum sem stendur á milli hinna tveggja að nemendafjölda.

Á fundi nefndarinnar með rektorunum kom fram hjá þeim öllum í mismiklum mæli að raunkostnaður skólanna við skráningu og tengda þjónustu sem þarna færi fram væri sennilega nokkru meiri en fram kemur í plöggunum. Út af fyrir sig er það sérkennileg yfirlýsing og sérstaklega í því ljósi að hinir sjálfstæðu útreikningar skólanna þriggja, sem allir teljast akademískar stofnanir og einn af þeim hefur haldið uppi merki akademíu á Íslandi í 93 ár, leiddu til niðurstöðutalna þar sem aðeins munar 3.313 kr., að vísu matskenndum. Það er líka athyglisvert að allar eru upphæðirnar lítið eitt hærri en sú upphæð sem til er lögð í frumvörpunum, 45 þús. kr. á nemanda, og mun hafa verið rætt um frá upphafi þessa máls. Um frekari greiningu á þessum skjölum skólanna má lesa í umsögnum Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri, sem eru fylgiskjöl við nefndarálit okkar í hinum svokallaða minni hluta og kannski verða síðar í umræðunni teknir saman úr þeim umsögnum svona heitustu bitarnir eða þær lesnar í heild sinni sem væri mjög vert en umsagnir fulltrúa nemenda um fylgiskjöl stjórnendanna eru vægast sagt afar athyglisverðar.

Forseti. Við 1 umr. um daginn um þessi þrjú frumvörp og í störfum nefndarinnar sem hafði þó ákaflega stuttan tíma hefur eftir megni verið reynt að grafast fyrir um rætur þessa máls, einkum sökum þess að í athugasemdum við frumvörpin er hækkunartillagan úr 32.500 kr. í 45 þús. kr. sögð „í samræmi við óskir ríkisháskólanna". Niðurstaðan af þessum tilraunum er sú að upphaf málsins virðist að rekja til rektors Háskóla Íslands í sambandi, virðist vera, við

hæstv. menntamálaráðherra í ársbyrjun og kann þó að vera hægt að rekja það til síðasta árs að nokkru innan háskólans. Voru nefnd nöfn í því sambandi sem ég ætla að hlífa mönnum við, bæði okkur og þeim, að fara með hér. Þá mun, eins og ég sagði áðan, strax hafa verið rætt um 45 þús. kr. en athyglisvert má telja að ef sú upphæð er margfölduð með áætluðum nemendafjölda nemur hún nákvæmlega 100 millj. kr. Ekki 99 millj., ekki 103 millj., ekki 96,5 millj., tölur sem við þekkjum úr raunútreikningum fjárlaga eða reikninga fyrirtækja eða stofnana, heldur 100 millj. kr. samkvæmt mati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins sem fram kemur í frumvarpinu um Háskóla Íslands. Þessi ráðagerð virðist síðan hafa borist til eyrna hinum rektorunum tveimur, öðrum þeirra á fundi rektoranna þriggja en hinum að frumkvæði hæstv. menntamálaráðherra eða starfsmanna hans. Þannig virðist þetta hafa gerst og þess vegna virðist nokkuð ofmælt að tala um óskir ríkisháskólanna í fleirtölu í þessu sambandi. Það er raunar erfitt að skilja aðdraganda þessa máls öðruvísi en svo að hæstv. menntamálaráðherra hafi gert þessa hækkun gjalda á námsmenn að skilyrði í viðræðum sínum við stjórnendur háskólanna þriggja um fjárveitingar fyrir 2005, óháð því hvar hugmyndin um töluna eða þessa aðferð kviknaði í upphafi.

Hækkun hinna svokölluðu skráningargjalda samkvæmt frumvörpunum þremur nemur eins og áður er sagt 100 millj. kr. í Háskóla Íslands, 24 millj. kr. í Kennaraháskóla Íslands og 16 millj. kr. í Háskólanum á Akureyri. Samtals eru þetta um 140 millj. kr. sem ríkisstjórnin hyggst afla frá námsmönnum við ríkisháskólana á næsta ári á sama tíma og í gildi ganga skattkerfisbreytingar sem einkum hagnast hátekjumönnum. Þessi hækkun nemur 12.500 kr. á hvern nemanda fyrir hvert skólaár og það er auðvitað athyglisvert að í kynningu frumvarpanna hefur komið fram að ekki er gert ráð fyrir því að Lánasjóður íslenskra námsmanna, blessaður, sem hér var rætt um áðan, láni fyrir þessum svokölluðu skráningargjöldum. Upphæð láns frá lánasjóðnum minnkar eins og við vitum við auknar tekjur námsmanns. Þess vegna er ljóst að í mörgum tilvikum er um að ræða hreina skerðingu á ráðstöfunarfé námsmanna. Þegar við tökum saman pakkann, allar tekjur sem námsmaðurinn hefur á árinu, bæði frá lánasjóðnum og þær tekjur sem hann vinnur sér inn sjálfur, getur hann ekki unnið sér inn þær tekjur með því að fara einhverja helgi eða nokkrar helgar og reynt að afla sér þessa fjár vegna þess að það yrði dregið frá námsupphæðinni. Þannig er þetta bein skerðing á ráðstöfunartekjum námsmanns, hvers og eins sem við þetta þarf að búa.

Rétt er að taka það fram fyrir þá sem ekki vita í salnum að óskert lán frá lánasjóðnum til einstaklings í leiguhúsnæði nemur nú 79.500 kr. á mánuði. Ef ekki er annað fé fyrir hendi, t.d. gjafir eða þá að námsmaðurinn finni gimstein á götu sinni í bænum eða annars staðar á landinu, til að greiða skrásetningargjaldið verða eftir 47.500 kr. fyrsta mánuðinn miðað við upphæðina sem nú er í gildi. Ef við lendum í þeirri ógæfu að samþykkja þessi frumvörp verður þessi upphæð á næsta ári 34.500 kr. fyrsta mánuðinn sem námsmaðurinn er í námi. Þessar tölur sýna ágætlega áhrifin af gjaldheimtunni sem hér stendur til og þeirri sem nú er í gildi á fjárhag nemenda og það verður að taka það fram að minni hlutinn telur að hvort sem þessi frumvörp verða samþykkt eða ekki eigi að endurskoða þessar reglur sjóðsins þannig að hin svonefndu skráningargjöld verði metin sem hluti framfærslugrunns. Það eykur enn kröfuna á þetta að þeir sem standa fyrir gjaldheimtunni treysta sér ekki til þess eins og áður er sagt að segja til um fyrir hverju þessi svokölluðu skráningargjöld eiga að duga. Í raun verður að ætla að skráningargjöldin séu öðrum þræði hrein skólagjöld þar sem ekki er með neinum hætti afmarkað fyrir hvað námsmennirnir eru að borga með þeim og hver á að vera þáttur skólans eða eiganda hans, almannavaldsins.

Þess skal getið, forseti, að menntamálanefnd á enn eftir að fá gögn, annars vegar um hlut háskólaráðs Háskóla Íslands að þessu máli sem ég hef ekki rætt vegna gagnaskortsins og hins vegar um misræmi milli umsagnar fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og athugasemda í frumvarpinu um meintan frádrátt á fjárveitingu til háskólanna sem ég minntist á í upphafi máls míns.

Minni hlutinn taldi á fundi sem haldinn var í gærmorgun að frumvörpin væru þess vegna vanbúin til þessarar umræðu án þess að gögnin lægju fyrir og lagðist gegn því að málin yrðu afgreidd úr nefndinni við svo búið. Sjálfsagt er að eftir þessa umræðu verði málin kölluð aftur inn til nefndarinnar svo gefist færi á að fara yfir þessi gögn. Ég vona að formaður menntamálanefndar, hv. þm. Gunnar Birgisson, fallist á þá kröfu sem hann hlýtur að gera hvernig sem hann hagar sér að öðru leyti í þessu máli og hver sem forsagan er við umfjöllun þess í nefndinni af hans hálfu.

Niðurstaða minni hlutans í nefndaráliti sínu er sú að hann telur enga ástæðu nú til að hækka þessi gjöld á nemendur við Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands og leggst því gegn samþykkt frumvarpsins.

Undir nefndarálitið sem ég er að kynna skrifa Björgvin G. Sigurðsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason. Steinunn K. Pétursdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkt áliti þessu. Katrín Júlíusdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Ég vil aðeins bæta við sem framsögumaður fyrir nefndaráliti minni hlutans að við vorum auðvitað að ganga frá þessu í dag og voru þá komin fram áður en það fór í lokagerð þrjú nefndarálit frá meiri hluta menntamálanefndar. Þess vegna þykir rétt að kalla þetta nefndarálit frá minni hluta menntamálanefndar.

Undir álit meiri hluta menntamálanefndar rita, eins og hv. þm. Gunnar Birgisson rakti áðan í ræðu, Gunnar Birgisson, Dagný Jónsdóttir, Birkir J. Jónsson, Kjartan Ólafsson og Sigurður Kári Kristjánsson.

Það kemur satt að segja á óvart að þau fimm skuli rita undir þetta álit vegna þess að einn nefndarmanna, hv. þm. Dagný Jónsdóttir, hefur lýst því yfir opinberlega í fjölmiðlum að hún hyggist sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. Hún tilfærir sjálf ástæðurnar fyrir því á eftir, sé hún enn þessarar skoðunar, en af þeim skjölum sem nú eru út gengin í máli þessu verður að draga þá ályktun að hún hafi skipt um skoðun í þessu efni og ætli nú ekki lengur að sitja hjá við afgreiðslu málsins, heldur ætli hún að samþykkja það á einhverjum forsendum. Ég lýsi eftir því, og vek athygli á því

að hægt er að fara í andsvör og svara því strax þannig að það sé á hreinu, á hvaða forsendum hv. þm. Dagný Jónsdóttir hefur skipt um skoðun í málinu. Af hverju hún segist einn daginn ætla að sitja hjá við afgreiðslu þess og annan daginn er hún komin, að vísu með fyrirvara, á nefndarálit þar sem niðurstaðan er sú að lagt er til að frumvarpið verði samþykkt. Með leyfi forseta, beint upp úr nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar svokallaðs, um Háskóla Íslands.:

„Meiri hlutinn leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu" — og svo kemur breytingin.

Er það breytingartillaga meiri hlutans sem veldur því að hv. þm. hefur skipt um skoðun? Getur það verið? Mér sýnist þessi breyting, en ég er náttúrlega nýliði á þingi, vera um orðfæri, um orðalag. Er það eitthvað annað? Er það eitthvað sem komið hefur fram í umfjöllun nefndarinnar, t.d. umsagnir nemenda við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, álit Stúdentaráðs Háskóla Íslands þar sem hv. þm. starfaði fyrir nokkrum missirum og var þá sem starfsmaður og stúdent í baráttu gegn gjaldtöku af þessu tagi? Eru það þær umsagnir og það álit sem hefur fengið hana til að skipta um skoðun í þessu efni? Eða getur það verið, forseti, að það sé þannig að þingmenn geti í nefndum skrifað undir eitthvað með fyrirvara og fyrirvarinn varði aðalatriði máls? Því það er aðalatriði málsins í þessu nefndaráliti að meiri hluti nefndarinnar, þeir fimm sem hér um ræðir og þar á meðal hv. þm. Dagný Jónsdóttir, leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Getur það verið að þingmaður sem ekki ætlar að samþykkja frumvarp leggi til í nefndaráliti að það verði samþykkt en hafi svo þann fyrirvara að hann ætli að sitja hjá um frumvarpið? Ef það er þá eru þingstörfin flóknari og margvíslegri en ég hélt og hef ég þó upplifað ýmislegt á þeim skamma tíma sem liðinn er síðan ég kom á þingið.

Ég óska eftir því ef Dagný Jónsdóttir staðfestir ekki það hald mitt að hún hafi skipt um skoðun og ætli að styðja málið, ætli að hlíta sinni eigin áskorun um að frumvarpið verði samþykkt, ef það er ekki svo fer ég fram á að forseti skýri það fyrir okkur hvernig hægt er að skrifa undir nefndarálit þar sem lagt er til að frumvarp verði samþykkt með þeim fyrirvara að þingmaðurinn ætli ekki að samþykkja frumvarpið. Þetta er fyrir mér fullkomlega dæmalaust og af því að þetta varðar beinlínis það form sem er á málinu óska ég eftir að úr því verði skorið undir eins því að hið eðlilega hefði verið, miðað við yfirlýsingar hv. þingmanns, að fram hefðu komið í raun og veru þrjú álit, álit 1. minni hluta menntamálanefndar, álit 2. minni hluta menntamálanefndar, þar sem væru fjórir í hvorum hópi eða þrír ef einhver væri forfallaður, og síðan álit 3. minni hluta menntamálanefndar, hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur, sem lýst hefur því yfir að hún ætli að sitja hjá um frumvarpið og ekki samþykkja það eins og þó stendur í nefndarálitinu.

[22:17]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason gerði þjónustugjöld að umræðuefni í ræðu sinni þegar hann gerði grein fyrir nefndaráliti minni hlutans. Ef ég skildi hv. þingmann rétt, þegar hann skilgreindi hugtakið þjónustugjöld, þá lýsti hann því þannig að við töku þjónustugjalda mætti það stjórnvald sem svo gerir ekki rukka viðkomandi um hærri fjárhæð en sem nemur nákvæmlega þeim kostnaði sem hlýst af því að veita umrædda þjónustu.

Páll Hreinsson, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, gaf út plagg um þjónustugjöld, rit um þjónustugjöld árið 1996, þar sem hann fjallar um inntak þjónustugjaldsins. Í því riti segir Páll, með leyfi forseta:

„Þegar um er að ræða einfalda lagaheimild til töku þjónustugjalds má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður sem almennt hlýst af því að veita umrædda þjónustu."

Páll skýrir hugtakið enn betur í riti sínu. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ákvörðun á fjárhæð þjónustugjalda verður yfirleitt að byggjast á traustum útreikningi á þeim kostnaði sem almennt hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Ef ekki er hægt að sérgreina nákvæmlega ákveðna kostnaðarliði er heimilt að byggja þá á skynsamlegri áætlun."

Síðan segir Páll, með leyfi forseta:

„Sá sem greiðir þjónustugjöld getur yfirleitt ekki krafist þess að sá kostnaður sem hlýst af því að veita honum þjónustu sé reiknaður nákvæmlega út og honum gert að greiða gjald sem honum nemur. Verða gjaldendur oftast að sæta því að greiða þjónustugjald sem nemur þeirri fjárhæð sem almennt kostar að veita umrædda þjónustu. Stjórnvöld geta því oftast reiknað út hvað það kostar að meðaltali að veita vissa þjónustu og tekið gjald samkvæmt því."

Í ljósi þessara skrifa prófessorsins við lagadeild Háskóla Íslands langar mig til þess að spyrja hv. þingmann hvort hann sé ósammála þessari skilgreiningu á þjónustugjaldshugtakinu.

[22:19]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Forseti. Ég kann hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni innilegar þakkir fyrir að lesa fyrir okkur einmitt þá skilgreiningu þjónustugjalda sem ég vísaði til í máli mínu. Ég er sammála þessum texta frá upphafi til enda. Ég var einmitt að vekja athygli á því að hér er ekki um að ræða þjónustugjald. Þetta skráningargjald getur ekki talist vera þjónustugjald í þessum skilningi.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að allir nemendur notfæri sér þá þjónustu sem í boði er en um það þarf ekki að vera að ræða. Það getur hv. þingmaður séð ef hann skoðar fylgiskjöl með frumvörpunum. Í öðru lagi er andlag þjónustugjaldsins ekki skilgreint. Það er ekki skilgreint í þessum lagapakka hvert hið raunverulega andlag þjónustugjaldsins er enda eru — og það skal þá hv. þingmaður reyna að afsanna — þessir útreikningar nauðaómerkilegir. Það er búið að finna 45 þús. kr. , byrjað á að finna niðurstöðu dæmisins og síðan er reiknað upp í þessa niðurstöðu þangað til menn eru nokkurn veginn komnir á þann leiðarenda sem menn ætluðu sér.

Hér er hvorki um þjónustugjald að ræða né skattlagningu af neinu tagi. En þetta er auðvitað skref í átt að því háa marki hv. þingmanns og flokksbræðra hans að koma á skólagjöldum um allt skólakerfið.

[22:21]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú komu fram athyglisverðar kenningar um að gjaldið sem hér um ræðir sé hvorki þjónustugjald né skattur. Það hefur verið þannig, hygg ég, frá því að ríkisvaldi var komið á, a.m.k. nútímalegu ríkisvaldi, að tekjuöflun ríkisins styddist við tvo megintekjustofna. Þar er annars vegar skattur og hins vegar þjónustugjöld. Menn verða að átta sig á því að þegar til slíkrar gjaldtöku kemur er annaðhvort um skatt að ræða eða þjónustugjald. Menn geta ekki komið upp í ræðustól og haldið því fram að með þessari gjaldtöku hafi menn fundið upp þriðju tekjuöflunarleiðina fyrir ríkissjóð. (Gripið fram í.) Þetta eru þjónustugjöld, hv. þingmaður, í skilningi laganna. Það er algerlega ljóst.

Hv. þingmaður heldur því fram að andlag gjaldtökunnar sé ekki ljóst. Ég bendi hv. þingmanni á það að lesa frumvarpið. Það er talið upp í 10 eða 11 liðum hvert er andlag gjaldsins. Það liggur ljósar fyrir núna en nokkurn tímann áður varðandi þessa gjaldtöku.

Mér finnst einnig mjög athyglisvert að heyra hv. þingmann andmæla töku skólagjalda. Honum líst ekki á skólagjöld og sakar okkur sjálfstæðismenn um að reyna að fara bakdyramegin að stúdentum við Háskóla Íslands við innheimtu skólagjalda.

Ég er með ágætar tillögur framtíðarhóps Samfylkingarinnar um rekstrarform í almannaþjónustu, sem hv. þingmenn Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir, þingmenn Samfylkingarinnar, skrifa undir. Þar er einmitt kafli um skólagjöld. Þar kemur fram stefna Samfylkingarinnar og hún er reyndar skýrari en stefna Sjálfstæðisflokksins varðandi töku skólagjalda.

Það er stefna Samfylkingarinnar í menntamálum, eins og það kemur fram í tillögum umræðuhópsins, að taka skólagjöld af háskólanemum.

[22:23]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Forseti. Ég ítreka þakkir mínar fyrir fyrra andsvar hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Ég skildi ekki alveg seinna andsvarið. Mér virðist sem hann hafi ekki lesið athugasemdir við það frumvarp sem hann mælir þó með að verði samþykkt á þinginu en þar segir að í áliti umboðsmanns, sem ég ræddi áðan, sé bent á að af gildandi lögum um Háskóla Íslands eða lögskýringargögnum verði ekki ráðið að skráningargjaldið lúti beinlínis sömu lögmálum og þjónustugjald. Þetta veit hv. þingmaður að eru alvarleg ummæli af hálfu umboðsmanns Alþingis vegna þess að slíkir menn eru ákaflega orðvarir og þarf að lesa tóninn í ummælum þeirra á milli línanna.

Þetta er alveg rétt og er ósköp einfalt dæmi um það að þetta getur ekki verið þjónustugjald í klassískum skilningi þess orðs og heldur ekki í neinum venjulegum skilningi þess orðs. Það sést best á útreikningum skólanna sem við höfum fengið. Ég hef rætt um þá útreikninga áður en þar eru talin upp fjölmörg atriði. Það er alveg ljóst að nemandi sem í skólann kemur þarf ekki á öllum þeim atriðum að halda. Þó er gert ráð fyrir því í þeirri gjaldheimtu, eða í forsendunum sem koma frá skólanum — nú skulum við bara taka það eins og það kemur fyrir — að hver og einn einasti nemandi fari: í Háskólanum á Akureyri í velgengnisviku, í Háskóla Íslands á alþjóðaskrifstofuna og í Kennaraháskóla Íslands í eitthvað það þriðja sem alls ekki allir gera og ættu ekki að þurfa að borga ef um þjónustugjald væri að ræða.

Ég spurði ítrekað um þetta við 1. umr. en þá fékkst enginn til svara um það, ekki hæstv. menntamálaráðherra og ekki flokksbræður hennar. Ég fagna því að hafa loksins náð einum manni í umræðu um þetta mál, jafnvel þótt sú umræða gangi nokkuð brösótt.

[22:25]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Við erum að fjalla um hækkun skráningargjalda við Háskóla Íslands og eins og hæstv. forseti hefur tilkynnt á umræðan einnig við um aðra ríkisháskóla, Háskólann á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands.

Ég vil í upphafi, vegna orða hv. þm. Marðar Árnasonar áðan, hryggja hann með því að afstaða mín hefur ekki breyst. Ég hafði sett það í minnispunkta mína að ég ætlaði að sjálfsögðu í upphafi að gera grein fyrir fyrirvara mínum við þetta mál. Ég skrifa undir nefndarálit frá menntamálanefnd með fyrirvara og er það gert í þeim tilgangi að málið komi inn í þingsal til 2. umr. og hljóti þannig þinglega meðferð.

Ég hef lýst því yfir áður, og er enn þeirrar skoðunar, að ég muni ekki geta stutt þetta mál. Árið 2001 þegar gjaldið var síðast hækkað stóð ég í öðrum sporum. Þá var ég framkvæmdastjóri stúdentaráðs Háskóla Íslands. Þá fjölluðum við um að við teldum skilgreiningu skráningargjalda vera of víða. Við gagnrýndum hækkunina enda var hún lítt rökstudd. Þá lá ekki fyrir listi þar sem skilgreint var hvað gjaldið ætti að dekka.

Stóra baráttumálið hjá stúdentum árið 2001 laut líka að því að hækkunin sjálf væri dregin frá framlagi ríkisins til Háskóla Íslands. Nú hefur orðið veruleg breyting á þessum tveimur liðum, þ.e. hækkunin er rökstudd í töflum frá háskólunum en menn greinir á um liði í þeim töflum. Það er kannski ekki skrýtið þar sem þeir eru matskenndir og við sjáum að þeir eru misjafnir á milli skólanna. Á hinn bóginn dregst hækkunin ekki frá ríkisframlaginu. Hækkunin sem við ræðum hér um mun fara óskipt til skólanna.

Varðandi skráningargjaldið sjálft er ég þeirrar skoðunar að við verðum í framtíðinni að skoða betur hvað það felur í sér. Það kom fram í máli rektora skólanna sem komu fyrir menntamálanefnd að að öllum líkindum mundu þeir hækka gjaldið enn frekar á næstu árum, það nái ekki yfir allan þann kostnað sem þarf að þeirra mati að standa straum af. Ég tel að það sé mikið umhugsunarefni fyrir okkur.

Rektor Háskóla Íslands, Páll Skúlason, kom fram með þá hugmynd á fundi menntamálanefndar að þegar stúdentar skráðu sig til náms greiddu þeir staðfestingargjald sem væri þá staðfesting á þeirri þjónustu sem þeir njóta sem nemar við Háskóla Íslands. Þar væri um að ræða þjónustu fyrir utan kennslu enda vitum við að skilgreining á skólagjöldum markast af því að ef tekið er gjald fyrir kennslu þá eru það skólagjöld.

Ég vildi velta þessu upp til umhugsunar vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að heitið skráningargjald sé ekki rétt-

nefni á því gjaldi sem við ræðum hér. Ég tek undir með rektorum ríkisháskólanna varðandi það að í því felist ákveðinn orðaleikur. Ég tek þó skýrt fram að ég tel ekki, og ég hef sagt það áður, að skráningargjöldin séu skólagjöld af þeirri einföldu ástæðu að engir kennsluliðir eru í rökstuðningi háskólanna.

Herra forseti. Varðandi það atriði að skólarnir fái hækkunina óskipta til sín verð ég að segja að ég tel það mikla framför. Þrátt fyrir aukin framlög ríkisvaldsins til háskólanna er ljóst að þeir geta vel notað aukið fjármagn enda held ég að menntakerfið verði aldrei mettað af fjárframlögum.

Mig langar, herra forseti, aðeins að gera grein fyrir heildarumhverfinu á háskólastigi. Þá er rétt að tína til nokkrar staðreyndir. Þar ber helst að nefna tvennt. Í fyrsta lagi fjöldi háskólastúdenta. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands tvöfaldaðist fjöldi háskólastúdenta frá haustinu 1994 til haustsins 2003, úr 7.310 nemendum í 15.466. Ef við förum aftur til ársins 1990 er um tæplega þreföldun nemendafjöldans að ræða fram til haustsins 2003. Á þessu eru margar skýringar en almenna skýringin á þeirri miklu fjölgun eru breyttir atvinnuhættir, almennt aukin áhersla atvinnulífs og einstaklinga á þekkingu og sérhæfingu og stóraukið framboð á námi. Á sama tíma sækja fleiri aldurshópar sér nám af einhverju tagi.

Varðandi fjárframlögin jukust þau til kennslu í þeim skólum á háskólastigi sem heyra undir menntamálaráðuneytið frá árinu 2002–2004 um tæplega 53%. Fjárframlög til rannsókna í háskólum jukust á sama tímabili um 40%. Það er ljóst að hér er um gríðarmerkilega þróun að ræða. Þróunin er hröð og við höfum í þingsölum fagnað henni vegna þess að það er óumdeilt að það er metnaður okkar að menntunarstig þjóðarinnar verði sem hæst. Ég held þó að komið sé að því að mikilvægt sé að við stöldrum við og hugum að stöðu háskólanna í landinu.

Við sjáum öll að ríkisreknir háskólar standa ekki jafnfætis sjálfseignarstofnunum í samkeppni. Ég held að ríkið hafi gert vel undanfarin ár í því að hjálpa sjálfseignarstofnunum af stað. Þær þurftu aðstoð til þess enda standa hinir rótgrónu háskólar mun framar eftir að hafa verið starfræktir í langan tíma. Ég held líka að þær greinar sem sjálfseignarstofnanirnar hafa kennt og samkeppni ríkir í hafi haft gott af því. Ég tel t.d. að Háskóli Íslands hafi haft mjög gott af samkeppni í þeim greinum.

Nú er svo komið að sjálfseignarstofnanirnar eru komnar vel á veg. Starf þeirra er blómlegt og mikil aðsókn að þeim. Nú er tími til kominn að við snúum okkur enn frekar að ríkisreknu háskólunum. Því fagna ég mjög að hæstv. menntamálaráðherra skyldi biðja um úttekt Ríkisendurskoðunar á Háskóla Íslands. Ég vona sannarlega að það verði okkur veganesti í vinnunni vegna þess að við höfum átt í erfiðleikum með að þrengja það hvar við tökum á málinu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég vildi bara gera grein fyrir fyrirvara mínum, að ég mun sitja hjá í þessu máli.

[22:33]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa upp smákafla úr ályktun eins stjórnmálaflokks á Íslandi og spyrja hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur hvort hún kannist við þá lesningu. Það er frá samþykkt landsfundar sem fjallar um að almenn skólagjöld verði ekki tekin upp í grunnskólum og framhaldsskólum. Ég sagði við 1. umr. — en hv. þingmanns var þá mjög saknað — að við þökkum að sjálfsögðu þeim stjórnmálaflokki sem ég er að tala um kærlega fyrir að ætla ekki að leggja á skólagjöld í grunnskólum né heldur í ríkisreknum háskólum. Ályktunin er svona:

„Almenn skólagjöld verði ekki tekin upp í grunnskólum og framhaldsskólum, né heldur í ríkisreknum háskólum."

Mig langar að spyrja hv. þingmann hvort hún kannist við þessa ályktun.

[22:34]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar hv. þm. Kristján L. Möller talar um landsfund þá passar það ekki við minn flokk. Við höldum aldrei slíka fundi þannig að verið getur að þetta sé frá einhverjum öðrum flokki. En ályktunin er samhljóma ályktun Framsóknarflokksins. Ég vil taka fram að ég held að það sé bara ágætt að það sé tekið fram í ályktunum að vilja ekki skólagjöld í grunnskólum svo það sé bara skothelt.

Ég kannast vel við þessa ályktun. Hún var samþykkt á síðasta flokksþingi og hefur verið í gildi fram til þessa. Ég vil þó geta þess að innan Framsóknarflokksins starfar hópur um menntamál og þar er verið að ræða ýmsa hluti varðandi menntastefnu eins og gerist og gengur held ég í flestum stjórnmálaflokkum. Þar eru menn að ræða ýmis mál, m.a. mál sem við ræðum í kvöld og sumir vilja kalla skólagjöld. Ég vil nú ekki skilgreina þetta sem skólagjöld og held ég mig við þá skilgreiningu mína að á meðan ekki er verið að greiða niður kennslu þá er ekki um skólagjöld að ræða.

[22:35]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við pólitíkusar höfum mikinn áhuga á öllu pólitísku starfi og þess vegna fylgjast menn með flokksþingum. Ég þakka hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur fyrir að kannast við þessa ályktun. En getur verið, virðulegi forseti, að hv. þingmaður kannist líka við að á þessum landsfundi hafi verið reynt með breytingartillögu að koma að tillögu um viðaukann í grunnnámi þannig að tillagan hljóðaði svo: Almenn skólagjöld verði ekki tekin upp í grunnskólum og framhaldsskólum né heldur í ríkisreknum háskólum né í grunnnámi í ríkisreknum háskólum.

Andstaða við þessa breytingartillögu var mjög mikil á landsfundinum, á flokksþinginu, og einn ákveðinn þingfulltrúi sem jafnframt er þingmaður lagði til með dagskrártillögu að þessari tillögu yrði vísað frá. Getur verið, virðulegi forseti, að þessi hv. þingmaður heiti Dagný Jónsdóttir? Þess vegna spyr maður: Hvað veldur þessum sinnaskiptum nú þrátt fyrir að ætla ekki að greiða atkvæði með, að ljá máls á að hleypa þessu hér í gegn, sitja hjá og ætla þá öðrum að taka þessa ákvörðun.

[22:36]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Gott er að vita til þess hvað hv. þm.

Kristján L. Möller er vel inni í því sem gerist á flokksþingum Framsóknarflokksins. (**KLM:** Ég er sérfræðingur í Framsóknarflokknum.) Það er reyndar dálítið löng söguskýring á bak við þetta. Ég vil geta þess að þessi tillaga kom fram undir lok flokksþings þegar meiri hluti fundarmanna var farinn heim. Það sem fólst í þessari tillögu var að við ættum ekki að útiloka framhaldsnámið og menn voru sammála um að taka ekki til atkvæða slíkt stórmál í lok flokksþings þegar flestir voru farnir heim og þetta mál hafði ekki verið rætt í menntamálahópi flokksþings Framsóknarflokksins. (**Gripið fram í:** Hvers konar vinnubrögð eru þetta?) Ja, við vorum nú að koma í veg fyrir gerræðisleg vinnubrögð í lok flokksþings, þ.e. að menn mundu lauma svona tillögum inn enda er eðlilegt að þetta færi í gegnum þann farveg. (**KLM:** Var þetta vond tillaga?) Ég ætla ekki að tjá mig um hvort þetta hafi verið vond tillaga en ég stóð fyrir því að henni var vísað frá af því að hún hafði ekki fengið þá málsmeðferð (**Gripið fram í:** Var þetta ...) sem jafnstórar tillögur og þessi eiga að fá.

[22:38]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Forseti. Ég vona að mér fyrirgefist sá formalismi sem veldur því að ég skil ekki enn þá hvað hv. þm. Dagný Jónsdóttir ætlar sér eða hvað hún meinar um þetta mál. Hún hefur upplýst hér að minni beiðni, og ég þakka fyrir það, að hún hyggist sitja hjá við afgreiðslu þessa frumvarps. Spurningin er þá: Er fyrirvari hennar í nefndarálitinu við þau orð að meiri hlutinn leggi því til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu eða er fyrirvarinn við eitthvað annað? Leggur hv. þm. Dagný Jónsdóttir til að ég og aðrir alþingismenn samþykkjum þetta frv. eða leggur hún til að við gerum eitthvað annað við það?

[22:38]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að bera í bakkafullan lækinn að koma hér og útskýra afstöðu mína enn einu sinni. Ég hefði kannski átt að endurtaka hana í ræðu minni. Ég vil, vegna orða hv. þm. Marðar Árnasonar, segja að það eru fjölmörg dæmi þess að þingmenn skrifi upp á nefndarálit með fyrirvara til að þau hljóti þinglega meðferð. Það er skýring mín á því að ég er á þessu nefndaráliti. Hún er (Gripið fram í.) sú að málið fái að koma inn í þingsal, (Gripið fram í.) fái þinglega meðferð og verði tekið til atkvæðagreiðslu. Fyrirvarinn lýtur að því að þetta fái þinglega meðferð og komi hingað til atkvæða.

Afstaða mín í málinu er óbreytt frá því sem ég lýsti upprunalega yfir. Ég mun sitja hjá í þessu máli.

[22:39]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(andsvar)*:

Forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því að hv. þingmaður sem skrifar hér undir nefndarálit er ekki sammála meginniðurstöðu nefndarálitsins, þeim kjarna sem nefndarálitið er hannað í kringum, því að meiri hlutinn, fimm af níu nefndarmönnum, leggi til að frumvarpið verði samþykkt. Ég sé ekki hvernig hv. þingmaður á að komast upp með að skrifa undir nefndarálit af þessu tagi. Mér er það fullkomlega óskiljanlegt þó að ég geti fallist á að hún geti afgreitt málið út úr nefndinni. Það er annað mál. Það er hægt að gera það þó maður vilji ekki samþykkja það.

Einu sinni var boðorð Framsóknarflokksins í bröndurum á Íslandi: Já já og nei nei. Það var að vísu misskilningur úr Biblíunni því að Biblían segir ekki að menn eigi bæði að segja já, já og nei, nei í sama orðinu. Tilvitnunin er þannig: Ræða yðar skal vera já, já eða nei, nei. Allt það sem umfram það er, er af hinu vonda.

Menn eiga að vera með málum eða móti málum en ekki í einhverri millistöðu þar sem menn reyna að þóknast einum hér og öðrum þar.

[22:41]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara ítreka það hér að þess eru fjölmörg dæmi að hv. þingmenn skrifi upp á nefndarálit með fyrirvara og með því er ég ekki að skuldbinda mig til að styðja mál í þingsal. Við sjáum nú bara dæmi þess í kvöld (Gripið fram í.) að þingmenn voru með á nefndaráliti með fyrirvara og sátu hjá.

Ég er feginn því að hv. þm. Mörður Árnason skuli ekki vera mér sammála því þá er ég þess fullviss að ég er á réttri leið.

[22:41]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að vega í sama knérunn því mér finnst gæta nokkurs vafa í máli hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur því að minn skilningur á fyrirvörum sem þingmenn hafa tök á að setja við afgreiðslu mála úr þingnefndum er að þeir þurfa að vera efnislegir. Nú bið ég hæstv. forseta að leiðrétta mig ef ég hef rangt fyrir mér. Er það ekki réttur skilningur minn, hæstv. forseti, að fyrirvarar þingmanna, þegar mál eru afgreidd úr nefndum, þurfi að vera efnislegir og hafa efnislegan rökstuðning? Allt þetta kjörtímabil var það brýnt fyrir okkur þingmönnum í nefndum Alþingis að orða fyrirvara okkar í nefndarálitunum. Þar með var okkur sagt að við gætum ekki skilað nefndaráliti með svo almennum fyrirvörum sem reyndar er farið að tíðka núna og ég held að sé bara vegna tímaskorts. Þegar verið er að rífa mál úr nefndum nánast áður en þau eru tilbúin eða fullburða þá hefur það gerst núna upp á síðkastið, síðustu daga, að mál hafa verið afgreidd út úr nefndunum án þess að þingmenn hafi verið krafðir um það að orða hina efnislegu fyrirvara sína.

Ég sé því ekki annað en að hér sé hv. þm. Dagný Jónsdóttir að heimfæra fyrirvara sinn upp á atriði eða málsmeðferð sem hún getur ekki gert. Ég tel að hv. þingmaður hefði átt að skila sérálíti vegna þess að hún getur eðli málsins samkvæmt ekki skrifað undir það sem meiri hlutinn eða stjórnarliðarnir í nefndinni gera, þ.e. að hvatning til þingsins fylgi þessu nefndaráliti um að málið verði samþykkt, ef hún ætlar síðan ekki sjálf að fylgja þeirri sannfæringu sem meiri hlutinn eða stjórnarliðarnir í nefndinni láta fylgja hingað út til þingmanna í þingsal.

[22:43]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að endurtaka mig enn einu sinni um ástæðu þess að ég er með á þessu nefndaráliti með fyrirvara, þ.e. að málið fái að koma hingað inn í þingsal, hljóti þinglega meðferð og með því er ég ekki að skuldbinda mig til að styðja málið.

Hins vegar út af þessari umræðu þá er það kannski rétt sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir segir að mál séu afgreidd með dálítið miklu hraði á nefndasviðinu. Ég gerði grein fyrir fyrirvara mínum og hvernig þessu væri háttað. Menn hafa vitað frá upphafi hver afstaða mín er og enginn hefur gert mér viðvart um að þetta sé eitthvað sem ekki tíðkast, þ.e. að skrifa upp á með slíkan fyrirvara.

En ég vil spyrja hv. þingmann hvort hún kannist ekki við það frá því í kvöld, eða hvort mig misminnir, að einhverjir hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs hafi verið hér á málum með fyrirvara en sitji hjá í atkvæðagreiðslu.

[22:44]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þingmaður bendir réttilega á er alsiða að þingmenn séu með fyrirvara við ákveðin mál. En þá er það venjulega efnislegur fyrirvari sem þingmaðurinn orðar ef ekki í nefndaráliti þá í öllu falli í ræðu sinni. Fyrirvarinn getur lotið að ákveðnum greinum og fyrirvarinn getur verið með þeim hætti að þingmaðurinn áskilji sér rétt til að sitja hjá við ákveðnar greinar frumvarps eða jafnvel flytja breytingartillögur og jafnvel vera á móti ákveðnum greinum í frumvarpi sem verið er að afgreiða. Fyrirvarinn þarf því fyrst og síðast að vera efnislegur. Hv. þingmaður hefur ekki efnislegan fyrirvara við þetta mál og það tel ég ámælisvert. Hvort það sé einhver lapsus eða mistök hjá lögfræðingum nefndasviðsins eða stjórn þingsins að hleypa þessu máli svona í gegn skal ósagt látið. Ég skal ekki dæma um það. En þetta er ekki í samræmi við það sem mér hefur verið kennt um þingstörfin og möguleika þingmanna á að setja fyrirvara við mál.

[22:46]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vísar í það sem henni hefur verið kennt en ég get vitnað í það að mér hefur ekki verið kennt það hvernig þessir fyrirvarar virkilega virka en ég stóð fastlega í þeirri trú og stend enn að maður geti verið með á máli með fyrirvara vegna þess að maður styður það að málið fari úr nefnd, hljóti þinglega meðferð, fari til atkvæðagreiðslu — ég held að það sé nákvæmlega það sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar eru yfirleitt að gagnrýna í þingnefndum, að málin komist ekki út til að hljóta þinglega meðferð — og það sé síðan mögulegt að sitja hjá.

[22:47]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Í tilefni af þessari umræðu er óhjákvæmilegt að fara fram á það að forseti þingsins segi okkur frá því í salnum, annaðhvort núna eða síðar ef honum þykir það henta betur, hvernig þessu er háttað í reglum þingsins og hefðum. Getur þingmaður verið á nefndaráliti með fyrirvara og fyrirvarinn gengur út á að hann taki aðra afstöðu en nefndarálitið gengur út á?

Hér á borðum okkar eru þrír takkar, það er takkinn já, takkinn nei og takkinn greiðir ekki atkvæði sem á mæltu máli þýðir situr hjá. Í því ímyndaða nefndaráliti sem ég er að tala um leggur þessi meiri hluti til, þ.e. fimm eða fleiri þingmenn sem um ræðir, að þingheimur samþykki málið. Er þá mögulegt að einn af þessum þingmönnum skrifi undir nefndarálitið með fyrirvara sem gengur út á það að hann vilji ekki að þingheimur samþykki málið? Er þetta hugsanlegt? Ég óska eftir að forseti segi okkur frá því vegna þess að skilningur minn er sá að þetta sé ekki hægt, að í grunnatriðum sem slík nefndarálit ganga út á sem hér er um að ræða sé ekki hægt að setja fyrirvara. Það sé hins vegar hægt að setja fyrirvara um hjásetu við einstaka liði eða áskilja sér rétt til breytingartillagna eða segja frá því í hverju fyrirvarinn er fólginn en ef maður hefur aðra afstöðu af þessum þremur á tökkunum en um er að ræða í nefndarálitinu geti maður ekki verið með í álitinu.

Hins vegar er það minn skilningur, og ég bið um að hann sé leiðréttur ef hann er rangur, að hægt sé jafnvel þó að maður sé á móti máli að hjálpa því út úr nefnd, að afgreiða málið út úr nefnd, og maður sem er á móti máli getur viljað afgreiða það út úr nefnd til þess t.d. að sú andstaða komi fram eða að hann treystir sér til að vinna sínum málstað meiri hluta í þingheimi þó að hann sé í minni hluta í nefndinni. Það er því ekkert óeðlilegt við það að taka þá afstöðu að afgreiða mál út úr nefnd þó að maður sé ekki sammála þeim meiri hluta sem myndast hefur um það í nefndinni. Það er allt annað mál og óskylt, forseti, samkvæmt mínum skilningi, því að vera með á nefndarálitinu. Ég óska eftir að úr þessu sé skorið helst strax en síðar ef betri ástæður þykja til að gera það síðar og mun ganga eftir því ef það er ekki gert nú.

[22:49]

Forseti (Halldór Blöndal):

Það er ekkert í þingsköpum sem gefur forseta heimild til þess að hafa áhrif á afstöðu einstakra þingmanna í málum eða stjórna því undir hvað þeir skrifa í nefndaráliti. Forseti hefur því, svo það sé alveg ljóst, ekki nein tök á að koma efnislega að nefndaráliti eða því hvernig þingmenn greiða atkvæði á Alþingi.

[22:50]

Frsm. minni hluta menntmn. (Mörður Árnason) *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég þakka fyrir þessi viðbrögð en ég óska eftir að forseti íhugi betur sitt mál. Það er þannig í þingsköpum, ég er ekki með greinina en man það úr þingskapaumræðum og umræðum um fundarstjórn forseta frá því í vor og sumar að forseti á að fylgjast með nefndastarfi og hafa yfirumsjón með því í samráði við formenn nefndanna og þetta kemur honum vissulega við.

Já er nei og nei er já held ég að hafi verið ort í gömlum söng, og þegar ég var að slá mér upp með Biblíutilvitnun-

inni áðan var ég rækilega rekinn á kaf með hana því að hv. þm. Steinunn K. Pétursdóttir minnti mig á að hún er ekki eins og ég sagði heldur er hún enn þá skýrari og á enn betur við það tilefni sem hér er um að ræða: Já yðar skal vera já og nei yðar skal vera nei. Allt sem er umfram það er af hinu vonda.

[22:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Í 8. gr. þingskapa er kveðið á um það í 3. mgr. að forseti skuli hafa umsjón með starfi þingnefnda, sbr. II. kafla þingskapa. Ég óska hins vegar eftir því að mér gefist svigrúm til að kynna mér hvort fordæmi séu fyrir því að þingmenn hafi mælt með samþykki frumvarps en gert fyrirvara eigi að síður og í fyrirvaranum felist í raun og veru að þeir ætli að sitja hjá og beri að líta á það sömu augum og hv. 8. þm. Norðaust. gerði. En mér þykir erfitt á þessari stundu að skera úr um hvort um fordæmi séu fyrir þessu.

[22:53]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum í einni spyrðu þrjú frumvörp til laga sem gera ráð fyrir breytingu á lögum um Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.

Í þessum frumvörpum er gert ráð fyrir að þessir þrír ríkisháskólar innheimti skrásetningargjald eða skráningargjald af nemendum sínum sem nemi 45 þús. kr. á nemanda, þ.e. hækkun á hvern nemanda um 12.500 kr.. Og sú staðreynd liggur fyrir, hæstv. forseti, að enn einu sinni þurfa þessir háskólar, sérstaklega þó Háskóli Íslands sem oftast hefur þurft að standa í þessum sömu sporum, þ.e. þeim sporum að vera settir í þá aðstöðu að þurfa að biðjast vægðar undan niðurskurðarhníf eða aðhaldskrumlu menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins.

Stefna Sjálfstæðisflokksins í skólamálum, eða yfir höfuð í öllum málum, er fólgin í kennisetningu frjálshyggjunnar þar sem markaðslögmálin eru purkunarlaust heimfærð upp á velferðarþjónustuna og velferðarkerfið og grunnþjónustu samfélagsins og þar með talið menntakerfið. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mótmælum þeirri stefnu. Við mótmælum skólagjaldastefnu Sjálfstæðisflokksins, skólagjaldastefnu sem Framsóknarflokkurinn hefur oftar en ekki verið látinn undirgangast með íhaldinu og það gerir hann nauðugur viljugur til að halda völdum og rökin sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir kom með í ræðu sinni áðan eru ekki sannfærandi þar sem hún reynir að bera blak af Framsóknarflokknum í þessum efnum.

Ljóst er að Framsóknarflokkurinn hefur verið að ganga á svig við vilja meiri hluta flokksmanna. Þingmenn flokksins hafa, bæði nú og eins áður þegar sambærileg mál hafa komið fyrir Alþingi Íslendinga, svikið meginstefnu, grundvallarstef í stefnu Framsóknarflokksins. Ég ætla hins vegar ekki að hafa miklar áhyggjur af því í ræðu minni en ítreka einungis það sem ég sagði við 1. umr. málsins og segi það enn: Vinstri hreyfingin – grænt framboð mótmælir harðlega þessari hækkun á skólagjöldum, sem við teljum að séu skólagjöld og ekkert annað. Við erum á móti skólagjöldum og treystum okkur líka til að segja, eins og við höfum gert við umræðu um þessi mál, að við séum á móti innritunargjöldum og þessum skráningargjöldum. Það er vegna þess að við teljum þau ógna jafnrétti og jöfnum möguleikum námsmanna til náms.

Virðulegi forseti. Hér er verið seilast í vasa námsmanna til að sækja 140 millj. af, ef ég man rétt, u.þ.b. 8 milljarða heildarkostnaði við rekstur þessara þriggja háskóla. Það er í sjálfu sér ekki há upphæð og það er í sjálfu sér líka athugunarefni að ríkisstjórnin skuli gera þetta á sama tíma og hún setur 1% hagræðingarkröfu á alla þessa skóla. Hagræðingarkröfunni er þannig greinilega mætt meðvitað með því að sækja fjármunina sem á vantar í vasa stúdenta. Það er ekki mikil reisn, virðulegi forseti, yfir þessum gjörðum.

Ég get tekið undir það sem kemur fram í umsögn Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands sem fylgir sem fylgiskjal II með minnihlutaáliti því sem hv. þm. Mörður Árnason talaði fyrir úr ræðustóli áðan, en stúdentaráð Kennaraháskólans mótmælir í umsögn sinni harðlega þeirri hækkun á skráningargjöldum sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frumvörpum og í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„*Á sama tíma og auknar álögur eru settar á nemendur er* gerð krafa um 1% hagræðingu í rekstri ríkisháskólanna í stað þess að gera eingöngu kröfu um hagræðingu í rekstri og hækka ekki skrásetningargjöldin. Með þessari aðferð er augljóslega verið að velta kostnaðinum frá ríkinu yfir á stúdenta.“

Að auki segir í umsögn Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands, virðulegi forseti:

„Með aukinni tækni hefur kostnaður við skráningu stúdenta lækkað umtalsvert. Þær tölur liggja þó ekki fyrir. Þegar leitað var eftir tölum við kostnað skráningu stúdenta í Kennaraháskóla Íslands kom í ljós að þær eru ekki til. Ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um þann kostnað sem hlýst af skráningu stúdenta hingað til.“

Í lok umsagnar sinnar til hv. menntamálanefndar segir Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands, með leyfi forseta:

„Áætlanir um hækkun skrásetningargjalda grafa undan megingildum norrænnar menningar um gjaldfrjálsa almenningsmenntun og þar með velferðarkerfinu öllu. Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands hvetur menntamálanefnd til að hugleiða niðurrifsáhrif slíkrar hækkunar til langframa.“

Hæstv. forseti. Gerði menntamálanefnd nákvæmlega þetta? Hugleiddi hún niðurrifsáhrif þeirrar hækkunar sem hér er lögð til og er verið að leiða í lög? Svarið er nei, því miður. Í fyrsta lagi gerði nefndin það ekki vegna þess að það var allt of skammur tími til að gera nokkurn skapaðan hlut. Eins og kom fram í ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar sem flutti framsögu fyrir minni hluta nefndarinnar var málið rifið út úr nefndinni án þess að fyrir lægju nauðsynleg gögn til að þingmenn hefðu allar forsendur til að meta stöðuna í málinu. Það var rifið út úr nefndinni með því fororði að það yrði kallað inn aftur á milli 2. og 3. umr., þar sem kallað yrði eftir gögnunum sem nefndarmenn minni hlutans eða stjórnmálaflokkanna sem eiga að skipa þann minni hluta, óskuðu eftir. Þar er fyrst og fremst um að ræða staðfestingu á, þ.e. upplýsingar frá ráðuneytinu um hvort af tvennu sé rétt í frumvörpunum sem hér koma fram. Í fyrsta lagi: Er sú setning rétt sem kemur fram í greinargerð með

öllum frumvörpunum? Og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ekki er gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrumvarpsins að innheimta gjaldanna komi til frádráttar fjárveitingum til ríkisháskólanna á fjárlögum.“ Er þessi setning rétt? Ef svo er þýðir hún að 45 þús. kr. innritunargjald eða skráningargjald pr. nemanda renni óskipt til háskólanna.

Ef hún er röng er niðurstaða fjármálaráðuneytisins fjárlagaskrifstofu trúlega rétt. Hvað segir hún? Hún segir að einungis hækkunin, þ.e. 12.500 kr. komi óskiptar til skólanna, ekki 32.500 kr. sem nú eða hingað til hafa verið lagðar á. Hér er því eitthvað í frumvarpinu sjálfu, í hinum prentaða texta sem stemmir ekki, það er ekki samræmi í því sem segir í athugasemdunum við frumvarpið og því sem segir í umsögn fjármálaráðuneytisins. Úr þessu verður að fást skorið. Rektorar háskólanna segja fullum fetum við okkur nefndarmenn í menntamálanefnd að þeir líti svo á að allt skráningargjaldið komi óskipt til skólanna, meðan starfsmaður menntamálaráðuneytisins segir okkur að einungis 12.500 kr. muni koma óskiptar til skólanna. Rektor Háskóla Íslands, Páll Skúlason, sagði: Ef þetta er meiningin þá er þessi breyting marklaus. Það er fullkomlega marklaust, virðulegi forseti, ef skrásetningargjöldin eiga að dragast frá fjárveitingum ríkissjóðs til skólanna. Úr þessu verður að fást skorið.

Annað sem við verðum að fá niðurstöðu í áður en hægt er að segja að Alþingi sé fært um að klára þetta mál, eru fundargerðir háskólaráðs og samþykktir þess því enn eru áhöld um hvernig þetta mál hefur allt borið að. Hv. þm. Mörður Árnason rakti það ágætlega í ræðu sinni og ég ætla ekki að endurtaka það.

Hins vegar langar mig, virðulegi forseti, til að fara í örfáum orðum yfir sögu málsins. Ég fór að reyna að grafast fyrir um hvenær þessi skólagjöld hefðu komið í lög, ég leyfi mér að kalla þetta skólagjöld þó að þetta sé kallað skrásetningargjöld eða innritunargjöld í lagafrumvörpunum. Ég fór að grafast fyrir um hvert upphaf málsins væri, hvernig kom það til að Alþingi Íslendinga innleiddi í lög að ríkisháskólarnir fengju, eða ríkisháskólunum væri gert að innheimta skrásetningargjöld. Það virðist vera að skrásetningargjöldin í þeirri mynd sem við þekkjum hafi fyrst komið inn í lög um Háskóla Íslands, með lögum nr. 29/1996, um breytingu á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands. Sambærileg breyting var svo gerð á lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, með lögum nr. 30/1996. 6. og 7. mgr. 21. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, voru þannig fyrir breytinguna, með leyfi forseta:

„Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu stúdenta, og eru þá þeir einir taldir stúdentar skólans, er hafa skráð sig til náms.

Skrásetningargjöld skulu háð samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra.“

Sem sagt, hæstv. forseti, þetta kemur upphaflega inn í lög sem heimildarákvæði. Síðan kemur í ljós þegar kannað er að skólarnir hafa nýtt sér þessar heimildir, að það virðist fyrst og fremst hafa verið gert samkvæmt fyrirmælum frá stjórnvöldum Og hvernig komu þau fyrirmæli? Jú, í gegnum fjárlög.

Verulegar deilur urðu uppi á Alþingi Íslendinga árið 1991 þegar inn í fjárlög höfðu ekki einungis verið sett skrásetningargjöld í háskólana upp á 17 þús. kr. á nemanda, heldur einnig skrásetningargjöld á nemendur í framhaldsskólum upp á 8 þús. kr. á hvern nemanda. Áður en þeim deilum lauk var ríkisstjórnin rekin heim með þetta 8 þús. kr. gjald á framhaldsskólanemana en eftir sat gjaldið á háskólanemana. Þarna var þetta komið inn, virðulegi forseti, í gegnum fjárlög. Eftir breytinguna sem gerð var með lögum nr. 29/1996 var þessum málsgreinum breytt og þá var ákveðin upphæð lögfest í lögin um háskóla. 1996 var gert ráð fyrir að skólarnir innheimtu 24 þús. kr. gjald af stúdentum og sagt að upphæð gjaldsins ætti að koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Málsgreinarnar virtust haldast óbreyttar í þessum greinum þangað til ný lög um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, voru samþykkt og í þeim lögum eru sambærileg ákvæði í 3. og 4. mgr. 13. gr. þar sem sagt er að við skrásetningu til náms greiði stúdentar skrásetningargjald allt að 25 þús. kr. Síðan hefur þessu verið breytt með lögum nr. 148/2001 og það er sú grein sem gildir núna. Þar segir að við skrásetningu til náms greiði stúdent skrásetningargjald allt að 32.500 kr.

Í grófum dráttum er þetta saga þessa gjalds. Það kemur fyrst inn sem heimildarákvæði í menntamálaráðherratíð Ólafs G. Einarssonar, sem þurfti að verja þetta með kjafti og klóm í umræðum utan dagskrár þann 24. október 1991. Þá segir hæstv. fyrrverandi menntamálaráðherra eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er skólagjöldum ætlað að standa undir nokkrum kostnaði við framhaldsskólana og háskólastigið. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilt sé að innheimta allt að 8.000 kr. á nemanda á framhaldsskólastigi og allt að 17.000 kr. á háskólastigi. Ég tek skýrt fram að hér er um heimild að ræða en ekki skyldu skólanna til þess að nýta sér þessa heimild. Það hefur verið skýrt tekið fram að finni skólarnir aðrar leiðir til að ná saman endum, þá fari þeir þær.“

Já, hæstv. forseti. Finni skólarnir aðrar leiðir til að ná saman endum, þá fari þeir þær. Þetta er í hnotskurn stefna Sjálfstæðisflokksins 1991 og sömuleiðis núna árið 2004. Skólarnir mega nánast éta það sem úti frýs. Þingmenn Sjálfstæðisflokks, með Framsóknarflokkinn reyndar í eftirdragi, virðast alls ekki gera sér grein fyrir að það er skylda okkar í samfélaginu að sjá til þess að jafnrétti til náms sé virt og sé við lýði. Það gerum við ekki með því að draga stöðugt úr fjármunum til háskólastigsins og láta síðan skólana bjarga sér á einhvers konar hundasundi. Ef þeir ætluðu ekki að leggja á skólagjöldin eða innritunargjöldin 1991, þá máttu þeir bara bjarga sér á einhvern annan hátt. Það fylgir ekki sögunni og kemur ekki fram í ræðu hæstv. fyrrv. menntamálaráðherra á hvern hátt hann sá fyrir sér að skólarnir gætu þá bjargað sér. Ég veit ekki hvort hann hefur ætlast til að nemendur og kennarar færu að föndra ýmsar framleiðsluvörur og selja eins og á jólabasar til að afla tekna fyrir skólana svo að hægt væri að borga menntun stúdentanna.

Hæstv. forseti. Í fjárlagaumræðunni í desember 1991 var mjög mikið fjallað um þetta mál og stjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur gagnrýndir fyrir það. Nú finnst mér allt í einu eins og ég sé að fara með

rangt mál að Framsóknarflokkurinn hafi ekki verið með Sjálfstæðisflokki í stjórn 1991, en það er veikleiki minnisins í þessum efnum, en í öllu falli ætla ég að fá að vitna í ræðu Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur, fyrrverandi þingmanns Kvennalista, sem segir í fjárlagaumræðunni í desember 1991 eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Mennta- og menningarmál eru kafli út af fyrir sig. Þar er skerðingin allmikil. Í nefndaráliti sem minni hlutinn hefur sent frá sér segir svo, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi til fjárlaga er boðuð afgerandi stefnubreyting í skólamálum með álagningu skólagjalda. Þótt boðað hafi verið að tillögur um skólagjöld á framhaldsskólastigi verði að mestu dregnar til baka er enn fyrirhugað að taka upp nemendaskatt á háskólastigi og í öldungadeildum framhaldsskólanna. Eiga háskólanemar nú að greiða allt að 17.000 kr. til viðbótar þeirri upphæð sem nemendur greiða nú til félagsstarfa sinna."

Virðulegi forseti. Hér kemur berlega í ljós að þingmenn á þessum tíma, 1991, kalla þessi skrásetningargjöld, nemendaskatta og skólagjöld. Stjórnvöld eru á þeim tíma eins og nú gagnrýnd fyrir að tala ekki skýrt í þessum efnum, en hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt mikið upp úr í umræðum og reynt að fá svör við því hvort hér sé um að ræða, að mati stjórnvalda, skatt eða þjónustugjald. Þetta fékkst ekki upp úr ráðherrum á þeim tíma sem ég vitna til og enn er þetta allt á reiki og í skötulíki. Og í máli rektoranna sem komu fyrir menntamálanefndina kom fram svo óumdeilanlegt er að gjaldið sem hér er verið að leggja til, þessar 45 þús. kr., er uppdiktað gjald. Það er sett inn eftir pöntun og allir rektorarnir staðfestu við nefndina að ef raunkostnaðurinn væri talinn, væri um miklu hærri upphæð en 45 þús. kr. að ræða. Ef telja ætti allan þann kostnað sem háskólarnir hafa af því að sýsla með nemendur sem verður ekki talin til kennslu, þá er sú upphæð miklu hærri en 45 þús. kr. per nemanda. Það er alveg ljóst að hér er ekki um eiginlegt þjónustugjald að ræða því að það endurspeglar ekki raunkostnaðinn við þá þjónustu sem stjórnvöld segja að þau endurspegli.

Hvað liggur nú fyrir? Hvað er þetta þá? Þetta er auðvitað bara stefna stjórnarflokkanna í málefnum háskólanna. Þeir sjá ofsjónum yfir þeim fjármunum sem fara úr ríkissjóði til háskólanna og gera allt sem þeir geta til að létta á ríkissjóði, meðal annars með þeirri leið að fara ofan í vasa námsmanna og láta þá fjármagna að hluta til kostnaðinn við rekstur skólanna. Því mótmæli ég, virðulegi forseti. Því hafa þingmenn mótmælt í gegnum tíðina. Ég hef verið að lesa í dag ræður frá 1991, 1995, 1996. Alltaf þegar þessi mál hefur borið á góma í þingsölum Alþingis hefur stór hluti þingmanna mótmælt kröftuglega. Þær ræður sem hér eru haldnar nú eru engin undantekning. Stór hluti þingmanna, og ég þori að fullyrða að stór hluti þjóðarinnar er á móti þeim gjörningi sem hér er lagður til. Það er búið að færa sannfærandi rök fyrir því hvers vegna við erum á móti.

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að stefna ríkisstjórnarinnar í þessum efnum er þess eðlis að hún stríðir gegn jafnrétti til náms. Hv. þm. Mörður Árnason spurði í framsöguræðu sinni áðan þegar hann talaði fyrir minnihlutaáliti menntamálanefndar hvers eðlis þetta gjald væri, hvort þetta væri þjónustugjald eða skattur. Og af því að ég er búin að vera að grúska í gömlum ræðum, virðulegi forseti, er gaman að vitna í ræðu hv. fyrrv. þingmanns, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, en í umræðum utan dagskrár á Alþingi þann 11. september 1992, þar sem hún ræðir um hversu illa hækkanir á skólagjöldunum sem þá var verið að setja á komi við konur, segir hún, með leyfi forseta:

„Konum í hópi nýnema fækkar nú um 30% milli ára en körlum um 17%. Á þessu er auðvitað greinilegur og merkjanlegur munur sem verður að taka alvarlega. Þetta er engin tilviljun, virðulegur forseti. Ég fullyrði að þetta er bein afleiðing af þeim ákvörðunum sem stjórnarþingmenn tóku á síðasta þingi. Ábyrgðin er hjá þingmönnum stjórnarflokkanna. Ábyrgð þeirra liggur í því að þeir ákváðu á síðasta þingi að bæta 17.000 kr. innritunargjaldi á nemendur Háskóla Íslands og þetta innritunargjald fælir m.a. frá konur sem áður innrituðu sig upp á von og óvon og fóru á hægagangi í gegnum háskólann vegna þess að aðstæður þeirra voru þess eðlis. Þær gátu leyft sér nám af því að það kostaði þær lítið en þær geta það ekki lengur. Ég vil vekja athygli á því að 150 nýnemar hafa dregið til baka umsókn sína og beðið um endurgreiðslu á skólagjöldum, þar af eru 100 konur.

Ábyrgð stjórnarþingmannanna liggur líka í því að herða svo lög og reglur um námslán að það fælir ungt fólk, sem ekki býr við kjöraðstæður, frá námi og þar vil ég sérstaklega nefna ungar, einstæðar mæður."

Hæstv. forseti. Þetta segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir í inngangsræðu sinni í umræðum utan dagskrár 11. september 1992. Ein af þeim spurningum sem hún lagði fyrir hæstv. þáverandi menntamálaráðherra, Ólaf G. Einarsson, varðaði spurningu hv. þm. Marðar Árnasonar hvers eðlis þetta gjald væri. Þegar hæstv. ráðherra er spurður að því segir hann, með leyfi forseta:

„Kjarni málsins er sá að þjónustugjöldin eru lögð á til þess að mæta skertum framlögum ríkisins þannig að sem minnst þurfi að draga úr þjónustu."

Hæstv. fyrrv. menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins leyfir sér að útskýra þessar álögur með þessum orðum. Kjarni málsins er sá að þjónustugjöldin eru lögð á til að mæta skertum framlögum ríkisins þannig að sem minnst þurfi að draga úr þjónustu. Segir þetta ekki meira en mörg orð, virðulegi forseti, hvað það er sem hér ræður för? Það er stefna Sjálfstæðisflokksins enn og aftur. Þeir sjá ofsjónum yfir þeim fjármunum sem háskólarnir fá úr ríkissjóði og þeir beita öllum tiltækum brögðum til að fá fjármuni annars staðar og nú sem fyrr úr vösum háskólastúdenta.

Virðulegi forseti. Ég gæti haldið áfram að vitna í gamlar ræður en ég sé ekki neinn sérstakan tilgang í því. Ég ítreka að það sem kemur fram í nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar sem getur að líta á þskj. 592, eru jafnt mín sjónarmið sem sjónarmið hv. þm. Marðar Árnasonar, sem talaði fyrir þeim áðan. Við fögnum því að málið skuli þó koma inn í nefndina aftur á milli 2. og 3. umr., þó svo við gerum okkur fulla grein fyrir því að engu verður breytt um það að meiri hluti þingsins ætlar sér að koma málinu í gegn. Þannig var frumvarp til fjárlaga úr garði gert og þannig hafa ræður hv. stjórnarliða verið í umræðunni, bæði 1. umr. og núna það sem af er 2. umr. Það er alveg ljóst hver vilji ríkisstjórnarinnar er. Og mér finnst ríkisstjórnin vera í dap-

urlegum leiðangri, dapurlegri krossferð sem beinist gegn námsmönnum, gegn stúdentum, þar sem hv. þingmenn mæra háskólastigið í öðru orðinu en höggva á sama tíma í þennan knérunn, fara ofan í vasa háskólastúdenta til að fjármagna námið við starfsemi háskólanna. Þetta finnst mér dapurlegur leiðangur, virðulegi forseti.

[23:17]

Steinunn K. Pétursdóttir:

Frú forseti. Hv. þingmenn Mörður Árnason og Kolbrún Halldórsdóttir hafa í ræðum sínum gert ágætlega grein fyrir afstöðu minnihluta menntamálanefndar og þar með talið minni, en ég vil þó nota tækifærið til að minnast á eitt og annað.

Skrásetningargjöld við ríkisháskólana eiga að hækka um tæplega 40% á einu bretti sem hlýtur að teljast umtalsvert og þá sér í lagi í buddum fátækra námsmanna. Margir hafa hingað til þurft að þreyja þorrann með því að neita sér um næstum því allt nema þurrt brauð og vatn og sýnt þykir að hagur þeirra verði ekki vænlegri ef frumvörpin verða að lögum óbreytt. Ég ætla ekki að mæla gegn því að stúdentar greiði að einhverju leyti fyrir þá þjónustu sem þeir ganga að vísri við nám í ríkisháskólunum, en hins vegar þykir mér sú upphæð sem er lögð fram í hærri kantinum og einnig þykja mér röksemdafærslur talsmanna skólanna þriggja og sundurliðun þeirra á því sem þeir kalla kostnað vegna skráningar og þjónustu við stúdenta allrar gagnrýni verð.

Skólarnir þrír leggja hver um sig fram sundurliðun á kostnaðinum sem fylgiskjöl með frumvörpunum og við yfirlestur þeirrar sundurliðunar flaug mér í hug af einhverjum furðulegum ástæðum mynd af frakkaklæddum mönnum að laumast í skjóli nætur í Öskjuhlíðinni eða einhverjum álíka huggulegum stað. Niðurstöðutalan ber a.m.k. svolítinn keim, svo ekki sé meira sagt, af gúrku- og bensínverðlagningu.

Kannski er það hins vegar svo, nú þekki ég það ekki, að kostnaður við skráningu og tengda þjónustu sé nánast sá sami við hvern þessara þriggja skóla um sig, en mér þykir þrátt fyrir það merkilegt að ekki skuli vera kostnaðarminna að skrá sig til náms í fjölmennari skóla en fámennari þar sem hagræðingin ætti að vera meiri í stærri skólanum.

Ég get ekki annað en undrað mig á vinnubrögðunum við undirbúning frumvarpanna eins og hann lítur út fyrir mér. Hækkunin er lögð til að ósk skólanna og upphæðin sem næst með þessu úr vösum nemendanna á að renna óskipt til þeirra þó reyndar séu uppi deilur um það hversu stór upphæðin eigi að vera sem þeir fá óskipta.

Fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, eins og hv. þm. Mörður Árnason rakti í ræðu sinni, að útgjaldaheimild skólanna í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2005 byggist á þeirri forsendu að skólarnir nýti sér heimildina og afli þannig meiri tekna sem því nemur og renni óskertar til þeirra. Starfsmaður menntamálaráðherra staðfesti þetta á fundi hv. menntamálanefndar að hækkun gjaldsins væri ein af forsendum fjárveitingatillagna í fjárlagafrumvarpinu.

Við höfum margoft heyrt um og einnig rætt þann fjárhagsvanda sem skólarnir glíma við. Tugi og jafnvel hundruð millj. kr. vantar upp á að endar nái saman í rekstri þeirra og hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort það geti hugsanlega verið, án þess að ég ætli stjórnendum skólanna slíka hegðun, að þeir hafi verið komnir á hnén grátbiðjandi um meira fé frá ríkinu og að ráðherra hafi fundið töfralausn á þeim vanda: Látum lýðinn bara borga. Hækkið þið skrásetningargjöldin. Þannig náið þið að öngla saman einhverju upp í halann sem þið dragið á eftir ykkur.

Í fjárlögum er gert ráð fyrir þessum tekjum skólanna. Því var þeim ekki úthlutað meiru en raun bar vitni á fjárlögum, afganginn skyldu þeir sækja í vasa nemenda. Stjórnendum var fengið það verkefni að útbúa sundurliðun á kostnaði svo hægt væri að réttlæta hækkun og æskilegast væri fyrir ráðuneytið að niðurstaða þeirrar kostnaðargreiningar væri u.þ.b. 45 þús. kr. á stúdent í öllum skólunum. Það er svo rannsóknarvirði út af fyrir sig hvernig t.d. Háskóli Íslands kemst að þeirri niðurstöðu að stúdentar sem skrá sig þar til náms þurfi að greiða 20% af rekstri deildarskrifstofa eins og það er orðað í fylgiskjali með frumvarpi um þann skóla og að sama skapi 30% af rekstri skrifstofu kennslusviðs. Það gæti verið afskaplega fróðlegt að komast yfir útreikningana sem liggja að baki tölunum.

Verst er kannski í málinu, frú forseti, sú staðreynd að hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna fæst ekki lán fyrir skrásetningargjöldum og setur hækkunin því stórt strik í reikning þeirra fjölmörgu stúdenta sem þurfa að framfleyta sér með lánum þaðan á námstímanum. Réttara væri að hér væri bara töluð íslenska eins og hún kemur fyrir og hlutirnir nefndir því nafni sem þeir með réttu nefnast. Ef eitthvað er væri námsmönnum greiði gerður með því, eins og hlutirnir líta út í dag, að skrásetningargjöldin væru nefnd skólagjöld þar sem lánað er fyrir þeirri tegund útgjalda en ekki hinni fyrrnefndu.

Kannski er það ætlun hæstv. menntamálaráðherra eftir allt saman að námsmenn fari fram á og óski eftir því að fá að greiða skólagjöld frekar en skrásetningargjöld. Þá væri töluvert kátt í Valhöllinni er ég hrædd um og þeim fyndist það þar örugglega ekki tiltökumál að verða við þeim óskum stúdenta ef þær kæmu fram, ef ég þekki sjálfstæðismennina rétt.

Ég er ósköp hrædd um að hér sé menntamálaráðuneytið að lauma sér bakdyramegin að stúdentum og að þetta sé fyrsta skrefið af fáum á þeirri göngu sem virðist vera hafin í þá átt að innheimta skólagjöld við ríkisháskólana, skólana sem eiga að vera öllum aðgengilegir óháð efnahag. Á það hefur Frjálslyndi flokkurinn lagt áherslu að efnahagslegar aðstæður einstaklinga fái ekki um það ráðið hvort þeir geti sest á skólabekk og aflað sér framhaldsmenntunar. Því erum við, svo ekki sé meira sagt, afar ósátt við frumvörpin eins og þau hafa verið borin fram.

[23:24]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Hér hefur verið farið ágætlega yfir það mál sem er til umræðu af hv. þingmönnum Merði Árnasyni, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Steinunni K. Pétursdóttur. Einnig hafa að sjálfsögðu hv. þingmenn meirihlutans mælt, Gunnar Birgisson og Dagný Jónsdóttir, hver með sína afstöðu.

Það sem stendur upp úr í málinu er að verið er að taka

skref í átt að skólagjöldum á grunnnám í ríkisháskólunum. Umræðan teygir sig á þessu haustþingi og í kvöld yfir þrjú mál. Við ræddum fyrr í kvöld málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna þar sem sá sem hér stendur spurði hv. formann menntamálanefndar ítrekað að því hvort rætt hefði verið sérstaklega að sjóðurinn kæmi í svo auknum mæli að fjármögnun háskólastigsins með því að einkavæða eina námsgrein sérstaklega, tæknifræðina, og leggja hana í einkarekinn skóla, innheimta þar há skólagjöld sem lánasjóðnum er ætlað að fjármagna. Við því komu engin svör.

Við erum einnig með mál þar sem eru skólagjöld við ríkisháskólana, sem eru kölluð skráningargjöld eða innritunargjöld, einhvers staðar stóð að þau væru einungis uppfærð til að standa undir raunkostnaði við skráningu, sem er fjarri öllu lagi og hefur verið rakið mjög ítarlega hve vanbúið og undarlegt málið er. Skilgreiningin sem stuðst er við frá því að þetta varð fyrst að lögum um hvað eru skólagjöld, hvað eru innritunargjöld o.s.frv., skiptir engu máli. Hvort gjaldinu sé ætlað að standa að einhverju leyti undir kennslu eða ekki, hvort það eitt séu skólagjöld, er skilgreining sem skiptir engu máli, hún er úrelt ef hún var einhvern tímann í gildi.

Það má líka færa rök fyrir því að gjaldið eigi að einhverju leyti að standa undir prófagjaldi. Það er tilnefnt hjá einum skólanum. Þá hefur verið rakið mjög vandlega, í álitum frá stúdentaráði Háskóla Íslands, nemendafélagi Kennaraháskóla Íslands og fleirum hve skringilega er staðið að því að finna gjaldið. Það hefur komið í ljós í meðförum nefndar og þings í málinu að upphæðin var fengin fyrst, síðan voru forsendurnar dregnar fram og búnar til hverjar í sínum skóla. Allir komust að sömu niðurstöðu og sama gjaldi. Hér er því um ákveðinn skrípaleik að ræða sem er engum til framdráttar. Menn eiga að koma að hlutunum með réttum hætti og ekki fara í kringum málin og er það rakið prýðilega í áliti okkar í minnihluta menntamálanefndar sem hv. þm. Mörður Árnason flutti.

Ég spurði sérstaklega forustumenn stúdentaráðs Háskóla Íslands hvort niðurstaða þeirra væri, hafandi farið í gegnum ítarlegt álit þeirra, að hér væri um almenna tekjuöflun fyrir ríkisháskólana að ræða en ekki gjald sem ætti að standa undir afmörkuðum þáttum í þjónustu við stúdenta sem eru tilgreindir með mjög svo ólíkum hætti í skólunum þremur, hvort þetta væru skattar á röngum forsendum, almenn tekjuöflun. Svarið við því var já, mjög afdráttarlaust. Það var niðurstaða stúdentaráðs Háskóla Íslands að svo væri, svo og annarra sem hafa veitt álit. Hægt er að nefna marga fleiri til sögunnar því máli til stuðnings, til að mynda gefur Alþýðusamband Íslands álit sitt umbeðið. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands telur að með þessum frumvörpum sé stigið enn eitt skref í þá átt að tekin verði upp skólagjöld við ríkisháskóla hér á landi. Alþýðusamband Íslands lýsir sig ósammála þessari þróun og varar við afleiðingum hennar.“

Virðulegi forseti. Þetta er kjarni málsins. Til lengri tíma litið snýst stóra málið ekki um það hvort skráningargjöldin svokölluðu séu hækkuð um 38,5%, eins og hér um ræðir, eða ekki, hvort skráningargjaldið, staðfestingargjaldið, innritunargjaldið, hvað sem menn vilja kalla þetta sé 35 þús., 40 þús. eða 45 þús. Það eru afleiðingarnar sem skipta mestu máli, þau skref sem stigin eru. Hér er stigið stórt skref í átt að innheimtu skólagjalda við ríkisháskólana. Þetta er þáttur í þróun sem hefur færst verulega í aukana á þeim næstum 12 mánuðum sem liðnir eru frá því að nýr hæstv. menntamálaráðherra tók við lyklavöldum í ráðuneytinu og hefur stundum verið kallað skólagjaldavæðing Sjálfstæðisflokksins í ríkisháskólunum. Þetta er einfaldlega hluti af þeirri þróun. Hæstv. ráðherra lýsti því á sínum allra fyrstu dögum í embætti og áður en hún tók við að hún sæi fátt því til fyrirstöðu að háskólastigið og ríkisháskólarnir væru fjármagnaðir í auknum mæli á kostnað nemenda með innheimtu skólagjalda á grunnnám þeirra.

Í kjölfar þessa fór af stað töluverð umræða um málið á Alþingi og annars staðar. Ráðherra dró í land og hefur sagt oftar en einu sinni síðan þá að hún hyggist ekki og ætli alls ekki beita sér fyrir því að tekin verði upp skólagjöld á grunnnám við ríkisháskólana. Hún sneri við í því máli eftir gagnrýna umræðu sem fór fram bæði hér og annars staðar. Ef það hefðu verið lyktir málsins þá hefði það verið hið besta mál, enda telur sá sem hér stendur að það eigi ekki að innheimta skólagjöld á grunnnám í ríkisháskólunum.

Öðru máli getur gegnt um ýmsar tegundir af framhaldsnámi o.s.frv., að uppfylltum ákveðnum og öðrum skilyrðum. Við höfum ítrekað óskað eftir því og lýst eindregnum vilja okkar til að fara í vandaða umræðu um skólagjöld og almennt um fjármögnun háskólastigsins.

Það hefur hins vegar ekki verið gert. Sjálfstæðisflokkurinn er á harðaflótta í því máli eins og í mörgum viðkvæmum málum sem á þarf að taka. Flokkurinn hefur hvorki þrótt né pólitískt þrek til að leiða þau mál til lykta, sem með einhverjum hætti þvælast fyrir ákveðnum forustumönnum flokksins. Það gildir m.a. um skólagjöldin að Sjálfstæðisflokkurinn segir eitt en gerir annað. Það er ein alversta birtingarmynd stjórnmálanna, þ.e. þegar stóri flokkurinn í þessu stjórnarsamstarfi segir eitt en gerir annað.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur sagt það skýrt að ekki eigi að taka upp skólagjöld á grunnnám í ríkisháskólunum. Á nákvæmlega sama tíma gerist tvennt:

Leggja á niður tæknínám í ríkisháskóla og færa inn í einkarekinn skóla sem á að vera einkahlutafélag. Ekki verður hægt að stunda tæknínám á Íslandi nema gegn háum skólagjöldum. Á sama tíma lýsir ráðherra því yfir að Lánasjóður íslenskra námsmanna eigi að standa undir þeim kostnaði, það hefur hins vegar aldrei verið rætt.

Seinna atriðið er að skólagjöld, innritunargjöld eða hvað sem þetta er kallað, í ríkisháskólana þrjá voru hækkuð um 40%. Eiginlega álíta allir nema þingmenn Sjálfstæðisflokksins að þar sé um skólagjöld að ræða. Meira að segja lykilmaður Framsóknarflokksins í menntamálanefnd, hv. þm. Dagný Jónsdóttir, ætlar ekki að greiða atkvæði með hækkun skólagjaldanna. Hún treystir sér ekki til þess og styður málið ekki. Eftir stendur Sjálfstæðisflokkurinn með fjallabaksleiðina sína í farangrinum, að taka upp skólagjöld á grunnnám í ríkisháskólum á Íslandi án þess að hafa nokkurn tímann rætt málið eða tekið upp með öðrum hætti, aldrei nokkurn tímann.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur að vísu hafnað því eindregið að hún ætli eða vilji taka upp skólagjöld á grunn-

nám í ríkisháskólum. Hins vegar hafa einstakir þingmenn eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, m.a. í umræðum í fyrradag, lýst því yfir að hans persónulega skoðun sé að innheimta eigi skólagjöld á grunnnám. Gott og vel. Það er að sjálfsögðu hið besta mál að menn opinberi skoðanir sínar og berjist fyrir þeim. Það er hins vegar ekki stefna Sjálfstæðisflokksins að svo verði.

Sjálfstæðisflokkurinn stendur hins vegar að því að taka upp skólagjöld. Núna verður ekki hægt að stunda tækninám á Íslandi nema gegn háum skólagjöldum og stigin eru stór skref í átt að upptöku skólagjalda við ríkisháskólana í þeim þremur frumvörpum sem við ræðum saman um í kvöld, 40% hækkun á skráningargjöldum. Forsendurnar voru búnar til eftir pöntun og gjaldið ákveðið áður en forsendurnar voru teknar saman, enda eru forsendurnar ólíkar á milli skóla. Upphæðin var ákveðin áður en kostnaðarliðirnir voru teknir saman. Það kemur að sjálfsögðu niður á öðrum framlögum til skólanna. Gjöldin eru höfð til grundvallar við að ákveða hvaða upphæðum þeim skuli skammtað í fjárlögum. Þetta er að sjálfsögðu dregið frá þótt svo sé ekki gert með opnum hætti.

Þetta mál er allt hið versta og ekki til sóma þeim sem það flytja. Ef menn vilja innheimta skólagjöld á grunnnám í ríkisháskólunum þá skulu menn segja það og slást fyrir því, taka þá umræðu með hreinskiptum hætti og koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Þeir eiga ekki að fara fjallabaksleið að þessu máli né öðrum. Það er þeim til smánar.

Fleiri gáfu nefndinni álit. Þau álit sem bárust inn voru býsna afdráttarlaus. BÍSN, Bandalag íslenskra námsmanna, segir, með leyfi forseta:

„Við teljum ekki rétt að auka tekjur háskólanna með því að hækka skrásetningargjöld. Ráðlagt væri að hækka ríkisframlög ?“

Síðar segir:

„Í ljósi þess að hvorki er gert ráð fyrir skrásetningargjöldum né framfærslugrunni LÍN né sé lánað sérstaklega fyrir gjöldunum mun hækkun skráningargjalda einungis auka kostnað námsmanna sem nú þegar hafa lítil fjárráð ...“

BSRB hafnar þessu afdráttarlaust, Iðnnemasambandið, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og fleiri. Síðan komu mjög vönduð og ítarleg álit frá stúdentaráði Háskóla Íslands sem og frá stúdentum við Kennaraháskólann. Þeir mótmæla harðlega þessari hækkun og benda á að með aukinni tækni, eins og stúdentaráð benti á líka, ætti kostnaður við skráningu stúdenta að lækka. Því er haldið fram að gjaldið eigi að standa undir raunkostnaði við skráningu. Með aukinni tækni hefur kostnaður við skráningu stúdenta lækkað umtalsvert.

Í áliti sínu segja þeir síðan, sem er kjarni málsins, með leyfi forseta:

„Áætlanir um hækkun skrásetningargjalda grafa undan megingildum norrænnar menningar um gjaldfrjálsa almenningsmenntun og þar með velferðarkerfinu öllu. Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands hvetur menntamálanefnd til að hugleiða niðurrif slíkrar hækkunar til langframa.“

Menn koma aftur að afleiðingunum til langframa. Þær skipta að sjálfsögðu langmestu máli. Hér er stigið skref í átt til aukinnar gjaldtöku af stúdentum og að því miðað að stúdentar standi í verulegum mæli undir grunnnámi á háskólastigi við ríkisháskólana. Síðan er Lánasjóðnum ætlað að lána fyrir útgjöldum þeirra þótt reiknað hafi verið út að ef svo væri almennt þá mundi kostnaður ríkisins einungis aukast, það væri jafnvel hagkvæmara fyrir ríkið að auka bein framlög til skólanna.

Hér hafa menn staðhæft að málið sé í samræmi við óskir ríkisháskólanna. Það er mjög vafasöm nálgun. Menn hafa spurt: Hvar eru mörkin? Væri hægt að grípa til einhvers konar staðfestingargjalds. Rektor Háskóla Íslands, Páll Skúlason, nefndi þegar hann kom fyrir nefndina að til væru þrenns konar gjaldtökuleiðir. Þar væru innritunargjöld vegna ýmissar þjónustu. Skólagjöld, hrein og bein, sem stæðu undir rekstri skóla að verulegu leyti og hins vegar hóflegt staðfestingargjald. Það er allt annað mál, að innheimta hóflegt staðfestingargjald til að stemma stigu við óábyrgum skráningum og koma í veg fyrir að fólk sé að skrá sig án þess að á bak við það standi meining. Það er allt annað mál en veruleg gjaldtaka eins og hér um ræðir. Páll Skúlason klykkti út með því að segja að skólagjöld væru ekki lausn á fjárhagsvanda Háskóla Íslands. Undir það taka að sjálfsögðu flestir.

Almennt harma ég það að Sjálfstæðisflokkurinn sé að smygla að því laumumáli sínu að innheimt verði veruleg gjöld í grunnnámi háskólanna. Ég harma að sá flokkur sem eitt sinn bar höfuð og herðar yfir aðra í íslenskum stjórnmálum — sá tími er löngu liðinn, drottni sé lof fyrir það og íslenskum kjósendum að sjálfsögðu og íslenskum jafnaðarmönnum — ætlar að láta það verða eitt af sínum síðustu verkum áður en hann verður hrakinn frá völdum í næstu kosningum að innleiða há skólagjöld á grunnnám í ríkisháskólunum. Það er mikið óhæfuverk að mínu mati, sérstaklega þegar þannig er staðið að málum.

Það væri annað ef flokkurinn nálgaðist málið í opinni og hreinskiptri umræðu og segðist ætla að innleiða og fjármagna grunnnám á háskólastigi að verulegu leyti með gjaldtöku af nemendum. Það væri allt annað mál og sú umræða yrði tekin á þeim grundvelli. Flokkurinn hefur aftur á móti ekki pólitískt þrek til að fjalla eðlilega um málið og fer því í þennan feluleik, þessa fjallabaksleið í staðinn. Þeir hefðu getað stofnað einhvers konar framtíðarhóp í sínum röðum þar sem kostir og gallar ýmissa rekstrarforma á háskólastigi væru skoðaðir. Ætla menn að láta skólagjöld standa undir rekstri háskóla í auknum mæli? Ætla menn að lána fyrir því á móti til að jafna aðstöðuna eða hvernig ætla menn að gera þetta? Á síðan að tengja afborganir af námslánum við tekjur manna eftir nám, að þær verði bókstaflega tengdar við ævitekjur manna eins og gert er hjá Bretum?

Ef Sjálfstæðisflokkurinn hefði framtíðarhóp á sínum snærum í slíkri vinnu væri kannski hægt að ræða þetta mál með allt öðrum hætti. En hann er ekki að því. (Gripið fram í.) Hér fyrr á tíð komu mikil rit frá vonarstjörnu sjálfstæðismanna um að leggja niður báknið og berjast fyrir öðruvísi samfélagi. (**MÁ:** Ganga í Evrópusambandið.) Já, ganga átti í Evrópusambandið. Það var niðurstaða sem hæstv. núverandi utanríkisráðherra og fyrrverandi forsætisráðherra komst að með mjög afdráttarlausum hætti í einu rita sinna. Gaman væri að heyra viðhorf spurgöngumanna hans af yngri kynslóð, t.d. hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar sem er í salnum til þeirra mála. En ég veit að hann ætlar að

ræða skólagjöld og viðhorf sín til skólagjalda hér á eftir.

Málið sem hér liggur fyrir, þessi 40% hækkun á skólagjöldum í ríkisháskólana, er verulega gagnrýnisvert mál. Gjaldtakan er á röngum forsendum, ein af fjölmörgum skattahækkunum ríkisstjórnarinnar á þessu hausti. Um leið og þeir segjast lækka skatta um 4–5 milljarða kr. er í raun verið að hækka skatta um 8 milljarða kr. á móti. Það er einn skrípaleikurinn sem hefur verið afhjúpaður með mjög dramatískum hætti á undanförnum dögum, vikum og jafnvel mánuðum. Fátt verður þeim til gæfu, blessuðum, á síðustu missirum sínum í ríkisstjórnarsamstarfinu ef spá mín reynist rétt.

Ég vona að Framsóknarflokkurinn beri gæfu til að standa undir nafni. Hann hefur afdráttarlaust hafnað skólagjöldum, bæði í grunnnámi og framhaldsnámi á háskólastigi í flokkssamþykktum sínum frá upphafi vega, að ég held. Hann hefur ítrekað það afdráttarlaust á flokksþingi Framsóknarflokksins í fyrra. Hv. þingmenn Dagný Jónsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson hafa lýst því að þau hafi miklar efasemdir um málið og vilji standa við fyrri samþykktir flokksins.

Menn verða að vona að Framsóknarflokkurinn standi við stóru orðin, stöðvi þetta mál í þinginu og komi í veg fyrir að skólagjöld á grunnnám við ríkisháskólana verði hækkuð um 40% eins og í stefnir. Ég tel að undir niðri leynist andstaða við þetta mál hjá mörgum fleiri þingmönnum flokksins en ég hef nefnt. Ég hygg að það komi fram á næstunni að þeir ætli ekki að standa með Sjálfstæðisflokknum í feluleik við að hækka skólagjöld. Sjálfstæðisflokkurinn ætti að berjast fyrir slíkum áformum, skipa framtíðarhóp til að fjalla um málið, leggja skólagjaldapólitík sína fyrir þingið og berjast fyrir henni en ekki að innleiða hana á röngum forsendum, á forsendum skráningargjalda sem eru ekki skráningargjöld heldur skólagjöld. Í öðru lagi ætla þeir að leggja niður heilu fögin í ríkisháskólunum, setja undir einkahlutafélög og innheimta fyrir það nám há gjöld. Ekki verður hægt að stunda þær greinar á Íslandi nema í einkareknum skólum gegn háum gjöldum.

Virðulegi forseti. Það er langt liðið á kvöld. Fleiri þingmenn eiga eftir að koma sínum viðhorfum að. Ég ætla því að láta máli mínu lokið í þessari umferð.

[23:44]

Útbýting:

Fjármálafyrirtæki og vátryggingastarfsemi, 211. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 599; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 600.

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 320. mál, þskj. 603.

Greiðslur yfir landamæri í evrum, 212. mál, þskj. 602.

Raforkulög, 328. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 606; brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 607.

[23:45]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætla að víkja að þeim frumvörpum sem eru til umfjöllunar og ýmsum þeim atriðum sem hafa verið uppi í umræðunni um þau. Ég ætla að fara almennt yfir það hvað við Sjálfstæðismenn og Framsóknarmenn í því ríkisstjórnarsamstarfi sem nú er við lýði höfum gert í þágu menntunar í landinu. Að sama skapi ætla ég að víkja aðeins að þjónustugjöldum og hlutverki þeirra og heimildum stjórnvalda til þess að innheimta slík gjöld og fara aðeins yfir þá tekjustofna sem gjaldtaka ríkisins byggir á, ekki síst vegna þess að hv. þm. Mörður Árnason vék að þessu atriði þegar hann mælti fyrir nefndaráliti minnihluta menntamálanefndar.

Úr því að rætt hefur verið um skólagjöld ætla ég aðeins að koma að því atriði sem skiptir máli í umræðunni. Það er alltaf verið að fjalla um skólagjaldastefnu Sjálfstæðisflokksins. Í fyrsta lagi er því haldið fram að sú gjaldtaka sem verið er að mæla fyrir sé ekkert annað en skólagjöld og að Sjálfstæðisflokkurinn hafi haft það á stefnuskrá sinni að innheimta slík gjöld. Þetta er ákveðinn misskilningur og síðar í ræðu minni ætla ég að fara aðeins yfir það hver stefna Samfylkingarinnar í málefnum skólagjalda hefur verið.

Mér finnst reyndar slæmt að það eru ekki margir þingmenn í salnum. Það eru reyndar tveir áhorfendur á pöllunum, en ég sakna þess sérstaklega að hv. þingmenn Samfylkingarinnar, Bryndís Hlöðversdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir, séu ekki á staðnum vegna þess að síðar í ræðu minni hyggst ég víkja máli mínu að þeim og þeirri stefnu sem þær hafa beitt sér fyrir í störfum sínum fyrir framtíðarhóp Samfylkingarinnar, sem fjallar einmitt um gjaldtöku eins og þessa. Ég óska því eftir því, frú forseti, að ef þessir tveir hv. þingmenn, Ásta R. Jóhannesdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir, eru í húsinu eða á skrifstofum sínum að þær komi í þingsalinn og hlýði á ræðu mína og svari þeim spurningum sem ég hef fram að færa gagnvart þeim.

Þó svo það sé dálítið sérstakt að segja það væri mjög gott fyrir umræðuna ef fyrrverandi forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir varaformaður Samfylkingarinnar, væri á þingi, hún hefur komið á þing sem varaþingmaður, vegna þess að hún er sá stjórnmálamaður á Íslandi sem hefur tjáð sig hvað opinskást um töku skólagjalda og þó það sé dálítið sérstakt að segja það sakna ég þess að hún geti ekki tekið þátt í umræðunni og komið að og skýrt sjónarmið þau sem hún hefur látið frá sér fara í opinberri umræðu um skólagjöldin. Ég mun víkja að því á eftir.

Frú forseti. Ef hægt væri að koma boðunum til þessara tveggja hv. þingmanna ef þeir eru innan seilingar væri ég mjög þakklátur fyrir það. Þá fá þeir þingmenn alla vega tóm til þess að koma í Alþingishúsið á meðan ég fer yfir önnur sjónarmið í málinu.

Á síðustu árum hefur náðst stórkostlegur árangur í menntamálum þjóðarinnar. Ríkið hefur aukið framlög sín til menntamála stórkostlega og við Íslendingar erum alltaf að færast framar og framar í samanburði við þær þjóðir sem við kjósum að bera okkur saman við í menntamálum. Jafnframt hefur núverandi ríkisstjórn staðið fyrir mjög mikilvægum málum sem varða réttindamál stúdenta og ekki verður annað sagt en að stórir sigrar hafi náðst í réttindabaráttu stúdenta á síðustu árum. Við höfum t.d. afnumið tekjutengingar vegna námslána á síðustu árum og rétt áðan mæltum við fyrir lækkun á endurgreiðsluhlutfalli námslána úr 4,75% í 3,75%, um 1%. Þetta eru stór mál sem skipta

verulegu máli fyrir stúdenta í landinu.

Engu að síður held ég að við séum öll sammála um að við viljum hag æðstu menntastofnana þjóðarinnar sem mestan og þar á meðal þeirra skóla sem hér um ræðir, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands. Ef við viljum halda úti góðum háskólum, góðum menntastofnunum, verðum við að búa þeim það rekstrarumhverfi að þær geti starfað í samræmi við metnað sinn og í samræmi við lög og uppfylltar kröfur sem til þessara menntastofnana eru gerðar. Það er alveg ljóst að kröfurnar hafa verið að aukast á síðustu árum og sú þjónustukrafa hefur komið frá stúdentum fyrst og fremst.

Ég man t.d. að þegar ég var nemandi við lagadeild Háskóla Íslands, það er nú ekki svo langt síðan, á árunum 1993–1998, var þjónusta sem stúdentar fengu, þar á meðal ég, miklu minni en tíðkast í dag. Þá vorum við 500 nemendur í lagadeild Háskóla Íslands og þurftum að deila með okkur einni Macintosh Plus tölvu sem Háskólinn lagði ekki til, heldur nemendafélagið keypti. Það voru sem sagt 500 stúdentar um eina tölvu. Nú er öldin önnur og sú þjónusta og sá búnaður sem háskólanemar geta sótt í er allt annar og miklu meiri en á þeim tíma. Ég er einungis að fara nokkur ár aftur í tímann. Þá höfðu stúdentar engan aðgang að internetinu, tölvupósti eða annarri slíkri þjónustu sem þykir sjálfsögð í dag. Ef menn fara nú í háskólann sjá þeir nokkuð vel búin tölvuver og allt annan kost en boðið var upp á fyrir örfáum árum. Þetta eru náttúrlega kröfur sem hafa komið frá stúdentum, eðlilega, búnaðurinn þarf að vera sæmilegur til þess að stofnunin standi undir nafni, en menn verða náttúrlega að gera sér grein fyrir því að þjónustan kostar peninga og einhver þarf að greiða fyrir hana. Það hefur verið málflutningurinn í gegnum tíðina að menn hafa óskað eftir aukinni þjónustu en neitað að borga fyrir hana. Ég þekki það sjálfur, vegna þess að ég stóð í réttindabaráttu fyrir stúdenta þegar ég var í háskólanum og sat m.a. sem fulltrúi nemenda í háskólaráði.

Sú hækkun á skráningargjaldi í háskólana sem við fjöllum um hér er ekki til komin vegna þess að ríkisvaldið hafi sérstaklega óskað eftir því að skráningargjald í háskólana yrði hækkað. Það er alveg ljóst. Hún er til komin vegna óska frá ríkisháskólunum sjálfum. Þessu var reyndar neitað við 1. umr. um málið, en það vill þannig til, þó svo sumir hristi hausinn hér, að allir rektorar ríkisháskólanna komu á fund hv. menntamálanefndar og þar var það staðfest, m.a. af hálfu Páls Skúlasonar, rektors Háskóla Íslands, að hugmyndin um hækkun skráningargjaldanna kom frá skólunum en ekki frá ríkisvaldinu. Það er því ekki hægt að halda því fram að við sem erum í forsvari fyrir ríkisstjórnina séum að hækka gjaldið að gamni okkar, eða vegna þess að við viljum það. Nei, það er vegna þess að ósk kom fram um það frá háskólunum.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vék að því í ræðu sinni fyrr í kvöld að stjórnvöld hefðu ekki svarað því um hvers konar gjald væri að ræða, hvort um þjónustugjald væri að ræða, skatt eða annars konar gjald. Ég get upplýst og hef reyndar sagt það margoft áður og það hefur komið fram í umræðunni, að það gjald sem við fjöllum um hér er þjónustugjald. Þetta er þjónustugjald í skilningi laga og ekkert annað. Gjaldinu er ætlað að mæta tilteknum kostnaði við stúdenta á námstíma, kostnaði sem er ótengdur þeim kostnaði sem til fellur vegna kennslu. Í fyrsta skipti í sögunni, að ég hygg, eru þeir kostnaðarliðir sem gjaldinu er ætlað að mæta tilgreindir sérstaklega í athugasemdum á fylgiskjali með frumvarpinu, í heilum 10 liðum. Það er ekki eins og verið sé að fjölga kostnaðarliðum, þeir hafa verið fyrir áður en eru hins vegar mjög vel skilgreindir og afmarkaðir.

Eins og þeir vita sem skoðað hafa frumvarpið og fylgst með umræðunum er, eins og ég sagði áðan, gerð grein fyrir kostnaðarþáttunum í þeim gögnum sem liggja fyrir. Þeir kostnaðarliðir eru fengnir úr bókhaldi skólanna. Þeir eru því ekki úr lausu lofti gripnir eins og einhverjir mundu vilja halda og hafa reyndar haldið fram, heldur eru þeir unnir úr bókhaldi skólanna.

Ég ætla að víkja að skólagjöldum á eftir, sem mér er bæði ljúft og skylt að gera. Áður en ég geri það, þá er það ekki rétt hjá hv. þingmanni Björgvini G. Sigurðssyni að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki fjallað með myndarlegum og metnaðarfullum hætti um skólagjöld, það hefur flokkurinn gert í mörg ár. Ef hv. þingmaður skoðar ályktanir landsfundar Sjálfstæðisflokksins langt aftur í tímann mun hann ekki finna þar neina stefnu þar sem kveðið er á um töku skólagjalda í háskóla. Það hefur ekki verið stefna Sjálfstæðisflokksins eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ætti að vita, heldur annars stjórnmálaflokks. Ég ætla að fara yfir það á eftir og það er gott og ég fagna því að hv. þingmaður er komin í salinn.

Eins og ég sagði áðan er það gjald sem verið er að taka þjónustugjald í skilningi laga. Ég vék að því í stuttu andsvari mínu áðan við hv. þm. Mörð Árnason að svo væri. Það er alveg ljóst og um það eru allir sammála að ríkisvaldið hefur einungis tvær leiðir að lögum til þess að afla sér tekna. Annars vegar í gegnum skattheimtu og hins vegar með töku þjónustugjalda. Þetta eru þeir einu tveir tekjustofnar sem ríkið hefur til þess að afla sér tekna. Um þetta eru menn sammála sem hafa fjallað um málið. Ég get t.d. vísað til umfjöllunar Páls Hreinssonar frá 28. febrúar 1996. Gylfi Knudsen, einhver fremsti sérfræðingur landsins í skattamálum, fjallaði einnig um þetta í grein sinni Ættarmark álögunnar sem birtist í afmælisriti Gauks Jörundssonar heitins, sem út var gefin á árinu 1994. Það sama má segja um prófessor Jónatan Þórmundsson sem fjallaði um nákvæmlega þetta efni í grein sinni um skattamál eða fyrirlestra í skattarétti sem birtist í Reykjavík árið 1982. Mér fannst ástæða til þess að nefna þetta, vegna þess að ég veit að hv. þm. Einar Már Sigurðarson ætlar að koma með einhverjar nýjar kenningar á þessu sviði á eftir.

Af því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vék að því að óljóst væri um hvað væri að ræða lýsi ég því yfir að þetta gjald er þjónustugjald. Förum aðeins yfir það hver er munurinn á sköttum og þjónustugjöldum.

Sköttum er ætlað að standa undir almennri tekjuöflun ríkissjóðs en þjónustugjöldum er ætlað að standa að hluta eða öllu leyti undir kostnaði við tiltekna þjónustu sem veitt er gjaldanda. Menn hafa skilgreint skatt þannig að hann sé greiðsla, venjulega peningagreiðsla, sem tilteknir hópar einstaklinga eða lögaðila verða að gjalda til hins opinbera samkvæmt einhliða ákvörðun ríkisvaldsins eftir almennum efnislegum mælikvarða og án sérgreinds endurgjalds frá

hinu opinbera. Ég held því að við getum verið sammála um það að hér er ekki um skattheimtu að ræða, vegna þess að það er sérstaklega tilgreint í frumvarpinu í 10 liðum hvert endurgjaldið fyrir greiðsluna er.

Þjónustugjald er hins vegar greiðsla, venjulega peningagreiðsla, sem tilteknir hópar einstaklinga og lögaðila verða að greiða hinu opinbera eða öðrum sem hefur heimild til þess að taka við henni fyrir sérgreint endurgjald sem látið er í té. Er greiðslunni ætlað að standa að hluta eða öllu leyti undir kostnaði við endurgjaldið. Þetta er skilgreining Páls Hreinssonar á hugtakinu þjónustugjald. Það gjald sem hér er til umræðu fellur algjörlega undir þá skilgreiningu.

Hv. þm. Mörður Árnason vék að hugtakinu þjónustugjald í ræðu sinni og er vikið að því í nefndaráliti minnihlutans, en sá galli var á gjöf Njarðar að ýmislegt var við þann málflutning að athuga. Páll Hreinsson gerir grein fyrir því í úttekt sinni á þjónustugjöldum með hvaða hætti megi innheimta þau. Þar segir hann m.a. að ákvörðun um töku þjónustugjalda þurfi að taka í settum lögum frá Alþingi og það er gert með frumvarpinu. Síðan segir hann að þegar um einfaldar lagaheimildir töku þjónustugjalds er að ræða má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður sem almennt hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Því var hins vegar haldið fram af hv. þm. Merði Árnasyni að þegar menn tækju þjónustugjald mætti fjárhæð þess ekki vera krónunni hærra en sem næmi kostnaði við þá þjónustu sem veitt er. Svo er reyndar ekki og ég ætla aðeins að koma að því.

Páll segir í grein sinni, með leyfi forseta:

„Ákvörðun á fjárhæð þjónustugjalda verður yfirleitt að byggjast á traustum útreikningi á þeim kostnaði sem almennt hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Ef ekki er hægt að sérgreina nákvæmlega ákveðna kostnaðarliði er heimilt að byggja þá á skynsamlegri áætlun."

Við höfum orðið vitni að því í umræðunni að ekki eru allir sammála um það hversu vandaðir útreikningar m.a. Háskóla Íslands eru. Engu að síður er ljóst að leggja má til grundvallar ákveðna almenna mælikvarða við töku gjaldsins.

Áfram segir Páll Hreinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands:

„Sá sem greiðir þjónustugjöld getur yfirleitt ekki krafist þess að sá kostnaður sem hlýst af því að veita honum þjónustu sé reiknaður nákvæmlega út og honum gert að greiða gjald sem honum nemur. Verða gjaldendur oftast að sæta því að greiða þjónustugjald sem nemur þeirri fjárhæð sem almennt kostar að veita umrædda þjónustu. Stjórnvöld geta því oftast reiknað út hvað það kostar að meðaltali að veita vissa þjónustu og tekið gjald samkvæmt því."

Ef hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar halda því fram að í útreikningunum hafi kostnaðurinn verið rúnnaður af vegna þess að hann nái til svo margra gjaldenda er það heimilt samkvæmt því sem prófessorinn við lagadeildina skrifaði árið 1996.

Allt í frumvarpinu og það sem ég hef farið yfir leiðir því í ljós að um þjónustugjald er að ræða í sinni tærustu mynd.

Ég ætla ekki að fara mikið nánar ofan í hugtakið, ég vildi bara koma þessum atriðum að því að ég tel að þau skipti máli varðandi skilgreiningu á því hvað hér er um að ræða, vegna þess að aðrir hafa vikið að þessu atriði í umræðunni fyrr í kvöld.

Herra forseti. Ef við víkjum aðeins að skólagjöldum og þeirri umræðu sem hefur átt sér stað um það að stjórnvöld og ríkisstjórnin séu í einhverjum feluleik, stjórnvöld séu í raun ekki að taka þjónustugjald heldur að innheimta skólagjöld af nemendum í háskólanum, þá er alveg ljóst að svo er ekki. Það er alveg kristaltært í mínum huga. Ég hef skilgreint hugtakið þjónustugjöld og sýnt fram á að gjaldið sem er til umræðu í frumvarpinu fellur alveg nákvæmlega innan þeirrar skilgreiningar. Ég hafna því alfarið að um einhvern feluleik sé að ræða, a.m.k. ekki af minni hálfu og ég hygg ekki neinna annarra stjórnarliða. Hér er ekki um nein skólagjöld að ræða, hér er bara um töku þjónustugjalda að ræða vegna þjónustu sem veitt er.

Ég vil líka benda á það að engin ákvörðun hefur verið tekin um að innheimta skólagjöld, hvorki innan ríkisstjórnarinnar, innan stjórnarflokkanna né annars staðar. Ef um skólagjöld væri að ræða hygg ég að þeir sem hafa fjallað um skólagjöld og talað fyrir þeim hafi allir verið sammála um það að væru slík gjöld innheimt væru þau lánshæf. Þetta gjald er það ekki. Þetta gjald er ekki lánshæft eins og skólagjöld eru samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Ef um skólagjöld væri að ræða væru þau miklu hærri.

Við heyrðum þegar stjórnendur og rektorar háskólanna komu fyrir hv. menntamálanefnd og skilgreindu í hverju þeir teldu að skólagjöld og taka þeirra fælist, þá ná skólagjöld fyrst og fremst til kennslukostnaðar, þess kostnaðar sem til fellur vegna kennslu. Þeim kostnaði sem um ræðir í frumvörpunum er ekki ætlað að mæta slíkum kostnaði. Sá kostnaður er miklu hærri. Við vitum það. Ef við værum að tala um skólagjöld væri gjaldtakan miklu hærri.

Ég hef t.d. útvegað mér reglur nr. 646/1999 um fjárveitingar til háskóla. Þar er sundurgreint hvaða kostnaður fellur til á einu skólaári vegna nemenda í mismunandi námsgreinum. Þar kemur m.a. fram að hver nemandi á sviði félags- og mannvísinda, guðfræði og lögfræði eða í sambærilegu öðru námi kostar 395 þús. á ári. Tölvunarfræðinemi kostar 625 þús. Hjúkrunarfræðingurinn kostar 703 þús. Kennaranemi kostar 668 þús. Raunvísinda-, verkfræði- og tækninemi kostar 899 þús. Læknanemi kostar 1.254 þús. og nemi í tannlækningum 2.095 þús. kr. á ári.

Svo halda menn að þeir komist upp með það hér að kalla það skólagjöld þegar stúdentar eru rukkaðir um 45 þús. kr. þegar það liggur fyrir að kostnaðurinn vegna kennslunnar er miklu, miklu hærri og þegar það liggur fyrir í frumvarpinu að skráningargjöldunum er ekkert ætlað að mæta þeim kostnaði. Þetta er alveg kristaltært í mínum huga. Að sama skapi höfum við sagt að ætli skólarnir sér að innheimta skólagjöld af nemendum sínum munu þeir ákveða það sjálfir. Það er ekki stjórnvalda að ákveða það.

Ég verð að segja að ég hef orðið fyrir ákveðnum vonbrigðum með að hv. þingmenn Ásta R. Jóhannesdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir eru ekki enn komnar í salinn og væntanlega ekki von á þeim hingað, þrátt fyrir að ég hafi óskað eftir því að þeim væri gert viðvart um að ég ætlaði aðeins að fara yfir stefnumið þeirra hvað varðar skólagjöld í ræðu minni. Ég harma það að þær séu ekki mættar vegna þess að málið er þeim skylt.

Eins og ég sagði áður, þó það sé dálítið skrýtið að segja það, hefði ekki verið verra ef varaþingmaður og fyrrverandi forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar sæti nú á þingi sem varaþingmaður, vegna þess að ég ætla að víkja orðum mínum að henni því hún er einn af þeim stjórnmálamönnum á Íslandi, og er varaformaður Samfylkingarinnar, sem hafa talað hvað opinskást um töku skólagjalda.

Herra forseti. Ekki alls fyrir löngu var stofnaður af hálfu Samfylkingarinnar svokallaður framtíðarhópur. Það segir á heimasíðu framtíðarhópsins, sem ég hef lesið spjaldanna á milli, að markmið framtíðarhópsins sé í senn að innleiða ný vinnubrögð í íslenskum stjórnmálum og að móta heildstæða stefnu fyrir Samfylkinguna byggða á grundvallarstefnu flokksins. Þær tillögur eru komnar fram og við verðum að gera ráð fyrir því að þær mótist innan grundvallarstefnu Samfylkingarinnar.

Ég trúi því ekki að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, varaformaður Samfylkingarinnar og formaður kjarnahóps framtíðarhópsins, skrifi upp á og sendi frá sér tillögur og umræðuplögg sem ekki eru í samræmi við grundvallarstefnu flokksins.

Ég hef farið yfir það hverjir hafa komið að málefnastarfinu sem er mjög góðra gjalda vert. Þar koma allar helstu silkihúfur Samfylkingarinnar fyrir, ekki bara varaformaðurinn og fyrrverandi forsætisráðherraefnið og fyrrum borgarstjóri í Reykjavík, heldur einnig Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur og varaþingmaður, Svanfríður Jónasdóttir, fyrrverandi alþingismaður, og Sverrir Teitsson háskólanemi. Það vekur athygli að háskólanemi sé í kjarna framtíðarhópsins vegna þess að hann fjallar síðan einmitt um skólagjöld eins og ég vík að á eftir. Einnig kemur Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, að starfinu.

Þetta eru engir, eins og ég hef áður nefnt, símastrákar sem hafa stjórnað málefnastarfi framtíðarhóps Samfylkingarinnar, þetta eru alvöru kanónur í starfi flokksins.

Einn af þeim hópum sem hefur verið að störfum fyrir Samfylkinguna fjallaði um rekstrarform í almannaþjónustu. Það vill svo skemmtilega til að hv. þingmenn Samfylkingarinnar Bryndís Hlöðversdóttir, fyrrum þingflokksformaður Samfylkingarinnar hvorki meira né minna, og Ásta R. Jóhannesdóttir áttu sæti í þeim hópi sem fjallaði um rekstrarform í almannaþjónustu. Þar er m.a. vikið að því hvernig Samfylkingin sér fyrir sér rekstrarform skóla og fyrirkomulag menntamála. Það er dálítið gaman að segja frá því sem mun koma í ljós, að það verður ekki annað séð af þessum tillögum, herra forseti, en að þessi ágæti hópur hafi hreinlega tekið upp menntastefnu Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, og gert að sínum. Hugmyndum sem hafa verið á reiki þar og gengið kannski hvað lengst.

Ég ætla ekki að rekja tillögurnar lið fyrir lið, en þar er fjallað með frómum og skemmtilegum hætti um ný og breytt rekstrarform á grunnskólasviði og fjallað um aðkomu einkaaðila að þeim rekstri. Síðan er fjallað um einkaskóla á grunnskólastigi. Þar segir að Samfylkingin styðji að framboð á slíkum skólum séu til staðar o.s.frv., en merkilegasti kaflinn í plaggi umræðuhópsins var unninn undir forustu hv. þingmanna Bryndísar Hlöðversdóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur. Hann fjallar um opinberan rekstur og önnur rekstrarform á háskólastigi. Þar eru stigin athyglisverð skref. Þar er mælt með því að einstakar deildir háskólanna fái að reka sig sjálfstætt. Það er ágætt að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir heyri það að þar er sérstaklega lagt til og lögð á það áhersla að skólarnir keppi innbyrðis um góða nemendur og fræðimenn, standi í samkeppni um nemendur og fræðimenn. Það væri gaman að heyra álit hv. þingmanns á slíkri samkeppni, hvort hún styddi hana.

Einn kaflinn fjallar sérstaklega um skólagjöld. Til þess að gera langa sögu stutta er Samfylkingin og sá hópur sem hér um ræðir mjög opinn fyrir þeim möguleika að tekin verði upp skólagjöld á háskólastigi.

Í plagginu segir, með leyfi forseta:

„Rannsókn, sem framkvæmd var af fræðimönnum við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og birtist haustið 2004, sýnir fram á verulegan efnahagslegan einkaávinning af ákveðnu háskólanámi, sérstaklega lækna-, viðskipta- og hagfræðinámi auk tækni- og verkfræðináms. Nemur einkaarðsemi af ofangreindu námi um og yfir 20%.

Skoða má hvort einstaklingar sem geta vænst slíks arðs af sínu námi greiði einhvern hluta þess kostnaðar sem af menntuninni hlýst.“

Hvað þýðir þetta? Greiði skólagjöld í miklu ríkara mæli en við höfum áður séð í íslensku menntakerfi.

Svo er haldið áfram, með leyfi forseta:

„... sérstaklega í ljósi þess að í rannsókn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands er sýnt fram á að skólagjöld lækka arðsemi af námi einungis um 0,2%–1,5%.

Mætti e.t.v. segja að óeðlilegt sé að skattgreiðendur beri allan kostnað af menntun einstaklinga sem geta vænst slíks einkaarðs af sínu námi.“

Nú langar mig til að beina orðum mínum til hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, af því að hún fjallaði um skólagjaldastefnu Sjálfstæðisflokksins í ræðu sinni, að hún breyti orðalagi sínu, vegna þess að það liggur kýrskýrt fyrir í tillögum frá framtíðarhópi Samfylkingarinnar að Samfylkingin, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og hv. þingmenn Bryndís Hlöðversdóttir og Ásta R. Jóhannesdóttir eru fánaberar skólagjalda í pólitískri umræðu á Íslandi. Ég skora á hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að skoða ályktanir landsfundar Sjálfstæðisflokksins og kanna hvort hún finni eitthvað þar í líkingu við það sem hér kemur fram. Ég óska síðan eftir því að hv. þingmaður hætti að tala um skólagjaldastefnu Sjálfstæðisflokksins vegna þess að hún er ekkert í líkingu við þetta.

Það er synd að hv. þingmenn séu ekki hér til þess að gera nánari grein fyrir skoðunum sínum. En hin stóru pólitísku tíðindi varðandi skólagjöld eru þau að Samfylkingin af öllum flokkum á Íslandi leggur mikla áherslu á að tekin séu skólagjöld af háskólanemum á Íslandi, ekki ríkisstjórnarflokkarnir. Það er Samfylkingin undir forustu varaformannsins Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem hefur lagt slíkt til.

Við ræddum þetta í umræðu um afnám laga um Tækniháskóla Íslands. Þá kom upp í ræðustól Alþingis hv. þm. Einar Már Sigurðarson. Það sem hann sagði var athyglisvert, hann lýsti því yfir og ég veit að hann getur staðfest það hér á eftir þegar hann kemst á mælendaskrá, sá hv. þingmaður var svo heiðarlegur að hann sagðist alls ekki útiloka að tekin yrðu skólagjöld við háskóla á Íslandi. Hins

vegar tók hann það fram að ekki væri alveg að marka umræðuplaggið, þetta væri hálfgert vinnuskjal sem óþarfi væri að taka of mikið mark á og leggja of mikið út af, þrátt fyrir það hverjir stóðu að tillögugerðinni sem ég hef farið yfir.

Eru kannski ég og fleiri hv. þingmenn að leggja of mikið út af orðum þeim sem fram koma í tillögunum? Er þetta bara vinnuplagg og getur verið að þetta sé bara einhver misskilningur, Samfylkingin og forustumenn hennar hafi það ekkert á stefnuskrá sinni að taka skólagjöld af háskólastúdentum, gæti það verið?

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vék að ræðu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur frá árinu 1992 í ræðu sinni, þar sem hún lét þau orð falla í utandagskrárumræðu það ár að stjórnarflokkarnir, þar á meðal Sjálfstæðisflokkurinn, væru að fæla konur frá námi við Háskóla Íslands með gjaldtöku á stúdentum og nefndi brottfallstölur. Hv. þingmaður, varaformaður Samfylkingarinnar og helsti talsmaður flokksins í skólagjaldapólitík, lýsti því yfir að gjaldtakan hefði komið sérstaklega illa niður á konum, fældi ungt fólk frá námi og sérstaklega einstæðar mæður, ég hygg að ég hafi nokkurn veginn rétt eftir hv. þingmanni.

Ef varaformaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur einhvern tíma haft áhyggjur af einstæðum mæðrum sem stunda nám við Háskóla Íslands eða aðrar menntastofnanir, ef hún hefur einhvern tíma haft áhyggjur af þeim og fjárhag þeirra eru þær áhyggjur algjörlega foknar út í veður og vind. Ástæðan fyrir því að ég segi það er sú að þann 15. október 2004 birtist viðtal við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í Viðskiptablaðinu undir yfirskriftinni Á samkeppnismarkaði nýrra hugmynda. Þar er m.a. vikið að skólagjöldum, þar er vikið að þeim tillögum sem ég rakti áðan og fram komu í umræðuhópi Samfylkingarinnar um almannaþjónustu sem opnar heldur betur á innheimtu skólagjalda við Háskóla Íslands. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er spurð um afstöðu hennar til töku skólagjalda í viðtalinu.

Mig langar til þess að vitna í svar varaformanns Samfylkingarinnar fyrir tæpum tveimur mánuðum, með leyfi forseta:

„Mér finnst skólagjöld á háskólastigi alveg geta komið til álita. Það skiptir auðvitað verulegu máli hvernig þau eru lögð á, t.d. hvort það yrði á allt háskólastigið eða einvörðungu framhaldsnám. Það er líka verulegur munur á aðstæðum eftir háskólagreinum, en ég sé engin sanngirnisrök fyrir því að fólk borgi verulegar fjárhæðir fyrir fullorðinsfræðslu og fyrir börn á leikskólum en ekkert fyrir aðgang að háskólum."

Svo heldur varaformaður Samfylkingarinnar áfram, með leyfi forseta:

„Ég vil t.d. stefna að því að leikskólagjöld verði afnumin, sem er mikið jafnréttismál, en á móti verði skoðað með hvaða hætti við högum skólagjöldum á háskólastigi."

Sem sagt, í viðtali fyrir tæpum tveimur mánuðum lýsir varaformaður Samfylkingarinnar og einn helsti hugmyndafræðingur og formaður kjarnahóps Samfylkingarinnar í hugmyndafræðinni, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, því yfir að hún sé hlynnt töku skólagjalda. Hún hefur reyndar einhverjar skoðanir á því með hvað hætti þau eru tekin en engu að síður er hún þeirrar skoðunar að rétt sé að rukka háskólanemendur um skólagjöld. Hún sér engin sanngirnisrök í því að barnafólk sé rukkað um leikskólagjöld og að fullorðið fólk sem fer í háskóla þurfi ekkert að greiða fyrir nám sitt. Þetta er það sem kemur fram í viðtalinu.

Svo er reyndar athyglisvert að hún segist stefna að því að afnema leikskólagjöld, en það er ekki langt síðan R-listinn í Reykjavík tók ákvörðun um það og þar með Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi borgarstjóri og varaformaður Samfylkingarinnar, að hækka leikskólagjöld í Reykjavík á ungt barnafólk um allt að 42%. Það stendur því náttúrlega ekki steinn yfir steini. En það kemur líka fram í viðtalinu að hún er tilbúin til þess að stefna að því að lækka leikskólagjöldin og afnema þau en á móti kemur gjaldtaka í háskólum.

Það liggur því fyrir að tali menn um skólagjaldastefnu einhvers flokks ber einn stjórnmálaflokkur höfuð og herðar yfir í þeim efnum og hefur algjörlega verið í forsvari og forustu fyrir hugmyndum um að rukka skólagjöld af nemum á háskólastigi og það er Samfylkingin undir forustu varaformannsins og forsætisráðherraefnisins fyrrverandi, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Hún hefur með þátttöku og aðstoð tveggja hv. þingmanna Samfylkingarinnar, Ástu R. Jóhannesdóttur og Bryndísar Hlöðversdóttur, lagt til einhverjar hörðustu hugmyndir um töku skólagjalda á Íslandi. Það er ómaklegt í ljósi þessa og í ljósi stefnu Sjálfstæðisflokksins að ætla að slá einhverjar pólitískar keilur með því að kenna Sjálfstæðisflokknum um að reka harða skólagjaldastefnu. Það liggur fyrir, eins og ég hef sagt áður, að það er ekki Sjálfstæðisflokkurinn sem hefur talað fyrir slíkri gjaldtöku, það er Samfylkingin. Það er alveg ljóst eins og ég sagði áðan að Samfylkingin hefur — reyndar kemur það nokkuð á óvart — tekið upp stefnu Heimdallar í menntamálum, sérstaklega hvað varðar skólagjöld.

Herra forseti. Þetta er orðið lengra en ég reiknaði með. Ég legg áherslu á það eins og ég sagði í upphafi, að það gjald sem hér er til umfjöllunar og stúdentar eru rukkaðir um er þjónustugjald í skilningi laga. Það er innheimt til þess að kosta ákveðna þjónustu sem er vel skilgreind. Hækkunin er til komin vegna óska frá háskólanum og það hefur hv. menntamálanefnd upplýst okkur um. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að þegar menn óska eftir aukinni þjónustu kostar hún peninga og einhverjir verða að greiða fyrir hana. Þó svo að 45 þús. kr. geti tekið í vasann hjá einhverjum hópi stúdenta er alveg ljóst að sá kostnaður sem ríkið og skattgreiðendur leggja af hendi til menntakerfisins, t.d. til tannlæknanemans í námi, rúmar 2 millj. á ári, er miklu meiri en sú gjaldtaka sem við fjöllum um hér.

Ég vil leggja áherslu á að við, ríkisstjórnarflokkarnir og ríkisstjórnin, höfum stigið mikil og góð framfaraskref í menntamálum með aukningu fjárframlaga til málaflokksins. Sömuleiðis höfum við komið til móts við réttindabaráttu stúdenta, m.a. með afnámi tekjutenginga samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna og með lækkun á endurgreiðsluhlutfalli námslána.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra og lýk hér með máli mínu.

[00:28]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur af því áhyggjur að ég hafi einhverjar ranghugmyndir um skólagjaldapólitík Sjálfstæðisflokksins og ráðleggur mér að lesa niðurstöðu framtíðarhóps Samfylkingarinnar til þess að ég sjái hverjir séu hinir eiginlegu skólagjaldapostular á Íslandi. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki lesið þessa niðurstöðu framtíðarhóps Samfylkingarinnar. Hins vegar hef ég hlustað af athygli á ræður hv. þingmanns, þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann kemur að málinu hér. Ég get í sjálfu sér látið mér standa nokkurn veginn á sama hvað flokksmenn Samfylkingarinnar vinna í flokksstarfi sínu og þarf ekki að halda um það langar ræður á Alþingi. Ég tek hins vegar afstöðu til þess sem ríkisstjórnin gerir og sýnir sig með lagasetningum.

Ég vil svara spurningum hv. þingmanns, en hann gagnrýnir mig fyrir að draga í efa að hér sé um þjónustugjald að ræða.

Ég ætla að vitna aðeins í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands sem lögð var fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi. Þar var gerð grein fyrir því hvers konar kostnað skrásetningargjaldið ætti að dekka. Þar segir, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að taka hærra þjónustugjald en almennt nemur kostnaði við að veita þá þjónustu sem kveðið er á um í gjaldtökuheimildinni," — sem er sambærilegt við það sem hv. þingmaður las úr máli Páls Hreinssonar — „í þessu tilviki skrásetningu."

Nú kemur í ljós, í þeim frumvörpum sem hér um ræðir, að ýmislegt annað en skrásetning nemenda er felld undir þjónustugjaldið. Þess vegna er eðlilegt að maður gagnrýni það að hlutirnir skuli kallaðir öðrum nöfnum en í raun er verið að innheimta fyrir. Hér er innheimt fyrir margt annað en skrásetningu nemenda í háskóla.

[00:31]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sá ástæðu til að víkja í máli mínu að orðum hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur vegna þess að hún nefndi oftar en einu sinni í ræðu sinni skólagjaldastefnu Sjálfstæðisflokksins. Ég vildi benda henni á að annar stjórnmálaflokkur í landinu hefur gengið harðar fram í að fjalla um skólagjöld og taka þau upp í stefnuskrá sína. Það er náttúrlega Samfylkingin og fyrst og fremst Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, ásamt meðreiðar-, ekki sveinum heldur meyjum sínum, hv. þingmönnum Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur og Bryndísi Hlöðversdóttur.

Mér fannst ástæða til að geta þessa vegna orða hv. þingmanns um skólagjaldastefnu Sjálfstæðisflokksins. Sú hugtakanotkun byggir á ákveðnum misskilningi sem ég taldi mig hafa leiðrétt með beinum tilvitnunum í orð varaformanns Samfylkingarinnar um hugmyndir frá framtíðarhópi þess flokks.

Varðandi þjónustugjaldið og þann kostnað sem gjaldinu er ætlað að mæta þá er það tiltekið í frumvarpinu, og það er alveg ljóst að þar eru margir liðir. Það er jafnframt alveg rétt hjá hv. þingmanni að á 120. löggjafarþingi, þegar þessi mál voru til umfjöllunar og frumvarp til sambærilegrar gjaldtöku var til umræðu, ætli það hafi ekki verið í kringum árið 1991, voru málin ekki í jafngóðum farvegi og nú. Það verður að játast. Það var ekki góð lagasetning á þeim tíma, hver sem að þeirri lagasetningu stóð, að tilgreina ekki nákvæmlega þá kostnaðarliði sem gjaldinu var ætlað að mæta. En þetta er klárlega þjónustugjald.

[00:33]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil segja hv. þingmanni það til fróðleiks að 120. löggjafarþing stóð 1995–1996. Þá kom hins vegar fram í greinargerð með frumvarpinu, varðandi skrásetningargjöldin, að undir heitið skrásetningargjald yrði felldur hluti kostnaðar við háskólastarfið, jafnvel þótt hann ætti að dekka margvíslega þjónustu sem stúdentum væri veitt á námstímanum utan formlegra kennslustunda.

Þetta er talið upp í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„... svo sem skráningu stúdenta í námskeið og próf, varðveislu upplýsinga um námsferil stúdenta, upplýsingar um námsferil sem sendar eru stúdentum þrisvar á hverju háskólaári, auglýsingu og miðlun upplýsinga vegna skráningar, skipulag kennslu og prófa, kennsluskrá, stúdentaskírteini og aðgang að þjónustu nemendaskrár, skrifstofu kennslusviðs, deildaskrifstofum, alþjóðaskrifstofu, upplýsingastofu um nám erlendis, námsráðgjöf, bókasafni og tölvum og prenturum Háskólans."

Sem sagt, strax árið 1995 er fjöldi kostnaðarliða undir skrásetningargjaldi sem heyrir alls ekki til skrásetningu. Páll Hreinsson sagði í tilvitnunum hv. þingmanns áðan að þjónustugjöld yrðu að byggja á traustum útreikningum. Útreikningarnir til grundvallar þessu gjaldi hér eru ekki traustir. Þeir fela í sér svo margt annað en þjónustu við nemendur sem skrá sig inn í háskólana. Hvers vegna geta stjórnvöld ekki kallað hlutina sínum réttu nöfnum?

Að lokum vil ég segja, hæstv. forseti, að ég held að við þurfum ekki að eyða tíma okkar í tog um hvað gjaldið heitir, hvað nákvæmlega fellur undir það eða hvort það sé reiknað skakkt eða ekki, eða hversu skakkt það er reiknað. Grundvallaratriðið er að ég mótmæli þessum gjöldum. Ég tel að þau riðli og ógni jafnrétti til náms á háskólastigi.

[00:35]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér ekki á óvart að hv. þingmaður mótmæli þessum gjöldum. Hv. þingmaður og sá flokkur sem hún tilheyrir er á móti hvers kyns gjaldtöku og er þeirrar skoðunar að öll þjónusta opinberra aðila eigi að vera innt af hendi endurgjaldslaust fyrir notendur þjónustunnar, (Gripið fram í.) það eigi bara allt að vera frítt, (**KolH:** Nei, greitt í gegnum skattkerfið.) en skattgreiðendur eigi að standa á bak við þann kostnað sem af hlýst. Ég virði hv. þingmann alveg fyrir þessa skoðun hennar.

En við skulum gera okkur grein fyrir því að ef hennar hugmyndafræði yrði ofan á þá yrði tekjuskattshlutfallið á Íslandi um 70–80%, eða mjög hátt. Menn mundu greiða nánast allar sínar tekjur til samneyslunnar en um það er grundvallarágreiningur milli mín og hv. þingmanns. Ég vil lága skatta (Gripið fram í.) en hv. þm. Kolbrún Halldórs-

dóttir og Vinstri grænir vilja háa skatta. Ég ber hag launþega og skattgreiðenda fyrir brjósti en það gerir hv. þingmaður og Vinstri hreyfingin – grænt framboð, þar með hv. þm. Jón Bjarnason, ekki. Og hafðu það, hv. þingmaður.

En úr því að vikið var að þeim kostnaðarliðum sem fram komu í frumvarpinu frá árinu 1995 sýnist mér að þeir kostnaðarliðir sem þá voru tilgreindir séu nokkurn veginn hinir sömu og hér eru tilgreindir. Reyndar hafa bæst við ákveðnir kostnaðarliðir eins og rekstur tölvuvera, aðgangur að tölvupósti og interneti og fleira. (Gripið fram í.) Þetta er þjónustugjald og skiptir ekki máli hvaða nafni það er nefnt. Þetta er þjónustugjald vegna kostnaðar (Forseti hringir.) við að veita tiltekna þjónustu sem tiltekin er í frumvarpinu.

[00:37]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn kom á einum stað í sinni löngu og vel æfðu ræðu inn á kjarna málsins. Hann sagði, virðulegi forseti, að engin ákvörðun hefði verið tekin um það af stjórnvöldum að taka upp skólagjöld og þar með væru þau skólagjöld sem nú væru innleidd og hækkuð við ríkisháskólana ekki lánshæf. Hann staðfesti að stjórnvöld væru að innleiða skólagjald á grunnnám á háskólastiginu.

Annars vegar er tækninámið á vegum ríkisins lagt niður og sett inn í einkaskóla og innheimt verulegt gjald fyrir aðgang að því. Ekki verður hægt að stunda tækninám eftir þá breytingu nema gegn háum skólagjöldum í einkaskóla. Síðan eru innheimt skólagjöld í ríkisháskólana þrjá sem eftir standa. Þau eru hækkuð um 40%. Skref er stigið frá því að innheimta það sem mætti með góðum vilja flokkast sem staðfestingargjald, hófstillt þjónustugjald, yfir í skólagjöld. Þau eru ekki sérstaklega há en eru án nokkurs vafa skólagjöld.

Sú úrelta skilgreining sem menn hanga hér á, um að skólagjöld taki aðeins til kennslu er firra. Skólagjöld eru einfaldlega það sem stendur undir hvers konar rekstri við skólana. Allt hitt eru hártoganir sem skipta engu máli, þannig að því sé haldið til haga. Þingmaðurinn getur því ekki hangið í þeirri skilgreiningu.

Ég vildi þess vegna spyrja hv. þingmann: Telur hann ekki eðlilegra að Sjálfstæðisflokkurinn horfist í augu við það sem hann er að gera, viðurkenni að hann er að innleiða skólagjöld í grunnnámi á háskólastigi, annaðhvort með því að einkavæða námið eða með því að gera það undir undir röngum formerkjum, og þar með gætu nemendur sótt um lán fyrir skólagjöldunum? Væri það ekki eðlilegri og heiðarlegri leið?

[00:40]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjálfstæðisflokkurinn er mjög heiðarlegur í þessu máli. Það er ljóst að við felum okkur ekki á bak við þá gjaldtöku sem hér er til umræðu með því að kalla hana röngum nöfnum. Hér eru ekki tekin upp skólagjöld í hefðbundnum skilningi slíkrar gjaldtöku, það er alveg ljóst.

Ég held að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sé hins vegar kominn út af sporinu. Ég veit að hv. þingmaður hefur stundað nám í útlöndum eins og ég. Hann veit hvernig skólagjöld eru innheimt erlendis og vegna hvaða kostnaðar, þ.e. út af kennslukostnaðinum. Hv. þingmaður, sem sat fundi menntamálanefndar eins og ég, heyrði rektora allra þeirra háskóla sem hér eru til umræðu, Kennaraháskólans, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, lýsa því hvað þeir teldu til skólagjalda. Þeir töldu það gjöld vegna kennslukostnaðar. Hv. þingmaður heldur því fram að það sé bara einhver misskilningur og hártoganir.

Ég verð að segja að mér finnst hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson vera kominn út af sporinu í þessu máli. Skilgreiningar hans á hugtakinu skólagjöld eru allt aðrar en viðtekn-ar eru í menntakerfinu og í fræðasamfélaginu almennt. Þetta eru bara einhverjar nýjar kenningar sem gaman er að fá að heyra. Hins vegar er ljóst að ríkisstjórnin er ekki að innheimta skólagjöld heldur þjónustugjald vegna þjónustu sem tilgreind er í frumvarpinu. Í því felst ekki innheimta skólagjalda í klassískum skilningi.

[00:42]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skólagjöld eru það. Það væri heiðarlegra og hreinlegra af Sjálfstæðisflokknum að viðurkenna það sem hann er að gera, bæði hvað varðar tækninámið og ríkisháskólana þrjá. Hann innleiðir skólagjöld á grunnnám á háskólastigi. Þar með gætu nemendur sótt um lán fyrir þeim gjöldum. Það væri mikið heiðarlegra af forustumönnum flokksins að horfast í augu við eigin gjörðir og viðurkenna þær í staðinn fyrir að vinna að málinu að tjaldabaki.

En ég hnaut um annað í ræðu hv. þingmanns sem mér þótti undarlegt. Hann fullyrti að það væri ekki stjórnvalda að hafa menntapólitíska forustu um hvort innheimta ætti skólagjöld eða ekki heldur væri það skólanna að óska eftir því. Þeir ættu að ákveða sjálfir hvort innleiða eigi skólagjöld eða ekki.

Skólagjöld á grunnnámi ríkisháskólanna eru meginbreyting á íslenskri skólapólitík og skólastefnu. Það er að sjálfsögðu stjórnvalda og stjórnmálamanna að veita þar pólitíska leiðsögn og forustu og taka ákvarðanir um slík stórmál. Ef það er markmið Sjálfstæðisflokksins að svelta skólana út í það horn að þeir hafi frumkvæði að því að óska eftir skólagjaldafrumvörpum eins og þeim sem við ræðum hér þannig að hægt sé að segja að það sé að ósk skólanna, þá er ákaflega undarlega að málum staðið.

Þegar einkaskólarnir, t.d. sjálfseignarstofnanirnar Bifröst og Háskólinn í Reykjavík, voru stofnsettir var það ákvörðun stjórnvalda að þeir skyldu fjármagna sig að hluta með skólagjöldum og þeim skyldi veitt heimild til að innheimta skólagjöld til að fjármagna hluta af starfsemi sinni. Það var pólitísk ákvörðun. Það er að sjálfsögðu stjórnmálamanna að hafa pólitíska forustu og taka slíkar grundvallarákvarðanir en velta þeim ekki yfir á aðra. Þeim ákvörðunum á ekki að velta yfir á þá sem reka skólana. Það er ekki þeirra að taka slíkar ákvarðanir, hvað þá í því ótrúlega fjársvelti sem þeir búa við, eins og skýrt kom fram í máli allra rektoranna í gær.

[00:44]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt, ég tel að það eigi að vera ákvörðun stjórnenda skólanna að ákveða hvort þeir vilji taka skólagjöld miklu frekar en okkar stjórnmálamannanna sem hér sitjum og þekkjum rekstrarforsendur skólanna ekki nándar nærri eins vel og stjórnendur skólanna. En ég verð að segja að það kemur mér verulega á óvart hvað hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson leggur mikið upp úr því að Sjálfstæðisflokkurinn og ríkisstjórnin séu, með þeim gjöldum sem við fjöllum um hér, að innheimta skólagjöld og krefst þess að þau gjöld séu kölluð sínu rétta nafni, sem hann telur að séu skólagjöld.

Hv. þingmaður má kalla þessi gjöld þeim nöfnum sem honum sýnist. Ef þetta eru skólagjöld af hverju kemur hann þá ekki upp í pontu og fagnar því að verið sé að taka skólagjöld á háskólastigi, þar á meðal í ríkisháskólunum? Maður skyldi ætla að hann gerði það, a.m.k. ef hann er sammála þeim hugmyndum sem fram koma í viðtalinu við varaformann Samfylkingarinnar, sem er augljóslega hlynnt skólagjöldum og vill beinlínis taka þau upp og er jafnvel tilbúin til að leggja af leikskólagjöld en fjármagna kostnaðinn með töku gjalda í háskólunum.

Ég skil ekki af hverju hv. þingmaður er svona önugur út af skólagjöldunum þegar það liggur líka fyrir að fyrrverandi þingflokksformaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hafa beinlínis lagt til í framtíðarhópi Samfylkingarinnar að slík gjöld yrðu tekin upp. Ég veit ekki betur en hv. þingmaður sé stuðningsmaður varaformanns Samfylkingarinnar og annarra þingmanna flokksins og ætti þá bara að fagna því ef upptaka skólagjalda kemur til framkvæmda.

[00:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við ræðum hækkun á svokölluðum skráningargjöldum við ríkisháskólana. Hér hefur verið gerð ítarleg grein fyrir nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar varðandi málið og ég vísa til ágætrar greinargerðar og ræðna hv. þingmanna Kolbrúnar Halldórsdóttur og Björgvins G. Sigurðssonar varðandi minnihlutaálitið.

Ég held að okkur sé öllum ljóst að hér er tekist á um grundvallaratriði, svokölluð prinsippmál, um það hvort menntun í háskólum skuli vera hluti af hinu almenna velferðarkerfi sem öll þjóðin ábyrgist að hægt sé að sækja á jafnréttisgrunni. Það er hluti af velferðarkerfinu sem við erum að takast á um hvernig skuli rekið. Það er tekist á um þá stefnu, hún birtist í fjárlagafrumvarpinu, hún þarf ekki endilega að birtast í flokkssamþykktum. Hún birtist í reynd í fjárlögum sem ráðandi flokkar á þingi setja fram. Þar sjáum við hver stefnan er. Boðuð er skattalækkun á almennum tekjuskatti en hækkun á komugjöldum til sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana, sjúklingaskattar eru hækkaðir og gjöld á nemendur í háskólum eru hækkuð. Þetta er sú stefna sem okkur birtist.

Það skiptir litlu máli þótt einhver flokkur eins og t.d. Framsóknarflokkurinn, sem er með það á stefnuskrá sinni og gerir mikið úr fyrir kosningar að hann sé flokkur velferðar og jafnréttis og á móti skólagjöldum, á móti komugjöldum á sjúkrahús og sjúklingasköttum en eftir kosningar leggur hann fram fjárlagafrumvarp sem felur í sér allar þessar hækkanir, það skiptir litlu máli þótt hann móist við og segi að við þurfum að fara í einhverja kostnaðargreiningu á þessu, en niðurstaðan er önnur. Það skiptir litlu máli hvað einstaka þingmenn flokksins hafa sagt fyrir kosningar eða þegar þeir voru að berjast til áhrifa í stúdentapólitíkinni og hafi þá barist gegn þessu, og þótt þeir komi svo inn í þingið og segist vera með fyrirvara um sína fyrri stefnu breytir engu því að sannleikurinn birtist í rauntölunum í fjárlagafrumvarpinu. Þar eiga skráningargjöldin að hækka.

Herra forseti. Þegar hæstv. forseti var landbúnaðarráðherra — gott ef það var ekki í landbúnaðarráðherratíð hæstv. forseta sem þetta gjald var tekið upp — og ég var skólastjóri lenti ég í því að fylgja eftir reglunum um töku skólagjalda fyrst þegar veitt var heimild fyrir þeim, en eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerði grein fyrir sagði þáverandi menntamálaráðherra, Ólafur G. Einarsson, að veitt væri heimild til að taka skólagjöld til að mæta skertum fjárveitingum til skólanna. Þetta gilti bæði um háskólana og sérskólana þá. Ég man að þá kom í bandormi heimild til handa búnaðarskólunum að taka upp skólagjöld og jafnframt heimildinni var ætlast til þess að þeir innheimtu þetta háa upphæð í skráningargjöld þannig að samhliða heimildinni kom boð um að þeir skyldu gera það. Ég man að þetta var gert á þennan hátt. Að vísu var lögð rík áhersla á að þetta væri tilgreint. Þetta voru kölluð skráningargjöld og lögð var rík áhersla á það í upphafi að við mættum ekki rugla þar saman raunverulegum skráningargjöldum og efnisgjöldum. Ef við vorum með efnisgjöld, pappír, tölvunotkun eða eitthvað þess háttar varð að tilgreina það sér og gat ekki flokkast undir það sem þá voru kölluð skráningargjöld. Lögð var rík áhersla á það við okkur stjórnendur skólanna að við yrðum að geta varið þær tölur sem settar væru fram og þær yrðu einungis að snerta það sem um væri talað, hin svokölluðu skráningargjöld. En síðan hafa þau þróast með þeim hætti að verða meira almennur skattur.

Af því að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sem ætti að vera það lögfróður að hann ætti ekki stöðugt að þurfa að sannfæra sjálfan sig um hvað hér er um að ræða, þá stendur í fjárlagafrumvarpinu varðandi hækkun á þessum skráningargjöldum að þetta sé hluti af tekjuforsendum frumvarpsins. Þar af leiðandi er þetta hluti af tekjuöflun ríkissjóðs því að annars færi það ekki inn í fjárlagafrumvarpið sem slíkt. Hækkun á hinum svokölluðu skráningargjöldum í skólana er hluti af tekjuöflun ríkissjóðs. Það skiptir engu máli hvað menn kalla þau, hvort menn vilja uppnefna þau á einn eða annan hátt og kalla þau skólagjöld, sem þau í rauninni eru, eða innritunargjöld, þetta er hluti af tekjuforsendum fjárlagafrumvarpsins, þetta er hluti af tekjum ríkissjóðs og þar af leiðandi er þetta líka innheimt fjármagn til þess að mæta kostnaði við rekstur þessara skóla. Og hvert er hlutverk þeirra skóla sem þarna er verið að innheimta fyrir? Það er kennsla og þegar hv. þingmenn reyna að hártoga verkefni skólanna og segja: þetta er hluti af kennslu, þetta er hluti af reksturskostnaði tölvuvers og þetta er hluti af einhverju öðru, þá eru þeir sömu þingmenn að mínu viti mikið úti í vindinum með það sem þeir eru að tala um því skólinn er stofnaður um kennsluna, um að koma henni á framfæri

gagnvart nemendum. Hvort þar inni er rekstur á bókasafni eða rekstur á tölvuveri eða slíku fyrir nemendur þá er það hluti af kennslu í viðkomandi skóla og ekkert hægt að aðgreina það. Ef menn fara í svo mikla einföldun að segja að kennslan sé aðeins þær 45 mínútur sem kennslustundin varir og laun til viðkomandi kennara þá vita menn ekki mikið í hverju í kennsla og skólastarf felst. Það sem hér er verið að tala um er því bara hluti af hinum eiginlega rekstri skóla, það er hluti af kennslukostnaði viðkomandi skóla og verður engan veginn skýrt öðruvísi.

Ég minntist á það, herra forseti, að hér er tekist á um grundvallaratriði, grundvallarstefnur í skólamálum og velferðarmálum. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni að þetta er hvergi tíundað lið fyrir lið í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins, ef taka átti hann trúanlegan, ég les hana nú ekki svo nákvæmlega, en við sjáum bara stefnu Sjálfstæðisflokksins almennt gagnvart velferðarmálunum. Þar er verið að koma inn notendagjöldum, láta þá borga sem nota þjónustuna, hvort sem menn fara til læknis eða í skóla. Þetta er bara hluti af hinni almennu stefnu og þarf ekki að taka það sérstaklega fram.

Hlutskipti Framsóknarflokksins er aftur dapurlegra. Hann heldur fram þeirri stefnu fyrir kosningar sérstaklega að hann sé velferðarflokkur og vilji standa vörð um samfélagsþjónustuna, hann sé á móti skólagjöldum, hann sé á móti sjúklingasköttum, en eftir kosningar er þetta allt saman viðsnúið. Mér finnst dapurt þegar flokkur þarf að samþykkja fyrir kosningar að hann stefni ekki að skólagjöldum í grunnskólum o.s.frv. Svoleiðis lagað finnst mér dapurt, ég verð bara að segja það eins og er.

Ég ætla aðeins að vitna í ágæta umsögn með nefndaráliti minni hlutans sem rekur þetta mál mjög vel, um það hvernig menn eru á flótta undan því að kalla hlutina réttum nöfnum. Í ágætum umsögnum sem bárust frá nemendum við háskólana, Háskóla Íslands, Kennaraháskólann og Háskólann á Akureyri, er það rakið ósköp vel hvernig nemendur líta á þetta. Og hverjir vita best um hvað er að ræða ef ekki nemendur við þessa skóla? Hverjir vita það betur?

Þegar menn velta fyrir sér skilgreiningu á þessu þá ítreka ég það sem ég sagði áðan að verkefni þessara skóla er kennsla, sama í hverju þættirnir eru fólgnir. Ræstingar eru hluti af kennslustarfi viðkomandi skóla. Allt sem fer fram til að koma því starfi á framfæri sem skólinn hefur tekið að sér að gera er hluti af kennslustarfi skólans. Það er ekkert bútað niður í æðri og óæðri liði.

Herra forseti. Ég vil vitna hér til umsagnar stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands sem rekur þetta mjög skilmerkilega, með leyfi forseta:

„Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands mótmælir harðlega þeirri hækkun á skrásetningargjöldum sem gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frumvörpum. Á sama tíma og auknar álögur eru settar á nemendur er gerð krafa um 1% hagræðingu í rekstri ríkisháskólanna í stað þess að gera eingöngu kröfu um hagræðingu í rekstri og hækka ekki skráningargjöldin.“ — Það væri alveg hægt að velja þessa leið. — „Með þessari aðferð er augljóslega verið að velta kostnaðinum frá ríkinu yfir á stúdenta.“ — Augljóst mál.

„Með aukinni tækni hefur kostnaður við skráningu stúdenta lækkað umtalsvert. Þær tölur liggja þó ekki fyrir. Þegar leitað var eftir tölum við kostnað á skráningu stúdenta við Kennaraháskóla Íslands kom í ljós að þær eru ekki til.“ — Að sjálfsögðu ekki. Þetta er hluti af heildardæminu í kennslustarfi skólans. — „Ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um þann kostnað sem hlýst af skráningu stúdenta hingað til.“

Í lok umsagnarinnar segir formaður stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands, Sigurður Grétar Ólafsson, með leyfi forseta:

„Áætlanir um hækkun skrásetningargjalda grafa undan megingildum norrænnar menningar um gjaldfrjálsa almenningsmenntun og þar með velferðarkerfinu öllu.“ — Þetta er málið í hnotskurn. — „Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands hvetur menntamálanefnd til að hugleiða niðurrifsáhrif slíkrar hækkunar til langframa.“

Um þetta snýst málið, herra forseti.

Einnig segir í greinargerð fulltrúa Kennaraháskóla Íslands, þar sem þetta er skilmerkilega rakið, með leyfi forseta:

„Þegar Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands fór þess á leit við stjórnendur skólans að fá rökstuðning fyrir áformaðri hækkun ásamt og sundurliðun á skrásetningargjöldum fyrri ára kom í ljós að þær tölur eru ekki til. Það vekur því furðu okkar hvaða forsendur eru fyrir þeim tölum sem í frumvarpinu eru birtar. Starfsmenn Kennaraháskólans tjáðu okkur að þeim hafi verið gert að setja saman sundurliðun á skrásetningargjöldunum þannig að útkoman væri nærri 45 þús. kr. Það er því ljóst að ósk um hækkun kom ekki frá skólunum þó svo að að því sé látið liggja. Rétt er að auka það fjármagn sem skólarnir hafa til umráða, en það er framlag sem ætti að koma frá hinu opinbera en ekki frá stúdentum.“

Síðan er ítrekað í áliti nemenda að Kennaraháskóli Íslands sé einn best rekni ríkisháskóli landsins og við vitum líka af umræðunni í fjárlaganefnd að fjárhagslega hefur verið vel staðið að honum í rekstri, og vel staðið við kvaðir og skuldbindingar sem fjárlögin setja skólanum.

Í þessu áliti nemenda Kennaraháskóla Íslands, þeirra Elfu Svanhildar Hermannsdóttur, fulltrúa stúdenta við Kennaraháskólann, í stjórn Bandalags íslenskra sérskólanema, og Sigurðar Grétars Ólafssonar, formanns Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands, er rakin sundurliðun um hvernig Kennaraháskólinn verður að bregðast við þeirri kröfu um að senda frá sér sundurliðun sem nemi sem næst þessari upphæð. Þar er m.a. greint frá nemendaskránni og bókasafninu.

Bókasafn er hluti af rekstri og kennslustarfi hvers skóla. Ef sérstakt gjald er tekið fyrir að nýta bókasafn þá er verið að taka kennslugjald.

Ef við tökum líka tölvukostnað, þá eru tölvur orðnar hluti af hinum almenna kennslubúnaði skólans og eru hluti af námstækjum sem viðkomandi skóli notar til að koma kennslu sinni á framfæri. Ef verið er að taka gjald fyrir það, þá er verið að taka gjald fyrir kennslustarf skólans. Svona má rekja mjög ítarlega hvernig hlutir sem í rauninni teljast til almennra kennslustarfa eru kostnaðargreindir.

Ég vil svo enda með orðum frá nemendum Kennaraháskólans, þeim Elfu Svanhildi Hermannsdóttur og Sigurði Grétari Ólafssyni, þar sem þau hafa rakið tölulega hvernig

reynt er að rökstyðja þetta gjald með því að yfirfæra það á almennt kennslustarf skólans.

Með leyfi forseta:

„Þær tölur sem hér eru settar fram sýna það svart á hvítu að sú upphæð sem áætluð er vegna skrásetningar nemenda er hreinn og klár skáldskapur. Því er notkun orðsins skrásetningargjöld ekki aðeins villandi heldur er henni ætlað að hylma yfir þá áætlun sitjandi ríkisstjórnar að koma á skólagjöldum í háskólum. Sú upphæð sem nemendur greiða til skólanna fer að stórum hluta í rekstur þeirra og í þjónustu sem aðeins takmarkaður hópur innan hvers skóla notfærir sér. Því er enn og aftur á fáum árum seilst í vasa námsmanna til þess að mæta minnkandi framlagi ríkisins til ríkisháskólanna."

Þetta er, herra forseti, málið í hnotskurn. Um þetta er hreinlega tekist. Það er tekist á um stefnu í velferðarmálum, það er tekist á um stefnu í skólamálum, hvort menntun eigi að vera forréttindamál eða hvort hún eigi að vera hluti af hinni almennu velferðarþjónustu, hluti af því að byggja upp sterkt og menntað samfélag þar sem allir eigi jafnan aðgang. Það er stefna Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs að svo sé, að menntun sé einn af hornsteinum samfélagsins og samfélagsþjónustunnar. Þau skref sem hér er verið að stíga, þ.e. að hækka og auka gjaldheimtu á nemendum í ríkisháskólunum, ganga því þvert á stefnu Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs, og þvert á þá stefnu að byggja upp sterkt menntað samfélag þar sem m.a. ríkir jöfnuður til náms.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vitnaði til orða Ólafs G. Einarssonar, þáverandi hæstv. menntamálaráðherra, þegar þessi skólagjöld voru tekin upp, en þar var haft eftir honum að gjöldin væru sett á til að mæta skertum framlögum ríkisins til ríkisháskólanna. Þetta var heiðarlega sagt og við getum virt þáverandi hæstv. ráðherra fyrir að nefna hlutina réttum nöfnum, þó að við séum honum fullkomlega ósammála að öðru leyti.

Herra forseti. Ég skora á hv. Alþingi að falla frá aðgerðum um að hækka skólagjöld nemenda í ríkisháskólum og vísa til ágætra greinargerða nemendafélaga skólanna og þess sem þar er lögð áhersla á, en þeir þekkja málin allra best. Hér er farið inn á þá hættulegu braut að mismuna nemendum til náms, að nám í háskólum verði forréttindi en ekki hluti af þeim almennu réttindum sem hver einstaklingur á að hafa í íslensku samfélagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fyrirvari í nefndaráliti.

[01:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka fram vegna fyrirspurnar sem til mín var beint frá hv. 7. þm. Reykv. s., Merði Árnasyni, að í bók sem heitir „Háttvirtur þingmaður" og þingmenn hafa í hendi og er leiðbeiningarit um Alþingi og starfsemi þess, segir um fyrirvara í nefndaráliti:

„Nefndarmaður getur ritað undir nefndarálit með fyrirvara. Í því felst eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum:

Í fyrsta lagi getur nefndarmaður verið fylgjandi málinu en ekki fellt sig við einstakar útfærslur þess eða þá meðferð sem það hefur hlotið hjá nefndinni.

Í öðru lagi getur nefndarmaður haft efasemdir um málið en vill ekki standa gegn afgreiðslu þess.

Í þriðja lagi ætlar nefndarmaður sér að leggja fram eða styðja breytingartillögur í málinu sem meiri hlutinn stendur ekki að.

Ef nefndarmaður skrifar undir nefndarálit með fyrirvara er eðlilegt að hann geri stuttlega grein fyrir því hvað í fyrirvara hans felst en ítarlegri rökstuðningur komi fram við umræðu málsins. Rétt er að hafa í huga að þótt nefndarmaður skrifi undir álit með fyrirvara getur hann engu að síður greitt atkvæði með málinu í heild eða flutt eða stutt einstakar breytingartillögur er fram koma."

Í því sérstaka álitaefni sem hér kom upp vil ég taka fram að dæmi eru um það bæði frá þessu þingi og áður að nefndarmaður hafi mælt með samþykki frumvarps með fyrirvara en síðan setið hjá við efnisgrein frumvarpsins.

Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 398. mál. — Þskj. 505.

[01:10]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er rætt áfram frumvarp til laga um afnám laga um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að leggja Tækniháskóla Íslands niður og fjallar frumvarpið fyrst og fremst um það.

Í athugasemdum með frumvarpinu er þess getið að fyrirhugað sé að ákveðnir aðilar sem þar eru tilgreindir, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Verslunarráð Íslands stofni einkahlutafélag sem taki yfir starfsemi Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Ég vil koma örfáum atriðum hér að. Í fyrsta lagi: Þegar hlutafélag er stofnað um eitthvert verkefni, þá er markmiðið að geta markaðsvætt viðkomandi starfsemi. Hlutafélagið er stofnað til að geta selt það eða hluta úr því, það er meginmarkmiðið með slíku formi. Að stofna hlutafélag um skóla hefur ekki verið gert áður hér á landi, að því er ég minnist. Við höfum sjálfseignarstofnanir um skóla, við höfum ríkisskóla og skóla á vegum sveitarfélaga, en ég minnist þess ekki að hlutafélag um skóla hafi verið stofnað.

Almennt eru hlutafélög stofnuð um starfsemi sem ætlunin er að skili arði, að hægt sé að markaðsvæða þau verkefni sem hlutafélagið tekur að sér. Ég tel því að það sem hér er verið að fara inn á, að búa til hlutafélag um þessa skóla, þurfi að skoðast mjög rækilega áður en það verður samþykkt. Skólahald er hluti af velferðarþjónustunni og á ekki að vera markaðsvara eða rekið með markaðslegum sjónarmiðum, með þeim sjónarmiðum að menn ætli sér að ná arði af því sem lagt er í hlutafélagið. Við höfum reynslu af markaðsvæðingu velferðarsamfélagsins, við höfum elliheimilið Sóltún sem var markaðsvætt, stofnað um hjúkrun á gömlu fólki, og markaðsvæðingin þar hefur leitt til þess að kostnaður á hvern vistmann þar er margfalt hærri en á öðr-

um slíkum stofnunum. Sem dæmi má nefna að fengi Elliheimilið Grund sama framlag frá ríkinu á hvern vistmann þar með sömu hjúkrunarþyngd og á einkavædda hjúkrunarheimilinu Sóltúni, þá ætti Elliheimilið Grund að fá 285 millj. kr. meira en það fær nú. Við höfum því reynslu af slíkri einkavæðingu í velferðarþjónustunni í þessu eina dæmi, hjúkrunarheimilinu Sóltúni, þar sem eru innheimt margfalt hærri gjöld frá ríkinu fyrir hvern vistmann en á öðrum sams konar heimilum.

Ég vil ítreka að ekki hafa komið viðhlítandi svör við *réttarstöðu nemenda sem nú hafa innritað sig inn í* Tækniháskóla Íslands. Þeir hafa kannski innritað sig í frumgreinadeildina með það að markmiði að fá síðan að halda áfram yfir í háskóladeildina í Tækniháskólanum, án þess að þurfa að greiða skólagjöld þar. En í umræðunni um þessa skóla hefur komið skýrt fram að ætlunin er að taka skólagjöld, bein skólagjöld, há skólagjöld, við þá eftir sameininguna. *Réttarstaða þeirra nemenda sem núna eru komnir í skólann* hefur ekki verið skýrð að fullu, eða hver staða þeirra væri til þess að taka greinar í háskóla eftir að þeir hafa lokið frumgreinanáminu, án þess að greiða þá skólagjöld þar. Þar að auki hafa þeir ekki tryggingu fyrir að þessar greinar verði kenndar þar, því í ræðu hæstv. menntamálaráðherra kom fram að kanna eigi hvort ákveðnar greinar verði fluttar frá skólanum til Háskóla Íslands eða einhvers annars skóla, eins og t.d. heilbrigðisgreinarnar sem kenndar eru við Tækniháskólann. Þannig að framtíð einstakra greina innan skólans er líka í mikilli óvissu, sem hefur ekki komið fram í þessari umræðu.

Einnig má velta fyrir sér hvers vegna verið sé að fara inn á þá braut að sameina þessa skóla með þessum hætti og stofna um þá hlutafélag. Er það vegna þess að hitt hafi gengið illa eða er það vegna metnaðarleysis viðkomandi ráðherra varðandi rekstur þessara skóla að menn þykjast verða að breyta um rekstrarform?

Það er vert að hafa í huga að hluthafar í hlutafélagi geta krafist arðs af framlagi sínu og þó að þeir setji sér það í upphafi að ekki sé það ætlunin þá getur, að ég held, hver og einn einstaki hluthafi samt krafist þess. Þá er ekki heldur ljóst hvernig eignarhlutar ríkisins og hinna ýmsu aðila sem ætla að stofna þetta hlutafélag er metið þarna inn.

Herra forseti. Mörg atriði eru mjög óljós í þessu máli. Það verður að laga áður en hægt er að mæla með því að það verði gert að lögum. Ég legg mikla áherslu á að farið verði mjög vandlega yfir alla efnisþætti þess í hv. menntamálanefnd, ef málið fer nú svo langt að komast þangað, því að hér er verið að fara inn á mjög hættulega braut, braut sem hefur sýnt sig hingað til að er ekki til góðs fyrir hina ýmsu þætti velferðarþjónustunnar, eins og ég minntist hér á áðan, og hefur ekki verið reynt við skólahald enda er hlutafélagaformið líka ætlað fyrir verkefni sem eiga að skila arði, markaðsvædd verkefni. Maður á að geta selt hlutina sína. Það getur varla verið ætlunin í raun varðandi skólahald, a.m.k. vona ég að svo sé ekki.

Herra forseti. Þetta mál þarf mjög gaumgæfilegrar athugunar við.

[01:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við erum nú komin að lokum 1. umr. um frumvarp til laga um afnám laga um Tækniháskóla Íslands. Ég hefði nú gjarnan viljað sjá hæstv. menntamálaráðherra í salnum. Mér var tjáð áðan að hún mundin vera í húsi. Ég spyr hæstv. forseta hvort það sé rétt.

(Forseti (HBl)**:** Menntamálaráðherra er í húsinu.)

Ástæðan er sú að ég var búin með fyrri ræðu mína við 1. umr. en sá ástæðu til að biðja um síðari ræðu þegar hæstv. menntamálaráðherra hafði flutt síðari ræðu sína í málinu því við þá ræðu vöknuðu ýmsar spurningar sem mér finnst rétt að við fáum svör við hér við þessa umræðu.

Eitt af því sem ég hef haft verulegar áhyggjur af í þessu máli er að hér skuli ríkisstjórnin vera að leggja til að ákveðnar námsgreinar skuli teknar í gíslingu einkaháskóla þannig að þær verði ekki lengur í boði fyrir stúdenta nema *þeirra sem hafa ráð á að borga há skólagjöld.* Þar á ég við tæknifræðina. Ég ítreka það að ég vona bara, verði af þessu — sem ég reyndar vona að verði ekki — en verði af þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar þá bara treysti ég því að meinatæknin og geislafræðin komist undan því einkahlutafélagi sem á að taka hér við og treysti því að unnið verði af alefli að því að koma þeim greinum fyrir í tengslum við læknadeild Háskóla Íslands svoleiðis að þær *lokist ekki inni í* einkaháskóla sem innheimtir há skólagjöld.

En af því að hæstv. menntamálaráðherra er komin í salinn langar mig til að fara yfir nokkra punkta sem komu fram í síðari ræðu hennar við 1. umr. málsins, þ.e. fyrri hluta. Það varðar í fyrsta lagi frumgreinadeildina. Hæstv. menntamálaráðherra var spurð að því í umræðunum hvernig færi með skólagjöld frumgreinanemenda sem ákveðu að halda áfram í námi og inn á háskólastig. Hæstv. ráðherra svaraði því til að þessir nemar þyrftu ekki að greiða skólagjöld meðan þeir væru að klára frumgreinadeildina en um leið og nám þeirra flyttist upp á háskólastig eða þeir færu á háskólastig í sinni námsframvindu þá kæmi til skólagjaldagreiðslna.

Ég harma þetta svar, hæstv. forseti, og ég vil fá nánari skilgreiningu eða skýringu frá hæstv. menntamálaráðherra við þessu svari vegna þess að ég fæ ekki betur séð en þetta stríði gegn 1. gr. þessa frumvarps þar sem sagt er, með leyfi forseta:

„Nemendur sem við gildistöku laga þessara eru í námi við Tækniháskóla Íslands eiga rétt á að ljúka því námi samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er við skólann miðað við gildandi reglur um námsframvindu."

Nú eru þessir nemendur í námi og hafa búið sér til námsskipulag sem byggir á því að þeir haldi áfram að lokinni frumgreinadeildinni upp á háskólastigið og ljúki þar háskólagráðu enda er það í samræmi við gildandi reglur um námsframvindu í þeim skóla sem þeir eru nú innritaðir í, Tækniháskóla Íslands. Ég sé því ekki annað en að við verðum að fá rökstuðning hæstv. ráðherra hér við 1. umr. málsins áður en það fer inn í nefndina, fyrir því hvernig hún sjái þessa grein samræmast því svari sem hún gaf nemendum frumgreinadeildarinnar hér í fyrradag eða gær eða hvenær það var sem fyrri hluti umræðunnar fór fram.

Síðan vil ég spyrja hæstv. ráðherra um eitt sem ég enn

tel orka tvímælis. Það var svo sem ekki orðað neitt skýrt í fyrri hluta umræðunnar en nú tel ég að það standi út af borðinu og að svara þurfi að leita hjá hæstv. ráðherra við eftirfarandi spurningu:

Hvernig fer, verði þetta frumvarp að lögum, með skólagjöld núverandi nema, þ.e. þeirra sem ekki koma til með að greiða skólagjöld í einkahlutafélaginu, í hinum nýja skóla? Má skilja það sem svo að einkahlutafélagið fái þar með eingöngu greitt fyrir hvern þessara nemenda sem nú hafa þegar hafið námið upphæð sem nemur framlagi ríkissjóðs samkvæmt væntanlegum samningi við einkahlutafélagið eða ætlar einkahlutafélagið að rukka ríkissjóð um upphæð sem nemur þeim skólagjöldum sem, ef þetta frumvarp verður að lögum, í fyllingu tímans ættu að koma inn fyrir viðkomandi nema? Er það svo að ríkissjóður ætli að greiða skólagjöldin en ekki nemarnir sjálfir eða falla hreinlega niður skólagjöld sem eðli málsins samkvæmt mundu annars fylgja þessum nemendum?

Ég tel að þessari spurningu þurfi hæstv. ráðherra að svara áður en málið fer til nefndarinnar.

Síðan vil ég að lokum, hæstv. forseti, segja þetta: Hæstv. menntamálaráðherra hefur lagt það til grundvallar í þessu máli að auka þurfi veg tæknimenntunar og verkfræðimenntunar í landinu. Það hefur komið fram í þessari umræðu að til séu fleiri en ein leið í því sambandi. Ég tel hæstv. ráðherra ekki vera búinn að svara því hvort ekki hafi verið hægt að efla námið í tæknifræði og verkfræði án þess að einkavæða stóran hluta þess. Ég vil því að hæstv. ráðherra svari okkur því hvort ekki hafi verið aðrar leiðir færar, þ.e. að forða þessu námi frá því að fara í einkavæðingarferlið og skólagjaldaumhverfið sem einkaskólarnir búa við.

Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni við fyrri hluta umræðunnar að mikilvægt væri að auka samkeppni í verkfræðináminu og hún skammaði okkur stjórnarandstöðuþingmenn fyrir að við værum að gera þessa sameiningu tortryggilega. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég er ekki sammála hæstv. ráðherra um að það sé svo mikilvægt að auka þessa samkeppni innbyrðis á milli skóla hér í þessu litla samfélagi okkar. Ég tel verkfræðinám og tækninám í mikilli samkeppni við erlenda háskóla og ég tel ekki rétt að við eyðum kröftum okkar innan lands í það að etja skólum hverjum gegn öðrum eins og mér fannst koma fram í máli hæstv. ráðherra þegar hún talaði um að það sé lykilatriði að auka samkeppni í verkfræðináminu og að á þann hátt komi námið til með að eflast. Ég get ekki sagt, hæstv. forseti, að ég sé sammála þessu sjónarmiði hæstv. ráðherra, þvert á móti. Ég tel að ríkissjóður eða ríkið, hið opinbera, ríkisstjórn þessa lands og menntamálayfirvöld beri þá ábyrgð gagnvart skólum landsins að þeir fái frjóan jarðveg til að starfa í og olnbogarými, svigrúm og sjálfstæði og þá sé skólasamfélagið fullfært um að búa til öfluga skóla og menntastofnanir, það þurfi ekki að auka samkeppni í náminu sem verði þá forsenda framfara í viðkomandi grein.

Ég hef þá kenningu, hæstv. forseti, að það hafi verið ásetningur Sjálfstæðisflokksins lengi að koma tækninámi fyrir í þessu einkarekna háskólakerfi og ég hef jafnvel á tilfinningunni að það hafi verið nánast sáluhjálparatriði sjálfstæðismanna og þess vegna fagni þeir nú eins og þeir hafa gert hér við þessa umræðu að takmarkinu skuli nú loksins náð. Þetta byggi ég auðvitað á því að það eru einungis tvö ár síðan við samþykktum á Alþingi, eftir því sem virtist þá í umræðunni við mikinn fögnuð þingmanna, lög um Tækniháskóla Íslands. Hann hefur ekki fengið tækifæri til þess að blómstra. Hann hefur ekki fengið byr í seglin sem ég vil í raun kenna stefnu ríkisstjórnarinnar um sem ætíð stefndi að því að þetta nám yrði einkavætt.

Ég hef sem sagt miklar athugasemdir við þetta mál og ég mótmæli því sjónarmiði sem kemur fram í orðum hæstv. menntamálaráðherra þegar hún talar um samkeppnina í náminu og að verið sé að bítast um nemendur eins og hún orðaði það í síðari ræðu sinni við fyrri hluta umræðunnar. Hún talar um hinn gróskumikla markað og hún talar um samkeppnisumhverfi. Hæstv. forseti. Þetta er ekki í mínum huga það sem ég tel gróskumikinn skapandi jarðveg fyrir skólastarf. Þar erum við hæstv. menntamálaráðherra í grundvallaratriðum ósammála.

Ég ber þá von í brjósti að þetta mál fari ekki lengra. Ég tel að þetta ráðslag sem ríkisstjórnin er hér að leggja til verði ekki til góðs. Ég tel ýmsar aðrar leiðir betur færar sem ég gerði grein fyrir í fyrri ræðu minni. En ég treysti því engu að síður að hv. menntamálanefnd fái ráðrúm, svigrúm og tíma til þess að fara djúpt og vel og á vandaðan hátt yfir þetta mál til að tryggja að okkur yfirsjáist ekki neinir hlutir og við hendum ekki barninu út með baðvatninu.

[01:28]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég kem hér í ræðu til þess að svara þeim fyrirspurnum sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur beint til mín og eru aðallega í þremur hlutum. Sú fyrsta er um frumgreinadeildina. Ég ítreka það enn og aftur sem hefur komið fram áður við umræðu um þetta frumvarp, þ.e. að þeir frumgreinadeildarnemar sem hafa hafið nám núna við deildina koma ekki til með að greiða skólagjöld og framvegis munu þeir sem eru í frumgreinadeildinni ekki greiða skólagjöld eins og þeir nemar sem eru á háskólastigi innan hins nýja háskóla.

Það er líka ljóst að þeir sem eru á háskólastigi í dag munu ekki greiða skólagjöld í hinum nýja skóla, þar til þeir hafa alla vega lokið því námi sem þeir eru í núna. En ef þeir ætla sér síðan að hefja nýtt nám við þennan sama háskóla þá náttúrlega eðli málsins samkvæmt þurfa þeir að greiða skólagjöld. Í 1. gr. þessa frumvarps er talað um eðlilega námsframvindu. Eins og fram hefur komið hér í ræðum annarra þingmanna er frumgreinadeildin ekki á háskólastigi heldur í raun á framhaldsskólastigi og þegar þeirri námsframvindu er lokið hefst í rauninni nýtt tímabil. Það er á þeirri forsendu sem menn hafa sagt að þá eru nemar að fara inn í nýtt skeið og þeir geta valið það að fara áfram á háskólastig í hinum nýja háskóla eða allt eins farið aðrar leiðir í menntakerfinu.

Þegar kemur að skólagjöldum þeirra nema sem eru núna í háskólanum, og það er önnur spurningin sem hv. þingmaður beindi til mín, er það engan veginn þannig að hinn nýi háskóli geti komið og rukkað ríkissjóð um mismuninn. Hinn nýi háskóli og hin nýja stjórn veit að þeir nemendur sem eru nú á forsendum Tækniháskólans í hinum nýja há-

skóla munu eingöngu greiða skólagjöld í samræmi við þá fjárhæð sem nemur skrásetningargjöldum í opinberum háskólum. Það munu nemendur greiða í hinum nýja háskóla sem koma úr hinum gamla Tækniháskóla.

Ég vil undirstrika að þegar samþykkt voru lög um hinn nýja Tækniháskóla sem tók við af Tækniskólanum reyndu bæði forsvarsmenn skólans og þeir sem hafa komið að skólanum í gegnum tíðina, Samtök iðnaðarins o.fl., eftir fremsta megni, og ekkert endilega undir forustu menntamálayfirvalda á þeim tíma, að fá hann inn á sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið eða inn á svið hins svokallaða einkamarkaðar á sviði háskólarekstrar. Það tókst ekki eins og fram hefur komið m.a. í máli formanns Samtaka iðnaðarins, Sveins Hannessonar, sem harmaði það mjög og sagði að ákveðin tækifæri hefðu verið fólgin í því að einkaaðilar, til að mynda Samtök iðnaðarins, hefðu fengið tækifæri til þess að reka öflugan tækniháskóla.

Ég vil meina að það tækifæri hafi farið forgörðum fyrst og fremst vegna þess að sá markaður sem er núna í kringum háskólana hafi ekki verið jafnþróaður og þroskaður og hann er í dag. Það munar strax þeim tæpu þremur árum sem hafa liðið síðan, við sjáum allt annað háskólaumhverfi í dag en fyrir þremur árum. Það má því kannski segja að nú fyrst sé umhverfið orðið nægjanlega þroskað til þess að taka á móti nýjum háskóla sem verður mun stærri en þeir sem fyrir eru á hinum svokallaða einkaháskólamarkaði.

Ég vil líka benda á það sem núverandi háskólarektor Tækniháskóla Íslands hefur sagt varðandi þennan nýja háskóla, að hún sjái fyrst og fremst tækifæri felast í því að efla þá menntun sem fyrir er í Tækniháskólanum með þessum nýja háskóla, ekki síst vegna þess að innan þess rekstrarfyrirkomulags sem einkarekstrarfyrirkomulagið býður upp á er meiri sveigjanleiki.

Ég var í dag á merkilegu málþingi sem Kennaraháskólinn stóð fyrir um stjórnun háskóla. Þar kom alveg skýrt fram í máli nokkurra rektora sem töluðu, þar á meðal rektors Kennaraháskólans, að það sem hina opinberu háskóla vantar er meiri sveigjanleiki og meira svigrúm. Hinir opinberu háskólar krefjast þess.

Menn hafa líka bent á það að hinir opinberu háskólar hér á landi hafa ekki sama svigrúm og til að mynda Norðurlandaháskólarnir. Nú hefur lögum verið breytt í Danmörku þar sem opinberum háskólum gefst færi á því að verða sjálfseignarstofnanir. Ég held að það séu leiðir sem við komum að sjálfsögðu til með að huga að því að nú er nýtt háskólaumhverfi komið upp. Við erum að reyna að ná þeim markmiðum að efla háskólastigið enn frekar og okkur hefur tekist það á síðustu árum. Þegar við viljum byggja upp öflugra menntakerfi felst það í þrennu, að hlúa að, hjálpa og styðja við opinberu háskólana. Enn og aftur segi ég að Háskóli Íslands er að sjálfsögðu meginstoð, hryggjarstykkið í háskólakerfi okkar, það er alveg á hreinu. Við gerum miklar kröfur til þess háskóla og ég tel að hann hafi staðið fyllilega undir þeim kröfum sem gerðar hafa verið til hans. En það umhverfi sem ríkisháskólarnir búa við má ekki vera þannig að það torveldi háskólunum að mæta þeirri vaxandi samkeppni sem þeir standa í. Það er því annað málið í þeirri vegferð okkar að reyna að efla menntakerfið.

Við verðum einnig að hafa kerfið þannig að þeir sem hafa hug á því að starfrækja háskóla með metnaðarfullum hætti, eins og við höfum séð á undanförnum missirum og árum, til að mynda Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík og í sjálfu sér Listaháskólann, sem ég tel vera á ábyrgð ríkisins en er engu að síður sjálfseignarstofnun. Ég sé ekki betur en að forsvarsmenn þess háskóla hafi einfaldlega séð tækifærin í því að reka Listaháskólann undir því fyrirkomulagi sem heitir sjálfseignarstofnun. Þau hafa m.a. sagt við hin ýmsu tækifæri að þau sáu fyrst og fremst möguleika í því að verða sjálfseignarstofnun, möguleika sem felast fyrst og fremst í svigrúmi og sveigjanleika gagnvart listnáminu.

Ég vil líka benda þeim mönnum á sem hafa talað um skólagjöld og eru svona svakalega hræddir við þau að fram til þessa hefur það ekki sýnt sig að það séu einhver ójöfn tækifæri í samfélagi okkar til háskólanáms, síður en svo. Með aukinni samkeppni á háskólasviðinu hefur hinum jöfnu tækifærum frekar fjölgað en hitt, þrátt fyrir skólagjöld.

Það hefur líka sýnt sig að þeir aðilar sem sækja skólagjaldaháskólana eru ekki með meira umleikis, eru hvorki börn efnameiri foreldra né þeir sjálfir með meira umleikis í þá veru að þeir sæki frekar í þá skóla sem eru með skólagjöld en ríkisháskóla. Það hefur ekki sýnt sig og hefur hvergi sýnt sig að hinir efnameiri fari í einkarekstrarfyrirkomulagið, þ.e. svo lengi sem það er gefið að skólagjöldin séu hófleg.

Hæstv. forseti. Rétt í lokin vil ég ítreka það sem ég hef sagt að samkeppnin á menntasviðinu er líka af hinu góða. Hinir ýmsu forsvarsmenn í atvinnulífinu hafa sýnt fram á að samkeppnin hefur verið til góðs fyrir almenning í landinu, fyrir einstaklingana sem og fjölskyldurnar og auðvitað á það sama við um samkeppni á sviði menntunar.

[01:38]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra svörin þó að ég harmi enn þau svör sem hún gefur nemendum við frumgreinadeildina. Ég tel að menntamálanefnd þurfi að fara afar vel yfir það hvort þessi yfirlýsing hæstv. menntamálaráðherra stangist ekki á við 1. gr. frumvarpsins. Ég tel svo vera því ég tel námsframvinduna hafa verið í höndum nemendanna þegar þeir innrituðu sig í frumgreinadeildina. Ef þeir hafa ætlað sér að taka nám á háskólastigi í tæknigreinunum í beinu framhaldi sem boðið er upp á er verið að trufla þeirra eðlilegu námsframvindu ef þeir verða settir undir skólagjöld þegar þeir eru komnir upp á háskólastigið.

Ég vil jafnframt lýsa ánægju minni með yfirlýsingu hæstv. menntamálaráðherra um að ekki verði greidd sérstök skólagjöld fyrir þá nema sem eru nú í námi við Tækniháskóla Íslands þó að þeir færist yfir til hins nýja háskóla eða til hins nýja einkahlutafélags, það verði eingöngu skrásetningargjöld sambærileg við það sem er í opinberu háskólunum sem þeir verði rukkaðir um. Það er gott og vel.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði um að sjálfseignarstofnanirnar hafi svo miklu meiri sveigjanleika en opinberu háskólarnir vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra: Hverjir eiga að gefa sveigjanleikann, svigrúmið? Að

mínu mati eru það stjórnvöld, yfirvöld menntamála, sem með skilningi á grundvallaratriðum menntunar eiga auðvitað að geta gefið opinberu háksólunum það svigrúm og þann sveigjanleika sem möguleiki er að gefa. Forsenda fyrir svigrúmi og sveigjanleika í skólastarfi er ekki fólgin í skólagjöldum eða rekstrarformi stofnananna.

[01:40]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég hef skilið hv. þingmann rétt fagna ég því sérstaklega að hún tekur undir með mér um að auka þarf sveigjanleika og svigrúm hinna opinberu háskóla. Ég tel það mjög mikið fagnaðarefni ef þingheimur er tilbúinn til þess að fara í þá vinnu með mér að auka þann sveigjanleika.

Sá sveigjanleiki er ekki bara fólginn í því að háskólarnir fái tækifæri til þess að taka skólagjöld, það er ekki bara þannig sveigjanleika sem þá vantar, heldur líka sveigjanleika í almennri stjórnun.

Það kom mjög vel fram á málþinginu sem ég var á í dag að þeir fara fram á sveigjanleika í ýmsu öðru í stjórnsýslunni sem lýtur að háskólanum. Við verðum að huga að því að fara í þá vinnu að fara vel yfir það hvernig hinir opinberu háskólar geti fundið sig almennilega í því nýja umhverfi sem þeir eru komnir í. Þeir hafa staðið sig feikilega vel fram til þessa að mínu mati. Þeir hafa brugðist vel við þeirri samkeppni sem þeir hafa tekið þátt í, ég bendi á viðskiptafræði og lögfræði, og ég efast ekki um að hin stórmerkilega verkfræðideild við Háskóla Íslands muni vaxa enn frekar og dafna í þeirri samkeppni sem fram undan er.

[01:41]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. menntamálaráðherra segir að sveigjanleiki og svigrúm sé ekki eingöngu fólgið í því að leggja skólagjöld á nemendur í háskólunum. En það er greinilegt að í huga hæstv. ráðherra er hluti af sveigjanleikanum og svigrúminu að stjórnendur skólanna geti lagt skólagjöld á nemendurna. Við erum því enn á öndverðum meiði því hæstv. ráðherra fjallar um fjárhagslegt svigrúm sem einkaskólarnir geta búið sér til með því að leggja á skólagjöld. Það geta opinberu háskólarnir ekki gert. Að því leytinu til hafa þeir því ekki sama sveigjanleika og einkaskólarnir.

Ég er ósammála hæstv. ráðherra um að það bjóði ekki upp á misrétti til náms ef allt nám á háskólastigi er farið að lúta skólagjöldum. Það býður í mínum huga upp á misrétti og ójafnvægi og ég skil ekki hvað hæstv. ráðherra hefur fyrir sér í því þegar hún segir að það geri það ekki, því að allt skólaumhverfið, stúdentar, kennarar og þeir sem hafa starfað í skólaumhverfinu hafa margir í ræðu og riti lýst því yfir hvernig skólagjöld og endalausar rukkanir á gjöldum í náminu setji fólki skorður hvað varðar námsval. Það eru því mörg rök sem benda til þess að ég hafi rétt fyrir mér í þessum efnum og þó að ég sé til í leiðangur með hæstv. ráðherra í að auka sveigjanleika og svigrúm opinberra háskóla er ég ekki til í að sá leiðangur þurfi að innibera skólagjöld við alla opinbera háskóla.

[01:43]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einfaldlega ekki rétt sem fram kom í máli hv. þingmanns að allir í háskólunum séu ósammála því að skólagjöldin geti ekki orðið til þess að auka sveigjanleika og meira svigrúm fyrir háskólann sem slíkan. Menn eru einfaldlega ekki sammála því.

Ég hef undirstrikað að ég tel það ekki fýsilegan kost að leggja skólagjöld á grunnnám, ekki út af því að það geti ekki orðið til þess að efla háskólann, heldur fyrst og fremst hvernig ég lít orðið á grunnnámið í samhengi við það nám sem fyrir er á skólagöngu hvers einstaklings. Það er orðinn eðlilegur hluti af framhaldi einstaklinga eftir nám þeirra í framhaldsskóla.

Varðandi aukna gjaldtökuheimild til háskóla hefur mér verið bent á að háskólanámi er mjög þröngt sniðinn stakkurinn þegar kemur að slíku, til að mynda eiga þeir erfitt með að setja á fót námskeið á sumrin sem t.d. prófessorar gætu staðið fyrir, 6–8 vikna námskeið. Þeir eiga mjög erfitt með að taka til að mynda gjöld fyrir slík námskeið þó að þeir sem mundu sækja námskeiðin mundu fegnir vilja borga einhverjar ákveðnar fjárhæðir fyrir slíkt.

Ég er að tala um að skoða heildarmyndina, skoða það svigrúm og þau tækifæri sem háskólarnir hafa almennt til þess að taka gjöld fyrir ákveðna þjónustu og til þess að bregðast við í stjórnsýslunni hjá sér þannig að þeir geti staðið með reisn í þeirri samkeppni sem þeir standa í. Það er fyrst og fremst þetta sem vakir fyrir mér þegar ég tala um sveigjanleika og svigrúm fyrir hina opinberu háskóla og auðvitað er þetta allt gert með það að markmiði að efla menntakerfi okkar, efla háskólastigið í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13. og 19. mál.

Fundi slitið kl. 01:47.

---

54. FUNDUR

fimmtudaginn 9. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 208. mál, þskj. 208, nál. 561, brtt. 562. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 192. mál, þskj. 192, nál. 547, brtt. 581. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 330. mál, þskj. 368, nál. 579, brtt. 580. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Háskóli Íslands, stjfrv., 348. mál, þskj. 394, nál. 575 og 592. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 349. mál, þskj. 395, nál. 576 og 593. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 350. mál, þskj. 396, nál. 577 og 594. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, stjfrv., 191. mál, þskj. 191, nál. 569, brtt. 570. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, stjfrv., 398. mál, þskj. 505. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Greiðslur yfir landamæri í evrum, stjfrv., 212. mál, þskj. 602. — 3. umr.

10. Norræni fjárfestingarbankinn, stjfrv., 284. mál, þskj. 307. — 3. umr.

11. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 300. mál, þskj. 327. — 3. umr.

12. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 366. mál, þskj. 429. — 3. umr.

13. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 376. mál, þskj. 461. — 3. umr.

14. Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit við fjármálastarfsemi, stjfrv., 320. mál, þskj. 603. — 3. umr.

15. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 335. mál, þskj. 374. — 3. umr.

16. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 375. mál, þskj. 460. — 3. umr.

17. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 299. mál, þskj. 326. — 3. umr.

18. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 351. mál, þskj. 400, nál. 591, 608 og 609, brtt. 598. — 2. umr.

19. Lánasjóður sveitarfélaga, stjfrv., 269. mál, þskj. 290, nál. 595, brtt. 596. — 2. umr.

20. Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, stjfrv., 321. mál, þskj. 357, nál. 597. — 2. umr.

21. Bifreiðagjald, stjfrv., 377. mál, þskj. 462, nál. 587 og 588. — 2. umr.

22. Fjármálafyrirtæki og vátryggingastarfsemi, stjfrv., 211. mál, þskj. 213, nál. 599, brtt. 600. — 2. umr.

23. Raforkulög, stjfrv., 328. mál, þskj. 366, nál. 606, brtt. 607. — 2. umr.

24. Þriðja kynslóð farsíma, stjfrv., 160. mál, þskj. 160, nál. 559, brtt. 586. — 2. umr.

25. Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, stjfrv., 399. mál, þskj. 506. — 1. umr.

26. Áfengislög, frv., 147. mál, þskj. 147. — 1. umr.

27. Gjald af áfengi og tóbaki, frv., 280. mál, þskj. 302. — 1. umr.

28. Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, þáltill., 64. mál, þskj. 64. — Fyrri umr.

29. Almenn hegningarlög, frv., 67. mál, þskj. 67. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 6. þm. Suðurk., Hjálmari Árnasyni, dagsett 8. desember:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi, Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Ísólfur Gylfi Pálmason hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Tilhögun þingfundar.

[10:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Gert er ráð fyrir því að atkvæðagreiðsla verði kl. 1.30 í dag.

[10:01]

Útbýting:

Auglýsingar á óhollri matvöru, 425. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 589.

Tekjuskattur og eignarskattur, 351. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 608; nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 609.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 351. mál (skatthlutfall, afnám eignarskatts o.fl.). — Þskj. 400, nál. 591, 608 og 609, brtt. 598.

[10:02]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og fleiri lögum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Maríönnu Jónasdóttur, Ragnheiði Snorradóttur, Guðmund Thorlacius, Sigurð Guðmundsson, Benedikt Valsson og Fjólu Agnarsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Sigurð Óla Kolbeinsson og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Indriða Þorláksson og Gunnlaug Júlíusson frá ríkisskattstjóra, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Halldóru Friðjónsdóttur frá Bandalagi háskólamanna, Ara Edwald frá Samtökum atvinnulífsins, Benedikt Davíðsson og Helga K. Hjálmsson frá Landssambandi eldri borgara, Ólaf Ólafsson og Stefaníu Björnsdóttur frá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Eddu Rós Karlsdóttur frá Landsbanka Íslands, Arnór Sighvatsson og Markús Möller frá Seðlabanka Íslands, Elínu Pálsdóttur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti.

Í frumvarpinu eru lagðar til skattalækkanir sem koma til

framkvæmda í áföngum á árunum 2005 til 2007. Mestu munar um lækkun á tekjuskattshlutfalli manna um 4% auk afnáms eignarskatts á einstaklinga og lögaðila. Frumvarpið er 144 greinar auk gildistökuákvæðis og skiptist í 52 kafla. Meginefni frumvarpsins er að finna í I. kafla þess sem er lækkun á tekjuskattshlutfalli einstaklinga um 4% í áföngum, hækkun á viðmiðunarfjárhæðum laganna, hækkun á barnabótum, afnám eignarskatts á einstaklinga og lögaðila, og breytingar vaxtabóta, auk breytinga á framkvæmd laganna. Hvað varðar hið síðasttalda ber helst að nefna að þegar fram fer rannsókn við embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins eða hjá ríkislögreglustjóra á skattskilum aðila er lagt til í frumvarpinu að heimild til endurákvörðunar skuli reiknast frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst en nú er miðað við tímann þegar endurákvörðun fer fram.

Í öðrum köflum frumvarpsins er fyrst og fremst að finna ákvæði um lagasamræmingu sem nauðsynleg er vegna niðurfellingar eignarskatts.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu er varða brottfellingu tilvísana í eignarskattsákvæði núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt þar sem annaðhvort hefur ekki verið tekið tillit til breytinganna sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi eignarskatta eða þær tillögur sem koma fram í frumvarpinu eru ekki fullnægjandi að mati nefndarinnar. Þá er og lögð til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins hvað varðar óþarfa tilvísun og uppsetningu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í þingskjali 598.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Ásta Möller og Siv Friðleifsdóttir.

Herra forseti. Mig langar til að bæta við nokkrum orðum frá eigin brjósti. (**Gripið fram í:** Fagnaðarlátum.) Það er í fyrsta lagi að þetta er mikill hamingjudagur (Gripið fram í.) vegna þess að við erum að móta þjóðfélagið til framtíðar. *Það er hlutverk þingmanna að setja ramma um þjóðfélagið í nútíð og til framtíðar* og þær breytingar sem hér er verið að gera munu hafa áhrif til áratuga til hagsældar fyrir þessa þjóð.

Vil ég þar fyrst og fremst nefna eignarskattinn sem hverfur, herra forseti, *hann hverfur hreinlega*. Það er vissulega mikil breyting til framtíðar. Þá er gert ráð fyrir því að tekjuskattar fari hratt lækkandi á næstu þremur árum, hratt lækkandi, um 4%. Það er líka stefnumótun til framtíðar. Það er eitthvað sem mun móta þetta þjóðfélag næstu áratugina á þessari öld. *Sú breyting mun verða til þess að fólki* er ekki lengur refsað fyrir að vinna og sýna dugnað og snilli og mennta sig, heldur er það hvatt til að afla meiri tekna öllum til hagsbóta, fólkinu sjálfu og þjóðfélaginu í heild. Þá er ekki síst að nefna hækkun á barnabótum sem gerir það að verkum að þetta frumvarp er félagslega mjög í lagi. Það bætir stöðu þeirra sem verst eru settir, barnafólks og þeirra sem hafa lágar tekjur sem gerir það að verkum að þetta frumvarp er félagslega mjög réttlátt.

Þær breytingar sem hér er verið að gera til mótunar á íslensku þjóðfélagi til framtíðar eru til þess fallnar að gera það samkeppnishæfara í samkeppni þjóðanna þannig að velferð haldi áfram að vaxa. Þær eru þáttur í röð á breytingum sem gerðar hafa verið. Vil ég þar fyrst og fremst nefna fjármagnstekjuskattinn sem er veruleg einföldun og samræming á öllum fjármagnstekjum og hefur gert það að verkum að atvinnulífið hefur tekið á flug sem aldrei fyrr — er a.m.k. einn þáttur í því — og hefur aflað ríkissjóði stóraukinna tekna þó að í mörgum fjármagnstekjum hafi skatturinn lækkað umtalsvert. Það vill nefnilega oft þannig til að þegar skattáþján er aflétt af klárnum tekur hann á sprett.

Þá má nefna erfðafjárskattinn sem var mjög þungur og *mjög flókinn en er núna afskaplega* einfaldur og léttur, herra forseti. Hann er svo einfaldur að ég get sagt það bara hér og nú hvernig hann er. Fyrsta milljónin í dánarbúi er skattfrjáls, svo einfalt er það, og restin með 5%, svo einfalt er það. Það er alveg sama hvernig tengsl erfingja og hins látna voru. *Þetta eru allir erfiðleikarnir við að muna það.*

Svo er hátekjuskatturinn aflagður. Það er búið að leggja hann af og hann deyr út á næstu tveimur árum. Allar þessar aðgerðir eru í þá veru að móta það þjóðfélag sem við búum í til framtíðar. Þetta er mjög vogað skref og framtíðarvísandi af hæstv. fjármálaráðherra. Þetta er vissulega hamingjudagur.

Í umræðunni undanfarna daga hafa menn verið upptekn*ir af því að kíkja á fölnuðu laufblöðin í sverðinum í skóginum en þeir sjá ekki trén, hvað þá að þeir sjái skóginn sem blómstrar og er iðjagrænn sem aldrei fyrr. Nei, menn eru að skoða einstök laufblöð og eru uppteknir alveg hreint allan daginn af því, enda get ég vel ímyndað mér að það sé erfitt að vera í stjórnarandstöðu í dag, það sé erfitt að gagnrýna þessar ráðstafanir nema náttúrlega hjá þeim þingmönnum sem vilja meiri skatta, sem hafa það sem stefnumið að jafna tekjur, hvað sem það kostar.

Herra forseti. Þetta er mikill hamingju- og hátíðardagur og nú stefnir allt saman í að þetta verði jafnvel að lögum á morgun og þá verður enn meiri hátíðardagur í þessu þjóðfélagi.

[10:11]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður að fagna því að hv. þm. missti sig ekki í sama æsinginn og um daginn. Fögnuðurinn var gífurlegur og hann fór hina mestu skógarferð sem ég hef heyrt lýst hér frá þessum ræðustól.

Það er augljóst mál að þrátt fyrir að það hafi verið reglulega rifjað upp fyrir hv. þingmanni hvernig tekjuaukning ríkissjóðs hefur verið á undanförnum árum, þ.e. með hækkun gjalda og hækkun ýmiss konar skatta, að nú sé verið að hefja dreifingu þess aukaarðs sem borist hefur í ríkissjóð, virðist hv. þm. enn fara villur síns vegar. Það er eiginlega nauðsynlegt að rifja upp fyrir hv. þingmanni þó að ekki sé nema hið merka línurit sem hv. þm. bað sjálfur um og fékk úr fjármálaráðuneytinu sem sýnir þróun persónuafsláttarins, sýnir hvernig ríkissjóður hefur tekið inn stórauknar tekjur, alveg sama hvort miðað er við neysluverðsvísitölu eða launavísitölu. Það sem er merkast við þetta litla línurit — hv. þingmaður hefur trúlega vitað það þegar hann bað um það en hefur áttað sig á því að við höfum ekki nýtt okkur þetta vopn nægjanlega — er að þessi viðskilnaður línanna verður nákvæmlega um mitt ár 1995 þegar ríkisstjórnin sem

hann styður tók við völdum.

Það er ekkert skrýtið þó að hv. þingmaður upplifi sig nú í því að vera að mæla fyrir mjög félagslega réttlátum tillögum, þ.e. miðað við þann heim sem hann lifir greinilega í. Hið félagslega réttlæti hv. þingmanns á greinilega við það að það megi sækja fjármunina til allra en dreifa þeim síðan mismunandi. Þá er það augljóslega hópurinn sem hv. þm. ber fyrst og fremst fyrir brjósti sem á að fá fjármunina, enda liggur það alveg ljóst fyrir. Allt sem hv. þm. taldi upp, líka þegar hann var að lýsa framtíðarsýn sinni um allar þær breytingar sem gerðar hafa verið, að það er afskaplega misjafnlega skipt og það er augljóslega meginniðurstaða þess að þeir sem mikið hafa fyrir eiga að fá enn meira.

[10:13]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Niðurlútu mennirnir ganga um skóginn, finna visnuð laufblöð hér og þar og halda þeim á lofti. Þannig er nú það. Hv. þm. nefnir persónuafsláttinn. Hann hefur vissulega ekki hækkað en það er ástæða fyrir því. Þegar tekjuskatturinn var lækkaður úr 42% niður í 38% var persónuafslátturinn lækkaður sömuleiðis til að halda frítekjumarkinu. Það er frítekjumarkið sem skiptir máli, það eru þær tekjur sem menn mega hafa án þess að borga af þeim skatta og þær hafa haldið nokkurn veginn verðgildi sínu, nokkurn veginn. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Jú, þær hafa gert það, (**Gripið fram í:** Nei, nei.) vissulega og alveg sérstaklega þegar maður tekur inn í dæmið að iðgjald í lífeyrissjóð hefur með áföngum verið gert skattfrjálst. Það eykur enn frítekjumarkið.

Þegar þetta er tekið saman, lækkun skattprósentunnar og skattfrjálst iðgjald í lífeyrissjóð, hefur frítekjumarkið nokkurn veginn haldið verðgildi sínu miðað við neysluvöru en að sjálfsögðu ekki miðað við laun. Launin hafa hækkað í þessu þjóðfélagi sem í engu öðru þjóðfélagi hér í kring vegna þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hefur gert í því að örva atvinnulífið með breytingum sem ég nefndi áðan.

[10:15]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst mál að hv. þingmaður er svo rammvilltur í skóginum að ég efast um að ég nái að beina honum á rétta leið. Við skulum vona að hann skili sér fyrir jól.

Þannig er, hv. þingmaður, að þrátt fyrir að þú gerir enn einu sinni tilraun til að nefna einhverjar aðrar viðmiðanir hélt ég að ég hefði farið sæmilega yfir þetta fyrir hv. þingmann hér í gær. Það dugar ekki heldur að miða við skattleysismörkin. Það er búið að skoða það líka og það munar engu minnu þar þegar það er skoðað.

Við skulum rifja þetta enn einu sinni upp og við skulum bara taka, a.m.k. fyrst, tímabilið sem ríkisstjórnin hefur setið sem nú er við völd, þ.e. tímabilið 1995–2004. Þá kemur í ljós að ef skattleysismörkin eru miðuð við launavísitölu, við skulum byrja þar, ættu þau að vera 114.015 kr. á mánuði en eru 71.269. Þarna munar á mánuði 42.746 kr.

Ef við miðum hins vegar við neysluverðsvísitölu sem hv. þingmaður í nauðvörn sinni virðist vera að hrekjast til ættu skattleysismörkin að vera við 85.709 en ekki eins og þau eru nú, 71.269, og mismunur upp á 14.440. (Gripið fram í.) Já, það er rétt, hv. þingmaður, að rifja það enn einu sinni upp að allt þetta talnasafn okkar byggir á heimildum frá fjármálaráðuneytinu.

Ef við notum síðan þumalputtaregluna sem menn hafa verið að reyna að nálgast um það hvað þetta þýðir fyrir ríkissjóð þýðir viðmiðunin við launavísitölu að ríkissjóður hefur fengið rúmlega 40 milljörðum meira miðað við þessi viðmið. Ef við notum neysluverðsvísitöluna eru þetta tæpir 15 milljarðar. Hv. þingmaður, er ekki kominn tími til að þú viðurkennir að menn eru bara að dreifa því sem áður hefur verið í náð?

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli á því að samkvæmt þingsköpum ber að beina máli sínu til forseta eða fundarins en ekki ávarpa einstaka þingmenn.)

[10:17]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu getum við ekki miðað við launavísitölu. Laun hafa hækkað hér á landi sem hvergi annars staðar. Það sem við getum í hæsta lagi miðað við er neysluverðsvísitala og þá verðum við að taka inn í að iðgjöld í lífeyrissjóð hafa á tímabilinu verið gerð skattfrjáls. Það eykur frítekjumarkið, þau laun sem menn mega hafa í tekjur án þess að greiða skatta. Þegar það er skoðað hefur þetta nokkurn veginn haldið í við verðlagið. Það sem mun gerast núna þegar skattprósentan verður lækkuð enn frekar er að þessi mörk munu hækka enn meira.

Það er dálítið merkilegt og kannski eðlilegt — ég mundi mögulega gera það sama, ég vona þó ekki — að gagnrýna svona óskaplega góðar tillögur eins og hér eru lagðar til, svona óskaplega mikið hamingjufrumvarp. Það getur vel verið að ég færi í svona laufblaðatíning hingað og þangað, leitandi að visnum laufum hér og þar í staðinn fyrir að horfa á heildarmyndina sem felst í því að verið er að fella niður eignarskatt, lækka tekjuskattsprósentuna og bæta barnabætur. Hv. þingmaður nefndi það ekki einu orði og það skemmtilega er að einu sinni, ekki fyrir löngu, var þetta akkúrat markmið og stefna Samfylkingarinnar. En það er liðin tíð. Þeir breyttu allt í einu um kúrs eins og oft áður og þeir munu eflaust breyta um kúrs jafnvel áður en árið er liðið.

[10:18]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur margsinnis lýst því yfir að hann telji ekki að skattkerfið eigi að leiða til aukins jöfnuðar. Þess vegna er eðlilegt að hann skuli fagna og ljósta upp höndum í fagnaðarlátum vegna þess að þær breytingar sem hér er verið að gera leiða til gríðarlegs ójöfnuðar. Þær leiða t.d. til þess að stórbankastjórinn fær í krafti þessara skattalækkana sem ríkisstjórnin er að leggja fram 25 sinnum meira í sinn vasa en ræstingakonan sem þrífur skrifstofuna hans. Eðlilega er þetta hamingjufrumvarp heldri mannanna og þess vegna er eðlilegt að hv. þingmaður fagni svona eins og hann gerir.

Það er þó ýmislegt sem hv. þingmaður nefndi ekki. Hann gat náttúrlega ekki um ójöfnuðinn sem af þessu hlýst en hann gat heldur ekki um það hvernig á að fjármagna skattalækkanirnar. Hv. þm. Pétur H. Blöndal gleymdi meðvitað að geta um feluskattana sem hann og stjórnarliðið hefur dag eftir dag verið að troða í gegnum Alþingi. Feluskattarnir sem eru samtals milli 15 og 20 talsins gera það að verkum að þegar hv. þingmaður slær korktappa úr kampavínsflöskunni í lok næsta árs og fagnar því að árið 2005 er liðið í aldanna skaut hefur hann séð til þess að ríkissjóður hefur innheimt meira fjármagn í formi hækkaðra skatta en hann hefur látið frá sér í formi skattalækkana.

Þetta eru sjónhverfingar. Hér er Sjálfstæðisflokkurinn að nota blekkingar til þess að reyna að kaupa sér atkvæði fyrir næstu kosningar. Það er sláandi að allar mestu lækkanirnar koma ekki fyrr en rétt fyrir kosningar. Þetta er ekkert annað en ódýr brella til að kaupa sér atkvæði og það er verið að hækka skatta núna til að fjármagna þessar skattalækkanir.

[10:21]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að stjórnin, sérstaklega Sjálfstæðisflokkurinn, er upptekin af því að stækka kökuna en ekki skipta henni. (Gripið fram í.) Málið er að við viljum baka stærri köku. Við viljum að kakan sé svo stór að allir fái væna sneið úr henni, allir fái stækkandi sneið. Það er einmitt það sem hefur gerst. Lægstu laun og bætur hafa hækkað meira en nokkuð annað hér á landi og það miklu meira en í nokkru öðru landi. Þetta höfum við gert með því að stækka kökuna, herra forseti. Við erum ekki upptekin af því að skipta henni heldur af því að stækka hana.

Það má vel vera að ræstingakonan sé ekki með nógu góð laun. Auðvitað eigum við að stefna að því að hún fái há laun og við erum að gera henni kleift að fá hærri laun með því að lækka fátæktargildruna, lækka þrepin sem hún þarf að stíga yfir. Það erum við að gera markvisst. Við viljum nefnilega að ræstingakonan sé með góð laun líka.

Hvernig þetta er fjármagnað — það vill svo til að ríkissjóður hefur á þessu ári með fjárlagafrumvarpi hæstv. fjármálaráðherra 10 milljarða í afgang þrátt fyrir skattalækkunina. (Gripið fram í.)

Síðan þetta með feluskattana, það er bara ein skattahækkun sem er skattahækkun, það er til Fasteignamatsins. Það er það eina og það eru 150 kr., herra forseti, 150 kr. á mánuði á hverja íbúð. (Gripið fram í.) Nei, aðrir skattar eru aðlögun að verðbólgu, þar á meðal t.d. skráning hlutafélaga sem er hækkuð upp í 165 þús. kr. en ætti að vera 210 þús. Er það það sem hv. þm. vill, að skráning hlutafélaga standi í stað í krónutölu áratugum saman?

[10:23]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. bregður sér ýmist í gervi skógarhöggsmannsins eða bakarans og hann talar um hina stóru köku sem hann hafi verið að búa til. Hvar er kakan sem þau 29 þús. hafa fengið sem fyrir nokkrum árum greiddu engan skatt af þeim 100 þús. kr. launum sem þau hafa með ýmsu móti frá ríki eða með öðrum hætti? Þetta fólk greiddi engan skatt þegar við fórum úr ríkisstjórn, nokkur, 1995. Í dag er þessi ríkisstjórn búin að baka köku handa þessu fólki sem felur það í sér að 2 milljarðar eru teknir á hverju ári í beina skatta af þessu fólki. Þetta er kakan sem hv. bakarameistari býr til handa fátæka fólkinu í þessu landi.

Hv. þingmaður talar um að það hafi bara verið ein skattahækkun. Virðulegi forseti. Má ég til upprifjunar benda honum á að búið er að hækka skólagjöld á Akureyri, KHÍ og HÍ samtals um 150 millj. Það er búið að setja aukið gjald á Framkvæmdasjóð aldraða um 47 millj. Það er búið að samþykkja aukatekjur ríkissjóðs um hækkun upp á 200 millj., umsýslugjald fasteigna 280 millj., áfengisgjald 340 millj., bifreiðagjald 120 millj., vaxtabætur 900 millj., olíugjald 350 millj., viðbótarlífeyrissparnaður — þar sem ívilnunin var tekin — 600 millj., sjúkratryggingar 750 millj., komugjöld á heilsugæslustöðvar 100 millj., vörugjald af bensíni 600 millj., þungaskattur 400 millj. og síðan breytingar á barnabótum til frádráttar 150 millj., samtals á tveimur árum rúmir 8 milljarðar en ríkisstjórnin áformar að skila á þessum tveimur árum tæpum 7,7 milljörðum kr.

Þegar upp er staðið hefur ríkissjóður aukið skattheimtu sína á þessum tveimur árum. Þetta eru sjónhverfingarnar, þetta eru blekkingarnar. Svona er verið að nota þetta til að blekkja kjósendur.

[10:25]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Flestir vita að óbreytt krónutala í verðbólgu rýrnar. Þetta vita flestir og menn vita að þeir geta keypt sífellt minna og minna fyrir sömu krónutöluna þó að verðbólgan sé mjög lítil. Þetta vita sérstaklega þeir sem upplifðu verðbólgu fyrr á árum.

Það sem hefur verið að gerast undanfarið er aðlögun, og þetta ræddum við í gær, aðlögun gjalda að verðbólgu til að þau haldi verðgildi sínu. (**Gripið fram í:** En skattar?) Vilja menn t.d. að það kosti alltaf það sama í krónutölu að skrá hlutafélag? Vilja menn það virkilega? Þau gjöld sem hafa verið að hækka undanfarið eru til að aðlagast verðbólgu. Þau hafa ekki náð því, langt í frá, og gott dæmi er einmitt áfengisgjaldið sem hv. þm. nefndi. Það hefur verið hækkað *á sterkum vínum og tóbaki í takt við verðbólguna þannig að* gjaldið heldur verðgildi sínu en gjaldið á léttvín og bjór hefur ekki verið hækkað. Það er meðvitað til að flytja neysluna yfir í þær vörur. Með því að hækka þessi gjöld eru þau í reynd að lækka. Ég veit ekki í hvaða landi þeir hafa búið sem ekki skilja þetta.

Á Íslandi var einu sinni verðbólga og flestir skildu að krónutala sem ekki jókst í takt við verðlag rýrnaði. (Gripið fram í.) Ég er búinn að spyrja hv. þingmann aftur og aftur. Það er ekki skattahækkun þegar skráningargjald fyrir skráningu hlutafélaga er hækkað úr 150 þús. kr. upp í 165 þús. kr. en ætti að vera 210 þús. Það er ekki skattahækkun, það er skattalækkun í mínum huga. (**Gripið fram í:** ... missa tökin ...)

[10:27]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég þakka forsetanum fyrir þá umhyggju sem hann sýnir mér en verð jafnframt að segja að ég er þess reiðubúinn að halda ræðu mína jafnvel þótt ekki sé mikið næði af hálfu hv. þingmanna stjórnarliðsins. Eðlilega líður þeim ekkert vel undir umræðum af þessu tagi. Þetta var það sem hæstv. fjármálaráðherra kallaði mestu skattabyltingu lýðveldisins. En þjóðin sem er engir asnar skynjaði þetta nákvæmlega eins og það var, það er verið að hækka skatta til að fjármagna skattalækkanir. Þetta gerði það að verkum að enginn Íslendingur fyrir utan hv. þm. Pétur H. Blöndal stappaði bæði niður fæti og laust saman höndum af fögnuði yfir því hvað hér væri að gerast.

Fólkið í landinu skynjaði einfaldlega að hér er að stórum hluta verið að beita sjónhverfingum til að halda því fram að verið sé að bæta kjör manna stórkostlega á næstu árum með skattalækkunum. Fólkið í landinu sér að á hverjum einasta degi er verið að troða í gegnum Alþingi frumvörpum sem hækka álögur annars staðar. Þess vegna fór hæstv. fjármálaráðherra í flokksmusterið og hélt sérstakan fund ... (**Gripið fram í:** Grand Hótel.) Grand Hótel, ekki í flokksmusterið heldur í Grand Hótel, sem er álíka glæsileg bygging þó, og vældi þar eins og grís undan því að verið væri að þagga niður hina miklu skattabyltingu. Það eina sem gerðist var að fólkið í landinu skoðaði hlutina sem fyrir það var lagt og komst að þeirri niðurstöðu að það sem verið var að segja því var ekki satt.

Það liggur einfaldlega fyrir, herra forseti, að þær skattalækkanir sem til að mynda á að ráðast í á næstu tveimur árum kosta minna en verið er að taka inn með auknum tekjum á þessum sama tíma í formi ýmissa hækkana. Hv. þm. Pétur H. Blöndal getur haldið eins margar ræður og hann vill um að þetta séu ekki skattahækkanir en í gær varð hann þó að fallast á að það frumvarp sem þá var til umræðu, þ.e. um umsýslugjald fasteigna, var ekkert annað en skattahækkun. Þá féllst hann á að það sem hann lofaði árið 2000, að það gjald yrði fellt niður árið 2004, gæti hann ekki efnt. Í gær lagði hv. þingmaður til að enn yrði á þessu kjörtímabili tekinn hálfur milljarður sem hann lofaði árið 2000 að mundi falla niður sí dag, á síðustu dögum þess mánaðar sem eftir lifir af þessu ári.

Herra forseti. Það sem hér stendur upp úr finnst mér vera þrennt: Í fyrsta lagi að það svigrúm sem búið hefur verið til vegna vaxandi umsvifa í samfélaginu og líka vegna annarra skattahækkana hefur ekki verið notað með bestum hætti. Það hefði verið langbest og langsanngjarnast að ráðast fyrst í að lækka matarverð í landinu með því að lækka matarskattinn um helming. Þá skattalækkun hefur Samfylkingin lagt langmesta áherslu á. Hvers vegna? Vegna þess að það er hugmyndafræðilegur ágreiningur á milli okkar og Sjálfstæðisflokksins. Við teljum að skattkerfið eigi ekki bara að vera uppspretta tekna til að standa undir framkvæmdum ríkisvaldsins og rekstri ríkisins heldur flytur áveitukerfið líka til fjármagn sem jafnar kjörin í landinu. Þess vegna höfum við sagt að sú skattalækkun sem er langbest til þess fallin að jafna kjörin er að lækka matarskattinn um helming. Það hefði lækkað matarverð í landinu um 5 milljarða, lækkað matarreikning íslenskra heimila um 5 þús. millj.

Það er sérkennilegt að þegar maður horfir yfir salinn blasir við að í honum ríkir bullandi þverpólitískur stuðningur við að lækka matarskattinn um helming. Samfylkingin hefur ítrekað lagt þetta fram. Sjálfstæðisflokkurinn hefur mörgum sinnum lagt fram stuðning við málið, t.d. í kosningabaráttunni þar sem þetta var eitt af því sem hæstv. fjármálaráðherra barðist hvað harðast fyrir. Hv. talsmenn Vinstri grænna hafa lýst stuðningi við málið og formaður Frjálslynda flokksins hefur ítrekað sagt að hann styðji málið. Það er bara einn flokkur í þessum sal sem leggst gegn því að matarskatturinn verði lækkaður um helming og það er Framsóknarflokkurinn. Það er kominn tími til þess að Framsóknarflokkurinn skýri hvað veldur því að hann leggst þversum gegn því að matarkostnaður íslenskra heimila lækki um 5 milljarða.

Ef menn halda að þetta sé einhver tilbúningur í formanni Samfylkingarinnar varðandi afstöðu Framsóknarflokksins er rétt að rifja upp orð hæstv. fjármálaráðherra í sjónvarpsþætti á dögunum þar sem hann ræddi við formann Samfylkingarinnar, sem hér stendur. Hann sagði hreint út á Stöð 2 að það væri Framsóknarflokkurinn sem legðist gegn því að matarskatturinn væri lækkaður um helming núna. Orð hæstv. fjármálaráðherra eru fyrir því. (**Fjmrh.:** Þetta er ósatt.) Þetta er ekki ósatt. Hæstv. fjármálaráðherra sagði nákvæmlega þetta í sjónvarpsþætti á Stöð 2. Það kom alveg skýrt fram að þetta væri afstaða hans, og reyndar ekki í fyrsta skipti sem sú afstaða kemur fram hjá hæstv. fjármálaráðherra að Framsóknarflokkurinn kæmi í veg fyrir þetta.

Það hefur líka komið fram hjá öðrum minni en vaxandi spámönnum Sjálfstæðisflokksins í umræðum hér. Ég man t.d. ekki betur en einn af þeim þingmönnum sem nú þegar er búinn að kveðja sér hljóðs til andsvara við mig, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hafi staðfest þetta í umræðum um daginn. Hann getur þá komið og sagt hvort það er rétt eða rangt.

Þetta skiptir máli. Það skiptir máli að fólkið í landinu sé upplýst um hvers vegna Framsóknarflokkurinn leggst gegn því að lækka matarskattinn. Lækkun matarskattsins er sú jöfnunaraðgerð í gegnum skattkerfið sem kemur öllum til góða og hefur þveröfug áhrif við þær aðferðir sem Sjálfstæðisflokkurinn leggur til vegna þess að hún kemur þeim best sem hafa minnst. Hún kemur þeim hlutfallslega langbest sem hafa lægstu ráðstöfunartekjurnar, vegna þess að lífið er einfaldlega þannig að við þurfum öll að kaupa mat, við þurfum öll að kaupa brýnustu lífsnauðsynjar eins og kjöt, mjólk, grænmeti, mjölvöru og ávexti. Enginn kemst undan því og því minni sem ráðstöfunartekjurnar eru og því fleiri sem munnarnir eru til að metta þeim mun hærra hlutfall ráðstöfunartekna fer í að kaupa þær brýnu nauðsynjavörur. Ef það tekst að lækka verðið á þeim kemur það því fólki mest til góða. Þess vegna er hægt að fullyrða að lækkun matarskattsins er sú skattalækkunargerð sem kemur þeim lægstlaunuðu best. En hún kemur öllum vel. Hún nær líka til þeirra sem eru atvinnulausir á svo lágum bótum, þökk sé Framsóknarflokknum líka því hann fer með þann málaflokk, að þeir borga ekki einu sinni skatta. Hvernig náum við til þeirra sem eru svo illa haldnir í tekjum að þeir

eru fyrir neðan skattfrelsismörkin? Hvernig eigum við líka að reyna að bæta kjör þeirra ef við erum á annað borð að lækka skatta? Með því að lækka matarskattinn. Það er aðgerð sem nær til allra.

Sú aðgerð hefur líka annan kost í för með sér sem skiptir máli á tímum eins og okkar þar sem við sjáum að verðbólga er á uppleið, þar sem við sjáum að aukin verðbólga kann að leiða til þess að forsendur kjarasamninga bresti strax á næst haust, eins og fram kom á ársfundi Alþýðusambands Íslands fyrir skömmu. Því ríður á að ríkisvaldið, að við á Alþingi leggjumst öll á eitt um aðgerðir sem draga úr þeim möguleika að óhjákvæmilegt verði að segja upp kjarasamningnum vegna þess að verðbólguþróun er umfram það sem menn gerðu ráð fyrir. Slíkt mundi setja stöðugleikann í uppnám og er þó nóg fyrir.

Sú aðgerð að lækka matarskattinn um helming mun samkvæmt upplýsingum sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fékk hjá Hagstofu Íslands lækka neysluvísitöluna um 0,8%. Miðað við þá útreikninga sem fram komu hjá einum af hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, um að áhrif áfengisgjalds og tóbaksgjalds væru 0,08% af neysluvísitölu sem hefði í för með sér breytingar á skuldabyrði upp á milljarð, þýðir þetta að með einu pennastriki væri ekki bara vísitalan lækkuð heldur mundi skuldabyrði landsmanna minnka um 8 milljarða. Það felast því margir kostir í að ráðast í aðgerðina, einmitt þessa aðgerð, og miðað við þá stöðu sem er í efnahagskerfinu er þetta hin hárrétta aðgerð. Þess vegna leyfi ég mér í lok umræðunnar um matarskattinn að vísa til þess ágæta manns, félaga okkar, sem er einn af efnahagsgúrúum Sjálfstæðisflokksins í þessum sölum, hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar, sem hefur lýst því yfir að þetta sé mjög mikilvæg og nauðsynleg aðgerð, ekki síst með tilliti til kjarasamninga. Ég vona að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins komi hingað í löngum runum upp á eftir til að greina frá því hvernig í ósköpunum standi á því að Framsóknarflokkurinn kemur í veg fyrir að matarreikningur íslenskra heimila lækki um 5 milljarða á ári, að hann skuli koma í veg fyrir að ráðist sé í aðgerð sem er þverpólitískur meiri hluti fyrir á þinginu og sem kemur öllum til góða og best þeim sem hafa það verst.

Ég rakti aðeins í andsvari áðan alla þá feluskatta sem hæstv. ríkisstjórn er að troða í gegnum þingið þessa dagana. Það er alveg með ólíkindum að heyra hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins koma og monta sig af því að þeir séu að ráðast í mestu skattabyltingu sögunnar. Staðreyndin er sú að þær skattalækkanir sem segja má að við höfum í hendi okkar, vegna þess að við getum ráðið þeirri framtíð því hún er ekki það fjarri, þ.e. að þær skattalækkanir sem ráðist er í á þessu ári og hinu næsta munu þegar upp er staðið kosta í kringum 5,6 til 6,5 milljarða. Með öðrum orðum vel innan við 7 milljarða. En skattahækkanirnar sem eru 16 a.m.k. munu færa ríkissjóði tekjur upp á ríflega 8 milljarða. Það er því hugsanlega hægt að lesa það út úr þeim breytingum sem verða á næstu tveimur árum, þ.e. til loka ársins 2005, að ríkissjóður kom út í plús. Svo koma allir riddarar Sjálfstæðisflokksins, sem á sínum tíma skolaði inn á fjörur Alþingis á bylgju skattalækkana, og berja sér á brjóst og segja: Sjáið þið hvað við höfum gert. Við höfum lækkað skattana svo mikið. En þeir gleyma alltaf, þó góðir séu í reikningi, að leggja saman skattahækkanir þeirra og draga þær frá á móti. Ég get upplýst hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson um það, að ef hann færi í svo einfalda reikningskúnst sem meira að segja 10 ára bekkurinn í Melaskóla gæti gert kemst hann að því að hann hefur tekið þátt í því undir lok næsta árs að hirða af landsmönnum skatta upp á 2 milljarða umfram það sem hann hefur tekið þátt í að lækka skattana. Það er auðvitað það sem skiptir öllu máli. Ég ítreka, herra forseti, að hægt er að telja upp alls 16 gjöld sem ég kalla ekkert annað en skattahækkanir, sem ungir sjálfstæðismenn kalla ekkert annað en skattahækkanir, enda hafa þeir ítrekað mótmælt skattahækkunum af slíku tagi í gegnum árin. Ég veit að enginn þekkir það jafn vel og fyrrverandi forustumenn í þeim samtökum, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson.

Við teljum þess vegna að við þær aðstæður sem nú eru uppi, þar sem eru aukin umsvif í samfélaginu sem hafa leitt til vaxandi tekna og skapað ákveðið svigrúm og sömuleiðis þegar svigrúmið hefur verið aukið vegna hækkunar annarra skatta, eigum við að skoða með hvaða hætti er hægt að ráðast í skattalækkanir sem auka jöfnuð. Ég hef þegar farið yfir hugmynd Samfylkingarinnar um lækkun matarskattsins sem Framsóknarflokkurinn kemur í veg fyrir að sé samþykkt, en við munum leggja til að matarskatturinn verði lækkaður um helming strax á næsta ári og komi í stað þeirrar niðurfellingar á 1% í tekjuskatti sem lagður er til. Þetta tvennt stenst á, þ.e. hvor aðgerðin kostar í kringum 4–5 milljarða.

Hins vegar fögnum við því sem gott er í skattabreytingum ríkisstjórnarinnar. Það er sérstaklega gleðiefni að verið er að hækka barnabætur vonum seinna. Frá því að Framsóknarflokkurinn settist í ríkisstjórn árið 1995 hefur honum tekist að plokka af barnafjölskyldum landsins sem svarar 10 milljörðum og (**ÍGP:** Hvað gerðist frá 1991–1995?) gefur nú til baka fjórðung af því. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason spyr: Hvað gerðist í kringum árið 1995? Á verðlagi þess árs voru barnabætur 6,4 milljarðar. Árinu eftir, eða tveimur árum eftir að hv. þingmaður kom á þing og Framsóknarflokkurinn settist í ríkisstjórn, var búið að minnka barnabæturnar um u.þ.b. 1½ milljarð. Þetta ætti hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason að kannast við vegna þess að hann sat þá á þingi og var í félagsmálanefnd á þeim tíma. (**ÍGP:** Nei.) Það er rangminni er mér bent á að hann hafi verið í félagsmálanefnd á þeim tíma, en ég held að það sé örugglega rétt hjá mér að hann var í Framsóknarflokknum á þeim tíma (**ÍGP:** Það er rétt.) og ber það tiltölulega vel miðað við aldur og fyrri störf, en hann kemst ekki hjá því að axla sinn hluta ábyrgðarinnar á því að Framsóknarflokkurinn réðst í það hervirki að tína 10 milljarða af barnafjölskyldum landsins frá því tímabili þegar hann settist í ríkisstjórn 1995 og til kosninga árið 2003.

Ég veit að formaður Framsóknarflokksins hirðir lítt um tölur af þessu tagi. Ég hef rifjað það upp fyrir honum og get rifjað það líka upp fyrir hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni að árið 1995 voru barnabætur 1% af vergri landsframleiðslu. Undir stjórn Framsóknarflokksins fór þetta hlutfall niður í 0,55% og hefur síðan risið svolítið síðan. Þetta sýnir hvað hefur gerst, og er nema von að Framsóknarflokkurinn skammist sín aðeins og láti til baka þótt ekki væri nema

hluta af þessu?

Það má nota ferðina og spyrja hv. þingmenn Framsóknarflokksins í dag — ekki síst hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sem aftur og aftur kom í þennan ræðustól og talaði um barnakort Framsóknarflokksins, veifaði hér ímynduðum barnakortum, og þetta var partur af atkvæðabeitunni sem Framsóknarflokkurinn notaði framan í kjósendur þessa lands og virkaði furðu vel: Hvar eru barnakortin? Hvar er framkvæmd loforðanna um hinar ótekjutengdu barnabætur til allra barna upp til 18 ára aldurs?

Höfum við heyrt þetta áður? Já, við heyrðum þetta mörgum sinnum á dag, vikur og mánuði fyrir síðustu kosningar en við höfum ekki heyrt Framsóknarflokkinn minnast á það síðan. Nú er kominn hingað ærlegur framsóknarmaður í hóp annarra ærlegra, hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, og ég sé á látbragði hans að hann er sammála hverju orði sem ég hef sagt um þetta. Hann kemur hingað væntanlega á eftir og staðfestir það sem ég hef verið að segja.

Ég hóf þessa tölu mína um barnabætur á því að segja að þarna er þó verið að stíga skref í rétta átt og við í Samfylkingunni fögnum því. Við teljum það gott hjá Framsóknarflokknum og gott hjá Sjálfstæðisflokknum að hækka barnabætur. Við teljum hins vegar að forgangsröðunin sé algjörlega galin. Það er út í hött að byrja á því að lækka hátekjuskatt og byrja síðan á því að lækka tekjuskatt með flatri lækkun og fara svo í það að hækka barnabætur. Við segjum þess vegna: Þessa hækkun barnabóta á að ráðast í fyrr, og við munum leggja fram breytingartillögu um það að sú hækkun verði tekin ári fyrr og að hún nái til allra barna upp að 18 ára aldri í takt við þau kosningaloforð sem við gáfum, alveg eins og ýmsir aðrir stjórnmálaflokkar sem virðast hafa gleymt þeim núna.

Eitt athyglisvert mál tel ég að hafi komið upp í umræðunni um þessar skattalækkanir og það varðar einmitt lækkun og afnám eignarskatts. Það hefur verið baráttumál hv. þm. Péturs Blöndals sem gleðst hér mjög yfir því að vera að ná því í gegn að það eigi að afnema eignarskatt bæði á einstaklinga og fyrirtæki. Ég spyr: Þarf að gera betur við fyrirtækin? Ég tók þátt í því í ríkisstjórn að lækka skatta á fyrirtæki úr 50% niður í 30%. Síðan hafa skattar á fyrirtæki verið lækkaðir úr 30% niður í 18%. Fyrirtækin blómstra, það liggur fyrir, að hluta til út af þessum skattalækkunum sem jafnaðarmenn tóku þátt í og áttu reyndar frumkvæði að í upphafi, (Gripið fram í.) að vísu með Sjálfstæðisflokknum. Ég spyr: Þarf að gera betur við fyrirtækin í dag? Er það nauðsynlegt? Þarf að afnema eignarskatta af fyrirtækjum í dag? Er það rétt forgangsröð?

Þarf að afnema eignarskatta af stóreignafólki? Ég held að þess þurfi ekki. Það er hins vegar rétt að það þarf að afnema eignarskatta hjá tekjulágu fólki, t.d. öldruðu, sem býr í tiltölulega stórum eignum og ekki er hægt að réttlæta einhverjar kröfur um að það skipti um eignir og minnki við sig. Við í Samfylkingunni viljum taka skref til þess að hlífa tekjulágu, öldruðu fólki sem er að greiða eignarskatta. Þess vegna vildum við skoða hvort hægt væri að fara þá leið að hækka fríeignamarkið, t.d. þrefalda það, þannig að það yrði 15 millj. fyrir einstaklinga og 30 millj. fyrir hjón. Þetta viljum við skoða og við vildum fá ákveðnar upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu til að geta byggt tillögur á því. Þær upplýsingar höfum við ekki fengið en við áskiljum okkur rétt til að krefjast þessara upplýsinga milli 2. og 3. umr. og leggja fram við 3. umr. tillögur um stórfellda hækkun fríeignamarka. Tilgangurinn er sá að vernda þá sem eru tekjulágir og aldraðir og búa í eignum sínum. Í reynd mundi þetta þýða að eignarskattinum yrði eðlisbreytt frá því að vera almennur eignarskattur yfir í það að vera stóreignaskattur, og við teljum að það sé allt í fína lagi. Með þessu yrði líka eignarskattinum haldið áfram á fyrirtækjum í landinu. Við teljum það ekki forgangsmál að ráðast í að afnema skatt af þeim.

Herra forseti. Ég gæti farið í miklu lengra máli yfir ýmis tæknileg smáatriði sem tengjast einkum tölulegum útreikningum sem sýna fram á það hversu mikill ójöfnuðurinn er vegna þeirra tillagna sem hér er verið að ræða. Það mun þó væntanlega koma fram með öðrum hætti síðar í umræðunni en hins vegar er nauðsynlegt að það komi alveg skýrt fram hér í þessum ræðustól að þær tölur sem komu frá fjármálaráðuneytinu um að það væru einkum tekjulágir aldraðir sem nytu afnáms eignarskatts virðast ekki standast að öllu leyti ýmsa aðra útreikninga á grundvelli gagna sem efnahags- og viðskiptanefnd fékk frá ríkisskattstjóra og reyndar ekki heldur útreikninga sem gerðir eru á grundvelli ýmissa gagna frá fjármálaráðuneytinu. Ég tel alveg nauðsynlegt að áður en við ljúkum þessari umræðu verði komist til botns í því hvorir hafa rétt fyrir sér, fjármálaráðuneytið eða þeir sem hafa reiknað út og komist að annarri niðurstöðu miðað við gögn frá ríkisskattstjóra og reyndar ýmis svör sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur fengið við fyrirspurnum sínum.

Að lokum, herra forseti: Samfylkingin er þeirrar skoðunar að það sé svigrúm til skattalækkana. Hún telur að þetta svigrúm eigi að nota til að lækka matarskattinn um helming, og um það eru allir á þessu þingi sammála nema Framsóknarflokkurinn. Hún telur að þetta svigrúm eigi að nota til að flýta aukningu barnabóta og hún telur vel koma til greina að nota þetta svigrúm líka til að stórhækka fríeignamörk til að vernda tekjulága aldraða sem búa í eigin húsnæði.

Það sem stendur upp úr þessari umræðu eru aumlegar tilraunir Sjálfstæðisflokksins til að fela þá staðreynd að skattalækkanirnar sem þeir nota hér til að berja sér á brjóst eru fjármagnaðar að stórum hluta með skattahækkunum. Allar skattalækkanirnar sem koma til framkvæmda á þessu ári og því næsta eru t.d. fjármagnaðar þannig. Það er ekki fyrr en kemur undir lok kjörtímabilsins, þegar komið verður í kosningabaráttu, sem hillir undir skattalækkanir sem enn er ekki búið að dekka með öðrum skattahækkunum.

En hvað vitum við um það hvernig skattgleði núverandi ríkisstjórnar muni brjótast út á seinni parti kjörtímabilsins? Á þessu augnabliki eru þetta ekkert annað en loforð, við eigum eftir að sjá þetta ganga eftir, við eigum eftir að sjá hvernig efnahagsumhverfið og stöðugleikinn verður á þessum tíma. Það sem við sjáum núna og það sem er búið að ákveða fyrir næsta ár er ekkert annað en sjónhverfingar. Það eru skattalækkanir sem eru fjármagnaðar með skattahækkunum.

Að lokum, herra forseti, verð ég að ítreka spurningu mína til Framsóknarflokksins: Hvernig stendur á því að sá

flokkur hamast eins og naut í flagi gegn því að matarkostnaður íslenskra heimila verði lækkaður um 5 milljarða? Hvers vegna er Framsóknarflokkurinn á móti því að lækka matarskattinn um helming þegar hver einasti þingmaður annar í þessum sal er reiðubúinn að ljá því fylgi sitt? Þessu verður Framsóknarflokkurinn að svara.

[10:54]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið afskaplega stuttorður. Ég vil eingöngu leiðrétta þau ósannindi sem fram komu í máli þingmannsins hvað varðar þann umræðuþátt í sjónvarpi sem við tókum þátt í nýlega. Ég kallaði hér fram í og sagði að þingmaðurinn færi rangt með. Hann gerði það, ég er með útskrift af viðtalinu.

Stjórnandi segir: „Eru það framsóknarmenn sem stoppa þetta?“ — þ.e. lækkun matarskattsins. Ég svara í þættinum: „Nei, það er ekki hægt að kenna neinum um, það er ekki heiðarlegur málflutningur,“ segir hér í útskriftinni.

Síðar segir: „Eru það þá framsóknarmenn sem í rauninni eru að stoppa þetta?“ Og ég segi: „Nei, ég segi ekki neitt um það. Við erum að leita að heppilegri leið til að komast til botns í málinu.“ — Eins og fram hefur komið liggur það fyrir að við ætlum að setja nefnd á laggirnar til að vinna í þessu máli.

En ég skil ekki hvað þessum hv. þingmanni gengur til þegar hér er verið að ræða stórt og mikið skattafrumvarp að hanga á einhverju svona atriði í málefnaþroti sínu. Hvað á þetta eiginlega að þýða, hv. þingmaður? (Gripið fram í.) Það er ekki heiðarlegur málflutningur (Forseti hringir.) að bera þetta hér fram eins og gert hefur verið í þessu efni.

[10:55]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hæstv. ráðherra las hér upp fól það í sér að stjórnandi þáttarins rekur það að allir flokkar nema einn eru með því að lækka matarskattinn og hann spyr hæstv. ráðherra hvort það sé Framsóknarflokkurinn sem sé á móti. Hann svarar að það sé ekki rétt að orða það þannig, það sé verið að reyna að komast til botns í málinu.

Það er ekki hægt að draga aðra ályktun af þessu en þá að verið sé að reyna að kanna með hvaða hætti sé hægt að draga Framsóknarflokkinn til réttar í þessu máli, til réttrar niðurstöðu. Það er með engu móti hægt að segja annað en að Framsóknarflokkurinn sé fyrirstaðan í málinu, það er ekki hægt að draga aðra ályktun af máli hæstv. fjármálaráðherra. Þetta er reyndar í annað skipti sem hæstv. ráðherra hefur orðað þetta með þessum hætti. Auðvitað vita allir í þessum sal að eini flokkurinn sem er á móti því að matarskatturinn verði lækkaður um helming er Framsóknarflokkurinn.

Af hverju verður mér svo tíðrætt um þetta? Vegna þess að þetta var eitt aðalkeppikefli Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar í kosningabaráttunni.

[10:56]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum hér í þessi ómerkilegheit sem hér hefur verið flett ofan af. Ég hélt að þingmaðurinn hefði nóg annað fram að færa af sinni miklu visku og þekkingu um skattamál en að afbaka og snúa út út ummælum sem fallið hafa.

En hver var afstaða Samfylkingarinnar til lækkunar matarskattsins? Ég upplýsti það hér fyrir nokkru og hef síðan gert. Framsóknarflokkurinn var spurður að því og Samfylkingin var spurð að því og allir flokkar voru spurðir að því. Samfylkingin sagði: Nei, við viljum engu breyta.

Ég spurði hv. þingmann að þessu í sjónvarpinu. Hann sagði: Ég held að það hafi verið einhver símastrákur hjá Samfylkingunni sem var spurður að þessu með virðisaukaskattinn. Það kannast enginn við að hafa svarað þessu. Ég man ekki eftir þessu, sagði þingmaðurinn.

Þetta eru nú vinnubrögð í lagi, herra forseti. (Gripið fram í.) Þeir sitja í háum söðli sem telja sig geta skammað aðra með þetta á bakinu. (**LB:** Er þessi maður að tala um ...?)

[10:58]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir sitja í háum söðli og þeir detta ekki úr honum eins og sumir.

Mér finnst dálítið merkilegt að Geir H. Haarde, hæstv. fjármálaráðherra, kemur hingað í andsvar og beinlínis að því er virðist til þess að draga athyglina að þeirri staðreynd að það er Framsóknarflokkurinn (Gripið fram í.) sem liggur þver gegn þessu máli. Enn koma sjálfstæðismenn með saltbaukinn og strá í sár framsóknarmanna.

Allir vita að það er sárt fyrir Framsóknarflokkinn að liggja undir því ámæli að hafa einn flokka komið í veg fyrir að hægt sé að lækka matarkostnað íslenskra fjölskyldna um 5 milljarða og hæstv. ráðherra notar andsvar ekki til að verjast neinu af því sem ég hef hér verið að segja, heldur til að draga athygli þingmanna og fjölmiðla að þeirri staðreynd að það er Framsóknarflokkurinn sem er á móti þessu.

Hann er með baukinn á fullu að strá salti í sárin.

[10:59]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða er farin að snúast upp í einhverja vitleysu af hálfu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Auðvitað er bráðfyndið að hlusta á formann Samfylkingarinnar hlaupast undan merkjum og geta ekki svarað fyrir skattstefnu Samfylkingarinnar hvað varðar matarskatt, eins og hún var í mars árið 2003, og kenna einhverjum óskilgreindum símastrák um þau svör sem birtust opinberlega.

Hv. þingmaður fjallaði um það að þessar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar nýttust bara ríka liðinu í þjóðfélaginu. Nú er það ekki svo. Þetta eru skattalækkanir fyrir venjulegt fólk. Ef við tökum þau hjón sem líklega yrðu skilgreind sem venjulegasta fólkið í þjóðfélaginu væru það kennarahjón með tvö börn. Hvað ætli þau hagnist í ráðstöfunartekjum á mánuði? Það eru yfir 32 þús. kr., 392 þús. kr. á ári, og af þessu hefur hv. formaður Samfylkingarinnar áhyggjur. Kennarar hafa hins vegar engar áhyggjur af slíkri kaupmáttaraukningu.

[11:00]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Skattstefna Sjálfstæðisflokksins breyttist á landsfundi hans í mars fyrir kosningar. Skattstefna Samfylkingarinnar breyttist á vorþingi hennar í apríl fyrir kosningar. Það má vel vera að það svar hafi fengist frá skrifstofu Samfylkingarinnar að menn vildu ekki hreyfa við virðisaukaskatti á matvælum einhvern tíma í fyrri parti kosningabaráttunnar en hitt er alveg klárt að þegar kom á vorþing Samfylkingarinnar var lögð mikil áhersla á þrjú mál. Það var lækkun matarskatts um helming, hækkun barnabóta og hækkun skattfrelsismarka. Það var þetta þrennt sem áhersla var lögð á. Tvennu af þessu erum við núna með atkvæðum okkar síðar í dag að ljá fylgi.

Það er síðan rangt hjá hv. þm. Sigurði K. Kristjánssyni að það séu fyrst og fremst þeir lægstlaunuðu eða láglaunuðu sem njóta þessa eins og mér heyrðist á hv. þingmanni. Staðreyndirnar tala allt öðru máli og það er einfaldlega þannig að ofurforstjórinn sem hefur 1,9 millj. á mánuði — það eru 200 slíkir menn á Íslandi — fær 2,7 millj. kr. skattalækkun á ári. Ræstingakonan fær 7.900 kr. á mánuði.

[11:02]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var bara að varpa ljósi á það að þær skattalækkanir og skattalækkunartillögur sem við erum hér með og ætlum að lögfesta nýtast venjulegu fólki. Þær nýtast kennarahjónum með tvö börn mjög verulega. Ráðstöfunartekjur þeirra aukast um 392 þús. kr. á ári, og á móti þessari breytingu er hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Svo kemur hann hér upp og fer að gagnrýna ríkisstjórnina og okkur stjórnarliða fyrir að vera að hækka skatta.

Af hverju snýr maðurinn sér ekki í átt að Ráðhúsinu þar sem hans fólk ræður nú ríkjum og hefur verið að hækka skatta á Reykvíkinga, þessi 1. þm. Reykv. n.? Flokksmenn hans í Ráðhúsinu standa að því að hækka útgjöld, þ.e. lækka ráðstöfunartekjur Reykvíkinga, t.d. fjölskyldna þar sem annað foreldra er í námi, með tekjur upp á 265 þús. kr. á mánuði og tvö börn í leikskóla. Ráðstöfunartekjur þessa fólks lækka um 164 þús. kr. á ári. Af hverju gagnrýnir hv. þingmaður ekki þessa skattahækkun?

[11:03]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður fór með tölur sem vörðuðu kennara. Þær tölur gilda ekki um t.d. unga kennara sem eru með 170 þús. kr. á mánuði. (Gripið fram í.) Það sem hv. þm. er að færa þeim jafngildir í lok næsta árs einum góðum Pampers-bleyjupakka og ég er viss um að sá bleyjupakki kemst í góð not á ýmsum heimilum. Það breytir ekki hinu að þetta er um það bil einn tíundi af því sem sumir aðrir fá í skattalækkanir á sama tíma. Þetta er dæmi um ójöfnuðinn. Þetta er dæmi um þann feikilega ójöfnuð sem kemur fram í þessum tillögum og það er aðalsmerki þeirra. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn eru að ýta undir gliðnunina í samfélaginu með þessum tillögum í staðinn fyrir að reyna að auka jöfnuð.

Útsvarshækkanir Reykjavíkurborgar — ég lýsi allri ábyrgð á þeim á hendur ríkisstjórninni sem hefur sett sveitarstjórnir þessa lands í fjársvelti.

[11:04]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Niðurlútur gengur hv. þingmaður um skógarsvörðinn og sér enn fölnuð laufblöð. Eins og lastarinn. Hann nefnir umsýslanir fasteigna. Það var rætt í gær og ég benti á að umsýslugjald fasteigna á 18 millj. kr. eign verður 150 kr. á mánuði. Þetta er aðalhaldreipi hv. þingmanns gegn þessum stórkostlegu skattalækkunum sem við erum að fara fram með.

Ég spyr hv. þingmann: Er hann á móti þeirri þjóðfélagsbreytingu að fella niður eignarskatt sem er skattur á sparnað og ráðdeild? Er hann á móti því að lækka tekjuskatt þannig að fólk hafi hvata til að vinna meira og afla sér menntunar? Er hann á móti því? Er hann á móti því að hækka barnabætur? Um það fjallar þetta frumvarp, engin fölnuð laufblöð hingað og þangað í skógarsverðinum sem niðurlútur hv. þingmaður sér og notar orðalag eins og að hæstv. fjármálaráðherra hafi vælt eins og grís. Þau orð eru aðalrökin í málinu.

[11:06]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður má þakka fyrir að ég noti ekki orð eins og grístittur um ýmsa þingmenn og hæstv. ráðherra en ég er bara kurteisari en svo að ég geri það.

Staðreyndin er þessi: Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur verið að berjast fyrir miklum skattalækkunum. Nú segir hann: Sjáið þið hverju ég hef náð fram. Það er verið að lækka þennan skatt og það er verið að lækka þennan skatt og samtals eru þetta skattalækkanir upp á x milljarða. En það er hann sjálfur sem verður niðurlútur þegar hann sér hverjar hinar raunverulegu efndir eru. Þá kemst hann að því að hann er að lækka skatta núna fyrir lok ársins 2005 sem nema samtals 5,6–6,6 milljörðum kr. Á sama tíma er hann að hækka ýmsa feluskatta og koma á ýmsum laumusköttum sem nema samtals 8 milljörðum. Hann er að auka skattheimtuna í þjóðfélaginu.

Má ég benda hv. þingmanni t.d. á leiðara Viðskiptablaðsins í síðustu viku þar sem tekið er undir nákvæmlega þetta viðhorf?

[11:07]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eðlilegt að hv. þingmaður frjósi í ræðustólnum þegar hann þarf að verja andstöðu við frumvarp sem er svona stórkostleg breyting á íslensku þjóðfélagi. Hann nefnir hækkun á krónutölusköttum sem hafa verið hækkaðir. Það er ekki skattahækkun og ég er margbúinn að spyrja hv. þingmenn Samfylkingarinnar hvort það sé skattalækkun eða skattahækkun þegar krónutölugjald sem er búið að vera óbreytt í mörg ár er hækkað í takt við verðbólguna. Ég hef ekki fengið svar við því. Auðvitað er þetta

raunlækkun sem við erum að tala um, oft og tíðum.

Nei, hér erum við að byggja upp og rækta stóran grænan skóg, iðjagrænan, og hv. þingmaður gengur um niðurlútur og horfir niður í svörðinn og sér ekkert annað en fölnuð laufblöð.

[11:08]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi villst í skóginum og sé hættur að sjá hann fyrir trjám. Hann er hættur að sjá það sem sennilega er hægt að kalla lítinn skóg frumvarpa sem hér er að spretta upp í þinginu sem öll hafa eitt samkenni. Í þeim er verið að hækka ýmsa skatta, með þeim er verið að koma í gegn laumusköttum, felusköttum, og ég taldi fyrr í dag upp 16 skatta þar sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn eru að koma í gegn ýmist nýjum sköttum, eins og í gær, eða hækka gamla skatta.

Þegar maður telur saman hve mikið er verið að taka með þessum sköttum kemst maður að því að það eru ríflir 8 milljarðar fyrir lok ársins 2005 og það er ívið meira en fólkið fær til baka í skattalækkunum. Ef hv. þingmaður skilur þetta ekki er hann sennilega dottinn með andlitið ofan í hinn græna svörð skógarins.

[11:09]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn og aftur þarf ég að koma upp í andsvar og svara hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sem fer með lygar. Hann heldur því fram að Framsóknarflokkurinn sé að stoppa af lækkun matarskattsins. Þetta er lygi, hann ætti að vita betur. Það er komin af stað vinna og það er einfalt mál að við þurfum að athuga það svigrúm sem við höfum til að fara út í frekari skattalækkanir. Ég held að hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni væri nær að biðjast afsökunar.

Er það forgangur Samfylkingarinnar að t.d. einhleypur einstaklingur fái um 1.300 kr. á mánuði í vasann vegna lækkunar matarskatts? Okkar forgangur er sá að einhleypur einstaklingur fái um 14 þús. kr. í auknar ráðstöfunartekjur á mánuði og ef viðkomandi er að greiða af námslánum koma til viðbótar um 3 þús. kr. Við teljum þetta vera forgangsröðun í lagi.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að gæta háttvísi í orðum sínum og nota ekki orð eins og lygi í ræðum sínum í þinginu.)

[11:10]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta tilraun hans til að ala upp þingmenn Framsóknarflokksins og lýsi því yfir að ég er reiðubúinn til að leggja mitt af mörkum til að það verk megi vel takast, enda heyrðist mér á síðasta hv. ræðumanni að ekki væri vanþörf á.

Hverjar eru staðreyndirnar í málinu? Þær eru þessar: Á næsta ári á að lækka tekjuskatt um 1% og það kostar 4 milljarða. Samfylkingin vill nota þessa 4 milljarða til að lækka matarskattinn um helming. Það þýðir að útgjöld ríkisins munu aukast um nákvæmlega 4 milljarða en matarkostnaður íslenskra heimila mun minnka um 5 milljarða. Á þessu þingi eru allir flokkar með þessu nema einn, Framsóknarflokkurinn. (**Gripið fram í:** Rangt.) Það hefur komið fram hjá ýmsum þingmönnum og ráðherrum Sjálfstæðisflokksins að það er Framsóknarflokkurinn sem kemur í veg fyrir þetta. Hann er eini flokkurinn sem hefur legið þver gegn lækkun matarskattsins. Ég veit að það er sárt fyrir hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur en veruleikinn er oft grimmur.

[11:11]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki betur en að hæstv. fjármálaráðherra hafi staðið upp áðan og hrakið orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Fólk getur svo sem túlkað þá niðurstöðu.

Varðandi matarskattinn er alveg ljóst að Framsóknarflokkurinn er ekki að stoppa þetta mál af. Eini flokkurinn sem hefur sagst ekki ætla að lækka matarskatt, eins og kom fram í viðtali, var aðili sem svaraði fyrir stefnu Samfylkingarinnar í þessu máli. Ég ítreka forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í skattalækkunum. Hér er styrk efnahagsstjórn og það er ekki nema von að hv. stjórnarandstöðu og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni líði illa í dag þegar við erum að tala um tekjuskattslækkun upp á 4%, hækkun persónuafsláttar, hækkun skattleysismarka, hækkun barnabóta, minni greiðslubyrði námslána o.s.frv. (Gripið fram í.)

[11:13]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ákaflega sjaldgæft að þingmenn segi eitt í einni ræðu og breyti svo afstöðu sinni í ræðu sem haldin er tveimur mínútum síðar. Hv. þm. sagði í seinni ræðu sinni alveg blákalt að það væri ekki Framsóknarflokkurinn sem legðist gegn því að matarskatturinn væri lækkaður. Hvað sagði hún undir lok fyrri ræðu sinnar? Hún sagði það alveg svart á hvítu að lækkun matarskattsins væri ekki forgangsmál hjá Framsóknarflokknum. Einmitt vegna þess að það er ekki forgangsmál hjá Framsóknarflokknum leggst flokkurinn þvert gegn því að matarkostnaður íslenskra heimila lækki um 5 milljarða. Það er ekki hægt að hlaupa frá því.

Svo vil ég óska hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur til hamingju með það að hún er núna að ná til baka fjórðungi þess ránsfengs sem Framsóknarflokkurinn plokkaði af barnafólki á árunum 1995–2003. Það tekur þá sennilega um fjögur kjörtímabil að ná því öllu.

[11:14]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir áliti 2. minni hluta.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal, fyrsti talsmaður þessa máls og talsmaður Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum, kjaramálum og tryggingamálum, sagði að dagurinn í dag væri mikill hamingjudagur. Hann sagði að þetta frumvarp væri að vísu ekki að skapi þeirra sem legðu mest upp úr kjara-

jöfnun en fyrir hina sem teldu skattalækkanir skipta öllu máli væri komið sumar og sól í heiði. Nú fór þingmaðurinn að sjá laufguð tré og iðjagrænan skóg. Einhvern tíma var þetta kölluð veruleikafirring. Ég held að tími sé kominn til að hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar og talsmaður Sjálfstæðisflokksins í kjaramálum, líti út um gluggann, litist um í íslensku þjóðfélagi og spyrji hvað þar sé að gerast.

Sú aukna misskipting sem hér er að verða blasir hvarvetna við, annars vegar í lífskjörum þeirra sem raka til sín milljónatugum, jafnvel milljörðum króna, og svo hinna hins vegar sem varla geta séð sér og sínum farborða. Þetta er staðreyndin á Íslandi í dag og ég held að það sé afskaplega misráðið að einblína á aðeins aðra hlið þessara mála, einblína á skattana og þær auknu ráðstöfunartekjur sem skattalækkanir gefa.

Við þurfum einnig að skoða útgjöldin og spyrja: Hvernig vegnar þeim í íslensku þjóðfélagi sem minnstar tekjurnar hafa? Hvernig vegnar þeim nú og hvernig vegnaði þeim áður fyrr? Ég er sannfærður um að það er erfiðara að vera fátækur á Íslandi í dag en það var fyrir 20 árum. Það er erfiðara að vera sjúkur og tekjulítill í dag en það var fyrir 20 árum. Það er erfiðara að afla húsnæðis ef maður ert tekjulítill í dag en það var fyrir 20 árum.

Við skulum ekki gleyma því sem breyst hefur í samfélagi okkar á undanförnum áratugum þegar félagslegt húsnæðiskerfi var nánast rústað undir lok aldarinnar. Hvaða afleiðingar hafði það? Við einblínum núna á það sem er að gerast í húsnæðislánakerfinu. Þar er margt gott og gleðilegt að gerast, að sönnu, en hafa menn hugleitt hitt að þeim fjölgar í samfélaginu sem ekki hafa efni á því að kaupa húsnæði yfirleitt og þurfa að leita út á rándýran húsaleigumarkaðinn? Hafa menn hugleitt að það er að fjölga í þessum hópum?

Nú er það svo að kjör þeirra sem sitja í þessum sal hafa batnað talsvert á undanförnum árum. Menn búa hér við allsæmileg og ég mundi segja góð kjör. En eru menn að missa jarðsambandið? Eru menn að missa tengslin við það sem er að gerast úti í samfélaginu? Hér hneyksluðust margir á kjarakröfum kennara og töldu þær vera óábyrgar. Var þetta ekki fólk sem ekki skilur lengur hvernig það er að hafa litlar tekjur og geta ekki framfleytt sér og sínum?

Það er staðreynd að í þjóðfélagi okkar eru stórir hópar fólks sem hafa allt of litlar tekjur, sem hafa í mánaðartekjur á bilinu 100–200 þús. kr. Þegar við skoðum ráðstafanir í skatta- og kjaramálum þurfum við að horfa til þessa fólks. Við verðum að skoða hið stóra samhengi. Hér kom ágætur þingmaður áðan og sagði að ráðstöfunartekjur lágtekju- og millitekjufólks með börn mundu aukast fyrir tilstilli þeirra skattkerfisbreytinga sem hér eru boðaðar. Ef við höldum áfram á þessari leið og höldum áfram að færa fólki kjarabætur með skattalækkunum, hvað gerist þá? Eru menn búnir að gleyma því að ástæðan fyrir því að sveitarfélögin voru treg til að koma til móts við kjarakröfur kennara var sú að sveitarfélögin töldu sig ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að greiða þeim laun sem skyldi? Hvað gerist ef við höldum áfram á þeirri braut að skerða enn tekjur ríkis og sveitarfélaga, þeirra sem fjármagna velferðarþjónustuna og greiða fólkinu laun? Sjá menn ekki samhengið hér á milli? Þetta er hið stóra samhengi sem aldrei má missa sjónar af.

Samkvæmt þessu frumvarpi ríkisstjórnarinnar munu tekjur ríkissjóðs rýrna um 25–30 milljarða á ári þegar skattkerfisbreytingarnar eru að fullu komnar til framkvæmda. Ríkisstjórnin telur að þessi upphæð sé lægri og til eru þeir sem segja að hún sé miklum mun lægri. (**PHB:** Kakan stækkar.) Kakan stækkar, kallar formaður efnahags- og tryggingarnefndar fram í. (Gripið fram í.) Hugmyndin er þá sú að vegna skattalækkana muni neysla í samfélaginu aukast, það verði veltuáhrif sem kallað er, aukin veltuáhrif, og fyrir bragðið muni tekjur ríkissjóðs af skattheimtu aukast. Þetta er sú hugsun sem menn byggja á en ég vísa í hagdeildir heildarsamtaka launafólks sem telja þetta vera bábilju og vísa þar í reynsluna. Þessi heildarsamtök, bæði ASÍ og BSRB, telja að tekjutap ríkisins verði á bilinu 25–30 milljarðar kr. á ársgrundvelli þegar þessar skattkerfisbreytingar verða komnar til framkvæmda.

Skattalækkunarstefna ríkisstjórnarinnar gengur algerlega í berhögg við áherslur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. VG er málsvari öflugrar samfélagsþjónustu og vill að hún sé fjármögnuð með sköttum en ekki notendagjöldum, hvort sem það eru skólagjöld, álögur á sjúklinga eða aðra sem þurfa á þessari þjónustu að halda. VG vill hins vegar endurskoða skattkerfið, gera það réttlátara og markvissara. Hefur þingflokkurinn flutt frumvörp í þessu skyni. Ég vil nefna tvö.

Í fyrsta lagi höfum við flutt frumvörp um hækkun fjármagnstekjuskatts úr 10% í 18%. Þetta mundi auka skatttekjur ríkissjóðs um a.m.k. 3 milljarða á ári, færa fjármagnstekjuskattinn upp í um 10 milljarða. (**PHB:** Stofninn minnkar.) Stofninn minnkar, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal sem telur að fjármagnseigendur og fjáraflamenn í þessu þjóðfélagi geti aldrei hugsað á samfélagslega vísu, þeir hljóti að flýja land, reyna að koma eignum sínum undan til skattaparadísa í útlandinu eða svíkja undan skatti á einhvern hátt, finna holur og göt í kerfinu, að þessi hópur geti aldrei hugsað á ábyrgan hátt sem íslenskir þjóðfélagsþegnar. Það er mikil falleinkunn sem hann gefur þessum hluta samfélagsins. Hugsanlega er þetta rétt hjá honum en ég hef hins vegar ekki trú á að niðurstaðan yrði sú að skattstofninn mundi minnka, og ég spyr: Hvert ættu þessir aðilar að fara? Ég vísa mönnum á að lesa greinargerð með frumvarpi okkar um breytingar á fjármagnstekjuskatti því þar rekjum við nákvæmlega hvernig fjármagnstekjuskatti er fyrir komið í löndunum sem við iðulega berum okkur saman við. Þá vísa ég til Bandaríkjanna, Kanada, Norðurlanda, meginlands Evrópu og víðar.

Þetta er að sjálfsögðu líka réttlætismál vegna þess að þeim fjölgar sem hafa miklar tekjur af fjármagni. Það er eðlilegt að þeir greiði skatt af arði sínum, af ávinningi sínum af þessu fjármagni á sambærilegum kjörum og fók sem aflar tekna með launavinnu. Í rauninni væri réttlætismál að þeir greiddu meira, en látum það vera. Tillaga okkar gengur út á það að jafna þessi kjör. Það má ætla að fjármagnstekjur séu meira en helmingur af tekjum þeirra 5% framteljenda sem hæstar hafa tekjur á Íslandi. Það er þetta sem er að gerast, stóreignafólkið og hátekjufólkið, fjármagnseigendurnir, hafa tekjur sínar fyrst og síðast af fjármagni. Þetta er áhersla sem við höfum hamrað á í Vinstri hreyfingunni –

grænu framboði og við höfum bent á til hvers við vildum nota þessa peninga.

Við höfum lagt fram tillögur um gjaldfrían leikskóla. Halda menn að slíkt yrði ekki kjarabót fyrir barnafólkið sem ... (**PHB:** En hækkunin hjá Reykjavíkurborg?) Í Reykjavíkurborg hafa verið stigin skref til að gera leikskólann gjaldfrían. Það er staðreynd. (**Gripið fram í:** ... var verið að hækka.) (**Gripið fram í:** ... 2%, er það ekki?) Já, við erum með tillögur um að ríkið komi til aðstoðar sveitarfélögum til að stíga þessi skref. Ef menn telja sig geta hankað mig eða okkur á því að einhvers staðar sé verið að gera hluti sem ganga í öfuga átt, þó að það séu flokksfélagar okkar eða samherjar í pólitík, er sú för ekki farin til fjár vegna þess að við erum að tala um almenna stefnumótun sem við viljum styrkja og stuðla að, hvort sem það er í Reykjavíkurborg eða annars staðar. Við erum með tillögur um hvernig eigi að gera þetta, krefjumst ekki bara úrbótanna heldur erum við með tillögur líka um hvernig eigi að fjármagna þær samfélagsbætur sem við berjumst fyrir. Við lögðum líka fram tillögu um leiðir til að styrkja tekjustofna sveitarfélaganna sem standa víða í landinu mjög illa, búa við mjög slæma fjárhagsstöðu. Við vildum nota þetta tilefni sem ríkisstjórnin gefur með lækkun tekjuskattsins til þess að færa heimildir til sveitarfélaga til hækkunar útsvars þannig að þar jafnaðist út lækkun tekjuskatts og hækkun útsvars til að styrkja og treysta tekjustofna sveitarfélaganna. Við komum með tillögu þar að lútandi sem hefur verið rædd í þinginu og liggur í nefnd.

Það sem ég er að leggja áherslu á í upphafi míns máls er sú staðreynd að stefna í skattamálum er jafnframt stefna í stjórnmálum. Á undanförnum missirum hefur verið tekist hart á um það í samfélaginu hvernig eigi að fjármagna velferðarþjónustuna. Við munum eftir þeim átökum sem urðu um aðhaldsaðgerðir — sem stundum er kallað svo á fínu máli — sem Landspítali – háskólasjúkrahús var beittur. Þar myndaðist breið samstaka innan hreyfinga launafólks. Alþýðusamband Íslands, BSRB, BHM, Öryrkjabandalag Íslands og ýmis samtök sjúklinga tóku höndum saman um að mótmæla aðhalds- og niðurskurðaráformum á Landspítala – háskólasjúkarhúsi vegna þess að þá hafði komið í ljós hvað raunverulega vakti fyrir stjórnvöldum, það var að svelta þessa stofnun og aðrar ámóta stofnanir til að einkavæða hluta starfseminnar. Og það er að gerast.

Hver er afleiðing slíkrar stefnu? Afleiðingin er sú að þegar starfsemin er komin út á markað verður fjármögnun hennar í ríkari mæli en áður var með notendagjöldum. Hvað þýðir það? Það þýðir að hinir efnameiri, þeir sem hafa meira handa á milli, eiga að sjálfsögðu auðveldara með að nálgast þessa þjónustu sem þeir kaupa á markaði en hinir sem hafa minni efni. Hinir efnameiri eiga auðveldara með að kaupa menntun fyrir börn sín og aðhlynningu ef þeir eru sjúkir eða þurfa á slíku að halda. Við erum að færa íslenskt þjóðfélag að þessu leyti í átt frá Norðurlöndum og Evrópu yfir til Bandaríkjanna, til þess sem tíðkast þar, þar sem samfélagsþjónustan er að verulegu leyti markaðsvædd. Það er að vísu til öryggisnet og þjónusta í heilbrigðisþjónustu en hún er lakari fyrir þá efnaminni og efnaminnstu. Viljum við þetta? Nei. Ég held að hér rími vel saman áherslur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og viðhorfa í samfélaginu almennt.

Fyrir fáeinum árum var gerð könnun á vegum BSRB. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands annaðist hana og þar var spurt hvernig Íslendingar vildu fjármagna velferðarþjónustuna, með notendagjöldum, sjúklingagsköttum og skólagjöldum eða í gegnum skatta. Yfirgnæfandi meiri hluti vildi fara skattaleiðina, vildi borga til heilbrigðisþjónustunnar meðan fólkið var heilbrigt og vinnufært, vildi ekki bíða eftir því að það yrði veikt og sjúkt og þá látið borga. Menn sáu nefnilega samhengið á milli almennrar skattheimtu og velferðar og jöfnuðar í samfélaginu. Það sem var athyglisvert við þessa könnun var að sambærileg könnun sem gerð hafði verið fáeinum árum áður, um áratug áður, hafði sýnt talsverðan vilja til að fara notendagjaldaleiðina. Eftir því sem reynslan af notendagjöldum fór vaxandi minnkaði áhuginn á slíku. Það er að gerast í samfélaginu núna að efnalítið eða fátækt fólk á Íslandi veigrar sér við að kaupa lyf og veigrar sér við að leita til læknis vegna þess að það hefur ekki fjárráð til þess. Viljum við halda áfram út á þessa braut? Við erum smám saman að feta okkur í þessa átt.

Við vorum að ræða í gær og í nótt um skólagjöld. Hér er verið að innleiða skólagjöld á háskólastigi. Ætla menn neðar? Ætla menn í skólakerfið almennt með skólagjöld? Ég spyr ekki að tilefnislausu heldur vegna þess að það sem er að gerast núna í samfélaginu hefði verið óhugsandi fyrir 20–30 árum. Það hefði verið óhugsandi fyrir 20–30 árum að rukka veikt fólk í þeim mæli sem gert er inni á sjúkrastofnunum núna. En núna er sú hugsun að ryðja sér til rúms að kjarabæturnar eigi að liggja í skattalækkunum vegna þess að þær gefi okkur auknar ráðstöfunartekjur en síðan eigi að rukka þegar komið er með börnin í skólana, námsmennina í háskólana og sjúklingana inn á spítalana. Þá á að rukka. Þess vegna spyr ég: Hvernig kemur þetta út fyrir hina efnaminnstu, þá sem eiga við sjúkdóma að stríða? Þannig eigum við að spyrja.

Við eigum einnig að spyrja um hitt: Hvernig er skiptingin á milli hinna tekjuhæstu og hinna tekjulægstu? Hverjir hagnast mest? Hvernig skyldi milljón króna manninum reiða af, manninum sem hefur milljón kr. á mánuði í tekjur? Hvernig skyldi honum reiða af í skattumhverfi hv. þm. Péturs H. Blöndals og hæstv. ráðherra Geirs H. Haardes? Þegar upp verður staðið 2007 mun hann hafa hagnast um 1 millj. á ári af skattkerfisbreytingunum. En hvað með aðra? Aukning ráðstöfunartekna þessa aðila er um 12,4%. Hvernig er með þá sem hafa allra minnstu tekjurnar? Skyldi ávinningurinn þar vera milljón? Nei, hann er nánast enginn nema — og ég ætla ekki að taka það af ríkisstjórninni — að aukning í barnabótum fyrir barnafólkið er að sjálfsögðu veruleg bót. En ríkisstjórnin er umhverfisvæn í þeim skilningi að hún endurvinnur góð mál og ég veit ekki hvað Framsóknarflokkurinn er búinn að endurvinna barnabótatrikkið oft. Hann hefur gengið til kosninga núna a.m.k. í tvígang með loforðum um bætur á því sviði.

Barnabætur núna eru í heild sinni um 5,4 milljarðar. Hvað skyldu þær hafa verið um miðjan síðasta áratug? Þær voru 6,5 milljarðar, milljarði hærri en þær eru nú, og þær voru enn hærri ef við förum lengra aftur, til ársins 1991, þá voru þær enn hærri. Þó að ég að sjálfsögðu fagni þeim um-

bótum sem verið er að gera á þessu sviði er hér fyrst og fremst verið að snúa ofan af öfugþróun sem átt hefur sér stað á síðasta hálfum öðrum áratug. Það er verið að snúa ofan af öfugþróun og áður en ég skil alveg við Framsóknarflokkinn, barnakortin, umbæturnar og loforðin til barnafólksins vil ég minnast einna kosninga um svokölluð barnakort, um ótekjutengdar barnabætur, og svo loksins komu þau til barna upp að 7 ára aldri. Það sem gleymdist að segja er að áður en Framsóknarflokkurinn komst til valda voru þessar bætur til allra barna upp að 16 ára aldri. Hér er geysilega umhverfisvænn stjórnmálaflokkur á ferðinni sem endurvinnur öll sín kosningaloforð og fyrirheit.

Það sem ég var að leggja út af hér er sú fullyrðing að stefna í skattamálum sé jafnframt stefna í stjórnmálum. Hér er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs skýr og við teljum okkur vera sjálfum okkur samkvæm að því leyti að við styðjum í verki almenna skattheimtu til fjármögnunar velferðarkerfis landsmanna. Við erum hins vegar með hugmyndir um breyttar áherslur í skattkerfinu og ég tók dæmi um tillögur okkar um fjármagnstekjuskatt hvað það snertir.

Skattalækkanir eiga samkvæmt frumvarpinu að koma til framkvæmda í áföngum á árunum 2005–2007. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að tekjuskattshlutfallið verði lækkað um 4% og að í öðru lagi verði eignarskattur á einstaklinga og lögaðila afnuminn. Viðmiðunarfjárhæðir laganna verða hækkaðar, barnabætur að sama skapi en dregið verður úr stuðningi við húsnæðiskaupendur.

Ríkisstjórnin er söm við sig að því leyti að það sem hún telur ganga í augu skattgreiðenda og barnafólks kemur ekki til framkvæmda fyrr en undir lok kjörtímabilsins. Þannig verður tekjuskattshlutfallið lækkað um 1% fyrstu tvö árin en um 2% kosningaárið 2007. Breytingar á barnabótakerfinu koma til framkvæmda í tveimur áföngum, þ.e. á árunum 2006 og 2007. Eignarskattarnir verða felldir niður frá og með árinu 2005 en koma ekki fram fyrr en með álagningu skatta árið 2006. Nú eru alþingiskosningar á árinu 2007 og það er greinilegt að tillögusmiðum frumvarpsins eru þær kosningar mjög ofarlega í huga. Þá verður hækkun barnabótanna nýtilkomin og niðurskurðaráhrifa skattalækkana ekki farið að gæta að fullu. Hins vegar verður hafist handa um skerðingu vaxtabótanna þegar í stað. Það sem er slæmt er að það er byrjað á því og síðan kemur rúsínan, konfektið undir lokin en þó þannig að neikvæðra áhrifa verður ekki farið að gæta og allt í fínu lagi í auglýsingunum öllum fyrir kosningar þegar Framsóknarflokkurinn fer í smink og fær nýja kosningastofu, kannski þá gömlu. Hún fékk verðlaun fyrir að vinna það ótrúlega afrek að gera Framsóknarflokkinn að nýjum saklausum flokki sem væri að koma fram með ýmis nýmæli og hugmyndir í húsnæðismálum á ýmsum sviðum þar sem flokkurinn hafði farið með völdin í heilt kjörtímabil. Þetta þóttu slík tíðindi að auglýsingastofunni voru veitt sérstök verðlaun fyrir þetta.

Aðeins nokkur orð um viðbrögð umsagnaraðila um áhrif skattkerfisbreytinganna. Þau skiptust mjög í tvö horn. Annars vegar eru það Samtök atvinnurekenda sem eru yfir sig hrifin og Verslunarráðið hælir ríkisstjórninni á hvert reipi, stórkostlegar tillögur. Þetta er á annan vænginn. Á hinn vænginn eru síðan almannasamtökin í landinu, verkalýðshreyfingin, Alþýðusamband Íslands, BSRB og Öryrkjabandalag Íslands eru með þung orð og gagnrýni. Hið sama gildir um Samband íslenskra sveitarfélaga. Þaðan koma einnig varnaðarorð og miklir fyrirvarar við þetta frumvarp. Síðan eru það greiningardeildir bankanna og Seðlabanka Íslands sem vara við þensluvaldandi áhrifum frumvarpsins og minna á að með minni tekjum ríkissjóðs verði að beita aðhaldi í ríkisrekstri og/eða hækkun vaxta.

Það sem vekur athygli mína í viðbrögðum og yfirlýsingum þessara aðila er hve alhæfingagjarnir þeir eru. Þeir tala alhæfingatungu og greina ekki á milli einstakra útgjaldaliða, hvort beita eigi niðurskurði á sjúkrahúsum, í skólum *eða í framkvæmdum, heldur tala þeir jafnan um nauðsyn* þess að skera niður, beita ríkið og samfélagið aðhaldi. Það er enginn greinarmunur gerður á þessu og mér finnst það óábyrgt. Það er sérstaklega óábyrgt í ljósi þess hverjir halda hér um stjórnvölinn vegna þess að þeim er ekki treystandi með skilaboð af þessu tagi. Við þekkjum dæmin af Landspítala – háskólasjúkrahúsi og sjúkrahúsunum reyndar almennt í landinu. Þessir aðilar eru yfirleitt ekki með sundurgreiningu á þensluvaldandi þáttum. Hvað er það sem veldur þenslu? Er það aukinn kaupmáttur almennings í samfélaginu? Er það hugsanlega aukin lánsfjárþörf opinberra aðila, veldur hún því að fjármagn verði dýrara? Eru það áhrif á vinnumarkaði? Eru það áhrif þá á tilteknum sviðum á vinnumarkaði, í tilteknum geirum? Þetta er yfirleitt ekki sundurgreint og ég held að það sé ein ástæðan fyrir því hvernig er að fara hér af völdum stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar, að greiningaraðilarnir hafa ekki axlað þessa ábyrgð. Það er enn hrollur í mér eftir að fulltrúar Seðlabankans og fleiri aðila komu á fund efnahags- og viðskiptanefndar og voru spurðir um áhrifin af Kárahnjúkavirkjun þegar hún var til umræðu í þeirri nefnd. (**Gripið fram í:** Bara hræddur?) Þeir töluðu þá, fulltrúar Seðlabankans, þessari sömu alhæfingatungu og ég man að það var spurt: Eruð þið einvörðungu að tala um áhrifin án tillits til þess hverju þessi aðgerð skilar inn í þjóðarbúið? Já. Við gætum þess vegna verið að tala um píramída á Sprengisandi. Þannig var umræðan.

Nú erum við hins vegar að súpa seyðið af því að þessi áhrif voru aldrei sundurgreind. Menn fóru aldrei í þá umræðu að spyrja: Hver er virðisaukinn fyrir íslenskt samfélag? Það voru til undantekningar, það voru til hagfræðingar sem töluðu um það að sönnu og voru með miklar efasemdir, og meira en efasemdir, um að staðhæfingar ríkisstjórnarinnar gengju.

Sitthvað er þó mjög ábyrgt hjá þessum greiningaraðilum og ég ætla að vitna í yfirlýsingu frá greiningardeild eins bankans, þ.e. Landsbankans, en hér segir, með leyfi forseta:

„Með því að lækka skatta í jafnmiklum mæli og nú hefur verið ákveðið liggur fyrir að ríkið verður að skapa hagstjórnaraðhald með mjög miklu aðhaldi á útgjaldahlið ríkisfjármálanna. Að öðrum kosti kynda ríkisfjármálin undir eftirspurnina og bjóða þannig heim hættunni á vaxandi þenslu. Í þessu sambandi er mjög mikilvægt að meginþungi skattalækkananna verður í lok núverandi kjörtímabils, þegar gera má ráð fyrir að efnahagsuppsveiflan verði um garð gengin. Ef koma á í veg fyrir hækkun vaxta og styrkingu krónunnar er nauðsynlegt að trúverðugar áætlanir verði lagðar fram

um niðurskurð útgjalda áður en ráðist er í niðurskurð tekna.“

Er þetta ekki mergurinn málsins? Það er verið að segja við ríkisstjórnina og stjórnarmeirihlutann hér: Ef þið ætlið að skerða tekjur hins opinbera verðið þið jafnframt að koma með tillögur um það hvernig þið ætlið að mæta tekjutapinu. Þetta eru greiningardeildir bankanna að segja.

Varðandi vextina erum við þegar farin að sjá áhrifin af stóriðjuframkvæmdunum og varnaðarorðin varðandi skattalækkunina hníga í nákvæmlega sömu átt. Stýrivextir Seðlabankans voru hækkaðir í síðustu viku um eitt prósentustig og í kjölfarið fylgdi almenn vaxtahækkun í landinu. Á hverjum bitnar þetta verst og mest? Á fjölskyldum, skuldugu fólki og fyrirtækjum, einkum smáum og meðalstórum. Hvers vegna? Vegna þess að þau fjármagna lán sín innan lands á meðan aðrir aðilar eru iðulega með sín fjármál í útlandinu.

Síðan er eitt sem við þurfum að hugleiða. Ríkisstjórnin réttlætir skattalækkanir sínar og skattalækkunaráform í ljósi hagsveiflu sem þó er talin vera tímabundin. Menn vísa þar í stóriðjuframkvæmdirnar, í tímabundna uppsveiflu í efnahagslífinu, tímabundinn hagvöxt. Þetta er hins vegar afskaplega varasamur vegvísir tel ég vera vegna þess að þegar við ákveðum skattstigið í þjóðfélaginu verðum við að taka mið af langtímaþróun og láta ekki glepjast af tímabundnum sveiflum í efnahagslífinu. Ef við færum skatthlutfallið niður varanlega og jafnframt dregur úr hagvexti síðar meir því að það skiptast á skin og skúrir í efnahagslífi þjóðanna, það er bara staðreynd, sitjum við uppi með skattstig sem skilar ekki þó því inn í hagkerfið sem ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn gumar af, þ.e. veltuáhrifunum. Þau eru horfin en við sitjum eftir með lægra skattstig og þar af leiðandi skerta samfélagsþjónustu og aukin notendagjöld. Þetta er veruleikinn sem blasir við og þess vegna segi ég: Tímabundin hagsveifla, tímabundinn uppgangur í efnahagskerfinu er varasamur vegvísir. Við þurfum að hugsa þessi mál til mun lengri tíma.

Ég gat um það áðan hver áhrifin af þessum skattkerfisbreytingum væru fyrir fólkið í landinu, annars vegar fyrir hátekjufólkið sem hagnast verulega og hins vegar fyrir lágtekjufólkið og millitekjufólkið sem eykur ráðstöfunartekjur sínar mun minna nema að sönnu þeir sem eru með börn á framfæri og fá hækkun barnabóta. Þar koma til kjarabætur en þar minni ég hins vegar aftur á samhengið á milli skertrar samfélagsþjónustu og aukinnar byrðar af völdum notendagjalda og þessarar aukningar ráðstöfunartekna hins vegar. Það sem skiptir þó kannski meira máli eða er öllu heldur enn meira sláandi er hvernig hinir ríku hagnast á afnámi eignarskattsins. Þar er hópur sem hagnast verulega á honum. Þeir sem eiga skuldlausa fasteign á bilinu 50–100 millj. kr. greiða að meðaltali 385.749 kr. í þennan skatt. Þeir sem eiga skuldlausa eign að verðmæti meira en 100 millj. greiða sem nemur að meðaltali 895.187 kr. í eignarskatt. Þetta er veruleg kjarabót. Mér finnst ekki, okkur finnst ekki ástæða til þess að létta þarna byrðunum. Þess vegna höfum við ákveðið að flytja í sameiningu, stjórnarandstaðan eins og formaður Samfylkingarinnar gat um áðan, tillögu um að lyfta frítekjumörkunum þannig að fleira fólk og lágtekju- og meðaltekjufólkið sleppi við eignarskattinn en stóreignaskattur verði hins vegar ekki afnuminn. Hér kallaði einhver fram í áðan og sagði: Er þetta ekki gott fyrir þá sem eru í eigin húsnæði? (Gripið fram í.) Jú, það er gott fyrir alla í þeim skilningi að losna við skatta, að sjálfsögðu. Allir vildu það ef þeir einblíndu á þetta eitt en það sem um er að tefla er sú spurning hvernig við innheimtum skatta á sem réttlátastan hátt. Við ætlum að ná í skattana áfram, við ætlum að reka hér velferðarsamfélag. Þá er spurningin að finna út hverjir það eru sem eru aflögufærir og hverjir ekki. Þá gagnast ekki að segja um alla skattheimtu: Ja, er ekki gott fyrir þennan að sleppa við skatta? Jú, að sjálfsögðu. Við erum hins vegar í pólitískri umræðu um það hvernig við dreifum sköttunum á sem réttlátastan hátt niður á samfélagið.

Aðeins orð um áhyggjur sveitarfélaganna. Þau benda á að í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga renni visst hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs, 2,12% held ég að það sé. Ef dregur úr skatttekjum ríkissjóðs minnkar sú upphæð sem rennur inn í jöfnunarsjóðinn. Samkvæmt áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga nemur þessi upphæð, þessi skerðing, um 400 millj. kr. Ég vek athygli á því að öll þessi mál þarf að skoða í víðu samhengi vegna þess að skattbreyting á einum stað hefur áhrif á skatta að öðru leyti og við tökum undir áhyggjur Sambands íslenskra sveitarfélaga hvað þetta varðar.

Síðan hefur verið bent á það í álitsgerðum verkalýðssambandanna sérstaklega að viðmiðunarupphæðir frumvarpsins, svo sem sjómannaafsláttur, viðmiðunarupphæðir eignarskatts, barnabóta og vaxtabóta eru miðaðar við umsamdar launahækkanir á almennum vinnumarkaði. Ef við hins vegar styðjumst við verðbólguspá fjármálaráðuneytisins má búast við að verðbólgan verði talsvert umfram þessar umsömdu launahækkanir og það veldur því að að öllu óbreyttu munu þessar viðmiðunarupphæðir rýrna á tímabilinu. Hér ætla ég ekki að hafa fleiri orð um það í sjálfu sér en vitna í greinargerð sem fylgir minnihlutaálitinu en þar eru m.a. greinargerðir frá ASÍ, BSRB, Öryrkjabandalagi Íslands, Samtökum eldri borgara og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ég vil nefna það í þessu sambandi af því að ég gleymdi að geta um það áðan að eldri borgarar fagna því í sjálfu sér að eignarskatturinn skuli vera afnuminn en benda á að það gerist í áföngum og að jafnframt því sem menn feti sig út á þessa braut hafi fasteignamatið verið hækkað verulega þannig að í rauninni sé ekki um að ræða kjarabót í þeim skilningi af völdum lækkunar eignarskattsins á fyrri stigum vegna þessa samspils. Ég vísa í greinargerð sem fylgir. Ég tel að varðandi barnabæturnar þurfum við að taka það kerfi allt til skoðunar. Hækkunin þar kemur ekki af fullum þunga fram fyrr en undir lok kjörtímabilsins og ég tel að við þurfum að skoða það kerfi heildstætt áður en til kastanna kemur og einnig vaxtabæturnar. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að við þurfum að fara inn í nýtt kerfi þar, húsnæðisbótakerfi þar sem við drögum úr þeim mun sem er á milli vaxtabóta annars vegar og húsaleigubóta hins vegar og búum til nýtt húsnæðisbótakerfi.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég hef rakið helstu þætti sem fram koma í greinargerð minni en áskil mér að sjálfsögðu rétt til að gera síðar frekar grein fyrir sjónarmiðum mínum.

[12:00]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður gerði, að mér fannst, frekar lítið úr breytingum okkar á barnabótum. Hann sagði þó að þær væru verulega til bóta. Ég þakka sérstaklega fyrir það. Það fara 5,4 milljarðar kr. í barnabæturnar í dag. Það á að hækka þessar bætur um 2,4 milljarða kr. Þær munu stórefla stöðu barnafólks í samræmi við þá hugmyndafræði sem við höfum stutt og fleiri stjórnmálaflokkar, þ.e. að gera betur við barnafjölskyldur, hækka bæturnar og minnka áhrif skerðingarmarkanna sem menn hafa lifað við um skeið. Þeir sem hafa tekjur verða fyrir minni skerðingu á barnabótunum og það er geysilega mikilvægt.

Tímasetningar skattalækkananna hafa verið gagnrýndar, þ.e. að þær komi í lok kjörtímabilsins. Það er einmitt mjög brýnt að þær komi þá vegna þess að þá minnkar þenslan af stóriðjuframkvæmdunum fyrir austan, framkvæmdum sem Vinstri grænir eru reyndar á móti. Það er því skynsamlegt að tímasetja skattalækkanirnar eins og við erum að gera.

[12:02]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gagnrýni skattalækkanirnar almennt. Varðandi tímasetninguna þá er, einmitt vegna þess að við teljum þær vera þensluvaldandi, betra að fá þær undir lok tímabilsins. Ég var hins vegar fyrst og fremst að vekja athygli á því að hugsanlega væri samhengi á milli þess að árið 2007 er kosningaár og tímasetninga á úrbótum varðandi barnabætur og skattalækkana.

Staðreyndin er sú að þegar Framsóknarflokkurinn komst til valda í stjórn með Sjálfstæðisflokknum voru barnabætur að verðgildi krónunnar í dag 6,5 milljarðar kr. Núna eru þær 5,4 milljarðar kr. Þær eru 1,1 milljarði lægri nú en þegar Framsóknarflokkurinn komst til valda. Samt minnist ég þess að Framsóknarflokkurinn hafi lofað og prísað öllum stundum að hann hafi gert stórkostlega hluti á því sviði.

[12:03]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Allir flokkar vilja hækka barnabætur og einmitt það erum við að gera. Það þarf að gera betur við barnafólk. Núverandi stjórnarflokkar hafa einmitt gengið í það verk og við ræðum hér um hvernig eigi að gera þetta. Ég er mjög ánægð með niðurstöðuna. Sú upphæð sem var rætt var um í síðustu kosningabaráttu að færi í að hækka barnabætur skilar sér með þessari breytingu. Það hefði verið hægt að setja aðra upphæð í barnabæturnar en það var ekki gert.

Varðandi það að skattalækkanirnar komi fram að mestu leyti í lok kjörtímabilsins þá er það vegna þessara stóriðjuframkvæmda sem þá verða búnar eða farið að líða að lokum þeirra. Þess vegna er áætlað að skattalækkanirnar komi fram þá. Þá verða reyndar kosningar líka en tímasetningin miðast við að við lendum ekki í niðursveiflu í efnahagslífinu í lok þessa kjörtímabils, þegar stóriðjuframkvæmdum fer að ljúka. Þá koma skattalækkanirnar fram af fullum þunga og viðhalda betra ástandi.

[12:04]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég óttast að skattalækkanirnar valdi því að við lendum í sveiflum þegar upp er staðið. Þessar skattalækkanir eru að hluta réttlættar með uppsveiflunni, að veltuáhrif í efnahagskerfinu og valdi því að tekjur ríkissjóðs muni aukast. Þegar dregur hins vegar úr hagvexti, sem hugsanlega getur gerst þótt vonandi gerist það ekki, þá sitjum við uppi með lægra skattstig og eigum erfiðara með að fjármagna samneysluna. Ég hef bent á þetta samhengi auk þess að benda á þær áhyggjur sem mörg okkar hafa af því að ríkisstjórnin hyglar hátekjufólki og stóreignafólki langt umfram það sem gerist gagnvart lágtekju- og millitekjuhópum.

[12:05]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson er þekktur fyrir að berjast fyrir bættum hag launafólks. Hann hefur gert það ágætlega. Hann hefur hins vegar lýst því að hann sé ósammála þeirri leið sem ríkisstjórnin og meiri hluti Alþingis stendur nú fyrir með skattalækkunum, sem sannarlega munu bæta hag almennings og þess launafólks sem hann hefur barist fyrir.

Á síðustu dögum hafa greinar birst í blöðunum um hvernig skattalækkanirnar muni hafa áhrif á hag launafólks. Þar kemur fram að forsvarsmenn aldraðra meta það svo að skattalækkanir muni bæta hag aldraðra þannig að kaupmáttur þeirra aukist um 9–12,5%. Inn í þá tölu er ekki tekinn eignarskatturinn en það hefur verið sýnt fram á að bara eignarskatturinn mun auka ráðstöfunartekjur aldraðra verulega. Einstaklingur eða hjón sem eiga 20 millj. kr. íbúð borguðu 180 þús. kr. í eignarskatt þegar hann var 1,2%. Þetta fer niður í 0 krónur. Það munar um 180 þús. kr. fyrir aldraða á ári.

[12:07]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er skrýtið en ég hef allt aðrar upplýsingar frá Samtökum eldri borgara. Þeir sendu frá sér fréttatilkynningu þegar skattafrumvarpið lá fyrir undir fyrirsögninni „Skattafrumvarp ríkisstjórnarinnar gleymir eldri borgurum og einstaklingum með lágar tekjur". Þetta var yfirskrift yfirlýsingar sem frá þeim kom.

Hins vegar er það alveg rétt að þegar þessi yfirlýsing er gaumgæfð kemur fram að samtökin, eins og ég gat um áðan, fagna t.d. afnámi eignarskatts. En þau gagnrýna jafnframt að fasteignamatið skuli hafa verið hækkað sem veldur því að byrðarnar verða þyngri, a.m.k. fyrst í stað. En þetta er áherslan hjá þeim.

[12:08]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljóst að yfirskriftin á áliti Samtaka eldri borgara er önnur en niðurstaða þess vegna þess að þegar upp er staðið koma aldraðir mjög vel út úr skattbreytingunum.

Ég held að við getum, sem bæði höfum reynslu af því að berjast fyrir bættum kjörum launafólks, verið sammála um að það þýði lítið að berjast fyrir bættum kjörum ef ríkið fer aftur um leið með krumlurnar ofan í vasana. En fyrir því er flokkur hv. þingmanns að berjast í borginni.

Á sama tíma og við lækkum skatta á landsmenn er R-listinn að hækka skatta á borgarbúa. Hv. þingmaður benti m.a. á að lækkun á eignarskatti gagnaðist sumum lítið ef fasteignaskattar hjá sveitarfélögunum hækka á móti. Hver stendur fyrir því? Hver skerðir með því kjör launamanna? Það er R-listinn og Vinstri grænir eru hluti af R-listanum.

Hv. þm. talaði áðan um að skoða hlutina í samhengi. Vissulega verður að gera það. Við verðum að vita hvar við stöndum.

[12:09]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég óska eftir og hvet til þess að við skoðum þessi mál heildstætt með tilliti til tekna, tekjustofna sveitarfélaga og ríkisins líka. Ég er ekki sammála orðavalinu hjá hv. þingmanni þegar hún segir að ríkið komist með krumlurnar í vasa skattborgara. Við þurfum að skoða heildstætt og spyrja til hvers þær krónur eru notaðar. Þær eru notaðar til að reka gott heilbrigðiskerfi. Við eigum sem betur fer eitt vandaðasta og besta heilbrigðiskerfi í heiminum. Við höfum aukið gjaldtöku þar. Það hefur verið gagnrýnt en eftir stendur mjög gott og vandað heilbrigðiskerfi. Til þess m.a. eru fjármunirnir notaðir.

Mér finnst það áhyggjuefni að í heilbrigðisstofnunum í landinu öllu eru deildir víða undirmannaðar vegna fjárskorts vegna þess að „krumla ríkisins" hefur væntanlega ekki komist nægilega djúpt í vasa skattborgarans. Nú erum við að fjalla um frumvarp sem dregur úr möguleikum til að reka þá þjónustu.

[12:10]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson segir, sem er alveg hárrétt, að Vinstri grænir séu sjálfum sér samkvæmir. Við sjálfstæðismenn erum að uppfylla loforð okkar og við erum mjög hreykin af því. Það er hægt vegna þess hve vel hefur verið haldið á efnahagsmálum þessa lands undanfarin ár. Þetta verða stórkostlegar breytingar sem koma munu öllum til góða.

Að meðaltali mun kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna í landinu hækka um 4,5% en hjá barnafólki með lágar eða meðalháar tekjur verður hækkunin mun meiri. Afnám eignarskatts hefur þýðingu fyrir fjölda fólks. Mestur er þó ávinningur þeirra sem eiga skuldlausar eignir. Ég vildi gjarnan óska Þuríði Pálsdóttur til hamingju, sem barðist árum saman fyrir afnámi eignarskattsins. Það má taka dæmi af einstaklingi sem einungis hefur ellilífeyri, um 1 millj. kr. í tekjur á ári og býr í skuldlausri eigin íbúð sem kostar um 20 millj. Eftir þessar breytingar leggst ekki á hann skattur. Árleg aukning ráðstöfunartekna verður 133 þús. kr. eða 16%.

[12:12]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eigum við ekki að óska svolítið fleira fólki til hamingju? Til dæmis hátekjufólkinu, þeim einstaklingi sem er með 1 millj. kr. í mánaðartekjur. Hann fær í gjöf frá ríkisstjórninni 1 millj. kr. á ári, bara vegna tekjuskattslækkunarinnar. Eigum við ekki að óska þessum aðilum til hamingju líka? Eigum við ekki að fara svolítið varlega í að óska samfélaginu til hamingju með hvernig árar í þjóðarbúskapnum?

Staðreyndin er sú að íslenska þjóðarbúið er við það að slá heimsmet í skuldum. Við erum þriðja skuldsettasta þjóðarbú í heimi á eftir Finnlandi og einkavæðingarmönnunum á Nýja-Sjálandi, þá kemur Ísland. Er ekki ástæða áfram til að skoða málið dálítið heildstætt, eins og hv. þm. Ásta Möller lagði til áðan?

[12:13]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sannarlega megum við óska íslensku samfélagi til hamingju í dag. Til hamingju með skattalækkanirnar sem við erum að koma í framkvæmd nú um þessar mundir. Þær eru sannarlega ekki gjafir. Við erum að skila aftur til almennings því sem hann á skilið.

Ég vil taka aftur dæmið sem ég var með áðan, af einstaklingi sem einungis hefur ellilífeyri, um 1 millj. kr. á ári, og býr í skuldlausri eigin íbúð sem kostar 20 millj. kr. Fyrir breytingu er tekjuskattur og útsvar 42 þús. kr. og eignarskattur 90 þús. Eftir breytingu, enginn skattur. Árleg aukning ráðstöfunartekna 133 þús. eða 16%. Þessu fólki vil ég sannarlega óska til hamingju með daginn í dag.

[12:14]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fyrst og fremst verið að skila aftur — svo við notum það orðalag, ef það er yfirleitt rétt — fjármunum til þeirra sem hæstar tekjur hafa á Íslandi, stóreignafólks og hátekjufólks. (**DrH:** Þetta er rangt, Ögmundur.) Þetta er staðreynd. Ég er bara að vísa í útreikninga sem hér liggja fyrir, að milljón króna maðurinn fær í gjöf frá ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks 1 millj. kr. á ári.

Ég spyr: Þurfum við ekki að horfa til afleiðinganna líka og á hverjum þetta kemur til með að bitna? Þið, hv. þingmenn, setjið alltaf ríkið upp sem einhverja grýlu með krumlur. Við erum að tala um samfélagsþjónustuna. Við erum að tala um Landspítala – háskólasjúkrahús. Við erum að tala um heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni. Við erum að tala um skólana í landinu og hv. þingmenn tala um þetta eins og afl af hinu illa. Við erum að tala um íslenska velferðarkerfið og að einhverju þurfi að skila til baka frá því.

[12:15]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sennilega aðeins eitt sem ég get tekið undir í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, þ.e. að skattamál snúist um grundvallaratriði í stjórnmálum. Það er

ágætt að fá það fram af hálfu Vinstri grænna. Þar greinir þá flokka sem annars vegar mynda ríkisstjórnina og hins vegar þá flokka sem standa saman að stjórnarandstöðunni verulega á. Í tilviki Vinstri grænna er allljóst hvað þeir vilja. Í tilviki sumra annarra stjórnarandstöðuflokka er það alls ekki jafnljóst, enda virðast menn eiga í vandræðum með að finna stefnuna.

Í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar og annarra talsmanna Vinstri grænna við 1. umr. um málið komu fram áhyggjur af efnahagspólitískum og hagstjórnarlegum áhrifum skattalækkana. Það væri gott að fá að heyra nokkuð skýrt frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni hvort hann telji að skattahækkunaraðgerð R-listans í Reykjavík sé efnahagspólitískt skynsamleg aðgerð?

[12:16]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að skattahækkanir geti verið nauðsynlegar og geti átt rétt á sér. Við höfum verið með tillögur um, eins og ég gat um áðan, að styrkja beri tekjustofna sveitarfélaganna ef ríkið telur sig vera aflögufært. Ég tel svo reyndar ekki vera. En ef ríkið telur sig aflögufært þá á hins vegar að færa auknar heimildir til sveitarfélaganna til skattahækkana, m.a. til að geta staðið undir velferðarsamfélaginu.

Ég tel að það sé nokkuð sem við eigum að tala um á mjög raunsæjan hátt, að undirstaða blómlegs efnahagslífs er öflug og góð samfélagsþjónusta. Ég minnist þess að danskir atvinnurekendur voru einhvern tímann spurðir hvað þeir teldu skipta mestu máli fyrir það hvar þeir settu fyrirtæki sín niður. Þeir sögðu: Góð barnaheimili, góðir vegir, góðir skólar, elliheimili, sjúkrahús o.s.frv. Þetta þarf allt að vera til staðar til að við getum rekið okkar fyrirtæki. Þetta kostar peninga.

[12:18]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má skilja orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar svo að nú í uppsveiflunni sem við sjáum fram á að standi næstu ár þá sé skynsamlegt að hækka skatta, væntanlega til að draga úr einkaneyslu. Það sem vegur hins vegar svolítið á móti sjónarmiðum hv. þingmanns er að hann virðist jafnframt telja skynsamlegt að auka verulega útgjöld innan samneyslunnar, bæði á vegum ríkis og sveitarfélaga. Einhvern veginn virðist manni að það yrði síst til að draga úr þensluáhrifum, ekki hefur hann tekið undir með orðum greiningardeilda banka eða Seðlabanka um að þörf sé á harðari aðhaldsaðgerðum hjá hinu opinbera.

Varðandi tengslin milli skattheimtu og velferðarþjónustu er nauðsynlegt að fram komi að á sama hátt og velferðarþjónusta og samfélagsþjónusta getur skipt verulegu máli fyrir atvinnulífið þá er traust og öflugt atvinnulíf og verðmætasköpun í samfélaginu nauðsynlegur grunnur þess að yfir höfuð sé hægt að halda uppi einhverri samfélagsþjónustu.

[12:19]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Undir það skal sannarlega tekið, að vera þarf eðlilegt samspil þar á milli. En þegar við tölum um verðmætasköpun í samfélaginu þá tel ég að við eigum að setja undir sama hatt það sem er að gerast gott á markaði og í samfélagsþjónustunni, vegna þess að þar eru líka búin til verðmæti.

Við skulum ekki gleyma samspili þessa. Góð samfélagsþjónusta dregur úr nauðsyn þess að hafa launin mjög há. Gott húsnæðiskerfi veldur t.d. því að þar er kominn stuðningur við fólk meðan það er að kaupa sér húsnæði. (Gripið fram í.) Góðar barnabætur eru stuðningur við fólk á meðan það er með börn á framfæri. Hinn kosturinn væri að greiða fólki laun öllum stundum eins og það væri að afla húsnæðis alla ævina, sé með börn á framfæri alla ævina eða með sjúklinga innan fjölskyldunnar alla ævina, alltaf. Í stað þess gerum við þetta sértækt, markvisst, með millifærslukerfinu. Þetta kemur öllum til góða. (Forseti hringir.) Þetta er hagstætt og kemur öllum til góða.

[12:20]

Útbýting:

Taxtar tannlækna, 261. mál, svar heilbrrh., þskj. 566.

Veðurþjónusta, 183. mál, nál. umhvn., þskj. 610; brtt. umhvn., þskj. 611.

[12:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við höfum farið vítt og breitt í skattaumræðunni undanfarna daga. Ég ætla að hefja mál mitt á því, virðulegi forseti, að fara yfir þær áherslur sem við í Frjálslynda flokknum settum fram, þær leiðir sem við værum tilbúnir að fara og vildum vinna að ef svigrúm væri til að standa fyrir skattalækkunum í þjóðfélaginu. Við lögðum til í kosningabaráttunni fyrir síðustu alþingiskosningar að áhersla yrði lögð á að nota það svigrúm sem gæfist til að lækka skatta í þjóðfélaginu til að hækka persónuafslátt, fremur en að fara í prósentulækkun á tekjuskatti eins og lagt er upp með í tillögum ríkisstjórnarinnar.

Í annan stað lögðum við til að horft yrði sérstaklega til vanda barnafjölskyldna í landinu og létta á greiðslubyrði þeirra í gegnum skattkerfið. Það er gert að hluta til í áformum ríkisstjórnarinnar og við í Frjálslynda flokknum höfum lýst því yfir að við mundum styðja þær tillögur sem lúta að barnabótum. Við höfum jafnframt bent á, og fluttum um það tillögu ásamt öðrum stjórnarandstöðuflokkum við afgreiðslu fjárlaganna, að gera þyrfti leiðréttingu á fjárlögum svo hægt væri að gera þær breytingar á barnabótunum þegar á næsta ári, árið 2005. Eins og menn muna var sú tillaga felld við afgreiðslu fjárlaganna en við munum styðja tillögur um að barnabæturnar verði hækkaðar þegar á næsta ári við afgreiðslu frumvarpsins sem hér er til umræðu.

Í þriðja lagi höfum við bent á að eðlilegt væri að skoða eignarskattsformið og grunninn fyrir ákvörðunum um hvenær fólk borgar eignarskatta. Við lýstum því yfir í kosningabaráttunni að við vildum gjarnan útfæra eignarskattsformið þannig að frítekjumörkin yrðu hækkuð verulega

gagnvart eignarskatti og sérstaklega yrði horft til þess að einstaklingar borguðu ekki eignarskatta af íbúðarhúsnæði og eðlilegri eign fjölskyldu, ef svo má segja. Ef útfæra ætti tillögur í þessa veru, sem færu nálægt þeirri hugsun sem við í Frjálslynda flokknum settum fram, værum við að tala um eignarskattsfrelsi fyrir einstakling af eignum á bilinu 20–25 millj. kr. á ársgrundvelli. Einstaklingar borguðu ekki eignarskatt af eignum á þessu bili og samsvarandi mörk fyrir fjölskyldu væru yfir 40 millj. kr.

Ég tel að með því að útfæra eignarskattsformið með þeim hætti nái menn til eignarforms allra venjulegra fjölskyldna í landinu og þá væri í raun hægt að segja að eignarskattsformið, eða eignarskattsinnheimtan sem væri umfram þær eignir, sneri frekar að þeim sem ættu miklar eignir, að svokölluðum stóreignamönnum. Ég tel að rétt væri að skoða slíka útfærslu á eignarskattinum og að menn stigu aðeins hægar til jarðar en gert er í tillögum ríkisstjórnarinnar. Þar er lagt er til að eignarskatturinn verði afnuminn í einum áfanga. Reyndar á eftir að koma í ljós hvernig það kemur út en ég og flokkur minn teljum eðlilegt að eignarskattur af eðlilegri eign fólks í landinu verði afnuminn. Ég tel reyndar, hæstv. forseti, að sú stefna hafi einnig verið í þeim flokki sem ég var í áður, Sjálfstæðisflokknum. Þar var á árum áður talað um að eðlilegt væri að afnema eignarskatt af eðlilegri eign fjölskyldu. Ég teldi réttlátara að fara þannig í eignarskattsbreytinguna að þessu sinni, stíga varlega þau skref í stað þess að fara í einu stökki eins og hér er lagt til.

Við í Frjálslynda flokknum erum sem sagt hlynnt því að bæta aðstöðu barnafjölskyldna og munum styðja þær tillögur þótt við vildum gjarnan að þær kæmu til framkvæmda þegar á næsta ári, sérstaklega með tilliti til þess hvernig ríkisstjórnin ætlar í skattbreytingarnar. Miðað við áætlunina í þessu frumvarpi munu, að okkar viti, breytingarnar varðandi tekjuskattinn, ég tala nú ekki um ef einnig er litið niðurfellingar hátekjuskattsins, færa verulegar skattalækkanir til þeirra sem hæstar tekjur hafa en mun minni til þeirra sem lægstar hafa tekjurnar.

Á blaðsíðu 4 í nefndaráliti 2. minni hluta er birt tafla undir yfirskriftinni, með leyfi forseta: „Tekjuskattar og ráðstöfunartekjur fyrir tiltekin laun miðað við einstakling.“ Þar er aftasti dálkurinn gefinn upp í prósentum og talað um að aukning ráðstöfunartekna þess sem hafi 100 þús. kr. í mánaðarlaun verði 7,7%. Aukningin í krónum kemur ekki fram en ætli hún nemi ekki um 80 þús. kr. á ári? Því næst er tekið dæmi af einstaklingi með 300 þús. kr. tekjur. Aukning ráðstöfunartekna hans verður 7%. Ég held að það séu um 280 þús. kr. á ári fyrir einstakling með 300 þús. kr. á mánuði. Þá er talað um mánaðarlaun upp á 700 þús. kr. Í prósentum hefur sá einstaklingur 11,1% aukningu ráðstöfunartekna. Það er nálægt því að vera um 600 þús. kr. á ári. Síðast er tekið dæmi af milljón króna manninum, sem hefur 1 millj. kr. í mánaðarlaun. Samkvæmt töflunni aukast ráðstöfunartekjur hans um 900 þús. kr. á ári.

Það sem við erum að tala um er að 100 þús. kr. maðurinn fái 80 þús. kr. á ári, 300 þús. kr. maðurinn um 280 þús. á ári, 700 þús. kr. maðurinn 600 þús. kr. á ári og milljón kr. maðurinn 900 þús. kr. á ári í auknar ráðstöfunartekjur.

Þessi framsetning leiðir í ljós að með skattalagabreytingunum fá þeir sem hafa hærri tekjur mörgum sinnum meira í vasann til ráðstöfunar en þeir sem hafa lægstu launin. Þetta er stefnumörkun sem við í Frjálslynda flokknum eigum afar erfitt með að sætta okkur við. Við teljum að í meira mæli hefði átt að horfa til þess að hækka persónuafsláttinn til að jafna krónutölum yfir skattgreiðendur í landinu, hífa hlutfallslega hærra upp þá sem lægstar hafa tekjurnar og færa færri krónur til þeirra sem hæstar hafa tekjurnar. Þetta teljum við að væri eðlilegt að gera og erum þar af leiðandi ósammála framsetningu ríkisstjórnarinnar í útfærslu á skattalækkunum í frumvarpinu að því er varðar breytingarnar á tekjuskattsprósentunni, þar sem við teljum að hún nýtist miklu betur þeim sem hafa hærri tekjur, en mun lakar þeim sem hafa lægri tekjur.

Það er því miður svo að persónuafslátturinn á undanförnum árum hefur hvorki fylgt launavísitölunni né neysluvísitölunni. Það hefur verið dregið fram í umræðunni að ef við notuðum eingöngu neysluvísitöluna, en miðuðum ekki við launavísitöluna, hefðu umtalsverðir fjármunir verið teknir í hærri sköttum en annars hefði verið gert, þar sem persónuafslátturinn hefur ekki fylgt neysluvísitölu. Hér er um að ræða mismun á skattleysismörkum, sem nú eru 71.270 kr. ef ég man rétt, og upp í að skattleysismörkin væru þá um 86 þúsund, ef sú viðmiðun væri að persónuafslátturinn hefði fylgt neysluvísitölunni. Þetta hefur auðvitað leitt til þess að skattbyrðin hefur aukist og tekjur ríkisins hafa aukist.

Skattgreiðendum hefur fjölgað og í umræðunni hefur komið fram að m.a. eru tæp 30 þúsund einstaklingar sem greiða tekjuskatt af launum sem eru undir 100 þús. kr. á mánuði. Í þeim hópi eru einnig þeir sem eru á bótum; atvinnuleysisbótum, örorkubótum, ellilífeyrisgreiðslum og tekjutryggingum, sem eru í almannatryggingakerfinu. Þessir aðilar borga tekjuskatt í dag og mér finnst það algjörlega óásættanlegt, hæstv. forseti, að fólk sem er með undir 100 þús. kr. á mánuði í dag greiði tekjuskatt. Útfærslan sem hér er boðið upp á fellur ekki að stefnu Frjálslynda flokksins og um þetta greinir okkur og ríkisstjórnina verulega á.

Miðað við niðurstöður skattálagningar á árinu 2004 eru148 þúsund einstaklingar sem greiða almennan tekjuskatt af 229 þúsund framteljendum. Úr þeim hópi eru tæplega 30 þúsund sem greiða tekjuskatt af minna en 100 þús. kr. tekjum. Það liggur fyrir, hæstv. forseti, að hefði meiri áhersla verið lögð á að hækka persónuafsláttinn, mundu rauntekjur þeirra sem hafa lægstu tekjurnar aukast hlutfallslega, en að sama skapi hefði sú krónutala sem hátekjufólkið fær samkvæmt núverandi útfærslu ríkisstjórnarinnar lækkað.

Miðað við þær tölur sem ég hef fyrir framan mig og hef verið að skoða undanfarna daga sýnist mér að við séum að tala um að 1% í tekjuskattsprósentu þýði 4 milljarða. Þá væri hægt að hækka persónuafsláttinn einan og sér miðað við þá upphæð og miðað við hvernig skattdreifingin er, m.a. hjá þeim sem lægri hafa tekjurnar og gætu kannski ekki nýtt persónuafsláttinn að fullu — það fer eftir hversu lágan skatt þeir greiða af tekjum undir 100 þúsundum — en mér sýnist að að meðaltali væri hægt að hækka persónuafsláttinn fyrir hverja 4 milljarða um 2.500 kr. á mánuði. Það mundi jafngilda því nokkurn veginn að setja út í skattalaga-

breytingar þá 4 milljarða sem verið er að setja út með þessu eina prósenti sem gert er í tekjuskattinum. Nú ætla ég ekki að halda því fram að þetta séu nákvæmir útreikningar en mér sýnist þetta ekki vera fjarri lagi.

Ef við hefðum sett okkur að reyna þannig að hækka frádráttinn með persónuafslættinum hlutfallslega meira hjá fólki sem hefur lægstu tekjurnar en hjá þeim sem hafa hærri tekjur, og hækka þar af leiðandi skattleysismörkin, þá tel ég að við hefðum náð ákveðnum jöfnuði í gegnum skattkerfið. Ég held að niðurstaða mín sé nákvæmlega sú sama og fram kemur í úttekt bæði ASÍ og eldri borgara, en í umsögn Alþýðusambands Íslands sem er fylgiskjal í málinu segir um tekjujöfnunarhlutfall skattkerfisins, með leyfi forseta:

„Sú leið sem valin hefur verið að lækka tekjuskatt um 4 prósentustig, afnema hátekjuskattinn og fella niður eignarskatta, leiðir til að það dregur úr tekjujöfnun skattkerfisins. ASÍ hefur ítrekað kallað eftir því að skattkerfið sé notað með markvissari hætti til tekjujöfnunar. Í því sambandi hefur ASÍ lagt áherslu á að virðisaukaskattur af matvælum verði lækkaður og að dregið verði meira úr skattbyrði lág- og millitekjuhópa en þeirra tekjuhærri. Slíkt má gera með sérstakri hækkun skattleysismarka eða sérstöku skattþrepi á lægri tekjur."

Við erum algerlega sammála því að nota eigi tekjuskattskerfið til tekjujöfnunar, en ég heyrði á hv. framsögumanni efnahags- og viðskiptanefndar að hann teldi að svo ætti ekki að vera, eða ég gat ekki skilið annað á máli hans. Það liggur því algerlega fyrir, hæstv. forseti, að við í Frjálslynda flokknum höfum svipaða afstöðu til málsins og ASÍ, samtök launafólks í landinu og eldri borgarar.

Þeir segja í ályktun sinni m.a., með leyfi forseta:

„Landssamband eldri borgara og Félag eldri borgara í Reykjavík eru sammála um að sú leið sem ríkisstjórnin hefur valið til þess að verja árlega um 22 milljörðum kr. til skattbreytinga þjóni ekki þeim tilgangi að jafna kjör í landinu, eða stuðla að aukinni velferð."

Mér finnst þeir taka dálítið stíft til orða varðandi velferðina, því ég hygg að sumt í tillögum ríkisstjórnarinnar, t.d. barnabætur, stuðli að aukinni velferð. En ég er sammála eldri borgurum um að þessar útfærslur muni ekki þjóna því hlutverki að jafna rauntekjudreifinguna í landinu og hækka rauntekjur þeirra sem lægri hafa launin.

Hæstv. forseti. Hv. þm. framsögumaður efnahags- og viðskiptanefndar, Pétur Blöndal, sagði áðan eitthvað á þá leið að það væri hátíðisdagur hjá öllum þingmönnum nema þeim sem vildu nota skatta til tekjujöfnunar, þeim liði illa. Það er sennilega rétt hjá hv. þingmanni að okkur, sem teljum að nú sé tækifæri til og finnst eðlilegt að tekjur þeirra sem lægri hafa launin væru hífðar meira upp en hinna sem hærri hafa launin, okkur líður frekar illa yfir útfærslunni sem ríkisstjórnin leggur upp með.

Ályktun hans er því rétt að þessu leyti. Við erum ekki sátt við hvernig er lagt upp með skattalagabreytingarnar. Í því sambandi vil ég minna á, hæstv. forseti, að á næsta ári á hátekjuskatturinn að lækka um helming frá því sem nú er, og síðan að falla niður.

Ég held að margt væri þarfara gert í þjóðfélaginu nú en að taka sérstaka ákvörðun um það sem gert var með lagasetningu og menn hafa lítið viljað ræða og sagt einfaldlega að búið væri að festa þetta í lög, að fella þetta niður, það hefði verið betra að láta það ógert og láta 4% hátekjuskattinn halda sér en nota frekar það svigrúm sem þar myndaðist til að auka tekjujöfnun fólks í landinu og horfa þá til stöðu barnafjölskyldna. Þar með tel ég að komið hefði grundvöllur til m.a. að taka þegar á næsta ári til við hækkun barnabótanna. Það var jú sú tillaga sem stjórnarandstaðan flutti við afgreiðslu fjárlaganna. Eins og ég hef lýst yfir áður munum við styðja slíka tillögu nú.

Ég vil einnig vekja athygli á því, hæstv. forseti, að ég held að fyllilega sé tímabært hjá stjórnarandstöðunni í heild að koma fram með tillögu um hvernig eigi að taka á eignarskattsbreytingunum. Ég gerði áðan grein fyrir hugmyndum okkar varðandi hvaða viðmiðunarfjárhæða ætti að horfa til varðandi eignarskattsstofn einstaklings, e.t.v. í kringum 20 millj. kr. og um 40 millj. kr. fyrir hjón. Ef slíkt yrði gert kæmi í ljós hvað eftir stæði af eignarskattinum og hverjir greiddu hann. Við værum þá e.t.v. nokkuð nálægt því að horfa til þess að eignarskatturinn væri skattur sem eingöngu legðist á eignir fólks sem hefur verulegra hagsmuna að gæta, væri stóreignafólk ef hægt er að orða það svo. Ég tel eðlilegt að horft væri til þess, hæstv. forseti.

Ég hef áður vikið að skattleysismörkunum. Ég tel að leggja hefði átt meiri áherslu á þau. Ég hef líka nefnt barnabæturnar, að við í Frjálslynda flokknum viljum einnig leggja áherslu á þær. Við erum algjörlega ósammála þeirri útfærslu sem ríkisstjórnin leggur upp með í skattapakkanum og teljum að með henni sé fyrst og fremst hyglað þeim tekjuhærri.

Formaður efnahags- og viðskiptanefndar, hv. þm. Pétur H. Blöndal, sagði áðan eitthvað á þá leið að menn ættu frekar að horfa til þess að hækka laun þeirra sem lægstu launin hefðu. Ég held að hann hafi tekið dæmið um skúringakonuna. Hann sagði að það þyrfti að hífa skúringakonuna upp í launum svo að hún fengi að njóta þess að hafa afgang, miðað við tillögur ríkisstjórnarinnar. Ég verð að beina mjög einfaldri spurningu til hv. þingmanns. Hún er þessi: Hvað telur hv. þingmaður að laun skúringakonunnar þurfi að hækka mikið svo að hún fari að njóta verulegs ábata af þeim tillögum sem hér eru lagðar fram? Það væri fróðlegt að fá það upplýst miðað við orð hv. þm. um að meginmarkmiðið væri að hækka laun, m.a. skúringafólks, svo að menn hafi ábata af breytingunum.

Það hefur mikið verið rætt hér af hv. formanni efnahags- og viðskiptanefndar að menn væru almennt að tína fölnuð laufblöð og sæju ekki skóginn fyrir þeim. Þar átti hann sérstaklega við það er menn hafa nefnt stefnu ríkisstjórnarinnar varðandi aðrar tekjur. Það hefur eðlilega verið skoðað hvað ríkisstjórnin gerir í þeim efnum. Einnig hefur verið horft til skattalagabreytinganna sem lögfestar voru á þessu ári og breytinga í ýmsum stofnum, þ.e. með því að auka tekjur hér og þar. Menn kalla það sennilega ekki skattalagabreytingar heldur sérstakar tekjur, hækkun á gjöldum, hækkun á ýmsum svokölluðum aukatekjum ríkissjóðs. Þetta hefur allt verið talið upp og ætla ég ekki að fara yfir það. En niðurstaðan af breytingum á gjöldum, þungaskatti, vaxtabótum o.s.frv., sem hér hefur verið talið upp, er sú að á þessu ári hafa komið inn aukatekjur, og verða einnig á næsta ári, sem eru hærri í milljörðum talið en þær skatta-

lækkanir sem boðaðar eru.

Ég sagði við umræðu um fjárlög á síðasta hausti að ríkisstjórnin væri með tillögum sínum um nýja tekjustofna að afla fjár fyrir fyrirhuguðum skattabreytingum, sem þá voru ekki komnar fram. Fyrirheit um þær lágu hins vegar auðvitað í yfirlýsingum stjórnarflokkanna frá kosningabaráttunni og um þær fjöllum við m.a. í dag.

Niðurstaðan af aðgerðum ríkisstjórnarinnar er fyrst og fremst sú að auka rauntekjur hinna tekjuhærri en hækka álögur á þá sem lægri tekjur hafa með alls konar gjöldum. Með því færist skattbyrðin í landinu til að mínu viti. Þetta er stefna sem við í Frjálslynda flokknum erum ósammála. Ef menn telja að við séum að horfa á fölnuð laufblöð í því sambandi þá verður svo að vera. Niðurstaðan er skýr. Hún hefur verið dregin fram og sett fram í tölum á blöðum. Hún er einfaldlega sú að í gengum álögur er meira tekið inn en boðaðar skattalagabreytingarnar munu gefa í lækkun á næsta ári. Það þýðir því miður að ójöfnuður í tekjudreifingunni eykst.

[12:51]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom víða við í ræðu sinni. Hann vék m.a. að eignarsköttum og nálgaðist þar einhverja hugmynd um að hægt væri að búa til skilgreiningu á stóreignum sem bæri að skattleggja meðan afnema bæri skatt af því sem hann kallaði eðlilegt íbúðarhúsnæði.

Maður kemst ekki hjá því að velta fyrir sér hvernig hv. þingmanni gengur að finna út hvað er eðlilegt íbúðarhúsnæði. Það getur verið mjög misjafnt eftir aðstæðum og spurning hvort hann treysti sér til að setja þær skilgreiningar, hvað er eðlilegt að fólk búi í stóru húsnæði. Ég verð að játa að mér geðjast ekki alveg að þeirri hugsun.

Ég vildi spyrja hv. þingmann í sambandi við eignarskattana hvort hann meti stöðuna svo að eignir séu eðlilegur skattstofn. Fyrir sjö eða átta árum var gerð sú grundvallarbreyting að tekinn var upp sérstakur skattur á arð, þ.e. af hagnaði eða tekjum sem menn hafa af eignum sínum. Tekjur af eignum eru skattlagðar með fjármagnstekjuskatti. Spurningin er hvort hv. þingmanni finnst eðlilegt að eignirnar sjálfar séu einnig skattlagðar. Hugsunin á bak við breytingu ríkisstjórnarinnar, bæði í lok síðasta kjörtímabils þegar eignarskatturinn var lækkaður og eins þá breytingu sem felst í afnámi hans, gengur út á það að taka burt þennan skattstofn. Það er talið eðlilegra að skattleggja tekjurnar sem menn hafa af eignum sínum en ekki eignirnar sjálfar.

[12:53]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni, að það er ekki auðvelt að finna það sem hann orðaði svo að væri eðlileg eign. Nú er það svo að eignarskatturinn er ekki bara lagður á eignir vegna húsnæðis. Hann er lagður á eignir almennt, þ.e. þann stofn sem einstaklingur eða fjölskylda á sem eign, miðað við skattframtal. Vissulega er ekki hægt að fullyrða nákvæmlega um hvar eigi að draga þessa línu. Ég hygg þó að sú tala sem ég nefndi fyrir fjölskyldu, 40 millj. kr., sé ekki óeðlilegt viðmið. Það kæmi jú í ljós eftir fyrstu álagningu, miðað við slíka niðurstöðu, hvað stæði eftir af eignarskattinum og hverjir greiddu hann.

Hv. þingmaður vék að fjármagnstekjuskattinum, að hann væri samspil af eignum og arði af eignum. Það er algjörlega rétt. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að miða við hvernig tekjuskatturinn okkar hefur verið notaður. Í því samhengi er skattur af fjármagni og arði of lágur. Þetta er auðvitað samspil hugmynda og rökræðu, þegar við erum annars vegar að tala um eignarskatt sem ég vil hafa stóreignaskatt, og hins vegar arð af fjármagni, hvar þessi lína á nákvæmlega að liggja.

[12:55]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að ef miðað yrði við þau eignamörk sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson nefndi í svari sínu þá yrði harla lítið eftir af eignarskatti sem skattstofni. Ég hef svo sem ekki útreikninga um það en miðað við þær upplýsingar sem borist hafa frá fjármálaráðuneytinu og ríkisskattstjóra þá á þorri þeirra sem greiða eignarskatt eignir undir þessum mörkum.

Annað atriði sem ég vildi nefna varðandi ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar er umfjöllun hans um skattleysismörkin. Það er rétt að geta þess að í skattalagatillögum ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir breytingum á persónuafslætti upp á við. Þegar upp er staðið held ég að munurinn á þeim hugmyndum og þeim hugmyndum sem hv. þingmaður nefndi áðan sé ekki verulegur. Í breytingunni sem ríkisstjórnin er að leggja til og við alþingismenn samþykkjum vonandi á næsta sólarhring eða svo felst veruleg hækkun persónuafsláttar sem skilar jafnvel þeim lægra launuðu verulegri kjarabót.

Að lokum verð ég að geta þess að ég hlustaði af athygli á ræðu hv. þingmanns við umræðuna og ein spurning kom mjög sterkt upp í huga minn. Hver er í raun munurinn á skattastefnu Frjálslynda flokksins annars vegar og Samfylkingarinnar hins vegar, að svo miklu leyti sem hægt er að festa hönd á skattstefnu Samfylkingarinnar? Ég væri þakklátur ef hv. þingmaður gæti gert mér grein fyrir þeim mun sem er á skattstefnu Samfylkingarinnar annars vegar og Frjálslynda flokksins hins vegar.

[12:57]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér virðist síðasta spurning hv. þingmanns gefa tilefni til að ég haldi aðra ræðu seinna í dag. Henni verður örugglega ekki svarað í mjög stuttu máli. Ég held að ég verði því miður að láta hana liggja milli hluta að svo komnu máli. (**BÁ:** Eitthvað svona sem greinir á milli?) Við höfum ekki nákvæmlega sömu áherslur og Samfylkingin varðandi virðisaukaskattinn þótt við teljum vissulega að hann sé til bóta og betri aðferð en að lækka hátekjuskatt og flata skattalækkun.

Hv. þingmaður sagði að það yrði harla lítið eftir af skattstofninum en þá sé ég ekki hvað væri hættulegt við þær hugmyndir sem við erum að leggja fram. Það væri fróðlegt að sjá hverjir greiddu áfram eignarskatt eftir að búið væri að setja slík mörk í skattkerfið. Ef ég man rétt eru skattleysismörkin, að því er varðar eignarskatt núna, u.þ.b.

4 millj. kr. Ég held að ég fari rétt með það. Samkvæmt þessum tillögum hækkuðum við náttúrlega verulega mörkin varðandi eignarskattinn.

Hv. þingmaður vék að persónuafslættinum. Því hefur verið haldið á lofti að persónuafslátturinn verði hækkaður um 8% samkvæmt þessum tillögum. Þá er jú átt við allt tímabilið, á þremur árum. Hins vegar verður hann hækkaður um 3% á næsta ári. Sé hugarreikningur minn ekki of slakur þá hygg ég að 3% ofan á núverandi persónuafslátt, sem ég held að sé 27.260 kr., hljóti að liggja nálægt 800 kr. Þannig förum við með persónuafsláttinn upp fyrir 28 þús. kr. á næsta ári.

[12:59]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spurði um afstöðu mína til launa skúringakonunnar, hvenær hún færi að hagnast. (**GAK:** Þú nefndir það sérstaklega) Ég nefndi það, já. Málið er að ég vil að hún geti bætt laun sín og geti orðið verkstjóri, geti farið í nám og orðið verkfræðingur. Ég vil að henni sé það ekki bannað með skattkerfinu og bótakerfinu, þ.e. að skerðingar á húsaleigubótum, á barnabótum, á vaxtabótum og prósentan í staðgreiðslunni komi ekki í veg fyrir það að konan geti bætt sína stöðu, eða karlinn ef þetta er skúringakarl.

En mig langar til að spyrja hv. þingmann um afstöðuna hans til sjómanna. Nú eru sjómenn, vegna starfs síns, yfirleitt með mjög góðar tekjur. Þeir eru fjarri heimili sínu og eru vel að tekjum sínum komnir. (**GAK:** 2,7 millj. kr. að meðtaltali.) Já, þeir eru með mjög góðar tekjur og sumir hverjir verulega góðar tekjur, sérstaklega á skuttogurunum. Spurning mín er þessi: Getur verið að hv. þingmaður vilji að sjómenn haldi áfram að borga rífandi háa skatta?

Svo langar mig líka að spyrja hann, varðandi eignarskattinn sem er myndaður með sparnaði á tekjum sem búið er að borga tekjuskatt af: Finnst honum eðlilegt að vinna á móti sparnaði með því að skattleggja eignir? Hv. þingmaður talaði um stóreignaskatt og sagði að fróðlegt yrði að vita hverjir mundu greiða stóreignaskatt, komnir yfir 40 millj. kr. eignamörk. Getur verið að glitti í öfund þarna? Mér sýnist að það mundi ekki gefa ríkissjóði neinar tekjur, ekkert sem munar um. Ég skil ekki þá afstöðu að vilja leggja á skatt bara til að sjá hverjir muni borga, ef hann gefur ríkissjóði nánast engar tekjur. Spurning mín er: Mun hann styðja þetta frumvarp yfirleitt, t.d. lækkun á skattprósentunni, niðurfellingu eignarskatts og hækkun barnabóta?

[13:02]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þarf sennilega tvö andsvör til að komast yfir þessar spurningar allar.

Í fyrsta lagi talaði hv. þingmaður um skúringakonuna og að hún gæti e.t.v. orðið verkstjóri og hækkað í launum. Ég held að það komi skattkerfinu ekkert við, hv. þingmaður, (**PHB:** Jú ...) hvort skúringakona geti orðið verkstjóri í vinnuflokki sínum eða ekki. Ég vona vissulega að þeir sem lægst hafi launin í þessu þjóðfélagi, þar með talin skúringakonan, geti hækkað í launum. Ég sé ekki að skattkerfið eins og það er komi í veg fyrir að fólk hækki í launum. Kem ég þá að sjómönnum.

Ég hef aldrei orðið var við það að sjómenn teldu eftir sér að borga skatta til þjóðfélagsins frekar en aðrir sem hafa laun í þessu þjóðfélagi. Þeir sem hafa talið að þeir væru að greiða of mikla skatta eru fyrst og fremst þeir sem eru með lægstu launin. Hv. þingmaður hlýtur að geta verið sammála um það að þeir sem lægst hafa launin í þessu þjóðfélagi eigi að geta lifað af launum sínum. Það er varla hægt miðað við að fólk greiði tekjuskatta af launum undir 100 þús. kr. á mánuði.

Ég held að ekki þurfi að vera að tala hér um eina stétt, hvorki sjómenn, tryggingastærðfræðinga né neina aðra í þessu sambandi. Menn hafa misjafnlega góð laun. Sumar stéttir hafa góð laun þegar mikið er að gera. Sjómenn njóta aflahlutfalls en taka mikla áhættu við störf sín, eins og varðandi verðmyndun. Hver skyldi staða þeirra verða núna þegar þróun gengisins er eins og hún er og miklar líkur eru á erfiðleikum í útgerð og fiskvinnslu að því er varðar tekjuinnstreymið?

Ég kem að öfundinni á eftir.

[13:04]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður fullyrti að skúringakonan gæti orðið verkstjóri og hækkað í launum. Þegar fólk tekur á sig ábyrgð, menntar sig eða eitthvað slíkt er það að leggja eitthvað á sig. Ég hef mjög oft heyrt að fólk segi: Það situr ekkert eftir, bæturnar eru skertar og skattarnir koma til viðbótar. Það situr ekkert eftir, það borgar sig ekki.

Þetta heyri ég mjög oft. Það getur vel verið að hv. þingmaður heyri þetta aldrei en ég heyri þetta oft. Það er þetta sem við erum að minnka. Við erum að minnka þá fátæktargildru sem fólk dettur ofan í og kemst ekki aftur upp úr. Ég vil að þessi títtnefna skúringakona eða skúringakarl geti orðið verkstjóri eða geti farið í nám og hækkað í launum án þess að þeim sé refsað fyrir það. (**JÁ:** Á enginn að skúra þá?) Það er annað vandamál, þá hækka væntanlega launin í því starfi ef engir fást til að vinna það. Þetta kerfi á að gera fólki kleift að afla sér meiri tekna. Það á að stækka kökuna.

Hv. þingmaður sagði að sjómenn teldu ekki eftir sér að greiða skatta. Hvers vegna í ósköpunum berjast þeir svona fyrir sjómannaafslættinum ef þeir telja ekki eftir sér að borga skatta? Ég veit ekki betur en að þetta hafi nánast stöðvað samninga síðast. Ég held að þeir telji eftir sér að borga skatt eins og allir aðrir. Öllum þykir óljúft að sjá á eftir stórum hluta tekna sinna til ríkissjóðs. Það er bara þannig. Fólk vill nefnilega gjarnan hafa þessar tekjur sjálft og það er miklu betur fært um að ráðstafa þeim en ríkissjóður.

[13:05]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var náttúrlega að vonum að hv. þingmanni dygði vegferðin til að komast yfir í sjómannaafsláttinn. Ég óska honum til hamingju með það, það hlýtur að vera eitt af gleðiefnum þessa dags að hafa komist þangað í þessari umræðu. (Gripið fram í.) Sjómannaafslátturinn, hv.

þingmaður, er hluti af kjörum sjómannastéttarinnar, búinn að vera það í yfir 50 ár og hann verður ekki af stéttinni tekinn nema laun þeirra verði bætt með öðrum hætti í staðinn. Það liggur algjörlega fyrir. Það er sambærilegt við það að hv. þingmaður hefur hér ákveðin kjör eins og varðandi ferðakostnað og annað sem að kjörum okkar lýtur, aðgang að ágætu fæði fyrir litla fjármuni o.s.frv. Það er alveg óþarfi, hv. þingmaður, að vera með einhverja öfund hér í garð sjómannastéttarinnar. (**PHB:** Þeir telja eftir sér að borga ...)

Varðandi það hvort ég öfundi einhvern af tekjum hans er það ekki svo. (**PHB:** Eignum.) Ég öfunda ekkert fólk, hvorki af tekjum þess né eignum. Það mega allir eignast það sem þeir hafa verðskuldað og unnið fyrir á heiðarlegan hátt. Ég hef hins vegar haft athugasemdir við það hvernig eignamyndun hefur átt sér stað í þjóðfélaginu á undanförnum árum undir stjórn núverandi ríkisstjórnarflokka.

Ábyrgð og menntun skilar að jafnaði betri launum til fólks enda væri fólk annars ekki að leggja á sig skólagöngu eða að taka á sig meiri ábyrgð ef það færði því ekki eitthvað í launum. Ég held að skattkerfið okkar valdi því ekki að fólk taki ekki að sér ábyrgð eða mennti sig. Það sýnir best aðsóknin í skólana svo að eitthvað sé nefnt.

Ég held líka að menn verði að horfa til þess að við viljum hafa velferðarkerfi í þessu landi. Þjóðin vill hafa hér aðgang að velferðarkerfi og til þess greiða menn skatta. Ég hef engan Íslending hitt sem vill skera niður velferðarkerfið og þá þurfum við að borga það.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:08]

Varamaður tekur þingsæti.

[13:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf um forföll þingmanns frá varaformanni þingflokks Samfylkingarinnar, Kristjáni L. Möller, dagsett 9. desember 2004:

„Þar sem Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s., er erlendis í opinberum erindum og getur ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 3. varaþingmaður á lista Samfylkingarinnar í Reykv. s., Jakob Frímann Magnússon tónlistarmaður, Reykjavík, taki sæti hennar á Alþingi á meðan, en 1. og 2. varamaður á listanum eru forfallaðir, samanber bréf þeirra."

Þá hefur borist svohljóðandi bréf frá 1. varaþingmanni Samfylkingarinnar í Reykv. s., Einari Karli Haraldssyni, dagsett 9. desember 2004:

„Tilkynni að vegna anna get ég undirritaður varaþingmaður Samfylkingarinnar í Reykv. s. ekki tekið sæti á Alþingi í fjarveru Ástu R. Jóhannesdóttur, 4. þm. Reykv. s., frá og með 4. desember fram að jólaleyfi þingmanna."

Einnig hefur svohljóðandi bréf borist frá 2. varaþingmanni Samfylkingarinnar í Reykv. s., Kristrúnu Heimisdóttur, dagsett 9. desember 2004:

„Vegna anna get ég ekki að þessu sinni tekið sæti Ástu R. Jóhannesdóttur, 4. þm. Reykv. s., á Alþingi. Þetta tilkynnist hér með."

Kjörbréf Jakobs Frímanns Magnússonar hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Jakob Frímann Magnússon, 4. þm. Reykv. s., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Jakob Frímann Magnússon hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

[13:32]

Útbýting:

Póstverslun með lyf, 378. mál, svar heilbrrh., þskj. 568.

Stjórnarskipunarlög, 426. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 605.

Tekjuskattur og eignarskattur, 351. mál, brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 614.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 614. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 208. mál (kirkjugarðsgjald o.fl.). — Þskj. 208, nál. 561, brtt. 562.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 562,1 samþ. með 50 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 562,2 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv.

3.–7. gr. (verða 4.–8. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 192. mál (hollustuháttaráð). — Þskj. 192, nál. 547, brtt. 581.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Brtt. 581,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 581,2 (ný 1. gr., verður 2. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 581,3 samþ. með 54 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 330. mál (endurgreiðslur, málsmeðferð o.fl.). — Þskj. 368, nál. 579, brtt. 580.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:36]

Mörður Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Það er samstaða í menntamálanefnd um málið að því undanskildu að nefndin á eftir að ræða og afla gagna um b-lið 1. gr. Við samfylkingarmenn, og sennilega aðrir stjórnarandstæðingar, sitjum því hjá við þann lið en greiðum frumvarpinu atkvæði að öðru leyti.

[13:37]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við greiðum hér atkvæði um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru sáttir við meginmarkmið frumvarpsins sem gerir ráð fyrir því að endurgreiðslubyrði námsmanna lækki um eitt prósentustig og munum við því styðja grundvallaratriðin í frumvarpinu, meginmarkmið þess. Þó hefðum við viljað sjá meira tillit tekið til sjónarmiða námsmannahreyfinganna sem lögðu til að önnur leið yrði farin að sama markmiði, svokölluð skattalækkunarleið sem gerir ráð fyrir að endurgreiðslubyrðin verði lækkuð með frádrætti í skattkerfinu. Það er mat okkar að hægt hefði verið að ganga lengra til móts við kröfu námsmannahreyfinganna sem hafa notið stuðnings BHM.

Að þessu sögðu, virðulegi forseti, styðjum við þær greinar frumvarpsins er varða lækkun endurgreiðslubyrðarinnar en það sama verður hins vegar ekki sagt um b-lið 1. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um frestun réttaráhrifa úrskurða málskotsnefndarinnar. Það er mat okkar að verið sé að fara vafasama leið í stjórnsýslulegu tilliti og vegna þess hversu seint málið var fram komið og hversu lítill tími vannst til að skoða það í nefndinni hef ég gert kröfu um að málið verði kallað aftur til nefndarinnar milli 2. og 3. umr. og að hinn stjórnsýslulegi þáttur greinarinnar verði þá skoðaður nánar.

Vegna þessa vafa munu þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sitja hjá við atkvæðagreiðslu um b-lið 1. gr.

1. gr., a-liður, samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 580,1 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, BH, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, GÁS, GunnB, LB, MÞH, MF) fjarstaddir.

1. gr., b-liður, svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, DJ, DrH, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, BH, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMöl, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EMS, GÁS, GunnB, MÞH, MF) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 580,2 samþ. með 53 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

7. gr. og ákv. til brb. samþ. með 52 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 351. mál (skatthlutfall, afnám eignarskatts o.fl.). — Þskj. 400, nál. 591, 608 og 609, brtt. 598 og 614.

[13:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í Fréttablaðinu í morgun birtist grein um skattamál með fyrirsögninni „Skattaparadís hátekjufólks“. Í þeirri grein kemur fram að hátekjufólk á Íslandi greiðir lægri skatta og lágtekjufólk hærri skatta en almennt tíðkast í löndunum í kringum okkur. Flest önnur skattkerfi en hið íslenska byggja á þrepakerfi þar sem skattar fara stigvaxandi eftir tekjum.

Hér ræðum við frumvarp sem mun enn auka á skattaparadís hátekjufólksins en samkvæmt frumvarpinu munu 200 hæstu skattgreiðendur hér á landi í tekjuskatti fá, þegar skattalækkunin er að fullu komin til framkvæmda, 2,4 millj. á ári eða 197 þús. kr. á mánuði. Þetta eru topparnir í þjóðfélaginu, ofurforstjórarnir, forstjórarnir með ofurlaunin sem fá 197 þús. kr. á mánuði þegar skattalækkunin er að fullu komin til framkvæmda.

Farið hefur verið yfir þá örfáu þúsundkalla sem lægst

launaða fólkið mun hafa út úr skattalækkuninni þegar hún er að fullu komin til framkvæmda.

Í greininni sem ég vitnaði til er skoðaður samanburður á tekjuskatti hér á landi og í tíu löndum Evrópu. Ég vitna orðrétt í greinina undir fyrirsögninni „Háir skáttar á lágtekjufólk á Íslandi", með leyfi forseta:

„Lágtekjumanneskja á Íslandi, með 100 þúsund krónur í laun á mánuði, greiðir hlutfallslega meira í skatta en í flestöllum þeim löndum sem könnuð voru." — Þar virðist Ísland eiga met að lágtekjumanneskja með 100 þús. kr. í laun á mánuði greiði hlutfallslega meira í skatta en í flestum þeim löndum sem könnuð voru. — „Aðeins Norðmenn, Finnar og Svíar greiða hærra hlutfall af lágmarkslaunum en Íslendingar."

Þar kemur fram að Danir innheimta lægsta tekjuskattinn af lágtekjufólki af öllum Norðurlöndunum eða 4,22%. Á Íslandi eru málin þannig vaxin að þeir sem eru með innan við 100 þús. kr., frá skattleysismörkum að 100 þús. kr., eru 29 þúsund manns sem ríkið hirðir af 2 milljarða kr. í skatta á ári.

Í umsögn sem við fengum frá Öryrkjabandalaginu kemur m.a. fram að svo sé komið á Íslandi að öryrkjar sem eru með lífeyri almannatrygginga sér til framfærslu greiði orðið sem svarar tveggja mánaða lífeyrisgreiðslu í skatt á ári. Þannig er nú búið að fólki í hinu ágæta þjóðfélagi okkar.

Við höfum flutt hér ítarlegt nefndarálit minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar sem dregur fram á mjög skýran hátt hvaða áhrif skattalagabreytingarnar sem ríkisstjórnin boðar hafa á einstaka tekjuhópa. Ég vil fara yfir það í ræðu minni hér en fyrst draga fram eins og aðrir í Samfylkingunni hafa gert, sem er staðreynd sem ekki er hægt að mótmæla, að á þessu og næsta ári hefur ríkisstjórnin hækkað eða boðað hækkun skatta og gjalda á einstaklinga og skert barna- og vaxtabætur um rúma 8 milljarða kr.

Hverju ætlar ríkisstjórnin að skila til baka á næsta ári í skattalækkunum? 5,6 milljörðum kr., en hefur tekið 8 milljarða í gegnum skattahækkanir og gjaldahækkanir, m.a. í heilbrigðiskerfinu, og skert barna- og vaxtabætur mikið. Ríkisstjórnin ætlar sem sagt að skila 5,6 milljörðum af þessu á næsta ári. Hverjir fá svo þá 5,6 milljarða? Við höfum sýnt fram á það í tillögum okkar eða greinargerð sem hér er lögð fram, þar sem fram kemur að af þeim rúmu 5 milljörðum sem skila á í skattalækkanir á næsta ári fá 25% af hinum tekjuhæstu 2,5 milljarða af þessum skattalækkunum. Þetta er réttlætið, þetta er nú sanngirni ríkisstjórnarinnar.

Mig langar að byrja á því að fara yfir þróun tekjuskatts og sérstaklega hvernig farið hefur verið með skattleysismörkin í tíð núverandi ríkisstjórnar. Ágætt línurit sem fjármálaráðuneytið útbjó sýnir hvernig persónuafsláttur hefur þróast frá 1988 miðað við bæði neysluvísitölu og launavísitölu. Línurnar eru svo til samsíða þangað til 1995 en þá byrjar að klofna á milli þegar þessi ríkisstjórn tekur við. Þá byrja skattleysismörkin fyrst að skerðast og persónuafsláttarinn vegna þess að ríkisstjórnin þurfti að fara í vasa lágtekjufólks og meðaltekjufólks, en fyrst og fremst gagnast persónuafslátturinn og skattleysismörkin til þess að eiga fyrir skattalækkunum hátekjuhópanna.

Við drögum það fram í áliti okkar að skerðing skattleysismarka frá 1989, sem að mestu kemur fram eftir 1995 eins og fram kemur í þessu línuriti, er svo harkaleg að samkvæmt upplýsingum fjármálaráðuneytisins má áætla að ríkissjóður hafi tekið 36,4 milljörðum kr. meira til sín árið 2003 en ella hefði verið ef skattleysismörkin hefðu fylgt launavísitölu. Með sömu nálgun er um að ræða 16,3 milljarða kr. ef miðað er við neysluvísitölu. Þessar tekjur þurfti ríkisstjórnin að taka af lágtekjufólkinu til að eiga fyrir skattalækkunum á hátekjuhópana sem hún hefur staðið að í tíð sinni.

Skattleysismörkin eru í dag rúmar 71 þús kr. á þessu ári en ættu að vera 114 þús. kr. ef þau hefðu fylgt þróun launavísitölu og 86 þús. kr. ef þau hefðu fylgt þróun neysluvísitölu. Þá tugi milljarða hefur ríkisvaldið svo nýtt til að lækka skatta á fjármagni og fyrirtækjum og það er það sem hefur verið að gerast á undanförnum árum í tíð núverandi ríkisstjórnar, það er verið að færa skatta af fjármagni og fyrirtækjum yfir á launþega og lífeyrisþega.

Allt þetta er tekið upp í umsögnum sem við höfum fengið frá þeim sem þetta hefur komið sérstaklega hart niður á, eins og Öryrkjabandalaginu og Landssambandi eldri borgara sem eru með harðorðar umsagnir um hvernig ríkisstjórnin hefur komið fram við umbjóðendur þeirra. ASÍ hefur einnig dregið fram þessa staðreynd í umsögn sinni. Öryrkjabandalagið bendir á að lífeyrisþegar sem ekkert hafa nema bætur almannatrygginga séu nú farnir að greiða jafngildi tveggja mánaða útborgunar á ári hverju í beina skatta. Landssamband eldri borgara bendir á að aldraðir með 110 þús. kr. í tekjur á verðlagi 2004 greiði nú 13,7% af tekjum sínum í skatt, en greiddu 1,5% á árinu 1988. Þegar Öryrkjabandalagið er að tala um jafngildi tveggja mánaða útborgunar á ári hverju í beina skatt er auðvitað spurning hvort inni í því séu allar gjaldtökurnar í heilbrigðiskerfinu, hækkanir á lyfjakostnaði og lækniskostnaði sem eru orðnar svo miklar að þessir hópar eiga oft erfitt með að leysa út lyfin sín eða leita sér lækninga.

Það er auðvitað sláandi að skoða það sem ég nefndi áðan að þegar 29 þúsund manns eru með tekjur undir 100 þús. kr á mánuði og borga 2 milljarða kr. í skatt á ári þá er staðreyndin sú að 1% ríkustu Íslendinganna eða um 500 manns eru með 88% af tekjum sínum sem fjármagnstekjur eða 54 millj. kr. og 7 millj. í launatekjur hver einstaklingur að meðaltali. Það dregur auðvitað niður þá skatta sem þetta hátekjufólk borgar af tekjum sínum til samfélagsins og þeir greiða því að meðaltali um 12% af tekjum sínum í skatta meðan fólk með meðaltekjur greiðir 25–27%. Ég spyr: Eru stjórnarflokkarnir, eru stjórnarliðar stoltir af því hvernig við dreifum skattbyrðinni í þjóðfélaginu?

Við höfum sýnt fram á það með margvíslegum útreikningum að með skattalækkunartillögum stjórnarflokkanna fá þeir mest sem mest hafa fyrir. Það er ágætt að skoða hvernig áhrif af lækkun tekjuskatts, hátekjuskatts og eignarskatts koma út í raun og sanni í fylgiskjali II með nefndaráliti okkar, og þær niðurstöður eru byggðar á svari fjármálaráðherra við fyrirspurn minni um skattalækkanir, sem var mjög ófullburða svar og þurfti að leggjast yfir útreikninga til að skoða raunverulega áhrifin, af því að fjármálaráðherra skammast sín auðvitað fyrir að láta þessi áhrif koma fram og reynir þá að flækja talnaefni sem kemur fyrir þingið til

að torvelda þingmönnum að gera sér í raun og sanni grein fyrir hvaða áhrif þetta hefur.

Lítum nánar á það. Þá kemur fram óréttlætið, hvernig þetta í raun og sanni er, að tekjulægri helmingurinn fær samkvæmt þessum töflum 4 milljarða í sinn hlut, þeir sem eru í meðaltali eða undir, eða um 17% í lækkun en tekjuhærri helmingurinn fær rúma 19 milljarða eða nærri 83% lækkunarinnar. Þetta er staðreyndin. 82% af lækkun almenna tekjuskattsins, öll lækkun hátekjuskattsins og 75% af lækkun eignarskattsins lendir hjá tekjuhærri helmingnum. Þegar við skoðum þá allra tekjuhæstu hjóna annars vegar og einhleypra hins vegar þá fá þeir mest og þeir allra tekjulægstu í þessum hópi fá ekkert. Tölurnar sýna að 5,4 milljarðar kr. eða nærri fjórðungur lækkunarinnar fer til þeirra 5% tekjuhæstu í hópunum og 21 milljón eða 0,1% heildarlækkunar skatta fer til 5% í tekjulægstu hópunum.

Er nema von, virðulegi forseti, að við í Samfylkingunni og stjórnarandstöðunni höfum bent á hvernig þessi dreifing er. Við erum ekki á móti því að skila skattalækkunum til fólks í landinu, það er svigrúm til þess og það eigum við að gera. En við viljum ekki að þær fari í vasa þeirra efnameiri með þeim hætti sem við höfum lýst hér, að obbinn af þessum hækkunum renni til þeirra, alveg eins og ég lýsti áðan að topparnir, hálaunamennirnir sem eru í hálaunastiganum, ofurforstjórarnir fá svo góðan hlut af þessari köku að þeir fá í skattalækkun 2,4 milljónir á ári eða 197 þús. kr. á mánuði.

Það er kannski þetta sem hv. þm. Pétur H. Blöndal meinar þegar hann ræður sér ekki fyrir fögnuði í stólnum út af þessari skattalækkun, að ofurforstjórarnir fá í sinn vasa á þriðju milljón í skattalækkun þegar þetta er allt komið að fullu til framkvæmda (Gripið fram í.) meðan hann skammtar nánast ekki neitt til tekjulægstu hópanna (Gripið fram í.) og brosir hér gleitt yfir því hvernig ríkisstjórnin stendur að því að dreifa skattbyrðinni þar sem hv. þingmaður hefur staðið að því að skerða svo skattleysismörkin hjá þessu fólki að það skiptir tugum milljarða króna sem tekið hefur verið af því til að færa yfir til hinna ríku. Þetta eru þær staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir, virðulegi forseti, við 2. umr. málsins þegar við ræðum þetta.

Og ríkisstjórnin er ekkert hætt að rýra persónuafsláttinn vegna þess að hún tekur ekki tillit til þess í þessari útfærslu sinni að persónuafsláttur gæti rýrnað um 330–650 millj. kr. á næsta ári eftir því hvort stuðst er við spá fjármálaráðuneytisins eða ASÍ vegna þess að verðbólgan hefur orðið meiri en gert var ráð fyrir. Miðað við spá fjármálaráðuneytisins mundi persónuafsláttur rýrna um 330 millj. á næsta ári en miðað við spá ASÍ 650 millj. Það er verið að rýra hjá þeim sem fá 1 eða 2 þús. kr. í skattalækkun á mánuði á næsta ári með því að skerða enn persónuafsláttinn. Þetta hefur komið fram í þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir efnahags- og viðskiptanefnd. Með hliðsjón af því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að persónuafslátturinn hækki á næstu árum minna en verðlag og minna en launabreytingar má gera ráð fyrir því að þessi lækkun skatta að raungildi verði að veruleika, einkum í neðri hluta tekjuskalans. Við bendum á það í nefndaráliti okkar að þar gætu skattar jafnvel hækkað og skattbyrði aukist af þessum sökum, eins og kom fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur á sínum tíma, sem leiddi í ljós hvað gerst hafði þá á síðustu árum.

Við höfum vakið athygli á þessari rýrnun á persónuafslættinum og spurt hvort stjórnarliðar vilji ekki skoða að þess verði gætt við afgreiðslu þessa máls að persónuafsláttur inn rýrni ekki sem þessu nemur á næsta ári. Þar tölum við fyrir daufum eyrum. En í þeim tölum sem við höfum nefnt hér endurspeglast auðvitað skattalækkun ríkisstjórnarinnar sem mismunar fólki eftir tekjum og færir þeim mest sem mest hafa fyrir.

Ég ætla aðeins að víkja að barnabótunum, virðulegi forseti, og ég veit að hjartað fer að slá örar í hv. þm. Birki J. Jónssyni, sem veit upp á sig skömmina (Gripið fram í.) hvernig Framsóknarflokkurinn hefur staðið að því að skerða svo barnabætur og hlunnfara barnafólk að það vantar 10 milljarða upp á að barnabætur hafi haldið sama raungildi og þær höfðu á árinu 1995. Það á einungis að skila fjórðungi af þessu til baka eða 2,4 milljörðum kr. þegar allt er komið til framkvæmda. Það verður ekki á næsta ári vegna þess að barnafólk er ekkert í forgangi hjá núverandi ríkisstjórn. Þegar hærra launaði kanturinn í þjóðfélaginu er búinn að fá sitt þá er komið að því skila barnafólkinu fjórðungi af því til baka sem það hefði átt að fá ef barnabætur hefðu haldið raungildi sínu frá 1995.

Það er svo merkilegt að þegar maður fer að stúdera hvaða áhrif barnabæturnar munu hafa, þegar þær eru þá komnar til framkvæmda, ég hélt satt að segja að ótekjutengdi hlutinn sem gengur til alls barnafólks hefði stækkað við breytinguna, en það er ekki svo. Hlutfall ótekjutengdra barnabóta af heildargreiðslum sem allir foreldrar fá óháð tekjum var 56% árið 1995 þegar barnvæn ríkisstjórn var við völd (**Gripið fram í:** Já, förum yfir það.) en er komið niður í 19% á þessu ári. Auk þess náðu ótekjutengdu barnabæturnar til allra barna að 16 ára aldri á árinu 1995 en nú einungis til barna að 7 ára aldri.

Það breytist harla lítið á árinu 2007 varðandi ótekjutengda hlutann þegar allt er komið til framkvæmda vegna þess að ótekjutengdi hlutinn er kominn í 20% en var 19% og tekjutengdi hlutinn er í 80% en var í 81%. Það er því lítil breyting á milli þess sem þeir sem eru í ótekjutengda hlutanum fá af kökunni miðað við hvað aðrir fá.

Ef við skoðum hvernig þetta skilar sér til tekjuhópa, af því að skiptingin er meira að segja líka þannig þarna að þeir sem hafa mest fyrir fá mest. (**Gripið fram í:** Í barnabótum?) Já, í barnabótunum. Hér kemur fram í útreikningum sem ég hef að einstætt foreldri með 1,4 millj. til 1,6 millj. í árstekjur mun fá 74 þús. kr. í auknum barnabótum þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda árið 2007, en einstætt foreldri með 4,8–5 millj. í árstekjur mun fá 111.602 kr. í auknar bætur. Ég veit ekki hvort hv. þm. Birkir J. Jónsson hefur stúderað þetta eins og ég hef gert, vegna þess að ég hélt virkilega að þið væruð að gera eitthvað betur fyrir barnafólk en þið hafið gert á umliðnum árum en svona er dreifingin á þessu. Hún skilar sér með þessum hætti.

Áhrifin af hækkun barnabóta sem felast í tillögum ríkisstjórnarinnar eru þau að mesta hækkunin verður á greiðslum til þeirra foreldra sem hafa meðaltekjur og hærri tekjur og þeim mun meiri aukning sem tekjurnar eru meiri. Þannig er þetta og þegar við lítum á hve stór hluti fær algjörlega óskertar barnabætur eru þeir sem fá óskertar barnabætur

einstæðir foreldrar með 60 þús. kr. á mánuði og munu þegar þetta er komið að fullu til framkvæmda verða 93 þús. kr. Þeir sem eru með 93 þús. og ekkert meira fá óskertar barnabætur þegar þetta er komið að fullu til framkvæmda.

Hjón sem fá óskertar bætur fá óskertar bætur ef þau eru samanlagt með bara 120 þús. kr. á mánuði en verður 186 þús. kr. mánaðartekjur þegar breytingin er að fullu komin til framkvæmda. Síðast þegar ég skoðaði það er hópurinn sem fær óskertar barnabætur rúmlega 11% af heildinni einstæðir foreldrar og 3% hjóna. Barnabætur á Íslandi, sem er öðruvísi en hjá öðrum þjóðum, eru því láglaunabætur en ekki barnabætur, það er staðreyndin. Flestar þjóðir greiða ótekjutengdar barnabætur. (Gripið fram í.) Ég er að vekja athygli á staðreynd ... (**Gripið fram í:** ... þeir ríku mest.) Virðulegi forseti ... (**Gripið fram í:** Þetta er stefna Samfylkingarinnar.) Virðulegi forseti, ég er að vekja athygli á þeirri staðreynd að flestar þjóðir greiða ótekjutengdar barnabætur og líta á þetta sem stuðning við börnin, þannig er hugmyndafræðin á bak við þetta. Við erum sennilega eitt þriggja landa sem greiðum tekjutengdar bætur en þær eru alveg örugglega hvergi láglaunabætur eins og hér á landi. (Gripið fram í.) Þetta er staðreyndin sem við stöndum frammi fyrir. (Gripið fram í.)

Ókyrrast nú stjórnarliðar eftir því sem líður á ræðu mína. (**Gripið fram í:** ... Alþýðuflokkurinn.) Þetta eru bara staðreyndir sem verið er að reiða fram. Á ég að færa hv. þingmanni, virðulegi forseti, eintak af þessu sem hann getur tekið með sér í rúmið í kvöld og stúderað? Þar sjáum við hvernig skattleysismörkin hafa þróast í tíð núverandi ríkisstjórnar og tíð hinnar fyrri. (**Gripið fram í:** ... sofna.) Já, ég veit að hv. þingmaður mundi sennilega ekki sofna ef hann tæki þetta með sér í rúmið.

Ég ætla að víkja næst að afnámi eignarskatta. Þar telur ríkisstjórnin sig heldur betur hafa gott fram að færa og það sé rós í hnappagat núverandi ríkisstjórnar hvernig hún ætlar að standa að eignarskattinum — og bera svo á borð fyrir okkur að eignarskatturinn nýtist langbest eldri borgurum í stórum eignum og með lítið sér til framfærslu. (Gripið fram í.)

Er það nú svo, virðulegi forseti? Við í Samfylkingunni viljum mjög gjarnan standa að því að afnema eignarskatt hjá fólki sem er með litlar tekjur í stærri eignum. En það á ekki að setja fram tölur með þeim hætti sem stjórnarflokkarnir hafa gert, þeir setja fram kolranga mynd af staðreyndum.

Hvernig líta fyrstu upplýsingar sem við fáum í nefndinni í töflum frá fjármálaráðuneytinu út? Þar er slengt saman í eina töflu öllum þeim sem greiða eignarskatta og þeir eru settir fram sem einstaklingar en ekki sundurliðað á einstaklinga og hjón. Auk þess, af því að við erum að brjóta þetta niður á fólk miðað við tekjur, er ekki sett inn í þessar tölur fjármagnstekjur sem stór hluti af þeim sem eru með eignarskatt hafa. Ég nefndi áðan manninn sem er með 54 millj. í fjármagnstekjur en 7 millj. í launatekjur. Þessar 54 millj. hans koma ekki inn í útreikninga ráðuneytisins þegar verið er að sýna fram á hverjum lækkanirnar gagnast best.

Þetta er að fara rangt og villandi með staðreyndir og tölur vegna þess að þegar þetta er allt dregið inn í, að skipta hjónum niður í einn flokk og einstaklingum í annan kemur allt önnur mynd. Þegar verið er að draga einstaklingana fram í einn flokk og segja: Þetta eru áhrifin, þá eru virðulegir stjórnarliðar að taka forstjórana sem eru kannski með 3 millj. á mánuði og maki þeirra heimavinnandi með engar tekjur, og hvernig kemur þetta út ef allt er hólfað niður í einstaklinga? Þá er makinn sem er heima sem er giftur manninum með 3 millj. sýndur sem tekjulaus með mikinn eignarskatt. Það er ekki rétt að gera þetta með þessum hætti. Hv. þingmenn vita að það hefur verið blekkt mjög með tölur í þeirri framsetningu sem hv. stjórnarliðar hafa staðið fyrir. (Gripið fram í.) Skiptir maki máli? (**Gripið fram í:** Skipta tekjur maka einhverju máli?) Þegar við skoðum hvernig þetta kemur út, hver áhrifin eru fyrir heimilin og þá sem mest hafa á auðvitað að taka þetta með. (**Gripið fram í:** ... örörkubótum.)

Fjármagnstekjur eru heldur ekki teknar með, eins og ég sagði, í útreikningunum. Hv. þm. Pétur H. Blöndal vill greinilega ekkert setja fjármagnstekjurnar sem mest renna til þeirra efnamestu inn í útreikningana af því að það skekkir myndina, það skekkir fögnuðinn hjá hv. þingmanni ef þær eru teknar með inn í myndina.

Ég kallaði eftir því í morgun að fá töflur frá fjármálaráðuneytinu, og ekki veit ég hvort stjórnarliðar í efnahags- og viðskiptanefnd hafa skoðað þær. Þar er brotið niður í hópa einstaklinga annars vegar og hjón hins vegar og teknar inn í fjármagnstekjurnar. Hvað kemur þá í ljós, virðulegur forseti? Við skulum t.d. líta á töfluna eins og hún var, þó brotið niður á einstaklinga og hjón, áður en fjármagnstekjuskatturinn var tekinn inn. Þá var neðsti hlutinn sem var með 12 millj. og yfir í tekjur, hlutfall þeirra af eignarskattinum eða eignarskattslækkunin var 8,21%, en þegar þetta er brotið niður og fjármagnstekjuskatturinn er tekinn inn eru þetta 22,6%. Svona mætti halda áfram að skoða töflurnar. Þetta gefur auðvitað allt aðra mynd þegar þetta er tekið með. Þá kemur fram, eins og við setjum fram í útreikningum okkar, að um helmingur allrar eignarskattslækkunar við niðurfellingu eignarskattsins liggur hjá efsta fjórðungi framteljenda hvort sem litið er til einhleypra eða hjóna. Þar kemur fram að um fjórðungur allra eignarskatta liggur hjá efstu 5% framteljenda hvort sem litið er til einhleypra eða hjóna.

Einnig kemur fram að lækkun á eignarskatti er alls 3,5 milljarðar kr. Þar af er lækkun á eignarskatti einstaklinga 2,1 milljarður kr. en hjá lögaðilum 1.362 millj. kr., sem eru inni í þessu. Það kemur jafnframt fram að eignarskattur lögaðila er helst í Reykjavík og á Reykjanesi en mig minnir að um 77% af fjárhæðinni hafi farið til Reykjavíkur og Reykjaness en rúm 20% á landsbyggðina.

Við stöndum frammi fyrir þeim staðreyndum, virðulegi forseti, að gefin hefur verið mjög röng og villandi mynd af því hverjum gagnast best þær lækkanir sem verið er að setja fram í eignarskattinum.

Ég vil draga upp það sem ég var að fá í hendurnar rétt áðan og er frá Landssamtökum eldri borgara (Gripið fram í.) af því að sagt er að eldri borgurum gagnist skattalækkunin best. Þeir gerðu athugasemd við það eins og fram kemur í blaði um daginn: „Skattalækkanir ekki í þágu eldri borgara“. Þeir segja í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Það er hins vegar lítið samræmi í því að hækka fasteignamat um 14% en boða aðeins 3% hækkun fríeigna-

marks vegna álagningar á næsta ári. Það leiðir til hækkaðs eignarskatts og annarra fasteignagjalda á því ári.“

Ég bað um útreikninga á þessu, og hvernig skyldu þeir koma út? Ég sé að hv. þm. Birkir J. Jónsson bíður spenntur.

Þeir koma svona út frá Landssambandi eldri borgara:

Árið 2002 er eign 8 millj. Fríeignamark var þá 9,4 millj. hjá hjónum þannig að þau greiddu engan eignarskatt á því ári. Árið 2005 er 8 millj. kr. eignin komin í 12 millj. Fríeignamarkið er 9,9 millj. hjá þessum hjónum. Eignarskattur er 12.204 kr. á næsta ári hjá þessu fólki sem er með eign upp á 12 millj., sem var 8 millj. árið 2002, vegna hækkunarinnar á fasteignamati. Enginn eignarskattur á árinu 2002, en þetta fólk greiðir vegna hækkunar á fasteignamatinu rúmar 12 þús. kr. í eignarskatt á næsta ári.

Það er ágætt að halda þessu til haga í eignarskattsumræðunni sem sýnir vel fram á að myndin er ekki svona mikil glansmynd fyrir fólk sem borgar eignarskatt, þ.e. skiptingin á því eins og hv. stjórnarliðar hafa haldið fram.

Ég vil þá víkja að vaxtabótunum og fer brátt að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Þar kemur náttúrlega fram að verið er að skerða vaxtabæturnar rétt eina ferðina enn. Það voru 600 millj. árið 2004 og við það bætist skerðing upp á 300 millj. á næsta ári. Þingmenn muna örugglega að við fórum í gegnum miklar umræður um aðgerðir ríkisstjórnarinnar á síðasta ári, hvernig hún ætlaði að fara í að lækka vaxtabætur. Þá var hart tekist á um það hvort um afturvirkni á skerðingu vaxtabóta væri að ræða sem gæti brotið í bága við stjórnarskrána. Hér er verið að fara svipaðar leiðir aftur.

Niðurstaða ríkisstjórnarinnar á síðasta ári var að grípa til þess ráðs að hafa flata skerðingu um 10%. Nú er skerðingin flöt upp á 5% og ég vitna til þess sem Eiríkur Tómasson sagði um þessa flötu skerðingu, síðast þegar við fórum í gegnum hvort verið væri að brjóta gegn stjórnarskránni. Ég vitna orðrétt i prófessorinn, með leyfi forseta:

„Þó er ekki unnt að útiloka að dómstólarnir telji að með þeim hætti að skerða vaxtabætur afturvirkt með þeim hætti sem gert er ráð fyrir, sé svo vegið að réttaröryggi þeirra sem fyrir skerðingunni verða að hún brjóti í bága við stjórnarskrána.“

Nú á að fara sömu leið aftur og ASÍ varar við því í umsögn sinni og segir ekki forsvaranlegt að skerða vaxtabætur afturvirkt og koma þannig í bakið á þeim sem standa þurfa við áður gerðar fjárskuldbindingar. Fólk hefur gert fjárskuldbindingar og byggt á greiðslumati þar sem vaxtabætur eru hluti af greiðsluáætluninni. Það er komið í bakið á þessu fólki og ekki hægt að bera það á borð að rökin fyrir því að skerða vaxtabætur séu þau að raunvextir hafi lækkað svo mikið á undanförnum mánuðum að eðlilegt sé að lækka það viðmið. Það eru rökin fyrir því að lækka vaxtabæturnar þegar nálægt 60 þúsund heimili í landinu eru enn með á bilinu 5,1–6% fasta vexti sem ekki er hægt að breyta. Þetta fólk nýtur ekki góðs af vaxtalækkuninni og þetta kemur að fullu fram sem skerðing, t.d. hjá þeim 60 þúsundum einstaklinga sem eru með lán hjá Íbúðalánasjóði. Við skulum hafa það í huga, virðulegi forseti.

Í lokin vil ég mæla fyrir breytingartillögu sem við fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd flytjum. Þar er um að ræða, af því að framsóknarmenn eru ófærir um það, að við viljum efna loforð framsóknarmanna, hjálpa þeim til þess. Það verður forvitnilegt að sjá hvort þeir taki ekki þátt í því með okkur við atkvæðagreiðsluna að greiða barnabætur til allra barna að 18 ára aldri. (**BJJ:** Hvað kostar það?) Við teljum (Gripið fram í.) að það sé sanngirnismál að öll börn fái slíkar barnabætur. (**BJJ:** Hvað kostar það?) Virðulegi forseti, út af þessum sífelldu frammíköllum og óróleika vil ég taka fram að tillögur okkar eru ekki kostnaðarsamari á næsta ári en þær tillögur sem stjórnarflokkarnir setja fram.

Við leggjum til að barnabætur greiðist öllum börnum að 18 ára aldri, hvort sem um er að ræða ótekjutengda hlutann þar sem aðeins er greitt með börnum að sjö ára aldri, að þar verði greitt til 18 ára aldurs og í tekjutengda hlutanum, sem barnabætur eru núna greiddar að 16 ára aldri, verði greitt til 18 ára aldurs. Miðað við barnabæturnar eins og þær eru í dag yrðu þetta sennilega tæpir 2 milljarðar kr.

Við teljum að slíkar ráðstafanir væru besta kjarabótin fyrir láglaunafólk sem lítið fær út úr þessum jólapakka ríkisstjórnarinnar. Við leggjum einnig til breytingu á virðisaukaskatti sem er rökrétt framhald af athugunum okkar á umliðnum missirum og árum á þróun matvælaverðs hér á landi. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur stúderað það mál vandlega og eftir þá yfirlegu teljum við bestu og skynsamlegustu leiðina, sem kæmi öllum vel, ekki síst lágtekjufólki, fólki með litlar tekjur, með lítið milli handanna sem greiðir hlutfallslega mikið af tekjum sínum í matvörur, að fara þá leið að lækka virðisaukaskattinn úr 14% í 7%. Við leggjum til að þetta taki gildi um mitt ár 2005 en að breytingar á barnabótum taki gildi 1. janúar 2005.

Ég skora á framsóknarmenn að skoða hug sinn fyrir atkvæðagreiðsluna milli 2. og 3. umr., hvort ekki væri skynsamlegra að flýta barnabótunum frekar en að byrja á því (Gripið fram í.) að bæta enn í vasana hjá þeim sem mest hafa fyrir. Er ekki skynsamlegra að fara þá leið, virðulegi forseti?

Ég hvet þingmenn til að skoða hvort ekki sé hægt að sammælast um að fara þessa leið. Hún er miklu sanngjarnari og eðlilegri í alla staði. Leiðin sem við viljum fara væri til þess að koma meiri jöfnuði og réttlæti inn í skattkerfið sem við búum við en ekki að hygla sífellt þeim betur settu. Við viljum líka að landið verði skattaparadís fyrir fólk með lágar tekjur og meðaltekjur, ekki bara skattaparadís fyrir efnameira fólkið í hugmyndafræði Péturs H. Blöndals.

[14:20]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta af því að ég vil í fyllstu vinsemd benda á að í þessum sal, á hinu háa Alþingi, verður eitt yfir alla að ganga. Það verður að vera þannig að hv. þingmenn geti treyst því að fá að halda ræður án stöðugra frammíkalla eða samtala, ef þannig mætti lýsa því, án þess að forseti svo mikið sem nikki til þeirra höfði.

Eitt þarf yfir alla að ganga, hvar sem þeir eiga heima í flokki, stjórnarandstöðu eða stjórnarliða. Mér fannst framganga ákveðinna þingmanna í salnum undir ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur með ólíkindum. Ég er hissa á því,

og segi það í fullri vinsemd, frú forseti, að forseti skuli ekki gera athugasemd við slíka framgöngu miðað við þá stjórn þingsins sem við höfum séð á síðustu vikum, mánuðum og missirum. Hér er eitthvert ósamræmi í gangi.

Ég fer fram á það við forseta þingsins að það verði rætt í hv. forsætisnefnd hvernig skuli stjórna fundum og hvernig skuli taka á frammíköllum og truflunum eða öðru því sem veldur því að hv. þingmenn geta ekki komið ræðum sínum til skila án þess að þurfa sífellt að sitja undir frammíkalli af aftasta bekk.

[14:22]

Birgir Ármannsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það alveg rétt hjá hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur að rétt sé að ræða þetta atriði í forsætisnefnd. Ég tel að gefnu tilefni einnig rétt að það verði rætt í þingflokki Samfylkingarinnar.

[14:22]

Birkir J. Jónsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að mér er nokkuð brugðið við ræðu hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur. Ég var að lesa yfir ræðu mína áðan sem ég hélt í síðustu viku um skattamál. Ég gat eiginlega ekki stautað mig í gegnum ræðuna án þess að ég rækist í hverri einustu málsgrein á „gripið fram í" og svo eru þar ákveðnir þingmenn stjórnarandstöðunnar nefndir, m.a. ágætur félagi minn Guðjón Arnar Kristjánsson. Ég kvarta ekki yfir því. Þar er einnig ágætur félagi minn á þingi Jóhanna Sigurðardóttir og ágætur félagi minn Össur Skarphéðinsson og fleiri.

Mér finnst þetta koma úr hörðustu átt þar sem ég hef ítrekað þurft að gera hlé á ræðum mínum. Þingmenn hafa m.a. staðið fyrir framan ræðupúltið og haldið aðrar ræður yfir mér þótt ég væri í ræðustól. Ég greip fram í og krydddaði örlítið ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem ég hef fulla trú á að hafi haft gaman af enda varð ég ekki var við annað. Ég á mjög erfitt með að skilja þetta vegna þess að við hv. þingmenn stjórnarflokkanna höfum sýnt háttvísi í salnum og sparað mjög frammíköll.

En stundum viljum við fá að vita eitthvað nánar. Hv. þingmaður vitnaði í grein og ég spurði hver hefði verið höfundur greinarinnar. Ég fékk reyndar ekki svar við því. Stundum þurfum við að fá svar til að skýra umræðuna svo að ekki þurfi andsvar til að skýra það allt saman. Ég held að ef við tækjum það fyrir í forsætisnefnd þingsins, færum yfir það hvort hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar eða stjórnarliðsins gripu meira fram í fyrir ræðumönnum þá er ég viss um að stjórnarandstaðan, með fullri virðingu fyrir henni, hefði vinninginn í þeim efnum.

[14:24]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseti vill að gefnu tilefni minna hv. þm. Birki Jón Jónsson á að ávarpa samþingmenn sína sem háttvirta þegar hann beinir orðum sínum til þeirra.

[14:25]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Svo mál böl bæta að benda á annað verra. Það má einu gilda hvort einhverjum hv. þingmanni þyki skemmtilegt eða skondið að kallað sé fram í ræðu hans eða hennar. Það má einu gilda. Um það snýst ekki aðfinnsla mín í dag heldur þykir mér munur á því hvernig komið er fram við hv. þingmenn.

Mér þykir ekki bragur að því að hér sé ekki á hreinu hjá hv. forsætisnefnd hvernig skuli stjórna þingfundum. Ég verð að segja eins og er, frú forseti, að ég sé engan mun á þingmönnum eftir flokkum í þeim efnum. Um það snýst ekki málið. Málið snýst um virðingu hins háa Alþingis, um stjórn þess og hvort við sem hér störfum viljum koma þannig fram hvert við annað, hvar í flokki sem við stöndum, að sómi sé að.

[14:26]

Siv Friðleifsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Af þessu tilefni vil ég taka fram að ég tel að forseti hafi stjórnað fundi með ágætum. Ég tek hins vegar undir að það væri kannski ágætt að taka málið upp í forsætisnefnd. Það hefur tíðkast um nokkurt skeið að bæði þingmenn úr stjórnarflokkunum sem og stjórnarandstöðunni hafi verið að grípa fram í. Maður getur skoðað þingin í nágrannaríkjunum. Í Bretlandi kalla þingmenn t.d. mjög mikið fram í og í því felst ákveðinn kúltur eða menning. Í Noregi er aldrei nokkurn tíma kallað fram í og það er ekki til siðs. Hér er einhvers konar millistig.

Mér þykir það reyndar ágætt að einhver frammíköll séu. Það léttir stundum aðeins umræðuna en það á auðvitað ekki fara úr hófi þannig að ræðumenn geti ekki flutt ræður sínar nokkurn veginn án þess að þurfa að gera mikið hlé. Ég held að það væri ágætt að þetta yrði rætt í forsætisnefnd en mér þætti skaði ef hér væru engin frammíköll.

Ég held að það sé ágætisvenja að frammíköll séu leyfð að einhverju marki. En þá þarf auðvitað jafnt að ganga yfir alla, bæði stjórnarþingmenn og stjórnarandstæðinga.

Ég vil nýta tækifærið, fyrst ég er komin upp undir þessum lið, og benda á að mér finnst hafa borið við í umræðum á Alþingi seinni mánuði, skulum við segja, að þingmenn hafi notað mjög stór og þung orð í umræðum. Mér finnst það vera þinginu til vansa og ég held einnig að taka megi það upp í forsætisnefnd.

[14:28]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um skattamálin. Reyndin er sú að það er svigrúm til skattalækkana, m.a. út af þeim umsvifum sem eru í efnahagslífinu. Þau tengjast að verulegu leyti stóriðjuframkvæmdum sem nú eru í gangi fyrir austan, sem Samfylkingin átti bágt með að styðja á sínum tíma og studdi ekki Kyoto-bókunina, ég vil draga það fram, sem var m.a. forsendan fyrir þeim framkvæmdum.

Hér kom hv. þingmaður hvítþvegin og hafði litla fortíð, heyrðist mér, miðað við ræðu hennar en ég vil minna á, í sambandi við barnabæturnar, að þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var við stjórnvölinn voru barnabætur tekjutengdar og skerðingarnar miklu meiri en við sjáum í dag. Ef ég man rétt voru skerðingarnar á barnabótunum í kringum

18% með þremur börnum. Við bættust 4% með hverju barni umfram það. Hins vegar gerum við ráð fyrir því í skattafrumvörpum okkar að tekjuskerðingin geti aldrei orðið meiri en 8%. Tekjuskerðingin er því minnkuð mjög mikið. Á sama tíma hækka barnabæturnar um marga milljarða. Við erum búin að hækka barnabæturnar um 4,5 milljarða kr. nú þegar frá árinu 2000, sem jafngildir tvöföldun. Það á að hækka barnabæturnar um 2,4 milljarða því til viðbótar með þeim skattafrumvörpum sem hér eru til umræðu.

Það kemur úr hörðustu átt að gagnrýna þá tekjuskerðingar sem verður. Það er verið að minnka hana stórfenglega og hún hefur minnkað mikið frá því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var í ríkisstjórn.

[14:30]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alltaf jafnhissa á hugrekki hv. framsóknarmanna að þora að fara í ræðustól og ræða um barnabætur miðað við fortíð þeirra í þessum málum. Hverju eyddum við í barnabætur á árinu 1995, á föstu verðlagi miðað við verðlag í ár? 6,4 milljörðum. Hverju eyðum við í barnabætur á þessu ári? 5,4 milljörðum, milljarði minna. Samt var efnahagsástandið verra þá en það er núna og sem hlutfall af landsframleiðslu var þetta miklu hærra en er nokkurn tíma núna. Þetta eru staðreyndir málsins.

Hv. þingmaður getur ekki gengið fram hjá þeirri fortíð núverandi ríkisstjórnar að hafa hlunnfarið barnafólk um 10 milljarða í barnabótum frá árinu 1995. Þegar við horfum á ótekjutengda hlutann sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni, hlutann sem allir fá, var hann 56% af útgjöldunum en er núna ekki nema 19%. Þetta hefur verið svo mikið tekjutengt og 1997 eða 1998 voru engar ótekjutengdar bætur. Tekjutengingin var svo svakaleg. Og það var verkalýðshreyfingin sem ýtti ríkisstjórninni í að breyta því að fólk fengi barnabætur og að þær væru ekki svo mikið skertar þannig að allir fengju einhverjar. Þetta eru staðreyndir málsins og þær breytingar sem hér er verið að gera er að einungis er verið að skila fjórðungi af því til baka sem fólk hefur verið hlunnfarið um í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þegar við skoðum hvernig verður þegar þær loksins verða að fullu komnar til framkvæmda, hversu mikið fer í tekjutengda hlutann, er það bara sambærilegt og er í dag. Ég vil fá að spyrja hv. þingmann: Samþykkti hún það virkilega í þingflokki sínum að setja breytingar á barnabótum aftar í röðina en lækkun á tekjuskatti? Samþykkti hv. þingmaður að ekki ætti að skila þessum fjórðungi til baka fyrr en á árunum 2006 og 2007?

[14:32]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á lækkun tekjuskatts og hækkun barnabóta. Það er einmitt það sem við erum að gera, það var samið um að lækka tekjuskattinn um allt að 4% og hækka barnabæturnar verulega. Það er verið að setja núna 2,4 milljarða aukalega í það og lækka tekjuskerðingarnar. Ég deili þeirri skoðun með hv. þingmanni að barnabæturnar voru orðnar allt of tekjutengdar. Nú er einmitt verið að draga úr þeim tekjutengingum. Þær voru miklu meira tekjutengdar þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var í ríkisstjórn á sínum tíma.

Þessi er forgangsröðun okkar. Það er þetta tvennt aðallega eða þrennt, það er líka eignarskatturinn. Hér hefur verið komið á matarskatti líka. Við viljum gjarnan taka þátt í því að lækka hann en við setjum framar í forgangsröðina að lækka tekjuskatt og hækka barnabætur ásamt samstarfsflokki okkar, Sjálfstæðisflokknum. Ef það skapast svigrúm síðar til að lækka matarskattinn verður það að sjálfsögðu skoðað eins og er að hefjast núna i nefndarstarfi. Ég vísa því á bug sem hefur komið fram áður — það er kannski óhætt að gera það gagnvart hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur — að við viljum ekki lækka matarskattinn.

[14:34]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég dreg í efa að bæturnar hafi í minni tíð sem ráðherra verið meira tekjutengdar en þær eru núna vegna þess að þær eru bullandi tekjutengdar. Þið afnámuð raunverulega það að hafa ótekjutengdar barnabætur árið 1997.

Ég minni hv. þingmann líka á það, virðulegi forseti, að þá voru barnabætur greiddar með öllum börnum að 16 ára aldri en ekki bara að sjö ára eins og er núna hjá stjórnarflokkunum. Ég minni hv. þingmann líka á að mér finnst það mjög skrýtin forgangsröðun að ætla að byrja á því að lækka meira skatta hjá þeim sem mest hafa fyrir þannig að það sé bara skattaparadís hátekjufólks en ekki skattaparadís lágtekjufólks. Hv. þingmaður svaraði ekki þeirri fyrirspurn minni hvort hún hefði beitt sér fyrir því í sínum þingflokki að barnabætur yrðu teknar fram yfir lækkun á tekjuskattinum. Hv. þingmaður talar um virðisaukaskattslækkunina. Sú staðreynd stendur eftir að Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn sem vill ekki setja í forgang að lækka virðisaukaskatt.

[14:35]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hún var yfirgripsmikil, ræða hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um ástandið í velferðarmálum hér á landi í dag. Mér var kennt það sem ungum manni að af verkunum eru menn dæmdir og hv. þingmaður sem kom upp áðan, Jóhanna Sigurðardóttir — og kom með geislabauginn svo að ég setji þetta í myndrænt form — þykist enga fortíð hafa í íslenskum stjórnmálum.

Við skulum dæma hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur af verkum hennar. Hver var samneysla í tíð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðmundar Árna Stefánssonar og Rannveigar Guðmundsdóttur þegar þau voru í ríkisstjórn? Samneyslan var 40% þá og nú tala menn um að hér sé ekki velferðarstjórn. Hver er samneyslan í tíð núverandi ríkisstjórnar? Samneyslan er þeir fjármunir sem við leggjum til sameiginlegra verkefna, til heilbrigðismála, félagsmála og annarra velferðarmála. Hún er 45% í dag, 5% hærri en í hinni svokölluðu velferðarstjórn kratanna hér á landi.

Hæstv. forseti. Eins og ég hef sagt var kjararýrnun frá árinu 1991 til 1995 þegar hv. þingmenn voru í stjórn. (Gripið fram í.) Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. félagsmála-

ráðherra þá, sló Íslandsmet. Hún lækkaði barnabætur til fjölskyldnanna í landinu um 12% á einungis fjórum árum, um heilan milljarð á sínum tíma. Núverandi ríkisstjórn kemst ekki með tærnar þar sem hún hafði hælana í þessum efnum. Hún sló þvílíkt met því þá var kjararýrnun almennt í samfélaginu. Síðan er komin ný stefna Samfylkingarinnar, hæstv. forseti, í skattamálum. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði áðan að lækkun skatta á fyrirtæki hefði bitnað á lágtekjufólkinu í landinu, þessi væri forgangsröð ríkisstjórnarinnar þannig að það er orðið ljóst að næsta skref Samfylkingarinnar í skattamálum er að hækka skatta á fyrirtækin í landinu.

[14:37]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekkert hissa á því að hv. þingmaður treysti sér ekki til að ræða skattalækkanir ríkisstjórnarinnar og fari 20 ár aftur í tímann til að reyna að þvæla málið. Ég er ekkert hissa á því. Hv. þingmaður gerir sér enga grein fyrir hver staða efnahagsmála var á árinu 1990 og hver hún er í dag. Hv. þingmaður gerir sér ekki grein fyrir því að í upphafi þessa kjörtímabils voru hagvaxtarspár þannig að ríkissjóður átti að fá í sinn hlut 40 milljörðum meira á kjörtímabilinu, 40 milljarða til viðbótar þeim 93 milljörðum út af auknum hagvexti. Hv. þingmaður gerir sér enga grein fyrir því að á árinu 1991 þar sem hann er að vitna í barnabætur voru útgjöld vegna þeirra 7,2 milljarðar en eru 5,4 milljarðar í dag. Þar erum við að bera saman raungildi, virðulegi forseti. Og þó að þær hafi verið skertar þá um 1 milljarð er ekki hægt að bera það saman. Þar enduðum við í 6,5 milljörðum en erum núna með 5,4 milljarða og það er ekki hægt að bera það saman við 10 milljarða lækkun á barnabótum í góðæri, virðulegi forseti.

Þessi ríkisstjórn sem bjó við lítinn hagvöxt stóð vörð um þá verr settu vegna þess að lífeyrir almannatrygginga, bæði atvinnuleysisbætur og lífeyrir bótaþega, var jafn lágmarkslaunum. Það var passað upp á það að bótaþegarnir hefðu ekki lakari kjör en var viðurkennt sem lágmarkslaun á vinnumarkaði. Við stóðum vörð um fatlaða þótt verið væri að skerða framlög víða í velferðarkerfinu. Það var aldrei skert til fatlaðra á þessum tíma. Vörður var staðinn um þennan málaflokk. Við pössuðum líka að atvinnulausir fengju sinn skerf af því sem þá var til skiptanna en þið skertuð atvinnulausa um 180 þús. kr. á ári frá 1997, 15 þús. kr. á mánuði. Og — ég ætlaði að segja drulluðust en geri það ekki — þið hækkuðuð einungis atvinnuleysisbæturnar upp í 88–90 þús. kr. eftir að verkalýðshreyfingin rak ykkur til þess í kjarasamningum.

Þetta er hugur ykkar til atvinnulausra. Ég mundi ekki hafa mjög hátt, virðulegi forseti.

[14:39]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þingmenn eigi að gæta stillingar hér í ræðustól. Það er óþarfi að fara af hjörunum þó að á stjórnarandstöðuna sé deilt hér.

Hv. þingmaður nefndi áðan af miklum tilfinningaþunga að 29 þús. einstaklingar í landinu væru með undir 100 þús. kr. á mánuði. Hverjir ætli þessir einstaklingar séu? Jú, að stærstum hluta eru þetta eldri borgarar, og ríkisstjórnin er með skattalækkunaráformum sínum að koma til móts við þennan hóp. Hv. þingmaður talar um að þetta sé eitthvert fólk sem búi í höllum úti í bæ. Ég ætla að minna hv. þingmann á það að þriggja herbergja íbúð hér í bæ kostar um 15 millj. kr. og það er mjög eðlilegt að eldri borgari í Reykjavík eigi þá íbúð skuldlausa. Hvað erum við að færa eldri konu í 15 millj. kr. íbúð á ári sem hefur kannski 1 millj. kr. í laun á ári? 60 þús. kr. raunaukningu á ráðstöfunartekjum á ári með því að fella niður eignarskattinn sem hv. þingmaður er á móti. Hv. þingmaður er á móti því að bæta kjör eldri borgara með þessum hætti.

[14:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður veit greinilega ekkert hverjir eru í þessum 29 þús. manna hópi sem ríkisstjórnin býr þau kjör að þurfa að borga 2 milljarða í skatta. Þetta eru 29 þús. manns sem eru með tekjur frá skattleysismörkum að 100 þús. kr.

Þetta eru ekki bara eldri borgarar. Þetta eru að stórum hluta líka öryrkjar og atvinnulausir. Það eru 5 eða 6 þús. manns atvinnulausir. Þetta eru að stórum hluta öryrkjar og þetta eru að stórum hluta aldraðir. Þið ættuð að skammast ykkar fyrir að búa þannig að þessu fólki að það þurfi að borga skatt. Þið skilið þessum hópum langminnstu í rúmlega 20 milljarða kr. skattalækkunarferli sem þið eruð að fara í. Þið ættuð að endurskoða hug ykkar til þess ef þið á annað borð viljið hafa hér þjóðfélag jöfnuðar og velferðar þar sem allir geti lifað við sómasamleg kjör. En því miður er það ekki þannig, virðulegi forseti, sem þessi ríkisstjórn stendur að málum. Hv. þingmaður fer enn rangt með tölur um eignarskattinn. Ég vitna bara til þess sem Landssamband eldri borgara segir. Eldri borgarar borga 12 þús. kr. í eignarskatt á næsta ári en borguðu ekkert á árinu 2002 miðað við ákveðin eignamörk.

[14:42]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég á stundum dálítið bágt með að átta mig á málflutningi hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Sérstaklega var eitt atriði sem ég hnaut um í ræðu hennar áðan. Það varðar barnabæturnar og vilja hennar til að auka ótekjutengdar barnabætur.

Nú eru alveg sjónarmið fyrir því að auka ótekjutengdar barnabætur og ég ætla ekki að fara nánar út í það. Það kom mér hins vegar á óvart að í ræðunni gat hún þess jafnframt að ríkisstjórnin væri að gera vel við þá sem betra hefðu það í samfélaginu með því að auka hlut ótekjutengdra barnabóta. Þarna er bara um að ræða rökrétt samhengi. Ef ótekjutengdar barnabætur eru hækkaðar kemur það auðvitað þeim til góða sem eru með háar tekjur af því að þeir lenda ekki í tekjuskerðingu fyrir vikið. Það verður að vera eitthvert samræmi í þessu. Ef menn eru hliðhollir ótekjutengdum barnabótum verða þeir að standa við það og vera þá ekkert að kvarta yfir afleiðingunum af því að tekjutenging er minnkuð.

Varðandi tekjutenginguna er náttúrlega rétt að hafa það í huga í þessari umræðu að tekjutengingin bítur frekar á

tímabili eins og hefur verið undanfarin ár, þegar um er að ræða einhverja mestu tekju- og kaupmáttaraukningu almennings í landinu sem við þekkjum. Þá minnkar þörfin fyrir bæturnar vegna þess að tekjurnar eru að aukast og þegar tekjutenging er fyrir hendi hefur það áhrif.

Varðandi vaxtabæturnar vil ég bara geta þess að það hefði verið ágætt ef hv. alþingismaður Jóhanna Sigurðardóttir hefði rifjað upp meira af því sem prófessor Eiríkur Tómasson sagði í áliti sínu á síðasta ári, ekki bara rifjað upp varnaðarorð hans í lokin heldur líka getið þess að hann taldi allar líkur á því að sú breyting sem þá var fyrirhuguð stæðist.

[14:44]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstvirtur prófessorinn sagði að ekki væri hægt að útiloka það að þetta stæðist ekki stjórnarskrána, jafnvel þó að þið hefðuð breytt þarna um gír og þegar þingmennirnir ætluðu að ganga enn lengra í því að skerða vaxtabæturnar á sínum tíma.

Varðandi barnabæturnar er ég ekki að agnúast út í það að verið sé að gera betur fyrir þá sem hafa ótekjutengdar barnabætur. Ég var að lýsa því hver áhrifin af þessu yrðu og ég var líka að lýsa því að áhrifin væru ekki meiri en svo að sama hlutfall væri í ótekjutengda hlutanum eins og var áður, þ.e. í kringum 20%, meðan tekjutengdi hlutinn væri um 80%. Ég var fyrst og fremst að segja að það ætti að vera meira í ótekjutengda hlutanum en er núna. Ég vitnaði einmitt til þess að þegar við skoðuðum þetta voru ekki nema um 11% einstæðra foreldra með óskertar bætur og ekki nema 3% hjóna. Þess vegna kallaði ég þetta láglaunabætur en ekki barnabætur. Það er eiginlega staðreyndin sem við stöndum frammi fyrir og er auðvitað alvarlegt mál þegar svo er komið að skerðingin hefur verið svo mikil í barnabótum, um 10 milljarðar á 10 árum, og einungis hefur fjórðungi af því verið skilað til baka. Þá stöndum við frammi fyrir því að þetta eru ekkert annað en láglaunabætur, líka í tekjutengda hlutanum.

Ég vitnaði til þess hvernig þetta kæmi út eins og ríkisstjórnin áformar að hrinda því í framkvæmd. Það sem ég hef helst gagnrýnt í barnabótunum, virðulegi forseti, er að þetta komi ekki til framkvæmda fyrr en raun ber vitni, ekki fyrr en á árunum 2006 og 2007. Ég agnúast út í það aðallega varðandi barnabæturnar, að þið setjið ekki barnafólk í forgang heldur setjið það það aftast í röðina þegar kemur að því að lækka skatta.

[14:47]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi umrætt álit Eiríks Tómassonar er rétt að geta þess að þegar fyrsta frumvarpið kom fram í desember á síðasta ári var álit eða niðurstaða Eiríks á þessa leið, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir þetta er það álit mitt að líkur séu á því að íslenskir dómstólar muni komast að þeirri niðurstöðu að ráðgerð skerðing vaxtabóta á árinu 2004 ... sé stjórnskipulega gild. Fyrir utan þau rök að um sé að ræða almenna og tiltölulega lítilfjörlega skerðingu á bótunum hygg ég að tillitið til þess að játa löggjafanum verulegu svigrúmi, til þess að grípa til ráðstafana í þeim tilgangi að draga úr útgjöldum ríkisins, muni vega þar þungt.“

Eiríkur Tómasson klykkir síðan út í lokin með eðlilegum fyrirvara um að hann viti ekki hvernig dómstólar muni endanlega komast að niðurstöðu í málinu. Það er því í raun inni mjög villandi að vitna til þessa álits með þeim hætti sem hv. þingmaður gerði í fyrstu ræðu sinni, sérstaklega í ljósi þess að sú skerðing barnabóta sem við erum að ræða í dag er mun minni en sú sem var fyrirhuguð (Forseti hringir.) í desember í fyrra.

[14:48]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Það er ástæða til að ítreka að í umsögn sinni varar ASÍ skilmerkilega við slíkri afturvirkni, það er talað um afturvirkni. Þess vegna var full ástæða til að koma því að í umræðunni, einmitt vegna þess að prófessorinn sagði að ekki væri unnt að útiloka að dómstólar telji að með því að skerða vaxtabætur afturvirkt með þeim hætti sem gert er ráð fyrir, sé vegið að réttaröryggi þeirra sem fyrir skerðingunni verða og hún brjóti í bága við stjórnarskrána.

Þetta var eftir að dregið var þó úr þeirri skerðingu sem stjórnarflokkarnir ætluðu að fara í á síðasta ári.

Það er ekki sanngjarnt gagnvart fólki sem er með 5–6% vexti að beita þeim rökum að hægt sé að skerða vaxtabætur um 900 milljónir af því að raunvextir séu að lækka. Hvað með þau 60 þúsund heimili sem í engu njóta góðs af þessari vaxtalækkun, sem komið er í bakið á og ruglað öllum greiðsluáætlunum sem gerðar hafa verið? Virðulegi forseti, það er ekki sæmandi að gera þetta gagnvart þeim 60 þúsund heimilum sem (Forseti hringir.) fá núna bakreikning og skerðingu á vaxtabæturnar. (Gripið fram í.)

[14:49]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Umræðan í dag um tekju- og eignarskatt hefur farið vítt um svið, enda eðlilegt þar sem við ræðum mál sem snertir alla landsmenn og hér er verið að uppfylla stærstu kosningaloforðin sem gefin voru í síðustu kosningum og við erum að sjálfsögðu ánægð með það.

Stærsta breytingin er lækkun tekjuskatts upp á 4% auk afnáms eignarskatts á einstaklinga og lögaðila. Einnig eru breytingar er varða hækkun á viðmiðunarfjárhæðum laganna og hækkun barnabóta.

Í upphafi vil ég segja að það er ekkert óeðlilegt að fólk hafi mismunandi skoðanir á þessum lækkunum og takist á um þær enda er um gríðarlega stórt mál að ræða. Ástæða þess að ríkisstjórnarflokkarnir fara út í þessar aðgerðir er fyrst og fremst sú að við teljum að með þeim séum við að forgangsraða rétt. Sú forgangsröðun ætti ekki að koma neinum á óvart enda er hún í takt við kosningaloforð flokkanna fyrir síðustu kosningar.

Til að hægt sé að fara út í svona aðgerðir er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hafa svigrúm til þess. Skuldir ríkissjóðs hafa lækkað um helming sem hlutfall af landsframleiðslu frá árinu 1995 og sú lækkun skilar sér í 11 milljarða kr. lækkun vaxtagjalda ríkissjóðs á ári. Sá möguleiki sem við höfum nú til skattalækkana hefur ekki sést í íslensku

efnahagslífi fyrr en nú. En hver er þessi möguleiki? Jú, möguleikann skapar sá stöðugleiki sem hefur ríkt í efnahagsmálum. Hagvöxtur er mun meiri en annars staðar, atvinnuleysi miklu minna, kaupmáttur heimilanna hefur aukist og samkvæmt öllum spám um efnahagsmál sjáum við fram á að í lok kjörtímabils verði kaupmáttaraukningin orðin 55%, á tólf ára tímabili. Allt þetta ber vott um afar trausta efnahagsstjórn.

Eins og margir hafa rætt um tel ég mikilvægt að skattalækkanaáform séu sett fram með *langtímaáætlun í huga*. Meginþungi lækkananna kemur fram á árinu 2007 en þá er gert ráð fyrir að stóriðjuframkvæmdum verði að mestu lokið, alla vega miðað við áætlanir í dag. Þetta ætti að koma í veg fyrir niðursveiflu í efnahagslífinu á þeim tíma og tryggja áframhaldandi kaupmáttaraukningu heimilanna í landinu.

Ég tek þetta fram að gefnu tilefni, vegna þeirrar gagnrýni sem hefur komið fram á tímasetningu skattalækkana og menn vilja halda því fram að hún sé tengd við næstu alþingiskosningar. Það er ekki rétt, heldur eru menn að horfa á heildarsamhengið í efnahagsmálum.

Mig langar, virðulegi forseti, að gera matarskattinn að umræðuefni. Í umræðu í morgun komu fram ómakleg ummæli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar um að Framsóknarflokkurinn væri að stoppa af lækkun virðisaukaskatts á matvælum. Þetta er ekki rétt og höfum við ótal sinnum reynt að leiðrétta hv. þm. Össur Skarphéðinsson varðandi þetta mál. Ríkisstjórnin hefur forgangsraðað, sú forgangsröðun er lækkun skatthlutfalls, hækkun persónuafsláttar, hækkun barnabóta og niðurfelling eignarskatts. Þetta útilokar þó alls ekki að við förum í breytingar á virðisaukaskattskerfinu enda kveður á um það í stjórnarsáttmála. En þetta eru þau skref sem mikilvægt er að stíga núna og það mun verða farið í vinnu við endurskoðun virðisaukaskattskerfisins eins og margoft hefur komið fram.

Hvaða áhrif hefur síðan lækkun matarskatts á ráðstöfunartekjur umfram allar þær aðgerðir sem ríkisstjórnin ætlar í? Ef við tökum upplýsingar um meðaltalsmatarútgjöld fjölskyldnanna í landinu, sem gefnar eru upp á vef Hagstofu Íslands kemur margt fróðlegt í ljós. Þó verður að hafa þann fyrirvara að ekki er hægt að nálgast á vefnum upplýsingar um matarreikninga ólíkra tekjuhópa. Við vitum þó fyrir víst að matarútgjöld fólks aukast þó nokkuð eftir því sem tekjur þess hækka.

Ef tekið er klassískt dæmi um hjón með börn þá eyða þau um 687 þús. kr. í mat og drykkjarvörur á ári, án alls virðisauka. *14% virðisauki af þeirri upphæð gerir rúmlega* 700 þús. kr. alls. Sparnaður af því að lækka virðisaukaskatt um 7% er rúmlega 46 þús. kr. á ári eða 3.867 kr. á mánuði. Slík lækkun matarskatts gefur því álíka upphæð og lækkun endurgreiðslubyrða námslána.

Virðulegi forseti. Einn er sá hópur sem sjaldan er fjallað um í umræðunni um skattamál. Það er hópur einhleypra, þeirra sem búa einir. Ef við skoðum áhrif af lækkun matarskatts á þennan hóp þá er upphæðin orðin nokkuð rýr. Einhleypur einstaklingur eyðir samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni 217.168 kr. án virðisauka á ári. Þegar virðisauka hefur verið bætt við er upphæðin 247 þúsund og gefur því 7% lækkun virðisauka á ári einstaklingnum 15.203 kr. í vasann. Á mánuði er upphæðin heilar 1.267 kr.

Sami einstaklingur sem hefur árslaun upp á 3,5 milljónir fær út úr tillögum ríkisstjórnarinnar tekjuauka upp á 6,7% á ári eða 166 þús. kr. árið 2007, sem gerir 13.833 kr. á mánuði. Ef viðkomandi er að greiða af námslánum fær hann til viðbótar 35 þús. kr. á ári í ráðstöfunarfé vegna lækkunar á endurgreiðslu námslána. Þótt upphæðin í matarinnkaup þessa einstaklings væri hækkuð verulega þá kæmist þetta ekki nálægt tillögum ríkisstjórnarinnar í tekjuauka á ári *hverju*.

Tekjuauki skattaaðgerða ríkisstjórnarinnar er margfalt meiri en að lækka eingöngu virðisaukaskatt á matvælum. Við skulum ekki gleyma því að tillögur ríkisstjórnarinnar miða að því að koma ávinningum beint til fólksins án milliliða. Ef farið verður út í að lækka virðisaukaskatt á matvælum mun sú lækkun fara í gegnum sjóði smávöruverslunar í landinu áður en hún skilar sér til neytenda. Ríkisstjórnin hefur því valið þá leið að skila peningunum beint til fólksins.

Virðulegi forseti. Varðandi eignarskattinn hefur verið algengur misskilningur að einungis hátekjufólk og auðmenn greiði þann skatt. Ef við lítum á hverjir greiða þennan skatt kemur í ljós að 46% skattsins er greiddur af fólki 61 árs og eldra og meiri hlutinn af fólki sem er komið yfir sjötugt. Meginþunginn lendir á þeim sem hafa eina og hálfa milljón kr. í árstekjur eða minna og það eru ekki hin breiðu bök í samfélaginu.

En hver skyldi skýringin vera? Jú, margt eldra fólk býr eðlilega í skuldlausu eða skuldlitlu húsnæði. Þetta getur því ekki talist eðlilegur skattur þar sem eignirnar mynda í fæstum tilvikum tekjur en fólk hefur þurft að standa skil á skattinum af öðrum tekjum sem oft eru ekki miklar hjá eldri borgurum líkt og kom fram hjá Landssambandi eldri borgara í heimsókn hjá hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Á sínum tíma þegar fjármagnstekjuskatturinn var tekinn upp skilst mér að víðtæk samstaða hafi verið um það hér að fella niður eignarskattinn. Eðlilegt var talið að skatturinn væri lagður á fjármagnið en ekki eignina sjálfa.

Virðulegi forseti. Hækkun barnabóta er áætluð um 2,4 milljarðar kr. Bæturnar hafa verið hækkaðar um 4,5 milljarða frá árinu 2000, sem er tvöföldun. Hækkunin nú kemur öllum barnafjölskyldum til góða.

Árið 1994 nam tekjuskerðing barnabóta með þremur börnum 18% auk þess sem 4% bættust við með hverju barni umfram það. Skerðingarmörk tekna námu 570 þús. kr. á ári fyrir einstætt foreldri. Samkvæmt tillögum *ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir* að tekjuskerðing barnabóta geti aldrei orðið hærri en 8% og að skerðingarmörk tekna hækki um 50% frá því ári, í 1.116 þús. kr., eða verði tvöfalt hærri en árið 1994. Dregið er verulega úr tekjutengingu í sambandi við barnabæturnar en hún var orðin allt of mikil. Við förum þá leið að hækka bæturnar verulega fyrir yngstu börnin eða um 45%. Einnig var valið að draga úr tekjutengingum því það kemur sér best fyrir fjöldann.

Mig langar í þessu tilliti, virðulegi forseti, að minnast á hve fróðlegt er að skoða stefnuskrá Samfylkingarinnar, en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Annars vegar hyggst Samfylkingin minnka skattbyrði og draga verulega úr jaðarskerðingum hjá millitekjufólki,

sérstaklega barnafólki sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið."

Virðulegi forseti. Þetta þykir mér afar fróðlegt að lesa, sérstaklega í ljósi umræðu hv. þingmanna Samfylkingarinnar um tillögur okkar í skattamálum. Hvað erum við að gera annað en þetta? Við erum að minnka skattbyrði, við erum að draga úr jaðarskerðingum og við erum sérstaklega að hjálpa barnafólki sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Þetta gæti ekki farið betur saman.

Svo að við höldum áfram þá lofaði Samfylkingin í kosningabaráttunni að lækka skatta. Tillögur hennar voru sagðar kosta ríkissjóð allt að 20 milljarða kr. en líklega hefði sú upphæð orðið mun hærri. (**Gripið fram í:** 16.)

En hvað gerist nú? Samfylkingin slær úr og í og svo virðist sem skattalækkunarloforðin hafi verið numin úr gildi sem stefna Samfylkingarinnar strax eftir kosningar.

Eins og ég sagði áðan slær Samfylkingin úr og í í skattamálum. Það er engin leið að átta sig á því hvað flokkurinn vill í dag. Kannski vill hv. þm. Össur Skarphéðinsson upplýsa hér og nú hvað símastrákurinn heitir sem sagði fyrir kosningar að flokkurinn vildi ekki lækka matarskattinn. Það væri mjög æskilegt ef þessi símastrákur Samfylkingarinnar gæfi sig fram því að hann virðist vera eini samfylkingarmaðurinn sem getur talað hreint út um skattamálin og svarað því vafningalaust hvað flokkurinn vill gera. Það hefur annar strákur úr Samfylkingunni verið í umræðunni sem hefur verið nefndur götustrákur. Það er kannski hugsanlegt að þetta sé sami maðurinn.

Ég minni á að nýlega spurði fréttamaður Stöðvar 2 hv. þm. Össur Skarphéðinsson hvort hann hefði lofað skattalækkunum og spurði hvort hann hefði ekki ætlað sér að standa við þær, hvað Össur Skarphéðinsson hefði gert.

Formaður Samfylkingarinnar svaraði þessu, með leyfi forseta:

„Ég hugsa að ef að aðstæður hefðu boðið upp á það ... hefðum við notað töluvert af því svigrúmi sem að kann að skapast ... til þess að lækka skatta."

Virðulegi forseti. Þetta eru mjög sérstök ummæli í ljósi þess sem stendur í Morgunblaðinu 12. apríl 2003 og vitna ég aftur til hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrsta verk Samfylkingarinnar eftir kosningar verður því að leggja fram frumvarp um tafarlausa hækkun á skattfrelsismörkum."

Ég segi bara, virðulegi forseti: Hvers lags samhengi er þetta? Má ég biðja hv. þm. Össur Skarphéðinsson um að gefa okkur samband við símastrákinn svo við getum áttað okkur á því hvað hann er að fara og fyrir hvað Samfylkingin stendur í skattamálum?

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt í umræðunni að horfa á heildarmyndina. Við vitum að ef hv. stjórnarandstaða hefði verið í ríkisstjórn síðustu ár værum við ekki að horfa upp á þetta svigrúm til skattalækkana. Það þarf ekkert að fjölyrða neitt um það mál. Meginástæðan er sú að það eru aukin umsvif í atvinnulífinu og á ég þá sérstaklega við stóriðju og virkjanaframkvæmdir. En samhliða þeim hefur verðmætasköpun í landinu vaxið gríðarlega og við höfum það svigrúm sem við þurfum til að koma tekjuaukanum til fólksins í landinu.

[15:02]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur hefur verið tíðrætt um það í dag að Framsóknarflokkurinn og ríkisstjórnin séu að forgangsraða rétt. Í andsvari í dag orðaði hún það þannig að þetta væri aldeilis forgangsröðun í lagi.

Mig langar að lýsa mig aldeilis ósammála því, vegna þess að ég tel að verið sé að fara afar óréttláta leið og langar að taka dæmi um hina svokölluðu réttu forgangsröðun Framsóknarflokksins.

Mig langar að taka dæmi um lækkun tekjuskatts um 1% á næsta ári. Ég á vinkonu sem er með um 150 þús. kr. á mánuði. Hún er einstæð móðir eins og ég nema ég sit á þingi. Skattalækkunin mun færa mér sjö sinnum hærri upphæð á ári í auknar ráðstöfunartekjur, sjö sinnum hærri upphæð á ári en einstæðri móður með 150 þús. kr. á mánuði.

Virðulegi forseti. 150 þús. kr. einstæða móðirin mun fá óverulega upphæð á ári í auknar ráðstöfunartekjur verði þessi leið farin. Einstæð móðir sem situr á þingi mun hins vegar fá verulega upphæð, eða sem nemur góðri utanlandsferð árlega.

Hér hefur mikið verið rætt um barnabætur. Þá skyldi maður ætla að 150 þús. kr. einstæða móðirin fengi einhverja bót mála sinna þar, en það verður ekki gert fyrr en árið 2006 og 2007. Þá mun einstæða móðirin með 150 þús. kr. aðeins fá 65% af þeirri aukningu sem breytingin skilar sér til einstæðrar móður sem situr á þingi.

Mig langar að spyrja hv. þingmann: Er þetta í alvöru forgangsröðun í lagi í augum hennar?

[15:04]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, ég tel að forgangsröðun ríkisstjórnarflokkanna í skattamálum sé rétt og hef útlistað það og fært fyrir því rök af hverju það er.

Tökum aftur upp barnabæturnar, 2,4 milljarðar kr. fara núna aukalega í barnabætur. Við erum að hækka bótaflokkana, við erum að hækka tekjuskerðingarmörkin og við erum að lækka skerðingarhlutfallið. Þetta tel ég vera gríðarlega mikilvæga leið til þess að jafna stöðuna og koma til móts við tekjulága í landinu.

Hv. stjórnarandstaða hefur gagnrýnt að við séum í aðgerðum sem gagnast fyrst og fremst eignafólki og hátekjufólki. Þetta er ekki rétt. Ef við tölum bara um eignarskattinn kemur hann sér vel fyrir eldri borgara og við höfum farið í gegnum stöðu eldri borgara í landinu, þeir hafa ekki breið bök. Fram kom í umsögnum Landssambands eldri borgara í hv. efnahags- og viðskiptanefnd að þeir eru mjög meðmæltir breytingunni, vildu reyndar helst fá hana strax um áramótin. Landssamband eldri borgara talaði fyrir hönd fólks sem hefur lítil laun og telur forgangsröðun okkar vera rétta. Ég ítreka því orð mín að við höfum forgangsraðað rétt.

[15:06]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá hópur sem ég var að tala um er hópur sem ég og hv. þm. Dagný Jónsdóttir tilheyrum báðar en það er hópur ungs fólks sem er talsvert skuldsett. Sá

hópur greiðir ekki eignarskatta, sú breyting mun ekki koma honum til góða.

Hins vegar vil ég ítreka enn og aftur að það er skoðun mín að það sé óréttlát leið að fara þannig að skattalækkun í samfélagi þar sem bilið milli hina efnaminni og hinna efnameiri fer stöðugt breikkandi, það sé ósanngjörn leið að einstætt foreldri sem situr á Alþingi Íslendinga fái sjö sinnum meira út úr skattalækkun ríkisstjórnarinnar en einstæð móðir með 150 þús. kr. og fái að auki 35% meira út úr breytingum á barnabótakerfinu. Þetta þykir mér verulega óréttlátt og það er þetta sem ég vildi ræða við hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, þ.e. skuldsetta unga fólkið sem er í þeirri stöðu sem ég hef reifað.

[15:07]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir talar um skuldsetta unga fólkið. Ég held að þetta sé nákvæmlega hópurinn sem hæstv. ríkisstjórn horfir til um þessar mundir. Hvað horfum við fram á? Vextir í landinu eru að lækka. Við viljum meina að kosningaloforð Framsóknarflokksins fyrir síðustu kosningar um að koma á 90% húsnæðislánum eigi verulega stóran þátt í því. Ég held að þetta tækifæri fyrir unga fólkið að geta endurfjármagnað lánin sín og lækkað greiðslubyrðina sé alveg gríðarlega stórt mál fyrir ungt fólk, af því að hv. þingmaður talaði um skuldsett ungt fólk.

Lækkun endurgreiðslubyrði námslána hittir nákvæmlega (Gripið fram í.) í mark hjá ungu fólki. Við verðum að horfa á heildarmyndina, við verðum að horfa á allar aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar og þetta er hluti af þeim.

[15:08]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var aðeins ein spurning sem mig langaði að leggja fyrir hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, sem er jafnframt varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar og landsbyggðarþingmaður eins og ég. Það er spurning um það hvort skoðað hafi verið innan efnahags- og viðskiptanefndar hvernig skattalegu áhrifin koma út fyrir alla Íslendinga. Þá á ég við: Var borið saman hvernig þetta kemur út fyrir höfuðborgarbúa á móti landsbyggðarbúum?

Það er mjög mikilvægt að fá þetta fram vegna þess að við tölum oft um að skoða hvernig lög koma fram fyrir sveitarfélög og því langar mig að spyrja eftir þessu. Var þetta skoðað? Erum við að lækka skatta sem gagnast öllum landsmönnum eða bara hluta þeirra?

[15:09]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við lítum svo á að tillögur ríkisstjórnarinnar gangi jafnt yfir alla. Þessi hópur var ekki tekinn sérstaklega út úr, en við skoðuðum hann sérstaklega gagnvart eignarskattinum. Þar er gríðarlega mikill munur á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni vegna þess að eignirnar hér eru verðmætari eins og við þekkjum úr kjördæmi okkar, hv. þm. Kristján L. Möller, og kannski mesti munurinn þar.

Einnig þekkjum við að úti á landi eru víða lágtekjusvæði og eðlilegt að þeir sem greiða hæstu skattana fái mest til baka vegna þess að þeir eru með hæstu launin. Þetta lækkar sem því nemur. En tekjuskattslækkunin er einnig atvinnuhvetjandi, þannig að við vonumst auðvitað til þess að hún hafi þau áhrif líka.

Ég ítreka að munurinn á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar varðar sérstaklega eignarskattinn.

[15:10]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka fyrir svarið. Þetta er ákaflega mikilvægt og er það sem við vitum með breytinguna á eignarsköttum.

Hv. þingmaður talar um að þeir sem borga mestu skattana fái mesta lækkun. Það er auðvitað rétt. Landsbyggðarbúar borga nefnilega allt öðruvísi skatta en höfuðborgarbúar. Við borgum m.a. skatta af flutningum og flutningsstarfsemi og þeir eru mjög háir. Eignarskattslækkunin sem verið er að tala um mun gagnast höfuðborgarbúum upp á 1.700 millj. kr. meðan íbúar Norðausturkjördæmis munu lækka í eignarskatti upp á 122 millj. kr., vegna tekjuársins 2003.

Þetta er ákaflega mikilvægt og þess vegna segi ég: Þær aðgerðir sem hér eru gagnast ekki landsbyggðarbúum vegna þess, eins og hv. þm. sagði áðan, að landsbyggðarbúar borga ekki háa eignarskatta vegna þess að, eins og byggðastefnan hefur verið rekin, eignir eru lágt skrifaðar. Þess vegna græða landsbyggðarbúar ekki á þessu. (Forseti hringir.)

En hv. þingmaður gat um hina háu skatta, (Forseti hringir.) það er flutningskostnaður. Þess vegna spyr ég: Kom ekki til tals að gera eitthvað fyrir (Forseti hringir.) landsbyggðarbúa eins og með lækkun skatta af flutningastarfsemi?

[15:11]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir áhyggjur hv. þm. Kristjáns L. Möllers varðandi flutningskostnaðinn. Það er bara allt annað viðfangsefni og ekki í skattatillögum ríkisstjórnarinnar. Það er eitthvað sem við verðum að taka upp síðar.

Það er mikil einföldun að taka bara eignarskattinn út eins og hv. þingmaður gerir og ræða ekki um hinar tillögurnar. Hinar tillögurnar koma fólki á landsbyggðinni einnig til góða. Við skulum ekki halda að allir séu undir ákveðnum mörkum í launum á landsbyggðinni. Þar er líka t.d. menntað ungt fólk sem greiðir af námslánum sínum og tekjuskattslækkunin mun koma þeim til góða.

Sem betur fer á fólk úti á landi börn og hækkun barnabóta mun koma því til góða. Ég held því að hér sé um gríðarlega einföldun að ræða af hálfu hv. þingmanns.

[15:12]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef orðið miklar áhyggjur af Framsóknarflokknum. (Gripið fram í.) Hann var upphaflega stofnaður sem félagshyggjuflokkur en hann er búinn að lafa svo lengi niður úr Sjálfstæðisflokknum sem botnlangi hans að hann er að verða eins og Sjálfstæðisflokkurinn. Hann er að verða, eins og Hannes Hólmsteinn Gissurarson, helsti hugmyndafræðingur Sjálfstæðisflokksins, sagði um árið, eins

og útgáfa af Sjálfstæðisflokknum og ætti bara að renna inn í hann.

Fram kemur í ræðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur að hún hefur alveg gleymt því að upphaflega var Framsóknarflokkurinn þeirrar skoðunar að skattkerfið ætti að nota til jöfnunar. Hún kemur hingað og heldur ræðu sem að 2/3 hlutum er árás á matarskattinn. Það liggur alveg ljóst fyrir að sú skattaaðgerð hefur mest jafnandi áhrif. Eigi að síður voru 2/3 hlutar af ræðu hv. þingmanns ekkert annað en samfelld árás á lækkun matarskattsins og fram kom í máli hv. þingmanns að það er fjarri því að það sé í forgangi hjá Framsóknarflokknum að lækka matarskattinn.

Það er ekki í forgangsröð þess flokks, sagði hv. þingmaður fyrr í dag. Maður veltir því fyrir sér hvað sé í forgangsröð Framsóknarflokksins. Er það að bæta kjör barnafjölskyldna? Já, segir hv. þm. Dagný Jónsdóttir, en hún getur ekki sýnt okkur barnakortin sem hún lofaði. Hún getur ekki neitað því að Framsóknarflokkurinn hefur plokkað 10 milljarða af barnafjölskyldum í landinu.

Er það að bæta kjör atvinnulausra? Já, segir hv. þm. Dagný Jónsdóttir. En hún getur samt ekki neitað því að í tíð Framsóknarflokksins hefur verið skorið af vesaldarlegum tekjum atvinnulausra sem svarar tveggja mánaða bótum.

Mig langar að lokum að víkja aftur að matarskattinum. Hvers vegna er Framsóknarflokkurinn svo eindregið á móti lækkun matarskattsins?

[15:15]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta fer að verða fastur liður hjá mér og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að kíta um matarskattinn, en hann hefur greinilega ekki tekið alveg nógu vel eftir því sem ég sagði í ræðu minni um að við værum búin að forgangsraða en ef svigrúm skapast er mjög eðlilegt að farið verði í matarskattslækkanir. Það er bara ákveðin vinna sem þarf að vinna áður. Það stendur í stjórnarsáttmála að það eigi að endurskoða virðisaukaskattskerfið. Við höfum aldrei gefið út að við séum á móti því að lækka virðisaukaskatt af matvælum, það er útúrsnúningur.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson segir að það eigi að vera forgangsmál. Ég ítreka þær tölur sem ég fór með í ræðu minni áðan, hvort það sé virkilega forgangsatriði hjá Samfylkingunni að t.d. einhleypur einstaklingur fái um 1.300 kr. á mánuði í vasann vegna lækkunar matarskatts, en aðgerðir okkar gefa honum 14 þús. kr. Þá tökum við ekki inn í ef viðkomandi hefur ákveðið að ganga menntaleiðina og greiðir af námslánum, (Gripið fram í.) þá eru þetta um 3 þús. kr. til viðbótar á mánuði.

Ég tel afar einkennilega forgangsröðun að ætla að raða þessu svona og ítreka að forgangsröðun hæstv. ríkisstjórnar liggur fyrir. Það er lækkun skatthlutfalls, hækkun persónuafsláttar, hækkun barnabóta og niðurfelling eignarskatts. Ég tel að það sé algjör óþarfi hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að hafa áhyggjur af Framsóknarflokknum þó við kunnum að meta velvild hans í garð flokksins. Við höfum ekki farið neitt af leið og tel ég þetta vera mikla jöfnunaraðgerð.

[15:16]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Ég ber umhyggju fyrir Framsóknarflokknum vegna þess að við teljum til ákveðins skyldleika við hann, alveg eins og fálkinn er skyldur rjúpunni eins og sést á hjartalagi beggja. Ég gef hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur falleinkunn fyrir pólitíska stefnu, en hún fær 10 frá mér fyrir pólitískan ærleika. Hún kemur hingað og segir hreint út að hún sé ósammála hæstv. landbúnaðarráðherra og varaformanni Framsóknarflokksins, Guðna Ágústssyni. Guðni Ágústsson sagði um daginn í útvarpi að víst vildi Framsóknarflokkurinn stefna að því að lækka matarskattinn. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir kemur og segir það ærlega að hún sé annarrar skoðunar en varaformaður Framsóknarflokksins, hún telji að það eigi ekki að vera í forgangsröð hjá Framsóknarflokknum. Það er ærlegt af henni að segja það og þá vitum við líka að það er Framsóknarflokkurinn sem stöðvar lækkun matarskattsins. Hæstv. fjármálaráðherra Geir H. Haarde sagði í sjónvarpsþætti: Við vildum lækka matarskattinn um 4%, Framsóknarflokkurinn vildi fara aðra leið. Þetta sagði hæstv. fjármálaráðherra og (Forseti hringir.) nú hefur hv. þm. Dagný Jónsdóttir (Forseti hringir.) staðfest þetta. Hún er ekki á sömu skoðun og varaformaður Framsóknarflokksins.

(**Forseti** (ÞBack): Ég bið hv. þingmenn að virða ströng tímamörk.)

[15:18]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við séum komin á þann tímapunkt að hafa verulegar áhyggjur af málflutningi Samfylkingarinnar. Það virðist ekki skipta nokkrum sköpuðum hlut þó við komum öll upp aftur og aftur í andsvör til að leiðrétta hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Við erum ekki á móti lækkun matarskatts. (Gripið fram í.) Nei, það er ekki rétt, hv. þingmaður. Ég held að það sé ekkert hægt að koma upp aftur og aftur — þetta virðist ekki ætla að komast inn hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og vonandi veit fólk betur.

Ég vil rétt í lokin, virðulegi forseti, skerpa á því, vegna þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson talar um jöfnunaraðgerð, að í tíð Alþýðuflokks í ríkisstjórn árin 1991–1995 þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson var ráðherra lækkuðu barnabætur um 1 milljarð eða um 12%. Ég held (Gripið fram í.) að hv. þm. Össur Skarphéðinsson ætti að hafa það hugfast.

[15:19]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Í gærdag nýtti ég hluta úr degi í samræður við roskna frú úr Vesturbænum. Frúin hafði samband við mig eftir að hafa lesið grein sem ég fékk birta á síðum Morgunblaðsins fyrir nokkrum dögum. Greinin fjallar um kjör eldri borgara. Hún opnaði samræðurnar á því að lýsa yfir ánægju sinni með greinina. Hún gladdist yfir áhuga mínum á málefnum sem snúa að kjörum eldri borgara. Við ræddum saman í dágóða stund. Ég þarf varla að tíunda hér í ræðustól Alþingis hversu döpur þessi ágæta kona er yfir

áformum ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Tekjur hennar losa rétt 100 þús. kr. á mánuði. Hún greiðir húsaleigu fyrir húsnæði, á erfitt með gang og þarf því að reka bifreið. Skattaáform ríkisstjórnarinnar skila konunni u.þ.b. 1 þús. kr. aukalega á mánuði í budduna. Það er hvorki blóm í haga né skælandi hamingja hjá vinkonu minni í Vesturbænum sem óskar þess eins að geta notið menningar í borginni. Hún getur ekki leyft sér að komast í leikhúsið fyrir þá aumu kjarabót sem bíður hennar eftir þessar skattalækkanir.

Samkvæmt upplýsingum frá Landssamtökum eldri borgara hafa u.þ.b. 11 þús. eldri borgarar tekjur undir 112 þús. kr. á mánuði. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að einhenda sér í flata lækkun á tekjuskattsprósentu, en samkvæmt frumvarpinu munu þau áform kosta ríkissjóð eina 16 milljarða kr.

Það eru góð tíðindi þegar rými skapast til skattalækkana. Hins vegar deili ég á ríkisstjórnina fyrir framkvæmdina er snýr að tekjuskattinum. Breytingar á eignarskatti og áformin um barnabæturnar eru góðra gjalda verðar.

Síðustu daga hef ég notað tækifærið og leitað álits hjá fólki á skattaáformum ríkisstjórnarinnar. Ég spurði fólkið hvort nýta ætti 16 milljarðana með þeim hætti sem ríkisstjórnin áformar eða með þeim hætti að dreifa þeim jafnt yfir í krónum talið til fólksins í landinu, til að mynda með hækkun skattleysismarka.

Fólkið sem ég ræddi við hefur millitekjur og þar yfir, eða frá 250–600 þús. kr. á mánuði. Þetta fólk dreifist yfir hið pólitíska litróf og eins og tekjur þeirra endurspegla er ljóst að fleiri krónur kæmu í vasa þeirra ef leið ríkisstjórnarinnar yrði valin. Svör þeirra voru einróma. Þau vilja láta skattalækkunina jafnt yfir ganga.

Mín tilfinning er sú að fólkið í landinu búi almennt yfir þeim sóma að vilja þeim efnaminni vel. Samhugur og réttlætiskennd einkenndu svör viðmælenda minna. Þeim finnst sárt að sjá náungann í neyð og vilja því að sjálfsögðu stíga það skref að tryggja öllum Íslendingum sömu krónutöluna út úr fyrirhuguðum skattalækkunum.

Ég geri mér ekki fulla grein fyrir í hvaða veröld þingmenn stjórnarliðana lifa en viðmælendur mínir, vinnandi fólk á besta aldri, vilja aðstoða þá sem minna mega sín í okkar ríka landi. Samhugur og samkennd Íslendinga hefur ávallt verið einkenni þjóðar okkar á erfiðum tímum. Í því ljósi er mér skylt að minna á þá staðreynd að u.þ.b. 30 þús. Íslendingar lifa í dag undir fátæktarmörkum. Það eru sannarlega erfiðleikar víða í þjóðfélaginu. Á þeim forsendum get ég ekki stutt áform ríkisstjórnarinnar um flata lækkun tekjuskattsprósentu.

Frjálslyndi flokkurinn boðar einfaldleika í skattamálum sínum. Við búum ekki yfir her lögfræðinga, viðskiptafræðinga né hagfræðinga eins og ráðuneyti ríkisstjórnarflokkanna búa yfir. Við erum ekki mötuð daglega af tölulegum eða sögulegum upplýsingum, súluritum eða prósentum. Við reynum eftir mætti að nálgast fólkið í landinu. Við erum ekki einangruð frá samfélaginu, heldur erum við í beinni tengingu við landann sem færir okkur þá vissu hvert fara skal með skattamál þjóðarinnar. Við viljum réttlæti og að sama skapi að skynsemi ráði ferðinni.

Það er skynsemi í efnahagslegum skilningi að bjóða fólki mannsæmandi kjör. Frjálslyndi flokkurinn vill nýta skattasvigrúmið með þeim hætti að allir Íslendingar fái sömu krónutölu í vasann. Við viljum hækka persónuafsláttinn um 10 þús. kr. Við erum ekki andvíg því að mæta barnafjölskyldum með auknu svigrúmi. Einnig er ég sammála ríkisstjórninni er varðar breytingar á eignarskatti, nema ef vera skyldi að breytingarnar taki gildi strax á næsta ári en það vantar upp á. Það er útlit fyrir hækkun á fasteignaverði og má því ljóst vera að eignarskatturinn mun hækka 11% umfram launavísitöluna á næsta ári.

Virðulegi forseti. Eitt ár er mjög dýrmætt ár fyrir eldri borgara. Fátæktin elur af sér stórkostlegan kostnað fyrir íslenskt samfélag. Hæstv. forsætisráðherra kvartaði undan álögum í velferðarkerfinu í stefnuræðu sinni frá því fyrr í haust. Hann talaði um tvöföldun öryrkja á einungis tíu árum. Einmitt í þeim orðum glittir í kjarnann á skynsemisskorti ríkisstjórnarinnar hvað þetta varðar. Ríkisstjórn Íslands elur af sér stórkostlegan kostnað með því að hunsa aukna fátækt í landinu. Hún hunsar fjárhagserfiðleika tugþúsunda Íslendinga eins og endurspeglast í skattafrumvarpinu, sem og aftengingu vísitölu á skattleysismörkin árið 1998. Fólk bugast. Það bugast við það fátæktarumhverfi sem ríkisstjórn Íslands hefur skapað.

Umræðan um skattamál endurspeglar að stórum hluta allt svið hinnar pólitísku umræðu. Skattar nýtast til að halda uppi velferðarkerfinu og almennri stjórnsýslu í landinu. Að sjálfsögðu er mikilvægt að efnahagslegur stöðugleiki ríki í landinu svo almennt verðlag, hagvöxtur og kaupmáttaraukning verði raunin. Í fyrsta skiptið í mörg herrans ár má deila á hagstjórn stjórnarflokkanna.

Verðbólguspár Seðlabanka Íslands og hækkun á stýrivöxtum bankans hefur leitt til alvarlegra áhrifa í íslensku atvinnulífi. Framleiðslufyrirtæki, íslenskur iðnaður og útflutningur á undir högg að sækja vegna gengisþróunar íslensku krónunnar. Tekjuhlið atvinnuveganna fer dvínandi í slíku umhverfi og hætt er við að smærri og meðalstór fyrirtæki sem ekki búa yfir lántökum í erlendri mynt fari unnvörpum um koll á næstu missirum. Það er döpur hagfræði að letja atvinnuvegina á sama tíma og tekjur vantar í þjóðfélagið. Neysluna og verðbólguna verður að hemja og einmitt á því sviði á ríkisstjórnin að sýna fordæmi.

Í stað þess að hvetja ungt fólk í landinu til mikilla lántaka á ríkisstjórnin að róa umhverfið. Nú er svo komið að Íbúðalánasjóður hefur valið sparisjóðina til að keppa við önnur fyrirtæki á markaði. Mér er spurn hvað sjálfstæðismönnum finnst um þessa þróun. Hvernig stendur á aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar á ótrúlegu innstreymi erlends lánsfjár til viðskiptabankanna? Er það ekki rétt skilið hjá mér, virðulegi forseti, að Seðlabanki Íslands sé undir forsætisráðuneytinu og Íbúðalánasjóður heyri undir félagsmálaráðuneytið? Framsóknarmenn stýra þessum tveimur ráðuneytum. Framsóknarflokkurinn er laginn við að eyða peningum en því miður hafa þeir aldrei skilið hugsunina um hvernig skal afla þeirra.

Virðulegi forseti. Íslendingar verða að auka útflutningstekjur sínar. Við verðum að bretta upp ermar og fara að vinna í stað þess að eyða. Við eigum að hvetja ungt fólk til að gæta aðhalds og færa því tækifæri í stað ölmusu. Með öðrum hætti get ég varla séð hvernig skal landa 22 milljarða kr. skattapakka.

Við verðum að horfa til breytinga á Hafrannsóknastofnun Íslands en hún, ásamt íslensku ríkisstjórninni, heldur tekjum íslensks sjávarútvegs í heljargreipum. Í dag seljum við sjávarafurðir fyrir 120 milljarða kr. Með dugnaði og skynsemi getum við aukið tekjurnar strax á næstu árum um fleiri tugi milljarða íslenskra króna á ári hverju með því einu að tryggja hér skynsamlega fiskveiðistjórnun með auknu og dreifðu veiðiálagi á bolfiskstofnana.

Þegar kemur að iðnaði er íslensk þjóð illa stödd, sérstaklega er varðar fé til nýsköpunar. Ríkisstjórnin virðist blinduð af stóriðju og varla geta skilið að annar iðnaður verður að þrífast í landinu. Við eigum að tryggja menntafólki okkar tækifæri eftir menntun. Við eigum að tryggja breiðari og fjölbreyttari tekjugrundvöll. Við eigum að fjárfesta í þekkingu í stað steinsteypu. Skattfé okkar Íslendinga á ekki að nýtast í að greiða steinsteypu sendiráðsbygginga á erlendri grundu.

Virðulegi forseti. Í lok ræðu minnar vil ég beina aðvörunarorðum til sjálfstæðismanna. Sjálfstæðisflokkurinn verður að sýna styrk sinn og koma ólum á draumreið framsóknarmanna í efnahagsmálum annars er hætt við að atvinnuvegirnir í landinu stórskaðist. En atvinnuvegirnir eru einmitt undirstaða öflugs velferðarkerfis í landinu. Að sama skapi verður Sjálfstæðisflokkurinn að opna augu sín fyrir breytingum í sjávarútvegi og tryggja þeim efnaminni með einum eða öðrum hætti tryggari afkomu.

[15:29]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Gunnar Örlygsson hélt hér mikla og þrumandi ræðu og spyr í hvaða veruleika við séum. Ég vil þá spyrja hann á móti: Í hvaða veruleika er hann? Við erum að ná fram helsta baráttumáli okkar, sjálfstæðismenn, að lækka skatta og það er auðvitað sárt fyrir stjórnarandstöðuna að horfa upp á það að við göngum þannig frá þeim málum að við erum að lækka skatta öllum þorra almennings til góða.

Ég tók dæmi í morgun, af því hv. þingmaður var með aldraða í sínu dæmi, um einstakling sem aðeins er með ellilífeyri eða 1 millj. kr. í tekjur á ári og býr skuldlaus í eigin íbúð sem kostar um 20 millj. kr. Fyrir skattbreytinguna greiðir þessi einstaklingur 42 þús. kr í tekjuskatt og útsvar og 90 þús. kr. í eignarskatt. Eftir breytinguna er enginn skattur. Skatturinn er núll. Árleg aukning ráðstöfunartekna er 133 þús. kr. eða um 16%.

Ég vildi gjarnan taka hér eitt dæmi sem var í Fréttablaðinu, þ.e. að fjögurra manna fjölskylda getur klætt sig og skætt í heilt ár. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Hjón með tvö börn undir sjö ára aldri og 400 þúsund krónur í mánaðartekjur fá 400 þúsund króna ávinning af skattabreytingum ríkisstjórnarinnar þegar þær verða komnar að fullu til framkvæmda árið 2007. Inni í þessum 400 þúsund krónum er minni staðgreiðsla upp á rúmlega 244 þúsund krónur og hærri barnabætur sem nemur 156 þúsundum króna.

Fyrir 400 þúsund krónurnar getur fjölskyldan skætt sig og klætt í heilt ár, eða fyrir sem nemur 279 þúsundum króna. Að auki getur hún keypt húsgögn og heimilisbúnað ...“ (Forseti hringir.) Er þetta ekki ágóði fyrir almenning?

[15:31]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr í hvaða veruleika ég sé. Ég er í þeim veruleika að tala við fólkið í landinu, virðulegi forseti. Ég kom inn á það í ræðu minni að ég gleddist yfir því að rými væri til skattalækkana. Ég kom inn á það í ræðu minni líka að til þess að tryggja að þetta rými sé til þarf að auka veg atvinnuveganna í landinu.

Ég kom inn á það í ræðu minni áðan, og beini þá orðum mínum til hv. þm., að ég hef rætt við fólk í landinu, fólk sem er með álíka há laun og sá sem hér stendur og hv. þingmaður sem kom í andsvör við mig. Þvert á hagsmuni þeirra hafa viðmælendur mínir frekar viljað fara þá leið að hækka skattleysismörkin heldur en að eyða 16 milljörðum í að lækka tekjuskattsprósentuna. Þvert á hagsmuni þeirra, virðulegi forseti. Hvernig stendur á þessu? Getur verið að þetta fólk búi yfir réttlætiskennd? Getur verið, virðulegi forseti, að þetta fólk hafi samhug og sé ekki sama um þá efnaminni sem búa í landinu? Getur verið að þetta fólk umgangist á stundum efnaminna fólk í landinu? Getur það verið, virðulegi forseti, að stjórnarflokkarnir sem hafa verið hér við völd nú á annan áratug séu svo einangraðir frá íslensku samfélagi að þeir sjá ekki vandann í þjóðfélaginu? Er það hugsanlegt, virðulegi forseti? Ég leyfi mér að spyrja.

Hv. þingmaður víkur að eignarskattinum og þeim áhrifum sem hann hefur á kjör eldri borgara. Ég vil minna hv. þingmann á eitt að spár um hækkun á fasteignaverði eru 14% fyrir næsta ár. Mun afnám eignarskattsins taka gildi á næsta ári, virðulegi forseti? Nei, það mun ekki gera það. Með öðrum orðum: Eldri borgarar hér á landi munu greiða hærri eignarskatt fyrir árið 2005 en þeir gerðu fyrir árið 2004.

[15:34]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alltaf hægt að hreykja sér hátt og tala niður til annarra að þeir umgangist ekki fólkið í landinu. Við umgöngumst fólkið í landinu alveg eins og hv. þingmaður gerir, a.m.k. geri ég það. Hann talaði um að efla þyrfti fyrirtækin í landinu og það hefur Sjálfstæðisflokkurinn svo sannarlega gert undanfarin ár og hefur verið víttur fyrir það í sölum Alþingis. Við höfðum meira að segja forgöngu um að skapa atvinnulífinu samkeppnisfært umhverfi með því að lækka tekjuskatt úr 50% í 30% og síðan í 18%. Starfsemi fyrirtækja hefur blómstrað. Þau geta gert betur en áður við starfsmenn sína og auk þess skilað ríkissjóði meiri tekjum en þau gerðu áður. En núna er komið að hinu venjulega launafólki. Nú er búið að lögfesta afnám sérstaks tekjuskatts, hinn svokallaða hátekjuskatt sem sumir vilja hækka enn meira, hann hefur bitnað harðast á þeim sem hafa þurft að bæta við sig vinnu af einhverjum ástæðum. Þar má nefna ungt fólk sem er að koma yfir sig húsi og er að stofna fjölskyldu. Þetta er venjulegt fólk sem er að eignast íbúðir. Þó að eignarskatturinn verði ekki afnuminn fyrr en í lok næsta árs, verður hann kominn á núll árið 2006. Það skiptir mestu máli.

[15:35]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður telur ástæðuna fyrir því að ég komi hér í pontu og ræði þessi mál vera þá að ég vilji hreykja mér af einhverjum hlutum. Hverjir hafa verið að hreykja sér af þessum skattaáformum í dag? Menn hafa talað um blóm í haga, grátandi hamingju, og svo má lengi telja. Er það Sjálfstæðisflokknum að þakka, virðulegi forseti, að nú sé rúm til að lækka skatta? Er það þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að þakka að hér eigi að skapast rými til skattalækkunar? Þeir eru að hreykja sér af því á meðan kreditheiðurinn er hjá hinum vinnandi manni. Það er fólkið sem ég ræði við, virðulegi forseti.

Hv. þingmaður talar um hagfræðina og atvinnuvegina. Ég leyfi mér að efast um hæfni hennar í hagfræði, virðulegi forseti, að því leyti að hún telur ekkert vera að í núverandi hagstjórn á meðan atvinnuvegunum í landinu blæðir út af bullinu sem er í gangi.

Seðlabanki Íslands setur ekki hömlur við innstreymi fjármagns til viðskiptabankanna í landinu. Íbúðalánasjóður skellir sér í eldhaf samkeppninnar á móti viðskiptabönkunum í landinu. Er þetta stöðugleiki? Er þetta yfirveguð hagstjórn, virðulegi forseti? (Gripið fram í.) Síður en svo.

Í lokin, virðulegi forseti, vil ég minna hv. þingmann á það að í ræðu minni deildi ég fyrst og fremst á framkvæmdina er varðar tekjuskattinn. Ég talaði um að eignarskatturinn og barnabæturnar væru góðra gjalda verð, svo það komi hér fram.

[15:37]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður gat þess að 30 þúsund manns væru undir fátæktarmörkum og ber hag þess fólks fyrir brjósti. Ef þetta fólk bætir tekjur sínar, segjum að það með þrjú börn, og býr við húsaleigu, þá skerðast húsaleigubæturnar um 12%, þá skerðast barnabæturnar um 9%, og vaxtabætur ef það eru ekki í leiguhúsnæði um 7%. Ef það hefur verið námsfólk skerðast tekjurnar um 4,75% vegna endurgreiðslu af námslánum. Þetta er það sem menn kalla fátæktargildrur. Við erum að minnka þetta. Við erum að minnka þennan þröskuld og svo kemur að sjálfsögðu 38% skattur ofan á. Við erum að minnka þennan þröskuld um 4% í skattinum, 1% í barnabótunum, 1% í námslánunum. Við erum að lækka þetta. Við erum að gera þessu fátæka fólki kleift að hætta að vera fátækt. Það er markmiðið. Taka burtu þær girðingar sem loka fólk inni í fátæktargildrum.

Hv. þingmaður talaði líka um aldraða. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu greiða um 16 þúsund aldraðir eignarskatt. 10 þúsund af þeim eru með undir einni og hálfri milljón í tekjur á ári. Það er mjög þungbært að vera með lágar tekjur og borga eignarskatt af eign sem menn eiga. Ég vil nefna sem dæmi, af því að ég þekki líka fólk, að ef annað hjóna deyr og þau eiga venjulega íbúð, bara ósköp venjulega íbúð, lendir hinn aðilinn í því að eiga alla eignina ef hann situr í óskiptu búi. Þá er hann allt í einu orðinn svo auðugur að hann fer að borga eignarskatt. Ég held að eignarskatturinn sé mjög óréttlátur.

[15:39]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil varla þetta andsvar hv. þm. Péturs H. Blöndals. Ég skil það varla. Fyrri hluta andsvarsins talaði hann um barnafjölskyldur og millitekjufólk eins og það væri hluti af þeim 30 þúsund einstaklingum sem mælast undir fátæktarmörkum. (Gripið fram í.) Það eru 11 þúsund eldri borgarar í þeim hópi, virðulegi forseti. Það eru 5 til 6 þúsund atvinnulausir í þeim hópi, og það eru öryrkjar í þeim hópi. Millitekjufólk er ekki hluti af þessum 30 þúsund einstaklingum sem hv. þm. Pétur H. Blöndal var að tala um áðan. Einmitt þetta endurspeglar þann grun minn að hv. stjórnarliðar séu ekki í takt við samfélagið og tíðarandann.

Seinni hluta ræðunnar eyddi hann í að tala um eignarskattinn. Var ég að deila á eignarskattinn í minni ræðu, virðulegi forseti? Ég taldi hann góðra gjalda verðan.

[15:41]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var einmitt að koma inn á það hvernig allar þessar skerðingar á bótum plús háir skattar á það sem er umfram frítekjumarkið draga úr vilja manna til að bæta stöðu sína og hreinlega gera hana ómögulega, vegna þess að menn þurfa að bæta stöðu sína svo mikið áður en þeir fara að sjá eitthvað sjálfir. Þetta hafa menn nefnt fátæktargildru og ASÍ og fleiri hafa uppgötvað þetta, þó að hv. þingmaður hafi ekki uppgötvað það, ég ætla ekki að gera ráð fyrir að hann þekki ekki slík dæmi. En þetta er það sem menn hafa nefnt. Fólk segir: Það borgar sig ekki að taka meiri ábyrgð á sig. Það borgar sig ekki að taka á sig önnur störf eða fara í nám, vegna þess að það fer allt í skatta eða lækkun bóta. Þetta er það sem fólk segir.

Varðandi eignarskattinn vildi ég bara fá það fram sem nú hefur komið fram að hv. þingmaður styður það að leggja niður eignarskatt.

[15:42]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held þetta sé að koma heim og saman hjá hv. þingmanni, að ræða mín sé að birtast honum loks núna í öðru andsvari. Mér fannst á köflum í fyrra andsvari hv. þingmanns eins og hann hefði hreinlega ekki hlustað á ræðu mína.

Ég var ekki að deila á eignarskattinn og ég var ekki að deila á barnabæturnar. Ég var að deila á framkvæmdina á tekjuskattinum. Ég talaði um fátæktaraukningu í landinu og 30 þúsund einstaklinga sem búa við aum kjör. Nú er hv. þm. Pétur Blöndal þekktur fyrir stærðfræðikunnáttu sína og það er kannski óréttlátt af mér að leggja fyrir hann spurningu vegna þess að hann kemst ekki aftur í andsvar, en ég vil þó alla vega kenna honum þau fræði, að ef menn hækka persónuafsláttinn hjá því fólki sem er með 110 þús. kr. eða minna í tekjur á mánuði, (Gripið fram í.) þá munar það 10 þús. kr. í peningum í vasann á mánuði fyrir þetta sama fólk. Ef aftur á móti leið hans verður valin, sem er að lækka tekjuskattinn um 4% á nokkrum árum, þá mun það muna þetta fólk um u.þ.b. þúsundkall. Eru það ekki kjarabætur sem við boðum í Frjálslynda flokknum umfram það sem

Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn gera í dag, virðulegi forseti? Ríkisstjórnarflokkarnir vilja færa þessu fólki þúsund krónur á mánuð á meðan Frjálslyndi flokkurinn, með sinni einföldu skattastefnu, vill færa þessu fólki 10 þús. kr. á mánuði til tekjujöfnunar í landinu.

[15:43]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Það eru nokkur atriði sem mér finnst ástæða til að leggja áherslu á nú, í 2. umr. um frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Eitt atriði, sem aldrei er of oft minnst á, varðar m.a. heiti laganna sem ætlunin er að breyta. Lögin sem hér er fjallað um munu eftir breytingu, þegar hún nær fram að ganga, einungis nefnast lög um tekjuskatt. Þetta eru söguleg tíðindi, af því eignarskattur er afskaplega gamall skattur, var upphaflega lagður á vegna þess hve erfitt var að skattleggja tekjur manna, en eignirnar lágu nokkurn veginn fyrir. Í breyttu þjóðfélagi hefur þessi skattur síðan setið eftir sem arfur frá liðnum tíma og er á margan hátt mjög úr takt við viðhorf til skattlagningar í dag vegna þess að hann leggst á allar eignir yfir tilteknum mörkum, tiltölulega lágum mörkum, óháð því hvort þær gefa af sér einhvern arð eða ekki.

Árið 1996 var stigið það skref að skattleggja arð af eignum, þær tekjur sem menn hafa af eignum sínum, með upptöku fjármagnstekjuskatts, en eftir sat eignarskatturinn. Á síðasta kjörtímabili náði ríkisstjórnin því fram að lækka eignarskattinn verulega. Þá var jafnframt boðað að stefnt væri að afnámi skattsins. Það skref erum við nú að stíga.

Þessi skattur er arfur frá liðnum tíma. Í tilviki einstaklinga kemur hann oft mjög óréttlátlega út. Þarna er um að ræða eignir sem ekki endilega gefa af sér arð. Í mörgum tilvikum kemur þetta þannig út að vegna þess hve mörkin eru lág borgar fólk hlutfallslega háa eignarskatta af tiltölulega litlum fasteignum. Þessi skattur kemur því hart niður, fyrir utan að einnig er um ákveðna margskattlagningu að ræða þar sem fólk hefur auðvitað fyrst borgað skatta af tekjum sínum, síðan borgað skatta af vinnu og þjónustu og vörum í sambandi við að afla sér íbúðarhúsnæðis. Og loks er fólk rukkað árlega um eignarskatt af eignunum. Þessu ætlum við að breyta núna. Þótt eignarskatturinn skili ekki neitt óskaplega háum upphæðum í ríkissjóð í dag, þarna er um að ræða nokkra milljarða, þá er um að ræða verulega og mjög mikilvæga prinsippbreytingu. Þarna er verið að breyta grundvallaratriði og því ættu allir hv. þingmenn að fagna.

Þess má líka geta, sem hefur ekki verið rætt mikið, að um leið og eignarskattur á einstaklinga er afnuminn, er jafnframt verið að afnema eignarskatt á fyrirtæki. Því hafa hagsmunasamtök í atvinnulífinu lengi barist fyrir, vegna þess að eignarskattar á fyrirtæki eru nánast óþekktir í nágrannalöndum okkar. Þarna er um að ræða eitt af þeim atriðum í skattkerfi okkar sem hafa sett fyrirtæki okkar aftar á merina en fyrirtæki í samkeppnislöndunum. Það er því verulegt framfaraskref fyrir atvinnulífið að losna við þennan skatt. Þannig að hvað eignarskattinn varðar er ávinningurinn ótvíræður og skrefið sögulegt.

Varðandi tekjuskatt einstaklinga sem er kannski meginþunginn í frumvarpinu, þá er líka um stórt skref að ræða. Því þegar skattabreytingarnar, þessi fjögurra prósenta lækkun tekjuskatts einstaklinga, verða komnar til framkvæmda þá verðum við í fyrsta skipti frá upptöku staðgreiðslunnar komin niður á þann punkt sem skattlagningin var í á þeim tíma. Þetta segir sína sögu um þá óheppilegu þróun, sem var sérstaklega á fyrri hluta tímabilsins frá upptöku staðgreiðslunnar, að stjórnvöld gripu hvað eftir annað til skattahækkana. En nú höfum við í ákveðnum skrefum stigið í þá átt að færa skattlagninguna niður í það sem var 1988, þegar staðgreiðslan kom til framkvæmda. Það er líka sögulegt vegna þess að þróunin í sköttum hér á landi hefur því miður yfirleitt frekar verið upp á við en niður á við og það er sögulegt að okkur sé að takast að snúa því við. Við erum að ná verulegum árangri og við erum að snúa ákveðinni þróun við.

Þetta, virðulegi forseti, tel ég afar mikilvægt að við höfum í huga í umræðunni.

Til viðbótar þessu eru ákveðnar breytingar, sérstaklega hvað varðar barnabætur sem koma fjölskyldum í landinu til verulegra bóta. Það skref er líka mikilvægt, en ég held að í heildina sé okkur óhætt að fullyrða að hér er um að ræða stærstu skattalækkunaraðgerð í Íslandssögunni. Aldrei áður hefur verið stigið jafnstórt skref í áttina til að draga úr skattlagningu hins opinbera.

Nú skulum við velta aðeins fyrir okkur ákveðnum staðreyndum í sambandi við skattkerfið. Á undanförnum vikum og mánuðum hefur, ekki síst af hálfu hv. þingmanna Samfylkingarinnar, stundum verið óskapast yfir — í öðru orðinu er óskapast yfir sama hlut sem er síðan gagnrýndur út frá öðrum forsendum í hinu orðinu — að hlutfall samneyslu í samfélaginu hafi farið vaxandi, ég held að einhver hafi nefnt að það hafi ekki verið meira síðan 1980, þ.e. að þrátt fyrir að hlutföll ýmissa skatta hafi verið lækkuð á undanförnum árum hafa skatttekjurnar aukist. Á því er einföld skýring sem er mikilvægt að við höfum í huga í umræðunni. Það er vegna þess að skattkerfi okkar er þannig uppbyggt að stærstu skattstofnarnir eru annars vegar tekjuskattur og hins vegar virðisaukaskattur og eftir því sem tekjur aukast í samfélaginu og neysla eykst þá aukast skatttekjur ríkisins. Þetta má kalla prógressíft skattkerfi, en það felur í sér að þegar hagvöxtur ríkir og kaupmáttur ráðstöfunartekna eykst þá aukast skatttekjur ríkisins, þótt ekkert sé hróflað við skatthlutföllum. Þetta hafa jafnvel sumir hv. þingmenn Samfylkingar leyft sér að kalla skattahækkun. Það hefur verið barið á ríkisstjórninni fyrir að hækka skatta, einfaldlega vegna þess að fleiri krónur skila sér í kassann af sömu skatthlutföllum, af óbreyttum skattareglum og áður voru. Þetta er auðvitað mjög villandi vegna þess að hvort sem við tölum um skattahækkun eða skattalækkun verðum við að horfa á aðgerðir sem eru teknar hér á hinu háa Alþingi, stefnumörkun af hálfu stjórnvalda, en við getum ekki talað um afleiðingar sem koma af aukinni veltu eða auknum tekjum í samfélaginu.

Hins vegar er ég á margan hátt sammála því þegar sumir hv. þingmenn Samfylkingarinnar ræða um að samneyslan sé að verða of mikil, hlutfall samneyslunnar í samfélaginu sé orðið of hátt. Þá velti ég fyrir mér hvernig eigum við að breyta því.

Áhrifaríkasta leiðin til að breyta því er auðvitað fólgin í

að lækka skatthlutföll. Það er það sem munar mestu. Þess vegna tel ég að breytingarnar sem ríkisstjórnarflokkarnir berjast fyrir nú séu skref í rétta átt, vegna þess að til lengri tíma mun lækkun hlutfallanna skila sér í því að vöxtur samneyslunnar verði haminn. Afar mikilvægt er, virðulegi forseti, að þetta komi fram í umræðunni.

Nokkur önnur atriði er einnig vert að hafa í huga.

Við upphaf þessarar umræðu var nokkuð rætt um hagstjórnarleg áhrif skattalækkunaraðgerðanna. Það var gert í ljósi þess að nú standa yfir, og eru fram undan miklir hagvaxtartímar. Það er mikið fjármagn á ferð í samfélaginu. Það er að langmestu leyti afar jákvæð þróun. Það er jákvætt að hér eigi sér stað mikil fjárfesting, það er jákvætt að vel gangi í efnahagslífinu og það er jákvætt að meiri peningar komi inn í landið. Það á ekki að tala um slíkt eins og stórfellt vandamál, því þetta er jákvætt. Ef rétt er á málum haldið gefur þetta okkur kost á að ná stórkostlegum árangri á næstu árum.

Því hefur jafnvel verið haldið fram í umræðunni, einkum af talsmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að skattalækkunaraðgerðirnar komi á afar vondum tíma miðað við þróun í hagkerfinu. En þá er rétt að geta þess að stór hluti af þeim hagvexti og uppgangi sem við sjáum fram á núna stafar að aðgerðum í atvinnumálum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð var alltaf á móti. En látum það liggja milli hluta.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur haft áhyggjur af því að með því að lækka skatthlutföll væri verið að hleypa öllu í bál og brand í efnahagslífinu, sem yrði fyrir stórkostlegum skaða. Í staðinn hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð viljað halda skattlagningunni hárri, jafnframt því að halda útgjaldastiginu háu og halda áfram að auka útgjöld ríkissjóðs, sem gengur þvert á ráðleggingar hagfræðinga í bönkum, greiningardeildum bankanna, Seðlabankanum eða annars staðar þar sem höfuðáhersla hefur verið lögð á hve mikilvægt sé að gæta aðhalds í opinberum rekstri við núverandi aðstæður.

Fjárlögin sem við samþykktum í síðustu viku byggja á því að aðhalds sé gætt. Þau byggja á því að samneyslan vaxi mun minna en þjóðarframleiðslan þannig að hlutfallið fari minnkandi. Það er mikilvægt að við höldum okkur við það viðmið, að okkur takist að standast freistingar til að auka útgjöld, eins og sífellt koma kröfur um hér í þinginu. Stjórnarandstöðuflokkarnir á þingi, þar á meðal (Gripið fram í.) hv. þingmenn Samfylkingarinnar setja sig aldrei úr færi um að taka undir kröfur um aukin útgjöld til hinna og þessara málaflokka sem eru til umræðu. Það er sama hvað er, nánast allar fyrirspurnir sem beint er til ráðherra hér í þinginu einkennast af óskum um meiri útgjöld.

Nánast hver einasta þingsályktunartillaga sem borin er fram af þingmönnum hv. stjórnarandstöðu, felur í sér kröfur um aukin útgjöld. Svo koma sömu hv. þingmenn með heilagleikasvip og tala svona abstrakt af og til um að þeir vilji meira aðhald. Það er voðalega auðvelt að koma hér og tala abstrakt um meira aðhald, en styðja svo allar tillögur um meiri útgjöld. Þetta höfum við hlustað á hér í þinginu frá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar.

Það má segja að hv. þingmenn (**Gripið fram í:** ... er nú svolítið abstrakt hjá öðrum.) Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi þó verið samkvæmir sjálfum sér að því leyti að þeir vilja halda skattbyrðinni hárri og jafnvel halda útgjöldunum háum, en Samfylkingin vill einhvern veginn vera öllum allt, vill þegar það hentar tala fyrir aðhaldi í opinberum rekstri, vill þegar það hentar styðja hverja einustu tillögu um aukin útgjöld sem fram kemur í þinginu, og niðurstaðan verður auðvitað sú að erfitt er að átta sig á hvað sá flokkur vill. Það er heldur ekki sama hvaða talsmaður Samfylkingarinnar talar hverju sinni. Það er ekki sama við hvaða umræðu er talað. Það er eiginlega eins og þessi flokkur virðist alltaf hafa það að markmiði að vera öllum allt, en niðurstaðan verður auðvitað sú að enginn kjarni verður í stefnu hans.

Varðandi umræðuna sem hér hefur farið fram má segja að mjög hafi einkennt hana að ræðumenn Samfylkingarinnar, hv. þm. Samfylkingarinnar, hafa meira og minna reynt að drepa umræðuna á dreif. Það má hv. þm. Ögmundur Jónasson þó eiga að hann kom inn á vissan kjarna umræðunnar þegar hann gat þess í ræðu sinni í morgun að spurningar um skattamál væru auðvitað spurning um grundvallarstefnu í pólitík.

Þetta frumvarp kallar auðvitað fram umræður um grundvallarstefnu í pólitík. Það kallar fram umræður um hvort menn vilji yfir höfuð lækka skatta. Hafa menn áhuga á að lækka skatta? Hafa menn yfir höfuð áhuga á því að setja hinu opinbera einhvern ramma, að koma í veg fyrir stöðuga útþenslu hins opinbera? Það reynir á. (**Gripið fram í:** Það reynir nefnilega á.) Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur verið nokkuð samkvæm sjálfri sér í þessu máli, þó að ég sé í grundvallaratriðum ósammála stefnu flokksins, en Samfylkingin aftur á móti hefur verið afar vaklandi í þessu. Niðurstaðan hefur verið sú að þetta væri ekki á réttum tíma, þetta væru ekki réttu skattalækkanirnar, menn hafi ekki alveg treyst sér til að vera á móti eignarskattinum, en eru samt að agnúast út í afnám eignarskattsins eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði áðan. Það má eiginlega segja að menn séu að reyna að drepa málinu á dreif af því þeir leggja ekki í að taka slaginn um grundvallaratriðin. Þeir leggja ekki í að taka slaginn um prinsippin, um hvort stefna eigi að lægri sköttum í framtíðinni eða ekki.

[16:00]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú að byrja á að óska hv. þm. Birgi Ármannssyni til hamingju með skattahækkanirnar. Hann hefur um árabil, alveg frá því að hann hóf opinber afskipti af stjórnmálum fyrir tæpum 20 árum, held ég, í ungliðahreyfingu Sjálfstæðisflokksins barist mjög fyrir skattalækkunum en nú á sínum öðrum þingvetri hefur hann staðið að því með félögum sínum að hækka álögur á landsmenn um 8 milljarða ef lögð eru saman áhrifin á ríkissjóð á árunum 2004 og 2005. Það er vissulega ástæða til að taka ofan fyrir þessum stefnumiðum í starfi flokksins.

Hann talaði hér í sinni góðu og ágætlega fluttu ræðu töluvert um eignarskattinn. Mig langaði að spyrja þá sérstaklega hvort ekki væri vænlegri leið og sanngjarnari til að ná markmiðunum að hækka og breyta fríeignamarkinu til betri vegar í stað þess að afnema skattinn að fullu. Það má auðveldlega færa rök fyrir því að eignarskatturinn sé tekju-

stofn sem eigi fullan rétt á sér eins og aðrir skattstofnar, rétt eins og tekjuskatturinn og fjármagnstekjuskatturinn. Er ekki réttlátara og sanngjarnara að hækka mörkin þannig að ekki sé verið að skattleggja þá sem lítið hafa á milli handanna? Sérstaklega er talað um eldra fólk sem á húseignir, hefur lítið til framfærslu og munar verulega um að losna við eignarskattinn. Samt væri um leið hægt að halda eignarskattsnámi áfram af þeim sem eiga miklar eignir og mikla peninga og hafa vel efni á því að standa þannig undir skattinum. Er það ekki réttari nálgun að málinu en að afnema skattinn að fullu og öllu sem kemur þannig fyrst og fremst þeim til góða sem eru á okkar mælikvarða verulega efnaðir?

[16:02]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svar mitt er nei. Ég tel langeðlilegast gagnvart eignarskattinum að leggja hann niður. Ef ekki hefði verið útlit fyrir að meiri hluti næðist fyrir því hér á hinu háa Alþingi að leggja skattinn niður hefði ég stutt breytingu í átt til hækkunar fríeignamarks. Ástæðan fyrir því að ég er á móti eignarskatti er auðvitað bara sú að ég tel grundvöll þeirrar skattlagningar rangan. Ég tel að verið sé að skattleggja á röngum forsendum. Þess vegna finnst mér mikil hreinsun að því að losna við þennan skatt alfarið í staðinn fyrir að vera að hrófla eitthvað með viðmið í því sambandi.

Varðandi hinar meintu skattahækkanir sem hv. þingmaður vék að og sumir hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa áður vikið að verð ég að segja að þarna finnst mér menn vera að seilast ansi langt, ég get ekki sagt annað. Ég hef reyndar ekki farið yfir þessa liði krónu fyrir krónu en það er verið að vísa, að því er mér sýnist, í öllum tilvikum til þess að verið er að hækka gjöld, hækka skatta, vissulega, til að nálgast þær breytingar sem orðið hafa á vísitölu. Það gerist ekki í öllum tilvikum. Í mörgum tilvikum, t.d. eins og í frumvarpinu um aukatekjur ríkissjóðs sem nú er búið í 2. umr., er held ég hvergi, kannski í einu tilviki eða tveimur af 300, verið að nálgast vísitölubreytingar frá því að þessum gjöldum var síðast breytt.

Ástæðan fyrir því að ég styð þetta er sú að ekki er búið að taka pólitíska ákvörðun um að afnema þetta sem tekjustofna. Þetta eru áfram tekjustofnar ríkisins og ég tel ekki óeðlilegt að þeir haldi nokkurn veginn í við einhverja verðlagsþróun. Þeir gera það samt yfirleitt ekki, við skulum hafa það í huga. Ég er hins vegar tilbúinn að ræða það með hvern og einn tekjustofn, eins og um eignarskattinn, hvort yfir höfuð sé ástæða til að viðhalda honum.

[16:05]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Vissulega er verið að hækka skatta, sagði hv. þingmaðurinn, og ég tek undir það. Til dæmis voru þeir að hækka brennivínsskattana og auka þannig forræðishyggjuna hér í samfélaginu með alveg fáheyrðum og fáránlegum hætti að mínu mati. Þessi afskipti stjórnvalda í gegnum verðlag af því hver drekkur hvað eru náttúrlega fáránleg og undrunarefni að jafnfrjálslyndur maður og hv. þm. Birgir Ármannsson skuli láta hvarfla að sér að standa að slíkri undarlegri forræðishyggju.

Aftur að eignarsköttunum sem koma vel til greina að mínu mati sem og það að hækka fríeignamarkið. Sem dæmi um skattinn er lækkun á eignarskatti alls tæplega 3,5 milljarðar og þar af er lækkun á eignarskatti á lögaðila, sem sagt fyrirtæki, 1.362 millj.

Er ekki nóg búið að lækka álögurnar á fyrirtækin í gegnum lágan fjármagnstekjuskatt? Er ekki óþarfi að vera að hygla fyrirtækjunum og hinum ofsaríku með því að afnema eignarskatt af öllu?

[16:06]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi það í ræðu minni áðan að eignarskattur á fyrirtæki er nánast óþekktur í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Margoft hafa Samtök atvinnulífsins bent á að það væri mikil hreinsun af því að losna við þennan skatt til að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs í samanburði við fyrirtæki í öðrum löndum. Þetta er atriði sem hefur m.a. áhrif á það hvar fyrirtæki staðsetja sig. Þetta skiptir máli af þeim sökum. Þess vegna undrast ég að hv. 7. þm. Suðurk. skuli gera lítið úr þessari mikilvægu breytingu. Hún er kannski ekki svo stór í milljörðum talið en hún skiptir máli fyrir fyrirtækin í landinu.

Varðandi hina ofsaríku sem nefndir voru hygg ég að hinir ofsaríku séu þeir sem alltaf finna sér leiðir til að bjarga sér hvert sem skattkerfið er. Staðreyndin er sú að þegar stjórnmálamenn hafa samið reglur sem ætlað er að ná í peninga frá hinum ofsaríku hafa hinir ofsaríku yfirleitt sloppið en byrðarnar lent á venjulegum launþegum, (Forseti hringir.) venjulegu millitekjufólki og launþegum í landinu.

[16:07]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í samanburði við þau lönd sem Íslendingar iðulega bera sig saman við, Norðurlöndin og ýmis ríki í vestanverðri Evrópu, er skattstig hér á landi lágt, það er mun lægra en gerist annars staðar. Það er alveg rétt að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur efasemdir um að við getum leyft okkur að fara neðar með þetta skattstig, hina almennu skattheimtu í landinu.

Hvers vegna skyldi það vera? Það er vegna þess, og um það snýst hinn pólitíski ágreiningur í landinu, að við viljum að sú samfélagsþjónusta sem við öll, hvar í flokki sem við stöndum, erum sammála um að sé við lýði í landinu í einu eða öðru formi verði fjármögnuð í gegnum skattheimtuna, gegnum almannasjóð, í stað þess að fara hina leiðina, hina pólitísku leiðina og láta notandann borga beint. Um þetta snýst hinn pólitíski ágreiningur, hvernig eigi að greiða fyrir þá samfélagsþjónustu sem við erum öll sammála um að sé við lýði í einhverju formi. Það er í þessu ljósi sem við verðum að skoða og skilja skattapólitík Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Það er hins vegar ekki markmið í sjálfu sér, óháð þessum kringumstæðum, að hafa skattheimtu eins háa og kostur er og útgjöld eins mikil og kostur er. En þetta er hið pólitíska samhengi sem við höfum lagt áherslu á.

[16:09]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að þarna er um ákveðinn greinarmun á pólitískum grundvallarsjónarmiðum að ræða. Hv. þm. Ögmundur Jónasson og flokkur hans vilja gjarnan, að því er manni sýnist, hafa það þannig að sem mest sé innheimt í skatta og síðan taki stjórnmálamennirnir ávörðun um það hvernig peningunum sé varið.

Ég kem úr flokki sem hefur stutt samfélagsþjónustu í landinu í gegnum áratugi. Ég er samt þeirrar skoðunar að það eigi að stækka þann hluta þjóðarkökunnar sem einstaklingar hafa sjálfir til ráðstöfunar og minnka þann hluta sem stjórnmálamenn hafa til ráðstöfunar. Í því held ég að grundvallarmunurinn á sjónarmiðum mínum og hv. þm. Ögmundar Jónassonar liggi. Það er grundvallarmunurinn: Viljum við að stjórnmálamennirnir taki sem mest til hins opinbera og deili síðan út til þeirra verkefna sem þeir telja mikilvæg eða viljum við skilja meira eftir hjá fólkinu í landinu, hjá almenningi, og gefa því kost á að verja sjálfsaflafé sínu að meira leyti eftir eigin ávörðunum?

[16:10]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta vera tvíþætt spurning. Önnur er um leiðir til að stækka kökuna. Þar greinir okkur á í grundvallaratriðum. Annars vegar eru þeir sem telja að með sem lægstu skattstigi, sem minnstum skattálögum séu meiri líkur á því að kakan stækki, að það í sjálfu sér örvi menn til athafna.

Síðan er hin skoðunin, hin nálgunin sem er okkar skoðun, að atvinnulífinu farnist best í sterku samfélagslegu umhverfi þar sem velferðarþjónustan er góð, þar sem þjónusta við atvinnulíf og heimili er góð.

Síðan kemur að stjórnmálunum, hvað eigi að vera til ráðstöfunar af hálfu stjórnmála og hvað af hálfu almennings. Ég dreg ekki þessa línu þarna á milli. Við erum að tala um almannavald. Við erum að tala um samfélagslegar stofnanir á borð við skóla og sjúkrahús og annað af því tagi þannig að ég dreg ekki þessar línur á milli hinna illu stjórnmálamanna annars vegar og almennings hins vegar. (Forseti hringir.) Auðvitað eiga hagsmunir þessara beggja að fara saman.

[16:12]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað geta þessir mismunandi hagsmunir eða mismunandi sjónarhorn mæst. Ég nefndi það áðan að ég kem úr stjórnmálaflokki þar sem hefur verið viðtækur stuðningur við velferðarþjónustu og samfélagsþjónustu af ýmsu tagi í áratugi. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að hlutföllin hafi farið aðeins úr jafnvægi. Ég er þeirrar skoðunar að hlutur hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga í samfélagi okkar sé orðinn of mikill. Þess vegna er það mín pólitíska stefna að draga beri úr því eða a.m.k. að gera eins og gert er í fjárlögum og langtímastefnu í ríkisfjármálunum, hemja vöxtinn þannig að ekki sé endilega um að ræða niðurskurð frá rauntölum, heldur að draga úr hlutfalli.

Við erum að vinna að því núna, bara þannig að menn átti sig á því, að draga úr hlutfalli. Hugmyndin er ekki að samneyslan verði skert frá því sem nú er, heldur bara það að hún haldi ekki áfram að aukast meira en verg landsframleiðsla.

[16:13]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var út af fyrir sig ágætisræða hjá hv. þingmanni. Hann fór yfir sviðið eins og hann vildi hafa það, talaði dálítið abstrakt um það hvernig þingmenn kæmu hver á fætur öðrum með alls konar tillögur um útgjöld o.s.frv. en vegna styrkrar stöðu meiri hlutans á þingi kæmust menn ekkert upp með neina vitleysu.

Ég kom kannski fyrst og fremst hér upp í framhaldi af þessu til að benda á tvennt, ekki kannski beint til þess að svara hér fyrir þær hugmyndir sem Samfylkingin stendur fyrir. Hv. þingmaður auglýsti eftir hugmyndunum og þá er rétt að segja að fyrst og fremst er ágreiningur okkar við ríkisstjórnina sá að við teljum að nýta eigi skattkerfið til frekari jöfnuðar. Hv. þingmaður er ekki sama sinnis.

Hin athugasemdin sem ég hafði varðaði það að hv. þingmaður talaði mjög um það að við værum talsmenn þess að auka ríkisútgjöld um of. Ég vildi aðeins minna hv. þingmann á að hugmyndir okkar við afgreiðslu fjárlaga gengu út á að skila milljarði meira í afgang en ríkisstjórnin lagði upp með. (Gripið fram í.) Ég vildi bara leiðrétta þessa hluti. Auk þess hafa menn sett hér fram hugmyndir, af því að kallað er fram í, um að fækka mætti jafnvel í ríkisstjórninni.

[16:15]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er vissulega rétt að það voru sparnaðarhugmyndir af hálfu hv. þingmanna Samfylkingarinnar í sambandi við fjárlagaumræðuna. Einhvern veginn minnir mig samt sem áður, ég hef þetta ekki fyrir framan mig, að það hafi einkum verið ótilgreindar sparnaðarkröfur á ráðuneyti sem er tiltölulega auðvelt að setja fram rétt til þess að láta bækurnar líta vel út. En ég varð ekki var við að það væri mikið um konkret sparnaðartillögur nema kannski að því er varðaði einhver sendiráð.

Hins vegar hefur ekkert lát verið á því í þinginu að hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafi komið hér upp hver á fætur öðrum í fyrirspurnatímum, í umræðum um þingsályktanir og í umræðum um lagafrumvörp og lýst yfir stuðningi við nánast hverja einustu kröfu um aukin útgjöld af hálfu ríkisins sem fram hefur komið á síðustu missirum.

Svo koma menn vissulega upp og tala almennum orðum um aðhald og sparnað. Það sem skiptir máli í því sambandi er að menn séu þá tilbúnir til þess að taka á, að menn séu tilbúnir til þess að styðja raunverulegar hugmyndir um aðhald. Það getur verið erfitt vegna þess að það þýðir jafnframt að ekki er hægt að láta alla fá allt sem þeir óska eftir.

Varðandi stöðu Samfylkingarinnar í málinu finnst mér afstaða þeirra þingmanna sem hér hafa talað mótast nokkuð af því að Samfylkingin er ekki enn þá búin að ákveða hvort hún ætlar að vera hefðbundinn vinstri sósíalískur flokkur eða eitthvað sem hv. formaður þess flokks mundi kalla frjálslyndur jafnaðarmannaflokkur.

[16:17]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Umræðan sem hefur farið fram í dag hefur verið nokkuð áhugaverð og af viðbrögðum hv. þingmanna að dæma sýnist mér áhugi fyrir þeirri ræðu sem hér á að fara að flytja vera talsverður því þegar hafa menn óskað eftir andsvari.

Mig langar að hefja mál mitt á hugmyndum sem fram komu hjá hv. síðasta ræðumanni, Birgi Ármannssyni, sem talaði einmitt um að núna væri tíminn til þess að ráðast á útgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu. Núna væri tíminn til þess að snúa til baka, núna væri tíminn til þess að beita aðhaldi, núna væri tíminn til þess að ráðast í niðurskurð, núna væri tíminn til þess að taka á. Núna skyldu gömlu hugmyndir ungliðahreyfingar sjálfstæðismanna fá byr undir báða vængi. Núna væri stóra stundin runnin upp sem ungliðarnir hafa virkilega beðið eftir.

Ég ætla að leyfa mér að orða það þannig að mér þykir ekkert skrýtið þó að hv. þingmanni þyki sem nú sé stundin runnin upp, að núna verði horfið af hinni miklu útgjaldaleið og hinni miklu þenslu ríkisins sem hefur verið undanfarin ár. Mér finnst það ekkert skrýtið vegna þess að í Morgunblaðinu 6. desember sl. segir, með leyfi forseta:

„Útgjöld ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu fóru í 35,4% í fyrra og hefur útgjaldahlutfallið ekki verið hærra" (Gripið fram í.) — hér er bara verið að tala um útgjöld ríkisins — „a.m.k. frá árinu 1980."

Með öðrum orðum hefur útgjaldahlutfall ríkisins ekki verið hærra sem hlutfall af landsframleiðslu í 25 ár. Það er því afar eðlilegt að hv. þm. Birgir Ármannsson telji að nú sé stóra stundin runnin upp, nú sé tími afrekanna því þegar maður er staddur á botninum í sundlauginni er svo líklegt að leiðin geti aðeins legið upp á við. Hér hefur komið fram og ekki vitnað í aðra en sjálft málgagnið Morgunblaðið, sem hefur upplýsingar sínar úr peningamálum Seðlabankans, sem segir að í 25 ár hafi ríkisútgjöld ekki verið meiri sem hlutfall af landsframleiðslu. (**Gripið fram í:** Opinber útgjöld.) Hér stendur hlutfall ríkisins af landsframleiðslu. Ég skil því vel að nú finnist hv. þm. Birgi Ármannssyni að stundin sé runnin upp, nú fái hugsjónir ungliða Sjálfstæðisflokksins byr undir báða vængi. Nú sé tíminn, nú sé staðurinn, nú sé stundin. (Gripið fram í.) Núna skuli tekið á því.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins opna umræðuna á þessu vegna þess að það einfaldar kannski hlutina þegar á líður.

Hins vegar er ég sammála hv. þm. Birgi Ármannssyni sem var með dálítinn innblástur áðan, að auðvitað á að reyna að ræða hér um grundvallaratriði þegar verið er að ræða skattapólitíkina, það skiptir miklu máli. Í skattahugmyndunum birtast fyrst og fremst grundvallarhugmyndir Sjálfstæðisflokksins og náttúrlega ríkisstjórnarinnar í heild sinni. Þær ganga út á að verið er að lækka — sérstaklega er ég að tala um tekjuhliðina — tekjuskatt um 4% næstu þrjú árin. Menn hafa farið vandlega yfir það að verið er að minnka byrðar hjá þeim sem meira hafa en síður verið að minnka byrðar hjá þeim sem minna hafa. Þetta er að mörgu leyti hægri skattapólitík og alls ekkert óeðlilegt að þær hugmyndir komi frá hæstv. ríkisstjórn. Hugmyndirnar eiga til að mynda á þessu ári og því næsta, 2004 og 2005, sem er ágætt að miða við, þá munu þessar hugmyndir, þ.e. skattalækkanir, leiða til skattalækkana upp á eina 5 milljarða. Skattalækkanirnar koma mjög misjafnt niður, þær eru betri fyrir þá sem meira mega sín en síðri fyrir þá sem minna hafa, þetta er því að mörgu leyti eðlileg hægri pólitík.

Það sem er svo sérstakt er sú staðreynd sem ég ræddi um áðan, að ríkið hefur aldrei verið stærra í hvaða hlutfalli sem er. Ríkið hefur því stækkað alveg ógurlega og mun stækka áfram á næsta ári. Þetta er því einhvers konar sambland af hægri pólitík með einhvers konar kommúnísku ívafi. Þetta er einhvers konar geðklofi sem er afar erfitt að átta sig á og þess vegna kann að vera talsvert erfitt að átta sig á hver hin raunverulega pólitík núverandi ríkisstjórnar er. (**Gripið fram í:** Framsóknarpólitík.) Framsóknarpólitík er kallað fram í, ég leyfi mér að draga í efa að sá flokkur hafi sett stærstu fingraför sín á þessar hugmyndir en hann fylgir a.m.k. með.

Skattalækkununum er einnig ætlað að mæta á annan hátt. Það er ekki verið að draga saman seglin hjá ríkissjóði, það er ekkert í þá veruna, heldur eru menn að lækka skatta hjá þeim sem meira mega sín en á móti kemur að menn eru að hækka alls konar álögur, notendagjöld, komugjöld á heilsugæslu o.s.frv., sem í reynd mun skila 8 milljörðum til ríkissjóðs á árunum 2004 og 2005. Ég er að tala um þau ár þegar ég fer með þessar tölur þannig að það velkist enginn í vafa um það.

Þetta er voðalega svipuð þróun og við höfum séð í Bandaríkjunum, sem reyndar hefur birst meira í því að fjárlagahallinn hefur vaxið frá ári til árs og kannski skýrir það að einhverju leyti stöðu dollarans í veröldinni.

Ég vil draga það fram að menn eru að lækka skatta, menn eru að minnka byrðar hjá þeim sem meira hafa, síður hjá þeim sem minna hafa en þenja ríkisvaldið út að öðru leyti. Í þessu birtist kannski þessi geðklofi sem ég var að vísa til.

Þá vil ég einnig vísa til þess að skattbyrðin hefur áfram aukist hjá þeim sem minna mega sín vegna þess að skattleysismörkin hafa hvorki fylgt með verðlagsþróun né launaþróun. Það þýðir að af hverri krónu sem launin hækka er ríkið alltaf að taka meira og meira til sín af því að skattleysismörkin fylgja ekki með. Við hljótum að spyrja eins og við höfum spurt ítrekað: Hvers vegna eru gjaldstofnar og skattstofnar verðtryggðir en ekki viðmiðunarfjárhæðir og bótafjárhæðir? Við hljótum að vekja upp þessar spurningar af því að menn hljóta að reyna að gæta einhvers jafnræðis í þessum málum. Menn spyrja einnig: Af hverju þarf ríkið að taka meira til sín en sem nemur hugsanlegri tekjuaukningu einstaklingsins og launþeganna, einfaldlega vegna þess að skattleysismörkin fylgja hvorki launaþróun né neysluvísitöluþróun? Þetta finnast mér vera grundvallarspurningar sem nauðsynlegt er að fá svör við.

Mér sýnist að ég hafi ekki tekið með mér þær töflur sem ég hafði hugsað mér að taka með mér í pontu, en ég er þó með hluta af þeim. Óhjákvæmilega verðum við að fara yfir það hvernig tilfærslan á sér stað og við höfum dregið það fram mjög skýrt í umræðunni hvað menn hafa verið að gera. Menn hafa verið að lækka skattana en á móti kemur að menn ætla að leggja 140 millj. álögur á nemendur í formi hækkaðra skólagjalda. Menn eru því að færa þetta til,

þetta eru orðin meiri notenda- og þjónustugjöld en að allt sé fjármagnað úr sameiginlegum sjóðum. Ríkið er að taka meira til sín, en með öðrum hætti. Við höfum sett þá gagnrýni fram vegna þess að við teljum að með því móti sé ekki verið að nota skattkerfið sem það jöfnunartæki sem við viljum sjá það vera. Þar skilur á milli okkar og Sjálfstæðisflokksins.

Ég get haldið áfram að rekja gjöldin sem reyndar nokkrir hv. þingmenn hafa gert, en niðurstöðutölur þeirra eru að ríkissjóður nettó er að taka til sín í þjónustu- og notendagjöldum og öðrum gjöldum 2.5 milljarða umfram það sem hann lækkar skatta á árunum 2004 og 2005. Þetta er sá veruleiki sem við stöndum frammi fyrir.

Varðandi útgjaldaaukningu ríkisins sögðu svo til allir hagfræðingar sem komu á fund efnahags- og viðskiptanefndar að aðhaldið í ríkisfjármálum væri ekki sem skyldi, þeir töldu allir og voru sammála um að lágmarksafgangur af fjárlögum væru a.m.k. 4% af landsframleiðslu, sem er á bilinu 34–36 milljarðar kr. Það töldu menn lágmark til þess að, eins og þeir kölluðu það, geta mætt því þegar hagsveiflan leiðréttist af sjálfu sér. Það væri afgangurinn sem þyrfti að vera því að þeir 30–40 milljarðar tekna sem kæmu umfram það væru vegna tímabundinnar hagsveiflu og að það muni verða mjög erfitt fyrir ríkissjóð að mæta þeirri niðursveiflu þegar þar að kemur nema menn taki á því strax.

Menn töldu þannig að aðhaldið og aðhaldsleysið væri einn af stóru þáttunum í því að Seðlabankinn varð að hækka stýrivexti um 1% með afleiðingum sem menn hafa séð á gjaldeyrismarkaði undanfarna daga og með tilheyrandi afleiðingum fyrir útflutningsgreinarnar. Ég sá að Samtök atvinnulífsins meta þann skaða upp á 15 milljarða kr. eða svo. (**Gripið fram í:** Og var það út af skattabreytingum?) Nei, það var vegna aðhaldsleysis ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum, ekki síst.

Virðulegi forseti. Ég kom í ræðustól fyrst og fremst til að draga þetta fram. Það er grundvallarmunur á skattapólitík ríkisstjórnarinnar og þess hvernig við lítum á skattkerfið. Við lítum fremur á skattkerfið sem jöfnunartæki meðan ríkisstjórnin telur að sé hægt að nota það til að létta byrðar þeirra sem meira mega sín og færa síðan tekjurnar út í notenda- og þjónustugjöld. (**PHB:** Ég hef heyrt þetta áður.) Enda breytast ekki viðhorfin frá degi til dags eins og hjá hv. þm. Pétri Blöndal sem gjammar hér örlítið fram í. Í því sambandi er ágætt að rifja upp að hann gaf sig á sínum tíma út fyrir að vera riddari skattalækkana. Nú er hann formaður efnahags- og viðskiptanefndar og kannski annar tveggja sem mesta ábyrgð bera á því að útgjöld ríkissjóðs, sem hlutfall af landsframleiðslu, hafa ekki verið hærri frá árinu 1980. Þá var reyndar einnig sjálfstæðismaður í forustu fyrir ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Já, það var sjálfstæðismaður í forustu fyrir ríkisstjórn, en ekki hvað? (**GÞÞ:** Það var vinstri stjórn.) Gunnar Thoroddsen. (**BjörgvS:** Var hann í Alþýðubandalaginu?) Ég ber það mikla virðingu fyrir Gunnari Thoroddsen heitnum að ég ætla ekki að kallast á við þingmenn um hann.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir þau sjónarmið sem ég vildi að kæmu fram við þessa umræðu. Ég hef dregið fram að það er voðalega erfitt að átta sig á pólitík ríkisstjórnarinnar í heild fyrir utan það að þar birtist annars vegar hægri pólitík í formi þessara skattalækkana en á móti kemur einhvers konar kommúnískt ívaf þannig að ríkissjóður bólgnar út frá ári til árs og hefur aldrei tekið til sín stærra hlutfall. Þetta vildi ég draga fram, virðulegi forseti, og taldi mikilvægt innlegg við þessa umræðu hér. Að öðru leyti vil ég taka undir þau sjónarmið sem komið hafa fram hjá öðrum félögum mínum í efnahags- og viðskiptanefnd, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

[16:34]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var að mörgu leyti kostuleg ræða hjá hv. þingmanni og ekki farið rétt með. Árið 1981 var t.d. vinstri stjórn við völd, eins og allir vita sem eitthvað þekkja til. Á sama hátt hefur það verið upplýst í þessari umræðu að útgjöld ríkissjóðs lækka sem hlutfall af vergri landsframleiðslu nái fyrirætlanir stjórnarinnar fram að ganga og sömuleiðis skatttekjur ríkissjóðs.

Hvað sem því líður er ekki rosalega langt síðan við vorum í kosningabaráttu, virðulegi forseti. Þá fóru þingmenn Samfylkingarinnar, þáverandi frambjóðendur, og lögðu mikla áherslu á að lækka jaðarskatta. (**PHB:** Það var þá.) Það var lykilatriði. Þá er ég ekki að tala um símastrákinn sem mótar stefnu Samfylkingarinnar hvað varðar virðisaukaskattinn, sem upplýsti okkur um þá stefnu að þeir vildu ekki lækka matarskattinn. Ég er ekki að tala um hann. Ég er að tala um að frambjóðendur Samfylkingar vildu lækka jaðarskattinn. Nú er nákvæmlega það að gerast. Það verður ekki gert öðruvísi, virðulegi forseti, en með því að lækka skattprósentuna og afnema tekjutengingu.

Ég vil fá að vita hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni hvaða skoðun hann hafi á þessu máli. Var þar bara enn einn hringurinn sem Samfylkingin tekur í skattamálum fyrir kosningar? Meintu menn ekkert með því þegar þeir gengu á milli manna og vildu lækka jaðarskatta? Ég vil fá að vita það því að það skiptir máli.

Á sama hátt vildi ég fá að vita það hvaða skoðun hann hefur almennt á því að afnema eignarskattana.

[16:36]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit svo sem ekki hvort ég á að kalla þetta andsvar eða viðbrögð við þeirri undarlegu uppákomu sem hér varð.

Það er tvennt sem ég vil nefna. Í fyrsta lagi, til þess að leiðrétta hv. þingmann, hef ég hér frumvarp til fjárlaga, stefnu og horfur fyrir 2005, og langar að lesa bara upp úr því, með leyfi forseta:

„Á þessum forsendum er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs muni hækka um rúmlega 6% ?“

Ég vil að þetta liggi fyrir. Hv. þingmaður sagði að skatttekjur ríkissjóðs mundu lækka sem hlutfall, (**GÞÞ:** Hlutfall af vergri landsframleiðslu.) við erum að tala um hagvöxtinn upp á 5%. (**GÞÞ:** Hlutfall af vergri landsframleiðslu.) Við erum að tala hér um hagvaxtarstærð, aukningu um 5% og 6–7% hækkun tekna. Bara til þess að leiðrétta hv. þingmann. Það er mikilvægt.

Eins vildi ég líka nefna að hefði hv. þingmaður verið við umræðuna þá hefði hann áttað sig á því að við höfum

við þessar umræður lagt fram tillögur um að draga úr jaðarsköttum, mun meira en hér er gert ráð fyrir. Ég vildi bara nefna þetta tvennt við þessa umræðu. (**GÞÞ:** Þú hefur nógan tíma.)

[16:37]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi að bæði skatttekjur ríkissjóðs lækka sem hlutfall af vergri landsframleiðslu sem og útgjöld ríkissjóðs, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Það eru gögn sem hafa verið lögð fyrir. En látum það liggja á milli hluta.

Ég vek athygli á því að hv. þingmaður vék sér undan því að ræða um jaðarskattana. Hann talaði um einhverjar óskilgreindar tillögur. Ég hef hlustað á forustumenn Samfylkingarinnar ræða um að allt í einu sé matarskatturinn aðaláherslumálið. Fyrir kosningar svöruðu þeir því algjörlega neitandi. Eða fyrirgefið, símastrákurinn hjá Samfylkingunni neitaði því algerlega að breyta ætti virðisaukaskattskerfinu.

Það liggur hreint og klárt fyrir að menn lækka ekki jaðaráhrifin, hina svokölluðu jaðarskatta, nema með því að lækka skattprósentuna og afnema tekjutengingar.

Hver er stefna Samfylkingarinnar núna hvað þetta varðar?

[16:38]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tillögur okkar liggja fyrir og hv. þingmanni er í lófa lagið að líta inn í hliðarsal og skoða þær tillögur eða fylgjast með umræðunni.

Ég vildi aðeins nefna það, þótt það sé ekki mitt að taka hv. þingmann í einhvers konar hagfræðikennslu og ég líti ekki á það sem hlutverk mitt, en hagvaxtarspár fjármálaráðuneytisins gera ráð fyrir 5% hagvexti. Í sömu spá fjármálaráðuneytisins er hins vegar gert ráð fyrir 7% aukningu á skatttekjum. Hvernig getur ... (**GÞÞ:** Hverjar eru tillögurnar um að lækka jaðarskattana?) Hvernig getur hv. þm. ... (**GÞÞ:** Hverjar eru tillögurnar um að lækka jaðarskattana? Það er það sem ég spurði þig að.) Tillögurnar liggja hérna. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP): Forseti biður hv. þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Virðulegi forseti. Ég þarf svo sem ekki á aðstoð forseta að halda í þessum efnum. En ég lít ekki á það sem mitt hlutverk að kenna hv. þingmanni mannasiði.

Ég vil nefna í þessari umræðu að skatttekjurnar eru að aukast umfram hagvöxtinn og vildi ég vekja (Forseti hringir.) athygli hv. þingmanns á því.

[16:40]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar til að þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir athyglisverða ræðu að mörgu leyti. Þar kom ýmislegt fram og m.a. gamlar lummur frá vinstri mönnum í umræðum um skattamál. Ég skildi hv. þingmann ekki betur en svo að hann teldi óskynsamlegt að lækka skatta með þeim hætti sem til stendur að gera samkvæmt frumvarpinu sem hér er til umræðu. Honum þykir óskynsamlegt að lækka skatta núna, að nú sé ekki rétti tíminn til að ráðast í skattalækkanir eins og þær sem hér um ræðir.

Slíkar röksemdir eru í sjálfu sér ekki nýjar. Við hægri menn, sem höfum staðið að skattalækkunum í gegnum tíðina og verið talsmenn þess að minnka álögur á skattgreiðendur öfugt við vinstri menn, þekkjum þessar röksemdir. Því er nefnilega alltaf haldið fram af vinstri mönnum að ekki sé rétti tíminn til að lækka skatta. Það má ekki lækka skatta í góðæri, segja þeir, vegna þess að þá eykst þenslan. Það má heldur ekki gera í hallæri vegna þess að þá er tekjuhlið ríkissjóðs ógnað. Það má heldur ekki gera í jafnvægi vegna þess að þá raskast jafnvægið.

Mig langar því að spyrja hv. þingmann einfaldrar spurningar og hún er þessi: Hvenær og við hvaða aðstæður telur hv. þingmaður rétt að lækka skatta?

[16:42]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að tímasetningin sé ágæt núna. Ég held að sé ágætt að lækka skatta við þær aðstæður sem nú eru. Ég get svarað því hreint út.

Mig langar hins vegar, af því að hv. þingmaður kom upp í andsvar, að biðja hann að útskýra fyrir okkur í þingsalnum og öðrum sem kunna að fylgjast með hvernig hann skilgreini þessa pólitík, þ.e. að lækka skatta um tiltekna fjárhæð en taka hærri fjárhæðir inn annars staðar. Með öðrum orðum er verið að lækka skatta, reyndar á þann hátt að færa byrðar frá þeim sem meira hafa en síður létta líf þeirra sem minna hafa. En gott og vel. Á sama tíma og menn lækka þessa skatta auka þeir tekjur ríkissjóðs vel umfram þær fjárhæðir sem skattar eru lækkaðir um.

Ég spyr, og ítreka þá spurningu sem ég hef spurt oftar en einu sinni í þessum umræðum: Hvernig skilgreinir hv. þingmaður þessa pólitík, þ.e. skattalækkun en um leið að auka tekjur ríkissjóðs með öðrum álögum, notendagjöldum og öðru slíku, sem gerir það að verkum að ríkissjóður stækkar og eykur tekjur sínar í þær hæðir sem aldrei hafa sést áður í hlutfalli af landsframleiðslu? Ég óska eftir því, virðulegi forseti, af því ég hef satt best að segja átt í talsverðum erfiðleikum með að átta mig á þeirri pólitík. Ég leyfði mér áðan í ræðu að skilgreina hana sem einhvers konar hægri pólitík með „kommúnísku“ ívafi, þ.e. að lækka skatta en auka ríkisútgjöld langt umfram það sem áður hefur verið. Ég vildi óska, virðulegi forseti, að hv. þingmaður útskýrði fyrir mér hvers konar pólitík hér er á ferðinni.

[16:44]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil nú taka það fram í upphafi að ég tel að forsendurnar sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson leggur til grundvallar í spurningum sínum til mín séu ekki alls kostar réttar. Okkar pólitík gengur út á að létta álögum af skattgreiðendum, að skila stærri hluta af sjálfsaflafé þeirra í þeirra eigin vasa. Það er algjörlega í samræmi við þá pólitík sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur barist fyrir. Við verjum 22 þús. millj. kr. á ári í skattalækkanir.

Ég er ekki tilbúinn til að skrifa upp á það og veit ekki hvað hv. þingmaður hefur fyrir sér í því þegar hann heldur því fram að þær gjaldahækkanir, þær verðlagsbreytingar sem gerðar hafa verið á einstökum gjaldaliðum við tekju-

öflun ríkissjóðs nemi hærri fjárhæð en 22 þús. milljónum á ári. Ég er bara ekki sammála því og tel að þingmaðurinn hafi rangt fyrir sér í þessu.

Ég get ekki séð að það sé neitt óljóst í okkar pólitík, hún liggur fyrir og hefur verið skýr. (Forseti hringir.) Það hefur pólitík Samfylkingarinnar að þessu leyti hins vegar ekki verið.

[16:45]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins til að einfalda þetta og jafnvel flýta umræðunni þá nema álögurnar 8 milljörðum en skattalækkanirnar 5 milljörðum, þ.e. fyrir árin 2004 og 2005. Þar liggur þessi mismunur. Þetta eru ekki tölur sem við höfum verið að finna upp eða koma fram með til þess að reyna að koma höggi á meiri hlutann eða ríkisstjórnina eða hvern þann sem vill standa fyrir þessari pólitík. Þetta eru kostnaðarreikningar fjármálaráðuneytisins. Við höfum ekki gert mikið annað en að leggja saman og draga frá. Út úr því kemur að á þessum tveimur árum tekur ríkið 2,5 milljarða í gjöld umfram þær skattalækkanir sem á að ráðast í. Það er þetta sem ég bað hv. þingmann um að reyna að útskýra fyrir mér og hann treysti sér ekki til.

[16:46]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi gjarnan spyrja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hvað hann mundi kalla það, hvaða hugtak hann mundi nota til að lýsa því þegar gjald, t.d. samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, hækkar ekki frá 1997 til 2004. Það er ákveðin tiltekin upphæð, segjum þúsund krónur árið 1997. Það er ekki tekin nein ákvörðun á Alþingi um að hækka þetta gjald til 2004 þannig að gjaldið lækkar um einhverja tiltekna prósentu, kannski 30% að raungildi, gjaldið er að raungildi 30% lægra í dag en það var segjum árið 1997 þegar núverandi lög um aukatekjur ríkissjóðs voru sett. Er þetta skattalækkun? Ég velti því fyrir mér. Ég held að við komumst ekki hjá því að kalla það skattalækkun þegar svoleiðis er. Ef við notum þá viðmiðun höfum við t.d. lækkað skatta á léttu víni og bjór um 30% á undanförnum árum. Við höfum lækkað fjölmörg gjöld sem heyra undir aukatekjur ríkissjóðs um prósentur. Núna er verið að leggja til 10% hækkun en mörg þessara gjalda hafa raunverulega lækkað kannski um 30% frá því að þau voru ákveðin síðast.

Ég velti fyrir mér: Er það kannski pólitík Samfylkingarinnar að það eigi að ná fram skattalækkunum í samfélaginu með því að frysta ákveðin krónutölugjöld, krónutöluskatta, en ná alltaf meiru og meiru inn í gegnum tekjuskattana?

[16:48]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki alveg áttað mig á því hvað skattaprinsum Sjálfstæðisflokksins er órótt undir þessari umræðu og hlaupa hér upp hver um annan þveran.

Hv. þingmaður spyr einmitt: Hvað ef gjöldin hækka ekki miðað við verðlagsvísitölu, er það þá skattalækkun? Fyrsta svarið sem kemur náttúrlega upp í hugann er: Það fer allt eftir því hver fjárþörf ríkisins er. Er nauðsynlegt að hækka þessa skatta? Augljóslega, sökum þess að ríkissjóður er að eyða það miklu.

Þá spyrja menn næst: Ef þetta fylgir verðlagsþróun, er það hækkun eða lækkun? Það er a.m.k. hækkun á gjöldum en menn geta síðan farið yfir raunhækkunina. En þá kemur náttúrlega hin hliðin á sama peningi vegna þess að ef gjöld og skattar eru verðtryggðir þá hefði maður haldið að viðmiðunarbætur og aðrar viðmiðunarfjárhæðir væru það líka. Og bara til þess að fjalla kannski örlítið um það þá sé ég hér á töflu sem unnin er upp úr reikningum fjármálaráðuneytisins, það er rétt að styðjast bara við þá útreikninga, að þar kemur fram að ef skattleysismörk hefðu fylgt launavísitölu værum við að tala um að ríkissjóður yrði af 42 milljörðum á ári. Eru það þá skattahækkanir með sömu röksemdafærslu og hv. þingmaður hafði áðan?

Ef menn segja sem svo að launahækkanir hafi verið það miklar og ekki hafi verið rétt að tengja þetta við launavísitölu. Gott og vel. Það er röksemdafærsla, en það þýðir þá væntanlega að ríkið er að taka stærri hlut til sín en áður miðað við það sem einstaklingurinn fær í launahækkun. Tökum þá neysluvísitöluna, ef við miðum við hana, miðum við þá verðlagsþróun sem hv. þingmaður er að tala um, þá erum við að tala um tæpa 17 milljarða á ári sem ríkið hefði orðið af ef þessar viðmiðunarfjárhæðir og skattleysismörk hefðu fylgt neysluvísitölunni.

Hv. þingmaður getur því ekki komið hér upp og sagt að ef einhverjar krónur fylgi ekki verðlagsþróun þá sé um skattalækkun að ræða en fjallað svo ekkert um þetta. En kjarninn er (Forseti hringir.) aftur á móti þessi og snýst um það: (Forseti hringir.) Er nauðsynlegt fyrir ríkið að hækka skatta vegna mikilla útgjalda? Og hv. þingmaður hefur svarað því játandi.

[16:51]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tekjur ríkissjóðs byggjast á mörgum stoðum. Mér heyrist að ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson séum sammála um að við ættum að stilla bæði skattstigið og útgjaldastigið hjá ríkinu lægra en við gerum í dag.

Ég velti fyrir mér og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson svaraði því ekki áðan: Hvort er betra að ná fram skattalækkunum með því að frysta krónutölur ýmissa gjalda sem lögð eru á hér og þar í kerfinu eða með því að taka stefnumarkandi ákvörðun um það að lækka tekjuskatt einstaklinga sem er einhver stærsti skattstofn ríkisins? Ef við metum það svo í sameiningu að það sé svigrúm til skattalækkana, er það sérstakt markmið Samfylkingarinnar að ná því fram með því að frysta einhver krónutölugjöld, einhverja hundraðkalla hér og tvöhundruðkalla þar? Er það það sem Samfylkingin vill ná fram?

Við getum svo hins vegar rætt það, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, (Forseti hringir.) hvort við getum fækkað tekjustofnum ríkisins eins og við erum að gera í dag með því að afnema eignarskattinn.

[16:52]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil vel að hv. þingmönnum sé órótt þegar það er dregið fram að ríkissjóður hefur aldrei

tekið stærri hluta af landsframleiðslunni í sína sjóði, því þessir hv. þingmenn höfðu allt aðrar hugmyndir í pólitík og hafa presenterað sig með allt aðrar hugmyndir í pólitík en það að þeir séu mestu skattahækkunarmennirnir og ríkissjóður hafi aldrei verið stærri en meðan þessir hv. þingmenn eru hér partur af meiri hluta Alþingis og fylgja ríkisstjórninni. Auðvitað líður þeim illa yfir því vegna þess að þeir voru búnir að kynna sig í sinni pólitík sem allt aðra menn með allt aðrar hugsjónir og allt aðrar hugmyndir. Auðvitað líður þeim illa yfir þessu og ég skil vel að þeir komi hér upp hver um annan þveran og reyni að færa að því rök að svart sé hvítt og hlutirnir líti einhvern veginn allt öðruvísi út en þeir raunverulega gera.

En hv. þingmaður svaraði því ekki heldur hvort það að skattleysismörk og persónuafsláttur hafa ekki (Forseti hringir.) fylgt launavísitölu og neysluvísitölu sé þá skattahækkun með sömu röksemdafærslum og hann er með. Ég tek það svo að því sé svarað játandi.

[16:53]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í dag hefur smátt og smátt verið dregin upp ágætismynd af því hvaða áherslur stjórnarandstöðuflokkarnir hafa í skattamálum. Þær áherslur birtast auðvitað fyrst og fremst í þeirri gagnrýni sem þeir flokkar færa fram á það mál sem hér er til umræðu. Samandregið má sjá af því sem fram hefur komið í umræðunni að það var rétt sem við héldum fram fyrir kosningar að engir aðrir hefðu lækkað skatta jafnmikið og stjórnarflokkarnir eru að gera einmitt núna, vegna þess í fyrsta lagi að þeir sem þóttust ætla að mynda vinstri stjórn eftir síðustu kosningar, ef þeir hefðu fengið umboð kjósenda til þess, eru ekki sammála í þessum málaflokki. Vinstri grænir hefðu haldið aftur af Samfylkingunni í málinu. Ekki nóg með það, heldur kemur fram í þessari umræðu að hv. þingmaður er ósáttur við lækkun hátekjuskattsins. Hann er líka ósáttur við að tekjuskatturinn skuli vera lækkaður jafnmikið og raun ber vitni. Þetta eru þá skilaboð til þeirra sem greiða hæsta tekjuskattinn: Samfylkingin hefði ekki komið til móts við ykkur í kjölfar kosninganna ef þeir hefðu komist til valda. Það er alveg klárt, það er kristaltært af þessari umræðu.

Annað sem hér er dregið fram, sem er auðvitað kolrangt, er að verið sé að færa til byrðina þannig að henni sé létt meira af þeim sem greiða hærri skatta. Það er áfram svo að þeir sem hæstar hafa tekjurnar greiða hæstu skattana hlutfallslega af launum sínum. Það er vegna þess að við erum með það frítekjumark og þann persónuafslátt sem menn þekkja. Þeir sem hæst hafa launin greiða hlutfallslega hæsta skattinn af tekjum sínum.

[16:55]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki frá því að hér hafi verið sett einhvers konar met í flóttaleiðum frá þeim veruleika að ríkissjóður hefur aldrei nokkurn tíma verið stærri sem hlutfall af landsframleiðslu. En að leggja út á þá vegferð að reyna að færa rök fyrir máli sínu þannig að ef önnur ríkisstjórn hefði verið við völd og hugsanlega Vinstri grænir þá væri staðan hér allt önnur. Þá værum við að tala um allt aðra pólitík og einhverja allt aðra hluti.

Hvað er hér á dagskrá, hvað er hér til umræðu? Við erum að tala um frumvarp ríkisstjórnarinnar, við erum að ræða um aðferðafræði sem þar birtist. Við erum að tala um hvernig menn sjá skattkerfið, hvaða áherslur menn hafa og hvort menn vilji sjá skattkerfið sem tekjujöfnunartæki eða hvort menn vilji sjá skattkerfið þannig upp byggt að minnstar byrðar séu á þeim sem mest hafa, og menn skuli þá innheimta annað í þjónustugjöldum, komugjöldum á heilsugæslu o.s.frv. Þetta er sú pólitík sem hv. þingmenn hér stunda.

Við höfum reynt að benda á það í umræðunni að skattalækkanirnar eru fjármagnaðar með þessum þjónustu- og komugjöldum sem lögð eru á á annan hátt. Það hefur farið alveg óskaplega fyrir hjartað í þessum hv. þingmönnum, ungu þingmönnum sem komu inn á hið háa Alþingi með allt aðrar hugmyndir en að verða hluti af þeirri ríkisstjórn sem tekur stærsta hlutfall af landsframleiðslunni sem gert hefur verið í 25 ár. Það voru ekki hugmyndir þessara manna. Þeir eru hins vegar fastir í því, þessir hv. þingmenn, og þeir eru að reyna að færa rök að því að hlutirnir séu einhvern veginn öðruvísi og ef að ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon værum saman í ríkisstjórn væri þetta einhvern veginn allt öðruvísi.

Virðulegi forseti. Þetta er einhver ótrúlegasta flóttaleið sem ég hef heyrt í umræðu á hinu háa Alþingi.

[16:57]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það skiptir máli hverjir eru líklegir til að standa við loforðin. Hér kemur hv. þingmaður upp og segir: Við hefðum víst lækkað skatta. Með hvaða flokkum? Með flokkum sem þeir ætluðu að fara í ríkisstjórn með eftir síðustu kosningar. Það lá alveg fyrir hvað átti að gera, það átti að skipta um ríkisstjórn og koma stjórnarflokkunum frá sem þá voru við lýði. (Gripið fram í.) Og er algjörlega klárt eftir kosningarnar að það hefði ekki gengið upp.

Aðeins um það að ríkið taki meira til sín. Hv. þingmaður hefur komið hér upp og furðað sig á því: Hvernig getur ríkið tekið til sín meiri tekjur, lækkað skattana og aukið útgjöldin á sama tíma? Það er vegna þess að hér er hagvöxtur. Það er pólitíkin sem rekin hefur verið. Og það gengur ekki fyrir hv. þingmann að reyna að draga upp einhverja hægri öfgamynd af Sjálfstæðisflokknum sem hefur aldrei verið slíkur flokkur. Hann hefur alltaf verið flokkur sem hefur viljað þétt öryggisnet, byggt upp heilbrigðiskerfið og menntamálin, og milljarðarnir sem farið hafa í aukin útgjöld hafa farið í hvaða tvo málaflokka fyrst og fremst? Það eru heilbrigðismál og menntamál og það er í fullkomnu samræmi við stefnu flokksins í þeim málaflokkum.

[16:58]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef sagt hér að það er hagvöxtur í samfélaginu og það er kraftur í efnahagslífinu. Við höfum hins vegar bent á það að ríkið hefur aldrei tekið meira til sín. Skatttekjur ríkisins eru að aukast um 7% og hver er hagvaxtarspáin núna? Hún er 5%. Hver er verðbólguspáin? Hún er 3,5%.

Það gengur ekki að koma hingað upp og reyna að vísa til þess að ef lífið væri öðruvísi og allt aðrir menn við stjórn og allt aðrir menn á þingi þá værum við hugsanlega að tala um allt aðra hluti og það sé einhvers konar útgönguleið í því þegar veruleikinn og myndin er dregin upp fyrir þessum hv. þingmönnum.

Ég vil bara ítreka það að ég veit að þá dauðlangaði að vera í annars konar meiri hluta, ég veit að þá dauðlangaði að styðja allt aðra ríkisstjórn. En veruleikinn er bara mættur í bæinn og ég veit að það er sárt.

[17:00]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það hefur verið skemmtilegt að fylgjast með þessum umræðum um tekjuskatt og eignarskatt, sérstaklega að hlusta á hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, sem sagði að stefna stjórnarinnar væri hægri stefna með kommúnísku ívafi. Ég veit ekki hvort það þýðir að stefnan sé á miðjunni (**LB:** Eða geðklofa.) eða geðklofa, já, eins og hv. þingmaður sagði. Ég tel a.m.k. að þær skattalækkanir sem til umræðu eru komi mjög vel út fyrir þjóðarbú okkar og einstaklingana í landinu.

En af hverju getum við lækkað skatta? Hvernig stendur á því? Það hefur gengið mjög vel í samfélaginu og hagvöxtur hefur verið að aukast. En hver er forsendan fyrir hinum aukna hagvexti? Mig langar að rifja það upp, virðulegi forseti.

Þar kemur auðvitað ýmislegt til en það sem hefur kannski mest að segja í því sambandi er sú stóriðja sem nú er í uppbyggingu og hefur verið umdeild. Ég vil sérstaklega rifja upp að flokkarnir sem nú ráða ríkjum hafa stutt þau áform frá upphafi en það hafa stjórnarandstöðuflokkarnir ekki gert. Það þarf ekki að nota mörg orð yfir stefnu Vinstri grænna. Þeir hafa verið á móti og allt í lagi með það. Þeir hafa þá skoðun og hafa verið á móti þeirri uppbyggingu.

Samfylkingin hefur verið fremur tvístígandi. Þeir voru mjög mikið á móti til að byrja með, töldu uppbyggingaráformum allt til foráttu og voru t.d. á móti íslenska ákvæðinu í Kyoto-bókuninni. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, sagði að það ákvæði yrði hlegið út af borðinu á alþjóðavettvangi. Það er búið að rifja það upp nokkrum sinnum og er ágætt að gera það einu sinn enn. En íslenska ákvæðið, sem ég hafði tækifæri til þess að fylgja eftir á sínum tíma, var aðalforsenda þess að við gætum farið í uppbyggingu á stóriðju. Hefðum við ekki fengið íslenska ákvæðið þá hefðum við þurft að velja á milli þess að sleppa stóriðjuáformum eða að standa utan Kyotobókunarinnar, sem ég tel að hefði orðið mjög erfitt fyrir Ísland og algjörlega fráleitt fyrir land sem byggir meira og minna á endurnýjanlegri orku. Það hefði verið fráleitt.

Segja má að stjórnarflokkarnir hafi með staðfastri stefnu og eljusemi náð að skapa forsendur fyrir skattalækkanir. Það hefur verið mikill stöðugleiki í efnahagslífinu og hagvöxtur. Kaupmáttur heimila hefur aukist og fari fram sem horfir mun kaupmáttaraukningin verða 55% á 12 ára tímabili, í lok þessa kjörtímabils. Það er stórkostleg kaupmáttaraukning og vert að huga vel að þeirri tölu, 55% kaupmáttaraukningu. Það er eiginlega ótrúlega há tala.

Virðulegur forseti. Í spá fjármálaráðuneytisins kemur fram að hagvöxturinn verði það mikill og aukning einkaneyslunnar líka að það muni skila raunaukningu tekna í ríkissjóð á árunum 2004–2006, þrátt fyrir þessar skattalækkanir. Hagvöxturinn er því að skila því svigrúmi sem við höfum til skattalækkana og þær munu einnig hafa áhrif á aukna veltu í samfélaginu. Hagvöxturinn er því lykilatriði við að skapa svigrúm fyrir skattalækkanir á heimilin í landinu.

Auðvitað hefði verið líka hægt að hækka laun en það er stefna ríkisstjórnarflokkanna að betra sé, við þær aðstæður sem nú eru, að auka kaupmáttinn með því að lækka skatta.

Það er hins vegar alveg rétt sem komið hefur fram, að það þarf að vera aðhald í ríkisfjármálum. Af fjárlögum næsta árs á að verða 10 milljarða kr. tekjuafgangur. Það sýnir að reynt er að viðhalda aðhaldssömum fjárlögum þótt það sé rétt sem hefur komið fram að ýmsar stofnanir telja þurfa meira aðhald. En á sama tíma og við lækkum skatta viljum við líka verja velferðarkerfið.

Það hefur auðvitað verið stefna Framsóknarflokksins að hér sé öflugt heilbrigðiskerfi og menntakerfi. Í fjárlagafrumvarpinu hefur tekist að halda styrkum stoðum undir velferðarkerfinu, hv. þm. Ögmundur Jónasson, það hefur tekist. Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála aukist um 4–5% að raungildi. Heilbrigðis- og tryggingakerfið er því varið eins og hægt er. Hið sama á við í menntamálum og í málaflokkum sem tilheyra félagsmálaráðuneytinu.

Hér hefur verið rætt svolítið um að meginþungi skattalækkananna komi fram árið 2007. Það hefur verið gangrýnt. Menn hafa sagt: Þetta er bara eitthvert kosningatrix. Þeir hafa talað um skattalækkanirnar þá með neikvæðum hætti. En ég vil ítreka að tímasetningin ræðst að sjálfsögðu af því að þá eru stóriðjuframkvæmdirnar að mestu yfirstaðnar. Skattalækkanir sem koma til framkvæmda árið 2007, t.d. 2% lækkun á tekjuskatti, eiga að koma í veg fyrir niðursveiflu í þjóðarbúinu á þeim tíma og tryggja áframhaldandi kaupmáttaraukningu.

Ég vil sérstaklega, virðulegur forseti, draga kaupmáttaraukninguna fram í umræðuna. Það er mikið talað um kaupmáttaraukninguna en ég bendi á að það er brýnt að almenningur nýti hluta af þeirri kaupmáttaraukningu til að lækka skuldir sínar. Þetta orð „kaupmáttaraukning“ er að mínu mati svolítið hvetjandi fyrir fólk til þess að fara og kaupa fyrir fjármagnið sem það fær í hendur. Ég vil vara við því. Ég tel að almenningur eigi að nýta sér tækifærið þegar kaupmáttur eykst og nota m.a. til að lækka skuldir sínar.

Virðulegur forseti. Það er óhætt að fullyrða að aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru tekjujafnandi þegar á heildina er litið, þrátt fyrir að allt annað komi fram í umræðunni hér. Í útreikningum sem byggja á skattframtölum ársins 2003 sést að skattleysismörk hækka um ríflega 20%, úr 71 þús. kr. í 86 þús. kr. Mikil hækkun á barnabótum mun koma öllum barnafjölskyldum til góða, mest hinum tekjulægri. Afnám eignarskatts mun einnig koma sér vel fyrir íbúðareigendur, ekki síst eldra fólk og ellilífeyrisþega sem búa í lítið skuldsettum íbúðum og greiða þar af leiðandi tiltölulega háan eignarskatt. Upplýsingar úr skattframtölum sýna einnig að flestir þeirra sem greiða eignarskatt hafa tiltölulega lágar tekjur, gagnstætt því sem oft hefur verið haldið fram.

Sem dæmi um áhrif þessara skattaaðgerða má nefna að

ráðstöfunartekjur einstæðs foreldris, með eitt barn undir sjö ára aldri og 125 þús. kr. í tekjur á mánuð, hækka um 12.500 kr. á mánuði eða um 10%. Á sama hátt má taka annað dæmi. Ráðstöfunartekjur hjóna með 300 þús. kr. tekjur á mánuði, með tvö börn og annað yngra en sjö ára, hækka um 23.500 kr. eða 9,5%. Báðar þessar fjölskyldur eru með tekjur undir meðallagi.

Til samanburðar má nefna að heildaráhrif aðgerðanna leiða til 4,5% hækkunar ráðstöfunartekna allra heimila í landinu þannig að staðreyndin er sú að ráðstöfunartekjur barnafólks með tekjur um og undir meðallagi hækka um 6–10% eða verulega umfram það sem heildaráhrifin sýna. Þetta sýnir vel tekjujöfnunaráhrif aðgerðanna. Það er beinlínis rangt að halda því fram að hinir tekjuhæstu beri mest úr býtum vegna þessara breytinga. Þessar aðgerðir eru tekjujafnandi þannig að hinir tekjulægri bera hlutfallslega meira úr býtum en hinir tekjuhærri. Þetta á ekki einungis við um yngra fólkið heldur einnig fólk á miðjum aldri.

Ég vil einnig nefna, virðulegur forseti, að afnám eignarskattsins kemur sér afar vel fyrir eldra fólk og ellilífeyrisþega. Það er mikilægt að draga fram að skattalækkanirnar og sá kaupmáttarauki sem þær fela í sér munu vonandi stuðla að hóflegri launahækkunum á næstu árum en ella og treysta þar með efnahagslegan stöðugleika.

Segja má að sú lífskjarabót sem orðið hefur vegna kaupmáttaraukningarinnar sé einsdæmi í heiminum í dag. Það er mikilvægt að tryggja áframhald á þeirri efnahagsstefnu sem hefur skilað þeim árangri.

Virðulegur forseti. Ég vil einnig gera að umtalsefni barnabæturnar. Tillögur okkar um barnabæturnar eru þær að ótekjutengdar barnabætur hækki á árunum 2006–2007 um samtals 50%, til viðbótar þeim 3% sem gert er ráð fyrir að þær hækki á árinu 2005. Einnig er gert ráð fyrir 10% hækkun tekjutengdra barnabóta til viðbótar þeim 3% sem ég nefndi áðan. Sú hækkun á að verða í ársbyrjun 2006. Að auki er lagt til að viðmiðunarmörk tekna vegna tekjutengdra barnabóta hækki um 50% auk þeirra 3% sem ég nefndi áðan. Að lokum vil ég draga fram að gert er ráð fyrir því að tekjuskerðingarhlutföll tekna við ákvörðun barnabóta lækki úr 3% með einu barni, 7% með tveimur börnum og 9% með þremur börnum eða fleiri, í 2%, 6% og 8%, í sömu röð og ég taldi áðan. Sú lækkun á að verða árið 2007.

Virðulegur forseti. Mér virðist sem við munum draga úr jaðarskerðingum. En það er einmitt sú stefna sem við höfum viljað fylgja og reyndar fleiri flokkar, t.d. Samfylkingin. Það er gert með því að minnka tekjuskerðingu á barnabótunum mjög verulega. Útgjöld vegna þessa eru um 2,4 milljarðar kr. sem greiddir verða seinni hluta tímabilsins, árin 2006–2007.

Virðulegur forseti. Ég vil einnig fara nokkrum orðum um matarskattinn. Hér hefur hart verið sótt að Framsóknarflokknum út af matarskattinum. Sérstaklega hefur hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, ítrekað dregið fram, með mjög óréttmætum hætti að mínu mati, að allir flokkar vilji lækka matarskattinn nema Framsóknarflokkurinn. Þetta er alrangt. Það var eftirminnilegt að sjá hæstv. fjármálaráðherra Geir H. Haarde reka þau orð ofan í hv. þm. Össur Skarphéðinsson í morgun. Þá kom skýrt fram að þau ummæli sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafði um Framsóknarflokkinn og hafði eftir hæstv. fjármálaráðherra voru ósönn. Hér var lesið upp úr viðtali sem vitnað hafði verið í og það leiðrétt, sem betur fer.

Í umræðunni hefur margoft komið fram hjá hæstv. forsætisráðherra Halldóri Ásgrímssyni og varaformanni efnahags- og viðskiptanefndar, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, og fleirum að Framsóknarflokkurinn er ekki á móti lækkun á matarskatti, það er alrangt. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að endurskoða eigi virðisaukaskattskerfið og mun fara í gang nefndarstarf til að endurskoða það. Skapist til þess svigrúm verður matarskatturinn endurskoðaður eins og annað.

Ég vil hins vegar minna á, í þessu sambandi, að stjórnarflokkarnir hafa ákveðið að forgangsraða skattalækkunum þannig að ávinningur efnahagslífsins fari milliliðalaust til fólksins, sem sagt án milliliða. Matarskatturinn færi að sjálfsögðu í gegnum sjóði smávöruverslunarinnar áður en hann skilaði sér til neytenda þannig að það er annars konar aðferð ef svo má segja. Sumir hafa efasemdir um að það mundi allt skila sér. Ég veit ekki hvað er rétt í því. Sumir segja að of lítil samkeppni sé á matvörumarkaði og hluti af lægri matarskatti gæti farið til verslunarinnar án þess að skila sér til neytenda. Ég ætla ekki að slá neinu föstu um það en mér finnst umræðan mjög athyglisverð.

Ég vil líka taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur fyrr í umræðunni, varðandi hina uppblásnu umræðu um matarskattinn. Ég vil alls ekki útiloka að við lækkum skattinn en ef maður skoðar tölurnar þá mun lækkun á matarskatti ekki skila mjög miklu. Allt telur en miðað við tölur, ef við skoðum hvað Hagstofan segir á vef sínum, eru útgjöld dæmigerðra hjóna með börn tæplega 700 þús. kr. í mat og drykk á ári. Ef virðisaukaskattur á matvæli lækkar, sem ég vil ekki útiloka, þá lækkar reikningur þeirrar fjölskyldu um 3.867 kr. á mánuði. Öll þessi uppblásna umræða um matarskattinn, ef farið yrði í að lækka hann, snýst um 3.867 kr. á mánuði eða svo. Það skilar svipuðum árangri og lækkun á endurgreiðslubyrði lána hjá lánasjóðnum sem við erum að fara í núna. Umræðan um matarskattinn hefur því verið blásin upp og er sérstök fyrir þær sakir að í henni hefur verið farið með ósannindi á hendur Framsóknarflokknum.

Virðulegur forseti. Ég hef hér rakið þau sjónarmið sem ég tel mikilvægt að draga fram í umræðunni. Ég tel að við séum á réttri leið með skattalækkanirnar. Við getum verið mjög stolt af þeim. Það er verið að stórlækka skatta landsmanna. Við viljum að fólkið hafi fjármagn á milli handa til að nýta í það sem því sjálfu finnst mikilvægt.

Á sama tíma viljum við að sjálfsögðu verja velferðarkerfið. Við viljum verja heilbrigðiskerfið og menntakerfið. Það er rétt að almenningur njóti góðs af þeim arði sem við fáum inn í samfélagið, m.a. út af framkvæmdum okkar í stóriðju og öðru, en ekki einungis ríkissjóður.

[17:16]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kom inn á nokkra hluti í sinni ágætu ræðu. Hún kom m.a. að afnámi eignarskattanna sem hún fullyrti að kæmi fyrst og fremst tekjulitlum með lítið skuldsettar eignir til góða. Í gögnum frá embætti

ríkisskattstjóra koma fram ákaflega athyglisverðar upplýsingar sem sýna allt aðra mynd en hv. þingmaður og ríkisstjórnin hafa dregið fram. Samkvæmt þeim útreikningum kemur fram að helmingur allrar eignarskattslækkunarinnar við niðurfellingu eignarskattsins liggur hjá efsta fjórðungi framteljenda, hvort sem litið er til einhleypra eða hjóna. Meðallækkun hjóna í lægstu 5% er því um 9 þús. kr. á ári en hjá efstu 5% um 119 þús. á ári. Þetta eru mjög athyglisverðar upplýsingar sem ganga í berhögg við það sem ríkisstjórnin og hv. þingmaður fullyrti áðan.

Í dag er fríeignamark einstaklings vegna eignarskatts um 4,8 millj. kr. og hjóna 9,6 millj. Mörkin eru afskaplega lág og nauðsynlegt að hækka þau verulega, mikið frekar en að afnema skattinn eins og hér er lagt til. Því vil ég spyrja hv. þingmann: Finnst hv. þingmanni ekki eðlilegra að fara þá leið að breyta fríeignamörkunum verulega þannig að girt sé fyrir að tekjulítið eldra fólk í lítið skuldsettum íbúðum borgi ósanngjarnan og óréttlátan eignarskatt frekar en að um sé að ræða hreint afnám skattsins sem kemur ekki síst þeim til góða, samkvæmt þessum tölum, sem eru ríkir og efnaðir og fyrirtækjunum í landinu? Er hitt ekki sanngjarnari leið sem leiðir til meiri jöfnuðar í gegnum skattkerfið?

[17:19]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þegar litið er til eignarskattsins kemur í ljós að helmingur hans er borgaður af þeim sem eru 60 ára og eldri. Hann kemur eldra fólkinu hlutfallslega mjög til góða, en ég tel að flestir flokkar beri hag þess hóps mjög fyrir brjósti. Það kom líka fram í efnahags- og viðskiptanefnd að Landssamband eldri borgara vill að breytingin taki gildi sem fyrst.

Í dag lendir meginþungi eignarskatts á þeim sem hafa 1,5 millj. í árstekjur eða minna. Ég held að við getum verið sammála um að það séu alls ekki hin breiðu bök sem meginþunginn af eignarskattinum lendir á. Ég tel því eðlilegt og styð þá leið sem farin er, að afnema eignarskattinn algjörlega og tel eðlilegt að gera það. Það er líka um ákveðna einföldun í skattkerfinu að ræða þegar einn skattur fellur algjörlega út. Ég tel að hann sé þess eðlis að rétt sé að taka hann alveg af, en ég skil hins vegar alveg hugmyndafræðina í því sem hv. þingmaður spurði um, að auðvitað er líka hægt að hækka frítekjumörkin. Þá lendir skatturinn bara á þeim allra tekjuhæstu sem eru að sjálfsögðu fyrir hendi.

Ég tel rétt að afnema þennan skatt alveg og styð þær skattkerfisbreytingar sem við erum að gera.

[17:20]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þingmaðurinn svaraði spurningunni afdráttarlaust. Ég ítreka að hér er um aðgerð að ræða sem kemur fyrst og fremst þeim til góða sem hafa hæstar tekjurnar eins og segir hér: Meðallækkun hjá 5% tekjuhæstu eru 119 þús. kr. á ári, meðallækkun hjóna hjá 5% tekjulægstu eru 9 þús. á ári, æpandi munur.

Hitt sem ég vil spyrja hv. þingmann að er í sambandi við barnabæturnar sem hún kom inn á. Hér er lögð til hækkun barnabóta sem kemur til áhrifa á árinu 2006 og 2007. Í þeim tillögum er lagt til að skilað sé til baka fjórðungi af þeim 10 milljörðum sem ríkisstjórnin hefur hirt af barnafólki í gegnum barnabæturnar. Framsóknarflokkurinn lofaði því hins vegar fyrir næstum tíu árum að innleiða ótekjutengdar barnabætur upp að 18 ára aldri. Nú er það kosningaloforð að verða tíu ára gamalt og hefur enn ekki komið til efnda og í þeim skattalækkunar- og skattahækkunarfrumvörpum sem hér eru til umræðu frá ríkisstjórninni kemur ekkert fram í átt til þeirra kosningaloforða sem Framsóknarflokkurinn fór hamförum með árið 1995 um barnakortið, hækkun barnabóta og ótekjutengdar barnabætur til 18 ára aldurs. Það barnakort er eins heillum horfið og týnt nú sem þá.

Því vil ég spyrja hv. þingmann hvort ekki hefði verið eðlilegra að verja þeim fjármunum sem verja á til að lækka skatta, þó að þeir séu teknir til baka og hækkaðir um 8 milljarða annars staðar þannig að um hreinar skattahækkanir er að ræða, hefði ekki verið eðlilegra að breyta kerfinu þannig að barnabætur hefðu verið hækkaðar miklu fyrr, miklu meira og þeim 10 milljörðum sem ríkisvaldið hefur hirt af barnafólki hefði verið skilað að fullu til baka mikið fyrr og kosningaloforðið efnt um ótekjutengdar barnabætur upp að 18 ára aldri strax en ekki 7 ára eins og hér er?

[17:22]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ósammála því sem fram kom hjá hv. þingmanni áðan að eignarskatturinn kæmi fyrst og fremst þeim til góða sem hefðu hæstu tekjurnar. Ég rakti í mínu fyrra andsvari að meginþungi eignarskattsins í dag lendir á þeim sem hafa 1,5 millj. kr. árstekjur eða minna, þar er meginþunginn. (Gripið fram í.)

Það er rétt að við höfum viljað hækka barnabætur og fara í ótekjutengdar barnabætur. En við höfum bara ákveðið svigrúm til skattalækkana, það er ekkert endalaust svigrúm, alls ekki, og þegar við sömdum við Sjálfstæðisflokkinn í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur þar skýrt fram hvernig við ætlum að nota svigrúmið. Hluti af svigrúminu fer í að lækka tekjuskatt um allt að 4%, það kostar 16 milljarða eða svo. Hluti fer í að lækka eignarskattinn og hluti fer í að hækka barnabæturnar. Það svigrúm sem fer í að hækka barnabæturnar er 2,4 milljarðar. Þetta er það svigrúm sem við höfum úr að spila.

Samfylkingin vill lækka matarskattinn. Það er ekki pláss fyrir það í því svigrúmi sem við höfum nema með því að taka eitthvað annað út úr. Það er því val hvernig maður notar svigrúmið. Við lögðum mjög mikla áherslu á að hækka barnabæturnar og það tókst með því að setja 2,4 milljarða í viðbót í barnabæturnar sem er sú tala sem við ræddum um í síðustu kosningabaráttu. Ég tel því að við getum verið mjög sátt við að hækka barnabæturnar með þessum hætti. Við erum reyndar búin að hækka þær um 4,5 milljarða frá árinu 2000 þannig að þetta er verulegt til viðbótar. Þetta er því spurning um val, hvernig maður nýtir svigrúmið og þetta er niðurstaðan.

[17:25]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Örfá atriði. Það er rangt sem haldið var

fram af hálfu hv. þingmanns að skattbreytingarnar skili sér hlutfallslega meira og betur til hinna tekjulægstu en hinna tekjuhæstu. Staðreyndin er sú að skattar á hátekjufólk lækka um 9% á kjörtímabilinu en 4% hjá öðrum.

Einnig vil ég vekja athygli á því að barnabæturnar sem nú eru mjög til umræðu og ég fagna því að þær skuli bættar, eru 1,1 milljarði lægri núna en þær voru þegar Framsóknarflokkurinn komst til valda og kominn tími til að snúa þeirri öfugþróun við.

Þá er komið að varðstöðu Framsóknarflokksins við velferðarþjónustuna. Ég tel að sú varðstaða sé ekki ýkja sterk, alla vega held ég að Öryrkjabandalagið mundi ekki segja að svo sé eða starfsfólk á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem sagt var upp eða þrengt var að, starfsfólk á ýmsum deildum þeirra stofnana eins og öldrunardeildum sem eru lokaðar um helgar og starfsfólkið sent heim vegna fjárskorts. Þetta er því ekki staðreynd og ekki satt að Framsóknarflokkurinn standi þarna sterka varðstöðu.

Síðan vil ég gera eina athugasemd. Þegar menn meta stöðu velferðarþjónustunnar og samfélagsþjónustunnar í landinu er ekki nægjanlegt að horfa á þau útgjöld sem til þeirrar þjónustu renna heldur verða menn líka að skoða formið. Einkavæðing elliheimila hefur t.d. leitt til þess að útgjöld ríkisins, og þar með til velferðar- og samfélagsþjónustu, hafa aukist. En vegna einkavæðingarinnar, markaðsvæðingar þessarar þjónustu (Forseti hringir.) er hún miklu dýrari en áður og þetta er hlutur Framsóknarflokksins.

[17:27]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég rakti í ræðu minni varðandi jöfnunaráhrif skattaaðgerðanna er alveg ljóst að heildaráhrif aðgerðanna leiða til 4,5% hækkunar ráðstöfunartekna allra heimila í landinu, en ráðstöfunartekjur barnafólks með tekjur um og undir meðallagi hækka um 6%–10%, eða verulega umfram það sem heildaráhrifin sýna. Þetta sýnir hvernig tekjuáhrifin koma fram í heildaraðgerðunum.

Varðandi velferðarkerfið, heilbrigðiskerfið og sjúkrahúsin sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni vil ég endurtaka að í tillögum og skattaaðgerðum ríkisstjórnarinnar erum við á sama tíma og við lækkum skatta að standa vörð um velferðarþjónustuna, bæði menntakerfið og heilbrigðiskerfið. Það er 4%–5% raunaukning til heilbrigðis- og tryggingakerfisins í fjárlögunum á næsta ári. Ég tel að það sé mjög góð staða að geta sett 4%–5% raunaukningu þar inn.

Það er alveg rétt að það er mjög dýrt að reka heilbrigðiskerfið og við sjáum að liðir eru að stórhækka, launatekjur eru um 40% af veltunni í heilbrigðiskerfinu o.s.frv. Okkur ber því að horfa á heilbrigðiskerfið með það fyrir augum að gera það eins hagkvæmt og hægt er til þess að við getum veitt góða þjónustu. En við erum svo sannarlega að veita góða þjónustu.

Á Íslandi er t.d. lægsti ungbarnadauði á Norðurlöndunum og líklega í heiminum. Það er einmitt mælikvarði á getu og stöðu heilbrigðiskerfis í hverju landi fyrir sig, hlutfall ungbarnadauða, og hér er hann lægstur. Við erum því með mjög gott heilbrigðiskerfi.

[17:29]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að það er dýrt að reka góða samfélagsþjónustu. Það er dýrt að reka velferðarþjónustu, það er dýrt að reka heilbrigðiskerfið, en það er enn þá dýrara eftir að markaðssinnar, eftir að einkavæðingarsinnar — og því miður hafa framsóknarmenn verið í þeim hópi — hafa farið um það höndum.

Ég ætla að taka eitt dæmi. Ef Elliheimilið Grund fengi greitt á sömu forsendum og Sóltún hf., sem er rekið af Öldungi hf., eða var það alla vega, væru greiðslurnar til þess elliheimilis 285 millj. hærri en þær eru núna. Hvers vegna? Ríkisendurskoðun gaf svar við þeirri spurningu. Það er vegna þess að eðlilegt er að eigendurnir, hluthafarnir, krefjist arðs út úr rekstrinum.

Þess vegna segi ég: Það er rangur mælikvarði, það eru rangar vísbendingar sem við fáum þegar Framsóknarflokkurinn hælir sér af því að hlutfallslega hafi útgjöld til velferðarmála annaðhvort staðið í stað eða jafnvel aukist. Við verðum að líta til þessara kerfisbreytinga sem eru — mér liggur við að segja — framdar í skjóli Framsóknarflokksins og gera kerfið miklu dýrara fyrir vikið án þess að það skili sér til þeirra sem eiga að njóta þjónustunnar.

[17:31]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér heyrist hv. þingmaður vera að segja eitthvað á þá leið að raunaukning til heilbrigðisútgjalda hafi orðið vegna þess að búið sé að einkavæða, það sé dýrari kostur. (**ÖJ:** Ég var að taka dæmi.) Já, taka dæmi. Ég held að það sé alls ekki þannig. Heilbrigðiskerfið veitir mjög góða þjónustu en hluti af henni er að verða dýrari, t.d. lyfin, eins og búið er að fara yfir m.a. í heilbrigðis- og tryggingaefnd. En við erum að veita mjög góða þjónustu og slíkt kostar fé.

Ég tel vel koma til greina að skoða blandaðan rekstur í heilbrigðiskerfinu eins og annars staðar, það eru til alls konar útfærslur á því. Mörg félagasamtök reka hluta af heilbrigðisþjónustunni í einkarekstri og sjálfseignarstofnunum, o.s.frv. Það eru til ýmsar stofnanir og ýmis rekstrarform á því. Auðvitað eigum við að gera kröfur um að þegar slíkir samningar eru gerðir séu þeir eins hagkvæmir og hægt er. Ég tel að þar séum við á góðri leið með því að skoða ýmis form í rekstri og ég hef ekkert við það að athuga.

En það sem ég vil leggja áherslu á í ræðu minni, virðulegur forseti, er að á sama tíma og skattar eru lækkaðir — sumir hafa kallað þetta mestu skattalækkun Íslandssögunnar — þá er verið að verja velferðarkerfið. Það er raunaukning til heilbrigðis- og tryggingakerfisins upp á 4–5% við þær aðstæður.

Það er líka verið að verja menntakerfið og félagskerfið. Það er verið að gera stórkostlega hluti fyrir fatlaða, sem ég veit að hv. þingmaður þekkir. Við erum því á réttri leið með skattalækkanirnar á sama tíma og við erum að verja velferðarkerfið. (**ÖJ:** Nei.) Jú.

Umræðu frestað.

[17:33]

Útbýting:

Fjöldi og kjör sendiherra, 331. mál, svar utanrrh., þskj. 612.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 192. mál, þskj. 616.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 208. mál, þskj. 615.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 330. mál, þskj. 617.

Málefni barna með bráðaofnæmi, 271. mál, svar heilbrrh., þskj. 567.

Ólögmætt samráð olíufélaganna, 427. mál, fsp. LB, þskj. 613.

Raforkulög, 328. mál, brtt. GAK og SJS, þskj. 621.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 300. mál, brtt. GAK o.fl., þskj. 638.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 299. mál, brtt. fjmrh., þskj. 619.

Varðveisla gamalla skipa og báta, 428. mál, fsp. KolH, þskj. 618.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:34]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 619, 621 og 638. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 348. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 394, nál. 575 og 592.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[17:34]

Mörður Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Hér er verið að stíga skref í átt til skólagjalda í ríkisháskólunum og nú ætlar hæstv. ríkisstjórn enn fremur að skattleggja nemendur í Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Akureyrar um samtals 140 millj. kr. á sama tíma og hátekjumönnum er heitið skattalækkunum. Þetta er ósanngjörn skattlagning og vond pólitík og við samfylkingarmenn segjum nei við þessu frumvarpi.

Forseti. Þá er komin upp sú sérkennilega staða að þingmaður sem hefur lýst því opinberlega að hann ætli ekki að styðja þetta mál, hefur ritað nafn sitt undir nefndarálit þar sem þingheimur er hvattur til að samþykkja frumvarpið. Meðal annars þess vegna óska ég eftir nafnakalli við fyrstu atkvæðagreiðslu hér á eftir um efnisatriði málsins.

[17:36]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það fer gegn meginsjónarmiðum í menntastefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að leggja skólagjöld á nemendur í opinbera menntakerfinu og við höfum gagnrýnt stjórnvöld harðlega fyrir að leggja til skólagjöld í dulbúningi við þrjár opinberar menntastofnanir, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Menntaskólann á Akureyri. Við teljum að þar sé farið gegn gildandi menntastefnu um efnahagslegt jafnrétti til náms og skammarlegt að ríkisstjórnin skuli leyfa sér að seilast með þessum hætti í vasa stúdenta og sækja þangað fjármuni sem eiga að nýtast almennum rekstri háskólanna — eftir að hafa haldið þessum menntastofnunum æðri menntunar í fjársvelti um langt árabil.

Það hefur verið deilt um skrásetningargjöld í opinberum háskólum hér í þingsölum allan sl. áratug og ekki hjaðna deilurnar nú þótt áróður ríkisstjórnarflokkanna fyrir skólagjaldaleiðinni og markaðsvæðingu menntunar hafi glumið í eyrum þjóðarinnar þann tíma.

Virðulegur forseti. Hér er verið að fara á svig við það meginstef sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs telja skyldu sína að verja, nefnilega fjárhagslegt jafnrétti til náms. Þar við bætist svo aumkunarverð tilraun yfirvalda menntamála til að sveigja þetta gjald og beygja þannig að þau geti réttlætt að kalla það skráningargjald. Þessum gjörningi öllum mótmælum við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og greiðum atkvæði gegn öllum frumvörpunum þremur.

[17:37]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér er verið að ákveða að taka upp skólagjöld við þrjá háskóla, Háskóla Íslands, Kennaraháskólann og Háskólann á Akureyri, í því dulargervi að verið sé að fjalla um skráningargjöld. Niðurstaðan af þeirri hækkun þýðir að nemendur þurfa að nota 1/3 eftir skattgreiðslur af óskertum tekjum sínum, miðað við Lánasjóð íslenskra námsmanna, til að greiða þessar 45 þús. kr.

Við í Frjálslynda flokknum höfum viljað tryggja að jafnrétti væri til náms og mönnum ekki settur stóllinn fyrir dyrnar miðað við efnahag. Við munum greiða atkvæði á móti frumvörpunum.

[17:38]

Dagný Jónsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er gengið til atkvæða um hækkun skráningargjalda í ríkisháskólum. Ég gerði grein fyrir fyrirvara mínum við málið í ræðu í gær en tel ástæðu til að endurtaka þann fyrirvara en ég skrifaði upp á nefndarálit meiri hluta hv. menntamálanefndar með fyrirvara. Það var gert í þeim tilgangi að málið komi hingað inn í þingsal til 2. umr. og hljóti þannig þinglega meðferð.

Ég tel mjög jákvæða þróun að hækkunin sé ekki dregin frá framlagi ríkisins til skólanna en get ekki tekið fyllilega undir þann rökstuðning sem liggur að baki gjaldsins. Árið 2001 þegar stúdentar stóðu í baráttu gegn hækkun skráningargjalda, var tvennt gagnrýnt umfram annað: Í fyrsta lagi að hækkunin væri lítt rökstudd og í öðru lagi að hækkunin var þá öll dregin frá framlagi ríkisins til Háskóla Íslands. Þessar forsendur eru breyttar en ég er þó ekki fyllilega sátt, eins og ég sagði áðan, við þennan rökstuðning og ég tel að við verðum að endurskoða skilgreiningu á þessu gjald, hætta þessum orðaleik og hafa þetta skýrara, enda er alveg ljóst að við munum fá málið inn í þingið aftur og aftur og það er ólíðandi að endalaust sé verið að tína til nýja liði.

Herra forseti. Ég vil þó geta þess að í mínum huga er það skýrt að ekki er um skólagjald að ræða enda er ekki verið að greiða niður kennslu með gjaldinu.

[17:40]

Sigurður Kári Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Gjaldið sem á fara að greiða atkvæði um er ekki skólagjald eins og haldið hefur verið fram. Hér er á ferðinni þjónustugjald sem ríkisháskólarnir hafa óskað eftir að verði hækkað með þeim hætti sem fram kemur í frumvarpinu. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa ákveðið að verða við þeim óskum enda telja þeir þetta eðlilegt og nauðsynlegt.

Hvorugur stjórnarflokkanna, hvorki Sjálfstæðisflokkurinn né Framsóknarflokkurinn, hefur það á stefnuskrá sinni að leggja skólagjöld á nemendur í háskólum. Hins vegar er einn stjórnmálaflokkur á þinginu sem hefur opinberlega lýst því yfir að slík gjaldtaka komi ekki bara vel til greina heldur sé eðlileg, og sá stjórnmálaflokkur heitir Samfylkingin. Hugmyndir um skólagjöld koma fram í tillögum umræðuhóps, sem er partur af framtíðarhópi Samfylkingarinnar og fjallaði um rekstrarform í almannaþjónustu, og voru lagðar til ekki alls fyrir löngu. Þess ber að geta að tveir þingmenn Samfylkingarinnar áttu sæti í hópnum, hv. þingmenn Bryndís Hlöðversdóttir og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Þessir tveir þingmenn Samfylkingarinnar hafa lagt til að tekin verði upp skólagjöld í háskólum.

Það sem meira er, formaður framtíðarhópsins, enginn annar en varaformaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, tók undir þau sjónarmið sem ég hef lýst hér og fram koma í tillögum framtíðarhópsins í viðtali við Viðskiptablaðið þann 22. október 2004.

Þar kom fram, með leyfi forseta:

„Mér finnst skólagjöld á háskólastigi alveg geta komið til álita."

Það er því alveg ljóst, herra forseti, að einungis einn stjórnmálaflokkur hefur óskað eftir því að tekin verði upp skólagjöld í háskólum á Íslandi, það er hvorki Sjálfstæðisflokkurinn né Framsóknarflokkurinn heldur Samfylkingin.

Stjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, hafa orðið varir við ákveðna ólgu hjá háskólastúdentum sem ekki vilja að lögð verði skólagjöld á háskólanemendur og stjórnarflokkarnir munu því ekki leggja á skólagjöld við háskólana, þeir munu standast freistinguna sem fram hefur komið hjá forsvarsmönnum Samfylkingarinnar í þessu máli. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins munu greiða þessu frumvarpi atkvæði sitt.

Brtt. í nál. 575 (ný 1. gr.) samþ. með 30:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, KF, ÁMöl, DrH, HBl.

nei: EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, JFM, BjörgvS, BH.

2 þm. (KHG, DJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (MÞH, MF, StP, VS, EKG) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:44]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel að í dag sé verið að leggja sérstakan skatt á íslenska stúdenta. Ríkisstjórnin, sem stærir sig af því að vera ríkisstjórn skattalækkunar, seilist hér í vasa stúdenta til að sækja 140–150 millj. kr. Þetta mun auka byrðar íslenskra stúdenta enn frekar og eru þær þungar fyrir. Þetta er skerðing á ráðstöfunarfé námsmanna, þeir fá ekki lánað fyrir þessari hækkun hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og þeir geta heldur ekki unnið fyrir henni vegna skerðingarreglna sjóðsins. Með samþykkt frumvarpsins er verið að taka upp skólagjöld í íslenskum ríkisháskólum í skrípalegum og mjög vafasömum dulbúningi innritunargjalda. Þessu mótmæli ég harðlega og segi því nei.

[17:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti hennar er að reyna að telja okkur trú um að það sé hægt að lækka skatta í landinu um 25–30 milljarða á þremur árum. Á sama tíma, í fjárlögum fyrir komandi ár, á að skafa upp úr vösum námsmanna með stórhækkun lítt dulbúinna skólagjalda 140 millj. kr. Það er það sem þessi leiðangur á að skila.

45 þús. kr. eru 45 þús. kr., hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hvað sem þær eru kallaðar. Þær eru hvorki eyri meiri né minni. 45 þúsundkall er 45 þúsundkall sem námsmenn þurfa að taka af sínum nauma framfærslueyri og fá ekki lánað fyrir.

Ríkisstjórnin, sem á sama tíma er að hygla sérstaklega tekjuhæsta fólkinu í landinu með afnámi hátekjuskatts, ætti ekki að tala mikið um jafnrétti til náms eða jöfnuð í samfélaginu almennt. Hún ætti að skammast sín.

[17:48]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Það sem er sérstaklega ámælisvert við þetta mál er að fyrrverandi framkvæmdastjóri stúdentaráðs situr nú hér á þingi og er í oddastöðu í menntamálanefnd þingsins. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir var m.a. kosin á þing sem forsvarsmaður stúdenta en nú hefur hún gjörsamlega brugðist stúdentum. Aðeins einu ári áður en hv. þm. Dagný Jónsdóttir settist á þing skrifaði hún greinar um fjárskort háskólans og gegn svona hækkunum á skólagjöldum. Hv. þingmaður hefði ein getað komið í veg fyrir að þessi hækkun yrði að veruleika, t.d. með því að hleypa ekki málinu í gegnum nefndina sína sem hún iðulega gerir þegar kemur að þingmannamálum. Það gerði hún hins vegar ekki og nú vill hún ekki einu sinni greiða atkvæði gegn þessum auknu álögum á stúdenta. Þetta er dapurleg afstaða hjá hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur sem stúdentar munu seint gleyma. Ég segi nei.

[17:49]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér er stigið enn eitt skref í átt að innheimtu skólagjalda í grunnnámi í ríkisháskólunum. Þessi skattahækkun á námsmenn er ekki sértæk gjaldtaka til að mæta ákveðnum kostnaði eins og lagt er upp við innritun

námsmanna, heldur er hér um að ræða almenna tekjuöflun til reksturs ríkisháskólanna þriggja sem notuð er sem forsenda við framlög ríkisins til skólanna, en skólana skortir á bilinu 500–800 milljónir til að geta staðið undir rekstri sínum.

Þetta eru skólagjöld og hreinlegast væri fyrir stjórnvöld að viðurkenna það og um hvers konar skattahækkun sé að ræða, á hvaða vegferð við séum og hvert sé stefnt. Hér er um að ræða stórt skref í átt að því að nemendur standi sjálfir í auknum mæli undir kostnaði við nám í ríkisháskólunum, hér er stigið mjög stórt skref í þá átt og ég harma það, virðulegi forseti, og segi nei.

2. gr. samþ. með 30:26 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (DJ, KHG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKG, MÞH, MF, StP, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52:2 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: SJS, ÖS.

2 þm. (JBjarn, KHG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DJ, EKG, KolH, MÞH, MF, StP, VS) fjarstaddir.

Kennaraháskóli Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 349. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 395, nál. 576 og 593.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:52]

Brtt. í nál. 576 (ný 1. gr.) samþ. með 30:25 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (DJ, KHG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, JóhS, MÞH, MF, StP, VS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 30:26 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (DJ, KHG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKG, MÞH, MF, StP, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48:7 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

nei: GAK, JóhS, KJúl, KolH, SJS, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁÓÁ, EKG, LB, MÞH, MF, StP, VS) fjarstaddir.

Háskólinn á Akureyri, frh. 2. umr.

Stjfrv., 350. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 396, nál. 577 og 594.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:54]

Brtt. í nál. 577 (ný 1. gr.) samþ. með 30:26 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (DJ, KHG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKG, MÞH, MF, StP, VS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 30:26 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (DJ, KHG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EKG, MÞH, MF, StP, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52:5 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: GÁS*, KJúl, KolH, SJS, ÖS.

1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.

5 þm. (EKG, MÞH, MF, StP, VS) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 398. mál. — Þskj. 505.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:55]

Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KolH) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EKG, KJúl, MÞH, MF, StP, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Greiðslur yfir landamæri í evrum, 3. umr.

Stjfrv., 212. mál (EES-reglur). — Þskj. 602.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:56]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, JóhS, MÞH, MS, MF, StP, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 627)

Norræni fjárfestingarbankinn, 3. umr.

Stjfrv., 284. mál (afnám laga nr. 26/1976). — Þskj. 307.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:56]

Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

5 þm. (EKG, MÞH, MF, StP, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 628)

Fjáröflun til vegagerðar, 3. umr.

Stjfrv., 366. mál (afsláttur af þungaskatti). — Þskj. 429.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:57]

Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (EKG, JÁ, JóhS, MÞH, MF, StP, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 629)

Greiðsla kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 320. mál (gjaldaheimildir). — Þskj. 603.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:58]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs styður efnisatriði þessa frumvarps, en ég skrifaði undir nefndarálit með fyrirvara og vil gera grein fyrir í hverju hann liggur.

Í fyrsta lagi beinist gagnrýni mín að vinnubrögðum í tengslum við málið. Það er mjög seint fram komið. Í tengslum við frumvarpið kemur fram skýrsla frá Fjármálaeftirlit-

inu sem hefði þurft að fá góða og rækilega efnislega umfjöllun en vegna þess hve málið er seint fram komið gat hún ekki orðið.

Í öðru lagi hefðum við talið eðlilegt að þingmál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem lýtur að stjórnsýslulegri stöðu Fjármálaeftirlitsins hefði verið tekið til umfjöllunar í tengslum við þetta mál. Við teljum ástæðu til að skoða tengslin á milli Fjármálaeftirlitsins annars vegar, hin pólitísku tengsl á milli þeirrar stofnunar annars vegar, og viðskiptaráðuneytisins hins vegar. Við höfum verið með hugmyndir um að færa stjórn þeirrar stofnunar undir Alþingi og að því lýtur okkar mál, að skoða hin pólitísku tengsl sem þarna eru á milli.

Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (EKG, ÍGP, MÞH, MF, StP, StB, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 630)

Áfengislög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 147. mál (aldursmark). — Þskj. 147.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Gjald af áfengi og tóbaki, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 280. mál (hlutdeild Forvarnasjóðs). — Þskj. 302.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Friðlýsing Jökulsár á Fjöllum, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 64. mál. — Þskj. 64.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:01]
Till. vísað til síðari umr. með 56 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 67. mál (bann við limlestingu á kynfærum kvenna). — Þskj. 67.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 351. mál (skatthlutfall, afnám eignarskatts o.fl.). — Þskj. 400, nál. 591, 608 og 609, brtt. 598 og 614.

[18:03]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þarf að biðja hv. þingmenn um að hætta að grípa frammi fyrir mér áður en ég hef ræðuna. Það eru kannski ný vinnubrögð í þinginu að byrja frammíöskrin áður en menn fá tækifæri til þess að tala, en ég ætla að fjalla aðeins um nokkur atriði sem varða málið sem hér er til umræðu, þetta stórkostlega mál sem lýtur að lækkun tekjuskatts, afnám eignarskatts, hækkun barnabóta og fleiri atriðum.

Ég vil byrja á því að taka undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal, formanni efnahags- og viðskiptanefndar, með því að segja að þetta er mikil hátíðarstund að sjá fram á að mestu skattalækkanir í Íslandssögunni á lýðveldistímanum hljóti brátt lagagildi á Alþingi. Það er sérstaklega ánægjulegt að ríkisstjórnin hafi lagt frumvarpið fram og með þeim hætti sem það er gert.

Ég leyfi mér að segja að þetta er líklega eitthvert mesta framfaramál þessa þings, og ekki bara þessa þings heldur þinga síðustu ára og áratuga, enda liggur það fyrir þegar frumvarpið er skoðað og afleiðingar þess að við erum að tala um skattalækkanir sem munu gagnast fólkinu í landinu vel. Það vilja ríkisstjórnarflokkarnir gera, þeir vilja lækka álögur á fólkið í landinu, skila til baka þeim afrakstri sem náðst hefur af fjármálastjórn síðustu ára. Þetta er fagnaðarefni og gríðarlegt fagnaðarefni fyrir okkur sem höfum mælt fyrir lækkun skatta.

Maður skilur hins vegar ekki alveg málflutning stjórnarandstöðunnar, meira að segja sumra flokka sem lofuðu skattalækkunum fyrir síðustu kosningar en rembast nú eins og rjúpan við staurinn og djöflast eins og naut í flagi til þess að reyna að bregða fæti fyrir skattgreiðendur í landinu. Þeir vilja koma í veg fyrir sjálfsagða kaupmáttaraukningu sem ríkisstjórnin og við sem styðjum hana mælum fyrir. Maður áttar sig ekki alveg á því hvað stjórnarandstöðunni gengur til.

Virðulegi forseti. Ég ætla einkum að víkja að þremur atriðum í ræðu minni. Ég ætla aðeins að fara yfir þau loforð sem gefin voru fyrir síðustu kosningar. Í annan stað ætla ég

að fara yfir það hversu hátt hlutfall launa menn greiða í skatt eftir því hversu háar tekjur þeirra eru. Í þriðja lagi ætla ég að taka nokkur dæmi sem er ætlað að renna stoðum undir þá fullyrðingu mína að tekjuskattslækkanirnar gagnist öllum vel og þetta séu tekjuskattslækkanir og aukning á kaupmætti venjulegs fólks í landinu. Ég ætla að hrekja það að verið sé að ganga erinda ríka fólksins en verið að níðast á þeim sem lægstar hafa tekjurnar.

Herra forseti. Ef við rifjum upp í örstuttu máli hvað við sjálfstæðismenn sögðum fyrir síðustu kosningar, þá lofuðum við því að lækka tekjuskatt um 4%, lækka virðisaukaskatt, þ.e. lækka neðra þrepið úr 14% í 7%, afnema eignarskatt, lækka erfðafjárskatt í 5% og haga erfðafjárskattinum þannig að fyrstu milljónirnar yrðu án erfðafjárskatts og hækka barnabætur um 2 þús. millj. kr. Ef við skoðum hvað við höfum gert í skattamálum, hvað við höfum nú þegar staðið við eða munum standa við á næstu sólarhringum, liggur fyrir að búið er að lögfesta lækkun sérstaka tekjuskattsins og afnám hans, það verður búið árið 2006. Það er búið að lækka og samræma erfðafjárskatt úr allt að 45% í 5% á allan arf, óháð tengslum erfingja við hinn látna. Nú erum við að lækka tekjuskatt einstaklinga um 4%. Við erum að afnema eignarskatt einstaklinga og fyrirtækja og ætlum þeim breytingum að taka gildi árið 2006. Síðan erum við að hækka barnabætur um 2.400 millj., eða 400 millj. meira en við lofuðum fyrir síðustu kosningar.

Það er alveg rétt að virðisaukaskattslækkunin hefur ekki komið til skoðunar en verið er að útfæra með hvaða hætti það verður gert og er búið að stofna nefnd á vegum stjórnarflokkanna til þess að fara yfir það. Þar fyrir utan höfum við lækkað endurgreiðsluhlutfall námslána um 1%. Þessar breytingar þýða jafnframt að persónuafsláttur verður hækkaður um 8% til ársins 2007 og skattleysismörk verða hækkuð um 20% árið 2007.

Það sér því hver maður að við sjálfstæðismenn erum, ásamt framsóknarmönnum að sjálfsögðu, að standa við þau loforð sem við gáfum fyrir síðustu kosningar. Við sýnum það með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar og reyndar öðrum skattalækkunarfrumvörpum sem hafa verið samþykkt að við erum menn orða okkar, við meintum eitthvað af því sem við sögðum fyrir kosningar. Við meintum það sem við sögðum, við lofuðum efndum og við það stöndum við. Hins vegar erum við gagnrýndir fyrir að standa við kosningaloforð okkar af hálfu stjórnarandstöðunnar. Það er mjög furðulegt, en það virðist vera alveg sama hversu góð málin eru, þau eru öll gagnrýnd, m.a. mál sem kveða á um mikinn kaupmáttarauka fyrir fólkið í landinu, skattgreiðendur. Auðvitað er erfitt að gera sumum til geðs, en ef við hefðum svikið þessi kosningaloforð er ég hræddur um að það hefði heyrst hljóð úr horni, einnig frá stjórnarandstöðunni. Það er því erfitt að þóknast sumum, hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, afar erfitt.

Stjórnarandstaðan hefur komist að þeirri niðurstöðu að ómögulegt sé að lækka tekjuskatt einstaklinga með þeim hætti sem hér er lagt til því skatturinn lækki svo lítið á einstaklinga sem greiða engan eða lítinn tekjuskatt. Þess vegna virðist mér sem stjórnarandstaðan sé á móti málinu, þ.e. skattar þeirra sem borga engan tekjuskatt lækka of lítið. Eðli málsins samkvæmt er innbyrðis ósamræmi í þessari fullyrðingu, en þetta er málflutningurinn í hnotskurn. Það hefur komið fram í umræðunni hjá hv. þingmönnum Ögmundi Jónassyni, Gunnari Örlygssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Össuri Skarphéðinssyni og fleiri hv. þingmönnum, að tillögum okkar um skattalækkanir sé ætlað að tryggja hátekjumönnum sem mestan arð af lagasetningunni.

Förum aðeins yfir það. Er ríkisstjórnin eingöngu að ganga erinda hátekjumanna og níðast á þeim sem minna hafa eins og haldið hefur verið fram í umræðunni?

Ég ætla að sýna fram á það með dæmum að svo er ekki. En áður en ég geri það langar mig til að rifja aðeins upp það sem allt of lítið hefur verið rætt um í umræðu um skattamál, það er hversu hátt hlutfall tekna sinna menn greiða í skatt eftir því hverjar tekjurnar eru. Með öðrum orðum hefur verið gefið í skyn í umræðunni hér og í umræðunni í þjóðfélaginu að allir skattgreiðendur greiði jafnháan skatt hlutfallslega. Þetta er alls ekki rétt. Skattkerfið er þannig innbyggt að í því er mikill jöfnuður. Þegar maður skoðar 100 þús. kr. manninn, af því að menn taka dæmi með þessum hætti, og reiknar út hversu hátt hlutfall af launum sínum hann greiðir til ríkisins kemur í ljós að hlutfall launa hans sem rennur til skatts eru 8%, þ.e. 7.998 kr. fara í skatt, restin rennur í vasa 100 þús. kr. mannsins. 150 þús. kr. maðurinn greiðir 25.744 kr. af tekjum sínum í skatt, eða 17,2%. 500 þús. kr. maðurinn greiðir 149.972 kr., eða 30% af launum sínum til hins opinbera. Milljónamaðurinn, af því að hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi hann í ræðu sinni, greiðir 327.440 kr. í skatt, eða 32,7%. Þegar menn skoða þessar tölur kemur í ljós að maður með 500 þús. kr. í mánaðarlaun greiðir 18-faldan skatt þess sem er með 100 þús. kr. í laun, þó svo að laun hans séu aðeins fimmfalt hærri í krónum talið. Þetta er alveg ljóst og er bara einfalt reikningsdæmi. Milljónakrónamaðurinn greiðir nærri því 13-faldan skatt þess einstaklings sem hefur 150 þús. kr. í laun á mánuði, þó svo laun hans séu ekki nema sex sinnum hærri en 150 þús. kr. mannsins. Niðurstaðan af þessu er því eftirfarandi:

Því hærri tekjur sem menn hafa, því hærra hlutfall launa sinna greiða menn í skatt.

Það er mikilvægt að þetta komi fram og liggi fyrir í umræðunni um lækkun tekjuskattsins og þegar menn gagnrýna flata lækkun tekjuskattsins eins og hv. þm. Gunnar Örlygsson vék að í ræðu sinni.

Maður veltir því auðvitað fyrir sér þegar maður hlustar á þessa gagnrýni, sem er grundvallarpunktur í allri gagnrýni stjórnarandstöðunnar á það frumvarp sem hér er til umræðu, hvort hún væri sú sama ef við værum ekki að leggja til skattalækkanir heldur skattahækkanir.

Mundi stjórnarandstaðan halda sig við það prinsipp að það sé óeðlilegt að skattalækkun sé hlutfallsleg ef við værum með skattahækkunarfrumvarp í gangi? Mundi stjórnarandstaðan ganga um stræti og torg og krefjast þess, eins og menn krefjast hér varðandi skattalækkunina, að skattar hækkuðu um sömu krónutölu á alla greiðendur burt séð frá tekjum þeirra? Ég efast um það. Þá kæmi væntanlega annað hljóð í strokkinn. Það væri ágætt fyrst fulltrúi stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Jóhann Ársælsson, er hér að fá útskýringar á því og upplýsingar um það hjá honum hvort stjórnarandstaðan yrði samkvæm sjálfri sér hvað þetta atriði

varðar ef við værum að hækka skatta en ekki lækka þá.

Eins og ég sagði fyrr í ræðu minni, herra forseti, fullyrði ég að þær skattalækkanir sem hér stendur til að lögfesta koma hinum venjulega manni vel. Þetta eru ekki bara aðgerðir sem eiga að nýtast hálaunamanninum. Þetta eru skattalækkanir og kaupmáttaraukning fyrir venjulegt fólk, hinn almenna skattgreiðanda, fólk sem hefur meðallaun og venjuleg laun. Ég ætla að taka nokkur dæmi vegna þess að það liggja fyrir útreikningar á áhrifum þessara skattbreytinga og hækkunar þeirra barnabóta sem við fjöllum hér um.

Ef við tökum sem dæmi hjón með tvö börn, annað er yngra en sjö ára og hitt er eldra en sjö ára. Ef við gefum okkur að þessi hjón hafi samtals 500 þús. kr. í laun á mánuði, þá leiðir þessi skattalækkun til aukningar ráðstöfunartekna upp á 8,9% eða 32.667 kr. á mánuði, eða 392.004 kr. á ári. Við erum bara að ræða um venjulegt fólk, hjón með samtals 500 þús. kr. í laun á mánuði. Kaupmáttur þeirra eykst um rúmar 392 þús. kr. á heilu ári. Svo segja menn að þessar skattalækkanir nýtist bara hátekjufólki.

Tökum annað dæmi. Tökum einhvern í þjóðfélaginu sem líklega gæti talist sá venjulegasti af öllum þjóðfélagshópum, kennara. Kennarastéttin er ekkert sérstaklega óvenjuleg, hún er ekki hátekjustétt og ekki er hún lágtekjustétt. Það kom hér fram í umræðum þegar kennaraverkfallið stóð yfir að meðaltekjur grunnskólakennara í Reykjavík væru 256 þús. kr. Gefum okkur að hjón séu bæði kennarar og með meðallaun sem við skulum segja að séu 500 þús. kr. Þau eiga fjögur börn, tvö eru yngri en sjö ára og tvö eru eldri en sjö ára. Með skattbreytingunum og hækkun barnabóta mundi þetta þýða fyrir þau aukningu ráðstöfunartekna upp á 42.917 kr. á mánuði eða 515.004 kr. á ári. Gæti hv. þm. Jóhann Ársælsson kannski upplýst mig um það hvort hann telji að þær breytingar sem við erum að fjalla um komi hinum venjulega meðalkennara til góða þegar þær eru komnar til framkvæmda?

Svo eru það einstæðu foreldrarnir. Tökum þá sem dæmi af því að hv. þm. Ögmundur Jónasson hélt því fram að einstæðir foreldrar hefðu það ekki allir svo gott, þeir væru ekki allir hátekjufólk og allt er það rétt. Tökum dæmi um hvað breytingarnar þýða í kaupmáttaraukningu fyrir þetta fólk. Tökum sem dæmi einstætt foreldri með tvö börn sem bæði eru eldri en sjö ára og gefum okkur að mánaðartekjur viðkomandi séu 125 þús. kr. Áhrif breytinganna eru þau að kaupmáttur þessa einstæða foreldris eykst um 10,7% eða 14.417 kr. á mánuði, þ.e. 173 þús. kr. á ári. Þetta er einstætt foreldri með tvö börn, ráðstöfunartekjurnar aukast um 173 þús. á ári, rúmlega ein mánaðarlaun. Svo halda menn því fram að hér sé einungis verið að hugsa um hátekjufólkið.

Gefum okkur það að þetta einstæða foreldri sé með örlítið hærri laun, 208 þús. kr. Hvað þýðir það? Það þýðir hækkun ráðstöfunartekna upp á 18.583 kr. eða rúmar 222 þús. kr. á ári. (Gripið fram í.) Það er alveg ljóst, þær skattbreytingar og hækkun barnabóta sem við erum að leggja til. Ég get farið yfir þetta allt saman aftur með hv. þingmanni ef eitthvað er óljóst í þessu.

Menn hafa talað um áhrif þessara skattbreytinga fyrir gamla fólkið. Ef við skoðum gamla fólkið og tökum einstakling sem er einungis með ellilífeyri og þar af leiðandi með um 1 millj. kr. í tekjur á ári. Það eru mjög lágar tekjur. Hann býr í skuldlausri eigin íbúð að verðmæti 20 milljónir. Fyrir þær breytingar sem hér er lagt til að verði gerðar, nemur tekjuskattur og útsvar þessa einstaklings 42 þús. kr. og eignarskattur 90 þús. kr. Eftir breytinguna borgar hann engan skatt og árleg aukning ráðstöfunartekna hans er 133 þús. kr. eða 16%. Þetta er sú þýðing sem þetta mál hefur fyrir ellilífeyrisþega. Afnám eignarskattsins skiptir nefnilega verulegu máli fyrir gamla fólkið sem hefur lagt ævistarf sitt í sparnað, þ.e. í fasteignina sína, hættir síðan að vinna og á erfitt með að greiða þá eignarskatta sem á fasteignina eru lagðir. Við erum að afnema þá skatta. Maður skilur ekki af hverju stjórnarandstaðan getur ekki stutt slíkar breytingar. Maður skilur það bara ekki.

Maður skilur heldur ekki, herra forseti, hvernig á því stendur að sumir hv. þingmenn sem eru reglulegir gestir í þessum ræðustól, eins og hv. þingmenn Steingrímur J. Sigfússon, Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson, hafa svona mikið út á þessar skattalækkanir að setja sem fela í sér aukningu á ráðstöfunartekjum venjulegs fólks, fólksins í landinu, af hverju þeir hafa svona miklar áhyggjur af þessum breytingum. Það stendur út úr þeim bunan og það er nánast farið með málið eins og ríkisstjórnin sé að fremja einhver ægileg myrkraverk.

Hins vegar heyrist ekkert frá þessum hv. þingmönnum, þar á meðal Össuri Skarphéðinssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Ögmundi Jónassyni, öllum þessum mönnum sem eru þingmenn Reykjavíkur, vegna þeirra skattahækkana og gjaldaaukninga sem eiga sér stað hjá Reykjavíkurborg. Maður skyldi ætla að þeir hv. þingmenn mótmæltu ef þeir ætluðu að standa við bakið á umbjóðendum sínum sem er fólkið í Reykjavík. Hvað er að gerast þar? Það er verið að hækka útsvarið, hækka leikskólagjöld og hækka fasteignaskatta.

Af því að ég fór hér yfir nokkur dæmi um hvað skattalækkunartillögur okkar þýða fyrir hinn venjulega mann, þá skulum við taka eitt dæmi um hvað gjaldahækkanir og skattahækkanir borgaryfirvalda í Reykjavík þýða fyrir venjulegt fólk.

Tökum sem dæmi hjón þar sem annað þeirra er í námi, hitt er með 265.500 kr. í laun á mánuði, sem er meðaltal á almennum vinnumarkaði samkvæmt upplýsingum frá kjararannsóknarnefnd. Þessi hjón eiga 10 millj. kr. íbúð og eru með tvö börn á leikskóla í átta klukkustundir. Hvað þýða þessar hækkanir í Reykjavíkurborg fyrir þetta fólk? Þær þýða hækkun í útgjöldum upp á 13.687 kr. á mánuði eða 164.244 kr. á ári. Það er tæplega 170 þús. kr. kjaraskerðing fyrir þetta fólk. En það heyrist hvorki hósti né stuna frá stjórnarandstöðuþingmönnum sem ættu með réttu að gæta hagsmuna þessa fólks, gæta hagsmuna Reykvíkinga vegna þeirra hækkana sem ég hef hér farið yfir, koma í veg fyrir þá kjaraskerðingu sem félagar þeirra standa fyrir í borginni. Nei, það heyrist ekkert í þeim þegar kemur að þessum málum en þeir ráðast hins vegar á ríkisstjórnina fyrir að auka kaupmátt sama fólks, lækka skatta og draga úr útgjöldum þess. Auðvitað furðar maður sig á slíkum málflutningi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa ræðu mína lengri í þetta skipti. Ég tel hins vegar alveg ljóst, og vísa til þeirra dæma sem ég hef tekið, að þær skattalækkanir sem við

munum leiða í lög á næstu klukkutímum koma venjulegu fólki til góða, venjulegum skattgreiðendum. Þetta eru góðir tímar og ánægjuleg tíðindi fyrir okkur sem að þessu stöndum, fyrir launamenn og skattgreiðendur í þjóðfélaginu og fyrir þjóðfélagið allt. Mig langar til þess að óska ríkisstjórninni innilega til hamingju með frumvarpið, stjórnarmeirihlutanum, og launþegum öllum, öllum þeim sem greiða skatt. Þetta eru frábærir tímar. Þetta er frábært mál og við ættum, ef allir mundu ganga á öllum eins og sagt er, að geta tekið höndum saman um það (Gripið fram í.) hversu gott málið er. Og ég lýk máli mínu með því að óska þessum ágætu mönnum, hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar, jafnframt til hamingju með málið.

[18:28]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir góða ræðu, greinargóða og bráðskemmtilega, sérstaklega það sem kom fram í byrjun hennar um þá helgistund sem þeir áttu saman, hann og hv. þm. Pétur H. Blöndal, í sambandi við þetta mál, að nú væri verið að lækka skatta og hér væri um mikið framfaramál að ræða og hinn róttæki hægri armur Sjálfstæðisflokksins sem sópaðist inn á hið háa Alþingi í síðustu þingkosningum stæði loksins frammi fyrir því að þeir væru menn orða sinna, hér væri verið að lækka skatta. En á móti koma staðreyndirnar. Verið er að hækka skatta um tæpa 3 milljarða og hafa menn hent á lofti að hér væri um að ræða einhver blóðugustu kosningaloforðasvik seinni ára.

Ég vildi inna hv. þingmann eftir því hvort þessar staðreyndir vörpuðu engum skugga á þá helgistund sem þeir félagar áttu hér á síðustu dögum, eins og fram kom í máli hans, að um leið og téðir skattar eru lækkaðir, hátekjuskattur, eignarskattur afnuminn, tekjuskattur lækkaður, er verið að hækka önnur gjöld og aðra skatta á sama tíma um 8 milljarða árin 2004 og 2005, verið að hækka gjöld og skatta á eiginlega allt milli himins og jarðar, stúdentaskatta, brennivínsskatta og ég veit ekki hvað, komugjöld og heilbrigðisgjöld hvers konar, fordæmalaus forsjárhyggja veður uppi hvað varðar áfengisskattana þar sem skattar á sterkari drykki eru hækkaðir verulega en hinir látnir standa í stað. Mig langar einnig að fá viðhorf hans til þess hvort hér sé ekki um að ræða forræðishyggju sem eigi engan rétt á sér, hvort ekki ætti frekar að lækka almennt gjöld á áfengi og láta fólk ráða því sjálft hvers það neytir en stýra því ekki ofan frá með jafnundarlegum og vafasömum hætti og gert er af hinu miklu riddurum frjálshyggjunnar á Alþingi.

[18:30]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvaðan hv. þingmaður hefur tölurnar sem hann ryður út úr sér. Ég á afskaplega bágt með að trúa að þær séu réttar. Ég á afskaplega bágt með að trúa að þær gjaldahækkanir, sem vissulega hefur verið lagst í, séu hærri en sú 22 þúsund milljóna kr. upphæð sem við ætlum að leggja til hliðar á ári með lækkun skattanna.

En hv. þingmaður verður að átta sig á að þrátt fyrir að ég og fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins séum talsmenn þess að skattar séu lækkaðir þá erum við ekki anarkistar eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson heldur kannski, við erum ekki stjórnleysingjar. Við erum ekki þeirrar skoðunar (Gripið fram í.) og við höfum aldrei talað fyrir því að ríkið eigi alls ekki að afla sér tekna. Við höfum verið talsmenn þess að reka ágætis menntakerfi og velferðarkerfi og einhvern veginn verður að greiða fyrir það, þannig að af málflutningi okkar er alveg ljóst að við erum ekki á móti allri tekjuöflun ríkissjóðs, hvort sem það er í formi skatta eða gjalda.

Við höfum oft farið yfir að með áfengisgjöldunum og öðrum gjöldum er ekki verið að hækka skatta, það er verið að færa fjármuni og gjöld til samræmis við verðlag og það eru eðlilegar aðgerðir þegar um slík gjöld er að ræða. En ég leyfi mér að efast stórlega um að þær verðlagsbreytingar séu í einhverju tölulegu samræmi við þá fjármuni (Forseti hringir.) sem skattalækkanirnar munu ....

[18:32]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær tölur liggja fyrir að á þessu ári hefur ríkisstjórnin hækkað eða boðað hækkun skatta og gjalda á einstaklinga og skert barna- og vaxtabætur um rúma 8 milljarða kr. Á sama tíma skilar ríkisstjórnin til baka 5,6 milljörðum, á þessu og næsta ári, með lækkun erfðafjárskatts, lækkun hátekjuskatts og lækkun á tekjuskatti. Þessar tölur liggja fyrir þegar líður að lokum umræðunnar um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þetta eru tölurnar og þær tala sínu máli. Það er verið að hækka gjöld, álögur og skatta um því sem nemur tæplega 2,5 milljörðum, það er verið að hækka skatta í það heila um 8 milljarða en skila til baka rúmlega 5,5. Þessar staðreyndirnar liggja fyrir í lok umræðunnar.

Því spurði ég hvort þessar staðreyndir um skattahækkanir vörpuðu ekki skugga á helgistund hægri manna í Sjálfstæðisflokknum.

[18:33]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Nei, herra forseti, það er nánast ekkert sem varpar skugga á helgistund okkar sjálfstæðismanna í dag. Þetta er ánægjulegt mál og við erum afar stolt af því að geta komið til móts við venjulega Íslendinga, almenna skattgreiðendur með þeim hætti sem hér er gert. Auðvitað væri ánægjan meiri ef hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson og aðrir þingmenn stjórnarandstöðunnar gætu tekið undir með okkur í þessu framfaramáli.

Ég er alveg tilbúinn til að setjast niður með hv. þingmanni og fara yfir hvort ekki séu rök til að lækka eitthvað af þeim gjöldum sem ríkið innheimtir. En mér sýnist málflutningur stjórnarandstöðunnar, ekki bara á síðustu vikum og missirum heldur á síðustu árum, ekki beint vera þess eðlis að þeir sem ráða á þeim bænum séu sérstaklega hrifnir af því að dregið sé úr útgjöldum ríkisins. (Forseti hringir.) En ég er tilbúinn til að skoða slíkt.

[18:34]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gaf í skyn í ræðu sinni áðan að þingmenn Frjálslynda flokksins

væru á móti breytingum á eignarskatti. Ég verð að koma og leiðrétta þann stóra misskilning.

Í annan stað fá þingmenn Frjálslynda flokksins ómælda gagnrýni í ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar sem einatt talar um hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar þegar hann víkur að málefnum Reykjavíkurborgar. Ég vil minna hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson á þá staðreynd að Frjálslyndi flokkurinn hefur fulltrúa í Reykjavíkurborg sem hefur tekið undir gagnrýni Sjálfstæðisflokksins á rekstur borgarinnar á nokkrum sviðum. Ég vil að það komi fram.

En áður en yfir lýkur vil ég minna hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson á að eignarskattsbreytingar og viðbætur til barnabóta munu nema samtals 6 milljörðum kr. í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, en heildarpakkinn, herra forseti, hljóðar upp á 22 milljarða.

Ég styð áform ríkisstjórnarinnar um 6 milljarða sem munu renna til barnabóta og svo eignarskattsbreytingarnar. En aftur á móti deili ég á ríkisstjórnina og kom inn á það í ræðu minni, með hvaða hætti þessum 16 milljörðum kr. verður varið.

Því vil ég leggja þá spurningu fyrir hv. þingmann, herra forseti, hvort honum finnist það sárt persónulega að þurfa að greiða eða fá í sinn vasa með hækkun skattleysismarka, jafnmargar krónur og öryrki. Við í Frjálslynda flokknum höfum talað um að við viljum hækka persónuafsláttinn og tryggja þar með að hálaunaðir jafnt sem láglaunaðir fái jafnmargar krónur í vasa með dreifingu þeirra 16 milljarða sem um ræðir í frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Í því felst gagnrýni mín, (Forseti hringir.) herra forseti, og mig langar að fá svör hv. þingmanns hvað þetta varðar.

[18:37]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna yfirlýsingu hv. þm. Gunnars Örlygssonar, þingmanns Frjálslynda flokksins, um að flokkurinn sé ekki á móti afnámi eignarskattsins, sé ekki á móti málinu. Ég tók þessu þannig, en bið hv. þingmanns forláts að hafa misskilið hann.

Ég verð jafnframt að segja að mér þykir afar miður að hafa bendlað flokk hans við R-listann í Reykjavík, það var stórkostleg yfirsjón og mun ekki gerast aftur. Hins vegar liggur alveg fyrir, og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, sem jafnframt er borgarfulltrúi, getur upplýst okkur um það og staðfest, að Frjálslyndi flokkurinn studdi skattahækkanirnar sem Reykjavíkurlistinn hefur staðið fyrir (Gripið fram í.) en þingmenn Frjálslynda flokksins hafa ekki séð ástæðu til að gagnrýna það hér á þinginu en hafa frekar beint spjótum sínum að kaupmáttaraukningunni sem við erum að reyna að mæla fyrir skattgreiðendum til handa.

Ef ég skildi hv. þingmann rétt þá varpaði hann þeirri spurningu fram hvort ég styddi eða hvort mér þætti ekki eðlilegra að persónuafsláttur yrði hækkaður fremur en að ráðist yrði í þær aðgerðir sem hér er er verið að ráðast í, og svarið við því er nei. Ég er ekki hlynntur slíkum aðgerðum í skattamálum frekar en þeim sem eru lagðar til. Breytingarnar sem við mælum fyrir gera reyndar ráð fyrir að persónuafsláttur hækki um 8% til ársins 2007, ef ég man rétt, en ég tel að lækkanirnar sem við mælum fyrir séu eðlilegri og (Forseti hringir.) við munum síðan leggjast í skattalækkanir sem munu gagnast þeim hópum vel sem hv. þingmaður talar um.

[18:39]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðum í dag hafa hv. þingmenn stjórnarliða gagnrýnt mjög málflutning stjórnarandstöðuþingmanna er varða álögð gjöld sem síðustu daga og vikur hafa fylgt skattafrumvarpi ríkisstjórnarinnar og sagt að einungis sé um verðlagsbreytingar að ræða.

Það verður að minna hv. þingmann á að skattleysismörkin voru fryst frá vísitölu árið 1998 og fyrir þær sakir hafa nettótekjur landsmanna, sérstaklega þeirra lægst launuðu, lækkað um 10 þús. kr. Í raun ættu skattleysismörkin að vera 99 þús. kr. í dag en ekki 72 þús., kr., með öðrum orðum er þarna 27 þús. kr. munur og þar af leiðandi greiðir fólk 10–12 þús. kr. hærri skatt en ella. Eðlileg viðbrögð ríkisstjórnarinnar í dag ættu því að vera, úr því að rými til skattalækkana hefur skapast, að skila þessum fjármunum til baka. Það er mjög eðlileg krafa.

Því spyr ég (Forseti hringir.) hv. þingmann aftur: Þykir honum það sárt að fá jafnmargar krónur í vasann og öryrkinn?

[18:40]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru engin særindi af minni hálfu. Ég er ekki sár, ég er glaður og ánægður með þær breytingar sem við erum að ráðast í.

Ég vil hins vegar geta þess út af því sem kom fram í andsvari hv. þm. Gunnars Örlygssonar að ríkisstjórnin hefur á síðustu árum gert margt og gripið til mikilla aðgerða og átaka til að koma til móts við ýmsa láglaunahópa eins og aldraða, öryrkja, atvinnulausa og lágtekjufólk. Hér hefur verið stöðug kaupmáttaraukning og ef hún er skoðuð hlutfallslega þá hefur hún verið mest hjá þeim sem minnst hafa. Ég er hins vegar ekki að segja að þeir séu of sælir af tekjum sínum, alls ekki, það væri óskandi að þær tekjur væru hærri. En hins vegar hafa menn lagt sig verulega fram við að auka kaupmátt þessa fólks (Forseti hringir.) og nú er komið að þeim breytingum sem við mælum fyrir.

[18:42]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst það við hæfi að hv. þingmaður skyldi ljúka ræðu sinni áðan með því að óska okkur sem sátum í salnum til hamingju með skattalækkanirnar. Það er full ástæða til þess, því við munum fá verulegar skattalækkanir, þegar og ef þar að kemur. En við munum líka fá miklu meiri kjarabætur en það fólk sem hefur lægri tekjur. Þetta hefur sannast í umræðunni í dag og ekki bara í dag heldur undanfarna daga, og yfir það hefur verið farið mjög vandlega. Því finnst mér ástæða til að spyrja hv. þingmann og biðja hann að gera þingheimi grein fyrir hvernig á því stendur, úr því að menn trúa svona mikið á getu ríkissjóðs til að lækka skatta í framtíðinni, að menn treysta ríkissjóði ekki til að missa af neinum tekjum, hvorki á því ári sem er að líða né á því sem er að koma, því að ríkissjóður á að koma út með plús hvað varðar skatta á landsmönnum á

þessum tveimur árum. Það er sem sagt framtíðarmúsíkin að hægt sé að lækka skatta um 22 eða 23 milljarða á ári í framtíðinni, en hvorki möguleiki á að það gerist á því ári sem er að líða né á næsta ári.

Það er ástæða til að hafa töluverðar áhyggjur af árunum eftir 2005, því að það er þá sem verðbólgan mun koma af fullum þunga vegna þess að nú er verið að fresta henni með ýmsum aðgerðum, m.a. Seðlabankans, og menn vita það og greiningardeildir bankanna spá því að verðbólgan muni bresta á eftir a.m.k. ekki styttri tíma en ár, hugsanlega eftir tvö ár, það er það lengsta, en þá kemur hún. Þá hljóta menn að þurfa að spyrja: Hvernig stendur á því að það er ekki hægt að koma til (Forseti hringir.) móts við skattgreiðendur á næsta ári?

[18:44]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að búið sé að fara margoft yfir það hvers vegna skattalækkunum er hagað með þeim hætti sem frumvarpið kveður á um. Við vitum að það eru stóriðjuframkvæmdir á Íslandi og ýmislegt í gangi í atvinnulífinu sem hefur efnahagsleg áhrif. Hagfræðingar eru sammála um það, þar á meðal Guðmundur Ólafsson, lektor í hagfræði við Háskóla Íslands, að það sé beinlínis skynsamlegt að fara þá leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Séu breytingarnar til lækkunar á skatti framkvæmdar með þeim hætti sem frumvarpið fjallar um og gerir ráð fyrir eru þær ekki þensluhvetjandi eða verðbólguhvetjandi eða hafi slík áhrif sem við kærum okkur ekki um í efnahagslífinu. Hinar efnahagslegu ástæður, hin efnahagslegu skilyrði leiða til þess að menn ráðast í skattalækkunina með þessum hætti.

Af því að hv. þingmaður vék að þeim hamingjuóskum sem ég varpaði fram tel ég rétt að ítreka þær til hv. þingmanns, en þeim var ekki síður beint til allra landsmanna og skattgreiðenda, venjulegs fólks, venjulegra skattgreiðenda, *vegna þess að þeir munu koma vel út úr skattalækkununum*. Ég sýndi fram á það með konkret dæmum í ræðu minni. Ég tók t.d. dæmi af því að kaupmáttur kennarahjóna með fjögur börn mundi aukast um rúm 515 þús. kr. á ári við skattabreytingarnar. Hv. þm. Jóhanni Ársælssyni finnst það kannski lítið, en ég efast ekki um að þeim kennurum sem í hlut eiga finnst það bara býsna gott.

[18:46]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þær aðvaranir sem ýmsir hagfræðingar hafa haft uppi um að nú sé spenna í samfélaginu gilda hjá ýmsum þeirra svolítið lengra fram í tímann en bara út næsta ár. Það er ekki ástæða til þess að halda að það dragi neitt úr spennunni að ráði árið 2007 þó að talað sé um að allar skattalækkanir verði komnar til framkvæmda þá. Ég held þess vegna að þó svo menn taki núna ákvarðanir með lagasetningu sem fer í gegnum Alþingi muni þeir sem ætla að stunda ábyrga stjórn á fjármálum ríkisins hugsanlega þurfa að standa frammi fyrir því að sömu rök verði fyrir því að halda aftur af spennu í samfélaginu þegar þar að kemur. Þá þurfa menn hugsanlega að taka til baka eitthvað af því sem verið er að gera ef þeir ætla að stunda ábyrga stjórn á fjármálum ríkisins. Það er furðulegt að menn taki ákvarðanir svona langt fram í tímann sem þeir hafa ekki hugmynd um hvort þeir geti staðið við.

[18:48]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt við það að menn geri áætlanir langt fram í tímann. Ég veit ekki hvaða hagfræðingar það eru, sem eru óháðir í störfum sínum, sem hafa gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir þá aðferð sem beitt er í málinu. Hv. þingmaður verður að hafa það í huga að þær breytingar á skattaumhverfi sem við fjöllum um eru ekki einkamál ríkissjóðs. Þær eru líka mál skattgreiðendanna. Auðvitað skiptir það máli fyrir fólkið í landinu sem fær svona mikla aukningu á ráðstöfunartekjum sínum að það viti fyrir fram með hvaða hætti lækkanirnar muni koma fram þannig að það geti gert áætlanir fram í tímann á grundvelli þeirra breytinga sem ríkisstjórnin hyggst grípa til.

Sú aðferð sem við höfum (Forseti hringir.) ákveðið að beita við skattalækkunina er því eðlileg og skynsamleg.

[18:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að inna forseta eftir því hver sé ábyrgðarmaður ríkisstjórnarinnar eða meiri hlutans í umræðunni. Ég sé ekki hæstv. fjármálaráðherra, ekki hæstv. forsætisráðherra og ekki formann efnahags- og viðskiptanefndar. Ég sé engan stjórnarliða hér nema virðulegan forseta og (Forseti hringir.) spyr forseta hvort það sé ætlun hans að láta umræðuna halda áfram við þær aðstæður.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti telur að hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar sem verið hefur hér í allan dag sé helst til svara vegna nefndarálits og breytingartillagna og mun forseti gera honum viðvart að óskað hafi verið eftir nærveru hans.)

Ég geri þessar athugasemdir, virðulegur forseti, vegna þess að mér blöskrar og ekki í fyrsta skipti hvernig ríkisstjórnin, meiri hlutinn og hæstv. ráðherrar umgangast sín eigin mál. Maður hefði haldið að þetta mikla gæluverkefni ríkisstjórnarinnar að lækka sérstaklega skatta á hátekjufólk í landinu sem sjálfstæðismenn mega vart halda vatni yfir, að þeim væri meira annt um afkvæmið en svo að þeir skildu það eftir munaðarlaust í umræðunni og enginn stjórnarliði væri til að svara fyrir það. Mér finnst líka að hæstv. fjármálaráðherra geti vel sýnt umræðunni þann sóma að vera eitthvað viðstaddur hana. Ég efast um að ég nenni að leggja það á mig að ætlast til viðveru þeirra eða krefjast hennar þó það sé fullkomlega réttmætt. Kannski má segja að *það sé metnaðarleysi af okkur stjórnarandstæðingum* að vera ekki harðari af okkur í þeim efnum að láta það ekki líðast hvernig umræður eru að þróast hér almennt, að ríkisstjórnin hunsar þær gjörsamlega. Það heyrir orðið til hreinna undantekninga að hér sjáist eintak á ríkisstjórnarbekkjunum sem er alveg makalaust.

Virðulegur forseti. Það er von að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og hv. þm. Pétur H. Blöndal, eru nánast í gleðivímu þegar þeir koma upp og smjatta á skattalækkununum. Það er af því að hér er á ferðinni einhver sú mesta hægri stefna, einhver sú

raktasta nýfrjálshyggja sem lengi hefur sést á byggðu bóli. Það er augljóst mál og þarf ekki flókinn samanburð við fyrirkomulag skatta í nágrannalöndunum til þess að sjá að verið er að keyra með Ísland í allt aðra átt en í nágrannalöndunum í norðanverðri Evrópu. Við erum að keyra í allt aðra átt en annars staðar á Norðurlöndunum. Við erum að búa til flatara skattkerfi með minna tekjujöfnunargildi en nokkur önnur norræn eða norður-evrópsk þjóð. Við erum að fara í bandaríska átt sem hyglar alveg sérstaklega hátekjufólki, fjáreignamönnum og stóreignamönnum. Ég held að það eigi að ræða þá hluti nákvæmlega eins og þeir eru. Við getum auðvitað tekist á um skattstig, hversu mikilla tekna við viljum afla til samneyslunnar, ríkis og sveitarfélaga og opinberra verkefna en við skulum ræða sjálft inntak skattkerfisins, pólitíkina sem er fólgin í því hvernig teknanna er aflað hvort sem þær eru meiri eða minni. Það snýr að grundvallaratriðum í stjórnmálum. Það snýr að þjóðfélagsgerðinni sem við mótum fyrir framtíðina. Það er alveg ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn, hægri öfgaöflin í Sjálfstæðisflokknum eru að vinna stórpólitískan sigur með því að koma í framkvæmd á Íslandi, ef svo heldur sem horfir, einhverju hægri sinnaðasta skattkerfi í allri Evrópu. Það er bara þannig og að sjálfsögðu lötrar Framsóknarflokkurinn götuna á eftir fhaldinu í þessu eins og öðru.

Ég skil fögnuð hv. þm. Péturs H. Blöndals, sem er últra hægri maður eins og hann kemur mér fyrir sjónir í þessum efnum, últra hægri maður í skattatilliti og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Þeir mega alveg gleðjast út frá sínum þröngu hægri sérhyggjusjónarmiðum, að fletja niður skattkerfið og hlífa sérstaklega tekjuháu fólki og létta sérstaklega sköttum af fjármagnsgróða eins og gert hefur verið undanfarin ár. Og það sem er alvarlegast af öllu saman, veikja undirstöður velferðarkerfisins á Íslandi (**PHB:** ... stækka kökuna.) sem verður okkur öllum til tjóns þegar frá líður og atvinnulífinu líka og ekki síst. Það er nú þannig.

Hér er sem sagt á ferðinni algerlega ómenguð hægri stefna í skattamálum. Ég ætla ekki að halda því fram að verið sé að ganga alveg jafnlangt og í Bandaríkjunum í tíð hægri öfgastjórnarinnar sem þar hefur setið að völdum í á fimmta ár. Þar sýna kannanir að aðeins 1% amerísku þjóðarinnar hefur notið ávaxtanna af skattkerfisbreytingum Bush. Bandarískir auðkýfingar hafa fyrst og fremst notið góðs af áherslum Bush í skattamálum, enda er þar á ferðinni brauðmolakenning hægri manna sem er fólgin í því að með því að leyfa auðmönnunum að verða nógu ríkum og enn þá ríkari muni molar falla af borðum þeirra til hinna sem menn njóti góðs af. Þar er brauðmolahagfræði í ýtrustu hægri stefnu sem til er í skattamálum við lýði. Hér er gengið aðeins skemmra, en samt ljóst að fyrst og fremst 5%–10% íslensku þjóðarinnar munu hagnast stórkostlega á áherslum Sjálfstæðisflokksins í skattamálum. Það er fólk ofan við meðaltekjur og þeir sem hafa greitt hátekjuskatt, álag á hærri hluta launa sinna, það eru þeir sem hafa átt stóreignir og hafa miklar fjármagnstekjur sem búa á Íslandi við það sem er óðum að verða alger lágskattaparadís auðmanna í launalegu og fjármagnstekjulegu tilliti. Auðvitað er erkiíhaldið, erkihægrimennirnir ánægðir með þetta og ganga hér um gleiðbrosandi. Það er skiljanlegt.

Það er ágæt úttekt um þessa hluti í Fréttablaðinu í dag, í miðopnu þess blaðs. Ég veit ekkert hversu nákvæm og vísindaleg hún er, en sem fréttaskýring og lausleg úttekt á því hvernig þetta er í löndunum í kringum okkur er hún ágæt og dugar vel til þess að sýna það sem eru löngu þekktar staðreyndir að á Íslandi eru háir skattar á lágtekjufólk. Þeir eru hlutfallslega háir. (**Gripið fram í:** Nú?) Þeir eru það. (**Gripið fram í:** Engir.) Og skattlagning á Íslandi er undir meðaltali OECD-ríkja. Hún á að fara stórlækkandi. Við höfum haft um tíu ára skeið eða svo tvö skattþrep, í raun má segja þrjú í tekjuskatti, þ.e. skattleysismörk sem búa til núll þrep, það er almennt þrep og það er sérstakt álag á hæstu laun. Engu að síður miðað við núverandi ástand er tekjujöfnunargildi tekjuskattsins á Íslandi minna en í flestum nálægum löndum. Það eru aðeins tvö nálæg lönd þar sem þetta er á svipuðu róli. Hjá Írum og Bretum eru skatthlutföllin svipuð eða lægri og þau verða hæst á Íslandi í dag, losa 40%. En hvað á núna að gera? Fara með hlutfallið á árinu 2007 niður í 34,78%, tæp 35%. Við verðum um 20 prósentustigum lægri en flest nálæg lönd, þar á meðal alls staðar annars staðar á Norðurlöndum hvað varðar skattlagningu á hæstu tekjur. Það er enginn smámunur, herra forseti.

Ég held að Íslendingar geri rétt í að hugleiða þá: Bíddu, hverjir erum við? Hverjir erum við Íslendingar? Erum við ekki norræn þjóð? Erum við ekki stolt af því að hér hafi verið byggt upp, að því marki sem okkur hefur tekist það, norrænt velferðarsamfélag, norrænt módel, norrænt velferðarkerfi? Ég held það. Ég held að Íslendingum sé mjög tamt að ganga út frá því sem gefnu að við séum í hinum besta skilningi þess orðs norræn þjóð, að við höfum öflugt velferðarsamfélag byggt á norrænum gildum um jöfnuð og samhjálp og öryggi fyrir þá sem þurfa á stuðningi í samfélaginu að halda. En við erum að kveðja þetta módel. Við erum að sigla í burtu alveg lóðbeint, algerlega til hliðar frá öðrum Norðurlöndum. Það sést m.a. á því að á árinu 2007 verða heildarskatttekjur hins opinbera orðnar mun lægra hlutfall af þjóðartekjum hér en annars staðar á Norðurlöndunum, verulega lægri en þar sem þær eru næstlægstar, í Finnlandi, og t.d. verður tekjujöfnunargildi beinna skatta orðið til muna minna á Íslandi.

Þetta gerist á sama tíma og það dregur hratt í sundur í launamun í landinu. Það vitum við. Nýjustu kannanir sýna það allar saman. Og akkúrat við þær aðstæður velur ríkisstjórn sér að draga úr tekjujöfnunargildi skattkerfisins og veikja undirstöður velferðarsamfélagsins.

Í Danmörku er hæsta hlutfall á tekjur í skatti nálægt 60%. Það er milli 55 og 57% í t.d. Svíþjóð og Belgíu. Finnar greiða yfir 50% skatt af hæstu launum og Norðmenn líklega tæp 50%. En Íslendingar ætla með þetta niður fyrir 35%. Það þarf ekkert að tala um þetta öðruvísi en þetta er. Þetta eru tölur. Þetta eru tölulegar staðreyndir sem tala mjög skýru máli um það á hvaða vegferð við erum.

Svo koma menn hér og halda innblásnar ræður, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, hv. þm. Bjarni Benediktsson og hv. þm. Pétur Blöndal, og hneykslast á því að við stjórnarandstæðingar séum að draga athyglina að þeirri staðreynd, a.m.k. við talsmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að sérstaklega sé verið að lækka skattana á tekjuhæsta fólkinu. En það er staðreyndin og það er ástæða til að rifja það hérna upp að miðað við skattana eins og þeir

voru lagðir á á árinu 2003 vegna tekna ársins 2002 og svo þegar komið verður að árinu 2007 þá hafa tekjuskattar tekjuhæsta fólksins lækkað um heil 11%, 11 prósentustig, niður í tæp 35% úr 46% tæpum eins og þetta var á árinu 2003.

Svo koma stjórnarliðar, sérstaklega framsóknarmenn, í vörn sinni fyrir því að þetta séu ekki svona últra hægri áherslur í skattamálum og taka dæmin af meðaltekjufjölskyldunni, helst samt fjölskyldu aðeins undir meðaltekjum, og hún þarf endilega að eiga tvö börn undir sjö ára aldri til þess að þetta komi nú nógu vel út með barnabótunum, og finna það út að þar skili þetta nú bara — miðað við auðvitað ýmsar gefnar forsendur sem ekki munu standast — bara hreinlega alveg upp undir 8–9% kaupmáttaraukningu. Er það ekki, herra forseti?

En hvaða kaupmáttaraukningu skilar þetta tekjuhæsta fólki landsins? Það fer yfir 10% í beinni skattalækkun og þarf engar barnabætur til til að ýkja það dæmi upp ef við tökum tekjuhæstu mennina, t.d. þá sem er að finna í þessu riti hér. Ég tók dæmið af milljón króna manninum í ræðu minni við 1. umr. og ég þarf ekki að endurtaka það. (Gripið fram í.) Milljón króna manninum, ja, t.d. forstjórar. Það eru ein 80 stykki. (**PHB:** En sjómenn?) Það er slatti af sjómönnum. Það eru nú fyrst og fremst skipstjórar og aðallega á uppsjávarflotanum sem fara það hátt. En það eru nokkrir forstjórar í landinu sem eru með tekjur, skattskyldar tekjur aðrar en fjármagnstekjur, upp undir tíu milljónir kr. á mánuði. Þeir eru a.m.k. tveir á lista Frjálsrar verslunar yfir tekjur Íslendinga eða skattgreiðslur Íslendinga á árinu 2004 vegna tekna ársins 2003. Annar er með tæpar tíu milljónir á mánuði samkvæmt þessum listum og hinn með rúmar ellefu. Segjum bara að þessir menn séu með tíu milljónir kr. á mánuði hvor og hvað er þá verið að færa þeim í skattalækkanir ef við tökum aftur árið 2003 til viðmiðunar og síðan aftur árið 2007?

Tíu milljón króna maðurinn er að fá um 680 þús. kr. skattalækkun á mánuði með afnámi hátekjuskattsins. Það eru um 8 milljónir kr. á ári. (Gripið fram í.) Og hann er að fá rétt tæpar 400 þús. kr. í viðbót í skattalækkun með þeim 4% í lækkun tekjuskatts sem hér á að fara að afgreiða nú eða um 4,7 milljónir á ári. Þetta gerir samanlagt tæpar 13 millj. kr. í skattalækkanir, 12,7 milljónir skulum við segja, á ári hjá þessum tveimur forstjórum, ágætum sem þeir eru. Þetta gerir yfir 10% tekjuhækkun. Ef þeir eru svo heppnir að eiga börn undir sjö ára aldri má bæta þar svolitlu við, svona til að hafa dæmið sambærilegt við dæmin hjá Framsókn.

Þetta er veruleikinn. Þó að við tökum prósenturnar þá stenst sá málflutningur stjórnarliða ekki að skattkerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar í heild séu að skila mestu til meðaltekjufólks. Þær skila mestu til hæstu launahópanna, ekki bara í krónum, því að þar erum við auðvitað að tala um stóru upphæðirnar, heldur líka í hlutfalli. Tekjuhæstu einstaklingarnir munu á fjögurra ára tímabili fá yfir 10% kaupmáttarhækkun með skattbreytingum ríkisstjórnarinnar að öðru óbreyttu. Þetta er veruleikinn.

Þetta eru að mínu mati og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ranglátar breytingar. Þær auka ójöfnuð í samfélaginu. Þær eru að breyta grunngerð þjóðfélagsins ásamt ýmsu öðru sem hér er verið að vinna skipulega að af hægri öfgamönnunum sem ráða ferðinni. Samfélagsgerðin er að þróast hratt í gegnum þessar skattkerfisbreytingar og í gegnum það sem kemur á hina hliðina, veikari samneyslu, minni velferðarþjónustu, meiri gjaldtöku og kostnað sem velt er yfir á notendurna.

Hvað eru menn að gera í þessu sama frumvarpi og ríkisstjórnin er að hæla sér af og í tengslum við það í afgreiðslu fjárlaga fyrr í þessum mánuði? Jú, á móti skattalækkunum eru þeir að hækka skólagjöld. Þeir eru að taka upp komugjöld á heilsugæslustöðvar. Það vantar 500 milljónir og rúmlega það upp á að samningur við öryrkja sé efndur. Það á skera niður flatt í rekstri Landspítala – háskólasjúkrahúss um 600 milljónir frá rekstraráætlun stofnunarinnar. Það er bara óskilgreindur sparnaður sem á að þvinga stofnunina í. Þannig gæti ég áfram talið. Með öðrum orðum þá er sýnilegt strax við afgreiðslu málsins hér að málflutningur stjórnarliða um að þetta sé hægt án þess að það komi við velferðarkerfið stenst auðvitað ekki. Auðvitað hrynur hann. Menn þurfa að leggja í þann leiðangur og kvelja einstaka hv. þingmenn stjórnarliðsins sem hafa átt svolítið bágt með því að pína þá til að annaðhvort samþykkja eða hrökklast í að sitja hjá við skólagjaldahækkunina sem á að skila 140 milljónum í hækkuðum skólagjöldum. Þau eru að vísu eru dulbúin og kölluð skrásetningargjöld í opinberu háskólunum. Það er eins skýr yfirlýsing um það og nokkur getur verið að það er hin hliðin á málinu. Það er það. Þessar áherslur og þessi pólitík talar fyrir sig sjálf.

Það verða fyrst og fremst ráðstöfunartekjur hinna ríku sem hækka hressilega gangi þessar breytingar ríkisstjórnarinnar eftir allt til enda. Það er alveg sama hvernig hæstv. ríkisstjórn og talsmenn hennar hér rembast eins og rjúpan við staurinn við að reyna að segja eitthvað annað. Þetta er bara einfaldlega svona og þarf ekki um það fleiri orð að hafa, herra forseti.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum í grundvallaratriðum aðrar áherslur í þessum efnum. Við viljum að Ísland haldi áfram að vera norræn þjóð, norrænt land í besta skilningi þess orðs, ekki bara hvað ætt og uppruna og menningu snertir heldur líka hvað þá þjóðfélagsgerð snertir sem við viljum byggja hér upp og varðveita, þ.e. þjóðfélag samhjálpar og jöfnuðar og félagslegs réttlætis með öflugu velferðarkerfi og samábyrgu velferðarsamfélagi.

Auðvitað verða slíkar þjóðfélagsbreytingar ekki eða sjaldnast með einstökum stökkbreytingum þó að hér séu að vísu stórir hlutir á ferðinni í skattamálum. Auðvitað gerast þessar breytingar í skrefum. Þær gerast jafnt og þétt, sérstaklega ef við völd eru stjórnvöld sem hafa einbeittan vilja og langan tíma til þess að umbreyta þjóðfélaginu eins og Sjálfstæðisflokkurinn með stuðningi fyrst Alþýðuflokksins og nú Framsóknarflokksins er að gera. (**Gripið fram í:** Aðallega kjósenda.) Ja, hann fer nú minnkandi sem betur fer. En því miður hafa menn vélað sig inn á þjóðina aftur og aftur, m.a. með því að þeir hafa aldrei gengist við því sem þeir eru að gera og aldrei lagt spilin hreint á borðin.

Hvað mundi íslenska þjóðin segja ef hún væri spurð að því, ef það væri borið upp við hana bara hreint í þjóðaratkvæði hvort hún vildi þessa þjóðfélagsgerð eða norrænt

velferðarsamfélag. Ég hef engar áhyggjur af því hvað íslenska þjóðin mundi kjósa ef hún fengi að svara því skýrt í einni spurningu. Ég er algjörlega sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar vill hér norrænt velferðarsamfélag samhjálpar og félagslegs réttlætis. Það liggur fyrir í könnununum. Yfir 60% þjóðarinnar svöruðu því þannig aðspurð að menn væru tilbúnir til að borga meiri skatta ef þeir fengju í staðinn öflugra mennta- og heilbrigðiskerfi og betri opinbera þjónustu. Það liggur fyrir.

En auðvitað ef menn reyna að blekkja með þeim hætti sem hér er gert í forsendu þessa máls, að hægt sé að gera hvort tveggja, lækka stórkostlega skatta um tugi milljarða og halda algerlega óbreyttu velferðarstigi þá er ekki von á góðu því að þá koma menn ekki hreint til dyranna. (Gripið fram í.) Þá koma þeir ekki heiðarlega fram. (Gripið fram í.) Það er ómerkilegt að halda slíku fram.

Þegar menn segja þetta þá þarf nú ekki endilega annað en að vitna í þeirra eigin plögg, aum sem þau eru, þessi ræfilslegu plögg hér, herra forseti. Hvað er þetta? Þetta er þjóðhagsáætlunin sem við höfum núna frá forsætisráðuneytinu. Hún er örfáar blaðsíður, 15 í litlu broti með stóru letri. Þetta er það sem við fáum eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður, sem lagði fram ítarlega og faglega þjóðhagsáætlun á hverju hausti þangað til hún móðgaði stjórnvöld, fyrst og fremst hæstv. þáverandi forsætisráðherra Davíð Oddsson, og var lögð niður í staðinn.

En í þessu snifsi og í litla fylgiritinu með fjárlagafrumvarpinu má þó lesa þegar grannt er skoðað að þetta er nú ekki betra en svo að strax á árunum 2007 og 2008 er gert ráð fyrir verulegum halla á ríkissjóði upp á 1,1% og síðan 1,6% af landsframleiðslu. Hvað þýðir það? (**Gripið fram í:** Og 2005 kemur eftir þrjár vikur.) Það þýðir að menn munu standa frammi fyrir því hér í þessum sal á árinu 2006 að horfast í augu við að tekjur ríkissjóðs duga ekki fyrir útgjöldum. Halda þeir að þá verði létt að koma fjárlögum saman og það verði gaman? Hvernig halda þeir að þá byrji fyrir samneysluna í landinu, velferðarþjónustuna í landinu þegar búið verður að afsala ríkissjóði um 30 milljörðum kr. í traustum tekjustofnum, þ.e. tekjuskatti fyrst og fremst, og aðstæðurnar verða orðnar þessar í efnahagsmálum þjóðarinnar? Það þýðir ekkert að reyna að fela þessar staðreyndir. Þær eru svona. Ekki einu sinni áætlanir ríkisstjórnarinnar sjálfrar gera því ráð fyrir að þetta sé hægt eins og hagsveiflan verður þá og tekjur ríkissjóðs verða orðnar það miklu minni, án þess að þá verði kominn halli á ríkissjóð.

Auðvitað munu menn þá segja: Ja, við verðum að skera niður. Þá munu hægri mennirnir gera það sem þeir hafa alltaf ætlað. Þeir nota ástandið til að þrýsta samneyslunni niður og draga úr velferðinni í landinu. Þeir koma stundum upp um sig, t.d. með hugtakinu „útgjaldastýring". Útgjaldastýringu hafa þeir kallað það hér á köflum. Það á sem sagt að fara þá leið til að þurfa ekki að horfast í augu við niðurskurðinn, koma framan að fólki og segja: Við ætlum að draga úr fjárveitingum til heilbrigðismála, til skóla, til tryggingakerfisins o.s.frv. Menn fara fremur þá leið að lækka tekjurnar meðan árferðið er eins og það er og segja síðan: Nei, því miður. Það verður halli á ríkissjóði nema við skerum niður.

Þá skilja menn hugtakið „útgjaldastýringu". Væri ekki eðlilegra að halda þeim tekjum inni á góðæris- og veltutímanum, leggja þær til hliðar, eins og ábyrgir menn ættu að gera, greiða inn á lífeyrisskuldbindingar ríkisins, borga niður erlendar skuldir og standa betur að vígi þegar lægð kemur og erfiðleikar berja að dyrum, sem verður samkvæmt spám ríkisstjórnarinnar sjálfrar í síðasta lagi á árinu 2007? En margir telja reyndar að svo verði fyrr.

Herra forseti. Ég leyfi mér að gagnrýna að hér skuli t.d. ekki sjást í hæstv. fjármálaráðherra eða hæstv. forsætisráðherra sem fróðlegt hefði verið að hafa í salnum og ræða pínulítið við um aðstæðurnar í efnahagsmálum nú þegar við erum á síðustu metrunum við að ljúka þinghaldi fyrir jól. Það er nefnilega ýmislegt að koma fram þessa dagana sem ástæða er til að staldra við.

Það þarf ekki annað en að fara í álit Seðlabankans frá 2. desember síðastliðnum og þær harkalegu aðgerðir sem með því voru boðaðar. Þar voru heldur betur tíðindi í íslenskum efnahagsmálum og þótt víðar væri leitað, að dúndra stýrivöxtum bankans upp um heila prósentu í einu skrefi. Nauðsyn þess er rökstudd með því að frá því að Seðlabankinn skoðaði stöðuna og gaf út í júní á þessu ári hafi ýmislegt orðið til að kynda undir vexti eftirspurnar, stóriðjuáformin hafi enn færst í aukana, aðgangur almennings að lánsfé orðinn meiri og boðuðum áformum um lækkun skatta á næstu árum verið framfylgt, sem enn frekar mun auka ráðstöfunartekjur almennings og hvetja til aukinnar einkaneyslu.

Ég var á stórmerkum fundi í morgun sem KB-banki hélt í stærsta fundarsal landsins. Hann dugði varla til. Ég stakk upp á því að næst mundu þeir halda morgunverðarfund í Laugardalshöllinni. Það var troðfullt út úr dyrum þar sem greiningardeild KB-banka og bankinn kynntu nýjustu skýrslu sína, þessi öflugasti banki þjóðarinnar, um horfur, sérstaklega í gengis- og verðlagsmálum þjóðarinnar, á næstu missirum. Það var skaði að þar skyldu ekki vera fleiri þingmenn, alveg sérstaklega hæstv. ráðherrar. Að vísu var sessunautur minn hæstv. sjávarútvegsráðherra sem var svo sem ágætt. En þeir hefðu mátt vera þar fleiri, t.d. hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. forsætisráðherra, yfirmaður efnahagsmála.

Á fundinum leyndu sér ekki áhyggjur talsmanna bankans af því hvert stefndi. Formaður bankastjórnarinnar gerði viðskiptahallann að umtalsefni, sem hann taldi hættulegastan af öllu sem við stæðum frammi fyrir. Hann sagði augljóst mál að þetta gengisstig krónunnar gæti ekki gengið upp til lengdar og væri reyndar hættulegt að það héldi lengi áfram í þeim hæðum sem það er vegna þess að því lengur sem það ástand varir því harkalegra verði sennilega fallið þegar það kemur. Enda er spáin, sem þarna var gefin út, sú að við stöndum frammi fyrir því, líklega þegar líða tekur á næsta ár en tímasetningar eru alltaf erfiðar í þessum efnum, að harkalegt gengisfall gangi yfir hagkerfið og gengisvísitalan gæti farið úr þeim 110 stigum sem hún er að nálgast núna og upp undir 140 stig á örfáum mánuðum. Það munar um minna. (Gripið fram í.) Það getur nú vel verið að einhverjir fari að gera það, hv. þingmaður, (Gripið fram í.) og það hjálpar þá líklega til.

Nei, ætli það sé ekki meiri ástæða til að hafa svolitlar áhyggjur frekar en að gjamma fram í glaðbeittir, eins og stjórnarliðar gera. Finnst mönnum þetta ekki áhyggjuefni?

Eru menn virkilega svo heillum horfnir og kærulausir orðnir, svo gjörsamlega einangraðir í þeirri sjálfsblekkingu að hér sé allt í himnalagi, að það sé alveg sama hvaða aðvörunarorðum rignir yfir okkur, hversu harkalega Seðlabankinn telur sig knúinn til að grípa í taumana og hvað spádeildir stærstu fjármálastofnana landsins segja?

Hvað fréttum við utan úr atvinnulífinu? Hvar eru nú áhyggjur manna af því? Einhvern tíma hefðu menn staldrað við fréttir af því tagi sem birtust í Morgunblaðinu í dag, um að á viku hafi gengisbreytingar krónunnar rýrt útflutningstekjur sjávarútvegsins um 5 milljarða kr. Það munar um minna. Ég man að menn settu lög á sjómenn til þess að bjarga leifunum af loðnuvertíð og töluðu þá um að allt upp undir 3 milljarða kr. væru í húfi. Á einni einustu viku fjúka 5 milljarðar kr. af tekjuhlið sjávarútvegsins út af gengisbreytingum krónunnar einum saman.

Hvað segir í blaðinu Frjálsri verslun? Ég er ekki að vitna í áróðursrit af vinstri kantinum. Ég vitna í málgögn hægri manna, m.a. Morgunblaðið og Viðskiptablaðið. Ég held að Viðskiptablaðið, ef eitthvað er, sé orðið enn þá meira flokksmálgagn á köflum. En það sinnir vel málefnum atvinnulífsins og það er gott.

Þar er viðtal við merka menn, Hörð Arnórsson, forstjóra Marels, Birgi Ísleif Gíslason seðlabankastjóra og reyndar bjargvættinn, eða bjargvættina skilst mér að eigi að segja á vestfirsku, Einar Odd Kristjánsson.

Hvað segir seðlabankastjóri? Jú, hann segir að menn ættu ekki að láta sér koma þetta mjög á óvart. Hann segir að menn megi auðvitað búast við háu gengi næstu tvö ár þegar svo gríðarlegar framkvæmdir koma inn í hagkerfið á svo stuttum tíma. Það nemi um einum þriðja af landsframleiðslu og sé allt fjármagnað ýmist með eigin fé eða lánsfé frá útlöndum.

„Við slíkar aðstæður er ekkert um annað að ræða en að menn megi búast við háu gengi."

Hvað með áhyggjur manna vegna útflutningsgreinanna? spyr Viðskiptablaðið seðlabankastjóra:

„Við deilum þeim áhyggjum með þeim sem í þeim viðskiptum eru," segir seðlabankastjóri. — Það hlýtur nú að vera mönnum mikil huggun að Seðlabankinn deilir áhyggjunum.

„Það er enginn vafi á því að menn verða að búa sig undir það að gengið verði hátt ? Það er okkar verkefni að halda verðbólgunni sem næst 2,5% og við erum auðvitað staðráðnir í að gera það með þeim tækjum sem við höfum," segir seðlabankastjóri og hana nú.

Hins vegar segir Hörður Arnórsson, forstjóri Marels, sem er útflutnings- og samkeppnisiðnaðarfyrirtæki: „Mér finnst ótrúlegt skilningsleysi vera á þörfum útflutningsgreina ef menn ætla að sætta sig við það." — Þar vísar hann til orða seðlabankastjóra um hátt gengi. — „Tekjur minnka og þetta er mjög slæm staða. Þetta er sérstaklega slæmt varðandi sölu inn á Bandaríkin vegna þess hversu veikur dollarinn er. Þá er líka ljóst að staðan er mjög óþægileg fyrir allar útflutningsgreinar, líka gagnvart öðrum gjaldmiðlum þar sem krónan er mjög sterk."

„Er hætta á að fyrirtæki flykkist úr landi í auknum mæli?" spyr Viðskiptablaðið.

„Fyrirtæki hafa verið að fara úr landi undanfarin missiri. Það má nefna dæmi, Hampiðjuna, Plastprent og 66°Norður. Þetta hamlar uppbyggingu hér."

Seðlabankastjóri er svo aftur yfirheyrður um verðbólguspána. Hann telur hana hafa versnað töluvert og telur m.a. upp þessar ástæður, með leyfi forseta:

„Stóriðjuáformin hafa enn vaxið og þjappast meir á næstu tvö ár en áður voru horfur á. Yfirlýsingar um skattalækkun hafa verið staðfestar og áform um aðhald í opinberum útgjöldum eru nokkuð óljós. Allir þessir þættir leiða til meiri framleiðsluspennu en áður var talið og kynda undir verðbólgu." — Allir þessir þættir, skattalækkanirnar líka. Það er stóriðjustefnan, skattalækkanirnar og sérstaklega greiður aðgangur almennings að lánsfé sem veldur mönnum þessum áhyggjum og hefur þessar afleiðingar.

Hvað er að gerast? Það eru ruðningsáhrifin af stefnu ríkisstjórnarinnar sem búa til þetta óhagstæða umhverfi fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinarnar.

Vilhjálmur Egilsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu og hagfræðingur, orðaði þetta þannig á fundi í KB-banka í í morgun að verið væri að búa til pláss — hann notaði ekki orðið „ruðningsáhrif", það er mitt hugtak — en hann talaði um að búa til pláss fyrir miklar stórfjárfestingar í hagkerfinu. Á mannamáli: Það er verið að ryðja öðru í burtu til að skapa pláss fyrir gæluverkefni ríkisstjórnarinnar, hina glórulausu, hömlulausu stóriðjustefnu og skattalækkanirnar sem eru auðvitað óðs manns æði við þessar efnahagslegu aðstæður. Það er alveg sama hvernig sjálfstæðismenn rembast við að segja annað. Þær eru glórulausar. Að taka 25–30 milljarða kr. í viðbót og setja í umferð við þær aðstæður. Það er svipað fjármagn og spáð er að gjaldeyrisinnstreymið vegna stóriðjunnar verði á næstu tveimur árum. Stærðargráða þess er einmitt um 30 milljarðar kr. á hvoru ári, 2005 og 2006.

Nú getur vel verið að það sé rétt sem kemur fram í ágætri skýrslu KB-banka, að menn hafi haft tilhneigingu til að ofmeta hin beinu eiginlegu áhrif stóriðjufjárfestinganna á hagkerfið. En hitt er ljóst að væntingarnar vegna þeirra eru einn aðalorsakavaldurinn. Efnahagsmál snúast auðvitað ekki bara um tölulegar staðreyndir og aðstæður ráðast ekki bara af hinum beinu og eiginlegu áhrifum heldur líka af andrúmsloftinu, af hinum sálræna þætti, af væntingunum.

Hvers vegna fer gengið upp í beinu framhaldi af ákvörðun Seðlabankans um hækkun stýrivaxta? Jú, það er vegna væntinga um aukinn vaxtamun á komandi missirum sem markaðurinn bregst strax við. Markaðurinn brást strax við vegna stóriðjuvæntinganna. Hann byrjaði á því í fyrra. Það er við þær sem við erum að glíma.

Ruðningsáhrifin af stórframkvæmdum, gæluverkefnum ríkisstjórnarinnar, reynast öðru atvinnulífi í landinu harla dýr, harla þungbær. Það er veruleikinn. Hvar er nú allur lofgerðarsöngur framsóknarmanna og annarra þeirra sem studdu þessar framkvæmdir? Það er að koma á daginn að þær skapa íslenska þjóðarbúinu geysilega erfiðleika og verða okkur mjög kostnaðarsamar í öðru atvinnulífi. Greinar eins og sjávarútvegurinn, útflutnings- og samkeppnisiðnaðurinn, ferðaþjónustan, veikburða uppbygging í öðrum greinum eins og fiskeldi, loðdýrarækt eða útflutningi á lambakjöti, blæða núna fyrir hækkað raungengi, fyrir háa vexti, fyrir verðbólgu og fyrir spennu í hagkerfinu. Þetta er

einfaldlega veruleikinn, herra forseti.

Við nákvæmlega þessu var varað, að það væri ákaflega ógæfulegt að setja inn í íslenska hagkerfið á örfáum missirum utanaðkomandi stórfjárfestingu sem næmi einum fjárlögum ríkisins eða jafnvel rúmlega það. Það er allt að ganga eftir, með væntingunum sem því fylgja. Þegar við bætist svo ógæfusöm ríkisstjórn og ábyrgðarlaus sem hellir olíu á eldinn með stórfelldum skattalækkunum, sem þar á ofan koma þeim tekjuhæstu mest til góða, þá er það ekki mjög félegt.

Ég er því jafnhryggur, ef ég mætti taka svo til orða, og hægri sjálfstæðismennirnir eru glaðir yfir því sem er að gerast í íslenskum efnahagsmálum, sérstaklega hvað varðar ríkisfjármál, skatta og stöðu velferðarkerfisins á Íslandi. Þetta eru dapurlegir tímar fyrir þá sem vilja standa í ístaðinu og verja samábyrgt, norrænt velferðarsamfélag á Íslandi. Þetta eru mjög dapurlegir tímar og af minni hálfu mega allir hafa skömm af aðild sinni að því. Ég ber ekki mikla virðingu fyrir því að menn reyni að smygla inn á þjóðina stórfelldum þjóðfélagsbreytingum undir fölskum formerkjum þess að þetta sé allt saman hægt, muni hvergi koma við og ekkert annað en gullöld og gleðitíð fram undan, allt teppalagt og bein braut. Það er því miður aldeilis ekki þannig.

Það eru verulegar hættur á því að við keyrum núna harkalegar út af en nokkru sinni fyrr um áratuga skeið. Þær eru miklu meiri en nokkurn tímann áður í sögu þjóðarinnar. Af hverju er það? Jú, af því að nú hafa menn fengið frjálsan fjármagnsflutning milli landa. Menn hafa fengið markað. Menn hafa ekki þær öryggisgirðingar hvað sem menn segja um eldra fyrirkomulag á sinni tíð sem þýddi að útslagið og sveiflurnar gátu ekki orðið jafnmiklar og þær geta orðið núna. Núna gætum við heldur betur fengið að finna fyrir því ef hér færi virkilega illa, sem því miður er allt í kortunum, höggið getur orðið mjög þungt, hart og harkalegt þegar niðurslagið kemur og kannski mun fyrr en menn sjá fyrir sér.

Við höfum nánast allar breyturnar til staðar sem nágrannar okkar brenndu sig harkalega á um 1990. Við höfum haft mikla útlánaþenslu. Við höfum haft mikla skuldsetningu. Það er hækkandi fasteignamarkaður, við höfum búið til veð og menn hafa skuldsett sig í samræmi við það og við erum að því leyti að vísu verr stödd en grannar okkar voru þá, við erum skuldugri. Við erum ein skuldugasta þjóð í heimi. Íslensk fyrirtæki eru mjög skuldsett, að mestu leyti í erlendri mynt og nánast að engu leyti í innlendri óverðtryggðri krónu, svo maður noti myndlíkingamál ráðuneytisstjórans í sjávarútvegsráðuneytinu. Heimilin eru u.þ.b. að verða þau skuldugustu í heimi. Þau eru að sigla í 200% af ráðstöfunartekjum einmitt þessa mánuðina, fóru yfir 180% við áramótin síðustu. Sveitarfélögin eru mjög skuldug og safna skuldum upp á 3–5 milljarða á hverju ári.

Það er aðeins einn aðili sem hefur heldur verið að bæta stöðu sína, það er ríkissjóður. Það er gott, það er vel, en hann hefur gert það að miklu leyti með því að selja eignir sem höfðu byggst upp í landinu um áratuga skeið. Það kemur að því að það verða ekki endalausar eignir til að selja. Hvernig verður staðan þá? Jú, þá höfum við tekið þátt í minnka tekjur ríkisins þannig að það verður væntanlega rekið með halla strax árið 2007.

(**Forseti** (BÁ): Forseta leikur nokkur hugur á að vita hversu langt mál ræðumanns verður.)

Já. Ég skil vel að forseta fýsi að hlusta á mig lengi enn, en það var reyndar ekki ætlunin að halda ræðunni mikið lengur áfram. Ég held ég geti þess vegna, ef það er ætlun forseta að gera hlé, lokið máli mínu innan skamms og vil gjarnan gera það því ég sé ekki ástæðu til að vera að slíta þetta í sundur. Ég geri ekki ráð fyrir því að hæstv. ráðherrar ætli að ómaka sig hingað til umræðunnar frekar en venjulega. Það skal þá bara standa í þingtíðindunum að nú eins og endranær sýni þeir þeim umræðum sem hér fara fram takmarkaða virðingu. Það er orðin regla en ekki undantekning, en ég hef hugsað mér á næstunni að vera nokkuð iðinn við að vekja á því athygli, sérstaklega af því að ég fæ aldrei neina hjálp frá forsetum þingsins í þeim efnum að halda ráðherrum við þingskyldur sínar. Mér finnst dapurlegt að hér fari fram 2. og 3. umr. um fjárlög, menn ræði höfuðtekjuöflunarmál eða ríkisfjármálafrumvörp ríkisstjórnarinnar eins og þennan mikla skattalækkunarleiðangur og forsetar Alþingis lyfta ekki litla fingri til þess að reyna að sjá til þess að ráðherrar séu viðstaddir umræðurnar eins og eðlilegt væri.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill geta þess að formaður efnahags- og viðskiptanefndar, hv. þm. Pétur Blöndal, hefur fylgst með umræðunni. Jafnframt vill forseti geta þess að skilaboðum var komið til fjármálaráðherra áðan um að hv. þingmaður hefði áhuga á því að hafa hann í salnum.)

Já, mér þykir forseti hafa brugðist skörulega við með því og forseti telur það væntanlega sjálfur, en engu að síður dugði það ekki til þess að hæstv. ráðherra mætti til umræðunnar.

En það er ekki aðalatriði málsins og er eins og hjóm eitt, virðulegur forseti, borið saman við það sem hér er undir, þ.e. þær miklu breytingar í skattamálum og áhrif þeirra á ríkið og íslenska samfélagið sem ég hef miklar efasemdir um að muni leiða til mikils velfarnaðar gangi þetta allt eftir, sem er að vísu ósýnt því það er nokkur tími til stefnu þar til þunginn af þessu á að koma til framkvæmda og vika getur verið langur tími í pólitík. Það skyldi ekki vera að farið væri að krauma dálítið undir víða í samfélaginu og þar á meðal á stjórnarheimilinu? Siglingin er satt best að segja ekki það gæfuleg. Ég held ég verði að segja að af minni reynslu af því að reyna að hafa tilfinningu fyrir sæmilega föstum tökum á hlutunum held ég að þessi haustmánuður sé með því slappasta sem ég hef upplifað hvað það varðar að maður hefur enga tilfinningu fyrir því að hæstv. ríkisstjórn sé með neina meðvitund og átti sig neitt á samhengi hlutanna eða í hvaða veruleika við stefnum með hlutina. Maður verður ekki var við það þegar menn koma hingað upp með klisjukenndar utanaðlærðar tölur um hvað allt sé yndislega gott og fagurt, þegar ekki þarf meira til en að lesa blöðin eða mæta á fundi í bænum til þess að heyra allt aðrar lýsingar af ástandinu, eins og ég hef aðeins reynt að draga fram.

Ég get því ekki, virðulegur forseti, farið að lokum með neinar hamingjuóskir. Það er afar fátt í þessu sem ég get glaðst yfir. Við styðjum að sjálfsögðu breytingarnar á barnabótunum. Þær eru í rétta átt og ganga út á að skila til

baka hluta af því sem af barnafólki hefur verið haft undanfarin ár með skerðingum og tekjutengingum, en það hrekkur skammt þegar hið stóra samhengi hlutanna er skoðað og heildarbreytingarnar sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er að gera í þessum efnum, að meðtöldu því sem var lögfest í fyrra og varðar niðurfellingu hátekjuskattsins, eru í algerlega öfuga átt að okkar mati. Þær færa íslenskt samfélag í burtu frá því sem við eigum að stefna að, að halda áfram að vera norrænt velferðarsamfélag.

[19:36]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst benda á að málið er á forræði Alþingis núna. Við ræðum hér nefndarálit. Málið er að koma úr nefnd og ég tel ekki við hæfi að ráðherrar séu kallaðir til umræðunnar þegar Alþingi ræðir nefndarálit.

Þetta var mjög góð ræða hjá hv. þingmanni og algjörlega í samræmi við sjónarmið hans og lífsskoðun. Það var ekkert sem kom mér á óvart í henni, enda hygg ég að hann eigi mikið auðveldara með að tala um þetta mál en margur hv. samfylkingarmaðurinn sem hefði gjarnan viljað standa að frumvarpinu, því þetta er einmitt frumvarp í anda margra samfylkingarmanna.

Hv. þingmaður hefur fundið nýja leiðtoga hjá KB-banka sem spá fyrst mikilli gengisstyrkingu en síðan gífurlegu gengisfalli. Ég skil ekkert í þeim mönnum að fara ekki í gang með öll sín tæki og tól með framvirkum mörkuðum og byrja að kaupa dollara og aðrar myntir. Svo kom hv. þingmaður með boðskap frá Birgi Ísleifi Gunnarssyni seðlabankastjóra um þveröfugt, að gengið mundi haldast hátt. Nú er maður dálítið ruglaður. Ég held nefnilega að þetta verði einhvers staðar þarna á milli.

Hv. þingmaður gat um að fyrirtækin væru að fara úr landi. Þau eru að fara úr landi til að elta lág laun en ekki út af gengi eða sköttum. Svo minni ég á að ástandið er mjög gott á Austurlandi. Þar er fólk mjög glatt, eins og reyndar ég.

Undanfarin tíu ár höfum við upplifað mikla hækkun launa hér á landi. Óvenjumikil hækkun launa. Miklu meiri umsvif í þjóðfélaginu. Kakan stækkar og stækkar.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann, af því hann trúir þessu ekki eða neinu, hvernig honum lítist á að jaðarskattar skuli vera að lækka, tekjuskatturinn er 4%, barnaskerðingin 1%, LÍN 1% og vaxtabæturnar um 0,5%: Er þetta ekki eitthvað sem hann getur verið ánægður með?

[19:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er í fyrsta lagi algjörlega ósammála hv. þingmanni um að það sé eitthvað óeðlilegt við að krefjast viðveru ráðherra við stórpólitíska umræðu af þessu tagi, eða talsmanna ríkisstjórnarflokkanna. Það á ekkert skylt við það að málið sé á forræði þingsins. Hv. þingmaður þarf ekkert að vera að kenna mér held ég stafrófið í þeim efnum, ég er búinn að vera hérna eitthvað á þriðja áratug og á því að kunna það. Það er að sjálfsögðu fullkomlega réttmætt þegar stórmál af þessu tagi eiga í hlut að menn krefjist þess jafnframt að viðkomandi fagráðherrar séu til staðar og taki þátt í umræðunni og svari fyrir sinn hatt. Þeir fara jú með framkvæmdarvaldið í þessum efnum. Þeir bera frumvörpin hingað inn og þó að hið formlega forræði málsins sé að sjálfsögðu í höndum þingsins er það ekki þannig að ráðherrarnir hafi sagt af sér á meðan.

Í öðru lagi er það örugglega rétt í ákveðnum tilvikum að fyrirtæki fari úr landi fyrst og fremst vegna þess að þau séu að elta lág laun, en ekki bætir þá algerlega óraunhæf gengisskráning úr skák, þá leggst hún þar ofan á. Það sér náttúrlega hver maður hvernig þetta blasir við þeim fyrirtækjum sem fá nú 20%–40% færri krónur í kassann en þau gerðu fyrir tveimur árum. Það er bara þannig. Fyrirtæki fá 44% minna af íslenskum krónum í tekjur ef þau flytja vöru sína út í dollurum en þau gerðu þegar best lét fyrir tveimur, þremur árum. Þannig er það bara.

Það er að sjálfsögðu gott að það dragi úr óhóflegum jaðaráhrifum á skattkerfinu, en til þess eru mjög margar aðferðir og margar aðrar réttlátari að mínu mati en sú að lækka sérstaklega skattana á tekjuhæsta fólkið, því jaðaráhrifin hafa alltaf verið tilfinnanlegust á launum undir meðaltekjum. (Gripið fram í.) Það er m.a. hægt með því að draga beint úr tekjutengingunum en ekki lækka tekjuskattinn, draga úr tekjutengdum skerðingum í kerfinu á barnabótum og öðru slíku. (Forseti hringir.) Hv. þingmaður þarf ekkert að ragast um þetta við mig, því allan tíunda (Forseti hringir.) áratuginn var ég sennilega sá sem oftast nefndi jaðaráhrif í skattkerfinu.

[19:41]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau dæmi sem hv. þingmaður nefndi um brottför íslenskra fyrirtækja til útlanda voru öll þess eðlis að þau voru að elta lægri laun.

Gengisfellingin virkar ekki þannig á fyrirtæki að það séu bara tekjurnar, það eru líka skuldirnar, aðföng ýmiss konar, olía, skip og allt slíkt. Þegar maður lítur á afkomu fyrirtækja með augum utan frá, t.d. með dollaraaugum, breytist ekki neitt nema innlendur kostnaður, þ.e. laun starfsmanna hækka. Það er það eina sem breytist og öll góð fyrirtæki eru að sjálfsögðu með tryggingar fyrir slíku. Þau eru með gengistryggingar. Þau tæki eru komin á hér á landi, þökk sé t.d. nýjum leiðtoga hv. þingmanns, KB-banka. Þar geta fyrirtæki keypt sig frá áhættunni. Ég reikna með að velflest þeirra hafi þegar gert það og séu búin að tryggja sig örugglega í hálft ár eða heilt ár fyrir þeirri gengishækkun sem nú varð. Þetta kemur því ekki eins illa við þau og menn kynnu að halda. Menn eru með tæki og tól til þess að ráða við svona sveiflur, alla vega til skamms tíma. Ég hygg að sú mikla sveifla sem kom eftir vaxtahækkun Seðlabankans muni að einhverju leyti ganga til baka. Ég hef ekki þá trú sérfræðinga KB-banka sem að sögn hv. þingmanns spáðu gífurlegu gengisfalli, ég held að það gerist ekki því það væri þegar búið að gerast. Það er nefnilega í gangi framvirkur markaður og spákaupmennska til að jafna sveiflurnar, þó hún sé kannski fulllítil.

[19:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég treysti mér ekki í rökræður við hv. þm. Pétur H. Blöndal um framvirka gengisspákaupmennsku

samninga, hann er algjör ofjarl minn í þeim fræðum, ég ástunda ekki slík viðskipti og hef aldrei sett mig inn í þau en ég heyri að hv. þingmaður hefur á þeim djúpa þekkingu.

Ég held samt hinu fram, að raungengisstigið hafi mikil áhrif og hefur réttilega þeim mun meiri áhrif sem innlendir kostnaðarþættir vega þyngra í útgjöldum fyrirtækja sem fá hins vegar tekjur sínar í erlendri mynt. Ef við skoðum fyrirtæki sem fær tekjur sínar í dollurum en hefur svo til allan tilkostnað innlendan, þar sem t.d. launahlutfall er hátt og annað í þeim dúr er myndin afar óglæsileg. (**PHB:** Þau eiga skuld í dollurum.) Sum þeirra skulda kannski eitthvað í dollurum, önnur skulda ekki neitt af því að atvinnurekstur-inn ber einfaldlega ekki miklar skuldir. Tökum ferðaþjónustuna sem dæmi. Innlendu þættir ferðaþjónustunnar, þ.e. ekki flugreksturinn heldur gisting og ýmis slík þjónusta út um landið, fá tekjur sínar að verulegu leyti inn eða semja um verð í gengi, (Gripið fram í.) en kostnaðurinn fellur að mestu til innan lands í formi vinnulauna og ýmiss konar þjónustu. Ég er ekki viss um að það sé svo einfalt fyrir ýmis smáfyrirtæki á þessu sviði.

Iðnfyrirtækin mörg hver reka bæði innlenda og erlenda starfsemi í dag. Þau eru með framleiðslueiningar hér heima en eiga líka verksmiðjur erlendis. Þetta gildir um Marel, Össur, Sæplast, lyfjafyrirtækin og mörg fleiri. Þau standa frammi fyrir því að það er ákaflega freistandi að halda algerlega að sér höndum a.m.k. hér heima, ef ekki hreinlega flytja meira af starfseminni út. (**PHB:** ... lægri skattar.) Jafnvel þó menn hafi lækkað eitthvað skatta dugar það kannski ekki á móti því mikla raungengisrisi sem hér hefur orðið. Veruleikinn er bara svona, hv. þm. Pétur H. Blöndal, og er einfaldlega sagna bestur.

[19:45]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna. Mér fannst hann koma heiðarlega fram í þessu og ég held að það sé augljóst öllum sem hlustuðu á ræðuna að hann er mjög á móti skattalækkunum af hugmyndafræðilegum ástæðum. Síðan hefur hann haldið sig á svipaðri línu frá upphafi, svipaðri og Samfylkingin hélt sig á í byrjun, þ.e. að það væri svo skelfilegt að lækka skatta núna út af þensluhvetjandi áhrifum í hagkerfinu. Samfylkingin hefur hins vegar snúið í það að þetta séu allt í einu orðnar skattahækkanir.

Hvað sem því líður vildi ég spyrja nokkurra spurninga. Hann sagði að þetta væru mjög dapurlegir tímar, aldrei meiri hætta í sögu þjóðarinnar, núna gæti farið illa og hann vísaði í frelsi á fjármagnsmarkaði sem mundi gera það að verkum að skellurinn yrði örugglega stór. Ég vildi bara fá að vita hvort þetta var ekki örugglega rétt túlkun, þ.e. að hann teldi að hér væri hætta sökum þess að hér væri mikið frelsi á fjármagnsmarkaði. Skil ég ekki hv. þingmann alveg rétt, vill hann ekki frekar hafa hlutina eins og þeir voru áður? Það er ekki hægt að skilja hann öðruvísi.

Sömuleiðis vildi ég nota tækifærið og spyrja hann af því að hann er formaður í flokki sem hefur komið með tillögur um hækkun skatta, m.a. fjármagnstekjuskatts, hvort hann telji að það geti gerst að ef menn hækki skatta muni það samt sem áður skila minni tekjum. Ég vona að hv. þingmaður skilji hvað ég var að segja, þ.e. þegar við hækkum prósentuna af einhverjum skatti mundum við ekki ná því sem tilætlað var og jafnel minna en menn voru með áður en skattahækkun varð.

[19:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður tók alveg rétt eftir fyrri hlutanum af því sem ég var að ræða um í sambandi við áhættuþættina sem núna eru til staðar og eru miklir. Ég viðurkenni t.d. að ég var undir nokkrum áhrifum af því að hlusta á sérfræðinga á fundi í morgun sem fóru rækilega yfir þetta, áhættuþættina út frá rekstri fjármálastofnana, áhættuþættina fyrir þjóðarbúið í heild sinni vegna greiðsluflæðisins til og frá landinu og annað í þeim dúr. Þar ræddu þeir hreinskilnislega um það að gríðarlegur viðskiptahalli af því tagi sem við búum við getur orðið meiri háttar hausverkur vegna þess að hann þarf að fjármagna jafnóðum, það verður að slá fyrir honum. Ef allt í einu þorna þær lindir sem hafa þýtt fjármagnsflæði til landsins á móti viðskiptahallanum eru menn í miklum vanda. Þetta eru ósköp einfaldlega staðreyndir. Það er líka veruleiki og staðreynd að við erum lítið, opið og tiltölulega óvarið hagkerfi. Við erum ákaflega lítið, opið hagkerfi með sjálfstæðan gjaldmiðil og lítinn gjaldeyrisvarasjóð. Þótt hann hafi styrkst talsvert á undanförnum missirum er hann samt mjög lítill þegar við höfum í huga hátt útflutnings-/innflutningshlutfall í hagkerfinu miðað við stærð þess.

Þetta eru bara staðreyndir, veruleikinn. Hins vegar skjátlast hv. þingmanni þegar hann dregur af því að ég bendi á þessar hættur þá ályktun að ég vilji endilega fara til baka í einhverjar allt aðrar áttir, til hafta í gjaldeyrisviðskiptum eða annars slíks. Það er ekki svo. Ég tók þátt í því, og studdi meira að segja og sat í ríkisstjórn sem létti höml-um af verslun með gjaldeyri og hef alls ekkert verið í nein-um ágreiningi um það. Auðvitað hlytum við að þróa hagkerfi okkar að þessu leyti hvað varðaði utanríkisviðskipti, gjaldeyrisviðskipti og annað í sömu áttir og önnur lönd. Það er ekki neinn grundvallarágreiningur um það. Ég var ekki endilega alltaf sammála einstökum skrefum sem voru tekin í því en ég hef gaman af því að minna sjálfstæðismenn á það að það var vinstri stjórnin sem sat hér við völd frá (**GÞÞ:** ... seinni spurningin ...) 1988 til — ég skal svara seinni spurningunni í næsta andsvari ef ég má. Ég hef bara tvö tækifæri. Það yrði að sjálfsögðu ekkert lögmál að tekjur (Forseti hringir.) hækkuðu ekki með hækkun skattprósentna. Auðvitað fer það allt eftir því (Forseti hringir.) á hvaða róli menn eru í því hver áhrifin eru.

[19:49]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það virðist vera að á þessum dapurlegu tímum með aldrei meiri hættu í sögu þjóðarinnar eigi ekki að draga þá ályktun að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vilji fara til baka hvað varðar frelsi í fjármagnsviðskiptum. Það liggur þá bara fyrir að það er vilji hv. þingmanns og flokks hans að fara ekki til baka hvað það varðar. Það kemur að vísu nokkuð á óvart vegna þess að eitt af því sem er frelsi á þessum markaði felst líka í því að menn hafa ver-

ið að losa um tök ríkisins, m.a. eignarhald og annað slíkt. Látum það samt liggja á milli hluta. Ég var að vonast til þess að hann mundi taka smátíma í það og svara fyrir það hvort hækkun skatta mundi þýða það sjálfgefið að menn fengju þær tekjur sem menn ætluðust til. Ég hefði viljað fá að vita hvort hv. þingmaður telji að — og hann getur notað seinna svarið í það — eða réttara sagt að hann útskýri það hvernig menn hafa í rauninni náð þessum árangri. Við erum búin að ná hérna gríðarlega miklum kaupmætti. Við höfum náð miklu meiri umsvifum í efnahagslífinu, m.a. höfum við aukið og skapað betri tækifæri fyrir fyrirtæki með lækkun skatta. Nú er það þannig að við erum í samkeppni um fólk og fyrirtæki, ekki bara um fyrirtækin, heldur líka fólkið. Það eru fleiri og fleiri einstaklingar sem geta valið sér búsetu sína þótt þeir vinni jafnvel allt annars staðar.

Ég mundi vilja fá að vita — og hann getur notað seinna svarið í að fara yfir það vegna þess að hér hafa komið miklar tillögur frá Vinstri grænum um hækkun skatta — hvort hann hafi engar áhyggjur af því að það geti leitt til minni tekna af þeim völdum.

[19:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi hinar hættulegu aðstæður var það sem ég var að benda á ósköp einfaldlega það að ruðningsáhrifin af stóriðju og skattstefnu ríkisstjórnarinnar eru núna að verða sýnileg í hagkerfinu. Hagfræðingar úti um allan bæ, í Seðlabankanum, hjá KB-banka og öðrum greiningardeildum, meta ástandið mjög krítískt. Það er bara veruleikinn.

Varðandi skattprósentur og annað í þeim dúr er að sjálfsögðu ekkert hægt að alhæfa. Það er alveg ljóst að ef menn fara óhóflega hátt upp með prósentur hefur það fælandi áhrif. Menn flytja tekjurnar til og reyna að komast undan því að greiða slíka skatta. Það er alltaf einhver tilhneiging í gangi í þeim efnum en menn leysa það vandamál ekki bara með að hætta að leggja á skatta. Menn finna sér einhvers staðar einhver hófleg mörk í þeim efnum. Það eru engin rök fyrir því að við getum ekki haft hér í tekjuskatti, í fjármagnstekjuskatti, svipuð hlutföll og önnur lönd. Eru þeir þá bara svona miklir asnar í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi, ha? Eru menn svona miklir vitleysingar í Kanada, Hollandi, Bandaríkjunum, með fjármagnstekjuskatt? Er það bara Ísland sem hefur fundið réttu formúluna, 10%? Ef við tökum fjármagnstekjuskattinn — og við erum að leggja til hækkun á hlutfallinu þar, úr 10% í 18% og við teljum það fullkomlega innan allra öryggismarka í þeim efnum — er staðreyndin auðvitað sú að það er engin ástæða til að ætla að það verði einhver stórkostlegur fjármagnsflótti eða dragi úr tekjum af þeim sökum (**SKK:** Líttu á Svíþjóð.) þegar hlutfallið í kringum okkur er víðast hvar á bilinu 20% og upp í 40%, það er bara veruleikinn. Við værum áfram með eitthvert lægsta fjármagnstekjuskattshlutfall í heimi þótt við færum í 18%.

Ef við tökum aftur tekjuskattinn, ég var að fara yfir það í ræðu minni að við verðum næstum 20 prósentustigum lægri á hæstu laun ef breytingar ykkar ganga allar fram, herra forseti, eins og hv. þingmaður og aðrir tala hér fyrir. Værum við þá í einhverri stórkostlegri hættu þótt við gengjum ekki alveg svona langt? Þegar verið var að lækka skattana á fyrirtækjum úr 30% niður í 18% útilokuðum við ekki einhverja lækkun en við töldum að svona 26–28% væri rýmilegt.

[Fundarhlé. — 19:55]

[20:15]

Útbýting:

Kennaraháskóli Íslands, 349. mál, þskj. 625.

Mismunandi þarfir drengja og stúlkna í grunnskólum, 430. mál, fsp. MÁ og KJúl, þskj. 622.

[20:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Umræðan í dag hefur verið ákaflega áhugaverð og um margt forvitnileg. Það má segja að hún hafi einkennst annars vegar af því að hægri armur Sjálfstæðisflokksins undir forustu Péturs Blöndals hafi hreykt sér mjög af stöðunni, skattalækkunum, og því að hafa náð fram stefnu sinni. Þeir eru þess vegna mjög uppteknir af því hver stefnan sé og eru ekki með neinn leikaraskap um að ærleg hægri stefna sé uppi í Sjálfstæðisflokknum. Og hins vegar af því að framsóknarþingmennirnir sem hafa tekið til máls hafa reynt að verjast fimlega, án þess að þeim hafi tekist það varðandi hvert stefnir í rekstri ríkisins. Það er forvitnilegt hverjir hafa tekið til máls og hvernig málflutningurinn hefur verið.

Mér finnst full ástæða til, þegar umræðan heldur áfram og áður en ég vík að málinu sjálfu, að skoða í hvaða umhverfi við ætlum að ræða skattalækkun ríkisstjórnarinnar. Í fyrsta lagi hafa orðið gríðarlegar breytingar á síðustu 10–15 árum og mat flestra fræðimanna er að þær eigi sér rætur í tvennu; í fyrsta lagi EES-samningnum sem opnaði bæði hagkerfið og fjármálamarkaðinn hérlendis og svo í samkomulaginu á vinnumarkaði, svokallaðri þjóðarsátt, um að ná niður verðbólgu og vinna að stöðugleika. Þessi punktur finnst mér eiga að vera til umhugsunar fyrir þá sem hafa komið hér nokkrum sinnum í dag og gasprað um kjararýrnun á árunum sem í hönd fóru og reynt að gera flokkana sem voru við stjórnvölinn á árunum 1991–1995 tortryggilega, vegna þess að óhjákvæmilega breyttust tekjur og afkoma þegar aðilar vinnumarkaðarins ákváðu að frysta laun til að ná niður verðbólgunni. Það liggur í augum uppi. Stundum er svolítið erfitt að hlusta á málflutning eins og þann sem fór fram á tímabili í dag, horfandi til þess sem þá gerðist, þess gífurlega átaks sem fjöldi manns átti aðild að, en sérstaklega þó launafólkið í landinu, því það var ekki auðvelt fyrir þá sem áttu hlut að máli í óðaverðbólgu að binda launin föst til að ná verðbólgunni niður og skapa stöðugleika.

Þetta eru aðgerðir og atburðir sem eiga sinn þátt í því að í dag erum við meðal 10 auðugustu þjóða heims og ættum því að geta búið öllum þegnum samfélagsins góða afkomu. Það er athyglisvert og fæstir leiða hugann að því að yfir 10% af vinnuafli þjóðarinnar á aldrinum 25–40 ára, eru af erlendu bergi brotin. Þetta fólk vinnur í byggingariðnaði, ræstingum, fiskiðnaði og í þjónustustörfum, t.d. inni á sjúkrahúsunum, svo eitthvað sé nefnt. Það má segja að það haldi þjónustustörfunum uppi. Þátttaka þessa fólks dregur

úr þenslu og launaskriði og hjálpar til við að halda verðbólgu þó í þeim skefjum sem vænst er. Mér finnst full ástæða til að brýna menn til að muna að við þurfum á fólki annars staðar frá að halda til að standa undir velferðarsamfélagi okkar.

Við eigum líka að muna að við erum í fyrsta sinn núna, og það er líka athyglisvert, að upplifa góðan hagvöxt og atvinnuleysi samtímis. Það er alveg nýtt í samfélagi okkar. Það er að einhverju leyti skrifað á hagræðingu atvinnulífsins og líka á að fyrirtæki haldi að sér höndum, eftir bæði sameiningu, hagræðingu og annað og vilja sjá til hvernig til tekst. Við eigum líka að skrifa þetta bak við eyrað í umræðunni.

Skuldsetning íslenskra heimila er með því mesta sem þekkist í heiminum og fram undan er stóraukinn aðgangur að fjármagni, fjármagni sem boðið er fram af meiri ákafa en nokkru sinni fyrr og boðin er vaxtalækkun. Sú vaxtalækkun mun að sjálfsögðu étast upp ef verðbólgan helst ekki í skefjum, það verður því að vera meginmarkmið okkar allra að markmiðin sem menn hafa sett sér með verðbólguna geti haldist.

Ég minni ykkur á að við 1. umr. fjárlaga í október var talað um að verðbólgan mundi væntanlega verða 2,8% í ár og færi í 3% eða eitthvað þar yfir á komandi ári. Nú er verið að tala um að verðbólgan sé miklu meiri og geti jafnvel orðið 5%, og sagt er að á fundunum sem voru haldnir í morgun hafi verið hrakspár um allt að 6% verðbólgu, en ég vona að það sé ekki rétt spá. Þar að auki stefnir í aukinn viðskiptahalla og jafnvel er talað um gengisfellingu. Þetta eru ekki góðar kringumstæður eða gott andrúmsloft fyrir ákvarðanir sem verið er að taka á síðustu dögum þingsins.

Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 1%, tiltölulega óvænt, og það er mjög mikil hækkun í einu en þar var hann að bregðast við afleiðingum þess sem ég var að lýsa.

Í umræðunni fyrir kvöldmatinn var vitnað í fréttir úr í blöðunum í dag um að á einni viku væru farnir 5 milljarðar út úr tekjuhlið sjávarútvegsins vegna gengisbreytinganna. Í útvarpsþætti í gær heyrði ég á tal Gunnlaugs Sigmundssonar, fyrrverandi alþingismanns, þar sem hann var að ræða um hrikalegar afleiðingar gengisþróunarinnar fyrir þá sem eiga í viðskiptum á Bandaríkjamarkaði. Af því ég vék að þessum 5 milljörðum út úr tekjuhlið sjávarútvegsins á einni viku, þá er ekki lengur verið bara að tala um að selja fisk úr landi. Það skiptir okkur öll máli að fyrirtækjum eins og t.d. hugbúnaðarfyrirtæki þessa manns sem er með gífurleg viðskipti og samninga sem voru gerðir löngu áður en þetta kom til, og sama má segja um Marel og fleiri fyrirtæki sem eru mjög mikilvæg í samfélagi okkar, þar sem hefur verið mikil þróun og uppbygging, gangi vel. Það skiptir okkur máli að við verðum ekki jafnháð fiskinum og við höfum verið á undanförnum áratugum.

Þess vegna finnst mér að við eigum öll að hafa nokkrar áhyggjur af því að þróunin frá því við vorum í 1. umr. fjárlaga hefur orðið allt önnur en menn voru að tala um þá. Þær breytingar sem ég hef vikið að og skipta máli fyrir framhaldið hafa orðið á fáeinum vikum.

Annað sem mér finnst athyglisvert við umræðuna í dag er að hún leiðir í ljós gífurlega mikinn mun á flokkunum og það er eðlilegt, því þessir flokkar eru ólíkir. Fólk skipar sér í flokka, ekki út af því hvernig þeim líst á það sem flokkarnir lofa hverju sinni heldur út frá hugmyndafræði og lífsskoðun. Og hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins er allt önnur en hugmyndafræði jafnaðarmanna. Það er því ekki skrýtið þótt við tökum ekki undir staðhæfingarnar og ljómann sem hefur stafað frá þingmönnunum sem hafa talað hér í dag, eins og Pétri Blöndal og Sigurði Kára Kristjánssyni. Við sem höfum skipað okkur í sveitir jafnaðarmanna höfum allt önnur viðhorf en þeir menn sem hafa skipað sér svo afdráttarlaust í raðir ýtrustu hægri manna og vilja hafa skattana sem allra lægsta og helst að sem mest verði borgað fyrir þjónustu, og að þeir sem hafi mikið eigi að halda áfram að hafa mikið og hinir sem hafa lítið eigi að sætta sig við að hafa lítið.

Jafnaðarmenn sjá þetta öðruvísi. Þeir líta á skattkerfið sem tæki. Skattkerfið er eitt mikilvægasta tæki til að hafa áhrif á hvernig samfélagsgerðin þróast. Skattkerfið er tæki sem er notað til að sporna gegn ofurgjá á milli ríkra og fátækra. Jafnaðarmenn vilja enga gjá. Þar sem óheft markaðskerfi ríkir, án nokkurra viðbragða stjórnvalda, þar verða ríkir ríkari og fátækir fátækari. Við þekkjum slík samfélög, þar sem eiginlega enga félagslega aðstoð er að fá, fólk þarf að greiða fyrir sjúkrahúsþjónustu og þeir sem falla milli stafs og hurðar eru komnir upp á náð og miskunn kirkjunnar eða góðgerðarstofnana. Slíkt samfélag er ekki byggt upp á þann hátt sem við viljum byggja samfélagið upp. Þar er hægt að kaupa sig fram fyrir ef þjónustu er að fá, og þar er hægt að kaupa sér betri þjónustu.

Ég held því fram að enginn stjórnmálamaður á Íslandi vilji að samfélagið þróist með þeim hætti. En það er hægt að grípa til aðgerða, ítrekaðra og endurtekinna aðgerða, þannig að samfélagið verði einn góðan veðurdag þannig. Ef fólk gáir ekki að sér þá er hægt að grípa ítrekað til aðgerða sem leiða af sér að ríkir verða ríkari og fátækir fátækari, jafnvel þó það verði ekki með sama hætti og í þeim samfélögum sem ég vísaði til.

Þess vegna, meðan hinir ungu hægri menn hafa hreykt sér af því að nú væri hátíðisdagur í stjórnmálunum og að sú lækkun sem verður á tekjuskatti sé einhver mesta aðgerð sem gripið hefur verið til síðustu áratugi, skil ég viðbrögð framsóknarmannanna vel, að koma hlaupandi í ræðustól og verjast, vegna þess að sjálf trúi ég því enn þá að munur sé á hægri hluta Sjálfstæðisflokksins sem ræður ferð núna og hefðbundins Framsóknarflokks, og ég leyfi mér að hafa þá skoðun.

Áður en ég vík að tekjuskattsbreytingunni sem nú er til umræðu ætla ég að rifja upp umræðu sem varð fyrir tveimur árum þegar tekjuskattur á lögaðila var lækkaður. Þá gagnrýndum við að farið var miklu neðar með tekjuskattinn en þörf var á. Hræðslupólitíkin var sú að lækka yrði skatt á lögaðilum, fyrirtækjum, til að afstýra því að þau færu úr landi, en fyrirtæki fara úr landi til landa þar sem lægri skattar eru. Á sama tíma var hvergi í nokkru iðnríki lægri skattur en 24–25% á fyrirtæki, samt sem áður var hér farið niður í 18%. Reyndar náðust inn peningar með því að hækka tryggingagjaldið sem hitti litlu fyrirtækin fyrir, sprotafyrirtækin, með mannahaldið, sem höfðu litlar tekjur en voru mjög mikilvæg í þróun nýrra atvinnumöguleikja og nýrra fyrirtækja og alls hins nýja sem við vorum búin að tala um

að byðist m.a. með EES-samningnum.

Það er mjög fróðlegt að hugsa til þess að tekjuskattar fyrirtækja, heildarskatttekjur hins opinbera af vergri landsframleiðslu árið 2000, þegar við fengum síðast upplýsingar varðandi skattana, voru 31,1% samanlagt ef tekið er mið af öllum sköttum hins opinbera, en samanlagt í öllum OECD-ríkjunum voru skattarnir að meðaltali 37,4%. Við erum því að tala um 6,3% mun og þarna leyfi ég mér að taka heildarskatttekjur hins opinbera á Íslandi og leggja þær saman við skatttekjur ríkisins. Þarna kemur fram að við erum með mun lægri skatttekjur áður en breytingarnar sem ég var að lýsa komu til, áður en við lækkum skatta á lögaðila jafnmikið og ég var að lýsa, og, við þykjumst þurfa og hafa burði til að vera með miklu lægri skatta en ríkin sem við erum að bera okkur saman við almennt í Evrópu.

Ég ætla að láta þetta nægja um samanburðinn við OECD, en vek athygli á því að þær tölur sem ég vísa til eru frá árinu 2001 en síðan þá hafa verið gerðar talsverðar breytingar á sköttum til lækkunar.

Í dag var aftur og aftur spurt úr þessum ræðustóli: Hvað vill Samfylkingin? Í hvert skipti sem einhver þingmaður Samfylkingarinnar hafði talað og gagnrýnt þá leið sem ríkisstjórnin vildi fara var spurt: Hvað vill Samfylkingin?

Það hefur margoft komið fram í ræðum manna í dag en ég ætla að nota tækifærið og draga það saman. Samfylkingin vill nota svigrúmið, eins og ríkisstjórnin, þó við gerum okkur grein fyrir því að nú þarf svolítið að vera á bremsunni og ekki vera alveg jafnviss um að það verði jafnmikil sveifla fram undan og menn hafa talað um, en okkur sýnist þó vera nægilegt svigrúm til þess að gera breytingar. Við teljum að nota eigi það svigrúm til að lækka matarverðið og nota þá milljarða sem ríkisstjórnin vill nota í lækkun tekjuskattsins til þess að lækka matarverðið, þ.e. lækka virðisaukaskatt á matvæli.

Við teljum að það skipti verulegu máli, því fyrir utan að þá væri verið að gera breytingar á skattheimtu ríkisins þannig að það kæmi öllum heimilunum í landinu til góða hefur það líka áhrif á vísitöluna, a.m.k. 0,8% áhrif á vísitöluna, sem skiptir mjög miklu máli, ég tala ekki um ef verðbólgan er eitthvað að fara úr böndunum og það hefur áhrif á lán. Það hefur líka áhrif á persónuafsláttinn og ég nefni það sérstaklega af því það hefur verið gagnrýnt af okkur í dag að persónuafsláttur muni ekki fylgja vísitölunni miðað við það sem fram hefur komið hjá stjórnarmeirihlutanum. Það mundi vinnast við að fara okkar leið, að ef verðbólguspárnar sem ríkisstjórnin vinnur með í dag og miðar tillögur sínar við mundi breytingin á vísitölunni miðað við okkar leið hafa nærri 1% mun á vísitölunni og vega á móti því að persónuafslátturinn hækkar ekki nægilega mikið.

Ég dreg hliðaráhrifin sérstaklega fram því að til viðbótar við að lækka útgjöld heimilanna, sem er veruleg bót fyrir alla, bæði fyrir þá sem hafa mikið og þá sem hafa lítið, bæði fyrir þá sem borga skatta og þá sem hafa svo lág laun að þeir borga ekki skatta, mundi það líka rétta af þennan hlut með því að lækka verðbólguna og það mundi nálgast þá hækkun persónuafsláttarins sem ríkisstjórnin er með. Við viljum að venjulegt heimili sé undanþegið eignarskatti og munum taka á því með breytingartillögum á frítekjumarkinu við afgreiðslu málsins á morgun.

Þetta er okkar leið. Við teljum hana betri en leið ríkisstjórnarinnar. Hún er ítarleg. Hún er jafnítarleg og leið ríkisstjórnarinnar, en hún er önnur.

Það hefur komið fram í öllum ræðum okkar við þessar umræður, við fyrri umræður í haust og við höfum reyndar haft okkur mjög í frammi og flutt tillögur um það á liðnum árum að auka barnabæturnar. Ég tek það sérstaklega fram að við munum styðja þá hækkun sem þar verður.

Það hefur verið mjög merkilegt að hlusta á umræður um barnabæturnar í dag. Íslenskar konur eignast flest börn í Evrópu. Þær eignast fleiri börn en kaþólsku írsku konurnar, þær eru komnar upp fyrir það, liggja í tæpum tveimur börnum. Við erum líka með flestar konur á vinnumarkaði á aldrinum 16–64 ára. Það er mjög athyglisvert að flest börn eru í íslenskum fjölskyldum. Þetta vekur athygli víðast hvar þar sem verið er að skoða þessi mál, ekki síst þetta sem ég nefndi með írsku konurnar og kaþólikkana.

Við erum líka með flestar konur á vinnumarkaði í aldurshópnum 16–64 ára. Þetta þýðir auðvitað að við eigum að koma mjög til móts við fjölskyldurnar í landinu. Við viljum halda áfram að eignast börn. Það þarf nefnilega 2,10 börn á konu til þess að standa undir framtíðarskuldbindingunum. Það er viðurkennt í öllum útreikningum Evrópu. Við erum komin undir það því við erum í tæpum tveimur börnum. Þess vegna á það að vera sérstakt pólitískt markmið hverrar ríkisstjórnar að hlúa að fjölskyldunni í öllum aðgerðum sínum þannig að fólk hætti ekki að eiga börn. Í Þýskalandi eignast bara helmingur kvenna á vinnumarkaði börn. Hinn helmingurinn hefur ákveðið að eignast ekki börn vegna þess að ekki sé unnt að samræma veru á vinnumarkaði, heimilishald og barnaumönnun. Við erum enn þá þannig þenkjandi Íslendingar að við ætlumst til þess af okkur að við getum bæði verið fjölskyldufólk og verið á vinnumarkaði eða eiga „carrier" eða hvað það er sem fjölskyldan kýs.

Hér hefur margoft verið farið yfir það hvort barnabæturnar hafi lækkað eða hækkað. Það er náttúrlega alveg ljóst að búið er að fara hörmulega með barnabæturnar. Ég er með svar frá hæstv. fjármálaráðherra frá því skömmu fyrir kosningarnar í fyrra þar sem ég óskaði eftir úttekt á því hvernig skattarnir lægju, því þá var umræða komin í gang um að fara þyrfti að lækka skatta. Umræðan snerist um hvernig ætti að gera það, hvort hækka ætti persónuafslátt eða skattleysismörk eða deila flatri prósentutölu á alla eins og valið hefur verið að gera hér. Svarið frá fjármálaráðherra var mjög athyglisvert og var mjög til umræðu í kosningabaráttunni, vegna þess að það leiddi í ljós hversu vondur kostur það væri að fara í þá flötu tekjuskattslækkun sem nú er verið að lögfesta.

Spurt var um fleira, m.a. um þróun barnabóta frá árinu 1995. Til að þær upplýsingar liggi líka fyrir í umræðunni ætla ég að benda hv. þingmönnum á að þetta er á þskj. 1312 frá 128. löggjafarþingi. Í því kemur fram að á verðlagi ársins 2002 var almennur tekjuskattur sem tekjur ríkisins 1995 tæpir 34 milljarðar og barnabæturnar voru rúmir 6 milljarðar, sem sagt 6 milljarðar af þeim tæpu 34 milljörðum sem ríkið innheimti í tekjuskatt. Ef maður gæfi sér að venjulega væri eitthvað samhengi þarna á milli eða eftir því sem ríkið fengi meira í tekjuskatt — já ég sé að hv. þm. Pétur H. Blöndal hristir höfuðið að það sé ekki samhengi þar á milli,

hann vill heldur horfa á aðra hluti eins og þjóðarframleiðslu eða guð veit hvað. (Gripið fram í.) Ég verð þá að benda á að í svarinu árið 2002 var t.d. almennur tekjuskattur farinn að skila ríkinu 52 milljörðum, en þá voru líka barnabæturnar komnar niður í 4,8 milljarða.

Það er alveg nöturlegt að hugsa til þess að hér hafi menn komið upp, fólk úr félagshyggjuflokkum, og reynt að mæla því bót að barnabæturnar hafi lækkað eins og raun ber vitni. Aftur og aftur hefur forsendunum verið breytt fram og til baka til þess að hagræða. Fyrst var flöt skerðing 10%, svo 5% og núna þegar almennur tekjuskattur er 66,7 milljarðar liggja barnabæturnar í 5,4 milljörðum. Við erum komin í helmingi meiri tekjur bara úr almenna tekjuskattinum en veitum 5,4 milljarða í barnabætur.

Tölurnar draga fyrst og fremst fram hvernig tekjur ríkisins þróast, af því þetta er bara tekjuskatturinn og við vitum að verið er að taka tekjur á öllum mögulegum öðrum sviðum. Tölurnar sýna fyrst og fremst hugarfarið til barnafólksins, vegna þess að þó menn hafi á einhverjum tíma ákveðið að barnabæturnar ættu að fara eftir einhverjum tekjum þarf að taka tillit til stöðugra breytinga í samfélaginu. Það er talsvert athyglisvert að menn hafi séð það helst að ná sér í aukapening með því að vera með minna fjármagn í barnabætur og vaxtabætur, einmitt það sem kemur ungu barnafólki best hjá barnaþjóðinni sem á alls ekki að hætta að eiga börn.

Það er líka mjög athyglisvert og var mjög til umræðu fyrir ári hvernig svarið birtist um skiptingu þess ef farið yrði í aðgerðir, hvað mundi gerast ef 1,5 milljarðar yrðu notaðir í skattbreytingu eða ef 5 milljarðar yrðu notaðir, hvernig það kæmi út fyrir hópana ef farið væri út í hækkun á persónuafslætti og hvernig kæmi það út með því að lækka almenna tekjuskattshlutfallið. Það sem kom í ljós var það sama og hefur gerst núna, að efri hóparnir, skipt er niður í tíu hópa í svarinu, 9–10 þús. manna hópa, og auðvitað fara hærri hóparnir best út úr því að fara í almenna tekjuskattshlutfallið. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðherra og er hægt að lesa í þskj. 1312 frá 128. löggjafarþingi.

Fyrir utan þetta hlýt ég að vekja athygli á því sem fram kemur í nefndaráliti minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um aukatekjur ríkissjóðs. Þar er bent á að á þessu ári og yfir á það næsta hækka aukatekjur ríkissjóðs sem nemur rúmum 8 milljörðum og á móti er boðuð skattalækkun upp á 4 milljarða. Ríkissjóður er því ekki, eins og fram hefur komið í dag, að láta af hendi til fólks sem verður með meira á milli handanna, það er bara látið (Gripið fram í.) með vinstri og tekið með hægri. (Gripið fram í.) Engar verðlagsbreytingar á barnabætur, engar verðlagsbreytingar á vaxtabætur, engar verðlagsbreytingar á því sem skiptir máli, bara á því sem á að taka. Þannig má setja þetta upp, virðulegi þingmaður, vegna þess að skattstefna er pólitík. Skattstefna er ekki stærðfræði. Það fer eftir því hvernig þú ferð með skattana, hvernig þú beitir þeim, af því skattheimta er tæki.

Þá ætla ég, virðulegi forseti, að víkja aðeins að matarskattslækkuninni sem við í Samfylkingunni hefðum viljað fara í. Ég ætla reyndar að byrja á því sem hefur þótt svo skemmtilegt í dag, umræðan um símsvarann hjá Samfylkingunni sem hafi sagt að Samfylkingin ætlaði ekki að breyta virðisaukaskattskerfinu. (**Gripið fram í:** Það var strákur.) Strákur eða stelpa eða hvað það var. Þetta var náttúrlega ekki umræða sem sæmir sér í alvarlegri skattaumræðu, en ég þori ekki frekar í þá umræðu því ég er svo hrædd um að þá yrði sagt að ég talaði niður til hv. þingmanna. En ég ætla aðeins inn í þetta.

Þannig er að í nokkur ár er ég búin að hreyfa matarverðinu. Það byrjaði fyrir u.þ.b. fjórum árum með fyrirspurn um þróun matvælavísitölunnar. Sú þróun gaf til kynna að við færum mjög halloka í matarverðinu, nema við hefðum verið ofboðslega lág í matarverði miðað við aðrar þjóðir árið 1990. Næsta skref var því að skoða hvernig matarverðið var á Norðurlöndunum og í Evrópu á þeim tíma og hvernig það hefði þróast. Athyglisverðast var að matvælavísitalan var sett árið 1996 á 100 sem gerði það að verkum að frá árinu 1996 var hægt að bera allt saman mjög vel. Þegar þetta var skoðað og notast við þær tölur sem fáanlegar eru hjá Hagstofunni var ljóst að það sem fólk hafði talið, sum sé að matarverðið væri miklu hærra hér en annars staðar, var staðreynd. Matarverðið á Íslandi og í Noregi var langtum hærra en nokkurs staðar annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópu, allt upp í 69% hærra, en yfir 50% hærra að meðaltali en meðaltal Evrópulandanna.

Þetta olli nokkrum úlfaþyt og þegar sú er hér stendur setti fram vandaða þingsályktun um hvernig hægt væri að taka á þessu, láta kanna af hverju matur væri miklu dýrari hér og hvaða leiðir væru til úrbóta, þá var jafnvel brugðist þannig við að þrátt var fyrir að svo væri. Það er því mjög áhugavert og til umhugsunar að fyrir viku eða hálfum mánuði kom frétt þar sem vísað er til Jyllandsposten í Danmörku um niðurstöður frá Eurostat um að matarverð í Noregi og á Íslandi væri 56% hærra en annars staðar í Evrópu, Norðurlöndin væru dýrust en Ísland og Noregur langdýrust og Finnarnir með eitthvað um 23% hærra verð en meðaltalið. Jafnframt birtist sú gleðilega frétt að samkeppnisstofnanir þessara landa ætluðu að setja upp vinnuhóp til að skoða hvernig hægt væri að beita sér til að ná matarverðinu niður.

Það var dálítið skemmtilegt að allur fréttaflutningur af þessu var eins og fréttastofurnar væru að heyra þetta í fyrsta sinn en hér á Alþingi hefur þetta verið rætt alloft, ekki síst í kosningabaráttunni, þannig að þetta kom okkur ekki á óvart.

En það sem kom mér skemmtilega á óvart þegar ég var að ræða þetta var hvar ég fékk undirtektir og ég mun koma betur að því.

En aftur að því hvort flokkarnir hefðu það á stefnuskrá sinni að breyta virðisaukaskattskerfinu. Ég er búin að grafa það upp að skömmu eftir áramót 2003 voru lagðar allmargar spurningar fyrir þingflokkanna, m.a. þessi: Hefur flokkurinn á stefnuskrá sinni að breyta virðisaukaskattskerfinu? Svarið frá Samfylkingunni var nei, vegna þess að á þeim tíma var það ekki svo.

Það væri fróðlegt að vita hverju Sjálfstæðisflokkurinn svaraði vegna þess að mér er ekki kunnugt um að nákvæmlega á þeim tíma hafi Sjálfstæðisflokkurinn haft á stefnuskrá sinni að breyta virðisaukaskattskerfinu. En síðar á því vori voru bæði Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn með hugmyndir um að lækka virðisaukaskatt af matvælum um

7%, ef ég man rétt.

Á þeim tíma var þetta hárrétt svar vegna þess að við vorum ekki með neinar hugmyndir um að breyta virðisaukaskattskerfinu. En sama vetur var samþykkt tillaga þeirrar er hér stendur um að láta gera úttekt á hvað ylli svo háu matarverði, gera samanburð á Norðurlöndunum, hvað það væri í umhverfi framleiðslunnar eða í umhverfi innflutnings sem gerði það að verkum að matarverð hér væri svona miklu hærra.

Þá kem ég að því sem var svo áhugavert og sem mér finnst mjög mikilvægt að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins leggi eyrun að, og það er að sú er hér stendur átti bandamann í salnum þegar hún flutti málið. Það var vegna þess að þegar dregið var fram hve mjög matarverð hefði breyst í löndunum sem gerðust aðilar að Evrópusambandinu var málflutningurinn strax tengdur því að Samfylkingin vildi fara í Evrópusambandið, því þá mundi matarverðið lækka. En ætlun þeirrar er hér stendur var að draga fram hvað ylli hinu háa matarverði og að tekið yrði á því.

Það vildi hæstv. þáverandi forsætisráðherra líka. Og hann lýsti því yfir hér í þessum sal, og mér þætti vænt um, virðulegi forseti, ef Sjálfstæðisflokkurinn legði nú eyrun að, þar sem foringi þeirra var þá forsætisráðherra, en hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra lýsti því yfir: Þetta getum við gert sjálf. Við getum sjálf lækkað matarverðið, það þarf ekki í eitthvert Evrópusamband. — Og það er hárrétt.

Í Danmörku, þar sem er einna lægsta verð á mat, er 25% virðisaukaskattur. Þeir eru bara með allt annað kerfi og hafa væntanlega lækkað önnur gjöld hjá sér, e.t.v. strikað út vörugjöld eða annað sem hafði áhrif á matarverðið.

En hæstv. þáverandi forsætisráðherra sagði: Við getum gert þetta sjálf. Hann gerði sér grein fyrir að til að gera þetta sjálf þyrftum við að vita hvað veldur þessu. Og ég geri mér fulla grein fyrir að málið var afgreitt úr nefnd veturinn fyrir kosningar fyrir tilstuðlan hæstv. þáverandi forsætisráðherra. Málið hefði aldrei verið afgreitt og samþykkt af Alþingi nema vegna stuðnings hans. Lagt var til að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands yrði falið að skoða með hvaða hætti matarverðið myndast í framleiðslunni og í innflutningi, og hvað ylli háu matarverði.

Virðulegi forseti. Í örstuttu máli: Staðfest var að matarverð er 50% hærra hér en meðalverð í löndum Evrópusambandsins og þar er ekki átt við meðalverð landanna í Suður-Evrópu. Þetta er meðalverð allra landa, líka með löndunum í Norður-Evrópu, þeim þremur Norðurlöndum sem þar eru talin með. Það voru bara Noregur og Sviss sem toppuðu okkur og nú erum við og Noregur komin í 56%, þ.e. enn þá hærra verð en áður.

Í skýrslunni kemur fram að ýmsar almennar ástæður stjórna þessu hjá okkur, aðallega smæð markaðar og stjórn efnahagsmála, en ekki síst það er varðar landbúnaðinn, því opinber stuðningur er enn með því hæsta sem gerist hjá OECD og svo vísað sé til skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans þá greiðum við árlega 12–13 milljarða með landbúnaði. Samkvæmt skýrslunni er helmingurinn tekinn í gengum skatta og veittur áfram í stuðningi og svo annar helmingur í matarverðinu. Þeir segja það vera miklu verri kost, betra væri að fara í beingreiðslur og halda öðruvísi á málum.

Meginástæðurnar eru samkeppnismál, t.d. smæð markaðar. Hvernig er þá hægt að stækka hann? Með tollabreytingum, með því að afnema innflutningshöft í ríkari mæli en gert hefur verið, og með breytingum á stjórn efnahagsmála, gengi, tollum, sköttum og vörugjöldum. Ef við tryggjum samkeppni, opnum meira gagnvart viðskiptum við útlönd, breytum landbúnaðarstuðningi úr matarverði í beinstuðning þá getum við náð matarverðinu niður. Þetta kostar, en þetta er kerfisbreyting sem þarf að fara í.

Því miður kom skýrslan fram á allra síðustu dögum þingsins sl. vor og hefur ekki enn fengist rædd á Alþingi vegna þess að kerfi okkar á Alþingi er þannig að skýrsla sem lögð var fram á síðasta þingi fæst ekki rædd á því næsta. Því verður annaðhvort að biðja um sérstaka utandagskrárumræðu, sem er verri kostur, eða setja málið í þingmálabúning til að fá umræðu um það.

Ég hlýt að vísa til þessa eftir umræðuna í dag vegna þess að hvað matarverðið og tillögur okkar í Samfylkingunni varðar hefur umræðan verið alveg fáránleg. Slíkt er ekki sæmandi, að þingmenn komi hér, taki skattalækkunina, barnabæturnar og aðrar breytingar eins og vaxtabætur og örlitla hækkun á persónuafslætti, tíni þetta saman og segi: Með þessu fæst svona mikil úrbót. Af því að við erum að tala um að veita sömu fjárhæð til heimilanna en á miklu réttlátari hátt, þ.e. í gegnum matarverðið. Við styðjum barnabæturnar, vaxtabæturnar og persónuafsláttinn, við erum ekki að tala um matartillöguna eina á móti öllu sem ríkisstjórnin er að gera, en við erum að tala um hvernig maður beitir sköttunum sem tæki.

Ég sakna þess í umræðunni í dag — og það er auðvitað vita gagnslaust klukkan níu um kvöld að reyna að bæta í þá umræðu — að í allt of litlum mæli hefur verið rætt um skattkerfisbreytingarnar á þeim grunni sem á að gera það, nefnilega sem tæki til jöfnunar.

Þá kem ég að því sem ég hóf mál mitt á. Þegar löndin sem vísað var til í umræðunni í dag eru skoðuð erum við skattaparadísin í Evrópu. Það er alveg dæmalaust að 29 þúsund manns séu með að 100 þús. kr. í tekjur en samt sé hægt að ná tveimur milljörðum í skatta af því fólki, eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í dag. Það er umhugsunarefni með hvaða hætti ríkisstjórnin velur að beita þessu tæki, og þá komum við að því sem ég var að tala um.

Pólitík er lífsskoðun, pólitískir flokkar eru ólíkir. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki alltaf verið últra hægri flokkur, síður en svo, Sjálfstæðisflokkurinn hefur löngum getað hreykt sér af því að vera frjálslyndur hægri flokkur með ákveðna samfélagssýn. Því er ekki lengur að skipta og í umræðunni í dag hafa talsmenn hægri aflanna í Sjálfstæðisflokknum algjörlega ráðið ferðinni í umræðunni. Og þegar hægri öfl ráða er alveg ljóst að sköttum er beitt sem tæki til að hygla þeim sem meira hafa og gera minna fyrir þá sem minna hafa. Það er niðurstaða umræðunnar í dag og sumir fagna því ákaft og kalla þetta hátíðisdag, aðrir reyna að verjast, en þetta er niðurstaða umræðunnar í dag, virðulegi forseti.

[20:56]

Útbýting:

Barnabætur, 429. mál, fsp. ÖJ, þskj. 620.

Veiting ríkisborgararéttar, 432. mál, frv. allshn., þskj. 631.

[20:56]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eftir að hafa hlustað á umræðurnar sem hafa farið fram á hinu háa Alþingi í dag get ég á engan hátt verið sammála hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um það sem ég hef heyrt.

Þingmaðurinn talar um að hægri sjálfstæðismenn hafi talað og haft orð fyrir Sjálfstæðisflokknum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur komið einarðlega fram með eina stefnu, allan þann tíma sem skattamálin hafa verið til umræðu.

Ég hef hins vegar, frú forseti, heyrt frá þingmönnum sem eru fulltrúar Samfylkingarinnar, ég heyrt hljóm Alþýðubandalagsins gamla, ég hef heyrt hljóm Kvennalistans gamla, ég hef lítið heyrt í hægri krötum, þó aðeins. Það væri gaman og ég óska eftir því að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fari svolítið yfir þessi þrjú þrep í málflutningi svokallaðar Samfylkingar.

Í ræðu þingmannsins kemur fram að við Íslendingar séum ein af tíu auðugustu þjóðum heims, og því fögnum við eins og skattalagabreytingunum, hv. þm. Pétur Blöndal. Það kom jafnframt fram í ræðu þingmannsins að hér séu heimili einna skuldsettust, skuldir heimilanna séu miklar. Þá er spurning mín: Hver á þá að njóta arðsins sem er að verða til og hefur orðið til undangenginn rúman áratug í þjóðfélaginu? Að sjálfsögðu er það hinn vinnandi maður, sem oftast er ungt fólk með börn sem er að koma sér upp heimili. Þar kemur barnabótaaukinn einmitt til góða.

[20:59]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er litlu við þetta að bæta. Við sjáum hlutina í ólíku ljósi. Ég hef séð umræðuna í dag eins og ég hef lýst henni og hv. þm. Kjartan Ólafsson hefur séð hana frá sínum sjónarhóli. Það er alrangt að hér hafi Samfylkingin verið að flokkast í einhverja fyrri stjórnmálaflokka. Ég tók eftir því að í dag t.d. var veist að hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttir, fyrrverandi ráðherra Alþýðuflokksins, fyrir þróun mála árunum 1991–1995 sem reyndar var fyrsta kjörtímabil Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn. Ég tók alveg eftir því að þar var notuð sú aðferð að veitast að þingmanninum út frá því að það kjörtímabil hefði verið vont eða að þá hafi verið dregið úr félagslegri þjónustu. Það var ekkert verið að skoða hvernig kjörtímabilið á undan var þegar aðrir flokkar stjórnuðu. Við tökum eftir því að menn flokka gjarnan málflutning sinn eftir því sem hentar og ég var aðeins að draga það fram. Samfylkingin hefur verið alveg einörð í því að hún tekur undir með Sjálfstæðisflokknum að það sé svigrúm fyrir skattalækkanir. Samfylkingin tekur undir það. Vinstri grænir taka ekki undir þann málflutning. Vinstri grænir vilja ekki lækka skatta. Við viljum fara aðra leið en Sjálfstæðisflokkurinn af því okkur finnst meiri jöfnuður í því en flatri tekjuskattslækkun, með þeim útreikningum sem liggja fyrir í skjali fjármálaráðherra frá því fyrir kosningarnar 2003.

[21:01]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gerði að umtalsefni matarverð. Ég fagna því í sjálfu sér. Mig langar að spyrja hana hvers vegna það getur verið að nú þegar íslenska krónan er jafnsterk og raun ber vitni og bandaríkjadalurinn er jafnlágur og raun ber vitni að það sjáist hvergi í verslunum með innfluttar matvörur að þær hafi lækkað í verði.

Varðandi virðisaukaskattinn þá er ljóst að við sjálfstæðismenn viljum vinna að því og erum að vinna að því ásamt Framsóknarflokknum að finna lausn á því máli.

[21:01]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég endurtek það sem ég sagði fyrr í umræðunni. Þegar sú er hér stendur var að vinna með matarverðið þá var ljóst að hún átti hér bandamann í salnum, fyrrverandi forsætisráðherra. Hann vildi skoða matarverðið og hann vildi að það væri farið í það þannig að Íslendingar gætu lækkað það sjálfir. Það vildi ég líka. Það hafði ekkert með það að gera hvort ég væri líka tilbúin að skoða það að fara í Evrópusambandið. Það er bara allt annað mál.

Ég hlýt að vekja athygli á því að hér er matarverð allt of hátt. Það er gífurlega íþyngjandi fyrir fólkið í landinu, fyrir heimilin, fyrir barnafjölskyldurnar. Besta aðgerðin hjá okkur er að lækka matarverð. Það er tillaga okkar og það hélt ég að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði sér líka að gera.

[21:02]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er ég orðinn hálfringlaður á þeirri umræðu sem hefur farið hér fram í dag miðað við síðustu ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur hér áðan. Þá allt í einu kom fram ný skattalækkunartillaga frá Samfylkingunni. Það er sameiginlegt með þeim tillögum að þær virðast snúast eins og vindáttirnar. Nú er allt í einu Samfylkingin komin á þá skoðun að það eigi að fella niður hluta af eignarskattinum. Ég veit ekki betur en að í fyrstu umræðu um þetta mál hafi Samfylkingin neitað því alfarið að að fella niður eignarskattinn. Nú er allt í einu Samfylkingin komin á þá skoðun að það eigi nú jú að fella niður hluta af eignarskattinum. Ég er alveg hættur að átta mig á þessum málflutningi Samfylkingarinnar í skattamálum.

Ég vil spyrja hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að því hvernig hún vilji koma til móts við það fólk sem er að koma út kostnaðarsömu námi, sem er að koma sér þaki yfir höfuðið, sem er að greiða af sínum dýru námslánum og öðrum lánum. Hvað vill hún gera? Þetta fólk fær litlar barnabætur, litlar vaxtabætur og er að borga mjög háa skatta vegna þess að þetta fólk er með háar tekjur. Þetta fólk þarf að vinna mikið til þess að koma þaki yfir höfuðið. Hvað vill hv. þingmaður og hvað vill Samfylkingin gera fyrir þetta fólk sem er að hefja sinn búskap? Ég hef ekki heyrt neinar tillögur frá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar hvað það varðar hér í þessari umræðu. Jú, það á að koma sérstaklega til móts við lágtekjufólkið. En hvað með millitekjufólkið og hvað með unga fólkið sem er að koma úr námi og er að basla við að koma sér þaki yfir höfuðið?

Ég skora á hv. þingmann og í raun Samfylkinguna að við höldum fund í Háskóla Íslands og öðrum háskólum hér í landinu þar sem fólk er í kostnaðarsömu námi. Ég vil fá að heyra framtíðarsýn þeirra, hvernig þeir ætla að koma til móts við það fólk sem er að koma úr námi við háskóla hér á landi og erlendis frá jafnvel.

[21:05]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil ekkert í hvar hv. þingmaður hefur verið í dag. Mér hefur fundist hann vera duglegur að sitja hér. Ég hef verið að segja nákvæmlega það sama og formaður Samfylkingarinnar sagði í fyrstu ræðu Samfylkingarinnar hér í dag. Það var sko ... (Gripið fram í.) Í dag. Við höfum stutt stjórnarflokkana og viljað ganga lengur öll ár í barnabótunum og styðjum þess vegna hækkunina núna. Við styðjum auknar vaxtabætur. Við höfum lýst því yfir að við viljum og höfum alltaf viljað hækka persónuafsláttinn og við styðjum það. Við viljum lækka matarverðið og erum með sérstaka tillögu um það og við viljum hækka fríeignamarkið í eignarskatti. (**Gripið fram í:** Það er nýtt.) (**Gripið fram í:** Tekjuskattinn með ...) Við viljum hækka fríeignamarkið í eignarskatti og þetta var kynnt hér í dag. Það er að vísu dálitlum vanda undirorpið þar sem tillögur stjórnarmeirihlutans eru um að fella allt út um eignarskattinn. En þannig viljum við vinna. Við viljum nefnilega hugsa um unga fólkið sem er að koma úr námi og er væntanlega komið með börn, af því það er nú bara það sem hefur fylgt okkar unga fólki, Íslendingum. Við viljum styðja það með barnabótum, vaxtabótum, persónuafslætti og vera með góða fyrirgreiðslu í húsnæðismálum eins og hefur alltaf verið stefna Samfylkingarinnar. Svo hefðum við viljað að það væri stutt betur á námstímanum. Ég tók eftir því í dag að annar hv. þingmaður Framsóknarflokksins talaði um orðaleik í sambandi við innritunargjöldin og hækkunina á þeim hér í dag, orðaleik.

[21:06]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki fengið skýr svör um þá nýju stefnu Samfylkingarinnar að fella niður hluta af eignarskattinum. Ég endurtek það hér. Ég hef setið hér í dag og sat við 1. umr. um málið og ég er að heyra þetta í fyrsta skiptið núna. Ég held að hv. þm. Gunnar Birgisson geti nú tekið þetta í útgjaldapakka Samfylkingarinnar sem hann ætlar að fara hér yfir á eftir. En ég hef ekki orðið var við það hér í þessari umræðu, um fjárlög eða annað, að Samfylkingin ætlaði að fella niður hluta af eignarskattinum. En þetta er eins og annað í tillögum Samfylkingarinnar í skattamálum. Það er nú bara spurning hvernig þeir fara fram úr á morgnana, hv. þingmenn Samfylkingarinnar, þessa dagana.

Hæstv. forseti. Ég ætla að segja það hér um kjör námsmanna að þegar hv. þingmaður var í ríkisstjórn þá var endurgreiðslubyrði námslána 7%. Hún er 3,75% í dag. Það var skattpíning á námsmenn þessa lands á þeim tíma. Og þegar við erum hér að reyna að koma til móts við þennan hóp með þeim skattbreytingum sem við leggjum til og Samfylkingin leggst þar á móti þá er alveg ljóst að námsmenn eiga enga vini hjá Samfylkingunni.

[21:08]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég í orðaskak um prósentur við hv. þingmann. Ég vek athygli þó viðstaddra á því að það er alveg greinilegt að Framsóknarflokkurinn ræður ferðinni í þessari ríkisstjórn miðað við hvernig hann talar til ríkisstjórnarinnar 1991–1995. Ég hef gaman af því. Ég er búin að fara hér yfir það sem við erum búin að vera að fara yfir aftur og aftur í dag. Það sem ég gerði var að taka þetta fyrir í fjórum punktum til að menn skildu það. Það sem ég hef gaman af í þessari umræðu og endurtek hér, er að Sjálfstæðisflokkurinn er stoltur hér í sinni skattapólitík. (**Gripið fram í:** Framsókn líka.) Framsóknarflokkurinn er í gífurlegri vörn. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Það er niðurstaða þessarar umræðu og það var upphafi máls míns og á því enda ég.

[21:09]

Frsm. meiri hluta ehf.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hygg að margir hv. þingmenn Samfylkingarinnar mundu gjarnan vilja vera með á þessu frumvarpi — það hygg ég af fenginni reynslu — sérstaklega þeir þingmenn sem voru í Alþýðuflokknum einu sinni. Þetta er eins og sniðið fyrir þá. Þess vegna eru rökin svona erfið. Þess vegna er þetta svona erfitt. Það er tínt til hvert einasta fölnað laufblað sem finnst í skóginum hinum iðjagræna.

Ég má til með að segja hv. þingmanni að tekjur ríkissjóðs af ákveðnum skatti er ekki sama og skatturinn á einstaklingana sem gefur þann skatt. Ég nefni sem dæmi að skattur á fjármagnstekjur af söluhagnaði var lækkaður úr 47% niður í 10%. Við það jukust tekjur ríkissjóðs af þessum skattstofni margfalt. Lækkaði skatturinn eða hækkaði hann? Að sjálfsögðu lækkaði skatturinn. Nákvæmlega sama er með barnabæturnar. Barnabæturnar voru tekjutengdar í tíð Alþýðuflokksins á erfiðleikaárunum kringum 1993 og það voru alveg rök fyrir því. Barnabæturnar voru stórhækkaðar en tekjutengdar mjög. Síðan hækkuðu tekjur óskaplega í þjóðfélaginu og fleiri og fleiri þurftu ekki á barnabótum að halda samkvæmt því kerfi sem hafði verið byggt upp. Þá lækkuðu útgjöld ríkisins vegna barnabóta. En ekki er þar með sagt að barnabæturnar sjálfar hafi lækkað. Þetta er nákvæmlega eins og með skattinn áðan. Ég ætla að biðja hv. þingmenn að rugla þessu ekki saman.

Það sem við erum að gera núna er að stórauka þessar bætur á hvern einstakling til viðbótar. Við setjum 2,5 milljarða aftur í það og minnkum tekjutenginguna sem Alþýðuflokkurinn tók upp á sínum tíma þegar erfiðleikar voru.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hún sé á móti því að fella niður eignarskatt og hvort hún sé á móti því að lækka tekjuskatt um 4% og hvort hún sé á móti því að hækka barnabætur.

[21:11]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst svolítið gaman að heyra í hv. þm. Pétri Blöndal. Ég er alltaf hrifin af málflutningi hans. Hann er mjög tær í sinni pólitík. Hann er mjög skýr í sinni framsetningu. Hann reynir aldrei að fela sig á bak við neitt. Hann hefur sína pólitík á hreinu. Hann er stoltur af

því að hafa náð mjög miklu fram eftir að hann kom inn á þing í sínum flokki. Satt best að segja þá skrifa ég þessa skattalækkun sem er að fara fram núna á það að hv. þm. Pétur Blöndal hefur náð fram pólitískum vilja sínum. En þá ætla ég jafnframt að hreykja mér nokkuð, alþýðuflokkskonan sem hér stendur, vegna þess að ef margir úr Samfylkingunni og margir þingmenn Samfylkingarinnar mundu vilja fara leið Péturs Blöndals þá hefur það gerst að þeir hafa allir valið að fylgja þeirri leið Rannveigar Guðmundsdóttur að lækka matarverð og með því að byrja á því að lækka matarskatt.

[21:12]

Frsm. meiri hluta ehf.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú fór hv. þingmaður illa með allan Sjálfstæðisflokkinn vegna þess að ég veit nú ekki betur en að stefna mín í skattamálum sé bara nákvæmlega sú sama og stefna flokksins. Því eru allir sjálfstæðismenn mjög hrifnir af þessu og ég veit ekki betur en að Framsókn sé mjög ánægð með þetta líka. Hv. þingmenn Framsóknarflokksins ná fram stórhækkun á barnabótum. Það er gott mál. Það eru allir ánægðir með þetta, bara allir og allir ættu að vera hamingjusamir alla daga. (Gripið fram í.) Þó að ég sé mjög stoltur yfir því að menn álíti að þetta sé allt skrifað af mér og allt mér að þakka þá stend ég ekki undir þeirri ábyrgð, því miður.

En hv. þingmaður svaraði ekki spurningunni sem var mjög einföld. Er hún á móti því að fella niður eignarskatt á gamlar ekkjur? Er hún á móti því að lækka tekjuskatt og gera fólki kleift að afla meiri tekna? Er hún á móti því að hækka barnabætur sem styrkja stöðu fjölskyldna með mörg börn? (**LB:** Ertu á móti góðu veðri?)

[21:13]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

(**Forseti** (SP): Forseti biður hv. þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Virðulegi forseti. Ég var reyndar búin að svara þessu þannig að ég lagði meiri áherslu á að draga fram hver væri hlutur hv. þm. Péturs Blöndals. Ég lýsti því að við höfum talað um hækkun á barnabótum í hverjum einustu fjárlögum og styðjum þessa hækkun barnabóta. (**PHB:** Við?) Samfylkingin. Ég er í ... (**PHB:** Ég spurði þingmanninn.) Já, þingmaðurinn svara hérna því að hún styður hækkun barnabóta, vaxtabóta og þingmaðurinn vill koma til móts við heimilin varðandi eignarskatt. En þingmaðurinn vill ekki að öllum eignarskatti sé aflétt af öllu, sama hversu miklar eignir það eru. Þannig er það.

[21:14]

Gunnar Birgisson:

Frú forseti. Við ræðum enn og aftur þetta ágæta frumvarp og væri gaman að framlengja þingið um eina eða tvær vikur alveg fram að jólum til að ræða það, slíkt er fagnaðarefnið. (**Gripið fram í:** Jólaboðskapur.) Jólaboðskapur, það er ekki oft sem menn fá slíkar jólagjafir í landinu eins og verið er að gefa núna.

Það má eiginlega skipta þessu í þrjá hópa; stjórnarliða sem koma með frumvarpið, Vinstri græna sem vilja hækka skatta og Samfylkinguna sem vill líka hækka skatta og auka samneyslu, báðir hóparnir. Verið er að lækka tekjuskatt einstaklinga. Núverandi ríkisstjórn hefur verið dugleg í því og lækkað hann verulega og reiknar með að hann fari nú úr 25,7% niður í 21,75%, en ofan á það kemur auðvitað útsvar sveitarfélaganna. Það er því verið að tala um að lækka þetta úr 38% niður í 34%.

Mikið hefur verið rætt um hækkun barnabóta í tvennu lagi upp á 2,4 milljarða og einnig eignarskatt einstaklinga og lögaðila sem reiknað er með að lækki tekjur ríkissjóðs og felli þær út upp á 3,7 milljarða. Nú þegar hefur verið ákveðið að fella út sérstakan tekjuskatt og lækka erfðafjárskatt.

Ef maður fer yfir skattana, það þarf svo sem ekki að fara yfir þá, stjórnarliðar og aðrir hafa farið margoft yfir málið í dag, en þeir sem borga mest í eignarskatt eru á lægstu tekjubilunum. Einnig borga þeir sem eru komnir yfir sextugt eignarskatta í dag. Það er ótrúlegt að flokkur eins og Samfylkingin skuli vera á móti þessu. Eins og hv. þm. Birkir J. Jónsson benti á áðan var við 1. umr. ekkert talað um eignarskattana af hálfu Samfylkingarinnar, en nú tala þeir tungum tveim um eignarskattinn. En þetta er ein mesta bylting í skattamálum nokkurn tímann. Stjórnarandstæðingar hafa reynt að slá ryki í augu þeirra sem á þetta hlusta, að verið sé að hækka skatta þegar verið er að færa þjónustugjöld að verðlagi, af því þeir skilja ekki að krónan er ekki jöfn í dag og fyrir tíu árum. Það er málið.

Við höfum reynt að kenna þingmönnum Samfylkingarinnar þetta en ekki tekist þrátt fyrir mjög nánar útskýringar. (Gripið fram í.) Síðan er kannski rétt að fara yfir tillögur þessara ágætu flokka. Ef við förum yfir tillögur Vinstri grænna, þeir eru alveg harðir og hreinar línur hvar þeir liggja. (**Gripið fram í:** ... tekju- og eignarskatt á ...) Það er alveg á hreinu hvað þeir vilja. Þeir vilja náttúrlega hækka skatta og ótrúlegt hvað þeir fá mikið í skoðanakönnunum og öðru, það minnkar nú alltaf þegar kemur að kosningum sem betur fer, en þetta er flokkur sem vill hækka skatta og auka samneyslu. Tillögurnar við fjárlög 2005 eru að hækka skatta um 9,2 milljarða, og hvernig á að eyða þessu? Þeir vilja ekki lækka neitt, þeir vilja setja 670 millj. til háskólanna, setja í Háskóla Vestfjarða 25 millj., framhaldsskólana 330 millj., náttúruminjasöfn 20 millj., jöfnunarsjóð 700 millj., lífeyristryggingar 560 millj., barnabæturnar strax 2.400 millj., vaxtabætur 300 millj., ferðamál 20 millj. og minnka arðgreiðslur frá opinberum stofnunum upp á 1 milljarð. Þjóðminjasafn 23 millj., safnasjóður 54 millj., Ríkisútvarpið 210 millj., jöfnun ferðakostnaðar íþróttafélaga 150 millj., þróunarmál og alþjóðastarf 140 millj., skógrækt 70 millj., hækkun til Landspítala upp á 600 millj., hjúkrunarheimili 150 millj., heilsugæsla 236 millj. og ferðamál 30 millj.

Þetta eru tæplega 8 milljarðar í aukningu á samneyslu, svona einn, tveir og þrír á einu ári. Menn vita því alveg hvar þeir hafa Vinstri græna, þeir vilja hækka skatta og auka samneyslu. Ég held að ágætir landsmenn ættu aðeins að hugsa um hvað þessir menn eru að segja. Þeir eru einmitt að segja: Aftur til fortíðar, eins og vinstri menn. Eina sem þeir kunna er að hækka skatta og auka samneyslu. Alveg hreinar línur, ekki lækka skatta. Þeir vilja ráðskast

með fjármuni fólksins. Þeir treysta ekki fólkinu að fá þetta beint. Nei, það má ekki. Þeir vilja komast með krumluna í þá og geta svo skammtað út í rólegheitum. Þetta er stefna Vinstri grænna. (Gripið fram í.) Það er alveg á tæru.

Síðan komum við að hinum stjórnarandstöðuflokknum sem hefur tjáð sig mjög í málinu, sem er Samfylkingin. Menn eru ekki alveg klárir á því hver er hvað þar, og hvers er hvurs. Hverjar eru tillögur þeirra varðandi fjárlög 2005? Það hlýtur að sýna stefnu flokksins, m.a. í skattamálum. Þeir hafa komið upp trekk í trekk með tölur á gömlu verðlagi og hvað þetta hafi hækkað mikið og þykjast vera með stórasannleik í höndunum. Ég sakna annars útherja þeirra, hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar, sem hefur farið mikinn í þessum málum og talaði fyrir flestum tillögunum.

Það var gaman að dunda við að fara yfir breytingartillögur þeirra við fjárlögin árið 2005. Þar er stefna Samfylkingarinnar að lækka virðisaukaskatt á matvæli um 1,5 milljarða, setja 470 millj. í Háskóla Íslands, 100 millj. í Háskólann á Akureyri, 100 millj. í Kennaraháskólann, 330 millj. í framhaldsskólana, í jöfnunarsjóðinn 700 millj., í lífeyristryggingar 560 millj., hert skattaeftirlit 200 millj., barnabætur 2.400 millj. Eins og Vinstri grænir vill Samfylkingin gera það strax. Vaxtabætur 300 millj., Samkeppnisstofnun 100 millj., 80 millj. í Landhelgisgæsluna, 60 millj. í Barnaverndarstofu, 30 millj. í Lýðheilsustöð o.fl. og í hjúkrunarrými 200 millj. Þetta eru 7,2 milljarðar í aukningu á samneyslu. Svo talar þetta fólk um aðhaldsleysi í ríkisfjármálum.

Virðulegur forseti. Er hægt að vera með svona málflutning? Það liggja fyrir 7 milljarðar í aukningu á samneyslu en á móti vilja þeir ekki lækka tekjuskatt. Það er engin tillaga um persónuafslætti, hvorki með launavísitölu, lánskjaravísitölu, byggingarvísitölu eða neinu. Fresta því að lækka tekjuskatt. Ekki lækka tekjuskatt upp á 4,7 milljarða. Það er nákvæmlega stefnan. Þeir ætla ekki að lækka skatta, þeir ætla að auka samneysluna. Hvað segja þeir meira? Jú, þeir ætla að koma með einfalda skipun og lækka útgjöld ráðuneyta um 600 millj. Síðan á að fresta yfirfærslu fjárheimilda frá ráðuneytum upp á 5 milljarða. Ég átta mig ekki á því hvernig það er gert því ef ráðuneytin hafa möguleika á að spara er einmitt hvatinn að geta fært þetta á milli ára. Það er hvatinn, annars er enginn hvati til sparnaðar. En það má ekki. Forsjárhyggjan skal alltaf vera í fyrirrúmi. Það er eins og hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði, að gamla Alþýðubandalagið væri komið til valda, það er nú þannig.

Síðan vilja þeir lækka risnu og ferðakostnað upp á 600 millj. Sennilega hætta þá í einhverju alþjóðlegu samstarfi, hætta að ferðast innan lands eða fara á reiðhjólum eða einhverju slíku eins og R-listinn vill, að menn ferðist innan borgarinnar á reiðhjólum. Síðan ætla þeir að lækka sérfræðikostnað um 1.300 millj. Það er búið að fara í gegnum það mál, það er eins vitlaus hugmynd og mest má vera.

Þetta eru tillögur stjórnarandstöðunnar. Svo koma þeir og fjargviðrast yfir skattalækkun ríkisstjórnarflokkana, þ.e. að við látum fólkið hafa peningana beint án þess að það fari í krumlu ríkisins, að þeir fari beint í vasa fólksins og það ráði hvernig það eyði þeim. Þetta er lykilatriði. Lykilmál. En forsjárhyggjuflokkarnir vilja fá peningana og dreifa þeim svo.

Það þarf eiginlega ekkert að segja meira um þetta. Ég held að þetta sé alveg kristalklárt. Búið er að fara mjög vel í gegnum tekjuskattslækkunina um 1% og síðan 2% árið 2007 og eignarskattinn og barnabæturnar sem eru 1.200 millj. 2006 og svo 2007. Fólkið fær því upp á þriðja tug milljarða beint í vasann sem það ákveður hvað það gerir við, ríkið er ekki að skammta því hvert það fer.

Ég ætla ekki að fara nánar yfir það, en það er samt gaman að þessum flokkum. Hv. þingmenn þeirra í efnahags- og viðskiptanefnd báðu um alls konar skattaprósentur, útreikninga og upplýsingar um hvað eignarskatturinn hefði verið ef notuð hefði verið sama álagningarprósenta árið 1990 þegar vinstri stjórnin var við völd. Það voru 6,5 milljarðar. Það var eignarskattur, sérstakur eignarskattur og svo einhver annar sem var kallaður ekknaskattur. Þeir vildu hafa þetta allt saman en núna þurrka þeir þetta út. Maður hafði ekki trú á því, eins og ég hef sagt oft í þessum ræðustóli, fyrir sex, sjö árum að það yrði núll eignarskattur eftir næsta ár. Það er álagning á næsta ári. Búið. Það er því auðvitað gaman að ræða svona mál.

Hvers vegna er þetta hægt? Jú. Vegna góðrar stjórnunar á landsmálum. Annars væri þetta ekki hægt. Út af hagvexti, gífurlegum hagvexti og verðmætasköpun í samfélaginu sem skilar sér bæði til einstaklinganna og hins opinbera, annars væri þetta ekki hægt.

Ég tala nú ekki um það sem Vinstri grænir vilja. Maður hefur hlustað á tillögur þeirra í atvinnumálum, að virkja smálæki og síðan eiga menn að prjóna húfur og vettlinga og tína fjallagrös. Það er sem sagt aðalatvinnuþróunin á landsbyggðinni ef þeir fengju einhverju um ráðið. Þeir hljóta að vera ánægðir eftir að búið er að loka verksmiðjunni í Mývatnssveitinni, þeir hljóta að kætast mjög yfir því.

Þetta er grundvallarágreiningur á milli stjórnarflokkanna og t.d. Vinstri grænna. Það væri ekki mikil atvinna í landinu ef þetta fólk réði. Hvernig var þetta þegar það réði þegar kaupmáttarhrapið var mest 1989 og 1990? Þannig er þetta, frú forseti.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um málið. Ég ætla að samfagna með félögum okkar í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki og landsmönnum öllum. Hér er tímamótamál á ferðinni, gleðiefni og góð jólagjöf til landsmanna.

[21:28]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef áður heyrt hluta af þeirri ræðu sem var flutt áðan og ekki ástæða til þess að orðlengja hana mikið. Þó er full ástæða til þess að nefna það af því hv. þingmaður fór yfir hugmyndir Samfylkingarinnar í fjárlögum sem hún lagði fram, en þar var hugmyndafræðin sú að skila a.m.k. milljarði meira í afgang en ríkisstjórnin. Það er því er óhætt að telja upp það sem menn leggja til í útgjöld. Við höfum getað lagt til 306 milljarða eða svo og talið það upp og talið að frekar óábyrgt væri að gera það með þessum hætti.

Ég ætla ekkert að fara í ræðu hv. þingmanns, vegna þess að hún bætti litlu við umræðuna. Umræðan hefur talsvert verið af hálfu stjórnarandstöðunnar um nauðsyn þess að lækka virðisauka á matvæli. Hv. ríkisstjórn og fulltrúar hennar hafa lýst alveg óheyrilegri hamingju með þá að-

ferðafræði sem þeir ætla að leggja í hann. (**RG:** Hátíðisdagur.) Hátíðisdagur, dásamlegt, allt yndislegt. (**Gripið fram í:** Gleðileg jól.) Ég vil því spyrja hv. þingmann: Hvað gerði það að verkum að í miðri umræðu um hamingjuna, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal orðaði það ágætlega, flýja menn af hólmi? Þá setja menn á fót nefnd til þess að ræða lækkun á virðisauka, í miðri umræðu þegar menn fara á ystu nöf um aðhald í ríkisfjármálum, um einkaneysluna, koma þeir á fót nefnd sem kynnt var af hálfu fjármálaráðherra í fréttum í kvöld sem gengur út á að ræða lækkun á virðisaukanum. Hvar er öll hamingjan? Hvar er dásemdin? Eru menn á flótta frá eigin hugmyndum þegar dregið hefur verið fram að menn hafa fjármagnað skattalækkanirnar með mestu skattahækkunum sem þekkjast?

[21:30]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil vel vanlíðan hv. þingmanns, að honum líði ekkert vel við þessa umræðu. Maður finnur það og hálfvorkennir mönnum úr gamla Alþýðuflokknum að þurfa að standa í þessu. En það var skipuð nefnd til að fara yfir endurskoðun á öllu virðisaukaskattskerfinu, m.a. lækkun matarskatts. Það er stefna allra flokka á þinginu þannig að allir hljóta að vera ánægðir með það og sammála þegar þar að kemur. (Gripið fram í.) Það er varla nokkur spurning um það.

Ég átta mig samt ekki á einu, frú forseti, varðandi alla þessa umræðu um virðisaukaskattsmálið núna. Ég spyr hv. þingmann: Er hann með eða á móti á lækkun á tekjuskatti um 4 prósentustig? Er hann með eða á móti afnámi eignarskatts? Er hann með eða á móti hækkun á barnabótum? Við vitum að hann lagði það til ásamt flokki sínum og hann getur væntanlega svarað því. Er hann með eða á móti á lækkun á erfðafjárskatti? Er hann með eða á móti afnámi sérstaks tekjuskatts?

Ég vildi fá svör frá hv. þingmanns um þetta.

Varðandi tillögur Samfylkingarinnar, þá hljóma þær upp á 7,2 milljarða kr. Á móti ætla þeir ekki að lækka tekjuskatt, upp á 4,7 milljarða kr. þannig að þar munar 2,5 milljörðum kr. Ég gef ekkert fyrir tillögur sem menn skrifa út í loftið, um að fresta yfirfærslu á fjárheimildum og lækka útgjöld ráðuneytanna með einni skipun upp á 600 millj. kr., skera niður risnu upp á 600 millj. kr. eða lækka sérfræðikostnað upp á 1.200 millj. kr. Ég gef ekkert fyrir það. Menn skrifa þær tillögur í fljótræði seint að kvöldi.

[21:32]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að flest okkar í þinginu hafi haft dálítið gaman af því hve óheyrilega mikil hamingja hefur fylgt þessum hugmyndum og hvernig lausnin á lífsgátunni hefur nánast legið á borðinu í formi skattalækkana. Að vísu eru þeir búnir að taka fyrir þeim annars staðar. Þeir taka það frá fólki sem þarf að sækja þjónustu heilsugæslunnar, með álögum á skólafólk, nemendur og fara út um víðan völl til að fjármagna þetta.

En mig langar að spyrja hv. þingmann: Er pláss fyrir miklu meiri hamingju? Er pláss fyrir meiri hamingju en þá 23 milljarða kr. sem hv. þingmenn hafa talað um? Eftir þessa umræðu á hinu háa Alþingi er flóttinn hafinn. Menn hafa talað um að beita skattkerfinu sem tekjujöfnunartæki og flóttinn er hafinn þangað sem stjórnarandstaðan vildi að ríkisstjórnin færi, þ.e. að lækka virðisaukaskatt. Við fögnum því vitanlega þótt við segjum nokkur varnaðarorð, sem er hlutverk stjórnarandstöðunnar að einhverju leyti. Við höfum áhyggjur af þenslu (**Gripið fram í:** Hvað um eignarskattinn?) og þið teflið á tæpasta vað með því sem þið hafið gert. Nú er ætlunin að ganga skrefinu lengra og við verðum að fylgjast mjög vandlega með því.

Varðandi þær spurningar sem hér hafa komið fram þá höfum við margoft farið yfir þær. Það er löngu búið að fjármagna þessar lækkanir með hækkunum annars staðar. Við höfum verið andvíg því, andvíg því að fara þá leið sem þið hafi farið, þ.e. að leggja byrðar á þá sem minna mega sín en létta byrðar þeirra sem meira hafa. Við höfum verið andvíg því.

En við erum lánsöm. Við erum svo lánsöm, virðulegi forseti, að sú stund mun renna upp að við þurfum að svara spurningum ykkar í atkvæðagreiðslu og þá mun ekki standa á okkur. En flóttinn er hafinn.

[21:35]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður minnir mig á góðan predikara þegar hann talar úr stólnum. Það er ljóst að landsfundarsamþykkt Sjálfstæðisflokksins frá 2003 fjallar m.a. um að lækka (Gripið fram í.) virðisaukaskatt á matvæli og endurskoðun á kerfinu. Hið sama er að finna í stjórnarsáttmálanum sem hv. þingmaður getur kynnt sér.

Stjórnarandstaðan hefur reynt að gera mál úr því að ríkisstjórnin hafi fært þjónustugjöld að verðlagi og þó ekki alveg. Það hefur orðið raunlækkun á flestum gjaldanna. Þar sem hv. þingmaður býr í Vestmannaeyjum og er formaður bæjarráðs þá er vert að skoða hvort engin gjöld hafi hækkað þar. (Gripið fram í.) Ég trúi því ekki að þar séu alltaf sömu gjöldin. (**LB:** Af hverju talar þú alltaf um allt aðra hluti?) Virðulegi forseti, ég er með orðið.

Auðvitað erum við hamingjusöm. En það er gaman að sjá marga hv. þingmenn Samfylkingarinnar hoppa í kringum stjórnarliða, sem eru samstæður hópur. Þá langar hálfpartinn til að vera með en komast ekki inn. Sá er munurinn. Þeir eru ekki með í veislunni og eru á móti henni. Ég held að landsmenn allir ættu að vera klárir á því eftir þessar ræður að stjórnarandstæðingar eru á móti þessum skattalækkunum.

[21:37]

Frsm. 2. minni hluta ehf.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst merkilegt að verða vitni að því hvernig fulltrúar stjórnarmeirihlutans á Alþingi tala um sjálfa sig, hvernig þeir tala um handhafa framkvæmdarvaldsins, um ríkisstjórnina, um handhafa fjárveitingavaldsins, um fjárlaganefnd og Alþingi. Þetta er hið illa ríki sem vill komast með krumlurnar í peninga fólks til að geta ráðskast með þá, hið illa ríki og væntanlega einnig hinar illu bæjarstjórnir.

Hvað gera ríkið og bæjarstjórnir með peninga fólksins?

Þeir eru notaðir til að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu, fyrir skóla, fyrir gott samgöngukerfi, fyrir flugvelli og fyrir hafnir. Held ég að hv. þm. Gunnar Birgisson vilji ekki þessa hluti? Hann vill þá að sjálfsögðu. Hann vill vandaða skóla. Hann vill gott heilbrigðiskerfi. Hann vill góðar samgöngur, hafnir, flugvelli. En okkur greinir á um hvernig eigi að greiða fyrir þau gæði. Á að gera það í gegnum samneysluna eða með notendagjöldum, sem svo eru nefnd? Hvort eigum við að láta hinn heilbrigða greiða til heilsugæslunnar eða bíða eftir því að hann verði veikur og láta hann þá borga? Á að láta námsmenn og skólabörn greiða fyrir nám sitt í skólum? Þetta er hinn pólitíski ágreiningur sem við tökumst á um. Þegar hv. þingmaður talar um að hið illa ríki og hin illu sveitarfélög vilji komast með krumlurnar í peninga fólksins þá er hann í raun að tala um þetta.

Síðan leyfir hv. þm. Gunnar Birgisson sér að gera lítið úr atvinnustefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Hvað er það sem við viljum? Við viljum gott grunnkerfi, gott þjónustukerfi, góða samfélagsþjónustu og síðan, viti menn, viljum við treysta á (Forseti hringir.) frumkvæði einstaklinganna. Því gerir hv. þingmaður lítið úr og skopast að.

[21:39]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg ljóst hver atvinnustefna VInstri hreyfingarinnar – græns framboðs er. Það er alveg á hreinu. Það eiga allir að vinna hjá hinu opinbera. Það eru alveg hreinar línur. Þannig er stefnan.

Það koma ekki margar tímamótaræðu frá þeim flokki en hér kom þó ein. Í stuttu máli, til að þýða hana fyrir þá sem á hlýða, þá sagði hv. þingmaður að allir ættu að fá allt frítt á Íslandi. Hækka skattana, auka samneysluna, og gefa öllum allt frítt. Ekki borga fyrir neitt. Ekki borga fyrir neitt. Það að námsmenn greiði fyrir námið sitt telur hann náttúrlega alveg rosalegt. Svo þegar námsmenn koma til annarra landa þurfa þeir að borga skólagjöld í þá skóla og annað.

Maður er auðvitað alveg klár á því sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð er að gera. Hún vill hærri skatta. Hún er skattahækkunarflokkur. Einn hv. þingmaður einn tjáði sig um það og sagði: Við erum skattahækkunarflokkur og við viljum auka samneysluna. Við viljum auka samneysluna. (Gripið fram í.)

Auðvitað þarf hið opinbera skatta til að standa undir grunnstarfsemi sinni. En hve langt á sú skattheimta að ganga? Á hið opinbera endalaust að fara í vasann og ná í meira og meira? Hvar eru mörkin? Getur hv. þingmaður sagt mér það? Getur hv. þingmaður sagt mér hver er atvinnustefna vinstri grænna?

Ég var ekki að gera lítið úr því að menn væru að tína fjallagrös og svoleiðis. Það er atvinna líka út af fyrir sig en menn þurfa að koma með einhver önnur rök en þessi. Það má ekki skjóta rjúpu, það er alveg bannað og menn geta ekki haft atvinnu af því fyrr en á næsta ári. En það er ljóst að það er mikill skoðanaágreiningur á milli mín og þessa flokks.

[21:41]

Frsm. 2. minni hluta ehf.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki til nein algild formúla um hvar línan liggur á milli opinbers reksturs, samneyslu og einkareksturs á markaði, að sjálfsögðu ekki. Ég tel hins vegar að við séum komin fram yfir ystu mörk í þeim efnum.

Að allir eigi að fá allt frítt á Íslandi, hef ég sagt það? Það sem ég hef sagt er að við viljum að fólk þurfi ekki að greiða vegna veikinda sinna eða vegna náms barna sinna. Við erum að tala um grunnþjónustu í samfélaginu sem við viljum gjaldfrían aðgang að.

Varðandi atvinnustefnuna, það var spurt hver atvinnustefna okkar væri. Hún er þessi: Að búa fjölskyldum og atvinnulífi góðan, félagslegan ramma, með góðu þjónustukerfi. Að hafa til staðar aðgang að ódýru fjármagni, fjárfestingarfjármagni. Við höfum haft það í aðskiljanlegu formi gegnum tíðina og iðulega óskað eftir umræðum um það.

En það er mótsagnarkennt þegar sjálfir handhafar Stalíns-medalíunnar, mennirnir sem hafa pumpað meira fjármagni inn í atvinnulífið í formi stóriðju því það er ríkið sem fjármagnar hana, leyfa sér að tala á þennan veg um atvinnustefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem vill ganga í gagnstæða átt við þá stórfelldu íhlutunarstefnu sem hv. þm. Gunnar Birgisson er fulltrúi fyrir. Það eruð þið, stjórnarmeirihlutinn, sem hafið gripið á stórfelldari og grófari hátt inn í atvinnulífið en nokkur annar.

[21:43]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega ljóst, og við vitum það, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er á móti stóriðju. Það er ljóst. Það kom fram og hefur komið fram áður. Það er ekkert nýtt í því. En það kemur líka fram í tillögum þeirra vegna fjárlaga ársins 2005 að þeir vilja leggja skatt á fjármagn og fé, bæði fjármagn og sauðfé. Það fer nú venjulega undan veðri og vindum og ef það er skattpínt of mikið þá fer það eitthvað annað, fer úr landi. (**Gripið fram í:** Sauðféð?) Eins og hv. þm. Pétur Blöndal rakti áðan, þá margfölduðust tekjurnar þegar skattprósentan var lækkuð.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill líka hækka tekjuskatt. Þeir vilja hækka tekjuskatt. Hvað þýðir það? Það er vinnuletjandi og meiri skattsvik og því fylgja meiri skattsvik. (**ÖJ:** Erum við með tillögur um það?) Hvað með hátekjuskattinn, viljið þið ekki halda í hann? Það er í tillögum fyrir árið 2005, á fjárlögunum, stendur hér. Það er talað um að lækka hana. (Gripið fram í.) Þið eruð á móti stóriðju og þeim tekjum sem af henni koma og allri vinnu í nútíð og framtíð vegna þess arna. (**ÖJ:** Þar er bókhaldslegt tap.) Þetta er mjög alvarlegt.

Síðan eru hér strákar og stelpur sem vilja vera með okkur stjórnarliðunum en komast ekki inn í hópinn. Þau vita ekki hvar þau eiga vera. Þeir eru með eða á móti, (Gripið fram í.) og vita ekki hvar þau eru enda er það þannig að þjóðin tekur ekki orðið mark á þessu. Hver er stefna þessa flokks? Hún er engin. Hún er út og suður. Einn daginn vilja þeir tekjutengdan eignarskatt en þann næsta vilja þeir hann

ekki. Hvað halda menn að þeir vilji á morgun? Vilja þeir afnema hann? (**Gripið fram í:** Það veit enginn.) Það veit enginn.

[21:46]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Hér á hinu háa Alþingi hefur alllengi staðið yfir umræða um skattamál okkar Íslendinga sem náttúrlega er töluvert blönduð inn í efnahagsmálaumræðu þótt hún hafi ekki verið mikið rædd hér en þeim mun meira með fjárlögum. Fyrir það fyrsta vil ég segja að auðvitað er það gleðiefni hverrar þjóðar ef þjóðarbúskapur er þannig að hægt sé að lækka skatta þótt það liggi í augum uppi að alltaf getur orðið um það ágreiningur hvernig í þá skattalækkun eigi að fara. Það er kannski það sem skiptir mönnum einmitt í flokka, (**Gripið fram í:** ... flokk.) skilur á milli þeirra sem vilja auka jafnrétti og jöfnuð í landinu og hinna sem vilja lækka skatta hjá þeim sem mest hafa fyrir. Það er það sem betur fer gerir það að verkum að ekki eru allir jafnaðarmenn og sumir verða kapítalistar og eru þar. Maður á ekki samleið með þeim hvað þetta varðar. Svoleiðis er bara lífið.

Það sem er aftur dálítið sérstakt við umræðuna núna er allt að því þessi grobbháttur stjórnarliða sem kemur út í því að staða ríkissjóðs sé góð vegna þess að þeir hafi stjórnað svo vel. Ríkissjóður hefur fitnað eins og púkinn á fjósbitanum, m.a. vegna þenslu sem hefur verið í landinu, aukinna skattahækkana, dulbúinna skattahækkana sem hafa verið undanfarin ár þar sem öryrkjar og aldraðir sem ekki borguðu skatta hér fyrir nokkrum árum eru orðnir stórgreiðendur skatts í tíð núverandi hæstv. ríkisstjórnar frá 1995, eins og hefur verið rakið í dag. Ríkisstjórnin hefur sem sagt fundið breiðu bökin til að skattleggja, til að safna í sarpinn fyrir þeim skattalækkunum sem verið er að gera núna, búa í haginn. Með öðrum orðum má segja, virðulegi forseti, að fjármálaráðherra landsins og ríkisstjórnarmeirihlutinn hafi farið um landið eins og nokkurs konar hjálpræðisher með söfnunarbauk og ekki mátt vita af nokkrum einustu gjöldum án þess að fara um þau höndum, skattleggja og auka skattheimtuna af þeim.

Virðulegi forseti. Það er einfaldlega þannig að menn hafa ráðist hér fram, hækkað gjöld og skatta miklu meira en er svo verið að skila til fólksins í landinu ef við miðum við t.d. næsta ár og hér hefur verið rakið í dag, m.a. í nefndaráliti 1. minni hluta.

Aumt er það hlutverk að fara svo um. Það er sama hvar maður ber niður. Ég verð alveg að játa það, vegna þess að ég fann ekki gögnin mín, að ég stend hérna og get ekki talið upp alla þá skatta sem ríkisstjórnin hefur verið að hækka á síðasta og þessu ári. Þeir eru svo margir að maður verður að hafa þá fyrir fram sig á blaði. Upp í hugann kemur samt þungaskatturinn á síðasta ári, það kjaftshögg sem stjórnarmeirihlutinn veitti þegar skattpíndum hluta þessa lands, þ.e. landsbyggðarbúum, hækkun sem auðvitað fór beint út í verðlagið, í flutningastarfsemi. Þannig er það núna, virðulegi forseti, að helmingur af flutningskostnaði er skattur sem rennur beint í ríkissjóð.

Bensíngjaldið sem var hækkað í fyrra og er að tifa inn núna gefur ríkissjóði miklar tekjur. Það eru mestu álögur sem til eru á bifreiðaeigendur í allri Vestur-Evrópu eins og komið hefur fram hjá FÍB. Heimsmet í skattheimtu af umferð í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra, þar sem skattheimta af umferð er í kringum 32 milljarðar kr. á ári, en aðeins 16 milljörðum, þ.e. helmingnum, er varið til samgöngu- og vegaframkvæmda. Samt var bensíngjaldið hækkað og þungaskatturinn hækkaður.

Eigum við að rifja hér upp þegar við afgreiddum fjárlög í fyrra, þegar ríkisstjórnin tók sig til og ætlaði í lok þings þá, rétt fyrir jól, sem hún gerði, að lækka vaxtabætur um 600 millj. kr.? Okkur í stjórnarandstöðunni tókst og í því tilfelli með atbeina hv. þm. Péturs H. Blöndals, formanns efnahags- og viðskiptanefndar, að koma í veg fyrir að ríkisstjórnin færi í enn eitt stjórnarskrárbrotið með þeim afturvirku aðgerðum sem þar voru boðaðar. Enginn deildi um það að menn gátu á þessum tíma í fyrra breytt vaxtabótadæminu fyrir þetta ár en menn deildu um afturvirknina og það sem ríkisstjórnin ætlaði sér að gera þá, þegar fjármálaráðherra hljóp um landið með söfnunarbaukinn að ná sér í hundruð milljóna, 600 millj. þarna og 400 þarna o.s.frv. En það tókst að lágmarka skaðann. Það tókst að koma vitinu fyrir ríkisstjórnarmeirihlutann þannig að ekki varð í þeirri ferðinni framið það stjórnarskrárbrot sem átti að gera. Ég endurtek það, virðulegi forseti, að hv. þm. Pétur H. Blöndal — ég hæli þeim hv. þingmanni ekkert allt of oft hér — má eiga það að þetta var m.a. fyrir atbeina hans. Hann stoppaði þessa ósvinnu í efnahags- og viðskiptanefnd og kom í veg fyrir að þetta yrði gert sem stjórnarskrárbrot. Engu að síður gekk það í gegn að skerða vaxtabæturnar um 600 millj. Svo er verið að skerða þær um 300 millj. hér.

Ég sagði áðan að mig skorti gögn til að lesa þetta allt upp og ég ætla ekki að fara meira út í það hér. Engu að síður er rétt að taka það fram að ríkisstjórnin hefur, um leið og þetta fagnaðarerindi er boðað með skattalækkunafrumvarpi sem stjórnarliðar geta ekki á heilum sér tekið af fögnuði yfir, á undanförnum dögum hækkað álögur á landsmenn, hækkað skatta með þessum gjöldum. Hæstv. fjármálaráðherra viðurkenndi líka að þarna væri verið að hækka skatta, og ber auðvitað að virða slíka hreinskilni.

Virðulegi forseti. Í því skattalækkunardæmi sem hér er verið að tala um og stjórnarliðar halda vart vatni yfir kemur upp í hugann allt sem stendur út af. Upp í huga minn koma t.d. erfiðleikar og fjárhagsstaða sveitarfélaga þar sem ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum hirt tekjustofna frá sveitarfélögunum og tekið inn í ríkissjóð. Nægir þar að tala um breytingu á skattalögum, þ.e. frá einkarekstri yfir í einkahlutafélögin. Að mati formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga, sjálfstæðismannsins Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, getur verið hér um 1.200–1.500 millj. kr. að ræða á ári. Þessi tala hefur líka komið upp, ekki kannski upphafið nákvæmlega, en áhyggjur hæstv. núverandi félagsmálaráðherra meðan hann var varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga um það sem ég ætla ekki að nefna hér en er auðvitað ekkert annað, kalla það því nafni, en þeir hafa tekið af sveitarfélögunum þessar tekjur. Það er eðlilegt að ríkissjóður hafi einhvern afgang úr að spila til að setja í þessar skattalækkanir þegar búið er að hirða þetta eins og ég hef hér verið að taka dæmi um í hækkuðum sköttum, með því að taka peninga sem sveitarfélögin hafa átt og með því að

gera öryrkja og aldraða að stórum tekjustofni, ef svo má að orði komast.

Þetta er aumt hlutverk hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég skil ekki almennilega hvernig á því stendur að hv. stjórnarliðar skuli ekki viðurkenna það eins og þetta blasir við. Það er svo augljóst mál hvernig skattheimtan hefur verið aukin til að safna í söfnunarbaukinn til þess að koma út sem góðir jólasveinar rétt fyrir jól og skammta eitthvað til baka í formi skattalækkana sem við deilum hér um hvernig eigi að færa til fólksins, hvaða leið eigi að fara. Eins og ég segi skilur þar á milli jafnaðarmanna og annarra, e.t.v. sem betur fer vegna þess að í þessari umræðu verður maður alltaf svo kátur og upp með sér að vera ekki í flokki með sjálfstæðismönnum og Framsóknarflokknum, að hafa þó enn þá þessa jafnaðarhugsjón og þá fögru stefnu sem þar ræður för.

Virðulegi forseti. Ég ætla að gera hér aftur að umtalsefni það sem ég ræddi í dag. Ég tek eftir því að enginn þingmaður stjórnarliða sem hér hefur talað hefur rætt um hvernig þessi skattalækkun kemur út fyrir alla Íslendinga eftir því hvar þeir búa. Því miður verð ég að ætlja þá stjórnarþingmenn sem kosnir eru af landsbyggðarfólki og í landsbyggðarkjördæmunum að halda ekki betur fram hag þessa fólks, betur en gert hefur verið í þessu dæmi. Aumt er hlutverk þeirra. Mikið svakalega hljóta menn að vera aumir að treysta sér ekki til að halda þessu fram inni í þingflokkum sínum og reyna að koma fram einhverjum bótum fyrir landsbyggðarbúa í þessum skattalækkunarpakka. Ég vil taka það skýrt fram að það er auðvitað ekki rétt að tala um engar bætur vegna þess að þær eru hjá þeim sem borga tekjuskatt og annað slíkt en það er mjög misjafnt ef við förum t.d. yfir í eignarskattinn. Það er reyndar mjög misjafnt í tekjuskattinum vegna þess að út af breytingu á atvinnuháttum hér á Íslandi undanfarin ár hafa tekjur fólks lækkað á mjög mörgum stöðum. Það hefur ekki úr eins miklu að spila og það hafði áður, borgar þar af leiðandi ekki eins mikla tekjuskatta og fær þess vegna ekki eins mikinn plús og aðrir sem betur fer hafa miklu hærri tekjur og sem búa hér.

Ef ég fer aðeins yfir í eignarskattana hefur það komið fram á hinu háa Alþingi að vegna gjaldaársins 2003 er greiddur eignarskattur í Reykjavík og Suðvest. 1.700–1.800 millj. kr. lægri eftir að hann var helmingaður með síðustu aðgerð ríkisstjórnar. Við höfum auðvitað ekki nýrri tölur. Á þessu tímabili munu þá íbúar Norðvest. fá eignarskattslækkun upp á 120 millj. Sama má segja um íbúa í Norðaust., þeir fá sömu tölu. Hjá íbúum Suðvest. er talan um 170 millj. Hvers vegna er þetta svona, virðulegi forseti? Er það vegna þess að tómir eskimóar búi úti á landi, eitthvað svoleiðis? Nei, það er ekki svo. Íbúar úti á landi hafa orðið fyrir mjög miklu verðfalli á sinni merkustu og mestu eign sem er húseignin þeirra.

Af hverju hefur orðið verðfall á húseignum þeirra? Vegna ákvarðana sem teknar hafa verið á hinu háa Alþingi um atvinnuháttabreytingar á Íslandi. Það kemur bæði fram í kvótakerfið í landbúnaði og sjávarútvegi. (**Gripið fram í:** Ertu á móti því?) Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr hvort ég sé á móti því. Já, ég er á móti því að eignir landsbyggðarfólks séu nánast gerðar upptækar vegna stjórnvaldsaðgerða, eins og reyndin hefur verið undanfarin ár. Ég er á móti því, virðulegi forseti, að fólki sé mismunað svo mikið sem hér er gert þegar fjallað er um eignarskattslækkun. Ég skammast mín fyrir, virðulegi forseti, að við þingmenn af landsbyggðinni getum ekki staðið saman um að gæta hagsmuna landsbyggðarfólks hvað þetta varðar.

Látum nú vera að stjórnarþingmenn, kosnir af landsbyggðinni, hefðu léð máls á því að fella algjörlega niður eignarskattinn. En hefði ekki verið meiri myndarbragur á því, virðulegi forseti, ef stjórnarþingmenn af landsbyggðinni hefðu barist fyrir því að sá skattur sem landsbyggðarbúar greiða sennilega mest af, þungaskattur og virðisaukaskattur af þungaskatti, gúmmígjald og hvað þessir déskotans skattar allir heita, hefðu verið lækkaðir? Nei, það var ekki gert. Stjórnarþingmenn, kosnir af landsbyggðinni, hafa ekki haft dug í sér til að verja landsbyggðarbúa hvað þetta varðar. Hafi þeir skömm af því.

Það er staðreynd, virðulegi forseti, að flutningsgjöld hafa hækkað mikið undanfarin ár. Við sjáum það í tekjum ríkissjóðs af flutningastarfsemi. Er þetta til að efla atvinnu á landsbyggðinni, virðulegi forseti? Ég vona, ef einhverjir stjórnarþingmenn kosnir af landsbyggðinni eiga eftir að tala hér í kvöld, að þeir útskýri þá fyrir okkur hvaða ávexti landsbyggðarbúarnir fá úr þessum ímyndaða skattalækkunarpakka.

Eigum við að fara yfir í skattkerfisbreytingu sem gerð var fyrir lögaðila fyrir 2–3 árum, virðulegi forseti? Já, það væri þess virði að rifja hana upp um leið og við tölum um eignarskatta einstaklinga, um hvernig skattkerfið kemur út gagnvart landsbyggðarbúum.

Þegar tekjuskattur lögaðila var lækkaður úr 30% í 18% var tryggingagjaldið hækkað í leiðinni. Eignarskattar lögaðila voru lækkaðir um helming. Hvernig kom þetta út, virðulegi forseti, gagnvart kjördæmum landsins, gagnvart fyrirtækjarekstri annars vegar á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar í þessum þremur landsbyggðarkjördæmum? Jú, það var nefnilega svona: Fyrirtækjarekstur í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu hagnaðist um rúmar 3.000 millj. kr.

Hvernig kom þetta út í landsbyggðarkjördæmunum? 2–3 millj. kr. í plús í Norðvesturkjördæmi og einhver svipuð hungurlús í Norðausturkjördæmi. Suðurkjördæmi: Skattahækkun. Sérstaklega er minnisstætt skattaumdæmið Vestmannaeyjar. Þar hækkuðu skattar á lögaðila um 35 millj. kr. vegna skattkerfisbreytingarinnar. Virðulegi forseti. Ég vona að stjórnarþingmaðurinn Guðjón Hjörleifsson, Vestmannaeyingur með meiru, sé ánægður með þá skattkerfisbreytingu sem þar varð og hún hafi dugað vel atvinnurekstri í Vestmannaeyjum.

Ég sat fund í gær þar sem núverandi bæjarstjóri Vestmannaeyja lýsti því að á síðustu 10 eða 15 árum hafi störfum fækkað um 615 í Vestmannaeyjum. Mig minnir að íbúum hafi fækkað um 600–700. (Gripið fram í.) Er það hvað, hv. þingmaður? (Gripið fram í.) Ég ætla að eftirláta hv. stjórnarþingmanni Guðjóni Hjörleifssyni, vegna þess að ég held að hann sé á mælendaskrá, að tjá sig á eftir. En getur verið, virðulegi forseti, að skattkerfisbreytingar gagnvart lögaðilum hafi íþyngt atvinnurekstri á landsbyggðinni? Já, þær gerðu það. Tryggingagjaldið, sem öll fyrirtæki borga af greiddum launum, var hækkað. Sem betur fer greiða fyrirtæki úti á landi laun. Þau þurftu að borga hærri skatta.

Eignarskattslækkunin, virkaði hún vel fyrir fyrirtækjarekstur? Nei. Af hverju? Vegna þess að eignir fyrirtækjanna eru ekki hátt skrifaðar, meðal annars vegna þess að þau hafa stundum ekki haft framlegð úr fyrirtækinu til að fara í nýbyggingar, breytingar á tækjum eða öðru slíku eftir að hafa borgað svo mikið í rekstrarkostnað, ekki síst í flutningskostnaðinn.

Virðulegi forseti. Ég hélt að skattkerfisbreytingarnar gagnvart lögaðilum hefðu verið landsbyggðarþingmönnum stjórnarinnar víti til varnaðar. Ég hélt að dugleysi þessara þingmanna þá við að gæta hagsmuna landsbyggðarinnar hefði verið einstakt og kæmi ekki fyrir aftur. En svo er ekki, virðulegi forseti, vegna þess að þau dæmi sem ég hef tekið um eignarskattinn koma álíka niður. Með því er ég að sjálfsögðu ekki að hnýta í höfuðborgarbúa. Sem betur fer eru eignir þeirra hátt skrifaðar, hærra skrifaðar, halda verðgildi sínu og auka verðgildi sitt.

En í þessu samhengi vil ég nefna það hvernig vísitala neysluverðs byggist upp gagnvart húsnæðisþættinum. Hækkun húsnæðisverðs, allt að því viðstöðulaus, hefur hækkað vísitöluna, hækkað lán allra landsmanna og líka þeirra sem búa úti á landi, þar sem atvinna er að dragast saman. Eignir þeirra minnka að verðgildi en lánin þeirra hækka, afborganirnar hækka o.s.frv.

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að kalla þetta en annað en hálfgerða hringavitleysu og vítahring. Hafa landsbyggðarþingmenn úr stjórnarliðinu tekið þau mál upp og barist fyrir þeim frekar en öðrum sem ég hef nefnt? Nei, þeir skila auðu og láta allt yfir sig ganga. Ég segi bara, virðulegi forseti: Mikið svakalega er það aumt hlutverk að sitja í þingflokkum sínum og láta ganga þannig yfir sig á skítugum skónum án þess að snúast til varnar. (**BJJ:** Veist þú eitthvað um umræðurnar þar?) Ég veit nóg um umræður um það. Ég sé það á þeim frumvörpum sem hér hafa verið lögð fram, hv. þm. Birkir Jónsson, að árangurinn hefur enginn verið, m.a. af því sem við ræðum hér í kvöld, t.d. lækkun eignarskatta. (**BJJ:** Við erum bara að fella eignarskattinn burt.) Eignarskatturinn er felldur burt, hv. þingmaður, á þann hátt að landsbyggðarbúar hagnast ekkert á þeirri skattkerfisbreytingu. (**BJJ:** Jú, jú.) Það liggur við að ég segi að ég nenni ekki lengur að ?

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti vill beina þeim orðum til hv. þingmanns að hann beini orðum sínum til forseta en ekki til hv. þingmanna sem sitja í þingsal.)

Virðulegi forseti. Ég tel mig hafa beint orðum mínum til forseta en ég tek eftir því að hv. þingmenn úti í sal beina ekki orðum sínum til hæstv. forseta.

Virðulegi forseti. Það má segja svipað um tekjuskatt einstaklinga og það sem ég hef sagt um eignarskatt bæði einstaklinga og lögaðila. Það er því miður svipað með tekjuskattinn, að þetta kemur svipað út. Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að fara nánar út í það. Þetta kemur svipað niður út af því að það breikkar sífellt bilið milli landsbyggðarbúa og höfuðborgarbúa á mörgum sviðum, í tekjum, eignum, þjónustu og í heilbrigðiskerfinu hjá stofnunum sem ríkið rekur. Það er sama hvar maður ber niður, það verður alltaf ljósara að hæstv. ríkisstjórn hefur verið dugleg við að auka bilið og búa til tvær ef ekki þrjár þjóðir í landinu.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að ríkisstjórnin hefði greinilega fundið breiðu bökin til að skattleggja undanfarin ár. Þannig hef ég aldrei talið af hinu góða að öryrkjar og ellilífeyrisþegar væru skattlagðir af smánarlega lágum bótum sem þeir hafa frá Tryggingastofnun eins og gert hefur verið undanfarin ár. Ég hef stundum sagt það í ræðustól og ætla að segja enn einu sinni: Það er sennilega mesti smánarbletturinn á okkur Íslendingum hve illa við búum að ellilífeyrisþegum og öryrkjum á strípuðum bótum. Ég hef t.d. í huga ellilífeyrisþega sem voru ekkert mikið á vinnumarkaði þegar lífeyrissjóðakerfið varð til og njóta því ekki mikilla greiðslna úr lífeyrisjóðum. Þar er fólkið sem byggði upp þetta land fyrir okkur, okkur sem vinnum að stjórn þess í dag, fyrir fólk á mínum aldri og aðra sem njóta ávaxtanna af streði þeirra sem nú eru aldraðir og komið er fram við eins og ég hef gert að umtalsefni. (**PHB:** Það eru komin 100 ár.) Nei, virðulegur forseti, hv. þm. Pétur Blöndal segir að það sé komið yfir, hvað? (**PHB:** 100 ár.) Það er ekki komið yfir 100 ára aldur, virðulegur forseti. Um það eru til ótal dæmi.

Ég ætla rétt að vona að það verði á annan veg eftir 20–30 ár, að við, unga fólkið í dag og fólk á miðjum aldri, sem erum að borga í lífeyrissjóð fáum góða lífeyrisgreiðslu þegar að því kemur. En það er til fólk í þessu landi sem var að yrkja landið og byggja upp á sínum tíma og borgaði ekki mikið í lífeyrissjóð. Það var jafnvel atvinnulaust hálft árið. Í þeim hópi eru húsmæður sem unnu heima, ólu okkur upp. Þá voru konur ekki jafnmikið úti á vinnumarkaði og ekki eins mikla vinnu að hafa. Það eru til dæmi um fólk sem hefur innan við 10 þús. kr. frá lífeyrissjóðunum vegna þessa.

Skoðum Tryggingastofnun og þær bætur sem fólkið fær. Ég hef dæmi af einstaklingi sem fær frá Tryggingastofnun um 87 þús. kr. í greiðslur og borgar af því 7–8 þús. kr. í skatt. Er ekki glæsilegt að finna hér 70 eða 80 ára einstaklinga sem fá slíkar tryggingabætur en við hirðum af þeim 7 þús. kr. í skatta á mánuði? Komi síðan eitthvað örlítið úr lífeyrissjóði er hirt af því líka.

Þetta er engin upphæð, virðulegi forseti. Það er engin upphæð þegar ellilífeyrisþegar hafa rétt um milljón á ári frá Tryggingastofnun og lélegum lífeyrissjóðum, lífeyrissjóðum sem m.a. töpuðu fé á tímum óðaverðbólgu fyrir verðtryggingu. Það er einfaldlega þannig, virðulegi forseti, að ríkisstjórnin telur þetta hin breiðu bök. Þetta fólk á að fá skattalækkun, miðað við þá prósentulækkun sem hér er boðuð af stjórnarliðum, jafnt þessir einstaklingar sem hinir sem hafa kannski 870 þús. kr. á mánuði, svo við tíföldum þetta. Það fær sömu prósentulækkun.

Þarna skilur á milli jafnaðarmanna og kapítalistanna í ríkisstjórn. Okkur finnst þetta vitlaus leið. Á sama hátt er ekki eðlilegt að eignarskattsstofn hjá 70–80 ára gömlum einstaklingi gefi af sér 16 þús. kr. í eignarskatt. Það er engan veginn ásættanlegt en þannig hefur þetta verið hjá ríkisstjórninni undanfarin ár. (**Gripið fram í:** Fella það niður.) Já, fella það niður. Það er einmitt málið. Verið er að fella niður og þá sé ég að hýrnar yfir hv. þm. Pétri H. Blöndal. Hann gleðst yfir því, það eru gleðidagar hjá honum. En getur verið að menn réttlæti eignarskattslækkunina með því að tala um þetta gamla fólk sem á eignarskattsstofninn upp á

7,5 millj. og borgar 16 þús. kr. í eignarskatt af því, er verið að nota þetta fólk til að réttlæta eignarskattslækkun af 100 millj. kr. fólkinu? Jú, það er einmitt verið að gera það og aumt er hlutverk þeirra, að sigla í skjóli ekkla og ekkna sem svona er komið fyrir í skattheimturugli hæstv. ríkisstjórnar undanfarin ár sem hefur notað gamalt fólk og öryrkja til að safna saman sköttum í ríkissjóð og hæla sér svo af því að ríkissjóður standi svo vel.

Hvernig hefur það verið undanfarin ár, virðulegi forseti? Fríeignamarkið gagnvart eignarskatti er allt of lágt eins og fram hefur komið í umræðum í dag. En það er greinilega, og kom fram í frammíkalli hjá hv. þingmanni, verið að nota ekkjurnar og ekklana sem sitja í húsum sínum með eignarskatt upp á 7,5 millj. og borga 16 þús. kr. í eignarskatt, það er verið að sigla í skjóli þess fólks til að fella niður af 100 millj. kr. eigninni hjá stóreignamönnunum. Þarna skilur líka á milli jafnaðarmanna og kapítalistanna í ríkisstjórninni, hvort sem þeir heita sjálfstæðismenn eða B-deildin hjá Framsókn. Það skiptir ekki máli.

Fríeignamarkið gagnvart eignarskatti hefur verið allt of lágt og gamla fólkið hefur sífellt verið að borga meiri og meiri eignarskatt til ríkissjóðs vegna þess að þetta hefur ekki haldið í við annað í landinu. Þetta er einfaldlega þannig og alltaf langbest, án þess að reikna til dæmi og setja þau upp í excel-skjal eins og mönnum er tíðrætt að gera í dag, að sýna seðlana og hafa þá fyrir framan sig.

Virðulegi forseti. Þá ætla ég að koma að nokkrum þáttum sem lúta að því hvernig menn reikna út skattalegan ávinning fólks gagnvart skattbreytingunum. Það hefur orðið efni mikilla deilna á hv. Alþingi hvernig reikna skal hinn skattalega ávinning. Ég spyr mig t.d. að því hvort rétt sé að stjórnvöld leggi fram gögn þar sem fjallað er um áhrif skattkerfisbreytinganna, þar sem fjallað er um hækkun ráðstöfunartekna frá árunum 2004–2007 eftir hjúskaparstöðu og fjölda barna fyrir framteljanda með 2 millj. í tekjuskattsstofn og noti 2 millj. kr. öll árin án þess að hækka upphæðina. En á sama tíma á að nota lækkuðu tekjuskattsprósentuna, hækkaða persónuafsláttinn til að sýna fram á að þetta sé voðalega flott og fínt.

Ég ætla ekki endilega að segja að þetta sé fölsun. Það er í besta falli hægt að segja að menn setji fram bestu ímynduðu áhrif af þessu. Þegar ég set dæmið upp í excel-reikningsskjöl sé ég mjög mikinn mun á því hvort tekjurnar árið 2004 eru hafðar eins til ársins 2007 og sýndur sá skattalagi ávinningur eins og ríkisstjórnin gerir í gögnum sínum eða hvort maður tekur tekjurnar 2004 og hækkar þær miðað við sömu prósentu og notuð er við hækkanir á persónuafslætti, þ.e. að einhver kauphækkun verði á tímabilinu. Þá munar miklu á útgefnum gögnum stjórnvalda og því sem þar kemur út. Það verður ekki eins gott og ríkisstjórnin hælir sér af.

Mér sýnist t.d. að ef hjón með 4,8 millj. í tekjur árið 2004 færu upp í 5,2 millj. 2007 sé skattalegur ávinningur þeirra ekki 6,8% hækkun ráðstöfunartekna heldur rétt um 5%. Ef maður skoðar sömu tekjur hjá fólki með tvö börn, annað yngra en 7 ára og hitt eldra en 7 ára, er ekki skattalegur ávinningur þess fólks 10,5% eins og stjórnvöld segja heldur 7,5%. Þegar maður tekur tölurnar og hækkar laun þeirra á þessum árum þannig að það myndi hærri skattstofn eins og það á að gera er ríkissjóður að taka meira til sín. Þetta er í besta falli sett fram af stjórnvöldum ekki kannski til að falsa gögn eins og ég sagði áðan heldur til að sýna einhverjar ímyndaða langbestu útkomu sem hægt er að hugsa sér. Það má eiginlega segja að verið sé að gera kopar að gulli ef svo má að orði komast.

Hlutfallið lækkar mjög mikið ef maður tekur inn í hækkanirnar hjá fólki frá því sem stjórnvöld hafa gefið út yfir í það sem maður reiknar út gagnvart þessu.

Virðulegi forseti. Margt í því dæmi sem verið er að fjalla um er þannig að stjórnvöld eru að sýna það allra fallegasta sem hægt er að hugsa sér. Það er jafnframt ekki sanngjarnt vegna þess að í þeim dæmum sem ég hef tekið og viðurkenni fúslega að er erfitt að sýna og leggja fram svona tölu úr ræðustól í hv. Alþingi þá verður fólk auðvitað ekki með 4,8 millj. í tekjur árið 2007 þegar það á að borga lægri tekjuskattsprósentu, fá hærri persónuafslátt og hærri barnabætur, þá kemur þetta ekki eins út og stjórnvöld guma sér af. Dæmið verður verra.

Virðulegi forseti. Ég sé að hv. stjórnarþingmenn fýsir að fara að komast í ræðustólinn, bæði til andsvars og til ræðu. Ég veit að margir hv. þingmenn stjórnarinnar eru á eftir mér á mælendaskrá og einhverjir landsbyggðarþingmenn frá stjórninni eru á mælendaskrá. Ég vænti þess að þeir komi og útskýri fyrir okkur hvers vegna þeir börðust ekki betur fyrir landsbyggðarfólk en raun ber vitni í skattalagapakkanum.

Rétt í lokin, virðulegi forseti, sem þarf ekki að taka mikið fram, vegna þess að þeir hv. þingmenn Samfylkingar sem hafa talað í dag og í kvöld hafa gert það og útskýrt tillögur okkar, að það skilur einfaldlega á milli þarna eins og fram hefur komið. Samfylkingin hefði viljað lækka matarskattinn um helming. Það hefði líka Sjálfstæðisflokkurinn viljað, það hefðu Vinstri grænir viljað og Frjálslyndi flokkurinn. Eins og fram hefur komið, m.a. í viðfrægum Kastljósþætti, liggur það í augum uppi að Framsóknarflokkurinn hefur stoppað þá aðgerð, (Gripið fram í.) þeir 12 þingmenn sem enn þá sitja á Alþingi gátu í þessu tilfelli stoppað Sjálfstæðisflokkinn í að ná fram því sem mest sátt er um á hinu háa Alþingi, þ.e. að lækka matarskattinn um helming. Þetta hefur verið viðurkennt af hæstv. fjármálaráðherra í umræddum Kastljósþætti, þar sem hann sat með formanni Samfylkingarinnar, að Framsóknarflokkurinn stoppaði málið. Það er auðvitað í takt við ýmislegt annað sem Framsóknarflokkurinn hefur gert og ég hef gert að umtalsefni.

Virðulegi forseti. Ég vona svo sannarlega að landsbyggðarþingmenn stjórnarinnar muni einn góðan veðurdag rísa til varnar landsbyggðinni í þingflokkum sínum þar sem vélað er um þær aðgerðir og breytingar sem hér er m.a. verið að tala um. Ég hef sýnt fram á það með tölum og þinggögnum að þetta kemur ekki jafnt út. Landsbyggðarbúar fá mjög lítið af þeim skattalækkunum, t.d. varðandi eignarskattinn, og aumt að ekki skuli vera notaður hluti af þeim peningum sem eru til skattalækkunar í það sem ríkisstjórnin, sérstaklega hæstv. iðnaðarráðherra, hefur fjallað um á tyllidögum eins og rétt fyrir kosningar, þ.e. flutningskostnaðurinn hefur ekki verið lækkaður á einn eða annan hátt og sú tala sem hæstv. iðnaðarráðherra nefndi í kjördæmavikunni á fundum þingmanna Norðausturkjördæmis þegar ver-

ið var að tala um 200 millj. kr. einhvers staðar úr hirslum iðnaðarráðuneytisins í einhvern flutningsjöfnunarsjóð vil ég segja að það er hungurlús sem gerir ekkert gagn. Við erum að tala um miklu stærri upphæðir, enda er skattheimtan af flutningsstarfsemi sem landsbyggðarbúar borga að mestu leyti miklu hærri en einhverjar skitnar 200 millj. sem hæstv. iðnaðarráðherra fjallar um. Það er dropi í hafið miðað við það sem við þurfum á að halda.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að þeir stjórnarþingmenn sem tipla í salnum og eru tilbúnir til að hlaupa í ræðustólinn í andsvar komi nú og skýri út fyrir okkur hvers vegna þjóðinni er skipt upp eins og raun ber vitni. Mér finnst með ólíkindum, eins og ég hef áður sagt, að þetta skuli fara svona í gegn. Ég hefði aldrei í þeirra sporum látið þetta yfir mig ganga og um leið og ég horfi á klukkuna og sé að hún er ekki nema hálfellefu þá er ég með ýmisleg gögn til að halda áfram eins og hálftíma í viðbót, (Gripið fram í.) en ég bíð spenntur eftir andsvörum þannig að ég ætla að hætta hér og nú.

[22:27]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ræða hv. þm. Kristjáns L. Möllers var heföbundin og hæfilega full af gífuryrðum, svo sem hungurlús og fleira í þeim dúr. Hv. þingmaður talaði í upphafi ræðu sinnar um stöðu efnahagsmála og að svigrúmið væri bara sjálfsagt mál sem stjórnarflokkarnir hafa skapað til að lækka skattana á fólkið í landinu og talar um gjaldskrárhækkanir þar sem stjórnarflokkarnir hafa farið í vasa skattgreiðenda. Ég vil benda hv. þingmanni á að allt frá árinu 1995 hefur raunaukning kaupmáttar orðið 40% á tímabilinu og neysluverðsvísitalan er dregin þar frá, þannig að hér fer hv. þingmaður með staðleysu. Það er mikið góðæri í landinu.

Hv. þingmaður talaði mikið um atvinnuvegi landsbyggðarinnar. Mig langar að spyrja hv. þingmann að lokum um stefnu Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum. Hvað vill hv. þingmaður gera í þeim málum þar sem sjávarútvegurinn hefur skapað mikinn hagvöxt og hefur gert það að verkum að við getum lækkað skatta eins og raun ber vitni? Hvað vill Samfylkingin og hvað vill hv. þingmaður gera í starfsumhverfi íslensks sjávarútvegs sem skiptir miklu máli varðandi skattalækkanir?

[22:29]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að geta líka farið yfir í sjávarútvegsmál (**Gripið fram í:** Þetta er bara grundvöllurinn.) vegna þess að auðvitað ber að ræða þau. Hluti af því sem ég nefndi áðan snýr að sjávarútveginum. Sjávarútvegurinn um allt land borgar eignarskattana sem eru miklu lægri en eignarskattar sem fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu greiða. Það er hluti af því sem ég fjallaði um áðan að eignarskattarnir sem fyrirtækin greiða koma svona niður þannig að fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu fá miklar upphæðir í eignarskattslækkun meðan sjávarútvegsfyrirtækin á landsbyggðinni fá lítið sem ekki neitt. Það eru auðvitað sjávarútvegsfyrirtækin sem borga þessa litlu eignarskatta úti á landi.

Afæturnar, ef svo má að orði komast, á höfuðborgarsvæðinu eru stóru fyrirtækin sem fá mikla peninga frá sjávarútveginum og fá mikið í eignarskattslækkun.

[22:30]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt að þessi liður héti andsvar og hv. þingmenn ættu að koma með svör við einföldum spurningum. Mín spurning var bara ein: Hvað vill hv. þingmaður gera í starfsumhverfi íslensks sjávarútvegs sem skiptir mjög miklu máli fyrir það svigrúm sem við stjórnarflokkarnir höfum skapað til skattalækkana? Ætlar Samfylkingin að halda áfram að boða það öngþveiti sem fyrningarleiðin veldur eða hvað vill hv. þingmaður gera í starfsumhverfi sjávarútvegsins?

Svo er annað mál sem hefur knúið hagvöxtinn áfram og skapað það svigrúm til skattalækkana sem raun ber vitni, en það er atvinnuuppbygging á Austurlandi með álver við Reyðarfjörð. Hvernig snerist Samfylkingin í því máli? Jú, hún var með og hún sat hjá og hún var á móti, þetta var svona hingað og þangað, ég held að hv. þingmenn hafi haft þrjár skoðanir á málinu, það er því miður ekki hægt að hafa fleiri skoðanir á málunum. En ég spyr hv. þingmann hvort hann telji ekki að sú uppbygging sem stjórnarflokkarnir hafa staðið fyrir á Austfjörðum, því miður ekki með nægilega dyggum stuðningi stjórnarandstöðunnar, hafi ekki skipt miklu máli til að hægt væri að lækka skatta.

[22:31]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar spurt er um sjávarútveginn þá held ég að hann þurfi á öðru að halda en þeirri hringavitleysu sem er í dag gagnvart styrkingu krónunnar. Ætli það sé ekki það versta sem verið er að gera í dag, gagnvart sjávarútveginum? Ætli það sé jafnvel ekki verra en skattlækkanirnar (Gripið fram í.) sem hér er verið að ... Já, það er meðal annars.

En af því að hv. þingmaður spyr um afstöðu okkar gagnvart stóriðju á Austurlandi þá má eingöngu svara því með tölunni 14:2, því hún er okkur Íslendingum svo minnisstæð.

[22:32]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Möller fyrir ræðuna en ég mótmæli því sem hér hefur komið fram að eingöngu sé hægt að hafa þrjár skoðanir á málum. Það liggur alveg fyrir að þegar Samfylkingin er annars vegar þá er hægt að hafa miklu fleiri skoðanir en einungis þrjár, og ég tala nú ekki um þegar símastrákurinn kemst í málin hjá þeim, það er vel þekkt.

Ég vek athygli á að skýrt kom fram hjá hv. þingmanni, sem talaði fyrir hönd Samfylkingarinnar, að Samfylkingin er á móti afnámi eignarskatts vegna þess að það kemur Reykvíkingum og fólki á höfuðborgarsvæðinu sérstaklega vel. Það kom algjörlega skýrt fram að það er ástæðan fyrir því að Samfylkingin er á móti afnámi eignarskatts, og ég þakka fyrir að það skyldi vera upplýst hér.

Ég vil hins vegar spyrja hv. þm. Kristján L. Möller um

þetta: Fyrir kosningar talaði hann sem og aðrir frambjóðendur Samfylkingarinnar um jaðarskatta, það ætti að lækka jaðarskatta. Hvað varð um það?

[22:33]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég var að gera að umtalsefni gagnvart eignarsköttum er að benda á það misrétti og þann mismun sem kemur fram í ýmsum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar gagnvart fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni. Það eru fyrirtæki sem borga eðlilega ekki mikla eignarskatta eins og staðan er í dag, en borga mikla aðra skatta og sá fyrirtækjarekstur mun ekki hagnast á skattkerfisbreytingunni. Hann hagnaðist heldur ekki á skattkerfisbreytingunni þegar tekjuskatturinn á lögaðilum var lækkaður úr 30% niður í 18%. Ég var einfaldlega að benda á þær eignarskattsbreytingar sem verða hjá höfuðborgarbúum gagnvart landsbyggðarbúum.

Virðulegi forseti. Ef menn vilja ganga í þessa eignarskattslækkun, gott vel, gangið þið þá göngu, en ég spurði einfaldlega: Hefði ekki verið hægt, og voru engir þingmenn innan stjórnarflokkanna sem héldu fram sjónarmiðum landsbyggðarinnar og gátu bent á að aðrir skattar hefðu komið fyrirtækjarekstri og einstaklingum á landsbyggðinni betur en þessar skattalækkanir?

[22:34]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ber meiri virðingu fyrir hv. þm. Kristjáni L. Möller en svo að ég kaupi þetta svar hans. Það lá alveg fyrir í ræðu hans að hann var á móti afnámi eignarskattsins vegna þess að það kom fyrirtækjum og einstaklingum í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu betur en á landsbyggðinni.

Ástæðan fyrir því að á höfuðborgarsvæðinu er kannski greiddur meiri eignarskattur en á landsbyggðinni er sú að hér þarf að greiða meira fyrir eignirnar. Það hlýtur að nýtast fyrirtækjum á landsbyggðinni vel að þurfa að greiða minna fyrir eignirnar, það segir sig sjálft, þannig hlýtur þetta að jafnast út á ýmsa vegu. Ef menn ætla að fara að finna einhvern flöt á slíkum hlutum þá eru menn komnir í sérkennilegar æfingar.

Ég spurði hv. þingmann hins vegar: Hvað varð um áherslur á lækkun jaðarskatta hjá Samfylkingunni? Í kosningabaráttunni tókumst við á við frambjóðendur Samfylkingarinnar víðs vegar, í fjölmiðlum og annars staðar, og alltaf var talað um að þeir ætluðu að lækka jaðarskatta. Hvað varð um það mál, hv. þingmaður?

[22:35]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kann því illa þegar þingmenn koma og tala á jafn gáleysislegan hátt og hér var gert. Hv. þingmaður sagði að það kæmi betur út fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni að borga lága eignarskatta. (**Gripið fram í:** Nei, ég sagði það ekki.) Auðvitað kemur það betur út en hvers vegna er greiddur lægri eignarskattur í fyrirtækjarekstri á landsbyggðinni?

Að tala með slíkum hroka og tala þannig niður til atvinnureksturs á landsbyggðinni eins og hér var gert (Gripið fram í.) er alveg með ólíkindum, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** ... jaðarskattana.) Ég get vonandi komist að jaðarsköttunum, virðulegi forseti. En mér þykir betra, virðulegi forseti, að ræða um þetta niðurtal, ef svo má að orði komast, til fyrirtækjareksturs á landsbyggðinni, eins og hv. þm. sagði: Það kemur betur út fyrir fyrirtæki að greiða lága eignarskatta á landsbyggðinni. Auðvitað kemur það betur út að greiða sem minnst, en hver er grunnurinn að því að lítið er borgað?

[22:37]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er farinn að hafa áhyggjur af hv. þm. Kristjáni L. Möller. Hann er svo reiður yfir því sem ríkisstjórnin er að gera, að lækka skattana á fólkið í landinu. Við erum að tala um einhverjar helstu skattalækkanir Íslandssögunnar og þá löggjöf sem hefur líklega mestu áhrif á kaupmátt Íslendinga til aukningar. Hv. þingmaður lætur og talar eins og við stjórnarliðarnir ættum að skammast okkar og helst ekki láta sjá okkur fyrir að vera að lækka skattana á fólkinu í landinu, þetta sé slíkt svínarí.

Mig langar til að leggja fjórar spurningar fyrir hv. þingmann sem ég óska eftir að hann svari. (Gripið fram í.) Í fyrsta lagi: Styður hv. þingmaður lækkun tekjuskatts á einstaklinga um 4%? Styður hann afnám eignarskatts? Styður hann hækkun barnabóta um 2,4 milljarða (Gripið fram í.) og hvað varð um jaðarskattastefnu Samfylkingarinnar sem boðuð var fyrir síðustu kosningar?

[22:38]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af þeim þingmanni sem hér stendur. Hann þarf miklu frekar að hafa áhyggjur af sjálfum sér vegna þess að hann styður ríkisstjórn sem um þessar mundir gengur milli hinna ýmsu hópa í þjóðfélaginu eins og Hjálpræðisherinn með betlibauk að safna saman peningum í skattahækkunum. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson ásamt fleiri ungum mönnum Sjálfstæðisflokksins sem skoladi inn á Alþingi vegna loforða um skattalækkanir, hafa verið blóðugir upp fyrir axlir undanfarna daga að hækka skatta, virðulegi forseti.

Það er enginn vandi að lækka skatta eða greiða til baka þegar búið er að fara um allan akurinn nokkrum dögum fyrr og hirða allt sem þar er, hækka skatta, eins og hv. þingmaður hefur verið að gera undanfarna daga.

[22:39]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna því að það er staddur læknir í salnum vegna þess að reiði hv. þingmanns er slík að halda mætti að hann þyrfti á læknishjálp að halda (Gripið fram í.) — já, hv. þm. Katrín Fjeldsted — vegna þess að við erum að lækka skattana á fólkinu í landinu.

Ég spurði hv. þingmann, sem kom sér ekki í að svara þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann, líklega af æsingi, hann er svo brjálaður yfir því að ríkisstjórnin sé að lækka skattana. Ég spurði hann fjögurra spurninga og get ég vin-

samlegast fengið svör við þeim?

Spurningarnar voru þessar: Er hv. þingmaður á móti því að tekjuskattur einstaklinga sé lækkaður um 4%? Er hann á móti afnámi eignarskattsins? Er hann á móti því að við hækkum barnabætur um 2.400 milljónir? Og hvað varð um jaðarskattastefnu Samfylkingarinnar sem boðuð var fyrir síðustu kosningar?

[22:40]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég verði að koma í aðra ræðu til að svara þeim fjölmörgu spurningum sem hér settar eru fram í einnar mínútu andsvari.

Virðulegi forseti. Við verðum fyrst að hafa í huga grundvallaratriði sem ekki verður á móti mælt, en það er staðfest að hæstv. fjármálaráðherra, að ríkisstjórnin hefur verið að hækka skatta undanfarið. Hún hefur farið með logandi ljós um hina ýmsu kima þjóðfélagsins til að finna þar eitthvað til að hækka.

Virðulegi forseti. Þungaskattur, olíugjald, hvar eigum við að halda áfram? Eins og ég sagði áðan, mig skortir tíma, mig skortir lista til að lesa upp alla þá 17 eða 20 skatta sem hafa verið hækkaðir undanfarið. (Gripið fram í.) Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur stutt allar þessar skattahækkanir, virðulegi forseti.

Vegna þeirra spurninga sem komu um 4% tekjuskatt, afnáms eignarskatts og annað slíkt, þá mun það allt koma fram í atkvæðagreiðslum í fyrramálið (Gripið fram í.) hvernig Samfylkingin ætlar að vinna í þeim málum. (Gripið fram í.)

[22:42]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að höggva í sama knérunn og gert hefur verið í fyrri andsvörum því það er ljóst að ekki fást svör við spurningum sem komið hafa fram þar.

Ég er hins vegar með eina spurningu í tilefni af því að hv. þingmaður vék að því í ræðu sinni að frítekjumarkið þyrfti að hækka og að óréttmæti skattastefnu stjórnarflokkanna birtist m.a. í því að persónuafslátturinn hefði ekki fylgt verðlagi, í það minnsta hefði hann verið að rýrna að verðgildi undanfarin ár. Ég spyr þingmanninn þess vegna: Getur hann bent mér á eitthvert land í heiminum þar sem frítekjumarkið er hærra en á Íslandi?

[22:43]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel mig hafa sýnt fram á að ef við tökum t.d. bara tekjulægstu einstaklinga þjóðfélagsins, hvað hefur gerst í því ferli undanfarin ár? Af hverju eru ellilífeyrisþegar og öryrkjar stór skattstofn ríkissjóðs um þessar mundir? Hvers vegna borgar ellilífeyrisþegi með 100 þús. kr. á mánuði í ellilífeyri, plús einhvern lítinn lélegan lífeyrissjóð, 15–20 þús. kr. í skatt til ríkisins? Getur þingmaðurinn, virðulegi forseti, bent mér á lönd í nágrenninu sem skattleggja svo öryrkja og aldraða, eins og ég hef tekið dæmi um? Hver er ástæðan fyrir því, virðulegi forseti, að þetta hefur farið svona í tíð núverandi ríkisstjórnar, frá 1995? Af hverju í ósköpunum þarf að ganga á aldraða, sjötuga, áttræða, 95 ára einstaklinga og skattleggja þá á þann hátt sem hér er gert?

[22:44]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það fór því miður eins og ég óttaðist að ekki fékkst svar við spurningu minni, sem var þessi: Getur þingmaðurinn bent á eitthvert land í heiminum þar sem frítekjumarkið er hærra en á Íslandi? (**Gripið fram í:** Ísland áður en við tókum við.) Ísland áður en við tókum við, er kallað fram í. Það er sem sagt eitthvert ríki í heiminum sem ég var að kalla eftir, það er Ísland áður en við tókum við.

Staðreyndin er sú að það er ekkert ríki í heiminum sem hefur frítekjumarkið jafnhátt og við Íslendingar. Við getum litið til Norðurlandanna þar sem frítekjumarkið er innan við 10 þús. kr. Engu að síður koma menn hér upp og fjargviðrast kinnroðalaust yfir að ríkisstjórnin skuli ekki ætla að hækka þetta enn frekar, setja nýtt heimsmet í málinu.

[22:45]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það fari ágætlega á að gera orð hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að mínum. Svarið við spurningu hv. þingmanns er: Ísland fyrir árið 1995 áður en Sjálfstæðisflokkurinn tók við.

[22:45]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara í stuttu máli yfir helstu atriði sem vikið hefur verið að í umræðunni um skattalækkunarmál, þar sem það virðist vefjast fyrir mörgum hv. þingmönnum hvort í raun og veru sé verið að lækka skatta eða ekki. Það er verið að lækka tekjuskatt um 4%. (Gripið fram í.) Virðisaukaskattsþrepið hefur reyndar verið lækkað áður, úr 14% niður í 7%, ég ætla ekki að fara í of löngu máli yfir það sem áður hefur verið gert um hátekjuskattinn, erfðafjárskattinn eða annað þess háttar, en nú er verið að lækka tekjuskatt einstaklinga úr 25,75 niður í 21,75. Þetta verður gert á árunum fram til 2007.

Í öðru lagi er verið að afnema eignarskatt einstaklinga og fyrirtækja, það verður gert árið 2006. Það er verið að hækka barnabætur um 2.400 milljónir og það er verið að lækka skatta.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa komið hingað upp og bent á þá staðreynd að á þinginu hafa verið lögð fram frumvörp um að færa ýmis opinber gjöld upp í humátt á eftir verðlaginu. Því er haldið fram kinnroðalaust að verið sé að hækka skatta. Nú þykjast hv. þingmenn sjá tilefni til að fara í andsvör, og ég fagna því vegna þess að ég hef athugasemdir við þennan málflutning og til að byrja með vil ég benda á þá staðreynd að viðkomandi gjöld eru ekki látin fylgja verðlagi að fullu, það er meginlínan. (Gripið fram í.)

Í öðru lagi hlýtur maður að velta fyrir sér þegar þessi mál eru rædd hvernig hv. þingmönnum litist á að sú stefna væri tekin upp, að í stað þess að hækka gjöldin ár frá ári eða á nokkurra ára fresti væru þau einfaldlega látin miðast við ákveðna hlutfallstölu, eins og á við um mjög mörg op-

inber gjöld. Vildu menn hugsanlega fara að binda þetta fast í lögunum, við verðlagið? Eða er það skattastefna þessara flokka að skattalækkunum verði náð fram til lengri tíma með því að láta opinber gjöld í friði? Er það sú skattastefna sem verið er að kynna, að opinber gjöld sem eru bundin fastri krónutölu verði látin i friði ár eftir ár eftir ár? Fyrirtæki sem ekki hækkar vörur sínar til samræmis við verðlagshækkanir fer á endanum á hausinn, það er bara þannig.

Skattastefna ríkisstjórnarinnar birtist í því að viðhalda tekjustofnum sem þarna er um að ræða og gefa aðra eftir. Það er ósköp skýrt, þetta eru hreinar línur. Um ákveðnar tekjur segir ríkið: Við ætlum að viðhalda þessum stofnum, og þeim verður ekki viðhaldið með öðrum hætti en þeim að láta viðkomandi gjöld koma að minnsta kosti í humátt á eftir hækkunum verðlagsins.

Ég vek athygli á að því er ekki einu sinni haldið fram að verið sé að hækka gjöldin að fullu til samræmis við verðlag, vegna þess að staðreyndin er ekki sú. Við getum tekið ýmis gjöld sem dæmi í því samhengi. Áfengisgjaldið er vinsælt í umræðunni, til að mynda á sterka víninu, og bent á að þar sé verið að hækka skatt. Á móti get ég sagt: Ætla menn þá að samþykkja að við höfum verið að lækka skatt með því að hækka ekki áfengisgjaldið á léttvíni og bjór? Eða er það ekki skattalækkun að láta krónutöluna lifa ár eftir ár án þess að endurskoða hana þegar verðlagið hækkar? Er það ekki skattalækkun? Menn verða að gera upp á milli kostanna hér. Annaðhvort staðfesta menn að það sé skattalækkun að láta krónutöluna halda sér þegar verðlagið stígur jafnt og þétt ár frá ári eða koma með einhverjar útskýringar á því hvernig ríkið eigi að viðhalda þeim skattstofnum sem það hefur, þ.e. þeim sköttum sem ekki stendur til að lækka.

Þegar betur er að gáð sést hve málefnafátæktin í þessari gagnrýni er algjör, því þetta blasir við. Það hefur líka einkennt alla gagnrýni á frumvarpið að mönnum stendur nákvæmlega á sama um staðreyndir. Menn koma hér upp og fara algjörlega blygðunarlaust með rangt mál. Það er ekki yfirlýst, en er greinilega undirliggjandi markmið í umræðunni og í áróðrinum sem stjórnarandstaðan heldur uppi, að slá ryki í augu fólks, það blasir við þegar málflutningurinn er skoðaður.

Ég fagna því að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hafa verið virkir í umræðunni skuli ætla að koma upp í andsvör og ég vonast eftir að við getum aðeins tekið á þessu máli, hvort það séu skattalækkanir að láta krónutöluna standa óbreytta ár eftir ár eftir ár, eins og við höfum gert með léttvín og bjór, og hvaða áhrif það hafi á hlutfall ríkisins af útsöluverði vörunnar. Jú, það hefur þau áhrif að hlutfall ríkisins á útsöluverðinu er sífellt að lækka og þetta köllum við skattalækkanir. (**Gripið fram í:** Ekki ef varan hækkaði.) Ef varan hækkar í samræmi við aðrar verðlagshækkanir þá köllum við þetta skattalækkanir. Ég kalla þetta skattalækkanir, þetta eru skattalækkanir. Hins vegar þegar gjöldin eru látin halda sér í samræmi við verðlag þá er ekki verið að auka skatta heldur er verið að halda þeim óbreyttum. (**Gripið fram í:** En ef persónuafslátturinn heldur ekki verði?)

Ég var í andsvari við hv. þm. Kristján L. Möller og við komum einmitt inn á það sem hér er kallað fram í, þ.e. persónuafsláttinn. Ég fékk auðvitað engin svör frá hv. þingmanni frekar en aðrir sem fóru upp í andsvör við hann, en það er þannig með persónuafsláttinn — sem er auðvitað grunnurinn að frítekjumarkinu hér á landi og er auðvitað tæki sem við notum — að hin félagslega jöfnun í skattkerfinu birtist í persónuafslættinum. Ég ætla að fara aðeins yfir það á eftir hvernig skattbyrðin er mismunandi eftir því hversu háar tekjurnar eru. Þar er sú félagslega jöfnun sem menn tala um að sé ekki til staðar í umræðunni sem fer fram í dag.

Það er staðreynd varðandi frítekjumarkið að það er hvergi hærra, menn geta ekki komið hingað upp í ræðustól og bent á eitt einasta dæmi í heiminum um ríki (Gripið fram í.) sem skilur eftir fleiri krónur af fyrsta hundraðþúsundkallinum en gert er hér á Íslandi, ekki eitt einasta dæmi í heiminum. (**Gripið fram í:** Jú, jú, jú ?) Ég spyr: Hvar er frítekjumarkið hærra en á Íslandi? Og ég fagna því ef menn geta komið með svar, vegna þess að svarið verður: Hvergi. Þannig er það. (Gripið fram í.) Engu að síður koma menn hér upp og býsnast yfir því, og kaupa sér eflaust einhverja til liðs við sig með þeim málflutningi, að mikið réttlætismál sé að hækka þetta. En það er ekki farið yfir hvað kosti að hækka frítekjumarkið. Hverjar þúsund krónur þar kosta fleiri hundruð milljónir.

Hver er stefna þeirra sem gagnrýna gjaldahækkanir ríkisstjórnarflokkanna? Er stefnan sú að láta gjöldin fylgja verðbólgu eða birtist skattastefna þessara flokka bara í því að nú ætlum við að frysta öll slík gjöld í krónutölu, og láta þau bara vera næstu tíu árin? Er það skattalækkunarstefnan sem er verið að kynna hér?

Aðeins um umræðuna sem nú hefur farið fram. Ég hefði viljað að umræðan um efnahagsástandið hefði tekið aðeins lengri tíma af deginum en raunin hefur orðið. Ég ætla aðeins að byrja á að rifja upp hvað segir í fjárlagafrumvarpinu um efnahagsmálin. Í því sambandi er ágætt að rifja upp að nú um nokkurt skeið, allt frá því að fyrir lá hvernig staðið yrði að stóriðjuframkvæmdum og hvernig þær mundu raðast niður árin sem fram undan eru, hafa allir verið sammála um að gæta þurfi aðhalds í útgjöldum ríkisins og að fram undan séu krefjandi verkefni í hagstjórninni. Þetta hafa menn verið sammála um.

Nú koma menn hér upp og segja að vá sé fyrir dyrum. Gengið sé orðið of sterkt, vextirnir hækki hraðar en menn áttu von á. Á sama tíma menn koma og segja að það sé gáleysi af ríkisstjórninni að lækka skatta við þessar aðstæður og svona samandregið eru menn með hálfgerða dómadagsspá fyrir komandi ár.

Í fjárlagafrumvarpinu er farið yfir hvernig aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálunum sé ekki aðeins mikilvæg forsenda fyrir stöðugleikanum, fyrir áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum, heldur einnig að aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum sé forsenda fyrir þeim skattalækkununum sem verið er að kynna. Ég get auðvitað ekki annað en tekið undir með þeim sem benda á þá augljósu staðreynd að gæta þurfi aðhalds í opinberum útgjöldum á næstu árum. Einmitt þess vegna er ein meginforsenda langtímaáætlunarinnar sem hefur verið kynnt í ríkisfjármálunum sú að samneyslan vaxi ekki um meira en 2%. Þetta er ein af grundvallarforsendunum sem við stöndum frammi fyrir.

Þegar ég segi að ég hefði viljað að það hefði farið lengri

tími í dag í umræðu um efnahagsmálin er það einmitt um þetta atriði sem ég hefði sérstaklega viljað heyra fleiri sjónarmið. Ég hefði viljað heyra fleiri sjónarmið þeirra sem hafa komið hingað upp og gagnrýnt stefnu ríkisstjórnarflokkanna í efnahagsmálum um hvernig ætti að halda útgjöldunum niðri. Hvar eru tillögur þeirra sem tala um efnahagsmálin og lýsa yfir miklum áhyggjum um það hvernig eigi að halda útgjöldunum í skefjum? Það eru nefnilega sömu aðilarnir sem tala sýknt og heilagt um niðurskurð.

Við skulum taka Samfylkinguna sem dæmi. Þetta er flokkurinn sem kemur hér upp og býsnast yfir svokölluðum niðurskurði í heilbrigðismálunum. Auðvitað sér hver maður sem skoðar það nánar að þeir skipta tugum milljarðarnir sem hafa farið til aukningar í heilbrigðis- og tryggingamálum á undanförnum árum.

Það er alveg sama sagan í menntamálum. Frá árinu 2000 hefur 1 milljarði verið bætt við háskólastigið, ár eftir ár. Þetta er kallað niðurskurður og menn koma upp og fjargviðrast yfir því að stefnt skuli að því að lækka skatta á næstu árum á sama tíma og þeir kynna hugmyndir um hvernig auka eigi útgjöld til menntamála. Málflutningurinn er því þannig að það stangast hvað á annars horn. Það breytir því ekki að ég tek undir með hverjum þeim sem er tilbúinn til þess, í samstarfi við stjórnarflokkana, að tryggja að samneyslan vaxi ekki umfram það sem stefnt er að á næstu árum. Til þess að það geti orðið þarf að gæta aðhalds í útgjöldum hins opinbera, það þarf að gæta að því að launaþróun opinberra starfsmanna fari ekki úr böndunum og það þarf að gæta að því að ekki verði ráðist í framkvæmdir umfram það sem efnahagslífið þolir almennt. Með því verður stöðugleikinn tryggður, með því náum við að halda verðbólgumarkmiðum okkar og með því getur okkur tekist að viðhalda þeirri kaupmáttaraukningu sem hefur verið stöðug undanfarin ár og með því náum við að hámarka ávinninginn af því hagvaxtarskeiði sem fram undan er, en nú er spáð lengsta hagvaxtarskeiði Íslandssögunnar. Það hefur aldrei áður verið spáð lengra hagvaxtarskeiði en því sem fram undan er.

Staðan er því björt og verkefnin í hagstjórnarlegu tilliti vissulega krefjandi og eins og ég hef sagt oftar en einu sinni í máli mínu hefði ég viljað sjá aðeins efnismeiri og dýpri umræðu um nákvæmlega þessi atriði. En hvað gera menn? Menn koma upp og tala um að verið sé að hækka skatta. Þetta minnir á umræðuna sem fram fór fyrir síðustu kosningar. Þá var brellan þessi, þá var skoðað: Hvernig hafa tekjur ríkisins verið að þróast af til að mynda tekjuskattinum? Þá skoðuðu menn: Hverju hefur tekjuskatturinn skilað í ríkissjóð?

Menn fundu auðvitað fljótt út eftir að hafa lagst yfir tölurnar að tekjur ríkisins af tekjuskattinum höfðu vaxið. Þetta var kallað skattahækkun. Þrátt fyrir að á því tímabili sem horft var til hafi prósentan verið að lækka, ríkið var að taka minna til sín af því sem féll til af tekjum fólks var þetta engu að síður kynnt sem skattahækkun. Þó að þetta sé ekki í öllu tilliti sambærilegt við þann málflutning sem kynntur er í kvöld í umræðunni er með sambærilegum hætti engu að síður verið að slá ryki í augu fólks og vekja athygli á eðlilegum uppfærslum ýmissa gjalda sem hafa setið eftir á meðan verðlag hefur hækkað.

Í sambandi við þær tillögur sem liggja frammi hefur mikið verið rætt um það að með þeim sé verið að auka misrétti í þjóðfélaginu. Athyglinni er einkum beint að þeim sem bágust hafa kjörin í því samhengi. Ég vil taka undir með þeim sem í þeirri umræðu segja að mikilvægt sé að öflugur stuðningur sé við þá sem lægst hafa launin, fjölskyldufólk og þá sem eru á lágmarksbótum í almannatryggingakerfinu. Engu að síður tel ég mikilvægt að líta aðeins yfir það hvaða áhrif þær tillögur sem liggja frammi hafa á mánaðartekjur þeirra sem lægst hafa launin.

Ég sæki tölurnar sem ég ætla að kynna hér í vefrit fjármálaráðuneytisins frá 2. desember sl. Einstaklingur með 100 þús. kr. í mánaðartekjur greiðir á árinu 2004 9,5% af launum sínum í tekjuskatt, það er hlutfallið. Á árinu 2007 þegar áhrif frumvarpsins hafa náð fram að ganga verður hlutfallið 3,5%. 3,5% verður tekjuskattshlutfall einstaklings með 100 þús. kr. tekjur. Menn hafa nánast talað þannig í umræðunni í dag að 3,5% séu aðför að láglaunafólki. Tökum hátekjufólkið, sem svo er nefnt í umræðunni, einstaklingur með 500 þús. kr. í mánaðartekjur mun greiða 27,3% af launum sínum í skatt árið 2007. 27,3% á móti 3,5% árið 2007. (Gripið fram í.)

Þarna er félagslega jöfnunin tryggð með skattleysismörkunum og þarna birtist skattstefna ríkisstjórnarinnar í því að hún tekur tillit til þeirra sem lægst hafa launin. Tekjuskattshlutfallið eykst eftir því sem launin eru hærri. Sá sem hefur 500 þús. kr. greiðir í dag 32,9%, en eftir lækkunina 27,3%. (**Gripið fram í:** Er þetta málsbót?) Það er því með engu móti hægt að halda því fram í tengslum við málið að verið sé að auka misrétti á einn eða annan hátt. Það er einmitt verið að halda í hið félagslega tillit sem verið hefur í kerfinu. Með því að skoða til að mynda tölur af þessu tagi sést að allir munu njóta góðs af þeim tillögum sem verið er að fjalla um, ekki bara hið svokallaða hátekjufólk sem stjórnarandstæðingar hafa gjarnan nefnt í máli sínu.

Hægt er að taka fleiri dæmi. Við segjum þegar við tölum fyrir málinu: Verið er að lækka skatta á venjulegt fólk, venjulegt vinnandi fólk, ungt barnafólk, fólk með meðallaun, en á sama tíma koma tillögurnar sérstaklega til móts við þá sem eldri eru og þá sem lægst hafa launin eins og ég hef nú þegar rakið.

Tökum dæmi um það hversu ósanngjarnar skattalækkanirnar eru í raun og veru. Tökum dæmi af hjónum með tvö börn yngri en sjö ára með 6 millj. kr. samanlagðar árstekjur. Fyrir breytingu greiða hjónin í tekjuskatta og útsvar 1,7 millj. Þau fá í barnabætur 77 þús. kr. og hafi þau stundað háskólanám má gera ráð fyrir því að þau greiði um 285 þús. í endurgreiðslu til LÍN. Eftir breytinguna greiða þau 1,4 millj. í stað 1,7 millj. í tekjuskatt, barnabætur hækka úr 73 þús. upp í 190 þús. og endurgreiðslur til LÍN lækka niður í 225 þús. úr 285 þús. Árleg aukning ráðstöfunartekna hjóna með tvö börn og 6 millj. í heildartekjur yfir árið, — og nú hvet ég stjórnarandstæðinga til þess að leggja við hlustir — er 470 þús. kr. Er þetta hátekjufólkið sem verið er að tala um í umræðunni? Eru þetta milljarðamæringarnir sem menn koma upp í ræðustól og tala um? Eru þetta mennirnir með milljarðana? Nei, þetta er venjulegt fólk, þetta er ungt fólk, fólk með ung börn og meðallaun, ekki meira en það.

Ég hygg að þetta dæmi um 6 millj. samtals í árstekjur sé ágætisdæmi um til að mynda meðallaun kennara í grunnskólum sem eru í kringum 250 þús. (**Gripið fram í:** Fyrir kjarasamninga.) Árleg aukning ráðstöfunartekna 470 þús., 11,4%. (**Gripið fram í:** Hjá hverjum er þetta segirðu?)

Þetta er lítið dæmi til þess að núllstilla aðeins umræðuna vegna þess að hún var komin út í algjört bull á köflum. (Gripið fram í.)

Annað sem ég vil endilega koma inn á er virðisaukaskatturinn. Í stjórnarsáttmálum hefur tekist samkomulag um að taka virðisaukaskattskerfið til endurskoðunar. Ég hef fylgst með ræðum margra stjórnarandstæðinga, m.a. hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, sem fylgist nú með umræðunni. Ég hugsaði með mér þegar hann hafði lokið ræðu sinni: Mikið verður gaman að koma í þingsal, vegna þess að nú liggur fyrir að til stendur að taka virðisaukaskattskerfið til endurskoðunar til hagsbóta fyrir almenning, sem getur ekki þýtt annað en að virðisaukaskatturinn verði lækkaður. Mikið rosalega verður gaman, fyrst hv. þingmaður hafði svona eindregna skoðun í málinu og var býsna heitt í hamsi þegar hann fjallaði um hversu mikilvæg kjarabót það yrði þegar skatturinn yrði lækkaður, þegar að því kemur á kjörtímabilinu að fram kemur frumvarp. Þá getum við dansað um þingsalina, ég og hv. þingmaður, og samfagnað málinu vegna þess að ég efast ekki um að hann getur ekki beðið eftir að frumvarpið komi fram. Slíkur hlýtur fögnuðurinn að verða þegar það frumvarp lítur dagsins ljós. Ekki bara hjá hv. þingmanni. Ég get ekki betur séð en meira og minna allur þingsalurinn verði dansandi upp á borðum vegna þess að slík er áherslan sem lögð er á málið af stjórnarandstæðingunum í umræðunni. (**Gripið fram í:** ... fara til Péturs.)

Hv. þingmenn Vinstri grænna hafa mikið blandað sér í umræðuna en framlag þeirra er fyrst og fremst það að glapræði sé að lækka skatta. Mál þeirra snýst fyrst og fremst um það. (**JBjarn:** Og við höfum rétt fyrir okkur.) Það sé glapræði að lækka skatta, það er langbest að stóri bróðir haldi áfram utan um pyngjuna. Það sé glapræði að láta fólk ráða því hvað það gerir við peningana sem það aflar. Það eru skilaboðin í mjög grófum dráttum. (Gripið fram í.) Það eru breiðu línurnar í skattapólitík Vinstri grænna.

Það dregur aftur fram annað dálítið merkilegt mál, að fyrir síðustu kosningar var mikið kappsmál stjórnarandstöðuflokkanna að hrinda ríkisstjórninni. Það var stóra baráttumálið í síðustu kosningum. (**JBjarn:** Og er áfram.) Búið var að kynna nýtt forsætisráðherraefni tilvonandi ríkisstjórnar. Koma átti á svokallaðri vinstri stjórn.

Í dag hefur komið í ljós að hefði draumurinn orðið að veruleika væri ekki verið að lækka skatta á Íslandi í dag. (**Gripið fram í:** Hvað töpuðuð þið mörgum prósentum í kosningunum?) Það er algjörlega klárt að ekki væri verið að lækka skatta í jafnríkum mæli og verið er að kynna ef draumurinn hefði orðið að veruleika. (Gripið fram í.) Ég fagna því sérstaklega fyrir hönd íslensku þjóðarinnar að draumurinn skyldi renna út í sandinn, vegna þess að við höfum fengið að kynnast því eftir kosningar, í þessari umræðu, að Samfylkingin er út um víðan völl í skattapólitík sinni.

Í fyrsta lagi geta menn ekki komið sér saman um einföld prinsippatriði eins og eignarskattinn. Þeir fá sig ekki upp í ræðustól til að fagna því að eignarskatturinn sé að hverfa. (Gripið fram í.) Menn koma sér ekki upp í ræðustól til að fagna jafnsjálfsögðu máli og brottnámi eignarskattsins. Nýjasta innleggið í þá umræðu kom frá hv. þm. Kristjáni L. Möller. Nýjasta innleggið í eignarskattsumræðuna var þetta: Það er ómögulegt að lækka eignarskattinn vegna þess að landsbyggðin fær ekki jafnmikið út úr því og höfuðborgarsvæðið. Þetta er nýjasti vinkillinn. Ég hafði ekki séð þann vinkil fyrir áður. Það er vont að lækka skattinn, sama eignarskattsprósentan gildir í höfuðborginni og annars staðar á landinu en samt er vont að afnema skattinn vegna þess að það gagnast ekki með sama hætti alls staðar því menn greiða misjafnlega mikið í eignarskatt. Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé upphafið að einhvers konar tvíprepaeignarskattsfrumvarpi frá hv. þingmanni.

Hvað má fleira tína til varðandi eignarskattinn? Skoða má á hverjum hann lendir einkum. Hverjir greiða eignarskattinn? Tæpur helmingur þeirra sem greiðir eignarskatt er yfir 60 ára aldursmarkinu. 32% þeirra sem greiða eignarskatt eru ellilífeyrisþegar. Það eru þá skýr skilaboð frá þeim sem koma hingað upp og fá sig ekki til þess að fagna niðurfellingu eignarskattsins til þess hóps sem, — ja, við skulum sjá, ég er með gögn yfir það hversu fjölmennur hópurinn er — 32% þeirra sem greiða skattinn eru yfir 20 þús. einstaklingar. Það eru þá skýr skilaboð til þeirra að þeir hefðu ekki fengið niðurfellingu skattsins ef viðkomandi stjórnmálaöfl hefðu fengið að ráða ferðinni. (Gripið fram í.)

Hverjir lækka skatta? Þeir flokkar sem nú eru við stjórnvölinn, flokkarnir sem sögðust ætla að lækka skatta eru að lækka skatta. Þetta frumvarp er skattalækkunarfrumvarp, ekki skattahækkunarfrumvarp.

[23:15]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður Bjarni Benediktsson er hissa á að það vefjist enn fyrir þingmönnum hvort verið sé að lækka skatta, og það undir lok umræðunnar. Það er ekki skrýtið að það vefjist fyrir mönnum þegar menn skoða þær skattahækkanir sem dunið hafa á undanfarna daga.

Ef það er ekki pólitísk stefnumörkun hjá Sjálfstæðisflokknum að öll gjöld eigi að fylgja verðlagi sjálfkrafa þá er það sjálfstæð ákvörðun í hvert skipti að hækka gjöldin. Þegar lögð eru fram frumvörp um að hækka gjöldin þá hefur verið tekin um það sérstök ákvörðun hjá ríkisstjórnarflokkunum. Því er ekki óeðlilegt að við komum og segjum, í því peningalega góðæri sem ríkir hjá ríkissjóði: Með því að taka þessa ákvörðun hafa ríkisstjórnarflokkarnir hækkað gjöld og þar með álögur og skatta á fólk. Meðan sjálfstæðismenn eru í afneitun hvað þetta varðar þá þýðir ekki að ræða málin við þá.

[23:16]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að líta öðruvísi á málið en hv. þingmaður. Ég segi: Það er ekki verið að hækka álögur á fólk heldur ætlar ríkið áfram sem hingað til að taka til sín sama hlutfall af verðgildi þeirrar vöru og þjónustu sem um er að ræða.

Ef við tökum brennivínið sem dæmi er hlutur ríkisins í útsöluverði hverrar flösku, hvers lítra, færður upp þannig að hann verði sambærilegur við það sem hann hefur verið hingað til. Um það snýst málið.

Þegar menn gera það ekki, t.d. með bjór og léttvín, þá segjum við með þeirri skattapólitík: Við ætlum að taka lægra hlutfall en hingað til hefur gilt. Það er þá skattalækkun.

[23:17]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður kaus að svara ekki spurningu minni og ég verð að una við það.

Hv. þingmaður fór yfir lækkun tekjuskatts á einstaklinga og hjón og fór mikinn í talnarunu þeirri. Hann talaði um það sem ætti að gera til ársins 2007. Það er ansi langt þangað til árið 2007 kemur og langt fyrir fólk að bíða eftir því. Förum aðeins yfir hvað gerist árið 2005.

Maður með 150 þús. kr. tekjur lækkar um 1.500 í skatti á mánuði. Maður sem er með 700 þús. kr. tekjur lækkar um 14 þús. kr. í skatt á mánuði, maður með milljón lækkar um 23 þús. kr. í skatt á mánuði. Ef við lítum á 200 hæstu tekjuskattsgreiðendur á Íslandi og búum til einn meðalskattgreiðanda úr honum þá hafði hann tekjur upp á 22,7 milljónir kr. á síðasta ári. Skattar hans munu, miðað við tillögu ríkisstjórnar árið 2007 hafa lækkað um 2.365 þús. kr. á ári.

[23:19]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta hefði verið spennandi umræða í tengslum við málið, þ.e. hvenær eigi að láta skattalækkanirnar taka gildi. Það er skýrt að í því tilliti horfa stjórnarflokkarnir á horfur í efnahagsmálum og á það hvenær þunginn af stóriðjuframkvæmdum kemur inn í hagkerfið. Fyrir því eru einfaldlega hagfræðileg rök. Útgjöldum eða eftirgjöf á tekjum er ekki slegið á frest bara svona af því bara eða vegna þess að menn ætli að nota peningana í eitthvað annað á næsta ári. Það er ekki eins og menn hafi ekki efni á því að lækka skattana á næsta á ári.

Það er 10 milljarða kr. afgangur á þeim fjárlögum sem nýverið voru samþykkt. Það er sérstök ákvörðun sem byggist á hagfræðilegum rökum að láta áhrif skattalækkananna ekki koma fram fyrr en síðar á kjörtímabilinu.

[23:20]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er búið að setja nefnd í virðisaukaskattinn. Það á því að bæta við skattalækkun í virðisaukaskatti ofan á þá 22–23 milljarða kr. sem eiga að koma til framkvæmda 2007. Ég spyr: Er pláss fyrir þá hamingju líka þegar menn treysta sér ekki til að fara í neinar skattalækkanir á fyrstu tveimur árum þessa kjörtímabils hjá þessari ríkisstjórn? Treysta menn sér samt til þess að bæta við þá 22 eða 23 milljarða kr. sem búið er að taka ákvörðun um?

Hv. þingmaður vildi ræða um efnahagsmálin. Trúir hann því sjálfur, ef það er ekki hægt að láta neina skattalækkun koma fram á því ári sem er að líða og ekki á næsta ári, að hægt sé að kasta inn 26–27 milljarða kr. skattalækkun á árinu 2007?

[23:21]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er einmitt eitt sýnishornið af skoðunum Samfylkingarinnar í skattamálum. Það eru efasemdir þeirra um að við höfum efni á þessu yfir höfuð. Þeir hafa efasemdirnar um að það sé eftir allt svigrúm til að lækka skatta, sem þó átti að vera til staðar fyrir kosningar.

Að sjálfsögðu svara ég spurningunni sem beint var til mín játandi. Ég tel svigrúm að grípa til lækkana á virðisaukaskattskerfinu til hagsbóta fyrir almenning. Það hafa ekki verið tilgreindar neinar ákveðnar prósentur í því samhengi en það mun gert þannig að hagkerfið þoli það. Forsendan fyrir þeirri lækkun, eins og þeim lækkunum sem kynntar eru í því frumvarpi sem hér er til umræðu og stöðugleika og jafnvægi í ríkisfjármálum, er sú að það takist samstaða um að halda útgjöldum ríkisins í skefjum, að okkur takist að auka samneysluna ekki nema um 1–2% á ári.

[23:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vandinn er nákvæmlega þessi: Ríkisstjórnin er búin að taka ákvarðanir um að lögfesta skattalækkanir, burt séð frá því hvernig ástandið verður hjá okkur í samfélaginu í framtíðinni. Svo er meiningin að bæta ofan á þær skattalækkanir í viðbót virðisaukaskatti án þess að menn hafi nokkuð annað en spár fram í tímann. Þetta er ekki ábyrg fjármálastjórn.

Ef menn hefðu treyst hver öðrum innan ríkisstjórnarinnar þá hefðu þeir ákveðið hvaða skattalækkanir ættu að koma til framkvæmda og síðan gefið yfirlýsingar um að hverju þeir stefndu með tilliti til ástands í efnahagsmálunum.

Nei, það er er ekki gert, heldur skal lögfest hvað gera skuli þó að menn viti raunverulega ekki neitt um hvað gerist í þeirri framtíð. Hún er of langt undan, hv. þingmaður.

[23:23]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um þetta er ekki hægt að segja annað en að það er greinilega engin samstaða um það innan Samfylkingarinnar hvort svigrúmið er til staðar eða ekki. Í það minnsta verður ekki annað ráðið af orðum hv. þingmanns en að ef gengið yrði til þess verks að lækka virðisaukaskattsþrepið neðra niður í 7%, eins og hugmyndir Samfylkingarinnar hafa hljóðað upp á, þá teldi hv. þingmaður ekki hægt (Gripið fram í.) að grípa til annarra skattalækkana sem kynntar eru í þessu frumvarpi. Enn flækjast því málin um þá skattastefnu sem tekist er á um í þingsal í dag.

[23:24]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er enginn ágreiningur um að það frumvarp sem við ræðum hér um er skattalækkunarfrumvarp. (**Gripið fram í:** Jæja, gott og vel.) Á hinn bóginn höfum við bent á að önnur frumvörp gera það að verkum að skattar hækka umfram þær lækkanir sem hér liggja fyrir. Á það hefur einfaldlega verið bent.

Hv. þingmaður fór mikinn og talaði hátt og lengi um málið. Hann taldi að hvergi í heiminum fyndist land þar

sem menn fengju meira úr fyrsta hundraðþúsundkallinum en á Íslandi. Mig langaði aðeins til að benda hv. þingmanni á nokkuð og vænti þess að hann fylgist með. Hv. þingmaður, ég ætla að benda þér á sex lönd í Evrópu þar sem meira fæst af fyrsta hundraðþúsundkallinum. Þar mætti nefna Bretland, Belgíu, Holland, Danmörku, Frakkland og Írland. (Forseti hringir.) Launþegar fá í þeim löndum meira út úr fyrsta hundraðþúsundkallinum en á Íslandi, af því að hv. þingmaður spurði sérstaklega um það í ræðu sinni.

[23:26]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti beinir því til hv. þingmanna að virða ræðutíma þegar stuttur tími er gefinn eins og í andsvörum af þessu tagi.

[23:26]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú vaknar spurningin um hvort skattur sveitarfélaga sé inni í þeim tölum sem hv. þingmaður kynnti. En gefum okkur að þetta sé sannleikur málsins. Gefum okkur að það sé rétt að sex lönd í Evrópu séu á svipuðu reki og við Íslendingar. (**Gripið fram í:** Varstu ekki búinn að kíkja á þetta?) Sýnir það ekki það sem ég var að benda á í ræðu minni, að það verði ekki gengið mikið lengra en gert er hér á landi? Það eru engin dæmi tiltæk um að hægt sé að ganga mikið lengra en kynnt er í þessu frumvarpi, að skattbyrði einstaklings með 100 þús. kr. tekjur fari niður í 3,5%. Í því tilliti erum við í úrvalsdeildinni.

[23:27]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það ekki vera hlutverk mitt að þurfa sífellt að leiðrétta hv. þingmann en skattprósentan af fyrsta hundraðþúsundkallinum er reyndar 11,5% á Íslandi en ekki 3,5%. Það liggur klárt fyrir.

Hv. þingmaður fór mikinn áðan og taldi það endurspegla félagsleg viðhorf ríkisstjórnarinnar að hvergi á byggðu bóli eða í veröldinni fengju menn meira út úr fyrsta hundraðþúsundkallinum en á Íslandi. Ég benti aðeins á nokkur lönd í Evrópu. Ég er ekki sérfræðingur í hvernig sú staða er í Afríku. Ég er ekki fróður um stöðu þeirra mála í Suður-Ameríku en sjálfsagt mætti finna miklu fleiri lönd en þessi sex.

Umræðan hér hefur ekki snúist um hvort frumvarpið sem um ræðir sé skattalækkunarfrumvarp eða ekki. Við höfum aðeins dregið það fram að önnur frumvörp gera það að verkum að skattahækkanir eru mun meiri og færast á útgjöld heimilanna, (Forseti hringir.) frá breiðu bökunum yfir á þá sem minna mega sín, úr skattkerfinu yfir í notendagjöld og (Forseti hringir.) kostnaðargjöld, gjöld í heilsugæslu o.s.frv. (Forseti hringir.) Um það hefur umræðan snúist.

[23:28]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær tölur sem ég rakti hef ég haft úr vefriti fjármálaráðuneytisins frá 2. desember. Þar segir að tekjuskattshlutfallið verði árið 2007 3,5% fyrir þann sem hefur 100 þús. kr. í mánaðarlaun, eftir að ákvæði þess frumvarps sem hér að er verið að ræða hafa tekið gildi. (**Gripið fram í:** Árið 2010?) Árið 2007.

Í tengslum við umræðuna um gjaldahækkanir ætla ég að ítreka það sem ég hef áður sagt. Með því að færa opinberar álögur á vörur og þjónustu í humátt á eftir verðlaginu ætlar ríkið að taka til sín viðlíka hlutfall af verðmæti vöru eða þjónustu og gilt hefur hingað til. Þau gjöld eru færð til samræmis við verðlagsþróun.

[23:29]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að frítekjumarkið er hið félagslega jöfnunartæki í kerfinu. Það sýnir ójöfnuðinn hjá ríkisstjórninni að hún hefur haldið aftur af því þannig að nú vantar 10 þús. kr. á mánuði upp á að það sé eins og það var þegar hún tók við. Þeim ávinningi er nú útdeilt til eignamanna og hátekjufólks.

Í því dæmi sem hv. þingmaður tók sjálfur og fannst best, um 100 þús. krónu manninn árið 2007, var um að ræða rúmlega 5 þús. kr. skattalækkun fyrir 100 þús. króna manninn en tæplega 30 þús. kr. lækkun fyrir 500 þús. króna manninn.

Ég spyr hv. þingmann hvort hann telji það forgangsverkefni í íslenskum stjórnmálum að lækka skattgreiðslur hátekjumanna, fjármagnstekjueigenda og eignafólks og hvort hann telji það eðlilega þróun að fátækasta fólkið á Íslandi hefur á síðustu árum í æ ríkari mæli verið að borga skatta svo að nú nema skatttekjur á annan milljarð kr. af fólki sem er á strípuðum bótum.

[23:31]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er um tvennt að ræða. Annars vegar er frítekjumarkið. Ef við skoðum aðeins hvernig það hefur þróast frá árinu 1988 þá var það einmitt í tíð vinstri flokkanna, í stjórnartíð þeirra, sem frítekjumarkið hrundi. Frá árinu 1988 lækkaði það, (**Gripið fram í:** Nei, nei.) á verðlagi ársins í ár, úr 100 þús. kr. niður í rétt rúmar 90 þús. kr. Á árinu 1990 var það innan við 90 þús. kr. (**HHj:** Vill ekki þingmaðurinn svara spurningunni?) Það lækkaði um meira en 10% á tveimur árum. (**HHj:** Vill ekki þingmaðurinn svara spurningunni?) Frá því hefur það haldist nokkuð stöðugt á verðlagi ársins í ár, þegar tekið hefur verið tillit til séreignarsparnaðar. Það hefur farið vaxandi undanfarin ár í þessu tilliti.

[23:32]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég harma að hv. þingmaður skuli hafa flúið spurningar mínar alla leið suður í Garðabæ. Hingað til hefur hann ekki skirrst við að gangast við því að vera á Alþingi talsmaður hátekjufólks, eignafólks og fjármagnseigenda og berjast fyrir hagsmunum þeirra fyrst og fremst.

Ég spurði hv. þingmann tveggja spurninga. Annars vegar: Telur hann það vera forgangsverkefni í skattamálum að lækka skatta á hátekjufólk, fjármagnstekjueigendur og stóreignafólk? Hins vegar: Telur hann það vera eðlilega og við-

eigandi þróun að yfir 20 þúsund af fátækustu Íslendingunum, þeir sem eru á strípuðum bótunum, hafa á síðustu árum farið að borga skatta sem nú nema á annan milljarð kr. á ári hverju? Vill hv. þingmaður vera svo vænn að svara þeim spurningum sem fyrir hann eru lagðar?

[23:33]

Bjarni Benediktsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar skattar eru lækkaðir þá er vandamálið það að þá er einungis hægt að lækka hjá þeim sem greiða skatta. Það er ákveðin „dílemma" sem við stöndum frammi fyrir. Þeir sem greiða lága skatta fá minna út úr því þegar tekjuskattsprósentan er lækkuð en þeir sem greiða háa skatta. Ég fór yfir það í máli mínu að það verður eftir sem áður þannig að þeir sem hæstar hafa tekjurnar greiða hæsta hlutfallið af launum sínum í tekjuskatt.

Ég tel það forgangsverkefni í þessu tilliti að lækka almennu skattprósentuna. Ég tel mig hafa sýnt fram á það með dæmum að við séum að lækka tekjuskatta á hinum vinnandi manni, venjulegu fólki. Hér er alltaf tínt til langlaunahæsta fólkið og fólkið sem greitt hefur svonefndan hátekjuskatt en þegar betur er að gáð þá er hann tiltölulega lágt yfir meðallaunum.

Varðandi þá sem bágust hafa kjörin bendi (Forseti hringir.) ég á þá staðreynd að kaupmáttur þeirra hefur aukist ár frá ári (Forseti hringir.) og það er mikilvægast.

[23:34]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess að gert er ráð fyrir atkvæðagreiðslum klukkan tíu í fyrramálið.

[23:34]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að vera ekki of langorður. Hér hefur farið fram skemmtileg umræða og afskaplega ánægjuleg í alla staði. Ég verð að viðurkenna að mér þykir hún sérstaklega ánægjuleg í ljósi þess, eins og oft hefur komið fram, að hún fjallar um helsta baráttumál okkar yngri þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Þetta var okkar helsta baráttumál í prófkjörum fyrir síðustu alþingiskosningar og helsta ástæðan fyrir því að við fengum þar brautargengi. Það varð síðan stefnumál beggja stjórnarflokkanna.

Það er athyglisvert að sjá og heyra af umræðunni hér að vinstri menn hafa nákvæmlega ekkert lært. Við erum alltaf í sömu baráttunni, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og Bjarni Benediktsson, sem hafa verið lengi í þingsal í dag og tekið marga rimmuna hvað þetta varðar, virðulegi forseti.

Þingmenn vinstri flokkanna, Alþýðubandalagsflokkanna, hafa barist gegn skattalækkunum, ekki í áraraðir heldur í áratugaraðir. Þeir virðast aldrei ná þessu samhenginu milli þess að ef menn lækka skatta þá hefur það tilhneigingu til að hafa góð áhrif á vettvangi þjóðlífsins. Ég man sérstaklega að þegar ég kom fyrst á þing fyrir nokkuð mörgum árum sem varaþingmaður þá tók ég rimmu ásamt hv. þm. Pétri Blöndal og Einari Oddi Kristjánssyni gegn þáverandi talsmanni Samfylkingarinnar, Sighvati Björgvinssyni, og núverandi formanni Vinstri grænna, Steingrími J. Sigfússyni, um lækkun á tekjuskatti til fyrirtækja. Þá börðust þeir hatrammir gegn því að tekjuskattur fyrirtækja, sem var þá 38%, yrði lækkaður.

Á sama hátt koma sömu aðilar nú og berjast hatrammir gegn því að tekjuskattar séu lækkaðir. Það hefur þó þann kost að afhjúpar endanlega þann flokk sem heitir Samfylkingin. Þar með er orðið ljóst, bæði í utanríkismálum sem og í innanríkismálum, að hann er bara framhald af gamla Alþýðubandalaginu. Einn af þeim flokkum sem standa að Samfylkingunni, þ.e. gamli Alþýðuflokkurinn, var með það á stefnuskrá sinni á sínum tíma eins og flestir flokkar, eða þrír af fjórum flokkum á Íslandi, að reyna að koma skattprósentunni niður í 35%, sömu skattprósentu og var þegar staðgreiðslan var tekin upp.

Þetta hefur síðan þróast á verri veg eins og allir þekkja og það hefur haft margvísleg áhrif. Verstu áhrifin, sem voru mest áberandi í síðustu alþingiskosningum, eru þau að svokallaðir jaðarskattar hafa hækkað. Það þýðir með öðrum orðum að fólk hagnast ekki á því að afla sér aukinna tekna og festist í fátæktargildrum. Það á við fólk í öllum tekjuhópum, jafnt þá sem eru með lægri laun og þá sem eru með hærri launin.

Það vill svo til að þetta var rætt mjög mikið fyrir síðustu alþingiskosningar. Þá var sérstaklega áberandi hve áköf Samfylkingin var í að berjast gegn hinum svokölluðu jaðarsköttum. Þeir hafa haft tækifæri til þess í verki og í orði á þingi að ljá stjórnarflokkunum lið við að lækka jaðarskatta en það er deginum ljósara að á því er enginn áhugi og það hefur komið skýrt fram. Það er svo einfalt að ef menn ætla að lækka eða afnema jarðarskatta og fækka fátæktargildrum, þá verður það ekki gert öðruvísi en að lækka prósentuna og afnema tekjutengingu.

Þetta snýst um hugmyndir manna í stjórnmálum, hvort þeir telji að hið opinbera eigi að taka eins mikið og mögulegt er af fólkinu og útdeila því aftur eða hvort menn treysti fólkinu fyrir sjálfsaflafé sínu. Flóknara er það ekki.

Það er athyglisvert að fylgjast með umræðunni. Menn verða að fyrirgefa hve tíðrætt mér er, virðulegur forseti verður að fyrirgefa mér það, um svokallaða Samfylkingu. Ég sé enga sérstaka ástæðu til að tiltaka annan stjórnarandstöðuflokk, t.d. Vinstri græna, vegna þess að þeir mega þó eiga að þeir hafa haldið sig bara við sína línu, þ.e. að vera á móti öllum skattalækkunum. Þeir hafa að vísu bætt í umræðuna röksemd sem Samfylkingin byrjaði líka á og gengur út á að fyrir utan það að skattalækkanir séu slæmar þá séu þær sérstaklega slæmar núna af því að þær hafi svo þensluhvetjandi áhrif sem sé sérstaklega slæmt í þessu árferði.

Þannig byrjaði, virðulegi forseti, Samfylkingin líka. Hún talaði um að skattalækkanirnar væru slæmar vegna þess að þær hefðu þensluhvetjandi áhrif. En á einhverjum tímapunkti snerist Samfylkingin og talar allt í einu um að hér sé um miklar skattahækkanir að ræða. Í málefnafátækt sinni gekk Samfylkingin jafnvel svo langt að kalla hina ótrúlegustu hluti skattahækkanir, m.a. afnám ívilnana á séreignarsparnaði, sem er örugglega ekki skattahækkun eins og allir sjá.

Hér hafa samfylkingarmenn talað um að þegar gjöld eru hækkuð í takt við verðlag, jafnvel aðeins reynt nálgast verðlag í einhverjum tilfellum til að halda aukatekjum ríkis-

sjóðs, þá séu menn að hækka skatta. Slíkur málflutningur er auðvitað fráleitur. Menn hafa verið að velta vinstri flokkunum upp úr því hvað þeir gerðu þegar þeir voru við völd en ég ætla ekki að ganga svo langt. Ég ætla aðeins að vísa til þess sem þeir gera handan við Vonarstræti. Hvað gera menn þar þegar kemur að þjónustugjöldum og þessum svokölluðu aukatekjum, virðulegi forseti? Eru menn að hækka þau í samræmi við verðlag? Það er ekki tiltökumál.

Ég er ánægður að hv. þm. Jóhann Ársælsson er kominn til að hlusta á það því að um það er ekki vert að ræða. Það er engin frétt og gert mjög reglulega. En þegar kemur að því að endurnýja þessi gjöld þá eru menn ekki í neinum 3–3,5%, virðulegi forseti. Ég ætla bara að nefna nokkur gjöld sem ég veit ekki hvort lenda á þeim sem þeir telja hafa breiðu bökin.

Ég gæti nefnt skjólstæðinga Félagsþjónustunnar. Þar eru breiðu bökin í Reykjavík samkvæmt Samfylkingunni. Þar hækka gjöld fyrir félagsstarf um 7,1%. Það er tiltölulega hógvært miðað við Samfylkinguna en heimaþjónusta hækkar á vinnustund um 42,9%. Menn eru ekkert að hanga í einhverjum 3,5%. Akstur í félagsstarf fyrir skjólstæðinga Félagsþjónustunnar hækkar um 46,7%. Þar hanga menn ekki í einhverjum 3,5%. Nú er það ekki eins og þeir aðilar, þótt þeir hafi lofað því fyrir síðustu kosningar að hækka ekki skatta, láti það eiga sig að hækka bæði útsvar og fasteignaskatta. (**JÁ:** Ertu ekki að tala um fjármál Reykjavíkurborgar?)

Virðulegi forseti. Ég heyri að hv. þm. Jóhanni Ársælssyni líður illa undir þessum lestri. Auðvitað er ósanngjarnt af mér að nefna þeirra eigin orð og gerðir. Auðvitað ætti ég ekki, virðulegi forseti, að fara yfir það sem þeir sögðu fyrir síðustu kosningar og þaðan af síður að minna á það sem þessir aðilar eru að gera. Þetta eru engar smákanónur í Samfylkingunni. Þar er formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar og hvorki meira né minna en forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar, eða var forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar. Ég veit ekki hvort hún er það. Kannski verður hún það en hún var a.m.k. kynnt þannig fyrir síðustu kosningar. Þar eru menn ekki að tala um 3,5%.

Ég gæti nefnt fleiri breiðu bökin. Frístundaheimili, þar er 10% hækkun, Borgarbókasafn, árskort, hækkun um 20%. Sundgjald barna var hækkað um 25% á árinu. Þetta eru væntanlega breiðu bökin af því að hér hafa menn talað um það, þegar ég hef spurt um aukatekjur ríkissjóðs, hvort menn vilji, þ.e. Samfylkingin, bara láta gjöldin standa í stað, sem þýddi raunlækkun. Þá er sagt að skoða verði málið í heild sinni. Þeir tala alltaf um að líta eigi á skattkerfið sem tekjujöfnunartæki sem leggjast eigi á breiðu bökin.

Það er skemmst frá því að segja og öllum ljóst eftir þessa umræðu, virðulegi forseti, og ég ætla ekki að lengja hana mjög, að það sem Samfylkingin lofaði fyrir síðustu kosningar um skattalækkanir stóð aldrei til að efna. Það skiptir engu máli hvort menn fara í einhverjar æfingar á morgun, öllum er ljóst að skattpíningarflokkarnir, Samfylkingin og Vinstri grænir, ætla með öllum tiltækum ráðum alltaf að hækka skatta. Það er alveg sama hvaða aðstæður eru í samfélaginu, þeir munu hækka skatta. Það er nokkuð sem er algjörlega ljóst.

Ég held að við höfum aldrei séð — ja, maður hefur kannski ekki skoðað það vel frá þeim tíma þegar Sósíalistaflokkur Íslands var á Alþingi Íslendinga, ég hugsa að hann slái það kannski út, en ég held að við séum að tala um einhvern slíkan samanburð þegar við skoðum ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar. Ég held að hún hafi aldrei verið meiri. Það er algjörlega fráleitt að hlusta á Samfylkinguna halda því hér fram í öðru orðinu að auka þurfi aðhald í ríkisfjármálum og koma svo í hinu með tillögur um að auka *afganginn og þegar menn skoða síðan tillögurnar, ég tek* bara eina, virðulegi forseti, og hún gengur út á að selja sendiráð og fá milljarð fyrir það og væntanlega minnka umfangið sem því nemur.

Virðulegi forseti. Hvert er stefnumál þessa stjórnmálaflokks? Það er að ganga í Evrópusambandið og það er ætlast til þess að viðkomandi lönd sem ganga í Evrópusambandið séu með sendiráð í öllum löndum sambandsins og Evrópusambandið er með 25 aðildarlönd þar inni. Ef þeir trúa þessu baráttumáli sínu þyrfti væntanlega að fjölga sendiráðum. Þetta er bara eitt dæmi.

Ég sakna þess þó, virðulegi forseti, og segi það alveg eins og er — og ég met það svo að þeir séu algjörlega sprungnir á limminu eftir að búið er að rassskella þá í umræðunni í dag og í kvöld — að þeir þori ekki í nein andsvör og þykir mér það mjög miður. Ég vil bara ítreka að umræðan hefur leitt það kristaltært í ljós að allt sem sagt var, og við erum svo sem að sjá það þar sem þeir eru við stjórnvölinn, að þegar Samfylkingin lofar skattalækkun þá er það loforð sem á að svíkja.

Við í stjórnarflokkunum erum hins vegar í þeirri ánægjulegu stöðu, sem er algjörlega frábær, virðulegi forseti, að við erum að snúa þessari þróun við. Við höfum *smátt og smátt verið að hækka skatta. Þegar við tókum upp* staðgreiðsluna vorum við með 35% skatt, árið 1988. Síðan hafa menn smám saman hækkað hann af ýmsum ástæðum, komið með hátekjuskatt ofan á o.s.frv., en við höfum snúið þessu við. Og það er engin spurning að það er markmið í sjálfu sér að einfalda skattkerfið og umbuna venjulegu fólki, duglegu fólki, sem Íslendingar eru, fyrir að sýna dugnað og ráðdeild. Þannig á skattkerfið að vera og við eigum ekkert að skammast okkar fyrir það.

Menn skulu líka átta sig á því, virðulegi forseti, að á sama hátt og skattalækkun á fyrirtækjum hefur þýtt að veltan hefur aukist í þjóðfélaginu, tekjur ríkissjóðs hafa aukist þrátt fyrir skattalækkunina, þá er ekkert sem bendir til annars en að það sama gæti verið upp á teningnum þegar til lengri tíma er litið þegar við lækkum skatta á venjulegu fólki. Við erum í samkeppni um fólk og fyrirtæki, virðulegi forseti, við eigum að hafa það í huga og við eigum að setja markið hátt. Við höfum náð gríðarlegum árangri á undanförnum árum en við getum náð enn betri árangri og við eigum auðveldlega að geta séð Ísland í allra fremstu röð, virðulegi forseti. Skattalækkunarfrumvarpið er ein leið og einn áfangi á þeirri vegferð.

[23:50]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Umræðan í dag hefur gengið ansi mikið út á hanaslag þingmanna Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar. Deilt er um aðferðafræði við skattalækkanir og svo

má lengi telja. Það sem hefur hins vegar gleymst í umræðunni, herra forseti, er hvernig afla eigi tekna til að mæta þessum skattalækkunum. Umræðan hefur gengið út á það hvernig eyða eigi að peningum. Farið er í sögulegar skýringar langt aftur í tímann og reynt að kasta rýrð á andstæðinginn. Umræðan hefur ekki gengið út á þá lógík, þá skynsemi, herra forseti, um hvernig afla eigi tekna.

Því leyfi ég mér að spyrja, herra forseti, hv. þm. Guðlaug Þór hvort hann hafi ekki áhyggjur af þeirri þróun sem er í efnahagsmálum þjóðarinnar í dag. Við stöndum frammi fyrir stærstu framkvæmdum Íslandssögunnar austur á landi og það er vel, en þær framkvæmdir eru þensluhvetjandi. Á sama tíma og þetta er staðreyndin lofum við skattalækkunum upp á 22 milljarða. Það er mikið lagt á sig en engin umræða fylgir því hvernig auka eigi tekjurnar til að mæta enn frekari þenslu. Menn rífast um hver eigi heiðurinn af þessum skattalækkunum. (Gripið fram í.) Menn rífast um það.

Hafa hv. þm. Guðlaugur Þór og aðrir félagar hans hér inni, til að mynda hv. þingmenn Sigurður Kári og Bjarni Benediktsson ekki áhyggjur af því (Forseti hringir.) að Sjálfstæðisflokkurinn skuli ekki nýta það vald sem hann hefur?

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti verður að gera þá athugasemd að hv. þingmönnum ber að ávarpa aðra þingmenn eða nefna þá fullu nafni en ekki bara fornafni eða millinafni.)

Hafa hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins ekki áhyggjur af því, herra forseti, að ekki sé gripið til aðgerða í forsætisráðuneytinu, hjá samstarfsflokknum í ríkisstjórninni, hvað varðar viðbrögð Seðlabanka Íslands (Forseti hringir.) við þeirri þenslu sem er í landinu? Eigum við ekki að nota bindiskylduna og innstreymi fjármagns (Forseti hringir.) til viðskiptabankanna í landinu? Það er spurning mín, herra forseti, til hv. þingmanns.

[23:52]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Örlygssyni fyrir þessa spurningu. Í mínum huga er sú staða sem hann lýsir hér verkefni. Það segir sig sjálft. En þetta er miklu betra verkefni og skemmtilegra að takast á við en þegar við erum í niðursveiflu.

Þeim sem fara með stjórnina á hverjum tíma er auðvitað vandi á höndum eðli málsins samkvæmt. En þegar menn bera það saman, ég man það alveg að fyrir kosningar 1995 var, ja, ekki mikið atvinnuleysi á erlendan mælikvarða en á íslenskan mælikvarða, og þá var svolítið annað hljóð í strokknum. Það var gríðarlega erfitt, það var erfiður tími þegar aflabresturinn varð upp úr 1991. Núna erum við að takast á við mjög mörg tækifæri og erum auðvitað að uppskera eftir skynsamlega efnahagsstjórn og menn hafa staðið hér skynsamlega að hlutum. Það eru bara í mínum huga skemmtileg verkefni og ég held að við eigum að hafa ákveðna útgangspunkta. Útgangspunkturinn á að vera sá, virðulegi forseti, og ég er algjörlega sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni hvað það varðar, að við keppum um fólk og fyrirtæki og að við eigum að hafa skattumhverfið í landinu eins og það gerist best í heiminum. Það er bara svo einfalt. Nú er það þannig að þeir eru fleiri í ár en í fyrra og þeir verða mun fleiri eftir nokkur ár sem geta algjörlega valið sér búsetu. (Gripið fram í.) Þetta er eitthvað sem við eigum að nálgast með jákvæðum hætti. Þess vegna erum við að lækka skatta, virðulegi forseti.

[23:54]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þingmaður gaf mér ekki greinargóð svör í svari sínu. Okkur vantar tekjur eins og ég kom inn á áðan í fyrra andsvari mínu. Við stefnum inn í stóran skaða fyrir atvinnuvegina í landinu. Verðbólguþróunin er alvarleg og það er ekki verið að grípa til réttra aðgerða til þess að mæta henni. Seðlabanki Íslands hækkar stýrivextina með tilheyrandi afleiðingum fyrir atvinnuvegina í landinu. Á sama tíma hefur núverandi ríkisstjórn þann möguleika að nýta bindiskyldu sína og takmarka innstreymi fjármagns til viðskiptabankanna sem fyrst og fremst leiðir af breytingum á fasteignamarkaði í landinu. Við eigum að róa umhverfið á sama tíma og við boðum lækkanir á sköttum upp á 22 milljarða.

Herra forseti. Ég leyfi mér að spyrja hv. þingmann annarrar spurningar og ég vænti svars núna. Það vill svo til að sjávarútvegurinn í landinu aflar okkur nærri helmings tekna. Sér hv. þingmaður tækifæri í því að breyta íslenskum sjávarútvegi að einhverju leyti, til að mynda að endurskoða aðferðafræði Hafrannsóknastofnunar Íslands sem hefur haldið tekjum íslensks sjávarútvegs í heljargreipum síðan sú stofnun fékk þau völd sem hún heldur utan um í dag? Eigum við möguleika á því að auka veiðiálag og dreifa því jafnframt á bolfiskstofna við landið á næstu missirum eður ei? Eða erum við að horfa fram á jafngelda sjávarútvegsstefnu á næstu árum og núverandi stjórnarflokkar hafa haldið utan um síðustu 20 árin?

[23:56]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Því miður hefur þessi ríkisstjórn ekki verið í 20 ár en verður vonandi næstu 20 árin.

Hvað varðar seinni spurningu hv. þm. Gunnars Örlygssonar varðandi aðferðafræði Hafrannsóknastofnunar, hvort ekki mætti skoða hana, þá er svar mitt einfalt já. Ég held að það sé eitthvað sem er ekki hafið yfir gagnrýni. Í mínum huga er það mjög einfalt og það eru margir vinklar á því sem ég hefði áhuga á að skoða betur.

Ég bið hv. þingmann afsökunar á því ef ég hef ekki svarað spurningu hans nógu skýrt áðan en þar sem hann vitnar í bindiskyldu bankanna eða annað slíkt þá er það stjórntæki sem er hjá Seðlabankanum. En aðeins varðandi það hvort, ef ég skildi hv. þingmann rétt, ? (**GÖrl:** Hann heyrir undir forsætisráðuneytið.) Hv. þingmaður segir að Seðlabankinn heyri undir forsætisráðuneytið en Seðlabankinn er sjálfstæður og það er ein aðgerðin sem við gripum til og við getum ekki gefið honum bein fyrirmæli eða framkvæmdarvaldið og ég held að það hafi verið góð ákvörðun þó svo að menn geti haft allar skoðanir á aðgerðum Seðlabankans hverju sinni.

En aðeins varðandi það hvort við þurfum að hafa áhyggjur af því að það vanti tekjur í ríkissjóð þá er það sem betur fer svo, virðulegi forseti, að við höfum verið að greiða niður skuldir og ein af ástæðunum fyrir því að við

getum farið út í þessa skattalækkun er sú að við erum t.d. búin að spara sem samsvarar 11 þús. millj. á hverju ári í vaxtagreiðslum. Ef við berum okkur saman við nágrannalöndin og það er alveg sama hvaða lönd við berum okkur saman við, OECD-lönd, þá eru skuldir hér með þeim allra lægstu, ég held að við séum númer fjögur eða fimm með hlutfall af vergri landsframleiðslu. Þetta er einn hluti af þeim stórkostlega árangri sem við höfum náð og er ein af ástæðunum fyrir því að stjórnarandstaðan er í öngum sínum, getur ekki tekið þátt í umræðunni og er algjörlega pakkað saman hér í dag og kvöld.

[23:58]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Kaupmáttur þjóðarinnar er enn að aukast með frumvarpi um tekjuskatt og eignarskatt sem nú er til umræðu og verður að lögum á morgun. Skattalækkanir voru eitt af stóru málunum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og þau loforð sem kjósendum voru gefin fyrir kosningar og við þau ætla stjórnmálaflokkarnir að standa.

Það var árið 1995 sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks var mynduð og í samstarfi þeirra flokka hefur kaupmáttaraukning almennings verið um 40%. Miðað við efnahagsspár, að teknu tilliti til fjárlagafrumvarpsins, er gert ráð fyrir 55% kaupmáttaraukningu til ársins 2007, sem er stórkostlegur árangur í efnahagsstjórn.

Vegna umræðunnar fyrr í dag er eðlilegt að maður fari yfir frumvarpið enn og aftur en það nær til afnáms eignarskatts á einstaklinga og fyrirtæki, um 50% hækkunar barnabóta, 4% lækkunar tekjuskatts úr 25,75% í 21,75%, hækkunar persónuafsláttar um 8% og þar af hækka skattleysismörk um 20% eða úr 71 þús. kr. í 86 þús., sem er 20% hækkun hlutfallslega, svo og lækkunar vaxtabóta.

Á þessu kjörtímabili verður eignarskattur á einstaklinga og lögaðila felldur niður. Afnám eignarskatts mun koma sér vel fyrir eldri borgara og lífeyrisþega sem búa í lítið skuldsettum íbúðum og hafa í áranna rás greitt töluverða eignarskatta. Einnig mun þessi niðurfelling nýtast íbúðaeigendum vel. Hér er um mikið réttlætismál að ræða og sennilega er þetta sá skattur sem verið hefur hvað umdeildastur í skattkerfinu. Tekjur ríkissjóðs munu lækka um 3,5–4 milljarða þegar þessi niðurfelling gengur eftir.

75% þeirra sem greiða eignarskatt eru eldri en 50 ára. Frumvarpið mun skipta um nafn, lögin verða ekki lengur lög um tekju- og eignarskatt heldur lög um tekjuskatt.

Einnig er um að ræða verulega lækkun á tekjuskatti, um 4% á næstu þremur árum, 1% árið 2005, 1% árið 2006 og 2% 2007. Þetta er mesta kaupmáttaraukningin og kjarabótin fyrir heimilin í landinu. Þegar tekjuskattslækkun verður komin að fullu til framkvæmda árið 2007 mun það kosta ríkissjóð 16 milljarða kr. Gífurlega sterk staða ríkissjóðs og góður og aðhaldssamur rekstur eru forsendur fyrir þessum skattalækkunum. Skattleysismörk munu hækka um 15 þús., úr 71 þús. í 86 þús., þ.e. um 20%. Þetta nýtist hlutfallslega langmest lágtekjufólki. Persónuafsláttur mun hækka um 8% sem svarar um 26.500 kr. á einstakling og tæplega 53 þús. á hjón á ári.

Hækkun barnabóta er veruleg. Í fyrsta lagi er verið að ræða um 50% hækkun ótekjutengdra barnabóta á tímabilinu, þar af hækki barnabætur um 25% í ársbyrjun 2006 til viðbótar þeim 3% sem gert er ráð fyrir árið 2005. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að í ársbyrjun 2006 verði 10% hækkun tekjutengdra barnabóta. Jafnframt er lagt til að viðverumörk vegna tekna tekjutengdra barnabóta hækki um 50% auk hinna 3%. Áætlaður kostnaður ríkissjóðs vegna hækkunar barnabóta nemur 2,4 milljörðum og verður 7,2 milljaðar 2007 miðað við verðlag dagsins í dag. Barnafjölskyldur og þó sérstaklega hinar tekjulægri munu njóta best mikillar hækkunar barnabóta.

Ég fagna jafnframt 3% hækkun á viðmiðunarfjárhæð sjómannaafsláttar.

Virðulegi forseti. Það er mikill uppgangur á Íslandi í dag og ekkert bendir til annars en að hann haldi áfram. Hæstv. fjármálaráðherra hefur þegar greint frá því að horfur séu á 25% aukningu á landsframleiðslu á árunum 2003–2007 og að ráðstöfunartekjur heimilanna aukist um 15%. Það er ljóst að við uppbyggingu stóriðju skapast hagvöxtur og tekjuaukning en jafnframt aukin einkaneysla og fjárfesting á íbúðamarkaði. Það er samt sem áður ljóst að það þarf að standa á bremsunni í rekstri ríkissjóðs, gæta mikils aðhalds til að hægt sé að sinna áfram öflugri samfélagsþjónustu en velferðarkerfi okkar er mjög öflugt.

Það var á árunum 1997–1999 sem tekjuskattur lækkaði um 4%. Árið 2002 lækkaði tekjuskattur á fyrirtæki um 12 prósentustig, þ.e. úr 30% í 18%. Viðbrögð við lækkun tekjuskatts á fyrirtæki voru mikil. Tekjur ríkissjóðs jukust en margir töldu að tekjutap ríkissjóðs vegna þessara aðgerða gæti orðið verulegt. Mér segir hugur um að það sama muni gerast með lækkun á tekjuskatti. Skattsvik munu minnka, skattgreiðendum mun vonandi fjölga töluvert og ríkissjóður mun fá hluta af þessari tekjuminnkun til baka. Það er lykilatriði að ná til þeirra aðila sem ekki hafa verið að greiða skatta og það hætti að vera spennandi að stela undan skatti þegar álögur eru svo lágar og þjónusta við almenning eins og best gerist. Það er ljóst að ef skattgreiðendum fjölgar ekki með þessum skattalækkunum þarf að herða enn frekar skatteftirlit. (**JGunn:** Strax.) Strax, segir hv. þm. Jón Gunnarsson. Ég er sammála honum. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert hvernig stjórnarandstaðan bregst við einu besta frumvarpi sem komið hefur fram, frumvarpi þar sem verið er að lækka skatta á vinnandi fólki og styrkja hagvöxt heimilanna. Ég tek samt sem áður ofan fyrir vinstri grænum sem hafa verið sjálfum sér samkvæmir í þessari umræðu. Þeir lofuðu ekki skattalækkunum fyrir kosningar en aðrir stjórnarandstöðuflokkar lofuðu skattalækkunum kæmust þeir til áhrifa. Af hverju lofuðu þeir þessu? Þeir sáu (Gripið fram í.) að fjármálum ríkissjóðs og stjórn efnahagsmála hefur verið stýrt skynsamlega síðustu kjörtímabil í ríkisstjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Af hverju er ekki lag að lækka skatta eins og flestir stjórnmálaflokkar lofuðu? Er það of gott mál fyrir ríkisstjórnina? Það er mitt mat að það sé helsta skýringin eftir að hafa hlustað á ræður sumra hv. þingmanna í dag, þingmanna stjórnarandstöðunnar. Menn hafa ekki verið að lofa einhverju fyrir kosningar til að slá ryki í augu kjósenda. Það er nefnilega staðfesting á því að það voru forsendur til

að lækka skatta hjá þeim sem mynduðu ríkisstjórn eftir síðustu alþingiskosningar. Því skil ég ekki alveg viðbrögð stjórnarandstöðunnar í þessu máli.

Þó að menn séu ekki sammála í öllum þeim málum sem lögð eru fram á Alþingi ættum við alþingismenn, allir sem einn, að fagna við þetta tækifæri. Við höfum náð árangri og ætlum að leyfa fólkinu í landinu, heimilunum að njóta alls af því sem við höfum verið að byggja upp saman, við Íslendingar. Við eigum að samfagna einum stærsta áfanga í skattamálum okkar.

Það er alltaf verið að ræða um hina efnameiri, að hinir efnameiri fái meira og hinir efnaminni minna. Þeir sem njóta þessara skattalækkana eru þeir sem greiða skatta, vinnandi fólk sem stendur undir velferðarkerfinu. Það er rétt að þeir sem eru með hærri tekjur fá meiri lækkun í krónum en þeir sem eru með lægri tekjur fá meiri lækkun í prósentum. Því tel ég að þessar skattalækkanir verði mikil kjarabót fyrir þá sem eru með lág laun, barnafólk og millitekjufólk. Umræðan um að þeir tekjuhærri fái meiri afslátt er aðalmálið. Er ekki eðlilegast að þeir sem borga mesta skatta fái meiri afslátt? Þeir borga langtum fleiri krónur í skatta og hlutfallslega meira.

Ef við tökum í dag dæmi um hlutfall launa í skatt greiðir aðili með 100 þús. kr. á mánuði 8% í skatt, aðili með 150 þús. kr. á mánuði 17,2%, aðili með 500 þús. kr. á mánuði 30,9% og aðili með milljón á mánuði 32,7%. Aðili með 500 þús. kr. mánaðarlaun greiðir 18-faldan skatt þess sem er með 100 þús. á mánuði þótt launin séu 5 sinnum hærri í krónum talið. Maður með milljón á mánuði greiðir 13-faldan skatt þess sem er með 150 þús. á mánuði þótt launin séu tæplega sjöfalt hærri. Ég segi: Hvar eigum við að setja mörkin ef menn vilja breyta þessu? Eigum við að vera með vinnuletjandi kerfi?

Ég hef á tilfinningunni miðað við ræður sumra þingmanna stjórnarandstöðunnar að tvennt vanti í þetta frumvarp, að þeir sem ekki greiða skatta eigi að fá skattalækkun og þeir sem ekki eiga börn eigi að fá barnabætur.

Virðulegi forseti. Sem dæmi um áhrif þessara aðgerða má nefna að ráðstöfunartekjur einstæðs foreldris með eitt barn undir 7 ára aldri og 125 þús. kr. tekjur á mánuði hækka um 12.500 kr. á mánuði, þ.e. 150 þús. kr. á ári. Það eru 10%. Ráðstöfunartekjur hjóna með 300 þús. tekjur á mánuði samanlagt og tvö börn, annað yngra en 7 ára, hækka um 23.500 á mánuði, þ.e. 282 þús. á ári. (Gripið fram í.) Þetta eru 9,5%. Það er þegar annað er eldra en 7 ára og hitt yngra þannig að þetta skiptist nokkuð jafnt, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. 1+1=2, hv. þingmaður. Heildaráhrif þessa frumvarps veita 4,5% hækkun ráðstöfunartekna allra heimila í landinu.

Ég ætla í lokin að fara yfir nokkrar staðreyndir miðað við breytingu á tekjuskatti á verðlagi dagsins í dag til ársins 2007. Þar miða ég við heildartekjur hjóna þar sem bæði skattkort eru nýtt enda er heimild til þess að maki geti nýtt skattkort 100% en ekki er tekið tillit til lífeyrisgreiðslna 4%.

Hver eru launin árin 2004, 2005, 2006 og 2007 þar sem hjón greiða enga skatta? Árið 2004 eru þau 141.804 kr., árið 2005 149.924 kr., árið 2006 157.850 kr., árið 2007 170.681 kr. Ef við miðum bara við breytinguna frá árinu 2004 til 2007, miðað við 200 þús. kr. laun, borgar launþegi árið 2004 22.569 kr. og hann fær 88,7% útborgað af launum en árið 2007 borgar hann 10.197 kr. í skatt og fær útborguð 94,9% af launum. Aðili með 250 þús. kr. borgar 41.959 kr. í skatt árið 2004 og fær útborgað 83,2% af launum á móti 89% 2007. Þá borgar hann 27.587 kr. í skatt. Hjón með 300 þús. borga í skatta á mánuði 2004 61.349 og fá útborgað 79,6% launa. Árið 2007 borga þau í skatt 44.977, eru að fá útborgað 85% af launum. Þetta er mikil breyting.

Virðulegi forseti. Það hefur vakið mikla athygli í umræðunni að verið er að blanda hátekjuskattinum inn í hana. Hann á að falla út í samræmi við upprunalegar áætlanir en hann var upphaflega lagður á í stjórnartíð Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks og þá var sérstaklega tekið fram að þetta væri tímabundin aðgerð og að hann yrði lagður af um leið og efnahagsástandið leyfði það. Nú er komið að því. Það kemur því á óvart að sumir hv. þingmenn sem hafa lagt áherslu á að sjómannaafsláttur verði að vera áfram til staðar í skattkerfinu vilji hafa hátekjuskattinn áfram. Ef það er einhver starfsstétt sem hefur greitt hlutfallslega mikið í hátekjuskatt eru það sjómenn. Þeir eru 12,5% á árinu 2003. Það voru 14.589 einstaklingar sem greiddu hátekjuskatt árið 2003. Sjómenn voru 1.813, 12,5%. Þeir eru einnig með hærri meðalgreiðslu í þessu kerfi, hátekjuskattinum, 4% hærra en meðaltalið. Hlutfall sjómanna af heildarfjöldanum sem greiðir tekjuskatt er 5,2% en þeir eru 12,5% sem greiða hátekjuskatt. Þetta er sú starfsstétt sem nýtur þess mest að hátekjuskattur skuli lagður af og margir sjómenn borga langtum meiri hátekjuskatt en sem nemur nýtingu á sjómannaafslætti. Þar er töluverður munur á.

Við skulum taka annan hóp Íslendinga. Hvað haldið þið að margt vel menntað og ungt fólk sem hefur lagt mikið undir og fórnað mörgum góðum árum í að mennta sig — þetta fólk hefur skuldbundið sig til margra ára með námslánum og fleiru, kemur vel menntað inn á atvinnumarkaðinn og þorri þess þarf mjög góð laun sem er eðlilegt — er þetta fólkið sem á að lenda í hátekjuskatti aftur? Þetta fólk er búið að koma sér þaki yfir höfuðið og er að borga af því líka. Þetta eru miklar álögur og ég bara fagna því að þetta frumvarp hefur góð áhrif.

Einnig hefur verið komið inn á stöðu sveitarfélaga. Ég ætla ekki að fara djúpt í þá umræðu en ég hef gagnrýnt það sem sveitarstjórnarmaður á sínum tíma að frumvörp hafa farið í gegnum Alþingi, hvort sem þau eru frá stjórn eða stjórnarandstöðu, og tillögur sem enginn verðmiði er á. Í dag var rætt um frumvarp um gjaldfrjálsan leikskóla. Það frumvarp finnst mér á yfirborðinu mjög klókt mál pólitískt en ég segi: Hver er verðmiðinn á þessu frumvarpi ef það næði fram að ganga? Ég ætla að lesa minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og ég er þess alveg fullviss að þeir aðilar sem fluttu frumvarpið hafa ekki gert sér grein fyrir öllum þessum tölulegu staðreyndum sem koma við útreikninga síðar meir en það eru náttúrlega — ég hef gagnrýnt það sjálfur sem bæjarstjóri í Eyjum. Þá komu mörg frumvörp í gegn sem kostuðu sveitarfélögin peninga og það er alveg ljóst að það bara gerist í kerfinu. (Gripið fram í.) Ég ætla að lesa umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, reyndar ekki beint umsögn, frekar minnisblað sem félags-

málanefnd fékk. Með leyfi forseta:

„Þá kemur fram í greinargerðinni að innheimt leikskólagjöld hafa verið 2.400 milljónir árið 2001 og það sé sú fjárhæð sem bæta þurfi sveitarfélögunum. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að ef þessi áform ná fram að ganga má slá því föstu að því fylgi skylda sveitarfélaga til að tryggja öllum börnum vist í leikskóla. Það mun leiða til þess að byggja þarf gríðarlegt magn leikskólarýma. Á árinu 2002 voru samkvæmt gögnum Hagstofunnar 16.282 börn í leikskólum landsins. Börn á leikskólaaldri voru hins vegar 25.149. Gert er ráð fyrir að þau komi inn 10 mánaða gömul og séu til ágústloka á 6. aldursári. Þar af leiðandi er ljóst að 8.867 börn á leikskólaaldri voru ekki með pláss í leikskóla árið 2002.

Í reglugerð nr. 225/1995 sbr. reglugerð nr. 365/2001 kemur fram að húsnæði leikskóla skuli miða við 6,5 fermetra brúttó fyrir hvert barn samtímis í leikskóla utan þess tíma sem hópar skarast. Til að sinna þörfinni fyrir öll þessi 8.867 börn þyrfti því að byggja 57.635 fermetra af leikskólarými en slíkt mundi kosta um 11,5 milljarða kr. miðað við 200 kr. á fermetra. Þá er reksturinn eftir en gera má ráð fyrir því að langstærstur hluti þessara barna sé í yngsta aldurshópnum þar sem starfsmannafjöldi þarf að vera allt að 2,5-faldur á við elstu börnin. Kostnaður vegna reksturs þessa viðbótarrýmis verður því mun hærri en meðaltal rekstrarkostnaðar í dag. Nærri má geta að rekstrarkostnaður verði um 7,5 milljarðar kr. á ári að teknu tilliti til húsnæðiskostnaðar. Er það miðað við að börnum muni fjölga um rúmlega 50% og að kostnaður vegna þeirra verði mun meiri en meðalkostnaður er í dag. Það er því eðlileg áætlun að þessi 50% fjölgun barna leiði til 75% aukningar á kostnaði sem er rúmlega 10 milljarðar. Það eru 7,5 milljarðar á ári."

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristján Möller ræddi um íbúaþróun í Vestmannaeyjum og sjávarútvegsplássum og skatta sem Eyjamenn greiddu í viðbót, það er sennilega út af tryggingagjaldinu sem hann á við það, en það er alveg ljóst að höfuðborgarsvæðið togar til sín fólk af landsbyggðinni og það er ljóst að fólki hefur fækkað mikið. Þar erum við að tala um mikla hagræðingu, tæknivæðingu og sameiningu fyrirtækja. Það má segja að í Vestmannaeyjum sé samspil á milli fækkunar fólks í fiskvinnslu og fækkunar íbúa, það er svo til sama línan. Þetta eru miklar breytingar frá því sem var í gamla daga í Vestmannaeyjum og á Siglufirði. Það þekkir hv. þm. Kristján Möller vel.

Það er eitt mál sem er kannski enn stærra mál líka. Í gær ræddum við hér um samgöngumál í Vestmannaeyjum í utandagskrárumræðum. Það eru komnar meiri kröfur og það er ekki síst yngra fólk sem gerir ríkari kröfur um bættar samgöngur. Ég og hv. þm. Kristján Möller erum miklir áhugamenn um jarðgöng og ég get sagt það hér að eina sóknarfærið fyrir Vestmannaeyjar er jarðgöng. Aðrar samgöngubætur bjóða ekki upp á sóknina fyrir okkur. Við erum það háð samgöngum og ég vona að hv. þingmenn sem hér hlusta á mig séu stuðningsmenn mínir í þessu mikla máli. (Gripið fram í.) Já, þannig er það líka.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta sé eitt mikilvægasta frumvarp sem lagt hefur verið fram fyrir heimilin í landinu. Þetta er kjarabót þar sem ráðstöfunartekjur heimila munu aukast verulega. Við erum að leyfa skattgreiðendum þessa lands sem byggt hafa upp velferðarkerfi okkar að njóta arðs af mikilli velgengni af styrkri efnahagsstjórn síðustu ára og því ber að fagna. Ég tek undir orð hv. þm. Péturs Blöndals þar sem ég óska Íslendingum til hamingju með þessar skattalækkanir.

[00:17]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki gekk hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni betur en öðrum stjórnarþingmönnum að verja þær skattahækkanir sem dunið hafa á okkur í hverju frumvarpinu á fætur öðru undanfarna daga. Hér talaði reyndur sveitarstjórnarmaður og fyrrum bæjarstjóri í Vestmannaeyjum og eins og oft áður gat hann ekki látið vera að sveigja aðeins að Eyjunum í máli sínu. Það er ekkert við það að athuga, en sem vanur bæjarstjóri og rekstrarmaður veltir maður fyrir sér hvort hann hafi ekki lögum samkvæmt, eins og allir sveitarstjórnarmenn, þurft að gera svokallaðar þriggja ára áætlanir um rekstur og framkvæmdir sveitarfélagsins Vestmannaeyja.

Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta er sú að mig langar að spyrja hv. þingmann að því hvað þriggja ára áætlanir sem gerðar voru um rekstur og framkvæmdir í Vestmannaeyjum stóðust mikið þegar til átti að taka vegna þess að þrjú ár er ansi langur tími. Sá sem hér stendur hefur sjálfur staðið í þriggja ára áætlunargerð. Þingmaðurinn fór einnig yfir skattalækkanir og las mörg dæmi um það hvað hjón mundu njóta í skattafslætti árið 2007, ekki á næsta ári, ekki árið 2006 heldur árið 2007. Þetta er taktík sem stjórnarliðar hafa beitt óspart í dag, að lesa dæmi frá fjármálaráðuneytinu sem þeir hafa fengið útbýtt og fengið það verkefni að lesa á þinginu sem taka til skattalækkananna eins og þær líta út þegar þær eru að fullu komnar til framkvæmda árið 2007, ef ekkert annað breytist. Kom það aldrei fyrir hjá hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni að breyta þyrfti þriggja ára áætlunum sveitarfélagsins þegar hann stjórnaði því og trúir hv. þingmaður því að engu þurfi að breyta í þriggja ára áætlunum ríkisstjórnarinnar?

[00:19]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir spurningar hans. Það er alveg rétt að sveitarfélögin þurfa að gera þriggja ára áætlanir og yfirleitt eru þær, miðað við eðlilegan rekstur, framreiknaðar ef ekki eru miklar breytingar, en það er rétt að forsendur breytast oft hjá sveitarfélögum og menn þurfa að gera ráð fyrir því hvort menn ætla að hækka þjónustugjöld til samræmis við það. Þetta er bara eðlilegur rekstur. Það sem kannski breytist mest eru áherslurnar á hvernig byggja á upp velferðarkerfið og þjónustuna. Menn eru með eitt í dag og svo er kannski einhver þarfagreining og annað sem þarf að byggja upp næst.

Þriggja ára áætlanir geta breyst mjög mikið hjá sveitarfélögum. Það er misjafnt en þær geta breyst mjög mikið hvað varðar reksturinn. (**JGunn:** En hjá ríkinu?) Hjá ríkinu getur það breyst, við vitum það ekki, það er náttúrlega stóra málið eins og ég sagði í ræðu minni áðan að menn þurfa að hafa aðhald í rekstri og gæta þess vel að spara. Við þurfum tekjur og umræðan um tekjurnar í dag var mjög eðlileg, að

verðlagsþróun sé á þeim. Ég veit ekki betur en sveitarfélögin hafi verið að hækka þjónustugjöld samkvæmt verðlagsþróun. Það versta sem sveitarfélög gera í dag er að hækka ekki þjónustugjöldin árlega. Þau fresta því um eitt til þrjú ár og svo kemur að því að menn hækka þau innan eðlilegs verðlags og fá þá bágt fyrir. Við erum búin að reka okkur á þetta í mörgum sveitarfélögum. Eðlilegt væri að það væri fastbundið að þetta mundi hækka samkvæmt ákveðinni launa- og neysluvísitölu til helminga. Það finnst mér vera eðlilegur rekstur.

[00:21]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var hlálegt að hlusta á hv. þingmann bera saman fjárhæð ríkisins og sveitarfélaga. Ég hélt að jafnreyndur sveitarstjórnarmaður og hv. þm. Guðjón Hjörleifsson vissi manna best að það er ekki saman að jafna þegar horft er á tekjur ríkissjóðs og tekjur sveitarfélaganna í dag. Þeir sem passa ríkiskassann hafa ekki við að taka við peningum sem koma úr breiðu slöngunni sem liggur í kassann. Ég hélt að hv. þingmaður vissi hvernig ástand sveitarsjóða væri. Þar hafa menn ekki val um það hvort þeir ætla að hækka gjöld eða ekki en ríkissjóður hefur fullt val og val stjórnarliða hefur verið að hækka hvert og eitt einasta gjald sem til er. Ég ætla aðeins að lesa fyrir hv. þingmann listann um þær ákvarðanir sem teknar hafa verið og þau frumvörp sem lögð hafa verið fram á þessu ári og hækkanir sem fyrirhugaðar eru á því næsta.

Hv. stjórnarþingmenn ætla að hækka skólagjöld í háskólum um 140 millj. á næstu tveimur árum, gjald í Framkvæmdasjóð aldraða um 70 millj., aukatekjur ríkissjóðs um 200 millj., umsýslugjald fasteigna um 280 millj., áfengisgjald um 340 millj., bifreiðagjald um 120 millj., vaxtabætur skerðast um 1.500 millj., olíugjaldið gefur 350 millj., sjúkratryggingar 1.500 millj., komugjöld á heilsugæslustöðvar 150 millj., vörugjald af bensíni 1.200 millj., þungaskattur 800 millj. og barnabætur skertar í fyrra og aftur á þessu ári um 300 millj.

Þetta er listinn, hv. þingmaður, yfir gjaldahækkanir ríkisstjórnarinnar á allra síðustu dögum. Þykir hv. þingmanni eitthvað undarlegt, þegar horft er á listann, að við stjórnarandstæðingar eigum erfitt með að sjá af hverju menn tala um skattalækkanir fyrir árið 2005 þegar þær skattalækkanir eru upp á 5.600 millj. á móti þeim 8.150 sem ég var að lesa upp. Ég hélt að þetta lægi skýrt fyrir og reyndur rekstrarmaður eins og hv. þm. Guðjón Hjörleifsson sæi þetta manna best.

[00:23]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er töluvert meiri sveifla í tekjum sveitarfélaga. Þú spurðir mig um Vestmannaeyjar áðan. Vestmannaeyjar eru með 25% af loðnukvótanum. Ef loðnan minnkar og illa veiðist, ef það verður breyting á afurðaverði er búið að tengja laun sjómanna við afurðaverð erlendis. Þ, það er búið að tengja laun sjómanna á frystitogurum við dollarann í dag og þau eru að lækka mikið og tekjur að minnka. Þetta er langtum meiri sveifla en eðlilegt er. Það er samasemmerki á milli veiða og afurðaverðs og útsvarstekna bæjarsjóðs Vestmannaeyja.

Hvað varðar þau gjöld sem hér var rætt um hefur þorri þeirra gjalda sem hafa verið lögð á hækkað við verðlagsbreytingar. Ef við ætlum að reka ríkissjóð eins og eðlilegt fyrirtæki og veita góða þjónustu og byggja upp velferðarkerfi eigum við að hækka þetta eðlilega en innan skekkjumarka. Ég var innilega sammála því sem hv. þingmaður Ögmundur Jónasson sagði í dag, þetta á allt að fylgjast að en innan þeirra marka að ekki sé verið að leggja á aukaálögur.

[00:24]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður flutti ágæta, málefnalega og vel rökstudda ræðu þó ég sé ekki sammála pólitík hans. Eitt tel ég þó vera rangt í málflutningi hans þegar hann segir að skattabreytingarnar, skattalækkanirnar komi hlutfallslega betur út fyrir hina tekjulægri. Þetta tel ég vera rangt því að á kjörtímabilinu lækka tekjuskattar hátekjufólks um 9 prósentustig en skattar lágtekjufólks og millitekjufólks lækka um 4 prósentustig. Þannig er hagræðið af skattabreytingunum fyrir einstakling með 300 þús. kr. á mánuði 177 þús. kr. á ári en hagræði einstaklings með um 1 milljón á mánuði er yfir 1 milljón, 1.100 þús. kr. Það er því ekki aðeins í krónum talið að hátekjumaðurinn hagnast betur, ráðstöfunartekjur milljón kr. mannsins aukast um 12,4% en ráðstöfunartekjur 300 þús. kr. mannsins um 7%.

Eitt vil ég spyrja hv. þingmann um. Hann talaði um göng til Vestmannaeyja. Hvernig vill hann fjármagna þau göng? Með notendagjöldum eða með skattfé? Hann segir að nú séu aðstæður í efnahagslífinu á þann veg að hægt sé að lækka skatta verulega. Hvernig ætlar hann að fjármagna göngin? Eiga Vestmanneyingar að borga notendagjöld eða á að gera þetta með sköttum?

Ég vil taka önnur dæmi. Ég vil taka samninga við launafólk. Við vitum að sveitarfélögin í landinu áttu í erfiðleikum með að greiða kennurum hærri laun vegna þess að fjárhagur þeirra var mjög þröngur. Sama er upp á teningnum hjá ríkinu á ýmsum sviðum, þrengt er að rekstrinum í heilbrigðisþjónustunni og víðar. (Forseti hringir.) Vill hv. þingmaður skýra betur fyrir (Forseti hringir.) okkur í hverju hið góða efnahagsástand er fólgið?

[00:27]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að vera búinn að fá hingað upp mikinn áhugamann um jarðgöng til Vestmannaeyja. Það er alveg ljóst að ef byggja á jarðgöng á milli lands og Eyja er þetta einkaframkvæmd. Miðað við alla útreikninga sem greiningardeild Íslandsbanka hefur gert, og ég hef skoðað það reiknilíkan, eru menn að ræða um að fá sömu upphæð frá ríkinu og menn borga í dag í rekstur Herjólfs og í afborganir og vexti af nýju skipi. Það er ekki flóknara. Það eru 433 millj. á ári. Ef við ætlum að byggja upp nýjan Herjólf sem á að ganga 20–22 mílur miðað við þær kröfur sem gerðar eru í dag mun reksturinn á því skipi og afborganir og vextir verða rúmar 600 millj. á ári.

Ég veit að Eyjamenn eru tilbúnir að borga töluvert fyrir

að keyra á milli. Það mun kosta 3.500 kr. fyrir bílinn á milli auk virðisauka. Við munum líka hafa tekjur í viðbót út af þessu. Við þurfum að koma vatnsleiðslu og rafmagnsleiðslu milli lands og Eyja. Það er ekki verið að tala um að rugla samgönguáætlun. Þetta er alveg sjálfsagt mál. Þess vegna er maður mjög smeykur við þá umræðu varðandi Hvalfjarðargöngin að láta ríkið yfirtaka þau, þá dettur út öll einkaframkvæmd í landinu og passa verður að það gerist ekki.

Varðandi stöðu sveitarfélaganna er í gangi viðræðunefnd varðandi tekjuskiptingu. Hún þarf að ljúka störfum. Það er mikil umræða um þetta og ég varð sérstaklega var við það þegar ég var í nefnd um sameiningu sveitarfélaga um stöðuna og breytinguna. Ljóst er að mestu kröfur sveitarfélaganna í dag varðandi sameiningar eru samgöngumál. Það eru mestu kröfur sveitarfélaganna því sum sveitarfélög eru ekkert spennt fyrir því að yfirtaka hluta af rekstri sem ríkið hefur verið með. Það er alveg ljóst. Menn eru smeykir við það því nærþjónustan kostar meira og meira, við sjáum það t.d. með rekstur grunnskólanna.

[00:29]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Einn maður úr stjórnarliðinu er mjög andvígur einkaframkvæmdum. Sá maður heitir Gunnar Birgisson, hv. þingmaður og forseti bæjarráðs í Kópavogi. Hvers vegna skyldi hann vera andvígur einkaframkvæmdum?

Hv. þm. Gunnar Birgisson er bisnessmaður og hefur bisnessvit. Hann lætur ekki plata sig. Hann veit sem er að einkaframkvæmdin er dýrari kostur fyrir notandann en framkvæmd á vegum hins opinbera. Þetta getum við t.d. fengið staðfest hjá stjórnarmönnum Spalar sem stóðu að Hvalfjarðargöngunum. Þeir hafa staðfest að þetta er dýrari kostur. Staðreyndin er sú að í sumum tilvikum kann einkaframkvæmd að eiga rétt á sér, sérstaklega er það skiljanlegur valkostur fyrir sveitarfélög eða aðila sem eru svo aðkrepptir að þeir neyðast til þess að fara út í dýrari framkvæmd með það fyrir augum að fjárfestingin borgi sig síðar.

Í annan stað kann það að vera réttlætanlegt ef notandinn á um tvo valkosti að velja eins og má segja að eigi sér stað í Hvalfirði þar sem hægt er að velja á milli þess að fara göngin og keyra Hvalfjörðinn. Ég veit ekki hvort hið sama yrði upp á teningnum með göngin til Vestmannaeyja.

Aðalatriðið í málflutningi mínum er þetta: Ég nefndi Vestmannaeyjagöngin sérstaklega sem dæmi um framkvæmd sem yrði alla vega að verulegu leyti á vegum hins opinbera. Það er samhengi á milli þess að skerða tekjur ríkissjóðs eða sveitarfélaga og hins að krefjast aukinnar þjónustu, hvort sem það er í samgöngum eða á öðrum sviðum, í skólamálum, í heilbrigðiskerfinu eða annars staðar.

[00:31]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get kannski verið sammála því að einkaframkvæmd geti verið dýrari. Það er sérstaklega erfiðara varðandi vaxtakjör. Það er alveg ljóst. Ég tel að þessi framkvæmd mundi ekki ganga eftir nema að hægt væri að fá ríkisábyrgð sem kæmi á móti framlaginu til svona 60 ára. Þá gengur dæmið upp. Þetta er lykilatriði. Það er í lögunum að virðisaukaskattur er endurgreiddur. Það er virðisaukaskattur núna á gjöldunum í gegnum Hvalfjarðargöngin. Hann er 14% og fer vonandi niður í 7%. En ég er heldur ekki að tala um að menn fari þetta nema að þetta séu tölulegar staðreyndir og þetta gangi eftir. Ég er ekki að tala um 38 milljarða í dag. Það er of erfitt í dag. En við þurfum að láta reyna á þetta með útboðið. Svo er það lykilatriðið í þessum útreikningi. Maður sér bara hvað 0,5% í vaxtamismun gerir og það getur ráðið úrslitum. Því er mjög gott að ríkið sé á hliðarlínunni til að styrkja okkur í þessu máli til að þetta gangi eftir.

[00:32]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þingmanns í hliðarherbergi. Af því að hv. þingmaður er kosinn í landsbyggðarkjördæmi eins og ég þá langar mig til að segja frá nokkru sem átti sér stað fyrir nokkrum árum þegar verið var að breyta tekjusköttum og skattkerfi lögaðila. Vegna þess að hv. þingmaður hefur þetta ekki fyrir framan sig verð ég að setja þetta upp sem dæmi og spyrja álits á því, virðulegi forseti. Skattadæmið er þetta: Tekjuskattur fyrirtækja var lækkaður úr 30% niður í 18%. Tryggingagjaldið var hækkað. Eignarskattar voru lækkaðir um helming. Þetta var aðgerðin. Hún skilaði sér þannig: Fyrirtæki, atvinnureksturinn á höfuðborgarsvæðinu, græddi á þessari aðgerð 3.000 millj. kr., 3 milljarða í skattalækkun. Skattalækkun á tveimur stöðum. Hækkunin var í tryggingagjaldinu. Í Vestmannaeyjum hins vegar sem er sérskattumdæmi þá hækkuðu skattar á lögaðila vegna þessara aðgerða um hátt í 30 millj. kr., ef ég man rétt, 20–30 millj. kr. Í tveimur öðrum landsbyggðarkjördæmum, Norðausturkjördæmi og Norðvesturkjördæmi, var þetta nokkurn veginn á núlli, 2–4 millj. kr. sem skipta ekki máli. Hvað finnst hv. þingmanni um slíkar skattkerfisbreytingar? Eru þær sanngjarnar gagnvart atvinnulífinu í landinu? Er gætt jafnræðisreglu í svona skattkerfisbreytingu?

[00:34]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður sagði mér frá þessu áðan. Ég var að reyna að fá upplýsingar um þessar 35 millj. kr. en það er alveg ljóst að tryggingagjaldið er lagt á launin og þá eru kannski laun mikil og þetta kemur þá niður hjá þeim sem borga há laun og vonandi að hagnast mikið. Það er ljóst. Þetta hlýtur að koma þá á móti inn í bæjarkassann. En það er mikil sveifla í tekjuskatti fyrirtækja ef við tökum Vestmannaeyjar sem dæmi. Við erum búin að upplifa það síðustu 10 ár að stærstu fyrirtæki sem hafa verið með fleiri hundruð manns í vinnu hafa verið rekin með tapi, hafa lent í að þurfa að breyta skuldum í hlutafé, fara í nauðasamninga og eru búin að ná sér upp aftur. Gott dæmi um það er Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum. Þar hefur gengi hlutabréfa rokið upp þannig að tekjuskattur skilar sér líka ef svona fyrirtæki ganga vel sem eru mjög stór og hafa mikil áhrif á skatta á viðkomandi stað. Þetta er stærsta málið, finnst mér.

[00:36]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður svaraði ekki spurningu minni um þetta dæmi sem ég tók. Ég spurði einfaldlega: Er sú skattkerfisbreyting sem ég lýsti og finnst í þingskjölum sanngjörn gagnvart atvinnurekstri á höfuðborgarsvæðinu á móti landsbyggðinni? Er gætt jafnræðissjónarmiða við þessa skattkerfisbreytingu?

Aðra spurningu, virðulegi forseti, langar mig að leggja fyrir þingmanninn sem ég ræddi um og ég hlustaði á. Hún er varðandi þá lækkun eignarskatta sem koma fram í því frumvarpi sem við erum nú að ræða, þ.e. um lokaniðurfellingu í eignarskattinum. Ég fjallaði um það í ræðu minni að þetta eru 1.700 millj. kr. á höfuðborgarsvæðinu en 120–130 millj. kr. í hverju landsbyggðarkjördæminu. Er þarna líka verið að gæta jafnræðis eða hefði verið ástæða til þess, virðulegi forseti, að landsbyggðarþingmennirnir í stjórnarflokkunum sýndu dug og berðust fyrir landsbyggðina þannig að á fólk þar hefðu verið lækkaðir verstu skattarnir, landsbyggðarskattarnir, sem lagðir eru þar á?

En spurning mín, virðulegi forseti, til hv. þingmanns er eingöngu þessi: Var jafnræðis gætt við breytingar á skattkerfi lögaðila og er jafnræðis gætt nú þegar verið er að leggja niður restina af eignarsköttunum?

[00:37]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurt er hvort jafnræðis sé gætt. Tekjuskattsbreytingar ríkisins ganga jafnt yfir alla landsmenn. Þar er jafnræðis gætt.

Varðandi eignarskattinn þá er alveg ljóst að hann er að detta út og þar gildir það sama fyrir alla landsmenn. Menn borga ekki eignarskatt á eftir. En hann er töluvert hærri á Reykjavíkursvæðinu. Við getum alveg eins tekið dæmið í hina áttina og nefnt fasteignagjöld. Landsbyggðin borgar lægri fasteignagjöld af því að fasteignamat er langtum lægra úti á landi. Mér finnst þetta bara snúast um það að það eigi að hætta að greiða eignarskatt hvar á landinu sem menn búa. Það er stóra málið. Öll fyrirtæki borga sama tekjuskatt. Það er jafnræðisregla. En álögur eru misjafnar hjá sveitarfélögum og þau hafa ákveðna valkosti um hámark og lágmark í gjaldamálum sínum.

[00:38]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er senn að ljúka umræðu um skattamál og þá stefnumörkun sem ríkisstjórnin hefur markað í skattamálum til ársins 2007 sem mun auka kaupmátt alls almennings allverulega. Umræðan hefur verið nokkuð fróðleg en jafnframt villandi þar sem stjórnarandstaðan hefur reynt að draga upp allt aðra mynd af áformum ríkisstjórnarinnar, en þar tala staðreyndir sínu máli.

Mig langar í örstuttu máli og stuttri ræðu minni að fara örstutt yfir þau áform sem ríkisstjórnin hefur um skattalækkanir. Þó það hafi komið oft fram í dag þá virðist það því miður bera við að stjórnarandstaðan kemur jafnharðan upp og málar allt aðra mynd úr þessum ræðustóli og talar allt annað tungumál en við stjórnarliðar.

Í fyrsta lagi er um að ræða lækkun eða afnám eignarskattsins. Það er aðgerð sem bætir sérstaklega hag eldri borgara í landinu. Um helmingurinn af lækkun eignarskattsins rennur til eldri borgara, þjóðfélagshóps sem er með 1,5 millj. kr. í laun á ári eða minna. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa talað eins og að um milljarðamæringa sé að ræða þegar talað er um þetta gamla fólk, að þetta fólk búi í höllum úti í bæ. (**Gripið fram í:** Hvað með matarskattinn?) Það er bara rangt. Staðreynd málsins er að eldra fólk býr oftar en ekki í skuldlausu húsnæði. (**Gripið fram í:** Hvað með matarskattinn?) Hér úti í bæ býr eldri kona í þriggja herbergja íbúð sem er engin höll. Ég vil að það komi hér fram því hv. stjórnarandstæðingar tala þannig að halda mætti að allt þetta eldra fólk búi í einhverjum höllum út um allan bæ. En þessi eldri kona sem býr í þriggja herbergja íbúð sem er 15 millj. kr. virði ... (**Gripið fram í:** Er hún í ríkisstjórninni?) Ég vil biðja hv. þingmann að gefa mér örlítið svigrúm. (Gripið fram í.) Hún býr í 15 millj. kr. íbúð, þriggja herbergja íbúð. Ég veit ekki hvort stjórnarandstaðan vill kalla það höll. Hvað borgar sú kona á ári í eignarskatt (**Gripið fram í:** ... alltaf að tala um eldri konur?) sem er með milljón kr. í árstekjur? (Forseti hringir.)

(**Forseti** (JBjart)**:** Nú sér forseti ástæðu til að biðja hv. þingmenn um að gæta hófs í frammíköllum og leyfa hv. þingmanni að halda ræðu sinni áfram ótrufluðum.)

Ég þakka, hæstv. forseti. En ég var að tala um þessa eldri konu, frú forseti, sem hefur einungis um milljón kr. í árstekjur. (Gripið fram í.) Það getur vel verið að hv. stjórnarandstöðu finnist það vera góðar tekjur. En hvað erum við að bæta tekjur þessarar konu um mörg prósent á ári? Þessi kona borgar 60 þús. kr. á ári í eignarskatt af íbúð (Gripið fram í.) sem hún hefur eignast af sínum eigin launum sem hún hefur þegar borgað skatt af. Það eru 60 þús. kr. fyrir þessa eldri konu. Stjórnarandstaðan leggst gegn þessu sem er miður og ég mun fara nánar út í tillögur stjórnarandstöðunnar í skattamálum í minni stuttu ræðu á eftir.

Við höfum líka ákveðið að hækka barnabætur um 2.400 millj. kr. Það var kosningamál Framsóknarflokksins fyrir síðustu kosningar að miða að því að stórhækka barnabætur. Þessar barnabætur munu sérstaklega gagnast lágtekjufólki og millitekjufólki. En hér talar hv. stjórnarandstaða um að þessar tillögur munu eingöngu gagnast þeim sem meiri hafa tekjurnar. Þetta er bara ekki réttur málflutningur og það versta er að hv. stjórnarandstæðingar vita að þeir fara með rangt mál því að staðreyndirnar tala sínu máli. 2.400 millj. munu sérstaklega renna til lágtekjufólks og millitekjufólks, (**Gripið fram í:** Á næsta ári?) sérstaklega.

Í þriðja lagi stefnir ríkisstjórnin að því að lækka tekjuskattsprósentuna um 4%. Hvaða áhrif hefur slík lækkun tekjuskattsprósentunnar á persónuafsláttinn? Hún hækkar persónuafsláttinn um 15 þús. kr. og ég veit ekki betur en að fyrir síðustu alþingiskosningar hafi sumir stjórnmálaflokkar lofað íslenskum almenningi 10 þús. kr. hækkun á persónuafslætti. Hér erum við að hækka persónuafsláttinn um 15 þús. kr. og þvílíkt óréttlæti og þvílíkur ójöfnuður. Því miður er öllu snúið á haus í þessari umræðu. Hverjum mun þessi 4% skattalækkun gagnast einna helst? Jú, ungu skuldsettu fólki sem er að koma úr kostnaðarsömu námi, þarf að vinna mikið og þarf að hafa há laun. Hv. þingmenn tala um jaðarskattana, að við verðum að eyða jaðarsköttunum. Við erum

akkúrat að eyða jaðarsköttunum á þessum hópi með þessari aðgerð. Svo koma hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, lesa hér upp úr Frjálsri verslun og tala um 200 einstaklinga. Það mætti stundum halda að stjórnarandstaðan sé að leggja til að setja sér skattalög á 200 tekjuhæstu mennina í landinu, að eitthvað annað eigi að gilda um þá en hinn almenna borgara. Slíkur málflutningur gengur ekki. Við erum fyrst og fremst að þjóna mjög stórri heild, millitekjufólkinu í landinu, með lækkun á tekjuskattsprósentu. En því miður hefur stjórnarandstaðan í þessari umræðu alfarið lagst gegn þessari lækkun á tekjuskattsprósentunni og það er miður.

Hæstv. forseti. Í tengslum við þessa umræðu talar hv. stjórnarandstaða um niðurskurð í heilbrigðis- og velferðarkerfinu. Það er alveg sama hversu oft við hv. stjórnarliðar komum hér upp og segjum að í langtímaáætlun í ríkisfjármálum sé gert ráð fyrir 3% raunaukningu til heilbrigðis- og menntamála fram til ársins 2008. Það er stefnumið ríkisstjórnarinnar. En þá koma hv. þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingar og tala um niðurskurð í velferðarþjónustunni, niðurskurð í framlögum til velferðarmála. Þetta er rangt. Framlög til velferðarmála munu aukast að raungildi um 5% á næsta ári og ég fullyrði að aldrei hefur verið lögð jafnmikil áhersla á velferðarkerfið og í tíð núverandi ríkisstjórnar. Við höfum aldrei varið eins miklum fjármunum til velferðarkerfisins. Það hefur engin ríkisstjórn staðið sig betur í fjárframlögum til slíkra málaflokka en núverandi ríkisstjórn. Og alltaf stendur upp úr hv. stjórnarandstæðingum: Hægri mennirnir í Sjálfstæðisflokknum og B-deildin í Sjálfstæðisflokknum. Framsókn fylgir með.

Ætlast hv. stjórnarandstaða til að hægt sé að taka slíkan málflutning alvarlega? Það er ósköp eðlilegt að allt venjulegt fólk í samfélaginu sé farið að sjá í gegnum þannig málflutning. Það er alltaf á móti öllu, það er allt svo ómögulegt, það er alltaf allt að springa í efnahagskerfi þjóðarinnar. En þessi ríkisstjórn hefur ríkt í 10 ár og hún hefur staðist þetta próf fram á þennan dag, reyndar með því að taka stundum óvinsælar ákvarðanir. Ég hef orðið var við að þegar þrýstihópar fara af stað í þjóðfélaginu, þá stekkur stjórnarandstaðan til og hleypur eftir kröfum þeirra. Stjórnarandstaðan gagnrýnir líka niðurskurð í vegamálum. Það er alveg rosalegt að við skulum vera að skera niður eða fresta framkvæmdum í vegamálum. Svo kemur hver stjórnarandstæðingurinn á eftir öðrum og talar um aðhald í ríkisfjármálum og að menn þurfi að gæta stöðugleikans. Þvílíkur málflutningur út og suður. Það er ekki hægt að (Gripið fram í.) bjóða hv. þingmönnum á Alþingi slíkt. Við hljótum að fara fram á að menn tali einni röddu, að stjórnmálaflokkar hafi ákveðna stefnu, m.a. í skattamálum sem við ræðum hér. Og mig langar að koma örlítið að stefnu stjórnmálaflokkanna í þessum málum og þá sérstaklega stjórnarandstöðunnar, en það má Vinstri hreyfingin – grænt framboð eiga að hún er samkvæm sjálfri sér í öllum málflutningi sínum. Þeir hafa ekki hnikað af sinni braut í því að ekki beri að lækka skatta, telja jafnvel að frekar ætti að hækka skatta til að standa vörð um velferðarkerfið. Þannig er málflutningur þeirra.

Hæstv. forseti. Hver er svo málflutningur Samfylkingarinnar, þessa ábyrga stjórnmálaafls? (**ÖS:** Lækka matarskattinn.) Jú, það er rétt sem hv. formaður Samfylkingarinnar kallar hér fram í, það er víst stefna Samfylkingarinnar að lækka matarskattinn um 7% á næsta ári, (Gripið fram í.) strax á næsta ári, segir hv. formaður Samfylkingarinnar. Það eru bara 5 þúsund millj. Hvað vill svo Samfylkingin gera til viðbótar því? Ég vek athygli hv. þingmanna á því að hinn sami formaður Samfylkingarinnar treysti sér varla til að fara í nokkrar skattalækkanir þegar skattafrumvarpið var kynnt. Það væri varla tímabært miðað við núverandi ástand.

Hálfum mánuði síðar eru hv. þingmenn Samfylkingarinnar komnir með tillögu um 5 þús. kr. lækkun á matarskattinum, strax á næsta ári. 2.400 millj. í hækkun barnabóta. Reyndar eru það ekki bara 2.400 millj. því að núverandi barnabótakerfi miðast við 16 ára aldur, en hv. Samfylking gerir enn betur. 18 ára aldur skal það vera, ætli það séu ekki svona 2.600–2.700 millj. svo ég slái á einhverja tölu. Þá erum við komnir, hv. þingmenn, upp í 7.600 millj. í skattalækkun strax á næsta ári.

Síðan hefur Samfylkingin aldeilis kúvent í afstöðu sinni til eignarskattsins. Það kom ekki til greina að Samfylkingin samþykkti tillögu stjórnarflokkanna hvað það varðar. En nú er Samfylkingin allt í einu hrokkin í baklás og komin með tillögu um að setja ákveðin eignamörk á eignarskattinn og trúlega mun sú tillaga kosta um 1.000 millj., hafi ég skilið málflutning Samfylkingarmanna rétt. En það er kannski eins og margt annað í þessu að hér er ekkert áþreifanlegt þó að Samfylkingin ætli nú aldeilis að þjóna íbúum landsins, í allri umræðunni um að stöðugleika vanti í íslensku þjóðfélagi. Hún hefur lagt til um 9 millj. kr. skattalækkun á næsta ári, strax á næsta ári, en fjargviðrast svo úr ræðustóli Alþingis um að ástandið í efnahagsmálum sé ótryggt. Hvar er trúverðugleikinn?

Í 1. umr. um skattamál á Alþingi kom ekkert fram hjá Samfylkingunni um að hún ætlaði að verja einhverjum fjármunum til þess að lækka eignarskattinn. Svo heyra hv. þingmenn Samfylkingarinnar umræðuna í þjóðfélaginu, hve þetta sé ósanngjarnt, m.a. gagnvart eldri borgurum. Þá er ekkert mál að ákveða nú þegar að verja einum milljarði til að lækka eignarskattinn strax á næsta ári, alveg óháð stöðunni í efnahagslífi þjóðarinnar.

Hæstv. forseti. Í dag hefur jafnframt komið ný tillaga frá Samfylkingunni í skattamálum, frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem er því miður ekki hér nú. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir tók eilítið undir það í ágætri ræðu sinni í kvöld sem var mjög lágstemmd og að mörgu leyti málefnaleg ræða, en inntak í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur var að ríkisstjórnarflokkarnir hefðu lækkað skatta á fyrirtækin í landinu á kostnað lágtekjufólksins. Þó hafa skattgreiðslur til ríkissjóðs margfaldast frá þessari breytingu. Það er alveg ljóst samkvæmt þessum málflutningi að Samfylkingin, eða a.m.k. hluti af henni vill hækka skatta á fyrirtækin í landinu. Trúlega mun einhver hv. þingmaður koma upp á eftir og mótmæla þessari fullyrðingu en með þeim hætti talaði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir í dag, að lágir skattar á fyrirtækin í landinu bitnuðu á lágtekjufólkinu. (**JGunn:** Sagðist hún ætla að hækka þá?)

Ég spyr hæstv. forseta, ætlast kannski ekki til að svar komi: Hvernig á að túlka svona orð? Er verið að tala upp í eyrun á ákveðnum þjóðfélagshópi? Hvað á svona málflutningur að þýða? Ég túlka þennan málflutning á þann veg að

hv. þingmaður leggi til að við hækkum skatta á fyrirtækin í landinu og væntanlega eigi þeir fjármunir að renna í aðra vasa.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristján Möller, sem því miður er ekki hér, talaði í ræðu sinni í kvöld um að það hefði verið sjálfgefið hvernig það svigrúm varð til sem nú gefur tilefni til þeirra ábyrgu skattalækkana sem ríkisstjórnin er að fara í — ekki þeirra óábyrgu skattalækkana sem Samfylkingin leggur til. Í fyrsta lagi ákvað ríkisstjórnin að fara í mjög umtalsverða atvinnuuppbyggingu á Austurlandi sem hefur aukið mjög hagvöxtinn í landinu.

Í öðru lagi höfum við mjög fastmótað sjávarútvegskerfi sem hefur getið af sér mörg mjög öflug sjávarútvegsfyrirtæki víða um land sem hafa skilað tugum milljarða til ríkissjóðs á umliðnum 10–15 árum. Við rekum arðbært fiskvinnslukerfi, sjávarútvegskerfi sem skilar hagvexti í þjóðarbúið.

Hæstv. forseti. Hvernig var það með þessi tvö mál sem hafa að miklu leyti knúið áfram hagvöxtinn í íslensku samfélagi? Jú, Vinstri grænir voru mjög einarðlega á móti uppbyggingu stóriðju á Austurlandi og hafa bent á ákveðin ruðningsáhrif, ákveðnar aðgerðir sem ríkisstjórnin þarf trúlega að bregðast við í kjölfarið af, svo sem með frestun vegaframkvæmda og öðru slíku. Samfylkingin hafði þrjár skoðanir á málinu. Hún var með, hún sat hjá og hún var á móti. Hæstv. forseti. Ég spyr því hv. þingmenn í þessum sal: Hver væri staðan í dag ef þessir þingflokkar, Vinstri grænir og Samfylking hefðu verið við völd á síðasta kjörtímabili? Værum við að horfa á einhverja uppbyggingu í stóriðju á Austurlandi? Ég er ansi hræddur um ekki. Værum við að horfa á að við byggjum við núverandi sjávarútvegskerfi? Alveg örugglega ekki.

Fyrir síðustu kosningar lofuðu þessir flokkar að þeir ætluðu að fara svokallaða fyrningarleið sem var reyndar mjög mismunandi á milli flokkanna. En við verðum að gefa okkur það að hefðu þeir náð meiri hluta fyrir síðustu alþingiskosningar þá hefðu þeir náð einhverjum málamiðlunum um 5 eða 7% fyrningu á kvóta íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Hvaða áhrif hefði það haft á efnahagslíf landsins? (**PHB:** Almáttugur.) Almáttugur. Ég tek undir orð hv. þm. Péturs Blöndals. Almáttugur. Og vegna umræðunnar sem ég átti áðan við hv. þm. Kristján L. Möller, spyr ég hv. þingmenn Samfylkingarinnar: Hver er stefna Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum? Það er mjög mikilvægt að íslensk þjóð viti hver stefna Samfylkingarinnar er í sjávarútvegsmálum.

Ég fór í andsvar við hv. þm. Kristján L. Möller áðan og spurði hv. þingmann þessarar spurningar í tvígang. Hv. þingmaður gaf mér engin svör. Ég hef reyndar áður farið í andsvör við hv. þingmann um sama málefni og ég hef ekki heldur fengið svör. (Gripið fram í.) En þannig er það nú. Ég ætlast til, þar sem ég sé hér í hliðarherbergi hv. formann Samfylkingarinnar, þann ágæta mann Össur Skarphéðinsson, að hann komi upp í andsvar og svari því hver stefna Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum sé, því hún er nokkuð óljós, en það er kannski ekki það eina sem er óljóst í stefnu Samfylkingarinnar. Við erum að tala um undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar og síðan erum við að tala um skattamálin í mjög víðu samhengi en ég held að það væri mjög viðeigandi að við fengjum útlistanir hv. þingmanna Samfylkingarinnar á stefnu þeirra í sjávarútvegsmálum.

Hæstv. forseti. Það hefur mikið verið ráðist á okkur hv. þingmenn stjórnarliðsins vegna árangurs okkar í barnabótum. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og fleiri segja að við eigum að skammast okkar fyrir árangur okkar í barnabótunum. Hvað gerðist á árunum 1991–1995? Barnabætur lækkuðu um 12%. (Gripið fram í.) Ég bið hv. þingmenn um að sýna ró í salnum. Það er erfitt að hlusta á þennan sannleik en þetta fólk á sér fortíð, það er svo skrýtið. Barnabætur lækkuðu um 12% á því tímabili, um 1.000 millj. á þessum fjórum árum. Í hvers lags árferði var það? Þá var kreppa. Þá var tekjusamdráttur hjá íslenskum heimilum og maður hefði haldið að þá hefðu stjórnvöld átt að standa sig í stykkinu og a.m.k. hjálpa barnafjölskyldum með því að láta framlögin í það minnsta standa óbreytt. Síðan kemur Samfylkingin hér og gagnrýnir okkur fyrir tímabilið 1995–2003 (Gripið fram í.) þar sem reyndar vantar upp á 1.000 millj. að raungildi, ég viðurkenni það. (**Gripið fram í:** 10 milljarða.) En í hvers lags umhverfi er það? Í því umhverfi að það er 40% kaupmáttaraukning í íslensku samfélagi. Og barnabæturnar munu fyrst og fremst að skila sér til þeirra sem þurfa á þeim að halda, lágtekjufólks og neðri hluta millitekjufólks. En Samfylkingin vill fara einhverja allt aðra leið þannig að allir fái jafnt. Tekjuskerðingar eru bannorð í munni hv. þingmanna Samfylkingarinnar. En hvernig vilja þeir ná fram jöfnuði? Því miður höfum við ekki fengið nein svör í þessari umræðu og það er þannig að málflutningur Samfylkingarinnar í skattamálum er út og suður, hefur einkennst af eintómum yfirboðum og engu öðru, en það þýðir ekki að slá þannig ryki í augu fólksins í landinu. Fólk sér betur. Þetta er óábyrgur málflutningur hjá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar.

[00:59]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er með hálfum huga að ég kem upp í andsvar við hv. þm. Birki Jón Jónsson vegna þess að mér hefur virst það þýða lítið þegar búið er að læra frasana utan að og ekki er hlustað á eitt eða neitt af því sem fram kemur í umræðum, þá hefur það kannski lítinn tilgang að koma í andsvar við hv. þingmann.

Þegar ég gekk hér upp var ég búinn að setja mér að ráðast ekki á hv. þm. eins og hann virtist óttast að þingmenn mundu gera, en þó verð ég að segja að mér þótti ansi hart hvernig þingmaðurinn fór rangt með orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrr í dag um skatt á fyrirtæki. Ég hlýddi á þá ræðu og gat ekki heyrt að hún hefði á nokkrum stað í ræðu sinni minnst á að hækka þyrfti skatta á fyrirtæki. Þegar ég kallaði fram í hjá hv. þingmanni og leiðrétti hann sagði hann að það væri sín túlkun. Þetta er akkúrat það sem við höfum oft á tíðum orðið vitni að með þennan hv. unga þingmann Birki Jón Jónsson að hann túlkar hlutina oft ansi frjálslega, hvort sem það má þá vera eitthvað sem við köllum Siglufjarðartúlkun eða hvað það er.

Aðeins varðandi eignarskatta vegna þess að hann sagði að við í Samfylkingunni hefðum breytt afstöðu okkar til eignarskatta og hann fór með hugljúfa ræðu um eldri konu í þriggja herbergja íbúð, sem vel getur verið að hann hafi hitt og átt orðastað við. Mig langar að spyrja hv. þingmann:

Kemur það ekki á sama stað niður fyrir þessa eldri konu ef fríeignamarkið yrði hækkað, yrði þrefaldað, t.d. þannig að fríeignamarkið yrði 50 millj. fyrir einstaklinga og 30 millj. fyrir hjón, kæmi þá ekki í sama stað niður fyrir þessa öldruðu konu að hún greiddi engan eignarskatt eftir það? Telur hv. þingmaður það eðlilegt og sjálfsagt að við lækkum eignarskatt á lögaðila um 1.362 millj. á sama tíma og ekki er hægt að ráðast í hækkun barnabóta á næsta ári?

[01:01]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er mjög athyglisvert. Stefna Samfylkingarinnar í skattamálum er að skýrast örlítið. Ég vil lesa úr minnihlutaáliti sem hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson skrifa undir þann 8. desember árið 2004, og bendi hv. þingmönnum á að nú nýlega er kominn 10. desember. Minnihlutaálitið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. minni hluti vill setja í forgang að lækka matarskattinn um helming. Slík lækkun kemur öllum vel, sérstaklega fólki með meðaltekjur og lágar tekjur. Auk þess hefur slík aðgerð jákvæð áhrif á neysluvísitöluna sem mun lækka um 0,8%. 1. minni hluti leggur líka megináherslu á að hækka barnabætur strax og að þær verði greiddar til 18 ára aldurs barna. Sömuleiðis telur 1. minni hluti rétt að skoða" — ég legg áherslu á það við hv. þingmenn — „verulega hækkun fríeignamarka í eignarskatti einstaklinga sem komi strax til framkvæmda."

Þann 8. desember sl. vildu hv. þingmenn Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd skoða hvort þeir ættu að hækka fríeignamarkið í eignarskatti. Nú er nýkominn 10. desember og þeir hafa tekið ákvörðun um að eyða til þess trúlega yfir 1.000 millj. en peningarnir eru ekki lengi að verða til hjá Samfylkingunni.

Að öðru leyti stend ég við það sem ég sagði áðan að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði fyrr í dag að lækkun tekjuskatts á fyrirtækin í landinu hefðu bitnað á lágtekjufólki. Svo getur hver sem er lesið út úr þeim orðum hvað hv. þingmaður meinti.

[01:03]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Enn kemur hinn ungi hv. þm. Birkir J. Jónsson upp og það skín í gegn að hann gefur sér ekki tíma til að lesa þingskjöl í gegn eins og minnihlutaálit áður en hann kemur upp í umræðu.

Í niðurstöðu 1. minni hluta kemur fram að rétt sé að skoða verulega hækkun fríeignamarks eins og hv. þingmaður las upp. Ef hann hefði lesið kaflann í nefndarálitinu um lækkun eignarskattsins hefði hann séð hvað liggur þar á bak við. Það sem liggur á bak við er að 1. minni hluti fékk ekki upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu um hvaða áhrif það hefði ef fríeignamörkunum yrði lyft. Gengið var eftir því á hverjum einasta klukkutíma í gærdag að fá útreikninga á þessu því við getum aðeins snúið okkur til fjármálaráðuneytisins með þetta eftir að Þjóðhagsstofnun var lögð niður. Við fengum ekki útreikningana og því segir í álitinu og ég held að rétt sé að ég fái að lesa það þó tíminn sé stuttur, með leyfi forseta:

„Ekki gafst tími til að kanna það misræmi sem er á áðurnefndum upplýsingum" — þá er verið að tala um upplýsingar frá fjármálaráðuneytinu annars vegar og ríkisskattstjóra hins vegar um áhrif eignarskattsbreytingar — „og áskilur 1. minni hluti sér rétt til að óska eftir því að málið verði skoðað sérstaklega af efnahags- og viðskiptanefnd milli 2. og 3. umr. þannig að öllum vafa verði eytt um það hverjir hagnast sérstaklega af afnámi eignarskattsins."

Þetta liggur á bak við það að ætla sér að skoða hvaða áhrif það hefði að lyfta frítekjumörkunum. Telur hv. þingmaður ekki eðlilegt að þegar ekki fást upplýsingar um hvaða áhrif þetta hefur og hvaða krónutala mundi liggja á bak við þær tillögur sem fram yrðu lagðar að menn vilji skoða það á milli umræðna og fá þá útreikninga til að geta lagt fram tillögur sem byggja á krónutölu?

Að öðru leyti ætla ég ekki að elta ólar við það sem þingmaðurinn sagði. Eins og ég sagði í upphafi fór hann með sömu frasa og maður hefur heyrt hann fara með undanfarna daga um tekjuskattslækkanirnar sem hann kallar svo en við höfum leyft okkur að kalla hækkanir, vegna þess að þær eru virkilegar hækkanir.

[01:05]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þeirra frasa sem hv. þingmaður sagði mig fara með milli umræðna, þá held ég að það sé betra að maður tali í svipuðum dúr, sama hvort það er við 1. eða 2. umr., en þannig er það ekki í Samfylkingunni. Áherslur og annað slíkt breytast á milli umræðna. Það kom ekkert fram hjá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar í 1. umr. hvað varðar hækkun fríeignamarksins í eignarskatti. Þetta dettur inn á milli 1. og 2. umr. í því nefndarstarfi sem hv. þingmenn hafa örugglega unnið ágætlega í eins og ég nefndi áðan.

Hæstv. forseti. Staðreynd málsins er sú og við getum dregið umræðuna saman í mjög stutt mál. Ríkisstjórnin leggur til skattalækkun upp á 4–5 þús. millj. á næsta ári. Samfylkingin hefur aftur á móti ákveðið að toppa ríkisstjórnarflokkana og hafa þá upphæð 70%–90% hærri. Það á aldeilis að ganga í augun á almenningi en mér væri ekki rótt ef þessi flokkur færi með stjórnartaumana í landinu miðað við hvað hann þarf að því er virðist lítinn tíma til að ákveða skattalækkanir upp á þúsundir milljóna. Þannig er Samfylkingin samansett í dag, því miður.

[01:07]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Við höfum rætt hér tekju- og eignarskattsfrumvarp síðan í gær. Það var mikill gleðidagur fyrir okkur mörg í þinginu en nú er kominn nýr gleðidagur og við klárum væntanlega frumvarpið á þessum sólarhring. (Gripið fram í.) Margar ræður hafa verið haldnar og margt hefur komið fram í þessari löngu umræðu. Það sem gerði það að verkum að ég vildi koma upp og lengja örlítið umræðuna var ræða hv. þm. Kristjáns L. Möllers.

Hv. þingmaður ræddi um tekju- og eignarskattsfrumvarpið og tengdi það landsbyggðinni. Hann kallaði upp þingmenn af landsbyggðinni og vildi heyra sjónarmið þeirra varðandi frumvarpið. Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt

að verða við því að ræða svolítið við hv. þm. Kristján L. Möller um landsbyggðartenginguna.

Fram kom í ræðu hans að eignarskattarnir kæmu landsbyggðinni lítið við, þeir væru fyrst og fremst í Reykjavík. Reyndar bætti hann við: Þar sem afætur þjóðfélagsins eru. En hvað er að gerast í þjóðfélaginu? Hvað er að gerast í dag á þessum gleðidögum þegar við höfum efni á því að fara í umfangsmestu skattalækkanir sögunnar. Við greiðum mikinn arð til fólksins í landinu, vegna þess að atvinnuvegirnir standa vel, ríkissjóður stendur vel og svo ekki síst það sem ég vil koma sérstaklega inn á varðandi landsbyggðina að við stöndum fyrir umfangsmestu, stærstu og mestu framkvæmdum á Austurlandi sem nokkru sinni hefur verið farið í. Austurland er á landsbyggðinni og hvaða áhrif skyldi þetta hafa á aðra fjárfestingu á Austurlandi? (**Gripið fram í:** Í hvaða kjördæmi?) Það er í kjördæmi hv. þm. Kristjáns L. Möllers, Norðausturkjördæmi. Nú þegar eru hafnar gríðarlegar framkvæmdir aðrar en bygging virkjunarinnar og aðrar framkvæmdir en álverið eru að fara í gang. Hvað þýðir þetta fyrir Austurland? Hvað þýðir þetta fyrir landsbyggðina? Það þýðir að íbúðaverð hækkar á þessum svæðum. Það er að fara feiknarlegt fjármagn á svæðin, það er að verða gríðarleg gróska og mikil atvinnuuppbygging. Efnahagurinn á svæðinu stórvex og að koma svo upp og segja að ekkert sé að gerast á landsbyggðinni, skattabreytingarnar skipti engu máli. Allar eignir fólksins sem býr m.a. á Austurlandi verða eignarskattsfríar. Það verður enginn eignarskattur. Eftir morgundaginn verða lögin um eignarskatt sett á Þjóðminjasafnið. Þau virka ekki lengur.

Hv. þingmanni var tíðrætt um flutningskostnað og það er vissulega mál sem við þurfum að huga að. En einmitt á Austurlandi kann svo að fara, í tengslum við þær miklu framkvæmdir sem þar standa yfir og munu standa yfir á næsta ári, að aðföng og aðdrættir af þeim landshluta verði ódýrari en jafnvel til höfuðborgarsvæðisins, sem er alæta landsbyggðarinnar að mati hv. þingmanns. Verið er að flytja feiknamikið inn af vörum, vélum og þjónustu beint á hafnirnar á Austurlandi. Það er mun ódýrara ef það kemur frá Evrópu en að flytja það á Reykjavíkursvæðið. Þetta stóreflir því atvinnuuppbyggingu á Austurlandi og mun skila því svæði og allri landsbyggðinni miklum hagvexti.

Ég get nefnt Suðurkjördæmi, kjördæmið sem ég kem úr. Það eru vissulega ekki stóriðjuframkvæmdir á því svæði en samt sem áður eru miklar framkvæmdir á tilteknum svæðum. Það hafa til að mynda aldrei verið jafnmiklar framkvæmdir í Árnes- og Rangárvallasýslu en einmitt á yfirstandandi ári, aldrei nokkurn tíma í sögunni. Það er mikil gróska. Menn tala um það í ræðum að fólk sé að flytja af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Þetta er bara alrangt. Fólk er að flytja af stórhöfuðborgarsvæðinu á Suðurlandið í stórum stíl, er að byggja sig þar upp, byggja atvinnuvegi og byggja húsnæði og hyggst búa á því svæði. Akstur á milli Stór-Reykjavíkursvæðisins og Stór-Árborgarsvæðisins er gríðarlegur, það eru á milli 6–7 þús. bílar daglega. Það slagar upp í Reykjanesbrautina. Það eru orðnir svo miklir fólksflutningar á milli dags daglega á þessu svæði.

Herra forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til að ræða þetta mál og benda á að við, þingmenn landsbyggðarinnar, megum vara okkur á því að tala ekki landsbyggðina niður í kuldann og út af borðinu. Við eigum að tala kjark í fólk sem býr á landsbyggðinni og við eigum að trúa á landsbyggðina og tala þannig að þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu skilji það og viti að það er að mörgu leyti ódýrara og betra að búa á landsbyggðinni.

Hv. þingmaður ræddi um atvinnuháttabreytingu sem hann nefndi svo í landbúnaði og sjávarútvegi og kenndi stjórnvöldum um hvernig farið hefði í þeim höfuðatvinnugreinum landsmanna, að þær væru að hrynja niður. Ég verð að spyrja: Þekkja menn landsbyggðina ekki það vel til að vita að orðið hafa gríðarlegar tækniframfarir og vélvæðing í þessum höfuðatvinnugreinum? Framfarir í fiskveiðum gera það að verkum að það þarf færri menn, minna vinnuafl, fiskurinn kemur meira unninn að landi. Í landi er vinnslan miklu tæknivæddari og vélvæddari en nokkru sinni fyrr. Það er fyrst og fremst þetta sem hefur haft gríðarleg áhrif á vinnustrúktúrinn og uppbygginguna á landsbyggðinni. Landbúnaðurinn hefur verið í þróun í mörg ár. Talað hefur verið um að á Suðurlandi fækki mjólkurframleiðendum um 40–50 á ári allt frá 1960. Þetta er stöðug þróun sem sér ekki endilega fyrir endann á. Auðvitað eru þetta miklar breytingar en það er ekki stjórnvöldum að kenna að menn hætta að handmjólka og fara að nota róbóta og það er ekki stjórnvöldum að kenna að menn salta ekki í tunnur eins og gert var á Siglufirði forðum. Þetta er bara ný tækni og meiri arður sem við fáum út úr auðlindinni og m.a. þess vegna getum við nú farið út í þær umfangsmiklu skattalagabreytingar sem kynntar hafa verið á síðasta sólarhring.

Í umræðunni hefur jafnframt komið fram að tekjuskattur á fyrirtæki hafi lækkað undangengin ár, úr 50% í 30% og síðast í 18%. Við höfum breytt skattalöggjöf okkar þannig að þegar samningar um stóriðju voru síðast gerðir á Íslandi þá þurfti ekki að gera sérlög eins og gert var þegar álverið í Straumsvík var byggt. Þá þurfti að búa til sérlög, skattalög, fyrir þá framkvæmd og fyrir fyrirtækið sem rak þá stóriðju. Nú þarf þess ekki lengur með. Í landinu gilda almenn lög varðandi skatta þessara fyrirtækja og það er vel. Það er vegna þess að við höfum aðlagað skattkerfi okkar því besta sem gerist enda hefur það komið fram í umræðunni að við erum meðal tíu ríkustu þjóða heims. Það m.a. fleytir okkur áfram, herra forseti.

Eins og ég sagði áðan hefur margt komið fram við þessa umræðu en fyrst og fremst meiningarmunur stjórnar og stjórnarandstöðu. Samfylkingin þrástagast á hækkunum á gjöldum, frumvörpum um hækkun gjalda sem lögð hafa verið fram undangengna daga, gjöldum sem eru hækkuð og færð til samræmis við verðlag. Þetta skilja allir. Við erum hins vegar að lækka skatta til langs tíma og fella niður eignarskatt. Það mun fólk einnig skilja. Við skilum til hinna vinnandi stétta arði sem safnast hefur upp vegna mikils hagvaxtar í þjóðfélaginu og vel rekins ríkissjóðs. Fólkið í landinu, sem hefur staðið undir þeirri miklu vinnu, á svo sannarlega skilið að fá arðinn til baka. Við ættum að tala þannig til þessa fólks að það eigi að njóta hins mikla hagvaxtar.

Fólkið úti á landi á ekki síst skilið hrós frá okkur stjórnmálamönnum. Við eigum að tala kjark í landsbyggðina. Þar er gott að búa, eins og í Kópavoginum, og ekki síðra.

[01:19]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu og málefnalega að mörgu leyti. Hv. þingmaður talaði um sögulega skattalækkun og þá mestu í sögu íslenskrar þjóðar. Ég hef eiginlega aðeins eina spurningu til hv. þingmanns, og vísa þar til rits sem heitir „Stefna og horfur" sem gefið er út af fjármálaráðuneytinu og fylgdi fjárlagafrumvarpinu: Hv. þm. talaði um sögulegar skattalækkanir en hvernig skýrir hann þá að áðurnefnt rit lýsir því yfir að skatttekjur ríkisins muni aukast um næstum 7% á milli ára?

[01:20]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson veit munu lögin sem við ætlum að samþykkja í fyrramálið taka gildi á áföngum. Það er ljóst. Þær framkvæmdir og umsvifin í þjóðfélaginu sem ég lýsti áðan hafa það að segja í efnahag okkar að veltuaukningin í þjóðfélaginu verður gríðarleg, m.a. vegna mikilla framkvæmda á Austurlandi. Veltuaukning þjóðfélagsins skýrir þetta því að hluta og við notum m.a. hana sem rökstuðning fyrir því að hægt sé að fjármagna þá skattalækkun sem um er að ræða. Það er alveg ljóst.

Að hluta reiknum við síðan með fjármunum sem sparast hafa vegna niðurgreiðslna á erlendum lánum, sem talið er að séu um 11 milljarðar kr. á ári.

[01:21]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Er hv. þingmaður sannfærður um það sem hann sagði síðast? Talar hann þar af sannfæringu um að hann fari með rétt mál?

[01:21]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði í ræðu minni að það skipti máli fyrir þingmenn að tala með jákvæðni og bjartsýni til fólks í landinu. Ég er bæði jákvæður og bjartsýnn gagnvart því máli sem hér hefur verið lagt fram og er verið að ræða. Ég hef fulla trú á því, herra forseti, að þau mál gangi eftir sem hér hafa verið kynnt síðasta sólarhring.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 269. mál (heildarlög). — Þskj. 290, nál. 595, brtt. 596.

[01:23]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga.

Megintilgangur núgildandi laga um Lánasjóð sveitarfélaga er að stuðla að því að sveitarfélög á Íslandi geti útvegað sér eins hagstætt lánsfé og kostur er á hverjum tíma og er ekki lögð til breyting á því markmiði með þessu frumvarpi. Markmiðið með frumvarpi þessu er að laga rekstur sjóðsins að starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á almennum markaði. Verði frumvarpið að lögum mun sjóðurinn starfa á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og verður hann undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Mikilvægasta breytingin í frumvarpinu er brottfall núgildandi 5. gr. laga um Lánasjóð sveitarfélaga þar sem kveðið er á um árlegt framlag í sjóðinn frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga annars vegar og ríkissjóði hins vegar. Er þetta liður í því að laga rekstur sjóðsins eftir því sem kostur er að starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði. Með þessu er verulega dregið úr afskiptum ríkisins af stjórn og rekstri sjóðsins.

Með frumvarpinu falla ýmis önnur ákvæði gildandi laga brott. Helgast þetta af því að unnt er að einfalda lögin um sjóðinn allnokkuð þar sem gert er ráð fyrir að æðsta vald í málefnum sjóðsins færist til sveitarfélaganna. Auk þess munu áðurgreind lög um fjármálafyrirtæki gilda um starfsemi og skipulag sjóðsins. Því verður ekki þörf á ákvæðum í lög um sjóðinn sem mæla fyrir um stjórn, rekstur og útlánastarfsemi.

Með frumvarpinu er lagt til að hlutverk sjóðsins verði almennara en verið hefur hingað til en ákvæði 2. gr. núgildandi laga sem mælir fyrir um hlutverk sjóðsins er að nokkru leyti úrelt. Verði frumvarpið að lögum verður sveitarfélögum heimilt að veita lán bæði til stofnana og fyrirtækja sem eru að fullu í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Jafnframt verður heimilt að veita ábyrgð á lánum sveitarfélaga og stofnana eða félaga sem þau eru eigendur að, í stað lánveitingar.

Í 1. gr. gildandi laga um Lánasjóð sveitarfélaga kemur fram að sjóðurinn sé sameign allra sveitarfélaga á Íslandi og er ekki gerð breyting hvað þetta varðar í frumvarpinu. Nefndin telur mikilvægt að eignaraðild að sjóðnum verði skilgreind nákvæmar en nú er gert og að eignarhlutur hvers sveitarfélags fyrir sig verði skilgreindur. Slíka vinnu ætti að hefja sem fyrst og stefna að því að henni ljúki innan árs frá gildistöku laga þessara.

Nefndin leggur til þá breytingu á frumvarpinu að við ákvæði til bráðabirgða bætist tvær nýjar málsgreinar. Í þeirri fyrri er kveðið er á um að innan mánaðar frá gildistöku laganna skuli Lánasjóður sveitarfélaga sækja um starfsleyfi sem lánastofnun til samræmis við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Í þeirri síðari er lagt til að lögin verði endurskoðuð eigi síðar en við lok ársins 2008 í ljósi þróunar á íslenskum fjármálamarkaði.

Virðulegur forseti. Ég vil taka fram að hv. þm. Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur þessu áliti. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef gert grein fyrir og gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið skrifa auk mín hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, Jón Gunnarsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Helgi Hjörvar, Gunnar Örlygsson, Pétur H. Blöndal og Birkir Jón Jónsson.

[01:26]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Lánasjóður sveitarfélaga er samkvæmt lögum sameignarsjóður sveitarfélaga á Íslandi og hefur starfað undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar. Með þessu frumvarpi eru lagðar til eðlilegar breytingar til að aðlaga sjóðinn að almennum starfsskilyrðum fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði. Eftirleiðis mun sjóðurinn, eins og önnur fjármálafyrirtæki, falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins og fellur undir lög og reglur sem eftirlitið setur hverju sinni á grundvelli þeirra laga.

Megintilgangur sjóðsins er að útvega sveitarfélögum eins hagstæð lán og kostur er á á hverjum tíma. Þar með hafa sveitarfélög valkosti við lánsumsóknir. Þegar vaxtaumhverfi var annað og vextir hærri þá hafði Lánasjóður sveitarfélaga mjög hagstæð vaxtakjör. Stærri sveitarfélög gátu samt sem áður náð í hagstæðari lán annars staðar með stóru útboði en minni sveitarfélög sóttu mikið til lánasjóðsins og var töluverður munur á vaxtakjörum sjóðsins og vaxtakjörum bankanna á þeim tíma.

Virðulegi forseti. Lánasjóður sveitarfélaga hefur, miðað við árslok 2003, lánað sveitarfélögunum 9% af skuldum sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra.

Helstu kostir við þessar breytingar eru að jöfnunarsjóðurinn hættir að greiða árlegt framlag og möguleikar skapast á frekari framlögum sjóðsins til sveitarfélaganna. Málefni hans eru alfarið á hendi sveitarfélaganna sem kappkosta að ná sem bestum vaxtakjörum hverju sinni með útboði og fleiru og hafa samanburðarvalkost í lánasjóðnum.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur ekki orðið fyrir útlánatöpum og er eiginfjárstaða hans mjög sterk. Samtök banka og verðbréfafyrirtækja telja eðlilegt og í takt við tímann að leggja niður starfsemi Lánasjóðs sveitarfélaga. Í nefndaráliti félagsmálanefndar er lagt til að fundið sé út hver eignarhlutur hvers sveitarfélags sé í sjóðnum og þarf sú niðurstaða að liggja fyrir innan árs.

Virðulegi forseti. Við höfum mikið rætt um fjármál sveitarfélaga. Það verður mjög jákvætt þegar fyrir liggur hver eignarhlutur sveitarfélaganna er. Þá verður það sjálfstæð ákvörðun sveitarfélags hvort það vilji selja hlut sinn í sjóðnum. Tíminn verður að leiða í ljós hvort breytingar verða á rekstrarumhverfi sjóðsins og verður það undir eigendum hans komið. Sum sveitarfélög eru mjög skuldsett og kunna að sjá tækifæri á að lækka skuldir með því að selja hlut sinn í sjóðnum. Tíminn verður að leiða það í ljós en frumvarp þetta, hæstv. forseti, færir Lánasjóð sveitarfélaga í eðlilegt fjármálaumhverfi eins og aðrar fjármálastofnanir.

[01:28]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Örstutt. Lánasjóður sveitarfélaga starfar í dag og lánar út. Þessar breytingar breyta því í sjálfu sér ekki miklu. Í umræðunni um samkeppni sem undanfarið hefur átt sér stað verður hins vegar að líta til þess að Lánasjóður sveitarfélaga er ekki annað en samráð lántakenda á markaði um að ná betri kjörum. Þetta er samráð, nákvæmlega eins og samráð olíufélaganna. Því ber að gjalda varhuga við því, sérstaklega þar sem um er að ræða opinberan aðila sem starfar samkvæmt sérlögum og borgar ekki skatta og skyldur eins og aðrir.

Þrátt fyrir þetta stend ég að nefndarálitinu vegna þess að í því stendur að innan árs skuli stefnt að því að finna út hver eigi þennan sjóð og þá hygg ég að menn vilji gjarnan selja sinn hlut.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, 2. umr.

Stjfrv., 321. mál (ágreiningsmál, samráðsnefndir). — Þskj. 357, nál. 597.

[01:30]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég geri hér grein fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði ákvæði við lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, þess efnis að samningar sem aðilar vinnumarkaðarins gera um málsmeðferð í ágreiningsmálum, um það hvort laun og ráðningarkjör starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði samræmist ákvæðum laga og kjarasamninga, skuli hafa sama gildi og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör, sbr. 1. gr. laganna. Með frumvarpinu er því lagt til að aðilar vinnumarkaðarins geti samið um það sín á milli að fylgt verði ákveðnu ferli eða aðferðafræði við lausn deilumála um laun og ráðningarkjör starfsmanna. Einstaklingum og lögaðilum er eftir sem áður heimilt að standa utan stéttarfélaga eða samtaka atvinnurekenda kjósi þeir svo.

Það fyrirkomulag sem 1. gr. laganna byggist á grundvallast á þeirri venju sem gilt hefur á íslenskum vinnumarkaði að aðilar vinnumarkaðarins semji um það í frjálsum kjarasamningsviðræðum hvernig kaupi og kjörum, sem og öðrum vinnuskilyrðum launamanna, skuli háttað. Slíkir samningar hafa gilt hér á landi sem lágmarkskjör fyrir allt launafólk í viðkomandi starfsgrein og á því svæði sem hver samningur tekur til. Í 2. málsl. 1. gr. laganna er kveðið á um að þeir samningar sem kveða á um lakari kjör en ákveðin hafa verið með hinum almennu kjarasamningum skuli ógildir.

Opinbert eftirlit með því hvort farið sé eftir kjarasamningum hefur ekki tíðkast, heldur hefur verið litið svo á að eftirlitið sé á ábyrgð aðilanna sjálfra. Verði frumvarpið að lögum munu aðilar vinnumarkaðarins geta samið um það í frjálsum samningaviðræðum hvernig eftirliti með launum og öðrum starfskjörum launamanna skuli háttað telji þeir þörf á því og slíkir samningar munu þá hafa almennt gildi. Því verður fylgt fyrir fram ákveðnu ferli ef ágreiningsmál um laun og ráðningarkjör starfsmanna koma upp.

Þess ber að geta að þeir samningar aðila vinnumarkaðarins sem hugsanlega yrðu gerðir á grundvelli ákvæðisins sem lagt er til í frumvarpinu munu aldrei koma í veg fyrir að málsaðilar geti leitað beint til dómstóla með ágreiningsefni sín, hvort heldur til Félagsdóms eða hinna almennu dómstóla. Með frumvarpinu er því ekki ætlunin að skerða

þann rétt sem felst í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar um rétt manna til að fá úrlausn dómstóla um réttindi sín og skyldur.

Ákvæði samhljóða núgildandi 1. gr. laga nr. 55/1980 hefur verið í lögum frá árinu 1974 en það kom inn í íslenska löggjöf með lögum um starfskjör launþega, nr. 9/1974. Felur þetta í sér að þau kjör sem aðilar vinnumarkaðarins semja um gilda sem lágmarkskjör fyrir tiltekna hópa launafólks á tilteknu svæði.

Virðulegur forseti. Nú liggur fyrir að Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa gert með sér samkomulag um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, samanber samkomulag þeirra í milli frá 7. mars 2004. Það skal þó tekið fram að samningar sem kunna að vera gerðir á grundvelli þess ákvæðis sem mælt er fyrir um í frumvarpinu geta tekið til allra launamanna eða tiltekinna hópa launamanna sem aðilar vinnumarkaðarins telja að standi verr að vígi en aðrir hópar á vinnumarkaði. Slíkir samningar mega aldrei brjóta í bága við gildandi lög á hverjum tíma.

Rætt var um það í nefndinni hvernig val á fulltrúa í samráðsnefnd skv. 2. mgr. 1. gr. ákvæðis þess sem lagt er til í frumvarpinu fari fram þegar aðili stendur utan samtaka atvinnurekanda eða launþegasamtaka. Fram kom að félagsmálaráðherra gæti sett reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis, en ráðherra hefur heimild til setningar reglugerðar skv. 9. gr. laga nr. 55/1980. Telur nefndin eðlilegt að ráðherra grípi til þess úrræðis ef upp koma vandamál er að þessu lúta.

Virðulegur forseti. Ég vil taka hér fram að hv. þm. Pétur H. Blöndal á sæti í nefndinni en hann er andvígur áliti þessu. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur álitinu. Félagsmálanefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Undir þetta nefndarálit skrifa hv. alþingismenn Siv Friðleifsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Jón Gunnarsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, með fyrirvara, Helgi Hjörvar, Gunnar Örlygsson og Birkir J. Jónsson.

[01:35]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. framsögumanns nefndarinnar er ég andvígur þessu nefndaráliti og andvígur þessu frumvarpi. Þess vegna þykir mér dálítið undarlegt að þetta skuli vera nefndarálit allrar nefndarinnar en þannig á það víst að vera.

Hvers vegna er ég á móti þessu frumvarpi? Það er vegna þess að samningsaðilar atvinnulífsins, vinnumarkaðarins, Samtök atvinnulífsins og ASÍ, sem hafa innan vébanda sinna hluta af því fólki sem vinnur á vinnumarkaði og hluta af þeim fyrirtækjum sem starfa á vinnumarkaði geta gert með sér samning sem á að gilda og lokað samkomulag sem á að gilda fyrir alla aðila, líka þá sem standa utan við þau, eitthvert fólk og einhver fyrirtæki úti í bæ. Það fólk hefur engin áhrif á það hvað gerist með þessa samninga. Þeir geta haft alvarleg áhrif á örlög þess fólks sem ekki er í stéttarfélögum eða stendur utan við þessi heildarsamtök og vinnur hjá fyrirtæki sem ekki er í Samtökum atvinnulífsins og stendur utan við þau samtök. Einhverjir aðilar úti í bæ geta verið að gera samninga sem varða þetta fólk en það hefur ekki áhrif á þá, t.d. um ýmsa framkvæmd á vinnuferlinu. Þetta er mjög alvarlegur hlutur að mínu mati, herra forseti.

Það má segja að byrjunin á þessu hafi verið 1974 þegar ákveðið var með lögum frá Alþingi að kjarasamningar þessara sömu aðila sem höfðu myndað samtök ættu að vera lágmarkskjör í landinu, líka fyrir fólk sem stóð fyrir utan verkalýðsfélög og fyrir fyrirtæki sem stóðu utan við samtökin. Þessum aðilum, svokölluðum aðilum vinnumarkaðarins, var veitt ofurvald til að semja fyrir annað fólk, samningsfrelsið var tekið af því.

Nú er ekkert sem bannar mönnum að stofna stéttarfélag og það er ekkert sem bannar fyrirtækjum að stofna fyrirtækjasamtök en það eru þessi samtök og þessi stéttarfélög sem hafa vald til að semja fyrir hin fyrirtækjasamtökin og hin stéttarfélögin. Þetta er mikið framsal á valdi.

Nú vill svo til að sá samningur sem vísað var í og var gerður 7. mars 2004 brýtur að mínu mati við lauslega skoðun lög. Hann er nefnilega þess eðlis að hann er gerður fyrir útlendinga til að vernda útlendingana og hann veitir heimild til þess að fara til fyrirtækis og krefja það um laun til þessara útlendinga.

Hvað er að gerast? Það sem er að gerast er að einhver maður úti í bæ heimtar að fá að vita hvað einhver útlendingur hefur í laun. Og þessi maður úti í bæ á rétt á þeim upplýsingum samkvæmt þessu samkomulagi sem lögin eru búin að lögfesta. Þessi maður kemur þarna inn í fyrirtækið og útlendingurinn vill ekki að launin hans séu gefin upp, hann bara vill það ekki, en þau skulu gefin upp samt af því að hann er útlendingur. Þetta samkomulag tekur ekki til Íslendinga sem starfa hjá þessu sama fyrirtæki.

Ég held að ekki sé heimild til að fara inn í fyrirtæki og heimta upplýsingar um laun hjá einhverjum manni ef maðurinn neitar því. Það bara brýtur persónuverndarlög og jafnræði.

Þannig erum við komin í þessari stöðu að við erum búin að gefa einhverjum aðilum úti í bæ heimild til að gera samninga sem enginn veit um, þeir eru ekki einu sinni birtir, það þarf ekki að birta þá, þar sem ákveðið er um hitt og þetta sem varðar fólk í landinu. Ég hef bara miklar efasemdir um þetta, herra forseti, verulega miklar efasemdir um á hvaða leið við erum. Kannski væri ráð að fá Mannréttindaskrifstofuna til að líta á þetta frumvarp. (**Gripið fram í:** Það er búið að leggja hana niður.) Það er ekkert búið að leggja hana niður, hún fær að sjálfsögðu fjárveitingu eins og aðrar stofnanir hjá ráðherra sínum.

Ég hef miklar efasemdir um þetta og mátti til með að koma í pontu svona seint að nóttu eftir tvo hamingjudaga. Hér er virkilega farið að þykkna upp og farið að dökkna við sjóndeildarhringinn en ég hugsa þó að ég nái gleði minni aftur.

[01:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sérstaklega að þetta þingmál komi fram, þetta frumvarp, og ég fagna því að Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins skuli hafa náð samkomulagi sem gengur í þá átt að verja réttindi og kjör verkafólks. Menn voru sammála um það að hætta væri á því að grafið yrði undan réttindakerfi launafólks í landinu

og að þeir sem sérstaklega yrðu fyrir barðinu á ósvífnum atvinnurekendum væru aðfluttir farandverkamenn. Þetta þingmál miðar að því að verja réttindi og kjör þess fólks. Það er sérstakt fagnaðarefni að þetta mál skuli komið hingað fram og verði að lögum.

[01:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður sem hér talaði situr einmitt við kjötkatlana það er hann sem fær valdið. Hann er nefnilega formaður stéttarfélags og er í þeim samtökum sem um er að ræða. Það er hann sem fær þetta vald til að semja og hafa áhrif á örlög annars fólks úti í bæ. (Gripið fram í.) Hann gerir það að sjálfsögðu af umhyggju fyrir þessu fólki, það er ekki spurning. Ég efast ekki um það en ég bendi hv. þingmanni á að það kynni að vera að þetta viðkomandi fólk missti vinnuna vegna þessarar afskiptasemi. Það getur vel farið þannig. Við þekkjum mörg dæmi þess sem er lítið talað um að erlent fólk hafi verið rekið úr landi vegna þess að gerðar voru athugasemdir við laun þess.

Kannski hefur enginn áhuga á því hvað verður um þetta fólk. Nei, það skal byggja undir vald verkalýðshreyfingarinnar og tryggja að hún geti samið í bakherbergjum um örlög fólks úti í bæ. (**Gripið fram í:** Þú vilt hafa það í hnappheldunni.)

[01:42]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er það rangt hjá hv. þingmanni að ég eigi þarna persónulega hlut að máli. Það er Alþýðusamband Íslands sem gerði samning við Samtök atvinnulífsins um fólk sem starfar á almennum vinnumarkaði. Samtök opinberra starfsmanna hafa ekki gert hliðstætt samkomulag en eins og fram kemur í nefndarálitinu (Gripið fram í.) munu lögin taka til samninga sem aðrir aðilar kunna að gera og eru til þess fallnir að verja kjör og rétindi farandverkafólks og launafólks almennt.

Það er viðurkennd staðreynd að óprúttnir atvinnurekendur níðast á þessu fólki. Við höfum séð hvað er að gerast á skipum sem hafa komið hingað til lands með áhafnir frá ríkjum þar sem fátækt er mikil. Við höfum líka séð hvað er að gerast á Austurlandi, við virkjanaframkvæmdir við Kárahnjúka. Þar hafa menn af því þungar áhyggjur að grafið sé undan ekki aðeins kjörum þess fólks sem þarna á í hlut heldur almennt launafólks í landinu. Þessi lagasmíð er gerð til þess að styrkja réttindi og kjör launafólks. Þess vegna er sérstakt fagnaðarefni að þetta frumvarp skuli koma fram.

[01:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. þingmanni að ýmislegt er að á vinnumarkaðnum. Það eru ýmis vandamál sem menn þurfa að leysa en menn eiga ekki að leysa þau með því að ganga á mannréttindi fólks. Menn þurfa að leysa þau einhvern veginn öðruvísi, ekki með því að fara að semja fyrir annað fólk þó að það vilji það ekki.

Í nefndarálitinu er vísað í það að fólk geti að sjálfsögðu leitað til dómstóla. Dómstólar dæma samkvæmt lögum og við erum að setja í lög að þessir samningar hafi gildi. Það hefur ekkert upp á sig fyrir fólk að fara dómstólaleiðina. Þessir samningar gilda og jafnvel þó að þeir brjóti stjórnarskrána gilda þeir samt. Það er ekki hægt að setja í lög að samningarnir megi ekki brjóta lög en mér virðist samt sem sá samningur sem við ræðum hér geri það. Ég hef miklar efasemdir um þetta frumvarp, tel að það geti haft mjög skaðleg áhrif og það sé kannski verið að lækna einn sjúkdóm með því að búa til annan miklu verri.

[01:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að sem flestir heyri helsta talsmann Sjálfstæðisflokksins í kjaramálum og tryggingamálum tala til launafólks og verja rétt óprúttinna manna til að svína á fátæku farandverkafólki.

[01:46]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að koma hér aftur upp en ég tel það nauðsynlegt til að varpa aðeins skýrara ljósi á þetta mál af því að komið hefur fram í umræðunni að hér sé verið að brjóta einhver sérstök réttindi á fólki og að menn geti ekki leitað til dómstóla. En eins og fram kom sérstaklega í nefndarálitinu munu menn geta leitað til dómstóla þó að þessi lög taki gildi. Hér er einungis verið að setja í lög að menn geti samið um ákveðið ferli ef þeir vilja leysa ágreiningsmál sín á milli. Það finnst mér mjög snjallt að gera þannig að hægt sé að hafa ferli á milli aðila, launþega og samtaka atvinnurekenda, sem menn eru sammála um til að reyna að leysa ágreiningsmál áður en þau koma til dómstóla. Hvað er á móti því? Ég sé ekkert á móti því. Mér finnst það mjög æskilegt.

Þrátt fyrir þessa lagasmíð geta menn leitað til dómstóla beint ef þeir vilja bæði áður en ferlið fer í gang eða eftir að því er lokið og það leiddi ekki til niðurstöðu. Það er því ekki meiningin að taka neinn rétt af fólki með þessari lagasmíð.

Ég vil sérstaklega ítreka það hér að ég deili ekki þeim hugmyndum að við séum að fara á skjön við önnur lög eins og fram hefur komið í umræðunni. Mér finnst það reyndar frekar ólíklegt að báðir aðilarnir á vinnumarkaði, þ.e. bæði ASÍ í þessu tilviki og Samtök atvinnulífsins með alla sína lögfræðinga sem þar starfa, fari að biðja um að þeirra samkomulag sé leitt í lög ef það brjóti einhver grundvallarréttindi. Mér fyndist það alveg með ólíkindum. Auðvitað er ekki hægt að útiloka það. En mér fyndist það eiginlega með ólíkindum og það kom ekkert fram í nefndarstarfinu sem benti til þess.

En fyrst ég er komin hingað upp, virðulegi forseti, vil ég taka það fram — nei, ég þarf ekki að taka það fram. Mér skildist að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson væri með fyrirvara — Jú, hann er með fyrirvara við þetta nefndarálit sem ég held að hafi gleymst að koma á framfæri í fyrri ræðu.

[01:49]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Ögmundar Jónassonar

rétt áðan verð ég að taka það fram að ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að víða kann að vera pottur brotinn í meðferð erlendra og innlendra atvinnurekenda á erlendu farandverkafólki. Það getur vel verið. En að setja í lög að samningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins sem hvorki fyrirtækið né verkamaðurinn eiga nokkra aðild að eða hafa nokkur áhrif á skuli hafa almennt gildi, skuli hafa sama almenna gildið og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör fyrir allt landið og miðin, fyrir alla aðra borgara þessa lands og fyrirtæki og lögpersónur. Við því er ég að vara.

Hv. framsögumaður nefndarinnar sagði að þessir aðilar með alla sína lögfræðinga geri vonandi ekki ólögmæta samninga. Mér sýnist að samningurinn sem gerður hefur verið — ég las hann yfir; ég er reyndar ekki lögfræðingur — en þar stendur að hann eigi við um útlendinga sem vinna hjá fyrirtækjum hér á landi. Hann á við um útlendinga sérstaklega. Það er tekið fram. Hann á ekki við um alla. Hann á við um útlendinga og að heimilt sé að fá upplýsingar um þessa téðu útlendinga. Ég sé ekki betur en að sá samningur — ja, hann truflar mig alla vega, þ.e. að hægt sé að fá upplýsingar um laun manns sem ekki vill gefa upplýsingar eða láta geta upplýsingar um sín laun, að hægt sé að fá upplýsingar um þau laun af einhverju fólki úti í bæ bara af því að viðkomandi er útlendingur. Ég veit ekki betur en það trufli mig alla vega. Það getur vel verið að það trufli ekki aðra. Það getur verið að aðrir séu svo uppteknir af því að ná fram sínum markmiðum fyrir verkalýðsfélag eða samtök verkalýðsfélaga eða Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eða eitthvað slíkt, að þeir séu svo uppteknir af verkefninu að þeir séu löngu búnir að gleyma því að til sé eitthvað sem heitir mannréttindi og önnur lög, jafnræðisregla stjórnarskrárinnar o.s.frv. Þetta truflar mig alla vega, herra forseti.

Ég geri mér fullkomlega grein fyrir þeim vanda sem menn eru að leysa. En menn mega ekki leysa þann vanda hvað sem það kostar. Þess vegna hef ég efasemdir um þetta frumvarp. Það getur vel verið að ég hafi rangt fyrir mér. Ég vona það í lengstu lög og ég vona að þessir aðilar vinnumarkaðarins séu nægilega djúphugsandi að þeir geri ekki mistök. Ég ætla að vona það. En það er eins gott að þeir séu það því að þeir hafa mjög mikil völd.

[01:52]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það hefur gilt á íslenskum vinnumarkaði að kjarasamningar sem verkalýðshreyfingin gerir við Samtök atvinnurekenda hafa gilt sem lágmarkskjör. Þetta var sama fyrirkomulag og var við lýði í Bretlandi á sínum tíma áður en skoðanasystir hv. þm. Péturs H. Blöndals, Margrét Thatcher, komst þar til valda. Hún sagði að það mikilvægasta verk sem Íhaldsflokkurinn þyrfti að vinna væri að brjóta niður alvarlegasta eða versta einokunarhringinn, sem hún kallaði svo, í bresku efnahagskerfi, þ.e. verkalýðshreyfinguna sem einokaði ákvörðun um kaup og kjör. Henni tókst að gera þetta. Um þetta takast menn núna á í Evrópu og menn takast á um þetta á Íslandi. Þetta er angi af þeirri umræðu. Þjónustutilskipun Evrópusambandsins sem nú er mjög til umræðu gengur að hluta til út á þetta vegna þess að samkvæmt henni á að innleiða svokallaða upprunalandsreglu sem byggir á því að kjarasamningar og reglur sem gildi í atvinnufyrirtækinu eigi að taka mið af því sem gerist í því landi sem fyrirtækið er upprunnið í. Fyrirtæki í Póllandi sem starfar í Þýskalandi eða Frakklandi, Bretlandi, flytur með sér sína kjarasamninga. Menn takast á um þetta annars vegar og hins vegar hitt, að lágmarkskjör í viðkomandi landi skuli gilda og almennir kjarasamningar þar. Það sem verktakarnir hafa verið að gera hér er einmitt þetta, að fara undir þau kjör sem tíðkast á íslenskum vinnumarkaði. Þessu hefur verkalýðshreyfingin verið að andæfa. Þess vegna þarf hún líka að fá innsýn í þessa samninga. Ég get alveg fullvissað hv. þingmann um það, og það veit ég frá fyrstu hendi, að verkafólkið t.d. við Kárahnjúka tekur því ekki illa þegar fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar koma og vilja fá upplýsingar um þeirra kjör. Ég get líka fullvissað hv. þingmann um það að þeir sjómenn sem hingað hafa komið á skipum sem flaggað hefur verið út eða eru með áhafnir frá fátækum ríkjum taka því ekki illa heldur (**Gripið fram í:** Og missa vinnuna.) þegar fulltrúar ... Ég veit það já. (**PHB:** Missi vinnuna.) Ég veit að þeir taka því ekki illa (**PHB:** Að þeir missi vinnuna?) þegar fulltrúar íslenskrar verkalýðshreyfingar koma og vilja rýna í þeirra kjör vegna þess að þetta er alþjóðleg viðleitni verkalýðshreyfingarinnar til að tryggja og treysta kjör fólksins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bifreiðagjald, 2. umr.

Stjfrv., 377. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 462, nál. 587 og 588.

[01:56]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, frá meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar Hallgrímsson frá fjármálaráðuneyti og Runólf Ólafsson frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda.

Í frumvarpinu er lagt til að bifreiðagjald hækki um 3,5%. Gjaldið hefur ekki hækkað síðan 1. janúar 2002 en frá sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 8,4%. Því er um 4,5% raunlækkun á gjaldinu að ræða frá 1. janúar 2002 til 1. desember 2004. Gjaldið hefur því lækkað sem því nemur miðað við almennt verðlag.

Meiri hlutinn leggur til að málið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Ásta Möller og Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

[01:57]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Málið sem nú er á dagskrá er eitt af mörgum málum sem hæstv. ríkisstjórn hefur komið með til

að fjármagna þær skattalækkanir sem hún síðan boðar í öðrum málum. Í þessu tilviki er um það að ræða að það á að auka tekjur ríkissjóðs um 120 millj. kr. og hér er því um hreina skattahækkun að ræða.

Frá því að bifreiðagjöld voru lögð á á árinu 1988 hafa þau hækkað um 43% umfram vísitölu neysluverðs þannig að hér er um gríðarlegar hækkanir að ræða og eins og fram kom á fundi efnahags- og viðskiptanefndar m.a. frá forsvarsmanni Félags íslenskra bifreiðaeigenda þá virðist vera sem öll skattlagning á bifreiðar og ökutæki hér á landi sé mjög tilviljanakennd. Þegar maður skoðar skattlagningar, þ.e. beinar og óbeinar tekjur ríkissjóðs af ökutækjum frá árinu 1996 þá kemur á daginn að hækkun á gjöldum á ökutæki frá þessum tíma nemur um það bil 62%. En á sama tíma hefur neysluvísitala hækkað um 32%.

Virðulegi forseti. Það er kannski ástæðulaust að flytja langt mál, mikið eða snjallt um þetta. Hér er aðeins um það að ræða að hæstv. ríkisstjórn er að fjármagna þær skattalækkanir sem hún hefur verið að boða og hv. þm. Pétur Blöndal hefur lýst sem ástæðum hinna hamingjusömu daga eins og hv. þingmaður hefur orðað það. Um leið hefur hv. þingmaður reynt að færa að því rök að skattahækkanir séu skattalækkanir. En hv. þingmaður hefur í sömu umræðu ekki viljað gangast við því varðandi persónuafsláttinn sem hvorki hefur fylgt neysluvísitölu né launavísitölu, að þar sé um skattahækkanir að ræða þannig að það rekst hvað á annars horn í röksemdafærslunni og í sjálfu sér er ekkert við því að gera.

Það hefur hins vegar komið okkur í minni hlutanum á Alþingi dálítið á óvart, og við gerðum okkur ekki grein fyrir því fyrr en þessi skattaumræða fór fram, að hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti hennar gengur út frá því sem vísu að allir gjaldstofnar og skattstofnar sem tryggja ríkissjóði tekjur skuli verðtryggðir meðan bótafjárhæðir og aðrar viðmiðunarfjárhæðir skuli ekki vera það.

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til að orðlengja þetta frekar. Þessi umræða hefur þegar farið fram og það hefur verið dregið fram mjög skýrt að svona liggur í þessu, svona eru skattalækkanirnar fjármagnaðar, þ.e. með að færa skattana af þeim sem meira mega sín yfir í notendagjöld og tilviljanakennda gjaldtöku af eignum og öðru slíku. Hér er um að ræða bifreiðar. Fyrr í dag ræddum við um skólana. Við höfum einnig talað um komugjöld á heilsugæslu o.s.frv.

Það er ekki ástæða til að orðlengja þessa umræðu virðulegi forseti. En er hins vegar verið gott að þessi umræða hefur kristallað hvert viðhorf hæstv. ríkisstjórnar er til gjaldtöku og skattlagningar í þessu landi.

[02:01]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er að verða ansi þreytt umræða um krónutölugjöldin. Þannig er að bifreiðagjald var fyrst lagt á árið 1988. Svo var það hækkað einhvern tíma, ég man ekki nákvæmlega hvenær en mig minnir að það hafi einmitt verið í tengslum við lækkun á matarskattinum. Það var tekin ákvörðun um að lækka matarskattinn og hækka bifreiðagjöldin, að flytja kostnaðinn, væntanlega frá fátækum fjöl-

skyldum, yfir á bifreiðaeigendur. Sú ákvörðun var tekin í fyrndinni, fyrir tíu árum eða svo, og hefur þar af leiðandi hækkað gjöldin mikið. Þegar menn reikna út hækkunina frá því áður en sú ákvörðun var tekin þá er hún að sjálfsögðu mikil en mér finnst það ekki heiðarlegt.

Það sem við ræðum núna um er hækkun síðustu tvö árin eða þrjú, frá 2002 til 2005. Á þeim tíma hefur verðlag hækkað um 8,4% en þessi gjöld hækkað aðeins um 3,5%. Ég held að velflestir Íslendingar muni skilja að það er raunlækkun, herra forseti. Maður er eiginlega alveg gáttaður á því að stjórnarandstaðan skuli virkilega ætla að hafa gjöld óbreytt í krónutölu í áratug án þess að hækka þau. Það þýðir í raun lækkun, herra forseti, og það sér hver einasti maður.

Maður er gáttaður á að þurfa að endurtaka þetta aftur og aftur. Eiginlega ætti stjórnarandstaðan að vera í vinnu með ríkisstjórninni, fara í gegnum skattana alla saman, krónutöluhækkanirnar, og gæta þess að þeir rýrni ekki, eins og t.d. skráning á hlutafélögum, sem hefur rýrnað úr 210 þús. kr. niður í 150 þús. kr. Vilja hv. þingmenn að þau gjöld rýrni, gjöld fyrir skráningu á hlutafélögum?

[02:03]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þingmanni að þetta er að verða dálítið þreytt umræða og endurtekin. En ég ætla að beina tveimur spurningum til hv. þingmanns. Ég er ekki viss um að önnur þeirra lúti nákvæmlega að því máli sem við ræðum hér en hin gerir það.

Í fyrsta lagi, virðulegi forseti: Er það rétt hjá mér eða rangt að hv. þingmaður hafi oft á tíðum talað fyrir því að ríkið þenji sig ekki út um of, þ.e. að ríkissjóður taki ekki meira til sín en nauðsyn krefur? Ég er ekki frá því að þetta hafi verið eitt af grundvallarsjónarmiðum hv. þingmanns þegar hann kynnti sig til leiks í íslenskum stjórnmálum, að hann væri talsmaður þess sjónarmiðs.

Í öðru lagi, í beinu framhaldi af því: Er það þannig að allir gjald- og skattstofnar skuli vera verðtryggðir? Getur það aldrei komið til að fjárþörf ríkisins minnki? Getur aldrei komið til að ráðdeild og sparnaður í ríkisrekstri geri það að verkum að minni ástæða sé til þess að skattar og gjöld fylgi verðlagsþróun? Kann sá tími að renna upp eða er veruleikinn sá að hv. þingmaður hafi fyrir löngu sagt skilið við þær grundvallarhugsjónir sem hann sagðist standa fyrir þá er hann kynnti sig til leiks í íslenskum stjórnmálum?

[02:05]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hárrétt. En það er dálítið skemmtilegt að eiga þessa orðræðu við hv. þingmann úr Samfylkingunni. Ég veit ekki betur en að þegar við höfum staðið frammi fyrir kjarasamningum hjúkrunarfræðinga, kennara og reyndar allra opinberra starfsmanna þá hafi alltaf farið fram utandagskrárumræður um að ríkið ætti að semja strax. Krafan er alltaf um að ganga eigi til samninga við opinbera starfsmenn, sérstaklega frá Samfylkingunni. Ég get nefnt

fjölmörg dæmi um það.

Útþensla ríkisins hefur orðið vegna þess að opinberir starfsmenn hafa hækkað mjög mikið í launum. Þeir áttu það kannski inni til að byrja með, það er rétt. Þeir voru með lág laun. En nú eru þeir komnir með há laun og enn er krafa sett fram um að ganga eigi til samninga, strax og í óefni er komið. Ríkissjóður hefur því verið að þenjast út, því miður.

Ef menn ætla að reka ríkissjóð með ráðdeild og snilli þá eiga þeir að taka meðvitaða ákvörðun um að lækka skatta en ekki láta verðbólguna um það. Menn geta t.d. lækkað tekjuskatt, hv. þingmaður — hv. þingmaður hlustar ekki þótt hann hafi verið í andsvari — eða fellt niður eignarskatt. Þeir geta látið hátekjuskattinn renna út og sitthvað fleira ef þannig vill til. En það er þá meðvituð ákvörðun og verðbólgan ekki látin um að rýra gjöldin. Við skulum gera þetta meðvitað.

Ef við viljum t.d. lækka bifreiðagjöld þá skulum við taka um það pólitíska ákvörðun en ekki láta tilviljunarkennda verðbólgu um að lækka þau gjöld.

[02:07]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér fer á köflum fram afar sérstæð umræða. Það er afar sérstakt hvernig það vill verkast í þessari umræðu en öllu því sem miður fer hjá ríkisstjórninni og meiri hlutanum virðist fylgja lína, eða einhvers konar orðræða, sem hv. þingmenn fá kannski í Valhöll og innvígðir væntanlega læra, að benda skuli á einhvern annan.

Hv. þingmaður er bara fórnarlamb aðstæðna. Hann hafði ekkert með það að gera að semja þurfti við opinbera starfsmenn. Hæstv. ríkisstjórn hafði ekkert með það að gera. Þar voru bara vondir menn sem æptu: Réttlæti, sanngirni og samninga. Við erum bara fórnarlömb og höfum ekkert um þetta að segja.

Virðulegi forseti. Það er með hreinum ólíkindum hvernig þetta hefur verið sett fram. Í flóttaleiðum þeirra, m.a. í þessari umræðu, hefur jafnvel komið upp að ef einhverjir aðrir væru í ríkisstjórn og kosningarnar hefðu farið öðruvísi þá væri hér allt önnur lína í gangi. Þetta er alveg með ólíkindum.

Hvernig væri að menn bæru ábyrgð á eigin gerðum? (Gripið fram í.) Þetta litla mál, af því að hv. þingmaður gjammar enn og aftur fram í, er þannig vaxið að bifreiðagjald hefur hækkað um 43% umfram neysluvísitölu frá því að það var sett á. Beinar og óbeinar tekjur af ökutækjum hafa hækkað um 62% frá árinu 1996 (Gripið fram í.) en á sama tíma hefur neysluvísitalan hækkað um 32%.

Ég kalla eftir því að þessir riddarar, hv. þingmenn sem hlupu inn á þing hver um annan þveran og kynntu sig til leiks í íslenskum stjórnmálum (Forseti hringir.) og sögðust standa fyrir allt aðrar hugmyndir láti til sín taka. Svo (Forseti hringir.) koma þeir og tala fyrir verðtryggðum skattstofnum og verðtryggðum gjöldum.

[02:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að ég undrast það að menn skuli leggja á sig allar þessar ræður um að viðhalda þurfi þeim tekjustofni sem hér er talað um vegna þess að sá tekjustofn er aðeins einn af fleiri tekjustofnum sem innheimtur er af bifreiðaeigendum í landinu. Það vill þannig til að enn einum nýjum álögum var bætt á bifreiðaeigendur með lögum sem sett voru í fyrra, en 350 millj. kr. leggjast á þann sama gjaldendahóp í viðbót á næsta ári. Það er því ekki þannig að ríkið missi af einhverju hvað varðar tekjustofna á bifreiðaeigendur. Auk þess ekki nema helmingurinn af þeim tekjustofnum notaður í vegi eða samgöngur í landinu. Það ætti því ekki að vera bráðnauðsynlegt að láta umræddan tekjustofn viðhaldast með þeim hætti sem hér hefur verið lýst.

Mér virðist sem menn séu komnir langt út í móa í umræðunni. Það liggur fyrir að ríkissjóður tapar ekki neinum tekjum á næsta ári. Öllum tekjustofnum er viðhaldið og meira en það. Ríkið situr eftir í plús þegar búið er að draga skattalækkanirnar sem koma til framkvæmda á næsta ári frá skattahækkununum sem hafa komið til á þessu kjörtímabili. Þá sitjum við uppi með það að verið er að innheimta meiri fjármuni í ríkissjóð en þá sem tapast vegna skattalækkana. Samt halda menn áfram að koma í ræðustól og tala um nauðsyn þess að viðhalda tekjustofnum, meira að segja sérstaklega á þennan gjaldendahóp sem þurft hefur að þola auknar álögur. Ég hélt að það þyrfti nú varla að auka vanda landsmanna við að reka bifreiðar, eftir hækkanir á orkuverði og öðru slíku, (Gripið fram í.) hækkanir á tryggingum og öðru sem bæst hefur við þann reikning á undanförnum árum. En hér finnst mönnum vá fyrir dyrum ef ekki verður hægt að hækka þetta gjald líka.

Mér finnst þetta komið út í algjörar öfgar. Menn þyrftu kannski að velta þessu svolítið fyrir sér í heilu lagi, horfa ekki bara með öðru auganu á blaðið sem nú liggur fyrir að samþykkja heldur á alla þá skattlagningu sem bifreiðaeigendur þurfa að þola.

[02:13]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar afskaplega mikið til að fá hv. þingmenn til að segja að þetta gjald hækki að raungildi. Ég vildi að hv. þingmaður segði alþjóð að þetta gjald sé að hækka að raungildi þegar fyrir liggur að verðbólgan er 8,4% og gjaldið er hækkað um 3,5%. Mig langar mikið til þess að hv. þingmaður lýsi því yfir í eitt skipti fyrir öll að gjaldið hækki að raungildi. Þá veit öll þjóðin hvernig hv. þingmenn Samfylkingarinnar hugsa.

Spurning mín til hv. þingmanns er þessi: Er gjaldið að hækka að raungildi eða að lækka? (**Gripið fram í:** Síðan hvenær?) Síðan 1. janúar 2002. Það er það sem um er að ræða. Það hefur ekki hækkað síðan það hækkaði þá. Allar fyrri pólitískar ákvarðanir um að hækka eða lækka þetta gjald koma þessu máli ekki við.

Ég vil bara fá svar við þessu eina: Hefur þetta gjald hækkað eða lækkað að raungildi síðan 1. janúar 2002?

[02:14]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessu getur hv. þingmaður auðvitað svarað sjálfur. (**PHB:** Nú.) Það er mjög einfalt að auðvitað

hefur gjaldið lækkað að raungildi síðan þá. (**PHB:** Já, gott ? takk fyrir og góða nótt.) Hv. þingmaður verður nú að fá meira. (**PHB:** Nei, nei.) Þetta gjald hefur hækkað að raungildi um 43 eða 44% frá árinu 1988 (**PHB:** Það skiptir ekki máli.) og gjöld á bifreiðaeigendur hafa hækkað að raungildi. (**PHB:** Já já.)

[02:15]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Að hlýða hér á hv. þm. Pétur Blöndal er hálfsorglegt. Það er sorglegt til þess að vita að viðkomandi hv. þingmaður leiðir efnahags- og viðskiptanefnd og virðist hafa þann metnað helstan að leggja sem mestar álögur á bifreiðaeigendur. Það er fólkið sem þarf að ná í eins og það hafi ekki orðið fyrir nægum búsifjum af verðsamráði olíufélaganna. Ekki hefur komið fram í umræðunni að það hafi verið nokkur möguleiki að draga saman seglin einhvers staðar í ríkisrekstrinum, þó ekki væri nema til að mynda hið merkilega framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna en sú vegferð á að kosta 1 milljarð eða svo. Ef því hefði verið sleppt hefði vel komið til álita að þessum álögum á bifreiðaeigendur hefði verið sleppt. (**PHB:** Engin rök.) Ef dregið hefði verið saman í ríkisrekstrinum hefði ekki þurft að koma til þessara álagna. Hv. þingmaður er algjörlega búinn að gleyma þeim hugsjónum og hugmyndum sem hann lagði af stað með í upphafi ferils síns. Nei, nú skulu öll gjöld og allir skattstofnar verðtryggðir frá A til Ö. Hvergi skal detta króna niður milli skips og bryggju, það skal ná í alla skapaða hluti. En hv. þingmaður, nú sem formaður efnahags- og viðskiptanefndar, kynnir ríkissjóð í þeirri stöðu að hann hefur aldrei tekið til sín hærra hlutfall af landsframleiðslu þjóðarinnar en hann gerir nú í skjóli allra skattaprinsanna sem duttu inn á þing hver um annan þveran, sem ætluðu að leysa samfélagsvandamálin með lækkun skatta, með aðgerðum til að draga úr þenslu ríkisins. Hver og einn einasti þeirra er búinn að kyngja þessu öllu saman. Hugsjónirnar voru ekki lengi að deyja í faðmi þess meiri hluta sem hv. þingmaður situr í og leiðir nú efnahags- og viðskiptanefnd, og telur fátt verra í veröldinni en að bifreiðagjöld séu ekki verðtryggð og hækki um 120 millj. á bifreiðaeigendur. Og hrópar síðan hér um sali: Er um raunhækkun eða um raunlækkun að ræða? Og undrast það að hv. þingmaður geti ekki svarað því sjálfur.

Frá 1988 er 43% raunhækkun. Frá árinu 2002 er um einhverja raunlækkun að ræða. Þetta er alveg augljóst. (**PHB:** Kaupmáttaraukning.) Um þetta er ekki deilt. (**Gripið fram í:** Jú.) Hvergi og ekki fyrir kosningar, og hv. þingmaður getur þá rifjað það upp með mér. Hvenær kynnti Sjálfstæðisflokkurinn þá pólitísku stefnumótun að allir skattstofnar skuli verðtryggðir og allir gjaldstofnar skuli verðtryggðir? Hvar var sú ákvörðun tekin? Og þá hljóta menn að spyrja: Af hverju eru ekki bótafjárhæðir verðtryggðar? Af hverju er ekki persónuafslátturinn verðtryggður? Af hverju eru ekki skattleysismörkin verðtryggð? Nei, en tekjur ríkissjóðs skulu verðtryggðar.

Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum um þetta á hv. þingmann, ég tel að það þjóni ekki miklum tilgangi, enda hefur hann komið í hvert andsvarið á fætur öðru og gelt eitthvað á þá leið: Er þetta hækkun eða lækkun, er þetta hækkun eða lækkun?

Kjarni málsins er einfaldlega sá að ríkissjóður þarf að afla sér tekna í samræmi við fjárþörf sína. Þeir þingmenn sem ætluðu að draga úr bákninu hafa algjörlega misst stjórn á ríkisfjármálunum. Aðhaldið er lítið sem ekkert. Því þurfa þessir hv. þingmenn að tryggja að þessir gjaldstofnar séu verðtryggðir til að geta framkvæmt allt sem þeir eru að gera, m.a. þá dásamlegu hugmynd að Íslendingar verði leiðandi afl í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

[02:20]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er nú verulega skemmtilegt. Þegar menn lenda í rökþroti fara þeir út um víðan völl og tína allt til, meira að segja öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Ég átti von á ýmsu en ekki því. Menn fara mjög vítt um völlinn af því að þá vantar rök.

Ég hef nefnilega grun um það, frú forseti, að hv. þingmaður sé í hópi þeirra hv. þingmanna Samfylkingarinnar sem gjarnan hefðu flutt það frumvarp sem ríkisstjórnin flutti um skattalækkanir. Ég hef grun um að hann vildi gjarnan sjálfur standa að því að fella niður eignarskattinn sem er stórkostleg breyting fyrir íslenskt þjóðfélag. Ég hef grun um að hv. þingmaður hefði líka gjarnan viljað lækka tekjuskattinn og ég hef grun um að hann hefði líka gjarnan viljað hækka barnabæturnar. Ég hef grun um að hv. þingmaður sé einn af þeim þingmönnum Samfylkingarinnar sem hefðu gjarnan viljað samþykkja þetta og flytja frumvarpið helst sem ráðherra, en hann neyðist til þess að vera á móti því og það er sorglegt. Og það eru tínd til visin laufblöð út um allt til að koma með einhver gervirök, meira að segja öryggisráðið.

En ég ætlaði að spyrja hv. þingmann af því að mig langar svo mikið til að heyra hann segja það: Er þetta raunlækkun á þessu gjaldi frá 1. janúar 2002 eða raunhækkun? Vegna þess að um það hefur öll umræðan snúist, a.m.k. fyrst til að byrja með. Nú eru menn að bakka með það sem betur fer. Þeir eru að læra.

[02:22]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég man eftir því þegar gömlu vínilplöturnar voru notaðar og nálin og þá gerðist það stundum ef platan var rispuð að hið sama var endurtekið aftur og aftur. Hv. þingmaður minnir mig alveg óskaplega á rispaða plötu. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður hefur ekki svarað þeirri spurningu hvort gjaldstofnar og skattstofnar ríkisins eigi að vera verðtryggðir. Hv. þingmaður hefur hvorki svarað þeirri spurningu né hvenær sú stefnumótun eða sú ákvörðun var tekin að allir skattstofnar og gjaldstofnar ríkisins skuli verðtryggðir. Hv. þingmaður hefur, þrátt fyrir að hafa setið hér og sagst mjög hamingjusamur, fjallað um frumvarpið á þann hátt sem hann hefur gert en komið síðan upp með þann fylutón sem birtist hér í ræðustólnum. Hann hefur ekki enn þá gert grein fyrir því hvar þessi ákvörðun var tekin eða hvernig eða hvar sú stefnumótun átti sér stað.

Hv. þingmaður hefur ekki heldur upplýst okkur um hvar ákvörðunin um skattahækkunina sem af því hlýst að hækka ekki persónuafsláttinn og skattleysismörkin var tekin og hvar sú stefnumótun var ákveðin. Ekkert af þessu. En hv. þingmaður kemur hér aftur og aftur, eins og biluð 33 snúninga plata, og spyr hvort raunlækkun sé raunhækkun eða raunhækkun sé raunlækkun. Það er allt og sumt sem hv. þingmaður hefur lagt til umræðunnar og auðvitað getur maður fyrirgefið hv. þingmanni að hljóma eins og biluð plata þegar klukkan er að verða hálfþrjú að nóttu. En hans vegna, aðeins hans vegna, legg ég til að hv. þingmaður fari að einbeita sér að annarri röksemdafærslu og annars konar ræðum í umræðum hér um skattamál.

[02:24]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spurði hver vegna sú pólitíska stefnumótun hefði verið tekin að verðtryggja krónutölugjöld. Ég held að það sé hreinlega skynsemi, frú forseti, annað er mjög óskynsamlegt vegna þess að annars rýrna gjöldin.

Í eina tíð var það ákveðið með lögum að fjármálaráðherra mátti hækka gjöldin fjórum sinnum á ári í samræmi við hækkun á byggingarvísitölu og hann gerði það. Svo var sú heimild tekin af honum með stjórnarskrárbreytingu 1995 og eftir það eru öll þessi gjöld óbreytt nema þeim sé breytt meðvitað á Alþingi. Og það er bara almenn skynsemi, ef menn ekki vilja láta gjöldin rýrna, að hækka þau öðru hverju í takt við verðbólguna. Þetta er skynsemi en ekki endilega stefnumótun. Svo geta menn tekið markvissa ákvörðun og meðvitaða um að lækka eða hækka gjöld. Til dæmis var um daginn tekin meðvituð ákvörðun um að lækka gjald á léttvíni og bjór með því að hækka það ekki.

Þess hefur verið gætt, bæði af stjórnarandstöðu og ríkisstjórn, að bætur bótaþega væru hækkaðar og þær hafa verið hækkaðar miklu meira en verðlag, þær hafa verið hækkaðar meira en laun þannig að þess hefur verið gætt. Skattleysismörkin, þ.e. þau mörk sem menn geta haft án þess að borga skatta, hafa ef maður tekur tillit til iðgjalda í lífeyrissjóð, 4% iðgjalds, skattfrelsis þess, sem tekið var upp fyrir fimm, sex árum í áföngum, ef maður tekur tillit til þess hafa þau því miður lækkað eilítið miðað við verðlag, en ekki nema eilítið. Með skattalækkununum núna munu skattleysismörkin hækka aftur og ná því marki sem þau voru fyrir 1994 eða 1995. Allt stefnir þetta því til bóta. En hv. þingmaður hefur enn ekki svarað spurningu minni: Er þetta gjald raunhækkun eða raunlækkun frá 1. janúar 2002?

[02:26]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom að því að sú stund rynni upp að ég fagnaði því að hv. þingmaður kæmi í andsvar og lýsti því yfir að ríkisstjórnin væri með fullri meðvitund í öllum þeim skattahækkunum sem hér hafa gengið yfir og talað hefur verið fyrir að undanförnu og ég fagna því mjög, vegna þess að það hefur stundum hljómað eins og hv. þingmenn meiri hlutans væru hálfmeðvitundarlausir þegar þeir hafa verið að ræða þessi mál. Hv. þingmaður lýsti því yfir að þeir hafi verið með fullri meðvitund, þetta hafi verið gert með vitund og vilja og það hafi verið gert með ásetningi að hækka alla þessa skatta til þess að fjármagna skattalækkunarfrumvarpið sem við höfum verið að ræða hér. (**PHB:** Er þetta skattahækkun eða skattalækkun?)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[02:27]

Útbýting:

Lögverndun á starfsheiti táknmálstúlka, 272. mál, svar menntmrh., þskj. 632.

Rekstur grunnskóla, 405. mál, svar menntmrh., þskj. 635.

Úrvinnslugjald, 394. mál, nál. umhvn., þskj. 636; brtt. umhvn., þskj. 637.

Fjármálafyrirtæki og vátryggingastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 211. mál (EES-reglur). — Þskj. 213, nál. 599, brtt. 600.

[02:27]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneyti, Hallgrím Ásgrímsson frá Seðlabanka Íslands, Ragnar Hafliðason frá Fjármálaeftirlitinu og Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, til að innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipana ráðsins 2002/87/EB, um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypu, og 2001/24/EB, um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

Við meðferð nefndarinnar komu fram athugasemdir við frumvarpið, m.a. frá Seðlabanka Íslands, og leggur meiri hlutinn til eftirfarandi breytingar á grundvelli þeirra:

1. Heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur um útreikning á eiginfjárhlutfalli, sem fjallað er um í 6. gr. frumvarpsins, verði bundin við þær aðferðir sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2002/87/EB. Með þessu telur nefndin að ákvæðið verði skýrara og framkvæmd laganna tryggari.

2. Skilgreining á hugtakinu „endurskipulagning fjárhags“ í 1. mgr. a-liðar 9. gr. (98. gr.) verði víkkuð út þannig að hún nái ekki aðeins yfir endurskipulagningu fjárhags lánastofnana með höfuðstöðvar hérlendis heldur einnig endurskipulagningu fjárhags lánastofnana með höfuðstöðvar erlendis sem ákvörðuð er af erlendu yfirvaldi. Þessi almenna skilgreining er í samræmi við tilskipun 2001/24/EB. Jafnframt er tekið fram að þegar um er að ræða lánastofnun með höfuðstöðvar á Íslandi er með endurskipulagningu

fjárhags einungis átt við heimild til greiðslustöðvunar og heimild til að leita nauðasamnings samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

3. Á eftir h-lið 2. mgr. b-liðar 9. gr. (99. gr.) bætist við fimm nýir liðir sem kveða á um frávik frá meginreglunni í 1. mgr. um lögsögu heimaríkis. Fyrstu fjórir liðirnir innleiða ákvæði 24.–27. gr. tilskipunar 2001/24/EB, þ.e. um lagaskilaregluna lex rei sitae, samninga um skuldajöfnun, endurkaupasamninga og viðskipti á skipulögðum markaði. Lagaskilareglan tekur m.a. til veðréttinda í rafrænt skráðum fjármálagerningum sem veitt eru vegna starfsemi greiðslu- og uppgjörskerfa, sbr. 9. gr. laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, og veðréttinda samkvæmt samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Í síðasta liðnum er tekið fram að um fyrirmæli í greiðslu- og uppgjörskerfum fari eftir lögum þess ríkis sem gilda um viðkomandi kerfi. Er þetta í samræmi við 25.–26. tölulið aðfaraorða tilskipunar nr. 2001/24/EB og ákvæði laga nr. 90/1999.

4. Tekin verði inn í 1. mgr. b-liðar 11. gr. (105. gr.) skilgreining á slitum lánastofnunar með höfuðstöðvar erlendis. Ákvörðun um slík slit verður tekin af lögbærum erlendum yfirvöldum í samræmi við lög viðkomandi ríkis. Skilgreiningin er í samræmi við tilskipun 2001/24/EB.

5. Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 3. mgr. b-liðar 11. gr. (105. gr.) í þeim tilgangi að kveða með skýrari hætti á um þá aðstöðu þegar krafa er sett fram gagnvart héraðsdómara hér á landi um gjaldþrotaskipti á hérlendu útibúi lánastofnunar með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Um þetta gilda ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, þskj. 600. Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálit þetta rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Siv Friðleifsdóttir og Jón Gunnarsson.

[02:33]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins í örfáum setningum gera grein fyrir því hvers vegna nafn mitt er ekki að finna á nefndarálitinu. Ég er í sjálfu sér ekki andvígur því sem hér er að gerast og hef áður sagt frá því að mér finnist eðlilegt að samræma þær reglur sem gilda í viðskiptum á hinu Evrópska efnahagssvæði eftir því sem kostur er og við höfum yfirleitt stutt slíkar reglur. En ég hef verið andvígur að flytja inn svokallaða upprunalandsreglu sem eimir nokkuð af í frumvarpinu. Hér er kveðið á um hvað skuli gerast við slit á stofnunum og hvaða reglur skuli vera við lýði. Almenna reglan sem hér er lögfest er sú að lögin og reglurnar sem gilda í upprunalandinu eigi að gilda. Hins vegar er kveðið á um alls kyns fyrirvara í frumvarpinu, reyndar svo mikla að sumir líta svo á að það sé orðin hin almenna regla.

Þegar höfð er hliðsjón af því að hið Evrópska efnahagssvæði er að stækka, í Evrópusambandið eru að koma lönd með lakari reglur og reglugerðarsmíð en er annars staðar, er ákveðin hætta fyrir hendi að allt reglugerðarvíravirkið veikist þegar sú grunnregla er innleidd að upprunalandsreglan skuli gilda.

Þetta er ástæðan fyrir því að nafn mitt var ekki að finna á nefndarálitinu en þegar á heildina er litið er ég fyllilega sammála því sem hér er að finna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Raforkulög, 2. umr.

Stjfrv., 328. mál (gjaldskrár, tekjumörk o.fl.). — Þskj. 366, nál. 606, brtt. 607 og 621.

[02:35]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég flyt hér nefndarálit frá meiri hluta iðnaðarnefndar um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason og Pétur Þór Sverrisson frá iðnaðarráðuneytinu, Þorkel Helgason og Elínu Smáradóttur frá Orkustofnun, Tryggva Þór Haraldsson og Pétur Einar Þórðarson frá Rafmagnsveitu ríkisins, Hjörleif Kvaran og Ásgeir Margeirsson frá Orkuveitu Reykjavíkur, Júlíus Jónsson og Friðrik Friðriksson frá Hitaveitu Suðurnesja, Ólaf Eggertsson og Birki Friðbertsson frá Landssamtökum raforkubænda, Guðmund Sigurðsson og Marín Ólafsdóttur frá Samkeppnisstofnun, Þórð Guðmundsson og Guðmund I. Ásmundsson frá flutningssviði Landsvirkjunar og Edvard G. Guðnason og Eirík S. Svavarsson frá Landsvirkjun. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Orkuveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitu ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja, Félagi raforkubænda, Bændasamtökum Íslands, Byggðastofnun, Sambandi garðyrkjubænda, Íslenska álfélaginu hf., Orkustofnun, Norðurorku hf., Verkfræðistofu Norðurlands ehf., Fallorku ehf., Orkubúi Vestfjarða hf. og BSRB.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar og lagfæringar á raforkulögum en ákvæði laganna um frjálsa sölu á raforku til notenda sem nota meira afl en 100 kW taka gildi 1. janúar nk.

Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu eru eftirfarandi: Lagt er til að flutningsfyrirtækjum og dreifiveitum verði gert heimilt að færa of- eða vanteknar tekjur á milli reikningsára. Lagt er til að kveðið verði skýrt á um að dreifiveitur skuli greiða til flutningskerfisins í samræmi við heildarnotkun rafmagns á viðkomandi dreifiveitusvæði en á þeirri forsendu var byggt við setningu raforkulaganna á síðasta ári. Þá er í frumvarpinu mælt fyrir um að dreifiveitur skuli láta virkjanir sem tengjast beint inn á dreifkerfi njóta þess hagræðis sem þær skapa í kerfinu. Lagt er til að stjórnarmenn og starfsmenn flutningsfyrirtækis skuli hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna en með því er tryggt að þessir starfsmenn hafi sömu stöðu og þeir hafa nú sem starfsmenn Landsvirkjunar. Loks er lagt til að settar verði hömlur á heimildir til að hækka verð til almennra raforkunotenda sem áfram verða bundnir einum raforkusala á tímabilinu frá 1. janúar 2005 til 1. janúar 2007.

Hæstv. forseti. Við umfjöllun nefndarinnar kom til skoðunar hvort þörf væri á því að fresta gildistöku þeirra breytinga sem koma eiga til framkvæmda um áramótin samkvæmt lögunum. Er það mat meiri hluta nefndarinnar að unnt eigi að vera að ljúka nauðsynlegri undirbúningsvinnu fyrir áætlaða gildistöku 1. janúar nk. Það er jafnframt mat meiri hlutans að heppilegast sé að þær breytingar komi til framkvæmda um áramót. Með hliðsjón af þessu er niðurstaða meiri hlutans að ekki sé ástæða til að fresta gildistöku framangreindra breytinga.

Meiri hlutanum þykir ástæða til þess að bregðast við ábendingum sem komið hafa fram um að ákvæði laganna, sbr. c-lið 2. gr. frumvarpsins, sé of íþyngjandi fyrir smærri virkjanir, undir 7 MW, umfram það sem eðlilegt geti talist. Því leggur meiri hlutinn til breytingar á 12. og 17. gr. laganna. Fela þessar breytingar í sér að tekið er tillit til smærri virkjana hvað varðar úttektargjald vegna framleiðslu þeirra. Ekki þykja efni til annars en að virkjanir undir 7 MW greiði fullt innmötunargjald. Í breytingatillögunni felst að innmötunargjald vegna virkjana undir 7 MW skal að fullu greitt til þeirrar dreifiveitu sem viðkomandi virkjun tengist við. Að auki þarf dreifiveita ekki að greiða úttektargjald til flutningsfyrirtækisins vegna virkjana sem eru undir 1 MW. Vegna virkjana sem eru á bilinu 1–7 MW þarf sú dreifiveita sem virkjunin tengist að greiða til flutningsfyrirtækisins þannig að við 1 MW hefjist skylda til greiðslu úttektargjalds sem hækki síðan línulega upp í 75% fulls gjalds þegar slík virkjun er orðin 3,1 MW eða stærri, samanber fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Þá leggur meiri hlutinn til að dreifiveitur skuli að hluta eða að fullu greiða ígildi þess hreina ávinnings sem dreifiveitu hlotnast vegna lækkunar á greiðslu úttektargjalds sem dreifiveitu bæri að greiða ef framangreindar breytingar kæmu ekki til. Þessi greiðsla til virkjana nær þó ekki til greiðslu fyrir kerfisþjónustu. Varðandi virkjanir undir 300 kW skal dreifiveita greiða að fullu hreinan ávinning af niðurfellingu úttektargjaldsins til viðkomandi virkjunar. Fyrir virkjanir á bilinu 300 kW til 3,1 MW skal minnka greiðslu ígildis úttektargjaldsins línulega þar til greiðslan fellur niður við þessi efri mörk. Við ákvörðun á hreinum ávinningi dreifiveitu skal horfa til þeirrar lækkunar á afl- og orkuúttekt sem viðkomandi virkjun veldur.

Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að við framkvæmd umræddra breytinga verði gætt að samkeppnisskilyrðum fiskeldis, fiskvinnslu og garðyrkju en raforkukostnaður er veigamikill þáttur í rekstri fyrirtækja í þessum greinum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Helstu breytingar auk þeirra sem þegar hefur verið gerð grein fyrir eru eftirfarandi:

1. Lögð er til samhljóða breyting á a-lið 2. gr. frumvarpsins annars vegar og a-lið 3. gr. hins vegar. Er lagt til að lögfest verði við hvaða tímamark beri að miða þegar bókfært verð fastafjármuna er ákvarðað við útreikning á arðsemisviðmiði flutningsfyrirtækis og dreifiveitna við setningu tekjumarka. Þá er lagt til að kveðið verði skýrar á um heimild til að setja reglugerð um breytingar á verði fastafjármuna. Samhliða þessu er lagt til að við lögin bætist nýtt bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um að óheimilt verði frá gildistöku laganna og fram til 1. janúar 2005 að uppfæra bókfært verð þeirra fastafjármuna sem um er fjallað í 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna.

2. Lagðar eru til tvær breytingar á c-lið 2. gr. frumvarpsins. Annars vegar er lagt til að það rafmagn sem virkjun framleiðir til eigin nota verði undanskilið við gjaldtöku samkvæmt ákvæðinu og hins vegar að sé um að ræða einangruð dreifikerfi sem ekki njóta tengingar við flutningskerfið skuli ekki greitt af þeim til flutningskerfisins. Breytingin er eðlileg í ljósi þess að slík kerfi njóta ekki öryggis af flutningskerfinu.

3. Meiri hlutinn leggur til að neðri mörk arðsemisviðmiða sem tilgreind eru í 9. mgr. 12. gr. og 7. mgr. 17. gr. laganna og leggja ber til grundvallar við setningu tekjumarka hjá flutningsfyrirtæki og dreifiveitum verði rýmkuð en athugasemdir hafa komið fram um að þau mörk sem í lögunum greinir séu of takmarkandi.

4. Samkvæmt núgildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að samkeppni á raforkumarkaði fyrir almenna notendur muni hefjast fyrr en 1. janúar 2007. Meiri hlutinn leggur til að þetta tímabil verði stytt um eitt ár þannig að lögin komi að fullu til framkvæmda 1. janúar 2006.

Undir þetta rita hv. þingmenn Birkir J. Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Kjartan Ólafsson og Sigurður Kári Kristjánsson, og hv. þingmenn, með fyrirvara, Jóhann Ársælsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Einar Már Sigurðarson.

[02:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við, þingmenn Samfylkingarinnar, rituðum undir nefndarálitið með fyrirvara eins og fram kom hjá hv. framsögumanni. Reyndar var það svolítið með semingi vegna þess hvernig að málinu var staðið og vegna þess mikla hraða sem var á málinu í gegnum nefndina þar sem málið var tekið út án þess að það væri fullfrágengið og vantaði töluvert upp á. Meðal annars höfðu menn ekki komið í orð hugsunum sínum hvað varðar meðferð á afslætti frá úttektar- og innmötunargjaldi sem lýst er í breytingartillögum.

Vegna þess að okkur sýnist, þó að þetta sé skyndiplástur á raforkulögin, það vera til bóta, líklega flest sem þarna er gert, töldum við ástæðu til að vera með á þessu áliti. Ég held að full ástæða hafi verið til að koma til móts við litlu raforkufyrirtækin sem þarna er verið að fjalla um og það er gert þarna með nokkrum hætti og eins er full ástæða til að koma á öðrum breytingum sem eru þarna settar fram og hér var farið yfir.

Ég ætla svo sem ekki að hafa um þetta langt mál, það eru ekki aðstæður til þess hér klukkan að verða þrjú að nóttu til. 3. umr. um málið er náttúrlega eftir þannig að það er hægt að ræða um það þá. En það hefði sannarlega verið ástæða til að ræða raforkumálin í tengslum við meðferð þessa máls í þinginu og ég tel að ekki verði undan því vikist að stjórnvöld geri grein fyrir þeirri framtíð sem menn þykjast sjá í því umhverfi sem er verið að búa til.

Það má segja um þau atriði sem hér voru kynnt í frum-

varpinu og breytingartillögunum að þarna er verið að setja upp einhvers konar jafnvægiskúnstir til að búa til rekstrargrundvöll undir þeim fyrirtækjum sem eiga hlut að máli. Þarna skulu vera belti og axlabönd og allt sem mönnum hefur flogið í hug til að sjá til þess að menn græði ekki of mikið, menn tapi ekki of miklu á þeim rekstri sem þarna er fram undan. Auðvitað slær þetta mann undarlega á margan máta, allt saman, og það er ekki gott að sjá að hér sé að verða til eitthvað sem hægt er að kalla samkeppnisumhverfi en það hefur verið lagt af stað í þessa göngu og það er ekki annað að gera en að halda henni áfram og reyna síðan að lagfæra göngulagið eftir því sem reynslan kennir mönnum á þeirri leið sem fram undan er.

Ég hefði svo sannarlega viljað að hér hefði getað farið fram umræða um þetta mál í heild sinni og þá ekki um þessar lítils háttar breytingar sem í raun og veru eru hér á ferðinni. Ýmsir nefndu það að ástæða væri til að fresta þessari lagasetningu og það var rætt við þá sem komu til fundar við nefndina. Svör þeirra voru með ýmsum hætti hvað það varðaði en ég held að segja megi að aðalniðurstaðan hafi verið sú að ef menn frestuðu gildistöku þessara laga þyrfti að fresta henni helst um heilt ár. Það var ekki hægt að heyra að sú tillaga væri uppi í fullri alvöru að fresta málinu um heilt ár.

Niðurstaðan er sú að ekki eru uppi tillögur um að fresta málinu en hins vegar er fram komin í þessum breytingartillögum tillaga um að almennir raforkukaupendur komi þá inn í þetta samkeppnisumhverfi, ef svo má orða það, árinu fyrr en ætlað var. Ég held í sjálfu sér að við meðferðina á málinu í nefndinni hafi ekki komið fram neitt sem bendi til þess að í sjálfu sér sé nokkuð hættulegt að flýta þeim hluta málsins eins og hér er gert ráð fyrir að gera.

Ég ætla sem sagt ekki að halda þá ræðu sem ég hafði hugsað mér að halda við þessa umræðu. Ég ætla að geyma mér hana til síðari tíma, ræðu sem á auðvitað að fjalla um það samkeppnisumhverfi sem menn eru að leitast við að skapa og þær hættur sem eru fólgnar í þessu öllu saman. Ég verð að viðurkenna, og ætla að segja það þó hér, að ég hef af því miklar áhyggjur að afar erfitt verði að sjá til þess að þarna fari fram eitthvað sem hægt er að gefa nafnið samkeppni og þá á ég bæði við hvað varðar hámarksverð á raforku til neytenda og síðan það sem ég tel að full ástæða sé til að gefa gaum að, það að hér geti myndast stjórnlaus samkeppni sem geti komið fyrirtækjunum í raforkuframleiðslunni í mikil vandræði. Auðvitað þarf að liggja fyrir hvernig menn ætla að taka á þeim hlutum og ég geri ráð fyrir því að um það þurfi menn að tala, fyrir nú utan eignarhald og annað slíkt sem er auðvitað nauðsynlegt að verði tekið til umræðu á hv. Alþingi, og að stjórnvöld geri grein fyrir því að hverju er stefnt hvað þá hluti varðar. En það ætla ég að geyma mér til síðari tíma að ræða um.

[02:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Sennilega var rétt að orði komist hjá hv. síðasta ræðumanni hér að göngulagið í meðferð þessa máls hafi verið nokkuð skrykkjótt. Það er þannig vaxið að hér var lagt fram frumvarp sem var sjö greinar ásamt gildistökuákvæði. Eftir vinnu meiri hluta nefndarinnar erum við síðan með breytingartillögur sem að vísu hreyfa ekki við 1. gr. en eru samt átta greinar. Það er því auðséð að málið eins og það kom hér inn í þing þurfti mikillar lagfæringar við og ég held að meiri hlutanum hafi tekist að laga talsvert til í efninu. Það ber það náttúrlega með sér að það skuli nánast ekkert standa eftir af frumvarpinu eins og það kom hér inn. Þess vegna held ég að það sé rétt hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að göngulagið í þessu máli hafi verið nokkuð skrykkjótt.

Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál, virðulegi forseti. Við ákváðum það, sá sem hér stendur og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að flytja breytingartillögur við þetta mál sem eru fyrst og fremst efnislegar að því leyti að þær eru frestunarákvæði um það hvenær þessi ákvæði eigi að koma til virkni og taka að fullu gildi. Við komumst að þeirri niðurstöðu að þar sem málið væri svo hrátt hefði þurft á þessum fundum nefndarinnar að vinna frumvarpið algjörlega upp á nýtt. Ég held að það hafi bara batnað við það svo að maður hæli nefndarmönnum eitthvað. Við teljum einnig að orkugeiranum veiti ekkert af því að fara yfir þau mál sem verið er að leggja hér upp með og búa sig undir þær breytingar vel og gaumgæfilega, vitandi þá hvað á að taka við.

Þess vegna leggjum við til í þingskjali að eftirfarandi breytingar verði gerðar, með leyfi forseta:

„1. 5. gr. orðist svo: Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða IV í lögunum:

a. 2. og 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Frá 1. janúar 2006 skulu allir geta valið þann raforkusala sem þeir kjósa.

b. Í stað ártalsins „2005“ í 2. mgr. kemur: 2006.

2. Á eftir 5. gr. kemur ný grein sem orðist svo: Í stað ártalsins „2005“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VIII í lögunum kemur: 2006.“

Breytingin er náttúrlega einföld að því leyti til að við erum einfaldlega að leggja til að ákvæði þessara laga komi ekki til framkvæmda fyrr en ári síðar en lagt er til í áliti meiri hlutans. Við teljum skynsamlegt að fresta því ferli og gefa mönnum tækifæri til að laga sig að þessu máli og fara vel yfir það hvort málið í þeim búningi sem það er sé eins og menn telja best á kosið fyrir framtíðina. Þess vegna leggjum við til þetta frestunarákvæði.

Ég ætla ekki að hafa um þetta lengra mál en auðvitað væri fróðlegt að taka um þetta nokkra umræðu ef hæstv. iðnaðarráðherra væri hér stödd sem hún er ekki. Kannski gefst eitthvert tækifæri til þess á morgun því að það er náttúrlega búið að breyta frumvarpinu verulega frá því að hæstv. ráðherra mælti fyrir því.

[02:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er fjör í mönnum að það skuli vera samkeppni um ræðustólinn klukkan þrjú að nóttu.

Hér er á ferðinni, eins og kunnugt er, fyrsta plástursfrumvarpið af örugglega mjög mörgum sem við eigum eftir að sjá á næstu mánuðum eða missirum og varðar það að menn eru að reyna að lappa upp á og stoppa í götin á raforkukerfisbreytingunum miklu sem fylgja innleiðingu hinnar evrópsku raforkutilskipunar og verið hefur í undirbúningi hér um nokkurra ára bil að taka upp.

Þetta frumvarp kemur fram áður en kerfisbreytingin á að hefja vegferð sína 1. janúar nk. Það er auðvitað ákaflega táknrænt fyrir vandræðaganginn allan í undirbúningi þessa máls að menn geti ekki einu sinni hafið framkvæmdina á grundvelli hinna nýsamþykktu laga frá sl. vori og eldri ákvæða sem áður var búið að taka upp öðruvísi en að byrja að lappa upp á þau.

Það er afstaða okkar og hefur verið frá byrjun þessa máls, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að það hafi verið ákaflega misráðið af Íslandi að fara þessa leið. Leita hefði átt eftir undanþágu til þess að við gætum látið þróun raforkumálanna hér ráðast á okkar eigin forsendum og í samræmi við okkar eigin þarfir en ekki þvinga þá hluti inn í einhvern ramma ímyndaðrar samkeppni og verslunar með raforku yfir landamæri og annað í þeim dúr sem er markmiðið með hinni evrópsku tilskipun. Ísland er einangraður orkumarkaður og við eigum að þessu leytinu auðvitað ekkert erindi inn í það lagalega umhverfi og samkeppnisumhverfi sem menn eru að búa þessum hlutum á meginlandi Evrópu. Það er eins og hver önnur fjarstæða. Landfræðilegar aðstæður eru hér allar aðrar, eignarhald á orkufyrirtækjum með allt öðrum hætti, sögulegar aðstæður aðrar og áfram mætti telja. Enda er það auðvitað þannig að þegar menn fara að skoða þetta betur og undirbúa framkvæmdina skjóta alls konar vandamál upp kollinum. Við sjáum aðeins toppinn á ísjakanum hér. Það er mikil ólund meðal nánast allra sem eru að undirbúa og hrinda í framkvæmd þessum hlutum nema þá helst hæstv. ráðherranum sem ljómar jafnan af gleði þegar hún ræðir um þessa markaðs- og fyrirhuguðu einkavæðingu raforkumálanna. Húskarlar hennar í iðnaðarráðuneytinu og á Orkustofnun mega auðvitað eiga það að þeir, samviskusamir embættismennirnir, puða í þessu og koma með nýjar og nýjar tillögur og nýjar og nýjar formúlur og ný og ný reiknistykki til að reyna að koma þessu í framkvæmd.

Undirbúningurinn undir þetta mál er auðvitað afar skammt á veg kominn. Það var að fréttast af fyrstu reglugerðardrögum núna þegar komið var fram um mánaðamót nóvember og desember og jafnvel inn í desembermánuð, mánuðinn áður en kerfisbreytingin á að taka gildi og fara á að starfa samkvæmt þessum reglugerðum. Ákvæði um gjaldskrár sem áttu að vera komnar til umsagnar tveimur mánuðum áður en þær taka gildi um næstu áramót eru öll auðvitað orðin þverbrotin því að þær gjaldskrár hafa ekki enn litið dagsins ljós.

Af því m.a. stafar breytingartillaga mín og hv. þingmanns Guðjóns A. Kristjánssonar, að við lauslega kortlagningu þessara mála í iðnaðarnefnd er alveg ljóst að undirbúningurinn er afar skammt á veg kominn. Á fundum um þessi mál hafa menn tekið þannig til orða, að sögn, að þetta sé að vísu allt ansi seint á ferðinni en það sé ekkert annað að gera en að stinga sér í laugina. Það er jafnvel haft eftir orkumálastjóra sjálfum að það sé bara ekkert annað að gera en að stinga sér í djúpu laugina, og hún er köld, í djúpu laugina fulla af köldu vatni. Þannig á hin fyrsta sundferð í markaðsvæðingu raforkugeirans að vera.

Ég vil segja um breytingartillögurnar sem koma frá meiri hluta iðnaðarnefndar að þær eru í sjálfu sér heiðarleg viðleitni til að lagfæra ýmsa hluti í frumvarpinu, sem var eiginlega merkilega lélegt þegar betur var að gáð og eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson benti á stendur ekki steinn yfir steini í því þegar búið er að fara um það höndum í iðnaðarnefnd í um eina viku. Nánast hverju einasta atriði sem kom á prenti frá ráðuneytinu er breytt. En það var góður vilji til að laga hluti og út af fyrir sig var hin ágætasta samstaða um það í iðnaðarnefnd. Þannig voru menn t.d. einhuga um að leita leiða til að lagfæra stöðu smávirkjana, þegar menn loksins skildu hvernig það allt var hugsað og ljósið rann upp fyrir þeim. Þá sáu menn auðvitað að það var ekki beint rökrétt að þvinga þessar minnstu virkjanir, þ.e. minnstu framleiðendurna inn í kerfi sem fyrst og fremst var hugsað til að tryggja þátttöku stórfyrirtækjanna í sameiginlegum rekstri dreifikerfisins eða flutningakerfisins í landinu, og ærin efnisleg rök og sanngirnisrök fyrir því að taka með öðrum hætti á smávirkjunum sem geta verið afar góðir viðskiptavinir og þarft að fá framleiðslu þeirra inn á dreifikerfin vítt og breitt. Slík framleiðsla dregur gjarnan úr orkutöpum í kerfinu, skapar viðbótaröryggi og verkar í raun og veru sem ákveðið varaafl á viðkomandi svæði og fleira í þeim dúr. Auk þess er það einfaldlega þannig að þar er á ferðinni lítill vísir að smáatvinnurekstri í strjálbýli landsins sem gæti orðið nokkuð mikils vísir ef menn nýta þá möguleika sem víða finnast til að reisa hagkvæmar og oftast tiltölulega umhverfisvænar smávirkjanir. Yfirleitt valda þær nánast ekki í neinum tilvikum umtalsverðum óafturkræfum eða óafturhverfum umhverfisspjöllum, einfaldlega vegna þess að þær eru yfirleitt því marki brenndar að á síðari tímum mætti fjarlægja og afmá öll vegsummerki um þær og þá hefðu vatnsföll aftur sitt eðli.

Ég hef einmitt stundum tekið dæmi af slíkum virkjunum til að útskýra fyrir mönnum hver munurinn sé á óafturhverfum umhverfisspjöllum annars vegar, eins og þeim sem standa fyrir dyrum með byggingu Kárahnjúkavirkjunar og Þjórsárveraveitu, ef í hana verður ráðist, þar sem gróðurlendum verður sökkt og eyðilögð náttúra sem aldrei verður endurheimt — og svo hins vegar virkjun eins og t.d. Mjólkárvirkjun þar sem pípur eru lagðar ofan jarðar og vatn tekið úr farvegi sínum sem nemur vegalengd fallsins eða rétt rúmlega það, og þau mannvirki væri að sjálfsögðu ef svo bæri undir á síðari tímum hægt að fjarlægja öllsömul og hleypa vatnsfallinu aftur í farveg sinn. Og þá þyrfti ekki mikið að sjást af því ef einhvern tíma kæmu þær aðstæður eða af einhverjum ástæðum yrðu þau viðhorf uppi að menn vildu viðhafa slíkt.

Þetta á almennt við um þessar smávirkjanir og ég skýt þessu svona inn í til þess að halda umhverfisþættinum í því til haga, en þar eru líka byggða- og öryggissjónarmið og atvinnusköpun á ferð og margt, margt fleira.

En það breytir engu um afstöðu okkar í þessu máli í grundvallaratriðum, frú forseti, þó þarna sé verið að reyna að gera lagfæringar. Við teljum þessa kerfisbreytingu — ég ætla nú bara að segja það hér á þessum ágæta næturfundi — tómt rugl, þetta er tómt rugl. Það er alger brandari að ætla að reyna að þvinga raforkumálin á Íslandi inn í miðevrópskt skipulag viðskipta með raforku yfir landamæri og samkeppni þar sem tugir eða hundruð framleiðenda á öllu meginlandi Evrópu og norður til Skandinavíu geta keppt á einu samtengdu raforkukerfi.

Enda kemur auðvitað í ljós að enginn maður hefur neina trú á þessari samkeppni. Forstjórar tveggja af þremur stærstu raforkuframleiðslufyrirtækjunum í landinu sögðu aðspurðir, ég hlýt að mega hafa ummæli þeirra hér eftir, þ.e. talsmenn Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja, að þeir væru nú varla svo bjartsýnir að þeir mundu lifa þá daga að raunveruleg samkeppni kæmist á í raforkuframleiðslu á Íslandi. Þetta móverk allt saman er víðs fjarri því — og nú er ekki til staðar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem móðgaðist í fyrravor þegar ég kallaði raforkulagasmíðina móverk, skildi reyndar ekki það orð fyrr en ég var búinn að útskýra það fyrir honum. Móverk er fyrirbæri, svona tildur úr heldur lélegum byggingarefnum. En þetta er sko sannarlega að reynast mikið móverk og menn hafa ekki meiri trú á því en svo að ungir menn við bestu heilsu, sem eiga síðan að búa við þetta og starfrækja fyrirtæki sín innan þessa ramma, hafa enga trú á að þeir nái að lifa eiginlega samkeppni í raforkumálum á Íslandi. Þannig er nú ástandið og þarf svo sem ekki að hafa mikið fleiri orð um það.

Enda þarf heilmikið reglu- og eftirlitsverk til, og þá kemur að orkumálastjóra, sem ég spái að verði þegar frá líður eini aðilinn sem eitthvað hagnist á þessu brölti, þ.e. að hans stofnun og starfsemi muni verulega bólgna út, eftirlitsgeirinn muni dafna talsvert vegna þess að auðvitað þarf að stjórna þessu öllu bæði í hólf og gólf, það þurfa að vera bæði axlabönd og belti og alls konar teygjur til að halda þessu innan tekjuramma og arðsemismarkmiða og guð má vita hvað. Það kemur sér að vísu vel að hafa reikningsglöggan mann eins og Þorkel Helgason í því starfi og honum mun ekki veita af allri sinni kunnáttu til að reyna að hafa einhvern hemil á þessu öllu saman. Það verður svona pilsfaldastýring á þessu, þetta verður einhver pilsfaldakapítalismi og alls konar vitleysa í þessu.

Tímans vegna og aðstæðna hér ætla ég ekki að hafa þetta lengra. Það eru nokkrar spurningar sem mér og fleirum leikur mjög hugur á að leggja fyrir hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og svo hefur um samist að þess gefist kostur á morgun, að 3. umr. verði þannig hagað að við fáum nokkurn tíma til að krefja hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra svara um ýmsar áleitnar spurningar sem þessu máli tengjast og í raun og veru stöðu orkumála sem virðast vera mjög á floti um þessar mundir og fara af því ýmsar sögur, flestar óstaðfestar, að á bak við tjöldin sé alls konar draugagangur og hugmyndir í gangi um að slengja saman orkufyrirtækjum þvers og kruss. Menn úti í landshlutunum eru jafnvel farnir að álykta um ýmislegt sem kunni að vera í vændum og setja sig gjarnan á móti því, t.d. eins og að slá öllu saman í eitt slengi, Orkubúi Vestfjarða, Rarik og Landsvirkjun.

Hins vegar eru alvarleg mál sem tengjast þessari kerfisbreytingu sem enn hanga algerlega í lausu lofti og ég ætla að nefna í lokin ein þrjú, fjögur sem ég mun síðan endurtaka í formi spurninga til hæstv. ráðherra.

Ég veit ekki til að neinn botn sé kominn í hvernig eigi að koma í veg fyrir að raforka til fiskeldisstöðvanna í landinu stórhækki ekki 1. janúar nk. Síðast þegar ég spurði var ekki kominn neinn botn í það.

Ég veit ekki hvort málefni aðila eins og t.d. garðyrkjunnar eru á þurru þó að þau séu eitthvað betur tryggð í því sem nemur fjármunum sem fara formlega til niðurgreiðslna þar. Ég hef miklar áhyggjur af því að raforka til húshitunar geti átt eftir að hækka. Eins og þau mál standa, að því er ég best veit, er fullkomin óvissa um hvaða áhrif þetta komi til með að hafa á taxta raforku til húshitunar, og það er af þeirri einföldu ástæðu að Landsvirkjun hefur með afsláttum hjálpað til við að halda verði á húshitunarrafmagni niðri og það hefur komið til viðbótar niðurgreiðslum eða jöfnunargreiðslum sem fara yfir fjárlög í því skyni. Þarna er stórt gat í málinu sem ég veit ekkert hvernig mun reiða af hér 1. janúar nk.

Síðast en ekki síst er enn óútkljáð og ófyrirséð að hve miklu leyti verður um einhverjar almennar taxtahækkanir á raforku til notenda að ræða, a.m.k. á ákveðnum markaðssvæðum. Það er ljóst að þær verða einhverjar, t.d. á svæði Hitaveitu Suðurnesja, mögulega á svæði Orkuveitu Reykjavíkur og þá er nú talsvert talið. Og ekki er heldur útilokað að á svæðum rafveitna úti um landið og á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins geti orðið um hækkanir að ræða til einhvers hluta notendanna þó að aðrir kunni að koma út á sléttu eða jafnvel einhverjir hagnist. Það er hugsanlegt að einhverjir stærri notendur komi til með að fá eitthvað hagstæðari kjör hjá sumum dreifiveitum, en aðrir þurfi kannski að taka á sig hækkun.

Það er dálítið merkilegt að menn skuli um miðjan desember, eða svo gott sem, ætla að fara að kasta sér til sunds og þá eru tvær vikur til stefnu að koma öllu í framkvæmd. Eina vitið er auðvitað að taka sér aðeins meiri tíma í þetta, eins og við leggjum til. En ekki veldur sá sem varar, og ég tel að við sem leggjum það til, ég og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, séum með því að gefa mönnum holl ráð sem þeir mættu vel íhuga að fara eftir. En kannski eru menn einhvern veginn þannig settir í tilverunni að ekkert pláss sé fyrir skynsemina og menn verði þá að dengja sér út í laugina. Ég ætla þá bara að vona að hún reynist ekki tóm, það er nógu slæmt að hún sé full af ísköldu vatni og menn ætli að fara ósyndir út í djúpa endann.

[03:11]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Við erum ræða frumvarp til breytinga á raforkulögum. Frumvarpið var samþykkt á Alþingi vorið 2003 en hafði þá verið í undirbúningi í rúmt ár, jafnvel tvö ár. Sú ákvörðun hefur verið tekin hér á Alþingi að fara þá leið samhliða breytingunni, að koma á samkeppni hvað varðar skiptingu framleiðslu orkunnar, flutning með meginflutningskerfi og söluna. Þetta liggur ljóst fyrir.

Ég tel óráðlegt annað en við höldum okkur við þá breytingu sem meiri hluti nefndarinnar hefur lagt fram, þ.e. að lögin taki gildi um nk. áramót, við eigum ekkert að hika þar.

Í minni stuttu ræðu vil ég koma því að að þetta er svo viðamikil breyting að ég held að í rauninni ætti að gera ráð fyrir að frekari breytingar gætu orðið á þessum lagaramma en nú er gert ráð fyrir. Það er í rauninni ekkert óeðlilegt. Það þekkist frá nágrannalöndum okkar að upp komi mörg vandamál sem þurfi að leysa með lagabreytingum og við þurfum að vera undir það búin.

Ég legg áherslu á, herra forseti, að iðnaðarnefnd Alþing-

is verði virk í þeirri framkvæmd sem mun hefjast eftir nk. áramót og fylgist nákvæmlega með því sem er að gerast á markaðnum og að þeim alþingismönnum sem eru í iðnaðarnefnd Alþingis gefist kostur á að fylgjast með því sem gerist í framkvæmd laganna. Við eigum að taka höndum saman um að bera þá ábyrgð sameiginlega.

Í ræðum hér á undan hafa komið fram ákveðnar athugasemdir, t.d. um jöfnunarkostnað og niðurgreiðslu. Ég held að ég muni rétt að rösklega 1.100 millj. á fjárlögum næsta árs séu ætlaðar annars vegar til niðurgreiðslu á köldu svæðunum til hitaveitu og hins vegar jöfnunar á flutningi, þar er því um nokkuð að ræða. Ég tel mjög mikilvægt að við ásamt Orkustofnun, sem er sú stofnun sem á að fylgjast með framkvæmd þessara laga, fylgjumst með því sem kallað hefur verið afhendingaröryggi. En fyrir alla notendur orkunnar er gríðarlega mikilvægt að afhendingin sé eins og hingað til hefur verið og að fylgst sé með því og tryggt að svo verði áfram.

Hér hefur verið rætt aðeins um litlar virkjanir og ég tel mjög ánægjulegt hvernig nefndin kom þeirri breytingu að inni í lagafrumvarpinu sem nú er kynnt. En þegar talað er um að litlar virkjanir muni ekki menga eða skapa nein mengunarslys þá kemur stundum inn í umræðuna frá þeim sem tala hvað mest um mengun að þegar menn vildu nota rafmagn til að lýsa Gullfoss gamla upp þá mátti það ekki fyrir umhverfisverndarsinnum vegna þess að það gæti verið skaðlegt fyrir umhverfið. En nákvæmlega eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi þá væri slík framkvæmd að öllu meinalaus, það væri hægt að taka hana frá ef mönnum hugnaðist ekki að hafa lýsinguna áfram. En um þetta urðu heitar umræður hér á sínum tíma.

[03:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins varðandi umhverfisáhrif af virkjunum sem leiddi út í umræður um lýsingu náttúrufyrirbæra sem er svolítið annað mál þó notuð sé raforka. Það má enginn skilja orð mín svo að ég ætli að alhæfa um umhverfisáhrif smávirkjana, það er fjarri mér. Það er enginn minnsti vafi á því að það er alveg jafnmikil þörf á því að fara þar með gát og skoða aðstæður í hverju einstöku tilviki eins og annars staðar. Það eru auðvitað til minni vatnsföll og vatnasvæði sem ekki á að hrófla við frekar en þeim stærri, það er ekki nokkur minnsti vafi. Sums staðar eru t.d. vatnsföll mjög dýrmætur hluti og næra votlendi sem á alls ekki að hrófla við og á ekki að leyfa virkjanir í o.s.frv. Ég vil því slá þann varnagla þó að ég standi áfram við hitt að almennt séð er mjög víða hægt að ráðast í slíkar framkvæmdir og byggingu slíkra virkjana án þess að því fylgi umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif. Mjög oft eru þau því marki brennd í öllu falli að þau eru afturhverf, það er hægt að taka mannvirkið niður.

Ljósamengun er það fyrirbæri sem Íslendingar hafa lítið velt fyrir sér fyrr en fram á síðustu ár og auðvitað eins og venjulega Hjörleifur Guttormsson, fyrrv. hv. þingmaður, manna framsýnastur og hefur komið því máli lítillega á dagskrá, sem er hins vegar algengt að rætt sé í útlöndum, t.d. oflýsingu sem er mjög algeng á Íslandi, að menn sólunda orku í gegndarlausa upplýsingu sem engin þörf er fyrir. Það mætti jafnvel taka þetta hús hér sem dæmi. Ég sé enga sérstaka ástæðu til þess að hafa rosalega ljóskastara á því að framanverðu allar nætur, það mætti vera eitthvað minna.

Varðandi Gullfoss og spurninguna um lýsingu hans er það mikið tilfinningamál fyrir ýmsum og um það voru einfaldlega mjög skiptar skoðanir. Það var alls ekkert þannig að allir sem töldu sig náttúruverndarsinna væru því andvígir sjálfkrafa og heldur ekki öfugt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 3. umr.

Stjfrv., 300. mál (fjárfestingar). — Þskj. 327, brtt. 638.

[03:19]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég óska leyfis til að mega ræða saman annars vegar frumvarp sem kveður á um að fella niður lögin um Lífeyrissjóð sjómanna og hins vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, vegna þess að frumvarpið sem gengur út á að fella niður hin sérstöku lög sem gilda um Lífeyrissjóð sjómanna leiða til þess að starfsemi Lífeyrissjóðs sjómanna falli þar með undir hin almennu lög um starfskjör og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Sá sem hér stendur hefur ásamt hv. þm. Ögmundi Jónassyni og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni lagt fram breytingartillögu af því tilefni að fella á niður lögin um Lífeyrissjóð sjómanna. Efnislega snýr hún að sérstöku ákvæði í Lífeyrissjóði sjómanna. Eins og flestir vita starfa sjómenn sem greiða í lífeyrissjóð á skipum og skip eru náttúrlega för sem hægt er að sigla á milli landa og þar af leiðandi er hægt að breyta eignaböndum, þetta er ekki eins og einhver starfsemi í borginni eða á landi sem byggist á fasteign eða húsnæði eða öðrum slíkum rekstri. Oft á tíðum rekur útgerðarfélag bara eitt skip og þá er eign viðkomandi félags skipið.

Þess vegna var á sínum tíma, meðan Lífeyrissjóður sjómanna hét Lífeyrissjóður togarasjómanna, sett ákvæði um að hægt væri að taka lögveð í skipum fyrir lífeyrisiðgjöldum skipverja. Það var orðað nákvæmlega eins og það er orðað í breytingartillögu okkar þar sem við leggjum til að ákvæðið verði tekið upp í almennu lögin um lögveð í skipum, ákvæðið úr lögunum um Lífeyrissjóð sjómanna verði tekið upp og sett í almenna lagabálkinn að því er varðar lífeyrisiðgjöld sjómanna og mundi þá hljóða svo:

Við bætist ný grein sem verði 1. gr., svohljóðandi:

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem hljóðar svo:

Lífeyrisiðgjöld skipstjóra, skipverja og annarra sem ráðnir eru á skip skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu á viðkomandi skipi án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

Þannig var þetta sett upp á sínum tíma til að tryggja með sem bestum hætti að hægt væri að ná iðgjöldum í lífeyris-

sjóðinn með því að hafa forgang í því að tryggja lögveð í skipum.

Við, flutningsmennirnir þrír, teljum sem sagt eðlilegt við þessa breytingu, við niðurfellingu laga um Lífeyrissjóð sjómanna, að færa ákvæðin yfir í almennu lögin og tryggja þar með að réttur sjómanna verði ekki lakari en áður að því leyti að hægt verði enn um sinn að taka lögveð í skipum fyrir tryggingu lífeyrisiðgjalda af launum sjómanna. Þess vegna leggjum við þessa breytingu til. Hún er, eins og ég hef gert grein fyrir og vonandi allir skilið, mjög einföld. Það er einfaldlega verið að reyna að tryggja að þau réttindi sem stóðu á bak við iðgjöld til Lífeyrissjóðs sjómanna verði þar áfram og tryggi þar með innheimtuna eins og best verður á kosið ef svo illa skyldi fara að viðkomandi fyrirtæki sem gerir út skip sé orðið illa statt fjárhagslega. Menn gætu þá tekið þá ákvörðun að flagga skipinu t.d. úr landi, sem væri eina eign útgerðarfélagsins.

Eins og menn vita frá þróun seinni ára hefur verið tiltölulega auðvelt að flagga skipum úr landi, færa þau í skipaskrá annarra landa og undir eignarbönd fyrirtækja sem annaðhvort eru skráð í því landi eða í þriðja landinu og skipin lenda þá undir svokölluðum hentifána.

Þetta er sérstakt mál að því leyti að skipin eru jú færanleg frá okkar ríki og til einhvers annars ríkis sem er ekki sama staða og kemur almennt upp hjá starfsmönnum fyrirtækja. Þess vegna teljum við full rök fyrir því að breytingartillagan komi fram. Við mælumst til þess í mestu vinsemd að stjórnarliðar skoði hana því hún breytir ekki efni málsins að neinu leyti. Lögin um Lífeyrissjóð sjómanna yrðu felld niður en þetta sérstaka ákvæði tapaðist ekki sem baktrygging fyrir innheimtu lífeyrisiðgjalda. Það væri ekki verið að rýra réttarstöðu sjómanna að neinu leyti að því er við fáum séð með því að gera þetta.

Því miður hefur á undanförnum árum nokkrum sinnum þurft að grípa til þess að rýra réttarstöðu sjómanna við breytingar á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna varðandi réttindainnvinnslu og réttindi sem menn hafa talið sig eiga þar. Ég minni sérstaklega á 60 ára regluna og þær deilur sem urðu um hana við íslenska ríkið og málaferli, en eins og menn muna var það félagsmálapakki sem var færður sjómannastéttinni á sínum tíma en reyndist engin inneign fyrir og sjómenn í Lífeyrissjóði sjómanna urðu að taka á sig.

Virðulegur forseti. Málið er ekki flókið og ætti varla að vefjast fyrir alþingismönnum, eftir að hafa margsinnis þurft að greiða atkvæði um að skerða lífeyrisréttindi sjómanna, að veita þeim þessa tryggingu. Ef það kemur í ljós innan einhverra ára að tryggingin er ónauðsynleg er svo sem hægt að fella hana niður en ég held að hún sé engum til skaða. Hún er búin að vera í hálfa öld í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna og ég veit ekki til þess að hún hafi valdið þar neinum skakkaföllum öðrum en þeim að menn hafa ekki getað farið með skip úr landi og ekki losað þau undan lögveðinu og orðið að greiða gjöldin til lífeyrissjóðsins og einmitt markmið tillögunnar að reyna að tryggja það. Ég tel að nóg sé komið af því að veikja réttarstöðu sjómanna og mælist eindregið til þess að þingmenn horfi allir jákvætt á þessa tiltölulega litlu og einföldu breytingu sem ég tel að raski ekki þeim markmiðum að leggja niður lögin um Lífeyrissjóð sjómanna og opna á þá möguleika sem menn telja að það leiði til, m.a. ef til vill til sameiningar sjóðsins við aðra sjóði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 376. mál (afnám laganna). — Þskj. 461.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning og mat fasteigna, 3. umr.

Stjfrv., 335. mál (auðkennisnúmer, umsýslugjald o.fl.). — Þskj. 374.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 3. umr.

Stjfrv., 375. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 460.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 3. umr.

Stjfrv., 299. mál (stjórn, innheimtuþóknun). — Þskj. 326, brtt. 619.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 24.–25. mál.

Fundi slitið kl. 03:30.

55. FUNDUR

föstudaginn 10. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 351. mál, þskj. 400, nál. 591, 608 og 609, brtt. 598 og 614. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjfrv., 300. mál, þskj. 327, brtt. 638. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 376. mál, þskj. 461. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 335. mál, þskj. 374 (með áorðnum breyt. á þskj. 573). — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 375. mál, þskj. 460 (með áorðnum breyt. á þskj. 578). — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 299. mál, þskj. 326, brtt. 619. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
7. Lánasjóður sveitarfélaga, stjfrv., 269. mál, þskj. 290, nál. 595, brtt. 596. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, stjfrv., 321. mál, þskj. 357, nál. 597. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Bifreiðagjald, stjfrv., 377. mál, þskj. 462, nál. 587 og 588. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Fjármálafyrirtæki og vátryggingastarfsemi, stjfrv., 211. mál, þskj. 213, nál. 599, brtt. 600. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Raforkulög, stjfrv., 328. mál, þskj. 366, nál. 606, brtt. 607 og 621. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, stjfrv., 208. mál, þskj. 615. — 3. umr.
13. Hollustuhættir og mengunarvarnir, stjfrv., 192. mál, þskj. 616. — 3. umr.
14. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 330. mál, þskj. 617. — 3. umr.
15. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 432. mál, þskj. 631. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
16. Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, stjfrv., 399. mál, þskj. 506. — 1. umr.
17. Háskóli Íslands, stjfrv., 348. mál, þskj. 394 (með áorðnum breyt. á þskj. 575). — 3. umr.
18. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 349. mál, þskj. 625. — 3. umr.
19. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 350. mál, þskj. 396, (með áorðn. breyt. á þskj. 577) . — 3. umr.
20. Veðurþjónusta, stjfrv., 183. mál, þskj. 183, nál. 610, brtt. 611. — 2. umr.
21. Úrvinnslugjald, stjfrv., 394. mál, þskj. 501, nál. 636, brtt. 637. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

[10:02]

Útbýting:

Frestun á fundum Alþingis, 433. mál, stjtill. forsrh., þskj. 639.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:02]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 15. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 351. mál (skatthlutfall, afnám eignarskatts o.fl.). — Þskj. 400, nál. 591, 608 og 609, brtt. 598 og 614.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er verið að ganga til atkvæða um gagnmerkt frumvarp um skattalækkanir og skattkerfisbreytingar sem í raun má segja að séu framhald þeirra skipulagsbreytinga í efnahags- og fjármálum sem hafa átt sér stað á undanförnum rúmum áratug. Í frumvarpi þessu felast veigamiklar umbætur sem gagnast munu almenningi öllum, sérstaklega venjulegu vinnandi fólki, ellilífeyrisþegum og eldri borgurum sem ekki þurfa lengur að greiða eignarskatt af íbúðum sínum og barnafólki með lágar tekjur eða millitekjur.

Þetta er mikið framfaramál sem hér er í gangi og það er gæfuspor sem þingið er að stíga núna sem mun endast mörg ár fram undan.

[10:05]

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur misst af gullnu tækifæri til að lækka skatta með þeim hætti að aukið hefði jöfnuð í landinu. Sú skattbreyting sem hér er verið að samþykkja leiðir til aukins ójöfnuðar. Hún færir milljarða í vasa þeirra sem ekki þurfa á milljörðum að halda, hún gefur þeim mest sem mest hafa fyrir, hún gefur þeim minnst sem lítið hafa og í nokkrum tilvikum fá þeir sem allra minnst hafa ekki neitt.

Skattabylting ríkisstjórnarinnar reyndist þegar upp var staðið að stórum hluta vera blekking. Samhliða hefur ríkisstjórnin verið að koma í gegnum þingið fjölmörgum tegundum laumuskatta. Þegar hinir 16 laumuskattar sem hér hafa farið í gegn á þessum vetri eru taldir saman kemur í ljós að ríkisstjórnin er búin að heyja í forða sem dugar til meira en að greiða þann kostnað sem af skattalækkunum hlýst á næstu tveimur árum. Þegar ríkisstjórnin fagnar lokum næsta árs og ætlar að gleðjast yfir skattalækkunum kemur í ljós að hún verður þá búin að hækka laumuskattana

um u.þ.b. 8 milljarða en hún hefur á þeim tíma leyst út minna en sem því nemur í gegnum skattalækkanir.

Herra forseti. Ríkisstjórnin missti af gullnu tækifæri, sagði ég í upphafi atkvæðaskýringar minnar. Það hefði verið hægt að fara aðrar leiðir til að nota það svigrúm sem er fyrir hendi til að jafna kjörin. Samfylkingin og stjórnarandstaðan hefðu viljað fara þá leið að auka barnabætur fyrr og meira. Við í Samfylkingunni erum þeirrar skoðunar að hluta af því svigrúmi sem er fyrir hendi hefði átt að nota til að koma í veg fyrir að tekjulítið aldrað fólk greiddi óhóflega eignarskatta en ekki í sama mund að fría stóreignamenn líka og fyrirtæki af því að greiða eignarskatta.

Það sem mestu skiptir um hin glötuðu tækifæri ríkisstjórnarinnar er að hér var komið í veg fyrir að Alþingi næði fram þeim meirihlutavilja sem liggur í salnum um að lækka matarkostnað íslenskra heimila um 5 milljarða. Það er sorglegt að á þessum degi, þegar þetta tækifæri er að renna okkur úr höndum, er það bara einn flokkur sem hefur komið í veg fyrir að matarkostnaður íslenskra heimila hefði verið lækkaður um 5 milljarða, sem kemur með ofbeldi í veg fyrir að matarskatturinn verði lækkaður um helming. Það er Framsóknarflokkurinn.

Þar er fremstur í flokki hæstv. forsætisráðherra sem kemur í veg fyrir að matarkostnaður íslenskra heimila sé lækkaður um 5 milljarða. Megi skömm Framsóknarflokksins lengi lifa í þessum sölum.

[10:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar er á þessu haustþingi að setja sín fyrstu fjárlög, fjárlög bættra lífskjara fyrir allan almenning á Íslandi með stærstu áform um skattalækkanir. Málflutningur Samfylkingarinnar og stjórnarandstöðunnar hefur verið með ólíkindum í allt haust. Gamla fólkið hefði sagt við hv. þm. Össur Skarphéðinsson: Snúðu ekki öllu á haus. Segðu satt og vertu drengur.

Hæstv. forseti. Gamla fólkið hefði kannski sagt: Vertu ekki með þennan stráksskap. Það hefði líka bætt við: Það er svartur blettur á tungunni á þér.

Lækkun eignarskatts er aðgerð til að bæta stórlega tekjur einstaklinga og aldraðra, tekjulágs fólks í skuldlitlum íbúðarhúsum. Að tekjuskattur á laun hins vinnandi manns skuli á kjörtímabilinu fara í 34% er sögulegur sigur fyrir hinn vinnandi mann á Íslandi. (**Gripið fram í:** Ertu ekki ...?) Samfylkingin verður að viðurkenna það. Því verður fagnað hinn 1. maí í vor. (Gripið fram í.)

Ég vil svo segja um matarskattinn að þeirri leið hefur ekki verið hafnað af Framsóknarflokknum. (**Gripið fram í:** Noh!) (**ÖS:** Annað segir fjármálaráðherra.) (**Gripið fram í:** Hver stoppaði þetta af?) Öll góð mál koma ekki í einu. Við erum gagnrýnd líka fyrir að vera að lækka skatta of mikið af stjórnarandstöðunni úti í þjóðfélaginu. Nú verður sest yfir það. Framsóknarþingmenn hafa líka flutt hér þingmál um að fella niður virðisaukaskatt af barnafötum þannig að við erum skattalækkunarmenn og höfum ekki komið í veg fyrir neitt í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Er flóttinn hafinn?) Lífskjör eru sem betur fer að stórbatna á Íslandi og þegar við horfum fram í tímann, fimm eða tíu ár, blasir við lífskjarabati til fólksins í landinu. (Gripið fram í.)

Hér í vetur hefur stjórnarandstaðan orðið sér til skammar upp á hvern einasta dag. Þjóðin mun átta sig á því á jólahátíðinni sem er fram undan. (Gripið fram í.)

[10:11]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er mjög gagnleg. Hún skýrir átakalínur í íslenskum stjórnmálum. Með þessu frumvarpi stefnir ríkisstjórnin að því að lækka skatta um 20–30 milljarða á ári þegar allar skattbreytingarnar eru komnar til framkvæmda.

Í umræðunni um þetta frumvarp hefur komið berlega í ljós að stefna í skattamálum er jafnframt stefna í stjórnmálum. Öll viljum við góða samfélagsþjónustu. Við viljum góða grunnþjónustu, góð veitukerfi, góða skóla, góð sjúkrahús. Um þetta erum við öll sammála. Okkur greinir hins vegar á um hvernig eigi að greiða fyrir þessa þjónustu, annars vegar með sköttum í gegnum almannasjóði og hins vegar með notendagjöldum, sjúklingagjöldum eða skólagjöldum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur mjög skýra stefnu í þessu efni. Við viljum jöfnuð í samfélaginu. Við eigum að axla byrðarnar saman, borga á meðan við erum heilbrigð með sköttum en ekki þegar við erum orðin veik með sjúklingagjöldum.

Mér hefur þótt sláandi við þessar umræður hvernig stjórnarsinnar tala um sjálfa sig, handhafa framkvæmdarvaldsins, fjárveitingavaldsins, ríkisstjórnina og Alþingi. Þeir vísa til sjálfra sín sem krumlu hins illa, krumlu ríkisins. Það þarf að bjarga peningum frá þessari krumlu og færa þá fólkinu.

Hver er þessi krumla? Það er öldrunardeild Landspítalans. Og hvaða fólk er það sem á að fá peninga frá öldrunardeild Landspítalans? Hvaða fólk er fólk ríkisstjórnarinnar? Það er hátekju- og stóreignafólk á Íslandi. Einstaklingur með 1 millj. á mánuði fær að gjöf frá þessari ríkisstjórn árlega 1 millj. kr. í vasann. (**Gripið fram í:** Á ríkið ...?) Það er hins vegar velferðarþjónustan á Íslandi, heilbrigðiskerfið, skólakerfið og samfélagsþjónustan, sem kemur til með að blæða. (**Gripið fram í:** Þið viljið hækka skatta.) Um þetta standa deilurnar í íslensku þjóðfélagi. Síðan fáum við svona ódýr skot frá Framsóknarflokknum sem er nú að sanna hvar hann raunverulega stendur í íslenskum stjórnmálum sem hægri sinnaður peningafrjálshyggjuflokkur.

[10:14]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við teljum að prósentulækkun í tekjuskatti til viðbótar við helmingslækkun hátekjuskatts á næsta ári og niðurfelling hátekjuskattsins með öllu á árinu 2006 sé afar röng skattalækkunaráhersla. Hækkun persónuafsláttar hefði orðið til meiri jöfnunar og hækkað rauntekjur og þar með skattleysismörk sem fært hefði tekjulágu fólki, ellilífeyrisþegum og örorkuþegum mun meiri kjarabætur en að er stefnt með þeirri aðferð sem ríkisstjórnin vill fara sem sérstaklega kemur hátekjufólkinu vel.

Við styðjum tillögur um að barnabætur komi til framkvæmda þegar á næsta ári sem yrði leiðrétting fyrir barna-

fólk sem full þörf er á nú þegar.

[10:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við í Samfylkingunni leggjum megináherslu á lækkun virðisaukaskatts og hækkun barnabóta sem skili sér til barnafólks á næsta ári en að barnafólk verði ekki sett aftar í forgangsröðina eins og stjórnarflokkarnir gera. Við teljum okkar leið fela í sér jöfnuð sem við viljum setja í forgang og sitjum því hjá við tekjuskattsleið stjórnarflokkanna sem við höfum sýnt fram á að fer að stærstum hluta til tekjuhæstu hópanna. Það endurspeglast í því að helmingur af tekjuskattslækkuninni á næsta ári rennur til 25% hæstu skattgreiðendanna, og 200 hæstu skattgreiðendurnir fá í sinn hlut þegar skattalækkunin er að fullu komin til framkvæmda 2,4 millj. á ári, þ.e. 197 þús. kr. á mánuði, meðan þeir tekjuminni fá örlítið brot af þessari fjárhæð.

Sýnt hefur verið fram á, og það ekki hrakið, að stjórnarflokkarnir hafa lagt fram villandi útreikninga um áhrif eignarskattslækkunarinnar um að það sé að stærstum hluta lágtekjufólk sem eignarskattslækkunin gagnist. Hið sanna er að um helmingur allrar lækkunarinnar við niðurfellingu eignarskatta liggur hjá efsta fjórðungi framteljenda, hvort sem litið er til einhleypra eða hjóna. Við munum sitja hjá við ákvæðin um eignarskattslækkunina en flytja við 3. umr. tillögur um mikla hækkun á fríeignamarki í eignarskatti sem felur í sér meiri jöfnuð í skattkerfinu. Við munum jafnframt greiða atkvæði gegn lækkun á eignarskatti lögaðila og mun það koma fram í þessari atkvæðagreiðslu.

Við flytjum breytingartillögu við ákvæði stjórnarflokkanna um barnabætur þess efnis að allir fái barnabætur greiddar með börnum sínum að 18 ára aldri og bætir það verulega kjör barnafjölskyldna. Treystum við því að framsóknarmenn styðji þá tillögu en þetta er gamalt kosningaloforð þeirra frá 1999 sem enn hefur ekki verið efnt. Að sjálfsögðu munum við greiða atkvæði gegn skerðingu vaxtabóta þar sem enn og aftur er ráðist að skuldugum heimilum.

Loks viljum við vekja athygli á að persónuafsláttur og viðmiðunarfjárhæðir bóta halda ekki í við verðlagsforsendur fjárlaga á næsta ári sem gera ráð fyrir 3,5% verðbreytingu á næsta ári en viðmiðunarfjárhæðir allar eru miðaðar við 3%. ASÍ spáir enn meiri verðbólgu og miðar við 4%. Við blasir því á fyrsta árinu sem skattalækkun ríkisstjórnarinnar tekur gildi að veruleg rýrnun er á persónuafslætti og öðrum viðmiðunarfjárhæðum bóta eins og barna- og vaxtabóta. Bara persónuafslátturinn einn og sér gæti rýrnað á næsta ári um 330–650 millj. kr. eftir því hvort stuðst er við spá fjármálaráðuneytisins eða ASÍ. Vegna þessa munum við í þessari atkvæðagreiðslu sitja hjá við ákvæðin um viðmiðunarfjárhæðir bóta og persónuafsláttar sem augljóslega eru vanmetnar nema ríkisstjórnin sé vísvitandi að rýra persónuafsláttinn á næsta ári sem enn dregur úr þeirri litlu skattalækkun sem fólk með lágar og meðaltekjur fær úr þessum skattapakka ríkisstjórnarinnar.

[10:18]

Dagný Jónsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Forgangsröðun hæstv. ríkisstjórnar er rétt og árangur styrkrar efnahagsstjórnar ríkisstjórnarinnar er tekjuskattslækkun um 4%, hækkun persónuafsláttar, hækkun skattleysismarka, hækkun barnabóta og afnám eignarskatts. (**Gripið fram í:** Hækkun skólagjalda.) Það er ekki nema von að hv. þm. stjórnarandstöðu séu svekktir að horfa upp á hæstv. ríkisstjórn uppfylla hvert málið á fætur öðru sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Orð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar dæma sig sjálf varðandi virðisaukaskatt á matvælum enda hefur annað komið fram í umræðum á hv. Alþingi og tekur því ekki að fara að leiðrétta hv. þingmann enn eina ferðina.

Hæstv. forseti. Þessar aðgerðir koma til móts við fólkið í landinu og við erum að skila tekjuaukanum til þess. Hér er stigið gæfuspor og fólk nýtur ávaxta styrkrar efnahagsstjórnar.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, KF, DJ, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, HBl.

25 þm. (ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, JFM, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, StP, SJS, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÞBack, EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS) fjarstaddir.

13 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:20]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þessar skattalækkanir eru sigur hins venjulega vinnandi fjölskyldufólks og þess fólks sem komið er á efri ár. Ríkisstjórnin hefur vissulega heyjað fyrir þessum skattalækkunum. Hún hefur gert það með því að auka hagvöxt. Það eina sorglega við þetta mál er að Samfylkingin hefur glatað tækifærinu til að uppfylla kosningaloforð sín um skattalækkanir. Það hefur ríkisstjórnin ekki gert. Ég segi því já, herra forseti.

[10:21]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Sú grein sem nú er verið að greiða atkvæði um lýtur að því að fella brott eignarskatta í landinu, bæði á einstaklinga og lögaðila, þar með talið allt það fólk sem greiðir eignarskatta af íbúðarhúsnæði sínu, oft og tíðum af litlum tekjum.

Það er mjög athyglisvert að fylgjast með því hvernig stjórnmálaflokkarnir greiða atkvæði í þessari atkvæðagreiðslu. Það er skiljanlegt að vinstri grænir sitji hjá því þeir eru á móti þessu máli í heild sinni en það er ótrúlegt að sjá samfylkingarfólkið sem veit greinilega ekki sitt rjúkandi ráð í þessu máli og treystir sér ekki til að fella niður eignarskattana af venjulegu vinnandi fólki. (Gripið fram í.) Það er ömurlegt að sjá þetta og þetta er eins og annar málflutningur Samfylkingarinnar sem telur greinilega líka að þótt verið sé að fella niður skatta eigi að hætta allri tekjuöflun fyrir ríkissjóð. (Gripið fram í.) Allt er þetta jafnömurlegt og sér-

staklega frammíköll og fliss hv. formanns Samfylkingarinnar. Ég segi já, herra forseti.

[10:23]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þessar breytingar sem eru að fara í gegnum þingið eru ekki skattbreytingar, heldur skattabylting. Þetta er gríðarlegur sigur fyrir hið venjulega vinnandi fólk í landinu. Það sem þessi umræða og afgreiðsla sýnir svo að ekki verður um villst, virðulegi forseti, er að búið er að afhjúpa skattpíningarflokkana, Samfylkinguna og Vinstri græna. Ekki aðeins berjast þeir með oddi og egg gegn öllum skattalækkunum, heldur nota þeir tækifærið til að hækka skatta og gjöld þar sem þeir hafa tækifæri til. Þá vísa ég til hússins hinum megin við Vonarstrætið, og sérstaklega hækka þeir gjöldin á þeim skjólstæðingum sem minnst mega sín. Þingmaðurinn segir já.

[10:24]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið við þessa atkvæðagreiðslu mun Samfylkingin flytja breytingartillögur þar sem lagt er til að gera enn betur við aldraða þegar kemur að eignarskattinum. Við ætlum hins vegar ekki að leggja sérstaka lykkju á leið okkar til að aflétta eignarskatti á fyrirtækjum í landinu og stóreignafólki.

Það er hins vegar eftirtektarvert, herra forseti, hjá stjórnarliðum sem mæla á þann veg að hér sé um tímamót að ræða hvað varðar skattlagningu og efnahagspólitík í landinu en samt er það ólundin sem ræður ríkjum, samt er það pirringurinn og brjálæðið og leiðindin út í stjórnarandstöðuna. Ég bið, herra forseti, þess lengstra orða að stjórnarliðar nái gleði sinni hér og geti klárað þessa atkvæðagreiðslu með eins og hálft bros á vör þótt ekki væri meira.

Nú hlæja þeir og það er kominn tími til. Ég greiði ekki atkvæði.

[10:25]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég skora á þingmenn Samfylkingarinnar að hringja að þessum fundi loknum í gamlan frænda eða frænku sem býr einn eða ein í húsnæði, skuldlaust fólk sem hefur farið vel með auðæfi sín í lífinu, hefur litlar tekjur í dag og borgar þunga eignarskatta af húsnæðinu sem það býr í. Spyrjið þetta fólk hvort ríkisstjórnin sé ekki að færa því bætt lífskjör og lækkaða skatta. (**Gripið fram í:** Eina milljón.)

Við vinstri græna þarf ekkert að tala í þessari umræðu. Þeir eru flokkurinn sem vill taka úr vasa mannsins sem þeir mæta á götunni pening og gefa næsta manni. Þeir hafa alltaf verið gjafmildir á annarra fé, vinstri grænir. Þannig fór Austur-Evrópa forðum fyrir þá stefnu. Hér kemst sú stefna ekki til valda.

Hæstv. forseti. Ég óska einstaklingum til hamingju með þessa skattalækkun og segi já.

[10:27]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. stjórnarliðsins þurfa ekki að taka upp símann. Það verður örugglega hringt í þá af auðmönnum þessa lands til að þakka fyrir sig því að þeir fá auðvitað stærsta skerfinn með þessari breytingu á eignarskattinum. Stjórnarliðar virðast ekki trúa meira en svo á það sem þeir eru að gera því að þeir treystu ekki ríkissjóði fyrir því að láta neitt af tekjum ríkissjóðs, hvorki á þessu ári né því næsta. Það á allt að koma síðari hluta kjörtímabilsins og þá á líka að vera búið að endurskoða virðisaukaskattinn. Þá eru menn farnir að tala um 26, 27 eða 28 milljarða sem ríkissjóður á allt í einu að vera fær um að missa af og það er allt á spádómum byggt. Það er ekki hægt að gefa þá einkunn að menn séu ábyrgir í stjórnarháttum ef þeir haga sér svona. Ég greiði ekki atkvæði.

[10:28]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Stjórnarflokkarnir hafa gerst sekir um að leggja fram fyrir þjóðina mjög villandi útreikninga varðandi eignarskattinn í þeirri viðleitni sinni að reyna að sýna fram á að eignarskattslækkunin nýtist best tekjulágum hópum. Þetta er alrangt og útreikningarnir voru þannig unnir að þegar skipt var niður í tekjuhópa var einungis miðað við launatekjur en fjármagnstekjur voru ekki settar inn í þá útreikninga. Stærsti hlutinn af þeim sem greiða eignarskatt og eru með háan eignarskatt eru líka með um 80–90% af tekjum sínum í fjármagnstekjum en ekki launatekjum. Það er mjög erfitt að horfa fram á að þjóðin hafi verið blekkt með þessum hætti.

Þegar fjármagnstekjurnar eru teknar inn kemur í ljós að um helmingur allrar eignarskattslækkunarinnar við niðurfellingu eignarskattsins liggur hjá efsta fjórðungi framteljenda, hvort sem litið er til einhleypra eða hjóna. Tillaga okkar við 3. umr. mun miða að því að þeir sem eru með lágar tekjur njóti fyrst og fremst góðs af þessari eignarskattslækkun. Ég greiði ekki atkvæði.

[10:30]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er hlynnt niðurfellingu eignarskatts af íbúðarhúsnæði fjölskyldna og einstaklinga í landinu en við erum með þá hugmynd að þeir sem eiga stórar eignir, umfram það sem getur talist nóg fyrir fólk til að nýta til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína, séu hins vegar aflögufærir. Ég er satt að segja ekki sannfærð um að stóreignafólk í landinu sé svo hamingjusamt með þá grein sem við greiðum hér atkvæði um. Það sem hæstv. landbúnaðarráðherra segir um að vinstri grænir séu gjafmildir á annarra fé köllum við samábyrgð og meðvitund um það hvað þarf til að standa undir hinu félagslega velferðarkerfi.

Hæstv. forseti. Ég greiði ekki atkvæði um þessa grein.

[10:31]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Í því frumvarpi sem við greiðum atkvæði um kemur fram skýr pólitísk lína frá hæstv. ríkisstjórn. Hér er um að ræða hugmyndafræði últra hægri manna. Þegar svigrúmið gefst loks til að lækka skatta eru þeir mest lækkaðir á þá sem mest eiga.

En það er ekki gert á þann hátt að lækka tekjur ríkissjóðs á móti. Nei, almenningur skal borga. Það skal hækka skólagjöld, gjöld við heilsugæsluna, gjöld á bifreiðaeigendur, það skal hækka gjöld á alla sem hægt er að ná í og jafnvel þannig að gjöldin sem eru hækkuð eru umfram skattalækkanirnar. (Gripið fram í.) Hér birtist hin pólitíska lína hv. þm. Péturs Blöndals og hann dregur meira að segja (Gripið fram í.) félagshyggjumanninn, hæstv. landbúnaðarráðherra, í frjálshyggjuhreyfinguna sína. Ég verð að óska hv. þm. Pétri Blöndal til hamingju með það. Ég greiði ekki atkvæði.

[10:33]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við greiðum atkvæði um 1. gr. þessa fallega frumvarps. Þetta er enn einn gleði- og hamingjudagurinn þegar við erum að vinna áfram að þessu frumvarpi. Ég óska hæstv. fjármálaráðherra til hamingju og allri hæstv. ríkisstjórn. Ég óska hv. þingmönnum til hamingju með að fá tækifæri til að samþykkja svona fallegt frumvarp. Ég óska þjóðinni allri til hamingju, hinum vinnandi manni, þegar hún fær núna loksins einhverja umbun fyrir vinnu sína. (Gripið fram í.)

Það er sjaldan, herra forseti, sem við þingmenn fáum tækifæri til að fjalla um frumvarp sem mótar þjóðfélagið til framtíðar. Það erum við að gera núna. Við fellum niður eignarskattinn sem hvetur til sparnaðar og ráðdeildar og er gott fyrir aldraða. Við erum að lækka tekjuskattinn sem hvetur alla venjulega launþega til dáða og við erum að hækka barnabætur sem bætir stöðu barnafólks. Ég segi já með fögnuði.

[10:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú leið sem Samfylkingin vill fara í skattamálum er betri. Hún er sanngjarnari og hún er réttlátari en þær tillögur sem ríkisstjórnin boðar og afgreiðir í dag. Leið Samfylkingarinnar kemur öllum fjölskyldum í landinu til góða og þess vegna skipti ég mér ekki af þeirri afgreiðslu sem hér fer fram.

Þetta er leið ríkisstjórnarinnar. Þetta er sú leið sem gerir Pétur Blöndal glaðastan allra hér í dag, (Gripið fram í.) enda er Pétur Blöndal sá stjórnmálamaður sem einn hefur viðurkennt hægri stefnu Sjálfstæðisflokksins, þá að hafa skatta lága eða enga og að fólk borgi fyrir þjónustu sína. Það er ekki leið Samfylkingarinnar. Leið Samfylkingarinnar í skattamálum er réttlát og þess vegna styðjum við ekki ríkisstjórnina hér í dag.

[10:35]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þessar skattalækkanir eru mögulegar vegna þeirrar stefnu sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa fylgt við að byggja upp atvinnulíf í landinu. Þess vegna skapast hagvöxturinn sem við getum notað núna. Það er vegna staðfestunnar gagnvart iðnaðarmálum sérstaklega. Þar vil ég nefna að stjórnarandstöðuflokkarnir hafa barist á móti þeim áformum í langan tíma. Það þarf ekki að fjölyrða um Vinstri græna sem hafa verið á móti þeim frá upphafi og Samfylkingin hefur líka verið á móti þessum málum, á móti íslenska ákvæðinu í Kyoto-bókuninni sem var forsenda fyrir því að hér var hægt að efla hagvöxt.

Virðulegur forseti. Framsóknarmenn hafa lagt mjög mikla áherslu á þessar skattalækkanir, sérstaklega á barnabæturnar. Ég vil tína þær til. Þar er verið að setja 2,4 milljarða í viðbót til að auka hag og bæta hag barnafjölskyldna.

Varðandi eignarskattana lendir meginþungi eignarskatts í dag á þeim sem hafa eina og hálfa millj. eða minna í árstekjur. Það eru ekki hin breiðu bök, virðulegi forseti, þannig að ég segi líka já með fögnuði hér.

[10:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru fyrst og fremst gaddfreðnir sanntrúaðir hægri menn, nýfrjálshyggjumenn, sem hafa ástæðu til að gleðjast í dag. Hér er verið að leiða í lög últra hægri stefnu í skattamálum þar sem hátekju- og stóreignafólk fær mest. Þátttaka Framsóknarflokksins í þessum aðgerðum afhjúpar þann flokk sem hægri flokk og löngu eru nú liðnir þeir dagar að framsóknarmenn töldu sér til tekna að vera vinstra megin við miðju, að allt væri betra en íhaldið. Þeir eru svo löngu liðnir.

Það var sagt um Alþýðuflokkinn gamla að hann hefði verið nokkuð illa á sig kominn eftir þjónustuna við íhaldið í viðreisnarstjórninni. En Framsókn er í miklu hörmulegra ástandi eftir flórmokstur inn og baksið við að framkvæma stefnu íhaldsins á öllum sviðum og umbylta þessu þjóðfélagi í átt til hægri hyggju, (Gripið fram í.) einstaklingshyggju og nýfrjálshyggju. Og hæstv. landbúnaðarráðherra ætti sérstaklega að kunna að skammast sín (Gripið fram í.) fyrir að vera að glenna sig þetta í þessari umræðu. Ég greiði ekki atkvæði.

2. gr. samþ. með 30:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GAK, GÖrl, StP) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:38]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Við erum á móti því að lækka eignarskatta á lögaðila. Lögaðilar hafa fengið verulegar hækkanir á umliðnum árum og við teljum að þeim 1.400 millj. sem nú á að verja í eignarskattslækkun á lögaðila væri miklu betur komið til að hækka barnabætur, greiða t.d. barnabætur með öllum börnum að 18 ára aldri, eða skila þessum fjármunum til þess að lækka frekar skatta á fólk með lágar og meðaltekjur. Ég segi nei.

3.–7. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

8. gr., a-liður, samþ. með 30:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

nei: GAK, JBjarn, KolH, SJS, StP, ÖJ.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÁ, RG, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er að koma til atkvæða ein megingrein þessa frumvarps um 4% flata lækkun tekjuskatts sem þýðir tekjutap fyrir ríkissjóð á þremur árum upp á um 18 milljarða kr. Þetta bætist við áður lögfesta lækkun hátekjuskatts upp á 6–7% þannig að tekjuskattslækkun tekjuhæsta fólksins á Íslandi verður á fjórum árum 11%. Þar bætast við 2–2,5 milljarðar kr. þannig að samtals lækka tekjur ríkisins vegna beinna skatta, traustasta skattstofnsins, um vel yfir 20 milljarða á þessu árabili. Þeim fjármunum teljum við að væri betur ráðstafað með öðrum hætti en hér er lagt til.

Auk þess eru efnahagslegar aðstæður þannig að það er glapræði að færa þessa fjármuni út í samfélagið og auka á þann vanda sem við er að glíma í hagstjórninni. Það dregur úr jöfnuði og jafnrétti í landinu og þetta veikir undirstöður velferðarsamfélagsins á Íslandi. Við getum ekki stutt þessar breytingar, herra forseti, og greiðum því atkvæði gegn þeim.

[10:41]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Þetta er ein meginefnisgrein frumvarpsins sem nú er verið að greiða atkvæði um. Í henni felst veruleg lækkun tekjuskatts einstaklinga, veruleg lækkun jaðarskattanna í þjóðfélaginu, þeirra skatta sem fólk þarf að greiða af hverri viðbótarkrónu sem það aflar sér.

Það er athyglisvert að horfa á töfluna og sjá hvernig þeir sem lofuðu miklum tekjuskattslækkunum í fyrra, fyrir einu og hálfu ári, í kosningum, greiða nú atkvæði. Samfylkingin sem eins og ég hef áður sagt veit ekki sitt rjúkandi ráð í þessu máli treystir sér ekki til að styðja lækkun tekjuskattsins (Gripið fram í.) sem við erum að fara með í 21,75%, tekjuskatt til ríkisins. Hér er stórt og mikið framfaramál á ferðinni fyrir alla þá sem afla sér tekna með vinnu sinni. Ég segi já, herra forseti.

[10:42]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Eitt helsta baráttumál til margra ára er nú að verða að veruleika. Þetta er skemmtilegur dagur, stórkostlegur dagur og þetta eru stórkostlegar breytingar fyrir allt venjulegt fólk í landinu. Það er ekki nema von að stjórnarandstaðan sé pirruð og súr í dag. Ég segi já, hæstv. forseti.

[10:43]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Meðallaun félaga í aðildarsamtökum ASÍ eru 260 þús. kr. á mánuði. Hér erum við að lækka skatta á þetta fólk um 10.400 kr. á mánuði. 120 þús. kr. meira á ári heldur þetta fólk eftir af tekjum sínum. Það munar aldeilis um það hjá ASÍ. (**Gripið fram í:** ? borga launin.) Það er líka verið að lækka jaðarskatta, minnka fátæktargildru sem ASÍ hefur líka talað um.

Ég segi enn og aftur já með fögnuði.

[10:44]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkru síðan, nánar tiltekið fyrir síðustu kosningar, stóð upp úr hverjum frambjóðanda Samfylkingarinnar að það ætti að lækka jaðarskatta. Hér eru efndirnar, lítið á töfluna. Hér er um að ræða lækkun á jaðarsköttum. Menn gera það ekki með öðrum hætti.

Það liggur alveg hreint og klárt fyrir að þegar tekjuskattsprósentan var í 35%, þegar við fórum í staðgreiðslukerfið, voru allir flokkar nema einn með það á stefnuskrá sinni að hafa prósentuna í 35%. Það var Alþýðubandalagið. Nú eru tveir alþýðubandalagsflokkar, ef ekki þrír á þingi, Samfylkingin, Vinstri grænir og jafnvel Frjálslyndi flokkurinn. En við í stjórnarliðinu lækkum jaðarskatta. Ég segi já. (**Gripið fram í:** Tveir Sjálfstæðisflokkar.)

8. gr., b-liður, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, ÞKG.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GÁS, GÖg, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

9. gr., a-liður, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:45]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um hækkun á viðmiðunarfjárhæð í persónuafslætti og rétt að vekja

athygli á því hvað skattleysismörkin hafa skerst mikið í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ríkisstjórnin hefur með þeirri leið tekið til sín tugi milljarða í ríkissjóð. Enn er verið að skerða skattleysismörkin með því að miða viðmiðunarfjárhæðina við þær tölur sem hér eru og hefur ASÍ bent á að líkur séu á því að persónuafslátturinn rýrni verulega á næsta ári og þyrfti að bæta í þessa tölu útgjöldum sem nemur 650 millj. á næsta ári til að persónuafslátturinn héldi raungildi sínu miðað við verðlag þess árs.

9. gr., b–c-liðir, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EKG, EMS, GHj, HÁs, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

9 gr., d-liður, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 614,1 felld með 30:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

9 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:47]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er full ástæða til að vekja athygli framsóknarmanna á því hvað hér er verið að greiða atkvæði um. Hér er verið að greiða atkvæði um það að barnabætur greiðist með öllum börnum að 18 ára aldri eins og Framsóknarflokkurinn lofaði á árinu 1999 en er aftur og aftur búinn að svíkja.

Áætlun ríkisstjórnarinnar um lækkun skatta og hækkun bóta hefur birst þjóðinni og það er alveg ljóst að Framsóknarflokkurinn ætlar ekki að efna loforð sitt frá 1999 á þessu kjörtímabili. Nú er tækifærið og ég skora á framsóknarmenn að sýna að þeir hafi meint eitthvað með þessu en hafi ekki ætlað sér að svíkja barnafólk í landinu. Hér er tækifærið, hér er greitt atkvæði um það að hækka barnabætur þannig að þær greiðist með öllum börnum að 18 ára aldri.

[10:48]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nokkuð kjörkuð að koma hér upp og ræða um barnabætur, sá þingmaður sem í ráðherratíð sinni á Íslandsmet í skerðingu barnabóta á fjölskyldufólk í þessu landi. (Gripið fram í.) Hún kemur hér upp og lætur eins og hún eigi enga fortíð í þessu máli.

Hæstv. forseti. Efnahagslegt glapræði var málflutningur Samfylkingarinnar í skattamálum fyrir hálfum mánuði. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Hér eru ríkisstjórnarflokkarnir að lækka skatta um 4–5 milljarða. Hver er stefna hv. þingmanna Samfylkingarinnar í skattamálum á næsta ári? 9 þús. millj. kr. skattalækkun. Það á bara að gera allt strax. Efnahagslegt glapræði, hugsa um stöðugleikann, en þeir eru tilbúnir að lækka skatta um a.m.k. 9 þús. millj. Það kemur ný tillaga á eftir um lækkun á eignarskatti, tillaga sem Samfylkingin hafnaði algjörlega við 1. umr. þessa máls.

Nú er kominn nýr dagur og Samfylkingin vill allt í einu lækka eignarskatt.

[10:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Saga Framsóknarflokksins í barnabótamálum er kostuleg. Árið 1995 fór Framsókn í ríkisstjórn og tók í kjölfarið þátt í því að skerða barnabætur og tekjutengja þær að fullu, 100%. Strax við kosningarnar 1999, fjórum árum síðar, lofaði flokkurinn bót og betrun, lofaði barnakortum og ótekjutengdum barnabótum upp að 18 ára aldri.

Við það hefur að sjálfsögðu ekki verið staðið þótt flokkurinn hafi haft fimm ár til að koma þessu í framkvæmd. Hér gæfist Framsóknarflokknum kostur á því að sýna lit í barnabótamálunum. Það er að sjálfsögðu ekki gert, heldur fylgir Framsóknarflokkurinn forustu íhaldsins í þessu máli eins og öðrum. Ég ætla að gefa hæstv. landbúnaðarráðherra Guðna Ágústssyni það í morgungjöf að héðan í frá skuli Framsóknarflokkurinn heita Litla íhaldið. (**Landbrh.:** Hættu þessum barnaskap.)

10. gr., a–c-liðir, samþ. með 54 shlj. atkv.

10. gr., d-liður, samþ. með 29:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

10 þm. (EKG, GHj, HBl, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni enn ein skerðingin á vaxtabótum. Þessi ríkisstjórn hefur verið dugleg við að

skerða vaxtabæturnar frá því að hún tók við völdum. Vaxtabætur hafa verið skertar á þessu og að meðtöldu næsta ári um 900 millj. kr. Hér er harkalega ráðist að skuldugum heimilum og ég segi nei.

10. gr., e–f-liðir, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

11.–23. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

24. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

25. gr., a-liður, samþ. með 55 shlj. atkv.

25. gr., b-liður, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.

26.–28. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

29. gr., a-liður, samþ. með 54 shlj. atkv.

29. gr., b-liður, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EKG, GHj, GÁS, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

30. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EKG, GHj, GÁS, JÁ, KJúl, KHG, MÞH, MF, PHB, VS, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:54]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þetta er ótrúlegt, ég þarf að lesa þetta mörgum sinnum. Hér stendur: „Heiti laganna verður: Lög um tekjuskatt."

Herra forseti. Ég les þetta aftur. „Heiti laganna verður: Lög um tekjuskatt."

Þegar ég kom inn á þing var talað um ekknaskatt o.s.frv. Ég hef í tvígang flutt frumvarp um að gera eignarskattinn almennan til að hægt sé að lækka hann á ekkjur og slíka sem eru í erfiðleikum með að borga eignarskatt. Hér er þetta hreinlega fellt út.

Þetta er aldeilis fagnaðarefni, herra forseti, og gleðiefni fyrir alla aldraða sem eru að baksa við að borga eignarskatta af eignunum sínum í dag. Ég segi já og aftur með fögnuði. (**ÖJ:** Þið eruð óábyrgir gagnvart íslensku samfélagi.)

Brtt. 598,1 (orðin „Ákvæði 82.") samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 598,1 (orðin „og 83.") samþ. með 30:24 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

1 þm. (GÖrl) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 598,1 (niðurlag málsgr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

31. gr., 1. mgr. a-liðar, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

31. gr., 2. mgr. a-liðar og b-liður, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

31. gr., c-liður, samþ. með 55 shlj. atkv.

31. gr., d-liður, samþ. með 30:25 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

32.–37. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 598,2 (ný 38. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, SJS, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 598,3 (ný 39. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

40.–44. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, StP, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

45. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GÖrl, LB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

46.–47. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 598,4 (ný 48. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

49.–63. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 598,5 (ný 64. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

65.–101. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 598,6 (ný 102. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

103.–136. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 598,7 (tveir nýir kaflar, verða 137.–138. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

137.–144. gr. (verða 139.–146. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EKG, GHj, GÁ, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 614,2 kölluð aftur.

Brtt. 598,8 (nýr kafli, verður 147. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ,

SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ) greiddi ekki atkv.
13 þm. (EKG, GHj, HÁs, JóhS, JBjarn, KJúl, KHG, MÞH, MF, RG, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 614,3.a kom ekki til atkv.

Brtt. 614,3.b kölluð aftur.

Brtt. 598,9 (nýjar 1.–6. mgr. 145. gr. er verður 148. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.
21 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JGunn, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, EKG, GHj, JóhS, JBjarn, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, PHB, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 598,9 (ný 7. mgr. 145. gr. er verður 148. gr.) samþ. með 30:24 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ.
9 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 598,9 (ný 8. mgr. 145. gr. er verður 148. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.
24 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 598,9 (nýjar 9.–10. mgr. 145. gr. er verður 148. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 598,9 (ný 11. mgr. 145. gr. er verður 148. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.
25 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 300. mál (fjárfestingar). — Þskj. 327, brtt. 638.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:10]
Brtt. 638 felld með 30:25 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.
8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:08]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um breytingartillögu sem er til komin vegna þess að hér á eftir stendur til að fella niður lög um Lífeyrissjóð sjómanna. Tillagan sem hér er verið að greiða atkvæði um tekur til þess að viðhalda lögveðsrétti varðandi innheimtu á kröfum sjómanna í lífeyrisgreiðslum og er lagt til í breytingartillögunni að færa það inn í almennu lögin um starfsemi lífeyrissjóða. Ég tel að hér sé verið að tryggja ákveðin réttindi sjómanna. Nóg er komið af skertum réttindum þeirra og ég legg til að þingmenn segi já.

[11:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég tel að hér gæti ákveðins misskilnings. Ég tel að þrátt fyrir brottfall laganna um Lífeyrissjóð sjómanna verði staða launþega í sjómannastétt nákvæmlega sú sama og annarra launþega hvað varðar tryggingar fyrir greiðslu lífeyrisiðgjalda í lífeyrissjóðinn.

Það er auðvitað þannig að iðgjöld í lífeyrissjóði eru forgangskröfur komi til uppgjörs, gjaldþrots eða þrotabús. Þar að auki annast Ábyrgðasjóður launa greiðslur iðgjalda ef málið fer það langt. Það sem er að gerast hér er einfaldlega að gamlar reglur um svokallað lögveð í skipum vegna lífeyrisiðgjalda sjómanna eru úreltar orðnar. Þær áttu við þegar þær voru settar í lög 1960. Sem betur fer hefur orðið mjög jákvæð þróun í lífeyrissjóðamálum síðan og nú er eðlilegt að þær reglur sem almennt gilda um launþega þessa lands gildi sömuleiðis um aðila að Lífeyrissjóði sjómanna. Ég segi þess vegna nei, herra forseti.

Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

10 þm. (BJJ, EKG, GHj, ÍGP, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 647)

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 376. mál (afnám laganna). — Þskj. 461.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:10]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég var með fyrirvara við samþykkt þessa frumvarps og skrifaði þannig undir nefndarálitið. Fyrirvarinn laut að vanefndum ríkisvaldsins gagnvart Lífeyrissjóði sjómanna frá fyrri tíð, frá því fyrir rúmum 20 árum. Ég hef hins vegar sannfærst um að þessi lagabreyting hefur engar breytingar í för með sér gagnvart kröfum sjómanna í framtíðinni á hendur ríkisvaldinu enda höfðu bæði stjórnir Lífeyrissjóðs sjómanna og Landssambands lífeyrissjóða óskað eftir þessum lagabreytingum. Eftir stendur að við vildum halda ákveðnum baktryggingum inni í lögum varðandi iðgjöld. Þær áttu að hvíla í heimildum til lögveða í skipum. Um það var flutt áðan breytingartillaga, við önnur lög reyndar, grunnlög sem gilda um alla lífeyrissjóði í landinu. Sú tillaga var felld en það veldur því að við getum ekki greitt atkvæði með þessu frumvarpi, við getum ekki stutt það eins og við höfðum haft í hyggju að gera og munum sitja hjá.

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb.

8 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, StP, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 648)

Skráning og mat fasteigna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 335. mál (auðkennisnúmer, umsýslugjald o.fl.). — Þskj. 604.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:16]

Frv. samþ. með 33:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JBjarn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, ÖJ.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÁ, RG, StP, ÞSveinb, ÖS.

9 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞKG, ÞBack) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:13]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni einn af þeim 16 laumusköttum sem ríkisstjórnin er að koma í gegnum þingið til þess að fjármagna skattalækkanir sínar. Hér er partur af þeim sjónhverfingaleik sem ríkisstjórnin stendur í. Hún er að lækka skatta með því að hækka þá áður.

Hér er þó um alveg einstaklega subbulega lagasetningu að ræða. Ríkisstjórnin lofaði því árið 2000 að þessum skatti yrði ekki fram haldið. Hér brýtur hún í dag það loforð. Hún er að fara í verkefni sem er ákaflega óskilgreint og átti að kosta á sínum tíma 615 millj. Verkefnið fór meira en 50% fram úr áætlun og nú á enn að eyða í það a.m.k. um hálfum milljarði og engar skýringar hafa fengist hjá ríkisstjórninni í hvað á að eyða. Því segi ég, herra forseti, Samfylkingin er algerlega á móti lagasetningu af þessu tagi. Hún er á móti þessari laumuskattastefnu ríkisstjórnarinnar og hún greiðir atkvæði gegn frumvarpinu.

[11:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er auðvitað fjarstæða að hér sé um að ræða nýja tekjuöflun. Hér er um að ræða framlengingu til tveggja ára á sérstöku gjaldi sem Fasteignamat ríkisins hefur haft til að byggja upp Landsskrá fasteigna í landinu sem ég hélt til þessa dags að væri mikið framfaramál. Hún hefur verið byggð upp á Akureyri af miklum metnaði. (**Gripið fram í:** 50% ?) Ekki hefur tekist að ljúka þessu verkefni og ný hafa bæst við, m.a. vegna jarðaskrár og fleiri atriða sem Alþingi sjálft hefur ákveðið að fela stofnuninni. Þess vegna er þetta eðlileg framlenging til tveggja ára á verkefninu og þeim tekjustofni sem því hefur fylgt.

Ef eitthvað er subbulegt í þessu máli, herra forseti, er það málflutningur formanns Samfylkingarinnar sem veit ekki sitt rjúkandi ráð í skattamálum, eins og ég hef margsagt hér í dag, ekki sitt rjúkandi ráð.

[11:15]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í umræðu um hið gleðilega frumvarp sem við erum nýbúin að ræða hérna, 1. mál á dagskrá, hafa hv.

þm. Samfylkingarinnar ítrekað kallað hækkun á gjöldum sem eru í krónutölu og eru aðlöguð vísitölu. Loksins í nótt féllust tveir þingmenn Samfylkingarinnar á að það gjald væri í rauninni raunlækkun, (**Gripið fram í:** Klukkan hvað?) loksins kl. 2 í nótt. Þá er bara eitt eftir (**Gripið fram í:** Um miðja nótt?) og það er þetta gjald. Ég ætla að nefna að af 18 millj. kr. eign er þessi skattur sem við erum hér að ræða og búið að gera mikið mál úr 1.800 kr. á ári. Það eru 150 kr. á mánuði, 150-kall. Það er aðalmálið í öllum þessum skattapakka. Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 649)

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 3. umr.

Stjfrv., 375. mál (hækkun gjalda). — Þskj. 601.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:21]

Frv. samþ. með 34:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JBjarn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, ÞKG, ÖJ.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÁ, RG, StP, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:17]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þau hrynja í gegnum þingið, frumvörpin sem fela í sér nýja laumuskatta. Hér er verið að greiða atkvæði um frumvarp til laga um aukatekjur ríkissjóðs. Það er verið að hækka álögur á landsmenn um hundruð milljóna. Hérna er ríkisstjórnin líka að nota þessa nýju skattalækkunaraðferð sem felst í því að hækka skattana áður, og þeirri aðferð er helst lýst með aðferð þingskáldsins sem orðaði það svona, með leyfi hæstv. forseta:

Ef ég bara hefði hattinn,
hann ég tæki ofan bráður.
Leiðin til að lækka skattinn
liggur í því að hækka hann áður.

[11:17]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Dýrt er nú kveðið, þykir mér. Misskilningur Samfylkingarinnar, eða rangfærslur hennar öllu heldur, felast í því að það sé rangt að halda áfram að afla ríkissjóði tekna þó að hér sé farið í stórfelldar skattalækkanir hvað varðar tekjuskatt og eignarskatt og það sé rangt að færa upp eitthvað í humátt á eftir verðlagsbreytingum gjöld sem bundin eru í lögum í krónutölu. Auðvitað er fjarstæða að tala um það sem skattahækkanir. Þessi gjöld hér hafa flest hver ekki verið hækkuð frá 1997, (**Gripið fram í:** Laumuskattar.) flest hver ekki síðan þá, og við erum að hækka þau um 10% sem er langtum minna en nemur hækkun verðlags á þessu tímabili. Allt þetta tal í Samfylkingunni er bara ábyrgðarlaust — hvert er nú rétta orðið? — ábyrgðarlaust rugl, hv. þingmaður.

[11:19]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hver matarhola er nýtt þegar kemur að því að hækka skatta á almenningi í landinu. Í þessu frumvarpi er m.a. verið að græða á útgáfu vegabréfa og ökuskírteina svo að örfá atriði af fjölmörgum séu nefnd til sögunnar.

Ég sakna þess alveg sérstaklega núna við þessa atkvæðagreiðslu að þeir komi ekki í atkvæðaskýringu, þessir gleðipinnar, skattalækkunarmenn sem töluðu hátt og mikið við upphaf þessa þingfundar. Hvar er hæstv. landbúnaðarráðherra núna? Veri hann velkominn.

[11:20]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Eins og ræðumaður áðan ætla ég að fara með vísu.

Lastaranum líkar ei neitt,
lætur hann ganga róginn:
Finni hann laufblað fölnað eitt,
þá fordæmir hann skóginn.

Þetta er það sem ég gat um í umræðunni í gær, að hv. þingmenn Samfylkingarinnar væru stöðugt að leita að einhverjum fölnuðum laufblöðum, gengju um álútir í skóginum, horfðu niður á svörðinn og sæju ekki hvað skógurinn grænkar og grær. Þeir sjá ekki lengur trén, þeir sjá ekki lengur skóginn.

Þær skattalagabreytingar sem við höfum verið að framkvæma eru allar mjög jákvæðar. Það sem hér er verið að gera (Gripið fram í.) féllust hv. þingmenn Samfylkingarinnar á að væri í rauninni skattalækkun (**Gripið fram í:** Nei.) en ekki fyrr en kl. 2 í nótt.

[11:21]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna sérstaklega atkvæðaskýringu hæstv. fjármálaráðherra áðan. Þar loksins viðurkenndi hann að stefnan er sú að færa byrðarnar af þeim sem meira mega sín yfir til þeirra sem minna mega sín. Þó að það sé skattalækkun munum við halda áfram að taka af þeim sem minna mega sín, einnig af fólki sem á fasteignir, einnig af fólki sem á bifreiðar, einnig af fólki sem lendir í nauðungarsölum, einnig af fólki sem lendir í dómsmálum. Við skulum taka af þeim sem minna mega sín.

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra kærlega fyrir að tala skýrt í þessari umræðu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 650)

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 299. mál (stjórn, innheimtuþóknun). — Þskj. 326, brtt. 619.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:22]

Brtt. 619 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.

11 þm. (EKG, EOK, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, SJS, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [11:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég hef flutt þessa breytingartillögu að höfðu samráði við ýmsa aðila sem að þessu máli koma og tel að hún stefni í rétta átt. En það er óhjákvæmilegt að vekja athygli á því að Samfylkingin er ævinlega jafnsamkvæm sjálfri sér. Hún flutti nefnilega breytingartillögu við 2. umr. málsins um að fækka stjórnarmönnum úr sex í fimm en tillaga mín gengur út á að fjölga þeim úr sex í sjö og þeir samþykkja það líka. Það er fínt. Veri þeir bara velkomnir. Ég segi já, herra forseti.

Frv., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

12 þm. (EKG, EOK, GHj, KF, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, SJS, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 651)

Lánasjóður sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 269. mál (heildarlög). — Þskj. 290, nál. 595, brtt. 596.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:23]

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

2.–11. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 596 samþ. með 52 shlj. atkv.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 321. mál (ágreiningsmál, samráðsnefndir). — Þskj. 357, nál. 597.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:25]

1. gr. samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

1 þm. (GÞÞ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁMöl, EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 53:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

1 þm. (GÞÞ) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GÞÞ, PHB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Bifreiðagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 377. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 462, nál. 587 og 588.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:26]

1. gr. samþ. með 34:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JBjarn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, ÞKG, ÖJ.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÁ, RG, StP, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 34:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JBjarn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, ÞKG, ÖJ.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, MÁ, RG, ÞSveinb, ÖS.

11 þm. (EKG, GHj, GAK, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, StP, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Fjármálafyrirtæki og vátryggingastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 211. mál (EES-reglur). — Þskj. 213, nál. 599, brtt. 600.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:27]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta frumvarp tekur til eftirlits með lánastofnunum, vátryggingarfélögum og fjárfestingarfélögum þegar um er að ræða endurskipulagningu eða slit lánastofnana. Það er í sjálfu sér hið besta mál að samræma þær reglur og þá staðla sem eiga að gilda um þessi efni. Við viljum hins vegar að þær reglur og þau lög séu smíðuð og samþykkt heima fyrir.

Innan Evrópusambandsins er það vinnulag að ryðja sér til rúms að svokölluð upprunalandsregla ríki. Þannig eiga reglur um fyrrnefnd efni sem eru við lýði í því landi sem fyrirtæki á uppruna sinn í einnig að gilda um útibú fyrirtækisins. Í þýskum og pólskum fjármálafyrirtækjum sem hefðu útibú hér á landi ættu þannig pólsk eða þýsk lög og reglur að gilda þegar kæmi að endurskipulagningu eða slitum á þessu fyrirtæki.

Það er þetta vinnulag, þessi upprunalandsregla sem við erum að mótmæla og vekja athygli á. Þess vegna sitjum við hjá við afgreiðslu þessa frumvarps.

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BjörgvS, EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 600,1 (ný 6. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BjörgvS, EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

7.–8. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

3 þm. (JBjarn, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BjörgvS, EKG, GHj, KJúl, KolH, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 600,2 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BjörgvS, EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BjörgvS, EKG, GHj, HÁs, JBjart, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb.
4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (BjörgvS, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 600,3 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb.
4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
3 þm. (JBjarn, KolH, SJS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

12.–17. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 600,4 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

18. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (BjörgvS, BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

19.–21. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb.
4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BjörgvS, BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Raforkulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 328. mál (gjaldskrár, tekjumörk o.fl.). — Þskj. 366, nál. 606, brtt. 607 og 621.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:34]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
9 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:32]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Um áramótin koma til framkvæmda raforkulögin sem voru samþykkt á síðasta þingi þar sem gagnger breyting verður á framleiðslu, flutningi, dreifingu og sölu á raforku í þessu landi. Komið hafa upp ýmis atriði sem menn töldu að þyrfti að færa til betri vegar. Frumvarpið kom mjög seint fram og fór á miklu hraði í gegnum nefndina en við samfylkingarmenn teljum að breytingarnar sem eru í því fólgnar séu allar saman jákvæðar og að verið sé að færa hluti til betri vegar. Þess vegna styðjum við málið.

[11:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð studdi ekki þá kerfisbreytingu á sínum tíma að markaðsvæða raforkukerfið í landinu. Við töldum mjög misráðið að hafa

ekki leitað eftir undanþágu frá raforkutilskipun Evrópusambandsins. Þar á ofan er öll þessi framkvæmd mjög vanbúin til að taka gildi nú um áramótin. Því flytjum við, ég og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, tillögu um að gildistökunni verði frestað um eitt ár.

Fari engu að síður svo að þessi lög taki gildi og framkvæmdin hefjist um áramót er auðvitað til bóta að reyna að lagfæra ágalla sem menn hafa þegar séð, eins og sést á þessu frumvarpi, fyrsta plástursfrumvarpinu á þetta móverk sem er flutt áður en sjálf framkvæmdin á að hefjast, á lögum sem sett voru hér síðasta vor. Við getum stutt 1. gr. sem varðar réttarstöðu starfsmanna sem koma til með að vinna við flutningskerfið og eftir atvikum hluta breytingartillagnanna sem eru óumdeilanlega til bóta en munum að öðru leyti sitja hjá við afgreiðslu þessa frumvarps.

Brtt. 607,1.a–b og 1. mgr. c-liðar samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BH, EKG, GHj, GAK, KJúl, KHG, MÞH, MF, MÁ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 607,1.c (töluliðir 1–3) samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 607,1.d samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BH, EKG, GHj, GunnB, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 607,2 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BH, EKG, GHj, GAK, KJúl, KHG, MÞH, MF, StP, VS, ÞBack) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 621,1 felld með 44:9 atkv. og sögðu

já: GAK, GÖrl, JBjarn, JBjart, KolH, LB, SJS, StP, ÖJ.

nei: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb.

10 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 607,3 (ný 5. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (GAK, ÍGP, JBjarn, KolH, SJS, StP, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 621,2 felld með 44:10 atkv. og sögðu

já: GAK, GÞÞ, GÖrl, JBjarn, KolH, PHB, SJS, StP, ÖJ, ÖS.

nei: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, MS, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb.

9 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SJS, StP, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, MÁ, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 607,4 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (BH, EKG, GHj, GAK, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, StP, VS, ÞBack) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
6 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SJS, StP, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 607,5 (ný grein, verður 8. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, LB, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, StP, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 3. umr.

Stjfrv., 208. mál (kirkjugarðsgjald o.fl.). — Þskj. 615.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:40]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
9 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 655)

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 3. umr.

Stjfrv., 192. mál (hollustuháttaráð). — Þskj. 616.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:40]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
9 þm. (BH, EKG, GHj, KJúl, KHG, MÞH, MF, VS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 656)

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 432. mál. — Þskj. 631.

[11:41]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem stafar frá allsherjarnefnd. Á þingskjali 631 er gerð grein fyrir 17 einstaklingum sem

nefndin mælir með að fái ríkisborgararétt að þessu sinni. Alls bárust nefndinni 26 umsóknir og hafa þær allar verið teknar til skoðunar en að þessu sinni er lagt til að þeir einstaklingar sem taldir eru upp í 1. gr. frumvarpsins, og ég leyfi mér að vísa til á þskj. 631, fái ríkisborgararétt.

Ég mæli með því að málinu verði ekki vísað til allsherjarnefndar þar sem málið stafar frá henni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

Veðurþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 183. mál. — Þskj. 183, nál. 610, brtt. 611.

[11:43]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá umhverfisnefnd um frumvarp til laga um veðurþjónustu. Í stuttu máli eru með frumvarpinu lögð til ný heildarlög um veðurþjónustu. Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina betur en gert er í gildandi lögum hlutverk ríkisins í rekstri veðurþjónustu og draga skýrari línur milli þeirrar grunnþjónustu sem Veðurstofu Íslands er skylt að sinna og greiða skal úr ríkissjóði og síðan sérþjónustu sem veitt er samkvæmt ósk kaupanda og rekin er á markaðslegum forsendum.

Það er engin ástæða til að vera með langa ræðu um þetta ágæta frumvarp. Af margvíslegum ástæðum og frekar augljósum var skynsamlegt og eðlilegt að skilgreina betur hlutverk ríkisins um veðurþjónustu og skilja á milli þeirrar þjónustu sem er á markaði, ef þannig má að orði komast, og þeirrar sem alla jafna er kölluð grunnþjónusta og skal greiðast úr ríkissjóði.

Umsagnir bárust frá hinum ýmsu aðilum, svo sem Siglingastofnun Íslands, Landsvirkjun, Vegagerðinni, Bændasamtökum Íslands, Veðurstofu Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, ríkislögreglustjóra og Ríkisendurskoðun.

Nefndin fór yfir málið og góð sátt var um það í nefndinni. Þær breytingartillögur sem hér er að finna eru til komnar vegna athugasemda sem komu fram í umsögnum sem bárust nefndinni. Ég ætla ekki að lesa þær upp enda er fyrst og fremst um að ræða orðalagsbreytingar og lagfæringar á ýmsu sem betur mátti fara en var í sjálfu sér ekki mikil breyting á efnisatriðum frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem tíndar voru upp í nefndarálitinu og gerð er um tillaga á sérstöku þingskjali. Undir álitið skrifa Guðlaugur Þór Þórðarson, Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnar Birgisson, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Mörður Árnason og Valdimar L. Friðriksson. Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en Steinunn K. Pétursdóttir sat fund nefndarinnar og er hún samþykk áliti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrvinnslugjald, 2. umr.

Stjfrv., 394. mál (fjárhæðir, gjaldskylda o.fl.). — Þskj. 501, nál. 636, brtt. 637.

[11:46]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

Meginefni frumvarpsins varðar breytingar á einstökum fjárhæðum úrvinnslugjalds, tímabundna frestun á upptöku úrvinnslugjalds af pappa-, pappírs- og plastumbúðum og hækkun skilagjalds af ökutækjum. Þá er einnig gert ráð fyrir breytingum sem leiða það af sér að kerfið nái betur til eldri ökutækja sem örva mun skil á þeim til úrvinnslu. Loks gerir frumvarpið ráð fyrir því að aðilum verði heimilt að semja sín í milli um ráðstafanir sem tryggja úrvinnslu úrgangs vegna veiðarfæra úr gerviefnum á sama hátt og nú gildir um svartolíu.

Skemmst er frá því að segja að þetta frumvarp er um margt ánægjulegt. Hér er lagt til að úrvinnslugjald verði lækkað umtalsvert, sem er mikið fagnaðarefni. Á sama hátt er skilagjald á bílum hækkað úr 10 þús. kr. upp í 15 þús. kr. Einnig er um að ræða, eins og áður kom fram, lækkun á gjaldi á bifreiðar. En á sama hátt eru fleiri bifreiðar og eldri, sem ekki voru áður inni í þessum lögum, teknar í lögin með frumvarpinu.

Ekki komu fram margar tillögur um breytingar hjá nefndinni. Ýmislegt var rætt og menn fóru yfir málið eins og vera ber en hins vegar er vert að geta þess að málið kom nokkuð seint inn og var það samdóma álit umhverfisnefndar að verið hefði betra að hafa lengri tíma til að fara yfir málið. Það eru margir fletir á þessum mikilvæga sjóði og þeim málaflokki sem tengist úrvinnslugjaldinu.

Þær breytingar sem gert er ráð fyrir eru fyrst og fremst tæknilegar en einnig var tekið tillit til athugasemda frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þar töldu menn að þeir þyrftu lengri tíma til undirbúnings og þess vegna var ákveðið að fresta bæði upphafstíma greiðslu vegna móttöku á öðrum umbúðum en plastfilmu og bylgjupappa frá upphaflegum hugmyndum, sem voru 1. desember 2005, til 1. mars 2006. Jafnframt var ákveðið að leggja til að lengja starfstíma nefndar þeirrar sem ræðir þau mál frá 15. mars 2005 til 1. júní 2005.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrgreindum breytingum sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali en þar er um að ræða fjóra liði.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, Mörður Árnason og Valdimar L. Friðriksson skrifa undir nefndarálit þetta með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og sitja hjá við atkvæðagreiðslu. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Steinunn K. Pétursdóttir sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Þeir sem skrifa undir álitið eru auk mín hv. þm. Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnar Birgisson, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara, Mörður Árnason, með fyrirvara og Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Þetta mál er gott og hefur í för með sér umtalsverða lækkun á gjöldum sem er fagnaðarefni. Um málið var ágætissátt í nefndinni og ég á ekki von á öðru en að hið sama verði uppi á teningnum á hinu háa Alþingi.

[11:51]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald. Það verður að segjast að mál af þessu tagi er ekki einfalt viðureignar. Um er að ræða yfirgripsmikla löggjöf sem varðar möguleika okkar á að draga á endanum úr urðun sorps.

Við meðferð þessa máls á Alþingi á síðustu árum, frá því það leit fyrst dagsins ljós, hefur verið gagnrýnt að stjórn Úrvinnslusjóðs sé ekki nægilega breið til að gætt sé hagsmuna allra þeirra sem eðlilegt er að komi að þeim málum. Á 128. löggjafarþingi, þegar þetta mál var upphaflega samþykkt, flutti ég breytingartillögu við frumvarpið sem gerði ráð fyrir því að stjórn Úrvinnslusjóðs yrði öðruvísi skipuð.

Samkvæmt lögunum er hún m.a. skipuð aðilum frá Samtökum atvinnulífsins og Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Samkvæmt lögunum er yfir sjóðnum fimm manna stjórn sem skipuð er til fjögurra ára. Umhverfisráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar en fjórir meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum, eins og segir í 16. gr. laganna, virðulegi forseti: einn sé tilnefndur eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins og einn frá Samtökum verslunar og þjónustu og einn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Það er ljóst í mínum huga og kom afar skýrt í ljós í þeirri litlu umfjöllun sem málið fékk í umhverfisnefnd að tilfinnanlega vantar fleiri fulltrúa í þessa stjórn. Ég tel að það hefði verið eðlilegt að Neytendasamtökin ættu frá upphafi fulltrúa í henni. Ég hefði talið að frjáls félagasamtök á sviði náttúru- og umhverfisverndar ættu líka að eiga þar fulltrúa. Það er kannski ekki tímabært við þessa umræðu, virðulegi forseti, að flytja breytingartillögu varðandi þetta atriði laganna en ég vil ítreka þetta vegna þess að þegar fjallað er um þessi mál kemur í ljós að Neytendasamtökin og frjáls félagasamtök eiga fullt erindi í stjórn sjóðsins. Hið mikla vægi sem atvinnulífið hefur í stjórninni verður óeðlilegra eftir því sem tímar líða, sýnist mér. Ég legg á það áherslu að menn hugleiði vandlega að víkka út og breikka þessa stjórn. Þar með tel ég að minni líkur væru á því að ágreiningsmál komi upp varðandi þessa löggjöf.

Því miður, virðulegi forseti, gafst nefndinni að mínu mati ekki tími til að rýna nægilega vel í orðalag þeirra lagagreina sem hér um ræðir. Þar á ég sérstaklega við 1. gr.

Ég gagnrýndi við 1. umr. um frumvarp þetta að í það vantaði, að mínu mati, ákveðið gagnsæi í skilgreiningu á umbúðum. Innleiða á ný ákvæði sem varða umbúðir og þarf því að skilgreina þær og flokka í ólíkar tegundir. Þar er fjallað sérstaklega um, í skilgreiningarliðum, söluumbúðir eða grunnumbúðir, safnumbúðir og flutningsumbúðir. Hér eru að sjálfsögðu þýddar greinar úr tilskipunum Evrópusambandsins og ég verð að viðurkenna að mér hefur ekki fundist takast nægilega vel til við það. Ég tel ámælisvert þegar nefndin skilar lagafrumvarpi af þessu tagi svo seint, frumvarpi sem vitað er að verður að fá afgreiðslu fyrir áramót. Þá tel ég að nefndinni séu gerð störfin mjög erfið og í þessu tilfelli kom í ljós að við höfðum engan tíma til að rýna í orðalagið eða fara á nokkurn hátt yfir það hvernig mætti gera betrumbætur á því.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram hjá fulltrúum sveitarfélaganna og framkvæmdastjóra Sorpu, sem heimsóttu nefndina, að það orkaði mjög tvímælis að setja í lög reglur sem lúta að frekari flokkun, söfnun og úrvinnslu á sorpúrgangi án þess að sveitarfélögin hefðu meira um málið að segja. Það liggur ekki fyrir samkvæmt frumvarpinu hversu mikil áhrifin af breytingunum á fjárhag sveitarfélaganna verða en hins vegar er ljóst að lögin um úrvinnslugjald hafa í för með sér aukin kostnað fyrir sveitarfélög. Það kemur til af því, virðulegi forseti, að meðhöndlun umbúðanna sem hér eru sett inn í flokkunarkerfið kostar fjármuni sem ekki koma til sveitarfélaganna í gegnum Úrvinnslusjóð. Sjóðurinn á fyrst og fremst að innheimta úrvinnslugjald og greiða skilagjald fyrir viðkomandi umbúðir. Því mun sjóðurinn ekki greiða úrvinnslu- eða umsýslukostnað sem þessu fylgir heldur þurfa sveitarfélögin að leggja meira í umsýslu vegna flokkunarinnar.

Umfang þess málaflokks hefur verið að aukast gífurlega hjá sveitarfélögunum. Ég hef í höndum, virðulegi forseti, skýrslu sem til umhverfisráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fjallar um framkvæmd laga um meðhöndlun úrgangs. Það er sannarlega umhugsunarvert hve mikið umfang sorpflokkunarmála hefur aukist síðan leidd voru í lög þessi ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs og laga um úrvinnslugjald.

Í skýrslunni kemur fram kostnaður sveitarfélaganna vegna söfnunar og förgunar úrgangs á Íslandi árið 2002, ég vek athygli á því að hér er bæði talað um söfnun og förgun. Inni í söfnuninni er auðvitað söfnun á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslu- og skilagjald. Sá kostnaður nam tæpum 2 milljörðum kr. fyrir sveitarfélögin árið 2002. Heildartekjur voru hins vegar rúmlega 1 milljarður kr. Sveitarfélögin niðurgreiða því meðhöndlun úrgangs með skattfé svo nemur tæpum 1 milljarði kr. Söfnunarkostnaður er talsvert stærra hlutfall en förgunarkostnaður, þ.e. um 60% á móti 40% vegna förgunar.

Ég tel nauðsynlegt að taka málið til alvarlegrar skoðunar í umhverfisráðuneytinu. Hér erum við að ræða anga af máli sem kom inn á borð okkar í fjárlagaumræðunni varðandi tekju- og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þetta er einn af þeim málaflokkum sem vaxið hafa mun meira en allar áætlanir gerðu ráð fyrir. Greinilegt er að sveitarfélögin taka að því leyti á sig auknar skyldur og byrðar þótt engir tekjustofnar fylgi með til þeirra. Þetta er gagnrýnisvert, virðulegi forseti. Það verður að ná viðunandi jafnvægi í málaflokkinn því að hér er um nýjar aðferðir að ræða, nýjar leiðir sem mikil sátt þarf að ríkja um svo þær nái að virka sem best. Það verður ekki hægt í óþökk sveitarfélaganna eða á þann hátt að þau hafi á tilfinningunni að hér sé verið að binda á þau klafa sem ekki fylgja neinir fjármunir. Ríkisvaldið og löggjafarsamkundan eru jú að innleiða þessi lög. Það, virðulegi forseti, verðum við að gera í góðri sátt.

Ég vil fara nokkrum orðum, hæstv. forseti, um nýtt ákvæði í 5. gr. þessa frumvarps sem varðar veiðarfæri úr gerviefnum. Samkvæmt 11. tölulið 5. gr. er gert ráð fyrir að við tökum veiðarfæri úr gerviefnum inn undir úrvinnslugjald og er það vel. Það hefur verið stefna umhverfisnefndar, frá því að þessi lög komu til umfjöllunar hennar, að fá veiðarfærin þar inn.

Auðvitað fellur talsvert mikið til af veiðarfærum. Þau eru úr plasti sem gott er að endurnýta og þess vegna er sjálfsagt að þeim sé forðað frá urðun. Hins vegar hefur Landssamband íslenskra útvegsmanna ekki verið sátt við þann meginvilja umhverfisnefndarinnar. Ég sé ekki betur en að Landssamband íslenskra útvegsmanna hafi getað dregið stjórnina á því að sú ákvörðun komist til framkvæmda.

Í frumvarpinu er mikið svigrúm fyrir útvegsmenn. Þeir eiga að fá tækifæri samkvæmt frumvarpinu að semja sín á milli um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu þessa úrgangs á sama hátt og olíufélögum hefur verið tryggður slíkur réttur varðandi svartolíu.

Hæstv. forseti. Ég hef ákveðnar efasemdir um þessa grein og þá heimild sem útvegsmenn fá með frumvarpinu. Ég hef reyndar ekki haft tíma til að skoða það nægilega vel ofan í kjölinn í umfjöllun nefndarinnar en ég sé ekki að það tryggi að öll veiðarfæri sem falla til skili sér undir úrvinnslugjaldið, þ.e. inn í það kerfi sem komið verður upp. *Ekki eru allir útvegsmenn aðilar að Landssambandi* íslenskra útvegsmanna þannig að þar gæti verið um ákveðna glufu að ræða sem gerir það að verkum að hluti veiðarfæranna skili sér ekki. Það er miður að nefndin skyldi ekki hafa nægileg tækifæri til að skoða málið ofan í kjölinn. Ég tel vafa á ferðinni og á erfitt með að styðja þær breytingar sem hér eru lagðar fram, með frjálsa samninga þessara aðila, meðan ég er ekki sannfærð um að það tryggi skil á öllum veiðarfærum til endurvinnslu.

Að lokum vil ég, hæstv. forseti, gera að umtalsefni nefnd þá sem sett er á samkvæmt b-lið 6. gr., ákvæði til bráðabirgða II. Þar segir:

„Frá gildistöku laga þessara ? skal starfa nefnd umhverfisráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Úrvinnslusjóðs og Umhverfisstofnunar. ... Nefndin skal undirbúa framkvæmd móttöku á pappa- og plastumbúðum sem berast með söfnunarkerfi sveitarfélaga í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs."

Virðulegi forseti. Samkvæmt frumvarpi hefur kostnaðurinn á *þennan vöruflokk verið ákveðinn*, þ.e. það segir í 4. gr. að úrvinnslugjald skuli leggja á umbúðir gerðar úr pappa og pappír og það skuli vera 10 kr. á kg og sömuleiðis 10 kr. á umbúðir gerðar úr plasti. Ég spyr og geri ráð fyrir að hæstv. umhverfisráðherra sem er viðstaddur umræðuna geti svarað okkur því: Hvaða rök eru fyrir þessari 10 kr. álagningu? Hvers vegna er hún ákveðin áður en nefndin fær tækifæri til að setjast niður og taka til starfa? Mér virðist sem nefndin sem á að undirbúa framkvæmdina komi til með að meta raunverulegan kostnað af framkvæmdinni. Þess vegna skil ég ekki hvernig hægt er að ákveða fyrir fram að gjaldið verði 10 kr. á kg. Spurningin er: Ætlast umhverfisráðuneytið og hæstv. umhverfisráðherra til þess að nefndin komist kannski að allt annarri niðurstöðu og skili þá inn nýju frumvarpi þegar hún hefur lokið störfum samkvæmt þessum tillögum, eða hvað?

Það er alveg greinilegt að rökstuðningurinn fyrir 10 kr. gjaldinu er enginn. Hann getur ekki orðið til fyrr en nefndin sem um er rætt hefur lokið störfum. Einnig mætti geta þess að nefndinni er gert að starfa á þann veg að fulltrúarnir sjálfir, sem sitja í henni, beri kostnaðinn af henni. Það er enn eitt dæmi um að sveitarfélögin þurfa nauðug að taka að sér kostnað vegna lagasetningar af þessu tagi, sem ríkisvaldið og ráðherrar neita að taka þátt í. Þannig er beinlínis lögbundið að nefndin skuli starfa á kostnað þeirra sem í henni sitja. Enn eina ferðina skín í gegn að ríkisvaldið hefur ekki skilning á *því að sveitarfélögin þurfa að fá tekjustofna* með þeim verkefnum sem á þau eru sett og er það miður.

Varðandi meginprinsippið í þessum lögum, hæstv. forseti, þá er ég fylgjandi því. Ég tel markmiðssetningu laganna um úrvinnslugjald virkilega góða og metnaðarfulla. Ég veit að fjöldi fólks vinnur mjög metnaðarfullt starf til að þau markmið megi nást. Það fólk á allan stuðning minn og annarra þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. En ég bið hæstv. umhverfisráðherra um að gera því fólki kleift að standa af reisn að þeim verkefnum sem þeim er gert að sinna, sérstaklega að tryggja að kostnaður sveitarfélaganna vaxi þeim ekki yfir höfuð án þess að til komi auknir tekjustofnar.

[12:06]

Mörður Árnason:

Forseti. Þetta var ágæt ræða hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Ég hygg að flestir nefndarmenn geti tekið undir flest af því sem þar var sagt. Hún veldur því a.m.k. að ég get stytt mál mitt.

Tíminn til að vinna þetta mál var skammur. Það þurfti að gerast fyrir áramót og það sést að tíminn var skammur á því að málið tekur þær vendingar að við erum að ræða það við 3. umr. sem að öllu jöfnu ætti að vera óþarft á síðasta degi þingsins fyrir jól. Það verður hins vegar svo að vera núna.

Varðandi einstök atriði frumvarpsins þá sagði ég, að ég hygg við 1. umr., frá afstöðu samfylkingarmanna þegar þetta var samþykkt á sínum tíma, árið 2002. Um málið var tiltölulega góð sátt enda er málið sjálft, úrvinnslugjaldið og það kerfi allt, í góðu samræmi við stefnu Samfylkingarinnar og sem betur fer flestra flokka hér ef ekki allra að einhverju leyti. Það er mikill árangur.

En við gerðum á sínum tíma athugasemdir við stjórn Úrvinnslusjóðs. Það var athyglisvert í umfjöllun nefndarinnar að þeir sem á fund hennar komu gerðu margir athugasemdir við stjórn sjóðsins. Ég hygg að einn sá lærdómur sem við getum dregið af umfjöllun okkar um þetta frumvarp um úrvinnslugjald sé að við þurfum að leggjast aftur yfir skipun þeirrar stjórnar, bæði hvaða fulltrúar atvinnurekenda, eða atvinnulífsins eins og það er stundum kallað, eru í henni og síðan hvort ekki sé rétt að kalla til hennar fulltrúa almannasamtaka, Alþýðusambandsins, Neytendasamtakanna eða annarra, einn eða fleiri eftir atvikum.

Sveitarfélögin eiga mann í stjórn sjóðsins. Það virðist hafa orðið eitthvert skammhlaup í tengslum milli þess manns og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Mikil óánægja

hefur a.m.k. komið fram hjá sveitarfélögunum eins og síðasti hv. ræðumaður tók fram. Hún varðaði auðvitað einkum ákvæðin um umbúðir, um pappír, pappa og plast. Það mál á sér þá forsögu í stuttu máli — þetta er árlegt, frumvarpið um úrvinnslugjaldið vegna þess að það þarf að hækka og hækka upphæðirnar — að þegar við fengum það til umfjöllunar í fyrra var ekki gert ráð fyrir því að sú breyting yrði tímasett. En umhverfisnefnd ákvað að leggja það til að hún yrði tímasett með eins árs fresti og gerði það. Ég tel að það hafi verið rétt ákvörðun og ágæt hjá umhverfisnefnd. Síðan hefur ráðuneytið, framkvæmdarvaldið í þessu efni, ekki náð að vinna sína hluti nógu vel. Það er leitt að ráðuneytinu hafi ekki tekist að vinna að því í samvinnu við stjórn Úrvinnslusjóðs og sveitarfélögin vegna þess að það voru kvartanir þeirra sem leiddu til þess að enn þarf að fresta gildistöku ákvæðis um gjald fyrir umbúðapappa og plast. Því þarf enn að fresta henni frá því sem lagt var til í frumvarpinu. Ég fellst á að það sé gert en mér þykir leitt að þurfa að standa að því.

Ég veit að þetta er ekki núverandi hæstv. umhverfisráðherra að kenna og vil ekki skamma hana fyrir það, enda tel ég að hún sé enn að njóta hveitibrauðsdaga sinna í ráðuneytinu. Við byrjum að skamma hana eftir jól ef hún stendur sig ekki nógu vel. En ég vil beina því til hennar að láta þetta ekki endurtaka sig í ráðuneytinu og undirstofnunum þess.

Ég vil nefna nokkur önnur atriði. Ég ræddi um það í fyrri umræðu um þetta mál að það kom fram hjá sveitarfélögunum að þau leggja mikla áherslu á að dagblaðapappírinn fari inn í þetta kerfi og verði ekki undanskilinn. Hann er mjög stór hluti af sorpi sem sveitarfélögin hirða, dagblöð gærdagsins. Ég tel að umhverfisráðherra ætti að setja í gang rannsókn á því hvernig því mætti koma fyrir, að setja dagblöðin inn í kerfið.

Um rafhlöður, sem ég ræddi nokkuð í fyrra skiptið, vil ég segja að úrvinnslusjóðsmenn telja að það væri kannski ekki efni til að setja á þær skilagjald, a.m.k. ekki strax, eins og lagt var til í umræðunni. Hins vegar var hvatt til þess að aukin yrði kynning á því að það mætti og ætti að skila rafhlöðum. Það gera engir nema þeir sem nota þær, sem eru aðallega heimilin í landinu. En til þess þarf auðvitað að koma upp einhverjum móttökustöðvum eða a.m.k. merkingum á stöðum þar sem menn eru reiðubúnir að taka við rafhlöðum.

Það sem hvetur mig aðallega til að koma upp að þessu sinni er þó ákvæðið um bílana. Ég hef ekki enn skilið það, og það opnaðist ekki fyrir mér heldur í umfjöllun nefndarinnar, af hverju þarf að leggja úrvinnslugjald á ökutæki, sem sleppt var árið 2002 og eru á milli 15 og 25 ára gömul, þ.e. sem eru framleidd frá árinu 1978–1988. Ég hef áður lýst því að ég styð að bifreiðar sem eru eldri en 25 ára, fornbílar, séu undanþegnar þessu enda er ekki ætlunin að þær fari á haugana. En ég fæ enn ekki skilið þetta og lít á þetta sem álögur á þau 14–15 þúsund manns sem eiga umræddu bíla. Mér þykir ekki gott að beita hinum hagrænu aðgerðum, sem hér er vissulega reynt að beita, þegar þær bitna á hópi sem ekkert hefur til saka unnið.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það en fyrirvari minn á nefndarálitinu varðar einkum þetta. Ég og félagar mínir ætlum að sitja hjá við þann lið í frumvarpinu sem um það fjallar, þ.e. fyrri hluta c-liðar 2. gr.

[12:14]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Mig langar til að þakka umhverfisnefnd fyrir þá vinnu sem hún hefur lagt í frumvarpið sem sannarlega er of seint fram komið. Við ræddum það nokkuð við 1. umr. málsins að málið er flókið og nauðsynlegt að þingnefndin hafi lengri tíma til að sinna slíkum málum. Það er jafnframt ljóst að úrvinnslugjaldið kemur árlega fyrir nefndina og þarf að fara yfir upphæðirnar á hverju ári.

Ýmislegt fleira nefndu hv. þingmenn sem ég vildi bregðast við, einkanlega hvað snertir skipan nefndarinnar, samkvæmt 2. mgr. b-liðar 6. gr. Þar er gert ráð fyrir að nefnd verði sett á laggirnar sem í eigi sæti fulltrúar frá umhverfisráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Úrvinnslusjóði og Umhverfisstofnun. Ég vil geta þess að ég mun skipa í nefndina tvo fulltrúa frá sveitarfélögunum. Ég veit að það komu ábendingar þess efnis inn í þingnefndina og ég tel sjálfsagt að verða við því. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, af því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fór nokkuð yfir álagninguna, 10 kr. álagninguna á kg, að nefndinni er fyrst og fremst ætlað að fara yfir framkvæmdina á þessu máli. Henni verður ekki falið að gera tillögur um gjaldið heldur fyrst og fremst um framkvæmdina. Það kemur mjög skýrt fram í greinargerðinni um þessa grein. Þar kemur fram að þetta sé gert til að leysa þann vanda sem snýr að söfnun hjá sveitarfélögum. Ljóst er að gefa verður sveitarfélögum rúman tíma til að skipuleggja söfnun flokkaðs umbúðaúrgangs frá heimilum. Þessu vildi ég bregðast við.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi líka veiðarfærin. Með þessu frumvarpi er ekki á nokkurn hátt breytt fyrri ákvörðun umhverfisnefndar um að veiðarfæri flokkist undir Úrvinnslusjóðinn en hins vegar er þeim aðilum sem þetta mál snertir gefið tækifæri til þess, samkvæmt lögum, að fara í frjálsa samninga. Ef það tekst ekki þá yrði að sjálfsögðu lagt úrvinnslugjald á veiðarfæri og lagaheimild til þess fyrir hendi.

Varðandi úrvinnslugjald á ökutæki eldri en 15 ára þá er megintilgangurinn fyrst og fremst sá að þau ökutæki, sem eru orðin gömul, komi til förgunar. Það er t.d. ljóst að það þarf ekki að greiða af þeim nema einu sinni til að unnt sé að fá gjaldið.

[12:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar hæstv. umhverfisráðherra reifaði frumvarpið við 1. umr. lagði ég fram spurningar til hennar um meðferð þess úrgangs sem rekja má til sjávarútvegs, þ.e. veiðarfæra. Fram kom í frumvarpinu að enn er ætlast til þess að sjávarútvegurinn fái, eins og svo oft áður í ýmsum lögum, sérstaka undanþágu. Ég rifjaði þá upp að meira að segja þegar að því kom varðandi nýtingu úrgangs og meðferð úrgangs frá fullvinnsluskipum hefðu menn gengið svo langt að þegar kom að þeim degi sem umrætt ákvæði átti að taka gildi var það einfaldlega fellt úr lögunum til þess að vernda sjávarútveginn. Mér fannst það ekki gott.

Nú er enn og aftur verið að ívilna sjávarútveginum og

hjálpa honum til þess í reynd að menga áfram, það er ekki hægt að orða það með öðrum hætti. Nú á að gefa sjávarútveginum möguleika á því sem kallað er frjálsir samningar til að ganga frá málum sínum.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hafði sjávarútvegurinn ekki nægan tíma til þess að undirbúa sig undir breytingarnar? Vissi hann ekki af því að þetta var í bígerð, að dagsetningin var að renna upp? Með hvaða hætti á að grípa til aðgerða gegn sjávarútveginum ef september kemur og ekki er enn búið að ganga til frjálsra samninga um þetta eða ljúka málinu?

[12:19]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að sjávarútvegurinn vissi hvaða frestir væru í þessum málum. Hv. umhverfisnefnd ákvað á sínum tíma að taka veiðarfærin í löggjöfina. Hins vegar höfðu þeir aðilar sem málið snertir samband við umhverfisráðuneytið við undirbúning málsins og þá kom fram að þeir gætu ekki verið tilbúnir um áramótin til að fara í málið. Það þótti fyrst og fremst vera að horfast í augu við raunveruleikann sem frestunin var lögð til í frumvarpinu.

Hins vegar vona ég að þeir þurfi jafnvel ekki að nýta þann tíma. Ef ekki tekst að fara í frjálsa samninga kemur auðvitað til álagning. Það er mjög skýrt samkvæmt frumvarpinu.

[12:20]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessum efnum er engu líkara en sjávarútvegurinn sé eins og fríríki í ríkinu. Það kemur fram og reyndar í annað skipti í máli hæstv. ráðherra að sjávarútvegurinn lætur reka á reiðanum í þessu efni. Hann veit að sá dagur er að renna upp sem hann þarf að vera búinn að koma þessum málum sínum í lag og forsómar það. Menn geta velt því fyrir sér hvort þetta er kallaður skussaháttur, slóðaháttur eða hvort hér er einfaldlega verið að vinna í krafti reynslunnar og meðvitað verið að hleypa málum í þannig stöðu að ráðuneytið verður annaðhvort að beita hrammi sínum gagnvart greininni eða lúffa. Hæstv. ráðherra er í reynd að segja að umhverfisráðuneytið hafi í þessu efni lúffað og það er ekki í fyrsta skipti sem sjávarútvegurinn kemur fram með þeim hætti.

Við skulum gefa okkur að menn fari í frjálsa samninga. Við vitum hvað sjávarútvegurinn er tregur í þeim efnum þannig að full ástæða er til að ætla að frjálsir samningar muni ekki nást áður en þetta lokadægur, september ef ég man rétt, rennur upp. Mun þá umhverfisráðuneytið grípa til einhvers konar reglugerðar eða með hvaða hætti verður tekið á sjávarútveginum? Og til upplýsingar, ef hæstv. ráðherra veit það, hver eru viðurlögin við því ef þeir hlíta ekki þeim reglum sem eiga að gilda um þetta?

[12:22]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst málflutningur hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar nokkuð undarlegur. Málið snýst fyrst og fremst um það að á sínum tíma komu menn sér saman um að leggja úrvinnslugjald á veiðarfæri og það er enginn ágreiningur um það. Mér finnst það vera aðalatriði málsins og tel raunar að þessi mál séu í ágætum farvegi í dag því að veiðarfæri koma inn til förgunar. Það er ekki eins og þarna sé látið reka á reiðanum og allt sé í kaldakoli.

Þegar hins vegar þessir aðilar óska eftir því að gera frjálsa samninga og leysa málin sín á milli og að gildistöku lagaákvæðisins um að leggja á úrvinnslugjaldið verði frestað verð ég að segja að mér finnst það vera raunsæi að horfa framan í þann veruleika og viðurkenna hann og gefa þeim aðilum sem málið snertir svigrúm til að koma málunum fyrir með sem bestum hætti.

[12:24]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja málið með löngum ræðum. Mig langar aðeins til að skýra frekar það sjónarhorn sem ég lít á þetta mál. Ég hef áður komið að því sem þingmaður og ráðherra að þurfa að takast á við sjávarútveginn þegar umhverfismál eru annars vegar. Ég hef reynslu og þeir hafa reynslu og þeir vita það sem málum stýra fyrir sjávarútveginn að ef þeir láta reka á reiðanum og standa ekki við þau ákvæði sem er að finna í lögum og reglum er komið upp það sem hæstv. ráðherra kallar veruleiki og menn eiga að horfast í augu við þann veruleika. Niðurstaðan er yfirleitt sú, ekki alltaf en yfirleitt sú að framkvæmdarvaldið lúffar fyrir hinum öfluga þrýstiaðila sem sjávarútvegur, útvegsmenn og samtök þeirra LÍÚ eru.

Við þingmenn höfum áður farið eins og halaklipptir hundar undan á flótta fyrir sjávarútveginum þegar verið var að ræða um það upp úr 1995 að skylda öll skip til að koma með lífrænan úrgang að landi. Ástæðan var tvíþætt: Í fyrsta lagi til þess að auka verðmætavinnslu úr sjávarafla sem stöðugt er að takmarkast og í öðru lagi til að koma í veg fyrir lífræna mengun í hafi. Þegar kom að því að ákvæði umræddra laga áttu að taka gildi og fullvinnsluskipin áttu að vera búin að fjárfesta í búnaði til að geta hlýtt lögunum kom í ljós að ekki eitt einasta skip hafði ráðist í þennan kostnað, ekki ein einasta útgerð hafði gert það. Það voru einfaldlega samantekin ráð hjá þessari atvinnugrein að hlíta ekki lögunum og þingið, eða sá meiri hluti sem þá var, það var nýbúið að skipta um ríkisstjórn, fór undan á flótta og auðmýkti sig og niðurlægði með þeim hætti að umræddu ákvæði var hreinlega kippt út úr lögunum.

Ég er ekki að leggja það mál sem hérna er að jöfnu. Það er rétt sem hæstv. ráðherra segir að það eru þó alltént ekki deilur um að fara ber með ákveðnum hætti að þessum málum, það ber að skila inn veiðarfærum og það á að greiða gjald til að kosta förgun þeirra. Gríðarlegt magn fellur til af vöru sem hægt er að nota úr efnum sem eru mjög skaðleg umhverfinu og efnum í þannig formi að ef þeim er ekki skilað inn, ef það eru freistingar fyrir hendi til að þeim sé ekki skilað inn geta þau haft ákaflega óheillavænleg áhrif á lífríki í hafinu. Þetta liggur einfaldlega fyrir.

Nú finnst mér sem við séum aftur að sigla í þetta ástand að reglur liggja fyrir, þær eru skýrar, lögin eru á tæru en þeir sem eiga að sæta lögunum og reglunum sætta sig einfaldlega ekki við það. Þá er kominn upp það sem hæstv.

ráðherra kallar nýr veruleiki eða veruleiki sem við þurfum að horfast í augu við. Gott og vel. Við skulum þá gera það. Það er vel hugsanlegt að í stöðunni sé framkvæmdarvaldið einfaldlega það veikt gagnvart því ofurefli sem birtist í samtökunum að menn beygja sig undir það. Við skulum þá ganga til frjálsra samninga við þessa menn um það hvernig á að gera þetta, en er það reglan í svona málum að menn geti einfaldlega látið hlutina dankast og sagt: Getum við ekki gengið til frjálsra samninga? Það er einfaldlega ekki þannig sem borgararnir geta yfirleitt komist hjá því að taka á sig þær kvaðir sem fylgja því sem eru umferðarreglurnar í samfélagi okkar sem felast í lögunum.

Herra forseti. Ég er fyrst og fremst með ræðu minni að leggja áherslu á að ég er mjög óánægður með málsmeðferðina. Ég ætla ekkert að fara að skaka skellum sérstaklega að hæstv. ráðherra út af málinu sem ekki hefur verið lengi í embætti. Ég er sannfærður um að hún hefur fullan vilja til að leysa það, hún kemur að stöðu sem er svona. Hins vegar vil ég lýsa því yfir af reynslu minni af því að eiga við þessi samtök að því miður er þetta plagsiður hjá þeim að haga sér svona og það kemur að því að taka þarf á þeim með þess konar hönskum að þeir finna að efnið í þeim er ekki silki.

[12:28]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég saknaði þess í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að hann fagnaði því að verið er að lækka gjöld um 125 millj. kr. en það kemur örugglega seinna fram í máli hans. Látum það liggja á milli hluta.

Þingmaðurinn ræddi mikið um frjálsu samningana sem tengjast sjávarútveginum. Ég verð að viðurkenna að mér þótti tónninn svolítið neikvæður svo ég taki ekki sterkar til orða. Upplýst hefur verið í nefndinni að menn vita ekki til þess að um neitt vandamál sé að ræða. Það var undir veiðarfærum að þar sé almenna reglan sú að þau ættu að skila sér til lands og vera fargað eftir þeim reglum og aðferðum sem menn telja bestar. Þar af leiðandi tel ég allra hluta vegna og hélt að ég og hv. þingmaður værum sammála um það að vilja hafa sveigjanleika í þessum hlutum eins og öðrum þó að það sé auðvitað mikið markmið hjá okkur að sjá til þess að umhverfismálin séu í sem allra besta standi. Það hlýtur að vera útgangspunktur. Það breytir því ekki að við eigum að sýna sveigjanleika þegar við erum að ná þeim markmiðum.

Eins og hv. þingmaður þekkir mjög vel er þjóðfélag okkar um margt sérstakt og ekki samanburðarhæft við önnur samfélög. Við höfum haft mikinn sveigjanleika á mörgum sviðum sem hefur nýst okkur vel. Ég mundi ætla að það væri mikill kostur þegar menn geta náð markmiðum sínum með hinum svokölluðu frjálsu samningum og að ábyrgir hagsmunaaðilar gangi í það verk. Ég hélt að ég og hv. þingmaður værum sammála um það.

[12:31]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka fyrir ágæta umræðu. Hún er í samræmi við þá góðu vinnu sem var í nefndinni. Það kom fram hjá öllum sem hér hafa rætt málið sem og ráðherra að þetta var allt of skammur tími og það var mjög ánægjulegt að heyra að hæstv. umhverfisráðherra, Sigríður A. Þórðardóttir, mun beita sér fyrir því að við fáum þetta fyrr á næsta ári þannig að við höfum betri tíma þá til að fara yfir málið.

Það kom fram bæði hjá ræðumönnum og í nefndinni að það er mikill vilji og mikill áhugi hjá hinum ýmsu aðilum á að vera í stjórn Úrvinnslusjóðs. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi Neytendasamtökin og frjálsu félagasamtökin á vettvangi umhverfismála. Síðan komu einnig aðilar frá Félagi íslenskra stórkaupmanna og sömuleiðis Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Annars vegar vildi Samband íslenskra sveitarfélaga fá aukið vægi í stjórn sjóðsins og Félag íslenskra stórkaupmanna nefndi að það væri réttlætismál að þeir væru þar inni og einnig Félag íslenskra bifreiðaeigenda, ef ég man rétt. Þetta er því vinsæl stjórn að vera í og það er í sjálfu sér ágætt. Manni virtist vera gott samstarf á milli aðila þarna og það kom nokkuð á óvart. Hv. þm. Mörður Árnason nefndi að það væri kominn svolítið öðruvísi tónn hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga en við heyrðum þegar málið var kynnt en eins og hv. þingmaður nefndi þá er fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í stjórninni þannig að það þyrfti kannski aðeins að vera með meiri samskipti þar á milli. Hins vegar held ég að það hafi verið rétt niðurstaða hjá nefndinni að koma til móts við þær óskir sem komu fram hjá sveitarfélögunum og á sama hátt kom hæstv. umhverfisráðherra einnig til móts við óskir þeirra með því að fjölga fulltrúum þeirra í samráðsnefndinni. Maður vonast því til að sem breiðust samstaða náist um þetta og málin í heild sinni milli sveitarfélaganna og ríkisvaldsins og annarra hagsmunaaðila. Slíkt er mjög mikilvægt.

Hér var rætt mikið um veiðarfærin og hv. þm. Össur Skarphéðinsson fór ásamt fleirum ágætlega yfir það mál. Ég kom að því í andsvari mínu að ég held að það skipti máli að við séum sveigjanleg í þessu. Í þessu máli eins og svo mörgum öðrum er forskriftin, og stundum er um að ræða beinar þýðingar, frá löndum sem eru kannski ekki eins og við, enda ekki mörg lönd samanburðarhæf við Ísland. Fulltrúar útgerðarmanna í nefndinni sögðu frá því að einhvern tíma hefðu verið uppi hugmyndir eða tilskipanir um að þeir skiluðu í land því sem áhöfnin skilar frá sér almennt án þess að ég lýsi því neitt nákvæmar í þessum sal. Hugmyndin var sú að þeir sigldu með það í land og færðu það yfir í dælustöðvar og dældu því síðan aftur út í sjó. Ég held að hver maður sjái af dæmi eins og þessu að það má oft fara vel yfir málin áður en menn taki þau alveg bókstaflega og er sjálfsagt að sýna sveigjanleika. Það sér hver maður í dæmi eins og þessu hversu fáránlegir hlutirnir geta orðið.

Hv. þm. Mörður Árnason fór aðeins yfir mál sem hann nefndi og fór yfir að mér skilst í fyrri umræðu varðandi ökutækin. Ég fagna því mjög að bílar eldri en 15 ára séu komnir inn í þetta, bæði sem þurfa að greiða þetta gjald og fá einnig skilagjald. Mér er alveg fyrirmunað að skilja af hverju menn höfðu ekki á sínum tíma, þegar lögin voru sett, bíla upp í 25 ára með úrvinnslugjaldi því það liggur alveg hreint og klárt fyrir að það eru þeir bílar sem eru líklegastir til þess að fara í endurvinnslu. Það er alveg furðulegt að það hafi ekki verið gert á sínum tíma en nú er það komið í

lag og sömuleiðis er búið að hækka skilagjaldið. Það verður vonandi til þess að innheimtan á þessum bílum verði betri en ella en maður heyrði af því að þeir sem áttu eldri bíla áður og komu með þá í endurvinnslustöðvarnar hefðu verið mjög ósáttir við að fá ekki skilagjald og auk þess hefur maður líka heyrt af því að nokkuð sé um týnda bíla í kerfinu, og ég ætla ekki að fara nákvæmlega út í það, og þetta reki nokkuð á eftir mönnum að koma þeim til skila og koma þeim rétt fyrir í skráningu. Þeir eru stundum ekki til eins og gengur ef greiða þarf eitthvert gjald af þeim.

Eins og kom fram hjá mér í byrjun er um að ræða umtalsverðar lækkanir. Úrvinnslugjald á bíla lækkar úr 1.040 kr. í 700 kr. á ári og er lækkun upp á 63,2 millj. á ári. Úrvinnslugjald af hjólbörðum lækkar um 17% og er lækkun um 33 millj. á ári, úrvinnslugjald á rafhlöðum lækkar um 50% sem skilar sér í lækkun upp á 8,5 millj. og úrvinnslugjald af samsettum drykkjarumbúðum lækkar um 55% sem skilar sér í 19,5 millj. Samanlagt eru þetta 125 millj. Að auki hækkar skilagjald af ökutækjum um 50%. Hins vegar er lagt, eins og hér hefur komið fram, 10 kr. gjald á kílóið af umbúðum en það á ekki að hafa áhrif á viðkomandi fyrirtæki. Við fórum yfir það þar sem nú þegar er kostnaður hjá þessum fyrirtækjum við að koma þessum vörum fyrir þannig að þetta ætti að koma út nokkurn veginn á jöfnu, við fórum gaumgæfilega yfir að þetta á ekki að skila sér í hækkunum á vöruverði.

Virðulegi forseti. Þetta er búin að vera fín umræða og ég vil nota tækifærið enn og aftur og þakka nefndarfólki í hv. umhverfisnefnd fyrir gott samstarf hvað þetta mál varðar og vonast til að við megum eiga jafngott samstarf í framtíðinni í þeim skemmtilegu og spennandi verkefnum sem fram undan eru.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 348. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 394, (með áorðn. breyt. á þskj. 575).

og

Kennaraháskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 349. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 625.

og

Háskólinn á Akureyri, 3. umr.

Stjfrv., 350. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 396, (með áorðn. breyt. á þskj. 577).

[12:39]

Frsm. minni hluta menntmn. (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Við fórum nokkuð vel í gegnum þetta mál við 1. og 2. umr. Hér er um að ræða eina af 16 skattahækkunum ríkisstjórnarinnar og í þessu tilfelli er verið að hirða hana upp úr vösum námsmanna með því að hækka svokölluð innritunargjöld við ríkisháskólana þrjá. Þau eru hækkuð um rétt tæp 40% þannig að eftir stendur eftir nokkuð ítarlega, a.m.k. á köflum, yfirferð í nefndinni hvað varðaði þá gesti sem komu fyrir hana, að hér er um að ræða hreina gjaldtöku, hreina skattahækkun, almenna tekjuöflun til reksturs háskólanna þó að það dugi skammt í þeim rekstrarvanda sem þeir eru í eftir harkalegt fjársvelti undanfarinna ára. Ríkisháskólarnir hafa verið fjársveltir með þeim hætti að Kennaraháskólinn vísar frá þúsund nemendum á ári til að ná að starfa innan síns ramma og Háskóli Íslands sem fram til þessa hefur haft það hlutverk holt og bolt og skilgreint að vera þjóðskóli Íslendinga ásamt að sjálfsögðu Kennaraháskólanum, þjóðskólinn sem býður upp á kennslu í fræðum og rannsóknum í öllum greinum, er sveltur með þeim hætti að hann er þvingaður til að taka upp fjöldatakmarkanir til að starfa innan rammans. Á síðasta hausti ákvað háskólinn að nýta sér ekki heimildir sem hann hefur til að taka inn umsækjendur sem eru ekki með hefðbundið stúdentspróf á bóknámsbrautum, fólk með svokallað starfsnámsstúdentspróf eða fólk með víðtæka reynslu úr skóla lífsins sem að sjálfsögðu jafngildir og meira en það oft hefðbundnu stúdentsprófi á bóknámsbraut, sem er að mínu mati löngu úreltur mælikvarði á það hvort fólk á að fá inngöngu í háskóla. Við eigum að hvetja fólk almennt til að sækjast eftir háskólanámi. Þær þjóðir sem skara fram úr í dag og við viljum gjarnan bera okkur saman við, eins og Finnar og aðrar þjóðir sem eru nú langfremstar í flokki bæði í menntamálum og efnahagsmálum, hafa um árabil lagt verulegt fjármagn til mennta, sérstaklega tækni- og verkfræðimennta, og lagt mikla áherslu á verknám, listnám og iðnnám hvers konar. Það eru allt greinar sem við vanrækjum mjög áberandi.

Það mál sem við ræðum hér er mjög táknrænt fyrir viðhorf stjórnvalda til menntamála hvers konar. Í fyrsta lagi er allt of lítið lagt til þeirra. Við leggjum miklu minna til þeirra af þjóðarframleiðslunni en nágrannaþjóðirnar og það kom ágætlega fram í ræðu hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar við 1. umr. þar sem hann rakti hve langt við stöndum þeim að baki í framlögum til háskólastigsins. Við verjum um 0,9% af þjóðarframleiðslunni til háskólastigsins á meðan þær þjóðir Norðurlanda sem fremstar eru verja upp undir 2%. Þarna er æpandi bil, verulegt bil.

Verið er að þvinga háskólana til að hækka svokölluð innritunar- og skráningargjöld og við ræddum það við 1. og 2. umr. málsins með hve undarlegum hætti forsendurnar eru teknar saman eftir að fyrst var ákveðið hver upphæðin ætti að vera. Ég ætla ekki að fara út í þá umræðu núna, hún er til lykta leidd. Það sem eftir stendur er að hér er verið að stíga töluvert stórt skref í þá átt að innheimta skólagjöld í verulegum mæli fyrir grunnnám í ríkisháskólunum. Þetta mál tengist með beinum hætti að því leyti til öðru máli sem við höfum lokið 1. umr. um og verður tekið til við að vinna betur í menntamálanefnd eftir áramót. Það er aflagning Tækniháskóla Íslands, sameining hans við Háskólann í Reykjavík sem vissulega getur verið góður kostur eins og margir aðrir kostir eru við að sameina ákveðna skóla á háskólastigi, efla

háskólastigið, efla skólana, byggja undir í þessu tilfelli, ef vel tækist til, verkfræðina og tæknifræðina, standa vörð um frumgreinadeildina í Tækniháskólanum sem er hennar aðal, að þangað komi inn fólk með iðnmenntun og fólk sem á eftir að ljúka formlegu stúdentsprófi og gangi svo áfram veginn í gegnum Tækniháskólann. En í því máli, eins og kom fram við 1. umr., er mjög illa og undarlega að málum staðið og fjarri því t.d. að tryggt sé að frumgreinadeildin haldi velli, en þá umræðu tökum við síðar. Það sem ég vildi segja og tengja við þessa umræðu er að verið er að leggja af námsgrein, grunnnám á háskólastigi, leggja það af í núverandi mynd og bjóða einungis upp á það í einkareknum skóla gegn verulegum skólagjöldum. Því eru þau skref sem nú eru stigin í þá átt að innheimta há skólagjöld af grunnnámi á háskólastigi mjög áberandi og athyglisverð og sú umræða hvort nemendur eigi almennt að taka aukinn þátt í rekstri háskólanna, kosta nám sitt í auknum mæli, á eftir að fara fram. Það getur vel verið að Alþingi og einhverjir stjórnmálaflokkanna komist að þeirri niðurstöðu að svo eigi að vera og þá ætti að lána á móti, breyta lánasjóðskerfinu þannig að hluti af lánunum breyttist í styrk, tengja afborganir af námslánum eftir á þannig að menn borgi í takt við það sem þeir afla að námi loknu eins og Bretar gerðu í dramatískri og frægri atkvæðagreiðslu í breska þinginu í fyrra. Þessi umræða hefur einfaldlega ekki farið fram. Þetta er eitt af dekurmálum ríkisstjórnarflokkanna og Sjálfstæðisflokksins sérstaklega þó að hann hafi aldrei þorað að gangast við því eða viðurkenna það.

Eitt af meginstefnumiðum Sjálfstæðisflokksins er að innleiða skólagjöld í ríkisháskólana. Hér er verið að stíga stór skref í þá átt án þess að taka heildstæða umræðu um það hvernig eigi að bregðast við því eða hvort eigi að gera það. Hvert er þá hlutverk lánasjóðsins? Ég kom inn á það í ræðu í fyrrakvöld um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna og mun halda áfram með þá umræðu á eftir ef og þegar það mál kemur á dagskrá. Þetta þarf allt að ræða í einni samfellu, þ.e. hlutverk lánasjóðsins, þátttöku nemenda í kostnaði háskólastigsins. Það á ekki að lauma skólagjöldum inn bakdyramegin eins og verið er að gera hér án þess að taka um það nokkra einustu umræðu eða gangast við stefnumiðinu og dekurmálinu.

Hérna er um að ræða almenna tekjuöflun í ríkisháskólunum eftir verulegt fjársvelti þeirra. Þetta eru skattar á röngum forsendum. Hér eru skattar á röngum forsendum. Þetta er almenn tekjuöflun til reksturs skólanna en ekki sérhæfð gjaldtaka eins og hér er lagt upp með og var hugmyndin á bak við innritunargjöldin á sínum tíma, þó að sú framkvæmd hafi á þeim tíma ekki reynst gæfuspor að mínu mati. Samanborið við nemendafjölgun og aðsókn að skólunum er ríkið bara að draga lappirnar. Það er verið að draga úr framlögum til skólanna á kostnað nemendanna. Það er verið að velta auknum kostnaði af rekstri ríkisháskólanna yfir á nemendur auk þess sem verið er að beita þar fjöldatakmörkunum sem var voðaspor í sögu Háskóla Íslands á liðnu hausti, þ.e. að skólinn skyldi til þess þvingaður af stjórnvöldum að vísa frá nemendum sem þangað sóttu um inngöngu og stóðu í mjög góðri trú af því að hefðin hefur verið sú í mörg ár uppi í háskóla að taka á móti námsmönnum sem sækja um aðild að skólanum og eru með stúdentspróf af verknámsbrautum eða aðra sambærilega reynslu. Um árabil hefur háskólinn metið þetta þannig. Það var komið í bakið á þessu fólki út af fjársvelti stjórnvalda. Háskólinn var þvingaður til þeirra óheillaaðgerða að vísa þessu fólki frá. Það var mjög vont skref. Mjög margt staðfestir þann fjárhagsvanda sem háskólinn og háskólarnir allir þrír búa við. Ég hef ríka og mikla samúð með þeim. Það er mjög vont að þau skólagjöld sem verið er að innleiða í ríkisháskólana þrjá skuli bitna á þeim og framgöngu forustumanna þeirra.

Til að strika aðeins undir fjárhagsvanda skólanna þá ætla ég að vitna í minnisblað til háskólaráðs frá Ingjaldi Hannibalssyni, formanni fjármálanefndar háskólaráðs, um nemendagjöld. Þar vitnar hann beint í samþykkt af deildarfundi lagadeildar. Ég ætla að lesa þessa stuttu tilvitnun bara til að undirstrika fjárhagsvanda einstakra deilda. Menn eru tilbúnir að grípa til örþrifaráða til að standa undir kostnaði við námið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með skírskotun til viðvarandi fjárhagsvanda lagadeildar og samkeppnisstöðu hennar skorar deildin hér með á háskólaráð að beita sér fyrir því að fjárveitingar ríkisins til lagadeildar og annarra deilda verði auknar þannig að ráðstöfunarfé þeirra til kennslu verði sambærilegt við deildir háskóla í formi sjálfseignarstofnana. Að öðrum kosti fer lagadeild þess á leit við háskólaráð að það óski eftir því að deildin fái heimild til að innheimta gjöld."

Það er sem sagt verið að þvinga einstakar deildir og einkum í framhaldsnámi eins og segir síðan. Það er verið að þvinga einstakar deildir til að leita örþrifaráða til að fjármagna sig. Síðan er farin þessi millileið að hækka innritunargjöldin verulega, breyta innritunargjöldunum í skólagjöld, breyta einhvers konar þjónustugjöldum í hrein skólagjöld í grunnnámi á háskólastigi. Þetta er ákaflega mikil öfugþróun og harma ég það að við stöndum frammi fyrir því nú í dag, á síðasta starfsdegi þingsins að mér skilst á þessu ári, að eitt síðasta verkið verði að innleiða skólagjöld í ríkisháskólana þrjá án þess að um það hafi verið tekin umræða, án þess að fyrir liggi að það sé framtíðarhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna að standa undir auknum kostnaði við rekstur ríkisháskólanna í formi lána til nemenda skólans af því, eins og fram hefur komið, þá má flokka helminginn af námslánum sem styrk, þ.e. af því að þau eru niðurgreidd af ríkinu með þeim hætti. Það er því verið að velta vandanum yfir á sjóðinn, taka úr öðrum vasa en ætlað er að greiða úr.

Ýmsar fróðlegar upplýsingar komu fram í nefndastarfinu sem við höfum farið ágætlega yfir í fyrri umræðu. Það eru til að mynda þær leiðir sem háskólarektor benti á við slíka gjaldtöku. Hann hnýtti svo við þá upptalningu sína að skólagjöld væru aldrei lausn á fjárhagsvanda háskólans og tel ég að hann hafi átt við þar, og undirstrika þá skoðun mína, að ef við mundum innleiða veruleg skólagjöld í grunnnámi á háskólastigi þá værum við einfaldlega að stöðva þá sókn sem er á meðal Íslendinga, sérstaklega þeirra sem eru komnir yfir hefðbundinn háskólaaldur, þ.e. þá sem útskrifast úr framhaldsskólum, í skólana á ný. Ég held að verið sé að þvæla málum þannig að verið sé að stöðva þá sókn. Við þurfum á því að halda til að byggja undir atvinnulífið, til að byggja undir efnahagslífið, til að

byggja upp nýtt og glæsilegt atvinnulíf til framtíðar, að mennta fólkið. Það á að vera menntastefna Íslendinga í stað þeirrar blindu stóriðjustefnu sem hér hefur verið rekin um árabil án þess að nokkur vitræn umræða hafi samhliða átt sér stað um að byggja upp atvinnulíf byggt á menntun, þekkingu og færni fólksins. Það er umræða sem við tökum vonandi betur síðar.

Rektor háskólans benti á að t.d. væri hægt að innheimta einhvers konar innritunargjöld sem stæðu undir mjög ákveðinni þjónustu, í öðru lagi hrein skólagjöld sem stæðu þá undir almennum rekstri skólans líkt og er gert í sjálfseignarstofnunarskólunum, einkaskólunum svokölluðu. Svo skilur maður svo sem ágætlega líka að þeir sem standa að ríkisháskólunum finnist ákveðins ójafnræðis gætt þar sem sjálfseignarskólarnir eins og Bifröst og HR fá sambærilegar upphæðir á hvern nemanda en fá að hafa heimild til að innheimta töluverð og veruleg skólagjöld einnig. Auðvitað þykir þeim sem reka ríkisháskóla þetta ójafnræði. Þessi umræða er öll eftir og ég sakna þess að ríkisstjórnarflokkarnir skuli ekki taka þessa umræðu fyrst áður en þeir innleiða skólagjöldin með þeim hætti sem fram kemur hér og í tækninámi.

Í þriðja lagi benti rektor á að ekki væri óeðlilegt að taka upp einhvers konar staðfestingargjald til að stemma stigu við einhverju sem mætti kalla óábyrgum skráningum þannig að ekki væru hundruð eða þúsundir að skrá sig til náms án þess að ætla að stunda námið. Undir það má taka og er sjálfsagt að nota hóflega gjaldtöku til góðra verka. En ef menn ætla að nota gjaldtöku til að standa undir almennum rekstri skólanna, til almennrar tekjuöflunar, þá eiga menn að þora að segja það. Þá á Sjálfstæðisflokkurinn að þora að segja það og opinbera það hér en ekki fara fjallabaksleiðir að því máli, ekki lauma því inn með röngum hætti á röngum forsendum undir röngum formerkjum. Um það snýst þetta mál.

Af því að ríkisstjórnin ber þessa skólagjaldainnheimtu fram í búningi skráningargjalda þá er rétt að nefna að ef þessu væri einungis ætlað að standa undir skráningu þá hefur kostnaður við skráningu, innritun og utanumhald nemenda minnkað verulega. Þetta er orðin rafræn skráning. Pappírsflóðið er allt úr sögunni og forsendur eru gjörbreyttar þannig að skrípaleikurinn var afhjúpaður með mjög margvíslegum og dramatískum hætti í umræðunni og segja má að stúdentar við Háskóla Íslands að hafi brytjað forsendurnar í spað í sinni úttekt á þeim forsendunum sem liggja að baki þessum skólagjöldum. Ef menn segjast vera að innheimta skólagjöld eins og þeir gera þá værum við að taka allt aðra umræðu. Þá værum við að ræða um kosti og galla skólagjalda, réttlætið eða óréttlætið í því að nemendur tækju aukinn þátt í kostnaði við nám sitt. Eiga nemendur t.d. að hafa aðgang að nokkurn veginn gjaldfríu námi, þ.e. grunnnámi sem mætti segja að hafi sama hlutverk í dag og stúdentsprófið hafði einu sinni? Er það bara orðinn partur af almennu námi sem ríkisvaldið á að bjóða upp á aðgang að? En eigum við í staðinn að innheimta skólagjöld í ríkari mæli af framhaldsnámi við ríkisháskólana? Þetta eru allt stórar og góðar spurningar sem ættu að vera hluti af þeirri pólitísku umræðu sem við erum að taka í dag. Við ættum ekki að vera að ræða um það í sjálfu sér að ríkisvaldið og Sjálfstæðisflokkurinn séu að lauma skólagjöldum inn í ríkisháskólana í gegnum bakdyrnar. Það er ákaflega raunaleg umræða og á ákaflega lágu plani af hálfu stjórnvalda. Menn eiga að taka þessa umræðu eins og hún er í sinni réttu mynd.

Ég rakti það við 2. umr. að flestir umsagnaraðilar um frumvarpið leggja til að það verði fellt, t.d. Alþýðusamband Íslands sem telur að með þessum frumvörpum sé stigið enn eitt skref í átt til þess að tekin verði upp skólagjöld við ríkisháskóla hér á landi og Alþýðusambandið lýsir sig alfarið ósammála þessari þróun og varar við afleiðingunum. Það er akkúrat það sem ég var að segja áðan. Við höfum ekki rætt um kosti og galla gjaldtöku á nemendur og við höfum ekki rætt um afleiðingarnar. Eru afleiðingarnar þær, eins og Bretarnir telja, að meiri fjármunir komi inn á háskólastigið og það eflist í heild sinni. Þá beri að fara aðrar leiðir til að tryggja jafnrétti til náms og til að varast að gjaldtakan bitni of harkalega á þeim nemendum sem eru efnalitlir eða koma frá efnalitlum fjölskyldum. Þar er mjög flókin tenging. Um er að ræða styrki, tekjutengingar við efnahag jafnvel foreldra, eftirátekjutengingar við tekjuöflun námsmanna að loknu námi. Þeir fara ýmsar leiðir til að tryggja jafnrétti, tryggja að um sé að ræða réttláta gjaldtöku en ekki órétt-láta.

Íslenska ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir fara enga slíka leið af því að þeir hafa ekki komið fram með þetta mál með þeim hætti. Ég spurði ítrekað formann menntamálanefndar, hv. þm. Gunnar Birgisson sem þekkir mjög vel til þessara mála eftir að hafa starfað lengi sem formaður lánasjóðsins t.d., hvort það hafi verið tekið upp við hann sérstaklega að nú væri það hlutverk lánasjóðsins að standa að stórum hluta undir tækninámi á Íslandi en ekki ríkisvaldsins ef af sameiningu skólanna tveggja verður. Hann svaraði þessu ekki við 2. umr. um lánasjóðsmálið en gerir það kannski við 3. umr. nú á eftir.

Það er stórpólitísk ákvörðun ef það á að velta því kannski að hálfu leyti yfir á lánasjóðinn að hann eigi að standa undir þessu og hinu náminu. Og af hverju á hann að standa undir tækninámi en ekki guðfræðinámi eða stjórnmálfræði eða heimspeki? Hér rekur sig hvað á annars horn og ekkert samræmi er í þessari skólagjaldapólitík Sjálfstæðisflokksins. Þessi skólagjaldavæðing sem í hafa verið tekin mjög dramatísk og stór skref í bara núna á þessu eina hausti hefur aldrei komið með þeim hætti til umræðu á Alþingi. Það er verið að skólagjaldavæða sumar námsgreinar en aðrar ekki. Það er verið að hækka skólagjöldin og innleiða þau, má segja, í ríkisháskólana. En um það hefur engin umræða farið fram af hálfu stjórnarflokkanna þó að stjórnarandstöðuflokkarnir allir þrír hafi tekið um það mjög málefnalega og ágæta umræðu hér á síðustu dögum.

Ég ætla ekki að lengja þetta mjög nú við 3. umr. Fleiri eiga ábyggilega eftir að taka til máls. Þó vil ég vitna til þess að á fundi menntamálanefndar spurði ég forustumenn stúdentaráðs að því hvort þeir teldu að hér væri um að ræða gjaldtöku á röngum forsendum, hvort hér væri um að ræða almenna tekjuöflun til að mæta rekstrarvanda og fjárþörf skólanna. Svarið við því var afdráttarlaust: Já. Það er mín skoðun og það er skoðun okkar sem höfum verið að vinna í þessu máli í menntamálanefndinni af hálfu stjórnarand-

stöðuflokkanna, Samfylkingar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Frjálslyndra sem stendur með okkur að áliti okkar sem hér liggur fyrir og hv. þm. Mörður Árnason flutti og útskýrði við 2. umr. Það er nokkuð yfirgripsmikið að því leyti að það tekur ágætlega á öllum þeim þáttum sem að baki þessu máli eiga að liggja.

Frú forseti. Að lokum harma ég það eindregið að verið sé að innleiða skólagjöld í verulegum mæli í ríkisháskólunum á Íslandi og sérstaklega í ljósi þess að um það hefur *engin umræða farið fram. Málið hefur aldrei verið kynnt* með þeim hætti. Ekkert stendur um það í stefnuskrám stjórnarflokkanna. Framsóknarflokkurinn hafnar því afdráttarlaust og það kemur hvergi skýrt fram í stefnumiðum Sjálfstæðisflokksins að hann vilji og ætli og hafi ætlað á þessu kjörtímabili að taka upp skólagjöld við ríkisháskólana á Íslandi. Það vita allir að það er stefna Heimdallar og sjálfsagt Sambands ungra sjálfstæðismanna. En það kemur ekkert fram um þetta. Þessir flokkar voru ekki kosnir til að vinna þessi óhæfuverk á íslenska skólakerfinu. Það er þeim ekki til sóma. Það er þeim til vansa. Ef þeir ætla að berjast fyrir því að tekin verði upp aukin skólagjöld við íslensku háskólana þá skulu þeir segja það, þá skulu þeir taka um það umræðu, þá skulu þeir standa frammi fyrir þeirri umræðu hér með þeim rökum sem því fylgja og ræða það hreinskilnislega við þingheim allan og benda á leiðir til að tryggja jafnrétti til náms í staðinn. Þannig mætti lengi telja. Þetta er versta leiðin. Þetta er ákaflega dapurleg leið. Þetta er huglaus leið og hana harma ég eindregið, virðulegi forseti, og hafna því með öllu að þetta mál nái fram að ganga og vona að Farmsóknarflokkurinn ranki við sér, rifji upp stefnuskrána, standi við stefnumiðin og taki þátt í því að fella þetta mál hér síðar í dag.

[13:01]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum komin að 3. umr. um þau mál sem lúta að hækkun skólagjalda opinberu háskólanna. Eins og fram kom í máli mínu við 1. og 2. umr. málsins er ég afar mótfallin því sem hér er gert, þ.e. innleiðingu skólagjalda og hækkun skólagjalda í hina opinberu háskóla. Ég hef farið í fyrri umræðum mjög ítarlega ofan í sjónarmið mín og hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og mun ekki endurtaka þau hér.

Eitt var þó það álitamál sem ég gerði talsvert úr við 2. umr. málsins en það var spurningin um það hversu stór hluti þeirrar upphæðar sem innheimt er í skráningargjöld *eigi að renna óskipt til háskólanna. Um það hafa verið deil*ur og borist hafa misvísandi skilaboð til hv. menntamálanefndar í þeim efnum. Í ljós kom í máli rektora háskólanna að skilningur þeirra í þessum efnum var sá hinn sami og alveg skýr að öll upphæðin, allt skráningargjaldið, 45 þús. kr. á nemanda ætti að koma óskipt til skólanna. Annað væri marklaust en það orð notaði einmitt rektor Háskóla Íslands yfir það að ef skráningargjaldið kæmi ekki að fullu til skólanna óskipt væri marklaust að leggja það á. Hins vegar hefur komið fram í þeim umsögnum sem fylgja frumvörpunum þremur frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að ljóst er að upphæðin sem þar virðist eiga að innheimta, þ.e. hækkunin, 12.500 kr. á nemanda sé eingöngu það sem kemur óskipt til háskólanna þriggja. Sá skilningur fjármálaráðuneytisins var staðfestur af starfsmanni menntamálaráðuneytisins á fundi menntamálanefndar í morgun. Eins og þingheimi er kunnugt var ákveðið að kalla málið aftur til nefndarinnar vegna álitamáls þess sem ég geri nú grein fyrir. Það var gert í morgun og Gísli Þór Magnússon, starfsmaður menntamálaráðuneytisins, kom á fund nefndarinnar og staðfesti þann skilning fjármálaráðuneytisins að einungis 12.500 kr. á nemanda er áætlað að renni óskipt til háskólanna þriggja, ekki gjaldið í heild sinni, 45 þús. kr. Þar með stendur yfirlýsing rektors Háskóla Íslands, Páls Skúlasonar, að það að innheimta gjaldið sé marklaust og ég tek undir þau orð.

Það er til háborinnar skammar hvernig núverandi ríkisstjórn hefur markvisst skrúfað fyrir fjárstreymið til opinberu háskólanna. Það er staðreynd að nemendafjölgun hefur orðið gífurleg vegna hvatningar ríkisstjórnarinnar og þeirrar menntastefnu sem ríkisstjórnin vill keyra eftir í orði. Það er meðvituð pólitísk ákvörðun að hækka menntunarstig þjóðarinnar. Það gerist ekki á annan hátt en þann að við fjölgum háskólastúdentum. Það hefur verið að gerast. Stúdentar hafa svarað kalli ríkisstjórnarinnar á þann hátt að þeir koma til háskólanna fullir vilja og hugmynda um áframhaldandi nám og ætlast auðvitað til þess eins og stjórnendur skólanna að ríkisvaldið standi við sín stóru orð og auki fjárheimildir til skólanna sem nemendafjölguninni nemur. Það hefur ekki orðið raunin, heldur þvert á móti lækka framlögin hlutfallslega til skólanna ef nemendafjölgun er skoðuð. Fjármunirnir fylgja því ekki nemendafjölguninni. Þetta er eitt af hinum stóru deilumálum sem tekist er á um í þessum sal og þar skilja sjónarmið stjórnarandstöðunnar og ríkisstjórnarflokkanna. Auðvitað er það miður eins og vikið hefur verið að, að Framsóknarflokkurinn skuli fylgja íhaldinu í blindni í þessu máli og t.d. í skattamálinu og má leiða að því líkur að viðurnefni það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon leyfði sér að gefa Framsóknarflokknum í ræðum í morgun komi til með að festast við Framsóknarflokkinn því að í þessu máli er framganga Framsóknar ekki heldur til fyrirmyndar.

Hæstv. forseti. Í upphafi árs var talsverð umræða í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi um fjárframlög til Háskóla Íslands og annarra skóla á háskólastigi, einkum þó einkaskólanna sem kostaðir eru að langmestu leyti af ríkinu. Í þeirri umræðu birtist grein í Morgunblaðinu eftir Þórð Kristinsson, framkvæmdastjóra akademískrar stjórnsýslu Háskóla Íslands. Í greininni beinir Þórður orðum sínum til *þeirra sem taka ákvarðanir um heildarhagsmuni samfélags*ins, með öðrum orðum þá hagsmuni sem ganga verður út frá þegar höndlað er með opinbert fé.

Þórður Kristinsson minnir okkur á það í greininni að samfélag okkar sé lítið. Hann minnir okkur á að þjóðin sé fámenn og Háskóli Íslands sé lítill skóli á mælikvarða hins alþjóðlega samfélagsháskóla. Samt hafi háskólinn, sem býður upp á fjölbreytt nám til fyrsta háskólaprófs í 11 háskóladeildum og yfir 50 mismunandi námsleiðir, verið ein meginforsenda og stoð sjálfstæðs íslensk samfélags, hvorki meira né minna. Ég tek undir orð Þórðar Kristinssonar og geri að mínum. Þessum máttarstólpa í samfélaginu hefur ekki verið sýndur meiri sómi en svo að honum er gert að

berjast blóðugri baráttu fyrir lífi sínu, fjárframlög til skólans ná langt í frá að halda í við nemendaþróun og nú er svo komið að á næsta ári skortir Háskóla Íslands 300–400 millj. kr. til að endar nái saman.

Til hvers konar ráða grípa stjórnendur skóla þegar svo er komið, virðulegi forseti? Þeir gera auðvitað nánast hvað sem er bara ef þeir telja að það geti bjargað starfsemi skólans. Eftir fjöldann allan af árangurslausum heimsóknum til bæði fjárlaganefndar Alþingis og menntamálanefndar ár eftir ár létu stjórnendur Háskóla Íslands á það reyna hvort mögulegt væri að hækka skráningargjöld skólans og gerðu um það samþykkt í háskólaráði. Sú samþykkt var byggð á samþykkt lagadeildar Háskóla Íslands frá 19. febrúar 2004 sem hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson las áðan. Ég tel rétt að hún sé lesin aftur því að hún lýsir afar vel þeirri úlfakreppu sem háskólinn og deildir hans allar hans allar eru meira eða minna í. Samþykkt lagadeildarinnar frá 19. febrúar 2004 er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Með skírskotun til viðvarandi fjárhagsvanda lagadeildar og samkeppnisstöðu hennar skorar deildin hér með á háskólaráð að það beiti sér fyrir því að fjárveitingar ríkisins til lagadeildar og annarra deilda Háskóla Íslands verði auknar, þannig að ráðstöfunarfé þeirra til kennslu verði sambærilegt við það sem deildir háskóla í formi sjálfseignarstofnana hafa yfir að ráða. Að öðrum kosti fer lagadeildin þess á leit við háskólaráð að það óski eftir því að deildin fái heimild til þess að innheimta gjöld af nemendum hennar, einkum í framhaldsnámi, til þess að standa að hluta straum af kostnaði við kennslu þeirra."

Það er afar dapurlegt, virðulegi forseti, að lesa þessa samþykkt því í henni er fólgin í hnotskurn sú aðstaða sem opinberu lagadeildinni okkar er búin í samkeppni við þær deildir sem reknar eru af sjálfseignarstofnununum þar sem menntamálaráðuneytið, ríkisstjórnin öll hefur heimilað þeim skólum að bæta við tekjur sínar, bæta við þá fjármuni sem koma til skólans með því að leggja á skólagjöld. Slíkt er óheimilt samkvæmt lögum varðandi opinberu háskólana. Það er því alveg ljóst að opinberu háskólarnir njóta ekki sömu möguleika á að fá til sín tekjur meðan svo er og auðvitað er eðlilegt þegar svona er ástatt að deildir háskólans fari á endanum á kné og biðji um að fá að leggja á skólagjöld. En, virðulegi forseti, það stríðir gegn samþykktum Alþingis Íslendinga. Það stríðir gegn vilja okkar sem höfum setið löggjafarsamkunduna í gegnum árin. Við viljum ekki ógna möguleikum nemenda á jafnrétti til náms. Við viljum að ríkið reki öfluga menntastofnun sem geti borið ægishjálm, höfuð og herðar yfir annað nám í samfélaginu því þetta er þjóðskólinn okkar. Þetta er stoltið okkar. Þó að ég segi hér enn einu sinni að ég fagni öllum auknum menntatækifærum og ég fagni fjölbreyttri flóru menntatækifæra á Íslandi má það aldrei verða á kostnað þjóðarskólans okkar, Háskóla Íslands. Það má heldur ekki verða á kostnað Kennaraháskóla Íslands eða Háskólans á Akureyri sem eru að hluta til þátttakendur í því forustuhlutverki sem Háskóli Íslands hefur með höndum. Ásökun mín er fólgin í því að þessum skólum hafi verið haldið í úlfakreppu fjársveltis sem hafi neytt þá á hnén og neytt þá til þess að biðja um að fá að leggja skólagjöld á nemendur sína. Þegar það er ekki hægt samkvæmt lögum er óskað eftir því að fá hækkuð skrásetningargjöld til þess að hægt sé að fá inn aukið fjármagn til að standa straum af þeim kostnaði sem ekki er hægt að segja með réttu að falli undir kennslukostnað. Þá er tíndur til allur hugsanlegur og óhugsanlegur kostnaður sem varðar almennan rekstur háskólanna og reynt að fella hann undir það sem kallað er skrásetningargjald. Hér er því teygt og togað og sett inn með skóhorni alls kyns liðir sem alls ekki er hægt að rökstyðja að heyri til skráningar háskólastúdenta.

Ein af þeim breytingum sem gerð hefur verið í gegnum tíðina er sú að nú er skrásetningargjaldið innheimt árlega en upphaflega var það eingöngu innheimt þegar nemendur hófu nám vegna þess að upphaflega var því ætlað að vera það sem nafnið gefur til kynna, skrásetningargjald. Búið er að skrumskæla það allt saman, teygja og toga og gera marklaust eins og svo margt annað í framkvæmd menntastefnunnar því að í grunninum er menntastefnan fín en henni er ekki framfylgt á þeim nótum sem orðanna hljóðan mundi kalla á.

Virðulegi forseti. Ég tel það liggja alveg ljóst fyrir að forsvarsmenn lagadeildar sem samþykktu þann 19. febrúar 2004 þá yfirlýsingu sem ég las áðan gerðu það ekki nema vegna þess hve aðþrengdir þeir voru fjárhagslega. Þegar samþykktin lá fyrir og ljóst var hvernig ástandið í háskólanum var voru haldnir fundir í háskólaráði. Á tveimur fundum, eftir því sem við vitum best, fjallaði háskólaráð um samþykkt lagadeildar og á endanum samþykkti háskólaráð að fela rektor Háskóla Íslands að taka málið upp við menntamálaráðherra og fara þess eindregið á leit að hægt verði að draga skrásetningargjaldið frá fjárveitingu til háskólans á fjárlögum. Háskólarektor er sem sagt sendur til hæstv. menntamálaráðherra á hnjánum og látinn biðja um að skrásetningargjaldið verði a.m.k. látið renna óskipt til háskólans. Er orðið við þeirri bón? Ónei, það er ekki orðið við henni en látið í veðri vaka í texta frumvarpanna. Strax í byrjun þeirra má lesa eftirfarandi setningu, virðulegi forseti:

„Í forsendum frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2005 eru kynnt áform um að hækka skrásetningargjöld í ríkisháskólum úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Er það í samræmi við óskir ríkisháskólanna" — og hefur verið staðfest í vinnu nefndarinnar með málið — „og við það miðað að fjárhæð skrásetningargjaldanna renni óskipt til þeirra." Þetta kemur fram í greinargerð hæstv. menntamálaráðherra með frumvörpunum. Með öllum frumvörpunum þremur.

Hvað þýða þessi orð? Þýða þau að einungis hækkunin 12.500 kr. muni renna óskipt til skólanna? Nei, auðvitað ekki. Það stendur skýrum stöfum að fjárhæð skrásetningargjaldanna renni óskipt til þeirra. Ég ásaka hæstv. menntamálaráðherra um að fara vísvitandi með fleipur í greinargerðinni. Við eigum það inni hjá hæstv. menntamálaráðherra, ekki bara við sem erum í þessum sal heldur og allir háskólastúdentar í opinberu háskólunum, að hún skýri hvers vegna orðalagið í þessari grein er með þeim hætti sem ég hef lesið. Hvers vegna er vísvitandi reynt að blekkja fólk með því að skrifa það sem er ekki rétt? Ég tel óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að hæstv. menntamálaráðherra komi og skýri þetta.

Undanfarna daga hafa hv. þingmenn fengið bréf frá há-

skólastúdentum, ákall um að hækkunin nái ekki fram að ganga. Þegar ég leit síðast í tölvuna mína um tvöleytið í nótt hafði ég fengið yfir 300 bréf frá einstaklingum sem stunda nám í opinberu háskólunum þar sem þessu er mótmælt. Ég hef ekki komist í tölvuna mína í morgun, hæstv. forseti, en ég á eins von á því að annar eins fjöldi hafi bæst þar við.

Ákall háskólastúdenta er hávært, um að við gerum ekki það sem menntamálaráðherra og ríkisstjórn leggur til í þessum frumvörpum. Ætlum við að hunsa það ákall? Hæstv. forseti, auðvitað virðist stefna í það en ég vil a.m.k. að það ákall heyrist úr þessum ræðustól. Bréfin sem við fáum frá háskólastúdentum eru mörg hver svipuð og samhljóða. Ég vil fá að lesa, með leyfi hæstv. forseta, tölvuskeyti sem mér barst klukkan 17.18 þann 9. desember 2004 sem er sýnishorn af 300 eða 600 öðrum sem liggja í pósthólfinu í tölvunni minni í dag.

Bréfið er eftirfarandi, virðulegi forseti:

„Ágæti viðtakandi.

Ég skora á þig að beita þér fyrir því að fyrirhuguð hækkun skrásetningargjalda nái ekki fram að ganga.

Ég mótmæli harðlega þeirri hækkun á skrásetningargjöldum sem gert er ráð fyrir í ríkisháskólunum. Á sama tíma og auknar álögur eru settar á nemendur, er gerð krafa um 1% hagræðingu í rekstri ríkisháskólanna. Með þessu er augljóslega að verið að velta kostnaðinum frá ríkinu yfir á stúdenta.

Ef þessi hækkun nær fram að ganga þýðir það að skrásetningargjöld hafa hækkað um 80% síðan árið 2000. Sem er langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Það er ljóst að með aukinni tækni hefur kostnaður við skráningu stúdenta lækkað umtalsvert. Sú upphæð sem nemendur greiða til skólanna fer að stórum hluta í rekstur þeirra og í þjónustu sem aðeins takmarkaður hópur innan hvers skóla notfærir sér. Því er enn og aftur á fáum árum seilst í vasa námsmanna til þess að mæta framlagi ríkisins."

Undir þetta bréf ritar, virðulegi forseti, Þórður Ásmundsson en það var tilviljun hvaða bréf ég prentaði út. En eins og ég segi streyma hundruð bréfa til þingmanna samhljóða þessu.

Hvernig ætlum við að svara ákalli stúdentanna? Ætlum við yfir höfuð að svara því? Eða ætlum við að sitja og þegja þunnu hljóði og láta þá éta það sem úti frýs með því að samþykkja þær breytingar sem hér eru lagðar til? Hæstv. forseti, satt að segja óttast ég að svo fari en ég mótmæli því. Ég mótmæli skerðingu á möguleikum stúdenta til náms í opinberum háskólum og ég mótmæli slíkri atlögu að jafnrétti til náms.

Hæstv. forseti. Ég hef gert grein fyrir því hvernig er í pottinn búið og bætt við þau sjónarmið sem ég hef áður fjallað um í ræðum mínum um þetta mál. Ég las áðan upp samþykkt frá lagadeild sem lýsir að mínu mati afar vel í hvers konar úlfakreppu starfsmenn háskólans eru. Ég gæti líka vitnað til greinar sem birtist í Morgunblaðinu 24. mars á síðasta ári eftir Önnu Agnarsdóttur, sem þá starfaði sem forseti heimspekideildar. Þar lýsir hún á afar átakanlegan hátt hvernig komið er fyrir hennar deild,.

Mig langar að vitna í greinina, með leyfi hæstv. forseta, en ástandið í heimspekideildinni er trúlega ekki mikið breytt frá því að þessi orð voru skrifuð:

„Til dæmis má nefna að þrír prófessorar í íslenskum bókmenntum hafa látið af störfum síðastliðin ár en einungis einn lektor var ráðinn í þeirra stað. Eftir nokkra mánuði mun prófessor í íslensku máli láta af störfum. Enginn verður ráðinn í hans stað. Heimspekideild hefur neyðst til að fara þessa leið vegna fjárskorts. Í sagnfræði er ástandið svipað. Þegar prófessorar munu hætta vegna aldurs verða embætti þeirra að öllum líkindum lögð niður. Yngstu kennararnir í sagnfræði eru nú á fimmtugsaldri, þannig að nýliðun er lítil sem engin í íslenskum fræðum og margir hámenntaðir ungir fræðimenn bíða vonlitlir eftir að fá störf við háskólann."

Hæstv. forseti. Fyrrverandi forseti heimspekideildar, Anna Agnarsdóttir, segir í þessari grein sinni að heimspekideild Háskóla Íslands sé í slíkum fjárhagskröggum að íslensk menning sé í hættu. Hún rökstyður mál sitt afar vel og fagmannalega. Ég fullyrði það, virðulegi forseti, þegar ég geri orð Önnu Agnarsdóttur að mínum, að íslensk menning er í hættu vegna þess hvernig opinberu háskólarnir eru fjársveltir af ríkisstjórninni.

Málið sem við ræðum hér er til marks um að það eigi ekki að slaka neitt á klónni eða sýna neinn skilning. Hér á að halda áfram að bolast á þeim nótum sem verið hefur. Það á að halda áfram að hafa opinbera háskóla í úlfakreppu. Ég mótmæli því og ég mótmæli skólagjöldum í ríkisháskólana.

[13:21]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ég tel að dagurinn í dag sé dapurlegur fyrir stúdenta og held að stúdentar geri sér fulla grein fyrir því hvað hér er á ferðinni. Eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur bent á eru stúdentar afskaplega meðvitaðir um það sem er að gerast í dag. Álögur á stúdenta eru auknar, skólagjöld hækkuð um 40% ofan á 40% hækkun fyrir þremur árum.

Í upphafi máls míns er rétt að leiðrétta smá misskilning eða rangfærslur sumra hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Þeir virðast hafa verið haldnir þeirri meinloku að kalla þetta þjónustugjöld. Löglærðir þingmenn eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hafa að mínu mati farið með rangt mál með því að kalla þetta þjónustugjöld. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson veit betur. Við lærðum í lagadeildinni hvað þjónustugjald er og hvað skattur er og hér er augljóslega ekki um þjónustugjald að ræða. Það vita allir og þetta lærir maður á fyrsta ári í lagadeildinni. Skilgreining þjónustugjalds er sú að í eðli sínu sé það ekki hærra en sem nemur kostnaði af að veita umrædda þjónustu.

Við skulum líta á hvernig hæstv. menntamálaráðherra kemst að því hvert skráningargjaldið skuli vera. Inn í það er tekið t.d. námsráðgjöf, Alþjóðaskrifstofan, prófgæsla, aðgangur að bókasafni, aðgangur að lesaðstöðu, aðgangur að prenturum og svo mætti lengi telja. Þetta er að mati þingmanna Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins hluti af skráningu. Það sjá allir hvað hér er á ferðinni. Að sjálfsögðu eru prófgæsla, Alþjóðaskrifstofa og fleiri hlutir sem ég taldi upp ekki hluti af skráningu. Það er augljóst að hér er verið að beita blekkingarleik sem er mjög lélegur. Það

sjá allir í gegnum þetta. Það kemur fram í frumvarpinu sjálfu að þar er ekki á ferðinni kostnaður við skráningu.

Sé skráningargjaldið skráningargjald þá má það ekki vera hærra en sem nemur kostnaði af því að veita umrædda þjónustu. Í þessu tilviki á það að vera skráning en prófgæsla er ekki hluti af skráningu. Alþjóðaskrifstofan er ekki hluti af skráningu. Í drögum frá háskólanum átti íþróttahúsið að vera þarna undir. Menn sjá því hversu langt menn eru tilbúnir að ganga þegar kemur að því að reyna að ná ákveðinni upphæð af stúdentum. Slíkt dæmir sig auðvitað sjálft og það sjá allir í gegnum þetta. Mýmörg álit eru til frá umboðsmanni Alþingis þar sem hann snuprar opinberar stofnanir fyrir að taka of hátt þjónustugjald vegna þess að umræddar stofnanir hafi fellt þar undir þjónustu sem ekki heyrði til umræddri þjónustugjald eða umræddri þjónustu.

Ég held að til séu nokkur álit umboðsmanns Alþingis sem lúta að vatnsveitum. Umræddar vatnsveitur voru þar að rukka þjónustugjald en höfðu fært alls kyns aðra hluta af rekstri sínum undir það gjald. Umboðsmaður Alþingis komst að því að það væri lögbrot. Ef þetta væri þjónustugjald væri það að mínu viti lögbrot og umboðsmaður Alþingis væri fljótur snúa því við og gera athugasemd. En þetta er ekki þjónustugjald enda er upphæðin sjálf í lögunum. Þess vegna erum við að ræða þetta, því að upphæðin er í lögunum. Ef þetta væri þjónustugjald þyrfti upphæðin ekki að vera í lögunum. En þetta er mikilvægt í umræðunni, sérstaklega í ljósi þeirra rangfærslna sem margir þingmenn virðast beita í henni.

Háttvirtir stjórnarþingmenn hafa bent á að þetta sé jákvætt vegna þess að hér sé viðbótarhækkun við fjárframlög til háskólans, reyndar á kostnað stúdenta en mjög jákvætt og skemmtilegt í alla staði. En síðan var upplýst að við málsmeðferð menntamálanefndar hafi komið fram hjá starfsmanni menntamálaráðherra að þessi hækkun gjalds væri ein af forsendum fjárveitingatillagna í fjárlagafrumvarpinu. Ég held að hér sé einnig á ferðinni ákveðinn blekkingarleikur hvað þetta varðar. Menn reyna að réttlæta vonda ákvörðun með mjög hæpnum röksemdum.

Mér finnst þetta mál afskaplega skýrt. Hér er á ferðinni mál sem eykur álögur á stúdenta. Um það snýst málið. Skólagjöld á stúdenta hækka um 40%, eftir að hafa hækkað um 40% fyrir þremur árum. Það er ekki langt síðan ég var sjálfur stúdent í Háskóla Íslands og allir vita að margs konar kostnaður er af því að vera í námi fyrir utan skólagjöldin. Nám á Íslandi er langt frá því að vera ókeypis þótt ekki væri nema litið á fórnarkostnaðinn. Á meðan menn eru í námi eru þeir t.d. ekki að vinna. Skólabækur eru ekki ódýrar hér á landi og reyndar var Samfylkingin með kosningaloforð í síðustu kosningum um að helminga virðisaukaskatt á bókum, sem hefði komið námsmönnum mjög vel og væri í raun ekki mjög dýrt. Þar er hugmynd sem við ættum að halda lifandi og vonandi verður hún að veruleika þegar Samfylkingin kemst í ríkisstjórn.

Þótt þar sé lítið mál þá sýnir það ákveðið viðhorf til menntunar. Samfylkingin hefur ítrekað sagt að setja eigi menntamál í forgang, setja peninga í menntamálin. Við þurfum að forgangsraða í þágu menntamála. Ríkissjóður hefur rúmlega 300 milljarða á milli handanna á hverju einasta ári og það er sannarlega svigrúm til að forgangsraða í þágu menntunar og mikil þörf á því. Stúdentar mótmæltu árið 2001 þegar síðasta 40% hækkun á skólagjöldunum átti sér stað. Þeir mótmæltu þeim á þeim forsendum að álögur á stúdenta væru auknar með því eins og núna. Að halda öðru fram er einfaldlega hártogun.

Ég kemst ekki hjá því að minnast aðeins á þátt hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur, sem er varaformaður menntamálanefndar. Nú gæti einhver sagt að ég sé að sparka í liggjandi mann. En ég lét hana ekki leggjast niður, hún gerði það sjálf. Hún þarf að svara fyrir það þegar hún kemur í háskólann og svarar spurningum sem stúdentar hafa að leggja fyrir hana. Mér finnst þetta mál vera það mikilvægt og alvarlegt að ekki sé hægt að líta fram hjá hennar hlut.

Umræddur hv. þm. Dagný Jónsdóttir var framkvæmdastjóri stúdentaráðs einu ári áður en hún settist á þing. Hún bauð sig m.a. fram sem málsvara stúdenta. Þetta var eitt af hennar helstu málum og hið glæstasta sem hún gat bent á, þátttakan í stúdentapólitíkinni. Að sjálfsögðu héldu stúdentar og halda kannski enn að þeir ættu eitthvert skjól í hv. þingmanni, að þeir gætu treyst henni þegar kæmi að svona ákvörðunum. En svo er ekki, því miður.

Auðvitað þarf að gera þetta að umtalsefni í ljósi þeirrar stöðu sem hv. þingmaður er í. Það er ekki að ástæðulausu að hv. þingmaður varð varaformaður menntamálanefndar. Það var vegna fortíðar hennar í stúdentapólitíkinni. En síðan þegar kemur að því að nota það vald sem hún hefur þá notar hún það illa, að mínu viti.

Það er fróðlegt að rifja upp fortíð hennar og ummæli í stúdentapólitík á árum áður. Í grein hv. þingmanns í Morgunblaðinu 27. júní árið 2000 mótmælir hún harðlega, eins og flestir stúdentar, gjaldtöku í MBA-náminu sem var tekið upp í Háskóla Íslands. Þar hafði hv. þingmaður mjög skýra sýn. Þar var um að ræða skólagjöld sem voru m.a.s. lánshæf hjá lánasjóðnum. Hér eru ekki á ferðinni lánshæf skólagjöld.

En hv. þm. Dagný Jónsdóttir segir, með leyfi forseta:

„Ég hafna slíkum málflutningi enda eiga að ríkja skýrar línur við Háskóla Íslands, skólinn á að vera þjóðskóli þar sem engin skólagjöld eru innheimt."

Svo segir hv. þingmaður áfram í sömu grein:

„Háskóla Íslands sárvantar peninga á flestum sviðum. Auka þarf ríkisframlög til skólans svo hann geti staðið undir væntingum í framtíðinni ? Það er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að auka ríkisframlög til Háskóla Íslands og að standa vörð um það grundvallarmarkmið skólans að vera þjóðskóli sem stendur öllum opinn."

Ég tek undir hvert einasta orð sem hv. þingmaður segir í þessari grein, korteri áður en hún datt inn á þing, korteri áður en hún var kosin inn á þing. Þess vegna er ég að taka þetta upp, við erum að tala um þingmann sem hefur sagt svo mikið, hefur tekið virkan þátt í stúdentapólitíkinni og á að vera skjól stúdenta hér á þingi, en hún er það augljóslega ekki, því miður. Á það hefur verið bent að hún hefði getað komið í veg fyrir að málið yrði afgreitt út úr nefndinni, m.a. með þeim rökum að skoða þyrfti forsendur gjaldsins. Því eins og fólk sér þegar það les frumvarpið er alveg út í hött að setja t.d. prófgæsluna, Alþjóðaskrifstofuna eða námsráðgjöfina sem hluta af skráningu. Hv. þingmaður hefði getað réttlætt það fyrir meiri hlutanum að slíkt þyrfti að skoða

betur og þar með geymt málið í nefndinni. Hv. þingmaður hefði líka getað sleppt því að afgreiða málið eins og iðulega gerist með önnur þingmannamál, en það er að sjálfsögðu síðri kostur, en hún stóð frammi fyrir því og tekur þá ákvörðun á hverjum degi þegar kemur að þingmálum annarra þingmanna.

Svo þegar kemur að atkvæðagreiðslunni sjálfri ákveður hv. þingmaður að sitja hjá. Af hverju segir hv. þingmaður ekki nei? Ég hef ekki enn þá fengið skýringu á því. Ég las í fjölmiðlum að hv. þingmaður benti á að þetta snerist um hvað þetta væri kallað, hún vildi að þetta yrði kallað réttu nafni, en hv. þingmaður sagði ekki hvert hið rétta nafnið væri.

Það er leiðinlegt hv. þingmaður — sem er reyndar ekki stödd í salnum og það kemur mér á óvart en hv. þingmaður er kannski að fylgjast með í sjónvarpinu og ef ég má beina máli mínu til hennar: Þetta snýst ekki um hvað þetta heitir, þetta snýst um auknar álögur á stúdenta og þetta snýst um að við sem buðum okkur fram m.a. í nafni þess að við vildum gera meira og betur fyrir Háskóla Íslands, að við stæðum við það, að stúdentar ættu skjól í okkur, þetta var eitt af aðalmálum okkar og þess vegna eigum við að standa undir þeim stóru orðum sem við sögðum, bæði ég og hv. þm. Dagný Jónsdóttir. Það þýðir ekkert að vísa í að hún sé komin í annað lið eða eitthvað slíkt, það sjá allir í gegnum það. Þetta er slíkt mál að mínu viti.

En ég treysti því og vona að stúdentar og fleiri muni muna þetta, að sjálfsögðu er ég ekki að draga hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur eingöngu ábyrga fyrir þessu. Það eru ríkisstjórnarflokkarnir sem leggja fram þetta mál og að sjálfsögðu eiga stúdentar að draga báða þá flokka til ábyrgðar. En ég geri þátt hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur meiri af þeim ástæðum sem ég minntist á, sem fyrrverandi baráttumaður og leiðtogi stúdenta. Þess vegna er ég að draga hana fram. En að sjálfsögðu er ábyrgðin hjá ríkisstjórninni og þeim stjórnarþingmönnum sem veita henni skjól og meiri hluta. En þetta er eitthvað sem ég vona að stúdentar muni, kjósendur þurfa að dæma stjórnmálamenn af verkum þeirra en ekki þeim fagurgala sem heyrist rétt fyrir kosningar.

Það hefur mikið verið rætt um forgangsröðun í skattaumræðunum sem hafa farið fram undanfarna daga. Þetta er eitt af þeim málum sem við sjáum forgangsröðunina á, við sjáum hana afskaplega vel. Ríkisstjórnin telur sig hafa svigrúm til að lækka skatta um samanlagt tæplega 40 milljarða kr. á næstu þremur árum en á sama tíma telur hún sig þurfa að fá 150 milljónir frá stúdentum. Af þessu sjáum við vel hvernig forgangsröðunin er í raun og veru.

Að mínu viti er nauðsynlegt að rifja hér aðeins upp almennt um menntamálin, því ég held að nauðsynlegt sé að skoða í stærra samhengi hvernig við lítum á menntamálin, hvernig við stöndum okkur t.d. í alþjóðlegum samanburði. Ef við skoðum bara nýjustu skýrslu OECD, nýjasta plagg OECD sem sýnir samanburð milli þjóða fyrir árið 2001, þá kemur fram þegar kemur að útgjöldum til háskólastigsins að Ísland ver helmingi lægra hlutfalli til háskólanna en önnur Norðurlönd. (Gripið fram í.) Þetta segir OECD, hv. þm. Gunnar Birgisson, þetta má sjá í þeirri skýrslu, en líka lesa um í grein ágæts prófessors við Háskóla Íslands, Einars Stefánssonar, sem birtist í Morgunblaðinu í dag sem kemur inn á sama hlut, við erum hálfdrættingar á við önnur Norðurlönd þegar kemur að útgjöldum til háskólastigsins. Það er rétt að taka fram að þetta er frá 2001.

Þarna erum við í flokki með löndum eins og Mexíkó, Slóvakíu og Tékklandi og Tyrkland er m.a.s. fyrir ofan okkur. Þá hafa stjórnarþingmenn bent á: Aha, útgjöldin til háskóla hafa aukist svo mikið síðan þessi skýrsla, eða samanburður var gerður.

Þá vitna ég í grein hæstv. menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, sem hún skrifaði 7. febrúar sl. Hún fjallar þar um aukningu á fjármagni til háskólastigsins, en hæstv. menntamálaráðherra tekur líka fram að aukningin á nemendum í háskólunum sé meiri en sem nemi aukningunni á fjármunum, þannig að sú aukning sem átti sér stað árið 2001 nær ekki einu sinni að halda í við aukningu í nemenda. Við erum því að fara aftur á bak þegar við lítum til Háskóla Íslands hvað þetta varðar. Hér eru ekki á ferðinni meðvitaðar innspýtingar fjármagns í háskólastigið.

Að sjálfsögðu geri ég mér fulla grein fyrir að aðsóknin að Háskóla Íslands og háskólastiginu hefur aukist mjög mikið og það er gríðarlega jákvæð þróun. En við þurfum að setja fjármagn til að fylgja því eftir, meira fjármagn, því að við erum eftir á fyrir árið 2001.

Það er fróðlegt að skoða þessa nýjustu skýrslu OECD, þar kemur margt annað fram. Þarna kemur fram að ef við lítum á útgjöld á nemanda frá grunnskóla til háskóla þá erum við einungis í 10. sæti. En ef við lítum síðan til opinberra útgjalda til menntamála, þ.e. sveitarfélögin og ríkið, að teknu tilliti til aldursdreifingar þjóðarinnar er Ísland einungis í 14. sæti af 28 þjóðum. 14. sæti, við erum ung þjóð og við ættum að eyða meira fjármagni í menntakerfið en ella vegna þeirrar staðreyndar, það má segja að stærri hluti þjóðarinnar sé á skólaaldri.

Það er alveg rétt sem menn hafa bent á, þetta snýst líka við þegar skoðum heilbrigðismálin. Við ættum að eyða minna fjármagni í heilbrigðismálin ef við notum þennan mælikvarða út af því að við erum yngri þjóð. Við höfum bent á þetta líka. Á þeim mælikvarða erum við því að eyða talsvert miklum fjármunum í heilbrigðiskerfið. En þetta snýst við þegar kemur að menntakerfinu.

Það er líka skynsamlegt að skoða hversu stór hluti klárar framhaldsskólapróf og háskólapróf því að hér held ég að mínu mati erum við að hækka þröskuldinn að menntuninni. Við erum að auka fórnarkostnaðinn með því að hækka skólagjöld um 40% núna og 40% árið 2001, við erum að gera fólki erfiðara fyrir að fara í nám. Höfum við efni á því? spyr ég.

En ef við lítum aftur á nýjustu skýrslu OECD-þjóða, og þetta breytist varla mjög mikið á þremur árum, en þetta er nýjasti samanburður sem við höfum frá árinu 2001, og skoðum aldursbilið 25 ára til 34 ára, sem sagt yngsta hópinn sem lýkur þessum prófum, þá hafa um 29% þjóðarinnar lokið háskólanámi, tæplega 30%. Þetta hlutfall er miklu lægra hjá okkur en hjá flestum öðrum Vestur-Evrópuþjóðum. Í Noregi og Svíþjóð er hlutfallið 39%, í Finnlandi 40%, á Írlandi og Spáni 37%, en við erum með 29%. Við þurfum því að fá fleira fólk í háskólana. Sem betur fer hefur aðsóknin aukist mjög mikið en við þurfum að mæta þeirri aðsókn með fjármunum.

Það er líka fróðlegt að skoða, ef við lítum bara á framhaldsskólann þá hafa samkvæmt nýjustu skýrslu OECD 61% af Íslendingum á aldrinum 25–34 ára lokið framhaldsskólaprófi. En þetta hlutfall hjá hinum Norðurlöndunum er 86–94%. Við erum með 61% þannig að nánast annar hver Íslendingur hefur einungis lokið grunnskólaprófi og við erum í 25. sæti af 30 OECD-þjóðum í þessum samanburði. Við sjáum því að við þurfum að lyfta grettistaki í menntamálum, við þurfum að fjölga fólki með framhaldsskólapróf, við þurfum að fjölga fólki með háskólapróf og við þurfum að láta fjármagn fylgja með.

Við sjáum það með framhaldsskólana — þeir lentu í bullandi vandræðum, þurftu að segja nei við fólk og hafna því í ákveðna skóla sem hafði þá eingöngu sem sitt fyrsta val. Þetta vita menn sem hafa haft fyrir því að heimsækja framhaldsskóla og hlusta á nemendurna. Þeir hafa sagt: Ég fékk ekki mitt fyrsta val í viðkomandi framhaldsskóla.

Þegar kemur að háskólunum þá þurfti Háskóli Íslands beinlínis að hafna fólki sem hann hafnaði ekki áður. Hér er t.d. um að ræða fólk sem hefur ekki lokið formlegu stúdentsprófi en hefur fengið inngöngu í Háskóla Íslands á þeim forsendum að reynsla þess sé samanburðarhæf við stúdentspróf, en þetta er hópur sem fékk nei núna í ár í fyrsta skipti.

Það er því eitthvað að í menntamálum, við erum að gera fólki erfiðara fyrir að klára framhaldsskólaprófið, klára háskólanám og þetta er öfugsnúið, sérstaklega í ljósi þeirra staðreynda sem koma fram í OECD-skýrslunum að við erum ómenntaðri en aðrar þjóðir. Það þýðir ekkert að hunsa þessar skýrslur þó að mönnum líki ekki hvað stendur í þeim, menn geta flett upp í þeim sjálfir ef þeir trúa þessu ekki. (Gripið fram í.) Þetta er samanburðarhæft, það er ekki hægt að benda á, hv. þm. Gunnar Birgisson, að við séum með einhverja sérstöðu, það sé ekki tekinn einhver ákveðinn hluti hjá okkur sem er tekinn hjá öðrum. OECD leggur sig fram um að hafa tölur samanburðarhæfar því að annars eru þær ekki settar fram. Það er tilgangurinn með þessum skýrslum, hv. þm. Gunnar I. Birgisson. Það þýðir ekki að gera lítið úr svona alþjóðlegum skýrslum með þeim rökum að þetta eða hitt sé ekki samanburðarhæft vegna þess að þeir taki ekki þetta inn og við tökum þetta inn, o.s.frv. Þetta er sá samanburður sem liggur fyrir og menn geta rætt hann út frá því og vonandi verið sammála um þá staðreynd að það megi gera betur, ég vona að flestir séu sammála því.

Ein af fyrstu ummælum hæstv. menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar þegar hún tók við embætti um síðustu áramót voru þau að Háskóli Íslands væri ekkert blankur. Þetta sagði hún í fjölmiðlum oftar en einu sinni og oftar en tvisvar.

Þá langar mig að spyrja hæstv. menntamálaráðherra sömu spurningar og ég spurði við 1. umr. málsins: Af hverju er verið að auka álögur á stúdenta um 40% ef Háskóli Íslands er ekki blankur? Hver er þá tilgangurinn, ef Háskóli Íslands hefur næga fjármuni til að sinna sínum málum, þar á meðal prófgæslu, Alþjóðaskrifstofu og skráningunni? Af hverju er verið að hækka álögur á stúdenta ef Háskóli Íslands er ekkert blankur? Ég fékk ekkert svar við 1. umr. hvað þetta varðar.

Að lokum langar mig að benda á að aðsókn í nám hefur sem betur fer aukist og fjölbreytileikinn hefur aukist. Hér hafa sprottið upp menntastofnanir sem standa sig gríðarlega vel og það er jákvæð þróun. En við sem höfum fjárveitingavaldið þurfum að fylgja þessari ásókn, þessari eftirspurn eftir fjármunum því að annars eru þetta bara orðin tóm, annars er þetta bara einhver fagurgali á hátíðastundum sem við meinum ekkert með. Við þurfum að setja menntamálin í forgang og ef við lítum bara á þróunina undanfarin ár, frá 2001 til 2004, þá nægir sú aukning — ef við lítum til Háskóla Íslands — ekki fyrir þeirri nemendaaukningu sem hefur átt sér stað á sama tíma. Hér vitna ég í grein hæstv. menntamálaráðherra sjálfs, menn þurfa ekki að taka mín orð fyrir því.

Ég tel því vera mikið að í menntamálum, við þurfum að forgangsraða í þágu menntunar, sem fyrst og fremst felst í því að setja þau miklu ofar á forgangslistann í íslenskum stjórnmálum og eyða meira fjármagni í menntakerfið, því að þetta eru fjármunir sem skila sér margfalt til baka. Menntun er fjárfesting, þetta er ekki einhver klisja, það hefur margoft verið sýnt í rannsóknum að hver króna sem fer í menntakerfið skilar sér margfalt til baka.

Þess vegna skil ég ekki þessa tregðu Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins þegar kemur að því að auka fjármuni til menntamála og sérstaklega háskólastigsins. Þeir ná ekki einu sinni að halda í nemendafjölgunina. Þess vegna skil ég ekki áherslur Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í að auka álögur á stúdenta um 40% þremur árum eftir að þær voru hækkaðar um 40%, þegar fórnarkostnaður nemenda er nægur fyrir og hér á landi eru færri sem ljúka háskólaprófi en í helstu samanburðarlöndum okkar. Þetta er röng pólitík sem ég er alfarið á móti.

[13:45]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að koma upp og svara þessari sem ég vil kalla að vissu leyti markleysu hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar.

Hann vitnaði í grein sem ég ritaði fyrri nokkru síðan sem framkvæmdastjóri stúdentaráðs Háskóla Íslands. Ég vil kannski hryggja hv. þingmann með því að ég stend við allt sem þar segir enda hefur ríkið aukið framlög til ríkisháskólanna undanfarin ár í takt við það sem ég fer fram á í greininni.

Ég held að það sé líka gott fyrir okkur, eins og ég gat um í ræðu minni áðan, að við förum að staldra við og skoða háskólastigið í heild sinni. Það er alveg ljóst að sjálfseignarstofnunum hefur verið hjálpað af stað og kominn tími til að huga betur að málefnum ríkisháskólanna og ég hef von til þess að svo verði.

Líka í sambandi við greinina vísa ég til málefnalegrar baráttu stúdenta árið 2001 og hvað sú barátta leiddi af sér. Þá kom fram að það var 2.500 kr. lækkun frá frumvarpinu, það var dregið dálítið í land og ég held að það sé afrakstur málefnalegrar baráttu.

Hv. þingmaður segir að ég sinni ekki hagsmunabaráttu stúdenta. Eitt af þeim málum sem ég stóð fyrir og er komið í höfn og við munum ræða á eftir og var eitt af stærri málum mínum er lækkun endurgreiðslubyrða námslána. Verið er að lækka hana um 1% sem þýðir um 35 þús. kr. á ári fyr-

ir námsmann. Í nefndarálitinu og í þeim tillögum sem við skiluðum hæstv. menntamálaráðherra var einnig kveðið á um að skoða kosti og galla þess að taka upp styrktarkerfi hjá Lánasjóði íslenskra námamanna. Ef hv. þingmanni finnst þetta ekki vera árangur fyrir stúdenta þá veit ég ekki hvað hann meinar.

[13:47]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel það ekki vera sérstakan árangur hjá hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur eftir að hafa verið 18 mánuði á þingi að standa fyrir því að álögur á stúdenta hækki um 40%.

Hv. þm. Dagný Jónsdóttir sagði að ég talaði markleysu. Hins vegar hrakti hún ekki eina einustu staðreynd sem ég hef sett fram. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir talaði um að ríkisstjórnin hefði aukið fjármagn til háskólastigsins. Hins vegar hefur það margoft komið fram, m.a. hjá hæstv. menntamálaráðherra, að sú fjármagnsaukning nær ekki einu sinni að fylgja nemendafjölguninni hvað þá meira. Við vorum í nógu vondum málum árið 2001 og við höfum ekkert gert til að laga þá stöðu.

Ég er mjög feginn að hv. þm. Dagný Jónsdóttir er komin í umræðuna, ég fagna því því að hún hefur mikið til að svara fyrir. Mig langar að spyrja hana beint: Af hverju segir hv. þingmaður ekki nei við þessari 40% hækkun á stúdenta? Hver er ástæðan fyrir því að fyrrverandi framkvæmdastjóri stúdentaráðs treystir sér ekki til að segja hreint og kalt nei við hinum auknu álögum á stúdenta?

[13:49]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson segir að ég sé að leggja til 40% hækkun á stúdenta, að ég styðji ekki frumvarpið og greiði því ekki atkvæði mitt. Ég hef rakið það bæði í atkvæðaskýringu og ræðu af hverju ég styð ekki frumvarpið og af hverju ég er ekki á móti því. Það hefði verið betra ef hv. þingmaður hefði verið viðstaddur 2. umr. málsins, þá hefði hann heyrt það.

Ég ítreka að tvennt kemur til, það er alveg sjálfsagt að svara því eina ferðina enn. Í fyrsta lagi fá háskólarnir þessa hækkun óskerta til sín og það tel ég vera verulega framför frá árinu 2001 og síðan er kannski aðalatriðið hvað skrásetningargjöldin eiga að innifela. Ég er ekki sátt við þann lista sem liggur að baki þeim. Ég tel hann vera matskenndan, enda kom í ljós að hann er ekki samræmdur á milli skólanna. Ég tel því óhjákvæmilegt að við förum í þá vinnu að skilgreina málið betur því það er alveg ljóst að þetta mun koma í þingið aftur og aftur eins og hefur gerst að undanförnu og fram kom í máli rektora háskólanna í hv. menntamálanefnd að allar líkur séu á.

Þetta eru ástæðurnar fyrir því að ég sit hjá við afgreiðslu málsins. Það hefði ekki skipt neinu máli fyrir framgang málsins þó ég hefði verið á móti, en sannfæring mín segir mér að sitja hjá og eins og hv. þingmaður hefur oft bent á á maður ekki að fara gegn sannfæringu sinni.

[13:50]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Málið snýst ekki um hvað hlutirnir eiga að heita eins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir hefur sagt í fjölmiðlum dag eftir dag, að hún sé ósátt við hvað málin heita. Hv. þingmaður kemur ekki með skoðun sína á því hvort hún líti á þetta sem skólagjöld eða þjónustugjöld, hún kemst hjá því.

Málið er kristaltært. Það snýst um auknar álögur á stúdenta og kom m.a. fram í áliti minni hluta menntamálanefndar að er ein af forsendum fjárveitingatillagna í fjárlagafrumvarpinu. Það væri mjög fróðlegt að fá einhvern tíma svar hjá hv. þingmanni um að ef fram kæmi tillaga um að stórauka skólagjöld á stúdenta en sú aukning mundi ekki dragast frá ríkisfjárframlaginu hvort hún mundi samkvæmt sömu röksemdafærslu og hv. þingmaður bauð þingheimi upp á styðja það, því að sú aukning væri raunaukning háskólans, reyndar á kostnað stúdenta en það virðist ekki skipta hv. þingmann neinu máli.

Eitt kom líka fram í andsvari hv. þingmanns að hún er ósátt við forsendur frumvarpsins. Af hverju var þá ekki málið unnið betur? Af hverju var ekki farið betur í forsendurnar? Af hverju láta menn bjóða sér að segja að aðgangur að bókasafni og lesaðstöðu sé hluti af skráningu eða alþjóðaskrifstofan og stofnanir stúdenta séu hluti af skráningu? Af hverju beitti hv. þm. Dagný Jónsdóttir sér ekki fyrir því að málið yrði unnið betur í nefndinni? Hv. þingmaður er oddamaður í nefndinni. Það eru fimm þingmenn ríkisstjórnarinnar og fjórir stjórnarandstöðuþingmenn í nefndinni þannig að hv. þingmaður hafði valdið í höndum sínum þegar kom að því að vinna málið eða jafnvel stoppa það.

En hv. þingmaður kaus að nýta það ekki og til að bíta höfuðið af skömminni treysti hún sér ekki einu sinni til að segja nei við þessu grundvallaratriði sem er núna að særa stúdenta fram þar sem þeir mótmæla hatrammlega þeim auknu álögum sem eru lagðar á þá ár eftir ár.

[13:53]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Komið er í lokaumræðu mál sem lýtur að því að hækka skráningargjöld nemenda við ríkisháskólana. Segja má að verið sé að stíga skrefið til fulls með því að skilgreina skráningargjöldin sem hluta af tekjustofnum skólans, að þetta sé nauðsynlegur þáttur til þess að skaffa skólunum tekjur til starfsins.

Þetta kom reyndar fram í orðum páv. hæstv. menntamálaráðherra, Ólafs G. Einarssonar, þegar samþykkt var á Alþingi að veita heimild til þess að taka svokölluð skráningargjöld. Þá lýsti hæstv. ráðherra alveg feimnislaust yfir að gjaldheimtan væri heimiluð skólunum til þess að mæta skertum fjárveitingum ríkisins til starfsemi þeirra. Hann viðurkenndi það heiðarlega að sú væri ástæðan. Það er miklu betra að komið sé hreint til dyranna og sagt hvað sé verið að gera og hvert markmiðið sé með því en að vera á einhverjum flótta undan því að standa skil og verja raunveruleikann sem verið er að keyra fram.

Hækkunin á skólagjöldum er klárlega hluti af tekjuöflun ríkisins enda stendur í tekjuforsendum fjárlagafrumvarps

ríkisins fyrir næsta ár að skráningargjöld skuli hækkuð úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Þetta stendur klárt í tekjuforsendum fjárlagafrumvarps ríkisins og kemur í uppgjör á ríkistekjum. Menn vilja því ekki skilja samhengi málsins þegar þeir segja að þetta séu einhverjar sértekjur skólanna og komi öðrum ekki við til ákveðinna þátta í starfsemi skólanna. Það er einfaldlega rangt. Þetta er hluti af almennum rekstri skólanna þar sem skólunum er gert að innheimta þessar upphæðir hjá nemendum, svo einfalt er það.

Til þess að geta komist að grundvallarumræðunni um það hvort fjármagna skuli ríkisháskólana með skólagjöldum eða ekki eiga menn að hætta þessum hártogunum og fara beint í umræðuna, því hún snýst um það hvort við förum í áföngum eins og hér er stillt upp að reka ríkisháskólana, reka háskólakerfi landsins í auknum mæli á skólagjöldum eða ekki.

Þar greinir okkur stjórnmálaflokka á hvort það skuli gert eða ekki. Þar eigum við samleið, við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem leggjumst gegn því að skólagjöld séu tekin við háskólana til þess að fjármagna almennt rekstrarstarf og kennslu þeirra. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum andvígir þeirri stefnu.

Hins vegar sjáum við samhengið í stefnu Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sem keyra í gegnum þingið stefnu sína í velferðarmálum. Hún birtist mjög skýrt: Lækkun skatta á því fólki sem hefur hæstar tekjur, lækkun skatta á hátekjufólk en skattbyrðin færð yfir á lágtekjufólk, hins vegar er tekna ríkissjóðs aflað með notendagjöldum, með sjúklingasköttum á þeim sem þurfa að fara til læknis og með skólagjöldum fyrir þá sem þurfa að fara í skóla. Þetta er stefna núverandi ríkisstjórnar og hún er klár.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum einfaldlega andvígir þessari stefnu. Við viljum sterkt og öflugt velferðarkerfi. Við viljum að fólk geti leitað til læknis eða farið á sjúkrahús óháð efnahag, það þurfi ekki að sækja aukna skatta, komugjöld í vasa fólks sem þarf að leita læknis. Sömuleiðis viljum við ekki heldur að fjármagna eigi skólakerfi landsins með gjöldum á nemendur. Skólakerfið er hluti af velferðarþjónustunni, hluti af þeirri grunnþjónustu sem á að standa öllum jafnt opin. Þar á ekki að vera mismunun á.

Sumum finnst þetta ekki há upphæð að hækka skráningargjöld úr 32.500 kr. upp í 45.000 kr. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vorum reyndar andvígir því þegar þau voru hækkuð í 32.500 kr. af grundvallarástæðum og einnig vegna þess að þessi upphæð skiptir máli. Það er aukinn kostnaður fyrir nemendur sem sækja háskólanám, húsaleiga hækkar, allur tilkostnaður hækkar. Þetta er því einn liður í því að auka við þann kostnað. En við erum fyrst og fremst af grundvallarástæðum andvíg því að verið sé að leggja í þessa vegferð.

Fjöldamargir nemendur eru okkur sammála. Ég þykist vita að allir þingmenn, svipað og ég, fái nú fjölda tölvuskeyta með áskorun um að hafna því að taka upp og festa í sessi skólagjöld eða svokölluð skráningargjöld við fjármögnun á ríkisháskólunum. Við fáum hundruð tölvuskeyta og þetta fólk er á vettvangi, veit nákvæmlega hvað málið snýst um og skorar á þingmenn að hafna því að fara inn á braut skólagjalda, fara inn á þá braut að háskólum landsins, ríkisháskólunum skuli gert að fjármagna sig með nemendagjöldum.

Ég vil þakka þeim fjölmörgu nemendum háskólanna sem hafa fylgt sannfæringu sinni eftir með þeim krafti sem þeir hafa gert og koma skilaboðum sínum á framfæri við hv. þingmenn. Það verður svo að reyna á hvort nægilega margir þingmenn átti sig á því hvað hér er um að tefla, jafnrétti til náms og stöðu háskólanáms til framtíðar, að ekki sé gerð þar mismunun á fólki eftir efnahag, þetta sé hluti af grunnþjónustu velferðarsamfélags okkar.

Ítarlegar greinargerðir fylgdu þessu nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar. Hv. þingmenn í menntamálanefnd úr minni hlutanum hafa fjallað um málið, ég nefni sérstaklega hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í menntamálanefnd sem hefur gert ítarlega grein fyrir afstöðu okkar í þessu máli. Þó vil ég hér vekja athygli á að með þessu nefndaráliti fylgja einmitt umsagnir stúdentaráðs Haskóla Íslands þar sem skorað er á alþingismenn og Alþingi að leggjast gegn þessum breytingum. Sú röksemdafærsla að þetta sé til að mæta einhverjum skilgreindum gjöldum er hrakin í þessum álitum umsagna stúdentaráða háskólanna. Hér er verið að pína háskólana til að hefja skólagjaldatöku.

Ég bendi líka á ágæta umsögn frá stúdentaráði Kennaraháskóla Íslands þar sem jafnframt er skorað á þingmenn að hverfa frá þeirri fyrirætlan að taka upp og fjármagna ríkisháskólana með skólagjöldum. Ég vil leyfa mér hér að vitna í ágæt lok á bréfi frá formanni stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands, Sigurði Grétari Ólafssyni, sem lýkur sinni stuttu og hnitmiðuðu umsögn þannig, með leyfi forseta:

„Áætlanir um hækkun skrásetningargjalda grafa undan megingildum norrænnar menningar um gjaldfrjálsa almenningsmenntun og þar með velferðarkerfinu öllu. Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands hvetur menntamálanefnd til að hugleiða niðurrifsáhrif slíkrar hækkunar til langframa.“

Er hægt að segja þetta markvissar og ákveðnar? Einnig er í umsögn frá stúdentaráði Kennaraháskólans rakið hvernig skólanum þeirra hafi bara verið stillt upp og sagt: Þið verðið að fylla kostnaðarliði upp í þessa upphæð sem krafin er, 45 þús. kr. Þið ráðið hvernig þið gerið það en þið þurfið að fylla út þennan lista. Þannig mun hafa verið krafan gagnvart öllum hinum háskólunum enda er þetta svo breytilegt sem mest má vera. Hið skrýtna er þó að skráningargjaldið er sama upphæð á alla skólana. Við höfum verið að tala um olíusamráðið hérna. Það er náttúrlega miklu alvarlegra og stærra mál — og þó ekki, því að þetta er liður í því að knýja alla skólana til að ganga í takt og taka upp skólagjöld. Það er það sem ríkið er að krefjast af þessum skólum, og þá má enginn undan líta. Ef Kennaraháskóli Íslands, Háskóli Íslands eða Háskólinn á Akureyri hefði sagt: Heyrðu, þetta kostar mig bara alls ekki svona mikið sem þið eruð að tala þarna um — hefði hann ekki komist upp með það. Það er bara svo einfalt. Þetta er alveg eins og með olíusamráðið eða grænmetissamráðið uppi í Öskjuhlíðinni, þarna skulu allir ganga í takt þá göngu sem ríkisstjórnin hefur krafist af þessum skólum, að fara inn á braut skólagjalda.

Þetta er rakið hér í ágætu og skýru máli í fylgiskjölum

frá öllum háskólunum og ég vitnaði sérstaklega í umsögn Kennaraháskólans.

Ég held að það sé ágætt að ég ljúki máli mínu á því að vitna í lok umsagnar stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands. Reyndar eru þær allar mjög líkar, þessar umsagnir skólanna, alveg klárar og skýrar, en þar skrifa þau undir, Elfa Svanhildur Hermannsdóttir, fulltrúi stúdenta við Kennaraháskólann í stjórn BÍSN, og Sigurður Grétar Ólafsson, formaður stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands, eftir að hafa rakið það hvernig skólinn hefur verið að reyna að svara þessu kalli um að fylla upp í umræddu tölu. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Þær tölur sem hér eru settar fram sýna það svart á hvítu að sú upphæð sem áætluð er vegna skrásetningar nemenda er hreinn og klár skáldskapur. Því er notkun orðsins skrásetningargjöld ekki aðeins villandi heldur er henni einnig ætlað að hylma yfir þá áætlun sitjandi ríkisstjórnar að koma á skólagjöldum í háskólunum. Sú upphæð sem nemendur greiða til skólanna fer að stórum hluta í rekstur þeirra og þjónustu sem aðeins takmarkaður hópur innan hvers skóla notfærir sér. Því er enn og aftur á fáum árum seilst í vasa námsmanna til þess að mæta minnkandi framlagi ríkisins til ríkisháskólanna."

Þetta er einfaldlega málið í hnotskurn, frú forseti. Þessi ríkisstjórn velur þá leið að ganga á velferðarkerfið, taka upp notendagjöld, taka upp sjúklingaskatta, láta þá borga sem þurfa að leita læknis, láta þá borga sem fara í skólann en lækka svo skatta á því fólki sem hefur hæstar tekjurnar vegna þess að það eru svokallaðir burðarásar ríkisstjórnarinnar og því fólki verðum við náttúrlega að hygla.

Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru gjörsamlega andvígir þessari skoðun, þessari stefnu. Stefnan er að standa vörð og efla sterkt velferðarkerfi og sterka grunnþjónustu. Það er dapurlegt að horfa á hvernig Framsóknarflokkurinn ber sig, flokkur sem ég held að margir, og víða um land, ekki síst til sveita, hafi talið að væri félagshyggjuflokkur. Skyldi það létta unglingum úr sveit að sækja háskólanám að hækka þessi skráningargjöld? Er ekki nóg fyrir, að þurfa að fara að heiman, kosta uppihald sitt, taka húsnæði á leigu og borga dýrum dómum þó að ekki sé líka verið að taka upp skólagjöld með þessum hætti í skólum sem nemendur héldu að þeir væru að sækja um fría skólavist í?

Það er dapurlegt að horfa á hvernig Framsóknarflokkurinn hverfur frá samþykktum sínum, samþykktum sem flokkurinn bæði gerir á landsfundum og setur í kosningastefnuskrár sínar. Þá er hann mikill félagshyggjuflokkur vikuna fyrir kosningar, andvígur skólagjöldum, andvígur sjúklingasköttum o.s.frv. Viku eftir kosningar er hann kominn í hinn gírinn, það eru skólagjöld og það eru sjúklingaskattar, þá eru þessi kosningaloforð gleymd.

Ég held, frú forseti, að samvinnufólki og félagshyggjufólki úti um allt land þyki dapurt að horfa á hvernig Framsóknarflokkurinn sem einu sinni var kenndur við félagshyggju er nú orðinn taglhnýtingur Sjálfstæðisflokksins í því að berja og brjóta niður velferðarkerfið en byggja upp aftur á móti á notendagjöldum, skólagjöldum og sjúklingasköttum.

Ég vona enn að þetta mál verði ekki samþykkt, að ekki verði samþykkt að hækka þessi gjöld, vera að stíga hér stóraukin skref í að taka upp skólagjöld í ríkisháskólana. Verði það hins vegar samþykkt vil ég lýsa því líka yfir að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs munu berjast gegn þessu. Eigi síðar en við næstu kosningar skulum við rifja upp kosningastefnuskrá þessara flokka sem fyrir kosningar eru á móti skólagjöldum en eftir kosningar styðja og taka upp skólagjöld.

Við skulum muna þeim það þá og þá skulum við velta þessari ríkisstjórn og rétta kúrsinn af í menntamálum þjóðarinnar, í skólastefnunni, þar sem höfuðáhersla er lögð á að menntun er fyrir alla, líka háskólamenntun, óháð efnahag.

[14:10]

Útbýting:

Aukatekjur ríkissjóðs, 375. mál, þskj. 601.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 434. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 640; stjtill. utanrrh., þskj. 643.

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, 438. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 644.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, 435. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 641.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, 436. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 642.

Einkamálalög og þjóðlendulög, 190. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 645.

Fjáraukalög 2005, 431. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 623.

Fjármálafyrirtæki og vátryggingastarfsemi, 211. mál, þskj. 653.

Greiðslur fyrir táknmálsnámskeið, 325. mál, svar menntmrh., þskj. 634.

Háskólinn á Akureyri, 350. mál, þskj. 626.

Jöfnun lífeyrisréttinda, 439. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 657.

Lánasjóður sveitarfélaga, 269. mál, þskj. 652.

Námsver í Ólafsfirði, 324. mál, svar menntmrh., þskj. 633.

Raforkulög, 328. mál, þskj. 654.

Skráning og mat fasteigna, 335. mál, þskj. 604.

Tekjuskattur og eignarskattur, 351. mál, þskj. 646; brtt. PHB, þskj. 658; brtt. ÖS o.fl., þskj. 659.

Virðisaukaskattur af lyfseðilsskyldum lyfjum, 353. mál, svar fjmrh., þskj. 584.

[14:11]

Mörður Árnason:

Forseti. Hér hafa verið fluttar ágætar ræður í dag um þetta mál sem er til 3. umr. Við 2. umr. var einnig rætt talsvert um það þannig að ég býst ekki við að taka langan tíma frá þinginu á síðasta deginum. Hins vegar hafa orðið ýmis tíðindi milli 2. og 3. umr. og það er rétt að ég bæti við ræðu mína frá 2. umr., sem fólst mestmegnis í því að kynna nefndarálit okkar í svokölluðum minni hluta menntamálanefndar, nokkrum hugleiðingum vegna þeirra tíðinda sem orðið hafa.

Fyrst er að skýra frá því að eins og aðrir ræðumenn hafa vitnað til hafa komið fram gögn sem vantaði fyrir 2. umr. málsins. Þar á ég einkum við gögn frá Háskóla Íslands sem skýra aðeins þann gang sem málið hefur haft og forsögu þess. Það er kannski rétt að taka það sérstaklega fram, m.a.

vegna þess sem síðar segir í þessari ræðu, að þessi gögn komu ekki til menntamálanefndarmanna að frumkvæði formanns menntamálanefndar, hv. þm. Gunnars I. Birgissonar, eða meiri hlutans, heldur þurfti minni hluti nefndarinnar að sækja gögnin sjálfur. Þau finnast auðvitað á netinu að því leyti sem um fundargerðir háskólaráðs er að ræða en síðan þurfti að leita eftir þeim sérstaklega á skrifstofu rektors háskólans og það gerðum við í samvinnu við ritara menntamálanefndar sem ég þakka hér með fyrir sín störf að þessu máli. Ég veit að hún var önnum kafin þegar hún var um það beðin.

Hvað gera þessi gögn, hvað segja þau okkur um þá sögu sem við vorum að leita eftir? Jú, þau staðfesta að sjálfsögðu að hugmyndin um 45 þús. kr., um hækkun úr 32.500 kr. í 45 þús. kr., á sér a.m.k. að hluta til uppruna í Háskóla Íslands. Það sýnir að sínu leyti að þau orð í athugasemdum með frumvarpinu að þetta sé að ósk ríkisháskólanna eru ekki rétt. Ef þetta er ósk að einhverju leyti ríkisháskóla er það aðeins eins þeirra, þ.e. Háskóla Íslands, því að hinir skólarnir munu hafa verið tengdir við þá eimreið á leiðinni í gegnum menntamálaráðuneytið og niður í þing.

Það er merkilegt, og fyrri ræðumenn hafa tiplað á því, en forsaga málsins gefur ákveðna innsýn í hvers eðlis það er. Eitt þeirra gagna sem mestu máli skipta er minniblað til háskólaráðs frá formanni fjármálanefndar háskólaráðs um nemendagjöld frá 24. febrúar 2004. Það er skrifað í tilefni af tillögu sem deildarfundur lagadeildar samþykkti nokkru áður:

„Deildarfundurinn fer fram á að fjárveitingar ríkisins til lagadeildar og annarra deilda háskólans verði auknar. Að öðrum kosti fer lagadeild þess á leit við háskólaráð að það óski eftir því að deildin fái heimild til þess að innheimta gjöld af nemendum hennar, einkum í framhaldsnámi, til að standa að hluta straum af kostnaði við kennslu þeirra."

Nauðugir, viljugir og sennilega með hnífinn á barkanum leita forustumenn lagadeildar háskólans eftir því — þeirrar virðulegu deildar, einnar af þremur elstu deildum Háskóla Íslands sem mætti jafnvel rekja enn þá lengra aftur, að vísu með því að tengja hana yfir hafið til Kaupmannahafnar — og fara hreinlega fram á að fá að innheimta skólagjöld með einhverjum hætti, gjöld fyrir hluta af kennslu vegna þess að fjárveitingar til deildarinnar eru ekki nægar.

Ég verð að segja að það kemur mér ekki á óvart. Samfylkingarmenn fóru eftir síðustu áramót í sérstaka ferð upp í háskóla og ræddu þar bæði við forustumenn deilda, forustumenn stúdenta og gesti og gangandi á svæðinu. Fyrir mig, sem stundaði nám við þann skóla, og nokkur ár síðan ég kom þar í fullri alvöru, var eiginlega nokkurt áfall að sjá hvernig menn voru þar þrautpíndir af fjárskorti. Suma þeirra var búið að berja þannig að þeir voru í raun tilbúnir að grípa til örþrifaráða, sem jafnvel væru andstæð þeirra eigin hugmyndum um skólann og fjármögnun hans til að geta haldið áfram að fræða, kenna og rannsaka.

Fjármálanefnd háskólaráðs brást þannig við að hún þyrfti tíma til að fjalla um tillögur lagadeildar og sagðist ætla að gera það á næsta fundi sínum. Við höfum ekki frétt af honum en hins vegar bregst hún þannig við að hún ákvað að kanna stöðu skráningargjaldsins. Könnun þessarar nefndar á stöðu skráningargjaldsins er í beinu framhaldi af beiðni lagadeildar háskólans um hærri fjárveitingar eða skólagjald ella. Það sýnir hvernig þessu máli er háttað, að skráningargjaldið, svokallað, á að koma í staðinn fyrir skólagjöld að því er lagadeildina varðar.

Nefndin telur að mögulegt sé að rökstyðja hækkun á skrásetningargjaldinu í 45 þús. kr. Þar stendur þessi upphæð fyrst á blaði, 45 þús. kr., í þessu minnisblaði frá 25. febrúar 2004. Það er sérkennilegt, að minnisblaðinu fram komnu, en frá því skýrði Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, réttilega og sannlega á fundi sínum og fleiri rektora með menntamálanefnd, að nefndin lætur fylgja minnisblaði sínu töflu um þær forsendur sem standa að baki 45 þús. kr. hugmynd nefndarinnar. Það er merkileg tafla. Hún virðist hin fyrsta af þremur útgáfum Háskóla Íslands af rökstuðningi fyrir gjaldinu, sem hins vegar er alltaf það sama, þ.e. alltaf 45 þús. kr. eða þar um bil.

Við vissum af fyrri útgáfu þessarar töflu. Stúdentaráð Háskóla Íslands upplýsir um hana í greinargerð með umsögn þess, sem er prentuð í nefndaráliti minni hluta menntamálanefndar um þetta mál. Í henni var því m.a. lýst *að reiknað hefði verið með kostnaði við íþróttahús Háskóla* Íslands í skráningargjaldi. Þar var að auki minnst á nemendaskírteini, að því er stúdentar segja. Ég hélt í upphafi að þetta væri það minnisblað en það virðist ekki vera. Þegar það er rannsakað er þar ekkert um íþróttahús Háskóla Íslands en hins vegar er dyggilega minnst á stúdentaskírteini. Kostnaður af þeim var árið 2001 talinn 500 kr. og framreiknaður yrði það partur af gjaldinu 2005, af 45 þús. kr.

En í greinargerð stúdentaráðs Háskóla Íslands kemur fram að engin stúdentaskírteini eða nemendaskírteini eru gefin út við Háskóla Íslands. Ég hygg að svo hafi verið eitt sinn og ég borið mynd af sjálfum mér á slíku skírteini. En svo virðist ekki vera lengur og þess vegna er fullkomlega út í loftið að gert sé ráð fyrir því í þessari töflunni. Það hafa menn vissulega séð en ég veit ekki hvenær það gerðist vegna þess að okkur vantar milliskjalið, okkur vantar þá útgáfu sem stúdentaráð Háskóla Íslands virðist hafa komist yfir á einhverju stigi eða fengið að sjá.

Við fyrstu útgáfuna hefur hins vegar bæst kostnaður við íþróttahúsið. Þeir sem um hafa vélað hafa hins vegar ekki treyst sér til að færa þann kostnaðarlið fram í þriðju útgáfunni, enda nokkuð hlálegt.

Það vekur líka athygli að í þessari útgáfu er sérstök lína um ljósrituð námsgögn til stúdenta, sem er a.m.k. ekki í því líki í fylgiskjali háskólans við frumvarpið. Það vekur einnig athygli að þar er talað um kostnað við próf. Þetta átti að vera kostnaður við skráningu og heitir skráningargjald. Próf er ekki skráning heldur mundi maður telja próf til loka kennslu eða eitthvað álíka. En hér er kostnaður við próf, samtals 2.350 kr.

Í fylgiskjali við frumvarpið er eina dæmið sem maður finnur hliðstætt, um kostnað á nemanda 2005, 2.242 kr., nokkru lægri upphæð en sá kostnaður sem þarna er nefndur, en hann er ekki fyrir próf heldur skipulag kennslu og prófa. Ég veit ekki hvort deila megi um þá tilhögun en varla telst það skráning, þ.e. skipulag kennslu og prófa. Skýringin „bókfærð gjöld, prófgæsla" getur varla talist vera skráning.

Hér er þetta a.m.k. orðað öðruvísi. Skipulag kennslu og prófa á að kosta 2.242 kr. en ekki það sem hér er kallaður

kostnaður við próf samtals. Ég er að vísu með ákaflega vont ljósrit af þessu, en það virðist felast í eftirtöldum upphæðum, með leyfi forseta:

„Próflaun annarra en kennara, prófdómarar og prófgögn.“

Þetta datt nefndinni sem sé í hug í febrúar 2004 að væri hægt að flokka sem skráningargjald. Síðan komst nefndin ofan af því og endaði í orðalaginu „skipulag kennslu og prófa“. Hér er síðan inni, þannig að maður minnist einnig á það þegar háskólinn hefur verið samkvæmur sjálfum sér, lengri opnunartími Þjóðarbókhlöðu sem reiknast inn í sérstakt skráningargjald í Háskóla Íslands.

Þannig mætti halda áfram í allan dag að bera saman útgáfurnar af töflunni sem Háskóli Íslands hefur séð sóma sinn í að láta fylgja rökstuðningi sínum við svokallað skráningargjald. Það ætla ég ekki að gera en þetta segir mér og öllum þeim sem vilja sjá og heyra að fyrst er ákveðin tala, 45 þús. kr. Í febrúar 2004 er hún ákveðin í háskólanum og væntanlega líka í menntamálaráðuneytinu, og hókus pókus: Það er talan sem stendur núna í öllum frumvörpunum þremur þrátt fyrir að allur rökstuðningurinn hafi gjörbreyst frá fyrstu útgáfu töflunnar í Háskóla Íslands til hinnar þriðju.

Ég tel þetta hæpin vinnubrögð af hálfu Háskóla Íslands. Ég harma að menntamálaráðuneytið skuli hafa þrýst háskólanum til þess arna. Þetta sýnir auðvitað að gjaldið hefur engan rökstuðning, er fullkomlega í lausu lofti og er af ríkisstjórnarinnar hálfu sett fram án þess að grunnur sé undir. Vinna okkar í nefndinni, í minni hlutanum einkum, hefur leitt það í ljós. Það er athyglisvert, sérstaklega fyrir hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur sem hefur vitnað til þessa rökstuðnings, að hann virðist allur í rugli og ber ekki uppi þá byggingu sem ofan á hann er sett.

Þetta er fyrsta atriðið sem ég ætla að ræða um af þeim tíðindum sem orðið hafa milli 2. og 3. umr. Annað sem gerst hefur milli 2. og 3. umr. er að fjallað hefur verið um málið í menntamálanefnd. Ég vil segja af því tilefni að ég hef, síðan ég var kosinn á Alþingi og kom hingað í fyrra, starfað í tveimur nefndum, annars vegar í umhverfisnefnd og hins vegar í menntamálanefnd. Það hefur verið afar sérkennilegt að finna muninn á starfsanda og árangri af vinnunni í þessum tveimur nefndum.

Í umhverfisnefndinni, í fyrra undir forustu núverandi hæstv. umhverfisráðherra, Sigríðar Önnu Þórðardóttur, og það sem af er hausti undir forustu hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, hefur starfið gengið vel þrátt fyrir ýmiss konar ágreining sem eðlilega er uppi og á eiginlega að vera á Alþingi Íslendinga. Það væri skrýtið Alþingi ef ekki væri uppi einhvers konar ágreiningur, stór eða smár. En nefndin hefur haft þá stefnu að ræða sig til niðurstöðu í þeim málum sem hún hefur fengið inn á borð og reyndin er sú að hún hefur oft skilað sameiginlegu áliti um flókin og erfið mál. Stundum höfum við haft fyrirvara, eins og fyrr í dag, um einstök atriði á nefndarálitinu sjálfu. Þegar ágreiningur er hefur verið leitast við, eins og verða má, að skýrt sé um hvað hann snýst og það er mjög mikilvægur árangur í störfum okkar, að skýrt sé um hvað ágreiningurinn snýst milli meiri hluta og minni hluta eða annarra deilda sem þingmenn skiptast í í nefndum. Jafnframt er skýrt um hvað menn eru sammála. Þessi stefna í starfi umhverfisnefndar hefur, að ég held, eflt áhuga nefndarmanna á viðfangsefnum sínum og skilað á þingið vönduðum málatilbúnaði í þessum málaflokki.

Hins vegar er sorglegt er að segja frá því að í menntamálanefnd, undir forustu hv. þm. Gunnars Birgissonar, hefur gegnt öðru máli. Formaður nefndarinnar virðist hafa þann skilning að nefndin sé fyrst og fremst afgreiðsluapparat þar sem formskröfum um afgreiðslu mála sé fullnægt. Umræða um einstök mál er þar jafnan fátækleg. Stjórnarfrumvörp eru iðulega afgreidd frá nefndinni á færibandi inn í umræður hér í þinginu, stundum án þess að fram hafi komið gögn eða skýringar sem nefndarmenn hafa talið nauðsynleg. Þó hefur svo sem til málamynda verið kallað eftir þeim eftir 2. umr. eins og er í þessu tilviki. Eins og ég lýsti áðan voru það fulltrúar minni hlutans sem kölluðu eftir því sem máli skipti milli 2. og 3. umr. í þessu máli.

Þingmannamál eru sjaldnast tekin úr möppunum sem þau eru færð í eftir að hafa verið vísað til nefndarinnar. Þau mál sem eðlilegt er og hefð er fyrir að reyna að ná um samstöðu, í menntamálanefndinni get ég nefnt heiðurslaun listamanna, eru afgreidd utan nefndarinnar og síðan lögð á borð hennar sem gerður hlutur. Hér virðist ráða starfsstíll formanns nefndarinnar sem ég hef ekki haft þann heiður að vinna með áður en auðvitað frétt ýmislegt um vegna þess að hv. formaður nefndarinnar er einn af forustumönnum í nágrannabæjarfélagi. Ég hef auðvitað orðið var við umsagnir bæjarbúa um starfsstílinn þar.

Á nefndarfundi í morgun keyrði síðan um þverbak. Þangað kom maður úr menntamálaráðuneytinu og eftir að hann hafði fjallað um sín mál og var farinn þá tók formaðurinn hv. til máls og veittist að mér fyrir ókurteisi við gesti nefndarinnar fyrr í vikunni og virtist þá eiga við heimsókn rektora ríkisháskólanna. Ég vil taka fram að ég tel mig ekki hafa sýnt rektorunum neins konar ókurteisi í spurningum sem ég bar fram við þá og átti ekki í neinum deilum eða átökum við þá ágætu herramenn heldur spurði einfaldlega spurninga, einkum með tilvísun til umfjöllunar stúdenta við skólana í umsögnum sínum, en þær eru birtar sem kunnugt er sem fylgiskjöl með þeim frumvörpum sem hér eru til umræðu, þ.e. fylgiskjöl með — fyrirgefið, einkum með tilvísun til umfjöllunar stúdenta í þeim fylgiskjölum sem við höfum sett í nefndarálitið um fylgiskjöl háskólanna sem fylgja frumvörpunum.

Það skal hins vegar viðurkennt að á fundinum þar áður fór ég nokkuð hörðum orðum um hv. formann nefndarinnar eftir að hann hafði neitað okkur um gögn og efnt til atkvæðagreiðslu um að afgreiða málið út úr nefndinni. Vel má vera, forseti, að þau orð hafi ekki verið nægilega kurteisleg. Ég væri tilbúinn að íhuga það með formanni nefndarinnar að við kannski báðir reyndum að færa okkur nokkrum skrefum nær í okkar samskiptum og reyna að gera þau kurteislegri og eðlilegri. En þá á formaður nefndarinnar að kannast við það og ekki að reyna að færa slíkar persónulegar deilur yfir á fjarstadda menn sem málið kemur ekkert við.

Á nefndarfundinum í morgun bað ég um orðið eftir þessa ræðu formanns nefndarinnar til þess að bera hönd fyrir höfuð mér, bera af mér sakir. En formaður nefndarinn-

ar, hv. þm. Gunnar Birgisson, neitaði mér þá um orðið. Ég tel að fundarstjórn og starfshættir af því tagi séu ekki til eftirbreytni og séu ekki til þess fallnir að skapa starfsfrið í nefndinni eða þægilegan umræðugang um þau mál sem þangað er vísað. Ef það er ekki hægt að ræða hluti í nefndinni sjálfri vegna vinnubragða af þessu tagi sem ég er að lýsa þá verður að taka þá vinnu hér inn í salinn sem með réttu á að fara fram í nefndinni sjálfri. Það tefur fyrir öllum þingmönnum. Það tefur fyrir starfi, ekki bara við menntamálin heldur líka við önnur mál í þinginu, samanber þær um það bil sjö til tíu mínútur sem ég hef þurft að taka hér af tíma þingsins, og biðst forláts á fyrir mína parta, til þess að ræða þessi vinnubrögð og starfshætti Gunnars I. Birgissonar.

Í þriðja lagi, forseti, hefur það gerst á milli 2. og 3. umræðu að hv. þm. Dagný Jónsdóttir hefur haldið áfram að skýra afstöðu sína til málsins. Ég tók eftir því við 2. umr. að þegar rætt var um afstöðu Dagnýjar Jónsdóttur þá hrópuðu flokksbræður hennar og -systur hér fram í og töluðu um að það væri ódrengilegt annars vegar og ómaklegt hins vegar að fjalla um þá afstöðu, þó að það væri nú gert af fullri hæversku. Ég verð að gera athugasemd við þau orð því að hv. þm. Dagný Jónsdóttir á að njóta þeirrar fullu virðingar að litið sé á hana sem fullgildan þingmann í salnum, fulltrúa kjósenda í tilteknu kjördæmi, Norðausturkjördæmi. Það er ekki þannig að hana eigi af einhverjum ástæðum að undanskilja við umræður eða að firra hana gagnrýni á þau verk og þá afstöðu sem hún vinnur eða tekur hér í þinginu eða sem þingmaður í fjölmiðlunum.

Á það var bent við 2. umr. að fyrirvari Dagnýjar Jónsdóttur, sá sem hún lýsti í fjölmiðlum áður en málið kom til umræðu hér í þinginu, var sá að hún ætlaði að sitja hjá við afgreiðslu þessa frumvarps, hún ætlaði ekki að samþykkja þetta frumvarp. Þess vegna kom það mjög á óvart þegar hv. þingmaður skrifaði undir nefndarálit meiri hluta menntamálanefndar þar sem meiri hluti menntamálanefndar mælir sérstaklega með samþykkt frumvarpsins með ofurlítilli orðalagsbreytingu. Þetta hefur orðið tilefni nokkurrar undrunar hér í salnum og utan hans. Það hefur reyndar gerst að forseti var beðinn að afla upplýsinga ef hann gæti um það hvort fordæmi væru fyrir þessu og hvort þetta væri þinglegt. Forseti hefur gert það og segir að það séu vissulega til einhvers konar fordæmi fyrir þessu og að það megi finna því stað, að vísu ekki í þingskapalögum eins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir mun hafa sagt hér eða ég heyrði hana segja hér við 2. umr., heldur í því sem við getum kallað einhvers konar lögskýringargagn. Það er ritið Háttvirtur þingmaður sem um ræðir og hefur verið skrifað af reyndum starfsmönnum þingsins. Þar segir um fyrirvara að þá megi gera eða að þeir séu gerðir yfirleitt af þrennu tagi og að ein ástæðan sé sú að menn hafi efasemdir um málið, orðrétt, með leyfi forseta:

„... efasemdir um málið en vill ekki standa gegn afgreiðslu þess."

Ég verð að segja að skilningur minn á afstöðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur í fjölmiðlunum áður en málið var tekið hér til umfjöllunar var ekki sá að hv. þm. Dagný Jónsdóttir hefði efasemdir um málið heldur var hann sá að hv. þm. Dagný Jónsdóttir væri á móti málinu en að hún ætlaði hins vegar að sitja hjá vegna þess að þetta væri þó með einhverjum hætti skárra en það mál sem hún átti við glíma hér árið 2002 þegar hún var í forustu fyrir stúdenta. Það var minn skilningur. Það sem ég bjóst við að gerðist hér var að hún skýrði fyrir okkur af hverju þetta mál væri á einhvern hátt skárra en hitt þannig að hún sumsé sæti hjá en væri ekki á móti.

Síðan hefur það gerst að hv. þm. Dagný Jónsdóttir sekkur einhvern veginn alltaf dýpra og dýpra í þessari umræðu og fyrirvari hennar verður myrkari og myrkari með hverri ræðu sem hún um hann flytur. Í staðinn fyrir að spurningin sé af hverju hún sitji hjá frekar en að segja nei þá er spurningin núna orðin af hverju hún sitji hjá í staðinn fyrir að segja já, vegna þess að hv. þingmaður sem talaði hér áðan m.a. í andsvörum virðist vera orðinn samþykk þessari hækkun. Það eina sem hv. þingmaður setur út á hækkunina, bæði í andsvörum áðan við hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson og í sjónvarpinu, í sjónvarpsfréttum í gær, er að gjaldið heiti ekki réttu nafni, það ætti að heita einhverju öðru nafni. Ef það héti aðgöngumiði eða Dísa í dalakofanum þá væri hv. þingmaður e.t.v. bara meðmæltur frumvarpinu. Ástæðan er orðin nákvæmlega engin.

Ég vil hvetja hv. þingmann til þess, þó að seint sé — það er eftir ein atkvæðagreiðsla — að fara að samvisku sinni og sannfæringu svo sem stjórnarskrá Íslands býður og taka þá afstöðu sem hún stefnir augljóslega í og sem er sú að segja já við frumvarpinu og vera í liðinu sem auðvitað hefur komið í ljós að er eitt helsta erindi hv. þingmanns á Alþingi Íslendinga. Þetta vildi ég segja hér vegna þess að hv. þingmaður er alls góðs maklegur og mér hefur þótt ýmislegt til um framgöngu hennar hér á þinginu. Mér finnst í raun sorglegt að sjá hvernig fyrir henni er komið í þessu máli þar sem hún hefur fengið afar vond ráð, sennilega hjá flokksbræðrum sínum og flokkssystrum í liðinu, þar sem hún hefur sett mjög ofan einmitt vegna þess að hún kemur í raun út eins og eins konar málaliði.

Fyrst er hv. þingmaður framkvæmdastjóri hjá stúdentaráði sem er að berjast gegn ákveðnu máli, tekur þar einarða og djarflega afstöðu. Síðan nokkrum árum síðar er hún komin inn á þing og er þingmaður Framsóknarflokksins og þá er sú afstaða ekki lengur í gangi heldur þarf hv. þingmaður að taka aðra afstöðu en reynir að bjarga sér úr þessari klípu með því að fara þriðju leiðina sem er sennilega hin leiðin, fara einhvers konar millileið sem engin leið er í þessu máli. Hér er bara um það að ræða að vera með málinu eða vera á móti málinu og rök hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur fyrir afstöðu sinni nú eru ekki tæk.

Ég vil að lokum, forseti, nefna fjórðu tíðindin sem orðið hafa milli 2. og 3. umr. en þau eru þau að í dag, hér áðan á þessum þingfundi, voru greidd atkvæði um skattbreytingar. Málflutningur stjórnarliða í þeirri atkvæðagreiðslu var á þá leið að nú væri hátíðisdagur. Einn þeirra sagði held ég þrisvar já með fögnuði. Aðrir stóðu upp og börðu sér á brjóst vegna þess að þeir hefðu hér náð með einhverjum hætti markmiðum sínum í pólitík, þ.e. að lækka skatta og það var að vísu aðallega á hátekjumenn og stóreignamenn.

Ég vil óska til hamingju þessum sömu mönnum með að hafa hér bætt það upp, að vísu að óverulegu leyti. En þeir hafa þó bætt það upp með því að ná 140 millj. kr. af náms-

mönnum við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Það er stórfenglegt. Ég held að það sé ástæða til þess að óska þessum mönnum til hamingju með daginn í dag, 10. desember 2004, þennan mikla fagnaðardag. Ég óska hv. þingmönnum Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Sigurði Kára Kristjánssyni, Birgi Ármannssyni og Bjarna Benediktssyni, hinum nýju riddurum Sjálfstæðisflokksins, til hamingju með 140 milljón króna daginn. Ég óska hv. formanni menntamálanefndar, Gunnari Birgissyni, og hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, til hamingju í dag, þennan dag, 10. desember 2004, með 140 milljón króna daginn. Ég óska til hamingju fyrrverandi skólameistara, hv. þm. Hjálmari Árnasyni, hinum unga og upprennandi þingmanni Birki Jóni Jónssyni og ef til vill hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur með daginn í dag, 140 milljón króna dag Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Þetta er mikill árangur og ég spái því að hans mun lengi sjá stað í pólitískum ferli þeirra sem nú eru að hefja innreið sína í pólitíkina með því að seilast ofan í vasa nemenda við þessa þrjá ríkisháskóla.

[14:43]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ástæða þess að ég kem hér upp er ræða hv. þm. Marðar Árnasonar. Hann fór hér nokkrum orðum um formann menntamálanefndar, hv. þm. Gunnar Birgisson, og hann var að lýsa því hvernig hann stjórnaði þeirri ágætu nefnd, menntamálanefnd. Ég er fullkomlega ósammála þeim málflutningi sem hér kom fram. Sjálfur á ég sæti í fjórum nefndum þingsins og þar á meðal í menntamálanefnd og það get ég vitnað um hér í þingsal að hv. þm. Gunnar Birgisson þekkir mjög vel til menntamála, til þessa málaflokks. Hann hefur stundað kennslu. Hann þekkir mjög vel til lánasjóðsins. Það að hann hafi misnotað aðstöðu sína sem formaður þessarar nefndar er ósatt. Það eru ósæmileg ummæli sem hv. þm. Mörður Árnason fór hér með áðan um hv. þm. Gunnar Birgisson.

Það er mjög sérstakt að viðkomandi þingmaður skuli taka þetta mál upp hér í þingsal. Það er mjög sérstakt. **(Gripið fram í:** Hvað er ...?) Ég vil aðeins koma inn á það hvaða umræður hafa verið í menntamálanefnd. Hv. þm. Mörður Árnason er hreinlega með dónaskap, verð ég að segja, því miður, hér í þingsal, við gesti og á fundum. Hann hagar sér eins og hann sé í kappræðufundi í sjónvarpi og mér finnst það ekki tilhlýðilegt í nefndarstarfi á vegum Alþingis. (Gripið fram í.) Ég held að við ættum að fá forsætisnefnd til að fara svolítið yfir agamál í nefndum þingsins.

[14:45]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég vil að gefnu tilefni taka undir þau síðustu orð hv. þm. Kjartans Ólafssonar að hugsanlega er ástæða til þess að fá forsætisnefnd eða forseta þingsins til að fara yfir vandamál í ýmsum nefndum þingsins.

[14:46]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að ræða um störf innan hv. menntamálanefndar og vegna orða hv. þm. Marðar Árnasonar, en ég tel að ummæli hv. þingmanns í hv. menntamálanefnd hafi farið langt út fyrir öll velsæmismörk. Ég fagna því að hv. þm. Mörður Árnason skuli sjá eftir þeim og það er gott að svo skuli vera, enda mikilvægt að starfsandinn sé í lagi í nefndinni.

Ég vil af þessu tilefni að það komi fram að formaður nefndarinnar, hv. þm. Gunnar Birgisson, hefur lagt sig fram við að koma til móts við nefndarmenn vegna hinna ýmsu óska þeirra og því þótti mér þetta ómaklega að hv. formanni menntamálanefndar vegið.

[14:47]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég tek eftir því að við vinnslu þessa máls í menntamálanefnd og hér á þinginu hefur skapast mjög eindregin samstaða milli fulltrúa Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í menntamálanefnd. Ég get ekki sagt að ég fagni því en mér kemur það heldur ekkert á óvart. Ég hefði hins vegar búist við að í andsvari sínu nú mundi hv. þm. Dagný Jónsdóttir ræða sína eigin fyrirvara en ekki orð annarra og ég óska eftir að hún geri það hér í síðara skiptið.

[14:47]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók einmitt eftir því í ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar áðan að hann var að hvetja mig til að samþykkja hækkun skráningargjalda. Mér þykir það nú nokkuð einkennilegt og kannski er það óskhyggja hv. þingmanns en honum greinilega til mikilla vonbrigða hef ég hug á að styðja ekki þetta mál og fara eftir sannfæringu minni. Það að hann skuli ekki skilja rök mín er hans vandamál en ekki mitt.

[14:48]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Sannfæringin greiðir ekki atkvæði, hvað er það merkileg sannfæring? Sannfæringin núll? Er það einhver tala í dæminu að vera hvorki með máli né á móti máli? Það er stundum gert vegna þess að málið skiptir kannski litlu eða vegna þess að afstaða manna er með tilteknum hætti. Hér er hins vegar um það mál að ræða að þetta er í raun og veru prófraunin á hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur. Þetta er í fyrsta sinn sem reynir á hvers virði þingmaðurinn er, hvaða erindi hún á inn á þingið, hvort heldur hún berst fyrir málefnum kjósenda sinna eða er bara einhvers konar leikmaður sem þjálfurum og leikstjórnendum Framsóknarflokksins hefur þóknast að láta spila hér.

Ég skil ekki enn þá fyrirvara Dagnýjar Jónsdóttur og ég segi það alveg hreinskilnislega að ég mundi meta það meira við hana að segja bara að lokum já við þessu frumvarpi hennar vegna, vegna virðingar hennar og vegna framtíðar hennar sem þingmanns, (Gripið fram í.) að taka bara þá afstöðu og standa á henni með einhverjum rökum, heldur en að sitja hjá eins og þingmaðurinn ætlar að gera vegna þess að allur ferill málsins hefur verið þannig að hún byrjaði á að þurfa að skýra hvers vegna hún ætlaði ekki að greiða atkvæði gegn frumvarpinu en núna er í raun og veru spurningin einungis orðin sú: Bíddu, hvaða litla arða, hvaða litli múrsteinn er það sem stendur á milli hjásetu hennar og þess að taka fullan þátt í liðsheildinni sem stendur hér í dyrunum

og er skipuð úrvali af hv. þingmönnum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks á 140 milljón króna daginn? Sem ég (**DJ:** Það er gott að eiga góða að ...) óska hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur að lokum enn til hamingju með.

[14:50]

Frsm. minni hluta menntmn. (Björgvin G. Sigurðsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér leitt, og ástæða til að ræða það við hæstv. forseta, að sú deila sem virðist hafa risið upp í hv. menntamálanefnd skuli nú hljóma um sali Alþingis. En ég tek undir með hv. þm. Merði Árnasyni að vissulega mætti þar ýmislegt betur fara í samskiptum manna og ástæða til að beina þeim orðum til hæstv. forseta að hann taki það mál upp og beiti sér fyrir því að vinnubrögð þar batni þannig að friður ríki og árangur náist í vinnu mála.

Það er einnig, virðulegi forseti, ástæða til að beina því til hæstv. forseta að hér féllu ansi stór orð af hálfu hv. þm. Kjartans Ólafssonar þar sem hann sakaði hv. þm. Mörð Árnason um ósannindi og var þar að vísa í eitthvað sem hafði átt sér stað í nefndinni og nefndarstörfum. Mér þykja þessar dylgjur þingmannsins vægast sagt undarlegar og furðulegar og átta mig alls ekki á hvað hann á við og í hvað hann grípur þegar hann ber annan þingmann, kollega sinn, svo þungum sökum, sakar hann um lygar og ósannindi með mjög undarlegum hætti.

Ég ætla að beina því til forseta að hann dragi það fram hvað hv. þingmaður eigi við þegar hann fer svo stórum orðum um málflutning félaga síns í ákveðinni þingnefnd. Er þetta framlag, virðulegi forseti, Sjálfstæðisflokksins og þingmanna hans í nefndinni til að bæta samskipti manna þar, til að bæta vinnubrögðin þar, til að koma þar á vinnufriði þannig að úr málum megi leysa? Ekki tel ég svo vera, virðulegi forseti, og ég held að forseti hljóti að verða að blanda sér í það þegar svo þung orð eru borin á þingmann og vísað þar í nefndarstörf einhvers konar og það sem menn séu að ræða í nefndunum og hér inni í þingsölum, sem er vissulega sjaldgæft og oft erfitt að fara með. Þetta er ekki gott mál. Menn tala hér um dónaskap og ósannindi og bera slík brigslyrði á einn ákveðinn þingmann. Ég held að hæstv. forseti verði að beita sér fyrir því að hv. þm. Kjartan Ólafsson gangi hér fram af kurteisi, yfirvegun og almennum mannasiðum, hann beiti sér fyrir því að hv. þingmaður rifji upp mannasiðina og sleppi slíkum brigslyrðum þegar hann ræðir hér við kollega sína um mál úr nefndum.

[14:53]

Pétur H. Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Í umræðunni rétt áðan féllu þau orð frá hv. þm. Merði Árnasyni að hv. þm. Dagný Jónsdóttir skyldi ekki fara að sannfæringu sinni, hann skoraði á hana að fara ekki að sannfæringu sinni.

Nú er það svo að hv. þingmenn hafa svarið eið að stjórnarskránni og þeim ber að fara að sannfæringu sinni. Það má vel vera að hv. þm. Mörður Árnason fari oft ekki að sannfæringu sinni, en ég treysti því að Dagný Jónsdóttir fari að sannfæringu sinni og sitji hjá við afgreiðslu þessa frumvarps

[14:54]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég veit ekki hvort heldur ég er að ræða um fundarstjórn forseta, sem ég hef engar athugasemdir við, eða að bera af mér sakir sem manni leyfist enn að gera hér í sal þingsins. Ég var ekki að hvetja einn eða neinn til þess að fara ekki að sannfæringu sinni.

Það sem hins vegar hefur gerst í þessu máli er að sannfæring hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur virðist á leiðinni af staðnum A yfir á staðinn B. Ég held að henni væri sæmst að reyna að finna út hver nákvæmlega sannfæring hennar er þegar að atkvæðagreiðslunni kemur til þess að hún geti einmitt hlítt ákvæðum stjórnarskrár Íslands um það að hverjum þingmanni beri að fara að sannfæringu sinni.

[14:55]

Steinunn K. Pétursdóttir:

Frú forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta mikið. Hér hafa verið fluttar ágætisræður um þau mál sem til umræðu eru, skrásetningargjöld í ríkisháskólana, og ég sé í sjálfu sér enga ástæðu til að rifja það allt saman upp. Hins vegar er eitt og annað sem mig rétt langar til þess að ympra á. Skrásetningargjöldin sem svo eru kölluð eiga í þessari atrennu að hækka um tæplega 40%, upp í 45 þús. kr. eins og komið hefur fram. Ég hef kosið að líta svo á að hér sé verið að laumast bakdyramegin að stúdentum í ríkisháskólum og koma á innheimtu skólagjalda.

Í sundurliðunum háskólanna sem fylgja frumvörpunum þar sem þessi skrásetningargjöld eru sundurliðuð lið fyrir lið og þeir liðir tíundaðir sem þessir fjármunir eiga að fara í, talið upp eitt og annað sem eins og fram hefur komið kemur skráningu stúdenta til náms í skólunum akkúrat ekkert við. Skólagjöld eru þeim formerkjum háð að vera til að fjármagna kennslu, það er ekki nefnt svo í sundurliðununum en hins vegar er þar ýmislegt sem kemur skrásetningunni sjálfri ekkert við heldur.

Mér sýnist sem hér sé verið að seilast í vasa stúdenta til þess að fjármagna rekstur skólanna, ríkisháskóla sem eiga að vera reknir af almannafé en ekki fjármunum þeirra sem nýta sér þjónustuna. Við höfum staðið í þeirri meiningu að hér á landi ætti að vera tryggt aðgengi allra að námi en hér er enn frekar verið að stíga skref í þá átt að halda þeim efnaminni frá námi að einhverju leyti.

Frjálslyndi flokkurinn hefur barist fyrir því og margítrekað og margrætt það að hér skuli vera tryggt aðgengi allra, óháð efnahag og óháð búsetu, að háskólanámi þar sem það séu grundvallarmannréttindi okkar allra að fá að mennta okkur en þeim sem höllum fæti standa fjárhagslega er gert erfiðara um vik með þessu frumvarpi að sækja sér þá menntun sem við viljum meina að þeir eigi fullan rétt á. Okkur hugnast ekki sú aðferð að rekstur skólanna sé fjármagnaður af þeim sem nýta sér skólana, okkur þykir það afskaplega ófýsileg þróun að stúdentar sjálfir sem að langmestu leyti fjármagna námstíma sinn á lánum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna þurfi að leggja fram á einu bretti helming framfærslunnar þann mánuðinn sem þeir skrá sig til náms þar sem skrásetningargjöld falla ekki undir þá liði sem hægt er að fá lánað fyrir hjá lánasjóðnum.

Ef hins vegar, eins og ég hef sagt áður, gjöldin væru

nefnd réttu nafni, ef þau væru nefnd skólagjöld fengist lán fyrir þeim. Svo má velta fyrir sér hvort það geti verið að með þessu sé hæstv. ráðherra menntamála að sjá til þess að nemendur komi skríðandi á hnjánum óskandi eftir því að fá að greiða skólagjöld vegna þess að þeir fái a.m.k. lán fyrir þeim. Það virðist vera svo að rektorar skólanna hafi verið nauðbeygðir til þess að koma skríðandi á hnjánum í ráðuneytið og óska eftir heimildum til að fá að seilast á einhvern hátt í vasa nemenda þar sem þeir fá ekki nægileg fjárframlög á fjárlögum til að kosta rekstur skólanna.

Fram hefur komið í ræðum margra hv. þingmanna að hækkunarheimildin var forsenda fyrir fjárveitingum á fjárlögum fyrir 2005. Þetta segir okkur að stjórnendur skólanna voru nauðbeygðir til þess að nýta sér þetta til að fara fram á að rukka nemendur um þessi himinháu skrásetningargjöld. Ég get því ekki betur séð en verið sé að koma bakdyramegin að nemendum og þetta sé fyrsta skrefið af hugsanlega örfáum til þess að koma á innheimtu skólagjalda við ríkisháskólana.

Eins og fram hefur komið í ræðum í dag var varpað á það ljósi í hv. menntamálanefnd í morgun að eingöngu hækkunin, úr 32.500 kr. í 45.000 kr., komi til með að renna óskipt í sjóði skólanna. Rektorarnir og stjórnendur skólanna hafa hins vegar staðið í þeirri meiningu að þeir fengju upphæðina alla óskipta en úr þeim misskilningi var greitt í morgun, þeir fá einungis hækkunina. Rektorar skólanna og stjórnendur þeirra höfðu áður sagt okkur á fundi í menntamálanefnd að ef svo væri, ef 12.500 krónurnar ættu eingöngu að renna óskiptar til þeirra væri þessi aðgerð, þessi gjörningur algjörlega óþarfur þetta væru hvort sem er bara smámunir upp í það sem á vantar til þess að reksturinn megi ganga eins og þeir óska sér að hann gangi, sem sagt vel.

Það sem við stöndum frammi fyrir nú er sú einfalda staðreynd, og við höfum svo sem oft staðið frammi fyrir henni áður, að ríkisháskólarnir fá langt frá því nægilegt fé á fjárlögum til þess að reka sig. Þess vegna er ábyrgðin á rekstri skólanna komin yfir á nemendur. Þeir þurfa að fjármagna reksturinn, þeir þurfa að greiða fyrir hina ýmsu liði sem koma skráningu þeirra til náms akkúrat ekkert við.

Núverandi ríkisstjórn er að hækka álögur á stúdenta á sama tíma og hún lækkar skatta á hátekjufólk og stóreignamenn. Við verðum að minnast þess og hafa það hugfast að hátekjufólkið og stóreignamennirnir eru hugsanlega að greiða í sjóði stjórnmálaflokkanna og þá ríkisstjórnarflokkanna. Við getum hins vegar ekki vitað hvort svo sé, við verðum einungis að leiða að því getum vegna þess að stjórnmálaflokkarnir hafa kosið að berjast gegn því að við fáum að hnýsast í bókhald þeirra. Við fáum ekki að sjá hverjir styrkja þá en við getum alveg gert ráð fyrir því að það séu ekki stúdentar vegna þess að ef svo væri væri ekki verið að hækka gjöld á stúdenta við ríkisháskólana. Það má líka alveg gera ráð fyrir því að stúdentar muni hér eftir ekki leggja mikið í sjóði þeirra, a.m.k. ekki á meðan þeir eru í námi, en eins og ég segi getum við ekki vitað það þar sem við fáum ekki að komast í bókhald þeirra.

Mig langar hins vegar rétt áður en við þingmenn kveðjum og förum í jólafrí að minnast í örstuttu máli á skáldsögu ársins. Þær eru reyndar þrjár sem voru gefnar út, miklar skáldsögur fyrir þessi jólin, það voru fylgiskjölin þrjú sem fylgja frumvörpunum þremur. Eins og hv. þm. Mörður Árnason rakti áðan á sú forsaga sér afskaplega furðulega sögu, þetta er furðuleg leið sem gengin var til þess að komast að þeirri niðurstöðu að skrásetningargjald skyldi vera 45 þús. kr. og það skyldi vera 45 þús. kr. á hvern nemanda í öllum skólunum þremur. Hér virðast hafa verið, eins og fram hefur komið, einhverjir leynifundir í Öskjuhlíðinni á sama stað og gúrkubændur hittust á sínum tíma þar sem sest var niður með fartölvurnar og excel-forritin opnuð og leitað leiða til þess að finna á einhvern hátt niðurstöðu sem hentaði afskaplega vel rektor Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytinu, 45 þús. kr.

Það lítur út fyrir að stjórnendur skólanna hafi verið komnir alveg út í horn og búið hafi verið að snúa þá niður og þeir hafi verið nauðbeygðir til þess að leita eftir heimild til þess að fá að rukka nemendurna, rukka þá sem koma til með að skrá sig til náms í skólunum vegna þess að sýnt þótti og þykir enn að það sé langur vegur frá því að nægilegt fé sé tryggt frá ríkinu til þess að reka skólana með sóma. Það ætti að vera forgangsatriði núverandi ríkisstjórnar að rekstrarfé væri tryggt og væri nægjanlegt til háskólanna þar sem fjárfesting í menntun er fjárfesting til framtíðar sem skilar sér margfalt, fljótt og örugglega aftur í þjóðarbúið.

Þess vegna er það til skammar að þessi aðferð skuli verða ofan á, að orðið hafi fyrir valinu að fátækir námsmenn sem reka sig á námslánum að mestu allan námstíma sinn þurfi að tryggja rekstur skólanna. Það er sorglegt að svona skuli vera komið fyrir okkur og enn sorglegra er að ríkisstjórnarflokkarnir styðja þetta, þeir ganga fram í þessu, þeir óska þess að þetta sé svona og mér þykir líka sorglegt að það er í raun sama hvað lagt er til, hvað bent er á, það virðist ekki vera vilji fyrir því að skoða aðrar leiðir.

Frjálslyndi flokkurinn hefur barist gegn þessu, við höfum mótmælt þessari leið, við erum ekki sátt við að hún skuli verða fyrir valinu. Við teljum að verið sé að leggja byrðar á þá sem eiga erfitt með að standa undir þeim. Rekstur skólanna á að vera tryggður af ríkisfé vegna þess að það á að vera yfirlýst stefna okkar að allir eigi að hafa jafnan aðgang að skólunum óháð því hvort þeir eiga 45 þús. kr. í vasanum eða ekki. Ríkissjóður á nægilegt fé til þess að standa straum af kostnaðinum og ætti að sjá sóma sinn í því að tryggja frið um rekstur skólanna þannig að nemendur geti sest þar og numið það sem þeir kjósa að nema án þess að þurfa að borga fyrir það dýrum dómum.

Þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur komist að einfaldri niðurstöðu í málinu. Við erum ósátt við að þessi leið sé farin. Við munum ekki styðja það að raunin verði að þessi leið verði farin og það var ekkert afskaplega erfitt að komast að þeirri niðurstöðu. Þetta er vond leið að fara og vissulega vildum við að fleiri sæju að þetta er vont skref að stíga sem á eftir að setja svartan blett á menntastefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta sýnir okkur hins vegar hver forgangsröðun ríkisstjórnarinnar er í menntamálum. Þeir borga sem eiga pening, þeir sem hafa efni á því að fara í skóla geta gert það, hinir verða bara að redda sér öðruvísi.

Það er afskaplega leitt að þetta sé raunin. Á sama degi og ákveðið er að lækka skatta og fella niður skatta stór-

eignafólks er seilst í vasa þeirra sem minnst hafa, klinkið talið saman og þannig á að bjarga skólunum. Þetta er sorglegt og við munum ekki styðja þetta í gegn. Við munum gera það sem við getum til þess að berjast gegn þessu og ég hvet stúdenta til að sýna áfram þá samstöðu sem þeir hafa sýnt og láta rödd sína heyrast því hún skiptir máli.

[15:11]

Frsm. minni hluta menntmn. (Björgvin G. Sigurðsson) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Það er erfitt að sætta sig við að nú sjái fyrir endann á 3. umr. um upptöku skólagjalda í grunnnámi ríkisháskólanna á Íslandi, 40% skattahækkun á stúdenta og þar með hreina skólagjaldatöku af nemendum án þess að hæstv. menntamálaráðherra hafi svo mikið sem látið sjá sig í þingsölum eftir að 1. umr. sleppti. 1. umr. þar sem frumdrög máls voru reifuð. Síðan þá hefur farið fram ítarleg vinna í menntamálanefnd og mikil umræða í þingsölum bæði við 2. og 3. umr. málsins. Því vil ég beina því til hæstv. forseta að hún beiti sér fyrir því að hæstv. menntamálaráðherra verði beðin um að koma og taka þátt í þeirri umræðu sem eftir lifir. Hér eiga eftir að tala samkvæmt mælendaskrá hv. þm. Gunnar Birgisson, formaður menntamálanefndar, og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingar. Það er því töluvert eftir af umræðunni og hver veit hvaða lífi þeir munu hleypa í hana. Hún gæti staðið eitthvað fram eftir degi og aldrei að vita með það.

Ég vil biðja forsetann að beita sér fyrir því að sá stjórnmálamaður sem ber ábyrgð á því að verið er að innleiða skólagjöld í ríkisháskólana á Íslandi, hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, verði beðin um að koma í þingsalinn, taka þátt í umræðunni og gera grein fyrir afstöðu sinni, gera grein fyrir því hvaða ástæður búa að baki því að umræðulaust sé svo blauðlega staðið að málum að verið sé að innleiða skólagjöld í grunnnám í ríkisháskólana þrjá án þess að um það hafi farið fram heildstæð umræða þar sem kostir og gallar skólagjalda eru dregnir fram, gerð sé grein fyrir því hvernig tryggja eigi áfram jafnrétti til náms því það óhæfuverk sem verið er að vinna á íslenska skólakerfinu mun hafa alvarlegar afleiðingar og hæstv. menntamálaráðherra getur ekki þagað þær af sér. Henni ber skylda til að mæta í þingsali, standa undir ábyrgð sinni, gera grein fyrir afstöðu sinni, gera grein fyrir því hvað olli því og hvað veldur því að það skref sé stigið í dag, það stóra skref í þá átt að há skólagjöld séu innheimt við ríkisháskólana íslensku. Auk þess, eins og margoft hefur verið bent á, er verið að einkavæða eina grunnnámsgrein á háskólastigi, tæknifræðina, án þess að nokkur umræða hafi farið fram um það að Lánasjóður íslenskra námsmanna eigi hér eftir að standa að verulegu leyti undir kostnaði við þá námsgrein í grunnnámi á háskólastigi, eina umfram aðrar.

Því skora ég á hæstv. forseta að beita alefli sínu til þess að hæstv. ráðherra verði við umræðuna og standi undir ábyrgð sinni en velti henni ekki eingöngu yfir á aðra félaga sína í stjórnarmeirihlutanum.

(**Forseti** (JBjart): Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til að koma ósk hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar til hæstv. menntamálaráðherra.)

[15:14]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Við erum hér að ræða skrásetningargjöld í ríkisháskólunum. Það er búið að fara yfir þessa umræðu fram og til baka, við höfum fengið rökstuðning bæði frá háskólunum, rektorunum, og frá stúdentunum þannig að þetta liggur allt ljóst fyrir. Fólk er bara ekki sammála. Það er náttúrlega skiljanlegt að stúdentar séu á móti hækkunum, það er alveg eðlilegt, og eðlilegt að hinir vilji fá meira í kassann. Það er líka eðlilegt að menn deili um hvað er kennslukostnaður og hvað er þjónusta við stúdenta og allt það, þetta er allt eðlilegt. (**Gripið fram í:** ... menntamálaráðherra ... flótta í málinu.) (Gripið fram í.)

Ég ætla að fara hérna yfir nokkur atriði varðandi hv. þm. Mörð Árnason. Í minnihlutaáliti hv. menntamálanefndar fara þeir sem undir það skrifa, hv. þm. Björgvin Sigurðsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Mörður Árnason, með rangt mál. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Starfsmaður menntamálaráðherra, Valur Árnason, kom á fund menntamálanefndar. Hann sagði þá m.a. að hækkun gjaldsins væri ein af forsendum fjárveitingartillagna í fjárlagafrumvarpinu."

Þetta er alrangt, hann sagði það ekki. Hann sagði að aukningin af skrásetningargjaldinu mundi renna óskipt til skólanna þannig að það er bara eins og að hv. þingmenn hagræði hér sannleikanum hvað eftir annað. Svona á náttúrlega ekki að líðast.

Síðan kemur að ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar þar sem hann kvartar mjög yfir starfi menntamálanefndar og minni stjórnun á henni. Það kann vel að vera að hann sé ekki ánægður með hana. Ég ætla rétt að fara yfir nokkur atriði og kannski byrja á málinu sem var rætt hér, heimsókn rektoranna til menntamálanefndar á þriðjudaginn þar sem framkoma fulltrúa Samfylkingarinnar tók langt út yfir allan þjófabálk í ókurteisi gagnvart gestum nefndarinnar, sérstaklega hv. þm. Marðar Árnasonar. Hann var sjálfum sér til skammar og þinginu líka með það hvernig hann hagaði orðum sínum gagnvart gestunum.

Í framhaldi af þessu var fundur í nefndinni í morgun þar sem beðið var um að fá gesti í nefndina. Þessi fundur hefði verið haldinn í gær ef annar gesturinn hefði komist þá en hann komst ekki. Þá sagði ég við hv. þingmann að ef slík framkoma og ókurteisi kæmi aftur upp í nefndinni mundi ég slíta fundi. Ég hafði orð á því við hæstv. forseta þingsins að svona gengi þetta ekki og á eftir að ræða við formann Samfylkingarinnar um þetta mál líka. Svona ganga málin ekki fyrir sig hérna í þinginu, ekki með svona ruddahætti, virðulegi forseti. Það er lágmarkskrafa að þeir sem setjast inn á Alþingi kunni almenna mannasiði en svo er greinilega ekki í þessu tilfelli hér. Og ég get beitt mér fyrir því við forseta, ef hv. þingmaður vill, að honum standi til boða að fara á námskeið í slíku.

Það voru ásakanir um að menntamálanefnd væri afgreiðslunefnd fyrir framkvæmdarvaldið. Auðvitað eru nefndirnar afgreiðslunefndir fyrir þingmál ríkisstjórnarinnar, það er alveg ljóst, og þær eru líka fyrir þingmennina. Ég man ekki betur en að á vorþingi hafi ég afgreitt eitt þingmannamál frá hv. þingmanni. Auðvitað snýst þetta um meiri hluta og minni hluta, sérstaklega þegar kemur að

svona málum. Stjórnarandstaðan er á móti, það er bara skiljanlegt og ekkert að því.

Þessi mál sem við vorum að ræða um, sem sagt Lánasjóður íslenskra námsmanna og skrásetningargjöld í ríkisháskólunum, höfðum við afar stuttan tíma til að fara með í gegnum nefndina ef við ætlum að ljúka þinginu á þessum degi. Ég hef ekki neitað hv. þingmanni um ein eða nein gögn í málinu, alls ekki. Þau gögn sem hann bað um eru á netinu og fáanleg þar.

Hann kvartaði undan afgreiðslu á heiðurslaunum listamanna. Ég fór í atkvæðaskýringu hér en það er bara svo að lýðræði hv. þingmanns er þannig að ef hann ræður er það lýðræði, ef hann ræður ekki eru allir ómögulegir og formaðurinn verstur.

Hv. þingmaður talaði um að taka vinnuna í menntamálanefnd inn í þingsalinn. Það er allt í lagi mín vegna. Við munum reyna að vinna áfram í nefndinni eins og við höfum gert og ég kannast ekki við eina eða neina kúgun meiri hlutans yfir minni hlutanum í þessu máli.

Það er svo sem nóg komið að sinni í þessu en í nefndum þingsins gagnvart gestum finnst mér almennt að við megum aðeins líta öll í eigin barm og sýna gestunum okkar kurteisi. Þótt við séum ekki sammála þeim þurfum við ekki að viðhafa dónaskap gagnvart gestunum.

[15:21]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka fyrir það að hv. þm. Gunnar Birgisson skuli hafa brugðist við því að ég átti svo sem ekkert von á því að hann gerði það eftir það sem á undan er farið. Ég vona að það verði til þess að starfshættir í menntamálanefnd lagist og skáni og jafnvel að persónulegt samband okkar, milli mín og hv. þm. Gunnars I. Birgissonar, batni líka því að ég hef enga sérstaka löngun til að berast á banaspjót við hv. þingmann.

Það er hins vegar þannig í öllu starfi að þegar það fer fram undir einhvers konar stjórn er það stjórnandinn, í þessu tilviki formaður nefndarinnar, sem verður að haga sér með tilteknum hætti gagnvart þeim sem neyðast til að vera undir hann settir, eða fallast á það eftir því hvernig það er. Hann ber auðvitað ábyrgð á því að starfið í nefndinni gangi vel. Orð mín áðan voru nokkuð hvöss og þau hafa verið það áður eins og ég nefndi í ræðu minni. Ég hef þegar sagt að þau hafi verið of hvöss við hann umræddan þriðjudag en ég óska líka eftir því að hann fari að líta betur á og, eins og segir í vinahópi eiginkonu minnar, fari kannski að vinna í sínum málum hvað þetta varðar.

Ég vil aðeins segja að lokum að ég kannast ekki við það að fulltrúar Samfylkingarinnar og ég höfum komið dónalega fram við þessa rektora og sé enga ástæðu til þess að formaður menntamálanefndar sé að bera hönd fyrir höfuð þeim. Hins vegar hefði heimsókn þeirra átt að standa lengur og ef við hefðum ekki verið að taka sérstakt tillit til þess tíma sem nefndarstörfin fóru fram á hefðum við auðvitað heimtað að inn kæmu reikningsmenn skólanna og skiluðu frekara áliti og rökstuðningi við þær greinargerðir sem hér hafa verið nefndar og eru tættar sundur í umsögnum stúdentanna.

[15:23]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi rökstuðninginn fyrir þessum skrásetningargjöldum voru rökin góð, bæði sem voru með og á móti, og voru mjög skýr. Það kom fram í máli fulltrúa frá Háskóla íslands að þau væru of lág, þetta væru ársgamlir útreikningar. Þetta voru sömu skrásetningargjöld fyrir alla skólana, 32.500 kr., og það var ákveðið að hækka á þá alla jafnt að þeirra ósk.

Ég sit í nokkrum nefndum þingsins og sé lítinn mun á starfsháttum menntamálanefndar og annarra nefnda. Ég er búinn að vera æðilengi í félagsmálum og hef verið í nefndum og öðru slíku án þess að fá svona gagnrýni á mig. Ég er bara að vinna í mínum málum en endurtek boð mitt til hv. þingmanns um þetta úrræði sem ég nefndi áðan.

[15:24]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég er ekki vanur að vinna mikið með Gunnari Birgissyni og hef aldrei gert það áður þannig að ég hef ekki þessa löngu reynslu sem ég veit að ýmsir hafa af samvinnu við hv. þm. Gunnar Birgisson í félagsstörfum. Ég er hins vegar nokkuð vel þjálfaður í félagsstörfum allt aftur í skólagöngu mína og þykist þekkja nokkuð vel hvernig á að koma fram í félagsstörfum, bæði við vini sína og pólitíska andstæðinga.

Ég held að um leið og ég fari á námskeiðið í mannasiðum, sem ég þarf að sögn hv. þm. Gunnars Birgissonar svo mjög á að halda, bjóðist ég til að fjármagna námskeið Gunnars Birgissonar í lýðræði sem hann kynni að þurfa mjög á að halda, ekki síst ef hann ætlar að halda áfram þátttöku sinni í félagsstörfum og stjórnmálum.

[15:25]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Menn bæta sig svo sem ekki með því að halda áfram þessu skaki í þinginu en ég vona að hv. þingmanni verði þetta að kenningu og að hann taki upp betri siði.

Hann talar hér um lýðræði. Lýðræðið er þannig að það er ákveðinn meiri hluti sem kemur málum sínum fram, hvort sem það er hér á þinginu eða hjá Kópavogsbæ eða Reykjavíkurborg. Það er lýðræðið. Lýðræði er þannig að það er fólkið í landinu sem kýs þessa menn sem hún vill hafa í meiri hluta hverju sinni. Það er lýðræðið.

[15:26]

Steinunn K. Pétursdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Þúsundir námsmanna standa nú á öndinni og vita ekki hvað bíður þeirra. Þeir vita ekki hvort þessi ríkisstjórn ætlar að koma á skólagjöldum eða ekki. Þeir vita ekki hvert stefnt er og þar sem hæstv. menntamálaráðherra er ekki enn komin kýs ég að spyrja hv. formann menntamálanefndar hver sé yfirlýst stefna Sjálfstæðisflokksins varðandi skólagjaldaumræðuna við ríkisháskólana.

[15:27]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Rétt til að svara því hefur hæstv. menntamálaráðherra gefið það út að ekki verði sett skólagjöld á grunnháskólanám. Hér er verið að tala um skrásetningargjöld, sumir vilja kalla þetta staðfestingargjöld, það er verið að tala um þjónustu við stúdenta en síðan má deila um það hvort hún eigi að vera eða vera ekki. Um það snýst deilan. Þetta eru ekki skólagjöld, þetta eru skrásetningargjöld sem eru ýmis kostnaður sem upp er tíndur, bæði frá háskólarektorum, útreiknaður, og líka frá stúdentunum sem er mjög vel gert og greinargott. En þetta er sem sagt ágreiningur milli tveggja aðila.

[15:28]

Steinunn K. Pétursdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki enn sannfærð um að hér sé ekki verið að stíga skref í átt til innheimtu skólagjalda. Sundurliðanirnar á þessu skrásetningargjaldi sem fylgdu frumvörpunum eru brandari, svo ekki sé meira sagt. Þau lúta ekki að neinu er varðar kostnað við skráningu stúdenta og þess vegna er ekki óeðlilegt að maður undrist það að þetta sé nefnt því nafni.

Þess vegna kalla ég eftir því að hlutirnir séu nefndir réttu nafni og ég kýs að óska eftir framtíðarsýn sjálfstæðismanna hvað varðar innheimtu skólagjalda.

[15:29]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í mínu ungdæmi þegar ég var í háskóla var þetta kallað innritunargjöld. Ég man hvað maður var ægilega fúll að þurfa að borga þetta. En það eru ekki skólagjöld, það er ekki það sama. Það er alveg klárt hver stefna Sjálfstæðisflokksins og ríkisstjórnarinnar er í þessum málum. Það verða ekki skólagjöld í grunnháskólanámi.

Það er verið að tala um að setja skólagjöld á framhaldsháskólanám sem er eðlilegt. Fólk er að fjárfesta í menntun og framtíð sinni og það er eðlilegt að menn borgi skólagjöld í framhaldsháskólanámi.

Hvers vegna eru menn að þessu? Jú, bæði til að fullnægja því að þeir vilji læra meira og sjá betra líf fram undan með einhverjum hætti.

[15:30]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson spurði hæstv. forseta eftir því áðan hvar væri að finna hæstv. menntamálaráðherra. Og ég spyr nú, hæstv. forseti: Hvað dvelur orminn langa? Eru menn að taka í gegnum þingið grundvallarbreytingu á íslensku menntakerfi, hverfa frá því að taka ekki skólagjöld án þess að hæstv. menntamálaráðherra ætli að vera við umræðuna, frú forseti?

(Forseti (JBjart)**:** Hæstv. menntamálaráðherra mun vera komin í húsið og er væntanlega á leiðinni í þingsal.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að bregðast svo skjótt við, því sannast sagna verð ég að segja að mér finnst lítið leggjast fyrir Sjálfstæðisflokkinn í málinu, jafnvel þó að hv. þm. Gunnar Birgisson sé svo að segja með málið í forsjá sinni sem formaður menntamálanefndar finnst mér ekki hægt að ljúka málinu án þess að hæstv. menntamálaráðherra komi og taki til máls og svari þeim spurningum fram hafa komið.

Ég geri mér mætavel grein fyrir að hæstv. menntamálaráðherra og stjórnarliðið heldur því fram að hér sé ekki um skólagjald að ræða. Ég er alfarið annarrar skoðunar. Jafnvel þó að hv. þm. Dagný Jónsdóttir sé ekki í salnum og vissulega með löggilta fjarveru nákvæmlega þessa stundina verð ég samt að segja að ég kaupi ekki þær skýringar sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir hefur fært sem rök fyrir því að hér sé ekki um skólagjöld að ræða. Þau rök sem hún hefur fært, eins og ég hef skilið þau, hafa aðallega byggt á eftirfarandi: Gjaldið sem tekið er og kallað er skrásetningargjald leiðir ekki til þess að framlag til háskólanna sé minnkað. En samkvæmt því væri hægt að stöðva hækkun á framlögum til háskóla, hækka það ekki um krónu héðan í frá en hækka skólagjöld og segja samt sem áður að skólagjöldin yrðu ekki til þess að lækka framlög ríkisins. Þar af leiðandi mundi hv. þm. Dagný Jónsdóttir og hæstv. menntamálaráðherra, samkvæmt eigin skilgreiningu, geta haldið því fram að ekki væri um skólagjöld að ræða. Þetta er auðvitað af og frá.

Hæstv. menntamálaráðherra þarf að gera hreint fyrir sínum dyrum um hver afstaða hennar til skólagjalda sé. Málið snýst auðvitað öðrum þræði um það. Við í stjórnarandstöðunni vísum til margra yfirlýsinga hæstv. ráðherra, sem hafa að vísu verið mjög misvísandi, en við höldum því fram með okkar rökum sem við teljum gild að hér sé í reynd um feluskólagjöld að ræða, verið sé að fara þá leið sem við teljum að séu skólagjöld — sem var leiðin sem hæstv. menntamálaráðherra lýsti yfir þegar hún tók við embætti að hún hygðist fara. Hvort sem hæstv. ráðherra er sammála því sem við segjum eða ekki og leiðir til þeirrar niðurstöðu að um skólagjöld sé að ræða finnst mér einfaldlega sem ríkisstjórnin geti ekki lokið við umræðuna á síðasta degi áður en við förum til jólahlés án þess að skýra afstöðu sína til málsins.

Hæstv. menntamálaráðherra hóf feril sinn á því að lýsa afstöðu sinni til skólagjalda í miklu viðtali sem birtist í Fréttablaðinu. Þar talaði hún ansi kokhraust um það að hún hygðist beita sér fyrir því að skólagjöld yrðu tekin upp, enda var það ein af leiðbeiningunum sem hún fékk í leiðara Morgunblaðsins þegar hún tók við embætti, þar sem m.a. var sagt að framtíð hennar sem stjórnmálamanns og sem menntamálaráðherra mundi ráðast af því með hvaða hætti henni tækist að ljúka því máli.

Svo að segja samstundis sem hæstv. ráðherra hafði lokið viðtalinu í Fréttablaðinu fór hún á fund í háskólanum þar sem stúdentar tóku á henni af hörku. Það varð til þess að hún gaf yfirlýsingu sem ekki var hægt að skilja öðruvísi en svo að hún væri fallin frá hinni upphaflegu stefnu sinni um skólagjöld. Þegar hún kom síðan hingað til þings og ræddi þetta hér var hún komin með þriðju stefnuna. Þá var hún farin að tala um að það væri í lagi að setja skólagjöld á tiltekið nám en ekki grunnnám.

Þegar hún ræddi síðan skömmu síðar, ég held að það hafi verið í febrúar eða mars á þessu ári, skólagjöld í fjórða sinni vísaði hún til svars sem hún hafði gefið hv. þm.

Katrínu Júlíusdóttur um kostnaðinn við skólagjöld. Þá kom fjórða útgáfan hjá hæstv. menntamálaráðherra um skólagjöldin. Þá hét það í munni hæstv. ráðherra að það væri í lagi að setja gjöld svo fremi sem lánasjóðurinn mundi örugglega lána fyrir því.

Mér finnst þess vegna, frú forseti, eftir að hæstv. menntamálaráðherra er búin að fara eins og köttur í kringum heitan graut, hringsnúast í kringum sjálfa sig, hafa uppi margar stefnur, skuldi hún ekki bara sjálfri sér það, sínum flokki og okkur í stjórnarandstöðunni að skýra afstöðu sína, hún skuldar það umfram allt þeim unga þingmanni sem hefur e.t.v. lent harðast í umræðunni, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur. Ég verð að segja að mér finnst það ekki stórmannlegt af hæstv. ráðherra að hafa lagt á flótta í málinu, verið víðs fjarri en látið alla umræðuna mæða á talsmanni Framsóknarflokksins, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur. Þó að ég sé algjörlega ósammála þeirri afstöðu sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir hefur ætla ég henni ekki annað en að fylgja sannfæringu sinni í málinu. Það er meira en hægt er að segja um hæstv. menntamálaráðherra vegna þess að enginn maður áttar sig á því hver sannfæring hennar er í málinu, hún hefur haft svo margar uppi. Munurinn á hæstv. ráðherra og hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur er þó sá að hv. þingmaður stendur við það sem hún segir og hún hefur sannfæringu, sem menn skilja að vísu, en það er ekki hægt að segja það um hæstv. ráðherra.

Komum svo að upphæðinni sem skrásetningargjöldin eru. Það er verið að taka 140 millj. Það getur vel verið að það sé ekki stór upphæð í augum hæstv. ráðherra. Við höfum hlustað á talsmann Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum, hv. þm. Pétur H. Blöndal, sletta í góm og tala eins og 280 millj. í öðru máli skipti engu máli, þannig að hugsanlega skiptir þessi upphæð sem er samanlagt 140 millj. litlu máli. En undir hvað fellur hún, hverjir eiga að borga hana? Það eru námsmennirnir. Fá þeir lánað fyrir henni? Hæstv. ráðherra sagði að það væri í lagi þó að einhvers konar álögur kynnu að koma á stúdenta í framtíðinni og jafnvel þó að um skólagjöld væri að ræða ef það yrði lánað fyrir þeim. En þessar 140 millj. kr. eru teknar af íslenskum námsmönnum, af aflafé þeirra, og þeir geta ekki fengið lánað fyrir þeim og þeir geta ekki unnið sér fyrir því vegna þess að þá minnka þau lán sem þeir hafa. Þetta finnst mér níðangurslega gert.

Mér finnst að ef ríkisstjórnin ætlar á annað borð að velta þessum aukna kostnaði yfir á námsmenn verði hún að vera sjálfri sér samkvæm og vera a.m.k. rökrétt í afstöðu sinni og sjá til þess að námsmenn fái lánað fyrir honum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að svo er ekki?

Það er með engu móti hægt að halda því fram að hér sé ekki um tekjuöflun að ræða sem er beinlínis staðið í til að afla fjármagns til þess að geta rekið háskólana, því að hvað sem menn segja um menntastefnu Sjálfstæðisflokksins, sem ég hef ekki mikið álit á, blasir það við að eftir 20 ár er íslenskt menntakerfi undir stjórn Sjálfstæðisflokksins ansi illa lúið. Við sjáum það ekki bara á ýmiss konar samanburði sem er gerður á getu íslenskra barna í grunnskólanum, við sjáum það á ýmsum öðrum ábendum úr kerfinu.

Það sem mér finnst sárgrætilegast eftir að hafa í gegnum margra ára skeið tekið þátt í því að slást fyrir frelsi til náms og jafnrétti til náms er sú staða að nú gerist það í fyrsta skipti undir nýjum hæstv. menntamálaráðherra að það sem við börðumst fyrir árum saman og héldum að við hefðum náð fram, þ.e. að fólk gæti að uppfylltum ákveðnum skilyrðum hafið háskólanám á Íslandi án þess að hafa að baki tilskilin stúdentspróf svo fremi sem það hefði ákveðna lífsreynslu og hefði náð ákveðnum aldri. Þetta er búið í dag. Menn komast ekki í háskóla með sama hætti og áður.

Það liggur líka fyrir að í fyrsta skipti í mörg ár komast ekki þeir í háskóla sem hafa öðruvísi próf og réttindi en hefðbundið bóknámsstúdentspróf veitir, og þetta er grátlegt. Þetta er vegna þess að í miðju góðærinu sem Sjálfstæðisflokkurinn montar sig af þessa dagana, í miðri gósentíðinni þar sem smjörið drýpur svo af hverju strái að hægt er að eyða milljarðatugum í að lækka skatta hefur hæstv. menntamálaráðherra ekki kraft í sér, ekki döngun í sér til þess að tryggja að hægt sé að reka íslenska háskóla með framlögum frá ríkinu eins og áður var. Þess vegna hrekst hún í þetta án þess að hafa mótaða stefnu um skólagjöld, að búa til eitthvað sem heitir skrásetningargjöld sem eru orðin svo há að það er ekki hægt að skilgreina þau með öðrum hætti en skólagjöld. Af hverju er verið að ná í þessa peninga? Af því að þeirra er þörf til þess að reka háskólana. Þetta er í reynd ekkert annað en svar við því að hæstv. ráðherra hefur ekki tekist að afla fjár til rekstursins.

Við vitum það vel sem höfum einhverja nasasjón af íslenskum háskólum að það vantar 500–800 millj. til þess að geta rekið þá með sómasamlegum hætti. Við vitum líka að þúsund manns fengu ekki inni í Kennaraháskóla Íslands. Við vitum líka að það sem sker Ísland frá ýmsum þjóðum sem það ber sig oft saman við um mennt og menntastefnu er sú staðreynd að samanburðarþjóðirnar hafa ráðist í mikilvirkar fjárfestingar í menntakerfinu með þeim árangri t.d. að Finnar sem hófu stefnuna fyrir 15 árum eru komnir í fremstu röð.

Hvað hefur verið gert á Íslandi? Á Íslandi hefur menntakerfið verið undir sleitulausri stjórn Sjálfstæðisflokksins í 20 ár. Það veldur því að stöðugt sígur á ógæfuhliðina þegar um er að ræða samanburð okkar við aðrar þjóðir. Það er ástæðan fyrir því að verið er að reyna að knýja íslenskt menntakerfi á braut skólagjalda. Þetta snýst ekki um neitt annað og þegar hv. þm. Dagný Jónsdóttir er af veikum burðum að reyna að andæfa þessu — og svo geta menn metið hversu vel henni tekst til — er hún ekki að gera neitt annað en að fylgja þeirri stefnu sem hún fylgdi og margir sem hafa barist í forustu námsmannahreyfinganna, að vera á móti skólagjöldum. Hún er líka að reyna að fylgja fram stefnu Framsóknarflokksins. Þess vegna á hún að ýmsu leyti heiður skilinn miðað við aðra hv. þingmenn Framsóknarflokksins vegna þess að þeir eru að brjóta samþykktir flokksins.

Á flokksþingi Framsóknar var samþykkt að ekki skyldu tekin upp skólagjöld en Framsóknarflokkurinn er, eins og í svo mörgum öðrum málum, að leggjast hundflatur fyrir Sjálfstæðisflokknum. Ég vil segja að lokum að mér finnst lítið leggjast fyrir hæstv. menntamálaráðherra að láta Framsóknarflokkinn bera alla byrðina í málinu. Þetta sjáum við í hverju málinu á fætur öðru, horfum bara á þau skattamál sem hafa verið uppi í dag og í gær þá er það auðvitað þannig, eins og Framsóknarflokkurinn hlýtur að finna, að

hann lendir því að verja það sem erfitt er en hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal, berja sér á brjóst og hrósa sér af því sem vel tekst til. Eins er það í þessu máli. Hæstv. menntamálaráðherra leggst á flótta og það þarf sérstakar aðgerðir til þess að flytja hana til umræðna hér og Framsóknarflokkurinn er látinn taka umræðuna. Ja, miklir menn erum við.

Frú forseti. Ég óska eftir því að hæstv. menntamálaráðherra skýri það út fyrir aumum mér hvernig hægt er að komast að þeirri niðurstöðu að skrásetningargjöldin sem hafa nú hækkað um 140 millj. séu ekki skólagjöld.

Í öðru lagi óska ég eftir því að hæstv. ráðherra geri a.m.k. grein fyrir því hver afstaða hennar til skólagjalda er á þessari stundu. Ég veit að vísu að sú afstaða kann að vera önnur en hæstv. ráðherra hafði í gær og önnur en hún kann e.t.v. að hafa í næstu viku. En hver er hún núna? Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til skólagjalda við ríkisháskólana?

[15:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég ætla ekki að halda mjög langa ræðu. Það er búið að segja flest af okkar hálfu, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem segja þarf í þessu máli. Öðrum þræði kom ég hingað í ræðustól til að lýsa vonbrigðum mínum með það hvernig umræðan þróaðist á köflum áðan og snerist upp í innansveitarkróníku úr menntamálanefnd sem mér fannst eiga ákaflega lítið erindi í opna umræðu í þingsalnum.

Ég vil biðja menn þess lengstra orða að reyna að útkljá deilumál sín í þingnefndum á þeim vettvangi. Menn eiga að vera menn til að takast þar á og leysa úr ágreiningi sínum þar, hvort sem það snýr að móttöku gesta, fundarstjórn eða öðru slíku. Annars verður bara að leysa menn frá þeim verkum, ekki síst formenn þingnefnda sem ekki geta haft sæmilegan vinnufrið í nefndum sínum. Meira þarf eiginlega ekki að segja um það.

Þetta mál er efnislega ákaflega einfalt. Hægri menn ráða lögum og lofum í stjórnarsamstarfinu sem aldrei fyrr og þá hefur lengi munað í skólagjöld, auðvitað. Hafa menn einhverjar efasemdir um að draumsýn hægri manna sé heimur þar sem menn geti keypt sér forgang og forréttindi til menntunar eins og annarra hluta í krafti peninga sinna, ef þeir hafa þá? Við höfum iðulega heyrt þann málflutning. Menn spyrja oft: Er nokkuð óeðlilegt að menn borgi fyrir þessa fjárfestingu sem þeir ráðast í? Af hverju ættu aðrir að borga fyrir menntun þessa hóps? Svona hafa menn spurt og undirliggjandi er draumsýnin, þessi hugmyndafræði um heim sem sé svona úr garði gerður, að menn eigi fyrst og fremst að njóta auðlegðar sinnar í því að geta þá keypt sér betri þjónustu, betri menntun, betri læknisþjónustu og legið á dýrari spítölum. Þetta er auðvitað svona.

Sjálfstæðisflokknum verður býsna ágengt eins og venjulega. Hann nær að vísu ekki fram fullum sigri með hreinum skólagjöldum, umbúðalaust og ódulbúið. En hann beygir auðvitað Framsókn í duftið í þessu máli eins og flestum öðrum, þ.e. litla íhaldið. Litla íhaldið má lúta í gras, eins og vinur okkar Bjarni Felixson mundi orða það, í þessu máli eins og svo mörgum öðrum.

Auðvitað er málaumbúnaðurinn allur með endemum og til mikillar skammar. Mér finnst satt best að segja að það hefði verið miklu hreinlegra og heiðarlegra að sleppa þessum loftfimleikum, með reiknikúnstum og æfingum, og viðurkenna að menn vilji skólagjöld í opinberu háskólunum. Hvernig í ósköpunum hugsa menn sér það í framtíðinni að sundurgreina alla stoðþjónustu utan um kennslu í háskólum, láta stúdenta bera hluta af kostnaðinum þar og kalla það skráningargjöld? Hvaða þvæla er þetta?

Hvernig er hægt að aðskilja þá aðstöðu og þjónustu sem er í akademískri stofnun, hvort sem það er rekstur bókasafns eða annað slíkt, frá starfseminni sem slíkri, frá gæðum þeirrar menntunar sem þar er boðið upp á með allri þeirri stoðþjónustu sem góður háskóli þarf að hafa? Ég gef ekkert fyrir þetta. Þetta er skrípaleikur að mínu mati.

Auðvitað er hægt að hugsa sér það að menn hafi það mjög þröngt skilgreint hvað lýtur að móttöku umsókna stúdenta og úrvinnslu úr þeim og skráningu þeirra inn í kerfið og annað því um líkt. Það ætti þó ekki að vera flókið, á tímum rafrænnar tækni, að gera það án verulegs kostnaðar. Ég er sannfærður um að það væri hægt að leysa með svona 5–10 þús. kr. í kostnað. Það væri í raun hreinn skrásetningarkostnaður nemanda inn í háskóla. Jafnframt væru innheimt gjöld í leiðinni sem renna til samtaka stúdenta o.s.frv. en það eru engin rök fyrir kostnaði af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir, sem hleypur orðið á mörgum tugum þúsunda.

Jafnvel þótt það væru rök fyrir gjaldtökunni þá er það bara þannig, frú forseti, að 45 þús. kr. eru 45 þús. kr. og 75 þús. kr. verða 75 þús. kr. ef þeim dettur næst í hug að hækka gjaldið í það. Upphæðin er hin sama hvert sem nafnið er sem menn setja á þetta. Ég gef ekkert fyrir æfingar af þessu tagi.

Mergurinn málsins er sá að ríkisstjórn sem reynir í öðru orðinu að telja okkur trú um að svo blómlegt sé í búi að hægt sé að afsala ríkinu tekjum upp á 25–30 milljarða kr. á næstu missirum er í hinu orðinu að sækja sér 140 millj. kr. ofan í vasa námsmanna með þessum lúalegu aðferðum og fleiri aðgerðum af sama toga. Ríkisstjórnin hefur því takmörkuð rök fram að færa ef það á að taka málflutning hennar alvarlega, t.d. í skattamálum.

Hins vegar munar um 140 millj. kr. fyrir umræddar stofnanir, í því fjársvelti sem ríkisstjórnin hefur samviskusamlega haldið þeim við. Íhaldið hefur þjónað lund sinni í skólamálum eins og allir vita, með því að svelta opinberu háskólana og dekra við gæludýrin. Það er óopinbert leyndarmál. Þeir sem njóta velþóknunar, eru í náðinni hafa rétta bókstafi aftan við nafnið lifa í mun meiri vellystingum. Það er bara pólitík íhaldsins hrein og klár. Þetta er ekki flókið, ekki á nokkurn skapaðan hátt.

Auðvitað er dapurlegt að sjá þetta með fyrstu embættisverkum menntamálaráðherra. Síðan lenda ungir þingmenn í þessum óskaplegu hremmingum, eins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir. Ég ætla ekki að taka þátt í að strá þar salti í sárin. Mér finnst menn hafa gert meira en nóg af því hér, sumir ónefndir félagar mínir. En auðvitað verður hv. þingmaður að axla ábyrgð á pólitískum athöfnum sínum.

Ég gæti rifjað það upp, sem ætti fullt erindi inn í þessa umræðu, að hv. þm. Dagný Jónsdóttir fór mikinn í skóla- og menntamálum í aðdraganda síðustu kosninga. Hún gerði

út á það að hún ætlaði að vera sérstakur fulltrúi, baráttumaður og hagsmunagæslumaður námsmanna. Það vill svo til að ég er kjörinn í sama kjördæmi og hv. þm. Dagný Jónsdóttir. Mér satt best að segja blöskraði á köflum hve frjálslega hv. þingmaður fjallaði um hlutina í ljósi þess að hún bauð sig fram fyrir flokk sem átti aðild að ríkisstjórn. Hv. þingmaður talaði á köflum eins og hreinn stjórnarandstæðingur, vissulega ný í framboði en eins og hún bæri ekki nokkra minnstu ábyrgð á því sem gert hefði verið í menntamálum eða pólitík yfirleitt fram að því þótt hún væri að vísu í Framsóknarflokknum og ætlaði að bjóða sig fram til þings fyrir hann.

Svo liggur náttúrlega leið hv. þingmanns inn á Alþingi. Þá reynast hlutirnir ekki alltaf svo einfaldir, þegar menn þurfa að fara að standa fyrir afstöðu sinni í atkvæðagreiðslu á þingi o.s.frv. Þá vandast málin eins og komið hefur á daginn.

Frú forseti. Mér er auðvitað efst í huga, af því að ég hef fylgst með og barist lengi í málefnum námsmanna allt frá því ég var sjálfur í baráttu fyrir þá í stúdentaráði í Háskóla Íslands, fyrir nokkrum árum síðan að vísu, og í gegnum veru mína á þingi í yfir 20 ár, sá slagur sem aftur og aftur hefur komið upp um grundvallaratriði eins og jafnrétti til náms. Það er eins með jafnrétti til náms, þetta fallega hugtak, og lýðræðið sjálft. Það er ekki sjálfgefið. Það þarf að rækta og passa upp á það.

Það hafa verið gerðar atlögur að því kerfi. Eða muna menn ekki slagsmálin sem hér hafa ítrekað orðið á síðustu 25 árum um málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna? Íhaldið, hægri menn, hafa gert margar atlögur að því fyrirkomulagi og kostaði ekki lítil átök að koma því á á sínum tíma. Það hrikti stundum hressilega í þá. En með mikilli samstöðu námsmanna á þeim tíma og afla sem þá studdu bæði innan þings og úti í þjóðfélaginu náðist sú merka löggjöf í gegn og hefur að mestu leyti tekist að verja hana á þeim grundvelli sem hún var hugsuð, að hún tryggi að enginn þurfi að hrökklast frá námi eða geti ekki sótt sér menntun á háskólastigi sökum bágs efnahags. Grundvallaratriði málsins er það að með slíkum hætti sé tryggt að fjárhagur mismuni mönnum ekki í þessum efnum. Það er sjálf undirstaða og grundvallarhugsun jafnréttisþjóðfélagsins.

Jafnrétti til náms er stór hluti af þeim grunngildum, þ.e. mannréttindum, sem lýðræðislegt og jafnréttissinnað velferðarsamfélag á að byggja á. Ég skilgreini það sem mannréttindi að fá að þroska hæfileika sína og afla sér menntunar innan þess ramma sem efnahagur viðkomandi þjóðfélags yfir höfuð býður upp á. Ég skilgreini það hiklaust sem mannréttindi. Það væri mannréttindabrot að mínu mati ef efnilegt námsfólk gæti ekki nýtt hæfileika sína og þroskað sig í gegnum menntun.

Af hverju tala ég um þetta? Jú, það er vegna þess að við erum komin inn á grátt svæði um leið og við förum út í umtalsverða gjaldtöku af þessu tagi sem ekki eru veitt námslán fyrir. Það er bara staðreynd. Ég held að það að mönnum sé tryggður jafn aðgangur að grunnnámi á háskólastigi með opinberu háskólanámi án skólagjalda, þar sem ekki eru fjöldatakmarkanir nema í einstökum greinum þar sem slíkt er óumflýjanlegt, sé hornsteinn jafnréttis til náms. Á því verður að byggja og treysta á almenna opinbera háskóla, opna skóla án fjöldatakmarkana og skólagjalda. Það er forsenda jafnréttis til náms á háskólastigi.

Það er því miður ekki þannig í mörgum löndum sem við þekkjum til að jafnrétti sé til náms. Jafnrétti til náms er t.d. ekki til staðar í Bandaríkjunum. Það er óravegur frá því. Við höfum brothætta og verðmæta hluti í höndunum þegar við fjöllum um þau mál er varða námslánalöggjöfina, útfærsluna þar, eða grundvallardeiluna um skólagjöld eða ekki skólagjöld.

Þróunin er öll í eina átt eins og hér hefur verið bent á. Áráttan er til staðar og hún stjórnar ferðinni í sameiningu Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík. Þar á að taka grunnnám og nám sem verður hvergi annars staðar í boði, skella því inn í hlutafélag og heimila því hlutafélagi að taka upp há skólagjöld. Hvað er þá orðið um jafnrétti til náms í því tilviki? Þá er strax vegið að því, það er augljóst mál.

Hér hefur rækilega komið fram í máli þingmanna á undan mér, t.d. hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, Jóns Bjarnasonar og annarra sem um hafa rætt við þessa umræðu og fyrr, að við erum andvíg því að menn haldi út á þessa braut. Við munum ekki sætta okkur við það, verði sú óhæfa lögfest, að það standi þannig eftir. Það er fráleitt að vísa til þess eða reyna að skjóta sér á bak við það að stjórnendur þessara stofnana, í þeim miklu þrengingum sem þeir hafa búið við, vilji þessar gjaldtökur. Ég mótmæli því vegna þess að ef aðstæðurnar neyddu þá ekki til þess þá hef ég enga trú á að það sé skólastefna sem þessir ágætu skólamenn og stjórnendur vilja í reynd að sé við lýði hér í landinu. Því trúi ég a.m.k. ekki ótilneyddur. Það á því að henda þessu frumvarpi út í hafsauga.

Ég vil að lokum, frú forseti, hrósa námsmönnum fyrir að hafa þó háð einarða baráttu gegn þessum gerningi og sýnt mikla samstöðu í þeirri baráttu. Það er vel. Það verður auðvitað dapurlegt ef hún, ásamt viðleitni okkar í stjórnarandstöðunni, dugar ekki til að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstjórn, hvorki stóra íhaldið né litla íhaldið. En það verður þá að bíða betri tíma að leiðrétta þau mistök.

[15:59]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Það hefur verið forvitnilegt að hlusta á ræður hv. þingmanna í dag og heyra á hvað þeir hafa haft fram að færa í þessu máli. Það er greinilegt að okkur greinir mjög á um þetta. Það er alveg ljóst að í mínum huga er þetta fyrst og fremst skráningargjald. Þetta er innritunargjald. Það er verið að greiða hér fyrir ákveðna þjónustu. Flokkarnir hafa í rauninni viðurkennt að þá leið sé hægt að fara með því að segja: „Jú, við skulum frekar hafa gjaldið óbreytt.“ Með því eru þeir auðvitað að segja að svona gjald eigi rétt á sér, svona skrásetningargjald eða innritunargjald eigi rétt á sér. Ég man ekki betur en að þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson var í meiri hluta á þingi árin 1991–1995 og ráðherra í einhver missiri þá hafi einmitt flokkur hans staðið að því að staðfesta þessi skráningargjöld. Síðan er allt í einu ekki hægt að viðurkenna tilvist þessara gjalda eins og þau eru í dag. Þau hafa ekkert breyst.

Það er alveg ljóst í mínum huga þegar forsvarsmenn Háskóla Íslands komu á fund til mín og fóru m.a. fram á þessa

hækkun að ekki yrði nein umframhækkun nema þeir gætu sýnt fram á að um raunverulega þjónustu væri að ræða í því sambandi. Þar fyrir utan er drjúgur hluti af þessari hækkun verðlagsuppbætur. Það er nú einu sinni þannig líka. Menn skulu því hafa þessar staðreyndir á hreinu. Menn hafa í verki, ýmsir þingmenn, viðurkennt tilurð og tilvist skráningargjaldanna. Þá verðum við bara að hafa það þannig að þau séu til. Þá það þýðir ekkert að hunsa þau. Þá er bara ósköp einfalt að fara yfir þá þjónustu sem háskólarnir hafa sýnt fram á að þeir veita, kostnaðarsama þjónustu sem er umfram kennslusamningana sem við höfum gert við alla ríkisháskólana.

Auðvitað skilur maður stúdentana. Þetta var líka þannig þegar ég var í háskólanum. Auðvitað vill maður ekki hærri skráningargjöld eða innritunargjöld. Það liggur nú bara einu sinni í hlutarins eðli að stúdentar eru á móti hækkun slíkra gjalda. Þess vegna furðar það mig þegar hv. þingmenn eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson koma alveg af fjöllum og reyna að segja þetta vera skólagjöld. Skólagjaldaumræðuna tökum við og munum taka. Við munum óhrædd taka þá umræðu. Það hefur enginn verið hræddur við að taka þá umræðu. Þessar fáránlegu söguskýringar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar eru svona álíka áreiðanlegar og stefnufesta hans eigin flokks, til að mynda í skattamálinu, sem vill ekki einu sinni kannast við eigin stefnu og eigin kosningayfirlýsingar í skattamálum sem lagðar voru fram fyrir kosningar. Þvílík er stefnufestan. Kannski hefur ekki verið nægilega mikið talað við símastrákinn.

Það er ljóst að stuðningur ríkisins við háskólanám á undanförnum árum hefur aukist umtalsvert. Að sjálfsögðu er aldrei nóg að gert. Ég tek undir það. Það er aldrei nóg að gert þegar kemur að málefnum háskólanna. Það er hlutverk menntamálaráðherra hvers tíma að berjast fyrir auknu fjármagni inn í sinn málaflokk, ekki bara til þess að setja meiri pening í einhver verkefni heldur eru þetta ein verðugustu verkefni sem við stöndum frammi fyrir í nútímanum, þ.e. að byggja upp okkar menntakerfi sem við höfum staðið að með myndarbrag. Nemendum í háskólanámi hefur fjölgað um 54% frá árinu 2000. Slíkir hlutir gerast ekki af sjálfu sér. Auðvitað gerast þeir á grundvelli stefnu og það var markviss stefna í heiðri höfð þegar háskólum var fjölgað, tækifærum námsmanna til þess að velja sér nám var fjölgað og um leið varð það til þess að áhugi einstaklinganna jókst og við höfum ekki séð fleiri í háskólanámi á Íslandi en nú í dag. Árið 1995 voru fjárframlög ríkisins til háskólamála 0,5% af þjóðarframleiðslu. Árið 2001, eins og margir hafa sagt, voru þau 0,9%. Það er heldur ekki nóg. En það hefur ekkert land innan OECD-ríkjanna aukið hlutfall sitt jafnmikið til háskólamála og Ísland á þessu árabili, ekki heldur þau viðmiðunarlönd sem við viljum bera okkur saman við eins og Norðurlöndin og eins og aðrar þjóðir. Þær þjóðir hafa líka staðið frammi fyrir þessari gríðarlegu ásókn í háskólanám og það er gleðilegt. En hvernig hafa þær þjóðir ýmsar mætt þessari aukningu? Þær hafa mætt fjölgun nemenda með því að skera niður fjárframlög til háskólanna á hvern einstakling. Þannig hafa þau mætt því en ekki við.

Sérstakt var að heyra hv. þingmenn hér fjalla um skólakerfið og vísa m.a. í PISA-rannsóknina. PISA-rannsóknin er nýkomin fram og varðar könnun á þekkingu og færni 15 ára nemenda í grunnskólum í lestri, stærðfræði og náttúruvísindum. Að þessu sinni var lögð áhersla á stærðfræði þar sem bakgrunnsupplýsingarnar eru fleiri. Það var í rauninni alveg undrunarefni að heyra hv. þingmenn, til að mynda Össur Skarphéðinsson, segja að grunnskólinn hefði setið eftir, að skólakerfið væri ekki nægilega gott.

Ég vil undirstrika að við eigum alltaf að stefna að því að vera í forustu og að því hefur verið stefnt. Varðandi lestrarkunnáttuna og náttúruvísindin þá getum við ekki farið nægilega mikið í bakgrunninn þar. En við þurfum að gera betur. Við þurfum að gera mun betur og það er alveg ljóst. Við höfum hins vegar ekki lent í því sama og aðrar þjóðir, til að mynda Danmörk, þ.e. verið að húrra niður töfluna í PISA-rannsóknunum.

Síðan loksins þegar við erum að ná árangri til að mynda í stærðfræði sem er lofsvert, þar sem stelpurnar okkar eru í fremstu röð, þá er það algjört undrunarefni að það má ekki lengur tala um góðan árangur stelpna í menntakerfinu. Íslendingar eru eina þjóðin af þessum 41 þar sem stúlkurnar skara fram úr og það á bara að sussa það niður. Það gera meira að segja foreldrar stúlkna hér inni. Það má ekki einu sinni ræða árangur stúlknanna heldur á að berja niður sjálfstraust þeirra með svartsýnistali og reyna að draga niður það sjálfstraust sem fyrir hendi er. (Gripið fram í.)

Að sjálfsögðu ætlum við að gera betur á því sviðinu og ég vildi aðeins fara inn á þetta því að hv. þingmenn voru að koma inn á þetta í sínum ræðum áðan og sjálfsagt og eðlilegt er að ræða það. Það er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt að ræða það.

Ég vil undirstrika að við erum nýbúin að samþykkja — það hefur verið hér til umræðu frumvarp um endurgreiðsluhlutfall LÍN. Það er enn eitt frumvarpið sem bendir til þess og sýnir svart á hvítu að ríkið er sífellt að auka framlög sín til háskólamála. Við aukum þar styrk ríkisins úr 48% í 53%. Svo segja menn að ekki sé verið að gera neitt til styrktar háskólasamfélaginu. Að sjálfsögðu er sífellt verið að því.

Ég mótmæli því, hæstv. forseti, að hér sé um feluskólagjöld að ræða. Það er engan veginn þannig. Hér er um innritunargjöld, skráningargjöld að ræða sem hafa verið við lýði, m.a. á dögum ríkisstjórnar sem Alþýðuflokkurinn sat í, sem enginn vill kannast við í dag. Þegar menn viðurkenna slík gjöld þá ber einfaldlega að fara eftir því fyrirkomulagi og þeim ramma sem þau setja okkur.

Skólagjaldaumræðuna getum við tekið síðar. Ég hef þegar lýst því yfir að ég tel ekki rétt að setja skólagjöld á grunnháskólanámið. Af hverju tel ég það ekki koma til greina? Það er af því að ég tel einfaldlega grunnháskólanámið vera orðið það eðlilegt framhald af skólagöngu einstaklingsins. Það er eðlilegt framhald af því námi sem einstaklingarnir taka sér fyrir hendur þegar þeir hafa klárað sitt nám í framhaldsskóla. Það er mín skoðun þó að til að mynda ýmsir háskólamenn — eins og m.a. kom fram á háskólafundi eða málfundi uppi í háskóla í gær þar sem menn voru með mjög ólíkar skoðanir, allt frá því að krefjast þess að háskólinn ætti að fá eina almenna skólagjaldaheimild og vera treyst fyrir því að fara með hana af hófsemd yfir í það að taka engin skólagjöld eða vera með mismunandi stefnu um hvort það eigi að vera skólagjöld í grunnháskólanámi

eða framhaldsháskólanámi.

Skoðanir innan háskólasamfélagsins eru því skiptar. Það er brýnt að við tökum umræðuna um skólagjöldin, ræðum kosti skólagjaldanna og galla. Það held ég tvímælalaust. Mér finnst fagnaðarefni að sjá að Samfylkingin þorir inn á þessar brautir þó að hún virki nú ekki mjög samstiga í því. Ekki virðast nú allir taka undir til að mynda orð varaformanns Samfylkingarinnar sem féllu í viðtali í Viðskiptablaðinu, voru höfð eftir henni í Viðskiptablaðinu þar sem sá varaformaður lýsir yfir ákveðnum skoðunum sínum á skólagjöldum. Mér hefur heyrst á hv. þingmönnum Samfylkingarinnar — menn eru að tala hér um litla og stóra. Ég get nefnt það bara stóra afturhaldið. Litla afturhaldið hefur aðrar skoðanir. Samfylkingin ... (**Gripið fram í:** Ekki gleyma tittunum.) stóra afturhaldið. (Gripið fram í.) Aðrir geta talað um titti. Mér finnst ágætt að tala um afturhald. Mér finnst það prýðisgott, sérstaklega miðað við þá stefnu sem við erum búin að hlusta á hér í dag. Menn geta ekki einu sinni staðið við eigin kosningaloforð. Á þessum degi koma hér upp þingmenn sem geta ekki einu sinni staðið við eigin kosningaloforð. Eitt og hálft ár er liðið frá kosningunum og menn leyfa sér að koma hingað upp í púlt og gera grein fyrir atkvæði sínu (Gripið fram í.) og standa ekki við kosningaloforð eins og hv. þingmenn í Samfylkingunni gerðu hér í dag og er því miður skjalfest. Þetta er þannig.

Hæstv. forseti. Við erum að ræða um hækkun á skrásetningargjöldum. Það hafa verið færð rök fyrir því að þau beri að hækka. Háskólarnir hafa fært gild rök fyrir því. Hv. menntamálanefnd hefur líka staðfest að þær tölur og þau gögn sem hafa verið lögð fyrir nefndina sýna að þessi hækkun á rétt á sér. Engu að síður skilur maður þau mótmæli sem stúdentar hafa haft í frammi. Það liggur í hlutarins eðli, eins og ég gat um í upphafi máls míns, að þeir eiga að vera á móti slíkum hækkunum.

[16:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi ræða hæstv. menntamálaráðherra, sem er nú ein hin merkilegasta sem ég hef heyrt ráðherra flytja á þessu ári, skýrir allt. Hæstv. ráðherra er ánægð með stöðuna eins og hún er núna. Hún er ánægð með niðurstöður PISA-könnunarinnar. Hún er ánægð með stöðuna í háskólamálunum. Við getum bara dregið saman í eitt orð kjarnann í máli hæstv. ráðherra, en það er sorglegur kjarni: Metnaðarleysi.

Hæstv. ráðherra kemur hingað og vandar um við okkur sem erum foreldrar dætra og spyr hvern fjandann við viljum upp á dekk eftir niðurstöðu PISA-könnunarinnar. Hvers eiga þá foreldrar drengja að gjalda? Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það sérstakt fagnaðarefni að Íslendingar skuli hafa tapað getu í lestri t.d. í alþjóðlegum könnunum? Það finnst hæstv. ráðherra.

Varðandi spurninguna til hennar um skólagjöldin þá liggur það bara fyrir að hún hefur enga stefnu um skólagjöld. Það á að ræða um það seinna. (Forseti hringir.) En það var fyrsta málið sem átti að ræða samkvæmt viðtalinu mikla í Fréttablaðinu.

[16:13]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hvimleitt þegar hv. þingmenn með mikla og langa þingreynslu leggja manni orð í munn. Það er nokkuð sem ég hefði haldið að menn hefðu átt að læra í gegnum árin.

Ef við ræðum aðeins þessa annars ágætu PISA-könnun sem við eigum að læra af þá er að sjálfsögðu margt mjög athyglisvert í henni. Sumu má fagna. Annað sem við eigum að nota sem veganesti til þess að byggja enn frekar upp okkar skólakerfi þannig að við skorum hærra í næstu PISA-könnun. Svo einfalt er það. En mér finnst hvimleitt að heyra að ekki megi ræða þann kynjamun sem kemur fram í PISA-skýrslunni. Mér fannst hv. þingmaður vera að reyna að fara þá leiðina. En ég ætla ekki að leggja honum þau orð í munn.

Að sjálfsögðu munu skólagjöldin verða rædd hér. Að sjálfsögðu munum við koma að því að ræða kosti skólagjaldanna og galla. Ég vona að það verði með mun málefnalegri hætti en hv. þingmenn hafa verið að mjálma hér fram að þessu.

[16:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Bara orðbragð hæstv. ráðherra segir allt um það viðhorf og ástand sem bersýnilega ríkir hjá hæstv. ráðherra til málaflokksins sem henni er trúað fyrir.

Ég talaði ekki um það að ekki mætti ræða þann kynjamun sem kom fram í PISA-könnuninni. Þvert á móti undraðist ég að hæstv. ráðherra skyldi lýsa yfir þessari miklu ánægju með niðurstöðu PISA-könnunarinnar einmitt vegna þess að kynjamunurinn er áhyggjuefni. Hann sýnir að eitthvað er að í þessum efnum.

Frú forseti. Hér eru skrásetningargjöldin undir. Námsmenn eiga að greiða 45 þús. kr. í skrásetningargjöld. Þeir fá ekki lánað fyrir því. En ef hæstv. ráðherra gengi bara hreint til verks og segði að þetta væru skólagjöld, eins og þetta auðvitað er, þá mundu námsmenn fá lánað fyrir því. Þá mundi námsmannamassinn fá lán sem svaraði til þessara 140 millj. kr. og það skiptir máli. En námsmenn eru að gjalda fyrir það að ráðherrann er stefnulaus varðandi þennan mikilvæga þátt málaflokksins.

[16:15]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Örstutt um PISA. Að sjálfsögðu erum við farin að rannsaka það, sérstaklega þennan kynjamismun, hverjar ástæður hans eru. Og þó að maður sé ánægður með hlutina á að skoða þá og reyna að láta þá hjálpa okkur til að vísa veginn upp á við í töflunni sem mér finnst hv. þingmaður ekki bera mikinn metnað til þess að fara.

Varðandi skrásetningargjöldin er alveg ljóst að það hefur ekkert breyst varðandi form skrásetningargjaldanna síðan hv. þingmaður var í ríkisstjórn með þeim flokki sem ég er í. Það er enginn munur. Þá var ekki talað um skólagjöld og nú er ekki talað um skólagjöld. (Gripið fram í.) Þetta er skrásetningargjald og ekkert annað, skrásetningargjald sem felur það í sér að það er í rauninni þjónustugjald, gjald sem

háskólarnir geta tekið fyrir þjónustu sem þeir veita umfram kennslusamning. Það er mjög auðvelt að greina hvað fer í kennslu því að um það eru sérstakir samningar á milli háskólanna annars vegar og menntamálaráðuneytisins hins vegar.

[16:16]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er með eina spurningu til hæstv. menntamálaráðherra sem ég óska eftir að hún svari í andsvari sínu. Hún lýtur að því að þegar rektorarnir þrír heimsóttu menntamálanefnd fyrir tveimur dögum kom í ljós að skilningur þeirra er sá að skrásetningargjöld að upphæð 45 þús. kr. á nemanda komi heil og óskipt til háskólanna. Þessu sjónarmiði sínu til staðfestingar benda þeir á upphafsmálsgrein í greinargerð hæstv. ráðherra með frumvarpinu sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í forsendum frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2005 eru kynnt áform um að hækka skrásetningargjöld í ríkisháskólum úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Er það í samræmi við óskir ríkisháskólanna og við það miðað að fjárhæð skrásetningargjaldanna renni óskipt til þeirra. Ekki er gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrumvarpsins að innheimta gjaldanna komi til frádráttar fjárveitingum til ríkisháskólanna á fjárlögum."

Hvernig stendur á þessu í ljósi þess að nú sé ásetningurinn einungis sá að hækkun um 12.500 kr. á nemanda renni óskipt til skólanna?

[16:17]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fram til þessa hafa 32.500 verið dregnar frá framlagi til háskólanna, fram til þessa hefur verið það fyrirkomulag. Það er nýbreytni í því að þessi viðbótarfjárhæð upp í 45.000, 12.500 kr. rennur óskipt til háskólanna. Það er nýbreytni, og það kemur glögglega í ljós þegar til að mynda fjárlagafrumvarpið er lesið að gert er ráð fyrir þeirri hækkun til háskólanna, að gert er ráð fyrir 12.500 kr. sem renna óskiptar til háskólanna.

Mér finnst miður að gætt hafi misskilnings á milli rektoranna annars vegar og þess sem stendur í frumvarpinu. Það var alveg ljóst þegar við vorum á fundi saman, til að mynda ég og háskólayfirvöld Háskóla Íslands, að þetta var alla tíð skilningur minn og skilningur þeirra líka.

[16:18]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Það er ámælisvert að setningin skuli vera með þeim hætti sem hún er hér í upphafi athugasemdanna við lagafrumvarpið þegar skilningurinn er greinilega allur annar. Fyrir það ber að gagnrýna hæstv. ráðherra.

Hæstv. forseti. Mér þykir miður að hæstv. ráðherra skuli hafa misst af ræðu minni fyrr í dag en hún segir í ræðu sinni — ég kom inn á ákveðna þætti sem hún var að ræða um í ræðu sinni — að fjárframlög hafi aukist umtalsvert til háskólanna, um 54% frá árinu 2000. Sannleikurinn er sá að fjármunir til háskólanna hafa ekki aukist í réttu hlutfalli við nemendafjölda þeirra. Þegar ákveðið var á háskólaráðsfundi 25. mars að fela rektor að taka málið upp við menntamálaráðherra, þ.e. þessi fjármál háskólanna, og fara þess eindregið á leit að hætt verði að draga skrásetningargjaldið frá fjárveitingu til háskólans á fjárlögum segist hann bara hafa haft upp úr krafsinu hækkun á skrásetningargjöldunum.

[16:20]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Bara örstutt, svo að það sé ljóst: Það hefur ekki tíðkast fram til þessa að skrásetningargjöldin renni óskipt til háskólanna, ekki króna. Fram til þessa hefur ekki króna runnið óskipt til háskólanna.

Nú er nýbreytni. 12.500 kr. á nemanda renna til háskólanna. Það er breytingin sem hefur orðið og það var alveg ljóst að þetta sjónarmið var alltaf uppi af hálfu ráðuneytisins í öllum þeim samræðum sem við rektor til að mynda áttum.

[16:20]

Frsm. minni hluta menntm. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Skólagjöld eru það þrátt fyrir skrautbúninginn, um það held ég að flestir séu sammála eftir þessa umræðu.

Hæstv. ráðherra hefur lýst því yfir að hún vilji hefja umræðu um skólagjöld en ég spyr hvort ekki hefði verið snjallara að taka þá umræðu áður en skólagjöldin eru innleidd og þá væru gjöldin lánshæf hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og ekki verið að skerða kjör námsmanna hreint og beint eins og hérna liggur fyrir. Því vildi ég spyrja hæstv. ráðherra: Mun hún beita sér fyrir því að lánað verði fyrir þessum skólagjöldum í ríkisháskólana eins og öðrum skólagjöldum? Skrásetningargjaldahugtakið, feluleikurinn, feluleikur hæstv. ráðherrans kemur í veg fyrir að lánað sé fyrir þessum skólagjöldum — mun hún beita sér fyrir því að lánað verði fyrir skólagjöldunum?

Í öðru lagi, mun hún beita sér fyrir því að þeir fjármunir sem fram kom í máli rektoranna þriggja að vanti til að skólarnir geti haldið úti eðlilegum rekstri, 500–800 millj. að lágmarki, verði veittir til skólanna?

[16:21]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að það er sama hvað maður kemur oft upp, menn virðast ekki, og sér í lagi ekki hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, átta sig á um hvað málið snýst. Hér er ekki um skólagjöld að ræða, hér er um skrásetningargjöld að ræða þannig að menn hafi það alveg á hreinu. Hér er ekki um neinn feluleik að ræða. Í fyrsta skipti er verið að draga fram kostnaðinn, og það er mjög sérstakt að menn hafi ekkert verið að ræða það, bakgrunninn, bakgrunnsupplýsingarnar á bak við skrásetningargjaldið. Í fyrsta skipti erum við að sýna svart á hvítu hver þjónustan er sem felst nákvæmlega í þessu gjaldi.

Ég veit ekki hvað þarf að gera til þess að menn átti sig á þessu. Kannski þarf að hringja í símastrákinn til þess að þið

skiljið þetta betur en ég veit ekki til hvaða ráða maður á að taka hér.

[16:23]

Frsm. minni hluta menntmn. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Lítið kom frá hæstv. ráðherra annað en skætingur í allar áttir. Ég spurði hana einnar einfaldrar spurningar: Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að lánað verði fyrir þessum skólagjöldum í ríkisháskólunum þremur líkt og skólagjöldum í aðra skóla og væntanlega skólagjöldum í væntanlegan sameinaðan háskóla Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík þar sem er verið að leggja af á vegum ríkisins nám í tæknifræðum og færa þangað einungis gegn gjaldi? Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að það verði lánað fyrir þessum skólagjöldum? Svo einföld var þessi spurning þó að hæstv. ráðherra kysi greinilega að heyra hana ekki og tala um allt annað.

Ég spurði hana einnig annarrar einfaldrar spurningar sem hún getur svarað með jái eða neii. Mun hún beita sér fyrir því að ríkisháskólarnir þrír fái þá fjármuni sem upp á vantar þannig að þeir geti staðið undir rekstri sínum og þurfi ekki að beita fyrir sig botnlausum frávísunum í stórum stíl til að geta starfað eðlilega?

[16:24]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Síðan var það ein spurning í viðbót sem ég náði því miður ekki að svara í mínu fyrra andsvari en hún tengist umræðunni um skólagjöldin og hvort við ætlum að fara út í umræðu um kosti og galla skólagjalda. Mig minnir að sú spurning hafi líka komið upp í hinu fyrra andsvari.

Að sjálfsögðu mun ég beita mér fyrir því. Sér í lagi eru þetta í rauninni afar spennandi tímar fram undan. Ef þeir hv. þingmenn sem hafa, a.m.k. í orði, mikinn áhuga á háskólamálum hafa verið á þeim fjölmörgu málþingum sem háskólarnir, í gær Háskóli Íslands og Félag prófessora í fyrradag, Kennaraháskóli Íslands, (Gripið fram í.) þar sem menn eru einmitt að ræða hvaða leiðir beri að fara við stjórnun háskóla, (Gripið fram í.) þá sér í lagi opinberra háskóla, vita þeir að það er einmitt kjarninn í öllu þessu máli. Þegar við ræðum skólagjöld og framtíð háskólanna verðum við að reyna að gera það á málefnalegan hátt. Ég efast um að það sé hægt í þessum sal með þessa ágætu þingmenn mér á vinstri hönd.

[16:25]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er eilítill galli á ráðherranum hæstv. að hún svarar aldrei spurningum. Hins vegar er hún hvatorð, sem ég harma ekki, og nokkuð margorð. Til dæmis sagði hún áðan um íslenska námsmenn í ríkisháskólunum þremur að þeir væru í raun og veru eins konar krakkar sem væru með rell og það væri auðvitað skiljanlegt og eðlilegt og fylgdi þeim aldri en foreldrarnir hins vegar, hin mikla menntamóðir, yrðu auðvitað að taka fram fyrir hendurnar á þeim.

Úr því að þetta er afstaða hæstv. menntamálaráðherra til stúdenta í Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Akureyrar er rétt að hún gefi þeim líka móðurlegar ráðleggingar. Nú þurfa þeir að reiða fram aukalega 12.500 kr., samtals eru það 100 + 24 + 16 millj. kr. — hvaðan eiga stúdentarnir að taka þessa nýju peninga til að borga hæstv. menntamálaráðherra skattinn?

[16:26]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Marðar Árnasonar að það er um 12.500 kr. að ræða sem bætast við. Það er ekki lánað fyrir þessari viðbótarupphæð sem er m.a. verðlagsuppbætur auk aukinnar þjónustu sem háskólarnir geta sýnt fram á. Við vitum alveg öll hér, og það er margoft búið að koma fram, að fyrir þessari upphæð — af því að þetta er skrásetningargjald, innritunargjald sem er ekki lánað fyrir — er ekki hefð að sé lánað fyrir og er ekki ætlunin eins og staðan er í dag að lána fyrir.

[16:27]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Grunnframfærsla er metin 79.500 kr. á mánuði hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna fyrir einstakling í leiguhúsnæði. Fyrsta mánuðinn þarf einstaklingurinn nú að taka 45 þús. kr. til þess að borga hæstv. menntamálaráðherra skattinn. Ég spyr ósköp einfaldlega: Hvaðan vill menntamálaráðherra, sem kemur hér af miklu „átoríteti" fram við stúdenta í landinu, að þeir taki hann? Vill hún að þeir finni þetta fé á götunni? Vill hún að þeir taki þetta af húspeningunum sínum? Vill hún að þeir betli? Vill hún að þeir fari til foreldra sinna eða hvað vill hún að þeir geri til þess að fá þennan 12.500-kall? Ekki einu sinni, heldur eins langt fram og séð verður að hæstv. menntamálaráðherra sitji að völdum og hennar flokkur hér í landinu. Það eru að vísu ekki nema tvö eða þrjú ár þannig að það er þó a.m.k. happ í skógi.

[16:28]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég ætla hér í stuttu máli að gera grein fyrir afstöðu minni til þessara þriggja mála sem eru til umræðu nú um hækkun á skráningargjöldum við þrjá háskóla í eigu ríkisins.

Þetta mál er ekki nýtt af nálinni og hefur verið svo lengi í þingsölum sem ég hef setið hér. Ég minnist þess fyrst árið 1993 að hér voru harðar deilur um það mál eins og hér voru rifjaðar upp fyrr í umræðunni, á milli þáverandi stjórnarflokka, Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Þær deilur voru reyndar það harðar að málið var strand um tíma vegna þess að það komst ekki í gegnum þingflokk Alþýðuflokksins. Fjarverandi var einn ráðherra Alþýðuflokksins og hafði varamann sem breytti stöðunni innan þingflokksins þannig að málið var stopp um tíma þar til hlutföllin höfðu breyst aftur, ráðherra tekið sæti á þingi og varamaðurinn horfinn aftur til síns heima.

Það nefni ég nú bara til marks um að málið hefur alla tíð verið mjög umdeilt og breytingin sem er gerð á þeim tíma var auðvitað sú að breyta dálítið um eðli á því gjaldi sem

menn höfðu lengi innheimt og lengi hafði verið við lýði og kallað var innritunargjald eða skrásetningargjald. Þarna voru menn að gera gat, stækka rifuna sem hafði verið, hækka gjaldið meira en nam eðlilegum verðlagsbreytingum og láta gjaldið standa undir stærri kostnaði og öðrum þáttum en áður hafði verið.

Önnur rimma var um málið árið 2001 og þá voru líka töluverð átök um það milli þáverandi og núverandi stjórnarflokka. Ég kom að málinu á þeim tíma og stóð að þeirri niðurstöðu sem þá varð. Þá varð hækkunin minni en áform voru um og dregið var úr tölunni og hún lækkuð niður í það sem menn þekkja, 32.500, með þeirri formúleringu að ekki væri verið að stækka rifuna enn frekar í átt til skólagjalda og menn gátu reiknað út að hækkunin var innan verðlagsbreytinga frá fyrri tíð. *Ég ætla því ekki að standa gegn þeim* frumvörpum sem eru hér vegna þess að ég hef átt aðild að málinu og tekið þátt í málamiðlunum um það og ætla að standa við þær af minni hálfu, er tilbúinn að standa að þessu máli að svo miklu leyti sem það er í samræmi við þá niðurstöðu sem varð árið 2001.

Hins vegar er það svo núna að hækkunin er meiri en nemur verðlagsbreytingum frá 2001. Þess vegna ætla ég ekki að standa að henni vegna þess að hækkunin gerir það að verkum að hún sýnir inn í þann heim, inn í þá vegferð sem menn eru í raun og veru að fara, vitandi eða óafvitandi. Menn eru stöðugt að stækka rifuna á þeirri vörn sem menn hafa dregið utan um ríkisháskólana og reynt að verja þá fyrir því að tekin verði upp almenn skólagjöld. Með því að hækka gjaldið nú töluvert meira en sem nemur verðlagsbreytingum er verið að víkka þetta gat og færa í raun fleiri kostnaðarliði undir það gjald og ég ætla ekki að standa að því svo það liggi alveg ljóst fyrir.

Ég er ekki tilbúinn til að ganga lengra á þeirri vegferð, að taka upp almenn skólagjöld í háskólum á Íslandi eftir þeirri vegferð. Menn eiga þá, eins og hæstv. menntamálaráðherra sagði réttilega áðan, að taka umræðuna um skólagjöld undir réttum og eðlilegum formerkjum en ekki þeim að menn séu að hækka skráningargjöld eða innritunargjöld reglulega langt umfram verðlagsbreytingar og stækka þann hlut sem þær tekjur standa undir af rekstrarkostnaði skólanna og ekki með því að leggja niður ríkisháskóla og breyta þeim í einkaháskóla og taka upp skólagjald að námi með þeim hætti því að það er líka skólagjaldavæðing í menntakerfinu. Þess vegna stend ég heldur ekki að frumvarpinu um afnám laga um Tækniháskóla Íslands. (**Gripið fram í:** Þá áttu að segja nei.) Það kemur í ljós, hv. þingmaður, hvað ég segi við því frumvarpi þegar þar að kemur. En ég er búinn að útskýra afstöðu mína í þessu máli um skráningargjöld og innritunargjöld og ég vænti þess að það sé gert með þeim hætti að menn átti sig á því og skilji rökin á bak við það hvers vegna niðurstaða mín er sú að standa ekki að þessari hækkun af því að hún er umfram þær verðlagsbreytingar sem orðið hafa síðan 2001.

Ég vil, virðulegi forseti, í raun bara vara við því að menn reki áfram menntapólitík á Íslandi og umræðu um menntamál á þessum forsendum því við erum í raun að takast á við það að hve miklu leyti eða hvort við ætlum að taka upp skólagjöld í grunnnámi í háskólum á Íslandi. Umræðan snýst um það og ekkert annað hvort sem við erum að tala um þetta þingmál eða afnám laga um Tækniháskóla Íslands. Því eigum við að taka þá umræðu á réttum forsendum og fara í gegnum það mál.

Ég er andvígur því að taka upp skólagjöld, ég segi það bara alveg eins og er, en það þýðir ekki endilega að menn geti ekki farið í umræðuna vegna þess að fyrirframniðurstaða sé gefin. Ég áskil mér allan rétt til þess í umræðu um málið að hafa aðra skoðun að lokum en ég hef í dag. En mér finnst menn ekki geta breytt stefnunni hægt og bítandi án þess beinlínis að takast á við hina pólitísku umræðu sem felst í raun í málinu. Það hljóta allir að átta sig á því að það er gjörólíkt að takast á við umræðu um skólagjöld í umhverfi þar sem stærstur hluti nemenda er í skólum sem ekki taka skólagjöld eða aðstæður þar sem t.d. meiri hluti nemenda er kominn í háskóla þar sem tekin eru skólagjöld. Það gefur augaleið að þeir sem tala fyrir skólagjöldum geta gert sér miklu betri vonir um að niðurstaðan úr þeirri pólitísku umræðu verði þeim að skapi þegar búið er að breyta svo og svo stórum hluta af háskólamenntuninni yfir í menntun sem skólagjöld eru tekin fyrir. Mér finnst því ekki eðlilegt að fara þannig í hlutina, virðulegi forseti, eins og menn eru að gera hér. Þess vegna stend ég ekki að því, ég stend ekki að þessari vegferð. Hún er ekki í samræmi við skoðanir mínar, hún er ekki í samræmi við skoðanir míns flokks eða samþykktir míns flokks og þess vegna finnst mér ekki eðlilegt að dragast áfram stig af stigi á vegferð eins og verið er að tosa menn áfram hér.

Það er augljóst mál að það er heilmikið til í þeim rökum sem hér hafa komið fram að eftir tvö ár hækki þetta gjald upp í 80 eða 90 þúsund. Hvenær ætla menn þá að stíga næsta skref sem verður væntanlega að gera það lánshæft?

Þau rök hafa komið fram að það skipti máli hvernig tekjunum yrði varið sem kæmu inn af þessum gjöldum og að fram til þessa hefði það verið þannig að tekjur af skólagjöldum sem rynnu til skólanna væru dregnar frá öðrum fjárveitingum til skólanna, frá hlut ríkisins. Mér finnst það í raun ekki skipta miklu máli nema kannski því að eðli gjaldsins er ekki alveg það sama. Ef það er svo að tekjur af innritunargjöldum eru dregnar frá framlögum ríkisins virka innritunargjöldin í raun og veru nákvæmlega eins og skattur, þá eru þau bara eins og hvert annað skattfé til ríkissjóðs. Ef tekjurnar renna hins vegar til skólanna til viðbótar við framlög ríkisins þannig að ríkisframlagið er ekkert lækkað þrátt fyrir að skólinn hafi auknar tekjur af gjöldunum þá eru þetta í raun og veru bara skólagjöld og í mínum huga er það hið sama, ég geri ekki greinarmun á því. Þetta er í raun og veru það sama fyrir þann sem greiðir, fyrir nemandann, þetta eru gjöld og hluti hans af því að kosta það nám sem hann stundar og því er afstaða mín sú sama til þess hvort um er að ræða skattheimtu eða skólagjöld í þessum skilningi þannig að þau rök duga ekki til að breyta afstöðu minni í málinu, virðulegi forseti.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta, ég held að ég hafi komið því skýrt á framfæri hver afstaða mín er í þessum málum og vil bara leggja áherslu á það að menn ræði skólagjaldaumræðuna á réttum forsendum. Hún er ekki í samræmi við skoðanir mínar, hún er ekki í samræmi við samþykktir flokksins og hún er heldur ekki í stjórnarsáttmálanum. Ég hef því ekki skuldbundið mig til að standa að

því að taka upp skólagjöld með beinum eða óbeinum hætti þannig að ég legg auðvitað áherslu á að þingmenn eigi ekki að láta handjárna sig umfram það sem þeir undirgangast sjálfir af fúsum og frjálsum vilja. Ég hef gengist undir stjórnarsáttmálann og stend við það sem í honum er en þetta er ekki að finna í honum og ég hef engar yfirlýsingar eða skuldbindingar gefið um stuðning við að taka upp skólagjöld. Mér finnst út af fyrir sig mikils um vert að spila í liði en er ekki betra að spila í því liði sem stendur að þeim samþykktum sem maður starfar eftir fremur en að starfa með einhverju öðru liði?

[16:40]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það hefur verið fróðlegt að kynnast viðhorfum hæstv. menntamálaráðherra til skólagjalda. Satt að segja er ég ekki miklu nær um stefnu hæstv. ríkisstjórnar í því efni. Ég ætla hins vegar hvorki að fjölyrða um það né fortíðina í þessum málum.

Það er nú samt gaman að rifja það upp fyrir hæstv. ráðherra og ýmsum þeim sem hlustuðu á ræðu hennar áðan þar sem hún rakti forsögu málsins að 1993 gengu tveir nýir ráðherrar inn í ríkisstjórn Íslands og sá sem hér talar var annar þeirra. Afstaða mín til skólagjalda hafði þá legið alveg ljós fyrir. Þegar frumvarp til fjárlaga kom fram um haustið var gert ráð fyrir nákvæmlega þessari upphæð, 140 milljónum, í þessi gjöld. Ég benti eðlilega á að þessi afstaða mín hefði legið fyrir og ég gæti ekki samþykkt þetta. Mínir eigin flokksbræður voru ekkert hrifnir af því en hæstv. menntamálaráðherra getur hins vegar spurt formann síns flokks hverjar urðu lyktir málsins. Eins og a.m.k. sumir muna eftir sagði þáverandi hæstv. forsætisráðherra að það lægi alveg ljóst fyrir hver hefði verið afstaða þessa manns sem var að stíga inn í ríkisstjórn sem umhverfisráðherra og þar af leiðandi væri ekki hægt fyrir ríkisstjórnina, sem gekk að því vitandi vits hvaða afstöðu hann hafði í málinu, að leggja málið fram. Og þær 140 milljónir í kreppunni miðri skiptu töluverðu máli en þær voru ekki innheimtar með þessum hætti, bara svo það liggi ljóst fyrir.

Tilefni mitt til þess að koma hingað upp er mjög einfalt. Hæstv. ráðherra fékk spurningu fyrr í dag frá tveimur eða þremur þingmönnum Samfylkingarinnar og stjórnarandstöðunnar sem laut að því með hvaða hætti ætti að fara með skrásetningargjöldin. Spurningin var efnislega svona: Ætlar hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að lánasjóðurinn muni í framtíðinni lána fyrir þessum skrásetningargjöldum?

Ég vil ítreka það við hæstv. ráðherra að hún skuldar okkur svar við þessari spurningu. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra að þessu og ætla ekki að halda lengri ræðu í dag um þetta: Mun hæstv. ráðherra gera þetta? Hyggst hún beita sér fyrir því sanngirnismáli að skrásetningargjöldin verði metin til láns?

[16:42]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti vænt um að heyra hv. þm. Össur Skarphéðinsson segja frá því sem gerðist hér á síðasta áratugnum, það er alltaf gaman og fróðlegt að hlusta á reyndari menn, aðeins eldri, örlítið eldri. En engu að síður, hæstv. forseti, fannst mér líka gott að heyra að hann nefndi skrásetningargjöldin því nafni sem þau heita, þ.e. skrásetningargjöld, og það er einmitt það sem málið snýst um. Við höfum ákveðið form um setningargjöldin sem er búið að vera við lýði nokkuð lengi. Það form hefur ekkert breyst. Meðan við búum við það form og það fyrirkomulag mun ég ekki beita mér fyrir því að þau verði lánshæf hjá LÍN eins og fyrirkomulagið er í dag en, hæstv. forseti, ég held að það sé búið að koma nógu oft fram.

Mér finnst gott að heyra að hv. þingmenn, sérstaklega þingmenn Samfylkingarinnar, eru tilbúnir til þess að taka umræðu um kosti og galla skólagjalda og ég vil frekar leyfa mér að við reynum fyrst að vinna markvisst að því að draga fram með góðu og hæfu fólki, mætu fólki sem kemur úr háskólunum, efnislega kosti og galla skólagjalda, þannig að við fáum vísustu menn landsins til að koma að því borði með okkur til þess að hjálpa okkur í þeirri stefnumótun sem fram undan er hvað varðar allt háskólastigið og þar á meðal tengjast skólagjöldin inn í þá umræðu.

[16:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það skiptir engu máli fyrir stúdentinn hvort þetta heitir skrásetningargjald eða skólagjald, þegar upphæðin er orðin svo há er hún farin að bíta. 45 þús. kr. er töluvert mikið fyrir unga manneskju í háskóla. Þess vegna finnst mér að þegar hæstv. ráðherra hefur beitt sér fyrir því og haft frumkvæði að því að hækka gjaldið svona mikið, hvaða nafni sem við kjósum að kalla það, töluvert umfram verðlagsbreytingar beri henni skylda sem menntamálaráðherra, sem á líka að vaka yfir velferð þeirra sem eru manneskjur í háskólum, að beita sér fyrir því að fyrir þessu tiltölulega háa gjaldi verði líka lánað. Mér finnst það ákaflega mikið skæklatog þegar hæstv. ráðherra segir að af því að það er tiltekið form á gjaldinu muni hún ekki beita sér fyrir því, mér finnst það ekki gott svar og mér finnst mjög slæmt að heyra hæstv. ráðherra lýsa því alveg blákalt yfir að hún muni ekki beita sér fyrir því að það sem hún kallar skrásetningargjöld verði lánshæf.

Verst þykir mér þó og á erfiðast með að skilja hið rökræna samhengi þegar hún segir að það sé vegna þess að á upphæðinni sé tiltekið form. Það finnst mér engu máli skipta. Hún getur haldið áfram með nákvæmlega sömu rökum og hún gerði núna að hækka gjaldið og hún getur haldið áfram að kalla það skrásetningargjald en hún ætlar samt sem áður ekki að beita sér fyrir því að það verði lánshæft. Ég skil ekki þessi rök og mér finnst þau slæm og þau eru hvorki í hennar þágu né þeirra sem stunda nám við Háskóla Íslands.

[16:46]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, lífið er nú einu sinni þannig að maður þarf að gera margt sem er ekki í manns eigin þágu. Þannig er það og oft ganga stjórnmálin út á einmitt þessa hluti.

Ég held að við verðum að reyna að stíga aðeins út úr því fari sem við erum búin að vera í varðandi málið sem hv.

þingmaður kom inn á. Við erum með ákveðið fyrirkomulag í gangi. Við erum með kennslusamning við Háskóla Íslands, svo við tökum hann sem dæmi. Við erum með rannsóknarsamning við Háskóla Íslands og algjörlega skilgreindir þættir sem falla innan ramma þess samnings. Síðan eru önnur tilvik sem leiða til útgjalda fyrir Háskóla Íslands og þeir þættir eru ekki í þeim samningi. Þá þætti höfum við viðurkennt með ákveðnu formi sem heitir skrásetningargjald, innritunargjald, þannig hafa menn viðurkennt kerfið. Við búum við þetta kerfi í dag og eftir því verðum við að vinna.

Þess vegna segi ég að ef við tökum upp — og við munum gera það — háskólamálin í stærra samhengi, m.a. með umræðu um skólagjöld verður að sjálfsögðu allt kerfið endurskoðað. En meðan fyrirkomulagið er þannig að við erum með kennslusamning, rannsóknarsamning og ákveðna skilgreinda þætti sem báðir aðilar hafa samþykkt sem falla undir rannsóknarsamningana eru líka fyrir utan þá samninga ákveðnir þættir og ákveðin tilvik sem háskólinn leggur út fyrir og þarf að standa undir sem þjónustustofnun við nemendur. Þannig er málið. Við verðum einfaldlega að horfast í augu við það að háskólarnir standa frammi fyrir ákveðnum útgjöldum og að sjálfsögðu er óeðlilegt að þeir taki þá fjármuni af kennslu- eða rannsóknarsamningum.

[16:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að ég harma ekkert sérstaklega þó hæstv. menntamálaráðherra undanskilji mig og okkur hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þegar hún fagnar því að þingmenn annars stjórnarandstöðuflokks, Samfylkingarinnar, séu tilbúnir til að ræða alvarlega og á alvarlegum nótum skólagjöld, skrásetningargjöld og innritunargjöld í opinbera háskóla því Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lýst því yfir að við erum algerlega andsnúin því og sjáum engin rök fyrir því að réttlætanlegt sé að leggja skólagjöld á stúdenta í opinberu háskólunum.

Ég veit að hæstv. menntamálaráðherra hafði ekki tök á því að hlýða á fyrri ræðu mína við 3. umr. og því langar mig til þess að hún fái nasasjón af því sem sú ræða gekk út á og að sá kjarni komist til skila núna. Þannig var að starfsmaður hennar úr menntamálaráðaneytinu, Gísli Þór Magnússon, kom á fund menntamálanefndar í morgun. Lýsing hans á veruleika hinna opinberu háskóla var afar dapurleg. Hann lýsir því þannig að þeir komi til með að halda sig innan ramma fjárlaga jafnvel þó að fyrir liggi yfirlýsingar rektoranna um að það vanti í tilfelli Háskóla Íslands 300–400 millj. upp á að endar nái saman á næsta ári, í tilfelli Háskólans á Akureyri 100 millj. og í tilfelli Kennaraháskóla Íslands hafa þeir farið þá leið að halda sig innan fjárlagarammans með því að vísa þúsund umsækjendum frá skólanum. Síðan beita stjórnendur háskólanna, að sögn gísla Þór Magnússonar, öllum tiltækum ráðum til þess að láta enda ná saman.

Hvernig gera þeir það? Jú, með því að skera niður í einstökum deildum. Þannig eru deildarforsetar knúnir til að gefa út yfirlýsingar á borð við þá sem við lásum í morgun við upphaf umræðunnar og var samþykkt á deildarfundi lagadeildar þann 19. febrúar 2004 og lýsir á afar átakanlegan hátt því ástandi sem er í deildinni. Sama má segja um þau orð sem ég vitnaði til í grein Önnu Agnarsdóttur sem birtist í Morgunblaðinu 24. mars 2003. Þar er afar dapurleg lýsing þessa fyrrverandi deildarforseta heimspekideildar á ástandinu í heimspekideild. Og af því að ég átti inni eina yfirlýsingu í viðbót sem ég las ekki í fyrri ræðu minni langar mig til að leyfa hæstv. menntamálaráðherra og öðrum hv. þingmönnum sem hér eru að heyra hvernig deildarforseti raunvísindadeildar Háskóla Íslands, Hörður Filippusson, lýsir ástandinu í sinni deild þann 20. mars árið 2003 í bréfi sem hann afhenti þingmönnum sem áttu fund með háskólafólki vegna fjárhagsvanda háskólans.

Í yfirlýsingu deildarforseta raunvísindadeildar segir, með leyfi forseta:

„Deildarfundur í raunvísindadeild Háskóla Íslands, haldinn 19. mars 2003, bendir á að fjárveitingar til deildarinnar eru orðnar svo lágar að ekki er lengur unnt að halda uppi kennslu í greinum deildarinnar með viðunandi hætti og í samræmi við það sem gerist í sambærilegum deildum í nágrannalöndunum. Meginástæða þessarar erfiðu fjárhagsstöðu er að fjárveitingar til Háskóla Íslands hafa ekki tekið mið af þeim launakjörum sem fjármálaráðherra hefur samið um við Félag háskólakennara og sem kjaranefnd hefur ákveðið prófessorum. Fundurinn beinir þeirri eindregnu áskorun til stjórnvalda að fjárveitingar til háskólans verði hækkaðar þannig að unnt verði að halda uppi kennslu í samræmi við alþjóðlegar kröfur."

Á þeim fundi sem ég vitnaði til var Hörður Filippusson spurður að því hvað deildin gerði ef hún fengi ekki aukafjárveitingarnar, sem ekkert útlit var fyrir. Honum varð að orði: Ja, það er þá bara sjálfhætt, það má þá allt eins leggja niður deildina.

Við höfum vitnað til þriggja deilda, raunvísindadeildar, heimspekideildar og lagadeildar við Háskóla Íslands sem hafa allar verið í mikilli úlfakreppu vegna fjárhagserfiðleika undanfarin ár og eina lausnin sem kemur frá hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórninni er þessi: Skráningargjöld eru hækkuð og einungis hluti þeirra fær að renna óskiptur til háskólanna. Það er enginn vilji, það er enginn metnaður hjá núverandi ríkisstjórn til að standa af alvöru vel á bak við opinberu háskólana, það er bara þannig. Það er ekki búið að leiðrétta launastikuna, fjárveitingar hafa ekki haldið í við fjölgun nemenda og deildirnar eru að deyja innan frá eins og kemur í ljós í þeim yfirlýsingum sem hafa verið lesnar upp.

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir að hækka eigi skráningargjöldin um 40%. Þar með hafa skrásetningargjöld í háskólunum hækkað um 80% síðan árið 2000. Þetta er auðvitað út úr öllu korti, þetta er ekki innan neinna eðlilegra marka þegar verðlagsvísitalan er skoðuð. Ég verð að spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvernig hún rökstyður hækkunina.

Árið 1991 eru gjöldin 7.700 kr., 1995 eru þau 24.000 kr., 1999 32.500 kr., 2005 eiga þau að verða 45.000 kr. Þetta er ekki eðlileg verðlagshækkun, það er alveg ljóst.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum segja þetta: Mér er mjög þungt að vera við umræðuna sem ég skynja að stjórnarandstöðuþingmenn hafa ekki nein áhrif á. Greinilegt er að

stjórnarflokkarnir ætla að lemja þetta í gegn með meirihlutavaldi sínu. Mér finnst stúdentum sýnd mikil óvirðing með málinu hvernig allt er í pottinn búið og hinum opinberu háskólum virkilega sýnd ákveðin lítilsvirðing frá þeim *aðilum sem ættu að standa vörð um hagsmuni þessara* miklu mennta- og menningarstofnana.

[16:55]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur áðan að hækkunin sem um ræðir er ekki einungis verðlagsuppbætur heldur er einfaldlega um aukna þjónustu að ræða af hálfu háskólanna. Ég held að háskólarnir hafi rökstutt hækkunina og þá þjónustu sem býr að baki mætavel.

Það sem er mikilvægt í þessu líka og hefur kannski ekki komið fram að menn telja eðlilegt að nemendur skynji muninn á annars vegar þjónustunni og hins vegar kennslunni. Þess vegna höfum við byggt upp það fyrirkomulag sem ég lýsti áðan varðandi kennslusamningana, rannsóknarsamningana og skráningargjöldin.

Auðvitað hefur átt sér stað jákvæð þróun í háskólamálum á undanförnum árum. Það hefur orðið aukning, bæði fjölgun nemenda og aukning fjármagns. Við sjáum það líka á tölunum frá OECD og fleiri stöðum. En það er aldrei nóg að gert, ég hef margítrekað það og að sjálfsögðu er það hlutverk menntamálaráðherra með stuðningi þingsins að fá aukið fjármagn í skólana og í allt skólakerfið því við erum að byggja upp til framtíðar. Þetta þekkjum við öll og vitum öll.

Ég vil líka geta þess að skömmu eftir að ég tók við starfi sem menntamálaráðherra ákvað ég í samráði og samvinnu við Háskóla Íslands og rektor Háskóla Íslands að biðja Ríkisendurskoðun um stjórnsýslu- og fjárhagsúttekt á fjármálum háskólans. Það hefur aldrei verið gert með þeim hætti sem við fórum fram á við Ríkisendurskoðun. Að sjálfsögðu vonast ég til þess að sú úttekt sem og úttekt sem gerð var á *vísindum og rannsóknum innan háskólans muni* verða ákveðnir vegvísar fyrir næstu ár og sér í lagi hvernig hægt er að hlúa betur að þeim deildum sem þurfa á aðhlynningu að halda og hv. þingmaður kom inn á.

[16:57]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get fagnað því með hæstv. ráðherra að það skuli vera yfirstandandi stjórnsýsluúttekt á Háskóla Íslands og verður forvitnilegt að fylgjast með því hvað kemur út úr henni. Það þarf samt sem áður ekki stjórnsýsluúttekt frá Ríkisendurskoðun til þess að sjá hvernig Háskóli Íslands er staddur fjárhagslega. Það er nóg að hlusta á þær raddir sem ég hef vitnað til í ræðum mínum í dag og nú síðast rétt áðan í orð forseta raunvísindadeildar Háskóla Íslands. Ég sé því ekki að stjórnsýsluúttektin sé alfa og omega í því máli að sjá hvernig háskólinn er staddur fjárhagslega.

Hæstv. menntamálaráðherra klifar á því að fjárveitingar til háskólastigsins hafi verið hækkaðar. Það er alveg rétt, enginn í þessum sal hefur borið á móti því en þær hækkanir hafa ekki komið í hlut opinberu háskólanna til jafns við aðra háskóla í landinu, það er bara þannig. Opinberu háskólarnir hafa því ekki notið þess velvilja sem mér fyndist eðlilegt að þeir nytu af hálfu stjórnvaldanna.

Í lok andsvars míns vil ég ítreka það sem ég sagði við 2. umr. málsins, ég vil vitna til orða hæstv. fyrrv. menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, Ólafs G. Einarssonar, sem sagði aðspurður um skoðun sína á innheimtu þjónustugjaldanna á Alþingi 11. september 1992 að kjarni málsins væri sá að þjónustugjöldin væru lögð á til þess að mæta skertum framlögum ríkisins þannig að sem minnst þyrfti að draga úr þjónustu.

Nákvæmlega sama er upp á teningnum í dag. Skráningargjöld eru hækkuð til að mæta skertum fjárframlögum ríkisins til háskólanna.

[16:59]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki rétt sem fram kom í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að opinberu háskólarnir hafi setið eftir. Það er engan veginn þannig og það sjá allir og ég hef margoft farið yfir það í tölum hvernig fjármagn hefur þróast og farið yfir til opinberu háskólanna í þessum sama ræðustól. Það er sama hvort um er að ræða Kennaraháskólann, rannsóknarframlögin sem hafa farið til að mynda þangað, Háskóla Íslands eða Listaháskólann. Þó að Listaháskólinn sé sjálfseignarstofnun er hann að mínu mati engu að síður undir hatti ríkisins, a.m.k. að nokkru leyti. Það er því rangt sem fram hefur komið að það hafi ekki fylgt fjárframlögum.

En hvernig er þetta erlendis, í þeim löndum sem við miðum okkur við, eins og til að mynda á Norðurlöndunum? Þar er ekki ákveðið eftir á hvert fjármagnið til háskólanna skuli vera. Það er ákveðið fyrir fram og settur ákveðinn rammi sem háskólarnir búa síðan við. Sá rammi er ekki ákveðinn út frá hugsanlegum fjölda nemenda sem komi til með að sækja um heldur er ákveðin fjárhæð veitt til háskólanna og eftir þeim ramma verða háskólarnir að starfa. Þetta er algild regla um allan heim. Það er ekki þannig að hið opinbera komi að eftir á og rétti af hallann. Þannig höfum við hins vegar gert það hér. Við höfum reynt að mæta þörfum *háskólanna, sérstaklega opinberu háskólanna, eftir* besta megni.

Mér virðist mikil gróska í háskólasamfélaginu. Við höfum rætt um að tækifæri nemenda hafa aldrei verið fleiri, grósku aldrei verið meiri og að sjálfsögðu verður verkefni okkar áfram að viðhalda þeirri fjölgun en umfram allt að gæta þess að hlúa að starfinu innan háskólanna. Þá á ég fyrst og fremst við gæði námsins. Það eru stóru verkefnin sem blasa við okkur á næstu missirum, að tryggja (Forseti hringir.) gæðin og fylgjast með því að að hálfu háskólanna skili þau sér til nemendanna eins og þeir eiga kröfu á.

[17:01]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í lok umræðunnar langar mig að segja að það er eðlilegt að þeirra spurninga sé spurt sem varpað hef-

ur verið fram við þessa umræðu. Það er nauðsynlegt að við ræðum í þessum sal hvers konar menntastefnu við viljum hafa og hvernig við viljum forgangsraða í þeim efnum. Hvað viljum við styrkja og hvað viljum við efla? Hvað viljum við skera niður? Hvernig teljum við að þeir fjármunir sem fara í gegnum ríkissjóð til opinberu háskólanna nýtist sem best? Alla þessa hluti verðum við að ræða.

Ég hef sagt það í þessum stól og segi það aftur: Ég tel það vitlausa forgangsröðun hjá ríkisstjórn Íslands að leggja slíka áherslu á svo gífurlega hækkun skólagjaldanna, sem kölluð eru skrásetningargjöld. Ég tel að við eigum að forgangsraða á allt öðrum nótum. Ég lýsi mig andvíga þeirri stefnu sem birtist í þeim frumvörpum sem umræðunni er að ljúka um og afgreidd verða til síðustu atkvæðagreiðslu.

[17:02]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég hef fullan skilning á því að hæstv. menntamálaráðherra þurfi að fara núna. Mér skilst að hún hafi erindum að sinna og verður hún ekki gagnrýnd fyrir það. Það breytir því ekki að ég tel að hæstv. menntamálaráðherra hefði átt að vera við alla umræðuna frá því í morgun. Um er að ræða mikilvægt mál í málaflokki hennar og þótt það sé að forminu þannig að við 2. og 3. umr. standi framsögumenn nefndanna fyrir svörum þá hefur þessi umræða ekki haft réttan hljómbotn þar sem hæstv. menntamálaráðherra vantaði. Umræðan tók kipp þegar hæstv. menntamálaráðherra mætti en bar þó nokkurn keim þess að ráðherrann hefði ekki hlýtt á ræður þeirra sem áður höfðu talað.

Menntamálaráðherra kom þó af hálfu ríkisstjórnarinnar með nýja hluti fyrir utan fráneyga sýn um allt menntakerfið og hinn mikla bata þess undanfarin ár sem við fengum að heyra um í 25. skiptið eða svo á tiltölulega skömmum tíma, nokkrum vikum. Menntamálaráðherra svarar yfirleitt með þeirri ræðu. En þegar menntamálaráðherra skýrir út fyrir okkur að við háskóla séu gerðir tvenns konar samningar, rannsóknarsamningar og kennslusamningar, og síðan sé þriðji samningurinn leyfi sem Alþingi á að veita háskólunum til að innheimta skráningargjöld þá er það út af fyrir sig fögur mynd. Það er að sjálfsögðu jákvætt skref sem hefur verið stigið síðan í árdaga, að hafa rannsóknarsamninga og kennslusamninga við háskólana.

Það hefur hins vegar gerst hjá hæstv. menntamálaráðherra og forverum hennar nokkrum að kennslusamningurinn dugir ekki og rannsóknarsamningurinn dugir ekki fyrir því sem hann á að gera. Það er hægt að skera niður að einhverju leyti rannsóknir en það er erfitt að skera niður hið venjulega starf háskólans nema vísa nemendum frá. Það hefur Háskóli Íslands að vísu gert í nokkrum mæli. Hann kemst upp með það á einum stað. En þetta er þjóðskóli og menn eiga að komast inn í þennan skóla og hafa heimtingu á því. En skólinn kemst upp með takmarkanir á einum stað og hefur notfært sér það af nokkurri grimmd. Manni kann að finnast það eðlilegt vegna þess að það er eini möguleikinn til þess að spara en grimmdin kemur fram í því sem snýr að fólki sem ekki hefur stúdentspróf, hópi sem við erum að öðru leyti sammála um, eða höfum verið í orði, að hjálpa til frekara náms, gefa annað tækifæri til að afla sér menntunar á háskólastigi. Sá hópur hefur verið útilokaður.

Hinn möguleikinn er sá, eins og saga þessa máls hefur sýnt, að rukka meira af stúdentum. Það er ósköp einfaldlega það sem hér hefur gerst, að þar sem samningum ríkisins við háskólana sleppir í niðurstöðutölum fjárlaga hefur skólunum að þessu sinni verið leyft að rukka heldur meira af stúdentum, 140 millj. kr. samtals. Því miður svaraði hæstv. menntamálaráðherra ekki spurningu minni um hvaðan stúdentar ættu að taka þessa peninga. Hún kaus að svara því ekki, vegna þess að hún vissi að í því felst hið eitraða peð sem menntamálaráðherra sjálf hefur leikið fram, að ekki er hægt að taka lán fyrir þeirri upphæð. Stúdentar þurfa því að greiða þennan nýja skatt af því ráðstöfunarfé sem þeir hafa.

Ég tek eftir því, forseti, að í salnum er hafinn annar þingfundur. Það eru hv. þingmenn í suðvesturhluta salarins sem til hans hafa stofnað og ég tel rétt að sá þingfundur haldi áfram í friði og ró og lýk máli mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 330. mál (endurgreiðslur, málsmeðferð o.fl.). — Þskj. 617.

[17:07]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Við fórum nokkuð ítarlega yfir stöðu lánasjóðsins við 2. umr. Þar gerði ég nokkra grein fyrir þeirri endurskoðun á lánasjóðnum sem ég hefði viljað sjá og umræður um stöðu sjóðsins, hlutverk, tilgang, markmið og ábyrgðarmannakerfið. Í þessu breytingum hefði auðveldlega mátt ganga aðeins lengra í réttlætisátt við breytingar á sjóðnum en aðeins með því að lækka endurgreiðslubyrðina.

Afnema hefði mátt ábyrgðarmannakerfið og ábyrgðarmannakröfuna á námslán. Þá kom fram í máli nefndarformannsins, hv. þm. Gunnars Birgissonar, að einn banki hér á landi, Landsbankinn, gæfi nú kost á því gegn ákveðnu ábyrgðargjaldi að bankinn gangi ábyrgð fyrir námsmenn til allt að 15 ára. Það er gott og vel. En það fjarstæðukennt að halda því fram að bankinn hafi þar með tekið ómakið af stjórnvöldum sem fyrir löngu síðan ættu að hafa séð sóma sinn í að afnema þessa kröfu.

Ábyrgðarmannakrafa lánasjóðsins mismunar. Hér er ekki um að ræða hefðbundna lánastofnun heldur félagslegan jöfnunarsjóð. Þeim er meinað um lán úr sjóðnum sem ekki hafa aðgang að efnuðum eða þokkalega efnuðum ábyrgðarmönnum sem teknir eru gildir af sjóðnum. Það er kjarni þessa máls. Þess vegna er mikilvægt að afnema ábyrgðarmannakröfuna af því að hún mismunar. Ef um hefðbundna lánastofnun væri að ræða giltu um það önnur lögmál. En hér er um að ræða félagslegan jöfnunarsjóð, einn af hornsteinum velferðarkerfis okkar og eitt meginatriði þess að tryggja jafnrétti til náms eða gera tilraun til þess. Því er þetta mjög mikilvægt.

Eins hefði ég viljað sjá fara fram skoðun á því hvort hluti af námslánum ætti ekki að breytast í styrk, hreinan

styrk, hafi námsmenn lokið námi á tilskildum tíma. Það hefði mátt taka ýmislegt inn í þessa endurskoðun á sjóðnum en það var ekki gert. Einungis var farin sú leið að leggja til að endurgreiðslubyrðin lækkaði.

Í nefndinni kom að auki til umræðu og aðeins við 2. umr. leið sem námsmannahreyfingarnar allar lögðu til og svo BHM, þ.e. að fara aðra leið til að lækka endurgreiðslubyrðina sem að mörgu leyti er miklu réttlátari, þ.e. að veita skattafslátt, skattbreytingarleiðin. Bókun námsmannahreyfinganna lýtur að stórum hluta að því að skattafsláttur veitist endurgreiðendum tekjutengt. Þar er um að ræða sanngjarna leið sem gott væri að fara í framtíðinni, að næsta skref í lækkun endurgreiðslubyrði verði í gengum það. Fyrir því voru færð sterk rök og athyglisverð. Þótt samstaða hafi verið um að fara þá leið að lækka endurgreiðslubyrðina með þessum hætti þá vil ég að það komi skýrt fram við þessa umræðu að ég er mjög hlynntur því að litið verði til skattafsláttarleiðarinnar til framtíðar þótt nú hafi verið farin þessi leið. Þetta er einföld leið sem samstaða náðist um og samkomulag. Þetta var kosningamál hjá flestum flokkanna og ber að fagna því að þessi niðurstaða náðist.

Þá olli ágreiningi og töluverðri umræðu í nefndinni það sem fram kom í áliti BHM og lýtur að b-lið 1. gr. frumvarpsins, þar sem gerð er tillaga um að málskotsnefnd geti að kröfu stjórnar LÍN frestað réttaráhrifum úrskurða sinna og hins vegar að stjórn LÍN geti höfðað flýtimeðferðarmál til ógildingar á úrskurði æðra stjórnvalds. Í álitinu frá BHM segir, með leyfi forseta:

„Yrði slík heimild til þess að óska frestunar áréttuð í lögum væri eðlilegt að rætt væri um að það væri „málskotsnefndin" en ekki „hún" ? í 1. málslið b-liðarins til þess að ljóst sé að frestunarvaldið sé hjá málskotsnefndinni en ekki stjórn LÍN. Væri þá eðlilegt að setja inn efnisskilyrði við slíkt mat, samanber til hliðsjónar 3. mgr. 15. gr. laga nr. 30/1992," o.s.frv.

Þetta var töluvert rætt og lyktir mála urðu þær að fyrir nefndina var kallaður Páll Hreinsson stjórnsýslufræðingur. Á fundi nefndarinnar í morgun, á dramatískum og frægum fundi sem töluvert hefur verið rætt um í þingsölum í dag (Gripið fram í.) og verður ekki ræddur hér frekar að öðru leyti en því að gera grein fyrir niðurstöðu Páls Hreinssonar, færði hann að mínu mati sterk rök fyrir því að þessi lagabreyting væri réttmæt, í þessu tilfelli með hliðsjón af fordæmum sem vísað er til í almannatryggingalögunum, sé um að ræða sjóði þar sem slíkar ákvarðanir geta haft veruleg fjárhagsleg áhrif á.

Við sátum hjá við afgreiðslu þessa liðar við 2. umr. en munum styðja málið í heild sinni nú. Vinnan var til fyrirmyndar og Páll Hreinsson gerði skýra og góða grein fyrir þessu máli. Við getum stutt málið heils hugar og að öllu leyti. En það var mjög gott að fá þessa ábendingu frá BHM og að málið skyldi til lykta að þessu leyti og fengnar á því útskýringar áður en það færi í gegn. Álit BHM var þó að öllu leyti réttmætt og Páll tók undir það að það væri alveg rétt, að um væri að ræða undantekningar og frávik, þannig að þetta væri fullkomlega rétt ábending hjá BHM. Hins vegar væru rök fyrir frávikinu, væru rök fyrir undanteknigunni, og ég fellst á það.

BHM lagði til að málskotsstigið yrði flutt aftur til hæstv. menntamálaráðherra, enda ber hann pólitíska og lagalega ábyrgð á þessum málum samkvæmt stjórnarskránni í stað þess, eins og segir í áliti BHM, að veikja sjálfstæði sérfróðrar málskotsnefndar.

Að öðru leyti fór ég töluvert yfir það við 2. umr. hvernig og hvaða breytingar ég mundi vilja sjá gerðar á lánasjóðnum þannig að hann gæti staðið undir hlutverki sínu. Eins beindi ég spurningum til hv. formanns menntamálanefndar og að sjálfsögðu til hæstv. menntamálaráðherra sem því miður þurfti að fara héðan áðan og gat ekki lokið þeirri merkilegu menntamálumræðu sem hér hefur farið fram í dag og hún hefur að mjög litlu leyti getað verið við. Spurningarnar voru um hlutverk lánasjóðsins í ljósi þeirra breytinga sem ríkisvaldið er að gera á grunnnámi á háskólastigi þar sem verið er að skólagjaldavæða það, ekki bara í ríkisháskólunum þremur sem eftir standa ef Tækniháskólinn verður lagður niður, og lánasjóðnum ætlað að fjármagna grunnnámið að miklu meira leyti. Ég spurði hvort þetta hafi verið rætt og hvort þetta væri markviss stefnubreyting. Mun hv. formaður menntamálanefndar sjálfsagt svara því betur síðar.

Við komum því inn á margt í þessari umræðu um lánasjóðinn. Þó að það litla skref sem hér um ræðir sé stigið nú, þessi lækkun á endurgreiðslubyrðinni, þá þurfa mjög margar breytingar að eiga sér stað á lánasjóðnum þannig að hann geti áfram og betur sinnt hlutverki sínu sem félagslegur jöfnunarsjóður af því að hann gerir það ekki að fullu leyti nú. Ábyrgðarmannakrafan kemur í veg fyrir að lánasjóðurinn geti uppfyllt þetta háleita markmið og mikla hlutverk sitt. Þess vegna er mjög áríðandi að Sjálfstæðisflokkurinn gefi eftir í þessu máli, en Framsóknarflokkurinn hefur eins og Samfylkingin lagt fram þingmál hér eftir síðustu kosningar þar sem lagt er til að ábyrgðarmannakrafan á námslán verði afnumin.

Ég tel mjög áríðandi að þetta mál komi til kasta þingsins og að unnið verði að þessari breytingu hið fyrsta. En Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið í veginum fyrir þessari breytingu og ég hef aldrei heyrt í sjálfu sér neina röksemd fyrir því af hverju flokknum er svona illa við að afnema þessa ábyrgðarmannakröfu í ljósi þess að það afnám yrði svo sannarlega til þess að sjóðurinn væri miklu betur í stakk búinn til að sinna sínu hlutverki með miklu augljósari hætti. Leiðin sem er farin hér er viðunandi millileikur og ágætur og ber að þakka þeim sem fyrir því börðust, fyrir að þetta skuli hafa náðst í gegn hjá stjórnarflokkunum. En það þarf að ganga miklu lengra til að lánasjóðurinn geti uppfyllt hlutverk sitt að fullu og verði líka í stakk búinn til að mæta því að því er virðist gjörbreytta hlutverki sem við honum blasir. Ef lánasjóðurinn á að standa undir því t.d. að tryggja að íslenskir námsmenn geti stundað grunnnám í tæknifræði vegna efnalegrar stöðu sinnar þá hlýtur við þær breytingar einnig að verða að leggja af ábyrgðarmannakröfuna til að ekki sé verið að mismuna enn meira en orðið er þeim sem ætla að stunda grunnnám í tæknifræði, því ef frumvarpið gengur eftir í þeirri mynd sem það er núna þá er búið að skólagjalda- og einkavæða tæknifræðinámið. Því er mikil umræða eftir og langt í land og langt er frá því að þetta sé fullnægjandi endurskoðun eða breyting á lánasjóðnum og hlutverki hans. En þetta er gott skref og ég fagna því. Ég

styð það heils hugar og afdráttarlaust. En það þarf að gera miklu meira og gera miklu betur og ganga lengra til að sjóðurinn sé í stakk búinn til að standa undir því hlutverki að vera félagslegur jöfnunarsjóður og tryggja þannig lágmarks jafnstöðu í aðgengi að námi á Íslandi.

[17:18]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. um þetta mál gerði ég grein fyrir fyrirvara okkar hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem fyrst og fremst laut að b-lið 1. gr. frumvarpsins, því atriði er varðar frestun á réttaráhrifum úrskurðar málskotsnefndarinnar. Ég óskaði eftir því við hv. formann menntamálanefndar að við fengjum í heimsókn til nefndarinnar stjórnsýslufræðing sem gæti varpað betra ljósi á þetta mál fyrir okkur en mér þótti búið að gera eftir 2. umr.

Í morgun hélt menntamálanefndin fund og fékk á sinn fund Pál Hreinsson háskólaprófessor, sérfræðing í stjórnsýslurétti. Ég verð að segja að Páli Hreinssyni tókst afar vel að útskýra fyrir þeirri sem hér stendur a.m.k. grunnprinsippin í þessu ákvæði frumvarpsins. Ég er ekki jafnflink og Páll Hreinsson að ég geti haft þetta nógu vel eftir honum kannski. En hann sagði okkur að BHM, sem hafði gefið nefndinni umsögn og ég hafði tilhneigingu til að vera sammála, þyrfti í sjálfu sér ekki að óttast að heimildin væri á nokkurn hátt óeðlileg eða of rúm. Hann nefndi máli sínu til stuðnings ákveðnar greinar upplýsingalaga og almannatryggingalaga. Hann svaraði gagnrýni BHM um það atriði að greinin samrýmdist ekki meginreglum stjórnsýsluréttar á þann hátt að það væri mögulega rétt svo langt sem það næði því að í upplýsingalögum væri ákveðin málamiðlun þar sem reglur væru nokkuð matskenndar en engu að síður væri heimiluð frestun réttaráhrifa úrskurðar þar um sjö daga. Síðan nefndi hann til sögunnar almannatryggingalögin og þar sagði hann að væri önnur svipuð heimild með nokkuð svipaðar takmarkanir og að hún væri eins og þessi heimild takmörkuð af því að um veruleg fjárútlát fyrir viðkomandi sjóð yrði að ræða — hér í þessu tilfelli lánasjóðinn — og þá í flestum tilfellum yrðu það að vera óvænt veruleg fjárútlát.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að það var nokkuð sannfærandi að hlusta á háskólaprófessorinn sem sagði að fresturinn sem settur er upp hér í ákvæðinu væri nokkuð raunhæfur, sérstaklega miðað við það að hinn sjö daga frestur sem í upplýsingalögunum er í sambærilegu ákvæði hefði reynst of skammur. Sömuleiðis sagði háskólaprófessorinn að forsendan fyrir beitingu reglunnar væri það þröng að ekki væri hætta á því að hún yrði á nokkurn hátt misnotuð og það væri ljóst að bæði stjórn lánasjóðsins og málskotsnefndin þyrftu að veita samþykki fyrir því að reglunni yrði beitt.

Með þeim rökum sem háskólaprófessorinn færði fram á fundi nefndarinnar í morgun sé ég ekki ástæðu til að greiða atkvæði gegn frumvarpinu. Ég hef skilning á þessu ákvæði frumvarpsins núna sem ég hafði ekki áður þannig að ég tel að hér sé ekki verið að brjóta stjórnsýslurétt í sjálfu sér og alls ekki að ákvæðið sé þarflaust eftir að hafa fengið þessar útskýringar. Það vil ég þakka fyrir og lýsi því hér yfir að afstaða mín til ákvæðisins er þar með nokkuð ljós. Ég leggst ekki gegn því á neinn hátt.

Að öðru leyti vil ég bara útreka það sem ég sagði í ræðu minni við 2. umr. um frumvarpið. Ég er í sjálfu sér sátt við meginprinsippið í frumvarpinu og það erum við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þ.e. að það eigi að lækka endurgreiðslubyrði námsmanna um eitt prósentustig. Við hefðum engu að síður viljað fara aðra leið, þá leið sem námsmannahreyfingarnar og BHM lögðu til. Hún varð ekki fyrir valinu. En af því að grunnprinsippið er okkur að skapi komum við til með að styðja málið við lokaatkvæðagreiðslu þess eftir 3. umr.

[17:23]

Frsm. menntmn. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Hérna er verið að afgreiða enn eitt gott mál á þessu haustþingi, breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, þ.e. lækkun endurgreiðsluhlutfalls. Fleiri góð atriði eru í þessu frumvarpi. Ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir jákvæð viðbrögð við þessu. Þetta þýða aukin útgjöld fyrir ríkissjóð um a.m.k. 300 milljónir kr. og verulega kjarabót fyrir námsmenn sem greiða af lánum sínum. Þetta er eitt af þessum góðu málum sem ríkisstjórnin er að koma með á þessu haustþingi enn og aftur og er góð jólagjöf til námsmanna og þeirra sem hafa lokið námi. (Gripið fram í.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, 1. umr.

Stjfrv., 399. mál. — Þskj. 506.

[17:24]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur. Frumvarpið er flutt að beiðni bæjarstjórnar Húsavíkur en á fundi bæjarstjórnar 26. október síðastliðinn var samþykkt að stofna einkahlutafélag um rekstur inn. Ákvörðunin er tekin í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á skipulagi raforkumála og lagaumhverfi veiturekstur s á síðustu árum en sveitarfélagið hefur engin áform um sölu á hlut sínum í Orkuveitu Húsavíkur né sameiningu við önnur félög.

Ástæður þess að nauðsyn ber til þess að setja sérlög um stofnun einkahlutafélags eru einkum tvær. Í fyrsta lagi er samkvæmt ákvæðum orkulaga einvörðungu heimilt að framselja til einstaklinga eða félaga um ákveðið tímabil í senn einkarétt til starfrækslu hitaveitu.

Í lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, svo sem þeim var nýverið breytt, er á hinn bóginn að finna heimild til framsals á rétti til starfrækslu vatnsveitu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að einkahlutafélagið taki við einkarétti Húsavíkurbæjar og Orkuveitu Húsavíkur til starfrækslu hitaveitu, rafveitu og vatnsveitu á

þeim svæðum sem Orkuveita Húsavíkur þjónar nú.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einkahlutafélagið taki til starfa 1. janúar 2005, en á því ákvæði þarf augljóslega að gera breytingar í nefnd. Þegar lögin taka gildi yfirtekur félagið allar eignir, réttindi, skuldir og skuldbindingar Orkuveitu Húsavíkur.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir starfsmenn orkuveitunnar eigi rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og verða þeim boðin störf hjá félaginu sambærileg þeim er þeir áður gegndu.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frumvarp en mælist til þess að því verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:28]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 330. mál (endurgreiðslur, málsmeðferð o.fl.). — Þskj. 617.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:29]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, RG, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

13 þm. (EKG, GHj, GAK, GÁS, HHj, ÍGP, JGunn, KJúl, MÞH, MS, MF, SAÞ, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 665)

Háskóli Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 348. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 624.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:38]

Frv. samþ. með 29:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, KF, ÁMöl, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, HBl.

nei: ÖJ, ÖS, AKG, ÁÓÁ, JFM, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, StP, SJS, ÞSveinb.

2 þm. (DJ, KHG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÞBack, EKG, GHj, GAK, GÁS, HHj, JGunn, KJúl, MÞH, MS, MF) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:30]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Nú fyrir stundu lauk umræðu um þetta mikilvæga mál sem staðið hefur í töluverðan tíma í þeim þremur umræðum sem að baki eru. Niðurstaðan er sú að hér er stigið stórt skref í átt að innheimtu skólagjalda á grunnnám í ríkisháskólunum, sem er alvarleg og róttæk stefnubreyting í okkar menntapólitík án þess að það hafi komið til umræðu í þingsölum sem slíkt. Þá kom það fram afdráttarlaust í svörum hæstv. menntamálaráðherra áðan að ekki stendur til að lána fyrir þessum skólagjöldum vegna þess að þau eru falin í búningi skrásetningargjalda. Feluleikurinn veldur því að námsmenn eiga ekki kost á því að fá lánað fyrir skólagjöldunum.

Ég harma eindregið að það skref sé stigið hér nú að skólagjöld séu innleidd með þessum hætti í ríkisháskólunum á Íslandi og segi því nei.

[17:32]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Það er auðvitað ljóst að hér er um innritunargjöld að ræða (**Gripið fram í:** Sú var tíðin.) sem líklega voru tekin upp í tíð Alþýðuflokksins sáluga 1991 eða svo. Þessi innritunargjöld eru því ekki ný af nálinni og er nú verið að gera örlitla hækkun. (**Gripið fram í:** 80% síðan árið 2000.) Hér er fyrst og fremst um innritunargjöld að ræða og þarf ekki að viðhafa frammíköll eða hróp, þetta er það sem allir skilja. Þess vegna segi ég já, hæstv. forseti.

[17:33]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að taka ákvörðun um að festa enn frekar í sessi töku skólagjalda við ríkisháskólana. Sú stefna í menntamálum að fjármagna skóla með nemendagjöldum er stefna sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs getum ekki stutt. Hún er reyndar hluti af skattastefnu núverandi ríkisstjórnar þar sem verið er að samþykkja verulegar skattalækkanir á hátekjufólki en því er svo náð til baka með því að leggja gjald á sjúklinga og með því að leggja gjald á nemendur.

Herra forseti. Ég mótmæli þessari stefnu og segi nei við töku skólagjalda í háskólum.

[17:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um skólagjöld í opinberu háskólana því þessi gjaldtaka er komin langt, langt út yfir það sem eðlilega væri hægt að setja undir eitthvað sem kallast þjónustugjald.

Við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mótmælum þessari hækkun. Við mótmælum því að skólagjaldastefna skuli vera orðin svona ríkjandi í opinberu háskólunum og við mótmælum því að skrásetningargjald í háskólana skuli þá ekki einungis fást óskipt inn í rekstur háskólanna heldur er að hluta til enn dreginn frá fjárveitingum háskólanna stór hluti þessa gjalds. Það er á skjön við það sem rektorar háskólanna töldu sig hafa vilyrði um, enda má lesa það í frumvarpstexta að skrásetningargjöldin ættu að

koma óskipt til háskólanna. En það er ekki einu sinni hægt að verða við því sem er þó eðlileg krafa opinberu háskólanna sem eru knúnir út á þessa braut vegna fjárskorts og fjárhagssveltis ríkisstjórnarinnar. Ég segi nei.

[17:36]

Steinunn K. Pétursdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að stíga skref í þá átt að innleiða skólagjöld við ríkisháskólana. Frjálslyndi flokkurinn er þeirrar skoðunar að nám á háskólastigi eigi að standa öllum landsmönnum til boða óháð efnahag. Því segi ég nei, herra forseti.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 666)

Kennaraháskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 349. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 625.

[17:39]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 28:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, GÖrl, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, KLM, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

2 þm. (DJ, KHG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EKG, GHj, GAK, GÁS, HHj, JGunn, KF, KJúl, LB, MÞH, MS, MF, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 667)

Háskólinn á Akureyri, 3. umr.

Stjfrv., 350. mál (skrásetningargjald). — Þskj. 626.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:39]

Frv. samþ. með 29:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GÖg, GÖrl, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

2 þm. (DJ, KHG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EKG, GHj, GAK, GÁS, HHj, JGunn, KJúl, MÞH, MS, MF, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 668)

Veðurþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 183. mál. — Þskj. 183, nál. 610, brtt. 611.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:40]

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 611,1 samþ. með 51 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 611,2 samþ. með 52 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 611,3 samþ. með 52 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
7.–8. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 611,4 samþ. með 51 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 611,5 samþ. með 51 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 611,6 samþ. með 51 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
13.–14. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Úrvinnslugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 394. mál (fjárhæðir, gjaldskylda o.fl.). — Þskj. 501, nál. 636, brtt. 637.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:44]

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr., a–b-liðir, samþ. með 54 shlj. atkv.

2. gr., c-liður, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, StP, ÞSveinb, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, GHj, GÁS, HHj, KJúl, MÞH, MS, MF, ÞBack) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:44]

Mörður Árnason:

Forseti. Hér er verið að leggja gjald að óþörfu og að ósekju á eigendur gamalla bíla, bíla sem framleiddir eru á árabilinu 1977–1987. Við samfylkingarmenn erum ekki miklir áhugamenn um að leggja skatta á fólk sem ekki er sérlega vel stætt og efumst um að mikil efni séu í hópi eigenda bíla sem framleiddir eru frá 1977–1987 og munum því sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[17:45]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þetta er afskaplega ánægjulegt mál. Hér erum við að lækka úrvinnslugjöld um 125 millj. kr. hvorki meira né minna. Við erum á sama hátt að hækka skilagjald til bifreiða þannig að þeir sem skila sinni bifreið inn til endurnýtingar, virðulegi forseti, fá núna um 50% meira en þeir höfðu fyrir gildistöku laganna.

Á sama hátt erum við hér að taka inn eldri bíla en áður, taka allt að 25 ára bíla en ekki einungis upp að 15 ára aldri og er það að sönnu líka til bóta þannig að hér er um mjög *gott mál að ræða. Ég efast ekki um að sumir hv. þingmenn* hljóti að fagna þessu eða allur þingheimur. En kannski hljóta sumir sérstaklega að fagna því að hér erum við enn og aftur að lækka gjöld.

3. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 637,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, StP, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BJJ, EKG, GHj, GÞÞ, GÁS, HHj, KJúl, MÞH, MS, MF, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 637,2 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, SJS, StP, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BjörgvS, EKG, GHj, GÁS, HHj, KJúl, MÞH, MS, MF, ÞBack) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (KolH, SJS, StP, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EKG, GHj, GÁS, HHj, JBjarn, KJúl, MÞH, MS, MF, ÞBack) fjarstaddir.

7.–14. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 637,3 samþ. með 53 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
10 þm. (EKG, GHj, GÁS, HHj, KJúl, LB, MÞH, MS, MF, ÞBack) fjarstaddir.

16.–19. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 637,4 samþ. með 54 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
21.–22. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 17:49.

---

56. FUNDUR

föstudaginn 10. des.,
að loknum 55. fundi.

Dagskrá:

1. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 433. mál, þskj. 639. — Ein umr. *Ef leyft verður.*
2. Lánasjóður sveitarfélaga, stjfrv., 269. mál, þskj. 652. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, stjfrv., 321. mál, þskj. 357. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Bifreiðagjald, stjfrv., 377. mál, þskj. 462. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Fjármálafyrirtæki og vátryggingastarfsemi, stjfrv., 211. mál, þskj. 653. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 432. mál, þskj. 631. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
7. Veðurþjónusta, stjfrv., 183. mál, þskj. 183 (með áorðnum breyt. á þskj. 611). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Úrvinnslugjald, stjfrv., 394. mál, þskj. 501 (með áorðnum breyt. á þskj. 637). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
9. Raforkulög, stjfrv., 328. mál, þskj. 654. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
10. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 351. mál, þskj. 646, brtt. 614, 658 og 659. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
11. Innrásin í Írak og forsendur fyrir stuðningi íslenskra stjórnvalda, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Frh. fyrri umr.

Lagt fram á lestrarsal:
Áskorun frá Amnesty International o.fl.

[17:50]

Útbýting:
Eldvarnaeftirlit, 382. mál, svar umhvrh., þskj. 662.
Háskóli Íslands, 348. mál, þskj. 624.
Lífeyrissjóðir, 155. mál, svar fjmrh., þskj. 661.
Lokafjárlög 2002, 440. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 660.
Lokafjárlög 2003, 441. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 663.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:51]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1.–10. dagskrármáls og útbýtingu brtt. 658 og 659. — Afbrigði samþ. með 54 shlj. atkv.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 433. mál. — Þskj. 639.

[17:52]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):
Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.
Tillagan hljóðar svo:
„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 10. desember 2004 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 24. janúar 2005.“
Tillaga þessi skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:52]
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
12 þm. (EKG, EOK, GHj, GÁS, HHj, KJúl, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, ÞBack) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 671)

Lánasjóður sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 269. mál (heildarlög). — Þskj. 652.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:53]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
11 þm. (EKG, EOK, GHj, GÁS, GÖrl, HHj, KJúl, MÞH, MS, MF, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 672)

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, 3. umr.

Stjfrv., 321. mál (ágreiningsmál, samráðsnefndir). — Þskj. 357.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:53]
Frv. samþ. með 50:1 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EMS, GHH, GAK, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
nei: PHB.
1 þm. (GÞÞ) greiddi ekki atkv.
11 þm. (EKG, EOK, GHj, GÁS, GÖrl, HHj, KJúl, MÞH, MS, MF, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 673)

Bifreiðagjald, 3. umr.

Stjfrv., 377. mál (hækkun gjalds). — Þskj. 462.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:54]
Frv. samþ. með 34:19 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JBjarn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ.
nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÁ, RG, StP, ÞSveinb, ÖS.
10 þm. (EKG, EOK, GHj, GÁS, HHj, KJúl, MÞH, MS, MF, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 674)

Fjármálafyrirtæki og vátryggingastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 211. mál (EES-reglur). — Þskj. 653.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:55]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EMS, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JFM, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb.
4 þm. (JBjarn, KolH, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (EKG, EOK, GHj, GAK, GÁS, HHj, JóhS, KF, KJúl, MÞH, MS, MF, RG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 675)

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 432. mál. — Þskj. 631.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:55]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Veðurþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 183. mál. — Þskj. 669.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:56]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
10 þm. (EKG, EOK, GHj, GÁS, HHj, KJúl, MÞH, MS, MF, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 676)

Úrvinnslugjald, 3. umr.

Stjfrv., 394. mál (fjárhæðir, gjaldskylda o.fl.). — Þskj. 670.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:56]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EMS, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
12 þm. (EKG, EOK, GHj, GÁS, HHj, KJúl, LB, MÞH, MS, MF, SJS, ÞBack) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 677)

Innrásin í Írak og forsendur fyrir stuðningi íslenskra stjórnvalda, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

[17:57]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Við tökum nú til við umræðu sem frestað var fyrir allnokkru síðan. Umræðan er um tillögu okkar formanna stjórnarandstöðuflokkanna þriggja til þingsályktunar um innrásina í Írak.

Tillagan er í reynd þríþætt, herra forseti. Í fyrsta lagi er lagt til af okkar hálfu að Alþingi lýsi því yfir að Íslendingar afturkalli með táknrænum en formlegum hætti stuðning sinn við innrásina í Írak og þeir séu þar með ekki lengur í hópi hinna svonefndu „viljugu" þjóða. Það þýðir ekki, herra forseti, að Íslendingar eigi ekki að taka þátt í þeirri uppbyggingu sem alþjóðasamfélagið hefur ákveðið að ráðast í í Írak eftir þau skelfilegu átök sem segja má að hafi lagt margar af helstu borgum þjóðarinnar í rúst og skilið eftir ótrúlegar hörmungar.

Ég tel líka rétt að það komi fram að af hálfu Samfylkingarinnar er það alveg ljóst að sökum þeirrar siðferðilegu ábyrgðar sem segja má að Íslendingar beri sökum stuðnings við innrásina beri okkur að taka betur á en við höfðum áður afráðið og leggja meira til uppbyggingarinnar en áður var búið að ákveða.

Í öðru lagi er í tillögunni lagt til að Alþingi taki undir það álit framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að innrásin hafi verið ólögmæt.

Í þriðja lagi er lagt til að Alþingi samþykki að skipa nefnd sjö þingmanna sem hafi það með höndum að rannsaka aðdraganda og ástæður þess að ríkisstjórn Íslands ákvað að lýsa yfir stuðningi við innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak 20. mars árið 2003 án nokkurs samráðs við Alþingi. Við sem flytjum þessa tillögu látum það koma fram í tillögugreininni sjálfri að við teljum að það sé nauðsynlegt að nefndin fái í þessu skyni í hendur öll gögn

stjórnvalda, þar með taldar fundargerðir, minnisblöð og greinargerðir sem geta varpað ljósi á þetta ferli.

Herra forseti. Fátt hefur sært íslensku þjóðina jafnmikið og þessi stuðningur íslenskra stjórnvalda við innrásina. Þau sárindi stafa ekki síst af því að stuðningurinn var settur fram án nokkurrar undangenginnar umræðu. Það var hvergi farið að þeim lögum sem þó mæla skýrt fyrir um að haft sé samráð við utanríkismálanefnd um allar meiri háttar ákvarðanir á sviði utanríkismála. Það er ekki hægt að segja að þessi gjörningur, stuðningur stjórnvalda við innrásina, falli undir nokkuð annað en það sem hægt er að skilgreina sem meiri háttar ákvörðun á sviði utanríkismála og það hlýtur að þurfa að spyrja hæstv. utanríkisráðherra: Hvernig stendur á því að ráðist var í að lýsa yfir þessum stuðningi án þess að haft væri lögskipað samráð við utanríkismálanefnd þingsins?

Sömuleiðis verður hæstv. utanríkisráðherra líka að svara því: Hvar var þessi ákvörðun tekin og hverjir tóku hana? Ég vil spyrja hæstv. utanríkisráðherra alveg sérstaklega að því hvort það sé rétt að formleg ákvörðun hafi aldrei verið tekin um málið innan ríkisstjórnarinnar. Sömuleiðis vil ég spyrja hann og þá sem taka hér til máls af hálfu Sjálfstæðisflokksins hvort það sé líka rétt að þessi ákvörðun hafi aldrei verið rædd áður en hún var tekin innan þingflokka stjórnarinnar. Ef svo er, herra forseti, hlýtur maður óhjákvæmilega að velta því fyrir sér hvort hér sé ekki um ólögmæta ákvörðun að ræða. Í öllu falli er alveg ljóst að hæstv. núverandi forsætisráðherra skipti mjög fyrirvaralítið og skyndilega um skoðun á þessu máli.

Eins og við munum voru þær forsendur sem lágu innrásinni til grundvallar af hálfu Bretlands og Bandaríkjamanna fyrst og fremst tvenns konar. Í fyrsta lagi að það þyrfti að ráðast inn í Írak til þess að uppræta þar gereyðingarvopn sem forsvarsmenn þessara tveggja þjóða og margir fleiri þjóðarleiðtogar, þar á meðal hinir íslensku, töldu að heimsbyggðinni stafaði hætta af. Í öðru lagi þyrfti sömuleiðis að uppræta víghreiður hermdarverkasamtaka eins og al Kaída sem haldið var fram að væri að finna í Írak.

Herra forseti. Það hefur síðan komið í ljós að þetta var rangt. Hvorki tangur né tetur hefur fundist af þessum gereyðingarvopnum og það er ekkert sem bendir til að nokkur gereyðingarvopn hafi verið í landinu nema þau sem á sínum tíma voru búin til með stuðningi Breta og með leyfi Vesturveldanna frá þeim tíma þegar Saddam Hussein var talinn vinur þeirra, þegar hann var sérstakur vinur Bandaríkjamanna sem litu á hann sem fulltrúa sinn í þessum hluta heims.

Sömuleiðis verður það líka að segjast að það er ekkert sem bendir til þess að fyrir innrásina hafi Írak verið sérstakt víghreiður al Kaída hermdarverkasamtakanna. Hins vegar má segja að eftir að átökin hófust með þeim skelfilegu afleiðingum sem við sjáum í Írak hefur landið að sjálfsögðu orðið miðstöð fyrir hvers konar skæruliða sem þangað hafa streymt til að taka þátt í þessum átökum.

Ég vil hins vegar spyrja hæstv. forsætisráðherra, sem var utanríkisráðherra á þessum tíma: Með hvaða hætti sinnti hann þeirri rannsóknarskyldu sem verður að álíta að sé sjálfsögð gagnvart þeim gögnum sem hann hlýtur að hafa byggt sína ákvörðun á ásamt þeim manni sem nú gegnir embætti hæstv. utanríkisráðherra?

Það liggur fyrir að hæstv. forsætisráðherra lýsti eftirfarandi yfir í fjölmiðlum 17. september, tveimur dögum eftir að hann tók við núverandi stöðu sinni, með leyfi forseta:

„En það er ljóst að það er margt í þessu máli sem menn hefðu viljað sjá öðruvísi og ýmsar upplýsingar sem bæði ég og aðrir fengu á sínum tíma sem stóðust ekki."

Herra forseti. Það verður að koma fram hvaða upplýsingar þetta voru, hverjir létu þær af hendi og hvernig hæstv. utanríkisráðherra reyndi að grafast fyrir um sannleiksgildi og áreiðanleika þeirra upplýsinga. Það er til að mynda sjálfsögð krafa gagnvart hæstv. utanríkisráðherra, miðað við þá stöðu sem þá var uppi hér innan lands, að hann hefði reynt að grafast fyrir um það innan þeirra marka sem honum voru möguleg hvað var að baki þeim upplýsingum sem hann fékk. Ég geri ráð fyrir að þær upplýsingar sem hann hafi m.a. fengið í sínar hendur hafi verið staðhæfingar forustumanna þessara tveggja innrásarþjóða um t.d. gereyðingarvopnin. En hæstv. forsætisráðherra hafði ítrekað og mörgum sinnum lýst því yfir í fjölmiðlum og hér á þingi að það ætti að gefa vopnaeftirliti Sameinuðu þjóðanna meiri tíma til þess að grafast fyrir um áreiðanleika slíkra fullyrðinga. Og það verður að koma fram í þessari umræðu að á þeim tíma, um þær mundir sem þessir tveir forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar tóku ákvörðun sína, komu fram fullyrðingar frá vopnaeftirliti Sameinuðu þjóðanna, frá Hans Blix, um að þeir drægju í efa að slík vopn væri þar að finna.

Ég tel þess vegna að það hefði verið eðlilegt að hæstv. forsætisráðherra hefði sinnt rannsóknarskyldu sinni með því að hafa samband við yfirmann vopnaeftirlitsins og ganga úr skugga um afstöðu hans til þess. Ég spyr hæstv. ráðherra að lokum: Hvað olli sinnaskiptum hans gagnvart þessu atriði?

[18:05]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Enn á ný kemur þetta mál til umræðu hér og ekki í fyrsta skipti og mér finnst miður til þess að vita að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hugsa aðallega um fortíðina í þessu máli. Þeir virðast eiga afskaplega erfitt með að horfa til framtíðar og horfa til þess hvað nú er að gerast í Írak og hvernig við getum best stutt við bakið á því fólki sem þar er að berjast fyrir lýðræði og framtíð sinni.

Í þessari umræðu hafa menn fyrst og fremst viljað ræða um aðdraganda þess að Ísland lýsti yfir pólitískum stuðningi við það að koma Saddam Hussein frá völdum og menn hafa talað hér oft og tíðum með þeim hætti að þetta hafi lítið sem ekkert verið rætt á Alþingi. Ég vil minna á að síðast var málið rætt á hv. Alþingi þann 12. mars og ef ég man rétt var fundum Alþingis frestað vegna alþingiskosninga eða slitið þann 14. mars. Það vill svo til að þá var tekin sú ákvörðun í hv. utanríkismálanefnd að tillaga til þingsályktunar frá þingmönnum Vinstri grænna „um að ríkisstjórnin beiti sér gegn áformum um innrás í Írak og að Ísland standi utan við hvers kyns hernaðaraðgerðir gegn Írak" var felld í utanríkismálanefnd eða hún kom ekki til afgreiðslu þingsins, en umræður um málið voru á Alþingi þann sama dag og vil ég vitna í það sem ég sagði m.a. þá sem þáverandi ut-

anríkisráðherra, með leyfi forseta:

„Nú liggur fyrir að meiri hluti þingsins útilokar það ekki að valdi verði beitt í þessum málum. ... En það liggur alveg ljóst fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar að það er ekki hægt að ná friði og friðsamlegri lausn varðandi Írak nema að baki liggi alvarleg hótun. Það er í þessu andrúmslofti sem reyna verður að ná friðsamlegri lausn í þessu máli."

Þetta tókst því miður ekki og það tókst ekki að ná niðurstöðu í öryggisráðinu, fyrst og fremst vegna þess að Frakkland sagði sem svo að þeir mundu beita neitunarvaldi í öllum málum sem þetta varðaði og voru ekki tilbúnir til neins konar málamiðlunar í málinu. Þetta var staða málsins.

Nú liggur ljóst fyrir að í þessari stöðu höfðu bandarísk stjórnvöld samband við Ísland og margar aðrar þjóðir. Við ákváðum að lýsa yfir pólitískum stuðningi í þessu máli sem ég ætla að koma að síðar.

Að morgni þriðjudagsins 18. mars var ríkisstjórnarfundur og þetta mál var fyrsta mál á dagskrá og var rætt á þeim fundi. Sá fundur var undir stjórn minni vegna veikinda þáverandi forsætisráðherra. Þessi fundur varð til þess að ákveðið var að styðja nauðsynlegar aðgerðir undir forustu Bandaríkjanna og Bretlands um að afvopna Saddam Hussein og sendiherra Bandaríkjanna var þá þegar tilkynnt um það.

Það var alveg ljóst að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti ekki aðra ályktun um Íraksmálið. Ég hafði marglýst því yfir að ég vildi sjá að önnur ályktun yrði samþykkt en það tókst því miður ekki.

Í hverju fólst svo stuðningur okkar? Hann fólst fyrst og fremst í því að við styddum það pólitískt að Saddam Hussein væri komið frá. Við studdum það jafnframt að Keflavíkurflugvöllur gæti verið til afnota í þessu sambandi og í þriðja lagi studdum við það að við værum tilbúnir að standa fyrir stuðningi við uppbyggingu í Írak.

Hverjir fleiri studdu þessa hluti, að sumu leyti með sambærilegum hætti en margir ákváðu að senda lið og búnað til þess að aðstoða í þessu máli? Það voru 18 af 26 þjóðum Atlantshafsbandalagsins.

Íslendingar hafa skipað sér nánast alveg frá upphafi Atlantshafsbandalagsins í hóp þeirra þjóða sem eru oft kölluð Atlantshafsríki. Það eru ríki eins og Danmörk, Holland, Spánn, Portúgal og Noregur. Þessi ríki studdu öll þessa tilhögun nema Noregur sem var tvístígandi í málinu. Hins vegar lögðu Norðmenn fram stuðning með margvíslegum hætti og nú hefur Noregur ákveðið að vera í hópi þeirra þjóða sem stendur að þjálfun öryggissveita í Írak.

Með sambærilegum hætti studdum við aðgerðir í Bosníu, í Kosovo, í Rúanda, en í þeim tilvikum tókst ekki að fá niðurstöðu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og sama má segja um Afganistan. Það hefði að mínu mati verið meiri háttar breyting á utanríkispólitískri stefnu Íslands ef við hefðum ekki staðið með þessum þjóðum. Við höfum gert það í gegnum tíðina og þar hafa hinir svokölluðu lýðræðisflokkar á Alþingi staðið í stafni hvort sem utanríkisráðherrar hafa komið frá Alþýðuflokki, sem var forveri Samfylkingarinnar, frá Sjálfstæðisflokki eða Framsóknarflokki. En nú virðist að Samfylkingin hafi ákveðið að yfirgefa þá samstöðu.

Þessi fortíð er margrædd og aðalatriðið er nú: Hvað vilja menn gera? Hv. þm. Össur Skarphéðinsson upplýsti það í fyrsta skipti í þessari umræðu svo ég muni eftir að Samfylkingin styðji það sem nú er að gerast í Írak. Ég vil biðja hann um að leiðrétta mig ef það er ekki rétt. Ég heyrði ekki betur en að hann styðji ályktun 1546, en á grundvelli hennar er nú unnið í Írak, ályktun sem gefur fjölþjóðahernum umboð til að starfa þar, ályktun sem gefur bráðabirgðastjórn Íraks fullt umboð til að vinna að uppbyggingu og sjálfstæði í landinu og ályktun sem gerir ráð fyrir því að kosningar fari fram í landinu helst fyrir árslok en í síðasta lagi í janúar næstkomandi.

Það er mjög mikilvægt að þetta sé alveg ljóst af hálfu Samfylkingarinnar. Nýlega var atkvæðagreiðsla í danska þinginu þar sem voru greidd atkvæði um það hvort danskir hermenn ættu að vera áfram í Írak. Mikill meiri hluti danska þingsins samþykkti það, þar á meðal stjórnarandstaðan, jafnaðarmenn í Danmörku og róttæki vinstri flokkurinn.

Hins vegar er oft látið í það skína að vegna þess að menn styðji ályktun 1546 beri menn jafnframt ábyrgð á því sem er að gerast í Írak þessa dagana, beri ábyrgð á þeim hræðilegu atburðum sem þar eiga sér stað. Við erum að sjálfsögðu enginn beinn þátttakandi í málinu. Við höfum hins vegar lofað því að standa að uppbyggingu, (Gripið fram í.) höfum þegar varið um 200 millj. kr. af 300 millj. til þessa verks og hvert hafa þeir peningar farið? Þeir hafa farið í gegnum Rauða krossinn, þeir hafa farið í gegnum Hjálparstarf kirkjunnar, þeir hafa farið í gegnum Barnaheill og þeir hafa farið í gegnum stofnanir Sameinuðu þjóðanna.

Ég fæ ekki betur séð en að ef tillagan væri samþykkt væri verið að ákveða að hætta þessu. Samfylkingin talar oft um að taka eigi Ísland af einhverjum lista, sem er svo kallaður. Aðalatriðið er sá stuðningur sem við höfum lofað. Innrásinni er lokið, fluginu um Keflavíkurflugvöll er lokið, og ég spyr: Hefði Samfylkingin neitað því ef hún hefði verið í ríkisstjórn? Það hefði verið í fyrsta skipti í utanríkispólitískri sögu Íslands sem slíku hefði verið neitað af hinum svokölluðu lýðræðisflokkum á Íslandi. Eða á að skilja það svo að Samfylkingin hafi algjörlega breytt um stefnu í málinu? Hvert á að beina því? Á að beina því til Sameinuðu þjóðanna eða á að beina því til Bandaríkjastjórnar? Þetta er hreinn skrípaleikur og hefur verið frá upphafi af hálfu stjórnarandstöðunnar. (**Gripið fram í:** ... skrípaleik.)

Auðvitað er þetta mál erfitt pólitískt mál vegna þess að allir vilja leysa mál með friði. (**ÖJ:** Það er ekki rétt.) En það hefur ekki alltaf tekist. Það tókst ekki í Bosníu. Hv. þm. Ögmundur Jónasson sem hér kallar fram í var á móti því að fara í aðgerðir þar. Það tókst ekki í Kosovo. Hann hefur líka verið á móti því. Það tókst ekki í Rúanda og það tókst ekki í Afganistan. Það tókst heldur ekki í seinni heimsstyrjöldinni og það tókst því miður ekki í Írak.

Nú er þessi hrjáða þjóð að berjast fyrir tilveru sinni í baráttu við hryðjuverkamenn, berjast fyrir því að koma þar upp lýðræði með sama hætti og þjóðin í Afganistan er að berjast fyrir því líka — með okkar stuðningi. Ég man vel að hv. þingmenn Vinstri grænna voru algjörlega á móti aðgerðum í Afganistan og mátti skilja á þeim að þeir vildu að talibanar væru þar áfram. (**Gripið fram í:** Útúrsnúningur.) Ég man vel að hv. þingmenn Vinstri grænna voru líka á

móti viðskiptaþvingunum Sameinuðu þjóðanna í Írak (Gripið fram í.) og það mátti ekki beita þeim.

Þetta er eins og oft áður að hv. þingmenn vilja ekki axla ábyrgð í alvarlegum málum, vilja ekki horfast í augu við veruleikann. Það var hins vegar skylda ríkisstjórnar Íslands í þessu máli sem öðrum og við öxluðum þá ábyrgð eins og okkur bar skylda til og fylgir því að gegna því embætti sem við gegnum í ríkisstjórn.

[18:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

„Ja, miklir menn erum við, Hrólfur minn", var einhvern tíma sagt. Það er von að hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson sé stoltur af því að hafa dregið nafn Íslands og orðstír á alþjóðavettvangi í hvert stríðið á fætur öðru með þeim hörmulegu afleiðingum sem það hefur haft.

Hvað alvarlegast í máli forsætisráðherra áðan tel ég vera að hann notar sem afsökun fyrir viðsnúningi sínum í málinu og að hverfa frá yfirlýstri stefnu sinni og íslensku ríkisstjórnarinnar í janúar, febrúar og allt fram til 17. mars 2003, sem var að gefa vopnaeftirlitinu meiri tíma og að það þyrfti nýja ályktun í öryggisráðinu. Forsætisráðherrann notar nú sem afsökun fyrir þessum viðsnúningi að öryggisráðið hafi ekki náð saman um nýja ályktun, með öðrum orðum sambykkir hann að ganga fram hjá því. Þetta er forsætisráðherrann sem ætlar að standa að undirbúningi fyrir framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna næstu árin, forsætisráðherra sem notar sem réttlætingu fyrir sinnaskiptum sínum það að ganga fram hjá stjórnkerfi Sameinuðu þjóðanna og niðurlægja Sameinuðu þjóðirnar og grafa undan þeim.

Reyndar er ákaflega erfitt að átta sig á málflutningi hæstv. ráðherra hvað varðar aðdraganda þessara atburða. Hér talar hann um ríkisstjórnarfund 18. mars en í Kastljóssþætti fyrir skemmstu sagði hæstv. forsætisráðherra að engin ríkisstjórnarsamþykkt hefði verið gerð. Hvað er hið rétta? Ég held að utanríkismálanefnd verði að fá fundargerðir þessa stjórnarfunda.

Varðandi Noreg vil ég mótmæla því að Norðmenn hafi verið eitthvað tvístígandi í málinu. Á fundi Norðurlandaráðs á dögunum bar þetta mál á góma og Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, kom sérstaklega til mín og sagði við mig að Noregur hefði þrátt fyrir mikinn þrýsting frá Bandaríkjamönnum og fleiri NATO-þjóðum staðið það af sér og hann hefði aldrei lýst yfir stuðningi við þessar aðgerðir. Svíþjóð gerði það ekki heldur, Finnland ekki heldur, Þýskaland ekki heldur og Frakkland ekki heldur, þannig að þegar hæstv. ráðherra kemur með bandamannarökin má snúa þeim við og spyrja: Af hverju völdum við ekki að fylgja þeim meiri hluta Norðurlandanna sem ekki studdi þetta ólögmæta árásarstríð.

Herra forseti. Því miður er saga Íraks eða þess landsvæðis sem forðum var kallað „landið milli fljótanna" dapurleg hina síðari áratugi. Bretar bera höfuðábyrgð á því að landið varð til innan nokkurn veginn núverandi landamæra og landið hefur síðan bæði goldið og notið þess að eiga aðrar mestu olíulindir í heimi. Eftir að stjórn heittrúarklerka náði völdum í Íran naut Saddam Hussein, sem af mikilli grimmd hafði sölsað undir sig og Baath-flokk sinn öll völd í Írak, sérstakrar velvildar Vesturlanda, einkum Bandaríkjamanna og Breta. Þeir studdu hann með ráðum og dáð og lögðu honum til fjármuni og vopn í hinu grimmilega stríði milli Írans og Íraks þar sem báðir aðilar gerðu sig seka um alvarlega stríðsglæpi og notuðu þar á meðal efnavopn. Á þeim tíma fór lítið fyrir gagnrýni á framferði Saddams Husseins í Bandaríkjunum og á Bretlandi.

Það var svo aftur eftir innrás Íraka í Kúveit, sem sumir telja reyndar að þeir hafi ráðist í í þeirri trú að Bandaríkjamenn mundu láta það afskiptalaust, sem þeir sneru við blaðinu og Flóabardagi skall á og meira en áratugar langt viðskiptabann sem hæstv. forsætisráðherra minnti réttilega á að við reyndum ítrekað að fá Ísland til að falla frá stuðningi við eða beita sér gegn, viðskiptabann sem kostaði 1–1,5 millj. mannslífa, þar af yfir 500 þús. börn að mati viðurkenndra alþjóðastofnana, viðskiptabann sem var svo grimmilegt í mannúðlegu tilliti að allir helstu yfirmenn mannúðar- og líknarmála á vettvangi af hálfu Sameinuðu þjóðanna sögðu af sér embætti. Yfirmenn með áratuga starfsreynslu þoldu ekki að horfa upp á hörmungarnar sem viðskiptabannið hafði og þær miklu mannfórnir sem það tók og að það hjálpaði Saddam Hussein til að halda völdum. Það er sagan á bak við viðskiptabannið og við skulum rifja hana upp við betra tækifæri, hæstv. forsætisráðherra, þegar ég hef meiri ræðutíma. Ég held að ég kunni þá hluti þokkalega og er ófeiminn til þeirrar umræðu. Það er einhver ljótasti bletturinn á grimmilegri utanríkispólitík Bandaríkjanna á einmitt seinni áratugum, sá ískyggilegi tvískinnungur sem sýndur var m.a. þarna.

Innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak 20. mars 2003 var ólögmætt árásarstríð á upplognum forsendum, það liggur nú fyrir. Engin gereyðingarvopn reyndust í Írak. Engin tengsl hafa fundist milli Íraksstjórnar og al Kaída. Sögur af því að Írakar hafi reynt að kaupa auðgað úran í Afríku reyndust upplognar, röng gögn voru reidd fram í sjálfu öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Sá ágæti maður Colin Powell, nokkurn veginn eini maðurinn sem mark hefur verið á takandi í bandarísku ríkisstjórninni, fer því miður frá embætti með þann blett á bakinu.

Í ljós hefur komið að vopnaeftirlit Sameinuðu þjóðanna skilaði miklum árangri, náði tilgangi sínum, og það var réttmæt beiðni Hans Blix og El Baradei um að fá meiri tíma til að ljúka störfum. Þeir fóru fram á það en því miður féll Ísland frá stuðningi við það þegar Halldór Ásgrímsson sneri við blaðinu eða Davíð Oddsson skipaði honum að gera það og við studdum alveg gagnstæða niðurstöðu.

Það sem tillaga okkar í stjórnarandstöðunni snýst um er aðdragandi þess dæmalausa atburðar að vestur í Washington birtist nafn Íslands á lista yfir hinar vígfúsu eða viljugu þjóðir. Þannig frétta menn af því heima á Íslandi að aðdragandi þessa dæmalausa, ólýðræðislega og ólögmæta atburðar verði upplýstur. Hann var ólögmætur vegna þess að lögboðinni samráðsskyldu við utanríkismálanefnd Alþingis var ekki sinnt. Það er borðleggjandi og við skulum létta trúnaði af fundargerðum utanríkismálanefndar og leggja þau spil á borðið um leið og við fáum tæmandi lista yfir símtöl, samtöl, fundi og orðsendingar sem fóru úr íslenska stjórnarráðinu til Bandaríkjanna eða annarra aðila dagana 17.–20. mars 2003.

Það er auðvitað með öllu ólíðandi að hæstv. ráðherrar, Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson, skuli í fullkominni óþökk þjóðarinnar og án þess að virða lögbundnar leikreglur fara þannig með nafn og orðstír Íslands sem hér hefur verið gert og það er sár á þjóðinni. Menn taka þetta inn á sig. Það er veruleikinn og það eru ekki gamanmál þegar mönnum líður allt í einu illa yfir því hvernig farið hefur verið með nafn og orðstír þjóðar þeirra í heimi annarra þjóða. Þegar íslenskir ríkisborgarar sem sinna hjálparstarfi í þessum heimshluta þurfa að fara í felur með það að þeir séu Íslendingar er ástæða til að hugsa sinn gang en það hafa íslenskir ríkisborgarar sem þarna hafa verið við störf upplýst.

Það er algerlega nauðsynlegt að koma Bandaríkjamönnum og Bretum, innrásarherjunum, út úr Írak og að þar taki við friðargæslulið í nafni Sameinuðu þjóðanna, Arababandalagsins eða annarra slíkra aðila. Þá fyrst verður hægt að hefja þar uppbyggingarstarf sem Ísland (Forseti hringir.) á að sjálfsögðu að taka fullan og myndugan þátt í. En það (Forseti hringir.) er ekki hægt á meðan styrjaldaraðilarnir leika þar enn lausum hala.

[18:29]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Því miður er staða okkar Íslendinga enn þá sú að við höfum ekki verið tekin af lista hinna viljugu og staðföstu. Við erum sem sagt aðilar að ólögmætri innrás og stríðsrekstri sem enn er haldið úti gagnvart íröksku þjóðinni. Við lifum með þeirri hrikalegu staðreynd að 100 þús. Írakar eru þegar fallnir í styrjöldinni og að ekki sér fyrir endann á ógnaröld og manndrápum, því miður. Íslendingar settu það sem skilyrði þegar þeir gengu í NATO að Ísland mundi aldrei taka beinan þátt í hernaðaraðgerðum, aldrei fara með ófriði á hendur öðrum þjóðum. Tvígengið í ríkisstjórninni þverbraut þetta skilyrði og grundvallaratriði í utanríkisstefnu Íslands með því að skipa Íslandi í bandalag hinna staðföstu þjóða sem stóðu að árásinni á Írak.

Forsætisráðherra og utanríkisráðherra tóku þessa afdrifaríku ákvörðun án minnsta samráðs við löggjafarþingið. Það staðfesti hæstv. forsætisráðherra nýlega í Kastljóssþætti þar sem hann sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Það var engin formleg samþykkt gerð um það í ríkisstjórninni“ er hann var spurður sérstaklega um hvernig staðið hefði verið að þeirri ákvörðun.

Því miður ríkir enn þá óöld í Írak og herir hinna staðföstu þjóða fara fram með þeim hætti sem engin þjóð vill kannast við að bera ábyrgð á. Þar eru framin ódæðisverk nánast daglega en forustumenn ríkisstjórnarinnar þverskallast enn við og neita að endurskoða afstöðu sína. Við þingmenn höfum hvað eftir annað bent á virðingarleysi æðstu embættismanna þjóðarinnar, forsætis- og utanríkisráðherra, gagnvart þinginu í þessu máli. Aldrei hefur lýðræðið verið sniðgengið með þeim hætti sem gert var með þátttöku okkar í innrásinni í Írak og það mál eiga stjórnarherrarnir óuppgert við þing og þjóð.

Hæstv. forseti. Við erum nú á síðasta degi fyrir jólaleyfi að ræða tillögu til þingsályktunar um að upplýst verði um forsendur fyrir stuðningi íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak. Tillagan er flutt sameiginlega af okkur forustumönnum stjórnarandstöðunnar. Við förum þess á leit að Alþingi skipi nefnd sjö þingmanna til að rannsaka aðdraganda og ástæður þess að ríkisstjórnin lýsi yfir stuðningi við innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak 20. mars 2003 án nokkurs samráðs við Alþingi, eins og áður hefur komið fram.

Til þess að vinna nefndarinnar verði markviss verður hún að fá aðgang að öll gögnum stjórnvalda, þar með töldum fundargerðum, minnisblöðum og greinargerðum sem varpað gætu ljósi á ferli og ákvarðanatöku málsins.

Forustumenn ríkisstjórnarinnar mega lýðræðisins vegna aldrei komast upp með það að þessi málsmeðferð verði ekki rannsökuð eins og frekast er unnt. Með öðrum þjóðum fer nú víða fram mikil umræða um forsendur og aðdraganda þessarar innrásar enda hefur Kofi Annan lýst því yfir að innrásin væri ekki í samræmi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna. Í flokki forsætisráðherra liggja nú þegar fyrir yfirlýsingar tveggja þingmanna sem báðir hafa gegnt formennsku í þingflokki framsóknarmanna. Fyrrverandi og núverandi þingflokksformaður hafa báðir staðfest að engin ákvörðun að innrásinni hafi verið tekin til umræðu og samþykkt í þingflokki forsætisráðherra. Allt bendir til að ákvarðanatökunni hafi verið stýrt af fyrrverandi forsætisráðherra og að Halldór Ásgrímsson hafi samþykkt málið án samráðs og samþykktar í þingflokki sínum.

Engum kemur á óvart lengur þó að ákvarðanir í Sjálfstæðisflokki séu teknar einhliða af formanni flokksins. Langt virðist í að hilli undir nokkra lýðræðisþróun í Írak eins og málin hafa þróast þar með endalausum bardögum sem leiða til hörmunga og dauðsfalla íbúa landsins þar sem hver borgin á eftir annarri er lögð í rúst og börn og óbreyttir borgarar eru fórnarlömbin eins og sjá má í fréttum nánast daglega, því miður. Það er í raun og veru sorglegt að við skulum eiga aðild að þessum hörmungum sem nú ganga yfir íröksku þjóðina.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja nauðsynlegt að upplýst verði

a. hvort sérstök beiðni hafi borist um þennan stuðning, hver beiðandinn hafi þá verið og að hverjum beiðnin beindist í íslenska stjórnkerfinu;

b. hvaða upplýsingar bárust ríkisstjórninni um forsendur innrásarinnar og hvaðan;

c. hvaða mat var lagt á þær upplýsingar af hálfu sérfræðinga á vegum ríkisstjórnarinnar og hverjir önnuðust það mat;

d. hvernig ákvörðunin var tekin innan ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar;

e. hvers vegna ákveðið var að hafa ekki samráð við Alþingi samkvæmt landslögum, 24. gr. þingskapalaga, og hvaða ráðherra bar ábyrgð á því að það var ekki gert;

f. hvenær var horfið frá þeirri stefnu að gefa bæri vopnaeftirlitsmönnum Sameinuðu þjóðanna meiri tíma til að ljúka störfum og að hernaðaraðgerðir gegn Írak kölluðu á nýja ályktun öryggisráðsins;

g. hvernig ákvörðun ríkisstjórnarinnar var komið á framfæri við umheiminn, hverjum voru send boð um þessa ákvörðun og með hvaða hætti;

h. af hverju sagt var frá ákvörðuninni í Washington en hún ekki kynnt íslensku þjóðinni með fréttatilkynningu, á blaðamannafundi eða eftir öðrum viðurkenndum samskiptaleiðum stjórnvalda og almennings.

Mikilvægt er að mál þetta verði útkljáð sem fyrst svo að Alþingi geti rætt niðurstöður rannsóknarinnar og ákveðið næstu skref sem m.a. kynnu að felast í að kalla þá til ábyrgðar sem teldust hafa vanrækt skyldur sínar í embætti. Því telja flutningsmenn hæfilegt að nefndin ljúki störfum eigi síðar en í byrjun maí árið 2005.

Vonandi ber Alþingi gæfu til þess að samþykkja þessa tillögu svo að ferli málsins og ákvarðanataka stjórnvalda sem ég tel að tekin hafi verið af tveim mönnum, forsætis- og utanríkisráðherra, verði þjóðinni ljós.

Við í Frjálslynda flokknum erum hlynnt því að starfa að uppbyggingar- og friðarstarfi með það að markmiði að koma að störfum og aðstoð til eflingar friði í heiminum. Undan því munum við ekki víkjast.

[18:36]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Þessum furðulegu umræðum um málefni Íraks er nú haldið áfram á Alþingi hér í kvöld. Ég vonast til þess að með þessum umræðum núna verði bundinn endir á endalausar umræður um fortíðina.

Í tillögunni sem hér er til umræðu fara flutningsmenn fram á að Ísland dragi til baka stuðning sinn við innrásina á Írak og taki sig af lista viljugra þjóða, eins og þeir nefna svo. Þá fara þeir fram á rannsókn á ástæðum þess að íslensk stjórnvöld lýstu yfir stuðningi við aðgerðirnar.

Ég vil minna hv. þingmenn á þá ræðu er ég flutti hér á Alþingi þann 16. nóvember sl. og minna á það að utanríkismálanefnd hefur þegar tekið þetta mál fyrir, Íraksmálið, að beiðni hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þannig að málið er þegar til meðferðar í nefndinni. Það hefur verið lagt í töluverða vinnu við að útvega gögn og upplýsingar sem beðið hefur verið um. Þá hafa gestir verið kvaddir fyrir nefndina til að ræða málið. Athugun nefndarinnar er ekki lokið enn þá og því erfitt að ræða einstök efnisatriði Íraksmálsins hérna. En nefndin mun fá þessa tillögu til meðferðar eftir þessa umræðu og væntanlega verða þessi mál skoðuð í samhengi.

Hæstv. forseti. Uppbygging lýðræðis og breyting á stjórnarháttum í Írak er nauðsynleg til að tryggja framtíð írakskra borgara í samfélagi þjóðanna. Endurreisnarstarfið í Írak byggir á ályktun öryggisráðsins, því verður að halda áfram og er langt frá því lokið.

Um ástæður þess að bandamenn ákváðu að ráðast inn í Írak þarf ekki að fjölyrða hér. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hafði gefið Írak tækifæri til að sýna fram á að öllum gereyðingarvopnum hefði verið eytt en Írak virti það að vettugi. Ályktanir Sameinuðu þjóðanna um afvopnun Íraks voru í fullu gildi fyrir innrásina og það mátti öllum vera ljóst að aðgerðum var hótað ef ekki yrði orðið við þeim ályktunum. En Saddam Hussein þráaðist við í áraraðir og varð ekki við ályktunum öryggisráðsins varðandi gereyðingarvopn. Mótstaða hans varð til þess að mjög erfitt var að treysta nokkrum upplýsingum sem frá írökskum stjórnvöldum komu.

Á þessum tíma var einnig ljóst að samstaða mundi ekki nást í öryggisráðinu, m.a. vegna andstöðu Frakklands. Þannig var líklegt að þjáningar írösku þjóðarinnar undir járnhæl Saddams Husseins yrðu enn dregnar á langinn og óvissuástandið fyrir heimsbyggðina alla fór hríðversnandi.

Ég held að allir geti verið sammála um að Sameinuðu þjóðirnar eru rétti vettvangurinn til að taka svo afdrifaríkar ákvarðanir sem hernaðaríhlutun er. (Gripið fram í.) Hins vegar birtust veikleikar stofnunarinnar í sinni verstu mynd þegar þarna var komið sögu. Írak hafði komist upp með að brjóta gegn ályktunum öryggisráðsins í 12 ár (**ÖJ:** ... 40 sinnum.) og þannig gat harðstjórinn gert grín að alþjóðasamfélaginu svo árum skipti. Trúverðugleiki Sameinuðu þjóðanna var í hættu. Öryggisráðið var þarna komið í úlfakreppu og eitthvað varð að gera.

Bandamenn tóku ákvörðun um að beita hernaðaríhlutun í Írak á grundvelli gildandi ályktunar öryggisráðsins nr. 1441. Rökstuddur grunur um að gereyðingarvopn væru til staðar í Írak og að harðstjórinn mundi beita þeim fengi hann tækifæri til þess lá fyrir. Það var mat bandamanna okkar að ekki væri unnt að bíða frekar enda fyriséð að Saddam Hussein mundi aldrei starfa með alþjóðasamfélaginu heldur þvert á móti halda áfram að vera ógn við þjóðir heims.

Hæstv. forseti. Sérstök nefnd sérfræðinga hefur nú skilað Kofi Annan, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, skýrslu um hvernig megi gera samtökin betur í stakk búin til að takast á við þær hættur sem steðja að öryggi þjóða heims. Það er því alveg ljóst að Sameinuðu þjóðirnar gera sér nú grein fyrir að einhverju þarf að breyta til að þau geti náð tilgangi sínum.

Mörgum hv. þingmönnum hefur orðið tíðrætt hér um að ákvörðun íslenskra stjórnvalda í mars 2003 hafi verið eitthvað gölluð. Hæstv. forsætisráðherra, sem var utanríkisráðherra á sínum tíma, hefur gert ítarlega grein fyrir sjónarmiðum sínum og afstöðu, bæði hér í þingsal, á fundum utanríkismálanefndar og opinberlega. Ég tel það vera farsælast að hætta að velta sér stöðugt upp úr ákvörðunum sem teknar voru fyrir hartnær tveimur árum. Núna er einmitt hvað mest áríðandi að horfa fram á veginn, styðja uppbyggingarstarfið í Írak og kanna með hvaða hætti við getum t.d. lagt þeim lið við þróun lýðræðis.

Ég ítreka það hér að löngu áður hafði það komið fram að íslensk stjórnvöld útilokuðu ekki að valdbeiting kæmi til greina gegn Írak með eða án atbeina Sameinuðu þjóðanna. Ég vitna hér beint í ræðu hæstv. utanríkisráðherra Davíðs Oddssonar sem var forsætisráðherra á þessum tíma en hann sagði í stefnuræðu þann 2. október 2002, með leyfi forseta:

„Takist öryggisráðinu ekki að fást við svo hættulega ógn sem þá er stafar frá Íraksstjórn og brölti hennar má ekki útiloka að farnar verði aðrar leiðir."

Hæstv. forseti. Getur þetta verið skýrara um afstöðu íslenskra stjórnvalda? (Gripið fram í.) Málið hafði margsinnis verið rætt fyrir innrásina í Írak og þá lá ljóst fyrir hvert stefndi. Ég hef áður vísað til umræðna í utanríkismálanefnd í febrúar og mars 2003, enn fremur til skýrslu utanríkisráðherra og ræðu fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í febrúar það ár. Það er því algjörlega fráleitt að halda því fram að lýðræðið hafi verið sniðgengið.

Það kom á daginn sem margir höfðu óttast en margir vonað að mundi aldrei gerast, m.a. íslensk stjórnvöld, að öryggisráðinu tókst ekki að fást við þá ógn sem stafaði af Írak, því miður. (Gripið fram í.) Frá stefnuræðu forsætis-

ráðherra varð, eins og ég hef áður greint frá, engin stefnubreyting af hálfu íslenskra stjórnvalda í afstöðu til hættunnar sem stafaði af ógnarstjórninni í Írak.

Hvaða þýðingu hefur svo stuðningur íslenskra stjórnvalda við aðgerðirnar gegn Írak? Ég tel líklegt að þjóðir sem studdu innrásina beri kannski meiri siðferðilega ábyrgð á að leggja uppbyggingarstarfinu lið. Við stöndum við skuldbindingar okkar. Strax eftir innrásina í Írak 2003 ákváðu íslensk stjórnvöld að verja sem svarar um 300 millj. kr. til uppbyggingarstarfsins.

Bráðabirgðastjórnarinnar í Írak bíður erfitt verkefni við að koma á lýðræðislegri stjórnskipun í landinu og fyrirhugað er að halda þingkosningar á næstunni. Til þess þarf bráðabirgðastjórnin í Írak fullan stuðning alþjóðasamfélagsins. Í janúar á næsta ári verða væntanlega haldnar lýðræðislegar þingkosningar í landinu og af fréttum má ráða að mikill áhugi sé á kosningunum en 55 framboðslistum mun hafa verið skilað til yfirkjörstjórnar í Írak. (Forseti hringir.) Fram undan er einnig að leita leiða til að treysta stoðir Sameinuðu þjóðanna, (Forseti hringir.) einkum öryggisráðsins, þannig að það þarf að tryggja að ráðið geti brugðist við (Forseti hringir.) aðsteðjandi ógn með trúverðugum og skilvirkum hætti.

[18:45]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það ber að þakka að þessari umræðu skuli fram haldið í dag, þótt fyrr hefði mátt vera.

Í upphafi máls míns langar mig að víkja að því sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Sólveig Pétursdóttir sagði í upphafi ræðu sinnar þar sem hún frábað sér þessara furðulegu og endalausu umræðna um fortíðina, að mál væri að linni. Og mér varð hugsað sérstaklega til flokksbræðra hennar sem árum saman hafa þjösnast í sama farinu um að allir sem einhvern tíma hafa kennt sig við vinstrimennsku þyrftu að gera upp við sál sína og samvisku eftir fall Berlínarmúrsins. Og þá var horft lengra aftur í tímann en tvö ár, hæstv. forseti, miklu, miklu lengra. Að öðru leyti var ræða hv. formanns utanríkismálanefndar endurtekning á dæmalausum málflutningi úr umræðum um skýrslu utanríkisráðherra fyrr í haust.

Þetta mál snýst í raun, hæstv. forseti, um gangvirki lýðræðisins á Íslandi, um það hvernig staðið er að meiri háttar ákvörðunum og í þessu tilviki meiri háttar utanríkispólitískri ákvörðun, og það er álit stjórnarandstöðunnar að það hafi ekki verið gert með fullnægjandi hætti. Það er kjarni málsins.

Hefði ríkisstjórnin og forustumenn hennar haft einhvern áhuga á að skýra málið til hlítar þá hafa þeir haft alla möguleika á því mánuðum og missirum saman. Það er þessi langa bið þegar þeir móast við sem leiðir mann til þess að hugsa að kannski hafi ekki allt verið sagt í þessu máli, allt sem þarf að segja, kannski hafi ekki allt komið fram sem varðaði ákvarðanatökuna, sem bæði hið háa Alþingi og Íslendingar eiga rétt á að vita sem þegnar í frjálsu ríki og sem kjósendur. Það er að mínu áliti kjarni málsins.

Það er vert að minna á í þessari umræðu að bæði á bandaríska þinginu og því breska, á þingum þeirra tveggja þjóða sem stóðu fyrir innrásinni í Írak, hefur farið fram ítarleg og mikil umræða um þetta mál. Þar þurfti samþykki þinganna. Forseti Bandaríkjanna lýsir ekki einn yfir stríði, það er ekki þannig, herra forseti. Það þarf samþykki vegna þess að þannig er gangvirki lýðræðisins, þannig bera menn ábyrgð í stjórnmálum, þannig axla menn hina pólitísku ábyrgð, hæstv. forseti, en hæstv. forsætisráðherra varð tíðrætt um hér áðan að hann hefði axlað hina pólitísku ábyrgð með þessari ákvörðun.

Þar á bæ mæta ráðamenn, ráðherrar meðal annars, og sitja fyrir svörum í þingnefndum á opnum fundum og þeim ber að sjálfsögðu að svara samkvæmt bestu samvisku og halda engu leyndu. Það má læra ýmislegt af bandamönnum okkar og vinum, Bretum og Bandaríkjamönnum, þó að það þýði ekki að við séum samþykk öllu sem þeir ákveða.

Hæstv. forsætisráðherra ræddi einnig að við værum föst í fortíðinni en það virðist vera viðlagið í þessari umræðu ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar. Hann fór yfir aðdraganda hinnar afdrifaríku ákvörðunar og notaði m.a. tækifærið til að kenna Frökkum um að ekki hefði fengist ný ályktun samþykkt í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og sagði síðan að málið hefði verið rætt á ríkisstjórnarfundi 18. mars 2003.

Mér er ekki kunnugt um, hæstv. forseti, að þetta hafi áður komið fram í umræðunni um Írak. Ég spyr enn og aftur: Hvers vegna hefur ríkisstjórnin ekki notað þau mörgu tækifæri sem hún hefur haft til að skýra málið til hlítar svo að við þurfum ekki að standa hér vikum, mánuðum og árum saman og langt inn í framtíðina — því að ég hygg að við séum tilbúin til þess ef þörf krefur — til að reyna að komast til botns í því hvernig ráðherrarnir tveir hæstvirtir, Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson, komust að þeirri niðurstöðu að þeir gætu skuldbundið íslensku þjóðina til stuðnings við innrás í Írak án þess að ræða það við hv. utanríkismálanefnd, án þess að bera það undir Alþingi Íslendinga, án þess svo mikið sem að tilkynna þjóðinni um það nema með óbeinum hætti? Hvernig er hægt að komast að slíkri niðurstöðu? Og tala svo, hæstv. forseti, um pólitíska ábyrgð, að þeir hafi axlað sínar pólitísku skyldur og pólitísku ábyrgð. Hér er málinu algjörlega snúið á haus.

Þessir ágætu menn hefðu axlað pólitíska ábyrgð hefðu þeir brugðist við þeim óvenjulegu aðstæðum sem uppi voru og kallað til þingið, þó að búið hefði verið að slíta því vegna þingkosninga. Þegar brýn mál eru í húfi sem varða þjóðarhagsmuni, varða þjóðina alla þá ber mönnum að grípa til aðgerða sem duga og finna lausnir sem duga. Það tjóir lítt að hengja sig í einhver formsatriði um það. Formsatriði eiga ekki að þvælast fyrir gangvirki lýðræðisins, hæstv. forseti.

Hæstv. forsætisráðherra talaði í löngu máli um afstöðu Samfylkingarinnar og skilning hans á því að andstaða okkar við innrásina hljóti þar með að þýða að við séum andsnúin uppbyggingunni í Írak, að þar með styðjum við ekki ályktun 1546 frá öryggisráðinu. (Gripið fram í.) Þetta er svo fráleitur málflutningur að það tekur engu tali, hæstv. forseti. (**Utanrrh.:** Þið viljið kalla það til baka.) Við viljum ekki kalla til baka stuðning við ályktun 1546. Hæstv. forsætisráðherra ætti kannski að lesa tillöguna. Við viljum komast til botns í hvernig sú ákvörðun var tekin, herra forseti. Við viljum taka til baka þá ákvörðun að við höfum veitt inn-

rásinni stuðning. En, herra forseti, þegar búið er að kveikja í húsinu þá koma allir til bjargar, það er ekki spurt: Hvernig gerðist þetta? Fyrst er reynt að bjarga mannslífunum og það er ekkert annað en hrein og klár ósvífni af hæstv. forsætisráðherra að halda því fram að Samfylkingin styðji ekki uppbygginguna í Írak.

[18:53]

Jakob Frímann Magnússon:

Hæstv. forseti. Fyrsta ræða sérhvers þingmanns er jafnan nefnd jómfrúrræða. Það er líkingamál, vísbending um að þar standi hreinn og óspjallaður maður sem vilji mæla í fyrsta sinn við þingið og í mínu tilfelli, svo að ég noti myndmálið áfram, er þetta mér erfitt því mér líður hreint ekki eins og jómfrú eða hreinum sveini. Mér líður eins og manni sem hefur flekkast, verið flekkaður, tekið þátt í flekkun, manni sem hefur, svo að ég noti sterkt orðalag, verið þátttakandi í hópnauðgun. Það er ekkert annað en nauðgun að ráðast með valdi inn á aðra þjóð, inn í helgustu vé hennar með grímulausum hætti og seilast eftir auðlindum hennar undir formerkjum sem öllum má vera ljóst að eru fölsk. Ég bið hæstv. utanríkisráðherra, hæstv. forsætisráðherra og hæstv. forseta að leyfa mér að halda áfram á þeim nótum.

Þetta mál snýst að stórum hluta um samvisku okkar sem þjóðar, samvisku okkar sem einstaklinga og ég bið hæstv. forsætisráðherra sérstaklega að taka tillit til þess að fjórir af hverjum fimm Íslendingum þjást vegna þessa í sálu sinni. Þeir óska eftir að hér verði viðurkennd mannleg mistök. Forsendur innrásarinnar voru uppgefnar með þeim hætti að forsendur efndanna þurfa að vera með öðrum hætti en til stóð.

Við teljum okkur vinaþjóð Bandaríkjanna til margra ára. Ég get sagt örstutta sögu af þeirri vinaþjóð sem ég bjó með um árabil. Ég fór í heimsókn til hennar fyrir fjórum missirum um þetta leyti og var þá stöðvaður í hliðinu ásamt sambýliskonu minni fyrir þær sakir einar að hún hafði í fjórðu heimsókn sinni komið upp í nýju tölvukerfi vegna þess að hún hafði dvalið tveimur dögum of lengi í Bandaríkjunum í fyrstu heimsókn sinni. Í annarri og þriðju hafði ekkert komið fram en nýtt og fullkomið tölvukerfi sýndi fram á þetta. Hún átti tvo kosti í stöðunni, og við þar með, að fara beinustu leið í fangelsi með vopnuðum vörðum eða láta vopnaða verði leiða sig beint út í sömu flugvél og við höfðum setið í í sjö klukkustundir og fara beint aftur til Íslands. Það urðum við að gera. 150 þús. kr. farmiði út um gluggann, jólafríið okkar ónýtt. Þegar heim til Íslands var komið voru viðbrögðin hjá vinaþjóðinni í bandaríska sendiráðinu á þann veg að á föstudagsmorgni var sagt: Ja, við getum ekkert litið á þetta núna. Þetta tekur u.þ.b. tvær mínútur að afgreiðast. Komið bara eftir helgi.

Þetta opnaði á vissan hátt augu mín fyrir því að þessi vinaþjóð okkar Íslendinga er ekki sú sama og ég bjó með fyrir 20 árum, hér eru ný viðmið, nýtt viðmót, og þjóð sem á svona þjóð að vini þarf að endurskilgreina með hvaða hætti hún kýs að tengjast henni, umgangast hana og hlýða henni þegar kallið berst. Þegar kallið barst skil ég mætavel að litlum manni í litlu hvítu húsi við Lækjartorg í Reykjavík yrði bilt við að fá kall úr stóru hvítu húsi á Höfuðborgarhæðum í Washington og að hann segi í flýti: Já og amen, við verðum með. Sá maður verður þó aðeins stór þegar hann viðurkennir að forsendurnar voru rangar, upplognar og að það sem á eftir fylgdi varð honum og okkur öllum, sem erum spyrt við þetta með einum eða öðrum hætti, til mikillar skammar, niðurlægingar og viðvarandi hugarangurs.

Það er mikill ábyrgðarhluti, að valda heilli þjóð hugarangri með þeim hætti sem þetta mál hefur gert. Ég tel að við eigum að horfa mjög alvarlega á að slík mannleg mistök í nútímasamfélagi okkar eru viðurkennd af öðrum þjóðarleiðtogum svo langt sem það nær. Tony Blair hefur gengið svo langt að segjast geta viðurkennt mistök sín upp að vissu marki. Ég tel að íslenskir hæstv. ráðherrar eigi að ganga skrefinu lengra og segja: Okkur var sagt ósatt til um þessa hluti. Við getum ekki verið á lista hinna staðföstu og viljugu þjóða við slíkar aðstæður. Við biðjumst forláts og við drögum okkur af þeim lista. Við tökum þátt í hjálpar- og uppbyggingarstarfinu. Með þeim hætti mundu hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra endurreisa nöfn sín og virðingu með þjóð okkar. Ég er sannfærður um að bæði þjóð og þing mundu fyrirgefa hin mannlegu mistök og íslenska þjóðin mundi endurheimta sómakennd sína á alþjóðavettvangi.

[19:00]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þessi umræða hefur að mínu mati verið fróðleg á margan hátt. Þótt tíminn sé ekki langur heyri ég að þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa forðast að ræða ástandið í Írak þegar Saddam Hussein var þar við völd. Þeir mættu kannski draga nokkurn lærdóm af því sem kom fram á síðasta flokksþingi Verkamannaflokksins í Bretlandi þar sem kona frá Kúrdistan fór yfir málið og sýndi fram á hve hræðilegar hörmungar þetta fólk þurfti að ganga í gegnum áður. Það varð til þess að breyta allmikið umræðunni á þingi Verkamannaflokksins í Bretlandi. Ég held að það hefði verið ágætt að formaður Samfylkingarinnar á Íslandi hefði verið viðstaddur flokksþing Verkamannaflokksins hjá systurflokki sínum í Bretlandi. (**ÖS:** Var önnum kafinn ...) Ja, hann var önnum kafinn í stjórnarandstöðu en hann mætti kannski læra heldur meira til að geta tekið þátt með afgerandi hætti í þessari stjórnarandstöðu.

Ég vil hins vegar aðallega beina athyglinni að ályktun 1546, framtíðinni og þeim mismunandi áherslum sem hafa komið fram hjá stjórnarandstöðunni í því máli. Talsmenn Samfylkingarinnar hafa upplýst, sem ég lýsi mikilli ánægju með, að þeir styðji ályktun 1546. Hún fjallar um að Sameinuðu þjóðirnar hafi leiðandi hlutverk og um stuðning við aðgerðir alþjóðaliðsins í Írak. Hún fjallar um alþjóðlega aðstoð og fjallar um að hersetan hafi endað 30. júní 2004. Hún fjallar um komandi kosningar í Írak, um nýja stjórnarskrá o.s.frv.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tók hins vegar skýrt fram að það væri enginn slíkur stuðningur af hálfu Vinstri grænna. Hann sagði að innrásarliðið léki lausum hala í Írak. (**SJS:** Það gerir það.) Það gerir það, segir hv. þingmaður sem kallar hér fram í.

Hvað segja talsmenn Frjálslynda flokksins? Hv. þm.

Magnús Þór Hafsteinsson segir í grein í Morgunblaðinu að bandarískri herinn mæti þeirri andspyrnu sem hann eigi skilið í Írak. Styður hryðjuverkamennina. Hvers konar er þetta eiginlega?

Það er ljóst að stjórnarandstaðan er margklofin í þessu máli en flytur hins vegar sameiginlega tillögu um málið. Samfylkingin styður það sem er að gerast í Írak núna en heldur því hins vegar fram opinberlega að núverandi stjórnarflokkar beri ábyrgð á hörmungum í Írak. Væntanlega ber þá Samfylkingin sömu ábyrgð á hörmungum í Írak í dag, miðað við stuðning þeirra við þessa tillögu. En Vinstri grænir vilja eins og venjulega fara allt öðruvísi í málið. Þeir voru á móti viðskiptabanni og á móti því að fara í málin með þessum hætti (Gripið fram í.) en upplýsa aldrei, í þessu máli frekar en öðrum, hvað hefði átt að gera.

Það er afskaplega þægilegt að hafa þá pólitísku afstöðu í flestum málum að vera á móti því sem gert er. Það er afskaplega þægilegt að geta sagt: Ja, við vorum á móti því að fara inn í Afganistan. Við vorum nú á móti því að fara inn í Bosníu. Við vorum á móti því að taka á málum í Kosovo. Þeir segja aldrei neitt um hvað hefði átt að gera í stöðunni, ekkert um það hvað hefði átt að gera í sambandi við hörmungarnar sem voru í Írak á sínum tíma. (**ÖJ:** Hvort skyldi þetta vera einföldun eða einfeldni?)

Berum við enga ábyrgð í slíkum málum? Getum við setið hjá sem sjálfstæð þjóð í slíkum málum? Ég tel að svo sé ekki. En ég tel, herra forseti, að umræðan hafi skýrt málið. Ég fagna því sérstaklega að Samfylkingin hafi tekið þá afstöðu að styðja það sem nú er að gerast í Írak á grundvelli ályktunar Sameinuðu þjóðanna nr. 1546. Ég tel afar mikilvægt að það hafi komið fram í þessari umræðu og hefur þá myndast meiri samstaða í málinu en ég hélt að væri. En jafnframt hefur komið skýrt fram að Vinstri grænir eru algjörlega á móti þessu og má þá kannski segja að svipuð afstaða sé á Alþingi Íslendinga og er hjá þinginu í Danmörku.

[19:07]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsætisráðherra fagnar því að hér hafi komið fram upplýsingar um afstöðu einstakra flokka.

Nú er það svo að það var hæstv. forsætisráðherra sem ekki fékkst til að koma hingað til umræðunnar sem við höfum efnt til. Það var þess vegna sem umræðunni var frestað. Ef hæstv. forsætisráðherra hefði ekki farið undan í þessu máli eins og reynslan sýnir þá hefði umræðan fyrir löngu farið fram. Hæstv. forsætisráðherra hefði átt að hafa frumkvæði að því, meðan hann var utanríkisráðherra, að ræða þetta hér eða gefa yfirlýsingu og síðan hugsanlega að leggja líka fram ályktun á þinginu um hvernig Íslendingar ættu að beita sér í málinu eftir innrásina, í uppbyggingarfasanum.

Umboð Sameinuðu þjóðanna felur ekki í sér umboð til stríðsglæpa. Umboð Sameinuðu þjóðanna fól ekki í sér að það mætti taka rafmagn og vatn af borginni Falluja og frelsa hana með því að leggja hana í rúst. Umboð Sameinuðu þjóðanna fól það ekki í sér að það ætti að skilja menn eftir í blóði sínu eins og gert var í Falluja og drepa þá eins og bandarískir hermenn gerðu í einstökum tilvikum í Falluja.

Svo ég lýsi aðeins afstöðu minni til þess sem hefur gerst og hvernig mér líður sem þegni og alþingismanni vegna þessa máls þá líður manni skelfilega, eins og hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir lýsti áðan. Það er bara þannig að ég upplifi ábyrgð sem alþingismaður og persónulega ábyrgð á því sem þessir tveir herramenn gerðu. Það er svo einfalt mál.

Mig langar að spyrja hæstv. forsætisráðherra tveggja spurninga. Í fyrsta lagi: Lítur hann svo á að yfirlýsingin sem gefin var af hálfu íslenskra stjórnvalda gagnvart þeim bandarísku og bresku hafi ekki falið í sér stuðning við innrásina? Mér fannst hann segja það. Það er mikilvægt að fá svar við því.

Í öðru lagi upplýsti hæstv. forsætisráðherra að málið hefði verið rætt á ríkisstjórnarfundi 18. mars. Innrásin var 20. mars. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Fengu íslensk stjórnvöld upplýsingar um innrásina tveimur sólarhringum fyrr?

[19:09]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál hefur verið margrætt hér áður. Það liggur ljóst fyrir að Íslendingar, þ.e. við fyrir hönd Íslendinga, tókum afstöðu þann 18. mars. Það hefur áður komið fram og það er ljóst að þessi mál voru rædd í ríkisstjórninni 18. mars.

En út af því sem hv. þingmaður sagði um Sameinuðu þjóðirnar þá hljótum við náttúrlega að harma margt af því sem gerst hefur í Írak. Þar hafa hræðilegir atburðir átt sér stað undanfarið. En það liggur hins vegar ljóst fyrir að bráðabirgðastjórnin í Írak hefur fullt umboð, á grundvelli ályktunar 1546, til að berjast við hryðjuverkamenn og koma á lýðræði í Írak. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr kemur það skýrt fram í þeirri ályktun. Annaðhvort styðja menn það umboð sem Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið eða ekki.

Nú vilja margir hv. þingmenn, t.d. þingmenn Samfylkingarinnar, taka mismunandi afstöðu til Sameinuðu þjóðanna. Til dæmis var ljóst að viðskiptabannið var á grundvelli umboðs Sameinuðu þjóðanna. Það voru Sameinuðu þjóðirnar sem settu á viðskiptabann. Þingmenn Vinstri grænna sættu sig ekki við það eins og ljóst er. Mönnum verður að vera ljóst hvað í þessu felst.

En ég vil aftur fagna því að Samfylkingin styður þessa ályktun Sameinuðu þjóðanna.

[19:11]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eitthvað gruggugt í þessu máli. Þetta er málum blandið. Það er tilfinningin sem lifir eftir þessa umræðu.

Ég spurði hæstv. forsætisráðherra tveggja spurninga og hann kom sér undan því að svara báðum. Ég ætla að endurtaka þær.

Lítur hæstv. forsætisráðherra svo á að sú yfirlýsing sem hann segir nú að hafi verið gefin bandarískum stjórnvöldum 18. mars hafi ekki falið í sér stuðning við innrásina?

Í öðru lagi segir hæstv. forsætisráðherra að það hafi áður komið fram að þessi yfirlýsing hafi verið gefin gagnvart Bandaríkjamönnum 18. mars. Má ég spyrja hæstv. forsætis-

ráðherra hvenær þetta kom áður fram? Má ég líka spyrja hann um það aftur: Fengu íslensk stjórnvöld upplýsingar um að innrásin stæði til tveimur sólarhringum áður en hún hófst? Spurningin er rökrétt því að ella hefði ekki verið hægt að ræða þetta á ríkisstjórnarfundi að morgni 18. mars.

Þetta sýnir að við þurfum að skoða málið betur en ég bíð í ofvæni eftir svörum við báðum þessum spurningum.

[19:12]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið var m.a. rætt í hv. utanríkismálanefnd, ef ég man rétt, 21. mars og farið yfir það. Það lá náttúrlega ljóst fyrir í nokkra daga að innrás var yfirvofandi og Saddam Hussein var gefinn lokafrestur. Við gáfum þessa yfirlýsingu miðað við það, ef til innrásarinnar kæmi.

Auðvitað vonuðust menn eftir því í lengstu lög að ekki kæmi til þess, það liggur ljóst fyrir. Við marglýstum því yfir á Alþingi að auðvitað vildum við að þessi mál leystust með friðsamlegum hætti. Það vildu allir. En því miður varð það ekki.

Hins vegar verður að vera ljóst að ef hótun er sett fram, eins og í þessu tilviki, þá verður að standa eitthvað á bak við hana. Annars er hún einskis virði.

[19:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður notar hæstv. forsætisráðherra ekki ærinn ræðutíma sinn til að fara skipulega og lið fyrir lið yfir atburðarásina þessa afdrifaríku sólarhringa, 17., 18., 19. og 20. mars. Þar er greinilega enn þá eitthvað sem verið er að baksast við að fela með þokukenndum frásagnarstíl eins og við heyrum hér.

Þegar hæstv. forsætisráðherra segir að við forðumst að ræða ástandið í Írak á dögum Saddams Husseins er þá gefið í skyn að 30 ára valdatími hans eða hvað það nú var hafi verið á okkar ábyrgð? Ekki var það ég sem studdi Saddam Hussein með ráðum og dáð og lét hann hafa vopn og peninga í ein 20 ár. Það voru bandamennirnir og vinirnir sem hæstv. forsætisráðherra vill líma sig upp við, Bandaríkjamenn og Bretar, sem gerðu það. Það er ekki á okkar ábyrgð. Ég fór reyndar yfir aðdragandann og rakti svolítið söguna í ræðu minni, að ég held einn manna.

Varðandi ályktun 1546 þá er hún að mínu mati gölluð. Hún var þvinguð í gegn til að gefa ástandinu í Írak yfirbragð lögmætis vegna þess að þar ríkti ólöglegt ástand. Innrásarher hafði í ólöglegu árásarstríði tekið völdin í landinu, hernumið landið. Þessar hörmungaraðstæður horfðust menn í augu við og allir vita að þessi ályktun var í raun þvinguð í gegn til að gefa þessu ástandi yfirbragð einhvers konar lögmætis.

Ég segi að innrásarher leiki lausum hala í landi þegar hann hegðar sér eins og bandarískt herinn gerði í Falluja, her sem fremur á nokkurra mánaða tímabili í tvígang stórfellda stríðsglæpi í stórborg, hann leikur lausum hala. Innrásarher sem pyntar fanga, hann leikur lausum hala.

[19:16]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða staðfestir það að stjórnarandstaðan er algjörlega klofin í málinu þótt hún flytji þessa tillögu saman. Hún talar svo eins og þeir séu einhuga í þessu máli. Þetta átti að vera eina málið sem þeir hefðu komið sér saman um hér á þingi.

Nú segir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að hann styðji ekki ályktun 1546. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Þú sagðir það víst. Þú getur þá leiðrétt það hér (**SJS:** Ég sagði að hún væri gölluð. Reyndu nú einu sinni að hafa rétt ...) á eftir. (**SJS:** Ég sagði að hún væri gölluð.) Hv. þingmaður getur þá komið hér og sagt frá stuðningi sínum við þessa ályktun.

Þetta er náttúrlega alveg með eindæmum. Ef hv. þingmaður styður þessa ályktun, getur hann þá ekki sagt það? Getur hann ekki einhvern tíma skýrt frá því hver sé afstaða þessa flokks hans í einstökum málum? Hann kemur hér skipti eftir skipti í máli eftir máli og segir frá því hvað hann hafi á móti þessu og á móti hinu. Hann setur út á stefnu annarra stjórnmálaflokka en eyðir næstum engum tíma í að gera grein fyrir því hvað hann vill í einstökum málum, t.d. í sambandi við Íraksmálið. Hvað vildi hann gera?

Hann vildi ekki viðskiptaþvinganir. Hann vill ekki styðja samþykktir Sameinuðu þjóðanna að því er varðar viðskiptabann. Ef hann styður ályktun 1546, getur hann þá ekki komið hér og sagt það?

[19:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Maður á ekki að þurfa að eyða naumum ræðutíma sínum í að leiðrétta útúrsnúninga hjá fullheyrandi mönnum. (Gripið fram í.) Ég sagðist telja ályktun 1546 gallaða (**Forsrh.:** Styður þú hana?) og það er mín afstaða til þess máls. (**Gripið fram í:** Styður þú hana?) Ég er sammála þeim sem vildu hafa þá ályktun öðruvísi, sem vildu að Sameinuðu þjóðirnar hefðu forræði á málum í Írak, (**Gripið fram í:** Styður þú hana?) sem vildu (Gripið fram í.) að friðargæsla yrði færð inn í landið á forsendum Sameinuðu þjóðanna, Evrópubandalagsins, Arababandalagsins, Evrópusambandsins eða slíkra aðila. (**Gripið fram í:** Uss, uss!) Það er mín afstaða. Gengur þetta mjög vel? (**Gripið fram í:** Þetta er engin afstaða.) Ætli ég sé nú aleinn um það í heiminum að hafa efasemdir um að ástandið sé mjög gott? Ætli ég sé aleinn um þá afstöðu að þessi ályktun hefði þurft að vera öðruvísi, að Sameinuðu þjóðirnar hefðu þurft að fá forræði málsins (**Gripið fram í:** En styður þú ...?) og að það hefði verið farsælla?

Það er nefnilega þannig að ég hef leyfi til þess að láta ekki Halldór Ásgrímsson stilla mér upp við vegg og þvinga mig til þess að segja já eða nei (Gripið fram í.) við máli af þessu tagi. (Forseti hringir.) Það er nefnilega þannig. Það er heiðarleg afstaða. En framsóknarmenn skilja auðvitað ekki slíkt (Forseti hringir.) sem segja já og amen við öllu sem Bandaríkjamenn troða ofan í hálsinn á þeim.

[19:18]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekkert að stilla hv. þingmanni upp við vegg. Hann er að krefjast afstöðu minnar í þessu máli og ekki bara núna. Ætli þetta sé ekki í fimmtugasta skipti sem talað er um þessi mál á Alþingi eða eitthvað svoleiðis?

Það eru a.m.k. margir tugir funda þar sem þetta mál hefur borið á góma.

En nú kemur hann hér eins og svo oft áður og segir að tillagan sé meingölluð. Hér er náttúrlega um málamiðlun að ræða milli margra þjóða. Það er þannig sem Sameinuðu þjóðirnar starfa. Hann getur ekki komið hér og sagt að hann styðji þessa tillögu. Þá hlýtur hann að vera á móti henni. Þetta er nú ekkert flóknara en það. Er það eitthvað skrýtið að við skulum stundum vilja fá að vita hvað þessi flokkur *hans vill miðað við alla gagnrýnina sem kemur hér upp á* Alþingi dag eftir dag? Það er ekkert undarlegt, hv. þingmaður, að við viljum einstaka sinnum vita hvað þar býr að baki hjá ykkur.

[19:20]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra dró þá ályktun áðan í þessum ræðustól að Frjálslyndi flokkurinn styddi hryðjuverkamenn.

Ég ætla að byrja á því að mótmæla svona framsetningu. Mér finnst hún nokkuð ábyrgðarlaus og stráksleg úr munni manns sem spurði ekki íslensku þjóðina að því hvort hún vildi styðja innrásina í Írak, hvort hún vildi standa að þeim aðgerðum að taka af lífi 100 þúsund manns.

Er það svo, hæstv. forseti, að núverandi forsætisráðherra álíti að þeir 100 þúsund einstaklingar sem látið hafa lífið í Írak séu allir hryðjuverkamenn? Voru börnin, konurnar, mæðurnar og feðurnir í Falluja hryðjuverkamenn? Var allt fólkið sem þar var líflátið hryðjuverkamenn? Er það skoðun hæstv. forsætisráðherra? Það er ekki hægt annað en að draga þá ályktun af orðum hans hér en að hann líti svo á að allir sem hafa fallið í Írak séu hryðjuverkamenn. Við höfum gefið yfirlýsingar um að við værum algjörlega á móti þeim morðum sem framin hafa verið í Írak og styddum þau ekki og teldum að írakskir borgarar ættu rétt á að verja hendur sínar. Það telur hann mjög óeðlilegt, þessi hæstv. forsætisráðherra þjóðarinnar.

Hann leyfir sér að koma hér upp og halda því fram að sá flokkur sem ég er í forustu fyrir (Gripið fram í.) sé sérstaklega hallur undir hryðjuverkamenn. Nei, við erum það ekki. En við virðum rétt fólks til þess að lifa friðsamlegu lífi í eigin landi. Það hefur þú ekki gert, Halldór, því miður.

[19:22]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins fá að vita hvað þessi setning þýðir, með leyfi hæstv. forseta:

„Bandarískt herinn er að mæta þeirri andspyrnu sem hann á skilið í Írak."

*Þetta lið sem er núna í Írak er þar í umboði bráðabirgða*stjórnarinnar og er í umboði Sameinuðu þjóðanna. Hvað meina menn með svona orðalagi? (**ÖJ:** Er þetta bandarískur herforingi eða forsætisráðherra Íslands?) Hvað meina menn með þessum orðum? (**ÖJ:** Er þetta bandarískur herforingi?)

Auðvitað geri ég mér afskaplega vel grein fyrir því að það hafa hræðilegir hlutir gerst í Írak og þar hefur margt saklaust fólk látið lífið. Það gerðust líka hræðilegir hlutir í Írak á tímum Saddams Husseins, pyntingar, morð og nauðganir með skipulegum hætti. (**Gripið fram í:** Er það ekki svipað og núna?) Það er meira en orð fá lýst hvers konar hörmungar hafa gengið yfir þessa þjóð, Íraka. En nú stendur hún í baráttu fyrir sjálfstæði sínu, fyrir framtíð sinni og okkur ber skylda til að aðstoða við það.

Það vill svo til að þar er fjölþjóðlegt herlið sem hefur umboð Sameinuðu þjóðanna. Mér finnst það ekki vera sæmandi að nota slík orð að bandarískt herinn mæti þeirri andspyrnu sem hann eigi skilið í Írak og lái mér hver sem vill.

[19:24]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að svara hæstv. forsætisráðherra með einni einfaldri spurningu. Telur hæstv. forsætisráðherra að hægt sé að afsaka dráp á fólki í Írak undir heraga Bandaríkjamanna með því að vitna til gamallar fortíðar Saddams Husseins? (Gripið fram í.) Telur hæstv. forsætisráðherra að það séu rökin sem forustumaður íslensku þjóðarinnar á að leggja með sér þegar verið er að tala um dráp á fólki, þ.e. að til hafi verið glæpamaður sem hét Saddam Hussein sem drap jafnvel fleira fólk en 100 þúsund manns? (**Gripið fram í:** Og er enn þá?) Eru þetta frambærileg rök (**Gripið fram í:** Hann var ...) hjá forustumanni þjóðarinnar?

[19:25]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að aldrei sé hægt að afsaka dráp á saklausu fólki. Ég hef aldrei gert það. Það er ekki hægt að mæla því bót enda hef ég ekki gert það.

Það er hins vegar því miður þannig að þegar ófriður ríkir þá verða oft þeir sem saklausastir eru fyrir mestu hörmungunum. Það er reynsla í öllum stríðum, því miður. Ég hef aldrei varið það á nokkurn hátt. Þetta eru hins vegar staðreyndir.

En þó að það séu staðreyndir þá hljótum við að óska þeim góðs gengis sem berjast fyrir því að koma á friði og lýðræði í Írak því að þessi þjóð á ekki síður skilið ... (**GAK:** ... sem eftir lifa í landinu, Halldór.) þeir eiga ekkert síður skilið lýðræði (Gripið fram í.) og frið en við sem búum í þessu landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:26]

Útbýting:

Umfang skattsvika á Íslandi, 442. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 664.

Raforkulög, 3. umr.

Stjfrv., 328. mál (gjaldskrár, tekjumörk o.fl.). — Þskj. 654.

[19:27]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er nú ekki hægt að segja annað en að manni sé létt við að geta farið að ræða um þau litlu smálegu vandamál sem við eigum við að glíma hér á Íslandi eftir þá

umræðu sem fór fram hér á undan. Nú erum við að fara að ræða við 3. umr. raforkulög. Hér er á ferðinni svona skyndiplástur á raforkulögin sem voru sett á síðasta þingi. Á þeim hafa komið í ljós ýmsir gallar og viðbætur sem menn telja ástæðu til að nái fram að ganga hér áður en lögin ganga í gildi um áramótin.

Við ræddum þetta mál við ekkert allt of þægilegar aðstæður í nótt. Þá var hæstv. ráðherra þessara mála ekki viðstaddur. En nú ber svo við að hæstv. ráðherra er við umræðuna og þess vegna er ástæða til að ræða kannski að einhverju leyti um aðra hluti en nákvæmlega þá sem felast í þeim breytingum sem hér er verið að gera á lögunum. Þær eru, og ég ætla að endurtaka það, að okkar viti samfylkingarmanna til bóta og ég tel ástæðu til þess að binda við það vonir að sæmilega hafi til tekist með þær breytingar þó að það hafi nú gengið fyrir á undraskömmum tíma að afgreiða það mál og þó urðu verulegar breytingar á þeirri tillögu sem fyrir var lögð í upphafi í nefndinni. Það er sem sagt ástæða samt til þess að hafa varann á hvort allt hafi þar tekist eins og menn ætlast til.

Núna um áramótin sem sagt á þetta nýja umhverfi í raforkugeiranum að taka gildi þegar framleiðsla, flutningur, dreifing og sala á raforku á að fara í einhvers konar viðskiptaumhverfi sem menn ætla að reyna að sveigja að einhverjum skynsamlegum viðskiptaháttum.

Þau eru býsna mörg, spurningarmerkin sem eru í raun og veru uppi um það hvernig þetta allt saman muni nú ganga. Það sem ég hef kvartað undan í mörgum ræðum á hv. Alþingi á undanförnum árum hvað þessi mál varðar er að hér hefur aldrei fengist grundvallarumræða um það að hverju stjórnvöld stefna hvað varðar eignarhald og framtíð þeirra fyrirtækja sem ríkið sjálft ber ábyrgð á í þessum geira. Með allt sem að þessu lýtur er farið sem leyndarmál. Ég ætla að endurtaka það sem ég hef oft áður sagt um það, ég tel ekki vansalaust að ekki skuli vera sá töggur í stjórnvöldum að þau þori að hafa stefnu og leggja hana til umræðu hér á hv. Alþingi, til mats og til þess að sjá hvort sú stefna stenst þá umræðu sem hér á auðvitað að fara fram um slíka stefnumörkun.

Það er líka full ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra um hvað sé að gerast hvað þessi fyrirtæki varðar sem ég nefndi áðan til en þar erum við að tala um fyrirtæki í eigu ríkisins að hluta eða öllu leyti, Landsvirkjun að hálfu, Rarik að öllu leyti og Orkubú Vestfjarða.

Það er ekki langt síðan hæstv. ráðherra kom hér í ræðustól vegna umræðu um þessi málefni og vildi ekkert segja um það hvað væri að gerast. Örfáum dögum eftir þá umræðu komu fréttir af því frá hendi Alfreðs Þorsteinssonar, sem er leiðtogi Framsóknarflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur og ræður kannski miklu um það hvernig Orkuveitan er rekin líka, að samningaviðræður um það að leysa bæjarfélögin Akureyri og Reykjavík út úr Landsvirkjun með samningum um að yfirtaka lífeyrisskuldbindingar væru komnar í biðstöðu eða jafnvel einhvers konar strand. Þegar hann ræddi þessi mál lét hann það með fylgja að það hefði m.a. hangið á spýtunni hjá stjórnvöldum að sameina Landsvirkjun hinum tveimur fyrirtækjunum sem ég nefndi, Orkubúi Vestfjarða og Rarik.

Þetta eru aldeilis fréttir og mál sem býsna mörgum finnst að þeim komi við. Það er ekki lítil ástæða til þess að gerð sé grein fyrir því með hvaða hætti menn ætla að standa að þessum hlutum og færa það í orð líka hvernig menn sjá fyrir sér samkeppnisumhverfið í raforkugeiranum í framtíðinni í ljósi þessara hugmynda sem þarna eru á ferðinni. Ég tel ástæðu til þess að hæstv. ráðherra sýni að hluta til á þau spil sem hún hefur a.m.k. í þessu máli og upplýsi hvort hér séu á ferðinni einhverjar hugmyndir sem séu lítið reifaðar eða hvort það sé stefna stjórnvalda að stefna að því að sameina þessi fyrirtæki og hvaða hag menn sjái sér þá í þeirri stefnu.

Ég veit ekki hvort í kvöld verður hægt að fá fram umræður um þessi efni með þeim hætti sem ég hefði helst kosið. Það er æðimargt sem þarf að ræða í þessu sambandi. Eignarhald Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun var aldrei sjálfsagt mál og eignamyndun þessara tveggja bæjarfélaga í Landsvirkjun vegna nýtingar á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar hlýtur að verða að skoðast þegar menn velta því fyrir sér hvernig eigi að — ég vil helst segja leiðrétta þau mistök sem voru á sínum tíma gerð með því að búa svona til fyrirtækið Landsvirkjun. Það er mín skoðun að önnur sveitarfélög í landinu sem mörg hver, eða fólkið í þeim, hafa byggt upp eignirnar sem eru núna í Rarik og síðan sameiginlegur eignarréttur okkar á þeim auðlindum sem Landsvirkjun hefur verið að nýta séu forsenda fyrir því að það eigi að skoða hvort koma eigi til móts við önnur sveitarfélög í landinu með hlutdeild í þessum fyrirtækjum. Þá á ég sérstaklega við Rarik.

Þetta er auðvitað eitthvað sem þarf að skoða sameiginlega með þeim sem eiga hér hlut að máli og það þarf líka að fara vandlega yfir þessi mál með þeim sveitarfélögum sem eiga mest undir þjónustu þessara fyrirtækja, Orkubús Vestfjarða og Rariks. Ég spyr sem sagt: Hvað er að gerast og hver verður framtíð þessara fyrirtækja að mati hæstv. ráðherra?

Síðan væri auðvitað ástæða til þess að hæstv. ráðherra reyndi að sýna okkur svolítið inn í þá framtíð sem hún sér í þessu samkeppnisumhverfi sem á að verða til í raforkugeiranum. Nú er það niðurstaðan að flýta því um ár að almennir raforkunotendur fái kost á því að velja sér viðskiptaaðila hvað varðar kaup á raforku og spurningarnar verða auðvitað aðkallandi um hvernig þetta viðskiptaumhverfi verður og hvernig menn ætla að taka á þeim vanda sem getur komið upp. Við sjáum á lagatextanum sem bæði var samþykktur núna og var fyrir í þeim lögum sem eru í gildi að með ýmsum hætti er reynt að búa til alls konar skorður, tekjuramma fyrir fyrirtækin sem eiga aðild að þessu öllu saman. Það er reynt að koma í veg fyrir að fyrirtækin geti hagnast óeðlilega, líka að þau geti orðið fyrir töpum en það er ekki neitt ákvæði t.d. sem kemur í veg fyrir það að stjórnlaus samkeppni geti rústað rekstrargrundvöll fyrirtækja þeirra sem framleiða raforku og selja inn á þennan markað.

Ég hef áhyggjur af því og ég tel að full ástæða sé til þess að gefa gaum að því að þetta er ekki venjulegur markaður. Og þó að það hafi tekist að sumu leyti bærilega til með kerfi af þessu tagi í löndunum í kringum okkur er það bara allt annar hlutur. Þar geta menn selt raforkuframleiðslu sína út um víða Evrópu en hér er það ekki fyrir hendi. Ef offramboð verður á raforku, hvort sem það er tímabundið eða

vegna þess að það hafi verið virkjað of mikið eða vegna þess að af einhverjum ástæðum hafi dregið úr nýtingu raforku, geta myndast aðstæður sem ekki er gott að sjá að séu viðráðanlegar.

Ekki hefur verið fengist við þetta vandamál í þeim lögum sem eru í gildi. Mér finnst ástæða til þess að hæstv. ráðherra svari því hér hvort hún telji einhverja hættu þarna á ferðum. Ég vona satt að segja að ég hafi ekki rétt fyrir mér með þessum varnaðarorðum en ég fæ ekki betur séð en að svona liggi í þessu máli öllu saman. Ég tel að það þurfi að leita sem allra fyrst leiða til þess að koma í veg fyrir að upp komi vandamál af því tagi sem ég var að lýsa hérna.

Ég er ekki með tillögu um hvernig eigi að fara að þessu en mér sýnist á öllu að undan því verði ekki komist að sjá til þess að slík samkeppni geti ekki komið upp, einhvers konar hömlur verði hafðar til staðar til að koma í veg fyrir hana.

Hins vegar er kannski ekki hætta á ferðum hvað varðar hámarksverð á raforku, ekki veruleg. Það er þó ljóst að forráðamenn stærstu fyrirtækjanna, annarra en Landsvirkjunar, sem eiga aðild að þessum markaði lýstu því bókstaflega yfir mjög skýrt og ákveðið á fundum með nefndinni að það yrði hækkun á raforkuverðinu, ekki minna en 10% á orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur og ekki minna en 20% á orkuveitusvæði Hitaveitu Suðurnesja. Þetta eru auðvitað ekki góð tíðindi vegna þess að þarna er á ferðinni ekki lítill hluti af almenna raforkumarkaðnum. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún hafi ekki áhyggjur af þessu og hvort hún telji að þessar upplýsingar frá forráðamönnum þessara fyrirtækja séu réttar og að í ráðuneytinu hafi menn farið yfir það hvort þarna sé verið að setja fram eitthvað sem hefur við full rök að styðjast og að við stöndum þá frammi fyrir verulegri hækkun á raforku á öllu suðvestursvæðinu, Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu og reyndar Vesturlandi að töluvert miklu leyti. Ég spyr líka hvernig eigi að bregðast við þessu og hvort það séu einhver ráð til að koma í veg fyrir þessa raforkuhækkun sem virðist eiga að skella yfir okkur strax eftir áramótin.

Hæstv. forseti. Ég hef svo oft haldið ræður af svipuðu tagi yfir hæstv. ráðherra og hef ekki fengið mjög skýr svör um þessa hluti áður. Ég ætla þess vegna ekki að lengja ræðu mína núna meira en hlusta grannt á það sem hæstv. ráðherra hefur fram að færa í þessari umræðu.

[19:43]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður gerir athugasemdir við það að ég skuli ekki hafa talað opinskátt við 1. umr. málsins þegar ég mælti fyrir frumvarpi til raforkulaga vegna þess að í millitíðinni hefur það komið fram að það voru uppi áform sem ég greindi ekki frá þá.

Ástæðan er að sjálfsögðu sú að ef ég hefði gert það hefði ég verið að brjóta trúnað. Mál voru á viðkvæmu stigi á milli eigenda Landsvirkjunar. Ég gat ekki greint frá því að við ættum í viðræðum um þessi mál sem nú eru orðin opinber og varða það að kaupa Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ út úr Landsvirkjun vegna þess að þá hefði ég brotið trúnað við meðeigendur okkar. Ég vil líka segja að ef ég hefði greint frá því að uppi væru áform um það af hálfu ríkisstjórnarinnar eða stjórnarflokkanna að sameina fyrirtæki ríkisins í orkugeiranum hefði ég líka verið að brjóta trúnað vegna þess að ríkið á ekki Landsvirkjun eitt í dag. Svona gerast hlutirnir og nú eru þetta hlutir sem eru opinberir og hv. þingmaður veit af.

Hvað varðar aðra þætti sem hér komu fram hjá hv. þingmanni, t.d. eins og í sambandi við hækkun orkuverðs á suðvesturhorninu, geri ég mér grein fyrir því að það verður einhver hækkun. Það hef ég alltaf vitað vegna þess að við erum að fara út í meiri jöfnun á raforkuverðinu en áður hefur verið, þ.e. jöfnun í flutningskerfinu, en það að það séu 10% annars vegar og 20% hins vegar er ekki hægt að skýra á auðveldan hátt.

[19:45]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er á þeirri skoðun að stjórnvöld hefðu fyrir löngu átt að setja það fram ef þetta var hugmyndin sem hér hefur verið um rætt. Það virðist alla vega ekki vera neitt trúnaðarbeisli á Alfreð Þorsteinssyni, hann gat sagt frá þessu þegar honum hentaði að þær viðræður hefðu verið í gangi. Ég veit ekki betur en hæstv. ráðherra hafi talað þannig að málunum væri ekkert lokið og væru enn þá í umfjöllun en samt hafa þau komist í fréttir með þeim hætti sem hv. þingmenn hafa auðvitað tekið eftir.

Ég gef ekki mikið fyrir trúnað af þessu tagi einfaldlega vegna þess að þetta eru opinberir aðilar. Stór hluti þjóðarinnar á aðild að málinu vegna Reykjavíkurborgar og þjóðin í heild á aðild að málinu vegna eigna ríkisins í Landsvirkjun og í Rarik. Mér finnst því að menn fari stundum of langt í því að halda málefnum leyndum sem við í lýðræðissamfélagi ættum að geta talað um. Mér finnst að það spilli ekki fyrir framgangi mála að hafa einhverja stefnu um að hverju sé stefnt. Það þarf ekkert að leiða nákvæmlega fram með hvaða hætti menn ljúka endanlega samningum eða eitthvað slíkt en það þarf skýrar yfirlýsingar um hvert menn ætla. Ég tel að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn hefði átt að segja frá þessu fyrir löngu að hverju þau vildu stefna þannig að menn gætu rætt það.

[19:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er mjög hissa á hv. þingmanni að tala með þessum hætti, að segjast ekki gefa mikið fyrir trúnað, ég er alveg undrandi. Hvernig á að ná árangri í viðkvæmum samningamálum við meðeigendur í fyrirtæki ef allt er borið á torg? Það vill svo til að ég fer sem iðnaðarráðherra með eign ríkisins í Landsvirkjun, Rarik og Orkubúi Vestfjarða og ég tel það skyldu mína að vinna þannig að málum að ég gæti trúnaðar gagnvart meðeigendum og það hef ég reynt að gera.

Hvernig málið fór í fjölmiðla þegar ekki náðist að ljúka því á síðasta degi nóvembermánaðar eins og hugmyndir voru uppi um veit ég ekkert um. Ég veit ekki til þess að Alfreð Þorsteinsson hafi sagt frá því frekar en einhver annar. Engu að síður er þetta orðið opinbert og þess vegna er ég tilbúin að ræða það núna í stuttu máli. Ég veit að við höfum

ekki tíma til þess að fara djúpt í umræðuna í kvöld en ég hef sagt við hv. þingmann að ég tel mikilvægt að við tökum umræðu eftir jólin um orkumálin og þá höfum við meiri tíma til umræðna.

[19:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég átti við með því að ég gæfi ekki mikið fyrir trúnað af þessu tagi er að þegar verið er að fjalla um sameiginlegar eigur okkar, og ég spyr: Er staða málsins eitthvað verri nú eftir að Alfreð Þorsteinsson er búinn að upplýsa hvað til stóð? Ég átta mig ekki á því. Ég held að það sé miklu skárra að menn viti hvað er á ferðinni og að menn geti þreifað á og fundið fyrir þeim viðbrögðum sem hafa orðið við fréttunum. Ég held að stjórnvöld þurfi stundum að veita þeim upplýsingar sem eiga aðild að málinu með ýmsum hætti, sem þiggjendur þjónustu t.d. af Rarik og Orkubúi Vestfjarða og sem eigendur að Landsvirkjun. Auðvitað eiga menn að vita það ef til stendur að sameina svona fyrirtæki.

Ég hlustaði á Alfreð Þorsteinsson segja frá málinu þannig að það fór a.m.k. ekki fram hjá mér að hann var að upplýsa þjóðina um hvað hafi staðið til og það væri komið uppihald í þær viðræður. Ég sé ekki að ef einhver fótur var fyrir því og vilji, sem reyndar bæði hann og hæstv. ráðherra hafa svo lýst yfir að sé fyrir hendi, að leysa Reykjavíkurborg og Akureyri út úr Landsvirkjun, að það eigi ekki að vera alveg jafnhægt þó að þjóðin viti að það standi til.

Ég held að það sé ágætt fyrir ráðherrann að vita líka af því frá hinum ýmsu aðilum sem áttuðu sig allt í einu á því að sameina ætti þessi fyrirtæki, þó svo að ég geti ekki áttað mig á því að það þurfi endilega að vera hluti af viðræðunum um að leysa Reykjavíkurborg og Akureyri út úr Landsvirkjun.

[19:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er gott að hafa hæstv. iðnaðarráðherra hér til skrafs og ráðagerða við umræðuna en nokkur skaði að hafa ekki meiri tíma þegar loksins gefst færi á því, en þetta verður sjálfsagt ekki í síðasta skiptið sem við ræðum raforkumál. Við erum með í höndunum frumvörp um breytingar á raforkulögum á næstu missirum þannig að það munu sjálfsagt gefast fleiri tækifæri til þess. Þetta er væntanlega fyrsta af mörgum plástursfrumvörpum sem hér munu koma til að reyna að stoppa upp í götin á fyrirkomulaginu, markaðsvæðingu orkugeirans sem við höfum ekki stutt eins og kunnugt er og sjáum ekki að komi til með að hafa mikla nytsemd í för með sér.

Þvert á móti held ég að það verði varla annað sagt en að talsverður vandræðagangur sé á gildistöku kerfisbreytingarinnar um áramótin þegar svo á að heita að fyrsti vísirinn að samkeppni um raforkusölu komi á til stórnotenda. Til marks um það er auðvitað að hér kom frumvarp frá ráðuneytinu um breytingar á lögunum áður en þau áttu að taka gildi og því frumvarpi varð síðan meira og minna að gjörbreyta í iðnaðarnefnd þannig að talsvert eru hlutirnir á floti enn þá.

Þess vegna var það að við hv. þingmenn, ég og Guðjón A. Kristjánsson, fluttum breytingartillögu um að þessu yrði öllu saman frestað um eitt ár. Mér segir svo hugur að ekkert hefði mönnum veitt af þeim tíma en á það féllst meiri hluti Alþingis ekki við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. málsins.

Ég ætla að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. iðnaðarráðherra og ekki hafa um þetta langt mál aðstæðnanna vegna á þessu herrans kvöldi þegar til stendur að ljúka þinghaldinu. Ræða fyrst aðeins þessa hluti sem nú hafa komið fram í dagsljósið, sannarlega nokkuð að óvörum, að á bak við tjöldin hafi verið í gangi hugmyndir um og séu jafnvel enn um að sameina Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Það er að vísu tengt við og hengt á það að í gangi voru þreifingar um viljayfirlýsingu, það er rétt að hafa það í huga, ekkert samkomulag — engan endanlegan gjörning eða enga endanlega ákvörðun — heldur var verið að reyna að ná samkomulagi um viljayfirlýsingu sem fæli í sér ákveðna hluti varðandi mögulega yfirtöku ríkisins á hlut Reykjavíkur og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Mér finnst það vera algerlega sjálfstætt mál. Það þýðir ekki þó að sú eignabreyting yrði í fyrirtækinu Landsvirkjun að þar með sé sjálfkrafa rökrétt að sameina Landsvirkjun, þó að hún væri þá orðin 100% í eigu ríkisins, og Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Það er allt annað mál. Ég verð að segja að ég er gjörsamlega gáttaður þegar ég les rökstuðning hæstv. iðnaðarráðherra fyrir því og tengingu hæstv. ráðherra við þá hugmynd í hið nýja lagaumhverfi raforkuiðnaðarins í landinu, vegna þess að hæstv. ráðherra staðfestir í fyrsta lagi í viðtali við blaðið Bæjarins besta á Ísafirði að stefnt sé að sameiningu þessari og segir síðan að sameiningarhugmyndirnar séu komnar til vegna breytinga sem eru fram undan á sviði raforkumála. Hún segir að ríkið eigi Rarik og Orkubú Vestfjarða að fullu og helminginn í Landsvirkjun og hafi verið að hugsa sér til hreyfings á markaðnum til þess að tryggja að hér verði meiri samkeppni.

Bíðum við, eykur það samkeppni að sameina Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða, þó svo að sveitarfélögin væru farin þar út? Ég óska eftir að hæstv. ráðherra fari yfir það. Ég sé ekki annað en það gangi þvert á hugmyndafræðina að baki uppskiptingu raforkumarkaðarins þannig að þetta verði sjálfstæð fyrirtæki framleiðenda, síðan flutningskerfi og svo dreifiveitur. Hvernig í ósköpunum á það að einfalda málin að taka Landsvirkjun, sem er langstærsti framleiðandi raforku og heildsöluaðili á raforku í landinu og kemur þar af leiðandi líka til með að eiga stóran hluta dreififyrirtækisins Landsnets, að færa í það fyrirtæki helstu dreifiveitur úti um landið og fyrirtæki eins og Orkubú Vestfjarða eða Rarik? Ég get ekki betur séð en að það sé algerlega í gagnstæða átt að grauta þar saman hlutverkum sem hugsunin er að hafa sem mest aðskilin. Er ekki einmitt gæfulegast í þessu að halda Landsvirkjun sem hreinum framleiðanda á raforku sem bjóði í heildsölu framleiðslu sína til einhvers fjölda kaupenda? Er ekki gæfulegra að hugsa sér að frekar fjölgi sæmilega burðugum orkufyrirtækjum í landinu en að þeim fækki?

Ég hefði haldið að þróunin væri í algerlega öfuga átt, t.d. þá að heimaaðilar leystu til sín og tækju við rekstri á bæði framleiðslueiningum og dreifingareiningum á land-

svæðum sínum. Það væri frekar til bóta í þágu samkeppni, en ekki hugmyndir hæstv. ráðherra um að slengja þessu öllu saman og keyra þetta allt saman niður í þrjár einingar. Þá verða í aðalatriðum bara eftir þrjár einingar sem einhverju máli ná í þessum efnum. Hið nýja ríkis- ríkis- ríkisfyrirtæki ráðherrans, Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja. Í staðinn fyrir að nota möguleikana í samræmi við óskir heimamanna, ef menn eru hugsa sér slíkar breytingar á annað borð, að styrkja fremur sæmilega öflug svæðisbundin orkufyrirtæki sem eftir atvikum séu bæði framleiðendur og samkeppnisaðilar að því leyti og svo líka stórir dreifingaraðilar á sínum svæðum. Ég fæ ákaflega lítinn botn í þetta, það verð ég að segja.

Svo er það dálítið á floti hjá hæstv. ráðherra og rifjast þá upp að einhvern tíma ætlaði sami hæstv. ráðherra að flytja Rafmagnsveitur ríkisins norður á Akureyri og höfuðstöðvar þess fyrirtækis. Því var slegið upp í blöðunum og gott ef ráðherrann fékk ekki við sig nokkur sjónvarpsviðtöl (Gripið fram í.) og naut allverulegrar hylli fyrir þetta djarfa framtak að ætla að flytja Rarik með tugum ef ekki hundruðum starfa norður til Akureyrar, en það stóð nú stutt.

Nú er alveg hið gagnstæða uppi á teningunum því að aðspurð í Bæjarins besta á Ísafirði vill hæstv. ráðherra ekki slá því föstu að höfuðstöðvar hins nýja fyrirtækis verði á landsbyggðinni, vill ekki tjá sig um það mál en vísar til þess að hún fari líka með byggðamál og þeir hlutir séu henni hugleiknir og gefur lítið fyrir áhyggjur heimamanna af því að slík sameining og t.d. það að leggja Orkubú Vestfjarða niður sem sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðri stjórnun og höfuðstöðvum á Vestfjörðum sé nokkurt áhyggjuefni fyrir Vestfirðinga.

Mér finnst þetta harla skrýtið, herra forseti, og ég tel, og tek að mörgu leyti undir með hv. síðasta ræðumanni, Jóhanni Ársælssyni, að ef menn eru að tala í alvöru um stórkostlegar landslagsbreytingar í fyrirtækjaheiminum og aðild hins opinbera að þeim rekstri á sama tíma og við erum á Alþingi og í iðnaðarnefnd með þessa hluti í höndunum stórkostlega skrýtið að það sé ekki upplýst, að a.m.k. iðnaðarnefnd Alþingis sé ekki látin fylgjast með hlutum af þessu tagi. Það er dálítið hjákátlegt fyrir iðnaðarnefnd Alþingis að lesa um það í héraðsfréttablöðum að slíkir hlutir séu í gangi á sama tíma og við erum með frumvörp í höndunum sem varða grundvallarskipulag raforkumálanna í landinu. Ég held að hafi menn þurft að hafa á því einhvern trúnað vegna viðræðna veit ég ekki til annars en mönnum hafi verið treystandi fyrir slíku í nefndum þingsins.

Varðandi þá breytingu sem verður nú um áramótin og menn hafa ekki fallist á eða borið gæfu til að fresta vil ég spyrja hæstv. ráðherra um nokkur óútkljáð atriði sem þar eru á ferð og er það þá spurning mín númer tvö á eftir þeirri sem snýr að stóru dráttunum í þessum fyrirtækjaheimi.

Í fyrsta lagi hvernig verður með málefni sem mér vitanlega hafa enn þá út af staðið og varða t.d. raforkuverð eða afslætti til fiskeldisstöðva? Er kominn botn í það mál? Veit hæstv. ráðherra hvort og þá hve mikið rafmagn kemur til með að hækka eða er líklegt til að hækka, t.d. til fiskeldisstöðvanna 1. janúar næstkomandi? Ekki þýðir lengur að vísa í að þetta sé í höndum annarra aðila þegar það er að verða kominn miður desember og þessir hlutir hljóta að þurfa að vera farnir að skýrast. Ég trúi því ekki að menn ætli að renna algerlega blint í sjóinn í þessum efnum.

Í öðru lagi nefni ég málefni garðyrkjunnar. Hefur verið farið yfir hverjar horfurnar eru í þeim efnum og hvort líklegt sé að þeir fjármunir sem settir hafa verið í að greiða niður raforku haldi, sem er liður í aðgerðum til að styrkja samkeppnisstöðu grænmetisframleiðslunnar í landinu og hæstv. landbúnaðarráðherra var með tillögur um á sínum tíma? Má ég þá minna á að tilgangur þeirra aðgerða að fara í sérstakar aðgerðir eða ráðstafanir til að lækka rafmagn til garðyrkju var að ná rafmagnsverðinu á Íslandi niður í það sem það væri til garðyrkjunnar í samkeppnislöndunum. Árangurinn er ekki glæsilegri en sá þegar kemur að verðlagningu raforku til almennra notenda á Íslandi að það þarf sérstakar aðgerðir til að ná henni niður í það sem hún er í Hollandi, Danmörku og öðrum nálægum löndum til kaupenda af tagi garðyrkjunnar. Það er veruleikinn því í skýrslu hæstv. landbúnaðarráðherra Guðna Ágústssonar kom þetta skýrt fram. Þetta var borið saman, kortlagt og ein af tillögum til aðgerða í stuðningi við garðyrkjuna var að ná rafmagnsverðinu niður í það sem væri í samkeppnislöndunum.

Í þriðja lagi varðandi þessar spurningar er verð á rafmagni til húshitunar. Það gengur auðvitað ekki að það liggi ekki skýrt og ljóst fyrir í hvað stefnir með verð á rafhitun húsnæðis. Það er því miður svo að menn hafa haft áhyggjur af því að það gæti jafnvel orðið um að ræða verulega hækkun á raforkuverði til húshitunar og það, ef ég hef skilið þessa hluti rétt, helgast af því að menn hafa haldið niðri eða náð þar niður verðinu með tvíþættum ráðstöfunum, annars vegar niðurgreiðslum eða jöfnunargreiðslum yfir fjárlög og hins vegar hefur Landsvirkjun lagt sitt af mörkum með afsláttum til að ná niður þessum töxtum. Það mun væntanlega hverfa í hinu blinda kerfi sem nú á að taka upp. Hvers er að vænta hvað varðar verðlagningu á rafmagni til húshitunar?

Í fjórða og síðasta lagi hvaða upplýsingar getur hæstv. ráðherra, og þar tek ég í raun og veru undir spurningu sem þegar var borin upp af fyrri ræðumanni, veitt okkur hér og nú um líkurnar á því að um verulegar almennar raforkuverðshækkanir verði að ræða á einhverjum dreifiveitusvæðum 1. janúar næstkomandi?

[20:04]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum hér raforkumálin. Ég vil í upphafi vísa til orða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um afstöðu okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs til þeirra breytinga sem áður voru gerðar á raforkuumhverfinu, umhverfi raforkumála, á síðasta ári og árinu þar áður þar sem stjórnvöld fóru inn á þá fráránlegu leið að ætla að innleiða eitthvert ímyndað samkeppnisumhverfi í raforkuframleiðslu og raforkumálum hér á landi, taka upp eitthvert erlent fyrirkomulag í þeim efnum sem reyndar hafði gefist frekar illa. Við þekkjum dæmin um einkavæðingu og markaðsvæðingu raforkugeirans frá Kaliforníu þar sem það hrundi og ég man að orkumálastjóri Kaliforníu sagði að hryðjuverk væru alvarleg en einkavæðing raforkukerfisins væri enn þá alvarlegri. Sama var síðan í Kanada, Bandaríkjunum, Svíþjóð, Ítalíu, Frakklandi, bara nefndu

það hvar slík einkavæðing raforkugeirans hefur gengið upp, og var það þó á miklu stærra markaðssvæði. (**Gripið fram í:** Var það viðeigandi athugasemd?) Já, ef hv. þingmaður hefur ekki fylgst betur með, þá birtist þetta í viðtali við þennan mann. (**Gripið fram í:** ... um hryðjuverk?) Hann sagði að hryðjuverk væru alvarleg en einkavæðing raforkukerfisins væri enn þá alvarlegri. (Gripið fram í.) Já, en það er í sjálfu sér engin afsökun fyrir eitt slæmt verk þó annað sé líka slæmt. Þessi innleiðing var samt leidd inn hér án þess að nein sérstök þörf væri á því. Vitað var að hægt hefði verið að sækja um undanþágu frá tilskipun Evrópusambandsins í þessum efnum því Ísland er í sjálfu sér ekki á neinu alþjóðlegu markaðssvæði hvað þetta varðar.

Við erum þó komin að því að nú liggur fyrir þinginu fyrsta frumvarpið til þess að breyta og bæta úr þeim mistökum sem gerð voru í frumvarpinu á síðasta vetri og veturinn þar á undan og hér hefur verið gerð grein fyrir. Það eru örfá atriði sem mig langar samt til að spyrja hæstv. ráðherra um. Í fyrsta lagi um svokallaða samráðsnefnd sem átti að vera búið að skipa samkvæmt lögunum. Ef litið er á bráðabirgðaákvæði VI við lögin þá stendur þar, með leyfi forseta:

„Frá gildistöku laga þessara til loka ársins 2009 skal starfa samráðsnefnd um framkvæmd laganna. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að fylgjast með og stuðla að greiðri framkvæmd laganna og virkum skoðanaskiptum þeirra sem lögin varða helst. Nefndin skal skipuð af iðnaðarráðherra og í henni skulu sitja tíu fulltrúar.“ — Eftir breytingarnar á síðasta vetri. — „Þrír skulu kosnir af Alþingi. Orkustofnun, Samtök atvinnulífsins, Neytendasamtökin og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu tilnefna einn fulltrúa hver. Samorka skal tilnefna tvo fulltrúa en einn nefndarmanna skal skipaður án tilnefningar ?“

Hlutverk þessarar nefndar er svo áréttað í nefndaráliti frá síðastliðnu vori þegar lögin voru endurskoðuð og uppskiptin í Landsnet og annað því um líkt var samþykkt. En nefndin á samkvæmt þessu erindisbréfi að fylgjast með framkvæmd laganna og er ærin ástæða til. Ég hef hvorki orðið var við að þessi nefnd hafi verið skipuð né þaðan af síður að hún sé tekin til starfa, en hlutverk hennar virðist mér einmitt hafa verið að fylgjast með og gera tillögur um þau mál sem við erum m.a. að ræða um hér og fleiri. Ég óska því eftir að heyra frá hæstv. ráðherra hvað líður skipan þessarar nefndar og störfum hennar.

Einnig var kveðið á um í lögunum að skipa ætti nefnd fulltrúa hagsmunaaðila og þingflokka sem falin væri endurskoðun laga þessara, laganna sem sett voru í fyrra og hittiðfyrra. Endurskoðuninni skal lokið fyrir 31. desember 2010 en nú er þegar hafin endurskoðun á þessum lögum því hvað er það annað en endurskoðun á þeim að bæta í götin og það frumvarp sem hér liggur fyrir? Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Er meiningin að fara í endurskoðun og endurbætur á lögunum í bútum en fara fram hjá þeim ákvæðum laganna þar sem kveðið er á um að skipa skuli nefnd fulltrúa hagsmunaaðila og þingflokka sem falin verði endurskoðun laganna? Að mínu viti ætti sú nefnd einmitt að hafa verið að fjalla um þær breytingar á lögunum sem við erum að leggja fram. Eða geta menn farið í endurskoðun á lögunum í bútum, kollvarpað lögunum án þess að skipa þessa nefnd?

Þá vil ég koma að því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minntist aðeins á áðan en það er uppstokkunin á raforkugeiranum, sameining orkufyrirtækja hins opinbera eða uppstokkun þeirra að öðru leyti. Ég get ekki fallist á þá skýringu hæstv. ráðherra að meðhöndlun þessara mála sé eitthvert leyndarmál, meðhöndlun á Landsvirkjun sem er algerlega í opinberri eigu, Rarik sem er algerlega í opinberri eigu og Orkubúi Vestfjarða sem er algerlega í opinberri eigu, að framtíð verkefna og staða þessara fyrirtækja sé eitthvert leyndarmál gagnvart þjóðinni. Þjóðin á þessi fyrirtæki og enginn annar. Þó að Landsvirkjun sé í eigu ríkisins að hálfu og Reykjavíkurborgar og Akureyrar að hluta þá er það samt þjóðin sem á það fyrirtæki og á ekki að vera neitt sérstakt leyndarmál í því, síður en svo. Hún ætti einmitt að fá að taka mjög virkan þátt í ákvörðunum um hvernig fara eigi með þessi fyrirtæki ef nauðsynlegt er að breyta þeim eða skipta þeim upp. Einhver ástæða er til þess að rokið er til og Vestfirðingar halda fund og óttast um stöðu orkubúsins, en í ritstjórnargrein sem var í blaði þeirra Vestfirðinga stendur, með leyfi forseta, undir fyrirsögninni Uppvakningur iðnaðarráðherra:

„Sameining Landsvirkjunar, Rarik, og Orkubús Vestfjarða er aftur komin á kreik. Mátti þó ætla að sá draugur hefði verið kveðinn niður með fyrri tíma samkomulagi við „stjórnvöld ? “ — Ég ætla nú ekki að vitna hér í ummæli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar í blaðinu um það hvernig stjórnvöld standi við gerða samninga, það hefði verið nær að taka þessi mál upp á Alþingi, en í þessari ritstjórnargrein stendur, með leyfi forseta:

„Þráhyggju iðnaðarráðherra má ef til vill rekja til orða Alfreðs Þorsteinssonar, stjórnarformanns Orkuveitu Reykjavíkur, í Mbl. s.l. fimmtudag, en þá var hlaupin snurða á þráð fremur leynilegra viðræðna um kaup ríkisins á hlut Reykjavíkur og Akureyrar í Landsvirkjun, en þar sagði hann m.a.: „Menn eru að velta fyrir sér hver verði staðan á raforkumarkaðnum, ef það gengur eftir sem ríkið var að biðja okkur (OR) um, þ.e. að gera ekki athugasemdir við að Orkubú Vestfjarða og Rarik gengju inn í Landsvirkjun.“ Síðar segir í viðtalinu: „Hann (Alfreð) segir það skiljanlegt að ríkið vilji að Rarik og Orkubú Vestfjarða fari inn í Landsvirkjun til að bæta eiginfjárstöðuna. Hún sé slök um þessar mundir vegna Kárahnjúkavirkjunar og 10 milljarðar króna í eigið fé mundu bæta stöðu Landsvirkjunar verulega.“

Síðan eru rakin þarna enn þá frekar ummæli Alfreðs Þorsteinssonar.

Það eru fleiri sem hafa áhuga á að fylgjast með því hvað er að gerast í þessum málum. Stjórnarmenn í Norðurorku og í Skagafjarðarveitum héldu einmitt fund á Akureyri núna í vikunni í tilefni þeirra frétta að verið væri að fara á bak við þá í væntanlegum hugmyndum um fyrirkomulag á þessum fyrirtækjum, Rarik, Landsvirkjun og Orkubúi Vestfjarða. Þeir töldu sér líka málið skylt. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er þarna á döfinni? Kemur til greina, sem mér finnst eðlilegast, að verða við óskum þeirra? Norðurorka hefur áhuga á að ræða um að fá þau verkefni sem Rarik er með á þeirra svæði til sín ef ætlunin er að breyta þarna til. Skagafjarðarveitur hafa áhuga á að fá

verkefni Rarik í Skagafirði og á því svæði til sín, enda er sú raunin að þau byggðarlög sem eiga orkuveitur standa miklu betur að vígi til að takast á við uppbyggingu atvinnulífs en þau byggðarlög sem enga orkuveitu hafa til að njóta stuðnings af. Eðlilega vilja þessir aðilar bæði fylgjast með því sem er að gerast og einnig að fá að hafa áhrif á það sem er að koma.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra: Væri kannski skynsamlegast, eða er ráðherra reiðubúinn að skoða með heimamönnum vítt og breitt um landið hvort ekki sé eðlilegt að skipta þessum fyrirtækjum upp, ef út í það á að fara, og búa til eins konar héraðsveitur eins og Skagafjarðarveitur og Norðurorka hafa verið að fara fram á, eins og Orkubú Vestfjarða er nú? Mér finnst það koma vel til greina, en hins vegar sé farið mjög aftan að hlutunum ef ráðherra upp á sitt einsdæmi, bak við skrifborð eða bak við luktar dyr er að ráðslagast um fyrirkomulag eða framtíð raforkudreifikerfis og raforkuframleiðslu landsins sem hið opinbera nú á. Mér finnst það ekki rétt.

Ég held því að mjög mikilvægt sé bæði að upplýsa á hvaða stig málið er komið af hálfu hæstv. ráðherra og einnig hver hugur ráðherrans er til að þessi mál, þ.e. staða veitnanna og framtíð þeirra, verði tekin á breiðari grundvelli. Og að málin verði metin í samráði við heimamenn á viðkomandi svæðum og leitað að kostum, ef breyta á þarna til, sem gætu orðið sem hagkvæmastir fyrir íbúana hvort sem þeir eru á Vestfjörðum, í Húnavatns- eða Skagafjarðarsýslum eða um Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur eða annars staðar. Mér finnst nauðsynlegt að þetta komi inn í umræðuna núna.

Hæstv. ráðherra hefur sjálfsagt fengið í hendur ályktun sem samþykkt var bæði af Skagfirðingum og Akureyringum, en þar segir, með leyfi forseta:

„Lýst er yfir áhyggjum vegna sameiningarhugmynda, slíkt sé í andstöðu við vilja landsbyggðar. Forsvarsmenn norðlensku orkufyrirtækjanna vilja að veitufyrirtækjum og sveitarfélögum sem eru á dreifiveitusvæðum Rariks og Orkubús Vestfjarða tækifæri til að yfirtaka reksturinn og efla og styrkja á þann hátt starf þeirra og koma þessari starfsemi úr ríkisrekstri.

Stjórnvöld eru hvött til þess að leita leiða til að heimaaðilar geti tekið við hlutverki Rariks og Orkubúi Vestfjarða í stað þess að sameina þau Landsvirkjun."

Þetta segir í ályktun frá Skagafjarðarveitum og Norðurorku.

Mér finnst að skilyrðislaust eigi að taka upp viðræður við sveitarfélögin, sérstaklega á þeim svæðum þar sem eru staðbundnar orkuveitur sem geta hæglega tekið að sér þessi hlutverk, þ.e. verkefni þessa ríkisfyrirtækis og kanna hvort styrkja megi þau á heimavelli.

Frú forseti. Það væri ástæða til að ræða þessi mál nokkuð frekar en tímans vegna læt ég þessu lokið að sinni. En það er fyllilega ástæða til að taka upp á Alþingi ítarlega umræðu um stöðu raforkumálanna, þeirra orkufyrirtækja sem ríkið á og hefur byggt upp, ásamt svo líka þeim fyrirtækjum sem einstök sveitarfélög eiga, eins og t.d. Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja. En Rarik, Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða, staða þeirra, framtíð og verkefni á ekki að vera neitt pukursmál. Þetta er mál okkar allra og ekki síst íbúanna á viðkomandi svæðum þar sem þjónusta þeirra og verkefni eru, og því mikilvægt að öll sú umræða komi hér upp á borðið og að hæstv. ráðherra veiti okkur upplýsingar um hvernig málið stendur nú og hvernig við getum síðan tekið á því áfram þannig að íbúarnir geti átt eðlilega hlutdeild að umræðunni.

[20:19]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég varð þeirrar ánægju aðnjótandi að sitja nokkra fundi í iðnaðarnefnd fyrir fáeinum dögum þar sem rætt var um breytinguna á raforkulögunum sem við erum að fjalla um nú. Þar upplifði ég að frumvarpinu sem hafði verið lagt fram til breytinga á raforkulögunum var nánast öllu gjörbreytt og komið var með tillögur hér inn í þingið sem lagfærðu það að mörgu leyti, að því er mér fannst, þótt ég hafi komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að taka sér lengri tíma til að láta breytingarnar taka gildi.

Hæstv. forseti. Þetta er samt ekki það sem ég ætla að gera að meginefni í ræðu minni, sem verður ekki mjög löng. En ég ætla að beina nokkrum spurningum til hæstv. iðnaðarráðherra sem varða aðallega fréttir sem borist hafa að undanförnu. Þær hafa þó ekki verið kynntar í iðnaðarnefndinni svo mér sé kunnugt um, eða a.m.k. var ég ekki upplýstur um á þessum fundum að til stæði af hálfu stjórnvalda, því að væntanlega er hæstv. iðnaðarráðherra að vinna með samþykki ríkisstjórnarinnar að því sem sagt er frá í blaðinu Bæjarins besta, að sameina Orkubú Vestfjarða, Rarik og Landsvirkjun.

Ég sé hér í blaðinu, hæstv. forseti, að þetta kemur ýmsum framsóknarmönnum verulega á óvart, m.a. Guðna Geir Jóhannessyni, sem er formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar. Ég sé einnig að bæjarráð hefur brugðist þannig við að óskað hefur verið eftir og samþykkt að bæjarstjórnin fæli bæjarstjóra og formanni bæjarráðs að fara á fund forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar og fylgja hagsmunum Ísafjarðarbæjar eftir í málinu því menn óttast eðlilega, miðað við reynsluna, að til standi að færa störf frá Vestfjörðum, og er nú eigi á bætandi á því svæði. Og ég sé það haft eftir framsóknarmanninum Guðna Geir að honum kemur málsmeðferðin öll mjög á óvart og vitnar þar m.a. til þess að nýlega hafi allt annað verið samþykkt á vegum Framsóknarflokksins varðandi stefnumótun fyrir norðvestursvæðið, í sérstakri áætlun sem hæstv. forsætisráðherra hafði beitt sér fyrir. Guðni Geir Jóhannesson telur að það sem haft er eftir hæstv. iðnaðarráðherra í blaðinu sé algjörlega á skjön við þá stefnumótun sem flokkurinn í Norðvesturkjördæmi hafi nýlega tekið um hvernig mætti efla orkufyrirtækin á Norðvesturlandi.

Ég sé einnig, hæstv. forseti, í þessu blaði að haft er eftir hæstv. iðnaðarráðherra að menn í stjórnsýslunni hafi talsverðan áhuga á að reyna að færa störf út á landsbyggðina. Við vitum að það hefur gengið mjög misjafnlega á undanförnum árum, því miður, þó vissulega hafi störfum sums staðar fjölgað, sérstaklega á Eyjafjarðarsvæðinu. Það er einnig haft hér eftir hæstv. iðnaðarráðherra að við sameiningu í nýju fyrirtæki verði að hafa ofarlega í huga að mikilvægt sé að rekstrarþáttum á landsbyggðinni sé haldið þar

eftir og sameining geti þá leitt til að einhverjum störfum verði haldið eftir á Vestfjörðum.

Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að það sem hér birtist kemur manni verulega á óvart og ekki bara þeim sem hér stendur, heldur einnig framsóknarmönnum sem talað er við, m.a. hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Í blaðinu upplýsir hann að þær hugmyndir sem iðnaðarráðherra hafi verið að kynna um fyrirhugað sameiningarferli hefðu aldrei verið kynntar í þingflokki framsóknarmanna.

Ég undrast því hvernig þessi mál ber að, virðulegi forseti, ef það er svo að virkir framsóknarmenn í Norðvesturkjördæmi hafa ekki hugmynd um á hvaða vegferð hæstv. ráðherra er í málinu. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða svör fengu bæjarstjórnarmenn þegar þeir gengu á fund ráðherrans um framtíð Orkubús Vestfjarða á Vestfjörðum eða það sameiningaferli sem hæstv. forsætisráðherra var að beita sér fyrir sem stefnumótun fyrir Framsóknarflokkinn í Norðvesturkjördæmi að því er varðar orkufyrirtæki í norðvesturhlutanum? Er það svo að svör ráðherranna séu í allt aðra veru en allar stefnumótanir í byggðamálum hafa lotið að á því landsvæði? Eru þær alls ekki í neinni virkni og stefna menn til allt annarra hluta?

Það væri ákaflega fróðlegt að vita í þessari umræðu um raforkumál, þegar verið er að taka upp svokallaða „virka samkeppni" á raforkumarkaðnum, hvort það sem hér er haft eftir hæstv. ráðherra sé í farvatninu. Ég segi það alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég átta mig ekki alveg á hvernig menn efla samkeppni á raforkumarkaðnum með því að sameina mörg orkufyrirtæki. Og þar sem hér er m.a. verið að leggja upp með og opna fyrir aukna samkeppni á raforkumarkaðnum, þá hefði ég gjarnan viljað að hæstv. ráðherra skýrði okkur frá í ræðu sinni á eftir með hvaða hætti hún telur að samkeppni á raforkumarkaði aukist með slíkri sameiningu. Og einnig hvort það sem hér er stefnt að og virðist koma bæjarstjórnarmönnum á Ísafirði svo mikið á óvart, samræmist stefnumótum ríkisstjórnarinnar í byggðamálum eða samþykktum Framsóknarflokksins um hana, og því sem haft var eftir hæstv. forsætisráðherra á síðasta vetri, minnir mig, að sérstaklega þyrfti að líta til norðvesturhornsins í atvinnumálum og byggðamálum með tilliti til hvað væri að gerast annars staðar á landsbyggðinni og hvort slíkt falli undir að efla atvinnu, byggð og fyrirtækjarekstur í Norðvesturkjördæminu. Okkur Vestfirðingum hefur þótt mikill akkur í að halda Orkubúinu á Vestfjörðum og hafa höfuðstöðvar þess þar og værum auðvitað ekki á móti því að svæði Orkubúsins yrði stækkað. Við höfum litið svo á að Orkubúið væri einn þeirra máttarstólpa sem gætu eflt iðnað og ný atvinnutækifæri á Vestfjörðum og verið þar bakhjarl og hefði einnig frumkvæði að því að nýta orkumöguleika sem þar eru fyrir hendi.

Ef það gerist sem hér er boðað þá óttast ég mjög að farið verði algjörlega í hina áttina, að tekin verði frá okkur störf, tekin frá okkur áhrif og möguleikar svæðisins veiktir. Þess vegna óska ég sérstaklega eftir því áður en að þessari umræðu lýkur að hæstv. iðnaðarráðherra fari um það nokkrum orðum hvernig hún sjái það fyrir sér að með breytingum á raforkumarkaðinum og raforkuframleiðslufyrirtækjunum, eins og hér hefur verið lýst í þessu ágæta blaði, Bæjarins besta, stefnum við til þess að efla þetta landsvæði en ekki veikja það því auðvitað er full þörf á að efla þetta landsvæði með tilliti til þess hvernig verk standa annars staðar í landinu og hvernig það sem menn hafa kallað þenslu er e.t.v. til staðar annars staðar á landinu. En ég verð að viðurkenna það, hæstv. forseti, að ég hef ákaflega lítið orðið var við þenslu í Norðvesturkjördæminu.

[20:31]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í umræðu um þetta mál hefur komið fram það sjónarmið og reyndar verið flutt um það tillaga að rétt sé að fresta opnun raforkumarkaðar til 1. janúar 2006. Fyrir þessu hafa verið færð þau rök að undirbúningur sé ekki nægilega langt á veg kominn, til að mynda hafi reglugerðir sem nauðsynlegar eru ekki verið gefnar út, raforkufyrirtækin séu því ekki tilbúin fyrir opnun markaðarins.

Um þetta vil ég segja að undirbúningur að setningu reglugerða vegna opnunar raforkumarkaðarins hófst í júní síðastliðnum. Raforkufyrirtækin áttu fulltrúa í starfshópum sem fjölluðu um reglugerðardrögin. Auk þess hafa hagsmunaaðilar fengið drögin til umsagnar í tvígang á mismunandi stigum undirbúnings. Því er langur vegur frá því að raforkufyrirtækin hafi ekki upplýsingar um það hvað taki við um áramót.

Það má líka minna á að fyrirtækin hafa haft allmörg ár til þess að undirbúa opnun markaðarins. Fyrir liggur að sum raforkufyrirtækin hafa talið að það reyndist tæknilega örðugt að sundurliða á raforkureikningi hvernig verðmyndun raforku er, þ.e. að sérgreina kostnað vegna flutnings, dreifingar og orkukaupa. Þess vegna hef ég ákveðið að verða við óskum þeirra um að fresta þessum þætti til 1. janúar 2006. Þetta ætti að auðvelda fyrirtækjunum að takast á við hið nýja umhverfi.

Ég vil líka benda á að frestun á fyrirhugaðri opnun raforkumarkaðarins núna um áramótin væri mjög ósanngjörn gagnvart þeim sem hafa allt frá samþykkt raforkulaganna í mars 2003 haft lögmætar væntingar um að geta valið sér raforkusala nú um áramótin. Ég veit til þess að smærri iðnfyrirtæki hafa mörg hver búið sig undir þessar breytingar. Ég tel því algjörlega ótækt gagnvart þeim fyrirtækjum og reyndar alveg óþarft að fresta þeim hluta opnunar raforkumarkaðarins sem fram undan er núna um áramótin.

Önnur atriði sem hér hafa komið fram í umræðunni vil ég nefna. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talar um vandræðagang í þessu sambandi. Ég er ekki viðkvæm fyrir því að það orð sé notað um þetta mál. Ég bara endurtek það sem ég hef oft sagt úr þessum ræðustóli áður, að þetta er gríðarlega umfangsmikil breyting og það verður alveg örugglega þannig að næsta ár verður eins konar tilraunaár á þessu sviði. Ég ætla a.m.k. ekki að hafa uppi um það yfirlýsingar hér nú að það eigi ekki eftir að koma fram fleiri frumvörp sem gætu hugsanlega verið nauðsynleg til að bregðast við einhverju sem kann að koma í ljós þegar þetta er komið í framkvæmd.

Hv. þingmanni þótti einkennilegt að það yki samkeppni að sameina fyrirtæki ríkisins í orkugeiranum. Það er rétt eftir haft að ég hef talað um að það sé þannig og ég trúi því vegna þess að þau fyrirtæki sem ríkið á í þessum geira eru hvert á sínu sviðinu ef svo má að orði komast eins og allir

þekkja. Landsvirkjun er í framleiðslunni. Hin fyrirtækin tvö, Rarik og Orkubúið, eru í dreifingu og sölu. Vegna þess að lögin kveða á um aðskilnað í rekstri þá er ekki um það að ræða að við séum að minnka samkeppni með sameiningu þessara fyrirtækja. Það er fyrst og fremst um það að ræða að þetta nýja fyrirtæki komi til með að keppa við hin fyrirtækin tvö. Ég held því fram að þetta sé skynsamleg aðgerð miðað við aðstæður líka vegna þess að þegar þessi samkeppni er tekin upp og fyrirtækin fara að einbeita sér meira að skilvirkum rekstri þá mun það þýða ákveðna hagræðingu innan fyrirtækjanna allra. Ég held að það sé bara full þörf á því. Og ég er einmitt með byggðamálin í huga. Þau eru mér alltaf ofarlega í huga í öllum aðgerðum sem ég gríp til eða legg til að gripið verði til. Ég er alltaf með það í huga að landsbyggðin komi ekki illa út úr breytingum sem ég ber ábyrgð á. Ég held því fram að sóknarfæri felist í því að sameina þessi fyrirtæki og endurskipuleggja reksturinn með það í huga að drjúgur þáttur rekstursins verði á landsbyggðinni. Ég vil minna á að þegar ríkið keypti Orkubú Vestfjarða var um það að ræða að það yrði sameinað öðrum fyrirtækjum í eigu ríkisins síðar meir þó ekki hafi verið tekin nein ákvörðun um það á því stigi. En það var alla vega gerð bókun þar sem það kemur fram að verði um það að ræða í nýju raforkuumhverfi að Orkubú Vestfjarða verði sameinað öðru fyrirtæki þá verði þess gætt að störf verði áfram á Vestfjörðum. Það er ekki kveðið sterkar á um það en þetta en ég met það engu að síður svo að það hafi verið opið eða að opnað hafi verið á það þegar þessi viðskipti áttu sér stað og að allir hafi gert sér grein fyrir því þá þegar að að þessu gæti komið.

Ég hef orðið vör við að ákveðnir þingmenn Vestfjarða eru ekki trúaðir á að ég sé að hugsa um Vestfirði í þessu sambandi. Ég verð hins vegar minna vör við það hjá fólkinu fyrir vestan að það trúi því ekki að svo sé. Ég hef átt mjög góðan fund með forsvarsmönnum bæjarfélagsins Ísafjarðarbæjar. Þar var farið af mikilli hreinskilni yfir þetta mál og mér fannst vera skilningur á því að stjórnvöld gripu til þessara aðgerða og ég er mjög þakklát fyrir það vegna þess að ég sé í þessu sóknarfæri.

Talað er um fiskeldi, garðyrkju og rafmagn til húshitunar og almennar raforkuverðhækkanir hugsanlegar. Þá er það að segja hvað varðar fiskeldi og garðyrkju að þar hefur verið um ákveðna ívilnun að ræða af hálfu ríkisins eða pólitískar aðgerðir þessum atvinnugreinum í hag sem er skiljanlegt og hið besta mál. Hins vegar breytist umhverfið með nýju fyrirkomulagi þannig að ekki er hægt að halda áfram með það fyrirkomulag sem verið hefur í gildi. Þá vil ég minna á að ef sú tillaga sem hv. þingmenn báru upp hér, formenn tveggja stjórnarandstöðuflokka, hefði verið samþykkt þá fyrst hefðum við komið þessum atvinnurekstri í vandræði því þá hefðum við kippt honum út úr núverandi umhverfi sem er ívilnandi en ekki gert honum mögulegt að njóta frelsisins sem tekið verður upp nú um áramótin í raforkuviðskiptum. Ég held að ein 150 fyrirtæki séu af þeirri stærðargráðu að þau eiga möguleika á að velja sér raforkusala núna um áramót og m.a. er um fyrirtæki að ræða í þessum greinum sem það á við um. Ég veit þó vel að það er í rauninni ekki nóg. Þess vegna erum við að skoða það í ráðuneytinu. Það tengist að sjálfsögðu gjaldskrárvinnunni. Það þarf meira til að þessar atvinnugreinar geti áfram búið við viðunandi rekstrarumhverfi vegna þess að okkur finnst eins og öllum að þetta séu atvinnugreinar sem skipti mjög miklu máli. Hins vegar eru okkur, eins og ég segi, takmörk sett og verið getur að það komi að því að landbúnaðarráðuneytið sem þessar atvinnugreinar heyra undir verði að taka málið í sínar hendur ef um það er að ræða að vilji sé fyrir því að styrkja þær sérstaklega.

Það er mikið búið að tala um leyndarmál og að ég sé að halda málum leyndum fyrir hv. þingmönnum og að þessi fyrirtæki sem séu í eigu ríkisins séu almenningseign og þess vegna eigi umfjöllun um þau alltaf að vera uppi á borðinu frá A til Ö. En ég held því til haga sem ég er búin að segja áður í þessari umræðu að ég ber ábyrgð á þessum fyrirtækjum sem sá ráðherra sem fer með eignarhlutinn og þegar ég er í viðkvæmum samningaviðræðum við meðeigendur í Landsvirkjun þá get ég ekki borið allt á borð á hv. Alþingi. Það er bara þannig. Ég er bundin trúnaði og þess vegna gat ég ekki við 1. umr. farið yfir þessi mál hér en þau hafa orðið opinber í millitíðinni.

Hv. þm. Jón Bjarnason nefndi héraðsveitur og það er svo sem ekki nýtt mál. Það hefur verið talað um það og hefur verið áhugi á því — ég veit alveg um það — að skipta Rarik upp þannig að það gæti sameinast héraðsveitum. Ég hef kynnt mér það að sjálfsögðu hvort það væri möguleiki. Auðvitað er það tæknilega hægt en það yrði ekki til langframa — það er ég alveg sannfærð um — ef það yrði gert vegna þess að eftir því sem dreifiveitur eru stærri þeim mun hagkvæmari eru þær og það skiptir máli fyrir neytendur fyrst og fremst.

Hvað varðar almennt það sem kom fram hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni þá er ég búin að fara yfir það að hluta til. Ég vil alls ekki að hv. þingmaður skilji það þannig að þó svo að verði af þessari sameiningu þá séu það einhver skilaboð til Norðvesturkjördæmis um að ekki sé vilji fyrir því af hálfu stjórnvalda að efla það kjördæmi. Það er alls ekki þannig. Við sjáum sóknarfæri í þessu nýja raforkuumhverfi og með því að sameina raforkufyrirtæki í eigu ríkisins. Það væri mín heitasta ósk ef hægt væri að efla þetta svæði og ekki síst Vestfirði.

Ég held að ég sé nokkurn veginn búin að fara yfir það sem kom fram í ræðum hv. þingmanna og get þá bætt um betur því mér sýnist að eitthvað sé um að hv. þingmenn ætli að koma hér í andsvör.

[20:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að sú ræða sem hæstv. ráðherra fór með varðandi hlutverk sitt sem bæði stjórnvalds á þessu sviði og síðan farandi með eigendahlutverkið í orkufyrirtækjunum hafi nú verið samfelldur rökstuðningur fyrir því að þetta fyrirkomulag gangi ekki upp. Það er skaði að hæstv. fjármálaráðherra er farinn því það hefði verið fróðlegt að fá svör beggja ráðherranna við því. Er ekki algerlega augljóst að byrja þarf á því að færa eigendahlutverkið frá iðnaðarráðuneytinu yfir til fjármálaráðuneytisins þannig að stjórnsýslan, eftirlitið og stefnumótunin að því leyti sé ekki á sömu hendi og eignarhald ríkisins á þessum fyrirtækjum sem fyrirtækjum og að í skjóli þess telur hæstv.

iðnaðarráðherra að eðlilegt sé að hún haldi upplýsingum leyndum þannig að iðnaðarnefnd Alþingis hafi ekki hugmynd um hvað fram fer bak við tjöldin eða aðrir aðilar? Ég held því að það þurfi tafarlaust að taka til skoðunar að færa eigendahlutverkið frá iðnaðarráðuneytinu. Nóg er samt, held ég, sem iðnaðarráðuneytið hefur á sinni könnu í þessum efnum, þ.e. að fara með alla stjórnsýslu, eftirlit o.s.frv.

Síðan fer hæstv. ráðherra aftur með þuluna um að það að sameina Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða auki samkeppni af því að þessir aðilar séu hver í sínu hlutverkinu. Nú er það ekki nema að hluta til rétt. Orkubú Vestfjarða framleiðir verulegan hluta af sinni orku sjálft og einingunum fækkar. Það er alveg borðleggjandi. Ég óttast að hér sé eitthvað annað á ferðinni. Getur hugsast að hörmuleg og versnandi eiginfjárstaða Landsvirkjunar sem stefnir lóðbeint niður vegna óhagkvæmra og dýrra fjárfestinga sem seint og illa ef þá yfir höfuð munu borga sig eins og Kárahnjúkavirkjun, stefni því fyrirtæki í mikinn vanda og að hér eigi að fara í eitthvert sjónarspil til þess að reyna að koma (Forseti hringir.) Landsvirkjun á þurrt á nýjan leik með því að láta hana renna saman við Rarik og Orkubú Vestfjarða og nota eigið fé (Forseti hringir.) þessara stofnana og eignir til að halda Landsvirkjun á floti. (**Gripið fram í:** Og láta Vestfirðinga borga fyrir ...?)

[20:46]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er ekki um neitt sjónarspil að ræða. Málið sem hér hefur verið sett fram er vel ígrundað og ég hef miklar væntingar um að það verði jákvætt fyrir þjóðina í heild þegar frá líður. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að þetta er róttæk aðgerð og tekur sinn tíma en það er mjög mikilvægt að af henni verði.

Hvað varðar eigandahlutverkið þá útiloka ég ekki að ástæða gæti verið til að gera breytingar á því þegar fram líða stundir.

[20:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu að vilji sé fyrir því að skoða breytt fyrirkomulag á eigandahlutverkinu. Ég minni á að hæstv. ríkisstjórn færði nýlega eignarhaldið á Símanum frá samgönguráðherra til fjármálaráðherra og (Gripið fram í.) væri nú ekki síður ástæða til að skoða það í þessu tilviki.

Síðan verð ég að segja að því miður virðist allt ætla að ganga eftir sem við óttuðumst, við sem andæfðum því að sveitarfélögin á Vestfjörðum væru neydd til að selja frá sér Orkubúið á sínum tíma. Í stað þess að ríkisstjórnin kæmi til aðstoðar og tæki á fjárhagsvanda þeirra, hjálpaði til við að leysa vanda þeirra vegna félagslegs íbúðarhúsnæðis o.s.frv. voru þau neydd til að selja verðmætustu og bestu eign sína, Orkubú Vestfjarða. Það var nauðungargjörningur. Það var þvingunaraðgerð.

Nú eru allar þær áhyggjur og sú tortryggni sem þá kom upp, um að þetta mundi leiða til þess að þeir misstu forræðið í þessu fyrirtæki sem síðan rynni saman við eitthvað annað og í burtu, að ganga eftir (Forseti hringir.) og það er ill ganga.

[20:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra svaraði ekki spurningu minni varðandi samráðsnefndina sem átti að skipa til að fylgjast með og stuðla að greiðari framkvæmd laganna, eins og þar stendur. Að mínu viti ætti hún þegar að vera komin á fullt, ekki síst í ljósi þess sem við höfum heyrt um vandræðagang í framkvæmd laganna. Mér finnst að hæstv. ráðherra verði að svara því.

Enn fremur, varðandi endurskoðunarnefndina sem átti að endurskoða lögin, sýnist mér endurskoðun á lögunum vera komin á fullt. Hér hafa komið til endurskoðunar stórir kaflar laganna og á að breyta þeim. Mér sýnist því að endurskoðunarnefndin þurfi líka að fara á fullt.

Þá vil ég einnig spyrja hæstv. ráðherra: Er það bara sannfæring ráðherrans sem á að ráða orkumálum í landinu? Hæstv. ráðherra vitnaði til sannfæringar sinnar. Það er sannfæring mín, sagði ráðherrann. Ég ætla ekki að gera lítið úr sannfæringu hæstv. ráðherra en sannfæring og vilji annarra getur líka skipt máli. Á bara að hunsa það? Er það bara einföld sannfæring ráðherrans sem á að ráða ferð?

Ég bendi t.d. á óskir Skagfirðinga sem hafa óskað eftir viðræðum um að fá að yfirtaka verkefni Rariks á sínu svæði, verði farið út í slíka uppskiptingu. Við heyrðum erindi Norðurorku og Orkubús Vestfjarða.

Telur ráðherrann einfaldlega að hennar persónulega sannfæring, sem við vitum að getur á ýmsan hátt verið grunduð eða búin til og ekki víst að nærri allir séu sammála, og síður en svo reyndar, séu rök í málinu? Ég tel það ekki nein rök í þessu máli og spyr hæstv. ráðherra í fyrsta lagi: Á hvaða stig eru þessar sameiningarviðræður komnar? (Forseti hringir.)

[20:50]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það skipti miklu máli, þegar maður tekur ákvarðanir eða mótar stefnu, að maður hafi sjálfur sannfæringu fyrir því að stefnan sé skynsamleg. Ég er sannfærð og hef lagt mig fram um að sannfæra hv. þingmann. Kannski tekur það lengri tíma en þetta kvöld en við skulum sjá til hvernig gengur.

Hvað varðar samráðsnefndina þá hefur hún ekki verið skipuð enda eru lögin ekki að fullu komin til framkvæmda. Það er verkefni til framtíðar að skipa hana og verður að sjálfsögðu gert snemma á næsta ári, tíu manna nefnd sem skiptir miklu máli.

Varðandi vandræðaganginn, eins og ég sagði áðan, þá er ég ekkert viðkvæm fyrir því ef hv. þingmaður vill nota það orð. En ég vil endurtaka að um er að ræða umfangsmiklar breytingar og vandasamar. Við verðum að taka því og ég reikna með að það gætu komið frumvörp á næsta ári um breytingar á lögunum.

[20:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ja, það var hæstv. ráðherra sem nefndi vandræðaganginn. Ég held að hann fari ekki fram hjá neinum og held ég að flestir taki undir þau orð hæstv. ráðherra

um vandræðaganginn. (Gripið fram í.)

Hæstv. ráðherra svaraði hins vegar ekki ekki neinu um samráðsnefndina og endurskoðunarnefndina heldur boðaði áfram breytingar á lögunum sem getur þýtt, sem er ekki ósennilegt, að þeim verði kollvarpað í megindráttum á næstunni. Ég leyfi mér því að ítreka spurningu mína: Hvers vegna er samráðsnefndin ekki skipuð og hún látin hefja störf? Mér sýnist ekki veita af og sama gildir um endurskoðunarnefndina.

Á hvaða stigi er sameiningarferlið, af hálfu ráðherrans, varðandi sameiningu á þessum orkuveitum? Ég spyr jafnframt: Er ekki ráðherrann reiðubúin að taka upp viðræður við heimamenn á Norðurlandi og Vestfjörðum um það hvernig þeir sjái hag sínum best borgið? Þeir hafa kannski líka sannfæringu (Forseti hringir.) fyrir því hvernig málum væri best komið.

[20:52]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að ráðherra hafi staðið sig mætavel í þessum málum. Hún hefur fært mjög trúverðug rök fyrir því að óhyggilegt sé að fresta gildistöku raforkulaga.

Ylrækt í landinu er hin græna stóriðja. Þar ríkir mikill metnaður og er í raun og veru mjög mikil samkeppni við innflutning. Samkeppnin er svo mikil að innflytjendur reyna jafnvel að blekkja neytendur með merkingu á vöru, þ.e. grænmeti sem flutt er til Íslands er merkt íslenskri merkingu þannig að oft á tíðum trúir neytandinn því að hann sé að kaupa innlenda vöru, sem er þá innflutt.

Þess eru dæmi í dag að garðyrkjubændur greiði allt upp í 3 millj. kr. á mánuði fyrir raforku á stærstu búum. Á Flúðum veit ég t.d. til þess að menn greiði svo háar upphæðir. Það á við um tómatarækt, paprikurækt, agúrkurækt og blómarækt. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvernig hún sér fyrir sér framtíð niðurgreiðslu raforku til ylræktar. Ylræktin er á vissan hátt viðkvæm grein út af samkeppni og það skiptir mjög miklu máli, fyrir bæði garðyrkjubændur og neytendur, að áfram verði niðurgreidd raforka til ylræktar. Mig langaði að biðja hæstv. ráðherra um að fara örlítið yfir þau mál. Við höfum auðvitað rætt þau oft, m.a. með raforkubændum en þetta eru atriði sem skipta miklu máli.

[20:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég hef þegar sagt standa þessar atvinnugreinar, bæði garðyrkjan og fiskeldið, núna frammi fyrir nokkuð breyttu umhverfi hvað varðar raforkukaup. Þær hafa notið sérmeðferðar, ef svo má að orði komast, en garðyrkjan hefur þó notið styrkja af fjárlögum sem eru undir landbúnaðarráðuneytinu. Ekki er um það að ræða að á því verði breyting. Það þarf a.m.k. pólitíska ákvörðun til að svo verði.

Málefni þessara atvinnugreina hafa verið til umfjöllunar hjá okkur í ráðuneytinu í samvinnu við Orkustofnun. Við höfum kannski ekki alveg séð það út hver útkoman verður þegar á allt er litið. Ég minni samt á að nú 1. janúar geta fyrirtækin valið sér raforkusala og það skapar ákveðin tækifæri í samkeppni, sem skiptir náttúrlega máli. En þetta er mikilvægt mál. Þess vegna höfum við lagt mikla áherslu á að það fari ekki eins og þeir hafa spáð sem verst spá, að rekstrargrundvellinum verði gjörsamlega kippt undan garðyrkju og fiskeldi. Ég útiloka þó ekki að um hækkun geti orðið að ræða til þessara atvinnugreina.

[20:56]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið og legg mikla áherslu á að gætt verði að þeim atvinnugreinum sem hæstv. ráðherra talar um, bæði garðyrkjuna og fiskeldið. Það verður að passa upp á þær enda skipta þær gríðarlega miklu máli.

Eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu skiptir þetta gríðarlegu máli fyrir garðyrkjubændur í landinu og er algjört grundvallaratriði til að tryggja að grænmeti sé framleitt allt árið um kring. Það er gríðarleg aukning í framleiðslunni og einnig í sölunni. En þetta er viðkvæm atvinnugrein sem ekki má kippa stoðunum undan.

[20:57]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Niðurstaðan í meðförum þingsins varð sú að flýta því að samkeppni kæmist á í raforkukerfinu um eitt ár þannig að samkeppni fyrir almenna notendur hefjist 1. janúar 2006 í stað 1. janúar 2007, eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Því er eðlilegt að hefja umræðuna um undirbúninginn að samkeppninni, um hvaða skipulag ríkið hugsar sér að hafa á fyrirtækjum sínum og menn búi þannig um að sem mestar líkur séu á að til verði það samkeppnisumhverfi sem þarf að vera til staðar til að markaður af þessu tagi virki. Það er eðlilegt að menn hreyfi þessum málum og ég tel mikilvægt að menn ræði um framtíðarsýnina í þessum efnum.

Ríkið leikur lykilhlutverk á raforkumarkaði í ljósi þess að það á helminginn í Landsvirkjun. Það á Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða þannig að aðgerðir þess skipta miklu máli fyrir það hvernig samkeppnisumhverfið virkar þegar það tekur gildi. Fyrst niðurstaðan varð sú að flýta breytingunum um eitt ár þá eru þessi mál enn frekar í brennidepli en áður. Það er fyllsta ástæða til að menn fari yfir þau og reifi sjónarmið sín í þeim efnum.

Ég held að þau áform sem hér hefur verið upplýst um, að ríkið hugsi sér að sameina fyrirtæki sín í eitt séu ekki einhlít, það er ekki augljóst að af því leiði jákvæðar breytingar í þeim skilningi að það tryggi frekar samkeppni í raforkusölu og raforkuframleiðslu en óbreytt fyrirkomulag eða eitthvert annað fyrirkomulag. Það er augljóst að sameinað fyrirtæki stæði að gríðarlega stórum hluta framleiðslunnar í framleiðslu. Sameinað fyrirtæki hefði einnig mjög mikið af leyfum fyrir virkjanakostum á sinni hendi og gæti stýrt því mjög mikið hvar menn bera niður og hverjir geti hafið raforkuframleiðslu.

Ég held að menn þurfi dálítið að staldra við í þessum efnum. Menn verða að leggja línurnar þannig að sem mestar líkur séu á samkeppni. Að öðrum kosti erum við að stíga skref sem er frá því fyrirkomulagi sem við höfum ákveðið að taka upp. Við erum að vissu marki að stíga inn í óvissan

tíma þegar við ætlum okkur að taka upp samkeppnisfyrirkomulag á raforkumarkaði, við vitum að við þekkjum ekki allar stærðir og við vitum ekki hvernig hlutirnir þróast. En menn hafa ákveðið að fara þessa leið, m.a. fyrir tilstuðlan Evrópusambandsins og með þeim rökum að menn telja yfirgnæfandi líkur á því að það eigi að geta leitt til góðs fyrir neytendur í þeim skilningi að verð á raforkunni eigi að vera lægra en ella og afhendingaröryggið ekki minna en ella. Það er það sem skiptir máli. Raforkumarkaðurinn snýst um tvennt, verð og afhendingaröryggi. Þess vegna þarf fyrirkomulagið að tryggja a.m.k. jafngott ástand í þeim efnum og verið hefur en helst betra. Samkeppnin á að leiða til lægra verðs, það er tilgangur hennar. Ef hún leiðir ekki til lægra verðs er óvíst um ávinning af allri breytingunni.

Þess vegna þurfum við að tryggja sem best að um samkeppni geti verið að ræða. Það er lykilatriði í þessu öllu saman. Það að gera þrjú fyrirtæki að einu eykur ekki möguleika á samkeppni, það er augljóst mál, heldur er miklu líklegra að það dragi úr líkunum á því að um samkeppni sé að ræða. Þess vegna tek ég með varúð þeim hugmyndum að sameina þessi þrjú fyrirtæki í eitt. Ég held að menn þurfi að fara mjög vandlega yfir þær hugmyndir og stöðuna almennt og skoða alla þætti málsins áður en menn gera það upp við sig hvort menn eigi að stíga það skref að sameina þessi þrjú fyrirtæki í eitt. Ég hef a.m.k. töluverðar efasemdir um að það sé skynsamlegasta skrefið í núverandi stöðu.

Ég sé þvert á móti fyrir mér að ef áfram yrðu þessi þrjú fyrirtæki eða einhver breyting á þeim, það er ekki útilokað að það geti orðið breytingar á þeim, sumir hafa talað fyrir því að skipta Rafmagnsveitum ríkisins upp á milli annarra fyrirtækja á landsbyggðinni, ég sé fyrir mér að slíkt fyrirkomulag geti stuðlað að samkeppni, ekki bara á framleiðslu og sölu á þeim svæðum þar sem fyrirtækin starfa heldur líka annars staðar. Við sjáum að Orkuveita Reykjavíkur er að færa sig norður yfir heiðar og hefja samstarf við aðila á Norðurlandi og Rafmagnsveitur ríkisins eru í samstarfi við aðila í Skagafirði. Það er ekkert óhugsandi að Orkubú Vestfjarða gæti tekið upp samstarf við aðila á Norðurlandi eða Suðurlandi um framleiðslu og sölu. Því fleiri sem eru í þessari atvinnugrein því meiri líkur eru á að um samkeppni geti verið að ræða og þessi fyrirtæki, sérstaklega Orkubúið er vel í stakk búið til þess að standa sig í þessu umhverfi vegna sterkrar eiginfjárstöðu og öflugs fyrirtækis að öllu leyti. Það er því vel búið til þess að pluma sig í samkeppni að mínu mati. Ég held að við verðum líka að skoða þessa hluti áður en við gerum það upp við okkur hvernig við endum málið varðandi fyrirkomulagið á þessum fyrirtækjum ríkisins.

Einnig verðum við að skoða annan hlut í þessu sem ég hef töluverðar áhyggjur af, það þarf að fara ofan í það mál og fá upplýsingar um það og það er eiginfjárstaða Landsvirkjunar. Ég sé það sem líklegustu skýringuna á hugmyndunum að eiginfjárstaða Landsvirkjunar eins og hún er eða kann að verða innan skamms sé með þeim hætti að hana þurfi að styrkja og þess vegna sé rétt að sameina þessi fyrirtæki í eigu ríkisins og leggja þá eigið fé Orkubúsins og Rafmagnsveitna ríkisins til Landsvirkjunar þannig að Landsvirkjun standi sæmilega eftir. Ef þessar vangaveltur eiga við rök að styðjast þarf að skoða málið alvarlega vegna þess að þá hljóta menn að spyrja: Hvernig er staða Landsvirkjunar núna? Hafa menn verið að gera orkusölusamninga við stóriðjufyrirtæki sem eru ekki nægilega góðir til að standa undir framtíð fyrirtækisins? Ég mundi gjarnan vilja fá svör við því áður en lengra er haldið ef það reynist á rökum reist að menn hafi áhyggjur af stöðu Landsvirkjunar í samkeppni vegna þess að Landsvirkjun hafi ekki nægilega öfluga eiginfjárstöðu.

Þetta kann líka að tengjast hugmyndum um það að ríkið kaupi út aðra eignaraðila í Landsvirkjun, Reykjavíkurborg og Akureyri. Það skiptir auðvitað miklu máli hvernig menn gera það. Ætla menn að gera það þannig að eigandinn, þ.e. ríkissjóður, greiði hina aðilana út eftir samkomulagi með fé úr ríkissjóði? Þá hefur það ekki áhrif á stöðu Landsvirkjunar. Ef menn ætla að láta Landsvirkjun borga út hina eignaraðilana, Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstað, er augljóst mál að það kann að hafa áhrif á stöðu Landsvirkjunar.

Í blöðum sé ég að menn eru að velta upp tölum, samtals um 20 milljörðum kr., sem eigi að greiða þessum tveimur eignaraðilum, sem eru þá skuldbindingar sem legðust á Landsvirkjun ef farin væri sú leið að láta fyrirtækið bera kaupverðið eða skuldbindingarnar. Það gjörbreytir augljóslega eiginfjárstöðu Landsvirkjunar. Þess vegna skiptir miklu máli hvernig ríkið útfærir samninga við aðra eignaraðila, hvort ríkið ætlar að bera það sjálft eða láta fyrirtækið bera það.

Ég er ekki viss um að menn eigi að keppast við að kaupa út Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstað ef það leiðir til þess að Landsvirkjun verði í hálfgerðum vandræðum á eftir. Fyrir utan það er sérumræða hvað á að borga aðilunum fyrir eignarhluta sinn. Ég er ekki alveg búinn að sannfærast um að eðlilegt sé að greiða eignaraðilunum það verð sem rætt hefur verið um í blöðunum. (Gripið fram í.) Menn þurfa að hafa í huga hvernig þetta eigið fé varð til og hvað eigendurnir lögðu til Landsvirkjunar í upphafi. Ég fór ofan í þetta mál fyrir nokkrum árum og það var mjög fróðlegt að kynna sér það. Niðurstaðan var sú í stuttu máli að uppistaðan að eign sveitarfélaganna kemur eiginlega í gegnum Marshall-aðstoðina. Það er ekki sjálfgefið að eðlilegt sé að ekki sé tekið tillit til þess við ákvörðun á verði á hlut sveitarfélaganna. Þetta er ekki til komið með þeim hætti að sveitarfélögin hafi lagt til þetta fé af eigin skatttekjum og auðvitað þarf að taka tillit til þess hvernig eignarhluturinn varð til þegar menn gera upp verð og skilmála.

Síðan hafa orkunotendur greitt það verð sem hefur að öðru leyti myndað eigið fé Landsvirkjunar. Það er mál sem menn þurfa að fara vandlega yfir áður en gengið er frá ákvörðunum um verð á eignarhlutanum, því þetta má auðvitað ekki vera með þeim hætti að þetta líti út eins og sérstök byggðaaðstoð við þessi tvö sveitarfélög, sem eru byrðar sem menn leggja á aðra að standa undir. Þetta þarf að vera sanngjarnt verð miðað við verðmæti fyrirtækisins og það framlag sem eignaraðilarnir lögðu fram á sínum tíma og síðar og að teknu tilliti til þess sem þeir hafa notið af fyrirtækinu, sérstaklega í formi arðgreiðslna.

Ég held því, virðulegi forseti, að menn þurfi að fara mjög vandlega yfir þessa hluti áður en hrapað er að niðurstöðu. Að mínu viti vantar veigamikil rök fyrir því að stökkva beint yfir í hugmyndir um sameiningu þessara

þriggja fyrirtækja sem ríkið á tvö að öllu leyti og eitt að hálfu leyti.

Ég hygg að menn muni ræða þetta frekar á næsta ári því þetta þarf væntanlega að útkljást þá. Það er aðeins ár þar til samkeppni á raforkumarkaði fyrir almenna notendur tekur gildi og þá er eðlilegt að menn séu búnir að marka stefnuna af hálfu ríkisvaldsins um skipulagið af sinni hálfu. Ég geri því ráð fyrir að málið verði rætt nokkuð á vorþingi og menn muni fara yfir það frá öllum hliðum þess.

Markaðsvæðingu kerfis eins og raforkukerfis fylgja auðvitað ákveðnir hlutir eins og þeir að niðurgreiðsla í kerfinu hlýtur að falla niður og menn geta ekki komið lágu raforkuverði til einstakra valinna kaupenda eins og verið hefur í gegnum afslætti eða niðurgreitt verð innan fyrirtækjanna sem ríkið hefur átt eða haft tök á að stjórna. Það breytir því fyrirkomulagi og er óhjákvæmilegt, menn komast ekkert undan því og það mun leiða til þess að afslættir og annað sem verið hafa hjá Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitu ríkisins falla niður. Við því verður ríkið þá að bregðast í gegnum einstaka liði í fjárlögum ef menn vilja ekki að hækkun á raforkuverði gangi til þeirra sem hafa notið afsláttanna. En fyrir því kunna að vera þeirra rök eins og fram kom í máli hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar áðan.

Herra forseti. Ég held að ég láti þetta duga sem almennar hugleiðingar um skipulagið á raforkumarkaðnum. Það má vel vera að það felist ákveðin tækifæri í því að sameina þessi þrjú í eitt en ég hefði gjarnan viljað fá frekari upplýsingar um hvaða tækifæri það eru, í hverju þau kunni að vera fólgin því að fyrirtæki eins og Orkubú Vestfjarða framleiðir ekki nema þriðjunginn af því rafmagni sem það selur, það þarf að treysta á að flytja rafmagn frá öðrum hlutum landsins og kaupa það af öðrum fyrirtækjum, fyrst og fremst Landsvirkjun. Ég átta mig ekki alveg á því í hverju tækifærin eiga að felast fyrir það fyrirtæki ef það er orðið hluti af stóru fyrirtæki sem fyrst og fremst er stjórnað af þeim sem í dag stjórna Landsvirkjun. Ég sé hins vegar fyrir mér tækifærin hjá fyrirtæki eins og Orkubúinu ef það starfar áfram sjálfstætt eða í einhverri breyttri mynd með hluta af Rafmagnsveitum ríkisins. Það hefur ýmsa möguleika á að sækja fram úr þeirri stöðu sem það er í í dag eins og ég rakti fyrr í ræðu minni.

[21:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru ákaflega áhugaverðar hugleiðingar hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Ég skil vel að hv. þingmanni bregði í brún þegar upplýsingar af því tagi sem hér hafa verið reiddar fram og hafa birst síðustu daga birtast allt í einu, að kannski eigi að fórna Orkubúi Vestfjarða og Rafmagnsveitum ríkisins á altari þess að reyna að hysja buxurnar upp um Landsvirkjun sem er að missa eigið fé niður úr öllu valdi vegna m.a. og ekki síst og auðvitað fyrst og fremst Kárahnjúkavirkjunar.

Það er beinlínis haft eftir engum öðrum en Alfreð í Bæjarins besta á Ísafirði og innan gæsalappa að hann telji skiljanlegt að ríkið vilji að Rarik og Orkubú Vestfjarða, með leyfi forseta: „... fari inn í Landsvirkjun til að bæta eiginfjárstöðuna. Hún sé slök um þessar mundir vegna Kárahnjúkavirkjunar og 10 milljarðar kr. í eigið fé mundi bæta stöðu Landsvirkjunar verulega."

Ef það er það sem hér er á ferðinni er skiljanlegt að hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og öðrum þingmönnum Vestfjarða bregði í brún þegar upplýsingar af þessu tagi koma skyndilega fram og menn komi alveg af fjöllum gagnvart þeim. Ég tel að það gangi ekki að þingmenn t.d. Norðvestur- og Norðausturkjördæmis séu ekki hafðir á nokkurn hátt með í ráðum um þessi efni ef fara á að ráðstafa þessum mikilvægu málum til frambúðar og leiða þau til lykta, sem eru engin smámál, hvernig orkudreifingu og framleiðslu verði fyrir komið á svæðunum til langrar frambúðar litið. Sama hefur verið upplýst um iðnaðarnefnd þar sem hv. þingmaður var reyndar formaður þangað til hann var sleginn af af flokkssystkinum sínum í haust. Ég vil því spyrja hv. þingmann: Hafa þingmenn Vestfirðinga náð saman ráðum sínum um þessi mál eða stendur til að þingmenn Norðvesturkjördæmis hittist út af þessum hlutum? Ég er tilbúinn til að beita mér fyrir því að biðja um slíkan fund meðal þingmanna Norðausturkjördæmis og ég skal í gegnum aðild mína að iðnaðarnefnd reyna að sjá til þess að hún krefjist þess að fá að vera með í ráðum.

[21:16]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er meiningin af ríkisins hálfu að kaupin á sveitarfélögunum út úr Landsvirkjun verði borin af Landsvirkjun sjálfri er augljóst mál að sá hluti málsins tengist hinum hlutanum, sameiningu fyrirtækjanna. Ef svo er hins vegar ekki eru það út af fyrir sig óskyld mál og þurfa ekki að blandast saman.

Ég vek athygli á því að það eru ekki bara þeir sem hafa tengst Orkubúi Vestfjarða eða hagsmunum þeirra sem búa á Vestfjörðum sem hafa sett fram efasemdir um þetta mál heldur líka fulltrúar Akureyrarkaupstaðar og Skagafjarðar, þeir sem tengjast Norðurorku og Skagafjarðarveitum. Það eru fleiri en Vestfirðingar einir sem horfa á málin og velta fyrir sér hvort sú hugmynd sem komin er fram sé sú besta út frá þeirra bæjardyrum séð. Ég held að menn þurfi að fá miklu betri upplýsingar um þessa fyrirhuguðu sameiningu fyrirtækjanna þriggja áður en hægt er að meta hana til fulls. Miðað við þær upplýsingar og þá þekkingu sem maður hefur á þessum fyrirtækjum sé ég ekki að þetta sé vænleg leið. Ég verð bara að segja það alveg eins og er. Það kunna að leynast einhver tækifæri í því eins og hér hefur verið sagt en ég sé þau ekki. Við fáum þá væntanlega einhvern tíma fljótlega upplýsingar um það og yfirferð yfir málið. Ég geri ráð fyrir því að þingmenn kjördæmisins muni fylgjast með þessu máli á næstunni og þegar málið skýrist frekar en orðið er ráði þeir ráðum sínum um hvernig eigi að ráða málum til lykta þegar þar að kemur, a.m.k. geri ég ráð fyrir því að svo verði.

[21:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek það fullgilt að hv. þingmaður vill fyrir sitt leyti beita sér fyrir því í sínum hópi að þingmenn Norðvesturkjördæmis reyni að nota aðstöðu sína til að knýja á um að þeir verði hafðir með í ráðum. Það er full ástæða til. Ég held að það sé rétt að menn hafi í huga að

það munaði hársbreidd að knúin yrði fram undirritun á þessari viljayfirlýsingu um kaup ríkisins á hlut Akureyrarbæjar og Reykjavíkur í Landsvirkjun. Það munaði víst ekki miklu, hef ég ástæðu til að ætla, að tækist að stöðva það eiginlega á síðustu stundu að slík undirritun færi fram. Hæstv. ráðherra tengir þetta beint saman og setur beinlínis í það samhengi að þetta sé forsenda þess að síðan sé hægt að fara í þessa sameiningu sem virðist vera harðákveðin stefna hæstv. ráðherra.

Tilgangurinn gægist svo hér upp, skýtur upp kollinum í gegnum m.a. þau orð Alfreðs Þorsteinssonar að þetta sé gert til þess að lappa upp á eiginfjárstöðu Landsvirkjunar vegna Kárahnjúkavirkjunar. Þá er það nú ekki að verða mjög félegt ef það á að bera hagsmuni Vestfirðinga og Norðlendinga þarna algerlega fyrir borð, hafa óskir þeirra um tilhögun orkumála í landshlutum sínum algerlega að engu. Það á að ganga frá þessu meira og minna á laun, í skjóli nætur, og það vegna þess að iðnaðarráðherra fer með eigandahlutverk að þessum orkufyrirtækjum til viðbótar því að vera með stjórnsýsluna og framkvæmd laganna á sinni könnu.

Ég held að þó að ég sé í andsvari við ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar leyfi ég mér að fara fram á það að hæstv. ráðherra svari til um það áður en þessari umræðu lýkur hvort treysta megi því að ríkisstjórnin aðhafist ekki frekar í þessum málum nema að höfðu samráði við þingmannahópa kjördæmanna sem sérstaklega eiga í hlut og við iðnaðarnefnd Alþingis (**Gripið fram í:** Og sveitarstjórnar?) og að sjálfsögðu við heimamenn á viðkomandi svæðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 351. mál (skatthlutfall, afnám eignarskatts o.fl.). — Þskj. 646, brtt. 614, 658 og 659.

[21:21]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér var kunnugt um að einn eða tveir þingmenn ætluðu að taka til máls undir þessum dagskrárlið og vildi þá biðja hæstv. forseta aðeins að hinkra við þar til þeir hafa gefið sig fram. Þeir hafa kannski ekki vitað að þessari umræðu var lokið sem er nýbúin.

[21:22]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Við erum að nálgast lokin á umræðu um tekjuskattsfrumvarp ríkisstjórnarinnar og höfum við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði gert rækilega grein fyrir stefnu okkar og afstöðu til þess frumvarps sem hér liggur fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að orðlengja þetta miklu lengur en ég ætla að draga í örfáum orðum saman kjarnann í afstöðu okkar.

Á 20. öldinni byggðu Íslendingar upp mjög kröftugt og öflugt samfélag, samfélag sem frá öndverðri öldinni var í nær stöðugri sókn. Þetta var gert með samvinnu og samhjálp þar sem félagslegar hreyfingar komu mjög við sögu, verkalýðshreyfing, samvinnuhreyfing og að sjálfsögðu sveitarfélög og ríki. En í þessu þjóðfélagi var jafnan mikið og umtalsvert svigrúm fyrir einstaklingsframtakið, eins og það er kallað. Hvar markalínan eigi að liggja á milli samfélagsreksturs annars vegar og einkareksturs hins vegar er sívakandi pólitískt álitamál. Þó hefur lengst af verið sátt um það að grunnþjónustan í samfélaginu skuli vera á hendi opinberra aðila, skólar, sjúkrahús, aðstoð við fatlað fólk, vega- og samgöngukerfi. Menn hafa verið almennt á því máli og um það hefur ríkt víðtæk sátt í samfélaginu að þetta skuli vera rekið á samfélagslegum forsendum. Hvers vegna? Meðal annars vegna þess að það er hagkvæmara og ódýrara. Við höfum sýnt fram á að samfélagsrekstur sem ekki starfar í samkeppnisumhverfi er ódýrari þegar hann er rekinn á vegum samfélagsins en þegar það gerist á vegum einkaaðila. Við getum tekið um þetta fjölmörg dæmi og Ríkisendurskoðun styður málflutning okkar að þessu leyti.

Ef við tökum hins vegar samfélagsþjónustuna og vörpum henni yfir í samkeppnisumhverfið er slík þjónusta ósanngjarnari vegna þess að hún býður upp á misrétti. Slík þjónusta er rekin með þjónustugjöldum og þegar fólk þarf að kaupa sér aðhlynningu vegna sjúkdóma eða menntun handa börnum sínum er því mismunað í samræmi við þær tekjur sem heimilin hafa. Slíkt samfélag misréttis þekkjum við og höfum fyrir augunum vestan hafs, í Bandaríkjunum. Í allra síðustu tíð hefur íslenskt samfélag verið að færast í þessa áttina.

Ég hef kynnst því og þekki nokkuð vel í gegnum starf mitt í verkalýðshreyfingunni hvað er að gerast inni í þessum samfélagsstofnunum. Ég þekkti það mjög vel og kynntist því og fylgdist mjög vel með því þegar starfsfólk á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi var að berjast gegn aðgerðum, aðhaldsaðgerðum sem svo eru nefndar þar sem skorinn var niður reksturinn, fólki sagt upp störfum og þrengt að þjónustunni.

Ég þekki það líka sem þjóðfélagsþegn og við gerum það eflaust öll sem höfum sjálf eða eigum ættingja eða vini sem hafa þurft að sækja til samfélagsþjónustunnar hvað það þýðir þegar þar er skorið niður. Hér rétt ofar í brekkunni er sjúkrahús þar sem öldruðum er sinnt. Gera menn sér grein fyrir því að á sumum deildum þar er fólkið sent heim um helgar? Hvers vegna skyldi það vera gert? Það er vegna þess að þar er fjárskortur. Það er ekki hægt að hafa deildina fullmannaða um helgar vegna þess að það skortir fé. Þess vegna er aldraða fólkið sent heim til sín, ekki vegna að sjúkrahúsið æski þess, nei, síður en svo, heldur vegna þess að það skortir fjármuni. Og þegar hæstv. landbúnaðarráðherra, varaformaður Framsóknarflokksins, sagði í dag um Vinstri hreyfinguna – grænt framboð að við vildum taka peninga úr vasa eins manns og færa þá yfir í vasa annars er það rétt. Við viljum taka peninga úr vasa okkar, (**Gripið fram í:** Alla?) okkar sem erum heilbrigð (**Gripið fram í:** Alla peningana?) og færa þá yfir í vasa þeirra og til aðstoðar þeim sem á þeim þurfa að halda, sem eru sjúkir eða eiga á einhvern hátt undir högg að sækja. Þannig hefur íslenskt samfélag hugsað, og hugsað á 20. öld, ekki bara á vinstri væng stjórnmálanna, ekki bara hjá þeim sem kenndir hafa verið við félagshyggju, heldur hugsaði Sjálfstæðisflokkur-

inn þegar hann var upp á sitt besta einnig á þessa lund. Þar voru nefnilega oft félagsleg sjónarmið í heiðri höfð. Það er staðreynd. (**Gripið fram í:** ... Framsóknarflokkurinn stofnaður.)

Nú er hins vegar að verða breyting á viðhorfum og ég verð að segja að mér fannst áhyggjuefni að hlusta á umræðuna í morgun, m.a. um skattafrumvarpið, og ekki síður við atkvæðagreiðsluna þar sem hver frjálshyggjumaðurinn á fætur öðrum úr Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki — ég sá engan mun á viðhorfum manna úr þessum tveimur flokkum — kom upp og lýsti yfir fögnuði og gleði vegna þess að verið væri að taka fjármuni úr krumlu ríkisins og færa þá til fólksins. Og til hvaða fólks var verið að færa þessa fjármuni? Til þeirra í samfélaginu sem búa við best efnin (**Gripið fram í:** Launafólksins?) á kostnað hinna sem þurfa á þessum fjármunum og stuðningi að halda inni á sjúkrastofnunum, inni á stofnunum fyrir fatlað fólk og annarra sem á aðstoð samfélagsins þurfa að halda.

Þetta er pólitíkin sem við erum að takast á um og birtist í þessu frumvarpi. Hér er afstaða og stefna Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs skýr. Við viljum fjármagna öflugt samhjálparkerfi í gegnum skatta og við höfnum stefnu ríkisstjórnarinnar, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sem vilja feta sig yfir á aðrar hægri brautir.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta núna en ég spyr hvort þeir séu ekki fleiri en ég sem nú eru hugsi yfir því sem er að gerast í íslensku samfélagi vegna þess að mér finnst þetta alvarleg tíðindi. Á sínum var talað um hægri bylgju í samfélaginu. Þá gerðist það að allir flokkar nánast og flestar stofnanir samfélagsins fóru að hugsa á nýjum brautum og mér finnst það áhyggjuefni hve margir í þessum sal eru farnir að hugsa samkvæmt forskrift peningafrjálshyggjunnar. Það á svo sannarlega við þá ríkisstjórn sem stýrir okkar landi nú um stundir.

[21:31]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Í þessari umræðu hefur kristallast sá málefnalegi ágreiningur sem er milli stjórnarandstöðunnar og stjórnarflokkanna. Við í stjórnarandstöðunni hikum ekki við að segja eins og Framsóknarflokkurinn gerði á árdögum sínum að við lítum svo á að skattkerfið sé ekki bara uppspretta tekna til að kosta rekstur ríkisins heldur sé það líka tæki til þess að jafna kjörin. Þetta viðhorf einkenndi þá menn sem upphaflega beittu sér fyrir stofnun bæði Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins fyrir ákaflega löngu síðan og þeir menn sem þá voru í forustu Framsóknarflokksins hikuðu ekki við að snúa bökum saman með forustumönnum í verkalýðshreyfingunni. Hugsjón þeirra var í reynd sú að skapa sameinaða hreyfingu þeirra sem unnu með höndum og í sveita síns andlits annars vegar í landbúnaði til sveita og hins vegar við almenna verkamannavinnu í þéttbýlinu. Hugsjónin var sú að ná saman kröftum þessara tveggja skyldu en þó ólíku aðila til þess að breyta kjörum landsmanna með það fyrir augum að jafna þau.

Ég get þessa, herra forseti, í upphafi máls míns til að sýna hversu langt Framsóknarflokkinn hefur borið af leið. (Gripið fram í.) Hver hefði trúað því þegar einn af hinum ungu sonum á Brúnastöðum í Árnssýslu var að stíga sín fyrstu skref í stjórnmálum að hann ætti einhvern tíma eftir að hnýta sjálfan sig í tagl íhaldsins? Hver hefði trúað því að hæstv. landbúnaðarráðherra sem núna er einn af forustumönnum Framsóknarflokksins ætti eftir að láta leggja sig flatan til að aðstoða Sjálfstæðisflokkinn, íhaldið — forverar hans sögðu einu sinni að allt í veröldinni væri betra heldur en það — að hann væri núna einn af þeim sem mættu í fullu samræmi við veruleikann segja um að væri einn af taglhnýtingum hv. þm. Péturs H. Blöndals? Hverjum hefði dottið það til hugar að varaformaður Framsóknarflokksins ætti eftir að leggja pólitískt líf sitt og póliíska æru sína undir það að hrinda í framkvæmd öfgafyllstu viðhorfum hv. þm. Péturs H. Blöndals? (**Gripið fram í:** Mikill er mátturinn.)

Ég minnist þess, herra forseti, þegar hv. þm. Guðni Ágústsson var hér óbreyttur á meðal okkar í sölunum áður en honum var lyft til þeirra mannvirðinga sem Framsóknarflokkurinn og íslenskir kjósendur hafa treyst honum til. Þá galt hann varhuga við þeim viðhorfum sem í dag einkenna ríkisstjórn Íslands. Hæstv. landbúnaðarráðherra var þá einn af þeim sem jafnan voru fyrstir til að bregða brandi ef það þurfti að berjast fyrir þá sem voru minni háttar. Það var oft og tíðum glæsilegt að sjá þegar núverandi hæstv. landbúnaðarráðherra henti íhaldsmennina á lofti í glæsilegri sniðglímu og lagði þá jafnan í móðurætt. En þá var hann fullur af hugsjónum, fullur af krafti og draumum þeirra sem í árdaga ruddu brautina fyrir Framsóknarflokkinn. Í dag er hann eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hérna, hann er litla íhaldið. Hæstv. landbúnaðarráðherra og hlutskipti hans er tákn um stöðu Framsóknarflokksins í dag því að hver hefði látið sér til hugar koma að það yrði af öllum mönnum hlutskipti hæstv. landbúnaðarráðherra, bóndasonarins glæsta úr Árnessýslu, að leggjast með þessum hætti hundflatur til að verða eins konar þröskuldur, eins konar ástig fyrir hv. þm. Pétur H. Blöndal sem kemur í dag og segir að allir sínir draumar hafi ræst í dag og að veruleikinn hafi í reynd farið fram úr þeim björtustu vonum (Gripið fram í.) sem hann kvaðst hafa átt þegar hann steig hingað fyrstu skrefin inn á þing fyrir tveimur kjörtímabilum. (**PHB:** Ég á fullt af draumum eftir.) Hv. þm. Pétur H. Blöndal getur leyft sér þann munað að hugsa byltingarkennda drauma inn í framtíðina vegna þess að hann veit að á meðan Framsóknarflokkurinn er í þessu farinu getur hann nánast náð öllu því fram sem hann vill. En það var annar hugsjónamaður í Sjálfstæðisflokknum — ég lít svo á að hv. þm. Pétur H. Blöndal sé hugsjónamaður — það var annar hugsjónamaður í Sjálfstæðisflokknum sem hratt af stað þeirri bylgju frjálshyggjunnar sem hæstv. forsætisráðherra ásamt varaformanni sínum hafa riðið síðustu árin, því það er ekki hægt að segja annað. Þeim hefur verið fleytt til valda á öldufaldi frjálshyggjunnar vegna þess að þeir eru stjórnmálamennirnir sem hafa gert þessum æstustu frjálshyggjumönnum kleift að hrinda draumum sínum í framkvæmd í veruleika. Sá hugsjónamaður sem ég ætlaði að nefna til sögu heitir Hannes Hólmsteinn Gissurarson sem einmitt í dag að gefa út merka bók og gangi honum vel með hana. En hann var skyggnari en svo margir okkar sem sitja í þessum sölum þegar hann var að spá kristalskúlu stjórnmál-

anna og horfa inn í framtíðina vegna þess að hann sá fyrir þá þróun sem í dag einkennir vegferð hæstv. landbúnaðarráðherra og varaformanns Framsóknarflokksins. Hann sagði fyrir fimm árum: „Framsóknarflokkurinn á að ganga inn í Sjálfstæðisflokkinn." Þá hlógu nú marbendlar. Þá hló nú sá maður sem stendur hér í dag vegna þess að ég minntist þess að sjálfsögðu hvaða hönd það var sem skrifaði stefnuskrá bæði Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins. Það var hönd jafnaðarmannsins, leyfi ég mér að segja, Jónasar frá Hriflu, þess manns sem mótaði hvað sterkast stjórnmál síðustu aldar, þess manns sem sá fyrir þá draumsýn sem ég lýsti í upphafi ræðu minnar þegar verkamenn sveitarinnar og þéttbýlisins næðu saman til að hrinda í framkvæmd breytingu, til þess að jafna kjörin. Undirstaða þeirrar draumsýnar í verki var að sjálfsögðu skattkerfið sem, má segja, að hafi með vissum hætti tekið mið af átthögum hæstv. landbúnaðarráðherra og varaformanns Framsóknarflokksins því einu sinni var það þannig að hæstv. landbúnaðarráðherra gat stært sig af því að koma frá þeim einasta parti jarðarkringlunnar þar sem mannshöndin hafði í framkvæmd hrint verki sem sást utan úr geimnum, Flóaáveitunni. Þeir sögðu það stundum gömlu jafnaðarmennirnir sem hugsuðu eins og Jónas frá Hriflu að skattkerfi jafnaðarmannsins og skattkerfi samvinnumannanna, skattkerfi sem þessar tvær skyldu en ólíku hreyfingar börðust saman fyrir á síðustu öld, væri Flóaáveita sem veitti fjármagni frá þeim sem höfðu meira en nóg til að bíta og brenna til hinna sem höfðu minna, mannanna sem Jónas frá Hriflu, Jón Baldvinsson og þeir allir vildu slást fyrir hér á fyrstu áratugum síðustu aldar. Hverjum hefði komið til hugar að það yrði svo hlutskipti Framsóknarflokksins að hrinda í framkvæmd hugmyndum og hugsjónum sem alls staðar á jörðinni er búið að senda á öskuhauga sögunnar nema hér á Íslandi þar sem mönnum eins og hv. þm. Pétri H. Blöndal — og megi hann lof hafa fyrir þrautseigjuna — og mönnum eins og Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni tókst að halda neista þessarar draumsýnar á lífi? (Gripið fram í.) En það varð síðan Framsóknarflokkurinn sem blés í glæðurnar þannig að úr þessum neista logaði bál. (**Gripið fram í:** Er þingmaðurinn með ...?) Og það er þetta bál sem er núna að brenna upp undirstöðu þessa jöfnuðar sem áður einkenndi íslenska skattkerfið. Það er auðvitað sorglegt finnst mér. (Gripið fram í.) Mér finnst að það sé sorglegt að maður eins og hæstv. landbúnaðarráðherra, sem mér fannst áður að hefði í brjósti sér nákvæmlega sömu drauma og þrár þeirra sem vilja jöfnuð og ég og ýmsir aðrir höfðu, sé genginn í björg og orðinn að því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hérna að mætti nota orðin litla íhaldið yfir. (Gripið fram í.) Ég segi hins vegar, herra forseti: Lengi er von á einum og lengi skal manninn reyna. Menn eiga ekki að gefa upp vonina fyrr en (Gripið fram í.) allt um þrýtur. Það var hlutskipti hæstv. landbúnaðarráðherra í dag, ekki bara að greiða atkvæði með og styðja heldur að koma upp í atkvæðaskýringu og verja þær breytingar sem hv. þm. Pétur H. Blöndal taldi (Gripið fram í.) mesta fagnaðarefni frá því að hann (**Gripið fram í:** Tekjuskattslækkunar...) steig sín fyrstu skref í stjórnmálum og það var að afnema eignarskatt m.a. á fyrirtækjum og stóreignamönnum. (**Landbrh.:** Og fátæka fólkinu.) Hæstv. landbúnaðarráðherra kallar fram í: „Og fátæka fólkinu." Þar hefur hann rétt fyrir sér vegna þess að eitt af því sem við gerðum í dag, þ.e. meiri hlutinn — rétt skal vera rétt — var að afnema eignarskatt á því sem hæstv. landbúnaðarráðherra réttilega kallar fátæka fólkið.

Herra forseti. En fylgdu ekki fleiri með í þeirri ferð? Sem ég horfist í augu við hæstv. landbúnaðarráðherra, (Gripið fram í.) varaformann Framsóknarflokksins, þá veit ég og finn að hann skynjar að kannski urðu honum á mistök þar vegna þess að ekki voru bara eignarskattar fátæka fólksins afnumdir heldur var líka verið að afnema um leið eignarskatta fyrirtækjanna og stóreignafólksins. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar lýstum því þá að við vildum stíga skref til að koma í veg fyrir að tekjulágir aldraðir Íslendingar væru að greiða óhóflegan eignarskatt. En við vildum ekki að sú breyting yrði líka til þess að stóreignafólkið og fyrirtækin losnuðu við að greiða eignarskatt. Það var þá sem við boðuðum þá tillögu sem ég er í reynd kominn hingað til að mæla fyrir. Það er breytingartillaga frá mér, Steingrími J. Sigfússyni og Guðjóni A. Kristjánssyni einmitt um eignarskatt fátæka fólksins, um þær breytingar sem ætti í reynd að gera þannig að réttlætinu verði fullnægt. Þessi breytingartillaga sem er að finna á þingskjali 659 gerir ráð fyrir því, herra forseti, að fríeignamarkið sem var við lýði verði þrefaldað. Það þýðir í reynd að fátæka fólkið, þ.e. tekjulágir aldraðir einstaklingar sem búa í skuldlitlum eða skuldlausum eignum þurfa ekki að borga eignarskattinn. En við segjum hins vegar í anda þeirrar hugsjónar sem hv. þm. Ögmundur Jónasson lýsti svo ágætlega hérna áðan að við viljum ekki verja milljörðum í að borga líka niður eða afnema eignarskatta stóreignafólksins og fyrirtækjanna.

Við höfum þegar á síðustu árum, síðustu kjörtímabilum, þar á meðal ég, tekið þátt í því að bæta hag atvinnufyrirtækjanna. Ég sat í ríkisstjórn sem tók þátt í að lækka fyrirtækjaskatta úr 50 niður í 30%. Síðan var því haldið áfram og á síðasta kjörtímabili voru þeir lækkaðir úr 30 niður í 18%. Ég segi bara: Það er nóg. Það er búið að gera nóg fyrir fyrirtækin í landinu. Þau standa vel. Við sem sitjum í þessum sölum höfum saman tekið þátt í því að skapa umhverfi sem er þeim ákaflega farsælt og það eru ákaflega margir í þessum sölum, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, sem hafa tekið þátt í því verki. Ég segi að í staðinn fyrir að eyða milljörðum í að afnema eignarskatta á fyrirtækjum og stóreignafólki þá vil ég fara þá leið sem er að finna í þessari breytingartillögu og hafa frekar þá peninga sem til falla til að standa undir bótum og framþróun velferðarkerfisins. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að í því sé miklu meira réttlæti fólgið.

Þegar ég sagði fyrr í ræðu minni að lengi væri von á einum þá er ég innst í djúpum huga míns, herra forseti, að vonast til þess að hinn ungi stjórnmálamaður sem ég hitti hér á fleti fyrir árið 1991 sem þá var hv. þm. Guðni Ágústsson, sveitadrengurinn og bóndasonurinn að austan, brjótist skyndilega fram úr gervi hæstv. landbúnaðarráðherra og taki undir með okkur eins og hann hefði gert á vordögum 1991. Það er von mín, herra forseti.

Ég hef áður reifað viðhorf mín og flokks míns til þeirra tillagna og þess máls sem hér liggur fyrir og ég ætla ekki að taka neinn tíma til þess að skýra það frekar. En ég ætla að gleðja Framsóknarflokkinn með einu. Ég ætla að fara héðan

úr ræðustól án þess að minnast á matarskattinn nema þá því aðeins að ég verði neyddur til þess í andsvörum.

[21:46]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson talar mikið um staðfestu og stefnufestu í skattamálum og ég tel slíkt mjög mikilvægt og er honum sammála um það.

Ég vildi spyrja hv. þingmann vegna þess að þetta mál varðar tvennt, annars vegar afnám eignarskatts og hins vegar lækkun tekjuskatts um 4%. Þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp, og ég man ekki betur en að Alþýðuflokkurinn sálugi hafi komið að því, voru flestir sammála um að tekjuskattsprósentan mætti ekki fara upp úr því sem þá var lagt á eða rétt um 35%. Nú er verið að ná því stefnumiði með þessu frumvarpi. Síðan var skipuð nefnd til þess að koma á fjármagnstekjuskatti. Ég man ekki betur en hv. þm. Pétur Blöndal hafi m.a. tekið þátt í henni. Þar var líka formaður Alþýðuflokksins, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu að taka ætti upp fjármagnstekjuskatt en afnema eignarskatt, þ.e. leggja skatt á tekjur af eignunum en ekki á eignina sjálfa. Nú er verið að koma báðum þessum stefnumiðum í framkvæmd með þessu frumvarpi, stefnumiðum sem (Gripið fram í.) Alþýðuflokkurinn barðist fyrir á sínum tíma. Og ég ætlaði að spyrja hv. þingmann: Hvað veldur þessari stefnubreytingu?

[21:48]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að biðja hæstv. forsætisráðherra að skyggnast betur aftur í fortíðina. Ég man það ekki alveg, ég verð að viðurkenna það, hvort hæstv. forsætisráðherra sat í þessari nefnd en eins og hann man var barist um niðurstöðu þeirrar nefndar fram á síðasta dag og fulltrúi Alþýðuflokksins skilaði sérstöku áliti sem ég veit að hæstv. forsætisráðherra kannast við.

Nú vil ég líka taka það alveg skýrt fram að Samfylkinguna og Framsóknarflokkinn greinir auðvitað á í grundvallaratriðum í þessum efnum. Við höfum aldrei verið þeirrar skoðunar að afnema eigi allan eignarskatt af fyrirtækjum og stóreignafólki. Það hefur aldrei komið fram í stefnuskrá Samfylkingarinnar. Í stefnuskrá Samfylkingarinnar hefur hins vegar komið fram að lækka eigi matarskattinn um helming og ég vil ekki gera hæstv. forsætisráðherra það gramt í geði undir lok þingsins að fara að rifja upp hvað það er sem veldur því að ekki hefur tekist samstaða um það á hinu háa Alþingi. Ég (Gripið fram í.) vil hins vegar segja það við hæstv. forsætisráðherra að ég tel að hann sé mjög á rangri braut í skattamálum. Ég er líka þeirrar skoðunar að hann og flokkur hans hafi verið allt of leiðitamur við Sjálfstæðisflokkinn.

Ég heyri að hv. þm. Pétri H. Blöndal þykir ekki nóg gert, hann vill enn frekar undiroka og niðurlægja Framsóknarflokkinn. Ég hef satt að segja ekki hugmyndaflug til að sjá hvernig hann ætlar frekar að teyma hann til fylgilags í þessum efnum því mér finnst sem Sjálfstæðisflokkurinn hafi náð öllu fram í þeim efnum sem hann vill. En ég vil segja, herra forseti, við hæstv. forsætisráðherra að ég held að áður en hann gengur til náða í kvöld eigi hann að draga fram gömlu skýrsluna um fjármagnstekjuskattinn og lesa sérálit fulltrúa Alþýðuflokksins.

[21:50]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að Alþýðuflokkurinn gamli hafi ekki viljað fella niður eignarskatt. Það má vel vera, en hann svaraði engu um tekjuskattinn. Mér heyrist að hann sé nú á móti því að tekjuskatturinn verði svipaður og hann var þegar hann var tekinn upp í staðgreiðslukerfinu. Það er a.m.k. mikil stefnubreyting og hv. þingmaður svaraði engu um það.

Hvað varðar virðisaukaskattinn þá er það algjör hugarburður hjá hv. þingmanni að einhver ágreiningur sé um hann. Það liggur alveg ljóst fyrir að það sem er í þessu frumvarpi eru forgangsatriði ríkisstjórnarinnar og algjör samstaða um þau. Síðan var ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að fara yfir virðisaukaskattskerfið og það mun koma til umfjöllunar á Alþingi þegar þar að kemur. Það sem hv. þingmaður heldur fram er algjör hugarburður og ég vænti þess að hann láti af því mikla hugarflugi sínu og noti gáfur sínar í eitthvað annað.

[21:51]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Greind mín er ekki meiri en svo að ég rétt næ upp í að gera mér grein fyrir veruleikanum en að fljúga ofar honum tekst mér sjaldnast.

Því miður er það svo, eins og hæstv. forsætisráðherra veit, að það er bara andstaða Framsóknarflokksins sem kemur í veg fyrir að lækkun matarskattsins hefur verið samþykkt. Það veit hæstv. forsætisráðherra auðvitað jafn vel og ég. Hann veit það jafn vel og hæstv. fjármálaráðherra sem sagði í sjónvarpsþætti við mig þegar við ræddum þetta og ég innti hæstv. ráðherra eftir því hvort það hefði ekki verið stefna Sjálfstæðisflokksins að lækka matarskattinn um 7%. Hæstv. fjármálaráðherra, hjartaprúður og ærlegur, sagði, með leyfi forseta:

„Við vildum lækka matarskattinn um 7%. Framsóknarflokkurinn vildi fara aðra leið.“ (Gripið fram í.)

Samkvæmt þessu og miðað við þær takmörkuðu gáfur sem mér eru gefnar les ég út úr þessu svari hæstv. fjármálaráðherra að Sjálfstæðisflokkurinn hafi viljað lækka matarskattinn, eins og allir aðrir í þessum sal nema framsóknarmenn, (Gripið fram í.) að það hafi verið sá flokkur sem í þessu samtali gekk undir nafninu Framsóknarflokkurinn sem vildi fara aðra leið. Þýðir það, herra forseti, nokkuð annað en að það hafi verið Framsóknarflokkurinn sem kom í veg fyrir að þetta yrði samþykkt?

Hins vegar ber að gefa hæstv. forsætisráðherra það sem hann á skilið og hann er að boða stefnubreytingu. Ég tel að hin harða andstaða Samfylkingarinnar (Gripið fram í.) og fleiri aðila úr stjórnarandstöðunni gegn þessari stefnu Framsóknarflokksins hafi leitt til þess, eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson bendir á úr sæti sínu, að flótti Framsóknarflokksins er hafinn í þessu máli. Við munum reka hann og líka í öðrum málum.

[21:53]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er lélegur sagnfræðingur. Hann getur lesið stjórnarsáttmálann og séð hver voru forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar. Það er það sem við vorum að gera hér. Þar stendur enn fremur að endurskoða skuli virðisaukaskattskerfið út frá hagsmunum almennings. Sú vinna er farin í gang.

Ég vil enn fremur minna hv. þingmann á að Sjálfstæðisflokkurinn varð að henda þeim út í drulluga keldu 1995 vegna þess að það gekk ekki að byggja upp atvinnulíf á Íslandi með Samfylkingunni eða Alþýðuflokknum sáluga.

Ég minni hér á að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði sig úr ríkisstjórn því að hún þoldi ekki sinn eigin flokk og stofnaði nýjan. Hún gerði það vegna þess að þeir djöfluðust á sjúkrahúsunum. Þá fóru til sjúkrahúsa og heilbrigðismála 46 milljarðar af tekjum ríkisins. Í dag fara 122,5 milljarðar og við erum að gefa í á milli ára um 8 milljarða í þennan málaflokk. Þess vegna er það staðreynd að núverandi ríkisstjórn er að vinna í þágu almennings á Íslandi. Hér er verið að bæta lífskjör. Atvinnuleysið sem var þá er að mestu horfið. Hér var fátækt og erfiðleikar 1995. Þjóðin hefur verið á miklu framfarastigi.

Sannleikurinn er sá að Sjálfstæðisflokkurinn verður varla kallaður íhald og Framsóknarflokkurinn enn þá síður því að þetta eru framfaraflokkar sem standa nú og við sjónmál þegar við horfum til Evrópu er staðan sú að á Íslandi eru einhverjar bestu aðstæður í efnahagsmálum í allri Evrópu. Hér blasa við framfarir og mikil uppbygging, og ef við horfum til 2010 þá er það viðurkennt að hér verði mestur hagvöxtur. Þess vegna getum við gert þetta og ég spyr hv. þingmann: Er hann á móti (Forseti hringir.) því að tekjuskattur launþega lækki úr 38 í 34%? Hæstv. forseti. Það var alveg ljóst að það stefndi í að fara með hann í 40% af hálfu Alþýðuflokksins.

[21:56]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það vel að varaformaður Framsóknarflokksins sé ekki glaður á þessum dagi og í allan dag hafa ræður hans á hinu háa Alþingi einkennst af því að hann er pirraður og hann er bitur og sár. Ég er líka mannlegur eins og hæstv. landbúnaðarráðherra og mér mundi líða nákvæmlega svona ef ég stæði í skóm hans. Ef ég hefði horft á hugsjónir mínar teknar og tættar í sundur með þeim hætti sem Sjálfstæðisflokkurinn, undir forustu hv. þm. Péturs H. Blöndals, hefur gert við pólitíska drauma bóndasonarins úr Árnessýslu þá mundi mér líka líða svona. Ef ég horfði til baka yfir þann feril sem hæstv. landbúnaðarráðherra á að baki með sínum flokki í þessari ríkisstjórn yrði ég heldur ekki glaður ef við blasti að á þessum tíma hefði Ísland orðið þriðja skuldugasta þjóð í heimi. Á þeim tíma frá því að Framsóknarflokkurinn tók við félagsmálaráðuneytinu er búið að plokka af íslenskum barnafjölskyldum sem svarar 10 milljörðum frá 1995 til 2003. Búið er að taka atvinnulausa þeim tökum að raungildi bóta þeirra á þessum tíma hefur verið skert sem svarar til tveggja mánaða bóta á ári.

Á þessum tíma hefur það líka gerst að í dag eru 29 þúsund Íslendingar sem eru með tekjur sem varla voru greiddir tekjuskattar af þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir steig út úr ríkisstjórn, en sá hópur borgar í dag sem svarar 2 milljörðum í tekjuskatt. Ef ég væri varaformaður hins gamla samvinnuflokks, Framsóknarflokksins, og horfði til baka og sæi yfir þetta landslag mundi mér líka líða eins og hæstv. landbúnaðarráðherra líður greinilega í kvöld.

[21:58]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sagt hefur verið að gömlu vinstri mennirnir sem voru hér á þingi og oft leiðtogar verkalýðshreyfinga, eins og Eðvarð Sigurðsson og fleiri, hafi verið svo heiðarlegir í málflutningi að ríkisstjórn sem þeir voru í andstöðu við tók mark á þeim. Þeir viðurkenndu sannleika. Þess vegna er það svo að auðvitað verður hv. þm. Össur Skarphéðinsson að viðurkenna að efnahagsástand á Íslandi er allt öðruvísi en það var í kreppunni frá 1991–1995. Ég ætla ekki alfarið að kenna Alþýðuflokknum um þá kreppu, það var kreppa og við höfum verið að byggja okkur upp frá henni. Þess vegna blasti það við 1995 þegar við fórum í hin óhreinu bæli Alþýðuflokksins til að taka til, til að viðra sængur og hengja út fatnað og umbreyta íslensku þjóðfélagi, (Gripið fram í.) að þá blasti það í rauninni við í íslenskri pólitík að ganga yrði til verulegrar skattahækkunar á almenning. Ég trúði því þá að við yrðum að hækka tekjuskattinn á launafólki svipað og hann er í Danmörku og Noregi, fara með hann úr 42% upp í 45 eða 48%.

Nú höfum við farið með hann þar sem hann var (Gripið fram í.) hæstur, sérstakur tekjuskattur, úr 47% og erum að keyra hann niður í 34%. Auðvitað sjá allir skynsamir menn og eiga að viðurkenna það að staðreyndin er sú að íslenska samfélagið er allt öðruvísi statt en það var 1995 og íslenska þjóðin hefur það tiltölulega gott. Við eigum að viðurkenna það og vera menn til þess og heiðarlegir í pólitík og segja satt. Þess vegna eiga menn að viðurkenna þær staðreyndir að það er allt annað ástand og þess vegna eru flokkarnir að ljúka þingi 10. desember. Það eru engin vandræði, aldrei fær hv. þm. Össur Skarphéðinsson lengra jólaleyfi vegna þess að efnahagsástand á Íslandi er tiltölulega gott og þessir flokkar, nú undir forustu Halldórs Ásgrímssonar, eru að leysa sín mál með þeim hætti að hér blasa við lífskjarabætur sem skipta miklu máli fyrir íslenska launþega á næstu árum. (**Gripið fram í:** Á það líka við um bændur?) Bændur líka, eignarskattarnir skipta þá miklu máli.

[22:00]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. landbúnaðarráðherra að Íslendingar hafa það flestir tiltölulega gott en hæstv. ráðherra veit það líka að þeir mundu hafa það miklu betra ef hann mundi hjálpa mér til að lækka matarskattinn. Hins vegar verð ég að segja að mér finnst sem hæstv. ráðherra sé ekki alveg í tengslum t.d. við veruleika láglaunafólksins í landinu. Það er því miður þannig að samfélagið hefur verið að gliðna og í því er hópur sem ekki hefur notið þessa góðæris.

Það er alveg rétt hjá hæstv. landbúnaðarráðherra líka að það var kreppa 1991–1994 og ég minnist þess alveg þegar ég steig hér inn og við héldum að við værum að sigla (Gripið fram í.) inn í gott skeið þegar þorskstofninn brast. Það má kannski segja að hæstv. ráðherra geti tekið undir með mér og Steini Steinarr og jafnvel hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni:

Ég var soltinn og klæðlaus og orti í Alþýðublaðið
og allur heimurinn fyrirleit blaðið og mig.

En við jafnaðarmenn ásamt þeim sem við störfuðum með þá lögðum að stórum hluta grundvöll að farsæld komandi ára með því að geta samþykkt aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta er viðurkennd staðreynd í dag og þá mætti kannski skoða hverjir það voru sem greiddu atkvæði gegn því. Ég ætla ekki að rifja það upp fyrir hæstv. landbúnaðarráðherra en auðvitað er aumt hlutskipti að vera landbúnaðarráðherra, sjá fram á það hvernig bændastéttin hefur því miður eða a.m.k. hluti hennar verið að sigla inn í miklu verra ástand en áður var undir forustu hæstv. landbúnaðarráðherra og þurfa að horfa framan í það að það er fyrst og fremst flokkur hæstv. landbúnaðarráðherra sem kemur í veg fyrir að hægt sé að selja meira af íslenskum landbúnaðarvörum með því að lækka matarskattinn.

Hæstv. ráðherra þarf ekkert að velta því fyrir sér hvort ég trúi eða hafi heimild um það eða ekki. Ég hef dregið annan og fínan mann til vitnis um það, hæstv. fjármálaráðherra, sem sagði það hreinlega opinberlega: Framsóknarflokkurinn vildi fara aðra leið. (Forseti hringir.)

Meira er ekki um það að segja, herra forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[22:04]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það mál sem nú er komið til lokaafgreiðslu er eitt af þessum tiltölulega sjaldgæfu hápólitísku málum sem koma til meðferðar á Alþingi. Þetta er í raun inni eitt af þeim málum sem skiptir fólki í stjórnmálaflokka, afstaða til skatta, skattlagningar og með hvaða hætti skattkerfið eigi að vera uppbyggt.

Við höfum heyrt í þessum umræðum bæði í dag og áður að það eru þingmenn úr vinstri flokkunum sem telja að ríkið eigi peningana sem almenningur aflar sér með vinnu sinni og þess vegna sé verið að færa fólki gjöf með því að skila til baka hluta af skattfénu sem þetta fólk hefur greitt. Við hin teljum að þetta sé akkúrat öfugt. Almenningur á launin sín og ríkissjóður er að heimta hluta þeirra með skattheimtu til sinna þarfa sem auðvitað er nauðsynlegt upp að vissu marki en þegar það er svigrúm til að slaka á þeirri kló á ekki að hika við að gera það. Og nú erum við að gera það með því að afnema eignarskattana sem eru úrelt fyrirbrigði, bæði á atvinnureksturinn og á almenning, og við erum að gera það með því að stórlækka jaðarskattinn í tekjuskatti, stórminnka jaðaráhrifin sem eru illræmd og hafa mjög óheppileg áhrif, bæði á vinnuframboð og áhuga fólks á því að afla sér tekna og sömuleiðis á tilhneigingu fólks til að reyna að draga undan skatti tekjur sínar.

Hér kemur nú eitt af þessum hápólitískum málum til lokaafgreiðslu. Ég fagna því hversu greiðlega hefur gengið að koma því í gegnum þingið. Ég þakka mönnum fyrir gott samstarf í því efni í þinginu en ég er sannfærður um að þegar fram í sækir verður þetta frumvarp talið vera eitt það markverðasta sem hefur verið samþykkt í þinginu um langan aldur og er eins og ég sagði í dag framhald á þeim skipulagsumbótum í fjármálum og efnahagsmálum sem staðið hafa yfir í meira en áratug.

[22:06]

Pétur H. Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Sjómenn, verkamenn, iðnaðarmenn, (**Gripið fram í:** Stúdentar.) bændur, (**Gripið fram í:** Stúdentar.) menntamenn, t.d. verkfræðingar, kennarar, hjúkrunarfólk; skrifstofufólk, aldraðir, barnafólk, allt þetta fólk, launafólk og lífeyrisþegar, getur glaðst með okkur hv. þingmönnum yfir þessu frábæra frumvarpi hæstv. fjármálaráðherra. Allt þetta fólk mun halda eftir stærri hlut af tekjum sínum og atvinnulífið mun blómstra. (Gripið fram í.) Kakan mun stækka enn frekar og það mun gefa okkur tækifæri til að halda uppi enn kröftugra velferðarkerfi öllum til hagsbóta.

Það lof sem hefur verið ausið á mig undanfarið að ég eigi einhvern þátt í þessu er oflof, það er annað fólk sem hefur unnið að þessu að miklu leyti, aðallega flokkssystkini mín og svo náttúrlega samstarfsflokkur okkar í ríkisstjórn sem náði fram t.d. hækkun á barnabótum. Þar kemur velferðarkerfið fram. Ég hugsa að þetta sé ekkert slæm blanda, frjálshyggjan, íhaldssemin og samvinnuhugsjón hæstv. landbúnaðarráðherra. (Gripið fram í.) Þetta eru bestu kjarabætur íslenskrar — hvar er þingmaðurinn sem kvartaði undan frammíköllum? (**Gripið fram í:** Þórunn.) Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir. (**Gripið fram í:** Hún hefur ekkert sagt.) Ég get ekki talað fyrir frammíköllum. (**Gripið fram í:** Við erum svo glöð.) Það er mjög ánægjulegt, herra forseti, hve glaðir hv. þingmenn eru. Þetta eru mestu kjarabætur sem launamenn ?

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill biðja hv. alþingismenn að gefa ræðumanni kost á að ljúka máli sínu.)

Þetta eru einar mestu kjarabætur sem íslenskir launamenn hafa fengið í lengri tíma. Það er svo aftur mitt persónulega vandamál hvernig ég fer að því að trúa því að eignarskatturinn sé farinn. Kannski einhvern tíma um áramót ef ég hugsa um það dag og nótt og ef ég klíp mig í handlegginn og trúi því að þetta sé ekki draumur fer ég að trúa því. (Gripið fram í.)

[22:09]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Samfylkingin hefur lagt megináherslu á að það svigrúm sem nú er til skattalækkunar nýtist fyrst og fremst fólki í lágtekju- og meðaltekjuhópunum meðan stjórnarflokkarnir færa mest af skattalækkunum til þeirra sem mest hafa fyrir. Skattatillögur stjórnarflokkanna og okkar jafnaðarmanna sýna að fólk hefur skýrt val milli skattstefnu tveggja stærstu stjórnmálaflokkanna í landinu.

Það er andstætt stefnu jafnaðarmanna og hrópandi óréttlæti að lágtekjufólk með 150 þús. kr. í tekjur á mánuði fái 8 þús. kr. í skattalækkun á mánuði á árinu 2007, á sama tíma

og topparnir með ofurkjörin fá í sinn hlut 186 þús. kr. á mánuði, þ.e. 2,2 millj. á ári í skattalækkun, þ.e. sem samsvarar tvöföldum árslaunum lægst launaða fólksins. (Gripið fram í.) En það er einmitt það sem hæstv. fjármálaráðherra er nú að gera, (Forseti hringir.) að færa ofurforstjórunum tvöföld árslaun lágtekjufólksins í skattalækkun og sem gerir hv. þm. Pétur H. Blöndal svona hamingjusaman. Það er ekki skrýtið þó að ráðherrabekkurinn sé órólegur yfir þessum tölum og ég segi við ráðherrana: Hafi þeir skömm fyrir að nýta þetta svigrúm til skattalækkana til að auka misskiptinguna í þjóðfélaginu. Nóg var nú samt. (**Gripið fram í:** Heyr.)

[22:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það sem hér á að fara að afgreiða í skattamálum er tær og ómenguð hægri stefna. Það er skiljanlegt að hv. þm. Pétur Blöndal, einn helsti talsmaður peningafrjálshyggjusjónarmiðanna í Sjálfstæðisflokknum, og aðrir últra hægri menn í þeim flokki séu glaðir. Það er fullkomlega eðlilegt og það er út af fyrir sig hægt að óska þeim til hamingju með það (Gripið fram í.) að fá sína stefnu svo tæra og ómengaða í gegn að þeir trúa varla eigin augum, eins og hv. þm. Pétur Blöndal. Hann þarf að láta segja sér þrisvar eins og Njáll forðum að eignarskatturinn sé bara að hverfa, líka af stóreignamönnunum og fyrirtækjunum og það gerir hann enn hamingjusamari. (Gripið fram í.)

Það er líka táknrænt, gleði hv. þm. Péturs H. Blöndals er táknræn sett í samhengi við örlög Framsóknarflokksins eða Litla íhaldsins eins og hann hefur verið skírður á þessum degi. Og þá er erfiðara að gera upp við sig hvort maður á að óska til hamingju eða votta samúð. Það er algerlega kristaltært að hér er á ferðinni hrein ómenguð hægri nýfrjálshyggjustefna í skattamálum. Þeir fá mest út úr þessu sem hæstar hafa tekjurnar og mestar eiga eignirnar. Það er staðreynd. 25–30 milljarðar kr. verða horfnir út úr ríkissjóði á árinu 2007. Þeir fjármunir verða ekki til skiptanna til að standa undir velferðarútgjöldum í landinu, í landi þar sem ástandið er nú þegar þannig að deildum er lokað á stærstu sjúkrahúsum og fólk sent heim fárveikt um helgar hvort sem einhver er þar til að taka á móti því eða ekki.

Sveitarfélögin með hæstv. félagsmálaráðherra yfir sér sem virðist algerlega rænulaus um stöðu þeirra liggja fullkomlega óbætt hjá garði. Af þessum skattkerfisbreytingum einum saman leiðir 400 millj. kr. tekjutap hjá þeim ofan á það sem fyrir er, í viðbót upp á hallarekstur upp á marga milljarða kr. Það er efnahagslegt glapræði um þessar mundir að fara út í þessar skattalækkanir. Ruðningsáhrif stóriðjuframkvæmdanna og skattalækkunarstefnu ríkisstjórnarinnar eru að ganga af útflutningsgreinunum dauðum. Þar koma menn fram dag frá degi og bera sig upp, grátkórinn gamli í sjávarútveginum er vaknaður til lífsins í fyrsta skipti í 10 ár.

Hæstv. fjármálaráðherra Geir H. Haarde reynir að bera sig vel þótt hann hafi að vísu nöldrað yfir því að kraftaverkið hafi verið þagað í hel. Ég er hins vegar ekki eins viss um að það verði eins gaman að vera fjármálaráðherra á Íslandi árið 2007 og það er hreint ábyrgðarleysi sem þessi ríkisstjórn ástundar í þessum efnum, hreint ábyrgðarleysi.

[22:14]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við umræðuna í haust um fjárlög og fjáraukalög og við umræðuna að undanförnu um skattalagabreytingar höfum við í Frjálslynda flokknum margbent á þau atriði að það kæmi sér betur til að stuðla að launajöfnun í landinu og hækkun á rauntekjum þeirra sem lægst hafa launin að útfæra hækkun á persónuafslætti og þar með hækka skattleysismörkin en að fara þá leið ríkisstjórnarinnar að leggja til prósentulækkun á tekjuskattinn til viðbótar við niðurfellingu hátekjuskattsins.

Sú breyting sem hér er verið að gera á skattalögunum og sjálfstæðismenn eru svo ofur glaðir með og framsóknarmenn styðja svo heils hugar sem komið hefur fram felur í sér að fólk með undir 100 þús. kr. á mánuði, láglaunfólk, ellilífeyrisþegar og öryrkjar, heldur áfram að greiða tekjuskatta. Þessi niðurstaða út úr skattalagabreytingunum er óviðunandi og stuðlar ekki að þeirri jöfnun sem við í Frjálslynda flokknum sækjumst eftir í þjóðfélaginu. Við teljum að nú hefði átt að bæta stöðu þeirra sem lægst hafa launin meira en gert er með núverandi breytingum sem færa mun fleiri krónur í vasa þeirra sem hæstar hafa tekjurnar.

Hér hefur verið lýst yfir mikilli hamingju með skattana og skattalagabreytingarnar og einkum hefur hv. þm. Pétur H. Blöndal haft það á orði. Af því tilefni varð þessi limra til í mínum huga:

Í laufblaðahrúgunni lá hann,
til sólar af hamingju sá hann.
Nú villtur hann er
en sér ekki hver
af sköttunum vill ekki sjá hann.

[22:16]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég hafði vænst þess að um þessar skattalagabreytingar gæti ríkt mikil samstaða á Alþingi. Ég hafði gert mér vonir um að flokkarnir á Alþingi gætu verið sammála um að tekjuskattsprósentan færi í svipað horf og hún var þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp. Ég hafði líka gert mér vonir um að samstaða gæti verið um að leggja ætti skatt á tekjur af eignum en ekki á eignirnar sjálfar, og það væri mikilvægt að sveitarfélögin hefðu þann skattstofn sem fasteignagjöldin, lögð beint á eignirnar, eru. Ég hafði líka gert mér vonir um að almenn samstaða yrði um að hækka barnabætur verulega.

Nú er komið í ljós að stjórnarandstaðan er á móti þessum breytingum og það er miður. Þessar breytingar eru í fullu samræmi við yfirlýsingar stjórnarflokkanna fyrir síðustu kosningar. Þær eru í fullu samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og ég minni á að t.d. Samfylkingin lýsti því yfir að það fyrsta sem þeir gerðu yrði að hækka skattleysismörk.

Hér er verið að hækka skattleysismörk, það er verið að lækka tekjuskattinn sem lækkar sérstaklega á millitekjufólki, á unga fólkinu sem er með mestu greiðslubyrðina, fólkinu sem notar milli 10 og 20% af tekjum sínum til að borga af íbúðarhúsnæði, og skattalagabreytingunni varð að haga þannig að hún næði ekki síst til þessa hóps. Það er

fyrst og fremst eldra fólkið sem mun njóta breytinganna á eignarskattinum þannig að hér er um að ræða aðgerð sem kemur öllum til góða og stuðlar að jöfnuði í þjóðfélaginu því kaupmátturinn mun aukast mest hjá fjölskyldufólkinu. Kaupmáttur fjölskyldna í landinu mun aukast á bilinu 6–10%. Þetta eru gífurlegar breytingar og það er mikill jöfnuður í þessum aðgerðum sem ég vænti að stjórnarandstaðan muni átta sig á þegar fram líða stundir.

Brtt. 659,1 felld með 29:21 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.

13 þm. (ÁMagn, EKG, EMS, GHj, JónK, KJúl, KolH, MÞH, MF, StP, ÞKG, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 659,2 felld með 29:21 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.

13 þm. (ÁMagn, EKG, EMS, GHj, JónK, KJúl, KolH, MÞH, MF, StP, ÞKG, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 658,1 samþ. með 29:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.

nei: BjörgvS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, BH, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMagn, EKG, EMS, GHj, JónK, KJúl, KolH, MÞH, MF, StP, ÞKG, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 614,2 felld með 29:16 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, BH, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JBjarn, JGunn, KLM, RG, SJS, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.

2 þm. (JóhS*, MÁ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMagn, BjörgvS, EKG, EMS, GHj, JónK, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, StP, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 658,2 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.

18 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KLM, LB, RG, SJS, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMagn, EKG, EMS, GHj, JFM, JónK, JBjart, KJúl, KolH, MÞH, MF, MÁ, StP, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 614,3.b kom ekki til atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, ÍGP, JBjart, KF, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMagn, EKG, EMS, GHj, JónK, KJúl, MÞH, MF, StP, ÞKG, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:22]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Í lok þessarar atkvæðagreiðslu vil ég sérstaklega fagna því að nú er hið stóra stefnumál okkar sjálfstæðismanna, skattalækkanir, orðið að veruleika. Lækkun tekjuskatts, afnám eignarskatts og hækkun barnabóta. Árangur af góðri hagstjórn og stjórn ríkisfjármála er nú að koma í ljós fyrir venjulegt vinnandi fólk. Fjölskyldurnar í landinu munu nú uppskera aukinn kaupmátt sem stafar af þeim skattalækkunum sem við vorum að lögfesta. Því fögnum við sjálfstæðismenn og ég segi já, hæstv. forseti.

[22:23]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er sérstök ástæða til að gera rækilega grein fyrir því að á þessum mínútum hafa stjórnarliðar fellt tillögur stjórnarandstæðinga um að lækka matvöruverð í landinu stórkostlega. Á þessum síðustu mínútum hafa stjórnarliðar fellt tillögur okkar stjórnarandstæðinga um að hækka barnabætur stórkostlega. Það mun sitja eftir í þessari atkvæðagreiðslu, herra forseti.

[22:23]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Hér kemur það fram að almenningur í landinu mun njóta góðs árangurs stjórnarflokkanna undanfarin ár í efnahags- og ríkisfjármálum. Þess njóta almennir launamenn, barnafjölskyldur, eldri borgarar og fleiri. Hér er m.a. verið að lækka jaðarskatta sem lengi hefur verið rætt um og kemur nú til framkvæmda.

Hér er verið að fylgja eftir kosningastefnu okkar framsóknarmanna frá því fyrir síðustu kosningar og einnig stjórnarsáttmála stjórnarflokkanna.

Herra forseti. Það er sorglegt að verða vitni að ólund og

vanlíðan stjórnarandstæðinga þegar kaupmáttur fólks í landinu er aukinn verulega og verið er að draga úr jaðaráhrifum skattkerfisins en mér finnst þetta ánægjuleg málalok og segi því já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 678)

Raforkulög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 328. mál (gjaldskrár, tekjumörk o.fl.). — Þskj. 654.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:25]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, ÍGP, JFM, JÁ, JóhS, JGunn, JBjart, KF, KÓ, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞSveinb, ÖS.

5 þm. (GAK, HHj, JBjarn, KolH, SJS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMagn, EKG, EMS, GHj, JónK, KJúl, LB, MÞH, MF, StP, ÞKG, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 679)

Innrásin í Írak og forsendur fyrir stuðningi íslenskra stjórnvalda, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:25]

Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 22:25.

---

57. FUNDUR

föstudaginn 10. des.,
að loknum 56. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning tveggja dómenda og tveggja varadómenda í Kjaradóm til fjögurra ára frá 1. janúar 2005 til 31. desember 2008, skv. 1. gr. laga nr. 120 31. des. 1992 um Kjaradóm og kjaranefnd.

2. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára, frá 1. jan. 2005 til 31. des. 2007, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 102 31. des. 1980, um Grænlandssjóð.

3. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 432. mál, þskj. 631. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:27]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

Kosning tveggja dómenda og tveggja varadómenda í Kjaradóm til fjögurra ára frá 1. janúar 2005 til 31. desember 2008, skv. 1. gr. laga nr. 120 31. des. 1992 um Kjaradóm og kjaranefnd.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:

Jón Sveinsson hæstaréttarlögmaður (A),
Óttar Yngvason hæstaréttarlögmaður (B).

Varamenn:

Þuríður Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður (A),
Björgvin Guðmundsson viðskiptafræðingur (B).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára, frá 1. jan. 2005 til 31. des. 2007, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 102 31. des. 1980, um Grænlandssjóð.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:

Birgir Ármannsson alþingismaður (A),
Bryndís Kristjánsdóttir blaðamaður (B),
Haraldur Ólafsson, fyrrv. prófessor (A),
Drífa Skúladóttir verslunarmaður (B),
Sigurrós Þorgrímsdóttir bæjarfulltrúi (A).

Varamenn:
Ellen Ingvadóttir dómtúlkur (A),
Brynja Magnúsdóttir varaþingmaður (B),
Anna Jensdóttir kennari (A),
Jón Kr. Óskarsson varaþingmaður (B),
Guðmundur Skarphéðinsson skrifstofumaður (A).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 432. mál. — Þskj. 631.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:29]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EOK, GHH, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, JFM, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KF, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞSveinb, ÖS.

14 þm. (ÁMagn, EKG, EMS, GHj, HHj, ÍGP, JónK, KJúl, MÞH, MF, StP, ÞKG, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 680)

Jólakveðjur.

[22:29]

Forseti (Halldór Blöndal):

Nú er komið að lokum síðasta fundar Alþingis fyrir jólahlé. Tekist hefur eins og á síðustu þingum að ljúka þingstörfum samkvæmt starfsáætlun þingsins. Ég færi alþingismönnum öllum, svo og skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakkir mínar fyrir gott samstarf á haustþinginu og óska öllum gleðilegrar og sællar jólahátíðar og farsæls nýárs.

Ég ítreka kveðjur mínar til alþingismanna og starfsfólks og óska þeim sem eiga um langan veg heim að fara góðrar heimferðar og heimkomu og bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári.

Landsmönnum öllum sendi ég mínar bestu jóla- og nýársóskir.

[22:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir hönd okkar alþingismanna þakka hæstv. forseta fyrir samstarfið á haustþingi og hlý orð í garð okkar alþingismanna. Auðvitað erum við þingmenn misjafnlega sáttir við sum þau lög sem hér hafa verið samþykkt. Vafalaust er því einnig þannig farið meðal fólksins í landinu en það kemur nýr dagur og nýtt ár nýrra tækifæra. Við skulum því öll gleðjast á komandi jólahátíð og leitast við að leggja þeim lið sem á stuðningi þurfa að halda og eiga um sárt að binda svo að þeir fái einnig notið jólanna.

Ég óska forseta og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þá vil ég færa starfsfólki Alþingis þakkir fyrir góða aðstoð við okkur þingmenn og ánægjulegt samstarf á árinu og óska því gleðilegra jóla. Ég bið hv. alþingismenn að taka undir góðar óskir til hæstv. forseta og fjölskyldu hans og starfsfólks Alþingis með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[22:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hv. 5. þm. Norðvest. hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum.

Ég endurtek þakkir mínar og innilegustu jóla- og nýársóskir til hv. þingmanna og alls starfsfólks Alþingis.

Þingfrestun.

[22:31]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 131. löggjafarþings, frá 10. desember 2004 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 24. janúar 2005.

Gjört á Bessastöðum, 8. desember 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Halldór Ásgrímsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 131. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Fundi slitið kl. 22:33.

58. FUNDUR

mánudaginn 24. jan.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2003.
3. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 2003.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Geir H. Haarde fjmrh., 1. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh., 1. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá læknaráði og hjúkrunarráði Landspítala – háskólasjúkrahúss.
Erindi frá Ungmennafélagi Íslands.
Erindi frá Robert Fischer.

Framhaldsfundir Alþingis.

[15:01]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 24. janúar 2005 kl. 15.00.

Gjört á Bessastöðum, 11. janúar 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Halldór Ásgrímsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Fundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismönnum svo og starfsmönnum Alþingis óska ég gleðilegs árs, þakka hið liðna og býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir góðar óskir í garð okkar alþingismanna og starfsmanna Alþingis. Megi góðar óskir fylgja alþingismönnum, starfsmönnum Alþingis og landsmönnum öllum á nýju ári.

Okkur er enn í fersku minni þær skelfilegu náttúruhamfarir sem gengu yfir mörg ríki við Indlandshaf á annan í jólum. Nú er talið að um 250 þúsund manns hafi farist og urðu mannskaðar mestir í Indónesíu en um eitt þúsund borgarar bræðraþjóða okkar á Norðurlöndum eru einnig taldir hafa látið þar líf sitt.

Ég vil þakka Íslendingum rausnarlega aðstoð við þær þjóðir sem verst urðu úti. Ég bið hv. alþingismenn að minnast þeirra sem létu líf sitt í náttúruhamförunum í Asíu og votta syrgjendum samúð með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Nýr skrifstofustjóri Alþingis.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Friðrik Ólafsson lét af störfum skrifstofustjóra Alþingis 20. janúar sl. fyrir aldurs sakir. Ég vil færa Friðriki Ólafssyni þakkir fyrir þau störf sem hann hefur unnið í þágu Alþingis. Ég veit að ég mæli fyrir munn allra alþingismanna þegar ég þakka honum ánægjuleg kynni, ljúfmennsku hans og gott samstarf sem skilur eftir góðar minningar.

Persónulega vil ég þakka honum langa vináttu og fjölmargar ánægjustundir við skákborðið á umliðnum árum. Við óskum Friðriki Ólafssyni allra heilla í framtíðinni.

Á fundi forsætisnefndar 4. janúar var einróma samþykkt að ráða Helga Bernódusson í starf skrifstofustjóra Alþingis frá og með 20. þessa mánaðar. Við þekkjum hann að góðum störfum í þágu Alþingis og alþingismanna í um 20 ár.

Fyrir hönd Alþingis býð ég hann velkominn til starfa í hans nýja embætti.

Varamenn taka þingsæti.

[15:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 3. þm. Norðvest., Magnúsi Stefánssyni, dagsett 21. janúar:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum á vegum Alþingis og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi, Herdís Á. Sæmundardóttir framhaldsskólakennari, Sauðárkróki, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Jafnframt hefur borist svohljóðandi bréf um forföll þingmanns frá varaformanni þingflokks Samfylkingarinnar, Kristjáni L. Möller, dagsett 24. janúar:

„Þar sem Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk., er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 3. varamaður á lista Samfylkingarinnar í kjördæminu, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður Jökuls – stéttarfélags á Höfn í Hornafirði, tæki sæti hennar á Alþingi á meðan en bæði 1. og 2. varamaður á listanum, þau Brynja Magnúsdóttir og Önundur Björnsson, eru forfölluð að þessu sinni."

Þá hafa borist bréf frá 1. varaþingmanni Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi, Brynju Magnúsdóttur, og frá 2. varaþingmanni Samfylkingarinnar í sama kjördæmi, Önundi S. Björnssyni, þar sem þau tilkynna um forföll sín.

Kjörbréf Herdísar Á. Sæmundardóttur og Hjördísar Þóru Sigurþórsdóttur hafa þegar verið rannsökuð og samþykkt en þær hafa ekki áður setið á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Herdís Á. Sæmundardóttir, 3. þm. Norðvest., og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, 1. þm. Suðurk., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Herdís Á. Sæmundardóttir og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru boðnar velkomnar til starfa á Alþingi.

Afturköllun þingmáls.

[15:07]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur bréf frá Kristjáni L. Möller, varaformanni þingflokks Samfylkingarinnar, dagsett 24. janúar:

„Hér með er afturkölluð fyrirspurn á þingskjali 552, um þagnarskyldu um kaup og kjör, að beiðni flutningsmanns."

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Trúnaðarupplýsingar um stríðið í Írak.

[15:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort það sé ekki í allra þágu og ekki síst hans að allri leynd verði aflétt af ummælum hans í utanríkismálanefnd og í ríkisstjórn sem tengjast stuðningi hans og reyndar líka formanns Sjálfstæðisflokksins við innrásina í Írak. Ástæðan er sú að hæstv. forsætisráðherra er í þeirri óþægilegu stöðu að það hefur virst að hann hafi ekki einu sinni heldur tvisvar orðið tvísaga um lykilþætti málsins. Í fyrra skiptið virtist hæstv. forsætisráðherra vera tvísaga þegar hann sagði í Kastljóssþætti í desember að innrásin hefði ekki verið rædd í ríkisstjórn. Í umræðu utan dagskrár við mig vikuna á eftir sagði hann hins vegar úr þessum ræðustóli að innrásin hefði verið á dagskrá ríkisstjórnar 18. mars og hann gaf til kynna að þar hefði verið að finna tildrög ákvörðunarinnar.

Í annað skipti sem hæstv. forsætisráðherra virtist tvísaga var þegar hann lýsti því yfir að ákvörðun um innrás hefði verið rædd í utanríkismálanefnd. Við það kannast enginn maður og ekki einu sinni fulltrúi Framsóknarflokksins í utanríkismálanefnd sem hefur borið að ákvörðunin hafi ekki verið rædd í nefndinni.

Herra forseti. Þetta er ákaflega óþægilegt. Það er óboðlegt að forsætisráðherra tali þannig um jafngrafalvarleg málefni og stuðning við innrás í annað ríki að þjóðin viti ekki hið sanna í málinu. Var ákvörðun rædd í ríkisstjórn eða ekki? Var ákvörðun rædd í utanríkismálanefnd eða ekki? Það er auðvelt að ganga úr skugga um það með því að forsætisráðherra birti þær upplýsingar sem málinu tengjast varðandi ríkisstjórnarfundinn 18. mars, einkum ummæli hans sjálfs og sömuleiðis að hann sjálfur aflétti leynd af því sem hann sagði á fundi utanríkismálanefndar 19. febrúar en þá var síðasti fundurinn sem hann mætti á sjálfur til að ræða þetta mál. Er hæstv. forsætisráðherra reiðubúinn til að gera þetta?

[15:10]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur haldið því fram að sá sem hér stendur og núverandi hæstv. utanríkisráðherra hafi ekki farið að lögum. Aldrei hefur hann kallað til eða óskað eftir því að maður á sviði stjórnskipunarréttar væri kallaður fyrir utanríkismálanefnd til að fara yfir það mál. Ekki hefur verið óskað eftir því að utanríkismálanefnd kæmi saman eftir að tillaga, sem hann er flutningsmaður að um þetta mál, var flutt 10. desember eða send til nefndarinnar um að nefndin væri kölluð saman. Samt leyfa þessir aðilar sér að halda því fram að sá sem hér stendur sé lögbrjótur.

Það liggur alveg ljóst fyrir að farið var að réttum lögum og farið var að réttum reglum. Nú liggur það fyrir frá prófessor við Háskóla Íslands, Eiríki Tómassyni, að það hafi verið gert. Ég skal láta hv. þingmann fá það álit.

Hann hefur líka haldið því fram að ég sé ósannindamaður. Ég er ekki ósannindamaður í þessu máli og það liggur alveg ljóst fyrir að ég hef allan tímann upplýst um þetta mál í utanríkismálanefnd, hér á Alþingi og í fjölmiðlum eins og eðlilegt er. Nú hefur þeim trúnaði af þessum skjölum verið aflétt með því að leka þeim út þannig að ekkert meira er um það að segja.

Í fundargerð ríkisstjórnar þann 18. mars stendur að málið hafi verið rætt. Það er ekki venjan að bóka orðaskipti í ríkisstjórn. Það liggur fyrir að málið var þar á dagskrá og ég hef margupplýst að málefni Íraks voru þar á dagskrá og þar stendur að málið var rætt. Það liggur því allt fyrir í þessu máli. Það er ekkert nýtt sem þarf að koma fram, hefur legið fyrir allan tímann en hv. þingmaður og aðrir ættu betur að biðja um fund í utanríkismálanefnd til að fá það sem þeir óska eftir.

[15:13]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég lít svo á að þrátt fyrir æsinginn hafi hæstv. forsætisráðherra verið að lýsa því yfir að hann muni fyrir sitt leyti styðja það að sú tillaga sem við formenn stjórnarandstöðuflokkanna höfum lagt fyrir og er nú á borði utanríkismálanefndar, um rannsókn á aðkomu hans varðandi ákvörðun um stuðning við innrásina í Írak, verði samþykkt og ég fagna því. En tóku hv. þingmenn eftir því að hæstv. forsætisráðherra fór undan í flæmingi? Hann þorði ekki að svara. Ég spurði: Er hann reiðubúinn til að aflétta

sjálfur trúnaði af eigin ummælum í utanríkismálanefnd? Ég tiltók sérstaklega fundinn 19. febrúar og það er ekki að ástæðulausu.

Ég spyr aftur: Er hæstv. forsætisráðherra reiðubúinn til að aflétta trúnaði af eigin ummælum? Það þarf ekki annað. Það þarf ekki samþykkt nefndarinnar. Við hvað er hæstv. ráðherra hræddur?

[15:14]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu utanríkismálanefndar að ákveða hvort hún afléttir trúnaði af sínum gögnum og ég tel að málið sé svo komið að utanríkismálanefnd sé í stórkostlegum vanda. Það liggur fyrir að trúnaði hefur verið aflétt með því að leka þessum gögnum. Ég held að það sé nauðsynlegt að utanríkismálanefnd komi saman út af því. En mín vegna getur hv. utanríkismálanefnd birt það sem hún vill í þessu máli. En utanríkismálanefnd er búin að því og það væri kannski ástæða til að rannsaka það með hvaða hætti það hefur verið gert og af hvaða hvötum.

[15:15]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Aftur spyr ég: Við hvað er hæstv. forsætisráðherra hræddur þegar hann fer í flæmingi undan því að svara já eða nei hvort hann er reiðubúinn til þess að aflétt verði trúnaði af hans eigin ummælum um aðdraganda Íraksinnrásarinnar og ákvörðunar íslenskra stjórnvalda á fundi nefndarinnar 19. febrúar? Við hvað er hann hræddur?

Hann skýtur sér á bak við ákvörðun utanríkismálanefndar. Herra forseti. Það þarf ekki ákvörðun utanríkismálanefndar. Sérhver nefndarmaður getur leyst eigin ummæli undan trúnaði. Ég skora á hæstv. forsætisráðherra að hreinsa loftið með því að lýsa því yfir úr þessum stóli að hér með létti hann sjálfur trúnaðarskyldunni varðandi þau ummæli hans sem er að finna í fundargerðum utanríkismálanefndar. Það held ég að yrði mjög til þess að hreinsa loftið varðandi aðkomu hans að málinu.

[15:16]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef þegar svarað spurningu hv. þingmanns. En ég vil spyrja hann vegna þeirra alvarlegu ásakana sem hann hefur borið á mig um lögbrot: Hvers vegna hefur flokkur hans og aðrir stjórnarandstæðingar ekki beðið um að sérfræðingur á sviði stjórnskipunarréttar sé kallaður fyrir utanríkismálanefnd til að fara yfir þessi mál? Af hverju hafa þeir mánuðum saman borið á mig og hæstv. núverandi utanríkisráðherra lögbrot án þess að hafa fyrir því að kanna málið? Hvernig má það vera og af hvaða hvötum er það gert?

Framboð til öryggisráðsins.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsætisráðherra og vil spyrja hæstv. ráðherra um stefnu ríkisstjórnarinnar hvað varðar framboð til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna fyrir árin 2009 og 2010 og um stöðu málsins í ríkisstjórninni og hjá stjórnarflokkunum um þessar mundir. Málið hefur verið alllengi í undirbúningi eins og menn vita og fyrrverandi utanríkisráðherra og núverandi forsætisráðherra hefur unnið að þessu og látið utanríkisþjónustuna undirbúa þetta með ýmsum hætti. Þannig hefur verið stofnað til stjórnmálasambands við ýmis þróunarlönd og utanríkisþjónustan efld á ýmsum póstum til að takast á við þetta væntanlega verkefni ef af verður.

Tölur hafa komið fram og kannski ekki allar sem áreiðanlegastar um kostnað sem þessu kunni að vera samfara og er eðlilegt að mönnum bregði í brún ef hann mælist í milljörðum króna. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum sl. tvö ár, bæði í fjárlaganefnd og í utanríkismálanefnd, óskað eftir því að kostnaðaráætlun yrði reidd fram og einhvers konar framkvæmdaáætlun um framboðið, eigi í það að ráðast.

Ég vil taka það skýrt fram að við höfum ekki hafnað því að Ísland taki þetta sæti enda sé kostnaðurinn innan viðráðanlegra marka og ástæða til að ætla að sá leiðangur hafi eitthvað upp á sig, sérstaklega hvað það snertir að Ísland standi í öryggisráðinu fyrir þannig óháðri og sjálfstæðri utanríkismálastefnu að fullur sómi sé að.

Nú hefur það hins vegar gerst að varaformaður fjárlaganefndar og einn af talsmönnum Sjálfstæðisflokksins hefur sagt opinberlega að hann telji að falla eigi frá þessu framboði og skorar á formann sinn, hæstv. utanríkisráðherra, að fylgja því eftir. Það má ráða af ummælum bæði formanns utanríkismálanefndar og aðstoðarmanns utanríkisráðherra að ýmsir í Sjálfstæðisflokknum séu ekki fráhverfir því að hætt verði við framboðið.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hver er eiginlega staða málsins í ríkisstjórninni? Er stefnan óbreytt að stefna á framboð til þessa sætis eða hvað er að frétta af þessu máli?

[15:19]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að Ísland sækist eftir sæti í öryggisráðinu 2009 og 2010 með framboði 2008. Þetta er í samráði við öll hin Norðurlöndin en Norðurlöndin hafa skipst á í þessum efnum mjög lengi en Ísland hefur aldrei gefið kost á því áður.

Að því er varðar kostnað við framboðið hygg ég að gerð hafi verið grein fyrir málinu í utanríkismálanefnd. Mér vitanlega hefur verið um það góð samstaða innan utanríkismálanefndar að sækjast eftir því að við færum í öryggisráðið. Við getum að sjálfsögðu ráðið miklu um það hvað við leggjum í mikinn kostnað vegna þessa en aðalkostnaðurinn sem til mundi falla er vegna starfsmanna í New York og að sjálfsögðu eru ýmsir möguleikar til þess að færa til í utanríkisþjónustunni frá öðrum verkefnum meðan á þessu stendur. Ég er því þeirrar skoðunar að sá kostnaður sem hefur verið talað um í fjölmiðlum síðustu daga sé fjarri lagi.

[15:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Já, það er ljóst að þarna er um ákvörðun ríkisstjórnar að ræða, framkvæmdarvaldsins, og við það eru ekki gerðar athugasemdir þó að út af fyrir sig hefði verið ástæða til þess að fram færi grundvallarumræða um það á

fyrri stigum málsins á þingi hvort menn vildu leggja upp í þennan leiðangur í og með líka til þess að skapa meiri samstöðu um það verkefni. Það er ljóst að þetta er líka gert með samþykki og stuðningi hinna Norðurlandanna þannig að það er auðvitað ekki bara einkamál Íslands hvernig málið fer.

Þá hlýt ég að spyrja hæstv. forsætisráðherra: Hverju sætir að svo seint sem raun ber vitni skuli varaformaður fjárlaganefndar og talsmaður Sjálfstæðisflokksins í ríkisfjármálum taka að beita sér gegn málinu? Telur hæstv. forsætisráðherra það mjög heppilega uppákomu og er ætlunin að ríkisstjórnin tali með þingliðið að baki sér einum rómi í þessum efnum eða þurfum við að búa við það áfram að uppi séu deilur af því tagi sem umræður síðustu daga benda til?

[15:22]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þetta mál hefur verið margrætt á Alþingi. Það hefur verið rætt í tengslum við utanríkismál, í tengslum við skýrslu utanríkisráðherra þannig að talsmenn flokkanna á Alþingi hafa tjáð sig um málið í þeirri umræðu. Ég man ekki betur en talsmenn allra flokka hafi tekið jákvætt undir það allan tímann að við mundum sækjast eftir því að sitja í öryggisráðinu með sama hætti og önnur Norðurlönd hafa gert og kominn væri tími til þess að Ísland axlaði ábyrgð í málinu og legði sig fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Hvort hver einasti þingmaður í þessum sal er sammála því veit ég ekki og veit ekki nákvæmlega hvernig það er innan flokkanna en það er alveg ljóst að talsmenn flokkanna í utanríkismálum hafa almennt og ég leyfi mér að segja undantekningarlaust stutt þessa fyrirætlun og ég man ekki betur en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon væri þar á meðal.

[15:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hygg að vísu, eins og ég sagði áðan, að röðin á umfjöllun um málið hefði þess vegna mátt vera önnur. Það var fyrst undir lok sl. árs sem utanríkismálanefnd var kynnt þetta með formlegum hætti þannig að drög að kostnaðar- og framkvæmdaáætlun væru þar reidd fram. Það ber vissulega að viðurkenna að það var gert.

Þetta hefur að sjálfsögðu einnig borið á góma í almennum umræðum um utanríkismál á umliðnum árum og ég hygg að það sé rétt að menn hafi almennt ekki tekið illa í þá hugmynd. Þó hafa frá byrjun verið uppi sterkir fyrirvarar hvað varðaði kostnaðinn.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. forsætisráðherra og vona að hann víkist ekki enn undan að svara því: Megum við reikna með því að þurfa að búa við það að stjórnarliðið sé klofið í málinu? Hefur ríkisstjórnin ekki allan meiri hluta sinn á bak við sig í því að stefna að framboðinu? Það er ekki víst að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sé einn á ferð. Það er ómögulegt að ráða annað af ummælum hans en að hann hyggist beita sér fyrir því að hætt verði við framboðið og hann skorar á formann sinn og hæstv. utanríkisráðherra að gera það. (Forseti hringir.) Hvað segir hæstv. forsætisráðherra um þá uppákomu á stjórnarheimilinu?

[15:24]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er alveg ljóst að í þessu máli eins og mörgum öðrum málum á vettvangi utanríkismála er það ríkisstjórnarinnar að taka ákvörðun og ríkisstjórnin hefur gert það og það er á hennar valdi. Ef Alþingi neitar að veita nauðsynlegt fé til málsins á seinni stigum fellur það um sjálft sig. Það liggur t.d. alveg fyrir að það verður komin ný ríkisstjórn í landinu þegar kosningin verður árið 2008 þannig að ef hv. þingmaður hyggst vera andvígur þessu og stefnir að því að komast í ríkisstjórn á þeim tíma getur hann sagt frá því núna. En hingað til veit ég ekki betur en hann hafi stutt það.

Þarf ekki meira til en að einn þingmaður lýsi yfir ákveðnum efasemdum að þá skipti hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon um skoðun? (**Gripið fram í:** Þetta er nú ekki merkilegt svar.)

Jarðgangaáætlun.

[15:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Varanlegar lausnir í samgöngumálum svo sem jarðgöng sem tengjast láglendisvegum er efni þeirrar fyrirspurnar sem ég vil beina til hæstv. samgönguráðherra og lýtur að jarðgangaáætlun og endurskoðun hennar.

Fyrir fimm árum kom út skýrsla um jarðgangaáætlun. Þar var gert ráð fyrir að jarðgöng sem hugsanlega væri hagkvæmt að gera til þess að koma vegakerfinu á láglendisvegi væru rúmlega 100 kílómetrar alls. Þrjár leiðir voru þá settar í forgang, þ.e. Reyðarfjörður/Fáskrúðsfjörður, sem er framkvæmd sem er langt komin, Arnarfjörður/Dýrafjörður og Siglufjörður/Ólafsfjörður. Yfir nokkra fjallvegi hafa verið lagðir nýir vegir, svo sem um Vatnaleið og um Bröttubrekku, sem virðast ætla að reynast vel með tilliti til vetrarfærðar, og yfir Kletthála, sem jafnan er ófær þrátt fyrir nýjan veg ef vind hreyfir að ráði að vetri til.

Nú hefur verið mikið um snjóflóð og snjóflóðahættu á Vestfjörðum, einkum á leiðum út frá Ísafirði til Súðavíkur og Bolungarvíkur. Öllum sem áhuga hafa á varanlegum samgöngubótum er orðið ljóst að tilraun vegskálanna á Óshlíð veitir ekki það öryggi sem ásættanlegt er. Vestfirðingar hafna því að gera sams konar tilraunir á Súðavíkurhlíð og telja að ná eigi varanlegu öryggi og styttingu leiða með jarðgöngum. Því er spurt: Er ekki kominn tími til að bæta jarðgöngum milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar á forgangslista um leið og við endurröðum þeim jarðgöngum sem eiga að vera í forgangsröð með tilliti til öryggis vegfarenda og styttingu vegalengda milli þéttbýlisstaða og landsvæða?

Auk þess er mjög nauðsynlegt að skoða hvernig kostnaður við jarðgangagerð hefur breyst og væntanlega lækkað á undanförnum árum og áratugum, einnig hvað öryggi og annan ferðamáta áhrærir.

[15:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þingmaður spyr um áætlanir um frekari jarðgangagerð og getur þess sem rétt er að framkvæmdir við jarðgöng eru afar mikilvægar og auka öryggi á þjóðvegum, stytta leiðir á milli byggða o.s.frv. Það þarf því ekki að fara mörgum orðum um það.

Nú er í vinnslu endurskoðuð samgönguáætlun til næstu fjögurra ára. Við höfum gert ráð fyrir því og gerum ráð fyrir því að framkvæmdir geti hafist á næsta ári við göngin milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Framkvæmdir vegna þeirra jarðganga verða boðnar út á þessu ári þannig að það verkefni er næst.

Hv. þingmaður nefndi það réttilega að við afgreiðslu jarðgangaáætlunarinnar og samgönguáætlunar var um það rætt að göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar væru á dagskrá. Þegar kemur að endurskoðun á langtímaáætluninni munu öll þau áform verða tekin til meðferðar og ég geri ráð fyrir því að hugmynd um jarðgöng í staðinn fyrir veginn fyrir Súðavíkurhlíð verði skoðuð sérstaklega þegar þar að kemur. Þangað til vinnum við að undirbúningi málsins og lítum að sjálfsögðu til reynslunnar af endurbættum vegum m.a. sem þarna er um að ræða.

Þetta er svar mitt. Það liggur ekki fyrir fyrr en samgönguáætlun til lengri tíma verður til meðferðar hvort og hvenær yrði ráðist í þessi göng.

[15:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þau svör sem hér komu. Mér finnst full ástæða til að ítreka að það eru að koma fram upplýsingar um verulega breytt kostnaðarmat við jarðgöng, eins og t.d. upplýsingar sem komið hafa fram um hugsanleg jarðgöng til Vestmannaeyja sem lagt hefur verið mat á og munar þar engum smáupphæðum ef um er að ræða yfir 10 milljarða á þeirri framkvæmd einni. Ég vil því í þessari umræðu beina þeirri stuttu spurningu til hæstv. samgönguráðherra hvort hann geti upplýst þingheim um hvað kílómetrinn í göngunum undir Almannaskarð kostaði. Þar gekk mun hraðar að framkvæma það verk en gert hafði verið ráð fyrir og væri afar fróðlegt ef hæstv. ráðherra hefði þær tölur. Hann var a.m.k. viðstaddur sprenginguna sem menn muna og fór betur en á horfðist. Ég spyr hvort hann geti upplýst okkur um hvað sú framkvæmd sem svo vel gekk kostaði á kílómetrann.

[15:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það liggur ekkert fyrir um það enn þá hver endanlegur kostnaður við jarðgangagerðina í Almannaskarði verður. Eins og menn vita er uppgjör á slíkum framkvæmdum ekki gert fyrr en að verki loknu en það er alveg ljóst að þar fékkst prýðilega hagstætt tilboð.

Ég held að menn ættu að bíða ögn eftir því að sjá hver kostnaðurinn verður þegar tilboðin í Héðinsfjarðargöngin berast áður en því er slegið föstu hvað kílómetrinn í jarðgöngum á Íslandi kostar, þegar verið er að tala um eins löng göng og mikla framkvæmd og Héðinsfjarðargöngin eru. Ekkert bendir til þess af þeim upplýsingum sem við höfum, og þá lítum við m.a. til þeirra tilboða sem bárust í Fáskrúðsfjarðargöngin og Almannaskarðsgöngin og Héðinsfjarðargöngin þegar þau voru boðin út, að einhver ógnarlækkun sé fyrirsjáanleg í jarðgangagerð á Íslandi en vonandi að svo væri.

[15:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir að á sumum svæðum landsins er mikil þörf á að lagfæra vegakerfið með tilliti til öryggis á akstursleiðum og vitna ég þar enn til og minni á þær hættur sem myndast hafa á vegum á norðanverðum Vestfjörðum undanfarnar vikur og ekki er séð fyrir endann á enn þá.

Það væri einnig mjög fróðlegt að tekið yrði saman fyrr en seinna hvaða ávinning við höfum haft af göngunum, t.d. Vestfjarðagöngunum annars vegar og Hvalfjarðargöngunum hins vegar, og þá ekki bara í fjárhagslegum sparnaði við nýtingu jarðganganna heldur einnig með tilliti til þess hve öryggi hefur aukist á vegunum. Vissulega hefur verið lagt mat á það varðandi Hvalfjarðargöngin nýverið af aðilum á Bifröst en það væri fróðlegt að skoða málið frá öllum hliðum.

Lánveitingar Íbúðalánasjóðs.

[15:34]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra hvort hann sé reiðubúinn til að beita sér fyrir því að hætt verði að miða lánveitingar Íbúðalánasjóðs við brunabótamat en þess í stað verði lánveitingar miðaðar við kaupverð eigna því að brunabótamat er orðið ónothæfur grundvöllur fyrir veðhæfni fasteigna. Gífurlegar verðhækkanir á fasteignum undanfarna mánuði og missiri, auk þeirra breytinga sem gerðar voru á útreikningi brunabótamats fyrir um þremur árum, lækkuðu verulega brunabótamat hjá fjölda fasteignaeigenda og hafa leitt til verulegs misræmis milli brunabótamats og fasteignaverðs. Útilokað er að búa við það áfram að brunabótamat ákvarði veðhæfni fasteigna og þar með lánamöguleika einstaklinga.

Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins voru 70% kaupsamninga sem gerðir voru í desember sl. vegna lítilla og meðalstórra íbúða þar sem kaupverðið var 20% hærra en brunabótamatið. Algengast var eða í helmingi allra kaupsamninga sem gerðir voru í desember að kaupverðið væri 20–40% hærra en brunabótamatið og dæmi voru um kaupsamninga þar sem kaupverðið var 70–100% hærra en brunabótamatið sem leiddi til verulegrar skerðingar á lánveitingum til einstaklinga. Veðhæfnisskilyrði bankastofnana eru miklu rýmri en hjá Íbúðalánasjóði og miða bankarnir yfirleitt veðhæfni við markaðsverð eigna. Hefur það orðið til þess að einstaklingar hrökklast frá Íbúðalánasjóði til banka með fasteignaviðskipti sín. Það hefur komið sér mjög illa fyrir fólk sem fékk viðbótarlán áður en þau voru lögð af í desember sl. vegna þess að viðbótarlánin voru miðuð við kaupverð fasteigna en ekki brunabótamat. Þetta kemur sér því mjög illa fyrir fólk sem er að kaupa litlar eða meðalstórar íbúðir.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann telji ekki sanngjarnt og eðlilegt að breyta veðhæfnisskilyrðum við lánveitingar hjá Íbúðalánasjóði og miða við kaupverð eða matsverð fasteigna en ekki brunabótamat sem endurspeglar allt annað en lánshæfismat fasteigna.

[15:36]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að tilgangurinn með þeim lagabreytingum sem samþykktar voru á Alþingi á síðasta ári var vissulega sá að auðvelda fólki kaup á eigin húsnæði í fyrsta lagi með lækkun vaxta en ekki síður með hækkun lánshlutfalls almennra íbúðarlána Íbúðalánasjóðs í 90%. Samfara því var hámarksfjárhæð lánanna hækkuð verulega eða úr 9 millj. í tæplega 15.

Það liggur hins vegar fyrir eins og hv. þingmaður rakti í máli sínu að vegna mikillar hækkunar húsnæðisverðs á undanförnum missirum umfram hækkun brunabótamats þá er hið síðarnefnda, þ.e. brunabótamatið, ekki lengur heppilegur mælikvarði eingöngu þegar veitt eru lán til húsnæðiskaupa. Farið er yfir þetta mál í félagsmálaráðuneytinu þessa dagana og ég vonast til þess, hæstv. forseti, að geta mjög fljótt, jafnvel næstu daga, brugðist við þeim aðstæðum sem hv. þingmaður vakti athygli á.

[15:37]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og að hann hefur skilning á því mikla vandamáli sem hér er uppi. Hann boðar greinilega að hann ætli að leysa það en spurning er hvernig hæstv. ráðherra ætlar að gera það. Ég tel t.d. ekki nægjanlegt að taka inn í brunabótamatið mat á landi og lóð sem eignin stendur á. Þar erum við að tala um 1–2 millj. í mesta lagi sem það hækkaði matið en í þeirri úttekt sem ég bað um að gerð yrði hjá Fasteignamati ríkisins kemur fram að það er algengt að það sé 2–5 millj. á litlum íbúðum eða íbúðum sem eru undir 16,5 millj. Viðskiptaráðuneytið og viðskiptaráðherra hefur reyndar viðurkennt það og gert athugasemdir við það og telur að verið sé að miða við brunabótamat og að óeðlilegt sé að brunabótamatið sé notað sem veðhæfi í fasteignaviðskiptum.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það sé sú leið sem hann er að hugleiða að miða hér við kaupverð fasteigna eins og ég hef lagt til.

[15:38]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Eins og hv. þingmaður kom inn á koma ýmsar leiðir til greina í þessum efnum. Ég veit að hv. þingmaður hefur skilning á því að ég er ekki tilbúinn til að tjá mig um það hér og nú hvaða leið er heppilegust í því efni. Þar kemur eitt og annað til, m.a. sú leið sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni þ.e. að brunabótamatið myndi ekki eingöngu þennan grunn heldur lóðamat einnig. Það er hins vegar bara ein þeirra leiða sem við förum nú yfir. Eins og hv. þingmaður benti á miða flestar lánastofnanir við kaupverð eða markaðsverð. Það er önnur leið. Við erum að fara yfir þetta í félagsmálaráðuneytinu, hæstv. forseti, eins og ég nefndi áðan og ég hvorki get né vil við þær aðstæður sem hér eru uppi tjá mig um með hvaða hætti málið verður endanlega sett fram en við leitum lausna á viðfangsefninu.

[15:39]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég hvet hæstv. ráðherra til að gera þessar breytingar sem allra fyrst því það stefnir í óefni í þessu máli hjá Íbúðalánasjóði ef ekki verður brugðist við. Ég tel að þetta geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir stöðu sjóðsins og þá einstaklinga sem leita til hans ef þessu verður ekki breytt. Ekki er ólíklegt að að óbreyttu geti þróunin orðið sú að veruleg fjölgun verði á íbúðum þar sem eftirstöðvar lána verða hærri en brunabótamatið en með því er hreinlega verið að rýra verðgildi eigna og skekkja verðmyndun þeirra. Ég ítreka að ekki er nægjanlegt að bæta við lóðamatinu. Því er enn spáð að fasteignaverð fari hækkandi og það mun enn valda erfiðleikum hjá sjóðnum og þeim sem vilja eiga viðskipti við Íbúðalánasjóð. Þær breytingar sem gerðar voru fyrir jólin með hækkun á lánshlutfalli og hærra hámarksláni hafa ekki gagnað sem skyldi og þetta hefur komið sérstaklega illa við fólk sem fékk viðbótarlán áður sem miðað var við kaupverð fasteigna.

[15:40]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil rétt í lokin ítreka að tilgangurinn með þeim breytingum sem Alþingi ákvað á síðasta ári var vissulega ekki sá að skerða möguleika húsnæðiskaupenda til lána. Við erum að fara yfir málið í því ljósi og ég get fullvissað hv. þingmann um að það mun verða gert eins hratt og nokkur kostur er en veit líka að hv. þingmaður hefur þá reynslu í farteskinu að ana ekki fram í þessum efnum hraðar en við ráðum við, en ég vonast til að þetta geti orðið á næstu dögum.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 2003.

[15:41]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér er til umræðu skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2003. Skýrsla umboðsmanns Alþingis hefur að geyma yfirlit yfir störf hans og viðfangsefni á árinu 2003. Umboðsmanni er eins og segir í 2. gr. laga um það embætti fengið það hlutverk að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga eins og nánar er mælt fyrir um í lögunum. Þetta gerir umboðsmaður með því að taka við kvörtunum frá borgurum landsins og taka mál til athugunar að eigin frumkvæði.

Þótt umboðsmaður Alþingis sé með öllu óháður öðrum í starfi sínu, þar með töldu Alþingi, er starf umboðsmanns hluti af eftirliti Alþingis með starfsemi framkvæmdarvaldsins. Starfsskýrsla umboðsmanns á því að veita þingmönnum upplýsingar um að hvaða viðfangsefnum eftirlit umboðsmanns hefur beinst á umræddu ári og hver hafi verið viðbrögð stjórnsýslunnar við athugasemdum og tilmælum umboðsmanns. Skýrsla umboðsmanns er því með ákveðnum hætti spegill Alþingis til að sjá hvernig stjórnsýslan starfar og hvort tilefni sé til þess að huga að breytingum á löggjöf þar um. Þessi skýrsla er að formi til byggð upp með

sama hætti og skýrslur síðastliðinna ára. Látið er við það sitja að birta þar að meginstefnu til aðeins útdrætti vegna mála sem umboðsmaður hefur lokið með áliti eða bréfi og ákveðið að birta opinberlega. Frekari upplýsingar um einstök mál má síðan finna á heimasíðu umboðsmanns Alþingis en þar birtast nú álit umboðsmanns jafnóðum og málunum er lokið. Það að birta álit umboðsmanns með þessum hætti veitir jafnt þingmönnum sem almenningi og ekki síst starfsfólki stjórnsýslunnar og fjölmiðlum kost á að fylgjast jafnóðum með þeim niðurstöðum sem koma frá umboðsmanni. Þetta fyrirkomulag og umfjöllun fjölmiðla um álit umboðsmanns er einnig mikilvægur liður í eftirliti og aðhaldi með starfi stjórnsýslunnar.

Á árinu 2003 fjölgaði skráðum málum hjá umboðsmanni frá árinu 2002 um nær 7% og er það áþekk fjölgun mála og verið hefur nú allra síðustu ár. Af skýrslu umboðsmanns verður ráðið að þrátt fyrir þessa fjölgun mála hefur afgreiðsla mála hjá umboðsmanni verið í góðu horfi og fleiri mál voru afgreidd en bárust á árinu 2003. Ég vek athygli á því að eins og í fyrri skýrslum umboðsmanns eru margvíslegar tölulegar upplýsingar um skráð mál og afgreiðslur þeirra á árinu 2003 birt í II. kafla skýrslunnar. Í því efni nefni ég sérstaklega töflur sem eru á bls. 39 og 40 og sýna viðbrögð stjórnvalda við þeim tilmælum sem umboðsmaður hefur beint til þeirra á árinu 2003. Það vekur athygli við skoðun á þessum töflum að við eftirfylgni af hálfu umboðsmanns kom ekki annað fram en að stjórnvöld hefðu í öllum þeim tilvikum þegar umboðsmaður setti fram tilmæli til þeirra, t.d. um að bæta úr galla sem verið hefur á meðferð máls eða breyta tilteknum starfsháttum, farið að tilmælunum. Ég tel að þetta sé til marks um góðan árangur af starfi umboðsmanns.

Að venju dregur umboðsmaður sérstaklega saman í inngangi skýrslu sinnar yfirlit yfir helstu viðfangsefni sem hann fjallaði um á árinu. Sé litið til einstakra málaflokka eru það að meginstefnu til sömu málaflokkarnir sem oftast koma við sögu í kvörtunum til umboðsmanns en yfirlit yfir þá fyrir skráð mál árið 2003 eru birt á bls. 33 í skýrslunni. Umboðsmaður bendir á að sem fyrr hafi það verið ákvæði stjórnsýslulaga sem mest reyndi á við úrlausnir mála hjá honum á árinu og hann telur tilefni til að víkja í inngangi sínum sérstaklega að reglum laga um rökstuðning. Hann rekur þar ábendingar sem hann hefur sett fram um það efni, m.a. um efni rökstuðnings við ráðningar í störf hjá ríkinu.

Það er ljóst af lestri inngangsins að ákveðin viðbrögð stjórnvalda hafa orðið umboðsmanni tilefni til að spyrja þeirrar spurningar hvort einhver hætta sé fólgin í því fyrir stjórnvöld að fylgja stjórnsýslulögum í störfum sínum. Umboðsmaður beinir þarna sjónum sínum að efni sem vissulega er þörf á að hugleiða sérstaklega þegar haft er í huga að það er tilgangur stjórnsýslulaga að auka og bæta réttaröryggi við meðferð mála í stjórnsýslunni og veita borgurunum rétt til þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem stjórnvöld eru að taka um málefni þeirra. Hvers vegna ættu stjórnvöld að hafa á móti því að fylgja þessum reglum við meðferð mála?

Umboðsmaður gerir í inngangi skýrslu sinnar grein fyrir vinnu að þeim málum sem hann hefur tekið upp að eigin frumkvæði. Í því efni er athyglisvert að lesa um athugun umboðsmanns sem beindist að meðferð mála hjá sjávarútvegsráðuneytinu í desember 2002 við úthlutun á byggðakvóta. Þar undirstrikar umboðsmaður nauðsyn þess að stjórnvöld vandi til verklags og starfshátta þegar hafist er handa um framkvæmd á lögbundnum verkefnum á borð við úthlutun takmarkaðra gæða á grundvelli matskenndra lagaheimilda.

Meðal þeirra atriða sem umboðsmaður fjallar um í I. kafla skýrslu sinnar eru samskipti umboðsmanns og stjórnvalda. Þar setur hann af sinni hálfu fram ákveðnar reglur og viðmiðanir um samskipti umboðsmanns og fyrirsvarsmanna stjórnsýslunnar. Eins og umboðsmaður tekur fram telur hann mikilvægt að bæði borgurum landsins og þeim sem starfa í stjórnsýslunni séu kunnar þær leikreglur sem að jafnaði hefur verið fylgt í þessum samskiptum og umboðsmaður óskar eftir að fylgt verði. Slíkt hefur líka það að markmiði að tryggja sjálfstæði umboðsmanns í störfum.

Það kemur fram í skýrslu umboðsmanns að á árinu 2003 *lutu rúm 10% þeirra mála sem umboðsmanni bárust að réttarstöðu opinberra starfsmanna*, þar með talið ráðningum í störf. Umboðsmaður víkur einnig að verklagi við ráðningu opinberra starfsmanna í inngangi skýrslu sinnar og gerir þar m.a. grein fyrir þeim sjónarmiðum sem á hefur verið byggt við ráðningu starfsmanna hjá hinu opinbera og hvers vegna þau eru önnur en á hinum almenna vinnumarkaði.

Rétt er að síðustu að vekja sérstaka athygli þingmanna á umfjöllun umboðsmanns á bls. 24–27 í skýrslunni en þar fjallar hann um réttaróvissu sem hann telur vera um hvort ákvarðanir sem teknar eru í almennri stjórnsýslu dómstólanna hér á landi falli undir starfssvið umboðsmanns. Bendir umboðsmaður á að óheppilegt sé að lögbundin afmörkun á *starfssviði umboðsmanns* sé að þessu leyti ekki eins skýr og kostur er. Telur hann nauðsynlegt að leitað verði eftir atvikum leiða á vettvangi Alþingis til að taka af vafa um hvort slíkar ákvarðanir eigi að falla undir starfssvið umboðsmanns.

Herra forseti. Ég hef hér í stuttu máli gert grein fyrir skýrslu umboðsmanns til Alþingis fyrir árið 2003. Ég vil sem fyrr þakka umboðsmanni og starfsfólki hans fyrir vel unnin og árangursrík störf á liðnu ári.

[15:49]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég tek undir orð hæstv. forseta Alþingis þess efnis að starf umboðsmanns Alþingis er afar mikilvægt í stjórnkerfi okkar og mikilvægi þess hefur satt að segja farið mjög vaxandi í seinni tíð. Alþingi og raunar almenningur í landinu hefur orðið þess aðnjótandi að þeir einstaklingar sem gegnt hafa starfi umboðsmanns Alþingis, fyrst Gaukur Jörundsson og síðan Tryggvi Gunnarsson, eru afar hæfir í starfi sínu og hafa sinnt því af kostgæfni. Ég held að óhætt sé að fullyrða að þessi síðasta skýrsla umboðsmanns fyrir árið 2003 sýni það og sanni að þar er haldið vel utan um *alla hluti*.

Ég ætla í þessari ræðu ekki að fara ítarlega yfir einstök efnisatriði í skýrslu umboðsmanns, það munu félagar mínir í þingflokki Samfylkingarinnar í allsherjarnefnd, hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson og Guðrún Ögmundsdóttir, gera hér í kjölfarið en ég vil þó drepa á örfá atriði.

Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á töflu sem finna má á bls. 19. Yfirskrift þess kafla er „Tafir hjá stjórnvöldum við afgreiðslu mála". Í því töfluverki sem er frá 1998 og til viðmiðunarársins 2003 kemur í ljós að svo virðist, því miður, sem tafir hafi aukist og að svörun stjórnkerfisins, opinberra stofnana, hafi farið versnandi. 17,1% skráðra mála fellur undir þá skilgreiningu árið 2003 og telst alls 51 kvörtun skráð af því tilefni. Það er aukinn fjöldi og hærra hlutfall en var fyrir árið 1998 og hefur farið sífellt versnandi. Það er áhyggjuefni, kannski ekkert mjög stórt en það er þó öfugþróun sem nauðsynlegt er að snúa við hið allra fyrsta.

Það er líka sérstök ástæða til að vekja athygli á kafla VI þar sem umboðsmaður rekur ítarlega og málefnalega samskipti umboðsmanns Alþingis og stjórnvalda. Ég vil bara að lýsa yfir sérstakri ánægju minni með þá niðurstöðu sem umboðsmaður kemst að í því sambandi og ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

Það er einnig alltaf athygli vert í skýrslum umboðsmanns hvar hann ber niður í frumkvæðismálum sínum. Hann hefur oft verið býsna hittinn, ef svo mætti að orði komast, þegar frumkvæðismálin eru annars vegar og það er ævinlega spennandi, ef ég mætti líka nota það orð, fyrir okkur þingmenn að fylgjast með því hvar athugunarefni hans verða frá ári til árs. Auðvitað er það lykilatriði og grundvallaratriði í störfum umboðsmanns. Þótt hann lúti Alþingi hvað varðar rekstrarumhverfi er hann algerlega óháður í störfum sínum sem er auðvitað eitt grundvallaratriðið í því að hann geti sinnt þeim sem skyldi.

Hvað varðar þessi frumkvæðismál hefur einnig verið um þau fjallað í fréttum og oft og tíðum hafa alþingismenn tekið þau upp hér og reynt að gera lagabætur í kjölfarið. Núna fjallar hann m.a. um afgreiðslutíma hjá bótanefnd, um afgreiðslutíma hjá úrskurðarnefnd félagsþjónustu í kærumálum og ákveðin athugunarefni varðandi heilbrigðisþjónustu fanga í fangelsum. Allt eru þetta mál sem hafa verið uppi á borðum okkar í kjölfarið og ég vil þess vegna undirstrika og lýsa því yfir hversu mikilvægt það er að umboðsmaður standi vaktina sem hann hefur sannarlega gert og mun gera vafalaust áfram.

Í fjórða lagi vil ég nefna af því að sveitarfélagaþátturinn er tiltölulega nýr af nálinni þegar kemur að umfangi starfa umboðsmanns að þar á voru gerðar lagabreytingar. Ég man ekki hvenær það var en það eru ekkert mjög mörg ár síðan. Ég ætla svo sem ekki að gera stórt mál úr því en ef maður skoðar töfluverk umboðsmanns og tölfræði hans í efnisyfirliti hefði maður kannski reiknað með því fyrir fram að þau álitaefni sem lúta að sveitarstjórnum og sveitarfélögum yrðu fleiri en raun ber vitni. Nálægð sveitarfélaga við umbjóðendur, við kjósendur, við íbúa, er auðvitað meiri en gerist og gengur hjá opinberum stofnunum sem undir ríkið heyra. Af því að hún er miklu meiri hefði maður kannski áhyggjur af því að þar kæmu fleiri mál upp en raun ber vitni. Kannski ber að fagna því að svo er ekki eða þá hitt, að vera kann að einstaklingum sé ekki nægilega vel ljóst að þeir eiga leið til umboðsmanns þegar kemur að álitamálum og ágreiningsmálum er lúta að stjórnsýslu sveitarfélaga.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Mér fannst þó nauðsynlegt að taka undir með hæstv. forseta, Halldóri Blöndal, um mikilvægi starfa umboðsmanns og eins með hinu, að þar er allt í góðu lagi og ég vænti þess að svo verði áfram.

[15:55]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Ég vil greina frá því að allsherjarnefnd hefur fundað með umboðsmanni vegna þessarar skýrslu eins og venja hefur verið undanfarin ár. Fyrir ári fór allsherjarnefnd í heimsókn til umboðsmanns en þar var vel tekið á móti henni og farið yfir helstu verkefni sem umboðsmaður hafði sinnt á árinu. Að þessu sinni kom umboðsmaður á fund nefndarinnar og þá var rætt um helstu atriði sem lögð er áhersla á í inngangskafla skýrslunnar.

Ég vil fyrst nefna að ánægjulegt er að sjá að fleiri mál fá lokaafgreiðslu á árinu 2003 en árið á undan og að umboðsmaður er með færri mál í lok árs óafgreidd en ári fyrr. Mér finnst þetta bera vott um að vasklega er unnið hjá umboðsmanni og afar mikilvægt að svo sé. Þetta er mjög ánægjulegt, því það er jafnframt ljóst að gríðarlegur fjöldi erinda berst umboðsmanni, ýmiss konar fyrirspurnir, bæði símleiðis og bréflega og óskað er eftir fundum, stanslaust. Mér finnst umboðsmanni hafa tekist afskaplega vel að grisja úr og greina síðan á milli þeirra mála sem þurfa að fá ítarlegri efnislegri meðferð og hinna sem geta fengið afgreiðslu með öðrum hætti í stjórnsýslunni. Mér sýnist á öllu að umboðsmaður hafi þarna komið upp afar afkastamiklu og gagnlegu verklagi.

Að venju er skýrslan mjög ítarleg og greinargóð og mjög gagnleg fyrir störf þingsins. Hún er þinginu mjög mikilvæg til að fylgjast með framkvæmd stjórnsýslunnar. Það veldur vissum áhyggjum að ítrekað skuli sömu málaflokkarnir vera fyrirferðarmiklir. Hér hafa verið nefndar tafir á afgreiðslu erinda og í skýrslunni kemur umboðsmaður jafnframt inn á að hann skynji vissa tregðu hjá stjórnvöldum til að fara að ábendingum, jafnvel eftir að gerð hefur verið athugasemd við og gefnar út yfirlýsingar um að ákveðin framkvæmd verði færð til betri vegar. Það er ekki í öllum tilvikum sem slíkum orðum fylgja athafnir sem skyldi.

Í inngangi skýrslunnar er jafnframt að finna sérstakan kafla um samskipti umboðsmanns Alþingis og stjórnvalda og ég held að það sé vel að umboðsmaður hafi sett niður slíkar reglur. Hann hefur séð tilefni til að gera það og þær koma mér fyrir sjónir sem mjög auðskiljanlegar og skýrar. Ég vil leggja áherslu á mikilvægi þess að stjórnvöld séu almennt vel upplýst um efni þessara reglna, því mikilvægt er að ró og friður sé um þessi samskipti og að þau séu í föstum og skýrum farvegi.

Ég sé ekki tilefni til að fara nánar ofan í einstök efni hér. Ég vil þó geta þess að lokum að áður hefur komið fram í skýrslum umboðsmanns Alþingis hve mikilvægt er að fræðslustarfi sé sinnt í stjórnsýslunni. Það er greinilegt, bæði í þessari skýrslu og í fyrri skýrslum sem hafa komið frá umboðsmanni, að fjölmörg mál sem koma upp og umboðsmaður gerir athugasemdir við eru þess eðlis að einfaldlega skortir lágmarksfræðslu í stjórnsýslunni. Í því samhengi er auðvelt að benda t.d. á að fjölmörg verkefni hafa verið að færast yfir til sveitarstjórnarstigsins og því er mikilvægt að fræðslustarfinu sé sinnt um leið og starfsmenn

sveitarstjórnarstigsins taka við nýjum verkefnum. Í þessu samhengi erum við e.t.v. annars vegar að tala um lágmarksfræðslu fyrir þá sem hefja störf í stjórnsýslunni og hins vegar símenntun eða endurmenntun sem þarf að vera til staðar. Þá er jafnframt mikilvægt að þekking og kennsluaðferðir séu samræmdar og þekking safnist saman á einum stað þar sem henni er síðan miðlað áfram.

Ég vil að lokum þakka umboðsmanni sérstaklega fyrir afar skýra og greinargóða skýrslu. Það hafa verið gerðar minni háttar breytingar á framsetningu tölfræðiupplýsinga í skýrslunni sem ég tel að séu af hinu góða.

[16:01]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Enn stöndum við hér og ræðum af mikilli ánægju skýrslu umboðsmanns Alþingis og er það vel því sú skýrsla gagnast þingmönnum afar vel í allri þekkingarleit á stjórnsýslunni og er okkur mjög nauðsynleg.

Það er mikil ánægja með þetta embætti þar sem það lýtur að því að réttaröryggi borgaranna sé í fyrsta sæti. Við erum því að ræða um gríðarlega mikilvæga stofnun sem mikilvægt er að góð sátt sé um. Þannig hefur það líka verið og mun eflaust verða svo áfram.

Eins og hv. formaður allsherjarnefndar, Bjarni Benediktsson, skýrði frá, höfum við notið góðs af því að fá umboðsmann Alþingis í heimsókn til nefndarinnar og einnig höfum við heimsótt hann. Nefndin hefur verið afar vel upplýst um það sem þar er verið að vinna og er það vel.

Það eru einstaka þættir í skýrslunni sem alltaf er gaman að ræða og mig langar sérstaklega að gera að örlitlu umtalsefni þau frumkvæðismál sem umboðsmaður Alþingis hefur tekið að sér. Margt af því er þegar farið að skila sér. Á bls. 15 í skýrslunni er t.d. rætt um heilbrigðisþjónustu fanga en þær athugasemdir virðast ætla að skila sér strax út í kerfið, sem er afar gott. Jafnframt þar sem rætt er um félagsþjónustu sveitarfélaga sem er kannski eitt af eilífðarverkefnum og eilífðaratvinnu sem þarf alltaf að vera að skoða, þ.e. hvernig þau lög virka gagnvart borgurunum og rétti þeirra, en þar hefur umboðsmaður Alþingis einnig sýnt frumkvæði með því að skoða sérstaklega þá vinnu sem fer fram hjá úrskurðarnefnd, t.d. félagsþjónustu í kærumálum.

Ánægjulegt verkefni sem hefur verið unnið að er könnun á öllum þeim nefndum sem eru að störfum, úrskurðarnefndum og öðrum en þær hafa allar þurft að senda skilagrein til umboðsmanns um hversu langan tíma taki að afgreiða mál og hvernig það sé allt saman framkvæmt. Það verður afar fróðlegt að fá niðurstöðuna úr þeirri vinnu. Hjá embættinu fer því fram gríðarlega fín og fagleg vinna sem gagnast öllum til framtíðar.

Hér hefur líka verið bent á að samt sem áður virðist ákveðið tregðulögmál vera í gangi í stjórnsýslunni og það er enn til staðar, því miður. Það er eitthvað sem við þurfum að reyna að breyta. Þetta má sjá t.d. í aukningu á töfum við afgreiðslu mála frá stjórnvöldum og gott væri að fá kortlagt hvaða kvartanir þetta eru. Ég gat ekki séð það alveg í skýrslunni hvers konar mál eru í töf, en það er kannski aukaatriði.

Það er líka vert að skoða kvartanirnar og að hvaða ráðuneytum og stofnunum þær snúa. Eflaust eigum við eftir að sjá aukningu í ákveðnum málaflokkum þar miðað við bæði breytingar á lögum og einnig ýmislegt nýtt sem er að gerast í löggjöf. Við sjáum að dóms- og kirkjumálaráðuneytið skorar hæst hvað varðar málafjölda kvartana. Það er kannski ekkert óeðlilegt, enda er mikið þar undir.

Ég er hins vegar alveg hissa á að t.d. heilbrigðisráðuneytið skuli koma þar strax á eftir, að þar skuli ekki vera fleiri kvartanir. Það ber kannski vott um að í heilbrigðiskerfinu er þekking á því við hvern eigi að ræða til að mál komist í réttan farveg. Það er kannski meira á hreinu í heilbrigðismálum en í öllum öðrum málaflokkum og hinn almenni borgari þekkir e.t.v. fleiri leiðir í því kerfi en í öðrum kerfum og því ber minna á kvörtunum þar. Þetta er sérstakt miðað við umfang heilbrigðiskerfisins sem er stærsta kerfið hér á landi.

Síðan kemur menntamálaráðuneytið sem er líka afar stórt kerfi. Þannig að það er ekkert óeðlilegt við það.

Það er líka mjög áhugavert að skoða skiptingu skráðra mála sem gefur okkur kannski smá vísbendingar um hvar helst muni koma fram kvartanir í framtíðinni. Þar eru t.d. málsmeðferðir og starfshættir stjórnsýslunnar enn langstærst.

Þá komum við að þeirri tregðu sem var rætt um hér og enn er til staðar í kerfinu og mikilvægi þess að námskeiðin í stjórnsýslunni, bæði fyrir þá sem eru að byrja að vinna þar og einnig þá sem þar eru séu stöðug. Ég veit að þegar er hafið samstarf við forsætisráðuneytið milli umboðsmanns og þess ráðuneytis og ég held dómsmálaráðuneytis, ég vona ég fari rétt með það, þar sjáum við kannski mjög góða leið til úrbóta. En þetta er greinilega eitt af því sem stöðugt þarf að vinna í og á þessu sviði þarf að vera stöðug endurmenntun fyrir þá sem sinna þessum mikilvægu málum.

Maður veltir líka fyrir sér hvort fólk viti nægilega vel um allar kæruleiðir. Við sjáum það á öllum þeim erindum sem umboðsmaður fær en ættu ekki að vera á hans borði. Kannski vantar leiðbeiningar til hins almenna borgara á öðrum stigum. Þetta er eitthvað sem er mjög gaman að skoða.

Þegar við skoðum skráðu málin sem eru á bls. 33 í skýrslunni, þá sjáum við eins og ég nefndi áðan að þar ber hæst starfshætti stjórnsýslunnar og einnig opinbera starfsmenn. Fangelsismálin hafa verið og verða alltaf ofarlega á baugi, því þar er réttarstaðan oft viðkvæm. Það er í sjálfu sér ánægjulegt því þar sjáum við t.d. líka að úr þeim málum sem hafa komið til umboðsmanns hefur þegar verið greitt. Við sjáum í rauninni skilvirknina strax í þeim málum sem þangað koma. Þar er málaflokkur sem heitir börn og er frekar stór en ætti kannski ekki að vera það. Það væri mjög verðugt verkefni að skoða hvað það felur í sér.

Ég vil þakka umboðsmanni fyrir afar greinargóða skýrslu. Hún er alltaf spennandi og skemmtileg aflestrar. Hún er okkur ákveðið lærdómsrit og ákveðin leiðsögn til að sinna réttaröryggi borgaranna.

[16:09]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Útgáfa og umræða um skýrslu umboðsmanns Alþingis er ætíð mikilvægur þáttur í starfi okkar. Þar

er á ferðinni viðamikið yfirlit yfir þá þætti stjórnsýslunnar sem betur mættu fara. Það er nauðsynlegt að fólk sem starfar í opinberri stjórnsýslu og í opinberum störfum nálgist verkefni sitt frá réttum sjónarhóli. Það er þarna fyrir almenning í landinu en ekki öfugt. Við setjum á fót opinbert kerfi og opinbera stjórnsýslu svo hægt sé að þjóna fólkinu í landinu, en auðvitað tekst það ekki alltaf eins og það ætti að gera. Því höfum við boðið upp á margs konar úrræði fyrir almenning til að ná fram rétti sínum gagnvart stjórnsýslunni og leiðir til að benda á það sem betur má fara.

Embætti umboðsmanns Alþingis er án efa eitt mikilvægasta úrræði borgaranna til að ná þessum markmiðum. Það er rétt sem umboðsmaður Alþingis sagði í samtali við Morgunblaðið þann 6. júní síðastliðinn, með leyfi forseta:

„Það setur að mér mestan kvíða þegar ég tel mig geta merkt að einhvers konar hroki ráði afgreiðslu eða framkomu. Þeir sem starfa í þágu hins opinbera verða að gæta þess að stjórnsýslan er ekki til fyrir starfsmenn hennar. Hún er til að þjónusta borgarana og leysa úr málum þeirra, samkvæmt þeim lagareglum sem settar hafa verið."

Umboðsmaður Alþingis hefur fyrir löngu sannað sig sem afar trúverðugt embætti sem mark er tekið á. Það heyrir til algerra undantekninga að ekki sé farið eftir áliti umboðsmanns Alþingis. Það er einnig álitið af flestum vera mikið alvörumál ef embættið kemst að þeirri niðurstöðu að viðkomandi stofnun eða embætti hafi ekki farið eftir góðum stjórnsýsluháttum. En síðasta ár hefur þó verið umboðsmanni Alþingis erfitt. Hann hefur lent í orrahríð stjórnmálanna með dýpri hætti en oft áður. Það er auðvitað ekki heppilegt þegar hæstv. dómsmálaráðherra fær hvert álitið á fætur öðru í hausinn þar sem hann er m.a. álitinn hafa brotið stjórnsýslulög og dómstólalög. Það er heldur ekki heppilegt þegar þessi sami dómsmálaráðherra talar um umboðsmann Alþingis sem einungis mann úti í bæ. Það er sömuleiðis ekki heppilegt þegar hæstv. dómsmálaráðherra kallar niðurstöður umboðsmanns Alþingis „lögfræðilegar vangaveltur" eins og hann gerir á heimasíðu sinni þann 8. maí síðastliðinn, eða sem „fræðilegar vangaveltur" eins og hann gerir í samtali við Morgunblaðið þann 5. maí. Það er ekki heppilegt þegar hæstv. dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, kallar umboðsmann Alþingis „álitsgjafa" eins og hann orðaði það á Alþingi þann 11. maí síðastliðinn. Maður vill trúa því að umboðsmaður Alþingis sé meira en það og hafi þannig vigt að menn virði niðurstöðu hans.

Það er nefnilega gríðarlega mikilvægt að stjórnvöld og sérstaklega ráðherrar grafi ekki undan trúverðugleika og því trausti sem umboðsmaður Alþingis býr yfir og þarf að búa yfir. Þótt menn geti verið ósáttir við niðurstöður umboðsmanns Alþingis, þá heyrir það til nýmæla að menn í háum stöðum svari honum með þessum hætti. Stjórnarhættir í þessu landi hafa því miður tekið slíkum breytingum að nú er þetta liðin tíð. Það segir auðvitað heilmikla sögu að umsækjendur að háum embættum eins og embætti hæstaréttardómara segi að það þýði ekkert að leita réttar síns hjá umboðsmanni Alþingis, í ljósi þess hvernig stjórnvöld og ráðherra fara með völd sín og niðurstöður umboðsmanns.

Það segir auðvitað einnig heilmikla sögu að umboðsmaður Alþingis neyðist til að setja sér sérstakar samskiptareglur gagnvart stjórnvöldum í kjölfar símtals frá þáverandi forsætisráðherra. Auðvitað er það háalvarlegt þegar hæstv. forsætisráðherra landsins hringir í umboðsmann Alþingis, sem er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir Alþingi, í kjölfar álits sem forsætisráðherrann var ósáttur við. Það segir allt sem segja þarf að umboðsmaður Alþingis sá sig tilneyddan til að leita til Alþingis eftir þetta símtal.

Umboðsmaður Alþingis er ekki einhver aðili úti í bæ sem forsætisráðherrann hæstv. getur ausið yfir úr skálum reiði sinnar þegar honum mislíka niðurstöður hans og síðan sagt að þetta hafi nú allt verið sagt í trúnaði og kæmi því engum við. Mér finnst þetta vera fyllilega sambærilegt og að ráðherra mundi hringja í dómara og kvarta yfir niðurstöðu hans.

Vegna þessa hefur umboðsmaður Alþingis neyðst til að setja sérstakar reglur í sex liðum, þar sem m.a. er kveðið á um að samtöl og fundir umboðsmanns Alþingis og forsvarsmanna stjórnvalda verði ekki haldin í trúnaði.

Í ársskýrslunni segir umboðsmaður að þessar reglur og viðmiðanir séu settar fram með það að markmiði að tryggja sjálfstæði umboðsmanns Alþingis í störfum og í samræmi við þá lagareglu að hann sé í störfum óháður fyrirmælum frá öðrum. Í reglunum kemur meira að segja fram að telji fyrirsvarsmaður stjórnvalds nauðsynlegt að greina umboðsmanni frá einhverju sem óskað er eftir að trúnaður gildi um, skuli almennt setja óskina fram skriflega og tilgreina ástæður.

Svona er ástandið orðið eftir meðferð ríkjandi valdhafa á áhrifavaldi sínu. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt og það er með ólíkindum að umboðsmaður Alþingis þurfi að orða jafnsjálfsagða hluti og hér er um að ræða. Það sjá allir viti bornir menn.

Herra forseti. Ef rýnt er áfram í skýrsluna, sem að vanda er afskaplega vel unnin, kemur margt fróðlegt í ljós. Umboðsmaður Alþingis skráði tæplega 300 mál á árinu 2003 sem er ívið meiri málafjöldi en árið á undan en þá voru skráð 280 mál. 45 mál voru óafgreidd hjá embættinu í árslok.

Umboðsmaður tók sjálfur upp sex mál á árinu 2003 að eigin frumkvæði. Frumkvæðismál voru því aðeins um 2% allra málanna. Það vekur strax eftirtekt hversu fá frumkvæðismálin eru en það skýrist væntanlega af fjárskorti og skorti á mannafla.

Í greinargerð með lögunum frá árinu 1987 kemur fram að embættinu hafi verið ætlað að gera tillögur til endurbóta á stjórnsýslunni og þar gegnir þessi þáttur miklu máli. En það er alveg með ólíkindum að mínu mati að stofnun eins og umboðsmaður Alþingis skuli ekki vera gert hærra undir höfði þegar kemur að útdeilingu skattfjár. En þetta er hins vegar svipað og maður sér hjá stofnunum eins og Samkeppnisstofnun og Fjármálaeftirlitinu og jafnvel efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Maður hefði haldið að þessar stofnanir væru það mikils virði að þær ættu ekki að þurfa að glíma við fjárskort ár eftir ár, en það er raunin eins og allir vita. Meira að segja leggur stjórnarmeirihlutinn sig fram við að fella einstakar tillögur okkar um aukafjármagn til þessara stofnana.

Umboðsmaður Alþingis er þannig stofnun sem ætti að gera vel við, en embættið fær núna um 80 millj. kr. Til

samanburðar má nefna af handahófi að Bændasamtökin, sem eru samtök úti í bæ, fá rúmlega fimm sinnum hærri upphæð en það sem umboðsmaður Alþingis fær, eða um 430 millj. kr.

Heildarfjöldi mála hefur tvöfaldast frá árinu 1990. Í skýrslunni kemur einnig fram að enn er of hátt hlutfall mála umboðsmanns sem lúta að töfum á afgreiðslu mála hjá viðkomandi stjórnvaldi eða um 17%. Það er auðvitað ótækt að þetta sé svo hátt hlutfall ár eftir ár en um 16 ár eru síðan embætti umboðsmanns Alþingis var stofnað og þess er skemmst að minnast að málshraðareglan er lögfest regla í stjórnsýslulögunum.

Einnig er eftirtektarverður kafli umboðsmanns um verklag til ráðningar opinberra starfsmanna en hann sér ástæðu til að fara aðeins yfir það.

Með leyfi forseta, segir umboðsmaður í skýrslu sinni:

„Ég hef orðið þess var í störfum mínum að stjórnvöld geri á stundum ekki fullnægjandi reka að því að innleiða nauðsynlegar breytingar á verklagi og starfsháttum við ráðningar í opinber störf í kjölfar þess að slík ákvörðun hefur sætt gagnrýni hjá umboðsmanni Alþingis eða dómstólum. Svo virðist sem stjórnvöld láti oftsinnis hjá líða að greina með fullnægjandi hætti þann annmarka í ráðningarferlinu sem gagnrýni eftirlitsaðila leiðir í ljós svo því sé kleift að standa betur að málum þegar kemur næst að því að taka sams konar ákvörðun. Á þetta jafnvel við þótt stjórnvöld hafi lýst því opinberlega yfir í kjölfar niðurstöðu umboðsmanns eða dómstóls að gerðar verði ráðstafanir til þess að bæta þarna úr."

Full ástæða er til að taka undir þau orð umboðsmanns að þessi málaflokkur verði tekinn föstum tökum því að annars er hætt við, eins og hann segir sjálfur neðar á síðunni, á bls. 24, „að áhugasamir einstaklingar láti vera að sækjast eftir störfum hins opinbera?". En það er auðvitað öllum ljóst að hér er átt við þann darraðardans sem hæstv. dómsmálaráðherra hefur boðið upp á þegar hefur komið að skipun hæstaréttardómara.

Umboðsmaður Alþingis lýsir áhyggjum sínum í skýrslunni yfir þeim vafa sem hann telur ríkja varðandi eftirlitshlutverk sitt gagnvart ákvörðunum sem eru teknar í almennri stjórnsýslu dómstóla. Hann kallar eftir því að Alþingi taki hér af skarið og útrými öllum vafa í því sambandi. Það ætti því að vera Alþingi bæði ljúft og skylt að taka þeirri áskorun og bregðast við þessu vafamáli.

Einnig er að finna þrjár tilkynningar í skýrslunni til stjórnvalda um meinbugi á lögum sem Alþingi þyrfti að skoða betur hafi þar ekki nú þegar verið bætt úr hjá viðkomandi stjórnvaldi.

Sem fyrr er langflest málin að finna hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu eða um þriðja hvert mál. Að einhverju leyti er eðlilegt að hlutfallið sé hærra í því ráðuneyti en hjá öðrum en manni finnst samt þessi tala vera í hærri kantinum. Vonandi verður hægt að ná því hlutfalli niður hjá þessu mikilvæga ráðuneyti en þó hefur þróunin verið þannig undanfarin ár að hlutfallið hefur verið að hækka frekar en hitt.

Herra forseti. Að lokum er rétt að minnast þess að árið 2003 skilaði allsherjarnefnd áliti til fjárlaganefndar um fjárlögin en þar stóð, með leyfi forseta:

„Nefndin tekur undir það sem komið hefur fram hjá umboðsmanni Alþingis um gagnsemi þess ef embættinu væri gert kleift að vinna úr þeim upplýsingum sem liggja í álitum og reifunum sem embættið hefur afgreitt allt frá árinu 1988 og ná þannig utan um þann þekkingarbrunn sem er þar fyrir hendi. Loks bendir nefndin á mikilvægi þess að umboðsmaður Alþingis og starfsfólk eigi kost á að miðla þeirri reynslu og þekkingu á efnis- og formreglum stjórnsýsluréttar sem er til staðar hjá embættinu."

Þetta rataði hins vegar ekki í meirihlutaálit allsherjarnefndar núna rétt fyrir jólin af einhverjum ástæðum. Við í minni hluta allsherjarnefndar tókum þetta hins vegar upp í okkar álit en það er mikilvægt að okkar mati að gera þetta starf umboðsmanns mögulegt og ljúka því sem allra fyrst.

[16:21]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Óhætt er að segja að á síðustu árum hefur staða almennings gagnvart stjórnsýslunni verið stórbætt. Almenningi hefur verið fengið tæki í hendur til þess að sækja rétt sinn gagnvart stjórnsýslunni með setningu stjórnsýslulaga, með setningu upplýsingalaga og ekki síst með stofnun embættis umboðsmanns Alþingis en skýrsla um störf hans er nú til umræðu.

Forsenda þess að markmið stjórnsýslulaga um agaða starfshætti í stjórnsýslunni náist, þar sem jafnræði milli þegnanna í málsmeðferð er haft að leiðarljósi, er annars vegar að starfsmenn hennar þekki til þeirra krafna sem gerðar eru til þeirra og hins vegar að almenningur þekki rétt sinn. Það má segja að stjórnvöld hafi að mörgu leyti staðið sig þokkalega gagnvart skyldu sinni að uppfræða starfsmenn stjórnsýslunnar um hvernig þeir eigi að afgreiða mál sem leitað er með til þeirra þó að vissulega megi bæta um enn betur og þetta er málefni sem þarf að vera stöðugt í umræðunni og stöðugt vakandi fyrir, ekki síst gagnvart nýju starfsfólki og þá nýjum hugmyndum.

Það má hins vegar spyrja sig hvort almenningi hafi gefist kostur á að fá upplýsingar um rétt sinn gagnvart stjórnsýslunni í sama mæli. Almenningur þarf að mínu mati allt of mikið að reiða sig á ráðgjöf sérfræðinga til að sækja rétt sinn. Ég tel að gera þurfi átak til að uppfræða almenning um rétt sinn gagnvart stjórnsýslunni. Í þeim efnum mætti t.d. líta til upplýsingabæklings á vegum heilbrigðisráðuneytisins sem var gefinn út fyrir almenning fyrir nokkrum árum, um réttindi sjúklinga, sem var byggður á lögum um sama efni. Þar var á einföldu og skiljanlegu máli gerð grein fyrir þeim réttindum sem sjúklingurinn hefur gagnvart heilbrigðiskerfinu þegar hann þarf að leita þjónustu á þeim vettvangi.

Hv. þingmaður Guðrún Ögmundsdóttir benti á í ræðu sinni áðan að fjöldi kvartana gagnvart heilbrigðiskerfinu væri mun minni en umfang þess og eðli gæfi til kynna, kvartanir sem fara til umboðsmanns Alþingis. Það má kannski leiða að því líkur að einmitt sá bæklingur og kynning á réttindum almennings hafi gert það að verkum að almenningur þekki kæruleiðir sínar og geti leitað úrlausna í sínum málum í meira mæli en gagnvart öðrum almannakerfum.

Það er reyndar svo að slíkur bæklingur hefur verið gef-

inn út af umboðsmanni Alþingis. Ég hef reyndar ekki séð þann bækling en ég vænti þess að hann sé jafneinfaldur og skiljanlegur og sá bæklingur sem ég nefndi um réttindi sjúklinga en alla vega er það ljóst að það þarf að bæta um betur við að kynna almenningi rétt sinn.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis er mikilvægt tæki fyrir okkur og ekki síst fyrir okkur alþingismenn til að fylgjast með störfum stjórnsýslunnar. Það vekur athygli að þrátt fyrir allt hefur þó lítil breyting orðið á eðli kvartana sem berast til umboðsmanns Alþingis frá einu ári til annars. Þannig varða t.d. 17% mála sem berast til umboðsmanns tafir hjá stjórnvaldi á afgreiðslu mála en stjórnsýslulög eru býsna ákveðin varðandi málshraða. Þetta hlutfall hefur verið nær óbreytt frá árinu 2000. Einnig má bæta við að í um 10% tilvika til viðbótar beinast kvartanir gagnvart málsmeðferð og starfsháttum stjórnsýslunnar sérstaklega. Alls nema þessar kvartanir tæplega þriðjungi mála sem berast til umboðsmanns og það er ákveðið áhyggjuefni.

Þó verð ég nú að segja að það er sérstakt ánægjuefni að sjá að kvörtunum gagnvart heilbrigðisþjónustunni, sem er kannski það ráðuneyti sem ég fylgist mest með, varðandi töf og athugasemdir við stjórnsýslu ráðuneytisins sjálfs hefur fækkað á undaförnum árum en lengi vel trónaði ráðuneytið á toppnum í þessum efnum en hefur greinilega tekið sig á þannig að það er alveg ljóst að það er hægt að taka sig á í þessu efni.

Í þessu sambandi er áhugavert að lesa umsögn umboðsmanns Alþingis í skýrslunni sem hér er til umfjöllunar, að stjórnvöld sýni á stundum nokkra tregðu í að fallast á að ákvæði stjórnsýslulaga gildi um starfsemi þeirra að hluta eða öllu leyti og hafi tilhneigingu til að telja að íþyngjandi ákvæði laganna geri þeim illa kleift að sinna þeim verkefnum sem þeim er lögboðið að bjóða. Þetta þýðir að hætta er á að viðkomandi stofnanir brjóti á þeim sem þær þjóna og er það ákveðið áhyggjuefni því að gera þarf miklar kröfur til stofnana og starfsemi á vegum ríkisins og hvernig þær mæta þeim sem til þeirra leita. Ef ekki er að gætt er réttaröryggi borgaranna í samskiptum við stjórnvöld í hættu.

Reyndar er ástæða til að taka undir orð umboðsmanns Alþingis þegar hann segir eftirfarandi, með leyfi forseta, á bls. 14 í skýrslu umboðsmanns Alþingis:

„Í þessu sambandi bendi ég raunar á að sú aðferðafræði við úrlausn stjórnsýslumála sem stjórnsýslulögin lýsa getur í mörgum tilvikum gert vinnu stjórnvalda einfaldari og skilvirkari enda séu í upphafi lagðar línurnar um það hvernig ferill stjórnsýslumáls verði að vera svo að meginreglum laganna sé fylgt."

Í þessari stuttu ræðu minni vil ég að lokum taka undir með umboðsmanni Alþingis að það sé ánægjuefni að að öllu jöfnu bregðist stjórnvald vel við ábendingum umboðsmanns og fari að tilmælum hans hvort heldur um er að ræða almenn eða sérstök tilmæli. Þetta bendir til þess að stjórnvöld og stofnanir ríkisins vilji leggja sig fram um að veita þegnunum góða þjónustu.

Að síðustu vil ég færa umboðsmanni Alþingis þakkir fyrir ítarlega og góða skýrslu sem er gagnleg okkur hv. þingmönnum til þess að gegna eftirlitshlutverki okkar með framkvæmdarvaldinu.

[16:26]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Embætti umboðsmanns Alþingis er mjög mikilvægt embætti. Hér er um að ræða eina af undirstöðustofnunum í lýðræðissamfélagi. Hún á að veita stjórnsýslunni og framkvæmdarvaldinu aðhald. Ég tek undir það sem oft hefur verið sagt og áréttað að mjög mikilvægt er að tryggja sjálfstæði þeirrar stofnunar. Meðal annars er að þessu sjálfstæði vikið í skýrslu umboðsmanns Alþingis sem segir að þegar á heildina sé litið séu samskipti stofnunarinnar við framkvæmdarvaldið hnökralaus, að jafnaði séu þau hnökralaus, en þó er svo að skilja að þar hafi verið undantekningar.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Það hefur komið fyrir í nokkrum tilvikum að viðtaka ráðherra á nýju áliti umboðsmanns Alþingis hefur orðið þeim tilefni símtals við umboðsmann. Það gefur auga leið að slíkt samtal tveggja manna í síma verður ekki sannreynt að efni til eða lagt til grundvallar viðbrögðum nema báðir aðilar séu sammála um það sem fram fór."

Ég held að það viti allir hvers hér er verið að vísa til en ekki er svo ýkja langt síðan að í fjölmiðlum voru mjög til umræðu samskipti þessa embættis eða umboðsmanns Alþingis og forsætisráðherrans þáverandi. Það sem síðan hefur verið gert er að settar hafa verið verklagsreglur um þessi samskipti í sex liðum þar sem meginhugsunin, meginreglan er sú að samskipti umboðsmanns Alþingis og ráðherra eða fulltrúa framkvæmdarvaldsins skuli fara fram með formlegum hætti á fundi þar sem skráðar eru fundargerðir og fleiri en tveir til frásagnar um það sem fram fer. Ég held að mjög mikilvægt sé að koma slíkum samskiptum inn í skipulegan farveg eins og hér hefur verið gert og fagna ég því.

Það er ástæða til að staldra við athugasemdir umboðsmanns hvað varðar tafir á afgreiðslu mála hjá stjórnvöldum. Hann telur ástæðu til að hafa nokkrar áhyggjur af því ástandi sem endurspeglast í fjölda þeirra kvartana sem berast umboðsmanni og lúta einungis að því að stjórnvöld hafi ekki svarað eða afgreitt erindi frá borgurunum. Síðan er tilgreindur fjöldi mála og farið rækilega í þróunina og aðrir sem tekið hafa til máls nú í umræðunni hafa rakið þau efni og ætla ég ekki að endurtaka það.

Í máli umboðsmanns er vísað til starfsmannamála hjá hinu opinbera, verklags við ráðningu opinberra starfsmanna, eins og kaflinn heitir. Þar telur umboðsmaður Alþingis að pottur sé brotinn. Hér segir, með leyfi forseta:

„Ég hef orðið þess var í störfum mínum að stjórnvöld gera á stundum ekki fullnægjandi reka að því að innleiða nauðsynlegar breytingar á verklagi og starfsháttum við ráðningar í opinber störf í kjölfar þess að slík ákvörðun hefur sætt gagnrýni hjá umboðsmanni Alþingis eða dómstólum."

Það er ástæða til að fara í saumana á þessum málum. Reyndar tel ég að starfs- eða ráðningarmál hjá hinu opinbera þurfi að koma til skoðunar í ljósi þess sem þar er að gerast. Þannig háttar til að í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er kveðið á um heimild atvinnurekandans til að færa fólk til í starfi og breyta verksviði hjá einstaklingum. Þetta er heimilt að gera hjá almennum ríkisstarfsmönnum en einnig hjá embættismönnum. Hins vegar

skal auglýsa störf þegar um slíka tilfærslu er a ræða, nema í undantekningartilvikum. Það er hins vegar að gerast, ég vísa þar t.d. til löggæslunnar, að undantekningin er að verða að hinni almennu reglu. Ég segi ekki að þetta gerist á hverjum degi en nokkur brögð eru að því að einstaklingar séu færðir til í starfi án þess að störf þeirra séu auglýst eins og í raun er kveðið á um í lögunum, þótt heimilt sé að víkja frá hinni almennu reglu við sérstakar aðstæður. Þetta er hins vegar að verða almenn regla og ég hvet til að umboðsmaður Alþingis eða eftirlitsaðilar með opinberri stjórnsýslu hugi sérstaklega að því.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um skýrslu umboðsmanns en ítreka að hér er um að ræða eina af undirstöðustofnunum í lýðræðissamfélagi. Ég tel mjög brýnt að vel sé að búið að henni.

[16:33]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við höfum hér fjallað um skýrslu umboðsmanns Alþingis og drepið á ýmis atriði sem koma fram í henni. Eins og þingmenn hafa getið um er plaggið mikið að vöxtum, skýrslan sem kemur árlega til okkar þingmanna. Það er virkilega fróðlegt að fara yfir þau mál sem koma til kasta umboðsmanns og hans dygga starfsliðs en einir sjö lögfræðingar vinna hjá umboðsmanni auk nema sem kynna sér mál og vinna í málum með lögfræðingunum. Þetta eru um 300 mál og ekki lítið sem starfsfólk þarf að afkasta á einu ári. Í skýrslunni er vandlega rakið á hvaða stigi málin eru, af hvaða tegund þau eru og háttvirtir alþingismenn sem talað hafa á undan mér hafa stiklað á stóru í þeim efnum.

Eitt af því sem umboðsmaður Alþingis nefndi þegar hann kom til allsherjarnefndar fyrr á síðasta ári var að stjórnmálamenn þyrftu kannski að skoða ákveðin atriði sem varða verksvið eða valdsvið umboðsmanns hvað varðar dómstólana. Umboðsmaður benti á að Norðmenn og nágrannaþjóðir okkar hefðu gert skurk í að skilgreina vel verksvið umboðsmanns varðandi dómstólana. Þá erum við að tala um stjórnsýslu dómstólanna en ekki niðurstöður dómsmála. Tryggvi Gunnarsson talaði um að Norðmenn hefðu unnið það verk afar vel og vitnaði í skýrslu frá norska þinginu máli sínu til stuðnings. Hann gerði ráð fyrir því að alþingismenn gætu skoðað þá skýrslu til að athuga hvort skerpa mætti betur á hvað varðar framkvæmdina hjá okkur, þ.e. að skýrt þurfi að vera á hvern hátt umboðsmaður skuli segja til um stjórnsýslu dómstólanna.

Það er athyglisvert að umboðsmaður segir skýrt og skorinort í skýrslu sinni að rökstuðningur stjórnvalda varðandi skipan í störf sé oft á tíðum ekki nægilega vandaður. Það er nauðsynlegt að stjórnvöld taki það til skoðunar og sjái til þess að stofnanir á vegum hins opinbera komi sér upp verklagsreglum sem nægja í þeim efnum.

Það er líka athyglisvert, þegar maður fer í gegnum skýrslu umboðsmanns, að þar má lesa á milli línanna að þeir sem fylgja eftir lögum og reglum í samfélagi okkar verða að gera sér grein fyrir því í grundvallaratriðum að reglurnar eru ekki settar í þágu stjórnsýslunnar heldur í þágu borgaranna. Það má ekki vera tregða í kerfinu gegn því að fara að stjórnsýslulögum. Stjórnsýslulögin þurfa að vera það virk og allir sem eftir þeim eiga að fara verða að gera sér grein fyrir því grundvallaratriði að reglurnar eru settar í þágu borgaranna en ekki stjórnsýslunnar sjálfrar.

Það er líka athyglisvert að umboðsmaður getur um það að í nokkuð mörgum tilfellum takist opinberum úrskurðarnefndum ekki að haga vinnu sinni þannig að þeim takist að ljúka afgreiðslu mála innan tiltekins frests sem yfirleitt er gefinn í lögum. Það verður einnig að taka til skoðunar og athuga hvort löggjafinn setur ekki nægilega fresti fyrir þær úrskurðarnefndir sem starfa á okkar vegum. Það er auðvitað ekki góð stjórnsýsla að úrskurðarnefndir nái ekki að skila niðurstöðum innan þess frests sem þeim með lögum er ætlaður.

Í þessu sambandi má geta þess að um 54 úrskurðarnefndir starfa samkvæmt lögum. Ég tel að það séu líka ákveðin skilaboð til okkar sem í þessum sal störfum. Vert væri að skoða hvort þetta sé kannski komið út í einhverjar öfgar, hvort úrskurðarnefndirnar séu orðnar of margar eða hvort vinna þeirra nái ekki að vera nægilega skilvirk.

Umboðsmaður telur mikilvægt að fólk sem starfar eftir stjórnsýslulögunum fái stuðning frá hinu opinbera til þess að kynna sér lögin nægilega vel og að staðið sé vel að því hjá stofnunum hins opinbera að þeim sem gert er að fara eftir þeim lögum séu kynntar bestu aðferðir til að fara eftir þeim og í því sambandi er eðlilegt að við lítum til nágrannalanda okkar þar sem stjórnsýslulög hafa verið til umfjöllunar. Það skiptir verulegu máli að það sem vel hefur verið gert í nágrannalöndum okkar skili sér hingað til okkar. Þar hafa verið unnin verk sem við getum örugglega nýtt okkur á þessum sviðum. Það er á okkar ábyrgð að fræða fólk um stjórnsýslulögin. Það eru ekki margir sem leggja sig eftir stjórnsýslulögunum eða lesa þau sér til skemmtunar eða ánægju. Þau eru nokkuð flókin og tyrfin og eðlilegt að hið opinbera hvetji til þess á jákvæðan hátt að þeir sem eiga eftir þeim að starfa geti það á eins einfaldan og skilvirkan hátt og mögulegt er.

Það má t.d. nefna að sveitarfélögin ættu að vera dugleg að halda fyrir starfsmenn sína námskeið eða kynningar á stjórnsýslulögunum og því hvernig þau virka best. Í þessu sambandi mætti einnig nefna stéttarfélögin.

Hér er getið um verklag við ráðningu opinberra starfsmanna. Það er alvarlegt ef á daginn kemur að verklagið sé með þeim hætti að ámælisvert sé. Það þarf auðvitað að athuga hvort sjónarmiðum ráðningaraðila sé rétt beitt og hvort þau eigi sér málefnalega stoð. Í opinbera kerfinu þarf að tryggja að allar umsóknir um störf fái málefnalega umfjöllun og ráðningar séu rökstuddar á gegnsæjan hátt og einfaldan.

Hæstv. forseti. Ég held að í svo stuttum ræðum sé ekki hægt að fara, svo vel sé, í einstök mál en almennt held ég að við höfum komist yfir það sem helst er fjallað um í skýrslunni og við ættum að hafa vakandi auga á í þessu sambandi. Fyrst og fremst þarf almenningur að vera mjög meðvitaður um rétt sinn og leiðirnar innan kerfisins. Það er á ábyrgð þeirra sem starfa fyrir hið opinbera að almenningi sé gerður ljós sá réttur. Það er líka nauðsynlegt að þeir sem starfa á okkar vegum eftir stjórnsýslulögunum fái hvatningu til þess að gera það á sem skilvirkastan hátt.

Að lokum langar mig að nefna eitt atriði sem umboðsmaður nefndi í máli sínu við allsherjarnefnd sem ég held að

við í þessum sal þurfum að hafa í huga og skoða. Það er spurningin um það þegar verkefni eru flutt frá ríki eða frá sveitarfélögum til einkaaðila, þ.e. spurningin um hversu mikið af reglunum sem hafa gilt um viðkomandi svið fylgi viðkomandi máli eða málaflokki yfir til einkaaðilanna, yfir í einkageirann. Ég tel að veruleg þörf sé á að skoða þá þætti í einkavæðingarbrölti ríkisstjórnarinnar. Hingað til hefur orðið misbrestur á í þessum efnum. Þannig eru grá svæði í málaflokkum sem hafa verið fluttir yfir til einkaaðila og vafi á því hvort opinberar reglur sem giltu meðan málin voru í opinberri forsjá gildi áfram þegar málin eru komin yfir í einkageirann. Dæmi um þetta gætu t.d. verið upplýsingalög sem þyrfti að skoða með tilliti til þessa.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, hæstv. forseti. Margt í skýrslunni er það fróðlegt að ég hvet alþingismenn til að fara vel yfir hana. Í formála skýrslunnar er farið yfir málin svona almenns eðlis og ég tel nauðsynlegt fyrir okkur að setja okkur vel inn í þau þannig að við getum í framtíðinni, þegar við höldum áfram lagasetningavinnu, tekið mið af því sem umboðsmaður og starfsmenn hans hafa komist að í störfum sínum.

Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 2003.

[16:43]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Samkvæmt lögum um starfsemi Ríkisendurskoðunar ber henni að semja skýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja fyrir Alþingi. Ársskýrslan fyrir síðasta ár var gefin út og birt í aprílmánuði með sama hætti og gert hefur verið á liðnum árum. Mun ég nú gera grein fyrir því helsta í skýrslunni.

Ársskýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2003 er með nokkuð hefðbundnu sniði. Í henni er m.a. gerð grein fyrir starfsskyldum stofnunarinnar, starfsemi hennar á árinu 2003 og markmiðum með endurskoðun á leiðum á því sviði. Jafnframt er gerð grein fyrir þeim skýrslum, leiðbeiningarritum og greinargerðum sem stofnunin gaf út á árinu og fyrir starfi einstakra sviða stofnunarinnar. Þó er það nýmæli að finna í skýrslunni að þar er gerð sérstök grein fyrir ýmsum kennitölum um umsvif og árangur í störfum Ríkisendurskoðunar á árinu 2003 og nokkrar þeirra bornar saman við sambærilegar kennitölur systurstofnana á Norðurlöndum.

Rekstrarútgjöld Ríkisendurskoðunar, að frádregnum tekjum af seldri þjónustu, námu alls rúmum 327 millj. kr. á árinu 2003. Á árinu 2002 námu rekstrarútgjöld tæplega 266 millj. kr. Útgjöldin jukust því um 61 millj. kr. á milli ára. Mestu munaði um aukinn launakostnað vegna fjölgunar starfsmanna, stofnkostnað vegna byggingarframkvæmda og innréttinga fyrir nýja starfsmenn, auk almenns rekstrar. Fjárheimild stofnunarinnar á árinu nam rúmum 284 millj. kr. og varð því 43 millj. kr. tekjuhalli á rekstrinum. Hún átti á hinn bóginn 28 millj. kr. uppsafnaðan tekjuafgang frá fyrri árum. Því varð endanlegur halli á rekstrinum 15 millj. kr.

Rekstrarkostnaður skiptist þannig á milli starfssviða að 191 millj. kr. eða 58% af heildarkostnaði tengjast fjárhagsendurskoðun. Rekstur stjórnsýslu- og upplýsingasviðs kostaði um 48 millj. kr. eða um 26%. Rekstur lögfræði- og umhverfissviðs kostaði 23 millj. kr. eða um 7% og rekstur yfirstjórnar 28 millj. kr. eða tæplega 9%. Þessi kostnaðarskipting endurspeglar allvel umfang starfseminnar og skiptingu vinnustunda eftir starfssviðum og er svipuð og verið hefur undanfarin ár.

Í árslok 2003 voru starfsmenn Ríkisendurskoðunar 51. Meðalstöðugildi fastráðinna starfsmanna á árinu voru þó heldur færri, einkum vegna náms- og barneignarleyfa, eða 49. Stöðugildum fjölgaði um fjögur frá árinu 2002. Auk þeirra hafa utanaðkomandi endurskoðendur sinnt ýmsum verkefnum fyrir hönd stofnunarinnar.

Á árinu 2003 skiluðu starfsmenn alls rúmlega 76 þúsund vinnustundum við endurskoðun og eru það 10 þúsundum fleiri tímar en árið áður eða sem nemur fimm stöðugildum. Að auki keypti stofnunin þjónustu frá 12 endurskoðunarskrifstofum sem svaraði rúmlega 4 þúsund vinnustundum, það er 425 stundum meira en árið áður.

Haustið 2003 lauk umfangsmiklum viðgerðum og endurbótum á húsnæði Ríkisendurskoðunar að Skúlagötu 57. Samhliða því var unnið að nokkrum endurbótum á eldra húsnæðinu og var húsrými aukið í því skyni að koma upp stærra mötuneyti, kennslu- og fundarsal og meira skrifstofurými.

Á árinu 2003 voru afköst stofnunarinnar meiri en nokkru sinni fyrr í sögu hennar. Alls áritaði Ríkisendurskoðun 370 ársreikninga og samdi 274 endurskoðunarskýrslur. Þetta eru talsvert fleiri verk en unnin voru árið 2002 þegar 328 ársreikningar voru áritaðir og samdar 269 endurskoðunarskýrslur. Mikil og stöðug stígandi hefur verið í þessum þætti starfsemi stofnunarinnar á undanförnum árum. Þessu til viðbótar sendi Ríkisendurskoðun frá sér níu stjórnsýsluúttektir eða þremur fleiri en á árinu 2002. Þá gaf stofnunin út tvö leiðbeiningarrit og rit þar sem sýnt er hvernig hún hyggst sjálf beita aðferðum stefnumiðaðs árangursmats við stjórnun og mat á árangri.

Skýrslur þessar og rit spanna býsna vítt svið. Þar er m.a. fjallað um einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja á árunum 1998–2003, sameiningu sjúkrastofnana í Reykjavík, tölvukerfi sýslumanna, árangursstjórnun í ríkisrekstri og umhverfisendurskoðun. Margar þessara skýrslna eru einnig óvenju umfangsmiklar.

Ríkisendurskoðun stefnir að því að endurskoða árlega allar stofnanir ríkisins auk þess sem áhersla verður lögð á að votta upplýsingar um umsvif og rekstrarárangur sem stofnanir birti í ársskýrslum sínum. Í þessu sambandi skal þess getið að um það bil helmingur stofnana ríkisins hefur tekið upp svokallaða árangurstjórn sem felur m.a. í sér að þær setji sér markmið til lengri eða skemmri tíma sem nota má sem viðmiðun þegar endanlegur árangur er metinn.

Langfæstar endurskoðunarskýrslur eða endurskoðunarbréf sem starfsfólk Ríkisendurskoðunar tekur saman ár hvert vegna eftirlits- og endurskoðunarstarfa sinna koma fyrir almenningssjónir heldur eru þær fyrst og fremst sendar þeim aðilum sem endurskoðunin beindist að svo og viðkomandi ráðuneyti. Í þeim er lögð áhersla á að gera einstökum ráðuneytum og stofnunum formlega grein fyrir því í hverju endurskoðunin fólst og hvað hún leiddi í ljós samhliða því sem ársreikningur viðkomandi er vottaður. Ráðu-

neyti og stofnanir hafa yfirleitt tekið til umfjöllunar þær athugasemdir sem gerðar eru og brugðist við þeim. Að þessu leyti hefur endurskoðunarstarfið skilað ótvíræðum árangri. Í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings er síðan jafnan að finna samandregið yfirlit um þá vinnu sem unnin er við fjárhagsendurskoðun á vegum stofnunarinnar.

Auk hefðbundinnar endurskoðunar hefur Ríkisendurskoðun undanfarin ár fylgt þeirri stefnu við fjárhagsendurskoðun að taka nokkra afmarkaða málaflokka til sérstakrar athugunar í heild sinni og skoða gaumgæfilega tiltekin atriði við rekstur þeirra. Markmiðið með þessu er að auka aðhald í ríkisrekstri og stuðla að góðri og markvissri nýtingu fjármuna.

Við fjárhagsathuganir á árinu 2003 var hugað sérstaklega að sendiráðunum, fastanefndum og ræðisskrifstofum, rannsóknarstofnunum, söfnum, málefnum fatlaðra og heilsugæslustöðvum. Þá tók stofnunin einnig fyrir nokkra afmarkaða þætti í starfsumhverfi fyrirtækja og stofnana og skoðaði þá um leið og reikningar þeirra voru endurskoðaðir. Val þeirra endurspeglar að nokkru leyti mat á því hvaða áhættuþættir þykja skipta mestu máli. Meginmarkmiðið er að auka aðhald í ríkisrekstri og styrkja og efla innra eftirlit og umhirðu starfsmanna ríkisins með eignum og fjármunum hins opinbera.

Við endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2002 var lögð sérstök áhersla á áhættustjórn, starfsmannastjórn og launamál, kaup á vörum og þjónustu og loks styrkveitingar. Gerð er grein fyrir niðurstöðum þessara athugana í III. kafla skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2002.

Þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun hafi fundið ýmislegt ábótavant við athugun á þessum atriðum telur hún að forstöðumenn ríkisstofnana séu almennt meðvitaðir um mikilvægi þeirra og að þeir búi yfir vilja til að breyta verklagi sínu eða bæta það sem ekki er í fullnægjandi horfi.

Eins og áður er rakið hefur tækniþróun á sviði bókhalds og bankaviðskipta leitt til þess að Ríkisendurskoðun hefur á síðustu árum lagt mjög aukna áherslu á innra eftirlit. Tveir starfsmenn stofnunarinnar starfa t.d. eingöngu við þetta verkefni. Innra eftirliti má skipta í tvo meginþætti. Hinn fyrri snýr að því umhverfi sem viðkomandi stofnun starfar í, m.a. með lögum og reglugerðum sem gilda um hana, skipulagi hennar og stjórn. Síðari þátturinn lýtur að gerð verkferla og verklýsinga. Þá eru einstakir áhættuþættir skilgreindir nánar, þeir skráðir og leitast við að bregðast við þeim með gerð ýmissa verkferla.

Meginniðurstöður þeirra athugana sem Ríkisendurskoðun hefur gert á undanförnum árum á þessu sviði eru að verulega skorti á að innra eftirlit ríkisstofnana sé skjalfest, að skipulegt áhættumat hafi farið fram og að til séu skýrir verkferlar og verklýsingar. Helsta skýring þess er sú að flestar stofnanir ríkisins eru fremur litlar og því telja forstöðumenn þeirra að þeir hafi nægilega yfirsýn um alla helstu þætti starfseminnar og geri sér því grein fyrir einstökum áhættuþáttum. Að mati Ríkisendurskoðunar er þetta óviðunandi og telur hún að mikil vinna sé fram undan hjá ýmsum stofnunum við að koma þessum þætti starfseminnar í viðunandi horf.

Á árinu 2002 lauk stofnunin við að skoða innra eftirlit hjá Fjársýslu ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóði. Þá var Landspítala – háskólasjúkrahúsi veitt aðstoð við athugun á innra eftirliti sjúkrahússins. Loks var skipulag og starfsemi innri endurskoðunar Landssíma Íslands hf. skoðað í kjölfar fjársvikamálsins sem þar kom upp á árinu.

Af starfsemi stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar á árinu 2002 er það að segja að sviðið lauk við níu úttektir. Stærstu verkefnin fjölluðu um sameiningu Landspítala – háskólasjúkrahúss, árangursstjórn í ríkisrekstri, einkavæðingu fyrirtækja í eigu ríkisins, Flugmálastjórn Íslands og menntun grunnskólakennara.

Þau verkefni sem ekki verða heimfærð beint undir endurskoðun sem og önnur almenn starfsemi stofnunarinnar var með hefðbundnu sniði á árinu 2003. Hér er einkum átt við eftirlit með staðfestum sjóðum og sjálfseignarstofnunum, eftirlit með reikningsskilum sókna og kirkjugarða, námskeið, endurmenntun starfsmanna og fleira.

Ríkisendurskoðun er í umtalsverðum alþjóðlegum samskiptum á sínu sviði. Hún er aðili að ýmsum fjölþjóðlegum samtökum um endurskoðun auk þess sem hún hefur gott samband við systurstofnanir í nágrannaríkjunum. Samstarf á þessum vettvangi er mjög mikilvægt enda má margt læra af reynslu og þekkingu systurstofnana og alþjóðasamtaka á sviði endurskoðunar.

Eins og ég gat um áðan er í skýrslunni m.a. að finna fróðlegt yfirlit yfir ýmsar kennitölur, um umsvif og árangur í störfum Ríkisendurskoðunar á síðustu árum. Í árangursmatinu er einkum leitast við að meta fjögur lykilsvið starfseminnar, þ.e. þjónustu stofnunarinnar, innri verkferla, starfsmenn og þróun og loks fjármál. Í sumum tilvikum er birtur samanburður við sambærilegar upplýsingar úr rekstri systurstofnana Ríkisendurskoðunar á Norðurlöndum.

Að því er þjónustuhlutverkið varðar leitast stofnunin við að veita álit og upplýsingar sem koma jafnt stjórnvöldum sem og stofnunum og fyrirtækjum ríkisins að gagni. Í þessari viðleitni sinni tekur hún fyrst og fremst mið af þeim meginverkefnum sem henni ber að lögum að sinna. Hvernig hún rækir þjónustuhlutverk sitt er hins vegar erfitt að mæla enda hefur ekki farið fram sérstök könnun í því efni á meðal þeirra sem telja má viðskiptavini stofnunarinnar.

Um innri verkferli er það að segja að Ríkisendurskoðun hefur reynt að meta árangur í því efni með því að fylgjast með fjölda áritaðra ársreikninga, endurskoðunarskýrslna, stjórnsýsluúttekta, greinargerða og annarra rita sem starfsmenn stofnunarinnar vinna. Samanburður á milli ára sýnir svo að ekki verður um villst að afköst stofnunarinnar hafa aukist verulega á síðustu þrem árum.

Í starfsmannamálum leitast stofnunin við að ráða þjálfað og hæft starfsfólk sem vill vinna og þróa vinnubrögð sín. Til að mæla þennan þátt er einkum horft til menntunar starfsmanna, meðalstarfsaldurs, fjölda vinnustunda og fjölda endurmenntunartíma. Að auki er fjöldi veikindadaga notaður sem mælikvarði á starfsumhverfi og ánægju á vinnustað. Mælingar þessar hafa t.d. leitt í ljós að hlutfall starfsmanna með þriggja ára starfsreynslu eða meira hefur aukist úr 67% í 73% á síðustu þrem árum. Meðalstarfsaldur er 9,6 ár eða nokkru lægri en hann er að meðaltali hjá norrænum systurstofnunum þar sem hann er 10,9 ár. Meðalstarfsaldurinn er þó hærri hjá Ríkisendurskoðun en hjá bæði norsku og sænsku ríkisendurskoðununum.

Fjöldi endurmenntunardaga var 6,7 dagar á starfsmann hjá Ríkisendurskoðun. Endurmenntunardagar hjá norrænum systurstofnunum voru á hinn bóginn að meðaltali 8,5 dagar. Fjarvistir starfsmanna Ríkisendurskoðunar vegna veikinda sem hlutfall af unnum stundum á árinu var 1,7%. Sambærilegt hlutfall norrænna systurstofnana var mun hærra eða að meðaltali 3,4%. Nánari grein er gerð fyrir þessum atriðum í skýrslunni og í sérstöku riti um stefnumið og árangursmat hjá Ríkisendurskoðun sem gefið var út á árinu 2003.

Um störf stofnunarinnar á árinu 2003 að öðru leyti mun ég ekki fjölyrða heldur læt nægja að vísa til skýrslunnar sjálfrar þar sem nánari grein er gerð fyrir megindráttum starfseminnar.

Að lokum vil ég fyrir hönd forsætisnefndar, herra forseti, flytja Ríkisendurskoðun og starfsmönnum hennar þakkir fyrir vel unnin störf á því ári sem hér hefur verið fjallað um.

[16:58]

Útbýting:

Staðgreiðsluskattar og virðisaukaskattur, 293. mál, svar fjmrh., þskj. 681.

Veiðar á rjúpu, gæs og öndum, 406. mál, svar umhvrh., þskj. 687.

[16:58]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil leggja áherslu á það í upphafi míns máls að ég tel Ríkisendurskoðun líkt og embætti umboðsmanns Alþingis eina af grundvallarstofnunum innan stjórnsýslunnar. Þetta er stofnun sem á að hafa eftirlit og veita framkvæmdarvaldinu aðhald og þegar á heildina er litið hefur Ríkisendurskoðun sinnt sínu hlutverki afar vel.

Mig langar hins vegar að velta vöngum yfir vinnulagi stofnunarinnar og setja fram tillögur um hvað ég tel að mætti betur fara. Ég vil af því tilefni staðnæmast við skýrslu sem Ríkisendurskoðun sendi frá sér í desember árið 2003 um einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja árin 1998–2003.

Eins og fram kemur í formála að ritinu óskaði þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs eftir því í janúar árið 2001 að Ríkisendurskoðun réðist í athugun á einkavæðingunni. Þar var sérstaklega vísað til einkavæðingarnefndar og Landssímans, einkavæðingar Landssímans, en það drósthokkuð að ráðist yrði í rannsóknina. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs átti m.a. fund með Ríkisendurskoðun og þá var ákveðið og fallist á að þetta rannsóknasvið yrði víðfeðmara.

Hvað var að gerast á þeim tíma sem beiðnin var sett fram? Ég hef verið að skoða umræður sem fram fóru á þinginu, t.d. í marsmánuði árið 2002, eftir að beiðnin kemur fram. Þar er m.a. vakin athygli á því að Landssíminn hafði skilað yfir 20 milljörðum kr. í ríkissjóð á síðasta áratugi síðustu aldar, stofnun sem áður hugsaði fyrst og fremst um að veita landsmönnum þjónustu á hagstæðu verði væri nú orðin að fjárfestingarfyrirtæki með sæg af ráðgjöfum og sérfræðingum í peningatækni á sínum snærum. Vakin var athygli á því að Landssíminn var farinn að tapa peningum í fjárfestingarævintýrum á erlendri grundu, í einu slíku ævintýri töpuðust 400 millj. kr. Hæstv. þáverandi forsætisráðherra hafði upplýst að Landssíminn hafði tekið 5 milljarða kr. að láni til að fjárfesta fyrir og menn vildu fá skýringar á þeim fjárfestingarfyrirtækjum. Menn staðnæmdust við sölu á húsnæði Landssímans, höfuðstöðvarnar voru seldar fyrir 820 millj. kr. en síðan var greidd mánaðarleiga, 1% af söluandvirðinu, 8,2 millj. á hverjum einasta mánuði fyrir húsið sem stendur hér handan við Austurvöll. Húsið var því selt á 820 millj. en síðan voru endurgreiddar í a.m.k. tvö ár 100 millj. kr. á ári fyrir leigu af húsnæðinu. Menn voru að staðnæmast við staðreyndir af þessu tagi.

Sett hafði verið fram fyrirspurn um störf einkavæðingarnefndar, hv. þm. Kristján L. Möller gerði það og hafði fengið svör við fyrirspurnum sínum. Þar kom m.a. fram að einkavæðingarnefnd, það var ekki nóg með að hún væri á launum fyrir nefndarstörf, hún réð einnig sérfræðinga úti í bæ til að ráðleggja sjálfri sér. Og hverjir skyldu þeir sérfræðingar hafa verið? Það voru sömu mennirnir og sátu í einkavæðingarnefndinni. Fram kom í svarinu að á árabilinu 1996–2001 hafði formaður í nefndinni, Hreinn Loftsson, haft 16,6 millj. kr. í tekjur, 5,7 millj. fyrir nefndarstörf og 10,9 millj. fyrir sérfræðistörf til að ráðleggja sjálfum sér. Það voru heldur lægri upphæðir hjá Jóni Sveinssyni fyrir nefndarstörf og ráðgjafarstörfin og svo voru fleiri nefndarmenn að ráðleggja sjálfum sér fyrir peninga skattborgaranna.

Eins og fram kemur reyndar í skýrslu Ríkisendurskoðunar er um umtalsverðar upphæðir að ræða í tilkostnaðinn og herkostnaðinn af einkavæðingunni. Ég vil vitna, með leyfi forseta, í skýrsluna:

„Á árunum 1998–2003 var í fjárlögum gert ráð fyrir 94,6 millj. kr. fjárveitingu til einkavæðingarmála. Þegar í ljós kom hvaða einkavæðingarverkefni næðu fram að ganga var bætt við 633,5 millj. kr. í aukafjárveitingum."

Fjárheimildir hafa því alls verið 728,1 millj. kr. á þessum árum. Kostnaðurinn við einkavæðinguna. Þetta voru menn að ræða og vildu m.a. fá rannsókn á þessu sem við sum höfum kallað spillingu.

Við spurðum líka í þessum ræðustól um ráðgjafana hjá Landssímanum. Hverjir ráðlögðu að selja höfuðstöðvarnar fyrir 820 millj. kr. og leigja sama hús fyrir 8,2 millj. á mánuði? Þetta eru spurningar sem voru settar fram í þessum ræðustól. Og hér er komið að mínum tillögum.

Fyrst vangaveltur: Þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar er gaumgæfð kemur í ljós að hún spyr: Hver voru markmið ríkisstjórnarinnar? Síðan spyr hún: Hafa þau markmið náð fram að ganga?

Þetta er of þröngt sjónarhorn að mínu mati. Það á að sjálfsögðu að taka mið af þeirri pólitísku umræðu sem fram fer hér innan veggja og í samfélaginu almennt. Það á að taka mið af þeirri rökstuddu gagnrýni sem t.d. stjórnarandstaðan setur fram. Þetta er of þröng nálgun á viðfangsefnið. Það er ýjað að gagnrýni.

Hér segir t.d. á bls. 10, með leyfi forseta:

„Í yfirlýsingu stjórnvalda um sölu á Landsbankanum og Búnaðarbankanum var m.a. sagt: Við söluna verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eign sína í bönkunum. Þegar sala til kjölfestufjárfesta í Landsbanka og Búnaðar-

banka er skoðuð virðist mega deila um hvort þetta markmið hafi náðst.“

En menn ræddu meira. Menn settu fram rökstudda gagnrýni á hendur stjórnvöldum um allt fyrirkomulagið á sölu bankanna sem var hannað sérstaklega til þess að sérstaklega Framsóknarflokkurinn næði fram markmiðum sínum. Búin var til sérstök formúla um kjölfestufjárfesta sem síðan var ráðstafað í beinum samningum við aðila á markaði, tilteknum völdum aðilum á markaði.

Síðan gagnrýndu menn alla hina pólitísku umgjörð málsins, hvernig staðið var að verki. Ríkisendurskoðun bendir réttilega á að það hafi ekki verið ýkja mikill munur á verðinu á þessum tíma sem fékkst fyrir bankana og sem hefði mátt ná á markaði. Ég held hins vegar að það hefði mátt ná miklu hærra verði með því að bjóða bankana hreinlega út á markaði eins og margir hægri mennirnir og frjálshyggjumennirnir vildu. Þetta er staðreynd. En hin pólitísku markmið vógu þyngra, að tryggja pólitíska hagsmuni.

Síðan hafa menn að sjálfsögðu spurt um verðið, stofnanir sem borguðu sig upp á fáeinum mánuðum, gefnar á silfurfati, og síðan búin til samræmd stefna fyrir báðar bankastofnanirnar. Ég held að mörgum hafi blöskrað þegar ríkið greiddi til baka eða færði verðið niður ári eftir að gengið var frá sölunni, reyndar í samræmi við samninga sem gerðir voru. Þá var verðið á annarri stofnuninni hækkað og þar af leiðandi hinni einnig vegna þess að pólitísku gæðingarnir þurftu að sjálfsögðu að njóta sambærilegra rétta til að gæða sér á.

Þetta höfum við kallað spillingu. Þess vegna óskuðum við eftir því að Ríkisendurskoðun færi í saumana á þessum málum. Þess vegna gagnrýni ég þessa skýrslu sérstaklega fyrir — ég ætlaði að segja linku og kannski meina ég það — en ég er þó fyrst og fremst að leggja áherslu á nálgun, á hvaða forsendum byggt er á þegar ráðist er í rannsókn af þessu tagi. Þetta set ég fram í fullri vinsemd í garð stofnunar sem ég ber mjög mikla virðingu fyrir, stofnunar sem ég vil búa mjög vel að, vegna þess að ég legg áherslu á að ég tel að Ríkisendurskoðun sé ein af grundvallarstofnunum í stjórnsýslu okkar og þegar á heildina er litið hefur hún sinnt hlutverki sínu afar vel í mjög mörgum tilvikum. Ég tel þó alvarlegar brotalamir vera í starfi hennar og birtast m.a. í þeirri skýrslu sem ég hef staðnæmst við.

[17:11]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Það er full ástæða til þess að taka undir það með síðasta ræðumanni að Ríkisendurskoðun er ein af grundvallarstofnunum þjóðfélagsins og mikilvægi hennar í þjóðfélaginu verður aldrei nógsamlega undirstrikað. Ég vil nota þetta tækifæri þegar við ræðum ársskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2003 að þakka ríkisendurskoðanda og starfsfólki hans fyrir vel unnin störf og ágæta, góða og glögga framsetningu á starfi Ríkisendurskoðunar á því ári.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um skýrsluna. Þetta er hefðbundin ársskýrsla Ríkisendurskoðunar en í henni má þó finna ýmis nýmæli. Fjárhagsendurskoðunin tekur kannski hvað mestan tíma af starfi Ríkisendurskoðunar og er stærsti þátturinn í starfseminni en ég held líka að stjórnsýsluendurskoðanir á stofnunum hafi sýnt sig að eru mjög mikilvægar í starfsemi stofnunarinnar og mikilvægt aðhaldstæki ef svo má orða það að hafa slíkar reglubundnar endurskoðanir á ríkisstofnunum þar sem er könnuð meðferð og nýting ríkisfjár og hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi.

Ríkisendurskoðun hefur að venju gert nokkrar stjórnsýsluúttektir á þessu ári sem skýrslan fjallar um og hér er verið að fjalla um níu stjórnsýsluúttektir. Ég vil undirstrika að það er mjög mikilvægt, eins og kannski hefur komið áður fram þegar við höfum fjallað um skýrslur Ríkisendurskoðunar, að fastanefndir þingsins fjalli um þessar stjórnsýsluúttektir, fari yfir þær og allar þær ábendingar sem þar koma fram og tillögur. Þetta hefur verið gert nokkrum sinnum að fastanefndir þingsins miðað við málaflokka hverju sinni hafa fjallað um skýrslu Ríkisendurskoðunar og gert tillögur og ábendingar og komið með sínar tillögur í þingið í því efni. Það er af því góð reynsla og gagnast mjög vel og mikilvægt að hafa þann hátt á til þess að Alþingi geti sinnt eftirlitshlutverki sínu sómasamlega og veitt nauðsynlegt aðhald eins og því ber.

Forsætisnefnd fjallar um efni skýrslunnar á fundi með Ríkisendurskoðun, sem er afar mikilvægt og mjög gott að fá þar yfirferð um ýmislegt sem þar kemur fram.

Ég vil lýsa ánægju minni með þann þátt í starfsemi Ríkisendurskoðunar sem snýr að árangursstjórnun sem var tekin upp 1996 en tilgangur hennar var að fá ráðuneyti og stofnanir til að vinna skipulega að því að ná tilteknum markmiðum og mæla árangur starfsemi sinnar og reyna stöðugt að bæta reksturinn. Ég sé að í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram varðandi árangursstjórnunina að innleiðingin hafi gengið hægar en vonir stóðu til og að á árinu 2002 hafi aðeins helmingur stofnana gert árangursstjórnunarsamninga við ráðuneyti sitt. Væri fróðlegt að fá það upplýst á árinu 2005 hvernig því starfi miðar. Væntanlega fáum við upplýsingar um það þegar við fjöllum um skýrsluna í forsætisnefnd með ríkisendurskoðanda.

Ég sé líka að það er ýmislegt athyglisvert sem fram kemur að því er varðar stefnu, skilvirkni og gæði í störfum Ríkisendurskoðunar sjálfrar. Þar hefur verið gerð úttekt og samanburður miðað við t.d. önnur lönd. Ágætt er að nefna að veikindafjarvistir starfsfólks sem hlutfall unninna stunda 2003 hjá Ríkisendurskoðun hér á landi eru miklu færri eða hlutfallið lægra en í öðrum löndum. Er það athyglisvert, og rétt að draga það fram hérna.

Ég hef stundum rætt um það að mér finnist aðkeypt þjónusta hjá Ríkisendurskoðun hafa aukist. Ég er út af fyrir sig ekki að gagnrýna það. Mér skilst að endurskoðunarfyrirtæki úti á landsbyggðinni njóti góðs af því en ég sé að það er verulegur munur á kostnaði við fjárhagsendurskoðun hvort það eru starfsmenn Ríkisendurskoðunar sem hana vinna eða hvort um aðkeypta þjónustu endurskoðunarfyrirtækisins er að ræða. Á árinu 2003 var t.d. kostnaður á klukkustund við fjárhagsendurskoðun í aðkeyptri þjónustu 7.043 en ekki nema um 5 þús. hjá starfsmönnum Ríkisendurskoðunar. Þarna munar verulega, þ.e. um 2 þús. kr. á hverja klukkustund.

Mér skilst að það séu um 30 millj. sem fari til þessara endurskoðunarfyrirtækja og í aðkeypta þjónustu sem er

kannski ekki út af fyrir sig mikið miðað við heildarkostnað við starfsemi Ríkisendurskoðunar sem er um 330 millj.

Virðulegi forseti. Ég fagna því líka sem hér er skilmerkilega getið og farið ítarlega yfir sem eru siðareglur sem Ríkisendurskoðun hefur sett sér. Það kemur hér orðrétt fram, með leyfi forseta:

„Þær reglur sem hér eru birtar fela í sér það siðferðilega gildismat sem starfsmenn Ríkisendurskoðunar og aðrir þeir sem starfa í umboði hennar ættu jafnan að hafa að leiðarljósi. Reglurnar byggja á siðareglum endurskoðenda í opinbera geiranum sem Alþjóðasamtök ríkisendurskoðana, INTOSAI, samþykktu árið 1998 [...]

Siðareglunum er ætlað að minna starfsmenn Ríkisendurskoðunar og aðra þá sem starfa í umboði hennar á þær víðtæku og ströngu siðferðiskröfur sem gerðar eru til þeirra og stuðla þannig að því að varðveita og efla það traust og þann trúverðugleika sem stofnuninni ber að hafa."

Hérna er svo farið yfir þessar siðareglur sem eru mjög ítarlegar. Ég vil nota þetta tækifæri hér og segja að þetta ætti að vera fordæmisgefandi fyrir aðrar ríkisstofnanir, að þær settu sér slíkar siðareglur. Ég minni í því sambandi á að ég hef flutt tillögu til þingsályktunar um siðareglur í stjórnsýslunni sem var á þá leið að ríkisstjórninni væri falið að skipa nefnd til að setja siðareglur í stjórnsýslunni. Markmiðið með setningu reglnanna hefði verið að tryggja betur aga, vönduð vinnubrögð og ábyrga meðferð fjármuna í stjórnsýslunni. Þar átti að hafa til hliðsjónar almennar reglur stjórnsýsluréttar um meðferð opinbers valds við töku stjórnvaldsákvarðana sem snerta hagsmuni, réttindi og skyldur borgaranna.

Ég tel mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að Alþingi samþykki slíka tillögu og ég minni raunar á að ég hef einnig lagt fram tillögu um það að settar yrðu siðareglur fyrir þingmenn. Ég rifja það gjarnan upp nú þegar ég sé mér til mikillar ánægju að Ríkisendurskoðun hefur formað siðareglur sínar sem fram koma í þessari skýrslu.

Ég tel ástæðu til að nefna það að ég hef stundum vakið athygli á — það er nokkuð sem ég veit að hefur ekki undirtektir almennt í þessum þingsal — að mér finnst mikilvægt að þingmenn hafi góðan og greiðan aðgang að Ríkisendurskoðun. Núna er auðvitað opin sú heimild í 3. gr. að forsætisnefnd geti ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skýrslna um einstök mál er falla undir starfsemi Ríkisendurskoðunar. Ég tel afar mikilvægt að þingmenn hafi greiðan aðgang að Ríkisendurskoðun og ég tel að þingmenn hafi ekki nægjanlegan vettvang innan þingsins til að sinna eftirlitshlutverki sínu. Þá er ég að tala um rannsóknarnefnd þingsins sem er heimilt samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar að stofna til. Það er fullkomlega óvirkt ákvæði vegna þess að aðeins einu sinni hefur verið stofnað til slíkrar rannsóknarnefndar þó að alveg örugglega hafi ein 50–60 þingmál gegnum áratugina gefið tilefni til að stofnað yrði til slíkra rannsóknarnefnda. Oft hefur verið á því þörf en ég held að ekki hafi verið nema ein samþykkt.

Meðan aðbúnaður þingmanna er með þeim hætti er mikilvægt að þingmenn hafi greiðan aðgang að Ríkisendurskoðun. Ég veit að hún er störfum hlaðin. Ég sé ekki eftir einni einustu krónu sem fer í rekstur á starfsemi Ríkisendurskoðunar. Þarna eru tæplega 50 starfsmenn og það þarf greinilega að gera betur við starfsemina. Ég vil þá minna á að það er komið á annað ár síðan forsætisnefnd óskaði, að minni beiðni, eftir því við Ríkisendurskoðun að gerð yrði skýrsla um kaup ríkisstofnana og ráðuneyta á ráðgjöf og annarri sérfræðiþjónustu sl. fimm ár. Þetta var 25. nóvember 2003. Ég taldi mjög mikilvægt að fá þetta fram vegna þess að sérfræðiþjónusta og kostnaður við hana, bæði hjá ráðuneytum og ríkisstofnunum, hefur blásið mjög mikið út. Fleiri milljarðar fara í þetta á hverju ári og ég taldi mikilvægt að gera á þessu úttekt en enn hefur ekki komið svar við þessu frá Ríkisendurskoðun þótt þarna sé vel ár liðið. Vænti ég þess og vona að ríkisendurskoðandi heyri nú mál mitt og að skoðað verði hvort ekki sé hægt að fara að skila þessari skýrslu og niðurstöðu til Alþingis.

Ég minni líka á það að 6. apríl 2004 ritaði forseti í nafni forsætisnefndar Ríkisendurskoðun bréf vegna erindis sem barst frá þingflokki Samfylkingarinnar. Í mars 2004 var þess farið á leit við Ríkisendurskoðun að hún gerði úttekt á því hvernig staðið var að undirbúningi og framkvæmdum við að koma á nýju hugbúnaðarkerfi hjá ríkinu, bæði fjárhagslega og faglega. Það fer að verða liðið ár síðan þetta var sett fram. Það er alveg ljóst af þeim umræðum sem fram hafa farið hér á Alþingi varðandi hugbúnaðarkerfið að kostnaður við að koma því á hefur farið verulega úr böndum. Ástæða er til þess að Alþingi skoði það mál og að því sé fylgt eftir af Ríkisendurskoðun með þeirri skýrslubeiðni sem við komum á framfæri í byrjun apríl á síðasta ári. Því verður að halda til haga. Geri ég það með þessari umræðu. Vonandi verður þessu starfi fylgt eftir og vonandi fáum við sem fyrst að sjá þessar skýrslur frá Ríkisendurskoðun.

Ég var að tala um aðbúnað þingmanna til þess að sinna eftirlitshlutverki sínu og þess vegna er fullkomin ástæða til að minna í lokin á það frumvarp sem Guðmundur Árni Stefánsson er 1. flutningsmaður að, um breytingu á lögum um þingsköp. Þar er kveðið á um rétt alþingismanna til upplýsinga um málefni fyrirtækja sem ríkissjóður á að hálfu eða meira. Allir þingmenn þekkja hve erfiðlega það hefur gengið þegar þingmenn hafa verið að leita eftir upplýsingum hjá slíkum fyrirtækjum, t.d. Landssímanum og fleiri fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira. Ef búið er að hlutafélagavæða það er erfitt að fá slíkar upplýsingar en það er mjög vel rökstutt í þessu frumvarpi frá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og fleiri þingmönnum Samfylkingarinnar hve nauðsynlegt er að breyta þingsköpum í þessa veru þannig að löggjafarsamkoman og þingmenn geti haft meira eftirlit en þeir hafa möguleika á nú um meðferð fjármuna og aðra rekstrarþætti í meðferð opinberrar stjórnsýslu. Meðan svo er ekki er auðvitað enn þýðingarmeira það mikilvæga starf sem fram fer hjá Ríkisendurskoðun.

Ég vil ítreka þakkir mínar til ríkisendurskoðanda og starfsfólks hans fyrir vel unnin verk og það aðhald og eftirlit sem þessi stofnun veitir í stjórnsýslunni sem er mjög mikilvægt. Vissulega er hér um að ræða eina af grundvallarstofnunum í þjóðfélaginu sem hefur mjög mikilvægu hlutverki að gegna. Ég segi það enn og aftur að ég tel að þeim peningum sé vel varið sem treysta stöðu Ríkisendurskoðunar og búa vel að henni sem stofnun þannig að hún geti sinnt hlutverki sínu.

[17:26]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Við ræðum hér ársskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2003, skýrslu sem gefin var út í apríl 2004 og við ræðum nú í janúar 2005.

Maður hefur stundum velt því fyrir sér hér þegar við erum að taka fyrir svona hluti á hinu háa Alþingi hvað það líður oft langur tími frá því að svona skýrslur og úttektir koma fram þar til okkur gefst kostur á að ræða þær hér úr ræðustóli Alþingis. Auðvitað hefði verið betra fyrir okkur þingmenn ef við hefðum komist í að ræða þessa skýrslu einhvern tímann í apríl eða maí á síðasta ári. Þær upplýsingar sem hér eru t.d. um fjárhag stofnunarinnar og aðrar slíkar rekstrarupplýsingar hefðu þá reynst okkur nýrri og betri tölur og við getað eitthvað gert með þær á þeim tíma. Við gerum ansi lítið núna þegar árið 2004 er líka liðið og við erum komin fram á árið 2005.

Skýrsla þessi er vel unnin og aðgengileg eins og við var að búast. Hún er yfirgripsmikil. Hún er ekki mikil að vöxtum í blaðsíðnatali eins og margar skýrslur sem við fáum hér á Alþingi en hér er tekið á mörgum þáttum í ríkisrekstrinum. Við sjáum að það er mikið starf og vaxandi hjá ríkisendurskoðanda og full ástæða til að hrósa embættinu og starfsfólki þess fyrir störfin á árinu 2003.

Það kemur fram í skýrslunni að starfsmönnum fjölgaði á árinu 2003 frá árinu 2002 og skilaði það sér í meiri afköstum hjá embættinu en áður var. Alls áritaði Ríkisendurskoðun 370 ársreikninga og samdi 274 endurskoðunarskýrslur. Þetta er mun meira umfang en áður hafði verið og þess vegna er full ástæða til að velta fyrir sér hvernig stofnuninni gekk að halda sér innan fjárheimilda á árinu 2003 miðað við þetta mikla vaxandi umfang sem þarna kemur fram.

Í skýrslunni kemur skýrt fram að það gengur illa hjá embættinu að reka sig innan fjárheimilda á því ári sem hér um ræðir. Hér segir í formála ríkisendurskoðanda, með leyfi forseta:

„Á árabilinu 1999 til 2002 var afkoma Ríkisendurskoðunar vel innan fjárheimilda, en á árinu 2003 snerist dæmið við og var niðurstaða rekstrar á þá lund að stofnunin fór 15 millj. kr. eða 4,9% umfram fjárheimildir. Í upphafi þessa árs var gripið til margvíslegra ráðstafana til að mæta fjárhagsvanda stofnunarinnar. Við blasir að afköst hennar verða minni í ár af þessum sökum þar sem draga hefur þurft úr vinnu í sparnaðarskyni."

Svo mörg voru þau orð ríkisendurskoðanda, fjárheimildir duga ekki fyrir því umfangi sem í gangi er og nauðsynlegt er að draga úr starfsemi Ríkisendurskoðunar til að halda sig innan ramma fjárlaga.

Þarna kemur fram að stofnunin fór 15 millj. kr. umfram fjárheimildir en þegar við skoðum rekstrarreikning stofnunarinnar fyrir árið 2003 kemur í ljós að hallarekstur inn á árinu er 43 millj. kr. og var 19 millj. kr. á árinu 2002. Ríkisendurskoðandi bjó þá svo vel að eiga fyrningar frá fyrri árum, á árinu 2001 hafði hagnaðurinn verið 21 millj., 19 millj. árið 2000 og 12 millj. árið 1999. Það er því augljóst að fjárveitingar til embættis ríkisendurskoðanda hafa í raun og veru ekki fylgt því umfangi sem þar er orðið og full ástæða fyrir okkur sem sitjum í fjárlaganefnd að skoða hvort við séum að sníða þessari stofnun of þröngan stakk.

Það gengur ekki að mínu viti að stofnun eins og Ríkisendurskoðun sé rekin með halla. Við berjumst við hallarekstur stofnana ríkisins nánast í öllum geirum þess rekstrar sem fram fer og það gengur ekki að stofnun eins og Ríkisendurskoðun sé þannig í herkví að hún nái ekki að reka sig og skili halla sem er verulegur ef við skoðum fjárheimildir stofnunarinnar. Ég held því ekki fram að Ríkisendurskoðun sé að bruðla, heldur eins og ég sagði áðan að fjárveitingar hafi ekki vaxið með því umfangi sem lagt er á stofnunina og niðurstaðan er sú, eins og fram kemur í formála ríkisendurskoðanda, að stofnunin verður að draga úr umsvifum og er það algjörlega röng leið að mínu viti. Við verðum, alþingismenn, að skoða á hvern hátt við getum komið til móts við stofnunina þannig að ekki sé dregið úr umsvifum heldur geti hún rekið sig á sama hátt og hún gerði á árinu 2003. Væntanlega hefur verið dregið úr umsvifum á árinu 2004 en við hljótum að þurfa að bæta þar í. Hvernig t.d. drógu stjórnendur úr umsvifum? Nú er árið 2004 liðið og við í sjálfu sér vitum það ekki. 15 millj. kr. óbættur halli í upphafi árs 2004 eru t.d. tæp 10% af öllum dagvinnugreiðslum embættisins á því ári. Yfirvinna á árinu 2003 var um 6 millj. kr. og því þarf að fella niður alla yfirvinnu hjá stofnuninni í tvö og hálft ár til að spara upp í þann halla sem þarna er ef menn ætla að gera það með þeim hætti að draga úr yfirvinnu.

Á fjárlögum ársins 2004 var framlag okkar til Ríkisendurskoðunar 295 millj. kr., sem er u.þ.b. 32 millj. kr. lægra en niðurstöðutala reikningsins fyrir árið 2003 og einungis um 10 millj. kr. hærri tala en var í fjárlögum ársins 2003. Skilaboð okkar til ríkisendurskoðanda eru því að spara talsvert mikið frá því sem verið hefur og það er eins og fyrr kom fram í máli mínu algjörlega röng leið að mínu viti.

Kannski er rétt að spurt sé: Hvernig gekk reksturinn á árinu 2004? Hefur hallinn aukist eða hefur hann minnkað frá því sem var um áramótin 2003/2004? Ef við skoðum ársreikninginn kemur í ljós að sértekjur á fjárlögum ársins voru áætlaðar 11,4 millj. kr. en verða rúmar 39 millj. Þarna fær Ríkisendurskoðun talsvert miklu meiri fjármuni af sértekjum en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir og hefði það átt að hjálpa henni að vera réttu megin við strikið en það virðist ekki duga til. Er erfitt að skilja af hverju fjárlög gera ráð fyrir 11,4 millj. í sértekjur þar sem sértekjur voru miklu nær 40 millj. árið áður en þeim 11,4 sem mér sýnist að hafi verið áætlaðar þarna.

Eitt atriði sem maður veltir fyrir sér er t.d. húsaleiga sem hækkar verulega frá árinu 2002–2003. Húsnæðiskostnaður stofnunarinnar fer úr 9,4 millj. í 18 millj. kr. aðallega vegna þess að verið er að greiða leigu af nýju húsnæði. Eftir sem áður eru færðar í sama reikningi, sama ársreikningi, 18 millj. kr. undir byggingarkostnað þar sem stofnunin er þá væntanlega að breyta þessu nýja húsnæði sem hún leigir og leggja til þess 18 millj. kr. en samt sem áður aukast leigugreiðslur langt umfram það sem áður var. Maður veltir því fyrir sér hvert sé í raun leigugjaldið á fermetra sem Ríkisendurskoðun borgar í þessu nýja húsnæði og hvernig standi á því að stofnunin virðist þurfa að leggja svona mikla fjármuni til endurbóta á húsnæði sem síðan er leigt dýrum dómum.

Eins og áður kom fram eru ansi miklar og margvíslegar

upplýsingar í þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir. Það kemur í ljós að Ríkisendurskoðun hefur lagt metnað sinn í að upplýsa almenning og fjölmiðla um það sem fram fer hjá stofnuninni. Ég held að það sé til mikilla bóta að svo sé gert og að Ríkisendurskoðun sé ekki lokað batterí sem fáir eigi aðgang að. Ég held að allar þær skýrslur og úttektir sem Ríkisendurskoðun hefur staðið fyrir og sent frá sér til fjölmiðla og þar af leiðandi til almennings hafi skilað allt annarri mynd af þeirri stofnun en margir höfðu fyrir og heimasíða stofnunarinnar er t.d. til fyrirmyndar og þar er afskaplega mikið af upplýsingum sem fólk getur sótt sér og virðast margir gera það miðað við þær heimsóknir sem sú síða fær samkvæmt þeirri skýrslu sem hér er rædd.

Hér er fjallað um hugtakið áhættustjórnun. Það virðist vera að fæstar stofnanir ríkisins séu með formlegum hætti farnar að greina og skrá áhættuþætti sem geta komið í veg fyrir að þær nái settum markmiðum og einungis þriðjungur stofnana hefur t.d. flokkað hugsanlega áhættu eftir eðli hennar. Vegna þess er mjög erfitt fyrir Ríkisendurskoðun að sannreyna hvort stofnanir leiði hugann að þeim þáttum þar sem áhættan er mest.

Varðandi starfsmannastjórnun þá kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að við könnun á henni og launamálum hafi athyglinni aðallega verið beint að almennum starfsmönnum. Í ljós kom að 53% stofnana fylgja einhverju kerfi við að ákvarða þeim laun eftir ábyrgð, verkefnum og reynslu. Með öðrum orðum: 47% stofnana fara þá væntanlega ekki eftir neinu kerfi við að ákvarða almennum starfsmönnum laun eftir ábyrgð, verkefnum og reynslu.

Í skýrslunni segir líka að það sé hins vegar óljósara hvaða reglur gildi um viðbótarlaun þegar þau eru ákveðin og afköst og frammistaða starfsmanna virðist skipta tiltölulega litlu máli við það. Einungis rétt innan við helmingur stofnana hafi reglubundin starfsmannaviðtöl sem verður að teljast lágt hlutfall. 65% þeirra hafa hins vegar starfslýsingar í samræmi við stjórnskipulag þeirra og flestar stofnanir leggja mikla áherslu á endurmenntun.

Ég held að ef við veltum fyrir okkur því sem fram kemur í þessum kafla í skýrslunni þurfi að taka á, ef það hefur ekki þegar verið gert á árinu 2004, starfsmannastjórn og launamálum hjá ríkinu með þeim hætti að þar sé um gegnsæjar og skýrar reglur að ræða.

Einnig kemur fram í skýrslunni að flestir ríkisaðilar sem hafa það hlutverk að veita styrki standi vel að allri málsmeðferð vegna þeirra en stór hluti annarra stofnana virðist hins vegar ekki fylgja beinum laga- og reglugerðarheimildum fyrir styrkveitingum. Um eða innan við helmingur þessara stofnana auglýsti styrkveitingar sínar og hafði þar til gerð eyðublöð fyrir umsóknir og óskaði eftir skriflegri greinargerð um markmið verkefnis. Þá er það einungis rétt rúmlega helmingur stofnana sem metur árangur af þeim styrkveitingum sem þær standa fyrir.

Ég held að það sem þarna kemur fram í skýrslu ríkisendurskoðanda sé falleinkunn á þá aðila sem veita þessa styrki eins og þarna kemur fram. Það er til lítils að veita einhverja geðþóttastyrki sem síðan er ekki fylgt eftir í hvað fóru og kannski ekki einu sinni að fylgt hafi verið einhverjum samræmdum gagnsæjum reglum um með hvaða hætti sækja ætti um þá styrki.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór talsvert yfir skýrslu sem gerð var á árinu 2003 varðandi einkavæðingu fyrirtækja á árunum 1998–2003. Það er tiltölulega lítill kafli í skýrslu ríkisendurskoðanda um þetta mál en hann kemst að þeirri niðurstöðu, og þar kemur kannski fram eins og oft áður kurteisi þeirra sem vinna hjá Ríkisendurskoðun gagnvart framkvæmdarvaldinu og þeir setja málin þannig fram að maður þarf oft að setja á sig gleraugu og helst önnur gleraugu til að skilja nákvæmlega hvað þeir eru að fara, en þar segir varðandi einkavæðinguna að komið hafi í ljós nokkrir hnökrar á sölu einstakra fyrirtækja. Þetta er afskaplega kurteislega orðað og menn þurfa að hafa það í huga þegar þeir fara yfir það sem kemur frá ríkisendurskoðanda. Yfirleitt er þetta svona kurteislega orðað og full ástæða til að menn rýni í hvað standi á bak við textann.

Eins og fram kom þurfti Ríkisendurskoðun að spara á árinu 2004. Inntar voru af hendi rúmlega 76 þúsund vinnustundir á árinu 2003, höfðu aukist um 10 þúsund frá árinu áður. Við eigum eftir að sjá það í skýrslu ríkisendurskoðanda fyrir árið 2004, sem væntanlega verður gefin út í apríl 2005 og rædd kannski í janúar 2006, hvernig gengið hefur í þessum efnum núna.

Kostnaður Ríkisendurskoðunar á klukkustund við fjárhagsendurskoðun, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór yfir áðan, er á árinu 2003 rúmar 5 þús. kr. Ríkisendurskoðun kaupir út endurskoðun. Oftast held ég að það sé úti á landi þar sem stofnanir eru fjarri Reykjavík og vel getur verið að ef Ríkisendurskoðun ætti að sinna því sjálf kæmi ákveðinn kostnaður í ferðalögum, uppihaldi og dagpeningum og slíku sem ekki falla til þegar heimaendurskoðendur sjá um endurskoðunina. Þó hlýtur að vera vert fyrir okkur að velta fyrir okkur að kostnaðurinn er um 30% hærri á klukkustund í aðkeyptri vinnu og Ríkisendurskoðun keypti þjónustu fyrir 45 millj. kr. á árinu 2003.

Að endingu, þar sem tími minn er á þrotum, eru í skýrslunni afskaplega margar kennitölur sem taka á rekstri stofnunarinnar eins og hann var á árinu 2003 og full ástæða til að velta fyrir sér hvernig starfsemin var og hvernig gengið hefur. Ég tel enn og aftur fulla ástæðu til að þakka ríkisendurskoðanda og starfsfólki hans fyrir vel unnin störf á þessu ári. Við þingmenn á Alþingi þurfum að standa vörð um þessa stofnun og efla þar frekar starfið frá því sem verið hefur en ekki sníða því þannig stakk með fjárveitingum að draga þurfi úr starfsemi ár frá ári.

[17:41]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með þá skýrslu sem við ræðum hér, skýrslu Ríkisendurskoðunar um störf sín.

Eins og hv. síðasti ræðumaður vil ég víkja að rekstri Ríkisendurskoðunar og stöðu hennar nú um stundir. Hér kemur réttilega fram í skýrslunni á bls. 26 að Ríkisendurskoðun fór fram úr fjárheimildum sínum á árunum 2002 og 2003 og þar af leiðandi, segir í inngangi að skýrslunni, þurfi að draga úr starfsemi. Þar segir m.a. að afrakstur af starfi Ríkisendurskoðunar hafi aldrei verið jafnmikill og á árinu 2003, en það ár fór Ríkisendurskoðun verulega fram

úr fjárheimildum og boðaður var niðurskurður á síðasta ári, á árinu 2004.

Við höfum hins vegar ekki upplýsingar um hvernig starfsemin á síðasta ári kom út en það má sjá hér á tölum og upplýsingum að Ríkisendurskoðun stendur vel í starfsemi sinni miðað við kostnað og samanburð við aðkeypta þjónustu varðandi þau verk sem unnin eru, mæld sem kostnaður á hverja klukkustund í unnum verkefnum. Ekki er því annað að sjá en að Ríkisendurskoðun standi nokkuð vel að störfum sínum og verklagi. En ég verð að lýsa þeirri skoðun minni, hæstv. forseti, að ég tel mjög vafasamt að við drögum úr starfsemi Ríkisendurskoðunar og lít svo á að það geti verið mjög vafasamur sparnaður sem við fáum þar fram og alls ekki víst þegar upp er staðið að það verði til nokkurs sparnaðar því Ríkisendurskoðun er sú eftirlitsstofnun sem á að geta fylgt því eftir hvernig stofnanir ríkisins leysa verkefni sín af hendi og fara með fjármuni sína og er auðvitað mjög mikilvæg sem slík og hefur að flestu leyti að því er mér virðist sinnt störfum sínum af miklum ágætum.

Auðvitað er eðlilegt að stofnun eins og Ríkisendurskoðun reyni að skoða sína eigin starfsemi og beri hana saman m.a. við systurstofnanir í öðrum löndum eins og á Norðurlöndunum og reyni þannig að leggja mat á þau verk sem verið er að vinna á vegum stofnunarinnar og ekki nema gott eitt um það að segja.

Hins vegar eru ekki mjög mörg ár síðan Ríkisendurskoðun var færð undir Alþingi. Það eru rétt tæp 20 ár, árið 1987. Ég tel að það hafi verið vel ráðið, en ég velti því fyrir mér með tilliti til þess hver þróunin er víða í þjóðfélagi okkar varðandi samþjöppun í rekstri, í verslunarrekstri, tryggingastarfsemi og við munum eftir olíumálinu og þeirri stöðu sem þar hefur komið upp, ég velti því satt að segja fyrir mér hvort við eigum að hugleiða það í hv. Alþingi að Samkeppnisstofnun t.d. heyri beint undir Alþingi en ekki undir ákveðið ráðuneyti. Nú þekki ég ekki alveg rökin fyrir því sem lagt var upp með á sínum tíma þegar umræðan hófst um að Ríkisendurskoðun skyldi færð undir Alþingi en það hlýtur þó að hafa verið í þeim anda að eðlilegt væri að sú stofnun sem ætti að fylgjast með fjárreiðum ríkisins og starfi stofnana þess heyrði undir Alþingi en ekki eitthvert eitt ráðuneyti.

Við höfum upplifað það að umræður um störf stofnana eins og störf Samkeppnisstofnunar hafa stundum orðið með því lagi að jafnvel ráðherrum hefur ekki líkað rannsóknarferli stofnunar eins og Samkeppnisstofnunar og hafa látið frá sér fara athugasemdir um hvernig að því væri staðið. Ég held að ég muni það rétt að mönnum varð um og ó þegar Ríkisendurskoðun var m.a. að ná í bókhald hjá olíufélögunum á sínum tíma og töldu menn nokkuð harkalega fram gengið í þeim verkum. Þess vegna velti ég því fyrir mér hvort ekki væri eðlilegt að skoða að Samkeppnisstofnun heyrði ekki undir eitthvert ákveðið ráðuneyti heldur heyrði beint undir Alþingi.

Það hefur líka komið fram að því er mér hefur fundist að ráðherrar væru allt að því að leggja línur um störf stofnana eins og Samkeppnisstofnunar og ég velti því fyrir mér hvort Samkeppnisstofnun hafi nógu mikið hlutleysi með því að heyra undir eitt ákveðið ráðuneyti.

Sömu spurningar mætti e.t.v. spyrja varðandi Fjármálaeftirlitið og ég hugsa að margur Íslendingurinn spyrji sig í dag þegar litið er á tilboð viðskiptabankanna, hinna einkareknu banka, hvort menn séu í samráði við að bjóða kjör eða hvort bankarnir elti hver annan. Það eru alla vega mjög lík kjörin sem boðin eru í viðskiptabönkum hér á landi og má alveg spyrja sig að því hvort þar sé eðlilega fram sett í ljósi þess sem við höfum m.a. upplifað varðandi rannsóknina á olíufélögunum. Ég velti þessu fyrir mér og vil leggja þær vangaveltur mínar inn í umræðuna um það hvort skoða eigi stöðu Samkeppnisstofnunar og jafnvel Fjármálaeftirlitsins með það að leiðarljósi að jafnvel væri eðlilegra að slíkar stofnanir heyrðu beint undir Alþingi en ákveðið ráðuneyti.

Að öðru leyti er ég mjög sáttur við þá skýrslu sem hér er til umræðu. Hún er ágætlega fram sett og ekki í allt of löngu máli og ágætlega glögg til þess að átta sig á helstu atriðum í starfsemi Ríkisendurskoðunar. Ég vil hins vegar ítreka að ég tel að við getum unnið okkur til skaða með því að draga úr fjárveitingum til Ríkisendurskoðunar og að það sé ekki til heilla að það dragi úr starfsemi hennar eins og hlýtur að hafa gerst á árinu 2004 miðað við það sem fram er sett um að draga þurfi úr starfsemi og veita aukið aðhald til þess að vinna á þeim halla sem áður hafði myndast. Það kemur líka fram í skýrslunni að afrakstur af starfi Ríkisendurskoðunar hafi aldrei verið jafnmikill og á árinu 2003. Það væri fróðlegt að fá að heyra það, ef um það er vitað, hversu mikið hafi dregið úr starfsemi stofnunarinnar á sl. ári.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um skýrsluna en tek undir margt sem fram hefur komið, m.a. orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar þegar hann velti upp umræðunni um einkavæðingu bankanna og hvernig að því var staðið en læt nú máli mínu lokið.

[17:51]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2003 er til umræðu og get ég í upphafi máls míns vikið að ræðum fyrri ræðumanna um hana, bæði hvað varðar það að skýrslan er býsna skýr um starfsemi stofnunarinnar, Ríkisendurskoðunar, og rekstur hennar og í örfáum atriðum um þau viðfangsefni sem hún fæst við og á hvaða grunni.

Ég hef áður lagt áherslu á mikilvægi þess að stofnanir eins og Ríkisendurskoðun starfi á vegum þingsins. Afar mikilvægt er að eftirlitsstofnun eins og Ríkisendurskoðun hafi sjálfstæða stöðu gagnvart þinginu. Ég held að það hafi verið heillaspor 1987 þegar Ríkisendurskoðun var tekin undan fjármálaráðherra og færð undir þingið og það hafi verið á grundvelli mats á reynslu og stöðu, því ætlun Ríkisendurskoðunar er að vera trúnaðarstofnun og vinnustofnun fyrir þingið sérstaklega gagnvart framkvæmdarvaldinu, ekki síst á síðari árum þar sem framkvæmdarvaldið hefur að mínu viti stöðugt þrengt að þinginu, tekið sér æ meira vald og valdbeitingu gagnvart þinginu í mörgum málum. Nærtækast er t.d. þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður, eina stofnunin sem þingmenn og þingnefndir gátu leitað til með hlutlausum eða þinglegum hætti um atriði sem lutu að efnahagsstjórninni, fjárlagagerðinni og þess háttar. En hún var lögð niður og einu beinu möguleikar þingsins eru að fá

upplýsingar hjá framkvæmdarvaldinu, fjármálaráðuneytinu, varðandi efnahagsmál og stöðu efnahagsmála við gerð fjárlaga.

Flutt hefur verið tillaga og ég hef lagt það til og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa einmitt lagt til að stofnuð verði efnahagsstofnun eða fjárlagastofa á vegum þingsins sem starfi sjálfstætt.

Hér var líka minnst á aðrar stofnanir eins og Fjármálaeftirlitið og Samkeppnisstofnun og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum flutt tillögu til þingsályktunar um að kannað verði hvort ekki sé rétt að flytja Fjármálaeftirlitið undir þingið, m.a. til þess að tryggja sjálfstæði þess og efla það, því að sú stjórnsýslulega staða sem þar er uppi, að Fjármálaeftirlitið heyrir beint undir framkvæmdarvaldið, undir viðskiptaráðherra, en sama ráðuneyti hefur verið hvað umsvifamest í að einkavæða ríkisfyrirtæki eins og t.d. bankana. Þá er ekki verulega trúverðugt að aðaleftirlitsstofnunin, Fjármálaeftirlitið, heyri undir framkvæmdarvaldið og eigi síðan að veita því aðhald og gera athugasemdir við vinnulag þeirra í framkvæmdarvaldinu ef ástæða er til. Fyrir Alþingi liggur einmitt tillaga frá okkur þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að kannað verði hvort ekki sé hægt að flytja Fjármálaeftirlitið undir Alþingi. Við höfum umboðsmann Alþingis og starf hans hefur gefist vel.

Ég held þó að við verðum líka að vera mjög vakandi gagnvart Ríkisendurskoðun að hún sé stöðugt á verði að tryggja sjálfstæði sitt, því við höfum fundið það í umræðunni að framkvæmdarvaldið er mjög sterkt og sækir að óháðri stofnun á vegum þingsins eins og Ríkisendurskoðun. Umræðurnar frá því í sumar eru minnisstæðar um athugasemdir og skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga, að skýrsla sem Ríkisendurskoðun skilar til þingsins, til forsætisnefndar, en þá er framkvæmdarvaldið, fjármálaráðherra, farinn að rökræða í fjölmiðlum skýrslu sem ríkisendurskoðandi er að skila þinginu. Ég tel að bara í þeim orðaskiptum sem þar áttu sér stað hafi skinið í gegn löngun framkvæmdarvaldsins til þess að beita stofnun eins og Ríkisendurskoðun ákveðnum þvingunum, alla vega hafa áhrif á það hvers konar vinnu Ríkisendurskoðun skilaði í þingið. Það er því alveg ljóst að það er stöðugur þrýstingur af hálfu framkvæmdarvaldsins á störf stofnunar eins og Ríkisendurskoðunar.

Í þessu sambandi vil ég minnast á skýrslu sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs bað Ríkisendurskoðun að vinna um einkavæðingu á helstu ríkisfyrirtækjum á árunum 1998–2003 og hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur einmitt gert að umtalsefni.

Ég tel að sú skýrsla hafi ekki verið nægilega vel unnin. Hún er meira atburðadagatal í ferli á einkavæðingu ríkisfyrirtækja en ekki beint mat á því hvernig til hafi tekist, hvorki gagnvart þeim markmiðum sem sett voru við einkavæðinguna né verklagsreglunum. Svo er hvergi í skýrslunni um framkvæmd einkavæðingar litið á önnur sjónarmið, þau almannasjónarmið sem höfð voru í frammi í umræðum á þingi um þessi mjög svo umdeildu mál. Það er því meira farið beint í þær uppsettu verklagsreglur sem meiri hlutinn hafði sett sér og þeim fylgt í formi atburðadagatals í stað þess að leggja mat á gjörninginn sem slíkan. Þarna er t.d. um að ræða einkavæðingu bankanna þar sem vikið var gjörsamlega frá þeirri uppsettu verklagsreglu sem stjórnvöld höfðu sett sér við sölu bankanna. Vikið var frá því og við horfum til þess til viðbótar að annað eftirlit eins og Fjármálaeftirlitið, sem hefði átt að vera hinn eftirlitsaðilinn, heyrir beint undir sama ráðherra og er að framkvæma, annast og bera ábyrgð á einkavæðingunni af hálfu ríkisins eða sölu á bönkunum. Þarna er því stjórnsýslulegur veikleiki. Þó ég sé alls ekki að segja að hann hafi endilega komið niður á verkum viðkomandi aðila er þetta samt klár stjórnsýslulegur veikleiki að mínu mati að aðaleftirlitsstofnunin með sölu bankanna heyri undir sama ráðherra og fer með það. Þarna hefði því verið rík ástæða fyrir Ríkisendurskoðun að fara mjög gaumgæfilega ofan í önnur sjónarmið, almannasjónarmið, sem gætu komið til álita varðandi framkvæmd einkavæðingarinnar eins og við, m.a. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, höfum haldið fram hvort þau markmið sem sett voru við einkavæðinguna hafi náðst. Þjónustumarkmiðum eru t.d. hvergi gerð skil, hvort þau almennu þjónustumarkmið sem samfélagið gerir til slíkra stofnana hafi náðst o.s.frv.

Ég vil því árétta stöðuga hvatningu til Ríkisendurskoðunar um að standa vörð um sjálfstæði sitt gegn eðlilegri ásælni framkvæmdarvaldsins — eðlilegri og líka óeðlilegri — þegar það beitir áhrifum sínum gagnvart eftirlitsstofnun eins og Ríkisendurskoðun.

Þegar hér er til dæmis verið að meta greinargerð um útboð á Landsbankanum þá nálgast menn þetta að mínu viti eins og þegar köttur fer kringum heitan graut og meira haldið sig við atburðadagatalið og sagt, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun hefur skilning á þeim sjónarmiðum, sem einkum réðu því að framkvæmdanefndin beitti sér ekki fyrir því að bjóðendum væri boðið upp á kostgæfnisathugun ...“

Þegar Ríkisendurskoðun notar orðið skilning eða meira matskennd orð sem eru nú fremur notuð í persónulegu tali manna þá er þar að mínu viti nokkur veikleiki á ferð. (**HBl:** ... hvergi hægt að skilja það sem sagt er ... í persónulegu tali manna.)

Já, þetta er alveg hárrétt athugasemd hjá hv. þm. Halldóri Blöndal. Ég er ekkert að agnúast út í það að menn setji sig persónulega inn í málin, alls ekki. Hins vegar er nauðsynlegt í máli eins og þessu um einkavæðingu ríkisfyrirtækja að menn hafi skilning á því hvers vegna vikið er frá þeim reglum sem þeir höfðu áður sett sér, eins og í þessu dæmi. Það er um að gera að gleyma ekki skilningnum. Kannski hefði ríkisendurskoðandi átt að nota þessi orð víðar í skýrslunni og spyrja einmitt um skilninginn á bak við það af hverju keyrt var svona hart í þessa einkavæðingu (**Gripið fram í:** Og misskilning.) og misskilning.

Ég vil líka nefna hér það litla sem kemur hér fram um einkavæðingu Íslenskra aðalverktaka. Mér finnst ríkisendurskoðandi skauta býsna létt yfir það mál sem enn þá, að ég held, stendur fyrir dómstólum, sá gjörningur. Síðast þegar ég vissi var það mál ekki útkljáð þar enn.

Ég vil því bara taka undir þau orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar að Ríkisendurskoðun beri að taka málið á víðari grunni, horfa líka á málið út frá almannaheill. Ríkisendurskoðun er líka starfsaðili stjórnarandstöðunnar. Ríkisendur-

skoðun er eftirlitsaðili og starfar fyrir allt þingið en vinnur ekki bara út frá forsendum meiri hlutans og þeirri ákvörðun sem tekin var, eins og skín allt of mikið í gegn í þessari skýrslu um einkavæðingu helstu ríkisfyrirtækja sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs óskuðu eftir að Ríkisendurskoðun gerði sérstaka úttekt á.

Ég læt þetta að öðru leyti útrætt. Þó vil ég í lokin minnast á meðferð þessara skýrslna. Við höfum áður rætt á þinginu að þessar skýrslur sem Ríkisendurskoðun vinnur fyrir þingið, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni einstakra þingnefnda, þingflokka eða einstaklinga, fái formlegri meðferð, að forsætisnefnd taki þær meira til formlegrar meðferðar og þær séu afgreiddar formlega af hálfu þingsins, að einstakar nefndir taki þær til meðferðar. Ég þekki t.d. vinnuna í fjárlaganefnd. Þar erum við búin að vera með margs konar heitstrengingar um að gefin verði út einhvers konar bókun eða fundargerð eða afgreiðsla á því að nefndin hafi farið í gegnum þær skýrslur sem lúta að störfum og verkefnum sem fjárlaganefnd hefur afskipti af. En af því hefur ekki orðið. Þær liggja því almennt óafgreiddar eins og hver annar póstur sem ekki hefur verið svarað hjá mörgum þessum þingnefndum. Ég vil hvetja forseta þingsins og forsætisnefnd til þess að beita þingnefndir og aðra þá sem um skýrsluna ættu að fjalla og skila áliti sínu, ef svo ber undir, meiri aga.

Einnig tel ég að Ríkisendurskoðun eigi að skila skýrslunum til þingsins, til forsætisnefndar og að t.d. andsvör framkvæmdarvaldsins fari jafnvel í gegnum forsætisnefnd þingsins, að forsætisnefnd þingsins ákveði með hvaða hætti þær fari til umræðu en ekki að einstök ráðuneyti eða stofnanir fari í fjölmiðla og gefi umsögn um einstök atriði í þessum skýrslum, meira að segja áður en þinginu hefur verið gerð grein fyrir þeim.

[18:07]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Það hefur verið komið víða við í þessum umræðum. Má segja að rauði þráðurinn í því sem hér hefur verið sagt sé sá að Ríkisendurskoðun hafi staðið vel að sínum málum. Það hefur verið nokkuð minnst á það að Ríkisendurskoðun var rekin með nokkrum halla á árinu 2003 og er það rétt. En síðan hefur Ríkisendurskoðun tekið á þeim málum og var rekin án halla á síðastliðnu ári sem er kjarni málsins. Það hafði auðvitað í för með sér nokkurn samdrátt á umfangi verka hennar eins og komið getur fyrir. En ég hygg að það hafi ekki komið að sök.

Ég vil fyrst nefna það sem fram kom í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar að hann talar um að Ríkisendurskoðun hafi staðið vel að sínum málum en þó hafi verið alvarlegar brotalamir í hennar starfi þá byggir þetta á því að hann horfir öðruvísi til Ríkisendurskoðunar en Ríkisendurskoðun þykir eðlilegt að starfa. Erum við þá að tala um eftirlit Ríkisendurskoðunar með einkavæðingu ríkisstofnana. Úttektir Ríkisendurskoðunar á sölu fyrirtækjanna hafa verið í samræmi við þau meginmarkmið sem stefnt var að með sölunni og um þau vinnubrögð sem þar skyldi viðhafa og að því lúta athugasemdir Ríkisendurskoðunar. En svo geta einstakir þingmenn og einstakir stjórnmálaflokkar haft önnur viðmið og aðrar skoðanir á því hvernig rétt sé að meta árangur einkavæðingarinnar. Þá erum við farin að tala um pólitísk málefni en ekki hina venjulegu endurskoðun eins og hún er hugsuð og að henni staðið. En ég hygg að segja megi að Ríkisendurskoðun hafi unnið í samræmi við alþjóðlega staðla að endurskoðun sinni í þessum efnum.

Það hefur verið gagnrýnt — ég tók sérstaklega eftir því hjá hv. 10. þm. Suðurk., Jóni Gunnarssyni, að hann gagnrýndi það — að þessi skýrsla skyldi ekki tekin fyrr til umræðu og var svo á honum að heyra að það hefði með einhverjum hætti staðið í vegi fyrir því að eðlilega hafi verið hægt að meta skýrsluna, draga af henni lærdóma. Ekki áttaði ég mig á því í hans máli að svo hafi verið. Það þarf þá að útskýra betur. Skýrslan kom fram í aprílmánuði og þingmenn sem lásu hana vel gátu vel áttað sig á efni hennar og umfangi og það sem hér hefur komið fram við þessar umræður hefur ekki skýrt inntak skýrslunnar neitt frekar en hún gerir sjálf. Ég átta mig því ekki alveg á því hvað hv. þingmaður átti við.

Á hinn bóginn er það rétt að af sérstökum ástæðum, þar sem þingmannanefnd hélt til Japans á þeim sama tíma nú á þessu hausti sem ætlað var að umræður yrðu um skýrslu Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis, þá er þetta dregið fram yfir áramót og ég vænti þess að það hafi ekki komið að sök. Það má auðvitað velta því fyrir sér hvort rétt sé að ræða þessar skýrslur samtímis, skýrslu umboðsmanns og starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar. Þeirri venju hefur verið fylgt á Alþingi. En út af fyrir sig er ekkert því til fyrirstöðu að hafa annan hátt á því og má vel taka það til athugunar.

Í sambandi við það sem hér hefur verið sagt um einkavæðingu og sérstaklega kom fram hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni þá held ég að það sé misskilningur að ætla að Fjármálaeftirlitið eigi að hafa eftirlit með sölu á ríkisstofnunum hvort sem við erum að tala um banka eða aðrar ríkisstofnanir. Fjármálaeftirlitinu er ætlað að fylgjast með einkafyrirtækjum og sérstakri starfsemi, t.d. bankastarfsemi eða lánastarfsemi, fjárfestingarstarfsemi á frjálsum markaði. Ég get ekki séð að eðlilegt sé að slíkt eftirlit sé í höndum Alþingis frekar en Samkeppnisstofnun. Ég er ekki sammála því. Ég hygg að svo sé hvergi.

Ef við horfum sérstaklega til Samkeppnisstofnunar og þeirrar gagnrýni sem hér hefur komið fram þá hygg ég að það sé nú svo að störf hennar hafi ekki verið öll svo fullkomin að ekki megi gagnrýna þá stofnun frekar en önnur mannanna verk. Er næsta auðvelt í sumum greinum að benda á að þar hefði Samkeppnisstofnun betur staðið öðruvísi að verki, eins og t.d. þegar við horfum til þess að það hefur kostað um 40 millj. kr. að komast að þeirri niðurstöðu að tryggingafélögin brutu ekki samkeppnislög. Það er nokkuð vel í látið (Gripið fram í.) og má kannski velta vöngum yfir því af hverju stofnunin skuli ekki frekar hafa notað þessa peninga til þess að taka annars staðar á.

Það má líka velta fyrir sér, ef við tölum um samkeppnismál, hvernig í ósköpunum standi á því að ekkert skuli við því sagt að sömu aðilar eru að eignast öll fyrirtæki, t.d. á fjarskiptamarkaði, ef við horfum á útvarpsrekstur, og virðist sem allt önnur viðhorf gildi í þeim efnum þegar um fjölmiðla og ljósvakamiðla er að ræða en ýmsa aðra starfsemi eins og t.d. á sviði ferðaþjónustu eða samgangna, sem ég

ekki skil. En augu manna eru nú óðum að opnast fyrir því að nauðsynlegt sé að eftirlit sé með því að hringamyndun sé ekki of mikil og menn eru smátt og smátt að átta sig á því að það á við um öll svið þjóðfélagsins og að menn geti ekki tekið eitthvert eitt svið þar út undan, eins og t.d. fjölmiðla. Menn eru svona smátt og smátt að átta sig á því. Það gengur hægt hjá sumum en þetta er nú að koma.

Mér þótti í því sambandi t.d. eftirtektarvert það sem hv. 5. þm. Norðvest., Guðjón A. Kristjánsson, sagði hér, að Samkeppnisstofnun ætti að athuga hvort bankarnir væru í nánu samráði hver við annan þar sem þeir byðu mjög lík kjör. Auðvitað hljóta bankar sem önnur fyrirtæki að elta hver annan ef þeir ætla að starfa á frjálsum markaði.

Spurningin er um úthald og spurningin er um getu. Það vita þeir sem hafa kynnt sér þá hluti. Á hinn bóginn hefur það alltaf verið vitað að við Íslendingar erum það fáir að á sumum sviðum hlýtur samkeppni að vera minni en æskilegt er. Þarf ég ekki að rökstyðja það.

Hv. þingmaður Jón Bjarnason talaði um að skýrslur ættu að fá formlega meðferð hér í þinginu. Nú er það svo að skýrslum Ríkisendurskoðunar er dreift til þingmanna um leið og þær koma út. Þingmenn geta tekið þær upp í viðkomandi þingnefnd ef þeir svo kjósa. Þingmenn geta tekið málið upp í umræðum um störf þingsins. Þingmenn geta einnig tekið slík mál upp með fyrirspurn með þinglegum hætti og þar fram eftir götunum. Þessar skýrslur er eðlilegt að ræða við umræður um ríkisreikning eða umræður um fjárlög þannig að það eru ótal tækifæri til þess að fjalla efnislega og formlega um þessar skýrslur. Á hinn bóginn get ég ekki skilið að Alþingi eigi að afgreiða þær með samþykkt eða synjun eða einhverjum slíkum hætti. Það finnst mér óeðlilegt, enda hefur komið í ljós að ef skýrslur Ríkisendurskoðunar hafa leitt í ljós að um óeðlilega hluti hafi verið að ræða hefur það oft kostað mjög mikla athugun hér á Alþingi og miklar umræður, líka meðan Ríkisendurskoðun var á sínum tíma undir fjármálaráðuneyti.

Vegna þeirra athugasemda sem hv. 2. þm. Reykv. s., Jóhanna Sigurðardóttir, gerði vil ég einungis segja það að þess er að vænta að skýrsla um aðkeypta sérfræðiþjónustu komi fljótlega. Um þá skýrslubeiðni sem laut að því hvernig staðið var að undirbúningi og uppsetningu á hugbúnaðarkerfum fyrir ríkisstofnanir er það að segja að það var ekki tímabært fyrr en nú að taka það mál til athugunar þar sem það þurfti að þróast og þroskast og menn þurftu að sjá fyrir endann á því verki. Ríkisendurskoðun mun á þessu ári taka það mál til meðferðar og skila skýrslu til Alþingis um það.

[18:18]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom mér svolítið á óvart að heyra hér seinni ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals, hæstv. forseta. Erfitt virtist mér hæstv. forseti eiga með að taka réttmætri gagnrýni, að mínu viti, á störf Alþingis. Rétt er að spyrja hæstv. forseta hvort hann telji til bóta jafnvel að draga það að fara yfir svona skýrslur.

Það kom einnig fram í máli hans að menn gætu tekið upp skýrslur Ríkisendurskoðunar hvenær sem þeir vildu á fundum Alþingis. Það er rétt varðandi skýrslur um hin einstöku mál, stjórnsýsluúttektir og slíkt, en mér er til efs að þeim sem hér stendur hefði t.d. verið leyft að setja fram einhver mál eða fyrirspurnir byggðar á ársskýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem skýrslan hefði ekki fengið formlega umfjöllun á Alþingi áður.

Í skýrslunni er t.d. fjallað um innra eftirlit ríkisstofnana. Þar kemur í ljós að það er skoðun ríkisendurskoðanda að „verulega skorti á að innra eftirlit ríkisstofnana sé skjalfest, að skipulegt áhættumat hafi farið fram og að til séu skýrir verkferlar og verklýsingar". Ríkisendurskoðandi lýsir þeirri skoðun sinni í þessari skýrslu að þetta sé ekki viðunandi. Rétt hefði verið að taka þetta upp strax þegar skýrslan var gefin út en ég hélt satt að segja, og það er kannski bara af því að ég er tiltölulega nýr þingmaður og hef ekki gert mér grein fyrir hvernig Alþingi starfar, að okkur leyfðist ekki að taka svona mál sem eru byggð á ársskýrslu Ríkisendurskoðunar upp á Alþingi án þess að skýrslan fengi fyrst formlega umfjöllun. Þætti mér vænt um ef ég væri þá leiðréttur með það.

[18:20]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt að þingmaðurinn skuli átta sig á því að hann hafi setið skemur á þingi en ég og dragi af því réttar ályktanir. Sýnir nú mikla glöggskyggni.

Það er annað sem þetta segir. Skýrslan lá fyrir síðasta vor. Ég sagði alls ekki að það væri markmið hjá mér að taka skýrsluna til umræðu seinna en ætlað hafði verið samkvæmt starfsáætlun. Ég skýrði áðan hvernig á því stóð og má vel snúa út úr því ef hv. þingmaður vill. Ég tók jafnframt fram að það hefði verið venja að ræða þessar skýrslur samtímis, frá ríkisendurskoðanda og umboðsmanni Alþingis. Það má auðvitað hugsa sér að hafa annan hátt á því, taka skýrslu ríkisendurskoðanda að vorinu og umboðsmanns að haustinu. Aðalatriðið er að skýrsla Ríkisendurskoðunar lá fyrir. Þeir sem áttu sæti í fjárlaganefnd höfðu hana undir höndum. Þeir gátu lesið það sem þar stóð og gert sér grein fyrir því.

Það er þess vegna síður en svo að það að skýrslan var ekki rædd fyrr en í dag komi í veg fyrir að þingmenn hafi getað nýtt sér þær upplýsingar sem þar voru, og sem þar eru. Hitt getur hv. þingmaður sagt með réttu að vegna þess að ég fór til annarra landa gat ég ekki samtímis talað fyrir málinu. Ég hélt satt að segja að það hefði ekki komið að sök þótt það hefði dregist í tvo mánuði.

[18:22]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal talar hér um útúrsnúninga. Ég átta mig ekki alveg á hvernig það getur verið útúrsnúningur að lýsa þeirri skoðun að við séum seint að ræða ársskýrslu núna sem tilbúin var í apríl árið 2004. Hér komu ákveðnar skýringar á því af hverju brugðið var út af starfsáætlun Alþingis. Það er gott. Þær skýringar lágu mér ekki á lausu áður en ég fór í þetta andsvar. Hef ég ekkert við það að athuga að hæstv. forseti bregði sér af og til til útlanda. Ég held að flestir hafi gott af því að útvíkka sjóndeildarhring sinn aðeins.

Það er alveg rétt sem fram kom að við, þingmenn í fjárlaganefnd, höfðum þessa skýrslu undir höndum og gátum

lesið það sem í henni var og nýtt okkur það sem fram kom í henni í störfum okkar, enda var brugðist við í fjárlögum fyrir árið 2005 og fjárframlög til Ríkisendurskoðunar aukin talsvert frá því sem hafði verið á árinu 2004. Ein af þeim ástæðum er það sem fram kemur í þessari ársskýrslu.

Ég saknaði þess þó að fá ekki svar við því sem ég spurði hér, og kannski af reynsluleysi mínu: Hefði ég ekki verið stoppaður af ef ég hefði ætlað að koma hér með mál sem byggt hefði beint á þessari ársskýrslu og vitnað til hennar í greinargerðum og tekið úr henni útdrætti áður en skýrslan hefði verið rædd hér formlega á Alþingi? Ef okkur þingmönnum er heimilt að nota upplýsingar sem fram koma í svona skýrslum sem á að taka formlega fyrir á Alþingi og koma fram með mál sem byggja beint á upplýsingum sem í þeim eru áður en skýrslan kemur formlega fyrir þing og er rædd hér er gott að fá að vita það. Auðvitað verða menn þá sneggri til að nota svona upplýsingar og koma með þær beint hingað inn í þingsal.

[18:24]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara svona til upprifjunar, ég skýrði frá því áður en hv. þingmaður kvaddi sér hljóðs og veitti andsvar við ræðu minni hvernig á því stóð að ekki var talað fyrir málinu fyrr en nú. Getur hv. þingmaður flett því upp í þingtíðindum þegar þar að kemur ef honum svo sýnist, ef hann vill fara að athuga hver sannleikurinn sé í því efni. Það er auðvitað algjört aukaatriði.

Um hitt er það að segja að þingmenn mega vitna í hvað sem þeim sýnist, prentað mál, prentað mál í ræðu með leyfi forseta. Ef þingmenn leggja fram þingmál mega þeir auðvitað vitna í prentað mál að vild. Ef fjárlaganefnd er að störfum og fyrir liggur skýrsla Ríkisendurskoðunar er einstökum fjárlaganefndarmönnum heimilt auðvitað að vitna í skýrsluna á fundum nefndarinnar og þar fram eftir götunum. Það er auðvitað heimilt líka núna eftir að málið hefur verið tekið fyrir að leggja fram fyrirspurn með þinglegum hætti um einstök atriði í skýrslunni ef hv. þingmaður óskar eftir að fá þar skýrari upplýsingar.

Fyrir þessu þingi liggja ókjör af skjölum sem ekki hefur enn unnist tími til að taka fyrir með formlegum hætti, ótal þingsályktunartillögur og frumvörp frá einstökum þingmönnum. Auðvitað er heimilt að vitna í öll þessi skjöl ef þingmenn svo kjósa, hægt að spyrja um hvað því líði að málin séu tekin fyrir í umræðum hér í salnum um störf þingsins og þar fram eftir götunum. Hér á Alþingi er með engum hætti reynt að takmarka tillögufrelsi eða málfrelsi alþingismanna.

Fundi slitið kl. 18:28.

---

59. FUNDUR

þriðjudaginn 25. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Almenn hegningarlög, stjfrv., 409. mál, þskj. 520. — 1. umr.
2. Einkamálalög og þjóðlendulög, stjfrv., 190. mál, þskj. 190, nál. 563 og 645. — 2. umr.
3. Þriðja kynslóð farsíma, stjfrv., 160. mál, þskj. 160, nál. 559, brtt. 586. — 2. umr.
4. Kosningar til Alþingis, þáltill., 26. mál, þskj. 26. — Fyrri umr.
5. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 32. mál, þskj. 32. — 1. umr.
6. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 38. mál, þskj. 38. — 1. umr.
7. Vextir og verðtrygging, frv., 41. mál, þskj. 41. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Geir H. Haarde fjmrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

[13:30]

Útbýting:

Hámarkshraði á tvöfaldri Reykjanesbraut, 452. mál, fsp. JGunn og MÁ, þskj. 701.

Heildarskattbyrði einstaklinga, 148. mál, svar fjmrh., þskj. 683.

Íslenska og íslensk fræði erlendis, 448. mál, fsp. MÁ, þskj. 697.

Listmeðferð, 449. mál, fsp. KolH, þskj. 698.

Neysluútgjöld fjölskyldna, 454. mál, fsp. JóhS, þskj. 703.

Samgöngur milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins, 451. mál, fsp. MÁ, þskj. 700.

Trúnaðarstörf sendiherra fyrir stjórnmálaflokka, 450. mál, fsp. MÁ, þskj. 699.

Athugasemdir um störf þingsins.
Upplýsingar um Íraksstríðið.

[13:31]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Alltaf virðist aukast sú hula blekkingar sem lykur um Íraksmálið af hálfu íslenskra stjórnmála. Nú er það komið fram að íslensk stjórnvöld gáfu leyfi til þess í febrúar árið 2003 að herflugvélar gætu flogið um íslenska lofthelgi og haft viðdvöl vegna innrásar í Írak. Þetta fékkst staðfest í utanríkisráðuneytinu í gær samkvæmt fregnum Stöðvar 2.

Listi hinna svokölluðu staðföstu viljugu þjóða var hins vegar ekki birtur fyrr en 18. mars og í millitíðinni höfðu íslenskir ráðamenn talað með þeim hætti að ekki var hægt að draga þá ályktun af orðum þeirra að þeir mundu styðja innrás Bandaríkjamanna í Írak.

Hæstv. forsætisráðherra, þáverandi utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, lýsti því þannig þráfaldlega yfir, áður en nafn Íslands birtist á þessum lista, og það gerði hann síðast í viðtali þann 17. mars árið 2003, daginn áður en listinn var birtur með nafni Íslands, að hann teldi að öryggisráðið ætti að eiga síðasta orðið um Íraksdeiluna. Þannig gaf hæstv. núverandi forsætisráðherra það alveg ljóslega til kynna að engin ákvörðun hefði verið tekin. En þegar hæstv. forsætisráðherra sagði þetta hafa verið liðnar þó a.m.k. þrjár vikur frá því að hann sem utanríkisráðherra leyfði að flogið yrði um lofthelgi landsins og að herflugvélar hefðu viðdvöl vegna innrásar í Írak. Hæstv. forsætisráðherra hefur sagt að bandaríska sendiráðinu hafi ekki verið tilkynnt um stuðninginn fyrr en eftir ríkisstjórnarfund þann 18. mars. Nú virðist hins vegar mega draga þá ályktun af staðfestingu utanríkisráðuneytisins í gær að stuðningur Íslands við innrás Bandaríkjamanna í Írak hafi komið fram þremur vikum fyrr og ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Er það rétt?

[13:33]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég veit að formanni Samfylkingarinnar, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, er mikið í mun að honum gangi vel í þeim átökum sem fram undan eru í flokki hans. En er ástæða til þess að koma hér upp á hverjum einasta degi út af þessu máli til að reyna að vekja athygli á sér í fjölmiðlum og með því að afhjúpa ótrúlega vanþekkingu í utanríkismálum? Man hv. þingmaður það ekki að ályktun 1441 var samþykkt í öryggisráðinu í nóvember 2002? Man hv. þingmaður ekki eftir því að byggður var upp mikill þrýstingur á Saddam Hussein að hann færi frá völdum sem allar þjóðir stóðu að, m.a. Þjóðverjar? Væri ekki rétt fyrir hv. þingmann að upplýsa flokksfélaga sína í Þýskalandi að með því að leyfð var notkun á þýskum flugvöllum hafi Þjóðverjar lýst stuðningi við stríðið í Írak? Það var verið að byggja upp mikinn þrýsting þessa mánuði og það voru allir að vonast eftir því að sá þrýstingur yrði til þess að Saddam Hussein færi frá völdum. Þetta veit hv. þingmaður og hann veit það líka að það hefur aldrei komið fyrir mér vitanlega að því hafi verið neitað að fá afnot af Keflavíkurflugvelli í sambandi við slík mál, aldrei. Væri ekki ráð fyrir hv. þingmann að leita í smiðju fyrrverandi flokksfélaga sinna og flokksfélaga sinna sem fóru með ábyrgð í utanríkismálum m.a. að ræða þessi mál við fyrrverandi utanríkisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, þar sem hann sat í ríkisstjórn með honum og fræðast um þessi mál áður en hann kemur aftur upp til að afhjúpa vanþekkingu sína í þessu máli?

[13:35]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að ræða á hverjum einasta degi ekki aðeins innrásina í Írak heldur kannski miklu fremur trúverðugleika hæstv. forsætisráðherra Íslands, Halldórs Ásgrímssonar. Þetta mál snýst nefnilega nú orðið um það hvort hann er að segja Alþingi og þjóðinni satt og rétt frá. Í mínum huga er veigamesta atriðið í þessu máli samráðsskylda ríkisstjórnarinnar og ráðherra við Alþingi. Í 24. gr. þingskapalaga segir, með leyfi forseta:

„Utanríkismálanefnd skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum."

Nú er það álitamál hvað skuli teljast meiri háttar mál. Um það fjallar m.a. Eiríkur Tómasson í rannsókn sinni samkvæmt Morgunblaðinu í dag. Hann segir að það hljóti að vera matsatriði hverju sinni. Ég hefði haldið að átökin sem áttu sér stað í febrúar og mars árið 2003 innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og í heiminum öllum um það hvort ráðast ætti inn í Írak með eða án stuðnings Sameinuðu þjóðanna hljóti að teljast meiri háttar utanríkismál.

Eiríkur Tómasson segir í álitsgerð sinni að sér sé tjáð að hæstv. þáverandi utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, hafi komið á fund utanríkismálanefndar og síðan leggur hann út af þeim fundi. Hefur prófessorinn séð þessi gögn? Á hverju byggir hann mat sitt? Ég spyr.

Hann segir jafnframt að ákvörðun ríkisstjórnarinnar hafi snúist um það að afvopna Íraka. Hvað sagði hæstv. utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, á þessum fundi? (Forseti hringir.) Sagðist hann hafa sannfærst um að Írakar hefðu (Forseti hringir.) gereyðingarvopn og það þyrfti að afvopna þá eða sagði hann eitthvað annað? Þetta verður að upplýsa. (Forseti hringir.) Þess vegna verður að aflétta þeirri leynd sem hvílir á gögnum nefndarinnar.

[13:38]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Ég vil biðja hv. þingmann að gæta þess að það er takmarkaður ræðutími hér og fara eftir þingsköpum í því efni.

[13:38]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við erum komin til þings, klukkan er hálftvö og hafnir eru fastir liðir eins og venjulega. Stjórnarandstaðan kemur af stað umræðum um Íraksmálið. Ekkert nýtt. Það er spurning, virðulegi forseti, hvort ætti að fara að kalla þennan dagskrárlið upp á nýtt, ekki umræður um störf þingsins heldur umræður um hinn fasta lið eins og venjulega.

Sannleikurinn er nefnilega sá að þegar maður fer yfir þessa umræðu, skoðar hana í ljósi tveggja síðustu ára sem liðin eru frá því að innrásin í Írak átti sér stað, þá er það ná-

kvæmlega sama og sagt var fyrir tveimur árum sem menn endurtaka úr þessum ræðustól. Ég er með útskrift af viðtali við hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Ég er með útskrift af viðtali við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon úr Morgunblaðinu 21. mars 2003. Það mætti halda að þetta viðtal hefði verið tekið á þessum degi í dag vegna þess að það er nákvæmlega sama sem verið er að klifa á. Það er ekkert nýtt. Það er eingöngu reynt að halda lífinu í þessari umræðu og klifa á því sama. Það er ekkert sem verið er að leggja fram.

Hér er búið að upplýsa að það sem íslensk stjórnvöld voru að gera var það sama og stjórnvöld gerðu meðal nágrannaþjóða okkar. Það er ekkert nýtt sem hefur komið fram. Það er einfaldlega þannig að nú liggur það fyrir að stjórnarandstaðan lagði fram þingmál haust eftir haust til að mótmæla því að verið væri að beita viðskiptaþvingunum gegn harðstjóranum í Írak. Það mátti sem sagt ekki.

Það liggur fyrir að fundið var að því að reynt væri að beita áhrifavaldi og diplómatískum aðgerðum til að koma harðstjóranum frá. Nú liggur það fyrir að það mátti ekki og við vitum að það mátti heldur ekki fara með hervaldi gegn þessum manni. Það er eitt sem stjórnarandstaðan virðist þó hafa sameinast um að hafi mátt og átt að gera: Hrófla ekki við Saddam Hussein. Það er eina niðurstaðan sem við fáum eftir tveggja ára linnulausa umræðu þar sem hlutirnir eru endurteknir sí og æ.

[13:40]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Það er ekki undarlegt að stjórnarliðar með hæstv. forsætisráðherra í broddi fylkingar kveinki sér undan þessari umræðu. Og það er undarlegt að heyra það úr þessum ræðustól að ekkert hafi þar gerst á umliðnum tæpum tveimur árum frá því að innrásin hófst sem gefi tilefni til þess að slík umræða sé tekin aftur og aftur. Ég vek athygli á því að við erum á öðrum degi þingsins eftir jólahlé og þessu verður haldið áfram þar til öll kurl koma til grafar.

Það liggur algerlega ljóst fyrir að enn vantar stór gögn til að heildarmyndin fáist. Ég vek athygli á því að í Morgunblaðinu í dag greinir sérstakur lögfræðilegur ráðunautur ríkisstjórnarinnar, Eiríkur Tómasson prófessor, frá því að hann hafi haft gögn úr forsætisráðuneytinu sér til atfylgis þegar hann setti saman þessa greinargerð. Ég vil fá þessi gögn. Við viljum fá þau gögn og önnur. Það er ekki flóknara en það. Og ég vek líka athygli á því að enn þá hefur þessi lögfræðilega álitsgerð prófessorsins ekki komið í hólf þingmanna. Ekki hef ég séð hana. Ég hef lesið um hana í blöðum, þannig að það er allt eftir efninu. Skylt er skeggið hökunni.

Ég vil líka láta þess getið, frú forseti, að ég átti samtal við formann utanríkismálanefndar sem er erlendis í opinberum erindagerðum, raunar með varaformanni sömu nefndar, og fór þess á leit af því að hæstv. forsætisráðherra krafðist þess í gær að utanríkismálanefnd kæmi saman. Það stendur ekki á okkur í því. Við getum gert það seinna í dag og þar erum við tilbúnir að reyna enn og aftur að fá stjórnarliða þess til að aflétta leynd í málinu. Það er nefnilega það undarlega í þessu öllu saman hvers vegna þessi tregða er við að leggja spilin á borðið fyrst þetta liggur allt saman svona ljóst fyrir. Sú spurning mun vaka í umræðunni meðan reynt er að sveipa hulu leyndardómsins yfir þetta mál. Það er ekki flóknara en það. Þessu máli lýkur ekki fyrr en allt er komið fram.

[13:42]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Enn einu sinni kemur stjórnarandstaðan hér og byrjar að ræða Írak og er hugmyndaauðgi hv. stjórnarandstöðu um nálgun á þessu máli alveg með ólíkindum og öll meðul eru notuð. Nú hefur það gerst m.a. að hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hafa fullyrt það að ákvörðun í mars sl. um að leyfa ef til kæmi yfirflug yfir Ísland og notkun á Keflavíkurflugvelli væri stefnumarkandi, þetta væri ný stefna fyrir Íslendinga og það bæri að taka alvarlega.

Virðulegur forseti. Annaðhvort eru hv. þingmenn vísvitandi að segja ósatt eða þeir vita ekki betur. Sé farið að fenna yfir minnið er rétt að minna á það að þegar alþjóðasamfélagið fór inn í Bosníu 1994 var leitað til íslenskra stjórnvalda um það sama. Yfirflug yfir Ísland og hugsanlega notkun á Keflavíkurflugvelli og íslenska ríkisstjórnin samþykkti það. Hverjir skyldu hafa setið þá í ríkisstjórn? Má þar nefna til að mynda hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þáverandi hæstv. ráðherra. (**Gripið fram í:** Það er ekki hægt að bera þetta saman.) Og það má fara enn lengra aftur. Fyrst þegar alþjóðasamfélagið nálgast Írak, þ.e. 1990, er leitað til íslenskra stjórnvalda um yfirflug og hugsanlega notkun á Keflavíkurflugvelli og íslensk ríkisstjórn samþykkti það. Hverjir sátu þá í ríkisstjórn? Þar má nefna m.a. hæstv. þáverandi ráðherra, Steingrím J. Sigfússon. Svo kemur þetta lið hér og talar um stefnumörkun. Maður hlýtur að spyrja: Hvað vakir fyrir fólki, ekki síst samfylkingarfólki með háttarlagi sínu? Er það vísvitandi að halla réttu máli? Er það vísvitandi að bera ósannindi á borð fyrir þjóðina? Er það búið að gleyma staðreyndum eða er verið að velta þjóðinni upp úr vaxandi skjálfta í formannsslaginn? Hver sem skýringin er er hún óeðlileg og ég skora á hv. formann Samfylkingarinnar að beita sannleikanum.

[13:45]

Mörður Árnason:

Forseti. Það stendur í Morgunblaðinu í dag, haft eftir Eiríki Tómassyni sem hér var mjög vitnað til í gær, að ákvörðun forsætisráðherra og utanríkisráðherra á sínum tíma um stuðning við aðgerðirnar í Írak, sem hér er um deilt, hafi falist í þrennu. Annar liður þess er, með leyfi forseta, „að veita aðgang að íslenskri lofthelgi og heimild til að nota Keflavíkurflugvöll ef nauðsyn krefði vegna aðgerða í Írak".

Nú kemur hins vegar í ljós að þessi ákvörðun virðist hafa verið tekin þrem vikum áður án þess að bera hana undir einn eða neinn. Það er auðvitað þar sem hnífurinn stendur í kúnni, að forsætisráðherra og utanríkisráðherra báru þetta ekki undir einn eða neinn. Þeir hafa fengið Eirík Tómasson, og telja að Eiríkur Tómasson hafi nú sýknað þá af þeirri ákæru sem ég hef vissulega haft hér í frammi um það að núverandi hæstv. forsætisráðherra og þáverandi utanríkisráðherra hafi brotið þingsköp með því að ráðgast ekki við

utanríkismálanefnd um þau mál sem þeir áttu að ráðgast við um.

Það sem Eiríkur hefur sagt — jú, það er mat. Hann hefur búið til leið fyrir hæstv. núverandi forsætisráðherra til þess að losna úr þeirri klemmu sem hann er í. Það fer þannig fram, sú leið er þannig að ef hæstv. forsætisráðherra og þáverandi utanríkisráðherra telur það hafa verið minni háttar utanríkismál að lýsa yfir þeirri ákvörðun að styðja innrásina í Írak er hann sloppinn. Ég vil þess vegna biðja hæstv. forsætisráðherra að koma hér á eftir og segja okkur frá því hvort hann ætlar að notfæra sér þessa litlu leið, þessa litlu holu sem Eiríkur Tómasson, formaður aðstoðarnefndar stjórnarskrárnefndar, í vinnu hjá hæstv. forsætisráðherra, hefur búið til handa honum, með því að lýsa yfir að þessi ákvörðun hafi verið minni háttar utanríkismál.

Ef það er ekki minni háttar utanríkismál, ef það er meiri háttar utanríkismál, átti hæstv. forsætisráðherra, þáverandi utanríkisráðherra, að bera þetta undir nefndina og engar refjar. Því getur hann ekki neitað. Hvað sem hann verður margsaga í málinu stendur það eftir að hæstv. utanríkisráðherra, þáverandi, sem vissulega hafði vald — það hefur enginn efast um það — til að taka ákvörðunina með hvaða hætti svo sem hann kysi að gera það (Forseti hringir.) átti að bera það undir utanríkismálanefnd. Það er það sem stendur upp á (Forseti hringir.) þennan mann sem hér situr, hæstv. ráðherra.

[13:47]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegur forseti. Ég held að engum heilbrigðum manni geti dottið í hug að mæla gegn því að það hafi verið meiri háttar ákvörðun þegar íslensk stjórnvöld lýstu yfir stuðningi við innrás í Írak. Í fyrsta sinn í sögu þjóðarinnar, í fyrsta sinn í sögu íslenskrar þjóðar, tókum við þátt í því að ráðast með vopnavaldi á fullvalda þjóð. Þetta er meiri háttar mál.

Það er ekki rétt sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði hér áðan, að ekkert nýtt hefði komið fram í þessu máli síðan á dögunum örlagaríku í febrúar og mars árið 2003. Það hefur heilmikið nýtt komið fram. Meðal annars hafa varnaðarorð okkar sem reyndum að koma vitinu fyrir stjórnvöld hér á Íslandi öll komið fram, það hefur sýnt sig að þau voru öll rétt. Tugþúsundir liggja í valnum. Það er búið að rústa þetta land. Innrásin var ólögleg. Engin gereyðingarvopn hafa fundist. Er þetta ekki nógu alvarlegt? Er hægt að fullyrða að ekkert hafi gerst á öllum þessum tíma? Að sjálfsögðu ekki.

Við hljótum að gera þá kröfu til ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna að þeir leggi öll spil á borð í þessu máli. Þegar maður skoðar aðdraganda þess, m.a. hér á hinu háa Alþingi, vakna mjög margar spurningar, t.d.: Hvers vegna var þingsályktunartillaga Vinstri grænna stoppuð af í utanríkismálanefnd í febrúar og mars árið 2003? Af hverju var henni ekki hleypt hingað aftur inn í þingið til að umræða gæti farið fram um þessa ákvörðun hér á löggjafarþingi þjóðarinnar? Hvernig stóð á því? Þessu verða stjórnvöld að svara.

Ég lýsi að lokum eftir Guðna Ágústssyni, hæstv. landbúnaðarráðherra og varaformanni Framsóknarflokksins í þessu máli. (**Gripið fram í:** Hann er kominn í þagnarbindindi.) Það var hann sem gaf þennan bolta upp fyrst fyrir rúmri viku. Af hverju heldur hann ekki áfram að spila með okkur á vellinum? Hann sagði A, hann hlýtur að verða að segja B.

[13:49]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Aðeins þetta, hvers vegna skiptir listi yfir hinar svokölluðu viljugu þjóðir máli? Það er vegna þess að hann hefur stórpólitíska þýðingu, og hafði stórpólitíska þýðingu á sínum tíma. Bandaríkjamenn, Bandaríkjastjórn, Bush-stjórnin fékk ekki stuðning öryggisráðsins, fékk ekki pólitískan stuðning frá öryggisráðinu til að ráðast inn í Írak og varð þess vegna að leita eftir stuðningi á öðrum vettvangi. Þar fær þessi listi þýðingu. Hann hefur stórpólitíska þýðingu og er stórpólitískt utanríkismál.

Það skiptir þess vegna máli hvernig ákvarðanir voru teknar, hvenær þær voru teknar og á hvaða forsendum þær voru teknar. Okkur er núna sagt að ríkisstjórnin hafi greint Alþingi frá þessu á fundi með utanríkismálanefnd hinn 19. febrúar árið 2003. Það skiptir þess vegna öllu máli að fá upplýst hvað þar fór fram. Í 24. gr. þingskapalaga segir eftirfarandi um utanríkismálanefnd og leynd sem hvílir þar á, með leyfi forseta:

„Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í nefndinni ef formaður eða ráðherra kveður svo á.“

Nú hefur hæstv. ráðherra lýst því yfir hér á Alþingi að hann sé því ekki andsnúinn að þessi gögn verði birt. Ég reikna þá með því og við hljótum að ganga út frá því að meiri hluti nefndarinnar fallist á að svo verði gert. Ég tel mjög mikilvægt að þessi gögn (Forseti hringir.) verði reidd fram á þann hátt sem hæstv. ráðherra hefur lýst yfir hér á Alþingi að hann sé reiðubúinn að beita sér fyrir.

[13:52]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Hv. þingmenn stjórnarliðsins kvarta og kveina undan því að þurfa að taka þátt í umræðu um Írak. En það er til leið fram hjá þessum þrálátu spurningum stjórnarandstöðunnar sem hafa vakað sl. tvö ár. Þessi leið felst í því að hæstv. forsætisráðherra eða talsmenn stjórnarinnar lýsi því yfir að farið verði í þá rannsókn á tildrögum ákvörðunar um stuðning við innrásina í Írak sem lögð er fram tillaga um í þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar. Hæstv. forsætisráðherra og aðrir talsmenn ríkisstjórnarinnar voru á hröðum flótta undan þeirri tillögu alla síðustu mánuði fram að jólum.

Ef sú tillaga yrði samþykkt yrðu öll þessi málsatvik upplýst. Svar hæstv. forsætisráðherra hér áðan gefur enn frekari tilefni til þess að krefjast þessarar rannsóknar. Hæstv. forsætisráðherra treysti sér ekki til þess að svara spurningunni sem ég beindi til hans. Spurningin var þessi: Er það rétt sem draga má ályktun af af staðfestingu utanríkisráðuneytisins í gær að Bandaríkjamönnum hafi með einhvers konar hætti verið tjáð þremur vikum fyrr en hæstv. forsætisráðherra hefur gefið til kynna að raunin hafi verið að Ísland mundi styðja innrás Bandaríkjamanna í Írak?

Þetta er lykilspurning.

Það er alveg ljóst að listinn var notaður sem pólitískt vopn, sem pólitísk vörn gagnvart umheiminum, gagnvart Sameinuðu þjóðunum til að verja innrásina. Ef Ísland hefði ekki verið á listanum, ef engin hinna 30 vígfúsu þjóða hefði verið á listanum hefði að öllum líkindum engin innrás orðið. Þá væru 100 þús. saklausir Írakar sem hafa farist í kjölfar innrásarinnar enn á lífi. Þetta er hin siðferðilega ábyrgð sem við berum öll sem þjóð — vegna þessa. (Forseti hringir.) Þess vegna verður að upplýsa öll málsatvik.

[13:54]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ja, mikið heldur hv. þingmaður að vald okkar Íslendinga sé. Hann sagði áðan að ef við hefðum ekki verið á þessum fræga lista sem Bandaríkjamenn birtu (**ÖS:** Og hinar 29 þjóðirnar.) hefði ekkert orðið úr neinu.

Það virðist vera alveg sama hvað hér er sagt. Því er haldið fram af hv. talsmönnum stjórnarandstöðunnar að lög hafi verið brotin. Þeir hafa ekki fyrir því að kalla til sérfróða menn til að leiða í ljós hvort svo sé. (Gripið fram í.) Þeir halda áfram með fullyrðingar sínar, taka ekkert mark á *sérfróðum mönnum* vegna þess að það fellur ekki í kramið. Þeir tóku mark á viðkomandi aðilum í fjölmiðlamálinu, ég man eftir því, (**Gripið fram í:** ... gögnin ...) en núna hentar það ekki og þá taka þeir ekkert mark á þeim.

Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að það var mikill viðbúnaður í Miðausturlöndum og að þangað hófust flutningar löngu fyrir febrúar. Þingmaðurinn hlýtur að muna þetta. Og auðvitað þurftu þeir flutningar að fara um mörg lönd, í mjög litlum mæli hér um Ísland. Auðvitað *tókum við Íslendingar þátt í því* ásamt öðrum þjóðum.

Ég man ekki betur en að hv. þingmaður styddi ályktun 1441 þar sem m.a. var gert ráð fyrir því að til þess gæti komið að beita valdi. Ég man ekki betur. En hann virðist vera búinn að gleyma þessu öllu núna í formannsslagnum. Það er eiginlega merkilegt hvað gleymskan herjar mikið á þennan mann. Það er eins og að eitthvert stríð hafi herjað á hann þannig að ég ætla að biðja hann um að fá það ekki algjörlega á heilann. (**Gripið fram í:** Er ekki boltinn hjá ykkur?)

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 409. mál (vararefsing fésektar). — Þskj. 520.

[13:56]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég flyt frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (vararefsing fésektar).

Frumvarp þetta er samið á vegum refsiréttarnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra.

Í 4. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga er ákvæði um að vararefsing vegna sektarrefsinga allt að 100.000 kr. sé lögbundin. Með frumvarpinu er lagt til að hámark sektar verði hækkað í 300.000 kr. og að hærri fjárhæð standi að baki hverjum degi vararefsingar.

Með 2. gr. laga nr. 57/1997 voru vararefsingar vegna sekta að fjárhæð allt að 100.000 kr. lögbundnar þannig að þegar sakborningur fellst á boð lögreglustjóra um að ljúka máli með því að gangast skriflega undir greiðslu sektar með formlegri lögreglustjórasátt gangist hann jafnframt undir þá vararefsingu sem fylgir sektinni samkvæmt ákvæðinu. Þegar framangreind lög voru sett var lögreglustjórum heimilt að ljúka máli á hendur sakborningi ef refsing fór ekki fram úr 100.000 kr. sekt, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og þágildandi 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 250/1992, um lögreglustjórasáttir, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 402/1997. Með reglugerð nr. 980/2000 var framangreind fjárhæð hækkuð í 300.000 kr. Skv. 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, skulu sektir allt að 300.000 kr. fyrir brot á þeim lögum og reglum settum samkvæmt þeim ákveðnar í reglugerð. Með 7. gr. laga nr. 84/2004 var 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga breytt á þann veg að fjárhæð sekta var hækkuð úr 100.000 kr. í 300.000 kr.

Mikilvægt er að framangreindar sektarfjárhæðir og lögbundnar vararefsingar haldist í hendur. Í frumvarpinu er áfram við það miðað að hámarkslengd vararefsingar verði 20 dagar svo sem ákveðið var með lögum nr. 57/1997. Óvarlegt þykir að sakborningar verði látnir gangast undir lengri vararefsingu við afgreiðslu mála hjá stjórnvöldum og án atbeina dómstóla. Þetta þýðir að miðað er við að 15.000 kr. standi að baki hverjum degi í vararefsingu en telja verður að sú fjárhæð sé þó ekki svo há að sakborningar sjái sér hag í því að afplána vararefsingu sektarinnar í stað þess að greiða hana.

Ég legg til, frú forseti, að þessu frumvarpi verði vísað til hv. allsherjarnefndar að lokinni þessari umræðu.

[13:59]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

Hér er fyrst og fremst kannski verið að samhæfa og laga almenn hegningarlög að öðrum lögum í svipuðum málaflokkum varðandi sekt og vararefsingu og er það í rauninni bara vel. Við sjáum að núna er komin vararefsing upp á 20 daga fangelsi þannig að búið er að hækka það upp ef sektin er allt að 300.000 kr.

Þetta er í rauninni til samræmis bæði við lög um meðferð opinberra mála og umferðarlög og eru þegar komnar reglugerðir sem lúta að því sama og hér stendur. Núna fer þetta mál til meðferðar í hv. allsherjarnefnd og við munum að sjálfsögðu skoða mikilvægi samræmingar á ýmsum lögum og reglugerðum þessu tengdum þannig að ég sé ekki betur en að hér sé um hið besta mál að ræða. Við munum eflaust sækjast eftir umsögnum um málið og sjá hvort eitthvað er hægt að skoða í víðara samhengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkamálalög og þjóðlendulög, 2. umr.

Stjfrv., 190. mál (gjafsókn). — Þskj. 190, nál. 563 og 645.

[14:01]

Frsm. meiri hluta allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég fylgi úr hlaði nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar um frumvarp til laga um breyting á einkamálalögum og þjóðlendulögum á þskj. 563, 190. mál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Hólmstein Gauta Sigurðsson frá dómsmálaráðuneyti.

Frumvarpið var áður lagt fram á 130. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Það er nú endurflutt að teknu tilliti til þeirra breytinga sem meiri hluti allsherjarnefndar lagði til þá.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði niður heimild b-liðar 1. mgr. 126. gr. einkamálalaga, nr. 91/1991, til að veita gjafsókn þegar úrlausn máls hefur verulega almenna þýðingu eða varðar verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Eftir sem áður verður í lögunum að finna heimild til að veita einstaklingi gjafsókn ef fjárhag hans er þannig háttað að kostnaður við gæslu hagsmuna hans í dómsmáli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, enda sé nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar og eðlilegt megi teljast að öðru leyti að málsóknin sé kostuð af almannafé. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að dómsmálaráðherra kveði nánar á um starfshætti gjafsóknarnefndar og skilyrði gjafsóknar í reglugerð, þar með talið hvenær nægilegt tilefni sé til veitingar gjafsóknar, atriði sem líta ber til við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda og heimildir til takmörkunar á gjafsókn skv. 1. mgr. 127. gr. laganna.

Í þessu samhengi vil ég geta þess að á fundi fulltrúa dómsmálaráðuneytisins með nefndinni voru m.a. lagðar fram hugmyndir að nýrri reglugerð á grundvelli frumvarpsins, ef það verður að lögum. Ég vil af því tilefni fagna þeim vinnubrögðum að nefndinni hafi gefist tækifæri til að ræða þau álitaefni sem upp koma við samningu slíkrar reglugerðar í ráðuneytinu. Ég held að það hafi verið mikilvægt tækifæri og innlegg í starf nefndarinnar að sjá aðeins lengra en frumvarpið ber með sér og eftir atvikum að nefndin hafi fengið þetta tækifæri til að koma að athugasemdum um þau atriði sem að mati nefndarinnar skipta máli í því samhengi. Því frumkvæði dómsmálaráðuneytisins ber að fagna.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að gjafsóknarákvæði sem sérstaklega er sniðið að þörfum og hagsmunum þeirra sem aðild eiga að þjóðlendumálum bætist við þjóðlendulög, nr. 58/1998.

Umsóknum um gjafsókn hefur fjölgað mjög undanfarin ár og voru þær fleiri en 500 árið 2003. Til samanburðar má nefna að árið 1998 bárust gjafsóknarnefnd 315 umsóknir. Ekki er gert ráð fyrir að gjafsóknarmálum fækki verulega við þá breytingu sem lögð er til í frumvarpinu en hún kann að stemma stigu við þeirri aukningu sem verið hefur undanfarin ár.

Nefndin skoðaði sérstaklega áhrif þeirra breytinga sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi möguleika einstaklinga til að fá gjafsókn í sifjamálum, einkum forsjármálum. Samkvæmt upplýsingum frá gjafsóknarnefnd hefur gjafsókn í forsjármálum í yfirgnæfandi hluta tilvika verið veitt á grundvelli a-liðar 1. mgr. 126. gr. gildandi einkamálalaga, en í honum er að finna reglu sambærilega þeirri sem lagt er til að lögfest verði í frumvarpinu, þ.e. að gjafsókn verði veitt á grundvelli fjárhagsstöðu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

[14:05]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá minni hluta allsherjarnefndar.

Frumvarpið var lagt fram á 130. löggjafarþingi en varð ekki útrætt. Frumvarpið sem er fjórar greinar auk gildistökuákvæðis felur í fyrsta lagi í sér þrengingu á þeim skilyrðum sem gildandi lög um meðferð einkamála setja gjafsókn í einkamálum, í öðru lagi felur það í sér reglugerðarheimild fyrir dómsmálaráðherra til að kveða nánar á um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar og í þriðja lagi er lagt til í frumvarpinu að lögfest verði sérstök gjafsóknarheimild í lögum um þjóðlendur.

Minni hluti allsherjarnefndar leggst alfarið gegn þeim breytingum sem í frumvarpinu felast. Tilgangur frumvarpsins virðist sá helstur að þrengja verulega að möguleikum almennings til þess að leita réttar síns með málshöfðun gagnvart stjórnvöldum og opinberum aðilum. Þá mun frumvarpið, verði það að lögum, fela í sér útilokun á möguleikum til gjafsóknar í málum sem geta varðað einstaklinga og almenning miklu. Minni hlutinn leggst alfarið gegn slíkum takmörkunum, telur þær á skjön við aukna réttarvitund almennings og stangast á við hefðir sem hafa verið að þróast í lýðræðisríkjum. Tillögurnar eru að auki illa rökstuddar og tilefni breytinganna er ekki nægilega skýrt auk þess sem undirbúningi málsins er verulega ábótavant.

1. gr. frumvarpsins felur ekki í sér neina efnisbreytingu hvað það varðar að dómsmálaráðherra er eftir sem áður heimilt að setja reglugerð um starfshætti gjafsóknarnefndar. Minni hlutinn gerir ekki athugasemdir við greinina.

Minni hlutinn gerir hins vegar miklar athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins en hún felur í sér meginbreytinguna sem lögð er til á gildandi lögum.

Í gildistíð eldri einkamálalaga tíðkaðist það að gjafsókn var veitt í þeim tilvikum sem greinir í b-lið 1. mgr. 126. gr. núgildandi laga, þ.e. ef mál hafði verulega almenna þýðingu eða varðaði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Heimildin var þó háð velvilja ráðherra sem gat hafnað umsókn þótt málið teldist mikilsvert. Efni núgildandi ákvæðis er efnislega tekið upp úr 16. gr. frumvarps til laga um opinbera réttaraðstoð sem lagt var fram á 112. og 113. löggjafarþingi. Ákvæðið var þannig liður í viðleitni til þess að víkka út heimildir til ókeypis lögfræðiaðstoðar fyrir almenning sem er ekki vanþörf á hér á landi ef miðað er við nágrannalöndin. Margsinnis hafa verið lögð fram mál á Alþingi í þessu skyni og má af umræðum um slík mál ráða að mikill vilji hefur verið til þess að auka slíka þjónustu.

Minni hluti allsherjarnefndar telur rétt að fara þá leiðina að auka möguleika almennings á ókeypis réttaraðstoð í stað þess að takmarka slíkar heimildir enn frekar eins og lagt er

til í frumvarpinu. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 126. gr. einkamálalaga hefur verið í lögum í tæp 12 ár og er ekki hægt að ráða það af gögnum sem lögð voru fyrir allsherjarnefnd að ákvæðið hafi valdið vandkvæðum í framkvæmd. Rökstuðning skortir reyndar almennt fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að skilyrðið um gjafsókn skv. b-lið 1. mgr. sé „afar víðtækt og þykir ekki forsvaranlegt að verið sé að kosta málshöfðun eða málsvörn einstaklings af almannafé á grundvelli svo almenns ákvæðis." Annan rökstuðning er ekki að finna fyrir niðurfellingu þessarar heimildar og af *því má ráða að ákvæðið sé fellt niður í sparnaðarskyni.*

Gjafsóknarmálum hefur vissulega fjölgað verulega á undanförnum árum sem er fyrst og fremst til marks um þá ánægjulegu þróun sem orðið hefur á réttarvitund almennings. Fulltrúi dómsmálaráðuneytisins áætlaði fyrir allsherjarnefnd að sparnaður með frumvarpinu gæti numið 10–15 millj. kr. árlega, sem er einungis örlítið hlutfall af heildarkostnaði ríkisins vegna gjafsókna. Er vandséð hvernig hægt er að réttlæta slíkan sparnað á kostnað þeirra ríku almannahagsmuna og hagsmuna einstaklinga sem í húfi eru. Minni *hlutinn telur að með breytingunni sé fórnað meiri hagsmunum* fyrir minni og leggst alfarið gegn henni.

Gert er ráð fyrir að áfram sé inni heimild til gjafsóknar í málum þar sem efnahag umsækjanda er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans yrði honum ofviða. Sú *heimild hrekkur hins vegar skammt þegar þess er gætt að* við mat á því hvort gjafsókn sé veitt á grundvelli efnahags umsækjanda hefur verið höfð hliðsjón af skattleysismörkum á hverjum tíma. Heimildin er því afar þröng auk þess sem réttlætisrök geta verið fyrir heimild til gjafsóknar burt séð frá efnahag.

Svo fólk átti sig á hvaða tölu er um að ræða er verið að ræða um það bil 80 þús. kr. tekjur á mánuði. Ef menn eru með hærri tekjur en það eiga þeir ekki rétt á gjafsókn en það sjá allir að 80 þús. kr. tekjur á mánuði er ekki há upphæð.

Sú þrenging sem lögð er til í frumvarpinu mun fela í sér að gjafsókn verður útilokuð í málum sem eru mikilsverð réttlætismál fyrir hagsmuni einstaklinga og almennings. Samkvæmt upplýsingum sem gjafsóknarnefnd gaf allsherjarnefnd kunna slík mál t.d. að varða heimtu skaðabóta fyrir yaranlega örorku þegar örorka er mikil en aflahæfi verulega skert, mál er varða bætur fyrir missi framfæranda, lífeyrisréttindi, atvinnuréttindi og eignarréttindi, réttindi varðandi friðhelgi einkalífs og önnur heföbundin mannréttindi. Dæmi eru um að gjafsókn hafi verið veitt á grundvelli þessarar heimildar vegna ófrjósemisaðgerðar og vönunar þar sem vafi lék á um heimild til aðgerðanna og einnig gætu mál vegna læknamistaka fallið hér undir. Þetta eru klassísk mál sem hafa fengið gjafsókn á grundvelli b-liðar sem hér er verið að afnema. Þá gæti gjafsókn skv. b-lið 1. mgr. 126. gr. verið veitt í málum þar sem einstaklingar leita réttar síns gagnvart stjórnvöldum. Slík mál gætu t.d. verið vegna umhverfismála, kærur vegna kosninga eða vegna ráðherraúrskurða.

Við sjáum öll að hér er á ferðinni gríðarlega mikilvægur málaflokkur og mikilvæg mál sem er að fullu leyti réttlætanlegt að veita gjafsókn fyrir í sumum tilvikum.

Það vekur óneitanlega athygli að stjórnvöld skuli nú ætla að takmarka möguleika fólks á að leita réttar síns í málum er tengjast umhverfismálum þar sem fyrir dyrum stendur að fullgilda Árósasamninginn sem tryggja á réttláta málsmeðferð í umhverfismálum. Efni þessa frumvarps stangast beinlínis á við þær skyldur sem stjórnvöld þurfa að undirgangast samkvæmt þeim samningi. Þá er útilokað samkvæmt núgildandi reglum að fá heimild til gjafsóknar til þess að sækja mál fyrir alþjóðlegum dómstólum og á því verður engin breyting samkvæmt frumvarpinu. Slíka heimild má sjá í reglum annarra ríkja og væri eðlilegt að taka upp sambærileg ákvæði hér á landi.

Samkvæmt framangreindri upptalningu er augljóst að hér er um að ræða mikilvæg mál er geta varðað einstaklinga og almenning miklu.

Minni hlutinn telur að það skorti verulega á að gerð sé nægileg grein fyrir markmiðum þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu og tekur undir þá gagnrýni sem fram kemur í umsögn Lögmannafélags Íslands frá 130. löggjafarþingi um þetta atriði. Þar segir m.a. að þau rök sem fram koma í frumvarpinu fyrir breytingunum fullnægi ekki þeim kröfum sem gera verði til rökstuðnings og tilgreiningar tilefnis og markmiðs með ráðgerðum breytingum. Ef markmið frumvarpsins er fyrst og fremst, eins og lesa má út úr athugasemdum við það, að lækka kostnað ríkissjóðs vegna gjafsókna þyrfti það að koma skýrt fram í athugasemdum. *Segja má hins vegar að sú röksemd sé fallin um sjálfa sig ef* þess er gætt að því var haldið fram við nefndina í umfjöllun á 130. löggjafarþingi að líklega hafi breytingin lítinn sem engan sparnað í för með sér.

Í lokamálslið 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýrri *reglugerðarheimild til að kveða nánar á um skilyrði gjaf*sóknar. Minni hlutinn telur mikilvægt að skýrt sé kveðið á um það í lögum hvaða skilyrði þurfi almennt að uppfylla til þess að fá heimild til gjafsóknar. Eðlilegt verður hins vegar að teljast að nánar sé kveðið á um slíka hluti í reglugerð en allir matskenndir þættir séu í höndum gjafsóknarnefndar.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilt sé að veita aðila máls sem rekið er á grundvelli þjóðlendulaga, nr. 58/1998, gjafsókn eða gjafvörn ef mál hans hefur að mati gjafsóknarnefndar verulega almenna þýðingu eða varðar verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Minni hlutinn er sammála því að heimild sé veitt til gjafsóknar í slíkum málum en með hliðsjón af því að til stendur að fella heimildina niður í öllum öðrum málum hljómar einkennilega að gera undantekningu í þessum málaflokki eingöngu. Röksemdir fyrir því að gera undantekningu í þjóðlendulögum hvað þetta varðar eru jafnfátæklegar og allar aðrar röksemdir sem fylgja frumvarpinu. Jafnræðisrök eru nefnd til sögunnar, þ.e. að þar sem málarekstur sé þegar hafinn vegna ákvarðana óbyggðanefndar á einu svæði þyki rétt að sömu reglur gildi vegna mála sem rekin yrðu á öðrum svæðum. Þessar röksemdir eiga fullan rétt á sér en ekki aðeins hvað þjóðlendumál varðar. Þessi málatilbúnaður er til marks um hversu vanhugsað það er að fella hina almennu heimild brott úr einkamálalögum.

Minni hlutinn átelur vinnubrögð dómsmálaráðuneytisins við undirbúning málsins og telur að ekki hafi verið nægi-

lega til undirbúnings þess vandað. Ekki var haft samráð við gjafsóknarnefnd við vinnslu málsins sem verður að teljast fráleitt þar sem hún býr yfir mikilli þekkingu á þeim málum sem gjafsóknarákvæði einkamálalaga ná til.

Minni hlutinn telur augljóst að með þessari breytingu þrengi ríkisstjórnin markvisst að möguleikum almennings til þess að sækja rétt sinn gagnvart stjórnvöldum. Minni hlutinn mótmælir slíkri réttarskerðingu sem er fullkomlega á skjön við það hvernig réttarvitund almennings hefur þróast. Minni hlutinn leggst því gegn þessum áformum.

Undir álitið skrifa Bryndís Hlöðversdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Steinunn K. Pétursdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir. Kolbrún Halldórsdóttir er áheyrnarfulltrúi og samþykk þessu áliti.

Eins og kemur fram í þessu minnihlutaáliti allsherjarnefndar leggjumst við eindregið gegn því að hin almenna heimild í b-liðnum verði felld brott. Við teljum það einnig vera ámælisvert að hin raunverulegu efnisatriði hvað varðar gjafsókn sé í rauninni að finna í reglugerð. Þar eru hinar efnislegu takmarkanir. Þar er t.d. upphæðin við hvaða tekjur á að miða þegar kemur að veitingu gjafsóknar.

Allsherjarnefnd fékk drög að nýrri reglugerð um veitingu gjafsóknar og er fróðlegt að skoða í 5. gr. þeirrar reglugerðar. Í þeirri grein stendur um mat á tilefni til veitingar gjafsóknar fyrir héraðsdómi, með leyfi forseta:

„Þegar metið er hvort nægilegt tilefni sé til veitingar gjafsóknar skulu höfð til viðmiðunar eftirtalin meginsjónarmið:

A. Að málsefnið sé þannig að eðlilegt sé að málskostnaður verði greiddur af opinberu fé.

Að jafnaði skal ekki veita gjafsókn í málum þar sem ágreiningsefnið er eftirfarandi nema sérstakar ástæður mæli með því:

i) Þegar ágreiningsefnið varðar atvinnurekstur einstaklinga og ágreiningur á rætur að rekja til viðskipta einstaklinga og viðkomandi einstaklingur hefur með aðgerðum sínum eða aðgerðaleysi komið sér í þá aðstöðu sem málssókninni er ætlað að bæta úr.

ii) Mál milli nákominna sem varðar ágreining sem eðlilegt sé að leyst sé úr utan réttar.

iii) Ef mál er milli tveggja einstaklinga þar sem deiluefnið er þess eðlis að gjafsókn veitt öðrum geti hamlað með vissum hætti eðlilegri úrlausn ágreiningsefnisins utan réttar.

iv) Í meiðyrðamálum."

Ef við skoðum efnisatriði þessarar greinar, 5. gr. nýrrar reglugerðar eða draga að nýrri reglugerð, sjáum við að í þessari reglugerð er að finna efnislegar takmarkanir á gjafsókninni. Það má halda því fram með sterkum rökum að slíkar takmarkanir eigi að sjálfsögðu heima í lögunum en ekki í reglugerðinni. Reglugerðarheimildin liggur hjá ráðherranum en löggjafarvaldið liggur hjá þinginu. Það eru til nokkrir hæstaréttardómar sem lúta að því þegar kemur til þess að framsal á valdi löggjafarvalds til framkvæmdarvalds hefur gengið of langt og það eru til hæstaréttardómar sem lúta að því að slíkt hafi talist stjórnarskrárbrot. Ég er ekki að fullyrða að svo sé hér en ég tel þetta hins vegar samt vera óeðlilegt og að sjálfsögðu eiga hinar efnislegu takmarkanir að vera í lögunum en ekki í reglugerð sem fær enga þinglega meðferð.

Í þessu sambandi má líka skoða 7. gr. reglugerðarinnar en þar stendur, með leyfi forseta:

„Við mat á því hvort gjafsókn verði veitt vegna efnahags umsækjanda skal miða við að árstekjur hans nemi ekki hærri fjárhæð en sem nemur kr. 1.000.000. Ef umsækjandi er í hjúskap eða er í sambúð ber að hafa hliðsjón af tekjum maka eða sambúðaraðila og skulu samanlagðar árstekjur ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur kr. 1.800.000. Þegar umsækjandi er yngri en 18 ára skal höfð hliðsjón af samanlögðum tekjum foreldra."

Áfram stendur, með leyfi forseta:

„Við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda getur gjafsóknarnefnd:

Tekið tillit til þess hvernig tekjur hafa myndast, litið til annarra tekna en uppgefinna heildartekna og óskað eftir frekari gögnum frá umsækjanda í þessu sambandi.

Tekið tillit til skerts aflahæfis umsækjanda þótt tekjur gjafsóknarbeiðanda séu yfir tekjumörkum.

Tekið tillit til skuldlausra eigna umsækjanda, bæði innstæða í lánastofnunum, skuldabréfa, hlutabréfa, fasteigna, lausafjár og annarra eigna þegar metin er greiðslugeta hans til þess að kosta málssókn sína sjálfur."

Hér eru sömuleiðis á ferðinni efnisatriði sem með réttu ættu frekar heima í lögunum en í reglugerð. Hér er t.d. ákvæði í reglugerðinni sem lýtur að því að gjafsóknarnefnd geti tekið tillit til skuldlausra fasteigna. Ef ég man rétt var það ekki í gömlu reglugerðinni en hér er á ferðinni að einstaklingur geti misst rétt á gjafsókn eigi hann skuldlausa fasteign.

Hér kemur líka fram þetta tekjuviðmið, milljón krónurnar, sem viðkomandi einstaklingur má ekki fara upp fyrir ef hann á að koma til greina að fá gjafsókn. Milljón krónur í árstekjur eru um 80 þús. kr. á mánuði. Það sjá allir að hér er verið að skerða rétt langflestra í samfélaginu til gjafsóknar burt séð frá mikilvægi þess máls. Eins og við höfum rakið snertir þetta afar viðamikla og mikilvæga málaflokka svo sem læknamistök, mannréttindi, umhverfismál. Þetta eru klassískir málaflokkar sem er að fullu leyti réttlætanlegt að gjafsókn sé veitt í vissum tilvikum.

Það komu einnig upp vangaveltur í allsherjarnefnd um hvort ástæða þessara frumvarpsbreytinga væri einhvers konar misnotkun á núgildandi gjafsóknarheimildum sem er að finna í lögunum. Fulltrúar dómsmálaráðuneytisins voru spurðir að þessu og þeir svöruðu því á fundi með allsherjarnefnd að það hefði ekki verið kannað sérstaklega. Við höfum því ekkert fast í hendi hvað það varðar, hvort ástæða þessara breytinga sé einhvers konar misnotkun á núgildandi rétti. En það er annað sem hægt er að benda á og snertir þetta frumvarp að það er margt óljóst hvað þetta varðar og það skrifast auðvitað á vinnubrögðin sem eru hér að baki. Það er óljóst hversu mikið þetta mun spara t.d. ríkissjóði, þrátt fyrir að lesa megi í athugasemdum með frumvarpinu að helsti hvatinn og jafnvel eini hvatinn að baki þessu frumvarpi sé að spara almannafé þá er ekki ljóst hve sparnaðurinn af því er mikill.

Hægt er að vitna í svar hæstv. dómsmálaráðherra Björns Bjarnasonar við fyrirspurn hv. þm. Jónínu Bjartmarz frá 17. nóvember sl. Þar segir hæstv. dómsmálaráðherra, með leyfi forseta:

„Hvað þessar spurningar varðar liggja þessar upplýsingar ekki fyrir í dómsmálaráðuneytinu eða hjá gjafsóknanefnd en kostnaður vegna gjafsóknar er ekki sundurliðaður annars vegar vegna a-liðar og hins vegar b-liðar 1. mgr. 126. gr. einkamálalaga ...“

Síðar í svari sínu segir hæstv. dómsmálaráðherra, með leyfi forseta:

„Það má því ætla að útgjöld vegna gjafsókna á grundvelli b-liðar nemi samkvæmt þessu um 5–15% af heildarútgjöldum vegna gjafsóknar á ári hverju.“

Þetta eru u.þ.b. 6–18 millj. kr. sem um er að ræða.

Hér sjáum við svart á hvítu að jafnvel dómsmálaráðherra og dómsmálaráðuneytið eru ekki alveg viss hvað þetta sparar mikið en menn hafa verið að slá á ákveðnar tölur. Hæstv. dómsmálaráðherra talar um 5–15%, fulltrúi dómsmálaráðuneytisins talaði um 10–15 millj. sem er svona á svipuðu reki. En mér finnst þegar komið er með frumvarp af þessu tagi og vísað til þess að tilgangurinn sé m.a. að spara almannafé að þá sé lágmark að menn viti hversu mikið það muni spara.

Ef við göngum út frá því að þessar tölur séu réttar, sem er í sjálfu sér engin ástæða til að efast um, sjáum við að þetta er bara brotabrot af þeim heildarkostnaði sem hlýst af gjafsóknum. Þetta eru 6–18 millj. kr. sem er í rauninni ekki *mikill sparnaður í ljósi þeirra réttinda sem verið er að afnema*. Eins og komið var inn á í minnihlutaálitinu kemur það skýrt fram að minni hlutinn telur að hér sé verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni.

Að lokum langar mig að vitna í umsögn laganefndar Lögmannafélagsins en, með leyfi forseta, stendur þar:

„Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur að með samþykkt frumvarpsins væri stigið skref aftur á bak að því er varðar aðgang einstaklinga að dómstólum.“

Ég held að það sé kjarni málsins og þess vegna leggst minni hluti allsherjarnefndar alfarið gegn samþykki þessa frumvarps.

[14:26]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð nú aðallega að standa upp til að mótmæla þeim orðum sem hér hafa fallið um að þetta frumvarp sé illa undirbúið. Það er það alls ekki. Frumvarpið er alveg skýrt og markmið þess er skýrt en það er að sjálfsögðu ágreiningur um það eins og mörg önnur mál í þinginu. Við vitum að vinstri flokkarnir vilja auka útgjöld hins opinbera og þeim er sama hvað hlutirnir kosta í raun og veru. Þeir vilja bara að útgjöldin aukist en við hinir viljum að spornað sé við útgjaldaaukningunni og þetta frumvarp er liður í því.

Það er einnig rangt sem kemur fram í niðurstöðum minni hlutans að ekki hafi verið haft samráð við gjafsóknarnefnd við undirbúning þessa máls. Það var gert og ég skil ekki hvernig í ósköpunum þingmenn setja slíkan texta inn í álit ef þeir vilja á annað borð láta taka mark á sér.

Í þessu frumvarpi er ekkert verið að hrófla við hinum fjárhagslegu viðmiðunum sem hafa verið í gildi og það er ekkert verið að breyta þeim. Það er því rangt að gefa til kynna að hér sé verið að þrengja eitthvað að því er það mál varðar.

Síðan er það auðvitað sjónarmið út af fyrir sig að sem flest mál eigi að vera fyrir dómstólunum og hið opinbera eigi að standa undir öllum kostnaði sem mönnum dettur í hug að stofna til í því skyni að fara með mál sín fyrir dómstólana og svo sem eðlilegt að lögmenn séu talsmenn þess að hið opinbera borgi þann kostnað og ýti þannig undir störf lögmanna. En það eru ekki heldur röksemdir sem eru haldbærar í umræðum af þessum toga og ekki haldbært að koma með það sem sjónarmið inn á Alþingi að það eigi að standa þannig að lagasetningu að menn fari umhugsunarlaust í málaferli vegna þess að einhverjir aðrir greiði kostnaðinn fyrir þá.

[14:28]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að halda mig við þá skoðun að ég tel þetta frumvarp vera illa unnið. Það kom fram að þetta er í annað skipti sem frumvarpið er lagt fram. Þetta mál var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Þá kom fram á fundi allsherjarnefndar varðandi frumvarpið sem lagt var fram á því þingi, en það frumvarp er efnislega svo að segja eins og það frumvarp sem hér er um að ræða, að ekki hafi verið haft samráð við gjafsóknarnefnd. Það má vel vera að dómsmálaráðuneytið hafi haft samráð við gjafsóknarnefnd í millitíðinni áður en þetta frumvarp kom fram, en hins vegar þegar fyrsta frumvarpið kom fram voru þetta upplýsingar sem við fengum í allsherjarnefndinni.

Að sama skapi vitnaði ég beint í orð hæstv. dómsmálaráðherra um að sparnaðurinn af þessu frumvarpi er óljós. Það kemur bæði fram í svari hæstv. dómsmálaráðherra við fyrirspurn hv. þm. Jónínu Bjartmarz og sömuleiðis kemur það fram í frumvarpinu sjálfu. Ég tel að frumvarp sem hefur það að markmiði að spara almannafé og hefur það ekki á tæru hvað það sparar mikið sé ekki vel unnið.

Hæstv. dómsmálaráðherra talaði um að ég hefði gefið í skyn að hér væri verið að setja einhvers konar þrengingar. Hér er að sjálfsögðu um þrengingu að ræða, það er verið að afnema heilan lið í einkamálalögunum sem lýtur að hinum almenna rétti, hinni almennu heimild að gjafsókn. Að sjálfsögðu er það þrenging á rétti til gjafsóknar að einstaklingar með hærri mánaðartekjur en 80 þús. kr. á mánuði hafi ekki rétt á gjafsókn lengur eins og staðan er í dag. Það er að sjálfsögðu þrenging.

Það er líka að mínu mati útúrsnúningur og hártogun að benda á það sem röksemd að vegna þess að gjafsóknarmálum hafi fjölgað svo mikið undanfarið sé þessi leið nauðsynleg. Eins og komið hefur fram í öðrum fyrirspurnum sem hæstv. dómsmálaráðherra hefur svarað eru gjafsóknarmál sem veitt eru á grundvelli b-liðar, sem hér er verið að afnema, (Forseti hringir.) brotabrot af þeim heildarfjölda gjafsóknarmála sem um er að ræða. Þetta mun því ekki sporna við fjölgun gjafsóknarmála nema að örlitlu leyti.

[14:30]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnast það mjög einfeldningsleg og barnaleg rök í máli þegar lagt er til að gera ráðstafanir til að sporna við útgjöldum ríkissjóðs að þá sé þess krafist af

mönnum að þeir upplýsi hve mikið verði sparað. Hver veit hver þróunin yrði ef haldið yrði áfram á sömu braut? Hvernig ætlar hv. þingmaður að svara þessari spurningu sjálfur? Svona barnaskapur í ræðustól á Alþingi er fyrir neðan allar hellur og að hann skuli fluttur um leið og dóms- og kirkjumálaráðuneyti og embættismenn þess og gjafsóknarnefnd og aðrir sem komið hafa að gerð frumvarpsins eru sakaðir um óvönduð vinnubrögð að þá komi hv. þingmaður upp og tali með þessum barnalega hætti um þetta alvarlega mál.

Það er ekki verið að hrófla við neinum viðmiðunum. Það er ekki verið að breyta neinum viðmiðunum að því er varðar tölulegar forsendur fyrir gjafsókn. Eins og ég sagði þegar ég flutti frumvarpið í þinginu er verið að búa þannig um hnútana að þeir fjármunir sem ríkissjóður ætlar til gjafsóknar nýtist þeim sem í raun og veru þurfa á þeim fjármunum að halda til að höfða mál og gæta réttar síns. Verið er að standa þannig að því við ráðstöfun á þessu fé að það nýtist þeim sem þurfa á þeim fjármunum að halda til að gæta réttar síns. En hv. þingmaður talar eins og að haga beri þessum málum á þann veg að hér sé einhver ótæmandi sjóður sem allir geti gengið í ef þeim dettur í hug að fara í mál, þá eigi bara hið opinbera að greiða og allur málflutningur hans snýr að því. Það er rökleysa finnst mér að ganga fram á þann veg sem hv. þingmaður gengur fram í málflutningi sínum.

Að sjálfsögðu hafa ákveðnar takmarkanir verið í gildi og alls staðar eru í gildi ákveðnar takmarkanir um þetta mál og mál af þessum toga. Hvergi í heiminum geta menn gengið í opinbera sjóði og farið fram á greiðslur úr þeim, sama hvaða mál þeir höfða og gegn hverjum það er höfðað.

[14:32]

Frsm. minni hluta allshn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hafi ég skilið hæstv. dómsmálaráðherra rétt telur hann að alveg kolómögulegt sé að vita hvaða sparnaður liggur að baki við samþykkt frumvarpsins. Hins vegar kemur fram í svari hæstv. dómsmálaráðherra frá 17. nóvember sl., með leyfi forseta:

„Ef hv. allsherjarnefnd vill fara ofan í kostnaðartöluna og skoða einstök mál og átta sig á hvað er greitt vegna einstakra mála þá er eflaust unnt fyrir nefndina að gera það."

Þetta segir hæstv. dómsmálaráðherra, að það ætti að vera unnt að skoða þessar tölur og hvetur nefndina til að gera slíkt. Við kölluðum eftir þeim tölum og fengum svona gisktölur frá fulltrúa ráðuneytisins. Það var giskað á að þetta mundi spara 10–15 millj. Í sama svari hæstv. dómsmálaráðherra er hann á sama reki, en það er alveg ótækt að hæstv. dómsmálaráðherra leggi fram frumvarp vitandi að það sé hægur leikur að skoða þær kostnaðartölur en hann hefur ekki fyrir því að finna þær sjálfur og baktryggja frumvarp sitt sem hefur það meginmarkmið að spara og hann hefur ekki fyrir því að setja tölurnar fullunnar í frumvarpið. Að þessu leyti tel ég frumvarpið vera illa unnið.

En þetta er kannski ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er að hér er á ferðinni pólitískur ágreiningur hvað þetta mál varðar. Við í minni hlutanum teljum að það eigi að vera heimild til gjafsóknar í málum sem varða almannahagsmuni eða verulega hagsmuni einkaaðila, ekki eingöngu vegna fjárhagsstöðu heldur vegna málsatvikanna, efnisatriðanna. Við höfum bent á mikilvæga málaflokka eins og mannréttindi, læknamistök, umhverfismál, mál vegna kosninga o.s.frv. Þetta eru málaferli sem við teljum réttlætanlegt að hið opinbera komi að með einhverjum hætti.

Í lokin langar mig að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann telji ekki rétt að hinar efnislegu takmarkanir sem finna ber í reglugerðinni eigi ekki frekar heima í lögunum en í reglugerðinni. Eins og ég rakti áðan kemur upphæðin sem gjafsóknin miðast við í reglugerðinni og ég vil kalla eftir því svari frá hæstv. dómsmálaráðherra á eftir.

[14:34]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Þar sem ég hafði ekki tækifæri til að standa í andsvörum við hv. þingmann er það svo að við lögðum reglugerðina fyrir allsherjarnefnd til að hún vissi hvernig að þessum málum er staðið. Ég tel að í reglugerðinni sé ekki gengið gegn lögunum á neinn hátt og þar sé verið að setja reglur sem standist alveg löggjöfina eins og hún er og að sjálfsögðu er hún enn á umræðustigi. Þess vegna var hún lögð fyrir nefndina, m.a. til að heyra álit manna á því, en það er ekki verið að ganga gegn lögunum með neinum hætti í reglugerðinni.

[14:35]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum enn eina ferðina frumvarpið til laga um breyting á einkamálalögum og eins og hæstv. ráðherra gat um í andsvörum sínum er um það mál djúpstæður ágreiningur á milli stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðuflokkanna.

Hv. þingmaður Ágúst Ólafur Ágústsson hefur farið yfir það með hvaða hætti sá ágreiningur kemur fram með því að fara yfir nefndarálit minni hluta allsherjarnefndar, en þar koma fram sjónarmið okkar í þessum efnum. Ég hef ekki neina ástæðu til að ítreka nein sérstök atriði í því sem hv. þingmaður Ágúst Ólafur Ágústsson fór yfir en lýsi einungis yfir því þar sem ég er áheyrnarfulltrúi í nefndinni að ég er sammála þeim meginsjónarmiðum sem fram koma í nefndaráliti minni hlutans.

Mér þykir það mjög miður, virðulegi forseti, að hæstv. dómsmálaráðherra skuli sjá ástæðu til þess að reyna að sýna viðleitni sína í verki til að draga úr útgjöldum hins opinbera á þann hátt sem hann gerir í frumvarpinu. Meðal þess sem deilt er um í málinu er hversu mikla fjármuni sé um að ræða. Hæstv. ráðherra sagði í andsvari sínu áðan að ágreiningurinn milli stjórnar og stjórnarandstöðu í málinu felist m.a. í því að stjórnarflokkarnir vilji sporna við útgjaldaaukningu ríkissjóðs á sama tíma og vinstri flokkarnir vilji auka útgjöld ríkisins. Þá skulum við líka skoða þær tölur sem um ræðir. Þær eru ekki óljósar því fram kemur í svari hæstv. ráðherra við fyrirspurn hv. þm. Jónínu Bjartmarz á þskj. frá 17. nóvember 2004 að kostnaðarskipting milli a- og b-liða laganna, 126. gr., sé ekki aðgengileg en samt megi með því að skoða heildartöluna auðvitað finna einhvers konar niðurstöðu eða svar við spurningunni.

Hæstv. ráðherra segir í svari sínu við fyrirspurn hv. þm.

Jónínu Bjartmarz um þetta efni fyrr á þessu þingi að gjafsókn sé mjög sjaldan veitt á grundvelli b-liðarins. Hlutfallið árið 1998 hafi t.d. verið með þeim hætti að gjafsókn var í 131 tilfelli veitt á grundvelli a-liðarins það ár, fjórum sinnum á grundvelli b-liðar og tólf sinnum á grundvelli a- og b-liðar sameiginlega. Sambærilegar tölur segir ráðherra hafa verið fyrir árið 2002, að 226 sinnum hafi gjafsóknarnefnd mælt með gjafsókn á grundvelli a-liðarins, 22 sinnum á grundvelli b-liðarins sem deilt er um og 7 sinnum á grundvelli a- og b-liðar sameiginlega. Það má því ætla, segir hæstv. ráðherra orðrétt, með leyfi forseta, „að útgjöld vegna gjafsókna á grundvelli b-liðar nemi samkvæmt þessu um 5%–15% af heildarútgjöldum vegna gjafsókna á ári hverju."

Hvað eru þessi 5%–15% há upphæð? Nefnilega 7,5–22,5 millj. eða með öðrum orðum eins og við höfum talað um, það má segja að þau mál sem heyra undir b-liðinn séu um 15 millj. virði þegar meðaltalið er tekið. Þetta er nú allur sparnaðurinn sem hæstv. ráðherra ætlar sér að fara í í málinu, um 15 millj. á ári. Ég lýsi því yfir úr þessum ræðustóli sem ég hef reyndar áður gert: Það er skammarlegt að hæstv. ráðherra skuli ætla sér að spara 15 millj. kr. á ári úr ríkissjóði með því að láta það bitna á því fólki sem á í hlut því að hvaða fólk á hagsmuna að gæta varðandi þau mál sem heyra undir b-liðinn? Við skulum skoða það aðeins nánar því það kom líka fram í umfjöllun nefndarinnar hvers konar mál falla undir þetta ákvæði.

Þetta eru m.a. mál sem ríkið sækir, fordæmismál, t.d. þegar ríkisskattstjóri tekur einn skattgreiðanda út úr hópi margra til að fá dómsniðurstöðu um tiltekið álitamál. Þ.e. ríkið höfðar mál gegn einstaklingi til að gefa fordæmi í málinu þannig að dómstólar dæmi í málum sem skattyfirvöld eru ekki viss um hvernig eigi að afgreiða, þá tekur ríkisskattstjóri af handahófi einstakling og lögsækir. Mál af þessu tagi hafa t.d. hlotið náð fyrir augum gjafsóknarnefndar og hafa heyrt undir b-liðinn.

Sömuleiðis má nefna mál þar sem aflahæfi fólks er skert og það þarf að fara í skaðabótamál við ríkið, skaðabótamál þar sem tekist er á um sök. Það var ekki verið að tala um venjuleg tryggingatjón heldur skaðabótamál þar sem tekist er á um sök og þar er líka um að ræða mál sem fyllilega eðlilegt er að viðkomandi fái gjafsóknir.

Svo má nefna lóðamál þar sem eru deilur um lóðarétt, sveitarstjórnarmál ýmiss konar, virkjanamál og almennt mál sem lúta að úrskurðum sem ráðherrar hafa gefið í álitamálum, þannig að ef einstaklingar hafa viljað fá hnekkt úrskurðum sem ráðherrar hafa fest, það sé einstaklingum í óhag, hafa þeir einstaklingar geta höfðað mál á grundvelli gjafsóknar til að skera úr um réttinn gagnvart ríkisvaldinu, gagnvart ráðherrunum sjálfum. Hæstv. dómsmálaráðherra er því með því að fella niður heimildina sem hefur verið til staðar í b-liðnum að fella út möguleika einstaklinga á því að lögsækja ráðherrana. Hann er með öðrum orðum að skjóta sér og sínum samráðherrum undan þeirri ábyrgð sem eðlilegt er að þeir sæti því auðvitað verða færri mál af því tagi sem koma til kasta dómstóla með því að fólk hættir að fá gjafsókn í slíkum málum.

Það má t.d. nefna mál sem mikið hefur verið í fréttum undanfarið, dóm sem nýverið féll í héraðsdómi þar sem fyrrverandi hv. þm. Hjörleifur Guttormsson stefndi m.a. umhverfisráðherra og reyndar fjármálaráðherra og fleiri aðilum vegna málsmeðferðar á stjórnsýslustigi þegar mat á umhverfisáhrifum álvers austur á Reyðarfirði fór í gegnum stjórnsýsluna. Þó svo það mál hafi reyndar verið komið langt áður en stefnandi í því máli fékk gjafsóknina samþykkta endaði það mál í gjafsókn. Það eru nákvæmlega mál af þessu tagi sem hæstv. ráðherra er að koma sér hjá vegna þess að hann er að forða ráðherrunum og sjálfum sér undan því að standa frammi fyrir dómurum og fá dóm á sig fyrir að brjóta á rétti einstaklinga í samfélaginu.

Þetta er forkastanlegt í þessu frumvarpi og þarna stendur ágreiningurinn. Ágreiningurinn er pólitískur og mjög málefnalegur og það er hæstv. ráðherra til minnkunar að hann skuli koma í andsvar við hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson og halda því fram að rökstuðningur okkar stjórnarandstöðuþingmanna sé byggður á einhverjum barnaskap og einfeldni. Það er beinlínis rangt hjá ráðherranum og honum til minnkunar.

Umsagnir sem allsherjarnefnd hafa borist um málið styðja sjónarmið mitt að hér sé um pólitík að ræða, pólitíska stefnumótun, enda segir í umsögn réttarfarsnefndar sem gefur í sjálfu sér ekki umsögn um málið vegna þess að hún telur frumvarpið fela í sér almenna stefnumótun sem lúti að ráðstöfun á almannafé, af þeim sökum telur réttarfarsnefnd það utan verksviðs síns að taka afstöðu til efnis frumvarpsins. Sem sagt pólitísk stefnumótun. Það er því ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að hann geti vikið sér undan því að taka þennan slag sem er nauðsynlegt að taka og ég hvet hv. þingmenn stjórnarflokkanna til að hlýða á mál stjórnarandstöðunnar og taka málefnalega afstöðu til þess sem hér um ræðir. Rök hæstv. ráðherra eru ekki réttlætanleg að hér sé um sparnað að ræða og koma því þannig yfir á stjórnarandstöðuna að hún vilji bara auka útgjöld ríkissjóðs til hægri og vinstri því þetta eru prinsippmál sem hér um ræðir og það prinsipp sem falið hefur verið í b-lið 126. gr. hefur verið áratugum saman í lögum. Auðvitað hefur það ekki verið mikið notað en það hefur þó verið notað í mjög afdrifaríkum málum.

Ég átel hv. þm. Bjarna Benediktsson, formann allsherjarnefndar, fyrir að halda því fram hér í ræðustól áðan þegar hann fylgdi úr hlaði meirihlutaáliti allsherjarnefndarinnar að með þessu frumvarpi sé ekki gert ráð fyrir fækkun gjafsóknarmála en það kunni að stemma stigu við frekari aukningu gjafsóknarmálanna. Á hvern hátt getur hv. þingmaður rökstutt þessa fullyrðingu sína? Hvernig getur það verið að í hæsta lagi 15 mál á þessu ári, af þessum málafjölda, geti tommað til þess að stemma stigu við aukningu þessara mála? Þetta er yfirklór og yfirvarp hjá hv. þingmönnum í meiri hluta allsherjarnefndar og ég tel að þetta sé einungis sett fram til þess að reyna að réttlæta vilja hæstv. ráðherra, hér séu bara þjónar ráðherrans að ná fram markmiðum og ætlunarverkum hans.

Það kemur líka fram á mjög skýran hátt í umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands sem barst allsherjarnefnd og er dagsett 29. apríl 2004 að hún telur rökstuðning þessa máls vera afar veikan og málið allt standa á brauðfótum, sérstaklega kannski hvað varðar þennan b-lið. Sömuleiðis gagnrýnir laganefnd Lögmannafélags Íslands reglugerðar-

heimildina sem sett er inn í þetta frumvarp.

Ég má til með, hæstv. forseti, að fá að vitna í þessa umsögn laganefndarinnar þar sem kvartað er undan því að það skorti að gerð sé grein fyrir bæði markmiðunum og tilefninu sem þetta frumvarp byggir á. Í umsögninni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur að á það skorti verulega í frumvarpi því sem hér er til umsagnar að gerð sé grein fyrir markmiðum þeirra lagabreytinga sem þar eru lagðar til eða að getið sé tilefnis þeirra. Þær röksemdir sem færðar eru í frumvarpinu fyrir hinni ráðgerðu skerðingu gjafsóknarheimilda lúta að því að ákvæði í b-lið 1. mgr. 126. gr. sé afar víðtækt og þykir ekki forsvaranlegt að verið sé að kosta málshöfðun eða málsvörn einstaklings af almannafé á grundvelli svo almenns ákvæðis.

Að mati laganefndar fullnægir þetta ekki þeim kröfum sem gera verður til rökstuðnings og tilgreiningar tilefnis og markmiðs með ráðgerðum breytingum."

Hér skortir sem sagt á að gerð sé grein fyrir markmiðum þessara lagabreytinga og tilefni þeirra. Það stendur ekki í greinargerðinni með frumvarpinu að þetta sé sparnaðaraðgerð. Það hefur einungis komið fram í máli hæstv. dómsmálaráðherra. Við höfum líka hrakið það með rökum að hér sé um svo fátæklega sparnaðaraðgerð að ræða. Það stenst því ekki.

Þess vegna, eins og ég segi, ítreka ég það að hæstv. ráðherra verður að koma hér með haldbetri rök fyrir því að þetta skuli gert og svara á málefnalegan hátt þeim ávirðingum sem við stjórnarandstöðuþingmenn höfum komið með í þessum ræðum okkar.

Sömuleiðis má taka undir lokaorð í umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands sem telur að með samþykkt þessa frumvarps sé stigið skref aftur á bak að því er varðar aðgang einstaklinga að dómstólum. Þetta er auðvitað lykilatriði í þessu máli öllu. Hér er verið að skerða rétt einstaklinga til að sækja rétt sinn fyrir dómstólum.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands bætir við í niðurlagi umsagnar sinnar, með leyfi forseta:

„Auk þess skortir ítarlegan rökstuðning fyrir skerðingunni í athugasemdum með frumvarpinu en þar er ekki gerð grein fyrir helstu markmiðum breytinganna. Þá skortir algerlega á að í athugasemdum með frumvarpinu sé gerð grein fyrir tölulegum upplýsingum um mál sem veitt hefur verið gjafsókn í á grundvelli umræddra lagaákvæða og hver sé kostnaður við þau sé það markmið breytinganna að lækka kostnað við gjafsóknarleiðir."

Undir þessi orð laganefndar Lögmannafélagsins skal tekið hér og því vísað til föðurhúsanna að hér sé um einhvern barnaskap að ræða eða að það sé barnalegt að krefja hæstv. ráðherra um að hann komi hér og rökstyðji mál sitt betur en hann hefur gert hingað til.

Varðandi síðan reglugerðarákvæðið sem sett er fram í frumvarpinu má auðvitað fagna því að drög að reglugerðinni skuli hafa verið lögð fram í nefndinni. Það eru vinnubrögð sem ég get tekið undir að séu af hinu góða og til sóma. Það var gott að fá að sjá þannig yfir öxlina á hæstv. ráðherra hvað hann er að hugsa varðandi þetta reglugerðarákvæði.

Á hinn bóginn má segja að þessi reglugerðarheimild sé ámælisverð að hluta til vegna þess að það er almennt ekki æskilegt eða taldir góðir lagasetningarhættir að veita reglugerðarheimildir í stað þess að setja skýr efnisákvæði í lög. Sérstaklega á þetta við þegar um ágreiningsmál er að ræða, eins og í þessu tilfelli. Þá er það ekki forsvaranlegt að hæstv. ráðherra skuli ákveða að leysa ágreiningsmálin að hluta til með reglugerðarheimild og að þingmenn stjórnarflokkanna skuli bara gleypa þetta hrátt. Löglærðir þingmenn í allsherjarnefnd eiga auðvitað að vita hvað eru góðir lagasetningarhættir. Þeir hafa lært í fræðum sínum að ekki sé til eftirbreytni að setja reglugerðarheimildir á þessum nótum inn í lög, það sé betra og skýrara og réttara að úttala sig um það hvað lögin meina í lagatextanum.

Undir hvað eru hv. þingmenn stjórnarflokkanna að beygja sig hér? Undir hvað eru stjórnarliðar að beygja sig í þessu máli? Undir pólitíska vilja og leiðsögn hæstv. dómsmálaráðherra — það er mitt svar. Ég tel afar mikilvægt að stjórnarliðar skoði þetta mál gagnrýnum augum og taki ekki bara hrátt það sem hæstv. ráðherra hefur sagt hér í ræðum sínum. Þetta er engin sparnaðaraðgerð, það er verið að brjóta rétt á einstaklingum í samfélaginu okkar og, eins og ég hef sagt, rétt á fólki sem hefur ákveðið að reyna að leita réttar síns fyrir dómstólum.

Það er rétt í þessu tilfelli, hæstv. forseti, að benda á athyglisverða grein sem birtist í tímaritinu Úlfljóti árið 1994 þar sem Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður, sem þá sat í gjafsóknarnefnd og hafði setið um nokkurt skeið, gerir ágætlega grein fyrir ákvæðinu sem ætlunin er að fella út úr lögum með þessu frumvarpi. Atli segir í greininni sinni að sú heimild sem fólgin er í b-liðnum hljóti að verða að teljast veigamikil réttarbót þannig að á þeim tíma, þegar þetta er upphaflega sett inn í lögin, 1992, er þetta talin vera veruleg réttarbót fyrir einstaklinga. Þess vegna er eðlilegt að við spyrjum: Hvað vakir fyrir hæstv. dómsmálaráðherra að taka þessa réttarbót nú af fólki? Er ekki lengur þörf á því að hafa hana til staðar? Ég segi jú, við þingmenn stjórnarandstöðunnar segjum jú. Það er full þörf á því að þessari réttarbót sé haldið í lögum og það er fullkomin ósvinna að taka hana út án nokkurra raka annarra en þeirra sem hæstv. ráðherra hefur reynt af veikum mætti að gefa, þ.e. að það þurfi að spara 15 millj. á ári fyrir ríkissjóð.

Að lokum, hæstv. forseti, langar mig til að fara nokkrum orðum um þessa grein hæstaréttarlögmannsins Atla Gíslasonar sem birtist í Úlfljóti. Hann fjallar um það hvers konar mál það eru sem heyra undir b-liðinn. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Tíðast er að gjafsóknarnefnd vísi til b-liðar 126. gr. þegar um er að ræða skaðabótamál til heimtu bóta fyrir varanlega örorku þegar örorka er mikil. Í slíkum tilvikum er ljóst að aflahæfi er skert þannig að það varðar framtíðarafkomu umsækjanda og fjölskyldu hans mjög verulega. Enn fremur hefur gjafsókn verið veitt þegar mál varðar bætur fyrir missi framfæranda, lífeyrisréttindi, atvinnuréttindi og eignarréttindi, réttindi varðandi friðhelgi einkalífs og önnur heföbundin mannréttindi. Gjafsókn hefur meðal annars verið veitt í málum vegna ófrjósemisaðgerðar og vönunar þar sem vafi lék á um heimild til aðgerðanna. Einnig má í dæmaskyni nefna mál vegna þinglýsingarmistaka þar sem afstaða ríkisins leiddi til þess að einstaklingar, sem hlut áttu

að máli, urðu að höfða mál til að fá skorið úr hvort tjónið lenti á þeim eða bankastofnun, áður en unnt var að höfða mál gegn ríkinu.“

Síðar í greininni segir áfram, með leyfi forseta:

„Við mat á því hvort skilyrðum b-liðar 126. gr. sé fullnægt ber að hafa í huga að hún felur í sér frávik frá upphaflegum tilgangi gjafsóknarheimilda. Höfuðmarkmið gjafsóknar er að gera hinum efnaminni kleift að gæta réttar síns fyrir dómi. Öðrum verður ekki veitt hagræði gjafsóknar nema í undantekningartilvikum.“

Það eru sem sé undantekningartilvikin sem hér á að skera út. *Hin þrönga túlkun sem gjafsóknarnefnd hefur not*að á þessa þýðingarmiklu heimild kemur auðvitað í veg fyrir nokkra misnotkun á þessu ákvæði.

Ég sé því ekki betur en að réttarbótin sem leidd var í lög á sínum tíma sé hér á gerræðislegan hátt strikuð út úr lögunum og, hæstv. forseti, ég mótmæli því sem skerðingu á *mannréttindum þegnanna í þessu landi.*

[14:56]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Frjálslyndi flokkurinn stendur að minnihlutaáliti allsherjarnefndar sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson hafa farið yfir og gert mjög málefnalega.

Ég ætla að forðast að fara yfir það á ný en ég undrast hér mjög að heyra ræðu hæstv. dómsmálaráðherra. Eftir að hér hafa verið færð málefnaleg rök fyrir áliti minni hlutans talar hæstv. dómsmálaráðherra um barnaskap. Það sýnir helst málefnafátækt hæstv. dómsmálaráðherra að geta ekki tekið málefnalega rökræðu um málið í staðinn fyrir að reyna að drepa því á dreif, slá sér á brjóst og segja viðmælendur hér á hinu háa Alþingi fara með einhvern barnaskap.

Það er óumdeilt að verið er að skerða réttindi almennings. Það er einnig óumdeilt að flest þeirra mála snúa að stjórnvöldum. Þess vegna er rétt að hæstv. dómsmálaráðherra svari því hvort hann sé í raun og veru, eins og öll teikn eru á lofti um, að forðast að fara í mál, þ.e. að almenningur sæki rétt sinn. Auðvitað vakna spurningar um það, sérstaklega í ljósi þess að sú ríkisstjórn sem nú er við völd hefur oft og tíðum lent í dómsölunum vegna verka sinna. Þá ber hæst að hún hefur tapað í þrígang fyrir öryrkjum og nú stefnir í fjórða skiptið vegna svika, sérstaklega Framsóknarflokksins, við öryrkja þegar þeir sviku þá um 500 millj., brutu samning sem þeir handsöluðu rétt fyrir kosningar. Svo skreyttu þeir sig í blöðum með þessu handtaki, eða svikataki, í Morgunblaðinu og víðar.

Auðvitað eiga menn að svara fyrir raunveruleg markmið. Þau hafa ekki komið fram. Að vísu hefur komið fram að um einhvern sparnað sé að ræða, hugsanlegan sparnað, já. Hæstv. dómsmálaráðherra talar um að hann sé fulltrúi sparnaðar, hægri flokkurinn. *Ef maður lítur yfir farinn veg* ríkisstjórnarinnar, ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar, *sér maður að þetta kompaní hefur ekki aldeilis* verið að spara. Ríkisútgjöld hafa þanist út á valdatíma þessara flokka um heil 5% af þjóðarframleiðslu. Þetta eru bara staðreyndir sem fulltrúar þessara flokka hafa ekki reynt að hrekja en þeir hafa reynt að þegja þær í hel og þeir vilja ekki ræða þær.

Það er með ólíkindum að hæstv. dómsmálaráðherra tali hér um sparnað þegar verið er að svipta fólk möguleikum á að sækja rétt sinn gagnvart stjórnvöldum nokkrum vikum eftir að hann skipaði enn einn sendiherrann, enn einn flokksgæðinginn í stól sendiherra. Sparnaðurinn sem verður af þessum verkum við að svipta fólk réttindum til að sækja mál á hendur stjórnvöldum nær ekki útgjöldum af kostnaði eins sendiherra. *Það er áhyggjuefni og í rauninni er* skammarlegt að hæstv. dómsmálaráðherra komi hér og ræði um einhvern sparnað, nýbúinn að auka útgjöldin og er í sífelldum útgjaldaaukningum.

En það er rétt að líta til þess varðandi hvers konar málum t.d. núna þessa dagana er verið að koma í veg fyrir að *menn sæki rétt sinn.* Hvaða mál eru það? Mér dettur strax í hug að nú sé verið að koma í veg fyrir að bændur landsins og jarðeigendur nái að fá gjafsókn í sínum málum varðandi það að sjávarjarðir haldi réttindum sínum til sjósóknar, en eitt af verkum ríkisstjórnarinnar hefur verið að reyna hvað hún getur að koma í veg fyrir að sjávarjarðir haldi réttinum til að nýta auðlindirnar í kringum jarðirnar. Þessi réttur er festur í lög og hann er einnig festur í samþykktir stjórnarflokkanna. Þess vegna er svo sérkennilegt að e.t.v. er markmið þessarar gjörðar sem við erum að horfa upp á í dag einmitt að koma í veg fyrir að samþykktir sjálfra flokkanna nái fram að ganga. Það er í raun verið að gera grín að bændum og öðrum sem hafa tekið þátt í að færa þetta inn í samþykktir stjórnarflokkanna því þegar það er komið á hið háa Alþingi þá á ekkert að gera með þetta.

En hversu margir munu eiga rétt á að sækja rétt sinn gagnvart breyttum lögum? Það eru einungis efnalitlir einstaklingar. Það hefur verið rætt hér um 80 þús. kr. mánaðarlaun. En markið hefur víst verið túlkað rýmra og allt upp í 110 þús. kr. eða 1.100 þús. kr. á ári og þetta eru um 100 þús. kr. á mánuði. Það hefur komið fram á hinu háa Alþingi að innan við 10% þjóðarinnar eigi rétt á gjafsókn að breyttum lögum.

Upp úr stendur að hæstv. dómsmálaráðherra hefur ekki svarað fyrir raunverulegt markmið laganna. Hann hefur ekki svarað því hvort markmiðið sé í raun að skerða réttindi almennings eins og allt bendir til eða hvort einhver sparnaður sé í gangi. Ef maður horfir upp á verk ríkisstjórnarinnar, eins og áður segir, þá gengur sú röksemd ekki, því miður, því að ríkisstjórnin hefur alls ekki verið á þeim buxunum þessa dagana að hugsa til sparnaðar, því miður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þriðja kynslóð farsíma, 2. umr.

Stjfrv., 160. mál. — Þskj. 160, nál. 559, brtt. 586.

[15:04]

Frsm. samgn. (Guðjón Hjörleifsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurberg Björnsson og Karl Alvarsson frá samgönguráðu-

neyti, Sigurjón Ingvason frá Póst- og fjarskiptastofnun, Pál Ásgrímsson frá Símanum og Pétur Pétursson og Örn Orrason frá Og Vodafone. Umsagnir um málið bárust frá nokkrum aðilum.

Mál þetta var lagt fram á 130. þingi og sendi nefndin það einnig þá út til umsagnar auk þess að ræða það vel.

Hingað til hafa sérlög ekki verið í gildi varðandi úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóð farsíma og því ekki við önnur lög að styðjast en lög um fjarskipti. Með málinu er lagt til að sérlög verði sett um þriðju kynslóð farsíma að því er varðar úthlutun tíðna. Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði að úthlutun tíðna fari fram á grundvelli útboða eftir reglum sem þar er kveðið á um og taka m.a. til útbreiðsluskyldu og kostnaðar vegna leyfa. Enginn hefur enn sótt um að fá úthlutað leyfi fyrir starfrækslu farsímaneta fyrir þriðju kynslóð farsíma en þegar til þess kemur er mikilvægt að til séu skýrar reglur um slíka úthlutun. Markmið frumvarpsins er eins og kemur fram í 1. gr. að tryggja hagsmuni neytenda og virka samkeppni. Nefndin telur að þessum markmiðum verði náð eins og málið liggur fyrir, m.a. með vísan til útboðsleiðarinnar og kröfu um lágmarksþjónustu á hverju svæði. Er það mat nefndarinnar að nokkuð góð sátt ríki um málið.

Frú forseti. Við meðferð málsins ræddi nefndin hugmynd, sem kom fram á fundi hennar með fulltrúum símafyrirtækja, um að tekið væri tillit til þess að fyrirtækin gætu uppfyllt kröfurnar að hluta með svokallaðri tveggja og hálfs kynslóðar farsíma, „edge" tækni. Það er niðurstaða nefndarinnar að slíkt sé ekki ráðlegt, í það minnsta ekki miðað við núverandi aðstæður.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Kristján L. Möller, Bryndís Hlöðversdóttir og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta rita Guðmundur Hallvarðsson, Sæunn Stefánsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara, Guðjón Hjörleifsson, Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara, Kristján L. Möller, með fyrirvara, og Birkir Jón Jónsson.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði frumvarpinu vísað til 3. umr.

[15:07]

Kristján L. Möller:

Virðulegur forseti. Það frumvarp sem hér er á dagskrá um þriðju kynslóð farsíma hefur verið til umræðu í hv. samgöngunefnd eins og hér hefur verið greint frá og segir í nefndaráliti en ég ásamt félaga mínum úr Samfylkingu skrifuðum upp á það nefndarálit með fyrirvara. Þeir fyrirvarar voru m.a. um ýmislegt í þessu máli og það sem ég staldraði fyrst við og hafði efasemdir um var um það hvort þörf sé á að setja þessi lög nú. Aðalrökstuðningur, að mér fannst, samgönguráðuneytismanna var að það þyrfti að setja lagaumhverfi ef einhverjir útlendingar kæmu og mundu sækja um leyfi fyrir þriðju kynslóð farsíma.

Út af fyrir sig getur verið rétt að nauðsynlegt sé að hafa þetta. En á móti kemur að fulltrúar annars ef ekki beggja stóru símafyrirtækjanna sem þarna komu og m.a. skiluðu gögnum sem rétt er að hafa í huga, virðulegi forseti, að voru mjög svipuð og þau sem hafa verið lögð fram á undanförnum þingum þegar þetta mál hefur verið rætt, höfðu ákveðna fyrirvara um að yfir höfuð væri þörf á þessu og töldu að þriðja kynslóð farsíma hér á Íslandi væri kannski langt undan.

Það kom fram m.a. á fundinum, virðulegi forseti, að töluverður kostnaður fylgir því að fara út í þriðju kynslóð farsíma fyrir símafyrirtækin og land og þjóð ef út í það fer. Ég hef ákveðnar efasemdir um að nokkur þörf sé á því núna árið 2005. Ég vil segja það, virðulegi forseti, að það getur vel verið að það komi í ljós síðar meir að það hefði bara verið ágætt að við Íslendingar hefðum ekkert verið að flumbrast áfram með þriðju kynslóð farsíma, lagagerð eða útboð eða annað, að það hefði kannski bara verið ágætt að við slepptum því vegna þess að við vitum að erlend símafyrirtæki eru mjög brennd af þeim mikla uppboðsmarkaði sem upphófst af þriðju kynslóð farsíma. Þau buðu hátt og þetta hefur svo ekkert mikið gengið eftir. Með öðrum orðum, virðulegi forseti, er ég að segja að kannski er þróunin það hröð í þessu að menn bara hoppa yfir þetta þriðju kynslóðar farsímadæmi og við kannski sleppum því bara hér.

Einnig var mikið rætt í nefndinni um svokallaðan tveggja og hálfs kynslóðar farsíma með svokallaðri „edge" tækni. Ég er einfaldlega að segja, virðulegi forseti, að símafyrirtækin eru ekkert voðalega mikið að ýta á eftir þessu frumvarpi og það er mjög athyglisvert. Ég nefndi þrjár ástæður. Mikill kostnaður er þessu samfara, það er áhugaleysið og svo þessi tveggja og hálfs kynslóðar sími og það að þetta kerfi eða þessir þriðju kynslóðar farsímar séu vegna hraðrar þróunar í þessum tækniheimi að verða úreltir og við höfum því kannski bara ekkert með þá að gera.

Það er þetta einna helst, virðulegi forseti, sem ég vildi láta koma fram um efasemdir okkar samfylkingarmanna með þetta. Einu rökin sem voru sett fram sem gera það að verkum að við þurfum kannski að samþykkja þessi lög hér eru að hafa þetta sjóklárt, ef svo má að orði komast, ef einhverjir útlendingar koma og sækja um, þó að maður efist nú um það. Á hinn bóginn gæti við að samþykkja þessi lög upphafist kapphlaup milli símafyrirtækjanna við að fara út í þetta og þar hef ég lýst mínum efasemdum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekkert að hafa þetta miklu lengra nú í upphafi. Ég kem kannski síðar þegar ég hef ákveðin gögn sem ég hefði nú viljað hafa í höndum við að ræða þetta, en sem af tæknilegum ástæðum voru farin úr möppum okkar þingmanna. Það er ekkert við því að segja. Það gerðist vegna þess að ætlunin var að klára þetta mál fyrir jólaleyfið. En það tókst ekki. Það var látið bíða og er því nú rætt hér á öðrum degi þingsins eftir jólahlé.

[15:12]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Sá sem hér stendur flytur ásamt hv. þm. Kristjáni Möller og hv. þm. Jóni Bjarnasyni breytingartillögur við þetta mál og er rétt að ég geri grein fyrir því í upphafi máls míns. Breytingartillögurnar snúa að 2. gr. frumvarpsins.

Við þá grein leggjum við til að sett verði inn ákvæði sem gerir það að verkum að úthlutun á tíðnum fari eigi fram fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2007. Þetta er sem sagt frestunarákvæði.

Greinin mundi þá hljóða svo, með leyfi forseta:

„Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar tíðnum skv. 1. gr., þó ekki fyrr en eftir 1. janúar 2007."

Við töldum að ýmislegt hefði komið fram um málið, þ.e. þriðju kynslóð farsíma, sem benti til að ástæða væri til að flýta sér hægt. Ég held að ef eitthvað er hafi, frá því að við fjölluðum um þetta mál, bæst við upplýsingar í þá veru að jafnvel sé ekki sérstök þörf á því að taka til við þetta né mikill áhugi hjá sumum símafyrirtækjum. Því hefur verið lýst þannig að símafyrirtækin sæju ekki ástæðu til að fara hratt í þessu máli og að jafnvel væri enginn áhugi fyrir því að fara af stað með þriðju kynslóð farsíma. Í því sambandi hefur m.a. verið nefnd ný tækni, hin svokallaða önnur og hálf kynslóð farsíma sem byggist á eldri tækni GSM-símkerfisins og breytingum á því.

Niðurstaða okkar og fyrirvari við nefndarálitið snýr m.a. að því að við teljum ástæðu til að fresta þessu máli. Í annan stað leggjum við til að í stað hlutfallstölunnar 60% komi 75%. Það snýr að 3. og 4. gr. frumvarpsins eins og það lítur út og tekur til þeirrar dreifingarskyldu sem á við þegar talað er um útboð fyrir ákveðin landsvæði sem er skilgreind eru í frumvarpinu. Þau eru skilgreind þannig, samkvæmt 3. gr. frumvarpsins: „a. höfuðborgarsvæðis, b. Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands vestra, c. Norðurlands eystra og Austurlands, d. Suðurlands og Suðurnesja."

Þetta eru svæðin sem um er rætt þegar talað er um hvaða þjónustustig verði uppfyllt með því að ná til notenda. Í frumvarpinu er talað um 60% en í breytingartillögu okkar þremenninganna leggjum við til að þar standi talan 75% og við hana miðist sá afsláttur sem getið er um í 4. gr. Afslátturinn gæti þá byrjað að telja þegar menn næðu 75% og meira. Eftir sem áður mundu tölurnar í 4. gr. ekki breytast, annars vegar að hámarksupphæðin fyrir tíðnigjald sé upp á 190 millj. kr. og upphæðin geti lægst orðið 40 millj. kr., þ.e. ef sú útbreiðsla næst sem gefur þann afslátt. Ef ég man rétt á afslátturinn að geta numið 10 millj. kr. fyrir hvern hundraðshluta til viðbótar því sem gert er ráð fyrir í lögum. Við leggjum sem sagt til að þessi viðmiðunartala verði ekki 60% heldur 75%. Þar af leiðandi verður sterkari kvöð um meiri útbreiðslu og verður að taka tillit til þess í útboðum. Krafan væri þannig um að ná til 75% íbúa svæðisins.

Það eru ýmsar ástæður fyrir þessari framsetningu okkar, m.a. þær að okkur sýnist að nokkuð auðveldlega megi ná 60%, þ.e. með því að ná aðeins til mestu þéttbýlisstaðanna í hverju kjördæmi og þar af leiðandi verði ekki mikil kvöð að ná nægri dreifingu. Að vísu er þó þessi gulrót, um afslátt fyrir hvert prósent umfram þá dreifingu sem sett eru skilyrði um. Þetta er sem sagt tillaga okkar og lýtur m.a. að fyrirvara sem við höfðum við nefndarálitið.

Þriðja tillagan er við 6. mgr. 5. gr. Þar bætist við nýr málsliður, svohljóðandi:

„Þá skal þar koma fram að tryggt verði að notendur annarra símkerfa greiði ekki aukakostnað vegna símhringinga í símkerfi samkvæmt þessum lögum."

Þetta er auðskilinn texti. Við erum í raun að segja að við viljum að það verði algjörlega tryggt að þeir sem hringja í önnur símkerfi, hvort sem það er NMT-kerfið eða GSM-kerfið, eða að nota koparlínurnar, þurfi ekki að greiða kostnaðinn af þriðju kynslóð farsíma, að sá kostnaður færist ekki yfir á þá notendur. Ég held að það hljóti að vera réttlætismál að þeir sem nota þriðju kynslóð farsíma, verði hún tekin upp hér á landi sem ég er alls ekkert viss um miðað við hraða tækninnar, greiði kostnaðinn og tryggt verði að notendur í öðrum kerfum greiði ekki þann kostnað, hvorki dreifingarkostnað né annan notkunar- eða þjónustukostnað vegna þriðju kynslóðarinnar. Fyrir það á að girða og út á það gengur breytingartillaga okkar.

Almennt má segja, virðulegur forseti, að sífellt fleiri rök hnígi til þess að við eigum að flýta okkur afar hægt við að setja þetta mál í gang og skoða vandlega á hvaða vegferð við erum. Menn sem ég hef rætt við hjá símafyrirtækjunum hafa látið þau sjónarmið í ljós að það sé ekki mikill áhugi hjá símafyrirtækjunum að takast á við þetta átak, keppa um þriðju kynslóð farsíma og nýtt dreifikerfi fyrir hana. Ég held að menn ættu að staldra aðeins við í því sambandi.

Ýmis annar kostnaður sem verður til í símkerfum eða fjarskiptakerfum yfirleitt er annar þáttur sem við gætum blandað inn í umræðuna. Til fellur kostnaður við fjarskiptin, dreifingu á sjónvarpsefni, margmiðlun og öðru slíku. Í því sambandi komu fram athyglisverðar upplýsingar í svokallaðri fjölmiðlanefnd þar sem ég sat tvo fundi. Þar kom eiginlega fram sú fullyrðing að Íslendingar væru sennilega að gera dýrustu tilraun sem þekkt væri í veröldinni við dreifingu á margmiðlunarefni, sjónvarpsefni og tölvutengdu efni. Allt bendir til þess að hér séum við að búa til þrefalt, fjórfalt eða jafnvel fimmfalt dreifikerfi.

Síminn keypti Skjá einn, til að gera hvað? Til að nota hugsanlega koparlínurnar sínar. Þeir standa frammi fyrir því á Símanum að koparlínur í jörðu sem enginn hringir í gegnum eru einskis virði. Það er bara þannig. Þýðir ekki að halda því fram að koparlínur sem enginn notar séu mikils virði. Ég held að þingmenn geti flett því upp í eigin huga hversu oft er hringt í farsíma þeirra og hversu oft í heimilissíma. Ætli sé ekki að verða svo hjá mörgum fjölskyldum landsins að það sé um tíu sinnum oftar hringt í farsíma en heimilissíma. Þá getum farið að spyrja okkur: Hvers virði eru koparlínurnar? Síminn þarf örugglega að gera þær meira virði með því að koma um þær öðru efni en þær hafa verið notaðar fyrir til dagsins í dag, margmiðlunarefni, sjónvarpsefni og tölvutengdu efni, m.a. til að halda verðgildi þeirra.

Við leggjum ljósleiðara fram og til baka um byggðir landsins, erum með örbylgjusendingar og koparlínurnar, þær mega ekki gleymast. Einnig er komið upp, hvað heitir það, dreifikerfi Landsvirkjunar er það ekki? Þar er gervitunglatækni notuð og hefur verið reist mastur í Bláfjöllum og mig minnir að dreifingin sé frá Vík í Mýrdal og vestur á Snæfellsnes. Miðað við það sem ég hef lesið væri sennilega hagkvæmast að byggja upp dreifikerfi með þeirri tækni, að reisa nokkur möstur um landið og opna með því fyrir mögulegt efni, tugi eða hundruð sjónvarpsrása með þeirri dreifingarleið einni. Þetta hefur a.m.k. verið sagt í mín eyru. Sú tækni gæti kostað á bilinu 2–4 milljarða kr. en ég tel líklegt að sú tækni sem við vinnum með í hinum fjöl-

mörgu dreifikerfum muni, þegar upp verður staðið, kosta 20–30 milljarða kr.

Þá kemur auðvitað næsta spurning: Hver borgar? Það er auðvitað Íslendingurinn sem borgar, neytandinn. Margt er að gerast í dreifingu margmiðlunarefnis og gerist hratt. Símtöl fara í gegnum tölvu og tölvunet og margt gerist í tækniheiminum svo hratt að við sjáum það ekki fyrir, sem ekki erum menntuð á því sviði, hvert þau mál stefna. Mér virðist ljóst að að mörgu sé að hyggja í þessu efni. Versta niðurstaðan fyrir Íslendinga, alversta niðurstaða sem við gætum fengið, væri að við sætum uppi með dreifikerfi margmiðlunar og lokaða skápa, þ.e. að hver neytandi yrði að kaupa sér kassa að Stöð 2, kassa að Skjá einum og kassa að öðrum sjónvarpsstöðvum. Fyrir það mundu menn borga fyrir hvern kassa 7–8 þús. kr. á mánuði í aðgangsgjald. Svo væri það leið fátæka mannsins. Hann ætti kost á að horfa á ríkissjónvarpið og ríkisdreifinetið. Kannski gæti þróunin orðið í þá átt og ég vil beina því til hæstv. samgönguráðherra hvort ekki sé ástæða til að staldra svolítið við og velta því fyrir sér á hvaða vegferð við erum í þessum málum.

Þær upplýsingar sem sífellt bætast við um þessi mál við umfjöllun um það benda til að við þurfum að skoða þau vandlega. Niðurstaðan gæti einfaldlega orðið sú að íslenskir borgarar greiði miklu meira fyrir aðgang að og notkun á dreifirásum en þegnar landanna í kringum okkur. Það skyldi þó ekki vera, ef menn sjá ekki að sér í þessu efni, að við sætum uppi með afar dýran aðgang að margmiðlunarefni. Þá yrðu það ekki íslensk fyrirtæki sem Íslendingar versluðu við heldur einfaldlega erlend fyrirtæki sem selja efnið um gervihnetti. Íslendingar fengju þannig það efni sem þeir vilja horfa á gegn því verði sem þeir vilja greiða.

Þetta vildi ég segja almennt um þessi mál og hina hröðu þróun. Ég held að við munum ekki skaðast á að líta á breytingartillögur okkar og samþykkja þær. Við höfum þá tíma fram til 1. janúar 2007 til að sjá hve örar breytingarnar verða. Þær hafa verið örar á síðustu tveimur árum, svo örar að við fylgjum þeim ekki eftir. Ég held það væri mikil skynsemi í því.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að svo komnu máli. Maður hefur fengið upplýsingar um fjölmargt sem maður hefði getað gert að umræðuefni. Menn þurfa að spyrja sig um margt í því sambandi. Á sínum tíma var skipuð nefnd varðandi fjölmiðladreifinguna. Hún mótaði ákveðna stefnu sem ég held að samgönguráðuneytið hafi samþykkt en mér sýnist hins vegar, í stað þess að við tryggjum eitt eða jafnvel tvö mjög góð dreifikerfi sem allir eigi aðgang að, öll fyrirtæki, þá verði mörg fyrirtæki og margar dreifirásir með tilheyrandi kostnaði. Ég held að þriðja kynslóð farsímans, miðað við þann áhuga sem símafyrirtækin hafa sýnt, sé ekki kostur sem við eigum að flýta okkur mikið við.

[15:29]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til 2. umr. frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma. Við erum farin að tala um farsíma í kynslóðum. Þá minnumst við náttúrlega orða skáldsins sem sagði: „Kynslóðir koma og kynslóðir fara.“ Kannski getum við líka sagt það um þessi fjarskipti. Vonandi skilur hver kynslóð eftir einhver verðmæti til þeirrar næstu, gerir líf okkar betra og betra. Það hlýtur að vera hlutverk hverrar kynslóðar og væntanlega er það líka hlutverk þeirrar þriðju kynslóðar farsíma sem við tölum um. Víst er það svo að markmiðið með þessari farsímatækni, sem hefur fengið þetta skrýtna nafn „þriðja kynslóð farsíma“, er að auka enn hraðann í gagnaflutningum, auka möguleika á flutningi á magni af gögnum á sem skemmstum tíma og auk þess fjölbreyttari. Það er t.d. óneitanlega skemmtilegt fyrir einhverja að geta sent út mynd af sjálfum sér meðan talað er í símann og fá að horfa á viðmælandann líka í mynd, að sjálfsögðu gæti það verið skemmtilegt. Hins vegar verður maður náttúrlega að velta fyrir sér hversu dýru verði það er keypt. En þetta er einmitt það sem verið er að velta fyrir sér í sambandi við þriðju kynslóð farsíma.

Þá er líka vert að huga að þeirri umgjörð sem við búum við á Íslandi. Það er voðalega gaman að hugsa sér að vera endalaust stór og endalaust fjölmennur, en þegar við förum yfir í raunveruleikann þá erum við bara um 300 þús. manns í gríðarlega stóru landi og markmið okkar er jú að ein þjóð búi í landinu hvar sem hún er. Þá einhvern veginn verða allir þessir draumar, sem hugsanlega er hægt að uppfylla í milljónaþjóðfélögum þar sem búið er þétt saman og vegalengdir eru stuttar, það eru ekki sambærilegar aðstæður sem við berum saman hlutina á.

Það er mitt mat að það sé einmitt sú staðreynd sem við stöndum frammi fyrir þegar við ræðum frumvarp til laga um þriðju kynslóð farsíma. Hún hefur áður verið til umfjöllunar á þingi og er einnig komin til framkvæmda sums staðar í öðrum löndum í heiminum.

Þær upplýsingar sem við fengum í samgöngunefnd einmitt um útbreiðsluna og mikilvægi þessa farsíma voru dálítið á þann veg að ekki væri ástæða til þess að flýta sér stórkostlega. Bæði aðalfjarskiptafyrirtækin, Síminn og fyrirtæki sem heitir núna Og Vodafone, en hefur heitið ýmsum nöfnum í gegnum tíðina, bentu á að það væri mjög gott að ekki skuli enn hafa verið innleidd lög um þriðju kynslóð farsíma vegna þess að umhverfið hafi verið með þeim hætti að það hefði verið óheppilegt að fá þau innleidd. Þegar einnig var spurt að því hvernig gengi til í öðrum löndum að innleiða þessa þriðju kynslóð farsíma komu þær upplýsingar fram að hinir nýju notendur sem hugsanlega taka þessa notkun upp eru þeir sem nú þegar hafa GSM-farsíma og nota mikið GSM-farsímaþjónustuna. Þeir séu þeir fyrstu sem taki upp þriðju kynslóð farsíma sem þýðir að í raun séu ekki að bætast við notendur á markaðnum heldur neyslan bara að færast til.

Það var athyglisvert að heyra sagt frá því að t.d. í Bretlandi, sem er býsna þéttbýlla en Ísland og með styttri vegalengdir, var búið að innleiða þriðju kynslóð farsíma með miklum væntingum um að hún mundi stórauka afkastagetu fjarskiptamála í landinu og þar af leiðandi stuðla að auknum hagvexti og bættum samskiptum öllum. Þá komu þær upplýsingar fram að það hefði ekki gengið betur en svo að enginn hefði viljað taka þessa þjónustu upp. Búið var að fjárfesta gríðarlega mikið í henni og það er jú neytandinn sem verður að borga, það eru engir aðrir sem borga, búið var að fjárfesta og engir vildu taka þetta upp eða svo fáir að það stóð engan veginn undir þeim kostnaði sem búið var að leggja í.

Þá var gripið til þess, því það var náttúrlega sama fyrirtækið sem rak venjulega GSM-farsímaþjónustu og þriðju kynslóðar farsíma, að leggja kostnaðinn við innleiðingu þriðju kynslóðar farsíma ofan á almenna GSM-notendur, sem höfðu aldrei ætlað sér að fara út í þessa þriðju kynslóð farsíma. Samkvæmt þeim upplýsingum sem gefnar voru í nefndinni hafði kostnaðaraukinn sem velt var út á almenna GSM-símanotendur aukist um 20% til að bera uppi fjárfestinguna við þriðju kynslóð farsíma sem þessir notendur ætluðu sér aldrei að nota eða voru ekki a.m.k. á því stigi reiðubúnir að nota.

Annars staðar í heiminum hefur útbreiðslan gengið mun treglegar og alls ekki staðið undir þeim væntingum sem gerðar voru þegar verið var að fara í herleiðinguna að tala fyrir þriðju kynslóð farsíma. Reyndar hafa mörg fjarskiptafyrirtæki farið illa á því að ráðast í miklar fjárfestingar á þessu sviði án þess að fá þær bornar uppi af neytendum á þeim hraða sem þeim var nauðsynlegur til þess að geta staðið undir þjónustunni fjárhagslega og hafa farið á hausinn. Allmörg fjarskiptafyrirtæki hafa einmitt ætlað sér að vera sporgönguaðilar í þriðju kynslóð farsíma og mátt bíta í það súra epli að þau höfðu hlaupið of hratt og orðið að leggja upp laupana, sem er líka skaðlegt því engir aðrir borga þann herkostnað en neytendur. Menn mega því gæta sín og ganga hægt um og ekki hraðar en samfélagið er viljugt og bært til að bera, annars eigum við á hættu að sú þjónusta sem fyrir er geti orðið blóraböggull eða taki skaða af einmitt þriðju kynslóð farsíma eins og ég hef rakið.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur farið yfir þær breytingartillögur við frumvarpið sem ég flyt ásamt hv. þingmönnum Kristjáni L. Möller og Guðjóni A. Kristjánssyni. Þar leggjum við til að það sé ekkert verið að flýta sér að taka lögin í gildi. Setja eigi inn frestunarákvæði um gildistökuna, ekki fyrr en eftir 1. janúar 2007, sjá hver framvindan verður. Þingið getur þá gripið inn í og breytt þeim lögum. Það er allt í lagi að setja þessa lagaumgjörð með einhverjum hætti en að hún komi ekki til framkvæmda fyrr en að meira en tveimur árum liðnum og þá verði metið hver þróunin verður á tímabilinu. Það er ekkert sem hastar af hálfu Íslendinga að taka þetta upp.

Í öðru lagi leggjum við áherslu á að þegar ráðist er í að byggja upp fjarskiptaþjónustu sé miðað við það og sú stefnumörkun alveg klár að hún eigi að ná til allra landsmanna. Við erum jú ein þjóð og ef verið er að byggja upp fjarskiptaþjónustu, hvort sem það er sími, gagnaflutningar, GSM-farsímaþjónusta eða þriðja kynslóð farsíma, ef hún er eins góð eins og væntingar benda til á hún náttúrlega að gagnast öllum þegnum landsins, ekki bara nokkrum. Í frumvarpinu eins og það liggur fyrir er eiginlega gert ráð fyrir því að setja ekki meiri kvaðir á fjarskiptafyrirtækin en að þau uppfylli að 60% íbúa á landinu — að vísu dreift eftir landinu öllu — geti náð þjónustunni, það sé lágmarkskrafa og fyrir þá eigi að taka upp þennan starfsrekstur og síðan geti þeir fengið afslátt ef þeir fara upp fyrir 60% en afsláttarinn er búinn við 75% notenda.

Við viljum setja markið hærra, að fyrirtækjum sé skylt sem vilja fara í þetta að ná a.m.k. til 75% notenda dreifðra um landið, þannig að það séu ekki bara notendur á höfuðborgarsvæðinu heldur séu 75% notenda í dreifbýli úti um land allt, að það sé sett sem lágmark og síðan veittur afsláttur ef menn fara umfram það af þeim gjöldum sem ríkið tekur fyrir að veita þessi leyfi. Það sé því raunverulegur hvati og kvöð að fjarskiptafyrirtækin sem hugsanlega fara út í að byggja upp kerfið nái til allra landsmanna, markið sé sett á að þau nái til svo til allra landsmanna, það sé höfuðmarkmiðið.

Það er einmitt fróðlegt í þessu sambandi að vitna til umsagna sem komu um frumvarpið, annars vegar frá Alþýðusambandi Íslands sem ég vil vitna til, með leyfi forseta:

„Almennt má segja að á Íslandi hafi ekki ríkt virk samkeppni á fjarskiptamarkaði. Aðstæður á markaðnum hafa að vísu breyst mikið á undanförnum árum og hafa mörg fyrirtæki fengið rekstrarleyfi. Síðustu tvö ár hefur á hinn bóginn orðið samþjöppun og nú er svo komið að aðeins tvö fyrirtæki eru eftir á farsímamarkaðnum. Það er því erfitt að sjá að virk samkeppni muni ríkja við úthlutun tíðna fyrir þriðju kynslóð farsíma. Íslenskur fjarskiptamarkaður er fámennur í alþjóðlegum samanburði jafnframt því að hann er mjög dreifður og kostnaður við uppbyggingu dreifinetsins er mikill. Það er því ekki á færi nema örfárra fyrirtækja að bjóða þjónustu fyrir þriðju kynslóð farsíma. Það er því fyrirsjáanlegt að áfram muni ríkja fákeppni á íslenskum fjarskiptamarkaði."

Ég held að það sé mjög hollt að við áttum okkur á þessum veruleika, að samkeppniskrafturinn drífur ekki að þjónustan fari til allra landsmanna heldur verði að vera þjónustukvöð á viðkomandi fyrirtækjum um að þau sinni öllu landinu og öllum landsmönnum.

Það er líka ágætt að vitna til umsagnar Og Vodafone um sama mál, með leyfi forseta:

„Það er fátt sem bendir til þess að sú fjárfesting sem þarf til að uppfylla þau ströngu skilyrði sem koma fram í frumvarpi því sem hér er til umsagnar standi undir sér. Mikil óvissa er um arðsemi af þriðju kynslóð farsímakerfa. Fyrst um sinn má ætla að notendur í þriðju kynslóðar kerfum verði núverandi GSM-notendur. Þetta þýðir litla sem enga aukningu á heildartekjum af farsímanotkun. Það er því með öllu óljóst hvort tekjur af þriðju kynslóðar þjónustu verði það miklar að þær réttlæti fjárfestingu í þriðju kynslóðar kerfum.

Þriðja kynslóð farsímaneta er ekki að leysa neina grundvallarþörf sem ekki er hægt að leysa með annarri tækni og í raun er hættan sú að verði kröfur of háar um útbreiðslu þá muni það bitna á annarri þjónustu sem Íslendingar eru í forustu að veita."

Þarna er jú ábending um hið sama og í umsögn ASÍ en einnig um að sömu fyrirtækin, eitt eða tvö fyrirtæki hér á landi, muni hugsanlega geta farið út í að byggja upp kerfið á þessum grunni. Þá er einmitt hætta á að áherslan færist frá því að tryggja dreifikerfi um allt land en beinist meira að því að ná til þeirra notenda sem eru á þéttbýlustu svæðunum og eru að mati fyrirtækjanna arðsömustu notendurnir. Áherslan færist því frá því að byggja upp núverandi kerfi, núverandi þjónustu, sem ekki er komin um allt land, í að byggja upp og taka upp samkeppni á aðalþéttbýlissvæðunum, þ.e. að fleyta stöðugt rjómann af viðskiptunum, af þjónustunni en gefa eftir eða standa ekki við að byggja upp þjónustu til allra íbúa landsins sem að mati fyrirtækjanna

geta verið minna arðsamir.

Ég tel að einmitt þarna sé viss hætta í þessu. Ef við horfum til stöðunnar eins og hún er í dag þá skortir enn mikið á að uppbygging gagnaflutningskerfis út um allt land sé með viðunandi hætti þannig að jöfnuður sé, sanngjarn og eðlilegur jöfnuður milli íbúa landsins eftir búsetu hvað varðar gagnaflutningsmöguleika gegnum þessi fjarskiptakerfi. Við þekkjum öll GSM-útbreiðsluna, kröfuna um að fá GSM-símasamband í allar byggðir landsins og á aðalþjóðvegi landsins. Þar skortir enn gríðarlega mikið á. Að mínu mati er því miklu nær að beina orku sinni, styrk og allri athygli að því að byggja upp þá þjónustu og tækni sem nú þegar er fyrir hendi, þannig að hún komist til allra landsmanna á jafnræðisgrunni og hugmyndir um uppsetningu þriðju kynslóðar farsíma geta orðið til þess að draga úr athygli á því verki sem þar er ógunnið, en brýnt er að verði tekið á.

Eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gerði grein fyrir þá leggjum við til, hv. þingmenn Guðjón Arnar Kristjánsson, Kristján L. Möller og sá sem hér stendur, að bundið verði í lögum að aðeins neytendur hins nýja kerfis greiði fyrir það, að það sé ekki hægt að velta kostnaðinum við þetta nýja kerfi yfir á aðra símnotendur sem gætu hvort eð er ekki einu sinni orðið aðilar að því vegna staðsetningar sinnar eða hafa ekki vilja til þess. Það er mjög ósanngjarnt að hafa þetta með þeim hætti að þeir notendur núverandi kerfa verði skikkaðir til þess að greiða þjónustuna niður, eins og við fengum upplýsingar um að hafi orðið að gera í Bretland því annars væri þetta vonlaust. Og kannski er það þannig í fleiri löndum.

Það er því alveg lágmark að bundið sé í lögum að ekki megi sækja kostnað vegna þessa nýja kerfis til annarra en notenda sem það hafa.

Herra forseti. Það væri hægt að tala hér um fjarskiptamálin almennt enn meir og leggja aukna áherslu á að verkefni okkar nú er fyrst og síðast að byggja upp öflugt fjarskiptakerfi, gagnaflutningskerfi og símkerfi um allt land, til allra íbúa landsins, þannig að þar ríki fullkominn jöfnuður og jafnrétti hvað það varðar. Á það skortir mikið og við eigum að einhenda okkur í það verkefni en vera ekki að fara út í ævintýri eins og þriðju kynslóð farsíma sem af þeim upplýsingum sem hafa komið fram passa engan veginn við núverandi aðstæður hér á landi og þess vegna ætti að fresta því um nokkur ár til að sjá hver framvindan verður á því sviði.

[15:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason gat lítillega í máli sínu breytingartillögu sem hann flytur ásamt tveimur öðrum þingmönnum. Hann vakti sérstaklega athygli á 3. lið tillögunnar þar sem fjallað er um að ekki megi færa kostnað í einu kerfi yfir á kostnað í öðru. Þetta er út af fyrir sig góðra gjalda verð hugmyndafræði, en hún stangast alveg á við þær kröfur sem hv. þingmaður hefur komið fram með um að í uppbyggingu GSM-símakerfisins eigum við t.d. að færa á milli svæða og milli rekstraraðila hjá fjarskiptafyrirtækjunum. En þegar uppbygging GSM-símakerfisins hófst, og til þess að hægt væri að byggja upp þau upp, þá þurftum við að sjálfsögðu að nýta afkomu úr öðrum greinum fjarskiptarekstrarins — og höfum þá að sjálfsögðu þurft að gera það sem hv. þingmaður talar nú um og flytur breytingartillögu um að megi alls ekki gera. Ég vildi því vekja athygli á að þarna er meinleg þversögn í málflutningnum.

[15:50]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra, kannski má líta á þetta sem ákveðna þversögn. En ef sett væri sem markmið eða skilyrði til að fá rekstrarleyfi og til að setja upp þetta kerfi að það næði til 100% landsmanna og ákveðinn frestur væri gefinn til þess að gera það á einhverju árabili, á fjögurra, fimm eða innan við tíu ára bili, og leyfið væri skuldbundið því að þetta yrði gert þannig, og að þetta væri talið svo þjóðhagslega mikilvægt og samfélagslega mikilvægt að þetta væri einn af hornsteinum grunnalmannaþjónustu í landinu, þá er ég alveg sammála hæstv. ráðherra að málið væri í allt öðru ljósi og að ekki væri óeðlilegt að skoðað yrði að tekið væri á þessu sameiginlega. Þá á ég ekki bara við notendur, heldur að öll þjóðin eða ríkið og samfélagið sameinaðist um að gera slíkt átak og þjónustan yrði út um allt land. Ef þetta væri skilgreint sem grunnalmannaþjónusta, algjör grundvöllur, þá er ég alveg sammála því að það ætti að gera þetta.

En eins og þetta birtist í frumvarpinu er aðeins ætlunin að þetta nái til að lágmarki 60% íbúa sem þýðir að þetta nær einungis til þéttbýlisstaðanna og örfárra þéttbýlisstaða utan höfuðborgarsvæðisins — þá má telja á fingrum annarrar handar — en annarra ekki. Reynslan erlendis frá sýnir að útbreiðslan og notkunin er langt undir væntingum og alls ekki hægt að flokka hana undir grunnalmannaþjónustu. Því sé ég enga ástæðu til þess að aðrir aðilar en þeir sem munu nota hana eigi að greiða fyrir hana.

[15:52]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hérna fer enn og aftur fram ágæt umræða um þriðju kynslóð farsíma. Það var fróðlegt að taka þátt í vinnu samgöngunefndar um þetta mál en ég held að öllum sem þar sátu hafi komið mjög á óvart áhugaleysi talsmanna símafyrirtækjanna sem komu á fund okkar og greindu frá viðhorfum og áherslum sínum hvað varðar lagasetningu um þriðju kynslóð farsíma. Það stóð svolítið upp úr, eins og kom fram í umræðu félaga minna í dag, að lítið sem ekkert virtist reka á eftir því af þeirra hálfu að lögin yrðu sett núna eða tækju gildi og ekkert benti til þess að það væri alveg á næstunni sem þeir hefðu áhuga á að fara í slíkan rekstur. Það væri einfaldlega svo langt í land, það væri önnur tækni sem gæti komið þarna að líka og reynslan erlendis frá sýndi, bæði frá Bretlandi og annars staðar, að töluvert langt væri þangað til þetta kæmi að fullu í gagnið.

Við höfum farið vítt og breitt í umræðum um samskiptamálin almennt. Að útbreiðsluskyldan sé einungis 60% en í breytingartillögunni lagt til að hún verði 75% beinir kastljósinu að því að samskiptamálin eru orðin að grunngæðum í samfélaginu í dag. Það telst því til grunngæða að hafa aðgengi að ákveðnum samskiptagæðum rétt eins og ákveðnum gæðum samgangna. Það er að verða eitt helsta mál landsbyggðarinnar að hafa upp á að bjóða aðgang að sam-

skipta- og gagnaflutningsþjónustu sem stenst með einhverjum hætti samkeppni þar sem best gerist í þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu þó að ekki sé endilega verið að tala um það sama, heldur eitthvað sem stenst samanburð og samjöfnuð. Því ef svo er ekki þá eru þau svæði einfaldlega ekki samkeppnishæf, þau verða útundan og eru ekki valkostur fyrir yngra fólk sem er að velja sér búsetu til framtíðar. Það er einfaldlega þannig að hafi fólk ekki aðgang að lágmarksgagnaflutningsþjónustu, GSM-þjónustu og öðrum öngum þeirrar samskiptabyltingar sem átt hefur sér stað hér á landi og í heiminum á síðustu árum, þá er það svæði hvorki fýsilegt né fyllilega boðlegt til búsetu. Það er bara þannig að í dag eru það tvö mál sem skipta öllu máli þegar kemur að samkeppnishæfi og búsetuskilyrðum, það eru samgöngumálin, samskiptamálin, auk svo þjónustunnar hvað varðar *leikskóla, skólagöngu o.fl., en það er annað mál.* Samskiptin og samgöngurnar eru algjört grundvallaratriði. Séu þessar byggðir ekki í stakk búnar til að bjóða upp á ákveðið aðgengi að gagnaflutningum, þá eru þær ekki boðlegar á þeim samkeppnismarkaði.

Þess vegna er sú breyting sem lögð er til í breytingartillögu þriggja hv. þingmanna, félaga minna úr minni hluta í samgöngunefndinni, um að útbreiðsluskilyrði verði 75% í stað 60% mjög mikilvæg. Það er mikilvægt að þegar og ef þetta kemur einhvern tímann að fullu í gagnið, þá verði það þannig að fyrirtækjunum verði gert skylt að sjá til þess að útbreiðslan nái líka til hinna dreifðu byggða. Og ef þriðja kynslóðin kemst í gagnið komi ekki upp að einungis þéttbýlustu svæðin hafi upp á slíkt að bjóða því þetta verður veruleg breyting á símaþjónustu. Bandbreidd þriðju kynslóðarinnar er svo miklu meiri en þeirrar kynslóðar farsíma sem við notum í dag að það verða mjög miklar breytingar, bithraðinn verður svo miklu, miklu meiri og hærri í þriðju kynslóðinni. Það er mikilvægt að landsbyggðin og hinar *dreifðu og fámennari byggðir hafi einnig aðgengi að* þessum samskiptamáta rétt eins og þéttbýlið. Þarna verður ríkisvaldið einfaldlega að koma að, samskipti og aðgengi að grundvallargrunngæðum samskiptaþjónustunnar eru á meðal þeirra gæða sem samfélag verður að bjóða upp á í dag, annars er einfaldlega verið að loka á það samfélag. Það er einfaldlega ekki þátttakandi í nútímanum.

Ég ætla einnig að koma inn á annað mál sem ég og fleiri hv. þingmenn, svo sem hv. þm. Jóhann Ársælsson, höfum áður nefnt við umræðu um þriðju kynslóð farsíma. Það er sú leið sem hér er lögð til að verði farin við útboð eða sem sagt úthlutun réttindanna til að reka þriðju kynslóð farsíma. Þar hefur okkur greint verulega á. Ég hef verið mikill talsmaður þess að nokkurs konar uppboðsleið verði farin í stað lokaðs útboðs og algjört grundvallaratriði sé að sérákvæði verði í lögunum, sem tryggi það að bjóði tveir jafngildir aðilar í þessi réttindi til að reka þriðju kynslóð farsíma, þá fari fram uppboð. Það fari fram opið uppboð þannig að það verði ekki geðþóttaákvörðun ráðherra eða ráðamanna sem *skeri úr um hvor þessara jafngildu aðila hljóti réttindin.* Hér er um að ræða mjög verðmæt réttindi. Við eigum að sjálfsögðu að gæta þess að allir hafi sama rétt til að nálgast takmarkaðar auðlindir þjóðarinnar; að þjóðareigninni sé ráðstafað þannig að réttlætis og sanngirni sé gætt og allir hafi sömu möguleika á að nálgast þær. Til að koma í veg fyrir pólitíska spillingu og pólitískar geðþóttaákvarðanir í þessum málum, eins og við úthlutun annarra takmarkaðra gæða, þá er mjög mikilvægt að setja sérákvæði í lögin sem kveði á um að uppboð skuli fara fram bjóði tveir jafngildir aðilar og ekki fæst úr því skorið að annar sé augljóslega hæfari en hinn og betur í stakk búinn til að hljóta þau réttindi að reka þriðju kynslóð farsíma. Þá verði farin uppboðsleið þannig að ekki ráði geðþótti þess hæstv. ráðherra sem á þeim tíma situr í ráðuneyti samgöngumála eða manna á hans vegum. Í þessu er ég í engu að beina orðum mínum sérstaklega til þess ráðherra hæstv. sem nú situr, þetta er almenn regla.

Þetta er spurning um almennt gagnsæi í leikreglum samfélagsins. Þegar við göngum þannig um að við úthlutun slíkra réttinda á almennum auðlindum þjóðarinnar, takmörkuðum auðlindum þjóðarinnar, þá förum við þá leið sem opnust er og gagnsæjust svo sá sem hlýtur réttindin til að nýta auðlindina fái það vegna verðleika sinna og stöðu, það séu sem sagt verðleikar hans og hæfi til að hljóta það sem ráði valinu en ekki pólitískur geðþótti. Það sé ekki um pólitísk bitlingakaup eða önnur slík undirmál að ræða, heldur séu þessi mál uppi á borðinu og gerð gagnsæ og fram fari útboð á milli jafngildra aðila um hver verður fyrir valinu.

Það hefur verið varað mjög við því að fara uppboðsleiðina sem ég er að mæla hér með að verði farin, alla vega að einhverju leyti, þ.e. að uppboð fari alla vega fram í lokin til að velja á milli ef um er að ræða jafngilda aðila. Það hefur verið varað við þessari leið út af því að sagt er að sporin hræði, að þessi leið hafi verið farin í Evrópulöndum, t.d. Bretlandi og Þýskalandi, þar sem menn fóru mjög geyst og buðu mjög háar fjárhæðir í leyfi til að reka þriðju kynslóð farsíma. Fyrirtækin fóru mjög illa út úr því, töpuðu mjög miklum fjármunum. En á þeim tíma var háttalag manna hvað varðaði fjarskiptatæknina og fjarskiptabyltinguna á þá *leið að hagnaðarvonin sem menn töldu að væri að finna í* þessu þá þegar og með svo hröðum hætti, glapti marga og örugglega fyrirtæki sem buðu þessar himinháu fjárhæðir í tíðnisviðin. Ekki var hægt að standa undir því með nokkru móti eða ná því til baka.

Virðulegi forseti. Nú eru breyttir tímar að mínu mati og engin ástæða er til að ætla að þeir sem bjóða í þriðju kynslóðina hjá okkur, þegar að því kemur, gangi fram svo glannalega að það verði fyrirtækjunum ofviða að standa undir gjaldinu og öllu sem því fylgir.

Ég held að engin ástæða sé til að ætla sérstaklega að svo fari. Reyndar er hægt að fullyrða að engin ástæða er til þess að hraðast því eftir viðtöl okkar í samgöngunefnd við forustumenn símafyrirtækjanna hérlendis þá er nú spenningurinn alveg í lágmarki að fara út í rekstur á þriðju kynslóð farsíma og mjög litlar líkur eru á því að uppboð leiði til þess að fyrirtækin reisi sér hurðarás um öxl og fari út í glannalegar fjárfestingar, glannaleg uppboð þannig að þau ráði svo ekki við það. Ég held að engin ástæða sé til að ætla það.

Í frumvarpinu eru taldar upp nokkrar leiðir og útskýrðar ágætlega, t.d. útboð þar sem ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð. Það er kallað hér almennt útboð. Þessi aðferð er algengust útboðsaðferða, er sagt hér. Öllum er heimil þátttaka og getur verkkaupi tekið

hvaða tilboði sem er eða hafnað þeim öllum. „Opinberir aðilar hafa þó“ — segir hér, með leyfi forseta — „ekki frjálsar hendur við val á tilboði og ber þeim að taka hagkvæmasta tilboði samkvæmt útboðsreglum.“

Síðan er rakin hin lokaða útboðsleið og hin almenna.

Ég held að því opnari og gagnsærri sem leiðin er sem við förum því betra, eins og ég rakti hérna áðan. Það er alla vega algjört grundvallaratriði að við afgreiðslu frumvarpsins verði samþykkt hérna sérákvæði um uppboð, þ.e. að um sé að ræða tvo jafngilda aðila sem bjóða í verkið.

Nú hef ég ítrekað þá pólitísku skoðun mína að þetta sé algjört grundvallaratriði í allri umgengni okkar við takmarkaðar auðlindir í eigu þjóðarinnar. Það er alveg sama hvort við ræðum sjávarútvegsmál, auðlindir í jörðu, fallvötn eða fjarskipti. Við eigum alltaf að fara þá leið að sem gagnsæjast sé að farið við að úthluta aðgengi að hinum staðbundnu og takmörkuðu gæðum og að þar ráði verðleikar manna og hæfi til að nýta auðlindina en ekki pólitísk spilling af neinu tagi. Ég ítreka það hér enn og aftur.

Ég vil benda á það hér í lokin af því við erum að ræða einnig um fjarskipta- og samgöngumálin almennt, að algjörlega óboðleg staða er uppi á landsbyggðinni og í smærri byggðarlögum hvað varðar gagnaflutninga. Sums staðar í hinum dreifðu byggðum eru sjálfstæð lítil fyrirtæki að innleiða örbylgjusendingar þannig að íbúar þeirra svæða hafi aðgengi að einhvers konar háhraðaneti og geti tekið þátt í nútímanum. Hafi fólk ekki aðgang að háhraðanettengingum, er það ekki þátttakendur í nútímasamfélagi og hefur ekki jöfn tækifæri á við aðra íbúa landsins til að nýta þessa byltingu, til að nýta þetta sér til skemmtunar, náms eða atvinnu. Byggðirnar eru þá einfaldlega settar af.

Ég hef margoft skorað á hæstv. samgönguráðherra að beita sér fyrir úrbótum á þessum málum. Það hef ég gert í fyrirspurnarformi. Ég hef lagt fram þingsályktunartillögu þar sem lagt er til að við tryggjum að allir íbúar Íslands hafi aðgang að lágmarkshráðaneti hvernig sem það er útfært. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kom ágætlega inn á það hérna áðan að þetta gerist allt svo hratt. Hlutirnir eru í svo örri þróun. Það eru svo miklar breytingar hvort sem við erum þá að tala um koparlínur, ljósleiðara, örbylgjusendingar. Það er útfærsluatriði. Við eigum á hinu háa Alþingi að hafa forgöngu um það að eins og af öðrum grunngæðum samfélagsins hafi allir íbúar landsins, eins hinna dreifðu byggða og smærri byggðarlaga, aðgang að háhraðanettengingum þannig að þeir geti nýtt sér þessa tækni eins og aðrir.

Það er ekki hægt að réttlæta það t.d. að ríkissamskiptafyrirtækið Síminn sé að spila með eigur almennings svo nemi hundruðum milljóna í misviturlegum fjárfestingum t.d. í fjölmiðlafyrirtækjum á meðan svo er um hnúta búið að GSM-göt eru hér um allt land í GSM-kerfinu og stór hluti landsbyggðarinnar hefur ekki aðgengi að háhraðanettengingu. Þetta er algjörlega óboðlegt ástand og þetta er pólitískt úrlausnarefni. Þess vegna tek ég það upp hér í umræðum um samskiptamálin og fjarskiptamálin almennt að það er skylda okkar að hafa forgöngu að því að tryggja að hér sé úr unnið þannig að þessi staða verði ekki uppi. Hvað varðar fjölmiðlun gagna og bandbreidd þá verða íbúar hinna dreifðu byggða og smærri byggðarlaga að búa við sömu kosti og hér eru. Það er skylda hins opinbera, að mínu mati — það er mín pólitíska skoðun — að koma þarna að beint og óbeint þannig að það sé tryggt að fyrirtæki á fjarskiptamarkaði veiti þessa þjónustu.

Ég ætla aftur og enn að skora á hæstv. samgönguráðherra að hafa forgöngu um að úr þessu sé bætt og að Alþingi Íslendinga vinni í þessum málum í vetur þannig að fyrir vordaga getum við afgreitt frá þinginu mál sem tryggi að allir íbúar Íslands hafi aðgengi að lágmarkshráðanettengingu hvernig svo sem hún er útfærð, hvernig sem að málum er staðið á þessum og hinum staðnum. Við erum ekki að tala um strengjalagnir um allar byggðir. Örbylgjan og ýmsir aðrir kostir eru til staðar. Þetta er hins vegar brokkgengt, skrykkjótt og misgott þar sem verið er að setja þetta upp. Sums staðar er þetta alveg bærilegt, sums staðar þokkalegt. En annars staðar er þetta einfaldlega ekki til staðar. Úr þessu þurfum við að bæta og nota fjármunina, auðævin sem landsmenn hafa sjálfir skapað í Símanum, áður Landssímanum, til að bæta aðgang allra Íslendinga að samgöngumálum. Það er ekki hlutverk þess ríkisfyrirtækis að spila með peningana og auðinn sem við Íslendingar allir höfum byggt upp í okkar eigin fyrirtæki. Skylda þessa fyrirtækis, ríkisfyrirtækis sem við eigum öll við samfélagið er að greiða samfélaginu það til baka með því að tryggja aðgengi allra Íslendinga að þessari grunnþjónustu.

Þessu tvennu vildi ég sérstaklega koma að í umræðum um þessi mál í dag. Annars vegar á að fara leið uppboðs bjóði tveir jafngildir aðilar í réttindin til að reka þriðju kynslóðar farsímakerfi á Íslandi. Það á að fara þá leið til að tryggja að gagnsæi og réttlátar reglur ráði því hver hljóti gæðin og skyldurnar að sjálfsögðu um leið. Þetta er algjört grundvallaratriði í öllum aðgangi, að mínu mati, að auðlindum þjóðarinnar, algjört grundvallaratriði til að tryggja að enginn velkist í vafa um að rétt sé að málum staðið en pólitísk hentistefna, bitlingar eða önnur slík spilling ráði ekki för.

Einnig vil ég, fyrst við erum að ræða um gagnaflutninga almennt og gæði þeirra á Íslandi, skora á samgönguráðherra að beita sér fyrir þessu. Þessi mál eru algjörlega óviðunandi eins og staðan er í dag. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. ráðherra vilji hafa forgöngu um að bæta úr hið bráðasta. Þetta tvennt eru stóru verkefnin, annars vegar að breyta því þannig að farin verði leið uppboðs sé um að ræða tvo jafngilda aðila og hins vegar að tryggja dreifðu byggðunum og smærri byggðarlögunum aðgang að háhraðanettengingu þannig að sómi sé að og þær byggðir séu ekki afsettar, en þær eru það hafi þær ekki upp á þetta að bjóða. Það er einfaldlega verið að setja byggðirnar af. Hlutirnir gerast svo hratt að hafi þær ekki upp á þetta að bjóða og aðgang að þessum réttindum á allra næstu árum þá mun mjög molna undan þessum byggðarlögum og þau munu eiga mjög erfitt uppdráttar á næstu árum.

[16:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að hér var mjög sérstök málfundaræfing viðhöfð af hv. þingmanni sem síðastur talaði, talandi um bitlinga og svo spillingu í því samhengi sem hér er verið að fjalla um. Ég verð að viðurkenna að ég áttaði mig ekki alveg á hvaða leið hv.

þingmaður var. Kann að vera að ástandið í Samfylkingunni og væntanlegar kosningar setji menn í þessar sérstöku stellingar? Það kann vel að vera og ég vona að (Gripið fram í.) hv. þingmenn Samfylkingarinnar jafni sig mjög fljótlega og komist á lygnari sjó.

Hér er til umfjöllunar frumvarp vegna úthlutunar þriðju kynslóðar farsíma eins og það er kallað. Ég vil þakka hv. þingmönnum sem hér hafa talað og fjallað um þetta mál í hv. samgöngunefnd fyrir ágæta umfjöllun og vinnu í nefndinni. Að vísu er hér komin fram breytingartillaga sem ég mun fjalla örlítið um. En starf nefndarinnar í kringum þetta mál er með ágætum.

Ég vil segja að ég tek út af fyrir sig undir það sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sagði í sinni ræðu, að það sé ekki áhugi á því að fara hratt. Við höfum satt að segja ekki farið hratt yfir í þessu máli til allrar hamingju. En nú hins vegar tel ég að stundin sé upp runnin. Ég tók þá ákvörðun á sínum tíma að flytja ekki frumvarp um úthlutun þriðju kynslóðar leyfa eins og ýmsir hvöttu mjög til á sínum tíma. Þá var hvatt til þess og vísað til þess sem var að gerast úti í Evrópu þar sem menn voru að bjóða upp, eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson vill. Þá voru menn úti í Evrópu og reyndar um allan heim að bjóða upp þessi leyfi þriðju kynslóðar vegna þess að það voru miklar væntingar. Menn sáu í hillingum gróða ríkisins af því að selja þessi leyfi hæstbjóðanda og héldu að þessi markaður væri feiknarlega öflugur. En annað kom í ljós.

Hins vegar hefur þróunin á fjarskiptamarkaðnum verið mjög ör. Við höfum nýtt okkur upplýsingasamfélagið út í ystu æsar má segja. Við höfum nýtt koparinn og við höfum nýtt ljósleiðarana í fastlínukerfinu. Við höfum byggt upp GSM-símkerfi og þar áður NMT-farsímakerfið. Þetta hefur allt saman gerst á tiltölulega skömmum tíma. Á tíu árum hefur GSM-símkerfið verið að byggjast upp. Hvað sem þingmenn segja nú um að það þurfi að bæta um betur þá höfum við Íslendingar engu að síður á þessum árum lyft grettistaki í þessari uppbyggingu. Hvernig lýsir það sér? Það lýsir sér í því að þó víða þurfi að bæta úr GSM-símdreifikerfinu þá er notkun hér almennari og meiri en almennt gerist meðal þjóða.

Sama á við um tölvunotkunina og internetnotkunina. Notkun heimilanna og fyrirtækjanna á Íslandi á internetinu og öllu því sem því fylgir er meiri en almennt gerist. Við erum því í fremstu röð m.a. vegna þess hversu við vorum heppin með uppbyggingu þessara kerfa. Við Íslendingar höfum þess vegna nýtt okkur margmiðlunartæknina mjög ríkulega og við, bæði atvinnuvegirnir og heimilin, höfum hagnast á því að tileinka okkur þessa tækni svo mjög.

Hins vegar er þetta frumvarp hér til umfjöllunar og eru ekki miklar deilur um það. Ég fagna því. Ég valdi þann kost eins og ég sagði áðan að fara hægt en ég tel að nú sé rétti tíminn að skapa þessa umgjörð og ákveða hvernig við úthlutum þessum leyfum. Hér er sem sagt gerð tillaga um að það sé gert með útboði þannig að það sé algerlega gagnsætt og uppi á borðum hvernig þessi úthlutun fer fram, en með þeirri aðferðafræði er lögð áhersla á að fyrirtækin keppi um slík leyfi á forsendum þess að þau bjóði þjónustu, bjóði útbreiðslu og það sé hvatning fólgin í því að lækka gjaldið eftir því sem útbreiðslan eykst.

Eins og fram kemur í umsögnum við frumvarpið hafa símafyrirtæki sitthvað við þetta að athuga, telja að útbreiðsluhraðinn eða réttara sagt krafan sé of hörð. Ég hef ekki getað fallist á það, en ég tel hins vegar ekki skynsamlegt eins og sakir standa að fallast á þá breytingartillögu sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og fleiri flytja hér um að lágmarkskrafan sé 75%. Við höfum skoðað þetta mjög vandlega og við teljum að miðað við eftirspurnina og stöðuna sé eðlilegt að leyfa símafyrirtækjunum að byggja upp áætlanir sínar um þessa þjónustu. Ég tel hins vegar ekki ásættanlegt að fallast á þær óskir eða hugmyndir sem komu fram hjá símafyrirtækjum, að mér skilst í viðræðum við hv. samgöngunefnd, að gera upp á milli landshluta með því að taka gott og gilt annað kerfi en þriðju kynslóðar kerfið. Hvað um það. Ég tel að við séum að þessu leyti á réttri leið.

Ég get ekki fallist á þá tillögu sem kemur fram sem breytingartillaga að þessu verði frestað til 1. janúar 2007. Rökin fyrir því eru að ég tel að staðan sé sú núna að það séu miklu meiri líkur á því en áður að þetta hellist yfir okkur á Íslandi núna. Símafyrirtæki eru í stakk búin til að takast á við þetta, tæknin er komin nægilega langt til að líkur séu á því að símafyrirtækin fari að fást við þessa uppbyggingu. Ég tel að það muni auka verðgildi símafyrirtækjanna að hafa þessi leyfi á hendi og að engin óvissa sé ríkjandi gagnvart úthlutun þessarar þriðju kynslóðar, þannig að símafyrirtækin viti leikreglurnar og það sé alveg ljóst að hverju gengið er. Í því felst það sem ég segi að ég tel að það auki verðgildi símafyrirtækjanna að úthlutunaraðferðin sé klár. Þess vegna tel ég að ekki megi dragast lengur að úthluta þessu.

Hv. þingmenn hafa gert nokkuð að umtalsefni og velt fyrir sér í tengslum við frumvarpið, eins og vill verða og er eðlilegt, uppbyggingarhraðanum og þeim kröfum sem við gerum til fjarskiptakerfanna. Af því tilefni vil ég minna á hvað hefur verið gert í þessu af hálfu löggjafans, af hálfu samgönguráðuneytisins. Vegna orða hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar vil ég minna á að ákvæðin í fjarskiptalögunum sem gerðu mjög stífa kröfu um hraða, tengihraða sem miðast við ISDN-tæknina, voru einsdæmi á sínum tíma. Hvergi í löggjöf annarra ríkja var þessi krafa sett um þjónustu á fastlínukerfinu, þ.e. að tölvutengingarnar væru með ISDN-hraða eða jafngildi þess.

Þetta hafði mjög mikil stefnumótandi áhrif og hefur leitt til þess að símafyrirtækin hafa keppst meira um að bjóða enn frekari þjónustu og litlu símafyrirtækin og internetfyrirtækin hafa lagt sig fram um að koma inn á þennan markað. Ég tel að það sé af hinu góða. Þannig að afskipti stjórnvalda að þessu leyti eru á hinum almennu forsendum með þessum lagaramma og það hefur leitt til hraðari uppbyggingar háhraðakerfanna en annars hefði verið að mínu mati.

Ég tel að þetta hafi verið á nokkuð góðu róli þó að ég telji engu að síður og ég hef lýst því margsinnis yfir að símafyrirtækin þurfi að gera betur. Við eigum að setja okkur að þessu leyti alls staðar í fremstu röð og við eigum að nýta okkur upplýsingatæknina algerlega út í ystu æsar en til þess þurfa fjarskiptafyrirtækin að fjárfesta. Það er ekki lengur svo að menn skipi hlutafélögum úti í bæ fyrir um slíka hluti úr ræðustól á Alþingi eða úr ráðuneytum. Það

eru hinar almennu reglur, almennu leikreglur viðskiptalífsins, sem þarna verða að gilda. Því meiri sem samkeppni er, þeim mun meiri líkur eru á að uppbyggingin verði hraðari.

Virðulegi forseti. Ég held að ekki sé miklu við þetta að bæta öðru en því að ég vil algerlega vísa því á bug sem kom fram hjá hv. 7. þm. Suðurk. að með þessari aðferðafræði sé verið að búa til eitthvert bitlingakerfi eða koma á ógagnsæju úthlutunarkerfi. Það er nú bara þannig að við gerum ráð fyrir að úthluta þessum leyfum fyrir þriðju kynslóð með útboði, þannig að þær leikreglur eru fullkomlega eðlilegar að mínu mati. Ég tel að við höfum það góða reynslu af aðferðafræði útboðanna að ekki þurfi að hafa þau stóru orð sem hér voru viðhöfð um þá aðferð.

Ég vil að lokum endurtaka það sem ég sagði hér fyrr að ég þakka hv. þingmönnum í samgöngunefnd fyrir ágæta vinnu við meðferð þessa máls og vænti þess að frumvarpið geti orðið að lögum sem allra fyrst þannig að hægt sé að snúa sér að því að móta þær framkvæmdalínur sem lögin gera ráð fyrir þegar þau hafa tekið gildi.

[16:24]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að taka þátt í hótfyndni hæstv. ráðherra þar sem hann víkur sér undan því að svara efnislegum athugasemdum með tilvísunum í ástandið í Samfylkingunni, sem er upp til hópa mjög gott. Ég virði honum það til vorkunnar, enda uppnám í ríkisstjórninni vegna margra hluta, og leiði þann útúrsnúning hjá mér.

Hann talaði um að sá sem hér stendur hefði haft uppi stór orð um úthlutunarkerfið sem hér er stuðst við, að ég hefði kallað það ógagnsætt bitlingakerfi. Það er nefnilega einmitt kjarni málsins. Ég hafði stór orð uppi um mögulegar afleiðingar þeirrar aðferðar sem hér er lögð til við úthlutun þessara takmörkuðu gæða, við úthlutun leyfisins til að reka þriðju kynslóð farsíma. Ég stend við þau stóru orð, af því að ég er eindreginn talsmaður þess að leikreglur samfélagsins séu sem allra gagnsæjastar og þannig að þær séu engum vafa undirorpnar. Það er kjarni málsins. Ég ítrekaði líka að ég væri þess fullviss að þeim hæstv. ráðherra sem nú situr í samgönguráðuneyti gengi ekkert slíkt til.

Þær ógagnsæju reglur sem hér eru notaðar bjóða upp á það að hægt sé að vefengja niðurstöðuna við úthlutun leyfisins til að reka þriðju kynslóð farsíma. Því lagði ég til og fór fram á það að fært yrði inn sérákvæði um úthlutun sem fæli það í sér að væri um að ræða tvo jafngilda aðila sem byðu í reksturinn, leyfi til að reka þriðju kynslóð farsíma, færi fram uppboð á milli þeirra. Sú leið held ég að tryggi að um gagnsæi verði að ræða og ekki sé hægt að bera stjórnvöldum hvers tíma það á brýn að þau séu með einhverja pólitíska bitlingastarfsemi. Pólitísk bitlingastarfsemi er spilling, það er nú bara þannig. Ég er að mæla þessi varnaðarorð, virðulegi forseti, til að koma í veg fyrir slík brigslyrði.

[16:27]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er nú á þeirri skoðun að það vanti svolítið upp á að þetta sé gagnsætt fyrirkomulag. Ég mótmæli því eiginlega að verið sé að nota orðið útboð. Þetta er miklu frekar einhvers konar fegurðarsamkeppni sem þarna á að fara fram, þar sem meiningin er að stjórnvöld búi til einhvers konar resept fyrir þá sem eru fyrir á markaðnum í kringum þá þjónustu sem á að bjóða. Hæstv. ráðherra talaði um að menn skipuðu mönnum ekki fyrir á markaðnum. En hann kemur síðan hér og segir: Nú er ég búinn að ákveða það að kominn sé tími til að menn taki nú þennan poka á bakið sem hér er fram kominn, og telur að núna sé rétti tíminn. Nú eiga sem sagt þessi fyrirtæki sem eru á markaðnum að skuldbinda sig til þess að bjóða upp á þessa þjónustu, skuldbinda sig til tiltekinna ára að bjóða upp á þá þjónustu og keppa um hana. Hæstv. ráðherra telur að með því muni þau verða verðmætari. Það er ekki endilega víst að svo verði. Það gæti nú vel verið að einhver hefði efasemdir um það að skuldbindingar af þessu tagi sem þarna væri verið að gera inn í framtíðina mundu endilega skila fyrirtækjunum miklum arði. Þá þurfa menn auðvitað að vita eitthvað um hvernig þessi þróun mun ganga fram.

Mér finnst þess vegna að það sé miklu skynsamlegra að fyrirtækin sjálf ákveði það hvað þau telja þessa hluti mikils virði og leggi á það mat heldur en það sé gert af opinberum aðilum með þeim hætti sem hér er stofnað til. Mér finnst það lágmarkið ef að því dregur að sambærilegir aðilar bjóði í svona þjónustu, að hægt sé að gera upp á milli þeirra með einhverjum skynsamlegum hætti.

[16:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að það sé eðlilegt hjá hv. þingmanni að velta fyrir sér hvenær sé rétti tíminn og hversu miklar líkur séu á því að fjarskiptafyrirtækin séu tilbúin til að skuldbinda sig með því að bjóða í slík leyfi. Það er fullkomlega eðlilegt að hv. þingmenn velti því fyrir sér.

Ég met það svo að mjög líklegt sé að fjarskiptafyrirtækin á Íslandi sækist eftir því að hafa aðgang að slíkum leyfum til að geta brugðist við og byggt upp þessa þjónustu sem neytendur væntanlega sækjast í.

Ég tel að fjarskiptafyrirtækin séu langbest til þess fallin að meta það hvernig þau treysti sér til þess að ganga til slíkra útboða á forsendum, eins og hv. þingmaður sagði, eins konar fegurðarsamkeppni þar sem fyrirtækin gera áætlanir um hversu hratt þau séu tilbúin til að bjóða þessa þjónustu. Þeir sem bjóða best, mestu útbreiðslu, mestu þjónustu, fái fyrstir að koma að þessu. Viðbótarhvatningin síðan er lækkun á leyfinu á forsendum útbreiðsluhraðans sem ég tel að sé afar mikilvægt fyrir hinar dreifðu byggðir og að það sé útfært skynsamlega. Ég held að þessi aðferðafræði sé fullkomlega eðlileg og við þekkjum það bæði úr útboðum á framkvæmdum, útboðum á hönnun og ráðgjafarstarfsemi, sem við höfum mikla reynslu af, þar sem ekki einungis verðið er látið ráða, (Forseti hringir.) heldur þekking, reynsla, þjónusta og geta fyrirtækjanna.

[16:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Þetta var nú ágætt í lokin hjá hæstv. ráðherra. Það er nefnilega þannig að það er ágætisreynsla af uppboðum og útboðum á Íslandi og menn gefast ekkert upp á því að nota þær aðferðir þó svo að stöku sinnum komi fyrir að einhverj-

ir fótbrjóti sig í því að bjóða of mikið í einhver tiltekin verkefni.

En það er svo merkilegt að hér hafa menn hlaupið til — og út af hverju? Hér eru taldir upp 15 aðilar, 15 lönd í Evrópu þar sem fram hafi farið úthlutanir á þessum verðmætum, og í þremur löndum hafa menn lent í þessum vandræðum sem hér hefur verið lýst. Þess vegna virðast menn hlaupa frá því hér að ganga frá málum með almennum reglum og vilja vera með fegurðarsamkeppni, eins og þessa sem hæstv. ráðherra á svo að hafa alsjáandi auga yfir og enda með því að gefa mönnum undirskriftina þegar þar að kemur.

[16:32]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem hv. þm. benti á, flest ríkin völdu svokallaða uppboðsleið sem hins vegar gafst afskaplega illa (**JÁ:** ... þremur löndum.) þar sem menn stórlega ofmátu þessi verðmæti. Ég held að sú aðferðafræði sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar eru að hvetja til hafi ekki gefist nægilega vel, að fara uppboðsleiðina, því að nokkuð margir fóru flatt á því. Finnar höfðu þetta nokkuð opið, settu ekkert verð á þetta og Svíar voru sömuleiðis með mjög lágt verð og tiltölulega opið á meðan Bretar völdu uppboðsleiðina sem sprengdi upp verð á leyfum.

Ég held að sú leið sem við erum að fara hér, þessi séríslenska leið þar sem við hvetjum til uppbyggingar um landið allt með lækkandi gjaldi með aukinni útbreiðslu (Forseti hringir.) sé sú leið sem hentar okkur Íslendingum.

[16:34]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst að hæstv. samgönguráðherra verði að gefa okkur dálítið betri upplýsingar og nánari skýringar á því viðhorfi sínu sem hann lýsti hér, hæstv. ráðherrann, að hann teldi að símafyrirtækin væru tilbúin núna til þess að takast á við þetta verkefni. Ég veit ekki hvaða upplýsingum ráðherrann býr yfir en það væri fróðlegt að fá að heyra þær, þær hljóta að vera einhverjar aðrar en við höfum fengið sem störfuðum í samgöngunefndinni. Þetta eru a.m.k. allt önnur viðhorf en símafyrirtækin lýstu fyrir okkur og m.a. var nú lesið hér áðan upp úr umsögn símafyrirtækisins Og Vodafone. Ef ég man rétt komu fram hjá Símanum einnig efasemdir í svipaða veru. Mat ráðherrans hlýtur því að byggjast á einhverri vitneskju sem hann telur þess eðlis að eðlilegt sé að fara í þetta verk. Þau viðhorf eru þó greinilega önnur en viðhorf símafyrirtækjanna.

Ég vil líka vekja athygli á því, virðulegi forseti, að í greinargerð með frumvarpinu stendur á bls. 5 um þriðju kynslóð farsíma í EES-ríkjum, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir þá óvissu sem ríkir nú um markaði fyrir þriðju kynslóðina er vonast til þess að tilkoma þeirrar tækni muni skapa grunninn að þráðlausum breiðbandstengingum [...]“

Neðar segir:

„Velgengni þriðju kynslóðarinnar er undir því komin hvernig markaðurinn sjálfur bregst við.“

Við höfum ekki fengið neinar upplýsingar um að þetta gangi ákaflega vel annars staðar og að mikið sé eftir þessu sótt. (Forseti hringir.) Viðvaranir hér á landi eru sérstakar frá fyrirtækjunum.

[16:36]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það liggur fyrir að uppbygging þessara þriðju kynslóðar kerfa hefur gengið illa. Þess vegna hef ég sagt að við höfum verið heppin að fara ekki af stað fyrr í þessu.

Hvers vegna hefur þetta gengið illa? Jú, annars vegar hefur það gerst vegna þess að efnt var til uppboða þannig að símafyrirtækin settu meiri partinn af peningum sínum í það að kaupa leyfin. Annars vegar tók það mjög á símafyrirtækin, og svo hins vegar það að tæknin gekk ekki eins upp og menn höfðu gert ráð fyrir. Þess vegna hefur þetta farið allt saman hægar af stað.

Núna virðist tæknin vera að ná sér á strik og það er á þeim forsendum sem ég segi að nú sé kominn tími til þess að við sköpum þetta umhverfi, sköpum lagarammann og aðferðafræðina þannig að hægt sé að gera símafyrirtækjunum grein fyrir því hvernig við ætlum að úthluta þessum leyfum og að ekki sé lengur nein óvissa í því fólgin.

Við vitum að ýmis fjarskiptafyrirtæki eru að hasla sér völl. Þar má náttúrlega nefna þessi tvö stóru símafyrirtæki, Símann og Og Vodafone, og þá er Orkuveitan hér í Reykjavík að fjárfesta í fjarskiptakerfum, Fjarski er í þessu og síðan önnur minni fyrirtæki eins og ég nefndi fyrr. Við eigum því ekki að útiloka það að fleiri komi á vettvang sem eru reiðubúnir til þess að fjárfesta í þessari þjónustu.

Mér finnst afar mikilvægt að þessi lagarammi sé algerlega klár þannig að við getum brugðist við þegar við finnum að þrýstingurinn kemur frá fjarskiptafyrirtækjunum (Forseti hringir.) og að þau séu tilbúin til að bjóða upp á þessa tækni.

[16:38]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er það ekki svo að við sem leggjum hér fram breytingartillögur séum beinlínis að leggjast gegn því að málið fái framgang sem lög, heldur leggjumst við gegn því að þetta gangi mjög hratt fyrir sig. Við erum með frestunarákvæði og síðan eru önnur ákvæði sem við höfum verið að ræða hér, eins og að kostnaðurinn sé ekki færður yfir á aðra sem ekki nota kerfið.

Við erum nú að leggja þetta til, hæstv. samgönguráðherra, í mestu vinsemd og við viljum ráðherranum ágætlega vel með þessu. Ég held að ráðherrann ætti að taka viljann hjá okkur fyrir verkið. Við vorum nefnilega með svona frestunartillögu varðandi raforkulögin og ég held að ríkisstjórnin hefði farið betur út úr því ef hún hefði hlustað á það og tekið sér tíma til að vinna það mál. Ég vona satt að segja að það sem verið er að gera hér verði ekki annað eins fótakefli og virðist vera í raforkumálunum (Forseti hringir.) þar sem raforkukostnaður lendir dýrt á þeim sem eru jafnvel með rafmagnslínurnar yfir húsunum sínum.

[16:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er náttúrlega ólíku saman að

jafna (Gripið fram í.) vegna þess að við erum hér að setja löggjöf um aðferðafræði við þessa úthlutun og erum þar ekki undir þá sök seld að regluverk á hinu Evrópska efnahagssvæði skikki okkur til ákveðinnar aðferðar eins og hefur gerst hvað varðar uppbyggingu raforkufyrirtækjanna. Þetta er gjörólíkt. Við ráðum hér algjörlega för sjálf en það á ekki við í hinu tilfellinu.

Ég held að við þurfum ekki á þessu frestunarákvæði að halda vegna þess líka að þó að ramminn sé settur, lögin skilgreind um hvernig við ætlum að úthluta þessu, er ekki þar með sagt að við þurfum að rjúka til þess strax að auglýsa þessi leyfi. Við þurfum að sjálfsögðu að velja rétta tímann. Byr verður að ráða þar (Forseti hringir.) eins og ég veit að hv. þingmaður skilur og skynjar að er góð viðmiðun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:41]

Útbýting:

Aðgerðir gegn fátækt, 443. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 692.

Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, 457. mál, fsp. JóhS, þskj. 706.

Launakönnun út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum, 455. mál, fsp. JóhS, þskj. 704.

Listaverkakaup Listasafns Íslands, 458. mál, fsp. KolH, þskj. 707.

Lífeyrissjóður bænda, 459. mál, fsp. DrH, þskj. 708.

Öryggismál og aðbúnaður á Kárahnjúkasvæðinu, 456. mál, fsp. JóhS, þskj. 705.

Kosningar til Alþingis, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 26. mál (kjördæmaskipan, tilhögun kosninga o.fl.). — Þskj. 26.

[16:42]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér á nýjan leik fyrir tillögu til þingsályktunar um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis. Flutningsmenn ásamt þeim sem hér stendur eru aðrir hv. þingmenn Frjálslynda flokksins, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson og Gunnar Örlygsson.

Þessi tillaga hefur nú verið flutt hér nokkrum sinnum áður og get ég þess vegna e.t.v. farið hraðar yfir sögu en ella væri. En þó er nú málum þannig háttað að akkúrat í þessari viku hófust störf í nefnd við að endurskoða stjórnarskrána. Þessi þingsályktunartillaga gengur reyndar út á það að skipa nefnd og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa fulltrúa allra þingflokka, er sæti eiga á Alþingi, í nefnd sem endurskoði kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin hafi að markmiði að jafna atkvæðisrétt landsmanna þar sem landið verði allt eitt kjördæmi. Þá fái nefndin það hlutverk að leggja til fyrirkomulag þar sem ráðherrar víki þingsæti fyrir varamönnum sínum og hvaða skyldum ráðherrar gegna þá varðandi störf þingsins.“

Þetta er efni tillögunnar, hæstv. forseti. Eins og ég gat um í upphafi máls míns hagar svo til að það sem hér er ályktað um, að skipa nefnd til að ræða m.a. stjórnarskrána og ýmis atriði í henni, hefur þegar verið gert, þótt af öðru tilefni sé. Hvatinn að því að hæstv. forsætisráðherra ákvað að láta skipa slíka nefnd eru þær deilur sem urðu á síðasta ári. En hvað um það? Á fót hefur verið komið nefnd til að endurskoða stjórnarskrá íslenska lýðveldisins.

Þrátt fyrir skipunarbréf nefndarinnar, um það að okkur bæri einkum að skoða 1. gr., 2. gr. og 5. gr. stjórnarskrárinnar þá hefur því verið lýst yfir og verið rætt á fyrsta fundi þeirrar nefndar að að sjálfsögðu færu menn vítt og breitt yfir efni hennar og færu yfir öll atriði sem þeir vildu taka til skoðunar. Sú leiðbeining sem fram kom í bréfi hæstv. forsætisráðherra vísar ekki endilega til þessa en þó er þar ekki lokað á að ræða önnur atriði í stjórnarskrá landsins, enda væri það sérkennilegt þar sem 73. gr. stjórnarskrárinnar markar öllum þegnum Íslands málfrelsi og skoðanarétt. Það var því að vonum að menn breyttu eftir því og að nefndin færi í málið með opnum huga enda full ástæða til þess.

Á Alþingi hafa í gegnum árin verið fluttar fjölmargar tillögur um ýmis atriði varðandi breytingar á stjórnarskránni, ekki bara tillagan sem við hv. þingmenn Frjálslynda flokksins flytjum nú. Hún er til komin vegna þess og er eiginlega afleiðing þess að hér var tekið upp nýtt kjördæmafyrirkomulag sem við þekkjum og fyrst var kosið eftir árið 2003. Það byggir á þremur stórum landsbyggðarkjördæmum, reyndar mjög stórum. Þar af leiðandi er mikil fyrirhöfn að ferðast þar um og reyna að halda þokkalegu sambandi við fólkið í stærri kjördæmum og þarf talsvert fyrir því að hafa.

Við í Frjálslynda flokknum áttum á sínum tíma ekki aðild að þeirri niðurstöðu varðandi kjördæmaskiptinguna sem við búum nú við. Við höfum reyndar talið að úr því sem komið er væri ekki nema eitt að gera, þ.e. að skoða það í alvöru hvort ekki væri kominn tími á að landið yrði eitt kjördæmi. Við í Frjálslynda flokknum höfum komist að þeirri niðurstöðu að kjördæmaskipan hér á landi hafi svo sem enga sérstaka vernd veitt landsbyggðinni eða hinum minni kjördæmum. Það sjáum við best ef við lítum vítt og breitt um landið. Víða fækkar í byggðum, jafnt í dreifðum byggðum landsins sem kaupstöðum og landsbyggðin á frekar undir högg að sækja. Þar af leiðandi er ekki hægt að halda því fram að hin sérstaka kjördæmaskipan sem verið hefur og byggst hefur á mismunandi atkvæðavægi hafi varið byggðir landsins. Ég held að enginn þingmaður sem lítur aftur í tímann geti haldið því fram að þannig hafi það verið.

Er t.d. hægt að halda því fram að okkur, sem vorum þingmenn Vestfjarðakjördæmis, hafi tekist sérstaklega vel upp við að verja hagsmuni Vestfjarða? Ég lít ekki svo á. Það hefur fækkað í byggðum Vestfjarða og sá atvinnuréttur sem var okkur mest virði, fiskveiðirétturinn, hefur að þó nokkru leyti verið frá okkur tekinn og við höfum lent í hörkubaráttu við að verja þann frumrétt okkar að fá að halda uppi byggðum og atvinnu á því landsvæði.

Þannig er það vaxið, virðulegi forseti, og þess vegna ákváðum við að koma með þessa tillögu á þingi. Við fyrri framlagningu á þessu máli höfum við einnig viljað benda á að við upptöku á ákvæði um að Ísland verði eitt kjördæmi

þyrfti jafnframt að taka upp öðruvísi fyrirkomulag á alþingiskosningum, tvenns konar lista, flokkslista og landslista. Menn gætu þá annars vegar valið flokkslista og hins vegar valið einstaka menn af landslista. Þannig held ég að við mundum í raun auka lýðræði fólksins í landinu og gefa því aukið vægi og valinu á því fólki sem kemur til starfa á háttvirtu Alþingi.

Það er líka afar sérstakt að í nýju kosningalögunum er ákvæði um að til að fá úthlutað jöfnunarsæti skuli flokkur ná a.m.k. 5% atkvæða á landsvísu þótt jafnvel megi sýna fram á að hægt sé að ná kjörnum þingmanni með innan við 2% atkvæða. Þótt jafnframt sé sagt í þingsköpum að tveir fulltrúar flokks á Alþingi skipi þingflokk og séu fullgildur þingflokkur þá settu menn samt inn ákvæði um 5%. Ég tel að nokkurn veginn sama prósentutala eigi að gilda sem lágmark eins og þarf til að mynda þingflokk á Alþingi. Mér finnst ekki eðlilegt að hægt sé að ná inn tveimur mönnum miðað við fylgi en fá ekki sama rétt til uppbótarþingmanna ef þeir ná ekki 5%. En það er fræðilegur möguleiki, sýnist mér, að það gæti komið upp. Ætli besta nýting á atkvæðamagni sé ekki núna hjá Framsóknarflokknum, sem aðeins hefur 2.707 atkvæði á bak við þingmann? Þingmenn Frjálslynda flokksins hafa hins vegar 3.340 atkvæði, minnir mig, á bak við hvern þingmann. Þannig er nú það, virðulegur forseti, enda munaði ekki nema einhverjum 12–13 atkvæðum í síðustu alþingiskosningum á að Frjálslyndi flokkurinn fengi fimmta þingmanninn.

Þá kem ég að efni sem ég vil einnig víkja að í þessari ræðu, sem er meðferð kjörseðla. Ég tel mikilvægt að skoðuð verði meðferð utankjörfundargagna. Ég tel það algjörlega aftan úr grárri forneskju, hæstv. forseti, að þeir sem greiða atkvæði utan kjörfundar séu sjálfir á ferðalagi um landið með kjörseðilinn í vasanum eða þurfi að reyna að koma honum á flutningabíl, olíubíl eða flugvél til að koma honum til skila. Ég tel að slíkt fyrirkomulag heyri fortíðinni til og furða mig á því að það hafi ekki verið endurskoðað þegar menn skoðuðu kosningalögin síðast. Það hlýtur að eiga að vera þannig, þegar fólk greiðir atkvæði hjá sýslumanni eða umboðsmanni sýslumanns, að það sé skylda sýslumannsins eða umboðsmannsins að koma atkvæðunum til skila. Með nútímatækni þarf reyndar ekki ferðalag til að koma því til skila heldur er hægt að telja þar sem kosið er og senda niðurstöðuna í viðeigandi kjördeild eða kjördæmi ef því er að skipta. Ef landið yrði að einu kjördæmi þá mundi það ekki skipta svo miklu máli. Þá gætu menn skilað utankjörfundaratkvæðum hvar sem er og þau yrðu talin þar sem þeim væri skilað.

Það er talað um það í kosningalögum að kjósandinn skuli ævinlega njóta vafans, þ.e. ef kjörseðill er illa merktur, ef úr því megi lesa hver viljinn hafi verið skuli hann njóta vafans. Það á ekki við í utankjörfundaratkvæðagreiðslu því að þar getur jafnvel það að stimpil embættismanns vantar eða uppáskrift embættismannsins orðið til að seðillinn verði ógildur.

Það voru ýmis tilbrigði í alþingiskosningum síðast, sem við gerðum að umræðuefni strax eftir alþingiskosningar, við talningu atkvæða. Meðferð atkvæða eftir kjördæmum var mjög mismunandi og fjöldamargt sem þar væri ástæða til að skoða. En þar sem skipuð hefur verið sérstök nefnd til að vinna með kjördæmamálið og því hefur verið lýst yfir að þar mundu menn tína til það sem þeir telja að hafi misfarist, ég tala nú ekki um þegar hægt er að halda því fram að þar hafi orðið lapsus í framkvæmd, þá væri það auðvitað skoðað.

Þar af leiðandi stöndum við frammi fyrir því núna, aldrei þessu vant, eftir að hafa mælt fyrir þessu máli í þrjú, fjögur skipti að nú er til staðar nefnd við að endurskoða kjördæmaskipunina. Fulltrúi okkar í nefndinni mun að sjálfsögðu koma þessum sjónarmiðum og tillögum sem hér eru til umræðu á framfæri. Að sjálfsögðu munu fulltrúar annarra flokka einnig koma með þær hugmyndir og ábendingar inn í nefndarstarfið sem þeir hafa áhuga á að teknar séu til skoðunar. Ég ætla að leyfa mér að vona í fyllstu einlægni að okkur takist vel til í nefndarstarfinu við að endurskoða stjórnarskrána og að um þau verk sem okkur tekst að ljúka takist mikil sátt, að menn nái samkomulagi um þau. Það er auðvitað ekki sjálfgefið hvaða niðurstöðu menn ná en ég met það svo að menn vilji leggja ýmislegt á sig til þess að ná lendingu í málinu.

Deilumálið frá síðasta sumri mun auðvitað koma upp, um vald forsetans og það hvort forsetinn eigi að geta skotið málum til þjóðarinnar. Ég tel að svo eigi að vera og til viðbótar við það eigi að koma skýr ákvæði inn í stjórnarskrána sem lúta að því að ákveðinn fjöldi kjósenda, t.d. 20%, geti óskað eftir því að mál gangi til þjóðaratkvæðagreiðslu hafi þeir skrifað upp á skjal til að láta í ljós þá ósk sína. Jafnframt mætti skoða það atriði að ákveðinn fjöldi þingmanna geti einnig krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um ákveðin mál. Ég tel að endurskoðun stjórnarskrárinnar eigi almennt að vera í þá átt að auka lýðræði fólks og réttarstöðu en ekki öfugt.

Ég held líka að skoða þurfi ýmislegt í tengslum framkvæmdarvalds, dómsvalds og löggjafarvalds. En tíma mínum er nú að ljúka. Ég ætla ekki að fara náið yfir það hér en ég hef fjölmargar hugmyndir um hvað þarf að skoða varðandi endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég vonast til þess að við sem þar munum vinna förum öll í það með opnum huga að gera þjóð okkar sem mest gagn við að endurskoða stjórnarskrána og að þar séu lagðar upp skýrar reglur sem taka mið af því að stjórnvöld í landinu eru fyrir fólkið og fólkið í landinu sem á réttinn sem við mörkum í stjórnarskránni. Megintilgangur okkar yrði því að gera stjórnarskrána nútímalega með aukið lýðræði og réttindi fólks í landinu í huga og þannig að hún veiti stjórnvöldum aðhald.

[16:57]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Eitt af helstu málum þessara missira eru stjórnarskrárbreytingar sem verða mættu til að færa lýðræðisfyrirkomulag okkar til réttlátari og betri hátta. Allt sem er í þeirri þingsályktunartillögu sem hér er til umræðu get ég tekið heils hugar undir, enda hafa stefnumið okkar jafnaðarmanna um margra ára og áratuga skeið verið þau að jafna atkvæðisréttinn í landinu og gera landið að einu kjördæmi. Við höfum flutt um það þingmál og lagafrumvörp og fleira sem að því lýtur. Ég tek því heils hugar undir efni þessa máls og ætlaði að koma sérstaklega að því varðandi þær stjórnarskrárbreytingar sem fram undan eru á

næstu mánuðum og missirum að ég tel það algjört grundvallaratriði að út úr þeirri vinnu komi sú breyting að landið verði gert að einu kjördæmi og atkvæðisréttur allra Íslendinga verði jafnaður til fulls.

Atkvæðisrétturinn er hluti mannréttinda okkar. Það að „víla og díla“ um slík mannréttindi undir þeim formerkjum að um sé að ræða byggðamál og það að bæta hag þeirra byggða sem lakast standa er algjör firra. Fráleitt er að halda því fram að byggðastefnan eigi að birtast okkur með því að ganga á mannréttindi annarra Íslendinga. Það er mjög auðvelt að færa rök fyrir því að sú kjördæmaskipan sem við höfum búið við á liðnum áratugum, hvort heldur er gamla kjördæmaskipunina sem var breytt fyrir síðustu kosningar eða hin nýja kjördæmaskipan, með sex kjördæmunum sem við búum við núna, hafi komið byggðunum að gagni að einhverju leyti.

Ég held að hægt sé að halda því fram að kjördæmaskipanin gamla, það að okkar fámenna og strjálbýla stóra landi sé skipt upp í kjördæmi, hvort sem þau eru sex, átta eða fleiri, vinni gegn hagsmunum hinna ýmsu byggðarlaga. Það getur vel verið að sum byggðarlög „eignist“ þingmenn, ef svo má segja, sem dragi meira í bú en aðrir á einhverju tilteknu tímabili, en hægt er að fullyrða að í það heila tekið vinnur þetta gegn hinum dreifðu byggðum. Það vinnur gegn byggðunum að draga alþingismennina 63 í einhverja dilka, í einhver lið þannig að þeir séu að vinna sérstaklega fyrir ákveðið landsvæði en ekki fyrir hagsmuni annarra landsvæða.

Landið allt á að vera eitt kjördæmi. Atkvæðisréttur allra Íslendinga á að vera jafn af því að hann er mannréttindi. Hann er jafnhelg mannréttindi og annað sem við skilgreinum óvefengjanlega sem svo. Mannréttindum er ekki skipt upp og þeim er ekki skipt út fyrir eitthvað annað. Þeim er ekki skipt út eða upp í eitthvað sem stjórnvöld einhverra tíma hafa skilgreint sem byggðastefnu af því að sú byggðastefna er þá bæði röng, ranglát og á misskilningi byggð, enda hefur það að miklu leyti horfið út úr umræðunni að það sé inntak og kjarni byggðastefnunnar á Íslandi, inntakið í því að halda Íslandsbyggðum öllum í byggð, að atkvæðisrétturinn sé ójafn og ranglátur. Það eru fáir sem halda því fram, æ færri, þó svo að einhverjir stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar standi vörð um það.

Sú kjördæmabreyting sem gerð var síðast voru mistök, það var vond kjördæmabreyting. Búin voru til flennistór landsvæði sem tilteknum hluta alþingismanna var gert að vera í og höfuðborgarsvæðinu skipt upp með afkáralegum hætti í þrjú kjördæmi. Ekkert af þessu átti rétt á sér, þetta voru mistök. Og ég vona að sú nefnd sem hefur nýhafið störf, stjórnarskrárnefndin, leggi það til sem meginbreytingu á stjórnarskrá okkar að landið verði allt gert að einu kjördæmi og atkvæðisrétturinn þannig jafnaður til fulls.

Gera þarf margar fleiri breytingar á stjórnarskránni eins og að taka upp ákvæði um að tiltekinn hluti atkvæðisbærra manna á Íslandi geti knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál, beint lýðræði. Það á að efla og auka beint lýðræði með þeirri grundvallarbreytingu á stjórnarskránni sem ég nefndi þar. Það er mál sem er líka mjög mikilvægt til að endurreisa raunverulegt lýðræði á Íslandi af því að hægt er að halda því fram með rökum að það hafi fjarað svo undan raunverulegu lýðræði, þar sem vilji og réttur fólksins nær fram að ganga í öllum eða sem flestum málum, að grípa verði til afgerandi ákvarðana til að endurreisa raunverulegt lýðræði á Íslandi og gæða það nýju líf. Það verður fyrst og fremst gætt nýju lífi með því að efla beint lýðræði með ákvæðinu sem ég nefndi áðan inn í stjórnarskrána við hliðina á og auk málskotsréttar forseta Íslands í mikilvægum málum. Það á ekki að skipta þjóðaratkvæðisákvæðinu út fyrir málskotsréttinn. Saman efla þessi tvö ákvæði raunverulegt lýðræði í landinu og tryggja að vilji fólksins og verðir fólksins geti haft afskipti af málum þurfi svo að vera, eins og við upplifðum í fyrrasumar þegar málskot forseta Íslands á fjölmiðlalögunum var algjört grundvallaratriði í lagasetningarferlinu til að afstýra pólitísku voðaslysi. Setja á inn ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu, beint lýðræði, auk málskotsréttar forseta Íslands. Það á alls ekki að skipta því út.

En eftir stendur sú meginkrafa sem lögð er til í þeirri þingsályktunartillögu sem við ræðum hér, sem hv. þingmenn Frjálslynda flokksins flytja, og ég styð eindregið allt inntak hennar. Það var ágætlega rakið af 1. flutningsmanni hennar, hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, áðan að það er grundvallaratriði, algjör og alveg ófrávíkjanleg krafa að mínu mati í stjórnarskrárbreytingunum, að gera Ísland að einu kjördæmi og jafna atkvæðisréttinn til fulls. Þetta hefur verið í umræðunni í mörg ár. Héðinn Valdimarsson, fyrrverandi formaður Dagsbrúnar og alþingismaður, flutti frumvarp um þetta árið 1927 og flutti mjög glæsilega röksemdafærslu fyrir því að atkvæðisrétturinn væri helg mannréttindi sem mætti ekki skerða með neinum hætti og ekki af neinum ástæðum. Það væri, rétt eins og að ganga gegn málfrelsinu, tjáningarfrelsinu og prentfrelsinu, helgur réttur, og undir það tek ég hér og vísa í það mál. Eins hefur hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson flutt um þetta mál, mjög mikilvægt mál, og vona ég að umræða vorsins sem er að hefjast núna og hefst hér í þingsölum strax á öðrum degi vorþingsins með umræðu um þessa þingsályktunartillögu um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis þar sem lagt er til að landið allt verði gert að einu kjördæmi og hinn dýrmæti lýðræðislegi réttur hvers einstaklings, atkvæðisrétturinn, verði þar með jafn og óskertur eða eins og þar segir, með leyfi forseta:

„Þar með bæru allir þingmenn jafna ábyrgð gagnvart kjósendum hvar sem búseta þeirra væri.“

Þetta er vel að orði komist hjá hv. flutningsmönnum Frjálslynda flokksins (Forseti hringir.) og styð ég þetta mál eindregið.

[17:06]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er um mikilsvert mál að ræða sem Frjálslyndi flokkurinn leggur ríka áherslu á enda varðar þetta mál lýðræðið og eitt af hlutverkum Frjálslynda flokksins í íslenskum stjórnmálum er einmitt að leggja aukna áherslu á lýðræðisleg gildi og lýðræðislegri en nú tíðkast. Það er ekki vanþörf á og ég mun koma inn á það í ræðu minni.

En það er einmitt eitt af grundvallaratriðum lýðræðisins að þegnarnir búi við jafnan rétt hvað varðar atkvæði og

auðvitað á að vera einn maður á bak við hvert atkvæði og hafa jafnt gildi. En nú er ástandið þannig að búið er að skipta landinu upp í sex kjördæmi, þ.e. þrjú mjög stór landsbyggðarkjördæmi og þrjú höfuðborgarkjördæmi. Sú skipting er í rauninni eitthvað sem verður ekki búið við til framtíðar og sérstaklega ef horft er til höfuðborgarkjördæmanna. Skiptingin á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega hvað varðar Reykjavíkurkjördæmi norður og Reykjavíkurkjördæmi suður, er afkáraleg og þetta er ekki eitthvað sem verður búið við til framtíðar. Því á ég ekki von á öðru en að stjórnarskrárnefndin, sem hefur nýtekið til starfa, muni einmitt gaumgæfa þetta atriði og fara yfir hvort ekki sé rétt einmitt í þessari atrennu að landið verði eitt kjördæmi.

Stundum hafa heyrst ákveðnar gagnrýnisraddir í þá veru að ef landið yrði eitt kjördæmi mundu þröngar flokksklíkur nánast ráða uppstillingu á framboðslistum. En hægt er að komast hjá því annars vegar með því að lögfesta prófkjör flokkanna og ég tel að það eigi að gera og huga að því. Fyrir síðustu alþingiskosningar kom í ljós að það var lausung m.a. hjá einum stærsta stjórnmálaflokki landsins, Sjálfstæðisflokknum, það var í Norðvesturkjördæmi, kjördæminu sem ég er þingmaður fyrir, þar var flakk á kjörseðlum og alls kyns kærumál uppi. Það er full þörf á að treysta grundvöll prófkjöra ef það á yfir höfuð að taka eitthvert mark á þeim. Hins vegar er sú leið sem Frjálslyndi flokkurinn hefur bent á, að fólk geti valið frambjóðendur í kosningunum sjálfum þannig að hægt væri að kjósa frambjóðendur á listunum með beinum hætti. Það er ein leiðin til þess að tryggja að hver og einn kjósandi geti haft áhrif á hverjir veljast til setu á löggjafarsamkomunni.

Hvað lýðræðið varðar þá er mjög þarft að skoða hvernig haldið er á málum á fleiri sviðum. Sérstaklega vil ég nefna og er það aldrei of oft nefnt á meðan það óþolandi ástand ríkir að stærstu stjórnmálaflokkar landsins leyni því hverjir greiði í flokkssjóði þeirra. Það er einn þátturinn sem fara þarf rækilega yfir til þess að tryggja lýðræðið. Það er mjög þarft mál. Það kom upp nú í olíuhneykslinu, og það ber að rifja það upp hér, að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafi haft bein fjárframlög frá þeim fyrirtækjum sem höfðu fé af almenningi með ólöglegu samráði. Það er mjög alvarlegt að lýðræðislega kjörnir fulltrúar séu jafnvel kosnir hér með fjárframlögum frá félögum sem hafa haft fé af almenningi. Það er mjög alvarlegt og auðvitað ættu ábyrgir stjórnmálamenn í þessum flokkum, Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, ef þeir finnast þar, að koma og ræða þetta hér. Þetta er alveg óþolandi ástand.

Svo hafa menn einnig nefnt að núverandi skipan sé góð fyrir landsbyggðina en því miður hefur það ekki reynst svo. Þetta meira vægi atkvæða á landsbyggðinni hefur ekki reynst landsbyggðinni vel. Í umræðu á þinginu um byggðamál var áberandi að það var nánast einungis minni hluti þingmanna sem tók þátt. Sá minni hluti sem kemur frá hinum dreifðu byggðum.

Í miklum og fjörugum umræðum um skýrslu byggðamálaráðherra um framvindu í byggðamálum tók , ef ég man rétt, einungis einn þingmaður af Reykjavíkursvæðinu þátt í umræðu um það alvarlega ástand sem er á landsbyggðinni, þ.e. byggðaflóttinn. Það er nú einu sinni svo að umræðan um byggðamál og landsbyggðina er orðin umræða minni hluta þingmanna á hinu háa Alþingi. Í rauninni ætti þetta þjóðfélagsmál og þessi fólksflótti sem hefur því miður orðið einnig að vera mál þingmanna á höfuðborgarsvæðinu vegna þess að þetta ójafnvægi í byggðamálum hefur skapað vissa þenslu á höfuðborgarsvæðinu sem er óæskileg.

Að lokum er rétt að taka fram að Frjálslyndi flokkurinn leggur mikla áherslu á að ræða um lýðræðið og að koma á bættum lýðræðislegum stjórnarháttum og er ekki vanþörf á. Það kemur m.a. fram í fjármálum stjórnmálaflokka og þessu máli, að gera landið að einu kjördæmi. Ég tel að þetta mál, Ísland eitt kjördæmi, sé í rauninni framtíðarmál og það sé einungis spurning hvenær landið verður eitt kjördæmi en ekki hvort.

[17:13]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka flutningsmönnum fyrir það mál sem þeir hafa lagt hér fram og það að reyna með þessum hætti að stuðla að jöfnun atkvæðisréttar og því að gera landið að einu kjördæmi, sannarlega hið þarfasta mál sem út af fyrir sig hefur svo sem birst í þinginu í öðrum myndum einnig og á sér eflaust stuðningsmenn og talsmenn í öllum stjórnmálaflokkum, enda í sjálfu sér ekki annað en viðhorf um heilbrigða skynsemi sem löngu er orðið aðkallandi að nái fram að ganga. Ég tel það vera yfirsjón að í skipunarbréfi hinnar nýju stjórnarskrárnefndar skuli þetta atriði ekki vera sérstakt áhersluatriði um endurskoðun á stjórnarskránni því að hér má ekki lengur við svo búið standa.

Um þau sjálfsögðu mannréttindi að fá að greiða atkvæði og hafa fullan atkvæðisrétt í alþingiskosningum hafa menn auðvitað þurft að berjast í gegnum tíðina. Í ár eru 90 ár síðan konur á Íslandi fengu kosningarrétt, árið 1915. Við öryrkjar eða þurfalingar á fyrri tíð fengum kosningarrétt fyrir tilstilli Héðins Valdimarssonar og framgöngu hans hér í þinginu árið 1934. En nú í dag er árið 2005 og enn hafa Reykvíkingar ekki fengið fullan atkvæðisrétt í landinu.

Það er algerlega óþolandi að við á höfuðborgarsvæðinu þurfum við það að búa að vera með einhverjum hætti minni þátttakendur í alþingiskosningum en ýmsir aðrir landsmenn. Við heyrum það auðvitað í umræðunum hér og heyrðum í umræðunum um þetta mál áður, að þeim sem fengið hafa hinn meiri atkvæðisrétt þykir það alveg jafnóeðlilegt eins og okkur hér á svæðinu að málum sé þannig skipað. Ég hygg að það að jafna atkvæðisréttinn sé orðið yfirgnæfandi sjónarmið með þjóðinni og raunar líka hitt, að leggja af þetta ónýta kjördæmakerfi sem var tekið upp sem einhvers konar bráðabirgðalausn fyrir nokkru síðan þegar engin leið var að ná málamiðlun annarri en þessari og öllum sem að henni komu fannst sú málamiðlun vond. Verst þótti okkur hún sennilega í Reykjavík þar sem borgin, eitt sveitarfélag, var skorið í tvennt þannig að til athlægis var, ekki bara um borgina heldur um landið allt. Svo fjarskalega vitlaust var fyrirkomulagið, þar sem fólkið við Hringbrautina er í sitt hvoru kjördæminu, að jafnvel útlærðir lögfræðingar Reykjavíkurborgar og sérfræðingar borgarinnar í því að halda almennar kosningar um áratuga skeið gerðu þau mistök að setja hluta af íbúum Framnesvegar í vitlaust kjördæmi, og er það nema von vegna þess að íbúarnir við þessa

götu eru ekki í sama kjördæmi af því að kjördæmamörkin liggja um miðja götuna og þeir sem eru á lágu númerunum eru í öðru kjördæminu og þeir sem eru á háu númerunum í hinu. Jafnvel menn sem um áratuga skeið hafa unnið að skipulagningu kosninga til Alþingis og borgarstjórnar og forsetakosningum með þeim vandaða og góða hætti sem við öll þekkjum var um megn að framfylgja þeim ákvæðum sem hér voru sett.

Þetta kjördæmakerfi er líka að sínu leyti, þó kjördæmin séu stærri, skjól fyrir ýmis annarleg sjónarmið og óeðlilega hagsmunagæslu fyrir einstök svæði eins og hin fyrri kjördæmakerfi voru þó að þetta sé kannski skárra að því leytinu til að kjördæmin eru stærri en áður. En það er líka gríðarlegur ókostur og við þekkjum það auðvitað frá félögum okkar sem eru að reyna að þjóna kjördæmum sem ná alla leiðina frá Höfn í Hornafirði til Reykjanesbæjar að það er ákaflega erfitt að gera það svo að vel sé og langtum skynsamlegra og betra að við séum hér á Alþingi þingmenn þjóðarinnar en ekki einstakra sveitarfélaga eða landshluta og tímabært að taka þessa skipan upp.

Ég held líka að sú hugmynd sem fram er sett um persónukjör samhliða listakjöri í almennum kosningum sé æskileg. Það er engum blöðum um það að fletta að það eru ekki aðeins flokkslínurnar sem máli skipta í stjórnmálum. Það er einfaldlega þannig að við treystum einstaklingum til góðra verka og við þekkjum góða, trausta og öfluga einstaklinga í öllum stjórnmálaflokkum og við viljum gjarnan hafa áhrif á það hvaða einstaklingar fara fyrir þjóðinni og sjálfsagt og eðlilegt að við getum með einhverjum hætti haft áhrif á það í almennum kosningum.

Ég vil, virðulegi forseti, fyrst og síðast fá að leggja enn og aftur áherslu á það að við það er ekki búandi að árið 2005 hafi Reykvíkingar ekki enn fengið fullan kosningarrétt í landinu. Það er brýn nauðsyn að við endurskoðun á stjórnarskránni verði kjördæmaskipunin og kosningakerfið endurskoðað með þeim hætti að við njótum þeirra grundvallarmannréttinda eins og aðrir landsmenn að vera fullgildir þátttakendur í alþingiskosningum.

[17:20]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það kann að virðast svolítið undarlegt að ræða tillögu eins og þessa á sama tíma og búið er að setja af stað nefnd til að endurskoða stjórnarskrána þar sem allt er undir en þó er full ástæða til þess að ræða þetta mál. Það er nefnilega greinilegt að skiptar skoðanir eru um það hvort breyta eigi landinu í eitt kjördæmi eða ekki.

Mér finnst að reynslan af fyrirkomulaginu sem nú er í gildi hafi þegar sýnt okkur að það er ekki frambúðarfyrirkomulag. Ég minni á að ef menn ekki breyta fyrirkomulaginu núna í meðförum þeirra tillagna sem vonandi koma til afgreiðslu á þessu kjörtímabili frá nefnd þeirri sem sett hefur verið af stað, ef menn munu þar ekki vera með í farteskinu tillögur um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og þar með kjördæmaskipunina mun sú breyting ekki ganga fram fyrr en fyrirkomulagið hefur verið í gildi að öllum líkindum í 12 ár. Það er að mínu viti allt of langur tími með það fyrirkomulag sem langflestir telja ekki viðunandi. Þess vegna er svo mikilvægt að slegist verði fyrir því að breytingin verði tekin til alvöru umfjöllunar í stjórnarskrárnefndinni og ekki bara þar, því ég legg áherslu á að alþingismenn eru ekki best færir um að meta það einir hvernig slíkt fyrirkomulag eigi að vera, hvernig stjórnarskráin eigi að líta út, hvernig þær reglur eigi að vera sem þeir eiga að starfa eftir. Það er alveg gríðarlega mikilvægt að fólk komi þar að, almenningur í landinu ríði til Alþingis og setji mark sitt á þessar umræður allar og að menn finni virkilega fyrir tillögum og hugmyndum almennra borgara í þeirri umfjöllun sem fram undan er.

Þegar menn velta fyrir sér hvaða áhrif það hefði að breyta landinu í eitt kjördæmi þá segi ég: Ég er sannfærður um að þeir sem hafa áhyggjur af landsbyggðinni ættu að vera rólegri, vegna þess að ef allir þingmenn teldu sig hafa skyldur við allt landið og væru ekki króaðir af að stórum hluta til á suðvesturhorninu vegna kjördæmaskipunarinnar sem er mundu þeir, allir sem einn, vinna að verkefnum úti á landi því auðvitað vilja allir landi sínu vel og vilja rækja starf sitt. Ég efast ekki um að þingmenn hvar sem þeir byggju og væru settir fram mundu vilja vinna að málefnum landsbyggðarinnar. En það er hreinlega komið í veg fyrir það með því fyrirkomulagi sem er.

Það er ekki svo auðvelt og það höfum við séð í gegnum tíðina að flokkar sem hafa t.d. ekki náð því að fá fulltrúa sína inn í hin einstöku kjördæmi, bæði í þessu fyrirkomulagi og því sem á undan var, hafa nánast engan kost átt á því að taka þátt í starfi hinna einstöku kjördæma sem segir auðvitað sitt um hve fyrirkomulagið hefur verið óeðlilegt í gegnum tíðina. Væri landið eitt kjördæmi gætu þingflokkarnir séð til þess að landinu væri sinnt af hendi viðkomandi flokks. Ég hef ekki áhyggjur af því að þeir stjórnmálaflokkar sem bjóða fram til Alþingis mundu ekki stilla upp með þeim hætti að það væru fulltrúar sem fólkið teldi sína hvar sem væri frá landinu, því auðvitað mun fólk ævinlega horfa til þess hvaða fólk er í boði og fulltrúar fyrir stjórnmálaflokka og hvort þeir hafi sinnt þeim svæðum sem um er að ræða.

Ég vil ræða um annað í þessu samhengi. Ég tel mjög mikilsvert að tengja þessa þróun eflingu sveitarfélaganna. Ég tel að það átak sem nú er í gangi til að stækka sveitarfélögin sé að vísu ekki nógu öflugt til að gera það sem þarf en það er þó vonandi skref í áttina. Við þurfum að efla sveitarfélögin enn meir og gera Alþingi fyrst og fremst að löggjafarsamkomu, færa meiri völd og áhrif til sveitarstjórnanna og það á að vera hluti af þeim breytingum sem við tölum um þegar við tölum um að gera landið að einu kjördæmi. Ég vil helst koma því hér til skila að umræðan er gagnleg til að vilji manna komi fram til þess að tekið verði á þessu máli líka hvað varðar endurskoðun á stjórnarskránni og ég ætla satt að segja að vona að í þeirri endurskoðun hlusti menn á fólkið í landinu, hlusti á hvað fólkið telur athugavert við fyrirkomulagið núna og verði ekki allt of uppteknir af sjálfum sér í stjórnmálaflokkunum og þeim hagsmunum sem þeir gæta sem slíkir, því auðvitað ætti þetta að vera þannig að Íslendingar riðu til þings öðru hverju til að setjast yfir það hvaða reglur eigi að gilda á Alþingi. Þá eiga þeir ekki að ráða neitt meiru en aðrir sem hafa verið kosnir þar til húsa, heldur eiga almenn sjónarmið úr samfélaginu að ráða um það hvaða reglur verða á settar.

Ég ætla ekki að halda lengri ræðu en þetta. Ég taldi ástæðu til þess að koma upp. Samfylkingin hefur lagt fram tillögur af því tagi að gera landið að einu kjördæmi og Frjálslyndi flokkurinn er með sínar tillögur. Ég hef hitt fleiri þingmenn eftir síðustu kosningar, þó nokkuð marga úr stjórnarflokkunum, sem hafa sagt við mig að þeir væru búnir að átta sig á því að fyrirkomulagið væri ekki skynsamlegt til frambúðar sem við sjáum núna. Hvað sjáum við núna í Norðvesturkjördæmi? Fyrir liggur að þar verður fækkað úr tíu þingmönnum í níu og þannig mun það halda áfram ef það fækkar á landsvæðunum. Landsvæðin eru allt of stór til að þingmenn geti sinnt þeim sem skyldi og ég er sannfærður um að ef landinu væri breytt í eitt kjördæmi væri hægt að gera betur en hægt er með því fyrirkomulagi sem gildir núna.

[17:28]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum ágæta tillögu til þingsályktunar um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis. Hér hefur nokkuð verið rætt um kosti þess að hafa landið allt sem eitt kjördæmi og á því máli eru ýmsar hliðar.

Þegar menn kjósa til Alþingis vilja menn náttúrlega kjósa um stefnur, þ.e. hvaða stefnu eigi að taka í málefnum þjóðarinnar. Hins vegar vilja menn líka kjósa einstaklinga, þ.e. að geta valið hæfan einstakling til setu á Alþingi.

Einu sinni var mjög mikið atkvæðamisvægi milli landsbyggðar og höfuðborgar og hefur svo verið lengstum. Það var minnkað mikið við síðustu breytingu og eins og ég sagði þá þá fannst mér óeðlilegt að fjöll og dalir hefðu atkvæðisrétt, það ætti að vera fólk sem ætti að kjósa. Þetta var lagað að einhverju leyti þannig að nú má misvægi ekki vera meira en tvöfalt. En þá stóðu menn einmitt frammi fyrir því að hafa landið eitt kjördæmi sem þýðir að vald flokkanna vex því þá er bara eitt kjördæmi og flokkurinn stillir upp lista fyrir þetta eina kjördæmi. Vald stefnunnar vex en einstaklingarnir minnka.

Hinar öfgarnar eru að ef landið væri allt saman einmenningskjördæmi. Þá mundi einstaklingurinn hafa yfirgnæfandi vægi og stefnan nánast ekki neitt og minni hlutinn mundi ráða öllu, þ.e. ef við hugsum okkur þrjá flokka í landinu eða fjóra og einn væri stærstur þá fengi hann alla þingmenn ef það væri jöfn dreifing um allt landið. Bæði kerfin hafa því galla og kosti.

Núverandi fyrirkomulag er því málamiðlun milli þessara tveggja leiða. Mér finnst það ekki hafa komið fram í umræðunni. Það er málamiðlun að hafa kjördæmin jafnstór með nokkuð mörgum þingmönnum, 10–11, þannig að einstaklingarnir eða stefnan komi fram, vald flokkanna verði ekki of mikið og samt sé hægt að kjósa um einstaklinga.

Menn hafa rætt ýmsar lausnir, t.d. að hafa skyldubundið prófkjör, þ.e. að flokkarnir yrðu skyldaðir til að hafa prófkjör. Það hefur þann ókost að það yrði mikið um persónulegan ríg innan þeirra liðsheilda sem ættu að starfa saman alveg fram á kjördag, þ.e. liðsheildir sem eru ákveðinn flokkur. Það yrðu miklu meiri slagsmál innan flokkanna en á milli þeirra og það held ég að sé ekki beint gæfulegt því að þau slagsmál eru oft ekki af hugsjónaárekstri eða mismunandi stefnu, heldur eingöngu persónuleg.

Svo erum við með þýska kerfið sem er þannig að kjósandi kýs bæði flokk og einstakling samtímis og einstaklingurinn þarf ekki að vera í þeim flokki sem kjósandi kaus. Það hefur í för með sér að fjöldi þingmanna er breytilegur. Ég held að það sé kannski ekki beint æskilegt en mér finnst rétt að skoða það.

Þessi tillaga verður ekki rædd nema í ljósi þess að búið er að skipa nefnd til að fara yfir stjórnarskrána í heild sinni sem er mjög þarft starf. Ég ætla rétt aðeins að koma inn á það vegna þess að mér finnst eiginlega ekki hægt að ræða þessa tillögu án þess.

Við búum við þrískiptingu valdsins en samt er í stjórnarskránni hvergi minnst á Hæstarétt, og dómskerfið fær þar mjög litla umfjöllun. Ég vil að það sé stóraukið, sú umfjöllun og þær reglur sem settar eru um dómsvaldið.

Þá finnst mér að stjórnarskráin sé sett til að vernda borgarann, hinn almenna borgara fyrir ofurvaldi ríkisvaldsins og fyrir öðrum borgurum. Það er fyrst og fremst það sem stjórnarskráin á að vernda. Til þess að hægt sé að vernda borgarann verður hann að skilja stjórnarskrána, það er grundvallaratriði. Allir borgararnir verða að skilja hana, ekki bara einhverjir örfáir lögfræðingar. Það var svo merkilegt í deilunum í sumar að þrjú álit lögfræðinga komu fram og maður gat eiginlega fallist á þau öll, mismunandi álit. Þvílíkt er stjórnarskráin flókin í dag. Hvernig á hinn almenni borgari að skilja þetta?

Það er meira að segja þannig að ef maður les stjórnarskrána virðist forsetinn sem er bæði framkvæmdarvald og löggjafarvald, merkilegt nokk, hafa geysimikil völd. Hann gerir samninga við erlend ríki o.s.frv. og maður gæti haldið að hann væri alvaldur. Þegar maður les ákvæðin nánar sér maður að hann hefur nánast engin völd, það er allt tekið í burtu.

Svona á ekki að byggja upp lagasetningu. Svona á ekki að byggja upp stjórnarskrá sem verndar borgarann fyrir ofurvaldi ríkisvaldsins og öðrum borgurum. Hún á að vera þannig — og nú ætla ég að leyfa mér að segja það þó að ég megi auðvitað ekki segja það — að fólk sem er með greindarvísitölu undir 90 skilji hana. Það má víst ekki tala um þetta fólk en það er til engu að síður. Þetta er fólk sem á erfitt með að skilja hlutina nema lesa þá hægt og ég vil að þetta fólk skilji stjórnarskrána því hún er sett til að vernda þetta fólk fyrir ríkisvaldinu og öðrum borgurum. Þess vegna vil ég að við starf þessarar nefndar sé reynt að gera stjórnarskrána eins skýra og auðskilda og hægt er. Það á aldrei að þurfa lögfræðing til að túlka hana.

[17:34]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð í lokin. Ég vil byrja á því að þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Hún hefur verið mjög málefnaleg þó að menn hafi verið að tína til ýmis atriði sem þeim finnst áhugavert að séu skoðuð. Ég tek undir það að öll þau sjónarmið sem hafa komið fram í máli þessu frá einstökum þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni, og ég þakka fyrir, hafa að mínu viti verið fullkomlega málefnaleg og það er eðlilegt að þau mál séu tekin til umræðu við endurskoðun á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins.

Það er auðvitað hægt að fara í að ræða þetta efni í löngu máli og lítill vandi væri að eyða öðrum 15 mínútum í það en í sjálfu sér sé ég ekki tilgang í því. Hinir einstöku hv. þingmenn sem hér hafa komið upp hafa farið inn á ýmsar hliðar þessa máls til viðbótar við það sem ég kom inn á í framsögu minni. Samt er málið ekki tæmt og þó að ég mundi eyða 14 mínútum núna mundi ég ekki tæma málið.

Við erum að fara í þetta starf. Ég á sæti í stjórnarskrárnefndinni og er mjög ánægður með að fá að koma að því að reyna að lagfæra stjórnarskrána. Að mörgu leyti get ég tekið undir þau sjónarmið sem hv. þm. Pétur Blöndal lýsti áðan, að auðvitað á stjórnarskráin að vera þannig að þegnar íslenska ríkisins geti skilið hana og að ekki þurfi lögfræðingalið að túlka fyrir okkur stjórnarskrána og gefa út á henni þrjár eða fjórar mismunandi túlkanir. Það er auðvitað meginmarkmið, finnst mér, að stjórnarskráin verði skýr og, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, tryggi réttindi fólks gagnvart ríkinu.

Stjórnarskrár landa eru mjög mismunandi og það kann vel að vera að við eigum að breyta uppröðun á íslensku stjórnarskránni og byrja á því að tala um mannréttindi, hvaða rétt þegnarnir eiga o.s.frv. Um það skal ég ekki fullyrða neitt fyrir fram, enda kannski ekki meginmál hvernig stjórnarskráin er uppsett. Það kann þó að skýra réttindi fólks misvel hvernig hún er uppsett en fyrst og fremst er brýnt að það sem gert er verði skýrt og afmarkað og að sá texti verði skiljanlegur öllum sem við eiga að una sem er auðvitað íslenska þjóðin til framtíðar. Það held ég að sé meginmarkmið okkar.

Það sem við hér erum að ræða er auðvitað innlegg í það mál og verður vonandi og örugglega tekið upp af þeim sem starfa í nefndinni. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvert þetta mál ætti núna að fara, hvort það ætti að fara til allsherjarnefndar eða annað. Veit hæstv. forseti hvort það fari til hinnar starfandi nefndar um málefni sem lúta að stjórnarskránni?

[17:37]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Vegna ummæla hv. þingmanns í lok ræðu sinnar tel ég einsýnt að þetta mál eigi að fara til allsherjarnefndar. Í þinginu er að vísu venja að mál sem varða stjórnarskrána eða breytingar á stjórnarskránni beint fari til sérnefndar um stjórnarskrármál sem tók til starfa á haustþingi. Forseti mun kanna þetta og það verður rætt nánar við framsögumann og hv. 1. flutningsmann áður en til atkvæðagreiðslu kemur. Við fáum úr þessu skorið áður en að því kemur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:38]

Útbýting:

Eignarhlutur ríkisins í hlutafélögum og einkahlutafélögum, 344. mál, svar fjmrh., þskj. 684.

Flutningur bandarískra sendiráðsins í Reykjavík, 447. mál, fsp. MÁ, þskj. 696.

Kostnaður vegna varnaraðgerða gegn riðuveiki, 462. mál, fsp. AKG, þskj. 711.

Kynþroski þorsks, 445. mál, fsp. EOK, þskj. 694.

Riðusmit og varnaraðgerðir gegn riðu, 461. mál, fsp. AKG, þskj. 710.

Svartfugl við Norðurland, 463. mál, fsp. MÁ, þskj. 712.

Varðveisla sjónvarpsefnis, 460. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 709.

Viðskipti við ráðningarstofur, 446. mál, fsp. MÁ, þskj. 695.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 32. mál (ferðakostnaður). — Þskj. 32.

[17:39]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Frjálslynda flokksins, Magnús Þór Hafsteinsson, Sigurjón Þórðarson og Gunnar Örlygsson.

Frumvarp þetta er aðeins ein grein og síðan gildistökuákvæðisgreinin. Það er hins vegar rétt að vekja athygli á því að gildistökuákvæðisgreinin var miðuð við það að frumvarpið var lagt fram í upphafi haustþings og þar af leiðandi settum við inn að lögin gætu hugsanlega öðlast gildi 1. janúar 2005, sem nú er þegar liðinn, með það að markmiði að þau kæmu til framkvæmda við álagningu á árinu 2006. Þetta stenst auðvitað ekki lengur miðað við tímans tal, núna komið inn í þorra á árinu 2005. Þannig leiðir af sjálfu að þessar dagsetningar verða að breytast og þarf ekki að útskýra það nánar, þær verða örugglega að færast til um eitt ár ef svo skyldi fara að þetta mál kæmi aftur inn til þings til frekari umræðu og væntanlegrar afgreiðslu.

1. gr. frumvarpsins hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, 2. tölul., sem orðast svo: Útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu sem er umfram 120.000 kr. á ári en þó aldrei hærri en 400.000 kr. á ári og er í samræmi við matsreglur fjármálaráðherra.“

Síðan er gildistökuákvæðið.

Hér er verið að leggja til ákveðna heimild til að þeir sem leggja út mikinn kostnað vegna atvinnusóknar sinnar, kostnað sem er umfram 10.000 kr. á mánuði að meðaltali, þ.e. um 120.000 kr. á ári, geti átt rétt á því og eigi rétt á því að fá að draga þann kostnað sem umfram er 120.000 kr., þó að hámarki 400.000 kr., frá tekjum áður en kemur til skattlagningar og þar af leiðandi að lækka tekjur sínar fyrir endanlegan útreikning á greiðslustöðu viðkomandi árs.

Við framkvæmd ákvæðisins er gert ráð fyrir að sambærilegar reglur gildi um sönnun á útlögðum kostnaði eins og gilda um sönnun á kostnaði á móti ökutækjastyrk. Við þekkjum það ágætlega í hv. Alþingi að við verðum auðvitað að færa sönnur á það að við notum ökutækið okkar í störfum okkar og halda utan um þann kostnað, bæði með færslu akstursbókar og síðan kostnað við ökutækið sjálft, bensín- eða olíunotkun o.s.frv.

Hér er hins vegar ekki lagt til að þetta tengist eingöngu ferðamáta í eigin ökutæki, heldur er þetta almenn grein sem nær til allra ferðamáta, hvort sem menn nota eigin bifreið, hópferðabíla, ferjur eða flugvélar til að ferðast til og frá atvinnu sinni. Ef þeir á annað borð geta fært fyrir því sönnur

að tilgangur ferðarinnar sé að komast á vinnustað og afla tekna megi þeir sem þannig sanna kostnað sem tengist störfum þeirra draga kostnaðinn frá tekjum sínum áður en kemur til skattlagningar, þó að hámarki 400.000 kr.

Við teljum að hér sé um sanngirnismál að ræða, þessi kostnaður sé sannaður og sé til staðar við öflun atvinnuteknanna. Eins og frumvarpið er fram sett er meginmarkmiðið einkum að koma til móts við þá sem þurfa að sækja vinnu m.a. um langan veg og bera af því mikinn kostnað þó að það sé í raun og veru ekki skilyrði, heldur er skilyrðið eingöngu að menn sanni það að kostnaðurinn verði til. Við setjum hvorki mælistiku á kílómetravegalengd eða fargjaldakostnað, heldur verður að leggja þau sönnunargögn fram til að eiga rétt á því frádragi sem hér er lagt til.

Við höfum í löggjöf okkar gert mönnum kleift mjög auðveldlega að stofna til svokallaðra einkahlutafélaga. Ef menn stofna til einkahlutafélaga leiðir af sjálfu að kostnaður er dreginn frá við þá starfsemi. Þeir sem ferðast á vegum einkahlutafélags þó að einkahlutafélagið sé í raun og veru sami maður og sinnir vinnunni og á hlutafélagið fær hann að draga ferðakostnað sinn frá við öflun tekna og nýta sér það við álagningu. Að vísu er sérstök reikniregla sem mönnum er ætlað að sýna fram á að þeir afli ekki minni tekna heldur en ákveðið viðmið sem mönnum eru sett fyrir ákveðnar atvinnugreinar og sjálfsagt yrði að taka tillit til þess varðandi menn sem vinna í einkahlutafélagi. En eigi að síður er það svo að með því að stofna einkahlutafélag geta menn notað ferðakostnað og annan kostnað sem til fellur sem verður frádrag við atvinnustarfsemina.

Við teljum að margt geti unnist við að heimila það sem hér er lagt til. Við teljum að þetta frumvarp samrýmist stefnu sem haldið hefur verið fram í byggðamálum sem felst í því að stækka sveitarfélög og stækka atvinnusvæði og gera fólki kleift, m.a. á landsbyggðinni, að ferðast á milli staða til að stunda vinnu sína. Það er auðvitað þekkt að mikill ferðakostnaður getur hamlað þeirri þróun að menn sæki vinnu á milli staða og ferðir á milli staða eða á vinnustað draga úr samkeppnishæfni byggðarlaga um vinnuafl. Þessi framsetning ætti að geta mætt því að hluta til.

Síðan má vekja athygli á því að mikill ferðakostnaður getur auðvitað verið vinnuletjandi með þeim afleiðingum að menn sjá t.d. hag sínum betur borgið með því að þiggja atvinnuleysisbætur frekar en að sækja vinnu í næsta byggðarlag. Það er vissulega staða sem menn geta hæglega staðið frammi fyrir því stundum þarf að hafa fyrir því að sækja atvinnu í næsta byggðarlag. Við sem flytjum þetta mál teljum að hér sé mál á ferðinni sem er ætlað að mæta kostnaði sem fólk leggur á sig við að sækja atvinnu. Það getur m.a. orðið til þess að fólk sjái ekki þörf á að bregða búi í byggðarlagi þar sem veruleg breyting verður á atvinnuháttum. Eigum við að taka eitthvert dæmi sem e.t.v. verður í nánustu framtíð? Eigum við að taka Stöðvarfjörð þar sem verið er að tala um að leggja niður fiskvinnslu á næsta sumri? Fyrirtæki sem þar rekur fiskvinnslu gerir ráð fyrir að sú atvinna verði lögð þar niður samhliða því að jarðgöng opnast milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og þar af leiðandi gætu íbúarnir ef til vill sótt þangað í atvinnu. Það er allnokkurt ferðalag og ferðakostnaður og það væri auðvitað æskilegt ef svona breyting gengur eftir í Stöðvarfirði að það verði ekki til byggðabrests.

Þannig mætti taka fjöldamörg dæmi úr sögu undanfarinna ára um hinar ýmsu byggðir sem hafa lent í tímabundnum erfiðleikum vegna samdráttar í atvinnu og má t.d. minna á Blönduós þar sem rækjuvinnslunni var lokað nýlega.

Við teljum sem sagt að hér sé verið að opna á heimild sem geti að mörgu leyti verið eðlileg. Hún á ekki að mismuna fólki að því leyti til að sönnunarbyrðin er hjá fólkinu, skiptir ekki máli hvort fólk býr á Reykjavíkursvæðinu, Blönduósi eða Stöðvarfirði. Kostnaðinn þarf að sýna og sanna með framlögðum gögnum til að menn eigi rétt á þessu hvar sem þeir búa á landinu. Við gerum heldur ekki tillögu um mismunandi ferðamáta heldur sé jafnt á komið hvaða ferðamáta menn nota til að komast til og frá vinnu sinni.

Við höldum einnig að þetta geti undir vissum kringumstæðum dregið úr sókn í atvinnuleysisbætur og geri það að verkum að fólk þurfi ekki að bregða búi í byggðum sínum þótt atvinnuháttabreytingar verði og þannig sé margt sem vinnist við þessa framsetningu á umræddri hugmynd.

Ég vil einnig vekja athygli á því að svona fyrirkomulag er þekkt í löndunum í kringum okkur, m.a. í Noregi, þar sem menn fá skattaívilnun ef þeir sækja vinnu um langan veg og bera kostnað af ferðalögum því samfara. En af sjálfu leiðir að menn verða auðvitað að sýna fram á þann kostnað. Það hefur vissulega tíðkast hjá stærri fyrirtækjum að þau flytja sjálf fólk sitt á vinnustaðina, samanber fyrirtæki eins og Norðurál í Hvalfirði sem hefur verið að flytja starfsmenn frá Reykjavíkursvæðinu til þess vinnustaðar og sama kann að koma upp í því dæmi sem ég nefndi varðandi álver í Reyðarfirði, að fyrirtækið sjálft sjái um flutningana en svo framarlega sem enginn kostnaður hlýst af því fyrir launþegann skapar það auðvitað ekki rétt að þessu leyti.

Einnig er rétt að vekja athygli á því að menn þurfa að leggja í allnokkurn kostnað til að eiga rétt á þessu frádragi. Kostnaður undir 120 þúsundum, þó sannarlegur sé, veitir ekki frádrag en það er hins vegar verið að mæta því þegar menn fara að hafa verulegan kostnað af ferðalögum til að stunda atvinnu sína. Við teljum þetta ákveðið réttlætissjónarmið og þau rök sem ég hef fært fyrir þessu máli held ég að mæli með því að það verði tekið til góðrar umfjöllunar og samþykktar í hv. Alþingi.

Ég held að finna megi fleiri rök og fleiri dæmi frá nágrannalöndum okkar um að slíkt fyrirkomulag sé til staðar eins og ég hef nefnt um Noreg. Þar að auki bendi ég enn og aftur á þann möguleika sem opinn er í skattalögum og er orðinn tiltölulega einfaldur að stofna einkahlutafélag um starfsemi sína. Það gætu menn svo sem gert og tekið að sér ákveðin verk á ákveðnum vinnustað, þess vegna verið þrír eða fjórir í hópi og stofnað einkahlutafélag og tekið launin þar út og þá væri kostnaðurinn frádráttarbær.

Ég held að þetta mál eigi margar réttlætishliðar og eðlilegt að það sé skoðað. Það á líka örugglega þær hliðar að geta stuðlað að stöðugleika í byggðum þar sem tímabundinn atvinnubrestur verður eða um lengri tíma og þær eiga örugglega þau rök með sér að það auðveldar fólki að sækja vinnu þó að um lengri veg væri, vinnu sem fólk kannski sækist eftir en setur fyrir sig vegna vegalengda eða kostn-

aðar. Öll þessi rök held ég að mæli með þessari útfærslu og legg því til að málið verði samþykkt.

[17:54]

Útbýting:

Kennitöluflakk í atvinnurekstri, 453. mál, fsp. JóhS, þskj. 702.

[17:54]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum aftur frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem hefur verið flutt áður og eins og þá vil ég leggja áherslu á að mikilvægt er að skattkerfið sé einfalt, skilvirkt og skiljanlegt vegna þess að það vill oft brenna við að þegar lögin eru of félagsleg, taka of mikið tillit til margra þátta, þá verða þau flókin og gefa möguleika á undanskotum og svindli og vernda ekki þá sem þau eiga að vernda vegna þess að þeir þekkja ekki til réttinda sinna. Þetta er allt of algengt og kannski er íslenska bótakerfið gott dæmi um það. Þess vegna er mikilvægt að halda skattkerfinu einföldu og hafa það hreint og klárt.

Hér er verið að ræða í sjálfu sér mjög gott mál og það má færa góð rök fyrir því að það sé rétt að taka tillit til sannanlegs ferðakostnaðar. En þá fara að koma spurningar um hvað sé sannanlegur ferðakostnaður. Um það þarf að setja reglur, það þarf að hafa eftirlit með því og fara í gegnum það hvort þetta sé rétt eða rangt reiknað o.s.frv. Það er dálítið undarlegt að ekki á að taka tillit til 9.990 kr. á mánuði heldur bara 10 þús. kr. sem gerir það að verkum að menn munu reyna að auka kostnaðinn svo hann fari upp fyrir mörkin sem eykur þá enn meira á eftirlitsþörfina með kerfinu. Slíkt kerfi er við lýði mjög víða og það er spurning hvort tekjur séu skattaðar sem hreinar tekjur eða hvort menn geti dregið alls konar kostnað frá. Vil ég benda á einn kostnað sem ég tel miklu mikilvægara að taka tillit til ef menn ætla að fara út á þessar brautir og það er leikskólakostnaður foreldra. Menn fara ekki að vinna frá börnum og skilja þau eftir heima. Þau verða að fá gæslu og sú gæsla kostar meira eða jafnmikið og það sem við erum að ræða um hér og ekki síður mikilvægt að það sé skattfrjálst ef menn ætla að fara út á þessar brautir.

Síðan má líka nefna heimilishjálp. Fólk sem fer frá þungu heimili til að vinna kemst ekki yfir alla þá vinnu, bæði vinnuna og svo heimilisstörfin. Þetta þekkja margar einstæðar mæður og einstæðir feður. Þá þarf kannski að ráða heimilishjálp og ég mundi segja að það væri kostnaður sem ætti ekki síður að taka tillit til. Og svona getum við haldið áfram aftur og aftur, hlífðarföt til dæmis, og áður en við vitum af erum við komin með óskaplega flókið kerfi sem býður upp á undanskot.

Hv. þingmaður gat um einkahlutafélögin og möguleika þeirra til að fá þennan kostnað greiddan. Við erum með embætti í landinu sem heitir skattrannsóknarstjóri og við erum með embætti sem setur reglur, þ.e. ríkisskattstjóri, og þeir eru einmitt alltaf að setja reglur um hvaða kostnað megi draga frá og hvaða ekki. Mér skilst meira að segja að þeir hafi skattlagt ferðakostnað þar sem fyrirtæki keyrðu starfsmenn til vinnu á morgnana. Það var litið á það sem skattskyld hlunnindi einmitt til þess að jafna aðstöðumun þeirra sem eru keyrðir þannig og hinna sem fara á einkabílum. Að lokum vil ég benda á að ef þetta yrði tekið upp er fjöldi manns í Reykjavík sem gæti þurft á þessu að halda eða félli undir þessa reglu því að vegalengdirnar eru orðnar umtalsverðar í bænum. Svo ef menn segjast skreppa heim í mat líka þá er þetta orðið dálítið mikið og verður kannski hvatning til þess, fyrir utan það hvernig menn ætla að tékka þetta af. Ég hef því miklar efasemdir við þessa tillögu.

[17:59]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt andsvar. Það er algerlega rétt hjá hv. þingmanni að það má finna marga kostnaðarliði sem menn gætu sagt sem svo að væri eðlilegt að fólk fengi að draga frá tekjum vegna þess að þær væru beinlínis tilkomnar vegna þess að fólk ætlaði að stunda atvinnu. Hann nefndi leikskólakostnað foreldra, heimilishjálp og hlífðarföt. Reyndar er það svo að nokkrar stéttir hafa föt, sumar frítt að ég hygg, annað er talið fram sem einhver hlunnindi að hluta til o.s.frv. Reglurnar eru sjálfsagt flóknar að því leyti til. Það sama á við um dæmi sem hv. þingmaður tók um ferðakostnað þegar fyrirtæki leggur til bifreið og það sé metið til hlunninda.

Einmitt það að lögleiða svona reglu, eins og við erum að leggja til, mundi gera það að verkum að þar sem lagt væri til ferðakostnaðar — ég sé ekki að það væri þá verið að meta það til hlunninda. Menn ættu sem sagt rétt á því, svo framarlega sem þeir greiddu eitthvert gjald fyrir að fara með viðkomandi bifreið og það næði þeim upphæðum sem væri frádráttarbært, þá ættu menn rétt á því.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni. Við höfum ekki gert í tillögu okkar nokkra tilraun til þess að mismuna mönnum eftir því hvar þeir búa. Það er örugglega rétt að þó nokkur fjöldi fólks í Reykjavík hefur kostnað af því, sem gæti farið upp fyrir 120 þúsund á ári, að sækja atvinnu sína og ætti rétt á frádragi í samræmi við það. Ég tel einmitt að það eigi að vera svo þegar reglur yrðu samræmdar um þetta, að þær mismuni ekki fólki eftir búsetu.

[18:01]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það frumvarp sem flutt er af hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem heitir sennilega núna bara lög um tekjuskatt, er flutt öðru sinni, það var líka flutt á síðasta þingi. Efni frumvarpsins er að útgjöld vegna sannanlegs ferðakostnaðar til og frá vinnu sem er umfram 120 þús. kr. á ári en þó aldrei hærri en 400 þús. kr. á ári geti verið undanþegin frá skatti.

Ég er sammála megintilgangi frumvarpsins, að koma til móts við þá aðila sem þurfa að sækja vinnu um langan veg. Við þekkjum það að um allt land eru atvinnuhættir að breytast og fólk sækir vinnu æ lengra til og frá heimili sínu. Við þekkjum það inn til sveita, inn til dala og út til stranda að búskapur hefur dregist saman eða breytt um eðli og vinna er sótt til næsta þéttbýlis eða lengra. Reglur sem þessar sem verið er að mæla með geta stuðlað að því að landið verði lengur í byggð í heild sinni, hægt sé að nýta

fjölþætt gæði landsins sem hlutastörf og búa þar en sækja atvinnu annað og skiptir þá ekki máli hvar búsetan eða atvinnan er.

Hv. þingmaður minntist á að nú þegar eru möguleikar hjá fólki til þess að taka þetta sem hluta af rekstrarkostnaði við starf sitt með beinum hætti, ferðakostnað við stofnun og rekstur einkahlutafélaga eða hlutafélaga þar sem vinna er unnin með þeim hætti að aka þarf langan veg til hennar. Hægt er að reikna þetta sem hluta af starfskostnaði og verður þá frádráttarbært til skatts eftir settum reglum.

Nú þegar eru víða í gildi reglur hjá mörgum atvinnufyrirtækjum að greiða ferðir til og frá vinnu eftir ákveðnum reglum sem settar eru á hálfs mánaðar fresti eða mánaðarfresti. Þeim reglum er því víða beitt með ýmsum hætti og væri ástæða til að horfa til frekari samkeppni hvað þetta mál varðar.

Það er líka staðreynd að almenningssamgöngur hafa skroppið saman og þróun þeirra hefur verið með þeim hætti að það hefur ekki stuðlað að því að fólk geti nýtt þær til þess að stunda vinnu frá heimili sínu um lengri veg. Það eru því enn ein rökin fyrir því að þetta sé skoðað með þeim hætti sem flutningsmenn tillögunnar leggja til.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal minntist á fleiri atriði sem mætti huga að í þessu sambandi, t.d. að leikskólagjöldin væru verulega mismunandi í möguleikum fólks til að sækja vinnu. Ég er hv. þingmanni hjartanlega sammála, enda höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flutt tillögu um að stefnt verði að því í áföngum að leikskólar verði gjaldfrjálsir fyrir fólk sem sendir börn sín þangað enda eru leikskólarnir hluti af hinu almenna menntakerfi þjóðarinnar. Leikskólakennarar eru hluti af kennurum í grunnnámi í skólakerfinu og því eðlilegt að leikskólarnir verði flokkaðir sem slíkir og að því verði stefnt í áföngum að tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði hagað þannig að sveitarfélögin geti boðið gjaldfrjálsan leikskóla. Ég er alveg sammála hv. þingmanni að það væri ein stærsta kjarabótin sem hægt væri að bjóða gagnvart barnafólki til að draga úr þeirri mismunun sem er í frammi með þeim leikskólagjöldum sem nú eru.

Ábendingar hv. þm. Péturs H. Blöndals varðandi mikilvægi leikskólanna og leikskólakostnaðar voru mjög athyglisverðar og vil ég draga fram tillöguflutning Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að leikskólar verði gjaldfrjálsir fyrir þá sem sækja þangað. Það var gott innlegg hjá hv. þingmanni í umræðuna, þó það kæmi úr sérkennilegri átt, þeirri átt sem hefur meira höfðað til einkavæðingar og hver ætti að bjarga sér sem betur gæti og sá ætti að fá mest sem gæti hlaupið hraðast. En þetta var gleðilegt innlegg hjá hv. þingmanni í umræðuna að gjaldtöku fyrir leikskóla yrði breytt þannig að hann mismunaði ekki fólki eins og leikskólinn gerir nú og tillaga okkar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hljóðar einmitt upp á að þeir verði gjaldfrjálsir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Ég tek undir þau sjónarmið sem eru að baki tillögu hv. þingmanna Frjálslynda flokksins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur mælt fyrir og tel þetta vera byggðamál, réttlætismál og mál sem nauðsynlegt sé að skoða hvernig koma megi í framkvæmd.

[18:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er með ólíkindum að hv. þingmaður skuli hafa misskilið orð mín svona. Ég var ekki að leggja til að leikskólagjöld yrðu frádráttarbær frá skatti, alls ekki. Ég sagði að það væri mjög mikilvægt að halda skattkerfum einföldum og skilvirkum þannig að allir mættu skilja vegna þess að þegar þau eiga að taka tillit til alls konar félagslegra þátta yrðu þau svo flókin að þeir sem ættu að njóta þeirra nytu þeirra ekki af því að þeir hefðu ekki þekkingu á þeim. Ég sagðist vera á móti þeirri tillögu sem við ræðum þó hún væri sanngjörn vegna þess að hún flækir kerfið og leikskólakostnaðurinn mundi flækja kerfið líka, þá mundum við bjóða upp á enn meira, við mundum taka enn fleiri þætti inn í því það má endalaust bæta við.

Ég vil nefna, eins og ég hef áður nefnt, að í þýska skattkerfinu geta menn dregið frá skatti notkun á batteríum í heyrnartæki að því leyti sem þeir nota þau í vinnunni. Hvað halda hv. þingmenn að margir þýskir launþegar viti af þessu ákvæði sem skiptir engu máli? Enginn, nema þeir sem hafa dýra endurskoðendur og þeir nota sér það örugglega allir. En hinn almenni borgari notar þetta ekki, herra forseti.

Það er einmitt þannig sem þetta virkar. Þegar við gerum kerfin svona flókin nýtast þau ekki þeim sem þyrftu virkilega á því að halda og þessi tillaga gerir það líka. Þeir verkamenn og aðrir sem ekki þekkja skattalögin munu ekki nota þessa reglu. Hinir munu nota hana í botn.

[18:10]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég harma ef hv. þingmaður er að ganga til baka í þessum annars ágæta málflutningi sem hann vissulega var. En eins og ég heyrði hv. þingmann tala áðan nefndi hann að leikskólagjöld væru kannski hvað mest íþyngjandi hjá fólki sem sendir börn sín í leikskóla.

Það er alveg hárrétt að komið hafa fram tillögur og hugmyndir um að leikskólagjöld verði frádráttarbær til skatts. Ég man ekki hvort það voru þingmenn úr flokki hv. þm. Péturs H. Blöndal en að mig minnir hafa þingmenn frá stjórnarliðinu borið fram þær hugmyndir. Það er svo sem sjónarmið út af fyrir sig en tillaga Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lýtur að því að leikskólar séu hluti af hinu almenna þjónustukerfi landsmanna, hluti af hinu almenna skólakerfi enda eru leikskólakennarar í Kennarafélagi Íslands og hluti af menntunarstétt landsins, sem eðlilegt er. Þess vegna væri í hæsta máta eðlilegt að tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga væri háttað með þeim hætti að sveitarfélögin gætu boðið gjaldfrjálsan leikskóla. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Varðandi einföldun á skattkerfinu er ég alveg sammála hv. þingmanni að skattkerfið á að vera einfalt. Grunnþjónustan á að vera skilgreind og ná rækilega til þess fólks sem eðlilegt er að hún nái til, eins og t.d. leikskólarnir. En tillagan sem hv. þingmenn Frjálslynda flokksins flytja um ákveðinn kostnað við að koma sér til og frá vinnu finnst mér vera allra góðra gjalda verð og fyllilega rétt að hún sé skoðuð.

[18:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvað ég á að segja. Ég er ekki að draga neitt til baka. Ég sagði þetta aldrei. Þetta er með ólíkindum. Ég held að hv. þingmaður ætti að fylgjast betur með. Ég sagði einmitt að ég vildi ekki flækja kerfið með því að taka marga þætti inn í það sem hugsanlega gætu verið réttlátir hver fyrir sig vegna þess að það mundi flækja allt kerfið. Það mundi flækja það endalaust. Í staðinn vil ég frekar hafa lægri prósentu í sköttunum. Ég vil hafa lægri prósentu og einfalt kerfi þannig að fólk þurfi ekki að liggja yfir því í marga daga og fá sérfræðinga til að telja fram fyrir sig. Svo klykkir hv. þingmaður út með því að hann vilji líka einföldun skattkerfisins um leið og hann leggur til fullt af undanþágum.

[18:13]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað eru okkur minnisstæð fagnaðarlæti hv. þm. Péturs H. Blöndals, talsmanns Sjálfstæðisflokksins í velferðarmálum og skattamálum, fyrir jól þegar samþykkt var veruleg skattalækkun sem kom fyrst og fremst hátekjufólki til góða. Við minnumst þeirra fagnaðarláta sem hv. þingmaður hafði þá í frammi og ég heyri að nú er hann heima aftur.

En málið sem við ræðum nú lýtur að því að skoða það að jafna sanngjarnan kostnað sem fólk hefur af því að fara til og frá vinnu, getur stækkað vinnumarkaðinn og auðveldað fólki t.d. úti um land að breyta um búskaparhætti og sækja atvinnu frá heimili hvort sem er í þéttbýli eða í dreifbýli. Það hefur ekkert með einhverjar flækjur í skattamálum að gera. Þær eru víst nægar fyrir með miklu stærri upphæðir en við fjöllum um og lýtur að því að skoða sanngjarnan hlut og rétt einstaklinga sem gætu átt hlut að máli.

[18:15]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Herra forseti. Það var heldur leitt að þeir tveir hv. þingmenn sem hafa tekið þátt í umræðu um þetta mál skyldu koma sér upp röngum skilningi og að málið skyldi þróast yfir í þann farveg sem ég hélt að ég mundi nú bara sleppa við í þetta sinn, að hv. þm. Pétur Blöndal yrði á móti málinu. Ég lagði greinilega rangt mat á mál hans að því leyti til.

Það er þó ekki svo, hæstv. forseti, að þessi mál séu farin langt frá okkur. Ef ég veit rétt stendur til að ræða hér í þessari viku skýrslu um skattsvik á Íslandi. Gefast okkur þá tækifæri til að rekja hinar ýmsu leiðir manna og þarf ekki verkamenn til eða launþega þegar við förum að rekja þau dæmi öll og þau skattsvikamál sem hér hafa verið kynnt, held ég — ég held að það verði að segja það, þau hafa verið kynnt í þessari skýrslu, lagt mat á það að hér á landi væru skattsvik stórfelld. Ég held að sú litla tillaga sem við flytjum hér um það að launþegar megi hugsanlega draga ferðakostnað sinn frá tekjum áður en skattlagt er muni ekki halla miklu um skattsvikin á henni Gránu, hv. þm. Pétur Blöndal. (**PHB:** ? möguleika.) Já, ef hv. þingmaður kemst að þeirri niðurstöðu eftir umræðuna um skattsvikin að þetta sé það hættulegasta sem við erum að gera eða verði sérstaklega vont verð ég fyrir miklum vonbrigðum með gáfnafar hv. þingmanns.

Ég er alveg sannfærður um að þessi tillaga sem við erum að ræða hér getur orðið til góðs, vegna atvinnuþátttöku fólks, vegna uppákomandi aðstæðna og bara þess réttlætis að fólk sitji við sama borð þegar það sækir atvinnu sína að þessu leyti til. Við vitum jú hvernig einkahlutafélögin geta nýtt sér þennan kostnað sem fellur til við að komast að og frá vinnu sinni eða til ákveðins vinnustaðar.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál, hæstv. forseti, en tel að umræðan um skýrsluna um skattsvik á Íslandi muni leiða ýmislegt í ljós sem við höfum verið að ýja hér að, að opnir væru margir frádráttarliðir eða margir möguleikar til þess að komast hjá því að greiða ríkinu það sem ríkisins er, sveitarfélögunum það sem sveitarfélaganna er o.s.frv. Og vonandi gjöldum við öll þeim guði sem við trúum á það sem guðs er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:18]

Útbýting:

Framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun, 464. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 713.

Ráðning aðstoðarmanna þingmanna, 466. mál, fsp. JBjarn, þskj. 718.

Út af dagskrá voru tekin 6.–7. mál.

Fundi slitið kl. 18:19.

---

60. FUNDUR

miðvikudaginn 26. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Fræðsla um meðferð kynferðisafbrotamála, fsp. BjörgvS, 105. mál, þskj. 105.
2. Aldraðir á dvalar- og hjúkrunarheimilum, fsp. BjörgvS, 414. mál, þskj. 548.

Til dómsmálaráðherra:

3. Öryggislögregla, fsp. HHj, 390. mál, þskj. 488.

Til umhverfisráðherra:

4. Gerð stafrænna korta, fsp. JÁ, 164. mál, þskj. 164.
5. Kyoto-bókunin, fsp. ÞSveinb, 274. mál, þskj. 295.
6. Innanlandsmarkaður með losunarefni, fsp. MÁ, 367. mál, þskj. 431.

Til félagsmálaráðherra:

7. Gjaldfrjáls leikskóli, fsp. ÁÓÁ, 171. mál, þskj. 171.

[13:31]

Útbýting:

Barnabætur, 429. mál, svar fjmrh., þskj. 691.

Dvalarleyfi erlendra námsmanna, 420. mál, svar dómsmrh., þskj. 689.

Samkeppnisstaða fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, 465. mál, þáltill. GÞÞ og ÁMöl, þskj. 717.

Tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum, 198. mál, svar fjmrh., þskj. 685.

Úrvinnslusjóður, 419. mál, svar umhvrh., þskj. 688.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svör við fyrirspurnum.

[13:32]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna þess að mér finnst það ekki ganga til framtíðar að ekki sé sinnt því að svara fyrirspurnum betur en gert er. Ég á fyrirspurn á dagskránni sem var dreift 12. október á síðasta ári. Samkvæmt þingsköpum er gert ráð fyrir því að fyrirspurnum sé svarað innan átta virkra daga. Ef ég hef reiknað rétt eru liðnir 106 dagar og fyrirspurnir missa auðvitað gildi sitt á styttri tíma en þessum, enda varð þessi fyrirspurn kannski til vegna þess fjárlagafrumvarps sem þá var komið fram og búið var að dreifa í þinginu og þess sem í því stóð um tiltekna stofnun.

Þetta er ófært og ég tel að forsetar þingsins þurfi að taka á þessu. Það hlýtur að vera einfalt mál að hafa fundi til að svara fyrirspurnum. Þingmenn verða þá að sæta því að vera hér á einhverjum öðrum tímum til viðbótar við þá sem gert er ráð fyrir í starfsáætlun þingsins. Mér finnst ómögulegt að sætta mig við að svo lengi sé beðið eftir því að fá svör við þeim fyrirspurnum sem eru lagðar fram.

[13:33]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég sá að forseti þingsins ætlaði ekki að svara þessari ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Ég tel að honum sé skylt að gera það, ef hann gerir það ekki samstundis verður hann að tilkynna þá að hann muni gera það síðar. Þetta er algjörlega dæmalaust sem hér er fram komið, þ.e. hvað varðar lengd málsins en ekki hins vegar hvað varðar kurteisi ráðherra gagnvart þingsköpunum og einstökum hv. þingmönnum í þessu efni.

Þeim ber að svara fyrirspurnum á ákveðnum tíma, hæstv. ráðherrum, og þeir eiga að gera það. Þeir eiga að setja slík mál í afgreiðslu hjá sínu fólki og flytja síðan þau svör hér eins fljótt og hægt er. Dæmi eru því miður til um annað og sá grunur læðist að mér að ráðherrar færist undan að svara fyrirspurnum sem þeim þykir óþægilegt að svara. Það er bara hreinlega ekki í þeirra eigin geðþótta, aldrei þessu vant, að gera það því að þingsköp — og ég vænti þess að forseti sé sammála mér um að þau séu í fyrsta lagi í gildi og í öðru lagi mjög mikils verð — setja ráðherrum takmarkanir um þetta efni. Ég fer fram á að forseti svari til um efni þess máls sem hv. þm. Jóhann Ársælsson ræddi, eða a.m.k. boði eitthvert svar um það þá innan tíðar.

[13:35]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Í tilefni af orðum hv. 7. þm. Reykv. s. vill forseti geta þess að þeirri ábendingu sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Norðvest. verður að sjálfsögðu komið á framfæri. Að sjálfsögðu er gengið eftir því af hálfu þingsins að fyrirspurnum sé svarað. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt um geta ýmsar ástæður orðið til þess að fyrirspurnum er ekki svarað eins fljótt og almennt er gert ráð fyrir. En þessari ábendingu verður komið á framfæri, bæði innan forsætisnefndar og eins til ráðherra.

[13:36]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir að vekja athygli á þessu máli, hvað varðar slælega afgreiðslu fyrirspurna sem á sér oft stað á hinu háa Alþingi. Ég get nefnt sem dæmi að sjálf hef ég lent í því í tvígang á þessum vetri að fá ekki svar við fyrirspurnum. Tvær fyrirspurnir liggja fyrir frá mér, önnur frá því í október til ráðherra Hagstofu Íslands sem hefur ekki enn verið svarað og sú sama fyrirspurn lá inni í allan fyrravetur án þess að vera svarað. Sömuleiðis finnast mér hafa verið brögð að því hjá hæstv. ráðherrum að þeir velji sér þægilegustu fyrirspurnirnar eins og bestu molana upp úr konfektkassa í stað þess að taka þær í eðlilegri röð, eins og vera ber.

Ég get tekið skýrt dæmi af hæstv. menntamálaráðherra sem hefur ástundað þessi vinnubrögð. Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á þau og fer fram á að þetta mál verði tekið upp í forsætisnefnd hið allra fyrsta svo að einhverju skikki verði komið á það. Fyrirspurnirnar eru yfirleitt þess eðlis að við þurfum að fá svör við þeim sem fyrst. Það er ekki boðlegt fyrir okkur þingmenn sem setjum fram þessar fyrirspurnir að mánuðum saman og jafnvel eins og dæmi eru um, á annað ár, sé þeim ósvarað í þinginu. Ég fer fram á að þetta verði tekið upp í forsætisnefnd og skikki komið á þessi mál.

Gjaldfrjáls leikskóli.

Fsp. ÁÓÁ, 171. mál. — Þskj. 171.

[13:38]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég er að nálgast hér það brýna réttlætismál sem gjaldfrjáls leikskóli er út frá sjónarhóli félagsmálaráðuneytisins sem hefur sveitarstjórnarmál á sinni könnu. Það sem ég kalla eftir er pólitísk afstaða hæstv. félagsmálaráðherra til gjaldfrjáls leikskóla, hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að tekjustofnar og fjármagn sé flutt til sveitarfélaga til að þau geti tryggt gjaldfrjálsa leikskóla.

Ég veit fullvel að samskipti ríkis og sveitarfélaga eru til skoðunar í nokkrum nefndum en eftir því sem ég best veit hefur umræðan þar ekki snúist um hvort ríkið ætti að flytja fjármagn til sveitarfélaga til þessa sérstaka verkefnis.

Nú eru nokkur sveitarfélög farin að huga að gjaldfrjálsum leikskóla í áföngum og má þar nefna Reykjavíkurborg. Það er hins vegar ljóst að eigi gjaldfrjáls leikskóli að verða

að veruleika þarf ríkið að koma að. Það er því sérstök pólitísk aðgerð og ákvörðun að tryggja sveitarfélögum fjármagn til að ráðast í þetta verkefni. Ef hæstv. félagsmálaráðherra deilir sömu skoðun og ég um að leikskóli eigi að vera gjaldfrjáls hlýtur hann að vera tilbúinn að beita sér fyrir því á þeim vettvangi sem er til staðar.

Skólagjöld leikskólabarna sem foreldrar greiða núna eru um 2,4 milljarðar kr. Ef leikskólinn yrði gerður gjaldfrjáls yrði kostnaðurinn hærri, m.a. vegna þess að þá þyrfti að tryggja öllum börnum pláss. Sé hins vegar litið til tveggja ára barna eða eldri eru 90% þeirra nú þegar með leikskólapláss. Til samanburðar við þessa tölu má minnast á að skattapakki ríkisstjórnarinnar mun kosta samanlagt á næstu þremur árum 40 milljarða kr.

Gjaldfrjáls leikskóli er kostnaðarsöm aðgerð en hins vegar mikið réttlætismál. Með þeim 20 þús. börnum sem eru núna í leikskólum landsins eru borguð himinhá skólagjöld. Skólagjöld fyrir eitt barn geta numið nokkur hundruð þúsundum króna á hverju ári. Einn mánuður í leikskóla kostar litlu minna en eitt ár í Háskóla Íslands.

Gjaldfrjáls leikskóli væri sömuleiðis mikið jafnréttismál en sá málaflokkur heyrir einnig undir hæstv. félagsmálaráðherra. Vegna kynbundins launamunar getur sú staða komið upp að konan neyðist af fjárhagsástæðum til að yfirgefa vinnumarkaðinn gegn vilja sínum séu börnin t.d. fleiri en eitt á leikskólaaldri. Ég beini því þeirri fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra hvort það komi til greina að flytja tekjustofna og fjármagn til sveitarfélaga til að hægt sé að tryggja gjaldfrjálsan leikskóla og hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir slíku.

[13:41]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hefur beint til mín fyrirspurn um það hvort til greina komi að flytja tekjustofna og fjármagn til sveitarfélaganna til að hægt sé að tryggja gjaldfrjálsan leikskóla.

Ég vil, hæstv. forseti, byrja á því að biðjast velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara fyrirspyrjanda, líka í framhaldi af þeirri umræðu sem varð hér áðan. Að hluta til er ástæðan sú að ekki liggur beint við að málið heyri undir verksvið félagsmálaráðherra. Í raun snertir fyrirspurnin stefnu í menntamálum og ætti því kannski fremur að vera beint til hæstv. menntamálaráðherra. Hins vegar hefur komið fram að slík fyrirspurn hefur þegar verið lögð fyrir hæstv. menntamálaráðherra og því eðlilegt að ég svari því sem hér er fyrir mig lagt.

Hv. þingmaður spyr mig um skoðun mína. Ég er þeirrar skoðunar að áður en þeirri spurningu er svarað sem hér er til mín beint þurfi að svara spurningunni um það hvort stefna beri að því að leikskólinn verði að hluta til eða öllu leyti hluti af skyldunámi. Ljóst er að samhliða þyrfti þá að kanna með hvaða hætti ætti að standa straum af slíkri breytingu, hvort það yrði ríkissjóður eða sveitarfélögin eða þessir aðilar í sameiningu.

Fyrstu spurningunni hefur einfaldlega ekki verið svarað og því er tæpast tímabært að svara spurningu um flutning tekjustofna vegna breytinga sem ekki er farið að ræða, hvorki innan ríkisstjórnar né á sveitarstjórnarstiginu eins og raunar kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda. Hitt er annað mál að það er stefna míns flokks, Framsóknarflokksins, að auka gildi leikskólans í menntakerfinu. Þannig ályktaði flokksþing Framsóknarflokksins árið 2003 um það að í samvinnu við sveitarfélögin yrði komið á skólaskyldu á síðasta ári leikskólans og jafnframt stefnt að afnámi leikskólagjalda um leið og skólaskyldu yrði komið á. Flokksþingið ályktaði enn fremur að leitast yrði við að auka samstarf leikskóla og grunnskóla, m.a. til að auðvelda börnum fyrstu skrefin innan grunnskólans.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé eitt af fjölmörgum málum sem menn hljóta að hyggja að í tengslum við þá vinnu sem forsætisráðherra hefur nú boðað að sett verði af stað til að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar í þjóðfélaginu. Mér er kunnugt um að sú vinna er að fara af stað, m.a. með atbeina félagsmálaráðuneytisins, og það verður áhugavert að fylgjast með þeirri umfjöllun sem þar mun eiga sér stað.

[13:43]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að bera fram þessa fyrirspurn. Hér er um að ræða kannski eitt stærsta hagsmunamál unga fólksins, að á þessum málum verði tekið og komið á gjaldfrjálsum leikskóla. Gjöld vegna leikskóla, sérstaklega ef um er að ræða fleiri en eitt barn, vega mjög þungt í framfærslu fjölskyldunnar.

Í þessu sambandi vil ég minna hæstv. félagsmálaráðherra á að í skýrslu um stöðu fátæks fólks á Íslandi skilaði ríkisstjórnin auðu um að nokkuð þyrfti að gera fyrir fátækt fólk. Hún lagði raunverulega fram eina tillögu og hún var sú að leikskólinn yrði gjaldfrjáls, vísaði því þar með auðvitað á sveitarfélögin. Nú mun reyna á það hvort ríkisstjórnin meinti eitthvað með þessu og hvort hún er þá tilbúin að flytja tekjustofna og fjármagn til sveitarfélaganna til þess að leikskólinn geti orðið gjaldfrjáls. Það verður fróðlegt að fylgjast með hvernig ríkisstjórnin ætlar að efna einu bitastæðu tillöguna sem var flutt af hálfu ríkisstjórnarinnar um stöðu fátækra sem var gjaldfrjáls leikskóli.

[13:45]

Herdís Á. Sæmundardóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa fyrirspurn og sömuleiðis svar ráðherra við henni. Ég tel að hér sé hreyft við grundvallarspurningu sem lýtur í raun að því hvernig eigi að fara með og hvernig eigi að skilgreina leikskólann í menntakerfinu, þ.e. hvort og þá að hve miklu leyti það á að vera skólaskylda á leikskólastiginu. Ég held að við stefnumótun sé ákaflega mikilvægt að taka fullt tillit til mikilvægis leikskólans fyrir börn. En það er sem sagt að mínu mati ekki fullrætt eða fullmótað í raun hvers konar stofnun leikskóli á að vera og ég tel mjög brýnt að leiða þá umræðu til lykta hið fyrsta.

[13:46]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég fagna bara þeirri áherslu sem hv. þingmenn hér hafa lagt á þetta eitt stærsta baráttumál Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þetta var einmitt eitt af

stærstu kosningamálum okkar, gjaldfrjáls leikskóli, og fínt að hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson skuli einmitt fylgja þessu eftir af svona miklu afli. Ég fagna hinum góðu undirtektum sem þetta mál fær hér.

Auk þess eru allir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flutningsmenn þingsályktunartillögu um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla, þingmál á þskj. 25., 25. mál, eitt af fyrstu málunum sem voru lögð fram á þinginu í haust en hefur ekki enn fengist rætt. Mér þykir því einsýnt af þeim miklu og öflugu undirtektum sem þetta mál hérna fær að það komist sem allra fyrst á dagskrá, þ.e. ítarleg tillaga til þingsályktunar um hvernig megi útfæra gjaldfrjálsan leikskóla (Forseti hringir.) ásamt greinargerð, þannig að við getum tekið efnislega umfjöllun um málið og þingið fengið það svo til meðferðar, herra forseti.

[13:47]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög mikilvægu máli. Við vitum að fjölskyldurnar í landinu sem eru með börn í leikskóla eru að sama skapi skuldsettustu fjölskyldurnar á Íslandi þannig að sú búbót sem yrði fólgin í því að leikskólagjöld yrðu felld niður er alveg gríðarleg. Fyrir einstæða foreldra er um að ræða allt upp í kvartmilljón á ári, 250 þús., og fyrir hjón um hálfa milljón kr. Það gefur því augaleið að niðurfelling leikskólagjalda yrði mjög mikil búbót fyrir fjölskyldurnar í landinu.

Þarna er um að ræða, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, 2,4 milljarða í tekjur fyrir ríkissjóð. Þetta eru ekki þannig fjármunir að menn þurfi að setja málið í mjög margar nefndir þannig að ég hefði viljað fá skýrari svör frá hæstv. félagsmálaráðherra um skoðun hans sem félagsmálaráðherra en ekki aðila að Framsóknarflokknum eða samþykktum hans. Ég hefði viljað vita hvað honum finnst og hvort hann vilji gera eitthvað í þessum málum (Forseti hringir.) á meðan hann situr í embætti félagsmálaráðherra.

[13:48]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er skrýtið að hæstv. félagsmálaráðherra sé svona óskýr í þessu máli og þyki þetta einkanlega vera menntamál. Það er engum blöðum um það að fletta að þau börn sem ekki njóta þjónustunnar í hinum frábæru leikskólum landsins eru kannski þau börn sem af félagslegum ástæðum, hæstv. félagsmálaráðherra, þurfa helst á því að halda. Það eru börn innflytjenda, börn fólks sem ekki er á vinnumarkaði, atvinnulauss fólks, fólks á bótum og fólks í félagslega erfiðri stöðu. Það er grundvallaratriði til að halda hér félagslegum jöfnuði í landinu að við leggjum áherslu á það að ekki sé keypt forskot fyrir börnin á fyrstu árum ævinnar með hinum frábæra aðbúnaði í leikskólum landsins heldur tryggjum við öllum — já, með skyldu, hæstv. félagsmálaráðherra — aðgang að því frábæra starfi sem unnið er í leikskólunum að þroska barna á mikilvægustu mótunarárum ævinnar.

[13:49]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér á sér stað um það að stjórnvöld fari að huga að því að við förum að gera einhvern hluta af leikskólastiginu gjaldfrjálsan. Ég er á því að síðasta ár á leikskóla eigi að vera gjaldfrjálst þar sem í raun fer nú fram kennsla. Við höfum horft á það, við sem höfum farið hér um kjördæmi okkar í kjördæmaviku, að þar fer fram gríðarlega mikið starf og í raun og veru er verið að kenna fimm ára börnum margt af því sem verið er að gera í sex ára bekk í framhaldinu.

Ég tek undir það, þetta er mikilvægt mál fyrir fjölskyldurnar í landinu. Við höfum í ríkisstjórnarflokkunum beitt okkur fyrir því að minnka jaðaráhrif skattkerfisins á þær. Reyndar hefur stjórnarandstaðan ekki getað fylgt okkur stjórnarmeirihlutanum í því efni en ég tel mjög mikilvægt að skoða þetta málefni og ég fagna þessari fyrirspurn því að við þurfum að halda áfram að bæta hag fjölskyldnanna.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég verð að byrja á að lýsa talsverðum vonbrigðum með svar hæstv. félagsmálaráðherra. Hér var spurt um pólitíska afstöðu hæstv. ráðherra en hún kom einfaldlega ekki fram með nægilega skýrum hætti. Ég held að þar sem samskipti ríkis og sveitarfélaga eru einmitt í umræðunni núna sé þetta tími til að ræða hvort það sé pólitískur vilji til að gera leikskólann, sem er fyrsta skólastigið, gjaldfrjálsan. Þess vegna þarf pólitísk afstaða hæstv. félagsmálaráðherra að liggja fyrir.

Framsóknarflokkurinn segist á hátíðardögum vera flokkur fjölskyldunnar og hæstv. forsætisráðherra fór nýverið mikinn og talaði um gildi stórfjölskyldunnar. Gjaldfrjáls leikskóli væri gríðarlega mikilvægt skref fyrir fjölskyldur landsins. Fjölskyldur leikskólabarna eru iðulega sá hópur sem hefur hvað þrengstu fjárráðin. Hér er oftast um að ræða unga foreldra sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið og hefja þátttöku á vinnumarkaði.

Nú er það nær almenn regla að börn fari í leikskóla enda er það orðinn eðlilegur hluti af skólagöngu hvers barns. Þessi háu skólagjöld eru því mikil tímaskekkja og ber að afnema. Samfylkingin telur að það eigi að vera hlutverk almannavaldsins að greiða kostnað við leikskóla alveg eins og það er almannavaldsins að greiða fyrir grunnskóla. En þá þyrfti ríkisvaldið að koma til móts við sveitarfélögin með tekjustofna fyrir slíkri aðgerð.

Ég vil því kalla aftur eftir pólitískri afstöðu hæstv. félagsmálaráðherra. Telur hann að leikskólinn allur eigi að vera gjaldfrjáls eða ekki og mun hann beita sér fyrir því? Ef ekki, væri fróðlegt að heyra röksemdir hæstv. félagsmálaráðherra um þann eðlismun sem hann sæi á þessum tveimur neðstu skólastigum þar sem annað þeirra er gjaldfrjálst en hitt býr við há skólagjöld.

[13:52]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda fyrir að hefja þessa umræðu, og þá gagnlegu umræðu sem hér hefur orðið. Það er lýst eftir pólitískri afstöðu

minni sem félagsmálaráðherra. Ég taldi, hæstv. forseti, að hún hefði komið þokkalega skýrt fram í mínu fyrra svari. Ég tel að það sé ástæða til þess að taka upp viðræður um það með hvaða hætti við viljum skilgreina leikskólann, hvort við viljum skilgreina hann sem hluta af skólaskyldu og þá þar með hljótum við að taka til umsagnar og umfjöllunar gjaldtöku í þeim skólaskylda skóla ef til kæmi og þá með hvaða hætti staðið yrði undir henni.

Eins og kom fram í mínu fyrra svari er þessi umræða rétt á fyrstu stigum. Um hugmyndina hafa ekki farið fram alvarlegar viðræður, a.m.k. ekki milli ríkis og sveitarfélaga. Það kann hins vegar vel að verða.

Ég lýsti því líka hér þaðan, hæstv. forseti, að það er stefna Framsóknarflokksins að koma á, a.m.k. á efsta ári leikskólans, skólaskyldu. Það er mín stefna líka, hv. þingmaður. Hins vegar þarf auðvitað að nást um þetta sátt, ekki bara hér á Alþingi eða í ríkisstjórn heldur við sveitarfélögin í landinu og þetta er mál sem við hljótum að halda áfram að ræða.

Öryggislögregla.

Fsp. HHj, 390. mál. — Þskj. 488.

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Helgi Hjörvar):

Virðulegur forseti. Eftir að hæstv. dómsmálaráðherra og ríkislögreglustjóri ásamt fleirum fóru til Bandaríkjanna sl. vor til að kynna sér m.a. hvernig þar er starfað að öryggismálum hélt hæstv. dómsmálaráðherra ræðu á fundi sýslumanna í Vestmannaeyjum hinn 8. október sl., ræddi þar m.a. og færði rök fyrir því að auka þyrfti rannsóknarheimildir lögreglu ogýjaði jafnvel að því að með einhverjum hætti þyrfti að fara fram hjá réttarfarsnefnd í þeim efnum, en fjallaði einnig um starfsemi öryggislögreglu eða leyniþjónustu.

Nú hefur út af fyrir sig verið fjallað um slíka starfsemi á opinberum vettvangi áður og við höfum nýlega fjallað ákaflega mikið um það, m.a. í tengslum við svokallað Falun Gong mál, en þar reyndist sá þáttur í starfsemi lögreglunnar kannski að ýmsu leyti vanbúinn. Það hversu illa við réðum við þá einu heimsókn og hversu skammarlega stjórnvöld stóðu að í því efni sýnir kannski að þarna sé átaks þörf.

Hæstv. dómsmálaráðherra lýsti því yfir að ekki mætti miklu lengur láta undir höfuð leggjast að ræða lagafrumvarp hér á Alþingi um starfsemi öryggislögreglu eða leyniþjónustu. Ég fagna yfirlýsingu dómsmálaráðherra um að setja þurfi lög um öryggislögreglu eða leyniþjónustu. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að við skýrum lagaramma um þessa starfsemi og að aðhald og eftirlit með henni sé eins og best verður á kosið. Ég hafna því hins vegar ef hér er ætlunin að leiða í lög auknar rannsóknarheimildir eða leynd fyrir lögreglu með svipuðum hætti og gert hefur verið með tilvísun til hryðjuverkaógnarinnar í Bretlandi og Bandaríkjunum á síðustu árum. Ég tel að við þurfum síst á því að halda að auka leynd eða rannsóknarheimildir í þessum efnum. Full ástæða er hins vegar til þess, eins og ráðherrann hefur vakið athygli á, að á Alþingi sé rætt um lagafrumvarp um öryggislögreglu eða leyniþjónustu og ég vil með fyrirspurn þessari gefa hæstv. ráðherra kost á því að ræða um það lagafrumvarp.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji að lagaheimildir fyrir starfsemi öryggislögreglu eða leyniþjónustu skorti og hvort hann hyggist á þessu kjörtímabili bæta úr því með lagafrumvarpi.

Í öðru lagi hvort hann telji tilefni til þess að hér sé starfrækt sérstök öryggislögregla eða leyniþjónusta, hvert umfang þessarar starfsemi sé og hvort ráðherrann hyggist beita sér fyrir aukningu á umfangi hennar.

Síðast en ekki síst, og ég legg mikla áherslu á þann þátt fyrirspurnarinnar: Með hvaða hætti er eftirliti með þessari viðkvæmu starfsemi háttað?

[13:57]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég veit ekki hvaða ræðu hv. þingmaður las eftir mig sem hann telur mig hafa flutt í Vestmannaeyjum 8. október þegar hann segir í upphafi máls síns að ég hafi ætlað að fara á svig við réttarfarsnefnd vegna endurskoðunar á lögum um meðferð opinberra mála. Ég veit ekki hvaðan þingmaðurinn hefur það efni.

Varðandi þær spurningar sem þingmaðurinn leggur fyrir er sú fyrsta:

„Telur ráðherra að lagaheimildir skorti fyrir þeirri öryggislögreglu- og leyniþjónustustarfsemi sem starfrækt er hjá ríkislögreglustjóra? Hyggst ráðherra bæta úr með lagafrumvarpi um starfsemina?"

Samkvæmt 5. gr. lögreglulaga er hlutverk ríkislögreglustjóra m.a. að „starfrækja lögregluranns óknardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess". Í helstu nágrannalöndum okkar er verkefnum af þessu tagi sinnt af lögreglu en iðulega af sérstakri deild eða sérstakri öryggislögreglu sem starfar á grundvelli skýrra lagaheimilda og jafnvel sérstakrar löggjafar. Á það hefur verið bent að skortur á slíkri löggjöf geti vakið upp spurningar um heimildir lögreglu til aðgerða og eftirgrennslana með málum af þessum toga og nauðsynlegt sé að eyða slíkri óvissu með skýrri löggjöf, bæði til hagsbóta fyrir þá sem starfa á grundvelli hennar og almenning í landinu. Ekki liggur fyrir nein ákvörðun um það hvernig úr þessu verður bætt.

Þá er spurt:

„Telur ráðherra koma til greina að starfrækja sérstaka öryggislögreglu?"

Eins og áður sagði er þessum verkefnum að sjálfsögðu sinnt hér á landi eins og annars staðar. Hvort setja eigi þau undir hatt sérstakrar öryggislögreglu hér, eins og gert er t.d. annars staðar á Norðurlöndunum, hefur ekki verið rætt en þörfin fyrir það virðist ekki vera sérstaklega brýn. Það sem á hefur verið bent er að skýr ákvæði þurfa að vera um heimildir og eftirlit með þessari mikilvægu starfsemi.

Þá er spurt:

„Hvert er umfang þessarar starfsemi? Fer hún vaxandi eða stefnir ráðherra að því að auka umsvif hennar?"

Umfang þessarar starfsemi hefur verið óbreytt undanfarin ár en jókst eins og kunnugt er nokkuð í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum árið 2001. Engin sérstök áform eru uppi um að auka umsvif hennar.

„Hvernig er eftirliti með öryggislögreglu- og leyniþjónustustarfsemi háttað?“ er að lokum spurt.

Eftirliti með starfsemi lögreglu er í dag sinnt lögum samkvæmt af dómsmálaráðuneyti, auk þess sem ríkissaksóknari fer með eftirlit með ákæruvaldinu.

[14:00]

Mörður Árnason:

Forseti. Þau orð hæstv. dómsmálaráðherra að öryggislögreglan sé hér til án þess í raun og veru að hafa neinn þokkalegan lagaramma vekja auðvitað athygli og um leyniþjónustuna svaraði ráðherrann engu. Ráðherrann talaði hins vegar um í þeirri merkilegu ræðu sem áður var á minnst að það væri erfitt að komast yfir, með leyfi forseta, „skilningsþröskulda“ í umræðum um öryggismál á Íslandi og ég held að það sé rétt hjá ráðherranum. Einar Karl Haraldsson, félagi minn og okkar ýmissa, hefur orðað þetta svo að hér hafi verið tvær hefðir uppi í þessari umræðu, annars vegar þagnarhefðin og hins vegar upphrópunarhefðin. Ég held að nú sé kominn tími til að leggja þessar hefðir niður, að ræða þessi mál öll opið, að setja lagastoð undir þá starfsemi sem við erum sammála um að hafa hér og almenningur getur fylgst með og þingið eða aðrar slíkar stofnanir hafa eftirlit með. Ég tel að þagnarhefðarmenn (Forseti hringir.) ættu að byrja að tala og þá skulu upphrópunarhefðarmenn byrja að láta ekki upphrópanirnar nægja heldur finna málum sínum efnislega stöðu. (Forseti hringir.) Við skulum ræða um þetta á nýjum grunni framvegis.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill minna hv. þingmenn á að virða ræðutíma sem er ein mínúta í þessari umræðu.)

[14:01]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að skoða þetta mál og þessa umræðu í aðeins stærra samhengi. Ég vil vekja athygli þingheims og þjóðarinnar á því hvert við erum eiginlega að stefna og setja málið og umræðuna í ákveðið samhengi.

Við höfum tekið eftir því að hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason hefur komið með hvert málið á fætur öðru sem orkar svo sannarlega tvímælis. Hæstv. dómsmálaráðherra lagði fram frumvarp í fyrra sem laut að því að heimila hleranir án dómsúrskurðar. Hæstv. dómsmálaráðherra lagði sömuleiðis fram í fyrra afar vont frumvarp um fangelsismál sem hann neyddist til að draga til baka. Hæstv. dómsmálaráðherra lagði fram frumvarp að mjög afturhaldssömum og íhaldssömum lögum um útlendinga og þar á meðal hina vondu 24 ára reglu. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur beitt sér fyrir að auka fjárveitingar til að fjölga sérsveitarmönnum og nú er umræða um hugsanlega leynilögreglu. Ég vil bara brýna það fyrir fólki að yfirleitt fer frelsið ekki allt í einu, það fer hægt og rólega og oft er það réttlætt með góðum tilgangi. Við þurfum að vera á varðbergi þegar kemur að eftirliti og skerðingu á persónuréttindum. Því held ég að full ástæða sé til að þingheimur og þjóð verði sérstaklega á varðbergi þegar kemur að þingmálum „stóra Björns“.

[14:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra svaraði fyrstu spurningunni sem fjallaði um það hvort ráðherra teldi að lagaheimildir skorti fyrir þeirri öryggisgæslu og leyniþjónustustarfsemi sem starfrækt er hjá ríkislögreglustjóra og hvort hann hygðist bæta úr því á þann veg að ekki var hægt að misskilja það að hann taldi þörf á skýrari lagafyrirmælum um þau atriði, en hann sagði líka að það væru ekki uppi nein áform um að leggja slíkt fram. Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni ef hæstv. ráðherra sér brýna þörf á einhverjum ráðstöfunum sem þyrfti að færa í lagabúning á hv. Alþingi en sér ekki ástæðu til að koma með slíkan lagaramma inn til umræðu. Það er ástæða til að spyrja hvers vegna. Telur hæstv. ráðherra að hugmyndir hans í þessum efnum eigi ekki hljómgrunn á hv. Alþingi eða hvað er það sem dvelur?

[14:04]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég fæ ekki betur heyrt en að þær hugmyndir sem uppi voru á síðasta kjörtímabili hjá þáverandi hæstv. dómsmálaráðherra séu nú a.m.k. að einhverju leyti úr gildi fallnar í dómsmálaráðuneyti Björns Bjarnasonar og ég fagna því. Ég fagna því að það séu engar ráðagerðir uppi um stofnun íslensku leyniþjónustunnar.

Hins vegar vildi ég nota þetta tækifæri til þess að inna hæstv. dómsmálaráðherra frekar eftir svari við 3. lið fyrirspurnar hv. þm. Helga Hjörvars. Ráðherrann sagði að umfang væri óbreytt. Óbreytt frá hverju? Við hvað er miðað og hvernig eiga þingmenn að fá upplýsingar um hvert þetta umfang er í raun og veru á grundvelli þeirra laga sem nú eru í gildi, hæstv. forseti?

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Helgi Hjörvar):

Virðulegur forseti. Ég ætlast til þess af hæstv. dómsmálaráðherra að ef hann telur eins og hér hefur fram komið að lagarammi um jafnmikilvæga starfsemi og öryggislögreglu og leyniþjónustustarfsemi á vegum ríkisins sé ekki nægilega skýr þá sé það einbeittur vilji hans að bæta úr því og hann boði okkur það að úr því verði bætt. Það er auðvitað alls ekki viðunandi að hæstv. dómsmálaráðherra sinni embættisskyldum sínum með þeim hætti að hann telji á skorta um lagaramma um jafnmikla kjarnastarfsemi í réttarfari í landinu og leyniþjónustustarfsemi og öryggislögreglu en ætli ekki að bæta úr því. Ég fagna því hins vegar að ráðherrann hefur ekki uppi áform um sérstaka leyniþjónustu eða sérstaka öryggislögreglu og að ekki standi til að auka við þá starfsemi hjá ríkislögreglustjóra því ég held að á því sé ekki nein sérstök þörf og tek undir með hæstv. dómsmálaráðherra að það er ekki tilefni til þess. Það er heldur ekki tilefni til að auka heimildir lögreglu í þessu heldur þvert á móti að veita þessari starfsemi frekara aðhald og eftirlit, eins og Falun Gong málið sýndi svo ágætlega, með því einmitt að skýra lagarammann og treysta það eftirlit sem er með þessari starfsemi. Ég spyr hæstv. dómsmálaráðherra hvort hann telji koma til greina að þingnefnd hafi eftirlit með þessari starfsemi með höndum þannig að hún hafi það aðhald sem vert er.

[14:07]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og við var að búast fór umræðan út og suður og er erfitt að henda reiður á því hvað þingmenn

vilja í raun og veru í þessu efni. Sérstaklega harma ég hvernig hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson gekk hér fram á algerlega misskildum forsendum eins og raunar svo oft þegar hann stendur upp í ræðustól og talar um mál sem varða starfshætti dómsmálaráðherra og dómsmálaráðuneytisins.

Ég vil aðeins undir lokin, herra forseti, endurtaka það sem ég sagði því það er greinilegt að menn hafa ekki heyrt nægilega vel það sem ég sagði sem svar við fyrstu fyrirspurninni, en þar segir:

Samkvæmt 5. gr. lögreglulaga er hlutverk ríkislögreglustjóra m.a. að starfrækja lögregluannsóknardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess. Í helstu nágrannalöndum okkar er verkefnum af þessu tagi sinnt af lögreglu en iðulega af sérstakri deild eða sérstakri öryggislögreglu sem starfar á grundvelli skýrra lagaheimilda og jafnvel sérstakrar löggjafar. Á það hefur verið bent að skortur á slíkri löggjöf geti vakið upp spurningar um heimildir lögreglu til aðgerða og eftirgrennslana með málum af þessum toga og nauðsynlegt sé að eyða slíkri óvissu með skýrri löggjöf, bæði til hagsbóta fyrir þá sem starfa á grundvelli hennar og almenning í landinu. Ekki liggur fyrir nein ákvörðun um það hvernig úr þessu verður bætt.

Ég tel að það sé lagaheimild í 5. gr. lögreglulaganna til að sinna þessum verkefnum en síðan vek ég máls á því að bent hafi verið á að það kunni að vera skynsamlegra að setja um þetta sérstaka löggjöf. Ég tel ekki að það skorti neinar heimildir fyrir lögreglu til að sinna þessum verkefnum.

Gerð stafrænna korta.

Fsp. JÁ, 164. mál. — Þskj. 164.

[14:09]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég ber fram eftirfarandi fyrirspurn til umhverfisráðherra um gerð stafrænna korta hjá Landmælingum Íslands.

1. Hvaða ástæður liggja að baki því að ekki er gert ráð fyrir fé í fjárlögum til áframhaldandi vinnu við gerð stafrænna korta í mælikvarðanum 1:50.000 (IS 50V), sem er m.a. hluti af stefnumótun stofnunarinnar og árangursstjórnunarsamningi sem umhverfisráðherra hefur staðfest?

2. Hvaða áhrif hefur þessi ákvörðun á mannahald og umfang starfsemi Landmælinga Íslands ef af verður og hyggst ráðherra gera ráðstafanir til að tryggja að starfsemi Landmælinga Íslands dragist ekki saman vegna þessa?

Talsvert vatn hefur runnið til sjávar síðan þessi fyrirspurn var lögð fram. Henni var ætlað að kalla fram svör við því hvers vegna stjórnvöld hefðu svo snögglega skipt um skoðun hvað gerð stafrænna korta varðaði og hvað væri svo óskynsamlegt við þetta verkefni að það afsakaði að ríkið hlypi frá skuldbindingum sínum með þeim hætti sem boðað var. Það var og er verulega áhugavert að heyra af hverju nýr hæstv. umhverfisráðherra tók þá ákvörðun að hætta við þetta verkefni. En svo kom í ljós við frekari vinnslu fjárlaga að þessari stefnu sem nýr umhverfisráðherra hafði boðað var hafnað. Bókað er af þessu tilefni m.a. eftirfarandi við gerð fjárlaga:

„Veitt er 14 millj. kr. framlag til Landmælinga Íslands til að viðhalda IS 50V kortagrunni sem gerður hefur verið af öllu Íslandi. Ríkisstjórnin ákvað árið 1998 að hrinda IS 50V verkefninu af stað vegna mikilvægis þess fyrir kortagerð af landinu. Gerð kortagrunnsins hefur verið stærsta verkefni stofnunarinnar í sex ár og er hann nú hryggsúlan í allri kortagerð stofnunarinnar."

Ljóst er að stofnunin hefur fengið fjármuni og viljayfirlýsingu Alþingis til áframhaldandi vinnu við þetta verkefni en líka að verulegur samdráttur verður vegna lækkunar fjárheimildanna. Í ljósi þessarar atburðarásar verður að gera þá kröfu til hæstv. ráðherra að hún geri grein fyrir vilja sínum hvað þennan kortagrunn varðar. Vill ráðherrann eins og tillagan í frumvarpi til fjárlaga bar með sér að hætt verði við þetta verkefni og þá hvers vegna? Tók fjárlaganefnd kannski ráðin af hæstv. ráðherra í þessu máli eða hefur hæstv. ráðherra skipt um skoðun og ætlar hún þá að styðja stofnunina í því að halda þessu verkefni áfram?

[14:12]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Árið 1999 samþykkti ríkisstjórn Íslands að gert skyldi átak í kortagerð af Íslandi og veitti til þessa verkefnis Landmælingum Íslands 30 millj. kr. árlegri fjárveitingu í fimm ár til að ljúka gerð stafrænna korta í mælikvarðanum 1:50.000. Þessi ákvörðun var tekin um svipað leyti og stofnunin var flutt á Akranes. Var leitað eftir sérstakri aðstoð bandarískra yfirvalda við að útvega eldri kortagögn til að draga úr kostnaði við verkefnið.

Fyrstu útgáfu kortagrunns af öllu Íslandi í mælikvarðanum 1:50.000 lauk á árinu 2003 og var útgáfa hans kynnt á ráðstefnu í árslok sama árs. Markaði sá áfangi stórt skref í kortagerð hér á landi. Eru nú yfir 100 áskrifendur að kortagrunninum auk þess sem hann er grundvöllur nær allrar kortagerðar Landmælinga Íslands.

Fyrsta útgáfa IS 50V kortagrunnsins inniheldur stafræn gögn af öllu landinu í sjö lögum, hæðarlínur, vatnafar, mannvirki, samgöngur, mörk, yfirborð og örnefni. Hafin er vinna við endurskoðun og endurnýjun þeirra gagna sem í grunninum eru og því er mikilvægt að áfram fáist fjárveiting til þessa verkefnis. Þegar hafa verið teknar ákvarðanir um kaup á gervitunglamyndum af landinu öllu í samstarfi við um 15 stofnanir og fyrirtæki. Einnig er í undirbúningi útboð á nýju hæðarlíkani af landinu öllu í samstarfi við átta ríkisstofnanir auk Landsvirkjunar.

Þeim verkáfanga sem ákveðið var að ráðast í á árinu 1999 er lokið og þar með þeirri tímabundnu fjárveitingu sem þá var ákveðin til verksins. Hins vegar hafa Landmælingar Íslands frá upphafi lagt áherslu á nauðsyn þess að uppfæra hinn nýja stafræna kortagrunn og var óskað eftir fjárveitingum til þess verks og veittar á fjárlögum ársins 2005 14 millj. kr. til verksins sem umhverfisráðherra studdi við að fengist. Sú fjárveiting, 14 millj. kr. sem fengust á fjárlögum árið 2005, er u.þ.b. helmingi lægri upphæð en Landmælingar telja sig þurfa til uppfærslu og viðhalds IS 50V kortagrunnsins og því er ljóst að þetta mun hafa einhver áhrif á mannahald hjá stofnuninni til framtíðar. Land-

mælingar Íslands munu endurskipuleggja og forgangsraða verkefnum hjá sér í kjölfar þessa þar sem ljóst er að IS 50V er kjarnaverkefni og að sjálfsögðu gæti dráttur í uppfærslu kortagrunnsins haft áhrif á notkun hans.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég fagna orðum hæstv. ráðherra vegna þess að ég sé ekki ástæðu til að halda að hæstv. ráðherra hafi uppi þá stefnu að leggja starfsemina af — eins og kom fram í tillögum til fjárlaga, því það var ekkert annað fram undan en að hætta þessu starfi sem þarna var á grundvelli þeirra fjárveitinga sem þar var lagt til að yrðu til ráðstöfunar. Það er þess vegna mjög mikilvægt að vita að hæstv. ráðherra telur nauðsyn á að halda starfinu áfram.

Það er auðvitað áhyggjuefni ef stofnunin hefur ekki möguleika á að standa þannig að verki að þetta nýtist að fullu og hægt sé að halda gögnunum í því horfi sem best henta þeim sem þau þurfa að nota. En það er eitthvað sem kannski stendur til bóta. Það sem mér finnst skipta mestu máli er að hæstv. ráðherra er hér að eyða þeirri óvissu sem var yfir því að starfseminni yrði haldið áfram. Það er nefnilega uppi gagnrýni á þetta verkefni frá aðilum í samfélaginu og efasemdir um hvort á verkefninu sé virkilega þörf. En hæstv. ráðherra hefur greinilega ekki tekið þær röksemdir gildar og telur að starfsemin eigi að halda áfram og kortagrunnurinn eigi að verða til í framtíðinni og ég fagna því.

[14:18]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn. Hún var sett fram á þeim tíma þegar ekki var ljóst hvort fjárveiting fengist í verkið. En við erum svo sannarlega sammála um að hér er um mjög mikilvægt og merkilegt verkefni að ræða sem þarf að gera stofnuninni kleift að annast áfram með myndarlegum hætti.

Kyoto-bókunin.

Fsp. ÞSveinb, 274. mál. — Þskj. 295.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Kyoto-bókun loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna gengur í gildi 16. febrúar næstkomandi. Fullgilding Rússlands að bókuninni gerði gæfumuninn, ef svo má segja, en lengi horfði illa með framkvæmd bókunarinnar, ekki síst vegna tregðu Bandaríkjastjórnar til þess að leggja sitt af mörkum til að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum.

Það þarf varla að minna þingheim á nýútkomna skýrslu Norðurskautsráðsins um loftslagsbreytingar af manna völdum á norðurslóðum, fyrstu rannsókn sinnar tegundar í heiminum. Niðurstöður hennar einar ættu að sjá til þess að ríkisstjórnir um allan heim taki við sér og grípi til raunhæfra aðgerða sem geta dregið úr loftslagsbreytingum á þessari öld.

Ráðfrú umhverfismála, Sigríður Anna Þórðardóttir, sagði m.a. í ræðu sinni á 10. aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins í Rio de Janero að nauðsynlegt væri að auka þekkingu á nýtingu jarðhita víða um heim og ætlar Ísland að aðstoða smá eyríki sérstaklega í þessu efni og er það vel, herra forseti. En í máli hennar kom ekki fram, að því ég fæ best séð, hvaða ráðagerðir stjórnvöld hefðu uppi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum hér á landi. Fyrir liggur að til að ná tökum á viðfangsefninu þarf að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum öllum um 50–60% á þessari öld, herra forseti.

Í þriggja ára gamalli stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á sviði loftslagsmála frá því í mars 2002 er lögð áhersla á sjö atriði sérstaklega. Þeirra á meðal eru:

Fyrsta atriðið að dregið verði úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum með almennum aðgerðum. Einnig má nefna að áhersla er lögð á auknar rannsóknir á þáttum sem hafa áhrif á útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Þá má nefna að í áætluninni er gert ráð fyrir að efld verði fræðsla og upplýsingagjöf til almennings.

En hvað hefur verið gert, herra forseti? Jú, olíugjaldið var sett á í stað þungaskatts og tekur gildi um mitt þetta ár, en minna hefur borið á öðrum atriðum, m.a. fræðslunni til almennings og rannsóknunum.

Árið 2000 voru bílar orðnir 180 þúsund hér á landi og hafði fjölgað um 80% frá 1980, en á sama tíma fjölgaði þjóðinni um 24%. Við höfum horft upp á jeppavæðingu höfuðborgarsvæðisins á undanförunum árum sem m.a. hefur orðið til vegna aðgerða stjórnvalda, breytinga á vörugjöldum á bifreiðum. Orð forsætisráðherra um nauðsyn frekari undanþágna eru okkur öllum í fersku minni.

Því vil ég spyrja hæstv. umhverfisráðherra:

Hvernig hyggst hún sjá til þess og með hvaða áætlunum ætlar ríkisstjórn Íslands að tryggja að Kyoto-bókuninni verði fullnægt hér á landi á fyrsta skuldbindingartímabili hennar 2008–2012?

[14:22]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Samkvæmt Kyoto-bókuninni og útfærslu hennar gagnvart Íslandi eru útstreymisheimildir landsins tvíþættar. Í fyrsta lagi skal almennt útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi ekki aukast meira en sem nemur 10% frá árinu 1990, þ.e. vera innan við 3.600 þús. tonn koltvíoxíðs-ígilda árlega að meðaltali á árunum 2008–2012.

Í öðru lagi hefur Ísland heimild til þess að auka losun á koltvíoxíði um 1.600 þús. tonn á ári að meðaltali á árunum 2008–2012 vegna nýrrar stóriðju eftir 1990 sem notar endurnýjanlega orku. Það ákvæði um framkvæmd Kyoto-bókunarinnar sem stundum er vísað til sem „íslenska ákvæðisins“ gerir ráð fyrir að koltvíoxíðslosun frá nýrri stóriðju eða stækkun stóriðjuvera sem hefur starfsemi eftir 1990 og leiðir til meira en 5% aukningar á losun á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar, þ.e. 2008–2012, verði þá haldið utan við losunarskuldbindingar bókunarinnar eftir að losunarheimildir viðkomandi lands hafa verið fullnýttar.

Ákvæðið nær aðeins til þeirra ríkja sem losuðu minna en 0,05% af heildarkoltvíoxíðslosun iðnríkjanna 1990. Þessi heimild er háð því að framleiðendur noti endurnýjanlega orku og að notkun hennar leiði til samdráttar í losun

gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu, enn fremur að besta fáanlega tækni sé notuð og að bestu umhverfisvenjur séu viðhafðar við framleiðsluna.

Samkvæmt nýlegum útreikningum iðnaðarráðuneytisins eykst árleg losun koltvíoxíðs síðan 1990 frá nýrri stóriðju líklega um 1.183 þús. tonn sé tillit tekið til aukningar sem orðið hefur á stóriðju og er væntanleg fram að skuldbindingartímabilinu 2008–2012. Aukningin er svohljóðandi eftir fyrirtækjum í þúsundum tonna koltvísýrings:

Alcan 130, Járnblendiverksmiðjan 175, Norðurál 392, Fjarðaál 486. Samtals eru þetta 1.183 þús. tonn. Þetta þýðir að Íslendingar hafa líklega um 417 þús. tonn af koltvísýringi á ári til ráðstöfunar í samræmi við íslenska ákvæðið fram að og með fyrsta skuldbindingartímabilinu á árunum 2008–2012. Ef ekki kemur til annarra framkvæmda sem gætu fallið undir íslenska ákvæðið á skuldbindingartímabilinu er lítil hætta á að farið verði fram úr þeim heimildum sem það veitir. Ef íslenska ákvæðið væri fullnýtt og eitthvert fyrirtæki færi fram úr þeim heimildum sem því eru veittar innan þess ramma, yrði það fyrirtæki að afla sér heimilda svo sem með því að kaupa þær eða að stuðla að bindingu kolefnis sem svaraði til umframlosunar þess.

Ég vil taka það skýrt fram af þessu tilefni að núna í vetur erum við að fara yfir öll þessi mál í umhverfisráðuneytinu og við eigum að skila skýrslu til loftslagsskrifstofu Sameinuðu þjóðanna núna í árslok þar sem við þurfum að sýna fram á með ótvíræðum hætti að við stöndum við skuldbindingar okkar. Og ég vil líka taka það fram af þessu tilefni að það er ekkert sem bendir til annars en það verði unnt.

[14:27]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég sé ekki betur en hæstv. umhverfisráðherra hafi skautað hraustlega fram hjá því að svara spurningu hv. þingmanns því að sannarlega var ekki verið að biðja um útskýringu á íslenska ákvæðinu í Kyoto-bókuninni heldur var verið að biðja um að fá að vita hvað íslensk stjórnvöld ætli að gera til þess að tryggja að losun gróðurhúsalofttegunda á fyrsta skuldbindingatímabilinu fari ekki fram úr þeim heimildum sem við höfum. Sannleikurinn er auðvitað sá að stjórnvöld hafa verið að draga lappirnar í því að gera áætlanir um hvernig eigi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Við vitum allt um stóriðjuákvæðið og við vitum allt um yfirlýsingar hæstv. forsætisráðherra í þeim efnum. Fyrir nokkrum vikum kallaði hann það mikinn sigur að hafa fengið það ákvæði í gegn og að við værum fyrirsjáanlega ekki einu sinni að fullnýta það á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar.

En hvað eru stjórnvöld að gera í öðrum geirum? Hæstv. forseti, þau eru ekki að gera nokkurn skapaðan hlut og það kemur best fram í svari hæstv. umhverfisráðherra nú.

[14:28]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur hér áðan þar sem hún getur um að þjóðinni hafi fjölgað um 20% og bifreiðaeign eða ökutæki landsmanna hafi aukist um 80% frá 1980, þá held ég að rétt sé að fara yfir það vegna þess að þar hefur orðið mjög jákvæð þróun. Hvað er svona jákvætt? Jú, að við höfum þörf fyrir fleiri ökutæki hvers konar, m.a. vegna mun meiri umsvifa í þjóðfélaginu, bæði framkvæmda og stóraukinnar ferðamannaþjónustu, sem bæði byggir á hópbílum og bílaleigubílum. Þetta er staðreynd.

Það er einnig mjög ánægjulegt að þær nýju bílvélar sem nú fluttar eru til landsins menga mun minna en þær vélar sem voru í eldri flota landsmanna. Þær eyða jafnframt mun minna eldsneyti, bæði bensínvélarnar en þó sérstaklega dísilvélarnar. Þetta er því gríðarlega gjaldeyrissparandi fyrir þjóðina.

Ég álít það því einungis mjög jákvætt að ökutækjum af nýjustu gerðum hafi fjölgað í landinu (Forseti hringir.) og eins og við vitum tekur olíugjaldið gildi 1. júlí.

[14:29]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er ljóst að við lok Kyoto-tímabilsins verða Íslendingar við það að ná toppi í íslenska ákvæðinu. Auk þess munum við eiga í erfiðleikum með, og ekki útséð um hvernig það fer, að standa við hinar almennu skuldbindingar samkvæmt Kyoto-bókuninni. Spurningin er auðvitað hvað verður eftir það, ekki einungis hvort við náum þessu. Fyrir hverju er gert ráð í ríkisstjórn og á skrifstofu hæstv. umhverfisráðherra um þá samninga sem við taka? Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda er gert ráð fyrir því að eftir að tímabil Kyoto-bókunarinnar er liðið verði kröfurnar mjög hertar og verði 50–60% samdráttur sem við munum eiga erfiðara með að mæta vegna þess að við aukum núna losunarheimildirnar. Það sem stendur upp á, ekki núverandi hæstv. umhverfisráðherra heldur þá sem á eftir henni koma og röðina sem á eftir kemur, er að draga saman. Spurningin er: Hvaða afstöðu hefur hæstv. umhverfisráðherra til þess?

[14:31]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er athyglisvert með okkur Íslendinga, að við höfum jafnan ákaflega mikinn áhuga á því sem skilað getur okkur árangri í þessum efnum eftir svo sem 50 ár. Við ræðum mikið um alls kyns tæknilausnir, vetni og annað þar fram eftir götunum. Við getum eytt í það heilu dögunum, ráðstefnunum og umtalsverðum fjármunum en á hinum pólitíska vettvangi virðast stjórnvöld engan áhuga hafa á því sem hægt er að gera í dag. Það kemur glögglega fram í svari eða svarleysi hæstv. umhverfisráðherra við fyrirspurninni. Það eru engin greinargóð áform um aðgerðir til að draga úr þessari mengun í dag.

Ég hvet nýjan umhverfisráðherra til að taka á í þessu efni. Skýrsla heimskautaráðsins og sú skýrsla sem kynnt var í gær, um þær miklu ógnir sem steðja að okkur vegna hinnar gríðarlegu mengunar sem sannarlega er um að ræða, hlýtur að brýna okkur til þess að grípa til aðgerða í dag. Þótt við á Íslandi munum ekki ráða úrslitum um mengunina í heiminum þá er það grundvallaratriði fyrir okkur að ganga á undan með góðu fordæmi þannig að tekið verði eftir orðum okkar og hvatningu á alþjóðavettvangi.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Það fór á þann veg sem mig grunaði. Þrátt fyrir þriggja ára gamla stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um hvernig eigi í tilteknum atriðum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á landinu, með aðgerðum innan lands, þá stendur mjög lítið eftir eða hefur réttara sagt lítið verið framkvæmt. Það liggur heldur ekki fyrir framkvæmdaáætlun til næsta áratugar þótt ekki sé hugsað lengur fram í tímann um það hvað taki svo við. Það er auðvitað þannig, herra forseti, að að loknu fyrsta skuldbindingartímabilinu mun taka við annað skuldbindingartímabilið og vonandi hið þriðja og það fjórða.

Eins og bent hefur verið á munu kröfurnar til okkar, til allra iðnríkjanna og síðan allra ríkja heims, um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda bara aukast á þessari öld. Þær tölur sem vísindamenn nefna núna, um helmingslækkun losunar á þessari öld, eru aðeins til þess ætlaðar að stöðva þá þróun sem þegar er hafin, að reyna að halda hlýnun loftslagsins þannig að hún verði ekki meiri en 2°C. Til eru spár sem segja til um miklu meiri hlýnun og hrikalegar afleiðingar fyrir allt mannkyn. Við verðum líka að hugsa í þessu stóra samhengi um hvað við þurfum að gera. Því miður virðist það að ríkisstjórn Íslands hefur lagt höfuðáherslu á íslenska ákvæðið og undanþágur fyrir stóriðjuna hér á landi haldast í hendur við það að ríkisstjórnin hefur látið undir höfuð leggjast að setja saman raunhæfar aðgerðir, raunhæfa framkvæmdaáætlun um hvernig við ætlum að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það er ámælisvert, hæstv. forseti. Ég vænti þess að hæstv. umhverfisráðherra taki þetta mál mun fastari tökum en gert hefur verið hingað til.

[14:34]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka þessar umræður og þær sýna sannarlega að þingmenn eru mjög áfram um að við Íslendingar stöndum okkur vel hvað þessi mál varðar. Ég tel að við verðum að skoða stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi. Ef við berum okkur saman við aðrar þjóðir þá er staða okkar auðvitað allt önnur að því leyti að nánast öll raforkunotkun okkar kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Heildarorkunotkun á Íslandi er 70% frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

Hins vegar er það rétt að við þurfum að taka á bílaumferðinni og flota okkar, bæði fiskiskipum og kaupskipum. Við bindum auðvitað miklar vonir við nýja tækni eins og aðrar þjóðir. Það er t.d. mjög mikill þrýstingur á bílaframleiðendur með að koma til móts við kröfur um að framleiða bíla með nýjum vélum. Slíkir bílar eru þegar komnir í umferð hér á landi, t.d. hybrid-bílar sem nota bæði bensín og rafmagnsvél. Við þekkjum öll merkilegt verkefni hjá Strætó í Reykjavík þar sem verið er að gera tilraun með vetni. Ég er sannfærð um að í framtíðinni muni þetta skila mjög miklum árangri sem við munum að sjálfsögðu njóta góðs af.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert í þessum efnum? Hún hefur m.a. brugðist við með því að lækka vörugjöld á bíla með þessari nýju tækni.

Innanlandsmarkaður með losunarefni.

Fsp. MÁ, 367. mál. — Þskj. 431.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég spyr um innanlandsmarkað með losunarheimildir. Í Kyoto-bókuninni er m.a. gert ráð fyrir alþjóðlegri verslun með losunarheimildir og iðnríkin eiga samkvæmt henni að koma sér upp skráningarkerfi til að styðjast við í þeim viðskiptum. Í bókuninni eru einnig svokölluð sveigjanleikaákvæði sem fjalla um verkefni sem eitt ríki eða fyrirtæki frá einu ríki stendur fyrir í öðru ríki og minnkar þar losun. Er þá gert ráð fyrir að framkvæmdaríkið fái auknar losunarheimildir auk beins og óbeins hagnaðar beggja aðila af slíkum verkefnum. Í öðru ákvæði er á sama hátt fjallað um hreina framleiðslutækni.

Þessi ákvæði eru afar áhugaverð fyrir Íslendinga af því að við stöndum framarlega á nokkrum sviðum sem hér kunna að koma við sögu. Einnig er hugsanlegt að við gætum með þeim hætti laðað að erlent fjármagn til að græða landið og binda þar með kolefni til nokkurrar framtíðar. Á báða vegu er nánast skilyrði að til sé hérlendis sæmilegt bókhald um losun innan lands. Að auki er ólíklegt að fyrirtæki á Íslandi sýni áhuga á samstarfsverkefnum af þessu tagi meðan ekki er amast við losun heima fyrir, engin mörk eða viðmið um losun, hvorki fyrir einstök fyrirtæki né atvinnugreinar og engin stefnumótun í gangi um losun í framtíðinni.

Í ágætri skýrslu sem Auður H. Ingólfsdóttir tók saman fyrir loftslagshóp Landverndar, en þar er unnið að þessum efnum, er einnig bent á tilskipun ESB um viðskipti með losunarheimildir sem tók gildi nú í ársbyrjun. Hún tekur fyrst og fremst til iðnaðar. Þar er reyndar ein stór undantekning og áberandi sem er áliðnaðurinn, svo er a.m.k. enn þá en allt bendir til þess að í framtíðinni verði verksvið tilskipunarinnar aukið smátt og smátt. Samkvæmt henni á hvert aðildarríki að undirbúa innanlandsáætlun um framkvæmd tilskipunarinnar og í því lendum við Íslendingar strax og tilskipunin tekur til iðnaðar og annarrar þeirrar losunar sem hér tíðkast.

Forseti. Kyoto-bókunin nær til 2012 eins og komið hefur fram í dag. Eftir það er allt óvíst nema að kröfurnar aukast verulega. Við eigum strax að búa okkur undir framtíðarskipulag í heiminum öllum í þessum efnum. Því fyrr sem menn gera sér grein fyrir því, þeim mun betra. Það er kominn tími til þess að atvinnulíf og einstaklingar búi sig undir hið óhjákvæmilega, iðnaður, floti, bíleigendur, stóriðja o.s.frv. Takmarkanir á losun, ákvarðanir um kvóta eftir greinum, fyrirtækjum og öðrum losunarvöldum kalla á innbyrðis viðskipti með verðmætin sem við þetta myndast, eins sérkennilegt og það hljómar á okkar tímum sívaxandi mengunar og ógnvænlegra loftslagsbreytinga að kalla það verðmæti.

[14:40]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til að standa við skuldbindingar loftslagssamningsins og Kyoto-bókunarinnar frá 2002 segir eftirfarandi:

„Kyoto-bókunin felur einnig í sér ákvæði um viðskipti milli landa með útstreymisheimildir. Útfærsla íslenska ákvæðisins takmarkar hins vegar þessi viðskipti þannig að Ísland getur ekki selt frá sér útstreymisheimildir. Ríkjum er í sjálfsvald sett hvort þau takmarki útstreymi innan lands með úthlutun útstreymisheimilda og viðskiptum með þær. Að athuguðu máli er ekki talin ástæða til þess að fara þá leið hér á landi."

Það er því ekki verið að undirbúa í umhverfisráðuneytinu eða undirstofnunum þess að koma á innanlandsmarkaði með losunarheimildir. Slíkur markaður hentar best fyrir orkuver og verksmiðjur með mikla losun en Evrópusambandið hefur sett á fót markað með losunarheimildir sem nær fyrst og fremst til slíkra aðila. Hér á landi er nær enginn slíkur stór losunaraðili utan stóriðjuverin sem falla undir íslenska ákvæðið og mega ekki selja þær heimildir sem þau fá innan hennar.

Annað útstreymi gróðurhúsalofttegunda kemur aðallega frá mörgum dreifðum uppsprettum, svo sem bifreiðum, fiskiskipum og landbúnaði. Ávinningur af innanlandsmarkaði með losunarheimildir yrði af þessum sökum líklega mjög lítill og hagkvæmni lítil eða engin en töluverð umsýsla við uppsetningu hans og viðskiptin.

Aðildarríki Kyoto-bókunarinnar eiga að koma á skráningarkerfi fyrir losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda áður en fyrsta skuldbindingartímabilið hefst árið 2008. Stefnt er að uppsetningu slíks kerfis hér á landi sem mun byggja á útstreymis- og bindingarbókhaldi Íslands sem vistað er í Umhverfisstofnun. Með slíku kerfi verður vel búið í haginn fyrir viðskipti með losunarkvóta innan lands eða við erlenda aðila, kjósi menn á einhverju stigi að fara þá leið.

[14:42]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég lýsi vonbrigðum með svar hæstv. umhverfisráðherra að þessu leyti einnig, eins og með fyrra svar hennar varðandi Kyoto-bókunina. Ég held að ráðlegt sé að hæstv. umhverfisráðherra sofi ekki of lengi á verðinum og láti ekki of lengi undir höfuð leggjast að búa til einhvers konar markað með losunarheimildir á Íslandi. Ég veit ekki betur en að á teikniborðinu sé rafskautaverksmiðja sem hér á að byggja uppi í Hvalfirði innan örfárra ára. Ég sé ekki betur en að í matsskýrslu sem liggur til grundvallar þeirri verksmiðju eigi sú verksmiðja að brenna þúsundum tonna af olíu. Ég held að hæstv. umhverfisráðherra verði ekki glaður með að bæta þeirri losun við almennar heimildir okkar, sem verða á fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar 3.200 þús. tonn. Ég sé ekki annað en að í það stefni á allra næstu árum að almennar losunarheimildir okkar spryngi. Hversu lengi ætlar hæstv. umhverfisráðherra og hæstv. ríkisstjórn að sofa á verðinum?

[14:44]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Við verðum að vona að í umhverfisráðuneytinu vakni menn upp af sínum ljúfa draumi og fari að leggja drög að því að hægt verði að versla með losunarheimildir innan lands og utan í framtíðinni og helst í náinni framtíð.

Ég heyrði ekki betur, hæstv. forseti, en að hæstv. umhverfisráðherra gerði hreinlega ráð fyrir því að stóriðjuundanþágan héldist óbreytt inn í framtíðina. Hér er alltaf talað eins og hið íslenska ákvæði verði til staðar að eilífu og að Íslendingar þurfi ekki að axla frekari byrðar þegar við tekur annað, þriðja og fjórða skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar. Hæstv. umhverfisráðherra getur væntanlega leiðrétt mig ef ég hef misskilið þetta en það hlýtur að þurfa að huga að því á næsta áratug að íslensk stóriðja, þrátt fyrir hinn mikla afslátt sem hún hefur hingað til fengið, þurfi að axla byrðarnar hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.

[14:45]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það vekur óneitanlega athygli við þessa umræðu hversu litlar áhyggjur hæstv. umhverfisráðherra virðist hafa af þessum málum og þróun þeirra, en sem kunnugt er hafa sérfræðingar, stjórnmálamenn og fyrirsvarsmenn um heim allan þvert á móti verulegar áhyggjur af þróuninni. Þegar hæstv. umhverfisráðherra telur að ekki taki því að hafa um þetta sérstakan markað þá hljótum við að kalla eftir því að hæstv. ráðherra upplýsi hversu mikil verðmæti séu fólgin í þessum mengunarkvótum og hvert sé þá umfang þess markaðar. Gott væri ef hæstv. ráðherra gæti upplýst það og eins hvort hún telji ekki að hagrænir hvatar séu nauðsynlegir fyrir fólk og einkum þó atvinnulíf til þess að ná árangri í því að draga úr mengun og bæta umhverfi okkar.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka umræðuna og fyrri ræðumönnum. Ég hygg að síðasti hv. ræðumaður hafi komist að kjarna málsins. Ég er satt að segja undrandi og hlessa á svörum umhverfisráðherrans vegna þess að ég taldi að hugsanlega væri kannski lítið byrjað að gera í þessu máli og þetta gæti þá orðið hvatning til þess að því yrði hraðað. En ég hafði ekki hugmyndaflug í það að umhverfisráðherrann hæstv. og hæstv. ríkisstjórn ætluðu sér ekki að gera neitt.

Mig langar að vitna í skýrslu Auðar H. Ingólfsdóttur, vegna þess að ég sé að hún hefur ekki náð eyrum eða augum þeirra sem stjórna í Stjórnarráðinu, bara í tvo staði, með leyfi forseta:

„Í Kyoto-bókuninni eru engar kvaðir um að ríkið þurfi að innleiða innanlandsmarkað fyrir losunarheimildir. Engu að síður er ljóst að slíkur markaður eða a.m.k. einhvers konar takmarkanir á losun er forsenda þess að einkageirinn sjái sér hag í að nýta sveigjanleikaákvæðin. Ef hið opinbera setur engar takmarkanir á einstök fyrirtæki um losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið er enginn hvati til staðar fyrir fyrirtækin að draga úr losun eða að afla sér losunarheimilda annars staðar frá."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Þó möguleikar Íslands til að selja losunarheimildir séu takmarkaðir útilokar það ekki landið frá þátttöku í sveigjanleikaákvæðum Kyoto-bókunarinnar. Ef stjórnvöld setja engin takmörk á losun gróðurhúsalofttegunda frá iðnaði vantar þó hvata fyrir íslensk fyrirtæki til að sjá sér hag í að nýta sér ákvæðin og spurning hversu lengi sú stefna dugi að

leyfa nýjan iðnað án þess að nokkrar kröfur séu gerðar um mótvægisaðgerðir vegna aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda.“

Ég trúi því ekki enn og vona að sú vantrú verði staðfest í næstu ræðu að umhverfisráðherra sé þeirrar skoðunar að það eigi ekkert með þetta að gera, að umhverfisráðherra álíti að við munum hafa hérna heimild langt fram í alla framtíð til þess að menga andrúmsloftið (Forseti hringir.) meira en aðrar þjóðir. Það er misskilningur, forseti, að ástandið sé þannig og að vandinn sem við blasir (Forseti hringir.) verði leystur undir þeim gunnfánum.

[14:49]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Það er mikill misskilningur að ekki sé verið að gera neitt í þessum efnum í umhverfisráðuneytinu. Ég nefndi það hér fyrr í dag að verið er að vinna að því að fara yfir öll þessi mál í vetur og við eigum að skila skýrslu, eins og ég nefndi líka fyrr í dag, til Loftslagsskrifstofu Sameinuðu þjóðanna þar sem við sýnum fram á að við munum standa við okkar hlut gagnvart Kyoto-bókuninni.

Auðvitað verða að þjóðir heimsins mjög uppteknar við það á næstu árum að skoða hvernig næsta skuldbindingartímabil á að verða eftir 2012 og það er mjög mikil vinna fram undan í tengslum við það allt saman. Við Íslendingar tökum auðvitað fullan þátt í því með öðrum þjóðum. Það hefur ekkert staðið á okkur í sambandi við þessi mál. Við gerðumst mjög snemma aðilar að Kyoto-bókuninni. Við höfum fylgt því mjög fast eftir.

Það er alveg ljóst að bara það að lækka skatta á þeim bílum sem eru hagkvæmari hvað þetta snertir, t.d. ... (**MÁ:** Eru það pallbílarnir?) Nei, það eru ekki bara pallbílar, hv. þingmaður. (Gripið fram í.) Ýmis bílaumboð eru t.d. að flytja inn slíka bíla. Það er áhugi fyrir að kaupa þá. Það er líka mikill þrýstingur á bílaframleiðendur að framleiða slíka bíla.

Ég nefni líka metanið. Við höfum töluverða möguleika hér á landi til að nota það. Það eru hugmyndir um að hægt sé að reka allt að tvö þúsund bíla á metani sem Sorpa framleiðir.

Út af dagskrá voru tekin 1.–2. mál.

Fundi slitið kl. 14:51.

---

61. FUNDUR

miðvikudaginn 26. jan.,
að loknum 60. fundi.

Dagskrá:

1. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 38. mál, þskj. 38. — 1. umr.

2. Vegagerð og veggjöld, þáltill., 43. mál, þskj. 43. — Fyrri umr.

3. *Áfengislög*, frv., 46. mál, þskj. 46. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Geir H. Haarde fjmrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Jón Kristjánsson heilbrrh., 4. þm. Norðaust.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.,
Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvest.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 38. mál (brottvísun og heimsóknarbann). — Þskj. 38.

[14:52]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum. Þetta er nokkurs konar bandormur. Ég geri ráð fyrir að breytingar verði á þessum tveimur lagabálkum. Frumvarpið varðar brottvísun og heimsóknarbann og meðflutningsmenn mínir eru allir hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Þetta mál er endurflutt frá því á síðasta þingi. Það er að vísu lítillega breytt og mun ég í máli mínu fara aðeins yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu. Þá var málinu, eins og eðli þess gefur til kynna, vísað til allsherjarnefndar og allsherjarnefnd sendi málið á sínum tíma út til nokkurs fjölda umsagnaraðila og er þess getið í greinargerðinni hverjir svöruðu umsagnarbeiðnum og gáfu umsagnir um málið.

Í stuttu máli má segja að hér sé um að ræða mál þar sem lögreglu verði gefin heimild til þess að vísa manni brott af heimili sínu og úr nánasta umhverfi heimilisins og banna viðkomandi að koma þangað aftur í tiltekinn tíma ef lögregla hefur rökstudda ástæðu til þess að ætla að þessi einstaklingur beiti náinn aðstandanda ofbeldi, hóti ofbeldi eða sýni framferði sem spillir mjög líkamlegu heilbrigði, and-

legu heilbrigði, heilsu eða friði þess manns eða barns sem í hlut á.

Brottvísunin og þetta heimsóknarbann, sem ég er að vitna hér í samkvæmt 1. mgr. 2. gr., getur gilt í tíu sólarhringa og ber að skilgreina til hvaða svæðis viðkomandi bann nær. Lögreglunni ber samkvæmt þessu frumvarpi að vísa ákvörðuninni til héraðsdómara innan eins sólarhrings og héraðsdómara er síðan gert að kanna ástæður fyrir þessari ákvörðun og staðfesta ef rökstuðningur er fullnægjandi en fella niður eða breyta að öðrum kosti.

Mestu breytingarnar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá fyrri flutningi þess á síðasta löggjafarþingi eru einmitt í þessari setningu þar sem styttur er frestur lögreglunnar um einn sólarhring, þ.e. úr tveimur í einn, til að vísa ákvörðuninni til héraðsdómara. Sömuleiðis er bætt við niðurlag málsgreinarinnar að héraðsdómara beri að staðfesta ákvörðunina ef rökstuðningur er fullnægjandi en fella hana niður eða breyta að öðrum kosti. Það er nýtt í þessu frumvarpi núna að héraðsdómara sé gefið tækifæri til að breyta ákvörðuninni ef hann telur ástæðu til þess. Báðar þessar breytingar eru komnar til vegna ábendinga frá umsagnaraðilum.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að hægt verði að framlengja þetta heimsóknar- og nálgunarbann ef fram kemur krafa frá brotaþola um það og slíkri kröfu skuli þá beina til héraðsdómara sem getur heimilað framlengingu til allt að þriggja mánaða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Svo er gert ráð fyrir í frumvarpinu að almenn hegningarlög breytist með því að þar verði bætt inn nýrri málsgrein sem geri ráð fyrir því að brot gegn brottvísun og heimsóknarbanni samkvæmt lögunum um meðferð opinberra mála varði sektum. Síðan höfum við bætt inn í þessa frumvarpsgrein: „eða fangelsi allt að 2 árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.“ Er þessu ákvæði einnig breytt vegna ábendinga frá umsagnaraðilum.

Það er nefnilega svo, hæstv. forseti, að — nú finn ég ekki þá grein í greinargerðinni sem ég ætlaði mér að vísa til — en það mun vera skýrt í greinargerðinni hvaðan þessi hugmynd er komin, að það þurfi að setja hér inn líka þessa kröfu um fangelsi allt að tveimur árum.

Ástæður þess að frumvarp af þessu tagi er lagt fram á Alþingi Íslendinga, hæstv. forseti, má auðvitað rekja til þess að ofbeldi gegn konum er útbreiddasta mannréttindabrot okkar tíma. Það er sannarlega þörf á því að íslenska löggjafarsamkundan geri allt sem í hennar valdi stendur til þess að reyna að girða fyrir þá ofbeldisglæpi sem framdir eru.

Nú höfum við í lögum ákvæði um nálgunarbann. Það er nokkuð athyglisvert þegar það er skoðað nánar að það ákvæði, sem er sannarlega spor í rétta átt, er í raun og veru takmarkað að því leytinu til að það nær eingöngu yfir þá ofbeldismenn sem beita ofbeldi utan síns eigin heimilis. En það er staðreynd að líkamlegt og andlegt ofbeldi gegn konum er langoftast framið af sambýlismönnum þeirra og oftar en ekki framið innan veggja heimilisins þar sem þessir ofbeldismenn hafa hingað til verið friðhelgir.

Hvernig hefur samfélagið tekið á þessum málum? Jú, þegar ofbeldi inni á heimilunum er gert uppvíst eða opinskátt og lögregla kemst á snoðir um slíkt þá neyðist lögregla til að fjarlægja fórnarlömbin af heimilinu. Með öðrum orðum þurfa konur og börn sem þurfa að þola ofbeldi af hendi heimilisföður að gerast flóttamenn í eigin landi og lögregla þarf að koma þeim fyrir í skýlum eða athvörfum þar til gerðum á meðan ofbeldismaðurinn fær áfram að hreiðra um sig í stofunni heima, hækka í sjónvarpinu og fá sér annan bjór ef því væri að skipta. En fórnarlömb ofbeldisins þurfa að flýja.

Hæstv. forseti. Við erum ekki fyrsta fólkið sem kemur auga á þessa mismunun heldur má rekja hugmynd þessa til Austurríkis, en þaðan er frumkvæðið tekið og fyrirmyndin frá Austurríki nýtt í þetta frumvarp. Sömuleiðis hafa nágrannar okkar á Norðurlöndunum breytt lögum sínum og er gerð grein fyrir því í greinargerðinni hvernig bæði Norðmenn og Svíar hafa breytt lögum sínum á svipaðan hátt og hér er lagt til að gert verði.

Árið 1997 lögfesti Austurríki úrræði af þessu tagi til handa lögreglu og eru til skýrslur sem vitna um að reynslan af ákvæðinu hafi verið afar jákvæð. Vissulega urðu mjög miklar umræður í austurríska þinginu um þessi ákvæði áður en þau hlutu lagagildi. Þar var fjallað um þau rök að þetta bryti trúlega gegn friðhelgi heimilisins og rétti heimiliseigenda. Engu að síður var ákvæðið samþykkt í Austurríki á grundvelli þess að mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kvæði á um rétt einstaklinga til að njóta öryggis á eigin heimili. Í Austurríki voru tekin af öll tvímæli um að fórnarlömb ofbeldismanns ættu meiri rétt til friðhelgi á heimilinu en ofbeldismaðurinn. Á endanum náðist því mjög góð og breið pólitísk sátt í Austurríki um málið og eins og ég sagði áðan hefur reynslan af ákvæðinu verið mjög jákvæð og er það mál manna í Austurríki að þetta hafi þróast með þeim hætti að ofbeldi á heimilunum hafi minnkað. Ef það er ekki ánægjulegt þegar slíkt markmið næst þá er manni illa brugðið.

Norðmenn og Svíar hafa, eins og ég sagði áðan, fylgt í fótspor Austurríkismanna og þingmenn frá ýmsum Evrópulöndum hafa einnig sýnt þessu máli mikinn áhuga. Ég á ekki von á öðru en að þessi hugmynd Austurríkismanna sé að breiðast núna út um álfuna alla og er það auðvitað vel.

Það sem fylgir í þessum málum er auðvitað að með þessu úrræði lögreglu er vandinn að sjálfsögðu ekki leystur. Það verður að horfa víðar yfir sviðið og sjá til þess að bæði ofbeldismaðurinn og fórnarlömb ofbeldismannsins hljóti stuðning og aðstoð við að vinna sig út úr þeim vanda sem ofbeldið hefur skapað. Það hlýtur að vera hluti af markmiðinu að styrkja öll slík úrræði þar sem ofbeldismenn geta fengið meðferð við sínum vanda og auðvitað verður að koma til mjög öflug aðstoð til barna sem alast upp við fjölskylduofbeldi, ekki hvað síst þarf að styrkja og styðja sérstaklega þær konur sem beittar eru ofbeldi. Það hafa nágrannalöndin gert.

Í Noregi hefur verið gert mikið átak og reyndar sett á fót áætlun sem gerir ráð fyrir að markmiðum af þessu tagi verði náð. Heilbrigðisráðuneytið, barna- og fjölskylduráðuneytið og dómsmálaráðuneytið í Noregi hafa unnið saman að þessu verkefni sem felur m.a. í sér að setja á fót sérstaka ofbeldis- og áfallamiðstöð til að vinna að heildarsamræmingu þessara mála um allt landið og vera ráðgefandi fyrir alla sem tengjast meðferð þessara mála. Ég tel það sem

Norðmenn hafa gert í þessum málum vera til mikillar fyrirmyndar og tel alveg sýnt að hvernig svo sem afgreiðsla málsins fer á þessu þingi í vetur séu Norðmenn búnir að setja upp módel sem er þess eðlis að við ætlum að skoða gaumgæfilega og gera allt sem í okkar valdi stendur til að fylgja í fótspor þeirra.

Lítum aðeins á íslensku stjórnarskrána. Í henni er getið um að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Þó er í 2. mgr. 71. gr. gerðar undantekningar á þeirri meginreglu þannig að með sérstakri lagaheimild má takmarka friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra. Í mannréttindasáttmála Evrópu, 8. gr., sem hefur haft lagagildi hér frá því í maí 1994 er sambærilegt ákvæði um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Þar er gert ráð fyrir að opinber stjórnvöld skuli ekki ganga á þann rétt nema samkvæmt ákvæðum laga og ef nauðsyn beri til í lýðræðislegu þjóðfélagi, m.a. til að vernda heilsu manna eða siðgæði. Þar með má segja að friðhelgi eins manns sé ekki ríkari en réttur annars til persónufrelsis og kannski styðja þessi öryggissjónarmið það.

Hæstv. forseti. Á síðustu árum hefur verið reynt að bæta réttarstöðu þolenda afbrota á ýmsan hátt en ég held að betur megi ef duga skuli. Ég held að ákvæði af því tagi sem hér er lagt til að verði sett í lög sé þess eðlis að það mundi veita lögreglu heimild sem er virkileg þörf fyrir og þó svo það sé rétt í framsöguræðu með svona máli að brýna það að lögreglu beri að nota slíkt ákvæði með mikilli varúð tel ég alveg ljóst að kringumstæðurnar sem íslenska lögreglan kemur oft að inni á heimilum séu þess eðlis að lögreglan á að vera fullkomlega í stakk búin til þess að meta aðstæðurnar og sjá hvenær beita þyrfti ákvæðinu og hvenær ekki. Auðvitað þyrfti að fara fram ákveðið hagsmunamat lögreglunnar á því hversu alvarlegt ástandið er, en með því ákvæði sem hér er sett inn um að héraðsdómur þurfi að staðfesta ákvörðun lögreglunnar tel ég vera loku fyrir það skotið að einhver brögð af misnotkun verði uppi, enda hefur það sýnt sig í Austurríki að ákvæðinu hefur verið beitt af mikilli varfærni en skynsemi hjá austurrísku lögreglunni og hafa ekki borist neinar kvartanir sem heitið getur undan því að verið sé að misbeita ákvæðinu.

Það er alveg ljóst og við sjáum það af þeim ákvæðum sem gilda í íslenskum lögum um nálgunarbann, að erfiðleikarnir samfara því eru þeir að brotaþoli á að taka ákvörðunina um nálgunarbannið. Í þessu tilfelli er ég að leggja til að það verði lögreglan sem taki ákvörðunina og óski eftir nálgunarbanninu. Þetta eru grundvallaratriði sem ber að hafa í huga þegar málið er skoðað því það er alveg ljóst að brotaþoli er í mjög veikri stöðu gagnvart ofbeldismanni sínum, sérstaklega ef um er að ræða eiginmann eða sambúðarmaka er eðlilegt að brotaþoli sé í veikri stöðu og veigri sér við að taka slíkar ákvarðanir. Kannski þurfum við að hugleiða hvort breyta eigi því ákvæði sem við búum við, nálgunarbannsákvæðinu, hvort það eigi að setja það líka í hendur lögreglu eða yfirvalda að taka ákvörðunina fyrir fórnarlömb ofbeldisins.

Fram hefur komið í umræðum um ofbeldismál upp á síðkastið og ekki hvað síst í miklum umræðum sem urðu um heimilisofbeldi á haustmánuðum, í nóvember, þegar 16 daga átak gegn ofbeldi var sett á laggirnar af mörgum frjálsum félagasamtökum og stofnunum sem vinna á þessu sviði. Í umræðum um heimilisofbeldi hefur komið fram að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin telji að ofbeldi gegn konum sé eitt af alvarlegustu heilbrigðisvandamálum veraldarinnar. Það hefur verið upplýst af stofnuninni að fleiri konur missi heilsuna af völdum ofbeldis sem rekja megi til kynferðis þeirra en af völdum malaríu, umferðarslysa og hernaðarátaka samanlagt.

Hæstv. forseti. Við vitum að þessum málum er ekkert öðruvísi farið í okkar landi en í nágrannalöndum okkar, því miður. Vandamálið er alþjóðlegt og það viðgengst jafnt í ríkum löndum sem fátækum.

Fjöldi kannana hefur leitt í ljós að þeir sem ofbeldinu beita eru úr öllum stéttum og stigum þjóðfélagsins. Þær hafa einnig sýnt að algengasta mynd ofbeldisins er heimilisofbeldi þar sem gerandinn er yfirleitt kærasti, eiginmaður, ættingi eða góður kunningi konunnar sem fyrir ofbeldinu verður.

Í greinargerð með frumvarpinu er getið frekari kannana og rannsókna sem gerðar hafa verið í þessum efnum og getið greina og upplýsinga sem leita má til til þess að fá frekari upplýsingar og ábendingar um áhrif heimilisofbeldis, t.d. áhrif heimilisofbeldis á börn og hættuna á því að drengir geti átt það til að feta í fótspor feðra sinna þegar þeir setja á stofn fjölskyldu, sem og að stúlkur eigi á hættu að verða fórnarlömb á sama hátt og mæður þeirra.

Hæstv. forseti. Til þess að vinna gegn þessum vítahring er nauðsynlegt að grípa til úrræða af því tagi sem hér er lagt til. Ég tel því að samábyrgð okkar alþingismanna sé mikil og hvet einungis til þess að tekið sé í taumana og málið skoðað með ábyrgum hætti í allsherjarnefnd sem fær það aftur til meðferðar að lokinni þessari umræðu.

Tölulegar upplýsingar sem við höfum um ofbeldi á Íslandi eru svo sem ekki miklar en við vitum þó að Kvennaathvarfið hefur tekið við miklum fjölda kvenna sem koma til athvarfsins vegna ofbeldismála. Nú liggur fyrir ársskýrsla Kvennaathvarfsins fyrir árið 2003. Þar kemur í ljós að konum sem komu til dvalar í athvarfinu hefur fjölgað talsvert mikið á milli ára. Dvalardögum hefur fjölgað og meðaldvalartími hefur lengst, þannig að við erum ekki að sjá neina bót á ástandinu af sjálfu sér. Við getum séð í tölunum sem Kvennaathvarfið gefur í skýrslu sinni að ástandið hér á landi er mjög alvarlegt . Ég verð að segja að skýrsla Kvennaathvarfsins hlýtur að vera hvatning til okkar og stjórnvalda almennt um að halda stöðugt úti markvissu starfi gegn heimilisofbeldi.

Amnesty International og Reykjavíkurdeild Amnesty hefur beitt sér talsvert mikið gegn ofbeldi, kynbundnu ofbeldi, á síðustu missirum og m.a. skrifað um það greinar. Amnesty hefur t.d. bent á að Evrópuráðið hafi nýverið sent frá sér áskoranir til stjórnvalda um að grípa í taumana því ekki sé hægt að halda svona áfram. Heimilisofbeldi er helsta orsök dauða og örkumla kvenna á aldrinum 16–44 ára og veldur fleiri dauðsföllum og meira heilsuleysi en krabbamein og umferðarslys. Svo segir Evrópuráðið.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur líka skýrt frá því að allt að 70% kvenna sem myrtar hafi verið hafi látist af völdum maka sinna.

Eins og ég sagði hefur Amnesty International hafið op-

inbera herferð gegn ofbeldi, kynbundnu ofbeldi. Hún hófst á síðasta ári og stendur enn. Ég get ekki annað gert en að taka undir hvatningarorð Amnesty sem birtast í skrifum þeirra, t.d. tímariti þeirra, þar sem stjórnvöld eru hvött til þess að sofa ekki á verðinum, því svo lengi sem ofbeldi gegn konum sé látið viðgangast eða litið fram hjá því af samfélaginu eða stjórnvöldum og svo lengi sem gerandanum sé ekki refsað muni ofbeldi í garð kvenna halda áfram. Það er á okkar valdi að stemma stigu við ofbeldinu. Mál af því tagi sem ég hef nú talað fyrir er liður í því og ég tel einsýnt að alþingismenn muni taka því vel að greiða leið þess í gegnum þingið.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu vísa ég málinu til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar til skoðunar.

[15:14]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ég fagna þessu máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. Ég held að þetta sé afskaplega jákvætt frumvarp sem þingheimur ætti að taka til alvarlegrar íhugunar hvort ekki beri að samþykkja. Eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom að má finna fyrirmynd hugmyndafræðinnar sem birtist í þessu máli í Austurríki. Þessi nálgun hefur oft verið kölluð „austurríska leiðin" sem í stuttu máli lýtur að því að fjarlægja ofbeldismann af heimilinu í stað þess að þolendur heimilisofbeldis þurfi að yfirgefa sitt eigið heimili. Ég held að við nánari skoðun sjái allir sanngirnina í því að gerandinn, afbrotamaðurinn, ofbeldismaðurinn eða hvað við köllum hann, þurfi að yfirgefa heimilið gerist hann sekur um heimilisofbeldi. Þetta er öfugsnúið eins og það er í dag og ég held að reynslan sýni það, bæði í Austurríki, Svíþjóð og Noregi þar sem þetta hefur verið gert, að þessi leið er góð og sannar að þetta er leið sem við ættum svo sannarlega að skoða og helst að samþykkja. Þetta er eitt af þeim grundvallaratriðum í mínum huga sem lúta að bæði hugmyndafræði og forgangsröðun. Það er leiðinlegt að sjá hversu fáir þingmenn eru hérna í salnum en fyrir utan framsögumann þessa frumvarps er enginn þingmaður í salnum — þar kom einn, gott. Ég vona svo sannarlega að fleiri hv. þingmenn — hann er reyndar farinn aftur — séu núna límdir við skjáinn því að þetta er eitt af þeim málum sem við eigum að taka alvarlega til íhugunar.

Það er mikið í húfi. Heimilisofbeldi hér á landi tíðkast að sjálfsögðu og það tíðkast eflaust í mun meira mæli en fólk gerir sér grein fyrir. Þetta er málaflokkur sem margir eru sammála um að þurfi að gera eitthvað með en svo vantar herslumuninn. Þetta er málaflokkur sem stjórnarmeirihlutinn, meiri hluti þingheims, á að skoða alvarlega en ekki bara tala um á hátíðarstundum að þurfi að gera eitthvað í. Hér er tækifærið til að „gera eitthvað" og ég vona svo sannarlega að hv. þingmenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sem hafa hér meiri hluta ranki aðeins við sér og hugi að þessu máli.

Ég held að við þurfum líka að skoða þetta mál í stærra samhengi. Við þurfum að ræða málaflokkinn í heild sinni. Eins og fólk veit er uppistaða hegningarlaganna frá 1940, þ.e. rúmlega 60 ára gömul, og tímabært að þau lög verði tekin til endurskoðunar og sérstaklega þá ofbeldis- og kynferðisafbrotakaflinn.

Ég hef lagt fram þingmál sem lýtur að því að setja í hegningarlögin ákvæði um heimilisofbeldi en eins og staðan er núna er hvorki minnst á heimilisofbeldi né er það skilgreint í íslenskri löggjöf. Hér var á ferðinni nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna sem einmitt hvatti íslensk stjórnvöld til að setja slíkt ákvæði í hegningarlögin og það hafa aðrar þjóðir gert, svo sem Norðmenn og Svíar.

Að mínu mati er heimilisofbeldi því miður týndur brotaflokkur í kerfinu. Ég held að það sé nauðsynlegt að setja lagaákvæði sem skilgreini heimilisofbeldi í hegningarlögum þannig að það nái heildstætt og fullnægjandi yfir slík brot. Þannig held ég að íslenskt réttarkerfi verði betur í stakk búið til að taka á þessum brotum. Eins og staðan er núna er dæmt eftir mjög mörgum lagaákvæðum þegar kemur að heimilisofbeldi og ekkert þessara ákvæða nær almennilega utan um þann verknað sem hér er um að ræða. Þegar um er að ræða heimilisofbeldi geta ákvæði sem snerta líkamsárásir, hótanir, nauðung, nauðgun, frelsissviptingu, innbrot, kúgun, ærumeiðingar, kynferðisafbrot o.s.frv. verið til skoðunar, en ekkert þessara ákvæða nær almennilega yfir þann verknað sem hér er um að ræða.

Heimilisofbeldi er í eðli sínu — við vitum það núna mun betur en við vissum kannski áður — sérstakt að mörgu leyti, hefur ákveðna sérstöðu. Það getur verið andlegt, líkamlegt og kynferðislegt, það getur verið langvarandi ofbeldi sem er án sýnilegra áverka, ofbeldi sem á sér stað innan veggja heimilisins og byggist á broti á friðhelgi þolandans.

Eins og staðan er í dag henta t.d. líkamsárásarákvæði hegningarlaganna, sem er fyrst og fremst beitt í svona málum, ekki þessari sérstöðu heimilisofbeldisbrota. Núna miðast t.d. líkamsárásarákvæðin og dómaframkvæmdin fyrst og fremst við líkamlegu afleiðingarnar og aðferðina sem var beitt við brotið. Sem sagt, eftir því sem líkamlegu afleiðingarnar eru meiri eða hversu miklu hættulegri aðferðin sem var beitt við að framkvæma brotið er — var t.d. notað vopn, var sparkað í höfuð o.s.frv.? — því lengri dóm fær viðkomandi.

En þegar kemur að heimilisofbeldi á ekki að skipta máli hvort beinbrot hafi átt sér stað eða marblettur myndast. Alvarleiki heimilisofbeldis getur falist í allt öðru. Það er þessi andlega, líkamlega kúgun sem tekur yfir langan tíma og þarf ekkert endilega að skilja eftir sig líkamlega áverka. Þess vegna henta árásarákvæðin í 217. gr. og 218. gr. hegningarlaganna ekki þessum brotum eins vel og þau ættu að gera. Í rauninni henta líkamsárásarákvæðin sem eru sett 1940 miklu betur því ofbeldi sem við karlar verðum fyrir, þ.e. mestu líkurnar eru á að við verðum fyrir ofbeldi af hálfu einhvers ókunnugs manns úti í bæ. Þetta á ekki við um það ofbeldi sem konur og börn verða helst fyrir en það er ofbeldi sem á sér stað innan veggja heimilisins og af hálfu einhvers sem þau þekkja. Oft er það maki eða sambýlismaður.

Þetta sýnir kannski það að engar konur voru á þingi 1940 og þess vegna hugsuðu menn kannski á þessum nótum þá. Þá vantaði innsýn í málin. Ég held að það sé þá enn meiri ástæða til að við skoðum þennan kafla í heild sinni aftur.

Það er annað sem mig langar líka til að koma aðeins inn

á og það er hvernig dómarar taka á svona brotum. Það er ekki nóg með að líkamsárásarákvæðin í sjálfum lögunum henti ekki heimilisofbeldisáverkum, heldur eru refsingarnar mismunandi. Þær eru t.d. meiri eftir því sem líkamlegar meiðingar eru meiri og aðferðir eru hættulegri. Til dæmis má nefna að minni háttar líkamsárás samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga er iðulega sú grein sem beitt er í heimilisofbeldismálum þrátt fyrir að um hafi verið að ræða alvarlegt heimilisofbeldi. Það er vegna þess að menn einblína, eins og ég segi, á þessar líkamlegu afleiðingar og aðferðina. Í þessu ákvæði er t.d. hámarksrefsingin eitt ár en ef við skoðum síðan meiri háttar líkamsárásarákvæði í 218. gr. er hámarksrefsingin 16 ár. Alvarlegt heimilisofbeldi getur að sjálfsögðu verið án líkamlegra afleiðinga og hættulegra aðferða en þá er hætta á minni refsingu en ella vegna þess hvernig ákvæðið er upp byggt og hvernig dómararnir hafa dæmt eftir því.

Hér er því af mörgu að taka og það er mikilvægt að við fylgjum eftir einmitt þeirri þekkingu sem við höfum á þessum málum. Henni hefur fleygt fram og við höfum séð að nágrannaþjóðir okkar, sem við lítum iðulega til, hafa gert nauðsynlegar breytingar á sínum lögum. Það er engin ástæða fyrir okkur til að sitja eftir hvað þetta varðar því að hér er auðvitað á ferðinni gríðarlega alvarlegt mál. Það er búið að sýna fram á að heimilisofbeldi er eitt algengasta mannréttindabrot í heiminum og að sjálfsögðu er nauðsynlegt og eðlilegt að hafa ákvæði um það.

Ég tel mikilvægt að við tökum þennan málaflokk föstum tökum og ég held að það frumvarp sem hér er um að ræða sé mikilvægur þáttur í því. Ég held að við eigum líka að skoða aðrar breytingar, t.d. hvort það eigi að vera opinber málsókn í heimilisofbeldismálum. Í dag er það á forræði þolandans hvort hann kærir eða ekki en margoft hefur komið fram á ráðstefnum og fundum að það er ekki besta leiðin. Lögreglumenn hafa sagt það opinberlega að þegar þeir hafa handtekið ofbeldismann á heimilinu og hann er að sofa úr sér í fangageymslu hafi það iðulega gerst, oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, að fyrsta símtal sem þeir fá daginn eftir sé frá viðkomandi konu sem varð fyrir ofbeldinu kvöldið áður og hún grátbiður lögregluna um að sleppa manninum.

Þetta sýnir auðvitað að líklega er búið að margbrjóta á þessari konu og búið að brjóta og grafa undan sjálfsmynd hennar. Þeir einstaklingar sem lenda í því helvíti sem heimilisofbeldið er eru kannski ekki í stakk búnir, vegna m.a. ótta við gerandann eða vegna brotinnar sjálfsmyndar, til að taka ákvörðun um hvort eigi að fara í málsókn eða ekki og halda málinu til streitu. Það geta verið veigamikil rök fyrir því að hið opinbera komi þar að og hafi opinbera saksókn gagnvart viðkomandi manni.

Eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir reifaði svo vel áðan er svipuð hugmyndafræði í þessu þingmáli sem lýtur að því að ofbeldismaðurinn er fjarlægður af heimilinu og hann má ekki koma heim þrátt fyrir að konan óski eftir því. Að þessu leyti eru þá völdin tekin af þolandanum og af gefinni reynslu getur það verið skynsamlegt í ljósi þess ofbeldis sem viðkomandi hefur orðið fyrir og í þeim mæli sem oft er um að ræða.

Hér má ýmislegt fara yfir betur og ég fagna enn og aftur þessu máli. Ég var að vona að fleiri tækju þátt í umræðunni. Ég hef ekki enn þá heyrt mótrök gegn þessu máli og ég vona svo sannarlega að þetta verði ekki eitt af þeim málum sem fari í allsherjarnefnd og sofni þar þegar við erum búin að ræða það hér, ég og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Ég vil a.m.k. heyra þá mótrökin gegn málinu og ég vona að það sofni ekki í allsherjarnefndinni án nokkurrar umræðu þar fyrst engin umræða er hér nema af hálfu okkar tveggja.

Reyndar er annar þingmaður í salnum, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, og hugsanlega er hann að koma til að taka þátt í umræðunni. Ég hvet hann til að gera það. Að minnsta kosti vil ég enn og aftur lýsa ánægju með þetta mál og hvetja til umræðu um það á sama tíma og ég hvet til þess að þingheimur einbeiti sér að því að skoða þennan málaflokk í heild sinni. Af nógu er að taka í þeim efnum.

[15:26]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrir góða ræðu og stuðning við þetta mál. Hann hefur sýnt það í verki að hann er karlmaður sem tekur frumkvæði í þessum efnum. Hann hefur barist á opinberum vettvangi gegn heimilisofbeldi og gert sig mjög gildandi í þeirri umræðu og er auðvitað vel þegar karlmenn koma með í raðirnar. Auðvitað verður að segjast eins og er að hingað til hafa fyrst og fremst konur háð þessa baráttu. Það hefur skort liðsaukann frá karlmönnunum en hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hefur, eins og ég segi, tekið gunnfánann og reist hann með okkur á mjög öflugan hátt og þar með gefur hann gott fordæmi fyrir kynbræður sína. Ég vona sannarlega að þeim eigi eftir að fjölga í röðunum og sé reyndar merki þess nú þegar.

Hins vegar verður hv. þingmanni greinilega ekki að óskum sínum um að í ræðustól flykkist fleiri þingmenn til að ræða þetta mál með okkur. Er það auðvitað miður. Engu að síður er ljóst að málið á eftir að fá einhverja umfjöllun í allsherjarnefnd og þar sem við eigum nú bæði sæti þar treysti ég okkur alveg til að beita þeim þrýstingi að málið verði a.m.k. tekið til einhverrar umræðu.

Mig langar bara í lok þessarar umræðu, hæstv. forseti, að fá að vitna hér stutt í umsögn Stígamóta sem barst allsherjarnefnd á síðasta þingi þegar málið var fyrst flutt. Þar er málið stutt og þingmenn hvattir til þess að samþykkja frumvarpið, hér sé um mikla réttarbót að ræða. Það er athyglisvert sem fram kemur í umsögninni að Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta sem ritar undir þessa umsögn, hefur átt þess kost að heimsækja Austurríki og skoða ráðgjafarstöð nokkra í Vín sem var stofnuð í kjölfar lagasetningarinnar en ráðgjafarstöðin er ætluð fyrir þær konur sem verða fyrir heimilisofbeldi þar í landi og er ein af mörgum slíkum sem settar hafa verið þar upp. Guðrún Jónsdóttir lýsir í umsögninni í nokkrum orðum hvað er að gerast í þessum ráðgjafarstöðvum. Mig langar að vitna í það, með leyfi forseta. Þar segir:

„Í Austurríki gerist það sjálfkrafa að ráðgjafarstöðvar um heimilisofbeldi fá upplýsingar frá lögreglunni um brottvikninguna með faxi eða með tölvupósti og hafa snarlega samband við sambýliskonur ofbeldismannanna. Þær eru undantekningarlaust boðaðar í viðtal við löglærða ráðgjafa

og boðin fagleg ráðgjöf um valmöguleika sína, lögfræðilega stöðu og félagsleg úrræði. Ráðgjafarstöðvarnar eru reknar af frjálsum félagasamtökum en vinna í nánu samstarfi við lögregluna og er um að ræða einstaka samvinnu opinberra aðila og kvennahreyfingarinnar. Samkvæmt austurrísku leiðinni er inngripið því meira en hér er gert ráð fyrir. Hvort Íslendingar ættu að ganga svo langt er umhugsunarefni. Það mundi hafa nokkurn kostnað í för með sér en ætti að sama skapi að vera árangursríkara."

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst, sérstaklega líka af því sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson nefndi í ræðu sinni, að fórnarlömb ofbeldismanna eru í mjög veikri stöðu gagnvart þeim. Það er ljóst að Austurríkismenn hafa með því að stofna svona ráðgjafarstöðvar tryggt það að fórnarlömbin fá strax verulegan stuðning. Þegar sá stuðningur er í höndum frjálsra félagasamtaka, t.d. á borð við Stígamót, er ljóst að reynsla þeirra sem starfa í félagasamtökunum nýtist afar vel þeim þolendum ofbeldis sem þurfa á leiðsögninni að halda.

Í umsögn Stígamóta er einnig bent á að í Noregi þar sem lagaákvæði um nálgunarbann hefur verið í gildi frá því í janúar 1995 mun hafa farið fram rannsókn á gildi nálgunarbannsins eða þessara lagaákvæða og í ljós hefur komið að notkun þess er mjög mismikil eftir lögregluumdæmum. Hún mun vera mest á þéttbýlustu svæðunum og nær engin í öðrum. Í umsögn Stígamóta kemur fram að notagildi ákvæðisins ráðist að því er virðist fyrst og fremst af því að lögreglumenn og dómarar séu vel upplýstir um hvernig megi nota það og hvernig eigi að nota þetta ákvæði. Í lok umsagnar sinnar hvetja Stígamótakonur til þess að fræðsla til þeirra sem starfa eftir lögum af þessu tagi sé aukin, rétta þurfi lögreglu og dómurum hjálparhönd hvað þetta varðar og auka þurfi fræðsluna þeim til handa til að þeir aðilar séu sem best í stakk búnir til að sinna þáttum sínum í framkvæmd þessara laga.

Undir þessa hvatningu tek ég heils hugar og get upplýst það að Stígamótakonur áttu frumkvæði að því að í haust var haldin vegleg ráðstefna fagstétta sem komu að ofbeldismálum þar sem byrjað var að ræða á mjög breiðum grunni á hvern hátt t.d. menntun er háttað í þessum efnum og hvernig fagstéttirnar hafa möguleika á að auka við fræðslu sína.

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrir undirtektirnar og treysti því að þeir séu fleiri þingmennirnir sem í hjarta sínu styðja þetta mál, því hér yrði um verulega réttarbót að ræða og þungt lóð á vogarskálarnar í því að minnka ofbeldi á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegagerð og veggjöld, fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 43. mál. — Þskj. 43.

[15:32]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um úttekt á vegagerð og veggjöldum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Halldór Blöndal, Drífa Hjartardóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson. Þetta mál var flutt á 130. þingi, en varð þá ekki útrætt og er þess vegna flutt að nýju.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að vinna að úttekt á kostum í vegagerð sem unnt yrði að fjármagna með veggjöldum, í því skyni auka fjárfestingar í vegagerð og stuðla að uppbyggingu nýrra samgöngumannvirkja."

Ljóst er að Íslendingar verja miklu fé til vegagerðar í landinu og fyrir því er auðvitað mjög brýn ástæða. Sennilega er það þannig að við verjum hærri hundraðshluta af landsframleiðslu okkar til vegamála og samgöngumála en flestar aðrar þjóðir og það eru augljósar ástæður fyrir því. Við höfum verið langt á eftir. Vegagerð í landinu, innviðir samfélagsins, var lengst af töluvert á eftir og bundið slitlag á vegum er tiltölulega nýlegt fyrirbæri hér á landi, a.m.k. úti um landsins byggðir. Við vitum að land okkar er dreifbýlt og fámennt og það gefur þess vegna augaleið að fjármunir sem við þurfum að leggja til þessa málaflokks eru meiri en víða annars staðar. Vegakerfi okkar er líka þannig oft á tíðum að það er mjög erfitt. Mikið er um fjalllendi og víða eru langir firðir og við þurfum stundum að fara jafnvel tvær leiðir inn á einstök landsvæði sem gerir það að verkum að við þurfum að verja heilmiklu fjármagni til þess arna.

Einnig höfum við verið að verja auknu fjármagni af hálfu ríkisins til uppbyggingar á vegakerfi á höfuðborgarsvæðinu. Þó að menn kvarti nú mjög undan því að ekki sé nægilega gert í þeim efnum er það engu að síður svo að á síðustu árum hefur verið varið til þessa landshluta meiri fjármunum í vegamálum en jafnan áður. Hins vegar er vegagerð í þéttbýlinu mjög kostnaðarsöm. Vegagerð á hvern kílómetra getur kostað um milljarð á höfuðborgarsvæðinu sem þætti ekkert smávegis í vegagerð á landsbyggðinni.

Þetta allt gerir það að verkum að þó að við séum að leggja heilmikið fé til vegamála í landinu finnst okkur oft miða hægt og nútímalífshættir kalla á það að mikið sé gert í þessum efnum. Við sættum okkur einfaldlega ekki við þær aðstæður sem menn bjuggu við árum saman. Þess vegna er svo mikilvægt að reyna að leita leiða til að létta undir í samgöngumálunum. Í því sambandi hefur þessari tillögu verið fleytt áfram. Hugmyndin á bak við hana er einfaldlega sú að kannaðar verði leiðir í þessum efnum. Við gerum okkur vissulega grein fyrir að þetta á alls ekki við alls staðar. Sums staðar fer vegagerðin fram á þeim stöðum þar sem umferð er lítil og bæri að sjálfsögðu enga vegtolla miðað við núverandi tækniþróun. Þó fleygir tækninni sífellt fram og möguleikar manna til að beita vegtollum við minni umferð er stöðugt að aukast. Enginn vafi er á því að þegar fram í sækir mun núverandi fjáröflun til vegagerðar verða öðruvísi. Við munum væntanlega nýta nútímatækni eða framtíðartækni til að innheimta gjöld af bílum eftir því sem þeir nýta vegina. Það hefur verið kannað mjög, m.a. innan Evrópu, að gera það með þeim hætti að hafa mismunandi vegtolla til að stýra umferðinni, draga úr henni á einhverjum tímum og á einhverjum svæðum og þar fram eftir götunum, allt í því skyni að reyna að tryggja að umferð verði minni til að geta síðan nýtt samgöngumannvirki.

Við höfum eingöngu verið að nota vegtolla á einum stað á landinu, þ.e. við Hvalfjarðargöngin. Enginn vafi er á því að á þeim tíma var það algjör forsenda fyrir gerð Hvalfjarð-

arganganna að við fórum í þá vegtollainnheimtu. Við þekkjum það frá umræðum á þeim tíma að heilmikil andstaða var við þá vegagerð eða gangagerð undir Hvalfjörðinn. Við þekkjum það úr þessum sal að mjög var varað við því, m.a. af tæknilegum ástæðum, alls konar heimsendaspádómamenn héldu því fram að göngin mundu leka, við mundum ekki komast hálfa leiðina yfir eða undir Hvalfjörðinn, síðan mundi þetta allt saman hrynja í höndunum á okkur. Þetta reyndust sem betur fer algjörar hrakspár sem ekkert var að marka. Hvalfjarðargöngin hafa sannað gildi sitt og margsannað gildi sitt með vaxandi umferð og því að byggðin handan Hvalfjarðar hefur verið að eflast gríðarlega mikið. Og það hefur verið forsendan fyrir því sem við höfum verið að sjá gerast í Hvalfirðinum, það sem þar hefur átt sér stað. Það er enginn vafi á því að sú framkvæmd hefur sannað sig. Við þurfum ekkert að fara í neinar grafgötur um það, það er bara þannig.

Hins vegar er það svo að þeir vegtollar eru núna farnir að hamla á margan hátt vextinum á svæðinu í kringum Akranes og Borgarfjörð vegna þess einfaldlega að þetta er eini staðurinn á landinu þar sem við beitum vegtollum og íbúar staða í nágrenni höfuðborgarsvæðisins búa betur, margir hverjir, þar sem þeir búa ekki við vegtolla. Auðvitað er þetta á vissan hátt mjög ósanngjarnt. Þess vegna er nauðsynlegt að unnið verði að því að lækka og leita allra leiða til að lækka vegtolla í Hvalfjarðargöngunum og ég veit að til þess er fullur vilji. Það er vissulega ekki einfalt mál, það skal ég fúslega viðurkenna, en þetta er hins vega eitt af því sem þarf að skoða og vinna að.

Það er á margan hátt ósanngjarnt að eini staðurinn þar sem vegtollum hefur verið beitt sé núna í Hvalfirðinum. Þess vegna er ástæða til að skoða hvort ekki megi koma þessu fyrir annars staðar þar sem umferðin gefur fullt tilefni til þess.

Ég árétta það að hugsunin á bak við þetta er sú að reyna að auka vegagerð, koma henni áfram þar sem hún er ekki til staðar í dag, m.a. að létta á, við getum sagt samkeppninni um hið takmarkaða fjármagn sem við leggjum til vegamála. Í því sambandi væri freistandi að nefna einhver dæmi en ég læt það ógert. Tilgangur þessarar tillögu er auðvitað sá að gera úttekt á þeim kostum sem hægt væri að fjármagna með vegtollum, þess vegna væri það kannski að fara aðeins fram úr sjálfum sér, fram úr tillögunni sem ég stend hér að, að fara í það að nefna þá kosti þó ég hafi ýmsar hugmyndir um það í sjálfu sér og gæti nefnt þá. Aðalatriðið finnst mér vera það að við skoðum þessa möguleika.

Í þessu sambandi vil ég líka nefna að mjög vaxandi áhugi er á þessum málum úti um landið. Lítið fyrirtæki í eigu eins manns eða sem einn maður hefur fyrst og fremst knúið áfram, Leið ehf. í Bolungarvík, hefur verið að skoða þessi mál og beitt sér m.a. fyrir skoðanakönnunum þar sem spurt hefur verið eftir þessum málum meðal almennings. Það er mjög athyglisvert að fólk segist vera tilbúið til að leggja á sig einhver veggjöld ef það mætti verða til þess að flýta fyrir framkvæmdum. Fólk skynjar með öðrum orðum mikilvægi þess að fara í fjárfestingar í þessum efnum, frekari fjárfestingar, og er þess vegna tilbúið að leggja á sig ýmislegt í þeim efnum. Þetta á bæði við um skoðanakannanir sem hafa verið gerðar á Vestfjörðum og líka á Austfjörðum. Þetta er auðvitað athyglisvert að í ljósi þess að við erum að fara í og hyggjum á miklar framkvæmdir á báðum þessum stöðum í samgöngumannvirkjum.

En aðalatriðið finnst mér vera það að með þessari tillögu er verið að reyna að kortleggja þá kosti sem kunna að vera til staðar til að örva þessar framkvæmdir. Við gerum okkur grein fyrir því og sjáum að miklar samgöngubætur, eins og Hvalfjarðargöngin, hafa mjög jákvæð áhrif á byggðaþróunina, það fer ekkert á milli mála, það er ómótmælanlegt. Þess vegna hlýtur það að vera mjög uppörvandi fyrir okkur að skoða aðra kosti í þessu sambandi. Það er auðvitað mjög ósanngjarnt eins og ég nefndi áðan að það skuli vera eini staðurinn á landinu þar sem við beitum vegtollum í því skyni að fara af stað með vegaframkvæmdir. Þess vegna eru það sanngirnisrök líka að við nýtum þetta annars staðar og það séu fleiri sem nýta umferðina sem borga fyrir hana með beinum hætti heldur en bara þeir sem nota Hvalfjarðargöngin.

Ég vil í þessu sambandi einnig nefna að mál af þessu tagi hafa oft komið til umræðu á Alþingi. Ég nefni í greinargerðinni tvö dæmi, annars vegar tillögu sem hv. þm. og hæstv. núverandi sjávarútvegsráðherra, Árni M. Mathiesen, var 1. flutningsmaður að, sem gekk út á það að samgönguráðherra skipaði nefnd sem skyldi kanna kannski skylda hluti þeim sem hér er verið að fjalla um. Meðflutningsmenn ásamt honum voru hv. þingmenn Árni Ragnar Árnason, heitinn, og sá sem hér stendur. Síðan flutti sá sem hér stendur sem 1. flutningsmaður aðra tillögu um að skipa nefnd sem skyldi kanna hvort unnt væri að beita vegtollum til þess að draga úr þörf á gerð samgöngumannvirkja, stuðla að minni mengun og afla fjár til vegagerðar. Hún er í þeim anda sem ég nefndi hérna áðan fyrst í ræðu minni og menn hafa verið að gera, t.d. krataleiðtogi einn frá Lundúnum, Kenneth Livingstone, sem hefur verið að beita svona vegtollum til að draga úr umferð einkabíla inn til Lundúna og hefur tekist ágætlega í þeim efnum. Hann hefur safnað peningum í sjóði borgarinnar og dregið úr umferðinni og það hefur síðan orðið til þess að menn hafa ekki tafist jafnlengi í ferðum sínum til og frá Lundúnum eða innan Lundúna, sem er auðvitað þjóðhagslega mjög arðbært því það kostar vissulega heilmikið fyrir þjóðfélagið þegar menn standa fastir í umferð, geta hvorki komist lönd né strönd. Þess vegna, virðulegi forseti, er þetta þáttur sem þarf líka að skoða í þessu sambandi, hvort hægt sé að nota þetta t.d. til að stýra umferð. Við sjáum það á höfuðborgarsvæðinu að þessir meintu umferðarhnútar eru fyrirbrigði sem standa nokkrar mínútur að morgni og að kvöldi en kalla á miklar kröfur um auknar fjárfestingar í vegagerð á höfuðborgarsvæðinu sem ég ætla að væri á margan hátt hægt að leysa með hagrænum aðgerðum sem ég hygg að nútíma- og framtíðartækni muni auðvelda okkur mjög að gera.

Virðulegi forseti. Ekki er ástæða til að fara löngum eða mörgum orðum um þetta. Hér er um að ræða mál sem er angi gríðarlegrar fjárfestingar í efnahagskerfi okkar, þ.e. fjárfestingum í vegagerð. Ég nefni það að samkvæmt samgönguáætlun sem nú gildir, langtímaáætlun, verður 72 milljörðum kr. varið til stofnframkvæmda í grunnnetinu. Þetta eru heilmiklar tölur og það skiptir miklu máli hvernig þeim er varið. En engu að síður kallar þörfin á alls staðar

og okkur er öllum ljóst sem hér erum að mikil þörf er fyrir það að gera enn þá meira. Um það vitna óskir, kröfur og beiðnir víðs vegar að af landinu og við þingmenn erum svo sem ólatir við að taka undir þær og jafnvel stofna til þeirra. Okkur er því alveg ljóst að jafnvel 72 milljarðar á ekki lengri tíma til vegagerðar í landinu er of lág upphæð. Þess vegna er það mjög freistandi að nýta okkur þann vilja sem greinilega hefur komið fram hjá mörgum til að beita vegtollum þar sem það á við. Það er hins vegar ekki auðvelt mál og í því sambandi vil ég leggja áherslu á sanngirnisrökin sem mér finnst að hafi skýrlega komið fram, t.d. hjá íbúum Akraness og Borgarfjarðar og ýmsum öðrum sem nýta Hvalfjarðargöngin. Því er eðlilegt í þessu sambandi að skoðaðir séu kostir annars staðar og þessi mál séu skoðuð í heillegu samhengi til þess að örva framkvæmdir og gæta sanngirni við innheimtu vegtolla í framtíðinni.

[15:44]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég held að hér sé um afar áhugavert mál að ræða og tek undir efni þess að það sem hér er ályktað um verði framkvæmt og gerð verði úttekt á kostum í vegagerð sem unnt yrði að fjármagna með vegtollum, í því skyni að auka fjárfestingar í vegagerð. Ekki er vanþörf á. Nógur er áhuginn hér á landi að laga vegakerfið og takast á við það að bæta samgöngur. Þar eru mikil verkefni fram undan.

Það fer ekki á milli mála að það sem ég hef oft leyft mér í þessum ræðustól að kalla varanlegar samgöngulausnir eru einhverjar arðbærustu framkvæmdir sem hægt er að fara í hér á landi og hafa margs konar áhrif, m.a. til að efla búsetu og ferðamennsku og yfirleitt að gera það mögulegt að samgöngur í landinu geti gengið betur en stundum er þegar veður er með þeim hætti sem Íslendingar þekkja, sérstaklega að vetrarlagi.

Það kemur fram í því þingmáli sem við erum að ræða að tvisvar áður hefur verið ályktað um sams konar mál og ályktanir verið samþykktar í þessa veru, árið 1993 og 1998, þ.e. annars vegar á 116. þingi og hins vegar á 123. þingi.

Nú verð ég að upplýsa og það er kannski fáfræði mín að ég veit ekki nákvæmlega hver afraksturinn varð af þeim tillögum sem þá voru samþykktar og hv. framsögumaður Einar K. Guðfinnsson gat um, en þær voru eftir því sem ég sé í textanum báðar samþykktar. Ég hefði gjarnan viljað heyra það hjá hv. þingmanni hvort það sem þar var lagt til og samþykkt af Alþingi var framkvæmt, í hvaða veru þær upplýsingar eru ef hann hefur tiltækt í minni sínu stutt yfirlit yfir það.

Ég ætla hins vegar ekki að lengja þetta mál mikið en ég tel að við Íslendingar séum almennt á nokkrum tímamótum og verðum að fara að gera okkur grein fyrir því og takast á við það að leysa samgöngumál varanlega hér á landi. Það eru margar ástæður til þess. Við höfum m.a. upplifað það að skipaflutningar hafa verið að leggjast af vítt og breitt um landið þó að við njótum þess enn þá, Vestfirðingar, að fá flutning inn á Vestfjarðasvæðið með einu skipi. Þá er alveg ljóst að álag á vegina er að aukast og einnig er ljóst að veðurfar hin síðari ár hefur nokkuð breyst. Ég held að mönnum beri saman um að svellalög t.d. á fjallvegum, sumum hverjum, eru í meira mæli en menn hafa séð og oft og tíðum afar erfitt að ferðast um bratta fjallvegi, ég tala nú ekki um þar sem vegurinn liggur í miklum beygjum, við þær aðstæður sem verið hafa og raunar nánast heppni að við skulum ekki hafa orðið fyrir meiri slysum í þeim illviðrakafla sem varað hefur undanfarið og á þeim svellalögum sem víða eru á þjóðvegum en þó hefur orðið raunin.

Ég hef áður flutt hér mál um það sem ég hef kallað varanlegar lausnir í vegagerð, annars vegar með þverun fjarða sem ég hef horft á sem styttingu vegalengda og hins vegar það sem ég hef kallað að koma íslenska vegakerfinu, meginvegakerfinu á láglendisvegi með jarðgangagerð í staðinn fyrir fjallaklifur og hlíðaklifur. Ég er alltaf að sannfærast betur og betur um að það eru þær aðferðir sem við eigum að taka upp í miklu meira mæli og setja okkur áætlun um hvernig standa eigi að.

Þess vegna er það mjög áhugavert sem fjallað er um í þessari tillögu og að spyrja um og velta upp þeim áföngum í vegagerð sem hugsanlega væri hægt að fjármagna með öðrum kostum en af beinu vegafé og þá kemur auðvitað upp að meta hvar það væri líklegt og eðlilegt og hvaða kröfur við gerum til þess að slík gjaldtaka megi eiga sér stað. Í fyrsta lagi held ég að menn mundu staldra við það þegar menn veltu því fyrir sér hvort önnur leið væri fær samhliða þeim áföngum, oft dýru áföngum sem að mínu viti verða mjög ódýrir þegar fram í sækir þegar búið er að koma þeim í notkun og nota þá í nokkra áratugi því við erum jú að tala um varanlegar lausnir, jarðgöng til kannski hundruða ára o.s.frv. Þá kemur auðvitað spurningin: Er til önnur leið eða yrði fjármögnunin með þeim hætti að ekki væri beinlínis verið að útvega nýtt fé heldur kannski verið að taka lán tímabundið sem borgaðist svo upp með öðrum fjárveitingum, eins og menn hafa t.d. verið að ræða í sambandi við hugsanleg Vestmannaeyjagöng og lagt þá að jöfnu það sem verið er að verja í samgöngur til Vestmannaeyja með Herjólfi, ferjusiglingar, og kostnaði þar að lútandi?

Síðan hafa menn auðvitað nefnt jarðgöng undir Vaðlaheiði. Þar er jú ágætur vegur um Víkurskarð en hann er því marki brenndur að veðurfar á þeirri leið getur verið slæmt og þess vegna er eðlilega mikill áhugi hjá mönnum norðan lands að komast undir Vaðlaheiðina og ekki nema eðlilegt að það sé skoðað, en jafnframt stendur til boða önnur leið þó að hún geti verið ófær stöku sinnum líkt og ýmsir aðrir vegir á landi hér. Þetta eru mál sem menn þyrftu að skoða.

Hins vegar er athyglisvert ef við skoðum það að frátöldum þeim göngum sem ég nefndi að sennilega þarf þá ekki að gera jarðgöng á Íslandi til að koma öllu vegakerfinu á láglendisveg nema á um svona 80 km sem er svipað og göngin fyrir vatn austur á landi. Ef við erum að tala um 80 km sinnum 700 millj. á kílómetrann geta allir reiknað hvað það kostar og þá þarf auðvitað að búa til áætlun í samræmi við það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 46. mál (framleiðsla innlendra léttvína). — Þskj. 46.

[15:53]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Eins og nokkrum sinnum áður mæli ég fyrir tiltölulega litlu máli. Ég hef stundum í gamni og reyndar alvöru, hæstv. forseti, kallað það „litla bruggmálið" en í raun og veru snýst það ekki um slíkt. Að vísu er það um heimild til að mega framleiða léttvín á íslenskum heimilum, gera það löglegt sem fjöldi Íslendinga gerir í dag en er ólöglegt, að framleiða sín eigin matarvín. Málið snýst auðvitað einnig um þá þekkingu sem til er í landinu, einkum hjá mörgum húsmæðrum og ég tala nú ekki um fólkið sem býr í dreifbýli eða sveitum sem hefur gert það að áhugamáli sínu að leitast við að framleiða matarvín úr ýmsum íslenskum jurtum og berjum.

Satt að segja, hæstv. forseti, og verð ég þá að upplýsa að ég hef náttúrlega smakkað á veigum sem hafa verið framleiddar ólöglega, hafa margar af þeim víntegundum sem bornar hafa verið á borð fyrir þann sem hér stendur með mat á íslenskum heimilum verið hrein snilld að mínu viti og hafa í rauninni smellpassað með íslenskri villibráð og íslenska lambakjötinu og svo sem fleiri matartegundum. En *það er algjörlega ljóst, hæstv. forseti, eða við teljum það* sem flytjum þetta mál, að með því að afnema það að fólk sé að brjóta lög þó að það framleiði vín með allt að 15% styrkleika þá værum við að opna fyrir eðlilega framleiðslu í heimilisiðnaði því hér er ekki verið að opna á það að slík vín séu seld, þá værum við komin í allt annan farveg og undir allt aðrar reglugerðir og lög, heldur að fólk megi framleiða sitt eigið vín og bera það á borð á heimilum sínum og bjóða það gestum og gangandi og það teljist ekki lögbrot. Ef það yrði gert held ég að opnaðist mikil þekking og í raun og veru kæmu upp á yfirborðið hæfileikar til að framleiða íslenskt matarvín sem núna er oft og tíðum falið þó að vissulega sé það svo að fjölskyldur vítt og breitt um landið starfi saman í klúbbum þar sem fólk framleiðir hin ýmsu vín og sum af þeim fara nú sennilega yfir 15% styrkleikann, en þá erum við frekar að tala um að fólk sé að gera tilraunir með að búa til líkjöra af ýmsum gerðum, m.a. líkjöra úr fíflum svo eitthvað sé nefnt.

Ég tel að þarna sé því eftir þó nokkru að slægjast og ég held að ef mönnum væri leyft að vinna þetta eðlilega og þessi heimilisiðnaður teldist ekki lögbrot værum við að opna fyrir ákveðna þekkingu og það gæti vel verið að þegar sú þekking væri komin upp á yfirborðið sæju einhverjir sér hag í því að stofna til atvinnurekstrar um það að framleiða léttvín en þá yrðu menn auðvitað að fara í annan farveg og sækja um tilheyrandi leyfi og uppfylla hreinlætisaðstöðu og aðra starfsaðstöðu sem þarf til að menn geti framleitt vöru sem seld er hverjum sem hafa vill undir þeim lögum og reglum sem við nú höfum um áfengiskaupaaldur hér á landi.

Með þessu aukna frelsi held ég að við værum aðeins að gera gott eitt því að staðreyndin er að í þessu máli er heimilt að selja tækin og tólin en mönnum er hins vegar bannað að nota þau. Þetta er náttúrlega algjör hráskinnaleikur og ég átta mig alls ekki á því hvers vegna mér hefur gengið svo *ofur illa að fá einn einasta framsóknarmann til að vera á* þessari tillögu með mér, en það hefur ekki tekist núna í ein þrjú eða fjögur ár. Flutningsmenn ásamt þeim sem hér stendur eru hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Þuríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir, þ.e. flutningsmenn úr öllum flokkum nema Framsóknarflokknum og *hélt ég sá* flokkur hefði einu sinni staðið fyrir það að standa með íslenskum bændum og dreifbýlisfólki og heimilisiðnaði og íslensku framtaki. En það kann að vera að eitthvað annað þurfi til og því miður hefur hæstv. landbúnaðarráðherra ekki alltaf orðið vel gott af pylsunum og öðru sem hann hefur tekið sér fyrir hendur.

Ég lít svo á, og við sem flytjum þetta mál, að hér sé verið að hreyfa ákaflega þörfu máli þó að það hafi stundum fengið gælunafnið litla bruggmálið eins og ég vék að í upphafi. Ég held að það sé bara til þess að varpa ljósi á það hve málið er í raun og veru smátt í sniðum vegna þess að við erum einfaldlega að leggja til að það verði viðurkennt sem framkvæmt er í landinu og heimiluð sú kunnátta sem felst í þekkingu fólks hér á landi til að framleiða íslenskt matarvín og teljist ekki lengur lögbrot, að sú þekking geti komist upp á yfirborðið, og vonandi sjá sér þá einhverjir færi á því að sækja um leyfi og stofna til atvinnurekstrar sem e.t.v. gæti gefið af sér þó nokkur verðmæti í þessa veru.

Ég ætla að leyfa mér að upplýsa það, hæstv. forseti, án þess að nefna stað, stund eða nöfn fólks, að ég tók þátt í afmælisveislu í sumar þar sem borin voru á borð fyrir yfir 100 manns heimagerð vín sem húsmóðirin hafði séð um að framleiða, bæði rauðvín úr berjum, krækiberjum, og hvítvín *úr rabbarbara. Ég held að ég geti sagt með sanni að þau vín* voru ákaflega ljúffeng og pössuðu mjög vel með þeirri heimagerðu framleiðslu sem framleidd var á þeim bæ sem veislan var haldin frá. Ég fullyrði að það hefði hver Íslendingur haft fullan sóma af því að kaupa sér slíkt vín í vínbúð, hefði það verið til sölu, og ekki verið svikinn af þeirri vöru. En svona er það, þekkingin er víða til staðar en fólki er meinað að nýta sér náttúrugæðin til að gera þau að verðmætri vöru og koma þeirri framleiðslu í verð. Það er afar leitt, hæstv. forseti, að við skulum vera svo þröngsýn hér á landi, þar sem oft er talað um tækifæri fyrir þá sem hafa hugmyndaflug og frumkvæði, að loka svona litlu máli sem gæti þó orðið til góðs og að ég held engum til skaða þó að hann fengi nokkra víndropa framleidda úr íslenskum berjum og jurtum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:02.

62. FUNDUR

fimmtudaginn 27. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Almenn hegningarlög, stjfrv., 409. mál, þskj. 520. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Kosningar til Alþingis, þáltill., 26. mál, þskj. 26. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 32. mál, þskj. 32. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frv., 38. mál, þskj. 38. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Vegagerð og veggjöld, þáltill., 43. mál, þskj. 43. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Áfengislög, frv., 46. mál, þskj. 46. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Vatnalög, stjfrv., 413. mál, þskj. 546. — 1. umr.
8. Skýrsla iðnaðarráðherra um framkvæmd raforkulaga. — Ein umr.
9. Vextir og verðtrygging, frv., 41. mál, þskj. 41. — 1. umr.
10. Atvinnuréttindi útlendinga, frv., 47. mál, þskj. 47. — 1. umr.
11. Útlendingar, frv., 48. mál, þskj. 48. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Geir H. Haarde fjmrh., 1. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.,
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.

[10:31]

Útbýting:

Erlendar starfsmannaleigur, 467. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 719.

Hlunnindatekjur og ríkisjarðir, 302. mál, svar fjmrh., þskj. 690.

Ungir vímuefnaneytendur, 410. mál, svar heilbrrh., þskj. 714.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Þuríður Backman):

Klukkan 13.30 fer fram umræða utan dagskrár um félagsleg undirboð á vinnumarkaði. Málshefjandi er hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hæstv. félagsmálaráðherra Árni Magnússon verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Jafnframt vill forseti geta þess að atkvæðagreiðslur fara fram kl. 2.

Vatnalög, 1. umr.

Stjfrv., 413. mál (heildarlög). — Þskj. 546.

[10:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til vatnalaga sem er 413. mál þingsins. Gildandi vatnalög, nr. 15/1923, eru mikill lagabálkur sem hefur að mörgu leyti staðist tímans tönn. Lögin voru sett eftir áralöng átök milli sameignar- og séreignarsinna. Segja má að stefna sameignarsinna hafi orðið ofan á að formi til en séreignarsinna að efni til. Aðdragandi setningar vatnalaga, nr. 15/1923, sem var að mörgu leyti merkileg verður þó ekki rakin nánar hér.

Gildandi vatnalög taka fyrst og fremst mið af þörfum landbúnaðarsamfélagsins sem ríkti er lögin voru samin. Þótti því rétt að huga að endurskoðun vatnalaga og hefur hún staðið yfir frá árinu 2002. Helstu breytingar sem lagðar eru til eru að fallið verði frá hinni jákvæðu skilgreiningu eignarréttar á vatni sem núgildandi lög byggja á. Má til einföldunar segja að núgildandi lög heimili fasteignareiganda aðeins þá hagnýtingu vatns sem sérstaklega er leyfð. Í þessu frumvarpi er aftur á móti lagt til að hin neikvæða skilgreining eignarréttar verði lögð til grundvallar. Þannig segir í 4. gr. frumvarpsins:

„Fasteign hverri ... fylgir eignarréttur að því vatni sem á henni eða undir henni er eða um hana rennur."

Þannig má segja að fasteignareiganda sé heimil öll hagnýting vatns sem ekki er sérstaklega takmörkuð.

Ætla mætti að á þessu tvennu sé reginmunur. Staðreyndin er hins vegar sú að í vatnalögum, nr. 15/1923, eru talin upp öll þekkt not sem hægt var að hafa af vatni. Sú breyting sem hér er lögð til er því formbreyting en ekki efnisbreyting. Túlkun vatnalaga allar götur frá setningu þeirra og dómafordæmi Hæstaréttar staðfesta þetta.

Þá er og til þess að líta að eignarréttur allra annarra gæða sem fylgja fasteignum er skilgreindur með neikvæðum hætti, eins og hér er lagt til að gert verði með vatn. Hér er því ekki um að ræða efnislega breytingu á inntaki eignarráða fasteignareiganda yfir vatni.

Hafa verður í huga að samkvæmt ákvæðum annarra laga eru aðrar auðlindir sem tilheyra fasteignareiganda skilgreindar á neikvæðan hátt samanber t.d. 3. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Vert er að benda á að þessi nálgun gerir það að verkum að framsetning lagareglna um vatn og hagnýtingu þess verður

einfaldari, knappari og skýrari. Eðli málsins samkvæmt leiðir það til mikillar einföldunar að telja ekki lengur upp með jákvæðum og næsta tæmandi hætti sérhverja heimild til vatnsnota sem fyrir hendi er heldur ganga einfaldlega út frá því að öll nýting vatns sé heimil svo fremi sem ekki séu settar við henni sérstakar skorður.

Með frumvarpi þessu er lagt til að undir vatnalög heyri vatn í öllum sínum myndum og birtingarformum, samanber nánari skilgreiningu 2. gr. frumvarpsins. Gildandi vatnalög taka fyrst og fremst til kyrrstæðs og rennandi yfirborðsvatns en um grunnvatn og jarðhita er fjallað í lögum nr. 57/1998, um rannsókn og nýtingu á auðlindum í jörðu. Á þessu verður breyting samkvæmt frumvarpinu og munu þessar auðlindir falla undir hin nýju vatnalög.

Meðal annarra breytinga skal þess getið að í gjörbreyttu samfélagi er ekki lengur talin þörf á þeim niðurnjörvuðu reglum um rétthæð einstakra vatnsnota sem fyrirfinnast í gildandi lögum. Allt að einu er þó hnykkt á því að vatnsnot til heimilisþarfa og hefðbundinna búsþarfa gangi fyrir öðrum vatnsnotum. Að þeim notum slepptum er ekki ráðgert að lögð séu sérstök bönd á fasteignareiganda hvað varðar nýtingu og ráðstöfun vatnsréttinda. Þannig er ekki lengur gert upp á milli þess hvernig fasteignareigandi kýs að nýta það vatn sem á fasteign hans er.

Ákvæði um vatnsveitur og áveitur eru einfölduð til muna. Vatnsveituþörf er nú að langmestu leyti uppfyllt á grundvelli laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nú lögum nr. 32/2004, og engin þörf er lengur talin á því að halda inni í lögum umfangsmiklu regluverki um áveitur sem munu næsta fátíðar hér á landi. Ákvæði um vatnsnot til iðnaðar og iðju án orkunýtingar falla út í heild sinni, enda þykja þau óþörf í nútímasamfélagi.

Ákvæði um vatnsmiðlanir, mannvirkjagerð, ráðstafanir gegn landbroti og ágangi vatns og almenn ákvæði um vatnsvirki eru einfölduð verulega frá gildandi lögum og tekin saman í einn kafla.

Ákvæði um óhreinkun vatns og holræsi eru felld brott í heild sinni enda er nú um þau mál fjallað í annarri löggjöf.

Þá eru reglur um vatnafélög einfaldaðar til muna og nú er ekki lengur gert ráð fyrir skylduaðild að slíkum félögum enda verður að telja að slíkt brjóti að óbreyttu í bága við fyrirmælin í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár, sbr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lagagildi hefur hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994, nema í þeim undantekningartilvikum sem ráðgerð eru í 2. mgr. 74. gr. og telja verður til að mynda að nái óhjákvæmilega til veiðifélaga samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum. Ekki verður séð í ljósi reynslunnar að slík knýjandi nauðsyn útheimti heimild til skylduaðildar að öðrum þeim félögum sem stofnuð eru um einstök vatnsnot, enda önnur úrræði þá tiltæk til verndar einstaklings- og almannahagsmunum.

Loks er öll stjórnsýsla samkvæmt lögunum einfölduð til muna en hún verður hér eftir á höndum Orkustofnunar og iðnaðarráðherra.

Samkvæmt 34. gr. frumvarpsins fer iðnaðarráðherra með yfirstjórn mála. Hlutverk Orkustofnunar innan ramma vatnalaga byggist svo aftur á því að hún er stofnun sem heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar í umboði hans með jarðrænar auðlindir og náttúrulegar forsendur þeirra, í þessu tilviki vatnsauðlindina og vatnafar. Þetta hlutverk lýtur því annars vegar að stýringu á nýtingu vatnsauðlindarinnar og hins vegar að stýringu á vatnafarslegum aðgerðum í samræmi við markmið laganna. Þessu fylgir annars vegar upplýsingaskylda nýtenda um nýtingu og fyrirhugaðar vatnaframkvæmdir og hins vegar eftirlit með aðgerðum gagnvart vatni sem breytt geta vatnafari og nýtingu vatnsauðlindarinnar, fyrst og fremst gerð mannvirkja og vatnaveitingar. Gert er ráð fyrir að Orkustofnun geti sett skilyrði um framkvæmd eða starfsemi í vötnum af tæknilegum ástæðum eða til að tryggja nýtingu í samræmi við markmið laganna, eða til að þau samræmist skilyrðum laganna, reglugerðum eða öðrum heimildum.

Hér er reyndar farin nýstárleg leið. Í stað þess að sótt sé um leyfi til Orkustofnunar þarf sá er hyggur á framkvæmdir í, á eða við vatn að tilkynna stofnuninni um það. Orkustofnun þarf innan fjögurra vikna að greina framkvæmdaraðila frá því hvort stofnunin hyggist setja skilyrði fyrir framkvæmdinni. Hafi Orkustofnun ekki tilkynnt um skilyrði innan þess tíma er framkvæmdaraðila rétt að líta svo á að framkvæmdin sé heimil án skilyrða hvað varðar gildissvið nýrra vatnalaga. Er þetta gert til þess að einfalda stjórnsýslu laganna en jafnframt er þess gætt að vitneskja sé til staðar hjá Orkustofnun um þær framkvæmdir er kunna að snerta vatnafar auk þess sem hægt er að setja skilyrði, sé þess þörf.

Reglur um eignarnám eru færðar til þess horfs sem almennt þekkist nú á dögum. Reglur gildandi vatnalaga eru ekki í samræmi við það sem þekkist í slíkum málum og þótti því eðlilegt að færa reglurnar til nútímahorfs. Ekki þykir ástæða til þess að rekja í smáatriðum þær breytingar sem í því felast en þær lúta fyrst og fremst að því að afnema þær sérreglur sem gilt hafa um eignarnám samkvæmt vatnalögum, t.d. um kostnað af mati, ákvörðun um hve víðtækt eignarnám skuli vera og um umráðatöku.

Lagt er til að ýmis ákvæði verði færð úr vatnalögum. Má þar nefna ákvæði um frjálsa för um vötn sem talið var að ætti betur heima í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999. Helgast þetta af því að í lögum um náttúruvernd eru reglur almannaréttar sem kveða á um með hvaða hætti almenningi er heimil för um eignarlönd annars fólks. Ekki þykir lengur eðlilegt að slíkar reglur séu í vatnalögum heldur beri að skipa þeim í þann lagabálk er almennt fjallar um málefnið. Einnig hefur verið hugað að lagaskilum við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að rekja nánar efni frumvarpsins og vænti þess að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og iðnaðarnefndar.

[10:43]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er mér ekki mikið gleðiefni að þurfa að stíga í stól á hinu háa Alþingi og flytja ræður mínar um frumvarp til vatnalaga hafandi fengið að vita það seint í gær að málið yrði tekið á dagskrá. Ég verð að byrja á því að gagnrýna stjórn þingsins fyrir að taka svo stórt og viðamikið mál á dagskrá fyrirvaralaust. Ég fullyrði að fjöldi þingmanna hefur ekki vitað af því að málið yrði sett á dagskrá

kl. hálfellefu í dag fyrr en í morgun þegar fólk mætti til vinnu. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð, hæstv. forseti, og eiga ekki að leyfast.

Við höfum haft vikuplan, dagskrá vikunnar, til hliðsjónar frá því fyrir helgi. Þannig hafa allir undirbúið sig fyrir ákveðin mál í dag. Þótt það komi upp veikindaforföll eins og ég veit að gerðist í þessu tilfelli, að hæstv. fjármálaráðherra gat ekki verið hér viðstaddur til að mæla fyrir skýrslu um skattsvik, þá tel ég alvarleg afglöp af stjórn Alþingis að setja svona mál á dagskrá fyrirvaralaust. Hér hefði verið hægt að nýta tímann í þingmannamál sem nóg er af og þingmenn hafa beðið mánuðum og vikum saman eftir að kæmu á dagskrá. Ég gagnrýni alvarlega stjórn þingsins fyrir að standa svona að málum.

Einnig er gagnrýnivert að hæstv. iðnaðarráðherra, sem hefur kannski verið jafnilla búin undir að flytja ræðu sína og við erum til þess að fjalla um málin, þá má gagnrýna hæstv. ráðherra fyrir það að hún skuli (Gripið fram í.) leyfa sér að orða það ekki einu orði í ræðu sinni hversu viðamikið mál er á ferðinni hvað varðar umhverfisvernd og náttúruvernd. Enn eina ferðina flytur hæstv. iðnaðarráðherra mál sem er á sviði umhverfisnefndar og vísar því eingöngu til iðnaðarnefndar.

Við áttum hörð orðaskipti fyrir jólin, þingmenn og hæstv. iðnaðarráðherra, vegna annars máls af svipuðum toga, þ.e. frumvarps til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum þar sem hæstv. iðnaðarráðherra var gagnrýnd harðlega fyrir að ætla sér að gína yfir málaflokkum á sviði umhverfismála og umhverfisnefndar þar af leiðandi. Ég gagnrýni hæstv. iðnaðarráðherra á nákvæmlega sömu nótum og ég gerði þá í því lagafrumvarpi sem nú er rætt, vatnalög.

Þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir frumvarpinu um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum kvartaði ég undan því að ekki lægi fyrir þá þegar fyrirhugað frumvarp til vatnalaga og var svarað með skætingi og hofmóðugheitum. Núna stend ég frammi fyrir því að þurfa að ræða um margumtalað frumvarp til vatnalaga án þess að hafa fengið að undirbúa mig á mannsæmandi hátt fyrir þá umræðu. Engu að síður skal ég taka til við að flytja þá ræðu sem ég hafði tök á að koma saman seint í gærkvöldi því að allur morgunninn hefur farið í að sitja á allsherjarnefndarfundi eins og stjórn þingsins vissi auðvitað, að nefndarfundir fyrir þingfundi eru á fimmtudagsmorgnum.

Virðulegi forseti. Í mars árið 2000 var haldin viðamikil alþjóðleg ráðstefna um vatn og vatnsbúskap í heiminum. Ljóst er að í veröldinni vofir yfir kreppa í þessum málum. Það er yfirvofandi skortur á vatni í tugum landa á jarðarkringlunni og um helmingur stórfljóta og stöðuvatna heimsins er mengaður. Meginverkefni þeirra sem starfa að þessum málum í veröldinni er auðvitað að finna lausn á fersksvatnsvanda heimsins.

Þá má nefna að ríflega 1 milljarður manna hefur ekki aðgang að hreinu vatni. Sömuleiðis að nærri 3 milljarðar búa ekki við viðunandi hreinlæti af þessum sökum. Þetta hefur í för með sér að um 7 millj. manna deyja árlega af völdum sjúkdóma sem tengjast vatni. Ef jarðarbúar verða 8 milljarðar árið 2025 eins og gert er ráð fyrir mun vatnsnotkun aukast um 40% í veröldinni.

Sums staðar er yfirvofandi stríð í veröldinni vegna vatnsskorts, stríð um vatn eru næstu styrjaldir sem menn gera ráð fyrir að verði háðar í heiminum og aðeins má segja að tvo stórfljót í veröldinni séu talin óspillt svo nokkru nemi hvað varðar mannsæmdina eða mengun og þau eru í Suður-Ameríku og í Afríku.

Hlutir á borð við þessa, þær staðreyndir sem ég hef talið upp, komu fram í máli dr. Ismails Serageldins, varaforseta Alþjóðabankans og formanns Alþjóðavatnsnefndarinnar, voru það a.m.k. þegar téð vatnsráðstefna var haldin fyrir tæpum fimm árum þó vera kunni að eitthvað hafi breyst í þeim efnum. En það er afar mikilvægt að við skoðum þetta samhengi hlutanna þegar við fjöllum um vatn á Íslandi þó ekki sé yfirvofandi vatnsskortur eða hætta á slíku hér á landi.

Hæstv. forseti. Ég fullyrði að ekkert af þessu virðist ríkisstjórn Íslands bera fyrir brjósti þegar hún leggur fram frumvarp til vatnalaga, ekkert af þeim áhersluatriðum sem samfélag þjóðanna hefur sent út hvatningu um að þjóðir heims aðgæti þegar vatn er annars vegar fær náð fyrir augum ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Hér skal bara böðlast áfram sem aldrei fyrr og látið í veðri vaka þegar endurnýja á löggjöf okkar um vatn að þá sé eingöngu þess virði að líta til vatnsnýtingar og eignarréttar, punktur, basta. Ekki snefill af tilfinningu fyrir því um hversu gríðarlega verðmæta auðlind er að tefla.

Reyndar kemur í ljós þegar greinargerð með frumvarpinu er lesin gaumgæfilega að í II. kafla hennar er getið um þá þætti sem meðvitað eru undanskildir við samningu frumvarpsins en það eru þeir þættir sem lúta að umhverfisrétti, vatnsveitum sveitarfélaga og holræsum. Í þeim kafla er einnig getið um evrópsku vatnatilskipunina og tekið fram að EFTA-löndin hafi gert kröfu um að einungis hluti hennar verði tekin upp í EES-samninginn.

Það kemur kannski ekki á óvart, hæstv. forseti, hvaða þætti íslenska ríkisstjórnin hefur ákveðið að undanskilja varðandi innleiðingu tilskipunar um vatnsvernd en það eru einmitt þeir þættir sem lúta að náttúruvernd, dýravernd og auðlindastjórnun. Þeir þættir eru undanskildir hjá EES-ríkjunum, látnir mæta afgangi. Frumvarp um þá þætti er boðað síðar. Það virðist ekki hafa komið til álita að láta frumvarpið sem við fjöllum um hér, vatnanýtingarfrumvarp hæstv. iðnaðarráðherra, bíða eftir verndarfrumvarpinu. Ónei, forgangsröðunin í ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar og Valgerðar Sverrisdóttur er alveg skýr hvað þetta varðar: Nýtingin skal koma fyrst og verndin svo.

Hver í þessum sal man ekki eftir örlögum rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar um vatnsföll og jarðvarma, það plagg sem 70 málsmetandi einstaklingar, fræðimenn, vísindamenn og sérfræðingar unnu fyrir ríkisstjórnina? Það liggur nú í skúffu iðnaðarráðherra og fær að rykfalla þar án þess að eiga von um að fá nokkra formlega stöðu í stjórnsýslunni. Ríkisstjórnin vill hafa öll spil á eigin hendi og helst sem flest á hendi stóriðjuráðherrans.

Ég spyr: Hvernig stendur á því að sjónarmið stjórnvalda varðandi vatnatilskipun ESB er ekki rökstudd að neinu leyti í greinargerð frumvarpsins? Ég krefst þess að hæstv. iðnaðarráðherra svari þeim spurningum sem lagðar verða fyrir hana í umræðunni en sniðgangi þær ekki eins og hún reyndi

að gera í umræðunni um frumvarpið um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum þar sem engum spurningum var svarað til fulls í 1. umr. og fylgdu allar málinu í umfjöllun hv. iðnaðarnefndar, því að sjálfsögðu fékk umhverfisnefnd það mál ekki til umfjöllunar frekar en ætlunin er að umhverfisnefnd fái þetta mál til umfjöllunar.

Hæstv. forseti. Ég spyr líka: Hvers vegna eru vatnsvernd og sjónarmið sjálfbærrar þróunar sett skör lægra en nýtingar- og eignarréttarhagsmunir? Hvers vegna býr hæstv. iðnaðarráðherra enn einu sinni svo um hnútana? Ég legg til að hæstv. iðnaðarráðherra geri okkur í þessari umræðu grein fyrir því hverju þetta sætir. Ég vil fá svör við því hvaða skilning hæstv. iðnaðarráðherra leggur í markmiðsgrein frumvarpsins.

Hvað þýðir eftirfarandi setning í 1. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns."

Hvaða skilning leggur hæstv. iðnaðarráðherra í þessa grein? Hvaða skilning leggur núverandi ríkisstjórn í hugtakið „sjálfbær þróun"? Það er ástæða fyrir því að spyrja núverandi ríkisstjórn þeirrar spurningar vegna þess að hér böðlast ríkisstjórnin um landið með áform um virkjanir þar sem stórvirkjanir eru settar í framkvæmd sem eru ekki sjálfbærar að nokkru leyti, þar sem jökulsár eru virkjaðar með aurugum uppistöðulónum sem fyllast á nokkrum tugum eða hundruðum ára. Þar af leiðandi eru virkjanirnar ekki sjálfbærar. Þó slær núverandi ríkisstjórn ævinlega ryki í augu fólks með því að slá um sig með hugtakinu „sjálfbær þróun". Hæstv. forseti, hvað á það að þýða? Það er kominn tími til þess að hæstv. iðnaðarráðherra skýri fyrir þjóð og þingi hvaða skilning hún leggur í hugtakið „sjálfbær þróun" og hvað það hugtak á að þýða í frumvarpinu og hvernig hún ætlar að sjá til þess að því verði framfylgt að hér fari vatnsnýting fram eftir hugmyndafræði sjálfbærrar nýtingar.

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að hún er heldur ósannfærandi setningin í II. kafla greinargerðarinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp það sem hér er lagt fram á í engu að skarast við væntanlegt frumvarp um stjórn vatnsverndar."

Ég spyr: Hvernig getum við verið viss um það þar sem ekkert verndarfrumvarp liggur fyrir? Ég spyr og krefst svara frá hæstv. ráðherra hér og nú við 1. umr.: Hvers vegna eru frumvörpin ekki lögð fram á sama tíma svo tryggja megi samræmi og samhljóm þeirra á milli? Skynsemin segir mér að slíkt hefði verið hin eina rétta leið en það er eins og að þegar umhverfisvernd og sjálfbær þróun er annars vegar fái ríkisstjórnin andarteppu og hjartastopp, hún getur ekki með nokkru móti viðurkennt þann sess sem hún þó í orði kveðnu heldur fram að umhverfisrétturinn hafi öðlast.

Í greinargerð frumvarps þessa stendur að taka þurfi mið af Ríó-sáttmálanum — sennilega átt við Ríó-yfirlýsinguna — og samningurinn um líffræðilegan fjölbreytileika er sérstaklega tilgreindur, en hvergi er gerð tilraun til að styðja það með rökum að ákvæði frumvarpsins standist þá samninga. Meðan svo er ekki gert áskil ég mér fullan rétt til að tortryggja ákvæði frumvarpsins að þessu leyti. Þetta atriði er raunar eitt af þeim veigameiri sem ég tel að þurfi að skoða gaumgæfilega í nefndum þingsins og þá ekki bara í iðnaðarnefnd því auðvitað eru þetta þættir sem heyra undir umhverfisnefndina. Það verður ekki hjá því komist að skoða þessa þætti og jafnvel málið í heild sinni í fleiri en einni nefnd.

Ef við horfum á sérstöðu Íslands í hnattrænu samhengi hljótum við öll að vera sammála um að ein dýrmætasta auðlind sem þjóðinni hefur verið falin er fólgin í vatni, hvort sem um er að ræða silfurtærar uppsprettur lindarvatns eða beljandi jökulfljót, óteljandi stöðuvötn full af silungi eða laxveiðiárnar okkar sem fóstra dýrmætan villtan Norður-Atlantshafslaxinn. Árbakkar og mýrarflákar, votlendi og vinjar í hálendiseyðimörkum, þessi er sérstaða Íslands, virðulegi forseti.

Vatnið er eitt af þeim atriðum sem erlendir ferðamenn nefna sem mikilvægan þátt í vinsældum landsins sem ferðamannalands. Gleymum því ekki að ferðaþjónusta er sú atvinnugrein sem vex hraðast á Íslandi um þessar mundir. Gleymum því ekki að atvinnuhagsmunir okkar skarast í þessum efnum og hagsmunir hæstv. iðnaðarráðherra í þessum efnum eru ekki hinir einu réttu.

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að ég sakna þess sáran að hæstv. umhverfisráðherra skuli ekki vera hjá okkur í þessari umræðu og satt að segja hefði verið fullt tilefni fyrir hæstv. samgönguráðherra að sitja hér líka því að hér eru hagsmunir sem skarast verulega við valdsvið þeirra ráðherra, samgönguráðherra sem sér um ferðamálin og umhverfisráðherra sem sér um umhverfismálin.

Auðvitað er sárgrætilegt að hæstv. umhverfisráðherra virðist vera múlbundin nú þegar, nýtekin við embætti. Í viðtali við Ríkisútvarpið í vikunni klifar hún á þeirri setningu sem hæstv. forsætisráðherra hefur auðvitað kennt henni, Halldór Ásgrímsson, að vernd og nýting geti farið saman. Það er boðskapur hæstv. umhverfisráðherra til þjóðarinnar á þeim tímum sem við nú lifum, að vernd og nýting geti farið saman.

Ég spyr: Hvers vegna er ekki hæstv. umhverfisráðherra hér til þess að fjalla um þessi mál með okkur? Það er full ástæða til þess, hæstv. forseti, að ég biðji um að umhverfisráðherra sé viðstödd og tjái hug sinn um þetta mikilvæga frumvarp.

Já, hæstv. forseti, ábyrgð þeirra sem eiga að annast þessi mál, þessa auðlind okkar er gífurlega mikil. Norðmenn eru fyrir skemmstu búnir að endurnýja vatnalög sín. Ég hef undir höndum plagg frá norska Stórþinginu, sem ber yfirskriftina á norsku því ég hafði ekki tíma til að þýða: Innstilling frå energi- og miljøkomiteen om lov om vassdrag og grunnvann, þ.e. tillaga að lagasetningu sem varðar vatnsföll og grunnvatn, Vannressursloven.

Þessu lagafrumvarpi sem Norðmenn settu í gegnum Stórþingið, að ég held árið 2000, fylgir verulega ítarleg greinargerð sem ég held að full ástæða væri til að skoða mjög gaumgæfilega þegar þetta mál fer inn í nefndir þingsins. Við þurfum að fá ítarlegan samanburð á ætlunarverki hæstv. iðnaðarráðherra hér sem kemur fram í frumvarpi okkar til vatnalaga og þeirri leið sem Norðmenn fóru á sinni tíð.

Eftir því sem ég hef getað kynnt mér það mál sýnist mér

að þau lög hafi verið sett að mjög vel yfirlögðu ráði. Norðmenn voru með vatnalögin sín til endurskoðunar í eina þrjá mannsaldra. Þau voru alltaf uppi á borðum þingnefnda, æviinlega til skoðunar áður en nýju lögin voru sett, og megininntak norsku laganna er auðlindastjórnun. Inn í þau er fléttað, að því er mér virðist, mjög mikilvægum þáttum á borð við líffræðilegan fjölbreytileika, sjálfbæra þróun og síðan eitt hugtak sem ég sakna úr okkar frumvarpi og það er landslagsvernd. Norðmenn gera sér auðvitað grein fyrir því á hvern hátt vatn hefur mótað landslagið, og landslagið í Noregi er auðlind, ekki síður en á Íslandi. Vatnið sem hefur mótað landslag okkar hlýtur að kalla á það að landslagið sé nefnt í lögum um vatn.

Hæstv. forseti. Hjá Norðmönnum eru þessir þættir í forgrunni, auðvitað til að hægt sé að tryggja viðunandi meðferð þessara mála, ekki hvað síst þá mengunarvarnir. Norðmenn hafa í lagabálki sínum ákveðinn kafla um mengunarvarnir og þýðingu þess að halda vatninu í Noregi hreinu. Grunnvatnið hefur líka afar mikla þýðingu í lögunum norsku og hið sama má segja um varðveislu menningarminja sem tengjast vatni, þær menningarminjar sem liggja nálægt vötnum og ám.

Eins og ég segi er afar þýðingarmikið í þessu sambandi að ítarlega sé borin saman markmiðssetning íslenskra frumvarpsins og markmiðssetningin í norsku lögunum. Ég sé ekki betur en að þar megi ydda verulega og breyta eða bæta markmiðssetningunni í 1. gr. hjá okkur í okkar frumvarpi.

Aðeins um stjórnsýsluna til viðbótar, ég sé að það er farið að líða á tíma minn og ekki mikið eftir. Mér sýnist að frumvarp þetta sé allt hugsað út frá forsendum nýtingar og ég fullyrði að það er þvert á nýjar hugmyndir manna um vatnsvernd í heiminum. Auðvitað eru vatnalögin orðin gömul, frá 1923, og þarfnast endurskoðunar. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum sýnt það í verki með því að a.m.k. einu sinni á síðasta kjörtímabili lagði sú sem hér talar ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fram frumvarp til laga um breytingu á vatnalögunum. Það frumvarp var lagt fram á 127. löggjafarþingi og ég kem til með að vitna frekar í það í síðari ræðu minni þar sem ég sé að tími minn er brátt á þrotum. Auðvitað viðurkenni ég að það er þörf á að endurskoða vatnalögin en þá með tilliti til þeirra atriða sem ég hef talið upp og þá með það í forgrunni hversu mikilvæg auðlind vatnið er í dag.

Hæstv. forseti. Þar sem tími minn er uppurinn tel ég eðlilegt að ég bíði með frekari röksemdafærslu og ávirðingar í þessu máli þar til ég fæ tækifæri til að koma í seinni ræðu.

[11:03]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir rakti í furðugóðri ræðu sinni áðan miðað við aðstæður allar er þetta mál tekið á dagskrá með nokkuð undarlegum hætti. Það var ekki á vikuáætlun þingsins að sinni eins og er yfirleitt um stjórnarfrumvörp þó að við séum vön því, þingmenn, að þingmannamálin séu tekin fyrir með ákaflega skömmum fyrirvara. Þingflokksformenn voru heldur ekki látnir vita að þetta mál kæmi á dagskrá í dag eftir þeim heimildum sem ég hef bestar þannig að það er ætlast til þess að menn hafi kynnt sér þetta á ný — ýmsir voru búnir að lesa sér til og undirbúa sig undir þessa umræðu — án þess að vera látnir af henni vita. Ég sá fyrst um ellefuleytið í gær að vatnalögin væru á dagskrá í dag þegar ég af tilviljun fór í tölvuna heima hjá mér.

Það vekur líka athygli við þessa umræðu sem hæstv. iðnaðarráðherra hóf að þegar hún hófst var aðeins einn maður úr iðnaðarnefnd staddur í þingsölum, hv. þm. Einar Már Sigurðarson. Nú hefur annar bæst við, kom hér hlaupandi, hv. þm. Jóhann Ársælsson. Enginn stjórnarliði er viðstaddur umræðuna. Formaður iðnaðarnefndar, hinn ungi og æskuhreini vaski sveinn, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, er sennilega eins og unglinga er siður enn þá sofandi og hefur ekki verið látinn vita af umræðunni. Þó er honum ætlað að leiða málið. (**Gripið fram í:** ... ungur.) Ungt fólk þarf að hvíla sig líka eins og hæstv. iðnaðarráðherra veit sem enn er á ungum árum og er nýkomin úr mikilli hvíldarferð til Flórídafylkis í Bandaríkjunum þar sem hún að vísu hvíldist ekki betur en svo að hún varð að skipta sér aðeins af stjórnmálaástandinu á Íslandi, enda orðið það alvarlegt að iðnaðarráðherra varð að grípa inn í. Það er því von að aðrir þurfi hvíld en hæstv. ráðherra. Að öllu gamni slepptu er það auðvitað ekki alvöruumræða sem fer þannig fram að ráðherra kemur hér og síðan er enginn í salnum af þeim meiri hluta sem um málið á að véla.

Ég held því, forseti, að nú sé ráðlegast að fresta umræðunni að lokinni hinni skörulegu ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur og framsögu hæstv. ráðherra. Ég fer fram á það við forseta. Sú sem hér situr í forsetastól er hin eina úr forsætisnefnd sem hér er inni. Sá sem kjörinn var forseti þingsins er ekki í salnum og hefur ekki sést til hans í þinghúsinu í morgun þannig að ég sé ekki betur en að forseti sé nauðbeygð að þessu sinni til að taka þá ákvörðun ein og sjálf. Ég fer fram á það að þessari umræðu verði frestað og tekin síðar fyrir á dagskrá þingsins hvenær sem mönnum þykir það hyggilegt.

[11:07]

Forseti (Þuríður Backman):

Eftir að hafa hlustað á athugasemdir hv. 8. þm. Reykv. n., Kolbrúnar Halldórsdóttur, sem gagnrýndi fundarstjórn og sömuleiðis athugasemdir hv. 7. þm. Reykv. s. varðandi fundarstjórn vill forseti upplýsa áður en lengra er haldið, vegna þess að fleiri hv. þingmenn hafa kvatt sér hljóðs um fundarstjórn, að forseti tekur undir þá gagnrýni að það sé mjög óheppilegt að taka svo stórt mál á dagskrá með svo skömmum fyrirvara.

Málinu var útbýtt í þinginu 7. desember en þetta er stórt mál og það er eðlilegt að þingmenn vilji hafa tíma til að undirbúa sig þó að tími sé liðinn frá því að því var útbýtt. Vegna veikinda sem hafa sett spor á alla dagskrá þingsins í þessari viku, svo og í dag, vegna veikinda bæði þingmanna og ráðherra og þar af leiðandi fjarveru, hefur dagskráin farið úr skorðum. Við munum skoða þá beiðni sem hér hefur komið fram um hvernig málinu vindur áfram.

[11:08]

Einar Már Sigurðarson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að taka undir

óskir hv. þm. Marðar Árnasonar. Það er afar óeðlilegt að svo stóru og viðamiklu máli skuli vera nær því laumað á dagskrá með engum fyrirvara. Það kom ekki fram á vikudagskrá, það kom ekki fram á fundum formanna þingflokka með forsetum á mánudag og það var ekki rætt sérstaklega við þingflokksformenn í gær þegar verið var að breyta dagskrá. Það er rétt auðvitað sem við höfum vitað sem kom fram hjá frú forseta að veikindi hjá ráðherrum hafa valdið breytingum á dagskrá. Við höfum verið að fá tilkynningar um breytingar þar sem þetta er ekki tilgreint sérstaklega þannig að það er afar sérstakt að þetta mál skuli vera sett á dagskrá með þessum hætti.

Það er einnig eðlilegt að benda á það að gert er ráð fyrir því að annað frumvarp komi sem mun tengjast þessu máli mjög verulega. Því væri eðlilegt að þau yrðu rædd samhliða. Ég verð því að fara fram á það við virðulegan forseta að ef forseti treystir sér ekki til að fresta umræðunni nú verði a.m.k. gefin yfirlýsing um það að umræðunni verði ekki lokið, að 1. umr. verði ekki lokið. Þó að henni verði eitthvað fram haldið núna verði möguleiki skapaður á því að henni megi halda áfram síðar. Það er t.d. afar óeðlilegt, eins og kom fram í máli hv. þm. Marðar Árnasonar, að hér erum við aðeins tveir úr hv. iðnaðarnefnd staddir í þingsalnum. Það er afar óeðlilegt t.d. að þeirri lágmarkskröfu sé ekki fullnægt að formaður nefndarinnar sé viðstaddur umræðuna. Auðvitað getur formaður verið forfallaður en þá er auðvitað lágmark að einhver annar stjórnarliði sé viðstaddur umræðuna. Við höfum yfirleitt ekki verið mjög frek til þess að óska eftir því að allir stjórnarliðar úr nefndum séu mættir en það er afar fátítt að það sé enginn stjórnarliði úr nefnd þegar svo stórt mál er rætt, og jafnvel þótt smærra væri.

Ég vil ítreka, frú forseti, þá ósk sem fram hefur komið að umræðunni verði frestað. Ef ekki er hægt að verða við því nú þegar verði gefin yfirlýsing um það að umræðunni verði ekki lokið.

[11:10]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill geta þess að hún mun taka tillit til þeirra ábendinga sem hér hafa komið fram. Vegna þeirrar stöðu sem þingið stendur frammi fyrir, að hér eru fáir mættir til að taka þátt í þessari mikilvægu umræðu, mun forseti verða við þeirri beiðni að ljúka ekki umræðu núna fyrir hádegið en það er rétt að þeir sem hafa sett sig á mælendaskrá geti hafið framsögur sínar núna og lokið þeim síðar.

[11:11]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég vil auðvitað byrja á að fagna því að hæstv. forseti hefur tekið þá ákvörðun að umræðunni ljúki ekki hér á eftir en ég held að þetta sé einnig hluti af stærra vandamáli.

Við þingmenn höfum margoft bent á þetta vinnufyrirkomulag hér á þingi, hversu óeðlilegt það er og hversu mikið það bitnar á vönduðum vinnubrögðum þingsins. Margoft hefur verið bent á hið óeðlilega í þessu sambandi, að dagskrá þingsins liggi ekki fyrir fyrr en kvöldið áður. Það finnast mér alveg ótæk vinnubrögð. Þetta snertir undirbúning þingmanna. Það getur tekið meira en eina kvöldstund að undirbúa sig fyrir veigamikil mál og ég skil ekki af hverju dagskrá þingsins getur ekki legið fyrir með ítarlegri hætti en raun ber vitni, sem sagt með lengri fyrirvara en kvöldið áður.

Þetta er ekki krafa um formsatriði eða tæknileg atriði. Þetta snertir þinglega meðferð mála. Þingið hefur legið undir þeirri sök að vanda sig ekki nægilega vel við lagasetningu og ítrekað hefur framkvæmdarvaldið gerst sekt um að setja lög sem eru stjórnarskrárbrot, í mun meira mæli en t.d. aðrar Norðurlandaþjóðir, og m.a. má rekja það til þess að við vöndum okkur ekki nógu mikið hérna í þinginu. Það stafar m.a. af tímaskorti og sú ábyrgð skrifast eingöngu á hæstvirta ráðherra. Þeir koma iðulega með mál með skömmum fyrirvara, oft seint á vetri og ætlast til að þessi mál, mörg viðkvæm mál, stórmál, séu afgreidd með slíku hraði að þau ná ekki að fá viðunandi meðferð. Mér finnst stundum að hv. þingmenn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sem verja þessa ríkisstjórn falli átti sig ekki á því að Alþingi Íslendinga er með löggjafarvaldið.

Það liggur ekki hjá ráðherrunum en það er ekki vottur af aðhaldi hjá þessum blessaða þingmeirihluta gagnvart sínum eigin ráðherrum. Við þurfum að haga störfum okkar þannig að þetta þing sé ekki einfaldlega einhvers konar afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið. Ég held að þetta sé hluti af stærra vandamáli. Þetta er hluti af því hvernig samskipti ráðherra og þingheims eru og við þurfum að breyta þessu vinnulagi. Við þurfum að skipuleggja okkur lengra fram í tímann. Við þurfum að fá ráðherrana með í þann leik, að þeir leggi fram mál sín með nægum fyrirvara og að þau komist á dagskrá með meiri fyrirvara en raun ber vitni.

Við þurfum að skoða það af hverju þingfundir hefjist ekki fyrr á morgnana. Þeir hefjast iðulega eftir hádegi. Reyndar eru morgnarnir teknir í nefndastörf en hins vegar er nefndarfall ítrekað í mjög mörgum nefndum vegna þess að það eru svo fá mál sem stjórnarmeirihlutinn vill hleypa úr nefndunum. Það eru ýmis atriði sem ég skil ekki af hverju menn ættu ekki að ráðast í að breyta. Það kemur okkur öllum illa að keyra málin með þessum hætti í gegnum þingið og að fá ekki betri undirbúning við stórmál, eins og hér er um að ræða.

[11:14]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég varð ekki var við að þetta mál væri komið á dagskrá fyrr en ég opnaði fyrir sjónvarpið á skrifstofu minni í morgun, kom reyndar seint heim, var á fundi vestur á Snæfellsnesi og gáði ekkert í tölvuna í morgun áður ég lagði af stað né heldur í nótt þegar ég kom heim. Þetta kom mér að óvörum. Auðvitað vissi ég af þessu vatnalagafrumvarpi og hafði reyndar aðeins litið í það en það er með hærra númer en 400 og maður gerði svo sem ráð fyrir því að það yrði látið vita þegar kæmi að umræðunni.

Ég er í iðnaðarnefnd og meðgeng það hér með að ég er ekki tilbúinn með mína ræðu. Ég hef sett mig á mælendaskrá til að segja fáein orð um þetta mál ef í þann harðbakka slær. Ef hæstv. forseti hefur hins vegar tekið þá ákvörðun að fresta umræðunni vil ég náðarsamlegast fara fram á það að fá að geyma ræðu mína þannig að það verði kannski

pínulítið meira vit í henni en ef ég héldi hana núna.

Vegna þess tilefnis sem þessi umræða gefur og þess sem sagt var hér af hv. þingmanni sem talaði á undan mér vil ég líka benda hæstv. forseta á það, sem ég hef reyndar oft bent á í sölum Alþingis, að það þarf að gera breytingar á þinghaldinu með þeim hætti að mál verði ekki drepin á hverju vori. Það mundi gjörbreyta möguleikum Alþingis til að afgreiða mál ef þau fengju að lifa hér tvö þing. Þá hefðu nefndirnar tök á því að klára vinnu við mál og þau væru þá tilbúin til framhaldsvinnu á því hausti sem kæmi en nefndir sætu ekki verklausar öll haust vegna þess að það er byrjað upp á nýtt með öll mál og nefndirnar byrja ekki að taka á málunum fyrr en búið er að fara með þau í gegnum 1. umr. í þinginu. Þetta eru sömu málin upp aftur og aftur.

Ef menn gerðu þessa einföldu breytingu á lögum um þingsköp sem gerði það að verkum að mál lifðu tvö þing væri hægt að koma miklu meiru í verk og nefndir þingsins hefðu starfsmöguleika á haustin sem þær hafa ekki. Ég geri ráð fyrir því að allir þingmenn hér hafi upplifað það að fá æðimörg spjöld frá formönnum nefnda þar sem fundarfall hefur orðið þetta haustið.

[11:17]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég fagna þeirri ákvörðun að umræðu um þetta mál verði frestað. Ég vil hins vegar segja fyrir mig að ef ég ætti kost á mundi ég frekar vilja flytja mitt mál síðar. Ég set það í vald fundarstjóra, ég get auðvitað flutt það núna en ég er ekki talsmaður míns flokks í málum sem falla undir iðnaðarnefnd. Ég er í umhverfisnefnd og hef þá aðkomu að þessu. Ég get komið hér með þær athugasemdir sem ég hef við þetta frumvarp að því leyti sem ég hef lesið það og undirbúið, sem ég hef gert að nokkru leyti. Ég get gert það ef forseti vill en ég mundi óska eftir því, ef hægt er, að gera það fremur síðar.

[11:18]

Mörður Árnason:

Forseti. Við ræðum hér í svip frumvarp til vatnalaga sem iðnaðarráðherra hefur mælt fyrir. Málið er afar viðamikið. Um er að ræða ný lög í staðinn fyrir önnur sem hafa lifað hér í — hvað er það nú lengi, eru þau ekki frá 1923, þau sem nú yrðu leyst af hólmi ef þetta yrði samþykkt? Mig minnir það. Jú, þau eru nr. 15/1923, þannig að þau hafa lifað hér í 82 ár, sem er nokkuð hár aldur á lögum.

Frumvarpið sjálft er líka viðamikið. Það er allmargar greinar, þetta er sem sé lagabálkur, ekki breytingar, upp á 43 greinar og í hinu hefðbundna prentformi þingsins er frumvarpið ásamt greinargerð sinni eða athugasemdum 45 síður. Hér þarf því að huga vel að og það sést ósköp einfaldlega á umfangi texta þess sem fylgir málinu.

Ég vil nota þetta tækifæri til að koma að nokkrum athugasemdum sem ég hef og spurningum um frumvarpið.

Í fyrsta lagi er það að nefna að eitt helsta atriði frumvarpsins er breyting á sjálfri skilgreiningu vatnsnota úr því sem kölluð er neikvæð skilgreining — nei, nú held ég að lögfræðinni í sjálfum mér skjöplist — heldur er um að ræða það sem við köllum jákvæða skilgreiningu, úr því sem kölluð er jákvæð skilgreining yfir í það sem kölluð er neikvæð skilgreining á eignarréttarhugtakinu sjálfu.

Þetta á sér mjög merkilega sögu eins og þessi vatnamál öll. Ég verð að skjóta því hér inn í að það er auðvitað sérstakur unaður að lesa þessi lög að ýmsu leyti, bæði þau gömlu og þau nýju, vegna þess að í þeim eru ákvæði sem eru nánast má segja — að vísu ekki alveg bókstaflega en það liggur við — við uppsprettur tungunnar því að sum ákvæði þessara laga eru nánast beint úr Jónsbók og eiga stutt að rekja til þjóðveldislaganna sjálfra með sínum tæra hljómi og skynsamlegri hugsun í flestum greinum sem þar er að finna.

Eignarréttarákvæðið á sér ekki svo gamla sögu eða sú skilgreining, hin jákvæða skilgreining eignarréttar í vatnalögunum, heldur er sú saga rakin ágætlega í frumvarpinu aftur til fyrstu áratuga 20. aldar. Þá voru mjög sterkar deilur, og minna nokkuð á þær deilur sem nú eru uppi, um það hvort þessi vatnsréttindi í heild skyldu teljast þjóðareign, þótt það orð hafi ekki verið notað á þeim tíma, eða eign einstakra manna, þeirra sem áttu land nærri vatninu. Því er lýst hér að í lokagerð laganna náðist á ákveðinn hátt málamiðlun í þessum efnum. Gengið var ansi langt í átt til þeirra sem vildu að eignarréttur manna á landi réði nýtingarrétti þeirra á vatni. En hins vegar var eftir það almenna grundvallarskilyrði eða það almenna grundvallarálit, að vatnsréttindin væru ekki einkaeign sem væri hægt að fara með eins og hver vildi heldur væri til staðar ákveðinn nýtingarréttur en vatnið væri í raun og veru í eign samfélagsins, í þjóðareign eins og við skilgreinum hana núna.

Þetta er mjög mikilvægt mál vegna þess að þessi missirin fer fram veruleg umræða um eignarréttarform. Hjá okkur stendur þetta þannig í raun og veru að lögum að ekki er viðurkennd nema ein gerð eignarréttar, nefnilega einkaeignarréttur, að mestu er það þannig. Þó höfum við ákveðin fyrirbrigði sem teljast vera í þjóðareign og það orð kemur nánast — ef það er ekki það orð þá kemur eitthvað annað mjög svipað fyrir í lögum, t.d. um Þingvelli við Öxará og önnur ýmis fyrirbrigði eru talin vera í þjóðareign, í eign allrar þjóðarinnar, en í því felst annað en einkaeignarréttur ríkisins eða einkaeignarréttur sveitarfélaga. Það sem við þurfum að gera hér á þinginu og ég hygg í samfélaginu öllu er að ræða það hvernig við viljum haga þessum eignarréttarmálum okkar til frambúðar. Það eru ýmis form á eignarrétti, allt frá því að vera í raun eignarréttur á þeim hlutum sem óáþreifanlegastir eru en skipta okkur þó máli, svo sem andrúmsloftið eða norðurljósin. Þar er kannski ekki um neinn eignarrétt að ræða heldur ákveðna skyldu mannkynsins alls til umsjár. Svo höfum við auðvitað það sem gæti verið einhvers konar eign eða umsjárskylda margra þjóða og ríkja. Síðan höfum við þjóðareign sem dæmið um er ágætt, Þingvellir eða t.d. Skarðsbók sem var gefin þjóðinni á sínum tíma. Hún var ekki gefin ríkinu heldur þjóðinni sjálfri. Ríkið á ekki Skarðsbók heldur er það þjóðin sem á Skarðsbók, ríkið fer fyrir hönd þjóðarinnar með þá eign sem er af öðru tagi en t.d. jörð, skrifborð eða hátalari sem ríkið hefur keypt og á á sama hátt og einstaklingur sem á fasteign, skrifborð eða segulband.

Vegna þess að svo er háttað um þetta mál er óskynsamlegt að breyta þeim forsendum sem gömlu vatnalögin byggja á, það er óskynsamlegt að gera það núna. Málið um

eignarréttinn og tegundir hans er í mikilli umræðu um þessar mundir. Sú umræða nær meira að segja til hæstv. ríkisstjórnar. Þó að hún sé nú ekki alltaf inni í því sem er að gerast í samfélaginu, þá er að ég hygg í sáttmála ríkisstjórnarinnar ákvæði um það að auðlindir hafsins verði gerðar að þjóðareign með sérstökum stjórnarskrárbreytingum. Þar er um að ræða sem sé auðlindirnar í hafinu, en hafið er sem kunnugt er vatn, blandað ýmsum öðrum efnum en þó ákaflega skylt því vatni sem rennur á landi og þessi vatnalög ná yfir. Við erum því hér á ákaflega svipuðum slóðum og óhyggilegt að fara að negla niður eða breyta eignarréttarmálum á vatni meðan við höfum ekki gengið frá þessu verkefni sem ég tel að sé eitt af verkefnum okkar áratugar í samfélagsmálum og í stjórnmálum hér á þinginu.

Enn þá óskynsamlegra er að breyta hinni jákvæðu skilgreiningu á eignarrétti að vötnum yfir í neikvæða. Hin jákvæða skilgreining, sem svo heitir, gerir ráð fyrir að allur nýtingarréttur sé upp talinn, það sé klárt hvað má og annað sé bannað vegna þess að sá sem nýtir vatnið er ekki eigandi að því, hann getur ekki gert við það hvað sem honum sýnist. Hann má ekki eyða því með t.d. mengun eða einhverjum öðrum hætti heldur má hann nýta með hætti A, hætti B, hætti C o.s.frv. Þetta er kölluð jákvæð skilgreining.

Hin neikvæða skilgreining, sem er eitt meginefni þessa frumvarps, felst hins vegar í því að sá sem eignarréttinn hefur má gera allt við vatnið, allt sem honum sýnist, allt sem honum hugkvæmist nema það sem menn hafa haft skynbragð á og vit til að festa í lög. Það sem hann má ekki gera er A, B, C, D o.s.frv. Ég tel þetta grundvallarmál og er ekki sammála höfundum greinargerðarinnar um að þetta skipti engu máli og vegna þess að hin neikvæða skilgreining gildi um marga aðra hluti, fasteignir og lausamuni ýmsa og fé, þá sé bara réttast að setja vatnið þar og það sé einfaldast. En það er ákveðin ástæða til þess að vatnið er skilgreint svo í lögum okkar sem nú standa, ástæður sem eru einmitt raktar ágætlega í greinargerð frumvarpsins og varða auðvitað eðli þess sem við erum hér að fást við, eðli vatns, þessarar lífsuppsprettu manns og alls lífs á jörðinni og þess meginafls í náttúrunni sem við hér á Íslandi könnumst við í ótrúlega fjölbreytilegri formum en almennt er um fólk í heiminum.

Ég lýsi yfir andstöðu minni við þessar breytingar og hef varið nokkuð löngum tíma hér í að skilgreina þá andstöðu vegna þess að mér finnst það eitt mikilvægasta málið.

Ég vil svo í öðru lagi, og ætla nú að fara fljótar yfir, vara við þeirri aðferð að allt vatn sé tekið í þessi sérstöku lög án þess að hin margvíslegu not og hinar margvíslegu aðstæður okkar við að nota vatnið, njóta þess og nýta það með ýmsum hætti séu fullkomlega skilgreind.

Í þriðja lagi sem er mjög tengt vil ég teikna upp mikið og stórt spurningarmerki við það, reyndar eins og fyrsti hv. ræðumaður dagsins að loknum inngangi iðnaðarráðherra, að þessi lög séu á valdsviði iðnaðarráðherra. Það er ekki sjálfsagt. Það er í raun og veru tilviljun. Lögin nr. 15 frá 1923 eru sett þegar ríkisstjórn Íslands er þannig skipuð að einn er forsætisráðherra, annar er fjármálaráðherra og hinn þriðji er með öll önnur svið og var kallaður atvinnuráðherra eða atvinnumálaráðherra. Honum var eðlilega falin umsjón þessara mála þar sem þau féllu náttúrlega ekki undir forsætisráðherrann og ekki undir fjármálaráðherrann. Það er síðan ákveðin tilviljun og sögulegur þráður sem auðvitað er gaman að rekja en er engan veginn sjálfsagt náttúrulögmál að vatnalög skyldu hafa lent undir iðnaðarráðherra í því kerfi sem var fyrir 1990. Í raun og veru hefði verið fullkomlega eðlilegt að setja þau annaðhvort öll eða að hluta undir umhverfisráðherra þegar það ráðuneyti varð til, árið 1990 að ég hygg eða a.m.k. um það leyti.

Þegar við erum núna að breyta vatnalögunum, sé á því þörf, eigum við einmitt að ræða það í þaula hvað af þeim á að vera undir iðnaðarráðherra og hvað undir umhverfisráðherra eða hvort þau eiga öll að fara undir umhverfisráðuneytið.

Þessum vilja iðnaðarráðherrans — sem frumvarpið semur — að hafa þetta allt undir sér og eftirmönnum sínum fylgir auðvitað, í fjórða lagi, að sú stofnun sem á að fara með þessi mál og hafa yfir þeim yfirumsjón er Orkustofnun. Nú er Orkustofnun að breytast frá því sem áður var. Það er búið að kljúfa hana í tvennt, skipta henni upp. Hins vegar sé ég ekki að þær breytingar séu orðnar svo stórfenglegar að Orkustofnun sé í raun og veru orðin alvöruumhverfisstofnun á borð við þær stofnanir sem nú eru til, Umhverfisstofnun annars vegar, sem svo heitir, og hins vegar Náttúrufræðistofnun, rannsóknir og stjórnsýsla, að ... Hér verð ég, forseti, að fagna því einlæglega að inn gengur sjálfur formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, og harma ég það að hann skuli ekki hafa verið hér áheyrsla umræðunnar fyrr í dag. En það er ekki hans sök, ég vil taka það mjög skýrt fram, vegna þess að honum hefur sjálfsagt ekki verið kunnugt um að málið væri hér á dagskrá, eða kunnugt um það svo seint að hann gat ekki gert þær ráðstafanir að koma hér á réttum tíma. (**BJJ:** ... umræður um málið ...) Mér er ekki kunnugt um það en vaninn er sá að formenn nefnda séu á staðnum þegar rætt er um mál sem undir þá heyra eða þá einhverjir staðgenglar þeirra þegar um það er að ræða.

Forseti. Ég biðst afsökunar á því að hafa svarað þingmanninum hv. beint en svona vill þetta stundum verða.

Ég var að tala um Orkustofnun og ég veit að þar vinnur margt gott fólk sem hefur mikið vit á bæði nýtingu auðlinda og líka á notum þeirra fyrir mannskepnuna og lífríkið að öðru leyti, margir menn með góða umhverfisvitund. Ég efast samt um að Orkustofnun sé til þess fallin miðað við sögu sína og bakgrunn að eiga við öll þau mál sem nú á að fela henni, í ramma bæði frumvarpsins um jarðrænar auðlindir og þessara vatnalaga.

Að lokum vil ég segja — ég ætla ekki að fara hér í atriði máls, ég vona að það verði gert síðar — að ég tek undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur sem sagði áðan að eðlilegt væri að umhverfisráðherra væri viðstaddur þessa umræðu. Það háttar svo til um þetta mál að því er við teljum, ýmis hér, að það er allt eins á sviði þess ráðherra. Ég ber fram þá frómu ósk að heyra hvað sá ráðherra, hæstv. umhverfisráðherra, leggur til málsins í þessari umræðu.

Í blálokin vil ég draga ræðu mína þannig saman að ég tel að betra sé að þetta frumvarp bíði. Eignarréttarbreytingar þess eru þannig að það væri ráð að það biði betri og nánari umræðu um eignarréttarmálin almennt í lögum okkar um auðlindir okkar og biði líka vegna þess að sennilega eru

tímarnir ekki orðnir nógu þroskaðir til þess að við tökum jafnstórfenglegar ákvarðanir í auðlindamálum okkar og þessi vatnalög eru dæmi um.

Mig minnir þannig, forseti, að í frumvarpinu um jarðrænar auðlindir sé meiningin að gera þær breytingar sem óhjákvæmilegar þykja þeim sem það flytur en síðan átti að stofna nefnd sem átti að ræða sérstaklega auðlindamál önnur og framtíðartilhögun þeirra. Ég spyr hæstv. iðnaðarráðherra, þó að ég viti að hún svari því ekki fyrr en í síðari hluta þessarar umræðu, af hverju vatnalögin, þau sem nú eru og hugsanlega breytingar á þeim, eru ekki viðfangsefni þeirrar nefndar frekar en að þau séu sett í gegnum þingið og greinilega rekin áfram með þeim hraða sem raun ber vitni.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Vegna beiðni tveggja hv. þingmanna um viðveru hæstv. umhverfisráðherra vill forseti geta þess að hæstv. umhverfisráðherra hefur fjarvistarleyfi í dag.)

[11:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. forseti hefur ákveðið að hún vilji hlýða á hina verri ræðu mína með því að fallast ekki á að fresta umræðunni með mælendaskrána óbreytta. Sú ræða mun ekki fjalla um efni þessa frumvarps nema að litlu leyti, einfaldlega vegna þess að það þarf ég að skoða betur. Ég tel hins vegar að fleiri en ég eigi að gefa sér lengri tíma til að skoða það.

Lögin sem eru í gildi um þessi efni eru frá 1923. Það vill svo einkennilega til að þegar þau voru sett hefur þeim sem þá voru í þessum sölum tekist alveg sérstaklega vel til sem allir hljóta að sjá af því að á þessi lög hefur sjaldan reynt. Þau hafa sem sagt staðist tímans tönn og það er auðvitað ekki rétt að á þeim hafi ekki verið gerðar breytingar, fjölmargar breytingar hafa orðið á þeim á þessum tíma.

Hitt vil ég endurtaka að ég hef heimildir fyrir því að mjög sjaldan hafi reynt á þessi lög í málatilbúnaði lögmanna og fyrir dómstólum. Þess vegna held ég að menn hafi ágætistíma til að fara vandlega í gegnum þær hugmyndir um breytingar sem hér eru á ferðinni. Ég ætla svo sem ekki fyrir fram að vera með þær skoðanir uppi að ekki megi endurskoða núgildandi lög og að ýmislegt í frumvarpinu geti ekki verið skynsamlegt. Ég er alveg til í að skoða það allt saman.

Mér finnst menn stofna til þessarar umræðu með meiri hraða en ástæða er til. Ég tel að bæði þetta frumvarp og önnur sem hafa orðið til í tengslum við þá vinnu sem ráðherra iðnaðarmála og fleiri ráðherrar hafa staðið fyrir um breytingar á bæði þessum lögum og öðrum séu það stór mál að langur tími eigi að fara í að skoða þau. Ég held að úr því sem komið er sé í sjálfu sér ekkert athugavert við að menn klári þessa umræðu, þegar þingmönnum hefur gefist ráðrúm til að undirbúa sig fyrir hana, og að málið fari til nefndar og umsagna, eins og gert hefur verið með lögin um jarðrænar auðlindir. En ég hef þann stóra fyrirvara við þetta allt saman að menn taki sér þann tíma sem þarf.

Hér er ekki verið að fara í eitthvert smáverkefni. Hér eru á ferðinni gríðarlega miklir hagsmunir fólks í landinu, almennings, fyrirtækjanna, ríkisins, og það er ekki sama hvernig menn skipa þessum málum til framtíðar. Hér á að fara að hrófla við fornum hefðum, afstöðu manna til eignarréttar af ýmsu tagi í gegnum langa tíð. Það kann aldrei góðri lukku að stýra að fara með einhverjum ofsa eða hraða í slíkar breytingar. Engar ástæður til slíks eru sjáanlegar hvað varðar þessi vatnalög þannig að uppi séu stór vandamál. Stór vandamál sem varða eignarrétt og nýtingarrétt í landinu birtast ævinlega í málatilbúnaði fyrir dómstólum og þar geta menn séð hvort mikil vandamál eru á ferðinni í einstökum greinum. Þó svo að hægt sé að finna í þessum vatnalögum ýmislegt sem virðist ekki eiga beint við í dag, samkvæmt orðanna hljóðan o.s.frv., ætti það ekki að gera það að verkum að menn þurfi að flýta sér um of í endurskoðun laganna.

Við ræddum frumvarpið um jarðrænar auðlindir fyrir áramótin og það mál er komið í farveg til vinnslu í iðnaðarnefndinni. Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að hluti af þessari umræðu hljóti að vera hverjir eigi að fara með forræðið í þessum málum öllum saman. Ég tek undir það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, hv. þm. Merði Árnasyni, að það er ekki sjálfsagt mál að ráðherra iðnaðarmála fari með þau mál sem hér eru á ferðinni. Ég held að taka ætti það til mjög gaumgæfilegrar skoðunar hvar sá málaflokkur eigi að liggja.

Ráðherra iðnaðar og viðskipta hefur — kannski að sumu leyti af eðlilegum ástæðum — talið sig vera ráðherra atvinnumála og viðskiptanna í landinu en ekki umhverfisins eða þess að þess sé vandlega gætt hvað við skiljum eftir handa afkomendum okkar í framtíðinni af þeim verðmætum sem landið hefur upp á að bjóða. Það er og ætti auðvitað að vera mál númer eitt hvað varðar málefni eins og vatn og meðferð þess. Þar með er ég ekki að gera lítið úr þeim hagsmunum sem tengjast nýtingu vatns og vatnsréttinda en ég er hins vegar á þeirri skoðun að menn megi ekki verða of uppteknir af því hlutverki að hugsa um hagsmuni fyrirtækja og nýtingarréttinn sjálfan.

Svo ætla ég að endurtaka það að breytingar á nýtingarrétti og réttindum manna, samfélagsins og fyrirtækjanna, er gríðarlega vandmeðfarið mál og hefur, eins og menn þekkja, vakið meiri deilur með þjóðinni en dæmi eru til um varðandi önnur málefni í þessu landi og þá vísa ég til nýtingarréttar á auðæfunum í hafinu.

Sú ríkisstjórn sem núna situr hefur sýnt sig í því að vilja hrófla mikið við eignarrétti og nýtingarrétti og allt út frá þeirri sömu skoðun að eignarréttur og nýtingarréttur eigi að vera einkaeign fyrirtækja eða einstaklinga en ekki almennings. Hún hefur umgengist jafnvel sín eigin lög með fullkominni fyrirlitningu. Þá vísa ég til 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Ég vísa líka til þeirra laga sem voru sett um samningsveð í sölum Alþingis og verða Alþingi ævinlega til skammar og ætti aldrei að gleymast þeim sem hér ganga um sali að lesa þau vandlega yfir. Ég beini því til nýrra og ungra þingmanna að kynna sér þau lög, þá dellu sem þar var samþykkt.

Þetta var kannski svolítill útúrdúr vegna þess að mér hefur illa líkað hvernig sú ríkisstjórn sem nú situr hefur gengið fram í efnum af þessu tagi. Alltaf skal maður þó halda í von og allir skulu hafa rétt til að bæta sitt ráð. Ríkisstjórnin sem nú situr og hefur sett það í sinn stjórnarsáttmála að eignarréttur þjóðarinnar á auðlindinni í hafinu verði til framtíðar og að sá eignarréttur verði settur í stjórn-

arskrá. Ég ætla að trúa því þangað til ég tek á öðru að það verði alvöru eignarréttur, sameiginlegur eignarréttur, en ekki bara í plati eins og í lögunum um samningsveð sem þessi ríkisstjórn stóð fyrir að setja. Það verður fróðlegt að sjá hvernig menn ætla að ganga frá því máli.

Undirliggjandi í þessum málum öllum er það að ríkisstjórnarflokkarnir vilja breyta eignarrétti hvað varðar auðlindir. Það hefur komið fram bæði í þessu frumvarpi og líka í frumvarpinu um jarðrænar auðlindir sem ég nefndi áðan.

Hæstv. forseti. Ég tel að það hefði verið betra að þingmenn hefðu fengið að vita af því fyrr en raun bar vitni að þessi umræða ætti að fara fram. Ég hefði að minnsta kosti þurft á því að halda til að geta farið ofan í einstakar greinar og til að spyrja hæstv. ráðherra um meiningarnar sem eru á bak við einstakar niðurstöður hér. En auðvitað átta þingmenn sig á aðalatriðinu sem er hér á ferðinni sem er sú breyting að eignarrétturinn verði gerður sterkari hjá einstaklingum og fyrirtækjum á kostnað sameiginlegs eignarréttar á þessum auðlindum.

Ég er alveg sannfærður um að fjölmargt þarf að skoða hér mjög vandlega en endurtek að lokum, því ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína lengri, að til þess er nægur tími. Ég minni á færeyska máltækið að það kemur alltaf meiri tími.

[11:50]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur verið ákveðið að fresta þessari umræðu þannig að ég ætla ekki að lengja hana í sjálfu sér. En ég ætla að koma með smávegis viðbrögð við því sem hér kom fram hjá hv. þingmanni. Þegar hann talar um að ríkisstjórnin leggi mikla áherslu á að einkarétturinn skuli í hávegum hafður þá vil ég minna á þjóðlendumálin þar sem ríkisstjórninni er legið á hálsi fyrir að virða ekki eignarréttinn. Hún hefur þar átt í deilum við bændur út af því máli og ekki síst á Suðurlandi. Þar talar Samfylkingin allt öðrum rómi en á hv. Alþingi. Samfylkingin á Suðurlandi og varaformaður Samfylkingarinnar standa 100% með bændum í þeim deilum sem bændur á Suðurlandi hafa átt við ríkisvaldið. Sá tónn sem hér heyrist sannfærir mig því um að í þessu máli eins og flestöllum öðrum er Samfylkingin með tvær skoðanir. Nú talar gamla Alþýðubandalagið á hv. Alþingi um það að ríkisstjórnin sé að leggja of mikla áherslu á einkaréttinn. Svo er annað upp á teningum í hinu tilfellinu eins og ég fór yfir áðan þannig að ég veit aldrei á hverju ég á von þegar ég kem fram á Alþingi með mín mál og þetta var uppi núna.

Talað er um að þetta mál ætti að vera umhverfismál og að umhverfisráðherra ætti að flytja það og það ætti að heyra undir stofnanir umhverfisráðuneytisins. Þetta frumvarp snýr ekki að þeim lögum sem eru t.d. náttúruverndarlög og lúta að umhverfisvernd. Þetta eru lög sem varða vatnsnýtingu í landinu og hv. þingmaður sagði áðan að hann væri ekki á móti nýtingu. Við eigum gnægð vatns og getum verið ákaflega stolt og þakklát fyrir það. En við viljum nýta það og mér virðist hv. þingmaður í lok ræðu sinnar vera mér sammála um það.

[11:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sannarlega á því að við þurfum að nýta okkar auðlindir, þar á meðal vatnið. Ég tek það hins vegar ekki til baka að mér hefur fundist að þessi ríkisstjórn væri á fullri ferð í því að reyna að koma á einkaeignarrétti og nýtingarrétti af öllu tagi þar sem hún kemur því við.

Varðandi þjóðlendumálin verð ég að viðurkenna að ég hef þá skoðun að ríkið hafi ekki átt margra kosta völ annarra en láta reyna á ýmislegt af því tagi sem var uppi um ágreining hvað þjóðlendurnar varðaði fyrir dómstólum. Hvernig menn líta svo á einstök ágreiningsefni hvað það varðar getur verið með ýmsu móti. Ég geri ráð fyrir því líka að svo muni verða með mjög mismunandi hætti eftir því hvar er á landinu því það hagar ekki alls staðar eins til hvað varðar þessar þjóðlendur og forna nýtingu á löndum og hálendinu sem tilheyrir og verið er að takast á um. Mér finnst því í sjálfu sér að þessi átök um fjöllin og heiðarnar á Suðurlandi eigi ekki mikið erindi í þá umræðu sem ég hafði uppi.

Hæstv. ráðherra er eitthvað viðkvæm fyrir þessari umræðu sem ég var með og mér finnst það í sjálfu sér gott. Það bendir til þess að eitthvað af því sem ég sagði hafi vakið þann part af samviskunni sem eftir er.

[11:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég er að leita eftir er hvort hv. þingmaður og Samfylkingin aðhyllast þjóðnýtingarstefnu eða ekki. Miðað við ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar heyrist mér að svo sé, að það (Gripið fram í.) sé þjóðnýtingin sem er uppi (**MÁ:** Á hvaða ...) en hins vegar styðji þeir ekki einkaréttinn. Mér finnst bara mjög mikilvægt að fá úr þessu skorið (Gripið fram í.) nú á dögum þegar við erum að færa okkur til meira frjálsræðis eins og aðrar þjóðir Evrópu, að þá sé enn þá uppi þessi þjóðnýtingarstefna hjá Samfylkingunni.

Þetta frumvarp er fyrst og fremst formbreyting eins og ég talaði um áðan. Það er verið að færa frumvarpið, lögin, frá því að hafa jákvæða nálgun yfir í það að hafa þessa neikvæðu nálgun. Hér er því fyrst og fremst um formbreytingu að ræða og ef Samfylkingin ætlar að vera á móti þessu máli á þeim grundvelli að skilgreiningin sé þessi þá finnst mér það mjög athyglisvert. Ég held að það sé eftirtektarvert fyrir þjóðina að átta sig á því að þessi mikli nútímaflokkur er enn þá í þjóðnýtingarstefnunni.

[11:55]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði í fyrsta lagi í ræðu minni að ég teldi alveg ástæðu til að skoða þetta mál og fara vandlega yfir það og útilokaði ekkert að breytingar gætu orðið hvað varðar þessi málefni og varðandi ný lög þá þurfa menn að taka sér góðan tíma til þess.

Annars vegar talar ráðherrann um formbreytingu sem maður skilur yfirleitt þannig að þá sé í raun ekkert að breytast heldur að menn séu að breyta forminu. En í hinu orðinu hoppar hæstv. ráðherra yfir í að saka okkur um að vilja

verja einhvers konar þjóðnýtingu. Eru vatnalögin einhvers konar þjóðnýtingarplagg? Ef þau standa áfram er þá einhver þjóðnýting í gangi? Hvers lags vitleysa er þetta? Ég átta mig ekki alveg á því hvað ráðherrann er að fara. Ég tel að þetta sé vandmeðfarið mál, að hér séu á ferðinni gríðarlega margs konar og marglitir hagsmunir fólks, þjóðarinnar og fyrirtækjanna. Ég sé enga ástæðu til að menn flýti sér mikið í málefni af þessu tagi þegar ekki hefur verið bent á eitt einasta atriði sem styður það að aðkallandi sé að ljúka endurskoðun á þessum lögum. Hæstv. ráðherra mótmælti því ekki sem ég sagði áðan og ég hef fyrir því heimildir að það hefur ekki verið stórkostlegt verkefni í réttarkerfinu á Íslandi að takast á um mál sem varða vatnalögin. Af hverju hefur það ekki verið? Vegna þess að menn hefur ekki greint á um hvaða reglur séu í gildi. Þess vegna liggur ekkert á. Það er ekki þar með sagt að ekki megi skoða þetta og fara vandlega yfir þetta og fyrir fram er ég alls ekki að segja að ég sé á móti því að það komi ný lög um þessi efni.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 11:58]

[13:30]

Útbýting:

Efling fjárhags Byggðastofnunar, 468. mál, þáltill. HerdS, þskj. 720.

Nýgengi krabbameins á Norðurlöndum, 358. mál, svar heilbrrh., þskj. 715.

Úrbætur í málefnum barna sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi, 444. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 693.

Umræður utan dagskrár.

Félagsleg undirboð á vinnumarkaði.

[13:31]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að það færist nú ört í vöxt að erlendar starfsmannaleigur bjóði vinnuafl á kjörum sem eru undir því sem við Íslendingar teljum boðlegt. Þannig hefur Morgunblaðið upplýst að hér á landi sé nú nægilegt framboð af ódýru og ólöglegu vinnuafli. Það kemur líka fram í úttekt blaðsins að það séu sjaldnast greiddir skattar eða launatengd gjöld af slíku vinnuafli. Það búi líka við verulega skert öryggi og fái t.d. ekki það sem við teljum sjálfsagt eins og veikindarétt. Ástæðan að mínu mati er ekki síst sú að íslensk stjórnvöld hafa sofið á verðinum. Þau hafa ekki sinnt ítrekuðum kröfum stjórnarandstöðu og verkalýðshreyfingar um að setja lög og reglur um starfsmannaleigur. Þau hafa ekki tryggt með raunhæfum hætti að hægt sé að beita fyrirtæki nægilega ströngum viðurlögum ef þau brjóta lögin, kjarasamninga, eða það sem færist líka í vöxt virða ekki starfsréttindi. Stjórnvöld hafa heldur ekki tryggt að lögum um iðnréttindi sé framfylgt við Kárahnjúka þar sem ófaglærðir starfsmenn ganga í störf iðnaðarmanna svo hundruðum hefur skipt á síðustu árum og missirum. Síðast en ekki síst er ekki enn búið að tryggja að skattskylda sé hér á landi, þ.e. að skattar séu greiddir á Íslandi þegar starfsmenn koma hingað í gegnum erlendar starfsmannaleigur.

Það eru þessi lausatök sem hafa skapað aðstæðurnar sem eru orðnar að gróðrarstíu fyrir ófyrirleitnar starfsmannaleigur og nú einskorðast félagsleg undirboð ekki lengur við verktakabransann heldur hafa þau sáð sér eins og samfélagslegur sjúkdómur út í atvinnulífið alveg eins og við í stjórnarandstöðunni vöruðum við að mundi gerast ef stjórnvöld gripu ekki strax í taumana við Kárahnjúka. En á meðan þetta gerist heyrist varla bofs frá stjórnvöldum. Hæstv. ráðherra sefur værum svefni Þyrnirósar og hann virðist ekki hafa hugmynd um hvað er í gangi. Og meðan ráðherrann sefur gagnrýna ábyrgir forustumenn eins og formaður Samiðnar stjórnvöld harkalega fyrir slælegt eftirlit með ólögmætu vinnuafli og meðan ráðherrann sefur upplýsir Morgunblaðið um það að heilar íbúðablokkir séu byggðar með vinnuafli af þessu tagi, og meðan ráðherrann sefur eru ófyrirleitnir verktakar að greiða allt niður í 400 kr. á tímann sem er einungis fimmtungur af eðlilegum kostnaði. Undirboð af þessu tagi valda ferns konar miska fyrir samfélagið og einstaklingana. Þau fela í sér brot á mannréttindum og misnotkun á erlendu verkafólki sem vegna félagslegra aðstæðna verður að sætta sig við kjör sem við Íslendingar mundum aldrei fallast á fyrir okkur sjálf. Og þau rýra samkeppnishæfi innlends verkafólks sem getur að lokum leitt til lægri launa og skerðingar á félagslegum réttindum. Þau rýra líka samkeppnishæfi þeirra fyrirtækja sem hvorki vilja af siðferðilegum ástæðum né geta notað svona aðferðir. Að lokum leiðir þetta til þess að samfélagið tapar í vaxandi mæli skatttekjum og getur ekki staðið undir því velferðarkerfi sem við höfum saman byggt upp. Þetta, virðulegi forseti, eru ástæðurnar fyrir því að hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin öll verður að vakna, verður að taka höndum saman með okkur hinum öllum til þess að sporna við og vinda ofan af þessari þróun. Hún grefur nefnilega undan þeirri samfélagsgerð sem við höfum byggt og er undirstaða hins rómaða velferðarkerfis okkar hér á landi.

Herra forseti. Félagsleg undirboð á vinnumarkaði gerast einkum með þrenns konar hætti. Í fyrsta lagi gegnum erlendar starfsmannaleigur sem verktakinn greiðir þá fastar greiðslur en hefur hins vegar engar sérstakar skyldur gagnvart starfsmanninum sem er oft meira og minna réttlaus og greiðslurnar fyrir vinnuafl hans undir raunverulegum kostnaði.

Í öðru lagi koma starfsmenn án atvinnuleyfis inn á markaðinn en í gegnum umboðsaðila hér á landi, íslenska eða erlenda. Þeir greiða oft enga skatta, njóta engra réttinda, búa oft við ákaflega erfið og þröng kjör, jafnvel í gámum eða fokheldu húsnæði eins og við höfum séð fréttir um nýlega.

Í þriðja lagi færist svo í vöxt að fyrirtæki, sér í lagi fyrirtæki í byggingariðnaði, flytji inn fólk í skjóli þjónustusamninga sem eru á kjörum sem eru óboðleg. Félagslegu undirboðin eru ekki heldur lengur bundin við stóra verktaka í byggingariðnaði. Þau eru að færast í vöxt í öðrum greinum eins og landbúnaði, málmiðnaði og þjónustugreinum. Það sem menn komast upp með við Kárahnjúka taka menn upp annars staðar ef þeir geta grætt á því og ég vil spyrja hæstv. félagsmálaráðherra: Hvað hyggst hann gera til þess að vinda ofan af þessari uggvænlegu þróun og vernda í

senn erlent og innlent vinnuafl og líka okkar ágætu fyrirtæki gegn þessum félagslegu undirboðum?

[13:36]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Það er vissulega rétt að það er áhyggjuefni ef það reynist rétt að starfandi útlendingum hér á landi séu ekki greidd laun í samræmi við kjarasamninga. Ég ætla ekki að endurtaka ræðu mína frá því í október sl. þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon beindi til mín fyrirspurn um sama efni. Ég vil engu að síður ítreka að það er enginn vafi í mínum huga að lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, eiga að tryggja að kjarasamningar sem samtök aðila vinnumarkaðarins hafa gert gildi sem lágmarkskjör fyrir launamenn hér á landi. Þetta ákvæði gildir óháð þjóðerni manna.

Einnig er ég þeirrar skoðunar að við eigum að virða það vinnumarkaðskerfi sem við höfum verið að byggja upp á síðustu áratugum í náinni samvinnu stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins. Þannig má segja að kerfið okkar grundvallist á samningum milli aðilanna sjálfra.

Það hefur lengi verið sátt um það að samtök aðila vinnumarkaðarins semji um kaup og kjör launafólks sem og önnur vinnuskilyrði. Hið sama hefur gilt um eftirlit með að kjarasamningar skuli haldnir. Hefur þetta ekki síst þótt eðlilegt í ljósi þess að um frjálsa samninga er að ræða milli aðila.

Hæstv. forseti. Þrátt fyrir þá sátt sem ríkt hefur um kerfið fram til þessa er það ekki nýtt að menn hafi tekist á um túlkun kjarasamninga. Lögð hefur verið áhersla á að aðilar komi sér upp samráðsnefndum á grundvelli kjarasamninga til lausnar deilum sínum með friðsamlegum hætti. Það kerfi var styrkt í sessi hér í þessum þingsal fyrir fáeinum vikum þegar þingið samþykkti lög nr. 145/2004 er fólu í sér breytingu á fyrrnefndum lögum nr. 55/1980. Þar var samningum aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um málsmeðferð í ágreiningsmálum, m.a. vegna starfskjara erlendra starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði, fengið sama almenna gildi og samningar þeirra um laun og önnur starfskjör hafa.

Í tilvikum þegar menn eru ófáanlegir að samningaborðinu eða lausn ekki í sjónmáli er heimilt að stefna aðilum fyrir félagsdóm. Um starfsemi hans gilda lög frá árinu 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur en hlutverk hans er m.a. að dæma í málum sem rísa út af ákærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans. Komist félagsdómur að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn ákvæðum kjarasamnings er heimilt að knýja samningsaðila til efnda með vinnustöðvun hvort sem kjarasamningur er í gildi eður ei, sbr. 17. gr. laganna frá 1938. Er þarna um að ræða undanþágu frá friðarskyldu aðila á vinnumarkaði.

Hæstv. forseti. Ég spyr: Vilja menn varpa þessu kerfi fyrir róða vegna grunsemda um ætluð brot einstakra fyrirtækja á starfsmönnum sínum? Er ekki ráð að láta reyna á málin til þrautar innan þess kerfis sem við þegar höfum? Það að ætla að koma á opinberu eftirliti með launakjörum eins og ég hef sífellt oftar heyrt nefnt í umræðunni þýðir líka, hæstv. forseti, að opinberir eftirlitsmenn fari að túlka kjarasamninga í störfum sínum. Ég leyfi mér að stórefast um að það sé það sem menn vilji.

Með þessum orðum mínum er ég ekki að segja að ekkert þurfi að aðhafast. Alþýðusambandið afhenti mér á dögunum greinargerð sína er fjallaði m.a. um veitingu atvinnuleyfa til þriðja ríkis borgara. Ég tók málið alvarlega að sjálfsögðu og það var rætt í ríkisstjórn. Ljóst var að nokkur álitamál voru uppi í framkvæmdinni og voru menn sammála um að finna þyrfti raunhæfa lausn á tilteknum atriðum varðandi útgáfu dvalar- og atvinnuleyfa. Kynnti ég fulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins afrakstur þeirrar vinnu á þriðjudag eins og fram hefur komið í fjölmiðlum.

Hæstv. forseti. Starfshópur er hefur það hlutverk að fjalla um stöðu starfsmannaleigna á innlendum vinnumarkaði er enn að störfum enda viðfangsefnið umfangsmikið. Hefur hópurinn m.a. litið til framkvæmda annarra Evrópuríkja í þessu efni og hefur hann undir höndum þau svör er ég fékk við fyrirspurn minni til samstarfsráðherra minna á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins um þetta efni.

Ég hef sömuleiðis haft frumkvæði að því bæði á vettvangi evrópskra ráðherra sem um þessi mál fjalla og á vettvangi Norðurlandasamstarfsins að málefni starfsmannaleigna og félagslegra undirboða verði tekin til umfjöllunar. Þar á meðal ræddi ég þessi mál sérstaklega við hollenska vinnumálaráðherrann er Holland var í formennsku Evrópusambandsins á síðasta ári.

Ég get jafnframt upplýst um það að þessi mál eru þegar á borði einstakra nefnda innan Norðurlandasamstarfsins. Meðal annars er að finna verkefni innan nýrrar norrænnar samstarfsáætlunar á sviði vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismála sem ætlað er að fjalla sérstaklega um mismunun á vinnumarkaði og félagsleg undirboð sem og ný ráðningarform, þar á meðal vandamál er tengjast vinnumiðlunum. Þessi samstarfsáætlun tekur til áranna 2005–2008.

Hæstv. forseti. Eins og ég hef margoft sagt legg ég á það áherslu að viðhalda því vinnumarkaðskerfi sem við þekkjum svo vel. Ég trúi því að þetta kerfi sé ekki úrelt enda þótt einhverjir vaxtarverkir geti að sjálfsögðu fylgt þeirri alþjóðavæðingu sem á sér stað. Þess vegna mæli ég með því að menn stígi varlega til jarðar í fullyrðingum sínum og velti betur fyrir sér því kerfi sem við þegar höfum þróað. Ég fagna því tækifæri sem hér gefst til að fara enn og aftur yfir þessi mál og hvet til þess að fram fari málefnalegar umræður um hvaða leiðir eru færar til að aðlaga okkar kerfi að því breytta umhverfi sem við erum vitni að. Ég er hins vegar ekki tilbúinn til að mæla því bót að því kerfi verði kollvarpað sem reynst hefur okkur ágætlega gegnum tíðina án þess að fyrst sé á það reynt til þrautar.

[13:41]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þegar Landsvirkjun fyrir hönd ríkisstjórnarinnar gekk til samninga við ítalska fyrirtækið Impregilo hlutu menn að vita hvað í vændum var, m.a. að öll fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að 80% starfsmanna yrðu Íslendingar voru út í loftið enda varð niðurstaðan öfug, 80% innflutt vinnuafl og 20% innlent. Impregilo sem á sér hrikalega sögu við framkvæmdir í þróunarríkjum Afríku, Suður-Ameríku og víðar var með 40% lægra tilboð en önnur fyrirtæki sem buðu í verkið. Reyndar höfðu flest önnur

fyrirtæki hrökklast frá því að bjóða á annað borð þegar upp rann fyrir mönnum hvaða vinnubrögð voru viðhöfð.

Eins og menn rekur eflaust minni til gerðist sá fáheyrði atburður að Landsvirkjun skýrði opinberlega frá kostnaðarmati sínu áður en tilboðsfrestur rann út. Sýnt var að Impregilo ætlaði sér að ná í þennan bita og var ætlaður bitinn. Öllum sem vildu vita var ljóst að Impregilo mundi freista þess að ná kostnaði niður með því að falast eftir ódýrasta vinnuafli í heimi til að vinna verkin og gera allt með eins litlum tilkostnaði og hægt væri. Allt þetta hefur gengið eftir.

Allar götur frá upphafi hefur síðan staðið í stappi við verkalýðshreyfinguna, fyrst um aðbúnað, síðan um starfsréttindi, þá um kjör, einnig um skatta og, hæstv. ráðherra, menn takast ekki einvörðungu á um túlkun kjarasamninga heldur um landslög og brot á landslögum. Og því miður hefur það gerst þótt ekki sé það einhlítt að stofnanir hins opinbera undir forræði ríkisstjórnarinnar hafa stillt sér upp með fyrirtækinu og aðeins drattast af stað eftir að upp hefur verið byggður þrýstingur af hálfu verkalýðshreyfingarinnar. Afleiðingarnar eru síðan farnar að segja til sín eins og kom fram í máli hv. frummælanda, Össurar Skarphéðinssonar, að þetta er farið að menga allt atvinnulíf í landinu og setja svip á þann veruleika sem við búum við og Morgunblaðið lýsir undir fyrirsögninni: Nægt framboð hérlendis af ódýru og ólöglegu vinnuafli. (Forseti hringir.) Á þessu þarf að taka en það verður einvörðungu gert í samráði og nánu samstarfi við íslenska verkalýðshreyfingu.

[13:44]

Guðjón Hjörleifsson:

Herra forseti. Í gildi er samkomulag milli Impregilo og landssambanda ASÍ sem eiga aðild að samráðsnefnd um virkjanasamninga. Í 2. gr. samningsins stendur, með leyfi forseta:

„Aðilum er ljóst að sérstakar aðstæður skapast þegar starfsmenn í ráðningarsambandi við erlend fyrirtæki undir erlendum lögum eru sendir til starfa á Íslandi. Aðilar árétta þann skilning að hlutaðeigandi starfsmenn njóti áfram þeirra réttinda sem ráðningarsamningar þeirra kveða á um. En í þeim tilvikum þar sem réttindi samkvæmt virkjanasamningi eða íslenskum lögum eru starfsmönnunum hagkvæmari gildir hið síðarnefnda."

Samkomulag þetta kveður á um hvernig tryggt verði að ákvæði virkjanasamnings um að lágmarkskjör verði virt við uppgjör á launum erlendra starfsmanna sem greidd eru árslaun sín í 12 mánaðarlegum greiðslum. Einnig er rætt um framlag í lífeyrissjóði, staðgreiddan tekjuskatt að teknu tilliti til persónuafsláttar. Í samkomulaginu kemur fram að það sé hlutverk trúnaðarmanna stéttarfélaga á vinnustað að ganga úr skugga um að gerðir kjarasamningar séu haldnir gagnvart starfsfólki. Stjórnvöld hafa ekki heimild til að kanna launakjör almennt á vinnumarkaði, hvorki hjá útlendingum né öðrum. Það er og verður að vera frumkvæði stéttarfélaga og viðkomandi trúnaðarmanns að gæta hagsmuna félagsmanna sinna telji þeir að brotið sé á mönnum samkvæmt samningum.

Herra forseti. Á fundi félagsmálanefndar kom það fram að töluvert hefur verið gert af því að bjóða fólki vinnu sem er á atvinnuleysisskrá en viðbrögð hafa því miður ekki verið mikil. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu á fundi félagsmálanefndar hefur gengið illa að fá innlenda iðnaðarmenn, vélamenn eða byggingarverkamenn til starfa við Kárahnjúka sem segir okkur að atvinnuástand þessara starfsstétta sé mjög gott.

Samkvæmt sjónvarpsfréttum í gærkvöldi er mikil uppbygging á íbúðamarkaði. Ég hef meiri áhyggjur af því að sú umræða sem stjórnarandstaðan hefur verið með verði til þess að verktakar sem bundnir eru samningum um afhendingu íbúða fari að ráða fleira starfsfólk utan EES-svæðisins til sín og það getur haft mikil áhrif á vinnumarkaðinn til framtíðar litið. Það er líka áhyggjuefni hve margir eru atvinnulausir hér á landi og að ekki sé hægt að koma hluta þeirra í vinnu þegar mikið framboð er af störfum.

Hvað varðar aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum gilda sérstök lög og samkvæmt þeim hefur Vinnueftirlit ríkisins það eftirlitshlutverk sem gerir skýlausar kröfur um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Svo langt getur Vinnueftirlitið gengið að ef atvinnurekandi verður ekki við kröfum þess um úrbætur er hægt að beita atvinnurekandann þvingunarúrræðum. Eftirlitsþátturinn er til þess fallinn að koma í veg fyrir félagsleg undirboð hvað varðar aðbúnað starfsmanna án tillits til þjóðernis þeirra.

[13:46]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Ef ég stæði frammi fyrir því vali í dag til hvers 100 milljarðar af opinberu fé yrði varið, annars vegar til stíflugerðar eins og þekkist nú að Kárahnjúkum og hins vegar til nýsköpunar jafnt á landsbyggðinni sem á höfuðborgarsvæðinu yrði seinni kosturinn valinn.

Persónuleg afstaða mín að þessu leyti breytir því ekki að ríkisstjórn Íslands ákvað að verja 100 milljörðum kr. til stíflugerðar að Kárahnjúkum, sem aftur leiðir til þeirrar umræðu sem við stöndum frammi fyrir í dag. Ófyrirséðir atburðir sem snúa að verkfræðilegum þætti stíflugerðarinnar hafa valdið miklum töfum á verkinu en með auknu framkvæmdastigi í janúar og febrúar á þessu ári átti að mæta töfunum og um leið tryggja verkskil á réttum tíma.

Sökum þessa hefur verktakinn leitað til kínverskra verktaka og iðnaðarmanna sem vanir eru hliðstæðum veðurfarslegum aðstæðum og jafnframt verkum af þessu tagi í heimalandi sínu. Á meðan íslenskir verkamenn fást ekki til starfa á svæðinu og á meðan flestir Suður-Evrópubúar geta ekki hugsað sér að starfa við þessar erfiðu veðurfarslegu aðstæður verðum við að tryggja aðgengi verkamanna, m.a. frá Kína, til starfa á svæðinu. Þeir Kínverjar sem fyrir eru á svæðinu hafa að sögn kunnugra reynst frábærir starfsmenn í þessu harðgerða umhverfi.

Þegar kemur að aðbúnaði og aðstöðu starfsmanna í sjálfum búðunum er að mínu mati upp á lítið að klaga. Ég tel mikilvægt fyrir embættismenn að kynna sér aðstæður frá fyrstu hendi áður en dómar eru látnir falla um þessi mál. Að mínu viti tekur aðbúnaður starfsmanna á svæðinu flestu fram sem ég hef kynnst til sjós en sjálfur var ég sjómaður á bæði minni og stærri skipum um tíu ára skeið.

Herra forseti. Í efnahagslegum skilningi er þjóðarnauðsyn á því að verkinu verði skilað á réttum tíma. Ef til tafar

kemur er áætlað tekjutap Landsvirkjunar um 6 milljarðar kr. á ári og þar fyrir utan gæti komið til skaðabótakrafna á hendur félaginu. Því er mikil nauðsyn fyrir samátaki þjóðarinnar svo að tryggt verði að orkusala Landsvirkjunar hefjist á réttum tíma.

[13:48]

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir:

Virðulegi forseti. Reynslan við Kárahnjúka hefur sýnt okkur að vegna skilningsleysis stjórnvalda er verulegur skortur á því að opinberir eftirlitsaðilar hafi möguleika til þess að rannsaka meint brot og grípa inn í þegar sýnt er að atvinnurekandi er að brjóta lög og reglur sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Impregilo hefur skapað sér það orðspor að það laðar ekki að sér starfsfólk. Þar vantar fólk til starfa og ég hef efasemdir um að vinnumiðlanir landsins séu að leita að fólki í þau störf sem laus eru á svæðinu. Hafa þær verið beðnar um það? Trúlega ekki. Enn eru gefin út ný atvinnuleyfi og svo heppilega vill til fyrir ráðherra að í dag á að skoða umsóknir Íslendinganna sem sótt hafa þar um vinnu. Hvenær á að skoða umsóknir sem borist hafa í gegnum EURES?

Er það virkilega svo að öll þau vandamál sem upp hafa komið hjá ítalska verktakafyrirtækinu að Kárahnjúkum séu lítilvæg af því að hér er um sérstakt hagsmunamál ríkisstjórnarinnar að ræða? Engin lög eru um starfsemi erlendra starfsmannaleiga hér á landi, hyggst ráðherra beita sér fyrir því að þau verði sett?

Einstaklingar og fyrirtæki hérlendis eru í auknum mæli að flytja inn starfsmenn frá löndum þar sem kjör eru langt undir því sem hér tíðkast. Þeir starfsmenn koma hingað og vinna í neðanjarðarhagkerfinu í svartri vinnu, á veitingastöðum, í byggingarvinnu og við fleiri störf án allra réttinda eða trygginga á nokkurn hátt með laun undir lágmarkslaunum, búa í ófullnægjandi húsnæði og þekkja ekkert til aðstæðna hér.

Hér á landi gilda ákvæði um lágmarkskjör og lágmarksréttindi og gilda þau fyrir alla sem hér starfa. Hyggst hæstv. félagsmálaráðherra beita sér fyrir því að sett verði viðurlög sem beitt yrði gegn þeim sem fara svona með fólk? Eða verða svör ráðherra eina ferðina enn á þá leið að benda á aðra eins og hann hefur ítrekað gert í fjölmiðlum síðustu vikurnar?

Hvenær ætlar hæstv. ráðherra að svara ágætri greinargerð Alþýðusambandsins frá því 9. janúar sl.?

[13:51]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að hefja umræðu um félagsleg undirboð. Það er grafalvarlegt mál ef það er rétt að útlendingum hér á landi séu ekki greidd laun í samræmi við kjarasamninga. Verkalýðshreyfingin hefur í tugi ára staðið vörð um hagsmuni og réttindi launþega hér á landi. Alþýðusambandið hefur haldið vöku sinni í þessu máli sem öðrum og hefur tekið saman greinargerð þar sem grunsemdir eru um að dæmi séu um slíkt á íslenskum vinnumarkaði.

Hæstv. félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, hefur brugðist við þeim ávirðingum og tekið málið m.a. upp á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Þeim viðbrögðum ráðherra ber að fagna. Starfshópur er nú að störfum sem hefur það hlutverk að fjalla um stöðu starfsmannaleiga hér á landi. Sá hópur er enn að störfum. Vonandi mun starfshópurinn skila af sér fljótlega enda er um mjög aðkallandi mál að ræða sem við þurfum að bregðast við til framtíðar litið. Hér eru nefnilega í húfi hagsmunir íslensks launafólks og ef félagsleg undirboð munu viðgangast í framtíðinni er alveg ljóst að kaupmáttur almennings mun minnka verulega. Slíkt er ekki stefnumið ríkisstjórnarinnar enda hefur engin ríkisstjórn í veröldinni aukið kaupmátt almennings eins mikið og ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks á umliðnum tíu árum. Við hljótum því að taka þessi mál alvarlega og ég styð íslenska verkalýðsbaráttu í þeirri hagsmunabaráttu sem hún stendur í til hagsbóta fyrir íslenskan almenning.

[13:52]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Með þessari utandagskrárumræðu er vakin athygli á mjög mikilvægu máli og tímabært að færa umræðuna um félagsleg undirboð inn á hv. Alþingi. Félagsleg undirboð hafa þekkst hér á landi en aldrei í þeim mæli að verkalýðshreyfingin hafi ekki haft nokkuð gott yfirlit yfir umfang þeirra og tök á að taka fyrir slíkt athæfi.

Með virkjanaframkvæmdunum við Kárahnjúka og þeirri ákvörðun Landsvirkjunar að taka tilboði Impregilo sem byggðist m.a. á undirboði á launaþætti framkvæmdanna var stigið óheillavænlegt spor í þá átt að halda niðri launatöxtum og koma á óheyrilega löngum vöktum og ómanneskjulegu úthaldi á reginfjöllum. Á þetta var þegar bent og gagnrýnt harðlega að slíku tilboði skyldi vera tekið.

Launakjör og félagsleg réttindi flestra starfsmanna Impregilo svo og framkoma forsvarsmanna þess fyrirtækis við starfsmenn og trúnaðarmenn verkalýðshreyfingarinnar er óásættanleg og það sama má segja um talsmenn ríkisstjórnarinnar í þessu stóra máli. Með því að vísa öllum deilumálum um laun og kjör milli verktaka og trúnaðarmanna verkalýðsfélaganna yfir á verkalýðshreyfinguna er öðrum verktökum gefinn tónninn: Hið opinbera mun ekki skipta sér af kjarasamningum, ekki heldur aðstoða við að upplýsa launakjör erlendra starfsmanna, sjá takmarkað um aðbúnað og starfsréttindi og sveitarfélögin munu alfarið þurfa að sjá um sína lögbundnu þjónustu án frekari stuðnings frá hinu opinbera í svo stóru máli sem þetta er á íslenskan mælikvarða. Þar fyrir utan er þjónusta hins opinbera og eftirlit, svo sem á hollusthættum, löggæslu og heilbrigðisþjónustu í engu samræmi við umfang framkvæmdanna.

Hvaða skilaboð eru þetta út á vinnumarkaðinn? Jú, verktökum er heimilt að stunda félagsleg undirboð, ráða hingað til lands erlenda verkamenn og helst frá þeim hluta heims sem býður fram verkafólk á mjög lágum launum. Opnað hefur verið fyrir félagslegt undirboð hjá (Forseti hringir.) starfsmannaleigum og er það þegar farið af stað.

[13:55]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarp-

héðinssyni fyrir að hefja umræðuna. Ég tel mjög mikilvægt að við ræðum hér á þessum vettvangi sem og annars staðar um íslenskan vinnumarkað og þær aðstæður sem eðli málsins samkvæmt eru uppi varðandi breytingar í tengslum við alþjóðavæðingu.

Ég er þeirrar skoðunar að við séum afskaplega lánsöm, Íslendingar, að hafa vinnumarkaðsreglur eins og þær sem eru hjá okkur í dag. Við þurfum ekki annað en að bera okkur saman við önnur lönd til þess að sjá af hverju það er. Ég tel afskaplega mikilvægt að við höldum vörð um þær reglur sem hafa verið til staðar.

Menn skyldu átta sig á því að þegar talað er um aðrar leiðir og þá væntanlega að hið opinbera, í þessu tilfelli löggjafinn og framkvæmdarvaldið, taki virkari þátt í vinnumarkaðnum en raun ber vitni erum við að fara á brautir eins og t.d. Frakkland, Spánn og önnur slík lönd og erum þar af leiðandi að veikja aðila eins og verkalýðsfélögin og aðila vinnumarkaðarins, það liggur alveg hreint og klárt fyrir. Sá sem hér stendur er ekki áhugamaður um slíkt.

Ég horfi á tölur, tölurnar segja að hér er atvinnuleysi um 2,7% meðan þau lönd sem við berum okkur saman við, t.d. Evrópusambandið, eru með atvinnuleysi að meðaltali 7% og fer allt upp í 18%. Þrátt fyrir það, eðli málsins samkvæmt, eigum við að taka á þeim vandamálum sem uppi eru og það er ekkert sérístenskt. Þegar eru uppi vandamál sem tengjast alþjóðavæðingunni eigum við ekki að fórna því góða sem við höfum nema við séum nokkuð viss um að eitthvað betra komi í staðinn.

Við horfum á gott ástand á Íslandi og tökumst á við málin út frá þeirri forsendu. Það eru miklar virkjanaframkvæmdir núna, það eru virkjanaframkvæmdir í nánustu framtíð hvort sem það er Hellisheiði, Reykjanesvirkjun og fleira mætti til nefna og á sama tíma tölum við um miklar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og að stærstum hluta hjá einkaaðilum. Þetta er eðli málsins samkvæmt staða sem er góð en ég fagna umræðunni og vona að hún verði málefnaleg því það er mjög mikilvægt í þessu mikilvæga og stóra máli.

[13:57]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það stendur upp á íslensk stjórnvöld að móta heildarstefnu í málefnum erlends vinnuafls því svo virðist vera að innflutningur á erlendu vinnuafli sé alveg stjórnlaus, án nauðsynlegs eftirlits og öll framkvæmd í skötulíki.

Svör hæstv. ráðherra áðan valda miklum vonbrigðum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hver er afstaða hans til þess að setja lög um starfsmannaleigur? Ég spyr ráðherrann: Telur hann ekki að herða þurfi stórlega eftirlit með félagslegum undirboðum eða rýmka heimildir verkalýðshreyfingarinnar til aðgerða gegn fyrirtækjum sem stunda félagsleg undirboð?

Það verður að herða miklu meira ákvæði í reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga en hæstv. ráðherra boðar. Undan því verður ekki vikist að reisa allar þær girðingar sem þarf til að verja grundvallarréttindi launafólks gegn félagslegum undirboðum sem öllu samfélaginu stendur ógn af. Ef stjórnvöld eru með einhver vettlingatök í þessum málum gagnvart erlendum stórfyrirtækjum eða starfsmannaleigum sem hingað flytja inn vinnuafl er það alvarleg ógn við kjör og aðbúnað launafólks og ólíðandi fyrir íslensk fyrirtæki að félagsleg undirboð í launum og kjörum erlends vinnuafls skekki alla samkeppnisstöðu í atvinnulífinu.

Áhrifanna af félagslegum undirboðum er þegar farið að gæta mjög í íslensku samfélagi, ekki bara á Kárahnjúkasvæðinu heldur miklu, miklu víðar. Innan verkalýðshreyfingarinnar er því t.d. haldið fram að nú séu á vinnumarkaðnum, sérstaklega í byggingariðnaðinum og í veitinga- og gistihúsastarfsemi, útlendingar hundruðum saman sem komið hafa til landsins með ólöglegum hætti þar sem stunduð er svört atvinnustarfsemi og undirboð, m.a. í skjóli atvinnurekenda.

Ég spyr, hæstv. forseti: Á ekkert að rannsaka þetta? Hæstv. ráðherra verður að svara þessu. Félagsmálaráðherra og stjórnvöld bera fulla ábyrgð á þessari þróun og geta aldrei undan henni vikist. Ég skora á hæstv. félagsmálaráðherra að grípa þegar til nauðsynlegra aðgerða og ráðstafana áður en í algjört óefni er komið.

[14:00]

Herdís Á. Sæmundardóttir:

Herra forseti. Á síðustu árum hefur orðið mikil breyting á íslenskum vinnumarkaði og við horfumst í augu við nýja stöðu hvað varðar atvinnuþátttöku útlendinga hér á landi. Við erum ekki lengur eyland í þessu tilliti, heldur hluti af atvinnumarkaði alls heimsins ef svo má segja og við sækjumst eftir því að gera okkur gildandi í alþjóðasamfélaginu með þeim kostum og göllum sem því fylgir. En þessi nýja staða skapar auðvitað ýmis áður óþekkt vandamál, m.a. í samskiptum þar sem ólíkir menningarheimar og hefðir koma saman. Þetta eru ný úrlausnarefni sem verið er að leysa úr af hálfu hæstv. félagsmálaráðherra, eins og fram hefur komið.

Að sjálfsögðu þarf að virða og fylgja eftir öllum þeim lögum og reglum sem gilda hér á landi í þessu sambandi og tryggja erlendu vinnuafli sömu kjör og aðstæður og við viljum búa, og búum, okkur sjálfum. Það er mikilvægt að taka tillit til þeirra hefða og samskipta sem skapast hafa á íslenskum vinnumarkaði og líka ákaflega mikilvægt að aðilar vinnumarkaðarins, bæði launþegastéttir og vinnuveitendur, séu tilbúnir til að leita lausna á þeim vandamálum sem uppi eru hverju sinni og leita sátta í ágreiningsmálum.

[14:01]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu. Sérstaklega vil ég þakka þau skeleggu ummæli sem hv. þm. Birkir J. Jónsson lét hér falla. Mér fannst að af hálfu stjórnarliða væri hann sá eini sem skildi kjarna þessa máls. Hv. þingmaður sagði að félagsleg undirboð mundu að lokum draga úr kaupmætti og það er punctum saliens í þessu máli. Félagsleg undirboð grafa undan kaupmættinum og þar með grafa þau líka undan skatttekjum ríkisins. Það leiðir til þess að að lokum veikjast undirstöður velferðarkerfisins. Ef þau tíðkast með sama hætti og nú virðast horfur um mun það leiða til þess að íslenska ríkið fær minni tekjur, íslensk fyrirtæki verða ekki jafnsamkeppnishæf og áður vegna þess að

þau hvorki geta né vilja standa í vinnubrögðum af þessu tagi. Þess vegna er þetta svo hættulegt. Hér er um að ræða margfalt brot, bæði brot á réttindum erlends verkafólks og líka brot á þeim viðteknu reglum sem við höfum sett um samfélag okkar.

Ég varð fyrir vonbrigðum með hæstv. ráðherra. Hann kom hingað en vildi ekki taka af skarið og lýsa því yfir að hann væri þeirrar skoðunar að setja ætti lög um starfsmannaleigur. Í dag hefur verið dreift tillögu sem við þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna stöndum saman að, allir þrír, um að ráðist verði í að setja slík lög. Það skiptir máli. Þau lög verða að tryggja að hægt sé að grípa til þungra viðurlaga gagnvart fyrirtækjum sem verða uppvís að brotum, jafnvel þó að einstakir starfsmenn kæri þau ekki. Þau lög verða að tryggja skattskyldu á Íslandi og jafnrétti erlendra og innlendra starfsmanna. Það er það sem þetta mál snýst um en ekki að taka þetta ítalska verktakafyrirtæki einhverjum vettlingatökum eins og Framsóknarflokkurinn hefur bersýnilega allt of ríka tilhneigingu til.

[14:04]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu þótt fátt nýtt hafi komið fram af hálfu stjórnarandstöðu. Ég spyr: Hvaða tilgang hefði íslensk verkalýðshreyfing, stéttarfélögin, ef til kæmi opinbert eftirlit með starfskjörum launafólks? Við lentum væntanlega í sömu aðstöðu og aðrar þjóðir þar sem opinbert eftirlitskerfi tíðkast. Þar standa samtök aðila vinnumarkaðarins ekki jafnstyrkum fæti og hér á landi og flestar reglur sem gilda á þeim vinnumörkuðum eru ákveðnar með lögum. Ég efast um að þeir sem hér sitja vilji sjá þá breytingu, a.m.k. ekki sá er hér stendur.

Hér er talað um andvaraleysi. Afrakstur þeirrar vinnu sem ég nefndi fyrr í dag er m.a. ný reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga sem mun verða gefin út á næstu dögum en lokadrög hennar eru í umsögn hjá samtökum aðila vinnumarkaðarins. Sú vinna hefur nú staðið yfir í hátt á annað ár og þótti útséð um að menn næðu fullkominni sátt um efni hennar. Var því komið að þeim punkti að höggva þurfti á hnútinn enda þótt ég leyfi mér að vona að hann hafi ekki verið mjög stór.

Einnig liggur fyrir ákvörðun um að einfalda stjórnsýsluna við útgáfu dvalar- og atvinnuleyfa með því að færa málaflokkinn undir eitt ráðuneyti og eina stjórnsýslustofnun.

Hæstv. forseti. Ég hef eins og aðrir orðið var við fregnir um hugsanlegt ólöglegt erlent vinnuafl hér á landi og jafnvel að það hafi aukist nokkuð á síðustu missirum. Ég tel það grafalvarlegt mál, ef rétt reynist vera, og því ástæðu til að fara ofan í saumana á þeim efnum. Hér er ég ekki að vísa til eftirlits með launum eða vinnuskilyrðum heldur eftirlits með því að launamennirnir hafi tilskilin skilríki sem heimili þeim að starfa hér á landi. Það er hins vegar lögreglunnar að sjá til þess að svo sé, ekki þeirra sem hér standa eða sitja.

Það er ljóst að þessi mál eru af þeirri stærðargráðu að þeim er hvergi nærri lokið þrátt fyrir útgáfu reglugerða um atvinnuréttindi útlendinga eða aðrar einstakar aðgerðir sem stjórnvöld hyggjast grípa til á næstunni. Við þurfum að viðhalda kerfi okkar enda þótt e.t.v. þurfi að laga það með einhverjum hætti að breyttum aðstæðum.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 409. mál (vararefsing fésektar). — Þskj. 520.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 26. mál (kjördæmaskipan, tilhögun kosninga o.fl.). — Þskj. 26.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 32. mál (ferðakostnaður). — Þskj. 32.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 38. mál (brottvísun og heimsóknarbann). — Þskj. 38.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Vegagerð og veggjöld, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 43. mál. — Þskj. 43.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. GAK o.fl., 46. mál (framleiðsla innlendra léttvína). — Þskj. 46.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Skýrsla iðnaðarráðherra um framkvæmd raforkulaga, ein umr.

[14:09]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að samkomulag hefur orðið milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar. Ráðherra hefur 15 mínútur til framsögu, talsmenn flokka annarra en iðnaðarráðherra 10 mínútur, aðrir þingmenn og ráðherrar átta mínútur. Andsvör verða ekki leyfð við ræðum ráðherra og talsmanna í upphafi umræðunnar. Að öðru leyti verða andsvör eftir þingsköpum. Tali menn í annað sinn hafa þeir fjórar mínútur, ráðherra þó átta, og engin sérstök mörk verða um lengd umræðunnar.

[14:10]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og kunnugt er hefur gjörbreyting á skipulagi raforkumála landsins verið í undirbúningi í mörg ár og Alþingi sett lög um það efni. Nú um nýliðin áramót reyndi loks á framkvæmd þessa nýja lagabálks. Fréttaflutningur og umræða hefur verið einhæf og dregin eru fram einstök dæmi um hækkanir en lítið fjallað um lækkanir sem einnig eru verulegar. Ég fagna því að fá tækifæri til að geta nú á hinu háa Alþingi gert grein fyrir stöðu málsins.

Markmið með raforkulögunum er að skapa skilyrði fyrir samkeppni en mér er fullljóst að lögin ein leiða ekki til samkeppni. Til þess þarf markaðsvitund og auðvitað mun það taka tíma og réttar aðstæður að hún verði til. En það gagnsæi sem nú verður í verðmynduninni og það aukna eftirlit sem nú er með verðlagningu á sérleyfisþjónustunni, flutningi og dreifingu hefur alla burði til þess að veita fyrirtækjum í raforkugeiranum aðhald.

Sagt hefur verið í umræðunni að hið nýja fyrirkomulag valdi miklum nýjum kostnaði. Svo er ekki, enda hefur Orkustofnun einungis viðurkennt tvo kostnaðarliði sem tengjast breytingunum, annars vegar eftirlitsgjald sem nemur um 40 millj. kr. á ári og hins vegar kostnað vegna stofnunar Landsnetsins upp á 100 millj. kr. Til samans eru þessir kostnaðarliðir langt undir 1% af heildarsöluverðmæti raforkunnar. Orkustofnun er jafnframt uppálagt að gera hagræðingarkröfur til sérleyfisfyrirtækjanna. Hún nemur á þessu ári 1% af heildarveltu þeirra.

Af settum tekjumörkum hafa fyrirtæki verið að setja sér gjaldskrá. Eins og vera ber rúmast þær innan hinna settu tekjumarka og sum fyrirtækjanna, Rarik, Orkubú Vestfjarða og Orkuveita Húsavíkur, nýta þessi tekjumörk ekki að fullu en önnur, þar með talið Landsnet, nýta tekjumörkin því sem næst til fulls. Alþingi setti varfærnisleg mörk um hvert arðsviðmiðið við setningu tekjumarkanna ætti að vera. Engu að síður er þetta viðmið hærra en sá arður sem fyrirtækin hafa almennt haft, enda hafa sum þeirra beinlínis verið rekin með tapi. Fyrirtækin eru nú að nýta tækifærið og auka arðsemi sína úr því að það rúmast innan tekjumarkanna. Þetta atriði er ein og stærsta skýringin á því að verð á rafmagni virðist nú vera að hækka nokkuð umfram almennt verðlag. (**GAK:** Einhverja hundraðkalla, er það ekki?)

Spyrja má hvort þetta sé afleiðing af raforkulögunum eða nokkuð sem fyrirtækin hefðu getað gert hvort eð er fyrr eða síðar ef ekki ætti að stefna í óefni. Það verður t.d. ekki annað séð en að Landsnetið og móðurfyrirtæki þess, Landsvirkjun, séu til samans að bæta hag sinn með gjaldskrárbreytingum nú sem eitt og sér gæti valdið um 2% í hækkun raforkuverðs. Þar við bætist á almennu nótunum að allar verðskrár eru nú færðar upp til nýs verðlags. Þetta skýrir um 2–4% af verðhækkunum, allt eftir því hvenær síðast var sett gjaldskrá og hvort nú er horft til verðlags í ársbyrjun eða spáðs verðs um mitt ár. Vitað var að viðbótarhækkanir yrðu hjá Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur. Það á sér einkum þær skýringar að jöfnun í flutningi á raforku er aukin með hinum nýju lögum. Þeir sem gjalda þessa eru auðvitað þeir sem hafa lítinn ávinning af útvíkkun flutningskerfisins. Það eru einkum þessar tvær veitur auk Norðurorku.

Aftur á móti kemur þetta atriði Rarik og Orkubúi Vestfjarða til góða. Þá veldur það hækkun hjá Hitaveitu Suðurnesja að nú er gert skylt að gjalda fyrir alla raforkuframleiðslu til hins sameiginlega flutningskerfis.

Á móti þessum hækkunum kemur verulegt lækkunartilefni, einkum á svæði Rariks og Orkubúsins. Það er af tvennum toga. Annars vegar aukinn flutningsjöfnuður eins og fyrr segir og hins vegar 230 millj. kr. framlag frá ríkinu til lækkunar á dreifingarkostnaði í dreifbýli. Rétt er að fara nánar í þetta síðara atriði.

Hingað til hefur gilt sama gjaldskrá fyrir raforku á veitusvæðum Rariks og Orkubúsins, hvort sem orkunni er dreift í strjálbýli eða þéttbýli enda þótt vitað sé að það sé allt að tvöfalt dýrara að dreifa í sveitum en bæjum. Raforkunotendur í þéttbýli á þessum svæðum hafa því axlað þær byrðar umfram aðra landsmenn að greiða niður rafmagn til dreifbýlis. Á þessu ranglæti var tekið með nýju lögunum. Það er gert með þeim hætti að kostnaður við dreifingu í dreifbýli og þéttbýli er aðgreindur og sett tvenns konar tekjumörk þar að lútandi. Síðan er fyrrgreind fjárhæð úr ríkissjóði notuð til að lækka gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu í dreifbýli niður að því marki að hún sé ekki hærri en sú gjaldskrá sem hæst er í þéttbýli en þar nemur dreifingarkostnaðurinn að meðaltali 3.60 kr. á kílóvattstund. Þetta markmið laganna um jöfnun dreifingarkostnaðar næst að fullu með umræddri upphæð öndvert við það sem fram hefur komið í fjölmiðlaumræðunni, þ.e. að mikið vanti á.

En lítum þá á nokkur dæmi um verðbreytingar. Í þeim dæmum sem ég ætla nú að nefna er gert ráð fyrir að ekki sé hitað upp með rafmagni og þá er ég að tala um stöðuna eins og hún væri án þess að gripið yrði til nokkurra aðgerða. Rafmagnskostnaður heimilis á þéttbýlissvæði Rariks lækk-

ar um 5–10%. Hjá heimilum á dreifbýlissvæði Rariks sem nota lítið rafmagn hækkar reikningurinn lítillega en lækkar hjá þeim sem nota meira og því meira sem þau nota meira rafmagn. Rafmagnsreikningur fyrirtækja á þéttbýlissvæði Rariks lækkar um 20–25% en heldur minna í dreifbýlinu en lækkar þó talsvert. Þetta skiptir t.d. verulegu máli fyrir fiskvinnslufyrirtæki á landsbyggðinni. Rafmagnsreikningur til heimila á þéttbýlissvæði Orkubús Vestfjarða lækkar um allt að 10%, því meira sem notkunin er meiri.

En það eru vissulega dæmi um hækkanir. Raforkukostnaður á eldri svæðum, ef svo má kalla, Hitaveitu Suðurnesja, hækkar hlutfallslega allmikið eða um allt að 20%. Gildir það jafnt um heimili sem og fyrirtæki. Verðið verður þó áfram lágt. Á veitusvæðum Hitaveitu Suðurnesja, í Árborg og Vestmannaeyjum verður hækkunin verulega minni og minnst hjá fyrirtækjum. Hjá Orkuveitu Reykjavíkur verður 2–8% hækkun hjá fyrirtækjum og heimilum. Hjá Orkubúi Vestfjarða hækkar verð til smærri heimila án rafhitunar talsvert eða um rúmlega 20% sem gerir allt að 10 þús. kr. á ári. Hjá Orkubúi Vestfjarða hækkar verð á afltaxta til fyrirtækja í dreifbýli á bilinu 15–25%, en verð til fyrirtækja stendur nánast í stað í þéttbýli á Vestfjörðum.

Fyrr í þessari ræðu hef ég rætt um ytra tilefni til hækkunar, tilefni sem sumpart var óviðbúin hækkun hjá Landsneti og Landsvirkjun. Að teknu tilliti til þessa er samt um ríflega hækkun að ræða hjá Hitaveitu Suðurnesja sem helgast væntanlega af því að fyrirtækið er að bæta hag raforkuþáttarins í rekstri sínum. Þá er hækkunin hjá Orkubúi Vestfjarða meiri en við var búist en hafa verður í huga að fyrirtækið hefur verið rekið með tapi undanfarin ár.

Þá vil ég víkja að því sem mest hefur verið í umræðunni, hækkun á kostnaði þeirra heimila sem hita upp með rafmagni. Sagðar hafa verið miklar sögur í þeim efnum, hæst hef ég heyrt nefnda 75% hækkun. Sem betur fer er því fjarri að um slíkar hækkanir sé almennt að ræða. Lítum á málið með sanngirni. Meðalheimili með rafhitun notar um 85% orkunnar til upphitunar og afganginn til venjulegra heimilisnota sem aðrir. Heildarnotkun slíkra heimila er þá á bilinu 30–40 þús. kwst. á ári. Samkvæmt þeim gjaldskrám sem nú hafa verið gefnar út kemur eftirfarandi í ljós með þessi heimili:

Rafmagnsreikningur þeirra heimila á svæði Rariks sem hita upp með rafmagni hækkar að öllu óbreyttu um 15–20% í þéttbýli en vart minna en 30% í dreifbýli. Á Vestfjörðum er hliðstæð hækkun 5–10% í þéttbýli en 30–40% í dreifbýli.

Vissulega er hér um að ræða hækkanir hjá þessu fólki sem ekki verður við unað. En áður en rætt verður um aðgerðir í því skyni er rétt að greina helstu þættina í verðhækkuninni. Rafmagn til hitunar íbúðarhúsnæðis hefur notið sérstakra kjara með margvíslegum hætti og það svo að endanlegt verð til neytenda hefur verið undir helmingi verðs fyrir aðra raforku. Þetta er gert hér á landi til að jafna aðstöðu þessara íbúa við þá sem eru þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa jarðhita.

Ríkið ver nær 900 millj. kr. á ári til beinna niðurgreiðslna á rafhitun og annarra tengdra aðgerða. Landsvirkjun hefur veitt afslátt allt að 100 millj. kr. á ári. Veitufyrirtækin sjálf hafa bætt í kringum 20 millj. kr. við þennan afslátt en það sem er meira um vert er að þau hafa haft sérstaka rafhitunargjaldskrá sem hefur verið mun lægri en gjaldskrá fyrir aðra notkun raforku.

Nú gerist það að fyrirtækin fella niður alla þessa sérívilnun til rafhitunar. Hvers vegna gera fyrirtækin þetta og er það innan heimilda þeirra? Er það jafnvel eitthvað sem lögin og eftirlitsaðilinn hefur fyrirskipað, eins og sumir hafa haldið fram í umræðunni? Hið sanna í þeim efnum er að sérleyfisfyrirtækin, Landsnetið og dreifiveiturnar, mega ekki veita sérívilnanir eftir því hver endanleg notkun rafmagnsins er. Þau mega því ekki hafa sértaxta fyrir flutning eða dreifingu á raforku en séu rök fyrir því að mikil notkun, eins og rafhitun að jafnaði er, hafi minni kostnað í för með sér en venjuleg heimilisnotkun má láta það endurspeglast í gjaldskrám dreifiveitna.

En þótt sérleyfisfyrirtækin hafi nokkuð skerta möguleika á því að taka tillit til húshitunar gildir annað um orkusalana, þá sem eru að framselja raforkuna frá framleiðendum. Ekki verður séð annað en að þeim sé heimilt að laða að sér góða kaupendur með sérstökum rafhitunarkjörum, nokkuð sem þeir virðast ekki hafa gert. En með þeirri samkeppni sem vonandi verður má ætla að þessi notendahópur hefði allsterka stöðu til að ná góðum kjörum.

Meðan fyrirtækin gera ekki betur er ljóst að ríkisvaldið verður að koma til sögunnar til að draga úr þeim hækkunum sem sérstaklega bitna á þeim heimilum sem búa við rafhitun. Að því hefur verið unnið á síðustu vikum í samstarfi iðnaðarráðuneytisins, Orkustofnunar og dreififyrirtækja. Meðal tillagna sem hafa verið til skoðunar, og kynntar voru í ríkisstjórn sl. þriðjudag, eru þær að lækka þak á niðurgreiddri hámarksnotkun úr 50 þús. kwst. á ári niður í 35 þús. kwst. á ári og nota það fjármagn er þannig sparast til aukinnar niðurgreiðslu á heimilishitun, einkum þar sem hækkun hitunarkostnaðar er mest. Að auki hefur verið lagt til að hækka framlag til niðurgreiðslu húshitunar úr ríkissjóði þannig að hækkun á rafmagnskostnaði þessara heimila verði ekki hærri en 5–8% í þéttbýli og mest um 10% í strjálbýli. Þetta mundi þýða að auka þarf niðurgreiðslur til rafhitunar um allt að 135 millj. kr. og nema þá heildarniðurgreiðslur til rafhitunar um einum milljarði kr. og ríflega það.

Hæstv. forseti. Ég hef á naumum tíma farið vítt og breitt yfir mikið mál. Ég trúi því og treysti að þær breytingar sem nú ganga yfir raforkugeirann verði til góðs. Byrjunarörðugleikar eru nokkrir, flestir voru fyrirsjáanlegir, aðrir síður. Enda þótt raforkuverð hafi nú lækkað víða, nokkuð sem mun ekki síst koma atvinnurekstri á landsbyggðinni til góða, hafa hækkanir einnig orðið nokkrar. Ástæðurnar eru bersýnilega þær að orkufyrirtækin eru að nota tækifærið til að bæta hag sinn enda hefur afkoma þeirra margra verið fremur bágborin. Þetta hafa þau m.a. gert með því að fella niður ýmsar sérívilnanir sem veittar hafa verið einstökum hópum notenda. Þetta eru breytingar sem að óbreyttum raforkulögum hefðu verið gerðar hvort eð er að mínu mati.

Sé talið nauðsynlegt af byggðalegum eða félagslegum ástæðum að veita slíkum hópum sérstaka ívilnun virðist óhjákvæmilegt að fjármagna það með almennum hætti hvort sem það er með fjármunum úr ríkissjóði eða sérstöku raforkugjaldi sem ég er þó ekki að leggja til hér að tekið verði upp.

[14:24]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða fer fram undir liðnum Skýrsla iðnaðarráðherra um framkvæmd raforkulaga. Hún er í raun framhald umræðu um raforkulögin sem varð vegna lagfæringar á raforkulögunum fyrir áramótin. Þá átaldi ég og fleiri að ekki fengist skýrari mynd af stefnu og framtíðarsýn stjórnvalda í raforkumálum. Þá strax, áður en lögin tóku gildi, var á ferðinni skyndiplástur á raforkulögin sem voru sett á síðasta þingi. Um áramótin gekk svo þetta nýja umhverfi í raforkugeiranum í gildi. Framleiðsla, flutningur, sala og dreifing á raforku er núna að hluta komin í einhvers konar viðskiptaumhverfi sem menn ætla að reyna að sveigja að einhverjum skynsamlegum viðskiptaháttum.

Það eru mörg spurningarmerki við það hvernig þetta muni allt ganga. Fyrstu afleiðingarnar eru að koma í ljós og þær eru gríðarlegar hækkanir á raforku til húshitunar svo dæmi séu tekin og heildarhækkun á raforkuverði í landinu öllu. Ég hygg að menn deili ekki um að með þessu fyrirkomulagi eða þessari breytingu hafi orðið heildarhækkun á raforkuverðinu.

Getur verið að hæstv. iðnaðarráðherra, sem svo vill til að er ráðherra byggðamála, hafi ekki haft grun um að í þessar hækkanir á raforku til húshitunar stefndi? Einungis var gert ráð fyrir 230 millj. kr. aukningu á niðurgreiðslum eða peningum í þessu efni í fjárlögunum og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir því hér að þær mundu duga til þess sem þeim var ætlað. En það dugar ekki til. Það hefur sem sagt skort á undirbúning hjá hæstv. ráðherra iðnaðar- og byggðamála og hún hlýtur að verða hugsi þegar hún fær, svo ég taki dæmi, þessa sendingu frá stjórn Búnaðarsambands Strandamanna:

„Stjórn búnaðarsambandsins mótmælir hækkunum á raforkuverði á Vestfjörðum. Hækkanirnar eru alvarleg aðför að atvinnulífi og búsetu í dreifbýli á Vestfjörðum. Því verður vart trúað að það hafi verið ætlun Alþingis með setningu raforkulaganna að þvinga Orkubú Vestfjarða til að fétletta dreifbýlisbúa á Vestfjörðum."

Ég ætla ekki að lesa þetta lengra en þeir nefna hér dæmi um 45% hækkun á raforku til húshitunar á þessu svæði. En ég fagna því auðvitað að hæstv. ráðherra lýsti því hér yfir að ekki stæði til að menn bæru það óbættir.

Fleiri hafa orðið fyrir hækkunum t.d. garðyrkjubændur og fiskeldisfyrirtæki hafa líka borið sig illa. Hæstv. ráðherra fór ekki yfir það hvernig taka ætti á þeim málum og er ástæða til að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því hér í framhaldinu.

Þessar hækkanir eru í raun hliðarverkanir. Þær eru í raun mismunur fyrri orkureikninga og þeirra sem væntanlegir eru, sem var í raun mætt áður með niðurgreiðslum almennings á viðkomandi svæði til þeirra aðila sem nú þurfa að þola hækkanir á raforkuverðinu. Fólkið á þéttbýlisstöðunum sem hitar hús sín með rafmagni og kaupir aðra orku var að greiða niður húshitun í dreifbýlinu á viðkomandi svæði til viðbótar við þá niðurgreiðslu sem ríkið leggur fram. Viðskiptavinir Rariks og Landsvirkjunar greiddu niður raforku til garðyrkju og fiskeldis og sú spurning á auðvitað fyllilega rétt á sér hvort það hafi verið eðlilegt fyrirkomulag. Það er auðvitað eðlilegra að niðurgreiðslur af þessu tagi komi úr sameiginlegum sjóðum allra landsmanna en að þær komi frá viðskiptavinum einstakra fyrirtækja. Málið snýst ekki um hvort þessar niðurgreiðslur hafi verið til staðar heldur hvort leggja eigi þær af eða koma með þær aftur með einhverjum öðrum hætti.

Ég verð að segja alveg eins og er að traust mitt á öllum þeim breytingum sem hér eru að koma til minnkar mikið ef engir möguleikar eru á því þegar um er að ræða svo stóra viðskiptaaðila og þá sem kaupa raforku til húshitunar í landinu að þeir fái betri samninga hjá þeim fyrirtækjum sem selja rafmagn. Mér finnst furðulegt ef niðurstaðan er sú að það komi ekkert út úr þeim.

Ég vil meina að fólk sem hitar hús sín með rafmagni og fyrirtæki sem nýta rafmagn til húshitunar hljóti með einhverjum hætti að geta kallað fram samninga við raforkuframleiðendur sem eru betri en þeir sem hér um ræðir, því þarna eru á ferðinni nokkuð mikil viðskipti með raforku í landinu.

Ég hef kvartað undan því í mörgum ræðum á hv. Alþingi á undanförnum árum að hér hefur aldrei fengist grundvallarumræða um það að hverju stjórnvöld stefna í þessum efnum hvað varðar eignarhald og framtíð fyrirtækja í raforkugeiranum. Hæstv. ráðherra brá ekki vana sínum núna. Nú ræddi hæstv. ráðherra bara um raforkuverðið og ekkert annað. Það er út af fyrir sig gott og ágætt að hæstv. ráðherra skyldi gera grein fyrir því. En þegar ég ræddi við hæstv. ráðherra hér fyrir jólahlé, þá vonaðist ég til þess að sú umræða sem þá yrði færi fram um fleira en það, færi fram um þá grundvallarbreytingu sem er að verða, færi fram um hvers konar fyrirtæki verða á þessum markaði. Það liggur fyrir að ríkisstjórnin, a.m.k. hefur það komið fram í fréttum og ekki verið borið til baka, stefnir að því að sameina fyrirtæki í þessum geira, vill sameina Orkubú Vestfjarða, Rarik og Landsvirkjun og leysa Akureyri og Reykjavík út úr eignarhaldinu á Landsvirkjun, sem er út af fyrir sig gott mál. En sameining þessara fyrirtækja er auðvitað ekki skilaboð um að margir keppendur verði á þessum markaði. Það eru skilaboð um að þeir verði bara tveir. Það eru skilaboð til hinna að þeir þurfi líka að sameinast til að geta staðið í samkeppni við þetta stóra ríkisfyrirtæki sem þarna er verið að búa til. Ætla menn að gera þetta?

Ég tel að full ástæða sé til að ræða þetta mál vandlega. Mér finnst það dálítið undarlegt þegar hæstv. ráðherra mætir hér til umræðunnar, að hún skuli ekki einu sinni nefna hvað hangir á spýtunni í þessum stóru málum.

Ég nefndi áðan að full ástæða væri til að menn leystu Reykjavík og Akureyri út úr Landsvirkjun. Það er líka full ástæða til að skoða það eignarhald og þá eignamyndun sem þar hefur orðið á undanförnum árum. Það hefur aldrei verið eðlilegt að þessi tvö bæjarfélög ættu í Landsvirkjun. Þarna hefur orðið eignamyndun sem ég er ekki að segja að eigi með einhverjum hætti að taka til baka, en það á auðvitað að skoða það hvort önnur sveitarfélög í landinu eigi ekki heimtingu á því að sá arður sem þarna hefur orðið til handa Akureyringum og Reykvíkingum verði með einhverjum svipuðum hætti til staðar fyrir þá sem hafa búið úti á landi og byggt upp eigið fé í Rarik, svo ég nefni dæmi. Ég tel að það sé fullkomlega messunnar virði að velta því fyrir sér hvort ekki eigi að sjá til þess að úr þessum ríkisfyrirtækjum

verði fleiri en eitt til.

Mér finnst að það þyrfti nú að koma fram í umræðunni hvort stjórnvöld eru ekki tilbúin til þess að nota afl sitt a.m.k. á þessum markaði til að reyna að tryggja það að til verði þrjú, fjögur, helst fimm fyrirtæki á markaðnum sem geti keppt um hylli notendanna, hylli þeirra sem vilja kaupa raforku. Það er vel hægt að hugsa sér að Rarik verði eitthvað breytt. Það þarf ekkert að vera endilega það fyrirtæki sem það er í dag. Það er auðvitað hægt að sameina önnur fyrirtæki á þessum markaði og búa til stærri einingar en eru núna til staðar, en ef ekki er til einhver stefna, þá verður aldrei neitt annað en það sem ríkisstjórnin vill. Ríkisstjórnin vill fara með veggjum með sín mál og kasta þeim síðan fram á Alþingi þegar búið er að ná einhverri pólitískri niðurstöðu. Það hefur aldrei fengist fram nein umræða inn í sali Alþingis um hvað menn vilja gera. Menn hafa ekki verið tilbúnir að leggja spilin á borðið. Ég geri þá kröfu enn einu sinni að það verði gert. Hér er of mikið í húfi.

[14:35]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum nú raforkumál í ljósi þeirra miklu skipulagsbreytinga sem hafa tekið gildi og við sjáum auðvitað afleiðingar þeirra á margan hátt. Það er eðlilegt að við veltum því fyrir okkur hver staða þessara mála er almennt, en auðvitað hljótum við í ljósi stöðunnar núna fyrst og fremst að fjalla um þau áhrif sem þegar eru komin fram og hafa verið að birtast okkur í ýmsum efnum, sérstaklega varðandi húshitunarmálið. Það er mjög mikilvægt að við áttum okkur aðeins á stöðu þess máls, ástæðurnar fyrir því að hún er eins og raun ber vitni. Ég vil byrja á að þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir ágætis og greinargóða yfirferð um þessi mál, því það er ljóst að þær breytingar sem voru samþykktar á Alþingi og við fjölluðum um á síðasta þingi eru gríðarlega miklar og augljóst að þær koma til með að hafa heilmikil áhrif.

Eins og hæstv. ráðherra rakti var til staðar í orkukerfi okkar heilmikil innri niðurgreiðsla og tilfærslur sem áttu sér stað á milli einstakra orkunotenda sem núna er verið að hverfa frá. Í fyrsta lagi vorum við með ýmsum hætti að reyna að stuðla að því að húshitunarkostnaðurinn lækkaði og það var pólitískt markmið sem menn unnu að, bæði á Alþingi og eins á umræddum vettvangi. Það er ljóst að heilmikil tilfærsla var frá fyrirtækjunum til heimilanna og að tilfærsla var frá þéttbýli til dreifbýlis. Þannig var verið að reyna að létta undir og draga úr kostnaði í dreifbýli.

Enn fremur er ljóst að tilfærsla var innan fyrirtækjanna, innan raforkukerfisins frá almennum notendum til einstakra atvinnugreina. Það er því augljóst að þegar þetta allt saman hverfur út og þegar lagaumhverfið kallar á það að þessir hlutir skuli vera uppi á borðinu og vilji menn fara í einhverjar niðurgreiðslur þurfi þær að vera gagnsæjar þá gefur það auðvitað augaleið að það hefur heilmiklar afleiðingar. Hluti af þeim afleiðingum er núna að koma í ljós. Þetta hefur haft þau áhrif að við sjáum lækkanir í einstökum tilvikum eins og varðandi fiskvinnslufyrirtæki, einstök fyrirtæki. Mér er sagt iðnfyrirtæki, verslanir, svo dæmi sé tekið. Auðvitað er ástæða til að fagna því. En það sem hins vegar stendur upp úr og er alvara málsins og er tilefni þess að við ræðum þessi mál hér, er áhrifin á húshitunarkostnaðinum úti um landsins byggðir.

Það er ekki að undra að við fjöllum um þessi mál. Ef eitthvert mál hefur tekið tíma okkar í byggðarlegri umræðu á undanförnum árum, þá er það húshitunarmálið. Alveg frá árinu 1991 hefur verið unnið mjög skipulega að því að reyna að lækka húshitunarkostnaðinn í landinu. Þetta hefur tekist á margan hátt mjög vel. Árangur okkar er heilmikill. Við sjáum það á þeirri pólitísku umræðu sem verið hefur um þessi mál í gegnum tíðina, hún fer núna fram með allt öðrum hætti en áður. Það er vegna þess að þetta mál hefur ekki brunnið eins heitt á mönnum og það gerði áður af því að við höfum sem betur fer verið að ná árangri. Um það hefur verið ágætissátt. Það hefur verið prýðileg sátt um að reyna að lækka húshitunarkostnaðinn þar sem hann hefur verið hæstur fyrir. Sem betur fer hefur heilmikið náðst í þeim efnum. Þetta skiptir miklu máli, einfaldlega vegna þess að við vitum að víða í strjálbýlinu, víða úti á landsbyggðinni hefur húshitunarkostnaður sem hlutfall af heildarútgjöldum heimilanna verið mjög mikill. Þess vegna hefur það skipt miklu máli fyrir lífskjör fólks á landsbyggðinni að við höfum verið að lækka húshitunarkostnaðinn. Það er því ekki að undra að margir hafi hrokkið við, bæði við þingmenn og margir aðrir, þegar fréttir bárust núna eftir áramótin af hækkun og orkufyrirtækin birtu gjaldskrár sínar og í ljós kom allt að 45% hækkun, eins og t.d. í dreifbýli víða úti um land. Þetta er auðvitað ástand sem allir sjá að við getum ekki unað við. Við hljótum að reyna að bregðast við því með ýmsum hætti.

Virðulegi forseti. Menn segja: Þið áttuð að sjá þetta fyrir. Það er auðvitað enginn vandi að vera vitur eftir á og segja eitthvað slíkt. Ég lýsti og rakti áðan í máli mínu hvernig þessi mál voru hérna áður fyrr. Við vorum að breyta lögunum, við vorum að breyta skipulagi. Auðvitað sáu menn ekki alla skapaða hluti fyrir. Nú hins vegar stöndum við frammi fyrir pólitísku verkefni. Ef það er hin pólitíska niðurstaða að við viljum lækka húshitunarkostnaðinn á landsbyggðinni, eins og við höfum verið að vinna að undanfarin ár, þá er það auðvitað pólitískt verkefni dagsins í dag að snúa okkur að því. Það sem hæstv. iðnaðarráðherra var hér að kunngera, lýsti yfir, áréttaði og undirstrikaði, var að það væri pólitískur vilji til þess að snúa þessari óheillaþróun sem glitti í fyrri hluta þessa mánaðar með tillögunum og tilkynningunum um húshitunarkostnaðarhækkanirnar, að snúa þessari þróun við.

Ég hef ekki haft aðstæður til þess að fara nákvæmlega ofan í þessar tölur, enda sagði hæstv. ráðherra að hér væri um að ræða hugmyndir sem enn væri verið að ræða og útfæra nokkru betur. En eins og ég las í það sem hér sagði virtist mér að a.m.k. í veigamiklum atriðum væri búið að snúa til baka með þeim aðgerðum sem hæstv. ráðherra lagði til, að búið væri að snúa til baka þessum miklu kostnaðarhækkunum, útgjaldahækkunum, sem húshitunarkostnaðurinn hefði ella verið fyrir fólkið í landinu.

Ég vil hins vegar segja að við verðum í þessu sambandi sérstaklega að skoða þá hugmynd sem hæstv. ráðherra impraði á, sem var að lækka hið svokallaða þak í niðurgreiðslunum. Það er atriði sem við verðum að hafa aðstöðu til að fara aðeins ofan í, því það er mjög viðkvæmt mál, við

gerum okkur grein fyrir því. Þegar við höfum í gegnum tíðina reynt að lækka húshitunarkostnaðinn höfum við m.a. verið að gera það á þann hátt að hækka þakið, þakið var í 30 þús. kílóvattstundum eða þar um bil, eitthvað aðeins meira minnir mig. Við fórum með það upp í 40 og síðan upp í 50 kílóvattstundir. Það hafði þau áhrif að stærri húsin á landsbyggðinni fóru að njóta niðurgreiðslnanna. Við þurfum að skoða þessa hluti í samhengi, þannig að það sé alveg ljóst mál að ekki sé einhver dulinn, óvæntur kostnaður sem skyndilega skýtur upp kollinum sem við ekki sjáum fyrir. Þetta er hluti af því pólitíska verkefni sem við einfaldlega höfum.

Mér finnst ekki að menn eigi að rjúka upp til handa og fóta og segja himinn og jörð séu að farast þegar svona mál koma upp. Við eigum fyrst og fremst að segja: Við ætlum að taka á þessum efnum vegna þess að það er vilji okkar til að gera það. Mér hefur heyrst svona í meginatriðum að ágætissátt væri um húshitunarmál hér í þinginu þegar fram hafa liðið stundir. Auðvitað var þetta gríðarlega hörð barátta sem menn háðu fyrir því að reyna að lækka húshitunarkostnaðinn, það þekkjum við. Það kostar heilmikið að tosa út úr ríkissjóði 900 millj. kr. til að lækka húshitunarkostnað. Hæstv. ráðherra greindi frá því, sem við þekkjum náttúrlega öll úr fjárlögunum sem við samþykktum fyrir jólin, að það er sú tala sem notuð er til þessara niðurgreiðsluþátta. Við gerum okkur auðvitað grein fyrir að það verður ekki baráttulaust að ná þessum fjármunum til þess arna.

Þess vegna er það mikið fagnaðarefni ef það gerist nú líka til viðbótar því sem hæstv. ráðherra sagði að lagðar verði til tillögur um breytingar sem geri það að verkum að við fáum frekara fjármagn til að lækka þennan húshitunarkostnað því við megum einfaldlega ekkert við því að hann hækki frá því sem núna er.

Virðulegi forseti. Þegar kerfisbreytingar af þessu tagi hafa átt sér stað hefur sitt sýnst hverjum og það er eins og gengur í þessum efnum. Það er hins vegar niðurstaðan að verið er að hverfa frá, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, þessum miklu millifærslum sem ríktu innan kerfisins. Hæstv. ráðherra taldi hins vegar að það væri til svigrúm í þessum efnum innan kerfisins. Ég kann auðvitað ekki skil á því og það er sjálfsagður hlutur að menn fari ofan í það. Það er líka eðlilegt, eins og síðasti ræðumaður, hv. þm. Jóhann Ársælsson, og hæstv. ráðherra sögðu hér áðan að það hlýtur auðvitað að gerast í tímans ráð þegar menn fara að slípa þetta kerfi og menn fara að vinna innan þess, þá fara auðvitað notendur að gera kröfur um tiltekna gjaldskrá. Það er auðvitað ljóst mál að hinn stóri kaupendahópur, hópurinn sem kaupir rafmagn til húshitunar hlýtur að koma fram núna með auknum krafti gagnvart orkuseljendunum og æskja þess að fá sanngjarnari taxta. Það er ekki óeðlilegt að það gerist. Þannig virkar samkeppnisumhverfið. Við höfum verið að telja okkur trú um að við höfum verið að reyna að leggja drög að einhvers konar samkeppnisumhverfi í þessum efnum. Það auðvitað á eftir að koma á daginn hvort það virkar eður ei.

Aðalatriðið finnst mér þó vera það á þessari stundu að við erum núna í þeirri stöðu að vera með nýja löggjöf. Við höfum verið að hverfa frá gríðarlega miklum millifærslum sem eru innan kerfisins. Það hefur síðan þær afleiðingar að þegar orkufyrirtækin, orkuseljendurnir, eru að birta gjaldskrár sínar, þá birtist það okkur sem erum að kaupa rafmagn til húshitunar í því að það hækkar um 10–12% í þéttbýli, eins og til að mynda á Vestfjörðum þar sem ég þekki til og borga húshitunarreikninga og upp í 45% eins og er í dreifbýlinu. Það sjá allir, virðulegi forseti, að þetta gengur ekki. Það sjá auðvitað allir, virðulegi forseti, að við getum ekki samþykkt það. Við hljótum að bregðast við þessum hrikalegu staðreyndum og skelfilegu hækkunum. Við látum auðvitað ekki þessa holskeflu ríða yfir okkur. Það var það sem hæstv. ráðherra boðaði okkur hérna áðan að það er ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ásetningur ríkisstjórnarinnar að reyna að bregðast við þessu og reyna að snúa þeirri þróun við þannig að við fáum ekki yfir okkur þessar miklu hækkanir sem eru alveg úr takti við aðrar verðhækkanir í landinu. Við erum að tala um 2% verðbólgu eða þar um bil á þessu ári.

Það gefur augaleið að menn geta ekki látið það yfir sig ganga að fá 45% verðhækkanir, jafnvel á svæðum þar sem tekjurnar eru lægstar. Ég fagna þess vegna yfirlýsingu hæstv. ráðherra og trúi því, virðulegi forseti, að við munum leysa hið pólitíska verkefni okkar að komast til botns í þessu þannig að við þurfum ekki að búa við þennan kalda veruleika til framtíðar. Mér heyrast yfirlýsingar ráðherra gefa okkur fullt tilefni til bjartsýni í þeim efnum.

[14:45]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við ræðum hér raforkumál. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði við höfum alltaf litið svo á að raforkukerfi landsins væri hluti af sameiginlegri almannaþjónustu landsmanna, að starfsemin snerist um að veita almenningi og venjulegu atvinnulífi sem besta þjónustu fyrir sem lægst verð án þess að hagkvæmnin verði á kostnað umhverfisins eða náttúruverðmæta. Það er okkar sýn á raforkumálin í heild og við höfum lagt á það áherslu í þessu sambandi, rétt eins og með aðra almannaþjónustu, að allir landsmenn búi við sem jafnastar aðstæður í þessum efnum.

Orkuauðlindin er sameign okkar allra en það hefur vissulega ekki verið raunin. Í raforkukerfi okkar hefur verið ein risavaxin skekkja um áratuga skeið. Hún hefur farið vaxandi og virðist stefna stjórnvalda að auka hana sem mest þau mega í fyrirsjáanlegri framtíð. Þessi risavaxna skekkja liggur sem kunnugt er í því að langstærstur hluti allrar raforku sem framleidd er í landinu er bundinn í málmbræðslu til langs tíma á útsöluverði. Þess vegna hafa allir almennir raforkunotendur, heimilin og venjuleg atvinnustarfsemi, þurft að niðurgreiða orkusölu til stóriðjuvera og mega raunar búast við að verða kyrrsettir í því hlutverki um langa framtíð.

Næsta afrek hæstv. ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í þessum efnum eru svo auðvitað lögin um gjaldskrár og tekjumörk orkufyrirtækja, sem var nýársgjöf hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, til landsmanna allra, sérstaklega til þeirra sem búa í dreifbýli. Hvernig eru þau lög til komin? Jú, þau eru fyrsta lota afleiðinganna af þeim afkáralega gjörningi að innleiða hér á landi raforkutilskipun Evrópusambandsins í allri sinni dýrð.

Það má rifja það upp stuttlega að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vöruðu við því þegar árið 2000 að innleiðing þeirrar tilskipunar mundi valda umtalsverðum vandræðum í raforkumálum á Íslandi og passaði engan veginn. Við hvöttum til þess að ráðamenn leituðu eftir undanþágu frá tilskipuninni. Við töluðum fyrir daufum eyrum þá og það var ekki fyrr en allt var um seinan að einstöku stjórnarliðar meira að segja misstu út úr sér að þetta fyrirkomulag, sem sniðið er að meginlandi Evrópu, ætti kannski ekki sérstaklega vel við íslenskar aðstæður. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur hins vegar aldrei misst trúna á því ferli, þessu einkavæðingarferli sem hún hefur lagt upp með í orkubúskap landsmanna.

Við horfum fram á stóraukið misrétti atvinnugreina í landinu. Grænmetisframleiðendur og fiskeldisfyrirtæki verða verr sett en áður í samkeppni sinni við niðurgreidda starfsemi í öðrum löndum. Formaður Sambands garðyrkjubænda sagði í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 14. janúar að 5–10% hækkun á raforkuverði mundi gera út af við heils árs framleiðslu í gróðurhúsum hér á landi, viðbótarkostnaðinum verði ekki velt út í verðlagið. Hæstv. ráðherra kom ekki hér inn á neinar aðgerðir sem væru boðaðar gagnvart þessum aðilum að ég tæki eftir.

Hið sama gildir um fiskeldið, herra forseti. Hvernig verður staða þeirrar atvinnugreinar, sem á gríðarlega mikið undir því að raforka fáist á viðráðanlegu verði? Ég er hræddur um að þar geti orðið mjög erfið staða ef fram heldur sem horfir. Ekki heyrði ég nefndar sérstakar aðgerðir af hálfu hæstv. ráðherra til að mæta þeim vanda. Nýju lögin banna allar niðurgreiðslur í gegnum mismunandi taxta og gjaldskrá þannig að framvegis mega menn búast við því að við gerð fjárlaga á hverju ári verði framlögin sundurliðuð og teknar sérstakar ákvarðanir um niðurgreiðslur beint úr ríkissjóði, eigi að draga úr verðhækkunum eða jafna verð á raforku út um land.

Neytendur verða því gjörsamlega háðir árlegum ákvörðunum fjárveitingavaldsins, Alþingis, um hvers konar raforkuverð þeir munu búa við. Það er ekkert innbyggt stöðugt kerfi sem þar er í hendi.

Það var dapurlegt að hæstv. ríkisstjórn skyldi vera það svo gríðarlegt kappsmál að innleiða gervisamkeppni í raforkumálum. Þess vegna þurfti t.d. að sundurlima orkufyrirtæki og skipta upp í þrjár greinar: framleiðslu, flutning og sölu, með tilheyrandi kostnaði. Fyrirtækin skyldu auk þess taka sér arð úr rekstrinum.

Hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, fullyrti og fullyrðir enn hvað eftir annað á Alþingi að engar teljandi hækkanir á raforkuverði eigi að koma til vegna þessarar lagasetningar. Sama platan er spiluð aftur og aftur. Hún sagði t.d. í fréttum 12. janúar, með leyfi forseta:

„Aðalatriðið er að það verði ekki til nýr kostnaður í þessu kerfi. Hins vegar þá er þessu bara raðað öðruvísi upp og þeir sem hafa notið sérréttinda þeir njóta þeirra ekki lengur."

Þar hefur reyndar stóriðjan gleymst. Enginn fær meiri sérréttindi en stóriðjan, sem ætti þó að vera bannað samkvæmt þeim lögum sem hæstv. ráðherra vitnaði til.

Herra forseti. Menn sjá nú að það fyrirkomulag sem ríkisstjórnarflokkarnir greiddu atkvæði sitt með 10. desember og allir hv. þingmenn Samfylkingarinnar sem viðstaddir voru þá nema einn, var ekki svo sniðugt sem menn héldu þá. Þeir hafa reyndar margir fengið bakþanka síðan eins og við heyrðum hjá hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni. Nú er það pólitískt verkefni að takast á við þá galla sem voru löngu fyrirsjáanlegir í þessu kerfi. Já, við skulum vona að hv. þingmenn og ríkisstjórn hafi pólitískt þrek til að taka á þeim göllum og gera þetta að almannaþjónustu, í staðinn fyrir samkeppnisrekstur sem á að skila arði til eigenda fyrirtækjanna.

Hvernig datt mönnum í hug að það yrði enginn teljandi aukakostnaður af því að fyrirtækjunum væri skipt upp í þrjá hluta, sem síðan yrðu að versla hver við annan? Hvernig mátti það vera að engin veruleg hækkun yrði á rafmagnsreikningum landsmanna þótt fyrirtækin færu að reikna sér arð af starfsemi sem þau ekki þurftu að gera áður? Arðurinn rennur til eigandans, sem er ríkið, því ríkið á reyndar sem betur fer þessi fyrirtæki enn. Í stað þess að arðurinn af slíkri starfsemi skili sér til neytenda í formi lægra orkuverðs á hann að skila sér í vasa fyrirtækjanna og eigenda þeirra.

Herra forseti. Nú erum við að sjá ákveðinn raunveruleika. Hér hefur verið rakið hvernig verð fyrir orku til notenda breytist, hækkar í mörgum tilvikum en lækkar í einstaka tilvikum. Það á að stofna Landsnet sem átti að megninu að taka að sér flutning á öllu rafmagni til dreifiveitnanna. Ég lagði reyndar til í raforkunefnd að Landsnet yrði í eigu ríkisins og sveitarfélaganna en ekki í eigu þeirra fyrirtækja sem líka framleiða rafmagn. Það hefði verið miklu réttara. Ég tel enn að stefna ætti að því.

Stjórnvöld ákváðu að hafa ólíka gjaldskrá í þéttbýli og dreifbýli. Við lögðum til að svo yrði ekki og hér yrði um fullkominn jöfnuð að ræða, en ríkisstjórn og Alþingi féllust ekki á þá skoðun okkar. Vissulega fá fyrirtæki í þéttbýli örlitla lækkun sums staðar ef notkunin fer yfir ákveðið magn, en því sama hefur ekki verið að heilsa í dreifbýlinu.

Það er að vísu fagnaðarefni að hæstv. ráðherra skuli tilkynna að ríkisstjórnin sé með tillögur á borði sínu um að koma til móts við þá gríðarlegu mismunun og hækkun sem ella yrði til neytenda, sérstaklega í dreifbýlinu. En þetta eru enn tillögur. Það á ekki einu sinni að taka á allri þeirri hækkun, heldur bara að hluta til, að hrækja aðeins í vandann.

Herra forseti. Við höfum hér heyrt því lýst hvernig hitunarkostnaður hefur hækkað og mun hækka að óbreyttu um allt að 50%. Hæstv. ráðherra nefndi að hann hefði heyrt enn þá hærri tölur. Minnumst þess líka að stór hluti dreifbýlisins býr bara við einfasa rafmagn, býr í raun ekki við fullkomna raforkuþjónustu. Sá hluti á líka áfram að borga hæsta raforkuverðið. Hæsta raforkuverð til hitunar. Hæsta verð til heimilisnota. Hæsta verðið til atvinnustarfseminnar. Ég vil fá yfirlýsingu frá hæstv. ráðherra um að gefin verði út pólitísk yfirlýsing, eins og hv. þingmaður Einar K. Guðfinnsson nefndi, um að ríkisstjórn og Alþingi taki á þessum málum með þeim hætti að fullkominn jöfnuður ríki hér á landi hvað raforkuverðið varðar, allra síst verði dreifbýlið látið bera skarðastan hlut frá borði. Komið með einarða ákveðna yfirlýsingu um að á þessu verði tekið, en ekki hafa þetta 10%, 5%, 8% á móti þeim mun og því misrétti sem nú er verið að leiða inn meðal landsmanna, skipta þjóðinni upp

í tvennt eða þrennt hvað verð og aðgang að raforku varðar.

[14:56]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Nú erum við að ræða vandamál sem kom upp vegna breytts skipulags á raforkumálum. Við stæðum ekki í þessum sporum í dag ef frumvarp Frjálslynda flokksins og Vinstri grænna hefði verið samþykkt. Það gekk út á að fresta gildistöku laganna um eitt ár. Þá hefðum við haft tíma til að sjá fyrir vandamálin í staðinn fyrir að þurfa að kljást við þau í dag, eða eins og hæstv. iðnaðarráðherra, að vera jafnvel í þeim sporum að forðast það að svara í síma og eitt og annað. Ég hefði talið miklu eðlilegra að finna lausnir á fyrirsjáanlegum vandamálum frekar en að þurfa að vinna úr þeim eftir á.

Hið alvarlega í þessu máli er villandi og röng upplýsingagjöf hæstv. ráðherra. Það er eins og hæstv. ráðherra hafi farið í smiðju til formanns flokksins og litið til ummæla hans um Íraksstríðið sem forskriftar að villandi upplýsingagjöf. Hér í umræðunni var talað um 100 kr. hækkun en hver er raunin? Það er ekki 100 kr. hækkun og ekki 1.000 kr. hækkun heldur er þetta tugþúsunda kr. hækkun. Það er náttúrlega óþolandi að eiga orðastað á hinu háa Alþingi við fólk sem er alltaf að bulla og gefur rangar upplýsingar. Það er talað um 100 kr. en síðan reynist upphæðin tífföld ef ekki hundraðföld.

Þetta er ekki eina málið sem svo háttar til um. Við höfum m.a. rætt um hækkun á sementsverði. Það er ekki ár síðan. Þá var frumvarp sett fram með þeim hætti að um óverulega hækkun væri að ræða, óverulega hækkun. En hver var raunin? Á Sauðárkróki varð 25% hækkun á sementi. Hækkunin varð jafnvel 72% eða meiri. Það kom fram í svörum hæstv. ráðherra. Það er náttúrlega óþolandi að lögð skuli fram frumvörp með villandi málflutningi hvað eftir annað.

Það má tiltaka fleiri hv. þingmenn Framsóknarflokksins og jafnvel ráðherra sem eru á vafasömum brautum með málflutning sinn. Af því hæstv. landbúnaðarráðherra var hér í salnum má rifja það upp að hann stóð að mjög undarlegu verki, að svipta fólk starfsleyfi í Búðardal en vill síðan ekki upplýsa hver stjórnsýslan var á bak við það. Það mál er núna fyrir nefnd um upplýsingamál. Þetta er náttúrlega óþolandi.

Menn verða að gjöra svo vel að leggja fram haldbærar upplýsingar í staðinn fyrir að koma hér með hvert þvaðrið á fætur öðru, t.d. um 100 kr. hækkun. Sú hækkun var ekki tífföld heldur hundraðföld.

Síðan heldur ballið áfram og þá reynir maður að kynna sér hver hækkunin verður í raun og veru. Fyrst með því að hringja í Orkustofnun og víðar, en þá rekur á fjörur manns Bændablaðið. Þar er talað um 15--20% hækkun. Nú sitjum við uppi með að á Vestfjörðunum er talað um 45% hækkun á húshitunarkostnaði, en ég hef heimildir fyrir að hækkunin geti orðið allt að 75%. Ekki nóg með það því þegar rætt er um atvinnurekstur eða sumarhúsabyggð á Vestfjörðum eru menn ekki að tala um 75% hækkun, 25% hækkun eða 72% hækkun heldur 250% hækkun á árunum 2002–2005. Það er náttúrlega ekki hægt að bjóða nokkrum atvinnurekstri upp á þvílíkt öldurót og menn verða að fara að hugsa fyrir og skoða með opnum huga góðar tillögur sem koma frá stjórnarandstöðunni svo sem frá Frjálslynda flokknum og Vinstri grænum um að fresta gildistöku laganna og reyna að sjá fyrir vandamálið í staðinn fyrir að standa hér og vita ekkert hvað þeir eru að segja.

En hvað sem því líður ætla ég að minna hæstv. iðnaðarráðherra á að hún er ráðherra byggðamála og það er mjög undarleg aðgerð að vera að hækka húshitunarkostnað. Í áætlunum með meginþætti byggðaáætlunar stendur, í a-lið á bls. 1, að verið sé að draga úr mismunun á lífskjörum og afkomumöguleikum fólks milli byggðarlaga. Er þetta liður í því? Ég tel ekki svo vera. Mér finnst vera kominn tími til að ríkisstjórnin fari að sýna þessum málaflokki meiri virðingu en raun ber vitni.

Virðingarleysið gagnvart byggðamálum kom augljóslega í ljós nú í haust þegar skýrsla um framvindu byggðamála var rædd hér, en það er eitt það aumasta plagg sem ég hef rennt yfir. En hvað sem því líður er ágætt að fara aðeins yfir þetta skipulag og þessa samkeppni. Í hvaða samkeppni og breytt raforkuumhverfi erum við að fara? Við erum að fara í samkeppnisumhverfi opinberra fyrirtækja. Þarna eru opinberir forstjórar að fara í samkeppni sín á milli.

Allur þessi samkeppnisleikur er náttúrlega alveg með eindæmum, auðvitað sjá þessir opinberu forstjórar ekki neina leið til að lækka verðið. Þeir sjá bara margar leiðir til að hækka það. Og ekki var hægt að hækka verðið í Reykjavík. Nei, það var mjög mikil umræða um það hér í haust og þá er bara að demba hækkuninni á landsbyggðina og þá sem hafa hæstu raforkureikningana, þeir eru látnir greiða enn meira. Auðvitað er þetta ein dauðans della.

En ætti ekki rafmagnið að lækka, væri það ekki eðlileg staða? Við erum alltaf að fá stærri, hagkvæmari og öflugri virkjanir og þá mætti ætla að tæknin og tækninýjungar færu að skila einhverju þannig að við værum í rauninni að fá hagkvæmara kerfi og öflugra og þess vegna ættu neytendur að fara að sjá lækkun en ekki hækkun upp á tugi prósenta. Það er komið að því að hæstv. iðnaðarráðherra svari því: Er ekki kominn tími til að ræða lækkun á rafmagnsverði frekar en hækkun, sérstaklega í ljósi þess að hér er einungis verið að tala um samkeppni á litlum hluta markaðarins? Lítill hluti á að fara í samkeppni en meginhlutinn af allri orkunni er seldur á föstu verði til stóriðju. Maður hefði haldið að þessi litli hluti ætti að fara að njóta ávinnings af öllum þessum hagstæðu orkusamningum til stóriðju. Nei, það er verið að hækka rafmagnið í staðinn fyrir að lækka það.

Ég vil að fólk sem fær hækkaðan rafmagnsreikning um næstu mánaðamót íhugi það vel: Hvaðan kemur sú hækkun? Það á í rauninni ekki að sætta sig við þetta. Umræðan um samkeppni á raforkumarkaði er á algjörum villigötum. Landsbyggðin á einfaldlega að afþakka þessa hækkun sem er alveg með ólíkindum.

Ég hef lokið mál mínu að sinni.

[15:05]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir ágæta yfirferð um nýskipuð raforkulög sem eru mjög flókin eins og endurspeglast hefur í umræðunni.

En fyrst vil ég segja um ræðu síðasta hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar, þar sem hann stóð hér og fórnaði höndum og

talaði sífellt um vandamál: Hér eru engin vandamál á ferðinni. Hér eru akkúrat verkefni (**Gripið fram í:** Okkar bensín.) til úrlausnar fyrir okkur stjórnmálamennina, verkefni sem við höfum verið að ráðast í. Það mætti halda það af ræðu hv. þingmanns að hann vildi ekki reyna að leysa úr þeim flóknu viðfangsefnum sem hér blasa við.

Á ræðu hv. þingmanns áðan mátti líka skilja að húshitunarkostnaður landsmanna hefði stóraukist á umliðnum árum. Það er rangt. Það er villandi málflutningur vegna þess að kostnaður við húshitun á landsbyggðinni hefur verið að lækka í tíð núverandi ríkisstjórnar og hefur bætt og styrkt byggðir víða um land því hér er um mjög mikið hagsmunamál byggðanna að ræða og framsóknarmenn og sjálfstæðismenn hafa skilning á þeim úrlausnarefnum sem við glímum við.

Hæstv. forseti. Sú nýskipan raforkumála sem nú hefur hafið innreið sína kemur til af Evróputilskipun, eins og farið hefur verið yfir, og hafa íslensk stjórnvöld á umliðnum árum verið að undirbúa þá innleiðingu sem kallar á breytta skipun umhverfis raforkumála landsins. Markmiðið með þeirri lagasetningu er að auka hagræði innan greinarinnar til lengri tíma litið með það að markmiði að bæta hag allra raforkukaupenda.

Þetta hefur hins vegar ekki gengið eftir á vissum sviðum *til skemmri tíma litið. En ég ber þá von í brjósti að þegar* fram líða stundir muni hagræðing innan greinarinnar skila sér til heimilanna í landinu og atvinnulífsins og auka þannig samkeppnishæfni Íslands í samfélagi þjóðanna.

Hæstv. forseti. Þegar hin nýja löggjöf leysir þá gömlu af hólmi blasa við nokkur úrlausnarefni sem lúta að því að í hinu gamla umhverfi raforkumála voru innri niðurgreiðslur *þar sem almennir notendur, heimili jafnt sem fyrirtæki,* greiddu niður orkuverð til einstakra aðila. Við þessu þurfum við að bregðast og það útspil sem hæstv. ráðherra hefur nú lagt á borðið er til marks um það.

En það er mjög skiljanlegt í hinni pólitísku umræðu, að þegar hækkun húshitunarverðs ber á góma þá fari að loga eldar í samfélaginu. Við hv. þingmenn sem fórum um kjördæmi okkar fundum að þetta málefni lá mjög þungt á fólki víða um land enda er hér verið að tala um lífskjör fólksins í landinu og fyrst og fremst spurninguna um hvort við viljum halda landinu í byggð. Ég veit ekki hvernig hv. stjórnarandstæðingar á þinginu hafa getað lagt öðruvísi út af orðum stjórnarliðanna en að við viljum stuðla að því að svo verði áfram og við því er verið að bregðast.

Við upphaf þessarar löggjafar hafa komið fram bæði kostir og gallar. Kostirnir eru ekki litlir, þeir lúta að því að hagur margra fyrirtækja, sem oft eru burðarásar atvinnulífs í viðkomandi byggðarlögum, mun stórbatna. Þar er ég sérstaklega að tala um hag fyrirtækja á Rarikssvæðinu, hvort sem það er í þéttbýli eða dreifbýli, þar er verið að tala um lækkun um allt að 20–25% og mun sérstaklega koma fiskvinnslunni til góða. Ég hefði haldið að það væri mjög gott innlegg í þá umræðu um íslenskan sjávarútveg sem nú fer fram í íslensku samfélagi þar sem ytri áhrif íslensks sjávarútvegs hafa verið mjög erfið en trúlega mun fiskvinnslan í landinu njóta mjög góðs af breyttu umhverfi raforkumála.

En eins og ég hef sagt þá eru líka gallar á hinu nýskipaða umhverfi sem við erum að fylgja úr hlaði og við erum *að leita leiða til úrlausna í þeim efnum. Nú upp úr áramótum* kom í ljós að kostnaður heimila sem þurfa að kynda hús sín með raforku mundi hækka allverulega, um tugi prósenta í mörgum tilfellum. Það var miklu meiri hækkun en við alþingismenn höfðum gert okkur í hugarlund þegar við vorum að bæta þessa löggjöf fyrir áramótin.

Í kjölfar þessara frétta, þessara válegu tíðinda komu bæði hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. forsætisráðherra fram á sviðið og gáfu fyrirheit um að hækkanirnar yrðu skoðaðar sérstaklega og gripið yrði til aðgerða. Við sjáum birtingarmynd þess hér í dag þegar gripið er til þeirra aðgerða að setja á annað hundrað milljónir til verkefnis í því skyni að lækka húshitunarkostnað þeirra heimila sem þurfa að kynda hús sín með rafmagni. Hér er verið að grípa til viðbótaraðgerða.

Ég er á því, og ég held að stjórnarmeirihlutinn sé almennt á því — reyndar fáum við stundum misvísandi skilaboð frá stjórnarandstöðunni þegar við tölum um búsetustyrki, sumum samfylkingarmönnunum finnst nú nokkuð vel í lagt í landbúnaðarkerfinu og öðrum slíkum málaflokkum — að ef við ætlum að byggja þetta land verður að vera hér ein þjóð í einu landi. Það hefur áhrif á búsetu hvort húshitunarkostnaður er 5 þúsund kr. hærri eða lægri á mánuði, það hefur áhrif á hvar fólk velur sér búsetu og við í ríkisstjórnarflokkunum skiljum þær staðreyndir. Þess vegna fagna ég því útspili ríkisstjórnarinnar að lækka reikning þessara heimila um á annað hundrað milljónir.

Hæstv. forseti. Á þeim stutta tíma á ég eftir að fara yfir margt, m.a. tvær atvinnugreinar sem skipta landsbyggðina mjög miklu máli og ég vil fara yfir það í seinni hluta ræðu minnar. En ég vil að lokum segja það að iðnaðarnefnd mun *að sjálfsögðu fara mjög vandlega yfir þetta mál. Við mun*um kalla á fund okkar iðnaðarnefnd þingsins, raforkufyrirtækin í landinu, Orkustofnun og fleiri aðila er þetta mál varðar, vegna þess að það er staðreynd, hvort sem við erum í stjórnarmeirihluta eða minni hluta að við höfum fengið misvísandi upplýsingar.

Það er t.d. ein spurning sem brennur á mér, hún er sú hvort breytingin á umhverfi raforkumála á landinu hafi haft þau áhrif að tekjur þessara fyrirtækja mundu aukast eða lækka eftir tilfellum. En ég legg áherslu á að við munum vinna í þessu máli í iðnaðarnefnd þingsins og ég held að við þurfum ekki að skipta okkur í tvo hópa í þeim efnum, hvort sem við erum í stjórnarmeirihluta eða minni hluta. Þetta er hagsmunamál landsbyggðarinnar og við viljum standa vörð um hinar dreifðu byggðir, ég vona að flestir þingmenn vilji það á annað borð, og að því munum við vinna í starfi okkar innan iðnaðarnefndar.

[15:13]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil fyrst lýsa yfir ánægju með að heyra að hv. þingmaður hafi áhyggjur af hækkun húshitunarkostnaðar á landsbyggðinni en maður var farinn að halda það að framsóknarmönnum stæði nokkuð sama.

En ég beini þeirri spurningu til hv. þingmanns hvort ekki hefði verið rétt að reyna að sjá þessi vandamál fyrir þannig að menn lentu ekki í þeim vandræðum sem uppi eru.

[15:14]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar þá hefur verið unnið að þessari löggjöf í mörg ár, til að innleiða þessa nýju tilskipun. En eftir öll þessi ár eru sum raforkufyrirtækin ekki enn tilbúin, eða töldu sig ekki vera tilbúin um síðustu áramót til að innleiða eða fara eftir þessari nýju löggjöf. Hvað átti að gefa þessum fyrirtækjum mörg ár til viðbótar? Við urðum að innleiða löggjöfina samkvæmt EES-tilskipun. EES-samningurinn hefur fært okkur mikla auðlegð á umliðnum árum, honum fylgja að sjálfsögðu bæði kostir og gallar. Ég tel að með hinu nýskipaða umhverfi raforkumála, með þeirri hagræðingarkröfu sem hún felur í sér, muni þetta til lengri tíma litið skila íslenskum almenningi og íslensku atvinnulífi lægra orkuverði. Í svo umfangsmiklu máli sem breytingin felur í sér, þá er mjög eðlilegt að einhver ný úrlausnarefni blasi við okkur hv. þingmönnum. Við eigum að vera menn til að takast á við þau, en ekki að koma hér upp í ræðustól og tala um eintóm vandamál og yppa öxlum.

[15:15]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er athyglisvert að heyra tón hv. þingmanns nú. Það má ætla að einhver nauðung hafi rekið Framsóknarflokkinn til þessara verka og þeir hafi verið tilneyddir. En hér fyrir áramótin þá var fögnuður og hæstv. iðnaðarráðherra sá mikla ástæðu til að fagna yfir þessu. En nú eru áramótin liðin og þegar menn lenda í þessum vandamálum þá er bara nauðung.

Þegar upp komu vandamál varðandi hækkunina á sementsverði þá hefur ekkert gerst. Maður óttast að Framsóknarflokkurinn svíki þetta einnig nú, að það sé bara verið að breiða yfir þetta og að það eigi ekki að gera nokkurn skapaðan hlut. (**Gripið fram í:** Í hverju?) Varðandi það að taka á þessu hækkaða raforkuverði. (**Gripið fram í:** Það er verið að því.) Ég á eftir að sjá efndir hvað það varðar vegna þess að framsóknarmenn hafa ekki staðið við ýmis önnur loforð í byggðamálum og er svikalistinn orðinn æðilangur.

[15:16]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er fagnaðarefni þegar hv. þm. Birkir J. Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, boðar það hér að iðnaðarnefnd muni fara alveg sérstaklega vel yfir þetta mál. Það er full ástæða til eins og fram kom í ræðu hv. þingmanns. Það var þó eitt hugtak sem hv. þingmaður notaði sem ég held að sé algjörlega nauðsynlegt að hann skýri nánar fyrir þingheimi vegna þess að í því fólust ákveðnar ásakanir í garð þeirra sem komu til fundar við nefndina. Hv. þingmaður fullyrti að nefndin hefði fengið misvísandi upplýsingar. Ég get tekið undir það með honum að ýmsar upplýsingar voru mjög misvísandi því það var m.a. fullyrt við nefndina að það sem komið hefur í ljós varðandi þær hækkanir sem menn hafa hér verið að ræða mundi ekki eiga sér stað. Því er nauðsynlegt að hv. þingmaður útskýri nánar hvað hann eigi við með misvísandi upplýsingum og hverjir það voru sem gáfu hinar misvísandi upplýsingar. Voru það fulltrúar raforkufyrirtækjanna? Voru það fulltrúar Orkustofnunar? Voru það fulltrúar iðnaðarráðuneytisins?

Frú forseti. Ég held að sé alveg nauðsynlegt að hv. þingmaður upplýsi okkur um það hverjir gáfu þessar misvísandi upplýsingar.

[15:18]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í stuttu andsvari ætla ég ekki að fara yfir einstaka fundi í iðnaðarnefnd. En það liggur hins vegar á borðinu og við hv. þingmaður erum sammála um það að í tilfelli sumra orkufyrirtækjanna kom í ljós hér upp úr áramótum að taxtar urðu mun hærri en við gerðum ráð fyrir. Ég fagna því þeirri yfirlýsingu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar að þetta sé úrlausnarefni sem iðnaðarnefndin, bæði meiri hluti og minni hluti, stendur frammi fyrir. Þetta er gríðarlegt byggðamál. Við hv. þingmaður erum væntanlega sammála um það að sú umræða sem hefur átt sér stað nú að undanförnu hefur legið mjög þungt á íbúum t.d. í okkar ágæta Norðausturkjördæmi eða á Vestfjörðum, enda hafa viðbrögð stjórnarmeirihlutans á Alþingi verið á einn veg. Við ætlum að bregðast við þessu úrlausnarefni og reyna að koma í veg fyrr að stórhækkanir verði á raforkuverði til húshitunar. Reyndar skulum við ekki gleyma því að verð á almennri raforku á heimilum mun lækka. Eins og ég fór yfir hér áðan þá er hér um að ræða kosti og galla sem fylgja hinni nýju löggjöf og við erum einfaldlega að vinna úr því máli að bæta þessa löggjöf enn frekar.

[15:20]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að við erum sammála um að hér er afar mikilvægt mál á ferðinni sem bráðliggur á að finna lausn á. En það leysir okkur ekki undan þeirri skyldu að reyna að komast að því hvernig á því stendur að hlutirnir gerast á þennan hátt, þ.e. að það sé upplýst af fjölda aðila á fundum í iðnaðarnefnd að ákveðnir hlutir geti ekki gerst þrátt fyrir að það sé spurt út í það nokkuð nákvæmlega. Síðan kemur það allt saman í ljós sem á fundum nefndarinnar var sagt að mundi ekki gerast. Það er afskaplega mikilvægt að við förum yfir það nákvæmlega hvernig á þessu stendur þannig að menn þurfi ekki að brenna sig á þessu aftur. Það hefði verið miklu eðlilegra að menn hefðu séð þetta fyrir þannig að hægt hefði verið að gera ráð fyrir þeim fjármunum sem þarf til þess að jafna húshitunarkostnaðinn í fjárlögum fyrir þetta ár, að það lægi fyrir

Aðalatriðið sem kom fram hjá hv. þingmanni, sem er ástæðan fyrir því að ég vildi fara í andsvar á þessum tímapunkti, er að hv. þingmaður hefur lýst því yfir að iðnaðarnefnd muni fara vel yfir þetta mál. Ég fagna því alveg sérstaklega og ég get fullyrt það vegna orða hv. þingmanns að ég er alveg sannfærður um að það verður enginn munur á áhuga nefndarmanna hvort sem þeir sitja í ríkisstjórnarmeirihluta eða ekki. Þetta mál er það mikilvægt að það á að vera yfir það hafið hvorum megin menn sitja borðs í því tilviki.

[15:21]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Nú erum við byrjuð að ræða um afleið-

ingar af nýsettum lögum um breytta skipan raforkumála á Íslandi. Þessi lög er 27 daga gömul og við erum að ræða þau í fyrsta skipti af mörgum á hinu háa Alþingi spái ég, aðeins í fyrsta skipti. Það á margt fleira eftir að koma í ljós. Ég sat í hv. iðnaðarnefnd þegar þetta var unnið og þar kom fram að sambærilegum lögum hafði verið breytt fimm eða sex sinnum, hvort það var nú í Noregi eða Danmörku. Ég hygg að margt eigi eftir að reka á fjörur okkar og margt eigum við eftir að ræða.

Það sem við ræðum um nú eru þær holskeflur hækkana sem hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson nefndi áðan. Þær dynja yfir, sérstaklega í landsbyggðarkjördæmunum, gagnvart rafhitun. Við verðum að finna leiðir, ekki til að draga úr þeim eins og hæstv. ráðherra sagði, heldur láta þær algjörlega hverfa. Við getum ekki unað við, virðulegi forseti, 5–8% hækkun í þéttbýli eins og hæstv. ráðherra boðar eða 10% í strjálbýli. Það er engan veginn hægt að sætta sig við að þessari kerfisbreytingu verði velt t.d. á bændur og íbúa landsbyggðarinnar.

Kaldar eru þær kveðjur framsóknarmanna og sjálfstæðismanna til bænda og annarra í landinu ef þeir eiga að una 10% hækkun rafhitunar við þær breytingar sem hæstv. ráðherra boðaði hér áðan, sem eru engan veginn nægjanlegar. Ég ítreka það og segi að það er ekki nóg, virðulegi forseti, að draga úr þessum hækkunum. Þær verða að hverfa, að mínu mati.

Það verður 35% hækkun hjá Rarik í dreifbýli og 15% í þéttbýli ef ekkert verður að gert. Það verða 45% hjá Orkubúi Vestfjarða að meðaltali. Þó munar dálitlu hvort það er á Súðavík eða hinum megin við fjallið, á Ísafirði. Þetta er engan veginn hægt að sætta sig við og þetta átti ekki að koma út úr þessari lagabreytingu. Ég tek það skýrt fram að í iðnaðarnefnd var unnið mjög vel að þessu máli og ég hygg að fyrrverandi formaður nefndarinnar, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, geti vitnað um að ég, sá sem hér stendur, lagði mikla áherslu á að fá aðila sem ekki hefðu komið að undirbúningi málsins með iðnaðarráðuneytinu til fundar við nefndina. En þeir voru nær ófinnanlegir. Það voru fjölmörg atriði sem maður hafði vara á, t.d. slík hækkun á orkuverði til rafhitunar, og ýmsa fleiri þætti. En það var ekki hægt að fá neinn aðila úr þjóðfélaginu sem treysti sér til að ræða þetta á þeim grunni.

Má ég líka minna á, virðulegi forseti, að þegar við kölluðum eftir upplýsingum um hvers virði hinar margafskrifuðu línur inni í félagið Landsnet yrðu, þ.e. á hvaða virði það yrði tekið inn, þá gátum við heldur ekki fengið það fram. Seinna hefur komið í ljós, að mínu mati, að þær tölur voru allar tilbúnar. En enginn gat sagt það við iðnaðarnefnd, hvort sem það hefur nú verið að skipun iðnaðarráðuneytisins eða einhvers annars. Ég er eingöngu að segja, virðulegi forseti, að það er mjög alvarlegt ef þingnefnd getur ekki unnið mál eins og þarf, kallað til sín sérfræðinga, fengið tölur á borðið og annað slíkt. Svo kemur þetta sem holskefla eftir að lögin hafa tekið gildi og þá þarf að fara í björgunarleiðangra eins og hæstv. iðnaðarráðherra hefur verið að tala um núna. Ráðherra fer með þetta inn í ríkisstjórn og ætlar að lækka niðurgreiðsluþakið úr 50 þús. kílóvattstundum niður í 35 þús. kílóvattstundir. Þessi breyting bitnar svo fyrst og fremst og verst á fullorðnu fólki sem býr í stóru húsnæði á landsbyggðinni og bændum og búaliði.

Virðulegi forseti. Nú er ég ekki að hvetja til að markið sé endilega svo hátt að um orkusóun verði að ræða. Það má aldrei eiga sér stað frekar en með aðra fjármuni.

Það gengur ekki, virðulegi forseti, að gera þetta svona. Ég fagna hins vegar þeim 135 millj. kr. sem ráðherrann boðar hér sem aukinni niðurgreiðslu. En betur má ef duga skal miðað við það sem ég hef hér áður sagt. Hæstv. ráðherra verður að gjöra svo vel og sækja meiri pening í niðurgreiðsluþáttinn vegna þess að það stóð líka í umsögn frá fjármálaráðuneytinu um þær 230 milljónir sem settar voru inn að það var talið að það mundi duga. Það hefur orðið að samkomulagi að setja 230 milljónir á fjárlög að hámarki, eins og fjármálaráðuneytið sagði.

Nú spyr ég, virðulegi forseti, hæstv. iðnaðarráðherra: Treystir hún sér ekki til að fá meiri pening út úr stjórnarflokkunum og ríkisstjórn í þetta til þess að draga algjörlega úr þessum þætti?

Ég kalla það ekki mjög stórmannlegt, virðulegi forseti, að skella allri skuldinni á orkufyrirtækin. Ef það er svo þá verður auðvitað iðnaðarnefnd að fara í gegnum það mál vegna þess að ráðherra orðaði það eitthvað á þá leið að orkufyrirtækin væru bersýnilega að nota tækifærið til að bæta hag sinn. Eitthvað á þá leið var sagt. Meðan þetta er að taka gildi, meðan fyrirtækin geta ekki gert betur, eins og hæstv. ráðherra sagði, þá verður ríkisvaldið að koma til sögunnar og draga algjörlega úr þessum hækkunum. Það er orðið „draga“ sem ég geri athugasemdir við og fer fram á að úr þessu verði bætt.

Virðulegi forseti. Svo stuttur tími sem þessar átta mínútur eru sem okkur almennum þingmönnum eru skammtaðar til að ræða þetta mál hér dugar ekki þannig að ég kem aftur til að ræða þetta. En það var aldrei hugsunin að íbúar á landsbyggðinni sem búa við rafhitun og hafa notið niðurgreiðslna — þeir eru í kringum 10 þús. talsins núna — eigi að fá á sig þessa hækkun. Það var aldrei talað um það. Þess vegna segi ég aftur að við verðum að finna leið með peningum frá ríkissjóði til að auka niðurgreiðsluþáttinn þannig að þetta hverfi algjörlega út. Við annað verður ekki unað í þessu sambandi. Það eru kaldar kveðjur Framsóknarflokksins til íbúa á landsbyggðinni rétt einu sinni enn og sjálfstæðismanna ef þetta á að vera svona.

Ofan á allt annað má segja um skattalækkunarpakkann sem nefndur er í sömu andrá og tími hækkandi sólar, að íbúar landsbyggðarinnar njóta ekki þeirra skattalækkana á neinn hátt miðað við íbúa höfuðborgarsvæðisins. (**Gripið fram í:** Eignarskattur.) Ég trúi því ekki, virðulegi forseti, að Framsóknarflokkurinn sem stundum hefur verið að nudda sér upp við landsbyggðina með því að kalla sig landsbyggðarflokk, flokk dreifbýlis, ætli að láta þetta líka ganga yfir.

Virðulegi forseti. Vegna þess að hæstv. landbúnaðarráðherra situr hér og tekur vonandi þátt í þessari umræðu þá ætla ég að spyrja hann út í það hvað eigi að gera fyrir garðyrkjubændur. Ég minntist á það mál við hæstv. iðnaðarráðherra í óundirbúnum fyrirspurnum fyrir jól og fiskeldisfyrirtækin. Ég nefndi sem dæmi Silfurstjörnuna í Öxarfirði sem fær á sig 100% hækkun ef ekkert verður að gert. Ég

spyr, virðulegi forseti, báða þessa hæstv. ráðherra: Hvernig á að bregðast við vanda fiskeldisfyrirtækja? Hvernig á að bregðast við vanda garðyrkjubænda og hvað kostar það? Eitt í viðbót: Hvernig á að bregðast við þeim vanda og þeim hækkunum sem dynja á sveitarfélögum á landsbyggðinni vegna hækkunar á upphitunarkostnaði t.d. sundlauga, skóla, íþróttahúsa og annarra slíkra stofnana? Á sveitarfélagið að taka þetta beint á sig?

Virðulegi forseti. Þetta eru fyrstu spurningarnar sem ég vildi leggja fyrir hæstvirta ráðherra í minni fyrri ræðu. Ég vænti þess að hæstv. ráðherrar komi hér upp og svari þessum spurningum.

[15:30]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að hv. þingmaður var að efast um að Framsóknarflokkurinn væri landsbyggðarflokkur ætla ég bara að ítreka að svo er. Hins vegar er munurinn á Samfylkingunni og Framsóknarflokknum sá að í Samfylkingunni er bara einn landsbyggðarmaður — það er ekki landsbyggðarflokkur — og það var hv. þingmaður sem talaði hér.

Það kom ýmislegt fram sem er ástæða til að bregðast við. Hv. þingmaður sagði: Þetta átti ekki að koma svona út. Það má alveg taka undir að þetta átti ekkert að koma svona út, það urðu meiri hækkanir en við reiknuðum með. Hins vegar var alveg ljóst að það yrðu hækkanir og það veit hv. þingmaður sem sat í 19 manna nefndinni. (**Gripið fram í:** Nei.) Við vissum ekki hvernig við mundum bregðast við þeim og við vissum ekki fyrr en gjaldskrá var komin fram hversu miklar hækkanirnar yrðu og þess vegna er einmitt viðfangsefnið núna að bregðast við og við verðum bara að taka því eins og það er.

Hv. þingmaður talaði um að 230 millj. væri ekki nægilega há upphæð. Það er hins vegar misskilningur. 230 millj. duga fyrir því sem þeim var ætlað, að greiða niður dreifingarkostnað í dreifbýli þannig að hann verði ekki hærri en þar sem hann er hæstur í þéttbýli. 230 millj. duga. Hins vegar ætlum við að bæta við þessar 900 millj. til að koma til móts við þetta mál.

Hv. þingmaður sagðist ekki mæla með söun og við erum alveg sammála um það. Ég sé að hægt sé að verja það að fara niður í 35 þús. kwst. Hins vegar vil ég líka taka fram að það er samkomulag milli Orkustofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um orkusparnaðaraðgerðir sem ég get ekki farið nákvæmlega í núna. Það þýðir að hægt er að mynda hús t.d. með infrarauðri myndavél þannig að fólk getur fengið þá þjónustu ef það vill vita hvort einangrun sé eitthvað ábótavant. Þetta getum við rætt frekar síðar, það er til öll tækni sem þarf í þetta.

[15:32]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrir það fyrsta er það misskilningur að ég hafi átt sæti í 19 manna nefndinni. Svo var ekki en Samfylkingin átti þar fulltrúa, Svanfríði Jónasdóttur, en það er nú smáatriði.

Ég get tekið undir viðfangsefnið, það er ágætt. Ég get líka lýst því yfir, eins og ég tel mig hafa gert í fyrri ræðu minni, að ég er stuðningsmaður þess viðfangsefnis að ná í meiri peninga í ríkissjóð vegna þess að ég tel að á hinu háa Alþingi hafi líka verið pólitískur samhugur um að peninga til niðurgreiðslna ætti ekki að ná í til allra orkunotenda, að sérstakir peningar kæmu út úr ríkissjóði líkt og hefur verið í fjölmörg ár en málið er að það vantar í þann sjóð.

Ég hef ekki trú á því að það sparist mikið við það og má kannski setja það fram í spurningu til hæstv. iðnaðarráðherra: Hvað er talið að það sparist margar milljónir kr. úr niðurgreiðslusjóðunum við að lækka þakið á 50 þús. kwst. niður í 35 þús. eða hvað það er? Ég hef ekki trú á því að það skapist svo miklir peningar við það. Það getur vel verið að það skapist peningar í niðurgreiðslusjóðnum fyrir árið 2005, m.a. vegna þess að um áramótin stóð ekki eftir út af niðurgreiðslum vegna nóvember og desember eins og gerst hefur undanfarin ár og kemur m.a. fram í svari til mín, þannig að vonandi er það þannig.

En grundvallaratriðið er þetta: Getum við ekki orðið sammála um, ég, hæstv. iðnaðarráðherra og aðrir, að viðfangsefnið sé ekki að draga úr hækkuninni heldur að láta hana hverfa út?

[15:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Miðað við að raforkuverð er að hækka, sérstaklega hjá Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitunni, þó að það sé að hækka meira hjá Hitaveitunni, finnst mér vera svolítil lykt af því að vera yfirboð að ætlast til þess að þetta hækki ekki eitthvað. Það má alltaf deila um hvort þetta sé of mikið en mér finnst alla vega að það muni ansi miklu hvort við förum niður í um 10% eða hvort við erum að tala um 30% og 40% hækkun, það munar mjög miklu.

Hvað sparast við að færa þakið úr 50 þús. kwst. í 35? Það er heilmikið, 57 millj. Það er gríðarlega dýrt þegar kemur upp undir hæstu mörk að greiða þetta niður og þarna sparast mikið. Meðalnotkunin er kannski 32 þús. kwst. þannig að það er viðunandi að fara þetta niður en ég skil alveg að það er umdeilanlegt.

Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að 85% af kaupum manna með rafupphitun er vegna rafupphitunar, almenna notkunin er ekki nema 15%. Það þarf svo gríðarlega mikla notkun til þess að hita upp hús. Þess vegna er ég áhugasöm um að við reynum að fara í átak með fólki sem býr í stórum húsum og er kannski ekki með nægilega einangruð hús að reyna að bæta þar úr.

[15:36]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér kemur fram að við breytinguna úr 50 þús. kwst. niður í 35 þús. kwst. lækki niðurgreiðslurnar um 57 millj. kr. Við þær breytingar hækkar jafnframt húshitunarkostnaður þeirra húseigenda um 57 millj. kr. Það er gott að fara í einangrunarátak og allt það en því getur fylgt mjög mikill kostnaður og stundum eru þeir peningar ekki til til að fara í þær aðgerðir. Oft á tíðum er þetta því miður eins og ég sagði áðan eldra fólk sem býr í stóru húsnæði úti á landi, að ég tali nú ekki um bændur.

Hitt atriðið, vegna þess að hæstv. ráðherra talaði um

breytingarnar sem verða hjá Orkuveitu Reykjavíkur og annars staðar, þá hefur komið fram í fréttum að Rafmagnsveitur ríkisins urðu að hækka gjaldskrá sína, einkaleyfisþáttinn, úr 3,40 kr. á kwst. í 3,60 kr. Hvað er þetta, 6%–7% hækkun? Af hverju skyldi Rarik hafa þurft að gera þessa hækkun eftir á, fyrir nokkrum dögum? Jú, vegna þess að Orkuveita Reykjavíkur var komin með þennan taxta í 3,60. Þá var Rarik að hækka þetta um 20 aura, leggja þyngri byrðar á íbúa landsbyggðarinnar vegna þess að Orkuveita Reykjavíkur er komin í 3,60. Halló, halló, á hvaða vegferð erum við? Bíðum við, af hverju er viðurkennt að dreifikostnaður Orkuveitu Reykjavíkur sé margfalt hærri en hjá Rarik undanfarin ár og þó starfar Rarik á landsbyggðinni þar sem ætti að vera dýrara að dreifa?

Hér er því maðkur í mysunni sem er full ástæða til að fara í gegnum og verður að sjálfsögðu ekki gert, virðulegi forseti, úr ræðustól Alþingis. Það er verkefni Orkustofnunar (**Gripið fram í:** Spyrja Reykjavíkurlistann.) Ég skal spyrja Alfreð Þorsteinsson á morgun því þingflokkur Samfylkingarinnar fer í heimsókn til Orkuveitu Reykjavíkur klukkan hálfníu í fyrramálið, og mætti ég kannski bjóða hæstv. iðnaðarráðherra með í þá heimsókn til að ræða þetta?

[15:38]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú svo með allar breytingar að þær kunna að orka tvímælis þá gerðar eru. En þegar við horfum á þær breytingar og þá umræðu sem fram hefur farið um raforkumálin liggur auðvitað fyrir eins og hæstv. iðnaðarráðherra hefur sagt að það séu engin ný tilefni til hækkana.

Ég minnist þess að ríkisstjórnin og hæstv. iðnaðarráðherra stóðu í stórslagsmálum á síðasta ári til að minna Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun á að í þessu væru engin ný tilefni. Það voru mikil átök. Hins vegar liggur fyrir að Rarik og Orkubúið telja sig þurfa heilmiklar hækkanir og fara verður vel yfir það hvort þar séu einhver tilefni sem verið er að nota sér vegna breytinganna.

Hitt er annað mál að ég man eftir umræðu um breytinguna á bönkunum þegar verið var að einkavæða þá, þá var hún nákvæmlega eins og þessi umræða, að allt væri að hækka og að allt væri að fara á heljarveg. En hvað hefur gerst? Mikil samkeppni hefur skapast á peningamarkaði almenningi til hagsbóta, ekki síst í íbúðarhúsnæði. Kannski kann þessi breyting að leiða það af sér að það gerist líka á þessu sviði þegar frá líður og þessi umræða verði sú gleymda umræða sem enginn vill rifja upp. Ég ætla að vona að svo verði.

Hins vegar er ljóst í mínum huga að við verðum að halda utan um okkar minnstu bræður af mikilli nákvæmni. Núverandi ríkisstjórn er með 900 millj. í niðurgreiðslu á köld svæði og hefur staðið að því að auka niðurgreiðslur.

Af því að ég var spurður um garðyrkjuna þá liggur fyrir að aðlögunarsamningurinn sem gerður var um að lækka verð og þeir kepptu á heimsmarkaði, þar þarf heilmikla peninga og það er inni í umræðu ríkisstjórnar að koma til móts við garðyrkjubændur. Ég hygg að það þurfi 55–60 millj. til þess að þeir standist þá samkeppni. Fiskeldismenn eru hins vegar í viðræðum við Landsvirkjun um sín mál, hvernig þeir geti leyst þau og náð samningi áfram. Að þessu er því verið að vinna eins og öllu hinu. Við reynum að koma til móts við þessa aðila, að breytingin (Forseti hringir.) hafi ekki þau áhrif að menn standi höllum fæti.

[15:41]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf svo sem ekki að bregðast við neinu sérstöku í andsvari hæstv. landbúnaðarráðherra við ræðu minni, (**Gripið fram í:** Magnað.) en ég endurtek spurningu mína um garðyrkjubændur. Hversu há upphæð þyrfti að koma til til þess að garðyrkjubændur væru á sama orkutaxta og fyrir breytinguna fyrir áramót til þess að þeir haldi áfram rekstrarskilyrðum sínum? Ég sé það í svari við fyrirspurn frá mér sem ég hef vitnað til að niðurgreiðsla vegna garðyrkjulýsingar var árið 2002 í kringum 10 millj. kr. Er það virkilega bara sú upphæð eða er hún hærri?

Ég spyr líka að því og fæ kannski ekki svar við því frá hæstv. landbúnaðarráðherra: Hvað á að gera gagnvart fiskeldisfyrirtækjunum? Ég vil segja það vegna orða hæstv. ráðherra um að fiskeldisfyrirtækin séu í viðræðum við Landsvirkjun um áframhaldandi afslátt: Ég trúi því ekki að skilja beri þetta þannig að menn séu með einhvern bráðabirgðaplástur vegna þessa. Er þetta eitthvað sem er bara verið að plástra til fyrir ár eða hálft ár eða eitthvað svoleiðis og á svo að dúkka upp aftur?

Virðulegi forseti. Ég vil segja við hæstv. landbúnaðarráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra sem bæði koma úr landsbyggðarkjördæmum: Við getum ekki sætt okkur við þessar stanslausu árásir á atvinnulífið á landsbyggðinni og það á ekki að redda þessu með einhverjum plástrum eða skammtímalækningum. Við þurfum framtíðarsýn svo þessi atvinnurekstur geti búið áfram við það öryggi sem verið hefur hingað til þó svo að erfiðleikarnir séu töluverðir.

[15:43]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég velti því oft fyrir mér þegar hv. þm., vinur minn Kristján L. Möller, kemur í ræðustól, hvort það verði ekki hreinlega til þess að eitt fyrirtæki flytji af landsbyggðinni eftir ræðu hans því að slík er neikvæðni þessa hv. þingmanns, umræða um að allt sé vonlaust.

Nú liggur fyrir í umræðunni að fyrirtækin á landsbyggðinni muni hagnast á þessari breytingu strax. (**KLM:** Fiskeldisfyrirtækin.) Fiskeldisfyrirtækin, það er í vinnslu eins og ég hef rakið. Það þarf 45 millj. til að koma til móts við þau. Landsvirkjun telur sig geta það og ef Landsvirkjun vill gera það þá má hún það fyrir mér (**Gripið fram í:** Eigum við þá að lækka raf ...) en ég er í fullu samstarfi við fiskeldið og veit af þessum umræðum og þetta er uppi á mínu borði.

Hvað varðar garðyrkjuna hef ég sagt hv. þingmanni að til þess að þeir standi jöfnum fótum eftir breytinguna — því það fellur niður heill taxti — ja, það var unnið mjög faglega af landbúnaðarráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu og bændunum í samstarfi við hlutlaust fyrirtæki úti í bæ. Þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu — já, hv. þingmaður, Bændablaðið er flott. (**JBjarn:** Já, þú ættir að lesa það.) — þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu að það þarf 50–60 millj. og

ríkisstjórnin hefur tekið því vel þegar ég hef sagt þeim að aðlögunarsamningurinn um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjubænda og sá góði árangur sem náðist af þeim aðlögunarsamningi bæði um lækkað verð á þeim hollustuvörum, að auki á ávöxtum og fleiru, að því var vel tekið að fylgja þeim samningi eftir og gefa garðyrkjunni áfram tækifæri til að keppa á heimsmarkaði, því það ákváðum við með gjörðinni. Það er því góður vilji alveg eins og í hinum málunum til að leysa öll þau vandamál sem upp hafa komið. Atvinnulíf á landsbyggðinni er ekki síst í hættu vegna neikvæðrar umræðu og rangra upplýsinga sem þingmenn stjórnarandstöðunnar flytja dag eftir dag úr þessum stól.

[15:45]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að fulltrúar atvinnulífsins á landsbyggðinni byrji fyrst að skjálfa þegar þeir heyra í fréttum að framsóknarmenn hafi lúffað fyrir einhverjum af sjálfstæðismönnum (**Landbrh.:** Þeir eru ekki að lúffa fyrir neinum.) í ríkisstjórn. Þegar ríkisstjórnin kemur með skattbreytingar eða eitthvað af því tagi sem Framsóknarflokkurinn stendur að þá byrja atvinnuvegirnir á landsbyggðinni ósjálfrátt að skjálfa. (Gripið fram í.)

Við skulum ekki ræða, virðulegi forseti, um flutningskostnaðinn og flutningsskattana. Við skulum ekki ræða þá núna. Við skulum bara sleppa því núna, virðulegi forseti. (**Landbrh.:** Það er gott. Mundu það.) Grundvallaratriðið er: Getur hæstv. landbúnaðarráðherra gefið þá yfirlýsingu að hann muni tryggja 55–60 millj. kr. á þessu ári og næstu árum til að garðyrkjubændur geti haldið áfram starfsemi sinni? Þetta er fyrsta spurningin og hún er ofureinföld.

Önnur spurning. Af því að ég geri mér ekki vonir um að ná hæstv. landbúnaðarráðherra aftur upp í ræðu um þetta mál þá langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Styður hann þær hugmyndir sem eru uppi á borðinu núna, þ.e. að Landsvirkjun eignist Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða eins og rætt hefur verið um í ríkisstjórn í sambandi við þessi verk? Spurningin er klár: Styður hæstv. landbúnaðarráðherra það að Landsvirkjun, sem er að ná sér í 2% aukna arðsemi að mati iðnaðarráðherra, eignist Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða sem sameinist innan Landsvirkjunar?

[15:47]

Kjartan Ólafsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum breytt lagaumhverfi raforkumála. Við höfum hlýtt á skýrslu iðnaðarráðherra um framkvæmd lagabreytinganna. Ég er þeirrar skoðunar eftir að hafa hlustað á umræðurnar í dag að ótímabært hafi verið af iðnaðarráðherra að flytja þá skýrslu sem hér hefur verið flutt. Það er ekki vegna þess að skýrslan hafi ekki verið vel flutt og eða efni hennar ekki verið gott heldur hitt að ég tel að hollara hefði verið fyrir okkur að taka málið fyrst upp í iðnaðarnefnd, þar sem bæði stjórnarsinnum og ekki síst stjórnarandstæðingum hefði gefist kostur á að kynna sér málið. Umræðan hefur markast allt of mikið af lýðskrumi, óvönduðum málflutningi og vanþekkingu. Þess vegna hefði verið gott, eins og hv. formaður iðnaðarnefndar hefur sagt hér í ræðustól að iðnaðarnefnd tæki málið inn á sitt borð og færi yfir málið í heild sinni. Það þarf að gera í kjölfar þessarar umræðu. Ég held að við eigum að fagna yfirlýsingu formannsins og gera það.

Kerfisbreytingin, þessi lagabreyting, átti í sjálfu sér ekki að leiða af sér hækkanir hér og þar um kerfið enda hefur jafnframt komið fram að það verður víðs vegar lækkun í raforkukerfinu. Þetta þurfum við að fara yfir iðnaðarnefnd.

Það hefur komið fram í umræðunni að raforka til atvinnustarfsemi muni lækka og fiskvinnslan hefur sérstaklega verið nefnd í því samhengi. Það er auðvitað vel. Það styrkir byggðirnar og styrkir einnig landvinnsluna.

Ég vil hins vegar, vegna þess að menn hafa rætt mikið um húshitunarkostnaðinn og farið yfir hann og því munum við halda áfram í iðnaðarnefnd, verja tíma mínum í að fara yfir málefni hinnar grænu stóriðju, þ.e. garðyrkjunnar sem hv. þingmaður Kristján Möller kom aðeins inn á áðan. Mig langar að fara svolítið yfir orkukaup þeirrar greinar vegna þess að hún hefur orðið svolítið út undan í þessari umræðu. Þar er málum þannig háttað að menn í þeirri atvinnugrein gerðu samkomulag sem kallað hefur verið aðlögunarsamningur við landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra. Samningurinn hljóðaði upp á að á móti því að þeir WTO-tollar sem hér voru í gildi væru teknir af fengju bændur beingreiðslur og lækkað raforkuverð til samræmis við það sem er í samkeppnislöndunum. Þannig keppir sú atvinnugrein í dag á heimsmarkaðsverði með vörur sínar á Íslandi.

Með áðurnefndum breytingum hafa orðið gríðarlegar framfarir hvað varðar notkun á raforku og lýsingu til þessarar framleiðslu. Það er mjög jákvætt þannig að það má að hluta til horfa til þess að sá stuðningur sem greinin hefur fengið í lækkuðu raforkuverði sé á vissan hátt rannsóknarstyrkur og ekki beint niðurgreiðslur til greinarinnar. Hún hefur náð mun betri árangri en áður og framleiðslu sem er viðlíka og gerist í okkar helstu nágranna- og samkeppnislöndum. Þessi aðgerð skilar sér, rétt eins og hæstv. landbúnaðarráðherra sagði áðan, í lægra vöruverði vegna þess að tollarnir eru farnir af. Ávaxtaverð hefur líka lækkað. En hvað greinina varðar þá hefur hún náð enn betri tökum á þessari tækni sem við munum auðvitað njóta í framtíðinni.

Það hefur komið fram að þær breytingar sem verða við þessa lagabreytingu á töxtum til garðyrkjunnar geti orðið skekkja á bilinu 55–65 millj. kr. á ársgrunni og það er verkefni okkar að sjá til þess að það bitni ekki á framleiðslufyrirtækjum í greininni. Þau eru einhvers staðar innan við 14. Það eru innan við 14 bændur sem þurfa að taka þennan aukakostnað á sig eins og myndin er í dag. Okkar verkefni er auðvitað að finna leið út úr því.

Alþjóðasamningar WTO sem við eigum aðild að gera ráð fyrir ákveðnum styrkjum, gulum greiðslum til landbúnaðarins, m.a. til þessarar greinar. Ég tel að sú aðstoð sem garðyrkjan fær í gegnum raforkuverð og beingreiðslur sé langt innan þeirra marka sem hætta er á að WTO fari að skipta sér af, enda eru þær greiðslur smámunir á móti þeim greiðslum sem aðrar greinar landbúnaðarins fá og ættu ekki að vera hindrun í vegi þess að við getum lagfært stöðuna. Mér finnst mjög mikilvægt að WTO-samningurinn hindri ekki að við getum gert á þessu lagfæringu. Garðyrkjan er stóriðja. Þegar við tölum um landsbyggðina og orkumálin þá er þetta útgerð innsveita Árnessýslu, Borgarfjarðar og

víðar á landinu. Starfsemin fer ekki fram við ströndina og við þurfum að horfa til þess að þetta er stóriðja og útgerð á viðkomandi landsvæðum.

Garðyrkjan hefur verið eini raunhæfi nýmarkaðurinn, ef ég má orða það svo, hjá orkusölufyrirtækjum síðustu 10–15 ár. Hún er eina nýja greinin sem byggir á orkunotkun og hefur stækkað stöðugt. Ég sé ekki annað en að greinin muni eflast og stækka enn meira en orðið hefur enda er að koma í ljós að ýmsir eru farnir að líta til Íslands með tillit til þess að framleiða hér umhverfisvæn matvæli og nota til þess hitaorku og raforku. Má þar benda á athugun sem hollensk fyrirtæki hafa gert á Suðurlandi um slíka uppbyggingu á stóriðju.

[15:54]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef aðeins eina spurningu til hv. þingmanns, sem er landsbyggðarþingmaður eins og ég: Sættir hv. þingmaður sig við að þessi breyting hafi í för með sér 5–8% hækkun í þéttbýli og 10% hækkun í strjálbýli, þ.e. á rafhitunarkostnaði eins og fram kom í orðum hæstv. iðnaðarráðherra?

[15:55]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að best sé að vitna til þeirrar vinnu sem við eigum eftir að inna af hendi í hv. iðnaðarnefnd, fara í gegnum þessi mál og hvaða forsendur eru fyrir þeim hækkunum sem hér hafa verið nefndar. Það hefur jafnframt verið nefnt að sums staðar verði lækkanir og við skulum sjá hvernig dæmið stendur í plús og mínus þegar upp verður staðið.

[15:55]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra sagði að meðan fyrirtækin gerðu ekki betur væri ljóst að ríkisvaldið yrði að koma að og draga úr þessum hækkunum. Spurning mín er einföld. Fyrir liggur markmið ríkisstjórnarinnar, að hafa það að leiðarljósi að hækka rafhitunarkostnað í þéttbýli um 5–8% og 10% í strjálbýli. Ég spyr hv. þingmann sem kemur úr Suðurkjördæmi hvort það sé ásættanlegt, hvort hann sætti sig við að senda þeim tæplega 3 þúsund notendum í hans kjördæmi þær köldu kveðjur.

[15:56]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég endurtek það sem ég sagði í fyrra andsvari mínu, að iðnaðarnefnd á eftir að fara yfir þetta mál í heild sinni. Það hefur komið fram. (**KLM:** Hvert á markmiðið að vera?) Markmiðið er auðvitað, eins og fram hefur komið hjá hæstv. ráðherra, að aðgreina framleiðslu, flutning og sölu og dreifingu á raforku og koma á samkeppni á þeim markaði. Ná fram sýnileikanum, að sýna á hverju stigi fyrir sig hvar kostnaðurinn liggur. Það er ofureðlilegt. Viljum við á háttvirtu Alþingi aðstoða atvinnugreinar, heimili eða einstaklinga varðandi raforku, þá gerum við það í gegnum fjárlög.

[15:57]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Óhætt er að segja að ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks hafi tekist að koma raforkumálum Íslendinga í óefni, að vísu með dyggilegri aðstoð Evrópusambandsins. Við skulum ekki gleyma því að haldið var í þessa för samkvæmt tilskipunum frá Brussel um breytta skipun raforkumála, nokkuð sem við hefðum að vísu getað sagt okkur frá eins og fram komu tillögur um á sínum tíma.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur margoft verið bent á fenið sem hún er að leiða þjóðina í og fyrir sitt leyti hefur hún ekki farið leynt með að hún hafi fengið slíkar ábendingar. Í umræðu á Alþingi 26. nóvember á síðasta ári sagði hæstv. ráðherra orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er heldur ekkert launungarmál að það voru ekkert óskaplega margir aðdáendur frumvarpsins hér á landi þegar það kom fyrst fram. Það er eiginlega alveg stórmerkilegt að það skuli þó hafa náð að verða að lögum og vera komið á þann stað í stjórnsýslunni sem raun ber vitni. Ég er þó alltaf jafnhamingjusöm með frumvarpið og lögin og ég held að það hljóti að segja sína sögu.“

Hvaða sögu skyldi það segja okkur að hæstv. ráðherra sé svona óskaplega hamingjusöm með þessi lög? Nú þarf hinn hamingjusami ráðherra, hæstv. iðnaðarráðherra, að bregðast við veruleikanum, sem er ekki eins hamingjuríkur eða ekki á þann veg sem væntingar stóðu til. Reyndar eru mjög misvísandi yfirlýsingar gefnar út um þetta mál að hætti Framsóknarflokksins. Hæstv. ráðherra sagði fyrir stundu að það öllum hefði mátt vera ljóst að raforkureikningar mundu hækka. Á hinn bóginn hefur ráðherrann lýst því yfir, hún gerði það í fjölmiðlum í kringum áramótin, að tilefni til hækkana hafi ekki verið fyrir hendi.

Það sem um er að ræða þegar á heildina er litið er að raforkureikningur Íslendinga að hækka.

Það er annað sem er líka að gerast, og við skulum ekki missa sjónar á þessari heildarmynd, stuðningur úr ríkissjóði við raforku og húshitun kemur til með að aukast. Raforkureikningurinn hækkar og niðurgreiðslur úr vösum skattborgara aukast. Þá spyr maður um þjóðhagslegt gildi þessara breytinga.

Þegar annars vegar rekast á hinar fínu kenningar frjálshyggjunnar og markaðshyggjunnar í Evrópusambandinu og veruleikinn hins vegar, hvorn kostinn skyldu hæstv. ráðherra og ríkisstjórn velja að verja? Kenningarnar. Það eru kenningarnar sem eru réttar, það er veruleikinn sem er rangur. Það er eitthvað að honum. Þetta á allt að ganga upp en hefur ekki gert það, segir hæstv. ráðherra, þetta átti ekki að koma svona út. Það voru ekki þessi tilefni.

Ég minni á að forsvarsmenn úr orkugeiranum vöruðu við því fyrir mörgum missirum síðan að nákvæmlega þetta mundi gerast. Vísa ég þar í ummæli forsvarsmanna Landsvirkjunar, Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur sem á ráðstefnu um þessi mál lýstu því yfir að þessar kerfisbreytingar mundu óhjákvæmilega leiða til hækkunar á raforkureikningi landsmanna. Og nú er ég að horfa á það sem er að gerast hjá þjóðinni almennt.

Við erum ekki ein um þetta, við erum ekki ein um þessa reynslu. Við hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum margoft bent á þessa annmarka og komið með til-

lögur þess efnis að við undanskildum okkur þessari raforkutilskipun, eða gerðum tilraun til þess. Ég vek athygli á því að t.d. Kýpur og Malta fóru þá leið á þeirri forsendu að þau stæðu fyrir utan. (**Iðnrh.:** Nei, nei.) Var hæstv. ráðherra að leiðrétta mig? (**Iðnrh.:** ... tala við sjálfa mig.) Tala við sjálfa sig? Ég er hérna með skýrslu sem nýkomin er frá stjórnarnefnd Evrópusambandsins. Hún var að gefa út skýrslu um reynsluna af þessum kerfisbreytingum í Evrópusambandinu. Þar kemur fram að 18 ríki af 25 eru ekki búin að innleiða þessa tilskipun. Það kemur einnig fram í greinargerð Evrópusambandsins sem er nýbirt að kerfisbreytingarnar hafi leitt til hækkunar á raforku. Skýrslan er mjög heiðarleg að þessu leyti. Hún fer í saumana á raforkugeiranum, það er sýnt fram á hvernig framleiðni hafi aukist í þessum geira, ekki í tengslum við þessar breytingar, nei, jafnt og þétt á undanförnum árum. Athugunin nær aftur til ársins 1979. Þá var framleiðnin 2,7, 1990–1995 3,6 og 1995–2001 5,7. Hún hefur verið að aukast. Ég vek athygli á því að fyrsta raforkutilskipunin kom ekki til framkvæmda fyrr en 1997 og höfðu þá mörg ríkin fengið undanþágu frá henni til ársins 2001. Og nú kemur fram í þessari skýrslugerð frá Evrópusambandinu að, eins og ég sagði áðan, 18 ríki af 25 hefðu ekki framkvæmt tilskipunina eins og til hafði staðið.

Það er ekki aðeins hæstv. iðnaðarráðherra sem segir að svart sé hvítt og hvítt sé svart í málflutningi sínum. Hér stóð upp áðan hæstv. landbúnaðarráðherra og sagði að þetta væri allt til mikilla hagsbóta, þessar breytingar, sérstaklega fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni. Hann veifaði þessari grein hér. Hann sagði að þingmenn stjórnarandstöðunnar væru að sverta myndina. Hann vitnaði í einn þingmann í þessari grein. Hver skyldi það vera? Hv. þm. Drífa Hjartardóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Og hér er fyrirsögnin: Raforka til húshitunar hækkar. Svona eru fyrirsagnirnar í Bændablaðinu og hér stendur upp hæstv. landbúnaðarráðherra og talar á þennan veg.

Að lokum þetta, hæstv. forseti: Ég held að þegar allt kemur til alls vilji Íslendingar og einnig þingmenn, hvar í flokki sem þeir standa, ekki þá mismunun á milli þegna landsins sem við erum nú að verða vitni að. Tillaga okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði (Forseti hringir.) er sú að nú setjist menn yfir þessi mál í tveimur nefndum þingsins, (Forseti hringir.) iðnaðarnefnd og fjárlaganefnd, fari í saumana á þessum málum og reyni að sameinast um tillögur til úrbóta.

[16:06]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Árangurinn af þessari lagasetningu í raforkumálum, hinni nýju lagasetningu sem átti að auka hér samkeppni, sem flestir sem að lagasetningunni stóðu — og mæltu fyrir henni sérstaklega — trúðu að yrði a.m.k. til sáralítillar hækkunar ef nokkurrar, mundi hlaupa á einhverjum hundraðköllum — hæstv. iðnaðarráðherra lét hafa það eftir sér — reynist nú vera allur annar en menn reiknuðu með. Við stöndum uppi með það, því miður, sem enginn virðist hafa stefnt að og enginn hafði búist við, að við erum að fá verulegar hækkanir, sérstaklega í hinum dreifðu byggðum landsins. Var nú ekki á þann kostnað bætandi að hækka húshitunarverð á landsbyggðinni, á þeim svæðum þar sem fólk hefur þurft að nýta raforkuna til húshitunar. Það er hins vegar staðreynd og ég er farinn að velta því fyrir mér, hæstv. forseti, þegar maður skoðar þetta mál allt saman eftir á hvað það er í raun og veru sem fólki gengur til, þ.e. stjórnarmeirihlutanum.

Getur verið að menn séu að horfa eitthvað lengra fram á veginn, til þeirrar framtíðar að það standi til að selja orkufyrirtækin, einkavæða þau, þau fyrirtæki sem ríkið á nú? Er það eins og með Símann að Síminn þurfi að tryggja sér ákveðna viðskiptavild og ákveðna notkun og jafnvel efla starfsemi sína til þess að hann sé góð söluvara á markaði? Það sem við erum auðvitað að upplifa, höfum heyrt það á ræðu hæstv. iðnaðarráðherra í dag og líka á ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, er að það yrði að bregðast við þeim vandamálum sem framleidd hafa verið, vandamálum sem enginn virðist hafa gert sér grein fyrir. Auðvitað er hægt að vitna í orð hæstv. iðnaðarráðherra um það. Það er hægt að vitna í orð formanns þingflokks framsóknarmanna, Hjálmars Árnasonar, um það að menn gerðu ekki ráð fyrir neinni hækkun og sögðu að tilefni til hennar væru engin. Ég held að ég muni það líka rétt að fyrr í dag, í fyrstu ræðu, hafi hæstv. iðnaðarráðherra nefnt að kostnaður sem e.t.v. gæti komið samfara þessu væri upp á 140 millj., þ.e. annars vegar 40 millj. kr. kostnaður vegna eftirlits og hins vegar 100 millj. til viðbótar. Ég punktaði það a.m.k. niður, nýr kostnaður 140 millj.

Það er náttúrlega leitt ef við erum að raska jafnvel byggð í landinu með því að láta þetta koma til framkvæmda með þeim hætti sem hér hefur orðið. Það er fullt tilefni til að benda á það að við, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, lögðum í mesta bróðerni til við stjórnarmeirihlutann í desember sl. að þrátt fyrir að lögin yrðu hér samþykkt yrði framkvæmdinni frestað og við mundum vinna eftir hinu eldra kerfi varðandi verðlagningu. Þá hefði okkur tekist á þessu ári sem nú er hafið að skoða til hlítar hvaða kostnaðarauki væri falinn í þeirri breytingu sem við höfum innleitt. Þá þyrftum við ekki að gera þessa tilraun á fólki, heldur hefðum tíma til að bregðast við, átta okkur á því hver hækkunin gæti orðið o.s.frv. Það var auðvitað í ljósi þess að menn deildu mjög mikið um það hvort einhver tilefni væru til hækkunar.

Það sem menn deildu kannski fyrst um hér var möguleg hækkun hjá Orkuveitu Reykjavíkur annars vegar og Hitaveitu Suðurnesja hins vegar. Því var harðlega mótmælt að þar gæti orðið um sérstök hækkunartilefni að ræða. Í grein á bb.is var vitnað til orða hv. þm. Hjálmars Árnasonar, formanns þingflokks Framsóknarflokksins, þar sem hann færir rök fyrir því að engin tilefni séu til hækkunar. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Engum dettur í hug að 17 manns af 19 leggi það til við ríkisstjórn að rafmagnsverð til neytenda verði hækkað."

Hann vitnar líka í Þorkel Helgason orkumálastjóra og hefur eftir honum, með leyfi forseta:

„Verð til neytenda og fyrirtækja hefur almennt lækkað eftir að virkri samkeppni var komið á." — Þá er hann að vitna til Evrópusambandsins. — „Og það hlýtur að skipta máli. Það er markmið tilskipunarinnar, það er markmið ríkisstjórnarinnar." — Sem sagt að verð lækki almennt.

Ég held satt að segja að forustumenn ríkisstjórnarinnar og þar með talinn hæstv. iðnaðarráðherra hafi trúað því að hér væri verið að vinna alveg sérstakt góðverk, þó að við værum að breyta þessum lögum svona kæmi alls ekki til neinna hækkana. Er hægt að vitna til þess í fjöldamörgum atriðum ef maður skoðar ræður hæstv. iðnaðarráðherra.

Ég held, hæstv. forseti, að þetta mál sé þannig vaxið að við verðum að takast á við það að lagfæra það hið snarasta. Ég get þess vegna tekið undir það sem hér hefur verið sagt, að menn yrðu að bregðast við þessu sameiginlega. Ekki getum við látið þetta bitna á fólkinu áfram, þessi mistök. Þetta hljóta að vera mistök. Það lýsti því enginn yfir, og síst hæstv. iðnaðarráðherra, að þetta ætti að koma út með þessum hætti. Þetta eru mistök.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég er farinn að halda að það sem ég kom að í upphafi ræðu minnar sé kórrétt, að við séum hér að búa til hringferð peninganna, þ.e. við hækkum gjöldin á fólkið, aukum niðurgreiðsluna og þar með aukum við hagnað fyrirtækjanna, er það ekki? Þau verða væntanlega betri söluvara til framtíðar. Við erum að búa til hringferð peninganna. Árangurinn af þessu starfi er enginn nema tilfærslur.

[16:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þingmanni vaxa það nokkuð í augum sem við stöndum frammi fyrir því auðvitað er það ákveðið verkefni að vinna úr þegar við ... (**GAK:** Þetta er atvinnuskapandi verkefni.) Það er bara þannig í pólitík að það liggja alltaf einhver verkefni fyrir og þetta er eitt af þeim verkefnum sem við stöndum frammi fyrir núna. Ég tel að með þeim tillögum sem ég kynnti áðan séu stjórnvöld að koma verulega til móts við þá sem þessar hækkanir vegna húshitunar bitna á. Það var ljóst þegar 19 manna nefndin skilaði af sér að húshitunarkostnaðurinn mundi hækka ef ekki yrði gripið til sérstakra ráðstafana. Ég sagði þá að við hefðum ákveðið svigrúm innan 900 millj. og það yrði nýtt. Það er nýtt með því núna að það koma 57 millj. til ráðstöfunar vegna þess að við förum niður með þakið og 30 millj. að auki sem við ætlum að taka úr þessum potti í niðurgreiðslurnar. En það dugar ekki til og þess vegna fást væntanlega viðbótarfjármunir á fjárlögum, en ég vil taka fram að ríkisstjórnin samþykkir ekki fjárlög heldur þingið og þess vegna tala ég varlega þegar ég segi að þetta sé tillaga ríkisstjórnarinnar og síðan er það Alþingis að samþykkja það á fjáraukalögum.

Ég ítreka að það er ekki um nein mistök að ræða. Það er framvinda málsins sem hefur leitt það í ljós að málið lítur svona út. Ég hef alltaf talað mjög varlega í sambandi við hækkanir eða lækkanir og þegar hv. þingmenn segja að ég hafi talað um einhverja hundraðkalla (Gripið fram í.) þá hefur það verið í einhverju afmörkuðu tilviki en ekki í sambandi við heildina því ég veit að það eru verðlagshækkanir, það er hækkun vegna Landsnets og Landsvirkjunar upp á 2%, eins og kom fram hjá mér áðan, og fyrirtækin eru að gera arðsemiskröfur sem þau hafa ekki gert. Þau hafa verið rekin með tapi, þau hafa verið dálítið á spenanum hjá ríkinu og það er bara ekki lengur. Nú verða þau að gera svo vel að spjara sig upp á eigin spýtur.

[16:17]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það má svo sem gefa þessu verkefni það nafn að þetta sé verkefni en verkefnið er náttúrlega vegna þess að það er búið að búa til vandamál og vandamálið er það sem fylgir þessum lögum.

Bara svona rétt til að skerpa á minni hæstv. ráðherra þá sagði hún, með leyfi forseta, í svari á Alþingi:

„Auk þessa er meiri jöfnun í kerfinu en var áður sem getur þýtt örlitla hækkun á þessu svæði. En ég held að það sé ekki erfiðara en svo að það sé teljandi í einhverjum hundraðköllum á ári.“ — Orðrétt eftir hæstv. ráðherra.

Í annan stað sagði hæstv. ráðherra 10. desember:

„Ég er alltaf með það í huga að landsbyggðin komi ekki illa út úr breytingum sem ég ber ábyrgð á.“

Þetta var viljinn. Við getum ekki dregið það í efa að þetta hafi verið vilji ráðherrans og hver er þá niðurstaðan? Niðurstaðan er sú að ráðherrann og ráðgjafar hennar í iðnaðarráðuneytinu vissu ekki nokkurn skapaðan hlut hvað þeir voru að gera. Það getur ekki verið að menn hafi gert þetta viljandi, enda er ekki hægt að lesa það út úr orðum ráðherrans. Niðurstaðan er sú að menn vissu þetta ekki. Samt segir hæstv. ráðherra 10. desember, með leyfi forseta:

„Um þetta vil ég segja að undirbúningur að setningu reglugerða vegna opnunar raforkumarkaðarins hófst í júní síðastliðnum. Raforkufyrirtækin áttu fulltrúa í starfshópum sem fjölluðu um reglugerðardrögin. Auk þess hafa hagsmunaaðilar fengið drögin til umsagnar í tvígang á mismunandi stigum undirbúnings. Því er langur vegur frá því að raforkufyrirtækin hafi ekki upplýsingar um það hvað taki við um áramót.“

Ef þau hafa haft það hafa þau ekki komið því til ráðherrans því þá hefði ráðherrann ekki farið með þau orð sem hún fór með í desember. Þetta er greinilega eitthvað málum blandið.

[16:19]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var mjög mikilvægt að það kom fram í hvaða ræðu hv. þingmenn voru að vitna þegar þeir voru að tala um hundraðkallana því það er verið að tala um jöfnunina. Ég var að tala um að við værum að stækka flutningskerfið sem þýðir meiri jöfnun í landinu og ég er að tala um að það geti kostað einhverja hundraðkalla fyrir þá sem búa hér á þessu svæði, suðvestan? (**GAK:** Var það þá með vilja?) Já, það var með vilja gert, (Gripið fram í.) við erum að stækka jöfnunarkerfið. (**GAK:** ... með fullum vilja.) Við erum að stækka jöfnunarkerfið, ég ætla að biðja hv. þingmenn að reyna að átta sig á hvernig þetta kerfi er uppbyggt. (**GAK:** Þannig að við þurfum ekki frekar vitnanna við?) Það skiptir miklu máli að hv. þingmenn séu með það á hreinu ef þeir ætla að vera alveg klárir á að vera í þessari umræðu.

Hvað er ég að tala um þegar ég segi að við gátum ekki séð þetta fyrir? Það er vegna þess að við urðum að sjá gjaldskrárnar fyrst og þær lágu ekki fyrir fyrr en um ára-

mót. Það var bara þannig. Ég er ekkert að álasa fyrirtækjunum vegna þessa heldur var þetta bara allt seint á ferðinni. Þetta er gríðarleg vinna. Við erum að umbylta þessu kerfi algerlega en ég hef trú á því, eins og ég er búin að margláta koma fram úr þessum ræðustóli, að þegar á allt er litið og þegar þetta verður komið í framkvæmd sé þetta mjög til bóta fyrir samfélag okkar. Við erum að markaðsvæða raforkukerfið. Það er nú ekkert annað. Og ég veit ekki betur en að hv. þingmaður sem hér talaði hafi verið fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í áraraðir. Hann er sjálfsagt á móti markaðsvæðingu miðað við þetta. En svona er þetta.

Ég er alltaf að hugsa um landsbyggðina. Það er rétt. Þess vegna stend ég í þessum stóli í dag og tilkynni miklar viðbótarniðurgreiðslur vegna húshitunar á landsbyggðinni.

[16:21]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hæstv. iðnaðarráðherra, og tekst henni að muna sumt og fara rétt með, að þegar ég starfaði í Sjálfstæðisflokknum var ég iðulega á móti ýmsu sem hefði þær afleiðingar að veikja búsetuskilyrði á landsbyggðinni og ég er það enn. Það er ekki við það unandi að við séum að vinna hér verk sem við vitum ekki til hvers leiðir. Þess vegna var það auðvitað þannig, hæstv. forseti, að þegar ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fluttum frestunartillöguna var það eingöngu til þess að gefa yfirvöldum tækifæri á því að átta sig á hvaða afleiðingar fylgdu þessu máli þannig að menn þyrftu ekki að gera sérstakar greiðslutilraunir á landsmönnum heldur hefðu tækifæri til að skoða málið í heild sinni undir þeim lögum sem við samþykktum í desember. Ekki má gleyma að frumvarpi hæstv. iðnaðarráðherra sem kom hér inn í desember var öllu gersnúið við í iðnaðarnefndinni. Ég held að ekki hafi verið nema ein grein í því frumvarpi sem var eins og þegar það kom inn heldur þurfti iðnaðarnefnd að fara yfir málið algerlega upp á nýtt. (**Iðnrh.:** Í samstarfi við okkur.) Ég ætla að vona að hún hafi gert það.

Það liggur algerlega ljóst fyrir að það sem sett var í lög og það sem lögin báru með sér hefur komið öðruvísi út en menn áttu von á. Sú yfirlýsing liggur þó algerlega kýrskýr fyrir og verið er að tala um að bregðast við því.

Það sem mér finnst undarlegt við þetta mál er að fólk fullyrðir að það viti hvernig þetta er í pottinn búið, að fyrirtækin séu margbúin að skoða reglugerðir og annan kostnað en svo kemur það alltaf á óvart sem gengur eftir.

[16:23]

Útbýting:

Förgun sláturúrgangs, 476. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 728.

Gini-stuðull, 354. mál, svar fjmrh., þskj. 682.

Kennslutap í kennaraverkfalli, 473. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 725.

Kjör eldri borgara og öryrkja, 469. mál, fsp. GAK, þskj. 721.

Stjórnarskipunarlög, 474. mál, frv. HHj o.fl., þskj. 726.

Söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar, 381. mál, svar iðnrh., þskj. 686.

Þróun á lóðaverði, 470. mál, fsp. BJJ, þskj. 722.

[16:24]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé full ástæða til að ræða í þinginu hvernig staða málsins er varðandi gjaldskrár orkusölufyrirtækja í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar voru á síðasta ári þegar menn ákváðu að stíga það skref að taka upp markaðsfyrirkomulag í þessum efnum vegna þess að menn settu sér ákveðin markmið og sögðu: Þetta eru pólitísk markmið. Þau eru að koma á samkeppni í sölu og framleiðslu á raforku og samkeppnin á að leiða til þess að verðið lækki. Það var hið skýra, stutta pólitíska markmið. Það var tilgangur breytinganna og enginn annar. Menn sögðu: Af þessum breytingum á ekki að leiða nein hækkun. Menn sögðu það mjög skýrt. Bæði ráðherrar og embættismenn sem fóru yfir þessi mál gáfu álit sitt á breytingunum og menn hafa ýmis gögn í þinginu því til staðfestingar. Auðvitað vissum við að það gæti orðið tilfærsla á milli gjaldskrárflokka og það gæti lækkað á einum stað og hækkað á öðrum. En í heildina átti ekki að verða nein breyting vegna þess að það verður ekki til neinn kostnaður við kerfisbreytinguna eina og sér eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra þar sem fram kom að kostnaðurinn yrði talinn vera um 140 millj. eða langt innan við 1% af útgjöldum kerfisins.

Ég vil t.d. rifja það upp að orkumálastjóri sagði í viðtali á síðasta ári þegar málið var til meðferðar í þinginu að hækkun á raforkuverði gæti numið 1–2,5%. Ég get vitnað í fleiri gögn um það, m.a. gögn sem lögð voru fyrir hv. iðnaðarnefnd á síðasta þingi. Hin pólitísku skilaboð sem við vorum að senda notendum voru því mjög skýr: Breytingin á ekki að leiða til hækkunar en hún á þegar fram líða stundir að leiða til lækkunar. Menn gerðu engan fyrirvara um sérstakan hóp notenda aðra en húshitun. Menn sögðu: Í dreifbýli getur það gerst að kostnaður þeirra sem þurfa að hita húsnæði sitt með raforku aukist og þá varð pólitísk samstaða um það í 19 manna nefndinni að leggja til að sú hækkun mundi ekki ganga fram gagnvart notendunum heldur tæki ríkissjóður það á sig með fjárframlögum úr ríkissjóði til þess að greiða niður þann aukna kostnað sem lagður yrði á flutninginn á raforkunni til þeirra sem eru í dreifbýli og hita húsnæði sitt með raforku. Það voru áætlaðar 230 millj. Pólitísku skilaboðin voru því ákaflega skýr. Enginn mátti búast við því að það yrðu umtalsverðar hækkanir hjá sér. Því er mjög eðlilegt að menn bregðist við þegar þeir sjá svo gjaldskrárnar sem fela í sér umtalsverðar hækkanir svo ekki sé fastar að orði kveðið og er skýrast dæmi um á svæði Orkubús Vestfjarða þar sem hækkun í þéttbýli er um 10–15% og hækkun í dreifbýli getur farið upp í 45% samkvæmt þeim tölum sem ég hef undir höndum. Það er ekki það sem menn sögðu og þess vegna verður að bregðast við því. Þess vegna hefur ríkisstjórnin haft málið til meðferðar til þess að færa niðurstöðuna í þann farveg sem stjórnmálamenn sögðu að hún ætti að vera í og nú liggja fyrir tillögur í þeim efnum. Þær eru að greiða meira úr ríkissjóði til þess að greiða niður dreifinguna í dreifbýlinu og að lækka þak á niðurgreiðslum, þak á kílóvattstundum sem eru niðurgreiddar á ári hverju í íbúðarhúsnæði. Það mundi leiða samtals til þess að hækkun í strjálbýli yrði ekki meiri en 10% og hækkun í þéttbýli 5–8%. Þá er spurningin: Er það nægjanlegt? Ég segi að ef þetta er svipað eða sama og

aðrir notendur í raforkukerfinu eru að verða fyrir um þessar mundir vegna gjaldskrárbreytinga þá getur það verið nægjanlegt sem væntanlega á sér þær skýringar að það eru að verða einhverjar gjaldskrárhækkanir sem fyrirtækin eru að skella á notendur og eru ótengdar kerfisbreytingum. Það er sérmál.

En ef við gefum okkur að svo sé ekki eða gefum okkur, sem mér sýnist reyndar vera raunin, að þetta sé meiri hækkun en almennt má segja að aðrir verði fyrir, þá er það ekki nægjanlegt. Menn verða að standa við orð sín, ríkisstjórnin verður að framkvæma það sem hún sagðist vera að framkvæma. Það gengur ekki að segja við hóp raforkukaupenda: Það verður engin hækkun, en segja svo hálfu ári seinna: Það verður 10% hækkun, og það er gott vegna þess að ef við hefðum ekki gripið til aðgerða þá hefði orðið 45% hækkun. Það er því miður ekki nógu gott.

Ríkisstjórnin verður að gera betur, hún verður að gera jafn vel við þennan hóp og aðra hópa og það þarf að vera í samræmi við þá pólitísku stefnu sem menn mörkuðu sér í þessu máli. Það er það sem menn verða að standa á og kvika ekki frá.

Ég hef allan fyrirvara á því að styðja að þakið á niðurgreiðslunum verði lækkað úr 50 þúsund kwst. á ári niður í 35 þúsund. Það eru ekki nema tvö ár síðan það varð niðurstaða ráðherra að hækka þetta þak, það var pólitísk niðurstaða. Að baki hennar lágu tilteknar ástæður sem leiddu til þess að nauðsynlegt var talið að auka niðurgreiðslurnar hjá þeim hópi íbúanna sem búa við þessar aðstæður. Og ég vil þá fá skýringar á hvers vegna menn telja nauðsynlegt að falla frá því. Það er ekki ásættanleg ástæða að falla frá þeirri hækkun aftur niður í 35 þús. kwst. vegna þess að menn þurfi að auka niðurgreiðslur til þess hóps sem fær meiri hækkun en við sögðum að ætti að vera. Það er ekki ásættanlegt.

Virðulegur forseti. Það má margt um þetta mál segja en til þess þyrfti rýmri tíma. Ég vil þó segja að lokum að ég tel almennt að þessi kerfisbreyting sé skynsamleg. Ég tel að það séu nokkuð mörg atriði sem menn eigi að taka upp með almennum hætti, eins og afskriftaprósentu og arðsemiskröfu og skiptingu dreifingarinnar milli flutningsnets og dreifiveitna til þess að móta betur það kerfi sem við höfum komið á. Það er ekki fullkomið enda átti maður svo sem aldrei von á því (Forseti hringir.) að okkur tækist að skapa það við fyrstu tilraun.

[16:32]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar sem, eins og komið hefur fram, stýrði iðnaðarnefnd á síðasta þingi þegar við vorum að vinna að frumvarpinu. Ég vil þakka fyrir það sem hann sagði vegna þess að það er efnislega að mestu leyti það sama og ég var að tala um í ræðu minni og að því leyti erum við algjörlega sammála. Það var ekki markmiðið með breytingunni sem hér hefur verið lýst og m.a. nú síðast af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, landsbyggðarþingmanni úr Norðvesturkjördæmi, og fyrir það vil ég auðvitað þakka.

Ég vil aðeins leggja eina spurningu fyrir hv. þingmann til að fá það alveg klárt hér fram, sem er mjög mikilvægt líka vegna þess að mikilvægt er að fá aðra framsóknarmenn til að segja okkur þingmönnum hvort þeir séu sáttir við þetta: Er það ásættanlegt markmið, virðulegi forseti, að breytingin sem nú hefur verið boðuð hafi þau áhrif, eftir lagfæringar iðnaðarráðherra, sem hv. þingmaður er nú jafnvel að andmæla að hluta til, að raforkuverð hækki um 5–8% í þéttbýli og 10% í strjálbýli? Er ásættanlegt að gera þá breytingu sem hér er verið að tala um, sem mun fyrst og fremst íþyngja eldra fólki í landsbyggðarkjördæmum okkar vegna þess að það er það fólk sem býr í stóru húsnæði og notar sennilega mest af þessu, upp í um 50 þúsund kwst. sem nú eru til umræðu?

[16:34]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svarið er nei, það er ekki ásættanlegt nema að um sé að ræða almenna hækkun í kerfinu gagnvart öllum notendum þannig að þeir verði ekki fyrir meiri hækkunum en aðrir.

Það er svo annað mál að ef slík almenn hækkun væri að verða þá er það ekki ásættanlegt út frá stöðugleika í efnahagslífinu. Við getum ekki leyft opinberum raforkufyrirtækjum að auka tekjur sínar svo mikið með almennum hætti í þeirri þröngu stöðu sem við erum í í viðleitni okkar til að halda jafnvægi í efnahagsmálum.

Ég vil benda á eina staðreynd sem er ákaflega mikið umhugsunarefni. Ef við tökum venjubundinn notanda á Vestfjörðum sem notar 40 þúsund kwst., 35 þúsund til húshitunar og 5 þúsund með almennum taxta, þá hækkar kostnaður hjá honum á ársgrundvelli úr 126 þúsund í 142 þúsund eða um 16 þús. kr. eftir niðurgreiðslur.

Svo rek ég augun í að 12 þús. kr. hækkun af þessum 16 þúsundum er vegna þess að niðurgreiðslurnar lækka. Þessi notandi hefur haft 90 þús. kr. á ári í niðurgreiðslur en þær lækka í 78 þús. kr. Og ég spyr: Af hverju? Kerfisbreytingin átti ekki að lækka niðurgreiðslur til þessa notanda. Af hverju á hún þá að hækka þann hluta sem hann ber af raforkukostnaði sínum?

[16:36]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir skýr svör í þessum efnum. Enn er það svo að við erum sammála um þessi atriði.

Hin spurningin sem mig langar að leggja fyrir hv. þingmann er vegna mála sem hafa komið upp að undanförnu og við höfum heyrt um, þ.e. vangaveltur um að Reykjavíkurborg og Akureyrarbær selji hluta sinn í Landsvirkjun. Í öllum þessum samningum, sem við vitum ekkert um nema úr fréttum, er m.a. talað um að Landsvirkjun, þessi stærsti framleiðandi raforku í landinu, að 95% hluta, eignist Rafmagnsveitu ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Er hv. þingmaður sammála því að þetta gangi fram?

[16:37]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins bæta við svar mitt við fyrri spurningunni. Ég er sammála því að ekki sé eðlilegt að velta mestum hækkunum á notendur í dreifbýli sem búa í

stórum húsum og eru í stétt sem hefur lágar tekjur. Það er einfaldlega ekki ásættanleg pólitík að mínu viti. Ég tel að þarna eigi að jafna kostnaðinn í raforkukerfinu eins og við gerum í símkerfinu. Það er ekkert að því að jafna kostnaðinn frá þéttbýli yfir í dreifbýli, alveg eins og Hitaveita Suðurnesja er nú í taxtabreytingum sínum að jafna frá þéttbýlinu á Suðurnesjum yfir á þéttbýlið á Suðurlandi. Ekki meira um það.

Varðandi hugsanlega skipulagsbreytingu í raforkukerfinu þá er það rétt að ríkið á Orkubúið að öllu leyti og Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun að hálfu leyti. Framsóknarmenn í Norðvesturkjördæmi hafa markað sér stefnu í þeim efnum, hún kom mjög skýrt fram á kjördæmaþingi í nóvember síðastliðnum. Það er stefna okkar að standa vörð um Orkubú Vestfjarða, styrkja það og bæta jafnvel við það þeim hluta Rafmagnsveitna ríkisins sem er í Norðausturkjördæmi og búa til úr því öflugt fyrirtæki sem þá gæti einbeitt sér að því að veita góða þjónustu og hefði bolmagn til að veita rafmagn til nýrra fyrirtækja.

[16:39]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram að sumu leyti ágæt umræða um raforkulögin og afleiðingar þeirra. Ég vil fyrst taka það fram að síðastliðinn vetur átti ég sæti í iðnaðarnefnd og þar fór fram prýðileg vinna um frumvarpið og ég studdi kerfisbreytinguna eins og hún leit út þá og málum var stillt upp á þeim tíma.

En niðurstaða umræðunnar í dag er sú að markmið laganna hafa í stórum dráttum alls ekki náð fram að ganga. Stórfelldar hækkanir á raforkuverði á landsbyggðinni eru mjög alvarlegt mál og stjórnarliðar hafa ekki komið fram með sannfærandi málflutning, þ.e. hæstv. ráðherra, landbúnaðar og iðnaðar, um hvernig eigi að bregðast við því máli, þvert á móti. Og það hafa ekki komið fram sannfærandi rök fyrir því að bæta eigi garðyrkjunni skaðann og lægja það uppnám sem fram hefur komið í fréttum í ýmsum blöðum að sé hjá garðyrkjuframleiðendum vegna þeirra hækkana sem blasa við greininni og er grafalvarlegt mál. Og það hafa ekki komið fram sannfærandi rök af hálfu stjórnarliða um að svo eigi að vera, heldur einhver gífuryrði um það að stjórnarandstæðingar sem hafa bent á galla laganna séu að skruma. Þetta verður að teljast ákaflega ódýr og máttlaus málflutningur því hér er um grafalvarlegt mál að ræða sem er auðvelt að fullyrða að sé á margan hátt aðför að lífskjörum á landsbyggðinni og er nú ekki á það bætandi á mörgum svæðum úti á landi þar sem fólk þarf t.d. að kosta upphitun húsa sinna með rafmagni.

Í dreifbýlinu er þetta mjög alvarlegt mál og það hafa engin boðleg rök verið færð fyrir því hvernig til frambúðar eigi að koma til móts við þær miklu hækkanir sem blasa við. Eins og hv. þm. sem mælti á undan mér, Kristinn H. Gunnarsson sagði, þá var fullyrt að pólitískt markmið þessara laga, tilgangur kerfisbreytinganna, tilgangur markaðsvæðingar raforkugeirans væri að raforkuverð til neytenda mundi almennt lækka og verða hagstæðara bæði fyrir fólk og fyrirtæki, hvar sem væri á landinu, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli.

Það er að koma í ljós að það er þvert á móti. Það sem blasir við okkur er að hér er um að ræða alvarlega stöðu fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni og fyrir þá íbúa þeirra svæða landsbyggðarinnar sem standa hvað höllustum fæti; þar sem launin eru lægst, þar sem atvinnustigið er lægst og þar sem erfiðleikarnir eru mestir. Þessu fólki er stefnt í miklar hækkanir og mikinn vanda og hæstv. ráðherra og stjórnarliðar þurfa að hafa hér uppi miklu einbeittari málflutning til að sannfæra fólk um að komið verði til móts við þetta með viðeigandi hætti.

Umræðan í dag hefur nánast eingöngu snúist um afleiðingar laganna á gjaldskrá einstakra svæða. Það er ekki undarlegt þar sem afleiðingarnar eru það miklar og hækkanirnar svo alvarlegar og háar sem raun ber vitni. En það hefði verið fróðlegt að ná aðeins að kafa undir yfirborðið á því máli og ræða hinar stóru línur sem undir liggja, t.d. hver langtímamarkmiðin með lagabreytingunum eru, hver langtímamarkmiðin með markaðsvæðingu raforkumarkaðarins eru, af því að það skiptir í sjálfu sér mjög miklu máli til lengri tíma litið hvert stefnt er.

Ég hefði viljað sjá og heyra hæstv. ráðherra draga þær línur fyrir þingheim og þjóð hvernig hún sjái þróun raforkumarkaðarins á allra næstu árum. Sér hæstv. ráðherra það t.d. þannig fyrir sér að Landsvirkjun, Rarik og jafnvel Orkubú Vestfjarða sameinist og á móti sameinist Orkuveitan í Reykjavík og Orkuveita Suðurnesja og til verði tvö stór fyrirtæki sem síðan fari á markað? Hver er framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar í þessum málum? Hún kom hvergi fram heldur höfum við einungis verið að hlusta á veikar réttlætingar á þeirri holskeflu hækkana sem hafa dunið yfir fólk og fyrirtæki á landsbyggðinni.

Ég kalla eftir því við hæstv. ráðherra að hún reifi framtíðarsýn sína, pólitík sína í þessu máli. Hvernig sér ríkisstjórnin fyrir sér að raforkumarkaðurinn muni þróast á allra næstu árum? Er það t.d. langtímamarkmið að þær sameiningar raforkufyrirtækjanna sem ég nefndi áðan eigi sér stað og síðan verði til að mynda hafin sala á hluta Landsvirkjunar eða fyrirtækinu öllu á lengri tíma? Hver eru framtíðarmarkmiðin? Er það í farvatninu á næstu missirum og árum að hluti Landsvirkjunar verði til að mynda seldur? Þær raddir hafa heyrst að yrði sú leið farin væri eðlilegt að salan á fyrirtækinu yrði skilyrt við lífeyrissjóðina í landinu, það væri mjög heppileg fjárfesting fyrir lífeyrissjóðina að kaupa hlut í Landsvirkjun og eignast þetta þjóðarfyrirtæki að lokum, uppsprettu raforkuframleiðslunnar og auðlindanotandann sjálfan.

Ég held að það væri mjög spennandi leið að fara ef við komumst að þeirri niðurstöðu að það beri að selja Landsvirkjun, sem að sjálfsögðu getur vel verið sá kostur, þ.e. að selja fyrirtækið að hluta eða öllu leyti. En þá skiptir öllu máli hverjir fá að kaupa. Að mínu mati á að skilyrða það við lífeyrissjóðina í landinu. Þetta mál þarf að ræða. Þó að það sé ekki uppi á borðum akkúrat núna þá kalla ég eftir því við hæstv. ráðherra að hún reifi þetta mál, reifi framtíðarsýn sína við frekari þróun raforkumarkaðarins. Tekið var stórt skref í fyrra þegar þessi lög voru samþykkt með meirihlutastuðningi á Alþingi og okkar í Samfylkingunni. Við sem sátum í iðnaðarnefnd á þeim tíma studdum þetta mál eftir mikla vinnu í nefndinni og ýmsar jákvæðar breytingar á frumvarpinu sem þá var. En hins vegar var það að sjálf-

sögðu gert á þeim grunni að landsbyggðin yrði ekki svikin, ekki yrði komið aftan að fólkinu og fyrirtækjunum á landsbyggðinni með þeim hætti sem við horfum á núna, að garðyrkjubændurnir væru ekki skildir eftir í uppnámi með ákaflega veik loforð frá ráðamönnum um að til móts við þessar hækkanir verði komið til skamms tíma. Ég kalla eftir miklu skýrari svörum, miklu skýrari yfirlýsingum frá ráðherrum landbúnaðar- og iðnaðarráðuneytis um hvernig á að mæta vanda á hækkunum á raforku til landsbyggðar og garðyrkjubænda. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur ekki enn þá talað í dag nema í stuttu andsvari þannig að hann á ræður sínar báðar eftir og hlýtur að nota það tækifæri til að skýra það út fyrir þingheimi hver sjónarmið hans eru í málinu.

Ég vil aftur ítreka það við hæstv. iðnaðarráðherra að ég vildi fá að heyra markmið hennar af því að það skiptir öllu máli til lengri tíma litið. Hver eru næstu stóru skrefin á raforkumarkaðnum? Á að sameina fyrirtækin? Á að selja Landsvirkjun og hverjir eiga þá að kaupa?

[16:47]

Herdís Á. Sæmundardóttir:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir þá skýrslu sem hún hefur flutt þinginu um þetta mikilvæga málefni sem breytingar á raforkumarkaði eru. Ég vil jafnframt taka undir það sem hér hefur komið fram að ýmsir notendur raforku í dreifbýli mundu að óbreyttu fara illa út úr þeim kerfisbreytingum sem gerðar hafa verið á skipan raforkumála og er ákaflega brýnt að finna lausn á því og bæta notendum upp þann kostnaðarauka sem af þessum breytingum hlýst.

Ég vil benda á og það hefur raunar komið fram í umræðunni að hér er um að ræða þá íbúa landsins sem síst mega við hækkunum af þessu tagi. Þetta eru þeir sem fyrir búa við lökust kjör og hafa minnsta möguleika til að auka tekjur sínar. Þetta eru líka þeir íbúar sem nú þegar bera meiri fjárhagslegar byrðar af ýmsu tagi en fólk í þéttbýlinu syðra. Þau áhrif sem þessar breytingar hafa á atvinnugreinar eins og garðyrkju og fiskeldi eru að hluta til enn óljós en hafa svolítið skýrst í umræðunni í dag. En þetta hvort tveggja er til skoðunar og ég treysti því að allra leiða verði leitað til að lágmarka þann kostnaðarauka sem þessi kerfisbreyting hefur í för með sér og ég veit að þeir hæstv. ráðherrar sem hlut eiga að máli og ríkisstjórnin öll hefur fullan vilja til að bæta úr þessu og því ber að sjálfsögðu að fagna.

Það er eitt sem ég vil þó benda á í þessu samhengi og halda til haga, raunar kom hæstv. ráðherra inn á það í máli sínu áðan. Það er að í gamla kerfinu var jöfnun á raforkuverði á svæði Rariks fengin m.a. með því að þéttbýlið greiddi hærra raforkuverð til að standa straum af niðurgreiðslum í dreifbýli. Þannig voru einungis sumir íbúa landsins látnir greiða niður hærri kostnað við dreifingu í dreifbýli. Slíkt fyrirkomulag getur ekki verið eðlilegt og er sjálfsagt að breyta því. Þegar þessi óréttláta jöfnun hefur verið afnumin er ljóst að raforka á þessum svæðum lækkar almennt, bæði til almennra notenda og einnig til fyrirtækja. Þetta á raunar ekki bara við um svæði Rariks heldur á þetta einnig við að einhverju leyti á svæði Orkubús Vestfjarða. Þessi lækkun getur numið allt að 20–25% og það er býsna mikið.

Þessi kerfisbreyting hefur því á sér bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar. Hún leiðir ekki bara til hækkunar heldur sums staðar til lækkunar og það er auðvitað gleðilegt, ekki bara fyrir hinn almenna notanda heldur ekki síður fyrir fyrirtækin á þessum svæðum því að lækkun sem þessi treystir auðvitað rekstrargrundvöll þeirra og gerir þau samkeppnishæfari og treystir þannig byggðina í landinu. Það er mikilvægt að benda á þetta og halda því til haga.

Annað mál og sérmál er það hvernig orkufyrirtækin haga gjaldskrám sínum og hvernig þau nýta sér þessa kerfisbreytingu til breytinga á töxtum. Ég spyr auðvitað eins og aðrir hvort þau séu að nýta sér þetta tækifæri til að hækka gjaldskrár sínar. Að minnsta kosti verður að vera ljóst hvað það er nákvæmlega sem veldur þeim hækkunum sem verða í kjölfar breytinganna og þessar breytingar gera í raun ráð fyrir að allur kostnaður í þessu kerfi verði sýnilegur og uppi á borðinu og það er að sjálfsögðu gott.

Ég legg mikla áherslu á að niðurgreiðslur til þeirra notenda sem sjálf kerfisbreytingin bitnar á með mestum þunga komi úr sameiginlegum sjóðum okkar landsmanna. Ég legg líka áherslu á að í því fyrirkomulagi sem haft verður á niðurgreiðslum sé einhver hvati til að fara vel með rafmagn, það sé hvati til þess að við förum betur með þau gæði sem orkan er og við séum meðvitaðri um hvernig við nýtum þau og jafnframt er mikilvægt að í kerfinu sé einhver hvati til að leggja hitaveitur þar sem það er mögulegt og ég vil fagna þeim áformum sem hæstv. ráðherra lýsti áðan, að fara ætti í átak í þessa veru af hálfu ráðuneytis og Orkustofnunar.

Frú forseti. Ég hef þá trú að til lengri tíma litið muni þessi breyting leiða til aukins hagræðis, aukins gagnsæis og til aukinnar hagkvæmni landsmönnum öllum í hag.

[16:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Umræðan í dag hefur snúist að langmestu leyti um þá gjaldskrá sem nú er að líta dagsins ljós hjá raforkufyrirtækjunum í landinu en mjög lítið um það umhverfi sem er að verða til að öðru leyti. En auðvitað mun það umhverfi sem verður til á þessum markaði ráða því hver gjaldskráin verður í framtíðinni og ég verð fyrir miklum vonbrigðum ef hæstv. ráðherra ætlar ekki að spila neinu fram í þessa umræðu vegna þess að ég tók það þannig fyrir jólahléið að hæstv. ráðherra ætlaði að tala um umhverfi í raforkugeiranum í þeirri umræðu sem fram færi þegar þingið kæmi saman, ekki bara um gjaldskrána. Þá hafði hæstv. ráðherra fullan hug á því eftir því sem ég skildi að það yrði af einhvers konar sameiningu Rariks, Landsvirkjunar og Orkubús Vestfjarða og líka að Akureyringar og Reykvíkingar yrðu leystir út úr Landsvirkjun. Ekki eru þetta lítil mál og skipta gríðarlegu miklu máli í þeirri framtíð sem verður til á þessum markaði.

Mér finnst að þingmenn eigi ekki að sætta sig við það að þeir fái ekki umræðu um aðalatriði þeirra mála og það sem mestu máli skiptir inn í sali Alþingis. Þetta mun auðvitað skipta mestu máli ef til á að verða einhvers konar samkeppnisumhverfi í raforkugeiranum. Hvernig mun sú samkeppni virka ef skilaboðin inn á markaðinn frá hendi ríkisvaldsins verða þessi: Við sameinum öll ríkisfyrirtækin.

Í stað þess að búa til einingar sem geta keppt á markaðnum þá sameinum við þau öll saman. Og yfir 90% af allri raforkuframleiðslunni komin undir einn hatt. Hvað verður þá um hina aðilana á markaðnum? Það eru skilaboð til þeirra um að þeir verði að sameinast. Þá verða til tvö fyrirtæki í landinu fyrir utan einhverja raforkubændur sem eru með eitt eða tvö kílóvött eða hvað það nú er sem eiga að keppa um raforkuneytendur í landinu, annað með 90% af orkunni eða 80–90% eftir því hvað bætist við og hitt með kannski 15–20% eða hvernig sem það nú verður. Að minnsta kosti verður mismunurinn gríðarlega mikill á stærð þessara fyrirtækja þó að hin fyrirtækin á markaðnum sameinist til að standa í samkeppni við hina stóru Landsvirkjun.

Þetta finnst mér að þurfi að ræða hér. Er þetta það sem menn vilja? Og hvernig verður þessi samkeppni? Gæti hún ekki orðið eitthvað lík þeirri samkeppni sem við höfum séð áður á fákeppnismarkaði á Íslandi? Hvað eru menn að tala um?

Um nýliðin áramót átti að verða til samkeppni að hluta til á þessum markaði. Það er alveg greinilegt að hún virkar ekki. Menn hafa óskað eftir tilboðum í að skaffa rafmagn frá þeim fyrirtækjum sem eru núna á markaðnum og það stendur á svörum. Það virðist alla vega ekki vera komið á það samkeppnisumhverfi gagnvart stóru aðilunum sem átti að verða til og þetta þurfa menn auðvitað að ræða og skoða í nefndinni. Ég hvet hæstv. ráðherra og reyni það enn einu sinni og óska eftir því að hæstv. ráðherra geri að einhverju leyti grein fyrir því hverjar fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar eru í þessum málum.

[16:56]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að áhugavert hefði verið að hafa þessa umræðu á breiðari grundvelli og reyndar hafði ég hugsað mér að hún yrði það. Ég var búin að semja helmingi lengri ræðu en ég flutti en vegna þeirra tímamarka sem höfðu verið sett gat ég ekki komist yfir að tala um meira en það sem er núna fyrst og fremst í umræðunni, þ.e. hækkanir á raforkuverði og sérstaklega til húshitunar. En hitt málið er stórt og við töluðum um það fyrir jól, ég kannast alveg við það að við þyrftum að taka þá umræðu. En í rauninni hefur ekkert gerst síðan þá í sambandi við þetta stóra mál að kaupa Reykjavík og Akureyri út úr Landsvirkjun þannig að Landsvirkjun sé í eigu ríkisins sem gefur þá möguleika á því að ríkið sameini eign sína í raforkufyrirtækjum inn í eitt fyrirtæki. Ég held því fram að þannig skapist samkeppnisumhverfi frekar en með því að ríkið eigi þessi fyrirtæki þrjú hvert eitt og sér.

Ég heyrði áður í umræðunni að efasemdir voru um að svo yrði en það er eindregið skoðun mín að af þessu yrði mikil hagræðing sem gefur fyrirtækjunum þá tækifæri til að láta það verða sýnilegt gagnvart neytendum. Maður þorir varla að tala um verðlækkanir lengur því að það er eitthvað sem fólk hefur greinilega ekki trú á að geti orðið en ég vil þó halda því til haga að það er um verulegar lækkanir að ræða núna á raforkuverði með þeim breytingum sem við höfum gert á landsbyggðinni og sérstaklega gagnvart fyrirtækjum. En það er alveg rétt eins og hv. þingmaður segir, þetta eru gríðarlega stór mál. Það eru gríðarleg verðmæti í þessum orkufyrirtækjum okkar og það skiptir miklu máli hvernig ríkið sem eigandi fer með þá eign.

[16:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að mínu viti er alveg hægt að hugsa sér að ríkið losi sig út úr eignarhaldi á einhverju af þessum fyrirtækjum og með þeim hætti verði þá staðið að málum frekar en að sameina þessar eignir sínar í eitt fyrirtæki. Það eru margar leiðir til að gera þetta og auðvitað engin ein leið hér, a.m.k. ekki sem tillaga frá minni hendi, en ég tel að það eigi að skoða mjög vandlega hvort þetta sé ekki skynsamlegri nálgun en sú að búa til þetta gríðarlega stóra fyrirtæki. Ég hef bent á að sveitarfélögin t.d. gætu komið að þessu borði og ég hef bent á að það þurfi að mínu viti að velja um það hvort t.d. lífeyrissjóðirnir gætu hugsanlega orðið eignaraðilar að Landsvirkjun, flutningsfyrirtækinu eða einhverjum af þessum fyrirtækjum. Þarna verða menn auðvitað að velja á milli því að það gengur ekki að sömu eigendurnir séu allan hringinn í kringum borðið. En ríkisvaldið hefur þessi spil á hendi sinni og það skiptir miklu máli hvernig úr þeim verður spilað. Ég hef fyrir fram miklar efasemdir um að það verði merkileg samkeppni á markaði sem verður til eftir að ríkisvaldið hefur tekið þá ákvörðun að sameina langstærstan hluta af allri orkuframleiðslunni og sölunni undir einn hatt.

[17:01]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur orðið allítarleg umræða og ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem nefnt hafa að ágætt væri að gefa sér lengri tíma til að ræða það enda um mjög víðfeðmt mál að ræða.

Hæstv. forseti. Í fyrri ræðu minni komst ég ekki, sökum tímaleysis, að því ræða um atvinnumálin og atvinnuvegina á landsbyggðinni. Þar sjáum við í fyrsta lagi fram á nokkra óvissu eins og sakir standa. Þá á ég í fyrsta lagi við fiskeldið, sem nú er í viðræðum við Landsvirkjun um að það fái áfram ódýra orku. Vonandi er það á döfinni að þeir geri a.m.k. eins árs samning við Landsvirkjun um orkuverð. En framhaldið er hugsanlega óráðið. Það er óásættanlegt því að það er mikilvægt að stjórnvöld sjái til þess að umhverfi fiskeldisfyrirtækja sé tryggt á þann veg að þau geti starfað áfram.

Það er staðreynd að sum byggðarlög byggja að miklu leyti á slíkri starfsemi vegna þess að fiskeldi fylgja oft á tíðum mjög fjölmennir vinnustaðir. Hæg eru heimatökin, við getum t.d. nefnt fyrirmyndarfyrirtæki eins og Silfurstjörnuna á Kópaskeri. Þar vinna um 20–30 manns í ekki mjög stóru sveitarfélagi. Það er alveg ljóst að ef slíkur vinnustaður mundi leggjast af þá væri það mikið áfall fyrir Norður-Þingeyjarsýslu, Kópasker og nærsveitir. Ég legg mikla áherslu á að við stjórnmálamennirnir vinnum að því að byggja fiskeldinu það umhverfi að það geti starfað áfram og haldið áfram að vaxa.

Mikið hefur verið rætt um að nú sé orkuverð til húshitunar að hækka. Ég vil benda á eitt í því samhengi, að árið 1990 var 350 millj. kr. varið til niðurgreiðslu á húshitunar-

kostnaði á landsbyggðinni, á verðlagi ársins 2004. Á næsta ári er gert ráð fyrir að verja til þess málaflokks 770 millj. kr. Þetta er meira en tvöföldun og hlýtur að sýna þann vilja stjórnmálamanna að fólk í dreifðari byggðum búi við lágt raforkuverð.

Hins vegar er alveg ljóst að iðnaðarnefnd á eftir að fá svör um hvernig umræddar aðgerðir koma út gagnvart einstökum landsvæðum, sérstaklega á landsbyggðinni, hvort sem það eru þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni eða í dreifbýli og eins gagnvart mismunandi stærð húsnæðis. Við eigum eftir að inna hagsmunaðila eftir svörum við þessu öllu og á margt eftir að koma á daginn í nýju umhverfi raforkumála. En það má ekki koma okkur á óvart að óvæntir hlutir komi upp í framtíðinni hvað þetta varðar enda er málið mjög umfangsmikið eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur nefnt í ræðum sínum, sem mér finnast hafa verið með þeim málefnalegri sem stjórnarandstaðan hefur flutt í dag og ég hlakka til samstarfs við hv. þingmann í iðnaðarnefnd.

[17:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er aðeins út af þessum fiskeldisfyrirtækjum. Nú hef ég heyrt að Landsvirkjun þjarki um það við einhver fá fiskeldisfyrirtæki að þau fái áfram afsláttarkjör hjá þeim. En það er þannig með umhverfið sem þar er verið að búa til að í framtíðinni eiga stjórnmálamenn ekki að hafa möguleika á að hafa áhrif á kjör einstakra fyrirtækja hvað varðar raforkuverð. Það eina sem stjórnmálamenn geta þá gert til að styðja slík fyrirtæki er að sjá til að styrkir eða annað slíkt komi þá úr ríkissjóði.

Ég held að því fyrr sem menn átta sig á þessu því betra verði það. Ég tel að margir af þeim aðilum sem hv. þingmaður nefndi, fiskeldisfyrirtæki og jafnvel aðrir sem standa nú frammi fyrir því að ekki mun til boða jafngott verð og áður, muni hafa samband við þingmenn og óska eftir stuðningi. Það þýðir bara að þeir munu biðja um peninga úr ríkissjóði.

Hitt er svo umhugsunarefni að hvað þetta varðar á að vera komin á samkeppni í greininni. En mér skilst að menn fái bara engin tilboð af neinu tagi, menn verði bara að horfast í augu við að fara inn á einhverja gjaldskrá sem er miklu hærri en kjörin sem þeir höfðu áður og ef þeir biðji um tilboð þá komi bara ekki neitt.

[17:06]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við hv. þm. Jóhann Ársælsson séum sammála um að jákvætt sé að gagnsæi verði í hinum nýsettu raforkulögum. Staðreyndin er að í hinu gamla kerfi voru innbyggðar niðurgreiðslur til einstakra aðila sem almennir notendur greiddu síðan. Það er úrlausnarefnið sem við stöndum frammi fyrir í dag, að einstakar atvinnugreinar eins og fiskeldi og garðyrkja hafa notið lágs raforkuverðs í gegnum slíka innbyggða niðurgreiðslu.

Það er hárrétt sem hv. þm. sagði áðan, að þá er það eingöngu pólitísk ákvörðun og pólitísk niðurstaða hvort við viljum stuðla að því að þau fyrirtæki haldi áfram starfsemi sinni. Það er pólitísk niðurstaða hve miklum fjármunum við verjum til að viðhalda byggð í landinu. Það er alltaf umdeilanlegt en ég er þeim megin í stjórnmálunum að ég vil að við viðhöldum byggð í landinu.

Fiskeldisfyrirtæki eins og Silfurstjarnan á Kópaskeri skilar íslensku samfélagi útflutningstekjum. Starfsmenn þar og til að mynda þjónusta við það fyrirtæki skilar íslensku þjóðarbúi miklum fjármunum. Það er ekki spurning að þessi atvinnuvegir, garðyrkjan og fiskeldið, skila þjóðarbúinu miklum arði fyrir utan það að styrkja byggð í mörgum byggðarlögum sem hafa háð varnarbaráttu á umliðnum árum. En vonandi munum við, framsæknir alþingismenn, snúa þeirri þróun við.

[17:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, við hv. þingmaður erum vissulega sammála um að umhverfið verður skýrara að ýmsu leyti. Þingmenn hafa auðvitað verið veikir fyrir því á undanförnum árum að nota ríkisfyrirtæki til að veita fjármuni til ýmissa verkefna, meira að segja Landsvirkjun hefur verið notuð með þeim hætti þótt hún hafi verið í sameign með öðrum en ríkinu.

Út af fyrir sig er hægt að segja að það sé bara gott að málin komist upp á borðið og það komi fram í fjárlögum ef fjármunir frá hinu opinbera eru á annað borð notaðir til að styrkja tiltekna starfsemi, hvort sem það heitir fiskeldi eða eitthvað annað. Ekki er ég á móti því að staðið sé við bakið á nýjum atvinnugreinum og reynt að koma þeim af stað með framlögum úr ríkissjóði en auðvitað verður fiskeldi framtíðarinnar að standa í fæturna sjálft og afla sér tilboða í raforku af þeim markaði sem þá verður. Þannig þyrfti það að vera.

Ég hef hins vegar miklar áhyggjur af þeim markaði sem þar á að verða til og tel það margra daga virði í messum — við skulum hafa þær í iðnaðarnefnd — að fara yfir það með hvaða hætti megi koma á umhverfi sem yrði einhver alvöru samkeppni í og heilbrigð samkeppni. Ég vil ekki samkeppni sem kollvarpar fyrirtækjum. Ég vil samkeppni þar sem menn geta keppt heiðarlega um þjónustu, um neytendur á þeim markaði en ekki blóðuga samkeppni sem kostar gjaldþrot og annað slíkt.

Ég held að það séu margar hættur fram undan í þessu og þurfi að halda virkilega vel utan um þessi mál. En eins og er lítur ekki út fyrir að samkeppnin sé farin að blómstra.

[17:11]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég held að það hafi komið vel fram í þessum umræðum hve hroðvirknislega og illa unnar raforkulagabreytingarnar hafa verið og hæstv. iðnaðarráðherra hefur undirstrikað það í ræðu sinni að hún hafi ekki gert sér grein fyrir því á hvaða vegferð hún var. (**Iðnrh.:** Nú, sagði ég það?) Þessar hækkanir, boðaðar hækkanir í upphafi þessa árs, komu henni algjörlega í opna skjöldu. Hún hefði betur hlustað á ræður þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og tillöguflutning bæði á síðasta ári og í hittiðfyrra þegar þessi mál voru til umfjöllunar.

Við lögðum til fyrir jólin að þessu máli yrði frestað, að setja þessar breytingar í gang, á meðan komast mætti til botns í áhrifum þeirra. Það er ekki lengra síðan en svo að á

síðustu klukkutímum þingsins fyrir jól nefndum við þetta og vöruðum við en hæstv. ráðherra skellti skollaeyrum við því og anaði áfram í einkavæðingardraumi.

Það er mjög athyglisvert sem hv. þingmaður Ögmundur Jónasson upplýsti okkur um í ræðu sinni þar sem fram kom að 18 af 25 ríkjum innan Evrópusambandsins hefðu ekki að fullu sett í gang þessa Evróputilskipun um markaðsvæðingu raforkugeirans. Það er mjög athyglisvert, 18 af 25. En við hér, eyríkið, hlaupum á eftir þeim tilskipunum og missum náttúrlega af okkur skóna á þeim hlaupum.

Það er líka athyglisvert sem kemur fram í skýrslunni sem gefin er út núna 5. janúar um árangur í einkavæðingarmálum raforkunnar í Evrópu. Þær staðfesta gagnrýnisraddir sem hafa komið upp um þetta kerfi. Með leyfi forseta, stendur í úttekt á skýrslunni sem birtist á vef BSRB, um áhrif breytinganna:

„Að fákeppni muni verða ríkjandi, að fjárfestingum í kerfinu og viðhaldi verði ábótavant og þar með sé afhendingaröryggi raforku stefnt í hættu, upplýsingar til neytenda verði ógegnsæjar og að kerfið muni leiða til dýrari raforku, sérstaklega til smákaupenda."

Er þetta ekki nákvæmlega hið sama og við höfum varað við?

Frú forseti. Ég tel afar brýnt að við hættum að fara eftir því sem hæstv. ráðherra langar til, finnst eða gæti hafa dottið í hug og þetta mál fari til iðnaðarnefndar Alþingis til meðhöndlunar. Þaðan komi nákvæm tillögugerð inn til fjárlaganefndar og málið verði unnið þar. Þar á að taka á þessu.

Markmið okkar er að í landinu ríki jöfnuður hvað varðar aðgang að, notkun og verð á raforku. Þetta er almannaþjónusta og það á ekki að skipta þjóðinni upp í fylkingar eftir búsetu eða öðru þegar kemur að aðgangi eða verði á þeirri þjónustu. Ljóst er að Alþingi verður sjálft að taka það mál að sér og ákveðnari tökum en hingað til.

[17:15]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Í dag hefur farið fram nokkuð löng og ströng umræða um áhrifin af raforkulögunum nýju. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir þá skýrslu sem hún flutti en eins og við vitum var tilgangur laganna að koma á samkeppni á raforkumarkaði og stuðla að opnum markaði með gegnsæja verðlagningu. Ég verð að segja eins og er, að eftir að hafa hlustað á skýrslu hæstv. ráðherra og þær umræður sem farið hafa fram í dag þá eru það hálfgerð öfugmæli að tala um að koma á samkeppni þegar litið er til fyrstu skrefanna sem orkufyrirtækin stíga í þessu máli.

Í umræðunni um raforkumálin var margoft tekið fram að þetta mundi ekki leiða til neinna hækkana og ekki þýða hækkun á orkuverði til neytenda. Hæstv. ráðherra valdi þá leið í skýrslu sinni að fara yfir gjaldskrárbreytingar orkufyrirtækjanna að mestu leyti, breytingar sem kynntar hafa verið opinberum eftirlitsaðilum, reikna ég með, sem liggja nú fyrir sem staðreyndir þessa máls.

Hæstv. ráðherra gerði að sérstöku umfjöllunarefni að raforkuverð til einstaklinga og fyrirtækja á Suðurnesjum — á hinu gamla orkuveitusvæði Hitaveitu Suðurnesja, sagði hæstv. ráðherra, sem þýðir Suðurnes — mundi hækka um 20% og það þyrfti ekki að koma nokkrum manni á óvart. Allir hefðu vitað það í raun og þetta væru engar fréttir sem við þyrftum að hafa áhyggjur af þar sem orkuverð á Suðurnesjum væri hvort eð er svo lágt eftir þá miklu hækkun.

Ég verð að segja, frú forseti, að þetta eru kaldar kveðjur til þeirra sem reka fyrirtæki á Suðurnesjum og til þeirra sem þar búa. Hæstv. ráðherra hefur ekki miklar áhyggjur af því þótt orkureikningur einstaklinga og fyrirtækja hækki um 20%. Sami ráðherra sagði síðar í sömu ræðu að svo virtist sem að rafhitunarkostnaður í dreifbýli mundi hækka um 20–40% og við það yrði ekki unað.

Berum aðeins saman það sem hæstv. ráðherra sagði um hækkanirnar á Suðurnesjum og síðan um hækkanir annars staðar á landinu. Ekki eru allir íbúar þessa lands jafnir í augum hæstv. ráðherra. Reyndar verð ég að segja eins og er, frú forseti, að ég er í sjálfu sér ekki mjög hissa á ummælum ráðherrans. Mér hefur sýnst sem störf þessa hæstv. ráðherra væru meira og minna kjördæmamiðuð.

Hvað sagði sami hæstv. ráðherra í umræðunni um raforkulögin á sínum tíma í mars í fyrra? Þá sagði ráðherrann, með leyfi forseta:

„Svo er spurningin: Mun þetta hækka orkuverð til heimila eða ekki? Ég fór yfir það líka fyrr í umræðunni hvernig það dæmi lítur út miðað við orkufyrirtækin í landinu. Það hefur verið farið í gríðarlega vinnu til þess að átta sig á því. Hjá Hitaveitu Suðurnesja sýnist mér þetta hækka verðið um 2,5% og það er fyrst og fremst vegna þess að þeir hafa notið algjörrar sérstöðu innan kerfisins með því að þurfa ekki að taka þátt í flutningskerfinu nema að mjög takmörkuðu leyti vegna eigin framleiðslu. Við erum ekki tilbúin að veita einu fyrirtæki einhver sérstök forréttindi og ég held að það standist ekki ákvæði EES-samningsins.

Það er svo sem ekki bara Hitaveita Suðurnesja sem notið hefur ákveðinna sérréttinda í þessum efnum, heldur má segja að það hafi líka átt við um Orkubú Vestfjarða og þar gæti verð hækkað um 1,5% miðað við þessar breytingar, hjá Norðurorku um 1,4%, Orkuveitu Reykjavíkur um 1%, en hins vegar lækkað um 2,6% hjá Rarik af því að Rarik hefur ekki notið sérstöðu, heldur hafa verið settar ákveðnar kvaðir á það fyrirtæki sem nú eru ekki heimilar og ekki ástæða til þess að viðhafa."

Hæstv. ráðherra hélt áfram:

„Þetta er það sem við höfum fengið út úr okkar reikningsdæmi og ég hlýt að halda því fram að þetta séu ekki breytingar sem eru svo miklar að ástæða sé til að gera mikið veður út af þeim."

Síðar sagði hæstv. ráðherra í andsvari, með leyfi forseta:

„Varðandi kostnaðinn hef ég ánægju af að lesa upp ákveðnar tölur sem hafa verið settar fram. Hvað varðar Hitaveitu Suðurnesja mun stækkun flutningskerfisins þýða að það er lækkun í dreifingu en hækkun í flutningi upp á 26. Þarna erum við að tala um aura á kwst. Síðan kemur greitt fyrir eigin vinnslu og það eru 17 aurar. Þegar á heildina er litið er hækkun upp á 2,5% hjá Hitaveitu Suðurnesja.

Hjá Orkuveitu Reykjavíkur er í stækkun flutningskerfisins samdráttur um 10 aura í dreifingunni en kostnaðarauki upp á 26 aura. Í heildina kemur það út sem 1% hækkun.

Hjá Rarik er þetta mínus 50 í dreifingu, plús 26 í flutningi sem gerir 2,6% lækkun.

Hjá Orkubúi Vestfjarða er dreifingin upp á 59 aura en

flutningurinn er plús 26 aurar. Það gerir 1,5% hækkun og hjá Norðurorku er 1,4% hækkun, ég hef ekki tíma til að fara nánar út í það."

Hæstv. ráðherra bætir síðan við í lok andsvars síns:

„Þetta eru því öll ósköpin, 1% og 2,5% hækkun þegar því hefur verið haldið fram að þarna væri um 20% hækkun að ræða."

Er það undarlegt, frú forseti, þó að sá sem hér stendur sé hálfundrandi á að heyra ráðherrann standa í pontu í dag og segja að allir hafi vitað, eftir gríðarlega vinnu og mikla útreikninga, að verð mundi hækka um 20% hjá Hitaveitu Suðurnesja eftir að þessi lög tækju gildi?

Við hljótum að gera þá kröfu til hæstv. ráðherra sem lýsa því yfir að mikil vinna hafi farið í útreikninga, mikilli vinnu við að fara yfir áhrif laga, að þeir segi okkur satt þegar þeir koma í pontu. Við getum ekki þolað að ráðherra segi eitt þegar hann er að fá lögin samþykkt en eftir að þau eru samþykkt og í ljós kemur hver áhrif það hefur á raforkumarkaðinn þá segi hann eitthvað allt annað og staðfesti í raun þær spár sem uppi voru en hæstv. ráðherra blés á á þeim tíma sem þær tölur voru settar fram.

Það er óvefengjanleg staðreynd að sú kerfisbreyting sem hér var innleidd hækkar raforkuverð þorra landsmanna. Hæstv. ráðherra hefur svo sem ekki miklar áhyggjur af því þar sem það kemur íbúum í þéttbýli í kjördæmi ráðherrans til góða og hann ætlar að sjá til að þeim sem búa í dreifbýli í kjördæminu verði bættur skaðinn. Frú forseti, til fjandans með hina, hvort sem þeir búa á Suðurnesjum eða í Reykjavík. (**Iðnrh.:** Hvað segir Kristján Möller?)

Það er skelfilegt að sjá hvaða áhrif breytingar á gjaldskrá hafa á rekstur garðyrkjubænda og rekstur fiskeldisfyrirtækja. Þessir aðilar hafa verið með sérsamninga um rafmagnskaup, bæði vegna þess að þeir kaupa mikið rafmagn og nýta það betur en flestir aðrir. Full ástæða er til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún muni beita sér fyrir því að þessi fyrirtæki muni áfram geta keypt raforku á sérkjörum eða hvort þau muni öll þurfa að leggja upp laupana, þurfi að kaupa upp rafmagn á sama verði og bílaverkstæði í litlum bílskúr. Ekki fá þau sömu kjör og hæstv. ráðherra beitir sér fyrir að stóriðjan fái.

Ég vona jafnframt að hæstv. ráðherra segi okkur hvernig stendur á því að ráðherra segir okkur ekki satt þegar hún stendur hér í pontu.

[17:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er dálítið erfitt að fjalla um þetta þegar hv. þingmenn taka út einn ákveðinn þátt og gera hann að málinu í heild. Þegar ég segi að alltaf hafi verið ljóst að verð mundi hækka hjá Hitaveitu Suðurnesja þá er ég að tala um að þeir tóku ekki þátt í kostnaði flutningskerfis nema að litlu leyti áður vegna eigin framleiðslu. Hvernig stóð á því að þeir nutu þeirra sérkjara? Það veit ég ekki en þeir nutu sérkjara og það er ekki hægt, það er ekki löglegt og ekki heldur sanngjarnt. Nú er búið að taka af þeim þessi sérkjör og það þýðir aukinn kostnað. Um það var ég að tala þegar ég talaði um þessi 2,5%.

Ráðuneytið og stjórnvöld geta ekki ráðið verði lengur og hafa ekki gert það upp á síðkastið. Engu að síður hefur þurft að staðfesta gjaldskrár. Þannig að það eru ekki nema ákveðnir þættir sem ég get talað um varðandi verðið í þessum efnum, hvað þá þegar samkeppnin kemst á.

Ég vissi ekki nákvæmlega um það á þessum tíma, þegar rætt var um málið, hvað þessi fyrirtæki mundu krefjast mikillar arðsemi af rekstri sínum. Eins og ég fór yfir áðan þá nota þau tækifærið og hækka arðsemina. Ég var ekkert að gagnrýna það. Þau eru innan markanna og það er bara skiljanlegt. Það skiptir líka máli að það sé ákveðin heimild til arðtöku, m.a. út af afhendingaröryggi, að fyrirtækin hafi a.m.k. svigrúm til að standa í viðhaldi og sjá til að fyrirtækin séu í stakk búin til að veita orku og það þýðir afhendingaröryggi. Hv. þingmaður tók úr samhengi og fór ekki rétt með það sem ég sagði í ræðu minni. Hann fór ekki rétt með það.

[17:26]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra upplýsi alveg sérstaklega hvað það var sem ég fór rangt með. Ég sat í upphafi fundar og hlustaði á ræðu hæstv. ráðherra, þar sem hún sagði að verð mundi hækka um 20% á Suðurnesjum en það kæmi engum á óvart. Ég skrifaði þetta niður eftir hæstv. ráðherra og svo minni ég á það sem ég var að lesa upp úr andsvörum hennar frá því fyrir tæpu ári þar sem ráðherra segir varðandi hækkun á gjaldskrá raforkufyrirtækja: „Þetta eru því öll ósköpin, 1% og 2,5% hækkun þegar því hefur verið haldið fram að þarna væri um 20% hækkun að ræða." (Gripið fram í.)

Á málflutningurinn kannski að verða svipaður, hv. þingmaður Birkir Jón Jónsson, og í Íraksmálinu? Á að reyna að reyna að þæfa þetta í einhvers konar málvitleysu? Þetta stendur alveg hreint og skýrt. Hæstv. ráðherra stóð hér í mars 2004 og blés á spár um 20% hækkun á raforkuverði til raforkukaupenda á Suðurnesjum en stendur svo hér tæpu ári síðar og segir að þetta hafi allir vitað og verðhækkanirnar þurfi ekki að koma nokkrum manni á óvart.

Hæstv. ráðherra velur þá leið að kenna fyrirtækinu Hitaveitu Suðurnesja um, að það hækki arð sinn af sölu rafmagns til íbúa á Suðurnesjum. Ég kann ekki að fara með þær tölur en mun kanna það þegar heim er komið. Ég á bágt með að trúa því að fyrirtæki eins og Hitaveita Suðurnesja, sem búið er að byggja upp á Suðurnesjum á undanförnum árum og hefur boðið upp á lægsta orkuverð á landinu, hefur haft það að markmiði, sé að nýta tækifærið til að hækka verð á íbúa og fyrirtæki á Suðurnesjum.

Hæstv. ráðherra svaraði mér ekki varðandi afsláttarkjör til fiskeldis og garðyrkjubænda. Ég óska sérstaklega eftir því að hæstv. ráðherra nýti smáhluta af andsvari sínu á eftir til að svara þeirri spurningu. Munu fiskeldisfyrirtæki og garðyrkjufyrirtæki fá rafmagn á sérkjörum á þessu ári eins og verið hefur á undanförnum árum?

[17:28]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem hv. þingmaður sagði staðfestir að ég fór með rétt mál í framsöguræðu minni. Hann sagði: Hitaveita Suðurnesja hefur verið með lægsta orkuverð á

landinu. Það er rétt. En ég var líka að útskýra það í og með hvers vegna svo hefur verið. Það er vegna sérkjara sem fyrirtækið naut og nýtur ekki lengur.

Ég efast ekki um að fyrirtækið sé vel rekið og allt sem hægt er að segja jákvætt um það myndarlega fyrirtæki. Ég vil fá að nota tækifærið til að þakka fyrir að í sambandi við tilkynningar um gjaldskrá hjá fyrirtækinu þá voru ekki neinar glósur um raforkulög eða annað slíkt heldur vel og skilmerkilega frá því greint og útskýrt hvernig sú gjaldskrá er upp byggð.

Ég mun halda ræðu á eftir og þá ætla ég að fara yfir þau mál er tengjast garðyrkjubændum, fiskeldi og öðru. Ég held að það gefist ekki tími til að byrja þá umræðu í þessu andsvari.

En ég vil ítreka það að þegar ég talaði um 2,5% hækkun þá var ég ekki að tala um heildarhækkun heldur afmarkaðan hluta málsins.

[17:29]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar hæstv. ráðherra er að tala um 2,5% hækkun er hæstv. ráðherra ekki að tala um þá hækkun sem íbúar koma til með að bera heldur einhverja aðra hækkun sem enginn skilur. Það sem máli skiptir fyrir íbúa á Suðurnesjum er að raforkuverð vegna þessara nýju raforkulaga hækkar um 20%. Það er sú nöturlega staðreynd sem fyrirtæki og einstaklingar þar standa frammi fyrir.

Varðandi sérkjörin sem hæstv. ráðherra talar um til Hitaveitu Suðurnesja þá vill þannig til að Hitaveita Suðurnesja keypti um 60–70% af rafmagni sínu af Landsvirkjun fyrir tveimur árum eða svo. Inni í því verði sem Hitaveitan greiddi fyrir rafmagn frá Landsvirkjun voru að sjálfsögðu inni jöfnunaraðgerðir eins og í öllum öðrum heildsölutöxtum frá Landsvirkjun.

Kannski er það séraðstaða hjá Hitaveitu Suðurnesja að hafa þurft, til að fá leyfi til að virkja í Svartsengi á þeim tíma sem nægur markaður var fyrir það rafmagn á Suðurnesjum, að selja nýja rafmagnið til stóriðju á allt öðru verði en hitaveitan var skyldug til að kaupa rafmagn á af Landsvirkjun á móti. Í raun fluttist ekkert rafmagn frá Suðurnesjum til neinnar stóriðju og ekkert rafmagn frá Landsvirkjun til Suðurnesja. Þetta var allt framleitt á staðnum. Eftir sem áður var Hitaveita Suðurnesja skikkuð til að selja til stóriðju á mjög lágu verði og kaupa af Landsvirkjun á mjög háu verði. Það eru sérkjörin sem Hitaveita Suðurnesja hefur haft í gegnum tíðina.

Varðandi fiskeldið og garðyrkjubændur þá mun ég að sjálfsögðu bíða eftir því að ráðherra fari yfir það í seinni ræðu sinni. Ég vonast til að hæstv. ráðherra geri það þá á íslensku svo að allir skilji og taki sérstaklega fram að hún sé þá að tala um krónur sem allir skilja, heilkrónur en ekki hálfkrónur. Ég verð að segja eins og er, frú forseti, að það var aumt að hlusta á hæstv. ráðherra tala um að 2,5% væru ekki sama og 2,5% og 20% ekki sama og 20%. Ég skil það ekki.

[17:32]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Það eru aðeins nokkur atriði sem ég vil leggja meiri áherslu á en ég gerði í fyrri ræðu minni, en ég vil þó sérstaklega taka undir það og get verið sammála hæstv. iðnaðarráðherra um að auðvitað hefði verið æskilegt að við hefðum getað rætt hér ýmsa aðra þætti. En að mínu mati er eðlilegt að við ræðum þennan gjaldskrárhækkunarþátt núna vegna þess hvað hann hefur verið mikið í umræðunni og vegna þess að hann er að dynja á okkur núna.

Ég vænti þess að hæstv. iðnaðarráðherra geri sér grein fyrir að hún á eftir að flytja Alþingi skýrslu um ýmislegt annað í framkvæmdinni þegar fram líða stundir og við eigum eftir að ræða hér um þessi mál vegna þess að um það var talað í iðnaðarnefnd og settar voru inn ýmsar nefndir og annað slíkt, t.d. skýrsla til Alþingis, einmitt vegna þess að við vissum að það ætti margt eftir að gerast.

En sú holskefla sem nú kemur, kom mönnum algjörlega í opna skjöldu eins og hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, sagði í ræðu sinni og það er það sem við erum að ræða nú.

Mig langar að fá betri svör og ég vil spyrja hæstv. iðnaðarráðherra þegar hún kemur hér upp og fer yfir umræðuna, um einkaleyfisþáttinn, flutning og dreifingu, hvernig það geti gerst núna þegar 1. janúar er nýliðinn að þá komi Orkuveita Reykjavíkur og tilkynni gjaldskrá sína 3,60 kr. Orkustofnun á að hafa tvo mánuði til að fara yfir þessa útreikninga. Segjum nú svo að eftir tvo mánuði komi Orkustofnun og segi: Nei, inni í þessum útreikningum ykkar eru ýmsar tölur og ýmislegt annað sem á ekkert skylt við raforkudreifingu og -sölu — og það verði því tekið út og verðið lækkað. Ég er bara að benda á það sem því miður er allt of oft háttur okkar Íslendinga að við erum alltaf að vinna að þessum málum á síðustu stundu. Það er auðvitað óásættanlegt og það er hluti af því vandamáli sem við stöndum frammi fyrir nú að þrátt fyrir að orkufyrirtækin hafi lagt fram þessa útreikninga þá fengum við sem sátum í iðnaðarnefnd Alþingis, sem var að vinna með frumvarpið, aldrei að sjá þá. Auðvitað eru þetta óþolandi vinnubrögð og það er það sem við erum að bíta úr nálinni með núna.

Þegar Orkuveita Reykjavíkur kemur með 3,60 þá gerðist þetta sem ég nefndi hér áðan, Rarik varð að hækka kwst. um 20 aura til að geta sótt niðurgreiðsluna til ríkissjóðs. Þar af leiðandi var hækkað eða minnkað það sem er í þessum potti.

Nú er það svo, virðulegur forseti, að það er auðvitað mjög undarlegt að dreifing raforku á höfuðborgarsvæðinu frá Orkuveitu Reykjavíkur sé dýrasta dreifingin í landinu, miklu dýrari en hjá Rarik. Nú trúi ég því ekki að þetta sé vegna arðsemissjónarmiðanna og því má í rauninni spyrja hæstv. iðnaðarráðherra: Hvert er arðsemismarkmið Rariks núna þegar þetta er sett upp eins og hér er gert? Þetta er mjög alvarlegt mál.

Varðandi breytinguna á kwst. á þakinu, kom annað atriði upp í huga minn áðan: Það eru tvö ár síðan nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar kom með tillögu um að hækka þetta upp í 50 þúsund kwst. Nú á að lækka það. Mig langar að spyrja um eitt, vegna þess að nú vantar peninga í þennan niðurgreiðslusjóð: Verður það nokkuð á kostnað styrkja til hitaveituframkvæmda á köldum svæðum, sem við vorum að breyta hér fyrir áramót að mig minnir úr fimm árum í átta? Er nokkur hætta á eitthvað muni skerðast í leit hæstv. iðnaðarráðherra að peningum hist og her til

þess að minnka þann skell sem hér er?

Ég ítreka það, virðulegi forseti, það er ekki ásættanlegt markmið að mínu mati að 5–10% hækkun dynji á íbúum á landsbyggðinni vegna þessara breytinga. (Gripið fram í.) Það verður ekki unað við það.

[17:36]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það hafa orðið ákveðin tíðindi hér í umræðunni. Það hefur komið fram að þetta hafi verið fyrirsjáanleg hækkun en það hefur hæstv. ráðherra sagt í andsvörum við formann míns ágæta flokks, Frjálslynda flokksins, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, og það eru ákveðnar fréttir. Maður fer að hugsa sem svo: Hvað er að gerast pólitískt séð í Framsóknarflokknum? Er þetta hluti af nútímavæðingu flokksins, að hækka allt á landsbyggðinni, koma í veg fyrir að fólk geti t.d. nýtt sjávarauðlindina? Það er verið að hækka húshitunarkostnað. Er þetta sú framtíðarsýn sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson sér og vill stuðla að á landsbyggðinni? (**Gripið fram í:** Tali hver fyrir sig.) Ég geri það. Þetta er eins og ég og margir aðrir sjá flokkinn nú orðið.

Það er mjög aumt að flokkur sem gefur sig út fyrir að vera landsbyggðarflokkur skuli ganga svona fram fyrir skjöldu og höggva í landsbyggðina með þessum hætti. Það er gusað yfir landsbyggðina og það kemur fram hjá ráðherranum að hækkunin hafi verið fyrirsjáanleg, tuga prósenta hækkun. Og nú kemur fram í umræðunni að eitthvað eigi að taka á þessu, það eigi að lækka þetta eitthvað.

En að öllum líkindum mun Framsóknarflokkurinn skella á landsbyggðina, á þá sem hita hús sín með raforku, á annan tug prósenta hækkun á rafmagnskostnaði. Það er mjög alvarlegt og ég tel að ungur og efnilegur þingmaður eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson eigi einmitt að hugsa um hvert flokkurinn er að stefna. Er þetta nútímavæðing Framsóknarflokksins? (**Gripið fram í:** Þetta er alveg hárrétt hjá honum.)

Auðvitað er mikið áhyggjuefni að Framsóknarflokkurinn skuli vera að leggja í þessa vegferð. Og hvað gerist síðan? Jú, ráðherrann sem var staddur hér fyrr í dag, hæstv. ráðherra Guðni Ágústsson, (Gripið fram í.) heldur því fram að þeir sem eru að tala um verk Framsóknarflokksins séu að tala landsbyggðina niður. Við erum bara að ræða um gerðir og stjórnarathafnir Framsóknarflokksins í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Þá erum við að tala landsbyggðina niður. Það er eins og við í stjórnarandstöðu eigum að þegja um verk þeirra, annars séum við að tala landsbyggðina niður. Þetta er alveg ótrúlegur málflutningur.

Ég hef átt viðræður við sveitarstjórnarmenn víða á landinu og sumir eru jafnvel flokksbræður þessara ágætu manna sem ég hef nefnt á nafn í ræðu minni. Þeir furða sig á verkum flokksins. (**Gripið fram í:** Hverjir eru það?) Það er með ólíkindum hvert flokkurinn stefnir — í vegferð sinni gegn landsbyggðinni. Við sjáum að rafmagnið þýtur upp, fiskeldisfyrirtækin og garðyrkjufyrirtækin standa frammi fyrir því að geta ekki greitt rafmagnsreikningana. Og það eru ekki bara þingmenn stjórnarandstöðunnar sem benda á að á þessu verði að taka, t.d. má lesa í viðtali við hv. þm. Drífu Hjartardóttur í Bændablaðinu að hún hafi áhyggjur af þessum málum. Þó svo að hv. þm. Birkir Jón Jónsson hafi litlar áhyggjur þá hafa þingmenn í stjórnarliðinu vissar áhyggjur af nútímavæðingu Framsóknarflokksins þar sem atvinnulífi á landsbyggðinni er gert mjög erfitt fyrir. Þetta er visst áhyggjuefni.

En ég ætla að ljúka máli mínu á því sem nú er verið að ræða; að það verði engin hækkun í kerfinu. En staðreyndin er sú að það verður hækkun í kerfinu vegna þess að annars þyrfti ekki að sækja auknar niðurgreiðslur til ríkisins. Það er mergurinn málsins. Kerfið er einfaldlega að verða kostnaðarsamara, því þegar verið er að tala um 140 milljónir (Forseti hringir.) þá sér hvert mannsbarn að það stemmir ekki.

[17:41]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð í lok umræðunnar til áréttingar fyrri sjónarmiðum. Ég vakti athygli á því í ræðu minni að afleiðingarnar af þeim kerfisbreytingum sem nú hefðu verið innleiddar á Íslandi og væru þegar orðnar að veruleika í Evrópusambandinu, að hluta til a.m.k., væru stórhækkaður raforkureikningur þjóðanna, það væri því miður að ganga eftir hér sem annars staðar. Það hefur verið rætt í umræðunum nú á hvern hátt væri hægt að draga úr þeim ójöfnuði sem væri að myndast í landinu á þessu sviði og að þá væri horft til skattpyngjunnar. Þetta er sama formúlan og við þekkjum úr símkerfisbreytingunum, einkavæðingu eða markaðsvæðingu í símkerfunum, að þar er nákvæmlega hið sama að gerast, þá horfa menn til skattborgarans um að koma inn í myndina.

Ég vék að nýlegri skýrslu frá Evrópusambandinu þar sem gerð er úttekt á stöðu samkeppnismála á raforkumarkaði í Evrópusambandinu. Ég vakti athygli á að í 18 ríkjum af 25 sem könnunin tók til væri ekki búið að framkvæma til fulls tilskipanir sem unnið er samkvæmt, en það eru tilskipanir frá 1992 og svo aftur frá 2003.

Eitt var það sem ég fór rangt með í því tali mínu fyrr í dag og það var að Kýpur og Malta stæðu utan raforkutilskipunarinnar, hefðu ekki tekið raforkutilskipunina upp. Þetta er ekki rétt. Hið rétta er að í skýrslunni kemur fram að aðstæður á Kýpur og Möltu séu með þeim hætti að könnunin taki ekki til þeirra. Þar eru ekki markaðsaðstæður og því ekki hægt að meta málin á sama hátt og gert er annars staðar í Evrópusambandinu, að dómi þessarar rannsóknarnefndar.

En það er margt annað athyglisvert sem kemur fram í skýrslunni, t.d. áhyggjur af því að fjárfestingar í þessum geira séu ekki með þeim hraða sem vænst hefði verið. Þetta er reyndar nokkuð sem hefur borið mjög á góma á Norðurlöndum þar sem raforkukerfin hafa verið markaðsvædd, að menn hafa áhyggjur af því að það dregur úr fjárfestingu í kerfunum. Fjárfestar eru ákafir að fá arð af fjármagni sínu út og hugsa ekki nægilega vel um að setja peninga í nýjar fjárfestingar.

Annað sem kemur fram í skýrslunni er að það virðist stefna í fákeppnisátt. Skýrsluhöfundarnir segja að víða stefni í að jafnvel eitt eða tvö fyrirtæki séu ráðandi á markaði en það stefni ekki í þá samkeppni sem menn höfðu vonast til.

Að lokum árétta ég það sem ég sagði í lok ræðu minnar

í dag, að þegar allt kemur til alls hef ég trú á því að Íslendingar vilji ekki það misrétti sem hér hefur verið að skapast og gæti skapast í raforkunni í landinu. Mér finnst eðlilegt að í stað þess að einskorða vinnuna á vinnuborði ríkisstjórnarinnar komi allt þingið að þeirri vinnu og ég árétta þá tillögu að fjárlaganefnd og iðnaðarnefnd verði falið það verkefni. Við erum reiðubúnir að taka þátt í þeirri vinnu á uppbyggilegan hátt.

[17:45]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Umræðunni er það þröngt sniðinn stakkur að örðugt er að koma frá sér öllu því sem mann langar til að koma frá sér í jafnstuttum ræðum og nú eru í boði.

Þegar við horfum á umræðuna eins og hún hefur verið í dag hafa þingmenn komið og meira að segja nefndarmenn úr iðnaðarnefnd og lýst undrun sinni á því hve hækkanirnar eru miklar út um allt land á raforkuverði. Þeir gerðu sér ekki grein fyrir því í vinnunni sem fram fór í nefndinni við hina nýju raforkulöggjöf að svona yrði þetta. Menn þurfa ekki að vera hissa á því þó þingmenn hafi ekki gert sér grein fyrir þessu þegar við förum yfir hvað hæstv. ráðherra sagði í umræðunni og lét hafa eftir sér varðandi hækkunartilefni. Ég verð að segja hæstv. ráðherra það í fullri hreinskilni að fyrir íbúa á Suðurnesjum skiptir það engu máli ef rafmagnsreikningurinn hækkar úr 10 þús. kr. í 12 þús. kr. yfir mánuðinn hvort það séu einhverjar prósentur á bak við það hér eða þar. Ef krónurnar sem íbúarnir þurfa að greiða eru þetta mörgum sinnum fleiri en þær voru þegar gamla kerfið gilti þýðir það bara hækkun á íbúana og ekkert að hártoga það neitt meira.

Við verðum að gera þá kröfu til stjórnmálamanna, hvort sem þeir eru alþingismenn eða ráðherrar, að þeir segi frá eins satt og rétt og þeir geta á hverjum tíma. Við getum ekki sætt okkur við það að á jafnstuttum tíma og liðinn er frá því að við samþykktum raforkulögin og þangað til hæstv. ráðherra flytur skýrslu um hvaða áhrif lögin muni hafa breytist hlutirnir algerlega, að hlutunum sé algerlega snúið á haus, að svart verði hvítt og hvítt verði svart. Farið var yfir það í umræðunni að það væri mikið hækkunartilefni ef lögin yrðu á orkuveitusvæði Hitaveitu Suðurnesja og á orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur. Hæstv. ráðherra blés á það í ræðum sínum og kemst ekki undan því sama hvað hæstv. ráðherra reynir að rembast eins og rjúpan við staurinn í því.

Mér finnst líka að við sem höfum hlýtt á umræður í dag höfum ekki fengið svör við því hvað hæstv. ráðherra ætlar sér varðandi sameiningu Landsvirkjunar, Orkubús Vestfjarða og Rarik í eitt fyrirtæki. Við höfum heyrt af því í fjölmiðlum að þetta standi jafnvel til. Búið er að spyrja um það í umræðunni en engin hrein svör komið frá ráðherra hvort einhverjar slíkar viðræður séu í gangi og hvort það sé ætlan hæstv. ráðherra iðnaðarmála að beita sér fyrir sameiningu þessara þriggja fyrirtækja. Ef það verður verður engin samkeppni á raforkumarkaði á Íslandi þegar búið er að búa til risa í ríkiseigu sem hefur jafnvel yfir 90% af raforkumarkaðnum undir sér, hvaða samkeppni verður milli þessara risa og hinna fyrirtækjanna á markaðnum? Hún getur engin orðið.

Aðeins til að hnykkja á því sem ég var að tala um varðandi fiskeldisfyrirtækin, þá er mér kunnugt um að viðræður eru í gangi við Landsvirkjun um sérkjör. Ég veit ekki nákvæmlega hvernig þær viðræður standa í dag en veit þó að hæstv. ráðherra mun þurfa að koma að því. Því óska ég eftir hreinum svörum frá hæstv. ráðherra hvort það geti verið eins og flogið hefur fyrir að einungis verði tekin stærstu fiskeldisfyrirtækin á Íslandi og þeim veitt sérkjör en hin smærri sem verið hafa á sérkjörum hingað til skilin eftir í kuldanum til að deyja drottni sínum.

[17:50]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil við lok umræðunnar þakka fyrir hana. Hún hefur verið upplýsandi og það skiptir máli á þessum tímapunkti að ræða þetta mál. Auðvitað hefur umræðan einskorðast mjög við húshitunina sem eðlilegt er. Það hefði verið áhugavert að fara líka í framtíðarsýn og margt fleira en við fáum kannski tækifæri til að ræða það síðar.

Vegna þess að ekki hefur gefist nægjanlegur tími til að tala um garðyrkjubændur og fiskeldið vil ég taka fram að þetta eru málaflokkar sem heyra ekki undir mig heldur undir landbúnaðarráðherra. Ég kem ekki að þeirri samningagerð sem þar fer fram, hún fer fram á milli fyrirtækjanna og orkufyrirtækja, sérstaklega Landsvirkjunar. Ég get engu að síður farið aðeins yfir það mál.

Það er þannig að með aðlögunarsamningi milli ríkisins og garðyrkjubænda frá árinu 2002 er ylræktendum tryggt raforkuverð með niðurgreiðslum sem er sambærilegt við það sem er einna lægst í boði hjá nágrannaþjóðum okkar. Að auki veitti Landsvirkjun Rarik helmingsafslátt allt frá árinu 1997 af verði fyrir afli sem notað var til lýsingarinnar. Landsvirkjun felldi þann afslátt niður í mars sl. og Rarik bar kostnaðinn við aflkaupin út árið 2004. Frá og með síðustu áramótum munu garðyrkjubændur þurfa að greiða fyrir það afl sem þeir nota sem hefur vaxið umtalsvert á undanförnum árum nema sérstakt samkomulag náist um að taka á málinu á einhvern sérstakan hátt. Eins og landbúnaðarráðherra greindi frá áðan kostar það einhverja fjármuni en þetta er til umræðu innan ríkisstjórnarinnar og allir gera sér grein fyrir því að þarna er um gríðarlega mikilvægan atvinnuveg að ræða og ég trúi ekki öðru en á því finnist einhver viðunandi lausn.

Í sambandi við fiskeldið þá samþykkti stjórn Landsvirkjunar árið 1997 tímabundinn afslátt á rafmagni til nokkurra fiskeldisfyrirtækja og vonir voru um eflingu þeirrar atvinnugreinar sem mundi leiða til aukinnar rafmagnssölu. Þetta var í upphafi tímabundinn afsláttur til ársins 2002 en hefur þó haldið áfram og numið rúmlega 30 millj. kr. á ári. Landsvirkjun tilkynnti í árslok 2003, fyrir meira en ári, að afslátturinn yrði felldur niður á árinu 2004 en samkomulag náðist um að frestað yrði að fella niður afsláttinn um eitt ár meðan óljóst væri hvernig ný skipan raforkumála mundi reynast fyrirtækinu. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef hefur verið fallist á að framlengja afsláttarkjörin í eitt ár enn sem boðið hefur verið upp á og hafa verið í framkvæmd. Þar af leiðandi er þetta mál ekki stórt vandamál í dag en þó er ekki búið að leysa það til allrar framtíðar.

Um sameiningarmál og framtíðarsýn mína í sambandi við raforkumál og eign ríkisins í raforkufyrirtækjum þar sem ég fer með eignarhaldið er það ósköp einfaldlega þannig að ég tel mjög áhugavert að sameina Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða. Ég tel að það skipti miklu máli til þess að það samkeppnisumhverfi sem við erum að reyna að skapa verði gagnsærra og virkara í framkvæmd. Þó þetta hljóði kannski þannig að verið sé að skerða samkeppnina er það reyndar ekki vegna þess að það er náttúrlega þannig í þessu nýja umhverfi að það þarf hvort sem er að vera aðskilnaður á milli rekstrarþátta sem yrði í þessu nýja fyrirtæki. Ríkið á þau öll hvort sem er ef það tekst sem er til umfjöllunar að kaupa Reykjavík og Akureyri út úr Landsvirkjun. Þar af leiðandi mundi verða mikil hagræðing af þessu og ég trúi því að hún mundi endurspeglast í raforkuverði til framtíðar.

Ég vil segja það almennt um verðumræðuna, gjaldskrárumræðuna og að verið sé að koma á einhverju ójafnræði með kerfisbreytingunni þá er það bara ekki rétt. Er hægt að hugsa sér meira jafnræði en það að hvert heimili í landinu geti valið hvar það kaupir raforkuna? Er ekki mikið frelsi því samfara? (Gripið fram í.) Það velur það fyrirtæki sem það vill skipta við og það er stórkostlegt skref sem er stigið í jafnréttisátt með þeirri ákvörðun. Ég man eftir því að í umræðunni áður sagði einhver þingmaður: Verður hægt að koma á samkeppni á Ströndum? Honum fannst það eitthvað útilokað en það er einmitt það sem er hægt með þessu, að koma á samkeppni á Ströndum. Strandamaðurinn getur eins og hver annar ákveðið af hverjum hann kaupir raforkuna og af því að Suðurnesjamaðurinn er hérna og talar drjúgt um Suðurnesin þá getur bara vel verið að Hitaveita Suðurnesja eigi sjens í viðskipti af Ströndum ef út í það er farið. (**ÖJ:** Þetta eru miklar hugsjónir.) Já, þetta eru miklar hugsjónir. Ég hlýt að mega tala um Strandir eins og hver annar.

Fyrst vitnað var í orð orkumálastjóra, að hann hafi talað um að hækkunin yrði 1%–2,5%, þá hefur hann að öllum líkindum verið að tala um þá hækkun sem gæti orðið vegna kerfisbreytingarinnar að jafnaði. Eins og fram kom í máli mínu áðan er stofnkostnaðurinn við Landsnetið 100 millj., það er bara einu sinni greiddur stofnkostnaður, og hins vegar 40 millj. á ári vegna eftirlits. Þetta er hinn nýi kostnaður vegna kerfisbreytinganna og ekki hægt að segja að það sé mikill kostnaður. Hins vegar verða þingmenn að átta sig á því að raforkufyrirtæki hafa sum hver verið rekin með halla og nú, þegar þau hafa fengið sitt sjálfstæða líf, eru þau að gera arðsemiskröfu eins og nauðsynlegt er í öllum fyrirtækjarekstri, ég held að við hljótum að geta verið sammála um að það þarf að gera einhverja arðsemiskröfu. Þau eru að gera arðsemiskröfu til að geta rekið fyrirtæki sín þannig til framtíðar að það verði einhver skynsemi í þeim rekstri. Hins vegar er þetta allt ákveðnum takmörkunum sett. Orkustofnun hefur eftirlitið og er vel til þess búin að mínu mati og því geta menn ekki haft frjálsar hendur hvað þetta varðar.

Ég sé að klukkan er farin að blikka á mig, ég náði ekki að svara hv. þm. Kristjáni L. Möller en get væntanlega gert það í andsvari.

[17:58]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra að því í fyrsta lagi hvort hún sjái að samkeppnin vaxi við að steypa öllu raforkukerfinu í tvö fyrirtæki. Af hverju steypum við þeim ekki í eitt fyrirtæki í eigu þjóðarinnar? Er þá ekki mestri hagræðingu náð að þjóðin eigi allt heila fyrirtækið?

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hún vilji beita sér fyrir því að allar gjaldskrár og allar forsendur fyrir kostnaði dreifiveitna og Landsnetsins verði gerðar opinberar. Hvernig var t.d. Landsnetið myndað, hvernig var kostnaðardreifing einstakra hluta? Hver er arðsemiskrafan? Hver er fjármagnskostnaðurinn sem þar er á ferðinni? Hvað tók Landsnetið við af skuldum, á hvaða kjörum o.s.frv.? Ég held að það sé mjög mikilvægt að allir þættir séu gerðir fullkomlega gagnsæir.

[18:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé fyrir mér samkeppni í framtíðinni með sameiningu þessara fyrirtækja vegna þess að þau eru í mismunandi rekstri. Landsvirkjun er í framleiðslu, Rarik og Orkubú Vestfjarða eru fyrst og fremst í dreifingu, þó að Orkubúið sé reyndar í þó nokkurri framleiðslu. (**GAK:** 40%.) Að því leyti til fer mjög vel saman að steypa þeim saman í eitt fyrirtæki. Við höfum fjallað heilmikið um þetta í ráðuneytinu og ég tel að það sé rétt.

Fyrirtækjum í samkeppnisrekstri eru ákveðin takmörk sett í sambandi við að opna bókhald sitt, ég held að öllum sé það ljóst. Hins vegar gegnir öðru máli í sambandi við sérleyfisreksturinn, og Orkustofnun hefur ákveðna þætti sem hún getur áreiðanlega gert iðnaðarnefnd kunna. Við verðum bara að skoða frekar hversu langt má ganga í því. En til framtíðar er það ekki þannig að gjaldskrár og allar forsendur til gjaldskráa séu (Forseti hringir.) til umfjöllunar á Alþingi.

[18:01]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef við eigum að vera sjálfum okkur samkvæm á þetta allt að vera gegnsætt. Ég krefst þess að ráðherra uppfylli það vilyrði sem hún gefur hér um að þetta sé allt saman gefið upp, allar forsendur sem verið er að vinna eftir, bæði hjá Landsneti og hjá dreifiveitum, sem og gjaldskrárnar. Annars er hér ekki um gegnsæja þjónustu að ræða.

Ég vil síðan spyrja hæstv. ráðherra hvort það komi til greina að breyta hugtakinu „þéttbýli“. Nú er af hálfu félagsmálaráðuneytisins skilgreint þéttbýli þar sem eru 50 íbúar en hér er skilgreint þéttbýli með 200 íbúa. Þetta er bara skilgreiningaratriði í þessum ramma.

Þá vil ég og spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé eðlilegt, eins og ráðherra sagði hér í upphafi máls síns í dag, að fyrirtækin hafi tekið inn m.a. verðlagshækkanir. Hún nefndi að ástæðan fyrir 2–3% hækkun væri vegna þess að þau hefðu tekið inn almenna verðlagsþróun. Ég get ekki séð (Forseti hringir.) að neinum fyrirtækjum sé heimilt að taka inn al-

menna verðlagsþróun sisona án þess að rökstyðja það.

[18:02]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef heyrt nokkuð gagnrýnt hvernig þéttbýli er skilgreint í þessu sambandi, í sambandi við raforkumálin, og hvernig dreifbýli er skilgreint. Það var tekið mið af dreifikerfum fyrirtækjanna í þessu sambandi og Orkustofnun hafði víðtækt samráð í sambandi við þetta. Ég skal samt ekki fullyrða neitt um það að þetta sé algild regla sem sé ófrávíkjanleg eða hið eina rétta. Þetta er ábyggilega í einhverjum tilfellum mjög vandmeðfarið. Eins og ég segi getur alveg verið að í einhverjum tilfellum sé hægt að gera betur í þessum efnum. Ég held þó fram að menn hafi reynt að leggja sig fram um að gera þetta á skynsamlegan hátt.

[18:03]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra svaraði hér eða reyndi að svara spurningu um fiskeldi og byrjaði á því að segja að fiskeldi heyrði ekki undir hæstv. ráðherra. Kötturinn sagði: Ekki ég.

Ég skal umorða spurninguna. Til að reyna að fá ærlegt svar frá framsóknarmönnum þessa dagana virðist maður þurfa að endurtaka spurningar aftur og aftur og helst umorða þær þannig að ég skal umorða þessa spurningu. Landsvirkjun heyrir sannarlega undir hæstv. ráðherra og því spyr ég: Hefur það komið til tals eða hefur þess verið óskað að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið fallist með formlegum hætti á að afsláttarkjör verði veitt á þessu ári til fiskeldis og að það fari ekki gegn verklagi og reglum sem nú eru í gildi?

Ég held að það sé mikilvægt að hæstv. ráðherra svari þessu bara beint eins og spurt er. Hefur verið óskað eftir því með formlegum hætti að hæstv. iðnaðarráðherra fallist á að fiskeldisfyrirtæki á Íslandi geti notið sérkjara áfram?

[18:04]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að ég fer með eignarhlut ríkisins í Landsvirkjun og skipa stjórn Landsvirkjunar. Þaðan kom beiðni um að iðnaðarráðuneytið staðfesti að henni væri heimilt að gera samninga beint við fiskeldið. Við teljum ekki að við séum úrskurðaraðilar í þeim efnum. Hins vegar fór Orkustofnun yfir málið og hún telur, og fullyrðir það, að ekkert sé því til fyrirstöðu miðað við lögin að beinir samningar séu á milli framleiðanda og kaupenda, í þessu tilfelli þá Landsvirkjunar og fiskeldisfyrirtækja.

[18:05]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Þakka að endingu svar sem ég skil frá hæstv. ráðherra. Það eina sem mér fannst vanta við þá staðfestingu að óskað hefði verið eftir því að hæstv. ráðherra staðfesti það að veita mætti afsláttarkjör til fiskeldisfyrirtækja er hverju hæstv. ráðherra svaraði um það. Flogið hefur nefnilega fyrir að menn séu að velta fyrir sér að einungis allra stærstu strandeldisfyrirtækin sem til eru á Íslandi haldi áfram að njóta sérkjara en þau sem smærri séu njóti ekki sérkjara áfram. Þannig er þá Landsvirkjun og væntanlega hæstv. iðnaðarráðherra að taka ákvörðun um það hvaða fiskeldisfyrirtæki á Íslandi eigi að lifa og hver eigi að deyja.

Ég held síðan að það sé full ástæða til þess að við gefum okkur tíma til þess í framhaldinu að fara aðeins yfir það sem sagt hefur verið varðandi gjaldskrárhækkanir vegna þess að hér stendur maður eins og auli, hæstv. forseti, og það sem sagt var um áramót stenst ekki, það sem sagt var fyrir ári stenst ekki (Forseti hringir.) og nú eru allt aðrar upplýsingar uppi.

[18:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan teljum við ekki í iðnaðarráðuneytinu að við séum úrskurðaraðili í sambandi við þessi mál, enda var þarna fyrst og fremst um umræðugrundvöll að ræða hvað varðar þetta tilboð sem þarna var til umfjöllunar á milli Landsvirkjunar og fiskeldisfyrirtækja. En ég greindi frá því hver hefði orðið niðurstaða Orkustofnunar í sambandi við það mál.

Mér finnst bara ósanngjarnt að halda því hér fram að það sé einhver hringlandaháttur í sambandi við þetta mál hvað varðar gjaldskrár og annað slíkt. Það er alveg ljóst að það eru fyrirtækin sem setja fram gjaldskrá sína en Orkustofnun þarf hins vegar að samþykkja hana. Við gátum ekki vitað fyrir fram hvernig gjaldskrá fyrirtækjanna mundi líta út og þess vegna gátum við ekki fyrir fram fullyrt um það hvert verð orkufyrirtækjanna yrði og hvert verð á raforku yrði í landinu hjá fyrirtækjunum. Það var ekki hægt að gera þá kröfu til okkar. Það eina sem við gátum talað um var hversu mikill viðbótarkostnaður væri í kerfinu, hvernig skilin yrðu (Forseti hringir.) milli flutnings og dreifingar og hvernig álögur (Forseti hringir.) breyttust varðandi fyrirtækin í sambandi við flutninga.

[18:08]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins vegna þess að hæstv. iðnaðarráðherra gat ekki svarað þeirri spurningu sem ég lagði fyrir vil ég ítreka hana hér og óska eftir svari í andsvari hennar.

Spurningin varðar stefnumarkandi verð Orkuveitu Reykjavíkur. Hún setur sig á 3,60 sem gerir það að verkum að nokkrum dögum síðar neyðast Rafmagnsveitur ríkisins til að hækka sinn taxta um 20 aura. Er þetta eðlilegt í hinu nýja kerfi?

[18:08]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þetta sé ekki stórmál sem hér er um að ræða, heldur það (**Gripið fram í:** ... forseta ...) að vissulega voru ákveðin mistök sem — ég held að það sé hægt að tala um að ákveðin mistök hafi verið gerð þarna af hálfu Rariks við fyrri gjaldskrána. (**Gripið fram í:** Mistök?) Gjaldið var tekið inn eða styrkurinn vegna 230 millj. á röngu tímaskeiði, ég get ekki útskýrt þetta kannski í stuttu máli.

Þetta er ekkert stórmál og þetta varðar ekki aðra sem nýta þessar 230 millj. Þetta bara þýðir að Rarik fékk þarna ákveðinn hluta af þessum 230 millj. kr. potti sem alltaf var augljóst að mundi verða.

Hvað varðar köldu svæðin og styrkina held ég að það sé nokkuð ljóst að við munum ráða við það sem kemur inn á þessu ári í sambandi við styrkveitingar til nýrra hitaveitna.

[18:09]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Jú, ég tel það stórmál hvernig þetta er unnið frá degi til dags nú í janúar. Auðvitað er það Alþingi til skammar að þetta skuli vera að gerast á þennan hátt sem það er að gerast, þ.e. kerfisbreytingin tekur gildi 1. janúar sl. og á þeim 27 dögum sem liðnir eru hefur ýmislegt verið að fara á haus eða hvolf í þessum málum vegna þess að ekki var búið að vinna undirbúningsvinnuna. Það var m.a. fyrir það hvað málið kom seint til Alþingis og að menn voru að vinna það hér alveg í spreng fram að jólum.

Ég tel stórmál, virðulegi forseti, þessa markmiðssetningu Orkuveitu Reykjavíkur með að setja þetta á 3,60 og að það skuli vera viðurkennt. Það er reyndar ekki búið, Orkustofnun hefur tvo mánuði til að fara yfir þetta. Mér finnst það mjög skrýtið, eins og ég hef áður sagt, að Orkuveita Reykjavíkur geti leitt þetta svona en Rarik sem er vítt og breitt um allt landið og ætti að mínu mati að hafa meiri dreifingarkostnað reiknar hann lægri. Þess vegna er spurningin þessi: Er eðlilega að málum staðið? Ég segi nei, virðulegi forseti.

[18:11]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þingmenn vera heldur gagnrýnir á þetta miðað við að þetta er mikil breyting, þetta er flókið. Er ekki hægt að sýna svolitla tillitssemi í sambandi við þessi mál núna? Þetta hefur ekki skaðað nokkurn mann enn þá það ég veit. Það er ekki farið að innheimta rafmagnsupphitunarkostnaðinn samkvæmt þessum gjaldskrám sem hafa verið kynntar þannig að þetta hefur engan skaðað. Við verðum bara að líta á þetta sem verkefni (**Gripið fram í:** ... skaða ...) sem þarf að leysa úr. Ef hv. þingmenn eru ekki vanir því að fá einhver verkefni á sín borð til þess að leysa er ég bara algjörlega undrandi. (Gripið fram í.)

[18:12]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég beindi meðal annarra þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra í dag hvernig hún sæi fyrir sér samruna fyrirtækja á orkumarkaði og síðar þá hvort það væri hluti af framtíðarsýn hennar og hugsjónum að hefjast handa við að selja þau. Hæstv. ráðherra hefur svarað því til að hún geti vel séð fyrir sér sameiningu Landsvirkjunar, Rariks og Orkuveitu Vestfjarða.

Því vil ég endurtaka síðari hluta spurningar minnar frá því fyrr í dag: Sér hún fyrir sér að hafin verði sala á þá sameinuðu fyrirtæki, eða ekki, þá í Landsvirkjun að öllu leyti eða hlut í fyrirtækinu á næstu missirum? Er það þáttur í framtíðarsýn ráðherrans í raforkumálunum að Landsvirkjun verði seld og þá kaup í fyrirtækinu jafnvel skilyrt við það að lífeyrissjóðirnir einir geti keypt eða hvernig því verði háttað? Hefur hæstv. ráðherra sett þetta niður fyrir sér og sér hún fyrir sér á næstu missirum að Landsvirkjun verði seld að hluta eða öllu leyti?

[18:13]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé það fyrir mér að því fyrirtæki sem verður til yrði breytt í hlutafélag eftir nokkur ár og mér finnst ekki ólíklegt að þróunin gæti orðið sú að fleiri aðilar kæmu að því. Af því að lífeyrissjóðir voru nefndir hér finnst mér ekki óskynsamlegt að nefna lífeyrissjóði í þessu sambandi. (**ÖJ:** Þá verða þeir að krefjast ...)

[18:13]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Það eru í sjálfu sér merkileg tíðindi, frú forseti, að hæstv. ráðherra lýsi því hér yfir að hún sjái fyrir sér að Landsvirkjun, ein eða sameinuð við önnur raforkufyrirtæki, verði gerð að hlutafélagi og seld síðan, í áföngum væntanlega, í framhaldi af því. Það var einmitt það sem við vorum að kalla eftir, hver er framtíðarsýn og hverjar eru hugsjónir stjórnvalda í þessum efnum, og það er þá komið fram. Við munum sjálfsagt ræða það betur hér síðar.

Ég vildi að lokum beina því til hæstv. ráðherra að algjörlega óviðunandi svör komu fram um málefni garðyrkjunnar og það uppnám sem virðist ríkja í þeirra búðum. Hæstv. landbúnaðarráðherra tók til fótanna út úr húsinu eftir að hafa farið í stutt andsvar um málið án þess að segja nokkuð sem hönd á festi um málefni garðyrkjunnar, og hæstv. iðnaðarráðherra hefur komið lauslega að því máli. Því vildi ég við lok þessarar umræðu fá á hreint hjá hæstv. ráðherra hvort vanda þeirra verði mætt og hvort þeim verði tryggt framhald á samningnum sem gerður var á sínum tíma.

[18:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég endurtek að þetta er mál sem heyrir undir landbúnaðarráðherra en í forföllum hans get ég sagt og endurtekið það sem mér finnst ég vera búin að segja áður að það er til umfjöllunar í ríkisstjórn hvernig á málefnum garðyrkjunnar verður tekið. Ég tel að sá atvinnuvegur sé mjög mikilvægur og ég trúi ekki öðru en að eitthvað verði hægt að gera sem geri það að verkum að menn geti haldið áfram sínum blómlega rekstri. Það skiptir mjög miklu máli fyrir þjóðina sem heild og ekki síst fyrir þá bændur sem þar eiga í hlut.

[18:15]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það liggur þá a.m.k. fyrir eftir umræðuna í dag nokkuð skýr yfirlýsing um það frá hæstv. iðnaðarráðherra að það sem hún sér fyrir sér í framtíðinni er að þessi fyrirtæki, þ.e. orkufyrirtækin í landinu, verði seld sameinuð

eða í bútum. Hæstv. ráðherra hefur einnig lýst því yfir að hún telji að það sé mjög áhugaverður kostur og eðlilegt að stefna að því að sameina Orkubú Vestfjarða, Rarik og Landsvirkjun. Mér finnst það reyndar í algerri mótsögn við það sem lagt var upp með í þessu máli í upphafi, að stefna að því að auka samkeppni í landinu, auka samkeppni í raforkuverði og ná þannig niður verðinu með því að láta fyrirtækin keppa um viðskiptamenn og sölu. Ég átta mig ekki alveg á hvernig þessi markmið fara saman, þ.e. annars vegar að tryggja samkeppni og láta fyrirtækin keppa um viðskiptamenn og þá sem vilja kaupa af þeim rafmagn en hins vegar að sameina öll þessi fyrirtæki í eitt fyrirtæki.

Allt að einu held ég að niðurstaðan sé sú sem ég sagði í fyrri ræðu minni í dag, að sennilega væri þetta hringferð peninga til að gera fyrirtækin að betri söluvöru þegar upp verður staðið, að setja inn arðsemiskröfu og ná henni jafnvel upp í 7,8% innan fárra ára og gera fyrirtækin eignalega eða fjármunalega sterkari, minna skuldsett og þannig að betri söluvöru. Þá höfum við farið þá vegferð að með breytingu á lögunum höfum við hækkað orkuverðið, látið fólkið í landinu bera aukinn kostnað af því og brugðist við hluta af vandamálinu með auknum niðurgreiðslum sem teknar eru úr ríkissjóði. Peningarnir sem komið hafa fyrir orkuna hafa hins vegar runnið til orkufyrirtækjanna og þau eru þá væntanlega með betri eignastöðu og verða þar af leiðandi betri söluvara og skýrist þá það sem sagt var hér síðast að að því væri stefnt eða hæstv. ráðherra sæi það fyrir sér að raforkugeirinn í heild sinni, öll raforkufyrirtæki landsins yrðu seld og hér kæmi upp einkarekstur raforkufyrirtækja. Það hefur þó a.m.k. eitthvað skýrst við þessa umræðu í dag, hæstv. forseti.

Aðeins tvennt í viðbót sem ég ætla að nefna við lok umræðunnar. Í fyrsta lagi 200 íbúa viðmiðunin. Ég fæ engan botn í það, og verða menn að virða mér það til vorkunnar, hvernig hægt er að færa rök fyrir því að þegar íbúar verða 201 lækki kostnaðurinn í byggðarlaginu um alveg helling, eins og dæmið á Vestfjörðum um Súðavík. Ef mönnum tækist að skrá þar ættmenni sín og fjölga íbúum upp í 201 dúndraðist kyndingarkostnaðurinn niður. Hvað hefur breyst í dreifingu raforkunnar við það? Ekki nokkur skapaður hlutur.

Sama má segja um bóndabýlið sem er nánast við hliðina á háspennulínunni sem rafmagnið hefur verið tekið úr, bæði til ljósa og hita. Ekki er hægt að færa rök fyrir því að þar sé dreifingarkostnaðurinn mikill því að línan liggur kannski frá aflveitustöðinni til aðalbyggðarkjarnans um lóðina og rafmagnið alltaf verið tekið úr línunni. Þetta eru auðvitað spurningar sem maður spyr en fær engin svör við og ég held að það séu engin rök á bak við svörin ef þau koma.

[18:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður kom inn á það ef orkufyrirtækin yrðu sameinuð, eins og hæstv. ráðherra var að boða að væri draumur sinn, að sameina Orkubú Vestfjarða, Rarik og Landsvirkjun og síðan þegar búið væri að hlutafélagavæða að selja fyrirtækið — fín markaðsvara með eiginlega allan raforkumarkaðinn í landinu og hægt að vera með nánast einokun á markaðnum fyrir raforku — og af því að hv. þingmaður er búsettur og uppalinn á Vestfjörðum hvernig lítur þingmaðurinn á þetta, heldur hann að það mundi styrkja mjög stöðu Vestfirðinga hvað varðar öryggi í raforkudreifingu, öryggi í afhendingu á rafmagni og öryggi í verði? Mundu Vestfirðir verða mjög eftirsóttur staður til að þjóna og byggja upp þjónustu á miðað við aðra landshluta ef þetta yrði allt sameinað í eitt fyrirtæki? Hvernig sér hv. þingmaður hlut Vestfjarða í því?

Við höfum dæmi erlendis frá þar sem þessi leið hefur verið farin. Hvað er það fyrsta sem gert er? Fyrirtækið er holað að innan, það er dregið úr viðhaldi, dregið úr afhendingaröryggi, öryggisvörðum er fækkað og viðbragðsflýtir til viðgerða er það fyrsta sem dregið er úr. Rafmagnsleysið í Danmörku og Svíþjóð í óveðrinu er einmitt talið að hluta til af því að búið er að einkavæða raforkukerfið og afhendingaröryggið og viðbragðsflýtirinn er miklu minni. Hvernig sér hv. þingmaður Vestfirði fyrir sér ef sá draumur hæstv. ráðherra yrði að raunveruleika að Orkubú Vestfjarða yrði selt og látið inn í eina slíka hít og fyrirtækið síðan selt hæstbjóðanda?

[18:22]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er skemmst frá því að segja að ég held að eftir því sem miðstýringin færist lengra frá Vestfjörðum og inn í stærra fyrirtæki muni þjónustan versna og einkanlega á landsvæði eins og Vestfjörðum þar sem hreinlega getur orðið alger einangrun í ákveðnum veðrum og þurfa menn ekki mikla vitneskju til að vita það. Það vita allir landsmenn að slíkt hefur stundum gerst og það hefur jafnvel gerst með þeim hætti að ekki hefur verið samband út af Vestfjörðum við t.d. símakerfi landsins o.s.frv. Ég tel það því til mikils óhagræðis og óöryggis fyrir íbúana ef þjónustan á Vestfjörðum dettur niður.

Við höfum einnig á Vestfjörðum litið svo á að það að eiga Orkubú Vestfjarða, hafa það staðsett á Vestfjörðum og það væri öflugt, væri ákveðin undirstaða og trygging fyrir byggðinni. Menn hafa auðvitað litið á orkubúið á undanförnum árum sem fyrirtæki sem gæti jafnvel styrkt byggðina, fyrirtæki sem styddi við nýsköpun, væri sjálfstætt í ákvörðunum sínum um orku og orkuöflun innan fjórðungsins o.s.frv. Það er auðvitað það sem við höfum viljað sjá en alls ekki að fyrirtækið væri fært í eignabönd miklu stærra fyrirtækis og við sætum eftir með eitthvert útibú og lélega þjónustu.

[18:24]

Útbýting:

Húsnæðismál, 475. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 727.

Lýsing vegarins um Hellisheiði, 471. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 723.

Samráð við sérsambönd Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, 408. mál, svar menntmrh., þskj. 729.

Vextir og verðtrygging, 1. umr.

Frv. ÖJ, 41. mál (verðtryggð útlán). — Þskj. 41.

[18:25]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu. Frumvarpið hefur áður verið flutt á Alþingi en var ekki afgreitt úr nefnd.

Frumvarpið gengur út á að bæta við 1. mgr. 14. gr. laganna um vexti og verðtryggingu nýjum málslið sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að breyta til hækkunar vöxtum á lánum sem eru verðtryggð."

Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja hagsmuni lántakenda með því að koma í veg fyrir að vextir verðtryggðra lána verði hækkaðir á lánstíma, samkvæmt einhliða ákvörðun lánveitanda eins og almennt tíðkast á íslenskum lánamarkaði. Gert er ráð fyrir að hægt sé að semja um lækkun vaxta en lagalegar skorður á hinn bóginn reistar við því að vextir verði hækkaðir.

Þetta frumvarp var boðað fyrir alllöngu síðan og nokkru áður en það leit dagsins ljós á Alþingi skrifaði ég blaðagrein, í ágúst árið 2001, undir fyrirsögninni „Fjármagnseigendur með belti og axlabönd", nokkuð sem hæstv. bankamálaráðherra hreifst mjög af og vísaði oft til án þess þó að nokkuð væri aðhafst í málinu.

Lánveitendur hafa ýmis ráð til að tryggja fjármagn sitt og eru aðallega farnar tvær leiðir. Annars vegar að hafa breytilega vexti á lánunum þannig að hækki verðbólga á lánstímanum þá hefur lánveitandinn tök á því að hækka vextina og mæta þannig verðbólgunni. Hin leiðin er verðtrygging, að verðtryggja lánið eins og hér hefur reyndar tíðkast allar götur frá 1979. Verðtryggingin var notuð sparlega framan af en varð síðan hið almenna form. Verðtrygging hefur verið meira notuð hér á landi en víðast hvar annars staðar en þó hefur henni verið beitt í Argentínu, Brasilíu, Chile, Ísrael og víðar. Reyndar var það svo í Bretlandi um tíma að verðtrygging var notuð á ýmsum sviðum til þess að reyna að ná vaxtakostnaði niður og af löndum þar sem skuldabréf hafa verið verðtryggð má nefna Bretland, Svíþjóð, Frakkland, Ástralíu, Kanada og Bandaríkin þannig að verðtrygging hefur vissulega víða verið notuð.

Árið 1998 var gerð könnun á því á vegum viðskiptaráðuneytisins hver munur væri á raunvöxtum verðtryggðra lána annars vegar og óverðtryggðra hins vegar. Könnunin leiddi í ljós að að jafnaði hefðu raunvextir verið 2% lægri á verðtryggðum lánum en óverðtryggðum. Þess vegna hafa ýmsir viljað fara varlega í að heimta einhliða bann gegn verðtryggingunni vegna þess að það gæti þá orðið til þess að raunvextirnir hækkuðu. Hins vegar kemur það fram í skýrslunni jafnframt að eftir því sem verðlag verður stöðugra til lengri tíma dragi úr þessum mun á verðtryggðum lánum og óverðtryggðum hins vegar. Þetta er náttúrlega það sem hefur verið að gerast hér á landi í seinni tíð, allar götur frá því í byrjun 10. áratugarins, að við höfum búið við mun tryggara eða meiri stöðugleika en á áratugunum tveimur þar á undan og varð þess valdandi að verðtryggingin var tekin upp.

Verðtrygging er slæm að ýmsu leyti vegna þess að hún virkar í raun aftur í tímann. Það er í raun verið að hækka lán og taka ákvörðun sem vísar aftur í tímann. Skuldarinn er ekki aðeins í hættu vegna verðbólguþróunar heldur stendur honum einnig ógn af duttlungum lánardrottins síns sem hefur það í hendi sér að hækka skuldbindingar hans.

Þess vegna er þetta sett fram. Jafnframt er vakin athygli á því í greinargerð sem fylgir frumvarpinu að æskilegt sé að taka verðtryggingarmálin til rækilegrar skoðunar og ekki síst í ljósi þess að munurinn á milli verðtryggðra og óverðtryggðra lána hefur farið síminnkandi, eins og ég nefndi áður.

Hér segir í niðurlagi greinargerðar með frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Eðlilegt er að taka verðtryggingu lána til endurskoðunar með hagsmuni lántakenda ekki síður en lánveitenda í huga en svo virðist sem hagur fjármagnseigenda sé jafnan hærra metinn þegar þessi mál hafa komið til álita. Þeirri forgangsröðun þarf að breyta."

Mál þessi eru að sönnu flókin og ekki allt sem sýnist í þeim efnum. Verðtryggð lán hafa að jafnaði lægri raunvexti en óverðtryggð lán en síðan er á hitt að líta, að þau hlaða meira á sig. Verðtryggðu lánin hlaða meira á sig þannig að þegar upp er staðið greiðir lánatakandinn meira fyrir verðtryggða lánið en hitt sem er óverðtryggt. Á móti kemur að með því móti að verðtryggja lánið og halda vöxtunum lægri er honum hugsanlega gert kleift að takast á við skuldbindingar sínar. Þannig er svolítið mótsagnakennd staða uppi.

Ég mælist til þess að frumvarpinu verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar þingsins og við fáum það síðan aftur í þingsalinn og getum afgreitt það, vonandi sem lagslög.

[18:33]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Nú er aðeins farið að kvölda í þingsal. Ég sá ekki betur en hæstv. ráðherra bankamála gengi úr salnum þegar umræðan hófst. Það er kannski lítið við því að segja. Við erum farin að venjast því, þegar rætt er um þingmannafrumvörp frá stjórnarandstöðunni, að þá sjái yfirleitt í iljarnar á hæstv. ráðherrum.

Ég vil byrja á að þakka hv. flutningsmanni, Ögmundi Jónassyni, fyrir að vekja athygli á þessu máli með því að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu. Hér er lagt til að óheimilt verði að breyta til hækkunar vöxtum á lánum sem eru verðtryggð, síðar á lánstímanum.

Það er í raun ótrúlegt að á lánamarkaði skuli leyfast að bjóða einstaklingum upp á það, ef þeir ætla að taka lán til lengri tíma, að lánastofnun fái tvær tegundir af tryggingum fyrir því að lánið rýrni ekki að verðmæti á lánstímanum. Verðtryggingin er hugsuð til þess að tryggja lánastofnuninni að lánið haldi raungildi sínu þrátt fyrir verðbólgu og ekki skýrt í því sambandi hvað verðbólgan verður mikil. Í öllum tilvikum fylgi lánið eða eftirstöðvar þess verðbólgunni og rýrni ekki að raungildi hennar vegna.

Til viðbótar verðtryggingunni bera lánin síðan vexti sem maður hefði haldið að nægði að væru fastir þar sem verðtryggingin sér um að halda raungildi lánsins. En svo er ekki

í flestum tilvikum. Lánastofnanir hafa áskilið sér rétt til að breyta þessum vöxtum einhliða síðar á lánstímanum, jafnvel þrátt fyrir að lánið hafi hækkað verulega að krónutölu vegna verðtryggingar.

Eins og fram hefur komið hjá hv. flutningsmanni frumvarpsins, Ögmundi Jónassyni, þá tíðkast það varla í siðmenntuðum löndum heimsins að halda á málum með þessum hætti. Ég blæs á þau rök sem heyrst hafa úr viðskiptaráðuneytinu að milli bankanna og einstaklinga sem eru lántakendur sé eðlilegt samningssamband og einstaklingarnir geti samið að vild um kjör á lánum sínum. Í þessu samtryggingar- og samráðsþjóðfélagi okkar er það alls ekki svo. Við höfum á undanförnum vikum séð tilburði hjá bönkunum til að stunda samkeppni um langtímalán til einstaklinga til húsnæðiskaupa. En lengst af hefur ástandið verið annað. Einstaklingum hafa staðið til boða svipuð kjör hjá bönkum, vilji þeir taka lán, og í fæstum tilvikum er viðskiptavinur bankans í stöðu til að setja fram samningskosti. Þeir sem halda öðru fram lifa í allt annarri veröld en þorri landsmanna. Aðgengi að lánsfé hefur batnað verulega en möguleikar til að semja um kjör á almennum bankalánum ekki.

Eðlilegt er að ef um óverðtryggð lán er að ræða þurfi bankar og aðrar lánastofnanir að tryggja hagsmuni sína og minnka áhættu með ákvæðum um heimild til að endurskoða vexti. En að það tíðkist einnig í verðtryggðum viðskiptum er að mínu viti siðleysi.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að vextir og verðtrygging á verðtryggðum lánum séu samtals lægri en vextir óverðtryggðra lána. Auðvitað væri það eðlilegast, jafnvel þótt ekki væru inni ákvæði um breytilega vexti til viðbótar verðtryggingunni.

Í greinargerð segir um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Athuganir hafa verið gerðar á raunvaxtabyrði óverðtryggðra lána annars vegar og verðtryggðra lána hins vegar. Niðurstöðurnar hafa allar verið á einn veg. Raunvaxtabyrði verðtryggðra lána er minni en óverðtryggðra. Í skýrslu sem nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins birti í október árið 1998 segir m.a.: „Í fyrsta lagi veldur áhættuálag sem fjárfestir krefst vegna verðbólgu því að raunvextir óverðtryggðra skuldbindinga verða hærri en verðtryggðra. Verðtrygging veldur því að lánveitandinn losnar við verðbólguáhættu. Hér á landi sýnir reynslan að á þessum áratug hafa raunvextir verðtryggðra lána verið að meðaltali um 2% lægri en raunvextir óverðtryggðra útlána ...“.“

Það vekur athygli mína að þarna er vitnað til sjö ára gamallar skýrslu. Ég veit ekki til að önnur skýrsla af þeirri gerð hafi verið gerð á síðasta áratug. Þessi skýrsla segir okkur því lítið um það hvernig þessum málum er háttað í dag. Ég hef undir höndum útreikninga sem bera saman kjörvexti óverðtryggðra skuldabréfa saman við vexti og verðtryggingu verðtryggðra lána síðustu tíu ár. Þeir byggjast á upplýsingum frá Seðlabanka Íslands um kjörvexti banka og sparisjóða, ásamt opinberum tölum um verðbólgu frá einum tíma til annars. Þeir útreikningar sýna að á síðustu tíu árum hafa raunvextir, þ.e. vextir og verðbætur af verðtryggðum lánum, verið mun hærri en vextir óverðtryggðra lána. Þetta er algjörlega óskiljanlegt, að lánastofnanir leyfi sér að ákveða vexti sína þannig að lán sem bera mun minni áhættu beri meiri raunvaxtabyrði en þau sem áhættumeiri eru.

Bankarnir skáka væntanlega í því skjóli að erfitt er að bera þetta tvennt saman. Því er full ástæða til að fram fari á þessu óvilhöll úttekt sem taki af öll tvímæli um þessa þróun. Það er mér reyndar óskiljanlegt að í hinum óskaplega stöðugleika ríkisstjórnarinnar skuli menn sem lofa hann og prísa samt telja nauðsynlegt að verðtryggja alla skapaða hluti, ekki bara lán sem tekin eru hjá lánastofnunum heldur líka ýmis gjöld og skatta sem ríkið tekur af þegnum sínum eins og margoft kom í ljós í umræðum á Alþingi um gjaldskrárhækkanir ríkisins sem rigndi yfir okkur fyrir síðustu áramót.

Frumvarpið hér er lagt fram er til bóta fyrir almenna lántakendur sem hafa þurft að hlíta afarkostum lánastofnana um tvenns konar tryggingar á lánum sem verðtrygging tryggir að fullu. Það tekur hins vegar ekki á því hvort nauðsynlegt sé að verðtryggja lán og ekki heldur á þeim raunveruleika að verðtryggð lán geti á stundum borið hærri fjármagnskostnað en óverðtryggð. Þetta þarf að taka til skoðunar hið fyrsta og bregðast við þeirri óbilgirni sem þarna kemur fram.

Í lok máls míns minni ég á þingsályktunartillögu sem liggur fyrir á þessu þingi sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er 1. flutningsmaður að auk mín og tíu annarra þingmanna Samfylkingarinnar, um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum. Tillagan gerir ráð fyrir að Alþingi feli hæstv. viðskiptaráðherra að skipa nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum í áföngum. Ég vona að sú þingsályktunartillaga okkar fái þinglega meðferð en dagi ekki uppi eins og á undanförnum þingum. Það hlýtur að vera í lagi að skoða möguleika þess að afnema verðtrygginguna, alla vega eigum við ekki að byggja álit okkar og ákvarðanir í því máli á eldgömlum skýrslum sem ekkert gildi hafa í dag.

Vonandi hefur hæstv. viðskiptaráðherra Valgerður Sverrisdóttir í sér þann manndóm, eða á ég að segja kvendóm, að setja slíka athugun af stað hið fyrsta. Við verðum að skoða í alvöru þann möguleika að leggja af verðtrygginguna lána með öllu.

[18:40]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti, aðeins örfá orð í lokin. Ég þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrir undirtektir hans og ágæta ræðu. Við erum sammála um efnisatriði þessa frumvarps. Ég er fullkomlega sammála málflutningi hans og röksemdafærslu. Einnig vil ég taka undir það að farið er að slá í skýrsluna um þessi mál, sem er að verða átta ára gömul. Ég hlustaði með athygli á tilvísan hans í nýja skýrslu um málið og lýsi áhuga mínum á að skoða hana. Ég ítreka það sem áður kom fram og hv. þm. Jón Gunnarsson tók undir, að eðlilegt væri að setjast yfir þessi mál að nýju og gera úttekt í ljósi reynslunnar, m.a. þess sem hefur verið að gerast í seinni tíð með meiri stöðugleika í verðlagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi útlendinga, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 47. mál (tímabundið atvinnuleyfi o.fl.). — Þskj. 47.

og

Útlendingar, 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 48. mál (dvalarleyfi, búsetuleyfi). — Þskj. 48.

[18:42]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef kosið að tala fyrir báðum þessum frumvörpum í einu lagi. Þau eru það skyld. Þessi mál er að finna á þingskjölum 47 og 48. Þau varða annars vegar breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002 og hins vegar breytingu á lögum um útlendinga, nr. 96/2002.

Málin voru bæði lögð fram á Alþingi á síðasta löggjafarþingi, 130. löggjafarþingi. Hv. þm. Atli Gíslason fór þá fyrir frumvörpunum. En þar sem hann á ekki sæti á þingi núna, enda var hann varaþingmaður fyrir mig á þeim tíma, hef ég tekið að mér að flytja þessi frumvörp ásamt öðrum háttvirtum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Ég ætla að hefja mál mitt með því að líta í greinargerð fyrir málið um atvinnuréttindi útlendinga. Það mál varðar atriði sem að mati flutningsmanna veruleg þörf er á að gera bragarbót á og þótt fyrr hefði verið. Þessum frumvörpum er báðum ætlað að taka á alvarlegustu göllunum á núgildandi lögum um útlendinga og réttindi þeirra.

Í núgildandi lögum er tímabundið atvinnuleyfi veitt atvinnurekanda til að ráða útlending til starfa. Já, atvinnuleyfið er veitt atvinnurekanda. Að mati þeirra sem flytja þessi frumvörp er þar um að ræða einhvers konar vistarband útlendings í anda átthagafjötra fyrri alda. Okkur þykir það alls ekki samrýmast mannréttindahugsun eða hagsmunum nútímans. Í krafti atvinnuleyfisins er atvinnurekanda veitt staða húsbónda gagnvart hjúum. Komi til starfsloka útlendings með tímabundið atvinnuleyfi vofir ekkert yfir honum annað en brottvísun af landinu.

Það er reynsla stéttarfélaga að útlendingar í þessari stöðu neyðist oftar en ekki til að sætta sig við alvarleg brot á kjarasamningum og ráðningarsamningum, bæði hvað laun varðar og önnur starfskjör. Það er vitað að þeir leita sjaldan til stéttarfélaga og vilja sem minnst gera úr mismununinni hafi stéttarfélagið frumkvæði að því að kanna launakjör þeirra og stöðu að öðru leyti. Fréttir af þessu tagi heyrum við orðið í útvarpi og sjónvarpi með reglulegu millibili, með þeirri breytingu sem er að verða á íslenskum atvinnumarkaði, þar sem útlendingum fjölgar svo um munar, heyrum við sögur af þessu tagi æ oftar.

Með frumvarpinu er tímabundið atvinnuleyfi skilgreint á nýjan leik þannig að það er miðað við að tímabundið atvinnuleyfi sé veitt útlendingnum sjálfum en ekki atvinnurekandanum og að leyfið sé miðað við ráðningu til starfa í tiltekinni starfsgrein en ekki í tiltekið starf eins og nú tíðkast. Um þetta atriði fjallar a-liður 2. gr. þessa frumvarps, þ.e. hér er um að ræða 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna.

Með b-lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að útlendingur með tímabundið atvinnuleyfi geti ráðið sig til starfa hjá nýjum atvinnurekanda komi til starfsloka hjá þeim fyrri burtséð frá ástæðum starfsloka. Þessi breyting tryggir réttarstöðu útlendings gagnvart atvinnurekanda sem hann hefur upphaflega ráðist til starfa hjá.

Þá er lögð til breyting á 2. mgr. 11. gr. sem hefur þann tilgang að taka á vandamálum sem komið hafa upp í tengslum við það þegar útlendingar hafa komið til landsins og fengið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar, sambúðar eða samvistar við íslenskan ríkisborgara. Það gefur augaleið eða er svo sem ljóst að hér er fyrst og fremst um konur að ræða og við viljum vekja sérstaka athygli á því að það er mjög brýnt að þetta atriði nái fram að ganga og að breyting sú sem hér er lögð til verði að veruleika. Þessi breyting mundi veita heimild til að víkja frá skilyrðum um tímalengd hjúskapar, sambúðar eða samvistar ef til skilnaðar kemur og ef rekja má skilnaðinn til ofbeldis maka útlendingsins.

Hæstv. forseti. Allt of mörg dæmi eru um að erlendar konur hafi sætt ofbeldi í hjónabandi. Komi til skilnaðar eru þeim flestar bjargir bannaðar og dæmi eru um að makar þeirra hafi jafnvel notfært sér þessa stöðu kvennanna með því að gera þeim ljóst að sambúðarslit leiði sjálfkrafa til brottvísunar úr landi. Má því segja að konunum sé þannig haldið í gíslingu, haldið nauðugum í viðkomandi hjónabandi eða sambúð. Margar þessara kvenna hafa ekki að neinu að hverfa í heimalandi sínu þar sem þær hafa við flutning til Íslands oft og tíðum brennt allar brýr að baki sér. Þessar aðstæður eru óviðunandi og fullkomlega ómannúðlegar, sérstaklega þegar horft er til þess að umræddar konur búa við ofbeldi maka sinna. Þess má einnig geta að allt að 14% kvenna sem leita til Samtaka um kvennaathvarf og Stígamóta eru af erlendu bergi brotnar, en þær munu samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar trúlega vera — þess er getið hér í greinargerð — 3,75% af öllum konum búsettum á Íslandi. Leiða má getum að því að fleiri þeirra hafi þörf fyrir aðstoð en leiti hennar. Það má segja að vanþekking þessara kvenna á réttarstöðunni sé líka alvarlegt vandamál og þær leita hennar oft og tíðum ekki vegna þess að þær óttast að þeim verði vísað úr landi við það eitt að gefa sig fram. Sjálfsagt og eðlilegt er að veita konum sem þannig er ástatt um dvalarleyfi og síðar búsetuleyfi á Íslandi og það er líka sjálfsagt og eðlilegt að tryggja framfærslu þeirra, sjúkratryggingu og húsnæði með félagslegum atbeina eða öðrum fullnægjandi hætti. Þannig er jafnrétti fyrir lögum, vernd gegn mismunun og félagslegt öryggi tryggt í anda alþjóðasamnings nr. 10/1979, um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Þá vík ég að breytingum er varða lögin um útlendinga. Það sem ég hér hef rakið varðaði lögin um atvinnuréttindi útlendinga. Það atriði sem ég fjallaði síðast um, þ.e. vandamálin sem komið hafa upp í tengslum við það þegar útlendingar hafa komið og fengið dvalarleyfi á grundvelli hjúskapar og vilja síðan skilja við maka sinn vegna ofbeldis, kallar á breytingu á 15. gr. laganna um útlendinga þannig

að ég mun ekki endurtaka það sem ég hef sagt áður um það atriði. En það vill svo til að það atriði er í báðum lögunum og þarf þess vegna að breyta báðum lögunum til þess að fullnægjandi sé.

En önnur tvö atriði, má segja, eru í þessu frumvarpi okkar á þingskjali 48 og þau lúta að útlendingum eða varða öllu heldur niðja útlendings sem hefur flust til landsins og mun ég vitna í greinargerðina eins og hún kemur fyrir á þingskjali 48.

Útlendingar gegna veigamiklu hlutverki í íslensku atvinnulífi sem hefur ríka þörf fyrir starfskrafta þeirra eins og kunnugt er og æ ríkari eftir því sem tímar líða. Gegna þeir að mörgu leyti lykilhlutverki í fiskvinnslu, á sjúkrahúsum og í ýmsum þjónustustofnunum. Þá hafa útlendingar auðgað menningarlíf okkar og skapað fjölbreytni, kannski þá fjölbreytni sem öllum þjóðum er nauðsynleg, og hefur víða um land mátt merkja þennan fjölbreytileika með t.d. menningarhátíðum sem haldnar eru orðið í landsfjórðungunum má segja. Þrátt fyrir að útlendingar skipti miklu máli fyrir efnahag og menningu þjóðarinnar er það mat okkar sem flytjum þessi frumvörp að þeir séu ekki virtir að verðleikum í íslenskri löggjöf. Má jafnvel halda því fram að þeim sé tekið sem óvelkomnum gestum og að þeim séu að hluta til búin dvalarskilyrði á Íslandi sem standast varla mannréttindi. Frumvarpi þessu er ætlað að taka á alvarlegum ágöllum og gerir það ráð fyrir að breyting verði á 13. gr. núgildandi laga um útlendinga, en í henni er kveðið á um heimild til að veita aðstandendum útlendings sem stundar vinnu á Íslandi dvalarleyfi. Aðstandendur í skilningi ákvæðisins eru maki, sambúðarmaki, samvistarmaki, niðjar yngri en 18 ára og á framfæri viðkomandi og ættmenni hans eða maka að feðgatali og á þeirra framfæri. Lögin áskilja að framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt. Þegar niðji útlendings nær 18 ára aldri verður hann hins vegar að uppfylla sjálfur skilyrðin um að framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt til að fá dvalarleyfi en ella að flytja af landi brott. Ungmennið verðum með öðrum orðum að stunda vinnu eða sýna fram á með bankainnstæðum að 12 mánaða framfærsla sé tryggð til að fá dvalarleyfi. Hæstv. forseti. Það segir sig sjálft að fæst þessara ungmenna hafa slík fjárráð og séu ungmennin í skóla liggur ekki annað fyrir þeim en að hætta skólagöngu og jafnvel að flytja af landi brott frá sínum nánustu aðstandendum. Þeim er með öðrum orðum mismunað með óboðlegum hætti. Sama gildir ef um búsetuleyfi er að ræða.

Annar blettur á löggjöfinni er lítt sveigjanleg afstaða til þess hvernig má sýna fram á að framfærsla, sjúkratrygging og húsnæði sé tryggt. Gildir það bæði um niðja sem aðra aðstandendur útlendings sem fengið hefur dvalar- og atvinnuleyfi hér á landi. Dæmi eru um að útlendingar hafi veigrað sér við að leita félagslegrar aðstoðar og jafnvel upplýsinga þótt þeir hafi verið í brýnni þörf og jafnvel talið að með því að móttaka húsaleigubætur og fleiri opinberar greiðslur ættu þeir á hættu að verða vísað úr landi. Eðli máls samkvæmt ætti staðfest yfirlýsing útlendingsins, foreldris eða framfæranda, að nægja gagnvart niðjum og öðrum nánum aðstandendum í skilningi 13. gr. laganna. Og jafnsjálfsagt er að lögin heimili það þegar sérstaklega stendur á að framfærslan sé tryggð með félagslegri aðstoð eða öðrum fullnægjandi hætti. Til þess að leiðrétta þetta leggjum við til breytingu í 2. gr. þessa frumvarps, breytingu við 15. grein laganna um útlendinga.

Með frumvarpi þessu, virðulegi forseti, fylgir sem fylgiskjal bréf frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Rauða krossi Íslands og Alþjóðahúsinu sem afhent var dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 4. febrúar 2004. Í bréfinu er fjallað um réttarstöðu erlendra kvenna hér á landi, einkum vandamál sem tekin eru upp í frumvarpi þessu, en einnig um skort á upplýsingum til þessara kvenna um réttarstöðu þeirra. Það má segja að þar sem bréfið fylgir sem fylgiskjal í báðum frumvörpunum þá nægi mér að vísa til þess um frekari rökstuðning fyrir þeim lagabreytingum sem lagðar eru til í þessum frumvörpum en þær varða, eins og ég sagði áður, verulega réttarbót fyrir útlendinga á Íslandi.

Að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, óska ég eftir að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:57.

63. FUNDUR

mánudaginn 31. jan.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Þriðja kynslóð farsíma, stjfrv., 160. mál, þskj. 160, nál. 559, brtt. 586. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Einkamálalög og þjóðlendulög, stjfrv., 190. mál, þskj. 190, nál. 563 og 645. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Vextir og verðtrygging, frv., 41. mál, þskj. 41. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Atvinnuréttindi útlendinga, frv., 47. mál, þskj. 47. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Útlendingar, frv., 48. mál, þskj. 48. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Vatnalög, stjfrv., 413. mál, þskj. 546. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Gjaldfrjáls leikskóli, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Fyrri umr.
8. Fjármálaeftirlitið, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.
9. Fjárþörf Samkeppnisstofnunar, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.
10. Upplýsingalög, frv., 68. mál, þskj. 68. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Geir H. Haarde fjmrh., 1. þm. Reykv. s.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur bréf frá Kristjáni L. Möller, varaformanni þingflokks Samfylkingarinnar, dagsett 31. janúar 2005:

„Þar sem Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda óska ég eftir því með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í kjördæminu, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, taki sæti hennar á Alþingi á meðan."

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[15:02]

Útbýting:

Ársreikningar, 480. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 734.

Bókhald, 478. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 732.

Fjarsala fjármálaþjónustu, 482. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 736.

Græðarar og starfsemi þeirra á Íslandi, 477. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 731.

Helgidagafriður, 481. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 735.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 479. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 733.

Námskrá grunnskóla, 472. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 724.

Nýgengi krabbameins, 359. mál, svar heilbrrh., þskj. 716.

Stóriðja og skattar, 317. mál, svar fjmrh., þskj. 730.

Vextir og verðtrygging, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ, 41. mál (verðtryggð útlán). — Þskj. 41.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Atvinnuréttindi útlendinga, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 47. mál (tímabundið atvinnuleyfi o.fl.). — Þskj. 47.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Útlendingar, frh. 1. umr.

Frv. KolH o.fl., 48. mál (dvalarleyfi, búsetuleyfi). — Þskj. 48.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Vatnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 413. mál (heildarlög). — Þskj. 546.

[15:06]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við tökum fyrir á ný frumvarp til vatnalaga sem er eitt þeirra viðamiklu mála sem koma til kasta Alþingis á þessu þingi. Annað mál sem er einnig viðamikið og þarf jafnítarlega umfjöllun og vatnalögin er lagafrumvarp sem við ræddum fyrir jólin um auðlindir í jörðu. Þriðja frumvarpið sem ég vil nefna og er kannski hluti af þeim lagabálki sem hér um ræðir er væntanlegt vatnsverndarfrumvarp sem boðað er í því frumvarpi sem við ræðum nú.

Ég mótmælti því í fyrri ræðu minni í þessari umræðu, hæstv. forseti, að málin væru ekki lögð fram saman þannig að þingheimur hefði tækifæri til að fjalla um þau í einu lagi

því svo tengd væru þau. Þá gagnrýndi ég sömuleiðis í fyrstu ræðu minni að hæstv. umhverfisráðherra skyldi ekki vera til staðar þegar við ræddum þetta mál en nú fagna ég því að hæstv. umhverfisráðherra skuli vera komin og ég treysti því að hæstv. ráðherra taki virkan þátt í umræðunni og geri þingheimi ljóst hvers vegna vatnsverndarfrumvarp er ekki lagt fram til hliðar við það frumvarp sem hér liggur.

Það er alveg ljóst að tilskipun Evrópusambandsins, svokölluð vatnatilskipun sem getið er í greinargerð með frumvarpinu, kemur til með að hafa töluverð áhrif á lagasetningu og meðferð þeirrar dýrmætu auðlindar okkar á Íslandi sem okkur hefur verið falin í svo ríkum mæli. Það er því alveg nauðsynlegt að þingheimur viti hvert stefnir í þeim efnum áður en málið er afgreitt í nefnd. Það er nauðsynlegt að málin fylgist að. Það verður að tryggja að bæði frumvörpin komi til kasta hv. umhverfisnefndar þingsins svo ekki sé hægt að túlka það sem svo að einkarétturinn eða nýtingarrétturinn á vatninu sé skilgreindur eingöngu sem málefni sem eigi að heyra undir iðnaðarnefnd. Ég held því að hæstv. umhverfisráðherra hljóti að láta heyra frá sér í umræðunni, hver sjónarmið hennar að þessu leyti séu og e.t.v. hvenær væntanlegt vatnsverndarfrumvarp verði lagt fram.

Hæstv. forseti. Í umræðunni fyrir helgina var gagnrýnt að ekki væri gerð grein fyrir ákveðnum þáttum í vatnatilskipuninni og í því sem er í farvatninu í greinargerð með frumvarpinu. Þar voru nefndir þættir eins og umhverfisréttur og tengsl þessa máls við umhverfisrétt, vatnsveitur sveitarfélaga og holræsi og sömuleiðis var nefnd almenn náttúruvernd sem lýtur að vatnsverndarmálum.

Þegar auðlindanýting er skoðuð þarf að huga að tvennu: Annars vegar rétti manna til nýtingarinnar, leyfisveitingum og því praktíska ferli sem fer í gang og sömuleiðis að skyldum okkar gagnvart náttúruverndarlögum. Nýtingarréttinn getum við aldrei skoðað sem afmarkað eða einangrað fyrirbæri. Við þurfum að skoða hann í samhengi við þau markmið sem við höfum sett okkur varðandi náttúruvernd. Greinargerðin með frumvarpinu gefur ekki til kynna að slíkt hafi verið gert í ríkisstjórn áður en lagafrumvarpinu var hleypt áfram. Það er alveg ljóst að nýtingarsjónarmiðin eru afar einhliða og ganga í raun út frá því að náttúruverndarlögin þurfi ekki að hafa veruleg áhrif.

Ég nefndi það í fyrri ræðu minni að framganga hæstv. iðnaðarráðherra í þeim efnum væri sambærileg við framgönguna í frumvarpinu um auðlindir í jörðu þar sem við, hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs, gagnrýndum að verndarþátturinn og umhverfisþátturinn væru ekki teknir inn í það frumvarp. Ég skil því ekki af hverju hæstv. ráðherra leyfir sér að brenna sig á sama soðinu í þessu frumvarpi sem er náskylt eða af svipuðum toga þar sem leiðsögnin úr umræðunni fyrr í vetur hefði getað orðið til þess að gerð yrði bragarbót á.

Sömuleiðis má nefna í þessu sambandi örlög rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar um vatnsföll og jarðvarma. Við höfum gagnrýnt að þar virðist hæstv. iðnaðarráðherra ætla að líta á rammaáætlunina og þá miklu vinnu sem að baki henni liggur eingöngu sem plagg sem eigi að hafa til hliðsjónar við nýtingu og minna sé gert úr verndarþættinum. Í því skyni að breyta þeirri áætlun höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs lagt fram þingsályktunartillögu í þessum sölum um að forræði rammaáætlunarinnar verði tekið úr höndum hæstv. iðnaðarráðherra og sett í hendur umhverfisráðherra því okkur finnst vera nóg um ásælni iðnaðarráðuneytisins í þann málaflokk sem skarast svo áberandi á milli nýtingar annars vegar og verndar hins vegar.

Ég hef sömuleiðis leyft mér að gagnrýna hæstv. umhverfisráðherra úr þessum stóli fyrir að hafa það helst til málanna að leggja í þessum efnum að nýting og vernd hljóti að geta farið saman. Ég tel því afar mikilvægt að þær fullyrðingar hæstv. umhverfisráðherra verði skýrðar nánar út í umræðunni og beinlínis spurt á hvern hátt hæstv. ráðherra umhverfismála sjái nýtingarþáttinn og verndarþáttinn fara saman hönd í hönd þegar vatnsnýting og vatnsvernd eru annars vegar. Það er grundvallaratriði málsins. Hvernig ætlar núverandi ríkisstjórn að vefa saman þessa tvo veigamiklu þætti? Það hefur henni ekki tekist hingað til. Henni hefur satt best að segja tekist afar óhönduglega í þeim efnum hingað til. Hér hafa staðið háværar deilur aftur og aftur um nýtingarstefnu núverandi ríkisstjórnar sem er gersamlega að því er virðist sneydd allri tilfinningu fyrir veigamiklu vægi verndarþáttarins. En nú fáum við tækifæri til þess að ræða þessi mál ofan í kjölinn við þá tvo ráðherra sem hér eru staddir og fara með þessa málaflokka og er von til þess að hæstv. ríkisstjórn geti skýrt stefnu sína í þessum málum umfram það sem hún hefur getað gert hingað til.

Hæstv. iðnaðarráðherra sagði í ræðu sinni þegar hún fylgdi málinu úr hlaði — í seinni ræðu sinni sagði hún reyndar að hún teldi ekki tilefni til að gera jafnmikið mál úr þessu og við þingmenn sem hér höfum talað höfum gert — að um einfaldan nýtingarþátt væri að ræða og hún vildi ekki gera svo mikið úr þessu tali um verndarþáttinn eða skörun við umhverfisnefndina, málefni umhverfisráðuneytis og stofnana umhverfisráðuneytisins. Ég taldi hæstv. iðnaðarráðherra hafa reynt að koma sér hjá því að svara þeim spurningum sem lagðar voru fyrir hana. (**Iðnrh.:** Ég fékk ekki að tala.) Hæstv. ráðherra kallar fram í að hún hafi ekki fengið að tala. Vissulega er rétt að umræðunni var frestað eins og menn muna eftir talsverð átök í þessum stóli, en gott að vita til þess að hæstv. ráðherra hafi punktað hjá sér þær fyrirspurnir sem lagðar voru fyrir hana í þeim ræðum sem fluttar voru og ég geri ráð fyrir að hún komi í ræðustól á eftir og svari þeim spurningum.

Ein þeirra spurninga sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra varðaði útskýringu á markmiðsgrein frumvarpsins en markmið laganna á samkvæmt henni að vera með beinni tilvitnun í frumvarpið, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns."

Í þessu sambandi langar mig að vita hvernig hæstv. iðnaðarráðherra skilgreinir þessa lýsingu, sérstaklega vantar í greinargerð með frumvarpinu hugmyndafræði ríkisstjórnarinnar varðandi sjálfbæra nýtingu vatns og ekki óeðlilegt að hæstv. umhverfisráðherra taki sömu spurningu til sín, þ.e. á hvern hátt sér hæstv. umhverfisráðherra að vatnsnýting verði sjálfbær, hvaða skilning leggur hún í það hugtak, sjálfbær vatnsnýting, og á hvern hátt hyggjast þessir tveir

hæstv. ráðherrar tryggja að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar fái einhverju ráðið um vatnsnýtingu á Íslandi í framtíðinni?

Hæstv. forseti. Verið er að breyta lögum frá 1923, vatnalögum sem hafa staðið fyrir sínu í gegnum tíðina. Ég er ekki að mótmæla því að þeim verði breytt en ég hvet til þess að það verði gert að vel yfirlögðu ráði og að umhverfisnefnd Alþingis fái að fjalla um málið ásamt þeim nefndum þingsins sem málið heyrir undir.

[15:16]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil eins og hv. síðasti ræðumaður fagna hér viðveru hæstv. umhverfisráðherra sem af eðlilegum orsökum var ekki við fyrri hluta umræðunnar sem skýrist af því hvaða mál var sett á dagskrá þingsins.

Ég held að það alvarlegasta í því frumvarpi sem við sjáum nú sé tvennt. Annars vegar er breytingin á eignarréttarskilgreiningu í vatnalögunum. Ég rakti það nokkuð ítarlega síðast og notaði held ég meira en helming af ræðutíma mínum þá til að fara í gegnum það mál með vonandi einhverjum árangri sem ég kem að síðar og ætla ekki að verja þeim takmarkaða tíma sem ég á hér eftir til þess arna. Hitt held ég að sé að með þessum lögum, ef frumvarpið verður að lögum, gerist það í íslenskri löggjöf að grunnvatn, sem áður og eins og staðan er núna er í raun og veru utan við almenna löggjöf, verður fært undir valdsvið iðnaðarráðuneytisins og yfirmanns þess, þ.e. iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, skrifstofu iðnaðar- og viðskiptaráðherra. (**Iðnrh.:** Getur þingmaðurinn talað hærra?)

Forseti. Það er stundum þannig að óskað er eftir að maður tali hærra en það er engin hljóðmögnun hér í salnum og stundum vill maður bara tala á eðlilegum bæði hraða og magni. Ég beini því til forseta að láta athuga þetta, að okkur sem greinilega liggur lágt rómur, að við fáum bara að hafa okkar eðlilega hátt á því. En ég skal reyna að tala aðeins hærra fyrir þá sem eru að hlusta því að það er auðvitað virðingarvert að menn geri það.

Það er sem sé í fyrsta sinn verið að koma grunnvatninu fyrir í almennum lögum og þá er það sett til hæstv. iðnaðarráðherra og undir stjórnsýslu Orkustofnunar. Það er sérkennilegt og ég segi alveg hiklaust að það sé óeðlilegt að gera það. Þau apparöt sem hér er um að ræða eru stjórnsýslutæki atvinnumálaráðuneytis og það er síður en svo neitt ljótt við það að atvinnumálaráðuneyti séu til, en atvinnumálaráðuneyti fjalla auðvitað fyrst og fremst um atvinnumál. Þau búa við ákveðin hagsmunatengsl við þær atvinnugreinar sem þau eiga við og stjórnsýslustofnanirnar gera það einnig.

Orkustofnun gengur nú í gegnum breytingar sem vonandi eiga eftir að reynast henni jákvæðar en forsaga stofnunarinnar og hefðir þar eru auðvitað þannig að Orkustofnun hefur verið að eiga við orkumál og orkuvinnslu en ekki hugað að umhverfismálum, það hefur verið annarra að gera það, og Orkustofnun hefur ekki hugað að almennri auðlindanýtingu eða stjórnun á t.d. grunnvatninu. Það er eðlilegt að í Orkustofnun og iðnaðarráðuneytinu sé yfirstjórn orkumála, orkulinda, en ekki almennra náttúruauðæfa.

Þannig háttar til eftir að umhverfisráðuneytið varð til hér á landi í kringum 1990 að nú eru lífrænar auðlindir, ef við búum til það orð af því að hér er um að ræða jarðrænar auðlindir í frumvarpi á þinginu, undir umhverfisráðherra. Þær eru í stjórnsýslu Umhverfisstofnunar og á rannsóknarsviði Náttúrufræðistofnunar. Það er ekkert náttúrulögmál, það er ekki úr Mósebókunum, það var ekki samþykkt á Alþingi hinu forna að hinar jarðrænu auðlindir, sem svo eru kallaðar, væru undir iðnaðarráðherra. Þvert á móti er eðlilegt að það sé umhverfisráðuneytið og stofnanir þess, umhverfisstofnanir, sem fjalli einnig um hinar jarðrænu auðlindir og auðvitað alveg sérstaklega vatnið.

Má ég svo segja að það sem iðnaðarnefnd og umhverfisnefnd, sem væntanlega fær þetta mál líka — ég geri fastlega ráð fyrir því að henni verði sent málið til umfjöllunar — þurfa að fara sérstaklega í gegnum og er ekki skýrt í greinargerðinni, og mætti reyndar gera og hefði átt að gera, er það hvaða reglur gilda í öðrum löndum. Og það sem þarf enn að gera í þessum tveimur nefndum er að fara í gegnum vatnatilskipun Evrópusambandsins sem er ekki heldur skýrð í greinargerðinni þó að á hana sé minnst með þeim hætti að við eigum ekki að taka mark á henni eða sem allra minnst.

Ég held að í nálægum löndum og í vatnatilskipun Evrópusambandsins sé lögð áhersla á að vatnið sé sameign þjóðarinnar, vatnið sé sameign manns og alls lífs og sé þannig komið fyrir og eigi að koma þannig fyrir í stjórnskipan landanna að forgangur að vatninu hljóti að vera hin eðlilega vatnsþörf mannsins og lífríkisins og í þriðja lagi komi síðan, þegar búið er að afgreiða þetta, en vatn er núna eitt af helstu átakaefnum um alla heimsbyggðina, að orkumálum og annarri nýtingu vatns í atvinnurekstri. Ég ætla ekki nema stuttlega að geta um vatnsfallslögin í Noregi sem snerta þetta líka. Þar hygg ég að þetta sé þannig um vatnsföllin að orka er þar ein nýtingarleiðin og margar aðrar til.

Rétt er að geta þess að í morgun á fundi í umhverfisnefnd kvartaði fulltrúi sveitarfélaganna sérstaklega undan því að ekki væru til vatnsverndarlög. Þau eru engin til og ekki er um þau neitt frumvarp og okkur er ætlað að fara í gegnum vatnalögin sem hér eru nefnd, sem eiga að vera á málefnasviði iðnaðarráðherra og Orkustofnunar, án þess að til séu hliðstæð vatnsverndarlög. Hin stjórnsýslulega hugsun virðist því vera í pati og uppnámi í þessum efnum hjá hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar.

Það er sem sé eðlilegt að vatn og hinar jarðrænu auðlindir allar saman séu á verksviði umhverfisráðuneytisins, eftirlit og framkvæmd laga sé þar, en síðan þegar búið er að skilgreina einhverjar af þessum auðlindum sem orkulindir eða sem viðfang atvinnulífsins þá komi til atvinnumálaráðuneytanna eins og á við um annan atvinnurekstur. Ég vil gjarnan, af því að umhverfisráðherra er staddur hér, fá skoðun ráðherrans á þessu máli.

Ég ætla að nota það sem ég á eftir af tíma mínum í fyrsta lagi í að þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir eins konar svör eða þátttöku í umræðu sem ég stofnaði til síðast. Það var að vísu í andsvari við annan þingmann og var svolítið ankannalegt fyrir mig að geta ekki átt orðastað við hæstv. iðnaðarráðherra um það. Hæstv. iðnaðarráðherra brást þannig við hugleiðingum mínum og staðhæfingum um eignarrétt að ég væri þar með að taka upp gamla þjóð-

nýtingarstefnu og ráðherrann virðist sem sé vera í þeim stellingum, sem eru nokkurra áratuga gamlar, að annars vegar sé þjóðnýting og hins vegar sé einkavæðing. Það sem ég var að tala um var auðvitað allt annað. Ég var að tala um skilgreiningu eignarréttar, sem m.a. má finna í ágætri skýrslu auðlindanefndar, að við þyrftum að skilgreina hann með öðrum hætti en nú er gert og koma sérstaklega fyrir skilgreiningu á þjóðareign, á sameign þjóðarinnar á tilteknum hlutum, þar á meðal vatni.

Í öðru lagi talaði hæstv. iðnaðarráðherra um að menn skiptust gagnvart vatni og öðrum auðlindum eftir því hvort þeir vildu nýtingu eða verndun. Það er líka nokkuð gróf nálgun og ég hef orðið var við það hjá hæstv. iðnaðarráðherra og fleirum af hennar tagi að þeir segja um nýtingu eða verndun að menn séu annaðhvort nýtingarsinnar eða verndunarsinnar, menn hafi annaðhvort á bak við sig skynsemina eða tilfinningarnar, menn hugsi annaðhvort um hið mannlega samfélag eða séu grátandi Birgittur Bardotur sem hugsi bara um dýr og blóm, plöntur og fjallagrös og fleira af því tagi, og annars vegar séu hin óvitandi borgarbörn og hins vegar séu hinir hraustu menn landsbyggðarinnar.

Þetta er ekki svona. Í nútímanum erum við ekki að fjalla um nýtingu eða verndun. Við erum að fjalla um stjórn auðlinda. Við erum að fjalla um það hvernig við ætlum að varðveita og vinna úr þeim arfi sem okkur hefur verið trúað fyrir með ýmsum hætti og það er það sem við verðum að hafa í huga, bæði í þessum vatnamálum og í hinum jarðrænu auðlindum. Það gengur ekki að kalla sig nýtingarsinna og vin mannlegs samfélags og gera síðan ráð fyrir því að allt sé öllum opið alltaf og alls staðar til einhvers konar nýtingar vegna þess að menn sjá fram á einhvern peningalegan hagnað af því. Við verðum að hugsa um ábyrgð hvers og eins í samfélagi okkar, hver gagnvart öðrum. Við verðum að hugsa um ábyrgð okkar Íslendinga gagnvart heimsbyggðinni um þau verðmæti sem okkur hefur verið falið að annast hér (Forseti hringir.) og við verðum að hugsa um ábyrgð okkar gagnvart komandi kynslóðum þegar við fjöllum um mál eins og þetta.

[15:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frumvarp til vatnalaga, heildarlöggjöf sem á að leysa af aðra löggjöf frá 1923 sem hefur reynst ágætlega og ekki hafa verið gerðar miklar breytingar á. Ég var ekki í þinginu í síðustu viku þegar upphaf þessarar umræðu fór fram en hef aðeins rennt yfir þá umræðu sem þar fór fram og mig langar til að nefna nokkur atriði sem ég hnýt um þegar ég les þetta frumvarp saman með gildandi vatnalögum.

Við erum m.a. að fækka greinum úr 154 greinum, eins og vatnalögin sem nú gilda eru, niður í 43. Í greinargerð með frumvarpinu er bent á að það sé ástæðulaust að vera með ýmis atriði inni í vatnalögum vegna þess að búið sé að taka þau atriði upp í öðrum lögum svo sem eins og verndunarþættina.

Engu að síður er það svo að ef þetta frumvarp yrði samþykkt eins og það liggur fyrir væru að detta út ákveðnir verndarþættir án þess að búið væri að taka þá inn í önnur lög. Þar vil ég benda á atriði eins og 83. gr. gildandi laga þar sem fjallað er um óhreinkun vatna. Bent er á það í greinargerðinni að til séu frumvarpsdrög, minnir mig að standi hér, þar sem tekið sé á þessum þáttum. Þess vegna furða ég mig á því að verið sé að taka upp þetta frumvarp án þess að verndunarfrumvarpið sem er til í frumvarpsdrögum sé tekið upp samhliða.

Einnig langar mig að nefna annað atriði sem er vatnatilskipun ESB, sem er tilskipun sem okkur ber að taka upp, og ég spyr: Hvers vegna fylgir hún ekki með? Ég get ekki séð annað en að við þurfum að skoða hana þegar við fjöllum um málið í iðnaðarnefnd. Við þurfum einnig að fá skýringar á því hvers vegna EFTA-löndin, eins og kemur hér fram í greinargerðinni, hafa óskað eftir því að sú tilskipun verði ekki öll tekin upp hér á landi.

Það er reyndar aðeins skilgreining á því í greinargerðinni hvers vegna það er en ég held að við þurfum að skoða þetta mun betur og fá a.m.k. inn í nefndina þessi frumvarpsdrög sem liggja fyrir um verndunarþáttinn. Miðað við hvað þetta er stórt og viðamikið mál get ég ekki ímyndað mér að hæstv. ráðherra ætli að klára það á þessu þingi. Við hljótum að ætla að fara gaumgæfilega yfir þetta, bera það saman við önnur lög sem eru í gildi eða þá þætti sem eru ekki þegar komnir í lög, eins og t.d. 83. gr. í gildandi lögum, og vega og meta hvort við þurfum ekki að halda inni þeim greinum sem ekki eru komnar í önnur lög, hvort þær þurfa ekki að koma inn í vatnalögin þangað til þá umhverfisþátturinn verður kominn fram í þinginu og verði þá lögfestur um leið.

Ég get tekið undir það að við þurfum að gera þetta vandlega. Vatn er auðvitað mikil verðmæti sem við þurfum að skoða í þessu samhengi. Eins og komið hefur fram í umræðunni er þetta nokkuð sem mun leiða til átaka í heiminum og það er mjög stór hópur jarðarbúa sem ekki hefur aðgang að hreinu vatni. Við búum hins vegar við mikla gnótt af vatni og þurfum e.t.v. að huga að því hvernig við getum jafnvel miðlað af þeim gæðum okkar til þeirra sem ekki hafa.

Varðandi eignarréttarákvæðin er verið að fara frá þessari jákvæðu skilgreiningu og neikvæð skilgreining tekin upp. Auðvitað þarf að fara rækilega yfir þann þátt, þ.e. fara yfir skilgreininguna á hugtakinu eignarréttur eins og hann er tekinn upp í frumvarpinu. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra hafði farið vel yfir þær breytingar sem þetta frumvarp hefur í för með sér en ætla ekki að fara yfir það núna. Ég á sæti í iðnaðarnefnd og mun náttúrlega koma að málinu þar en vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki fulla ástæðu til þess að hafa ákvæði eins og 83. gr. í gildandi lögum í lögunum, a.m.k. þangað til svipað ákvæði er komið inn í önnur lög. Mælir eitthvað gegn því að slíkt ákvæði sé inni í þessum lögum þó svo að það sé tekið upp í verndarfrumvarpinu?

Virðulegi forseti. Ég held að ég taki ekki fleira fyrir við þessa 1. umr. Ég hef tök á því að koma að málinu þegar það kemur til nefndarinnar en vildi gjarnan fá svör við því hjá hæstv. ráðherra hvaða ástæða er fyrir því að EFTA-löndin hafa óskað eftir því að taka ekki alla tilskipunina upp hér á landi og síðan fá svar við þessu atriði sem ég nefndi áðan um 83. gr. Ég held að ég hafi þessa ræðu ekki lengri en áskil mér rétt til að taka til máls aftur ef ég tel ástæðu til þess eftir að hæstv. ráðherra hefur svarað.

[15:34]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem þegar hefur átt sér stað um þetta mikilvæga mál, frumvarp til vatnalaga, og tek undir það með hv. þingmönnum sem hér hafa talað að við erum rík af vatni. Vatnið er okkur mjög mikilvægt. Þess vegna er mikilvægt líka að við höfum lög í landinu um þetta málefni sem eru nokkuð í takt við tímann. Þar sem núgildandi lög eru frá árinu 1923 held ég að öllum hljóti að vera ljóst að þau eru að einhverju leyti orðin úrelt. Þess vegna er þetta frumvarp lagt fram. Ég tel að það sé þannig að vöxtum að ekki ætti að þurfa að vera um það mikill pólitískur ágreiningur. Það er ekki um það að ræða að verið sé að bylta þessu máli, heldur fyrst og fremst verið að nálgast hlutina á annan hátt og að því leyti til er ekki um neinar grundvallarbreytingar að ræða.

Eins og ég hef sagt er inntakinu ekki breytt heldur forminu og mig langar til að vitna til umfjöllunar Þorgeirs Örlygssonar, fyrrverandi prófessors í eignarrétti við Háskóla Íslands, í ritinu Kaflar úr eignarrétti I. Þar segir meðal annars, með leyfi forseta:

„En þó svo að fræðilega sé á því byggt í vatnalögunum að landeigendur hafi aðeins þau vatnsréttindi sem lög heimila sérstaklega er eigi að síður í lögunum gengið svo til móts við *álit minni hluta fossanefndar að í raun má segja að* stefna minni hlutans hafi sigrað og hefur ekki verið um það fræðilegur ágreiningur í íslenskum rétti. Segir í 2. gr. vatnalaga að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni og stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.

Fela lögin í sér upptalningu á því hverjar hagnýtingarheimildir fylgja eignarrétti að landareign þegar um stærri vötn er að ræða. Þar er á hinn bóginn um að ræða allar helstu hagnýtingarheimildir sem máli geta skipt, þar á meðal heimild til orkuvinnslu.“

Meginreglan um rétt landeigenda til nýtingar orku var, kemur fram í 49. gr. vatnalaga, en þar segir m.a. svo:

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, *sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota* það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku [...]“

„Réttarframkvæmdin hefur og til fulls viðurkennt eignarrétt landeigenda að vatnsorku, m.a. þegar vatnsföll hafa verið tekin til virkjunar og dómstólar hafa talið landeigendur eiga eignarrétt að vatni á landi sínu. Má til staðfestingar þessu t.d. líta til hins svokallaða Kífsárdóms sem er frá árinu 1955.“

Þessi tilvitnun sýnir að sú breyting sem lögð er til með þessu frumvarpi er ekki efnisbreyting heldur formbreyting og þetta finnst mér mjög mikilvægt að haft sé í huga miðað við ýmislegt sem hér hefur verið sagt.

Það er talað um að skýringar vanti á markmiðsákvæði 1. gr. en þar stendur, með leyfi forseta:

„*Markmið laga þessara er skýrt eignarhald á vatni*, skynsamleg vatnsnýting og hagkvæm og sjálfbær nýting vatns.

Við hvers konar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni eða farvegi þess umfram það sem nauðsynlegt er.“

Um þetta er síðan fjallað í greinargerð og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir spyr mig að því hvaða skilning ég leggi í sjálfbæra þróun. Mér finnst kannski ekki alveg sanngjarnt að spyrja að því. Það er svona látið að því liggja að ég þekki ekki þessa staðhæfingu, sjálfbæra þróun, en í raun kemur það fram í 1. gr. þar sem talað er um hagkvæma og sjálfbæra nýtingu vatns. Sjálfbær þróun og sjálfbær nýting hlýtur að vera sú nýting sem ekki spillir framtíðarnýtingu, sem ekki spillir auðlindinni til framtíðar. Á það vil ég leggja áherslu og ég tek undir þau orð sem hér komu fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni að auðvitað erum við ekki annaðhvort nýtingarsinnar eða verndarsinnar. Auðvitað erum við hvort tveggja, nánast öll okkar. Ég get ekki ímyndað mér annað. Ég vil a.m.k. ítreka að því er þannig varið með þá sem hér stendur.

Miðað við ýmislegt sem hér hefur komið fram er dregið í efa að þetta mál eigi að heyra undir iðnaðar- og viðskiptaráðherra, heyri frekar undir umhverfisráðherra. Ég mótmæli því. Með fullri virðingu fyrir umhverfisráðuneytinu fer það ekki með mál er varða nýtingu. Það eru nokkuð góð skil þarna á milli að mínu mati. Til þess að ítreka að það eru önnur lög í landinu sem varða þá þætti sem heyra undir hæstv. umhverfisráðherra segir svo í greinargerð um 2. gr., með leyfi forseta:

„Um vatn samkvæmt frumvarpinu og framkvæmdir í *vatni gilda að sjálfsögðu einnig önnur* lög sem varðað geta vatn, t.d. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um mat á umhverfisáhrifum, náttúruverndarlög, raforkulög, skipulags- og byggingarlög og önnur lög sem við geta átt.“ — Mikil vinna hefur verið lögð í það að reyna að raða þessu þannig upp að við séum ekki að fara inn á valdsvið umhverfisráðuneytisins, heldur séu þarna skil á milli sem allir ættu að mínu mati að geta sætt sig bærilega við.

Síðan er talað um að það hefði verið mikilvægt að bíða eftir verndarfrumvarpi, bíða eftir vatnatilskipun Evrópusambandsins og þar fram eftir götunum. Ég sagði það í framsöguræðu minni og endurtek nú að þarna er ekki um skörun að ræða. Þess vegna held ég að það sé mikilvægt að við einhendum okkur í að vinna að þessari löggjöf nú og *síðan er það í sjálfu sér umhverfisráðherra að svara frekar* til um vatnatilskipunina vegna þess að hún heyrir ekki undir iðnaðarráðherra. Ég held að hv. þingmenn hljóti að gleðjast yfir því miðað við þær ræður sem hér hafa verið haldnar. Þvert á móti heyrir hún undir umhverfisráðherra og eflaust á umhverfisráðherra eftir að blanda sér í umræðuna og fjalla frekar um hana.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir talaði um 83. gr. gildandi laga sem ekki hefði verið fundinn staður í þessu frumvarpi. Það er rétt, það er mál sem ekki heyrir undir iðnaðarráðherra og því er að einhverju leyti tekið á þeim ákvæðum í lögunum um hollustuhætti og mengunarvarnir en ekki að fullu. Að sjálfsögðu verður þetta eitt af því sem er hægt að fara betur yfir í nefndinni en ég tel að þetta sé ekki það veigamikið atriði að ástæða sé til að fresta löggjöfinni þess vegna.

Það er talað um rammaáætlun og að hún rykfalli og það ætti að taka hana úr höndum iðnaðarráðherra. Það er engu að síður svo að hafið er starf við II. áfanga rammaáætlunar og nú sem áður heldur Sveinbjörn Björnsson utan um það. Ég vil nota tækifærið núna þó að það sé ekki alveg tengt

þessu máli og segja að ég hef tekið eftir og heyrði það síðast í spjallþætti í gær að talað hefur verið um rammaáætlun sem rammaáætlun Landsvirkjunar og á því korti sem dreift hefur verið af hálfu samtaka sem ég þori ekki að fara með á þessari stundu hver eru segir að þetta sé rammaáætlun Landsvirkjunar. Öll þau fljót og vatnsföll sem hér falla til sjávar voru merkt sem fjallað er um í rammaáætlun og látið að því liggja að það sé á dagskrá Landsvirkjunar að virkja þessi fljót og þessar ár. Það er náttúrlega rangt því að rammaáætlun gengur út á það að lista upp þessa orkumöguleika alveg án tillits til þess hvort þeir verða einhvern tíma nýttir til orkuframleiðslu. Þetta er fyrst og fremst vinna sem er til hagræðingar fyrir m.a. orkufyrirtæki og í sambandi við skipulagsmál og það er hægt að sjá kosti og galla þess að virkja viðkomandi ár en hún er ekki stefnumótandi sem slík.

Ég vildi bara koma því á framfæri að það var mjög alvarlegur misskilningur sem kom fram hjá þáttarstjórnanda á Skjá 1 í gær.

Ég veit ekki hvort það er svo margt fleira sem í raun hefur komið fram í máli hv. þingmanna. Að vísu kom hv. þm. Mörður Árnason inn á það að verið væri að færa grunnvatnið undir valdsvið iðnaðar- og viðskiptaráðherra með þessu frumvarpi. Það er er ekki rétt því að iðnaðarráðherra veitir í dag leyfi til rannsókna og nýtinga á grunnvatni á grundvelli laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Að sjálfsögðu er eðlilegt að stofnun okkar, stjórnsýslustofnun, Orkustofnun, hafi þarna miklu hlutverki að gegna vegna þess að málaflokkurinn heyrir undir iðnaðarráðherra.

Ég held, hæstv. forseti, að ég hafi ekki fleiri orð um þetta að sinni en á eflaust eftir að blanda mér inn í umræðuna aftur síðar.

[15:46]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra sagði að það væri ekki óeðlilegt að Orkustofnun sæi um grunnvatn vegna þess að það væri á málasviði iðnaðarráðherra. Ég set fram efasemdir um að það sé á málasviði iðnaðarráðherra.

Að vísu er til í lögum, eins og ráðherra nefndi, heimild til iðnaðarráðherra um að gefa leyfi til nýtingar. Ég tel að við eigum að taka þetta upp. Ég tel að hér sé í raun og veru um það að ræða að við eigum að taka þetta mál upp í heild sinni, ekki bara grunnvatnið, og að þetta eigi að fara undir umhverfisráðherra og þær stofnanir sem hann hefur. Orkustofnun er hreinlega ekki sá stakkur skorinn að hún hafi efnislegt umboð til þess að fara með þetta mál. Orkustofnun sem á bæði að vera stjórnsýslustofnun og hafa eftirlit með framkvæmdum á sínu sviði er fyrst og fremst — og því verður þá mótmælt ef það er ekki rétt — búin starfsliði sem fer fram með það markmið Orkustofnunar að stjórna nýtingu, atvinnurekstri á þessu sviði. Umhverfisþáttur Orkustofnunar er því miður ekki mikill og það er auðvitað vegna þess að um þau mál fjallar önnur stofnun sem heitir Umhverfisstofnun. Hún er undir umhverfisráðherra. Við erum kannski bara ósammála um þetta. Ég tel að þetta sé svona og ætla ekki að standa í lagaþrasi um það. Vel getur verið að við 2. umr. verði ég betur búinn til þess með grunnvatnið en ég segi að hvernig sem málið stendur í lögum er fullkomlega óeðlilegt að iðnaðarráðherra stjórni öllu vatni á landinu og að sú stjórn sé inni í Orkustofnun. Hún er ekki sú stofnun sem við höfum byggt upp til þess að fjalla um auðlindastjórnun og auðlindanýtingu almennt, og allra síst að taka inn umhverfisþáttinn sem þar hlýtur að vega hvað þyngst.

[15:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að nokkrar líkur séu á því að miðað við málflutning hv. þingmanns telji hann bara litla þörf á iðnaðarráðuneytinu yfirleitt. Mér hefur heyrst að það væri þannig (Gripið fram í.) með fleiri hv. þingmenn því að það kemur hér mál eftir mál til umfjöllunar á hv. Alþingi og þá kemur alltaf þessi fullyrðing frá nokkrum hv. þingmönnum að þetta mál eigi miklu betur heima í einhverju öðru ráðuneyti. Ég náttúrlega mótmæli því harðlega vegna þess að við erum að nýta þessa auðlind okkar. Við eigum gnægð vatns, og þjóðir heims horfa svo sannarlega til Íslands öfundaraugum. Svo tala hv. þingmenn hér eins og það eigi ekkert að nýta vatnið, það eigi bara að vernda, heyrist mér. (Gripið fram í.) Þess vegna eigi þetta allt saman að heyra undir umhverfisráðuneytið (**Gripið fram í:** ... vernda ...) en því er ég ekki sammála, með fullri virðingu fyrir umhverfisráðuneytinu.

Ég fór yfir það hér áðan hvaða önnur lög koma til tals þegar fjallað er um vatn. Það eru ekki fá önnur lög. Við erum ekkert að fara inn á vatnssvið náttúruverndarlaga. Svo sannarlega ekki.

Svo gerir hv. þingmaður lítið úr Orkustofnun eins og að þar sé ekki fólk sem geti starfað að þessum málum. Þar er t.d. maður að nafni Sveinbjörn Björnsson, fyrrverandi rektor, sem hefur einmitt farið með umhverfisþátt Orkustofnunar. Það er eins og þessi maður sé ekki fær til þess miðað við þau orð sem hér hafa verið látin falla. Ég mótmæli þessu harðlega.

[15:50]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er útúrsnúningur á orðum mínum að ég sé að gagnrýna Orkustofnun eða einstaka starfsmenn þar fyrir að vera vanhæfir í starfi sínu. Það er algjör misskilningur og varla sæmandi ráðherra að túlka orð mín með þeim hætti. Það sem ég er einfaldlega að segja er það að Orkustofnun er ekki búin til þess að fjalla um umhverfisþátt svona mála. Ég veit að þar eru menn sem eru bæði náttúruelskendur og hafa gott vit á umhverfismálum en það þýðir ekki að stofnunin sé búin til þess.

Sá skilningur sem hæstv. iðnaðarráðherra kom fram með í ræðu sinni áðan þegar hún fagnaði og tók undir orð mín um nýtingu og að vernda ristir ekki mjög djúpt hjá hæstv. ráðherranum því að hér kom hún aftur núna og sagði nýta, nýta, nýta en ekki vernda, vernda, vernda. Hún skilur ekki að þetta eru tvær hliðar á sama peningi. Málið fjallar um stjórnun og gæslu auðlindarinnar. Sú stjórnun og gæsla á, með fullri virðingu fyrir atvinnuráðuneytum sem þurfa að vera til og helst bara eitt, ekki að fara fram í þeim ráðu-

neytum, heldur með almennri stjórnsýslu í ráðuneyti af tagi umhverfisráðuneytisins.

[15:51]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Getum við ekki reynt að vera sammála svolítið lengur? Ef við erum sammála um að það eigi bæði að vernda og nýta, getum við þá ekki líka verið sammála um að verndunin heyri undir umhverfisráðuneytið en nýtingin undir iðnaðarráðuneytið? Það er það sem við erum að fjalla um fyrst og fremst núna með þessu frumvarpi, þ.e. hvernig við ætlum að nýta vatnið.

[15:52]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hérna hefur verið rætt um að von sé á einhverri tilskipun frá Evrópusambandinu og að rétt hefði verið að ræða lögfestingu hennar samhliða þessu frumvarpi. Það er hægt að taka undir það sjónarmið að vissu leyti en ýmsar reglur sem varða vatn hafa verið lögfestar, m.a. reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Hún er kölluð pollareglugerðin vegna þess að það á að fara í mjög miklar mælingar á hinum og þessum eiturefnum og mengunarefnum sem varla fyrirfinnast hér á landi. Þetta er eitthvað sem kemur frá Evrópu og sveitarfélögin í landinu eiga fullt í fangi með að framfylgja þessari reglugerð.

Mig langaði að ræða það hér að nú er verið að breyta eignarréttinum. Það er verið að auka hann, eða e.t.v. öllu heldur séreignarréttinn. Þá er vert að spyrja í framhaldinu hvort þessum eignarrétti — þegar menn fá aukinn rétt til að *fénýta náttúruauðlindina ef ég skil* hæstv. *ráðherra rétt* — fylgi einhverjar skyldur. Er þá hætta á því að þessar reglugerðir sem eru eins og þungt farg á sveitarfélögunum muni flytjast af þeim og að einhverju leyti yfir á landeigendur? Það væri mikil byrði að fá þessar reglugerðir.

Þarna er verið að auka séreignarrétt og rétt þeirra til að nýta náttúruauðlindirnar — fylgja því einhverjar skyldur? Það væri fróðlegt að fá það fram hér í umræðunni.

[15:54]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er hv. þingmaður kominn inn á svið sem ég þekki ekki mjög vel þar sem það mun líklega heyra undir umhverfisráðherra frekar en einhvern annan ráðherra, t.d. félagsmálaráðherra sem fer með sveitarstjórnarmál. Ég ætla ekki að reyna að svara þessum spurningum.

Ég ætla hins vegar að ítreka að þetta frumvarp er fyrst og fremst formbreyting. Það er önnur nálgun á málefninu heldur en er í gömlu vatnalögunum frá 1923 sem var jákvæð nálgun. Það er formbreytingin sem er aðalatriðið í þessu frumvarpi sem við erum að fjalla um núna en ekki annað, að mínu mati.

[15:55]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Umræðan snýst alltaf um að nota, nýta og vernda. Hæstv. umhverfisráðherra talar um að þessi hugtök geti farið saman. Ég er sammála hæstv. umhverfisráðherra varðandi það. Auðvitað eigum við að nýta og njóta og þess vegna geta verið mjög mikil not af náttúruvernd. Það á ekki að tefla þessu fram hér sem algjörum andstæðum, heldur getur þetta vel farið saman. Ég held að það sé hollt fyrir umræðuna í framhaldinu að við reynum að sjá þá hlið málsins.

[15:56]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra fór nokkrum orðum um spurningar mínar í ræðu sinni, þar á meðal spurningu mína um sjálfbæra nýtingu. Hún svarar spurningunni á þann veg að í huga hennar sé sjálfbær nýting „sú nýting sem ekki spillir framtíðarnýtingu, sem ekki spillir auðlindinni til framtíðar".

Í grundvallaratriðum get ég verið sammála þessari setningu hæstv. ráðherra. Ég spyr þá, í tilefni af því að ég tel vera ástæðu til að tortryggja yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í þessum efnum: Hvernig má þá vera að íslensk stjórnvöld ganga fram fyrir skjöldu með virkjanaframkvæmdir sem eru langt í frá að vera sjálfbærar þar sem þær spilla viðkomandi auðlind til frambúðar? Hvernig leyfa íslensk stjórnvöld sér það að kalla virkjanir í jökulvötnum með uppistöðulónum sem fyllast á tilteknum tíma sjálfbærar framkvæmdir eða sjálfbæra nýtingu?

Ég hef ástæðu til að tortryggja ríkisstjórnina í þessum efnum. Þess vegna tortryggi ég það sem sagt er í frumvarpinu. Þegar hæstv. iðnaðarráðherra ætlar að fara að tala fyrir sjálfbærri nýtingu eru það verkin sem tala og sýna mér fram á að þessi ríkisstjórn veður í villu og svíma hvað varðar *skilninginn á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar*.

Ég vil fá að spyrja hæstv. ráðherra hversu mikil vinna hafi verið lögð í það við samningu þessa frumvarps að bera saman nýju vatnalögin í Noregi og það sem hér á að fara að gera. Það er verulega þýðingarmikið að við skoðum löggjöf Norðmanna því að eins og ég gat um í fyrri ræðu minni tók það mörg ár að vinna hana, fjöldi manns kom þar að og þar var einmitt horft vítt yfir sviðið, nákvæmlega á sama hátt og Norðmenn gerðu í rammaáætlun sinni um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þar var virkjanakostum skipt í fjóra flokka, þar af var bara einn flokkurinn þess eðlis að orkufyrirtækjum væri heimilt að sækja um orkunýtingu þar úr.

[15:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur mér svo sem ekki á óvart að hv. þingmaður tortryggi eitthvað af því sem ég segi. Reynslan og sagan hefur kennt mér það.

Ef við stæðum ekkert í því að virkja hér á Íslandi værum við einfaldlega rafmagnslaus. Það er bara svo einfalt. Við getum ekki framleitt rafmagn öðruvísi en að virkja, hv. þingmaður. Þess vegna höfum við verið að því.

Ef hv. þingmaður er með stóra verkefnið á Austurlandi í huga, Kárahnjúkavirkjun, í þessu sambandi stenst ég ekki þá freistingu að benda á umhverfisverndarsjónarmiðið sem kemur fram í tengslum við þá framkvæmd alla. Rafmagnið er notað til þess að framleiða ál eins og þekkt er. Ef þetta ál

væri framleitt einhvers staðar annars staðar í heiminum, t.d. með kolum, rafmagni sem framleitt væri úr kolum, (**KolH:** Ætlið þið að ... málstaðinn?) væri um sjö sinnum meiri gróðurhúsaáhrif að ræða fyrir heiminn. Framkvæmdin sem slík er ákaflega umhverfisvæn. Þetta veit ég að hv. þingmaður þekkir allt saman mjög vel.

Svo eru það lögin í Noregi. Þau voru höfð til hliðsjónar og úr þeim var notað það sem þótti henta hér. Það er gríðarleg vinna sem liggur að baki gerð þessa frumvarps. Eitt af því sem var gert var að skoða hvernig aðrar þjóðir fara með þennan málaflokk og standa að málum og þar er yfirleitt litið snemma til Noregs.

[16:00]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gef ákaflega lítið fyrir svör hæstv. ráðherra varðandi verkefnið fyrir austan, eins og hún kýs að kalla það í ræðu sinni. Ágæti þess og umhverfissjónarmið hennar í þeim efnum má öll hrekja þótt ég hafi ekki tíma til þess í tveggja mínútna andsvari.

Ég vil fylgja örlítið eftir því sem ég hef gagnrýnt, þ.e. því hve fyrirferðarmikill nýtingarþátturinn er. Ég hef spurt að því hvers vegna í ósköpunum við fáum ekki samhliða frumvarpi þessu inn í þingið annað frumvarp, sem þó er boðað í greinargerð með frumvarpinu. Hverjar eru ástæður þess að ekki var beðið eftir því frumvarpi sem er, eins og fram kemur, í undirbúningi?

Það er einnig ljóst, hæstv. forseti, að hæstv. iðnaðarráðherra gaf yfirlýsingu um það að rammaáætlunin héldi áfram, að hafin sé vinna við annan áfanga hennar. En ég hef upplýsingar um að sá áfangi hafi verið unninn af færri einstaklingum en sá fyrri (Forseti hringir.) og tortryggi þar með vinnubrögðin sem þar eru viðhöfð, sem ég tel ekki nógu vönduð.

[16:01]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka að það er ekki um skörun að ræða hvað varðar vatnsverndarfrumvarpið. Mér leiðist frekar sá málflutningur sem oft kemur fram hér, að það eigi alltaf að bíða eftir einhverju öðru. Það á alltaf að bíða. Menn spyrja alltaf hvort það sé ekki betra að bíða með þetta frumvarp, eftir næsta frumvarpi o.s.frv. Þetta er mjög algengt og ég tel að það sé einhver verkhræðsla sem kemur fram hjá háttvirtum þingmönnum.

Auðvitað einhendum við okkur í að vinna að þessu frumvarpi. Þetta er vel búið frumvarp og ég treysti iðnaðarnefnd ákaflega vel til að ljúka því í vetur, að frumvarpið verði tilbúið til samþykktar á vorþingi.

[16:02]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hún heldur áfram, umræðan sem byrjaði í síðustu viku um þetta mál. Það kom reyndar flatt upp á ýmsa þingmenn hversu skyndilega þetta mál birtist á dagskrá Alþingis. Menn kvörtuðu undan því, umræðunni var frestað og heldur nú áfram.

Það kemur fram í lýsingu með frumvarpinu að þeir sem hafa búið það til framlagningar benda á að í athugun þeirra eða nefndarinnar sem vann frumvarpið var skoðaður ferill mála þar sem reynt hefur á vatnalög, sem hafa verið í gildi allan þennan tíma frá 1923. Þeir segja að í raun hafi reynt á sárafá ákvæði gildandi laga fyrir dómstólum og helst á hinar einstöku meginreglur laganna.

Það er athyglisvert að svo vel hafi verið staðið að málum á þeim tíma er lögin voru sett að þau hafi enst með þeim hætti og að sjaldan hafi orðið málaferli og ágreiningur um þær reglur. Það er þess vegna full ástæða til þess að vanda, eins og hæstv. ráðherra var að lýsa, undirbúning að breytingu á svona lögum því að væntanlega liggur þá ekki mikið á að breyta þeim ef ekki hafa komið upp vandamál við að framfylgja þeim og lítill ágreiningur um lögin. Þess vegna finnst mér, og ég ætla að segja það aftur, ekkert á móti því að skoða breytingar á þessum lögum en mér finnst ástæða til að hér fari menn vandlega yfir hugmyndir um breytingar og taki til þess nægan tíma vegna þess hvernig mál standa.

En ég ætla að nefna fáein atriði sem ég vonast til að hæstv. ráðherra gæti upplýst okkur um. Mér finnst t.d. við að lesa 9. gr. frumvarpsins og líka 20. gr. að í þeim felist afstaða til þess hvernig mál eru sett fram, þ.e. þannig að eigendur sem vilja virkja eigi að hafa meiri rétt en aðrir eigendur sem ekki vilja það þar sem nýtingarréttur liggur saman. Ég held að þetta sé dálítið umhugsunarefni.

Það stendur t.d. hérna í 9. gr.:

„Nú eiga menn fasteign í félagi og vilja sumir stofna til vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa á eigninni, koma þar á fót samáveitu, stofna til vatnsmiðlunar eða verjast ágangi vatns og getur þá sá eða þeir sem eiga meiri hluta fasteignar ákveðið að ráðast í framkvæmdir, enda er hinum þá skylt að taka tiltölulegan þátt í kostnaði ...“

Menn væru sem sagt skyldugir til þess að taka þátt í að nýta orku sem er til staðar á sameiginlegu svæði ef meiri hluti þeirra sem eiga hlut að eigninni vilja það. Verði ekki samkomulag um framkvæmd eða umsjón verksins eða um skiptingu kostnaðar þá skal skorið úr með mati dómskvaddra matsmanna. Þar kemur síðan ráðherra til og tryggir framkvæmd þeirra hluta ef á þarf að halda.

Í 20. greininni stendur, og þar er um að ræða rennandi vatn :

„Nú vill eigandi annars vatnsbakkans ekki taka þátt í mannvirkjagerð og getur ráðherra þá heimilað eignarnám til afnota af landi hans til að framkvæma verkið og nota vatnið.“

Mér virðist af lestri frumvarpsins í heild sem það sé fyrst og fremst hugsað út frá nýtingarréttinum, orkunýtingarréttinum, fremur en sameign þar sem báðir eigi að vera jafnréttháir, ef tveir deila um nýtingu á orku eða vatnsnotum. Niðurstaðan þarf ekki endilega að vera sú að menn virki hvern einasta læk þótt annar aðilinn vilji það frekar. Það getur verið að nýtingin felist í því að virkja ekki og nýta kostina með öðrum hætti. Ég vildi a.m.k. koma þessu á framfæri.

Fleira finnst mér óljóst í frumvarpi þessu. Í 11. gr., sem er um landamerki í stöðuvötnum, stendur t.d. á einum stað:

„Nú vex gras upp úr vatni við lágflæði og fylgir vatnsbotn þá landi sem þurrt land væri.“

Nú er gras kannski ekki mjög stabílt sem viðmiðun og mér finnst svolítið skrýtið að það skuli vera tekið fram. Þessi grein endar á eftirfarandi orðum:

„Ef breyting verður á vatnsbotni skulu netlög vera þar sem þau voru áður."

Til hvers er verið að tala um þetta gras? Ég velti þessu svolítið fyrir mér og hvort það geti verið í lagi að hafa þetta inni. Kannski eru þetta leifar úr gömlu lögunum. Ég gáði hreinlega ekki að því en ég held að það mætti frekar varðveita eitthvað annað en þessi ákvæði, hafi þau verið þar inni.

Mér finnst það líka óskýrt í 12. gr. þar sem stendur:

„Nú liggja tvær fasteignir eða fleiri að stöðuvatni eða vatnsfalli sömu megin og fylgja þá netlög þeim bakka sem næstur er hverju sinni."

Ég bið um skýringar. Ég skil ekki þetta orðalag og meðgeng það hér í ræðustól. Þetta er mjög stutt grein og ég bið hæstv. ráðherra að útskýra hana fyrir mér.

Ég ætla að lesa hana aftur:

„Nú liggja tvær fasteignir eða fleiri að stöðuvatni eða vatnsfalli sömu megin og fylgja þá netlög þeim bakka sem næstur er hverju sinni."

Textinn er þannig að ég átta mig ekki á honum.

Í 14. gr. er fjallað um heimild til að fella vatnsfall í fornan farveg eða koma honum í samt lag:

„Nú hefur sama ástand haldist í 20 ár eða lengur og skal þá um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo."

Nú spyr ég: Geta menn ekki misskilið þessa málsgrein og farið að líta þannig á að breyting verði á landamerkjum ef vatnsfall hefur breytt um farveg og runnið í 20 ár í öðrum farvegi? Annars staðar í lögunum stendur þó að þótt vötn breyti farvegi sínum skuli landamerki haldast. Ég spyr um þetta. Ég hef skilið málið þannig fram að þessu að það væri ekki meiningin að landamerki breyttust. Það virðist a.m.k. hægt að misskilja þetta orðalagið í 14. gr.

Í kaflanum um nýtingu vatnsorku, þar sem er talað um takmarkanir á orkunýtingarrétti, stendur í 18. gr.:

„Orkunýtingarréttur fasteignareiganda takmarkast við það að enginn sé sviptur vatnsnotum ..."

Erum við að tala um orkunýtingu eða vatnsnotkun? Fyrra orðið er orkunýtingarréttur en það seinna er vatnsnot. Ég spyr hvort þau eigi bæði við í þessu tilfelli.

[16:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Einhvers staðar stendur að það skuli vel vanda sem lengi eigi að standa. Ég held að það megi segja það um vatnalögin, nr. 15/1923, að þau hafi sannarlega staðist tímans tönn og verið vönduð og ekki hafi verið kastað til þeirra höndunum á sínum tíma, enda eru þau með merkari löggjöf af sínu tagi og kannski ekki síst fyrir það hversu framsýn þau voru og hve mikla umhverfisvernd er að finna í þeim. Þau voru á margan hátt langt á undan sínum tíma, t.d. með áherslunni sem lögð er á það í vatnalögunum gömlu að vatnsföll fylgi náttúrulegum farvegum sínum.

Ég beið því með nokkrum spenningi þegar fréttist af því að væntanleg væri endurskoðun á vatnalögum. Reyndar fletti ég fyrst upp á því hvort hin fallegu upphafsorð núverandi 7. gr. vatnalaganna, sem hljóða svo, með leyfi forseta: „Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið", væri enn að finna í tillögum að nýjum vatnalögum. Svo er reyndar í 13. gr. þessa frumvarps og þakka ég fyrir það. Miður hefði manni þótt að þessi fallega, góða íslenska hefði tapast. Hitt er svo annað mál að menn hafa ekki alltaf farið vel eftir þessu.

Hæstv. ráðherra var eitthvað beyglaður yfir því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir innti eftir skilningi iðnaðarráðherra á hugtakinu „sjálfbær þróun". Ekki fannst mér ástæða til þess hjá hæstv. forseta. Það er nú almannarómur að ekki bara hæstv. iðnaðarráðherra heldur allur Framsóknarflokkurinn eins og hann leggur sig hafi mjög glatað niður skilningi sínum á þessu hugtaki. Sumir vilja meina að þekkingin á þessu hafi horfið út úr forustu Framsóknarflokksins með Steingrími Hermannssyni. Ekki skal ég um það deila. En framferði flokksins í umhverfis- og atvinnumálum undanfarin ár gefur sannarlega tilefni til að spurt sé.

Síðan komu þessar kostulegu bollaleggingar um að nýta og vernda. Menn setja sig í spekingslegar stellingar, hvort sem það er nú iðnaðarráðherrann eða hæstv. núverandi umhverfisráðherra og telja sig hafa algerlega höndlað sannleikann með því að þetta fari saman og segja að það sé alveg sérstök hugmyndafræði í þessum efnum að þetta fari saman. Er þá verið að halda því fram, var hæstv. iðnaðarráðherra að halda því fram áðan, að þetta fari alltaf saman? Er t.d. bæði hægt að veita vatninu úr Jökulsá á Fjöllum austur á Hérað, um Arnardal og vernda Dettifoss? Nei.

Það er nefnilega þannig og er auðskilið hverjum manni sem hugsar þetta eitthvað að stundum fer þetta prýðilega saman, stundum miður og stundum alls ekki. Svo verða menn líka að skilgreina: hvað eiga þeir við með orðinu nýting? Sum nýting getur farið prýðilega saman við umhverfisvernd og önnur ekki. Það er nýting út af fyrir sig að leyfa fallegu vatnsfalli að njóta sín og vera aðdráttarafl fyrir ferðamenn eða hvað það nú er — eða geyma það á vöxtum til komandi tíma þegar mögulega annars konar nýting þess gefur kannski af sér miklu meiri arð en það sem menn sjá fyrir sér í dag. Flóknara finnst mér þetta nú ekki vera.

Það er þegar kemur að því að þetta fer ekki saman sem leiðir skilja gjarnan og þá skilja þær á grundvelli þess að sumir eru tilbúnir til að fórna meiru en aðrir í þágu einhverrar nýtingar jafnvel með skammtímaávinning í huga.

Ég hef stundum tekið annað dæmi af nýtingu og síðan verndun sem augljóslega fer ekki saman eða fór ekki saman hér við bæjardyr Reykvíkinga sem eru Rauðhólarnir, merkilegir gervigígar rétt ofan við bæinn. Það var nefnilega þannig að menn áttuðu sig á því — fullseint að vísu — um miðbik síðustu aldar að það fór ekki saman sú nýting á Rauðhólunum að moka þeim upp í húsgrunna eða undirlag undir flugvöll í Reykjavík og vernda þá. (Gripið fram í.) Stór hluti af þeim fór í flugvöllinn en þeir voru líka vinsælt fyllingarefni í húsgrunna, t.d. í Mýrinni sjálfsagt, þó að þeir hafi nú ekki verið notaðir í húsið í skáldsögunni frægu því að þar seig undirlagið fullmikið eins og við munum. Þetta er akkúrat dæmi um nýtingu sem alls ekki fer saman við verndina í bókstaflegum skilningi og augljósum og skiljanlegum hverjum manni.

Þannig er þetta og alveg eins er með vatnsföllin að hlutir

glatast með nýtingu, t.d. ef vatnsföll eru flutt úr sínum náttúrulega farvegi. Ef þeim er miðlað, jafnvel þótt þau renni síðan áfram niður sama farveg neðan miðlunarinnar, þá glatast hinir náttúrulegu rennslishættir. Þá er spurningin: Er því til fórnandi, borið saman við þann ávinning sem menn telja sig vera að hafa af slíku? Allt þarf þetta auðvitað að vega og meta saman og mér finnst einföldun, ofureinföldun á málum af þessu tagi að setja sig í spekingslegar stellingar og segja: Ég er svo skynsamur og víðsýnn af því að ég vil bæði nýta og vernda, og þar með sé málið leyst. Það er nú ansi grunnt í hlutina farið. Við skulum frekar ræða þá nákvæmlega. Um hvað erum við að tala? Hvers eðlis er nýtingin í hverju tilviki og hversu vel, illa eða alls ekki fer hún þá saman við eiginlega verndun viðkomandi náttúruverðmæta?

Það verður að segjast að í þessu frumvarpi, eins og reyndar hefur verið bent á af fyrri ræðumönnum, svífur ansi mikill nýtingarandi yfir vötnum og umhverfisverndarhliðin kemur hér ákaflega veikt fyrir. Iðnaðarráðuneyti og Orkustofnun ætla sér öll völd í þessu máli og reyndar er það umhugsunarefni sem hv. þm. Mörður Árnason fjallaði áðan um, hvert Orkustofnun er að þróast í gegnum þau verkefni sem verið er að dæla inn á hana með lögum einmitt núna þessi missirin. Ég sé ekki annað en að býsna annasamt sé að verða á því búi og Orkustofnun sé að verða ansi mörgum megin við borðið þegar hún er í öllum sínum stjórnsýslu-, ráðgjafar-, stjórnunar- og skömmtunarhlutverkum sem nú er verið að moka inn í hana, t.d. í raforkumálunum og svo er svipað á ferðinni hér.

Vatnsverndarfrumvarpið er ekki komið fram og hæstv. iðnaðarráðherra ætlar að afgreiða þá hluti með því að segja að það sé eitthvert leiðindanöldur í mönnum að biðja um að hlutirnir séu skoðaðir í samhengi og að mál sem hanga saman og snerta mismunandi hliðar á sama málasviði hafi samfylgd í gegnum þingið. Ég bara aldeilis mótmæli því. Það er nú gömul og góð verklagsregla að reyna að sjá hlutina fyrir sér í heild og láta hlutina hanga saman. Og auðvitað er það ekki rétt röð á hlutunum og engan veginn til fyrirmyndar að slíta þetta svona úr samhengi. Ég tel fulla ástæðu til að gagnrýna það að þetta sé þá ekki látið verða samferða hér í gegnum þingið og viðkomandi nefndir sem gætu þá unnið málin að einhverju leyti saman, umhverfisnefnd og iðnaðarnefnd, gætu haft þetta allt undir því að vissulega spilar þetta mikið saman bæði hvað varðar stjórnsýslu og þátt hvers og eins.

Ég vík þá aðeins að vatni, herra forseti, og hvað þar er á ferðinni. Í grunninn er vatn, þ.e. hreint og gott drykkjarvatn og vatn til heimilisþarfa, ein af undirstöðum velmegunar og farsæls lífs á jörðinni. Það er mönnum að verða æ betur ljóst eftir því sem þessi gæði eru víða vandfundnari í heiminum og kannski um milljarður manna sem líður bókstaflega fyrir það á hverjum degi að hafa ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni. Annar milljarður, ef ekki einn og hálfur í viðbót, þarf að leggja á sig gífurlegt erfiði til að afla sér daglegra þarfa í þessum efnum. Konur í Afríku ganga sumar sex, átta klukkustundir á dag á degi hverjum til að sækja vatn og bera það í fötum, bökkum, skjólum eða hvað það nú er, jafnvel á höfðinu, handa sér og fjölskyldu sinni.

Þess vegna hafa menn á alþjóðavísu tekið það upp að vatnið eigi að skilgreinast sem sameiginleg auðlind og að réttur manna til vatns þurfi að skilgreinast. Heilmikil vinna hefur farið fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna fyrir tilstyrk Alþjóðabankans og fleiri slíkra aðila sem eru farnir að nálgast þetta viðfangsefni á þennan hátt. Ég er þeirrar skoðunar að alveg hiklaust eigi að taka inn í lög hér á landi eins og annars staðar rétt manna til vatns. Hann eigi að vera grundvallarréttur og tryggður í lögum eða þess vegna stjórnarskrá. Þó að ástandið hér sé bærilegt nú um stundir í þessum efnum breytir það ekki því að ég tel að við eigum ekki bara að taka þátt í því með íbúum jarðarinnar, heldur — einmitt af þeim ástæðum — að reyna að vera í forustusveit þeirra sem berjast fyrir því að réttur manna til vatns verði skilgreindur og bundinn í lögum og alþjóðasáttmálum.

Ég vil upplýsa það að í Norðurlandaráði lögðum við í síðustu viku, ég og flokkssystkin mín þar í flokkahópi Vinstri grænna, fram tillögu um rétt manna til vatns og að hann verði skilgreindur og að bæði Norðurlandaráð sem slíkt og Norðurlöndin í sameiningu sem og hvert fyrir sig leggi sitt af mörkum í þessum efnum með því að taka slík ákvæði upp í lög og með því að beita sér fyrir þessu á alþjóðavettvangi. Þess vegna held ég að sú umræða sem hér fer fram sé mikilvæg og þar eigum við t.d. að taka spurninguna um grunnvatnið og um neysluvatnið til drykkjar og heimilisþarfa alveg sérstaklega fyrir. Spurningin er sú hvort ekki þurfi að koma inn miklu sterkari ákvæði sem tryggja stöðu manna í þessum efnum og víkja einkaeignarréttinum eftir atvikum til hliðar í þágu almannahagsmuna.

Almannarétturinn á Íslandi er mjög veikur eins og við þekkjum, miklum mun veikari en t.d. annars staðar á Norðurlöndunum. Menn fara ekki á Íslandi inn á landareign manna og tína ber eins og menn hafa beinlínis lögformlegan rétt til, segjum í Svíþjóð. Þar er manni frjálst að fara um utan lóða og afgirtra heimalanda og tína t.d. ber, það er óháð einkaeignarrétti á landi.

Hér er gengið alllangt í því að súrra gömlu einkaeignarréttarákvæðin saman og í raun styrkja þau á vissan hátt með því að taka þarna inn grunnvatnið með þeim hætti sem gert er og með því að sá forgangur sem þó helst varðar vatnsréttindin til heimilis- og búsþarfa er í raun veiktur eins og mér sýnist þetta líta út hér og því er ég aldeilis andvígur. Miklu nær fyndist mér að fara einmitt í hina áttina og styrkja stöðu manna, við getum sagt bæði ábúenda og ekki síst sveitarfélaganna til þess að afla neysluvatns án bóta, án greiðslna, því að mér finnst það vera komið út yfir allan þjófabálk ef menn ætla að fara að fénýta í stórum stíl drykkjarvatn sem notað er t.d. innan byggðarlags. Ég sé ekki betur en að boðið sé upp í þann dans með þessu frumvarpi og það undrar mig mjög.

Hæstv. ráðherra var að hæla frumvarpinu og tala um hvað það væri vandað og gott og vel samið í alla staði en ég er nú ekki alveg sammála því, því miður, þrátt fyrir stutta athugun á því. Ég nefni þar sérstaklega t.d. 15. greinina. Hún er ruglingsleg. Því er að vísu haldið inni að vatnstaka til heimilis- og búsþarfa gangi fyrir annarri vatnsnýtingu, það eru einu forgangsréttarákvæðin sem í raun og veru eftir standa í lögum ef þetta verður svona sett.

En það er líka talið upp og gert skýrt að þegar beitt er

eignarnámsheimildum, t.d. þegar eigandi fasteignar sem ekki hefur aðstöðu til vatnsöflunar á sínu landi nýtir rétt sinn til að fara yfir á land annars og fá þar vatn, þá stendur í 15. gr., með leyfi forseta:

„Þegar svo hagar til getur eigandi þeirrar fasteignar sem vatn er tekið úr krafist bóta, þar með talið fyrir tjón og óþægindi sem framkvæmdin bakar honum.“

Ég vek athygli á þessu orðalagi „þar með talið fyrir það tjón og óþægindi sem framkvæmdin bakar honum“. Með öðrum orðum, látið er að því liggja að bæturnar geti tekið til fleira. Til hvers? Hvað er það þá annað en að verið er að gefa því undir fótinn að eigandinn innheimti beinlínis greiðslur fyrir vatnið? Ég sé ekki annað.

Ég fletti auðvitað upp á athugasemdum um 15. gr., af því að þetta er svo vel samið frumvarp, segir ráðherrann, og þá hlyti þetta að skýrast.

En hvað stendur þar?

„Hagsmunir eiganda þeirrar fasteignar sem vatn er tekið úr eru tryggðir“ — við sambærilegar aðstæður — „með því að hann á rétt á bótum fyrir tjón og óþægindi sem verkið bakar honum.“

Til hvers er þá verið að vísa með orðunum „þar með talið“ í 15. grein, „tjón og óþægindi“? Hér er misræmi á ferðinni. Skýringin við 15. gr. passar ekki við orðanna hljóðan í frumvarpstextanum sjálfum. Ég vil fara rækilega yfir það hver er hugsunin þarna að baki. Þetta verður a.m.k. ekki afgreitt svona óbreytt mótmælalaust af minni hálfu nema þá að lögskýring sé alveg óhrekjanleg, að ekki sé ætlunin að fara að opna á það að menn fari af stað með bullandi kröfugerð um leigutekjur af vatnsbólum sem menn hafa hingað til beislað og nýtt án endurgjalds. Ég fullyrði að það eru tugir ef ekki hundruð vatnsveitna í landinu sem nýta vatnsból í landi annarra aðila sem gera það án greiðslna, t.d. mjög mörg sveitarfélög.

Nú vill svo til að ég þekki dæmi þess að landeigendur hafa reynt að pína sveitarfélög til að fara að borga sér leigutekjur og það hafa staðið yfir deilur út af slíku á a.m.k. tveimur stöðum sem ég þekki til en ætla ekki að nafngreina. Er þá virkilega ætlun Alþingis að fara að opna fyrir það, galopna fyrir að slík kröfugerð hefjist upp, ef ekki afturvirk þá a.m.k. gagnvart framtíðinni? Ég held að menn verði virkilega að átta sig á inn á hvaða spor menn ætla með þessi mál. Mér sýnist að það sé miklu frekar þörf fyrir að fara í gagnstæða átt, styrkja almannaréttinn, styrkja stöðu sveitarfélaga og tryggja öllum þennan aðgang að hollu og góðu vatni til grunnþarfa.

Allt öðru máli gegnir þegar um iðnaðarþarfir eða orkunýtingu er að ræða. Það eru að mínu mati algjörlega ósambærilegir hlutir við þá sem snúa að rétti almennings til neysluvatns.

Nú er það einnig svo, herra forseti, að land er að sópast saman með miklum hraða á hendur fárra einkaaðila um þessar mundir. Nú eru í fyrsta skipti í sögunni að verða til einkaaðilar, fyrirtæki og einstaklingar sem hafa sankað að sér jafnvel tugum bújarða. (Gripið fram í.)

Auðvitað var slík þróun hér. Hún grasseraði mjög á miðöldum, það er rétt, og ekki ætla ég að mæla því bót þegar kirkjan og kóngsi og stóreignamenn voru að sanka að sér jarðnæði. Ég hélt að það væru tímar sem ekkert okkar langaði til að bakka aftur á, hinar dimmu miðaldir þegar obbi landsmanna voru ánauðugir leiguliðar og máttu sig hvergi hræra vegna landeigendaaðalsins og þeirra kvaða sem hann lagði á menn að vinna fyrir þá kauplaust, fóðra fyrir þá fé o.s.frv.

Þetta er samt veruleiki að land, jarðnæði, eignarréttur á landi er að sópast saman með miklum hraða á hendur stóreignamanna, fyrirtækja og einstaklinga um þessar mundir. Það er ávísun á árekstra í þessum efnum ef almannarétturinn er ekki skýr þar sem hann þarf að vera til staðar. Það er ekki nóg að vitna bara í hin fornu ákvæði Jónsbókar um rétt manna til að fara um landið, fleira kemur til. Menn þurfa a.m.k. að hafa leyfi til að fá sér vatnssopa þó þeim sé frjáls umferðin, við vitum það.

Ég tel að þarna þurfi að fara mjög rækilega yfir hlutina og ekkert liggi á í þessum efnum. Það þarf ekkert óðagot að viðhalda hér og allra síst er við hæfi ef á að fara að breyta jafngagnmerkri löggjöf og jafnvandaðri og jafnfallega orðaðri og vatnalögin nr. 13 frá 1923 voru og eru.

[16:31]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Í 3. gr. frumvarpsins sem um er rætt eru skilgreiningar. Þar er m.a. orðið „búsþarfir“ skilgreint. Ég verð að segja að við fyrstu sýn þótti mér dálítið sérkennilegt að orðið sjálft væri meginuppistaðan í eigin skilgreiningu því búsþarfir eru skilgreindar þannig, með leyfi forseta: „Búsþarfir til kvikfjárræktar.“ En þegar maður lítur aftar í frumvarpið kemur í ljós að ástæðan fyrir því er sú að verið er að taka undan allt í þörfum búsins annað en kvikfjárrækt. Ég ætla að koma að þessu atriði síðar í tengslum við annað.

Áður var rætt nokkuð um netlög. Ég skil það þannig að netlög séu sett til þess að marka nýtingarrétt við að leggja net og veiða fisk úr vötnum og ám. Þar er sem sagt verið að marka eiganda jarðar svæði sem hann getur nýtt til eigin hagsbóta. Með því hvernig þetta er orðað í síðustu setningu 11. gr. er hætt á að eigandi jarðar missi algjörlega rétt til nýtingar á þessum hlunnindum á jörðinni sinni því farið getur svo, og gerist reyndar oft, að vatnsbakki breytist og vötn geta fyllst upp, það gerist m.a. með því að sef vex út frá bökkunum og fyllir smám saman í vatnið. Samkvæmt þessum lögum, sem hugsanlega má finna einhvers staðar að þau stangist á hvað þetta varðar, virðist bóndi eða eigandi jarðarinnar geta tapað réttinum. Á sama hátt og rétturinn getur líka aukist ef vatnsbakkinn breytist eða vatn dýpkar. Ég sé því ekki ástæðu til að skerða nýtingarrétt landeiganda eða ábúanda á jörðinni með þessu móti og legg til að þetta atriði verði skoðað vandlega.

Ég vil taka undir með þeim sem hafa talað um 13. gr. og hrósað góðu málfari á fyrstu setningunni. Mér sýnist reyndar þegar ég les yfir frumvarpið að það leyfi allt sem þessi grein bannar, nema hugsanlega 3. tölulið, og bendi t.d. á 22. gr. Ég velti því fyrir mér hvort skýringin á þessu sé sú að verið sé að rýmka nýtingarréttinn fyrst og fremst með tilliti til orkunýtingar af því mér virðist á frumvarpinu að heimildir til orkunýtingar séu umtalsverðar, þ.e. nýting á vatni til orkuframleiðslu.

Í VI. kafla, 18. gr., er talað um takmarkanir á orkunýtingarrétti. Þegar ég las yfir lagafrumvarpið var mér hugsað

til jarðalaga sem við samþykktum á síðasta þingi. Þar er í einhverri greininni ef ég man rétt talað um að landeigandi hafi rétt til að virkja á landi sínu allt að 2 megavöttum, sem er umtalsverð orka, en í 18. gr. er ekki sett neitt hámark á orkunýtingarrétt landeigenda. Ég sé því ekki betur en þessi tvenn lög stangist á hvað þetta varðar því í 18. gr. er aðeins ein takmörkun sett á, en það er 15. gr. sem segir að vatnstaka til heimilis og búsþarfa gangi fyrir annarri vatnsnýtingu en ekkert í þeirri grein bannar að nýta til fulls vatnsréttindi að öðru leyti. Það er því spurning hvor lögin gangi lengra í þessu tilfelli.

Í 21. gr. er fjallað um heimild til framkvæmda. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ef fasteignareigandi gerir stíflu í vatnsfarvegi og veitir vatni úr náttúrulegum farvegi, hvort sem er um opinn skurð, pípu eða jarðgöng, ef nauðsynlegt er vegna vatnsnota, skal þess gætt að ekki séu gerðar skemmdir á fasteignum annarra manna um nauðsyn fram."

Mér spurn: Hver dæmir um þá nauðsyn? Er það jarðeigandinn sjálfur, eða hvað? Það er ekkert sagt um það í greininni og ekki í skýringunum heldur.

Í 22. gr. segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er fasteignareiganda að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur þau mannvirki í vatni eða við það sem nauðsynleg eru ..."

Enn kemur þetta „nauðsynleg eru" án þess að nokkur skýring sé gefin á því hver eigi að meta þá nauðsyn. Mér finnst þetta galli á frumvarpinu. Ég segi aftur að mér finnst lögin bera dálítinn virkjanasvip og ekki vera nógu skýr og bjóða víða upp á að leita þurfi skýringa á því sem í þeim stendur.

[16:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar að koma inn á nokkur atriði eftir að hafa hlýtt á umræðuna en fyrst langar mig aðeins að nefna vinnubrögðin í þinginu. Ég furða mig á því, af því að málið er að fara til iðnaðarnefndar, að hér hefur varla sést stjórnarþingmaður í salnum meðan öll þessi umræða hefur farið fram og alls ekki hefur formaður nefndarinnar sem á að fara að fjalla um málið í nefndinni hlustað á neinar athugasemdir sem fram hafa komið um málið. Ég gagnrýni harðlega að sá stjórnarþingmaður sem er í þessu tilviki hv. þm. Birkir J. Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, skuli ekki vera viðstaddur og hlýða á þingmenn sem eru að gera mjög miklar athugasemdir við frumvarpið, sem þyrfti auðvitað að vera veganesti hans inn í nefndina þegar við förum að vinna í nefndinni. (**Gripið fram í:** Hjálmar er nú kominn í dyrnar.) Það dugar lítt til þó þingflokksformaður reki inn nefið, formaður nefndarinnar þarf að stýra vinnunni og hann hefur a.m.k. ekki sýnt sig í þingsalnum.

Það eru nokkur atriði sem mig langar að nefna fyrir utan þetta. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að menn gagnrýni að verndarlögin skuli ekki koma inn samhliða þessum lögum. Það þarf að skoða þetta í samhengi. Verið er að taka verndarþætti út úr gildandi lögum.

Eins og ég benti á í fyrri umræðu minni er 83. gr. tekin út og hvergi í lögum er tekið á þeim þætti, að einhverju leyti í lögunum um hollustuhætti og mengunarvarnir en ekki að fullu leyti. Ég vil spyrja hæstv. umhverfisráðherra ef hún heyrir mál mitt, ég sé hana ekki hér, hvort hún geti svarað því hvort þau atriði sem greinin tekur til, um óhreinkun vatna og mengunarþáttinn í gildandi vatnalögum, komi einhvers staðar fyrir í lögum sem snúa að umhverfisvernd. Ég vil gjarnan fá það svar frá hæstv. umhverfisráðherra og boðum sé komið til hennar, ég geri ráð fyrir að hún sé í húsinu.

Ég get ekki séð annað en að iðnaðarnefnd þurfi að kalla eftir gildandi reglugerðum um þá þætti sem snúa að þeim ákvæðum sem fara út úr gildandi vatnalögum í dag. Við þurfum að fara yfir það. Það er því mjög mikil vinna fram undan hjá iðnaðarnefndinni við umfjöllun um frumvarpið.

Ég vil líka gagnrýna það sem fram hefur komið í umræðunni að litið hafi verið til vatnalaga í öðrum löndum, aðallega Noregs, að ekki skuli koma fram í greinargerðinni neitt um hvernig farið var eftir því sem var í öðrum löndum og þá sérstaklega í Noregi. Það kemur hvergi fram í greinargerðinni. Ég vissi það ekki fyrr en í umræðunni þegar það kom fram hjá hæstv. ráðherra að menn hefðu skoðað þau lög og litið til þeirra hvað varðaði einhverjar greinar í frumvarpinu.

Ég tek undir að það er margt mjög ruglingslegt í þeim greinum sem við höfum farið yfir og þarf vissulega skýringa við. Ég sé því að það er verulega mikil vinna fram undan hjá okkur í iðnaðarnefndinni. Þess vegna furða ég mig aftur á því að formaður nefndarinnar skuli ekki vera hér til að hlýða á þær athugasemdir. Ég held að hæstv. ráðherra verði að skýra betur þau ákvæði sem gerðar hafa verið athugasemdir við í umræðunni.

Að lokum spyr ég um frumvarpsdrögin, um vatnsverndarfrumvarpsdrögin sem til eru. Menn hafa verið að vinna í starfshópum umhverfisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar. Ég tel fulla ástæðu til þess að við fáum frumvarpsdrögin og skoðum þau með frumvarpinu og spyr eftir því: Hvenær gera menn ráð fyrir að frumvarpið komi inn í þingið, þ.e. frumvarpið sem byggt er á tilskipuninni frá Evrópusambandinu?

Ég tel fulla ástæðu til þess að því sé svarað áður en við ljúkum þessari umræðu um frumvarp til vatnalaga.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill geta þess vegna athugasemda hv. þingmanns að formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkir J. Jónsson, hefur fjarvistarleyfi í dag.)

[16:45]

Hjálmar Árnason *(andsvar)***:**

Frú forseti. Þetta er að verða leiðinlegur plagsiður hjá nokkrum stjórnarandstæðingum að koma eilíflega upp og nöldra yfir því hverjir eru ekki í þingsalnum. Ég minnist þess ekki að hv. þingmaður, sem gerði þetta að umtalsefni núna síðast hafi verið viðstödd alla þá umræðu sem hér fer fram og hefur enginn verið að fetta fingur út í það, enda hefur hv. þingmaður ugglaust sínar ástæður fyrir því.

Ef hv. þingmaður hefur ekki tekið eftir því að þá er nokkur algengt að þingmenn sitji inni á skrifstofum sínum og fylgist með umræðunni, það er nefnilega hægt líka. Þó finnst mér steininn taka úr þegar hv. þingmaður veitist að hv. formanni iðnaðarnefndar, hv. þm. Birki Jóni Jónssyni, og gerir athugasemdir við að hann sé ekki viðstaddur. Eins

og hæstv. forseti hefur upplýst hefur þingmaðurinn fjarvistarleyfi í dag og það hefði hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir getað kynnt sér.

Það er orðið fjandi hart ef hv. þingmenn geta ekki fylgt ástvinum sínum við jarðarför án þess að gerðar séu athugasemdir við það. Mér finnst það ósmekklegt í meira lagi og geri alvarlega athugasemd við slíkt nöldur sem hér átti sér stað, frú forseti.

(**MÁ:** Þetta var ósmekklega orðað.)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill biðja hv. þingmann að gæta orða sinna, núna og framvegis.)

[16:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Já, ég held að þessi orð hv. þingmanns dæmi sig sjálf og segi meira um þingmanninn sjálfan en margt annað. Mér finnst full ástæða til þess að formaður nefndar eða a.m.k. varaformaður nefndar sitji hér og hlusti á umræðu um svo stórt og veigamikið mál og hlýði á athugasemdir. Þetta mál er að fara inn til nefndarinnar og það er lágmark að einhver stjórnarþingmaður sé í salnum. Hér hefur einn stjórnarþingmaður rekið inn nefið og nú síðast þingflokksformaður Framsóknarflokksins. Hann rétt rak inn nefið en hefur ekkert sést í allan dag í allri umræðunni og enginn annar stjórnarþingmaður.

Ég leyfi mér bara að gagnrýna að menn skuli ekki sjá sóma sinn í því að sitja við umræðuna þegar rætt er um mál sem varða þingnefnd þeirra þar sem þeir þingmenn eiga að stjórna umræðunni á næstu vikum og mánuðum. Ég er ekki að segja að menn geti ekki fylgt ástvinum sínum í jarðarför, mér finnst það alveg sjálfsagt og ég hafði ekki hugmynd um það. En þá ætti a.m.k. varaformaður nefndarinnar að vera viðstaddur þannig að nefndarmenn viti hvaða athugasemdir hafa komið fram í umræðunni. Annað er lítilsvirðing við störf þingsins.

[16:48]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Mig langaði að nota ræðutímann til að beina spurningu til hæstv. iðnaðarráðherra varðandi gildandi lög. Hafa þau ekki reynst ágætlega? Kallar eitthvað á að málið fari svo hratt í gegnum þingið? Liggur eitthvað á þessum lögum?

Mér gramdist að vissu leyti að heyra rætt um að þingmenn væru haldnir verkkvíða ef þeir vildu fara yfir öll gögn, m.a. tilskipanir Evrópusambandsins, og skoða málið vel og rækilega. Ég tel að hæstv. iðnaðarráðherra ætti að læra af reynslunni. Hún þarf ekki að fara langt aftur í tímann heldur gæti hún litið svo sem viku aftur í tímann og skoðað umræðuna um raforkulögin. Þau fóru hratt og örugglega í gegn og þá var mikið fagnað. En síðan þegar átti að framkvæma lögin, eftir hraðmeðferðina fyrir jólin, voru þau ekki beysin og eilíf vandræði. Nú er verið að reyna að bjarga í horn og leysa þau vandamál sem upp hafa komið. Mér finnst að við eigum að taka þessi mál og fara rækilega yfir þau.

Ég tek undir þá gagnrýni sem fram hefur komið á að stjórnarliðar sem sitja í iðnaðarnefnd ættu að vera viðstaddir umræðuna. Þeir ættu að taka þátt í málefnalegum umræðum. Í umræðunni hafa komið fram veigamiklar ábendingar um ýmsar greinar frumvarpsins sem fara þarf yfir, þar sem greinilega hefur orðið handvömm. Í rauninni er ekkert að því að benda á það og furðulegt að hv. þm. Hjálmar Árnason skuli hafa komið í andsvar við því með svo ósmekklegum hætti.

Eins og ég nefndi í andsvari fyrr í umræðunni er frumvarpinu ætlað að treysta séreignarréttinn. Þess vegna tel ég rétt að í meðförum nefndarinnar verði farið vel í gegnum það hvort því fylgi einhver ábyrgð landeigenda, hvort gerð verði krafa til þeirra um að framfylgja ýmsum reglugerðum, m.a. frá Evrópusambandinu, sem geta verið mjög kostnaðarsamar, þ.e. hvernig eigi að mæla mengun og framfylgja öllu því sem Evrópusambandinu dettur í hug að mæla og mæla ekki og skila skýrslum. Því fylgir talsverður kostnaður sem er að sliga sveitarfélögin í landinu.

Hér er m.a. í gildi reglugerð sem er að verða sex ára gömul. Einu sveitarfélögin sem náð hafa að framfylgja þeirri reglugerð, hvað varðar mengun grunnvatns, eru sveitarfélög á Kjósarsvæðinu. Þau hafa það lítið landsvæði að reglugerðin og það þéttbýli sem er þar á bak við ræður við að framfylgja kröfum Evrópusambandsins. Ég tel þetta eitt þeirra verkefna sem dreifbýlið á eftir að eiga í vandræðum með, að framfylgja ýmsum kröfum sem fylgja þessari ábyrgð. Ég tel því ómaksins vert að fara yfir þá hlið málsins.

[16:52]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og sé að hv. þingmenn hafa kynnt sér þetta mál mjög vel. Margar spurningar hafa komið fram um einstakar greinar sem ég tel fyrst og fremst ástæðu til að fara yfir í nefndinni. Margar þeirra eru þess eðlis að það er erfitt að útskýra þær í stuttu máli. Þó tel ég að þetta frumvarp sé í heildina skiljanlegra og einfaldar fram sett en þau lög sem nú eru í gildi. Þau lög hafa reynst vel, ég held að óhætt sé að segja það, enda hafa þau verið í gildi frá árinu 1923. En eins og skiljanlegt er tóku þau fyrst og fremst mið af því bændasamfélagi sem þá ríkti á Íslandi. Þetta frumvarp færir okkur hins vegar nær nútímanum og það hlýtur að vera sameiginlegt áhugamál allra hv. þingmanna að færa löggjöfina nær nútímanum.

Ég hef þegar farið yfir það að umhverfisþátturinn er til umfjöllunar í öðrum lögum þannig að ég ætla ekki að bæta miklu við þar. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var með smáskot á Framsóknarflokkinn eins og honum er tamt og ekkert nema gott um það að segja. En af því hann nefnir alltaf Steingrím Hermannsson í þessu sambandi, að þar með hafi umhverfisvernd horfið úr flokknum, þá ætla ég að upplýsa hv. þingmann um að Steingrímur Hermannsson, a.m.k. hvað varðar Kárahnjúkavirkjun, hefur lýst því yfir á fundum Framsóknarflokksins að hann sé ekki á móti þeirri framkvæmd. Ég held að hv. þingmaður sé annarrar skoðunar um það efni.

Hvað varðar það að vernda og nýta, af því að það var eitt af því sem hv. þingmaður hafði nokkuð mörg orð um, þá geri ég mér fulla grein fyrir því að það fer ekki alltaf saman. Ég vildi leggja áherslu á að í sömu persónunni getur falist áhugi á hvoru tveggja, bæði á að vernda og nýta. Ég

tel að ég sé einn þeirra einstaklinga sem þannig hugsa.

Talað er um að Orkustofnun fá þarna of viðamikið verkefni miðað við fyrri verkefni. Ég tel ekki rétt að líta svo á. Orkustofnun hefur breyst mikið með stofnun ÍSOR. Hjá þeirri stofnun störfuðu einhver hundruð manna fyrir nokkrum árum en nú eru þar einhverjir tugir og verksviðið mjög breitt. Ég tel að það sé sniðið verkefni fyrir Orkustofnun að fjalla um eftirlit með þessum lögum og ákveðna stjórnsýsluþætti.

Hvað varðar almannaréttinn þá er hann kannski veikari á Íslandi en í öðrum löndum, ég skal ekki fullyrða um það. Við höfum þó verið að styrkja hann með löggjöf, t.d. með breytingu á náttúruverndarlögum fyrir ekki svo mörgum árum síðan.

Það er talað um að það sé mikill virkjanasvipur á þessu frumvarpi. Ég hef ekki fengið bein dæmi um það enda tel ég að frumvarpið sé mjög áþekkt þeim lögum sem eru í gildi í dag hvað það varðar. Ég held að það sé eitthvað sem hv. þingmönnum dettur í hug þegar ég legg fram mál, að þar hljóti að vera einhver brögð í tafli og hljóti að eiga að auka möguleika á nýtingu vatnsorkunnar. Svo er hins vegar ekki.

Hvað varðar vatnsverndarfrumvarpið þá er það ekki mál sem heyrir undir iðnaðarráðherra. Ég get ekki haft fleiri orð um það en þau sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Það er verið að vinna að því og hvað varðar tilskipunina, vatnalagatilskipunina þá er hún í EFTA-nefndinni og mér er ekki kunnugt um hversu langt það verk er komið.

Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir talaði um að einhver takmörk ættu að vera á orkunýtingarrétti landeigenda. Ég átta mig ekki á hvað hún átti við með því, nema þá að ríkið ætti að eiga þennan rétt eftir að komið væri yfir einhver ákveðin mörk, sem er þessi gamla þjóðnýtingarstefna.

Það er ekki verið að breyta séreignarréttinum. Hann er sá sami og er í núverandi lögum þótt nálgunin sé önnur.

[16:57]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þótt það kunni að vera furðulegt að nefna þau í sömu andrá þá held ég að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hæstv. iðnaðarráðherra hafi verið á sveimi í kringum helsta kjarna málsins í ræðum sínum hér í dag. Bændasamfélagið forna er því miður ekki lengur til staðar, þ.e. landið er smám saman að komast í hendur tiltölulega fáum stóreigendum og það breytir í raun inntaki þessara laga frá 1923. Það er rétt að það miðaðist auðvitað við það samfélag.

Samhengið er rakið aðeins í greinargerðinni, einum af bestu köflum greinargerðarinnar. Vatnalögin frá 1923 voru sett í því samhengi að þá voru menn að bregðast við hrákapítalisma sem kom upp á fyrstu tugum síðustu aldar, hjá mönnum sem við lítum til með lotningu og virðingu, eins og Einari Benediktssyni, en líka fjöldamörgum öðrum í slagtogi við erlenda kapítalista. Það sem menn vildu gera með þeim lögum og fleiri ráðstöfunum á þeim tíma var að koma í veg fyrir að vatnsföll, fossar og annað það sem virkjanlegt var, gengi kaupum og sölum og lenti hér á uppboðsmörkuðum í New York, París og Tókíó o.s.frv. Það gerðu menn með því að færa nýtingarréttinn á vatninu til landeigendanna. Það var helsta málið í vatnalögunum á sínum tíma. Af hverju gerðu menn það? Jú, vegna þess að það var talið nokkurn veginn jafngilda því að skynsamir bændur og landeigendur aðrir mundu ekki láta fara svo með sig að ár þeirra, fossar o.s.frv., yrðu teknir til virkjunar í þeim stíl sem menn ætluðu sér á fyrstu áratugum aldarinnar, í skammsýni sem við fyrirgefum mönnum af því þeir lifðu þá tíma að ekki var hægt að horfa lengra.

En nú eru aðrir tímar og nú þurfum við að breyta þessu aftur vegna þess að bændasamfélagið er horfið. En markmiðið á að vera hið sama, að við stjórnum þessum auðlindum okkar með skynsamlegum hætti, nýtum það sem við teljum vera nýtanlegt, verndum annað, annaðhvort til allrar framtíðar eða þá a.m.k. til þeirra tíma að menn geta tekið á því með betra viti en við höfum í dag.

[16:59]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þingmaður hefur álit á bændum. Ég þakka fyrir það og er sammála honum um það. Ég er líka sammála honum um að það er mikið atriði að hafa skynsamlega stjórn á hlutunum. Hvað varðar erindi hv. þingmanns upp í ræðustól, að nú væri landið komið í eigu einhverra annarra en bænda — vissulega er eitthvað um það en í aðalatriðum eru það bændur sem eiga bújarðir og þess vegna átta ég mig ekki alveg nógu vel á því hvert vandamálið var og bið þá hv. þingmann að skýra betur hvað hann átti við í ræðu sinni.

[17:00]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Það er sjálfsagt að gera það. Það er það sem ég hef reynt í fyrri ræðu minni, seinni ræðu minni og þeim andsvörum tveimur sem ég hef nú átt í við hæstv. iðnaðarráðherra. Ég tel að þetta eigi að vera þannig, forseti, að auðlindastjórnun sé á vegum hins opinbera sem fulltrúa almennings í landinu. Ég tel að það eigi að vera þannig að þegar kemur að hlutum eins og vatni, hvort sem um er að ræða grunnvatn, rennandi vatn í vatnsföllum eða stöðuvatn, eigi fyrst að líta til almannahagsmuna í þessu efni og að það séu ekki bara almannahagsmunir okkar sem nú erum uppi, okkar sem nú borgum skatta eða kjósum á þing, heldur séu það almannahagsmunir bæði þeirra kynslóða sem á eftir koma, sem eiga að vera jafngildir okkar hagsmunum, og síðan alls heimsins. Við erum hér gæslumenn ákveðinna auðæfa í mjög víðum skilningi fyrir alla veröldina.

Þess vegna eigum við meðal annars að setja þessi vatnamál okkar ekki undir atvinnumálaráðuneyti sem eðlilega hugsar um hagsmuni atvinnuveganna, heldur undir umhverfisráðuneytið sem hugsar um landið og hag komandi kynslóða.

[17:02]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara segja það að eign manna er varin samkvæmt stjórnarskrá og hún verður ekki tekin af mönnum án bóta.

[17:02]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þar sem fyrri ræða mín var ekki nógu vel undirbúin vegna þess að málið kom snarlega á dagskrá vannst mér ekki tími í þeirri seinni til að leggja fyrir hæstv. ráðherra allar þær spurningar sem ég ætlaði mér. Ég ætla nú að bæta hér einni við. Hún er um kaflann um vatnafélög.

Það er nefnilega þannig að í þessum kafla eru sjö greinar og þær eru allar almennt orðaðar. Ekki er skylda af neinu tagi þarna inni fyrir menn eða fyrirtæki að taka þátt í stofnun þessara vatnafélaga. Þess vegna eiga bara við almenn ákvæði um félög og stofnun fyrirtækja yfirleitt. Ég sé ekki hvað þetta hefur að gera inni í þessari lagasetningu nema þá það sem stendur í 28. gr.: „Þeir fasteignaeigendur sem stofna vilja vatnafélag skv. 27. gr. skulu boða til stofnfundar eigendur þeirra fasteigna sem ætla má að aðild gætu átt að félaginu." — Þetta er í raun og veru það eina sem ég sé að hafi þá erindi inn í þessa lagasetningu. Ég spyr hæstv. ráðherra: Veltu menn því eitthvað fyrir sér hvort þessar greinar um stofnun þessara félaga, allt valkvætt, engin skylda á neinum aðila til að taka þátt í þessu, hafi yfirleitt nokkuð að gera inn í þessa lagasetningu?

[17:04]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að það komi fram að í dag eru starfandi vatnafélög. Það má alveg skoða það í hv. nefnd hvort það er óþarfi að vera með sérstakt ákvæði um þetta efni í lögunum. Reglurnar eru einfaldar. Ég hefði haldið að ekki væri rétt að fella þetta niður en það er bara ástæða til að skoða það í hv. nefnd.

[17:04]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra segir í ræðu sinni að þingmenn kvarti undan því að það sé virkjanasvipur á þeim frumvörpum sem hún leggi fram. Já, ég skal viðurkenna að við höfum gert athugasemdir við það. Eitt af því sem mér finnst athyglisvert hafa komið fram í þessari umræðu, og hæstv. ráðherra svaraði í raun og veru ekki í neinu núna í síðustu ræðu sinni, er ábending frá hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur sem bendir á að það sé kannski ákveðin mótsögn í meginreglu frumvarpsins sem varðar vatnsföll, nefnilega þeirri reglu að öll vötn skuli renna sem að fornu hafa runnið.

Þessi meginregla varðandi rennsli fallvatnanna kemur fram í 13. gr. frumvarpsins en svo benti hv. þingmaður á mótsögnina í 22. gr. þar sem kemur fram að fasteignareiganda sé heimilt að breyta vatnsfarvegi, m.a. þegar um orkunýtingaráform er að ræða. Mér finnst hæstv. ráðherra hafa skautað fram hjá því að svara þessu en þetta er einmitt eitt af þeim atriðum sem við nefnum sem erum hér með varnaðarorð uppi. Það sýnir okkur fram á það að virkjanahagsmunirnir og hagsmunir orkufyrirtækjanna eru þeir hagsmunir sem hæstv. iðnaðarráðherra ber fyrir brjósti. Við söknum þess að hæstv. umhverfisráðherra skuli ekki láta hér í ljósi sjónarmið sín og við söknum þá þeirra sem maður skyldi ætla að ættu að gæta umhverfisverndarhagsmuna í ríkisstjórninni við umræðu af þessu tagi, í máli sem snertir á svona gífurlega viðurhlutamikinn hátt báða þættina, verndunina og nýtinguna.

[17:06]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er þetta upphaf 13. gr. sem við varðveitum, með leyfi forseta:

„Vötn öll skulu renna sem að fornu hafa runnið."

Málið er að sérstakt leyfi þarf til þess að fara á svig við þennan málslið, 1. málsl. 13. gr.

[17:07]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við vitum það öll sem erum hér í þessum sal að auðvitað þarf leyfi til að veita rennsli vatnsfalla á þann hátt að vötn séu færð á milli vatnasviða. Ég vil í þessu sambandi minna á, af því að ég hef ekki tök á að koma í enn eina ræðu, að á 127. löggjafarþingi var flutt frumvarp af tveimur hv. þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Steingrími J. Sigfússyni og mér, sem varðaði breytingu á vatnalögum. Í því frumvarpi gerðum við ráð fyrir því að bannaður yrði flutningur vatnsfalls með meira meðaltalsársrennsli en fjóra rúmmetra á sekúndu úr fornum farvegi og yfir á annað vatnasvið nema þá að fengnu sérstöku samþykki Alþingis. Ég treysti því að hv. iðnaðarnefnd Alþingis líti á það frumvarp og greinargerðina með því þegar þessi mál verða tekin til umfjöllunar í nefndinni.

[17:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs undir þessum lið vegna þess að ég bar fram áðan tvær fyrirspurnir sem ég hef ekki fengið svar við. Annarri vísaði ég til hæstv. umhverfisráðherra sem var viðstödd umræðuna að beiðni okkar sem tökum þátt í henni. Ég get ekki séð annað en að hæstv. ráðherra sé farin. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort svo sé.

Hinni fyrirspurninni, sem varðaði 83. gr. núgildandi laga, vísaði reyndar hæstv. iðnaðarráðherra yfir til umhverfisráðherra. Ég á eftir að fá svör við þessum tveimur spurningum og spyr því hæstv. forseta hvort hæstv. umhverfisráðherra sé farin héðan úr húsi án þess að svara þessum spurningum.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti getur upplýst það að hæstv. umhverfisráðherra hefur verið í húsinu undir þessari umræðu og er enn þá í húsinu.)

[17:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu að ráði en ég get ekki annað en komið hingað til að fagna þeirri stórkostlegu framför sem mér fannst felast í játningu hæstv. iðnaðarráðherra hér, þ.e. að hún væri sér vel meðvituð um að nýting og verndun færu ekki alltaf saman. Hins vegar gæti þetta bærst innan með sömu persónunni hvort tveggja, sagði hæstv. ráðherra. Mikil ósköp, það skiljum við vel. Það var einu sinni kveðið að „væru á ferli úlfur og refur í

einum og sama manninum". Sjálfsagt má finna um það dæmin að í einum og sama manninum takist á virkjunarsinninn og umhverfisverndarsinninn. Hvað snýst þetta þá um, frú forseti? Jú, þetta snýst um gildismat, um lífsviðhorf, um það hvar við setjum mörkin, hvað okkur finnst þolanlegt og hvað ekki.

Það er ástæða til að ræða þetta við hæstv. ráðherra. Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur ekki alltaf verið ýkja málefnaleg, t.d. þegar hún hefur vikið orðum að okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og sett dæmið þannig upp að með því að við skrifuðum ekki gagnrýnislaust upp á og kyngdum öllum virkjunaráformum ríkisstjórnarinnar værum við bara alfarið á móti því að virkja. Svona hefur málflutningurinn stundum verið. Hvaða falleinkunn við gefum slíku getum við látið liggja á milli hluta hér.

Þessi draugur skaut aðeins upp kollinum þegar hæstv. ráðherra svaraði hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur áðan og sagði: „Ef við stæðum ekkert í því að virkja hér á Íslandi værum við einfaldlega rafmagnslaus." Þetta sagði hæstv. ráðherra. (**Iðnrh.:** ... spurning.) Já, það er bara svona. Ef ekki er framleitt neitt rafmagn er ekkert rafmagn. Þetta er líklega rétt, já, og verð ég að hrósa glöggskyggninni mjög.

Málið er auðvitað það að það að virkja fyrir almennar þarfir okkar Íslendinga er ekki og hefur aldrei verið neitt vandamál í umhverfislegu tilliti. Aldrei. Við erum svo gríðarlega vel sett í þeim efnum að það getum við leikandi létt gert og höfum allan tímann getað gert án þess að um það hafi eiginlega nokkurn tímann þurft að standa nein umtalsverð átök. Það eru sem betur fer, og hafa verið, í boði svo margir góðir virkjanakostir, bæði í fallvötnum og jarðhita, sem ekki kalla á neinar umhverfisfórnir. Vandamálin hafa skapast af því að menn hafa verið helteknir af stóriðjuástríðu frá því upp úr miðbiki síðustu aldar og menn hafa talið svo miklu til fórnandi eða kostandi að jafnvel sumar af helstu náttúrugersemum landsins hafa ekki verið látnar í friði. Menn hafa ætlað að virkja, og virkja stórt og í miklu magni í einu til að selja í erlendar stóriðjur. Þar rísa deilurnar. Þá ráðast menn í hluti sem hafa stórkostleg og alvarleg umhverfisáhrif í för með sér.

Við getum bara tekið dæmin núna síðustu árin. Ef þetta snerist eingöngu um að uppfylla þarfir almennra notenda á Íslandi, bæði til einkanota og almenns iðnaðar, mundu menn leika sér að því að bæta við því afli, jafnóðum nokkurn veginn, með því að skjóta inn viðbótartúrbínum til raforkuframleiðslu samhliða nýtingu jarðhitans. Hitaveita Suðurnesja, Orkuveita Reykjavíkur, Orkuveita Húsavíkur og aðrir slíkir aðilar mundu leika sér að því að sjá fyrir þörfum almenns notendamarkaðar á Íslandi með því að skjóta inn kannski á nokkurra ára fresti viðbótartúrbínum. Þá félli sú raforkuframleiðsla til sem aukaafurð af nýtingu jarðvarmans sem gerir um leið þá framleiðslu ákaflega hagkvæma. Hún er þá líka umhverfisvæn því að búið er að beisla svæðin hvort sem er. Það væri hægt að auka framleiðsluna í Kröflu og það er hægt að fara í ýmsar góðar beinar rennslisvirkjanir í lindám sem hafa tiltölulega jafnt ársrennsli. Virkjana- og orkubúskaparstefna af þessu tagi væru auðvitað í góðri sátt við náttúruna og almenn viðhorf í þeim efnum.

Það er sú stefna sem við höfum verið að tala fyrir. Ég treysti því að þjóðin viti það og jafnvel fer hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra að átta sig á því líka að það er ekki þannig að einhver hluti stjórnmálamanna í landinu sé alfarið á móti rafmagni og vilji bara slökkva ljósin, eins og stundum mætti halda af málflutningi hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Nei, maður á ekki að þurfa að vera að standa í orðræðu um slíka fásinnu. Það er gott að hæstv. ráðherra viðurkennir að þetta fer ekki alltaf saman. Hæstv. umhverfisráðherra þarf líka að muna eftir þessu þegar hún er að afgreiða málin með þessum einfalda hætti, að hún tilheyri þeirri tegund stjórnmálamanna sem vilja bæði vernda og nýta.

Hæstv. ráðherra svaraði því miður ekki spurningu minni eða kom ekki inn á það sem ég vakti athygli á og varðar misræmið í 15. gr. og hvaða brautir er verið að fara þar inn á varðandi bætur til eiganda þeirrar fasteignar, hvar vatn er tekið vegna annarra þarfa eða þarfa annarra aðila og svo aftur orðalagsins í umsögn um greinina. Þar sem það vill svo vel til að ég á kost á því að fylgja þessum málum eftir í iðnaðarnefnd get ég vel látið mér það duga ef aðrir áheyrendur hafa ekki áhuga á því eða krefjast þess ekki að fá þessu svarað. Þarna er náttúrlega á ferðinni mjög stórt atriði satt best að segja og eitt af því sem hefur orðið mjög til umræðu undir lokin.

Ég endurtek, virðulegur forseti, að fyrir mér er langstærsta einstaka atriðið sem hér hefur komið upp spurningin um almannaréttinn, um rétt almennings til vatns og að það verði betur frá því gengið en er í frumvarpsdrögunum. Hæstv. ráðherra kemur og uppfræðir okkur þingmenn um að eign manna sé varin í stjórnarskránni og verði ekki af þeim tekin án bóta. Mikið er þetta rétt og könnumst við við það.

Spurningin er: Hvernig er eignin skilgreind? Þá erum við komin að því. Hvar drögum við mörkin á milli einkaeignarinnar og almannahagsmuna og almannaréttinda sem upphefja hann í einhverjum mæli? Auðvitað er það pólitík hvernig menn ganga frá þeim hlutum.

Ég held að menn hafi leiðst sífellt lengra í þeirri viðleitni sinni að færa inn undir einkaeignarréttinn sem í grunninn var fyrst og fremst hinar persónulegu eignir manna þeim sjálfum til viðurværis, húsaskjóls og náttúrlega land eftir því sem þeir nýttu það og þurftu á því að halda. Því miður hefur sú stefna ráðið mikið ríkjum að ganga á almannaréttinn og styrkja einkaeignarréttinn. Það var t.d. að mínu mati alveg fáheyrður atburður þegar ákveðið var að færa undir einkaeignarrétt eign á háhita, þess vegna alveg inn að miðju jarðar. Það gerðist á Alþingi Íslendinga að menn settu lög um þau mál og þau verða ekki skilin öðruvísi en þannig að einkaeign á landi fylgi fleygur inn að miðbiki jarðar. Það eru engin takmörk fyrir því hversu langt niður í jörðina menn eiga í staðinn fyrir að ganga t.d. þannig frá þessu að einkaeign á landi fylgdi lághiti í yfirborð og kannski nýting hans, sem hefðu verið ákveðin rök fyrir. En það er fráleitt að orka sem kannski þarf að bora eftir mörg þúsund metra niður í jörðina tilheyri einkaeign á yfirborði jarðarinnar í þessum skilningi, fleygur inn að miðju jarðar sem er, ef ég man rétt, eitthvað um 6.300 km, ég er nú farinn að ryðga aðeins í því að vísu.

Þar var farið offari og mér finnst að við þurfum að vanda okkur og passa okkur á því að lenda ekki í svipaðri gryfju hér að veikja enn almannaréttinn, t.d. gagnvart þessu með vatn, neysluvatn, vatn til drykkjar og heimilisnota og þess vegna almenns búskapar.

Ég er sammála hv. þingmanni sem kom inn á þá hluti að skoða þarf mjög vandlega takmörkunina á því hvað felst í skilgreiningu á orðinu „búsþarfir" sem virðist eiga að taka allt undan nema drykkjarvatn fyrir búpening, ef maður reynir að lesa út úr þessu. Það er auðvitað stórskrýtið. Þá er t.d. bóndi sem stundar garðyrkju verr settur að þessu leyti en bóndi sem er með hænur eða hvað það nú er. Ég sé engin rök fyrir því, ekki nokkur.

Það er því að mörgu að hyggja í þessu máli, frú forseti, og menn eiga að gefa sér góðan tíma til að skoða það vandlega.

[17:19]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill upplýsa að óskað var eftir viðveru og svörum frá hæstv. umhverfisráðherra. Forseti gaf þær upplýsingar að hæstv. ráðherra væri í húsinu. Þar gætti misskilnings þar sem hæstv. umhverfisráðherra fór úr þingsölum fyrir nokkru og getur ekki komið nú, en skilaboðunum var komið á framfæri.

[17:20]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Í fyrri hluta umræðu þessa máls var sérstaklega beðið um að hæstv. umhverfisráðherra væri viðstödd. Það var hún við upphaf umræðunnar og til hennar var beint ákveðnum spurningum sem við þingmenn í salnum gengum út frá að yrði svarað og hefðum að sjálfsögðu getað fallist á að víkja frá röð á mælendaskrá ef hæstv. umhverfisráðherra hefði þurft það til að svara þeim spurningum sem fram voru komnar. Ég verð að lýsa furðu minni á því að þetta skuli hafa gengið svona til. Ég held að hér hljóti að hafa orðið einhver mistök við fundarstjórnina eða við meininguna hjá hæstv. umhverfisráðherra sem ég þekki þó að góðu einu í þingstörfum og skil eiginlega ekki af hverju er ekki hér enn eða af hverju hún svaraði a.m.k. ekki þeim spurningum sem beint var til hennar.

Það eru mjög mikilvægar spurningar í málinu sem varða umhverfisráðherrann og afstöðu hennar til málsins og þátttöku hennar í þeim og mér þykir mjög miður að 1. umr. ljúki án þess að hæstv. umhverfisráðherra hafi svarað um þetta efni og treysti því að hún eða menn hennar svari þeim spurningum sem til hennar er beint, annars vegar við meðferð málsins í iðnaðarnefnd og umhverfisnefnd, sem ég held að hljóti að fá málið til umfjöllunar, og hins vegar við 2. umr. Við skulum vona að hæstv. umhverfisráðherra verði við 2. umr. vegna þess að þetta er mál sem henni er beinlínis skylt að taka þátt í.

[17:22]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill upplýsa að hæstv. umhverfisráðherra var hér og hlýddi á umræðurnar frá því klukkan þrjú þar til rúmlega fimm en þá þurfti hæstv. ráðherra að fara og sinna störfum á öðrum vettvangi.

[17:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er kannski óþarfi að vera að koma upp, ég veit ekki um ferðir hæstv. umhverfisráðherra en vil bara leggja áherslu á að auðvitað verður reynt að svara öllum þeim spurningum sem fram hafa komið og ekki hafa komið tilheyrandi svör við í nefndinni.

Mig langar líka að halda því til haga, ef ég má aðeins lesa um 1. umr. samkvæmt þingsköpum, með leyfi forseta:

„Við fyrstu umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort það eigi að ganga til annarrar umræðu og nefndar.

Önnur umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrstu umræðu eða útbýtingu nefndarálits og skal þá ræða greinar frumvarpsins og breytingartillögur við þær ..."

Við erum því kannski að ganga of langt miðað við þingsköpin að ræða einstakar greinar við 1. umr. Það er greinilega hugsunin með þingskapalögunum að það skuli fyrst og fremst ræða einstakar greinar í nefnd og síðan við 2. umr.

[17:23]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Það er þarft verk hjá hæstv. iðnaðarráðherra að lesa upp úr þingsköpunum. Mér er það vel kunnugt af því að ég er ungur þingmaður og nýr og hef því þurft að leita mér aðstoðar í þingsköpunum við vinnulag í þeim málum sem hér fara fram. Það er rétt að við 1. umr. segja þingsköpin að ræða skuli mál almennt vegna þess að þingmenn hafa ekki haft færi á að kynna sér bakgrunn og álit á einstökum greinum sem upp koma.

Hvað er hið almennasta við frumvarpið sem hér liggur fyrir? Það er hvar málinu skuli skipa í stjórnkerfinu. Það eru þær breytingar sem hafa orðið frá 1923, frá því gamla bændasamfélagi sem stóð þar fyrir aftan og fram til okkar tíma. Það er stofnun umhverfisráðuneytisins og allt önnur stjórnsýsla í framhaldi af því.

Þess vegna, einmitt til þess að ræða frumvarpið á almennum nótum, hefði hæstv. umhverfisráðherra þurft að vera ekki bara viðstödd heldur líka þurft að geta svarað þeim spurningum sem upp komu og vörðuðu fæstar einstakar greinar heldur frumvarpið almennt og síðan spurningar t.d. hjá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur sem vörðuðu einstaka greinar eða kafla laganna sem byrjar á 83. gr. sem skipta mjög miklu máli fyrir frumvarpið almennt. Því er ósvarað af hálfu hæstv. umhverfisráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra þar sem í 83. gr. er tiltekið bann við að menga vötn með ýmsum hætti, sem hefur nú verið tekið út. Við höfum ekki fengið svör við því enn þá af hverju það var tekið út og hvar samsvarandi kafla er að finna í öðrum lögum sem er sjálfsagt að hæstv. umhverfisráðherra og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra geri grein fyrir.

Einmitt í framhaldi af ákvæðum þingskapa um að ræða skuli almennt þarf að reiða fram hæstv. umhverfisráðherra og svör hennar við þeim spurningum sem upp komu, því vegna þess að þau komu ekki fram hér munu þau koma fram síðar. Þetta háttalag, hæstv. forseti, verður einmitt til þess að tefja störf þingsins og erfiða þau á allan hátt gegn anda þeirra þingskapa sem hæstv. iðnaðarráðherra og við-

skiptaráðherra í einni og sömu persónunni las upp áðan öllum til heilla og gagns.

[17:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég geri kannski ekki beinar athugasemdir við fundarstjórn forseta, en vil koma því að í umræðunni að ég harma það að hæstv. umhverfisráðherra skuli ekki hafa treyst sér til að svara þeim tveimur spurningum sem vísað var til hennar. Ég mun auðvitað kalla eftir svörum í iðnaðarnefnd þar sem ég á sæti. Við höfum rætt frumvarpið í heild sinni, sem þýðir greinarnar allar því þær eru auðvitað undir þegar við ræðum frumvarpið í heild sinni, og ekki virtist mér vanþörf á því að ræða frumvarpið í heild og ýmsar greinar.

Fyrst við erum að ræða um efnismeðferð málsins legg ég til að það fari einnig til umhverfisnefndar til umsagnar, ekki aðeins til iðnaðarnefndar, þannig að umhverfisnefnd geti skoðað það og rætt það hjá sér og að það komi umsögn frá umhverfisnefnd til iðnaðarnefndar um málið.

Ég mun því ekki halda þessu til streitu eða óska eftir því að umræðunni verði frestað en vonast til þess að fá svör í nefndinni við þeim spurningum sem ég lagði fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:27]

Útbýting:

Brottvísun útlendinga úr landi, 483. mál, fsp. KJúl, þskj. 738.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, 173. mál, svar félmrh., þskj. 737.

Gjaldfrjáls leikskóli, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

[17:28]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd sem fái það verkefni að undirbúa og annast viðræður við sveitarfélögin um sameiginlegt átak þeirra og ríkisins um að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa í áföngum. Nefndin verði skipuð fulltrúum allra þingflokka og fulltrúa frá fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti og Félagi leikskólakennara auk formanns sem félagsmálaráðherra skipi án tilnefningar."

Hér er um endurflutta tillögu að ræða sem einnig var lögð fram á síðasta þingi en varð þá ekki útrædd. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum gert þetta mál að sérstöku baráttumáli okkar. Við gerðum þetta að kosningastefnumáli við alþingiskosningar 2003. Þetta er veigamikill hluti af velferðar-, uppeldis- og menntamálastefnu okkar. Félagsmálanefnd hafði málið til skoðunar á síðasta þingi í framhaldi af 1. umr. og sendi málið út til umsagnar og þær sem nefndinni bárust voru yfirleitt jákvæðar. Tekið var vel í meginefni tillögunnar en eðlilega lögðu umsagnaraðilar og ekki síst sveitarfélögin áherslu á að þau þyrftu að fá fullnægjandi tekjustofna ef takast ætti að ráðast í verkefnið.

Það hefur að sjálfsögðu verið ætlun okkar flutningsmanna allan tímann, samanber þá greinargerð sem fylgdi tillögunni upphaflega. Það er ástæða til að leggja áherslu á þann þátt og undirstrika hann í ljósi bágrar afkomu sveitarfélaganna og síst batnandi um þessar mundir.

Það er ánægjulegt til þess að vita að hreyfing er að komast á þessi mál a.m.k. hjá tveimur sveitarfélögum sem mér er kunnugt um. Búið er að stíga fyrstu skrefin í þá átt hjá Reykjavíkurborg þar sem ákveðið skref í áttina að gjaldfrjálsum leikskóla var tekið frá og með 1. september sl. Síðan þá hafa öll fimm ára börn átt kost á þremur tímum á dag endurgjaldslaust og þetta geta menn séð ef þeir líta í fylgiskjal með tillögunni þar sem gjaldskrá Leikskóla Reykjavíkur er birt og kemur skýrt fram að verð fyrir fyrstu stundirnar hjá fimm ára börnum er mun lægra en annar hluti gæslunnar.

Ég veit einnig til þess að sveitarfélagið Fjarðabyggð var með tillögur í þessa veru í fjárhagsáætlun sinni. Ég náði því miður ekki að fylgjast með framvindu málsins eða kanna það í dag fyrr en eftir að búið var að loka bæjarstjórnarskrifstofum þar eystra, hvort þetta hafi ekki orðið að veruleika, sem ég treysti að sé, og þá eru a.m.k. tvö sveitarfélög beinlínis lögð af stað inn á þessa braut. Þau eru væntanlega fleiri án þess að mér sé kunnugt um og auðvitað veit ég að þessi mál hafa verið rædd víðar og um þau hugsað og um þau skrifað, einhverjir sveitarstjórnarmenn í Kópavogi munu hafa haft hugmyndir uppi í þessa veru fyrir nokkru.

Einnig má minna á að í Svíþjóð varð þetta að stóru og miklu kosningamáli við síðustu alþingiskosningar og vinstri flokkarnir þar, sem héldu völdum í landinu, lögðu m.a. áherslu á þetta sem velferðar- og fjölskyldumál og lögðu til grundvallar þeim áherslum sínum að bjóða ekki upp á skattalækkanir í aðdraganda kosninga þar í landi, öfugt við það sem við máttum búa við, heldur þvert á móti hið gagnstæða að byggja málflutning sinn á því, þ.e. sósíaldemókratar og vinstri flokkurinn og væntanlega græningjar einnig, að áform þeirra stæðu til þess að efla velferðarkerfið og halda til þess óbreyttu skattstigi, halda inni þeim tekjum sem ríki og sveitarfélög um þessar mundir, nota þá ávinninginn til þess að efla velferðarsamfélagið, t.d. með því að hefja þróun í átt að gjaldfrjálsum leikskóla. Nú eru fyrstu skrefin komin til framkvæmda í þessum efnum og þar er um að ræða í raun og veru samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga svipað og hér er lagt til.

Það er nokkuð um liðið síðan leikskólinn var viðurkenndur sem fyrsta skólastigið og þegar af þeirri ástæðu er auðvitað eðlilegt að menn taki þessa hluti til skoðunar. Það er órökrétt og ekki nein sérstök rök fyrir því að menn skuli borga dýr gjöld fyrir dvöl barna sinna á leikskóla sem síðan falli niður þegar komið er upp á næsta skólastig, þ.e. upp í grunnskólann, þegar búið er að skilgreina leikskólann að

lögum sem skóla, setja honum námskrá og gera kröfur til hans beinlínis um fræðsluhlutverk eins og gert er. Það er mat Félags leikskólakennara að um sex tíma þurfi á dag ef vel eigi að vera, sex tíma leikskólagöngu án endurgjalds, ef hægt eigi að vera á þeim tíma að fullnægja svo sómi sé að því hlutverki sem leikskólunum er falið með aðalnámskrá, sinna öllum þeim námssviðum sem þar eru tekin fyrir, þ.e. hreyfingu, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúru, umhverfi, menningu, samfélagið o.s.frv.

Það er ljóst að niðurfelling leikskólagjalda yrði gríðarleg kjarabót fyrir fjölskyldur með ung börn og sú kjarabót skilar sér beint til fjölskyldna sem flestir eru sammála um að séu í mikilli þörf fyrir betri aðbúnað og afkomu. Tekið yrði skref í áttina til fjölskylduvæns samfélags og yngstu foreldrarnir, þeir hinir sömu og eru að koma sér fyrir í lífinu, leysa t.d. húsnæðismál sín, fengju þarna verulega kjarabót.

Mánaðarleg leikskólagjöld eru nú víðast hvar um og yfir 30 þús. kr. fyrir fyrsta barn fyrir níu tíma á dag. Þannig borga fjölskyldur með tvö börn á leikskóla gjarnan um 50 þús. kr. á mánuði miðað við að systkinaafsláttur sé 30–35% með öðru barni, og dæmi eru um að fjölskyldur með þrjú börn séu að borga allt að 60 þús. kr. á mánuði, ein og sama fjölskyldan, fyrir þrjú börn í leikskóla og er þá gengið út frá því að systkinaafsláttur með þriðja barni sé 75%. Það er augljóst mál að slík fjölskylda þarf miklar viðbótartekjur á mánuði hverjum eða um 100 þús. kr. fyrir skatta til þess að standa straum af slíkum útgjöldum.

Það er að sjálfsögðu óumdeilanlegt að hér væri á ferðinni mikið jafnaðar- og jafnréttismál. Þetta mundi jafna mjög aðstöðu fjölskyldnanna í landinu að tryggja öllum börnum leikskóladvöl án tillits til efnahags. Það er sérstök ástæða til að huga að stöðu nýrra Íslendinga. Kannanir liggja fyrir sem sýna að þar er tilhneigingin ríkari en annars staðar til að spara sér þessi útgjöld eða af einhverjum ástæðum senda slíkar fjölskyldur ekki börn sín í leikskóla og það eru þó þau sem kannski hefðu meiri þörf fyrir það en öll önnur að kynnast jafnöldrum sínum og aðlagast umhverfi sínu.

Það er auðvitað ljóst að til þess að þetta takist þarf að nást gott samstarf ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélögin þurfa að sjálfsögðu fjármuni til að standa straum af þessu verkefni, ekki bara rekstrarkostnaði heldur líka þeim stofnkostnaði sem óhjákvæmilegt er að ráðist yrði í til þess að haldist gætu í hendur réttur foreldranna til leikskóladvalar án endurgjalds fyrir börnin og skyldur sveitarfélaganna þá til að uppfylla þörfina eða sjá fyrir henni. Þessu eiga menn að mínu mati ekki endilega að blanda saman við spurninguna um skólaskyldu eða ekki skólaskyldu í þessu samhengi. Það í sjálfu sér getur meðhöndlast sem sjálfstætt mál þó að auðvitað hnígi mörg rök til þess að afgreiða það í einu og sama laginu. Við leggjum málið þannig upp að þetta yrði gert í áföngum svipað og þróunin hefur orðið hjá þeim sveitarfélögum sem eru lögð af stað, t.d. með því að gera síðasta árið eða fastan tímafjölda á degi hverjum á síðasta árinu hjá fimm ára börnum gjaldfrían fyrst o.s.frv.

Hitt er alveg ljóst að möguleikum sveitarfélaganna til að gera stóra hluti í þessum efnum eru afar þröngar skorður settar, aðstaða þeirra er misjöfn þannig að eigi að takast að gera þetta almennt verður að takast það samstarf ríkis og sveitarfélaga sem við erum hér að leggja til.

Þá er komið að tekjunum. Ljóst er að kostnaður sveitarfélaganna vegna dagvistunar er umtalsverður. Hann losaði 11 milljarða kr. árið 2002 og á móti eða upp í þann kostnað eru tekjur sem nema um 2,8 milljörðum, rétt um 25%. Þess ber að geta að á þessu ári eru komnar til framkvæmda breyttar reikningsskilaaðferðir hjá sveitarfélögum þar sem húsnæðiskostnaður er reiknaður inn sem hluti af útgjöldum í þessum málaflokki og það hækkar nokkuð tölurnar og veldur því að tekjurnar sem hlutfall af heildarútgjöldum falla úr u.þ.b. 30%, eins og þær voru mjög víða áður, í nær 25%. Ekki þarf að deila um það að sveitarfélögin eru ekki aflögufær miðað við afkomu sína núna og alveg ljóst að ríkið þarf að koma til sögunnar með því að opna sveitarfélögunum frekari tekjumöguleika en nú er og/eða með því að létta af sveitarfélögunum gjöldum. Við leggjum til að það verði skoðað að ríkið yfirtaki að öllu leyti greiðslu húsaleigubóta. Þar með yrði hægt að samræma vaxtabætur og húsaleigubætur í einum málaflokki innan skattkerfisins sem hefur einmitt verið stefna okkar.

Ég minni á tillögur okkar í skattaumræðunni frá því fyrir áramót þar sem við lögðum til að sú prósenta í tekjuskatti sem þá var lækkuð færðist yfir í útsvarsheimildir sveitarfélaga. Þá með einni slíkri aðgerð væri meira en séð fyrir þeirri þörf sem sveitarfélögin hafa til að mæta útgjöldum af þessu tagi.

Það er að mínu mati enginn vafi að færa má margvísleg frekari rök en þau sem eru félagslegs, menningarlegs og menntunarlegs eðlis og snúa að jöfnuði og jafnrétti í landinu fyrir þessari tillögu. Ég tel auðvelt að færa fyrir því rök að þjóðhagslega væri um brýnt hagsmunamál að ræða. Það er vel þekkt að góð stoðþjónusta, undirstöðuþjónusta af þessu tagi er mikils metin þegar kemur að því að skoða umhverfi t.d. fyrir atvinnurekstur. Forsvarsmenn slíkra fyrirtækja eða þeirra sem sérhæfa sig í að veita ráðgjöf varðandi val á staðsetningu fyrir atvinnulíf horfa mjög gjarnan einmitt til þess hvernig stoðþjónustan er og ekki síst við ungt fjölskyldufólk sem er það vinnuafl sem menn eru gjarnan á höttunum eftir þegar þeir eru að setja af stað nýja atvinnustarfsemi. Þjóðhagslega er það því víðast hvar viðurkennt að í því felist mikið hagræði að hafa öfluga leikskóla og auðvitað skóla og aðra þjónustu, það geti leitt til aukinnar framleiðni og betri og meiri samkeppnishæfni í atvinnulífinu. Það væri fróðlegt fyrir menn að fylgjast með umræðum, ef þeir gera það ekki nú þegar, sem fram fara í Noregi einmitt um þessar mundir þar sem er tekist mjög á um mismunandi stefnur í leikskólamálum, þar sem annars vegar eru heimgreiðslur norskra hægri manna sem hafa hrint í framkvæmd þeim gamla draumi íhaldsins hér að borga fólki, og mæðrum þá fyrst og fremst, fyrir að vera heima með börnin sín, og síðan aftur þeir sem eru meira félagslega þenkjandi og vilja berjast fyrir því að allir eigi kost á leikskóladvöl og nota þá gjarnan sem rök það þjóðhagslega óhagræði sem í hinu kerfinu er fólgið, hvað sem menn vilja síðan segja um það félagslega og uppeldisfræðilega.

En að okkar mati er að sjálfsögðu ekki nokkur minnsti vafi á því í öllu falli að það væri gríðarlega stórt framfaramál að þessi kostur stæði öllum til boða og í leiðinni eru

menn þá að ná fram þeim félagslegu, menntunar- og uppeldislegu markmiðum sem þessu eru samfara og ég vék að áðan.

Virðulegi forseti. Ég vona að tillagan fái efnislega afgreiðslu á þessu þingi í ljósi þess að málið var sent út til umsagna á síðasta þingi, þær liggja fyrir, og það er flutt hér óbreytt. Hvað tillögugreinina snertir sé ég nú ekki annað en að Alþingi ætti að geta haft sig fram úr því á þessum vetri að afgreiða málið. Það á fullt erindi inn í þá endurskoðun samskipta ríkis og sveitarfélaga sem sumpart er uppi einmitt um þessar mundir og það væri að mínu mati ankannalegt ef framfaramál af þessu tagi kæmist ekki einu sinni á dagskrá í þeim viðræðum ríkisvalds og sveitarfélaga sem þó eiga að heita að standi yfir og tengjast tekjulegum samskiptum þeirra og breyttri verkaskipan o.s.frv.

En fyrst og síðast er þetta mál flutt af okkar hálfu, þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem framfaramál sem liður í að byggja upp, efla og bæta það samábyrga velferðarsamfélag og fjölskylduvæns samfélag sem við viljum sjá þróast á Íslandi.

[17:43]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að segja að ég lýsi yfir stuðningi við þetta mál í megindráttum og er á þeirri skoðun eins og 1. flutningsmaður að hér sé um að ræða framfaramál sem sé eitt af þeim stórverkefnum sem samfélagið eigi að ráðast í á næstu missirum. Ég held að það sé mikið sanngirnismál og þjóðhagslega hagkvæmt að forgangsröðun væri þannig háttað hjá okkur að við mundum ráðast í stórverkefni eins og þetta í stað þess t.d. að ráðast í tekjuskattslækkanir fyrir þá sem langhæst hafa launin í landinu og hafa enga sérstaka þörf á þeim skattbreytingum. Ég held að það væri miklu sanngjarnara og meira áríðandi fyrir okkur að setja peningana í að rétta hag sveitarfélaganna með þeim hætti og fara í samninga við þau þannig að í áföngum væri tekinn upp gjaldfrjáls leikskóli eins og þetta frumvarp kveður á um.

Málið snertir þann hóp sem hefur langminnst umleikis í samfélaginu. Fólk sem er að mennta sig, koma sér upp húsnæði, koma upp börnunum sínum og allt á sama tíma. Þetta er kjarabót og sanngirnismál sem í mínum huga er jafnstórbrotið í sjálfu sér og fæðingarorlofsmálið á sínum tíma. Ég held að þetta væri álíka réttlætismál fyrir fjölskyldurnar, unga fólkið og barnafólkið í landinu. Það mætti líkja því við það mikla réttlætismál sem fæðingarorlofið var og þær miklu framfarir sem það hafði í för með sér.

Fólk með tvo til þrjú börn á leikskólaaldri er í þeirri stöðu að í mjög mörgum tilfellum borgar sig ekki peningalega að báðir foreldrar séu á vinnumarkaði. Annað finnur sig því knúið til að vera heima hjá börnunum í stað þess að setja þau á leikskóla. Í því getur að mínu mati falist tvenns konar ranglæti. Annars vegar eiga öll börn rétt á leikskólagöngu, óháð efnahag foreldranna. Hins vegar eiga foreldrarnir, hvort sem um er að ræða karlinn eða konuna — konan lendir oftar í því að vera heimavinnandi en karlinn — rétt á að geta haldið starfsferli sínum áfram og þurfa ekki að standa frammi fyrir því að þurfa að segja upp starfi sínu eða gera hlé á starfsferli sínum þegar hann er á hvað viðkvæmustu stigi. Þetta er gjarnan fólk sem er að hefja störf í samfélaginu, nýbúið að fá vinnu sem það hefur áhuga á að sinna og hefur áhuga á að ná árangri, sem það vill helga fyrstu ár starfsferils síns. Það getur neyðst til að fara af vinnumarkaði af því að það hefur ekki efni á því að vista börn sín á leikskóla.

Í þessu felst að mínu mati ranglæti sem er ekki hægt að sætta sig við. Það á að verða eitt af stóru markmiðunum á næstu árum að ráðast í það í áföngum að leikskólinn verði gjaldfrjáls. Það er enginn vafi á því að ef stjórnvöld bera gæfu til að rétta hlut sveitarfélaganna og snúa frá því ranglæti sem ríkir í tekjuskiptingunni þar og hefur að mörgu leyti komið í uppnám því sjálfsagða ferli sem ætti að eiga sér stað og líta dagsins ljós í vor þegar mörg sveitarfélög sameinast, þegar sveitarfélögunum fækkar og þau stækka. En miðað við framgangsmáta stjórnvalda virðast þær tillögur sem fram komu hjá hæstv. félagsmálaráðherra á sínum tíma vera í uppnámi. Fátt bendir til að sú mikla sameining verði sem að var stefnt. Ég held að það sé mjög áríðandi að sveitarfélögunum fækki verulega og þau sameinist. Þau verði öflugri og til þess bær að takast á við stór verkefni, hvort sem er á sviði heilbrigðis- eða félagsmálaþjónustu eða menntamála.

Hér er um að ræða mál sem kemur bæði inn á félagsmál og menntamál. Öll börn ættu að hafa aðgang að leikskóla óháð efnahag foreldranna. Ég tel að í mörgum tilfellum sé það stór þáttur í menntun barnanna að þau fari á ákveðnum aldri í leikskóla. Ég held að þau hafi gott af því og það sé orðinn það ríkur þáttur í heildarmenntuninni, frá leikskóla og upp í háskóla, að öll börn séu á leikskóla einhvern tíma ævi sinnar, einhverjar klukkustundir á dag, eins og ágætlega er rakið í tillögunni, að hér sé um að ræða bæði félagslegt og menntunarlegt framfaramál sem verði ekki litið fram hjá.

Ég held að enginn efist um þjóðhagslegt hagræði af því að foreldrar geti vistað börn sín á gjaldfrjálsum leikskóla. Ég er viss um að það sé hægt að reikna samfélaginu mikinn hag af því að þeir geti verið á vinnumarkaði sem kjósa að vera á vinnumarkaði og samfélagið og einstaklingar þurfi ekki að bíða skaða af því að fjöldi fólks þurfi að hætta að vinna af því að það hafi ekki efni á að veita börnum sínum þau réttindi að ganga í leikskóla.

Ég vona að þetta mál, hvort sem það verður með þingmálinu sem við ræðum um hér eða í öðru formi, nái fram að ganga á næstu árum. Ég er viss um að þegar þessi ríkisstjórn fer loksins frá og jafnaðarmenn og vinstri menn komast til valda þá verði eitt af stóru verkefnunum að gera leikskólann gjaldfrjálsan í áföngum, um leið og menn rétta hag sveitarfélaganna og koma á einhverri sanngirni í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Hér er um að ræða upphæðir sem skipta hundruðum þúsunda á ári og er jafnvel á aðra milljón í tekjum á ári sem fólk þarf að afla aukalega til að standa straum af kostnaðinum. Það eru mjög háar fjárhæðir í þessu samhengi. Þegar við lítum á skólastigið allt, leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla, þá hlýtur að stinga í stúf að öll skólastigin og háskólinn, ríkisháskólarnir á grunnstigi, séu svo til gjaldfrjálsir á meðan fólk borgar hundruð þúsunda á ári fyrir vistun barna sinna á leikskólum. Það er að mínu

mati ranglátt og röng forgangsröðun. Það er engin leið að réttlæta það að öll hin skólastigin séu gjaldfrjáls þegar fólk þarf að borga tugi þúsunda eða hundruð þúsunda á ári fyrir leikskólagöngu barna sinna. Eins og samfélagið hefur þróast eru engin rök fyrir þessu lengur.

Samfélagsgerðin á að mínu mati að sjá til þess að öll börn, óháð efnahag, geti sótt leikskóla. Hitt er annað mál, hvernig reiðir af með skólaskylduna og hvar menn vilja draga mörkin þar, hvort það eigi að breyta henni eða færa neðar. Það er í sjálfu sér önnur umræða og ekki víst að það sé svo áríðandi. En í þessu felst, eins og ég segi, veruleg kjarabót fyrir barnafólk í landinu, réttlætismál sem kemur bæði við réttindi barna og réttindi foreldra, að þurfa ekki að hætta að vinna og gera hlé á starfsferli sínum.

Ég styð því þetta mál. Það verður gaman að fylgjast með umræðunni um það í samfélaginu. Þetta hefur áður komið upp í sveitarstjórnarkosningum og alþingiskosningum, hjá bæði vinstri mönnum og jafnaðarmönnum. Það er vonandi að málið nái fram að ganga á næstu missirum og verði eitt af þeim verkefnum sem við ráðumst í frekar en að fara í ranglátar skattalækkanir fyrir efnafólk í landinu sem eiga engan rétt á sér.

[17:51]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við í Frjálslynda flokknum tökum mjög jákvætt í þessa tillögu. Við gerum það m.a. á grundvelli þess sem fram kom í skýrslu ASÍ, „Velferð fyrir alla", í síðustu kosningabaráttu. Þar var bent á að hluti barnafjölskyldna byggi við kröpp kjör og einmitt þessi aðgerð getur orðið til að rétta hluta barnafjölskyldna. Ég tel því að það eigi að skoða tillöguna með mjög opnum huga.

Ég býst jafnframt við að því að meiri hluti sé fyrir tillögunni á Alþingi. Ég merki það m.a. á því að hæstv. forsætisráðherra flutti mjög efnismikla áramótaræðu þar sem mikið fór fyrir áhuga hans á fjölskyldumálum. Ég er í raun hissa á að sjá hann ekki í salnum, vegna áhuga hans á fjölskyldumálum, að hann sé ekki hér til að taka þátt í umræðunni. Menn hafa lýst yfir furðu yfir því að hinir og þessir væru ekki viðstaddir umræðuna en ég er furðu lostinn yfir því að sjá ekki hæstv. forsætisráðherra við þessa umræðu.

Fari maður yfir stefnuskrá Framsóknarflokksins þá er einmitt tekið undir þetta sjónarmið og í ályktun flokksþings Framsóknar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Í samvinnu við sveitarfélögin verði komið á skólaskyldu á síðasta ári leikskólans og jafnframt stefnt að afnámi leikskólagjalda um leið og skólaskyldu verði komið á."

Ég tel að þessi ágæta tillaga eigi mikinn hljómgrunn hér á hinu háa Alþingi. Það er einnig rétt að fara rækilega yfir þetta mál vegna þess að fréttir hafa borist af því að ójöfnuður hafi aukist í samfélaginu. Það kom m.a. fram í fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra. Hann staðfesti að ójöfnuður hefði aukist. Þess vegna er rétt að skoða hvernig sá ójöfnuður hefur bitnað á barnafjölskyldum landsins. Ýmislegt bendir til þess, eins og fram kom í skýrslu ASÍ, að barnafjölskyldur búi við kröpp kjör.

Ég tel að framsóknarmenn ættu að grípa þessa tillögu á lofti og veita henni brautargengi. Samt sem áður er maður ekki allt of bjartsýnn. Hér hafa komið fram ýmsar aðrar tillögur og stefnumál sem Framsóknarflokkurinn hefur gert lítið með. Nokkrum línum ofar í áðurnefndri ályktun kemur fram að almenn skólagjöld verði ekki tekin upp í grunnskólum, framhaldsskólum eða ríkisreknum háskólum. En framsóknarmenn gerðu ekkert með það skömmu fyrir jól.

Ég vona samt að þeir bæti ráð sitt, sérstaklega í ljósi ræðu hæstv. ráðherra frá því um áramótin og að hann komi í salinn, taki til máls og fagni þessu frumvarpi.

En það er einnig athyglisvert, varðandi ójöfnuðinn, að hæstv. fjármálaráðherra hefur staðfest að ríkisútgjöld hafi vaxið gífurlega í tíð ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Það er svolítið sérstætt að bæði hefur ójöfnuður vaxið og hlutur ríkisins vaxið. Það er náttúrlega með ólíkindum.

Ég ítreka að ég á ekki von á öðru en að þessi tillaga verði samþykkt. Það verður fróðlegt að heyra á eftir ræðu hv. þm. Jónínu Bjartmarz, hvort hún muni ekki einmitt flytja okkur boð um að Framsóknarflokkurinn muni styðja þetta mál.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill geta þess að hæstv. forsætisráðherra er með fjarvistarleyfi í dag.)

[17:56]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég kem upp til að lýsa yfir efnislegum stuðningi við þá tillögu sem hér liggur fyrir. Þegar ég segi „efnislegum stuðningi" þá á ég við að ég tel að sá vilji sem birtist í tillögunni, í þá veru að koma á gjaldfrjálsum leikskóla í áföngum, sé mjög jákvæður og ég tek undir það. Það er hins vegar spurning um sjálfa efnisgreinina, hvort hún eigi að vera nákvæmlega með þessum hætti, þ.e. að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd sem fái það verkefni að undirbúa og annast viðræður um málið við sveitarfélögin.

Það má eftir atvikum láta sér detta í hug að það hefði kannski verið nær að flytja bara tillögu þar sem óskað yrði eftir viðræðum við sveitarfélögin um þetta mál og sveitarfélögin og ríkið mundu sameiginlega, með faghópum, móta stefnu og komast að einhverri niðurstöðu um hvernig ætti að áfangaskipta þessu verkefni. En það er aukaatriði í þessu máli. Efnislega er þessi tillaga mjög svo góð og ég styð hana heils hugar.

Eins og fram kom í máli 1. flutningsmanns hafa sveitarfélög í landinu, Reykjavík og hugsanlega Fjarðabyggð, þegar stigið ákveðin skref í þessa veru. Það var tekinn upp gjaldfrjáls leikskóli þrjá tíma á dag fyrir fimm ára börn í Reykjavík á síðasta hausti, í samræmi við yfirlýsingar sem gefnar voru í síðustu kosningum. Væntanlega verður haldið áfram með einhverjum hætti á þeirri braut þó að auðvitað sé ekki hægt, einhliða af hálfu sveitarfélaganna, hvorki Reykjavíkurborgar né annarra, að fara út í svo viðamikla aðgerð og kostnaðarsama án þess að gera um það samkomulag og sátt milli ríkis og sveitarfélaga.

Ég lít svo á að þetta sé eðlilegt verkefni að fara út í núna og það taki í raun við af því geysilega stóra verkefni sem sveitarfélögin hafa borið hitann og þungann af, sem er uppbygging leikskóla í landinu á undanförnum tíu árum. Gríðarlegt átak hefur verið í uppbyggingu leikskólaþjónustu í

landinu og nú er svo komið að um 71% allra barna á aldrinum 0–5 ára eru í leikskólum á Íslandi. Þetta hlutfall var fyrir tíu árum um 40% og af þessu sést hvílíku grettistaki hefur verið lyft. Grettistakinu var ekki síst lyft hér í Reykjavík þegar tekin var um það pólitísk ákvörðun árið1994 að gera þetta að forgangsmáli. Það var bara þannig að Reykjavík haltraði á eftir flestum öðrum sveitarfélögum í þessu efni.

Núna er staðan á Íslandi þannig að hlutfall barna sem nýtur þjónustu leikskólanna er hærra en víðast hvar annars staðar á Norðurlöndum. Við sem vorum á eftir, höltruðum á eftir, erum yfirleitt komin fram úr öðrum Norðurlöndum hvað þessa þjónustu varðar. Þetta var átakið sem við þurftum að fara í og gera. Auðvitað kostar það foreldra talsvert mikið að vera með börn á leikskólum og nú tel ég komið að næsta skrefi, þ.e. að bjóða upp á þessa þjónustu gjaldfrjálst ákveðinn tíma dagsins og það þurfi að gerast í ákveðnum áföngum. Eins og hér hefur komið fram er þetta gríðarlega umfangsmikið verkefni og kostnaðarsamt og þarf að taka á því sameiginlega milli ríkis og sveitarfélaga.

Ég er þeirrar skoðunar að samfélagið hljóti að fjárfesta mun meira í börnum á komandi árum en gert hefur verið og að fjárfesta þurfi verulega í aðbúnaði og stuðningi við fjölskyldurnar í landinu. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að sú streita og sú mikla vinna sem fylgir ungu fólki sem er að koma sér upp húsnæði, ala upp börnin sín, borga af námslánunum sínum og hvað þetta allt saman er kemur niður á fjölskyldunum í landinu og hefur áhrif á fjölskyldurnar, hefur áhrif á hjónaskilnaði, hefur áhrif á félagslega stöðu þeirra og við þurfum auðvitað að taka á þessum málum. Þetta hefur líka þau áhrif að fólk á færri börn en það sjálft kysi ef það fengi meiru um þessa hluti ráðið.

Það er dálítið athyglisvert að ef við lítum aftur til ársins 1965 voru fjögur fædd börn á hverja konu á barneignaaldri hér á landi. Árið 1995 var þetta komið niður í 2,1 og árið 2001 var þetta komið niður í 1,9. Við sjáum að þróunin er mjög hröð, einfaldlega vegna þess að álagið sem fylgir því að eiga mörg börn og vera á vinnumarkaði er of mikið og fórnarkostnaðurinn er of mikill, ekki síst fyrir konur. Við skulum horfast í augu við það að konur greiða ákveðið gjald fyrir að eiga börn og vera á vinnumarkaði á sama tíma. Giftar konur, mæður eru að jafnaði með lægri laun en konur sem ekki eiga börn. Fjölskyldufólk með ung börn vinnur í heildina einum til tveimur klukkustundum lengur á hverjum degi en barnlausir jafnaldrar þeirra.

Þetta eru einfaldlega þær staðreyndir sem við okkur blasa og segja okkur að álagið á ungt barnafólk í okkar samfélagi er of mikið og við þurfum með einhverjum hætti að reyna að létta undir með því. Það er hægt að gera m.a. með því að draga úr þeim tilkostnaði sem fólk hefur af leikskólaþjónustu en það er líka hægt að gera með því að atvinnulífið taki meira mið af barnafólki. Það er því miður þannig í okkar samfélagi að gerð er krafa um að fjölskyldurnar lagi sig að atvinnulífinu en ekki að atvinnulífið lagi sig að fjölskyldunum. Það er kannski eitt af því sem mér fannst vanta upp á í þeim ágætu ræðum mörgum hverjum sem fluttar voru um áramótin af ráðamönnum þjóðarinnar sem beindu sjónum sínum að fjölskyldunni, og það er ágætt, að það var að skoða samhengi atvinnulífs og einkalífs og setja málið í það samhengi að atvinnulífið þurfi í auknum mæli að aðlaga sig þeim veruleika að fólk hefur fjölskylduábyrgð og þarf að sinna henni og það þarf að hafa bæði svigrúm til að taka þátt í atvinnulífinu og heimilislífi, umönnun og uppeldi barna.

Við þekkjum að það er yfirleitt kvartað mjög mikið vegna sumarleyfa á leikskólum, það er kvartað undan vetrarfríi í skólum og það er kvartað undan starfsleyfum kennara af hálfu atvinnulífsins. Ég held að þetta byggi á misskilningi, þetta byggi ekki á neinum illvilja eða neinu slíku heldur einfaldlega á því að menn átta sig ekki á mikilvægi þess fyrir atvinnulífið og til þess að atvinnulífið geti haft gott starfsfólk sem gefur sig heils hugar í vinnu sína þurfi það að laga sig að þessum veruleika. Ég held raunar að það sé bara tímaspursmál hvenær menn átta sig á því en þetta þarf að gerast og þetta þurfa ráðamenn þjóðarinnar líka að tala um þegar þeir víkja tali sínu að fjölskyldunum og ábyrgð þeirra sem þar eru.

Virðulegi forseti. Ég styð heils hugar þessa þingsályktunartillögu efnislega og vona að hún fái góðan framgang í þinginu.

[18:04]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú umræða sem á sér stað um gjaldfrjálsan leikskóla kemur mér dálítið einkennilega fyrir sjónir, einkum sá málflutningur sem viðhafður er af hálfu þingmanna stjórnarandstöðunnar, sérstaklega hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem lýsti yfir efnislegum stuðningi við það sem fram kemur í tillögunni, þ.e. um að gjöld fyrir leikskólapláss verði lögð af eða lækkuð verulega. Ég man ekki til þess að sá efnislegi stuðningur hafi birst þann 11. nóvember sl. þegar borgarráð Reykjavíkur tók ákvörðun um að hækka mjög verulega gjaldskrár á fjölskyldurnar í Reykjavík vegna leikskólaplássa fyrir börn. Þær hækkanir Reykjavíkurlistans, sem Samfylkingin, Vinstri grænir og Framsóknarflokkurinn eiga aðild að bitna mjög harkalega á t.d. ungum námsmönnum og nema allt að 42% á tiltekna þjóðfélagshópa í landinu.

Ungir jafnaðarmenn gagnrýndu þær hækkanir þann 10. nóvember og það sama gerðu stúdentar við Háskóla Íslands þann 9. nóvember. Ég verð að segja að mér finnst dálítið holur hljómur í stuðningi hv. þingmanns við þessa þingsályktunartillögu og langar að spyrja hv. þingmann að því hvað hafi breyst á tveimur mánuðum varðandi afstöðu hennar til málsins.

[18:07]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Gjaldskrá í Reykjavík á leikskólum hefur verið með þeim hætti að þar hafa verið fjórir gjaldskrárflokkar og verða núna þrír. Það var almenn gjaldskrá, það var gjaldskrá þar sem báðir foreldrar voru í námi, það var gjaldskrá þar sem annað foreldra var í námi og það var gjaldskrá fyrir einstæða foreldra og öryrkja. Sá gjaldskrárflokkur sem verið var að fella niður í gjaldskrá Reykjavíkurborgar og á að gerast í áföngum nær til þeirra hópa þar sem annað foreldrið er í námi. Gjaldskrá Reykjavíkurborgar, sérstaklega hvað varðar öryrkja og einstæða foreldra, er mun lægri en almennt tíðkast og gjaldskrá Reykjavíkur-

borgar í nóvember sl. tók ekki þeim breytingum til hækkunar sem gjaldskrár gerðu á ýmsum öðrum stöðum.

Hins vegar vil ég segja og það kom fram í ræðu minni áðan að ég tel að sveitarfélögin geti ekki tekið einhliða á sig að lækka verulega gjaldskrárnar eða fara út í gjaldfrjálsan leikskóla. Þetta þarf að vera sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga og það þarf að semja um það þeirra á milli með hvaða hætti það gerist þannig að börn búi við það hvar sem er á landinu, hvort sem þau búa í Reykjavík, Borgarbyggð, Akureyri, Seltjarnarnesi eða hvar sem er, að eitt verði látið yfir alla ganga. En þangað til verður þetta auðvitað með mismunandi hætti eftir sveitarfélögum og þá mun Reykjavíkurborg vera í fararbroddi hvað varðar lægstu gjaldskrá fyrir þá hópa sem verst eru settir. Vonandi munu menn svo halda áfram á þeirri braut að lækka gjaldskrárnar og bjóða hluta barna upp á gjaldfrjálsan leikskóla.

[18:09]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vekur samt sem áður athygli að það eru ekki liðnir nema tveir mánuðir síðan hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir stóð að því að hækka leikskólagjöld í Reykjavík um allt að 42%. Hækkun sem stúdentar við Háskóla Íslands mótmæltu og það sama gerði stjórn Ungra jafnaðarmanna. Í fréttatilkynningu sem stjórnin sendi frá sér þann 10. nóvember sl. var hv. þingmaður og aðrir hv. þingmenn Samfylkingarinnar og borgarfulltrúar minntir á samþykkt landsfundar Samfylkingarinnar sem kvað m.a. á um að lækka frekar gjöldin en hækka þau. Þrátt fyrir það stendur hv. þingmaður fyrir því hinum megin við götuna að hækka leikskólagjöld á ungt fólk í Reykjavík en kemur síðan inn á Alþingi og lýsir efnislegum stuðningi við tillögu sem mælir fyrir um breytingar í þveröfuga átt. Ég hlýt því að spyrja: Hvað breyttist í afstöðu hv. þingmanns til málsins? Hv. þingmaður svaraði ekki þeirri spurningu minni.

Ég verð að segja að málflutningur eins og sá sem hér er boðið upp á er með mjög miklum ólíkindum og það er holur hljómur í þeim stuðningi sem fram kemur hjá hv. þingmanni við þessa þingsályktunartillögu þegar því er lýst yfir að efnislega vanti ekkert upp á stuðninginn frá hv. þingmanni sem sjálf hefur staðið að því fyrir stuttu að hækka þessi tilteknu gjöld á ungt fólk í Reykjavík.

Ég vonast til þess að ummæli hv. þingmanns leiði til þess að hún berjist þá fyrir lækkun leikskólagjalda í Reykjavík í framtíðinni.

[18:11]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sú þingsályktunartillaga sem hér liggur fyrir og er til umfjöllunar er að fela hæstv. félagsmálaráðherra að skipa nefnd til að undirbúa viðræður við sveitarfélögin um sameiginlegt átak í þessu efni. Það er málið sem er til umfjöllunar. Það mál styð ég að sjálfsögðu vegna þess að ég tel að það sé næsta stóra átakið sem við eigum að fara út í í þessum efnum. Það væri nær að sá þingmaður sem hér stendur kæmi upp og lýsti efnislegri afstöðu sinni til málsins. Er hann þeirrar skoðunar að við eigum að fara í þessa vegferð eða er hann ekki þeirrar skoðunar?

Það kemur auðvitað ekkert málinu við með hvaða hætti Reykjavíkurborg breytti gjaldskrá sinni sem var í þá átt að búa til eina gjaldskrá fyrir námsmenn þar sem báðir eru í námi en fella niður þar sem annar var í námi. Það er bara eins og tíðkast í öðrum sveitarfélögum og það var sú breyting sem gerð var og þingmaðurinn kallar 42% hækkun. (Gripið fram í.) Ákveðið var að sú hækkun kæmi í áföngum og það kom engin 42% hækkun á þessa námsmenn núna við þessa fjárhagsáætlun. Það er einfaldlega rangt hjá þingmanninum og hann ætti að kynna sér það betur. (Gripið fram í.)

Málið er auðvitað að fá afstöðu þessa hv. þingmanns til þessa máls. Telur hann rétt að fara í þá átt að sveitarfélögin og ríkið taki upp viðræður um gjaldfrjálsan leikskóla eða er hann ekki þeirrar skoðunar? Ætlar hann bara að standa hér og baða sig í einhverjum deilum sem áttu sér stað í borgarstjórn Reykjavíkur? Svari nú hinn ágæti þingmaður.

[18:13]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér í upphafi máls míns að spinna þennan þráð örlítið lengra því að sannarlega saknar maður afstöðu Sjálfstæðisflokksins við umræðuna. Ég treysti því að hv. þingmaður Sigurður Kári Kristjánsson eigi eftir að koma í almennilega ræðu og gera grein fyrir því á hvern hátt hann sér málin þróast í náinni framtíð. Það er sannarlega ástæða til að heyra frá hv. þingmanni hvernig tillaga af því tagi sem hér er rædd leggst í hann þannig að tími hans fari ekki bara í að agnúast út í skipulagsbreytingar á gjaldskrám Reykjavíkurborgar sem, eins og fram kom í máli hv. þingmanns Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, voru þess eðlis að búið er að breyta málunum á sama veg og í öllum nágrannasveitarfélögum okkar að ég best veit.

Hins vegar vil ég segja að málið sem er til umfjöllunar er verulegt framfaramál og eins og komið hefur fram í máli þeirra sem hér hafa talað er það ekki einungis framfaramál í menntunarlegu tilliti heldur líka félagslegu tilliti og rétt að ítreka það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að leikskólakennarar hafa ályktað um þessi mál. Þeir hafa lagt til að leikskólinn verði hluti af menntakerfi samfélagsþjónustunnar á nákvæmlega sama hátt og önnur skólastig og því skuli það vera í verkahring sveitarfélaganna að vinna markvisst að því og finna leiðir til þess að hægt sé að gefa börnum kost á sex tíma leikskólagöngu á dag án endurgjalds. Leikskólakennarar rökstyðja sjónarmið sín á þann hátt, sem er afar sannfærandi að mínu mati, að ákvæði um aðalnámskrá leikskóla sem er hið merkasta plagg þurfi að framfylgja á öllum námssviðum og tína til hluti eins og hreyfingu, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúru og umhverfi, menningu og samfélag.

Þannig kemur í ljós í ályktunum leikskólakennara að námið í leikskólanum sé í raun og veru mjög samofið öllum leik og daglegri umönnun barnanna og það er auðvitað grundvallaratriði í þessu máli að í leikskólanum eru börnin á þroskabraut. Þau eru að taka sín fyrstu spor í lífinu. Þau eru að læra að vera hluti af samfélagi og það er afar mikilvægt að öll börn í samfélaginu eigi þess kost að njóta þeirrar handleiðslu sem leikskólakennarar geta veitt í leikskólanum, að þau eigi þess kost að eiga samneyti við önnur

börn og það þurfi ekki að vitnast að hér á Íslandi fyrirfinnist fólk, fjölskyldur sem hafi ekki ráð á því að setja börnin sín í leikskóla og leyfa þeim að njóta þeirrar góðu þjónustu sem leikskólakennarar veita.

Herra forseti. Það kom upp fyrir nokkrum dögum, ef ég man rétt í fyrirspurnatíma sl. miðvikudag, umræða um nákvæmlega þessi mál sem við hér ræðum. Þá beindi hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson til félagsmálaráðherra fyrirspurn sem laut að því hvort til greina kæmi að flytja tekjustofna og fjármagn til sveitarfélaganna þannig að hægt væri að tryggja gjaldfrjálsan leikskóla, sem sagt hvort hæstv. félagsmálaráðherra sæi möguleika á því að tillaga af því tagi sem við nú ræðum gæti verið framkvæmanleg og samræmdist stefnu hans, Framsóknarflokksins og þá mögulega ríkisstjórnarinnar.

Það var afar athyglisvert, hæstv. forseti, hvernig félagsmálaráðherra fór undan í flæmingi við að svara þessari fyrirspurn. Hann reyndi að koma því fyrst þannig fyrir að hér væri um menntamál að ræða, mál sem ekki heyrði undir hans málasvið, en þegar hann var búinn að gera þá játningu að hann hefði í raun og veru reynt að koma sér undan því að svara fyrirspurninni lét hann sig hafa það að koma í ræðustól og þá svaraði hann á þann veg að hann væri þeirrar skoðunar að leikskólinn þyrfti að skilgreina sig að því leytinu til hvort hluti af honum yrði settur undir skólaskyldu. Það var í raun og veru eina framlag hæstv. félagsmálaráðherra til umræðunnar. Hann sagði að það væri tæpast tímabært að svara spurningunni um flutning tekjustofna vegna breytinga af þessu tagi vegna þess að ekki væri búið að ákveða hvort síðasta árið í leikskólanum yrði hluti af skólaskyldu eða ekki.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnst það alls ekkert grundvallaratriði í þessu máli. Það kann vel að vera að við tökum þá ákvörðun einhvern tíma að síðasta árið í leikskólanum verði skólaskylt og þá liggur það auðvitað í hlutarins eðli að leikskólagjöld hljóta að verða afnumin af því skólastigi en ég sé ekki að nokkur þingmaður geti látið sér detta í hug að hluti af skólaskyldu barna geti verið gjaldskyldur. Ég verð að segja að það var ekki til neinnar fyrirmyndar hvernig hæstv. félagsmálaráðherra fór eins og köttur í kringum heitan graut og kom sér undan því að svara þessari spurningu, sérstaklega ekki þegar það er skoðað að hæstv. ráðherra kemur úr Framsóknarflokknum. Formaður Framsóknarflokksins hefur nýverið lýst yfir þörfinni á að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar í samfélaginu og ég verð að segja að það skyldi þó ekki vera að sú vinna sem komin er í gang í þeim efnum endaði einmitt á því að leggja það til að sú leið sem hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eru að leggja til að verði farin verði ofan á. Það sýnir sig og segir sig sjálft að staða íslensku fjölskyldunnar með tilliti til aðstöðu barna, foreldra og samvista foreldra við börn sín hlýtur að skipta verulegu máli, skipta sköpum þegar þetta skólastig, leikskólastigið, er skoðað.

Við skulum líka vera þess minnug að leikskólastigið er nú þegar skilgreint sem fyrsta skólastigið. Ekki eru allir meðvitaðir um að veruleg framför hefur orðið á þessu skólastigi og eðlilegt að það skólastig sem fyrst kemur lúti sömu lögmálum og önnur skólastig ofar á skalanum, þ.e. að börnum standi þessi frábæri leikskóli sem boðið er upp á á Íslandi til boða án þess að foreldrar þurfi að greiða fyrir. Hitt er svo aftur athyglisverð umræða sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hóf, þ.e. samhengið á milli atvinnulífs og fjölskyldu. Auðvitað er eðlilegt að stjórnmálamenn reyni að svara þeirri spurningu hvernig samræma megi hugmyndir um styttingu vinnuvikunnar, og þar af leiðandi aukinn tíma foreldra til samvista með börnum sínum, öðrum málum sem samfélagið í raun og veru krefst og atvinnulífið krefst. Ég sé ekki annað en að við séum stödd á þeim tímamótum að atvinnulífið og fjölskyldurnar og þá stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar þurfi að fara að finna leiðir til þess að gera foreldrum kleift að eyða meiri tíma með börnum sínum og sömuleiðis að sjá til þess að skólastigin séu þeirrar náttúru að það sé ekki einungis á færi þeirra efnameiri að nýta sér þá þjónustu sem þar er í boði.

[18:21]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum þann möguleika að síðasta árið í leikskóla sé gjaldfrjálst. Ég er í grundvallaratriðum á móti því en það er af ýmsum ástæðum.

Í fyrsta lagi held ég að eitthvað sem er ókeypis verði aldrei metið eða til þess gerð krafa. Ég er með barn í grunnskóla og tel mig ekki geta gert kröfu til grunnskólans vegna þess að ég greiði ekki fyrir þjónustuna. Vegna þess að ég greiði ekki get ég ekki sagt að grunnskólinn eigi að gera þetta og hitt sem ég mundi gera ef ég greiddi eitthvað til hans.

Ég kvaddi mér hljóðs aðallega vegna þess að mér finnst að við höfum brugðist yngstu borgurum þessa lands. Við erum með fæðingarorlof sem tekur á fyrstu níu mánuðum af æviskeiði barns. Hvað svo? Hvað gerist þegar hann er níu mánaða, litli borgarinn, og foreldrarnir þurfa aftur til vinnu? Þá fer hann nefnilega að heiman í flestum tilfellum. Hann fer að heiman, oft til dagmömmu eða í leikskóla, og hvað á níu mánaða barn að gera að heiman? Þetta held ég að menn hafi ekki hugsað alveg til enda, herra forseti. Ég tel að flest börn hafi ekkert að gera að heiman fyrr en þau eru orðin þriggja ára. Það er reynsla mín af barnauppeldi og ég hef alið upp sex börn. Þau hafa ekkert að gera að heiman, þau eiga að vera heima hjá sér. Það er svo aftur annar vandi hver eigi að sjá um þau heima hjá sér.

Í samblandi fæðingarorlofs, foreldraorlofs og kostnaðar sveitarfélaganna við gæslu barnanna — það er gæsla þegar barnið er níu mánaða, ekki menntun. Kostnaður sveitarfélaganna er orðinn gífurlega mikill. Ég þekki ekki nýjustu tölurnar, einhvern tíma var heildarkostnaðurinn 60 þús. kall á barn. Ég hygg að hann nálgist 100 þús. kr. núna. Ef maður tæki 100 þús. krónurnar sem það kostar að hafa barnið á leikskóla og léti foreldrana fá þá peninga, skattfrjálst að sjálfsögðu því að þeir eru skattfrjálsir í dag, hugsa ég að afstaðan mundi breytast mikið. Sumir segðu að konurnar færu heim. Það er vissulega hætta á því vegna þess hvað atvinnulífið er lítið sveigjanlegt.

Þá vil ég koma inn á það sem hér hefur verið nefnt í umræðunni að atvinnulífið þarf að taka miklu meira tillit til þess að fólk á börn. Einhver verður að sjá um börnin fyrstu þrjú árin. Þetta á atvinnulífið að gera með því að gera störfin sveigjanleg, miklu sveigjanlegri en þau eru í dag þannig

að annað foreldranna geti unnið fyrir hádegi og hitt eftir hádegi sem er mjög skemmtilegt, að vera hálfan daginn með barn og hálfan daginn í vinnu, og geti jafnvel unnið eitthvað heima við með tölvum og öðru slíku. Þetta er allt hægt ef vilji er fyrir hendi. Þetta finnst mér vera brýnna verkefni en það hvort síðasta árið í leikskóla eigi að vera ókeypis eða ekki.

Eitt aðalatriðið sem við þurfum að gera núna, þ.e. atvinnulífið, er að koma upp sveigjanlegri vinnutilhögun fyrir foreldra. Við erum með möguleika til þess í fæðingarorlofinu að dreifa því, við erum með möguleika í foreldraorlofinu að taka ólaunað frí og ef sveitarfélögin kæmu með þennan 100 þús. kall á mánuði værum við búin að brúa bilið. Fjárhagslega gæti fjölskyldan staðið eins að vígi þannig að foreldrarnir séu til skiptis fyrir hádegi eða eftir hádegi eða annan hvern dag eða hvernig sem það verður gert heima hjá börnunum og sveitarfélagið komi inn í með greiðslur til foreldranna.

Það er svo aftur önnur saga hvað gerist eftir þriggja ára aldurinn. Ég tel mjög hollt og gott fyrir börn að fara á leikskóla eftir þann tíma enda er það sá tími sem fólk á þessum aldri sýnir vilja til að fara að heiman. Um þriggja ára aldurinn vilja þau fara í heimsóknir og vilja fara út í heim. Ég held að það sé allt í lagi að skoða það að einhverjir tímar á dag væru ókeypis sem hvert sveitarfélag fyrir sig gæti að sjálfsögðu tekið ákvörðun um. Það þarf ekki alltaf að koma betlandi til ríkisins. Ég held að þetta sé orðið mjög brýnt. Mér finnst ekki forsvaranlegt að horfa á eins árs barn drösla sér klukkan átta á morgnana í strætó eða hvernig það nú ferðast á leið út í heim að vinna. Þar höfum við einhvern veginn brugðist og ég vara við þeirri oftrú að hið opinbera sjái um allt og alla og taki á sig gæslu barnanna. Ég held nefnilega að heima sé best og ég treysti foreldrunum best allra til að sjá um börnin sín að meðaltali.

Hér hefur verið rætt pínulítið um leikskólann og kannski grunnskólann og hvernig atvinnulífið og skólinn vinna ekki saman. Ég hef t.d. aldrei skilið starfsdaga og foreldraviðtöl, ég hef bara ekki skilið það hvernig fyrirtæki leyfir sér að koma í bakið á kúnnunum eins og skólinn gerir með starfsdögum. Hvernig dettur þeim í hug að loka fyrirtækinu? Eða foreldraviðtölum, af hverju er þeim ekki dreift yfir allan mánuðinn, allt árið? Af hverju þarf að loka? Ekki veit ég til þess að Flugleiðir hafi lokað einu sinni í mánuði vegna starfsdaga. Þeim dytti það ekki í hug. Það dytti engum í hug nema opinberum fyrirtækjum að loka vegna starfsdaga en þetta leyfa bæði grunnskólar og leikskólar sér til gífurlegs óhagræðis fyrir atvinnulífið, fyrir foreldrana og fyrir alla allt í kring. Ég held að það sé mjög margt sem þarf að skoða.

Um daginn var foreldradagur í grunnskólanum þar sem barnið mitt er og ég spurði kennarann: Hvað heldur þú að unglingarnir séu að gera núna, á þessum degi? Að sjálfsögðu ekki neitt. Þeir eru allir heima hjá sér einir að þvælast því að foreldrarnir eru að vinna einhvers staðar og þeir gera bara ekki neitt. Er þetta það sem við viljum? Nei. Ekki vil ég hafa þetta svona og ég held að við þurfum að fara að skoða þessa stefnu alla saman og alveg sérstaklega finnst mér að við þurfum að skoða aldursbilið frá níu mánaða til þriggja ára. Við berum ábyrgð á börnunum þar.

[18:29]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er athyglisvert sjónarmið sem fram kom hjá síðasta hv. þingmanni, Pétri H. Blöndal, um að fólk kunni ekki að meta það sem það fær ókeypis og maður hlýtur þá að spyrja hvort hv. þingmaður telji að það eigi við um ræður hv. þingmanns. Ég verð að lýsa mig algerlega ósammála þeirri fullyrðingu þingmannsins. Auðvitað metum við fjöldamarga hluti sem eru ókeypis. Ég met til að mynda yfirleitt mjög mikils ræður hv. þingmanns og finnst hann setja fram mörg ágæt sjónarmið þó að ég verði að segja um þetta sjónarmið að er ég hræddur um að hv. þingmaður sé algerlega úti í móa með það því að auðvitað kunnum við vel að meta margvíslega samfélagsþjónustu sem við fáum ókeypis.

Við kunnum vel að meta þá þjónustu sem við fáum á sjúkrahúsunum. Við kunnum vel að meta þá þjónustu sem eldri borgurum er veitt á hjúkrunarheimilum. Auðvitað kunnum við vel að meta þjónustuna í grunnskólunum. Ég hef reynslu af því sjálfur að hafa dóttur mína í skóla annars vegar þar sem ég greiddi fyrir hana skólagjöld í einkaskóla og nú í almennum grunnskóla í Reykjavík og ég held að ég meti alls ekki síður þjónustuna í hinum almenna grunnskóla þó að hún sé ókeypis. Ég held því að þó að mörg ágæt rök hafi verið færð fram í máli hv. þingmanns sé óhjákvæmilegt að líta fram hjá þeirri alhæfingu þingmannsins að fólk kunni ekki að meta það sem er ókeypis og að það sé í sjálfu sér einhver röksemd gegn því að veita leikskólavist endurgjaldslaust.

Ég held að sú áhersla sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon leggur í þeirri tillögu sem hér er til umfjöllunar sé ákaflega mikilvæg og er framhald þeirrar umræðu sem við tókum á miðvikudaginn var við hæstv. félagsmálaráðherra þegar þingmaður Samfylkingarinnar, Ágúst Ólafur Ágústsson, spurði hæstv. ráðherra um sama efni. Og ég verð að taka undir með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að heldur fór félagsmálaráðherrann undan þeirri spurningu í flæmingi og reyndi að vísa því frá sér sem einhvers konar menntamáli. Það er kannski ekki óeðlilegt því að auðvitað er hæstv. menntamálaráðherra fullkunnugt um þá stöðu sem uppi er í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Auðvitað þekkir Árni Magnússon, hæstv. félagsmálaráðherra, stöðu sveitarfélaganna í landinu og þau eru á engan hátt í stakk búin til þess fjárhagslega að veita þessa þjónustu endurgjaldslaust. Raunar veit hann að málið er enn verr statt því að allar viðræður ríkis og sveitarfélaga um sameiningu sveitarfélaga og eflingu sveitarstjórnarstigsins, sem hæstv. félagsmálaráðherra gumaði mjög af og lagði af stað ansi bjartsýnn í upphafi kjörtímabilsins, eru nú strand vegna þess að það skortir svo gríðarlega upp á í það að rétta af tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga og það er tómt mál að tala um að sveitarfélögin taki við nýjum skyldum eða nýjum verkefnum við þær aðstæður. Þess vegna reyndi hæstv. félagsmálaráðherra auðvitað að víkja sér undan því að ræða það málefni sem hér er nú aftur til umræðu nokkrum dögum síðar að tilhlutan hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og meðflutningsmanna hans. En allt um það.

Ég held að full ástæða sé til þess að færa flutningsmönnum þakkir fyrir að taka þetta málefni upp. Það hefur átt

vaxandi fylgi að fagna, held ég, í öllum stjórnmálaflokkum nema e.t.v. Sjálfstæðisflokknum á síðustu árum. Trúlega hefur það fyrst verið Kópavogslistinn, framboð félagshyggjufólks í Kópavogi, sem í sveitarstjórnarkosningunum 1998 setti það á stefnuskrá sína að bjóða upp á endurgjaldslausa dvöl á leikskólum en Reykjavíkurlistinn, eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fór hér yfir áðan, hafði það síðan sem stefnumið sitt í kosningunum 2002 og hefur frá síðasta hausti tekið fyrsta skrefið í því með því að þrír tímar á dag hjá fimm ára börnum eru endurgjaldslausir.

Augljóst er að sveitarfélögin ráða ekki við að taka öllu stærri skref án þess að ríkið komi þar að og sannarlega vert fyrir ríkisvaldið að taka það upp í viðræðum við sveitarfélögin því hér er um mikilsverða kjarabót að ræða eins og margir ágætir þingmenn hafa farið yfir. Auðvitað er það miklu betri kjarabót fyrir barnafjölskyldur í landinu að taka af leikskólagjöldin en til að mynda hinar almennu lækkanir á tekjuskatti sem hér voru ákveðnar í vetur. Auðvitað munar það barnafjölskyldu ósköp litlu hvort hún greiðir 36% eða 37% í tekjuskatt. En hvort hún borgar 300 þús. kr. á ári með barni á leikskóla getur auðvitað skipt sköpum um heimilisbókhaldið, a.m.k. það árið, að nú ekki sé talað um ef börnin eru fleiri en eitt. En aðrir ágætir þingmenn hafa farið yfir kjaraþáttinn í þessu máli og þá mikilvægu kjarabót fyrir ungt fjölskyldufólk sem hér er á ferðinni og síðan hefur hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lýst ágætlega ýmsu sem varðar jafnréttisþáttinn, og raunar líka hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, og það að hér er auðvitað líka ákveðið innlegg hvað það varðar.

Menn hafa hins vegar ekki viljað ræða hér mjög um að gera stigið skólaskylt. Ég vil því fjalla eilítið um það því að ég tel að það skref að gera a.m.k. til að byrja með fimm ára aldurinn að skólaskyldu sé í raun og veru algerlega nauðsynlegur fylgifiskur þess að gera þessa þjónustu endurgjaldslausa. Ég held að það skipti mjög miklu máli að við hugum strax að því að taka skrefið til fulls að þessu leyti vegna þess að ég held að málið sé í raun og veru þannig vaxið að þeim börnum sem mest þurfa á þessum breytingum að halda gagnist hún jafnvel ekki nema leikskólastigið verði að skólaskyldu.

Leikskólinn hefur þróast mjög ört hjá okkur á síðustu árum og eins og fram kom hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur hefur nemendafjöldi í honum tvöfaldast á einum áratug. Í Reykjavík hefur pólitísk áhersla félagshyggjuaflanna í Reykjavíkurlistanum auðvitað komið glöggt fram í þessum efnum með því að á 10 árum hafa framlög til niðurgreiðslu í leikskólunum margfaldast og skipta nú milljörðum. Og þó að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson reyni að kveikja einhver villuljós með því að vísa til einhverra kerfisbreytinga í nóvember sl. sem lutu að því að afnema það fyrirkomulag að fólk fengi sjálfkrafa afslætti ef annað foreldra væri í námi þá er það auðvitað ekkert annað en villuljós því að Reykjavíkurlistinn hefur sannarlega varið gríðarlegum fjárhæðum og margfaldað framlög til leikskólans í valdatíð sinni og sýnt með því í verki pólitískan vilja sinn og það undir forustu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur lengst af.

Ástæðan fyrir því að ég vil gera skólaskylduna að umtalsefni er að leikskólinn ... (Forseti hringir.) Nú sé ég að hæstv. forseti verður bara að taka beiðni mína um að koma á mælendaskrá öðru sinni undir sama málinu því að tími minn er á þrotum.

[18:37]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Mig langar í upphafi máls míns að lýsa yfir stuðningi við það sem má kalla viljann á bak við þessa tillögu. Eins og ég hef skilið hv. flutningsmenn er viljinn fyrst og fremst sá að létta undir með barnafólki og þá fjárhagslega. En mig langar líka í því tilliti benda á að það má auðvitað gera á ýmsan annan hátt en með því að fella niður leikskólagjöldin.

Í ræðum annarra þingmanna hér hefur verið vikið að stefnumálum framsóknarmanna og svo sem líka bæði að ræðu hæstv. forsætisráðherra sem hann flutti um áramótin og hæstv. félagsmálaráðherra nýlega sem var svar við fyrirspurn. Mig langaði aðeins að koma inn á að það hefur verið stefnumál og var kosningastefnumál okkar framsóknarmanna að gera síðasta árið á leikskólanum gjaldfrjálst. Það hangir að hluta til saman við þá umræðu sem nú er í gangi um að stytta nám til stúdentsprófs og þá er spurningin hvert ætlum við að færa það nám sem áður hefur verið á framhaldsskólastiginu. Jú, við hljótum að ætla að færa eitthvað af því niður í grunnskólann. Þarf þá ekki aðeins að lengja grunnskólann? Mér finnst það vera sitthvort stefnumálið að gera síðasta árið í leikskólanum gjaldfrjálst og að ætla að gera leikskólann allan gjaldfrjálsan.

Það kemur fyrir að ég er mjög sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal. Ég get ekki tekið undir allt í ræðu hans áðan en ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þegar við setjum fram slík mál reynir auðvitað á ákveðin prinsipp sem við erum með gagnvart frelsi og sérstaklega gagnvart valfrelsi foreldra í landinu. Og á sama hátt og mér finnst leikskólinn eiga að vera hluti af mannréttindum barna, og þá er ég að tala um börn sem eru þriggja, fjögurra og fimm ára gömul en ekki endilega börn frá fæðingu og upp að tveggja, þriggja ára aldri. Það vill svo til að ýmsum börnum hentar ólíkt betur, og þá er ég að tala um börnin en ekki foreldra þeirra, að njóta annarra kosta þegar foreldrar sækja vinnu, t.d. hafa margir foreldrar með eitt eða fleiri börn farið þá leið að fá au pair eða að amman í fjölskyldunni tekur að sér að gæta barnanna eða jafnvel að foreldrar koma sér saman um að skipta vinnutíma sínum þannig, þar sem það er hægt, að þau geti annast börnin til skiptis.

Mér finnst ákveðin forræðishyggja í þessari tillögu. Það er enginn greinarmunur gerður í tillögunni á því hvaða aldur við erum að tala um. Ég man ekki betur en leikskólalögin geri ráð fyrir leikskólavist fyrir börn frá sex mánaða aldri. Erum við að tala um að fella niður gjaldið alveg niður að sex mánaða aldri? Ég vek þá í því samhengi athygli á því sem þó kemur fram í tillögunni, sem gladdi mig mikið, að þar segir einhvers staðar að þetta skuli gert í áföngum uns því takmarki er náð að allt leikskólastigið og eftir atvikum önnur sambærileg og viðurkennd dagvistun sé gjaldfrjáls. Það er því gert ráð fyrir að þetta sé ekki bara leikskóli heldur gildi þetta líka um eitthvað sambærilegt.

Eins og ég sagði í upphafi, herra forseti, tek ég undir viljann sem er þarna á bak við og styð þann yfirlýsta vilja,

eins og margoft hefur komið fram í þeim málum sem við framsóknarmenn höfum sett á oddinn, að létta undir með barnafólki. Ég get ekki stutt tillöguna eins og hún er úr garði gerð en styð hana þó að því leyti að ég legg mikla áherslu á að þetta verði kannað og þá tekjusamskipti ríkis og sveitarfélaga varðandi síðasta árið í leikskólanum. Mér finnst full rök til þess og að því leyti styð ég að þetta verði gert í áföngum en verði þó fyrst og fremst takmarkað við þetta.

Þegar leikskólalögin voru sett upphaflega voru átök um það, og ég kynntist þeim af eigin raun á þeim tíma, hvort leikskólinn ætti að vera félagslegt úrræði og heyra undir félagsmálaráðuneytið eða hvort hann ætti að vera hluti af skólakerfinu og heyra undir menntamálaráðuneytið. Niðurstaðan af þeim miklu deilum sem urðu þar milli fagmanna, og ég man að hópar foreldra blönduðu sér í það líka, var að hann ætti að vera fyrsta skólastigið og hann var skilgreindur þannig og kveðið var á um rétt barna frá sex mánaða aldri til þessa úrræðis. Síðan hefur verið lyft grettistaki hjá flestum sveitarfélögum í uppbyggingu leikskóla til að mæta þörfinni.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kom inn á það áðan að það sem við þyrftum að huga sérstaklega að væri að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og það markmið að við ættum að auka samvistir foreldra og barna. Af því tilefni get ég ekki látið hjá líða að geta þess sem ég heyrði nýlega greint frá og kann þó ekki að fara með í smáatriðum en það var könnun sem sýndi fram á hversu hættulega lengi sum börn væru orðið á leikskóla. Börn frá eins árs aldri í níu tíma vinnu, níu tíma daglega á leikskóla. Ætlum við að stuðla að því að fleiri börn séu allan þennan tíma á leikskóla? Hvar erum við að stuðla að auknum samvistum foreldra og barna í þessu kerfi?

Ég sé að tími minn styttist. Það er hægt að gera þetta á ýmsan hátt eins og ég sagði í upphafi og til að mynda ályktuðum við framsóknarmenn á síðasta flokksþingi um þá leið að huga að því að leikskólagjöld verði gerð frádráttarbær frá skattstofni foreldra. Meðal annars með þeirri leið léttum við fjárhagslega undir með foreldrum og viðurkennum þennan aukakostnað foreldra með börn á leikskóla sem er þá tekjujöfnunarúrræði og kemur til móts við þá.

Svo get ég tekið undir þau sjónarmið sem hér hafa líka komið fram að á þennan hátt getum við hugsanlega með því að hafa einhvern hluta leikskólans gjaldfrjálsan, t.d. þeirri leið sem ég nefndi og við framsóknarmenn ályktuðum um, stuðlað að því að íslenskir foreldrar eigi áfram mörg börn. Eftir því sem ég best veit eigum við næstflest börn allra þjóða í Evrópu, þó ekki nema 1,9. Það hefur verulega þýðingu fyrir framtíðina. Það hefur þýðingu m.a. gagnvart samsetningu þjóðarinnar, gagnvart mannaflaþörf, að við höldum í við fjölgun aldraða með því að eiga fleiri börn á móti og fjölga vinnandi höndum.

Að ósekju var verið að gagnrýna áðan ræðu hæstv. félagsmálaráðherra þegar hann svaraði fyrirspurn um daginn. Hann sagði ekki annað en að varla væri hægt að tala um að flytja tekjustofna og fjármagn til sveitarfélaganna fyrr en fólk væri búið að taka afstöðu til þess hvort leikskólinn ætti að vera gjaldfrjáls. Það hlýtur að vera fyrsta spurningin og síðan hvernig við skiptum tekjum til að mæta kostnaðinum við það. Mér fannst svar hans, og ég náði mér í ræðu hans af þessu gefna tilefni áðan, vera mjög ljóst. Fyrst þurfum við að taka afstöðu til þessa og síðan könnum við hvernig við stöndum straum af kostnaðinum. Við erum jú að tala um samkvæmt því sem tillagan segir u.þ.b. 3 milljarða í þessu tilliti.

[18:46]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. Jónína Bjartmarz tala mjög ógreinilega. *Hún studdi viljann en samt studdi hún* ekki tillöguna, ef ég skildi hana rétt, og hún studdi að þetta væri gert í áföngum en það er einmitt það sem tillagan gengur út á. Það væri mjög gott fyrir umræðuna að hv. þingmaður útskýrði nánar hvað hún styður í raun og veru.

Ég tel um mjög þarft mál að ræða, sérstaklega í ljósi þess að það hefur orðið mikill mismunur á launum og tekjudreifing hefur orðið mikil og misskipting í samfélaginu. Þess vegna tel ég að Framsóknarflokkurinn ætti einmitt að fagna málinu af meiri ákafa en ekki tipla á þessu eins og hv. þingmaður gerði.

[18:47]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig sérstaklega að sjá hv. þm. Sigurjón Þórðarson aftur í þingsalnum. Í stórum hluta af ræðu hans áðan var hann alveg í öngum sínum yfir því að hæstv. forsætisráðherra væri ekki viðstaddur ágæta ræðu hans. Mér finnst það alltaf heldur ósmekklegt þegar það liggur fyrir hvaða þingmenn eru með fjarvistarleyfi og eru ekki á landinu.

Svo að ég endurtaki það, af því að hv. þingmaður er kominn í þingsalinn, þá styð ég viljann sem er á bak við að létta undir með barnafólki. Ég styð hins vegar ekki sem forgangsmál til að létta undir með barnafólki að leikskólinn fyrir börn frá sex mánaða aldri sé gerður gjaldfrjáls. Ég vil að létt verði undir með barnafólki á annan hátt út frá hagsmunum barnanna, hagsmunum þeirra af samvistum við foreldra sína og út frá því sjónarmiði að foreldrar eiga að geta valið hvernig gæslu og menntun barna þeirra er háttað. Ég styð hins vegar að það sé gert með elsta árganginn í leikskólanum.

Herra forseti. Að þessu sögðu tel ég að hv. þingmaður sé ekki í nokkrum vafa um hver vilji minni er í málinu.

[18:48]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel rétt að taka fram að ég var ekki í öngum mínum yfir að hafa ekki hæstv. forsætisráðherra í salnum, ég var bara hissa á því að hann skyldi ekki haga ferðum sínum þannig miðað við áramótaræðu hans að leggja sérstaka áherslu á að vera við umræðu sem þessa. En ég þakka hv. þingmanni fyrir að skýra *mál sitt og tel mikinn* sóma að því og það sýnir að það eru þó til þingmenn í Framsóknarflokknum sem gera eitthvað með tillögur flokksins.

Því miður samþykktu framsóknarmenn aðra tillögu á flokksþingi 2003 sem þeir gera í rauninni ekkert með. Ég tel það mjög jákvætt að það komi einn og einn framsóknar-

maður sem ætli að standa við eitthvað af því sem flokksmenn hafa samþykkt.

[18:49]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Það er erfitt, herra forseti, að ætla að svara hv. þingmanni, hann talar um einhverja ótilgreinda tillögu sem framsóknarmenn hafi ekki staðið við. Ég þekki svo sem ekki tillögur frá flokki hv. þingmanns, hvað þeir hafa lagt til þannig að ég geti rakið hvað þeir hafa staðið við og hvað ekki.

Hins vegar er ljóst að okkur hefur tekist það sem af er af þessu kjörtímabili að efna stóran hluta af þeim kosningaloforðum sem við settum fram, (Gripið fram í.) ekki síst kosningaloforð sem lúta að því að bæta hag fjölskyldnanna í landinu. Mig langar í því tilviki að nefna lækkun endurgreiðsluhlutfalls námslána, hækkun barnabóta og svo mætti lengi telja. Við höfum líka staðið við öll þau skattalækkunarloforð sem flokkurinn setti fram.

[18:50]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég kem upp í tvennum tilgangi, annars vegar til að leiðrétta sjálfa mig en mér varð á áðan að segja að gjaldskrárnar hjá leikskólanum hefðu verið fjórar og yrðu þrjár, þær voru þrjár og verða tvær þegar fram líða stundir. Ein gjaldskrá verður væntanlega lögð af í áföngum. Hins vegar kem ég upp til þess að fagna þátttöku hv. þm. Péturs H. Blöndals í umræðunni. Þó að ég hafi ekki verið sammála henni tel ég að hún hafi verið mjög málefnaleg. Það er mjög þarft að sú rödd heyrist sem hér kom fram, þ.e. sú rödd sem telur að greiða eigi gjald fyrir menntun ungra barna hvort sem er í grunnskólum eða leikskólum vegna þess að annars kunni fólk ekki að meta þá þjónustu sem það fær. Þetta er sjónarmið sem uppi er í samfélaginu, við vitum það, og það er ágætt að það heyrist á þingi. Það sjónarmið að kannski kæmu heimagreiðslur frekar að gagni en leikskólaþjónusta er líka sjónarmið sem hefur alltaf verið til staðar og sjálfsagt að það komi hér fram.

Ég get alveg tekið undir með þingmanninum að ég hef auðvitað áhyggjur af því þegar níu mánaða fæðingarorlofi lýkur hvað gerist þá. Hvað svo? spurði þingmaðurinn. Það er vissulega áhyggjuefni vegna þess að staðreyndin er jú sú að flest sveitarfélög veita leikskólaþjónustu frá 18 mánaða aldri fyrir börn almennt. Þau reyna hins vegar að veita börnum einstæðra foreldra og námsmanna þar sem báðir eru í námi þjónustu allt frá því að þau eru ársgömul og jafnvel yngri, en almennt veita þau þessa þjónustu frá 18 mánaða aldri.

Þá hlýtur maður að spyrja sig einmitt þegar níu mánaða fæðingarorlofinu lýkur: Hvað svo? Þingmaðurinn var með þá skoðun að sveitarfélögin ættu að brúa þetta bil með einhverjum heimgreiðslum og talaði um100 þús. kr., að nær væri að þau greiddu 100 þús. kr. kannski með hverju barni en að vera að byggja upp leikskólaþjónustu. Staðreyndin er sú að staðið hefur í sveitarfélögunum að veita þjónustu fyrir börn á þessum aldri vegna þess að það er gríðarlega dýrt. Þetta bil frá 9 mánaða aldri upp í 18 mánaða aldurinn er alveg gríðarlega dýrt að veita leikskólaþjónustu. Það hefur auðvitað staðið í sveitarfélögunum að stíga þetta skref, enda má líka spyrja ef sú skoðun er uppi að greiða eigi foreldrum fyrir að annast börn sín á þessum tíma hvort það væri þá ekki hlutverk ríkisins að gera það í formi barnabóta fyrir yngstu börnin. Það á ekkert að velta því yfir á sveitarfélögin ef það er skoðun manna hér og hv. þm. Péturs H. Blöndals að þarna þurfi að koma til móts við foreldrana, þá gerir ríkisvaldið það auðvitað bara í formi barnabóta. Þá geta foreldrarnir út af fyrir sig ákveðið hvort þeir nýta þær barnabætur í að kaupa sér einhverja þjónustu eða hvort þeir geri eitthvað annað. En að mínu viti á ekki að líta á það sem einhliða verkefni sveitarfélaganna að leysa þetta mál.

Ég tel þess vegna að sú þingsályktunartillaga sem fram er komin sé mjög góð hvað það varðar að hún gerir ráð fyrir því að þær samræður fari fram milli ríkis og sveitarfélaga hvernig við ætlum að mæta þörfum yngstu aldurshópanna fyrir þjónustu og hvernig menn ætla að skipta með sér þeim kostnaði sem er því samfara, sem er verulegur. Ég er líka sannfærð um að það mun skila sér margfalt til baka í samfélagsþegnum sem eru betur hæfir til þess að takast á við þau verkefni í lífinu sem bíða þeirra þegar þeir eldast.

Hitt er svo auðvitað áhyggjuefni eins og fram kom í máli hv. þm. Jónínu Bjartmarz að börn séu níu tíma á leikskólum. En af hverju eru ung börn svona lengi á leikskólum? Vegna þess að flestir foreldrar ungra barna þurfa að vinna langan vinnudag til þess að láta enda ná saman í þessu samfélagi okkar. Ég sagði áðan og það er tölfræði sem við höfum tiltæka, að foreldrar ungra barna vinna að jafnaði einni til tveimur klukkustundum lengur en aðrir hópar. Þetta er áhyggjuefni og eitthvað sem menn þurfa sameiginlega að reyna að takast á við, hvort sem það er með því að hækka barnabætur, koma á gjaldfrjálsum leikskóla í áföngum eða eftir öðrum þeim leiðum sem tiltækar eru.

[18:55]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz fyrir hennar málefnalega innlegg í umræðuna og ég held að það sýni ágætlega að það er vaxandi vilji í flestum ef ekki öllum stjórnmálaflokkum fyrir að taka skref í þessu efni. Hún kaus að horfa sérstaklega til síðasta ársins í leikskólanum og auðvitað nærtækt að það sé fyrsta skrefið eins og hefur verið hjá Reykjavíkurborg. Ég verð þó að lýsa mig ósammála því að það eigi að horfa á það þannig að við lengjum grunnskólann þangað niður við styttingu framhaldsskólans. Þó að það sé kannski eðlilegt að horfa á það að flytja skólaskylduna niður um eitt ár þegar framhaldsskólinn verður styttur, ef hann verður styttur, þá held ég að við eigum ekki að breyta síðasta árinu í leikskóla í grunnskólastarf. Leikskólastarfið er auðvitað ólíkt grunnskólastarfinu í þeirri aðferð sem leikskólinn beitir, sem er að kenna í gegnum leik. Ég held að það sé mjög mikilvæg nálgun og aðferðafræði við að kenna börnum á þessum mikilvæga aldri því að börn þroskast auðvitað mest á fyrstu fimm árum ævinnar.

Ég held að að mörgu leyti sé það ákjósanlegt fyrir fjöldamörg börn á þessum aldri einmitt að hefja skólagöngu sína í leik og sem leik því að við vitum, kannski sérstaklega

um þau börn sem eiga undir högg að sækja og eru í áhættuhópi, að þegar þau eru að hefja skólanám sitt eru þau kannski ekki mjög sterk á bókina. Þess vegna er að mörgu leyti jákvæðari og betri fyrsta reynsla af skipulögðu skólastarfi og skólaskyldu að koma í leikskólann í kennslu í gegnum leik sem þar fer fram og það frábæra og góða starf sem þar er unnið.

Ég segi þetta með skólaskylduna að um leið og við ræðum það hvort við ætlum að láta milljarða af opinberum fjármunum í að veita þessa þjónustu endurgjaldslaust hljótum við auðvitað að ræða um það hvort við verðum ekki líka að gera það að skyldu. Ég held að það sé mikilvægt vegna þess að það sem er ástæða til að hafa áhyggjur af er að þau börn sem mest þurfi á þjónustu leikskólans að halda fari á mis við hana, til að mynda eins og við höfum umræður um í nágrannalöndum okkar, börn innflytjenda. Við erum í vaxandi mæli að fá inn fólk sem hefur annað tungumál en íslensku sem fyrsta mál, málþroski okkar er mestur og bestur á fyrstu árum ævinnar og það er mjög mikilvægt að nýir Íslendingar aðlagist vel og fljótt og ekki síst börnin sem eiga mörg eftir að eyða hér lífinu öllu. Þess vegna er mjög mikilvægt að fá þau börn í leikskólann eins fljótt og kostur er til að stuðla að aðlögun, íslenskunámi og öðru þess háttar.

Ég nefni líka börn fólks sem er ekki á vinnumarkaði, fólks sem er atvinnulaust, býr við sjúkdóma eða er á örorku og þannig félagslega illa statt og börnin þar af leiðandi mörg í veikri stöðu félagslega. Þeim er líka mjög mikilvægt að fá þann góða stuðning og njóta þeirrar góðu starfsemi sem er í leikskólunum. Ég held þess vegna að þau 10% barna á þessum aldri sem eru ekki að fá þjónustuna séu því miður í mörgum tilfellum þau börn sem mikilvægast er fyrir okkur sem samfélag að fái stuðning, menntun og fræðslu í gegnum leik til þess að styðja þau og styrkja sem einstaklinga og þroska á þessum mikilvægu árum þannig að þau séu betur í stakk búin til þess að takast á við oft erfiða lífsbaráttu.

Við verðum að muna að því miður er það þannig þrátt fyrir mikla velsæld í okkar samfélagi að fátækt í okkar ríka samfélagi hefur því miður farið vaxandi og við þurfum alveg sérstaklega að hlúa í því sambandi að þeim börnum sem hafa orðið fyrir barðinu á þeirri þróun. Það held ég að við getum vel gert m.a. með því að taka þau mikilvægu skref í leikskólanum sem hér hafa verið til umræðu.

[19:00]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get í öllum meginatriðum tekið undir ágæta ræðu hv. þm. Helga Hjörvars. Hann lagði í ræðu sinni áherslu á að þeir sem mest þyrftu á leikskólanum að halda, börn innflytjenda og jafnvel þeirra sem ekki væru á vinnumarkaði, færu ekki á mis við þetta skólastig, nytu þess stuðnings sem leikskólinn veitir. Ég get tekið undir það allt saman. Á hinn bóginn er kannski ekki nauðsynlegt að gera leikskólann að skólaskyldu eða gjaldfrjálsan til þess að tryggja þetta. Það má sennilega gera það líka í gegnum félagslega kerfið.

En varðandi tilvísun hv. þingmanns í ræðu mína um að við ætluðum að færa grunnskólann niður í síðasta ár leikskólans þá erum við komin út í heilmikla umræðu um hvernig við ætlum að stokka upp skólakerfið með lengingu náms til stúdentsprófs og hvert við ætlum að færa hvað. Fyrir mér er ekkert heilagt í þessu. Fagmenn innan menntamálaráðuneytisins og víðar hafa velt þessu fyrir sér árum saman og hafa ýmsar skoðanir og skiptar um hvernig við eigum að gera þetta.

Mig langar að endingu, herra forseti, að taka undir það sem hv. þingmaður sagði um gildi leiksins. Ég held að íslenski leikskólinn eins og hann er hugsaður með sínum námskrám og öðru sé sérstakt fyrirbæri á heimsvísu. Ég veit alla vega að í nágrannalöndunum eru menn ekki að tala mikið um leikskóla og þá hugsun sem er þar á bak við. Þar eru þetta meira gæsluúrræði sem menn hafa byggt upp og heyra undir félagsmálakerfi. Ég ætla síst að gera lítið úr leiknum og gildi hans.

[19:02]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki miklu við þetta andsvar hv. þm. Jónínu Bjartmarz að bæta. Hún vísaði réttilega til þess að leikskólinn á Íslandi er alveg sérstakt fyrirbæri, alveg sérstök stofnun. Alveg ótrúlega gott starf er þar unnið. Ég held að það sé ekki tilviljun. Ég held að sá mikli vilji sem hér hefur verið í samfélaginu fyrir þessari öflugu uppbyggingu eigi sér djúpar rætur í íslenskri þjóðarsál, þær rætur að við Íslendingar erum jafnaðarmenn. Við viljum tryggja öllum í þessu litla samfélagi sem jöfnust tækifæri og í því leggjum við mesta áherslu á að skapa börnunum sem jöfnust tækifæri. Leikskólinn er auðvitað fyrsta stigið í því að gefa fólki þann grunn inn í framtíðina að það geti keppt á jafnréttisgrundvelli eftir tækifærunum og tekið þátt í því samkeppnissamfélagi fullorðinsáranna sem síðan tekur við. Þess vegna erum við tilbúin og kannski viljugri en margar aðrar þjóðir að leggja nokkuð af mörkum til þess að unga fólkið okkar, uppvaxandi kynslóðir, fái þann stuðning og aðhlynningu sem nauðsynlegt er.

[19:03]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka enn og aftur hv. þm. Jónínu Bjartmarz fyrir stuðning við hluta málsins. En mér heyrðist á henni í umræðunni fyrr að hún væri vonsvikin yfir því að mér hefðu orðið á mistök að telja ekki upp svikamál Framsóknarflokksins. Ég er að hugsa um að gleðja hana með því að bæta úr því.

Ég vil fyrst nefna 500 milljónirnar sem framsóknarmenn sviku öryrkjana um eftir að hafa skreytt sig með samningnum í dagblöðum rétt fyrir kosningar.

Í öðru lagi má segja að mikil svik hafi verið framin rétt fyrir jólin síðustu þegar sett voru á skólagjöld í ríkisreknum háskólum. Þau voru samþykkt nokkrum línum fyrir ofan þá samþykkt framsóknarmanna í stefnuskrá flokksins að tryggja það að stefna að afnámi leikskólagjalda. Það er líka samþykkt. Ég fagna því þá sérstaklega að hv. þingmaður skuli ætla að standa við þann hluta.

Síðan er annað mál sem bitnar á landsbyggðinni þar sem flokkurinn virðist enn hafa stuðning þó ótrúlegt megi virðast. Það er að svikin er sú samþykkt að tryggja útræðisrétt strandjarða. Það er alveg með ólíkindum að flokkurinn

skuli samþykkja þetta æ ofan í æ og senda síðan marga stuðningsmenn flokksins í dómsali til að sækja rétt sinn og sækja samþykktir flokksins. Mér finnst þetta með ólíkindum. En kannski er þetta eðlilegt og kannski var það einmitt bara hluti af samþykktum flokksins að hækka raforkuna um helming á landsbyggðina. Ég veit það ekki. Það hefur þá farið fram hjá mér. Ef til vill hefur það verið hluti af samþykktum flokksins að auka ójöfnuð eins og hefur komið fram, staðfest af fjármálaráðherra. Flokkurinn hefur notað tíma sinn í valdastólum til að auka ójöfnuð. Þess vegna er einmitt kjörið tækifæri fyrir Framsóknarflokkinn að bæta úr og styðja þessa tillögu.

Ég tel að við eigum ekki að hengja okkur í það sem kom hér fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal um að börn eigi ekki að fara að heiman fyrr en þriggja ára. Mér finnst það mjög sérstakur málflutningur og það væri fróðlegt að fá það í umræðuna í þjóðfélaginu hvort einhverjir uppeldisfræðingar væru tilbúnir að styðja þetta eða taka undir eða færa einhver rök fyrir þessu. Ég átta mig ekki á því hvert menn eru að fara og mér finnst þessi umræða drepa málinu á dreif og vera, svona eins og maður segir, klikkuð, að börn eigi ekki að fara að heiman fyrr en þriggja ára.

Ég tel einmitt að það sé gott fyrir bæði börn og foreldra að börn fari að heiman í einhvern tíma. En ég get tekið undir þau sjónarmið sem hafa komið fram, m.a. hjá hv. þm. Jónínu Bjartmarz, að kannski er ekki rétt að börn séu langdvölum að heiman. En ég held að það geti einmitt verið af hinu góða að börn fari á þessu árabili, eins til þriggja ára, að heiman. Það væri þó fróðlegt innlegg í umræðu um uppeldismál að heyra eitthvað um það hvenær börn eigi að fara að heiman. Þetta er mjög þörf og fróðleg umræða.

[19:08]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur orðið og fróðlegu. Hún minnti mann á köflum helst á kennslustundir í uppeldis- og kennslufræði þegar menn ræddu af tilfinningu um viðhorf sín til þess hvernig best væri nú staðið að uppeldi og fræðslu ungra barna. Ég þakka þeim þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni. Flestir lýstu stuðningi við málið, sumir án fyrirvara, aðrir kannski meira skilyrt og einhverjir voru nú, satt best að segja, ekki afdráttarlausir í sínum stuðningi ef stuðning skyldi kalla, einkum þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þeir hv. þingmenn. Sigurður Kári Kristjánsson og Pétur H. Blöndal.

Ég vil koma inn á nokkur atriði sem þingmenn drápu á. Í fyrsta lagi upplýsti hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir um þróun þessara mála hér síðastliðin tíu ár. Það er fróðlegt og áhugavert og á fullt erindi inn í þessar umræður að skoða hvernig okkur hefur miðað og hvar við erum á vegi stödd í samanburði við önnur Norðurlönd. Ég hef mjög þá sömu tilfinningu og fram kom í máli hennar, að þar hafi hlutirnir gjörbreyst og að við stöndum nú mun betur að vígi í öllum samanburði hvað þetta varðar.

Eftir stendur hitt og það bar líka á góma, kannski í öðru samhengi, að á hinn bóginn hefur Ísland ekki hætishót komist í áttina að styttri vinnuviku og minna álagi á fjölskyldurnar þar sem báðir foreldrar vinna úti og yfirleitt langan vinnudag. Meðalvinnuvikan á Íslandi hefur heldur lengst ef eitthvað er og er í kringum 48 stundir hjá almennum launamönnum. Þannig vinna ýmsar stéttir á Íslandi um mánuði lengur, svo reiknað, á ári hverju en sambærilegar starfsstéttir á hinum Norðurlöndunum. Íslenskir iðnaðarmenn vinna t.d. mánuði lengur en danskir o.s.frv. Ætli þar sé nú ekki vandinn og ef menn ræða um það sem varhugaverðan hlut að börnin séu allt niður í eins árs gömul í níu klukkustundir á dag á leikskóla þá held ég að sökudólgurinn sé ekki leikskólinn og tilvist hans og sú staðreynd að það úrræði eða sá möguleiki er til staðar fyrir þessa foreldra. Ætli vandi þeirra væri ekki enn þá meiri og hag þessara barna jafnvel verr borgið í mörgum tilvikum ef ekki væri þó þetta úrræði?

Talandi um að foreldrar gætu skipt því á milli sín að vera heima, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal gerði, þá er rétt að byrja á því að hafa í huga að það eru ekki öll börn svo heppin að alast upp hjá báðum foreldrum sínum. Ætli það sé ekki handleggur fyrir einstæða foreldra að gera allt í senn, að ala upp börnin og afla heimilinu tekna til framfærslu, þannig að þar mundu nú vandast mjög málin.

Ég held að miklu nær sé að líta til þess að gera umbætur á fæðingarorlofskerfinu. Það þarf að sjálfsögðu að lengja, a.m.k. í það ár sem það er á hinum Norðurlöndunum, ég held án undantekninga, og gera réttinn til töku þess mun sveigjanlegri en hann er í dag. Það getur breytt miklu fyrir fyrstu tvö til þrjú árin og aukið möguleika foreldra á að samræma þá uppeldi og umönnun barnanna og vinnu og svo auðvitað þarf að gera mikið átak í því að atvinnulífið á Íslandi aðlagi sig að högum fjölskyldnanna ekki síður en öfugt. Sveigjanlegur vinnumarkaður eru mikil tískuorð í Evrópurétti og -umræðum og það byggir á þeirri trú eða minnimáttarkennd Evrópumanna að þeir væru að tapa í samkeppninni við Bandaríkin um hagvöxt og hækkuð laun vegna þess að vinnumarkaðurinn evrópski væri of ósveigjanlegur. Ekki held ég að því verði fundinn staður þegar betur er að gáð, alla vega hljóta menn að verða að viðurkenna að þeir geta líka farið offari í þá áttina að ætla öllu samfélaginu, fjölskyldunni og barnauppeldi og öðru slíku, að ráðast í einu og öllu af því sem hentar hagsmunum fyrirtækjanna sem oft eru býsna skammsýnir og blindir. Staðreyndin er sú að framsýnir atvinnurekendur og þeir sem átta sig rétt á hlutunum snúa þessu gjarnan við og leggja mikla áherslu á að umgjörðin utan um fjölskyldurnar og stoðþjónustan við þær sé sem allra öflugust þannig að líkurnar aukist á ánægðum og heilsuhraustum starfsmönnum.

Það er ólíku saman að jafna ef maður ber saman viðhorf atvinnurekenda í Noregi til heilsuverndar starfsmanna sinna, íþróttaiðkunar og annarra slíkra hluta, eða því sem gerist hér á landi, því miður, með að vísu vissulega ánægjulegum undantekningum. Það er t.d. mjög algengt í norskum fyrirtækjum að þau greiði kostnað af íþróttaiðkun starfsmanna, skráningargjöld í viðurkenndar keppnir og greiði jafnvel endurnýjun á reiðhjólum þeirra svona á tveggja ára fresti, megi það verða til þess að ýta undir að þeir komi hjólandi í vinnuna því að það sýnir sig að þeir sem ástunda líkamsrækt og eru í góðu formi eins og sagt er eru miklu áreiðanlegri starfsmenn, hafa minni frátafir vegna veikinda o.s.frv. En ekki meira um þetta að sinni.

Ég vil aðeins koma inn á það sem hér var rætt af hv. þm.

Helga Hjörvar og hv. þm. Jónínu Bjartmarz og reyndar fleirum. Það lýtur að spurningunni um skólaskylduna. Að sjálfsögðu er rétt og skylt að ræða það mál og skoða það í samhengi. Ég benti bara á í minni framsöguræðu að þetta þarf ekki endilega að fara saman þó að það sé eðlilegt að menn vilji skoða það. Við leggjum okkar tillögu þannig upp að hún er mjög opin. Hún gerir ráð fyrir því að þetta geti allt saman komið í áföngum og eitt sé ekki endilega skilyrði fyrir öðru. En maður getur mjög vel séð það fyrir sér að þetta þróist þannig að fyrst komi gjaldfrelsi til sögunnar á efsta árinu fyrir fimm ára börnin og í tengslum við það, kannski eftir ákveðna aðlögun, gæti síðan það ár í leikskólanum orðið skólaskylt innan einhverra marka, t.d. sex tímar á dag eða eitthvað því um líkt. Ég er algjörlega sammála því að það á ekki að færa það skólastig þar með upp til grunnskólans heldur á það að vera hluti af leikskólanum og ég held reyndar að þeim mun minni breyting og minni mörk sem eru þarna á milli þeim mun betra. Staðreyndin er sú að þau hafa mjög verið að hverfa með þeim áherslum sem nú eru lagðar í leikskólastarfinu. Síðasta árið fer að talsverðu leyti í að undirbúa breytinguna og undirbúa börnin undir þátttökuna í grunnskólanum og þar sem þetta er nú í sama hverfinu er því gjarnan hagað þannig að börnin af leikskólanum fara t.d. nokkrum sinnum í heimsókn í grunnskólann árið áður en þau færast þangað þannig að þau eru orðin þar kunnug.

Í það heila tekið vil ég láta það koma hér fram hafi ég ekki sagt það beint eða með berum orðum í framsöguræðu minni að ég er eindregið þeirrar skoðunar að í leikskólum landsins sé almennt unnið frábært starf og það sé til mikils sóma hvernig það hefur verið að byggjast upp og eflast. Ég er í þeirri stöðu að veturinn í vetur eða árið í ár er sennilega fyrsta árið af sautján í röð þar sem ég er ekki foreldri barns í leikskóla. Ég hef haft mikla ánægju af því að fylgjast með starfinu þar sem faðir fjögurra barna sem öll hafa gengið upp í gegnum leikskólann. Á þeim tíma hefur skólinn þróast heilmikið og tekið framförum. Hann hefur öðlast fastari sess sem hluti af skólakerfinu. Úrræðunum hefur stórfjölgað og hlutfall þeirra sem nýta sér þjónustuna hækkað þannig að það er að verða almenna reglan en ekki undantekningin eins og þetta var og þarf ekki að fara nema tíu til fimmtán ár aftur í tímann til að finna það að leikskólapláss voru ýmist fá eða jafnvel engin í fjölmörgum sveitarfélögum.

Ég held að þetta þurfi að sjálfsögðu að skoðast í samhengi. Það er rétt og skylt að gera um það kröfu að litið sé til samhengis hlutanna allt frá því að fæðingarorlofinu lýkur, sem ég endurtek að þurfi að lengja, hvað taki við, hvaða ástand eða fyrirkomulag verði þá á hlutununum næstu eitt til þrjú árin og hvernig svo efri hluti leikskólans er.

Það er mikill misskilningur að andi þessarar tillögu feli það í sér að þvinga öll börn inn í leikskólana allt niður í sex eða níu mánaða aldur. Það er alls ekki um neitt slíkt að ræða. Þess vegna höfum við einmitt farið mjög varlega í að tala þarna um skyldu heldur nálgumst þetta meira út frá að skilgreina rétt sem er þá valfrjáls að því marki sem ekki yrði um einhverja lengingu skólaskyldu niður á leikskólastigið að ræða, rétt foreldra til tiltekinnar gjaldfrjálsrar þjónustu á þessu sviði. Auðvitað þarf það svo að haldast í hendur við skyldur sveitarfélaganna eða þær kvaðir sem á sveitarfélögin eru lagðar í þessu verkefni sem öll sveitarfélög hafa metnað til og vilja til að standa að með myndugum hætti.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég þakka fyrir þessa ágætu umræðu og þann stuðning við málið eða undirtektir sem það hefur fengið og hér hefur komið ágætlega fram í umræðunni. Auðvitað hefði verið ánægjulegt ef hæstv. ráðherrar mennta- og félagsmála hefðu getað tjáð sig í leiðinni. En það má ganga eftir afstöðu þeirra við betra tækifæri og ég trúi því nú að dropinn muni hola mjög steininn í þessu máli. Undirtektir við það hafa stóraukist frá því að við hreyfðum því fyrst í kosningabaráttu fyrir tveimur liðnum árum og gerðum það að baráttumáli okkar á landsvísu. Ég held að þannig þurfi að nálgast málið. Það þarf að bjóða sveitarfélögunum upp á slíkt samstarf við ríkið, annars mun þetta verða vanmegnugt og ekki nema tilviljanakennt í hvaða mæli verður farið inn á þessa braut hjá einstökum sveitarfélögum. Hér er því um alveg dæmigert samstarfsverkefni þeirra að ræða.

Ég man ekki, herra forseti, hvort ég tók það fram sem væntanlega á ekki að þurfa, að við leggjum til að þetta mál fari til félagsmálanefndar. Við höfum sett það upp að formi til sem mál sem við nálgumst frá sjónarhóli sveitarfélaganna sem slíkra og sendum það til þeirrar fagnefndar þó að það sé auðvitað að sjálfsögðu líka uppeldis- og menntamál, enda er gert ráð fyrir því að menntamálaráðuneytið eigi aðild að nefndarstarfinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–2. og 8.–10. mál.

Fundi slitið kl. 19:20.

---

64. FUNDUR

þriðjudaginn 1. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vatnalög, stjfrv., 413. mál, þskj. 546. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Gjaldfrjáls leikskóli, þáltill., 25. mál, þskj. 25. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Þriðja kynslóð farsíma, stjfrv., 160. mál, þskj. 160, nál. 559, brtt. 586. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Einkamálalög og þjóðlendulög, stjfrv., 190. mál, þskj. 190, nál. 563 og 645. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 362. mál, þskj. 415. — 1. umr.

6. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 387. mál, þskj. 481. — 1. umr.
7. Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Fyrri umr.
8. Lögreglulög, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.
9. Endurskoðun á sölu Símans, þáltill., 44. mál, þskj. 44. — Fyrri umr.
10. Fjármálaeftirlitið, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.
11. Stjórnarskipunarlög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
12. Endurnýjanlegir, innlendir orkugjafar í samgöngum, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.
13. Fjárþörf Samkeppnisstofnunar, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.
14. Fjármálafyrirtæki, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.
15. Kvennahreyfingin á Íslandi, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.
16. Afdrif laxa í sjó, þáltill., 58. mál, þskj. 58. — Fyrri umr.
17. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þáltill., 59. mál, þskj. 59. — Fyrri umr.
18. Vernd og sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, þáltill., 60. mál, þskj. 60. — Fyrri umr.
19. Verndaráætlun fyrir svæði sem eru ósýkt af sauðfjárriðu, þáltill., 61. mál, þskj. 61. — Fyrri umr.
20. GATS-samningurinn, þáltill., 63. mál, þskj. 63. — Fyrri umr.
21. Upplýsingalög, frv., 68. mál, þskj. 68. — 1. umr.
22. Þunglyndi meðal eldri borgara, þáltill., 71. mál, þskj. 71. — Fyrri umr.
23. Sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, þáltill., 73. mál, þskj. 73. — Fyrri umr.
24. Áfengislög, frv., 74. mál, þskj. 74. — 1. umr.
25. Efling fjárhags Byggðastofnunar, þáltill., 468. mál, þskj. 720. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh., 1. þm. Norðaust.

[13:31]

Útbýting:
Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns og sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 484. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 740.

Vatnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 413. mál (heildarlög). — Þskj. 546.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Gjaldfrjáls leikskóli, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 25. mál. — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Þriðja kynslóð farsíma, frh. 2. umr.

Stjfrv., 160. mál. — Þskj. 160, nál. 559, brtt. 586.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:32]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Undir þetta mál sem er þriðja kynslóð farsíma skrifuðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar með fyrirvara. Sá fyrirvari snýr að því sem síðan birtist í breytingartillögu sem flutt var af þeim sem hér stendur og hv. þm. Kristjáni Möller og Jóni Bjarnasyni.

Fyrirvari okkar snýr að því að við teljum að ekki eigi að bjóða þessi leyfi út fyrr en í fyrsta lagi árið 2007. Í annan stað teljum við að dreifingarumfangið um landið eigi að ná a.m.k. 75 prósentum þegar leitað er eftir tilboðum og í þriðja lagi að notendur annarra kerfa Símans, svo sem GSM, NMT eða hins hefðbundna símabúnaðar, verði ekki látnir greiða kostnað af því að taka upp þriðju kynslóð farsíma. Þetta eru þeir fyrirvarar sem við höfum gert og lagt fram breytingartillögu um og ég geri ráð fyrir því að ef þessar skynsamlegu breytingartillögur verði felldar munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[13:34]

Björgvin G. Sigurðsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna þriggja flytjum þessar breytingartillögur við þetta frumvarp um leyfisrekstur á þriðju kynslóð farsíma. Við teljum að það verði að gera nokkrar meginbreytingar á frumvarpinu, í fyrsta lagi vegna þess að fram kom mjög eindregið hjá fulltrúum símafyrirtækjanna sem komu á fund samgöngunefndar að lítill vilji var til þess að fara út í rekstur á þriðju kynslóð farsíma að svo komnu máli. Það voru ekki taldar vera komnar tæknilegar forsendur fyrir því að fara út í slíkan rekstur nema þá lenda í stórfelldu tapi, og eftirspurnin væri ekki til staðar. Sporin frá öðrum löndum hræddu og sérstaklega var þar nefnd tilhögun mála í Bretlandi, hvernig gengið hefði að koma á þriðju kynslóð farsíma þar og breiða hana út. Við leggjum til seinkun á því hvenær útboðin fari fram.

Þá gerum við athugasemdir við að það er allt of lítil útbreiðsluskylda sem kveðið er á um í frumvarpinu. Við teljum að það verði að tryggja miklu betur en hér er á um kveðið að þegar og ef þriðja kynslóð farsíma kemst í gagnið nái hún til sem allra stærsts hluta af landinu líka en ekki einungis til stærstu og þéttbýlustu staðanna á Íslandi. Því leggjum við mikla áherslu á að þar verði bætt verulega úr

og útbreiðslan tryggð þannig að landið allt verði aðnjótandi þriðju kynslóðar farsíma.

Þá gerum við, fulltrúar Samfylkingarinnar í samgöngunefnd, ríkar athugasemdir við þá leit sem farin er til að velja þá fulltrúa sem geta fengið leyfi til að reka þriðju kynslóð farsíma. Hér er lögð til svokölluð leið fegurðarsamkeppni þar sem að lokum er um að ræða að ráðherra sker úr um hver fái leyfi til að reka kerfið en ekki opin uppboðsleið. Við leggjum mikla áherslu á að farin verði sú leið að *ef tveir jafngildir aðilar sækja um að reka þriðju kynslóð farsíma og fái leyfi til slíks reksturs fari fram opið uppboð* þar sem ráði hvor býður betur en ekki geðþótti ráðherra eða stjórnmálamanna hverju sinni. Bjóði tveir jafngildir aðilar í það fari fram uppboð á því hvor fær. Við leggjum til að ef breytingartillögur okkar í stjórnarandstöðunni verða ekki samþykktar, þær felldar, sitjum við hjá.

[13:37]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er að koma til atkvæðagreiðslu við 2. umr. frumvarp um þriðju kynslóð farsíma. Það fjarskiptakerfi sem við nú búum við hér á landi er fjarri því að ná til allra landsmanna. Ég vil taka GSM-farsímaþjónustuna sem nær alls ekki til nema hluta landsmanna og hluta landsvæða. Ég vil nefna gagnaflutninga sem alls ekki ná með viðunandi hætti til landsmanna allra. Það er meginmarkmið að fjarskipti og símaþjónusta nái til allra landsmanna áður en við förum að leggja mikla fjármuni í að byggja upp nýja tegund fjarskiptakerfis sem þessi þriðja kynslóð farsíma er.

Hún hefur ekki gengið vel í öðrum löndum, hún hefur reynst gríðarlega kostnaðarsöm og helsta leiðin til að láta hana ná fram að ganga er að láta aðra notendur, notendur annarra fjarskiptakerfa, annarra símkerfa, greiða fyrir þessa nýju kynslóð farsíma.

Við hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni teljum í fyrsta lag alls ekki tímabært að vera að setja heimild í gang til þess að ráðast í þessa gríðarlegu fjárfestingu sem þriðja kynslóð farsíma er. Í öðru lagi eigi að setja alveg skýrt skilyrði um það að verði hún sett í gang, að verði hún gerð heimil, verði gerð sú krafa á þau fyrirtæki sem ráðast í að byggja upp þriðju kynslóð farsíma að þeim verði gert skylt að byggja kerfið upp að lágmarki fyrir mun stærri hluta þjóðarinnar en þarna er gert ráð fyrir. Hér eru nefnd 60%. Við segjum í okkar tillögu að lágmarki 75% og auðvitað eigum við að miða við 90–100% þjóðarinnar ef við erum að setja í gang fjarskiptakerfi eins og hér er verið að tala um.

Svo er í síðasta lagi það að fari þetta í gang og nái einungis til stærstu þéttbýlisstaðanna eins og búast má við er það algerlega lágmark að þeir sem taka þessa nýju kynslóð farsíma í notkun greiði fyrir það en kostnaðinum verði ekki velt yfir á símnotendur í Reykjavík, á Vestfjörðum, Austurlandi, Norðurlandi eða Suðurlandi sem alls ekki eiga aðgang eða möguleika á að taka þessa nýju kynslóð farsíma í notkun.

Þess vegna teljum við, herra forseti, að við eigum að flýta okkur hægt, fresta gildistöku þessara laga og skoða málin betur.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, HjS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ISG, KJúl, KLM, LB, SJS, VS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:40]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér er um að ræða framför í þjónustu á sviði fjarskipta sem gæti reynst vel í t.d. fjarkennslu. Markmið frumvarpsins er eins og fram kemur í 1. gr. að tryggja hagsmuni neytenda og virka samkeppni. Nefndin telur að þessum markmiðum verði náð eins og málið liggur fyrir, m.a. með vísan til útboðsleiðarinnar og kröfu um lágmarksþjónustu á hverju svæði.

Herra forseti. Það er álit meiri hluta nefndar að hér sé um hagsmunamál að ræða. Engin lög liggja fyrir í landinu um þriðju kynslóð farsíma og því teljum við eðlilegt að þetta mál nái fram að ganga á hinu háa Alþingi.

Brtt. 586,1 felld með 27:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, HjS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

13 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ISG, KJúl, KLM, LB, SJS, VS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, HjS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ISG, KJúl, KLM, LB, SJS, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 586,2 felld með 27:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, HjS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

13 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ISG, KJúl, KLM, LB, SJS, VS) fjarstaddir.

3.–4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, HjS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ISG, KJúl, KLM, LB, SJS, VS) fjarstaddir.

Brtt. 586,3 felld með 27:23 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, HjS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

13 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ISG, KJúl, KLM, LB, SJS, VS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG, ÖS.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, HjS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ISG, KJúl, KLM, LB, SJS, VS) fjarstaddir.

6.–7. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, HjS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁMöl, EOK, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ISG, KJúl, KLM, LB, SJS, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Einkamálalög og þjóðlendulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 190. mál (gjafsókn). — Þskj. 190, nál. 563 og 645.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:45]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er á ferðinni enn eitt dæmið um kolranga forgangsröðun ríkisstjórnarinnar. Hér eru ríkisstjórnarflokkarnir að afnema mikilvæg réttindi sem almenningur hefur haft samkvæmt lögum. Þingmeirihluti er að þrengja rétt almennings til gjafsóknar þannig að eftir samþykkt þessa frumvarps getur fólk ekki fengið gjafsókn þegar um er að ræða mál sem hafa verulega almenna þýðingu eða varða verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjenda. Þau mál sem hafa hingað til fengið gjafsókn samkvæmt þeim lið einkamálalaga sem hér er verið að afnema eru iðulega mál sem eru sótt gegn ríkisvaldinu. Hér má nefna dómsmál sem fjalla um mannréttindi, umhverfismál, læknamistök, eignarréttindi, skaðabætur o.s.frv. Ríkisvaldið er því að þrengja rétt almennings á gjafsóknarmálum sem eru iðulega sótt gegn því sjálfu.

Ég vona að þetta fari ekki fram hjá almenningi.

Tilgangurinn með þessu frumvarpi er sagður vera sparnaður en þrátt fyrir það mun þetta frumvarp einungis koma í veg fyrir lítinn hluta heildarfjölda gjafsóknarmála, þ.e. um 10% þeirra. Hins vegar mun frumvarpið koma í veg fyrir mjög mikilvægan hluta gjafsóknarmála. Sparnaðurinn verður því hverfandi og í ljósi þeirra mikilvægu réttinda sem þingmeirihlutinn er að afnema hér er ljóst að verið er að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Þingmenn Samfylkingarinnar munu því greiða atkvæði gegn 2. gr. þessa frumvarps sem lýtur að afnámi þessara mikilvægu réttinda en sitja hjá við aðrar greinar þess.

[13:47]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar hvað þetta mál varðar því að hér er verið að leggja til niðurfellingu á því sem alþingismenn á sínum tíma kölluðu verulegar réttarbætur til almennings. Ég held að það sé veruleg ástæða til þess að við vekjum athygli stjórnarþingmanna á því úr þessum stóli hvað hér er verið að gera. Það er verið að leggja til að felld verði niður heimild til að veita gjafsókn á grundvelli þess að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjenda. Hæstv. dómsmálaráðherra ver breytinguna með því að hér sé verið að sporna við útgjaldaaukningu vegna gjafsóknarmála en í umræðunni hefur það verið dregið fram að sparnaðurinn sem af þessum breytingum mundi hljótast, ef einhver verður, verður í hæsta lagi um 15 millj. kr. á ári. Það er því verulega léttvæg röksemd þegar þess er gætt að niðurfelling heimildarinnar mun bitna á afar ósanngjarnan hátt á einstaklingum sem, nota bene, hafa fullt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar, t.d. í málum gagnvart ríkinu.

Ein tegund mála sem ekki yrði lengur hægt að heimila gjafvörn fyrir væri mál þar sem ríkið stefnir einstaklingum,

t.d. af handahófi. Ríkisskattstjóri þarf stöku sinnum að taka út einn einstakling og lögsækja eða stefna í svokölluðum fordæmismálum. Slík mál gætu ekki lengur notið gjafsóknar, ekki heldur skaðabótamál þar sem verið er að heimta bætur fyrir verulega örorku þegar örorka er mikil, mál þar sem aflahæfi fólks er skert og það þarf að fara í skaðabótamál við ríkið þar sem tekist er á um sök, lóðamál þar sem deilur um lóðarétt, oftar en ekki við opinbera aðila, eru til umfjöllunar, sveitarstjórnarmál, virkjanamál og síðast en ekki síst mál sem lúta úrskurðum sem ráðherrar hafa sjálfir gefið í álitamálum. Með öðrum orðum er með þessari breytingu verið að koma í veg fyrir að einstaklingar geti á grundvelli gjafsóknar lögsótt ráðherra ríkisstjórnarinnar í álitamálum sem hafa almenna þýðingu.

Hæstv. forseti. Fyrir hönd þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs mótmæli ég þeirri breytingu sem lögð er til á 2. gr. frumvarpsins sem skerðingu á mannréttindum. Til að undirstrika mótmæli okkar munum við greiða atkvæði gegn breytingunni en sitja hjá við málið að öðru leyti.

1. gr. samþ. með 25:1 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

nei: GAK.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, GÖg, GÖrl, HHj, HjS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, MÁ, RG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BJJ, GÞÞ, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ISG, KJúl, KLM, LB, SigurjÞ, SJS, VS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í þessari 1. gr. er verið að færa heimild yfir til dómsmálaráðherra um reglugerðarákvæði. Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um að bændur einir stétta í landinu hafi ákveðin réttindi sem verið er að fella niður í 2. gr. frumvarpsins en þar er verið að taka út úr lögunum sem hér segir, virðulegi forseti:

„Frumvarpið felur í sér að felld verði niður almenn heimild til gjafsóknar á grundvelli þess að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda."

Þetta er verið að fella niður. Það er sett inn sérstaklega fyrir bændur varðandi þjóðlendulögin. Hér er verið að mismuna fólki í landinu og ganga á rétt þess.

2. gr. samþ. með 27:22 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, HjS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ISG, KJúl, KLM, LB, SJS, VS) fjarstaddir.

3.–5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, HBl, HerdS, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, HjS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, ISG, KJúl, KLM, LB, SJS, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, fyrri umr.

Þáltill. GAK og JÁ, 23. mál. — Þskj. 23.

[13:54]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Þetta mál hefur komið áður til umræðu í Alþingi og er því vafalaust þeim sem áhuga hafa á þessu málefni nokkuð kunnugt. Rétt er að geta þess að við flytjum þetta tveir þingmenn, sá sem hér stendur og hv. þm. Jóhann Ársælsson. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Frumvarpið verði lagt fram á þessu þingi og að því stefnt að lögin taki gildi 1. janúar 2006.

Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á öllum óunnum fiski á markaði og stuðla að heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum, og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði."

Í greinargerð með málinu segir svo:

Lagalegar forsendur.

a. Kröfur EES-samnings um virka samkeppni á markaði.

Núgildandi lög og reglur fela í sér að gerðar eru miklar kröfur um siðareglur í viðskiptum, virka samkeppni á markaði og gegnsæi hans. Lögleiðing samkeppnislaga, nr. 8/1993, markaði tímamót á þessu sviði. Einnig má vísa til þess að Ísland er bundið af samkeppnisreglum ESB vegna aðildar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og hefur sú skuldbinding víðtæk áhrif í íslenskum lögum og reglum. Sem dæmi um viðbrögð löggjafans má nefna þingsályktun um setningu siðareglna í viðskiptum á fjármálamarkaði sem samþykkt var á 125. löggjafarþingi, en þar voru hafðar til hliðsjónar reglur framkvæmdastjórnar ESB.

Í greinargerð þeirrar þingsályktunartillögu segir m.a.: „Markmið reglnanna er að gefa viðmið fyrir siðlegt athæfi alls staðar á því svæði sem þær ná til, greiða fyrir virkri

starfsemi verðbréfamarkaða og gæta almannahagsmuna.“ Á öðrum stað segir: „Til þess að hann [þ.e. verðbréfamarkaðurinn] megi þróast eðlilega allri þjóðinni til hagsbóta er nauðsynlegt að hlúa að heilbrigðum og gagnsæjum viðskiptaháttum á öllum fjármagnsmarkaðinum.“

Fullvíst má telja að viðskiptalegt umhverfi verslunar með óunninn fisk hér á landi fullnægi ekki settum kröfum EES-samningsins um virka samkeppni.

Næsti liður greinargerðarinnar fjallar stuttlega um íslensk samkeppnislög og þar segir:

Þingsályktunartillaga þessi á sér meginstoðir í lögbundnum markmiðum gildandi samkeppnislaga og er ætlað að þjóna þeim, en í 1. gr. laganna segir:

„Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,

b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,

c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.“

Einnig má vísa til ýmissa annarra ákvæða samkeppnislaganna, svo sem 10. og 11. gr., og að auki er vert að benda á ákvæði 14. gr. en þar segir: „Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.“

Sé fullrar sanngirni gætt verður ekki annað séð en að framangreind ákvæði 14. gr. eigi fyllilega við um þann mikla aðstöðumun sem skapast milli útgerðarfyrirtækja sem árlega fá úthlutað aflaheimildum og njóta þannig verndar með slíkum stjórnvaldsbundnum leyfum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem engrar slíkrar verndar njóta en starfa í óheftri samkeppni.“

Hæstv. forseti. Ef skoðuð eru viðskipti á fiskmarkaði í nóvember sl. kemur í ljós að þegar selt er beint til fiskkaupenda, þ.e. í beinum viðskiptum sem oftast nær eiga sér stað milli fyrirtækja sem eru bæði með útgerð og fiskvinnslu og hafa þannig ákvæði að þau geta verðlagt aflann sjálf með sérstökum samningum við sjómenn, kemur í ljós að slægður þorskur með haus er seldur að meðaltali á 117 kr. kílóið í nóvembermánuði 2004. Hins vegar er hann seldur á rúmar 178 kr. þegar selt er á innlendum fiskmörkuðum. Þarna er mismunur upp á rúmlega 61 kr. hvert kíló. Ég held að það viti allir sem vilja vita að beinu viðskiptin sem annars vegar fara fram beint við þau skip sem útgerðir gera út og hins vegar eru í eignarhaldi þeirra fyrirtækja sem jafnframt eru í fiskvinnslu eða útgerðarfélaga sem eru skráð á kennitölur í eign viðkomandi yfirfyrirtækis eða fiskvinnslufyrirtækis er verðið þar yfirleitt talsvert annað, og verulegur munur á miðað við það sem selt er á íslenskum fiskmörkuðum. Þeir sem versla á íslensku fiskmörkuðunum og reka fiskvinnslur sínar á þeim fiski kaupa hann að meðaltali í nóvember sl. á 61 kr. hærra verði en gerist og gengur í beinu viðskiptunum. Þar til viðbótar eru svo í beinu viðskiptunum viðskipti þar sem þeir sem hafa fengið úthlutað aflaheimildum gera samninga við aðrar útgerðir sem kvótalitlar eru eða kvótalausar og leggja upp hjá fiskvinnslufyrirtækjunum. Þar af leiðandi er kvótinn notaður til þess að draga til sín viðskipti.

Það er vissulega hægt að halda því fram eins og það sem ég vitnaði til hér áðan í samkeppnislögunum en þar sagði, svo að ég endurtaki það:

„Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.“

Ég held að það fari ekkert á milli mála, og það vita allir sem vilja vita, að þeir sem hafa fengið úthlutað aflaheimildum á Íslandsmiðum og eru jafnframt með fiskvinnslu nýta sér aflaréttinn, m.a. í verðmyndunarþættinum. Þar af leiðandi eru viðskipti með verulega öðrum hætti en eðlilegt gæti talist. Ég hef líka leyft mér að halda því fram, virðulegur forseti, að ég hefði enga trú á því að þeir aðilar sem lengi hafa verið í útgerð hér á landi, árum og áratugum saman, og þá á ég við stærstu og öflugustu fyrirtæki landsins, ræði ekki saman um rekstrarforsendur sínar og notkun á þeim réttindum sem þeim hafa verið fengin.

Ég hygg að menn geti spurt sig að því hvort það sé svo að gömul völd í sjávarútvegi, gömul eignastaða í sjávarútvegi, séu einhvern veginn í svipuðu fari og hin gömlu völd olíufélaganna sem Samkeppnisstofnun hefur verið að skoða. Ég ætla ekki að fullyrða um það en mér finnst mjög margt benda til þess að þannig liggi málið. Eitt er víst, þau fyrirtæki sem kaupa allan sinn fisk á fiskmarkaði á miklu hærra meðalverði en er í beinu viðskiptunum vinna jafnframt úr þessum fiski og selja hann inn á dýrustu markaði sem við finnum í nágrannalöndum okkar. Það þurfa auðvitað að vera mjög vel rekin fyrirtæki að keppa á þessum fiskmarkaði, jafnvel við þá sem eiga nægar aflaheimildir og geta notað þær í þessum viðskiptum. Það er alveg ljóst að sum fyrirtæki í sjávarútvegi sem reka eigin fiskvinnslu og útgerð og kaupa fiskinn af sjálfum sér eru að seilast inn á þá markaði og inn í þá viðskiptasamninga sem fiskvinnslur án útgerðar hafa samið við á undanförnum árum og selt.

Það er ekkert launungarmál, og vita það allir sem vilja vita, að sú mikla þróun og verðmætisaukning sem orðið hefur í ferskum útflutningi á unnum fiski frá Íslandi hefur fært okkur verulegan verðmætisauka fyrir þjóðina og verulega hærra skilaverð upp úr sjó fyrir unninn fisk á Íslandi. Þess vegna er meira en kominn tími á að það sé tekið á þessum málum. Þess vegna er það auðvitað sem við flytjum þetta mál hér aftur og aftur.

Því miður er það svo að flokkar sem kenna sig við óhefta samkeppni, eins og Sjálfstæðisflokkurinn, hafa staðið á móti þessu máli árum saman. Það er algjörlega ljóst að mínu viti að ef hér væri innleiddur rekstrarlegur aðskilnaður fiskvinnslu og útgerðar, fjárhagslegur aðskilnaður, yrði það til mikilla bóta til þess að sjá hvernig viðskiptin gerast á eyrinni, og að ekki væri hægt að blanda saman í bókhaldi og rekstri fyrirtækja þeim verðmætum sem annars vegar eru aflaheimildir, óveiddur fiskur í sjó við Ísland, og hins vegar fiskkaup á fiskmarkaði. Það held ég að væri mjög þarft verk að stuðla að.

Hér segir áfram í greinargerð með tillögunni:

Sé fullrar sanngirni gætt verður ekki annað séð en að framangreind ákvæði 14. gr. eigi fyllilega við um þann mikla aðstöðumun sem skapast milli útgerðarfyrirtækja sem árlega fá úthlutað aflaheimildum og njóta þannig verndar með slíkum stjórnvaldsbundnum leyfum og hins vegar fiskvinnslufyrirtækja sem engrar slíkrar verndar njóta en starfa í óheftri samkeppni á markaði.

Þetta eru jú fyrirtæki sem eru í harðri samkeppni á erlendum markaði að bjóða vöru sína og þetta hlýtur að teljast samkeppnisleg mismunun, hæstv. forseti. Þessi samkeppnislega mismunun hefur sömu afleiðingar og samkeppnislegt samráð um verð. Fiskiðnaðurinn er í alþjóðlegri samkeppni á erlendum mörkuðum og þær mismunandi leikreglur sem við búum fiskiðnaðinum hér á landi verða auðvitað til þess að menn sitja ekki við sama borð. Ég tel að það sé verið að vinna gegn hagsmunum íslensku þjóðarinnar með því að hafa þetta fyrirkomulag áfram eins og það er og það yrði þjóðinni til mikils hagræðis og mikils verðmætisauka í framtíðinni, fyrir utan það að lagfæra hér óeðlilegt viðskiptakerfi, ef stigið væri það skref sem þessi þingsályktunartillaga gengur út á.

Það er fjöldamargt annað, virðulegi forseti, sem ég vildi koma inn á en mun gera það í seinni ræðu minni. Ég vona að umræður um þetta mál verði efnislegar. Nóg er efnið. Hér er til skýrsla, „Sjávarútvegsstefna — breytt áhersla er nauðsyn", frá Samtökum fiskvinnslu án útgerðar. Það er til skýrsla hér um aukið verðmæti í sjávarútvegi, fullt af gögnum sem segja að við getum búið til meiri virðisauka í sjávarútvegi.

[14:09]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Það eru nokkrar af skoðunum okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í þessu máli sem ég vildi hér koma á framfæri.

Í fyrsta lagi er til að taka að fjöldi fiskvinnslna hér, mikilvægra fiskvinnslna, er starfandi án þess að hafa útgerð og án þess að hafa fiskveiðiheimildir til að byggja rekstur sinn á. Þessi vinnsla er orðin ábyrg fyrir stórum hluta fiskvinnslu í landinu og ekki hvað síst þeirri vinnslu þar sem unnin er sérvara, handunnin vara eða á einn eða annan hátt eru unnar jafnvel dýrari vörur en unnar eru af hinum stærri útgerðum og fiskvinnslustöðvum. Þýðing þessara fiskvinnslustöðva er gríðarlega mikil í íslenskum sjávarútvegi.

Við í sjávarútvegsnefnd vorum á ferð um Suðurnes fyrir skömmu og heimsóttum þar vinnslur sem voru án fiskveiðiheimilda og án þess að eiga útgerð. Það var virkilega fróðlegt að sjá hvernig hágæðavara var unnin þar af miklum metnaði og kappi, hágæðafiskur til útflutnings. Einmitt þar var lögð gríðarleg áhersla á það við okkur í sjávarútvegsnefnd hversu mikilvægt það væri að fiskvinnslurnar ættu samkeppnishæfan aðgang að fiski á mörkuðum. Það sem sló mig einna mest var hversu mikið magn af fiski er flutt út í gámum án þess að mega koma inn á íslenska fiskmarkaði, er flutt út óunnið í gámum til vinnslu erlendis án þess að íslenskar fiskvinnslur geti komið þar að og boðið í.

Við fengum minnisblað frá þessum aðilum, Samtökum fiskvinnslu án útgerðar á Íslandsmarkaði og Fiskmarkaði Suðurnesja, sem ég ætla að leyfa mér hér að vitna til, með leyfi forseta:

„Það að íslenskum fiskkaupendum skuli gert það ómögulegt að bjóða í þann fisk sem sendur er á erlenda fiskmarkaði er ótrúlegt og óskiljanlegt. Með hinu fullkomna uppboðskerfi Íslandsmarkaðar geta erlendir aðilar boðið í fiskinn í samkeppni við íslensk fiskvinnslufyrirtæki þannig að á það reyni hér heima áður en fiskur fer í útflutning hver er hæstbjóðandi hverju sinni. Þá mundi þetta fyrirkomulag, sem er auðvitað hið eina eðlilega, styrkja mjög starfsemi íslenskra fiskmarkaða þar sem þeir fengju verulegar tekjur af umsýslu og sölu á umræddum fiski. Krafa íslenskra fiskkaupenda og fiskmarkaða er því aðeins sú að þeir verði ekki útilokaðir frá samkeppni eins og nú er, heldur verði allur óunninn fiskur seldur á Íslandi."

Þá er ítrekað líka í þessum minnispunktum sem þeir létu okkur hafa, með leyfi forseta:

„Þá er einkennileg sú leynd sem hvílir yfir sölum erlendis. Innlendum fiskmörkuðum er uppálagt að birta allar upplýsingar daglega, hins vegar birtast verð á erlendum mörkuðum viku síðar þó svo að reglugerð kveði á um annað. Þá er rétt að benda á að vaxandi hluti afla sem fer til sölu á erlendum uppboðsmörkuðum fer aldrei á uppboð, heldur er seldur beint sem raunar er einnig andstætt reglum."

Mér finnst þetta vera grafalvarlegt mál, herra forseti, og krefst þess í rauninni að á þessu máli verði tekið hér. Við höfum rætt það undanfarin ár hversu siðlaust það er að flytja utan í svo miklu magni fisk í gámum, óunninn fisk, án þess að íslensk fiskvinnsla geti fengið að bjóða í hana í samkeppni við hina erlendu aðila og án þess að nokkuð hafi verið að gert. Undanfarið hefur líka þessi útflutningur verið að aukast. Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar jókst útflutningur í gámum á fyrstu tíu mánuðum ársins 2004, óunninn fiskur í gámum sem ekki fær að koma inn á markaði hér, um 65%.

Mér finnst þetta grafalvarlegt. Fiskvinnsla á Íslandi er í harðri samkeppni við erfitt gengi og lágt kaup erlendis en síðan þarf hún líka að búa við skerta samkeppnisstöðu. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir þessari aukningu. Ég hef séð það í tölum frá Hagstofunni að útflutningur í gámum nam á árinu 2003, janúar til október, 3.356 millj. kr., en á fyrstu 10 mánuðum ársins 2004 eru það 5.161 millj. kr., eða nærri 2 milljarða kr. meiri útflutningur á árinu 2004 en á árinu 2003, á gámafiski sem íslenskar fiskvinnslur fá ekki tækifæri til að bjóða í.

Ég ítreka að mér finnst þetta fullkomið siðleysi. Það má vel vera að réttlætanlegt sé að flytja þennan fisk út í smáum stíl, að útgerðir þurfi að senda óunninn fisk til viðskiptavina sinna sem hluta af einhverjum heildarviðskiptum. En ég get ekki séð að nokkur skynsamleg rök séu fyrir útflutningi á svo gríðarlegu magni sem hér um ræðir. Þetta ber að stöðva nema þá með fullkomnum leyfisveittum undantekningum.

Varðandi þessa tillögu þá vil ég gjalda varhuga við því að algerlega sé skilið á milli útgerðar og vinnslu en að útgerðir sem ekki stunda eigin vinnslu geti verið skyldar til að senda fisk sinn á markað þannig að hægt sé að nálgast

þann fisk á samkeppnishæfan hátt. Vel má hugsa sér að einhver hluti af fiski á vegum útgerða sem eru með fiskvinnslu fari á markað en stærsta málið sem við stöndum frammi fyrir finnst mér að stöðva útflutning á gámafiski sem íslensk fiskvinnsla fær ekki tækifæri til að bjóða í. Það finnst mér vera mál númer eitt.

[14:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í lok ræðu sinnar sagði hv. þingmaður að hann gyldi varhuga við því að skilið yrði á milli útgerðar og fiskvinnslu. Þá geri ég ráð fyrir að hann sé að tala um þá tillögu sem hér liggur fyrir en hún snýst um að fjárhagslegur aðskilnaður verði í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Ég bið hv. þingmann að útskýra betur hvers vegna hann er á móti því að sá fjárhagslegi aðskilnaður verði? Sú aðgreining þýðir ekki að sömu fyrirtækin megi ekki eiga bæði útgerð og fiskvinnslu heldur sé algerlega skýrt að fjárhagurinn sé aðskilinn. Ég ætla ekki að útskýra það nánar í þessu andsvari eða rökstyðja en ég vil fá betri útskýringar hjá hv. þingmanni á því hvers vegna hann er á móti þessu.

[14:18]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að fjalla efnislega um þennan þátt. Það má vafalaust finna það form á fjárhagslegum aðskilnaði á útgerð og fiskvinnslu sem gengur upp þannig að fullt hagræði náist innan fyrirtækja í slíkri starfsemi. Það var ekki meginatriði míns máls. Mér finnst að skoða megi það frá ýmsum hliðum. Mér finnst sjálfsagt að þau atriði séu skoðuð og hvað mönnum finnst í þeim efnum.

Ég ítreka að ég tel að eitt brýnasta málið okkar nú sé að þeim fiski sem veiddur er við Ísland sé þá landað hér og komi til vinnslu hér á landi.

[14:19]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ánægður með það að hv. þingmaður skuli ekki vera á þeirri skoðun sem ég taldi af því að hann orðaði það svo að hann gyldi varhuga við því að þessi fjárhagslegi aðskilnaður yrði að veruleika. Það er nú einmitt það sem við erum að ræða hér, hvort hann sé skynsamlegur. Ég tel að svo sé og er feginn því að hv. þingmaður er ekki á annarri skoðun.

[14:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel meginmál hér að íslensk auðlind, íslenskur fiskur sem veiddur er hér, landað hér o.s.frv., að hann sé unninn hér og að íslenskir aðilar, fiskvinnslur fái aðgang að honum. Erlendir aðilar sem vilja sækja óunninn íslenskan fisk til vinnslu gætu boðið í hann á íslenskum mörkuðum í samkeppni við íslenska fiskvinnslu. Það finnst mér vera meginmálið.

[14:21]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Það er full ástæða til að ræða um efni þessarar þingsályktunartillögu sem fjallar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Ég þakka flutningsmönnum hennar hv. þingmönnum Guðjóni Arnari Kristjánssyni og Jóhanni Ársælssyni fyrir þá þolinmæði og staðfestu sem þeir sýna í þessu máli. Ég tók eftir því að í greinargerð sem fylgdi með frumvarpinu kom fram að þetta mál hefði áður verið lagt fram og ekki náðst að ræða það að fullu og því væri það lagt fram aftur. Ég fletti því upp hvernig þetta mál hefur gengið fyrir sig.

Málið var fyrst lagt fram 16. október árið 2001 og þá fóru fram um það ansi skýrar og glöggar umræður. Þá var gert ráð fyrir því í tillögunni að ný lög tækju gildi 1. janúar 2003. Síðan hefur málið verið sent til nefndar og ekki komið úr nefnd. Síðan er sama mál lagt fram 29. október 2002. Þá átti það að taka gildi 1. janúar 2004. Þar er sami háttur á. Þá fer fram 1. umr. Hún er góð en síðan gerist ekkert meira í málinu. Þá er málið lagt fram 13. október 2003.

Mér sýnist sem þetta mál hafi komið fram í október á hverju ári, nánast eins tryggt eins og jólin koma í desember, en aldrei hefur það komist lengra en að vera vísað til nefndar þar sem það hefur sofnað. Þetta, herra forseti, er nokkuð sem ég er farinn að átta mig á með örlög þingmannamála stjórnarandstöðunnar á Alþingi. Þau fá eina umræðu ef þau komast á dagskrá og síðan sjást þau yfirleitt ekki meira. Ég mundi vilja nota þetta tækifæri og skora á þingmenn stjórnarinnar og þá sem ríkisstjórnina styðja að sýna þann kjark að taka umræðu í nefnd um mál eins og þetta, afgreiða það aftur hér til þingsins svo það fái þá þinglega meðferð. Ef menn álíta að ekki sé hægt að samþykkja svona þingsályktunartillögu eins og hér er lögð fram þá felli menn hana einfaldlega, en láti málið ekki sofna í nefnd aftur og aftur.

Það dylst náttúrlega engum sem skoðar málið að það er gríðarlegur aðstöðumunur á milli þeirra aðila sem fengu úthlutað veiðiheimildum á sínum tíma og reka fiskvinnslu og þeirra sem reka eingöngu fiskvinnslu og kaupa allt sitt hráefni af öðrum. Þessi tillaga sem hér er lögð fram tekur eingöngu á fjárhagslegum aðskilnaði, bókhaldslegum og fjárhagslegum aðskilnaði og kemur ekkert inn á þau rekstrarlegu eða tilfinningalegu málefni að aðrir eigi ekki að fá „fiskinn minn“. Ekkert yrði því til fyrirstöðu að menn haldi óbreyttu kerfi miðað við þá tillögu sem hér er, að þeir sem bæði eiga útgerð og fiskvinnslu nýti áfram fisk af sínum bátum en það sé hins vegar skýrt í bókum hvers fyrirtækis hvernig rekstur útgerðarþáttarins lítur út og hvernig rekstur fiskvinnslunnar lítur út.

Þetta er eðlileg og sjálfsögð krafa þeirra sem eingöngu stunda fiskvinnslu. Ég efast um að í nokkurri annarri atvinnugrein á Íslandi fengju menn að reka fyrirtækin með þeim hætti sem gert er í sjávarútvegi, að hráefnisbirgir og framleiðandi séu sami aðilinn án þess að skilið sé þar á milli með bókhaldslegum aðskilnaði og jafnvel heildsali líka, það sé allt sama fyrirtækið frá upphafi til enda og engin leið að bera saman rekstrar- eða samkeppnisgrundvöll þeirra sem eingöngu stunda einn þátt þeirrar atvinnugreinar sem fram fer. Ég er viss um að Samkeppnisstofnun væri búin að taka á þessu máli í öðrum atvinnugreinum en hún gerir það ekki í fiskvinnslunni.

Við verðum að hafa í huga að fiskveiðar í kringum Ísland eru leyfisbundnar. Það er árleg úthlutun á veiðikvóta og því hægt að segja, eins og háttvirtur flutningsmaður

sagði í upphafi máls síns að þessi atvinnugrein, þ.e. útgerðin, sé stunduð í skjóli opinbers einkaleyfis. Við vitum að þeir einir sem hafa þetta opinbera einkaleyfi mega nýta auðlindina í hafinu í kringum Ísland þótt hún sé þjóðareign og það komi skýrt fram í öðrum lögum.

Hér er um takmörkuð réttindi að ræða og þeim takmörkuðu auðlindum eða gæðum er úthlutað til fárra. Við verðum að gera þá kröfu að þeir sem nýta hina sameiginlegu auðlind geri það þannig að það sé opið og gegnsætt. Menn þyrftu þá ekki að geta sér til um hver afraksturinn er af útgerðinni annars vegar og afraksturinn af fiskvinnslunni hins vegar.

Ég reyndar þekki það vel til vinnslu og rekstrar útgerðarfyrirtækja að ég efast ekkert um að bókhald þessara fyrirtækja er með þeim hætti að það kemur skýrt fram hvernig rekstur útgerðarinnar er annars vegar og rekstur fiskvinnslunnar hins vegar. Þessir aðilar fylgjast nákvæmlega með því frá degi til dags, milli vikna og mánaða. En meðan ekki eru til lög um fjárhagslegan aðskilnað er möguleiki á að færa á milli greinanna, færa á milli útgerðarinnar og fiskvinnslunnar þannig að endanlegur ársreikningur sem út kemur þarf ekki endilega að endurspegla raunkostnað við útgerð eða fiskvinnslu og sýnir þar af leiðandi ekki raunafkomu, hvorki útgerðarinnar né fiskvinnslunnar.

Þeir aðilar sem kaupa fisk á fiskmörkuðum reka flestir hverjir fyrirtæki sín þannig að þeir fara inn á þá markaði sem gefa hæsta verðið hverju sinni. Þeir verða að gera það til að vera samkeppnishæfir um hráefnið á fiskmarkaði. Þeir sem eru með eigin útgerð geta hins vegar, ef þeir svo kjósa og menn hafa rökstuddan grun um að það sé í mörgum tilfellum svo, greitt lægra verð fyrir fiskinn af eigin skipum til að taka hann inn í fiskvinnsluna og hagnast vel á fiskvinnslunni. Við vitum náttúrlega að lægra fiskverð þýðir lægri laun til sjómanna. Það er sparnaður fyrir fyrirtæki sem er bæði með útgerð og fiskvinnslu að greiða lágt fiskverð því að þá þarf ekki að skipta af háa fiskverðinu til sjómanna á skipunum.

Ég tel að það sé eðlileg krafa sem hér kemur fram, að við sjáum þarna fjárhagslegan aðskilnað, bókhaldslegan aðskilnað. Slíkar kröfur eru gerðar til flestallra annarra atvinnugreina. Nýlega voru samþykkt raforkulög. Þar þótti nauðsynlegt og eðlilegt, og allir sammála um það, að skilja á milli framleiðslu, sölu og dreifingu og smásölu. Flestir fallast á að þetta verði að vera gegnsætt þannig að ljóst sé að menn séu að keppa á jafnréttisgrunni. Þetta gildir í fjarskiptamálum, hjá Símanum, Og Vodafone við heyrum þetta á hverjum degi. Það er nauðsynlegt að skilja á milli grunnnetsins og síðan annarrar starfsemi eða GSM-starfsemi og annarrar símastarfsemi. Það er mjög skýrt dæmi. Það eru ekki aðrir með heimilissíma en Síminn en það eru aðrir með GSM-síma. Þess vegna segja menn: Það er nauðsynlegt að Síminn haldi GSM-þjónustunni sér þannig að hann sé ekki að niðurgreiða frá heimilissímum yfir í GSM. Það þarf að vera hægt að bera saman og sjá hvort menn keppa á jafnréttisgrunni eða ekki.

Hið nákvæmlega sama gildir í fiskvinnslunni og útgerðinni. Það verður að vera hægt að sjá hvort þeir sem kaupa á mörkuðum keppi á jafnréttisgrunni við þá sem fá fisk frá eigin útgerð, herra forseti.

[14:29]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ég geti tekið eiginlega undir nánast allt sem háttvirtur síðasti ræðumaður sagði. Ég held að það hafi aðeins verið eitt í lok ræðunnar sem honum sást yfir.

Það gerðist hér á Alþingi fyrir um 40 mínútum að við samþykktum þriðju kynslóð farsíma. Hvað var samþykkt þar? Stjórnarandstöðuflokkarnir lögðu til að ekki væri hægt að færa á milli þriðju kynslóðar farsíma og annarrar kynslóðar. Stjórnarflokkarnir samþykktu hins vegar að hafna því. Þannig verður hægt að færa á milli þriðju kynslóðar farsíma og annarra viðskipta. Ég vil draga þetta fram af því það mátti skilja það svo á ræðu hv. þingmanns áðan að menn pössuðu sig á að aðskilja þetta alls staðar. Það er rétt, menn hafa reynt að passa sig á því en Alþingi var að gera allt annað hér áðan.

[14:30]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er réttmæt ábending sem kom fram hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni varðandi það sem við ræddum rétt áðan. En þegar ég talaði um aðskilnað í fjarskiptum og hjá Símanum vitnaði ég til úrskurða sem Samkeppnisstofnun hefur fellt um að ekki sé verið að greiða niður GSM-þjónustu hjá einum sem hefur grunnnetið á sínum snærum og heimilissímana og hægt sé síðan að bera saman rekstur GSM-þjónustu hjá þeim aðila og öðrum þeim nýjum sem koma inn.

Af hverju menn vilja ekki fjárhagslegan og bókhaldslegan aðskilnað í útgerð og fiskvinnslu, ég átta mig ekki almennilega á því. Ég hélt að það væri tiltölulega einfalt og öllum til góða að sjá það, því að ef þetta væri orðin lagaskylda gerðu öll fyrirtæki þetta og þá sæju menn fljótlega hvort þeir væru að hagnast annars vegar á útgerðinni eða fiskvinnslunni hins vegar og gætu þá einbeitt sér að þeim rekstri sem þeir eru góðir í, þannig að þeir sem eru bestir í fiskvinnslu stundi fiskvinnslu og þeir sem bestir eru í útgerð stundi þá útgerð. Ef menn eru góðir í hvoru tveggja og vilja reka þetta saman, þá geta þeir það miðað við þessa þingsályktunartillögu eins og hún er, en þurfa þá að halda í bókum sínum uppgjöri hvors þáttar um sig aðskildum. Það liggi alveg fyrir hvað hvor þáttur kostar og hversu miklu hvor þáttur skilar í framlegð í rekstri viðkomandi.

Sérstaklega finnst mér mikilvægt þegar við horfum á það að sjómenn taka laun sín eftir fiskverði og taka laun sín miðað við það fiskverð sem verið er að greiða frá fiskvinnslu til útgerðar, að það sé eins gagnsætt og mögulegt er að verið sé að greiða það verð sem eðlilegt er hverju sinni, það markaðsverð sem gildir hverju sinni.

[14:33]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem sagt hefur verið að þetta mál sem hér liggur fyrir er ekki alveg nýr kunningi, þetta er má segja gamall kunningi hér í þinginu og sjálfsagt að slík mál séu rædd. Reyndar eru ekki svo mörg sjávarútvegsmálin til umræðu um þessar mundir, því er það vissulega ánægjulegt tilefni að geta aðeins farið að ræða þau mál

og fara aðeins yfir sjávarútvegsmálin, m.a. út frá þeim sjónarhóli sem hérna er vísað til.

Ég hef á hverju ári gluggað í umræðda tillögu og þó að ég hafi lesið hana og hlýtt oft af athygli á ræður þeirra sem hafa talað fyrir þessu máli, þá get ég strax gert þá játningu að ég er ekki nær því en ég var í upphafi að vilja styðja málið og tel reyndar að það væri ákaflega óskynsamlegt ef það fyrirkomulag sem verið er að gefa til kynna væri staðfest og leitt í lög á einhvern hátt. Eins og lesa má af greinargerð tillögunnar er ég ekki í neinum vafa um að það yrði ákaflega skaðvænlegt fyrir íslenskan sjávarútveg, íslenskt þjóðarbú, ekki síst landsbyggðina, og mundi ekki þjóna því markmiði sem í raun liggur þó til grundvallar og ég veit að góður hugur er á bak við tillöguna í sjálfu sér.

Vandi tillögunnar er hins vegar sá að mörgu leyti að hún er ekki skýr. Hér er talað um hugtakið fjárhagslegan aðskilnað. Ég hlustaði á síðasta hv. ræðumann og staðfestingu hv. 1. flutningsmanns á því að allt sem hann hefði sagt væri kórrétt eftir bókinni um hvernig túlka mætti tillöguna. Það sem hv. þingmaður var í rauninni að segja var að það ætti að vera bókhaldslegur aðskilnaður, menn ættu að geta séð það í bókunum sínum hvernig reksturinn gengi.

Virðulegi forseti. Þurfum við að flytja um það sérstaka þingsályktunartillögu? Höfum við ekki einhver lög í landinu sem heita lög um bókhald? (Gripið fram í.) Og ætli þau kveði ekki eitthvað á um það hvernig menn eiga að færa bækur sínar þegar menn færa bókhaldið í fyrirtækjum sínum? Kannast menn ekki við áritun endurskoðenda? Ábyrgð endurskoðenda hefur verið stóraukin í áranna rás með lagasetningu frá Alþingi þar sem segir í áritun endurskoðenda svona efnislega að ársreikningur eigi að gefa glögga mynd af rekstrinum hverju sinni. Ef ársreikningur gefur ekki glögga mynd, hann sé á einhvern hátt blekking frá raunveruleikanum er ljóst að ábyrgir fyrir því eru væntanlega stjórnendur fyrirtækisins og endurskoðendurnir. Þess vegna er það, virðulegi forseti, að ef þetta er tilgangurinn með þingsályktunartillögunni þá sé ég nú ekki til hvers hún er flutt í rauninni, vegna þess að þá er bara verið að árétta það að menn eigi að færa bókhaldið sitt rétt.

Auðvitað er það rétt sem hv. 10. þm. Suðurk. sagði hér áðan og ég veit að hann talar af mikilli þekkingu því að hann hefur rekið sjávarútvegsfyrirtæki. Stjórnendur sem vilja taka hlutverk sitt alvarlega og eru að reyna að reka fyrirtæki sitt vel tryggja það auðvitað að þeir geti lesið út úr ársreikningunum og bókhaldi sínu þær upplýsingar sem þeir þurfa á að halda. Bókhaldið er stjórntæki, það vitum við. Bókhaldið er stjórntæki. Menn nota bókhaldið til að átta sig á því hvort útgjaldaliðirnir og tekjuliðirnir séu í samræmi við það sem menn eru að stefna að.

Ég þekki það vel til rekstrar sjávarútvegsfyrirtækis að mér er mætavel kunnugt um að stærsti einstaki útgjaldaliður til að mynda í fiskvinnslu er hráefnið. Ætli það verði þá ekki að liggja nokkuð skýrt fyrir í blönduðum rekstri hvert hráefnishlutfallið er? Það er reyndar gefið til kynna í þessum texta að það megi gæta þess að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisrekstri. Reyndar er gefið til kynna í greinargerðinni að með því fyrirkomulagi sem núna ríkir sé verið að flytja fjármuni frá útgerðinni til fiskvinnslunnar. Ætli fiskvinnslumenn kannist við þá lýsingu, að fiskvinnsluhluti útgerðarinnar eða sjávarútvegsins sé svona vel haldinn vegna þess að búið sé að færa frá útgerðinni einhverja tekjuþætti sem ættu að vera þar yfir til fiskvinnslunnar? Það er auðvitað ekki þetta, virðulegi forseti, sem um ræðir.

Við vitum að hinn bókhaldslegi aðskilnaður er til staðar og það er ekkert af því tilefni sem getur knúið menn áfram til að leggja fram þessa þingsályktunartillögu. Það hlýtur að vera eitthvað annað sem vakir fyrir mönnum og það er auðvitað það sem maður sér þegar greinargerðin er lesin. Það er nefnilega ekki verið að leggja það til sem hv. þingmaður talaði um þegar hann reyndi að klæða tillöguna í aðeins sakleysislegri felubúning, heldur er verið að ganga miklu lengra. Það er það sem vakir uppi þegar maður les tillögugreinina ásamt greinargerðinni. Þá sér maður auðvitað að það er verið að leggja miklu meira til.

Það er hins vegar sá galli við tillögugreinina að hún er ekki nógu skýr, og mætti kannski og er ábending inn í umræðuna, að það væri a.m.k. ómaksins vert að gera tillögugreinina það skýra að það liggi þá fyrir hvað verið er að leggja til. Það er ekki bara verið, virðulegi forseti, að leggja til bókhaldslegan aðskilnað heldur miklu meira. Hvað er þá verið að leggja til? Jú, það er verið að leggja til að gerð séu hrein skil þarna á milli. Sá sem rekur útgerð og fiskvinnslu verður þá væntanlega að tryggja bæði verðmyndun innan fyrirtækis síns á þann hátt að hann geti ekki með neinu móti komið þar að.

Þá er það augljóst mál, sem allir hagsmunaaðilar hafa komið auga á og hafa sífellt talað um þegar þessi mál hefur borið á góma, að krafa um að slíta þarna algerlega á milli er krafa um að veikja sjávarútvegsfyrirtækin sem gerir það að verkum að þau eiga erfiðara með þá meginskyldu sína, þ.e. að mæta kröfum viðskiptavinarins. Og alveg sama hvernig við lítum á sjávarútvegsumhverfið í heild sinni, hvort sem við horfum á útgerðarþáttinn, vinnsluþáttinn eða markaðsþáttinn, sem er sérstaklega fróðlegt vegna þess að hér inni eru menn sem hafa starfað við þann hluta, markaðsþáttinn, þá vitum við að það sem meginmáli skiptir og var t.d. styrkur okkar Íslendinga áratugum saman þegar aðrar þjóðir gátu ekki státað af því, var nákvæmlega það að við vorum í þeirri stöðu að geta tryggt framboð á markaðina.

Hafi þetta verið mikilvægt á þeim tíma sem gömlu, góðu sölusamtökin voru allsráðandi, þá er þetta auðvitað margfalt meira áríðandi núna vegna þess að hlutur ferskfisksvinnslunnar í íslenskum sjávarútvegi er meiri og fer stöðugt vaxandi og er raunar sá þáttur íslensks sjávarútvegs sem á síðustu árum hefur vaxið jafnt og þétt og skilað sér sem hluti af viðbótartekjumyndun í íslenskum sjávarútvegi. Ætli það sé algjör tilviljun að allir þeir sem maður talar við sem starfa á þessum markaði og hafa þessar miklu skyldur í stóru fyrirtækjunum úti um allt landið, leggja ofuráherslu á að geta tryggt sér tiltekið hráefnisframboð til að geta brugðist við óskum viðskiptavinanna.

Hér var vitnað til ágætrar ferðar sem við í sjávarútvegsnefnd Alþingis fórum og hittum að máli fulltrúa Samtaka fiskvinnslu án útgerðar. Við fórum líka í fyrra ferð um Eyjafjörð og við höfum verið á ferðinni á Vestfjörðum. Það er alveg sama við hvern maður talar í þessum efnum, það er alltaf það sama sem blasir við, þ.e. að sjávarútvegurinn er

að breytast að því leytinu til að hann er að verða mun meðvitaðri um markaðshlutverk sitt. Þess vegna skiptir öllu máli að ekki sé slitið á milli útgerðar og fiskvinnslu, að menn geti, sjái menn hagsmunum sínum best borgið þannig, og hafi það vald líka (Forseti hringir.) að ráðstafa hráefni sínu til þess að tryggja öruggt framboð inn á markaðina sem menn (Forseti hringir.) eiga að þjóna.

[14:41]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gæti víða komið við í ræðu hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar en hún bar nú fyrst og fremst keim fyrirgreiðslupólitíkur eins og við höfum þekkt í sjávarútvegi á Íslandi síðustu tíu, tuttugu ár.

Það er alvarleg mismunun í íslenskum sjávarútvegi í dag, hvort sem um er að ræða útgerð eða fiskvinnslu. Hv. þingmaður vék að því í máli sínu að markaðirnir þurfi ákveðið öryggi er varðar framboð birgja sinna á fiski. Það er ekki verið að leggja til að leggja niður veiðar á Íslandi, svo það sé alveg á hreinu.

Í annan stað talar hann um stöðnun. Við skulum athuga hvernig landið liggur í rauninni á Íslandi í dag. Við erum annars vegar með fyrirtæki sem kenna sig við fiskvinnslu án útgerðar, svo erum við hins vegar með fyrirtæki sem eru í fiskvinnslu en einnig í útgerð. Það vill svo til, herra forseti, að fyrirtækin sem hafa verið að starfa í fiskvinnslu án útgerðar eru fyrirtækin sem hafa þurft af kappi og krafti að búa til markaði á erlendri grundu í þeirri hörðu samkeppni sem þau búa við. Eins og hv. þingmaður kom inn á í máli sínu er hráefnið nefnilega stærsti útgjaldaliðurinn í rekstri þessara fyrirtækja. Hann er mishár eftir tegundum fyrirtækja. Menn hafa viljað meina að hann sé jafnvel upp í 70–80% hjá fiskvinnslum án útgerða, en allt niður í 30–40% hjá fiskvinnslum með útgerð.

Einmitt þarna liggur stöðnunin í íslenskum sjávarútvegi. Verið er að meina ungu, íslensku fólki að koma inn í fiskvinnslu með eðlilegum hætti. Það er algjört grundvallaratriði í stórum iðngreinum hverrar þjóðar að bjóða upp í nýliðun í stærstu atvinnugreinum sínum. Sú hefur ekki verið raunin, hvorki í útgerð né fiskvinnslu á Íslandi. Sem skýrir kannski, virðulegi forseti, þá stöðnun sem hefur verið í fiskvinnslu á Íslandi um 20 ára skeið. Við erum að gera nákvæmlega sömu hlutina um borð í frystitogurum landsins og við gerðum fyrir 20 árum (Forseti hringir.) og svo má lengi telja.

[14:43]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þingmaður lýsti þessu er ég fyrirgreiðslupólitíkus vegna þess að ég vil reyna að verja hagsmuni íslensks sjávarútvegs. Ég er mjög ánægður með þá nafngift. (Gripið fram í.)

Það sem hv. þingmaður var í rauninni að gefa til kynna var það sem ég varaði við áðan. Hv. þingmaður var í raun að segja að það mætti ekki hafa það fyrirkomulag að sá sem réði bæði yfir bát og vinnslu gæti með einhverjum hætti ráðstafað hráefni sínu til sinnar eigin vinnslu sér til hagsbóta til að tryggja það markaðsframboð sem hann vildi svara. Hv. þingmaður var í raun og veru að segja þetta. Þetta skil ég vel. Þetta getur vel verið sjónarmið. Ég er hins vegar mjög ósammála þessu. Þetta var ekki það sjónarmið sem kom fram fyrr í ræðunni þegar menn voru að reyna að setja þetta mál í einhvers konar dulargervi, að þetta væri bara spurning um að menn færðu bókhaldið sitt rétt, þannig að það sæist hver væri útgerðarþátturinn og hver væri fiskvinnsluþátturinn. Hv. þingmaður gekk nefnilega miklu lengra. Hann var í raun að lýsa í fáeinum orðum, á tveimur mínútum, kjarna tillögunnar sem er einmitt sá að koma í veg fyrir það að aðili sem núna í dag rekur bæði fiskvinnslu og útgerð geti gert það með þeim hætti að hann sjái til þess að útgerðarþátturinn þjóni fiskvinnsluþættinum hans. Um þetta snýst málið.

Hv. þingmaður taldi að núverandi fyrirkomulag, þ.e. fiskvinnslufyrirtæki sem á útgerð eða útgerð sem á fiskvinnslufyrirtæki, hafi leitt til stöðnunar í íslenskum sjávarútvegi. Ég er að vísu algerlega ósammála honum um að íslenskur sjávarútvegur sé staðnaður. Mér finnst allt benda til þess, allar tölur sem maður sér, allt umhverfið sem maður horfir á, heimsóknir í fyrirtækin, að það er gríðarlegur kraftur í íslenskum sjávarútvegi og ótrúlega mikil sókn á öllum sviðum, bæði tæknilega og markaðslega. Menn eru að brjóta sér leiðir inn á nýja markaði og maður hittir stöðugt fólk sem starfar á þessum sviðum, bæði í stóru fyrirtækjunum og litlu fyrirtækjunum, sem er að gera góða hluti. Ég er því alveg ósammála honum um að íslenskur sjávarútvegur hafi einhver stöðnunareinkenni.

[14:46]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Einar K. Guðfinnsson þeirrar spurningar: Hvað er óeðlilegt við það að fyrirtæki sem róa til fiskjar á Íslandi í dag, útgerðir sem eru að ná í ferskan fisk á Íslandsmiðum í dag, skili þeim afla á fiskmarkaði með það að markmiði að allir hafi sama rétt til að bjóða í fiskinn? Það er ekkert óeðlilegt við það. Við höfum séð frændur okkar í Færeyjum gera þetta með afskaplega góðum árangri. Ég hef sjálfur kynnst sjávarútvegi í Færeyjum, herra forseti, og ég hef komist að þeirri niðurstöðu að þeir eru fetinu framar en við í dag. Svo einfalt er það.

Það hlýtur að kalla á mismunun, herra forseti, þegar eitt fyrirtæki getur fengið karfa inn í hús á 50 kr. á meðan samkeppnisaðilar í fiskvinnslu á Íslandi, fiskvinnsla án útgerðar, þurfa sama daginn að sækja sams konar hráefni á 110 kr. á markaðinn. Það er óeðlilegt að boðið sé upp á slíkar aðstæður í markaðsumhverfi. Það er einmitt kjarninn í hugsun þeirra sem flytja þetta mál, að tryggja að (Forseti hringir.) ójöfn samkeppnisskilyrði heyri sögunni til í íslenskum fiskvinnsluiðnaði.

[14:47]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það mætti líka umorða spurningu hv. þingmanns með þessum hætti: Hv. þingmaður var í raun og veru að spyrja og gefa til kynna að það væri mjög óeðlilegt að aðili sem bæði hefði útgerð og fiskvinnslu hefði sérstakan aðgang að sínu eigin hráefni. Um það snýst umræðan í raun og veru. Það er kjarni þessarar

umræðu. Ég get vel virt það að hv. þingmaður hafi aðra skoðun en ég í þessum efnum. Ég er hins vegar alveg sannfærður um að það er grundvallaratriði og það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir íslenskan sjávarútveg að reynt sé að tryggja samræmingu veiða og vinnslu, tryggja það að einmitt sá sem hefur aðganginn að hráefninu geti varið honum til þess að nýta það til hagsbóta fyrir fiskvinnslu sína, til þess að tryggja aðgengið að mörkuðunum, tryggja þetta nauðsynlega framboð á mörkuðunum.

Það var ákaflega lærdómsríkur fundur sem við nokkrir þingmenn úr sjávarútvegsnefnd áttum með fulltrúum frá Noregi sem voru að fara yfir vandann sem við er að glíma í norskum sjávarútvegi. Hver var kjarni þess máls? Hver var kjarni vandans? Hvert var aðalatriðið sem þeir undirstrikuðu í samtölum við okkur? Það var (Forseti hringir.) að í Noregi væru það skilin þarna á milli sem væru að rústa þeirra eigið markaðsstarf og kæmu í veg fyrir að þeir gætu gert jafn vel og við Íslendingar.

[14:48]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson tekur þátt í umræðunni með okkur því ég sé að í þau þrjú skipti sem málið hefur verið hér til umræðu áður, a.m.k. samkvæmt þeim gögnum sem ég prentaði út af netinu, hefur hann ekki tekið þátt í umræðunni fyrr.

Það veldur alltaf vonbrigðum þegar menn sem þekkja betur gera sér upp fáfræði og halda því fram blákalt að svart sé hvítt og hvítt sé svart. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson veit ósköp vel að það sem við erum að ræða hér hefur ekkert að gera með áritun endurskoðenda. Það hefur ekkert að gera með bókhaldsreglur. Það hefur með það að gera á hvaða hátt hráefnisverð er ákveðið og á hvaða hátt það er fært inn í bækur fyrirtækjanna.

Getur hv. þingmaður þá útskýrt fyrir okkur hvernig á því stendur að flestallar fiskvinnslur sem reka sína eigin útgerð eru með hráefniskostnað samkvæmt ársreikningum sínum sem er í kringum 50–55%? Flestallar vinnslur sem kaupa hráefni á opinberum fiskmörkuðum á Íslandi eru með hráefniskostnað á bilinu 80–85%. Er það vegna þess að þær vinnslur sem kaupa á markaði eru að selja svo ódýrt að hráefnið verður svona hátt hlutfall af söluverði? Ég held ekki og ég held að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson viti ósköp vel að það er ekki skýringin. Skýringin er sú að hráefniskostnaðurinn á hvert kíló hjá þeim sem kaupa á markaði er miklu hærri en hjá þeim sem færa ákveðið kaupverð inn í bækur sínar frá sinni eigin útgerð. Ástæðan er öllum ljós og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson veit hana eins vel og ég. Ástæðan er sú að fiskverð kemur til skipta, fiskverð ákvarðar laun sjómanna. Þeir sem hafa bæði útgerðina og fiskvinnsluna á sinni hendi geta því fært frá útgerð yfir til fiskvinnslu og gera það samkvæmt þeim tölum sem við höfum upp úr opinberum ársreikningum. Hráefnishlutfall fyrirtækja í eigin útgerð og hráefnishlutfall fyrirtækja sem kaupa á markaði er gjörólíkt á Íslandi. Það veit hv. þingmaður.

[14:50]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf hvorki ræðu frá mér né hv. þm. Jóni Gunnarssyni til þess að segja mönnum frá því að verð á fiskmörkuðum er hærra en verð í beinum viðskiptum. Það er búið að vera þannig, held ég, alveg frá því að fiskmarkaðirnir voru stofnaðir. Það koma að vísu tímar þar sem þetta breytist. Við þekkjum það að þegar sveiflur verða hér á fiskverði þá gerist það stundum að fiskverð á mörkuðum fylgir ekki alveg eftir, fiskverð á mörkuðum verður kannski lægra um tíma og hærra í beinu viðskiptunum, en almenna reglan er sú, og það er auðvitað skýringin á því sem hv. þingmaður var að segja.

En kjarni málsins er auðvitað sá sem ég er að reyna að leggja áherslu á hér og það er: Telja menn óeðlilegt að sá sem er í þeirri stöðu að vera bæði með bát og fiskvinnslu hafi einhvern umframaðgang að sínu eigin hráefni? Hv. þingmaður var sjálfur að reyna að draga úr ótta manna við það áðan í ræðu sinni að það væri nokkuð verið að taka þann rétt af mönnum en svo þegar hann kemur hér í andsvar finnst mér hann tala á allt annan hátt. Mér finnst mjög mikilvægt að þetta sé algjörlega útskýrt í þessari umræðu: Er verið að tala um að menn megi ekki njóta forgangs að sínu eigin hráefni eða er hér verið að tala um einhverja allt aðra hluti? Hvernig ætla menn þá að gera þessa hluti? Mér finnst að menn verði þá að stafa þetta alveg niður af því að tillögugreinin leiðir það alls ekki ótvírætt í ljós.

[14:52]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson staðfesti hér það sem ég var að segja að verð fyrir hráefni er mun hærra hjá þeim sem ekki stunda útgerð en hjá þeim sem hafa bæði útgerð og fiskvinnslu á sínum snærum. Það segir í raun allt sem segja þarf og segir okkur líka að það sé eðlilegt að í bókum þessara fyrirtækja sé aðskilnaður þannig að það liggi fyrir með alveg skýrum og glöggum hætti að það sé fjárhagslegur aðskilnaður þarna á milli, að annars vegar séu menn að reka útgerðardeild og hins vegar séu menn þá að reka fiskvinnsludeild. Það er ekkert sem segir að menn sem bæði reka útgerð og fiskvinnslu geti ekki landað öllum þeim afla sem þeim dettur í hug inn í eigin vinnslur svo framarlega sem þeir borgi sama verð fyrir það og gengur og gerist á markaði og séu þá að keppa í vinnslunni við aðrar vinnslur á jafnréttisgrunni. Það hlýtur öllum að vera ljóst að það er sanngirnismál og mundi styrkja þegar frá liði þau fyrirtæki sem bæði eru með vinnslu og útgerð, vegna þess að þau færu þá kannski að reka fiskvinnsluna, sum hver, með öðrum hætti en þau gera í dag.

[14:53]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að í seinna andsvarinu hafi hv. þingmaður aftur siglt aðeins nær mér í þessu máli þegar hann sagði að það þurfi fyrst og fremst að vera skýrt í bókunum hver sé útgerðarþátturinn og hver sé fiskvinnsluþátturinn. Það er auðvitað rétt, þannig á það að vera. Það er bara einfaldur hlutur og allir stjórnendur hljóta að leggja áherslu á það og þá kemur auðvitað mjög skýrt fram hvert hráefnishlutfallið er. Þær tölur sem hv. þingmaður nefndi eru ábyggilega ekkert fjarri lagi, 50–60% hráefnishlutfall.

Við höfum auðvitað séð hvað hefur verið að gerast í fiskvinnslunni ef við lítum yfir smátíma. Það er að við þær aðstæður sem skapast hafa á undanförnum árum þar sem sannarlega hefur orðið hækkun á hráefnisverði, sem hefur bæði komið fram í bókum blandaðra sjávarútvegsfyrirtækja og hreinna fiskvinnslufyrirtækja, þá hefur hráefnishlutfallið verið að hækka. En hvað hefur gerst? Launahlutfallið hefur verið að lækka. Ástæðurnar eru þær að bæði hefur orðið tæknibreyting og launakostnaður af þeim ástæðum lækkað, en líka hitt að það fer ekki á milli mála að þessi hækkun á hráefniskostnaði hefur leitt til þess að laun fiskverkafólks hafa setið eftir. Það er auðvitað augljóst mál að þegar verið er að skipta einhverri púllíu hefur þetta áhrif og sem hluti af breytilegum kostnaði hefur launaþátturinn í fiskvinnslunni verið að lækka (Forseti hringir.) sem hefur auðvitað verið afleiðing af því að hráefnisverðið hefur verið að hækka.

[14:55]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á því sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði úr þessum ræðustóli, eitthvað í þá veru að tillagan væri afar óskýr og óljós og markaði ekki nógu vel markmiðin. Það segir jú í tillögunni að skipa skuli þriggja manna nefnd sem hafi það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útvegs annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar. Síðan segir um það sem menn vilja marka inni í þessum lögum:

„Lögunum verði ætlað að skapa skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á öllum óunnum fiski á markaði og stuðla að heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum, og koma þannig á eðlilegum samkeppnisskilyrðum á því sviði."

Ég held að þetta sé nokkuð skýrt orðað. Og miðað við það sem tillagan hljóðar upp á að verði sem vegvísir fyrir nefndina til að vinna málið er ekki hægt að draga aðra ályktun af því en að við viljum í fyrsta lagi fjárhagslegan aðskilnað, það er liggur algjörlega fyrir, og við lítum einnig svo á að fjárhagslegur aðskilnaður eigi að stuðla að eðlilegri verðmyndun og það geti orðið til þess að skapa skilyrði til þess að allur óunninn fiskur á Íslandi verði seldur á markaði.

Þetta held ég að öllum hljóti að vera ljóst og þar af leiðandi erum við auðvitað að segja að þau skilyrði sem núna ríkja í fiskviðskiptum séu ekki eðlileg og það sé eðlilegt að skilja þarna á milli.

[14:57]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að ég hafi ekki haft skýrleika til þess að skilja einhverja hluti sem hv. þingmanni finnst mjög auðskiljanlegir. Ég hugga mig þó a.m.k. við að vera ekki alveg einn um það í þessum sal því ég hef ekki heyrt betur en að menn hafi túlkað þessa tillögugrein dálítið út og suður, og eftir þessa umræðu er það t.d. alls ekki ljóst og verður auðvitað að skýra það í meðferð nefndarinnar þegar hún tekur málið fyrir, við hvað hér er átt nákvæmlega.

Hér vísaði hv. þingmaður í orðin „eðlilegrar verðmyndunar á öllum óunnum fiski á markaði". Er hv. þingmaður þar með að segja að aðili sem á útgerð og fiskvinnslu megi ekki eiga innbyrðis viðskipti um þessi mál? Á hv. þingmaður við það? Eða á hv. þingmaður t.d. við það sem hv. þm. Jón Bjarnason gerði að meginumræðuefni í ræðu sinni að það mætti ekki hafa það fyrirkomulag sem núna ríkir að menn selji beint á erlenda markaði og menn eigi að selja í gegnum innlenda markaði? Er það t.d. hluti af því máli sem hér er verið að tala um? Það er auðvitað heilmikið mál. Við vitum eins og kom fram í máli hv. þingmanns að það hefur orðið mikil aukning á útflutningi á óunnum fiski án þess að hann komi við á íslenskum fiskmörkuðum. Það getur auðvitað haft heilmikil áhrif á aðra verðmyndun í landinu. Á hv. þingmaður við það? Það eru slíkir hlutir sem þurfa auðvitað að liggja algjörlega skýrir fyrir því umræðan hefur a.m.k. ekki skýrt það.

[14:58]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú svolítið annað hvað sá sem hér stendur vildi gera ef hann fengi því ráðið eins og sagt er. Þetta er hins vegar tillaga sem ég vonast til að fái góðar umræður í sjávarútvegsnefnd og að þar leiti menn auðvitað ráða eins og gefur að skilja, margra manna, og síðan komi málið aftur inn í þingið í þeim búningi sem menn telja að það eigi að vera í. Ég spyr hv. þingmann að því hvort hann styðji það ekki að málið fái vegferð út úr sjávarútvegsnefnd og komi hér til umræðu aftur eftir væntanlega góða vinnu nefndarinnar.

Það er auðvitað einnig svo, hæstv. forseti, að ef það verður algjörlega fjárhagslegur og rekstrarlegur aðskilnaður á milli útgerðar og fiskvinnslu, þá er ekkert sem segir að í framtíðinni verði sömu hluthafar beggja megin. Hluthafar gera auðvitað kröfu til þess að viðkomandi atvinnurekstur sé rekinn með hagnaði. Þar af leiðandi fara hagsmunirnir ekkert endilega saman þó að þeir geti farið saman.

[14:59]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af því sem hv. þingmaður sagði um hvernig meðferð málið mundi fá í sjávarútvegsnefnd. Ég sit þar eins og aðrir óbreyttir þingmenn. Auðvitað hefði ég mikinn áhuga á því að málið yrði krufið til mergjar, að við færum vel ofan í þetta, ræddum við hagsmunaaðila, færum t.d. yfir það með fulltrúum í fiskvinnslu á Patreksfirði, Ísafirði og Sauðárkróki svo ég taki bara þrjá staði þar sem ég þekki nokkuð til og veltum því svolítið fyrir okkur með þeim aðilum hvaða áhrif þetta hefði ef t.d. væri farið eftir túlkun þeirrar tillögu sem felur í sér að útgerðarmenn og fiskverkendur sem reka sameiginlega fyrirtæki megi ekki eiga viðskipti eins og gefið var til kynna fyrr í umræðunni. Við skulum bara ... (Gripið fram í.) Við skulum bara fara ofan í þessi mál þannig að menn geri sér nákvæmlega grein fyrir hvað við er að eiga. Aðilar sem hafa t.d. lagt ofuráherslu á að styrkja hráefnisöflun sína vegna þess að þeir hafa séð að það er forsendan fyrir því að þeir gætu sinnt mörkuðunum. Við skulum bara ræða þessi mál við þessa aðila. Ég held að það væri mjög spennandi og ef það leiðir (Forseti hringir.) eitthvað jákvætt í ljós afgreiðum við málið væntanlega.

[15:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan spinna svolítið áfram það sem hefur verið rætt á undanförnum mínútum. Mér finnst t.d. hægt að fagna því að sú hreinskilni hafi verið í umræðunni sem gætti hjá hv. þm. Einari Guðfinnssyni. Hann spurði áðan hvort óeðlilegt væri að menn hefðu hag af því að fá hráefnið til vinnslu sem þeirra eigin skip veiddu. Greinilegt var að hann leit á það sem eðlilegan hlut að hráefnisverðið væri mun lægra en það verð sem hægt er að fá á markaði. Það er gott að menn skuli meðganga þá hugsun sína, því fyrir liggur að útgerðarmenn hafa skrifað undir það í samningum við sjómenn að leita skuli hæsta verðs. Ef menn eru þeirrar skoðunar að hæsta verðið eigi ekki að koma fram tel ég að það sé tvískinnungur í því þó vægt sé til orða tekið sem menn hafa gert þegar þeir skrifuðu undir samninga við sjómennina sína.

Þó það væri ekki annað en sú skuldbinding sem útgerðarmenn hafa gengist undir með þeim undirskriftum ætti það auðvitað að þýða að hér væri fjárhagslegur aðskilnaður til þess að tryggja að hægt væri að standa við þessa samninga. Það hefur ekki verið í gegnum tíðina.

Ég er fyrir mitt leyti á þeirri skoðun, og get sagt það einu sinni enn, að ég er alveg sannfærður um að það yrði gríðarleg sprenging í sjávarútveginum ef allur fiskur færi um markaði, ef öll fyrirtæki í sjávarútvegi þyrftu að standa í samkeppni um hráefni á markaði. Það þarf ekki annað en fara í þau fyrirtæki sem hafa lifað af í því óvinsamlega umhverfi sem hefur verið hvað varðar fiskvinnsluna í landinu, þar sem fiskvinnslufyrirtæki án útgerðar hafa raunverulega staðið frammi fyrir því að keppa við fyrirtæki sem fengu úthlutun á aflaheimildunum og eru að keppa á sömu mörkuðum og þau um afurðir á erlendum mörkuðum — þau fyrirtæki fengu sem sagt úthlutanirnar í forgjöf. Þær úthlutanir eru í dag á milli 300 og 400 milljarða virði.

Halda menn að það sé auðvelt að keppa í fiskvinnslu við þau fyrirtæki sem fengu kvótann í forgjöf á markaðinn? Nei, það er sko ekki auðvelt. Það er bara afrek að fiskvinnsla án útgerðar skuli hafa staðið þetta af sér, skuli vera til. Það er einmitt sama fiskvinnslan sem hefur orðið til þess að markaðurinn er orðinn eins og hann er í dag með ferskar afurðir á erlenda markaði. Það er löngu kominn tími til þess að menn breyti þessu fyrirkomulagi. Hvers vegna skyldu menn ekki vera með þetta fyrirkomulag annars staðar en hér? Einfaldlega vegna þess að það er miklu skýrara og skilvirkara að menn séu í því sem þeir eru bestir í.

Ég skil satt að segja ekki hvers vegna menn í sölum Alþingis eru á þeirri skoðun að þeir sem ekki ráða við verðið á markaðnum og geti ekki keppt um verðið á markaðnum þurfi einhverja sérstaka vernd með reglum frá hv. Alþingi. Þeir sem geta ekki borgað nema 80 kr. fyrir hráefnið eigi að fá einhverja sérstaka vernd gagnvart hinum sem geta borgað 120 kr. En það hefur verið í gangi allan tímann og menn vilja verja með öllum ráðum. Það er ekki einu sinni skilningur á því að þeir aðilar þurfi a.m.k. að standa frammi fyrir því að það sé skýr fjárhagslegur aðskilnaður þannig að hægt sé að sjá hvaða verð þetta eru nákvæmlega. Hvað mundi gerast þá? Það er bara eitt sem mundi gerast ef ekkert annað breyttist í þeirra rekstri, að þeir yrðu að fara að borga sjómönnunum rétt verð eins og fæst fyrir fisk á markaði. Auðvitað yrði það útgjaldaaukning fyrir mörg þessara fyrirtækja.

Ég er hins vegar á þeirri skoðun að ef menn kæmust einhvern tíma alla leið í málinu þar sem allur fiskur færi á markað og tæki þar verð yrði auðvitað að stokka alla þessa hluti upp, menn þyrftu að semja upp á nýtt. Það hefur aldrei verið eðlilegt að sjómenn fengju skipt út úr fiskverði með kvótaverðinu ofan á. Það hefur aldrei verið eðlilegt og það skal ég segja í þessum ræðustól. Auðvitað hefðu menn þurft að breyta þessum hlutum ef koma hefði átt einhverjum eðlilegum skiptum með þetta.

Það er fleira sem kemur að á hv. Alþingi og menn hafa rætt á undan í umræðunni. Það er t.d. með þennan gámafisk. Hvaða skýringar eru á því að menn skuli flytja fisk út í gámum og fyrir hann skuli fást mun lægra verð en það verð sem er á mörkuðum? Hvaða skýring er á því frá útgerðarmönnum? Hefur það verið skoðað? Hefur t.d. Samkeppnisstofnun kíkt á þetta mál? Ég efast um það. Samkeppnisstofnun hefur ekki fengist til þess að skoða málefni sjávarútvegsins fram að þessu. Það er einhver maðkur í mysunni þegar útgerðarmenn vilja ekki hæsta verð á markaði, þegar þeir vinna ekki einu sinni fiskinn sjálfir. Hvers vegna vilja þeir þá ekki hæsta verð á markaði?

Það er bara ein skýring til á því — þeir fá einhverja fjármuni sem ekki sjást í bókhaldinu hjá þeim. Það er svo einfalt. Það getur ekki verið sú skýring fyrir hendi að menn haldi áfram að selja á markaði þar sem þeir fá miklu lægra verð en þeir gætu fengið annars staðar. Sú skýring heldur ekki, hún gengur ekki upp. Hin er miklu líklegri að ekki komi allt til grafar sem um er að tefla sama með hvaða hætti það er, ég ætla ekki að spá um það. Ýmislegt getur spilað inn í þetta, t.d. hvernig kvóti er reiknaður o.s.frv. Það er að mörgu að hyggja þegar verið er að gá að því hvort menn séu að ákveða hlutina skynsamlega en ég efast ekki um að útgerðarmenn geri það þó fyrir liggi að verðið sem sést að borgað sé sé lægra í þessu tilfelli.

[15:09]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er um mjög mikilvægt hagsmunamál að ræða fyrir íslensku þjóðina. Það varðar frjáls viðskipti og hvort samkeppni eigi að ríkja í viðskiptum með einn helsta atvinnuveg þjóðarinnar.

Við í Frjálslynda flokknum leggjum mjög mikla áherslu á eðlilega samkeppni og að frjáls viðskipti fái að ríkja í viðskiptalífinu. Fiskvinnslur án útgerða hafa ítrekað kvartað yfir því að svo er ekki. Kvartanir hafa ekki bara komið fram hjá forsvarsmönnum í blöðum og víðar heldur hefur einnig verið kvartað við Samkeppnisstofnun. Þessi mál hafa velkst í kerfinu mánuðum og árum saman og það kemur engin niðurstaða. Það er með ólíkindum að þessi mál fái enga niðurstöðu. Það eru ekki bara mál sem varða tryggingamarkaðinn sem fá ekki niðurstöðu fyrr en eftir ár og daga, heldur er það höfuðatvinnuvegur þjóðarinnar og það er auðvitað með ólíkindum. Það er orðið tímabært að menn spyrji að því hvers vegna menn fá enga niðurstöðu í þessi mál.

Annað er afar sérstakt að nú berast þær fréttir að þeir sem hafa viljað halda þessu ástandi, þ.e. að markaðslögmál-

in fái ekki að ríkja í þessum atvinnuvegi, m.a. Landssamband íslenskra útvegsmanna, nú berast fréttir af því að þeir séu mjög ósáttir þessa dagana yfir olíusamráðinu og krefjist jafnvel bóta vegna ólöglegs samráðs. Auðvitað skilur maður það en þeir ættu einnig að hafa skilning á því að þetta ástand, að sumir þurfi að greiða talsvert hærra verð fyrir fiskinn í húsi, er mjög óeðlilegt. Auðvitað á að gæta jafnræðis.

Mér fannst þetta vera tímamótaræður sem voru haldnar áðan. Fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Jón Bjarnason, hélt mjög góða ræðu um að markaðslögmálin ættu að ríkja í þessum viðskiptum. Ég er honum sammála. Svo kom hv. þm. þingmaður Einar K. Guðfinnsson og sá alla meinbugi á því að markaðslögmálin fengju að ganga sinn gang. Það er óneitanlega mjög sérstakt. Síðan þvældi hann málinu fram og aftur um hvert raunverulegt innihald tillögunnar er. Raunverulegt innihald tillögunnar er einmitt að markaðslögmálin fái að ríkja.

Það er mjög sérstakt að t.d. formaður sjávarútvegsnefndar skuli ekki skuli vera hér og taka þátt í umræðunni því þetta er mjög mikilvægt mál eins og hv. þm. Sjálfstæðisflokksins, Einar K. Guðfinnsson, gaf til kynna. Auðvitað eiga þeir að vera til umræðu um þetta mjög mikilvæga mál. (**Gripið fram í:** Sækja hann.) (**Gripið fram í:** Sækja formanninn.) Já, ég hefði talið að hann ætti að sjá sóma sinn í því að vera hér og taka þátt í umræðunni og lýsa skoðun sinni á þessu mikilvæga máli.

Eins og áður segir er þetta mjög mikilvægt mál, enda er sjávarútvegurinn undirstöðuatvinnugreinin. Þess vegna væri mjög eðlilegt að varið væri miklum tíma í einmitt að ræða viðskiptaumhverfi sjávarútvegsins og þann vanda sem blasir við greininni. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því, það sjá allir þann vanda sem vilja sjá hann á annað borð að það vantar nýliða í atvinnugreinina. Nýliðar eru mjög mikilvægir í atvinnugreinum yfir höfuð. Ég hefði talið að það væri almennt viðurkennt að það sé mjög mikilvægt að fá nýja aðila í atvinnugreinar, en það virðist sem kvótaflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, sem koma hér eða koma ekki vilji halda utan um kerfi sem hindrar að nýliðar komist inn í atvinnugreinina.

Síðan er það flokkur eins og Sjálfstæðisflokkurinn sem kennir sig stundum við frjáls viðskipti. Sjálfur formaður þingflokksins kemur og ver sérstaklega þessi atvinnuhöft og höft á samkeppni, óréttmæta viðskiptahætti vil ég segja. Í raun ætti að vera löngu búið að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvað líði því að tekið verði á þessum málum hvað varðar samkeppni í aðalatvinnugrein þjóðarinnar, að fiskvinnslur án útgerðar búi við skerta samkeppnisstöðu miðað við þær sem hafa yfir kvótanum að ráða.

Auðvitað skipta nýliðar máli, eins og ég sagði áðan. Þeir skipta verulegu máli vegna þess að þeir hafa komið með nýjar hugmyndir og þeir nýliðar sem hafa smeygt sér inn í þessa atvinnugrein hafa ítrekað sýnt fram á það að þeir hafa jafnvel búið til nýja markaði. Þeir voru framarlega í því að koma á viðskiptum hvað varðar ferskfisksútflutning. Einnig setja þeir ákveðna pressu á þá sem eru fyrir í atvinnugreininni.

Auðvitað ættu sjálfstæðismenn að átta sig á þessu og í rauninni sætir það furðu að Sjálfstæðisflokkurinn komi hér í veg fyrir eðlilegt viðskiptaumhverfi. Það eru öfugmæli að flokkurinn kenni sig við frjáls viðskipti og sé síðan í þessum ræðustól að mæla á móti þeim.

Ég sé að tíma mínum er að ljúka en það sem ég ætlaði að minnast á hér eru ýmis atriði. Það kom fram á ágætri ráðstefnu sem ég sótti hjá Fiskvinnslu án útgerðar, á aðalfundi, í mjög góðri ræðu Tryggva Leifs Óttarssonar hvert mikilvægi fiskmarkaða er og það að stjórnvöld hafa ekki séð sér neinn hag í því að tryggja þessum mikilvæga atvinnuvegi góð rekstrarskilyrði. Það kom t.d. fram í ræðu hans að þeir fá einungis starfsleyfi til eins árs í senn og síðan þurfa þeir að sækja um upp á nýtt. Það er óneitanlega mjög sérstakt.

Ég tel að það væri mikill akkur í því fyrir þessa umræðu hér í dag að fá fram hjá formanni sjávarútvegsnefndar afstöðu hans í þessu máli vegna þess að það skiptir einmitt byggðarlag hans mjög miklu máli að markaðslögmálin og markaðirnir fái að ráða í fiskvinnslu enda er það svoleiðis erlendis. Við erum undantekningin. Erlendis er það ástand algjör undantekning sem hér er regla. Hér er allur fiskur á föstu verði en erlendis er reglan sú að fiskur sé á markaði.

[15:17]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Þessi umræða er mjög athyglisverð. Mér finnst sérstaklega athyglisvert að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson veigrar sér við því að ræða efni þessarar tillögu og hvaða afleiðingar það mundi hafa ef algjörlega væri skilið á milli veiða og vinnslu og ef farin yrði sú leið sem hann hér leggur til, að allur fiskur verði látinn á markað. Hann veigrar sér alveg við því að ræða hvaða afleiðingar það mundi hafa.

Meðflutningsmaður hans, hv. þm. Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest., sagði það í ræðu sinni áðan að það yrði gríðarleg sprenging í sjávarútveginum ef allur fiskur færi á markað. Því væri fróðlegt að vita hvaða hugmyndir hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur um það, hvort hann sé sammála meðflutningsmanni sínum um að þá yrði algjör sprenging í sjávarútveginum og hvernig hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sér fyrir sér hvað út úr því kemur.

Það er mjög merkilegt að hlusta á það sem menn hafa sagt hér á undan. Flestir eða allir þeirra hafa komið að sjávarútvegi og þó heyrir maður raddir eins og þessar frá tveim hv. þingmönnum Samfylkingarinnar, annars vegar hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og hins vegar hv. þm. Jóni Gunnarssyni, þennan tón: Þeir sem bestir eru í fiskvinnslu eiga að vera í fiskvinnslu, þeir sem bestir eru í útgerð eiga að vera í útgerð, eins og þessi mál séu þannig vaxin að þetta séu tveir aðskildir hlutir sem hægt sé að skilja á milli.

Nú vita þessir þingmenn báðir — og það veit hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson fullvel — að sá mikli árangur sem við höfum náð, t.d. í útflutningi á ferskum sjávarafurðum, er kominn til vegna þess að útflutningsaðilar hafa getað treyst á hráefnið. Ef við tökum t.d. frystihús Samherja á Dalvík sem dæmi vitum við að Samherji þarf að geta tryggt sér hráefni til þess að geta skuldbundið sig á erlendum mörkuðum vegna þess að þeir þurfa að afhenda fiskinn á réttum tíma, á sama vikudegi árið um kring. Þar kemur engin afsökun til greina. Og það er ekki einungis að þeir verði

að geta tryggt sér hráefni, heldur verða þeir að geta skýrt frá því nákvæmlega hvar fiskurinn er veiddur, á hvaða dýpi og hvert sé hitastigið í sjónum til þess að geta náð því verði sem þeir ná og til þess að þeir geti náð þeim mörkuðum sem þeir ná. Þetta vita allir þessir þingmenn, þeir vita hvers vegna þessi árangur er og þess vegna er málflutningur þeirra hér allur falskur og holur hljómur í honum. Það er deginum ljósara að það er ástæðan fyrir hinum sterku frystihúsum sem hér hafa risið, eins og frystihús Samherja á Dalvík, frystihús Útgerðarfélags Akureyringa og hin sterku frystihús á Akranesi, svo að talað sé við hv. þm. Jóhann Ársælsson. Við getum talað um frystihúsin við Ísafjarðardjúp við hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson. Ég veit nú ekki um hvaða frystihús maður á að tala við hv. þm. Sigurjón Þórðarson. (Gripið fram í.)

Ætli allir þessir þingmenn viti ekki að þessi stóru og vel reknu frystihús eru í því góða horfi sem þau eru í í dag vegna þess að þau hafa getað tryggt sér hráefni og vegna þess aðgangs sem hafa að fiski. Þar fyrir utan finnst mér ömurlegt, af því að við sátum nú saman þing Alþýðusambandsins á sínum tíma, ég og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, að hann skuli tala um þessi mál æ ofan í æ án þess að víkja að því í eitt einasta skipti hvað verður um fiskvinnslufólkið sem vinnur í þessum frystihúsum ef það á að þurfa að búa við það að ekki sé hægt að tryggja reglulegt hráefni til húsanna.

Ég held að það sé kominn tími til þess að við tölum ekki aðeins um þá sem eru á sjónum. Við skulum líka tala um þá sem eru í landi. Við skulum líka tala um það verkafólk sem enn vinnur í fiskvinnslu og hugsa okkur hvernig staða þess er. Það er liðin tíð að menn sætti sig við það að láta senda sig heim vegna þess að fiskur berist ekki að landi. Það er liðin tíð að menn í fiskvinnslu sætti sig við það að fá kannski ekki vinnu í tvo eða þrjá mánuði. Þess vegna þurfum við að tala um þetta allt í samhengi og gera okkur grein fyrir því að slíkur rekstur getur ekki staðið nema húsin fái hráefni árið um kring. Húsin geta ekki staðið undir sér, þau geta ekki byggt upp þá fjárfestingu sem þau þurfa að ráðast í til þess að vera samkeppnisfær, t.d. við Kínamarkað — þetta vita hv. þingmenn — nema þau geti byggt sig upp, sparað vinnuafl og lagt í mikla fjárfestingu.

Við getum t.d. horft á það sem er að gerast í dag, þær miklu breytingar sem hafa orðið á loðnuveiðum og loðnuvinnslu. Hvernig væri ástandið í þeim málum ef eigendur loðnufrystihúsa gætu ekki tryggt sér fyrir fram aðgang að loðnunni? Ætli menn hefðu þá margir ráðist í þá nauðsynlegu fjárfestingu sem þurfti til þess að réttlætanlegt væri að fara í þær framkvæmdir? Það eru líka enn fleiri frystihús sem ekki hafa komið sér upp aðstöðu til þess að frysta loðnu. Auðvitað veltur slík fjárfesting á því að eigendur fjármagnsins, eigendur húsanna, geti séð það fyrir að þau fái nægilegt hráefni til þess að fjárfestingin standi undir sér.

Það er merkilegt að heyra þessa hv. þingmenn tala um samkeppni og gera sér ekki grein fyrir því að aðalsamkeppnin sem við Íslendingar eigum í er auðvitað erlendis á hinum hörðu mörkuðum og í þeim löndum sem sækja nú fram eins og t.d. Kína, að við getum fengið sem hæst verð fyrir vöruna sem er auðvitað kjarni málsins.

Mér þótti athyglisvert að hv. þingmenn — hv. 10. þm. Suðurk. komst svo að orði að aðstöðumunur væri á milli þeirra sem fengu úthlutun á fiskkvóta á sínum tíma og reka fiskvinnslu og hinna sem ekki fengu úthlutun. Ætli það séu nákvæmlega sömu eigendurnir að fiskvinnslufyrirtækjunum og voru fyrir 20 árum? (Gripið fram í.) Ég hygg að það sé nú ekki. Eigum við að líta til Akraness, hv. þm. Jóhann Ársælsson? Eru sömu eigendurnir að fiskvinnslufyrirtækjum á Akranesi og í útgerð á Akranesi og voru þegar kvótanum var úthlutað? Hv. þingmaður veit að það er ekki, það er ekki um það að ræða.

Hér er auðvitað verið að tala um hluti sem ekki eru réttir til þess að varpa upp mynd sem er fölsk. Með sama hætti er athyglisvert þegar hv. þm. Jóhann Ársælsson talar um það að útgerðarmenn láti tekjur sem þeir hafa af sjávarafla ekki koma fram í reikningum. (Gripið fram í.) Útgerðarmenn fá fjármuni sem ekki sjást í bókhaldi, sagði hv. þingmaður. Hvað á svona orðbragð að þýða? Eða þegar hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gefur í skyn að útgerðarmenn brjóti almennt í bága við samkeppnislög og séu þar með lögbrjótar?

Hvers vegna taka hv. þingmenn málið upp á slíkum grundvelli? Hvers vegna reyna þeir ekki að tala um þessi mál af sanngirni og hófsemi og eins og þau liggja fyrir?

[15:26]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvernig stendur á þessu stórkostlega skilningsleysi stjórnarliða þegar kemur að sjávarútvegsmálum? Ég hef eina skoðun á því: Metnaðarleysi, stórkostlegt metnaðarleysi. Sjávarútvegur er ekki ræddur innan stjórnarflokkanna svo sem sýnt er. Hér vantar framsóknarmenn enda hafa þeir talið landbúnað stærstu atvinnugrein þjóðarinnar og það er því kannski sú eina góða skýring sem þar liggur fyrir.

Ég vil spyrja hv. þm. Halldór Blöndal spurningar: Hvernig stendur á því að hv. þingmaður heldur að fyrirtæki eins og Samherji, sem ég tek undir með honum að er gott fyrirtæki, geti ekki áfram keypt hráefni til vinnslu þó svo að fiskur fari á markað? Ef þeir eru svona góðir í vinnslu og markaðssetningu, af hverju geta þeir ekki farið í keppni við önnur og yngri fyrirtæki í landinu um hráefni? Þetta eru nefnilega tveir gjörólíkir hlutir, annars vegar útgerð og hins vegar fiskvinnsla.

Mér finnst hún ótrúleg, þessi skammsýni, virðulegi forseti, að hv. þingmaðurinn skuli virkilega halda að fyrirtæki eins og HB Grandi og Samherji geti ekki áfram keypt hráefni til vinnslu sinnar (Forseti hringir.) þó svo að hér verði aðskilnaður á útgerð og fiskvinnslu í landinu.

[15:27]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er ljúft að svara þessu. Það stendur svo á að það er framleiðslustjórinn í landi sem stjórnar fiskveiðunum og ákveður hverju sinni hvaða fisk er komið með og þar fram eftir götunum sem fellur inn í vinnsluna. Mér væri mjög ljúft að fara með hv. þingmanni, 10. þm. Suðvest., Gunnari Örlygssyni, norður til Akureyrar og Dalvíkur og gefa honum tækifæri til að kynnast því hvernig vinnslan er byggð upp og þeim viðhorfum sem þar ráða.

[15:28]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Svona örlítið hv. þm. Halldóri Blöndal til upplýsingar hef ég starfað í sjávarútvegi um 15–16 ára skeið og var nýlega á Eyjafjarðarsvæðinu, m.a. í viðræðum og góðu sambandi við fiskverkendur og sjómenn á svæðinu. Ég afþakka því námskeið hv. þm. Halldórs Blöndals hvað þetta varðar, svo er víst.

Grundvallaratriðið í þessu máli er að hér verði jöfn samkeppni. Sjálfstæðismenn, þessi hægri flokkur á Íslandi, þessi stóri hægri flokkur á Íslandi sem hefur viljað kenna sig við frjáls viðskipti, drifkraft einstaklingsins, frumkvæðið, vill koma í veg fyrir það, þessi stóri hægri flokkur á Íslandi, að heilbrigð og eðlileg nýliðun verði í okkar stærstu atvinnugrein í dag, sjávarútvegi.

Það er algjört grundvallaratriði að samkeppnismismun fiskvinnslna verði eytt svo að tryggt megi vera að við sækjum fram í matvælaiðnaði með sama hætti og til að mynda Danir, Frakkar, Færeyingar og svo má lengi telja, en flestar þjóðir standa okkur miklu framar þegar kemur að matvælaiðnaði.

[15:29]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Sjálfstæðisflokkurinn hefur barist fyrir og vill tryggja samkeppni í sjávarútvegi eins og í öðrum greinum, líka í fjölmiðlun.

Hv. þingmaður spurði mig hvort það væri samhengi á milli veiða og vinnslu hjá Samherja og ég sagði honum að svo væri og ég reyndi útskýra það fyrir honum. Nú vill hv. þingmaður ekki þiggja það að kynna sér þessi mál betur og mér eru satt að segja vonbrigði að því. Ég hefði haft mjög gaman af því að heimsækja Samherja með honum þannig að hann hefði getað skipst á skoðunum við þá menn sem þar stjórna og þar leggja á ráðin og líka kynnst þeim viðhorfum sem liggja hjá þeim til grundvallar því að nauðsynlegt sé að stjórna veiðum úr landi til þess að verðmæti sjávaraflans verði sem mest og til þess að hægt sé að svara kröfum markaðarins.

[15:30]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ótrúlegt að heyra hvílíka vantrú hv. þingmaður hefur á hinum stóru, öflugu sjávarútvegsfyrirtækjum, að þau geti ekki þolað að sitja við sama borð og önnur fyrirtæki í landinu þegar kemur að samkeppni um fiskinn á markaðnum.

Ég vil líka leiðrétta það, af því að hv. þingmaður talar um að þeir haldi uppi hæsta verðinu á markaðnum. Hverjir hafa tryggt hæst verð á markaði á undanförnum árum? Það eru fyrirtækin sem við vorum að tala hér um áðan, fiskvinnsla án útgerðar. Þeim hefur tekist í gegnum mörg ár að tryggja afhendingu til viðskiptavina sinna erlendis, t.d. Toppfiskur hér í Reykjavík sem hefur verið um 15 ára skeið í þessum útflutningi. Þeir eru í raun og veru sporgöngumenn, þeir hjá stóru fyrirtækjunum koma í kjölfarið. Þegar búið var að vinna þessa markaði komu stóru fyrirtækin á eftir. Ég er sannfærður um að markaðurinn muni sjá til þess að hægt verði að stjórna veiðum í samræmi við bestu þarfir.

[15:32]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki kunnugur því hvort eitthvert eitt fyrirtæki hefur fengið hærra verð á tilteknum sjávarafla en önnur. Hitt veit ég að stóru fyrirtækin flytja út ferskan fisk á markað og standa þannig í samkeppni, t.d. við Kínverja og við aðra matvöruframleiðendur. Þetta er auðvitað ekki kjarni málsins.

En hitt vil ég spyrja hv. þingmann um, sem mér finnst vera kjarni málsins: Er það svo að Samfylkingin sem heild, þingflokkur Samfylkingarinnar, standi á bak við tillöguflutning hv. þm.? Má líta svo á að allir þingmenn Samfylkingarinnar, þar á meðal hv. þm. Einar Már Sigurðarson og hv. þm. Kristján L. Möller, séu sammála þessum tillöguflutningi? Þeir eru ekki í salnum í dag og ekki hægt að spyrja þá en það væri gott að fá að vita hvort svo sé. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson lýsti því yfir að hans flokkur stæði á bak við tillögugerðina.

[15:33]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri kannski ekki síður ástæða til að spyrja hv. þingmann að því hvort allir sjálfstæðismenn séu á móti því að eðlilegt samkeppnisumhverfi komist á í sjávarútvegi. Ég held að hann ætti bara að líta í hliðarsal til að skoða þann fyrsta sem kæmi kannski til greina að kanna hvort hefði sömu skoðun og hann.

Það er nú bara einfaldlega þannig að Samfylkingin hefur barist fyrir því að hér komist á eðlilegt samkeppnisumhverfi í sjávarútvegi. Það hlýtur að vera órjúfanlegur hluti þess að markaðurinn sé látinn leysa úr því hverjir eigi að fá fiskinn sem veiðist við Ísland og líka að markaðurinn sé látinn leysa úr því hverjir eigi að fá réttinn til þess að veiða þann fisk. Allt er þetta hluti af því að búa til eðlilegt samkeppnisumhverfi í þessari mikilvægu atvinnugrein. Það ættu sjálfstæðismenn að skilja. Mér finnst að þeir ættu að setjast niður og velta fyrir sér á hvaða braut þeir eru (Forseti hringir.) í sambandi við grunnatvinnuvegi eins og landbúnað og sjávarútveg á Íslandi.

[15:34]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram sem mig raunar grunaði, að Samfylkingin stendur ekki á bak við þessa þingsályktunartillögu enda varla von til þess, eins og hún er fram lögð og varla von til þess, eins og hv. þm. lýsir afleiðingum hennar og framkvæmd ef samþykkt yrði. Enda kom það fram fyrir síðustu alþingiskosningar að frambjóðendur Samfylkingarinnar í mínu kjördæmi, sérstaklega þó hv. þm. Einar Már Sigurðarson, töluðu ekki á sömu nótum og Samfylkingin í sjávarútvegsmálum. Menn satt að segja lítt hrifnir yfir því að forsætisráðherraframbjóðandinn, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, skyldi slysast til Austurlands og opna munninn um sjávarútvegsmál.

Ég hygg að hér sé lítill minnihlutahópur Samfylkingarinnar staddur í salnum og svo mun það vera.

[15:35]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal vék að því áðan

— sem ég mun koma að í ræðu á eftir — að ég hafi ekki viljað ræða efni tillögunnar. Ég mótmæli því harðlega að ég sé ekki tilbúinn að ræða efni þessarar tillögu. Það kemur glöggt fram í tillögunni að það sé æskilegt að skapa skilyrði til þess að fiskur verði seldur á markaði og að fyrirtæki sitji þar við sama borð.

Ég tel eðlilegt að stuðla að samkeppni. Við leggjum til að nefnd verði falið að semja um það lög og finna þann farveg sem á skapa þessum málum. Þessi mál hafa verið mikið deiluefni í íslenskum sjávarútvegi og ég mótmæli því algjörlega að það muni ekki þjóna hagsmunum Íslands að auka samkeppni í sjávarútvegi.

[15:36]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvað ætli þessi hv. þingmaður eigi við með því að segja að það sé ekki samkeppni í sjávarútvegi? Það mætti halda að honum sé algjörlega ókunnugt um hvaða ástand er á fiskmarkaði og annars staðar. Það er auðvitað bullandi samkeppni í sjávarútveginum. Ef hv. þingmaður á við það að það hamli samkeppni að menn geti ekki róið eins og hver vill þá er það rétt. Það er sjálfgefið vegna þess að það þarf að takmarka sókn í fiskstofna. Þá er sjálfgefið að menn geta ekki fiskað eins og þeir vilja.

En það hefur oft komið fram í umræðum á Alþingi að hv. þingmaður hefur ekki þau sjónarmið þegar hann talar um fiskveiðar að hann vilji virða umhverfissjónarmið og hann virðir ekki eðlileg friðunarlögmál í þeim efnum. Hann hefur ekki komið með neinar tillögur sem bera vott um það. Sama gildir um þessa sífelldu endurtekningu um samkeppni þar sem hann ætlast til að hver og einn geti fiskað það sem hann vill.

[15:37]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er stundum sagt að menn kasti steinum úr glerhúsi. Ég held að hv. þingmanni hafi orðið á að labba á glervegg í málflutningi sínum.

Ég held að ég þekki það rétt, hæstv. forseti, að árangur af þeirri fiskveiðistefnu sem hann og flokkur hans hefur staðið fyrir hafi verið að gefa okkur um 200 þús. tonn árum saman, sem er helmingi minni afli en áður en við fórum að stýra fiskveiðum með því lagi sem nú tíðkast. Það að tala um sérstakan verndunarárangur af þessari stefnu eða uppbyggingarárangur er nánast eins og að labba á glervegg, eins og ég orðaði það.

Ég mótmæli því harðlega að ég sé ekki tilbúinn að leggja til ýmislegt sem ég tel geta orðið til að byggja upp fiskstofna við Ísland. Við í Frjálslynda flokknum höfum m.a. spurt: Er það svo að það borgi sig áfram að veiða alla þessa loðnu til bræðslu? Halda menn að það skili árangri við uppbyggingu fiskstofnanna?

[15:38]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram sem ég sagði um hv. þingmann, þ.e. hvaða sjónarmið hann í grófum dráttum hefur til fiskveiða og sókn í fiskstofna.

En það er annað athyglisvert um tillögur hans í þeim efnum. Flestar tillögur hans hafa gengið út á að reyna að styrkja kvótahlut þeirra báta sem sterkastir eru í hans eigin kjördæmi. Benda mætti á það að þær tillögur sem hann hefur helst mælt fyrir hafa verið í þá áttina. Ef hv. þingmaður telur pólitísk afskipti, af því hverjir helst megi veiða fiska og hverjir ekki, vera í samræmi við heilbrigða samkeppni og sérstaklega eftirsóknarvert þá er ég honum fullkomlega ósammála um það.

En ef hv. þingmaður ætlar að ræða efni tillögu sinnar hér á eftir þá hlakka ég til að hlusta á lýsingar hans á þeim rekstrargrundvelli sem sú fiskvinnsla hefur sem hann ætlar að svipta rétti til veiða.

[15:40]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var undarlegt að sitja í salnum og hlusta á hv. þm. Halldór Blöndal standa á öndinni við að snúa út úr því máli sem hér er til umræðu. Við erum að fjalla um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Það er allt og sumt sem verið er að tala um og veldur geðshræringu hv. þingmanns.

Telur hv. þingmaður eðlilegt að venjulegar samkeppnisreglur gildi í sjávarútvegi eins og í annarri atvinnustarfsemi á Íslandi? Það er fyrsta spurning mín. Síðan þætti mér vænt um það ef hv. þingmaður gæti sagt mér hvað veldur því að hlutfall hráefnis af söluverðmæti fyrirtækis í fiskvinnslu án útgerðar er í kringum 80% þegar hlutfall hráefnis af söluverði fyrirtækja sem einnig stunda útgerð er í bilinu 50–55%. Er það vegna þess að fyrirtæki sem stunda líka útgerð kunna svo mikið betur til verka í fiskvinnslu eða selja vöru sína á svona miklu hærra verði en hin fiskvinnslufyrirtækin?

[15:41]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er almennt viðurkennt og augljóst að íslenskur sjávarútvegur hefur skilað betri árangri en sjávarútvegur í öðrum löndum. Um það er hv. þingmanni kunnugt. Við höfum séð að hann getur staðið vel undir sér við erfið rekstrarskilyrði og hefur brugðist við nýjum aðstæðum á markaði með undraskjótum hætti.

Hitt finnst mér eftirtektarvert að hv. þingmaður skuli líta svo á að þessi tillaga hér sé svo sem ekki annað en bókhaldsatriði. Hv. þm. Jóhann Ársælsson orðaði það svo að ef þessi tillaga yrði samþykkt og hún næði fram að ganga, yrði framkvæmd, yrði gríðarleg sprenging í sjávarútveginum, ef allur fiskur færi á markað.

Nú ætlar hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson að útskýra fyrir okkur á eftir hvað þetta þýðir hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Ég tók því svo að hann hefði lofað því. Ef til vill tekur hv. þm. Jón Gunnarsson aftur til máls líka til að skýra þetta.

[15:42]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er vani reyndra þingmanna að svara ekki spurningum ef erfitt er að svara og fabúlera heldur um eitthvað annað þann stutta tíma sem þeir hafa til svara.

Hv. þm. Halldór Blöndal svaraði hvorugri spurningunni

sem ég varpaði fram í fyrra andsvari mínu. Mér þætti vænt um að hv. þingmaður reyndi að svara þeim í seinna andsvari sínu.

Jafnsögufróður maður og hv. þm. Halldór Blöndal fór í máli sínu út í ákveðna sögufölsun þar sem hann hélt því fram að stóru frystihúsin og stóru útgerðirnar hefðu verið frumherjar við að koma ferskum fiski á markað með flugi. Það er ekki rétt. Það vita það allir sem komið hafa nálægt þessum iðnaði og það hef ég sjálfur gert undanfarin 25 ár. Það voru litlar fiskvinnslur sem flestar hverjar náðu sér í hráefni frá öðrum sem hófu útflutning á ferskum flökum og hafa rutt þá braut sem stóru fyrirtækin fylgja nú og gerast sporgöngumenn þessara litlu fyrirtækja.

[15:43]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum að tala um sjávarútveginn í heild. Á sínum tíma, þegar þetta byrjaði, var ferskur fiskur fluttur út með flugvélum. Síðan er geymslutækni orðin mun betri en áður sem hefur gjörbreytt þessum málum. Við skulum ekki fara út í það. En ef hv. þingmaður er að gera lítið úr þeim hlut sem stóru frystihúsin eiga í útflutningi á ferskum sjávarafurðum þá hann um það.

Ég vil í annan stað segja að við sjálfstæðismenn viljum auðvitað að rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins sé traustur og eðlilegur og að þar ríki eðlileg og heilbrigð samkeppni sem tekur mið af því að við verðum að takmarka sóknina í fiskstofnana. Þegar hv. þingmenn reyna að gefa í skyn að hér sé hægt að reka sjávarútveg með því að hver geti sótt sjóinn eins og honum sýnist, eins og þeir óbeint hafa gert, þá er það auðvitað glamur.

[15:44]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Þingmálið sem hér er til umræðu varðar fjárhagslegan aðskilnað útgerðar og vinnslu. Áður en ég kem beint að því máli er kannski vert að tala almennt um sjávarútveginn á Íslandi og fiskmarkaðinn. Við söltum fisk, vinnum fisk í flug, frystum fisk og herðum og svo mætti lengi telja. Fyrirtækin sem framleiða afurðirnar eru af ýmsum toga og dreifð um allt landið.

Sum fyrirtæki byggja hráefnisöflun sína á fiskmörkuðunum á meðan önnur fyrirtæki afla hráefnis með veiðum sinna eigin skipa og þriðji kosturinn, sem reyndar hefur ekki gengið vel upp á Íslandi, er að Rússafiskur hefur verið keyptur til uppþíðingar, endurfrystingar og útflutnings, aðallega til Bandaríkjanna.

Í sjálfu sér er málið afskaplega einfalt. Ástæðan fyrir því að málið kemur fram er fyrst og fremst alvarlegur samkeppnismismunur innan fiskvinnslunnar. Ég hef sjálfur rekið fiskvinnslu og þekki af eigin raun hvernig er að vinna af krafti fyrir því að búa til markaði á erlendri grundu, t.d. í Evrópu fyrir karfa og steinbít og svo má lengi telja, ár eftir ár. Ég hef orðið vitni að því að þegar markaðurinn stækkar og dafnar þá koma stóru fyrirtækin og taka kökuna af manni. Ég hef margoft rekið mig á þetta persónulega á starfsferli mínum sem fiskverkandi.

Ástæðan fyrir því að þeir stærri, sem búa yfir miklum skipakosti og miklum aflaheimildum, geta náð markaðnum af þeim, sem hafa sótt á nýjar slóðir og búið markaðinn, er fyrst og fremst sá mikli munur á samkeppnisaðstöðu sem um ræðir. Út á þetta gengur þetta mál, á mannamáli.

Auðvitað vekur það furðu mína að Sjálfstæðisflokkurinn skuli ekki vera hlynntur þessu máli. Helstu rök sjálfstæðismanna gegn málinu eru þau að það verði erfitt fyrir stóru fyrirtækin í landinu að útvega hráefni fyrir stóra markaði. Hér hefur enginn gefið í skyn, hvorki af hálfu stjórnarliða né stjórnarandstæðinga, að með þessu verði hætt að veiða fisk. Við viljum bara breyta farveginum í þá átt að allir hafi jafnan rétt á að bjóða í ferskar afurðir og allur ferskur fiskur fari á markað. Áfram munu útgerðir og fyrirtæki sem búa yfir þessum aflaheimildum njóta góðs af því góða verði sem jafnan fæst á fiskmörkuðum.

Með því að allir standi jafnfætis í fiskvinnslunni mun hins vegar opnast á nýliðun og það er grundvallaratriði hjá hverri þjóð, ég tala nú ekki um í svo stórum atvinnuvegi hverrar þjóðar, að nýliðun sé í iðngreininni. Það er algert grundvallaratriði. Nægir þar að nefna fjármálamarkaðinn á Íslandi sem samanstendur fyrst og fremst af ungu fólki og metnaðarfullu sem hefur sótt fram, eins og allir Íslendingar þekkja, á undanförnum árum í gífurlegri útrás.

Þegar horft er til íslensks fiskiðnaðar — ég leyfi mér að taka dæmi úr minni heimabyggð, Suðurnesjum, Reykjanesbæ — þá hefur hann koðnað niður. Fyrirtæki, fiskvinnslur án útgerðar, sem þar hafa starfað í gegnum árin hafa flestar gefist upp. Við höfum ekki boðið þessu unga fólki aðgang að greininni.

Nýverið, virðulegi forseti, gerði ég mér þann dagamun að heimsækja flestar fiskvinnslur í Reykjanesbæ. Ekki eru þær margar. Það sem vakti athygli mína, þegar ég fór inn í kæligeymslur þessara fyrirtækja, var að hráefnið var svo til ekkert. Það vantar hráefni á fiskmarkaðinn. Árið 2003 voru boðinn upp 30 þús. tonn af ferskum afurðum á fiskmarkaðnum á Íslandi. Heildarveiðin er talin í hundruðum þúsunda tonna.

Síðasti viðkomustaðurinn í þessari ferð minni var þjónustufyrirtæki í Reykjanesbæ sem sérhæfir sig í slægingu, þrifum, flokkun og karar fiskinn og gámar fyrir erlenda aðila. Þegar ég leit inn í kæligeymsluna hjá þessu fyrirtæki kom í ljós að á fjórða hundrað tonna af heilum fiski var að fara í gáma fyrir fyrirtæki á Englandi og í Frakklandi. Í hinum húsunum voru geymslurnar tómar. Þær voru gersamlega tómar.

Það er ástæða fyrir því að þetta þingmál er lagt fram, virðulegi forseti. Mér þykir agalegt að hlusta á málflutning stjórnarliða sem einkennist fyrst og fremst af algjöru metnaðarleysi og skilningsleysi á þessari höfuðatvinnugrein þjóðarinnar. Hér hefur enginn framsóknarmaður talað, virðulegi forseti. Einn þingmaður úr röðum hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins auk fulltrúa þeirra úr sjávarútvegsnefnd hefur talað. Mér þykir með ólíkindum að formaður sjávarútvegsnefndar, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, skuli ekki vera við þessa umræðu. Hann kann að vera ósammála okkur sem fylkjum okkur á bak við þetta mál en það er eins og hann forðist umræðuna, virðulegi forseti. Það er eins og hann hræðist þessar rökræður.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra en vil enda á því að lýsa yfir furðu minni yfir því að flokkur

sem kennir sig við hægri pólitík á Íslandi, flokkur sem vill kenna sig við frumkvæði og drifkraft einstaklingsins, skuli ekki hlynntur því að ungt fólk fái aðgang að stærstu atvinnugrein okkar.

[15:51]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum í dag tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Þar er ályktað að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa nefnd sem fái það verkefni að semja frumvarp til laga um fjárhagslegan aðskilnað milli reksturs útgerðar annars vegar og fiskvinnslu í landi hins vegar.

Ég tel að hér sé á ferðinni þarft og gott mál. Hv. þm. Jón Gunnarsson fór áðan yfir sögu þessa máls á Alþingi og greindi réttilega frá því að mælt hefði verið fyrir þingsályktunartillögunni mörg undanfarin ár en hún hafi alltaf hlotið sömu örlög. Hún hefur verið afgreidd í atkvæðagreiðslu frá hinu háa Alþingi inn í sjávarútvegsnefnd og síðan ekki söguna meir. Eftir það heyrist ekki meira af henni. Ég verð að segja að þau vinnubrögð eru vægast sagt forkastanleg.

Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson hélt áðan ræðu þar sem hann fór mikinn í gagnrýni sinni á þessa þingsályktunartillögu og fann henni flest til foráttu. Nú situr hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson í sjávarútvegsnefnd. Hann er reyndar ekki í salnum að því ég fæ best séð en mig langar að spyrja hann: Hvers vegna er hann ekki reiðubúinn til að taka umræðu um þessa þingsályktunartillögu í sjávarútvegsnefnd Alþingis þar sem hann á sæti? Hvers vegna hefur hann ekki verið reiðubúinn til þess undanfarin ár? Hann hefur verið þar í nokkur ár. Hvers vegna hefur hann ekki viljað taka umræðu um þessa þingsályktunartillögu? Hvers vegna hefur þingmeirihlutinn í sjávarútvegsnefnd ekki viljað koma með breytingartillögur við tillöguna? Hvers vegna hafa þeir ekki viljað senda hana aftur í sali hins háa Alþingis, fá hana inn í síðari umræðu, til atkvæðagreiðslu og hreinlega fella hana í eitt skipti fyrir öll fyrst hún hugnast þeim svona afskaplega illa?

Það er satt best að segja, virðulegi forseti, bæði sóun á tíma og peningum að hér séu lagðar fram þingsályktunartillögur og mælt fyrir þeim á hinu háa Alþingi ár eftir ár, þær sendar inn í nefndir og hagsmunaaðilar beðnir um umsagnir en síðan ekki söguna meir. Þetta er sóun á tíma og peningum og Alþingi er dýrt í rekstri. Okkur ber skylda til þess, okkur sem erum á hinu háa Alþingi, að sjá til þess að störf Alþingis séu ávallt sem skilvirkust til gagns fyrir land og þjóð.

Virðulegi forseti. Ég minntist áðan á umsagnir og mig langar að fara aðeins yfir þær. Ég skoðaði aðeins sögu þessa máls þegar ég undirbjó mig fyrir umræðuna. Ég hef nokkrar umsagnir fyrir framan mig og það kemur í ljós að samtök sjómanna, stéttarfélög sjómanna, eru eindregið fylgjandi þessari tillögu. Bæði Sjómannasamband Íslands og Vélstjórafélagið. Þegar við komum hins vegar að Sambandi fiskvinnslustöðva, sem eru fiskvinnslustöðvar í eigu útgerðar sem eiga kvóta, þá eru samtök fiskvinnslustöðva alfarið á móti þessu og telja að þessar breytingar mundu valda skaða. Í bréfi sem undirritað er af Arnari Sigurmundssyni, formanni Samtaka fiskvinnslustöðva, og dagsett 26. nóvember 2003 segir, með leyfi forseta:

„Við teljum að slíkar breytingar gætu á skömmum tíma orðið til þess að minnka atvinnuöryggi fiskvinnslu og möguleika sjávarútvegsfyrirtækja til útrásar í framtíðinni. Rekstur sjávarútvegsfyrirtækja krefst mikillar skipulagningar jafnt í veiðum, vinnslu og markaðssetningu afurðanna. Rofni þessi keðja er afkoman í hættu."

Ég vil fá að nota tækifærið til að lýsa þeirri skoðun minni að ég hef engar áhyggjur af því að núverandi fyrirtæki, fiskvinnslufyrirtæki, sjávarútvegsfyrirtæki sem eiga kvóta og hafa stundað fiskvinnslu í mörg ár og jafnvel um áratuga skeið, með fullkomna vinnslu, mikla sérþekkingu og duglega menn sem stjórna þessum fyrirtækjum, ættu erfitt með að spjara sig í frjálsri samkeppni um hráefni á mörkuðum. Ég hef engar áhyggjur af því. Að sjálfsögðu mun þeim fyrirtækjum takast að útvega sér það hráefni sem þau þurfa á að halda í frjálsri samkeppni, að sjálfsögðu. Það er fásinna að tala eins og fiskveiðar muni nánast leggjast af við það að skilja fjárhagslega á milli veiða og vinnslu á Íslandi. Það er vitleysisumræða og þar er verið að mála skrattann á vegginn, heldur betur.

Mig rekur minni til þess að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, sem er fjarverandi sem stendur, nefndi það í ræðu sinni að hann og ótilgreindir nefndarmenn í sjávarútvegsnefnd hefðu hitt einhverja Norðmenn, menn úr norskum sjávarútvegi, sem sögðu að í Noregi væri allt á vonarvöl vegna þess að þar væri skilið á milli veiða og vinnslu. Annaðhvort eru þetta fordómar hjá hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni eða þá að hann talar af hreinni vanþekkingu. Málið er að í Noregi gilda mjög sérstök lög. Þar er á hverju ári samið á milli samtaka sjómanna, sem einnig eru iðulega útgerðarmenn, við samtök fiskvinnslu um fast lágmarksverð á fiski. Það verð hefur oft og tíðum verið mjög hátt enda ekki í neinum tengslum við lögmál framboðs og eftirspurnar. Lögmál framboðs og eftirspurnar fá ekki að ráða eins og við leggjum til með þessari þingsályktunartillögu. Þar er þetta miðstýrt verðmyndunarkerfi. Það er að stórum hluta ástæðan fyrir því að norskur sjávarútvegur á í erfiðleikum. Það er reginfirra hjá hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni að halda því fram að vandræði norsks sjávarútvegs hafi eitthvað með skilin milli fiskvinnslu og veiða að gera.

Í Færeyjum er skilið milli veiða og vinnslu. Þar er prinsippið það að fiskur fari á markað en hins vegar geta fiskvinnslufyrirtæki gert langtímasamninga við útgerðir og sjómenn fiskiskipa um að þau landi afla sínum hjá tilteknum fyrirtækjum til lengri tíma. En þá skal verð á hverjum tíma, upp úr skipinu, taka mið af markaðsverði, þ.e. verði á frjálsum uppboðsmörkuðum á hverjum tíma. Með þeim hætti geta stærri fiskvinnslufyrirtæki í Færeyjum tryggt sér fastan aðgang eða áskrift að hráefni. Þar gilda lögmál hins frjálsa markaðar, hin frjálsa samkeppni ræður verðmyndun inni á hverjum tíma.

Við skulum muna, hæstv. forseti, að verð getur bæði verið hátt og lágt. Hér gildir lögmálið um framboð og eftirspurn og maður skyldi ætla að maður ekki þurfi að veita hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, stjórnmálaflokksins sem boðar frjálsa samkeppni á mörkuðum, grunnkúrs í hagfræði

úr ræðustól Alþingis, fræða þá um hvernig lögmálið um framboð og eftirspurn virkar. Það er með ólíkindum. Það er nefnilega þannig, hæstv. forseti, að verðmyndun á fiski, eins og hún er í dag, er mjög gölluð og meira að segja útgerðarmenn kvarta yfir því.

Ég er með viðtal úr fréttablaðinu Vaktin sem gefið er út í Vestmannaeyjum, við Sigurgeir Brynjar Kristjánsson sem er forstjóri Vinnslustöðvarinnar. Hann kennir því um að stór hluti af ferskfisksafla Vestmannaeyinga er fluttur óunninn úr landi. Hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Miðstýrð verðlagning Verðlagsstofu gerir það að verkum að það borgar sig ekki að vinna fisk."

Miðstýrð verðlagning. Hér er hann að kvarta yfir því að verðlagning á fiski á Íslandi sé miðstýrð og þess vegna þurfi hann að flytja hráefnið úr landi. Ég læt máli mínu lokið að sinni en ég mun koma nánar inn á þessi atriði í seinni ræðu minni um þetta mál.

[15:59]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram fróðleg umræða um þessa tillögu lengi dags enda kannski ekki vanþörf á að menn tækju upp umræður sem sneru að sjávarútveginum í landinu. Það hefur vakið athygli þeirra sem á umræðuna hlýða að stjórnarandstaðan annars vegar og stjórnarliðar skiptast í tvo andstæða hópa í þessu máli. Þeir stjórnarliðar sem hér hafa talað, sem hafa eingöngu verið frá Sjálfstæðisflokknum, hafa talið að málið í heild sinni væri mjög slæmt og mundi leiða til mikilla vandræða ef fylgt yrði eftir þeirri hugsun að taka upp verðmyndun sem tengdist fiskmarkaði og tryggja fjárhagslegan aðskilnað milli veiða og vinnslu.

Ég hygg að sennilega sé ekki hægt að draga upp skarpari andstæður í þessari umræðu milli okkar í stjórnarandstöðunni annars vegar og ríkisstjórnarflokkunum hins vegar en þau ummæli hv. þm. Halldórs Blöndals, sem ég held að ég hafi náð að skrifa orðrétt eftir honum áðan. Hann spurði mig hvaða rekstrargrundvöll ég teldi að fiskvinnslufyrirtæki hefðu sem ekki hafa rétt til fiskveiða.

Ég veit ekki til þess að tillaga okkar gangi út á það að menn megi ekki gera út til fiskveiða. Það er með engum hætti verið að leggja höft á það með þessari tillögu, breyta því hverjir gera út hér á landi. Það er algjör misskilningur hjá hv. þm. Halldóri Blöndal ef hann dregur þá ályktun að við séum að setja fótinn fyrir það að menn geti gert út. Við ætlumst hins vegar til þess að þessar rekstrareiningar, fiskvinnslan annars vegar og útgerðin hins vegar, verði aðskildar og hafi sínar eigin forsendur, sitt eigið bókhald og sínar eigin hagnaðartölur. Það er ekkert sjálfgefið að hluthafar séu þeir sömu í útgerð og fiskvinnslu þó að fyrirtækin séu verulega tengd. Ég bendi á það, hæstv. forseti, að það er til þó nokkuð af slíkum fyrirtækjum þar sem t.d. hluti áhafnar og skipstjóri eiga í útgerð með fiskvinnslufyrirtækjum.

Það er ekki með neinum hætti verið að ákveða það með þessari tillögu hverjir gera út á Íslandi. Ég átta mig alls ekki á þeirri fullyrðingu, sem kemur fram í spurningunni vil ég segja, að fiskvinnslur megi ekki eiga aðild að útgerð og hafi ekki rekstrargrundvöll nema þær hafi fiskveiðiheimildir eða kvóta. Heldur hv. þm. Halldór Blöndal því fram að kvótinn skipti öllu máli í því að fiskvinnslur geti rekið sig? Ég mótmæli því að svo sé, að fiskvinnslurnar þurfi endilega að hafa eignarhald á kvóta til að geta rekið sig, og ég vil til sönnunar því benda á rekstur fjölmargra fyrirtækja innan Samtaka fiskvinnslustöðva án útgerðar sem hafa markað braut nýrra fiskviðskipta og nýrra vinnslugreina hér á landi á undanförnum árum.

Það er einfaldlega þannig að stóru útgerðarfyrirtækin hér á landi hafa í raun verið sporgöngumenn þessara fyrirtækja. Það er bara svo, sérstaklega í ferskfiskvinnslunni. Þau hafa verið að koma inn í ferskvinnsluna á eftir þeim fyrirtækjum sem rutt hafa brautina. Ég get nefnt fyrirtæki eins og Toppfisk sem hefur allan sinn tíma keypt hráefni sitt á markaði og rekur myndarlega fiskvinnslu úti á Grandanum í Reykjavík, kaupir fisk á fiskmörkuðum vítt og breitt um landið af ýmsum útgerðum, stórum sem smáum. Þetta er fyrirtæki sem byrjaði mjög snemma að flytja út ferskan fisk og leita að mörkuðum fyrir ferskan fisk þannig að það fer ekkert á milli mála hverjir hafa verið að ryðja brautina í þessari nýsköpun varðandi ferskfiskinn. Það verður ekki með rökum sett yfir á þau fyrirtæki sem stærst eru í sjávarútvegi á Íslandi. Þau höfðu því miður ekki þessa framsýni á sínum tíma þó að þau hafi síðar farið að keppa inni á þessum markaði og jafnvel komið þar inn með boð á verði á fiski sem hefur verið undir því verði sem menn hafa verið að flytja út á.

Í fyrirtækinu Nýfiski í Sandgerði vorum við sem vorum þar á ferð í síðustu viku upplýstir um það af forustumönnum þess fyrirtækis — og er ég með það á blöðum hér í salnum — að almennt hefði Nýfiskur verið að fá 30% hærra verð fyrir afurðir sínar en hefði verið í hefðbundnum greinum í sjávarútvegi. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þau fyrirtæki sem hafa verið að leita að þessum nýju mörkuðum, m.a. fyrir ferskfiskinn, hafa aukið verðmæti sjávarútvegs geysilega fyrir íslensku þjóðina. Það getur ekki verið hlutverk okkar að tryggja að þeir sem hafa aflaheimildirnar geti með einhverjum hætti haldið uppi óeðlilegri samkeppni til framtíðar út á það að hafa veiðiréttinn. Það getur ekki verið hlutverk okkar að tryggja það. Við hljótum að eiga að tryggja það að menn sitji við sama borð varðandi það að geta rekið hér fiskvinnslur, þurfi að vera útsjónarsamir við að leita að mörkuðum, þurfi að keppa á nokkurn veginn jafnréttisgrundvelli að þessu leyti.

Tillagan sem slík sem hér er flutt markar að vísu braut inn á þennan farveg vegna þess að ef fram gengur mun hún aðskilja rekstur fiskvinnslu og útgerðar. Eins og ég gat um gera þeir sem eiga í útgerð annars vegar og fiskvinnslu hins vegar kröfu til þess að fyrirtækin séu rekin með hagnaði. Það mun auðvitað skerpa línurnar og vonandi verða allar tölur uppi á borðum. Ég held að viðskiptahættir mundu breytast af því smátt og smátt. Ég held að það mundi leiða til þess að t.d. sjómenn fengju í framtíðinni sambærilegt verð hvar sem þeir störfuðu á landinu miðað við þann fisk og þau gæði sem þeir legðu á land. Það er auðvitað orðið mjög fróðlegt að skoða hvað er að gerast á íslenskum fiskmörkuðum og hvað hefur verið tekið þar upp á undanförnum árum til að tryggja að menn séu að kaupa þar gæðafisk, tryggja að þeir hafi rekjanleika vörunnar.

Mér fannst gæta misskilnings hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, sem kom fram í máli hans, að eingöngu væri um rekjanleika að ræða ef fiskiskip væri í eigu fiskvinnslu og þar

væri dagmerkt og getið um hvar fiskur væri veiddur o.s.frv. Á fiskmörkuðunum er fiskur einfaldlega merktur, hv. þingmaður, frá hvaða skipi hann er, hvar hann var veiddur og með hvaða veiðarfærum. Þessi miði er einfaldlega límdur á körin og fylgir þeim alla leið, enda þurfa fiskvinnslur án útgerðar með nákvæmlega sama hætti og fiskvinnslur sem eru tengdar útgerð að gera grein fyrir því hvaðan fiskurinn er kominn, í hvaða veiðarfæri hann var veiddur, frá hvaða svæðum hann kemur o.s.frv. Þar á er engin mismunun. Sú krafa kemur frá kaupendum og þeir leita eftir þessari vitneskju.

Það er mjög æskilegt fyrir allar fiskvinnslur að þær starfi þannig að þær geti verið í sambærilegu umhverfi og að hver og einn finni hjá sér hvata til að gera sem allra best í sinni vinnslu úr sínu hráefni eða úr því hráefni sem menn kaupa. Fiskvinnslurnar í landinu hafa verið að sérhæfa sig til að vinna ýmsar fisktegundir á undanförnum árum og markaðirnir hafa ekki átt minnstan þátt í því að fiskvinnslur gátu sérhæft sig.

Tökum sem dæmi litla fiskvinnslu í Hafnarfirði, Hamrafell sem leggur mikið upp úr því að vinna steinbít, kaupir hann vítt og breitt af landinu. Það væri nánast ekki hægt að reka fiskvinnslu nema sérhæfa sig í steinbít ef hún ekki hefði aðgang að því að kaupa hráefnið á mörkuðum. Það verður að segjast alveg eins og er að slík dæmi má finna í mörgum vinnslugreinum sem menn hafa verið að sérhæfa sig í. Fiskvinnslur án útgerðar hafa verið að sérhæfa sig og fiskvinnslan sem rekin er af stærri fyrirtækjunum hefur einnig verið að sérhæfa sig hin síðari ár. Við getum tekið dæmi núna af Granda sem yfirtók HB á Akranesi og vinnur núna í Reykjavík, karfa og ufsa að mestu leyti ef ég veit rétt, en þorskur og ýsa eru unnin á Akranesi. Þetta er ákveðin sérhæfing og ekkert nema gott um það að segja að menn reyni slíkt. Fiskvinnslur án útgerðar sem kaupa allan sinn fisk á mörkuðum eru líka í sérhæfingu og útgerðin sem slík skiptir ekki 100% máli í því hvort útgerð geti sérhæft sig. Það er eingöngu aðgangur að markaði og hráefni.

Ég held, hæstv. forseti, að menn verði að líta þannig á þá tillögu sem hér er flutt að hún miði að því að breyta viðskiptaháttum með ferskan fisk á Íslandi til framtíðar. Hún leitast við að tryggja það að menn eigi möguleika á að kaupa íslenskan fisk sem veiddur er hér á miðunum og þá er ég líka að tala um þann fisk sem verið er að flytja út í gámum, að fiskvinnslum sé gefinn kostur á að bjóða í það hráefni. Það er ekkert sem mælir sérstaklega með því að fiskurinn sé fluttur út óunninn án þess að menn fái að bjóða í hann. Það er ekkert sem mælir með því. Það hlýtur að vera svo að þeir sem eru að flytja út ferskan fisk séu að leita að hinu hæsta verði. Hvers vegna er þá verið að meina íslenskum fiskvinnslum að bjóða í þann fisk sem verið er að flytja út? Ég tel að menn ættu að hugleiða þetta vandlega. Þetta er m.a. mál sem mér finnst tengjast mjög mikið því máli sem við erum að ræða.

Ég held líka að það yrði fyrirtækjunum til góðs, bæði stórum og smáum, ef sú þróun sem við erum að leitast eftir að verði með þessari tillögu fengi að halda innreið sína í íslenskan sjávarútveg.

Það er auðvitað hægt að setja margs konar reglur um viðskiptaform. Tillaga okkar gerir ráð fyrir slíkum reglum. Það er auðvitað hægt að hugsa sér að á ákveðnum tímum sjái menn til þess að ákveðinn hluti af hráefninu skuli seldur á fiskmarkaði frá hvaða útgerð sem er. Það hlutfall gæti verið stígandi á einhverju árabili. Tillagan markar ekki nákvæmlega þá vegferð en hitt er algjörlega ljóst að hún á að skapa skilyrði til eðlilegrar verðmyndunar á öllum fiski á markaði, stuðla að heilbrigðum og gegnsæjum viðskiptaháttum í fiskviðskiptum og koma þannig á því sem við köllum eðlileg samkeppnisskilyrði á því sviði. Ég held að þetta hljóti öllum að vera skiljanlegt og ég held, hæstv. forseti, að ef slík viðskipti kæmust á — segjum að það tæki t.d. fimm ár, jafnvel tíu að koma því endanlega á að allur fiskur væri seldur á fiskmarkaði — væri slík aðlögun öllum til bóta, ekki síst íslensku þjóðinni sem fengi meira fyrir auðlind sína þegar upp verður staðið en er í dag. Það hlýtur að vera markmið okkar að ná fram breytingum án þess að valda kollsteypum sem leiða þó til þess að við fáum meira út úr íslenskum sjávarútvegi en við höfum núna.

[16:14]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Einu sinni hafði hv. þm. Halldór Blöndal, núverandi hæstv. forseti Alþingis, mikinn skilning á því að tryggja nauðsyn þess að nýliðun væri í íslenskum sjávarútvegi. Ég kom aðeins áðan inn á það að ég hefði verið að grúska í sagnfræðinni, gömlum þingskjölum o.s.frv. Ég skoðaði þá m.a. feril þessarar þingsályktunartillögu. Ég fór líka lengra aftur í tímann, aftur til desembermánaðar árið 1983. Þá var til umræðu að setja á kvóta í íslenskum sjávarútvegi. Síðan eru liðin 22 ár. Þá stóð hér í pontu hv. þm. Halldór Blöndal og sagði eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ég dreg enga dul á að ég hef ávallt verið vantrúaður á að unnt sé að standa vel að fiskveiðum á Íslandsmiðum með því að setja hverju skipi, stóru og smáu, sérstakan kvóta. Til þess eru aðstæður of ólíkar, enda veit ég ekki til að útfærðar hugmyndir að slíku kvótakerfi hafi verið settar fram. Á þessu stigi málsins tel ég nauðsynlegt að eftirfarandi komi fram:

Til þess að kvótakerfi á fiskveiðar sé réttlætanlegt er óhjákvæmilegt að taka tillit til óvenjulegra og sérstakra aðstæðna þeirra útgerðarmanna eða útgerða sem lagt hafa í nýja fjárfestingu, fest kaup á fiskiskipi eða kannski lagt öðru. Ég veit dæmi þess að ungir menn hafa fest kaup á togara nýlega, kostað miklu til að endurbæta hann og lagt eigur sínar að veði í þeirri fullvissu að þeir hefðu sömu möguleika og aðrir til að bjarga sér þótt fyrri eigendum togarans hafi verið mislagðar hendur um aflabrögð. Í slíku tilviki er með öllu óverjandi að ákveða umræddu skipi aflakvóta eftir aflabrögðum þess meðan það var í eigu fyrri eigenda."

Þannig talaði hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Halldór Blöndal, á hinu háa Alþingi 12. desember árið 1983 og varði rétt íslenskra borgara til að hasla sér völl í íslenskum sjávarútvegi. Hann var meira að segja reiðubúinn til að hlúa að því að ungir og efnilegir menn gætu haslað sér völl í útgerð og það gerði hann svikalaust. Núna, 22 árum síðar, stendur sami þingmaður í pontu og ver einokunarrétt þessara sömu manna til að ráða því sjálfir hvernig verðmyndun

á fiski fari fram á Íslandi, hvernig verðmyndunin sé á hráefninu sem aflað er af þeirra skipum og fært inn í þeirra hús. Mér finnst að þingmaðurinn sé að verja óverjandi viðskiptahætti, ég ætla ekki að segja ólögmæta en þetta eru óheilbrigðir viðskiptahættir.

Ég hef enga trú á því að þessir þá ungu menn sem nú eru orðnir aðeins eldri, dugnaðarmenn, ættu í einhverjum vandræðum með að spjara sig þó við mundum skilja á milli veiða og vinnslu. Að sjálfsögðu ættu þeir ekki í neinum vandræðum með það. Þeir færu létt með það og ég skil satt best að segja ekki hvað íslenskir útvegsmenn óttast þó að við mundum skilja fjárhagslega milli veiða og vinnslu á Íslandi, ég hreinlega skil það ekki en það er eitthvað sem þeir óttast mjög. Þeir veðja hreinlega á að stjórnarflokkarnir á Alþingi slái skjaldborg um þessi einkaréttindi þeirra, um rétt þeirra til að ákveða nánast einhliða verðmyndun á fiski á Íslandi. Það kemur glöggt fram í umsögn frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna sem barst inn á Alþingi 6. desember árið 2003, umsögn um þessa sömu þingsályktunartillögu eftir að hafði verið mælt fyrir henni síðast. Þar segir m.a. í stuttu bréfi þar sem hvergi eru tilgreind nein rök fyrir því af hverju má ekki skoða þessa leið, það er bara hreinlega sagt: „Við leggjumst alfarið gegn samþykkt tillögurnar þar sem tillaga sama efnis hefur áður verið flutt án þess að fá framgang treystum við því að það sama gerist nú.“ *Bréfið er undirritað af Friðriki Þór Arngrímssyni,* framkvæmdastjóra LÍÚ. Þeir treysta því að þingsályktunartillagan verði stöðvuð á hinu háa Alþingi með öllum tiltækum ráðum, að hún fari enn eina ferðina í sjávarútvegsnefnd *og eigi ekki afturkvæmt þaðan. Svona koma þessir herrar* upp um sig af og til, eflaust alveg óvart en það er alltaf jafngaman að grípa þá glóðvolga þegar þeir koma upp um sig. Ég hygg að ef þessi leið yrði farin, að hráefnið færi á *hinn frjálsa markað og að verðmyndunin yrði frjáls, þá* mundum við ná miklu meiri virðisauka út úr sjávarútveginum en í dag.

Virðulegi forseti. Ég er með tölur fyrir framan mig um *útflutning á fiski frá Íslandi á síðasta ári, 2004, og 2003.* Óunnið hráefni sem rennur úr landi. Þetta eru nokkuð sláandi tölur. Árið 2003 var flutt út frá Íslandi 34.331 tonn, árið 2004, í fyrra, voru þetta rétt tæp 50 þús. tonn. Aukningin var 45% á milli ára. Verðmætið er líka mikið. Í fyrra var útflutningsverðmætið upp á 8 milljarða. Árið þar á undan upp á rúma 5,5 milljarða.

Margar sjávarútvegsbyggðir á Íslandi þurfa að þjást *mikið út af því að óunninn afli er að flæða úr landinu án* þess að fiskvinnslur hér á landi fái nokkur tækifæri til að bjóða í hann. Tökum Vestmannaeyjar sem dæmi. Í fyrra var fluttur út óunninn afli frá útgerðarfyrirtækjum í Vestmannaeyjum að verðmæti 2,4 milljarðar. Þetta er mjög stór hluti af heildarkökunni sem fer frá Íslandi. Er þetta sanngjarnt? Er sanngjarnt að atvinnulífið í Vestmannaeyjum þurfi að blæða fyrir það að útgerðarmenn hafa einkarétt á því að selja fiskinn til þeirra sem þeim dettur í hug? Af hverju má ekki bjóða þennan afla upp? Af hverju mega íslenskar fiskvinnslur ekki fá tækifæri til að keppa um þetta hráefni? Það er talað um að það geti skapað um 100 manns vinnu bara í Vestmannaeyjum og gríðarlegan virðisauka ef aflinn yrði unninn þar.

Ég hlýt að vekja athygli á því í lok máls míns að hvorki formaður sjávarútvegsnefndar, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, sem er þingmaður Vestmannaeyja, né varaformaður sjávarútvegsnefndar, hv. þm. Birkir J. Jónsson, hafa látið svo lítið að láta sjá sig í allan dag. Þetta er í fyrsta sinn í langan tíma sem við tökum umræðu um sjávarútvegsmál og bæði formaður og varaformaður sjávarútvegsnefndar skrópa í þingsal.

[16:23]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Norðvest., Guðjóni A. Kristjánssyni, fyrir að hafa tekið aftur til máls og farið betur ofan í efni tillögunnar en hann hafði áður gert. Ég verð samt sem áður að lýsa vonbrigðum mínum yfir því að hv. þingmaður tók ekki fast á og hikaði mjög við að ræða hvaða afleiðingar tillagan mundi hafa ef hún næði fram að ganga og yrði framkvæmd, *sem aftur á móti hv.* 2. þm. Norðvest., Jóhann Ársælsson, gerði mjög myndarlega þegar hann sagði að það yrði sprenging í sjávarútveginum ef allur fiskur færi á markað. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson vildi *draga úr þessu með því að segja að það mætti e.t.v. draga* að slíkt gerðist, (Gripið fram í.) kannski fimm ár, kannski tíu ár, eitthvað þvílíkt, og vildi draga úr því að tillagan kæmi strax til framkvæmda. Raunar mátti heyra það á ræðu *hans að hann vildi standa í báðar lappirnar, tvísté þannig að* gefa þeim fiskvinnslum sem ekki eru með útgerð það í skyn að hann vildi setja allan fisk á markað en um leið reyna að halda hinum rólegum með því að segja að hann ætlaði svo *sem ekki að taka neitt frá þeim.*

En málið er ekki þannig vaxið því það er takmarkaður fiskur í sjónum og sami fiskurinn verður ekki unninn tvisvar og fluttur út ferskur, bæði hjá þeirri fiskvinnslu sem *ekki hefur útgerð og hefur útgerð. (Gripið fram í.)* Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur stundum staðið uppi í ræðustóli og borið sérstaklega fyrir brjósti lítil sjávarpláss sem hv. þingmaður segist vera sérstakur fulltrúi fyrir. Ef við t.d. *mundum hugsa okkur það í því sjávarplássi sem nyrst er og* afskekktast, Grímsey, hvaða afleiðingar það mundi hafa fyrir byggðina þar ef allur fiskur sem veiddur yrði þyrfti að fara á markað. Hvaða forsendur væru þá fyrir byggð í *Grímsey?* Það er erfitt að sjá það og ljóst að *Grímseyingar* mundu ekki una í eyju sinni ef þeir fengju ekki að leggja sig fram og njóta þess sem hafið í kringum eyjuna gefur af sér, nýta þann kvóta sem eyjarskeggjar hafa til að sjá sjálfum sér farborða.

Auðvitað vilja þeir vera frjálsir að því að standa að útgerð sinni og fiskvinnslu sinni eins og þeim þykir hagkvæmast og best, bæði út frá hagsmunum sjálfs sín í þröngri merkingu þess orðs en einnig vilja þeir nokkuð á sig leggja til að halda eyjunni í byggð.

Ég spurði hv. þingmann áðan í vissu samhengi hvaða rekstrargrundvöll fiskvinnslan hefði ef höggvið yrði á tengsl veiða og vinnslu. Auðvitað átti ég við þau stóru fiskvinnslufyrirtæki sem nú eru rekin og háð því að geta gengið að öruggum afla vegna þess að sami aðili á fiskvinnslufyrirtækið og útgerðina eða það eru þá systurfyrirtæki. Ég tók sem dæmi fyrirtæki eins og hraðfrystihús HB Granda á Akranesi sem er mjög vel rekið frystihús og það var alveg

rétt sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði að það er verkaskipting á milli þess frystihúss og frystihússins í Reykjavík sem byggist á því að þessi tvö frystihús geta gengið að öruggu hráefni. Ef því væri ekki til að dreifa mundi verkaskiptingin að sjálfsögðu falla um sjálfa sig. Þar að auki veit hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson að til að standast þá hörðu samkeppni sem nú er, m.a. vegna ódýrs vinnuafls í öðrum löndum, er svo komið að fiskvinnslustöðvar standa ekki undir sér nema þær hafi mjög mikla veltu, nema mjög mikið af hráefni, fiski, fari í gegnum þær fiskvinnslustöðvar sem er forsendan fyrir því að þær geti rekið sig.

Ef þarna yrði höggvið á yrði auðvitað ekki sami rekstur áfram. Það er rétt hjá hv. þingmanni að þá mundi annar rekstur taka við. Þá mundi meir og meir af fiskvinnslunni flytjast til þeirra staða sem næst eru útflutningshöfn eða útflutningsflugvelli og getum við þá horft ýmist til Austurlands eða svæðisins í kringum Faxaflóa. Ég skil það ósköp vel að hv. 10. þm. Suðurk., Jón Gunnarsson, vill berjast fyrir sína menn á Suðurnesjum. Hann vill styrkja stöðu þeirra í fiskvinnslunni en á kostnað annarra með sama hætti og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur viljað styrkja sjávarútveg á Vestfjörðum, auðvitað á kostnað annarra í greininni. Þetta er auðvitað skiljanlegt. Ég er hins vegar talsmaður þess að við eigum að standa þannig að veiðum og vinnslu að það gefi þjóðarbúinu sem mest í aðra hönd og ég vil reyna að það sé staðið þannig að þessum fyrirtækjum að þeir sem við þau starfa hafi örugga afkomu, örugga vinnu og geti horft til framtíðar. Á þeim rökum stend ég gegn því að klippa á það samhengi sem verið hefur á milli veiða og vinnslu því ég trúi því að það sé rétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson segir að það verði mikil sprenging í sjávarútveginum ef þetta nái fram að ganga.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur enga tilraun gert til að lýsa því hvað við taki af rústunum eftir að sprengingin hefur orðið. Væri þó vissulega ástæða til að hann gerði það þar sem hann er talsmaður Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum og það verður auðvitað að liggja ljóst fyrir hvernig Samfylkingin sér þessi mál fyrir sér. Hér áðan treysti hv. þingmaður sér ekki til að segja að sú tillaga sem hér liggur fyrir sé studd af þingflokki Samfylkingarinnar, að einstakir þingmenn í Samfylkingunni standi á bak við þennan tillöguflutning. Hér í þingsalnum eru tveir hv. þingmenn Samfylkingarinnar auk hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Ég veit ekki hvort þeir hafa eitthvað til málanna að leggja, það væri fróðlegt að heyra það í ræðu þannig að menn geti gert vel grein fyrir málum sínum. Ég er persónulega ókunnugur skoðunum hv. 7. þm. Reykv. s., Marðar Árnasonar, um sjávarútvegsmál og væri fróðlegt að fá um þau að vita. Mér skilst að hann og hv. þm. Pétur H. Blöndal tali mikið saman í sjónvarpi á morgnana. Það er að vísu ekki uppáhaldsþáttur minn en má vera að hann hafi einhvern tíma þar komið inn á sjávarútvegsmál án þess að spurnir hafi af því farið eða það hafi þótt tíðindi.

Ég tók eftir því að hv. þm. Jón Bjarnason geldur varhuga við efni tillögunnar þannig að það er ekki rétt hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að stjórnarandstöðuflokkarnir standi á bak við þennan tillöguflutning.

[16:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við hv. þingmaður erum sammála um að auðvitað eigi stefnan að vera þannig að það gefi þjóðinni sem mest í aðra hönd sem sjávarútvegurinn er að fást við. En við höfum ekki sömu skoðanir á því hvernig best sé að gera þá hluti. Ég hef t.d. heldur ekki þessar óskaplegu áhyggjur af stóru fyrirtækjunum í sjávarútvegi þó að það kæmist á eðlilegt samkeppnisumhverfi í sjávarútveginum. Ég held að þau muni standa sig ágætlega í því. En það munu verða miklar breytingar. Það var það sem ég átti við með sprengingu. Það munu verða miklar breytingar. Sérhæfingin mun aukast í sjávarútveginum í heild eins og hún gerði gagnvart þeim fyrirtækjum sem hafa verið að vinna á markaðnum eftir að hann kom og þannig verður hagræðing í allri þessari vinnslu. Ég held að það sé ekki vafi á því að það mundi verða til mikils góðs fyrir sjávarútveginn í landinu og alveg sérstaklega auka fiskvinnslu í landinu og minnka útflutning á ósunnum fiski.

[16:32]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég átta mig ekki á því hvort hv. þingmaður er svo ókunnugur hér á landi að honum sé ekki kunnugt um að frystihúsum hefur verið lokað vegna þess að hráefni hefur skort. Það er ekki hægt að bæta úr því hjá þeim frystihúsum sem nú berjast í bökkum með því að setja allan fisk á markað vegna þess að það yrði tilhneiging til þess að hann safnaðist fyrir á þeim stöðum sem næstir eru útflutningshöfn eða flugstöð. Auðvitað mundi þetta gera rekstur-inn erfiðari á þeim stöðum sem fjærst eru sem hafa verið að byggja sig upp með því að eiga kvóta og styrkja þannig veiðar og vinnslu í senn. Þetta veit hv. þingmaður. Og hann veit að með þessari tillögu er verið að vega að smæstu sjávarplássunum

[16:33]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hin litlu sjávarpláss eiga nú við vanda sem hefur orðið til vegna sjávarútvegsstefnunnar. Það mundi minnka þennan vanda ef aðgangurinn að hráefninu væri frjáls vegna þess að þá gætu komið upp fiskvinnslur og staðið áfram fiskvinnslur sem eru í þessum litlu sjávarplássum. Vandi þeirra er sá, og þess vegna hafa þær margar lokað, að þær hafa ekki aðgang að hráefni og þessi aðgangur hefur hreinlega verið að minnka á undanförnum árum. Það kemur minna á fiskmarkaðina en áður.

Ég tel að það sé ekki spurning að fiskvinnslan í landinu mundi aukast og það yrði fiskvinnsla sem stæði undir sér sem mundi aukast — það yrði ekki fiskvinnsla sem þarf að hafa áhyggjur af vegna þess að hún geti ekki borgað hæsta fiskverð. Fiskvinnsla sem kaupir á markaði er að glíma við hæsta verðið. Verðið mundi auðvitað eitthvað lækka í heild ef allur fiskur færi um markaði en það mundi líka auka vinnsluna verulega mikið.

[16:34]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er erfitt að fá hv. þingmann til að tala

um ástandið eins og það raunverulega er. Það eru litlir útgerðarmenn úti á landi, eins og hv. þingmaður veit, sem reyna að bjarga sér með því að veiða og salta sjálfir sinn fisk og á grásleppuvertíð salta þeir sjálfir sín hrogn.

En það sem hv. þingmaður er að leggja til er að banna þessum útgerðarmönnum bæði að verka (Gripið fram í.) sinn fisk og hann vill leggjast líka gegn því að þeir fái að salta sín hrogn því að allt verður að setja á markað. Hv. þingmaður vill algjörlega klippa þarna á, eins og hann segir, hann vill sprengingu í sjávarútveginum. Hann vill að önnur öfl komi þar að verki og hann vill ekki að áfram verði unnið á þeim forsendum sem gert hefur verið. Það er kjarni málsins.

[16:35]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal spurði hvernig færi fyrir Grímseyingum ef skilið yrði milli veiða og vinnslu. Nú er mjög lítið af fiski verkað úti í Grímsey. Megnið af því fer í land og stór partur af því er unninn á Ólafsfirði og í Hrísey og á öðrum stöðum á Norðurlandi. Ég veit ekki betur en að í Grímsey hafi verið starfræktur til margra ára fiskmarkaður eða útibú frá fiskmarkaði. Ég hef í sjálfu sér engar áhyggjur af því að þeir sem hefðu áhuga á því að verka fisk úti í Grímsey gætu ekki keppt um hráefni þó að við mundum skilja á milli veiða og vinnslu.

Hv. þm. Halldór Blöndal talar mikið um litlu sjávarbyggðirnar og hvernig þær muni endanlega fara fram af þverhnípinu ef við förum þessa leið. Mig langar bara til að minna á að margar þessara byggða eiga nú þegar í miklum vandræðum. Nýjasta dæmið er Stöðvarfjörður þar sem verið er að taka frá þeim kvótann, hráefnið, og loka fiskvinnslunni. Það er ekki vegna þess að verið sé að skilja á milli veiða og vinnslu.

[16:36]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er nú þakklátur hv. þingmanni að hann skuli ætla að vísa mér til vegar í Grímsey og kenna mér á það hverjir þar búa og hvernig þeir haga sér. Mætti hann gjarnan koma hér upp aftur og halda þeirri góðu kennslu áfram. Það er athyglisvert sem hann segir um þá hluti, að það sé svo sem engin fiskverkun í Grímsey. Þá vitum við það. Það er svona eins og eitt með öðru. Má vera að t.d. á Ólafsfirði treysti menn á hráefni en kaupi ekki allt á markaði.

Það er hins vegar rétt hjá hv. þingmanni, og að því vék ég áðan í ræðu minni, að Stöðvarfjörður er eitt dæmi um það að þar er verið að loka frystihúsi af þeim sökum að hráefni hefur vantað. Við getum tekið annað dæmi á Raufarhöfn og þar fram eftir götunum. Það er vegna þess að það er ekki nægilegur fiskur í sjónum til þess að allir geti fengið þann fisk sem þeir þurfa á að halda.

[16:38]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé ný söguskýring að hráefnisskortur valdi því að verið sé að loka húsinu á Stöðvarfirði. Ég man ekki betur en stjórnendur Samherja hafi gefið þá skýringu að það sé fyrst og fremst óhagstætt gengi sem valdi því að þeir telji að rekstur þar sé ekki lengur arðbær. Ég hef sjálfur mjög miklar efasemdir um það og hef beðið í ofvæni eftir því að fjölmiðlar færu nú að kafa nánar ofan í þetta mál og skoða hvernig málum er háttað á Stöðvarfirði. En ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum með að það hefur ekki gerst og okkur skortir upplýsingar um hvað í raun hefur gerst á Stöðvarfirði því ekki er mjög langt síðan við gátum heyrt og lesið um það í fjölmiðlum að þar væri allt í blóma og gengi mjög vel í vinnslu og það an færi m.a. mikið af fiski á markaði erlendis.

Mig langar bara til að koma því að hér — tími minn er stuttur — að það hvernig við förum að því að skilja á milli veiða og vinnslu er að sjálfsögðu útfærsluatriði sem ætti að ræða. Það ætti m.a. að ræða í sjávarútvegsnefnd. Það er ekki verið að boða hér neina byltingu sem muni kollvarpa öllu, að sjálfsögðu ekki. Þetta eru allt saman spurningar um útfærslur (Forseti hringir.) og aðferðir.

[16:39]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður lauk ræðu sinni eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hér fyrr í dag, með því að segja að þessi tillaga skipti svo sem engu máli, það væri ekki verið að boða neina kollsteypu og þar fram eftir götunum.

Af hverju skyldi hv. þingmaður gera það? Vegna þess að hann gerir sér grein fyrir því að efni þessarar tillögu felur það í sér að fjölmörg fyrirtæki munu ekki hafa rekstrargrundvöll, fjölmargt fólk í fiskvinnslu, verkafólk í fiskvinnslu, mun missa atvinnu sína og þetta mun hafa í för með sér á sumum stöðum mikla erfiðleika í byggðarlögunum vegna þess að fólk hefði ekki að neinni vinnu að hverfa. Þessi tillaga miðar beint í hjartastað þeirra fyrirtækja sem halda uppi byggð á sumum stöðum og það verður sviðin jörð eftir ef þessi tillaga verður framkvæmd og nær fram að ganga.

[16:41]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég undra mig mjög á þeim viðhorfum sem hv. þm. Halldór Blöndal er að lýsa hér. Ég er hér með skýrslu í höndunum sem heitir „5 ára átak til að auka verðmæti sjávarfangs". Hún birtist í október 2002 og var unnin fyrir sjávarútvegsráðuneytið.

Þar segir um þorskinn, með leyfi forseta:

„Ef allur heill óunninn þorskur, sem fluttur var út 2001, væri nýttur í fersk flök þá gæti það skilað 300 milljónum ISK í auknum útflutningstekjum ..."

Þar segir um ýsuna, með leyfi forseta:

„Ef öll ýsa sem flutt er út heil fersk 2001 væri tekin til vinnslu og framleidd fersk flök í flug þá væri hægt að gera ráð fyrir að heildarverðmæti ýsuafurða hækkuðu um 450 milljónir ISK ..."

Þetta er stefna sem sjávarútvegsráðuneytið lét vinna. Ég hefði talið að sú tillaga sem við höfum hér verið að flytja væri beinlínis til þess að ýta undir aukið verðmæti í sjávarútvegi. Ég er alveg sannfærður um að við mundum auka verðmætið og verðmætasköpun í sjávarútvegi og við mundum auka atvinnu í sjávarútvegi ef hún fengi fram að ganga.

Það er ekki spurning að ég tel að við værum þá að vinna þjóðinni mikið gagn.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld standa vörð um frjálsa verslun og taka þátt í gerð alþjóðlegra samninga. Þau eiga að sjá til þess að sú verðmætasköpun sem á sér stað komi þjóðinni allri að gagni ...“

Þetta er stefnumótun sjávarútvegsráðuneytisins, hv. þm. Halldór Blöndal.

[16:42]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður las upp kafla um að æskilegt væri og gott, við getum sagt nauðsynlegt, að sporna við því að óunninn fiskur yrði fluttur úr landi í gámum. Ég hef aldrei lýst mig andsnúinn því, síður en svo. Þvert á móti er ég mjög hlynntur því að fiskur sé unninn hér á landi ferskur til útflutnings.

Með því að við eigum sterk sjávarútvegsfyrirtæki þá vinnum við á móti þeirri þróun að fiskurinn fari óunninn úr landi. Það er kjarni málsins. Þess vegna er ég ekki hlynntur því að höggva á tengsl veiða og vinnslu. Ef við horfum á stóru sjávarútvegsfyrirtækin þá hafa þau einmitt gengið fram í því að opna nýja markaði. Þau hafa tryggt búsetu á stöðum og þau hafa líka gripið til úrræða sem duga til þess að reyna að halda framleiðslunni í því horfi að hún standi undir sér, m.a. með dýrri fjárfestingu og öðru slíku eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson veit fullvel.

[16:43]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Ég er ánægður með að við hv. þm. Halldór Blöndal séum sammála um að eðlilegt sé að stuðla að því að auka verðmæti íslensks sjávarútvegs. Ég held að það sé nú kannski ágæt niðurstaða af þessum umræðum.

Við erum hins vegar greinilega mjög ósammála um hvaða aðferðir geti leitt til þess að auka verðmæti íslensks sjávarútvegs. Ég átta mig á því eftir þessa umræðu að hv. þm. Halldór Blöndal lítur svo á að eingöngu stór fyrirtæki sem hafa yfir kvóta að ráða geti séð til þess að verðmæti aukist í íslenskum sjávarútvegi. Ég er honum algjörlega ósammála um það þannig að við höfum bara sína skoðunina hvor á því hvernig eigi að vinna að þessum málum.

Við teljum að það megi vinna þessu máli mikinn framgang með því að stuðla að því að verðmyndun íslensks sjávarútvegs fari fram á markaði og við erum tilbúnir að vinna að því og reyna að ná sátt um hvernig það gæti orðið.

[16:44]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef dregið fram nauðsyn þess að lítil fyrirtæki geti starfað eins og í Grímsey. Ég hef líka vakið athygli á því í sambandi við loðnufrystingu að til þess að fyrirtæki leggi í þann mikla kostnað sem því fylgir að setja upp allan þann búnað til þess að loðnufrysting geti gengið vel fyrir sig þurfa menn að hafa mikið fjármagn á bak við sig og hafa aðgang að öruggu hráefni. (**GAK:** Finnst þér ...) Þetta veit hv. þingmaður að er rétt og hann veit að sú bylting sem hefur orðið í uppsjávarfiskinum er vegna þess að þar koma sterk fyrirtæki að sem ráða bæði yfir vinnslunni og yfir veiðunum. Þegar hann talar um að slíta þetta hvort tveggja í sundur er hann að gera það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði, hann er að varpa sprengju inn í íslenskan sjávarútveg. (**GAK:** Við erum ekki miklir sprengju ...)

[16:45]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Gerst hefur sá óvenjulegi atburður að hv. þm. Halldór Blöndal hefur óskað eftir að hlýða á skoðanir mínar um tiltekið efni og ég tel ekki annað sæmilegt en að veita hv. þingmanni hlutdeild í þeim skoðunum úr því að sérstaklega er eftir þeim óskað.

Þá er í fyrsta lagi að segja að það er stefna Samfylkingarinnar sem liggur á bak við tillögu þeirra hv. þingmanna Guðjóns A. Kristjánssonar, Jóhanns Ársælssonar og fleiri. Í öðru lagi vekur athygli — þannig að ég snúi þessu nú við — að hv. þm. Halldór Blöndal sagði áðan að ein af afleiðingum þessa máls væri sú að fiskvinnslan mundi færast af útflutningshöfnum og útflutningsflugvöllum. Hann gerir sem sé ráð fyrir að það sé einhver kostnaður sem veldur því að fiskvinnslan er ekki þar nú þegar. Hver skapar þeirri fiskvinnslu samkeppnisstöðu sem getur verið fjarri útflutningshöfnum og útflutningsflugvöllum? Er það fiskverðið, hv. þm. Halldór Blöndal?

[16:46]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef við tökum til dæmis þá fiskvinnslu sem er við Eyjafjörð þá eru þetta gömul og gróin og stór fyrirtæki. Það er með mikilli tæknivæðingu og miklu magni sem þeim hefur tekist að reka sig. Sérstaklega er þetta áberandi í rækjunni. Þá skiptir miklu máli að hægt sé að hafa tvær eða þrjár vaktir til að vinna lengur og virðist þó ekki ætla að duga til, t.d. núna, til að hægt sé að halda rækjuvinnslum opnum.

En úr því að hv. þingmaður segir að Samfylkingin standi á bak við þessa tillögu væri fróðlegt að fá að vita hvort líta beri svo á að flokkssamþykkt Samfylkingarinnar sé á bak við þetta, þingflokksins, eða er það ágiskun hv. þingmanns að allir þingmenn Samfylkingarinnar standi á bak við þennan tillöguflutning?

[16:47]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal virðist gera ráð fyrir því að við þá einföldu athöfn að skilja í sundur veiðar og vinnslu hverfi fiskvinnsla af Eyjafjarðarsvæðinu. Ég vil gjarnan fá staðfestingu á því að þetta sé skoðun hans vegna þess að þá gerir hann jafnframt ráð fyrir því að fiskvinnsla á Eyjafjarðarsvæðinu sé í sjálfu sér óhagkvæm nema með þeim sérstaka stuðningi sem sú fiskvinnsla hefur nú af því að sterk útgerðarfyrirtæki eru stödd þar. Það er sem sé skoðun hv. 2. þm. Norðurl. e. að fiskvinnsla á Eyjafjarðarsvæðinu sé í sjálfu sér óhagkvæm og að koma þurfi til þessi sérstaki stuðningur sem fiskvinnslan hefur af tengslum sínum við sjávarútveginn. Þetta vildi ég gjarnan fá að heyra.

Í öðru lagi er mér illa við að svara spurningum nákvæmlega án þess að leita heimilda og mér hefur ekki tekist það í

þingsalnum. Hér eru ekki tölvur við höndina, eins og hv. þingmaður veit ágætlega, en ég hygg að hér sé um að ræða landsfundarsamþykkt flokksins frá þar síðasta landsfundi en skal kanna það betur þegar við komum í 2. umr. um sjávarútvegsmál, ég og hv. þm. Halldór Blöndal.

[16:48]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að rekja það sem ég hef áður sagt um hagkvæmni þess að samræma veiðar og vinnslu, út á það gengu ræður mínar og ég vísa til þeirra um það.

Á hinn bóginn þykir mér þetta merkilegt og sjálfsagt að halda því vel til haga að þau sjónarmið sem hafa komið fram í umræðunum og sú tillaga sem hér hefur verið lögð fram er stefna Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum og er það auðvitað áhugavert. Ég hygg að þau skilaboð sem kjósendur í Norðurlandi eystra fengu fyrir síðustu kosningar hafi ekki verið þau frá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar, Einari Má Sigurðarsyni og Kristjáni Möller, að þeir væru þeirrar skoðunar sem hér kemur fram en það mun þá svo vera og þá liggur það ljóst fyrir og það er alltaf gott þegar mál upplýsast.

[16:49]

Útbýting:

Eignarhald á bújörðum, 485. mál, fsp. JBjarn, þskj. 741.

Fiskmarkaðir, 486. mál, fsp. KLM, þskj. 742.

Íslenskir fiskkaupendur, 487. mál, fsp. KLM, þskj. 743.

Miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði, 488. mál, fsp. JóhS, þskj. 744.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta, 422. mál, svar viðskrh., þskj. 739.

[16:50]

Mörður Árnason:

Forseti. Mér þykir rétt að bæta við andsvarasyrpuna áðan af þeim sökum að það var eiginlega frekar ég sem sat fyrir svörum en hv. þm. Halldór Blöndal í það skiptið, að ég hef ekki rætt þessi mál sérstaklega við hv. þingmenn, félaga mína Einar Má Sigurðarson og Kristján Möller. Vera má að þeir hafi einhverjar athugasemdir við þessa tillögur eða þá stefnu sem ég hygg að Samfylkingin hafi samþykkt, ég segi þetta aftur með fyrirvara, á þar síðasta landsfundi. Ég hef ekki heyrt þær athugasemdir en þeir hafa auðvitað fullan rétt til þeirra eins og aðrir samfylkingarmenn. Við búum við málfrelsi og skoðanafrelsi í Samfylkingunni en tökum hins vegar afstöðu þegar við erum til þess búin með atkvæðagreiðslu eða almennu samþykki þar sem mönnum leyfist að hafa aðra skoðun. Það mun vera gömul hefð sem einnig var fyrir hendi í Sjálfstæðisflokknum fyrr á tímum og ég hygg að hún hafi enn þá verið við lýði þegar hv. þm. Halldór Blöndal gekk í flokkinn og að ég held enn þá þegar hv. þm. Halldór Blöndal var kjörinn á þing fyrir flokkinn í árdaga þó hún hafi látið á sjá á síðari tímum.

Ég vil segja í framhaldi af þeim umræðum sem ég hef hlýtt á eftir að ég kom í salinn og einnig á skrifstofu minni áður en ég hoppaði yfir túnið, að það hefur verið sérkennilegt að hlusta á tvo gamla íhaldsmenn, hv. þingmenn Einar K. Guðfinnsson og Halldór Blöndal, vera hér hvor sem annar í andstöðu sinni við þessa tillögu og ekki í fyrsta sinn vegna þess að í raun og veru hafa þeir ekki fært fram nein þau rök sem gildi, sem eru tæk í sæmilega heiðarlegri almennri umræðu um málið.

Af hverju er þetta borið fram? Hvaða mál mundi þetta leysa? Hvað mundi gerast ef þessi þingsályktunartillaga yrði samþykkt? Í fyrsta lagi mundi fiskverð á landinu væntanlega breytast og þá á ég við almennt fiskverð, verð í kringum allan fisk en ekki bara þann fisk sem við höfum tiltekið fiskverð á markaði eða einhverja samninga um milli veiða og vinnslu. Þetta varðar auðvitað sjómenn ákaflega miklu og þetta hefur verið baráttumál þeirra lengi, ætli það sé ekki a.m.k. áratugur eða hálfur annar síðan þeir báru fyrst fram þetta mál í svipuðu formi og hv. þingmenn Guðjón A. Kristjánsson og fleiri til að tryggja að þeir væru ekki hlunnfarnir í kjörum með fölsku fiskverði, með fiskverði sem væri búið til út frá annarra hagsmunum en þeirra þar sem þeir eru víðast í þeirri stöðu að vera í félagi um söluna á fiskinum, félagi við útgerðarmann sem selur síðan öðrum aðila fiskinn, sem er fiskvinnslan. Ef svo vill til að útgerðarmaðurinn og fiskvinnslan eru sama persónan í þeim viðskiptum er hætt við að þegar svo háttar verði sjónarmið félagans í sölufélaginu ekki efst á blaði í viðskiptunum.

Í öðru lagi — eins og auðvitað hefur verið rakið ágætavel bæði í þessari umræðu og í fyrri umræðu um þetta mál, en þess var sérstaklega óskað að ég gerði grein fyrir afstöðu minni til þessa sjávarútvegsmáls á þinginu og þess vegna er ég hér — mundi þessi tillaga jafna samkeppnisstöðu í fiskvinnslunni milli þeirra fiskvinnslufyrirtækja sem eiga kvóta eða hafa aðgang að kvóta og þeirra sem ekki hafa kvótann. Þetta mundi sem sagt verða skref í átt til heilbrigðra viðskiptahátta í fiskviðskiptum.

Í þriðja lagi er sennilegt að staðbundin uppbygging mundi aukast aftur á stöðum sem liggja best við sjó því það var í raun kvótakerfið sem fór með hana á ýmsan hátt. Þar mundi verða uppbygging og þetta fyrirkomulag mundi styrkja þær byggðir sem best liggja við sjávarútvegi en þar er þjóðhagslega skynsamlegast að upp byggist sú vinnsla og það starf sem að sjávarútvegi lýtur en ekki á þeim stöðum sem ekki liggja vel við sjávarútvegi. Það er ósköp einfalt. Ég er bara Reykvíkingur og kannski þess vegna leyfi ég mér að koma auga á þetta og segja það í stólnum af því að það er feimni við það af hálfu ýmissa annarra.

Í fjórða lagi hefur, eins og bent er á í greinargerðinni, þetta mál ákveðin tengsl við lögbundin markmið samkeppnislaga. Ég vil ekki frekar en hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson segja að þeir viðskiptahættir sem nú tíðkast séu ólögmætir en þeir eru óeðlilegir og allt að því ósiðlegir og ég er sammála hv. þingmanni um það.

Ég vil síðan segja að að sjálfsögðu eins og hefur verið rakið er hvorki þessi tillaga né neitt annað einhver sá stóri kross sem leysir alla hluti og stofnar guðsríki á jörðu eða kemur hér á einhverri þeirri paradís sem við göngum í eins og Adam og Eva, þurfum ekki þing og þurfum ekki reglur. Auðvitað eru undantekningar sem þarf að taka til greina. Ein af þeim eru staðir eins og Grímsey þar sem háttar þannig til að fiskmarkaðir geta ekki leyst málin. Markaður er ekki alltaf svarið og er ekki hin endanlega lausn á öllum málum. Önnur undantekning er auðvitað frystitogararnir og

vinnsla af því tagi sem um þurfa að gilda sérstakar reglur.

Spurningin er þá aftur, forseti: Af hverju eru þeir hv. þingmenn Halldór Blöndal og Einar K. Guðfinnsson og félagar þeirra, þó sennilega ekki allir hv. þingmenn, á móti þessu máli úr því að öll skynsemi og öll rök mæla með því og einmitt sú skynsemi og þau rök sem þeir hafa eða flokkur þeirra hefur haft uppi við um samkeppni, um markaði, um eðlileg viðskipti og á heiður skilið fyrir að hafa haft það í orði og sérstakan heiður fyrir að hafa rekið þá stefnu á borði sem ekki hefur því miður verið á síðari tímum. Jú, það er vegna þess, svo maður vitni aftur í ræðu hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, að Landssamband íslenskra útvegsmanna skipar svo fyrir að þeir skulu vera á móti málinu. Landssambandið gerir slíka skilyrðislausa kröfu til hlýðni af hálfu þessara manna að hætt er að láta fylgja röksemdir með þeirri fyrirskipan. Það er vegna þess að þessir menn líta á sig sem fulltrúa hagsmuna á þinginu, ekki sem fulltrúa almennings, líta á sig sem fulltrúa sérhagsmuna, fyrirtækja sem eiga kvóta og leggjast því gegn tillögu sem með einhverjum hætti skerðir kvótann, hagsmuni fyrirtækjanna en eykur almennan rétt í málefni sem snertir sameiginlega auðlind þjóðarinnar í hafinu. Þar eru þeir félagar samkvæmir sjálfum sér, því það er yfirleitt stefna þeirra og Sjálfstæðisflokksins á síðari tímum að skerða þennan rétt í þágu hagsmunanna.

[16:59]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal var með útúrsnúninga af ýmsu tagi og ég sé ástæðu til að bæta fáeinum orðum við það sem ég hef sagt í dag. Fyrst vil ég koma því á framfæri að ég er ekki talsmaður Samfylkingarinnar í sjávarútvegsmálum. Við í Samfylkingunni höfum þann sið að láta slík hlutverk ganga á milli manna í þinginu og Jón Gunnarsson er talsmaður okkar í sjávarútvegsmálum núna frá því í haust eða vetur.

Vegna þess að hv. þm. Halldór Blöndal fór mikinn yfir því að ég hefði nefnt orðið sprenging í sjávarútvegi og útlistaði hvað ég hefði átt við með því, þá vil ég fá að gera það sjálfur aðeins betur. Ég tel að ef raunverulegur aðskilnaður veiða og vinnslu verður í landinu og fiskmarkaðir fá að rækja hlutverk sitt vel muni sérhæfing í vinnslu sjávarafurða verða miklu meiri en hún er núna. Fiskmarkaðirnir sýndu okkar fram á það hvernig ná má sérhæfingu í sjávarútvegi á Íslandi án þess að það sé gert innan stórra fyrirtækja. Fiskmarkaðirnir gerðu útgerðarmönnum kleift, sem sjálfir voru t.d. með vinnslu, að leggja hluta af sínum afla upp á fiskmarkaði en vinna sumt sjálfir. Auðvitað geta útgerðarmenn sem eru líka með vinnslu, eiga þá tvö fyrirtæki í sjávarútvegi, haldið því áfram ef skilja á milli veiða og vinnslu. Það er auðvitað einfalt mál, þetta er allt til staðar.

Hv. þingmaður var líka með útúrsnúning hvað það varðaði að benda á að þá mættu ekki einhverjir grásleppukarlar salta hrognin sín og einyrkjar sem hefðu saltað fiskinn sinn kannski einhvers staðar úti á landi mættu það ekki heldur. Við leggjum hér til að skipuð verði nefnd til að setjast yfir það með hvaða hætti megi koma þessu fyrirkomulagi á. Auðvitað þurfa menn að útfæra slík atriði. Engum dettur í hug að hægt sé að aðskilja veiðar og vinnslu um borð í frystitogara. Við erum ekki að fara fram á það. Við erum að fara fram á að menn finni einfaldar, skýrar og framkvæmanlegar leiðir til þess að það geti orðið eðlilegt viðskiptaumhverfi í sjávarútvegi. Það er ekki núna og umræðan í dag hefur sýnt ákaflega vel fram á það. Hér hafa menn komið í ræðustól og upplýst það að þeir geri sér fullkomlega grein fyrir því að sjávarútvegurinn á Íslandi, stóru fyrirtækin í landinu séu að borga miklu lægra fiskverð en þau ættu að gera miðað við verðmæti fisksins. Sömu sjávarútvegsfyrirtæki eða forráðamenn þeirra hafa skrifað undir það að leita skuli hæsta verðs til þess að finna út hvað sjómennirnir eigi að fá. Það er ekki rétt gefið. Það þarf auðvitað að koma á skynsamlegu, skilvirku og heiðarlegu kerfi. Á meðan tvískinnungurinn er með þeim hætti sem hann hefur verið fram að þessu í þessari grein þá er ekki von að vel fari.

Hv. þm. Halldór Blöndal hélt því fram að fólk mundi missa vinnuna unnvörpum í fiskvinnslu ef þetta gerðist. Ég er honum svo innilega ósammála um það. Ég er algjörlega sannfærður um að ef við kæmumst yfir í kerfi þar sem miklu stærri hluti fisksins færi um markaði þá yrðu miklu fleiri fiskvinnslur starfræktar í landinu á hinum ýmsu stöðum vegna þess að aðgangurinn að fiskinum ykist auðvitað og sérhæfingin gæti fengið að njóta sín við fiskvinnslu og útflutning á fiski.

Það er svo sérstakt við þetta allt saman að það er í raun og veru bara nóg að fara á námskeið sem er í því fólgið að kynna sér rekstur fyrirtækja sem hafa verið rekin á undanförnum árum í fiskvinnslu án útgerðar til þess að sjá ljósið í þessu máli. Ég ráðlegg hv. þm. Halldóri Blöndal að fá sér námskeið af þessu tagi, fara í gegnum þetta, láta menn sem hafa staðið í þessum rekstri sýna sér þessi fyrirtæki og hvað þau hafa verið að gera á undanförnum árum. Þá held ég að hljóti að renna upp fyrir honum eins og öllum öðrum sem hafa séð þessa hluti hvað hægt er að gera með því að láta markaðinn hjálpa til, láta markaðinn ráða því hverjir fá hráefnið í hendurnar og gefa fyrirtækjunum tækifæri til að komast að því hráefni. Auðvitað mun það gerast að lokum. Íhaldsmenn munu auðvitað ekki halda þessu fyrirkomulagi til enda en þeir geta tafið það og geta tafið það árum saman. Þeir hafa gert það fram að þessu og munu halda áfram að reyna að gera það og það er auðvitað mjög slæmt að svo skuli vera.

Ég ætlaði bara að koma því skila sem ég hef nú þegar sagt. Mér finnst dapurlegt að þeir sem hér hafa talað af hálfu stjórnarliða skuli ekki vera tilbúnir til að skoða þessi mál vandlega en vona menn verði tilbúnir til þess að fara í gegnum málið í sjávarútvegsnefnd og koma því aftur inn í sali Alþingis þannig að menn geti tekið afstöðu til þess. Satt að segja verður maður alltaf að halda í vonina um að að lokum sleppi menn úr klónum á hagsmunaaðilunum í sjávarútvegi hvað þessi málefni varðar og láti ekki sífellt einhverja einstaka aðila sem ráða þar ferðinni og hafa gert í gegnum tíðina hafa vit fyrir sér, hagsmunaaðila sem horfa bara á sitt eigið fyrirtæki og óttast allar breytingar, eru logandi hræddir við að standa sig ekki á markaðnum ef þeir þurfa að standa frammi fyrir því að bjóða í eigið hráefni og það þótt þeir eigi sjálfir fyrirtækin sem veiða fiskinn. Það er ekki hátt risið á slíkri afstöðu, það verð ég að segja. Ég vona bara, hæstv. forseti, að við fáum góða niðurstöðu í sjávarútvegsnefndinni.

[17:07]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls aftur í umræðunni en verð þó að gera það í ljósi þeirra viðbragða sem stjórnarliðar, sem hér hafa talað, hafa sýnt þeirri litlu tillögu til þingsályktunar sem hér er lögð fram og rædd í fjórða skiptið í sölum Alþingis.

Það er í raun undarlegt að horfa á og upplifa það að í hvert skipti sem lögð eru fram mál sem tengjast sjávarútvegi virðist aldrei vera hægt að ræða um það mál sem verið er að leggja fram. Stjórnarliðar þurfa alltaf að hlaupa út um víðan völl og kalla „úlfur, úlfur", þyrla upp alls konar reyk og rykskýjum til að reyna að fela það sem verið er að tala um og kjarna þess sem verið er að tala um.

Hér er verið að leggja fram tillögu til þingsályktunar um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu. Markmiðið með því er að reyna að draga fram hjá þeim fyrirtækjum sem bæði reka útgerð og fiskvinnslu kostnað, tekjur og gjöld sem fylgja hvorum þætti þessa rekstrar fyrir sig. Þá rjúka menn upp og segja: Það mun verða upphlaup á landsbyggðinni, það mun verða landauðn á landsbyggðinni o.s.frv., o.s.frv.

Samkeppnislög eru sett hér á Íslandi til að reyna að tryggja það að sá stóri í krafti þeirrar aðstöðu sem hann hefur skapað sér kannski á undanförnum árum og þeirri aðstöðu sem hann hefur skapað sér á markaði geti ekki beitt óheiðarlegum og ósiðsamlegum aðferðum til að koma í veg fyrir samkeppni nýrra aðila. Lögin eru ákaflega skýr hvað það varðar að þau eru sett til þess að reyna að koma í veg fyrir að þeir sem hafa notið sérhagsmuna eða haft sérstaka aðstöðu í sinni grein geti ekki nýtt þá aðstöðu til að kæfa með ólöglegum eða ósiðsamlegum hætti þá samkeppni sem er að fæðast.

Í samkeppnislögunum segir að lögin hafi það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Ég sé ekki betur en þetta markmið eigi vel við um sjávarútveginn. Lögin segja einnig, með leyfi forseta:

„Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri," — á þetta við í sjávarútvegi? Eru einhverjar óhæfilegar hindranir og takmarkanir á frelsi í atvinnurekstri í sjávarútvegi?

„b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum," — er þetta til í sjávarútvegi á Íslandi? Er ástæða til að skoða það?

„c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum."

Þetta eru þrjú meginmarkmið samkeppnislaga og ég sé ekki betur en að öll þau markmið eigi vel við hvað varðar sjávarútveginn og full ástæða til að skoða rekstrarumhverfi hans með tilliti til þeirra markmiða sem koma fram í samkeppnislögunum.

En það er ekki einu sinni verið að fara fram á það með þessari þingsályktunartillögu, ekki í þessu skrefi. Það er eingöngu farið fram á að aðskilja fjárhagslega rekstur útgerðar og fiskvinnslu, það verði fjárhagslegur, bókhaldslegur aðskilnaður þannig að menn sjái svart á hvítu hvernig hvor þáttur stendur í rekstri þeirra stóru fyrirtækja sem sinna báðum þessum þáttum. Það er allur glæpurinn sem hér fer fram.

Hér hefur verið rætt um ferskfiskútflutning og að stóru öflugu fyrirtækin, sem bæði eru með útgerð og fiskvinnslu, séu farin að flytja út ferskan fisk á markaði erlendis og þurfi að geta afhent þann fisk á hverjum degi og miðað við pantanir o.s.frv. Þetta er allt satt og rétt, en inn á hvaða markaði eru þessi fyrirtæki að fara?

Markaðir sem smærri fiskframleiðendur hafa verið að vinna í gegnum tíðina, koma á, styrkja og rækta hist og her um Evrópu og Bandaríkin, liggja núna undir því sem ég vil leyfa mér að kalla árásarverðlagningu frá þessum stóru aðilum sem eru bæði með útgerð og fiskvinnslu. Minni aðilar sem hafa verið að sinna þessum mörkuðum, framleiða þessa vöru, hágæðavöru, borga hátt verð fyrir fiskinn og selja hann háu verði erlendis, upplifa núna samkeppni sem þeir hafa ekki upplifað áður.

Sú samkeppni er ekki að koma frá Kína, hún kemur frá stóru útgerðunum sem hafa bæði útgerð og fiskvinnslu á sínum höndum. Er það allt í lagi og engin ástæða til að gjalda varhuga við að þetta geti gerst með þeim hætti að þeir sem ráða því nánast hvað þeir kalla það að fiskurinn kosti frá útgerð til fiskvinnslu, geti beitt tímabundinni árásarverðlagningu til að ýta hinum út af markaði? Þetta væru kölluð óheiðarleg samkeppni í öðrum greinum. Þetta er óheiðarleg samkeppni í sjávarútvegi og okkur ber að taka á slíkum málum og laga þau þegar þau koma upp.

En þá koma hér hagsmunagæslumenn stórútgerðanna, tala ekkert um það mál sem hér er undir, blása um eitthvað allt, allt annað eins og hv. þm. Halldór Blöndal hefur gert í sínu undarlega máli í dag. Ég verð þó að segja hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni það til hróss að hann hélt sig nánast við þá tillögu sem hér var verið að ræða og ræddi efni hennar en það gerði ekki hv. þm. Halldór Blöndal heldur óð hér, mér liggur við að segja í þvílíku rugli, út um víðan völl að það var varla fyrir mann með báða fætur jafnlanga að fylgja honum eftir.

En af hverju gerist þetta? Jú, það gerist vegna þess að þessir stjórnarþingmenn, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, eru hér í grímulausri hagsmunagæslu fyrir stórútgerðirnar í landinu. Það liggur við að stundum þegar maður situr á skrifstofunni sinni og er að horfa á skjáinn, á suma hv. þingmenn tala hér úr pontu Alþingis, að það vanti ekkert annað en að það renni fyrir neðan myndina svona borði eins og stundum gerist í sjónvarpinu þar sem á stendur: Hv. þingmaður er í boði stórútgerðarinnar. Þvílík er hagsmunagæslan, þvílíkt er grímuleysið og satt að segja sjáum við það endurspeglast í þessari litlu þingsályktunartillögu að þetta skuli vera í fjórða skiptið sem menn leggja hana hér fram og hún skuli alltaf hafa verið kæfð og drepin í sjávarútvegsnefnd. Hún hefur aldrei fengið að koma aftur inn í sali Alþingis þannig að hér gætu menn rætt þær umsagnir sem fram hefðu komið, hér gætu menn rætt efni þessa máls og tekið afstöðu til þess.

Af hverju gera menn það ekki? Það er vegna þess að hagsmunagæslumenn stórútgerðar vilja ekki rétta upp hönd og fella svona tillögu heldur er hún látin sofna líknardauða í sjávarútvegsnefnd undir stjórn hv. formanna sem yfirleitt koma frá stjórnarflokkunum. Og merki um hvernig þetta gengur fyrir sig á Alþingi í dag: Hv. formaður sjávarútvegs-

nefndar hefur ekki látið sjá sig í salnum alla umræðuna.

[17:15]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Rétt er að vekja athygli á að það eru fleiri sem hafa ekki látið sjá sig í umræðunni og ég sakna sárt framsóknarmanna en þeir sjá greinilega ekki ástæðu til að ræða tillöguna. Hvað veldur? Eru þeir á sífelldum flótta í umræðunni um sjávarútvegsmál? Ég tel svo vera eða er skýringin einfaldlega sú að þeir hafa ekki vit á því sem á að ræða hér? Hvort er það? Þora þeir ekki að standa við það að þeir eru fulltrúar þess að viðhalda, ég vil segja óréttmætum viðskiptaháttum? Hvar eru þeir í umræðunni? Ég lýsi eftir þeim. Þeir hafa ekki látið sjá sig og ég tel það vera ákveðna skömm fyrir flokkinn að geta ekki tekið þátt í umræðu um mjög mikilvægt mál sem varðar samkeppnismál, sjávarútvegsmál og landsbyggðina. En þetta er kannski hluti af nútímavæðingu Framsóknarflokksins að ræða helst ekki mál sem varða landsbyggðina. Það á að ræða önnur mál. Ef á að hækka eitthvað á landsbyggðinni, þá taka þeir þátt í því og leggja mikla orku og jafnvel kapp í það.

Einnig er mjög sérstakt að verða vitni að því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafi meiri skilning á markaðslögmálum en Sjálfstæðisflokkurinn. Það er afar sérstakt að sjá að t.d. hinir ungu og efnilegu þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þeir fjórir sem komust á þing, koma ekki til að ræða um samkeppnismál og frjálsa viðskiptahætti og hvernig við förum heiðarlega að í viðskiptum. Nei, þeir þora það ekki. Þeir láta þingforsetanum það eftir, hv. þm. Halldóri Blöndal. Hann gerði það mjög eftirminnilega og maður fer að efast um hvort hann sé þingmaður kjördæmisins í rauninni, Norðausturkjördæmis, eftir þá ræðu og í raun efast ég um að hann sé þingmaður Eyjafjarðar eftir að hafa hlustað á ræðu hans. Ég tel hann einna helst vera þingmann Samherja. Það var eins og hann teldi að sjávarútvegur snerist eingöngu um eitt fyrirtæki, Samherja. Það er alveg með ólíkindum að hlusta á þvílíka ræðu og þegar á að ræða um hvort jafnræði eigi að vera meðal fyrirtækja þá fer hann í að ræða um Samherja, hann fer að ræða um sókn í fiskstofna. Hvar er Sjálfstæðisflokkurinn? Hvar eru hinir ungu efnilegu þingmenn? Það er eingöngu sendur fram á völlinn aldinn þingforseti og hann ræðir um Samherja og sókn í fiskstofna. En þetta er í rauninni mjög alvarleg umræða.

Sérstaklega ættu ungir þingmenn að hafa skilning á því að atvinnuvegir ganga ekki til lengdar nema ákveðin endurnýjun og nýliðun verði. Þessi tillaga gæti einmitt opnað á að nýliðun yrði. Að vísu hefur hæstv. sjávarútvegsráðherra einhvern skilning á því að hægt sé að auka verðmæti sjávarfangs og hann fór þá leið að stofna opinberan sjóð. Það er mjög sérstakt að verða enn og aftur vitni að því að flokkur sem vill báknið burt fer þá leið að í staðinn fyrir að opna atvinnuveginn fyrir nýliðun og nýjum hugmyndum þá stofnar hann opinberan sjóð. Það er hans leið og það er verulegt áhyggjuefni. Ég tel að þetta atriði afhjúpi í raun þessa flokka. Þetta eru ekki flokkar sem vilja að almenn lög gildi í landinu heldur er verið að halda verndarhendi yfir einhverju ákveðnu fyrirtæki, eins og hæstv. þingforseti gerir gagnvart Samherja. Ég verð eiginlega að spyrja í framhaldi af því sem hv. þm. Jón Gunnarsson kom inn á að hæstv. forseti væri í boði Samherja. Auðvitað þarf maður að velta þessu fyrir sér. Er eitthvert samhengi t.d. á milli þess að Sjálfstæðisflokkurinn leynir því hverjir greiða í kosningasjóði flokksins og þess hvað hann er tregur til að láta venjuleg lögmál gilda sem gilda annars staðar í heiminum? Meira að segja í Færeyjum virðist fiskvinnsla þrífast mjög vel ef almenn lögmál gilda. Nei, það má ekki ljóstra því upp. Auðvitað veltir maður því fyrir sér hvort t.d. hæstv. þingforseti sé í boði Samherja því hann hafi einfaldlega greitt vel í kosningasjóð Sjálfstæðisflokksins og sé í boði Samherja og vilji þess vegna halda því boði opnu.

Ég tel að þessi umræða sé með ólíkindum og eftir hana stendur að framsóknarmenn hafa ekki látið sjá sig og sjálfstæðismenn hafa verið með mjög undarlegan málflutning og ég verð að segja að þetta er þessum flokkum einfaldlega til skammar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun á sölu Símans, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 44. mál. — Þskj. 44.

[17:22]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á sölu Símans. Eins og hæstv. forseti sagði er þetta mál nr. 44 og kom fram strax í upphafi þings en þá kom einnig fram annað þingmál sem Vinstri grænir fluttu um Símann og fór fram umræða um það í haust. Síðan hefur þetta mál legið án þess að verða tekið til umræðu. En það er kannski að sumu leyti ágætt að liðið hefur svolítill tími því að ýmislegt hefur gerst frá því að sú umræða sem ég nefndi áðan fór fram í haust.

En ég ætla að snúa mér að tillögunni sjálfri. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Kristján L. Möller og Björgvin G. Sigurðsson. Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða fyrirætlanir um sölu Símans með það að markmiði að tryggja eðlilega samkeppni á fjarskiptamarkaði og uppbyggingu á fjarskiptaneti landsins. Í þessu skyni verði grunnnet Símans skilið frá öðrum rekstri og tryggt að eignarhald þess verði til framtíðar óháð öðrum fyrirtækjum í fjarskiptaþjónustu.“

Í greinargerð segir:

Allt frá því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ákvað að stefna að sölu Símans hafa verið deilur um málið. Samfylkingin hefur stutt þá einkavæðingu á fjarskiptamarkaði sem í þessu felst, en sett það að skilyrði fyrir stuðningi við málið að grunnnet Símans yrði skilið frá öðrum rekstri og tryggt að eignarhald þess verði til framtíðar óháð öðrum fyrirtækjum í fjarskiptaþjónustu. Yfirburðir Símans á fjarskiptamarkaði hljóta að fela í sér verulegan vanda þótt ekki bætist við að fyrirtækið hafi öll önnur fjarskiptafyrirtæki í greip sinni vegna eignarhalds á öllum mikilvægustu farvegum fjarskipta. Ríkisstjórnarflokkarnir skelltu skollaeyrum við aðvörunum um þær hættur sem falist gætu í því að einka-

væða einokunaraðstöðu af þessu tagi og 4. september 2001 kynnti Sturla Böðvarsson samgönguráðherra fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um að selja hlutafé í Símanum. Fyrst átti að selja 25% hlutafjár til kjölfestufjárfestis sem skyldi svo hafa rétt til að kaupa 10% til viðbótar, þ.e. 35% sem hefði verið ráðandi hlutur í fyrirtækinu. Einnig átti að selja 15% til almennra fjárfesta en engin skyldi þó mega kaupa yfir 5%. Þessar fyrirætlanir undir forustu Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra fóru reyndar algerlega út um þúfur eins og frægt varð. Einungis seldust 5% til almennra fjárfesta og aðrar sölufyrirætlanir gufuðu upp.

Nú, þremur árum síðar, hugðist fjármálaráðherrann Geir H. Haarde sem hafði tekið við forræði á hlutabréfum í Símanum af samgönguráðherranum gera nýja tilraun í samvinnu við einkavæðingarnefndina sem nú er komin undir forustu ráðuneytisstjórans í forsætisráðuneytinu. En eitthvað tafði málið og ekki gekk rófan og nú er einkavæðingarnefndin komin undir forræði Framsóknarflokksins. Ríkisstjórnin hefur ekki breytt fyrirætlunum sínum um að selja grunnnet Símans með fyrirtækinu sem er gríðarlega umdeilt mál, líka í Framsóknarflokknum eftir því sem ég best veit og ekki hefur frést að það mál hafi verði tekið til neinnar meðhöndlunar aftur þó að til þess hafi allur sá tími gefist sem hefur liðið síðan hæstv. ráðherra Sturla Böðvarsson gafst upp á því að selja Símann á sínum tíma. Þetta er allt saman sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að á síðasta ári komust ríkisstjórnin og Alþingi í framhaldi af því að þeirri *niðurstöðu að nauðsynlegt væri að skilja flutningsnet* raforkunnar frá annarri starfsemi á raforkumarkaðnum til að tryggja eðlilega samkeppni eins og það hét. Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að svipuð rök hljóti að gilda um grunnnet Símans og grunnnet raforkukerfisins og við kvittum algerlega undir þá niðurstöðu sem menn komust að hvað varðar grunnnet raforkugeirans. Þar á aftur að verða uppstokkun á eignarhaldi en grunnnetið hefur þó verið skilið frá sem skiptir gríðarlega miklu máli.

Nú þegar er ljóst af hræringum á fjarskiptamarkaði að verði grunnnet Símans selt með honum verða til a.m.k. tvö, sumir segja allt að fimm grunnnet í landinu. Ljóst er að slík uppbygging kostar gríðarlega fjármuni og það borgar enginn brúsann nema notendur fjarskiptaþjónustunnar í landinu. Það er því mikið í húfi. Stjórnvöld eru augljóslega á rangri leið í þessu máli en það er mögulegt samt sem áður enn þá að snúa við á þessari braut ef það verður gert áður en menn hefja sölu á hlutum í Landssímanum. Það er full ástæða til að láta reyna á það hvort sá mikli stuðningur sem var á hv. Alþingi við að skilja grunnnet raforkukerfisins frá öðrum rekstri í orkugeiranum er enn til staðar hvað fjarskiptakerfið Símans varðar.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég ætla ekki að gefa upp vonina fyrr en þessi sala hefur farið fram. Alltaf eru nýir liðsmenn að bætast í hóp þeirra sem vilja að grunnnetið verði skilið frá. Síðustu daga, t.d. 27. janúar sl., komu fjarskiptafélögin í landinu, þ.e. Og Vodafone, eMax ehf. ásamt Inter og samtökum aðila sem veita internetþjónustu fram á sjónarsviðið og mótmæltu fyrirhugaðri sölu ríkisins á grunnneti fjarskiptaþjónustu samhliða sölu Símans. Og það er ástæða til að hlusta á þessa aðila. Þeir eru að slást á þessum markaði og munu gera það í framtíðinni. Það er nú þegar farið að reyna á samskiptin milli þessara fyrirtækja og Símans og þau kvarta sárlega undan þeim. Mikil tortryggni er í gangi milli þessara fyrirtækja gagnvart Símanum og það er full ástæða til að halda að sú tortryggni muni ekki hverfa ef ekki verður breyting á þessum hlutum.

Þeir benda á nákvæmlega sömu rök og ég hef hér rakið hvað varðar Landsnetið. Hvers vegna ekki að fara sömu leið og gert var með raforkukerfið? Þeir benda á að Síminn hafi staðið sig mjög illa í þjónustu við þessi fyrirtæki. Þann 29. janúar birtist t.d. frétt í Morgunblaðinu þar sem gerð var grein fyrir því að orðið hafi fimm vikna töf á afgreiðslu á úthlutunum til Og Vodafone frá Póst- og fjarskiptastofnun að hluta til, þar sem þeir eru sem sagt að snúa sér til Póst- og fjarskiptastofnunar og biðja um að hún hlutist til um að Landssíminn afgreiði 90 pantanir af ADSL-tengingum fyrir viðskiptavini Og Vodafone.

Þetta eru ekki fyrstu kvartanirnar sem hafa komið fram um þessi samskipti. Það virðist liggja nokkuð ljóst fyrir að ekki séu tæknileg vandamál til staðar sem séu alla vega ekki vel yfirstíganleg hvað það varðar að skilja grunnnetið frá. Það hefur alla vega ekki verið farið skýrt yfir það í sölum þingsins eða í umfjöllun í samgöngunefnd þingsins.

Ég held að full ástæða sé til þess að kalla nú eftir svörum í sölum Alþingis frá bæði Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum um hverju menn svara þeirri gagnrýni sem er uppi á að ekki skuli vera skilið á milli hvað varðar grunnnet Landssímans og það gert að sérstöku fyrirtæki. Ég er á þeirri skoðun að núna eigi að gera úrslitatilraun til þess að koma mönnum á réttar brautir hvað þetta varðar og að það sé hreint ekki of seint. Ég kalla þess vegna eftir því að talsmenn stjórnarflokkanna mæti hér í umræðuna og geri grein fyrir afstöðu sinni, hvort þeir séu ekki tilbúnir til þess að fara yfir þessi mál upp á nýtt. Það hefur liðið það langur tími og hér hefur komið fram ágætur rökstuðningur fyrir því. Sá rökstuðningur er reyndar fólginn í því að taka undir það sama og við höfum haldið fram langtímum saman, samfylkingarmenn og stjórnarandstaðan í heild, þ.e. að skynsamlegast sé að skilja grunnnet Landssímans frá.

Það er líka orðið alveg ljóst að röksemdir hæstv. ráðherra þessara mála, þ.e. samgönguráðherrans, um að þær reglur sem voru settar á Alþingi tryggi að menn fái alls staðar þessa þjónustu vegna þeirra skilyrða sem voru sett, þ.e. að það verði að þjónusta alla sem koma inn á markaðinn, ganga ekki upp. Fyrirtækin kvarta hástöfum yfir þjónustu Landssímans.

Ætla menn að fara að búa til einhvers konar bákn til þess að fylgja því eftir að Landssími Íslands sinni þeim viðskiptavinum sem eiga að nýta grunnnetið hjá honum? Ég sé ekki fyrir mér að það verði gert. Það er annað sem gerist. Það verða bara til fleiri grunnnet með ærnum kostnaði. Það er niðurstaðan sem menn stefna að með því að halda þessum kúrs til streitu sem ríkisstjórnin hefur sett í þessu máli.

[17:34]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á sölu Símans, þeirri ákvörðun sem ríkisstjórnin hefði tekið um að selja skuli Símann.

Í tillögunni sem hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur mælt fyrir segir svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða fyrirætlanir um sölu Símans með það að markmiði að tryggja eðlilega samkeppni á fjarskiptamarkaði og uppbyggingu á fjarskiptaneti landsins.“

Lögð er áhersla á að grunnnet Símans verði skilið frá öðrum rekstri.

Rétt er að minna á í þessu sambandi að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fluttu einnig tillögu fyrr í haust á þingskjali 4 — það er 4. mál sem skráð var inn til þings í haust — um að stöðvað verði söluferli Landssímans og farið ofan í hvernig staða mála er, endurskoða þetta í heild sinni og kanna hvernig staða mála er í fjarskiptum í landinu og hvernig þeim verði best komið til frambúðar. Það er alveg ljóst að fjarskipti, símaþjónusta, eru hluti grunnalmannaþjónustu sem allir landsmenn eiga að hafa jafnan aðgang að. Þetta er einn af þeim þáttum sem skapa grunn fyrir atvinnulíf, búsetu og samskipti fólks í landinu.

Það var lögð áhersla á það á sínum tíma, í upphafi síðustu aldar, að koma síma um allt land, á alla bæi landsins. Lögðu margir mikið á sig í þeim efnum, bæði hið opinbera og einstaklingar, bændur og jarðeigendur. Ég man eftir því sem krakki að þá var ég að aðstoða við að draga út símastaura og það var allt saman gefins vinna. Þjóðin tók þátt í því. Það var þjóðarátak að koma upp fjarskiptum, símaþjónustu, um allt land.

Svo á allt í einu nú að taka þetta þjóðarátak, allt í einu geta ráðherrar sem eru blindaðir í sínum einkavæðingardraumum ákveðið að taka þennan sameiginlega þjóðarauð, markaðsvæða hann og selja hann. Það er umræða sem við erum búin að taka oft hér og verður aldrei of oft tekin þangað til þetta ferli verður stöðvað.

Sú tillaga sem hér er til umræðu um að endurskoða þetta söluferli allt saman og taka grunnnetið frá er góðra gjalda verð og vert að hún sé skoðuð. Þá flokkar maður hvað er grunnnet og hvað grunnþjónusta. Vegurinn og nauðsynleg þjónusta við þá samgönguæð sem grunnnetið er mundi þá flokkast undir þessa almennu grunnþjónustu.

Við höfum heyrt það síðustu dagana að heyrst hafa varúðarraddir frá einmitt svokölluðum samkeppnisaðilum um að stórhættulegt sé að selja þetta grunnnet, þá grunnþjónustu sem öllum á að standa til boða, bæði neytendum og líka þeim sem vilja bjóða fram þjónustu sína í gegnum þetta grunnnet.

Það er kannski nýtt að það skuli koma hljóð úr þessu horni, einmitt úr samkeppnishorninu, um að ekki séu svo miklar líkur til þess að hér á Íslandi skapist nokkurn tíma það samkeppnisumhverfi að hér hlaupi hver um annan þveran til að ná viðskiptum vítt og breitt um landið á grundvelli samkeppni. Ætli það sé ekki að renna upp fyrir mönnum það ljós að það verði nú aldrei rekið nema í raun eitt símafyrirtæki hér á landi sem getur staðið undir því að geta veitt þjónustu úti um allt land?

Við getum fengið hér nokkur fyrirtæki sem geta fleytt rjómann af viðskiptum á alþéttbýlustu svæðunum. Þau geta komið og rúllað og komið og rúllað, eins og reynslan hefur verið undanfarin ár. Ég veit ekki hvað margar kennitölur eru búnar að koma upp nú á undaförnum fimm árum í fjarskiptamálum á stórþéttbýlissvæðinu. Þær hafa komið og farið, allar saman sprottið upp á grundvelli hugsjóna um frjálsa samkeppni og allar dáið fyrir sömu hugsjón, risið aftur í nýrri kennitölu og dáið aftur. Nú stöndum við því nánast uppi með tvö fyrirtæki. Annað er Og Vodafone sem rann saman úr nokkrum slíkum dánarbúum. Og Vodafone er samansafn af dánarbúum fjarskiptafyrirtækja sem öll voru byggð upp í anda þessarar hugsanlegu frjálsu samkeppni. Öll hafa þau sjálfsagt kostað sitt, sjálfsagt skilað einhverju.

Raunin verður náttúrlega bara sú að hér verður ekki nema eitt fjarskiptanet og fjarskiptakerfi. Hví skyldum við líka vera að byggja upp tvöfalt kerfi út um allt land? Það væri svipað og við færum að bjóða það að byggja vegi og Samskip væri með sinn veg og Eimskip með sinn veg o.s.frv. og svo kæmu sjálfsagt þingmenn með annan veg. Það er sams konar hugsunarháttur á bak við það og að hér væri farið að leggja gagnaflutningsnet og -kerfi um allt land hlið við hlið í mörgum brautum.

Frú forseti. Því er afar brýn ástæða til þess að Alþingi krefji ríkisstjórnina um að taka þetta mál allt saman til endurskoðunar, þ.e. söluferli Símans. Það er nöturlegt að Halldór Ásgrímsson, hæstv. forsætisráðherra, skuli vera formaður einkavæðingarnefndar, formaður þess flokks sem er, eins og komið hefur fram í skoðanakönnunum, hvað mest á móti einkavæðingu Landssímans. Íbúar hinna dreifðu byggða sem margir hafa til þessa stutt Framsóknarflokkinn hafa verið alfarið á móti einkavæðingu Landssímans, á móti einkavæðingu þessara fjarskipta vegna þess að þeir sjá í því að þeirra hagur verði fyrir borð borinn. Og Síminn er nú ekki aldeilis á horleggjunum. Ekki er hann baggi á þjóðinni. Hann er að skila kannski um þrem milljörðum króna í arð á ári. Tveir, þrír milljarðar í tíu ár, arðurinn, er sama upphæð og menn voru að hugsa um að leggja í byggingu sjúkrahúss. Væri ekki nær að nota arðinn af Landssímanum og styrk Landssímans til þess að byggja upp öflugt og gott fjarskiptakerfi í landinu? Það er (Forseti hringir.) okkar hlutverk hér.

[17:42]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að Síminn hefur beitt bæði verðlagningu og tæknilegum hindrunum til þess að koma í veg fyrir að önnur fjarskiptafélög geti boðið upp á nægilega góða þjónustu. Það gildir ekki síst um hinar dreifðu byggðir.

Þetta mál sem hér liggur undir í umræðunni er þess vegna ekki síst landsbyggðarmál. Við þingmenn sem höfum verið iðnir við að fara út á landsbyggðina til þess að tala við fólkið heyrum þetta nánast á hverjum einasta fundi. Menn koma upp og hafa áhyggjur af því að verið sé að skapa tvenns konar samfélag innan hins netvædda heims á Íslandi, þ.e. annars vegar samfélag sem býr við háhraðaþjónustu, hágæðaþjónustu að því er netfjarskipti varðar og hins vegar samfélag úti á landi sem býr við miklu verri kost. Á tímum þegar fjarmenntun, fjarkennsla og hvers konar fjarviðskipti færast í vöxt skiptir þetta mjög miklu máli. Ég geng svo langt, frú forseti, að halda því fram að

þetta mál muni skipta sköpum varðandi samkeppnishæfni landsbyggðarinnar.

Ég vil hins vegar í upphafi máls míns, frú forseti, spyrja: Hvar eru hæstv. ráðherrar sem þetta mál varðar? Hvar eru hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. samgönguráðherra? Nú hefur sá þingmaður sem hér stendur ekki lagt í vana sinn að fá ráðherra flutta hreppaflutningum úr ráðuneytum sínum hingað til þess að vera við umræðu. En það er sérstök ástæða fyrir því að ég spyr eftir þessum tveimur hæstv. ráðherrum. Hún felst í því að í gær og í dag hafnaði forseti Alþingis því að þingmaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, fengi að eiga orðastað utan dagskrár um dreifikerfið og uppbyggingu þess við hæstvirta ráðherra. Það var rökstutt með því að þetta mál væri hér í umræðu undir. Þess vegna fyndist mér nú í lagi að þessir ágætu ráðherrar létu sjá sig hér.

Sú tillaga sem hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur mælt fyrir og flytur ásamt öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar er í anda þeirrar stefnu sem Samfylkingin hefur mótað á þessu sviði. Við teljum fullkomlega í lagi að flytja samkeppnisreksturinn sem tilheyrir Símanum yfir á einkamarkað. Við höfum sett það sem algjört skilyrði fyrir stuðningi okkar við það mál að grunnnet Símans yrði áður skilið frá öðrum rekstri og tryggt að eignarhald grunnnetsins verði til framtíðar óháð öðrum fyrirtækjum í fjarskiptaþjónustu.

Ég hóf mál mitt, frú forseti, á að lýsa því yfir að yfirburðir Símans á fjarskiptamarkaði hefðu leitt til þess að hér hefur ekki þróast eðlileg samkeppni. Hin sterka staða Landssímans hefur leitt til þess að smærri fyrirtæki, sem hafa reynt að þróa þjónustu og varning sem tengjast og eru háð fullkomlega ótrufluðum aðgangi að dreifikerfinu, hafa mjög átt í vök að verjast. Staðan er einfaldlega þannig að í dag liggja fjölmargar kvartanir á borði Póst- og fjarskiptastofnunar sökum einokunartilburða Símans. Það er staðreynd að Síminn hefur hreðjatak á þessum markaði eins og er nú þegar. Eigi síðan að einkavæða Símann með manni og mús, dreifikerfinu og öllu saman, óttast ég að það muni leiða til þess að hér verði til gríðarlega sterkt fyrirtæki sem hafi í reynd einokunarstöðu. Það er algjörlega í andstöðu við þá stefnu sem Samfylkingin hefur í þessum efnum. Við viljum sem mest frelsi og óhefta samkeppni en hins vegar liggur ljóst fyrir að ríkisstjórnin fetar í þessu máli slóð sem gengur í þveröfuga átt.

Ríkisstjórnin hefur haldið því fram að þetta mál hafi verið skoðað fyrir fjórum árum og þá hafi niðurstaðan verið sú að það væri tæknilega annmörkum bundið að skilja að grunnnetið og annan rekstur Símans. Í dag hefur tæknin einfaldlega breyst. Það er auðveldara en áður, það auðvelt að meira að segja helstu fjarskiptafyrirtæki sem eiga í keppni við Símann lýsa því yfir að tæknilega sé ekkert að vanbúnaði að gera það.

Það hlýtur að skipta máli þegar önnur fyrirtæki, eins og Og Vodafone, eMax og samtök þeirra sem selja þjónustu yfir dreifikerfið, taka höndum saman og lýsa því yfir að það komi ekki til greina frá þeirra sjónarhóli að selja dreifikerfið með öðrum hluta Símans. Forsvarsmenn þeirra hafa lýst því yfir að það verði aldrei friður um þá ráðstöfun. Dugar þetta ekki, frú forseti, til þess að ríkisstjórnin staldri a.m.k. við og skoði hvort ekki sé rétt að endurskoða málið? Ég spyr, frú forseti: Hvar eru talsmenn Framsóknarflokksins í þessu máli? Ég spyr sérstaklega um talsmenn Framsóknarflokksins í fjarskiptamálum. Þeir gerðu sig breiða á dögunum þegar menn voru að ræða þessi mál og lýstu því yfir að þeir hefðu það eitt að markmiði að verja samkeppnishæfni landsbyggðarinnar í þessu efni.

Það er alveg ljóst og liggur fyrir, t.d. í yfirlýsingu annarra fjarskiptafyrirtækja og þeirra fyrirtækja sem selja þjónustu m.a. til landsbyggðarinnar, að ef núverandi áætlun ríkisstjórnarinnar verður ekki breytt muni landsbyggðin sitja skör lægra. Meginmarkmiðið á að vera að hér ríki frjáls samkeppni án nokkurra viðskiptahindrana. Það gerist aldrei á meðan Landssíminn hefur þau ofurtök sem hann hefur í dag og á meðan það á líka að tryggja honum slík ofurtök til frambúðar með því að láta grunnnetið fylgja sölu samkeppnishluta Símans.

Samfylkingin hefur því lagt fram tillögu um að endurskoða þessar fyrirætlanir. Grunnur þeirrar endurskoðunar á að vera að skilja dreifikerfi Símans frá öðrum rekstri og tryggja að eignarhaldið verði til framtíðar óháð öðrum fyrirtækjum í fjarskiptaþjónustu.

Það er athyglisvert að nákvæmlega sama fyrirkomulag og við erum hér að leggja til hefur ríkið sjálft tekið upp varðandi raforkumarkaðinn. Það hefur skilið flutningsnet raforkunnar frá annarri starfsemi orkufyrirtækja. Ég rifja upp hver var helsta ástæða ríkisvaldsins til þess að gera það. Það var, frú forseti, til að tryggja eðlilega samkeppni. Ef það þarf að skilja grunnnetið frá á raforkumarkaðnum til þess að tryggja eðlilega samkeppni þá þarf líka að gera það varðandi fjarskipti.

Ég legg til, frú forseti, að þingheimur samþykki þessa tillögu Samfylkingarinnar.

[17:51]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það hefur verið nefnt í þeim ræðum sem haldnar hafa verið að eðlilegt sé að talsmenn stjórnarflokkanna mættu í þessa umræðu. Það er ekki eins og að á ferðinni sé eitthvert smámál, þ.e. sala á þessu stóra fyrirtæki okkar landsmanna, Símans. Ég spyr frú forseta hvort það sé líklegt að hæstv. ráðherrar sem hér voru nefndir, t.d. hæstv. samgönguráðherra eða hæstv. forsætisráðherra, verði tiltækir til að mæta í þingsal og ræða þetta mál. Ég heyri að hæstv. forseti hugsar sig um.

Mér finnst þetta mál stærra en svo að hægt sé að smeygja sér fram hjá þeirri umræðu. Hér ættu því að mæta í salinn talsmenn stjórnarflokkanna hvað þessi málefni varðar. Hér er ekki sjáanlegur formaður samgöngunefndar, sem ætti þó að vera hér staddur. Hér er enginn talsmaður Framsóknarflokksins í salnum nema frú forseti, sem ég veit reyndar að er á mælendaskránni og ég fagna því. En frá Sjálfstæðisflokknum hafa menn ekki verið margir mættir. En núna komnir í dyrnar þeir sem hafa líklega forræði í þessu máli, eða hvað?

Ég spyr aftur forseta þingsins hvort við megum eiga von á því að hæstv. samgönguráðherra geti verið hér tiltækur.

[17:53]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Því er til að svara, við ræðu hv. 2. þm. Norðvest., Jóhanns Ársælssonar, að forseti hefur gert þeim aðilum sem hann nefndi til sögunnar viðvart um að þeirra sé óskað, að frátöldum hv. forsætisráðherra sem hefur fjarvistarleyfi í dag og er ekki á landinu.

[17:53]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Mér finnast það sanngjörn tilmæli hjá hæstv. forseta að óska eftir því að þeir ráðherrar sem málið varðar komi til umræðunnar. Hér er hins vegar um algjört grundvallaratriði að ræða að því er varðar frjálsa samkeppni og frjáls viðskipti. Hér er líka um grundvallaratriði að ræða hvað varðar stefnu og stefnusamþykktir þessarar ríkisstjórnar. Ég vil fara fram á það, vegna þess að ekki kom fram í svari hæstv. forseta hvort ráðherrarnir mundu koma til fundarins, að þessari umræðu verði frestað þangað til þeir koma. Þá væri eftir atvikum hægt að taka upp til umræðu önnur mál sem eru á dagskrá.

[17:54]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Forseta finnst rétt að taka fram að um leið og hv. þm. Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest., óskaði eftir því að talsmenn stjórnarflokkanna á sviði samgöngumála væru hér viðstaddir þá var beiðninni komið á framfæri. Það hefur ekki unnist tími til að fá nokkur viðbrögð frá þeim talsmönnum stjórnarflokkanna sem óskað var eftir.

[17:55]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér er afar merkilegt mál á ferðinni. Ég tel vert að hafa í huga að heimild ríkisstjórnarinnar til sölu á hlutabréfum í Símanum er komin til ára sinna. Forsendur hafa breyst frá því að hún var samþykkt. Reyndar man ég ekki nákvæmlega hvort það eru fjögur eða fimm ár síðan það var. Þá fór allt út um þúfur, sú sölutilraun sem þá var reynd.

En síðan hefur margt breyst. Það er því afar mikilvægt að þessi umræða fari fram og ríkisstjórnin geri grein fyrir þeim aðferðum sem hún ætlar að stunda við sölu á þeim hlutabréfum og hvaða markmiðum hún hyggst ná með sölunni.

Það getur ekki gengið upp að hafna umræðum um fjarskiptanetið og söluaðferðina vegna þess að það mál sé á dagskrá, að hæstv. ráðherrar sem sjá um söluna skuli ekki sitja hér og taka til máls og gera grein fyrir því hvernig þeir hyggist standa að málum.

Þetta er ekki síður alvarlegt sökum þess að á Íslandi gilda engin lög um hvernig ríkiseignir skuli seldar eða með þær farið. Þannig ráða fyrst fremst ákvarðanir ráðherra hverju sinni hvernig að því er staðið auk ákvarðana einkavæðingarnefndar. Í því ljósi, virðulegi forseti, er afar mikilvægt að hæstv. ráðherrar komi og geri grein fyrir sjónarmiðum sínum til þess að Alþingi geti tekist á við þetta mál.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að taka undir þau sjónarmið sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson setti fram áðan, að það sé ástæða til að fresta umræðunni þar til viðkomandi hæstv. ráðherrar sem óskað hefur verið eftir geta verið viðstaddir. Það er afar mikilvægt að á Alþingi fari fram umræða um þetta stóra mál. Það þarf að vera hægt að skiptast á skoðunum við forustumenn ríkisstjórnarinnar. Það getur ekki gengið að þingmenn stjórnarandstöðunnar tali út í tómið og við sjálfa sig. Það mun ekki tryggja að fram komi sú aðferð sem ríkisstjórnin hyggst styðjast við þegar og ef til sölunnar kemur.

[17:58]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það er óneitanlega sérkennilegt að ræða mikilsverð stefnumál eins og það sem hér er til umfjöllunar án þess að þeir sem með þessi mál fara af hálfu ríkisstjórnarinnar séu í þingsal og gefi því gaum sem hér er sagt og án þess að formenn þeirra nefnda sem eiga eftir að fjalla um málið láti svo lítið að sitja í þingsalnum og hlusta á þau rök sem fram eru borin. Mér sýnist þetta orðin lenska í þingsalnum að þeir aðilar láti sig vanta og finnist með einhverjum hætti fyrir neðan sína virðingu að eiga einhver orðaskipti við stjórnarandstöðuna í þingsölum. Mér finnst ansi illa komið fyrir þinginu ef menn mega búa við það af hálfu stjórnarsinna.

Varðandi málið sem hér er mælt fyrir, þingsályktunartillögu um endurskoðun á sölu Símans, þá tel ég um mjög brýnt mál að ræða og tímabært. Ég tel mikilvægt að Alþingi og ríkisstjórn taki á þessu máli hið fyrsta. Eins og hér hefur komið fram var mörkuð sú stefna fyrir allnokkrum árum síðan að stefna að sölu Símans. Það ferli var hafið þótt því hafi ekki verið lokið. Þá virðist ríkisstjórnin hafa markað sér þá stefnu að selja fyrirtækið í einu lagi, þ.e. bæði virðisaukandi þjónustu og fjarskiptaþjónustu Símans og hins vegar grunnnetið líka. Því andmælti m.a. Samfylkingin.

Nú kann vel að vera að menn hafi á þeim tíma einhverra hluta vegna talið að það væri skynsamleg leið að fara en ég held að allir hugsandi menn hljóti að sjá það í dag að sú leið er kannski hvað verst ef til sölu Símans kemur. Ég er næstum því sannfærð um að ef menn töluðu saman um málið og færu vel yfir það væri hægt að ná um það pólitískri samstöðu að fara ekki þá leið að selja grunnnetið með fjarskiptaþjónustu Símans eða þeirri virðisaukandi þjónustu sem Síminn er með á sínum snærum.

Þetta segi ég vegna þess að ef svo fer fram sem horfir er veruleg hætta á því að fólk lokist inni í tveimur mismunandi kerfum, annars vegar í fjarskiptakerfi hjá Símanum og hins vegar hjá Og Vodafone og þeim fyrirtækjum sem því tengjast og til verði mismunandi „vöndlar" eins og kallaðir eru, heildstæð þjónusta sem boðin er hjá hvorum aðila fyrir sig og engir gagnvegir verði þar á milli og fólk lokist inni í öðru hvoru kerfinu og nýir aðilar sem vilja komast inn í annaðhvort að selja þjónustu eða framleiða efni og dreifa því komist ekki inn á markaðinn, það verði engin nýliðun á þessu sviði eins og svo mikilvægt er.

Nú er staðan sú að verið er að dreifa efni og upplýsingum, kannski fyrst og fremst efni en reyndar upplýsingum líka, í gegnum fjögur mismunandi kerfi. Það er í fyrsta lagi breiðband Símans og ADSL-tengingin sem Síminn hefur, koparinn hjá Símanum. Þar er verið að dreifa efni og þar

þarf að fjárfesta verulega til þess að það kerfi fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru, bæði í grunnkerfinu og eins í móttökubúnaði og aðgangsstýringu sem þarf að vera hjá hverjum og einum sem tekur við þeim gögnum sem send eru eða því efni sem sent er í gegnum kerfið. Í öðru lagi erum við með Norðurljós eða Digital Ísland og örbylgjuna, það er dreifikerfi fyrir stafrænt sjónvarp í eigu þeirrar samsteypu. Í þriðja lagi erum við með Íslandsmiðil á vegum Landsvirkjunar sem dreifir efni með jarðbundnum gervihnattasendi og í fjórða lagi er Orkuveita Reykjavíkur að fjárfesta í ljósleiðara.

Það eru fjórir aðilar að fjárfesta í mismunandi dreifikerfum og eru í samkeppni um viðskiptavinina. Allir ætla sér að fjárfesta í grunnneti, allir ætla að fjárfesta í móttökubúnaði og hverjir borga svo brúsann þegar upp er staðið? Það eru auðvitað neytendur.

Þrír af þessum fjórum aðilum eru opinberir aðilar, Síminn, Íslandsmiðill á vegum Landsvirkjunar og Orkuveita Reykjavíkur. Þetta eru opinber fyrirtæki sem þarna eiga hlut að máli og eru að fjárfesta bæði í dreifikerfum og móttökubúnaði. Ég held því að áður en menn stíga það óheillaspor að selja Símann úr eigu ríkisins með grunnnetinu ættu menn að fara mjög vandlega yfir það hvort ekki er hægt að sameinast í einu fyrirtæki, einu landsneti eins og í raforkukerfinu, að það verði eitt landskerfi sem allir þessir aðilar gætu áttu hlut í og hægt væri að nota mismunandi útfærslur eftir því sem hentaði á hverjum stað. Það er nefnilega ekki víst að það henti alls staðar það sama.

Við vitum að það verður ekki lagður ljósleiðari í allar byggðir landsins. Í þeim tilvikum er hægt að nota Íslandsmiðilinn eða dreifinguna með jarðbundnum gervihnattasendum eins og Landsvirkjun er með og í einhverjum tilvikum er hægt að nota koparinn o.s.frv. Það er því hægt að búa til mismunandi möguleika á því að dreifa efni, gögnum og upplýsingum eftir háhraðatengingum til landsins alls. Þetta opnar á möguleikann á þessu og sparar fjárfestingu í dýru grunnneti og dýrum og mismunandi móttökubúnaði. Ef hægt er að spara í því er auðvitað hægt að nota þá fjármuni í að tryggja að landið allt hafi aðgang að háhraðatengingu, því eins og fram kom í máli þeirra sem á undan töluðu skiptir það sköpum. Það skiptir sköpum fyrir byggð í landinu að aðgangur að þessari upplýsingahraðbraut, sem er háhraðatenging, verði greið hvar sem menn búa á landinu. Þetta er algjört grundvallaratriði fyrir byggð í landinu að menn hafi aðgang að háhraðatengingum. Það er hægt að fjárfesta í því í þágu landsmanna allra ef menn verja ekki milljörðum á milljarða ofan til þess að fjárfesta í grunnneti þar sem keppnin er mest eins og á höfuðborgarsvæðinu.

Hættan sem ég held að sé kannski mest núna er sú að menn lokist inni í mismunandi dreifiveitum og það verði ekki nýliðun í greininni ef svo heldur fram sem horfir.

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað tala talsvert lengra mál um þetta en ég sé að tíma mínum er að ljúka, en ég kem kannski aftur og ræði um þetta vegna þess að ég held að það sé ekki of seint að fara í þessa aðgerð. Það er ekki of seint en tíminn er að renna frá okkur. Tíminn er að renna frá okkur og það var samin um þetta sérstök greinargerð fyrir samgönguráðuneytið í apríl 2003. Þar var lagt til að þessi leið (Forseti hringir.) yrði farin og ég held að menn ættu að dusta rykið af þeirri greinargerð og fara út í þær aðgerðir sem þar voru lagðar til.

[18:06]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Verið að ræða ákaflega mikilvægt mál. Það liggur auðvitað fyrir eftir margar innkomur í umræðu um þessi mál að við í Frjálslynda flokknum höfum ekki viljað fara þá leið að selja grunnnetið með Símanum og styðjum þar af leiðandi heils hugar þá tillögu sem verið er að ræða. Við höfum talið mikið glapræði að ætla að aðhafast það að selja Símann í heilu lagi með grunnnetinu og þeim möguleikum sem þar felast. Það mundi einnig koma í veg fyrir að Íslendingar hvar sem væri á landinu fengju bestu þjónustu sem völ væri á, að þeim væri tryggður aðgangur að góðu fjarskiptakerfi, að þeim væri tryggður aðgangur að háhraðatengingum og að allir landsmenn sætu þar við sama borð.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir minntist á skýrsluna sem Jafet Ólafsson var formaður fyrir og var unnin fyrir samgönguráðuneytið, sem lagði upp með þá leið að reynt skyldi að koma á neti háhraðatengingar sem allir landsmenn hefðu aðgang að. Það er algjörlega rétt að á það var bent að til þess þyrfti að grípa því ella væri hætta á því eins og hv. síðasti ræðumaður lýsti að við færum í þrjár til fjórar útfærslur á dreifikerfi og lokuðumst inni í þeim skápum sem við keyptum aðgang að hverju sinni.

Ég hef komið að því nýlega í ræðustól að það væri ekki björt framtíð fyrir Íslendinga að þurfa að vera í viðskiptum og nánast lokast af við þann eina viðskiptaaðila sem þeir keyptu þjónustu af, hvort sem það væri í háhraðatengingunum, í aðgangi að sjónvarpi eða í aðgangi að símaþjónustu og ættu ekki kost á því nema með verulegum viðbótarkostnaði að hafa aðgang að eðlilegum nútímamáta varðandi fjarskipti hjá öðrum. Ég held að mesta hættan felist í því. Það er mikill hraði á þeirri tækni sem við erum almennt að tala um, tengingunum og háhraðatengingunum, og menn eru að fjárfesta í þessum kerfum.

Ég held að það sé algjörlega rétt sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vék að áðan og ég hef áður komið að í þessum ræðustól að það gæti farið svo að Íslendingar ættu aðgang að dýrustu þjónustu á norðurhveli jarðar vegna þess að við værum að koma okkur upp tveim til fjórum kerfum og allir þyrftu að fá kostnaðinn fyrir þeim til baka því það borgar jú enginn þetta nema neytendurnir þegar upp er staðið og kostnaðurinn þyrfti að koma til baka með því að verðleggja þjónustuna til íslenskra neytenda.

Ég held að þetta sé mönnum orðið algjörlega ljóst. Ég veit ekki nákvæmlega hvar mistökin liggja í því að þessi stefnumótun, sem ég tók þannig að samgönguráðuneytið hefði tekið undir á sínum tíma, er í þeim farvegi sem hún virðist vera, að menn stefna hver í sína áttina.

Ég er helst á því að menn hafi hálfpartinn misst þetta frá sér vegna þess að Póst- og fjarskiptastofnun úthlutaði Stöð 2 á sínum tíma 16 örbylgjurásum sem varð til þess að þeir fóru á fulla ferð í það dreifikerfi og með nýja myndlykla o.s.frv.

Einnig er algjörlega ljóst og hefur m.a. komið fram í viðtölum við forsvarsmenn í Og Vodafone að þeir eru

ósáttir við samskiptin við Landssímann og aðgengið þar að og að ekki sé verið að tryggja jafna samkeppnisstöðu. Markmiðið sem lagt er upp með í þessari tillögu er að tryggja eðlilega samkeppni á fjarskiptamarkaði og uppbyggingu á fjarskiptaneti landsins og að grunnnet Símans verði skilið frá við sölu Símans. Ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt í þessari stöðu að menn taki þá pólitísku ákvörðun að grunnnet Símans verði ekki selt með Símanum. Það held ég að sé bráðnauðsynlegt að gera og ég vonast til þess að íslensk stjórnvöld, þ.e. þeir sem nú ráða, ríkisstjórnin, séu þó það vel tengd og upplýst að þau sjái að sú stefnumótun sem lagt var upp með á sínum tíma, að selja Símann ásamt dreifikerfinu, fær ekki staðist miðað við hagsmuni þjóðarinnar til næstu framtíðar. Þess vegna ber auðvitað að breyta þeirri ákvörðun og undanskilja grunnnetið sem allra fyrst frá hugsanlegri sölu á Landssímanum.

Þar með held ég að upp komi sú staða að hægt sé að leita leiða til að búa til sameiginlegt fyrirtæki þar sem öll fyrirtækin sjá hag í því að vera með eitt dreifikerfi og eiga aðgang að því hvernig sem eignarhaldið á því verður. Ég gæti alveg hugsað mér að eignarhaldið á dreifikerfinu væri þannig, a.m.k. til að byrja með, að ríkið ætti stóran hlut þó að aðrir aðilar kæmu þar að en yfir þetta yrði síðan sett sérstök stjórn. Það verður svo að ráðast þegar fram í sækir hvort menn vilja selja hlut í því dreifikerfi til annarra en ég held að þetta sé alveg bráðnauðsynlegt mál að vinna að.

Ef allt um þrýtur tel ég að það yrði hreinlega að fara þá leið sem við fórum í raforkulögunum, að stofna sérfyrirtæki í eigu íslenska ríkisins, í eigu allra Íslendinga, sem ætti það dreifikerfi sem Síminn hefur nú. Opnaður verði alger aðgangur og allir eigi aðgang þar að og reyna verði þá á það hvort þeir aðilar sem eru að leggja út sín nýju dreifikerfi sjái ekki hag í því að versla við það fyrirtæki ef boðinn væri aðgangur með eðlilegum viðskiptakjörum og eðlilegri þjónustu, því það er jú það sem við viljum öll fá og er auðvitað líka það sem íslenska þjóðin vill fá og á rétt á. Við, hv. alþingismenn, eigum að sjá til þess að Íslendingar verði ekki að kaupa dýrustu fjarskiptaþjónustu sem þekkist á norðurhveli jarðar í framtíðinni.

[18:15]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Mig langaði að leggja nokkur orð í belg hvað varðar umræðuna um sölu Símans. Eins og ég kom að, og fleiri hv. þingmenn í umræðunni áðan, þykir mér miður að fulltrúar og forustumenn ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna skuli ekki taka þátt í umræðunni því að hér er um mikið stórmál að ræða. Reyndar er það svo að þau lög sem gilda um sölu ríkisins á hlutafé í Landssímanum eru frá árinu 2001 þannig að umræðan á þinginu hefur ekki verið mikil um þessa aðferðafræði frá því að lögin voru samþykkt en þar heimilaði Alþingi að selja allt hlutafé Símans.

Frá þeim tíma hefur margt breyst, tækninni hefur fleygt fram og í dag er fullyrt að þeir tæknilegu örðugleikar sem menn báru fyrir sig á sínum tíma um að aðskilja grunnnetið séu ekki lengur til staðar. Forsendur og allt umhverfi hvað þetta varðar er breytt og því full ástæða til að ræða þessa hluti og mikilvægt að skiptast á skoðunum um málið því þetta er alveg gríðarlega stórt mál. Það skiptir miklu fyrir allan almenning í landinu og það skiptir miklu máli fyrir lífsgæði fólks hér á landi.

Ég held að enginn velkist í vafa um að fyrir lífsgæði fólks, einkanlega á landsbyggðinni, mun skipta miklu máli hvernig þessu máli vindur fram. Ef málið fer í þann farveg að fyrirtækið verður selt í einu lagi og þau sjónarmið verða uppi í fyrirtækinu að litlar sem engar fjárfestingar verði á þeim svæðum þar sem fólk er færra þá er alveg ljóst að lífsgæði þess fólks, umhverfi þess fólks mun versna borið saman við lífskjör annars staðar. Fjarskipti eru orðin svo stór þáttur í öllu daglegu lífi fólks og við sjáum það m.a. bara á hinu háa Alþingi að hér er varla nokkur þingmaður sem ekki er með farsímann á sér hvert sem hann fer. Þetta skiptir því allan almenning í landinu miklu máli.

Þess vegna finnst mér nauðsynlegt, virðulegi forseti, að svara þeim grundvallarspurningum sem mér finnst ekki hafa fengist svör við frá ríkisstjórnarmeirihlutanum eða fulltrúum hans: Hvert er meginmarkmiðið með sölu Símans? Er það fyrst og fremst að styrkja ríkissjóð? Er það fyrst og fremst að kalla eftir peningum í ríkissjóð svo hægt sé að nota þá fjármuni í eitthvað annað? Eða er verið að horfa til þess að þróun á fjarskiptamarkaði taki stórstígum framförum og það sé líklegra að það gerist undir forustu einkaaðila en ríkisins? Þetta finnast mér vera grundvallarspurningar sem nauðsynlegt er að takast á við.

Það verður vitaskuld fátt um svör ef enginn úr stjórnarliðinu tekur þátt í umræðunni og ekki síst sökum þess að Alþingi hefur í reynd enga aðkomu að málinu lengur nema í því að reyna að kalla eftir umræðu. Það er búið að víkja frá eða hafna beiðni um umræðu utan dagskrár um mál af þessum toga vegna þess að þetta mál er á dagskrá en það skilar vissulega ekki hinu sama ef við fáum ekki þessa umræðu upp í þessu öllu saman.

Virðulegi forseti. Þó að ég sé oft og tíðum á öndverðum meiði við hv. þm. Jón Bjarnason þá benti hann á ákveðin atriði sem vissulega skipta máli í þessari umræðu. Hv. þingmaður benti á að uppbygging alls dreifikerfisins var á sínum tíma að hluta til einhvers konar þjóðarátak. Það er þannig að sá sem hefur aðgang eða hefur umráð og yfirráð yfir grunnneti Símans hefur aðgang að nánast öllum heimilum í landinu. Það eru gríðarleg verðmæti að hafa aðgang að öllum heimilum landsins og í þeirri miklu og öru þróun sem á sér stað á fjarskiptamarkaði og á sér stað í tækninni hvað þetta varðar er ég sannfærður um að í því felast alveg ofboðsleg verðmæti.

Sú mikla þróun sem einnig hefur átt sér stað hvað varðar að þróa koparinn sem liggur inn á hvert einasta heimili, nýta hann betur með bættum endabúnaði, gerir það að verkum að hægt er að senda miklu meira yfir þennan kopar, miklu meira af upplýsingum og miklu meira en menn gerðu ráð fyrir á sínum tíma þegar þessi umræða fór fram árin 2000 og 2001. Svo ör er þessi þróun.

Þess vegna verð ég að segja það, virðulegi forseti, að við þurfum að taka þessa umræðu upp á nýjan leik. Við verðum að viðurkenna að þó að við á einhverjum tíma höfum uppi tiltekna skoðun og teljum hana rétta, kann tíminn að breyta svo miklu að við verðum að vera tilbúin að endurskoða okkur. Ég er sannfærður um að þróun á samskipta-

markaði, og væntanlega um leið þróun í því að skapa almenningi í landinu lífsgæði, yrði betri og örari ef við skildum að grunnnetið og samkeppnisreksturinn. Ég held einnig, eins og hér hefur verið dregið fram með mjög skýrum hætti í þessari umræðu, að við værum þá ekki að ráðast í „óþarfar" fjárfestingar. Svíar hafa til að mynda lent í því að fjárfesta í fleiri grunnnetum en þeir kannski ella þyrftu og það má segja sem svo að með því móti værum við ekki að nýta fjármunina sem skyldi. Það er því mikilvægt að þingið taki upplýsta og stefnumótandi ákvörðun um hvernig það vilji sjá þessa þróun.

Ég er alveg sannfærður um það og ætla svo sem ekkert að tala um það hér og nú hvernig Síminn hefur hegðað sér á samkeppnismarkaði — ég efast um að nokkurt fyrirtæki eigi fleiri úrskurði hjá samkeppnisyfirvöldum en Síminn og ég ætla ekki að fara að draga það fram hér — en ég vil líka leyfa mér að fullyrða að einkavædd einokun er ekki betri en ríkisrekin einokun. (**JBjarn:** Miklu, miklu verri, ekki líkja því saman.) Og miklu verri kallar hv. þm. Jón Bjarnason fram í, sem flutti hér ágæta tölu um eitt fyrirtæki, eitt land og einn flokk í ræðu sinni. En ég er alveg sannfærður um að það mun ekki færa okkur fram þau skref sem við viljum sjá. Þess vegna sakna ég þess mjög í þessari umræðu, þó að ég viðurkenni fúslega að mér finnist ekki alltaf ríkisstjórnarflokkarnir leggja mikið inn í umræðuna, að heyra ekki þau sjónarmið sem þeir standa fyrir í þessu máli, einkanlega vegna þess að á Íslandi gilda engin lög um það hvernig selja eigi ríkisfyrirtæki eða ríkiseignir. Þar af leiðandi hefur Alþingi mjög takmarkaða (Forseti hringir.) möguleika á því að koma að þessu máli eins og staðan er nú, virðulegi forseti.

[18:23]

Útbýting:

Kostnaður við lögfræðiálit, 491. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 748.

Skattgreiðslur fjármálafyrirtækja, 490. mál, fsp. JóhS, þskj. 747.

[18:24]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talaði mjög hóflega hér áðan og þess vegna liggur kannski ekki beinast við að beina andsvari mínu til hans. Hins vegar sló það mig mjög í umræðunni áðan — af því að ég var að reyna að glöggva mig á málinu og hver fyrirætlun Samfylkingarinnar væri með þessu máli — þau stóru orð sem aðrir flokksmenn Samfylkingarinnar höfðu hér uppi, til að mynda staðhæfingar um það, án þess að ég nefni nokkra sérstaka þingmenn, að Síminn hefði hreðjatak á samkeppnisaðilum sínum og hann beitti bæði tæknilegum hindrunum og hindrunum með verðlagningu.

Það er náttúrlega alveg ljóst að Síminn hefur ráðið yfir grunnnetinu en með fjarskiptalögunum á að vera tryggt að Síminn hleypi hindrunarlaust öllum samkeppnisaðilum sínum um samkeppnisreksturinn inn á grunnnetið. Og vegna þessara stóru staðhæfinga leikur mér forvitni á að vita, af því líka að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hélt því fram að ekkert fyrirtæki ætti jafnmörg mál hjá Samkeppnisstofnun, hversu mörg af þessum málum hafi verið úrskurðuð Símanum í vil, og það sem skiptir máli varðandi ætlaðar hindranir, hversu mörg mál þetta fyrirtæki á hjá Póst- og fjarskiptastofnun, af því að allt sem varðar hindranir í aðgangi að grunnnetinu heyrir undir þá stofnun.

Ég leyfi mér því að beina þessari spurningu til hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar: Hversu mörg mál eru þetta? Af því að þingmenn Samfylkingarinnar hafa ekki borið annað fyrir sig en fréttaflutningi frá samkeppnisaðilum Símans.

[18:26]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að sá sem hér stendur sé mikill áhugamaður um heiðarlega og öfluga samkeppni verð ég að játa að ég er ekki með þær tölulegu staðreyndir á hreinu um hversu mörg mál hefur verið úrskurðað hjá Samkeppnisstofnun og Póst- og fjarskiptastofnun frá því að þessar stofnanir voru settar á laggirnar. Hins vegar tel ég mig muna það rétt að elstu málin séu frá árunum sennilega 1995 og 1996, og síðan hefur því verið haldið fram af samkeppnisaðilum Símans að beitt hafi verið tæknilegum viðskiptahindrunum með skipulegum hætti til þess að koma í veg fyrir að önnur fyrirtæki njóti sama aðgangs að almenningi og Síminn hefur.

Á hinn bóginn væri mér það bæði ljúft og skylt að afla þessara upplýsinga þar sem ég hef þær ekki í handraðanum. En ég veit að þetta eru mörg mál og ég veit að mörg þeirra hafa gengið og gengu sérstaklega Símanum í mót á síðari hluta tíunda áratugarins. Ég þekkti þessa sögu kannski örlítið betur þá en ég geri í dag.

Það er hins vegar alveg ljóst og það er ekkert „óeðlilegt" við það að Síminn reyni að tryggja stöðu sína og noti þau tæki sem hann hefur til þess. Það reynir hvert einasta fyrirtæki að tryggja sinn hag eins og kostur er. Af þeim sökum er óeðlilegt að einhver aðili eða eitthvert fyrirtæki hafi þá stöðu að aðrir þurfi að koma á hnjánum til þess að hafa þann aðgang sem aðrir hafa til þess að tryggja jafna samkeppnisstöðu. (Forseti hringir.) Það er lykilatriði.

[18:28]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kemur í ljós að til grundvallar öllum stóru orðunum hér úr ræðustól frá þingmönnum Samfylkingarinnar um aðgangshindranir, að Landssíminn beiti hindrunum, bæði tæknilegum og með verðlagningu til að koma í veg fyrir samkeppni, stendur í rauninni ekkert á bak við. Þetta eru ekkert annað en sögusagnir. Mér finnst alveg lágmark að til grundvallar svona stórum staðhæfingum liggi einhverjar upplýsingar, að menn byggi mál sitt hér á einhverjum rökum og á einhverjum gögnum sem þeir geta vísað til.

Hér hafa mörg stór orð verið sögð, að Síminn standi sig illa gagnvart öðrum fyrirtækjum, hann hafi hreðjatak o.s.frv. En ég vek athygli á því að í skrifuðum texta ályktunarinnar sjálfrar segir að yfirburðir Símans á fjarskiptamarkaði hljóti að fela í sér verulegan vanda. Hver hefur nokkurn tíma sagt að það sé bara ljótt út af fyrir sig að vera myndarlegur? Þetta er spurningin um hvort Síminn er einhvers staðar að misnota aðstöðu sína. Ég minni hv. þm.

Lúðvík Bergvinsson á að fjarskiptalögin áttu að tryggja að það væru engar aðgangshindranir og úrskurðaraðilinn í þessum málum er Póst- og fjarskiptastofnun.

Frú forseti. Nóg um þetta. Í tillögunni er gert ráð fyrir að grunnnet Símans sé skilið frá öðrum rekstri og tryggt að eignarhald þess verði til framtíðar óháð öðrum fyrirtækjum í fjarskiptaþjónustu. Nú langar mig að spyrja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hvað hann ætli, og Samfylkingin, flutningsmenn tillögunnar, að gera við önnur grunnnet sem byggð hafa verið upp því undir það get ég tekið í málflutningi hv. þingmanns að er þjóðhagslega óhagkvæmt. Hvað ætlið þið að gera við önnur fyrirtæki og þetta óháð öðrum fyrirtækjum? Vill Samfylkingin að það sé áfram rekið af ríkinu eða á það að vera sérstakt einkafyrirtæki sem rekur grunnnetið? Það er því ljóst að þessi tillaga til þingsályktunar kallar í rauninni fram fleiri spurningar en hún nokkurn tíma svarar.

[18:30]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mikill er máttur eftirlitsstofnana. Hv. þingmaður orðaði það einhvern veginn á þá leið að eftirlitsaðilar ættu að sjá til að hér yrðu engin lögbrot framin. Samkeppnisstofnun hefur starfað frá árinu 1994. Þó var uppi verðsamráð í olíumálum allan þann tíma. Tilvist þessara stofnana tryggir ekki að brot séu ekki framin. Hins vegar hafa þau það hlutverk að hafa eftirlit og reyna með því að koma í veg fyrir að brot séu framin. Við viljum gjarnan búa til umhverfi til að reyna að tryggja að þessi brot séu ekki framin. Það er okkar framlag í þessu máli.

Það eru mýmargir úrskurðir til um að Síminn hafi í gegnum tíðina brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni er mér bæði ljúft og skylt að útvega hv. þingmanni þá úrskurði.

Í umræðunni hefur verið bent á að samkeppnisaðilar á þessum markaði kvarta hástöfum yfir því að fá ekki þann aðgang sem lög kveða á um. Hv. þingmaður segir að ef við höfum ekki skýr dæmi þá verðum við að sanna það. Hún segir einfaldlega að fylgi ekki frekari sannanir en orð þessara aðila þá sé ekkert að marka þá gagnrýni. Ég vil mótmæla því.

Við eigum að skilja við þetta mál á þann veg að ekki séu fyrir hendi aðstæður fyrir fyrirtæki til að komast í einokunaraðstöðu. Það er kjarninn (Forseti hringir.) í okkar máli við þessa umræðu, virðulegi forseti.

[18:33]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég heyrði ekki betur en að dregið væri í efa að Síminn hefði ekki alltaf farið rétt að í samkeppnismálum. Ég hef hins vegar undir höndum bréf frá Inter, sem eru samtök fyrirtækja sem veita Símanum samkeppni. Ég hef fylgst náið með þrautagöngu þeirra við að ná fram rétti sínum gegn risanum á markaðnum, Símanum. Það er í raun með ólíkindum og lýsir sérkennilegum viðhorfum að þingmaður úr Framsóknarflokknum, sem ber ábyrgð á fjárskorti Samkeppnisstofnunar og því verklagi sem þar tíðkast, skuli láta eins og allt sé í himnalagi hvað þessa samkeppni varðar. Ég gæti rakið fjölmörg dæmi um annað.

En ég ætla að grípa hér niður í bréf frá ritara Inter. Þar segir að árið 2004 hafi málsmeðferðartími að meðaltali verið rúmir 16 mánuðir hjá Samkeppnisstofnun, til að ná fram úrskurði um kvörtun. Þegar loksins tókst að fá botn í málið var tilboðið sem var kvartað yfir, sem Síminn hafði að öllum líkindum boðið ólöglega, runnið út og sá úrskurður sem Samkeppnisstofnun, undir stjórn hæstv. viðskiptaráðherra sem ber ábyrgð á þessu sleifarlagi, hafði ekkert að segja.

Það er einnig athyglisvert, í allri umræðunni um Samkeppnisstofnun og samkeppnislög, um grunnnetið og hvernig eigi að selja Símann, að Framsóknarflokkurinn dregur vagninn í umræðunni. Skoðanakannanir segja að flokksmenn Framsóknar séu mótfallnir þessari sölu. Ég veit ekki hvað hv. þingmönnum Framsóknarflokksins gengur til, annað en að þjóna Sjálfstæðisflokknum í þessu máli. Það kom fram í umræðunni fyrr í dag að Sjálfstæðisflokkurinn er greinilega ekki á því að byggja upp heiðarlega viðskiptahætti. Þingmenn flokksins sáu mikla galla á því hvað varðar fisksölu og aðskilnað veiða og vinnslu. Framsóknarflokkurinn tók ekki þátt í þeirri umræðu og virtist þjóna Sjálfstæðisflokknum þar og það er með ólíkindum. Ég tel að framsóknarmenn ættu að huga að því hvort almennur vilji flokksmanna birtist í þeirri stefnu sem þeir framfylgja eða hvort þar ráði aðeins þjónkun B-deildarinnar við A-deild Sjálfstæðisflokksins.

Það er staðreynd að þeir sem ráða munu yfir grunnnetinu munu komast í einokunaraðstöðu. Það þýðir ekki að horfa fram hjá því. Menn hafa t.d. aðra stefnu þegar kemur að flutningi á raforku. Þá er ákveðið að hafa flutningskerfið sér. En þegar kemur að kerfi sem á að flytja gögn og veita fyrirtæki einokunaraðstöðu við slíka flutninga horfir málið allt í einu öðruvísi við. Þá á ekki að vera sérbókhald eða aðskilnaður þar á milli.

Auðvitað eiga menn að skoða málið og reyna að tryggja samkeppni á þessu sviði eins og öðrum. Það er í raun furðulegt að horfa upp á að menn vilji selja Símann í einu lagi með grunnnetinu og þeirri þjónustu sem rekin er í samkeppni. Hvað gengur mönnum til? Það hefur aldrei komið fram, ekki hjá hæstv. ráðherrum. Þeir sjá ekki sóma sinn í því að vera viðstaddir umræðuna og útskýra mál sitt.

Nú er það svo að ég hef a.m.k. í tvígang gengið eftir því að hæstv. fjármálaráðherra svaraði fyrir það fyrirtæki sem hann ber ábyrgð á. Ég hef ítrekað spurt hann út í það hvort hann hafi gengið úr skugga um það að fyrirtæki sem hann ber ábyrgð á fari að samkeppnislögum. Svarið var í bæði skiptin með ólíkindum. Hann hefur ekki gengið úr skugga um hvort þar sé farið að landslögum. Nei, svarið er eitthvað á þá leið að hæstv. ráðherra sé ekki kunnugt um hvort fyrirtækið hafi farið að landslögum. Er ekki metnaðurinn meiri en svo að ráðherra sjái ekki ástæðu til að ganga úr skugga um að ríkisfyrirtæki í samkeppni við einkafyrirtæki fari að landslögum í samkeppnismálum? Mér finnst það undarlegt.

[18:39]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í ræðu hv. þingmanns kom fram að hann furðaði sig mjög á stöðu mála varðandi samkeppnismál hjá Símanum. Hið sama hefur komið fram í máli fleiri þingmanna í kvöld. Hv. þingmenn hafa verið spurðir: Hve mörg

kærumál liggja hjá Póst- og fjarskiptastofnun og hver er staðan almennt varðandi internetþjónustu sem veitt er af öðrum fyrirtækjum en Símanum? En þeir hafa ekki getað gefið nein svör.

Ég verð að segja að þetta mál er dálítið sérkennilega sett fram. Ég skil háttvirtan 1. flutningsmann málsins, hið prentaða mál, þegar hann las upp úr textanum og fór yfir efni tillögunnar. Síðan koma aðrir þingmenn með allt aðrar meiningar. En þeir geta ekki sagt hvað þeir eru í raun að þrasa um.

Í ljós kemur að eitt slíkt mál liggur hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Um það standa deilur en ekki alvarlegar. Sé litið til annarra aðila en Símans hver er þá staðan þar á háhraðanetinu? 48% þeirra sem nota netið fá þá þjónustu hjá öðrum en Símanum. Síminn hefur látið tæpan helming háhraðatenginganna til samkeppnisaðilanna.

Ég er sannfærður um að sala Símans muni stuðla enn frekar að betri þróun, eins og hraðinn hefur verið á þessu máli hjá okkur Íslendingum. Í málum sem þessum tökum við aldrei fet heldur tökum við þau í stökkum. Með lögum þeim sem við settum um fjarskipti hefur verið komið í veg fyrir að eitt fyrirtæki geti misnotað aðstöðu sína. Það er mergurinn málsins.

[18:41]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gott ef ég hef vakið hv. þingmann til umhugsunar um þessi mál. Ég hef fylgst náið með samkeppnismálum á fjarskiptamarkaði. Þeir sem keppa við Símann, t.d. í Skagafirði þar sem ég hef rætt við menn um málið, hafa kvartað sáran undan stöðunni. Ég hef hér bréf frá Inter sem ég gæti lesið úr. Þeir hafa sent inn erindi til Samkeppnisstofnunar um það hve langan tíma tekur að fá niðurstöðu í mál. Ég tel að það væri sómi af því að tryggja samkeppnina. Ég vona að Sjálfstæðisflokkurinn vakni til þess verks með okkur í Frjálslynda flokknum og öðrum flokkum að tryggja samkeppni á þessum markaði og einnig að Samkeppnisstofnun vinni verk sín þannig að það taki ekki 16 mánuði að fá niðurstöðu í mál.

Hv. formaður samgöngunefndar talaði um kvartanir til Póst- og fjarskiptastofnunar en mig minnir að þegar frumvarpið varðandi þá stofnun var samþykkt — ég var reyndar ekki á þingi þá en kynnti mér engu að síður málið — hafi einmitt verið rætt um að fjölga starfsmönnum sem sinntu þessum málaflokki. Mér skilst að það hafi ekki verið gert. Þess vegna vil ég spyrja hv. þingmann hvort hann hafi fylgt því eftir.

[18:43]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur komið í ljós að lög sem sett voru um fjarskipti hafa virkað. Hitt er annað mál að mér er ekki kunnugt um hversu mikil fjölgun starfsmanna hefur verið hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Það er dálítið merkilegt ef hv. þingmaður hefur upplýsingar um að fleiri mánuði taki fyrir aðila úti á landi að fá úrskurð í málum sem lögð eru fyrir þá stofnun þá kemur það mér verulega á óvart í ljósi þess að þar liggur aðeins eitt kvörtunarmál fyrir. Þá má a.m.k. ætla að þar sé hratt unnið fyrst ekki hafa safnast upp ágreiningsatriði, eins og hv. þingmaður kom inn á.

En ég er alveg sannfærður um að lög um fjarskipti munu tryggja öðrum aðilum greiðan aðgang að nettengingu þeirri sem fyrir er. Ég tel að við þurfum ekki að óttast að Síminn beiti einokunaraðstöðu gagnvart öðrum fyrirtækjum sem vilja komast inn á nettenginguna. Það segir sig sjálft, eins og ég sagði áðan, að það eru 52% þeirra sem fá internetþjónustu sem eru á háhraðatengingu Símans.

[18:45]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég átti við þau mál sem hefur verið kvartað yfir til Samkeppnisstofnunar. Þar er málshraðinn það hægur að það tekur að meðaltali 16 mánuði að fá afgreiðslu mála.

Ég held að þeir í Sjálfstæðisflokknum, og ég vona að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sé þeirra á meðal, ættu að hugsa sinn gang varðandi það að þetta taki svona langan tíma. Á meðan eftirlitsstofnanir taka ekki á þeim sem eru markaðsráðandi, hvaða samkeppni ætla menn þá að færa inn? Hafa menn engar áhyggjur af því að vera að selja þessa einokunaraðstöðu til einkaaðila þegar menn hafa ekki eflt Samkeppnisstofnun meira en svo að hún ræður ekki einu sinni við opinbert fyrirtæki sem er að langstærstum hluta í eigu ríkisins?

[18:46]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem í pontu til að halda því til haga og árétta það að ég nefndi Samkeppnisstofnun ekki einu orði í andsvari mínu áðan. Ég vil, þó að ég sé hvorki sérstakur sérfræðingur á sviði fjarskipta og þaðan af síður talsmaður flokks míns í þeim málum, halda því til haga sem fróðleik við hv. þm. Sigurjón Þórðarson að eftirlit með rekstri fjarskiptaþjónustu til að tryggja eðlilega samkeppni er í höndum tveggja stofnana, önnur er Samkeppnisstofnun og hin er Póst- og fjarskiptastofnun.

Það sem lýtur að því sem málið gengur út á og að málflutningi hv. samfylkingarþingmanna að Landssíminn beiti aðgangshindrunum, tæknilegum og með verðlagningu, það heyrir beint undir Póst- og fjarskiptastofnun. Það er sú stofnun sem er til umræðu og viðkemur þessu þingmáli. Ég nefndi aldrei Samkeppnisstofnun á nafn.

Ég trúi því ekki að einhver ætli að halda því fram að hin fjarskiptafyrirtækin sem eru í samkeppni við Landssímann láti það yfir sig ganga að þau séu beitt aðgangshindrunum, tæknilegum eða með verðlagningu. Þau hljóta að leita til þess aðila, þeirrar stofnunar sem að lögum á að taka á málinu og úrskurða. Þau hljóta að leita þangað eftir leiðréttingu sinni og mér er ekki kunnugt um að það sé nokkur bið eftir úrskurðum frá þeirri stofnun. Það er eitt mál óafgreitt þar núna og ég veit ekki til þess að það sé nokkur bið frá þeirri stofnun.

Varðandi meinta einokunarstöðu Símans þá snýst málið ekki um að vera markaðsráðandi. Það snýst um það hvort verið er að misnota markaðsráðandi stöðu. Með fjarskiptalögunum, sem mig minnir að allir flokkar á þingi hafi tekið þátt í að samþykkja um að Síminn veitti öðrum fyrirtækjum á fjarskiptamarkaði þessa þjónustu, þá komum við á fót þeirri stofnun sem hefur úrskurðarvald um þetta og fyrirtæki leita leiðréttingar hjá.

[18:49]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að byrja á að biðjast afsökunar á því ef ég hef rangtúlkað orð hv. þm. Jónínu Bjartmarz. En ég á síður von á því að þessi ágætu samtök, Inter, séu sífellt að sækja rétt sinn gagnvart ríkisfyrirtækinu sem er stjórnað af ríkisstjórninni til stofnunarinnar sem er stjórnað af hæstv. viðskiptaráðherra, að þau séu sífellt að sækja ef þau hafa ekkert þangað að sækja. Heldur hv. þingmaður að þau séu bara að gera þetta af einhverjum óvitaskap? Það held ég ekki.

Hvað sem því líður væri áhugavert að fá að heyra hvort hv. þingmaður hafi ekki áhyggjur af því að stór meiri hluti hennar eigin flokksmanna sé andvígur sölunni og sérstaklega hvernig eigi að standa að henni.

[18:50]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var eitt það aumlegasta sem ég hef heyrt í umræðunni, að hv. þm. Sigurjón Þórðarson láti að því liggja að fyrirtæki á fjarskiptamarkaði sem eru beitt meintri aðgangshindrun með verðlagningu Símans inn á grunnnetið leiti ekki leiðréttinga. Er hv. þingmaður að halda því fram að þau borgi einhvern taxta sem Landssímanum dettur í hug mánuðum og árum saman en leiti ekki til þeirrar stofnunar sem getur og hefur leiðréttinguna á hendi sér? Þetta lýsir alla vega ekki mikilli kunnáttu á rekstri.

Mergur málsins er sá að allir flokkar á þingi stóðu að því að samþykkja fyrirkomulagið um að Landssíminn mundi reka grunnnetið, aðrir ættu frjálsan aðgang að því og við komum á fót því fyrirkomulagi að ákveðin stofnun úrskurðar um það hvort Síminn hlítir lagaskyldunni eða ekki. En grunnurinn undir mál Samfylkingarinnar er að verið sé að beita hindrunum og þess vegna megi undir engum kringumstæðum selja grunnnetið með.

Hitt er svo allt önnur umræða sem við tökum hugsanlega í annan tíma og rétt að halda því til haga að allt sem frá mínum flokki, Framsóknarflokknum, hefur komið fram í málinu, öll afstaða okkar miðar að því hvernig við getum best og mest tryggt eðlilega samkeppni á fjarskiptamarkaði, neytendum og landsmönnum öllum til góða.

[18:52]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef einmitt spurt um þessa hluti og bar upp spurningu á síðasta þingi: Hefur Landssími Íslands tryggt fjárhagslegan aðskilnað í þeirri starfsemi sem lýtur sérstaklega að virðisaukandi þjónustu, t.d. internetþjónustu, GSM-farsímaþjónustu og NMT-farsímaþjónustu? Þegar maður spyr hæstv. fjármálaráðherra slíkra einfaldra spurninga þá svarar hann ekki. Hvernig ætli standi á því?

Svarið hans er, eins og ég las upp áður: „Ráðuneytinu er ekki kunnugt um það hvort Póst- og fjarskiptastofnun hafi farið fram á það við Landssímann að hann viðhafi fjárhagslegan aðskilnað í umræddri starfsemi.“ Hæstv. fjármálaráðherra treystir sér sem sagt ekki til að ganga úr skugga um það hvort fyrirtækið sem hann ræður nánast einn yfir fari að lögum. Ef menn hafa ekkert að fela í Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum og allt á að vera neytendum til hagsbóta hefðu menn rænu á því að svara svona einföldum spurningum. Þá væru menn ekki að velkjast í vafa um hvort staðið væri við hlutina.

Umræðu frestað.

Efling fjárhags Byggðastofnunar, fyrri umr.

Þáltill. HerdS, 468. mál. — Þskj. 720.

[18:54]

Flm. (Herdís Á. Sæmundardóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um að efla fjárhag Byggðastofnunar er hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að veita einn milljarð króna til þess að treysta fjárhag Byggðastofnunar og gera henni kleift að takast á við verkefni sín af fullum styrk. Fé þessu verði varið til að styrkja eiginfjárstöðu stofnunarinnar, fylgja eftir átaksverkefnum sem stofnunin er þegar þátttakandi í og til þátttöku í nýjum slíkum verkefnum, auk hlutafjárþátttöku í félögum sem eru til þess fallin að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni.

Greinargerð með tillögunni hljóðar svo:

Með aukinni samkeppni á fjármagnsmarkaði undanfarna mánuði er nú svo komið að langtímavextir viðskiptabanka og sparisjóða hafa lækkað mjög verulega. Hefur þetta haft í för með sér að hinum fjárhagslega traustari úr hópi viðskiptavina stofnunarinnar bjóðast nú lægri vextir hjá viðskiptabönkunum. Þetta veldur því að tekjur stofnunarinnar dragast verulega saman. Í lögum um Byggðastofnun er kveðið á um að fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar skuli vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi. Öll útlán eru flokkuð með tilliti til áhættu og er lagt í afskriftasjóð jafnharðan og ákvarðanir eru teknar. Auk þess sem tekjur Byggðastofnunar munu að óbreyttu dragast saman næstu mánuði og missiri hefur stofnunin undanfarin ár þurft að glíma við mikinn taprekstur sem einkum orsakast af miklu útlánatapi og minnkandi framlögum úr ríkissjóði til að styrkja eigið fé hennar. Hefur þetta haft þær afleiðingar að eigið fé stofnunarinnar hefur minnkað verulega og nam eiginfjárhlutfall hennar 10,85% í árslok 2003, hafði þá lækkað úr 16,45% í árslok 2001. Þetta dregur mjög úr getu stofnunarinnar til hlutafjárþátttöku í fyrirtækjum og til að veita óafturkræfa styrki, og að óbreyttu er ekki gert ráð fyrir að stofnunin veiti styrki eða kaupi hlutafé á árinu 2005. Byggðastofnun hefur síðustu ár ekki notið sérstakra framlaga úr ríkissjóði til að styrkja efnahag sinn.

Í upphafi árs 2003 ákvað ríkisstjórnin að fela Byggðastofnun að ráðstafa 500 millj. kr. af sérstakri 700 millj. kr. fjárveitingu til atvinnuþróunarverkefna á landsbyggðinni. Í fyrsta lagi var stofnuninni heimilað að leggja fram hlutafé í álitleg sprotafyrirtæki og fyrirtæki í skýrum vexti. Til þessa hluta voru veittar 350 millj. kr. Í öðru lagi var svo Byggðastofnun falið að hafa frumkvæði um rekstur vel mótaðra stuðningsverkefna sem væru til þess fallin að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsbyggðinni. Til þessa hluta voru veittar 150 millj. kr. Stofnuninni bárust umsóknir fyrir margfalda þá fjárhæð sem til ráðstöfunar var. Standist allar áætlanir og verkefnin sem ákveðið var að fjárfesta í verða

að veruleika munu mjög mörg ný störf verða til á landsbyggðinni í ýmsum greinum atvinnulífsins. Sá mikli fjöldi umsókna sem stofnuninni bárust er jafnframt til merkis um mikla þörf fyrir áhættufjármagn til nýsköpunar í atvinnulífinu. Ljóst er að ný störf verða ekki til í hefðbundnum framleiðslugreinum heldur með nýsköpun sem krefst þolinmóðs fjármagns. Átak sem þetta þyrfti því raunverulega að vera árlegt.

Frú forseti. Við þetta er í sjálfu sér ekki miklu að bæta. Ég vil þó láta það koma fram að sl. tvö ár hefur stofnunin gengið í gegnum mikla endurskipulagningu hvað varðar innra starf hennar. Nýjar verklagsreglur hafa verið settar sem taka á öllum verkferlum varðandi útlána- og fjármálastarfsemi og eignaumsýsu, settar hafa verið reglur um störf stjórnar, siðareglur, reglur um umsjón og sölu fullnustueigna og fleira mætti til telja.

Strangar kröfur eru gerðar til umsækjenda og viðskiptamanna um traustar upplýsingar og raunhæfar áætlanir. Þetta er gert í þeim tilgangi að tryggja góða stjórnsýslu, jafnræðisreglu og gegnsæi. Þá hefur stofnunin einnig sett sér viðmið um áhættugreiningu og áhættustjórnun, veð og tryggingar sem og forsendur við mat á þessum þáttum.

Fyrir utan að vera lánastofnun gegnir Byggðastofnun einnig ákaflega miklu hlutverki sem rannsóknar-, þróunar- og ráðgjafarstofnun fyrir atvinnulíf landsbyggðarinnar. Það er skoðun þeirrar sem hér stendur að þetta hlutverk hennar beri að efla enn frekar þannig að hún sé betur í stakk búin til að bregðast við þegar erfiðleikar steðja að einstökum atvinnugreinum eða einstökum byggðarlögum.

Eins og ég kom að kemur fram í greinargerð með tillögu þessari að aukin samkeppni á fjármagnsmarkaði hefur leitt til þess að hinum fjárhagslega sterkari úr hópi viðskiptavina Byggðastofnunar hafa boðist betri kjör hjá viðskiptabönkunum.

Nú er það í sjálfu sér ákaflega jákvætt að bankarnir séu farnir að gefa landsbyggðinni meiri gaum og auka viðskipti sín þar, því ber að fagna. Það skal hins vegar ítrekað að viðskiptabankarnir eru ákaflega vandlátir í tilboðum sínum til fyrirtækja og einstaklinga á starfssvæði Byggðastofnunar. Eftir sitja fyrirtæki sem hafa veikari fjárhagslegan grunn og atvinnugreinar sem tímabundið lenda í vandræðum vegna ýmissa ytri áhrifa. Hér er alls ekki verið að tala um fyrirtæki sem hafa óraunhæfar áætlanir og eiga sér ekki rekstrargrundvöll heldur fyrst og fremst fyrirtæki og atvinnugreinar sem t.d. lenda í tímabundnum erfiðleikum og áföllum en eru einstökum byggðarlögum ákaflega mikilvæg með tilliti til atvinnu og búsetu fólks.

Að lokum, frú forseti, vil ég leggja áherslu á að ég tel að það átak sem ríkisstjórnin ákvað að fara í í upphafi árs 2003 og fól í sér að Byggðastofnun var falið að fjárfesta í sprotafyrirtækjum og fyrirtækjum í skýrum vexti, sem og veita styrki til verkefna sem ætla má að styrki grunngerð viðkomandi samfélags, hafi verið ákaflega gott framtak og til þess fallið að efla atvinnuþróun og nýsköpun á landsbyggðinni. Það er ákaflega mikilsvert að geta fylgt eftir þeim verkefnum sem þá urðu til og jafnframt ráðist í ný verkefni af þessu tagi. Þetta var lofsvert framtak ríkisstjórnarinnar og mun skapa mörg ný störf á landsbyggðinni.

Frú forseti. Ég lýk nú máli mínu og geng út frá því að að lokinni þessari umræðu gangi málið til hv. iðnaðarnefndar.

[19:02]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég fagna alveg sérstaklega þeirri tillögu sem hér var fylgt úr hlaði. Ég vil jafnframt vekja athygli á því að flutningsmaður tillögunnar er formaður stjórnar Byggðastofnunar og veit svo sannarlega um hvað hún var að tala og ég tel að hvert orð sem hún flutti í ræðu sinni hafi verið rétt og á margan hátt alls ekki ofsagt í neinu því sem hún sagði.

Skoðun mín er sú að Byggðastofnun hafi ákaflega mikilvægu hlutverki að gegna og ég tel það mikla skömm hversu erfitt Byggðastofnun hefur verið gert á undanförnum árum að rækta þetta hlutverk sitt með sóma og er sífellt örðugra um vik. Þar er í raun ekki alltaf stjórnvöldum um að kenna heldur einnig þróun hér innan lands eins og hv. flutningsmaður kom inn á, þ.e. þróun á bankamarkaði.

En þegar svo ber við sem flutningsmaður lýsti þá er það líka skylda stjórnvalda að bregðast við. Og ég verð nú að segja það, frú forseti, að það hryggir mig að hæstv. ráðherra byggðamála skuli ekki vera viðstödd umræðuna í dag. Ég vona að sú staðreynd að þetta mál var sett á dagskrá þennan dag, því vitað var að hæstv. ráðherra gæti ekki verið viðstödd, þýði ekki að hún hafi ekki áhuga á því að eiga orðastað við hv. flutningsmann um málið, einmitt þá manneskju sem hvað best þekkir til þessara mála af þeim sem nú sitja á þingi. Ég vek athygli á að hv. þingmaður á aðeins eftir að sitja hér örfáa daga í viðbót en hæstv. ráðherra hefði væntanlega gefist kostur á að eiga orðastað við hana ef tillagan hefði verið á dagskrá næstkomandi fimmtudag en þá verður hv. þingmaður enn á þingi.

En ég ítreka það að ég vona að þetta þýði ekki að ráðherrann vilji helst svæfa þetta í nefnd án þess að leggja nokkuð til málanna.

Ég lýsi eindregnum stuðningi mínum við málið eins og fram hefur komið í máli mínu. Ég hef verið beðin um að flytja hér stutt mál í dag og ætla að verða við því og þakka enn og aftur hv. þingmanni fyrir þessa tillögu.

(**Forseti** (SP)**:** Vegna orða hv. þingmanns vill forseti vekja athygli á því að gert var samkomulag hér í þinginu um að ljúka þingstörfum klukkan sjö.)

[19:05]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég má til með að taka til máls undir þessum lið þó að áliðið sé. Ég hef aldrei verið hrifinn af Byggðastofnun eða starfi hennar, tel að hún sé mikil meinsemd fyrir landsbyggðina og hef fært fyrir því rök og sú skoðun mín stendur enn.

Þegar Byggðastofnun veitir lán eða fjárfestir í hlutafélögum gerir hún það vegna þess að enginn annar vill gera það, sem segir mér að sá atvinnurekstur sem hún er að lána til eða fjárfesta í er ekkert sniðugur, hann gengur bara ekkert upp. Annars mundu aðrir fjárfesta í honum. Annars væri til nóg fjármagn til að fjárfesta — eins og sýnir sig á landsbyggðinni víða þar sem fjármagn hefur streymt í stórum stíl til útgerðarfyrirtækja, stórra og burðugra útgerðarfyrirtækja á landsbyggðinni, frá Reykjavík, frá lífeyrissjóðunum, frá

fjármálamarkaðnum. Þar sem er arðsemi, þangað streyma peningarnir. Byggðastofnun er einmitt að leita að fyrirtækjum sem ekki hafa arðsemi og byggja upp arðlítil fyrirtæki sem aldrei munu geta staðist vegna þess hvernig lagt er upp með dæmið.

Þetta er einn vandinn, að vera að hvetja menn til atvinnurekstrar sem ekki er góður í eðli sínu, ekki er arðsamur í eðli sínu. En þetta er ekki aðalvandinn, þetta er ekki það versta, það væri í lagi með þetta. En talið við þau fyrirtæki sem eru vel rekin á staðnum, talið við fyrirtækin sem hafa fengið hlutafé en fá ekki styrk frá Byggðastofnun af því að þau ganga of vel. Þau þurfa endalaust að keppa við fyrirtæki sem fá styrki frá Byggðastofnun.

Ferðamannaþjónustan, þar er fullt af góðum fyrirtækjum, hótel sem eru rekin vel og allt það. En þau eru endalaust, frú forseti, að keppa við fyrirtæki sem fá styrki á styrki ofan frá Byggðastofnun. Þetta er skaðlegt, þetta er mjög skaðlegt og ég vara við því að menn fari út á þessa braut, ég er margbúinn að vara við því. Ég held meira að segja að Byggðastofnun sé einmitt eitt af vandamálum landsbyggðarinnar og kannski er það ekkert skrýtið að eftir að hún var sett á laggirnar hefur fólksstraumurinn aldrei verið meiri til höfuðborgarsvæðisins.

Ég get hins vegar fallist á að hún gæti haft eitthvert ráðgjafarhlutverk. Það er svo sem allt í lagi ef hún passar sig að fara ekki mjög geyst í því.

[19:08]

Flm. (Herdís Á. Sæmundardóttir):

Frú forseti. Komið hefur fram að hæstv. iðnaðarráðherra hefur fjarvistarleyfi í dag en ég átti hins vegar ekki annan kost en að flytja mál mitt núna í dag.

En ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið. Ég átti nú ekki von á því að hv. þm. Pétur Blöndal væri sammála mér um Byggðastofnun og heldur ekki um byggðastefnu almennt. Engu að síður þakka ég ræðu hans og hefði gjarnan viljað taka lengri umræður, ekki bara um Byggðastofnun heldur einnig um stoðkerfi atvinnulífsins almennt og sérstaklega hvað varðar landsbyggðina.

Ég vil jafnframt þakka hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur fyrir innlegg hennar og þann stuðning sem málið fær af hennar hálfu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–6., 8. og 10.–24. mál.

Fundi slitið kl. 19:10.

---

65. FUNDUR

miðvikudaginn 2. febr.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til fjármálaráðherra:

1. Landssími Íslands, fsp. SigurjÞ, 360. mál, þskj. 413.
2. Kynja- og jafnréttissjónarmið í fjárlagagerð, fsp. SF, 361. mál, þskj. 414.
3. Sala ríkiseigna, fsp. LB, 412. mál, þskj. 541.
4. Ólögmætt samráð olíufélaganna, fsp. LB, 427. mál, þskj. 613.
5. Þróun á lóðaverði, fsp. BJJ, 470. mál, þskj. 722.

Til heilbrigðisráðherra:

6. Fræðsla um meðferð kynferðisafbrotamála, fsp. BjörgvS, 105. mál, þskj. 105.
7. Komur á heilsugæslustöðvar o.fl., fsp. JBjart, 253. mál, þskj. 271.
8. Húðflúrsmeðferð eftir brjóstakrabbamein, fsp. ÁRJ, 290. mál, þskj. 313.
9. Aðgerðir til að draga úr offitu barna, fsp. ÞBack, 326. mál, þskj. 364.
10. Samvinna Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum, fsp. MÞH, 345. mál, þskj. 389.
11. Aldraðir á dvalar- og hjúkrunarheimilum, fsp. BjörgvS, 414. mál, þskj. 548.

Til menntamálaráðherra:

12. Varðveisla gamalla skipa og báta, fsp. KolH, 428. mál, þskj. 618.
13. Menntunarmál geðsjúkra, fsp. BjörgvS, 100. mál, þskj. 100.
14. Mismunandi þarfir drengja og stúlkna í grunnskólum, fsp. MÁ og KJúl, 430. mál, þskj. 622.

Til dómsmálaráðherra:

15. Íslenskukennsla fyrir útlendinga, fsp. JBjart, 355. mál, þskj. 408.
16. Smíði nýs varðskips, fsp. MÞH, 368. mál, þskj. 432.

Til félagsmálaráðherra:

17. Þjónusta við innflytjendur, fsp. JBjart, 356. mál, þskj. 409.

Til umhverfisráðherra:

18. Rekjanleiki kjöts, fsp. ÞBack, 402. mál, þskj. 510.
19. Iðnaðarframleiddar transfitusýrur í matvælum, fsp. ÞBack, 403. mál, þskj. 511.
20. Svartfugl við Norðurland, fsp. MÁ, 463. mál, þskj. 712.

Til samgönguráðherra:

21. Hjólreiðabrautir meðfram Vesturlandsvegi, fsp. KolH, 416. mál, þskj. 550.
22. Hámarkshraði á tvöfaldri Reykjanesbraut, fsp. JGunn og MÁ, 452. mál, þskj. 701.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá stuðningsmönnum Roberts James Fischers.

Afturköllun þingmála.

[12:01]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Fyrirspurnir á þingskjölum 384–387, frá Sigurði Kára Kristjánssyni, eru kallaðar aftur.

Landssími Íslands.

Fsp. SigurjÞ, 360. mál. — Þskj. 413.

[12:01]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég vil beina eftirfarandi spurningu til hæstv. fjármálaráðherra:

Hefur Landssími Íslands hf. tryggt fjárhagslegan aðskilnað í þeirri starfsemi sem lýtur sérstaklega að virðisaukandi þjónustu, t.d. internetþjónustu og GSM-farsímaþjónustu?

Þetta mál snýst um það hvort hæstv. fjármálaráðherra og þá ríkisstjórnin hafi yfirleitt áhuga á að tryggja samkeppni á fjarskiptamarkaði og einnig hvort ríkisstjórnin hafi áhuga á því að fyrirtæki í eigu ríkisins fari að lögum.

Ég hef spurt hæstv. fjármálaráðherra þessarar sömu spurningar tvívegis áður og þá hefur orðið fátt um svör. Jú, það hefur fengist upp að Landssímanum sé skylt að fara að lögum. Samt sem áður er eins og það sé ákaflega erfitt fyrir hæstv. fjármálaráðherra að ganga úr skugga um hvort það fyrirtæki sem hann ber ábyrgð á og er handhafi hlutabréfs sem þjóðin á fari að lögum. Þetta er auðvitað með ólíkindum, sérstaklega í ljósi þess að ef á að tryggja frið um einkavæðingu Símans er ótækt að hafa þetta ekki uppi á borðinu og koma ekki samkeppnismálum á tært hvað varðar fyrirtæki í eigu ríkisins. Að vera með það í einhverri leynd og feluleik og fara síðan í alls konar útúrsnúninga þegar spurt er einfaldra spurninga er ekki boðlegt.

Þess vegna ætla ég hér og nú að reyna enn einu sinni að fá það upplýst hvort þetta ágæta fyrirtæki, Landssími Íslands sem hæstv. fjármálaráðherra ber ábyrgð á, fari að lögum sem hann hefur sjálfur bent á í svari sínu að eigi að gera það.

[12:03]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Mér er ekki kunnugt um annað en að Landssími Íslands fari að lögum.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson ber fram fyrirspurn sama efnis og hann hefur áður gert. Þeirri spurningu var skriflega svarað á vorþingi 2004, og skyldum spurningum sömuleiðis. Megininntakið sem fram hefur komið í þeim svörum af minni hálfu er að í gildi eru reglugerðir og lög um fjarskipti og um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja. Ráðuneytinu sem ég ber ábyrgð á er ekki kunnugt um að Póst- og fjarskiptastofnun hafi farið fram á það við Landssímann að hann viðhefði fjárhagslegan aðskilnað milli tiltekinna rekstrarsviða.

Vegna þess að þessi spurning er aftur fram komin tel ég ástæðu til að ítreka fyrri afstöðu mína sem er sú að fjármálaráðuneytið telur ekki eðlilegt að það svari fyrir stefnu eða ákvarðanir Landssímans í einstökum málum, jafnvel þótt fyrirtækið sé að langmestu leyti í eigu ríkisins. Sú afstaða grundvallast á því í fyrsta lagi að félagið er hlutafélag að einkarétti og er sem slíkt skráð á íslenskum hlutabréfamarkaði, og hlutabréf í félaginu ganga kaupum og sölum í Kauphöll Íslands.

Í öðru lagi vegna þess að þrátt fyrir að íslenska ríkið eigi ráðandi hlut í Landssímanum hefur ríkið sem eigandi ekki áhrif á daglega stjórn þess né svarar fyrir stefnu þess, heldur kýs til þess sérstaka stjórn sem svarar fyrir stefnu félagsins og tekur ákvarðanir um málefni þess og ber á því stjórnunarlega ábyrgð.

Í þriðja lagi er það svo að í krafti stærðar og markaðsráðandi stöðu þessa félags hvílir á því margvísleg lagaskylda samkvæmt fjarskiptalögum, samkeppnislögum, lögum um verðbréfaviðskipti og fleiri lögum. Í þessum lögum er jafnframt mælt fyrir um eftirlitsskyldu ýmissa aðila gagnvart félaginu. Það er hlutverk viðeigandi stofnana eins og Póst- og fjarskiptastofnunar og Samkeppnisstofnunar að hafa eftirlit með aðilum í samkeppni á fjarskiptamarkaði, og Kauphallar Íslands að hafa eftirlit með aðilum sem skráðir eru á verðbréfamarkaði.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd fjarskiptamála á Íslandi samkvæmt fjarskiptalögum auk þess sem stofnuninni ber að stuðla að samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti. Samkeppnisyfirvöld hafa með höndum að framfylgja bannreglum samkeppnislaga, að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og óréttmætum viðskiptaháttum og stuðla að auknu gagnsæi markaðarins. Ljóst er að fyrirtækið, Landssíminn, hefur talið sig bundið af ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar, samkeppnisyfirvalda og annarra eftirlitsstofnana sem beint hefur verið til þess og er ráðuneytinu ekki kunnugt um að framangreindir aðilar hafi gert athugasemdir við núverandi framkvæmd Landssímans á lögum þeim eða reglum sem um þetta mál gilda.

[12:07]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Svarið er með sama hætti og áður. Það er greinilegt að ráðherrann er upptekinn og hefur ekki gefið sér tíma til að ganga úr skugga um það hvort Landssíminn hafi farið að lögum. Mér finnst það með ólíkindum. Í stað þess þylur hann hér upp úr lögum um að fyrirtækinu beri að gera það og að þetta sé í einhverjum farvegi. Auðvitað ætti ráðherra og sérstaklega fjármálaráðherra að tryggja það að fyrirtæki sem hann ber ábyrgð á fari að samkeppnislögum, sérstaklega í ljósi þess að eins og alþjóð veit er Landssíminn fastagestur til úrskurðar og aðfinnslu hjá Samkeppnisstofnun. Það ætti að vera metnaðarmál ríkisstjórnarinnar að ganga úr skugga um að fyrirtæki í eigu ríkisins fari að landslögum.

Ég ætla líka að vekja athygli á öðru. Þegar samþykkt var að gera Landssímann að hlutafélagi — svo er að heyra sem hæstv. ráðherra skjóti sér á bak við hlutabréfalög, að fyrirtækið sé orðið hlutafélag og því á ábyrgð stjórnar, eins og svo margt annað eftir að stjórnin tók þátt í ríkisvæðingu — var í nefndaráliti samgöngunefndar mælt með því að setja Landssímann í sölu en þá var einmitt talað um að efla og búa vel að eftirlitsaðilum og að þeim yrði tryggður nægur mannafli og fjármagn til að sinna því eftirliti sem þeim væri

ætlað. Þannig má ætla að það þyrfti að ráða í 2–3 stöðugildi vegna aukinnar samkeppni á fjarskiptamarkaði. Þetta hefur ekki verið gert. Nei, í staðinn kemur fjármálaráðherra hér, segist ekkert vita og skýlir sér á bak við hlutabréfalögin.

Kynja- og jafnréttissjónarmið í fjárlagagerð.

Fsp. SF, 361. mál. — Þskj. 414.

[12:09]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Með þátttöku okkar Íslendinga á heimsráðstefnu kvenna í Beijing 1995 tókum við á okkur ákveðnar skuldbindingar. Þá skuldbundu Norðurlöndin sig til að flétta kynja- og jafnréttissjónarmið inn í alla pólitíska ákvarðanatöku. Þetta hefur á ensku verið kallað „gender main streaming". Þetta á m.a. við um gerð fjárlaga sem gegna lykilhlutverkum í pólitískum forgangsverkefnum landanna. Fjárlög sem eru gagnsæ og vel unnin hvað varðar kynjasjónarmið hafa mikla þýðingu til að tryggja þróun í átt til jafnréttissamfélags, bæði hér á Íslandi sem og annars staðar á Norðurlöndunum. Allir vita sem hafa komið nálægt stjórnmálastarfi að fjárlög eru aðalstýritækið varðandi alla stefnumótun sem þingið kemur fram með. Fjárlögin eru aðalskjalið, má segja, þannig að það er mjög mikilvægt að Ísland standi sig vel í þessu verkefni og nái að samtvinna jafnréttissjónarmið inn í fjárlagagerðina.

Í þessu norræna verkefni á að koma á fót samvinnuhópi og það eru tveir aðilar frá Íslandi í honum, Eyþór Benediktsson frá fjármálaráðuneytinu og Silja Bára Ómarsdóttir frá Jafnréttisstofu. Það á sem sagt að koma á samvinnu milli fjármálaráðuneyta og fleiri aðila til að vinna aðferðir til að meta fjárveitingar á forsendum jafnréttis. Þetta er örugglega frekar flókið en Norðurlöndin eru á fullu í að koma þessu í gagnið núna og því mjög spennandi að heyra hvað hæstv. fjármálaráðherra hefur að segja um verkefni okkar. Hér á Íslandi var ákveðið að okkar verkefni fælist í að gera úttekt á almannatryggingakerfinu sérstaklega og skoða hvernig örorkugreiðslur færu til kynjanna. Það er alveg ljóst að í gegnum tíðina hafa verk kvenna verið minna metin fjárhagslega en verk karla og allir vita að hefðbundin kvennastörf, aðallega þessi umönnunarstörf, hafa færst út á stofnanir og þar eru þau frekar lágt launuð. Það er hægt að koma með mörg dæmi um það hvernig staða kvenna hefur verið slakari en staða karla varðandi laun og varðandi hvernig fjárlögin koma út gagnvart ólíkum hópum, þ.e. gagnvart kynjunum.

Mér finnst þetta verkefni afar spennandi. Það er mikilvægt að við stöndum vel við bakið á því og mig langar að inna hæstv. fjármálaráðherra eftir því hvert þetta verkefni er komið og hvort staðið hafi verið myndarlega fjárhagslega á bak við það. Spurning mín hljóðar svo, virðulegi forseti:

Hvernig miðar því verkefni hér á landi að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í fjárlagagerð?

[12:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir leggur hér fyrir mig fyrirspurn sem hún hefur þegar kynnt, hefur reyndar að hluta til svarað fyrirspurninni sjálf. Það er vissulega rétt sem kom fram í máli þingmannsins að það mun hafa verið á árinu 2002 sem settur var á fót norrænn starfshópur á vegum fjármálaráðherra Norðurlandanna. Honum var falið að gera tillögur um norrænt verkefni um samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis. Málið á sér þó lengri aðdraganda, eins og fram er komið, en á þessum vettvangi, þ.e. á vettvangi norrænu fjármálaráðherranna, hefst það með þessu verkefni.

Í hópnum voru einn fulltrúi frá fjármálaráðuneyti hvers lands og einn fulltrúi jafnréttismála í hverju Norðurlandanna. Starfshópurinn setti fram þá tillögu að unnið yrði að samþættingu fjárlagagerðar og jafnréttis í hverju landi fyrir sig með tilraunaverkefni en auk þess yrði ráðinn verkefnisstjóri sem hefði yfirumsjón með fræðslu og utanumhaldi um verkefnin.

Með íslenska verkefninu er ætlunin að skoða hvernig fjármunir á sviði almannatryggingakerfisins dreifast á milli kynjanna. Stofnaður hefur verið stýrihópur sem stjórnar verkefninu og í honum sitja fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu, Jafnréttisstofu og Tryggingastofnun ríkisins. Drög að verkefnaáætlun liggja fyrir og er fulltrúi frá Jafnréttisstofu verkefnisstjóri. Áætlað er að norræna verkefnið standi til ársloka 2006 en áætlað er að íslenska verkefninu geti jafnvel verið lokið nokkru fyrr. Norræna verkefninu mun ljúka með skýrslu og gerð handbókar um það hvernig nýta megi reynslu úr þessum tilraunaverkefnum til að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið á öðrum sviðum opinberrar starfsemi.

Við gerum okkur vonir um að út úr þessu geti komið góð niðurstaða og vísbendingar um það hvernig hægt sé að halda þessu starfi áfram.

Út af spurningu þingmannsins varðandi fjárveitingar til þessa verkefnis er mér ekki kunnugt um að þar hafi verið nein sérstök vandamál. Það hefur verið gert ráð fyrir því að kosta þetta innan þeirra ramma sem viðkomandi stofnanir hafa.

[12:15]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir svarið og kýs að túlka það svo að gangur mála sé góður og fullur vilji til að styðja vel við bakið á þessu verkefni.

Ég tel jafnframt tilefni til þess að spyrja miðað við gang mála: Munum við sjá afrakstur af þessu verkefni í vinnslu fjárlaga á næstunni? Gæti hæstv. fjármálaráðherra upplýst þingheim um það hvenær hann sér fyrir sér að við getum sagt með sóma að jafnréttissjónarmið séu samtvinnuð inn í fjárlagagerð á Alþingi? Það er alveg ljóst að svo er ekki í dag, menn eru að fikra sig áfram alls staðar á Norðurlöndunum. Hin löndin eru komin eitthvað lengra en við, enda með mun meira umleikis, meiri sérfræðinga og miklu öflugri jafnréttisbaráttu á alla kanta. Mig langar að spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Hvenær megum við búast við því að sjá árangur, að sjá áhrif á fjárlagagerð okkar á Íslandi?

[12:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Þetta er spurning sem ég treysti mér

ekki til þess að svara til neinnar hlítar. Ég tel ólíklegt að bein niðurstaða úr þessu verkefni verði tiltæk við fjárlagagerð fyrir næsta ár, 2006, en hugsanlega strax í kjölfarið á því.

Sala ríkiseigna.

Fsp. LB, 412. mál. — Þskj. 541.

[12:17]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Eins og flestum er kunnugt hefur núverandi ríkisstjórn og jafnvel sú sem sat á undan henni haft talsverða forgöngu um það að selja ríkiseignir. Í gegnum tíðina hefur umræða um þessa sölu verið margvísleg og ýmislegt farið í loftið. Oft og tíðum hafa menn verið mjög hugsi og gagnrýnir á þær aðferðir sem notaðar hafa verið við sölu. Má til að mynda nefna það að í dag er í gangi mál sem hefur verið höfðað vegna sölu á bréfum í Íslenskum aðalverktökum. Það er því að minni hyggju gríðarlega mikilvægt að þegar ríkið selur ríkiseignir sé aðferðafræðin gegnsæ og yfir vafa hafin.

Ég veit að á árinu 1996 setti ríkisstjórnin sér verklagsreglur um útboð og sölu ríkisfyrirtækja en veruleikinn er samt sem áður sá að þær reglur eru mjög óljósar og fátt neglt niður þannig að það liggi algerlega ljóst fyrir hvernig skuli staðið að sölu og hverjir geti keypt. Ég tel fulla ástæðu til að endurskoða það og reyna þá að eyða ákveðinni óvissu sem hefur fylgt mismunandi aðferðum við sölu á eignarhlutum ríkisins í fyrirtækjum og útboðum.

Það sem einnig vekur athygli í þessum verklagsreglum er 10. gr. sem kveður á um að heimilt sé að víkja þessum reglum frá við sérstakar aðstæður. Það hefur á stundum verið gert. Á sama hátt hefur þetta söluferli verið túlkað þannig að ákvæði stjórnsýslulaga eigi ekki við um kaup og sölu eigna ríkisins.

Af þessum sökum, virðulegi forseti, finnst mér afar mikilvægt að við ræðum þessi mál hér, ræðum það hvernig menn sjá framtíðina fyrir sér og ekki síst í ljósi þess að líklega er fyrirhuguð núna stærsta sala ríkisins frá upphafi, þ.e. sala á Símanum. Af þessum sökum, virðulegi forseti, hef ég borið hér fram fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra.

Hún er svona:

1. Hver fer með umboð ríkisins við sölu ríkiseigna, af hvaða reglum er hann bundinn og til hvaða sjónarmiða ber honum að líta þegar ákvörðun er tekin um málsmeðferð og hvernig að sölunni skuli staðið?

2. Gilda samræmdar reglur um sölu ríkiseigna eða sérstakar reglur í hverju tilviki? Er misjafnt hvaða aðferð er notuð eftir því hver annast sölu?

3. Er í undirbúningi lagasetning um hvernig fara skuli að við sölu ríkiseigna?

[12:20]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Í fyrsta lagi, virðulegi forseti, er spurt:

Hver fer með umboð ríkisins við sölu ríkiseigna, af hvaða reglum er hann bundinn og til hvaða sjónarmiða ber honum að líta þegar ákvörðun er tekin um málsmeðferð og hvernig að sölunni skuli staðið?

Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir m.a. að ekki sé heimilt að selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Samkvæmt 2. tölul. 5. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004, fer fjármálaráðuneytið með mál er varða eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar þeirra vegna nema lagt sé til annars ráðuneytis.

Um sölu ríkiseigna gilda ákvæði 3. mgr. 70. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup, þar sem segir að Ríkiskaup ráðstafi eignum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

Í 29. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, er að finna ákvæði um að ríkisaðilar í A-hluta skuli hverju sinni afla heimildar í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma eftirfarandi eignir:

1. Fasteignir.
2. Eignarhluta í félögum.
3. Skip og flugvélar.
4. Söfn og safnhluti.
5. Aðrar eignir sem verulegt verðgildi hafa og ekki falla undir töluliði 1–4.

Á grundvelli laga um fjárreiður ríkisins og laga um opinber innkaup hefur fjármálaráðuneytið sett reglugerð nr. 206/2003, um ráðstöfun eigna ríkisins. Í reglugerðinni er mælt fyrir um þá málsmeðferð sem gildir við sölu á eignum ríkisins og hvernig að sölunni skuli staðið. Er vísað til hennar varðandi frekari upplýsingar um þá málsmeðferð sem gildir um ráðstöfun slíkra eigna.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, er spurt:

Gilda samræmdar reglur um sölu ríkiseigna eða sérstakar reglur í hverju tilviki? Er misjafnt hvaða aðferð er notuð eftir því hver annast sölu?

Við þessari spurningu vil ég segja það að þau lög sem vísað er til hér að framan ásamt reglugerð 206/2003, um ráðstöfun eigna ríkisins, sem sett var með stoð í þeim eru um þær almennu réttarheimildir sem gilda um ráðstöfun á eignum ríkisins. Í sérlögum kunna hins vegar að vera sérstakar heimildir um ráðstöfun tiltekinna eigna, sbr. jarðalög nr. 81/2004, þar sem sérstaklega er mælt fyrir um sölu ríkisjarða og málsmeðferð við slíka sölu. Einnig hefur verið ákveðið að einkavæðingarnefnd fari með sölu á eignarhlutum ríkisins í fyrirtækjum í samráði við fjármálaráðherra og þann ráðherra sem fer með eignarhlutann. Þrátt fyrir þetta gilda þó almennt þau meginsjónarmið og meginreglur sem koma fram í áður tilgreindri reglugerð um ráðstöfun eigna ríkisins.

Þau meginsjónarmið eru í örstuttu máli þau að í fyrsta lagi sé fyrir hendi lagaheimild til sölunnar enda sé eignin þess eðlis að gerð sé krafa um það í lögum. Í öðru lagi er sett lágmarksverð á eignina sem venjulega er fundið með verðmati og í þriðja lagi að hún sé auglýst til sölu á opinberum vettvangi þannig að allir eigi þess kost að bjóða í hana. Eignin er að því búnu seld hæstbjóðanda enda sé fram boðið verð yfir ásettu lágmarksverði.

Í þriðja lagi er spurt:

Er í undirbúningi lagasetning um hvernig fara skuli að við sölu ríkiseigna?

Svarið er það, eins og áður er komið fram af minni hálfu

hér, að slík löggjöf er þegar fyrir hendi og ekki í undirbúningi önnur lagasetning um þetta efni.

[12:24]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Sala ríkiseigna og meðferð þeirra er stórmál og afar athyglisverð eru hér orð hæstv. fjármálaráðherra um að farið sé eftir reglum og að allir skuli eiga jafnan rétt til að bjóða í þær — nema ef sérstakt frávik verður, eins og er í þessum lið nr. 10, að víkja megi frá þessum reglum. Það hefur að mínu viti verið gert í flestum tilvikum.

Bankarnir, voru þeir seldir eftir þeim reglum sem upp voru settar í byrjun? Nei. Reglan sem gilti var að þeim skyldi skipt jafnt milli Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins. Mun ekki sú sama regla gilda núna um Símann? Er þetta ekki eina reglan sem í gangi er, þ.e. helmingaskiptaregla Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins um þessar ríkiseignir? Er ekki óþarfi að vera með allar þessar reglur á blaði sem ekkert er farið eftir? Er ekki bara að skipta þessu, og hvernig á að skipta Símanum á milli Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins? Ég held að það sé spurningin sem við stöndum nú frammi fyrir, frú forseti.

[12:25]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það var fróðlegt að hlusta á svar hæstv. fjármálaráðherra við þeirri fyrirspurn sem hér var lögð fram. Það að samræmdar reglur gildi um hvernig ríkisfyrirtæki séu seld, heimildar sé aflað til að gera það og þetta sé allt saman í eðlilegum og sjálfsögðum farvegi þar sem auglýst er útboð og hæstbjóðandi fái — ég hélt satt að segja að hæstv. ráðherra væri að tala um eitthvað annað en sölu ríkiseigna þegar hann lýsti þessu ferli. Allir þeir sem fylgst hafa með þeirri sögu gera sér grein fyrir því að sérstakar reglur gilda í hverju einstöku tilviki, og oft og tíðum eftir að lagt er af stað í þá ferð að selja er þeim reglum breytt til að laga þær að þörfum einhvers kaupanda sem virðist jafnvel hafa verið valinn fyrir fram.

Vona ég að hæstv. fjármálaráðherra sjái þörfina fyrir það að setja heildstæða löggjöf um þetta efni.

[12:26]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það kom fram að það væri farið eftir reglum — stundum, ekki alltaf, en stundum. Þá er rétt að huga að því, vegna þess að þetta snýst um meðferð á opinberum fjármunum, hvort það sé farið eftir einhverjum reglum þegar ríkisfyrirtæki sem er búið að hlutafélagavæða fara í ríkisvæðingu, eins og t.d. þegar Skjár einn var ríkisvæddur. Það væri fróðlegt að vita hvort einhverjar reglur væru í smíðum hjá fjármálaráðuneytinu varðandi það vegna þess að hér er um að ræða gríðarmikla fjármuni, opinbera fjármuni í eigu almennings, sem verið er að festa. Í rauninni ættu reglurnar að vera gagnsæjar svo að þær væru hafnar yfir allan vafa.

[12:27]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að við verðum að vanda okkur þegar við seljum ríkiseignir.

Mig langaði til að nota tækifærið hér til að vekja athygli á svari við fyrirspurn sem ég fékk í síðustu viku, fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra um það hvernig helmingsandvirði af söluverðmæti Steinullarverksmiðjunnar hefði verið varið á sínum tíma, 105 millj. kr. Samkvæmt lagabreytingu frá árinu 2002 um Steinullarverksmiðjuna átti að verja 105 millj., þ.e. helmingnum af söluverðmætinu, til samgöngubóta eða annarra verkefna í sveitarfélögunum.

Í svarinu kemur í ljós að helmingi af þessu andvirði, þ.e. 105 millj., var varið í Norðvest. til fiskeldisrannsókna, annars vegar 70 millj. til fiskeldisrannsókna við Hólaskóla og síðan 35 millj. í barraeldi, þ.e. eldi á fisktegund sem sýnt er að ekki er hægt að ala hér með hagkvæmum hætti. Þessum peningum var kastað í eldisstöð sem var gjaldþrota að því virðist, virðulegi forseti, til þess að skera lánardrottna niður úr snörunni.

[12:28]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa miklum vonbrigðum með að ekki sé fyrirhugað að setja skýrar lagareglur um hvernig fara eigi með sölu eigna ríkisins.

Það er vissulega rétt hjá hæstv. fjármálaráðherra að hægt er að vitna til margvíslegra reglna sem um þetta gilda. Ef þær væru tæmandi og fullnægjandi þá hefði ekki þurft að setja sérstakar verklagsreglur af forsætisráðuneytinu um þessa sölu og kveða síðan sérstaklega á í þeim reglum um að víkja megi þeim reglum frá. Það er afar mikilvægt að sala ríkiseigna sé trúverðug og fólk trúi því að leitað sé hagstæðustu tilboða og að allir hafi þar jöfn tækifæri. Það olli mér því miklum vonbrigðum þegar mér varð ljóst að þeir sem bjóða í þessi bréf, til að mynda fyrirtækja, hafa ekki möguleika á því að fá upplýsingar um önnur tilboð og hvernig þeim var háttað af þeim sökum að þessi söluaðferð er túlkuð þannig að stjórnsýslulög eigi ekki við um hana af einhverjum sérstökum ástæðum. Ég held að það væri miklu trúverðugra og miklu betra, og það mundi tryggja ákveðna gagnsæi í meðferð þessara mála, að um þetta giltu skýr lög á Alþingi sem Alþingi setti.

Við erum að tala um mjög stór mál. Fram undan er sala Símans, stærsta sala sem ríkið hefur ráðist í og að minni hyggju væri mjög skynsamlegt og mjög mikilvægt að þegar að þeirri sölu kemur þá verði hún að mestu leyti yfir gagnrýni hafin og um hana kunni að myndast og takast mikil sátt. Ég ætla ekki að rekja það sem aðrir hér hafa gert um hvernig ríkiseignum hefur tíðum verið skipt. Það er umræða sem ekki verður kveðin niður nema settar verði skýrar og gagnsæjar reglur um hvernig skuli fara með sölu ríkiseigna og því lýsi ég sérstökum vonbrigðum með að ekki skuli verið að vinna að setningu slíkra reglna.

[12:31]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að setja lög sem þegar eru í gildi. Það þarf ekki að setja reglur sem búið er að setja. Það gilda um þetta skýr lagaákvæði og skýrar reglur, m.a. í reglugerð sem ég hef hér í höndunum og nefndi í mínu fyrra svari. En aðalatriðið er, og það hygg ég að þingmenn séu almennt sammála um, að það þarf að standa vel að sölu ríkiseigna og það þarf að gera það með eðlilegum hætti á grundvelli þessara reglna og ég held að það hafi í aðalatriðum tekist í gegnum tíðina. Það er mikilvægt að ríkið fái sannvirði fyrir sínar eignir og að almenningur sem tekur þátt í viðskiptum eða vill eignast það sem verið er að

selja hafi traust á því að allt sé með felldu í slíkum viðskiptum.

Það má hins vegar ekki rugla saman aðferðinni við að selja tiltekna eign eða fyrirtæki og svo hins vegar því hvað gert er við andvirðið. Mér virtist gæta ákveðins misskilnings í ræðu hv. þingmanns Magnúsar Hafsteinssonar hvað það atriði varðar. Hann var ekki ánægður með ráðstöfun á söluandvirði einnar tiltekinnar eignar. Það er annað mál en verið er að spyrja hér um í dag.

Ólögmætt samráð olíufélaganna.

Fsp. LB, 427. mál. — Þskj. 613.

[12:32]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu hefur ekki farið fram hjá neinum sú rannsókn og niðurstaða samkeppnisyfirvalda sem nú liggur fyrir um að olíufélögin hafi haft með sér ólögmætt verðsamráð hvað varðar verðlagningu á olíu. Mörg fyrirtæki og samtök og sveitarfélög hafa verið að skoða réttarstöðu sína að undanförnu og vega það og meta hvort sækja eigi bætur til olíufélaganna vegna þessa ólögmæta samráðs. Það er mikilvægt að allir skoði réttarstöðu sína og hvernig eigi að halda á þeim málum í framhaldinu.

Flestir í samfélaginu urðu fyrir barðinu á þessu ólögmæta samráði og að sjálfsögðu var þar ríkið ekki undanskilið. Í a.m.k. sjö tilvikum hefur ríkið beint eða óbeint verið þolandi í þessu samráði. Í fyrsta lagi var það árleg útboð og verðkannanir Vegagerðarinnar frá árinu 1995–2001, í öðru lagi útboð Landhelgisgæslunnar vegna kaupa á olíuvörum 1996, útboð dómsmálaráðuneytisins 1996 vegna kaupa á olíuvörum á lögreglubifreiðar, í fjórða lagi útboð og verðkönnun Landssímans 1998, í fimmta lagi samráð vegna útboðs Íslandspósts, í sjötta lagi samráð félaganna um afslátt til dómsmálaráðuneytisins 1998 og í sjöunda lagi samráð félaganna um afslátt til lögreglunnar í Borgarnesi 1998 vegna kaupa á olíuvörum fyrir lögreglubifreiðar.

Það er síðan athyglisvert í þeirri skýrslu og þeim úrskurðum sem liggja fyrir að á árinu 2000 voru forstjóri og aðstoðarforstjórar olíufélaganna að ræða uppgjör á milli olíufélaganna vegna framlegðar vegna viðskipta við dómsmálaráðuneytið og Landhelgisgæslu. Hið sama átti við um þessa yfirmenn sem hittust til að ræða skiptingu á viðskiptum við Landsvirkjun, Rarik, Vegagerðina, dómsmálaráðuneytið, Hafrannsóknastofnun, Vestmannaeyjabæ og fleiri á árinu 2001.

Að þessu samandregnu, virðulegi forseti, hlýtur að vakna spurningin: Hvernig ætlar ríkið og þá væntanlega fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins að halda á þessum málum fyrir ríkissjóð? Hvernig hyggst hann bregðast við? Af þeim sökum hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að bera fram svohljóðandi fyrirspurn:

Til hvaða aðgerða hefur ráðherra gripið til að tryggja hagsmuni ríkissjóðs vegna ólögmæts samráðs sem olíufélögin höfðu með sér í útboðum ríkisins og stofnana þess við kaup á olíuvörum? Er hafinn undirbúningur að höfðun skaðabótamála vegna tjóns sem ríkið og stofnanir þess urðu fyrir af völdum samráðs olíufélaganna?

[12:36]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda að í þessu máli er mjög mikilvægt að allir aðilar skoði sína réttarstöðu og það munum við vissulega gera fyrir hönd ríkisins sem ábyrgð berum á hagsmunagæslu fyrir þess hönd. Ég hlýt að vekja athygli á því að þetta mál er enn þá í meðferð og það er ekki komin endanleg niðurstaða í það. Ég sá ekki betur en að í áliti áfrýjunarnefndar samkeppnismála væri eilítið önnur niðurstaða, fljótt á litið a.m.k., heldur en kom fram í upphaflegri niðurstöðu samkeppnisráðs varðandi ýmsar opinberar stofnanir, m.a. nokkrar þeirra sem hv. þingmaður nefndi.

Mér sýndist að staðfest hefði verið niðurstaða varðandi tilteknar stofnanir ríkisins, Landhelgisgæslu og dómsmálaráðuneyti en ekki aftur hvað varðar samráð um sölu eða skiptingu markaðar hvað varðar aðra aðila eins og Vegagerð, Íslandspóst, Landssíma og fleiri.

Ég hef ekki haft aðstöðu til að stúdera þetta álit enn sem komið er. Ég vil aðeins segja að við munum fara vel í saumana á því og kanna réttarstöðu okkar hvað þetta atriði varðar. En það hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir enn um málarekstur eða þess háttar af ríkisins hálfu. Þar af leiðandi er ekki hægt að segja að hafinn sé undirbúningur að höfðun skaðabótamála eða þess háttar málareksturs. En það er mjög mikilvægt að fara vel yfir þetta og rannsaka nákvæmlega hvað þarna hefur gerst því að þetta er að sjálfsögðu alvarlegt mál fyrir ríkið eins og alla aðra sem hafa verið virkir á þessum mikilvæga eldsneytismarkaði á Íslandi.

[12:38]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Þeir sem fylgst hafa með þessu máli eða málefnum olíufélaganna vita að himinn og haf eru á milli áætlaðs ávinnings þeirra af samráði og væntra sektargreiðslna. Þegar fjallað hefur verið um þetta hefur verið bent á að þolendur þessa samráðs gætu farið í einkamál við olíufélögin og mundu væntanlega gera það. Því er ekki óeðlilegt að spurt sé hvað ríkið ætli að gera í þessu máli því ef þolendur eiga að sækja rétt í hendur olíufélaganna þá er ríkið óneitanlega og örugglega einn af þessum þolendum. Því er rétt að spyrja bara mjög einfaldrar og einfeldningslegrar spurningar og gott væri ef hæstv. fjármálaráðherra gæti svarað henni. Spurningin er: Ef svindlað var á ríkinu mun þá hæstv. fjármálaráðherra bregðast við og sækja rétt ríkisins?

[12:39]

Mörður Árnason:

Forseti. Viðskiptavinir — ef nota má það orð um viðskiptamenn olíufélaganna — viðskiptavinir þeirra hafa nú í einfaldri röð sagt frá því í fréttum að þeir hyggist lögsækja þessi félög vegna þess samráðs sem orðið er fullkomlega ljóst. Í þessum hópi eru flugfélögin, útgerðarmenn og fleiri og fleiri og í þeim hópi eru einnig Neytendasamtökin sem hyggjast fara í mál fyrir hönd sinna félagsmanna, með hvaða hætti sem það verður. Allir lýsa þessu yfir nema einn viðskiptavinur og það er hæstv. fjármálaráðherra.

Það er undarlegt hæglæti í fjármálaráðherra og ég óska þess að um leið og hann þarf að skoða málið og líta á það að hann lýsi þá yfir fullum vilja til að gera þetta og setji lögfræðinga sína í gang við að undirbúa það nú þegar.

[12:40]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er grundvallaratriði að menn hagnist ekki á því að gera samsæri gegn neytendum og atvinnulífi í landinu. Þess vegna er ákaflega brýnt að ríkið sem stór viðskiptavinur við olíufélögin undirbúi fyrir sitt leyti aðgerðir til að sækja það tjón sem félögin ljóslega hafa valdið ríkinu. Ég lýsi yfir undrun minni á hæglæti fjármálaráðherra í þessu efni. Hjá Reykjavíkurborg sem átti í svipuðum málum við olíufélögin hefur verið farið yfir þessi mál og liggja fyrir lögfræðiálit um að borgaryfirvöldum er ekkert að vanbúnaði við að sækja rétt sinn gagnvart félögunum. Ég treysti því að hæstv. fjármálaráðherra lýsi hér yfir fullum vilja til málshöfðunar af sama tagi og reyni að taka sig saman í andlitinu og standa sig með svipuðum hætti í þessum málum og borgaryfirvöld í Reykjavík hafa með fordæmi sínu sýnt.

[12:42]

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í fréttum hafa margir lýst því yfir að þeir séu þess að fullu reiðubúnir að höfða mál til heimtu skaðabóta á hendur olíufélögunum. Hið sama á að sjálfsögðu við um ríkið. Þau sjö tilvik sem ég nefndi áðan eru öll staðfest í áfrýjunarnefnd samkeppnismála og því er ljóst að bótaréttur ríkisins er nokkuð viss.

Reykjavíkurborg hefur lýst því yfir og látið vinna sérstakt lögmannsálit um þetta. LÍÚ hefur gert hið sama. Alcan er að gera hið sama og fleiri og fleiri. Þess vegna verð ég að taka undir það með þeim sem það hafa sagt hér að sérstaka furðu vekur það hæglæti sem hæstv. fjármálaráðherra sýnir í þessu máli, þ.e. að hann skuli ekki nú þegar hafa hafið undirbúning að því að kanna hvort ríkið eigi rétt á bótum eða ekki. Það er mikilvægt að hefja þessa vinnu strax því að niðurstaðan má ekki verða sú að þeir sem stunda svona samsæri gegn í almenningi í þessu landi hagnist á því. Ef þær sektir sem nú hafa verið lagðar á þessi félög einar og sér koma til með að standa sem niðurlag þessa máls þá hafa, að mati bæði samkeppnisráðs og áfrýjunarnefndar, félögin haft a.m.k. 5 milljarða út úr því að beita slíku samsæri gegn almenningi og neytendum í þessu landi.

Því er einnig full ástæða til að spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Mun ríkissjóður koma að því og styðja við bakið á Neytendasamtökunum og einstaklingum sem vilja láta á rétt sinn reyna gagnvart þessum félögum? Svo almennt og víðtækt er þetta samráð að minni hyggju að full ástæða er fyrir ríkissjóð að skoða það að styðja við bakið á þeim sem vilja sækja rétt á hendur þessum félögum.

[12:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég tel það ekki til marks um sérstakt hæglæti að á miðvikudegi sé ekki búið að bregðast við niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem féll á mánudaginn var. Málið er auðvitað til athugunar á réttum vettvangi innan ríkiskerfisins eins og annars staðar. Ríkið hefur í sinni þjónustu ágæta lögfræðinga sem munu fara yfir þetta og síðan komumst við að niðurstöðu um það hvort þarna sé einhvern rétt að sækja og hvernig best sé þá að standa að því.

Auðvitað er þetta mál margslungið hvað varðar ríkisvaldið sem er náttúrlega með ýmsar stofnanir á sínum snærum, m.a. þær sem hafa verið að vinna þetta mál. Ríkissjóður fær væntanlega þær sektir sem þarna kann að þurfa að greiða. En ég vek athygli á þeirri nýstárlegu kenningu sem Samfylkingin var með fyrir jólin að ríkissjóður hefði öðrum fremur grætt á þessu samsæri olíufélaganna í formi hærra olíuverðs og hærri gjalda á það. Sú nýstárlega kenning hefur ekki (Gripið fram í.) verið nefnd í þessari umræðu enda taldi ég í ljós leitt að eins og hún var fram sett þá var hún alveg út í hött. (Gripið fram í.) Þetta sýnir bara að þetta mál hefur margar hliðar. En sú hlið sem hér er núna til umræðu snýr að viðskiptum tiltekinna ríkisaðila við olíufélögin og hvort þeir aðilar hafi greitt of hátt verð fyrir sitt eldsneyti. Við munum fara yfir þá hlið málsins eins og okkur ber skylda til og komast að niðurstöðu varðandi þá réttarstöðu sem uppi er gagnvart þeim ríkisaðilum.

Þróun á lóðaverði.

Fsp. BJJ, 470. mál. — Þskj. 722.

[12:46]

Fyrirspyrjandi (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Húsnæðismál hafa verið í brennidepli á síðustu missirum. Mikil gerjun hefur átt sér stað á húsnæðismarkaðnum með tilkomu hagstæðra lánamöguleika sem Íbúðalánasjóður og bankarnir veita landsmönnum öllum. Ég er ekki í vafa um að aukið aðgengi íbúðarkaupenda að lánsfjármagni, fjármagni á mun lægri vöxtum en áður hafa þekkst hér á landi hefur haft þau áhrif að íbúðaverð hefur hækkað verulega ásamt því sem íslenskri þjóð vegnar vel þar sem raunkaupmáttaraukning er um 45% frá 1995.

En eru þetta einu haldbæru skýringarnar? Ég tel svo ekki vera. Á síðustu missirum hefur borið svo við að lóðaverð undir íbúðarhúsnæði hefur hækkað stórlega á síðustu árum. Mörg sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið þann kostinn að bjóða út lóðir undir íbúðarhúsnæði með þeim afleiðingum að svimandi háar upphæðir heyrast í því samhengi.

Það væri kannski sök sér að hafa slíkt fyrirkomulag ef nægt framboð væri af lóðum undir íbúðarhúsnæði. En staðreyndin er hins vegar sú að of lítið af lóðum er undir íbúðarhúsnæði sem gerir það að verkum að þegar svo fáar lóðir eru boðnar fer verðið upp úr öllu valdi, lóðaverð hækkar, húsnæðisverð hækkar sem hefur svo áhrif á þróun verðlags í landinu, verðbólguna sem hækkar húsnæðislán allra landsmanna hvort sem eigandi húsnæðisins býr í Reykjavík eða á Húsavík. Ég tel, hæstv. forseti, að hér sé um varhugaverða þróun að ræða og ljóst ef fram heldur sem horfir með áframhaldandi verðhækkunum á húsnæði gæti orðið kollsteypa á húsnæðismarkaðnum, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu.

Því er mikilvægt, hæstv. forseti, að vandað sé til verka en því miður vaknar sú tilfinning að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafi ef eitthvað er stuðlað að hækkun íbúðaverðs og ef fram heldur sem horfir er stutt á hengiflugsbrúnina. Það segir sig sjálft að þegar brunabótamat eða fasteignamat er tugum prósentna undir söluverðmæti viðkomandi húseignar þá er nauðsynlegt að staldra við.

Til þess að átta sig á þróun mála hef ég lagt fyrir hæstv. fjármálaráðherra eftirfarandi spurningar:

1. Hver hefur þróun lóðaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu verið árin 2000–2005 og hvernig hefur verð á íbúðarhúsnæði þar þróast á sama tímabili?

2. Hver hefur þróun lóðaverðs á Akureyri verið árin 2000–2005 og hvernig hefur verð á íbúðarhúsnæði þar þróast á sama tímabili?

3. Telur ráðherra að lóðaverð íbúðarhúsnæðis hafi haft mikið að segja um þróun verðlags íbúðarhúsnæðis?

[12:49]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Hér er hreyft athyglisverðu máli. Því miður liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um allt það sem hv. þingmaður spyr um, sem er í fyrsta lagi:

„Hver hefur þróun lóðaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu verið árin 2000–2005 og hvernig hefur verð á íbúðarhúsnæði þar þróast á sama tímabili?“

Því er til að svara að ráðuneytið hefur ekki yfir að ráða sundurliðuðum upplýsingum um markaðsverð einstakra lóða og landspilda á mismunandi svæðum á landinu út frá kaupsamningum um slíkar eignir. Sölur á óbyggðum lóðum eru strjálar enda eignarlóðir í miklum minni hluta hér á landi. Lóðasölur og sölur á byggingarrétti lands er oft hluti af kaupsamningum um gömul hús sem ætlunin er að rífa. Í slíkum tilfellum skortir nákvæmar upplýsingar um fjölda væntanlegra lóða og byggingarmagn til að unnt sé að leiða raunverulegt lóðaverð af slíkum samningum.

Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins hefur fasteignamat íbúðarhúsalóða á höfuðborgarsvæðinu hins vegar hækkað um 187% frá árinu 2000. Athuga verður að innifalið í þeirri hækkun fasteignamats er endurmat Fasteignamatsins árið 2001 sem var umfangsmikil leiðrétting á matsgrunninum, árlegur framreikningur fasteignamats og aukinn fjöldi lóða á byggingarmarkaði. Hin almenna aukning sem orðið hefur á byggingarmagni hverrar lóðar leiðir þannig af sér hærra lóðarmat. Samkvæmt vísitölu fasteignaverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu sem Fasteignamat ríkisins gefur út hækkaði hins vegar verð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu um 67,6% frá janúar 2000 til desember 2004. Samkvæmt útreikningum Fasteignamatsins sem byggja á þinglýstum kaupsamningum nam hækkun á ársmeðaltölum íbúðaverðs í Reykjavík á milli áranna 2000 og 2004 um 40,4%.

Í öðru lagi spyr hv. fyrirspyrjandi:

„Hver hefur þróun lóðaverðs á Akureyri verið árin 2000–2005 og hvernig hefur verð á íbúðarhúsnæði þar þróast á sama tímabili?“

Það sama á við og áður að ekki liggja fyrir sundurliðaðar upplýsingar um markaðsverð einstakra lóða og landspilda á Akureyri út frá kaupsamningum frekar en í Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins hefur fasteignamat íbúðarhúsa og lóða á Akureyri hins vegar hækkað frá árinu 2000 um 244%. Eins og á höfuðborgarsvæðinu er í þeirri hækkun fólgið endurmat fasteignamats árið 2001, árlegur framreikningur fasteignamats og aukinn fjöldi lóða og byggingarmagns. Samkvæmt útreikningum Fasteignamats ríkisins sem byggja á þinglýstum kaupsamningum nam hækkun á ársmeðaltölum íbúðaverðs á Akureyri milli áranna 2000 og 2004 um 40,3% sem er nánast sama tala og í Reykjavík.

Í þriðja lagi spyr hv. fyrirspyrjandi:

„Telur ráðherra að lóðaverð íbúðarhúsnæðis hafi haft mikið að segja um þróun verðlags íbúðarhúsnæðis?“

Eins og tæpt er á hér að framan eru ekki fyrir hendi nægileg gögn til að leggja sjálfstætt mat á það hvernig verð á lóðum undir íbúðarhúsnæði hefur haft áhrif á þróun verðlags íbúðarhúsnæðis. Sölur á óbyggðum lóðum eru fátíðar og lóðasölur og sölur á byggingarrétti eins og áður hefur komið fram oft fólgnar í kaupsamningum um gömul hús sem ætlunin er að fjarlægja. Í slíkum tilfellum skortir án sérstakrar könnunar nákvæmar upplýsingar um fjölda væntanlegra lóða og byggingarmagn á þeim til að unnt sé að leiða raunverulegt lóðaverð af samningunum. En jafnframt hefur ekki verið safnað með kerfisbundnum hætti upplýsingum um lóðaverð í útboðum sveitarfélaga hér á landi. Hins vegar er alveg ljóst af þeim tölum sem hér hafa verið raktar að lóðaþátturinn hefur haft verulega þýðingu í þeirri hækkun á fasteignaverði sem orðið hefur á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri á því tímabili sem fyrirspyrjandi spyr um.

[12:53]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Birki J. Jónssyni fyrir að vekja athygli á þessu stóra máli. Ég er sammála því sem kom fram í fyrirspurninni að spurningunum að þetta er auðvitað stórt mál. Við þekkjum það, þingmenn Reykjavíkur, að þróunin á húsnæðismarkaði er orðin mikið áhyggjuefni og búin að vera lengi. Við þekkjum það að þegar menn stunda þá iðju, eins og verið hefur í Reykjavíkurborg, að vera með skort á lóðum og bjóða upp þær fáu lóðir sem eru, þá gerist ekkert annað en að húsnæðisverð hækkar og þar af leiðandi leiguverð og það kemur illa niður á þeim sem kaupa sér húsnæði en þó sérstaklega kemur það illa niður á þeim sem minnst mega sín.

Ég vil enn og aftur, virðulegi forseti, þakka málshefjanda og hæstv. fjármálaráðherra fyrir fyrirspurnir og svör þeirra í þessu stóra máli.

[12:54]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft ákaflega athyglisverðu máli og sérstök ástæða til að þakka hv. málshefjanda fyrir það og hæstv. fjármálaráðherra fyrir greinargóð svör.

Eins og nú horfir mælist varla nokkur verðbólga hér á landi ef undan er skilin hækkun húsnæðiskostnaðar og það er sú hækkun sem síðan kallar fram hækkun á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands sem hefur haft það í för með sér að

gengi krónunnar hefur verið að hækka, útflutningsgreinunum og samkeppnisgreinunum til sérstakrar bölvunar og þar með atvinnulífinu á landsbyggðinni. Það er þá undarlegt að hugsa til þess ef stefna í lóðamálum tiltekinna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er líka farin að hafa þessi áhrif þegar grannt er horft að það er síðan farið að valda verðbólguþrýstingi sem verður til þess að hækka gengi íslensku krónunnar og valda sérstökum búsifjum og vandræðum á landsbyggðinni. Þetta er auðvitað vítahringur sem verður að rjúfa. Ég hef hvatt til þess opinberlega og ég held að ekkert úrlausnarefni í íslenskri hagstjórn sé brýnna heldur en einmitt það.

[12:56]

Mörður Árnason:

Forseti. Það hendir stundum hv. 6. þm. Reykv. n. að bera inn áróðursræður úr borgarstjórnarsalnum í Reykjavík við hliðina á okkur. Það er ástæða til að andæfa því sem komið hefur fram hjá honum að það sé lóðaskortur í Reykjavík sem sé ábyrgur fyrir hækkun fasteignamats og húsnæðisverðs. Það eru auðvitað allt aðrar ástæður. Í fyrsta lagi er lóðasvæðið eða íbúðarsvæði á höfuðborgarsvæðinu ekki bundið við Reykjavík heldur tekur til allra byggðanna í grenndinni og hins stærri þríhyrnings kringum Reykjavík. Í öðru lagi er það ósköp einfaldlega þannig að fasteignamatið á Akureyri hefur hækkað jafnmikið og í Reykjavík og við þurfum að fá sérstakar skýringar á því hvort það sé vegna lóðaskorts í Reykjavík.

Það eru aðrir hlutir sem skipta máli. Það er aukinn aðgangur að fjármagni til húsnæðiskaupa m.a. og spurning er: Er hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson á móti þeim aðgangi?

[12:57]

Fyrirspyrjandi (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra svörin og einnig hv. þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni.

Það sem kemur mér þægilega á óvart í svari hæstv. ráðherra er sú þróun sem hefur átt sér stað á Akureyri hvað fasteignaverð varðar og eru í raun allt aðrar tölur en umræðan almennt hefur endurspeglað á síðustu árum. Staðreyndin er greinilega sú að frá árinu 2000 hafa verðmæti fasteigna á Akureyri haldið hlutfallslega í fasteignir í Reykjavík. Slíkt endurspeglar styrk Akureyrar á síðustu árum, enda er það markmið ríkisstjórnarinnar að efla Eyjafjarðarsvæðið sem öflugt mótvægi við höfuðborgarsvæðið.

Það er nauðsynlegt að halda þar áfram að fjölga opinberum störfum til að styrkja þetta svæði áfram og þar verða stjórnvöld að taka sig á sem og á öðrum stöðum á landinu.

Hæstv. forseti. Ég tel að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu verði að leita leiða til þess að hafa áhrif á að lóðaverð haldi ekki áfram að hækka í framtíðinni eins og þróunin hefur verið á síðustu missirum. Það er skylda sveitarfélaganna að standa vörð um hagsmuni íbúa sinna og sú þróun sem hefur átt sér stað í hækkun á lóðaverði er ekki til þess fallin að bæta hag íbúa viðkomandi sveitarfélaga né þjóðarbúsins eins og hefur komið fram í þessari ágætu umræðu.

Fræðsla um meðferð kynferðisafbrotamála.

Fsp. BjörgvS, 105. mál. — Þskj. 105.

[12:59]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Á haustdögum ársins 2004 var haldin nokkuð merkileg ráðstefna um menntun fagfólks og meðferð í kynferðisafbrotamálum. Var markmiðið með þeirri ráðstefnu að þar voru kallaðir til fulltrúar margra deilda Háskóla Íslands og Lögregluskólans til að fara yfir og gefa innsýn í á hve ólíkan hátt námskrár menntastofnana taka á og fjalla um kynferðislegt ofbeldi og kynbundið ofbeldi almennt. Þar voru tekin sérstaklega til og kom ágætlega fram á þeirri ráðstefnu að víða væri þekking hinna ýmsu fagstétta sem koma að málefnum kynferðisafbrota takmörkuð, ólík og að sumu leyti óviðunandi.

Það er eins og þar var sagt mjög mikilvægt að þessi málaflokkur komist á dagskrá með hófstilltum og vönduðum hætti þannig að menntunarmál og fræðslumál fagstéttanna sem eiga og þurfa að taka á forvörnum, fræðslu og meðferð við kynferðisafbrotamálum séu eins góð og hugsast getur. Því vildi ég beina þeirri fyrirspurn sem hér um ræðir til hæstv. heilbrigðisráðherra um menntun ólíkra fagstétta hvað varðar kynferðisafbrotamál og hvernig þeim málum væri háttað.

Þetta er stór liður í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, stór liður í því hvaða úrræði börnunum bjóðast, hvernig þær fagstéttir sem vinna með börn og unglinga og þá sem verða fyrir þessum hroðalegasta glæp allra glæpa taka á því og hvernig fagstéttirnar fara að því að greina þegar efasemdir vakna um slíkan voðaverknað. Slíkt hefur komið í ljós í könnunum. Hvort sem menn vefengja þær eða ekki stendur samt í könnun frá 2002 að um 17% íslenskra barna verði fyrir kynferðislegri misnotkun fyrir 18 ára aldur, fimmta hver stúlka og tíundi hver drengur. Þetta eru mjög ótrúlegar tölur og vonandi eru þær allt of háar þó að sumir haldi því fram að þær séu of lágar. Allténd er um að ræða mikið samfélagsmein, hroðalegan glæp sem við verður að bregðast með öllum mögulegum ráðum, ekki síst hvað varðar forvarnir, fræðslu og meðferð slíkra mála og því beini ég þessari fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra.

[13:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 7. þm. Suðurk., Björgvin G. Sigurðsson, hefur beint til mín eftirfarandi fyrirspurn:

„Er hafin vinna við að samræma og efla fræðslu og þekkingu fagstétta um meðferð kynferðisafbrotamála?“

Spurningin er víðtæk en svar mitt tekur mið af heilbrigðisþjónustu eingöngu og þeim fagstéttum sem starfa á því sviði. Það er ekki hafin nein vinna svo að mér sé kunnugt við að samræma fræðslu og þekkingu fagstétta um meðferð kynferðisafbrota og ekki kannast starfsmenn heilbrigðisþjónustu við áform um það. Heilbrigðisstéttirnar hafa hins vegar á undanförnum árum lagt töluvert mikla vinnu í að efla þekkingu á þessu sviði jafnhliða því að upplýsingar um umfang og afleiðingar kynferðisafbrota hafa aukist. Þróun þekkingar á þessu sviði er mjög mikilvæg og

sú reynsla sem hefur fengist af neyðarmóttöku vegna nauðgana og annarri þjónustu á svipuðu sniði hefur verið nýtt til að fræða heilbrigðisstarfsmenn og verðandi heilbrigðisstarfsmenn betur en áður um ýmsa þætti þessa viðkvæma hluta heilbrigðisþjónustunnar. Þessi miðlun þekkingar fer þó fyrst og fremst fram í menntastofnunum og að minna leyti með starfsþjálfun á heilbrigðisstofnunum.

Enginn ágreiningur er um það að þessum þætti þjónustunnar þarf að sinna eins vel og kostur er, og öllum eru raunar ljósar hinar alvarlegu afleiðingar sem þessi afbrot geta haft á þá sem fyrir þeim verða. Oft er um að ræða *langtímaáhrif sem ekki eru endilega tengd með skýrum* hætti við afbrotið og er því mikilvægt að starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar séu vakandi fyrir orsökunum og vel í stakk búnir til að mæta þörfum þessara skjólstæðinga ef þeir leita sér hjálpar.

Eins og áður segir eru ekki uppi nein sérstök áform um að samræma þessa þekkingu. Ábyrgð á menntun heilbrigðisstétta er ekki nema að hluta til á herðum heilbrigðisþjónustunnar svo að ljóst er að samræming mundi þýða samvinnu fleiri ráðuneyta í þessu mikilvæga máli.

[13:04]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Ég tek undir hans góða vilja til að efla fræðslu og forvarnir og þróa alla þá þekkingu sem til staðar er í samfélaginu til að vinna gegn slíku tjóni og meðhöndla fórnarlömb þessa voðaglæps.

Hæstv. ráðherra segir að ekki séu áform um samræmingu á þekkingu fagstéttanna. Hins vegar sé um að ræða samstarfsverkefni margra ráðuneyta og *vil ég nota tækifærið* hér að lokum til að hvetja hæstv. ráðherra til að skoða það mál vel og beita sér jafnvel síðar fyrir því að ráðuneytin hafi með sér samvinnu um að efla og samræma þekkingu á sviði kynferðisafbrotamála. Ég held að það gætu orðið mjög farsæl skref, mjög mikilvæg skref til lengri tíma litið til að sem allra best og með sem vönduðustum hætti sé brugðist við meðhöndlun fórnarlamba kynferðisafbrota. Það gæti haft veruleg áhrif í þeirri vinnu allri. Eins og fram kom hjá fagstéttunum er þekkingin mjög ólík, stundum alls ekki nægjanleg og mjög er mikilvægt held ég að samræma þessa þekkingu þannig að undir liggi samræmd grundvallarþekking þó að fagstéttirnar taki svo á málinu á ólíkum stigum og hver með sínum hætti.

Aldraðir á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Fsp. BjörgvS, 414. mál. — Þskj. 548.

[13:06]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra:

Hve margir aldraðir eru á dvalarheimilum annars vegar og hjúkrunarheimilum hins vegar? Hve margir deila herbergi með öðrum, ef hjón eða sambýlisfólk er frátalið, og hve margir eru í einkaherbergjum?

Í öðru lagi: Stendur til að endurskoða löggjöf um málefni aldraðra og banna að aldraðir deili herbergi með öðrum, sé ekki um maka eða sambýling að ræða?

Það sem liggur að baki því að ég óska eftir þessum upplýsingum er að á haustdögum fór fram töluverð umræða um málefni aldraðra, og mjög vönduð umfjöllun um það mál var á morgunvakt Ríkisútvarpsins og fleiri fjölmiðlum. Meðal þess sem að baki liggur, til að nefna nokkrar tölur málinu til grundvallar, voru árið 2003 60 ára og eldri um 10% þjóðarinnar, þeir sem voru 80 ára og eldri voru 3% þjóðarinnar þannig að við erum að tala um þjóðfélagshóp sem er stór og fer ört stækkandi, enda stórar kynslóðir sem nálgast núna miðjan aldur og efri ár. Þetta snýst allt að mínu mati, virðulegi forseti, um mannréttindi og að mínu viti er alls ekki nægilega vel um þessa hluti búið. Fram hefur t.d. komið að um þriðjungur þeirra 1.240 einstaklinga sem eru á dvalar- og hjúkrunarheimilum í Reykjavík einni séu í tvíbýli. Því vildi ég kalla fram heildstæðar upplýsingar um það hvernig staðan væri.

Oft koma upp sögur og frásagnir eldra fólks um að það verði fyrir ákveðinni niðurlægingu inni á stofnunum sumum og stundum þótt vitaskuld séu þessar stofnanir góðar, *með gott starfsfólk og til fyrirmyndar. Niðurlægingin felst* m.a. í því að bætur þess renna hljóðlega og sjálfkrafa beint til stofnunar og fólkið þarf að sækja sérstaklega um það sem kallað er vasapeningur sem er um 20 þús. kr. á mánuði. Það er víða pottur brotinn í þessu og að mínu mati er alls ekki nægjanlega vel um þessa hnúta búið. Við eigum að stefna að því á mjög skömmum tíma að aldraðir þurfi ekki að búa við það nema þeir óski eftir því að deila herbergi á hjúkrunar- eða dvalarheimilum.

Þetta snýst um sjálfræði og virðingu fyrir einkalífi fólks. *Þetta er þversögn í nútímanum þar sem að mínu viti á að* koma til öflug heimaþjónusta með öflugum þjónustukjörnum þannig að fólk geti verið sem allra lengst heima og notið góðrar þjónustu. Ég veit að hæstv. ráðherra deilir þessari skoðun með mér en ferillinn er oft langur og þungur og aldurssamsetningin slík að þetta kallar á nýja stefnu í málefnum aldraðra þar sem við höfum að leiðarljósi virðingu fyrir sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétti einstaklingsins, að einstaklingar fái að lifa við öryggi, aldraðir geti haldið reisn sinni, verið í heimabyggð og virkjaðir til þátttöku í samfélaginu án þess að gengið sé á *einkalíf* þeirra og sjálfsögð mannréttindi.

[13:09]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 7. þm. Suðurk. Björgvin G. Sigurðsson hefur beint til mín fyrirspurn um aldraða á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Þingmaðurinn spyr hve margir aldraðir séu á dvalarheimilum annars vegar og hjúkrunarheimilum hins vegar, hve margir deili herbergjum með öðrum að frátöldum hjónum eða sambýlisfólki og hve margir séu í einkaherbergjum.

Leitað var upplýsinga með bréfi sem sent var í lok desember 2004 til forstöðumanna allra öldrunarstofnana í landinu. Stofnanirnar eru samtals 73 en í sumum tilvikum eru fleiri en eitt öldrunarheimili sem heyra undir sömu stofnun. Samkvæmt upplýsingum frá öllum þessum stofnunum miðað við stöðuna í janúar eru samtals 843 einstaklingar í dval-

arrými. Af þeim eru 704 í einbýli, 33 einstaklingar deila herbergjum með öðrum að frátöldum hjónum eða pörum. Hjón eða pör í sambúð í dvalarrými eru 53. Einstaklingar í hjúkrunarrými eru aftur samtals 2.291. Af þeim eru 1.265 í einbýli, 954 deila herbergjum með öðrum og hjón eða pör eru 36.

Hv. þingmaður spyr einnig hvort áformað sé að endurskoða löggjöf um málefni aldraðra og banna að aldraðir deili herbergjum með öðrum sé ekki um maka eða sambýling að ræða.

Í 14. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, segir um stofnanir að við hönnun skuli þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og að sem flestir íbúar hafi eigið herbergi. Stefnan er því skýr þó að ekki sé í lögunum lagt blátt bann við því að aðrir en makar deili saman herbergi. Viðhorf og kröfur hvað þetta varðar hafa breyst hratt. Aftur á móti eru margar öldrunarstofnanir komnar til ára sinna og bera enn vitni eldri viðhorfum þegar ekki þótti tiltökumál að aldraðir væru tveir eða fleiri saman í herbergi, og slíkt var fremur regla en undantekning.

Á undanförnum árum hefur verið ráðist í umfangsmiklar breytingar og endurbætur á mörgum þessara stofnana sem hafa falið í sér að færa aðstæður í nútímalegra horf og m.a. fækka tveggja manna herbergjum og fjölbýlum en fjölga einbýlum. Enn er því miður mikið ógert í þessum efnum og því verður haldið áfram á þessari braut enda er það í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er í lögum um málefni aldraðra.

Eins og áður segir spyr hv. þingmaður beinnar spurningar um hvort til standi að banna með lögum að aldraðir deili herbergjum nema um maka sé að ræða. Svarið við þeirri spurningu er að slíkt bann er ekki á dagskrá. Sem fyrr segir er stefnan hins vegar sú að sem flestir aldraðir á stofnunum hafi eigið herbergi og ég tel nauðsynlegt að fylgja þeirri stefnu fast eftir, bæði varðandi endurbætur á eldra húsnæði og ekki síður við byggingu nýrra stofnana. Það verður að segjast að vegna mikils skorts á hjúkrunarrými, einkum á höfuðborgarsvæðinu, hefur e.t.v. ekki verið lögð nógu mikil áhersla á þennan þátt og vissulega er þörf á því að gera betur. Bein boð eða bönn í þessum efnum tel ég hins vegar óþörf ef stefnan er skýr. Það hafa orðið umtalsverðar breytingar til bóta á síðustu árum og ég er þess fullviss að þróunin verður áfram hröð í takt við kröfur nútímans án þess að grípa þurfi til lagaboðs.

Ég vona, hv. þingmaður, að svar mitt hafi varpað einhverju ljósi á það málefni sem hér er til umræðu.

[13:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög nauðsynleg umræða sem hér fer fram og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa komið með þessar fyrirspurnir. Eins og hefur komið fram í umræðunni er mjög brýnt að tryggja sjálfstæði og réttindi eldra fólks sem þarf stuðning, þarf að búa á hjúkrunarheimilum eða þarf heilbrigðisþjónustu og vill vera heima. Ég tel eðlilegt að eldra fólk hafi val um það hvernig hagir þess eru á ævikvöldinu. Það á að geta átt einkalíf sitt í friði og ekki þurfa að una því að deila herbergi með öðrum, jafnvel fólki sem það þekkir ekki neitt. Við þurfum auðvitað að tryggja að bætt verði úr því enda hefur þróunin verið í þá átt eins og hæstv. ráðherra benti á. Það er orðið tímabært að breyta þessu fyrirkomulagi og tryggja einnig fjárhagslegt sjálfstæði eldra fólks sem er ekki raunin, eins og bent var á, inni á þessum stofnunum þar sem menn þurfa að búa við það að þurfa að sækja um vasapeninga og halda ekki tekjum sínum.

[13:14]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspurnina og svar hæstv. ráðherra. Dvalarheimili eru barn síns tíma en þau verða áfram nauðsynleg sem valkostur, sérstaklega þegar tekið er tillit til fjárhagsstöðu sveitarfélaganna eins og þau eru í dag og tekjustofna þeirra. Í þeim sveitarfélögum þar sem dreifbýli er mikið sé ég ekki að þeim verði í nánustu framtíð kleift að reka heimaþjónustu eins og flest þeirra vilja. Hjúkrunarrýmin eru of fá og þeim þarf að fjölga en það þarf að stórefla heimahjúkrunina og hafa það að markmiði í allri okkar vinnu, og sérstaklega að teknu tilliti til tekjustofna sveitarfélaganna, að þau geti sinnt þessu. Sem hluta af þessari umræðu þurfum við að hafa í huga að það verður að efla sjálfstæði aldraðra, bæði inni á stofnunum og ekki síður að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði og öryggi þessara einstaklinga.

[13:16]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra ákaflega skýrt og afdráttarlaust svar. Þar kemur fram að 954 íbúar á hjúkrunarheimilum deili herbergjum með öðrum en mökum sínum. Það er að sjálfsögðu allt of há tala og allt of langt í land. Þarna er að mínu viti gengið gegn sjálfstæði, virðingu og sjálfræði eldra fólks, gengið gegn mannréttindum þeirra sem þar búa og við eigum að stefna að því, eins og hæstv. ráðherra sagði, að svo verði ekki. Ég held að lagaboð komi vel til greina. Ég held að það komi vel til greina að setja lög sem banna að aldraðir deili herbergi með öðrum á dvalar- eða hjúkrunarheimilum sé ekki um maka eða sambýling að ræða. Málið er svo mikilvægt og alvarlegt að mínu viti og það er svo langt í land eins og uppbygging hjúkrunarheimila víða um land færir okkur heim sanninn um.

Það gengur mjög treglega að bæta úr ákaflega brýnni þörf margra aldraðra fyrir slík úrræði, þó svo að nútíminn sé að mínu mati að sjálfsögðu sá að dvalarheimilisformið sé á undanhaldi og að við eigum að byggja upp öfluga heimaþjónustu með þjónustuíbúðum, þjónustukjörnum eða sambýlum einhvers konar og að hjúkrunarheimilin taki við þegar heilsu fólks hefur hrakað það mikið að ekki er hægt að sinna þjónustunni heima. Þannig á ferlið að vera í stærstum dráttum þó svo að dvalarheimili verði alltaf meðfram. Við verðum að bæta verulega úr þarna og hraða mjög för þannig að þetta verði óþekkt eins og víðast er annars staðar á Norðurlöndum þar sem, eftir mínum upplýsingum, er nánast óþekkt að aldraðir á dvalar- eða hjúkrunarheimilum deili herbergi með öðrum en maka eða sambýlingi hafi þeir ekki sérstaklega óskað eftir því.

Ég ítreka að lagaboð kemur þarna að mínu viti mjög til greina. Þetta er brýnn þáttur til að bæta úr málefnum aldr-

aðra og við verðum að taka fast á því máli og setja það í forgang.

[13:18]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á efninu sem er mjög brýnt. Við göngum í gegnum breytingatíma hvað þetta varðar núna. Auðvitað hefur gengið of seint að bæta úr þessu, m.a. vegna þess að það var fremur regla en undantekning að margbýli væri á öldrunarstofnunum fram undir þetta. Við höfum gert hvort tveggja í senn, m.a. á höfuðborgarsvæðinu, að byggja við og auka rými en það hefur að hluta til ekki farið til að stytta biðlistana heldur til þess að koma upp einbýlum á stofnunum.

Það sem er fram undan er að koma í gang stóru öldrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu til að stytta þá biðlista sem þar eru og einnig til að færa búsetumálin í það horf sem við viljum hafa þau. Ég held að okkur hv. fyrirspyrjanda greini ekkert á um markmiðið. Við erum alveg sammála um það. Eigi að síður held ég að lagasetning í þessu efni miðað við það sem við búum við yrði til þess að við ættum í erfiðleikum með að uppfylla þá lagaskyldu í augnablikinu þó vissulega sé áríðandi að bæta ástandið. Það er verið að leggja fram verulegt fjármagn til þess. Við erum að færa okkur úr gömlum tíma yfir í nútímann og mæta eftirspurn eftir rými fyrir æ fleiri aldraða.

Húðflúrsmeðferð eftir brjóstakrabbamein.

Fsp. ÁRJ, 290. mál. — Þskj. 313.

[13:21]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Virðulegi forseti. Ég legg fram fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra sem er samhljóða fyrirspurn sem ég lagði fyrir hann fyrir þremur árum, um hvað liði ákvörðun um greiðsluþátttöku heilbrigðiskerfisins í húðflúrsmeðferð í kjölfar aðgerða vegna brjóstakrabbameins.

Frá því að ég spurðist fyrir um þetta hefur lítil breyting orðið á þó að ráðherrann hafi tekið mjög vel í fyrirspurnina og sýnt henni mikinn skilning og sagt að koma þyrfti til móts við þær konur sem vilja frekar húðflúrsmeðferð í stað erfiðrar ígræðslumeðferðar hjá lýtalæknum til að byggja upp geirvörtur eftir brjóstnám og uppbyggingu nýs brjósts.

Eins og við þekkjum, og kom reyndar fram í máli mínu þegar ég talaði fyrir fyrirspurninni síðast, er húðgræðslumeðferðin mjög erfið konum og er kerfinu mun dýrari en húðflúrsmeðferð. Húðflúrsmeðferðin er árangursríkari og farið að taka hana upp í öðrum löndum mun meir en þá leið sem kerfið greiðir fyrir hér. Menn hafa tekið þetta upp bæði hjá lýtalæknum og einnig hafa snyrtifræðingar eða hjúkrunarfræðingar tekið að sér að annast þessa húðflúrsmeðferð, en hér á landi hafa konur sem hafa valið þá leið þurft að fara á stofur hjá húðflúrsmeisturum og þurft að borga fyrir þetta sjálfar sem er náttúrlega ekki boðlegt þar sem þarna er um ákveðna heilbrigðismeðferð að ræða að mínu mati.

Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður þessu máli? Hann fól samninganefnd að skoða málið gaumgæfilega ofan í kjölinn, eins og hann nefndi í svari sínu á sínum tíma, og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað kom út úr þeirri skoðun? Munu heilbrigðisstéttir taka þetta að sér eða munu húðflúrarar geta sinnt þessu innan heilbrigðiskerfisins og mun frumvarp um græðara t.d. eitthvað auðvelda þetta? Ég vil gjarnan fá svar við því frá hæstv. ráðherra af því að ég veit að margir sem þurfa á slíkri húðflúrsmeðferð að halda vegna læknismeðferðar bíða eftir þessu, ekki einungis vegna uppbyggingar á nýju brjósti heldur einnig af ýmsum öðrum ástæðum eins og t.d. að láta útbúa nýjar augabrúnir þegar fólk missir hárið o.s.frv. Það væri því fróðlegt að fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvað þessu máli líður í kerfinu.

[13:23]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Reykv. s., Ásta R. Jóhannesdóttir, spyr: „Hvað líður ákvörðun um greiðsluþátttöku heilbrigðiskerfisins í húðflúrsmeðferð í kjölfar aðgerðar vegna brjóstakrabbameins?“ Hún hefur rakið fyrri umræður okkar um málið og geri ég ekki athugasemdir við það.

Húðflúrsmeðferð er af mörgum talin góð aðferð til að ná eðlilegu útliti þegar brjóst eru endurhönnuð eftir aðgerðir vegna brjóstakrabbameins. Lýtalæknar framkvæma þær aðgerðir fyrst og fremst. Það er þó ekki einhlítt að húðflúrsmeðferð sé eina aðferðin í þessum tilvikum.

Húðflúrsmeðferð hefur komið til tals á fundum samninganefndar heilbrigðisráðuneytisins og lýtalækna. Þar hefur komið fram að lýtalæknar hafa fengið húðflúrsmenn til að framkvæma meðferðirnar á stofum lýtalækna ef konur hafa sérstaklega óskað eftir því. Ljóst er að meðferðin er ekki alveg hættulaus þar sem uppfylla verður ströngustu kröfur um hreinlæti á viðkvæmum líkamshluta auk þess sem meðferðaraðilinn er ekki heilbrigðisstarfsmaður.

Viðræðum samninganefndar við lýtalækna lauk á þann hátt að nefndin treysti sér ekki til að gera samning um þennan meðferðarþátt þar sem of mörg vafaatriði eru á ferðinni.

Í fyrsta lagi að Tryggingastofnun gerir ekki samning um aðgerðir sem ekki eru framkvæmdar af viðurkenndu heilbrigðisstarfsfólki.

Í öðru lagi að ísetning litarefna í húð sem þarf að endurnýja með jöfnu millibili krefst umhverfisskurðstofulæknis.

Í þriðja lagi að aðgerðin er fremur fegrunar- en lýtaaðgerð og lýtur ekki að betra heilbrigði.

Síðan bar svo við að tilboð barst frá hjúkrunarfræðingi sem fengist hefur við húðflúrsmeðferðir um að taka að sér framkvæmd þessara aðgerða. Samninganefnd átti nokkra fundi með þeim aðila ásamt umboðsmanni hans en verðhugmyndir þeirra voru svo fjarri öllu lagi að ekki þótti verjandi að semja um það að svo stöddu.

[13:26]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspurnina og að hún skuli hafa verið endurtekin núna og þakka fyrir þau svör sem hæstv. ráðherra bar fram þar sem hann upplýsti að reynt hafi verið að semja við lýtalækna um greiðslu fyrir húðflúrsmeðferð, sérstaklega á konum til að byggja upp svæði

sem líkist geirvörtum og umgjörð geirvartnanna og eins augabrúnir. Það er eðlilega margt að varast hvað varðar það að fá húðflúrara til að vinna slík verk en ég mótmæli því að þetta skuli vera flokkað undir fegrunaraðgerð frekar en lýtalækningar þar sem það getur haft mjög djúpstæð áhrif á andlega heilsu konunnar að hafa geirvörtu og brjóst sem lítur vel út. Ég (Forseti hringir.) hvet hæstv. ráðherra til að líta á þetta sem eitt og hið sama.

[13:27]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég varð fyrir svolitlum vonbrigðum því ég gerði ráð fyrir að aðeins lengra hefði miðað í málinu. Fram kom í máli hæstv. ráðherra að farið er að gera þessar húðflúrsaðgerðir á stofum undir eftirliti lýtalækna og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er ekki full ástæða ef það er gert að Tryggingastofnun taki þátt í að greiða fyrir það þegar þetta er gert undir eftirliti lækna eins og viðgengst erlendis?

Ég veit að þær konur sem ég var í sambandi við fyrir þremur árum hafa gefist upp á biðinni og fóru einmitt þessa leið en þær þurftu að standa allan straum af kostnaði sjálfar sem er þó nokkuð mikill. Þetta kostar rúmar 25 þús. kr. en aðgerð lýtalæknis við að byggja upp brjóstvörtu er yfir 50 þús. kr. á spítala. Það væri því hagkvæmt fyrir kerfið að greiða fyrir þetta ef það er undir eftirliti læknis.

Ég spyr hæstv. ráðherra einnig að því hvort það verði ekki mögulegt þegar frumvarp um græðara verður orðið að lögum þar sem það heimilar greiðslu fyrir verk þeirra á stofnun ef læknir kallar þá til.

Síðan vil ég taka undir með hv. þm. Þuríði Backman að þetta er ekki fegrunaratriði, þetta er lýtaaðgerð. Þetta getur haft mjög alvarleg sálræn áhrif á konu, áhrif á hennar andlegu heilsu ef mistekst með svona aðgerð. (Gripið fram í.) Það er atriði að þetta líti vel út og verði gert sem best og ég veit að það hefur verið mun árangursríkara þegar þær hafa farið í húðflúrsmeðferðina en þá leið sem viðgengst á sjúkrahúsum með húðflutningana. Ég hvet því hæstv. ráðherra til að beita sér að nýju við að þetta verði tekið upp.

[13:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur orðið um málið og fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa því.

Ég tel að hér sé í rauninni um tvíþætt mál að ræða. Í fyrsta lagi hvort lagaumhverfið sé hreint og í öðru lagi hvort tekin verði ákvörðun um að taka þarna upp greiðsluþátttöku. Ég tel að það þurfi að vera alveg ljóst að það sé kleift lagalega. Við erum að vinna að endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu o.s.frv. og lagafrumvarp um græðara er til umfjöllunar í Alþingi. Það er náttúrlega einboðið, enda kom það fram í svari mínu, að þetta mál er á dagskrá samninganefndarinnar og er ekki búið að leggja það fyrir róða þar þannig að við höldum áfram að ræða þar um þessa skilgreiningu.

Ég ætla mér ekki þá dul að fara að deila við hv. þingmenn um það hvort þetta er lýtaaðgerð eða fegrunaraðgerð. Sú skilgreining hefur verið uppi en þetta er atriði sem sjálfsagt er að sé í umræðu hjá fagfólki og þær skilgreiningar sem menn hafa. Málið er á dagskrá áfram en ég get ekki lofað neinum dagsetningum í þessu efni, ég verð að segja það í fullri einlægni, en ég tel að það sé áríðandi að við höldum áfram að meðhöndla í samninganefndinni hvaða möguleikar eru þar uppi.

Aðgerðir til að draga úr offitu barna.

Fsp. ÞBack, 326. mál. — Þskj. 364.

[13:32]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég hef beint eftirfarandi fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um aðgerðir til að draga úr offitu barna:

1. Eru uppi áform af hálfu ráðuneytisins um aðgerðir til að draga úr offitu meðal barna?

2. Kemur til greina að grípa til aðgerða sem takmarka auglýsingar á svokölluðu ruslfæði sem beint er að börnum?

Hæstv. forseti. Frá því að fyrirspurnin var lögð fram hefur það ánægjulega gerst að sett hefur verið á laggirnar nýtt verkefni Lýðheilsustöðvar undir fyrirheitinu „Allt hefur áhrif, einkum við sjálf“ sem mun beinast að því mikilvæga starfi að reyna að snúa við þeirri þróun sem hefur orðið hvað varðar sífellt meiri þyngdaraukningu hjá börnum og í raun þjóðinni allri en það á sérstaklega að taka á þyngdaraukningu barna í þessu mikilvæga verkefni.

Það er alveg ljóst að farið er að tala um þyngdaraukningu hinna iðnvæddu þjóða sem næsta faraldur því svo fljótt hefur það gerst að offita er orðin mikið vandamál hjá fullorðnum og nú hjá börnum. Það verður að grípa þarna inn í með mjög markvissum hætti og það verður að mínu mati að vera miklu meira en eingöngu það að ráða starfsmann til þessa verkefnis hjá Lýðheilsustöð. Þetta þarf að vera langtímamarkmið. Þetta þarf að beinast að mörgum þáttum, eins og segir í ályktun aðalfundar Læknafélags Íslands, hæstv. forseti, m.a. verðlækkun hollustuvara, bættri merkingu matvæla, almenningsfræðslu, aukinni kennslu í næringarfræði og aukinni hreyfingu í leik- og grunnskólum, stuðningi við menningartengda hreyfingu barna og unglinga, svo sem ýmiss konar dans, ratleiki o.fl., aukinni áherslu á almenningsíþróttir og aðstöðu almennings til útivistar og annarrar hreyfingar.

Margt af því sem kemur fram í ályktun aðalfundar Læknafélags Íslands frá því í nóvember sl. er okkur og þjóðinni að kostnaðarlausu en margt kostar fjármagn og þá sérstaklega hjá sveitarfélögunum

Ég vil aðeins koma að seinni spurningunni sem snýr að auglýsingunum. Nú liggur fyrir þingsályktunartillaga frá Samfylkingunni varðandi auglýsingar á svokölluðu ruslfæði en í löndunum í kringum okkur, m.a. í Bretlandi og Danmörku, er verið að setja á strangar takmarkanir varðandi auglýsingar sem snúa að börnum hvað varðar ruslfæði.

[13:35]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þuríður Backman hefur beint til mín fyrirspurn um aðgerðir til að draga úr offitu barna. Hv. þingmaður vekur máls á afar mikilvægu máli. Þekkt er að offita barna fer vaxandi bæði hérlendis og erlendis. Talið er að 15–20% íslenskra barna á aldrinum 2–15 ára séu of

þung. Fylgikvillar þess eru vel þekktir og það er mikilvægt að spornað sé við eftir bestu getu. Ýmsar heilbrigðisstofnanir hafa beitt sér í þessu máli, heilsugæslustöðvar, Landspítali – háskólasjúkrahús auk Háskóla Íslands en af hálfu heilbrigðisstofnana leiðir Lýðheilsustöð starfið.

Lýðheilsustöð skipuleggur um þessar mundir þróunarverkefni þar sem brugðist verður við þeirri óheillaþróun sem endurspeglast í ofþyngd barna og unglinga. Brýn ástæða er til að beina sjónum sínum að ofneyslu og hreyfingarleysi og hættunni sem þessu fylgir. Árangursríkar leiðir til að snúa þessari þróun við eru markvissar forvarnir og heilsuefling með megináherslu á breytingu á matarvenjum og aukna hreyfingu. Meginþema þessa verkefnis verður því hreyfing og góð næring. Markhópur verkefnisins eru börn, unglingar og fjölskyldur þeirra. Tilgangurinn er að stuðla á jákvæðan hátt að heilbrigðum lífsháttum barna, ungs fólks og fjölskyldna þeirra með áherslu á aukna hreyfingu og bætt mataræði. Leitast verður við að auka þekkingu einstaklinga á þeim þáttum sem þarna hafa áhrif auk þess að stuðla að bættri aðstöðu til almennrar heilsueflingar.

Aðstæður barna og unglinga mótast af samfélaginu í heild. Ef ætlunin er að bæta lífshætti æskufólks er samvinna lykilorðið. Til þess að árangur náist í slíku forvarnaverkefni þarf að tryggja samstarf ríkis og sveitarfélaga, þverfaglega nálgun almennings, virkja viðeigandi hagsmunaaðila svo sem stéttarfélög, íþróttahreyfinguna, atvinnulífið, viðskiptalífið o.fl.

Í maí sl. sendi Lýðheilsustöð bréf til allra sveitarfélaga í landinu til að kanna áhuga þeirra á að taka þátt í áðurgreindu og hafa u.þ.b. 20 sveitarfélög sýnt verkefninu áhuga. Það skal tekið fram að verkefnið getur gagnast öllum sveitarfélögum jafnvel þó að þau taki ekki beinan þátt í sjálfu þróunarverkefninu. Verkefnið er hafið og hefur verið kynnt almenningi en fyrri hluta þess lýkur að tveimur árum liðnum og seinni hlutanum eftir sex ár. Hvert sveitarfélag mun móta eigin stefnu og aðgerðaráætlun varðandi lífshætti barna með áherslu á aukna hreyfingu og bætt mataræði. Nálgun getur því verið mismunandi í samræmi við mismunandi aðstæður sveitarfélaga. Starfsmaður Lýðheilsustöðvar hefur umsjón með verkefninu, vinnur að uppbyggingu þess og er tengiliður við sveitarfélögin. Lýðheilsustöð skipuleggur námskeiðið fyrir sveitarfélög sem taka þátt og heldur sameiginlega fundi með sveitarfélögunum. Lýðheilsustöð vinnur að kynningu verkefnisins á landsvísu, gengst fyrir ýmiss konar viðburðum og birtir fræðsluefni.

Lýðheilsustöð mun meta árangur verkefnisins þar sem gert verður stöðumat í upphafi og síðan eftir tvö og sex ár. Árangursmatið verður tvíþætt. Í fyrsta lagi verða kannaðir þættir sem snúa að skólastarfi og verða spurningalistar sendir til skólastjórnenda. Í öðru lagi verður gerð könnun á heilsutengdum lífsháttum barna og unglinga. Einnig verður óskað eftir gögnum um fæðu og þyngd barna og skólaheilsugæslu hvers sveitarfélags. Þar sem skólinn er kjörinn vettvangur til að hafa áhrif á bæði neyslu- og hreyfivenjur barna gaf Lýðheilsustöð á síðasta ári út handbók fyrir skólamötuneyti sem ætluð er starfsfólki og forsvarsmönnum mötuneyta. Markmiðið með útgáfunni var að stuðla að því að börnum sé boðið upp á góðan og hollan mat í skólum.

Á fundi norrænu ráðherranefndarinnar sem haldinn var á Akureyri í ágúst sl. var samþykkt að móta norræna aðgerðaráætlun til að bæta heilsu og auka lífsgæði með því að bæta næringu og auka hreyfingu. Í aðgerðaráætlun verður ekki síst lögð áhersla á það sem hægt er að gera til að bæta næringu og auka hreyfingu hjá börnum og tekið heildstætt á vandamálinu. Tekið verður fyrir hvað hinir ýmsir aðilar geta gert svo sem hið opinbera, sveitarfélögin, atvinnulífið, frjáls félagasamtök og einstaklingarnir sjálfir til að bæta næringu og auka hreyfingu. Settur var á fót vinnuhópur til að vinna að þessu verkefni og á Lýðheilsustöð fulltrúa í hópnum. Gert er ráð fyrir að vinna við mótun stefnunnar fari fram á árinu og hún verði lögð fyrir Norrænu ráðherranefndina í desember 2005.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur látið sig þetta vandamál varða enda vaxandi byrði á heilbrigðisþjónustu margra landa. Samþykkt hefur verið aðgerðaráætlun um næringu, hreyfingu og heilsu. Eitt af mörgu sem tekið er fyrir í áætluninni er markaðssetning og auglýsing á matvælum. Ég tel mikilvægt að halda vöku sinni um þær reglur sem nú lúta að auglýsingu og markaðssetningu matvæla fyrir börn.

[13:41]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka upp það mikilvæga mál sem er holdarfar barna. Það er auðheyrt á svörum ráðherra að mikið starf er í gangi varðandi þetta vandamál sem er að stóraukast og mun á komandi árum hafa vaxandi sýnilegar afleiðingar í samfélagi okkar. En það er skoðun mín að það sé mjög mikilvægt að menntamálayfirvöld og heilbrigðisyfirvöld taki höndum saman í þessu efni því að börn og unglingar verja stórum hluta dagsins í skólanum framan af ævi og þar þarf að miðla til þeirra upplýsingum og reka harðan áróður og kenna þeim mikilvægi hreyfingar fyrir lífið í bráð og lengd.

[13:42]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég þakka heilbrigðisráðherra fyrir að upplýsa okkur um ýmis verkefni, innlend og alþjóðleg, á þessu sviði sem er mjög mikilvægt eins og við vitum öll. Ég held að hreyfingin skipti kannski mestu máli og ég tek undir orð síðasta hv. ræðumanns um það.

Hvað varðar svar við seinni spurningunni sem fjallar í raun og veru um viðbrögð hæstv. heilbrigðisráðherra við þingsályktunartillögu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur og fleiri þá var það ekki merkilegt hjá heilbrigðisráðherra, ég verð að segja það. Hann sagði nokkurn veginn það að mikilvægt væri að hafa í heiðri þær reglur um markaðssetningu sem giltu gagnvart börnum í matvælaefnum.

Það vill svo til að hér fyrir utan standa tveir bílar frá fyrirtækjum, báðir merktir, annar frönskum kartöflum með fitulagi, hinn Egils gulls-bjór. Ég hef spurt hæstv. heilbrigðisráðherra fram og aftur um afstöðu hans til bjórauglýsinga og áfengisauglýsinga sem eru ólöglegar sem matvælaauglýsingar eru ekki. Svörin hafa alltaf verið þau að hann sé búinn að spyrja Björn Bjarnason og hann segi því miður nei. (Forseti hringir.) Þannig stendur málið milli

hæstv. dómsmálaráðherra og hæstv. heilbrigðisráðherra. Það er því nánast ókurteislegt að spyrja heilbrigðisráðherra að því enn einu sinni.

[13:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu og fagna átaki Lýðheilsustöðvar í baráttunni við offitu barna. Það er mjög mikilvægt verk sem þar er fram undan. Þyngdarauknig barna á Íslandi er orðin mjög alvarleg. Fimmta hvert barn er yfir kjörþyngd á Íslandi. Það var eitt af hverjum 100 fyrir nokkrum áratugum. Það þarf víðtækt átak í samfélaginu. Það þarf fræðslu, hvatningu til hreyfingar, fræðslu um hollt matarræði o.s.frv. Það þarf sem sagt samfélagslegt átak til að berjast við þetta ástand.

Hvað varðar aðra spurninguna þá hefur Evrópusambandið gefið öllum framleiðendum og auglýsendum eitt ár til að hætta auglýsingum um ruslfæði sem beint er að börnum, ella verði sett í lög að það verði bannað og við megum auðvitað búast við því að það komi sem tilskipun hingað fyrr eða síðar. Ég vonast til þess að áður en svo verði munum við taka á þessum málum og samþykkja mitt ágæta þingmál sem liggur fyrir þinginu um að settar verði (Forseti hringir.) reglur og að komist verði að samkomulagi um að beina ekki auglýsingum um óhollustu til barna.

[13:44]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er verið að ræða um mál sem skipta verulegu máli, annars vegar offitu barna og hins vegar auglýsingar sem beint er að börnum. Þetta eru hvort tveggja mál sem ég m.a. fjallaði um á síðasta kjörtímabili. Það er ljóst að rannsóknir benda til þess að fimmtungur íslenskra barna er of þungur og 5% eiga við verulegan vanda að stríða og eru of feit. Það má segja að þetta sé eitt stærsta vandamál nútímans og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sérstaklega greint það sem næsta verkefni sitt.

Það verður að segjast eins og er að mér brá verulega þegar ég skoðaði upplýsingar frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni þar sem staða þjóða varðandi offitu barna og offitu þjóðar er sett upp í súlurit og þar vorum við meðal efstu þjóða. Það er veruleg þörf á átaki og ég fagna því ræðu hæstv. heilbrigðisráðherra áðan varðandi það sem Lýðheilsustöð er að gera núna.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem fyrirspurnin hefur fengið og eins fyrir svör hæstv. ráðherra. Ég hvet hæstv. ráðherra að standa dyggan vörð um Lýðheilsustöðina sem hefur verið falið þetta mikilvæg verkefni því að það mun kosta að halda utan um það og stuðla að þeim rannsóknum sem verður að gera samhliða því átaksverkefni sem verið er að fara í, sem á ekki að kalla átaksverkefni heldur markmið til langs tíma. Við erum í raun ekki að gera neitt annað en að framfylgja heilbrigðisáætlun okkar og taka fastar á ákveðnum þætti.

Það er mikilvægt að taka á aukinni þyngd og offitu barna því að mataræði á unga aldri og hegðun hefur mótandi áhrif á neyslu og heilsu komandi ára. Það er bara svo einfalt. Ég ítreka þetta með rannsóknirnar. Það verður að rannsaka hvaða þættir í umhverfinu stjórna neyslu barna, hvort það eru auglýsingar, heimilisvenjur eða skólinn. Það þarf allt að stuðla að þessu, ekki bara Lýðheilsustöð og þeir starfsmenn sem vinna með sveitarfélögunum, það þarf að vera sameiginleg samræming og samstillt átak, eins og verðlækkun á hollustuvörum og stuðningur við menningartengda hreyfingu. Þetta þýðir aukinn stuðning til sveitarfélaganna. Þetta þýðir líka breytingu á aðalnámskrá grunnskóla að það séu meiri möguleikar og áhersla á hreyfinguna og þetta mun kosta en skila sér til langrar framtíðar.

[13:48]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær umræður sem fram hafa farið um þessi mál. Ég tel einboðið að reyna að halda vel utan um verkefnið Lýðheilsustöðvar. Ég tel að það sé leið til að nálgast grunnskólana og menntayfirvöld að hafa samstarf við sveitarfélögin í þessu efni sem reka grunnskólana.

Varðandi afstöðu heilbrigðisgeirans um auglýsingar á ruslfæði hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ályktað um þau mál þó að mér gæfist ekki tími til að vitna í samþykkt hennar áðan. Í þeim samþykktum kemur fram að í auglýsingum á matvælum og drykkjarvörum eigi ekki að notfæra sér reynslu eins og trúgirni barna og að reynslan hafi sýnt að auglýsingar hafi áhrif á fæðuval og neysluvenjur. Ég tel að afstaða okkar í heilbrigðisgeiranum varðandi auglýsingamálin liggi fyrir. Við viljum reka harða línu í þessum efnum en ég er ekki þar með að segja að löggjöf, boð eða bönn séu leiðin í þessu máli. Það virðist vera einhver árátta hjá hv. 7. þm. Reykv. s. að þrasa í mér ef honum líka ekki svör hæstv. dómsmálaráðherra, Björns Bjarnasonar. Málið heyrir undir dómsmálaráðuneytið, löggjöf um auglýsingar, og rétt að ræða það á þeim vettvangi. En afstaða heilbrigðisgeirans liggur fyrir í þessum efnum.

Samvinna Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum.

Fsp. MÞH, 345. mál. — Þskj. 389.

[13:50]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem í ræðustól á hinu háa Alþingi til að grennslast fyrir um það hvernig ríkisstjórnin hyggist framfylgja þingsályktun sem var samþykkt á hinu háa Alþingi á síðasta löggjafarþingi, fyrir rétt tæpu ári.

Þetta var þingsályktun um samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2003, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landstjórnir Færeyja og Grænlands, að vinna að aukinni samvinnu í heilbrigðismálum á Vestur-Norðurlöndum og leita leiða til að löndin geti samnýtt krafta sína. Lagt er til að heilbrigðisyfirvöld gefi árlega út skýrslu um samstarfið og þau verkefni sem sameiginlega verður ráðist í.“

Að þessari þingsályktunartillögu stóðu allir þingmenn sem eiga sæti í þingmannadeild Vestnorræna ráðsins, hv. þingmenn Birgir Ármannsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Hjálmar Árnason, Einar Oddur Kristjánsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir og sá sem hér stendur.

Tillagan var samþykkt í framhaldi af ráðstefnu Vestnorræna ráðsins sem haldin var í Ilulissat á Grænlandi sumarið 2003, nánar tiltekið í ágúst. Þar var fjallað um heilbrigðismál í þessum þremur löndum, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi og kom mjög margt afskaplega áhugavert fram. Ég var á þessari ráðstefnu og ég man að það sló mig töluvert að fá upplýsingar um það til að mynda hversu slælegt ástandið er í heilbrigðismálum á Grænlandi, þar eru lífslíkur ungs fólks þær lægstu sem við þekkjum á norðurhveli jarðar liggur mér við að segja. Einhvers staðar las ég að um 30% Grænlendinga falla frá áður en þeir ná þrítugsaldri. Það eru sem sagt ungbörn og yngra fólk sem fellur frá í stórum stíl. Þarna er mikið um alls konar vandamál, sjálfsmorð, smitsjúkdóma, kynsjúkdóma og annað þess háttar. Undanfarin ár hefur farið að bera mjög á sjúkdómum tengdum reykingum.

Grænlendingar hafa mikinn áhuga á því að leita samstarfs við okkur í heilbrigðismálum. Þarna er læknaskortur og skortur á hjúkrunarfræðingum svo það sé nefnt. Færeyingar létu í ljós mikinn áhuga á því að eiga samstarf við okkur á sviði lækninga eða heilbrigðismála varðandi flóknari sjúkdóma eins og hjartasjúkdóma og fram kom á þessari ráðstefnu mjög mikil vilji til að reyna að samnýta betur heilbrigðisþjónustu í þessum þremur nágrannalöndum sem eiga þó svo margt sameiginlegt. Það er skoðun mín að þarna hljóti að vera hægt að gera miklu betur og þess vegna beini ég þeirri fyrirspurn sem ég tilgreindi áðan til hæstv. heilbrigðisráðherra.

[13:53]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Suðurk., Magnús Þór Hafsteinsson, spyr hvernig ríkisstjórnin hyggist framfylgja þingsályktun um samvinnu Vestur-Norðurlanda í heilbrigðismálum sem samþykkt var á 130. löggjafarþingi. Umrædd ályktun var samþykkt sl. vor frá Alþingi með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins um heilbrigðismál frá árinu 2003. Í þingsályktuninni er ríkisstjórninni falið í samstarfi við landstjórnir Færeyja og Grænlands að vinna að aukinni samvinnu í heilbrigðismálum á Vestur-Norðurlöndum og leita leiða til að löndin geti samnýtt krafta sína. Heilbrigðisyfirvöldum var jafnframt falið að gera reglulega grein fyrir samstarfinu og þeim verkefnum sem sameiginlega yrði ráðist í.

Ísland hefur ásamt Færeyjum og Grænlandi tekið um árabil þátt í sameiginlegu verkefni á sviði fjarlækninga. Má þar nefna verkefni á vegum Norðurskautsráðsins og verkefni í tengslum við norrænu ráðstefnuna um fjarlækningar sem haldin er annað hvert ár.

Undanfarin ár hafa Íslendingar, Færeyingar og Grænlendingar ásamt aðilum í Norður-Noregi tekið þátt í fjarlækningaverkefni sem miðar að því að þróa heildstæða heilbrigðisþjónustu fyrir sjófarendur á Norður-Atlantshafi. Því verkefni lauk fyrr á þessu ári og var styrkt af NORA eða Norrænu Atlantsnefndinni sem var stofnuð á sviði byggðamála á norðvestursvæði Norðurlanda. Á lokafundi verkefnisins sem haldinn var í Færeyjum á sl. sumri var lagt til að áfram yrði unnið að þessari þróun með áherslu á skipulag nauðsynlegrar þjónustu í landi og með fræðslu fyrir sjómenn.

Í framhaldi af fundi Vestnorræna ráðsins sumarið 2003 var í tengslum við þing Norðurlandaráðs í Ósló í október sama ár haldinn fundur ráðherra og embættismanna landanna. Þar var rætt um að kannaðir yrðu möguleikar á því að gera samning um að Íslendingar tækju við sjúklingum frá Færeyjum í hjartaaðgerðir og í framhaldi af því var Landspítala – háskólasjúkrahúsi falið að upplýsa Færeyinga um kostnaðarhlið málsins og gæði þjónustunnar. Það kom í ljós í framhaldi af þeim samskiptum að ekki var talinn grundvöllur fyrir því af hálfu Færeyinga að taka upp samstarf á þessu sviði.

Á árinu 1997 var gerður samningur milli Grænlands og Íslands um að Íslendingar skyldu sinna bráðatilfellum frá Grænlandi. Landspítali – háskólasjúkrahús hefur tekið á móti sjúklingum frá Grænlandi undanfarin ár en þó í minna mæli en upphaflega var gert ráð fyrir. Í bréfi frá grænlenskum heilbrigðisyfirvöldum til heilbrigðismálaráðuneytisins sem barst á sl. ári var óskað eftir fundi til að ræða aukið samstarf á sviði heilbrigðisþjónustu landanna og fara yfir hvernig samningurinn hefur reynst. Tók heilbrigðismálaráðuneytið vel í þá málaleitan. Fyrirhugaður fundur um málið sem vera átti sl. sumar á Íslandi féll hins vegar niður þar sem grænlenski heilbrigðisráðherrann og embættismenn hans áttu ekki heimangengt. Heilbrigðisráðuneytið skipulagði síðan tveggja daga heimsókn fyrir ráðherrann og ráðuneytisstjórann í byrjun janúar sl. en honum var frestað á síðustu stundu vegna slæmra veðurskilyrða frá Grænlandi. Nú hefur verið ákveðið að ráðherrann og ráðuneytisstjórinn komi til Íslands þann 16. febrúar nk. og hefur dagskrá með fundum og heimsóknum á stofnanir verið skipulögð dagana 17.–18. febrúar.

Virðulegi forseti. Í framhaldi af formlegum og óformlegum viðræðum sem farið hafa fram milli embættismanna þjóðanna og þeirra sem stýra málaflokknum í löndunum hefur heilbrigðisráðuneytið nú í hyggju að kanna betur möguleika á víðtækara samstarfi í heilbrigðismálum. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að kortleggja vandlega hvort raunverulegar forsendur séu fyrir frekari samvinnu á þessu sviði áður en lengra er haldið. Næsti sameiginlegi fundur norrænu heilbrigðismálaráðherranna verður einmitt haldinn í Færeyjum næsta sumar og í tengslum við þann fund hyggst ég beita mér fyrir sérstökum fundi þeirra sem stýra heilbrigðismálum á vestanverðum Norðurlöndum í því skyni að fá samstöðu um framkvæmd könnunar í samræmi við ályktun Alþingis og tilmæli Vestnorræna ráðsins.

[13:58]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hv. fyrirspyrjandi kom inn á það í ræðu sinni að reykingar væru afar algengar í nágrannalöndum okkar og á Grænlandi er það svo að 80% 16 ára og eldri

reykja og er talið að reykingar séu höfuðástæða flestra sjúkdóma á Grænlandi auk þess sem kynsjúkdómar eru mjög algengir, en bæði varðandi reykingar og kynsjúkdóma höfum við Íslendingar af nokkru að miðla, þ.e. við getum kennt Grænlendingum og Færeyingum ef svo ber við aðferðafræði við varnir. Okkur hefur vegnað mjög vel að berjast gegn reykingum með því að miðla áróðri og fræðslu til grunnskólabarna. Ég tel að það sé að mörgu leyti heppilegra samstarf að miðla aðferðafræði til nágrannalanda okkar en að ætla að senda starfsfólk því við erum á margan hátt ekki aflögufær með starfsfólk en aðferðafræðina getum við kennt.

[13:59]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Hér er haldið á lofti merkilegri þingsályktunartillögu sem vert er að veita athygli. Ég tel að það sé mjög nærtækt að við eigum samstarf við þessar vinaþjóðir okkar og nágrannaþjóðir. Ég tel að við getum lagt mikið af mörkum til að bæta heilbrigði þeirra og það á ekki síst við í Grænlandi eins og fram hefur komið hjá fyrri ræðumönnum. En Grænlendingar eiga við mjög mörg, mikil, margvísleg og flókin vandamál að stríða sem við getum aðstoðað þá við.

Það má náttúrlega segja að í þessu samstarfi erum við eðli málsins samkvæmt meiri veitendur en þiggjendur, en ég held líka að þarna liggi ákveðin tækifæri fyrir okkur Íslendinga varðandi útflutning á heilbrigðisþjónustu. Við eigum gott heilbrigðiskerfi og það er mjög nærtækt fyrir okkur að veita nágrönnum okkar aðstoð í flóknum vandamálum hvort sem það er á sviði forvarna eða flóknari aðgerða. Við erum með það stórt heilbrigðiskerfi að við erum aflögufær að takast á við fleiri verkefni og ég held að við eigum að líta í þessar áttir.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svörin en var þó ekki alls kostar ánægður með þau. Hæstv. ráðherra fór yfir völlinn ef svo má segja og talaði um það sem búið er að gera. Það er í sjálfu sér gott og blessað og ég ætla ekki að draga neitt úr því. Ég var hins vegar ekki ánægður með það sem gert hefur verið frá sumrinu árið 2003 og hygg að ef betur yrði kannað þá væri hægt að finna áhugaverða fleti á samvinnu þessara landa í heilbrigðismálum.

Hv. þm. Ásta Möller kom með mjög athyglisverðan punkt varðandi útflutning á heilbrigðisþjónustu. Á Grænlandi er mikill skortur á læknum, hjúkrunarfólki og sérfræðingum. Samkvæmt mínum upplýsingum eru t.d. engir augnlæknar á Grænlandi. Þeir koma hins vegar til Grænlands með margra mánaða millibili og eru þar í nokkrar vikur. Síðan eru þeir horfnir á nýjan leik. Þannig er ástandið mjög víða. Ég man alltaf eftir því að við þingmenn heimsóttum sjúkrahúsið í Ilulissat á vesturströnd Grænlands. Þar voru bara starfandi danskir læknar. Þeir tjáðu okkur að enginn Grænlendingur hefði á þeim tíma læknismenntun. Enginn. Þá var þó einn að ljúka prófi en það var allt og sumt.

Þannig er ástandið þar og alveg ótrúlegt, í því stóra landi sem er svo nálægt okkur, að ástandið skuli nánast eins og var hér á Íslandi einhvern tímann á 19. öld. En þannig er það því miður.

Mig langar að lokum að nota tækifærið til að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra aðeins nánar. Í þingsályktunartillögunni er lagt til að heilbrigðisráðuneyti Íslands og Færeyja og heilbrigðisskrifstofa Grænlands láti útfæra samvinnulíkan varðandi þessa þætti. Einnig er lagt til að stjórnvöld þessara landa láti árlega taka saman skýrslu um framvindu samstarfs þessara landa á sviði heilbrigðismála. Þessi skýrsla yrði síðan lögð fyrir þing landanna. (Forseti hringir.) Hefur þetta gleymst í þessu máli?

[14:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðuna um þetta mál. Ég tek undir að þörf er á meiri og betri heilbrigðisþjónustu á Grænlandi. Eins og ég sagði í svari mínu þá hef ég ákveðið að taka það mál upp við grænlenska heilbrigðisráðherrann, hvernig hægt er að fylgja betur eftir því samkomulagi sem þá var undirskrifað. Ég var reyndar ekki byrjaður í ráðuneytinu þegar það var gert á sínum tíma en því miður hefur það ekki gengið eftir eins og menn vonuðust til þótt samstarf milli landanna hafi verið á ýmsum sviðum, t.d. í sjúkraflugi.

Gott dæmi um hvernig þessir hlutir geta þróast í umræðunni er sá mikli áhugi sem vart var í Færeyjum á að skipta við Landspítala – háskólasjúkrahús varðandi hjartaaðgerðir. Spítalinn fór yfir þau mál, sendi fast tilboð en þeir komust að því að þeir fengu betri þjónustu í Danmörku, frá gamalli tíð. Reyndar urðu stjórnarskipti í millitíðinni og voru komnir nýir menn við stjórnvölinn. En sú stjórn sem fyrir sat hafði mikinn áhuga á þessu. Það er mikil nauðsyn á að fara yfir þessi mál með ráðherrum landanna. Ég hyggst gera það á næsta ráðherrafundi, þá tökum við upp framkvæmd þingsályktunarinnar og þá skýrslugerð sem okkur er ætlað að gefa um þessi mál. Ég tel einboðið að gefa hana út í samræmi við þingsályktunina.

Komur á heilsugæslustöðvar o.fl.

Fsp. JBjart, 253. mál. — Þskj. 271.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Það er almennt viðurkennt að heilsugæslan eigi að geta sinnt allt að 85% af allri þjónustuþörf sjúklinga. Það er líka almenn sátt um það, þótt sjúklingar hafi val um hvar þeir leiti eftir þjónustu, að heilsugæslan sé fyrsti viðkomustaðurinn. Það má líka ætla að ódýrara sé, bæði fyrir sjúklinga og ríkissjóð, að fólk leiti til heilsugæslunnar í þeim tilvikum sem segja má að ekki sé þörf á að leita annað.

Með bættu aðgengi að heilsugæslunni, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu síðustu missirin, með fjölgun lækna og heilsugæslustöðva, með rýmri opnunartíma og síðdegisvöktunum, höfum við bætt aðkomu að þjónustu heilsugæslunnar við sjúklinga og faglega þjónustu við þá og líka komið til móts við þá fjárhagslega.

Spurningar mínar til hæstv. heilbrigðisráðherra lúta í raun allar að þessu og m.a. að því að fá fram upplýsingar um hvaða áhrif bætt aðgengi að heilsugæslunni, rýmri opnunartími, fjölgun lækna og fjölgun heilsugæslustöðva, hefur haft. Hvaða áhrif hefur það haft á aðra þjónustu, önnur þjónustuúrræði sem til boða standa í heilbrigðiskerfinu?

Þess vegna hef ég lagt, frú forseti, fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra hálfleiðinlegar spurningar sem allar fela í sér að svörin verða tölulegar upplýsingar, hlutfalls- og krónutölur. Ég tel að þau gætu sýnt fram á hvernig þessi þróun er hjá okkur. Ég spyr hæstv. heilbrigðisráðherra:

1. Hefur komum á heilsugæslustöðvar fjölgað og ef svo er, hve mikil er fjölgunin?

2. Hefur komum á bráða- og slysadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og Læknavaktina fækkað og ef svo er, hve mikil er fækkunin?

3. Hvernig skiptast komur á heilsugæslustöðvar á dagvinnutíma og síðdegisvaktir og hver er hlutfallsleg aukning á síðdegisvöktum?

4. Hver er munurinn á kostnaði ríkisins annars vegar og sjúklinga hins vegar af hverri komu sjúklings á heilsugæslustöð, Læknavaktina og bráða- og slysadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss?

[14:08]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Reykv. s. hefur beint til mín fyrirspurnum um komur á heilsugæslustöðvar.

Í fyrsta lagi spyr hún hvort komum á heilsugæslustöðvar hafi fjölgað og hve fjölgunin sé mikil ef svo er.

Samkvæmt upplýsingum sem heilbrigðisráðuneytið hefur fengið frá heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu um komutölur á árinu 2001–2003 kemur í ljós að komum hefur fjölgað nokkuð á tímabilinu. Árið 2001 voru komur til lækna samtals 220.883. Árið 2003 voru þær 234.574. Aukningin á þessu tímabili nemur 6,2%. Framangreindar upplýsingar taka til Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsumdæmis, Seltjarnarness og á heilsugæslustöðvar í Reykjavík á eftirtöldum svæðum: Í Hlíðum, Efstaleiti, Efra-Breiðholti, Árbæ, Grafarvogi og Mjódd.

Hv. þingmaður spyr einnig hvernig komur á heilsugæslustöðvar skiptist á milli dagvinnutíma og síðdegisvakta og hver hafi orðið hlutföll á aukningu á síðdegisvöktum.

Ef framangreindar tölur eru skoðaðar út frá slíkri skiptingu, kemur í ljós að komur til lækna á dagvinnutíma voru 190.134 árið 2001, en hafði fækkað í 185.395 á árinu 2003. Hlutfallsleg fækkun nemur 2,5%. Upplýsingar um komur utan dagvinnutíma sýna að árið 2001 voru þær samtals 17.130 en hafði fjölgað í 35.871 komu árið 2003. Hlutfallslega fjölgaði því komum utan dagvinnutíma á þessu tímabili um 109%.

Þá spyr hv. þingmaður hvort komum á bráða- og slysadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og Læknavaktina hafi fækkað og ef svo væri, hve mikið.

Því er fyrst til að svara að komum hefur fjölgað en ekki fækkað á bráða- og slysadeild Landspítalans. Árið 2001 voru komur á slysa- og bráðadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss 65.714. Árið 2002 voru þær litlu fleiri, eða 65.859. Árið 2003 voru komurnar 66.369. Aukningin á tímabilinu 2001–2003 nemur 1%. Samkvæmt nýjustu stjórnunarupplýsingum um sjúkrahúsið fyrir tímabilið janúar til nóvember 2004 hefur komum á slysa- og bráðadeild fjölgað miðað við sama tímabil árið áður úr 63.755 í 66.500. Hlutfallsleg fjölgun nemur 4,3%.

Læknavaktin sinnir móttöku, vitjunum og símaráðgjöf fyrir heilsugæslustöðvarnar á Stór-Reykjavíkursvæðinu utan dagvinnutíma, þ.e. um kvöld, nætur og helgidaga. Árið 2001 voru komur á Læknavaktina rúmlega 48.992 árið 2002 voru þær 52.600 og árið 2003 voru þær 48.779. Komum fjölgaði lítillega á ný árið 2004 og voru þá um 50.700.

Loks spyr hv. þm. hver munurinn sé á kostnaði ríkisins annars vegar og sjúklinga hins vegar á hverri komu sjúklings á heilsugæslustöð, Læknavaktina og bráða- og slysadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Hvað varðar kostnað sjúklinga liggja svörin fyrir í reglugerð nr. 1030/2004 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Almennt gjald fyrir komu á heilsugæslustöð á dagvinnutíma er 700 kr. Utan dagvinnutíma er almennt gjald sjúklings á heilsugæslustöð 1.750 kr. Það er sama gjald og sjúklingar greiða fyrir komu á Læknavaktina. Fyrir komu á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa er almennt gjald sjúklings 3.320 kr.

Í september 2002 kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar „Fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu“, sem er stjórnsýsluúttekt stofnunarinnar á rekstri heilsugæslunnar í Reykjavík. Þar er gerður samanburður á einingaverði vegna komu til læknis á heilsugæslustöðvum í Reykjavík til sjálfstætt starfandi heimilislækna og Læknavaktarinnar árið 2001. Í skýrslunni kemur fram að stjórnendur heilsugæslunnar í Reykjavík meti kostnað við hverja komu í hæsta lagi 3.000 kr. en að mati Ríkisendurskoðunar er kostnaðurinn eitthvað hærri, eða allt að 3.500 kr.

Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar er kostnaður við hverja komu til Læknavaktarinnar talinn um 2.584 kr. Í skýrslunni er gerð þó ítarleg grein fyrir forsendum að baki útreikningum á einingaverði.

Hvað varðar Landspítala – háskólasjúkrahús liggur ekki fyrir aðgengileg skipting á komum á slysa- og bráðadeild sem gefur kost á samanburði einingaverðs við komur á heilsugæslustöðvar.

Herra forseti. Ég vona að svar mitt hafi verið upplýsandi fyrir fyrirspyrjanda og aðra.

[14:13]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Fyrirspurn hv. þingmanns beinist að því hvernig tekist hefur til með áform um að færa þjónustu við sjúklinga frá sérhæfðari og dýrari þjónustu á lægra stig, til heilsugæslustöðvanna, sem er bæði hagkvæmara og ódýrara fyrir ríkissjóð og almenning. Hér komu fram merkilegar tölur hjá hæstv. ráðherra. Þær segja okkur að þjónustan flyst frá dagvaktinni yfir á síðdegisvaktina. Þunginn er kominn á síðdegisvaktina á heilsugæslustöðvunum en það hefur ekki dregið úr þjónustu slysadeildarinnar og Læknavaktarinnar. Það þýðir að við þurfum að skilgreina þjónustu heilsugæslustöðva á annan hátt. Við getum ekki leyft okkur að beina fólki inn í dýrari þjónustu eins og gert er. Við verðum að skoða nánar kerfi heilsugæslunnar og

þjónustu hennar og skilgreina á þann veg að þjónustan sé veitt yfir lengra tímabil á sama verði. Þannig getum við best komið til móts við skjólstæðinga heilsugæslunnar. Við erum enn að beina þeim á dýrari þjónustustig.

[14:15]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Við þurfum aðeins að fá að átta okkur betur á þessum tölum sem hæstv. ráðherra las hér upp. Það er þó ljóst að hvað varðar þjónustu heilsugæslunnar er hún sprungin á höfuðborgarsvæðinu. Það þarf að efla hana, sérstaklega með tilliti til þess hvað það eru margir sem verða að leita eftir þjónustu eftir dagvinnutíma. Það er hægt að gera það bæði með eflingu og eins með því að setja á vaktir.

Ég vil líka benda í þessu tilliti á heilbrigðisþjónustuna norður á Akureyri þar sem er mjög öflugt fjórðungssjúkrahús, öflug heilsugæsla og heimilisþjónusta. Í heildina kemur þessi samstæða þjónusta á því svæði langbest út ef við tökum sérhæfðu þjónustuna, heilsugæsluna og heimahjúkrun.

[14:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Ég ætlaði bara að gera stutta athugasemd og taka undir með hv. þm. Ástu Möller þar sem hún talaði hér um hvernig við þyrftum að taka á þjónustunni í heilsugæslunni. Það þarf að taka á þeim þætti, ég tek heils hugar undir það með hv. þingmanni, og minna aðeins á umræðu sem hefur verið um heilbrigðisþjónustuna og aukna þjónustu hjá heilsugæslunni eins og það að vera með aukna símaþjónustu og nota nútímaúrræði eins og netið betur í þjónustunni í heilsugæslunni eins og við höfum oft rætt. Ég held að það mundi líka breyta ýmsu.

Varðandi auknar komur á bráðamóttökuna er það nú bara þannig að það er mjög erfitt að koma fólki inn á t.d. hjúkrunarheimili eða í þjónustu öðruvísi en að fara í gegnum bráðamóttökuna vegna þess hvernig ástand er á hjúkrunarheimilum, inni á spítölunum o.s.frv. Það er oft verið að vísa á þá leið til að koma fólki inn í þjónustu. Það gæti líka verið ein af ástæðunum fyrir því hvernig þessar tölur hafa þróast.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir upplýsandi svör hans, og þingmönnum öðrum fyrir þátttöku í þessari umræðu. Mér finnast fyrir mitt leyti þær upplýsingar sem koma fram í svari ráðherra mjög upplýsandi. Það er ekki óeðlilegt að ákveðin fjölgun verði á komum á heilsugæslustöðina almennt, 6,2% segir ráðherrann. Er það aukin þjónustuþörf? Fjölgun íbúa? Mér finnast þetta ekki óeðlilegar tölur á milli ára.

Það sem er hins vegar sláandi er, eins og hefur verið dregið fram hér í þessum ræðustól, þessi geysilega fjölgun á síðdegisvaktirnar. Þegar ráðherrann upplýsir síðan hver munurinn er á kostnaði fyrir sjúklinga sjálfa að koma á síðdegisvakt og dagvaktina veltir maður fyrir sér hvort við getum einhvern veginn breytt þessu. Þrátt fyrir mun meiri kostnað fyrir einstaklinginn, fyrir sjúklinginn, fyrir fjölskylduna að koma á síðdegisvaktina virðist fólk kjósa það. Með síðdegisvöktunum vorum við fyrst og fremst að bæta aðkomuna, reyna að koma í veg fyrir að fólk sækti inn á bráðadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss og gefa kost á að mæta þörfum þeirra sem eru á vinnumarkaði og barna í skóla. Það sýnir sig að þörfin er þetta mikil. Þó svo að gjaldtakan sé svona mismunandi og þetta sé miklu dýrara velur fólk eftir sem áður þennan kostinn.

Það sem mér finnst líka sláandi í þessu er að miðað við þessa miklu fjölgun á heilsugæsluna og á Læknavaktina dregur eftir sem áður ekki úr komum á Landspítala – háskólasjúkrahús, á bráðadeildina þar. Ég vildi beina þeim tilmælum, þeirri ósk, til hæstv. heilbrigðisráðherra að það færi fram greining á því hvaða komur þetta eru. Það kann allt eins að vera að skýring hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur sé rétt. Ég held að það sé bara miklu flóknara en svo og mér finnst full ástæða til að fá greiningu á þessum komum á Landspítalann. Af hverju stafa þær og í hversu mörgum tilvikum eru þetta erindi og þarfir sem má leysa innan heilsugæslunnar?

[14:19]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu.

Varðandi heilsugæsluna almennt er sú stefna vissulega uppi að beina fólki inn í þessa grunnþjónustu og inn í þennan fyrsta viðkomustað í heilbrigðiskerfinu. Til þess þarf aðgengi að henni að vera gott. Við höfum verið að vinna að því að bæta aðgengið á höfuðborgarsvæðinu, m.a. með nýrri heilsugæslustöð í Kópavogi og heilsugæslustöð í Voga- og Heimahverfi sem væntanlega kemur í gagnið innan tíðar. Það held ég að dragi ekki úr eða útrými síðdegisvöktunum. Hins vegar vantar greiningu á því, það er alveg rétt, hvað rekur fólk inn á síðdegisvaktirnar. Er það vegna þess að það hefur ekki aðgengi yfir daginn eða er það einfaldlega vegna þess að það vill frekar og hefur frekar tækifæri til þess vinnu sinnar vegna að heimsækja heilsugæsluna eftir vinnutíma, þ.e. á þessum seinni tíma? Við höfum kannski ekki viðhlítandi upplýsingar um það og sömuleiðis hvað veldur aukinni aðsókn á bráðadeildir spítalans.

Það eru sem betur fer aukin umsvif í samfélaginu. Það getur verið að aukin aðsókn að bráðadeild spítalans sé aukin einmitt vegna þessa. Ég nefni bara eitt, við fáum núna 340 þús. ferðamenn til landsins á ári. Þeim hefur fjölgað um 100 þús. á fáeinum árum. Mér þykir ótrúlegt annað en að þessir ferðamenn þurfi einhvers við hjá heilbrigðiskerfinu, þurfi að koma til heilsugæslu eða á spítala. Við þurfum auðvitað að taka þetta allt saman með í reikninginn.

Aðalatriðið er að missa ekki sjónar á markmiðinu, að aðgengið að heilsugæslunni sé gott. Ef við eigum að jafna komugjöldin vantar okkur auðvitað fjármagn til þess.

Varðveisla gamalla skipa og báta.

Fsp. KolH, 428. mál. — Þskj. 618.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég beini eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra:

Hvað líður undirbúningi tillagna um hvernig skuli staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem hafa menningarsögulegt gildi, sbr. ályktun Alþingis frá 9. maí 2000?

Þingsályktun sú sem vitnað er til í fyrirspurninni er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um hvernig skuli staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilsverðar minjar um atvinnu og byggðasögu. Í því sambandi verði mótaðar reglur um fjármögnun, sem m.a. Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í, og varðveislugildi báta og skipa skilgreint."

Frú forseti. Þetta mál á sér lengri sögu. Upphaflega var það lagt fram sem frumvarp um Þróunarsjóð sjávarútvegsins af þingmönnum úr öllum flokkum undir forustu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar. Þessa máls er getið í skýrslu forsætisráðherra frá 128. löggjafarþingi þar sem hann fjallar um meðferð og framkvæmd ályktana Alþingis á 125. og 126. löggjafarþingi og segir þar um þessa ályktun Alþingis, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðuneytinu var falin framkvæmd ályktunarinnar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar með bréfi dagsettu 20. nóvember árið 2000."

Síðan eru nú nokkur vötn til sjávar runnin og meðal þess sem gerst hefur er það að Þjóðminjasafnið hefur gefið út safnastefnu. Í þeirri safnastefnu er hnykkt á því að Þjóðminjasafn Íslands, sem er höfuðsafn þjóðminjavörslunnar, reki sömuleiðis sjóminjasafn, sem sé deild innan Þjóðminjasafnsins, það sé alhliða sjóminjasafn fyrir allt landið á sama hátt og húsasafn Þjóðminjasafnsins. Í safnastefnu Þjóðminjasafnsins kemur einnig fram stefnumarkandi beiðni eða ósk um það að stofnaður verði bátaviðgerðasjóður til að taka á brýnustu verkefnum sjóminjasafna.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að hér á Alþingi höfum við tekist á um fjárveitingar til mála á þessu málasviði. Kannski hefur verið fyrirferðarmeiri umræða um verndun gamalla húsa og það hvernig Alþingi hefur í auknum mæli veitt fjármuni beint til ákveðinna verkefna án þess að það fari í gegnum húsasafn Þjóðminjasafnsins. Á sama hátt höfum við hér á Alþingi aukið fjárveitingar til endurbygginga á gömlum bátum og skipum. Nægir að nefna að samkvæmt fjárlögum ársins í ár og ársins í fyrra er það á fjórða tug milljóna sem Alþingi veitir beint til endurbygginga eða varðveislu á gömlum skipum og bátum. Það er alveg ljóst að hér vantar heildstæða stefnu og er það ástæða fyrirspurnar minnar til hæstv. ráðherra.

[14:25]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa athyglisverðu fyrirspurn. Hún hljóðar á þann veg:

Hvað líður undirbúningi tillagna um hvernig skuli staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem hafa menningarsögulegt gildi, sbr. ályktun Alþingis frá 9. maí 2000?

Í samræmi við þessa þingsályktun skipaði menntamálaráðuneytið nefnd sem í sátu Þorgeir Ólafsson sem var formaður og fulltrúi menntamálaráðuneytisins, Ágúst Georgsson, fulltrúi Þjóðminjasafnsins, Hulda Lilliendahl var fulltrúi sjávarútvegsráðuneytisins og Guðbrandur Jónsson var fulltrúi Félags fornbátaeigenda. Nefndin fundaði nokkrum sinnum og átti einnig viðræður við m.a. fulltrúa Siglingastofnunar.

Í minnisblaði frá árinu 2002 lagði nefndin hugmyndir sínar fyrir þáverandi menntamálaráðherra til að fá úr því skorið hvort nefndin ætti að halda áfram að útfæra hugmyndirnar nánar eða hvort leita ætti nýrra leiða.

Tillögur nefndarinnar voru í helstu dráttum eftirfarandi:

a. Heimilt verði að friðlýsa gamla báta í neyðartilvikum.

b. Leita þurfi álits skipavarðveislunefndar um stórvægilegar breytingar, förgun eða sölu gamalla báta úr landi, t.d. öllum sem smíðaðir eru fyrir 1940.

c. Í þjóðminjalögum verði nánari ákvæði um meðferð og varðveislu gamalla báta og skipsflaka.

d. Stofnaður verði skipavarðveislusjóður með framlögum úr ríkissjóði og lágu gjaldi á alla haffæra báta.

e. Skipavarðveislunefnd verði sett á laggirnar til að sjá um ofangreind efni.

f. Eigendum gamalla báta verði gert auðveldara að hirða um þá með lækkun opinberra gjalda gegn því að notkun bátanna verði takmörkum háð (sumarsiglingar, ekki í atvinnuskyni o.s.frv.).

Hugmyndir þessarar nefndar taka að nokkru mið af norskum lögum, einkum hvað varðar ákvæði um friðlýsinguna. Slíkar friðlýsingar munu samkvæmt okkar heimildum hvergi vera heimilar nema í Noregi. Skipavarðveislunefnd og störf hennar væru þá sniðin eftir húsafriðunarnefnd en ekki væri gert ráð fyrir eins miklum umsvifum. Víða í nágrannalöndum okkar njóta eigendur merkra báta fríðinda hvað snertir opinber gjöld og viðhald bátanna og mun til að mynda Evrópusambandið vera að undirbúa reglur í þeim efnum.

Í lok ársins 2002 bað ráðuneytið Þjóðminjasafnið að kanna hvort fiskiskip í löndum Evrópusambandsins sem ætlunin er að varðveita á menningarsögulegum forsendum geti hlotið úreldingarstyrk. Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópusambandsins frá 1999 er heimilt að veita úreldingarstyrk til menningarsögulegrar varðveislu á fiskiskipum. Um er að ræða ýmiss konar undanþágu frá reglum um greiðslu á úreldingarstyrk til fiskiskipa sem undir venjulegum kringumstæðum þarf að eyða. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins hefur hins vegar reynst afar erfitt, eiginlega bara mjög erfitt, að fá greiddan styrk til varðveislu á fiskiskipum samkvæmt þessari Evrópusambandsreglugerð. Þannig hefur aðeins eitt fiskiskip verið varðveitt á þessum forsendum í Svíþjóð og afar fá í Danmörku.

Skipaverndunarfólk á Norðurlöndunum og í Bretlandi er sammála um það að reglur Evrópusambandsins varðandi úreldingu fiskiskipa stuðli almennt að eyðingu þeirra. Litið er á þetta frekar sem vandamál meðal skipaverndunarfólks þrátt fyrir þessa undanþágu sem reglugerð Evrópusambandsins veitir og ég fór yfir áðan. Þessar úreldingarreglur

Evrópusambandsins virðast frekar leiða til eyðileggingar á fiskiskipum og ég hef m.a. líka heimildir fyrir því að í haust hafi úreldingarstyrkurinn á hvert brúttótonn í Svíþjóð verið hækkaður í 5 millj. kr. Verndunarsinnar hafa þá skoðun að hugsanlega muni þessi hækkun hafa í för með sér enn frekari eyðingu skipa en var í fyrra. Þá var styrkurinn upp á 1,8 millj. á tonn. Samkvæmt upplýsingum mínum voru 20 skip höggvin í Svíþjóð, þar af mjög margir gamlir trébátar. Það er að mörgu að hyggja, hæstv. forseti, og ég er með þessar tillögur til sérstakrar skoðunar, og þá ekki síst í ljósi þess að ég hef ákveðið að fram fari endurskoðun á þjóðminjalögum.

[14:30]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem til að lýsa því yfir að mér finnst ákaflega sorglegt hve lítið hefur gerst í þessum málum á undanförnum árum og hversu mikið sinnuleysi stjórnvöld, sem hljóta að bera verulega ábyrgð, hafa sýnt því að bjarga gömlum bátum og skipum frá glötun.

Tíminn vinnur svo sannarlega ekki með okkur í þessu máli og má víða finna skip sem eru fyllilega þess virði að varðveita sem eru við það að eyðileggjast. Allt of mörg skip hafa glatast að eilífu vegna þess að menn höfðu ekki burði til þess að taka sér tak og reyna að bjarga þeim.

Í annan stað hefur það líka sýnt sig að þó skipum hafi verið bjargað grotna þau niður þrátt fyrir það. Skýrasta dæmið um það er kútterinn á Akranesi sem er orðinn afskaplega sorgleg sjón þar sem hann hefur dúsað á landi í nálega 30 ár.

[14:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir að málið skuli tekið upp. Nú hefur hæstv. menntamálaráðherra setið í rúmt ár að ég hygg og óska ég henni til hamingju með það.

Ég held að það þurfi að vinna svolítið öðruvísi að málinu en hæstv. ráðherra lýsti hér vegna þess að samþykkt þingsályktunartillögunnar frá 9. maí 2000 gengur út á að tryggja fjármögnun úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Hvar er það mál statt? Ef hæstv. sjávarútvegsráðherra hefði verið við heilsu hefði hann væntanlega mælt fyrir því á mánudag eða þriðjudag.

Hvað erum við að tala um þar? Sennilega um 400 millj. kr. eign í Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Hvernig varð hann til? Með gjaldtöku af flotanum á sínum tíma.

Það voru fimmmenningar sem lögðu fram frumvarpið og ég flutti á þinginu á sínum tíma, að horft væri á þessa fjármuni vegna þess að þar væri eðlilegur farvegur fyrir það sem áður hafði verið notað til úreldinga skipa til að varðveita það sem við vildum varðveita. Ég bendi hæstv. menntamálaráðherra á að missa ekki af þessum peningum því hæstv. sjávarútvegsráðherra gerir ráð fyrir að taka þetta til sín (Forseti hringir.) og útgerðin gerir kröfu um að fá þessa peninga. Það er best að grípa gæsina meðan hún gefst.

[14:33]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vona að hæstv. menntamálaráðherra taki á málinu því það hefur greinilega sofnað. Það er full ástæða til þess að gefa gaum að orðum hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um úreldingarsjóðinn. Þaðan ættu auðvitað fjármunir að koma til þessara mála. Þeir peningar voru fengnir úr uppsprettu úr sjávarútveginum, sú uppspretta var þannig notuð að hér voru eyðilögð skip hundruðum saman. Evrópusambandið er því ekki að finna upp þá aðferð að nota úreldingarfyrirkomulag til að eyðileggja flotann og við þurfum ekki að sækja vitneskju þangað um þau atriði.

Mér finnst hins vegar að hæstv. ráðherra þurfi að upplýsa hvort hún ætli að fylgja þessum málum fast eftir og sjá til þess að það verði til farvegur til varðveislu gamalla skipa. Íslendingar hafa lifað á sjónum fram að þessu og sá arfur er mikils virði.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir efnismikið svar sem kemur þó seinna en eðlilegt hefði verið, því fram kom í máli hæstv. ráðherra að minnisblað nefndarinnar er frá árinu 2002 og síðan hefur verið ýtt á málið víða að, m.a. frá Félagi íslenskra safna og safnmanna. Aðalfundur þess félags, sem haldinn var 10. nóvember 2004, ályktaði og lagði til við menntamálaráðherra að framhald yrði á störfum nefndarinnar og er greinilegt að vitneskja hefur ekki verið til staðar í félaginu um að nefndin væri búin að skila af sér. Í ályktun Félags íslenskra safna og safnmanna segir, með leyfi forseta:

„Félagið leggur til við menntamálaráðherra að framhald verði á störfum nefndar um sjóði til varðveislu skipa og báta sem hafa menningarsögulegt gildi, sem stofnuð var í kjölfar þingsályktunar frá 9. maí 2000. Lýsir fundurinn yfir fullum stuðningi við stofnun slíks sjóðs og væntir þess að vinnu við undirbúning hans verði hraðað eftir fremsta megni."

Það hefur því verið ýtt á ráðherrann frá fleiri en einum stað og er það vel.

Ég treysti því að hæstv. ráðherra láti hendur standa fram úr ermum, skoði ummæli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar sem hefur gefið okkur ástæðu til að skoða Þróunarsjóðinn með tilliti til þess hvort þar séu fjármunir til reiðu í málefni af þessu tagi. Mér finnst skipta verulegu máli að það sé gert og sömuleiðis að haft sé náið samráð við Þjóðminjasafnið í þessu tilliti því við skulum ekki gleyma því að Þjóðminjasafnið, sem er höfuðsafn þjóðminjavörslunnar, rekur Sjóminjasafn Íslands. Í gegnum það eru tengsl sjóminjasafnanna á landinu til staðar.

Að lokum lýsi ég því yfir að yfirlýsing hæstv. menntamálaráðherra er athyglisverð um að hún ætli að láta fara fram endurskoðun á þjóðminjalögunum. Við getum beðið spennt í þessum sal eftir að (Forseti hringir.) fá þau inn á borð okkar.

[14:36]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem fram hefur komið í umræðunni, að menningararfur okkar sem tengist m.a. skipum og varðveislu gamalla skipa er mjög þýðingarmikill fyrir okkur og samfélag okkar. Það er því alveg ljóst að hlúa

þarf vel að þessum málum, m.a. í ljósi þeirrar endurskoðunar sem fer fram á þjóðminjalögum, þá er einmitt lag til að setja þessi mál í fastari skorður og betri horfur en nú er, það verður að segjast alveg eins og er.

Ég vil taka fram varðandi Þróunarsjóð sjávarútvegsins að ég er að skoða það mál sérstaklega. Ég held að það skipti mjög miklu máli af því að það hafa verið eyrnamerktir peningar samkvæmt upplýsingum mínum einmitt í þennan þátt, að þeir renni í þann þátt sem þeir áttu og eiga að renna.

Mér finnst þýðingarmikið að heyra að það er samhljómur á meðal þingmanna. Ég ætla ekki að reyna að setja einhverja flokkadrætti á milli manna. Það er samhljómur á meðal þingmanna að gera betur í þessum efnum. Það verður líka að taka fram það sem vel er gert og þingið hefur staðið ágætlega að fjármögnun til varðveislu ákveðinna báta, en ég tek undir með hv. þingmanni að það þarf skýrari ramma og skýrari stefnu hvað þetta varðar.

Menntunarmál geðsjúkra.

Fsp. BjörgvS, 100. mál. — Þskj. 100.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Rétt fyrir jólahlé tók hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir það upp í umræðum um störf þingsins hvort ekki hefði fengist niðurstaða í viðræður Geðhjálpar, Fjölmenntar og menntamálaráðuneytisins um þjónustusamning um menntunarmál geðsjúkra. Þá hafði komið fram að frá því í ágúst höfðu staðið yfir viðræður milli menntamálaráðuneytis, Geðhjálpar og Fjölmenntar um að endurskoða þjónustusamning og hafði menntamálaráðuneytið tilkynnt bæði Fjölmennt og Geðhjálp að búið yrði að ganga frá því máli fyrir 1. desember á síðasta ári.

Þegar umræðan fór fram, 8. desember sl., hafði engin niðurstaða fengist og kom fram í máli menntamálaráðherra að viðræður stæðu yfir og málið hefði verið rætt í ríkisstjórn og hæstv. ráðherrar heilbrigðis-, félags- og menntamála hefðu tekið það upp sín á milli og vildu fyrir sitt leyti ljúka viðræðum um þjónustusamninginn þannig að menntunarmál geðsjúkra væru í mjög góðum farvegi.

Það þarf ekki að orðlengja um að það er enginn vafi á því að Fjölmennt opnar geðfötluðum og þeim sem eiga við slík veikindi að stríða aftur dyrnar út í samfélagið og eykur sjálfstraust þeirra og hæfi til að takast á nýjan leik og með öðrum hætti á við tilveruna. Einnig veitir það þeim fjölmörg tækifæri til að komast aftur á vinnumarkaðinn, enda hafa margir flosnað snemma frá námi án þess að ljúka annarri skólagöngu en grunnskóla vegna veikinda sinna sem títt er um þá sem eiga við erfið geðræn veikindi að stríða.

Þess vegna er að sjálfsögðu áríðandi, eins og fram kom á síðasta ári í umræðunum á þinginu, að ljúka þessum þjónustusamningi þannig að ekkert hik komi á menntunarmál geðsjúkra og þau séu í sem allra bestum farvegi, enda er um lágar fjárhæðir að ræða. Það virtist helst steyta á því að hér er um mál sem kemur inn á þrjú ráðuneyti að ræða þó það heyri undir menntamálaráðherra.

Ég lagði þessa fyrirspurn inn töluvert fyrir þann tíma sem umræðan stóð yfir, en út af því að málin voru í uppnámi voru þau tekin upp um störf þingsins, enda fyrirspurninni ekki svarað fyrir jólahlé. Þá var ekki komin niðurstaða og því spyr ég hæstv. menntamálaráðherra nú hvort málið sé leitt til lykta, hvort þjónustusamningur milli menntamálaráðuneytis, Geðhjálpar og Fjölmenntar liggi fyrir og hvort hæstv. ráðherrarnir þrír hafi tekið málið upp og náð niðurstöðu um það.

Það þarf ekki að ítreka, eins og fram kom í máli málshefjanda þá og annarra sem tóku þátt í umræðunum, hve viðkvæmur og flókinn málaflokkur þetta er og því brýnt að niðurstaða fáist og þjónustusamningur liggi fyrir.

[14:41]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera eins og hv. fyrirspyrjandi og fara aðeins yfir hvernig málin hafa þróast, því þó ég hafi gert það síðast þegar ég ræddi sama mál undir liðnum um störf þingsins við hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur hefur náttúrlega eitt og annað gerst síðan.

Fulltrúar Fjölmenntar og Geðhjálpar áttu á síðasta ári í viðræðum við ráðherra og embættismenn menntamálaráðuneytis, félagsmála- og heilbrigðisráðuneytis um fjármögnun samstarfsverkefnis þessa tveggja aðila sem varðar menntun og starfsendurhæfingu geðsjúkra. Verkefnið var sett á laggirnar árið 2003 að frumkvæði Fjölmenntar og Geðhjálpar. Fjármögnun verkefnisins byggði á framlagi Fjölmenntar, en Fjölmennt fær á fjárlögum um 150 millj. kr. til þess að sinna fræðslumálum fatlaðra samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið með framlagi Geðhjálpar, sem m.a. lagði til aðstöðu til starfseminnar. Auk þess var styrkur veittur frá starfsmenntaráði félagsmálaráðuneytisins.

Í kjölfar áskorunar Geðhjálpar í bréfi til ráðherra ríkisstjórnarinnar um að opinberir aðilar legðu fé til verkefnisins ákváðu ráðuneytisstjórar þeirra ráðuneyta sem ég gat um áðan að láta fara fram úttekt á starfseminni svo varpa mætti betra ljósi á þörfina fyrir slík úrræði. Það kom alveg skýrt fram í þeirri úttekt að þetta er mjög þarft og gott verkefni sem nýtist jafnframt þeim sem það er ætlað að þjóna afar vel. Einnig var bent á veikan fjárhagsgrundvöll verkefnisins.

Ljóst var á þeim tíma að ráðuneytin hefðu engar samningsbundnar skyldur til þess að veita starfseminni fjárhagslega liðveislu því það var samningur á milli Fjölmenntar og ráðuneytisins sérstaklega um fræðslumál fatlaðra. Það má í rauninni segja að á þeim tímapunkti hafi þjónustan alfarið verið á ábyrgð Fjölmenntar og Geðhjálpar og það er vel að að slíku frumkvæði var staðið.

Að baki Fjölmennt standa Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Þroskahjálp. Þau hafa staðið einkar vel að fræðslumálum fatlaðra og eðli málsins samkvæmt reyna þau að sjá hvernig þau geta sinnt því hlutverki sem þeim er ætlað að sinna.

Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar, menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis sl. sumar var ákveðið að veita samtals 6 millj. kr. til samstarfsverkefnisins milli Fjölmenntar og Geðhjálpar og var einnig ákveðið að hafnar

yrðu viðræður milli ráðuneytisins og Fjölmenntar um gildandi þjónustusamning á milli þessara aðila, þ.e. að taka upp samning sem var í gildi á milli aðilanna.

Umræðurnar fóru fram í nóvember á sl. ári og alveg ljóst af minni hálfu og hálfu ráðuneytisins að það er eðlilegast í þessu máli öllu saman að Fjölmennt sinni fullorðinsfræðslu geðfatlaðra eins og annarra fatlaðra einstaklinga. Það er mín skoðun.

Í stofnun Fjölmenntar segir m.a. að markmið hennar sé að skipuleggja námskeið fyrir fullorðið fatlað fólk sem ekki eigi kost á starfsþjálfun hjá öðrum símenntunaraðilum. Ráðuneytið telur því augljóst að geðfatlaðir heyri undir þann hóp sem Fjölmennt á að sinna. Í viðræðum við forustumenn Fjölmenntar var sá skilningur ráðuneytisins líka staðfestur. Það verður líka að segjast eins og er að Fjölmennt taldi í viðræðunum, og það kom alveg skýrt fram, að ekki væri hægt að halda uppi óbreyttu námsframboði fyrir geðfatlaða með því fjármagni sem var til umráða og niðurstaða viðræðna ráðuneytisins og Fjölmenntar varð því að ef halda ætti áfram námi fyrir geðfatlaða í sama mæli og áður þyrfti hreint og klárt til þess aukið fjármagn. Þetta var í nóvember. Við áttum síðan, eins og ég gat um áðan, samræður í þingsal, ég og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

Í desember á nýliðnu ári var ákveðið í ríkisstjórninni að veita 4 millj. kr. til viðbótar vegna verkefnisins og það varð til þess að nám hófst fyrir geðfatlaða á vegum Fjölmenntar í upphafi þessa árs. Einnig var ákveðið af hálfu ríkisstjórnarinnar að menntamálaráðuneytið og ríkisstjórnin tryggðu Fjölmennt fjármagn á þessu ári, 2005, og er þar um að ræða um 12 millj. kr. í heild til þessa brýna og mikilvæga verkefnis.

[14:46]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn og eins svar hæstv. ráðherra. Ég vil leggja áherslu á að geðfatlaðir verði áfram skilgreindir með fötluðum og að sérstaklega verði hugað að fullorðinsfræðslu geðfatlaðra til langs tíma. Ég tel það verkefni mjög brýnt og mjög þarft. Gerð hefur verið úttekt á því og það fær góða dóma. Miðað við það hver þróunin hefur orðið á undanförnum árum í fjölgun öryrkja er mikilvægt að koma öryrkjum og þá sérstaklega geðfötluðum út í samfélagið aftur því hugsanlega er þetta tímabundið ástand hjá mörgum ef þeir fá til þess nægilegan stuðning. Fjölmennt og fullorðinsfræðslan eru úrræði sem eru ódýr lausn og góð og ég tel að mikilvægt sé (Forseti hringir.) að hafa samning til langs tíma.

[14:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og yfirferð um málið. Það var rætt hér fyrir jól og þá voru þessi mál í uppnámi en ég fagnaði því, og gerði það reyndar á heimasíðu minni, þegar fé var tryggt til verkefnisins frá hæstv. ráðherra til að hægt væri að halda því gangandi. Ég er sammála því að Fjölmennt sinni þessari fræðslu eins og öðru námi fyrir fatlaðra en tek undir að það þarf að tryggja það til lengri tíma því það er bagalegt þegar framtíð náms fyrir geðfatlaða eða geðsjúka fer í óvissu. Það er mjög erfitt fyrir þá sem líða fyrir þennan sjúkdóm að búa við slíkt ástand þannig að það er mjög mikilvægt.

Svo langar mig í lokin til að velta því upp hvort ekki sé ástæða til þess að þetta nám sé í skólakerfinu eins og annað nám þannig að geðsjúkir sem eru í endurhæfingu eða námi fari ekki endilega inn í sitt eigið hús heldur út í skólakerfið. Ég held að það sé líka mikilvægt að þeir séu innan um aðra nemendur (Forseti hringir.) og það sé eitthvað sem við eigum að velta fyrir okkur.

[14:49]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Þetta mál er mjög mikilvægt og eins og fram kom í máli hæstv. menntamálaráðherra er það í ákveðnum farvegi. Ég tek undir það að mjög mikilvægt er að tryggja að þetta verkefni verði til framtíðar. Það kom jafnframt fram í máli hæstv. ráðherra að úttekt sem menntamálaráðuneytið og fleiri aðilar gerðu á þessu verkefni sýndi að það sé mjög þarft, þetta sé mjög gott verkefni sem nýtist mjög vel. Ég hef einnig kynnt mér það og ég gef því hina bestu einkunn. En þetta er líka gott dæmi um farsælt verkefni sem rekið er af sjálfstæðum samtökum og grasrótarstarfi þar sem tekið er mið af þeim aðilum sem þurfa á því að halda þannig að það er alltaf tryggt að það sé í samræmi við þörf á hverjum tíma. Ég tel að mikil þörf og mikil nauðsyn sé að halda vel utan um slík verkefni og hlúa vel að þeim.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er hægt að taka undir það um leið og ég þakka umræðuna og svörin að nauðsynlegt er að koma þessum málum í fastar skorður, finna þeim stað í skólakerfinu eins og öðru námi. Þetta vekur upp hugrenningar um stöðu símenntunarstöðvanna sem er ekki ólíkt komið fyrir, að þurfa að hlaupa á eftir fjármagni, í því tilfelli til fjárlaganefndar, á hverju ári og reksturinn í uppnámi ef eitthvað út af ber. Í fyrsta lagi þarf að tryggja verulegt aukið fjármagn. Það sem kemur er ágætt og það er gott að komið var í veg fyrir það uppnám sem málið var í í desember.

Það þarf að tryggja aukið fjármagn, gera langtímasamning og finna þessu fastan stað í skólakerfinu þannig að þetta nám sé eins og annað nám og eigi heima þar en ekki sérskilgreint eins og nú er gert. En það er langtímaverkefni. Aðalmálið er að ljúka þjónustusamningi, langtímasamningi, finna þessu fastan stað í skólakerfinu líkt og annarri fullorðinsfræðslu, skilgreina þetta upp á nýtt eins og aðra fullorðinsfræðslu sem símenntunarstöðvarnar hafa með að gera í dag og hafa unnið mikið og ákaflega gott starf víða um land, á höfuðborgarsvæðinu sem og úti á landi, hafa opnað fullorðnu fólki nýjar og aðrar dyr að aukinni menntun og nýjum tækifærum. Fullorðinsfræðsla geðfatlaðra er jafnmikilvæg og á í sjálfu sér að heyra undir sömu lögmál, og fullorðinsfræðslu bæði símenntunarstöðvanna og fræðslu geðfatlaðra þarf að finna fastan stað og gera langtímasamning um þannig að þessum málum verði vel fyrir komið og leggja þarf til þess verulegt aukið fjármagn. Miðað við

hvað þetta er mikilvægt samfélagsverkefni blandast engum hugur um að hér er um lága fjárhæð að ræða.

[14:52]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er einmitt það sem verið er að gera með því sem ég var að að svara hér áðan, verið er að reyna að koma þessum málum í fastan farveg. Meðal annars er verið að setja þetta verkefni og þetta úrræði inn í heildarsamninginn hjá Fjölmennt þannig að Fjölmennt komi til með að sinna öllum fræðslumálum fatlaðra, hvort heldur það eru geðfatlaðir eða aðrir sem eiga við fötlun að stríða.

Það er því verið að koma þessum málum í ákveðinn og fastan farveg. Menn eru líka að sjá að þetta úrræði sem um er að ræða skiptir gríðarlega miklu máli fyrir fatlaða einstaklinga til þess að taka áfram næstu skrefin inn í skólakerfið til að viðhalda fræðslu sinni og skólagöngu. Það skiptir mjög miklu máli í öllu þessu samhengi að reyna að auðvelda geðfötluðum einstaklingum að taka þessi skref sem oft og tíðum geta verið mjög þungbær fyrir þá, auðvelda þeim að taka þessi skref inn í samfélagið sem við búum í.

Mismunandi þarfir drengja og stúlkna í grunnskólum.

Fsp. MÁ og KJúl, 430. mál. — Þskj. 622.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Það gerðist hér vorið 1998 að samþykkt var þingsályktun sem átti rót sína að rekja til þingsályktunartillögu Svanfríðar Jónasdóttur o.fl. um að menntamálaráðherra skipaði nefnd fagfólks til að gera tillögur um hvaða aðferðum skuli beitt í grunnskólum til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna, og jafnframt að gera tillögur um viðeigandi breytingar á kennaranámi. Sú umræða sem stóð að baki þessu máli í þinginu var þörf og góð og árangurinn væntanlega mjög mikill af þessu starfi því ekki færri en þrír menntamálaráðherrar hafa komið að því og nú síðast núverandi hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Þessi mál hafa verið mjög umrædd að undanförnu líka. Það má minna á að í PISA-skýrslunni nýju kom fram munur kynja hér á landi í frammistöðu með ýmsum hætti. Þessa dagana er líka verið að kynna nýja bók eftir Ingólf Ásgeir Jóhannesson sem heitir Karlmennska og jafnréttisuppeldi og tekur á ákveðnum sviðum þessa máls. Ég er því miður ekki búinn að lesa hana alla, en ég ætla t.d. að fara á fyrirlestur hjá höfundinum á morgun til að kynna mér þetta betur. Hann leggur, hygg ég, áherslu á jafnréttisuppeldi og ýmsar breytingar á fræðslu og uppeldi í samfélaginu og ekki síður í skólunum, neðstu stigum skólanna, og mér sýnist hann vera með mörg góð ráð bæði til foreldra og annarra uppalenda.

Í þriðja lagi er auðvitað ævistarf Margrétar Pálu Ólafsdóttur sem sprungið hefur út í skólum hennar sem kenndir eru við hjallastefnuna, og það vill svo vel til þó að þessi fyrirspurn hafi verið lögð fram fyrir jól að við vorum þar nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar í gærmorgun í skóla hennar fyrir 5–8 ára börn við Vífilsstaði. Ég verð að segja að það var ákaflega ánægjuleg heimsókn og mjög fróðlegt að kynnast kenningum hennar, í fyrsta lagi úr hennar munni og í öðru lagi að sjá þær verða til í reynd, og ég hef ekki í annan tíma komið í raun og veru í jafnskemmtilegan skóla þó að maður eigi auðvitað ekki að dæma um hluti af nokkurra tuga mínútna kynnum.

Spurningin er sem sé um það hvað störfum þessarar nefndar líði og hverju hún hafi skilað af sér og hverju ráðherra hafi síðan komið í verk af því sem hún lagði til.

[14:56]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Þingsályktunin sem hér er um að ræða hljóðaði á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd fagfólks í uppeldis- og kennslumálum sem geri tillögur um hvaða uppeldis- og kennsluaðferðum skuli beitt í grunnskólum til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna, en upplýsingar um misvægi í sérfræðiþjónustu, athygli kennara og námsárangri benda til að úrbóta sé þörf. Jafnframt geri nefndin tillögur um viðeigandi breytingar á kennaranámi.“

Þegar umrædd þingsályktun var samþykkt á sínum tíma var nefnd, skipuð af þáverandi menntamálaráðherra, þegar að störfum sem hafði verið falið að gera tillögur um stefnumótun í jafnréttisfræðslu í skólum í tengslum við endurskoðun aðalnámskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla. Sú nefnd var skipuð árið 1997 og átti enn fremur að gera tillögur á sviði menntamála varðandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Í þeirri nefnd sátu m.a. Inga Dóra Sigfúsdóttir, sem var formaður, fulltrúar frá Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hinu íslenska kennarafélagi og einnig frá Kennaraháskóla Íslands.

Verkefni þessarar nefndar við námskrárgerðina voru skilgreind þannig að hún legði fram drög að umfjöllun um jafnrétti og jafnréttisfræðslu fyrir almenna hluta námskránna. Nefndin skilaði af sér greinargerð og tillögum árið 1999 og fengu þær ítarlega kynningu á sínum tíma, m.a. með bæklingi um kynjamun í skólastarfi. Starf nefndarinnar hefur orðið grundvöllur mikillar umræðu sem enn er í gangi. Má nefna sem dæmi að nú síðar í mánuðinum verður haldin stór ráðstefna um drengjamenningu í grunnskólum.

Þegar þingsályktunin frá árinu 1998, sem hér er spurt um, barst menntamálaráðherra var rætt um það í ráðuneytinu hvort umfjöllun um hana á sínum tíma samrýmdist umboði jafnréttisnefndarinnar. Niðurstaðan var sú að svo væri ekki og því var ákveðið að skipa aðra nefnd á grundvelli þessarar þingsályktunar til að gera tillögur um uppeldis- og kennslufræði til að koma til móts við hinar mismunandi námsþarfir drengja og stúlkna og viðeigandi breytingar á kennaramenntun. Sú nefnd fylgdist með gerð aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla sem kom út 1999 og ræddi við ýmsa aðila í menntakerfinu um starfshætti sem æskilegast

væri að bæta til að mæta betur mismunandi þörfum drengja og stúlkna og hvatti sérstaklega til aðgerða í þeim efnum.

Nefndin lauk síðan störfum án þess að skila formlegum tillögum um aðgerðir en í endurskoðun námskrár er sérstaklega tekið tillit til álits nefndarinnar í þeim efnum og má í rauninni segja að álit nefndarinnar hafi síðan endurómað við gerð námskrárinnar árið 1999.

Ein meginástæða þess að nefndin skilaði ekki formlegum tillögum þótt hún hafi gefið álit var sú að fljótlega kom í ljós að það var mjög erfitt að byggja starfið á upplýsingum sem lágu þá fyrir og rannsóknir höfðu verið gerðar. Það má í raun segja að staðan varðandi námsárangur og líðan drengja og stúlkna í skólum hafi legið tiltölulega ljós fyrir. Strákum gekk almennt verr í skóla en stúlkum og þeim leið ekki eins vel. Hins vegar hefði þurft mun öflugri og víðtækari rannsóknagrunn og sammæltust fagaðilar sem komu að þessu um að það þyrfti mun öflugri og víðtækari rannsóknagrunn en var til staðar á þeim tíma til að geta dregið marktækar ályktanir til að geta brugðist við. Það var t.d. ekki hægt að segja til um það með afgerandi hætti hvort mismunandi líðan og árangur drengja og stúlkna mætti rekja til skólakerfisins sem slíks eða hvort aðstæður og þættir utan skólakerfisins réðu þar mestu um. Því var talið á þessum tíma að óvarlegt væri að ráðast t.d. í breytingar á kennaramenntun án þess að bak við slíkar umfangsmiklar breytingar á kennaramenntuninni lægju þá fyrir varðandi niðurstöður rannsókna.

Það er líka rétt að benda á að þetta hefur mjög mikið þróast, það er ekki bara að þetta sé komið með fullum og afgerandi hætti inn í námskrárnar. Skólarnir eru mjög meðvitaðir um að það eigi að taka á þessu og það er vel. En þess verður líka sérstaklega að geta að ég hef til að mynda haft spurnir af því að í hinum nýja sameinaða háskóla sem nú er verið að stofna er stefnt að því að stunda umfangsmiklar rannsóknir á kynjasviði. Þar liggur fyrir nú þegar stór gagnagrunnur um kynjamun í skólastarfi og munu kennarar og nemendur þess skóla halda þessum rannsóknum áfram.

Samhliða rannsóknunum verða líka þróaðar aðferðir innan skólans sem hafa einmitt það að markmiði að koma sérstaklega til móts við þarfir drengja og reynt að skilgreina nákvæmlega hvað búi að baki mismunandi námsþörfum. Þau gögn lágu ekki fyrir á sínum tíma.

Síðan má geta þess að í ljósi m.a. PISA-niðurstaðna er Námsmatsstofnun sérstaklega að fara yfir þær niðurstöður sem komu svo skýrlega í ljós, þ.e. mismunandi niðurstöður í stærðfræði á milli drengja og stúlkna. Sá munur er ekki eingöngu eftir kyni heldur ekki síður eftir landsvæðum. Það er athugunarefni.

[15:02]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi kom inn á það að nú er þingflokkur Samfylkingarinnar að heimsækja grunnskóla landsins. Vorum við í gær eins og hv. þingmaður nefndi, í Hjalla, barnaskóla hjallastefnunnar hjá Margréti Pálu og var það ákaflega merkileg og lærdómsrík heimsókn. Ég held að við höfum öll hrifist mjög af því starfi sem þar fer fram. Ég er á því að grípa þurfi til býsna róttækra aðgerða í skólakerfinu almennt til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna því þær virðast vera ákaflega ólíkar.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hefði skoðað það að innleiða með tilheyrandi hliðaraðgerðum það að beita miklu meiri kynjaskiptingu í grunnskólum landsins líkt og gert er í hjallastefnunni, ekki endilega með sama hætti að sjálfsögðu, en nýta slíkar aðferðir til að mæta mismunandi þörfum og aðskilja kynin mun meira en gert er nú.

[15:03]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn og svörin frá hæstv. ráðherra. Það er skemmtilegt að þetta skuli bera upp á þennan dag, daginn eftir að við vorum í heimsókn í skólanum hjá Margréti Pálu, sem eins og fram hefur komið hér var ákaflega ánægjuleg. Ég ætla að nota þetta tækifæri til að hvetja ráðherra menntamála til að kynna sér vel það sem fram fer í hjallastefnunni hjá Margréti Pálu, reyndar á báðum skólastigum þar sem hún hefur tekið að sér að koma upp skólum.

Mér er ýmislegt minnisstætt úr heimsókninni í gær. Þegar ég var að fara spurði ég hvernig henni gengi að blanda saman börnum úr hefðbundnum leiksólum og þeim sem hefðu komið úr leikskólum hjallastefnunnar. Hún sagði að það tæki örfáar vikur ef passað væri upp á að hlutfall þeirra nýkomnu væri ekki of hátt, en börn sem kæmu úr hjallastefnuleikskólunum væru fljót að ala þau nýkomnu upp ef jafnvægið væri í lagi.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin og þingmönnum fyrir þátttöku í umræðunum.

Svörin eru svolítið skrýtin og svona í stíl við það sem hæstv. menntamálaráðherra kemur stundum með hér inn á þingið, þ.e. ansi langar greinargerðir um eiginlega ekki neitt. Þessi greinargerð var um að sú nefnd sem Alþingi samþykkti árið 1998 að yrði stofnuð með tiltekinni dagskrá, með tilteknu erindi, hafi að vísu verið skipuð en síðan hafi hún gefist upp og ekkert út úr henni komið, eða réttara sagt að hún hafi verið svo dugleg að hún hafi komið einhverjum tilteknum hlutum inn á aðalnámskrá en gefist svo algjörlega upp á öðrum hlutum vegna þess að svo miklar upplýsingar skorti. Síðan kemur eitthvað um Námsmatsstofnun í framhaldi af PISA-skýrslunni og um það að hinn nýi háskóli Verslunarráðsins búi að stórum gagnagrunni.

Það sem eftir stendur af þessu er að menntamálaráðherrarnir sem hér um ræðir hafa brugðist við að framfylgja ályktun frá Alþingi Íslendinga. Þegar það gerist — stundum kemur það fyrir að aðstæður eru þannig að ekki er hægt að fylgja þeim fram — þá eiga ráðherrarnir auðvitað að koma hér á þingið og gera grein fyrir því hvers vegna ekki sé hægt að fylgja þeim fram og hvað annað sé þá gert á meðan.

Ég vil svo segja það að hinu leytinu af því ég er að skamma ráðherrann fyrir þetta að mér heyrist þó á ræðu hennar að hún hafi einhvern skilning á þeim hlutum sem hér liggja undir. Ég tel að henni væri sómi að því að hefja

aftur þetta starf, ekki til þess að vera jaðarverk á einhverjum öðrum sviðum heldur að fjalla nákvæmlega um þetta: Hver er munurinn á drengjum og stúlkum í skólum okkar? Hvernig eigum við að breyta þeim og hvernig eigum við að breyta menntun kennara okkar til þess að fást við þann mun?

[15:07]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er akkúrat það sem er búið að vera að gera núna á undanförnum árum. Mér finnst miður ef hv. þingmaður hefur ekki skilið að það er einmitt löngu hafið það verk að skoða sérstaklega hvaða munur er á námsþörf drengja og stúlkna í skólakerfinu. Það er þegar byrjað að huga að því hvernig hægt er að endurskilgreina kennaramenntun til framtíðar. Það starf er því löngu hafið.

Það var hreint út sagt hjákátlegt að vera hér í þingsal og hlusta á hv. þingmenn Samfylkingar þramma hver á fætur öðrum upp og tala um frábæran barnaskóla hjallastefnunnar. Mér finnst það sérstakt fagnaðarefni að þingmenn Samfylkingarinnar skuli sjá ljósið í því sem felst í þeim frábæra barnaskóla sem er, já hvar er hann? Hann er jú í Garðabæ. Það er nefnilega engin tilviljun að skólinn skuli vera í Garðabæ því það þurfti pólitískan kjark og pólitískt þor að leyfa starfsemi barnaskóla hjallastefnunnar. Ég bý í Hafnarfirði. Ég er með mín börn þar og þau fengu ekki þetta tækifæri því núverandi meiri hluti sem er undir forustu Samfylkingarinnar hafði ekki þann pólitíska kjark, þetta þor sem þurfti á að halda til að leyfa fólkinu í samfélaginu að fá þessi tækifæri. Frammi fyrir hvaða tækifæri standa börnin í Garðabæ og foreldrarnir? Auknu valfrelsi í skólamálum. Sumum börnum hentar að fara í svona skóla, svona frábæra skóla eins og Margrét Pála stendur fyrir, en öðrum börnum hentar betur að fara í aðra skóla. Það er einmitt lykillinn að þessu öllu saman. Það þarf pólitískan kjark til þess að heimila og leyfa einkaskólum, sjálfstæðum skólum, til þess að starfa án þess að jöfnum tækifærum til náms sé ógnað. Hvað er verið að gera í Reykjavík? Jú, maður les á baksíðu Moggans að Reykjavíkurborg ætlar hugsanlega að veita Landakotsskóla sama styrk, þ.e. eingöngu ef hann verður borgarskóli.

Um fundarstjórn.

Mælendaskrá og umræðuefni í fyrirspurnum.

[15:09]

Mörður Árnason:

Forseti. Þannig háttar til undir þessum dagskrárlið að fyrirspyrjandi hefur umræðuna og síðan kemur ráðherra. Síðan koma aðrir þingmenn. Um það var sérstaklega úrskurðað hér í fyrra að síðan ljúki fyrirspyrjandi sínu máli, sé síðastur hinna almennu ræðumanna og síðan komi ráðherra og ljúki umræðunni. Þetta gerir auðvitað ákveðnar kröfur til þeirra sem þátt í því taka, gerir þær kröfur að menn reyni að færa umræðuna fram svona hver af öðrum og það gerir þær kröfur til ráðherra, fyrir utan að svara spurningunni í fyrstu ræðu sinni, að víkja ekki að nýju efni í lok ræðunnar og ræða um allt aðra hluti en þá sem hún var um spurð án þess að þingmenn fái tækifæri til þess að bregðast við eða þeir sem rætt var við.

Hér gerðist t.d. það, forseti, að rætt var um muninn á drengjum og stúlkum í grunnskóla og leikskóla.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti verður að biðja hv. þingmann um að halda sig við efnið fundarstjórn forseta en að fara ekki aftur að ræða fyrirspurn sem er komin af dagskrá.)

Forseti. Ég er að því. Ég er að lýsa umræðunni eins og hún gekk. Ég er ekki að færa inn í hana nýtt efni.

Lokasvar ráðherrans var hins vegar um allt aðra hluti. Það var um einkaskóla, um rekstrarform skóla og um frammistöðu Sjálfstæðisflokksins og annarra stjórnmálaflokka í sveitum landsins við að reka grunnskólana. Ef þetta á að verða síðurinn hér á þinginu, forseti, þá hljótum við að breyta þessum dagskrárlið þannig að þingmönnum gefist kostur á því að svara ráðherra þegar hann færir fram ný efni í lokasvar sitt, en ekki er til þess ætlast. Eða er það svo, forseti?

[15:11]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Það komu hér ýmsir þingmenn, ekki bara einn heldur tveir ef ekki þrír, sem sérstaklega fjölluðu um heimsókn Samfylkingarinnar í þennan glæsilega barnaskóla sem er í Garðabæ ...

(**Forseti** (JóhS)**:** Hér er ekki verið að tala um fundarstjórn forseta.)

Hæstv. forseti. Ég er að útskýra mitt mál og hvernig fundarstjórn forseta samræmist nákvæmlega því sem var sagt hér áðan. Ég er að útskýra hvernig það var. Það er alveg ljóst að ég var að halda mig við fundarstjórn og fundarsköp þingsins í mínu síðara svari með því að taka upp það sem þingmenn höfðu verið að ræða um á undan mér. Mátti ég ekki innan fundarskapa þingsins ræða nákvæmlega þá punkta sem þingmenn sjálfir höfðu bryddað upp á? Ég var ekki að koma með þá heldur voru það þingmenn sjálfir. Eða er það bara þannig að það sé svo erfitt fyrir þingmenn að hlusta á þessa punkta sem ég nefndi?

[15:12]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Þessari fyrirspurn er svarað.

Forseti gat ekki heyrt að hæstv. menntamálaráðherra færi út fyrir þau mörk sem var verið að ræða hér en ítrekar óskir sínar um það að ef beðið er um orðið undir fundarstjórn forseta þá haldi þingmenn sig við það.

Íslenskukennsla fyrir útlendinga.

Fsp. JBjart, 355. mál. — Þskj. 408.

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. dómsmálaráðherra lýtur að íslenskukennslu fyrir útlendinga. Í nóvember síðastliðnum var haldin ráðstefna í Reykjavík um þetta á vegum Alþjóðahússins. Þar komu til leiks flestir sem hafa verið

að starfa að og vinna að íslenskukennslu fyrir útlendinga í íslensku samfélagi undanfarin ár. Bæði fyrir þá ráðstefnu og eftir hana heyrum við eða heyri ég af og til ákveðnar umkvartanir um hvernig staðið er að íslenskukennslunni eða kannski eiginlega ábendingar um hvað betur mætti fara í íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Það sem ég sérstaklega beini til hæstv. dómsmálaráðherra í þessu er íslenskukennslan sem er skilyrði fyrir útgáfu búsetuleyfis. Ég tel að það sé sá hluti íslenskukennslunnar í íslensku samfélagi sem fyrst og fremst heyrir undir hæstv. dómsmálaráðherra. Þetta var á sínum tíma gert að skilyrði fyrir búsetuleyfinu. Það voru færð rök fyrir því bæði í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar og eins í framsöguræðu þáverandi formanns nefndarinnar. Í henni var m.a. gerð grein fyrir því að íslenskukunnátta sé forsenda þess að menn geti tekið virkan þátt í íslensku samfélagi og það sé mikilvægt að útlendingar sem hyggjast setjast að á Íslandi aðlagist íslensku samfélagi sem fyrst og það séu ekki hagsmunir bara útlendingsins sjálfs heldur líka hagsmunir samfélagsins í heild. Meiri hlutinn í nefndaráliti sínu og formaður meiri hlutans í ræðu sinni lagði áherslu á að tryggt yrði nægilegt framboð á námskeiðum í íslensku um land allt og jafnframt á það að gjaldið fyrir námskeiðin yrði hóflegt.

Á þessum tíma þegar mælt var fyrir nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndarinnar gat formaður allsherjarnefndar þess líka að fram hefðu komið ábendingar um að fram að þeim tíma hafi ekki verið nægilegt framboð af þessum námskeiðum og lagði áherslu á það að með því að við í meiri hlutanum vildum lögbinda þetta sem skilyrði fyrir búsetuleyfi þá værum við að sýna hvað okkur væri mikil alvara í því að tryggja að Íslendingar næðu sem bestum tökum á íslenskunni og líka að þá væri komin ákveðin skylda. Þá væri komin ákveðin skylda á stjórnvöld að stuðla að því að námsefnið væri nægjanlegt.

Ábendingarnar eru ýmsar um það sem betur mætti fara. En vegna þessa máls beini ég til hæstv. dómsmálaráðherra fyrirspurnum um framkvæmd lögboðinna námskeiða, hvort framboðið sé fullnægjandi um land allt, hvort það sé nægilegt framboð á sérmenntuðum kennurum og á námsefni sem hæfi ólíkum þörfum útlendinga og loks hvort mat hafi verið lagt á það hvort 150 kennslustundir skili þeim árangri sem að er stefnt.

[15:15]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég þakka þessar spurningar.

Núgildandi lög um útlendinga tóku gildi þann 1. janúar 2003. Það var fyrst með samþykkt þeirra laga eins og fram hefur komið sem sú stefna var mörkuð að áður en varanlegt búsetuleyfi yrði gefið út skyldi umsækjandi hafa sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Á þeim lagagrundvelli hefur dómsmálaráðuneytið sett ákvæði um íslenskukennslu umsækjenda um dvalarleyfi inn í reglugerð um útlendinga, nr. 53/2003. Í reglugerðina er sett sú regla að umsækjandi um búsetuleyfi hafi lokið námskeiðum í íslensku sem sé að lágmarki 150 stundir. Þá er í reglugerðinni ákvæði um lágmarkstímasókn og undanþágu fyrir þá sem standast íslenskupróf og fyrir þá sem af líkamlegum eða andlegum ástæðum geta ekki tekið þátt í slíku námskeiði.

Af hálfu dómsmálaráðuneytisins hefur verið litið svo á að nýta beri þá þjálfun og reynslu sem safnast hefur fyrir hjá þeim sem kenna útlendingum íslensku, en fjölmargir aðilar hafa kennt útlendingum íslensku eins og kunnugt er. Má þar nefna framhaldsdeildir víða um land, Námsflokka Reykjavíkur, Fjölmenningu og fleiri. Fyrsta skrefið til að hrinda í framkvæmd þessum ákvæðum laganna fólst í því að halda námskeið fyrir þá kennara sem halda vilja námskeið fyrir útlendinga sem hyggjast sækja um búsetuleyfi, þar sem jafnframt var leiðbeint um samræmt námsefni.

Unnið hefur verið að frekari undirbúningi varðandi þennan þátt málsins í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands. Samþykkt var í fjárlögum fyrir árið 2005 eins og þingmenn vita að veita 5 millj. kr. í verkefni af þessum toga. Samið hefur verið um það við Kennaraháskóla Íslands að hann taki þetta verkefni að sér og hafa farið fram viðræður á grundvelli þessarar samþykktar Alþingis um fjárveitingu við Kennaraháskólann á undanförnum dögum um að fyrir mitt þetta ár liggi fyrir námskrá, tillögur um námsefni, tillögur um þær kröfur sem á að gera til þeirra sem veita kennslu á þessum námskeiðum og aðra þá þætti sem gera það kleift að gera ákveðnar og skýrari kröfur en unnt hefur verið að gera miðað við þau ákvæði í reglugerð og lögum sem við búum við. Ég tel að það hafi verið ákaflega mikilsvert skref sem var stigið á síðasta ári í samvinnu dóms-, mennta- og fjármálaráðuneyta að vinna að því að fá fagmenn í háskóla til að vinna að þessu verki og er Kennaraháskóli Íslands að vinna að því núna.

Á meðan unnið hefur verið að því að skipuleggja menntun leiðbeinenda hafa dómsmálaráðuneytið og Útlendingastofnun litið svo á að rétt væri að stilla kröfum til þeirra námskeiða sem umsækjendur um búsetuleyfi hafa sótt í hóf og hefur ekki verið gerð krafa um að dómsmálaráðuneytið hafi samþykkt námskeiðshaldara sérstaklega. Hefur í framkvæmd verið látið við það sitja að umsækjendur skili vottorðum um íslenskunám í tilsettum tímafjölda frá starfandi skólum og námsflokkum án þess að eftir því sé gengið að viðkomandi námskeiðshaldarar gerðu ítarlega grein fyrir því námi sem um er að ræða.

Einnig hefur verið samið við Fjölmenningu um að halda stöðupróf, auk þess sem Fjölmenning hefur haldið námskeið fyrir leiðbeinendur. Hafa íslenskupróf fyrir útlendinga verið haldin víða um land. Þannig hefur verið leitast við að koma til móts við þarfir þeirra útlendinga sem hafa lært íslensku og sækja vilja um búsetuleyfi á meðan unnið er að því að koma hér upp hópi viðurkenndra leiðbeinenda sem getur sinnt þessu verkefni til frambúðar.

Ég vil benda á að í flestum löndum Evrópu hefur sú krafa orðið háværari að undanförnu að þeir sem þar setjast að til langframa tileinki sér þá færni sem nauðsynleg er til að geta orðið virkir þátttakendur í samfélaginu og það sé fyrir miklu að hér sé ekki tjaldað til einnar nætur heldur sé markvisst unnið að því að byggja upp hæfan hóp sérmenntaðra kennara til að takast á við þetta verkefni.

Einnig hefur komið fram, eins og þingmenn vita, í öllum könnunum að þeir útlendingar sem hér búa leggja ríka áherslu á að fá tækifæri til að læra íslensku. Yfir 90% þeirra telja að þeir eigi að fá tækifæri til þess og vilja í raun læra

íslensku. Við áttum okkur á því líka þegar við lítum til reynslu annarra þjóða að það er lykilatriði fyrir okkur eins og þær þjóðir að auðvelda útlendingum að tileinka sér tungu okkar Íslendinga þannig að þeir verði virkir þátttakendur í samfélaginu. Þar sem sú leið er ekki farin er hætta á að fólk einangrist og minnihlutahópar myndist. Það er ekki stefna okkar eins og margoft hefur komið fram á Alþingi og við viljum að allir fái notið sín sem best í okkar þjóðfélagi. Til þess að gera það þurfa menn að kunna íslensku.

[15:20]

Herdís Á. Sæmundardóttir:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um þetta mikilvæga mál og tek undir að það er ákaflega brýnt að efla íslenskukennslu fyrir útlendinga. Ekki einungis í þeim tilgangi að gera þeim kleift að aðlaga sig betur að íslensku samfélagi, heldur ekki síður í þeim tilgangi að við getum nýtt þá krafta, hæfileika og þekkingu sem þessir nýju íbúar búa yfir og geta fært samfélagi okkar, bæði til að auka menningu okkar og ekki síður í því skyni að auðga atvinnusköpun og nýsköpun í atvinnulífinu.

Fram kom hjá hæstv. ráðherra að verið er að vinna að þessu máli. Ég hvet til þess að bæði námsefnisgerð fyrir útlendinga verði aukin mjög, sem og að kennaramenntun fyrir þá aðila sem kenna útlendingum verði efld.

[15:21]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa mikilvægu fyrirspurn.

Mér er kunnugt um að námskeið eru í boði fyrir útlendinga um allt land á vegum símenntunarmiðstöðvanna. Það er hins vegar oft erfiðleikum háð að koma þeim á vegna þess að námskeiðin eru tiltölulega dýr vegna þess að víða eru fáir á hverjum stað sem geta sótt umrædd námskeið og verða þau þar með miklu dýrari en ella. Auk þess sem auðvitað er oft skortur á viðeigandi námsefni en það horfir nú að ýmsu leyti til bóta. Einn erfiðleikinn enn ef svo má segja er ef fólk kemur af fjarlægum málsvæðum þar sem hljóð eru allt önnur en í tungumáli okkar, ritmálið annað og tungumálið svo gjörólíkt að Íslendingar geta ekkert ímyndað sér það. Einn stærsti hjallinn á þessum vegi er einmitt kostnaðurinn. Þar tel ég að ríkið þurfi að koma til móts við (Forseti hringir.) einstaklingana að svo miklu leyti sem stéttarfélög gera það ekki.

[15:23]

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir:

Virðulegi forseti. Í sambandi við þau lög sem sett voru um árið um málefni útlendinga og búseturétt þeirra, þá var þeim gert að sækja námskeið eða íslenskunám sem væri 150 kennslustundir. Það vantaði hins vegar í þann pakka að slíkt kostar auðvitað peninga. Enn sem komið er er ekki til námsefni eftir því sem mér skilst nema fyrir 50 stunda nám og það er ekkert samræmi á milli þess sem verið er að kenna því til viðbótar.

Mér skilst, eins og kom fram hér áðan, að námskeiðin kosti mikið og menntamálayfirvöld hafa ekki lagt til nægjanlegt fé til að gera fólki kleift að fara á þessi námskeið.

Í þessu eins og ýmsu öðru hefur verið bent á aðra. Mér fannst ekki koma nægilega fram í svörum hæstv. ráðherra áðan, (Forseti hringir.) með peningamálin. Hann talar um 5 milljónir, en þær hrökkva skammt.

[15:24]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft ákaflega þörfu máli. Það er auðvitað mjög mikilvægt að sú stefnumótun sem hér hefur verið tekin upp að reyna að koma í veg fyrir að útlendingar einangrist í málhópum sínum, ef hægt er að orða það svo, og að þeir nái tengslum við þjóðfélagið, gangi fram sem markvissast.

Ég vil líka draga það sérstaklega fram að ég tel að í hópi þeirra erlendu ríkisborgara sem hér hafa sest að sé falin mikil þekking og mikil reynsla sem geti fært íslensku þjóðfélagi mikinn ábata þegar fólk nær tökum á málinu og tökum á því að eiga eðlileg samskipti í þjóðfélaginu.

Ég lít svo á að eftir miklu sé að slægjast fyrir íslenskt þjóðfélag að ná þessum málum fram með þeim hætti að útlendingar öðlist lágmarksþekkingu og samskiptaformið við íslensk stjórnvöld geti orðið eðlilegt.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargott svar hans. Í svari hæstv. ráðherra kom fram að við erum komin það langt í dag að við erum að leggja grunninn með fjárframlagi nú á fjárlögum fyrir 2005 að undirbúningi þess að mennta kennarana, mennta leiðbeinendur, viðurkennda leiðbeinendur. Það segir sig í rauninni sjálft að við eigum jafnframt svolítið langt í land með að mæta þeim þörfum sem fyrir eru í samfélaginu.

Ég hlýt að undirstrika að í áframhaldandi vinnu að þessum málum sé lögð í fyrsta lagi áhersla á að tryggt sé nægjanlegt framboð um land allt. Í öðru lagi að gert sé ráð fyrir mismunandi þörfum útlendinganna, ekki bara eftir aldri þeirra og móðurmáli, heldur líka eftir lestrargetu. Í ljós hefur komið að sumir þessir útlendingar eru ekki einu sinni læsir. Það kallar á fólk með allt annan undirbúning og allt annað kennslu- og námsefni.

Svo vil ég líka draga það fram af því ég hef fulla trú á því út frá orðum ráðherra að við ætlum að ná í höfn í þessu máli, að ég held að raunveruleikinn sé sá að útlendingar sem vilja sækja þessar 150 kennslustundir sem hæstv. ráðherra gat um að væri ekki gengið fast á eftir, þurfa að endurtaka byrjendanámskeið. Þeir þurfa að taka sama námskeiðið þrisvar sinnum til að ná 150 stundum — og eftir stendur þá spurningin sem ég vil gjarnan beina til ráðherra — að það verði lagt mat á það hvort þessar 150 kennslustundir skili þessum árangri sem að er stefnt, þ.e. að auðvelda útlendingum aðlögun að íslensku samfélagi. Og ég vil fá að gleðjast sérstaklega yfir því sem kom fram í máli hæstv. ráðherra hvað hann lagði mikla áherslu á gildi þess, ekki bara fyrir samfélagið, heldur fyrir útlendingana sjálfa, sérstaklega að tryggja að þeir einangruðust ekki í samfélagi okkar.

[15:28]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég get fullvissað þingmenn um að unnið er að þessu með það að markmiði að þessar 150 kennslustundir nýtist þeim sem þær hljóta og einnig að búið verði þannig um hnúta að menn geti stundað þetta nám án þess að það verði þeim of dýrkeypt í sjálfu sér þegar litið er til kostnaðar. Hins vegar eru ekki í neinum lögum heimildir til að greiða þennan kostnað úr ríkissjóði. Þegar lögin voru sett var gengið að því sem vísu að menn yrðu að afla sér fjár til þess að standa undir kostnaðinum sjálfir. Það hefur verið síðan gengið til þess eins og þingmenn vita að stórefla starfsmenntasjóði. Ég veit að þeir koma að þessum málum og fjölmargir aðrir koma líka að því að fjármagna þetta, en ríkið á að sjá um að umbúnaðurinn sé viðunandi og það er það sem við erum að vinna að og verið er að vinna að því í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands.

Að sjálfsögðu á inntakið í náminu, þessar 150 kennslustundir, að vera þess eðlis að sómi sé að því. Menn geta líka velt því fyrir sér hvort 150 stundir séu nægar. Við sjáum að í öðrum löndum hafa menn farið eins og í Þýskalandi í 600 stundir og í enn öðrum löndum er krafist enn lengra náms í tungumáli til að menn fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru að þessu leyti.

Þetta eru því allt skref sem þarf að stíga og velta fyrir sér. Aðalatriðið er að við erum sammála um það hér að leggja beri áherslu á þennan þátt. Það er mikilvægt. Síðan eigum við í sameiningu að vinna að því að gera sem flestum kleift að stunda þetta nám og tryggja að inntakið í náminu sé þess eðlis að það sé þess virði að stunda það.

Smíði nýs varðskips.

Fsp. MÞH, 368. mál. — Þskj. 432.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til að leggja fyrirspurn fyrir hæstv. dómsmálaráðherra. Hún hljóðar svo:

Hvað líður undirbúningi stjórnvalda að smíði nýs varðskips fyrir Landhelgisgæsluna?

Ég held að allir Íslendingar geti sammælst um mikilvægi þess fyrir okkur, þessa eyþjóð sem hefur lífsviðurværi sitt af hafinu að verulegu leyti, að búa á hverjum tíma yfir öflugum varðskipum. Varðskipin hafa gegnt mjög mikilvægu hlutverki við strendur Íslands allt frá því að þjóðin fór að sækja út fyrir fjöruborðið, ef svo má segja, fyrst varðskip í eigu Dana og síðan varðskip í eigu okkar Íslendinga. Þessi skip hafa oft og tíðum skipt mjög miklu máli við ýmiss konar eftirlit í landhelginni, fiskveiðieftirlit einkum og sér í lagi en á síðari árum hafa einnig komið fram þarfir varðandi t.d. eftirlit í tengslum við hugsanlegt smygl á fíkniefnum og nú hugsanlegar varnir gegn hryðjuverkaógn. Síðasta haust fengum við hér upp að ströndum vægast sagt vafasama heimsókn rússnesks herskipaflota sem lýsti því yfir að hann væri kominn hingað upp að 12 mílunum til að stunda heræfingar, lá hér síðan vikum saman og enginn vissi í raun og veru hvað var á ferli.

Við höfum líka séð að við þurfum á varðskipum að halda, til að mynda þegar veður eru válynd við Ísland, svo sem þegar snjóflóðin féllu á Vestfjörðum fyrir 10 árum. Snjóflóð féllu á Vestfjörðum í vetur. Við höfðum fyrir örfáum dögum tilvik þar sem stórt flutningaskip lenti í vandræðum suðaustur af landinu og þá kom berlega í ljós að gömlu varðskipin okkar réðu varla við þetta verkefni.

Í Reykjavík varð stórbruni nálægt hafnarsvæðinu í vetur og þar skipti miklu máli að danskt varðskip var í höfn sem gat hjálpað okkur með dælubúnað til að dæla sjó á hið mikla bál sem logaði þar. Ég held að öllum sé því ljóst að við erum í raun og veru að leika okkur að eldinum, ef svo má segja, með því að sinna því ekki að efla skipakost Landhelgisgæslunnar. Það er að sanna sig ítrekað að við þurfum á almennilegum skipum að halda. Þó að þau skip sem við höfum í dag séu góðra gjalda verð, svo skammt sem þau ná liggur mér við að segja, og hafi skilað mjög góðu starfi í gegnum árin eru þau í dag orðin gjörsamlega úrelt.

Hér hefur í mörg ár verið umræða um að hefja smíði á nýju varðskipi en það er eins og málið hafi stoppað einhvers staðar í kerfinu. Það hefur ekkert frést af því lengi og þess vegna legg ég þessa fyrirspurn fyrir hæstv. dómsmálaráðherra í dag.

[15:33]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég mótmæli því að núverandi varðskip okkar séu gjörsamlega úrelt eins og hv. fyrirspyrjandi komst að orði, síður en svo. Þau eru alls ekki úrelt, þessi varðskip hafa dugað okkur vel og geta dugað okkur vel áfram. Ég var síðast í hádeginu um borð í varðskipinu Týr sem var að koma frá Austfjörðum þar sem það tók þátt í björgunarstörfum, eins og við vitum, um síðustu helgi vegna bilunar hjá Dettifossi. Ég fór yfir það með skipherra Týs hvernig þeir stóðu að þeirri björgun. Ég er sannfærður um það eftir þann fund að það að taka þannig til orða að varðskipið Týr sé gjörsamlega úrelt er ranghermi og stenst ekki á nokkurn hátt.

Það breytir ekki hinu að unnið hefur verið að því, eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, að smíða nýtt varðskip. Sérstök smíðanefnd var að störfum fram til ársins 2000 og síðan unnu Ríkiskaup að gerð útboðsgagna á grunni hugmynda nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að það skip sem þar var til skoðunar mundi kosta 3–4 milljarða króna, eins og hugmyndirnar liggja fyrir núna.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það eigi að fara yfir alla þá kosti sem fyrir hendi eru þegar menn velta því fyrir sér hvort það sé skynsamlegt fyrir okkur að smíða svo stórt skip og meta það að nýju miðað við þróunina sem orðið hefur á þeim árum sem liðin eru frá því að menn lögðu af stað í þann leiðangur sem hefur skilað þeirri niðurstöðu að við þurfum 3–4 milljarða króna til að framkvæma tillögur sem liggja á borðinu.

Eins og fram hefur komið í fréttum undanfarið höfum við, nýr forstjóri Landhelgisgæslunnar og ég, átt fundi um þessi mál. Ég ræddi þau einnig um borð í varðskipinu Týr í dag og fór yfir hugmyndir um það hvaða leiðir væru bestar til þess að ráðast í endurnýjun á skipastóli Landhelgisgæslunnar. Það er augljóst að fleiri kostir eru til í stöðunni en sá að við látum sérsmíða skip fyrir okkur. Víða um lönd og

víða um heim er verið að smíða skip sem fullnægja þeim kröfum sem við mundum gera og eigum að gera. Mér finnst alveg sjálfsagt að skoða þá kosti til hlítar og að við veltum því fyrir okkur hvort ekki sé unnt að nálgast þetta viðfangsefni á ódýrari hátt en hugmyndirnar um nýtt og miklu stærra skip en við höfum átt til þessa gera ráð fyrir.

Þetta verður skoðað og ég býst við því að við fáum haldfestu í málinu tiltölulega fljótt. Þá verða hugmyndir kynntar og þá verður líka gefið færi á því að starfsmenn Landhelgisgæslunnar fái tækifæri til að kynna sér þau skip sem til álita kunna að koma, leggja mat á málið og athuga til þrautar hvort ekki sé hægt að fara skemmri leið að því markmiði að endurnýja skipakost Landhelgisgæslunnar en þá að ráðast í smíði á þessu stóra og dýra skipi sem yrði sérsmíðað fyrir okkur.

Ég vil líka geta þess að ég tel að það eigi að eiga sér stað samvinna milli okkar og nágrannaþjóða okkar á þessu sviði. Það ber að vinna að því skipulega og gera samstarfssamninga við þjóðirnar í Norður-Atlantshafi um hvernig staðið er að eftirliti. Við sjáum t.d. að Norðmenn eru að gera sérstakar og nýjar ráðstafanir vegna siglinga risastórra olíuskipa frá svæðum í Barentshafi suður á milli Noregs og Íslands. Þar hafa menn gripið til ráðstafana sem eru til þess fallnar að gæta öryggis. Ég tel að við eigum að tengjast slíkum ráðstöfunum og að það eigi að efla samstarf milli þjóðanna við Norður-Atlantshaf í þessu skyni.

Ég hef lagt á ráðin með nýjum forstjóra Landhelgisgæslunnar og starfsmönnum hennar um að gengið verði til þess samstarfs og það einnig gert á formlegri hátt en nauðsynlegt er til að styrkja enn frekar öryggisgæslu og eftirlit hér á okkar slóðum.

Það að danskt skip var af tilviljun statt í Sundahöfn þegar eldur kviknaði í Hringrás var heppni. Vafalaust hefði annað skip, líka með búnaði, getað aðstoðað en það breytir engu um, var ekkert atriði og verður ekkert atriði þegar menn leggja mat á það hvort endurnýja þurfi varðskipakost okkar Íslendinga.

[15:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég er nærri viss um að skipstjórnarmönnum Landhelgisgæslunnar hefur lengi verið ljóst að núverandi varðskip mundi ekki ráða við stærstu skip sem hér sigla til landsins við vissar veðuraðstæður. Ég held að reynslan við Suðausturland undanfarna viku hafi sýnt okkur það vel og vandlega. Það var mikil mildi að vindur skyldi standa þar af landi en ekki á land.

Við erum líka að fá hér olíuskip upp að landinu og inn á Faxaflóa, og flutningar til álverksmiðja munu aukast hingað þannig að það er vissulega mikil þörf í framtíðinni fyrir stærra og öflugra skip. Ég held að við ættum að skoða það vandlega hvort ekki sé rétt að við byggjum það skip sem talað hefur verið um lengi á undanförnum árum.

[15:39]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn og vil leggja aðeins orð í belg. Það er nauðsynlegt að endurnýja skipakost Landhelgisgæslunnar. Ég held að allir séu sammála um það sem hafa aðeins kynnt sér málið, og þótt ekki hafi nema fylgst með björgunaraðgerðum varðskipanna Ægis og Týs fyrir nokkrum dögum. Þó að þau séu með sterkar og góðar vélar eru þau gömul, en sérstaklega eru þau of lítil miðað við það hvað fraktskipin hafa stækkað. Það er erfiðleikum bundið að vera í björgunaraðgerðum með svo stór skip.

Hvort haldið verður áfram þeim hugmyndum sem uppi hafa verið um að smíða sérstakt varðskip miðað við íslenskar aðstæður eða hvort leitað verður að skipi í þessum tilgangi skal ég ekkert segja um. Það sem skiptir máli er að þeir sem vinna við Landhelgisgæsluna séu þá fullsáttir um þá lausn sem verður valin.

[15:41]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa undrun minni. Þegar maður skoðar söguna sést að þetta mál var komið í mjög fastan og ákveðinn farveg að því er virtist í dómsmálaráðherratíð Þorsteins Pálssonar og Sólveigar Pétursdóttur. Árið 1998 var mjög mikið talað um að fara ætti út í að smíða nýtt varðskip og þá var meira að segja búið að taka þá ákvörðun að ekki yrði leitað útboða heldur yrði samið beint við ákveðna aðila, m.a. hér á landi. Hinn 1. apríl árið 2000 var hæstv. þáverandi dómsmálaráðherra Sólveigu Pétursdóttur kynnt smíðalýsing að nýju 105 metra löngu varðskipi. Útlitsteikningar lágu fyrir. Þetta skip átti þá að kosta 2,4 milljarða króna. Síðan er eins og ekkert hafi gerst og ég tel að það sé á margan hátt ámælisvert að menn skuli ekki hafa sýnt meiri festu í þessu máli, þ.e. að leita lausna til að finna út í hvaða farveg við viljum koma þessu máli, þ.e. hvernig við ætlum að hafa og efla skipakost Landhelgisgæslunnar í framtíðinni.

Ég var ekki alveg sáttur við svör hæstv. dómsmálaráðherra áðan. Mér fannst hann tala mjög óskýrt. Hann sagði í raun og veru ekki skýrt hvaða lausnir lægju á borðinu, hvað menn væru að hugsa í þessum málum. Var hann að tala um að það ætti að kaupa skip? Á að kaupa notað skip, á að taka skip á leigu eða á að fara út í nýsmíði? Við erum að leita eftir svörum við þessum spurningum.

Ég hef sjálfur varpað fram þeirri hugmynd, gerði það m.a. í viðtali við Ríkisútvarpið þann 24. júlí síðasta sumar, að við ættum að skoða þann möguleika að leigja skip. Ég sá að nýráðinn forstjóri Landhelgisgæslunnar varpaði þessari hugmynd fram í Fréttablaðinu fyrir örfáum dögum og ég tel að hún sé góðra gjalda verð og að við ættum hiklaust að skoða hana. Það er þó nokkur vinna að skoða þetta mál því að við þurfum að gera okkur grein fyrir því hvernig við ætlum að útfæra þetta. Ef við ætluðum að leigja skip, m.a. erlendis frá, væri það til að mynda svolítið neyðarlegt ef það skip væri varðskip fyrir Íslendinga og sigldi kannski undir einhverjum hentifána.

[15:43]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál af þeirri léttúð sem kom fram í máli síðasta ræðumanns. Að sjálfsögðu eru allir kostir skoðaðir. Það er hægt að leigja skip og það er hægt að láta sérsmíða skip og allar leiðir eru færar í

þessu. Aðalatriðið er, eins og kom fram í máli hv. þm. Þuríðar Backman, að menn séu sáttir við niðurstöðuna. Ég held að í sjálfu sér hafi engin sérstök sátt ríkt um það að verja 3–4 milljörðum króna í smíði nýs stórs varðskips. Ég held að ekki hafi verið komin nein sú niðurstaða varðandi það mál að hægt sé að segja að einhver endanleg niðurstaða hafi orðið í víðtækri sátt.

Menn hafa alltaf verið með opinn huga í þessu, velt fyrir sér öllum kostum og skoðað. Það þarf að skilgreina þarfirnar og átta sig á því hvaða verkefni blasa við Landhelgisgæslunni. Það hefur komið fram í ræðum manna í dag að það er ekki síst öryggi vegna þess að skip á hafinu í kringum landið hafa stækkað og þá þarf að huga að skipi sem hefur mikið dráttarafl og mikinn kraft til að bregðast við þeim aðstæðum. Í þessu tilliti þurfum við ekki að finna upp hjólið, það hefur þegar verið fundið upp. Spurningin er hvort við ætlum að láta laga það að okkar sérstöku þörfum og þeim kröfum sem við gerum. Það að standa hér upp, berja sér á brjóst og tala um nauðsyn þess að það þurfi að smíða eitthvert sérstakt skip held ég að sé ekki rétta afstaðan í málinu ef menn ætla að vera raunsæir og vinna að því í raun og veru að endurnýja skipakost Landhelgisgæslunnar á skynsamlegasta hátt.

Þjónusta við innflytjendur.

Fsp. JBjart, 356. mál. — Þskj. 409.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Í annað skiptið á þingfundi þessum ber ég fram fyrirspurn um málefni innflytjenda auk málefna útlendinga og íslenskukennslu. Eitt af því sem við verðum vör við í samskiptum okkar við útlendinga og útlendingasamfélagið hér er, eins og við öll þekkjum, að töluvert er kvartað yfir því að ráðuneytin vísi hvert á annað og málaflokkurinn mismunandi þarfir útlendinga sé ekki sameinaður innan stjórnsýslunnar, undir eitthvert eitt ráðuneyti. Öll þekkjum við umræðuna um atvinnuleyfin annars vegar og dvalarleyfin hins vegar. Þrátt fyrir mjög gott samstarf Vinnumálaskrifstofu og Útlendingastofnunar hafa menn enn þá orð á þessu.

Á dögunum var í umræðunni Gallup-könnun um fordóma gagnvart útlendingum. Hæstv. félagsmálaráðherra sagði þá, frú forseti, að fyrir lægju drög að tillögum um heildarskipulag á þjónustu við innflytjendur og sérstökum hópi hefði verið falið að útfæra tillögurnar. Síðan sagði ráðherrann að hann ætti von á niðurstöðum fyrir áramót og tillögum um hvernig málefnum innflytjenda verði best fyrir komið í stjórnsýslunni til framtíðar.

Mér leikur auðvitað forvitni á að vita, frú forseti, hvað nefndarstarfinu líður. Margt annað er forvitnilegt varðandi heildartilhögun á málefnum innflytjenda innan stjórnsýslunnar en bara íslenskukennslan. Það væri því gaman ef ráðherrann gæti upplýst það. En fyrirspurn mín til hæstv. félagsmálaráðherra lýtur að því hvort gera megi ráð fyrir að þær tillögur sem hann vísaði til í ræðu sinni, um heildarskipulag þjónustu við innflytjendur og um fyrirkomulag þjónustunnar innan stjórnsýslunnar, taki líka til tilhögunar íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Vert er að halda því til haga að útlendingahópurinn er stór og fólk með misjafnar þarfir. Í umræðunni fyrr í dag um fyrirspurn sem ég beindi til dómsmálaráðherra var aðeins talað um íslenskukennslu sem skilyrði búsetuleyfis en innflytjendur og útlendingar á Íslandi eru náttúrlega stór og fjölbreytilegur hópur. Eins og ég sagði í upphafi hefur útlendingasamfélagið á Íslandi m.a. bent á að erfitt sé að átta sig á hver beri ábyrgð á hverju. Svo sitja ráðherrar undir því í þessu máli eins og stundum áður að þeir vísi málaflokknum hver á annan.

[15:48]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz fyrir að taka þessi mál upp á þingfundi með þeim hætti sem raun ber vitni.

Til mín er beint ákveðinni spurningu. Eins og þegar hefur komið fram í umræðu um málefni útlendinga að undanförnu er að störfum samráðshópur á mínum vegum sem hefur það verkefni að fylgja eftir tillögum um framtíðarskipulag um málefni útlendinga, einkum hvað varðar félagslega þjónustu við þá. Í því felst m.a. að þjónustan verði samræmd um allt land. Hér er bæði átt við skipulag og rekstur þjónustunnar. Þessi hópur á enn fremur að fjalla um framtíðarskipulag á móttöku flóttamannahópa og starfsemi flóttamannaráðs.

Ég geri ráð fyrir, hæstv. forseti, að fá tillögur starfshópsins í hendur síðar í þessum mánuði. Hópnum er falið að fjalla um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Þá er fyrst og fremst miðað við ýmsa almenna þjónustu svo sem félagsþjónustu, upplýsingamiðlun til innflytjenda, túlkun, söfnun upplýsinga, rannsóknir og ráðgjöf. Í honum er ekki fjallað um svið sem heyra afmarkað undir önnur ráðuneyti, svo sem heilsugæslu eða menntun, þar með talda íslenskukennslu. Félagsmálaráðuneytið lítur svo á að íslenskukennsla fyrir útlendinga, námsframboð, námsefni og kennsla, heyri undir menntamál og sé á forræði menntamálaráðuneytisins. Þar með rættist spá hv. þingmanns um að málefninu væri að vissu leyti vísað á annað ráðuneyti. Þrátt fyrir það geri ég mér grein fyrir því, hæstv. forseti, að íslenskukennsla fyrir útlendinga, ekki síst fyrir börn og ungmenni, er afar mikilvægur þáttur í að tryggja farsæla aðlögun innflytjenda að samfélaginu. Lágmarksgeta í íslensku er forsenda þess að einstaklingar fái tækifæri til að taka þátt í samfélaginu og að gagnkvæm aðlögun eigi sér stað.

Að mínu mati er augljóst að stjórnvöld þurfa að tryggja að útlendingar hafi aðgang að námskeiðum í íslensku. Þekking í íslensku er grundvallaratriði gagnvart því að ekki myndist einangraðir minnihlutahópar fólks sem er af erlendu bergi brotið.

Eitt af skilyrðum þess að útlendingur fái búsetuleyfi, en það felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar hér á landi, er að hann hafi sótt námskeið í íslensku, samanber 1. mgr. 15. gr. útlendingalaga. Þess má geta, hæstv. forseti, að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið í ár var samþykkt 5 millj. kr. tímabundið framlag til að móta kröfur um námskeið í íslensku fyrir útlendinga sem sækja um búsetuleyfi samkvæmt lögum um útlendinga. Dómsmálaráðuneytið hefur

leitað til Kennaraháskólans í því sambandi.

Ég vil sömuleiðis minnast á, hæstv. forseti, að í janúar kynnti Fjölmenningarsetur á Vestfjörðum helstu niðurstöður könnunar sem gerð var meðal erlendra starfsmanna frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Könnunin var gerð á Vestfjörðum og Austurlandi. Niðurstöðurnar eru að mörgu leyti fróðlegar og kom m.a. fram, sem kannski kemur engum á óvart, að við þyrftum að efla íslenskukennslu fyrir þann hóp. Raunar kom fram að hópurinn kallaði mjög ákveðið eftir því. Stefnt er að því að gera sambærilega könnun og þegar hefur verið gerð á Austurlandi og Vestfjörðum um allt land.

Hæstv. forseti. Ljóst er að við getum gert mun betur varðandi íslenskukennslu fyrir útlendinga bæði hjá börnum og fullorðnum. Að störfum er samráðshópur með fulltrúum dómsmála-, menntamála- og félagsmálaráðuneytis um íslenskukennslu fyrir útlendinga. Í ljósi niðurstaðna könnunarinnar sem ég minntist á fyrr hafa átt sér stað viðræður milli áðurnefndra ráðuneyta um nauðsyn þess að gefa því starfi nánari gaum, efla samstarfið, gera það formlegra og víkka viðfangsefni starfshópsins. Það er vilji til að svo verði. Samhliða því má gera ráð fyrir að tryggja þurfi aukið fjármagn til frambúðar til íslenskukennslu fyrir útlendinga.

[15:52]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa fyrirspurn sem er tímabær. Það er mikilvægt að sá starfshópur sem er að störfum á vegum félagsmálaráðuneytisins skili sem fyrst af sér og að brugðist verði við tillögum hans. Vinna þarf í nánu samstarfi milli ráðuneytanna að því er snertir hvert og eitt þeirra. Þessi málaflokkur er ekki eyland.

Það er mikilvægt að stuðla að því að innflytjendur aðlagist sem fyrst íslenskum aðstæðum og menningu. Íslenskan er lykillinn að því að fólk aðlagist samfélaginu þannig að ekki myndist einangraðir hópar. Það væri ávísun á fordóma og útlendingahatur. Námskeið í íslensku er lykillinn að farsælli lausn þeirra mála. Fyrir þá sem sækja um búsetu og þarf því að vera í boði íslenskunám á hverjum stað. Til þess er hægt að nota grunnskólakerfið. Það verður að vera innflytjendum að kostnaðarlausu svo að það skili sér.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Mig langar fyrst að nefna það, af því að það var mjög umdeilt mál í sölum Alþingis á sínum tíma þegar við samþykktum útlendingalögin og það að lögbinda að útlendingar skyldu sækja námskeið í íslensku og það ríkir mikil jákvæðni gagnvart þeirri ráðstöfun. Fólk telur það vera til hagsbóta og að ef skyldan væri ekki fyrir hendi telja menn að þeir og ættingjar þeirra mundu síður sækja þessi námskeið. Ég tel að það sé alveg hárrétt.

Á sínum tíma var jafnframt talið að ákveðin rök væru fyrir því að þetta skyldi kosta útlendinga, að sækja þessi námskeið, og þeir kynnu þá betur að meta þau. Ýmis rök voru nefnd fyrir því. En jafnframt, af því að þjónustan átti að kosta, var lögð áhersla á að gjaldið yrði hóflegt. Kannski er það þess vegna að 150 stundirnar eru ekki nema 150 stundir. Spurningin er hvort 150 stundirnar duga. Ég veit að t.d. í Noregi eru þetta 1.100 stundir, innflytjandanum að kostnaðarlausu.

Það er því alla vega ljóst að rétt væri að láta meta hvort það er raunhæft að reikna með því að 150 stundir dugi útlendingi til að öðlast þá færni í íslensku að hann geti aðlagast samfélaginu. Það er jú markmiðið með þessu öllu.

Ég þakka ráðherranum fyrir ágætt svar hans. Mér sýnast málin í góðum höndum. Ráðherrar þriggja ráðuneyta eru að reyna að ná saman til að dekka allt þetta svið. Hvað varðar íslenskukennsluna þá er ég að hugsa um að strika hana út af lista þessara þriggja ráðherra. Nú sýnist mér að boltinn sé á milli menntamálaráðherra og dómsmálaráðherra af því að menntamálaráðherra ræður Kennaraháskólanum og fær fjárveitingu til að þróa kennslufræðina í kringum starfið uppi í Kennaraháskóla. Hæstv. félagsmálaráðherra segir með réttu að námsframboð, námsefni og annað séu á ábyrgð menntamálaráðherra. Ég held því að eftir því sem þessu starfi vindur fram nái menn betri lendingu í því og sníði af því agnúana.

[15:56]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég tel hana gagnlega og raunar nauðsynlegt að ræða mál innflytjenda og útlendinga í íslensku samfélagi. Fjöldi innflytjenda hefur meira en tvöfaldast á um tíu árum. 1995 voru þeir 4.800 talsins en í árslok 2003 á ellefta þúsund. Hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjöldanum á Íslandi jókst frá því að vera 1,8% 1995 í 3,5% 2003. Það er því full ástæða til að gera aðlögun þeirra eins hnökralausa og mögulegt er og móta heildarstefnu í samræmi við það. Ég tek undir það með hv. þm. Jónínu Bjartmarz.

Ég vil sömuleiðis nota tækifærið, hæstv. forseti, til þess að vekja athygli á því að á vegum flóttamannaráðs er unnið að könnun á högum og aðstæðum þeirra flóttamanna sem hingað til lands hafa komið frá því að þeir fyrstu komu frá Ungverjalandi árið 1956. Þegar niðurstöður úr þeirri könnun, samhliða upplýsingum úr könnun Fjölmenningarseturs sem ég minntist á fyrr, liggja fyrir höfum við kost á að leggja góðan grunn að stefnumótun stjórnvalda í málefnum innflytjenda.

Ég vil sömuleiðis nota tækifærið og nefna nokkur atriði sem hafa komið fram í könnun Fjölmenningarsetursins. Í hópi erlendra starfsmanna á Vestfjörðum og Austurlandi virðist vera mikið frumkvæði. Um 39% svarenda höfðu áhuga á að hefja eigin rekstur eða stofna fyrirtæki. Um 12% höfðu þegar hafið undirbúning að slíku. Um 69% svarenda áttu börn og vekur athygli að um 42% þeirra áttu barn eða börn sem bjuggu í upprunalandi viðkomandi. Tæplega helmingur vildi búa á sama stað á Íslandi og þeir bjuggu á en af þeim sem vildu búa annars staðar völdu 64% höfuðborgarsvæðið. Aðrir vildu búa annars staðar á landsbyggðinni. Hátt hlutfall taldi menntun ekki nýtast í núverandi starfi og fáir höfðu reynt að fá menntun sína metna hér á landi. Helsta tilgreinda ástæðan var skortur á íslenskukunnáttu og yfir 90% svarenda höfðu áhuga á að læra meiri íslensku.

Rekjanleiki kjöts.

Fsp. ÞBack, 402. mál. — Þskj. 510.

[15:58]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra um rekjanleika kjöts. Hér er um að ræða eina af þeim fyrirspurnum sem erfitt er að ákveða hvert eigi að beina. Á hún að beinast til hæstv. umhverfisráðherra eða hæstv. landbúnaðarráðherra, þar sem þetta snertir svið sem getur hugsanlega tengst verkefnum beggja ráðherranna?

Ég spyr hæstv. ráðherra um hvort hún muni beita sér fyrir því að settar verði reglur um rekjanleika og merkingar um upprunaland á innfluttu kjöti. Ef svo er, hvenær má þá vænta reglugerðar um rekjanleika og merkingar á innfluttu kjöti? Eins væri gott að fá frekari upplýsingar um hvort ráðherra hafi einhverjar hugmyndir um upprunamerkingar á innlendu kjöti, hvort vænta megi þess að slíkar merkingar skili sér á neytendaumbúðir.

Þannig er mál með vexti að lög um matvælaeftirlit og hollustuhætti og dreifingu matvæla eru á ábyrgð hæstv. umhverfisráðherra og eins reglugerð um kjöt og kjötvörur. En hæstv. landbúnaðarráðherra hefur á sinni könnu lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og eins úthlutun á tollkvótum á kjöti.

Skipting málaflokksins er með þessum hætti sem mér finnst skipta máli hvað varðar kröfur neytenda um að fá að vita hvort það kjöt sem er hér í kjötborðum og er ekki innpakkað sé af innlendum dýrum eða innflutt, og hvort það sem er í pakkningum og í kjötborðum sé þannig merkt að sjá megi hvaðan kjötið er komið, frá hvaða landi það er.

Þetta finnst mér vera neytendavernd og eins það sem snýr að innlendu framleiðslunni. Frá bóndanum og í sláturhúsinu er alveg ljóst hvaðan kjötið kemur, þ.e. að þegar kemur að vinnslunni er kjötið rækilega merkt bæði bónda og eins flokkun á kjöti en þegar kemur að því að saga það niður og að það skili sér endanlega í pakkningar hverfa þessar merkingar (Forseti hringir.) og ekki er lengur hægt að rekja kjötið til bóndans.

[16:01]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Í umhverfisráðuneytinu er nú unnið að undirbúningi reglugerðar um upprunamerkingar á kjöti. Gert er ráð fyrir að fyrst í stað verði settar reglur um nautakjöt til samræmis við gildandi reglur Evrópusambandsins en síðan reglur um fleiri dýrategundir til manneldis.

Þegar drög að reglugerð um upprunamerkingar voru til umsagnar komu fram athugasemdir frá Bændasamtökum Íslands og Landssamtökum sláturleyfishafa um nauðsyn þess að kanna betur framkvæmd mála hérlendis miðað við það ferli sem gert er ráð fyrir í drögunum. Það mál er nú til athugunar og úrvinnslu í ráðuneytinu. Ekki þykir þó ástæða til að fresta setningu reglugerðar um nautakjöt þar sem slíkar reglur gilda innan Evrópusambandsins og því æskilegt að hliðstæðar reglur gildi hér á landi. Engar slíkar reglur gilda hins vegar um aðrar kjötafurðir til manneldis innan Evrópusambandsins enn sem komið er.

Reglugerð um rekjanleika nautakjöts verður sett á næstunni og í framhaldinu reglur um aðrar kjötafurðir.

Hvað snertir þriðja lið fyrirspurnarinnar, um hvenær megi vænta þess að upprunamerkingar á innlendu kjöti skili sér á neytendaumbúðir, er því til að svara að gefa þarf framleiðendum tíma til aðlögunar að nýjum kröfum. Verður gildistaka reglugerðarinnar um upprunamerkingar látin taka mið af því í samræmi við framkvæmd hliðstæðra mála en gera má ráð fyrir að allt að 6–12 mánaða aðlögunarfrest þurfi frá því að reglugerðin verður gefin út.

[16:03]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir svörin. Það er mjög ánægjulegt að heyra að reglugerðin sé væntanleg. Ef ég nefni eingöngu nautakjötið eru tæp 10 tonn af nautakjöti flutt inn árlega núna, þ.e. leyfi eru fyrir því með tollkvótanum. Þetta er verulegt magn og það er þakkarvert að við skulum fylgja þeirri þróun sem hefur orðið innan Evrópu og er í gildi þar, þ.e. að hafa þennan rekjanleika. Sérstaklega er þetta af hinu góða þegar vart hefur orðið aukinna dýrasjúkdóma og smitvá er fyrir hendi.

Varðandi reglugerðina á kjöti innan lands vænti ég þess að eftir að þessi frestur sem eðlilegur er hefur verið veittur muni hæstv. umhverfisráðherra fylgja málinu eftir.

[16:04]

Útbýting:

Tollalög, 493. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 753.

Iðnaðarframleiddar transfitusýrur í matvælum.

Fsp. ÞBack, 403. mál. — Þskj. 511.

[16:05]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég beini hér fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra varðandi transfitusýrur. Ekki vita allir hvað þetta er og hafa kannski ekki miklar áhyggjur af því sem eðlilegt er. Engu að síður hefur töluverð umræða verið í gangi í Evrópu, sérstaklega á Norðurlöndunum og Danmörku þá kannski helst, undanfarin ár varðandi óhollustu þessarar tegundar fitu sem við köllum hér á landi herta fitu og hefur komið í ljós í mörgum rannsóknum að er mjög óholl. Miklar rannsóknir eru í gangi hvað varðar óhollustu þessarar fitu en það hefur komið í ljós að hún hefur áhrif á hjarta- og æðasjúkdóma, hún hefur hugsanlega áhrif á tíðni sykursýki tvö og hugsanlega líka á þróun fósturs í móðurkviði.

Transfitusýrurnar koma fyrir með tvennum hætti í matvælum. Annars vegar eru það transfitusýrur sem myndast þegar fljótandi olía er hert í iðnaðarframleiðslu til þess að smjörlíki og slíkar vörur haldi betur formi, séu þéttari í sér. Helsti hvati til iðnaðarframleiddrar transfitusýru er að það er ódýrari framleiðsla og smjörlíkið geymist betur og þær vörur sem þessi fita er notuð í. Síðan myndast transfitusýrur í vömb jórturdýra fyrir tilstilli baktería sem finnast þar. Þær sýrur eru þó myndaðar á annan hátt og í mjög litlu magni.

Þessar sýrur eru í sætmeti og kexi og kökum, vínarbrauði, skyndibitafæðu og borðsmjörlíki. Þær eru í mjög

mörgum matvælum sem eru á borðum okkar í dag og er mjög erfitt að forðast. Ef við skoðum íslensku pakkningarnar utan um viðbit og smjörlíki er sundurgreint hvernig fitan er samsett og þá stendur bara framleitt úr hertri olíu en ekki í hve miklu magni.

Danir eru búnir að koma böndum á þessa framleiðslu. Það má ekki vera meira en 2% af transfitusýru í vöru og ég tel mjög mikilvægt að við förum að þeirra dæmi og reynum að minnka magn transfitusýra í mat hér á landi.

[16:08]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Nokkrir smjörlíkisframleiðendur hér á landi hafa minnkað magn af transfitusýrum í borðsmjörlíki en ekki er vitað um magn transfitusýra í iðnaðarsmjörlíki, þ.e. því smjörlíki sem t.d. bakarí og stóreldhús nota. Mælst hefur mjög hátt magn af transfitusýrum í örbylgjupoppkorni í Danmörku en ekki er vitað um ástand mála hér á markaði.

Danmörk er eina landið svo að vitað sé sem hefur sett reglur um innihald transfitusýra í matvælum. Í Bandaríkjunum verður skylt að hafa magn af transfitusýrum merkt í næringargildislýsingu frá og með árinu 2006. Hér á landi er fylgst með framgangi þessara mála hjá nágrannaþjóðum okkar en ekki hefur verið tekin ákvörðun um að setja reglur um transfitusýrur í matvælum.

Í vísindaáliti EFSA, Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, kemur fram að neysla á mettaðri fitu er talin vera meira áhyggjuefni en neysla á transfitusýrum og samkvæmt landskönnun árið 2002 sem Manneldisráð framkvæmdi fá landsmenn að meðaltali um 16% orkunnar frá mettaðri fitu en ráðleggingar eru í þá veru að ekki ættu að koma meira en að hámarki 10% orkunnar frá mettaðri fitu.

Þess má geta að neysla landsmanna á transfitusýrum hefur minnkað frá 1996 þegar hún var um 5,4 grömm á dag en hún var árið 2002 að meðaltali 3,5 grömm á dag, mest hjá karlmönnum á aldrinum 20–39 ára, 4,2 grömm á dag. Þess má geta að þessar tölur eru nokkru hærri hér á landi en sambærilegar neyslutölur hjá öðrum Evrópuþjóðum.

[16:10]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa jafnmikilli óánægju með þetta svar hæstv. umhverfisráðherra eins og ánægju með fyrra svar ráðherra við fyrri fyrirspurn.

Danir byrjuðu á því að setja sér það takmark að leyfa ekki meira en 1% af transfitusýrum í viðbiti og í mat en fengu ekki undirtektir hjá Evrópusambandinu með það. Nú hafa þeir sett reglugerð um hámark transfitusýra í mat og þeir banna hærra innihald en þetta og það skal vera vel merkt. Ef það er 1% eða minna má merkja vöruna að hún sé transfitusýrulaus. Það var álitið að þessi reglugerð mundi á einhvern hátt verða heftandi í viðskiptalegu tilliti fyrir Dani en það hefur sýnt sig að svo er ekki. Aðrar þjóðir og framleiðendur á þessari vöru hafa litið til Dana og lagað sig að þessum kröfum.

Þetta er manneldissjónarmið, miklar rannsóknir eru í gangi og allt bendir til þess að þetta litla magn sem er í matvælum í dag hafi mjög skaðleg áhrif á heilsu manna. Mér finnst mjög mikilvægt að bíða ekki eftir því að Evrópusambandið setji einhver tilmæli. Tilskipun ESB mun koma og við getum gert þetta rétt eins og Danir og verið þar í nokkrum fararbroddi. Miðað við það frjálsræði sem er í Bandaríkjunum hafa rannsóknir sýnt það mikil áhrif af transfitusýrum að Bandaríkjamenn munu frá því árinu 2006 setja þá kröfu á framleiðendur að þeir tilgreini hversu mikið magn af transfitusýru sé í matnum. Er það meira en þeir eru vanir að gera.

[16:13]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessar spurningar og þá umfjöllun sem hún hefur haft um þessi mál sem eru svo sannarlega ekki einföld. Ég vil hins vegar ítreka að ekki ber að skilja orð mín svo að ekki sé áhugi á þessum málum í umhverfisráðuneytinu. Staða málanna er einfaldlega sú að við erum að fylgjast með reynslu annarra þjóða, og þá einkum Dana, en að svo stöddu hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir um framhaldið.

Út af dagskrá voru tekin 20.–22. mál.

Fundi slitið kl. 16:14.

---

66. FUNDUR

fimmtudaginn 3. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Efling fjárhags Byggðastofnunar, þáltill., 468. mál, þskj. 720. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Umfang skattsvika á Íslandi, skýrsla, 442. mál, þskj. 664. — Ein umr.
4. Ársreikningar, stjfrv., 480. mál, þskj. 734. — 1. umr.
5. Bókhald, stjfrv., 478. mál, þskj. 732. — 1. umr.
6. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, stjfrv., 479. mál, þskj. 733. — 1. umr.
7. Skattskylda orkufyrirtækja, stjfrv., 364. mál, þskj. 419. — 1. umr.
8. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 396. mál, þskj. 503. — 1. umr.
9. Einkamálalög og þjóðlendulög, stjfrv., 190. mál, þskj. 190. — 3. umr.
10. Þriðja kynslóð farsíma, stjfrv., 160. mál, þskj. 160. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.

[10:30]

Útbýting:
Auglýsingar á heilbrigðisþjónustu, 492. mál, þáltill. ÁÓÁ, þskj. 749.
Erfðabreytt matvæli, 417. mál, svar umhvrh., þskj. 752.
Fangelsismál, 322. mál, svar dómsmrh., þskj. 750.
Flutningur hættulegra efna, 392. mál, svar umhvrh., þskj. 751.

Tilhögun þingfundar.

[10:31]

Forseti (Þuríður Backman):
Forseti vill geta þess að atkvæðagreiðslur um að vísa málum til nefnda eru fyrirhugaðar kl. 13.30 í dag.

Umfang skattsvika á Íslandi, ein umr.

Skýrsla fjmrh., 442. mál. — Þskj. 664.

[10:31]

Forseti (Þuríður Backman):
Samkomulag er um fyrirkomulag umræðunnar. Hver þingflokkur hefur 20 mínútur til ráðstöfunar fyrir þingmenn sína en þingflokkur ráðherra þó 30 mínútur. Ráðherra hefur að auki 3 mínútur ef hann kýs svo við lok umræðunnar og verða þá leyfð andsvör.

[10:32]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):
Virðulegi forseti. Skattsvik eru því miður ljótur blettur á samfélagi okkar. Þannig er það reyndar einnig í öðrum löndum en í okkar litla samfélagi þar sem stutt er á milli manna birtist óréttlætið sem fylgir skattsvikum með skýrari hætti en víða annars staðar. Skattsvik geta komið óorði á heilar starfsstéttir og atvinnugreinar og gera öllum þeim sem stunda heiðarlegan atvinnurekstur erfitt fyrir í samkeppni og misbjóða heiðvirðum skattborgurum sem veigra sér ekki við að taka eðlilegan þátt í rekstri samfélagsins. Þrátt fyrir þann árangur sem þó hefur náðst í baráttu gegn svartri atvinnustarfsemi er ljóst að enn þarf að herða róðurinn.

Í því ljósi samþykkti Alþingi að undirlagi hv. þingmanns Jóhönnu Sigurðardóttur, í maí 2002, að fela fjármálaráðherra að láta gera úttekt á umfangi skattsvika, skattsniðgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi. Í þessu skyni skyldi skipa starfshóp, m.a. með aðild ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra. Í kjölfar ályktunarinnar skipaði ég þriggja manna starfshóp til að gera umrædda úttekt. Í hópinn völdust Snorri Olsen, tollstjóri í Reykjavík, formaður, Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri og Skúli Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóri ríkisins.

Í erindisbréfi starfshópsins kom fram að m.a. skyldi athuga hvernig skattsvik, skattsniðganga og dulin efnahagsstarfsemi hefðu, frá því að nefndin sem kannaði umfang skattsvika og skilaði skýrslu á árinu 1993 þróast, eftir skatttegundum, atvinnugreinum, landsvæðum og í samanburði við aðrar þjóðir og hvert tekjutap ríkis og sveitarfélaga hefur verið af þeim sökum. Þá skyldu enn fremur kannaðar helstu ástæður skattundandráttar og að hve miklu leyti mætti rekja hann til skattalaga annars vegar og skattframkvæmdar hins vegar. Starfshópnum var ætlað að leggja fram tillögur til úrbóta og meta hvort og á hvaða sviðum efla þurfi skatteftirlit og skattrannsóknir og hvaða ávinningi það geti skilað í auknum skatttekjum.

Eins og erindisbréfið ber með sér var verkefnið bæði yfirgripsmikið og flókið. Upphaflega átti hópurinn að skila skýrslu fyrir 1. júlí 2003. Það tókst hins vegar ekki af ýmsum ástæðum og var skýrslan lögð fram á Alþingi hinn 10. desember sl. Ekki er unnt að rekja efni hennar í smáatriðum við þessa umræðu, heldur mun ég stikla á helstu atriðum og greina frá viðbrögðum við ýmsar tillögur sem í skýrslunni er að finna.

Ein meginniðurstaða skýrslunnar er sú að hefðbundin skattsvik í formi svartrar atvinnustarfsemi og vanframtalinna tekna hér á landi hafi farið minnkandi, en að verulegar líkur séu á að aukin skipuleg bókhaldssvik og notkun sniðgönguleiða gegnum erlend eignarhaldsfélög og samstarfsaðila hafi aukið heildarundanskot frá skattgreiðslum. Með hinum nýju aðferðum hafi í reynd verið teknar upp nýjar skattsvikaleiðir.

Í skýrslunni er skattsvikum skipt í þrjá flokka.

Í fyrsta lagi er vikið að vanframtöldum tekjum og svartri atvinnustarfsemi. Talið er að skattsvik af þessum toga kunni að hafa minnkað frá síðustu úttekt. Rök fyrir þeirri ályktun er m.a. þróun atvinnugreina, betri skattframkvæmd og upplýsingaöflun frá þriðja aðila, sem og auknar skattrannsóknir og harðari refsingar. Í skýrslunni kemur fram að áætla megi að tekjutap ríkis og sveitarfélaga vegna skattsvika í þessum flokki sé 6–8% af heildarskatttekjum þeirra. Á verðlagi ársins 2003 er sú fjárhæð 18–24 milljarðar kr.

Í öðru lagi er vikið að bókhalds- og framtalssvikum. Í þessum flokki eru skattsvik sem gerð eru með rangfærslum í bókhaldi og framtölum. Er það ályktun starfshópsins að slík skattsvik nemi um þriðjungi þess sem mælist sem vanframtaldar tekjur en fram kemur í skýrslunni að þess séu nokkur merki að skattsvik af þessum toga hafi aukist. Fram kemur að erfitt sé að áætla þennan þátt en talið er að undanskot vegna þessa gætu svarað til 1,5–2% af skatttekjum opinberra aðila sem eru 4,5–6 milljarðar kr. á verðlagi ársins 2003.

Í þriðja lagi er vikið að skattsvikum í gegnum erlend samskipti. Er það mat starfshópsins að skattalegt fjármálamisferli í gegnum erlenda aðila hafi aukist mikið á síðustu árum og að það valdi nú verulegu tekjutapi opinberra aðila. Telur starfshópurinn að hugsanlega geti verið unnt að áætla að skattalegt fjármálamisferli og önnur skattsvik sem tengjast fjármálaviðskiptum milli landa geti numið 1–1,5% af heildarskatttekjum opinberra aðila. Svarar sú fjárhæð til 3–4,5 milljarða kr. á verðlagi ársins 2003.

Í skýrslunni eru settir skýrir fyrirvarar um áreiðanlega útreikninga á heildartekjutapi ríkis og sveitarfélaga. Niðurstöður starfshópsins eru byggðar á ályktunum hans um líklegar breytingar á skattsvikum hér á landi með hliðsjón af erlendum úttektum og reynslu síðustu ára í skatteftirliti og skattrannsóknum. Að gefnum þessum fyrirvörum er það niðurstaða starfshópsins að tekjutap ríkis og sveitarfélaga vegna skattsvika geti verið 8,5–11,5% af heildarskatttekjum. Sé miðað við verðlag og tekjur ríkis og sveitarfélaga á árinu 2003 gætu tapaðar skatttekjur þannig hafa numið 25,5–34,5 milljörðum kr.

Þó að deila megi um þær aðferðir sem að baki umræddum útreikningum liggja er ljóst að um verulegar háar fjárhæðir er að ræða og það er samfélagsleg skylda okkar allra að sporna hér við fæti. Barátta við skattsvik er síður en svo einangruð við Ísland. Þetta er þvert á móti alþjóðlegt vandamál sem þjóðir heims eru að glíma við og leita leiða við að uppræta. Því ber að fagna ef rétt reynist að almenn skattsvik fari minnkandi. Hins vegar er ljóst af skýrslunni að langmestu hagsmunirnir liggja enn í hinni hefðbundnu svörtu atvinnustarfsemi, eða 18–24 milljarðar króna. Enn er þetta óþolandi vandamál sem taka verður á og reyna að uppræta í okkar litla þjóðfélagi. Mér þykir rétt að undirstrika þetta þar sem umfjöllun um skýrsluna og niðurstöður hennar hefur einkum snúið að öðrum þáttum, þ.e. hinum svokölluðu nýju skattsvikaleiðum í gegnum erlend samskipti.

Þótt ætíð sé erfitt að hafa áhrif á viðhorf almennings til skattsvika má án efa stuðla að jákvæðara viðhorfi til skatta með fræðslu og auknum upplýsingum um ríkisfjármál. Ábyrg stefna í ríkisfjármálum, lægri skatthlutföll, sanngjörn skattheimta og skilvirk og réttlát skattframkvæmd skipta hér einnig miklu máli. Að þessu leyti hafa bæði stjórnvöld og framkvæmdaraðilar í skattkerfinu staðið sig vel að mínum dómi. Skattframkvæmd er í grundvallaratriðum góð hér á landi. Skattkerfið stendur framarlega í notkun netsins. Miklar breytingar hafa átt sér stað á síðustu árum og búast má við enn frekari umbótum í náinni framtíð. Þá hefur jafnt og þétt verið unnið að endurbótum á skattalöggjöfinni enda í raun um að ræða verkefni sem aldrei tekur enda.

Ég vil einnig nefna nýlegar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar á tekjuskatti einstaklinga, afnám eignarskatts og skattalækkanir á lögaðila árið 2002. Fjármagnstekjuskattur er einnig lægri hér á landi en víða annars staðar. Allt er þetta til einföldunar og ætti að stuðla að jákvæðara viðhorfi til skatta og þar af leiðandi draga úr tilhneigingu til skattsvika. Breyttir atvinnuhættir og sterkari fyrirtæki virðast stuðla að betri skattskilum samkvæmt skýrslunni. Hér á landi hefur atvinnulíf verið að breytast og styrkjast á undanförnum áratug. Atvinnulífinu er nauðsynlegt að hafa svigrúm til að þróast og eflast. Að sama skapi verður skattkerfið að bregðast við breyttum aðstæðum og mikilvægt að stjórnvöld tryggi viðunandi starfsumhverfi skattyfirvalda.

Margt af því sem í skýrslunni er nefnt sem auka kann líkur á skattsvikum verður seint á valdi stjórnvalda að sporna við. Flókin eignatengsl, alþjóðaviðing og frjálsir fjármagnsflutningar eru að flestra mati af hinu góða þó að slíkt kunni í og með að vaxa skattyfirvöldum í augum og gera þeim erfiðara fyrir. Við lifum í breyttum heimi og við breyttum aðstæðum verður að bregðast og þar getur löggjafinn og framkvæmdarvaldið að sjálfsögðu lagt sitt af mörkum.

Í skýrslunni er bent á ýmsar aðgerðir til að sporna við skattsvikum. Eins og ég sagði í upphafi mun ég ekki fjalla ítarlega um einstakar tillögur í skýrslunni heldur víkja almennt að nokkrum þeirra og skoða í samhengi við það starf sem unnið hefur verið í fjármálaráðuneytinu á undanförnum missirum.

Alls eru nefndar 24 tillögur um atriði sem talið er að betur megi fara í löggjöf og skattframkvæmd. Flestar tillögurnar snúa að erlenda þættinum, þ.e. fjármálalegum samskiptum við útlönd en aðrar tillögur lúta að bættri skattframkvæmd, eftirlits- og áhættugreiningu í skattsvikamálum, breytingum á bótakerfi auk tillagna er lúta að aðgangi að upplýsingum banka um fjármálaviðskipti. Það er eðlilegt að margar tillögur snúi að erlenda þættinum þar sem þarna er um nýjar skattsvikaleiðir er að ræða. Þó virðist í skýrslunni gæta ákveðins ósamræmis þar sem langveigamestu hagsmunirnir lúta enn sem fyrr að hefðbundinni svartri atvinnustarfsemi, eins og ég gat um áður. Hugsanlega er því fullmikil áhersla lögð á erlenda þáttinn í skýrslunni og of lítil á þátt svartrar atvinnustarfsemi sem allir landsmenn kannast við.

Skattsvik í gegnum erlend samskipti eru ekki frekar en önnur skattsvik einangrað íslenskt fyrirbæri. Þjóðir heims hafa reynt að bregðast við þessu með ýmsum hætti. Mikil gerjun á sér stað á sviði alþjóðlegs skattaréttar. Mikil samvinna er innan OECD um skaðlegar skattareglur sem íslensk stjórnvöld hafa tekið fullan þátt í auk alþjóðlegs samstarfs um gerð tvísköttunarsamninga, skattlagningu alþjóðafyrirtækja o.s.frv.

Það er nauðsynlegt að fara rækilega yfir athugasemdir starfshópsins er varða flóknari reglur, misræmi og fleiri leiðir til undanskota. Ljóst er að markmið lagabreytinga á undanförnum árum hefur ekki verið að skapa leiðir til undanskota, þvert á móti hefur verið unnið að því að einfalda reglur, lækka skatthlutföll, auðvelda aðilum að skipta um rekstrarform o.s.frv.

Í skýrslu starfshópsins kemur fram að með umbótum í löggjöf og skattframkvæmd sé líklegt að draga megi verulega úr skattsvikum. Breytingar á lögum og markvissar aðgerðir á sviði skattframkvæmdar geti skilað miklum fjárhagslegum ávinningi, bætt starfsskilyrði og samkeppnisstöðu heiðarlegs atvinnureksturs og aukið jafnræði meðal borgaranna

Í skýrslunni kemur fram að ástæða sé til að efla skattframkvæmd á ýmsan hátt. Grundvallarbreyting hafi orðið á eðli og formi skattsvika á undanförnum árum. Fram kemur í skýrslunni að skattyfirvöld hafi þegar brugðist við með breyttum áherslum í störfum sínum en sérstaklega mikilvægt sé að stjórnvöld tryggi skattyfirvöldum góð starfsskilyrði og nægilegt fjármagn til að stemma stigu við þeim undanskotum sem nú tíðkast.

Þá er vikið að mikilvægi eftirlits- og áhættugreininga á sviði skattsvika og bent á að gera þurfi skattyfirvöldum kleift að byggja upp gagnasöfn og þróa aðferðir til áhættugreiningar og leggja þær til grundvallar aðgerðum. Lagt er til að starfrækt verði sérstök eining innan skattkerfisins er

sinni eftirliti með skattskilum stórfyrirtækja. Vinna við eftirlit með skattskilum stórfyrirtækja krefjist meiri sérhæfingar en svo að hún verði byggð upp á mörgum stöðum í skattkerfinu. Í skýrslunni kemur fram að hraða þurfi setningu svokallaðra CFC-ákvæða (Controlled Foreign Companies) í íslenska skattalöggjöf. Þá er jafnframt bent á að nokkuð algengt sé að í skattalögum annarra ríkja séu ákvæði sem takmarki heimild til að draga vaxtagjöld frá tekjum þegar skattstofn sé ákveðinn eða litið svo á að um sé að ræða arðgreiðslu ef lánveitandinn er jafnframt hluthafi í rekstrinum, þ.e. ákvæði um lága eiginfjármögnun. Lagt er til af starfshópnum að tímarammi vegna heimilda skattyfirvalda til endurákvörðunar á sköttum verði víkkaður. Í ýmsum skattsvikamálum sé því oft þannig farið að langur tími geti liðið þar til grunsemdir vakna og athugun hefst.

Í skýrslunni er og vikið að þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og þá einkum að samstarfi um upplýsingaskipti. Þetta samstarf þurfi að efla og gera þátttöku Íslands virkari á þeim sviðum sem snúa að því að fyrirbyggja skattsvik. Meðal þess sem leggja þurfi áherslu á í þeim efnum séu virkari upplýsingaskipti á grundvelli tvísköttunarsamninga og annarra samninga um sama efni. Öll þessi atriði sem hér eru nefnd eru í ákveðnum farvegi innan ráðuneytisins. Skattalöggjöfin er í stöðugri endurskoðun í ráðuneytinu og sjálfsagt hefur fáum lagabálkum verið breytt jafnoft á Alþingi á undanförnum árum og tekjuskattslögunum. Sífellt verið að bregðast við nýjum aðstæðum og bæta skattkerfið og skattframkvæmdina eins og kostur er. Í þeirri vinnu er haft náið samstarf við stofnanir skattkerfisins og aðra sem að skattframkvæmdinni koma.

Ráðuneytið tekur einnig öflugan þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði skattamála. Má þar m.a. nefna þátttöku í ýmsum vinnuhópum á vettvangi OECD, m.a. í vinnuhópum gegn svokölluðum skattaparadísum, samstarf fjármálaráðuneyta á Norðurlöndum á sviði skattamála og aðild að Norræna skattrannsóknaráðinu.

Vinnu við gerð tvísköttunarsamninga miðar jafnt og þétt áfram en Ísland hefur þegar undirritað tvísköttunarsamninga við 28 ríki, þar af eru samningar við 23 ríki komnir til framkvæmda.

Síðastliðið vor gerði fjármálaráðuneytið árangursstjórnunarsamninga við allar stofnanir skattkerfisins. Í öllum samningunum kom fram að sérstaka áherslu skyldi leggja á skatteftirlit og vægi þess aukið í skattkerfinu. Í samningi við ríkisskattstjóra kom fram að sérstakt átak skyldi gera til uppbyggingar, samræmingar og eflingar á skatteftirliti og stuðla að auknu vægi þess í skattkerfinu. Þá hefur verið skipuð nefnd til að skoða eftirlit með skattskilum stórfyrirtækja, þ.e. hvernig slíku eftirliti verði best fyrir komið og hvar. Eitt af áhersluverkefnum ráðuneytisins á yfirstandandi ári er að kortleggja skattlagningu erlendra fjármálaviðskipta með það fyrir augum að meta hvort breytinga sé þörf í því efni.

Það kann að vera nauðsynlegt að skoða framkvæmd álagningar, skattendurskoðunar og skatteftirlits í samhengi frá grunni og kanna hvort nýta megi það fjármagn sem þegar er varið til skattamála betur en gert er. Í því sambandi verður að minna á þær umfangsmiklu breytingar sem orðið hafa á síðustu árum í skattframkvæmdinni með notkun netsins og upplýsinga á tölvutæku formi. Á sama tíma verður að hafa hugfast að skattkerfi okkar er að grunni til býsna gott og ríkir um það góð sátt. Allar breytingar verða að taka mið af því að halda megi áfram því góða starfi sem unnið hefur verið á þessum vettvangi.

Í ráðuneytinu hefur um skeið verið starfandi hópur sérfræðinga til að undirbúa hugsanlega setningu CFC-löggjafar hér á landi og fara yfir þau lagalegu álitaefni sem slíkri löggjöf tengjast. Undirbúningur slíkrar löggjafar stendur yfir og lýkur von bráðar. Sami hópur hefur til skoðunar ákvæði um lága eigin fjármögnun sem ég nefndi áður. Í tillögum starfshópsins er lagt til að ákvæðum um fyrningu skattsvika verði breytt. Við þessu hefur þegar verið brugðist en tekjuskattslögunum var breytt að þessu leyti á síðasta haustþingi. Í lögunum er nú við það miðað að fyrningarfrestur miðist við upphaf rannsóknar.

Nýjar skattsvikaleiðir og stærri öflugri fyrirtæki eru partur af breyttum veruleika sem blasir við skattkerfinu. Við breyttum aðstæðum verður að bregðast. Það er hluti af frumkvæðisskyldu og sjálfstæði stofnana skattkerfisins að þróa og móta aðferðir og forgangsraða í samræmi við breyttar aðstæður. Í því efni skipta bæði fjárframlög en ekki síður áherslur hjá embættunum miklu máli.

Í ráðuneytinu fer fram öflugt starf á sviði skattamála og vel er fylgst með þróun á alþjóðavettvangi. Skattalöggjöf og framkvæmd hennar er hins vegar í stöðugri þróun. Brugðist er við breytingum með opnum huga og með tilkomu þeirrar skýrslu sem hér er til umræðu gefst einmitt tækifæri til að skoða þessi mál betur, líta yfir farinn veg og marka stefnu til framtíðar.

Í skýrslu starfshópsins er einnig að finna ýmsar aðrar tillögur sem ekki hafa verið teknar til sérstakrar skoðunar enn en ég tel vert að athuga betur. Starfshópurinn telur að ástæða sé til að huga að breytingum á reglum um bætur í skattkerfinu og ef til vill verði leitað annarra leiða, t.d. til að rétta hlut einstæðra foreldra en í gegnum skattkerfið með hærri barnabótum og vaxtabótum en til sambúðarfólks. Þetta er viðkvæmt og erfitt viðfangsefni enda segir starfshópurinn að erfitt og viðkvæmt sé að upplýsa um brot af þessu tagi og slíkar rannsóknir geti gengið nærri friðhelgi einkalífs. Sjálfsagt er að taka undir þetta og skoða vel. Ljóst er að það getur verið erfitt að eiga við þessi mál innan skattkerfisins. Það er nauðsynlegt að kalla ýmsa opinbera aðila að málinu og móta heildstæða stefnu til að glíma við þetta vandamál. Nefna má að þegar er hafin vinna við endurskoðun vaxtabótakerfisins í samvinnu við félagsmálaráðuneytið.

Þá kemur fram í skýrslunni að 57. gr. tekjuskattslaga, sem beint er gagnvart skattsniðgöngu, sé mjög almennt orðuð. Reglan megi vera skýrari og taka verði af öll tvímæli um að í skattalegu tilliti beri að taka efni gjörninga umfram form þeirra. Taka má undir þetta og sjálfsagt er að skoða þá tillögu. Um er að ræða tiltölulega gamalt lagaákvæði sem sjálfsagt er að endurskoða með tilliti til túlkunar.

Þá er í skýrslunni einnig að finna nokkrar aðrar tillögur sem hugað verður betur að áður en farið verður út í breytingar.

Ég hef nú, virðulegi forseti, rakið helstu atriðin í skýrslu þessa starfshóps, sem falið var að meta umfang skattsvika á

Íslandi. Þetta er mikilvæg greinargerð sem án efa mun nýtast í áframhaldandi vinnu í málaflokknum. Niðurstaða skýrslunnar ber þess glöggt merki að miklar breytingar eiga sér stað í íslensku samfélagi. Í raun má segja að umbylting í atvinnuháttum hafi átt sér stað síðasta áratug. Í skýrslunni er fjallað um nýjar skattsvikaaðferðir og bent á úrbætur í skattalöggjöf og skattframkvæmd svo sporna megi við fótum. Í skýrslunni kemur fram, eins og ég hef undirstrikað, að hin gömlu klassísku skattsvik, ef svo mætti segja, eru enn langveigamesti hluti þessa vandamáls.

Á undanförnum árum hefur skipulega verið unnið að því að einfalda skattkerfið og gera það réttlátara um leið og skattar hafa verið lækkaðir. Mikil áhersla hefur verið lögð á að atvinnulífið búi við skattaumhverfi sem tryggi samkeppnisstöðu þess gagnvart útlöndum og komi í veg fyrir óeðlilegt flæði fjármagns og vinnuafls úr landi. Miklu fremur hefur verið leitað leiða til að gera vinnuumhverfið aðlaðandi fyrir nýja aðila sem koma hingað til starfa og vilja staðsetja rekstur sinn hér. Um leið og reynt er að gera skattkerfið sjálft réttlátara og reglurnar einfaldari og gegnsærri verður að gera þá kröfu að allir sitji við sama borð. Það er eðlilegt að einstaklingar og fyrirtæki nýti sér þær leiðir sem skattalögin bjóða upp á til að lágmarka skattgreiðslur *sínar en skattsvik má ekki umbera.* Þau misbjóða réttlætiskennd fólks og þau verður að uppræta.

Í skýrslunni eru margar góðar tillögur sem nýtast munu við þróun og úrbætur á skattkerfinu. Án efa munu þær nýtast við þá fjölbreytilegu vinnu sem fram fer á sviði skattamála í ráðuneytinu og einnig í þinginu, við tillögugerð varðandi lagasetningu, þróun skattframkvæmdar og alþjóðastarfs á sviði skattamála.

Að lokum er nauðsynlegt að ítreka að í baráttunni gegn skattsvikum reynir á krafta margra aðila í samfélaginu: stjórnmálamanna, stofnana, einstaklinga og fyrirtækja. Hugsanlega þarf að koma til viðhorfsbreyting hjá einhverjum þeirra til að vinna bug á þessu meini. Nauðsynlegt er að ná samstöðu sem flestra svo draga megi úr því samfélagsmeini, sem efalaust verður aldrei hægt að uppræta að fullu, þótt við þurfum öll að taka höndum saman um að gera hvað við getum til að minnka bölið sem þessu fylgir.

[10:50]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir að flytja Alþingi skýrslu um umfang skattsvika og hve vel hefur verið að henni staðið. Aðdragandi hennar var tillaga til þingsályktunar sem flutt var af nokkrum þingmönnum Samfylkingarinnar og Alþingi samþykkti í maí 2002. Í greinargerð með þingsályktuninni sem Alþingi samþykkti er því lýst að á umliðnum árum hefði ýmislegt breyst í atvinnulífi og skattumhverfi fyrirtækja sem gæfi ástæðu til að kanna umfang skattsvika. Ekki var síst lögð áhersla á að með auknu fjármagnsflæði milli landa og sívaxandi alþjóðavæðingu hefðu skapast möguleikar á að skrá fyrirtæki erlendis og reikningsfæra umsvif fyrirtækja á erlendum vettvangi, m.a. til skattahagræðis og undanskota frá skatti. Þessi skýrsla staðfestir það. Hún varpar glöggu ljósi á hvernig skipuleg skattsvik hafa aukist og nýjar skattsvikaleiðir bæst við.

Hún sýnir líka að skattalöggjöfin er að sumu leyti gloppótt og býður bókstaflega upp á að fyrirtæki geti komist undan eðlilegum skattgreiðslum til samfélagsins. Það er grafalvarlegt mál sem taka verður á af fullri hörku ef fyrirtæki misnota frelsið og þá bættu samkeppnisstöðu sem þeim hefur verið búin í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Í skýrslunni er því t.d. blákalt haldið fram að íslenskir skattaðilar nýti sér skattaparadísir og ýmiss konar lágskattasvæði til að koma undan tekjum sem sæta eiga skattlagningu hér á landi. Ekki verður annað liðið en að á þessu verði tekið af fullri hörku. Það eru fyrst og fremst einstaklingar sem bera meginþungann af skattgreiðslum til ríkisins eða um 90%. Hlutur fyrirtækja er ekki mikill fyrir þó ekki bætist við að þeir hafi óeðlilegar undankomuleiðir til að færa hagnað sinn úr landi til að komast hjá skattgreiðslum.

Þessi skýrsla staðfestir líka að mikil lækkun á skatthlutfalli og skattgreiðslum fyrirtækja hafa ekki minnkað undanskot eins og stjórnarliðar halda gjarnan fram. Þvert á móti hafa verið fundnar nýjar skattsvikaleiðir til undanskota. Það er óþolandi að skattalögin bjóði stórfyrirtækjum og fjármagnseigendum upp á skattasmugur þannig að íslenskt samfélag verði af tugum milljarða kr.

Skýrslan sýnir líka vel hve mikill ávinningur er af öflugu skatteftirliti þegar áætlað er að allt að 35 milljarðar tapist af skattfé landsmanna vegna skattsvika en það er samsvarandi fjárhæð og fer til að reka allt skólakerfið í landinu, framhaldsskóla, grunnskóla og háskóla. Því er eftir miklu að slægjast og að stjórnvöld og Alþingi taki af festu á skattsvikum og lagi reglur og lagaumhverfi að þeim tillögum sem fram koma í skýrslunni. Ekki þarf síður að búa vel að skatteftirlitinu en þingflokkur Samfylkingarinnar hefur á *hverju ári flutt tillögur um aukið fjármagn til skatteftirlits,* enda hefur verið sýnt fram á að það skilar sér margfalt aftur í ríkiskassann. Þessi úttekt sem nú liggur fyrir gefur færi á að endurmeta aðferðir, skattrannsóknir og eftirlit, nú þegar varpað hefur verið ljósi á helstu ástæður undandráttar frá skatti og að hve miklu leyti má rekja hann til skattalaga annars vegar og skattframkvæmdar hins vegar. Tillögurnar eru róttækar og sumar umdeildar en við verðum að geta náð samstöðu um það á Alþingi að loka öllum skattsvikaleiðum og skattasmugum sem nú er að finna í gloppóttri löggjöf. Í skýrslunni kemur fram að verði gripið til þeirra aðgerða í skattframkvæmd og skattalöggjöf sem þar koma fram þá megi draga verulega úr skattsvikum.

Það er af mörgu að taka í þeim skattsvikaleiðum sem nefndar eru í skýrslunni og vil ég kalla fram frekari afstöðu hæstv. fjármálaráðherra til þeirra tillagna sem ég tel hvað mikilvægast að hrundið verði í framkvæmd.

Fram kemur í skýrslunni að heimildir eru nýttar til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum til skattsniðgöngu. Ókostirnir við heimild á skattlagningu söluhagnaðar snýr einmitt að útlöndum. Með því að fjárfesta í erlendum félögum, oftar en ekki skattaparadísum eða skattavildarsvæðum, skapast möguleiki á að viðkomandi komist að fullu undan skattlagningu á söluhagnaði, t.d. með milligöngu eignarhaldsfélaga. Það er ekki hægt að líða, virðulegi forseti.

Algengt er að einstaklingar eða fyrirtæki selji eða leggi hlutabréf sem þeir eiga inn í eignarhaldsfélög sem þeir hafa

stofnað erlendis. Einnig getur félag með mikið yfirfæranlegt rekstrartap innleyst mikinn söluhagnað og endurfjárfest í erlendum bréfum og fært stofnverð þeirra niður eða talið fram á bókfærðu verði. Komist það upp með það er skattlagning söluhagnaðarins glötuð og tapið gengur á móti síðari tekjum. Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra hvort hann sé reiðubúinn til að afnema heimildir til að fresta skattlagningu á söluhagnaði, a.m.k. ef um er að ræða að fresturinn fáist með kaupum á hlutabréfum í erlendum fyrirtækjum, einkum fjármálafyrirtækjum. Ég undirstrika að margar þjóðir skattleggja uppsafnaðan hagnað af eignum sem fluttar eru úr landi. Ég kalla eftir viðbrögðum hæstv. fjármálaráðherra við því.

Sem upplagt tilefni skattsvika er líka nefnt í skýrslunni að Ísland sé eitt örfárra landa sem ekki leggi skatt á vexti sem greiddir eru úr landi. Þessi gloppa í skattkerfinu nýtist ekki síst þeim sem setja sig niður í skattaparadísum, þar sem innlend fyrirtæki stofnsetja dótturfyrirtæki og leggja í það fé sem dótturfyrirtækin lána síðan íslenska móðurfyrirtækinu. Vextirnir dragast frá skattstofni íslenska fyrirtækisins og lækka skattgreiðslu þeirra. Íslenskir aðilar sem setja niður eignarhaldsfélög í skattavinjum kaupa líka íslensk verðbréf og fá árlega vexti sem eru skattfrjálsir og gera enga grein fyrir þessum tekjum eða greiða skatta af þeim. Ég spyr, virðulegi forseti, hæstv. fjármálaráðherra einnig að því hvort hann sé reiðubúinn að taka upp skatta á vexti sem greiddir eru úr landi eins og vexti innan lands eða þá að skilyrða skattfrelsið við lönd sem við höfum tvísköttunarsamninga við og gefa fullar upplýsingar til íslenskra skattyfirvalda um tekjur og eignir Íslendinga, m.a. félög í eigu íslenskra aðila. Ég tel afar mikilvægt, virðulegi forseti, að fá fram afstöðu hæstv. fjármálaráðherra til þessa við þessa umræðu.

Væntanlega fer þessi skýrsla til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd. Þá greiðir auðvitað fyrir störfum nefndarinnar ef við fáum afstöðu hæstv. ráðherra til mikilvægra atriða og tillagna í skýrslunni.

Í skýrslunni kemur fram að fjórðungur allra einkahlutafélaga skilar ekki skattframtölum og segir ríkisskattstjóri að stór hluti einkahlutafélaga sé ekki í alvörustarfsemi heldur fyrst og fremst ætlað að auðvelda mönnum að svíkja undan skatti. Fram kemur að stofnun einkahlutafélaga séu líka nýtt til að notfæra heimildir til frestunar á söluhagnaði sem skapi möguleika til frádráttar vegna vaxtagjalda. Sömuleiðis kemur fram að einkahlutafélög geti fært skattalegar skyldur sínar yfir á fyrirtæki sem þau bera takmarkaða ábyrgð á og litlar kröfur eru gerðar um hlutafé. Spyrja má því hvernig hæstv. fjármálaráðherra ætlar að bregðast við þessari gagnrýni. Ástæða er til að nefna að það er ekki síst mismunandi skattprósenta eftir uppruna tekna sem býður heim alls konar undandrætti frá skatti, t.d. tengdum einkahlutafélögum.

Það er líka óþolandi sem fram kemur í skýrslunni að enn skuli tíðkast að eigendur fyrirtækja færi einkaneyslu sína sem kostnað á fyrirtækin og ekki síður að hluti launa, t.d. bónus eða kaupréttur, sé ekki gefinn upp til skatts og hlutir höfum veitt vaxtalaus lán sem ekki eru gerð upp. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki ástæðu til að grípa til sérstakra aðgerða gegn þessu. Ég hélt, virðulegi forseti, að við værum komin lengra í allri framkvæmd og eftirliti með sköttum þannig að ekki væri hægt að komast upp með slíkar skattsvikaleiðir sem ég nefndi, þ.e. að eigendur fyrirtækja færi einkaneyslu sína sem kostnað á fyrirtæki og að hluti launa, t.d. bónus eða kaupréttur, sé ekki gefið upp til skatts.

Ég undirstrika, virðulegi forseti, að það er alvarleg brotalöm í skattframkvæmd að svona gróf mismunun sé milli hins almenna launamanns og svo stjórnenda þeirra fyrirtækja sem nýta sér skattasmugur til að greiða hlutfallslega minna til samfélagsins en fólki sem starfar hjá fyrirtækjunum.

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að leggja verulega áherslu á við endurbætur á skattkerfinu það sem fram kemur í skýrslunni um að auka ábyrgð endurskoðenda. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort eitthvað sé í undirbúningi í ráðuneyti hans að því er þann þáttinn varðar. Sömuleiðis að færa saksókn ákæruvalds í skattsvikamálum til embættis skattrannsóknarstjóra og málsforsvar í dómsmálum um ágreining í skattamálum til embættis ríkisskattstjóra en það eru sennilega um tíu ár síðan ég setti fram nauðsyn slíkrar breytingar á skipulagi meðferðar í skattsvikamálum.

Í lokin vil ég nefna tvær róttækar tillögur sem ég tel hvað mikilvægast að komi til framkvæmda auk þeirra aðgerða að skattleggja vexti sem greiddir eru úr landi og koma í veg fyrir flutninga á óskattlögðum söluhagnaði í erlend hlutabréf. Í fyrsta lagi að komið verði á sérstökum sérhæfðum eftirlitsdeildum sem hafi skatteftirlit með stórfyrirtækjum, ekki síst fjármálafyrirtækjum með mikil erlend umsvif. Hæstv. fjármálaráðherra nefndi þessa tillögu í framsögu sinni áðan og vildi ég gjarnan fá fram frekari afstöðu hans til tillögunnar sem ég tel afar mikilvæga og eftirtektarverða í þeim tillögum sem starfshópurinn hefur sett fram.

Í öðru lagi legg ég áherslu á að lögfest verði afdráttarlaus ákvæði um skyldu banka og fjármálastofnana til að láta skattyfirvöldum í té allar upplýsingar um eignir og tekjur viðskiptamanna og þeirra sem annast fjársýslu fyrir fyrirtæki. Þar snýr vandamálið ekki að vaxtatekjum af bankainnstæðum því vegna staðgreiðslunnar veldur það varla miklu tekjutapi hjá ríkissjóði. Annað mál gildir um verðbréf og einhver hlutabréf en þar er örugglega um verulegar fjárhæðir að ræða sem ekki eru taldar fram. Ríkisskattstjóri hefur upplýst m.a. í efnahags- og viðskiptanefnd að íslenskir bankar og fjármálafyrirtæki séu að verða helsti þröskuldur í þróun skattframkvæmdar til betri þjónustu og réttari álagningar skatta vegna skorts á upplýsingagjöf til skattyfirvalda. Í skattsvikaskýrslunni kemur fram að Ísland ásamt Sviss og Lúxemborg er í hópi tíu ríkja af rúmlega 30 sem ekki krefjast sjálfkrafa skýrslugjafar banka til skattyfirvalda. Fyrir liggur t.d. að þegar Svíar tóku upp slíka upplýsingaskyldu fyrir 15–20 árum bötnuðu skattskil vegna fjármagnstekna um hvorki meira né minna en 20–30%. Ég býst við að það geti orðið umdeilt á hv. Alþingi að taka upp þessa tillögu og lögfesta afdráttarlaus ákvæði um skyldu banka og fjármálastofnana til að láta skattyfirvöldum í té allar upplýsingar um eignir og tekjur viðskiptamanna en ég tel að þetta sé afar brýn leið til þess að auka á skattskil og að eðlilegar fjármagnstekjur skili sér með eðlilegum hætti í

ríkissjóð, enda er það svo að önnur lönd eins og ég nefndi hafa tekið upp slíka upplýsingaskyldu fyrir einum eða tveimur áratugum með þeim afleiðingum að skattskil bötnuðu verulega vegna fjármagnstekna. Ég spyr því hæstv. fjármálaráðherra um afstöðu hans til þessarar upplýsingaskyldu banka við skattyfirvöld og að komið verði á sérstökum sérhæfðum eftirlitsdeildum sem hafi skatteftirlit með stórfyrirtækjum, einkum þeim sem eru með erlend umsvif.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hæstv. fjármálaráðherra svari þeim fyrirspurnum sem ég hef beint til hans þegar hann tekur til máls síðar í umræðunni. Það þarf þegar að hefjast handa við að hrinda tillögum skattsvikanefndar í framkvæmd og bæta alla skattframkvæmd og setja í lög þau ákvæði sem spornað gætu við skattsvikum. Í húfi er, virðulegi forseti, tugir milljarða króna sem skattgreiðendur hljóta að gera kröfu til að skili sér til að bæta lífskjör og velferð í landinu.

Ég vil í lokin um leið og ég ítreka þakklæti mitt til hæstv. fjármálaráðherra fyrir framlagningu þessarar skýrslu leggja áherslu á að skýrslunni verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar, og þessari umræðu þá frestað, og efnahags- og viðskiptanefnd fjalli ítarlega um skýrsluna og þær tillögur sem fram koma þar til úrbóta, bæði að því er varðar löggjöf og alla skattframkvæmd og skili að lokum niðurstöðum sínum og tillögum sem fyrst til umræðna aftur inn í þingið. Við þá yfirferð í efnahags- og viðskiptanefnd verður vonandi góð sátt um að reyna að ná samstöðu um þær mörgu tillögur sem hér koma fram, virðulegi forseti, þannig að hægt sé að bæta skilin og skattar skili sé með eðlilegum hætti til að bæta okkar góða samfélag.

[11:06]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir þessa skýrslu um umfang skattsvika á Íslandi. Ég verð að segja að það er þó ljós í myrkrinu að heyra að skattsvik í formi vanframtalinna tekna kunni að hafa minnkað og skil í virðisaukaskatti batnað. Þetta er jákvæð þróun og ljóst að tæknin hefur hjálpað mikið upp á þetta eins og kemur fram í skýrslunni.

Hins vegar eru vandamálin stór sem blasa við, þ.e. að skipuleg skattsvik eiga að hafa aukist og nýjar skattsvikaleiðir hafa bæst við og þó einkum vegna alþjóðavæðingarinnar en við erum hluti af miklu stærri markaði nú en áður. Tölurnar tala sínu máli og áætlað tekjutap ríkis og sveitarfélaga vegna skattsvika geta verið 8,5–11,5% af heildartekjum. Þetta eru gríðarlega stórar upphæðir en í heild gerir þetta allt að 35 milljarða kr. á árinu 2003 og það er ýmislegt sem hægt væri að gera fyrir þá upphæð.

Ég ætla í ræðu minni að fjalla stuttlega um einn þátt skýrslunnar en hann varðar þann mikla mun sem er á skattlagningu einstæðra foreldra og sambúðarfólks eða hjóna. Kerfið okkar gerir mun á einstaklingum með börn eftir því hver hjúskaparstaða þeirra er. Í gegnum tíðina hefur það tíðkast í nokkrum mæli að sambúðarfólk virðir ekki lögheimilislög og skráir sig annars staðar til heimilis en það hefur fasta búsetu. Með því öðlast það rétt til hærri vaxta og barnabóta og auðvitað fylgir margt annað með í pakkanum eins og lægri leikskólagjöld og fleira. Við erum því að horfa upp á það að reglur sem höfðu það að markmiði að bæta hag einstæðra foreldra eru misnotaðar af öðrum.

Ég hef heyrt af því að í sumum löndum er eftirlit afar öflugt. Eftirlitsmenn fylgjast með ferðum fólks á leikskóla og athuga hvort báðir foreldra fylgi börnum eða ekki og fari inn á heimili og telji þar til dæmis tannbursta til að afla sannana fyrir búsetu fólks. Ég er ekki að mæla með því að við förum nákvæmlega í þennan gír en það er alveg ljóst að mörgum er nóg boðið og hafa kallað eftir því að ríkisvaldið bregðist við þessari hegðun. Skatturinn hér hefur ekki gengið svo langt í eftirliti en staða hans er erfið þar sem eingöngu er byggt á skráningum. Reyndar er dæmi um að yfirskattanefnd úrskurðaði um mál fyrir nokkrum árum þar sem húsfélag benti á einstakling sem væri að svindla undan skatti með þessum hætti og var viðkomandi tekinn í skýrslutöku og málið leiðrétt. Við höfum því svo sannarlega dæmi þess að nágrannavarslan gangi nokkuð langt hér á landi.

Við sem heyrum mikið í fólki vitum að mál af þessu tagi fara illa í fólk. Það er ekki óeðlilegt þar sem við horfum upp á það að samneyslan eykst ár frá ári og sífellt færri standa undir skatttekjunum því fleiri og fleiri eru ekki á atvinnumarkaði vegna bóta og annarra ástæðna. Við könnumst við þá umræðu að fjölskyldan eigi að vera hornsteinn í hverju samfélagi. Deilir enginn um þetta atriði og hafa stjórnvöld farið út í ýmsar aðgerðir á undanförnum árum til að styrkja stöðu barnafólks. Má þar nefna lækkun skatta, hækkun barnabóta, 90% húsnæðislán og lækkun endurgreiðslubyrði námslána. Þetta eru allt jákvæðar aðgerðir og þá sérstaklega fyrir millitekjufólk.

Hins vegar er það mjög mikið áhyggjuefni að ungt fólk skuli í dag þegar það stofnar til sambands hugleiða þann möguleika að vera frekar skráð á sínum staðnum hvort með búsetu. Menn tala um að áður fyrr hefðu margir haft innbyggða afsökun vegna þessa en ástæðan var sú að hart var í búi og fólk þurfti að gera þetta til að eiga fyrir því allra nauðsynlegasta. En nú heyrir maður hins vegar að æ fleiri stundi þetta til að græða. Fólk er jafnvel ekki að fjármagna grunnneyslu með þessu og í engu tilfelli er þetta ásættanlegt.

Ég heyrði um daginn í útvarpinu viðtal við fjármálaráðgjafa. Ég náði því miður ekki nafni hans en hann sagði þar blákalt að skilnaður væri oft eina leiðin til að rétta við hag heimilisins. Þetta tel ég vera afar slæm skilaboð og viðkomandi var þarna að hvetja til lögbrots. Einnig hefur heyrst í prestum sem benda á það að einhverjir grípi til hjónaskilnaða í þessum sama tilgangi. Þetta er raunveruleikinn og við verðum að bregðast við.

Virðulegi forseti. Í skýrslunni sem við ræðum leggur nefndin til nokkur atriði til að sporna við skattsvikum. Eitt þessara atriða varðar einmitt umræðuefni mitt hér í dag og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin telur að ástæða sé til að huga að breytingum á reglum um bætur í skattkerfinu og að e.t.v. verði leitað annarra leiða til að rétta hlut einstæðra foreldra en í gegnum skattkerfið með hærri barnabótum og vaxtabótum en til sambúðarfólks. Ákaflega viðkvæmt og erfitt er að upplýsa brot af þessu tagi og gengið nokkuð nærri friðhelgi einkalífs með rannsókn á þeim. Sé staða sambúðarfólks og einstæðra foreldra gerð jöfn í skattalegu tilliti mætti veita ein-

stæðum foreldrum þá viðbótaraðstoð sem talin er nauðsynleg með öðrum hætti, t.d. í gegnum almannatryggingakerfið eða sveitarfélög sem kunna að vera betur í stakk búin til að leggja mat á þörf og forsendur slíkrar aðstoðar en skattkerfið. Einnig mætti athuga hvort rétt væri að gera viðbótarbætur háðar sérstakri umsókn og yfirlýsingu viðkomandi aðila.“

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta mjög athyglisverðar tillögur og vert að skoða þær áfram. Ég held að við séum í þeirri stöðu að geta ekki annað en íhugað þær vel. Það að taka upp öðruvísi félagslega aðstoð sem yrði á vegum sveitarfélaganna er að mínu mati hugmynd sem þarf að þróa áfram. Sérstaklega mundi þetta ganga vel í smærri sveitarfélögum en þó að vitað sé að minna sé um undanskot í litlum samfélögum vegna nálægðarinnar tíðkast þau svo sannarlega. Ég vil í þessu tilliti fagna því sem hæstv. fjármálaráðherra sagði áðan að endurbætur á vaxtabótakerfinu sé hafin í félagsmálaráðuneytinu.

Ég held að það sé gott að nefna eitt örstutt dæmi sem birtist í grein Ástu Kristjánsdóttur í Tíund á síðasta ári, en hún fjallar þar um hvað liggi því til grundvallar að sambúðarfólk ákveði að fylgja ekki lögheimilislögum og skrái sig ekki á sameiginlegt heimilisfang þrátt fyrir að hafa komið sér upp heimili og fjölskyldu saman. Dæmið fjallar um þau Jón og Rósu sem eiga tveggja ára þríbura og Jón er enn skráður í foreldrahúsum en Rósa í nýju íbúðinni þeirra. Rósa er skráð fyrir eignum og skuldum. Jón hefur árstekjur upp á 6 milljónir en Rósa upp á 1,3. Mismunur barnabóta hjá þessu fólki nemur hvorki meira né minna en 574.442 kr. og þar að auki eru vaxtabætur 190.522 kr. hærri. Jón og Rósa græða því ef svo má segja eða hvernig sem maður vill orða það tæplega 770 þús. kr. á því að óska ekki eftir samsköttun. Rétt er að taka fram að dæmið er einfalt en það endurspeglar einmitt þá freistingu sem sambúðarfólk stendur frammi fyrir vegna skráningar í þjóðskrá. Fyrir utan þetta getum við nefnt að það koma til niðurgreiðslur leikskólagjalda og ýmsar tekjutengdar bætur almannatrygginga þannig að þetta getur undið upp á sig.

Virðulegi forseti. Ég óttast að með því að hækka barnabætur sem svo sannarlega er brýnt og við höfum boðað og það er brýnt fyrir fólk, en ég óttast að þá muni þetta vandamál vaxa enda er tilhneigingin sú að eftir því sem bætur hækka er eftir meiru að slægjast og fleiri sem nýta sér þá leið. Þess vegna er það hlutverk okkar að reyna með öllum tiltækum ráðum að tryggja að sem fæstir misnoti kerfið enda óþolandi þegar kerfið okkar sem gerir ráð fyrir að hjálpa þeim sem þurfa á aðstoð að halda er misnotað og hugsanlega eyðilagt. Við skulum muna að vitaskuld eru peningar ekki aðalatriðið þegar kemur að mikilvægi fjölskyldunnar en þeim mun mikilvægara er að skilaboð samfélagsins séu skýr og þau mega ekki vera í andstöðu við hagsmuni fjölskyldunnar. Skýrslan sem hæstv. fjármálaráðherra kynnti hér kynnir leiðir sem ég legg áherslu á að við skoðum með opnum huga.

Ég vil í lokin þakka nefnd fjármálaráðherra fyrir afar vel unna og fróðlega skýrslu og ég veit að fjármálaráðuneytið mun áfram vinna að því að sporna gegn skattsvikum eins og það hefur gert hingað til og er þessi skýrsla mikilvægt veganesti í þeirri vinnu.

[11:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og þá skýrslu sem hér hefur verið fram reidd um umfang skattsvika. Ég held að það sé alveg á sínum stað að reglubundið sé farið yfir það hvernig þau mál standa hjá okkur og reynt að lesa í það hvernig þessi mál eru að þróast með tilliti til breyttra aðstæðna, þar á meðal og ekki síst breyttra ákvæða um skatta, breyttra skatthlutfalla og annarra slíkra hluta.

Mér sýnast meginniðurstöður þessarar skýrslu vera þær að skattsvik almennings eru síst að aukast hér á landi. Ef eitthvað er eru þeir hlutir heldur á góðu róli. Það er sömuleiðis ánægjulegt að sjá að ekki virðist vera um að ræða aukið undanskot í virðisaukaskatti. Skipulögð skattsvik og tilraunir til að sniðganga skattalög þegar í hlut eiga fyrirtæki og þeir aðilar sem meira hafa umleikis eru hins vegar ekki á undanhaldi, því miður. Þar eru að koma til sögunnar jafnvel nýjar leiðir eins og hér er bent á í helstu niðurstöðum nefndarinnar.

Þetta er afar athyglisvert og alveg sérstaklega í ljósi þess endalausa söngs sem hér er gjarnan uppi hafður um nauðsyn þess að lækka allar skattprósentur til þess að draga úr skattsvikum. Því er mjög gjarnan haldið fram, og sérstaklega af talsmönnum hægri sjónarmiða í skattamálum, að tekjur aukist jafnt og þétt eftir því sem skattprósentur lækki vegna þess að þá fari menn að gefa þær upp til skatts sem ella sé skotið undan. Hvernig ætti það þá að vera, frú forseti, ef þetta væri hin almenna regla og hún héldi, þetta væri svona í reynd? Jú, þá ættu auðvitað skattsvikin að vera þeim mun alvarlegri og umfangsmeiri sem prósenturnar eru hærri. Þá ætti þessi viðleitni sem sagt að vera mun meiri hjá almenningi en fara hraðminnkandi hjá fyrirtækjum og stórefnamönnum því að það er á þeim sem skattarnir hafa verið lækkaðir mest að undanförnu.

Þetta er hins vegar öfugt. Og hvar eru mennirnir? Hvar eru talsmenn hægri sjónarmiðanna í skattamálum með rökin sín þegar þeir standa frammi fyrir niðurstöðum þessarar skýrslu? Það er sem sagt ekki skattprósentan sem er alfa og omega þess hvort menn standa skil á sköttum sínum eða ekki. Auðvitað hefur það áhrif, það vitum við, en það er allt of mikil einföldun að halda því fram eins og hér hefur oft verið gert að þetta vandamál hverfi sjálfkrafa með því að lækka bara prósenturnar.

Það er athyglisvert að rýna hér líka í tillögur skýrsluhöfundanna hvað þetta varðar. Þeir minnast ekkert á þessar prósentur sem eitthvert úrslitaatriði í tillögum sínum. Megintillögur þeirra eru þær að það þurfi sérstaklega að vinna að því að koma í veg fyrir að skattalög verði sniðgengin með því að íslenskir skattaðilar nýti sér skattaparadísir og ýmiss konar lágskattasvæði til að koma undan tekjum sem sæta eiga skattlagningu hér á landi.

Þetta líkar mér vel að heyra en það undrar mig þeim mun meira að ekkert af þessu virðist hafa komist til skila til þeirra sem helst þyrftu að taka mark á því. Ég er hérna með í höndunum boð um að sækja viðskiptaþing á þriðjudaginn í næstu viku. Hvert skyldi vera meginþema þess þings? Það er „15% landið Ísland“. Já, 18% er ekki nóg. Nei, 15%, segja þeir. Og helst vilja þeir fara neðar og nefna Írland í þeim efnum. Eins og venjulega koma sjálfsagt rökin um að

þetta muni draga svo mikið úr skattsvikum og tekjurnar jafnvel aukast með því að færa þetta niður um 3%. Það gengur þvert á meginboðskapinn, meginniðurstöðurnar út úr þessum skýrslum.

Hafa þessir menn ekkert lært? Hvar er nú hv. þm. Pétur H. Blöndal, sérstakur leiðtogi ríkisstjórnarinnar í skattamálum, þar á meðal hugmyndafræðingur Framsóknarflokksins, samanber það að Framsóknarflokkurinn skrifaði upp á skattstefnu hans hér fyrir áramótin með atkvæðum sínum þegar skattalækkunarprógrammið var hér lögfest? Nei, frú forseti, ég held að það sé alveg sérstaklega þarft að fara í gegnum umræður um þetta og ræða málið í ljósi þessara aðstæðna, niðurstaðna skýrslunnar og þróunar í íslensku viðskiptalífi að undanförnu.

Ég vona að einhvers staðar komist rök í gegnum hinar þykku skeljar og að menn fari að draga eitthvað úr jarminu um lágskattaparadísina, skattasmuguna sem hér eigi að búa til

Ég ætla að eyða nokkrum mínútum í að rifja upp söguna af alþjóðlegu viðskiptafélögunum. Megi það verða mönnum einhver lærdómur í þessum efnum. Það er ákaflega gagnlegt fyrir menn að fara yfir það mál og þótt ég noti kannski obbann af ræðutíma mínum í það hér held ég að honum sé vel varið.

Það var þannig að á löggjafarþinginu 1998–1999 kom fram frumvarp til laga um alþjóðleg viðskiptafélög. Það var ekkert smáræði á bak við það frumvarp, að því stóð sérstakur starfshópur sem þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, hafði sett af stað. Meginhugmyndafræðingur hans í þeim efnum eins og fleirum, Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor, lagði til fílósófíuna. Gott ef hann skrifaði ekki heila bók um það hvernig Ísland yrði ríkasta land í heimi með því að gera út á það að laða til sín starfsemi með nógu lágum sköttum. Það var ekki léttvigtarlið sem sett var í starfshóp til að semja frumvarpið um alþjóðleg viðskiptafélög, frumvarp sem byggði á þessari hugmyndafræði. Muna menn hverjir voru í verkefnisstjórninni? Það voru Valur Valsson bankastjóri, tilnefndur af forsætisráðuneyti, Tryggvi Jónsson endurskoðandi, frá fjármálaráðuneyti, Jóhannes Geir Sigurgeirsson — man einhver eftir honum? — tilnefndur af utanríkisráðuneyti þar sem þá var Halldór Ásgrímsson — sami maður er nú stjórnarformaður Landsvirkjunar — Halldór J. Kristjánsson, tilnefndur af viðskiptaráðuneyti — hann hefur eitthvað komið við sögu í bankamálum — Brynjólfur Bjarnason forstjóri, tilnefndur af sjávarútvegsráðuneyti — er hann ekki einhvers staðar í símamálunum núna? — og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Verslunarráðsins. Þetta voru silkihúfurnar sem lögðu drög að frumvarpinu um alþjóðleg viðskiptafélög.

Frumvarpið var síðan flutt í þinginu og kom til umræðu þann 3. október 1999. Þá sagði ég m.a. þetta um efni frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Satt best að segja held ég að málaflutningur hæstv. ríkisstjórnar hafi fengið allt of litla athygli því að hér er í raun og veru á ferðinni nokkuð stórt mál að mínu mati, þ.e. spurningin um það hvort við Íslendingar eigum að fara inn á þá braut núna rétt fyrir aldahvörfin að fara að bjóða erlendum alþjóðlegum viðskiptafélögum sérstök vildarkjör, reyna að lokka til okkar slíkan atvinnurekstur á grundvelli þess að bjóða þeim til muna hagstæðari skattskilyrði og önnur starfsskilyrði en innlendu atvinnulífi eða atvinnulífi almennt og blanda okkur þar með í hóp þeirra ríkja, ekki síst frá Karíbahafinu og víðar, sem hafa einkum verið að gera út á þess háttar starfsemi."

Ég sagði enn fremur, frú forseti:

„Það er kannski ástæða til þess að fara yfir það með hv. þingmönnum hvað hér á að bjóða. Hafa menn farið yfir það hvaða kjör þessi sérstöku gælufyrirtæki ríkisstjórnarinnar, alþjóðleg viðskiptafélög, eiga að fá? Þau eiga að borga heil 5% í tekjuskatt [...]"

Líður svo tíminn. Reyndar sagði ég svo í lokin þarna — kannski er ástæða til að rifja það upp — að ég hefði enga sannfæringu fyrir því að skynsamlegt væri að knýja á um þessa lagasetningu, hún væri of illa undirbúin til þess. Auk þess hafði ég grundvallarefasemdir um að Ísland ætti að leggja út á þessa braut og menn mættu ekki vera svo fastir í frösunum sem þeir lærðu á uppeldis- og uppvaxtarárum sínum í stuttbuxnadeild Sjálfstæðisflokksins að dragnast með slíkar forneskjur inn í nýja öld.

Líður svo tíminn. Á þinginu 2003–2004 kom fram lítið frumvarp. 2. gr. þess var svohljóðandi:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2004.

Lög nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélög, falla úr gildi 1. janúar 2008."

Efni þessa frumvarps var það að hætta útgáfu starfsleyfa til alþjóðlegra viðskiptafélaga og fella allt móverkið niður frá og með árinu 2008. Hver var ástæðan? Jú, hún var hin glæstu áform um hin miklu umsvif sem áttu að verða upp á 25–100 milljarða króna veltu á ári, beinar skatttekjur upp á 12–100 millj. á ári og óbeinar á bilinu 150–1.500 millj. á ári. Hvað kom út úr því, hver var raunveruleikinn fjórum árum síðar? Hann var sá að beinar skatttekjur samtals allt tímabilið voru 10,7 millj. kr. og að Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, kærði íslensk stjórnvöld fyrir óleyfilegan ríkisstyrk í formi þessara vildarkjara sem þarna átti að bjóða hinum alþjóðlegu viðskiptafélögum, aflandsstarfseminni sem þarna átti að fara að lokka til Íslands.

Ég gat auðvitað ekki á mér setið að fara aðeins yfir hin glæstu áform frá fyrri tíð og hvaða gjaldþrot þessi hugmyndafræði beið þarna, þetta sérstaka gæluverkefni fyrrverandi forsætisráðherra Davíðs Oddssonar, hugmyndafræðings hans, Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, Verslunarráðsins og allra þessara silkihúfna, fyrst og fremst úr Sjálfstæðisflokknum, auðvitað með nauðsynlegri hjálp frá Framsókn eins og venjulega, sem átti að verða rétt fyrir aldahvörfin 2000.

Málið er ekki búið enn því að í sjónvarpsfréttum fyrir nokkrum dögum kom fram að nú eiga íslensk stjórnvöld yfir höfði sér dóm. ESA er búið að senda málið áfram til EFTA-dómstólsins vegna þessara ólöglegu ríkisstyrkja sem þarna átti að bjóða upp á. Þetta var hugmyndafræðin í skattamálum og svona kom þetta út. Er ekki gaman fyrir hæstv. fjármálaráðherra að eiga þessa arfleifð í farteskinu? Er hann ekki stoltur af henni? Svo fáum við hér ágæta skýrslu þar sem aðalhætturnar eru nákvæmlega þessar, þar sem verið er að benda á hætturnar sem eru í því fólgnar fyrir íslenskt samfélag að smugur af þessu tagi verði til þess

að menn fari með alls konar brögðum og brellum í gegnum alþjóðleg fjármálaviðskipti að lokka til sín fyrirtæki og menn komi þannig sköttunum undan, t.d. með málamyndabúsetu erlendis, málamyndaskráningu fyrirtækja erlendis eða færslu hagnaðar til erlendra dótturfyrirtækja. Þetta er svo sem ekkert nýtt í sjálfu sér, menn halda alltaf að þeir séu að finna upp hjólið. Það var tekist á um hækkun í hafi fyrir einum 25 árum og hvað var þar á ferðinni? Nákvæmlega sömu tilburðir erlends auðhrings um að hafa skatta af íslensku samfélagi með því að falsa faktúrur og láta vörurnar hækka í hafi þannig að reksturinn hér uppi á Íslandi skilaði engum hagnaði og engar skatttekjur kæmu íslensku samfélagi til góða.

Ég verð að segja að mér finnst hlálegt að Verslunarráð Íslands skuli ekki hafa annað þarfara fram að færa á viðskiptaþingi en að fara enn upp með sama sönginn um nauðsyn þess að færa enn frekar niður skattprósentur á Íslandi.

Það virðist vera sem menn berji alltaf höfðinu við steininn. Það er alveg sama hvaða gögn þeir hafa í höndunum, þeir eru svo fastir í gömlu hugmyndafræðinni sem þeir tileinkuðu sér á stuttbuxnaárum sínum að þeir komast ekki út úr henni.

Ég held að hæstv. fjármálaráðherra ætti líka að vera farinn að átta sig á því að hann fær að finna til tevatnsins í málum sem eru mjög hliðstæðs eðlis þar sem eru skattamálin við Kárahnjúka. Hæstv. fjármálaráðherra hefur hér í tvígang svarað fyrirspurnum frá ræðumanni og hv. þm. Jóni Bjarnasyni þar sem hann reynir að halda því fram að allt sé í fína lagi þótt allir viti að svo er ekki. Þar er angi af sama vandamáli sem er starfsmannaleigur sem eru að reyna að komast upp með það að skrá ekki starfskraft sinn með eðlilegum hætti í því landi þar sem starfsemin fer fram og borga af þeim skatta og skyldur. Það blasir alveg við og það vita allir, nema þá fjármálaráðuneytið, að þarna hafa verið stórkostleg frávik frá því að allt sé með felldu.

Það er komið ágætlega inn á vandamálin sem tengjast aflandsþjónustu, eins og hún er kölluð í skýrslunni, og þau vandamál sem þar er við að glíma, svokölluð „off shore companies". Hvað hét þetta í frumvarpinu fína, silkihúfnafrumvarpinu frá 1999? Hvað hét það í greinargerðinni þegar verið var að selja mönnum hversu snjallt þetta væri? Jú, það hét einmitt „off shore" starfsemi, því var skotið inn í sviga í greinargerð með frumvarpinu svo menn vissu hvað um væri að ræða.

Svo vil ég segja um þessa hluti að ég held því fram að við höfum rétt séð toppinn á ísjakanum, líka hvað hin skattalegu mál varðar, ef þjónustutilskipun Evrópusambandsins gengur í gildi og við verðum þvinguð til að taka hana upp með þeim hætti sem allt stefnir nú í. Þá fyrst fáum við til tevatnsins, þá fyrst þarf fjármálaráðherra á guðs hjálp og góðra manna að halda sem hann lýsti hér eftir. Ég er út af fyrir sig sammála því, ég held að menn ættu að líta á það sem stórt sameiginlegt viðfangsefni að tryggja að menn skili sköttum og skyldum í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma.

Þá fá menn algjörlega frjálsar hendur með að sinna starfsemi í einu landi frá heimalandinu og nota bæði launakjör og ýmsa aðra hluti, réttindi og annað því um líkt, sem þar gilda. Þá verður handleggur að eiga við skattskilin, þá verður hætt við að einhverjir fleiri en Norðurhérað fái lítið útsvar ef svo heldur sem horfir. Það væri fróðlegt að heyra hvernig hæstv. fjármálaráðherra metur horfurnar í þessum efnum, kannski við annað tækifæri af því að við höfum ekki mikinn tíma til þess hér, og hvað ríkisstjórnin er að gera í sambandi við vinnuna að þjónustutilskipuninni. Er eitthvað verið að skoða það af íslenskum sjónarhóli hvernig menn geti þá komið vörnum við og reynt að berjast gegn því að þessi ósköp gangi yfir okkur?

Það er komið inn á það í skýrslunni, og það er alveg hárrétt, að auðvitað hefur verið viðleitni í gangi, t.d. hjá Efnahags- og framfarastofnuninni OECD og út af fyrir sig Evrópusambandinu og víðar, að sporna gegn þessu. Það er búið að vera lengi. Við bentum á það, andstæðingar þess að fara út í þetta vitleysisævintýri með alþjóðlegu viðskiptafélögin á sínum tíma, að það gengi algerlega þvert á hina alþjóðlegu viðleitni til að loka þessum smugum. Svo lengi sem einhverjir komast upp með það að grafa undan eðlilegri fjáröflun samfélaganna til að standa straum af sameiginlegum útgjöldum verður þetta vandamál við lýði. Það er alveg ljóst. Meðan einhverjir eru á ferli og undirbjóða verða alltaf einhverjir skammsýnir, þröngsýnir stjórnmálamenn af tagi hægri mannanna hér sem vilja elta í þessa átt, ekki bara af því að þeir átti sig ekki á því að þetta er tóm ófæra heldur vegna þess að þetta er aðferð til þess að grafa undan samneyslunni og veikja stoðir hins samábyrga velferðarsamfélags með öfluga almanna- og velferðarþjónustu.

Umræða um skattamál er mjög mikilvæg. Það þarf að halda uppi áróðri gegn skattsvikum. Það er stórt sameiginlegt verkefni. Það þarf að kveða niður róginn um hinn opinbera rekstur, róg hægri manna um allt sem opinbert og félagslegt er. Það er eitt það ósmekklegasta í þessari umræðu síðustu 25 árin, frá því að nýfrjálshyggjan, thatcher-reaganismi nn, hóf að tröllríða hér umræðu um efnahagsmál og skattamál á Vesturlöndum. Hinn samfelldi skipulagði rógur hægri aflanna um allan opinberan rekstur er angi af þessu vandamáli. Í hverju felst hann að þessu leyti, sérstaklega hvað varðar skattana? Jú, það er talað um hina miklu skattáþján. Stóreignafólki og gróðafyrirtækjum er vorkennt fyrir að borga skattana. Það sem verra er, haldið er uppi rógi um það sem við fáum fyrir skattana í staðinn fyrir að þetta á að vera öfugt, það á að innprenta mönnum að þeir eigi að vera stoltir af því að borga skattana sína. Það á að halda uppi upplýstri umræðu um hve mikið við fáum í staðinn, hvað það er gott að búa í samfélagi sem er með góða skóla og góða heilbrigðisþjónustu. Þarna eru hægri mennirnir verstu óvinirnir með málflutningi sínum. Það er þannig.

Auðvitað á að fordæma skattsvik. Þar erum við þó loksins sammála um eitt atriði. Að sjálfsögðu á að taka hart á þeim en það liggur næstum því í orðunum þegar menn eru að vorkenna mönnum fyrir að borga sanngjarna, eðlilega skatta, þeim sem hafa háar tekjur eða mikinn hagnað eða miklar fjármagnstekjur, að þeim sé vorkunn þótt þeir reyni að komast undan því. Sú er hættan við þennan málflutning.

Svo höfum við líka séð hluti gerast eins og þá sem eru fólgnir í því að hafa skattprósenturnar allt of misjafnar á launatekjum og fyrirtækjum. Það er komið inn á það í skýrslunni og þau orð ætla ég að gera að lokaorðum mín-

um, þessi sem snúa að einkahlutafélagavæðingunni. Það er auðvitað mjög stórt mál vegna þess að hún hefur skatttekjur af ríkinu í stórum stíl. Það er ljóst og það bitnar sérstaklega þungt á sveitarfélögunum. Þar hefur ríkisstjórnin varðað veginn með áherslum sínum í skattamálum og útkoman er sú, eins og hér er komið inn á í skýrslunni, að það er stórfelld hætta á því að menn reyni að færa launatekjur sínar, hagnað sinn í gegnum einkahlutafélög og aðferðir til að fresta skattlagningu með öllum tiltækum ráðum.

Dæmi um það er bátur í verstöð hér á landi sem hefur enga áhöfn. Ég veit ekki hvort hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur heyrt það dæmi. Það er bátur fyrir vestan okkur sem hefur enga áhöfn. Um borð eru hins vegar fimm einkahlutafélög, enginn maður, bara fimm kennitölur, fimm einkahlutafélög. Þannig er ástandið sums staðar að verða.

Aðalatriði málsins eru þau, frú forseti, að við eigum að tryggja að hér sé réttlátt skattkerfi, þeir borgi sem hafi getuna til þess. Við eigum að halda uppi upplýstri umræðu um hversu mikið við fáum til baka fyrir skattana okkar.

[11:36]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Ég vil hefja ræðu mína á því að þakka bæði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hæstv. fjármálaráðherra Geir Haarde fyrir þátt þeirra í því að þessi umræða er hér uppi í dag. Eftir lestur skýrslunnar er tvennt að mínu mati sem stendur ákaflega mikið upp úr.

Í fyrsta lagi er það athyglisvert að mínu mati og í raun ámælisvert fyrir ríkisstjórnina að ekki skuli liggja fyrir reikningslegar úttektir sömu tegundar og gerðar voru á Íslandi annars vegar árið 1986 og hins vegar 1993. Þeir einstaklingar sem stóðu að gerð skýrslunnar hafa engu að síður greinilega unnið verk sitt vel og lagt metnað í það. Það liggur í augum uppi að upplýsingar sem í raun eru grundvallaratriði fyrir trúverðugu heildarmati á umfangi skattsvika á Íslandi lágu ekki fyrir, skýrsluhöfundum til handa að sjálfsögðu. Það er í raun með ólíkindum að skýrsluhöfundar þurfi að þessu leyti að styðjast við erlendar rannsóknir og svo skýrslur um sama mál frá árunum 1986 og 1993 sem gerðar voru hér á landi en allir eiga að vita að viðskiptaumhverfið á Íslandi hefur tekið stakkaskiptum á umliðnum áratug.

Í fyrri skýrslum voru upplýsingar um annars vegar ráðstöfunaruppgjör og hins vegar framleiðsluuppgjör landsframleiðslu. Þessi tvö uppgjör voru borin saman. Var mismunur þeirra þá talinn líklegur undandráttur eða í raun umfang skattsvika á hverjum tíma fyrir sig. Skýrsluhöfundar leituðu til stofnana en fjármálaráðuneytið óskaði eftir því við skýrsluhöfunda að leitað yrði ráða hjá Hagstofu Íslands í stað Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands eins og skýrsluhöfundar vildu. Kom reyndar á daginn að Hagstofa Íslands gat ekki komið þessum upplýsingum til skýrsluhöfunda. Má því fullyrða að skýrslan sem hér er til umræðu sé fyrst og fremst skýrsla sem greini frá fjölmörgum tegundum skattsvika á Íslandi og góðum ráðum til að sporna við skattsvikum af ólíku tagi en hér er alls ekki um að ræða skýrslu sem varpar ljósi á umfang skattsvika á Íslandi. Til þessa vantar áðurnefndar upplýsingar til mats á umfangi skattsvika. Að því leyti má segja að skýrslan sé spádómur þegar kemur að sjálfu umfangi skattsvika á Íslandi.

Í annan stað stendur upp úr að ákveðin grundvallarbreyting hefur orðið á eðli skattsvika á Íslandi á undanförnum árum. Svört atvinnustarfsemi af litlum toga er talin hafa dregist töluvert saman á meðan vel skipulögð og vel ráðlögð bókhalds- og framtalssvik ásamt undanskotum í gegnum aðila skráða erlendis hafa vaxið til muna.

Þegar vikið er að skattsvikaliðum með erlendu ívafi kennir ýmissa grasa. Víst er að leiðir til undanskots eru fjölmargar og má í því ljósi benda sérstaklega á nýjan iðnað sem er ráðgjöf, sérstaklega í skattamálum, til stærri fyrirtækja landsins. Í Bandaríkjunum var spornað við þessari þróun með upplýsingaskyldu ráðgjafarfyrirtækja af þessu tagi. Í dag er þeim skylt að upplýsa skattyfirvöld um nöfn viðskiptavina sinna. Þessi breyting hefur aðstoðað þarlend skattyfirvöld stórum og í raun einfaldað starf skattyfirvalda í Bandaríkjunum til muna.

Upplýsingagjöf frá bönkum og fjármálafyrirtækjum til skattyfirvalda verður að tryggja með óyggjandi hætti. Ísland er í hópi einungis 10 ríkja innan OECD þar sem gætir alvarlegrar tregðu í upplýsingagjöf milli fjármálastofnana og skattyfirvalda. Hin ríkin 20 búa svo um hnútana að sjálfkrafa berast upplýsingar frá þessum fjármálastofnunum til skattyfirvalda um einstök viðskipti viðskiptamanna sinna. Efla verður ríkisskattstjóra með sérstaka áherslu gagnvart þeirri þróun sem um getur í skýrslunni.

Eins og áður var vikið að hefur sú grundvallarbreyting átt sér stað að svört atvinnustarfsemi af litlum toga hefur dregist saman á meðan vel skipulögð og vel ráðlögð bókhalds- og framtalssvik með erlendu ívafi hafa vaxið. Það er afar mikilvægt að um þverpólitíska samstöðu verði að ræða innan þings og utan svo að tryggt verði að sett verði lög sem komi í veg fyrir þá þróun sem einkennir skattsvikin í dag. Framkvæmdarvaldið og löggjafinn verða að grípa til viðeigandi aðgerða svo að skýrsluvinnu starfshópsins verði fylgt alla leið. Það dugar ekki eingöngu að ræða vandann, heldur er mikilvægt að láta verkin tala með vönduðum starfsháttum í lagagerð. Í þessu ljósi má nefna mikilvægar breytingar og þarfar sem vert er að ráðast í á næstu missirum. Má þar fyrst nefna mikilvægi þess að hlutverk Fjármálaeftirlitsins verði skoðað með það að markmiði að stofnunin heyri undir Alþingi en ekki ráðherra eins og er í dag.

Jafnframt er afar mikilvægt að störfum hringanefndar verði fylgt eftir með öflugum hætti en ljóst má vera að ekki mun duga að veita nokkrar aukamilljónir til Samkeppnisstofnunar í því stóra máli. Það verður að fara aðrar leiðir, t.d. með vandaðri lagasetningu sem útilokar hringamyndun í ólíkum iðnaði.

Eftir miklar breytingar á umliðnum árum í íslensku efnahagslífi er þarft að löggjafinn og síðast en ekki síst framkvæmdarvaldið fylgi þeim breytingum eftir með skjótum og ábyrgum hætti svo að tryggt verði að umgjörð og staða íslensks efnahagslífs einkennist af heiðarleika og umfram allt trúverðugleika. Það mun ekki vanta upp á metnað Frjálslynda flokksins í þeim efnum.

Við í Frjálslynda flokknum höfum áhyggjur af því nána sambandi sem ríkir á milli stjórnarliða og atvinnulífsins í landinu. Í þessu skyni er vert að minnast á þá grundvallar-

kröfu okkar í Frjálslynda flokknum að stjórnmálaflokkum verði skylt að opinbera bókhald sitt.

[11:43]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Sú skýrsla sem er hér til umræðu er auðvitað afar mikilvægt innlegg í þá umræðu um framkvæmd skattalaga hér á landi sem stöðugt þarf að eiga sér stað. Þetta er samantekt af hálfu þeirra embættismanna sem gegna lykilhlutverki í því að framfylgja lögunum og bregðast við þegar eitthvað fer úrskeiðis. Það skiptir miklu að fá fram sjónarmið þeirra og taka þau til umræðu á vettvangi Alþingis.

Það er líka mikilvægt að hafa í huga að niðurstöður nefndarinnar og niðurstöður skýrslunnar eru í töluvert meira jafnvægi en stundum mátti ráða af þeirri fjölmiðlaumfjöllun sem átti sér stað í kjölfar útgáfu hennar í desember. Þetta er mikilvægt að hafa í huga, sérstaklega í ljósi þess að það er mikilvægt að umræða um skattamál, skattsvik og skylda þætti séu í jafnvægi hér í þinginu, menn leitist við að greina vandamálin og leysa þau en gæti sín á því að fara ekki út í stóryrðakapphlaup eins og stundum vill verða.

Allir gera sér ljóst að skattsvik eru stórfellt vandamál, bæði í hagkerfi okkar og annarra landa. Vandamálið kemur auðvitað fram í því að ríkið verður af mikilvægum skatttekjum til að standa straum af sameiginlegum útgjöldum. Skattborgararnir sitja ekki við sama borð, sumir borga minna en þeim ber meðan aðrir borga meira. Loks varðandi atvinnustarfsemi sérstaklega leiða skattsvik svörtu sauðanna til þess að samkeppnisstaða fyrirtækja sem eru í eðlilegum rekstri og hafa allt sitt uppi á borðinu verður erfiðari en ella. Skattsvik hafa þess vegna neikvæð áhrif á atvinnulífið í landinu. Þetta er nauðsynlegt að undirstrika.

Menn eru sammála um þetta, hvort sem menn eru á því að skattar eigi almennt að vera háir eða lágir. Við sem berjumst fyrir lágum sköttum gerum jafnframt kröfu um að allir sitji við sama borð gagnvart skattalögunum og skattframkvæmd og einstakir menn taki það ekki upp hjá sjálfum sér að skammta sér lægri skatta en þeim ber að greiða lögum samkvæmt.

Sameiginleg viðleitni Alþingis og stjórnvalda hlýtur því að beinast að því að vinna gegn skattsvikum. Þeir sem þekkja sögu mála vita líka að lagasetning á Alþingi hefur beinst í þann farveg á undanförnum árum. Menn hafa leitað leiða til þess að loka fyrir glufur í skattkerfinu, leitað leiða til þess að bregðast við skattsvikum og miðað við niðurstöður skýrslunnar hefur það tekist ágætlega á ýmsum sviðum. Það er rétt að halda því til haga að í ýmsum tegundum hefðbundinna skattsvika eins og kallað er virðist hafa dregið úr brotastarfseminni, það er mikilvægt að hafa í huga.

Það er líka full ástæða til að gefa því gaum sem fram kemur í skýrslunni að breytt viðskiptaumhverfi, alþjóðavæðing og aukið frjálsræði hefur í för með sér ákveðna hættu á nýjum tegundum brota. Í þeirri umræðu þurfum við auðvitað að gæta okkar á því að líta ekki á þá þróun sem slíka sem vandamál, líta ekki á alþjóðavæðinguna sem vandamál, líta ekki á aukið frjálsræði sem vandamál og líta ekki á útrás íslenskra fyrirtækja sem vandamál. Þær breytingar sem hafa átt sér stað á íslensku viðskiptalífi sérstaklega á undanförnum áratug eru auðvitað jákvæðar fyrir Íslendinga, fyrir íslenskt hagkerfi og samfélagið allt. Þetta er jákvæð þróun.

Hins vegar gera hinar breyttu aðstæður það líka að verkum að í skattframkvæmd kunnum við að standa frammi fyrir nýjum vandamálum og það ber að sjálfsögðu að gefa þeim atriðum gaum sem að er vikið í skýrslunni að þessu leyti. Það hafa án efa komið fram ýmsir agnúar sem við þurfum að sníða af en viðbrögðin mega hins vegar ekki vera með þeim hætti að við missum af þeim ávinningi sem frjálsræðið getur fært okkur. Við verðum að finna jafnvægið milli þess að bregðast við brotastarfsemi hinna fáu og tryggja um leið hagfellt umhverfi fyrir allan þorra manna sem fer eftir reglunum og hefur engan ásetning um að brjóta þær.

Það eru nokkur atriði til viðbótar sem mér finnst ástæða til að leggja áherslu á. Það er auðvitað nauðsynlegt að greina á milli skattsvika annars vegar og löglegrar viðleitni til að draga úr skattgreiðslum hins vegar. Þetta á ekki síst við um atvinnulífið þar sem skattaleg skipulagning er eðlilegur hluti af stjórnun og rekstri fyrirtækja. Við megum ekki gleyma því að bæði hérlend og erlend skattalög gefa mönnum í mörgum tilvikum svigrúm til að velja mismunandi leiðir sem hafa í för með sér mismunandi skattlagningu. Það er mjög varasamt og villandi að tala um slíka skipulagningu fyrirtækjareksturs í sömu andrá og menn ræða um skattsvik, skattalagabrot. Það er mikilvægt að greina þarna á milli.

Hið sama á við vegna orða sérstaklega síðasta hv. ræðumanns um ráðgjöf í skattamálum. Það er mikilvægt að rugla ekki saman eðlilegum störfum sérfræðinga á þessu sviði, endurskoðenda, lögmanna og fjármálaráðgjafa við að ráðleggja fyrirtækjum um skattskil, að rugla því ekki saman við aðstoð einhverra aðila úr þeim hópi við að svíkja undan skatti. Menn verða að greina á milli eðlilegrar starfsemi, sem ég fullyrði að á sér stað í langflestum tilvikum, og hugsanlegrar brotastarfsemi einstakra aðila. Menn verða að gæta sín í umræðunni að tala ekki um atvinnulífið, atvinnugreinar eða atvinnustarfsemi í heild eins og um skipulagða glæpastarfsemi sé að ræða. Menn verða bara að passa sig á því að með því móti eru þeir að taka svörtu sauðina og yfirfæra brot þeirra á allan þorrann sem hefur engan ásetning til annars en að fylgja reglunum.

Þá vil ég nefna í sambandi við alþjóðavæðinguna að skattaleg samkeppni milli ríkja er staðreynd og að mörgu leyti afar jákvæð. Í skattalegri samkeppni felast t.d. tækifæri fyrir okkur Íslendinga. Við verðum að horfa á að skattalegir þættir eru meðal þeirra atriða sem ráða því hvar fyrirtæki kjósa að hafa starfsemi og fyrir lítið og sveigjanlegt hagkerfi eins og okkar Íslendinga þá liggja í þessu tækifæri. Við stöndum höllum fæti í samanburði við aðrar og stærri þjóðir með stærri markaði eða þær sem liggja nær stórum mörkuðum að ýmsu leyti. Atriði eins og stærð hagkerfisins og fjarlægð frá mörkuðum og annað gerir það að verkum að við stöndum verr en sumir aðrir. Þegar við eigum í samkeppni við aðrar þjóðir um það hvar fyrirtæki staðsetji sig eru skattamálin meðal þeirra þátta þar sem við getum náð forskoti.

Ég er alveg sannfærður um að sú stefnubreyting sem átti sér stað með því að færa almennan skatt á fyrirtæki niður í 18% hafði afar jákvæð áhrif á samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Ég mótmæli þeim fullyrðingum sem fram komu að það hafi ekki verið um jákvæða þróun að ræða. Ég bendi líka á, ef menn glugga í tölur um skattskil, að 18% skattþrepið hefur skilað ríkissjóði miklu meiri tekjum en gömlu skattþrepin sem voru allt upp í 50%. Ég mótmæli því þeim fullyrðingum sem fram hafa komið í dag að 18% skattþrepið, stórfelld lækkun á tekjuskatti fyrirtækja hafi ekki skilað okkur ávinningi.

Ég mótmæli líka því sem kom sérstaklega fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að engin ástæða væri til þess að ætla að lægri skattþrep drægju úr skattsvikum. Ég veit ekki hvar hann finnur þeim orðum sínum stað í skýrslunni, en á þeim eina stað í skýrslunni þar sem sérstaklega er vikið að þeim þætti segir einmitt, með leyfi forseta:

„Á síðustu árum hafa skattar verið lækkaðir nokkuð hérlendis. Almennt viðhorf er að því lægri sem skattprósenta er og ásamt því að skattstofn sé breiður, þeim mun líklegra er að skattundanskot séu minni. Hérlendis hafa nokkur skref verið stigin í þessa átt, m.a. með lækkun skatthlutfalls af lögaðilum. Er talið að sú lækkun hafi eitthvað dregið úr skattsvikum."

Fullyrðingar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um hið gagnstæða eiga því enga stoð í skýrslunni. (Gripið fram í.) Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon veit að ein meginniðurstaða skýrslunnar er að dregið hafi úr ýmiss konar hefðbundnum skattsvikum, virðisaukaskattssvikum og tekjuskattssvikum, jafnvel úr svartri atvinnustarfsemi sem þó er, eins og fjármálaráðherra benti á í ræðu sinni áðan, sennilega það sem umfangsmest er í skattsvikum hérlendis, stærstu upphæðirnar liggja sennilega í svartri atvinnustarfsemi þegar á heildina er litið.

Eins og ég hef fjallað um í máli mínu er önnur meginniðurstaða skýrslunnar að í breyttu viðskiptaumhverfi felist ákveðnar nýjar hættur sem þurfi að bregðast við og alveg ljóst að við á hinu háa Alþingi og í hv. efnahags- og viðskiptanefnd munum ræða þá þætti. Auðvitað munum við ræða þá þætti og þær tillögur sem fram hafa komið af hálfu nefndar fjármálaráðherra um þetta efni. Við þurfum að fara yfir þær tillögur sem þar eru lagðar fram og við þurfum að vega og meta hverjar horfa til framfara og hverjar kunna að hafa einhverjar aðrar afleiðingar en þeim er ætlað.

En aðalatriðið er þetta: Við þurfum að sjálfsögðu að bregðast við því þegar skattalög eru brotin. Við þurfum að hafa öflugt eftirlitskerfi sem er fært um að fylgjast með því að skattalögum sé fylgt og við þurfum að hafa refsivörslukerfi sem bregst við þegar skattalög eru brotin.

Við verðum jafnframt að gæta þess að þegar við bregðumst við brotum hinna fáu séum við ekki að þrengja svo að hagsmunum og starfsskilyrðum hinna mörgu að þjóðarhag sé stefnt í voða vegna þess að atvinnustarfsemi flytjist úr landi eða atvinnustarfsemi nái ekki að blómgast með þeim hætti sem hún ella ætti möguleika á.

[11:55]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því eins og aðrir hafa gert að þakka fyrir þá skýrslu sem hér er lögð fram. Það er alveg auðséð að í hana hefur bæði verið lögð mikil vinna og einnig verið talsvert mikill metnaður til að skila góðu verki.

Þó vekur athygli mína að nefndin sem vann þessa góðu skýrslu fékk ekki alla þá útreikninga sem hún bað um og hlýtur að vera full ástæða til að spyrja hvernig standi á því. Á nokkrum stöðum í skýrslunni kemur fram að nefndin ætlaði sér að bera saman við upplýsingar sem fram komu um skattsvik í sambærilegum athugunum á árunum 1986 og 1993. Nefndin varð að hverfa frá því markmiði og í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Í upphafi starfs nefndarinnar var ákveðið að bera saman niðurstöður úr fyrri skýrslum á grundvelli samanburðar úr þjóðhagsreikningum. Í fyrri skýrslum voru borin saman svokölluð ráðstöfunaruppgjör og framleiðsluuppgjör landsframleiðslu og var mismunurinn túlkaður sem líklegur undandráttur. ...

Upphafleg áform nefndarinnar um að bera áfram saman áðurgreindar stærðir til þess að meta umfang vanframtalinna tekna gengu ekki eftir. Lagði hún til að Hagfræðistofnun Háskóla Íslands yrði fengin til að gera slíka úttekt en fjármálaráðuneytið taldi rétt að reynt yrði til þrautar að vinna verkið ásamt Hagstofu Íslands, m.a. með tilliti til samanburðar við fyrri kannanir. Hagstofa Íslands hafði tekið við ýmsum verkefnum sem Þjóðhagsstofnun hafði áður með höndum, m.a. að gera þjóðhagsreikninga. Hjá Hagstofu Íslands kom fram að vandkvæðum væri háð að útvega umbeðin gögn. Engin gögn bárust því frá Hagstofu Íslands og ber nefndarstarfið þess merki. Í ljósi þess að ekki yrði unnt að fá gerða hagfræðilega úttekt á umfangi skattsvika var horfið að því ráði að byggja ályktanir um umfang skattsvika á fyrri úttektum."

Við verðum því að hafa þá staðreynd í huga þegar við berum saman það sem fram kemur í skýrslunni og eldri skýrslum um sama mál. Rétt er þó að spyrja: Finnst hæstv. fjármálaráðherra þetta allt í lagi, þarf ekki að gera þarna bragarbót á? Hvað veldur því að Hagstofan getur ekki sinnt þessu verkefni?

Nefndin telur á grundvelli þeirra gagna sem hún hafði að dregið hafi eitthvað úr umfangi hefðbundinna skattsvika, gamaldags skattsvika eða klassískra, eins og hæstv. fjármálaráðherra sagði, og stunduð hafa verið lengi, þ.e. að vantelja fram tekjur, oftelja fram gjöld eða stunda svarta atvinnustarfsemi en aukning hefði aftur á móti orðið á skipulögðum, vandlega undirbúnum skattsvikum og skattasniðgöngu. Við höfum þó ekki töluleg gögn fyrir þeirri niðurstöðu nefndarinnar. Eins og sagði áðan byggir sú niðurstaða ekki á hefðbundnum útreikningum þar sem reiknað er út hvernig skattsvik gætu litið út.

Við lestur skýrslunnar sést að skattsvik hafa breyst í eðli sínu. Í stað tilviljanakenndra svika einstaklinga sem koma upp vegna þess að tækifæri virðist vera til þess að nýta sér einhverjar smugur eða stunda skattundandrátt virðist þetta frekar vera orðin regluleg og skipuleg brotastarfsemi og við hljótum að þurfa að velta því fyrir okkur hvernig sú breyting hefur orðið. Eðli skattsvikanna hefur því breyst og nauðsynlegt að skattyfirvöld og eftirlitsaðilar séu í stakk búnir til að takast á við breytta tíma.

Þrátt fyrir breytingarnar eru hin svokölluðu hefðbundnu

skattsvik langviðamest og nema 18–24 milljörðum kr. af hinum áætluðu 25–34 milljarða kr. skattsvikum, þ.e. nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að 18–24 milljarðar af hinum 25–34 milljörðum liggi í svartri atvinnustarfsemi og öðrum vanframtöldum tekjum.

Samtals skattsvik upp á 25–35 milljarða kr. eru ekki litlir fjármunir og höfum í huga að þetta er áætluð upphæð skatttekna sem þeir sem ættu að borga skatta samkvæmt gildandi skattalögum koma sér undan að greiða á ári hverju.

Berum þetta aðeins saman við nokkrar lykiltölur úr rekstri ríkisins. Skattar og tekjur af hagnaði einstaklinga samkvæmt síðustu fjárlögum námu 73 milljörðum kr. Hærri talan í niðurstöðum nefndarinnar er upp undir helmingur af öllum sköttum og tekjum og hagnaði einstaklinga samkvæmt síðustu fjárlögum. Þetta er ekki langt frá því sem menn telja sig fá fyrir Símann ef þeir selja hann, við erum að tala um eina símasölu á ári eða upp undir það. Þeir aðilar sem svíkja undan skatti eru ekkert annað en laumufarþegar í samfélagi okkar og aðrir bera þá þyngri byrðar en ástæða er til vegna hegðunar hinna.

Að endingu vil ég taka undir spurningu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem hún lagði fram og nauðsynlegt er að fá svör við og einnig að skýrslan verði send hv. efnahags- og viðskiptanefnd til umfjöllunar og við tökum hana síðan til 2. umr. en látum þetta ekki verða lokaumræðu um skýrsluna.

[12:00]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Í Íslandssögunni sem við lærðum í skóla kom fram að ein af ástæðum þess að Ísland byggðist fyrir meira en 1100 árum hafi verið sú að landnámsmenn voru tregir til þess að borga Noregskonungi háa skatta.

Skýrsla starfshópsins sem hér er til umræðu bendir til þess að kannski sé þetta viðhorf enn ríkt í þjóðarsálinni. Samkvæmt henni er umfang skattsvika hér á landi gríðarlega mikið og stór hluti landsmanna tekur þátt í nótulausum viðskiptum eða skýtur hluta tekna sinna undan skatti. Höfundar skýrslunnar áætla að tap ríkisins og sveitarfélaga vegna skattsvika geti verið 8,5–11,5% af heildartekjum ríkisins og sveitarfélaga. Þetta eru gríðarlega háar upphæðir, 30–40 milljarðar kr. á árinu 2003, fjárhæð af svipaðri stærðargráðu og væntanlegt söluverð Landssímans eins og hér kom fram í síðustu ræðu. Slíkar fjárhæðir mætti að sjálfsögðu nýta til þess að lækka skattbyrði landsmanna eða þá ráðast í brýn verkefni í heilbrigðismálum, menntamálum, samgöngumálum, til að greiða niður skuldir ríkisins eða hvaðeina. Hér er því um mikið alvörumál að ræða.

Starfshópur um umfang skattsvika fór yfir alla skattaframkvæmd hérlendis og er rétt að halda því til haga að ein meginniðurstaða nefndarinnar er sú að skattsvik vegna vantalinna tekna kunni að hafa minnkað og skil á virðisaukaskatti batnað. Það er að sjálfsögðu fagnaðarefni og bendir til þess að þótt niðurstöður nefndarinnar um umfang skattsvika hér á landi séu vissulega sláandi hafi nokkur árangur náðst á undanförnum árum. Með því að halda þessu til haga hér er á engan hátt verið að gera lítið úr þeim vanda sem við er að etja því að hann er vissulega mjög mikill.

Með gerð þessarar skýrslu hefur verið unnið mikilvægt starf til þess að greina vandann og bent er á þau verkefni sem takast þarf á við í stefnumótun og lagasetningu svo að vinna megi gegn skattsvikum. Starfshópurinn setur fram ýmsar athyglisverðar tillögur og vekur athygli á vandamálum sem ekki hafa verið áður til mikillar umræðu hér á landi, t.d. því að skipulögð skattsvik hafa aukist og nýjar leiðir til skattsvika hafa opnast, einkum vegna erlendra samskipta. Þess vegna þurfi að gera breytingar á lögunum sem beinast að því að koma í veg fyrir að íslenskir skattaðilar nýti sér skattaparadísir og lágskattasvæði til að koma undan tekjum sem skattleggja á hér á landi. Styrkja þurfi upplýsingaöflun skattyfirvalda einnig til þess að hægt verði að eiga betur við þennan vanda. Skattalöggjöfin þurfi að duga betur til varnar gegn skattsvikum. Styrkja þurfi skattaframkvæmd og laga betur að nýjum og breyttum aðstæðum, efla skatteftirlit og skattrannsóknir og bæta starfsskilyrði skattyfirvalda.

Sérstaklega eru athyglisverðar ábendingar nefndarinnar um að breyttar aðstæður í atvinnu- og viðskiptalífi hafi skapað ný tækifæri til skattsvika og að ráðgjöf um hvernig koma megi tekjum undan skatti hafi aukist. Gera þarf ábyrgð ráðgjafa sem veita vafasama og óábyrga skattaráðgjöf skýrari en nú, sem og persónulega ábyrgð eigenda og forsvarsmanna fyrirtækja.

Nefndin telur að með því að grípa til fjölmargra ráðstafana sem fjallað er um í skýrslunni megi draga verulega úr skattsvikum og skila ríkissjóði miklum fjárhagslegum árangri. Þannig megi einnig bæta starfsskilyrði og samkeppnisstöðu heiðarlegs atvinnureksturs og auka jafnræði meðal fólksins í landinu.

Þessar tillögur nefndarinnar hljóta að verða teknar til vandlegrar umfjöllunar á vettvangi stjórnsýslunnar og síðan hér á Alþingi því að það er verkefni okkar að tryggja það að skattkerfið sem Íslendingar búa við sé í senn réttlátt og skilvirkt og sjái til þess að allir greiði þann skerf til samneyslunnar sem lög kveða á um. Skattsvik af því umfangi eða í þeim mæli sem hér er um að ræða særa réttlætiskennd fólks.

Virðulegur forseti. Ég tel samt að við getum ekki vænst þess að sá vandi sem 30–40 milljarða skattsvik á ári eru verði leystur eingöngu af stjórnvöldum og Alþingi með hertum lögum, bættu eftirliti og hertum refsingum. Þær upplýsingar sem eru einna athyglisverðastar í skýrslunni eru niðurstöður skoðanakönnunar sem starfshópurinn lét gera. Þrátt fyrir að sú könnun virðist staðfesta það mat að skattskil fari batnandi og vilji til skattsvika fari minnkandi eru niðurstöður sláandi. Hvorki meira né minna en 16% landsmanna könnuðust við það að hafa á árinu 2003 greitt fyrir vöru eða þjónustu sem líklega var ekki gefin upp til skatts. 28,5% landsmanna þekkja einhvern það ár sem boðin var vara eða þjónusta sem ekki átti að gefa upp til skatts. 55,9% landsmanna segjast mundu þiggja tekjur sem ekki þyrfti að gefa upp til skatts. 9% játa í könnuninni að hafa haldið tekjum undan skatti á árinu 2003.

Þessar niðurstöður sýna að skattsvik eru ótrúlega útbreidd hér á landi. Það eru sennilega engar ýkjur að tala um þau sem víðtækt þjóðfélagsvandamál. Til að sigrast á því vandamáli skiptir vissulega miklu að bæta löggjöf og herða eftirlit. Þegar allt kemur til alls þarf þó meira til því að

vandinn liggur ekki aðeins í lögunum og eftirlitinu, heldur ekki síst í viðhorfum sem koma fram hjá þjóðinni í þessari könnun.

Einn mikilvægasti lærdómurinn af þessari skýrslu er kannski sá að sú arfleifð landnámsmannanna að hafa efasemdir um skattlagningu lifir enn góðu lífi hér á landi. Við þurfum að leita leiða í gegnum opinbera umræðu og fræðslu til að breyta megi þessum viðhorfum og ýta undir borgaralega vitund gagnvart því að standa samfélaginu skil á sköttum og skyldum.

Virðulegi forseti. Ég vil að endingu þakka nefnd hæstv. fjármálaráðherra fyrir þessa skýrslu. Hún er mjög fróðleg og mjög þarft innlegg í umræðuna, bæði hér á Alþingi og í samfélaginu öllu um meðferð skattamála og hún er mjög leiðbeinandi um það hvernig við getum tekið á skattsvikum til framtíðar.

[12:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir málefnalega umræðu hér á þessum morgni um þetta mikilvæga málefni.

Það eru nokkur atriði sem ég vil nefna sem fram hafa komið í máli þingmanna. Tveir hv. þingmenn hafa nefnt að staðið hafi á upplýsingum eða útreikningum af hálfu Hagstofu eða Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands eins og með vissum hætti má lesa út úr skýrslunni. Þar er hins vegar um misskilning að ræða. Ég hef hér í höndum minnisblað frá Hagstofu Íslands um þetta efni sem sjálfsagt er að veita efnahags- og viðskiptanefnd aðgang að. Þar kemur fram að Hagstofan hefur ekki látið í té mismun milli framleiðsluuppgjörs sem svo er kallað og ráðstöfunaruppgjörs þjóðhagsreikninga, enda hafi kerfisbundið verið unnið að því að bæta þessi reikningsuppgjör og eyða mun sem á milli þeirra hafi verið. Það er skoðun Hagstofunnar eins og áður Þjóðhagsstofnunar að fyrri skattsvikanefndir hafi dregið allt of víðtækar ályktanir af mismun uppgjörsaðferða við mat á skattsvikum. Ég vil bara að þetta komi hér fram. Menn voru kannski ekki að gera mjög mikið úr þessu máli hér en ég vil undirstrika þetta.

Ýmsar spurningar hafa komið fram um einstök atriði sem nefnd eru í þessari skýrslu. Auðvitað verður vel farið yfir allar tillögur. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir nefndi tvennt sérstaklega, spursmálið um frestun söluhagnaðar og skattlagningu á vaxtagreiðslur úr landi. Fyrir hvoru tveggju eru má segja sögulegar skýringar. Það þarf auðvitað að gæta þess að ef farið verður út í breytingar á þessu, sem ég vil ekkert útiloka, þarf að gæta þess að það hafi ekki óeðlilegar aukaverkanir. Við munum að undanþága á skattlagningu vaxta úr landi var ekki síst hugsuð til þess að koma í veg fyrir að lánstraust Íslands eða ríkisins rýrnaði með því að skattur væri lagður á greiðslur af lánum sem ríkið greiddi til útlanda. Það er fleira þess háttar sem þarf að fara vel yfir. Auðvitað er líka rétt að til skjalanna hefur komið misnotkun í þessum efnum sem liggur fyrir skjalfest og það þarf að finna þarna hið rétta jafnvægi til að geta komið í veg fyrir misnotkun en jafnframt óeðlilegar hliðarverkanir af slíkum breytingum.

Ég vil segja það að lokum, herra forseti, að auðvitað er pólitískur ágreiningur um það á Íslandi og í þjóðfélaginu hve mikil skattheimta á að vera, hvort skattar eigi að vera háir eða lágir. Það hefur komið fram ítrekað, við þurfum ekki að deila um það hér í þessari umræðu, en það er ekki pólitískur ágreiningur um það að menn eigi að borga þá skatta sem Alþingi ákveður að leggja á. Annað á ekki að viðgangast og mönnum er engin vorkunn, hvorki fyrirtækjum né einstaklingum, að greiða þá skatta eins og nú er búið að koma skattheimtunni fyrir hér. Eins og skatthlutföll eru orðin lág, bæði á fyrirtæki og einstaklinga, er mönnum engin vorkunn að standa skil á sköttum sínum. Það á að taka hart á öllum svikum.

[12:10]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það veldur mér vonbrigðum hve óljós og loðin svör hæstv. ráðherra eru um það hvaða tillögum hann hyggist fylgja eftir af þeim 24 tillögum sem skattsvikanefndin setur fram. Mér finnst að hæstv. fjármálaráðherra tali um það hér að það sé t.d. erfitt að fylgja eftir þessum tillögum um frestun skattlagningar á söluhagnaði þegar um er að ræða að frestun fæst með kaupum á hlutabréfum í erlendum fyrirtækjum. Hér er um skattsvikaleið að ræða sem þarf að loka. Þarna er um misnotkun að ræða en margar þjóðir hafa skattlagt uppsafnaðan hagnað í eignum sem fluttar eru úr landi. Ég spyr: Af hverju getum við ekki farið þá leið?

Mér finnst hæstv. ráðherrann líka óljós varðandi skattlagningu á vöxtum sem greiddir eru úr landi. Þetta hafa aðrar þjóðir gert og ég skil ekki af hverju við getum ekki gert þetta og/eða að skilyrða skattfrelsi við lönd sem við höfum tvísköttunarsamning við og gefa fullar upplýsingar til íslenskra skattyfirvalda.

Ég saknaði þess líka að heyra ekki skoðun hæstv. ráðherra á því að lög verði sett um upplýsingaskyldu banka við skattyfirvöld og að komið verði á sérstökum sérhæfðum eftirlitsdeildum sem hafi skatteftirlit með stórfyrirtækjum. Þetta er gífurlega stór tillaga og róttæk um upplýsingaskyldu banka en það hefur komið fram að af 30 löndum veita 20 skattyfirvöldum sjálfkrafa slíkar upplýsingar. Það hefur líka komið fram að skattskil Svía varðandi fjármagnstekjuskattinn voru bætt um 20–30% þegar þessari upplýsingaskyldu var komið á.

Þess vegna ítreka ég nú óskir mínar til hæstv. ráðherra um að hann tali skýrar í þessum efnum varðandi þessa þrjá mikilvægu þætti. Ég gæti vissulega nefnt fleiri en þetta eru grundvallaratriði í skýrslunum sem mér finnst eiginlega ómögulegt að við skiljum við í þessari umræðu án þess að fá skýrari svör frá ráðherranum.

[12:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svör mín eru hvorki loðin né óljós. Hér erum við ekki með nákvæmar tillögur til að taka afstöðu til. Það verður að hafa í huga að t.d. er verið að tala um að breyta reglum um frestun söluhagnaðar en það er ekki verið að tala um að afnema þann möguleika. Það er verið að tala um að breyta möguleikanum en hversu mikið liggur ekki nein tillaga fyrir um.

Ég segi það bara, við erum opin hér fyrir öllum þessum tillögum. Ég tók afstöðu til nokkurra af þessum 24 tillögum í framsöguræðu minni, annað er til athugunar og þarf að fara betur yfir. Sumt er kannski verr ígrundað en annað. Sumar tillögur þarna eru um skipulagsbreytingar varðandi réttarfarsleg málefni eins og saksóknarvald eða málflutningsumboð til stofnana skattkerfisins sem er mál þess eðlis að fleiri þurfa að koma að slíku en bara fjármálaráðuneytið, þetta er réttarfarslegt málefni. Ég vísa því algerlega á bug að hér sé tekið illa eða með óljósum hætti á hlutum af minni hálfu. Það þarf hins vegar að fara vel yfir þessi atriði.

Varðandi t.d. skattgreiðslur á vexti úr landi liggur alveg fyrir að þar eru sögulegar ástæður fyrir þessum reglum. Hér voru vextir neikvæðir á sínum tíma. Hér var skömmtun á fjármagni og þurfti leyfi til að taka lán í útlöndum. Þetta er að hluta til arfur frá þeim tíma. Auðvitað hafa aðstæður breyst og auðvitað á ekki að líða mönnum það að nota slík ákvæði til að koma sér undan eðlilegum skattgreiðslum. Það er alveg rétt. Það á ekki að líða mönnum það. Það verður líka að gæta þess að afleiðingarnar af slíkri breytingu verði ekki verri en sá vandi sem á að vinna bug á. Um það snýst þetta mál hvað varðar mat á tilteknum breytingum í þessu kerfi.

Hér liggur fyrir góður grunnur til umfjöllunar sem við munum auðvitað fara betur yfir.

[12:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. fjármálaráðherra, við erum alveg sammála um að það á ekki að líða mönnum að komast undan eðlilegum skattgreiðslum. En ef menn meina eitthvað með því þá hljóta þeir að fylgja fast eftir þeim tillögum sem fram koma í skýrslu skattsvikanefndar. Ég fagna því sannarlega sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að hann lokar ekki á neinar þær hugmyndir. Hann er opinn fyrir öllum þessum hugmyndum. Ég tel afar mikilvægt að efnahags- og viðskiptanefnd fái nú skýrsluna til umfjöllunar og móti sínar tillögur um það hvernig hún vill taka á þessu máli og komi með sínar tillögur aftur inn í þingið. Það er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra fái leiðsögn frá þinginu um hvað þingið vill gera í þessu efni. Það hefði verið fróðlegt að fá fram hjá hæstv. ráðherra hvort hann telji málin komin það langt á hans vegum eða hvort hann muni setja í gang þá skoðun á þessu máli að við munum eiga von á því að fá fram lagabreytingar á þessu þingi vegna þess að margar af þessum tillögum kalla á lagabreytingu.

Ég vil líka nefna eitt atriði sem við höfum ekki rætt í þessari umræðu. Það er ástæða til þess að hafa áhyggjur af frjálslegum reglum um yfirfæranlegt rekstrartap sem hefur vaxið úr hvorki meira né minna en 80 milljörðum í nærri 170 milljarða á árunum 2000–2003. Það má benda á að fyrirtæki hafa í verulegum mæli nýtt sér þetta sem er út af fyrir sig ekkert hægt að gagnrýna. En þær eru of frjálslegar þessar reglur. Til dæmis voru á árunum 1998–2001 2.200 fyrirtæki skattlaus þrátt fyrir 70 milljarða rekstrarhagnað vegna nýtingar á rekstrartapi. Þetta er eitt af því sem ég hefði mjög gjarnan viljað skoða. En ég treysti því, af því að hæstv. ráðherra vill auðvitað og eðlilega sporna gegn skattsvikum, að hann fari þá leiðir hinna reyndu manna í skatteftirlitinu sem hafa besta og gleggsta yfirsýn yfir hvar gloppurnar eru í skatteftirliti og skattframkvæmd, að hann fylgi þessum tillögum eftir og það af fullri hörku til þess að við náum einhverjum árangri því útilokað (Forseti hringir.) er að búa við það að hérna séu á reiki neðan jarðar í skattkerfinu 30–40 milljarðar (Forseti hringir.) án þess að Alþingi taki fast á því.

[12:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála því að ég held að stærsta verkefnið eða a.m.k. stærsta nýja verkefnið sem við stöndum frammi fyrir í þessum efnum sé að takast á við þetta breytta umhverfi og ýmsar smugur sem menn að finna sér í gegnum tilfærslur á fjármagni og hagnaði og starfsemi milli landa. Hér hafa verið nefndir hlutir eins og undanþága á skattlagningu vaxtagreiðslna úr landi og frestun söluhagnaðar eða aðferð til að fresta skattlagningu hagnaðar með ýmsum aðferðum sem tengjast slíkum flutningum milli landa. Ég hef reyndar lengi verið þeirrar skoðunar að okkur hafi vantað allt of lengi á Íslandi skýrar og skilvirkar reglur um samstæðuskattlagningu móðurfélaga og dótturfélaga í ólíkum löndum. Það hefði verið nær á sínum tíma að fara út í slíka vinnu í stað þess að stofna hér til alþjóðlegu viðskiptafélaganna sem varð auðvitað upphafsmönnum þess máls til mikillar háðungar eins og kunnugt er.

Ég tel mjög mikilvægt að efnahags- og viðskiptanefnd fari rækilega yfir tillögur þessarar skýrslu og vinni það í samstarfi við fjármálaráðuneytið og sérfræðingana sem hér hafa lagt hönd á plóginn.

Ég vil sérstaklega inna hæstv. ráðherra eftir afstöðu til tveggja hluta, þ.e. annars vegar áherslna Verslunarráðsins og yfirskriftar viðskiptaþings um 15%-landið Ísland sem ég fullyrði að er algjörlega á skjön við niðurstöður þessarar skýrslu. Ekkert í þessari skýrslu færir fram rök fyrir því að það sé sérstakt kappsmál, a.m.k. ekki í skattalegu tilliti, að halda áfram á þeirri vegferð með tekjuskatta stóru aðilanna niður í ekki neitt.

Í seinna tilvikinu vil ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra um þjónustutilskipun Evrópusambandsins sem í vændum er. Er fjármálaráðuneytið að fylgjast með framvindu þess máls og/eða að reyna að beita eitthvað áhrifum sínum í þeim efnum? Hefur hæstv. ráðherra, í ljósi meginniðurstaðna skýrslunnar um að þarna séu hinar nýju og hættulegu smugur, engar áhyggjur af því sem þar er að gerast?

[12:19]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að hryggja hv. þingmann með því að ég hef ekki enn haft tíma til að kynna mér tillögur Verslunarráðsins um 15%-landið Ísland enda hafa þær ekki verið birtar opinberlega svo mér sé kunnugt um. En það má vera að hv. þingmaður hafi þar betri sambönd en ég. Ég geri ráð fyrir því að hugmyndin þar sé sú að samræma fleiri skatta en einn í 15%-hlutfallinu. Má vera að þar sé fjármagnstekjuskattur sem er þó að færa sig í humáttina að tillögum hv. þingmanns um 18% fjármagnstekjuskatt. Það er kannski ekki þá frá sjónarmiði þingmannsins allt alvont í

þessu. En ég geri ráð fyrir því að þar sé talað um að tekjuskattur fyrirtækja lækki í 15% og jafnvel tekjuskattur ríkisins á einstaklinga. Þó þekki ég það ekki til hlítar. En ég verð nú að segja að ég hef séð vitlausari tillögur en þetta ef þetta er það sem í þeim stendur og hafa þær vitlausari tillögur ýmsar komið frá vinstri grænum.

Varðandi þjónustutilskipun Evrópusambandsins þá verð ég að viðurkenna að ég er ekki nægilega vel kunnugur því máli. Ég mun kynna mér það í framhaldi af því sem hv. þingmaður beindi hér til mín. Hann er þeirrar skoðunar að þar séu ýmis víti til að varast og við munum sannarlega reyna að gera það ef það mál er þannig vaxið. En ég, eins og ég segi, hef því miður ekki nákvæmar upplýsingar um það til að deila með þingmanninum.

[12:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Hann er ákaflega samstarfsfús og hvetur hér til þverpólitískrar samstöðu, m.a. gegn skattsvikum, á þessum ágæta morgni. Ég fagna því. Hæstv. ráðherra kemur vel undan skammdeginu.

Varðandi þjónustutilskipunina þá vil ég meina að vissulega séu í henni miklu alvarlegri hættur hvað varðar stöðu vinnumarkaðarins, réttindi launafólks og annað í þeim dúr. En ég hef ástæðu til að ætla, og það er ekki bara ég sem hugsa á þeim nótum heldur veit ég að þetta er útbreidd skoðun meðal þeirra sem hafa verið að fylgjast með þeim málum, að líka sé ástæða til að fylgjast með því máli vegna mögulegra tekjuáhrifa skatttekna opinberra aðila og þeirrar hættu að þjónustutilskipunin verði til þess að grafa undan samneyslunni í þeim löndum sem hafa burðast við að halda uppi sæmilega myndugu velferðarkerfi.

Það væri nú gaman ef það væri fólgið í 15%-tillögum Verslunarráðsins að hækka fjármagnstekjuskattinn upp í 15% og væru það þá tíðindi ef það gerðist að Verslunarráðið legði til skattahækkun. Ég bíð nú með að sjá það eða heyra hvað þarna er nákvæmlega á ferðinni. Ætti það síðan að þýða að eiginlega allar aðrar prósentur færu niður á móti þá er ég nú ekki viss um að ég mundi gera þau kaup á eyrinni.

Auðvitað er rétt að ástæða er til að fá þær tillögur fram í dagsljósið og sjá hvað nákvæmlega er í þeim fólgið. En mér einhvern veginn býður í grun að þar sé áfram á ferðinni hugmyndafræðin um bara því lægra því betra, því lægri prósentur, því minni skattsvik, sem auðvitað fær falleinkunn í þessari skýrslu því meginniðurstaða hennar er sú að almenningur sem borgar miklu hærri prósentur er ekki aðalvandamálið í þessu heldur stóru umsvifamiklu aðilarnir sem hafa fengið mestar skattalækkanir. Þeir eru áfram aðaláhyggjuefnið í sambandi við skattsvik. Frjálshyggjukenningin um skattprósentur býður því skipbrot í þessari skýrslu. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) (**Gripið fram í:** Jú.)

Umræðu frestað.

Ársreikningar, 1. umr.

Stjfrv., 480. mál (EES-reglur, reikningsskilastaðlar). — Þskj. 734.

[12:23]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga

Við samningu þessa frumvarps var þrennt haft í huga:

1. Að reglugerð Evrópuráðsins og þingsins nr. 1606/2002, frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, verði veitt lagagildi hér á landi.

2. Að taka upp ákvæði tilskipunar nr. 51/2003/ESB, en markmið hennar er að nútímavæða reikningsskil annarra félaga en þeirra sem taka upp alþjóðlega reikningsskilastaðla.

3. Að færa ársreikningalögin til nútímalegs horfs, á sama hátt og Danir gerðu við endurútgáfu ársreikningalaga sinna, samanber dönsk lög nr. 448/2001. Þegar frumvarp til laga um ársreikninga var samið á árunum 1993–1994 var framsetning þágildandi dönsku ársreikningalaganna höfð til hliðsjónar og þykir því efni til að beita þeirri fyrirmynd enn og aftur.

Vík ég þá í fyrsta lagi að reglugerð nr. 1606/2002. (Gripið fram í.)

Í frumvarpi þessu er verið að innleiða ákvæði reglugerðarinnar og jafnframt nánari ákvæði um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Við innleiðingu reglugerðarinnar hér á landi öðlast texti hennar lagagildi í heild sinni.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar EB nr. 1606/2002, eins og hún hefur verið aðlöguð, ber félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum innan EES að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, sem skammstafað er IAS/IFRS, við gerð samstæðureikninga sinna fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar. Með alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er í þessu sambandi átt við þá reikningsskilastaðla sem IASC — á ensku: International Accounting Standards Committee — hefur þróað og gefið út og þá reikningsskilastaðla sem síðar verða gefnir út af IASB — á ensku: International Accounting Standards Board — og framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt með formlegum hætti og birt samkvæmt ákvæðum reglugerðar EB nr. 1606/2002.

Að auki inniheldur reglugerð EB nr. 1606/2002 ákvæði sem hverju aðildarríki er heimilt að útfæra með ákveðnum hætti í löggjöf sinni. Samkvæmt a-lið 5. gr. reglugerðarinnar er hverju aðildarríki heimilt að leyfa eða krefjast þess að skylda skráðra félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum nái einnig til ársreikningsgerðar félaganna, en grunnskyldan samkvæmt reglugerðinni nær aðeins til samstæðureikninga. Jafnframt er aðildarríkjum heimilt samkvæmt b-lið 5. gr. reglugerðarinnar að leyfa eða krefjast þess að önnur félög, þ.e. félög sem ekki eru með verðbréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES, beiti stöðlunum við gerð samstæðureikninga og/eða ársreikninga. Í 9. gr. reglugerðar EB nr. 1606/2002 er síðan heimild fyrir aðildarríkin til að fresta gildistöku skyldu samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar, um að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga, gagnvart tilteknum félögum, fram til reikningsárs sem hefst í janúar 2007

eða síðar. Annars vegar er þar um að ræða félög sem eingöngu hafa skuldabréf skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum innan EES og hins vegar félög sem eru með verðbréf skráð á verðbréfamörkuðum utan EES, og þau hafa í þeim tilgangi notað aðra alþjóðlega viðurkennda staðla sem grunn fyrir samstæðureikninga sína allt frá reikningsári sem hófst fyrir gildistöku reglugerðar EB nr. 1606/2002.

Heimildarákvæði 9. gr. umræddrar reglugerðar EB er í frumvarpi þessu sett fram með þeim hætti að þeim félögum sem ber að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga sinna samkvæmt 4. gr. umræddrar reglugerðar og eingöngu hafa skráð skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði verður ekki gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikninga sinna fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar.

Heimildarákvæði a-liðar 5. gr. reglugerðar EB nr. 1606/2002 er í frumvarpi þessu sett fram með þeim hætti að félögum sem hafa hlutabréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES verður gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna, hvort sem félögin gera samstæðureikninga eða ekki, en skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga hefst þó ekki fyrr en fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. Félögum sem eingöngu hafa önnur verðbréf en hlutabréf skráð verður ekki gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna fyrr en eftir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2007 eða síðar. Meginröksemdin að baki því að heimila félögum að bíða til 2007 með að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna er sú að tillit er tekið til þeirra félaga sem ekki gera samstæðureikninga. Fyrir slík félög kann skylda til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum strax fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar að vera íþyngjandi og hafa í för með sér aukinn kostnað. Með tilliti til þess að skammur tími er til stefnu og að um er að ræða lítinn hluta þeirra viðskipta sem eiga sér stað á verðbréfamarkaði hérlendis þykir rétt að veita félögum þessum aukið svigrúm til að aðlaga sig breyttu umhverfi reikningsskila sem beiting alþjóðlegra reikningsskilastaðla hefur í för með sér.

Með því að gera kröfu um að félög með skráð hlutabréf, sem eingöngu gera eigin ársreikning, beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við reikningsskil sín er þeim félögum gert að standa jafnfætis félögum sem gera samstæðureikninga, að því er varðar möguleika fjárfesta til að meta fjárhagslega afkomu félagsins, og gæti slíkt átt þátt í að gera viðkomandi félag að eftirsóknarverðari fjárfestingarkosti.

Lögð er áhersla á það sjónarmið fjárfesta að þeir megi treysta því að félög, sem lúta íslenskum lögum og hafa hlutabréf skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES, geri reikningsskil sín eftir sömu reglum. Óæskilegt teljist að fjárfestirinn þurfi að afla sérstakra upplýsinga um uppgjörsaðferðir eða hvort viðkomandi félag geri samstæðureikning eða ekki. Með því að gera kröfu um að sömu reikningsskilaaðferðum skuli beitt við gerð ársreiknings og samstæðureiknings er tryggt ákveðið samræmi í fjárhagslegum upplýsingum og aðstaða fjárfesta er bætt.

Ljóst er að ákvæði frumvarps þessa um skyldu til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum ganga lengra en ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Í því sambandi er rétt að fram komi að tvö ólík sjónarmið voru aðallega uppi hvað þetta varðar. Annars vegar var það sjónarmið að hagsmunir fjárfesta væru í fyrirrúmi, að þeir ættu kröfu á að öll reikningsskil skráðra félaga væru gerð samkvæmt sömu reglum. Hins vegar kom það sjónarmið fram að ekki væri ástæða til að gera ríkari kröfur í lögum en umrædd reglugerð EB nr. 1606/2002 sjálf gerði. Slíkt gæti leitt til kostnaðarauka fyrir þau félög sem um ræðir, auk þess sem skipulegur verðbréfamarkaður gæti sett sínar eigin reglur varðandi þá aðila sem fá verðbréf sín skráð. Niðurstaðan varð sú að sjónarmið um samræmi í reikningsskilum skráðra félaga og um vernd hagsmuna fjárfesta þótti vega þyngra.

Varðandi skyldu félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð ársreikninga sinna er þó ein mikilvæg undantekning. Félögum sem ekki gera samstæðureikning og hafa eingöngu önnur verðbréf en hlutabréf skráð verður ekki gert skylt að beita stöðlunum við gerð ársreikninga sinna. Meginhersla er lögð á þau félög sem hafa skráð hlutabréf enda viðskipti með hlutabréf almennust hér á landi. Ekki þykir rétt að gera sömu kröfur til félaga sem eingöngu hafa aðrar tegundir verðbréfa skráð hvað varðar skyldu til að beita alþjóðlegum reikningsskilagjörðum við gerð ársreikninga.

Þeim félögum sem ekki hafa verðbréfin sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan EES verður ekki gert skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir reikningsskil sín, hvorki við gerð samstæðureiknings né ársreiknings, heldur verður þeim heimilt að beita stöðlunum samkvæmt eigin ákvörðun að uppfylltum tilgreindum stærðarmörkum sem fram koma í frumvarpinu.

Í frumvarpinu er kveðið á um að annars vegar hafi Fjármálaeftirlitið og hins vegar ársreikningaskrá eftirlit með að félög beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðum. Með þessu fyrirkomulagi er komið í veg fyrir skörun á milli Fjármálaeftirlits og ársreikningaskrár. Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirlit með þeim félögum sem það hefur eftirlit með samkvæmt lögum nr. 87/1998 en ársreikningaskrá með öðrum skráðum sem óskráðum félögum. Samkvæmt 1. mgr. 78. gr. núgildandi laga nr. 144/1994, um ársreikninga, sbr. og 9. gr. reglugerðar nr. 319/2003, um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga, skal ársreikningaskrá gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Samkvæmt frumvarpi þessu mun eftirlitshlutverk ársreikningaskrár breytast frá því sem verið hefur. Með þessu er lögð áhersla á að heildareftirlit með ársreikningum og samstæðureikningum sé í höndum tveggja aðila sem skulu hafa samstarf um verklag við eftirlitið gagnvart öllum félögum hér á landi sem falla undir gildissvið þessa kafla um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla auk þess sem ársreikningaskrá hefur eftirlit með almennum ákvæðum laga um ársreikninga.

Gert er ráð fyrir að endurmat fari fram á framkvæmd eftirlits með ársreikningum og samstæðureikningum félaga. Skipta má eftirlitsþættinum í flokka eftir áherslum. Í því

sambandi þarf að huga sérstaklega að þeim félögum sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði, þar þarf að gera ráð fyrir mun ítarlegri eftirlitsframkvæmd en gagnvart óskráðum félögum. Leggja þarf áherslu á að endanlegt fyrirkomulag eftirlitsþáttarins sé hagkvæmt í alla staði. Á þessu stigi er ekki gerð tillaga um viðurlagaheimildir í tengslum við eftirlitið en skv. 1. tölulið 1. mgr. 84. gr. laga um ársreikninga telst það til refsiverðra brota sem sætir fésektum ef gerð ársreiknings eða samstæðureiknings er andstæð lögunum þannig að reikningsskilin gefi ekki glögga mynd í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Einnig er lagt til að eftirlitsskyldir aðilar skuli standa straum af kostnaði við eftirlitið.

Vík ég nú hv. þingmönnum til glöggvunar að tilskipun nr. 51/2003/EB. Með þessari tilskipun er Evrópusambandið að setja lokahnykkinn á varðandi endurskoðunarreglur um ársreikninga. Þar er verið að leggja til breytingar á 4. og 7. tilskipun ESB og uppfærðar reglur um ársreikninga að reglum alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna fyrir félög sem munu ekki fara eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Markmið tilskipunarinnar um nútímavæðingu er þríþætt:

1. Að afnema þau ákvæði tilskipana sem stangast á við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla,

2. að tryggja að allir valkostir reikningsskila sem tiltækir eru samkvæmt settum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum séu til staðar fyrir félög sem ber að halda áfram að fara eftir lögum um ársreikninga í hverju aðildarríki og

3. að færa undirstöðuatriði formgerðar ársreikningslaga til nútímahorfs þannig að rammi reikningsskila veiti hvort tveggja samræmi við nútímaframkvæmd reikningsskila og nægjanlegan sveigjanleika til að leyfa frekari þróun þeirra.

Til að ná þessum tilgangi er aðildarríkjunum ætlað að breyta ákvæðum landslaga um ársreikninga sem eiga að gilda fyrir þau félög sem fara eftir þeim í stað alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna. Þessu er náð með því að taka upp kröfur alþjóðlegra reikningsskilastaðla án þess að fella niður gildandi valkosti sem eru fyrir í tilskipunum og landslögum. Hafa ber í huga að það er ekki verið að setja þessa tilskipun til að félög taki upp reikningsskil alþjóðlega reikningsskilaráðsins, það gerir reglugerðin, heldur er tilgangurinn að heimila öðrum félögum að nota einstaka innleidda reikningsskilastaðla.

Er því sá munur á þessari tilskipun og reglugerð 1606/2002 að á meðan reglugerðin felur í sér að tiltekin félög eru beinlínis skylduð til að haga reikningsskilum sínum í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla er tilskipuninni ætlað að tryggja að öðrum félögum sé heimilt að semja reikningsskil sín í samræmi við slíka staðla, kjósi þau það á annað borð, ásamt þeim reikningsskilareglum sem kveðið er á um í lögum um ársreikninga. Þannig geta þau notið þeirra gæða sem alþjóðlegu reikningsskilastaðlarnir veita án þess að taka á sig þá kvöð sem skyldan hefur í för með sér, að beita þeim á alla þætti reikningsskila.

Sem dæmi um aðlögun tilskipana að reikningsskilastöðlum má nefna breytingu á 31. gr. 4. tilskipunar sem er í samræmi við reikningsskilastaðal nr. 37, um áætlaðar skuldir, óvissar skuldbindingar og óvissar eignir. Samkvæmt staðlinum skal taka til greina allar skuldir sem myndast kunna á reikningsárinu eða í tengslum við fyrri reikningsár en þar að auki verður áfram í gildi fyrir þessi félög heimild til að taka einnig tillit til fyrirsjáanlegra skulda og allt tap sem myndast kann á reikningsárinu eða í tengslum við fyrri reikningsár, sbr. 20. gr. gildandi ársreikningalaga. Enn fremur verður leyfilegt að endurmeta alla fastafjármuni, þar með talið óefnislega fastafjármuni, í samræmi við reikningsskilastaðal nr. 38, um óáþreifanlegar eignir. Þá verður heimilt að meta fjárfestingareignir til gangvirðis í samræmi við reikningsskilastaðal nr. 40, um fjárfestingareignir, og nr. 41, um landbúnað. Einnig verður heimilt að breyta framsetningu rekstrarreiknings og efnahagsreiknings í samræmi við alþjóðlega þróun sem fram kemur í reikningsskilastöðlum alþjóðareikningsskilaráðsins. Nauðsynlegar breytingar á framsetningu rekstrarreiknings og efnahagsreiknings verða gerðar með reglugerð samkvæmt heimild í lögunum.

Tilskipun nr. 51/2003/ESB mælir fyrir um strangari kröfur til þess að skýrsla stjórnar félags eða samstæðu sé í samræmi við bestu viðteknu starfsvenjur. Til að skýrslan gefi glöggt yfirlit yfir þróun í rekstri og stöðu félags eða samstæðu í samræmi við umfang reksturs er gert ráð fyrir að upplýsingar takmarkist ekki aðeins við fjárhagslega þætti heldur nái þær einnig til greiningar á umhverfis- og félagslegum þáttum sem nauðsynlegir eru til að skilja þróun, árangur og stöðu félags. Þá er aukið samræmi í gerð og framsetningu á endurskoðunarskýrslum með breytingum á kröfum sem gerðar eru til forms og efnis þeirra. Er það gert til að gera þessa mikilvægu þætti í reikningsskilum aðgengilegri og auðvelda jafnframt samanburð við önnur félög. Lagt er til í frumvarpinu að hinar auknu kröfur nái aðeins til þeirra félaga sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og stærri félaga.

Tilgangur nútímavæðingar tilskipunarinnar er þess vegna að auðvelda öðrum félögum sem falla undir lög um ársreikninga notkun á settum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum því lög um ársreikninga verða áfram grundvöllur reikningsskila þessara félaga, svo og grundvöllur reikningsskila á þeim þáttum sem settar alþjóðlegar reikningsskilareglur fást ekki við, svo sem um skýrslu stjórnar og endurskoðun og birtingu ársreikninga.

Auk framangreindra breytinga í samræmi við tilskipunina eru lagðar til töluverðar breytingar á uppsetningu laganna og jafnframt eru mörg ákvæði þeirra gerð ítarlegri. Hyggst ég ekki rekja þau atriði nánar í þessari framsöguræðu.

Virðulegi forseti. Vil ég að endingu leggja til að að lokinni þessari umræðu, sem áreiðanlega verður löng og ítarleg, verði frumvarpinu vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókhald, 1. umr.

Stjfrv., 478. mál (ársreikningar o.fl.). — Þskj. 732.

[12:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um bókhald. Þau eru nr. 145/1994. Frumvarp þetta er lagt fram samhliða lagafrumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga sem ég gerði grein fyrir fyrr á fundinum.

Lög um bókhald hafa að geyma ákvæði um bókhaldsskyldu, bókfærslu og bókhaldsskjöl og geymslu þessara gagna, auk almennra ákvæða um ársreikninga annarra félaga en þeirra sem falla undir lög um ársreikninga, þ.e. hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög, auk tilteknna sameignarfélaga og samlaga. Félög, sjóðir og stofnanir, flest sameignarfélög og samlög, svo og bókhaldsskyldir einstaklingar, falla ekki undir ákvæði laga um ársreikninga eða ákvæði annarra laga um reikningsskil. Þessir aðilar skulu semja ársreikninga sína í samræmi við ákvæði III. kafla laga um bókhald en þeim er þó heimilt að fara eftir ákvæðum laga um ársreikninga sem eru öllu ítarlegri og kröfuharðari um framsetningu og mat eigna og skulda og fleiri atriða en III. kafli í lögum um bókhald.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til eru í samræmi við breytingar í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um ársreikninga og jafnframt eru lagðar til nokkrar orðalagsbreytingar. Þá er lagt til að aðilar sem semja ársreikninga sína samkvæmt III. kafla laganna um bókhald hafi almenna heimild til að beita einstökum settum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða reikningsskilastöðlum reikningsskilaráðs við samningu sinna reikningsskila í stað reglna samkvæmt lögunum.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 1. umr.

Stjfrv., 479. mál (aðild og viðmiðunarlaun). — Þskj. 733.

[12:42]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvær efnisbreytingar á lögunum um þennan lífeyrissjóð.

Í fyrsta lagi er lagt til að stjórn lífeyrissjóðsins verði eftirleiðis gert að ákveða þau viðmiðunarlaun, sem iðgjöld sjóðfélaga eru greidd af, ef sjóðfélagar taka ekki laun samkvæmt samningum eða launaákvörðunum sem miðast við kjarasamninga opinberra starfsmanna, Kjaradóm, kjaranefnd eða kjarasamninga sem sveitarfélög gera á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Viðmiðunarlaunin skulu ákveðin með hliðsjón af launaákvörðunum sem gilda um ríkisstarfsmenn.

Í einhverjum tilvikum hafa launagreiðendur, sem fengið hafa heimild til að greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína, greitt þeim laun sem ekki eru í samræmi við laun í kjarasamningum opinberra starfsmanna. Með þessu hefur skapast ákveðið misræmi milli starfsmanna hjá þessum launagreiðendum og almennra sjóðfélaga. Jafnframt getur með þessu skapast mikið misræmi milli innborgaðra iðgjalda hjá tilteknum sjóðfélaga og þess lífeyrisréttar sem hann ávinnur sér þar sem lífeyrisgreiðslur eru eingöngu miðaðar við síðasta starf viðkomandi. Framangreindri breytingu er ætlað að taka á þessu misræmi.

Í öðru lagi er í frumvarpi þessu lagt til að ákvæðum um skilyrði til aðildar að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga verði breytt. Þær breytingar eru að hluta til samhljóða breytingum í frumvarpi frá síðasta þingi en þær tillögur náðu náðu hins vegar ekki fram að ganga. Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis af því tilefni kom þó fram að heildstæða skoðun þyrfti að gera á aðildarskilyrðum sjóðsins áður en gerðar yrðu breytingar á þeim. Slík skoðun hefur nú farið fram af hálfu fjármálaráðuneytisins í samvinnu við hagsmunaaðila.

Samkvæmt gildandi lögum skulu allir hjúkrunarfræðingar sem áttu aðild að sjóðnum við árslok 1996 og vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, eiga rétt til aðildar að sjóðnum. Þá hafa enn fremur aðrir hjúkrunarfræðingar, sem áttu aðild að sjóðnum við árslok 1996, heimild til aðildar á meðan þeir starfa að hjúkrun, svo og þeir hjúkrunarfræðingar er starfa að félagsmálum á vegum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Framangreind ákvæði um aðild að sjóðnum hafa hins vegar ekki þótt nægilega skýr. Þannig hefur komið upp ágreiningur um hvort aðrir en þeir sem starfa á vegum ríkis og sveitarfélaga eigi rétt á aðild að sjóðnum.

Til að taka af öll tvímæli um skilyrði til aðildar að sjóðnum er með frumvarpinu lögð til breyting á 17. gr. laganna. Samkvæmt frumvarpinu skulu hjúkrunarfræðingar, sem starfa við hjúkrun og áttu aðild að sjóðnum við árslok 2004, eiga rétt til aðildar að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga á meðan þeir gegna störfum hjá ríki eða sveitarfélögum, eða stofnun sem alfarið er í þeirra eigu, enda séu þeir ráðnir með föst mánaðarlaun.

Sama gildir um hjúkrunarfræðinga sem starfa við hjúkrun á heilbrigðisstofnun sem viðurkennd er af heilbrigðisyfirvöldum og rekin er sem sjálfseignarstofnun eða alfarið á vegum styrktar- eða líknarfélaga. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Í 2. mgr. greinarinnar er lagt til að aðrir launagreiðendur en um er getið í 1. mgr. og sem fengið höfðu heimild til að greiða fyrir starfsmenn sína í árslok 2004, hafi heimild til að greiða áfram fyrir þá starfsmenn sína sem þeir greiddu fyrir í árslok 2004 og einnig nýja hjúkrunarfræðinga sem greiddu í sjóðinn í árslok 2004 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um aldur og ávinnslutíma. Nýir hjúkrunarfræðingar þurfa því að vera fæddir á árinu 1950 eða fyrr og hafa greitt a.m.k. samtals 21 ár.

Þá er í 3. mgr. greinarinnar lagt til að stjórn sjóðsins geti samþykkt aðild að sjóðnum fyrir þá hjúkrunarfræðinga,

sem aðild áttu að sjóðnum í árslok 2004 og fæddir eru á árinu 1950 eða fyrr og höfðu greitt a.m.k. samtals 21 ár í sjóðinn miðað við árslok 2004, enda starfi þeir hjá heilbrigðisstofnun sem viðurkennd er af heilbrigðisstjórninni.

Með vísan til framangreinds er með frumvarpi þessu lagt til að eftirleiðis verði sjóðurinn aðeins opinn hjúkrunarfræðingum sem starfa á vegum opinberra stofnana, þ.e. hjá stofnunum sem eru alfarið í eigu ríkis eða sveitarfélaga, með örfáum undantekningum. Áfram gilda þau skilyrði að viðkomandi sjóðfélagi starfi við hjúkrun, hafi greitt iðgjald til sjóðsins við árslok 2004 og sé ráðinn með föst mánaðarlaun.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frumvarpi þessu verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattskylda orkufyrirtækja, 1. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 419.

[12:46]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um skattskyldu orkufyrirtækja.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar nýrra raforkulaga, nr. 65/2003, sem fela í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Frumvarpið er samið af starfshópi sem skipaður var í lok ársins 2000. Honum var falið að fjalla um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði í takt við almenn samkeppnissjónarmið. Það var niðurstaða starfshópsins að rökréttast væri að skoða starfsemi orkufyrirtækja heildstætt en ekki einungis raforkustarfsemina, enda ýmsum vandkvæðum bundið í skattalegu tilliti, vegna þess hversu blandaður rekstur orkufyrirtækjanna er, að skilja á milli kostnaðar vegna sölu á raforku annars vegar og heitu vatni hins vegar. Jafnframt taldi starfshópurinn nauðsynlegt að orkugeirinn sem heild byggi við sambærileg skattaleg skilyrði, ekki síst út frá almennum samkeppnissjónarmiðum.

Rétt er að vekja athygli á því að frá framlagningu þessa frumvarps hefur eignarskattur verið aflagður og munu orkufyrirtæki því verða eignarskattsfrjáls hér eftir sem hingað til.

Með frumvarpi eru undanþágur orkufyrirtækja frá tekjuskatti og eignarskatti felldar niður. Enda þótt fyrir því kunni að hafa verið ákveðin rök á sínum tíma að undanþiggja orkufyrirtæki tekjuskatti og eignarskatti eru skilin milli þessara fyrirtækja og annarra fyrirtækja, sem eru að fullu skattskyld, ekki skýr. Orkufyrirtæki greiða t.d. tryggingagjald og virðisaukaskatt og ýmis önnur opinber gjöld. Auk þess þarf að hafa í huga að auk opinberra orkufyrirtækja standa einstaklingar að félögum um byggingu og rekstur orkuveitna sem eru skattskyld með venjulegum hætti.

Í frumvarpi þessu er gerð tillaga um að skattskyldan taki fyrst til rekstrarársins 2006 með álagningu árið 2007. Þannig gefst fyrirtækjunum svigrúm til að aðlaga fjárhæðir að skattalegum reglum við uppgjör tekjuskattsstofns og eignarskattsstofns.

Þar sem frumvarp þetta felur í sér skattlagningu á fyrirtæki sem ekki hafa áður sætt álagningu tekju- og eignarskatts er nauðsynlegt að setja ákvæði um endurmat, fyrningarstofn og stofn til söluhagnaðar vegna þeirra fjárfestinga sem þessir aðilar hafa lagt í fyrir gildistöku laga þessara til að gera skattlagningu þeirra jafnsetta skattlagningu annarra skattaðila. Vegna þessara sérstöku aðstæðna þykir rétt að leggja fram sérstakt frumvarp um skattlagningu orkufyrirtækja. Gert er ráð fyrir að hin sérstöku lög verði afnumin er fram líða stundir og ákvæði tekjuskattslaganna gildi þá ein um skattlagningu orkufyrirtækja.

Fjárhagslegt mat á áhrifum þessara tillagna á arðsemi orkugeirans er miklum vandkvæðum bundið. Við upphaf skattskyldu þarf að fara fram ákveðið endurmat og erfitt er að sjá fyrir afleiðingar þess varðandi skattskilin. Skuldsett orkufyrirtæki sem standa í miklum fjárfestingum á næstu árum með tilheyrandi tilkostnaði samhliða hægfara tekjumyndun greiða væntanlega ekki tekjuskatt á næstu árum heldur mynda yfirfæranlegt tap, en orkufyrirtæki sem safnað hafa upp hagnaði án mikilla fjárfestinga að undanförnu munu væntanlega greiða bæði tekjuskatt og eignarskatt.

Erfitt er að meta áhrif þessara breytinga á orkuverð og arðsemi orkufyrirtækja. Þannig liggja ekki fyrir samræmd gögn um reikningsskil fyrirtækjanna og þaðan af síður skattalegt uppgjör. Sem fyrr segir er í frumvarpinu gert ráð fyrir að fram fari skattalegt endurmat á fyrnanlegum og ófyrnanlegum eignum sem mun án efa hafa veruleg áhrif á skattalega niðurstöðu fyrirtækjanna. Áhrifin verða hins vegar ekki ljós fyrr en við fyrstu álagningu.

Miklar sveiflur hafa verið í afkomu orkufyrirtækjanna á síðustu árum. Þannig voru fimm af sex stærstu orkufyrirtækjunum rekin með tapi á rekstrarárinu 2001 og á árinu 2000 voru þrjú af fyrirtækjunum sex rekin með tapi. Hins vegar voru öll fyrirtækin nema eitt rekin með hagnaði á árinu 1999. Miðað við tölur ársins 2001 virðist eiginfjárstaða stærstu orkufyrirtækjanna mjög traust, eða sem nemur nálægt 100 milljörðum kr. samkvæmt uppgjöri í ársreikningum.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frumvarpi þessu verði að umræðunni lokinni vísað til 2. umr. og efnahags- og viðskiptanefndar.

[12:50]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég ætla örstutt að kveðja mér hljóðs. Annars vegar gleðst ég yfir því að loksins skuli ríkisvaldið skattleggja orkufyrirtækin. Þetta er í anda þeirrar stefnu að víkka út og breikka skattstofna og fækka undanþágum og þar með möguleikum til skattsvika, sem við ræddum um fyrr í dag. Þetta er mjög til bóta og mjög ánægjulegt. Nú þurfa menn bara að skoða fleiri fyrirtæki sem njóta slíks skattfrelsis. Þar ber náttúrlega hæst opinber fyrirtæki sem eru sum hver enn þá í samkeppnisrekstri.

Hér er lagt af stað við að skattleggja orkufyrirtæki. Það má svo ræða það hvort gefa þurfi þeim svo langan tíma til að breyta bókhaldinu hjá sér. Menn ættu að geta unnið dálítið hraðar á þeim bæjum.

[12:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er eðlilegur hluti af því að koma á samkeppnisumhverfi í orkugeiranum að þar komist á svipað skattumhverfi og hjá öðrum fyrirtækjum í landinu og ekki hægt að víkjast undan því.

Orkufyrirtækin eru hins vegar langflest í eigu opinberra aðila og helstu eignir þeirra liggja í orkumannvirkjum og öðrum mannvirkjum í því umhverfi sem hér um ræðir. Menn þurfa þess vegna að búa til einhvers konar upphaf í þessum efnum og hér er unnið að því.

Þó hlýtur að vera umhugsunarefni í þessu samhengi hvernig gefið hefur verið í þessu spili. Þar vil ég nefna til Landsvirkjun. Ríkið á það fyrirtæki með tveimur af stærstu bæjarfélögum í landinu. Þar hafa orðið til umtalsverðar eignir, tuga milljarða virði á þeim tíma sem Landsvirkjun hefur verið rekin í umhverfi þar sem ekki hafa verið borgaðir skattar af starfseminni og nýttar hafa verið auðlindir sem þjóðin á sameiginlega.

Enginn má taka orð mín svo að ég haldi því fram að það eigi að taka þessar eignir af Reykvíkingum og Akureyringum en þetta eru auðvitað mistök hér á Alþingi að svona skuli hafa verið í pottinn búið. Núna, við uppstokkun í raforkuiðnaðinum öllum saman, gefst tækifærið til að rétta þetta af að einhverju leyti, með öðrum eignum sem hafa orðið til á sama tíma. Þar nefni ég t.d. Rarik, sem vel mætti hugsa sér að yrði sérstakt fyrirtæki og rekið í samkeppni í framtíðinni og að önnur sveitarfélög en þau sem notið hafa góðs af því að nýta auðlindirnar á vegum Landsvirkjunar fengju þá reiknaðan eignarhlut í því fyrirtæki, því að auðvitað þarf að koma því í hendur annarra en ríkisins. Það verður enginn alvöru samkeppnismarkaður til ef ríkið ætlar að eiga 90% af öllu saman og steypa því saman í eitt fyrirtæki eins og hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra talaði fyrir í vetur.

Þarna væri hægt að finna ýmsar leiðir en ég hef oft bent á að það þurfi að fara í gegnum þessi málefni, eignarhald á Landsvirkjun, í tengslum við þær breytingar sem hér eru á ferðinni. Ég hvet menn eindregið til að setjast yfir þetta og skoða málið.

Hins vegar tel ég að lagafrumvarpið sem hér liggur fyrir eigi fullkomlega rétt á sér. Ég hef reyndar ekki lesið það gaumgæfilega yfir og skil ekki sumt af því sem ég hef lesið í því. Ég vildi því biðja hæstv. fjármálaráðherra að útskýra fyrir mér 7. gr. þar sem er talað um söluhagnað. En í lok hennar stendur:

„Þegar eignir sem ekki hafa verið endurmetnar samkvæmt II. kafla eru seldar er heimilt að framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til ársins 2001 með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði," — sem mér finnst þá vera 90% af framreiknuðu stofnverði.

Er það rétt skilið að söluhagnaður reiknaður með þessum hætti sé 90% af framreiknuðu stofnverði í þeim tilfellum sem svona er að málum staðið? Ég velti því fyrir mér hvort þetta geti verið að svona í pottinn búið. Á hverju byggist það mat að þetta sé sanngjörn niðurstaða um skattálagninguna?

Ég vildi grípa tækifærið, úr því að þetta mál er til umræðu, til að minna enn einu sinni á það að menn hafa ekki sagt neitt um það í sölum Alþingis — þótt ég hafi oft gert tilraun til að fá upplýsingar um það — hvernig þeir ætli að meta stöðuna í framhaldi af því að ríkið leysi kannski Akureyri og Reykjavík út úr Landsvirkjun. Mér hefur fundist að það yrði rétt skref. Kannski getur hæstv. fjármálaráðherra við þessa umræðu upplýst alþingismenn um það hvort það sem hæstv. iðnaðarráðherra lýsti skýrt yfir fyrir skömmu að hún vildi stefna að, þ.e. að því að leysa Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ úr Landsvirkjun og sameina síðan fyrirtæki á orkusviði í eigu ríkisins í eitt gríðarlega stórt fyrirtæki. Getur hæstv. fjármálaráðherra sagt okkur alþingismönnum eitthvað um hvernig það gengur og hvort hann sé sammála þeim áformum hæstv. iðnaðarráðherra.

[12:58]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir undirtektir hans við þetta mál. Ég tel að efnislega séum við sammála um að það eigi að vera sama umhverfi fyrir þessi fyrirtæki eins og önnur varðandi almenna skattlagningu.

Spurningu hans um tiltekið atriði í 6. gr. frumvarpsins vil ég leyfa mér að vísa til umfjöllunar í nefndinni. Ég er ekki með svarið við því á hreinu. Ég get vel trúað því að ágiskun hans um það sé rétt.

Hvað varðar hin atriðin þá tel ég ekki efni til að hefja umræðu um þau. Hér erum við að tala um almenna skattalöggjöf og getum geymt okkur þau atriði til umræðna þegar slíkt mál kemur til þingsins.

[12:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra talaði um að geyma sér umræðuna til síðari og betri tíma. Þetta svar hef ég fengið í sölum Alþingis í gegnum árin. Ég hef reynt að fá menn til að ræða um málefni Landsvirkjunar, um eignarhlut Reykjavíkurborgar og Akureyrar í henni og hvernig með skuli fara. Á þetta hef ég oft minnst í sölum Alþingis og aldrei fengið nein svör um afstöðu ráðamanna til þess hvernig með eigi að fara.

Ég reyndi þetta líka í vetur í umræðu þar sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra var fyrir svörum. Svörin voru af sama tagi og hjá hæstv. fjármálaráðherra þ.e.: Við tölum bara um þetta seinna.

Mér finnast þetta svo mikilvæg mál að það sé ekki vansalaust að stjórnvöld, ríkisstjórnin, sem þó bauka við þessi mál á bak við tjöldin og upp úr kafinu koma menn eins og Alfreð Þorsteinsson eða einhverjir aðrir og segja frá því, skuli ekki hafa uppi einhverja stefnu sem hægt er að tala um og að menn geti fengið eitthvað að vita. Auðvitað þarf á þessari umræðu að halda. Hér eru gríðarlega mikilvæg mál á ferðinni og menn vita ekki hvað ríkisstjórnin sem nú situr ætlar sér með þessa hluti.

Ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með þetta. Mér finnst þetta ekki geta gengið, að svona sé að málum staðið á Alþingi, að ekki fáist umræða um mál af þessu tagi.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:31]

Útbýting:

Einkamálalög og þjóðlendulög, 190. mál, brtt. KolH o.fl., þskj. 756.

Lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, 489. mál, þáltill. JóhS, þskj. 745.

Utanlandsferðir lækna á kostnað lyfjaframleiðenda, 379. mál, svar heilbrrh., þskj. 754.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 495. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 757.

Fjárhagslegur aðskilnaður í rekstri útgerðar og fiskvinnslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK og JÁ, 23. mál. — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Efling fjárhags Byggðastofnunar, frh. fyrri umr.

Þáltill. HerdS, 468. mál. — Þskj. 720.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Umfang skattsvika á Íslandi, frh. einnar umr.

Skýrsla fjmrh., 442. mál. — Þskj. 664.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Skýrslunni vísað til efh.- og viðskn. með 38 shlj. atkv.

Umræðu frestað.

Ársreikningar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 480. mál (EES-reglur, reikningsskilastaðlar). — Þskj. 734.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Bókhald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 478. mál (ársreikningar o.fl.). — Þskj. 732.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 479. mál (aðild og viðmiðunarlaun). — Þskj. 733.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 756. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Skattskylda orkufyrirtækja, frh. 1. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 419.

[13:36]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja sem hér er tekið til umfjöllunar kemur eiginlega fram í eðlilegu framhaldi af þeirri breytingu sem orðið hefur í orkugeiranum eftir að samkeppnissjónarmið voru þar innleidd og sem hefur það í för með sér að orkufyrirtækin í landinu njóta nú ekki lengur þeirra skattfríðinda og þeirrar verndar sem þau áður nutu í krafti þess að um var að ræða opinber fyrirtæki fyrir utan samkeppnismarkað. Það má því segja að þetta sé í eðlilegu framhaldi af því sem þegar hefur verið ákveðið á hinu háa Alþingi.

Hins vegar er ástæða til að gera sér það alveg ljóst þegar það kemur hér til umfjöllunar og afgreiðslu í þinginu að þetta getur komið til með að hafa áhrif annars vegar á orkuverðið — ef fyrirtækin lenda í verulegri skattlagningu má búast við að það komi fram í verðinu til neytenda — eða þá hitt sem gæti líka orðið raunin að arðgreiðslur til eigendanna, sem að stærstum hluta til eru sveitarfélög — ef við horfum bæði á Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur eru það sveitarfélög sem eiga þessi fyrirtæki — að það komi fram í arðgreiðslu til sveitarfélaganna og þá til lækkunar á arðgreiðslunni.

Í því samhengi finnst mér ástæða til að vekja athygli á því að enn hefur ekki verið gengið frá málum sem lúta að

skattgreiðslu ríkisins til sveitarfélaga. Þar er ég sérstaklega að tala um fasteignaskatta af eignum ríkisins í sveitarfélögunum en eins og menn þekkja hefur verið um það rætt í talsverðan tíma að á þessu yrði breyting og að ríkið yrði ekki undanskilið fasteignaskatti eins og verið hefur hingað til.

Mér finnst mjög mikilvægt að þau mál verði til lykta leidd hið fyrsta þannig að hér sé ekki bara um það að ræða að sveitarfélögin í landinu sem eiga í orkufyrirtækjum verði af arðgreiðslum sínum og ríkið fái skatt af fyrirtækjunum, heldur verði það heildstætt skoðað líka með hvaða hætti ríkið ætlar að standa sveitarfélögunum skil á þeim sköttum sem eðlilegt er að það greiði til þeirra. Ég vil vekja athygli á þessu hér vegna þess að enn er í gangi vinna um tekjustofna sveitarfélaga þar sem þetta hefur verið sérstaklega til skoðunar og vinna varðandi tilfærslu á tekjum frá ríki til sveitarfélaga. Það er mjög nauðsynlegt að hið fyrsta fáist einhver niðurstaða í það mál.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi líka áðan í ræðustól mikilvægi þess að leiða til lykta hið fyrsta og óskaði eftir upplýsingum frá fjármálaráðherra um það hvað liði samningum við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ um eignarhlut þeirra í Landsvirkjun. Allmörg ár eru liðin síðan ég vakti máls á því að það væri mikilvægt fyrir þessi tvö sveitarfélög sem hafa verið helmingseigendur að Landsvirkjun að þau gætu losað um eignarhlut sinn í þessu fyrirtæki. Hvað varðar Reykjavíkurborg er hún auðvitað í þeirri sérkennilegu stöðu að vera 45% eigandi að Landsvirkjun, stærsta orkufyrirtæki landsins, vera mjög stór viðskiptavinur Landsvirkjunar og vera í samkeppni við Landsvirkjun. Það má segja að hún sé ekki bara beggja vegna borðsins heldur allan hringinn í kringum það. Miðað við að verið er að innleiða samkeppnissjónarmið í raforkugeirann getur þetta ekki gengið svona áfram og ég tel að öllum sé það ljóst. Nauðsynlegt er því að leiða þetta mál til lykta hið fyrsta.

Þess vegna tek ég undir þau tilmæli frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að fjármálaráðherra upplýsi þingið um það hver staða málsins er og hver sjónarmið ráðherrans eru í því sambandi.

Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa mörg orð um þetta frumvarp. Það er í sjálfu sér einfalt en það hefur ákveðnar hliðarverkanir sem ég hef hér nefnt og mikilvægt er að á því verði tekið í tengslum við afgreiðslu málsins.

[13:41]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur að þetta frumvarp er að vissu leyti rökrétt afleiðing af ákvörðunum sem teknar hafa verið um framtíð raforkugeirans. Sem kunnugt er hafa verið samþykkt lög sem færa raforkugeirann inn á samkeppnissvið og þetta frumvarp miðar að því að búa raforkufyrirtækjum svipaðar skattareglur og gilda um önnur fyrirtæki á samkeppnismarkaði.

Ég hygg að þrátt fyrir að þetta sé rétt megum við gæta okkar á því að verða ekki undir nauðhyggjuhjólinu, að ákvörðun sem hafi verið tekin sé ekki hægt að breyta eða breyta stefnunni inn í annan farveg. Enn eru mikil átök um hvernig eigi að fara með þessa grunnþjónustu, rafmagn, vatn, bæði heitt og kalt, og skólpið, en öll þessi starfsemi tengist orkugeiranum á einn eða annan hátt.

Við tókumst á um það á Alþingi hvernig skyldi fara með drykkjarvatnið. Þar var Vinstri hreyfingin – grænt framboð einn flokka sem stóð einhuga að því að drykkjarvatnið yrði ekki markaðsvætt. Það var tekist á um leiðir hvernig ætti að tryggja að svo yrði. Skoðun okkar var sú að það ætti að tryggja með lögum að eignarhaldið væri hjá opinberum aðilum, ríki eða sveitarfélögum. Önnur leið sem við bentum á var sú að hafa hámark á þeim arðgreiðslum sem leyfilegt væri að taka út úr slíkri starfsemi. Við vildum fara fyrri leiðina og tryggja með lögum eignarhald ríkis eða sveitarfélaga, opinberra aðila, á vatninu.

Þetta er leið sem Hollendingar hafa núna staðfest með lögum. Það var hægri stjórn, ef ég man rétt, í Hollandi sem ákvað að festa það — gott ef það var ekki fest í stjórnarskrá landsins — að drykkjarvatn skyldi vera almannaeign enda er það í samræmi við yfirlýsingar og stefnumörkun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. En það er nú eitt að menn klappa fyrir ýmsum samþykktum þar en þegar þeir koma heim í sitt hérað er allt annað upp á teningnum enda láta menn undan þrýstingi frá gráðugum aðilum á markaði sem vilja komast yfir allt sem arðvænlegt er og öll þjóðin og allt samfélagið þarf á að halda.

Niðurstaðan varðandi vatnið varð sú að í þeim lögum sem samþykkt voru skal tryggt að meirihlutaeign yfir vatnsbólum skuli vera á hendi opinberra aðila. Þó er ekki búið svo um hnútana að meirihlutavald sé á þeirra hendi vegna þess að eignarhluti opinberra aðila getur skipst á fjölmarga aðila, fjölmörg sveitarfélög og ríkið. Það er því ekki tryggt að hinir opinberu aðilar fari sameinaðir með ákvörðunarvaldið yfir fyrirtækjunum.

Hins vegar var fallist á það sjónarmið, sem við tefldum mjög ákaft fram þegar fyrirsjáanlegt var að menn vildu ekki ganga alla leið varðandi eignarhaldið, að takmarka þann arð sem leyfilegt væri að taka út úr vatnsfyrirtækjunum.

Ég nefni þetta vegna þess að vatnið, heitt og kalt, er eins og ég gat um áðan tengt orkufyrirtækjunum. Það kemur reyndar fram í greinargerð með frumvarpinu að mjög erfitt sé að aðgreina á milli raforkuþáttarins og annarra þátta og er sérstaklega bent á heita vatnið. Hver er þá lausnin? Lausnin er sú að taka alla spyrðuna og færa hana undir hinar almennu skattareglur, færa alla spyrðuna inn á samkeppnissviðið. Við viljum gjalda varhuga við þessu. Við höfum mikla fyrirvara í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði varðandi frumvarpið. Við teljum mjög mikilvægt að það verði skoðað rækilega, vegna þess að áherslur okkar eru þær að þegar um er að tefla grunnþjónustu í samfélaginu eigi að tryggja að hún lúti almannavaldi, að hún heyri undir ríki og sveitarfélag og sú hugmynd um að færa þjónustuna inn á markaðssviðið er mjög varasöm.

Hæstv. iðnaðarráðherra lýsti sér sem afskaplega hamingjusömum ráðherra þegar hún vísaði í raforkufrumvarpið sem hún taldi sæta ólíkindum að hefði verið samþykkt, það voru raforkulögin, þó hún væri sjálf geysilega hamingjusöm með niðurstöðuna þá taldi hún sæta ólíkindum að það skyldi hafa verið samþykkt. Þessu lýsti hæstv. ráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, yfir á Alþingi en kvaðst sjálf vera afskaplega ánægð með frumvarpið. Hún sagði að sér fynd-

ist vel koma til greina að reyna að fá lífeyrissjóðina í landinu til að eignast grunnþjónustuna, mjög æskilegt væri að fá lífeyrissjóðina í landinu til að eignast raforkufyrirtækin og grunnþjónustufyrirtækin í landinu. Hvað finnst mönnum um það? Finnst mönnum það vera æskilegt? (**JÁ:** Er eitthvað að því?) Finnst mönnum það vera æskilegt að óbreyttum lögum? Já, það er nefnilega mikið að því. Ég skal útskýra það fyrir hv. þm. Jóhanni Ársælssyni. Það hefur oft þurft að skýra þessi mál nokkuð vel fyrir Samfylkingunni því hún hefur því miður lagst á sveif með einkavæðingarsinnum þegar uppi hafa verið hugmyndir um að einkavæða grunnþjónustuna. Ég vísaði þar í vatnið og get vísað áfram í hafnirnar og fleiri slík dæmi. Ég skal nú skýra hvers vegna þetta er varasamt.

Lífeyrissjóðirnir starfa samkvæmt lagaákvæðum sem þvinga þá til að leita eftir hámarksarðsemi hverju sinni. Hvað þýðir það? Það þýðir að lífeyrissjóðirnir eru í reynd mest gefnir fyrir braskið þegar allt kemur til alls. Þegar bankatilfærslurnar voru á sínum tíma, fyrir rúmu ári, högnuðust lífeyrissjóðirnir í landinu mest á þeim tilfærslum. Hvers vegna? Vegna þess að þeir voru ekki að horfa til valdanna, þeir voru ekki að sælast eftir völdum í fyrirtækinu. Þeir horfðu bara á eitt: Hvar fæ ég mestan arð, hvar fæ ég mesta peninga? Þetta var það eina sem þeir horfðu til, enda er þeim gert að starfa þannig samkvæmt lögum. Þetta er ástæðan fyrir því að mjög varasamt er að fara með grunnþjónustuna í hlutabréfaformið, vegna þess að eigandinn þar er jafnan að leita eftir hámarksarði og þegar á móti blæs, þegar erfiðleikar steðja að eru þessir eigendur roknir og lífeyrissjóðunum ber að leita á önnur mið ef þessi staða er uppi. Þetta er staðreyndin.

Það er svo undarlegt að heyra fólk sem hefur samþykkt þessi lög og þessar reglur í samfélaginu spyrja síðan forviða þegar kemur að því að framfylgja þeim: Vorum við virkilega að samþykkja þetta? Já, það er þetta sem við höfum samþykkt.

Nú erum við að fara með þessa grunnþjónustu, þessa grunnstarfsemi í þetta fyrirkomulag. Það er alveg afspyrnu heimskulegt og slæmt. Þetta er ástæðan fyrir því að ég tel að að óbreyttum lögum alla vega sé ógerlegt, óheppilegt og óráðlegt að láta grunnstarfsemina í hendur lífeyrissjóðum. Reynslan er einnig þannig erlendis frá að lífeyrissjóðirnir *haga sér á nákvæmlega sama hátt* og aðrir fjárfestar vegna þess að búið er að innræta þeim, eins og öllu samfélaginu með frjálshyggjutali síðustu ára, að fyrsta, annað og þriðja boðorð skuli vera hámarksarðsemi að fjármagni. Þetta er staðreynd málsins.

Þess vegna segjum við: Við skulum fara varlega þegar við tökum á grunnþjónustunni, hvort sem það er vatn, skólp, rafmagn, varðandi eignarhald, varðandi heimildir til arðtöku, þ.e. þegar starfsemin er komin í einkahendur, og einnig skattheimtu. Við skulum fara varlega í þeim efnum.

Ég vil taka það fram eins og ég hef margoft gert að á meðan t.d. orkufyrirtæki er í almannaeign, eins og Orkuveitan í höndum sveitarfélaganna, finnst mér fullkomlega eðlilegt að þaðan sé tekinn arður og færður til annarra samfélagslegra verkefna. Það er allt önnur formúla. Það er allt annað fyrirkomulag. Þegar eignin er á hendi almennings, sveitarfélags eða ríkis er ekki hægt að tala um þetta á sama hátt og þegar eignarhaldið er komið á hendi fjárfesta sem eru að maka krókinn á þessari þjónustu. Það væri sama og að segja að olíu sem fyndist í olíuríki mætti ekki nýta til uppbyggingar samfélagsins. Að sjálfsögðu væri það fáránlegt. Að sjálfsögðu er fáránlegt að setja reglur sem banna tilfærslu á verðmætum, það er fáránlegur hlutur.

Hins vegar þegar verðmætin, auðlindirnar eru komnar í hendur á fjárfestum, á kapítalistum eru einfaldlega uppi allt önnur sjónarmið, allt önnur viðhorf.

Þess vegna, hæstv. forseti, *vil ég* setja mjög alvarlega fyrirvara við frumvarpið. Við viljum skoða mjög rækilega hvað hér er á ferðinni, vegna þess að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að þegar kemur að grunnþjónustunni í þjóðfélaginu eigum við að fara varlega varðandi eignarhald, skattheimtu og arðtöku úr þeim fyrirtækjum.

[13:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek ekki þau orð mín aftur að ég tel að *heppilegt væri að lífeyrissjóðirnir tækju þátt í fjárfestingum* í orkugeiranum. Ég er ekki að tala um allan orkugeirann, vegna þess að það er mjög mikilvægt að greint verði á milli eignarhalds í orkugeiranum og það vantar hreinlega að það gerist. Við sjáum það ekki fyrir okkur, a.m.k. geri ég það ekki, að menn gangi þau skref til baka sem búið er að taka. Það er búið að taka ákvörðun um að koma á þessu fyrirkomulagi og þá þurfa menn að gera það besta sem hægt er úr því. Það verður gert með því að greina á milli þeirra aðila sem eru að framleiða og selja orku og sjá til þess að þannig aðilar verði á markaðnum að þeir geti *keppt sín á milli*.

Þegar lífeyrissjóðirnir velja sér fjárfestingartækifæri horfa þeir ekki endilega alltaf á daginn í dag. Það eru ekki alltaf til sölu einhver hlutabréf sem hækka á morgun. Menn hljóta að horfa langt fram í tímann í þeim hugmyndum sem þeir hafa um hvernig best sé að fjárfesta fyrir hönd lífeyrisþeganna. Ég efast ekki um að það getur verið góð fjárfesting t.d. í flutningskerfi raforku fyrir lífeyrissjóðina, þó þar sé gjörsamlega afmarkað að hverju menn stefna hvað varðar arðsemi. Ég tel reyndar að það gæti vel komið til greina að lífeyrissjóðirnir fjárfesti í þeim hluta orkugeirans.

[13:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi tel ég að við eigum að horfa til langrar framtíðar og við eigum að horfa til reynslunnar sem menn standa nú frammi fyrir. Evrópusambandið er nýbúið að birta skýrslu þar sem lýst er yfir miklum vonbrigðum með markaðsvæðingu orkugeirans. Hv. þingmaður talar um að mikilvægt sé að fyrirtækin keppi sín í milli. Hið gagnstæða hefur verið að gerast í Evrópu. Fákeppnin er að festa sig í sessi. Það er minni samkeppni en menn höfðu ætlað. Það eru minni fjárfestingar í þessum geira en menn töldu að mundi verða. Þetta stendur þeim geira, að því er menn óttast, fyrir þrifum. Við eigum að læra af þeirri reynslu og fara varlega, vegna þess að þó eitthvað hafi verið samþykkt með lögum er sem betur fer ekki bannað að breyta lögum aftur. Við eigum að sjálfsögðu að horfa á

þessi mál til langrar framtíðar.

Ég velti því fyrir mér hvort hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi íhugað þá leið sem var farin í vatninu og sem t.d. bandarísk verkalýðssamtök og neytendasamtök hafa lagt áherslu á í þessari grunnþjónustu, að jafnvel þótt sá geiri sé markaðsvæddur sé sett þak á hámark leyfilegrar arðtöku út úr rekstrinum. Þetta er það sem þeir aðilar hafa lagt áherslu á.

Þá segi ég, vegna þess að verið er að hvetja lífeyrissjóðina til fjárfestinga á þessu sviði: Ef við förum þessa leið með þakið verðum við þá ekki að breyta lögunum varðandi lífeyrissjóðina og heimila þeim að hugsa á samfélagslega vísu gagnstætt því sem þeim er gert að gera í þeim lögum sem þeir búa við?

Ég er bara að vekja athygli á því umhverfi sem menn hafa skapað á undanförnum árum og að menn eigi ekki að hrapa að neinu. Við eigum að fara varlega. Við erum að tala um grunnþjónustu í samfélaginu og við eigum að sýna svolítil hyggindi og reyna að læra af reynslu manna, en ana ekki bara áfram með hamingjuyfirlýsingar eins og hæstv. fulltrúi Framsóknarflokksins í ríkisstjórninni hefur gert.

[13:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður talaði um að setja þak á arðsemina. Það var gert hvað varðar Landsnetið, þar var sett þak á arðsemina. Ég tek undir með hv. þingmanni að menn eiga auðvitað að vanda sig og fara mjög varlega. Ég sé ekki fyrir mér hvernig samkeppni verður á þessum markaði og hef margsagt það í ræðustól. Þess vegna þurfa menn auðvitað að vanda sig við þetta allt saman. En ég tel að þau skref sem menn þurfa að taka séu nokkuð augljós. Það verður að greina á milli eignaraðilanna. Það verður að sjá til þess að sömu aðilarnir séu ekki allt í kring og undir og yfir borðinu. Þetta gerist ekki nema með því að hið opinbera hafi stefnu hvað þetta varðar. Sú stefna hefur ekki litið dagsins ljóst og ég hef kallað eftir henni hvað eftir annað hér í umræðum í ræðusal Alþingis. Það hefur aldrei fengist fram hvað menn ætla sér hvað þetta varðar. Mér finnst þetta vera það mikilvægt mál að það sé niðurlægjandi fyrir þingmenn og Alþingi að hér skuli ekki hafa farið fram um það alvöruumræða frá hendi þeirra sem með stjórnina fara í landinu.

[13:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef trú á því að nú séum við að nálgast hvor annan, ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson.

[13:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er auðvitað deginum ljósara að hér er á ferðinni skilgetið afkvæmi þeirrar markaðsvæðingar raforkugeirans sem Alþingi hefur verið með í höndunum, og er reyndar enn, undanfarin missirin. Eins og hér hefur þegar komið fram hefur þar verið um að ræða alveg sérstakt gæluverkefni Framsóknarflokksins. Hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir hefur verið með óvenjulegum gleðibrag þegar hún hefur verið að mæla fyrir þessari markaðsvæðingu. Skemmst er að minnast umræðna um þá hluti í þinginu fyrir jól og fullyrðinga hæstv. ráðherra um að allt yrði þetta svo yndislegt og gott og ekki nokkur ástæða til þess að raforkuverð í landinu hækkaði nema þá ef vera skyldi fyrir kvikindisskap og græðgi orkufyrirtækjanna.

Annað hefur komið á daginn og er satt best að segja kostulegt hvernig menn láta, mér leyfist að segja vonandi, frú forseti, hafa sig að fíflum eins og gert var í tengslum við afgreiðslu þessa raforkulagafrumvarps hér ítrekað með breytingum á Alþingi undanfarin missiri, því það var borðleggjandi að útkoman úr því gat ekki orðið önnur að lokum en raunhækkun raforkuverðs að meðaltali í landinu.

Þetta er auðvitað afleiðing af því, og þetta frumvarp um að taka orkufyrirtækin inn í skattalög eins og hvern annan atvinnurekstur í landinu, í hnotskurn að menn hafa endurskilgreint þessa starfsemi. Það sem áður var almannaþjónusta, það sem áður var hugsað, byggt upp og starfrækt sem almannaþjónusta er núna bisness. Þess vegna er dálítið gaman að orðalaginu hérna í greinargerð frumvarpsins og það er spurning hvaða snillingar hafa samið þetta, hvort það er ráðherrann sjálfur eða einhverjir aðrir.

Hér segir t.d., með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er ætlunin að fella niður undanþágur orkufyrirtækja frá tekjuskatti og eignarskatti." — Svo kemur gullkornið: „Enda þótt fyrir því kunni að hafa verið ákveðin rök á sínum tíma að undanþiggja orkufyrirtæki tekjuskatti og eignarskatti eru skilin milli þessara fyrirtækja og annarra fyrirtækja, sem eru að fullu skattskyld, ekki skýr."

Þetta er það sem ráðuneytið hefur um þetta að segja: Enda þótt fyrir því kunni að hafa verið ákveðin rök o.s.frv.

Hver skyldu þessi rök hafa verið? Jú, þau eru sprottin upp úr því beint að menn litu á þessa starfsemi sem almannaþjónustu. Þetta var ekki atvinnurekstur sem hafði það að markmiði fyrst og fremst að skapa eigandanum peninga, gróða. Menn litu svo á að arðurinn væri hinn afleiddi, þ.e. sem væri fólginn í því að skapa almenningi og atvinnulífi þessa þjónustu, veita hana á góðum kjörum og menn mundu njóta arðsins í gegnum betri lífskjör í landinu, í gegnum bjartari heimili á kvöldin og í gegnum þróttmikið atvinnulíf sem gæti sprottið upp úr því að hafa aðgang að ódýrri orku.

Nú er þessu öllu saman ýtt út af borðinu. Þetta skal vera bisness eins og allt annað og eigandinn skal veskú hafa arð af sínu fé og síðan skulu þessir aðilar fara að greiða skatta. Það má segja að þarna sé þá að bætast við kannski fjórði sýnilegi þátturinn sem mun á komandi árum ýta undir hærra orkuverð í landinu til viðbótar þeim þremur sem augljóslega fylgdu t.d. raforkulagabreytingunni og ég skal fara hérna aðeins betur yfir á eftir — sérstaklega fyrir Framsóknarflokkinn því að hann hefur alls ekki náð þessu enn þá, aumingja Framsóknarflokkurinn, að þetta hljóti að hækka rafmagnsverðið í landinu.

Þetta kemur auðvitað til af því, þetta brölt hér, að það var enginn vilji til staðar til að láta á það reyna hvort Ísland gæti fengið undanþágu frá orkutilskipun Evrópusambandsins. Ég segi það og ég segi það enn héðan úr þessum ræðustóli: Það var enginn vilji til staðar. Það var ekki látið á það reyna af neinum myndugleik. Það hefur í raun margverið

viðurkennt opinberlega, t.d. með því að vísa í úttekt Orkustofnunar, þar hafi komið fram að það væru engin vandkvæði því samfara að markaðsvæða raforkugeirann á Íslandi, þar með væri engin ástæða til þess.

Stundum þegar sótt hefur verið að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur að vísu verið látið í veðri vaka að þetta hafi eitthvað verið kannað úti í Brussel en það hefur reynst erfitt að henda reiður á því í hverju slík könnun var fólgin. Mergurinn málsins er auðvitað sá, enda sannast það í gleði og hamingju hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og ríkisstjórnarinnar með þetta framtak, að það var enginn vilji til staðar í þeim efnum. Menn vildu markaðs- og einkavæða orkugeirann í landinu, auðvitað, það er í samræmi við hugmyndafræðina, nýfrjálshyggjuna sem hér ræður ríkjum.

Nú er það að vísu svo kostulegt að þessi geiri, sem menn hafa verið að markaðsvæða og á nú að fara að leggja á skatta, er í opinberri eigu. Eigandinn er reyndar hið sama ríki að verulegu leyti sem ætlar að fara að skattleggja sjálft sig þar með. Einhverjir kynnu þar af leiðandi að hlæja og segja: Nú já, þetta er bara úr einum vasanum í annan. Það er svona eins og þegar fara átti að selja almenningi bankana, þegar uppi var sú tíska að það ætti að selja bankana og það væri um að gera að hafa þá í dreifðri eignaraðild, almenningur ætti að kaupa bankana. Þá teiknaði teiknarinn Sigmund karl og kerlingu sem hlógu að þessari vitleysu og sögðu: Á nú að fara að selja okkur okkar eigin banka? Það var von að karl og kerling spyrðu?

Hér á þetta svo sem að vissu leyti við að ríkið og stærsta sveitarfélag landsins eru í raun og veru undir og yfir og allt um kring, og það er skaði að fyrrverandi borgarstjóri, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, er farin úr salnum því að ég ætlaði aðeins að koma inn á málflutning hennar á eftir. (Gripið fram í.) Það er vel.

Vandinn er bara því miður sá að þetta er ekki úr einum vasanum í annan. Það verður ekki eigandinn sem borgar sjálfum sér. Það verða notendurnir. Það verða notendur þessarar þjónustu og því miður ekki allir, bara sumir. Af hverju er það? Jú, það er vegna þess að sumir notendurnir njóta forréttinda. Þeir eru algerlega tryggðir fyrir þessum breytingum. Af hverju er það? Það er af því að þeir eru með langtímasamninga um kaup á orkunni á föstum útsöluverðum til áratuga. Þess vegna eru stórkostlegar gildrur fólgnar í þessum málum sem menn eru rétt að byrja að sjá framan í núna. Það er bara einn hópur sem getur tekið á sig þessar hækkanir, staðið undir arðgreiðslunum og sköttunum, það eru almennu notendurnir. Það eru þeir sem hægt er að breyta á kjörunum strax á morgun. En stóriðjan, sem kaupir í dag um 70% af rafmagninu og mun innan skamms verða orðinn kaupandi að 85–90%, ef svo heldur fram sem horfir, er með allt sitt á þurru. Það er ekki hægt að hrófla við kjörum hennar. Hún er þannig tryggð að hún borgar fyrir rafmagnið útsöluprísana sem stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar hefur skaffað henni á dollara per tonn miðað við heimsmarkaðsverð á áli. Við vitum nú hversu hamingjusamur dollarinn er í dag og hvernig það gengur. Og það væri gaman að horfa framan í afkomu Landsvirkjunar í dag eða hitt þó heldur ef ekki hefðu komið til óvæntar hækkanir á álverði. Það væri hamingjan á þeim bænum með dollarann í 61 krónu, talsverðan tilkostnað í innlendri mynt og lánin að miklu leyti í evrum og öðrum myntum, ef það væri ekki að bjarga mönnum fyrir horn núna að álverðið hefur stórhækkað.

Hver er þá til staðar til að borga arðinn, til að borga markaðsvæðingarkostnaðinn, til að borga eftirlitskostnaðinn og til að borga skattana? Almennu notendurnir í kerfinu. Það er aldeilis ótrúlegt hversu sofandi menn hafa verið í þessum efnum. Hvar voru Neytendasamtökin, verkalýðshreyfingin og aðrir slíkir aðilar, að vísu með heiðarlegum undanteknum, þegar þessi mál bar á góma? Og hvar voru hugsandi menn?

Hvar var Samfylkingin? Hún er úti að aka í þessum málum, búin að vera fullkomlega úti að aka í þessum málum, að reyna ekki að reisa því einhverjar skorður að menn setji upp svikamyllu af þessu tagi, stórhættulega. Það er eins og menn hafi bara enga þekkingu á því hvernig þessi orkugeiri okkar er samsettur og hver býr þar við hvaða hlut. Og að flokkar sem þykjast ætla í eitthvert erindi út á land í næstu kosningum og fá þar atkvæði skuli standa svona að málum er með miklum endemum. Það má kallast mikill aumingjaskapur af okkur í stjórnarandstöðunni ef við náum ekki að rassskella og hýða Framsókn og íhaldið þannig að þeir fái ekki eitt einasta atkvæði ofan við Elliðaár. Í raun og veru eiga þeir það ekki skilið því að þetta bitnar alveg sérstaklega harkalega og þungt á almennu notendunum og þeim t.d. sem kynda húsnæði sitt með rafmagni.

Auðvitað er þetta stórkostlegt áhyggjuefni fyrir alla aðila. Reykjavíkurborg hefur haft áhuga á því að losa eignarhlut sinn út úr Landsvirkjun og leyfist mér, enda íbúi í öðru sveitarfélagi, að hafa á því örlitlar skoðanir. Það er dæmi út af fyrir sig til að fara yfir hvernig það allt saman er, svona sögulega séð, og hver á hvað og hver hefur fengið hvað fyrir hvað, Marshall gamli og allt það. En Reykjavíkurborg hefði þá átt að hugsa sinn gang áður en hún t.d. að hluta til a.m.k. studdi stóriðjufjárfestingarnar sem nú er verið að ráðast út í.

Halda menn að það auðveldi Reykjavíkurborg að losa eignarhlut sinn út úr Landsvirkjun að hún er núna gengin inn í þetta kerfi allt saman hreint og með 100 milljarðana á bakinu vegna Kárahnjúka? Nei, ætli það nú. Talandi um að lífeyrissjóðirnir eigi að fara inn í orkufyrirtækin, það þarf ekkert að ræða um það á næstu árum. Orkufyrirtækin, þ.e. sérstaklega Landsvirkjun, eru ekki söluhæf vara næstu 10, 15, 20 árin. Það er verið að fara með eigið fé Landsvirkjunar niður undir ekki neitt vegna þessara glórulausu stóriðjufjárfestinga og það verður alltaf erfiðara og erfiðara að rétta á klyfjunum með því að færa pinkla yfir á almenna notendur. Það var hægt að bjarga Landsvirkjun hérna vegna Ísals á sjöunda og áttunda áratugnum með því að hækka rafmagnið á almenningi. Það var af því að þá var salan til stóriðjunnar tiltölulega lítill hluti og það sem almenningur keypti og borgaði fyrir yfirgnæfandi.

Nú hafa þessi hlutföll algerlega snúist við og þá er náttúrlega enginn annar á bak við þetta allt saman en skattgreiðendurnir í landinu þegar til kastanna kemur. Og það verða þeir, það verða almennu notendurnir og/eða skattgreiðendurnir sem borga kostnaðinn af markaðsvæðingunni, það sem Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, hefur kallað öfug samlegðaráhrif, að taka fyrirtæki í einum

samþættum rekstri, eins og t.d. Orkubú Vestfjarða, og skipta því í þrennt, í framleiðslu, flutning og smásölu. Það heita öfug samlegðaráhrif að fara í þá átt.

Það verða þessir sömu aðilar sem borga eftirlitskostnaðinn því markaðsvæðingunni fylgja alls staðar miklir tilburðir til að reyna að hafa eftirlit með því að aðilar í náttúrulegri einokunaraðstöðu misfari ekki með þá stöðu og skammti sér óhóflegan gróða. Þá fara menn að reyna að setja tekjuramma, þak og gólf og guð má vita hvað, og ég spái því að áður en við verður litið verði eftirlitsdeildin á Orkustofnun orðin ein af þeim bústnari norðan Alpafjalla. Það verður að sjálfsögðu þessi sami hópur sem borgar arðinn sem eigendum verður ekki bara rétt heldur skylt að taka sér af eigin fé bundnu í þessum fyrirtækjum.

Svo koma skattarnir í fjórða lagi þegar og ef þar að kemur. Ég er að vísu algerlega sammála höfundum þessarar greinargerðar með frumvarpinu þegar að því kemur að það er sýnd veiði en ekki gefin á næstu árum, eins og menn hafa staðið hér að málum, að orkufyrirtækin verði í þannig afkomu að þau komi til með að borga mikla skatta. Ætli það sé nú ekki líklegra að fyrstu 10, 20 árin eftir að þetta kerfi heldur innreið sína safni Landsvirkjun t.d. upp myndarlegu tapi sem hún eigi svo til frádráttar skattgreiðslum ef einhvern tíma kæmi til þeirra svona á þriðja áratug aldarinnar eða eitthvað svoleiðis? Enda segir hér reyndar að það sé ákaflega erfitt, ja, reyndar segir „miklum vandkvæðum bundið" að meta fjárhagsleg áhrif þessara tillagna og það leiðir bæði af því endurmati á eignum og öðru slíku sem þarf að fara fram við upphaf skattskyldunnar, og svo segir:

„Skuldsett orkufyrirtæki sem standa í miklum fjárfestingum á næstu árum með tilheyrandi tilkostnaði samhliða hægfara tekjumyndun" — samhliða hægfara tekjumyndun, þetta eru snillingar sem þarna hafa orðað á auðvitað miklu kurteisari hátt það sem ég var að segja áðan — „greiða væntanlega ekki tekjuskatt á næstu árum heldur mynda yfirfæranlegt tap, [...]"

Jahá, þannig er það, frú forseti. Auðvitað er það kapituli út af fyrir sig að fá stjórnarfrumvarp af þessu tagi þar sem það er einfaldlega viðurkennt að menn viti ekki hvað þeir eru að leggja til, það sé algerlega skot út í bláinn hvaða fjárhagslegu afleiðingar þetta hafi í sjálfu sér, bæði fyrir fyrirtækin sem í hlut eiga og fyrir ríkissjóð sem þiggjanda teknanna. Það er bara af því bara að það verður að gera þetta samræmisins vegna og það liggur við að þetta sé kynnt sem næstum því að segja fagurfræðilegt atriði og svo verði bara að sjá til hver áhrifin verða af þessu.

Nei, auðvitað væri ástæða til að taka þessi orkumál, öllsömul eins og þau leggja sig, og allt þetta umhverfi virkilega til rækilegrar skoðunar. Í raun og veru hefur ekki verið nein sérstaklega meðvituð eða upplýst umræða eða stefna sem hefur legið því til grundvallar hvað hér hefur gerst. Menn hafa að vísu augljóslega tekið tilefninu eða tækifærinu fagnandi, að markaðsvæða og halda í áttina til einkavæðingar, að færa þetta svið úr almannaþjónustuskilgreiningu yfir í bisness, en að öðru leyti veit í raun og veru enginn neitt hvað verður. Það er stórfróðlegt að hlýða á mál forsvarsmanna orkufyrirtækjanna sem eiga nú að fara að standa í þessari samkeppni þegar þeir lýsa því yfir að þeir hafi enga trú á því, menn á besta aldri, að þeir muni upplifa að það komist á eiginleg samkeppni í orkumálum á Íslandi. Það er bara algerlega út í hafsauga. Af hverju er það? Það er af því að þetta eru þrjú fyrirtæki sem hafa einhverja umtalsverða stærð og burði í þessum efnum. Það er af því að þetta er allt í opinberri eigu. Ætla þrjú fyrirtæki í eigu opinberra aðila, ríkis og nokkurra sveitarfélaga, að fara að keppa við sjálf sig? Greiða arð til sjálfra sín, borga sjálfum sér skatta? Þetta er allt ein hringavitleysa.

Þegar menn hafa það nú fyrir sér hvernig þessar æfingar allar saman hafa gengið, bæði austan hafs og vestan, á margfalt stærri mörkuðum milli landa með hundruðum keppenda er auðvitað þvílíkur roknabrandari að mönnum skuli detta í hug uppi á Íslandi að þetta hafi eitthvað upp á sig að það hálfa væri nóg. Þetta er sýndarmennska. Þetta verður málamyndasamkeppni. Þetta verður fákeppnisharðsamansoðið fákeppnisumhverfi þar sem þrír menn þurfa að hittast í Öskjuhlíðinni eða taka upp tólið til þess að ganga algerlega frá því hvernig þessir hlutir verði, þ.e. ef þeir ná saman sem sagan sýnir okkur að eru verulegar líkur á.

Það er alveg sama hvar maður kemur að málinu — því miður, það er það alvarlega — líklegasta fórnarlambið og þolandi þessara breytinga allra saman er hinn almenni notandi. Að því marki sem einhver samkeppni kemst á sem verður raunveruleg verður hún um sölu til stærri almennu notendanna. Stóriðjan er tekin frá, hún er með sitt á þurru eins og ég fór yfir. Það getur vel verið að á einhverjum tímum myndist, kannski í byrjun, það andrúmsloft að það verði einhver samkeppni um sölu til þeirra sem við getum kallað innlenda stórnotendur, til stærri iðnfyrirtækjanna í landinu og þeirra sem virkilega svarar kostnaði að ná viðskiptum við. En það kemur aldrei, við okkar aðstæður, til með að eiga við um hinn almenna notanda, hvort sem hann í sjálfu sér býr úti á landi eða í Reykjavík eða á Suðurnesjum. Þolendurnir verða þeir og það er þegar farið að gerast, eins og við sjáum í því að beinar afleiðingar af markaðsvæðingaraðgerðunum núna um áramótin var hækkun á verði til hinna almennu notenda, yfirfærsla ef eitthvað er frá stærri innlendum notendum yfir á almenning og smáfyrirtæki. Er það þá virkilega sú átt sem menn vilja halda í í þessum efnum? Það er von að spurt sé.

Ég verð að segja, herra forseti, að það er ærin ástæða til að taka þessi mál öll til rækilegrar skoðunar. Það má segja að menn séu komnir með þau í hendurnar eina ferðina enn, t.d. í iðnaðarnefnd. Nú er ætlunin að fara þar yfir þessi ósköp sem urðu um áramótin. Iðnaðarnefnd ætlar sér að fara yfir þau og fá svör frá iðnaðarráðuneytinu og Orkustofnun um það. Hvernig í ósköpunum stóð á því að við vorum höfð svona að fíflum fyrir áramót? Það var fullyrt við okkur að þetta mundi engar slíkar afleiðingar hafa í för með sér sem svo skella á mönnum hér með allt upp í 30–40% hækkun á raforku til húshitunar á köldum svæðum. Við förum yfir það. Það er kannski ástæða til að aðrar nefndir fari í sameiningu líka yfir málið í því samhengi hvað varðar það að fara að gera orkufyrirtækin, bæði rafmagn og heitt vatn, skattskyld. Menn munu sjálfsagt færa fram þau rök að samhengisins og samræmisins vegna sé það óumflýjanlegt, ekki verði aftur snúið og allt þetta. Það er hins vegar ekkert sjálfgefið í þeim efnum og það getur skipt máli hvernig þeir hlutir verða útfærðir í öllu falli og

frá þeim gengið þannig að hér er ekki ástæða til að hrapa að neinu.

[14:19]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Í umræðu um það frumvarp sem hér hefur verið flutt, frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, get ég sagt, a.m.k. fyrir mitt leyti, að þegar maður les hér greinargerðir og annað slíkt með þessu fer maður ósjálfrátt að skjálfa. Það segi ég sérstaklega vegna þess sem m.a. hv. síðasti ræðumaður, Steingrímur J. Sigfússon, ræddi hér um. Þá vitna ég auðvitað og fer aftur til þess þegar við fórum hér fyrir áramót í gegnum raforkulögin og þau frumvörp tvö sem fylgdu þar með, samanber hið göfuga frumvarp með því fallega heiti „frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku".

Ég átti þá sæti í hv. iðnaðarnefnd. Ég verð að segja alveg eins og er að margt af því sem þar kom fram, áform sem sett voru fram, hugmyndir manna um hugsanlega einhverja hækkun á raforku, 1–2% að hámarki, var ekki alveg út úr kortinu. Svo varð seinna allt vitlaust í fjölmiðlum þegar fulltrúar stóru orkufyrirtækjanna á höfuðborgarsvæðinu ruddust fram og töldu að samþykkt þessara frumvarpa mundi hafa í för með sér 20 og upp í 30% hækkun á höfuðborgarsvæðinu.

Hið göfuga markmið þessara frumvarpa, a.m.k. það sem ég keypti af því ef svo má að orði komast, var jöfnunarþátturinn. Andhverfa við þetta göfuga markmið hefur hins vegar komið algjörlega fram. Þá á ég sérstaklega við þær hækkanir sem komu fram rétt í kringum áramótin þegar lögin voru að taka gildi og jafnvel 10–20 dögum þar á eftir eins og gjaldskráin frá Orkubúi Vestfjarða og gjaldskráin frá Orkuveitu Reykjavíkur sem hafði það í för með sér að Rarik varð að hækka gjaldskrá sína um 20 aura á kílóvattstund. Þið sjáið náttúrlega í hvers konar vitleysisgangi þetta mál er.

Málsmeðferð á því máli — það er ljótt að þurfa að segja það úr hinum virðulega ræðustól Alþingis — er Alþingi til vansa. Því segi ég þetta? Jú, virðulegi forseti, ég margreyndi í iðnaðarnefnd að fá inn til hennar hugmyndir manna um það á hvaða verðgildi flutningslínurnar yrðu lagðar inn í Landsnet. Það var ómögulegt fyrir okkur í iðnaðarnefnd að fá þær tölur fram.

Ég er alveg viss um það, virðulegi forseti, að frá hendi iðnaðarráðuneytisins og þeirra sem voru að sýsla með þessi frumvörp voru þessar tölur þá þegar til en komu ekki til okkar í iðnaðarnefnd.

Ég gerði annað. Við reyndum mikið sem þá sátum í iðnaðarnefnd að fá aðila til fundar við nefndina sem ekki hefðu komið á einhverjum undirbúningsstigum málsins að samningu frumvarpsins. Viti menn, virðulegi forseti, það virtist alveg vonlaust. Við vorum meira að segja komnir í það að reyna að fá óvilhalla að því er manni fannst endurskoðunarskrifstofur. Þá kom í ljós að þær höfðu líka verið með puttana í samningu frumvarpsins. Svo enduðum við í því að fá menn frá að mig minnir Hagfræðistofnun Háskóla Íslands eða einhverjum deildum innan háskólans. Þá kom enn fremur í ljós, virðulegi forseti, að þeir höfðu líka komið að undirbúningi málsins.

Þessi vinnubrögð eru ófyrirgefanleg, að við skulum samþykkja þetta um miðjan desember sem tók gildi 1. janúar sl. og þá voru menn ekki farnir að gera sér neina grein fyrir því hvernig gjaldskrá þessara orkufyrirtækja yrði. Það er alveg með ólíkindum að við fáum svo nokkrum dögum seinna gjaldskrá upp á 45% hækkun, að vísu Súðarvíkurmegin við það fjall sem ég man nú ekki hvað heitir, hinum megin við fjallið. Á Ísafirði var það allt annað ef við tökum dæmi frá Orkubúi Vestfjarða.

Þetta segi ég aðeins, virðulegi forseti, vegna þess að þótt segja megi að það sé ekkert óeðlilegt að sama skattkerfi sé fyrir alla óttast ég að það sem sett er hérna fram muni koma í hausinn á okkur á svipaðan hátt og ég hef verið að gera að umtalsefni með raforkufrumvarpið og þau tvö frumvörp sem þar fylgdu með.

Hér stendur, virðulegi forseti, á bls. 4 í athugasemdum við frumvarpið þar sem verið er að tala um hugsanlegar skattgreiðslur þessara fyrirtækja, með leyfi forseta:

„Miklar sveiflur hafa verið í afkomu orkufyrirtækjanna á síðustu árum. Þannig voru fimm af sex stærstu orkufyrirtækjunum rekin með tapi á rekstrarárinu 2001 og á árinu 2000 voru þrjú af fyrirtækjunum sex rekin með tapi. Hins vegar voru öll fyrirtækin nema eitt rekin með hagnaði á árinu 1999. Miðað við tölur ársins 2001 virðist eiginfjárstaða stærstu orkufyrirtækjanna mjög traust, eða sem nemur nálægt 100 milljörðum kr. samkvæmt uppgjöri í ársreikningum."

Það er fyrri hlutinn, virðulegi forseti, sem maður stoppar auðvitað við.

Ég geri mér ekki grein fyrir hvað var svona hagstætt í rekstrarumhverfinu 1999, hvort þetta eru einhverjar reikningstilfærslur út af gengi krónunnar eða stöðu þar, að öll fyrirtækin nema eitt voru rekin með hagnaði árið 1999. Þau hefðu þá væntanlega ef svona ár kemur síðar þurft að greiða skatt árið eftir. Þá er spurningin þessi: Verður það til þess að hækka taxtana árið þar á eftir ef aftur kemur svona ár? Ef einhver hætta er á því, virðulegi forseti, held ég við eigum að bíða og sleppa þessu.

Ég hef samúð með orkunotendum og þá tala ég sérstaklega vegna þeirra aðila sem eiga að fá á sig 10% skellinn, áramótagjöf ríkisstjórnarinnar, þeirra íbúa landsbyggðarinnar sem búa við rafhitun og eiga að taka á sig þessa miklu hækkun. Ætli það sé ekki dálítið farið af 1% tekjuskattslækkuninni sem hæstv. fjármálaráðherra hefur verið að hreykja sér af og sjálfstæðismenn með hringferð um landið mót hækkandi sól? Ætli það sé ekki töluvert af 1% tekjuskattslækkuninni nú þegar farið hjá íbúum landsbyggðarinnar sem eiga að taka á sig þessa miklu hækkun? Hún er algjörlega út af korti og það var aldrei talað um hana í meðförum iðnaðarnefndar eða í þinginu þegar við vorum að ræða þau lög sem ég hef hér gert að umtalsefni.

Þetta er algerlega óviðunandi og engan veginn hægt að sætta sig við svona vinnubrögð eins og ég er hér að tala um. Ef einhver minnsta hætta er á því að við þetta frumvarp sem hér er um að ræða, um skattskyldu orkufyrirtækja, gæti hnífurinn komið svo í bakið á notendum eftir x mörg ár er það ekki forsvaranlegt að mínu mati. Nóg er komið af slíku í þessum efnum.

Ég sagði það reyndar þegar hæstv. iðnaðarráðherra flutti hér munnlega skýrslu um hin 15 daga gömlu raforkulög

sem þá voru að þetta væri sem rýtingsstunga í bakið á landsbyggðarfólki. Það var að sjálfsögðu rýtingsstunga líka í bakið á okkur alþingismönnum sem samþykktum lögin með göfugu markmiði eins og jöfnun kostnaðar við dreifingu á raforku, eins og eitt frumvarpið hét. Svo kom þetta svo í hausinn á okkur sem búmerang.

Það er ekki plús fyrir iðnaðarráðuneytið að þetta skuli vera svona (Gripið fram í.) og aðallega ráðherra náttúrlega sem líka kemur úr landsbyggðarkjördæmi eins og sá sem kallar hér fram og þeir þingmenn sem eru í salnum núna fyrir utan hæstv. fjármálaráðherra. Hann situr ævinlega hér þegar frumvörp hans eru rædd. Ég hef áður gert það að umtalsefni, mér finnst það til fyrirmyndar og aðrir ráðherrar ættu að taka sér það til eftirbreytni.

Ráðherra iðnaðarmála, sem keyrði þetta frumvarp í gegn, sá um þau gögn sem komu til iðnaðarnefndar til rökstuðnings með fulltrúum iðnaðarráðuneytis sem oft sátu inni, vildu sitja oftar inni, en kannski fyrir dugnað þáverandi formanns iðnaðarnefndar, hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, fengu ekki alltaf að sitja inni.

Þetta vildi ég segja hér, virðulegi forseti, í þessum efnum. Ég óttast að svona geti farið með það frumvarp sem við erum hér að ræða. Að vísu er í þessu frumvarpi oft verið að ræða um eignarskattana. Ég efast ekki um að þeir yrðu háir á orkufyrirtækjum ef þeir væru. Þeir eru, kannski sem betur fer, farnir þó að ég hafi haft aðra skoðun, þ.e. að þeir ættu kannski ekki allir að fara, heldur að hækka eignamarkið eins og stjórnarandstaðan lagði til á sínum tíma. Eignarskattar á orkufyrirtæki munu ekki koma til vegna þess að þeir eru farnir niður þó að um þá sé rætt hér.

Virðulegi forseti. Ég ætla síðan rétt í lokin að segja frá því að þingflokkur Samfylkingarinnar var í heimsókn hjá Orkuveitu Reykjavíkur ekki alls fyrir löngu og eigum kannski eftir að fara þangað aftur. (**Gripið fram í:** Fenguð þið risarækju?) Nei, við fengum nú ekki risarækju, en ég óttast að afleiðingar risarækju hafi verið í gjaldskrárstofni Orkuveitu Reykjavíkur, sem ég hef gert hér að umtalsefni og gerði að umtalsefni við skýrsluumræðuna í síðustu viku eða hvenær sem hún var, þegar í ljós kom að dreifingarkostnaður er sá hæsti á landinu, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, hjá Orkuveitu Reykjavíkur, og er miklu hærri en hjá Rarik. Það er auðvitað mjög athyglisvert mál.

Virðulegi forseti. Orkustofnun hefur tvo mánuði til að fara yfir þau gögn sem lögð eru fram þessu til rökstuðnings og ég vænti þess að Orkustofnun fari vel í gegnum það. En það hafði í för með sér, virðulegi forseti, að þessi hái dreifingarkostnaður Orkuveitu Reykjavíkur gerði það að verkum að Rarik, Rafmagnsveitur ríkisins, ég vil segja neyddust til að hækka gjaldskrá sína um 20 aura til þess að eiga möguleika á að ná í niðurgreiðslusjóðinn sem er á fjárlögum. Það er með ólíkindum að þetta skuli vera notað til að hækka gjaldskrána og þar með ef til vill hækka gjaldið á íbúum landsbyggðarinnar, nóg er komið.

Ég vil segja, virðulegi forseti, að það verður aldrei hægt að sætta sig við neitt annað en það að allar þessar hækkanir sem eiga að dynja á íbúum landsbyggðarinnar vegna rafhitunar verði felldar út. Er mér alveg sama hvaða aðferð verður notuð við það, hvort ríkissjóður leggi meira en þær 135 milljónir sem hann ætlar að bæta í þennan sjóð og óttast ég þá og tala eiginlega gegn því að menn fari í einhverjar æfingaferðir um niðurgreiðslusjóðinn, eða menn fari úr 50 þúsund kwst. hámarki í 35 eða hvað það er, sem auðvitað mun bitna fyrst og fremst á fullorðnu fólki, eldra fólki, sem býr á landsbyggðinni í stóru húsnæði, að ég tali nú ekki um bændur og búalið sem munu þá fá þetta meira í hausinn en 10 prósentin þegar fram líða stundir.

[14:32]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Frumvarp það sem hér er til umræðu virðist fljótt á litið snúast um jafnræði, að orkufyrirtæki eigi að standa jafnfætis öðrum fyrirtækjum hvað varðar skattlagningu. Auðvitað getur maður tekið undir það svona fljótt á litið. Þetta virðist vera saklaust frumvarp.

Það eru ýmis önnur frumvörp sem hafa farið hér inn sem snúa einmitt að raforkumálum sem hafa litið nokkuð sakleysislega út, en þegar betur er að gáð og þegar á að fara að framkvæma umrædd lög undir stjórn Framsóknarflokksins, þá hefur nú annað komið í ljós, því miður, fyrir íbúa landsbyggðarinnar sérstaklega. Fram kom hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller að upplýsingagjöf iðnaðarnefndar hefði verið ábótavant þegar þau lög voru sett og í vinnslu þeirra laga. Ég get staðfest það og það eru fleiri sem geta staðfest það, m.a. formaður iðnaðarnefndar sem sagði í þessum ræðustól að upplýsingagjöf hvað varðar það frumvarp hefði verið villandi. Í sömu umræðu, svo undarlegt sem það nú er, kom einmitt sjálfur hæstv. iðnaðarráðherra og sagði að hækkunin hefði alltaf verið fyrirsjáanleg. Það virðist því vera svo að sjálfur hæstv. iðnaðarráðherra hafi staðið í blekkingarleik gagnvart sínum eigin flokksmönnum og meira að segja blekkt þingmann sinn, hv. þm. Birki Jón Jónsson, í sínu eigin kjördæmi og veitt honum villandi upplýsingar. Ég tel einmitt að þetta sé tilefni til þess að fram fari rannsókn á þessu máli og jafnvel opinber rannsókn á þessum raforkumálum, því það er ákaflega skrýtið þegar hv. þm. Birkir Jón Jónsson kemur hér í ræðustól og talar um að upplýsingagjöf hafi verið villandi. Ég tel það. Ég get staðfest það og fleiri í iðnaðarnefnd, t.d. Kristján Möller, og ég get tekið undir orð hans hvað varðar upplýsingagjöf.

Ég er nú farinn að efast um rétta upplýsingagjöf og vinnubrögð hæstv. iðnaðarráðherra og ráðherra byggðamála vel að merkja. Ég tel í rauninni að Samfylkingin hafi verið of trúgjörn í þessu máli, hún hafi gleypt það hrátt sem hæstv. iðnaðarráðherra hafi komið með inn á borð nefndarinnar.

Ég var búinn að læra af öðru máli sem kom hér inn og var kynnt með mjög villandi málflutningi. Það var lítið mál en varðaði landsbyggðina en í því kom fram mjög villandi upplýsingagjöf um að hækkunin á sementsverði yrði óverulegt. Samt staðfesti sjálfur hæstv. ráðherra sem færði þær upplýsingar inn á borð skömmu síðar að hækkunin hafi verið í tugum prósentna, 75% hækkun. Það kom fram í svari hér á Alþingi. Þess vegna ákváðum við í Frjálslynda flokknum að vara okkur á þeirri upplýsingagjöf sem borin var fram og taka nú ekki allt trúanlegt sem fram kæmi og ákváðum þá að sitja hjá, ef ég man rétt, við afgreiðslu málsins.

Maður veltir fyrir sér einmitt þessari samkeppni á raf-

orkumarkaði. Þetta er náttúrlega sýndarsamkeppni. Raforkan verður seld í föstum samningum, 90% af henni eftir nokkur ár í stóriðju og eftir stendur 10% sem fer í samkeppni. Hverjir eru í samkeppni? Það eru opinber fyrirtæki sem er stjórnað meira og minna af fulltrúum þeirra flokka sem fara með landsstjórnina. Svo koma framsóknarmenn — þegar þeir láta sjá sig hér í þingsölum — og láta líta út fyrir að það séu einhver fyrirtæki sem boði hækkunina. En hverjir sitja í stjórn fyrirtækjanna? Það væri ágætt að hv. þm. Dagný Jónsdóttir upplýsti okkur um það. Eru það ekki einmitt fulltrúar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins sem sitja í þeim stjórnum og eru að ráðgera hækkunina? Fyrst koma ráðherrar flokksins og búa til reglurnar, síðan koma þá stjórnarmenn flokksins.

Ég skora á fólk um land allt sem nú fær hækkaða raforkureikninga — ekki um nokkra hundraðkalla eins og gefið var í skyn í andsvörum hæstv. iðnaðarráðherra við ágætan hv. þm. Álfheiði Ingadóttur í umræðum á þingi, nei, ekki um þúsundkalla, heldur um tugþúsundir króna — að fylgjast með þeim, hvað hækkunin verður mikil og hvaða sendingu það fær inn um bréfalúguna frá Framsóknarflokknum. Vorið 2003 fékk fólk fallega bæklinga og lofað var ýmsum byggðaaðgerðum. Maður veltir því fyrir sér hvort þetta séu byggðaaðgerðirnar. Er þetta nútímavæðing Framsóknarflokksins að vera með hverja aðgerðina á fætur annarri til að höggva skörð í byggðir landsins?

Ég veit í raun ekki hvað flokknum gengur til með þessu, því að á landsbyggðinni hingað til hafa verið margir stuðningsmenn flokksins, að vera einmitt að veitast að fólkinu sem hefur sýnt flokknum stuðning. Ég vona nú að það fari að renna upp fyrir fólki ljós að þessi nútímavæðing flokksins er landsbyggðinni og byggð í landinu ekki góð. Fólk sér það náttúrlega þegar það fer að fá reikninginn inn um póstlúguna, tugþúsunda króna hækkun, frá Framsóknarflokknum og fólki á Stöðvarfirði er meinað að sækja sjóinn. Það er með ólíkindum að hv. þingmenn Framsóknarflokksins skuli ekki koma hér fram á völlinn og ræða til hvaða aðgerða á að grípa til að fólkið komist til vinnu á ný. Ég skora á hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur að segja okkur að hún hlýtur að hafa hugsað fyrir því til hvaða aðgerða eigi að grípa fyrir fólkið á Stöðvarfirði, annarra en þeirra að senda því hækkaðan reikning. Það er með ólíkindum að ofan á allt annað lítur nú út fyrir að fólk verði svipt vinnunni 1. júlí og síðan fær það rafmagnsreikning í hausinn í ofanálag frá flokknum.

Ég minni á að þetta sama fólk hefur eflaust fengið fallega kosningabæklinga frá Framsóknarflokknum og því lofað byggð og bjartari atvinnu á Austurlandi. Fulltrúar flokksins, fjórir í Norðausturkjördæminu, ættu að sýna fólkinu þá virðingu að fara að ræða atvinnumál og kjör þessa fólks á Austurlandi sem er náttúrlega afleiðing þeirrar stefnu í atvinnumálum að svipta fólk í sjávarbyggðum atvinnuréttinum. Það er með ólíkindum.

Eins er það þessi svokallaða samkeppni opinberra fyrirtækja vel að merkja, þar sem opinberir forstjórar, sem eru náttúrlega undir stjórn flokksmanna m.a. hæstv. iðnaðarráðherra, sjá náttúrlega ekkert nema hækkun. Sumar þessara hækkana koma verulega illa við atvinnurekstur á landsbyggðinni, t.d. sumarhúsabyggðir. Við mig ræddi sveitarstjóri á Vestfjörðum um 250% hækkun á raforkuverði. Auðvitað er það með ólíkindum að flokkurinn skuli senda fólki þvílíka reikninga.

Ég ætla að láta máli mínu lokið að sinni en minni á að umræðu um raforkumál á hinu háa Alþingi er alls ekki lokið heldur verður henni haldið áfram. Sérstaklega munum við í Frjálslynda flokknum fylgjast vel með því að fyrirheit Framsóknarflokksins, að flokksmenn hans reyni nú að halda þau og að hækkunin á fólki úti á landi fari ekki úr böndum.

[14:42]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að standa hér upp, en þvílík endemis vitleysa var í máli hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar áðan. (**SigurjÞ:** Hvaða?) Ég mun rekja það.

Í fyrsta lagi ætla ég að taka eitt fram varðandi störf í hv. iðnaðarnefnd. Ég á því miður ekki sæti í þeirri nefnd en fram kom í umræðu um daginn um skýrslu iðnaðarráðherra að formaður nefndarinnar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, boðaði það að allir aðilar verði fengnir til fundar í nefndinni og farið yfir þetta mál, líkt og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á áðan, og það er full ástæða til. Ég held því að ekki sé maklegt að kenna stjórnarliðinu um að taka á þessum málum með léttúð, enda hefur hæstv. iðnaðarráðherra einnig boðað það hér að hún sé að beita sér fyrir því að stjórnvöld komi til móts við fólk á landsbyggðinni út af þessum hækkunum og bindi miklar vonir við þá vinnu.

Mig langar aðeins að tala um að hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni virðist Framsóknarflokkurinn vera afar hugleikinn svo ekki sé meira sagt og talar um að Framsóknarflokkurinn sinni ekki Austfjörðum o.s.frv. Ég vil upplýsa hv. þingmann um að 1. þingmaður kjördæmisins, sem er hæstv. iðnaðarráðherra, er í góðu sambandi við fólk á Stöðvarfirði og það mun verða fundað um það einhvern tímann á næstunni, hann þarf því ekki að hafa neinar áhyggjur af því þótt hann hafi ekki aðkomu að því máli. Þó að Frjálslyndi flokkurinn eigi ekki þingmann í Norðausturkjördæmi, þá eru aðrir að vinna í því máli.

[14:44]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður staðfesti það að hún ætti ekki sæti í iðnaðarnefnd og getur þess vegna kannski ekki fjallað af miklum kunnugleika um það sem fram fer í þeirri nefnd. Ég get upplýst hv. þingmann um að ég á sæti í nefndinni ásamt Birki Jóni Jónssyni og sá hv. þingmaður talaði einmitt um að það hefði verið villandi upplýsingagjöf, einnig hv. þm Kristján L. Möller. Við erum allir sammála um það. Við erum líka sammála um það tel ég, það má þá fletta því upp, að hæstv. iðnaðarráðherra sagði að hækkunin hefði verið fyrirsjáanleg, þannig að það bendir allt til þess að hæstv. iðnaðarráðherra hafi einfaldlega blekkt iðnaðarnefnd og gefið henni a.m.k. rangar upplýsingar, því það var alltaf talað um nokkurra prósentna hækkun, en ekki tugi prósentna hækkun.

En hvað varðar Stöðvarfjörð, ég tel það mjög gott að Framsóknarflokkurinn fari að hugsa til fólksins þar því að

Framsóknarflokkurinn skuldar því fólki svar við því hvað eigi að gera þar. Ég tel að svarið sé einmitt að gefa Framsóknarflokknum ekki atkvæði sitt.

[14:45]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að allir séu á einu máli í hv. iðnaðarnefnd að kalla þessa aðila fyrir og vinna frekar að málinu. Ég verð að viðurkenna líkt og margir hafa gert að hinar miklu hækkanir á raforku komu mér verulega á óvart og koma landsbyggðinni illa. Ég ítreka að verið er að vinna í málinu og það er fullur vilji hjá hæstv. iðnaðarráðherra að bregðast við því og hefur hún þegar boðað ákveðnar aðgerðir.

Varðandi Stöðvarfjörð, sem af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hefur fléttast inn í umræðuna, þá hef ég engar áhyggjur af því hvernig fólk mun kjósa þar hér eftir sem hingað til. Það er einfaldlega þannig eins og þróunin er á landsbyggðinni, að sem betur fer bíða aðrir atvinnumöguleikar fólksins þar. Þar er erfitt ástand og Stöðvarfjörður er eitt af jaðarsvæðum á Miðausturlandi en það er stjórnarflokkunum að þakka að fólk á Austurlandi hefur þó alla vega einhver atvinnutækifæri í framtíðinni fyrir utan sjávarútveginn.

[14:46]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Hv. þm. Dagný Jónsdóttir segir að allir í hv. iðnaðarnefnd séu sammála um að gefnar hafi verið villandi upplýsingar. En sú einkennilega staða stendur eftir að hæstv. iðnaðarráðherra segir að hækkunin hafi verið fyrirsjáanleg, sem gefur til kynna og ég tel vert að rannsaka hvort hv. iðnaðarnefnd hafi fengið villandi upplýsingar frá ráðuneytinu.

Þó svo að Frjálslyndi flokkurinn eigi ekki sem stendur fulltrúa í Norðausturkjördæmi get ég upplýst hv. þingmann um það að fulltrúar flokksins eru einmitt á leiðinni austur og ætla að ræða við fólkið þar um það ástand sem Framsóknarflokkurinn hefur komið á, að meina fólki að njóta þess að nýta fiskimið sín. Það er eitt af því sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir ætti að hafa áhyggjur af, að flokkurinn skuli ganga svona fram og jafnvel koma í veg fyrir að ýmsar samþykktir flokksins er varða útræðisrétt strandjarða nái fram að ganga og vera að stefna bændum landsins og landeigendum í dómssal til þess að ná fram rétti sínum. Það er með ólíkindum og ég tel að framsóknarmenn eigi að skammast sín.

[14:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er um margt hægt að vera sammála síðasta ræðumanni og ég mun víkja aðeins frekar orðum að því. Hér er til umræðu frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Í greinargerð er rakið að þær lagabreytingar sem boðaðar eru um að gera orkufyrirtækin skattskyld er liður í markaðsvæðingarferli raforkugeirans. Við höfum á undanförnum vikum einmitt rætt um afleiðingar og framkvæmd nýsettra orkulaga, um þann gjörning meiri hluta þingheims og ríkisstjórnarinnar að markaðsvæða raforkukerfið, skilja á milli orkuvinnslu, orkuflutnings og orkudreifingu, skipta þessu upp í fyrirtæki sem öll eiga að fara að reikna sér arð af fjármagni og eignum sem bundnar eru í þjónustunni. Verið er að snúa á haus þeirri skilgreiningu sem þjóðin hefur talið að ætti að gilda um rafmagnið, að rafmagnið væri ein af grunnstoðum grunnalmannaþjónustu landsins, að rafmagnið væri forsenda fyrir búsetu og atvinnulífi í landinu og ætti þess vegna ekki að vera á grunni fyrirtækjareksturs, sem hugsaði fyrst og fremst um að skapa sér arð, heldur að vera þjónusta við atvinnulíf, búsetu og almenningsþarfir.

Þarna er verið að breyta. Grunnþjónustan á bara að vera markaðsvædd viðskiptaþjónusta og lúta þeim lögmálum. Ofan í kaupið er því borið við að verið sé að fylgja eftir einhverjum Evróputilskipunum með einkavæðingarráðherrann, hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, í broddi fylkingar sem brosir blítt við sjálfri sér í hvert skipti sem hún flytur nýtt frumvarp um einkavæðingu almannaþjónustunnar, fulltrúi Framsóknarflokksins í ríkisstjórn.

Við bentum rækilega á það við umræðurnar um að breyta raforkukerfinu í fyrirtækjarekstur sem skilar arði að menn væru á fullkomnum villigötum. Sú breyting gæti ekki leitt til annars en hækkaðs verð og ótryggari afhendingu á þeirri grunnalmannaþjónustu sem rafmagn er. Það kemur á daginn. Nú eftir áramótin birtast nýjar gjaldskrár veitufyrirtækjanna, og hvað? Auðvitað snarhækka þær. Þá koma hv. fulltrúar einkavæðingarinnar og markaðsvæðingarinnar og segja: Þetta kom mér alveg fullkomlega á óvart, þetta kemur algjörlega í bakið á mér. Mér datt ekki í hug að þetta leiddi til neinnar hækkunar.

Trúir þjóðin svona barnalegum málflutningi? Nei, hún trúir honum ekki og hún treystir nú ekki ráðamönnum.

Við fáum ályktanir frá hverju sveitarfélaginu á fætur öðru þar sem stefnu ríkisstjórnarinnar í raforkumálum er mótmælt. Markaðsvæðingu raforkukerfisins er mótmælt, því er mótmælt að almenningur og fyrirtæki vítt og breitt um landið, sérstaklega í dreifbýlinu og sérstaklega til sveita, eigi að borga herkostnað markaðsvæðingar og einkavæðingar raforkugeirans.

Nú síðast komu mótmæli frá Skaftárhreppi til okkar þingmanna þar sem þessu var harðlega mótmælt, en önnur sveitarfélög á Norðurlandi og Vestfjörðum hafa mómælt stefnu ríkisstjórnarinnar í markaðsvæðingu raforkugeirans. En áfram er hausnum stungið ofan í sandinn og keyrt og enn er ekki séð fyrir hvernig framkvæma á hin nýsettu raforkulög, það er ekki enn séð hverjar afleiðingarnar af þeim verða, það er ekki enn séð fyrir hvernig við þeim verði brugðist.

Það var umræða í síðustu viku um hvaða aðgerða væri hægt að grípa til til þess að koma í veg fyrir þá gríðarlegu mismunun sem er að verða á milli íbúa landsins eftir búsetu hvað varðar rafmagn og verð á rafmagni. Þá sagði hæstv. iðnaðarráðherra: Komið verður til móts við þá notendur sem lenda hvað harðast úti. Rausnarskapurinn og höfðingsskapurinn var nú ekki meiri. Það var ekki sagt: Við skulum sjá til þess að verð á rafmagni til íbúa hinna dreifðu byggða verði ekki óhagstæðara en íbúa þéttbýlisins. Nei, það var sagt: Við skulum koma til móts við þetta. Það þýðir: Við komum til hálfs til móts við þetta til að byrja með, setjum smá plástur á.

Sama sagði hv. þm. Dagný Jónsdóttir: Stefnt verður að því að koma til móts við. Hvað þýðir það? Jú, það var stundum kallað að hrækja í sárið til að draga úr sviðanum meðan hann var mestur — og líkja má líkja yfirlýsingum hæstv. ráðherra Framsóknarflokksins við það.

Áður en við erum komin til botns í því sem þegar hefur illu heilli verið samþykkt á Alþingi, markaðsvæðing raforkugeirans, áður en við erum komin til botns í því hvernig við eigum að framkvæma það er dengt inn öðru frumvarpi um hvernig við förum að því að skattleggja þessi orkufyrirtæki, þessi almannaþjónustufyrirtæki sem þjóðin á og samfélagið á.

Hver á að borga skattana þegar þeir verða lagðir á? Auðvitað engir aðrir en neytendurnir. Og hver mun borga hæstan hlut í þeim sköttum? Auðvitað þeir neytendur sem nú eru látnir greiða hlutfallslega hæst verð fyrir raforkuna, íbúar hinna dreifðu byggða. Þeir munu líka greiða hæstan hlut í þeirri skattheimtu sem krafist er að orkufyrirtækin taki upp.

Sá níðingsskapur sem nú á sér stað í markaðsvæðingu raforkugeirans og hvernig hann kemur sérstaklega hart niður á íbúum hinna dreifðu byggða virðist engin takmörk eiga.

Ég tel t.d. að fara ætti mjög vandlega ofan í það hvernig sá höfuðstóll er myndaður sem á að fara að láta greiða skatta af, á að fara að fyrna. Hvernig er höfuðstóll orkufyrirtækjanna myndaður? Hvernig er höfuðstóllinn Rarik myndaður, virkjanir, flutningskerfi, veitur og mannvirki, hvernig hefur þessi eign orðið til? Hver greiddi fyrir hana? Það vorum við, almennir neytendur í landinu sem greiddum fjárfestinguna, við erum búin að borga þá fjárfestingu. Við greiddum hana í gegnum not okkar. Þjóðin á þetta og á nú þjóðin aftur að fara að greiða skatt af þeim eignum sem hún hefur þegar greitt upp og telur sig eiga, á hún að fara að borga skatta af slíkum eignum, eignum sem stefnt er að því að selja? Hæstv. iðnaðarráðherra lýsti því yfir í ræðu í síðustu viku að markmiðið væri að koma því svo fyrir að hægt væri að selja orkufyrirtækin til einkaaðila til að geta stundað arðbæran atvinnurekstur á orkufyrirtækjunum.

Ég tel, herra forseti, að draga eigi frumvarpið um skattskyldu orkufyrirtækja til baka, það eigi að stinga því undir stól, það eigi að ljúka því máli um hvernig við framkvæmum, leiðréttum og reynum að bæta þau vitlausu raforkulög sem voru samþykkt á hv. Alþingi og við stöndum frammi fyrir að vita ekki hvernig við ætlum að framkvæma. Við skulum ljúka þeim leik, við skulum bæta fyrir misgjörðir okkar þar en fara ekki að keyra ofan í sama farið með því að skattleggja þá vitleysu sem enn er óunnin og óafgreidd á Alþingi er lýtur að framkvæmd raforkulaganna. Frestum því að ræða um að leggja skatta á orkufyrirtækin sem getur ekki leitt til annars en hækkaðs raforkuverðs.

Það er ágætt að hæstv. iðnaðarráðherra er kominn í salinn. Hæstv. iðnaðarráðherra gæti sagt til um hvað meint er með því að koma til móts við þá sem nú lenda hvað harðast í hækkun á verði rafmagns. Þykir hæstv. iðnaðarráðherra tilhlýðilegt að koma með skattafrumvarp nú, um hvernig eigi að skattleggja orkufyrirtækin, sem hún segist enn vera í vandræðum með? Hún segir að orkufyrirtækin noti tækifærið í ljósi nýrra laga til að skaffa sér auknar tekjur með gjaldskrám, séu að fiska í gruggugu vatni eða noti sér þekkt andrúmsloft í rafmagnsmálum — þetta eru reyndar mín orð — og hækki orkuverðið. Er ekki rétt að ganga frá þeim málum áður en farið er að leggja skatta á þessi fyrirtæki, sem almenningur verður líka að borga?

Mér finnst hæstv. iðnaðarráðherra skulda okkur allmargar skýringar. Ég vildi gjarnan heyra sjónarmið iðnaðarráðherra. Telur hún þetta frumvarp um skattskyldu orkufyrirtækja tímabært eða eigum við að dengja hverri vitleysunni ofan á aðra? Það virðist háttalag hæstv. ráðherra.

Ég vona að hæstv. iðnaðarráðherra svari fyrir það sem er að gerast í orkumálum. Hvað er að gerast í því að bæta hag þeirra sem nú lenda hvað harðast í markaðsvæðingu raforkunnar. Það er of klént að segja bara að komið verði til móts við þá. Það á að eyða muninum sem virðist ætla að verða milli íbúa hinna dreifðu byggða og þéttbýlisins vegna nýrra raforkulaga. Ég vil fá að heyra slíka yfirlýsingu frá hæstv. iðnaðarráðherra en ekki eitthvert kattarklór um að að einhverju leyti verði komið til móts við hækkunina, svona til að hrækja í sárið eins og ég sagði áðan.

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt. Það eru svo mörg óljós atriði í þessu frumvarpi um skattskyldu orkufyrirtækja að það er fullkomlega ótímabært að taka málið á dagskrá.

Ég hef minnst á fyrninguna. Hvaða eignir á að fyrna? Hvernig hafa þessar almenningseignir verið metnar hingað til, sem allt í einu á að reikna til verðs, fyrna og láta almenning aftur greiða fyrir skatt af?

Ég legg til að við reynum að ljúka þeim leik sem hafinn var með setningu nýrra raforkulaga og reynum að sjá til að jöfnuður ríki í landinu hvað varðar aðgengi að slíkri almannaþjónustu. Við skulum fresta því að ræða um skattlagningu á þessi fyrirtæki. Hægjum aðeins á í einkavæðingarfasanum.

Verum minnug þess að meginhluti Evrópuríkjanna, sem áttu að hafa innleitt sömu tilskipun og við höfum verið að fjalla um í raforkumálum, hefur alls ekkert gert það enn. Þau búa þó við aðrar aðstæður og hentugri að því leyti. Við, eylandið, af hverju eigum við hér að ganga á undan öllum öðrum í vitleysunni með því að ímynda okkur að raforkumarkaður á Íslandi geti orðið arðsamur samkeppnisrekstur, sú grunnalmannaþjónusta. Það hefur ekki einu sinni tekist í Evrópu?

Herra forseti. Þetta frumvarp um að leggja skatta á orkufyrirtækin er ótímabært. Ég legg til að verði því vísað til nefndar þá verði það svæft þar.

[15:04]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að taka undir orð síðasta hv. ræðumanns. Ég held að þetta frumvarp sé ótímabært. Frumvarpið er lagt fram meðan óvissuástand ríkir varðandi verðlagningu á orku og ástandið í raforkumálunum, ég vil leyfa mér að segja að þau mál séu í uppnámi. Menn hafa m.a. lýst því, t.d. hæstv. ráðherra iðnaðarmála, að grípa þurfi til ákveðinna aðgerða til að laga umhverfið sem komist hefur á með nýsettum lögum frá því í desember.

Hæstv. forseti. Ég neyðist til að spyrja hæstv. forseta hvort hann álíti að þetta mál sé þingtækt. Þetta mál byggir á

og tekur til laga og lagabálka sem þegar hafa fallið úr gildi. Ég veit ekki til að eftir breytingarnar á skattalögunum í desember sé nokkurt dæmi, inni í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt, um orðið eignarskatt. Það var algjörlega fellt út síðasta desember.

Þetta frumvarp gengur út á að breyta lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Hér eru ýmsar greinargerðir um eignarmat og annað slíkt og þess vegna beini ég eftirfarandi spurningu til hæstv. forseta: Telur hann þetta samrýmast því sem það á að breyta og því lagaumhverfi dagsins í dag? Við breyttum lögum um tekjuskatt og eignarskatt 10. desember og þau heita núna lög um tekjuskatt, hæstv. forseti.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég er að láta athuga hvenær frumvarpið var lagt fram. Mig minnir að það hafi verið lagt fram fyrir jól. Þetta frumvarp er borið fram með þinglegum hætti og forseti lýðveldisins hefur skrifað nafn sitt á frumvarpið. Áður hefur komið fyrir að prentvilla hafi verið í frumvörpum og stundum meira að segja rökleysa. En að gefnu tilefni er ég að athuga hvenær frumvarpið var lagt fram.)

Hæstv. forseti. Á meðan ætla ég að ræða efni frumvarpsins. Ég held að það sem hér um ræðir sé að búa til skattumhverfi þar sem við munum ætlast til þess að orkufyrirtæki greiði tekjuskatta og reyndar eignarskatta, eins og frumvarpið er í pottinn búið, sem hafa þegar verið felldir niður. Þessi umræða bætist við ástand sem nú er uppi, tiltölulega viðkvæmt ástand sem m.a. hæstv. iðnaðarráðherra hefur lýst yfir að þyrfti nauðsynlega að leysa, taka á og lagfæra.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég bið hv. þingmann að afsaka. Þetta frumvarp var lagt fram 23. nóvember.)

En allt að einu, hæstv. forseti, þá er efni frumvarpsins þannig að gjörbreyta þarf því í nefnd. Það þarf að fella út allt sem snýr að eignarsköttum, endurmati á eignum, fyrningum o.s.frv., vegna þess að sá skattstofn er ekki lengur til. Ég hélt að okkur hefði öllum verið það ljóst sem tókum þann slag fyrir áramót. Þetta vildi ég benda á.

Í þessu máli erum við að leggja til skattlagningu á orkufyrirtækin einhvern tíma í framtíðinni. Þau eru sérstaklega skilgreind, þ.e. vinnslufyrirtæki, dreifingarfyrirtæki, flutningsfyrirtæki, sölufyrirtæki og afhendingarfyrirtæki á raforku og heitu vatni. Þetta eru þau fyrirtæki sem í framtíðinni eiga að borga tekjuskatt. Tekjuskatturinn verður sennilega ekki til fyrr en kominn er tekjuafgangur í fyrirtækjunum.

Samkvæmt nýjum raforkulögum eigum við að uppfylla þau ákvæði að fyrirtæki nái á nokkrum árum að greiða eigendum sínum arð. Ef ég man rétt er í raforkulögunum stefnt að því að hugsanlegur arður orkufyrirtækjanna geti orðið allt að 7–8%. Mig minnir að sú tala standi þar. Það kann hins vegar að taka nokkur ár að ná þeirri arðsemi en að því er stefnt.

Það hefur náttúrlega komið í ljós, við breytingu á raforkulögum, að þar er gjaldtakan að hækka. Hún hækkar mismikið og fólki er með því mismunað eftir búsetu og hvers konar orku það notar, í hvers konar húsnæði það býr, hvort það býr á hlýrri stöðum landsins eða köldustu svæðunum, nyrstu svæðunum o.s.frv.

Ég tel að sú útfærsla verði afar óhagstæð fyrir landsbyggðina og geti í mörgum tilfellum ýtt undir það að íbúar landsbyggðarinnar flytji af köldum svæðum, þar sem nota þarf raforku til húshitunar, og inn á svæði með lægra orkugjald og húshitunargjald, hitaveitusvæði, m.a. suðvestanlands. Vissulega er hægt að færa rök fyrir því að eldra fólk fái betri aðgang að sjúkrahúsþjónustu. Hér er stærsta markaðssvæðið og sennilega hagkvæmasta vöruverð á landinu. Fyrir það fólk sem komið er á ellilífeyri hefur búsetan því mikið að segja varðandi afkomu þess í framtíðinni.

Það er geysilega mikilvægt, sem m.a. hæstv. iðnaðarráðherra hefur lýst yfir að þyrfti að taka á, að koma í veg fyrir að orkuverð hækki eins og gerst hefur og virtist koma öllum á óvart miðað við fyrri yfirlýsingar. En látum það liggja milli hluta við þessa umræðu.

Segjum að fyrirtækin færu að skila góðum hagnaði og greiða arð til eigenda sinna á líka að skattleggja þau. Þau eiga einnig að borga skatt til ríkisins. Ég hygg að það sé rétt sem fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar fyrr í dag, að langmestar líkur eru til að hinir venjulegu neytendur í landinu finni helst fyrir hækkandi orkuverði. Hægt er að halda því fram að eftir því sem gjaldtökur á orkufyrirtækin verða meiri, hvort sem er í formi skatta eða kröfu um að orkufyrirtækin skuli skila eigendum sínum arði, þá séum við að leggja álögur á fólkið.

Það er svolítið öfugsnúið, hæstv. forseti, að við höfum nýlega gengið í gegnum skattalagabreytingar sem áttu að lækka skatta fólks. Það tókst að vísu svo óhönduglega til að þá lækkaði mest skattur á hátekjufólki en ekki þeim sem þurftu mest á því að halda. Hér er hins vegar lagt til að auka álögur á sama fólkið með því að landsmenn standi annars vegar undir arðgreiðslu samkvæmt raforkulögunum og hins vegar bætist við skattlagning.

Mér er spurn, hæstv. forseti: Eru þetta ekki ótímabær skref að taka núna? Er ekki rétt að láta líða nokkurn tíma og reyna að ná að komast út úr þeim vandræðagangi sem fylgir raforkulögunum? Þurfum við að bæta þessu við líka? Ég hefði haldið það, virðulegi forseti. Ég hef hins vegar orðið var við að það er sama hvaða skynsamlega frestunartillaga kemur fram, um að menn fái örlítið meiri tíma til að átta sig á afleiðingum verka sinna. Þær eru alltaf felldar vegna þess að stjórnarforustan gengur fram í misskildum metnaði verka sinna, sem eru sum hver ekki nógu vel úr garði gerð. Hún fæst ekki til að víkja af rangri leið sé henni bent á að æskilegt sé að fresta einhverjum ákvörðunum, að átta sig á hvaða afleiðingar lögin geta haft. Nei, þeir æða út í ána og bíða eftir því að í henni vaxi. Það er að gerast í raforkumálunum. Menn standa þar upp í klof og ætli hæstv. iðnaðarráðherra þurfi ekki bráðum í flotgalla. Við viljum að hún haldi lífi, ekki vil ég henni neitt annað.

En svona eru þessi verk, hæstv. forseti. Það er fullt tilefni til að leyfa þessu máli að liggja, fyrir utan það að það er sett fram í samhengi við lög sem þegar er búið að fella úr gildi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 1. umr.

Stjfrv., 396. mál (skattskylda orkufyrirtækja, breyting ýmissa laga). — Þskj. 503.

[15:16]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á ýmsum lögum á orkusviði, sem er 396. mál þingsins.

Frumvarp þetta fylgir í kjölfar frumvarps hæstv. fjármálaráðherra sem var til 1. umr. á hinu háa Alþingi fyrr í dag.

Í frumvarpinu um skattskyldu orkufyrirtækja er gert ráð fyrir að orkufyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem stunda vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni, verði skattskyld frá og með 1. janúar 2006. Tilgangur þess frumvarps sem ég mæli hér fyrir er að afnema öll sérákvæði af skattalegum toga á sviði raforkumála. Þær skattalegu ívilnanir sem nú gilda á orkusviði munu því heyra sögunni til. Slíkt er nauðsynlegt og eðlilegt þar sem nú hefur með setningu raforkulaga verið komið á samkeppni í raforkusölu og -vinnslu. Í frumvarpinu eru því felld brott sérákvæði um skattundanþágur sem finna má í orkulögum nr. 58/1967, lögum um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 10/2001, lögum um stofnun hlutafélags um Norðurorku, nr. 159/2002, lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001, lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 139/2001, lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, og lögum um raforkuver, nr. 60/1981. Í frumvarpinu felst að undanþága framangreindra fyrirtækja frá greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarfélaga fellur niður, þar með talin greiðsla stimpilgjalds.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja nánar efni frumvarpsins og vænti þess að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnaðarnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkamálalög og þjóðlendulög, 3. umr.

Stjfrv., 190. mál (gjafsókn). — Þskj. 190, brtt. 756.

[15:19]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögu við það mál sem hér er á dagskrá, frumvarp til laga um breyting á einkamálalögum og þjóðlendulögum, sem fjallar um gjafsókn.

Við 1. og reyndar 2. umr. var tekist talsvert á um þær hugmyndir hæstv. dómsmálaráðherra að fella niður í gildandi lögum þá möguleika sem fólgnir eru í b-lið 126. gr. núgildandi laga og um það hefur staðið nokkur deila milli okkar stjórnarandstæðinga og hæstv. ráðherra. Í ræðu minni við 2. umr. hvatti ég til þess að hv. þingmenn stjórnarflokkanna læsu málið yfir og reyndu að gera sér grein fyrir hvað hér er verið að gera, því með því að fella niður b-liðinn er verið að þrengja verulega rétt fólks til að eiga möguleika á gjafsókn. Því það sem þingmenn fögnuðu á sínum tíma þegar þetta ákvæði var leitt í lög og þingmenn voru sammála um að væri veruleg réttarbót, á núna þegjandi og hljóðalaust að fella út úr lögunum. Ég hef beðið lögfræðinga nefndasviðs að fara yfir þetta mál fyrir mig til þess að við fengjum vitneskju um hvernig þessu er háttað annars staðar á Norðurlöndum og það virðist vera eftir nokkra skoðun lögfræðinga nefndasviðsins að með því að þrengja 126. gr. niður í a-liðinn eingöngu séum við að gera löggjöf okkar talsvert þrengri en hún er annars staðar á Norðurlöndum, en með því að hafa b-liðinn inni sé hún að hluta til orðin jafnvel víðari en hún er þar. Engu að síður er afar erfitt að bera þetta saman svo vel sé á skömmum tíma en þó er ljóst að ef b-liðurinn verður felldur niður erum við að ganga talsvert lengra en löggjöf nágrannalanda okkar gengur.

Við höfum líka fregnað það í umfjöllun allsherjarnefndar um málið að í Danmörku sé sá háttur hafður á að einstaklingar geti fengið gjafsókn ef þeir vilja fara með mál fyrir Mannréttindadómstólinn og þá þurfi það ekki að vera af fjárhagsástæðum.

Breytingartillagan er flutt af mér og hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar í allsherjarnefndinni. Þar eru hv. þingmenn Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Sigurjón Þórðarson og Guðrún Ögmundsdóttir. Við erum öll sammála um að það sé veruleg skerðing í gangi og við höfum lýst því svo að hér sé um skerðingu á mannréttindum að ræða og höfum þess vegna mótmælt breytingunni mjög harkalega.

Við leggjum til með breytingartillögunni að b-liðurinn verði færður aftur inn í frumvarpið. Við ætlum að reyna að freista þess að hv. þingmenn stjórnarflokkanna átti sig á því að hér sé um að ræða mál af þeim toga að það eigi eftir að koma í bakið á okkur áður en langt um líður ef við förum út í þá gerræðislegu breytingu sem hér er lögð til.

Við gefum því hv. þingmönnum stjórnarliðsins tækifæri til að greiða atkvæði um þessa tillögu. Ég treysti því að menn kynni sér málið vel og ofan í kjölinn því að ég trúi ekki öðru en að réttsýnir einstaklingar og réttsýnir þingmenn sjái hvað verið er að reyna að gera og leggi sig fram um að afstýra því slysi.

[15:23]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Í umfjöllun um málið hafa stór orð verið látin falla um að með þeirri breytingu sem lögð er til sé verið að ganga á mannréttindi tiltekinna einstaklinga í þjóðfélaginu.

Ég lít þannig á að svo sé ekki, því við skulum skoða hvaða meginsjónarmið búa að baki hugmyndum um að veita gjafsóknir í málarekstri. Þær snúa að því að tryggja að fólk sem hefur lítið fé á milli handanna eigi rétt og kost á því að sækja rétt sinn fyrir dómstólum telji það að á honum sé brotið, burt séð frá efnahag. Það frumvarp sem nú er til umræðu breytir engu um þá meginreglu. Það tryggir eftir sem áður að hinir efnaminni geti leitað réttar síns telji þeir að á honum sé brotið og geti treyst því að ríkisvaldið, við skattgreiðendur berum þann kostnað sem til fellur vegna þeirra mála sem höfðuð eru að uppfylltum þeim skilyrðum

að þeir tilteknu einstaklingar hafi tekjur undir ákveðnu lágmarki.

Ég hefði haldið að stjórnarandstöðuþingmenn sem gagnrýna þetta mál hefðu frekar beint sjónum sínum að þeim fjárhæðum sem miðað er við að séu skilyrði gjafsóknar, en ekki það atriði sem hér hefur fyrst og fremst verið til umfjöllunar, þ.e. að í lögunum séu heimildir fyrir einstaklinga sem hugsanlega eru fjárhagslega vel sterkir til að höfða mál á kostnað ríkisins til þess að ná fram þeim réttindum sem þeir telja að á sér sé brotið.

Það er algjört lykilatriði í umræðunni og verður að vera útgangspunkturinn að eftir breytinguna standa hinir efnaminni jafnsterkum stoðum gagnvart rétti sínum og þeim möguleika á að leita réttar síns fyrir dómstólum og áður. Það er ekki verið að skerða rétt hinna efnaminni til þess að höfða skaðabótamál, hvort sem það er gegn ríkinu eða öðrum aðilum, hafi þeir orðið fyrir tjóni. Það er ekki verið að skerða rétt þeirra sem telja að á rétti sínum sé brotið vegna þess að stjórnvöld hagi málum sínum, t.d. í umhverfismálum — sem ég veit að eru hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur mjög hugleikin — fyrir dómstólum.

Við gerum það að skilyrði að gjafsókn sé einungis veitt þeim sem hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að reka mál sín sjálfir og þetta er algert lykilatriði. Ég tel að umræðan hafi verið á töluverðum villigötum, bæði í þingsal og sömuleiðis í allsherjarnefnd þar sem gefið hefur verið í skyn að verið sé að brjóta mannréttindi á þessum hópum. Svo er ekki. Við vitum að fulltrúar bæði dómsmálaráðuneytisins og nefndarmenn gjafsóknanefndar sem veita gjafsóknir, að undangengnum beiðnum þar um, hafa upplýst okkur um að langflestar gjafsóknir sem veittar eru séu veittar til þeirra efnaminni.

Ef ég man rétt er í kringum 85% af þeim gjafsóknum sem veittar eru veittar vegna þess að umsækjendur eru og teljast ekki vera fjárhagslega í stakk búnir til þess að leita réttar síns fyrir dómstólum. Ég ítreka enn og aftur að á rétti þessa fólks er ekki brotið og er hann er ekki skertur með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.

Ég vildi, herra forseti, í þessari ræðu ítreka þetta meginsjónarmið í tengslum við málið og ég vil að sama skapi benda á og ítreka það sem ég sagði í upphafi, að þegar menn fjalla um gjafsókn verða þeir að huga að þeim grundvallarsjónarmiðum sem liggja þar að baki, þ.e. að tryggja að hinir efnaminni geti leitað réttar síns þrátt fyrir að vera ekki í stakk búnir undir það fjárhagslega þannig að ríkisvaldið og skattgreiðendur beri kostnaðinn sem af slíkri málssókn hlýst.

Herra forseti. Réttur hinna efnaminni til að leita réttar síns er ekki fyrir borð borinn með frumvarpinu. Hann er eftir sem áður jafnsterkur, en ég ítreka að við þurfum að hafa í huga og fylgjast náttúrlega með því hvort rétt sé í framtíðinni með hliðsjón af þeim breytingum sem eiga sér stað í efnahagslífinu, kaupmætti og öðru að hafa þær fjárhæðir sem lagðar eru til grundvallar við veitingu gjafsóknar til sífelldrar endurskoðunar. Ég veit að stjórnvöld eru tilbúin til þess að fylgjast með þeirri þróun í framtíðinni.

[15:29]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þingmaður heldur fram að það er ekki verið að skerða í neinu rétt þeirra efnaminni að þessu leyti enda stendur deilan ekki um það. Hún stendur um hin málin sem eru örfá á hverju ári þar sem — og ég vil undirstrika það — að málin þurfa alltaf að vera þess eðlis að þau gefi tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar. Þess er alltaf gætt og um það hefur ekki verið deila. Gjafsóknanefnd hefur farið varlega með þessa heimild sína enda hafa, eins og ég segi, komið til fá mál að þessu leytinu. En hvers konar mál eru það? Það eru t.d. mál þar sem ríkið þarf að stefna einstaklingum, segjum að skattyfirvöld þurfi að stefna einum einstaklingi, taka hann út úr stórum hópi til þess að fá fordæmisgefandi dóm. Þessi mál mundu falla niður ef viðkomandi gæti ekki sótt um gjafsókn á grundvelli fjárhagserfiðleika. Þá gæti hann ekki fengið gjafsóknina.

Sömuleiðis eru þetta t.d. skaðabótamál þar sem verið er að reyna að heimta bætur fyrir varanlega örorku þegar örorka er mikil, mál þar sem aflahæfi fólks er skert og þá þarf að fara í skaðabótamál við ríkið, þar sem tekist er á um sök. Þetta gera verið lóðamál. Þetta geta verið sveitarstjórnarmál ýmiss konar og svo mál sem lúta að úrskurðum ráðherra. Þegar svo virðist vera að hæstv. dómsmálaráðherra sé að skjóta sér og sínum samráðherrum í skjól undan þeirri ábyrgð sem eðlilegt er að þeir sæti þá finnst manni eðlilegt að varnaðarbjöllur hringi. Í allsherjarnefndinni hafa verið tekin sem dæmi mál sem höfðuð hafa verið vegna rangra úrskurða eða ósanngjarnra úrskurða ráðherra. Mér finnst eðlilegt að í lögum sé möguleiki hjá fólki að sækja um gjafsókn ef það ætlar að lögsækja eða fá úrskurð fyrir dómstólum hvort ráðherrar hafa kveðið upp lögmæta úrskurði eða ekki.

[15:31]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vék að því í sínu andsvari að tiltekin mál, verði þetta frumvarp að lögum, geti einstaklingar ekki sótt á grundvelli þeirra ákvæða sem gjafsóknarákvæði einkamálalaganna fjalla um verði þau að lögum. Hún nefndi sem dæmi skattamál þar sem fengin er fordæmisgefandi niðurstaða varðandi tiltekinn hóp manna, skaðabótamál við ríkið vegna varanlegrar örorku, lóðamál og úrskurði ráðherra.

Ég held að hér gæti ákveðins misskilnings. Frumvarpið sem við erum að fjalla hér um skerðir ekki rétt manna til þess að leita sér gjafsóknar eða gjafvarnar hvort sem það er í skattamálum eða skaðabótamálum við ríkið. Það er bara einfaldlega þannig að menn geta gert það svo lengi sem þeir eru undir ákveðnum tekjumörkum. Það er alveg ljóst.

Maður hlýtur að spyrja sig. Er eðlilegt að ríkisvaldið greiði málskostnað manna sem ástæða þykir til að sé stefnt fyrir dómstól, að ríkið standi undir kostnaði við það burt séð frá þeirra tekjum? Er eðlilegt að menn sem hafa haft tiltölulega mikið fé á milli handanna eða verið í hálaunastöðu hjá ríkinu — ég get nefnt sem dæmi frægt dómsmál sem höfðað hefur verið vegna virkjanaframkvæmda fyrir austan — er eðlilegt að ríkið standi undir kostnaði vegna málsókn-

ar fyrrverandi ráðherra á hendur stjórnvöldum? Ég tel svo ekki vera. Telji menn að á rétti sínum sé brotið þá eiga þeir að bera þann kostnað sem hlýst af slíkri málsókn en ekki velta því yfir á ríkisvaldið nema þeir séu svo illa fjárhagslega settir að þeir geti það ekki.

[15:34]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók hérna sem dæmi mál sem falla niður eða eiga ekki lengur möguleika á gjafsókn ef við breytum lögunum eins og hæstv. dómsmálaráðherra leggur til. Það sem ég hef fyrir mér í því er grein sem Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður skrifaði í tímaritsgrein, í Úlfljót árið 1994, eftir að hafa starfað í gjafsóknarnefnd þá um nokkurt skeið. Málin sem tekin eru sem dæmi í málflutningi mínum í þessari umræðu eru tekin beint upp úr þeirri tímaritsgrein og Lögmannafélagið vitnar í þá tímaritsgrein í umsögn sinni til allsherjarnefndar. Ég tel því mig hafa fullgild rök fyrir því að hér sé verið að fella niður heimild gjafsóknar í málum sem hafi verulega almenna þýðingu, þ.e. málum sem ekki varða einstaklinginn heldur þeim sem hafa verulega almenna þýðingu.

[15:35]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrra andsvari sínu hélt hv. þingmaður því fram að með þeirri breytingu sem hér er verið að leggja til sé verið að koma í veg fyrir að menn geti leitað réttar síns fyrir dómi í tilteknum málum og hv. þingmaður tiltók þau mál, t.d. skaðabótamál gegn ríkinu. Ekkert í þessu frumvarpi kemur í veg fyrir að menn geti leitað réttar síns vegna t.d. læknamistaka og þeirrar varanlegu örorku sem hlýst af slíkum mistökum verði þau sönnuð, þar sem tekist er á um sök. Þetta snýst bara um það hvort ríkið eigi að bera þann kostnað eða ekki og við sem stöndum að stjórnarmeirihlutanum erum þeirrar skoðunar að rétt sé að rétta þeim hjálparhönd sem þurfa á hjálpinni að halda vegna fjárskorts en ekki öðrum, ekki þeim sem hafa nægilegt fé á milli handanna til þess að standa straum af málsókn. Það er einfaldlega ekki sanngjarnt og eðlilegt gagnvart skattgreiðendum að hálaunamenn t.d., milljarðamennirnir sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tala hér margoft um í öðru samhengi, séu á ríkisspenanum varðandi málskostnað í dómsmálum.

[15:36]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ákveðins misskilnings gæti hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni þegar hann talar um að hugmyndafræðin bak við gjafsókn sé eingöngu fjárhagslegs eðlis. Hann talar um að það sé einungis réttlætanlegt að veita gjafsókn í þeim tilvikum þegar um er að ræða efnaminni einstaklinga eins og hann sagði. Ef hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er þeirrar skoðunar þá hlýtur hann að fella 4. gr. þessa frumvarps sem lýtur einmitt að því að veita gjafsókn í þjóðlendumálunum burt séð frá efnahag. Þá hlýtur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson einnig að beita sér fyrir breytingu á sifjalögum og öðrum lagabálkum þar sem lögbundna gjafsókn er að finna burt séð frá efnahag, þ.e. ef þetta er hans skoðun. Það væri ágætt að fá í hans svari skýringar á því og fyrirrætlanir um þær lagabreytingar miðað við það sem hann sagði áðan.

Síðan langaði mig að koma inn á annað atriði. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson talar um að réttur hinna efnaminni sé ekki skertur með þessu frumvarpi. Hann er skertur með þessu frumvarpi því núna verður í einkamálalögunum eingöngu hægt að miða við fjárhagslega stöðu. Hver er sú fjárhagslega staða? Hún er um 79 þús. kr. á mánuði. Það má alveg með góðum rökum segja að fólk sem er yfir því marki, t.d. með 80 þús. kr. á mánuði, hafi ekki þann rétt lengur ef þetta frumvarp nær fram að ganga því það er þá orðið efnasterkt fólk. Ég held því að það að afnema þennan svokallaða b-lið, sem hefur almenna þýðingu og náði til allra burt séð frá efnahag, muni einnig koma niður á því fólki sem hefur lágar tekjur en er hins vegar yfir þessum mörkum, 79 þús. kr. Allir vita að 79 þús. kr. á mánuði eru ekki háar tekjur. Fólk með tekjur á bilinu 80–120 þús. kr. er lágtekjufólk en það mun ekki hafa þá sama aðgang að gjafsókn og þar af leiðandi ekki sama aðgang að dómskerfinu. Það væri ágætt að fá skýrari svör um þessi tvö atriði hjá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni á eftir.

[15:38]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrir að vekja athygli á því að í löggjöfinni eru ýmis ákvæði sem kveða á um að málsaðilum í tilteknum málum skuli veitt gjafsókn. Svo er t.d. á sviði sifjaréttarins í faðernisviðurkenningarmálum og öðrum slíkum málum, forsjármálum, ef ég man rétt.

Ég hef ekki í hyggju að ganga á rétt þeirra sem hafa þann rétt í lögum að njóta gjafsóknar vegna slíkra mála. Ég hef engin áform uppi um slíkt. Ég vil benda á að frumvarpið sem hér er til umfjöllunar breytir engu um réttarstöðu þessa fólks. Lögbundin gjafsókn þessara þjóðfélagshópa stendur eftir sem áður og mun gera það.

Ég hef heldur engin áform um að beita mér fyrir því að 4. gr. þessara laga verði felld. Ég er sammála rökstuðningnum sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Jafnræðisrök liggja þar að baki varðandi þau mál sem sú frumvarpsgrein byggir á. Ég get því ekki upplýst hv. þm. um neinar frekari breytingar sem ég hyggst beita mér fyrir.

Ég bendi hins vegar á og ítreka, af því að hv. þingmaður vék að því, að grundvallarhugmyndin að baki því að veitt sé gjafsókn til einstaklinga í þjóðfélaginu sem höfða mál vegna þess að þeir telja að á sér sé brotinn réttur er sú, hvað sem hv. þingmaður segir, að tryggja að þeir sem eru ekki fjárhagslega í stakk búnir til þess að höfða mál geti gert það og á kostnað ríkisins.

Eins og ég sagði áðan þá er kannski rétt að hafa þessa fjárhæð til stöðugrar endurskoðunar.

[15:41]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson talar um að hann hafi ekki í hyggju að hrófla við gjafsóknarheimildum í öðrum lögum. Ég tel að hann sé ekki samkvæmur sjálfum sér hvað þetta varðar. Hann telur að eina réttlætingin fyrir gjafsókn sé það bág fjárhagsleg staða að

hún eigi eingöngu við í þeim tilvikum þegar um er að ræða einstakling með lægri tekjur en 79 þús. kr. á mánuði. Hv. þingmaður sagði að hann vilji ekki hrófla við þessum heimildum. En hann er að gera það hressilega með því að styðja frumvarpið sem hér er um að ræða því hann er að afnema þessa almennu heimild sem varðar mál sem hafa verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda. Þetta er alveg meiri háttar skerðing í gríðarlega mikilvægum málaflokkum, einmitt í þeim málum sem iðulega eru höfðuð á hendur ríkisvaldinu sjálfu. Síðan er þetta réttlætt með sparnaði sem er sáralítill í ljósi heildarkostnaðar. Það væri gaman að fá í seinna svari hv. þingmanns frekari svör um það af hverju hann ætlar ekki að hrófla (Forseti hringir.) við öðrum gjafsóknarheimildum fyrst hann leggst svo lágt að hrófla við meginhlið einkamálalaga hvað það varðar.

[15:42]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hv. þingmaður hlustaði á ræðu mína. Ég fór yfir það í þeirri ræðu að meginþorri, langflest málin þar sem veitt er gjafsókn eru tilkomin vegna þess að þeir sem um slíka gjafsókn sækja eru illa fjárhagslega staddir. Í miklum minni hluta mála er veitt gjafsókn vegna þess almenna ákvæðis sem hv. þingmaður vék að. Það er fáránlegt að segja að hér sé á ferðinni meiri háttar skerðing þegar gjafsókn er veitt af fjárhagsástæðum í meginþorra mála.

Svo virðist hv. þingmaður heldur ekki hafa hlustað á mig þegar ég sagði að við ættum að hafa þessar fjárhæðir, þennan 79 þús. kall á mánuði, til endurskoðunar. Ég lýsti mig reiðubúinn til þess að endurskoða þá fjárhæð. Ég er ekkert bundinn við þá fjárhæð, alls ekki. Hér er því verið að snúa út úr með furðulegum hætti.

[15:43]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að málflutningur hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar hafi verið villandi, þ.e. þegar hann talar um að áfram verði heimild fyrir efnaminni einstaklinga til að fá gjafsókn. Ég get verið alveg sammála hv. þingmanni um að ekki eigi að veita efnamönnum gjafsókn. Þetta mál snýst ekki um það.

En hvar eru mörkin dregin? Hann á væntanlega við að þeir sem ekki fái gjafsókn séu efnameiri. Nú eru mörkin um efnaminni einstaklinga dregin við 10% framteljenda. Þá er hv. þingmaður að segja að 90% framteljenda séu svokallað efnameira fólk. Ég get ekki fallist á það. Ég trúi því heldur ekki að hv. þingmaður sé tilbúinn að skilgreina 90% einstaklinga, framteljenda á Íslandi, sem efnameiri. Við eigum að reyna að temja okkur að tala skýrt. Í rauninni verður einungis gjafsókn í boði áfram fyrir þá bláfátæku.

Hvað varðar þann sparnað sem talað er um þá er verið að skerða almenn réttindi borgaranna í landinu til að sækja rétt sinn gagnvart stjórnvöldum. Og hvað er verið að spara háa upphæð? Það er verið að spara lægri upphæð en sem svarar til einnar þeirrar sendiherrastöðu sem ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins býr til á færibandi.

[15:45]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki get ég tekið undir það að málflutningur minn í þessu máli sé villandi, hann er alveg skýr. Það er alveg á tæru hvað ég á við í málflutningi mínum og alveg ljóst hvaða forsendur liggja að baki þessu frumvarpi. Við sjálfstæðismenn höfum verið þeirrar skoðunar að rétt sé að hjálpa þeim sem eru hjálparþurfi, hvort sem það er í félagslega kerfinu, heilbrigðiskerfinu eða á þessu sviði og við það stöndum við. Þetta frumvarp breytir því ekki. Verið er að tryggja að efnaminna fólk geti leitað réttar síns fyrir dómstólum á kostnað ríkisins telji það fólk að á sér sé brotinn réttur. Það er alveg ljóst.

Það er rétt sem hv. þingmaður nefnir að það er skilgreiningaratriði hvaða þjóðfélagshópar teljist til þess hóps að vera efnaminni. Ef hv. þingmaður hefur hlustað á mig þá sagði ég í ræðu minni áðan að það mat ætti að lúta reglulegri endurskoðun. Ég er ekkert viss um að 79 þús. kr. tekjumarkið á mánuði sé alfa og omega þess mælikvarða, alls ekki. Ég tel að við eigum að hafa þau viðmið til endurskoðunar og endurskoða þau reglulega.

Ég vil síðan mótmæla því sem hv. þingmaður sagði að með frumvarpinu sé verið að skerða rétt manna til að leita réttar síns fyrir dómstólum. Það er ekki verið að gera það. Hvort sem þetta frumvarp verður að lögum eða ekki hafa menn til að mynda stjórnarskrárbundinn rétt til að leita réttar síns fyrir dómstólum hvort sem það er gert gagnvart ríkinu, einstaklingum, fyrirtækjum eða hverjum öðrum aðila sem er. Við erum bara að leggja það til að ríkið greiði málskostnað þeirra efnaminni en ekki annarra.

[15:47]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona þá að við getum orðið sammála um þann skilning á frumvarpinu að eins og reglurnar eru er verið að skerða réttindi 90% Íslendinga til að sækja rétt á kostnað ríkisvaldsins sem varðar almennar reglur. Ég vona að ég sé ekki að snúa út úr og þetta sé einmitt kjarni málsins.

[15:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég lét þess getið þegar við greiddum atkvæði um þetta mál við 2. umr. að ég liti svo á að verið væri að fella niður úr lögunum rétt sem ég teldi að þar hefði átt að vera, þ.e. b-liðinn í 126. gr. laganna, en jafnframt væri efnislega verið að lögfesta þann lið í þjóðlendulögunum, þ.e. að sá liður sem felldur væri niður í lögunum væri efnislega, þótt hann sé ekki alveg nákvæmlega eins orðaður, færður inn í þjóðlendulögin og þar með er búið að láta þá sem þau lög snúa að, þ.e. þá sem eiga eignarheimild á landi, ekki bara bændur heldur þá sem eiga land, hafa þann rétt sem var verið að fella út úr annarri lagagrein. Ég get ekki séð, virðulegi forseti, þó að þetta sé ekki nákvæmlega eins orðað — og þarf ég nú að bregða mér úr ræðustól, hæstv. forseti, og ná í breytingartillöguna.

Hér er komin fram breytingartillaga sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerði grein fyrir áðan og þingmenn stjórnarandstöðunnar í allsherjarnefnd flytja um að lögfesta

aftur b-liðinn sem þetta frumvarp gengur út á að fella niður, en hann er svo, með leyfi forseta:

„að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda."

Í þeirri lagabreytingu sem er ætlað að fara inn í þjóðlendulögin og breyta 19. gr. hennar, er þetta orðað svo:

„a. verulega almenna þýðingu eða" — þá minni ég á að í b-liðnum stóð „hafi verulega almenna þýðingu" — og hins vegar í b-lið þjóðlendulagabreytingarinnar „varðar verulega miklu um hagsmuni umsækjanda og kostnaður af gæslu hagsmuna hans í málinu hefur fyrirsjáanlega mjög veruleg áhrif á efnahag hans."

Þá kemur síðari málsliðurinn og hann er svo í breytingartillögunni:

„varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda."

Þetta er að vísu aðeins öðruvísi orðað, hæstv. forseti, en mér sýnist þegar þessir textar eru skoðaðir þá sé efnislega verið að setja í þjóðlendulögin sama ákvæðið og við erum að fella niður í 126. gr., ég fæ ekki annað séð. Mér finnst það dálítið skondið, hæstv. forseti, ef hægt er að orða það svo — kannski ætti að orða það svo að það sé frekar snúið að við séum að fella niður réttindi almennings í ákvæðinni lagagrein sem varðar réttindi almennings til að gæta réttar síns og hafa skoðun á því hvaða réttarvernd og réttaröryggi þeir vilji nýta sér í lögunum með því að geta sótt um gjafsókn í málum, verið sé að fella það niður, en á hinn bóginn sé verið að lögfesta það fyrir annan hóp manna, í þessu tilfelli landeigendur í heilu lagi, skiptir ekki máli hvort þar er um bændur eða aðra aðila að ræða.

Getur verið að þetta samræmist alveg jafnræðisreglu, að við séum að gera alla þegna landsins jafna með þessum hætti?

Því hefur verið haldið fram um breytinguna á þjóðlendulögunum að eðlilegt væri að tryggja að í öllu ferli sem þar færi fram og mundi fylgja málaferlum og ágreiningi út af þjóðlendulögunum, að þar sætu allir við sama borð frá upphafi til enda. Ég held að betur hefði farið á því að þessi breyting sem gerð er á 126. gr. hefði ekki verið gerð. Þess vegna styð ég breytingartillögu stjórnarandstöðunnar sem hér hefur verið kynnt og held að hún eigi fullan rétt á sér því að ég tel að í raun og veru sé verið að taka upp misræmi með þeirri lagabreytingu sem við erum hér að ræða og stjórnarmeirihlutinn hyggst festa í lög.

Í greinargerð segir um 2. gr., með leyfi forseta:

„Má sem dæmi nefna ef málstilefnið er hæpið og engar eða mjög litlar líkur eru á að kröfur umsækjanda verði dæmdar honum í hag, málshöfðun er ónauðsynleg eða ótímabær, óverulegir hagsmunir eru í húfi, mál varðar viðskipti er tengjast verulega atvinnustarfsemi einstaklings ..."

Nú er það svo, virðulegur forseti, að einstaklingi getur fundist verulega á sér réttur brotinn, verið sé að mismuna honum allverulega og brjóta á honum rétt, þó svo að mönnum úti í bæ, þó að í nefndarstarfi, finnist það ekki. Leyfist mér að nefna dæmi, hæstv. forseti.

Trillukarl í Hafnarfirði var sviptur veiðileyfi í þrjár vikur fyrir að veiða 12 kíló af karfa. Ég held að ekki fari á milli mála að trillukarlinum hérna um árið hafi þótt þetta afar ósanngjörn niðurstaða og ekki síst þegar litið er til nútímaframkvæmdar á lögum um stjórn fiskveiða sem viðgengist hefur í nokkur ár, þar sem skipi sem stundar flottrollsveiðar á kolmunna og síld er leyfilegt að landa tugum tonna af fisktegundum utan kvóta án þess að vera svipt veiðileyfi, en sú staða hefur komið upp á síðustu árum.

Trillukarlinn í Hafnarfirði hafði kannski þokkaleg laun auk þess sem þetta sem upp á bar tengdist atvinnu hans. Samkvæmt breytingu á lögunum, ef hann vildi leita réttar síns þá gætu það vissulega orðið talsverð málaferli að fara í mál við framkvæmd Fiskistofu á lögunum um stjórn fiskveiða, að ganga í gegnum það eins og menn þekkja, þau mál hafa iðulega þurft að ganga til Hæstaréttar og jafnvel verið vísað til Mannréttindadómstólsins eins og menn vita. En eins og greinin er orðuð núna og miðað við þær skýringar sem fylgja get ég ekki séð að trillukarlinum hefði verið tryggt það að hann hefði getað leitað réttar síns nema að greiða það allt úr eigin vasa, þó svo að hann hefði getað nefnt dæmi um aðra framkvæmd á öðrum mönnum á öðrum skipum en undir sömu lögum.

Ég tek þetta hérna sem dæmi til að skýra það að réttlæti og réttlætistilfinning einstaklings þarf ekki að vera sú sama og nefndar úti í bæ sem leggur allt annað mat á málið, jafnvel þó að viðkomandi einstaklingur hafi tekjur yfir 100 þús. kr. á mánuði að meðaltali og teljist þar af leiðandi samkvæmt almennri skilgreiningu hafa framfæri.

Ég vildi draga þetta fram, virðulegi forseti, og tel eðlilegt að menn skoði þetta mál upp á nýtt áður en það væri tekið hér til endanlegrar afgreiðslu með það að markmiði að taka upp efnislega það sem lagt er til í breytingartillögu stjórnarandstöðunnar.

[15:58]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur orðið um þessa breytingartillögu stjórnarandstöðunnar í allsherjarnefnd og vil einungis bæta við einu atriði. Í umræðunni var getið um þessi tekjumörk sem um ræðir í þeim tilfellum sem einstaklingum er veitt gjafsókn á grundvelli efnahags. Fram hefur komið í umræðunni, eins og hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson gat um, að tekjuviðmiðið væri 79 þús. kr. á mánuði. Það er auðvitað rétt þegar horft er til skattleysismarka og þeirra þátta sem formlega liggja á borðinu. Það kom hins vegar fram í máli gjafsóknarnefndarmanna að gjafsóknarnefndin liti þetta svo rýmilega að sett hefði verið niður viðmiðið 1.100 þús. kr. í tekjumark gjafsóknar.

Ég óskaði eftir því að kannað yrði með hvaða hætti þetta væri annars staðar á Norðurlöndunum og nú hafa mér borist upplýsingar um það frá lögfræðingum nefndasviðs Alþingis. Löggjöfin er ekki sambærileg í sjálfu sér að neinu leyti þannig að það er erfitt að bera a-liðinn og b-liðinn saman við löggjöf Norðurlandanna. Þó kemur í ljós við skoðun að tekjuviðmiðin sem frændur okkar á Norðurlöndum vinna eftir eru talsvert önnur en hér. Þannig er tekjuviðmiðið í Danmörku 236 þús. danskar kr. á ári sem er u.þ.b. 2,5 millj. íslenskar kr. Það er talsvert hærra mark en við þurfum að vinna með hér á Íslandi. Norðmenn hafa tekjuviðmið sem er svipað og hjá Dönunum, þ.e. 230 þús. norskar kr. sem nemur 2,3 millj. íslenskra kr. í árstekjur. Norðmenn eru

reyndar með eignamörk líka þannig að þeir einstaklingar sem eiga eignir sem nema 100 þús. norskum krónum, sem er u.þ.b. 1 millj. íslenskra kr., eru taldir í þessu tilliti eignalitlir.

Svíþjóð virðist hafa svipuð tekjuviðmið og Danmörk þannig að hvað varðar a-liðinn erum við að horfa til miklu rýmri heimilda sem gjafsóknarnefndir nágrannalandanna okkar hafa en gjafsóknarnefndin okkar hér.

Þetta vildi ég að kæmi inn í þessa umræðu úr því að ég fékk þessar upplýsingar þótt seint væri þannig að fólk gæti þá haft það svona í framtíðartilvitnunum í þessa umræðu að það hafi komið fram hversu illa við stöndum að þessum málum hvað varðar hina efnaminni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:00]

Útbýting:

Almannatryggingar, 494. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 755.

Atvinnubrestur á Stöðvarfirði, 496. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 758.

Ábyrgðasjóður launa, 501. mál, fsp. HjS, þskj. 763.

Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara, 497. mál, fsp. HHj og MÁ, þskj. 759.

Fræðsla um samkynhneigð, 500. mál, fsp. KJúl og ÁÓÁ, þskj. 762.

Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, 499. mál, fsp. MÞH, þskj. 761.

Skuldir eftir aldri, 498. mál, fsp. HHj, þskj. 760.

Vinna útlendinga, 502. mál, fsp. JóhS, þskj. 764.

Þriðja kynslóð farsíma, 3. umr.

Stjfrv., 160. mál. — Þskj. 160.

Enginn tók til máls

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:02.

67. FUNDUR

mánudaginn 7. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Skattskylda orkufyrirtækja, stjfrv., 364. mál, þskj. 419. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 396. mál, þskj. 503. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Einkamálalög og þjóðlendulög, stjfrv., 190. mál, þskj. 190, brtt. 756. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Þriðja kynslóð farsíma, stjfrv., 160. mál, þskj. 160. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Helgidagafriður, stjfrv., 481. mál, þskj. 735. — 1. umr.
7. Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns og sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, stjfrv., 484. mál, þskj. 740. — 1. umr.
8. Fjarsala á fjármálaþjónustu, stjfrv., 482. mál, þskj. 736. — 1. umr.
9. Tollalög, stjfrv., 493. mál, þskj. 753. — 1. umr.
10. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, stjfrv., 495. mál, þskj. 757. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Masako Suzuki.

[15:02]

Útbýting:

Jafnréttisáætlun og skipan í stöður, 288. mál, svar landbrh., þskj. 765.

Sala kristfjárjarðarinnar Utanverðuness, 504. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 768.

Úttektir á ríkisstofnunum, 304. mál, svar forsrh., þskj. 746.

Verðbréfaviðskipti, 503. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 767.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Vörumerkið Iceland.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér leikur hugur á að inna hæstv. starfandi utanríkisráðherra eftir því hver verði viðbrögð íslenskra stjórnvalda varðandi umsókn fyrirtækisins Iceland Food í Bretlandi um vörumerkið Ísland. Þetta fyrirtæki hefur sent inn umsókn, fyrst hjá bresku einkaleyfastofunni og síðan þeirri evrópsku, sækir um að færa mjög út kvíarnar undir þessu vörumerki og taka inn eina sjö vöruflokka til viðbótar þeim sem fyrirtækið hefur þegar skráð tengt nafni sínu og einnig þjónustustarfsemi. Frestur til að andmæla með formlegum hætti af hálfu Íslands rennur út síðar í þessum mánuði og ég spyr hvort ekki sé öruggt að íslensk stjórnvöld muni andmæla því mjög harðlega að eitt erlent fyrirtæki reyni með þessum hætti að gera nafn landsins að vörumerki sínu.

Ég held að það væri ákaflega óheppilegt og ég vil í raun ganga lengra og spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki megi treysta því að stjórnvöld beiti öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir að þetta verði, þar með talið ef á þarf að halda með málaferlum. Í ljósi þess að nú liggur fyrir að eignarhald þessa fyrirtækis er að færast í hendur innlendra aðila spyr ég einnig hvort ekki sé mögulegt að reyna að leita eftir samkomulagi við eigendur þessa fyrirtækis um að fallið verði frá umsókninni og frekar farið í gagnstæða átt, þ.e. að fyrirtækið láti af því að reyna að kynna söluvöru sína og þjónustu undir þessu nafni sem ég held að sé ákaflega óheppilegt fyrir íslenska framleiðendur almennt og hagsmuni Íslands sem ferðamannalands eða hvar sem borið væri niður í sjálfu sér.

[15:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Auðvitað er mjög mikilvægt í öllum viðskiptum að forðast rugling og misvísanir, sérstaklega hvað varðar uppruna vöru. Ég tek eindregið undir það sem fram kemur í máli þingmannsins varðandi þetta mál og ég veit ekki betur en að utanríkisráðuneytið hafi þegar gripið til viðeigandi ráðstafana til að reyna að koma í veg fyrir þessa skráningu sem er auðvitað mjög blekkjandi og getur ekki verið í þágu þessa fyrirtækis sem væri hugsanlega í einhverjum tilfellum að villa á sér heimildir með þessum hætti.

Ég skal ekki segja nákvæmlega hvar þetta mál er núna á vegi statt. Ég deili þeim áhyggjum sem fram hafa komið, bæði hér og í fjölmiðlum út af því en vonandi tekst að stýra málinu farsællega í höfn, annaðhvort með því að beita þeim úrræðum sem fyrir hendi kunna að vera gagnvart þeim stofnunum sem þetta mál heyrir undir á alþjóðlegum vettvangi eða þá hugsanlega með einhverju samkomulagi við þá aðila sem reka þetta fyrirtæki.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og er út af fyrir sig ánægður með þau. Ég tek það svo að hæstv. ráðherra muni sem starfandi utanríkisráðherra fara yfir það hvar undirbúningur undir andmæli af Íslands hálfu er á vegi staddur. Það hefur komið fram í fjölmiðlum, í ágætri blaðagrein sem birtist í Morgunblaðinu í vikunni sem leið, að frestur til andmæla sé til 22. þessa mánaðar. Það er væntanlega hyggilegt að andmæla og það kröftuglega áður en sá frestur rennur út þó að auðvitað sé hægt að halda málinu áfram eftir að skráning hefur farið fram, þ.e. krefjast ógildingar. Albesta leiðin væri samt að mínu mati sú að ná samkomulagi við viðkomandi aðila um að falla frá skráningunni því að það er í sjálfu sér fullkomlega óeðlilegt að menn fari fram með slíka kröfu eða slíka ósk og langheppilegast væri að losna við frekari núninga, árekstra eða málaferli.

Ég vil a.m.k. að það komi skýrt fram af minni hálfu, og kosti það hvað kosta vill, að það á ekki að gefast upp baráttulaust fyrir því að nafn landsins verði meðhöndlað svona.

[15:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Við erum svo sammála í dag, við hv. þingmaður, að horfir til hreinna vandræða. Ég á hins vegar erfitt með að átta mig á því að þetta fyrirtæki telji sjálfu sér það til hagsbóta að skrá heitið Iceland, enska nafnið á Íslandi, með þessum hætti sem hér er verið að tala um. Ég held að það hljóti líka að geta orðið þessu fyrirtæki til vandræða að gera þetta. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig málið lítur út frá sjónarhóli þessa fyrirtækis.

Í það minnsta teldi ég það mér ekki til framdráttar og það mundi sjálfsagt valda mér erfiðleikum ef ég skráði mér lénið steingrimurj.is og hygðist nýta mér það.

[15:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að þetta sé mikill misskilningur hjá hæstv. starfandi utanríkisráðherra og það mundi verða honum mjög til framdráttar. Svo mikið er víst að ekki vil ég skipta og taka upp lénið geirhilmarhaarde.is, það er alveg á hreinu.

Ég ætla ekki að fara út í að velta vöngum yfir því hvað þessu erlenda fyrirtæki gekk til þegar það á sínum tíma tók upp þetta nafn. Það á sér kannski rót í því að fyrirtækið var sérhæft framan af í frosinni vöru og hefur sjálfsagt talið það sniðugt að selja hana undir nafninu Iceland. Aðrir miklu stærri og alvarlegri hlutir eru á ferð þar sem í umsókn fyrirtækisins er gerð tilraun til að færa þetta vöruheiti út yfir margs konar vöruflokka og þjónustustarfsemi sem er auðvitað algerlega fráleitt. Ég vil segja við hæstv. ráðherra að ég tel ástæðu til að stjórnvöld taki það upp á réttum vettvangi, t.d. í gegnum aðild sína að skráningum af þessum tagi, Evrópsku einkaleyfastofuna og hvað það nú er, að það sé alls ekki yfir höfuð hægt. Það á auðvitað ekki að líðast að nöfn landa, sjálfstæðra þjóðríkja, geti komið til skráningar með þessum hætti og því þarf að breyta.

Upplýsingar um stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu.

[15:10]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. viðskiptaráðherra um hvað líði því að gert sé aðgengilegt, t.d. á vef Samkeppnisstofnunar, að hægt verði að fylgjast með þeim breytingum sem eiga sér stað á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi.

Við vitum að það er verið að vinna að skýrslu núna um þessi stjórnunar- og eignatengsl. Slík skýrsla var unnin árið 2001 og líka árið 1994 þannig að hún virðist vera gerð á 4–5 ára fresti. Í þau tvö skipti sem slík skýrsla hefur verið lögð fram hefur hún verið mjög umfangsmikil og ég held að mér sé óhætt að segja að t.d. árið 1994 hafi úttektin verið tæpar 500 blaðsíður í bókarformi. Það segir sig hins vegar sjálft að þegar slík skýrsla er lögð fram er hún jafnvel þegar orðin úrelt vegna þess að á degi hverjum eiga sér stað miklar breytingar á þessum eigna- og stjórnunartengslum. Því er mikilvægt að þetta sé uppfært jafnóðum þannig að hægt sé að fylgjast með þeirri samþjöppun sem á sér stað á markaði á hverjum tíma, almenningur geti gert það, fjölmiðlar og stjórnmálamenn. Því spyr ég hvort ráðherrann sjái einhverja annmarka á því að þetta sé uppfært á vef Samkeppnisstofnunar og að þar sé hægt að fylgjast með þessum málum.

[15:12]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég sé ekki að það séu annmarkar á því að þessar upplýsingar séu á vef Samkeppnisstofnunar. Það er rétt sem kom fram að mjög umfangsmikil skýrsla var unnin árið 2001 og ég man ekki betur en að hún hafi kostað 14 millj. kr. Miklir hlutir eru að gerast á fjármálamarkaði og í viðskiptalífinu þannig að breytingar eru örar og ég held að það sé erfitt að koma því svo fyrir að alltaf séu nýjustu upplýsingar og réttar upplýsingar til staðar. Það væri alveg að æra óstöðugan að geta fylgt því eftir en ég tel að það sé mikilvægt með vissu millibili að uppfæra upplýsingarnar.

Það eru ákveðin vonbrigði í mínum huga að þessi skýrsla sem var svona gríðarlega umfangsmikil og dýr í vinnslu varð síðan ekki eins spennandi, sýndist mér, og þeir höfðu reiknað með sem komu fram með beiðni um skýrslugerðina. Það varð ekki mikil umfjöllun um þessa skýrslu og það þótti mér verra. En síðan þá hafa miklir hlutir gerst og eins og kom hér fram er verið að uppfæra þetta. Það er með þessar upplýsingar eins og allar upplýsingar sem stjórnvöld vinna og eru til staðar af hálfu stjórnvalda að það er mikilvægt að aðgengi sé að þeim. Við erum þekkt fyrir það, Íslendingar, að standa frekar vel að vígi í sambandi við upplýsingasamfélagið og upplýsingar stjórnvalda það ég best veit.

[15:14]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka viðskiptaráðherra fyrir að taka vel í málið en ég hefði kannski átt að vera aðeins beinskeyttari í fyrirspurn minni og spyrja hvort ráðherrann væri tilbúin að beita sér fyrir því að þetta verði gert þannig að við getum á hverjum tíma fengið upplýsingarnar eins og

menn vita þær réttastar á þeim tíma sem þær fara inn á vef Samkeppnisstofnunar. Ég geri ráð fyrir að það sé t.d. hægt að keyra saman upplýsingar úr Kauphöllinni sem færu þá inn á vef Samkeppnisstofnunar og þá gætu menn einfaldlega unnið úr þeim eins og þeim hentaði hverju sinni.

Það kann vel að vera að skýrslan árið 2001 hafi ekki þótt ýkja spennandi og skýringarinnar kann að vera að leita í því að þegar skýrslan kom út var hún þegar orðin úrelt. Eins og við vitum eiga sér stað svo miklar breytingar á hverjum tíma á þessum eigna- og stjórnunartengslum að 500 blaðsíðna skýrsla sem búið er að verja jafnvel 14 millj. kr. í er kannski unnin fyrir lítið ef hún er ekki uppfærð stöðugt. Þess vegna beini ég þessari fyrirspurn til ráðherrans.

[15:15]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og ég hef margoft lagt áherslu á er Samkeppnisstofnun ekki fjarstýrt úr viðskiptaráðuneytinu. Hún tekur sínar ákvarðanir og hefur verið fullbær til þess fram til þessa þannig að ég tel að þeir hafi fullt vald til að taka þessa ákvörðun upp á eigin spýtur. Ég tek hins vegar undir það með hv. þingmanni að því meiri upplýsingar sem eru til staðar hjá stofnuninni og aðgengilegar fyrir almenning þeim mun betra.

[15:16]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég geri mér grein fyrir því að það á að sjálfsögðu ekki að fjarstýra opinberum stofnunum úr ráðuneytum. Hins vegar getum við haft og höfum væntanlega um það stefnu að gegnsæið sé sem mest og að almenningur eigi sem auðveldastan aðgang að upplýsingum og geti fylgst með þeim og dregið af þeim upplýsingum sínar ályktanir. Við getum auðvitað haft uppi þá stefnu og þá skoðun að þessar upplýsingar eigi að vera tiltækar á vef Samkeppnisstofnunar og beint því til stofnunarinnar að hún skoði það og vinni í því. Til þess þarf hún auðvitað líka fjármuni og þeir fjármunir eru skammtaðir af hinu háa Alþingi.

Áhrif hálendisvegar á aðra vegagerð.

[15:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil beina fyrirspurn til samgönguráðherra. Í fréttum fyrir örstuttu var sagt frá því að barist yrði fyrir því að gera hálendisveg til Akureyrar og stofna um það sérstakt félag. Ég vil spyrja hæstv. samgönguráðherra hvaða áhrif slíkur hálendisvegur mundi hafa á aðra vegagerð ef af yrði, m.a. á Norðurlandi, og jafnvel þá á hin fyrirhuguðu jarðgöng á Tröllaskaga, milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Hvaða áhrif mundi þetta hafa á flugsamgöngur og tíðni flugsamgangna til Akureyrar ef af yrði og hvernig sér hæstv. samgönguráðherra að þetta fari saman með þeim áherslum sem lagðar hafa verið upp í vegagerð? Hafa farið fram einhverjar veðurfarslegar rannsóknir, ekki bara um veðurhæð á hverjum tíma og veðurstyrkleika, heldur um ísingu og aðrar þær aðstæður sem geta myndast á háfjöllum Íslands?

[15:18]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég heyri hvað hv. þingmaður spyr um og hef ánægju af að svara þeim spurningum.

Það sem liggur fyrir varðandi svokallaðan Norðurveg er að ekkert er um hann í samgönguáætlun. Samgönguáætlun gerir ekki ráð fyrir vegagerð á þessu svæði. Hins vegar gerði samgönguáætlunin ráð fyrir því að byggja upp svokallaða hálendisvegi fjórar leiðir um landið. Síðan hefur sá áhugi vaknað að bæta um betur og leggja Norðurveg yfir hálendið. Þetta er allt saman á undirbúningsstigi. Þarna kemur fram ríkur vilji. Ég hef heimilað Vegagerðinni að setja upp veðurathugunarstöðvar á hálendinu til að kanna veðuraðstæður á þessu svæði og tel að það hljóti að vera fyrsta skrefið til að hægt sé að meta áhrif af veðurfari á slíka vegagerð.

Engar rannsóknir liggja fyrir sem gefa okkur merki um hvernig aðstæður eru þarna til vegagerðar og áður en nokkrar ákvarðanir verða teknar þarf að fara í slíkar rannsóknir. Ég tel alveg augljóst að ef hálendisvegur yrði lagður á þessu svæði hefði það mikil áhrif og ég tel óhjákvæmilegt að áður en lagt verður á ráðin um slíkar framkvæmdir fari fram miklar rannsóknir, bæði á þeim möguleika að þarna sé yfirleitt opinn vegur, hvaða áhrif slík vegagerð hefði á byggðina í landinu og hvaða áhrif slík vegagerð hefði á hálendið og nýtingu hálendisins sem meginauðlindar íslenskrar ferðaþjónustu.

[15:20]

Guðjón A. Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Tvennt fannst mér ekki koma skýrt fram í máli ráðherrans, annars vegar varðandi flugsamgöngur ef af þessum hálendisvegi yrði og hins vegar um fyrirhugaða jarðgangagerð á Tröllaskaga. Ég mælist til þess við hæstv. ráðherra að hann fari um það nokkrum orðum.

[15:21]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég á mjög erfitt með að meta þau áhrif. Auðvitað mun vegagerð eins og vegur yfir hálendið milli Eyjafjarðarsvæðisins og höfuðborgarsvæðisins hafa heilmikil áhrif og þar á meðal mun slíkur vegur hafa áhrif á aðrar samgöngur út frá Norðurlandi, aðrar leiðir svo sem eins og um Tröllaskaga. Jarðgöng um Héðinsfjörð milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar þarf að líta á allt saman í samhengi.

Hvað varðar flugið er mjög erfitt að meta það, ekki síst í slíkri fyrirvaralausri fyrirspurn sem hér er á ferðum, óundirbúinni. Ég tel að það sé m.a. eitt af því sem þarf að skoða við undirbúning slíkra áforma og ég tel eðlilegt að í tengslum við gerð samgönguáætlunar verði lagt á ráðin um hvernig eigi að taka slíkum tillögum. Ég tel að það sé hinn eðlilegi vettvangur til þeirrar umfjöllunar.

Stytting náms til stúdentsprófs.

[15:22]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum mánuðum komu fram

tillögur frá verkefnishópi á vegum menntamálaráðuneytisins um styttingu námstíma til stúdentsprófs. Var það önnur skýrslan á einu ári sem kom fram um það mál. Það markmið styð ég, að almennt útskrifist nemendur með stúdentspróf 19 ára úr framhaldsskólum en í kjölfar þessarar umræðu hafa vaknað margar spurningar. Hæstv. ráðherra hefur gefið það út að hún sé að heimsækja framhaldsskóla landsins um þessar mundir til að kynna tillögurnar og því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvað líði frekari tillögugerð og hvort þingmál um styttingu náms til stúdentsprófs muni koma inn á Alþingi á næstu dögum eða á þessu vorþingi.

Í annan stað hafa sérstaklega verið viðraðar áhyggjur, m.a. í máli nokkurra rektora framhaldsskóla sem birtist í Morgunblaðinu á dögunum, um að stytting námstíma til stúdentsprófs gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir stúdentsprófið. Það mundi gengisfalla, það yrði einsleitara en áður, inntak og gæði námsins mundu bíða hnekki við þessa styttingu væri ekki vel á málum haldið. Sérstaklega hefur verið bent á að gott samráð þurfi að hafa við grunnskólann og skólasamfélagið allt af því að meginmarkmið tillögunnar er að þætta saman skólastigin og flytja einar 12 einingar úr framhaldsskóla til grunnskólans.

Því beini ég einnig þeirri spurningu til hæstv. menntamálaráðherra hvort fram hafi farið samráð við grunnskólasamfélagið, viðræður við sveitarfélögin í landinu, hvort þau séu í stakk búin til að taka við þessari auknu kennslu og hvort rætt hafi verið við samtök kennara um breytta kennaramenntun. Þetta býður upp á að starf þeirra muni breytast, sérstaklega þegar kemur að menntun í raungreinum og stærðfræði þar sem mjög fáir kennarar stunda nám með þau fög sem aðalkjörsvið.

[15:25]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Já, það er rétt sem kom fram í máli hv. þingmanns. Ég er að fara í alla framhaldsskóla landsins, 28. Ég er búin með 15, var í hinum glæsilega Verslunarskóla Íslands rétt áðan þar sem ég var að kynna verkefnið sem lýtur að því að stytta námstíma til stúdentsprófs. Það má í rauninni segja að skólaganga fram til loka stúdentsprófs sé í dag 14 ár. Ætlunin er að hún verði 13 ár eins og gengur og gerist í öðrum löndum sem við berum okkur saman við. Þó að það sé ekki ástæða út af fyrir sig að fara í slíka breytingu er það engu að síður þannig að við erum eina landið innan EES sem útskrifar stúdenta í kringum tvítugsaldurinn. Önnur lönd útskrifa sína stúdenta 18–19 ára.

Fagaðilar varðandi niðurstöður og tillögugerð þessa hóps og niðurstöðu verkefnishópsins hafa komið að þeirri skýrslu sem ég er náttúrlega sérstaklega að kynna. Þar eru kennarar, þar er til að mynda fræðslustjóri Reykjavíkur, Gerður G. Óskarsdóttir, sem hefur ára- ef ekki áratugareynslu af skólakerfinu og þar eru menn sammála um að grunnskólinn hafi lengst frá árinu 1996 um rúm tvö ár. Framhaldsskólinn hefur lengst um sem nemur 12 vikum eða heilli önn á sama tímabili þannig að gríðarlegt svigrúm hefur myndast innan skólakerfisins, svigrúm sem við þurfum að nýta betur til að þétta námsefni. Það er ekki verið að gjörbylta kerfinu heldur erum við að byggja á þeim grunni sem fyrir er. Þetta er áframhaldandi þróun í skólastarfi og í rauninni eðlilegt næsta skref miðað við þær breytingar og ákvarðanir sem við höfum tekið í skólakerfinu á liðnum áratug. Svigrúmið er til staðar. Það er sérstaklega undirstrikað að reynt er að vanda til verka, nægur tími gefinn og það er sérstaklega undirstrikað við gerð námskrár og endurskoðun á námskrárvinnunni sem er mjög umfangsmikil að kennarar verða fengnir að því borði.

[15:27]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en vil spyrja hana í framhaldinu hvort hún muni gera það sama við grunnskólann. Mun hún heimsækja grunnskólann í landinu og heyra ofan í skólasamfélagið sem þarf þrífst? Þessar tillögur, þessar breytingar, þessi stytting á námstíma kemur einnig mjög við starf grunnskólanna og hefur í för með sér kannski að mörgu leyti meiri breytingu fyrir starfsemi grunnskólanna en starfsemi framhaldsskólanna. Ef þessar tillögur ganga eftir er í framhaldsskólunum verið að minnka valfrelsið og auka kjarnafögin en færa mörg fög niður í grunnskólann og því spyr ég hæstv. ráðherra hvort hún muni heimsækja grunnskólana og hlusta á hann með sama hætti. Hefur verið gengið frá því að hann verði hafður með í ráðum, sérstaklega þegar litið er til menntunar kennara þar sem hugmyndin hlýtur að breyta henni?

Eins spyr ég aftur hæstv. ráðherra: Munu tillögurnar um styttingu námstíma til stúdentsprófs koma fram á þessu vorþingi eða koma þær fram síðar?

[15:28]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Svo að ég svari strax síðustu spurningu hv. þingmanns: Já, ég stefni að því að leggja þetta þingmál fyrir ríkisstjórn og síðan fyrir þingið á þessu vori. Að því stefni ég.

Varðandi ýmsar athugasemdir sem hv. þingmaður kom inn á áðan er ekki rétt að þessi breyting komi til með að gera skólakerfið einsleitara. Það er sérstaklega passað upp á að það svigrúm sem er nú þegar til staðar í kerfinu haldi sér og verði jafnvel meira, og aukin áhersla á það að skólarnir fái tækifæri til að móta sérstöðu sína.

Mig minnir að grunnskólarnir séu um 200 talsins. Ég hef þegar fundað með fræðslustjórum og hef ekki hugsað mér að fara í hvern einasta grunnskóla landsins. Ég hef hins vegar fundað með fræðslustjórum í Reykjavík og frá hinum ýmsu svæðum landsins þar sem ég kynnti þeim sérstaklega þessi styttingaráform. Það er auðvitað með ráðum gert til að allir séu mjög meðvitaðir um að hverju þessar breytingar lúta. Ég vil líka geta þess að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefndi í þennan hóp sérstaklega með það að leiðarljósi að grunnskólinn er á forræði sveitarfélaganna og tilnefndi eins og ég gat um áðan Gerði G. Óskarsdóttur.

[15:29]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það verður fróðlegt að sjá þegar málið

kemur fram en ég vil taka fram að líkt og kom fram í könnun Félags framhaldsskólakennara eru tveir af hverjum þremur framhaldsskólakennurum andvígir fyrirhugaðri styttingu eins og hún birtist í skýrslunum. Eins hafa komið fram nokkuð eindregnar áhyggjur margra rektora framhaldsskólanna, bæði heföbundinna bekkjakerfisskóla sem og fjölbrautaskólanna, um að stúdentsprófið verði einsleitara og að sérstaða þess sem fjölbreyttur og breiður undirbúningur undir háskóla hverfi að verulegu leyti.

Ég vil taka undir það að miðað við skýrslurnar er vissulega hætta á að svo verði. Eins vil ég brýna hæstv. ráðherra um að gæta sérstaklega að afdrifum starfsnámsins og verknámsins þar sem þetta kemur til með að hafa töluverð áhrif á það. Það þarf að búa svo um hnúta að þetta verði til að bæta skólakerfið verulega. Ég styð það markmið í megindráttum að stytta námstíma en það verður að vanda vel til verka.

[15:31]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er sérstaklega hugað að því að gera þetta í sem mestri samvinnu og sátt við skólasamfélagið allt. Það skiptir mjög miklu máli. Ég fullyrði að við komum til með að sjá mjög fjölbreytta flóru framhaldsskóla hér á næstu áratugum í kjölfar þessara breytinga.

Ég vil líka benda á að athugasemdir rektora ýmissa framhaldsskóla byggðust m.a. á miklum misskilningi og gefa ekki alveg nægilega heildarsýn á verkið. Ég hef einmitt reynt að útskýra í hverju sá misskilningur þeirra ágætu forsvarmanna fólst.

Menn héldu t.d. að skerða ætti stærðfræðikennslu. Það er ágætt að það komi fram að svo er ekki heldur á að láta skólastigin tala betur saman. Það er einn misskilningur sem hefur komið upp. Annar misskilningur er sá að almennu brautunum komi til með að fækka eða þær verði lagðar af. Það kemur ekki til með að vera svo heldur verður sérstaklega lögð áhersla á almennu brautirnar, (Forseti hringir.) að þær haldi sér í framhaldsskólakerfinu.

Uppsagnir á Landsbókasafni – Háskólabókasafni.

[15:32]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Úr Þjóðarbókhlöðu berast nú fréttir um uppsagnir starfsfólks. Við heyrum einnig af óánægju sem m.a. tengist þessu. Í hópi þeirra sem sagt hefur verið upp störfum er fólk sem á langan starfsaldur að baki, hefur jafnvel starfað lungann úr starfsævi sinni í þessari stofnun eða forverum hennar.

Það er erfitt og alvarlegt að missa atvinnuna, ekki síst fyrir fólk sem er komið yfir miðjan aldur. Erfiðast er að kyngja því ef fólk telur að þær forsendur sem uppsögnin byggir á séu ekki réttar og telur að hægt hefði verið að koma í veg fyrir hana ef öðruvísi hefði verið haldið á málum. Þetta lýtur að starfsfólkinu.

Hitt lýtur að stofnuninni og þeirri þjónustu sem hún veitir. Í Þjóðarbókhlöðunni er varðveittur mikilvægur hluti af menningararfi okkar. Þjóðarbókhlaðan sér þjóðinni fyrir mikilvægri þjónustu, námsfólki, stofnunum og sjálfstætt starfandi fræðimönnum. Við hljótum að taka alvarlega varnaðarorð frá tólf fræðimönnum í Morgunblaðinu á laugardag.

Það skiptir miklu máli hvernig að stofnuninni er búið. Í fréttum hefur komið fram að uppsagnirnar séu til komnar vegna fjárhagsþrenginga Þjóðarbókhlöðunnar. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. menntamálaráðherra hvort hún hafi kynnt sér hvað er að gerast í Þjóðarbókhlöðunni og það sem meira er, hvort og hvernig hún hyggst grípa í taumana.

[15:34]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni varðandi það að mikilvægi Landsbókasafns – Háskólabókasafns er afar mikið og verður seint ofmetið. Það er eins og við þekkjum fagleg þekkingarveita um íslenskt samfélag og því er ætlað margvíslegt hlutverk, m.a. að safna öllu efni sem kemur út á íslensku til að það sé aðgengilegt fræðimönnum, ekki síst þeim er starfa innan Háskóla Íslands.

Ég vil geta þess, varðandi það sem hv. þingmaður kom inn á, að innan safnsins og hjá forstöðumönnum safnsins hafa verið teknar ákvarðanir í ljósi þess að ákveðnir fjárhagserfiðleikar komu upp í kjölfar þess að gerðir voru stofnanasamningar. Inn í þá samninga kom starfsmatið sem leiddi til að ákveðinn halli varð á rekstri stofnunarinnar upp á um 26 eða 27 millj. kr., ef ég man rétt, hæstv. forseti. Hann var ekki leiðréttur í hinum miðlægu samningum sem síðar voru gerðir.

Þarna myndaðist því halli út af stofnanasamningum. Samstarfsnefnd háskólastigsins fer með það vald að semja fyrir háskólana en í raun má segja að slíkir stofnanasamningar hafi ekki hentað nægilega vel þeim undirstofnunum sem falla undir Háskóla Íslands eins og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Það er rótin að fjárhagsvandanum sem hv. þingmaður kom inn á og ég er að reyna að útskýra. En það er alveg ljóst af orðum og skrifum í kjölfar þessa að forsvarsmenn safnsins taka með þessu á ákveðnum erfiðleikum. Þeir hafa sérstaklega undirstrikað að þessir tímabundnu fjárhagserfiðleikar muni í engu skaða hina mikilvægu starfsemi sem fram fer innan Landsbókasafnsins.

[15:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svarið sem var ágætt svo langt sem það náði. En það náði ekki alveg alla leið. Ég kaupi ekki þá skýringu að uppsagnir starfsmanna séu einvörðungu komnar til vegna starfsmats og launahækkana sem tengjast stofnanasamningum. Ég tel a.m.k. mikilvægt að fara nánar í saumana á málinu. Að því marki sem um slíkt er að ræða hlýtur það að teljast til fyrirhyggjuleysis af hálfu stjórnvalda, hver sem þau eru, að hafa ekki gripið fyrr í taumana. Er eðlilegt að láta slíkt fyrirhyggjuleysi bitna á starfsfólkinu, þannig að mörgum starfsmönnum, sem margir eiga langan starfsaldur að baki í Þjóðarbókhlöðunni, hefur verið sagt upp störfum?

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki standi til (Forseti hringir.) að fara nánar í saumana á þessum málum af hálfu ráðuneytisins.

[15:37]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Við í ráðuneytinu fylgjumst að sjálfsögðu grannt með framvindu allri hjá Landsbókasafninu. Ég vil hins vegar undirstrika að ég treysti mætavel dr. Sigrúnu Klöru Hannesdóttur landsbókaverði til að taka á þeim málefnum af því að safnið er sjálfstæð stofnun.

Ég hef ekki haft það fyrir sið að skipta mér um of af sjálfstæðum stofnunum sem heyra undir menntamálaráðuneytið. Það skiptir miklu máli að forstöðumenn ríkisstofnana hafi ákveðið svigrúm til ákvarðanatöku en um leið verða þeir að axla ákveðna ábyrgð, bæði á rekstri og starfsmönnum.

[15:38]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að ráðherrar skipti sér ekki um of af stofnunum sem heyra undir ráðuneyti þeirra og gefi þeim það svigrúm sem þær þurfa.

Hins vegar ber ráðherrum og ríkisstjórn að hafa afskipti af málum þegar vá er fyrir dyrum, svo að vitnað sé í fyrirsögn á grein sem tólf fræðimenn á sviði handritarannsókna skrifa í Morgunblaðið síðastliðinn laugardag. Greinin heitir „Vá fyrir dyrum í Handritadeild Landsbókasafns Háskólabókasafns". Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„... og það er á hendi ráðamanna safnsins og yfirvalda þeirra að veita fé til þess að ávaxta þann menningararf í rannsóknum og textaútgáfum ..."

Hér er varnaðarorðum beint til stjórnvalda, m.a. hæstv. menntamálaráðherra, um að grípa í taumana og koma í veg fyrir að hér verði alvarlegt slys.

[15:39]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil líkt og hv. þm. Ögmundur Jónasson líka fá að vitna í greinar sem birtar hafa verið út af málinu sem hér um ræðir. Þar er t.d. sérstaklega tekið í viðtali við dr. Sigrúnu Klöru Hannesdóttur vegna málsins, með leyfi forseta:

„Sigrún Klara segir að starfsmönnum í handritadeild Landsbókasafnsins hafi verið fjölgað, en tveimur hefur nú verið sagt upp. Hún telur að þrátt fyrir uppsagnirnar geti deildin sinnt sínu hlutverki sem skyldi."

Segja má að varðandi allt þetta mál að þar er unnið út frá rekstrarlegum forsendum. Hinir fjárhagslegu erfiðleikar, sem eru sem betur fer tímabundnir, eiga ekki að skaða starfsemina. Það á að vera nokkuð ljóst miðað við þau orð sem fallið hafa í þessu máli.

Um fundarstjórn.

Niðurröðun fyrirspurna til ráðherra.

[15:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég geri athugasemd við fundarstjórn forseta, þ.e. hvernig hann tekur á dagskrá óundirbúnar fyrirspurnir á fundinum. Ég lagði fram beiðni um óundirbúna fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra nokkuð snemma í morgun. Hér hafa verið teknar fyrir fyrirspurnar sem komu mun seinna inn í þingið en mín fyrirspurn komst ekki að og ég geri athugasemdir við það.

Sömuleiðis finnst mér óeðlilegt, þegar fyrir liggja fyrirspurnir frá stórum þingflokki eins og þingflokki Samfylkingarinnar sem 20 manns eru í, að teknar skuli fyrir tvær fyrirspurnir frá Samfylkingunni á sama tíma og teknar eru fyrir tvær fyrirspurnir frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem er fimm manna þingflokkur. Mér finnst það ekki eðlilegt. Það verða að gilda einhverjar reglur um hvernig málin eru tekin fyrir. Fyrirspurn mín kom mjög snemma og ég hefði viljað, vegna þess að hæstv. heilbrigðisráðherra sem ég ætlaði að ræða við verður með leyfi á morgun, eiga hér orðastað við hann í dag. Ég spyr hæstv. forseta hvort ekki sé hægt að koma því við.

[15:42]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á að óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra eru ekki á dagskrá fundarins á morgun.

Mér finnst hins vegar sjálfsagt að taka upp á næsta fundi með formönnum þingflokka þessa formlegu fyrirspurn sem til mín er beint frá einum af þingmönnum Samfylkingarinnar, að réttur þingmanna til að taka til máls skuli vera hlutfallslegur.

Skattskylda orkufyrirtækja, frh. 1. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 419.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 396. mál (skattskylda orkufyrirtækja, breyting ýmissa laga). — Þskj. 503.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Einkamálalög og þjóðlendulög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 190. mál (gjafsókn). — Þskj. 190, brtt. 756.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:45]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Með breytingartillögu þeirri sem verið er að greiða atkvæði um er gert ráð fyrir að b-liður 126. gr. verði áfram inni. Við erum búin að fjalla um það í ótal ræðum í þremur umræðum á þinginu hvaða réttarbót var talin vera til staðar með ákvæðinu þegar það var leitt í lög.

Ég hef haldið því fram, hæstv. forseti, að stjórnarþingmenn þurfi að hugleiða verulega alvarlega hvaða réttarbót er verið að afnema. Mér þykir mjög miður að horfa á atkvæðatöfluna og sjá að stjórnarþingmenn virðast ekki hafa ætlað að vitkast af þeim góðu ræðum sem hér hafa verið fluttar varðandi þá réttarbót sem hæstv. dómsmálaráðherra ætlar að fella út úr lögunum. Þar fetar hann áfram þá braut sem hann hefur að mínu mati fetað óhóflega, þ.e. að þrengja réttindi borgaranna í ýmsum málum og þar með að gera samfélag okkar ólýðræðislegra.

Ég greiði að sjálfsögðu atkvæði með þessari breytingartillögu.

Brtt. 756 felld með 27:21 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, SigurjÞ, SJS, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG.

15 þm. (ÁMagn, DJ, EMS, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjart, KHG, LB, MÁ, RG, SP, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 28:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, SigurjÞ, SJS, ÖJ.

14 þm. (ÁMagn, DJ, EMS, HÁs, JóhS, JBjart, KHG, LB, MÁ, RG, SP, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:46]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra er með stuðningi þingmeirihlutans að skerða rétt þorra Íslendinga til gjafsóknar. Málið er þeim mun alvarlegra, því hér er verið er að koma í veg fyrir að mál fái gjafsókn sem hafa iðulega verið höfðuð á hendur ríkinu, svo sem mannréttindamál, umhverfismál, læknamistök, eignarréttarmál, skaðabætur o.s.frv.

Ég vil vitna í umsögn laganefndar Lögmannafélagsins en þar stendur, með leyfi forseta:

„Laganefnd Lögmannafélags Íslands telur að með samþykkt frumvarpsins væri stigið skref aftur á bak að því er varðar aðgang einstaklinga að dómstólum."

Ég vil gera þessi orð að mínum og að sjálfsögðu mun ég segja nei við þessu frumvarpi.

[15:47]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Með því frumvarpi sem verið er að greiða atkvæði um er hið almenna ákvæði laganna um að hægt sé að fá gjafsókn þegar úrlausn máls hefur verulega almenna þýðingu fyrir umsækjandann felld brott og viðmiðið verður, ef frumvarpið verður að lögum, fyrst og fremst fjárhagslegt. Það er því beinlínis rangt sem haldið hefur verið fram að verið sé að ganga atbeina stjórnvalda til þess að koma í veg fyrir málssókn á hendur þeim. Allar sömu heimildir verða áfram til staðar í lögunum. Viðmiðið um það hvort gjafsókn verður veitt verður hins vegar það hvort fjárhagur umsækjandans sé þannig að rétt sé að fallast á umsóknina. Það er það sem verið er að gera með frumvarpinu og er eina breytingin sem um er að ræða.

Það er allt önnur umræða hvort viðmið í reglugerðinni í þessu efni sé of lágt. Menn hefðu betur einbeitt sér að þeirri umræðu og haldið því fram að hækka bæri viðmiðið en að halda því fram að stjórnvöld séu að koma í veg fyrir málsókn á hendur sér, vegna þess að það er beinlínis rangt.

[15:48]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Í ljósi þess að breytingartillaga okkar hefur verið felld af stjórnarmeirihlutanum mómælum við, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, þeirri skerðingu á mannréttindum sem verið er að leiða í lög með því að vera á móti frumvarpinu, þó að við séum alls ekki á móti því að fólk fái gjafsókn þegar það á í fjárhagslegum erfiðleikum en við höfum oft verið rangtúlkuð í þeim efnum.

Verið er að fjárhagstengja réttlætið í þessu máli og það er ósvinna sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs mótmælum.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 775)

Þriðja kynslóð farsíma, frh. 3. umr.

Stjfrv., 160. mál. — Þskj. 160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, ISG, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, SigurjÞ, SJS, ÖJ) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁMagn, DJ, EMS, GÞÞ, HÁs, JóhS, JBjart, LB, MÁ, RG, SP, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 776)

Helgidagafriður, 1. umr.

Stjfrv., 481. mál (afgreiðslutími matvöruverslana). — Þskj. 735.

[15:50]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Frumvarp þetta er samið af nefnd sem dómsmálaráðherra skipaði hinn 1. júní 2004 til að ræða álitaefni er snerta lög um helgidagafrið, nr. 32 14. maí 1997. Nefndin var skipuð í tilefni umræðna sem hafa verið um þróun helgidagahalds, og þá sérstaklega um afgreiðslutíma verslana á hvítasunnudag. Nefndarmenn voru séra Kristján Valur Ingólfsson, tilnefndur af Biskupsstofu, Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, tilnefndur af þeim samtökum, og Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, og var hún jafnframt formaður nefndarinnar. Í frumvarpinu er lagt til að matvöruverslunum, sem uppfylla ákveðin skilyrði, verði heimilt að hafa opið föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag.

Lög um helgidagafrið frá 1997 komu í stað laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, nr. 45 15. júní 1926. Í lögunum er starfsemi markaða og verslunarstarfsemi bönnuð föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag, sbr. b-lið 2. tölul. 4. gr. laganna. Undantekningar frá þessu banni má finna í 1. mgr. 5. gr. laganna, og voru það nýmæli. Þannig er heimil þessa daga starfsemi lyfjabúða, bensínstöðva, bifreiðastöðva, verslana á flugvöllum og fríhafnarsvæðum, blómaverslana, söluturna og myndbandaleigna, svo og gististarfsemi og tengd þjónusta, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna. Með þessu ákvæði var leitast við, samanber það sem fram kemur í greinargerð í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 32/1997, að koma til móts við það sjónarmið að unnt yrði að bjóða ferðamönnum ýmsa nauðsynlega þjónustu án tillits til helgidagafriðar. Markmiðið væri eingöngu að þjónustuaðilum yrði gert mögulegt að sinna ýmissi grunnþjónustu, þar með talið við ferðamenn, á þessum hátíðardögum. Ákvæðinu yrði ekki beitt til að hafa almennar verslanir eða þjónustustarfsemi opna þessa daga, svo sem matvöruverslanir, fataverslanir o.s.frv.

Verslunarrekstur er í örri þróun og verða skilin á milli einstakra tegunda verslana æ óskýrari. Þannig er matvara nú á boðstólum í bensínstöðvum og jafnvel blómabúðum og lyfjaverslanir selja varning af ýmsu tagi. Á landsbyggðinni eru þó nokkrir staðir þar sem margar tegundir verslunarstarfsemi sameinast undir einu þaki: Bensínstöð, matvöruverslun, söluturn og jafnvel myndbandaleiga. Þessar þjónustumiðstöðvar starfa í senn í þágu heimafólks og ferðamanna. Sömu ferðamenn geta hins vegar ekki keypt matvöru í verslunum í þéttbýli á umræddum helgidögum og gildir hið sama um heimafólk í þéttbýli. Ljóst er að ekki ríkir við núverandi aðstæður jafnræði meðal þeirra sem bjóða til sölu matvöru eða vilja kaupa hana og miðar frumvarpið að því að hindra að aðsetur verslana eða þjónustumiðstöðva leiði til þessa ójafnræðis. Frumvarpið raskar á engan hátt meginreglu laga um helgidagafrið. Markmið þess er einungis að jafna stöðu þeirra sem selja og kaupa matvöru á fyrrnefndum helgidögum. Til að ná því markmiði eru þrjár leiðir: að banna sölu matvöru föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag; heimila alla verslunarstarfsemi á þessum dögum, eða leið frumvarpsins, að heimila verslunum, sem uppfylla tiltekin skilyrði, að selja matvöru án tillits til þess, hvar þær eru á landinu.

Af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins er lögð rík áhersla á að ekki eigi að draga úr helgi hvítasunnudags og setja hann í annan flokk samkvæmt helgidagalöggjöfinni.

Kirkjuþing hefur fjallað um frumvarpið og gerir engar athugasemdir við það.

Herra forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar.

[15:54]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um helgidagafrið, nr. 32 frá 14. maí 1997.

Ég vil taka undir allt það sem hæstv. dómsmálaráðherra sagði. Mér finnst þetta afar ánægjuleg lending á góðu samstarfi þeirra aðila sem að málinu komu. Nú þurfa höfuðborgarbúar ekki lengur að fara til Hveragerðis til að kaupa inn vörur á helgidögum. Það hefur greinilega orðið ákveðin millilending þar sem er farið bil beggja og hafðar í heiðri ákveðnar reglur þannig að það verði ekki allt galopið hvort sem það eru verslanir með fatnað eða annað.

Ég tek undir breytinguna og minni á, sem er svolítið sérkennilegt, að það hefur oft verið erfiðast á höfuðborgarsvæðinu að nálgast einhverjar vörur á helgidögum og verið að leysa það núna. Ég fæ ekki betur séð þar sem góð vinna hefur farið fram en að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að hv. allsherjarnefnd gæti afgreitt málið fljótt og vel, jafnvel fyrir páska þannig að á föstudaginn langa væri hægt að fá bensín á höfuðborgarsvæðinu.

Þetta er vel unnið mál og líka gerð grein fyrir því hvernig þetta er annars staðar á Norðurlöndunum. Við förum svolítið dönsku leiðina sem er afar jákvætt. Ég hef ekki annað um málið að segja en að það verður áhugavert að ræða það í hv. allsherjarnefnd.

[15:56]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé um jákvætt frumvarp að ræða fyrir ferðaþjónustuna en það gengur út á að rýmka atvinnufrelsi á föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag. Óneitanlega fer maður þó að velta fyrir sér hvort það eigi að vera með lög af þessu tagi, hvort verslunareigendum eigi ekki að vera í sjálfsvald sett hvort þeir hafa opið eða ekki og hvort þessa löggjöf þurfi yfir höfuð, hvort hver og einn eigi ekki að ráða því hvort hann hafi opið eða ekki, sérstaklega í ljósi þess að alltaf er verið að rýmka í lögunum hvað má vera opið. Nú er talað um verslanir, 600 fer-

metra matvöruverslanir, og spurning hvort það verði ekki teygt og togað. Hver á að hafa eftirlit með því? Er til einhver listi yfir það hvaða verslanir eru 600 fermetrar og hverjar ekki?

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að eftir að ítrekað hafi verið leitað eftir því hvaða verslanir féllu undir þann hóp sem verið væri að opna fyrir að mættu hafa opið á umræddum helgidögum kom í ljós að sá listi var ekki til. Ég tel jafnvel að hv. allsherjarnefnd ætti að stíga skrefið til fulls og velta því upp hvort ekki bæri einfaldlega að opna algjörlega fyrir alla atvinnustarfsemi á umræddum dögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns og sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 1. umr.

Stjfrv., 484. mál (EES-reglur). — Þskj. 740.

[15:58]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu og miðar að því að laga ákvæði laga um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns og laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Frumvarpið á rætur að rekja til athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA um að skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 74/1938 um að löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns skuli hafa lögheimili hér á landi og skilyrði a-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/2004 um að maður verði að hafa lögheimili hér á landi til að fá löggildingu ráðherra sem fasteignasali samræmist ekki ákvæðum EES-samningsins um staðfesturétt.

Samkvæmt 31. gr. samningsins skulu engin höft vera á rétti ríkisborgara aðildarríkjanna til að setjast að og stofna til atvinnurekstrar hvar sem er á Evrópska efnahagssvæðinu. Litið hefur verið svo á að skilyrði um lögheimili til að mega stunda atvinnurekstur feli í sér höft og óbeina mismunun sem fái ekki án réttlætingar samrýmst 31. gr. samningsins um staðfesturétt. Með vísan til þessa er lagt til að lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns og lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa verði breytt þannig að skilyrði laganna um lögheimili hér á landi gildi ekki um ríkisborgara annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Jafnframt er lagt til að skilyrðið gildi ekki um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og er þörf á þeirri breytingu vegna nýs stofnsamnings samtakanna, Vaduz-samningsins, sem tók gildi 1. júní 2002.

Herra forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarsala á fjármálaþjónustu, 1. umr.

Stjfrv., 482. mál (EES-reglur). — Þskj. 736.

[16:00]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu. Málið er á þskj. 736 og er 482. mál þingsins.

Með frumvarpinu er lagt til að innleidd verði tilskipun Evrópusambandsins um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í maí 2003. Tilskipunin veitir ekki mikið svigrúm til innleiðingar, heldur stefnir að mestu leyti að algjörri samræmingu á reglum um fjarsölu á fjármálaþjónustu.

Í frumvarpinu koma fram reglur um neytendavernd við fjarsölu á fjármálaþjónustu, þ.e. þegar neytandi og söluaðili hittast ekki þegar fjármálaþjónusta er markaðssett og gengið er frá samningum um hana. Fjarsala getur t.d. farið fram í síma, með bréfaskiptum, símbréfum, tölvupósti, á netinu og með aðstoð útvarps og sjónvarps. Með fjármálaþjónustu er í frumvarpinu átt við allar tegundir fjármálaþjónustu sem unnt er að veita með fjarsölu, þar með talið bankaþjónustu, lánveitingar, vátryggingar, lífeyri, fjárfestingar og greiðslur. Um fjarsölu á öðru en fjármálaþjónustu gilda lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga, nr. 46/2000.

Í frumvarpinu er lagt til að þjónustuveitanda verði gert skylt við fjarsölu á fjármálaþjónustu að upplýsa neytandann um ýmis nánar tilgreind atriði áður en neytandi verður bundinn af samningi. Þá er einnig lagt til að neytandi sem kaupir fjármálaþjónustu í fjarsölu skuli hafa a.m.k. 14 daga til að falla frá samningi án viðurlaga og án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Fresturinn er þó 30 dagar þegar um er að ræða fjarsölusamninga um lífeyristryggingar.

Þjónustuveitandi getur krafið neytanda um greiðslu fyrir þann hluta þjónustunnar sem hann hefur þegar veitt er neytandi fellur frá samningnum. Nokkrar undantekningar eru lagðar til frá rétti neytanda til að falla frá samningi í þeim tilgangi að koma í veg fyrir misnotkun.

Loks eru í frumvarpinu ákvæði um það þegar neytandi greiðir fyrir fjármálaþjónustu með greiðslukorti og um rétt neytanda þegar honum er veitt óumbeðin þjónusta.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með framkvæmd laganna og að ákvæði laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi gildi um eftirlitið.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið umfjöllun minni um frumvarp til laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu og legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns og sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 484. mál (EES-reglur). — Þskj. 740.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Helgidagafriður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 481. mál (afgreiðslutími matvöruverslana). — Þskj. 735.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 493. mál (heildarlög). — Þskj. 753.

[16:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til nýrra tollalaga sem er mál nr. 493 á þskj. 753, býsna þykk og mikil bók eins og sjá má. Þessu frumvarpi er ætlað að leysa af hólmi núgildandi tollalög, nr. 55/1987.

Á þeim tæpu 18 árum sem liðin eru frá gildistöku núgildandi tollalaga hafa miklar breytingar orðið á starfsumhverfi tollyfirvalda og allra þeirra sem sækja þurfa þjónustu til þeirra. Því hefur um nokkurt skeið verið talið nauðsynlegt að endurskoða þessi lög.

Þess er fyrst að geta að frá því að gildandi tollalög tóku gildi hefur rafrænni tollafgreiðslu verið komið á í áföngum. Með breytingum á tollalögum 1996 markaði Alþingi þá stefnu að tölvuvæða öll samskipti vegna tollafgreiðslu fyrir árið 2000. Þeim áfanga var náð hinn 1. janúar 2001 þegar frestur aðila sem stunda inn- og útflutning í atvinnuskyni til þess að taka upp rafræna tollafgreiðslu rann út. Nú er svo komið að hefðbundin tollskýrsla á pappírsformi sem notuð hefur verið við tollheimtu og tolleftirlit um langan aldur hefur að mestu vikið fyrir tollskýrslum á rafrænu formi. Þessar breyttu aðstæður kalla á breyttar áherslur við tollheimtu og tolleftirlit.

Rafræn tollafgreiðsla hefur mætt kröfum atvinnulífsins til aukins hraða við tollafgreiðslu en reynsla síðustu ára hefur sýnt að atvinnulífið gerir ekki síður kröfur til aukins sveigjanleika við birgðahald og dreifingu innfluttra vara. Það er til hagsbóta fyrir atvinnulífið að innflytjendur geti geymt vörur á viðeigandi geymslusvæði, undirbúið þær til dreifingar og fengið þær tollafgreiddar að teknu tilliti til þarfa markaðarins hverju sinni. Með því móti ná innflytjendur að lágmarka kostnað við birgðahald og dreifingu vöru.

Við endurskoðun tollalaga hefur verið miðað að því að færa ákvæði laganna til samræmis við þessa þróun undanfarinna ára. Við endurskoðunina var lögð rík áhersla á að vöruviðskipti á milli Íslands og annarra ríkja verði sem greiðust en um leið verði búið svo um hnútana að tollstjórar geti sinnt hlutverki sínu við tollheimtu og tolleftirlit. Það er mikilvægt frá sjónarhóli tollheimtu og tolleftirlits að réttindi og skyldur allra þeirra sem koma að tollframkvæmdinni með einum eða öðrum hætti verði sett fram á skýrari hátt en nú er gert í tollalögum. Þess var gætt við endurskoðunina að öllum vafa um réttindi og skyldur innflytjenda og útflytjenda og umboðsmanna þeirra væri eytt.

Einnig eru ákvæði um réttindi og skyldur þeirra sem hljóta leyfi til þess að reka geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur sett fram með gleggri hætti en í gildandi tollalögum. Þá er hlutverk tollstjóra skýrt nánar og þeim veittar heimildir til tolleftirlits að teknu tilliti til aðstæðna við tölvuvædda tollafgreiðslu og aukins sveigjanleika við vörslu ótollafgreiddra vara.

Aukin áhersla er lögð á áhættugreiningu við tolleftirlit, þar með talið tollendurskoðun, samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Í þessu sambandi skal þess getið að frá því að gildandi tollalög tóku gildi hefur hlutfall tolla af skatttekjum ríkissjóðs farið lækkandi. Ákvæði núgildandi tollalaga voru sniðin að því ástandi að hlutfall tolla af skatttekjum ríkissjóðs var mun hærra en nú er og því er mikil áhersla lögð á beint eftirlit með innfluttum vörum í núgildandi lögum.

Í frumvarpinu er hins vegar fremur lögð áhersla á tolleftirlit á grundvelli áhættugreiningar með viðeigandi úrtaksathugunum, bæði til þess að tryggja rétta innheimtu aðflutningsgjalda og eftirlit með því að ólöglegur varningur berist ekki til landsins.

Frumvarp til tollalaga var lagt fram til kynningar á síðasta vorþingi. Að lokinni framlagningu var frumvarpið sent til umsagnar hjá viðeigandi stjórnvöldum og hagsmunaaðilum. Umtalsverð vinna hefur farið fram við að yfirfæra þær athugasemdir sem bárust. Í því frumvarpi sem ég mæli nú fyrir hefur verið tekið tillit til málefnalegra athugasemda að svo miklu leyti sem kostur er. Helsta breytingin lýtur að skiptingu landsins í tollumdæmi. Í þessu frumvarpi er horfið frá fækkun tollumdæma og lagt til að afmörkun umdæmanna verði óbreytt frá gildandi lögum. Komi til breytinga á skipulagi lögreglustjórnar á landsvísu er hins vegar óhjákvæmilegt að taka skipan tollumdæmanna til endurskoðunar.

Í frumvarpinu sem lagt var fyrir síðastliðið vor var hlutverk tollyfirvalda við rannsókn refsiverðra tollalagabrota og tengdra sérrefsilagabrota aukið með það að markmiði að tollstjórar annist að meginstefnu til rannsókn slíkra brota. Í þessu frumvarpi er fallið frá þeirri tillögu og miðað við að þau ákvæði sem þetta varða og nú eru í gildi haldist óbreytt. Á hinn bóginn er talið brýnt að skilgreina nánar mörk tolleftirlits og tollrannsóknar þannig að sérhæfing tollgæslu nýtist sem allra best. Stefnt er að því að setja á fót sérstakan starfshóp til að fara nánar yfir þessi mál á allra næstu vikum.

Ég mun nú, virðulegi forseti, greina efnislega frá helstu breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir miðað við núgildandi löggjöf.

Í X. kafla frumvarpsins er hlutverk tollstjóra skilgreint með ítarlegri hætti en gert er í núgildandi tollalögum.

Hlutverk tollstjóra er skilgreint í 42. gr. frumvarpsins.

Í 43. gr. þess er tollstjóranum í Reykjavík falin aukin ábyrgð á nokkrum sviðum vegna þeirrar sérhæfingar sem er til staðar hjá embættinu.

Lagt er til að tollstjórinn í Reykjavík hafi áframhaldandi með höndum þróun og rekstur tölvu- og upplýsingakerfa sem notuð eru við tollafgreiðslu og tolleftirlit og starfrækslu Tollskóla ríkisins. Jafnframt er lagt til að tollstjóranum í Reykjavík verði falin afgreiðsla bindandi álita um tollflokkun vöru, tollendurskoðun á landsvísu, auk áhættugreiningar og gerð eftirlitsáætlunar fyrir landið allt. Þetta eru allt verkefni sem krefjast mikillar sérhæfingar. Þess vegna er lagt til að slík verkefni verði á hendi þess tollstjóra sem hefur á að skipa sérhæfðasta starfsliðinu.

Þá er gert ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík gegni leiðbeiningarhlutverki gagnvart öðrum tollstjórum, sem og inn- og útflytjendum og öðrum sem senda tollyfirvöldum upplýsingar með rafrænum hætti, m.a. með útgáfu verklagsreglna.

Í XI. kafla frumvarpsins er tekið upp nýtt hugtak, hugtakið tollmiðlari, yfir þá aðila sem taka að sér í atvinnuskyni að koma fram gagnvart tollyfirvöldum fyrir hönd inn- og útflytjenda. Með tilkomu rafrænnar tollafgreiðslu hefur starfsemi umboðsmanna inn- og útflytjenda aukist verulega og gegna þeir veigamiklu hlutverki við tollmeðferð vöru. Þess vegna er lagt til að starfsemi þeirra verði gerð leyfisskyld og kveðið verði á um réttindi þeirra og skyldur með skýrum hætti í tollalögum. Meðal annars er tollmiðlara gert skylt að kalla eftir þeim fylgigögnum frá inn- og útflytjendum sem eiga að liggja til grundvallar tollafgreiðslu vöru og leggja sjálfstætt mat á það hvort þær upplýsingar sem þar koma fram séu réttar. Enn fremur ber honum að gæta að því að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar.

Í XIII. kafla frumvarpsins eru veigamikil ákvæði um geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur og skyld atriði. Uppbyggingu kaflans er hagað með þeim hætti að fyrst eru sett fram yfirlit yfir þau geymslusvæði sem um er fjallað í kaflanum. Í kjölfar þess yfirlits fylgja almenn ákvæði sem eiga í grundvallaratriðum við öll geymslusvæðin, svo sem ákvæði um meðferð vara á geymslusvæðum, þar með talið geymslutíma, vörsluábyrgð rekstraraðila geymslusvæðis og vöntun og umframbirgðir á geymslusvæðum.

Hugtakið vörsluábyrgð kemur ekki fyrir í núgildandi tollalögum, en það er lagt til að hugtakið verði leitt í lög sem samnefnari yfir skyldur þess sem hefur ótollafgreiddar vörur í sinni vörslu. Í kaflanum er einnig fjallað um formskilyrði fyrir yfirfærslu vörsluábyrgðar frá einum vörsluhafa til annars.

Á eftir almenna kaflanum koma síðan kaflar um einstök geymslusvæði. Þar er í fyrsta lagi sérákvæði um tollvörugeymslur. Lagt er til að ákvæði núgildandi laga um tollvörugeymslur verði felld brott og í stað þeirra komi ný efnisákvæði um slíkar geymslur.

Á undanförnum árum hafa verið gefin út fleiri leyfi til reksturs frísvæða en tollvörugeymslna. Það kemur til vegna þess að efnisreglur um frísvæði í gildandi lögum varðandi heimildir til aðvinnslu á geymslusvæði, geymslutíma og uppskiptingu sendinga í smærri einingar til dreifingar eftir þörfum markaðarins hverju sinni, henta þörfum atvinnulífsins mun betur en núgildandi ákvæði um tollvörugeymslur.

Í frumvarpi þessu er lagt til að sambærileg efnisákvæði verði sett um tollvörugeymslur og hugtakið tollvörugeymsla verði notað yfir geymslusvæði sem er hugsað til þess að mæta þörfum þorra innflytjenda.

Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að hugtakið frísvæði verði eingöngu notað yfir afmarkað svæði þar sem heimilt er að nota ótollafgreiddar vörur til eiginlegrar iðnaðarframleiðslu líkt og til stóð þegar ákvæði um frísvæði voru fyrst leidd í lög árið 1987.

Að auki er í XIII. kafla frumvarpsins sérstakir undirkaflar um tollfrjálsar forðageymslur, afgreiðslugeymslur og tollfrjálsar verslanir.

Í 119. gr. frumvarpsins er tollstjóranum í Reykjavík falin tollendurskoðun á landinu öllu, en með tollendurskoðun er átt við þann þátt tolleftirlits sem tekur til hvers konar könnunar á réttmæti skila á aðflutningsgjöldum eftir álagningu þeirra. Áður en til rafrænnar tollafgreiðslu kom var tolleftirliti að mestu hagað þannig að farið var yfirtollskjöl vegna vörusendingar áður en heimild var veitt til innflutnings eða útflutnings hennar. Með tilkomu rafrænnar tollafgreiðslu fer tolleftirlitið í meginatriðum fram eftir tollafgreiðslu með svokallaðri tollendurskoðun, en í tollendurskoðun felst m.a. samanburður á upplýsingum sem tollstjórum eru veittar með rafrænum hætti við bókhaldsgögn, þar á meðal viðeigandi fylgigögn sem eiga að liggja til grundvallar skýrslugjöf til tollstjóra samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Rétt er að vísa til almenns ákvæði í 30. gr. frumvarpsins um upplýsingaskyldu innflytjenda í þessu sambandi. Í ákvæðinu er tollstjórum tryggð heimild til ótvíræðs aðgangs að gögnum tollskyldra aðila og aðgangs að starfsstöðvum þeirra og birgðageymslum. Þá er lagt til að tollstjóra verði veitt heimild til þess að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta við tolleftirlit.

Í 119. gr. er jafnframt mælt fyrir um að lögregla skuli veita tollstjóranum nauðsynlega aðstoð í þágu tollendurskoðunar ef aðili færist undan afhendingu bókhaldsgagna.

Í XXII. kafla frumvarpsins eru lagðar til ýmsar breytingar á þeim kafla gildandi laga sem fjallar um refsiábyrgð, viðurlög og málsmeðferð. Öll refsiákvæði kaflans hafa að geyma sjálfstæðar verknaðarlýsingar sem marka refsinæmi verknaðar, auk annarra skilyrða refsiábyrgðar. Lögð er til grundvallar hefðbundin tilhögun saknæmisskilyrða þannig að flest afbrigðileg refsiákvæði í gildandi tollalögum eru látin víkja, t.d. öfug sönnunarbyrði og óskipt refsiábyrgð.

Virðulegi forseti. Frumvarp þetta er afrakstur umfangsmikillar heildarendurskoðunar á tollalögunum. Hér hef ég drepið á helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Fjölmargar aðrar breytingar eru þar að sjálfsögðu einnig, en ég leyfi mér að vísa til umfjöllunar um efni þeirra í almennum athugasemdum við frumvarpið.

Legg ég til, herra forseti, að máli þessu verði að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[16:23]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er mikið mál á ferðinni og má ljóst vera að tímabært er að endurskoða tollalögin, svo mikill lagabálkur sem þau eru. Ég vil hins vegar aðeins koma með fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra þar sem nú er lagt upp í endurskoðun, væntanlega með víðsýni og að teknu tillit til breytts umhverfis, hvort það sé rétt sem má ætla í 39. gr. þegar talað er um tollumdæmi, þ.e. að „landið skiptist í tollumdæmi með sama hætti og stjórnsýsluumdæmi sýslumanna eru mörkuð hverju sinni. Ráðherra getur þó með reglugerð breytt mörkum tollumdæma ef sérstaklega stendur á."

Þannig háttar til að í Grundartangahöfn þar sem koma nú orðið á þriðja hundrað skip á ári er tollumdæmið Stykkishólmur (**Gripið fram í:** Borgarnes ...) Borgarnes, ætlaði ég að segja. Nú er það svo að ekki er langt síðan að samruni hafna varð hér á Faxaflóasvæðinu, þ.e. Reykjavík, Grundartangi, Akranes og Borgarnes. Má því ljóst vera að mikið óhagræði skapast af því ef tollþjónusta og tolleftirlit verður ekki samræmt líka og eðlilegt væri að sama tollumdæmi sæi um Hafnarfjörð, Kópavog og að sjálfsögðu Straumsvík, þ.e. Hafnarfjörður, Kópavogur, Reykjavík, Grundartangi, Akranes og Borgarnes.

Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. fjármálaráðherra hvort ekki sé eitthvað á döfinni að aðlaga þessi lög eða vinnubrögð tollgæslunnar að þeim staðreyndum sem blasa við varðandi innflutning í þessar hafnir á Faxaflóasvæðinu.

[16:25]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður hreyfir hér mikilvægu máli. Vissulega skiptir það máli með hvaða hætti staðið er að því skipulagi til að tryggja sem besta nýtingu þess mannafla og þeirra fjármuna sem í það fara og til að tryggja sem mestan og bestan árangur til að koma í veg fyrir að smyglvarningur af ýmsu tagi, hefðbundinn en einnig fíkniefni, geti komist eftir krókaleiðum inni í landið vegna slælegs eftirlits.

Nú hef ég enga ástæðu til að halda að í þeim höfnum sem hv. þingmaður nefndi sé ástandið verra en annars staðar hvað þetta varðar. Ég minni á að í frumvarpinu sem við höfðum hér til kynningar í þinginu á síðastliðnu vori var gert ráð fyrir miklum breytingum á tollumdæmum, m.a. á umræddu svæði, en horfið er frá því að sinni í þessu frumvarpi. Það mál reyndist vera flóknara en fyrst var talið, m.a. vegna skiptingar landsins í sýslumannsumdæmi og þeirrar staðreyndar að sýslumenn eru tollstjórar að gildandi lögum a.m.k. Því er það mál má segja í ákveðinni biðstöðu. Það er engu slegið föstu um breytingar í því efni hvað þetta frumvarp varðar, en vakin er athygli á því eins og ég gerði í framsögu minni að verið er að huga að breyttu skipulagi varðandi lögreglustjórn í landinu sem er auðvitað náskylt málefni. Mér fyndist ekki óeðlilegt að huga að breytingum á skiptingu landsins í tollumdæmi í tengslum við slíkar breytingar ef einhverjar verða.

Hitt er annað mál að með bættum samgöngum er auðvitað einfaldara fyrir sýslumann þótt hann sé fjarri vettvangi eða viðkomandi tollhöfn að hafa eftirlit en kannski áður var.

[16:27]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt sem hæstv. fjármálaráðherra kom inn á að með breyttum samgöngum er þetta svæði orðið annað og öðruvísi yfirferðar. Hinu er þó ekki að leyna að upp hafa komið dæmi, að mér er tjáð, að tollstjóri eða sá sem sinnir tollembættisstörfum hafi beðið um aðstoð héðan úr Reykjavík og síðan fengið reikning vegna þeirrar vinnu tollvarða sem komu frá Reykjavík til að aðstoða menn við leit. Kom þá í ljós þegar reikningurinn barst frá tollstjóranum í Reykjavík til þessa tollumdæmis hér í næstu höfn að fjárhagur þess embættis lagðist nærri því í rúst.

Eins og við vitum og sjáum hvað hefur verið að gerast í fíkniefnaheiminum tel ég að full ástæða sé til að heildarsýn sé yfir þessar hafnir allar. Sérstaklega bendi ég á hve í Grundartangahöfn hafa orðið mikil umsvif sem önnur stærsta innflutningshöfn landsins, eins og ég sagði áðan með á þriðja hundrað skipaviðkomur á ári og náttúrlega óeðlilegt að einn tollvörður staðsettur í Borgarnesi fylgist með þessu öllu. Þess vegna eins og ég hjó eftir hjá hæstv. fjármálaráðherra verður þetta mál væntanlega tekið til skoðunar og ég tel að fyllsta ástæða sé til að þetta mál sé tekið til gaumgæfilegrar endurskoðunar og athugunar eins og nú er verið að gera með hinn lagalega bálk tollheimtunnar.

[16:29]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki miklu við þetta að bæta af minni hálfu. Ég hlusta með athygli á það sem þingmaðurinn hefur hér haft fram að færa. Þetta eru auðvitað allt saman sjónarmið og ábendingar sem þarf að taka til rækilegrar skoðunar. Ég býst við að bæði hann og aðrir þingmenn vilji gera allt sem þeir geta til að sporna við t.d. innflutningi fíkniefna inn í landið í gegnum hafnirnar. Við eigum auðvitað öll að búa þannig að skipulaginu í því efni að það í það minnsta opni ekki glufur eða geri mönnum auðvelt fyrir að koma slíkum ófögnuði á markað í landinu. Skipulagið í tolleftirlitinu má ekki verða til þess að slíkar glufur myndist eða mönnum sé gert auðveldara fyrir á einum stað en öðrum að standa í slíkri starfsemi, jafnviðurstyggileg og hún er fyrir okkar þjóðfélag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 1. umr.

Stjfrv., 495. mál (rjúpnaveiðar, sölubann og takmörkun veiða). — Þskj. 757.

[16:31]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Árið 2003 var ákveðið að hætta við að aflétta friðun á rjúpu frá og með árinu 2003 til og með árinu 2005 vegna bágs ástands stofnsins. Ákvörðunin var tekin í samræmi við 17. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, en samkvæmt lögunum er aðalreglan sú að þau dýr sem undir lögin falla njóta friðunar nema henni sé aflétt eins og heimilt er í vissum tilvikum, m.a. þegar rjúpa á í hlut. Samkvæmt 17. gr. laganna er heimilt að aflétta friðun á rjúpu frá og með 15. október til og með 22. desember ár hvert. Í framhaldi af áðurnefndri ákvörðun varð mikil umræða í þjóðfélaginu og skiptar skoðanir. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja það frekar hér enda er mönnum sú umræða í fersku minni.

Við talningu rjúpu vorið 2004 kom fram að stofninn hefur tvöfaldast á milli áranna 2003 og 2004, sem bendir til þess að hann sé í töluverðri uppsveiflu og að mögulegt kunni að vera að leyfa takmarkaðar veiðar í framtíðinni. Það verður hins vegar ekki gert nema með því að koma á enn markvissari stjórn veiðanna en tíðkast hefur til þessa og til þess þarf lagabreytingar.

Síðastliðið haust ákvað ég að leggja fram á yfirstandandi þingi frumvarp í því skyni að styrkja stjórn rjúpnaveiða á grundvelli þess að möguleikar gefist til veiða þegar á hausti komanda og var það gert í ljósi niðurstöðu talninga Náttúrufræðistofnunar á sl. ári. Mikilvægt er að tryggja að rjúpnaveiðar verði sjálfbærar þegar þær hefjast á ný og að ekki þurfi að grípa til tímabundinnar friðunar í framtíðinni.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun fól ég svokallaðri rjúpnanefnd að semja frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar umhverfisráðuneytisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Fuglaverndarfélags Íslands, Skotveiðifélags Íslands og Bændasamtaka Íslands. Nefndinni var sérstaklega falið að líta til tiltekinna þátta, þ.e. heimildar til að banna sölu rjúpna og rjúpnaafurða, heimildar til að kvótabinda rjúpnaveiðar, takmörkun á notkun farartækja og hugsanlegar breytingar á veiðitíma, þ.e. upphaf og lok hans. Nefndinni var jafnframt falið að haga störfum sínum þannig að nýtt stjórnkerfi rjúpnaveiða gæti verið fyrirmynd að stjórn veiða á öðrum fuglastofnum eftir því sem aðstæður krefðust.

Nefndin skilaði tillögum sínum um lagabreytingar til ráðuneytisins í nóvember sl. þar sem farið var yfir áðurnefnda þætti og fleiri sem til greina kæmu í tengslum við stjórn á veiðum.

Frumvarp það sem hér er til umræðu byggist í megindráttum á tillögum nefndarinnar að því frátöldu að ekki er að svo stöddu lagt til að heimilt verði að setja kvóta á fuglaveiðar eins og nefndin lagði til, enda ekki talin þörf á slíkri heimild nema í ljós komi að aðrar aðgerðir sem lagðar eru til í frumvarpi þessu séu ekki nægjanlegar. Það bíður því síðari tíma ef á þarf að halda sem vonandi verður ekki.

Í frumvarpinu er lagt til að til þess að takmarka veiðisókn í fuglastofna, sem ákveðið er að létta friðun af samkvæmt áðurnefndum lögum, verði umhverfisráðherra heimilt í reglugerð að draga úr veiðisókn með sölubanni og sóknarstýringu. Sölubannið gæti þannig tekið til tiltekins tíma t.d. þegar viðkomandi stofn er í lágmarki vegna náttúrulegra sveiflna.

Margoft hefur komið fram að helmingur af þeirri rjúpu sem veidd er falli undir svokallaða magnveiði, þ.e. sé einkum til sölu á almennum markaði. Nefndin taldi ekki ástæðu til að leggja til breytingar á upphafi eða lokum veiðitíma, enda ríki góð sátt um veiðitímann, en lagt er til svo ekkert fari á milli mála að ráðherra fái ótvíræðar heimildir til að ákveða hvaða daga megi veiða innan veiðitímans og jafnframt að takmarka megi veiðar við ákveðinn tíma sólarhrings.

Rjúpnanefndin taldi ekki heldur ástæðu til þess að fjalla sérstaklega um þau farartæki sem nota má við veiðar þar sem ákvæði náttúruverndarlaga séu nægjanlega skýr. Rétt þykir þó að leyfa notkun tiltekinna vélknúinna farartækja á landi til að komast á veiðilendur svo framarlega sem ekki sé um að ræða vélsleða, fjórhjól og annan sambærilegan búnað, þ.e. torfærutæki, og þá að sjálfsögðu á merktum vegarslóðum og vegum. Samkvæmt gildandi lögum nær bannið eingöngu til vélsleða og fjórhjóla en komin eru á markaðinn sambærileg torfærutæki og er lagt til að lögin nái einnig yfir þau.

Nái frumvarpið fram að ganga á þessu þingi er ætlunin að rjúpnaveiðar hefjist í haust komi ekkert óvænt fram um ástand rjúpnastofnsins við talningar í vor. Þetta hefði í för með sér að bann við rjúpnaveiðum stæði í tvö ár en ekki í þrjú. Rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands á rjúpnastofninum samkvæmt samþykktri rannsóknaráætlun munu óháð þessu standa yfir til og með 2007. Að þeim loknum ættu umhverfisyfirvöld að vera betur í stakk búin til þess að taka ákvarðanir um framhaldið.

Ég vil einnig nefna að rjúpnanefnd umhverfisráðuneytisins fjallaði auk áðurnefndra þátta um griðlönd, skotvopn, veiðihunda og innflutning á villibráð. Niðurstaða nefndarinnar er sú að ekki sé ástæða til þess að taka sérstaklega á þessum þáttum þar sem ákvæði laganna, sbr. 18. gr., væru nægjanlega rúm til að kveða á um friðun, varp og vetrarstöðvar villtra fugla og ákvæði vopnalaga taka á skotvopnum. Nefndin taldi ekki ástæðu til að banna notkun hunda við veiðar, enda ljóst að svokallaðir sækjar, þ.e. hundar sem ætlað er að ná í bráð, minnka líkurnar á því að særð bráð finnist ekki. Auk þess er samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum meðalveiði þeirra sem nota hunda svipuð og þeirra sem ekki nota þá, eða um 3–5 rjúpur á dag.

Hvað varðar innflutning á fuglum og bann við honum telur nefndin vandséð að lög sem eiga að vernda villt dýr í íslenskri náttúru eigi að taka á slíkum þáttum, enda eigi að vera tryggt að settum reglum sé fylgt, svo sem um sýkingavarnir og merkingar jafnvel þó óheimilt sé að veiða slíka bráð hér á landi. Hér sé einfaldlega um matvælainnflutning að ræða sem lýtur tilteknum reglum varðandi merkingar,

sýkingavarnir og fleira.

Að lokum vil ég árétta að frumvarpið eins og það liggur fyrir hér tekur ekki aðeins á rjúpu og stjórnun rjúpnaveiða heldur til allra fugla sem heimilt er að aflétta friðun af samkvæmt heimild í áðurnefndum lögum, sé sú heimild nýtt.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. umhverfisnefndar að lokinni 1. umr.

[16:39]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Fram kom í ræðu hæstv. umhverfisráðherra að mikilvægt sé að tryggja að rjúpnaveiðar verði sjálfbærar þegar þær hefjast á ný og að ekki þurfi að grípa til tímabundinnar friðunar. Mér þætti mjög gott að fá það fram hjá hæstv. ráðherra hvað hún eigi nákvæmlega við, vegna þess að þegar gripið var til friðunaraðgerðanna 2003 var sýnt fram á það með vísindalegum gögnum að lágmark rjúpnastofnsins var ekki marktækt lægra en fyrri lágmörk stofnsins.

[16:40]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel mikilvægt að tryggt sé að veiðarnar verði sjálfbærar. Þess vegna þarf ráðherra hverju sinni að hafa í höndunum bestu aðferðir til að slíkt sé unnt. Hins vegar er alveg ljóst að þegar ákveðið var að rjúpan yrði friðuð voru stofnanir umhverfisráðuneytisins sem um þau mál ber að fjalla, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun, ekki sammála í áliti sínu á því hvort aflétta bæri friðun eða ekki. Ég býst við að hv. þingmaður sé að vísa til þess. Þar að auki voru skoðanir sérfræðinga á þessu sviði skiptar.

[16:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er áhugavert að við erum komin með frumvarp, svokallað rjúpumál, eftir þær deilur sem áttu sér stað þegar rjúpnaveiðibannið var sett á. Ég geri mér grein fyrir því að ráðherra er að koma með eins konar sáttatillögu.

Mig langar að koma með fyrirspurn varðandi það að draga úr veiðisókn og vera með sölubann eða sóknarstýringu. Ég sé að hér er fyrst og fremst getið um að takmarka veiðar miðað við ákveðna daga, ákveðinn tíma sólarhrings ef ekki er talið unnt að leyfa ótakmarkaða veiði innan tímamarkanna sem tilskilin eru. Ég vil spyrja um það af því það var talsvert rætt þegar verið var að setja bannið á að það væri mjög erfitt að takmarka veiðar, sérstaklega að takmarka fjölda rjúpna af því þetta kallaði á mjög beinskeitt eftirlit í okkar stóra landi. Menn töluðu um að hægt væri að vera með merkingar á rjúpu og annað slíkt. Hefur þetta verið skoðað? Hefur nefndin skilað einhverju varðandi takmörkun veiða annað en að setja í lög að ráðherra geti ákveðið daga eða tíma sólarhrings innan veiðitímabilsins?

[16:43]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að frumvarpið sem hér er komið fram er m.a. lagt fram til sátta til að koma til móts við þá aðila sem deildu um þessi mál. Það hefur verið vandað mjög til þess. Þeir aðilar sem hafa farið ofan í þessi mál eru gjörkunnugir þeim og að nefndarstarfinu kom fólk sem á hagsmuna að gæta í þessum efnum.

Eins og ég nefndi í framsögu minni var nefndinni m.a. falið að skoða að kvótabinda veiðar, sem tengist því sem hv. þingmaður spurði um, en að svo stöddu var ekki talið skynsamlegt að festa það í lög heldur fá reynslu af þeim heimildum sem verið er að leggja til að umhverfisráðherra fái áður en menn færu að stíga það skref að kvótabinda veiðarnar, sem væri vissulega mjög mikil takmörkun.

[16:44]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir svarið. Vel má vera að skynsamlegt sé að bíða með að grípa til aðgerða eins og að kvótabinda veiðarnar, en það er líka gott að hafa það í farteskinu að það er möguleiki sem hægt er að taka upp þegar búið verður að skoða hin ólíku svæði sem rjúpan er á og horfast í augu við að það þarf kannski að meðhöndla þau á ólíkan hátt. En með því að byrja með þetta til reynslu er náttúrlega alveg ljóst að ef illa gengur og ef það næst ekki sátt um að virða þau ákvæði sem er að finna í frumvarpinu vofir að sjálfsögðu yfir að taka upp kvótabindingu með öllu því sem fylgir kvóta á veiðar. Því er e.t.v. snjallt að byrja á þennan hátt.

[16:45]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil líka upplýsa það hér í þessu sambandi að rjúpnanefndin svokallaða er enn að störfum. Ég á von á því að frá henni komi tillögur um svæðisbundna friðun og griðlönd.

[16:46]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Það hefur komið fram í andsvörum við hæstv. umhverfisráðherra að frumvarp það sem við hér ræðum sé að ákveðnu marki málamiðlun þeirra sjónarmiða sem tekist hafa á í þessu máli. Ég geri ráð fyrir að tekist hafi verið á um þessi sjónarmið í rjúpnanefndinni. Ég ætla að byrja á því að lýsa yfir ánægju minni með það sem hæstv. umhverfisráðherra segir núna, að rjúpnanefndin sem eins og hún getur um er enn að störfum skuli eiga eftir að gera tillögur um griðlönd og frekari atriði í þessum efnum. Það finnst mér mjög gott. Ég held að mjög mikilvægt sé að við höfum rjúpnanefndina starfandi og virka, sérstaklega á þeim tímum sem verið er að takast á um veiðar annars vegar og friðun hins vegar.

Ég er ein þeirra þingmanna sem sveið það ekki mjög sárt þótt veiðibann yrði sett á rjúpuna í þrjú ár. (Gripið fram í.) Ég hafði fulla þolinmæði hvað þetta varðaði og lýsti yfir stuðningi við ákvörðun hæstv. umhverfisráðherra Sivjar Friðleifsdóttur á sínum tíma, þegar veiðibannið var ákveðið til þriggja ára. Ég hef hins vegar ekki verið mjög herská í þessum sjónarmiðum og get þess vegna alveg viðurkennt

að sú leið sem lögð er til hér sé ásættanleg. Ég kem þó til með að krefjast þess að þetta verði skoðað í umhverfisnefndinni þegar málið verður þar tekið fyrir.

Ég hef heyrt erindi fuglafræðinga varðandi það hversu mikið rjúpunni virðist hafa fjölgað á milli ára eftir að veiðibannið var sett á. Það sýnir okkur auðvitað svart á hvítu að veiðibannið hefur haft veruleg áhrif. Það sýnir okkur líka að sú veiði sem hefur viðgengist undanfarin ár hefur að öllum líkindum verið allt of mikil. Það verður að tempra veiðina á rjúpnastofninum umfram það sem gert hefur verið hingað til.

Ég er sátt við meginmarkmið þessara breytinga, að þær séu til að styrkja stjórn rjúpnaveiðanna og tryggja það að veiðarnar verði sjálfbærar. Ég held að það sé grundvallaratriði í þessum efnum og þá þurfum við náttúrlega að ganga í gegnum það hvað hugtakið sjálfbær þýðir í þessum efnum. Hvað treystum við rjúpnastofninum til þess að fara í gegnum mikil afföll vegna veiða? Við þurfum að skilgreina þetta verulega vel þannig að hægt sé að fylgjast með því og tryggja að veiðarnar séu sjálfbærar.

Eitt af því sem fjallað hefur verið um í þessu máli öllu er erfiðleikarnir við að framfylgja þeim takmörkunum sem lögin kveða á um. Ég held að full ástæða sé til að brýna hæstv. umhverfisráðherra og umhverfisráðuneytið í því að finna leiðir til að efla eftirlitið, eftirlit með því að farartæki séu rétt notuð og sömuleiðis að hundar séu rétt notaðir. Þó að við vitum að vel þjálfaðir veiðihundar séu til fyrirmyndar og veiðimenn sem veiða með veiðihundum séu margir hverjir til fyrirmyndar eru líka dæmi um það að hundar séu misnotaðir við veiðar. Auðvitað verður umhverfisráðuneytið að vera í stakk búið til að hafa eftirlit sem gagnast okkur, virkt eftirlit.

Ég ætla að minna á það varðandi sölubannið sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir að heimila umhverfisráðherra að Náttúrufræðistofnun hafði á sínum tíma í upphaflegum tillögum sínum til hæstv. umhverfisráðherra varðandi friðun rjúpunnar, tímabundna friðun, lagt til að sölubann yrði sett á. Jafnframt töldu vísindamenn Náttúrufræðistofnunar nauðsynlegt að til þess að sölubann hefði þau áhrif sem menn gerðu ráð fyrir yrði jafnframt að setja innflutningsbann á rjúpuna. Annað byði upp á svartamarkaðsverslun. Þau rök sem fylgdu í kjölfarið voru að mínu mati afar frambærileg. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því að ákveðin hætta er fólgin í því að bara sé til staðar sölubann en ekki innflutningsbann. Hvernig ætlum við t.d. að tryggja að veitingahús selji eingöngu innflutta rjúpu, séu ekki með íslenska rjúpu á boðstólum? Samkvæmt þessu sölubanni, ef sölubanni verður komið á, mega veitingahús ekki kaupa íslenska rjúpu til að selja áfram til neytenda. Hér er ákveðin glíma og ég held að við þurfum að skoða gaumgæfilega hvort okkur nægi sölubannið eða hvort meira þurfi að koma til.

Það kom fram í máli hæstv. umhverfisráðherra að í frumvarpinu væru ekki lagðar til breytingar á upphafi og lokum veiðitíma, enda verði að líta svo á að tiltölulega góð sátt sé um veiðitímann. Í því sambandi langar mig til að rifja upp að bæði veiðimenn og landeigendur hafa einmitt rætt um þennan veiðitíma sem ég dreg í efa að sé góð sátt um. Landeigendur og bændur hafa viljað taka framan af veiðitímanum. Ein ástæðan hefur verið sú að ástand vega sé hreinlega ekki nægilega gott í upphafi veiðitímans til þess að vegirnir, fjallaslóðar, þoli áganginn, þoli ágang ökutækja. Það er of blautt, kannski ekki komið hjarn yfir sem tryggi að vegirnir varðveitist þannig að það er veruleg hætta á því að vegirnir spillist ef veiði hefst of snemma.

Sömuleiðis hefur í þessu tilliti verið fjallað um það að sú rjúpa sem veidd er fyrst á veiðitímabilinu, þ.e. í október, sé komin í vetrarbúning en oft og tíðum sé ekki kominn snjór yfir jörð þannig að sú rjúpa eigi sér engrar undankomu auðið. Landeigendur og bændur hafa mælt með því að veiðitíminn verði styttur í fremri endann með þessum rökum.

Veiðimenn hafa í allri þessari umræðu lýst sig reiðubúna til að stytta veiðitímann. Þeir hafa líka lýst sig reiðubúna til þess að fara kvótaleiðina og hvorugt er lagt til í þessu frumvarpi. Mér finnst það umhugsunarefni og það mun auðvitað koma til skoðunar umhverfisnefndarinnar þegar málið verður tekið þar fyrir.

Ég ítreka að hér virðist vera skynsamleg málamiðlun á ferðinni sem eflaust er til þess fallin að lægja öldur þær sem risu á sínum tíma út af veiðibanninu. Ég kem til með að áskilja mér allan rétt í þessum efnum hafandi haft uppi þau sjónarmið sem ég hef haft. Ég hlakka til að fá vísindamenn Náttúrufræðistofnunar á fund okkar í nefndinni til að skoða þetta nánar og skoða það svart á hvítu hver staða rjúpnastofnsins er núna eftir tveggja ára alfriðun.

[16:53]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er svolítið gaman að því að horfa yfir salinn og finna friðsemdarandrúmsloftið sem virðist ríkja yfir þessum fundi, líta til baka og rifja upp spennuna sem var yfir banninu þegar hæstv. fyrrverandi umhverfisráðherra ákvað að grípa til þess ráðs. Það var auðvitað mjög athyglisvert að þessi stjórnartillaga hafði ekki stuðning allra stjórnarliða á sínum tíma. Það voru miklar og heitar tilfinningar sem vöknuðu í málinu og í hverjum þingflokki voru skiptar skoðanir og eðli máls samkvæmt var hið svokallaða rjúpumál því ekki flokkspólitískt, það var mjög einstaklingsbundið hvernig menn brugðust við. Þannig var það í mínum flokki og þannig var það ekki síst í stóra stjórnarflokknum þar sem kom fram sérstakt þingmál með öllum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins innan borðs nema ráðherrunum, forseta þingsins og formanni umhverfisnefndar. Fannst mér frekar gaman að.

Þetta segir miklu meira um eðli málsins en e.t.v. flokksaga eða flokksviðbrögð. Þess vegna lít ég svo á að þegar ég bregst við þessu frumvarpi hér sé ég ekki að bregðast við í nafni flokks míns, heldur fyrst og fremst að bregðast örlítið við þeirri stöðu sem kom upp og af hverju við erum hér nú.

Ég er sjálf ekki í nokkrum vafa um að það var rétt að setja rjúpnaveiðibannið á. Ég er ekki í nokkrum vafa um að árangur varð af því og að þeir fræðimenn sem hafa bent á að það var nauðsynlegt að bregðast við höfðu rétt fyrir sér. Við erum núna að fá hér nýtt frumvarp inn á borð sem styttir friðunartímabilið einmitt af því að það náðist að framkvæma vissa björgunaraðgerð á þessum tíma.

Ég geri mér líka alveg grein fyrir því, virðulegi forseti, að eins og kom fram í ræðu hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur sem talaði á undan mér er auðvitað misjafnt hvernig fólk fer í veiðar og hvernig það beitir tækjum og tólum eða fer með hunda á svæðið í tilefni af því að hér á ekki að banna veiðar með hundum. Við getum ekki búið til lög og sett reglur ef við ætlum alltaf að horfa á það að hugsanlega sé hægt að virða lög og reglur að vettugi. Það er alveg sama hvar við berum niður. Við setjum lög og reglur af því að við teljum að þannig eigi að umgangast hvort heldur er náttúruna, umferðina eða hvað það er annað sem við erum að setja reglur um, um hvernig fólk hegðar sér í því að vinna í samfélagi, fá heimild til að nýta auðlindir náttúrunnar eða annað. Þess vegna er mikilvægt að reglur séu skýrar, að þær séu góðar og ekki ósanngjarnar. Svo er mjög mikilvægt að vera með þannig eftirlit að það sé ekki eins og fúsk út í loftið, að þeim sé ljóst sem nýta auðlindina eða eru með í samfélaginu að brugðist verði við ef menn fara ekki að reglum.

Þetta eru hin einföldu sannindi sem eiga við, hvort heldur er úti í náttúrunni eða annars staðar. Þess vegna er mjög mikilvægt að okkur sem setjum lögin takist að gera það þannig að sátt sé um. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að hér sé það lagfært að ekki sé bara verið að tala um vélsleða eða fjórhjól, heldur að þetta gildi um torfærutæki, þetta gildi um þau tæki sem er hægt að fara hratt yfir á og elta dýrið uppi, í þessu tilfelli fuglinn. Mér finnst það mikilvægt.

Mér finnst það líka skipta mjög miklu máli þó að það sé ekki komið inn í þetta frumvarp að nefndin muni starfa áfram og að tillögur muni koma um svæðisbundin griðlönd og/eða friðun á tilteknum svæðum eða tilteknum tímum.

Svo mikið lærðum við um þetta mál í vinnunni við það í umhverfisnefnd í fyrra að við vitum að landið allt er ekki bara eitthvað sem er eins. Við vitum líka að það er meira um fugl á einu svæði en öðru. Við vitum líka að fuglinn á erfitt uppdráttar á sumum svæðum. Það getur verið nauðsynlegt að skapa þær aðstæður að fuglinn fái frið á einu svæði þó að ekki sé verið að friða allt landið.

Þetta finnst mér skipta máli í umræðunni. Úr því að fram er komið sáttafrumvarp er mikilvægt að sem best sátt geti orðið um það. Við vorum ekki öll sammála, ekki einu sinni við fulltrúar Samfylkingarinnar í umhverfisnefndinni í fyrra, sum okkar vildu bara fara nákvæmlega leið þáverandi umhverfisráðherra meðan aðrir vildu fara aðra leið og fluttu tillögur um það. Þess vegna munum við að sjálfsögðu skoða málið mjög vel í umhverfisnefndinni og skoða hvort þarna hafi verið farin sú leið sem við öll teljum að sé góð og getum sæst á. Auðvitað þarf í máli eins og þessu að muna að ekki geta allir fengið viljann sinn fram. Ef maður er að reyna að ná fram sátt þurfa sem flestir að láta af sínu og skoða hvað hægt sé að sameinast um í ljósi þess að það verður að reyna að stíga skref til þess að koma til móts við sjónarmið sem flestra. Þannig ætla ég að vinna í málinu, virðulegi forseti.

[17:00]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég fagna því að þetta frumvarp kemur fram ef það verður til þess að rjúpnaveiðar verði leyfðar á ný sem ég reikna nú með. Þetta frumvarp snýr að því að auka heimild til ráðherra til að takmarka sókn í stofninn og það er þá heimild til að banna sölu rjúpna og rjúpnaafurða.

Sú skoðun kom fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að banna þyrfti innflutning á rjúpum. Ég tel að ekki eigi að gera það strax heldur frekar láta reyna á þetta. Ég reikna frekar með að veiðimenn vilji að þessi lög nái fram að ganga og veiðar verði leyfðar um næstu framtíð.

Einnig hafa menn rætt um að setja kvóta á rjúpur. Ég tel það algjörlega ófært. Það er hrein og klár della að ætla að kvótasetja rjúpu. Það er nógu erfitt að framfylgja ýmsum öðrum kvótalögum þó að menn fari ekki að ætla að framfylgja kvótum á fiðurfé úti um öll fjöll landsins. Ég skil ekkert í því ef menn ætla að fara þessa leið. Þetta er hrein og klár della. En mér líst ágætlega á takmörkun farartækja. Aðalatriðið í þessu er að almenn sátt verði um veiðarnar. Ég tel að veiðimenn verði fremstir í því að hafa gætur á öðrum veiðimönnum.

Það hafa komið hér ýmsar fullyrðingar, t.d. hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, um að veiðibannið hefði haft mjög mikil áhrif til hins betra. En eins og veiðibannið var framkvæmt af hæstv. þáverandi umhverfisráðherra þá vitum við því miður lítið um það vegna þess að rjúpnastofninn var í lágmarki og auðvitað óx rjúpnastofninn. Það er vita mál að þegar rjúpnastofninn er í lágmarki þá eru allar líkur til þess að í honum fjölgi á ný. Við vitum í raun ekkert eftir algjört veiðibann hvort fjölgunin sé vegna veiðibannsins eða einfaldlega liður í náttúrulegri sveiflu stofnsins. Það hefði verið miklu nær að friða ákveðin svæði og leyfa veiðar á öðrum og jafnvel að leyfa mismiklar veiðar á ákveðnum svæðum og reyna þannig að átta sig á því hver áhrif veiðanna eru. (**HBl:** Kvótasetja svæðin með öðrum orðum.) Eigum við ekki frekar að segja að hv. þingmaður ætti að líta til tillagna okkar um hvernig á að stýra veiðum vegna þess að í okkar ágæta þingflokki, Frjálslynda flokknum, eru margir sem hafa reynslu af veiðum og við gerum okkur ljóst að mjög erfitt er að takmarka það sem fæst í veiði. Miklu nær væri að takmarka sókn á ákveðin veiðisvæði. Þar hefur einmitt náðst árangur við að stýra veiðum.

Ég tel einmitt vegna þeirra reglna sem hæstv. umhverfisráðherra leggur til, geri hún sér grein fyrir því svona smám saman að það sé eiginlega mjög erfitt að takmarka það sem fæst í veiðinni og að miklu nær sé að takmarka sóknina og takmarka græjur og annað. Ég tel því að Sjálfstæðisflokkurinn sé þarna að átta sig á rökum og taka upp rök okkar í Frjálslynda flokknum. Það væri betur ef Sjálfstæðisflokkurinn gerði það í fleiri málum. Þá gengi okkur eflaust betur að stjórna annars konar veiðum en úr rjúpnastofninum og næðum mun meiri árangri t.d. í veiðum úr þorskstofninum sem Sjálfstæðisflokknum hefur nú gengið alveg hrapallega að stjórna.

Það er sárt til þess að vita — það var farið í gengum það — varðandi veiðitölur úr þorski t.d. þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur ráðið, að meðaltöl síðustu ára eru lægri en þegar nasistar friðuðu fiskimiðin hér á stríðsárunum. Það er til marks um það hvað fiskveiðistjórn og stjórn sjálfstæðismanna í sjávarútvegi hefur gengið illa. Ég tel að þetta geti verið fyrsta skrefið í að flokkurinn átti sig á því að miklu

nær væri að taka upp sóknarstýringu.

Því var haldið hér fram að veiðin væri of mikil. Ég tel að við verðum að spyrja okkur hvað við eigum við með því. Ég tel að þetta sé mjög góð spurning sem verði að spyrja. Erum við eitthvað bættari með því að flögrandi séu 50 þúsund fleiri rjúpur? Ég tel ekki svo endilega vera. Ég tel að þetta mál snúist miklu frekar um viðhorf til veiða og hvort fólk sé almennt fylgjandi hæfilegum veiðum eður ei.

Ég tel að fróðlegt væri í umræðunni að fá svör við einni spurningu hjá hæstv. umhverfisráðherra. Spurningar komu fram um hvort umrætt rjúpnaveiðibann sem hefur staðið nú yfir hefði haft mjög slæm áhrif á veiðikortakerfið. Ég tel að mjög þarft sé að fá svar við þeirri spurningu, þ.e. hvort það hafi farið svo illa og hvort menn leiði líkur að því að verið sé að gefa upp rangar veiðitölur eður ei.

Varðandi þá umræðu sem kom upp hér um stærð rjúpnastofnsins liggja staðreyndirnar reyndar á borðinu um að lágmark rjúpnastofnsins þegar friðun hófst var ekkert lægra en fyrri lágmörk stofnsins. Það er náttúrlega ákveðið áhyggjuefni, þ.e. þegar Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun tókust á, að þá hugðist Náttúrufræðistofnun setja rjúpuna á válista. Það er með ólíkindum að Náttúrufræðistofnun hafi talið það vænlegt að þegar sveiflur í dýrastofni — þ.e. reglurnar sem þeir beita eru þær að minnkunin verði 30% en náttúrulegar sveiflur eru langt umfram þessi 30% sem Náttúrufræðistofnun lagði til grundvallar. Í raun er það spurning þegar menn hyggjast setja dýrastofna á válista vegna náttúrulegra sveiflna og það tel ég vera ákveðið áhyggjuefni.

[17:08]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er það svo samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 17. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum að gert er ráð fyrir að heimilt sé að skjóta hrafn allt árið um kring. Nú vill svo til að hrafn er helgur fugl hjá heiðnum mönnum, ásatrúarmönnum. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann telji að þetta ákvæði beri að fella á brott.

[17:09]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel svo ekki vera.

[17:09]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ljósi Íslendingasagna, Snorra-Eddu og samkvæmt öðrum heimildum — ef við veltum því einnig fyrir okkur og rifjum það upp — og að Huginn og Muninn voru hrafnar Óðins þá kemur mér nokkuð á óvart að hv. þingmaður skuli telja hrafna réttdræpa allt árið um kring.

[17:10]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get nú svarað þessu með annarri spurningu. Það væri fróðlegt að vita hvort hinn kristni leiðtogi þingsins, hæstv. forseti þingsins Halldór Blöndal, borði dúfur og hvort það gangi gegn hans siðferðisvitund og trúarsannfæringu.

[17:10]

Útbýting:

Kennitöluflakk í atvinnurekstri, 453. mál, svar viðskrh., þskj. 766.

Útvarpslög, 505. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 770.

[17:11]

Halldór Blöndal:

Hæstv. forseti. Hér er merkilegt frumvarp á ferðinni sem rétt er að fara nákvæmlega yfir um leið og nauðsynlegt er að velta því fyrir sér hvort ástæða sé til þess að taka fleiri greinar laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum til athugunar.

Eins og fram kemur í þessu frumvarpi er tilgangur þess fyrst og fremst sá að reyna að standa þannig að veiðum á rjúpum að menn sætti sig við að slíkar veiðar skuli heimilaðar. Auðvitað eru um það skiptar skoðanir og við erum ýmsir sem teljum að ekki sé kominn tími til þess að hefja rjúpnaveiði á nýjan leik um leið og við vörum sérstaklega við því að þannig verði staðið að veiðum með því að efna til þeirra í atvinnuskyni að við því er að búast hvenær sem er að stofnarnir geti hrunið nema mjög vandlega sé fylgst með veiðunum.

Ég vil í þessu sambandi rifja upp að auglýstar voru á netinu fuglaveiðar á Íslandi, rjúpnaveiði og andaveiði, fyrir nokkrum árum og þá tókst svo til að með birtist mynd af veiðimanni glaðhlakkalegum uppi við Efri-Laxá með tvo straumandarsteggi í fanginu. Þetta lýsir í stuttu máli hvernig staðið hefur verið að þessum veiðum og því mikla kæruleysi sem sumir sýna náttúru landsins. Í þessu sambandi vil ég rifja upp að áætlaður varpstofn straumandar á Íslandi er um sex þúsund pör. Fjöldi að vetrarlagi er um 14 þúsund fuglar, næstum allir á sjó. En talið er að aðeins 20–30 fuglar haldi sig að vetrarlagi á Laxá í Þingeyjarsýslu og Elliðaánum. Þegar menn gera það nú sér að leik að skjóta þessa fáu straumandarsteggi og auglýsa fyrir veiðimönnum opinberlega á vefnum þá sjáum við að sumir ganga að þessum veiðum af mikilli óskammfeilni og taka með engum hætti tillit til hinnar veiku íslensku náttúru. Mun ég víkja nánar að því síðar.

Ég tel rétt í þessum fáu orðum mínum að fara yfir lögin eins og þau liggja fyrir. Ég vil vekja athygli á 1. mgr. 4. gr. laganna.

Með leyfi hæstv. forseta stendur þar:

„Náttúrufræðistofnun Íslands stundar rannsóknir á stofnum villtra fugla og spendýra, metur ástand þeirra og gerir í framhaldi tillögur til umhverfisráðherra um vernd og hvort viðkomandi stofn þoli veiðar, sbr. lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.“

Mér finnst athyglisvert að rifja þessa grein upp í ljósi þess hvernig staðið hefur verið að andaveiðum á ýmsum mjög viðkvæmum stöðum landsins. Náttúrufræðistofnun hefur með öðrum orðum ekki við það að athuga að þær séu stundaðar í svartasta skammdeginu, þorranum, þar sem við getum talið upp nokkur mjög viðkvæm svæði þar sem endurnar halda sig innan um vakir. Þá erum við ekki aðeins að tala um þær endur sem leyfilegt er að skjóta heldur erum við líka að ræða um endur eins og stóru-toppönd, gulönd, við erum að tala um straumönd, við erum að tala um hús-

önd og skúfönd.

Nú er það svo um stóru-toppönd að varppör eru einungis 300 og innan við þúsund fuglar hér að vetrarlagi. (Gripið fram í.) Hún er veidd. Hún er skotin. Við vitum um það. Við vitum það ýmsir aðrir þótt hv. þingmaður viti ekki um það. Hið sama er að segja um húsöndina, af henni eru einungis 600 pör og fjöldi að vetrarlagi um 2 þús. fuglar.

Ég hef flutt frumvarp um að stytta þann skotveiðitíma sem heimilt er að veiða endur. Mér finnst eftir á að hyggja og eftir að hafa rætt við ýmsa menn um þessi mál skynsamlegra að friða fremur einstök lindarsvæði þar sem eru þröng vetrarbúsvæði og viðkvæm. Hæstv. ráðherra hefur samkvæmt núgildandi lögum og eins þó að þessi breyting verði á lögunum heimild til að koma fram slíkri staðbundinni friðun. Ég vil nefna þessi dæmi, þessi svæði, með leyfi forseta: Laxá í Þingeyjarsýslu, Litluá í Kelduhverfi, Sogið og Úlfljótsvatn, Ölfusið, Veiðivötn, Apavatn, Rangárnar og lindir undan Skaftárelda- og Landbrotshraunum. Þessi svæði get ég ekki sagt að séu sett þarna af handahófi, það væri rangt af mér, því að ég er einmitt að leggja fram tillögu um svæði þar sem ég tel sérstaka ástæðu til staðbundinnar friðunar vegna þess að þær endur sem hér eru að vetrarlagi og eru alfriðaðar halda sig á þessum stöðum.

Það hefur komið upp að skynsamlegt kunni að vera að hafa staðbundna friðun á rjúpunni. Það kom fram í ræðu eins hv. þingmanns hér áður. Það hefur verið gert og ég tel að sú leið komi vel til greina. Ég vil að vísu friða endur allt árið um kring en ég geri mér grein fyrir því að það er mikil andstaða við það og ég ætla ekki að fara í reiptog um það sem ekki þýðir að vera í reiptogi um. Ég legg hins vegar mikla áherslu á, hæstv. ráðherra og formaður, og enn fremur vil ég beina þeim orðum til formanns umhverfisnefndar sem hér er staddur í þingsalnum, að þetta sé sérstaklega athugað. Er ekki nægt að skrifa t.d. sveitarstjórnum á þeim svæðum sem ég nefndi til eða öðrum sveitarstjórnum sem Náttúruverndarstofnun mundi þá benda á og grennslast fyrir um hvort þær telji að ástæða sé til að taka fastar á þessum málum en gert hefur verið.

Ég er t.d. ekki í neinum vafa um að því yrði fagnað af þeim sveitarstjórnum sem koma að Laxá í Þingeyjarsýslu og flestum jarðeigendum þar ef andaveiði við ána yrði með öllu bönnuð. Það má auðvitað rifja upp margar ömurlegar sögur af skotveiðum á því svæði og er nærtækast að vísa til Guðmundar skálds Friðjónssonar á Sandi sem hefur lýst því ágæta vel hvernig gengið var um eitt stóru-toppandarhreiður þar.

Um leið og ég legg áherslu á friðun þessara svæða vek ég athygli á 17. gr. laganna, síðasta málsl. 3. tölul., þar sem stendur:

„Ætíð er heimilt að skjóta kjóa nærri æðarvarpi."

Ég er þessu sammála. Ég tel engu að síður að við eigum líka að bæta þar við öðrum fugli, skúmi, sem er sýnu verri í æðarvarpinu en kjóinn. Hér áður fyrr var skúmur á takmarkaðri svæðum en nú er en á síðustu áratugum hefur svæði hans verið að færast út, varplönd hans eru farin að teygja sig að ég hygg um Álftaver, jafnvel til Víkur í Mýrdal. Ég veit ekki hvort hann er þar vestar. Skúmurinn verpir við Héraðsflóa, hann er í Öxarfirði, við Skjálfandaflóa og kannski víðar. Ég tel ástæðu til að heimila að skjóta skúm ekki síður en kjóa nærri æðarvarpi. Þessir fuglar eru af sama kyni, a.m.k. samkvæmt sumum fuglafriðunarbókum. Ég kann það ekki í þaula en þetta er sama kynið, stærðarmunur á þeim, og ég hygg að það markmið sem á sínum tíma var sett fram um algjöra friðun skúmsins eigi ekki lengur við — algjöra friðun, segi ég, en það má veiða hann, stendur hér, frá 1. september til 31. mars. Ég tel þýðingarmikið að heimilt sé að stugga við skúm og skjóta hann nálægt æðarvörpum.

Ég vil jafnframt þegar farið er yfir 7. gr. laganna vekja athygli á því að samkvæmt henni er heimilt að skjóta allt árið svartbak, sílamáf, silfurmáf og hrafn. Ég átta mig ekki á því af hverju hvítmáfur er ekki þar á meðal, hettumáfur sömuleiðis. Ef horft er til hettumáfs má segja að hann sé friðaður allt árið um kring því að þann tíma sem má skjóta hann er hann yfirleitt ekki á Íslandi. Þessir fuglar er náttúrlega miklir vargar í hreiðrum, sérstaklega hvítmáfurinn. Ég vil biðja umhverfisnefnd að athuga sérstaklega hvort ekki sé rétt að hafa þetta í huga.

Jafnframt vil ég segja í sambandi við grágæs og heiðagæs að ég hef athugasemd að gera við að heimilt skuli vera að skjóta þær frá 20. ágúst. Ég tel 1. september nægilegt. Með sama hætti tel ég að það ákvæði sem varðar andaregg og heiðagæsaregg sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar — ég er kominn í 20. gr., líklega 6. mgr., og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Andaregg og heiðagæsaregg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf."

Ég tel að þetta eigi að samræma, rétt sé að niður falli orðin „gefa né þiggja að gjöf" til samræmis við það sem hugsað er um rjúpuna. Um hana er látið duga að segja „að hana megi hvorki bjóða til sölu, selja né kaupa". Ég tel rétt að hið sama verði um þessi egg, enda sjáum við í þessari málsgrein að heimilt er að taka frá takmörkuðum svæðum egg af æðarfugli, stokkönd, rauðhöfðaönd, urtönd, duggönd, skúfönd, hávellu, húsönd og toppönd. Ef heimilt á að vera að gefa slík egg þeirra fugla eða selja, ég tala nú ekki um þar sem heimilt er að selja þau, finnst mér hálfnöturlegt að bannað sé að gefa eða þiggja egg heiðagæsar eða grágæsar, enda vitum við að þeir fuglar eru ekki í sérstakri útrýmingarhættu eins og nú standa sakir. Því hefur að vísu verið haldið fram að í nálægð Reykjavíkur séu allir fuglar sem heimilt er að skjóta í hættu. Skal ég ekki um það segja en ef við förum fjær höfuðborginni er svo ekki. Ég held að það sé mjög erfitt að færa rök fyrir öðru en að samræma ákvæðin um heiðagæsaregg.

Ég biðst afsökunar, ég hef nú lesið vitlaust, það eru andaregg og heiðagæsaregg sem hvorki má gefa né þiggja að gjöf. Við vitum að við þetta er ekki staðið. Er betra og skynsamlegra að sleppa þessu „gefa né þiggja að gjöf".

Í 18. gr. er sérstaklega vikið að því að ráðherra geti „með reglugerð, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög eftir því sem við á og að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, [kveðið] á um aukna vernd ákveðinna friðaðra stofna villtra fugla og spendýra ef brýn ástæða er til". Ég vil líka leggja áherslu á þessi ákvæði með rökstuðningi fyrir því að ástæða sé til að huga sérstaklega að þeim svæðum sem ég nefndi hér áðan.

Auðvitað er erfitt að færa fram sönnur fyrir því að friðaðir fuglar séu drepnir. Ég hef slíkt ekki í hendi mér, þ.e. að benda á sökudólga í því sambandi, en ég hef þó hin síðustu missiri fengið æ fleiri dæmi um að slíkt hafi verið gert. Endur eru gjarnan skotnar eftir að fer að rökkva og menn geta svo sem spreytt sig á því að reyna að þekkja kollur anda í sundur af mismunandi tegundum í björtu, hvað þá eftir að skyggja tekur. Því er ljóst að slíkar veiðar á mjög viðkvæmum svæðum þar sem fágætustu endur sem hér eru halda til yfir veturinn mega ekki ganga svo áfram. Sumir hafa lagt mikið upp úr því að landeigendur geti bannað veiðar í sínu landi en fuglar eru nú eins og fiskarnir að því leyti að þeir eru ekki bundnir við ákveðin landsvæði. Það eru engin vébönd, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, sem heldur þeim innan ákveðinna svæða svo að segja má að réttur þeirra sem vilja friða öndina sé skertur með því að ótakmarkaðar veiðar eru heimilaðar á öðrum stöðum við ána.

Ég vil líka í þessu sambandi, hæstv. ráðherra, leggja áherslu á að fastar verði tekið á veiðum á mink, auðvitað á viðkvæmum stöðum en raunar á landinu öllu. Ágætur bóndi sagði við mig í hálfkæringi að hann vekti yfir andavarpinu, þeir skiptust á að gera það yfir varptímann, og sagði svo við mig: Til hvers er það eiginlega ef menn geta gengið um og skotið endur í sjö mánuði og enginn hreyfir við minknum? Missa menn þá ekki áhugann á því að reyna að standa vörð um þessa viðkvæmu stofna, örfáu fugla sem eru hér af sumum andategundum?

Ég vil að lokum leggja áherslu á að fuglaskoðun verður æ vinsælli hér á landi. Eins og fjölfróður maður og mikill fuglaskoðari og raunar sérfræðingur í því að fara með ferðamenn um landið og sýna þeim fugla, Stefán Þorlaksson frá Svalbarði, hefur bent mér á eru skilyrði hér á landi betri en víðast hvar annars staðar. Hér er lítið skóglendi en af þeim sökum er tærleiki loftsins meiri en ella mundi vera og því skilyrði til fuglaskoðunar og myndatöku af fuglum einstök.

„Enn skal hér ljóma rækt og runnablámi," segir Einar Benediktsson í Stórasandi og víkur einmitt að því að þessi runnablámi sem við sjáum víða erlendis er óvíða hér á landi meiri nú en var þegar hann orti Stórasand, en víðast hvar er tærleiki loftsins mjög mikill, gróður lítill, þannig að menn sjá vítt yfir og geta þess vegna einbeitt sér að fuglaskoðun með meiri árangri en víðast annars staðar. Fuglaskoðun er vinsæl á öllum árstímum, því að fuglar breyta um hegðun og lit margir hverjir eftir árstíð og þess vegna er ævinlega jafnskemmtilegt og jafngott að fara um landið, leita uppi fugla og reyna að þekkja þá í sundur, ef maður hefur góðan leiðsögumann eins og ég hef raunar stundum haft.

Ýmsir hafa haft orð á því við mig nú að rjúpan sé gæfari og hagi sér öðruvísi en hún gerði á meðan veiðarnar voru leyfðar á hverju ári. Er enginn vafi á því að margir munu sakna þess nú þegar rjúpnaveiðar verða teknar upp að nýju að hafa rjúpurnar ekki hjá sér eins gæfar og þær hafa verið nú á þessum vetri.

Hið sama getum við auðvitað sagt um endurnar. Ef leyft er að skjóta þær sjö mánuði á ári er ekki við því að búast að auðvelt sé að koma að þeim. Auðvitað sækir að þeim styggð eins og við vitum og það er á kostnað þeirra sem einkum hafa gaman að því að fara um landið og skoða fugla og athuga dýralífið, hið frjálsa dýralíf, áður en því er ógnað og þegar fuglarnir fá að vera í friði. Þar stangast á þessi tvö sjónarmið, friðunarsjónarmiðið og skotveiðisjónarmiðið.

Ég hef lagt áherslu á, vegna þess að ég tel að það sé gott fyrsta skref, að hæstv. umhverfisráðherra nýti sér þær heimildir sem eru í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, að viðkvæmustu og fegurstu blettir landsins verði friðaðir af skotveiði, menn geti treyst því að fuglalífið sé þar í eðlilegum skorðum. Ég nefndi nokkur svæði áðan. Það má vera að ég hafi farið þar offari eða ekki nefnt nógu mörg. Það má deila um hversu hratt eigi að fara af stað með slíka svæðisfriðun, en það er alveg óhjákvæmilegt að leggja upp í þá ferð, því ef það verður ekki gert er óhjákvæmilegt að þeir menn sem hugsa á mínum nótum og eiga sæti á Alþingi, leggi fram lagafrumvarp sem gangi mun lengra en það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Ég vil þess vegna þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir að reyna að stíga skref sem eftir atvikum er hægt að búa við um leið og ég beini því til hæstv. umhverfisráðherra að nýta aðrar þær reglur sem megi verða til þess að hér sé frjáls náttúra.

[17:34]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hægt að gera ýmsar athugasemdir við ræðu hv. þingmanns, en ég ætla nú að taka undir ýmislegt sem er jákvætt líka og það ber að taka undir það, svo sem eins og að friða svæði og reyna að stýra sókninni.

Þess vegna langar mig að spyrja hv. þingmann um það sem einmitt þetta frumvarp gengur út á, þ.e. að stýra sókninni. Telur hann það ekki almennt vera miklu vænlegra til að vernda dýrastofna að fara þá leið sem við í Frjálslynda flokknum höfum lagt til, þ.e. að stýra sókninni og vernda svæði í stað þess að vera með eitthvert kvótakerfi?

[17:35]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel kvótakerfi nauðsynlegt í fiskveiðum, en ég vil benda hv. þingmanni á að eignarréttur manna er mjög sterkur víðs vegar um landið. Bændur hafa leyfi til að banna mönnum veiðar á jörðum sínum. Það er í þeirra hendi hvort veiðin er sótt. Það er með öðrum orðum eignarréttarleg stýring á veiðunum. Það er það sem við erum að tala um. (Gripið fram í.) Ég vil ... það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að ég vil ekki leyfa veiðar á viðkvæmustu stöðum landsins.

Ég hygg að hv. þm. Jóhann Ársælsson sé ekki reiðubúinn til að lýsa því yfir að ríkið eigi engin afskipti að hafa af því að frjálst fugla- og dýralíf sé hér á landi, nema hv. þingmaður sé að gefa það í skyn að honum finnist rétt að fara eftir tillögum formanns Skotveiðifélagsins og leyfa mönnum að skjóta hrossagauk í matinn.

[17:37]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst mjög ánægjulegt að heyra að hv. þingmaður sjái einmitt kostina við að stýra sókninni og

vonandi að hann sjái að það verði einnig vænlegra með ýmsa aðra dýrastofna. Ég tel að ljósið renni nú upp fyrir ágætum þingmönnum og þeir viðurkenni að Frjálslyndi flokkurinn hafi einfaldlega rétt fyrir sér í þessu máli, enda hefur árangur þess að stjórna þorskveiðum í tíð Sjálfstæðisflokksins verið hörmulegur og hrein sorgarsaga.

Hvað varðar fuglaskoðun og skotveiðar þarf það ekki að stangast á, það get ég staðfest, vegna þess að ég er meðlimur í Fuglaverndarfélagi Íslands og stunda einnig skotveiðar. Það sem er miklu mikilvægara fyrir fuglavernd er einmitt vernd búsvæða, að fuglar hafi búsvæði, en veiðar skipta kannski ekki öllu máli eins og oft er gefið í skyn hér í umræðunni.

[17:38]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vissi það áður en hv. þingmaður kom hér að fuglaskoðari og fuglaveiðimaður mundu ekki ganga hlið við hlið um mörkina. Ég sé að þessar tvær andstæður hafa líkamnast í hv. þingmanni. Það væri gaman að fá að vita hvor má sín meir í honum, skotmaðurinn eða fuglaskoðarinn? (**SigurjÞ:** Þetta er spurning um tíma.)

[17:39]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig hafa skilið það á máli hv. þm. Halldórs Blöndals áðan að hann teldi að afar nauðsynlegt væri að standa kröftuglega að því að veiða mink og ná þar verulegum árangri til stofnminnkunar. Ég hefði því viljað spyrja hv. þingmann hvort hann væri sammála þeim sjónarmiðum sem komið hafa fram um að leggja í þá baráttu að reyna að útrýma mink úr náttúru Íslands, sem ég tel fyrir mína parta að væri mjög æskilegt en er hins vegar á þeirri skoðun að það sé afar erfitt úr því sem komið er, að ná þeim árangri þó það kunni að vera hægt með einhverjum aðferðum.

Þegar við ætlum að banna skotveiðar — ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þingmanns um að vernda ákveðin svæði þar sem eru staðbundnir stofnar fuglategunda sem ekki hafa mikla og almenna útbreiðslu eins og hann nefndi um ýmsar andategundir, ég held að það sé jákvæð og eðlileg leið til að fara, en í þeirri virku baráttu sem ég tel að við þurfum að viðhalda varðandi minkinn, þá er ekki sama að banna skotveiði á viðkvæmum svæðum og banna skotveiði á ákveðnum dýrategundum á viðkvæmum svæðum. Það verða menn auðvitað að hafa í huga og mega ekki loka sig af í því að geta ekki varist minknum því að minkurinn sækir örugglega í sum af þeim svæðum sem haldast opin yfir vetrartímann og ýmsar andartegundir halda sig á. Menn geta auðvitað þurft að bera þar skotvopn til þess að eyða mink þótt þeir megi ekki nota þau til annars.

[17:41]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Góður minkaveiðimaður og þaulvanur veiðimaður hefur sagt mér að hann telji að hægt sé að útrýma mink úr íslenskri náttúru, en hann segir að það sé dýrt. Ég hef heyrt tölur um það og mér finnast þær ekki hár ef þetta er í raun og veru hægt. Um það þarf auðvitað að vera mikil sátt og menn verða að gera sér grein fyrir að það kann að mistakast. Mér finnst þetta mjög freistandi hugmynd, að útrýma minknum og tel að landið mundi gjörbreytast til hins betra. Að vísu játa ég það að norður á Sléttu voru miklir minkaveiðimenn fyrir 20, 30 árum á einum bæ og þegar við hjónin og vinir okkar tjölduðum þar niðri á sjávarkambinum tókum við eftir því að fjaran var full af rottum sem hurfu síðan eftir að veiðimennirnir hættu að veiða minkinn. Ég veit því ekki hvað við fáum ef minkurinn hverfur.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni líka um það, auðvitað verður að gera undanþágu ef við erum að tala um minkaveiðar í friðlöndum, enda er heimilt að skjóta mink í æðarvarpi eins og hv. þingmaður veit, svo ég geri ekki athugasemd við það.

Á hinn bóginn er rétt að rifja upp í þessu sambandi að ýmsir halda því fram að innan þjóðgarðanna sé ekki nógu vel staðið að eyðingu minks og er nauðsynlegt að það sé athugað. Ég vil biðja hæstv. umhverfisráðherra að athuga hvort sá orðrómur hefur við rök að styðjast.

[17:43]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegu forseti. Það er að mínu viti algjörlega rétt sem hv. þingmaður vék að áðan að ekki er nægilega vel staðið að eyðingu minks í friðlöndum og reyndar dreg ég mjög í efa það uppeldishlutverk sem við höfum tekið að okkur að hafa þar varðandi tófuna og hvort það sé nú hið rétta í náttúru Íslands.

Í ljósi þess að við erum nokkuð sammála um viðhorfið til minksins, þá hefði ég líka viljað spyrja hv. þingmann hvort hann gæti ekki fallist á þá skoðun sem ég hef í þeim málum að það verði að vera ríkið sem taki að sér alfarið að sjá um veiðar á minknum. Það þarf auðvitað að ná betra samkomulagi en verið hefur undanfarin ár um það í dreifðum og fámennum sveitarfélögum hversu mikinn kostnað þau bera af refaveiðinni. Þær reglur held ég að þurfi að endurskoða alveg gjörsamlega upp á nýtt.

[17:44]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef ég tek dæmi af sveitarfélögum þar sem ég er kunnugastur, annars vegar af Skútustaðahreppi sem á að sjá um Mývatnssvæðið og hins vegar af Þingeyjarsveit, þá er alveg ljóst að fjárhagur þessara fámennu byggðarlaga er ekki með þeim hætti að rétt sé að leggja jafnþungar byrðar á þau eins og gert er með því að ætlast til að þau standi undir minkaveiðinni að svo miklu leyti sem raun hefur orðið á. Það má auðvitað velta fyrir sér hvort rétt sé að sveitarfélög taki þar nokkurn þátt, en þær reglur verða þá að vera aðrar en nú eru og eitthvert samræmi á milli stærðar sveitarfélaga, umfangs landsins og þess fjölda sem býr í sveitarfélögunum.

[17:45]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til að beina einni spurningu til hv. þm. Halldórs Blöndals er varðar efni ræðu hans

áðan. Hann lagði til að menn íhuguðu aðgerðir sem miðuðu að því að friða svæðið þar sem endur halda sig yfir vetrartímann, þær finna sér búsvæði á vatni sem ekki er frosið og leita sér jafnvel griða. Þá rifjaðist upp fyrir mér að hv. þingmaður er með frumvarp í þinginu um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum sem er til umræðu í dag, þar sem hann legur til að andaveiðitíminn verði styttur, þ.e. veiðitíminn á sjö andategundum, frá því að vera frá 1. september til 31. mars í að vera frá 1. september til 31. desember. Ber að túlka það svo að tillaga hv. þingmanns nú um að menn íhugi þær reglur að friða ákveðin svæði fyrir skotveiðum á öndum, að hann hafi fallið frá frumvarpi sínu sem liggur á hinu háa Alþingi? Ég fæ trauðla séð að það sé þörf á frumvarpinu ef við grípum til þeirra ráða að friða víðfeðm svæði yfir vetrartímann gegn öllum veiðum á öndum.

[17:47]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur fyrir að ég gerði tilraun til þess að frumvarpið fengi að ganga til nefndar án þess að það yrði rætt, en einstakir þingmenn kvöddu sér hljóðs þannig að það gat ekki orðið. Jafnframt hef ég rætt það á fundum með þingflokksformönnum hvort möguleiki væri á að frumvarpið færi órætt til þingnefndar, en á það var ekki fallist. Af þeim sökum getur frumvarpið ekki fengið þinglega meðferð á þessu þingi samhliða því stjórnarfrumvarpi sem við ræðum nú.

Ég get á hinn bóginn vel fallist á það að fyrsta skrefið verði að einstök svæði verði friðuð, en ég vil líka benda hv. þingmanni á að umhverfisráðherra hefur það í hendi sér að stytta friðunartímann frá sjö mánuðum í fjóra með sama hætti og umhverfisráðherra hefur heimild samkvæmt ákveðnum skilyrðum til þess t.d. að banna sölu á svartfugli samkvæmt lögunum eins og þau eru núna.

[17:48]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil koma nokkrum atriðum á framfæri varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd og friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Ég vil fyrst vísa til ágætra ræðna hjá bæði hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur og hjá hv. þm. Halldóri Blöndal og get tekið undir flest af því sem þeir hv. þingmenn hafa sagt um þetta mál.

Ég vil þó í fyrsta lagi láta í ljós þá skoðun mína að ég tel að sú ákvörðun sem tekin var um að friða rjúpuna í þrjú ár eigi að standa. Ákvörðunin var umdeild en hún var tekin og sagt að á þeim tíma yrði leitast við að meta bæði áhrif friðunar og ýmis önnur atriði sem lúta að takmarkaðri vernd, friðun eða veiðum á rjúpu, tíminn yrði notaður til þess að endurskoða þau lög og þá umgjörð sem hefur verið. Ég tel að það eigi að standa og eigi ekki að láta leika vafa um að þau þrjú ár standi og eftir það verði framhaldið metið.

Önnur atriði sem ég vil líka minnast á eru að ég tel að nota eigi tækifærið þegar verið er að opna lögin aftur og skoða og fá heimildir, eins og hér hefur verið nefnt, til svæðisbundinna friðana af hinum ýmsu ástæðum, dýralífsástæðum. Rjúpan og aðrir fuglar eru hluti af því dýralífi sem við höfum og er samspil þar á milli, bæði hvað varðar náttúrufarsleg lífsskilyrði og einnig hvað varðar truflun svo sem við veiðar og umferð. Þess vegna styð ég heils hugar þær hugmyndir sem hv. þm. Halldór Blöndal minntist á um staðbundna friðun og tel að skoða eigi þetta mjög nákvæmlega og veita til þess heimildir.

Eins tel ég að skoða eigi það sjónarmið að rjúpan sem og aðrir fuglar hafa nýtingargildi sem hluti af náttúrunni til skoðunar. Við þekkjum að í ferðaþjónustu er farið að gera það að atvinnugrein að skoða fugla við náttúrulegar aðstæður, hvort sem það eru rjúpur, endur eða aðrir fuglar. Þá fer alls ekki saman að á sömu stöðum séu veittar heimildir til þess að skjóta fuglinn.

Þess vegna finnst mér að koma eigi víðtækari heimildir til þess að svæði séu lokuð til veiða. Mér finnst að opna ætti jafnvel möguleika á því að sveitarfélög geti lokað þeim landsvæðum sem þau bera skipulagslega ábyrgð á, að við getum lokað fyrir veiðar á ákveðnum svæðum með tilliti til annarra hlunninda, annarra atvinnuhagsmuna sem geta verið í húfi og líka náttúrufarslegra og líffræðilegra atriða.

Mér finnst að færa eigi hluta af valdinu og ákvarðanatökunni til sveitarfélaganna sem bera hvort eð er skipulagslega ábyrgð á svæðinu, enda stendur í lögunum um vernd, friðun og veiðar í 2. mgr. 6. gr.: „Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra.“ Hver ber ábyrgð á skipulaginu? Jú, það eru sveitarfélögin. Hver ber ábyrgð á landnotkuninni í viðkomandi sveitarfélagi? Það er jú sveitarfélagið. Þegar komið er út fyrir heimalönd eða lönd einstakra lögbýla finnst mér að íhlutunarvald sveitarfélaganna eigi að vera sterkara. Það er líka ástæða til þess að taka tillit til sjónarmiða skotveiðimanna. Ég er ekki andvígur skotveiðum á fuglum ef það þykir geta gengið gagnvart bæði stofni og lífríkinu, en þá skal því líka stýrt á svæðum þar sem tekið er tillit til allra þeirra sjónarmiða sem ég hef nefnt.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð, en vil bara árétta það sem ég sagði áðan. Ég tel að friðun rjúpunnar eigi að fá að standa óumdeilt í þau þrjú ár sem ákveðið var, eftir það sé vandlega skoðað með hvaða hætti það verði tekið upp aftur.

Ég tek eindregið undir svæðisfriðanir af hinum ýmsu ástæðum, eins og hafa verið raknar af ýmsum ræðumönnum hér á undan. Ég vil að tekin séu sterkar inn önnur nýtingarsjónarmið en bara veiðar sem lúta að fuglum, eins og fuglaskoðun og almenn náttúrulífsskoðun sem er orðinn vaxandi atvinnuvegur og alveg sjálfsagt að fái sitt svigrúm.

Ég tel að sveitarfélögin og heimaaðilar eigi að hafa meira um það að segja hvernig farið er að hvað varðar vernd, vörslu og nýtingu lífríkisins og þeirra auðlinda sem felast í fuglum, til annars en að skjóta þá til matar, en að sá möguleiki fá líka sinn sess innan skipulagsins.

[17:56]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frumvarp frá hæstv. umhverfisráðherra um rjúpuna. Af því tilefni langar mig aðeins að líta yfir farinn veg í því sambandi þar sem ég átti á sínum tíma þátt í því að taka afdrifaríka ákvörðun varðandi rjúpnaveiðar.

Fyrir nokkuð stuttu var alveg ljóst að veiðar á rjúpu voru ekki sjálfbærar. Stofninn var að vaxa um 20%–25% milli ára, en átti að vera að vaxa um 50% á milli ára. Hinar svokölluðu eðlilegu sveiflur voru því að jafnast út í stofninum. Hann sveiflast með reglulegu millibili, vex og minnkar á víxl, en sveiflurnar voru að jafnast út.

Við Íslendingar höfum alltaf haldið því á lofti að stunda beri veiðar á sjálfbæran hátt. Þar hafa fiskstofnarnir oftast verið nefndir. Við höfum líka nefnt hvalinn, sérstaklega þegar við höfum verið að rökræða við erlenda aðila sem telja að það eigi ekki að veiða hval. Þá höfum við bent á það t.d. að við Íslandsstrendur eða í Norður-Atlantshafi eru 70 þús. hrefnur, þannig að það er hægt að veiða úr þeim stofni á mjög sjálfbæran hátt. Þetta hefur líka átt við um rjúpnastofninn. Það var alveg ljóst að okkar færustu fuglafræðingar á Náttúrufræðistofnun Íslands höfðu fylgst með rjúpnastofninum og sáu hvað átti sér stað í sveiflunum og þeir ráðlögðu árið 2003 að við skyldum ekki veiða í fimm ár, það ætti að friða rjúpuna í fimm ár gagnvart veiðum með endurskoðunarákvæði og skoða málið að þremur árum liðnum en helst að friða í fimm ár. Það var sem sagt ákveðið og ég tók þá ákvörðun að friða rjúpuna í þrjú ár. Þetta er árið 2003. Að sjálfsögðu hlustar maður á sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands. Það var á sínum tíma pólitísk ábyrgð mín að grípa til aðgerða til friðunar og annað hefði verið mjög óábyrgt og óréttlætanlegt að mínu mati.

Á þessum tíma var mjög ómaklega vegið að sérfræðingum Náttúrufræðistofnunar Íslands, fuglafræðingunum þar. Rannsóknir þeirra voru gerðar tortryggilegar og ýmis orð féllu sem betur hefðu mátt kyrr liggja. Þetta er orðin saga í dag, en mér finnst eðlilegt að rifja þetta upp af því að það var virkilega ómaklega vegið að fuglafræðingunum.

Áður en til kom að friða rjúpuna var alveg ljóst að það gæti komið til þess að við þyrftum að bregðast við, rannsóknir sýndu það.

Því var lagt til á sínum tíma að grípa til sölubanns á rjúpu. Sú er hér stendur flutti slíkt mál í þinginu sem átti að vera tímabundið sölubann til fimm ára til að reyna að hemja þessar miklu veiðar. Þetta sölubann átti að sjálfsögðu aðallega að beinast að svokölluðum magnveiðimönnum, en það eru þeir veiðimenn sem veiða mjög mikið magn rjúpna. Segja má að 10% veiðimanna séu magnveiðimenn, en þessi 10% veiðimanna veiða um helming allra veiddra rjúpna. Það þótti því og þykir mjög æskilegt að geta gripið til sölubanns til að geta vonandi hamið þessa magnveiðimenn. Það er ekki eins mikill hvati ef þeir geta ekki selt bráðina.

Ég vil, virðulegi forseti, rifja það upp að Skotvís, þau ágætu samtök skotveiðimanna, með Sigmar G. Hauksson formann í broddi fylkingar studdu þetta mjög eindregið, þ.e. sölubann á rjúpu.

En það fór nú ekki þannig að þingið samþykkti slíkt sölubann. Málið fór til umhverfisnefndar og því miður vil ég segja sameinuðust þar bæði stjórnarsinnar og stjórnarandstaðan um að hafna sölubanninu. 13. mars 2003 var því hafnað hér á Alþingi að grípa til sölubanns. Í staðinn átti ráðherra að grípa til þeirra aðgerða sem honum voru færar. Það var gert með því að friða rjúpuna.

Árið 2003 var ákveðið að friða rjúpuna til þriggja ára og skoða svo málið aftur, setja málið í nefnd til að vinna að hugmyndum um hvernig væri hægt að hafa nýtt veiðistjórnarkerfi þegar veiðar hæfust aftur og allt það starf fór í gang. Það var vissulega uppi mikil andstaða í samfélaginu hjá skotveiðimönnum við slíkar hugmyndir, mörgum þeirra, ekki öllum. Sumir studdu þetta og höfðu mikinn skilning á því að það þyrfti að friða rjúpuna um tíma til að geta veitt hana til langs tíma og þyrfti því að friða til skamms tíma. Það eru 12–13 þúsund manns á Íslandi sem stunda skotveiðar og það eru u.þ.b. 5 þúsund sem ganga til rjúpna, þannig að auðvitað er þetta hópur sem fylgdist með þessu og ekki voru allir sáttir við friðunina. Það er skiljanlegt að mörgu leyti því að alltaf er erfitt að þurfa að banna fólki að gera eitthvað sem því þykir mjög skemmtilegt og er sterkur hluti af menningu þess. Rjúpnaveiðar er mjög sterkur hluti af okkar menningu hjá mjög mörgum.

Mjög athyglisvert var að þegar búið var að ákveða af minni hálfu að banna rjúpnaveiðar kaus einn hv. þingmaður, hv. þm. Gunnar Birgisson, sem sat í umhverfisnefnd að skrifa í blaðagrein í Morgunblaðinu að hann væri mjög mikið á móti rjúpnaveiðibanninu, en þó væri hann enn þá meira á móti sölubanninu. Það verður því spennandi að sjá hvernig atkvæðagreiðslur fara hér seinna á þinginu fari þetta mál í gegnum umhverfisnefnd.

Í október 2003, eftir að búið var að ákveða þetta bann, kom þingsályktun á borð þingmanna frá 18 þingmönnum, sem á þeim tíma ég frétti af úti í bæ en það hefur nú yfirleitt tíðkast að hæstv. ráðherrar séu upplýstir um slíkar þingsályktanir, sérstaklega ef stjórnarþingmenn flytja þær, þá er það nú yfirleitt upplýst í aðdragandanum gagnvart ráðherrunum. Það var ekki gert að þessu sinni og í þeirri þingsályktunartillögu 18 þingmanna var m.a. tvennt lagt til grundvallar, þ.e. ráðherrann átti að grípa til sölubanns og ráðherrann átti að nota kvóta eða setja hámarksveiði á hvern veiðimann ef þyrfti. Þessir 18 hv. þingmenn vildu sem sagt að ráðherra gæti gripið til sölubanns og notað kvóta. Ráðherrann hafði enga lagaheimild til þess, hvorki til að setja sölubann á — nú er verið að biðja um slíka lagaheimild með þessu frumvarpi — né hafði ráðherrann lagaheimildir til að setja á kvóta. Þessi þingsályktunartillaga var því með ólíkindum, að biðja ráðherra um að gera eitthvað sem hann hafði engar heimildir til og eiginlega ótrúlegt að slík þingsályktunartillaga hafi verið samin af þingmönnum sem hafa þingreynslu.

Staðan núna er sú að stofninn hefur rétt verulega úr sér og ráðherra hefur kosið að koma hingað inn með þetta mál aftur, núverandi hæstv. umhverfisráðherra. Þar er einmitt verið að styðjast við margumtalað sölubann sem ég fagna mjög að skuli koma hér inn aftur. Ég tel að víðtæk sátt geti skapast um það þótt umhverfisnefndin hafi hafnað því á sínum tíma, en ég trúi ekki öðru en menn sjái að sér í því og samþykki þá aðferð að þessu sinni.

Ég vil leyfa mér að spyrja aðeins út í þrjú atriði. Það er í fyrsta lagi að spyrja hæstv. umhverfisráðherra hvort sá skilningur sé ekki alveg réttur vegna þess sem kemur fram á bls. 3, en þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Í frumvarpi þessu eru ekki lagðar til breytingar á upphafi og endi veiðitíma, enda verður að líta svo á að tiltölulega góð sátt sé um veiðitímann.“

Af þessu tilefni vil ég spyrja hvort það sé ekki alveg

réttur skilningur að þótt þetta frumvarp verði samþykkt hafi ráðherra áfram allar heimildir til að stytta veiðitímann í báða enda. Meðan þessi umræða stóð sem hæst voru fjölmargir veiðimenn á þeirri skoðun að stytta ætti veiðitímann í staðinn fyrir að banna veiðarnar, og stytta veiðitímann verulega. Ég vona að það sé réttur skilningur minn — ég sé að ráðherra nikkar hér — að hæstv. ráðherra geti stytt veiðitímann hvort sem er í fremri endann eða aftari endann, þó að þetta komi hérna fram á bls. 3 í frumvarpinu.

Síðan langar mig líka að spyrja um verndarsvæðin. Á sínum tíma þegar við vorum að skoða hvað væri hægt að gera voru mörg atriði tínd til. Það var sölubann á rjúpu. Það var að setja upp nokkur verndarsvæði eða uppeldisstöðvar þar sem ekki mætti skjóta rjúpu á. Þetta hefur verið gert í Noregi skilst mér með mjög góðum árangri. Rætt var um kvóta og um veiðihundana, hvort þeir væru til bóta eða ekki. Það var rætt um skotvopn, einhleypur eða tvíhleypur, um styttingu veiðitíma, dagalokanir, ref og mink. Alls konar hugmyndir voru ræddar. Það hefði því verið ágætt að vita meira um það hvort einhver vinna sé í gangi í umhverfisráðuneytinu varðandi þessi verndarsvæði, þessar uppeldisstöðvar, hvort við getum séð það í framtíðinni að einhver slík svæði verði til þar sem verði algerlega bannað að skjóta.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, hefði ég áhuga á að heyra um það sem kemur fram í 3. gr. í frumvarpinu, en þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Umhverfisráðherra er heimilt með reglugerð, þegar friðun einstakra fuglategunda er aflétt í samræmi við ákvæði 17. gr., að banna sölu á þeim fuglum og afurðum þeirra, enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan leyfilegs veiðitímabils.“

Það er alveg ljóst að hér er verið að opna heimild til sölubanns á fleiri fuglum en bara rjúpu, sem ég tel að sé mjög snjallt að gera í staðinn fyrir að þurfa alltaf að koma hérna aftur og aftur og biðja um heimild til sölubanns á öðrum tegundum. Ég sé ástæðu til þess, virðulegi forseti, að spyrja ráðherra hvort til greina komi að setja líka sölubann á grágæs. Árið 2000 var grágæsin sett á válista af því að þá hafði henni fækkað um meira en 20% næstu tíu árin þar á undan. Fyrir nokkru var árleg veiði 35–40 þúsund grágæsir úr stofni sem var um 76 þúsund fuglar. Veiðin hefur líklega eitthvað aukist núna eftir að rjúpan var friðuð. Því er ástæða til að spyrja ráðherra hvort líklegt sé að sölubann verði líka sett á grágæsina í leiðinni þegar sölubannið verður sett á rjúpuna.

Mig langar einnig að vita hvort ekki sé öruggt eða mjög líklegt — það væri ágætt ef ráðherra gæti kveðið upp úr um það nú — að sett verði sölubann. Nú er heimildin að koma ef þetta verður samþykkt. Verður hún ekki örugglega nýtt?

Þetta eru því spurningar mínar, virðulegi forseti:

Er sá skilningur ekki réttur að hægt sé að stytta veiðitímann? Er verið að vinna eitthvað að þessum verndarsvæðum, eða er búið að slá það út af borðinu? Og hvort ekki sé öruggt eða mjög líklegt að gripið verði til sölubanns á rjúpu og jafnvel á grágæs líka í ljósi þess að stofninn þar hefur verið veikur. Heiðagæsastofninn er mjög sterkur, yfir 200 þúsund fuglar og það væri mjög gott ef veiðimenn færu frekar í heiðagæsastofninn en í grágæsastofninn eins og staðan er í dag.

[18:11]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir fór í gegnum söguna. Það er þá ágætt að ég rifji upp söguna kannski frá öðrum sjónarhóli og sjónarhóli eins og margir veiðimenn upplifðu þá sögu en það var á allt annan hátt.

Fyrst var farið fram á sölubann. Síðan var næsta skref þáverandi umhverfisráðherra eða Náttúrufræðistofnunar til að ná fram sama árangri og sölubann, fimm ára veiðibann. Það sjá náttúrlega allir að þetta er bara þvílík della. Síðan var einhver sátt um þriggja ára veiðibann sem núverandi hæstv. umhverfisráðherra er með þessu ágæta frumvarpi að lagfæra. Þetta er málflutningurinn. Það er sölubannið. Fyrst það náðist ekki í gegn er í einhverri gremju farið í fimm ára veiðibann til að ná fram sömu markmiðum. Þetta er náttúrlega með ólíkindum.

Þegar verið er að vitna í okkar færustu fuglafræðinga þá var það nú svo að ýmsir fuglafræðingar, m.a. Arnþór Garðarsson prófessor, voru gáttaðir á þessu veiðibanni. Enda er nú verið að endurskoða það, þetta þriggja ára veiðibann.

Það er annað. Þegar verið er að tala um að menn tortryggi Náttúrufræðistofnun — vísindi ganga náttúrlega út á gagnrýna hugsun og tekist er á um sjónarmið. Það er eðlilegur hlutur að vinnubrögð séu gagnrýnd eins og þegar Náttúrufræðistofnun er með línurit þar sem hún reiknar út rjúpnastofninn, ekki eitt ár fram í tímann, ekki tvö og ekki fimm, heldur heil 40 ár fram í tímann. Það ættu allir að sjá að þetta stenst ekki.

[18:13]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég rifjaði upp áðan vildi ég á sínum tíma, Skotvís og afar margir fá sölubann. Það mál var flutt í þinginu, sama mál sem er verið að flytja eiginlega núna. Því var hafnað af þinginu, þannig að það var ekki hægt að nota neitt sölubann. (Gripið fram í.) Meiningin var þá að reyna að hemja magnveiðimennina með sölubanninu. Einnig kom í ljós að stofninn var slakur. Hann var svo slakur, hann var svo rosalega slakur að okkar færustu fuglasérfræðingar sem vinna á Náttúrufræðistofnun, í stjórnsýslu okkar, ráðlögðu fimm ára veiðibann með endurskoðunarákvæði eftir þrjú ár. Það var mitt val af því að ég bar þá pólitíska ábyrgð á rjúpnastofninum. Það var mitt val að hlusta á þessa færustu fuglasérfræðinga landsins og ákvað veiðibann til þriggja ára. Það hefði verið hægt að framlengja því ef þörf hefði verið á um tvö ár, þá hefði veiðibann verið í fimm ár.

Núna er ljóst að stofninn hefur verið að rétta verulega úr sér. Með því að fara þá leið sem hér er lögð til, þ.e. að fá loksins þetta sölubann — það verður gaman að sjá þegar þingmenn greiða atkvæði um það — og að geta gripið til fleiri aðgerða sem hafa verið nefndar, dagalokanir o.s.frv., þá er það von núverandi hæstv. umhverfisráðherra að hægt verði að hafa veiðarnar með sjálfbærum hætti. Ég held að allir ættu að fagna því. Og það var mjög ómaklega vegið að sérfræðingum Náttúrufræðistofnunar á sínum tíma, og ég heyri að hv. þingmaður er nánast að fara í sama leik aftur,

en þeir hafa staðið sig vel og verið með öflugar rannsóknir og góða ráðgjöf.

[18:15]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að ég verði að upplýsa það enn og aftur að lágmark stofnsins 2003 var ekki marktækt lægri en fyrri lágmörk stofnsins. Það eru bara staðreyndir. Deilurnar snerust aðallega um það haustið 2003 hvort ekki væri hægt að ná fram markmiðunum með vægari úrræðum í staðinn fyrir að fara í þriggja ára veiðibann. Það var það sem deilurnar snerust um.

[18:16]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það verður ekki undan því flúið að viðurkenna að stofninn stóð svo illa á þessum tíma að okkar mati ... (**SigurjÞ:** ... ekki verr en hann var áður.) og öll sókn gjörbreytt. Hv. þingmaður veit að fólk er löngu hætt almennt að ganga til rjúpna. Við erum með allt önnur tæki í dag, komumst yfir miklu meira svæði. Það er ekki sambærilegt hvernig veiðarnar voru fyrir tveimur árum og fyrir 10 árum, það er bara ekki sambærilegt. Það hefur stórbreyst. Fleiri veiðimenn komast yfir miklu stærra svæði, eru líklega með öflugri vopn og sumir hafa hunda. Einhverjir telja þá mjög slæma gagnvart veiðunum, menn veiði meira en aðrir segja að það sé vitleysa. Ég veit ekki nákvæmlega hvað er rétt í því. En það var alveg ljóst að okkar færustu fuglasérfræðingar á Náttúrufræðistofnun Íslands ráðlögðu í ljósi þess hvað stofninn var slakur, sveiflurnar að sléttast út og veiðarnar ekki sjálfbærar, fimm ára veiðibann.

Það var að sjálfsögðu mín pólitíska ábyrgð á þeim tíma að grípa til þess. Þeir ráðlögðu ekki einhver vægari úrræði. Þeir ráðlögðu fimm ára algjört veiðibann (Gripið fram í.) með endurskoðun eftir þrjú ár. Að sjálfsögðu tók ég sem ábyrgur ráðherra á þeim tíma mark á þessum sérfræðingum. Núna verður sölubannið vonandi samþykkt, hugsanlega gripið til fleiri takmarkana sem líklega er ástæða til og menn geta þá hafið veiðar og tryggt að þær séu sjálfbærar. Aðalatriðið er að við getum veitt rjúpu til langs tíma án þess að fara þannig með stofninn að það þurfi að friða hann alltaf inn á milli. Ég teldi það vera skaða ef við þyrftum að friða hann alltaf inn á milli.

[18:18]

Útbýting:

Flugsamgöngur til Ísafjarðarbæjar, 507. mál, fsp. AKG, þskj. 772.

Forsjárlausir foreldrar, 508. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 773.

Kynþroski þorsks, 445. mál, svar sjútvrh., þskj. 769.

Neysluútgjöld fjölskyldna, 454. mál, svar hagstrh., þskj. 777.

Sala eignarhluta Landsbanka Íslands í Vátryggingafélagi Íslands, 509. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 774.

Símenntunarmiðstöðvar, 506. mál, fsp. AKG, þskj. 771.

[18:19]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Ég hef nokkuð fylgst með þessari umræðu úr fjarlægð enda hefur hún verið tiltölulega hávær í þjóðfélaginu um langan tíma, sérstaklega hvað varðar veiðar á rjúpu en einnig hvað varðar veiðar á öndum, ekki síst eftir að það kvisaðist út í þjóðfélagið að hv. þingmaður og forseti Alþingis, Halldór Blöndal, hygðist leggja fram frumvarp um friðun á einum sjö andartegundum yfir háveturinn, þ.e. að veiði yrði einungis leyfð frá 1. september til 31. desember. Núna er heimilt að veiða þessar endur frá 1. september til 31. mars.

Ég vil fá að lýsa því yfir, frú forseti, að mér líst ágætlega á það frumvarp sem hér er til umræðu þó að ég hafi vissulega nokkrar athugasemdir við það. Mér hugnast ágætlega að hér sé verið að veita heimild til að setja lög sem þá framkvæmdarvaldið, umhverfisráðuneytið, getur beitt fyrir sig til að stjórna veiðum úr fuglastofnum, með tilteknum takmörkunum sem varða sóknargetu einstakra veiðimanna, ef svo má segja. Hér er til að mynda tekið á atriðum hvað varðar notkun farartækja um veiðilendur. Þetta er í sjálfu sér hið besta mál. Kannski er heimild fyrir því í lögunum eins og þau eru í dag en ég hefði gjarnan viljað sjá möguleika til að stýra sókninni í ákveðnar fuglategundir með fleiri breytum, ef svo má segja, til að mynda með notkun þeirra vopna sem menn bera og hafa leyfi til að nota á hverjum tíma, notkun veiðihunda og öðru þess háttar sem á sinn hátt getur aukið afkastagetu veiðimannanna.

Ég hef enga trú á því að menn ætli sér í framtíðinni hér á landi að reyna að stjórna fuglaveiðum með kvótasetningum. Ég tel reyndar að það geti verið mjög varhugavert af mörgum ástæðum. Ein ástæðan er sú að ef menn setja kvóta á veiðar, til að mynda á rjúpu, mun það leiða til þess að svokallaðar svartar veiðar færast í aukana, þ.e. menn munu reyna að smygla veiðinni fram hjá eftirliti, telji ekki veiðina fram. Það er mjög skaðlegt fyrir alla veiðistjórn vegna þess að það leiðir þá til þess að við vanmetum veiðiálagið og þar af leiðandi ruglast öll stjórn á veiðunum. Það er mjög alvarlegt mál. Ég hygg að það sé miklu skynsamlegra að reyna að takmarka sóknargetuna, t.d. eins og gert er hér með farartækjum, vopnum og öðru þess háttar, takmarka vopnanotkun, verkfæranotkun við veiðarnar og hvetja síðan veiðimenn til að telja fram það sem þeir veiða á hverjum tíma og hvar fuglarnir eru veiddir.

Ef við óttumst að gengið sé of nærri einhverjum ákveðnum stofnum má beita viðurkenndum aðferðum, t.d. þeirri að friða ákveðin svæði. Ekki er nefndur sá möguleiki í því frumvarpi sem hér liggur fyrir en mér skilst reyndar að í núverandi lögum séu ákvæði sem eigi jafnvel að duga þannig að umhverfisráðherra geti til viðbótar því sem hér er dregið fram beitt svæðafriðunum.

Hv. þm. Halldór Blöndal lagði til í ræðu sinni áðan þar sem hann var að tala um endurnar að við skoðuðum það mjög vandlega að friða ákveðin svæði, dvalarsvæði eða griðasvæði sem endur notfæra sér yfir veturinn, þ.e. ákveðin vatnasvæði. Ég tel það mjög góða hugmynd. Ég held að þetta sé rétt aðferð til að reyna að hlífa öndum við því að verið sé að veiða jafnvel viðkvæma stofna yfir hávetrartímann. Ég er í sjálfu sér sammála mjög mörgu af því sem hv.

þm. Halldór Blöndal hefur verið að segja varðandi friðun á fuglum. Þetta er að sjálfsögðu tilfinningamál og háð gildismati hvers og eins. Sum okkar aðhyllast veiðar og njóta þess að stunda þær. Ég hef fullan skilning á þeim sjónarmiðum en er hins vegar sjálfur ekki veiðimaður og stunda ekki skotveiðar. Ég vil frekar njóta en skjóta. Það er mitt persónulega gildismat. Ég vil gjarnan sjá að fuglarnir séu látnir í friði svo að ég fái notið þeirra úti í náttúrunni. Á hinn bóginn, eins og ég segi, virði ég fyllilega það sjónarmið að sumir vilji stunda veiðar. Kannski er ekkert við því að segja. Ég hygg að þegar upp er staðið hafi veiðar sjaldnast mikil áhrif á þessa stofna. Náttúrulegar sveiflur eru eðlilegar í villtum dýrastofnum og náttúruleg dánartíðni, áföll af náttúrulegum orsökum, er oftast miklu afdrifaríkari fyrir stofnana en veiðar okkar mannanna. Við erum oft og tíðum að veiða fugla að hausti til sem hvort eð er mundu drepast af náttúrulegum orsökum um veturinn.

Í frumvarpinu er ákvæði um bann við sölu á veiðifangi. Ég verð að viðurkenna að ég er hálfskeptískur á nauðsyn þess að banna sölu á fuglum. Það er jú búið að veiða þessa fugla, það er búið að aflífa þá og mér finnst ekki skipta miklu máli hvort einhverjir hafi áhuga á því að selja þá eða ekki. Ég var að hugsa með sjálfum mér hvort ekki fælist í þessu sölubanni tilræði við 75. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um atvinnufrelsi. Sú grein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.“

Ég fæ í raun og veru ekki séð að almannahagsmunir krefjist þess að mönnum sé bannað að koma í verð fuglum sem þeir hafa veitt með annars lögmætum hætti. Mér finnst satt best að segja þetta ákvæði alveg fáránlegt, a.m.k. þar til ég fæ heyrt almennileg rök fyrir því. Það er talað um að þetta ákvæði sé sett til að koma í veg fyrir svokallaða magnveiði, að menn gangi nánast af göflunum, skjóti allt sem fyrir verður og sanki að sér miklu meira af fugli en þeir sjálfir nái nokkurn tíma að torga. Það má vel vera, frú forseti, að þær aðstæður geti komið upp í einhverjum undantekningartilfellum. Ef lagaumhverfið er með þeim hætti að við fáum góðar tölur yfir veiði á hverjum tíma, að veiðimenn sjálfir skrái samviskusamlega það sem þeir veiða og hvar þeir veiða það hverjum tíma hygg ég að hægt sé að bregðast við með friðunarákvæðum ef við teljum að of nærri sé gengið stofnum með veiðum, til að mynda þá með áðurgreindum sóknartakmörkunum, þ.e. að takmarka notkun þeirra verkfæra sem notuð eru við veiðarnar eða hreinlega að friða svæði, annaðhvort allt árið eða á vissum árstímum. Þetta ætti fyllilega að duga til að tryggja það að veiðar séu stundaðar með sjálfbærum hætti.

Þar fyrir utan hef ég í sjálfu sér ekki mikið við þetta frumvarp að athuga. Ég tók eftir því áðan að hv. formaður umhverfisnefndar Alþingis, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, sat í þingsal og tók glósur af mikilli elju á meðan hv. þingmaður og samflokksmaður hans Halldór Blöndal var í ræðustól. Það er náttúrlega til fyrirmyndar að formenn þingnefnda sem iðulega eru stjórnarþingmenn séu í þingsal þegar verið er að ræða mál sem varða nefndir þeirra. Því miður, virðulegi forseti, hefur allt of mikið borið á því að formenn þingnefnda láti ekki sjá sig í þingsal þegar verið er að ræða mál sem varða þá málaflokka sem tilheyra nefndum þeirra. Þetta atferli hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar tel ég, virðulegi forseti, vera til mikillar fyrirmyndar og ég vona að hér verði bót á í framtíðinni þannig að nefndarformenn sjái sóma sinn í því að mæta í þingsal þegar verið er að ræða þau mál sem tilheyra nefndum þeirra.

Það hryggir mig hins vegar að ég varð vitni að því áðan að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hvarf úr þingsalnum um leið og hv. þm. Halldór Blöndal hafði lokið máli sínu. Hann er samt vonandi enn að hlusta og fylgjast með umræðum annars staðar. Sem betur fer geta þingmenn fylgst með umræðum í þingsal í gegnum sjónvarpstæki víðs vegar í þinghúsinu og á skrifstofum sínum og ég vona að hv. formaður umhverfisnefndar taki athugasemdir mínar til athugunar. Ég veit að hann er mikill maður frelsisins, frelsis til orða og athafna, ekki hvað síst þegar fólk er að afla sér lífsviðurværis. Hann hlýtur að vera svo hlynntur því að fólk fái að stunda atvinnu sína að hann taki til gaumgæfilegrar athugunar þetta með sölubannið. Eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, tel ég koma vel til álita að einmitt það ákvæði brjóti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Ekki viljum við brjóta gegn þeim ákvæðum, svo mikið er víst.

[18:31]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka mjög góða og málefnalega umræðu sem hefur farið fram. Það er alveg ljóst að málið hreyfir við mörgum hv. þingmönnum og þeir hafa gert mörg ákvæði laganna að umtalsefni sem ekki er verið að breyta með frumvarpinu. Það er því ljóst að þingmönnum er mjög umhugað um fuglalíf hér á landi.

Ég vil benda sérstaklega á að sl. vor var til umfjöllunar á þinginu náttúruverndaráætlun fyrir árin 2004–2008, sú fyrsta sinnar tegundar. Í þá áætlun var einmitt verið að festa friðun búsvæða fugla sem ég tel vera mjög merkilegar tillögur.

Markmiðið með frumvarpinu er fyrst og fremst að tryggja að rjúpnaveiðar verði sjálfbærar og að ekki verði gengið á rjúpnastofninn með veiðum. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að um svokallað sölubann geta verið skiptar skoðanir og ýmsir þingmenn hafa lýst efasemdum um það. En hvað snertir atvinnufrelsi stjórnarskrárinnar sem hv. síðasti ræðumaður nefndi tel ég algerlega ljóst að það eru almannahagsmunir í húfi að við getum áfram haft þennan ágæta fugl í landinu og nytjað hann með skynsamlegum hætti og að við gætum þess að rjúpan sé ekki í útrýmingarhættu. Það er það sem verið er að gera með frumvarpinu.

Menn mega t.d. ekki skjóta örn þó hann gangi í varp t.d. hjá æðarbændum, svo við reisum ýmsar skorður þegar almannahagsmunir eru í húfi hvað snertir veiðar á villtum fuglum.

Margar góðar ábendingar hafa komið fram við umræðuna sem ég veit að hv. umhverfisnefnd mun taka til skoðunar og ég treysti því að þar verði málið skoðað mjög grannt. Mér þykir líka mjög gott að finna að sú sáttatillaga sem felst í því að setja strangari reglur um veiðarnar og að það megi, ef talning á rjúpunni gefur tilefni til í sumar,

aflétta friðun næsta haust. Mér þykir gott að heyra að það sé þokkaleg sátt um það þó auðvitað hafi líka komið þingmenn í ræðustól í dag og lýst því að þeir vildu hafa friðunina í þrjú ár.

Spurt var um veiðitímann og það er hárréttur skilningur að það verður auðvitað áfram þannig að ráðherra getur takmarkað veiðitímann eins og er í 17. gr. laganna. Varðandi verndarsvæðin, og þá vísa ég í 18. gr. gildandi laga, er rjúpnanefndin að vinna tillögur áfram um griðlönd og svæðisbundna friðun og þeim verður væntanlega skilað í vor. Mjög margir hafa rætt sölubannið og það er alveg hárréttur skilningur að heimildinni er ætlað að gilda yfir veiðar á öllum villtum fuglum þannig að það er ekki eingöngu um það að ræða að verið sé að veita heimild til sölubanns á rjúpum.

Hvað snertir grágæsina sem var nefnd fyrr í dag þá hefur engin tillaga komið inn á mitt borð um að setja sölubann á grágæs og engin slík áform eru uppi. En ég mun nota sölubannsheimildina á rjúpu ef frumvarpið verður að lögum í vor og veiðarnar hefjast í haust.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa orðin fleiri en ítreka þakkir mínar til þingmanna fyrir mjög góðar umræður.

[18:36]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi sölubannið tel ég, eins og ég vona að hafi komið skýrt fram í máli mínu áðan, að það sé óþarfi og markleysa. Ég á mjög erfitt með að sjá fyrir mér að þær aðstæður komi upp að veiðimenn á einhverjum tíma muni geta sett í gang svo stórkostlegar magnveiðar sem kallað er sér til efnahagslegs ávinnings að slíkar veiðar mundu setja tiltekna stofna í hættu og ógna almannahagsmunum. Við verðum að vanda okkur þegar við setjum lög sem ég tel í þessu tilfelli að skerði atvinnufrelsi og við eigum að forðast að setja einhver ákvæði í lög sem eru kannski óþarfi. Ég tel að hægt væri að koma í veg fyrir slíka magnveiði ef lögin væru með þeim hætti að veiðimenn sæju enga ástæðu til að falsa veiðitölur sér til hagsbóta heldur teldu fram það sem þeir veiddu. Stjórnvöld gætu þá gripið inn með aðgerðir ef þau teldu að stofninum væri á einhvern hátt ógnað, til að mynda með svæðafriðunum í nokkra mánuði eða jafnvel lengri tíma eða þá aðrar aðgerðir t.d. hvað varðar þau tæki og tól sem notuð eru við veiðarnar. Þetta ætti alveg að duga.

Við megum ekki vera of áköf í því að setja frelsi fólks takmörk og ég tel að sölubannið sé alger óþarfi frá friðunarlegum sjónarmiðum séð.

[18:39]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Sölubanni hefur verið beitt erlendis með góðum árangri og við erum auðvitað ekki að finna upp hjólið hvað þetta snertir. Við erum að líta til reynslu annarra þjóða og staðreyndin er sú að hér á landi veiddu svokallaðir magnveiðimenn, sem eru um 10% af rjúpnaveiðimönnum, helming af þeirri rjúpu sem veidd var. Það er því alveg ljóst að það þurfti að ná til magnveiðimannanna og svo ég vísi beint í 3. gr. segir þar, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðherra er heimilt með reglugerð, þegar friðun einstakra fuglategunda er aflétt í samræmi við ákvæði 17. gr., að banna sölu á þeim fuglum og afurðum þeirra, enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan leyfilegs veiðitímabils.“

Þetta segir allt sem segja þarf. Og að sjálfsögðu ber að nýta slíkar heimildir af hófsemd og skynsemi.

[18:40]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að enginn misskilji orð mín með þeim hætti að ég sé að reyna að mæla því bót að það sé engin stjórn á veiðum, alls ekki. Ég hef einmitt mikinn áhuga á því að það sé stjórn á veiðunum og að reglur séu virtar á hverjum tíma, en mér finnst að það eigi að setja reglurnar af ákveðinni sanngirni. Hér var verið að tala um magnveiðimenn, að magnveiðimenn hafi veitt svo og svo mikið af rjúpu þegar veiðar voru algerlega frjálsar ef svo má segja. Það mætti hugsa sér að komið yrði í veg fyrir slíka magnveiði að verulegum hluta, t.d. með því að úthluta hverjum og einum veiðimanni ákveðið marga daga sem hann gæti notað til veiða á tilteknum veiðitímabilum, mánuðum eða eitthvað þess háttar. Það eru til ótal útfærsluaðferðir til þess að stýra veiðum. Það er hægt að finna upp á mörgu þar. Eins og ég segi þá tel ég að það sé markleysa að setja á þetta sölubann.

Ég hygg að siðferðisstandardinn hjá veiðimönnum á Íslandi sé tiltölulega hár og að það séu ekki margir veiðimenn sem mundu misnota þær reglur sem yrðu settar, ég tala nú ekki um ef þær reglur eru sanngjarnar og skynsamlegar. Ég sé ekki skynsemina sem falin er í sölubanninu og tel að aðrar aðferðir væru miklu vænlegri til árangurs. Þetta er álitamál og ég hef í sjálfu sér skilning á því en ég hef sagt mína skoðun.

[18:42]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka það skýrt fram að rjúpnanefndin sem fékk það verkefni að semja frumvarpið fór mjög grannt ofan í allar hugsanlegar aðferðir til að stýra veiðunum. Það er alveg ljóst að þær tillögur sem hún skilaði til ráðherra eru uppistaðan í frumvarpinu. Ég tel að þær séu mjög skynsamlegar og vænlegar til árangurs til þess, sem er megintilgangurinn með frumvarpinu, að rjúpnaveiðar verði í framtíðinni sjálfbærar og það sé ekki gengið of nærri rjúpnastofninum. Ég tel að það hefði verið miklu harðari aðgerð að fara út í kvótabindingu á rjúpnaveiðunum og vil að það komi skýrt fram af minni hálfu, enda nefndi ég það í andsvari fyrr í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:44.

68. FUNDUR

þriðjudaginn 8. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tollalög, stjfrv., 493. mál, þskj. 753. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, stjfrv., 495. mál, þskj. 757. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 362. mál, þskj. 415. — 1. umr.
4. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 387. mál, þskj. 481. — 1. umr.
5. Dómstólar, frv., 12. mál, þskj. 12. — 1. umr.
6. Lögreglulög, frv., 42. mál, þskj. 42. — 1. umr.
7. Endurskoðun á sölu Símans, þáltill., 44. mál, þskj. 44. — Frh. fyrri umr.
8. Fjármálaeftirlitið, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.
9. Stjórnarskipunarlög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
10. Endurnýjanlegir, innlendir orkugjafar í samgöngum, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.
11. Fjárþörf Samkeppnisstofnunar, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.
12. Fjármálafyrirtæki, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.
13. Kvennahreyfingin á Íslandi, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.
14. Afdrif laxa í sjó, þáltill., 58. mál, þskj. 58. — Fyrri umr.
15. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þáltill., 59. mál, þskj. 59. — Fyrri umr.
16. Vernd og sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, þáltill., 60. mál, þskj. 60. — Fyrri umr.
17. Verndaráætlun fyrir svæði sem eru ósýkt af sauðfjárriðu, þáltill., 61. mál, þskj. 61. — Fyrri umr.
18. GATS-samningurinn, þáltill., 63. mál, þskj. 63. — Fyrri umr.
19. Þunglyndi meðal eldri borgara, þáltill., 71. mál, þskj. 71. — Fyrri umr.
20. Sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, þáltill., 73. mál, þskj. 73. — Fyrri umr.
21. Áfengislög, frv., 74. mál, þskj. 74. — 1. umr.
22. Upplýsingalög, frv., 68. mál, þskj. 68. — 1. umr.
23. Þingsköp Alþingis, frv., 135. mál, þskj. 135. — 1. umr.
24. Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, frv., 143. mál, þskj. 143. — 1. umr.
25. Gjaldþrotaskipti, frv., 205. mál, þskj. 205. — 1. umr.
26. Innheimtulög, frv., 224. mál, þskj. 227. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Björgvin G. Sigurðsson, 7. þm. Suðurk.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Jón Kristjánsson heilbrrh., 4. þm. Norðaust.,
Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.,
Valgerður Sverrisdóttir viðskrh., 1. þm. Norðaust.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Guðmundi Hallvarðssyni, 8. þm. Reykv. s., dagsett 7. febrúar 2005:

„Þar sem ég get ekki sökum læknismeðferðar sótt þingfundi næstu tvær vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík suður, Lára Margrét Ragnarsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Lára Margrét Ragnarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fundir í landbúnaðarnefnd.

[13:32]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Á yfirstandandi vetri hafa fimm fundir verið haldnir í landbúnaðarnefnd, þar af var á dagskrá eins kjör formanns og varaformanns og annar fundur fór til heimsóknar í landbúnaðarráðuneytið. Eins og nú stendur hafa fjórir fyrirhugaðir fundir í röð verið felldir niður og á næsta fundi sem boðaður er eftir viku er eingöngu á dagskrá mál tveggja sláturhúsa.

Á fundi í landbúnaðarráðuneytinu þann 19. október voru kynnt þingmál frá landbúnaðarráðuneytinu sem væntanleg eru á þessum vetri. Meðal þeirra eru stór mál, t.d. frumvarp til laga um breytingu á framleiðslu, sölu og verðlagningu á búvörum. Væntanlega er þar um að ræða samning við sauðfjárbændur. Svo eru breytingar á lögum um búnaðarfræðslu, um innflutning dýra og um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, um gæðamat á æðardúni og um lax- og silungsveiði.

Síðasta vetur var störfum landbúnaðarnefndar þannig varið að meiri hluta vetrar vorum við verkefnalítil í nefndinni enda engin mál til umfjöllunar frá ráðuneytinu. Undir vorið helltist yfir okkur hvert málið af öðru, stórir málaflokkar og þeirra á meðal nýr samningur við mjólkurframleiðendur til sjö ára og tilheyrandi milljarðaútgjöld. Um málin var fjallað í kapp við tímann, algjörlega að þarflausu ef betur hefði verið staðið að málum af hálfu ráðuneytisins. Ég undirstrika það, frú forseti, að ég tel ekki að við formann hv. landbúnaðarnefndar sé að sakast heldur við verkstjórn hæstv. landbúnaðarráðherra. Ég tel ekki að fjalla eigi um lagafrumvörp í tímaþröng ef annars er kostur enda höfum við vítin til að varast í þeim efnum.

Ég vek athygli á þessum starfsháttum til að hvetja til betri vinnubragða og ég minni á orð núverandi hæstv. landbúnaðarráðherra sem hann lét falla í tíð fyrirrennara síns, að í landbúnaðarráðuneyti gerðist allt með hraða snigilsins. Ég hélt satt að segja að núverandi hæstv. landbúnaðarráðherra teldi ekki lögmál að svo yrði að vera. Ég spyr því hvað tefji orminn langa svo mjög að komið sé fram á vorþing án þess að landbúnaðarnefnd fái mál til umfjöllunar frá ráðuneytinu.

[13:34]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég var bara sallarólegur að borða saltkjöt og baunir og átti á engu illu von í góðum vinskap með þingmönnum og svo þegar ég kem inn í þingsalinn hefst mikil umræða um að mál vanti í landbúnaðarnefnd. Það er alveg hárrétt að þau eru ekki enn komin þangað en eitt frumvarp um Hólaskóla er núna í þingflokkunum. Þau mál sem við höfum boðað eru enn í vinnslu. Það er langt til vors eins og menn þekkja þannig að það er alls hins besta að vænta hvað það varðar.

Hins vegar hefur legið fyrir af minni hálfu að við vorum í miklum málflutningi á síðasta þingi og miklum breytingum. Ráðuneytið hefur verið undirlagt í vinnu við stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands og miklar breytingar. (Gripið fram í.) Nei, ráðuneytið er fáliðað þannig að það er mikið álag á embættismönnum mínum og það hefur alveg legið fyrir í vetur að ekki yrði mikið um mál af minni hálfu að ræða, þau væru mörg í undirbúningi og vinnslu, bæði lax og silungur. Ég mun halda áfram með stofnanabreytingar þannig að hér verður mikið að gera næsta haust þegar ég kem til þings aftur. Þá verða hér mörg mál. Þau verða hins vegar ekkert mjög mörg á þessum vetri og það er kannski ekkert alltaf aðalmálið að fylla allar nefndir af málum þegar atvinnugreinin er í jafnágætri þróun á mörgum sviðum og hún hefur verið, og mikil nýsköpun í íslenskum sveitum.

Ég bið menn að halda ró sinni. Mér finnst að menn þurfi ekki að fara á taugum yfir þessu. Landbúnaðarnefnd getur þá sinnt öðrum og ágætum verkefnum sem eru mikilvæg. Við skulum sjá hvað gerist á næstu vikum hvað mín mál varðar, a.m.k. eitt er komið til þingflokkanna.

[13:37]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tek undir það með hæstv. landbúnaðarráðherra að það er gott að borða saltkjöt og baunir og ég held að hann sé mjög góður í því.

Það er að sjálfsögðu ekki mælikvarði á störf nefndar hversu mörg mál koma til úrlausnar þar en af því að verið er að tala um nefndarstarfið og frumvörp frá hæstv. landbúnaðarráðherra minnist ég þess að í vor voru einmitt frumvörp til breytinga á ábúðar- og jarðalögum keyrð þar í gegn. Síðan hafa þau reynst afleitlega unnin eins og ég reyndar benti á þá. Nánast hver einasti bændafundur úti um land mótmælir nú þessari lagasetningu og bendir á hina mjög svo alvarlegu ágalla á setningu ábúðar- og jarðalaganna síðasta vor. Það finnst mér að væri fyllilega verðugt verkefni bæði fyrir landbúnaðarnefnd og hæstv. landbúnaðarráðherra að við tækjum okkur tíma nú þegar, færum ofan í þessu mál og reyndum að leiðrétta og sníða af lögunum allra verstu ágallana. Lögin fela m.a. í sér að nú eru stórfelld raðuppkaup á bújörðum á hendur sömu aðila, frameiðsluréttur í sauðfé og nautgripum er að færast á örfáar hendur og ríkið fjármagnar í gegnum beingreiðslur að hluta til þessi uppkaup sem eru búsetu og landbúnaði í landinu stórhættuleg. Þetta eru ábyggilega verkefni til að takast á við, hæstv. landbúnaðarráðherra.

[13:38]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það var með mikilli tilhlökkun sem ég tók sæti í hv. landbúnaðarnefnd síðasta vetur en því miður hefur orðið lítið um verkefni þar og enn minna um fundi. Ég verð að virða þær skýringar hæstv. landbúnaðarráðherra að hann sé enn að jafna sig eftir stórátak síðasta vors í lagasetningu. En fyrr má nú vera að það þurfi að liggja á meltunni í allt haust og jafnvel allan vetur. Það má þó ekki vera svo að eftir saltkjötsneysluna grípi spaðdoðinn hæstv. ráðherrann og hann megi ekkert gjöra.

Ég get bent hæstv. landbúnaðarráðherra á ágætisverkefni í svari til hv. þingkonu Önnu Kristínar Gunnarsdóttur sem liggur frammi um jafnréttisáætlun og skipan í stöður í landbúnaðarráðuneytinu. Kemur fram að frá árinu 1999 hafi verið skipað í 29 stöður í landbúnaðarráðuneytinu eða á vegum þess. Þar voru skipaðir 23 karlar og 4 konur og í nefndum á vegum ráðuneytisins sem eru hvorki fleiri né færri en 56 sitja 257 aðalmenn, þar af 40 konur. Ég hafði ekki fyrir að reikna hvað þetta er í prósentum, hæstv. forseti, en þetta er örugglega með öllu óviðunandi.

[13:40]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ef til vill má skýra þennan vandræðagang nefndarinnar og sérstaklega nú eftir áramótin með því að hæstv. landbúnaðarráðherra hefur verið upptekinn. Hann hefur verið að sinna störfum hæstv. forsætisráðherra sem hefur verið í fríi langdvölum, verið á flakki um landið og eitt og annað. Hann hefur verið upptekinn maður.

Hæstv. landbúnaðarráðherra telur að allt leiki í lyndi hvað varðar landbúnaðinn. Ég ætla að benda honum á að blikur eru á lofti. Í nýjasta Bændablaðinu má m.a. lesa að bændur hafa áhyggjur og þeir hafa sérstakar áhyggjur af verkum Framsóknarflokksins. Það eru verkin hvað varðar breytt skipulag í rafmagnsmálum og ef Framsóknarflokkurinn er í vandræðum með að færa einhver mál á dagskrá landbúnaðarnefndar væru þau mál einmitt við hæfi.

Svo má einnig minnast á mál sem varðar útræðisrétt strandjarða. Er til skammar að Framsóknarflokkurinn skuli ganga þvert gegn samþykktum eigin flokks og stefna bændum í dómsali til að ná fram samþykktum flokksins um að virða útræðisréttinn.

[13:41]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég á sæti fyrir hönd míns flokks í landbúnaðarnefnd sem áheyrnarfulltrúi og ég hef furðað mig á því nú í vetur að fundir þar eru ærið sjaldgæfir. Ég hygg að það sé rétt að þeir hafi aðeins verið haldnir fimm

sinnum. Ég tel þó eiginlega ekki rétt að vera að skammast í hæstv. landbúnaðarráðherra út af þessu því að ég veit ekki til að hann sé yfirmaður nefndarinnar og beri ábyrgð á henni. Hann er fulltrúi framkvæmdarvaldsins. Hins vegar hlýt ég að lýsa eftir formanni nefndarinnar, hv. þm. Drífu Hjartardóttur, í þingsal. Ég sé hana ekki hér. Hefur hún boðað fjarvist, forseti? (Gripið fram í.)

(**Forseti** (JóhS)**:** Hv. þm. Drífa Hjartardóttir er ekki með fjarvistarleyfi.)

Hún er ekki með fjarvistarleyfi, gott og vel. Þessar nefndir, landbúnaðarnefnd og sjávarútvegsnefnd, atvinnumálanefndir þingsins, eru mjög mikilvægar. Þær eru ekki bara mikilvægar til að fjalla um frumvörp heldur líka til að veita framkvæmdarvaldinu aðhald á hverjum tíma. Ég tel það mjög ámælisvert þegar fundir falla niður í þessum nefndum. Það er hægt að boða varamenn ef aðalmenn í nefndum geta ekki mætt. Hafi nefndirnar lítið fyrir stafni, þ.e. við það að fara yfir frumvörp og sinna þingmálum, geta þær tekið fyrir önnur mál sem varða þessa atvinnuvegi. Það er af nægu að taka til umræðu og fræðslu fyrir okkur þingmenn varðandi landbúnaðarmál og líka sjávarútvegsmál.

Ég gagnrýndi í heyranda hljóði nú nýlega einmitt hversu fáir fundir eru hjá sjávarútvegsnefnd. Ég hygg að þeir hafi heldur ekki verið nema fimm það sem af er vetri. Hv. formaður nefndarinnar, Guðjón Hjörleifsson alþingismaður, er í salnum og hann leiðréttir mig þá vonandi ef ég fer rangt með tölur í þessu sambandi.

Enn og aftur, þessar nefndir eru mikilvægar og þær eiga að halda fundi sína á sínum tilkynntu fundartímum. Það er engin afsökun fyrir því að fella niður fundi í fastanefndunum.

[13:43]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Út af ræðu hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar vil ég segja að hann hefði mjög auðveldlega getað aflað sér þeirra upplýsinga að formaður landbúnaðarnefndar hefur lögmæt forföll. Hún er við jarðarför og ég veit að hv. þingmenn skilja mætavel að þar með er hún auðvitað ekki í þingsalnum til að taka þátt í þessum umræðum. Hv. þingmaður dró sérstaklega nafn hennar og verkskyldu inn í umræðuna. Ég veit það og við þekkjum það af góðri reynslu af störfum hv. þingmanns sem formanns landbúnaðarnefndar að hún hefur sinnt þeim ákaflega vel. Hún hefur tekið fyrir þau mál sem hafa legið fyrir af hálfu nefndarinnar og ég veit að hún hefur haft áform uppi um að taka fyrir einstök mál sem eru nauðsynleg og þarf að ræða á vettvangi landbúnaðarnefndarinnar. Þingið er tiltölulega nýkomið saman eftir áramótin og kannski hafa ekki gefist mörg tækifæri til að halda gríðarlega marga fundi í þessum einstöku nefndum.

Varðandi sjávarútvegsnefndina vil ég vekja athygli á því að hún fór í ákaflega góða ferð og heimsótti fyrirtæki í fiskvinnslu á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjunum. Ég átti þess kost að sitja hluta af þeim fundum og fara í hluta af þeim heimsóknum. Það var mjög upplýsandi og hið sama var á síðasta fundi sjávarútvegsnefndar þar sem við fórum yfir mál sem hafði verið vísað til okkar og óskað eftir að við færum ofan í. Þetta er auðvitað mjög til góðs. Það er alveg rétt sem hér hefur verið sagt að þingnefndir geta tekið fyrir önnur mál og ég veit að það hefur verið gert í tímans rás. Þegar þannig hefur staðið af sér að ekki hafa mjög mörg mál legið inni á borðum nefndarinnar hefur það æðioft gerst að nefndirnar hafa tekið þessi mál upp.

Ég tel fráleitt að segja að ekki sé eðlilega unnið í þessum nefndum. Ég hef ekki orðið var við annað en að nefndirnar skili málum ágætlega af sér. Það er hins vegar ástæða til að hvetja til þess, hvort sem um er að ræða ríkisstjórn eða óbreytta þingmenn, að menn reyni að leggja málin fram sem fyrst til að við höfum tækifæri til að fara yfir þau rækilega, m.a. í nefndunum og hér á vettvangi þingsins. Ég hef sjálfur m.a. hvatt til þess að við reyndum að skapa rými fyrir þingmannamál. Þá verða menn auðvitað líka að reyna að tryggja að almennar umræður fari fram um þessi mál en ekki stilla þannig af umræður sínar í þingsölum að reynt sé að koma í veg fyrir að önnur mál en þau sem þeim eru þóknanleg séu hér til umræðu.

[13:46]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég tók það sérstaklega fram í fyrri ræðu minni að ég teldi að ekki væri við hv. formann landbúnaðarnefndar að sakast heldur var ég að lýsa eftir málum sem hæstv. landbúnaðarráðherra hefur kynnt fyrir okkur nefndarmönnum að væru væntanleg á þessum vetri. Þar á meðal eru mál sem voru til umfjöllunar á síðasta vetri, þannig að ég tel að það geti ekki verið mjög mikið mál að vinna það skaplega að við fáum þau til umfjöllunar í landbúnaðarnefnd.

Ég minntist líka á það í ræðu minni að við hefðum vítin til að varast þau. Í fyrravetur kom nýr samningur við kúabændur til umfjöllunar eftir að frestur til að skila inn málum var útrunninn. Það mál var keyrt í gegn á allt of miklum hraða og algjörlega að óþörfu og ég vil ekki að við förum eins að málum aftur því að ég tel að það sé óþarfi að brenna sig á sama soðinu tvisvar.

Nú eru yfirstandandi samningaviðræður við sauðfjárbændur og ég tel að við eigum að vinna þannig að okkur sé sómi að því á Alþingi, en það gerum við ekki með því að hrista málið fram úr erminni og standa svo frammi fyrir því hvað eftir annað að við sendum frá okkur gölluð lög. Þá staðreynd könnumst við alþingismenn öll við.

[13:48]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Þetta er dæmigerð sprengidagsumræða. Ég vil segja við hv. þingmenn: Til hvers voru þið kosnir á þing? Var það ekki til að fylgja eftir hugsjónum ykkar? Hvaða frumvörp og hvaða þingsályktanir hefur stjórnarandstaðan flutt um landbúnaðarmál? Ekki eitt einasta mál. (**Gripið fram í:** Hvað er að ... ?) Situr svo grátandi og kvartar yfir því að fá ekki mál til að ræða í landbúnaðarnefnd.

Nei. Taktur stjórnarandstöðunnar er náttúrlega Gróu gömlu á Leiti. Hún er enn höfð uppi við. Ólyginn sagði mér að landbúnaðarráðherra væri ekki störfum sínum vaxinn og væri ekki að flytja mál.

Íslendingar vita að afrek ráðherra verða ekki mæld í

frumvörpum eða nýjum lögum. Atvinnuvegir ... (**Gripið fram í:** Í saltkjötsáti?) Ja, hv. þm. Steingrímur Sigfússon borðar nú meira saltkjöt en flestir aðrir menn og hleypur það svo af sér á kvöldin.

Ég undra mig á málflutningi stjórnarandstöðunnar, sem er bara skemmtilegt upphlaup á þessum blessaða degi, ég hef ekkert við það að athuga og ég hvet þá til að flytja mál. Ég þarf að flytja hér mál og það eru mál í vinnslu. Ég er ekkert að kvarta yfir því að það sé álag á mér, ég hef nóg að gera og get gert meira en ég geri. Embættismenn mínir í landbúnaðarráðuneytinu búa í litlu ráðuneyti og hafa ærið nóg að gera. Hér er von á málum, þannig að þetta upphlaup hefur ekkert með það að gera.

Hitt er ljóst mál að það er margt að gerast í sveitunum og ábúðar- og jarðalögin hafa ekkert með það að gera að jarðaverð hefur aldrei verið hærra. (Forseti hringir.) Fjárfesting bændanna í landinu og jarðirnar eru eftirsóttar eignir (Forseti hringir.) og það er horft til sveitanna með mikil tækifæri í huga. (Forseti hringir.) En við þurfum lengri umræðu til þess að ræða þetta hér.

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég vil biðja hæstv. landbúnaðarráðherra að virða ræðutíma.)

[13:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Umræðan um verkfælni landbúnaðarráðherra og húskarla hans er allrar athygli verð í skammdeginu, hvort sem skýringanna er að leita í ofþreytu frá sl. vori eða önnum við þorrablótshald. Hitt er mér til efs að það sé mjög gáfulegt að vera að lýsa eftir því að landbúnaðarráðherra geri meira en hann gerir. Einhvern tíma var sagt norður í landi að það væri vont að hroðvirkir menn væru jafnframt mjög duglegir því að þá gerðu þeir svo mikið illa.

Það er líka þetta með hinn margfræga hraða snigilsins að ég hélt að það væri ávísun á frekar jafnt og þétt ferðalag þó að rólega væri farið yfir. En hér virðist snigillinn ekki bara hreyfa sig hægt heldur líka skrykkjótt því að það koma smágusur af málum frá sniglinum yfirleitt undir lok þings (**Gripið fram í:** Hann er farinn að sofa.) og eru knúin í gegn, oft að lítt athuguðu máli, samanber afgreiðsluna á jarðalögum og ábúðarlögum sl. vor.

Það er að vísu rétt að þingmenn eru náttúrlega að hluta til að gagnrýna sjálfa sig ef þeir kvarta undan verkleysi, verkefnaleysi og fundaleysi í þingnefndum því að þingmenn hafa það í sínum höndum að óska eftir fundum í nefndum og ráða dagskrá nefndarfunda og þarf ekki nema þrjá þingmenn til.

Hitt vil ég líka nefna, frú forseti, að mér sýnist að það sé að gerast æ oftar að reglubundnum fundum þingnefnda sé frestað æ ofan í æ og síðan jafnvel skotið á aukafundum. Ég nefni sem dæmi utanríkismálanefnd. Þar hafa verið talsverð brögð að því að reglulegum fundum er frestað og síðan jafnvel boðað til aukafundar. Það er að mínu mati ekki eins og hlutirnir eiga að þróast. Það á að vera festa í þessum hlutum og starfsáætlun þingsins og fastir fundartímar nefnda eiga að halda. Annað á að vera undantekningin. Ég kannast ekki við að það sé ekki yfirleitt nóg af verkefnum ef út í það er farið, áhugaverðum stöðum til að skoða, heimsækja o.s.frv.

Svo vona ég bara að umræðan hafi ekki spillt meltingu hæstv. landbúnaðarráðherra á saltkjötinu.

Tollalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 493. mál (heildarlög). — Þskj. 753.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 495. mál (rjúpnaveiðar, sölubann og takmörkun veiða). — Þskj. 757.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Upplýsingalög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 68. mál (nefndir, ráð og stjórnir). — Þskj. 68.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 135. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 135.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 143. mál (stjórnir, starfsmenn við eignastýringu o.fl.). — Þskj. 143.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Gjaldþrotaskipti, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 205. mál (greiðsluaðlögun). — Þskj. 205.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Innheimtulög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 224. mál. — Þskj. 227.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 362. mál (sóknardagar, meðafli, áframeldi o.fl.). — Þskj. 415.

[13:56]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að gera nokkrar lagfæringar á lagatexta sem einkum má rekja til afnáms sóknardagakerfis. Lagfærðar eru nokkrar tilvísanir til laga sem ekki eru lengur í gildi. Þá er lagt til að heimild til að ákveða að hluti afla skuli ekki reiknast til aflamarks verði gerð varanleg og að tímabundin heimild til ráðherra um sérstaka ráðstöfun þorskeldiskvóta gildi til loka fiskveiðiársins 2009/2010.

Hvað þá heimild varðar að hluti afla skuli ekki reiknast til aflamarks er sú heimild tímabundin og ef hún verður ekki endurnýjuð fellur hún úr gildi í lok þessa fiskveiðiárs.

Ég legg til, frú forseti, að að lokinni 1. umr. verði frumvarpinu vísað til hv. sjávarútvegsnefndar.

[13:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Verið er að breyta núverandi lögum til samræmis við það sem hefur verið gert í lagabreytingum að mestu leyti.

Þó eru nokkur atriði sem við þurfum að ræða í þessu sambandi. Varðandi 1. gr. velti ég því fyrir mér hvort verið sé að setja niður stífari ákvæði um það en verið hafa að einungis sé hægt að gefa út eitt veiðileyfi í senn á hverju fiskveiðiári og spyr hæstv. ráðherra hvort verið sé að gera breytingu á því, því t.d. hafa minni fiskiskip fengið tvenns konar veiðileyfi eins og grásleppuveiðileyfi, jafnvel hygg ég að einstöku sinnum hafi verið gefið út sérveiðileyfi til rauðmagaveiða.

Ég tel rétt að fá skýr svör við því frá hæstv. ráðherra hvort verið sé að taka upp einhverja breytingu frá því sem viðgengist hefur að jafnvel þó að skip hafi eitt veiðileyfi hafa í reynd verið gefin út annars konar veiðileyfi. Ég vona að sú breyting sem hér er verið að tala um þýði það ekki.

Ég velti líka fyrir mér, hæstv. forseti, hvar í lögunum verður eftir heimild fyrir þá báta sem ekki stunda veiðar samkvæmt þessum veiðileyfum, þ.e. aflamarki og króka-aflamarki, þ.e. stunda enn þá veiðar með dagatakmörkunum, a.m.k. út næsta fiskveiðiár. Ef ég þekki rétt þá á það við einhverja báta. Ég hef ekki á takteinum hve margir þeir eru en hæstv. ráðherra veit það ábyggilega og getur upplýst okkur um það. Einhvers staðar þarf að vera lagaheimild fyrir þeim veiðum ef það er hugmynd ráðuneytisins og hæstv. ráðherra að slíkum leyfum skuli fundinn staður með reglugerðarútgáfu eða túlkun á reglugerð. Það er svo að allar heimildir þurfa að hafa lagastoð.

Í samræmi við þetta er niðurfelling í 5. gr. laganna þar sem segir: „Lokamálsgrein 5. gr. fellur brott.“ Þar er fellt niður ákvæði sem segir fyrir um veiðar með handfærum með dagatakmörkunum. Það tengist því sem segir í 1. gr.

Ég spyr einnig hvort ekki þurfi að áætla afla þeirra báta sem stunda enn þá veiðar með dagatakmörkunum. En mér sýnist því vera breytt með því sem gert er í 4. gr.

Mig langar síðan, hæstv. forseti, að víkja sérstaklega að 6. gr. frumvarpsins. Þar eru fest í sessi ákvæði um að landa megi afla utan aflamarks, annars vegar 0,5% af svokölluðum uppsjávarafla og hins vegar 5% af öðrum sjávarafla. Þau ákvæði hafa verið til bráðabirgða. Í framhjáhlaupi má nefna það að bráðabirgðaákvæði laga um stjórn fiskveiða eru reyndar fleiri heldur en lagagreinarnar sjálfar. Ég held að lagagreinarnar séu um 27 en bráðabirgðaákvæðin 35 þannig að það er auðvitað margt sem kallar á að það sé lagað til í þessu lagasafni miðað við framkvæmdina. Með sama hætti fellur niður bráðabirgðaákvæðið XXIX um þennan afla utan aflamarks.

Nú er það svo að við höfum nýlega fengið opinberar upplýsingar um að afli utan aflamarks í veiðum flottrollsskipa hafi verið talsvert meiri en árið á undan. Það var meira að segja sérstaklega tekið fram, ef ég man rétt, að þorskafli hefði farið í 1.400–1.500 tonn í veiðum þeirra skipa sem stunda uppsjávarveiðar með flotvörpu. Það er varla hægt að ætlast til að menn séu mjög sáttir við að lögin séu túlkuð með sitt hvorum hætti í landinu og ekki séu allir jafnir fyrir lögum. Í reynd hefur það verið þannig á undanförnum árum að meðafli í uppsjávarveiðum hefur ekki verið talinn til aflamarks. Ég spyr hæstv. ráðherra um hvað hann hyggst fyrir í þeim efnum. Varla getur það verið þannig að veiðileyfi séu tekin af mönnum fyrir 50–100 kg

umframafla þegar ákveðinn hluti flotans er með mun meiri umframafla og virðist ekki þurfa að standa skil á honum. Um þetta vil ég spyrja ráðherrann og hvort tillagna sé að vænta í þessum efnum frá ráðuneytinu.

Varðandi þau 5% sem almennt hefur verið miðað við varðandi botnfisksafla sem heimilt er að landa utan aflamarks, með sérstakri tilkynningu skipstjóra gegn því að aflinn sé seldur á fiskmörkuðum, vil ég spyrja hvort leitast hafi verið við að tryggja að afli sem komið hefur í veiðarfæri flottrollsskipa væri með sama hætti seldur á uppboðsmörkuðum. Vissulega er hætt við því að eitthvað af slíkum afla skemmist í flottrollinu en ég hugsa að einnig sé hægt að ná þeim afla óskemmdum frá afla flottrollsveiðiskipanna. Alla vega hafa myndir af afla þessara skipa sýnt að nokkuð stór fiskur af ýmsum tegundum, ufsi, karfi og þorskur, hefur verið óskemmdur innan um uppsjávaraflann. Þessi atriði verða menn að ræða. Þetta er vandamálið við uppsjávarveiðarnar og menn verða að takast á við að reyna að leysa það, hvort sem það verður gert með skiljum í veiðarfærunum eða þá skiljum um borð í skipunum þannig að aflinn náist frá uppsjávaraflanum og sé þá annaðhvort seldur sem slíkur á uppboðsmarkaði eða reynt að nýta hann til einhverrar framleiðslu, þ.e. ef hann er nýtanlegur sem ég ætla ekki að fullyrða um.

Ég hef bent á það áður að mér finnst vert að athuga hvort ekki sé tímabært að færa til hámarkið varðandi meðafla í botnfisksafla, hækka það um einhver prósent. Ég nefni t.d. töluna 7% og spyr ráðherrann hvort þessi heimild fyrir 5% meðafla sé almennt eða í einhverjum tilfellum nýtt í botn. Þurfa sum skip á því að halda að nýta þá heimild að fullu, að tilkynna afla utan aflamarks? Þetta ákvæði var á sínum tíma sett inn til að reyna að hafa áhrif á og draga úr brottkasti og ekkert nema gott um það að segja. En ég sé ekki hvers vegna við eigum að takmarka okkur við þessi 5% ef hægt er að færa rök að því að hlutfallið eigi jafnvel að vera eitthvað hærra. Ég geri mér grein fyrir því að sú tala má ekki fara upp úr öllu valdi og að hafa þarf aðhald. En það er sjálfsagt að reyna að tryggja að sem mest af meðafla skipanna komi að landi. Þar er um mikil verðmæti að ræða. Eins og ráðherrann veit sjálfur hafa miklir peningar safnast í sjóði í sjávarútveginum með þeirri heimild. Ráðuneytið hefur síðan þá sjóði, m.a. í þau verkefni sem menn hafa áhuga á að reyna að styrkja á hverjum tíma.

Ég held að það mundi ekki skaða að sjávarútvegsnefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar skoði það vandlega. Það mætti láta vinna upplýsingar fyrir nefndina þar sem kæmi fram hvernig heimildin hefur verið nýtt, hve mörg skip hafa fullnýtt heimildina miðað við aflaheimildir sínar, hvernig hún hefur nýst eftir veiðarfærum eða tímabilum o.s.frv. Ég held að það væri ákaflega fróðlegt að brjóta þetta upp og skoða til að átta sig á því hvað megi betur fara að þessu leyti.

Hér er einnig fellt út ákvæðið um að ef skip farist geti aflaheimild verið óskert hjá viðkomandi útgerð í 12 mánuði eða lengur. Mig minnir að á sínum tíma hafi þetta verið sett inn vegna þess að skip geta auðvitað farist hvenær árs. Síðan kemur upp nýtt fiskveiðiár og ef skip er ekki til á skrá er erfitt að úthluta því aflaheimild. Þess vegna var þetta ákvæði sett inn á sínum tíma, ef ég man rétt, þótt ég vilji ekki fullyrða að það sé rétt. En þetta voru ábyggilega rökin fyrir því. Menn sáu fram á að ef skip færist og annað væri ekki komið inn eða búið að ganga frá kaupum á nýju skipi þá væri mönnum gefinn lengri frestur til að mæta því ástandi. Ég hefði gaman af að heyra hæstv. ráðherra fjalla um þetta í nokkrum orðum. Að vísu má segja að búið sé að gefa allan tilflutning á aflaheimildum frjálsari en áður var og auðveldara sé að færa aflaheimildir á milli skipa. Ég tel það reyndar mjög vafasamt hvernig að því var staðið upp úr 1990 en ætla ekki að halda langa ræðu um þann ágreining af þessu tilefni. Sá ágreiningur er ágætlega þekktur. Ég tel hins vegar að það ákvæði geri það að verkum að byggðir landsins geta aldrei verið öruggar um tilveru sína frá degi til dags. Menn hafa ekki hugmynd um það hvenær aflaheimildir haldast í byggð og hvenær ekki.

Nefna mætti nokkur dæmi um tilflutning á aflaheimildum. Nærtækt dæmi er t.d. Stöðvarfjörður sem hefur verið í umræðunni en fyrirhugað er að aflaheimildir sem voru þar á fiskiskipinu Kambaröst, sem hefur verið stór hluti í undirstöðuatvinnurekstri þess byggðarlags, færist þaðan. Við gætum nefnt fjöldamörg önnur dæmi. Í nýlegri skýrslu sem kynnt var vestur á Ísafirði kemur m.a. fram að Vestfirðingar hafi tapað 39% af störfum í sjávarútvegi, m.a. vegna minni aflaheimilda. Auðvitað gerist það með frjálsu framsali og tilfærslu.

Ég vil láta það koma fram, úr því að ég er farinn að vekja máls á þessu, að ég tel að útfærsla byggðastefnunnar sé nánast tilgangslaus fyrir sjávarútvegsbyggðirnar þegar slík ákvæði eru inni í lögum um stjórn fiskveiða að aflaheimildir geti flakkað óhindrað fram og til baka, ekki sé með neinum hætti litið á atvinnuréttindi fólksins heldur eingöngu eignarrétt útgerðarinnar.

Í Morgunblaðinu í morgun rak ég augun í grein um að nauðsynlegt væri að eignarhald á veiðiheimildum, á óveiddum fiski í sjó, yrði fært varanlega á þá sem aflaheimildirnar hafa, að þar verði um algeran eignarrétt að ræða og menn þurfi ekki að velkjast í vafa um að útgerðarmaðurinn hafi atvinnuréttinn með aflaheimildum og geti farið með hann hvert sem er, hvenær sem er, til hvaða byggðar eða frá hvaða byggð sem er. Ég vildi vekja athygli á þessu við þessa umræðu þótt ég ætli ekki að gera umræðuna að sérlega löngu máli við þá lagahreinsun sem hér er. Hún hefur samt ákveðin áhrif. Það er auðvitað ekki hægt að láta málið ganga fram nema það sé tekið til efnislegrar umræðu.

Síðan er lagt til að hinn svokallaði eldiskvóti, 500 tonn af óslægðum þorski, verði varanlegur og færður inn í lögin. Ég held að það sé til bóta eins og staðan er og fram til fiskveiðiársins 2009–2010 hafi menn þann eldiskvóta. Vonandi verður það til að efla þorskeldi og sýna hvort við getum náð verulegum árangri í því til framtíðar og byggt upp atvinnugrein í eldi á þorski. Ég held að það sé mjög áhugavert að ýta undir þá þróun.

Í 11. gr. er verið að fella niður bráðabirgðaákvæði eins og ég sagði áður. Ég vík aftur að því að ég tel að menn eigi að velta því fyrir sér hvort hækka eigi þessa prósentu úr 5% upp í 7%. Ég tel einnig að sjávarútvegsnefnd verði að velta mjög gaumgæfilega fyrir sér hvernig fara eigi með meðafla í uppsjávarveiðum. Það gengur auðvitað ekki að framkvæmdin þar sé allt önnur en við aðrar veiðar. Ég geri mér

vel grein fyrir því að þar verður aldrei hægt að forðast meðafla að öllu leyti nema þá að takist að hafa sérstaka sortunargrind í flotvörpunum. Ég er hins vegar alls ekki viss um að það gangi upp við flotvörpuveiðar á kolmunna, síld og loðnu.

Það er síðan önnur umræða hvort stunda á þessar veiðar á öllum þeim þremur uppsjávartegundum sem ég nefndi með flottrolli. Við vitum að árangur við kolmunnaveiðar verður ekki mikill án þess að nota flottrollið. Vissulega hafa flottrollsveiðar á síld í mörgum tilfellum aukið verðmætasköpun í síldveiðum og aukið manneldisnýtingu á síldinni, sem ég tel æskilegt markmið við allar veiðar og jafnframt loðnuveiðarnar. Það er svo sér fiskifræðileg umræða hversu mikið við eigum að veiða af loðnu til bræðslu, sem ég er farinn að efast mjög um að þjóni þeim hagsmunum okkar að byggja upp þorskstofninn.

Þetta er það helsta sem ég vildi nefna í upphafi umræðunnar. Það er samt sem áður hægt að víkja að efni sem ég tel fulla ástæðu til að ræða og það er stofn auðlindagjaldsins. Við erum jú að fjalla um þetta lagasafn í heild sinni og það fer ekkert á milli mála að reikningurinn fyrir því hvernig á að leggja auðlindagjald á hér á landi er náttúrlega nákvæmlega eins og til hans var stofnað. Við, nokkrir þingmenn, bentum á það við umræður um upptöku á auðlindagjaldinu hvað mundi gerast ef einn útgerðarþáttur væri í ákaflega bágum afkomurekstri og hvað mundi þá gerast varðandi þann rekstur. Þetta dæmi er nákvæmlega komið upp núna í rækjunni og reyndar kannski í fleiri greinum eins og skelfiski.

Það er þannig að við finnum út meðaltalsafkomu í ákveðnum greinum útgerðarinnar og leggjum auðlindagjaldið á samkvæmt því. Það er eiginlega algjörlega vonlaust — ég vona að hæstv. sjávarútvegsráðherra sé búinn að átta sig á því, enda brást hann sjálfur við alveg sérstaklega og afnam, ja afnam ekki, hann lækkaði kvótasetningu á Flæmingjagrunni það mikið að líklegt var að menn veiddu þann afla vegna þess að ella væru menn að borga auðlindagjald af einhverri úthlutun sem væri ekki til staðar eða gæfi ekki nein verðmæti.

Þetta held ég að öllum hljóti að vera orðið ljóst, að útfærsla á auðlindagjaldinu með þeim hætti að finna út meðaltalsafkomu gengur ekki ef menn ætla ekki beinlínis að stuðla að því með framkvæmd laganna að ákveðinn hluti útgerðarinnar lendi í meiri erfiðleikum en ella.

Ég vil spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra í lok ræðu minnar hvað hann hyggist fyrir varðandi auðlindagjaldið eins og það er í pottinn búið í dag, hvort þar þurfi ekki að taka til hendinni.

[14:18]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir málefnalega umræðu.

Varðandi fyrstu tvö atriðin er ekki um það að ræða að verið sé að gera neitt stífara með tvö veiðileyfi, því er fyrir séð annars staðar í lögunum. Og um dagabátana sem enn þá eru á dögum og stunda veiðar samkvæmt þeim, þá er gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði sem um það fjallar. Áætlunin á afla fyrir þessa báta, ég geri ráð fyrir að á næsta fiskveiðiári verði þessir bátar innan við tíu, þannig að ég held ekki að það hafi svo sem neina praktíska þýðingu að áætla sérstaklega fyrir þá.

Af hálfu ráðuneytisins er hvað varðar afla flottrollsskipanna í gangi vinna við að finna út úr því hvernig við getum best metið það hver meðaflinn er hjá uppsjávarveiðiskipunum þannig að meðafli í bolfiski dragist þá frá kvóta þeirra skipa sem þar er um að ræða sem botnfiskur, ekki sem uppsjávarfiskur. Með því ætti að myndast hvati hjá útgerðunum til að taka þann fisk til hliðar til að fá fyrir hann verðmæti sem er þá í samræmi við verðmæti aflaheimildanna eða þá að forðast það að veiða þennan afla þannig að nákvæmlega það sama gildi í þessu tilfelli og um annan meðafla.

Um hvort hækka eigi úr 5% í 7% má auðvitað deila, en almennt er þessi heimild ekki nýtt í botn. Tólf mánaða reglan hefur raunverulega ekki haft neitt sérstakt gildi eftir að framsalið varð eins virkt og raun bar vitni.

Varðandi auðlindagjaldið þá er ekki alveg rétt að það sé bara meðaltalsafkoman sem ráði heldur er upphæðinni dreift samkvæmt úthlutun eftir þorskígildum og þorskígildin breytast árlega og afkoman hefur áhrif á mat þorskígildanna þannig að rækjuútgerðin í dag er að greiða mun minna veiðileyfagjald, herra forseti, heldur en greitt var á síðasta ári í veiðieftirlitsgjald og þróunarsjóðsgjald.

[14:20]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Allt er þetta sennilega rétt hjá hæstv. ráðherra að því marki sem hann svaraði. Það er auðvitað rétt að þegar verðfall verður á rækju kemur það eftir á en það hins vegar mætir ekki þeirri uppákomu sem verður vegna verðfalls eða aflabragða innan ársins. Þar af leiðandi virkar það seint og illa fyrir utan það að ég dreg mjög í efa, miðað við afkomu rækjuveiðanna í dag, að þar sé nokkur staða til að greiða afgjald, því miður. Ég held að rekstrargrundvöllurinn sé þannig að það sé enginn afgangur, enda sýnir það sig að við erum að missa rækjuveiðarnar algerlega niður hér við land og það eru sárafáar útgerðir sem enn þá hugsa sér að gera út á rækjuveiðar.

Það er auðvitað gott um það að segja ef menn ætla að taka upp sambærilegar reglur fyrir uppsjávarveiðiskipin og önnur skip og ekki nema sjálfsagt að svo sé. Og ég er alveg sammála því sem hæstv. ráðherra sagði um að það hefði ekki mikið upp á sig að vera að áætla sérstaklega einhvern fiskveiðiafla á fáa dagabáta. Ég held að menn hafi alltaf gert of mikið vandamál úr þeim afla sem dagabátarnir veiddu meðan var og hét og ég sakna þess mjög ef menn eru að fara þá leið að fella niður dagabátana. En það koma tímar og koma ráð til að fást við það mál.

[14:22]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að þorskígildisstuðlarnir eru ákvarðaðir eftir á. En það á líka við veiðieftirlitsgjaldið, það er ákvarðað líka eftir á þannig að það ætti að standast nokkurn veginn á.

Varðandi það að áætla aflann held ég að það hafi skipt

þó nokkuð miklu máli og við sjáum það á tölunum, þann afla sem var umfram veiðina á sínum tíma. En það er ágætt að við erum sammála um það að þegar komið er í innan við tíu báta skipti það ekki svo ýkja miklu máli.

[14:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson fór yfir frumvarpið, algjörlega, þannig að ég ætla ekki að endurtaka það. Ég tek undir það sem hann sagði um þá hluti, nema það að ég vil aðeins bæta við í sambandi við umræðuna um veiðigjaldið. Ég hef aldrei verið sáttur við þá aðferð.

Vissulega er það rétt að við bentum hér ýmsir á að það gæti líka komið í bakið á mönnum að hafa þetta fyrirkomulag. Þó að veiðigjaldið væri lágt gæti það komið illa niður á þeim sem ættu í erfiðum rekstri. Og það hefur sýnt sig strax, þó að veiðigjaldið sé ekki orðið hærra en raun ber vitni, að það getur íþyngt til viðbótar þegar um er að ræða mjög slakan rekstur.

En mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra fáeinna spurninga úr því að tækifæri er til þess. Mig langar að spyrja um það hvort í ráðuneytinu hafi ekkert verið farið yfir það að undanförnu hvort ástæða sé til að endurskoða þá slægingarstuðla sem eru í gangi og jafnvel afnema það fyrirkomulag, því að það er auðvitað furðulegt að menn skuli varla geta fundið vog sem er nógu nákvæm til að mæla þyngd þorsks eða annarra fisktegunda, en svo skuli vera hægt að nota aðferðir sem eru fólgnar í því að giska á hvað fiskurinn er þungur með innvolsinu til að finna út þyngdina. Ég hef aldrei skilið almennilega hvernig á því stendur að ráðuneytið hefur látið undan þeim þrýstingi sem hefur verið til þess að hafa þetta fyrirkomulag áfram. Ég hvet því hæstv. ráðherra til að fara yfir það og vil biðja hann að svara því hvort slík athugun sé í gangi.

Síðan langar mig að spyrja hæstv. ráðherra um 6. gr. þar sem um er að ræða að festa í sessi 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem menn geta landað utan kvóta. Ég tek til að byrja með undir það að gjarnan mætti vera hærri prósenta þarna á ferðinni. Hef reyndar þá skoðun og hafði það í tillögu minni á sínum tíma að þarna þyrfti enga prósentu, menn ættu bara að geta landað því utan kvóta sem þeir yrðu fyrir að fá í skip sín og ég sé enga hættu fólgna í því. Hafrannsókanstofnunin fengi kannski stærri farma á stundum en það er ekki nein sérstök hætta á ferðum. Verið er að stjórna fiskveiðum með ýmsum hætti hér við land, sérstaklega með sóknartakmörkunum. Flestar stýringarnar eru í formi sóknartakmarkana, þannig að Hafrannsóknastofnun hefur ýmis ráð til að stjórna veiðiálaginu.

En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort einhver vandi hafi komið upp í sambandi við 2. tölulið 6. gr., þ.e. að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs o.s.frv. Þetta þótti mönnum sjálfsagt að hafa í lögunum þegar það varð niðurstaðan að setja þá reglu að aflinn skyldi fara á fiskmarkaði. Það er nefnilega þannig að menn sáu ýmis vandkvæði á því að afli færi á fiskmarkaði ef farið væri að ræða um annan afla en þennan. Hérna voru menn sammála og mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort einhver vandamál hafi komið upp í sambandi við þetta önnur en þau sem menn vissu fyrir, þ.e. að sums staðar væri ekki nægileg þjónusta á fiskmörkuðum. Á sumum svæðum landsins er ekki um auðugan garð að gresja hvað þá varðar, sem engan skyldi nú furða vegna þess að það fer nú ekki það stórt hlutfall af fiskinum í gegnum markaði í landinu, því miður.

Úr því að ég er kominn í ræðustól og farinn að spyrja hæstv. ráðherra sé ég ástæðu til að spyrja um eitt atriði, vegna þess að nú er búið að setja í gang vinnu og nefndin að mér skilst hefur hafið störf sem á að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar og ríkisstjórnin hefur á stefnuskrá sinni að sameiginlegt eignarhald á fiskinum í sjónum verði sett í stjórnarskrána. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvaða breytingar hann sjái fyrir sér að verði á stjórn fiskveiða í tengslum við það að ákvæði af því tagi verði sett í stjórnarskrá. Telur hæstv. ráðherra að mögulegt verði að óbreytt fyrirkomulag á úthlutun aflaheimilda verði til framtíðar ef þetta ákvæði verður sett í stjórnarskrá og hvernig yrði því þá fyrir komið? Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi legið nokkuð yfir þessum hlutum því að bæði er hann aðili að ríkisstjórninni og svo dregur að því að menn fari að fást við þetta mál í stjórnarskrárnefndinni og ég geri ráð fyrir að umræða fari fram um þessi mál í ríkisstjórn og í stjórnarflokkunum. Menn hljóta að vita svona nokkuð hvað þeir hugsa sér þar.

Það er ástæða til að spyrja um þetta vegna þess að ítrekað koma aðilar inn í umræðuna eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, og í Morgunblaðinu í dag er Viðhorfsgrein eftir Björgvin Guðmundsson þar sem hann kallar eftir því að fullur eignarréttur verði að myndast á veiðirétti og ítrekað höfum við séð það á vefnum 200milur.is að nú sé kominn tími til að eignarrétturinn verði gerður algjör. Svo eru tínd til rökin að með eignarréttinum muni þetta allt saman nýtast öllum betur. Það virðist gleymast að með fullkomnum eignarrétti fylgja auðvitað fullkomin afnotaráð veiðiréttarins sem þýðir um leið að það er engin skylda á viðkomandi að nýta veiðiréttinn. Þar með eru öll rökin sem hafa verið tínd fram til stuðnings þess að eignarhaldið skipti svo gríðarlega miklu máli vegna nýtingarinnar fokin, af því að það er auðséð að hverju stefnir ef eignarhaldið verður viðurkennt í framtíðinni og verður algert. Það stefnir í að til verði fyrirtæki sem muni eiga fiskstofnana og selja aðganginn að miðunum.

Þar með eru rökin sem menn hafa aðallega hangið á í sambandi við að menn muni nýta betur fiskstofnana af því að þeir eigi þá og þurfi að hugsa um hagnað sinn í framtíðinni komnir yfir á þá sem leigja veiðiheimildirnar af þeim. Hver er þá orðinn munurinn á því að eigandinn leigi frá sér veiðiréttinn, eins og væri eðlilegt til að viðhalda sameiginlegri eign þjóðarinnar á auðlindinni? Hver er þá orðinn munurinn á þessu tvennu?

Ég ætla ekki að hafa langt mál en mér finnst full ástæða til að menn fari að sýna á spilin sín í umræðunni. Það fari að koma pólitísk skilaboð inn í hana því stjórnarskrárnefndin hefur verið skipuð, hún er farin að vinna eftir því sem ég veit best.

Eitt verkefni ætti þó ekki að þurfa að deila um að ætti að vera opinberlega í umræðunni og það er þegar Íslendingar fara yfir og ræða breytingar á stjórnarskránni. Það getur

ekki verið að menn ætli að fara með veggjum með skoðanir sínar hvað menn vilja setja í stjórnarskrá, hvorki um þetta *efni né annað*.

Ég er spenntur að heyra hvað hæstv. sjávarútvegsráðherra segir um þetta. Er hann ekki fyrir löngu búin að koma sér upp skoðunum á því með hvaða hætti eignarhaldsákvæðunum verður fyrir komið í stjórnarskránni úr því að hann tók þátt í því að setja það í ríkisstjórnarsáttmálann?

[14:33]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum oft rætt slægingarstuðlana áður og hv. þingmaður veit að ég geri mér fullkomlega grein fyrir því hversu ónákvæmir þeir geta verið. En ég geri ráð fyrir að hann hafi tekið eftir því að í reglugerð sem hefur verið í smíðum um löndun og vigtun á afla og kynnt var á netinu sl. vor er verið að koma til móts við þetta vandamál þannig að hægt sé í einhverjum tilfellum að vigta afla eftir slægingum.

Ekki hafa komið upp nein sérstök vandamál varðandi uppboð á 5% aflanum, en hversu viðtækar ályktanir ætti að draga af þeim afla sem þannig hefur verið boðinn upp og yfirfæra það á heildarafla landsmanna, ég held að fara verði afskaplega varlega í það.

Varðandi breytingar á stjórnarskránni vil ég segja að verði þær breytingar gerðar sem samrýmast því sem er í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða sé ég ekki að þær muni leiða til neinna sérstakra breytinga á lögum um stjórn fiskveiða. Ég er reyndar hissa á því að hv. þingmaður skuli gera ráð fyrir því. Ég skil það svo af málflutningi hans og flokksmanna hans að þær hugmyndir sem uppi eru af þeirra hálfu væru að koma í stjórnarskrána atriðum sem væru í samræmi við 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða.

[14:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst um slægingarstuðlana. Ég hef þá skoðun að menn eigi að endurskoða þetta með það fyrir augum að afnema þá. Ég sé ekki nein góð rök fyrir því að halda í fyrirkomulagið og kem því á framfæri í þessu samhengi.

Það sem ég var að ýja að í sambandi við að menn urðu algerlega sammála um að aflinn sem landað væri utan kvóta ætti að fara á fiskmarkaði var að þar voru menn algerlega sammála um að jafnvel Hafrannsóknastofnun væri ekki fyllilega treystandi til að selja aflann öðruvísi en það lægi fyrir að hann ætti að fara í gegnum markaði. Það er svolítið umhugsunarefni að menn skuli vera sammála um þetta hér en þegar kemur að því að ræða málið á stærri og breiðari grundvelli um fisk almennt í landinu eru uppi aðrar skoðanir.

Varðandi 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða og stjórnarskrána er ég algerlega sammála því að 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða getur fyllilega farið saman við ákvæði sem *sett yrði í stjórnarskrá um sameiginlegt eignarhald á veiðiréttindi*. En önnur ákvæði laganna um stjórn fiskveiða sem gefa fyrirtækjum og aðilum forgangsrétt, óðalsrétt á úthlutun munu aldrei að mínu viti geta farið saman við almenna meðferð á stjórnarskrárbundnum auðlindum í eigu þjóðarinnar.

Umræðu frestað.

Dómstólar, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 12. mál (skipun hæstaréttardómara). — Þskj. 12.

[14:38]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, ásamt hv. þingmönnum Bryndísi Hlöðversdóttur, Guðmundi Árna Stefánssyni, Einari Má Sigurðarsyni, Þórunni Sveinbjarnardóttur, Jóhanni Ársælssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Önnu Kristínu Gunnarsdóttur, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Jóni Gunnarssyni, Ástu R. Jóhannesdóttur, Rannveigu Guðmundsdóttur, Kristjáni L. Möller og Katrínu Júlíusdóttur.

Frumvarpið hefur verið flutt í tvígang, á löggjafarþingum 125 og 126. Í stuttu máli er í frumvarpinu lagt til að gerð verði sú breyting á skipun hæstaréttardómara að í stað þess fyrirkomulags sem nú tíðkast, að hæstv. dómsmálaráðherra geri tillögur til forseta Íslands um skipun dómara, komi Alþingi Íslendinga að skipan dómara og áður en gerð er tillaga til forseta skuli Alþingi Íslendinga eða 2/3 þeirra sem atkvæði greiða styðja þá tilnefningu sem lögð er til.

Í frumvarpinu er lagt til að í stað dómsmálaráðherra geri forsætisráðherra tillögu til þingsins um hvern skuli skipa í Hæstarétt og tilkynni forseta Alþingis um það. Tillaga ráðherra skal hljóta meðferð í sérnefnd samkvæmt 32. gr. laga um þingsköp Alþingis áður en hún er borin undir atkvæði þingmanna. Nefndin skal fjalla um hæfni umsækjenda um embættið og skila skýrslu til þingsins með rökstuddri niðurstöðu um mat sitt innan fjögurra vikna. Jafnframt skal nefndin leita umsagnar Hæstaréttar um hæfi og hæfni umsækjenda til að gegna embættinu. Samþykki Alþingi tillögur ráðherra leggur hann hana fyrir forseta og synji Alþingi staðfestingar á tillögu ráðherra gerir hann aðra tillögu og skal hún fá sömu meðferð.

Grundvallarhugsunin á bak við þá hugmynd sem hér er lögð fram er fyrst og fremst að reyna að styrkja dómsvaldið í landinu. Það þarf ekki að hafa um það mörg orð að sú mikla umræða sem fram hefur farið undanfarin missiri um skipan hæstaréttardómara hefur ekki verið til þess fallin að styrkja dómsvaldið í landinu. Það er geysilega mikilvægt að dómsvaldið sé sjálfstætt og öflugt og hafi þann styrk ef svo má að orði komast að á því leiki enginn vafi.

Ég ætla ekki að gera mikið úr skipun síðustu dómara við réttinn í þessari umræðu, vegna þess að sú umræða sem fram fór um þá skipan var ærin og mikil og dró fram hve mikilvægt er að skipan hæstaréttardómara sé gerð á breiðum grundvelli og hafi almennan og mikinn stuðning. Ég lít svo á, og þeir þingmenn sem flytja málið með mér, að með því að fá Alþingi ákveðið hlutverk við skipan hæstaréttardómara sé verið að styrkja Hæstarétt og með því að 2/3 þingmanna Alþingis samþykki skipan hæstaréttardómara sé verið að tryggja, auka og efla sjálfstæði dómstólanna.

Í greinargerð frumvarpsins segir :

Þrátt fyrir að hugmyndin um þrígreiningu ríkisvalds gangi ekki ómenguð í gegnum stjórnskipunina verður því ekki á móti mælt að hún er sú hugsun sem býr að baki skiptingu ríkisvaldsins. Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar fara dómendur með einn þátt ríkisvaldsins — dómsvaldið. Samkvæmt hefðbundnum skilningi felur dómsvald í sér heimild eða vald til að skera úr tilteknum réttarágreiningi; kveða á um hvað sé rétt eða rangt lögum samkvæmt í hverju tilviki og komast að niðurstöðu í þeim málum sem undir dómsvaldið eru borin með lögmætum hætti. Það er því mikið vald sem mönnum er falið að fara með þegar þeir eru skipaðir til setu í æðsta dómstól landsins, Hæstarétti Íslands.

Það fyrirkomulag sem tíðkast hefur hér á landi við skipun hæstaréttardómara hefur gefið þeirri umræðu byr undir báða vængi að skipað sé í réttinn pólitískt og breytir engu hvaða ráðherra hefur átt í hlut hverju sinni. Það væri enn fremur fásinna að halda því fram að það skipti ekki máli fyrir þá sem í ríkisstjórn sitja hverju sinni hvaða viðhorf það fólk hefur sem sest í réttinn. Í þessu samhengi má minna á að deilur hafa lengi verið uppi meðal lögfræðinga, bæði hérlendis og erlendis, um það hversu langt dómstólar geta farið inn á svið löggjafans og endurskoðað ákvarðanir hans. Enn fremur hefur lengi verið deilt um hversu langt dómstólar geta gengið inn á það svið sem kallað hefur verið frjálst mat stjórnvalda við ákvarðanatöku og endurskoðað ákvarðanir þeirra, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar um embættistakmörk yfirvalda.

Það er skoðun flutningsmanna að það sé miklum mun heilbrigðara að umræðan um það hver verði skipaður hæstaréttardómari, forsendur skipunarinnar og hver séu viðhorf dómara til þeirra grundvallaratriða sem lúta að hlutverki dómstóla og samskiptum þeirra við aðra handhafa ríkisvaldsins séu opinberar í stað þess að forseti Íslands skipi í réttinn að fenginni tillögu dómsmálaráðherra að undangenginni umsögn Hæstaréttar eins og nú er. Þetta þýðir í reynd að dómsmálaráðherra fer með þetta vald eða gerir í það minnsta tillögu til forseta um það hvern hann skuli skipa. Þetta gerist jafnan án opinberrar umræðu eða skoðunar. Það er enn fremur skoðun flutningsmanna að sú skipan sem hér er lögð til, þ.e. að Alþingi komi að skipun hæstaréttardómara sé til þess fallin að styrkja réttinn frá því sem nú er og gera hann enn sjálfstæðari. Það er ekki vafi á því að mati flutningsmanna að aukið sjálfstæði dómstóla sé aðeins til þess fallið að efla og styrkja trú manna á lýðræðið og stjórnskipun landsins. Því er þetta frumvarp lagt fram.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir helstu atriðum þess frumvarps sem við hv. þingmenn leggjum fram sem gengur í stuttu máli út á það að 2/3 hluti þingmanna þarf að samþykkja tilnefningu forsætisráðherra um skipun dómara. Að minni hyggju og flutningsmanna er það fyrirkomulag sem nú þekkist ekki ásættanlegt. Það tíðkast ekki víða að einn tiltekinn ráðherra hafi það vald að skipa dómara í réttinn. Það er miklu eðlilegra að umræða um þá sem eru skipaðir fari fram fyrir opnum tjöldum meðal þingmanna um kosti og galla, um viðhorf viðkomandi dómara og hvernig þeir kunna að hafa áhrif á þróun réttarins.

Það er mikilvægt að við tökum opna og heiðarlega umræðu og að Alþingi Íslendinga beri einnig ábyrgð á þeirri skipan. Það styrkir sjálfstæði dómstólanna sem er að minni hyggju lykilatriði ef hugmyndafræðin um þrígreiningu ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald á að ganga eftir, enda grunnhugsunin að baki þeirri hugmyndafræði sú að hver valdþáttur takmarki vald hins þannig að ekki safnist um of vald á eina hendi. Þetta er, virðulegi forseti, sú grunnhugsun sem býr að baki þeim hugmyndum sem hér eru lagðar fram.

[14:47]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætlaði að taka efnislega undir þetta frumvarp. Ég tel enga vanþörf á að fara yfir skipan hæstaréttardómara, sérstaklega í ljósi þeirra mála sem komu upp á síðasta ári og eru alveg óþolandi fyrir lýðræðið. Ég tel að það verði einnig mjög erfitt fyrir viðkomandi dómara, þá Jón Steinar Gunnlaugsson og Ólaf Börk Þorvaldsson, að starfa þegar þeir hafa verið skipaðir með svo umdeildum hætti sem raun ber vitni. Ríkisstjórn Íslands eða öllu heldur viðkomandi ráðherrar hafa með svona umdeildri skipan í raun inni grafið undan lýðræðinu. Fyrir lýðræðið á Ísland tel ég því mikla þörf á því að ræða þessi mál og fara gaumgæfilega yfir skipan hæstaréttardómara.

[14:49]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel löngu tímabært að menn taki á þessum málum. Umræðan á síðustu missirum um þessi málefni hlýtur að hafa sannfært menn um að það þurfi að gera. Ég vil líka minna á það — ja, ég a.m.k. hrökk svolítið við fyrir nokkrum dögum þegar sagt var frá hæstaréttardómi sem þrír dómarar sameiginlega höfðu kveðið upp. Þeir voru Ólafur Börkur Þorvaldsson, Jón Steinar Gunnlaugsson og Árni Kolbeinsson. Það segir okkur svolítið mikið um okkar litla samfélag að í þessu litla, fámenna kunningja- og vinasamfélagi á Íslandi skuli menn hafa þá aðferð uppi sem raun ber vitni um hvernig velja skuli menn í Hæstarétt til að vera dómarar.

Það er ekki með neinum hætti verið að niðra þessa tilteknu menn þegar ég nefni þessa hluti en auðvitað hljóta að renna býsna margar grímur á fólk þegar dómarar sem valdir hafa verið með þessum hætti þurfa að fást við pólitísk úrlausnarefni í Hæstarétti, mikil deilumál úr samfélaginu. Þá gefa hinar pólitísku árásir fyrrverandi forsætisráðherra á Hæstarétt fyrir ekki mjög löngu síðan enn fremur fullt tilefni til að velta fyrir sér hvort menn hafi í framhaldi af þeim árásum líka ákveðið að herða þá sókn sem síðan raunin hefur borið vitni um með skipan þeirra tveggja sem ég nefndi hér áðan. Árni Kolbeinsson var reyndar kominn inn í Hæstarétt áður en sú skipan var líka umdeild. Hann hafði sem ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu og mikill samstarfsmaður Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. núverandi forsætisráðherra, auðvitað unnið að málefnum hér við lagasetningu sem hljóta að koma til úrlausnar og hafa gert það á vegum Hæstaréttar.

Allt eru þetta hlutir sem menn hljóta að velta mikið fyrir sér hvort geti gengið til framtíðar. Ég ætla fyrir mitt leyti að kalla eftir pólitískri ábyrgð þeirra sem með völdin fara í

þessu landi hvað þessi málefni varðar. Ef menn kunna ekki að fara með vald sitt gagnvart Hæstarétti, hvað er þeim þá heilagt?

[14:52]

Flm. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi áðan í ræðu minni er þetta í þriðja sinni sem málið er flutt. Vitaskuld var fjallað um rökin í þeim umræðum og kannski er ástæðulaust að endurtaka þau hér. Ég hefði hins vegar talið æskilegt að hæstv. dómsmálaráðherra tæki þátt í umræðunni, hér er um svo stórt mál að ræða að full ástæða hefði verið til þess og full ástæða til að fá að hlýða á sjónarmið hæstv. dómsmálaráðherra í þessu efni.

Ég vildi hins vegar vekja athygli á því í þessari umræðu, einkanlega vegna orða hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að núverandi ríkisstjórn, þ.e. þeir flokkar sem nú sitja í ríkisstjórn, hefur í nokkur skipti orðið að sæta því að Hæstiréttur hefur kveðið upp úr um að lagasetning héðan af hinu háa Alþingi sem unnin er að undirlagi og frumkvæði ríkisstjórnarinnar hefur verið dæmd fara gegn ákvæðum stjórnarskrár. Hér er bæði um að ræða málefni er tengjast sjávarútvegi og öryrkjum. Það er einfaldlega þannig að það skiptir ríkisstjórn í hverju máli miklu hverjir sitja í réttinum. Einungis þau nöfn sem hv. þingmaður nefndi áðan vekja menn til umhugsunar um það hvort einhverjar líkur séu á því að þær niðurstöður sem þá var komist að yrðu sambærilegar nú, hvort þetta breyti áherslum Hæstaréttar, hvort ný sjónarmið séu komin þarna inn einungis vegna þess að hæstv. dómsmálaráðherra hefur tekið ákvörðun um að skipa tiltekna aðila án þess að umræða um lífsviðhorf þeirra og skoðanir fari fram á þann hátt sem hlýtur að teljast æskilegt þegar um jafnstór og -mikilvæg störf er að ræða og störf hæstaréttardómara.

Þetta vildi ég draga fram. Það er þá umhugsunarefni hvort e.t.v. megi segja sem svo að þessar skipanir þýði í reynd byltingu í viðhorfum í Hæstarétti. Það gerist án þess að almenn opinber umræða fari fram um þetta. Það er nefnilega einfaldlega þannig að hið mikla vald sem hæstv. dómsmálaráðherra er falið með núverandi skipan er að minni hyggju ekki skynsamlegt og er, eins og einhver sagði í umræðunni áðan, til þess fallið — ef það vald er misnotað — að grafa undan lýðræðinu. Það er mjög alvarlegur hlutur, virðulegi forseti.

Ég vildi aðeins draga þetta fram sökum þess að ég lít svo á að hér sé um mjög stórt mál að ræða. Ég hefði viljað fá fram viðhorf til að mynda hæstv. dómsmálaráðherra í þessari umræðu.

Að lokinni umræðunni legg ég til að málinu verði vísað til hv. allsherjarnefndar og þakka þeim sem hér hafa lagt orð í belg vegna þessa tiltekna máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögreglulög, 1. umr.

Frv. SigurjÞ, 42. mál (löggæslukostnaður á skemmtunum). — Þskj. 42.

[14:56]

Flm. (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum. Hér er um einfalt mál að ræða sem er þó réttlætismál fyrir landsbyggðina.

Í greinargerð með frumvarpinu segir:

Í 33. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, er kveðið á um að allur kostnaður af starfsemi lögreglunnar greiðist úr ríkissjóði. Í 1. mgr. 34. gr. laganna er hins vegar að finna heimildarákvæði um að lögreglustjórar geti bundið skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og jafnframt að leyfishafi greiði kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setji. Aðalreglan er því sú að allur kostnaður við löggæslu á skemmtistöðum og öðrum stöðum greiðist úr ríkissjóði.

Dómsmálaráðherra skipaði starfshóp til að taka út lög og reglur um skemmtanahald á útihátíðum og skilaði hann af sér skýrslu 11. júlí 2002. Niðurstaða starfshópsins var sú að innheimta á gjöldum byggðist á mjög ótraustum lagagrunni. Þess vegna gengur þetta frumvarp út á að menn hætti þessari innheimtu. Eins og starfshópurinn kemst að byggist hann á ótraustum lagagrunni og það sem meira er, þessari heimild í lögum hefur æ ofan í æ verið beitt með mjög ósanngjörnum hætti. Hvað eftir annað hafa t.d. verið innheimt skemmtanagjöld eða lögreglukostnaður af íþróttamótum. Skemmst er að minnast íþróttamóts sem var haldið á Sauðárkróki síðasta sumar en þar var mikil rekistefna um innheimtu milljóna króna löggæslukostnaðar sem síðan var fallið frá. Það er í raun óþolandi fyrir bæði sýslumannsembætti úti á landi, sem oft eru smá, að þurfa að standa í þessum innheimtuaðgerðum og fyrir lögregluna. Síðan vilja náttúrlega íþróttamótin verjast þessu því að þau eiga fullt í fangi með að greiða ýmsan kostnað sem hlýst af mótshaldi. Ekki er greiddur t.d. sérstakur löggæslukostnaður af landsleikjum í knattspyrnu en ef Ungmennafélag Íslands heldur landsmót úti á landi heimtar ríkisvaldið milljónir króna. Þetta er mjög ósanngjarnt.

Þetta lagafrumvarp gengur út á það að fella þessa heimild sýslumanna á brott. Ég tel það vera af hinu góða. Ef sýslumannsembættin bera aukalega kostnað á auðvitað mæta honum með framlögum úr ríkissjóði en ekki með því að mismuna íþróttamótum á landinu eftir því hvar þau eru haldin.

Það virðist árleg uppákoma, að hæstv. dómsmálaráðherra lendi í þrasi út af þessum málum. Menn reyna náttúrlega að komast hjá því að greiða þennan kostnað. Árið 2003 stóð Ungmennafélag Íslands enn á ný fyrir landsmóti á Ísafirði. Þá urðu deilur og en tryggingin var lögð fram og það mál er nú rekið fyrir dómstólum. Ég tel að kröftum sýslumannsembætta og hæstv. dómsmálaráðherra væri betur varið í önnur verkefni en að sækja fjárhæðir til íþróttahreyfingarinnar.

Einnig má halda því fram að varðandi skemmtanir og útihátíðir sé mönnum mismunað. Skoðum t.d. Þjóðhátíð í

Vestmannaeyjum. Þegar ég skoða þessa löggjöf og það að innheimta löggæslukostnað, milljóna löggæslukostnað, af mótshöldurum þar þá virðist mér það mjög ósanngjarnt. Í Reykjavík er haldin útihátíð sem er ekki minni. Hún er frekar stærri. Ég gæti trúað því að umfang löggæslunnar og kostnaðurinn sem þar fellur til sé ekki minni en í Vestmannaeyjum. Fyrir þá hátíð er ekkert innheimt. Hér er um réttlætismál að ræða og furðulegt að sjá ekki fleiri fulltrúa landsbyggðarinnar taka undir þetta ágæta mál. Ég á von á að einhverjir taki undir á eftir vegna þess að ég tel mál að linni.

Það hæfir ekki að eltast sífellt við Ungmennafélag Íslands með reikningum hæstv. dómsmálaráðherra. Mér finnst það hæstv. ráðherra til skammar og ótrúlegt að hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason vilji standa í þessum verkum. Ég vona að þetta mál fái framgang á hinu háa Alþingi og verði gert að lögum í vor. Ég tel að Ungmennafélag Íslands og íþróttahreyfingin um allt land muni fagna því.

Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því að þessu frumvarpi verði vísað til allsherjarnefndar.

[15:02]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi segja að hv. þm. Sigurjón Þórðarson gerir dómsmálaráðuneytinu greiða með því að leggja þetta frumvarp fram. Ráðuneytið hefur túlkað umræddar reglur þannig að innheimta megi sérstakan löggæslukostnað hjá mótshöldurum eða þeim sem halda skemmtanir þannig að eiginlega mætti segja að þeir haldi uppi löggæslu á öllu mótssvæðinu og öllu umhverfinu í kring, langt út yfir það sem tíðkast. Þessi venja hefur verið stunduð um nokkurra ára skeið og hugmynd hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar er væntanlega að veitast að þeirri venju þar sem núgildandi lög eru túlkuð mjög vítt svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Eins og fram kom hjá hv. þingmanni komst nefndin sem fjallaði um þessi mál að þeirri niðurstöðu að núverandi lagagrunnur til þess að innheimta þetta gjald væri mjög hæpinn. Taka má sem dæmi að Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum greiðir 3–5 millj. kr. í löggæslukostnað fyrir þá þrjá daga sem hún er haldin.

Ég vildi vekja sérstaka athygli á því við þessa umræðu að landsbyggðin leitar gjarnan leiða til að styrkja sig með því að efna til eða skapa atburði sem draga til sín fólk, koma til móts við það að m.a. í sjávarútvegi hefur atvinna dregist saman. Störfum hefur fækkað og menn leita nýrra leiða. Þess vegna er mjög slæmt að ráðuneytið, t.d. í þessu tilviki, leyfi sér að túlka þær reglur sem nú eru í gildi á þann hátt sem raun ber vitni og vega með því að slíkri starfsemi. Eins og komið hefur fram í þessari umræðu þá er það hlutverk ríkissjóðs að greiða löggæslu. Það er ekki hlutverk annarra. Það er hins vegar heimilt að innheimta hjá skemmtanahöldurum greiðslu fyrir löggæslu á svæðum þar sem hátíðin fer fram en ekki víðar, eins og t.d. á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum þar sem rukkað er fyrir löggæslu á nánast allri eyjunni, t.d. á Bakkaflugvelli og í Herjólfi. Það var ekki hugmyndin á bak við þá reikninga frá ráðuneytinu sem sýslumönnum er falið að innheimta. Við afgreiðslu fjárlaga er nánast gert ráð fyrir þessum sértekjum hjá sýslumannsembættunum, að þau séu innheimt eins og raun ber vitni án þess að viðeigandi og tilhlýðilegur lagagrunnur sé fyrir því.

Ég vil segja, eins og ég sagði í upphafi, virðulegi forseti, að að mörgu leyti er hv. þm. Sigurjón Þórðarson að skera dómsmálaráðherra úr snörunni og gefa honum færi á að láta af þessari hegðan. Sem stendur eru þessi mál á mjög hálum ís gagnvart þeim lögum sem gilda. Menn teygja sig mjög langt við að innheimta kostnað sem ekki er heimild fyrir.

Ég tek því undir það sem hv. þingmaður sagði áðan og vek athygli á því að í mörgum tilvikum er landsbyggðin að reyna að skapa atvinnu og lyfta ferðaþjónustunni. Það er því mjög miður þegar slíkum tilraunum er mætt eins og ég hef rakið og hv. þm. Sigurjón Þórðarson einnig í ræðu sinni.

Ég hvet til að annaðhvort verði þetta frumvarp samþykkt ellegar hitt að hæstv. dómsmálaráðherra láti af því að innheimta þennan kostnað sem hann hefur gert undanfarin missiri á mjög hæpnum lagagrunni.

[15:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er um tiltölulega einfalda breytingu á lögum að ræða, að fella niður eina málsgrein í 34. gr. lögreglulaga. Ég tel að hér hafi verið færð ágæt rök fyrir þeirri breytingu, bæði í ræðu flutningsmanns, hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar, og eins í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar.

Það kemur fram í greinargerðinni, virðulegi forseti, að reglunum er misjafnlega framfylgt eftir embættum sýslumanna. Á Ísafirði eru innheimt sérstök gjöld af unglingalandsmóti, gjöld sem Ungmennafélag Íslands telur óréttmæt. Það mál er óuppgert við embættið og búið að stefna því eftir því sem ég best veit. Í annan stað er nefnt dæmi um sams konar ungmennamót á Sauðárkróki þar sem sýslumaður komst að þeirri niðurstöðu að innheimta ekki umrætt gjald og fella það niður. Þessi tvö dæmi leiða í ljós að algjört ósamræmi er í þessari framkvæmd og eðlilegt að á því sé tekið. Á landsbyggðinni virðist öðruvísi haldið á málum en annars staðar og við sjáum af þessum tveimur dæmum að reglunum er ekki framfylgt eins í öllum umdæmum sýslumanna á landsbyggðinni.

Það er vitanlega nauðsynlegt að eyða þessari réttaróvissu og fella ákvæðið út úr lögunum þannig að ríkið beri þennan kostnað, að sú framkvæmd sem verið hefur á þeim málum á undanförnum árum verði ekki við lýði áfram og lagaramminn verði tekinn til gagngerrar endurskoðunar að þessu leyti.

Ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni varðandi það að auðvitað hefði verið eðlilegt að dómsmálaráðherra hefði gengið í málið og klárað það. En þar sem ekki virðist vera vilji til þess er auðvitað sjálfsagt að fylgja því eftir sem hér hefur verið lagt til. Ég legg til að þingmenn taki undir það með því að styðja þetta mál.

[15:10]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég hafði svo sem ekki sérstaklega hugsað mér að taka þátt í þessari umræðu en ég stóðst ekki

áfrýjunarorð hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar sem talar fyrir þessu máli. Hann kallaði eftir þingmönnum landsbyggðarinnar til að blanda sér í þessa umræðu en ég lít svo á að mál þetta snúi ekki bara að landsbyggðinni heldur hafi það miklu víðtækari skírskotun en svo.

Við höfum öll fylgst með því hvernig ríkið hefur reynt að velta löggæslukostnaði í tengslum við skemmtanahald á landinu yfir á þá sem standa fyrir skemmtunum og hafa rukkað þá um kostnað sem nær langt út fyrir þau svæði þar sem skemmtanir eru haldnar. Við höfum fylgst með þessu í fjölmiðlum undanfarin ár og umræðum um það mál.

Ég tel þetta með öllu óeðlilegt. Eins og fram kom í máli hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar mætti eins kannski gera kröfu um það, og maður hefur svo sem heyrt það orðað, að Reykjavíkurborg taki með einhverjum hætti þátt í kostnaði við löggæslu í tengslum við menningarnótt. En þá spyr maður: Hvað með 17. júní? Hvað með Þorláksmessu? Hvað með ýmsar uppákomur sem verða hér í borginni? Er það þá sveitarfélagsins að standa undir þeim kostnaði? Auðvitað hlýtur maður að svara því neitandi, enda segir í lögunum, sem er auðvitað meginreglan, að ríkissjóður stendur undir öllum kostnaði af starfsemi lögreglunnar. Annað hlýtur að heyra til undantekninga.

Ég kom hins vegar í ræðustól til að vekja athygli á því að almennt vantar miklu skýrari reglur og lög utan um skemmtanahald í landinu. Eins og bent er á í greinargerð með frumvarpi þessu eru margar af þeim reglum sem um skemmtanir gilda komnar ansi vel til ára sinna. Lögin um heimild til að marka skemmtunum og samkomum tíma eru t.d. frá árinu 1947. Í gildi er reglugerð um löggæslu á skemmtunum og um slit á skemmtunum frá 1987. Frá þeim tíma sem liðinn er, á tæpum 20 árum, hefur skemmtanahaldið breyst mjög mikið. Opnunartími staða er annar en hann var. Skemmtanamenningin hefur breyst. Öll umgjörðin hefur breyst og auðvitað ættu lög og reglur að fylgja þeim veruleika sem við búum við.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að gera stífar kröfur á þá sem standa fyrir skemmtunum, hvort sem það er á veitingastöðum í Reykjavík eða á mótum úti um landið. Ég geri í sjálfu sér engan greinarmun þar á. Við eigum að gera mjög ákveðnar og skýrar kröfur til þeirra sem standa fyrir skemmtunum. Við eigum að geta tryggt að þeir standist þær kröfur og standi undir þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar og að skemmtanahald almennt fari fram með sómasamlegum hætti, hvort sem það er í borginni eða utan borgarmarkanna. Við eigum t.d. að geta gert kröfur varðandi menntun dyravarða eða gæslumanna á slíkum stöðum. Við eigum að geta gert kröfur um að menn séu ekki að selja ofurölvi fólki áfengi á skemmtistöðum. Við eigum að geta gert kröfur um að ekki séu áflog og háreysti við dyr á skemmtistöðum o.s.frv.

Við eigum líka að geta gert kröfur um að löggæslan og lögreglan standi fyrir sínu. Við höfum kvartað mikið undan því hér í Reykjavík að löggæslan sé alls ekki nógu sýnileg. Hún er t.d. alls ekki nógu sýnileg í miðborg Reykjavíkur að næturlagi um helgar. Væntanlega skortir á fjármuni til að hægt sé að sinna því með sómasamlegum hætti.

Ég kem hér upp til þess að lýsa því yfir að almennt tel ég að endurskoða þurfi þessi mál öll, ekki bara það sem hér er verið að leggja til heldur þurfi að fara vel í gegnum lögin og þær reglugerðir sem gilda um skemmtanahald. Það eru orðin allnokkur ár, ætli það séu ekki orðin ein þrjú ár síðan Reykjavíkurborg beindi þeim eindregnu tilmælum til bæði samgönguráðuneytisins, sem fer með málefni veitingahúsa, og dómsmálaráðuneytisins að þetta yrði gert og það var alveg listað upp nákvæmlega hvað það væri sem þyrfti að gera. Mér er ekki kunnugt um að þau verk hafi enn þá verið unnin í þessum tveimur ráðuneytum. Ég mun vegna þessa máls sem hér er komið upp skoða það í kjölfar umræðunnar hér og með tilliti til þess að það sé hægt að ýta á eftir því að þessi tvö ráðuneyti taki á þessum málum.

Veitingahúsarekstur og skemmtanahald er mjög vaxandi atvinnustarfsemi. Hún þarf að geta farið fram með sómasamlegum hætti og við þurfum öll að geta verið örugg þegar við tökum þátt í skemmtunum eða förum á skemmtistaði eða útihátíðir og þar skiptir löggæslan og allt regluverkið í kringum þetta verulega miklu máli. Ég kem hér bara upp til þess að lýsa yfir þeirri skoðun minni að þetta þurfi allt skoðunar við.

[15:16]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir málflutning síðasta ræðumanns, hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, um að endurskoða þurfi öll þessi mál. En að sjálfsögðu mun það eflaust taka einhvern tíma og miðað við þann hraða sem er á slíkum framkvæmdum hér á landi er kannski ekki þess að vænta að gerð verði bragarbót þar á næstu missirin.

Ekki er að sjá að stjórnvöld í landinu hafi í raun og veru voðalega mikinn áhuga á því að gera einhverjar umbætur í þessum málum. Meðal annars vil ég vekja athygli á að hæstv. dómsmálaráðherra er ekki viðstaddur þessa umræðu og reyndar er enginn stjórnarþingmaður hér í þingsal. En nóg um það.

Við ræðum frumvarp til laga sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefur lagt fram á hinu háa Alþingi, um breytingu á lögreglulögum. Hann leggur til að 34. gr. í lögreglulögunum frá 1996 verði felld niður.

Þessi grein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lögreglustjóra er heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og jafnframt að leyfishafi greiði kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur."

Hér er textinn afskaplega skýr, „lögreglustjóra er heimilt". Hér stendur ekki: Lögreglustjóri skal, heldur er honum heimilt. Þetta hefur því miður, ef ég má segja svo, leitt til þess að framkvæmdin á þessu ákvæði hefur verið vægast sagt afskaplega handahófskennd um langa hríð. Við höfum mörg dæmi um það á undanförnum missirum þar sem mönnum eða við getum sagt þeim sem halda íþróttamót, mannfagnaði, hátíðir, sérstaklega úti á landi, hefur hreinlega verið mismunað. Gott dæmi eru atvik sem urðu sumarið 2003, ef ég man rétt, þar sem á íþróttamóti á Skagaströnd, lítilli hátíð sem haldin var á Skagaströnd, var mótshöldurum gert að greiða löggæslukostnað en mótshöldurum sem stóðu fyrir mikilli hátíð á Akureyri um verslunarmannahelgi var ekki gert að greiða slíkan kostnað. Þetta er náttúrlega alveg augljós mismunun og fráleit sú réttlæting

yfirvalda að á öðrum stöðum sé fyrir hendi lögreglulið sem sé á kaupi og því þurfi ekki að rukka fyrir það en á hinn staðinn þurfi að senda lögreglulið og greiða þeim yfirvinnu og annan kostnað í tengslum við slíkt.

Hér er augljós mismunun á ferðinni og þetta er hreinlega ósanngjarnt. Mér þykir þetta líka ósanngjarnt í ljósi þess að oft eru þessar hátíðir úti á landi haldnar af íþróttafélögum eða öðrum félagasamtökum, ungmennafélögum til að mynda, til fjáröflunar. Virðisaukinn af þessum hátíðahöldum verður eftir í sveitarfélögunum og er undantekningarlaust, leyfi ég mér að fullyrða, notaður til góðra verka. Þegar til lengri tíma er litið er það mannbætandi fyrir mannlífið úti á landsbyggðinni og í landinu öllu að þeir peningar verði þar eftir og séu notaðir einmitt til að byggja upp íþrótta- og æskulýðsstarf á þessum stöðum. Við getum nefnt Skagafjörð, Ísafjörð og Vestmannaeyjar í þessu sambandi og eru þá fáein dæmi til talin.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson leggur þetta frumvarp fram eða mælir fyrir því í annað sinn, hann gerði það einnig í fyrra. Það er lagt fram núna með lítils háttar breytingum og umbótum. Þingmaðurinn hefur tekið tillit til þeirra umsagna sem bárust um málið í fyrra, því miður var það ekki afgreitt úr þingnefnd þá vegna þess að stjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, sáu sér af einhverjum ástæðum ekki fært að styðja þetta góða mál. En þingmaðurinn hefur sem sagt tekið tillit til þeirra athugasemda sem bárust og leggur málið fram í örlítið breyttri mynd.

En mig langar að lokum, virðulegi forseti, til að benda á eina af þeim umsögnum sem bárust og þetta er umsögn frá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Flestir ef ekki allir landsmenn stunda skemmtanir af einu eða öðru tagi og fer mikill meiri hluti þeirra fram undir almennri vernd lögreglu án þess að sérstök greiðsla komi fyrir. Undantekningum frá þessari meginreglu fer fækkandi og er nú svo komið að telja verður eðlilegt að jafna með öllu kostnað af skemmtanahaldi í landinu svo allir sitji við sama borð í þessu tilliti jafnt í þéttbýli sem dreifbýli en sem kunnugt er hefur þessi löggæslukostnaður helst lagst á skemmtanir í dreifbýli."

Ég lýsi því yfir í lok máls míns að þessa vísu hefði ekki einu sinni ég getað kveðið betur, virðulegi forseti.

[15:22]

Flm. (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka þessa umræðu en samt sem áður verð ég að lýsa yfir ákveðnum vonbrigðum með að sjá enga stjórnarliða taka til máls í máli sem varðar landsbyggðina og löggæsluna í landinu. Sannast sagna átti ég von á því að sjálfstæðismenn mundu fylkja hér liði og ræða þetta íþróttamál en þeir hafa nýlega sýnt mikinn íþróttaáhuga og vilja halda áfram að sýna enska boltann óþyddan og ég get í sjálfu sér tekið undir það sjónarmið. Nú erum við að ræða mótshald og að íþróttamót á landsbyggðinni verði ekki látin greiða löggæslukostnað. Ég furða mig á að hið háa Alþingi eða alþingismenn geti ekki sameinast um svo einfalt mál að vera ekki að rukka íþróttamót á landsbyggðinni.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson talaði um að hæstv. dómsmálaráðherra hefði hagað sér undarlega í þessu máli eða illa og ég tek undir það. Mér finnst það alveg með ólíkindum að hann skipar nefnd, sjálfur hæstv. dómsmálaráðherra, og hún kemst að því að löggæslukostnaðurinn sé innheimtur á ótraustum lagagrunni og það er sjálfur hæstv. dómsmálaráðherra sem heldur áfram að rukka á ótraustum lagagrunni. Ég tel þetta honum ekki vera til framdráttar og ég hefði talið að menn ættu að hætta þessu og það telja fleiri en stjórnarandstæðingar, t.d. sjálfir flokksmenn stjórnarflokkanna. Ég man ekki betur en ágætur sveitarstjóri á Skagaströnd, Magnús Jónsson, hafi einmitt furðað sig á því að verið væri að rukka hátíð á Skagaströnd sem var lítið annað en falleg messa, og innheimta löggæslukostnað meðan útihátíð á Akureyri, eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson benti á áðan, slyppi. Það er í rauninni óréttlátt. Við eigum að sameinast um að kippa þessu úr sambandi.

Að lokum vil ég enn og aftur þakka þessa umræðu og ég trúi því að þetta réttlætismál nái fram að ganga og ef það nær ekki fram að ganga nú þá gerir það það örugglega þó síðar verði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun á sölu Símans, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 44. mál. — Þskj. 44.

[15:25]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þetta mál var til umfjöllunar hér í þinginu í síðustu viku og þá setti ég mig á mælendaskrá í umræðunni til þess að svara m.a. þingmönnunum Jónínu Bjartmarz og Guðmundi Hallvarðssyni sem þá tóku til máls. Nú eru þau víðs fjarri góðu gamni og sitja ekki í þingsalnum. Það er nú svolítið erfitt að halda uppi umræðu með þessum hætti þegar maður setur sig á mælendaskrá eftir ræður þingmanna og síðan er málinu frestað og svo þegar málið kemur til umræðu aftur eru þeir ekki mættir í þingsal sem tóku þátt í umræðunni hið fyrra sinni. Ég verð að viðurkenna, virðulegur forseti, að mér finnast þessi vinnubrögð á hinu háa Alþingi nokkuð sérkennileg.

Klukkan hálftvö í dag þegar þing kom saman var helst eins og maður væri mættur á þorrablót þar sem landbúnaðarráðherra væri aðalræðumaður og skemmtanahaldari og umræðuefnin voru aðallega saltkjöt og baunir. Nú virðist eins og þingmönnum hafi orðið svo þungt af þessu saltkjöts- og baunaáti að menn hafi ekki komist til þingsalar í dag. Þetta er að verða eins og í dauðs manns gröf hérna og menn eru með eintal sálarinnar í þingsalnum og enginn úr stjórnarliðinu, (Gripið fram í.) ég segi að það er eins og í dauðs manns gröf hjá stjórnarliðinu því að hér er enginn af stjórnarliðinu til þess að ræða mál sem eru stórmál og skipta verulegu fyrir hagsmuni almennings í landinu.

Áðan var verið að ræða lögreglulög, það var verið að ræða lög um dómstóla, skipan hæstaréttardómara, sem er auðvitað eitthvað sem dómsmálaráðherra og formaður allsherjarnefndar ættu að sjálfsögðu að vera viðstaddir. Nú erum við að ræða endurskoðun á sölu Símans og að sjálf-

sögðu ætti samgönguráðherra að vera hér og hlýða á vegna þess að þetta er mál sem er einmitt mjög á döfinni þessa dagana og er mikið til umfjöllunar í fjölmiðlum vegna þess að það eru æ fleiri að vakna upp við þann vonda draum að það er óskynsamlegt að setja Símann og hafa Símann í söluferli og gera ekki ráð fyrir því að aðskilja grunnnetið frá virðisaukandi þjónustu Símans.

En hér hefur ekki sést nokkur einasti maður í stjórnarliðinu, hvorki ráðherra né þingmaður, og mér væri næst að halda að messufall væri á Alþingi ef stjórnarandstæðingar héldu ekki uppi merkjum Alþingis og þeirrar málstofu sem hér á auðvitað að standa í þingsölum. Ég hlýt að lýsa furðu minni á því hvernig vinnubrögðin eru á hinu háa Alþingi og að maður skuli þurfa, virðulegur forseti, að standa í ræðustól og eiga orðastað við tvo þingmenn sem tóku þátt í umræðunni í síðustu viku áður en málinu var frestað og þeir eru síðan hvergi nærri. Mér er nær að halda að annar þeirra, Guðmundur Hallvarðsson, sé bara með leyfi frá þinginu þessa dagana og verði ekkert hér næsta hálfa mánuðinn þannig að það verður erfitt að eiga orðastað við þann þingmann þó að hann hafi blandað sér í umræðuna í síðustu viku.

Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort þetta gefi ekki tilefni til þess að fresta málinu enn frekar og við tökum það bara upp þegar þessir þingmenn eru mættir hér til leiks, virðulegur forseti. Ég óska eftir því ef menn hafa ekki mikið á móti því að málinu verði einfaldlega frestað.

En það er kannski of seint fyrir mig því að ég er hér í minni annarri ræðu, ég tók þátt í umræðunni í síðustu viku. En það sem ég ætlaði að vekja athygli manna á er að við eigum að gæta almannahagsmuna og ég tel að þá og því aðeins séum við að gæta almannahagsmuna að við komum í veg fyrir að það verði margföldun í því dreifikerfi sem verið er að byggja upp í landinu til að miðla upplýsingum og efni eins og nú lítur út fyrir að verði gert.

Ég vil vekja athygli þingmanna á því að við Íslendingar erum að byggja upp vísi að öllum þeim dreifileiðum sem hægt er að bjóða í dreifikerfi fyrir sjónvarp og upplýsingar, öllum þeim dreifileiðum sem hægt er að bjóða erum við að byggja upp í þessu 300 þús. manna samfélagi. Við bjóðum upp á ADSL eða gamla koparinn. Við bjóðum upp á MMDS, það er verið að byggja það upp. Það er verið að byggja upp ljósleiðara. Það er verið að byggja upp gervihnattasendingar á landi og það er verið að byggja upp DVDT-sendingar eins og þær heita. Allt þetta er verið að byggja upp núna fyrir 300 þús. manna samfélag á vegum mismunandi aðila.

Í stað þess að þetta gerist svona væri auðvitað miklu nær að sameina alla þessa kosti í einu fyrirtæki og reyna að ná utan um þá fjárfestingu sem á sér stað í dreifikerfi landsins. Það þýðir ekki fyrir Símann að koma og segja: „Síminn á koparkerfið og það gæti náð til stærsta hluta landsmanna. Það á að duga og svo seljum við það bara í hendurnar á einhverjum einkaaðilum ...“, vegna þess að þeir sem eru í samkeppni við Símann, hvort sem það eru símafyrirtæki eða þeir sem eru að dreifa margvíslegu efni og eru í samkeppni við Símann um það munu ekki treysta Símanum. Þeir treysta ekki Símanum í dag þó hann sé í ríkiseigu og þeir munu enn síður gera það þegar hann er kominn í hendurnar á einkaaðilum. Það er því tómt mál að tala um að segja bara við menn: „Við höfum koparinn. Síminn hefur yfir dreifileiðum að ráða sem menn geta nýtt sér.“ Efnisframleiðendurnir og þeir sem selja efni eða símaþjónustu munu ekki sætta sig við það. Þeir munu ekki sætta sig við að þurfa að eiga allt sitt undir fyrirtæki sem þeir eru í samkeppni við, fyrirtæki sem er í samkeppni við viðskiptavini sína.

Þess vegna er það skoðun mín að mikilvægt sé að grunnkerfið sé aðskilið frá virðisaukandi þjónustu Símans og menn freisti þess að ná utan um þessi mál og byggja upp eitt fyrirtæki sem hefur mismunandi valkosti til að bjóða upp á eftir því sem hentar á hverjum stað á landinu. Sums staðar hentar koparinn, annars staðar er það ljósleiðarinn, á enn öðrum stöðum geta það verið gervihnattasendingar, það fer eftir aðstæðum á hverjum stað. Til þess að við getum tryggt aðgang allra landsmanna að háhraðanettengingum verður að hafa heildstætt kerfi sem býður upp á mismunandi lausnir eftir hagsmunum hvers byggðarlags fyrir sig.

Þetta finnst mér að sé umræða sem við verðum að taka núna. Hún er mjög mikilvæg áður en lengra er haldið í söluferli Símans. Eins og við sjáum af umræðunni í fjölmiðlunum er engin sátt um það í samfélaginu að selja grunnnetið frá Símanum.

Ég vil að lokum minna enn einu sinni á greinargerð starfshóps um stafrænt sjónvarp á Íslandi sem var unnið fyrir samgönguráðuneytið í apríl 2003, vegna þess að nákvæmlega þar er lagt til að það sé byggt upp eitt grunnkerfi. Ég tel að við eigum að fara að þeim tillögum sem þar voru settar fram og mér finnst sérkennilegt að á sama tíma og slík stefnumörkun er í samgönguráðuneytinu sé ríkisstjórnin að vinna í allt aðra átt í gegnum söluferli Símans.

[15:33]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að segja að ég er hættur að undrast að sjá ekki stjórnarliða í þingsölum og vil árétta að það sé full þörf á að þeir fari að láta sjá sig, sérstaklega í þessu máli vegna þess að hv. þm. Hjálmar Árnason hafði mjög villandi ummæli í sjónvarpsþætti sem ég tel mjög alvarlegt. Sjálfur þingflokksformaður Framsóknarflokksins sem stendur fyrir sölunni hafði villandi málflutning um að enginn vissi hvað grunnnetið væri. Þetta væri eitthvað sem væri ekki hægt að skilgreina og það væri ekki hægt aðskilja eitthvað sem enginn vissi hvað væri. Ég tel fulla þörf á því að menn komi og standi fyrir máli sínu þegar menn eru að þvæla fram og aftur í fjölmiðlum með villandi ummælum um almannahagsmuni. Auðvitað skiptir þetta máli og er stjórnarflokkunum og sérstaklega Framsóknarflokknum til skammar að vera að villa um í umræðunni um almannahagsmuni.

Þess vegna tel ég það Framsóknarflokknum til mikillar skammar að geta ekki verið hér og staðið fyrir máli sínu.

[15:35]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Umræðunni virðist vera að ljúka núna. Hún fór auðvitað fram í síðustu viku að mestu leyti, en það er full ástæða til að þessi mál séu rædd. Hér hafa orðið miklar breytingar og eru áfram fyrirsjáanlegar miklar breyt-

ingar í þessum málum öllum. Það er ekki sjáanlegt annað en það sem hæstv. samgönguráðherra lagði upp með á sínum tíma, þegar hann var með frumvörp í þinginu og lög voru sett í framhaldi af því þar sem gert var ráð fyrir alþjónustu, hafi verið til lítils. Rökstuðningurinn hjá hæstv. ráðherra gekk út á það að með ákvæðunum um alþjónustuna væri komið í veg fyrir að hér yrði margföld fjárfesting hvað varðaði grunnkerfi af því tagi sem við erum að tala um.

Framhaldið hefur sýnt að þetta mistókst. Það er alveg auðséð í hvað stefnir ef grunnkerfi Símans verður selt með honum. Aðilarnir sem eru að keppa á þessum markaði munu ekki treysta Símanum vegna þess að hann er í bullandi samkeppni við þá. Það getur hver maður séð hvernig slíkt fyrirkomulag virkar. Halda menn virkilega ef maður lítur til starfsmanna Símans í framtíðinni að þeir muni ekki leggja áherslu á að láta verkefni sem koma Símanum vel ganga fyrir öðrum verkefnum?

Sögurnar sem ganga núna um hvernig tekið sé á þessum málum, meira að segja áður en búið er að selja Símann sem ætti þó að vera tímabil þar sem Síminn mundi vara sig verulega á því að beita ekki slíkum aðferðum, ganga samt út á að þetta sé gert.

Ég ætla ekki að fara að segja frá þeim hlutum sem mér hafa verið sagðir, vegna þess að ég hef ekki sannanir fyrir þeim. En ég veit að það ganga ýmsar sögur og reyndar hafa sum fyrirtæki látið það koma fram opinberlega að þau hafi verið tafin á afgreiðslum hjá Símanum. Eitt er það atriði að það hafi verið settur upp búnaður á vegum Símans og vegna þess að viðskiptaaðilarnir voru ekki nógu margir sem Síminn hafði til þess að nýta þann búnað hafi verið slökkt á honum, þó að það hafi verið viðskiptavinir sem þurftu á honum að halda á vegum samkeppnisaðilanna. Þetta eru m.a. sögurnar sem ganga um þessi samskipti.

Það að það séu einhver stórkostleg tæknileg vandamál á því að skilja grunnnet Símans frá er alveg hægt að vísa til föðurhúsanna. Það eru ekki meiri vandamál að mati þeirra sérfræðinga sem ég hef talað við á því að skilja grunnnet Símans frá en eru á því að skilja grunnnet í raforkukerfinu frá annarri þjónustu. Þetta eru bara skilgreiningaratriði sem þarf auðvitað að fara í gegnum og ákveða hvernig eigi að koma fyrir.

Hins vegar er öllum ljóst sem vilja vita að við erum að glíma við pólitíska niðurstöðu sem varð á milli Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins um að selja skyldi grunnnetið með Símanum. Sjálfstæðismenn höfðu það í gegn. Framsóknarmenn höfðu allt aðra skoðun á málinu fyrir nokkrum missirum. Þá voru þeir allir á því að það ætti að skilja grunnnetið frá. Nú frétti ég af hæstv. forsætisráðherra úti í bæ sem er með yfirlýsingar um að það standi ekki til að breyta ákvörðuninni um þetta, grunnnetið verði selt með Símanum. Hæstv. forsætisráðherra virðist stunda það þessa dagana að senda pólitískar yfirlýsingar út um allt, annars staðar en í sölum Alþingis. Af hverju hann velur sér aðra staði til að tala er kannski umhugsunarefni fyrir okkur þingmenn.

Mér finnst full ástæða til þess að menn fylgi þessum málum eftir og láti finna fyrir þeim þrýstingi sem þarf að vera til þess að ríkisstjórnin bakki í málinu. Við höfum séð núverandi ríkisstjórn bakka í málum. Það eru því til afturábakgírar hjá henni. Það er bara að sjá til þess að þeir verði notaðir.

Mér finnst ástæða til þess að það verði gert í þessu máli og hvet menn til þess að fylgja því fast eftir að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að selja grunnnetið með Símanum verði endurskoðuð.

[15:40]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í síðustu viku þegar við ræddum þetta mál sagði ég, og var ansi bláeygð þegar ég sagði það, að ég væri sannfærð um að allir sanngjarnir menn sem litu á þessi mál núna í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á markaðnum og tækninni á undanförnum árum sæju að það væri ekki skynsamlegt út frá almannahagsmunum að selja grunnnet Símans við þá sölu sem þar er fyrirhuguð. Það getur vel verið að það sé skynsamlegt út frá söluverði ef menn eru bara að horfa á það hvaða aura þeir fá í ríkiskassann, en ekki út frá almannahagsmunum.

Ég hef talað við marga menn bæði í stjórnarliði og meðal stjórnarandstæðinga og ég veit að mjög margir eru hugsi yfir þessum málum og óttast að grunnnetið sé selt með.

En síðan ég sagði þetta hefur hæstv. forsætisráðherra verið að halda ræður norður á Akureyri eða hvar það nú var þar sem hann sagði að það kæmi ekki annað til álita en að grunnnetið væri selt með. Hann valdi þann staðinn, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson benti á, að tala úti í bæ í stað þess að tala hér í þingsölum við okkur sem hér erum. Mér finnst mikilvægt að þessi umræða eigi sér stað hér og menn fari yfir málið alveg frá grunni og reyni að átta sig á því hvar almannahagsmunirnir liggja í málinu. Umræðan verður að eiga sér stað í þingsalnum en ekki einhvers staðar á fundum forsætisráðherra úti í bæ.

Þess vegna kem ég hér upp, virðulegur forseti, til þess að undirstrika þetta, en á þetta var m.a. minnst í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar.

[15:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér mjög alvarlegt mál og það hefur verið tekið þannig til orða, m.a. af hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, að við Íslendingar værum að gera tilraun með nánast öll kerfi sem þekkt eru á norðurhveli jarðar við dreifingu á margmiðlunarefni og fjarskiptum. Sá sem hér stendur vakti einmitt máls á því þegar við ræddum málið síðast, áður en umræðu var frestað, að við gætum verið að stefna í þá átt að á Íslandi væru Íslendingar að gera sérstaka tilraun á því að hafa mörg fjarskiptakerfi og mundum ef óbreytt gengi eftir lenda í því að þurfa að greiða dýrustu afnotagjöld sem þekkt væru.

Mér barst í hendur í blaðið Blaðamaðurinn, félagstíðindi Blaðamannafélags Íslands, þar sem nokkur umræða er um fjölmiðla og fjarskipti. Þar er ágætis úttekt, greinargerð af málþingi sem haldið var á vegum Reykjavíkurakademíunnar um þróun og áhrif fjölmiðlasamsteypa o.s.frv. Þar flutti erindi Elva Ýr Gylfadóttir, sem er reyndar starfsmaður svokallaðrar fjölmiðlanefndar. Ég ætla að leyfa mér að lesa úr grein hennar. Tilvitnun mín hefst á stuttum kafla sem er um

samkeppni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Almennt er talið að samkeppni stuðli að verðlækkun á markaði þar sem tveir eða fleiri aðilar eru að keppa sín á milli. Þróunin á fjölmiðlamarkaðnum virðist hins vegar vera sú hér á landi að Íslendingar munu greiða mun hærra verð fyrir sjónvarpsefni en í nágrannalöndunum. Það eru ýmsar ástæður fyrir því og er ætlunin að rekja þær í stuttu máli."

Síðan segir hún, undir fyrirsögninni „Hærra verð og fleiri stöðvar", með leyfi forseta:

„Nú þegar eru íslenskir áhorfendur að greiða mun hærra verð fyrir minna sjónvarpsefni en íbúar nágrannaríkja okkar.

Dæmi má nefna að áskrift að á annað hundrað sjónvarpsstöðvum þar sem sýndar eru kvikmyndir, íþróttir, skemmtiefni og barnaefni og fleira kostar 41 pund hjá Sky í Bretlandi.

Canal Digital í Noregi býður nokkra tugi innlendra og erlendra sjónvarpsstöðva með fjölbreyttu úrvali fyrir 399 norskar krónur. Bæði þessi fyrirtæki bjóða áskrifendum stafræna þjónustu í gegnum gervihnött.

Á Íslandi erum við hins vegar að sjá nokkuð hærra verð á hliðrænu dreifikerfi. Stöð 2, Sýn, Bíórásin og Fjölvarpið hefur kostað 7.944 kr. miðað við netverð fyrirtækisins. Áskrifendur sem kaupa stafræna þjónustu Norðurljósa nú gætu hins vegar þurft að greiða á annan tug þúsunda króna fyrir úrvalið og þurfa fyrst um sinn að skuldbinda sig í 12 mánuði til að kaupa þjónustuna.

Síminn býður nú yfir 40 erlendar stöðvar á Breiðvarpinu fyrir 3.995 kr. Þennan mikla verðmun milli landa má að nokkru leyti skýra með smæð íslensks markaðar. Hins vegar á eftir að ráðast í fjárfestingar til að klára uppbyggingu á stafrænum dreifikerfum hér, sem nú þegar er búið að byggja upp víða erlendis.

Ljóst er að íslenskir áhorfendur munu þurfa að greiða niður þá fjárfestingu með áskriftargjöldum sínum."

Ég ætla ekki að vitna meira í greinina að sinni en hvet fólk til að kynna sér umfjöllunina í þessu blaði. Hún er ákaflega fróðleg og dregur fram það sem hér hefur verið rætt, þ.e. hvert við stefnum með tilraunastarfsemi okkar með dreifikerfi hér á landi. Ég tek því heils hugar undir umræðuna um að vert sé að skoða hvort dreifikerfi Símans verði algjörlega skilið frá við sölu fyrirtækisins. Stjórnvöld verða að hafa áhrif á það að í framtíðinni verði boðin aðgangur að margmiðlun, háhraða margmiðlun, þar sem íslenskir neytendur fá aðgang að slíku á hliðstæðu verði og býðst í nágrannalöndunum. Ef það verður ekki, virðulegi forseti, þá velti ég fyrir mér, sem ég hef nefnt áður, hvort það gæti orðið svo að í framtíðinni sjái íslenskir neytendur sér betur borgið með því að kaupa þjónustu af erlendum stöðvum, erlendar sjónvarpsstöðvar í gegnum gervihnött, fremur en að gerast áskrifendur að þeim möguleikum sem boðið verður upp á hér á landi. Það væri slæm staða, hæstv. forseti.

Okkur er nauðsynlegt að taka þetta mál til gaumgæfilegrar endurskoðunar. Frá því að deilurnar um fjölmiðla og fleira tengt þeim málaflokki urðu á síðasta ári hefur myndin, framtíðarsýnin breyst nokkuð. Það kemur fram í áðurnefndu blaði og þeirri umræðu sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir vék réttilega að. Þetta mál þarf að skoða upp á nýtt og er hreint ábyrgðarleysi af forustu ríkisstjórnarinnar ef á að keyra það fram eins og það er í dag.

[15:49]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er rætt um áformin um sölu Símans. Ég vil í upphafi vekja athygli á því að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ítrekað flutt mál um að stöðva söluferli Landssímans, sem nú heitir Síminn, til að fara ofan í það mál og kanna hvort við séum þar á réttri braut. Á að stöðva það alveg eða selja hluta af honum? Í okkar huga er alls ekki einsýnt að við eigum að halda áfram þeirri vegferð sem nú er með sölu Landssímans.

Það er líka rétt að vekja athygli á því að þessi umræða fer fram hér á Alþingi. Við höfum ítrekað rætt málið bæði í haust og nú eftir áramót. Við höfum rætt um um söluferli Símans. Við höfum viljað eiga skoðanaskipti við þá ráðherra sem fara með þessa málaflokka, hæstv. fjármálaráðherra sem fer með hlutabréfin í Símanum, hæstv. samgönguráðherra sem á að bera ábyrgð á fjarskiptamálum í landinu og ekki hvað síst hæstv. forsætisráðherra sem er formaður einkavæðingarnefndar og hefur þar af leiðandi yfirumsjón með þessu ferli.

Hæstv. forsætisráðherra velur að taka þessi mál til umræðu í dag á viðskiptaþingi, þegar hann ætti einmitt að vera hér. Alþingi er vinnustaður hans númer eitt og hér á hann að svara fyrir málið. Hæstv. forsætisráðherra gæti þá líka svarað því hvers vegna hann hlustar í engu á vilja kjósenda Framsóknarflokksins. Fyrir rúmum tveimur árum gerði Gallup viðamikla skoðanakönnun meðal þjóðarinnar um viðhorf hennar til þess hver ætti að eiga Símann. Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar svaraði því til að hann ætti að vera í opinberri eigu. Mikill meiri hluti framsóknarmanna vildi afdráttarlaust að Síminn væri í opinberri eigu. Langhæsta hlutfall framsóknarmanna á landsbyggðinni var þeirrar skoðunar. Á milli 70 og 80% sem spurðust hafa stutt Framsóknarflokkinn við síðustu alþingiskosningar vildu að Síminn væri áfram í opinberri eigu. Hæstv. forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins ættu kannski líka að vera til svara um hvernig hann rekur þetta mál þvert gegn vilja flokksmanna sinna og segja okkur hvort hann telji að ekkert hafi breyst í umgjörð fjarskiptamála í landinu sem krefjist þess að þessi mál séu endurskoðuð, að endurskoða þá ákvörðun að selja Símann.

Á undanförnum dögum hafa borist afdráttarlausar yfirlýsingar og kröfur frá öðrum aðilum á fjarskiptamarkaðnum sem krefjast þess að þessi mál verði endurskoðuð, að ákvörðunin um að selja Símann í heilu lagi verði endurskoðuð. Þeir telja að ekki verði byggt upp fullnægjandi og öflugt fjarskiptanet um allt land sem nái til allra landsmanna eða fleiri en eitt slíkt net. Það verði aldrei byggt upp nema eitt meginnet fyrir fjarskipti, til að senda út myndir eða stunda gagnaflutninga, sem þeir sem selja slíka þjónustu þurfa að hafa aðgang að.

Hvers vegna skoðum við þetta þá ekki út frá því þjóðhagslega sjónarmiði að það verði eitt öflugt gagnaflutninganet í landinu öllu sem nái til allra landsmanna og geti veitt þeim fyrirtækjum þjónustu sem vilja stunda fjarskipti og

gagnaflutninga. Þessi grunnþjónusta ætti jú öll að vera í eigu landsmanna, grunnútbúnaður sem tryggir jafnrétti í fjarskiptum, jafnrétti í símaþjónustu, jafnrétti í gagnaflutningum og jafnrétti við dreifingu á sjónvarpsefni o.s.frv.

Ég tel svo mikið grundvallarmál á ferðinni að ólíðandi sé annað en að það verði tekið til endurskoðunar. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vöruðum strax við einkavæðingu á fjarskiptum. Við höfum lagst gegn henni alla tíð og gerum það enn. Við viljum að við séum ein þjóð í þessu landi. Við viljum að það ríki jafnrétti. Við viljum ekki að þjóðinni sé skipt upp í tvennt eða þrennt varðandi aðgengi að þeirri grunnþjónustu sem fjarskiptin eru.

Það er fullkomin heimska, finnst mér, ef menn halda að landið allt geti orðið samkeppnismarkaður í fjarskiptum. Ég held að meginmálið sé að tryggja fjarskiptin. Við ættum miklu frekar að tryggja öllum landsmönnum góð fjarskipti og það sé gert á ábyrgð þjóðarinnar, enda sjáum við hvernig hefur gengið á undanförnum árum. Stofnuð hafa verið ýmis fjarskiptafyrirtæki, símafyrirtæki, hvort sem þau hafa kallast Tal eða eitthvað annað, en hafa eðlilega jafnóðum lagt upp laupana. Það er ekki svo einfalt mál að byggja upp fjarskiptakerfi sem nær til allra landsmanna með viðunandi hætti.

Það er tiltölulega auðvelt að byggja upp fjarskipti fyrir Reykjavíkursvæðið en það er ekki viðunandi eitt og sér. Þótt hægt sé að fleyta rjómann af viðskiptum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og í allra mesta þéttbýlinu um skamma hríð þá er það engin framkoma varðandi fjarskiptaþjónustu við þjóðina í heild. Enda hafa þessi fyrirtæki lagt upp laupana. Þau eru nú orðin sameinuð í fyrirtæki sem heitir Og Vodafone. Við erum núna með tvö fyrirtæki sem stunda slík fjarskipti hér á landi.

Mér segir svo hugur að ef búið verður að markaðsvæða þetta að fullu og bréfin geta gengið kaupum og sölum á markaði þá muni ekki verða nema eitt fyrirtæki á þeim markaði. Það yrði einkavædd einokun á fjarskiptamarkaði ef svo heldur fram sem horfir og vilji ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar nær fram að ganga. Er það í samræmi við skoðanir kjósenda Framsóknarflokksins sem lýstu því yfir í fjölmennri og ítarlegri skoðanakönnun að mikill meiri hluti þeirra vildi að Síminn og þjónusta hans væri í opinberri eigu en yrði ekki markaðs- og einkavædd? Ég held að hæstv. forsætisráðherra ætti að koma og svara fyrir það.

[15:58]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á sölu Símans þar sem aðallega er rætt um hvort grunnkerfið eigi að seljast með fyrirtækinu eða vera sérfyrirtæki, svipað og gert er í raforkunni.

Þegar litið er til grunngerðar íslensks þjóðfélags, þ.e. infrastrúktúrs sem kallað er, þá verður fyrst fyrir flutningur á almennum vörum, þ.e. siglingar og aðallega vegakerfið. Síðan er það orkuflutningur af ýmsu tagi, raforkuflutningur og heitavatnsleiðslur, sem sumar hverjar eru mjög langar eins og frá Þingvöllum til Reykjavíkur. Olíuflutningar með bifreiðum eru í einkaeigu og síðan eru það gagnaflutningar sem hér hafa verið til umræðu og tengjast því að Síminn hefur yfir ákveðnu kerfi að ráða til að flytja gögn, ljósleiðara og koparleiðslukerfi.

Þegar við ræddum um markaðsvæðingu raforkukerfisins þótti eðlilegt að taka kerfið út úr, þ.e. að eitt fyrirtæki sæi um flutning á orku. Þar er líka nokkuð stöðluð tækni í gangi, þ.e. við raforkuflutning. Þá er ég ekki að tala um olíuflutninga eða það að flytja heitt vatn. Það er ekki í augsýn ný tækni sem mælir gegn því að hafa eina staðlaða lausn á flutningi á raforku.

Þegar við tölum um gagnaflutninga er hins vegar óskaplega mikið að gerast, frú forseti. Fyrir tíu árum held ég að ekki hefði hvarflað að nokkrum manni að selja leyfið með Símanum vegna þess að þá var bara ein lausn sem var koparinn. Reyndar örlaði þá á nýrri lausn sem var ljósleiðarinn sem Síminn sá líka um.

Núna er, eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kom svo ágætlega inn á í ræðu sinni áðan þegar hún kvartaði undan því að stjórnarþingmenn hlýddu ekki á umræðuna, mjög mikil gerjun í gangi, sérstaklega í gagnaflutningum. Stærðfræðileg þjöppun gagna er í mikilli þróun. Við erum með ljósleiðarakerfi. Við erum með ADSL-kerfi í koparnum. Við erum með kerfi sem flytur gögn með tækni sem notuð er í gervitunglum. Það er eiginlega allt á floti í þeim efnum og gerjun mikil. Það er ekki á hreinu og liggur ekki ljóst fyrir hvað verður ofan á. Þess vegna erum við í allt annarri stöðu í flutningum á gögnum núna en t.d. í raforkunni. Það er ekkert víst að það kerfi sem Síminn býr yfir og situr yfir muni sigra í þessari þróun tækninnar.

Svo gleymdi ég að nefna, frú forseti, dýrustu eðlisfræðitilraun Íslandssögunnar, þ.e. tilraunin sem Orkuveita Reykjavíkur fór út í við að dreifa gögnum eftir venjulegu raforkukerfi. Það er afskaplega áhugaverð eðlisfræðitilraun en mjög dýr og því miður mistókst hún. Hún kostaði Reykvíkinga milljarða.

Núna alveg síðustu daga heyrir maður af netsímum þar sem hægt er að hringja ókeypis milli landa og hefði það nú einhvern tíma þótt frétt. Það er sem sagt óskaplega mikil gerjun í gangi í þessum efnum. Þess vegna held ég að raforkuflutningarnir og gagnaflutningarnir séu ekki sambærilegir og að í lagi sé að selja kerfið með Símanum vegna þess að það muni örugglega koma einhver ný tækni innan mjög stutts tíma sem verður bæði miklu ódýrari og veitir Símanum samkeppni.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom einmitt inn á það að samkeppni yrði erlendis frá í gegnum gervitungl. Það er bara akkúrat málið. Landssíminn eða Síminn mun ekkert verða samkeppnislaus með sitt kerfi. Það verður samkeppni erlendis frá.

Í fólki togast alltaf á stöðnun og samkeppni. Á að vera ein matvöruverslun fyrir allt landið á vegum ríkisins eða fjöldamargar litlar búðir. Auðvitað eru fjöldamargar litlar búðir miklu dýrari lausn. Það er náttúrlega alveg á hreinu. Það er miklu ódýrara að hafa bara eina matvöruverslun fyrir allt landið. En það er svo merkilegt með samkeppnina að hún nær niður verðinu í dýrari lausninni og þess vegna hafa allar þjóðir valið samkeppni þar sem hægt er að koma henni við. Það sem við erum að horfa á hér í sambandi við gagnaflutninga er einmitt dýrari lausn sem veldur samkeppni og

mun knýja fram lægsta verð fyrir neytendur þegar fram líða stundir. Ég er alveg sannfærður um það. Þar fyrir utan eru þegar komnar fram mjög ódýrar lausnir fyrir fólk t.d. við að hringja til útlanda.

Þegar maður horfir á alla þessa þætti tel ég vera allt í lagi að selja Landssímann með kerfinu. Þar fyrir utan eru menn náttúrlega búnir að setja skilyrði um að hann verður að veita samkeppnisaðilum aðgang að kerfinu á kostnaðarverði þannig að menn eru búnir að reyna að leysa það vandamál og sumir telja að það sé bara þokkalega leyst. Ef aðrir kæmu með annað kerfi við hliðina á þá yrðu þeir að veita Símanum aðgang að sínu kerfi á kostnaðarverði.

Þar sem við horfum fram á svona mikla þróun og mikinn hraða þá held ég að vel sé þess virði að selja Landssímann með þessu kerfi vegna þess að nýjar lausnir munu koma sem veita þessu kerfi samkeppni, hvort sem það verða gervitungl frá útlöndum eða gervitunglalausnir á landi sem er mjög ódýr lausn líka. Það eru margir aðilar í þessum geira. Landsvirkjun er að vinna að kerfi, Orkuveita Reykjavíkur er að vinna að kerfi, Og Vodafone er með kerfi og Síminn er með sitt kerfi. Við erum því með mörg kerfi og þó að hægt sé að færa rök fyrir því að uppbygging á þeim verði dýrari þá á einmitt samkeppnin að pressa fram lægsta verðið fyrir neytendur.

[16:05]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég má til með að koma hér upp á eftir hv. þm. Pétri Blöndal. Ég vil byrja á að þakka honum fyrir að taka þátt í umræðunni. Það má segja honum til hróss umfram aðra stjórnarþingmenn að hann kemur gjarnan hér til leiks þegar eftir því er kallað að eiga orðastað við stjórnarþingmenn og ástæða er til þess að þakka fyrir það.

Hins vegar fór hann með sína alkunnu möntru um samkeppnina og ágæti hennar og margt er hægt að taka undir í því að almennt getur það vissulega átt við að samkeppnin sé af hinu góða. En ekki á það nú alls staðar við. Ég hygg t.d. ekki að við fengjum ódýrustu vatnslagnirnar með því að leggja þær af mörgum fyrirtækjum í sveitarfélögum. Við fengjum heldur ekki ódýrasta skólpið ef við værum með margar skólplagnir lagðar af mismunandi fyrirtækjum í einu og sama sveitarfélaginu og ég held heldur ekki að við fáum ódýrasta dreifikerfið fyrir upplýsingar og sjónvarpsefni ef margir aðilar fjárfesta fyrir milljarða í svipuðum dreifileiðum. Við fengjum jú einhverja samkeppni á höfuðborgarsvæðinu. Við fengjum hana ekki í hinum dreifðu byggðum landsins. Einhver verður auðvitað að borga alla þessa fjárfestingu og það verða að sjálfsögðu neytendur. Ég tel að markaðurinn hér standi ekki undir allri þeirri fjárfestingu. Þar af leiðandi held ég að þessi samanburður við matvöruverslunina eigi alls ekki við. Við erum að tala hér um fjárfestingu af allt annarri stærðargráðu og að sjálfsögðu verða neytendur að borga brúsann.

Ég vil líka láta það koma fram að alltaf er til staðar tortryggni af hálfu fyrirtækja sem þurfa að kaupa þjónustu af fyrirtæki sem er í samkeppni við viðskiptavini sína. Það er t.d. fyrirtæki eins og Síminn, það er t.d. fyrirtæki eins og 365 netmiðlar eða hvað það nú heitir. Maður er hættur að geta talað um þetta fyrirtæki. Maður veit aldrei hvernig maður á að nefna það. (Forseti hringir.) Það er mikilvægt að fyrirtæki eigi aðgang að einhverri dreifiveitu sem er hafin yfir þessa tortryggni.

[16:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eflaust rétt hjá hv. þingmanni að um suma atvinnustarfsemi, t.d. vatnsveitur, sé hægt að færa rök fyrir því að tvöfalt kerfi yrði of dýrt jafnvel þó að samkeppni mundi reyna að þrýsta verðinu niður, svo að maður tali nú ekki um skólp. Það hefur reyndar ekki verið reynt en það getur vel verið að samkeppni verði um skólp. Það er t.d. að koma núna varðandi sorp og hugsanlegt er að fram komi samkeppnisfyrirtæki við Sorpu í Reykjavík. En ljóst er að samkeppnin krefst ákveðins markaðar, ákveðinnar stærðar á markaði og ég held t.d. að landsbyggðin geti kvartað undan því að skortur sé á samkeppni t.d. í olíu- og bensínsölu úti á landi þó að kannski sé einhver vísir að samkeppni í Reykjavík.

En ég tel, og færði rök fyrir því í máli mínu, að gagnaflutningar séu í svo örri þróun núna og að til eru svo margar lausnir og sumar hverjar alls ekki dýrar, eins og sú sem Landsvirkjun er að vinna að, að sú fjölbreytni mun kalla fram ódýrustu lausnina fyrir neytendur og ef einhverjir fara út í allt of dýrar fjárfestingar þá er það bara þeirra biti eins og alltaf í atvinnulífinu. Ég held að vegna þessarar öru þróunar muni einmitt gagnaflutningar geta fallið undir sama svið og matvöruverslun, þ.e. að aukin samkeppni þrýsti verðinu niður.

[16:10]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi þær mismunandi gagnaflutningaleiðir sem er verið að þróa núna þá er það vissulega alveg rétt að þær eru margar og mismunandi. Eins og er er það náttúrlega kannski aðallega koparinn. En allir vita að menn reyna að nýta sér koparinn því að hann er fjárfesting sem er til staðar, rétt eins og Orkuveitan var að nýta sér raflagnirnar af því að þær voru til staðar og það er skynsamlegt.

Hins vegar held ég að engum blandist hugur um það ef við erum að tala um gagnvirk samskipti að ljósleiðarinn sé framtíðin og þá erum við að tala um verulegar fjárfestingar sem liggja í ljósleiðaravæðingunni. Hættan er sú að þar fari nokkrir aðilar af stað. Síminn hefur fjárfest í ljósleiðurum. Orkuveita Reykjavíkur er að fjárfesta í ljósleiðurum. Landsvirkjun á ljósleiðara. Það er miklu nær að þessir aðilar leggi þessa ljósleiðara sína saman og veiti öllum aðgang að þeim. Þá getur orðið nýsköpun á þessum markaði og þá geta nýir aðilar komið inn. Það getur orðið nýliðun og þeir þurfa ekki að tortryggja þá sem veita þeim efnin um sínar dreifileiðir.

[16:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Í því felst ákveðin hætta þegar menn þykjast hafa séð lausnir framtíðarinnar. Hv. þingmaður sagði að ljósleiðarinn væri framtíðin. Er það svo? Ég er ekkert viss. Það eru að koma fram lausnir núna sem hugsanlega gera

það að verkum að ljósleiðarinn verður hreinlega úreltur vegna þess að hann er mjög dýr. Hann er mjög dýr á endastöðinni þar sem hann mætir heimilinu. (Gripið fram í.)

Ég er því ekkert viss um að sú staðlaða lausn sé á endanum það sem framtíðin muni gefa okkur í gagnaflutningum. Þetta er nefnilega akkúrat það sem samkeppnin laðar fram. Hún laðar fram nýja tækni og nýjar lausnir en hins vegar stöðlun, þ.e. að gera eitthvað að opinberu kerfi, opinberu dreifikerfi eins og gert er í raforkunni, stoppar alla framþróun — þar koma engar nýjar lausnir — einmitt með hliðsjón af sokknum kostnaði eins og í koparleiðslunum og núverandi ljósleiðarakerfi.

[16:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hverjum manni er í sjálfsvald sett að trúa á tilteknar pólitískar kenningar. Hins vegar er varasamt þegar menn trúa gagnrýnislaust og beinlínis hættulegt ef slíkir menn komast í valdaaðstöðu, aðstöðu til að stýra einu þjóðfélagi. Það á við, alla vega að hluta til, um hv. þm. Pétur H. Blöndal, formann efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Hann segir að líta megi á það sem nánast algilda reglu að samkeppni færi verðlag niður.

Nú vill svo til að áður en Síminn var gerður að hlutafélagi bjuggu Íslendingar við lægsta kostnað af síma í heiminum öllum. Þótt litið væri til allrar heimsbyggðarinnar voru afnotagjöld og símkostnaður Íslendinga lægri en gerist nokkurs staðar annars staðar innan OECD.

Annað er að við erum nú að fara með þessa þjónustu, ef vilji ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga, raforkugeirann einnig og aðra grunnþjónustu, inn á markaðstorg í krafti þessarar trúar hv. þingmanns að markaðsvæðingin komi til með að gagnast neytendum á þennan hátt, að verðlagið muni lækka.

Nú eru þær fréttir að berast frá Evrópu að einkavæðing og markaðsvæðing raforkunnar hafi ekki leitt til þess að verðlag hafi lækkað, það hafi gerst í sumum tilvikum gagnvart stórkaupendum, stórfyrirtækjum. En gagnvart almenningi hefur þetta ekki gerst. Það hefur í mörgum tilvikum hækkað.

Það sem er að gerast auk þess er að örfá fyrirtæki eru að sölsa undir sig allan markaðinn. Fákeppni á þessum markaði er að styrkjast. (Forseti hringir.) Óttast hv. þingmaður eða vill hv. þingmaður ekki draga einhverja lærdóma af þessari þróun?

[16:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Að sjálfsögðu hefur hv. þingmaður aðra heimssýn en ég, ég hef löngu fallist á það. Ég hlusta á mál þingmannsins og viðurkenni rök hans og staðhæfingar með hliðsjón af heimssýn hans og rök hans og staðhæfingar eru réttar miðað við heimssýn hans. Við erum bara með mismunandi skoðanir og mismunandi heimssýn og ég vil gjarnan fá að hafa mína heimssýn í friði. Það er ekki þar með sagt að ég geti ekki hlustað á rök annarra manna eins og ég geri í þessari umræðu. Ég hef hlustað á alla umræðuna frá byrjun til enda og tek mið af og hlusta á þau rök sem koma fram og reyni að koma með rök á móti. Þannig er nú einu sinni umræða.

Varðandi það að við höfum haft lægsta kostnað í heimi, það var rétt, við vorum með lægsta kostnað í heimi nema til útlanda. Það var óskaplega dýrt að hringja til útlanda. Það var óskaplega dýrt að hringja til Íslands frá útlöndum. Ég man það sem námsmaður. Það var meiri háttar fjárfesting að hringja til Íslands og tók tvo klukkutíma að panta símtal á járnbrautarstöðinni í Köln. Þetta hefur breyst og ég er ekki viss um að íslenskir neytendur mundu vilja hafa fastlínusamband enn þá. Ég hugsa að íslenskir neytendur vilji gjarnan hafa GSM-símann sinn hvar sem þeir eru og þeir hafa einmitt valið það þrátt fyrir miklu hærri kostnað. Þeir vilja hafa þessa þjónustu. Þeir vilja eins og hv. þingmenn hér í salnum hafa sinn síma hjá sér. Og nú eru að koma í krafti samkeppninnar millilandasímtöl sem eru ókeypis. Ég veit ekki hvað getur verið ódýrara en það. Hvað getur verið ódýrara en það sem er ókeypis?

[16:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Var ekki einhver frjálshyggjumaður sem sagði að enginn málsverður væri ókeypis? Ég man ekki betur, og menn vildu skoða reikninga fyrir öllu sem gert ... (Gripið fram í.) Já, var það ekki?

Þegar skoðuð eru gögn frá OECD og heildarsímakostnaður landsmanna er metinn þá var hann lægri hér á landi en nokkurs staðar innan OECD. Það kemur m.a. fram í mjög góðu riti, Símablaðinu, þar sem rifjaðir eru upp þættir úr 90 ára sögu Félags íslenskra símamanna.

Ég virði mismunandi, ólíkar pólitískar skoðanir. Hv. þingmaður segist hafa aðra heimssýn, aðra pólitíska sýn en ég, en ég vil gera greinarmun á því sem annars vegar er huglægt og lýtur að skoðunum manna og hins vegar hinu sem er hlutlægt og byggir á staðreyndum, mælanlegum staðreyndum. Það eru þessar mælanlegu staðreyndir sem ég er að vísa til. (Forseti hringir.) Ég er að vísa til reynslu annarra þjóða af mælanlegum staðreyndum og um það eigum við ekki að þurfa að deila.

[16:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Íslenskir neytendur hafa valið að nota GSM-síma í staðinn fyrir fastan síma sem bundinn er við kopar heima hjá sér. Þeir hafa valið það þrátt fyrir hærri kostnað. Þeir vilja frekar fá þjónustu, hún er þeim meira virði. Það er bara einfalt mál. Það er miklu ódýrara að nota heimilissímann í dag og auðvitað gætu allir Íslendingar notað hann og eingöngu hann og ekkert meira. En þeir vilja borga meira fyrir meiri þjónustu. Þeir vilja fá betri þjónustu.

Það er kannski sá munur á mér og hv. þingmanni að ég trúi á samkeppni, ég trúi á einstaklinginn og ég trúi á frjálsan markað en hv. þingmaður trúir á eitthvað allt annað.

[16:19]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég trúi líka á samkeppni og það að hægt sé að hafa markað þannig að hann geti virkað sem frjálst samkeppnisumhverfi. Ég spyr hv. þingmann, af því að hann ber ábyrgð á því með ríkisstjórninni sem hann styður, hvort

hann telji að það verði virkilega raunhæft samkeppnisumhverfi á þeim markaði sem hér verður til ef Síminn verður seldur með grunnnetinu hafandi í kringum 70% af öllum viðskiptum á þessum markaði og tangarhald á þeim sem þurfa að flytja efni um grunnnetið hjá honum. Finnst hv. þingmanni virkilega — ég gat ekki betur heyrt áðan í ræðu hans — að það sé allt í lagi að öll þau pínulitlu fyrirtæki sem eru á þessum markaði fyrir utan Símann séu að bisa við að búa til ný grunnnet í landinu? Ég held því ekki fram að ekki megi vera til fleiri grunnnet en það sem Síminn hefur en er það svo að hv. þingmaður telji að það verði eitthvert vit í þessari samkeppni með því fyrirkomulagi? Mér finnst t.d. síðustu fréttir af Skjá 1 þar sem forsvarsmenn þess fyrirtækis komu með grátstafinn í kverkunum til að segja frá því að nú sé búið að taka frá þeim möguleikann á því að senda út, sé vísbending um hvað getur gerst þegar menn eiga allt undir önnur fyrirtæki sem þeir eiga í samkeppni við að sækja. Ég tel þess vegna að við eigum heimtingu á því hér á landi þegar verið er að einkavæða þessa starfsemi að það verði gert með það að markmiði að til verði trúverðugt samkeppnisumhverfi þar sem þau fyrirtæki sem eru að fóta sig á markaðnum fái tækifæri til að gera það í eðlilegu umhverfi. Það hallist ekki svo á sem í stefnir.

[16:21]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, ég trúi því að það myndist raunhæf samkeppni vegna þeirrar öru þróunar sem er að gerast einmitt núna þessa dagana. Ég nefndi í ræðu minni erlenda samkeppni, ég nefndi netið og þá tækni sem Fjarki og Íslandsmiðill eru að þróa, ég nefndi þá tækni sem Orkuveita Reykjavíkur er að þróa og ég sé ekki annað en að eitthvað af þessum kerfum muni veita Símanum mjög öfluga samkeppni í því að flytja gögn á sífellt þjappaðra formi og á sífellt ódýrari hátt.

[16:22]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá bið ég hv. þingmann að svara þeirri spurningu hvort hann telji þetta einhverja óskaplega nauðsyn fyrir Símann. Er ekki hægt að sleppa Símanum inn í þessa samkeppni öðruvísi en að hann hafi þetta forskot á önnur fyrirtæki í þessum bransa? Er það virkilega svo að þessu stóra fyrirtæki, sem hefur staðið sig svo vel í gegnum tíðina, sé ekki óhætt í því samkeppnisumhverfi sem þannig yrði til? Hvað er á bak við það að ekki megi kljúfa þetta í sundur? Við erum ekki að halda því fram að eignarhaldið á þessu grunnlínufyrirtæki geti ekki með einhverjum hætti verið þannig að það sé jafnvel á almennum markaði. Við höldum því bara fram að það megi ekki vera í eigu þess sem er í samkeppni við aðra. Þannig getum við búið til í upphafi einkavæðingarinnar almennilegt umhverfi fyrir fyrirtækin til þess að slást í samkeppninni. Hv. þingmaður gerir kannski grein fyrir þessu.

[16:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var búinn að því. Ég var búinn að gera grein fyrir því að vegna hinnar miklu þróunar og hraða í breytingum muni það engu breyta hvort Landssíminn verður seldur með kerfinu eða án, hann muni engu að síður lenda í samkeppni.

Á örfáum árum hefur hann tapað, eins og hv. þingmaður sagði, markaðshlutdeild úr 100% niður í 70% þannig að ég hugsa að vegna þess hve markaðurinn vex mjög hratt muni samkeppnin verða meiri og það verði jafnstærri aðilar á markaðnum. Svo megum við ekki gleyma öllum heiminum. Hann er hérna rétt fyrir utan. Hann er meira að segja yfir Íslandi með gervitunglin og þar mun koma samkeppni ef verðin verða of há innan lands.

[16:24]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal, talsmaður Sjálfstæðisflokksins við þessa umræðu, segist trúa einu og aðrir trúi einhverju öðru. Það er kannski vandinn við þessa umræðu að hún byggir af hálfu ríkisstjórnarinnar fyrst og fremst á trúarbrögðum. Stjórnarliðar hafa við umræðuna almennt neitað að horfa til reynslu annarra þjóða og einnig til reynslunnar innan lands. En það var reyndar ekki að hv. þm. Pétri H. Blöndal, fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem þó reyndar kemur til umræðunnar og tekur þátt í henni sem er góðra gjalda vert, sem ég vildi beina orðum mínum, heldur til samstarfsflokksins í ríkisstjórn sem hefur engan fulltrúa við þessa umræðu og þá sérstaklega formanns þess flokks, hæstv. forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar. Hann er einkavæðingarráðherrann í ríkisstjórninni. Hann fer með einkavæðingarmál. Undir hann heyrir einkavæðingarnefnd.

Nú bregður svo við að þegar við ræðum þetta mikilvæga mál kýs hann að sitja þing Verslunarráðsins. Hann kýs að ræða við Verslunarráðið en hunsar þá umræðu sem fram fer á Alþingi og við þurfum að fletta upp á vef forsætisráðuneytisins til að frétta af viðhorfum hæstv. forsætisráðherra. Þar er nú komin ræða sem hann flutti í dag þegar hann ávarpaði Verslunarráðið og áhugamennina þar um markaðsvæðingu og sagði þar m.a. að einkavæðing og sala hlutabréfa í fyrirtækjum í eigu ríkisins hafi verið eitt af stærstu og helstu stefnumálum ríkisstjórnarinnar og fullyrti að mjög vel hefði tekist til. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég leyfi mér að fullyrða að einkavæðingarferlið, ef svo má að orði komast, hafi gengið vel undanfarin ár og til þess fallið að auka samkeppni og skilvirkni í þjóðfélaginu, neytendum til hagsbóta."

Vorum við ekki að ræða fyrir örfáum dögum um reynsluna af markaðsvæðingu raforkukerfisins? Var ekki verið að ræða þar um stórhækkun á rafmagni? Ég man ekki betur. Er það virkilega svo að menn telji að þau skref sem stigin hafa verið á þessu sviði hafi öll verið til góðs fyrir neytendur og samfélagið? Eru menn búnir að gleyma því að sú stofnun sem við erum að ræða um hér hefur skilað tugum milljarða króna í ríkissjóð skattborgurum til hagsbóta og nú ætla menn að afsala sér þessu fyrirtæki? Hæstv. forsætisráðherra segir í ræðu sinni um söluna á Símanum, með leyfi forseta:

„Með sölu á hlut ríkisins í Símanum er jafnframt ráðist í stærstu einstöku einkavæðingu Íslandssögunnar, og því afar mikilvægt að vel takist til."

Nú ætla ég að leyfa mér að spyrja: Hvað á hæstv. for-

sætisráðherra við þegar hann segir að mikilvægt sé að vel takist til? Fyrir hvern? Fyrir íslenskt samfélag? Fyrir þau fyrirtæki sem komast yfir þennan bita? Fyrir Framsóknarflokkinn? (Gripið fram í.) Nú kann einhver að segja að þetta séu ósvífnir útúrsnúningar. Svo er ekki vegna þess að þegar ríkisbankarnir voru seldir var sérstaklega búið þannig um hnútana að það gagnaðist fyrirtækjum sem ríkisstjórnin og þá sérstaklega Framsóknarflokkurinn taldi vera sér tengd. Það er staðreynd. Ég minnist þess þegar hæstv. bankamálaráðherrann, hæstv. viðskiptamálaráðherrann sagði hér einhverju sinni á þingi að til væru fyrirtæki sem væru nátengd Framsóknarflokknum, okkar fyrirtæki, minnir mig að hún hafi sagt. Það væri fróðlegt að fletta því upp í þingtíðindum. En þannig var búið um söluna á ríkisbönkunum að ríkisstjórnin gæti makkað um söluna við tiltekin fyrirtæki í stað þess að fara með þá sölu út á markað.

Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á hæstv. forsætisráðherra, einkavæðingarráðherrann í ríkisstjórninni, að vera ekki viðstaddur þessa mikilvægu umræðu. Mér finnst það mjög ámælisvert að hann skuli kjósa að sitja fund Verslunarráðsins í stað þess að ræða við Alþingi, og ætla ég þá að láta liggja milli hluta að hann hafi farið í skíðaferð í frí á meðan Alþingi sat og málefni sem honum tengjast voru til umræðu.

Hæstv. forseti. Ég minni á að fyrir liggur annað þingmál sem tengist sölunni á Símanum frá hv. þingmönnum Steingrími J. Sigfússyni og Jóni Bjarnasyni. Þar er lagt til að sölunni á Símanum verði skotið á frest. Það er sett fram í nauðvörn vegna þess að eins og allir þekkja vorum við andvíg því í upphafi að gera Símann að hlutafélagi og síðan að selja það, en í nauðvörn er sú tillaga sett fram, að sölunni verði skotið á frest til ársloka 2008.

Ég vitnaði áðan í nýútkomið Símablað þar sem rifjaðir eru upp þættir í 90 ára sögu símans, mjög fróðlegt rit sem var í umsjá Þorsteins J. Óskarssonar, þar sem hann víkur að einkavæðingunni á Símanum. Hann rifjar upp rök sem fram komu með frumvarpinu þegar það kom fram 1996.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Augljóst er að stjórnendur sjálfstæðs íslensks fyrirtækis á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu geta á mun auðveldari hátt brugðist við síbreytilegum aðstæðum á markaði og segja má að sjálfstætt hlutafélag á þessu sviði yrði að öllum líkindum mun arðbærara fyrirtæki, samkeppnishæfara og jafnframt áhugaverðari vinnuveitandi fyrir starfsfólk heldur en ríkisstofnun með svipuðu sniði og verið hefur."

Við höfum rifjað það upp við umræður á Alþingi hvernig þessu þjónustufyrirtæki í eigu þjóðarinnar sem skilaði okkur lægstu símgjöldum í heiminum, hvernig það var gert að fjárfestingarfyrirtæki sem tapaði mörg hundruð milljónum króna á áhættufjárfestingum í Ameríku og víðar, sem seldi húsið við Austurvöll fyrir 820 millj. kr. og leigði síðan sjálfu sér fyrir stóran hluta af því á mánuði hverjum.

[16:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég má til með að koma inn á það sem hv. þingmaður sagði um trú manna á einkavæðingu, trú manna á hitt og þetta. Hingað til hefur þetta verið kallað sannfæring og í stjórnarskránni ber þingmönnum að fara að sannfæringu sinni og það geri ég. Ég er ekkert sérstaklega fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu, ég er aðallega fulltrúi sjálfs mín þó að stjórnarandstaðan reyni alltaf að þrýsta manni inn í það að vera fulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Ég er ekki einu sinni í þeirri nefnd sem fjallar um þetta.

En ég trúi á það að einkavæðing sé betri en ríkiseign, ég trúi á það og sagan hefur sýnt mér það. Það var nefnilega þannig á Íslandi að bankarnir voru í ríkiseigu og lánuðu oft á tíðum með pólitískum vilja. Ég man ekki eftir því að þeir hafi nokkurn tíma skilað arði í ríkissjóð. (**Gripið fram í:** Nú!) Nei. Þau kröfðust meira að segja — Landsbankinn þurfti aðstoð ríkissjóðs, víkjandi lán og annað slíkt á tímabili. Það var ekki fyrr en bankarnir voru einkavæddir sem þeir fóru að skila gífurlegum hagnaði. Nú segja náttúrlega sumir að það sé á kostnað neytenda en svo er heldur ekki. Vaxtamunur, sem er aðalkostnaður neytenda, munurinn á því sem sparifjáreigendur fá og því sem skuldarar greiða hefur farið hratt minnkandi, mjög hratt minnkandi. Samkeppnin er því mikil í þessum geira þannig að ég styð mína sannfæringu og trú við reynslu af einkavæðingu bankanna.

Hv. þingmaður sagði að menn komist yfir þennan bita. Nú vill svo til að hann er í stjórn lífeyrissjóðs, hann gæti bara boðið í þennan bita. Hann gat líka boðið í bankana á sínum tíma ef þeir voru svona óskaplega góður kostur að kaupa.

[16:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu eiga menn að vera trúir sannfæringu sinni. En ég geri þá kröfu til þeirra sem stýra samfélagi okkar eða eiga drjúga hlutdeild í því að þeir byggi trú sína og sannfæringu á rökum sem þá standast skoðun. Og það tel ég ekki vera.

Ég held að ég geti fullyrt að það sé röng staðhæfing hjá hv. þingmanni að ríkisbankarnir — væntanlega er hann að vísa til Landsbanka og Búnaðarbanka — hafi fengið styrki frá hinu opinbera, ríkinu. Landsbankinn fékk lán upp úr 1990 eða á fyrri hluta tíunda áratugarins sem var greitt til baka, það var allt greitt til baka, það er staðreynd.

Landssíminn skilaði tugum milljarða ... (Gripið fram í.) Já, allt í lagi, en ég held að það sé rangt sem hv. þingmaður sagði þar, það sé bara rangt. Þetta skulum við skoða en ég tel að þetta sé röng fullyrðing.

Síðan er ég að staðhæfa að Landssíminn hafi skilað miklum fjármunum inn í ríkissjóð, fjármunum sem hann verður að verulegu leyti sviptur vegna þess að hann kemur aðeins til með að fá peninga inn í skatthirslurnar í gegnum skatta, sem verða óneitanlega miklu, miklu minni fjárhæðir.

Hvað varðar hv. þingmann og Sjálfstæðisflokkinn og tengsl hans við hann þá hef ég nú trú á því að Sjálfstæðisflokkurinn hafi komið eitthvað við sögu þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal var gerður að formanni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

[16:36]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er rétt hjá hv. þingmanni, ég var kosinn í efnahags- og viðskiptanefnd sem formaður. En ég er ekki að tala hér sem slíkur, ég er að tala sem einfaldur þing-

maður og ræða um einkavæðingu bankanna og einkavæðingu Landssímans.

Þegar menn kaupa fyrirtæki veit hv. þingmaður að menn kaupa hagnað framtíðarinnar. Fyrirtæki sem er með góðan og mikinn hagnað er selt hærra verði en annað sem er með lakan hagnað þannig að þegar Landssíminn verður seldur fær ríkissjóður hagnað allrar framtíðar eða trú manna á þann hagnað, og jafnvel oft meira í þeirri trú kaupenda að þeir geti bætt hann með bættum rekstri með því að auka hagnaðinn enn meira. Þannig er hagnaðurinn seldur.

En í sambandi við að ég hafi ekki fært rök fyrir máli mínu þá ég vil nú bara nefna það, herra forseti, að laun hafa hækkað hér á landi sem hvergi annars staðar í heiminum síðan Sjálfstæðisflokkurinn kom inn í ríkisstjórn. Og vegna þess frelsis sem menn hafa innleitt á markaði, vegna þess frelsis í fjármagnsflutningum og frelsis fyrirtækja, lækkun skatta o.s.frv. hefur hagur almennings stórbatnað. Hagur ríkissjóðs hefur verið með miklum ágætum, yfirleitt afgangur, mikill afgangur. Áður fyrr var þetta dúndurtap á hverju einasta ári.

Ég tel mig því aldeilis geta fært rök fyrir því að frelsi einstaklingsins og samkeppnin sé bara ágætismál. Ég vil ekki hugsa til þess hvernig þetta var einu sinni í sambandi við gjaldeyriskaup og gjaldeyrishöft og allt það. Þetta mikla tækifæri, þessi mikla veltuaukning vegna frelsisins og samkeppninnar hefur leitt til þess að hægt er að lækka skatta umtalsvert án þess að ríkissjóður beri tjón af.

[16:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ætli það eigi ekki við um okkur flest að við teljum að samfélaginu hafi miðað fram á við þegar litið er til undangenginna áratuga, að ekki sé minnst á fyrri aldir þegar Íslendingar bjuggu við mjög bágan kost. Hins vegar held ég að skýringar hv. þingmanns á framförunum séu nokkuð umdeilanlegar.

Við skulum ekki gleyma því, þó að ég ætli ekki að gerast svartsýnismaður eða úrtölumaður, við skulum samt sem áður vera raunsæ. Staðreyndin er sú að bankarnir hafa verið að taka að láni í útlöndum á undanförnum missirum mörg hundruð milljónir króna, ef ekki milljarða. (**Gripið fram í:** Án ríkisábyrgðar.) Án ríkisábyrgðar! Hvílíkur barnaskapur er þetta? Við erum að tala um efnahagslíf einnar þjóðar og hvernig á því er haldið að sjálfsögðu. Það er auðvitað nokkuð sem kemur öllu samfélaginu við þegar það gerist að viðskiptahalli er orðinn viðvarandi ár eftir ár. Menn gera ráð fyrir að hann sé á þessu ári 60–70 milljarðar kr., menn gera ráð fyrir 150 milljörðum á næsta ári, menn eru að tala um 50 milljarða á árunum sem þar koma á eftir eða alls uppsafnaðan viðskiptahalla fram til 2010 upp á 500 milljarða kr. Þetta eru peningar sem eru teknir að láni sem að sjálfsögðu þarf síðan að greiða fyrir þannig að við skulum ekki dansa á einhvern óábyrgan hátt eins og mér heyrist hv. þingmaður gera.

Hins vegar verð ég að segja að mér finnast frjálshyggjumenn skipta um gír ansi oft í þessum málum. Þegar starfsemi er á vegum ríkisins er sagt að það þurfi að færa hana út á markað og innleiða samkeppni. (Forseti hringir.) Þegar hún er þangað komin þarf að sameina, þá þarf að sameina kraftana (Forseti hringir.) og þá er talað um samlegðaráhrif o.s.frv. (Forseti hringir.) Eitt sagt í dag, annað á morgun, allt eftir því hvað þjónar hagsmunum fjármagnseigenda.

[16:41]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið áhugaverð umræða sem nú er í reynd fram haldið því að hér er verið að halda áfram umræðu sem fór fram eða hófst fyrir nokkrum dögum og lýtur að þingsályktunartillögu Jóhanns Ársælssonar og fleiri um að fela ríkisstjórninni að endurskoða fyrirætlanir um sölu Símans.

Þeirri umræðu sem hefur farið fram og er fyrst og fremst ætlað að fjalla um hvort sala Símans í heilu lagi sé aðferðafræðin sem fleyti okkur í fjarskiptamálum skref áfram eða hvort sala fyrirtækis sem hefur markaðsráðandi stöðu eins og Síminn sé æskileg, hvort æskilegt sé að selja hann í heilu lagi eða undanskilja grunnnetið.

Á viðskiptaþingi Verslunarráðsins í dag fjallaði hæstv. forsætisráðherra um þetta mál og valdi það að ræða málið þar í stað þess að koma hér og ræða það á hinu háa Alþingi við hv. þingmenn, þá fullyrti hæstv. forsætisráðherra að besta leiðin til að selja Símann væri að selja hann í einu lagi. Ef farin yrði önnur leið mundi það skapa óvissu um sölu á fyrirtækinu og draga úr verðmæti Símans. Þetta fullyrti hæstv. forsætisráðherra og því hefði maður kannski talið, eftir að hafa hlýtt á og lesið þá ræðu sem hann flutti í dag, að markmið ríkisstjórnarinnar með sölu á Símanum væri fyrst og fremst að fá hátt verð fyrir Símann. Það væri kjarni málsins, að fá eins hátt verð fyrir Símann og kostur væri án þess að velta fyrir sér hvaða afleiðingar það kynni að hafa í för með sér að selja Símann í heilu lagi og í raun að afhenda einkaaðilum markaðsráðandi fyrirtæki á þann hátt sem hér er uppi.

Það sem hins vegar stingur í stúf er að annars staðar í sömu ræðu hæstv. forsætisráðherra segir hann, með leyfi forseta:

„Markmið íslenskra stjórnvalda með sölu á hlut sínum í Símanum eru skýr: að auka samkeppni á fjarskiptamarkaði enn frekar og bæta þannig hag neytenda."

Ef ég því dreg þessar tvær fullyrðingar saman þá segir hæstv. forsætisráðherra að besta leiðin til að tryggja hag neytenda og besta leiðin til að tryggja þróun á fjarskiptamarkaði sé að selja Símann í einu lagi.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að mótmæla þessum fullyrðingum og það er mat mitt að með því að gera það á þennan hátt séum við að vega að því að hér verði einhver viti borin samkeppni. Það er eins og fram hefur komið í umræðunni að þó að menn eigi vitaskuld ekki að trúa í blindni á einhverjar slíkar kenningar þá ætla ég að leyfa mér að fullyrða að þar sem samkeppni tekst — og þá er ekki verið að tala um olíumarkað eða eitthvað slíkt þar sem menn dunda sér við að semja um verð, eða aðra markaði — en þar sem raunveruleg samkeppni tekst og það tekst að halda henni við, þar sé hag neytenda best borgið.

Það er hins vegar stórmál að tryggja samkeppnina. Þess vegna vil ég leyfa mér að gjalda mikinn varhuga við því að selja jafnöflugt markaðsráðandi fyrirtæki og Síminn er í einu lagi og grunnnetið með.

Það er verðugt umhugsunarefni að Síminn er í dag í krafti grunnnets síns og einkanlega kopartenginganna, hvað svo sem framtíðin kann að bera í skauti sér, með viðskiptasamband við hvert einasta heimili í landinu. Það felast gríðarleg verðmæti í að vera tengd inn á hvert einasta heimili í landinu, og að ætla að láta jafnstórt og öflugt fyrirtæki fara í einu lagi verandi með þessa aðstöðu og ætla sér að treysta á að ein lítil stofnun geti tryggt að samkeppni sé á þessum vettvangi finnst mér eins og að menn séu að fara af stað með mikla trú en lítið í farteskinu.

Ég vildi vekja sérstaklega athygli á þessu, virðulegi forseti. Símafyrirtækin, þau fyrirtæki sem eru í samkeppni við Símann, hafa öll goldið varhuga við því að gera þetta með þessum hætti vegna þess að reynslan hefur kennt þeim, þrátt fyrir góðan og hástemmdan vilja löggjafans að tryggja öllum aðkomu að grunnnetinu, að það hefur ekki tekist með þeim hætti að ásættanlegt er. Þess vegna hafa þau fyrirtæki sent frá sér yfirlýsingu þess efnis að grunnnetið verði aðskilið.

Hins vegar finnst mér ekkert mæla því í mót að grunnnetið sé svo selt sérstaklega. Það er alveg ástæðulaust fyrir ríkið að vera í samkeppni við önnur grunnnet, en það er mat mitt að til þess að tryggja samkeppni sem er mjög erfitt eins og menn þekkja því það er miklu auðveldara fyrir forstjóra fyrirtækja, fyrir stjórnendur að semja um verð þegar fá fyrirtæki eru á markaðnum eins og reynslan ber með sér, þannig að ef við ætlum að búa til raunverulega samkeppni sem tryggir hag neytenda, samkeppni sem knýr menn áfram til að þróa og bæta rekstur sinn þarf að vera raunveruleg samkeppni til staðar og að minni hyggju næst hún ekki fram með þessari aðferðafræði. Því hefði ég viljað sjá önnur sjónarmið uppi en fram komu í ræðu hæstv. forsætisráðherra í dag.

Ég sagði fyrr í umræðunni að ég saknaði þess mjög að hæstv. ráðherrar tækju ekki þátt í jafnmikilvægri umræðu og hér fer fram, því það er mat mitt að salan muni skipta miklu máli. Hún muni skipta miklu máli um þróun atvinnugreinar sem er í örum vexti og ég óttast að þróunin verði ekki jafnhröð og öflug ef sú leið verður farin sem hér er ætlað að fara. Það er líka sannfæring mín að það umhverfi og þau viðhorf sem voru uppi fyrir tæpum fimm árum þegar samþykkt var að selja hlutabréf í Símanum eigi ekki endilega við í dag. Þess vegna hefði verið mikilvægt að hér færu fram öflug skoðanaskipti milli ráðherra og þingmanna um það umhverfi sem nú er uppi í stað þess að stjórnarandstaðan, að hv. þingmanni Pétri H. Blöndal undanskildum, hefur að mestu haldið uppi einræðu um sjónarmið þar sem verið er að reyna að tryggja sölu sem tryggir samkeppni, en í sjálfu sér, virðulegi forseti, kemur það ekki á óvart að Sjálfstæðisflokkurinn skuli ekki vilja taka þátt í þeirri umræðu af meiri krafti en verið hefur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 362. mál (sóknardagar, meðafli, áframeldi o.fl.). — Þskj. 415.

[16:50]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er tekið til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Það er orðið ársvisst að komið sé með frumvörp til að stagla í götin, að stoppa í götin í götóttu og óréttlátu fiskveiðistjórnarkerfi.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið stendur, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er stefnt að því að gera nokkrar lagfæringar á lagatexta sem einkum má rekja til afnáms sóknardagakerfis. Lagfærðar eru nokkrar tilvísanir til laga sem ekki eru lengur í gildi. Þá er lagt til að heimild til að ákveða að hluti afla skuli ekki reiknast til aflamarks verði gerð varanleg og að tímabundin heimild til ráðherra um sérstaka ráðstöfun þorskeldiskvóta gildi til loka fiskveiðiársins 2009/2010."

Meginefni lagafrumvarpsins er því að lagfæra það sem út af stendur eftir að sóknardagakerfið var afnumið illu heilli á síðasta þingi. Það mun áfram þurfa að stoppa í göt og hrækja í sárin sem eru vegna fiskveiðistjórnarkerfisins því það er í heild sinni óréttlátt eins og landsmenn upplifa nú dag hvern vítt og breitt um landið. Nýjasta dæmið er frá Stöðvarfirði þar sem var áður og er enn blómlegur útgerðarbær, íbúarnir áttu veiðitækin, skipin, fiskverkunina og þarna var öflugt sjávarútvegslíf. En með breytingunum á kerfinu var auðlindin í sjónum gerð að markaðsvöru og hún gengur síðan kaupum og sölum. Byggðirnar sem höfðu sett allt sitt traust á að eiga forgang, eiga rétt til þessarar auðlindar standa réttlausar eftir og það óöryggi sem íbúarnir búa við er ekki lýsanlegt. Þetta er það vandamál sem við höfum mátt horfa á vítt og breitt um landið, þetta óréttlæti að íbúarnir í sjávarþorpunum, íbúarnir í sjávarbyggðunum sem hafa skapað auðlegðina sem í fiskinum er eru réttlaus þegar kemur að því að mega eiga forgangsrétt til að nýta auðlindina.

Síðasta skrefið sem stigið var í fyrra var einmitt að afnema sóknardagakerfið, kerfi sem gerði ákveðnum hópi flotans kleift að sækja sjóinn án þess að vera bundinn á klafa kvótakerfisins í formi framseljanlegs aflamarks.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram ítarlega stefnu í sjávarútvegsmálum sem tekur tillit til allra þessara þátta. Hún tekur tillit til þess að vernda og ganga vel um auðlindir sjávarins og að þær séu nýttar með sjálfbærum hætti, það sé númer eitt. Númer tvö sé að byggðirnar eigi ákveðinn rétt til forgangsréttar í að nýta auðlindirnar á grunnsævinu og í þriðja lagi hafi útgerðirnar rétt til ákveðins hluta af aflaheimildunum og ákveðinn hluti af þeim heimildum geti verið á markaði þannig að allir sem að þessu koma geti átt sinn afmarkaða rétt, en jafnframt sé stuðst við ýmsa kosti í markaðskerfinu sem er veitt hæfilegt svigrúm innan þess kerfis sem við leggjum til. Með því mundi skapast öryggi og festa í byggðum landsins og einnig fyrir útgerðina og vinnsluna en ekki hvað síst fyrir umgengnina við lífríki sjávarins.

Frumvarpið, eins og ég hef áður getið um, miðar fyrst

og fremst að því að fella brott og breyta lögum með tilliti til þess að sóknardagakerfið hefur verið lagt niður. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra að því hvort til sé nú þegar yfirlit um hver áhrifin eru af því að sóknardagakerfið hafi verið fellt niður, hvernig aflamarkshlutdeildin eða veiðiheimildirnar á skipum hafi breyst síðan þá. Hvernig hefur sá floti sem var áður innan sóknardagakerfisins breyst? Hvað hefur verið selt af þeim kvóta sem var til þegar sóknardögunum var breytt í framseljanlegar aflaheimildir? Hvað hafa bátarnir selt mikið frá sér, hvernig er fiskveiðiflotinn samsettur nú? Ég tel mjög mikilvægt að við getum fylgst náið með hverjar breytingar verða á samsetningu flotans okkar og hvernig fiskveiðiheimildirnar færast til innan hans. Líka verður fylgst með því hvaða áhrif þetta hefur á atvinnulíf, á löndun á fiski til einstakra hafna sem byggðu einmitt mikið á því að taka á móti afla frá sóknardagabátum og hvaða breytingar verða á atvinnulífsmunstrinu í kjölfar þeirra breytinga. Mér finnst eðlilegt að sjávarútvegsráðuneytið fylgist mjög náið með því og geti gert þinginu grein fyrir því hvaða afleiðingar lagabreytingar sem slíkar hafa á þessi atriði.

Af því að verið er að fjalla um meðaflann og festa lagaheimildir sem lúta að meðferð á meðafla í sessi, sem mér finnst hið besta mál, er líka ástæða til þess að um leið sé hugað vandlega að því hvernig til hefur tekist. Hv. þingmaður Guðjón A. Kristjánsson spurði hvort 5% markið hafi reynst nóg, hvort hæstv. ráðherra hefði vitneskju um hvort bátar hefðu lent í vandræðum vegna þess að lágmarkið væri svo lágt og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson minntist einmitt á hvort ekki mætti hækka markið upp í 7% eða slíkt. Þegar 5% markið var lagt á fyrir nokkrum árum var um leið talað um að fylgjast skyldi mjög náið með hvort þetta væri hæfilegt mark eða ekki. Þetta var sett í gang með þessum hætti en síðan er mjög mikilvægt að kanna hvernig þetta passar þannig að skipum finnist þau ekki vera knúin til þess að taka jafnvel ekki afla að landi þegar yfir 5% markið er komið. Það er enginn slíkur hvati til og því spurning hvort þetta virki eins og til var ætlast eða hvort við þurfum ekki að endurskoða einhverja þætti þess.

Í umræðunni fyrr í dag var líka minnst á meðafla við veiðar í flottroll. Hæstv. ráðherra sagði að verið væri að kanna hvernig koma mætti á reglum til að hann yrði tölulega metinn og skráður og að hægt yrði taka hann inn í kerfið með hliðstæðum hætti og meðafla í öðrum veiðum. Mjög mikilvægt er að undirstrika að það verður að koma á jafnrétti í meðferð á meðafla. Við höfum lent í því á undanförnum árum að það hafa verið harðar deilur um það hvort meðafli komi við veiðar á uppsjávarfiski eða ekki og hversu mikill. Menn hafa nánast farið í kappræður út af þessu eins og við þekkjum. Mig minnir að í hittiðfyrra hafi verið sagt í sjávarútvegsnefnd eiginlega nákvæmlega það sama og hæstv. ráðherra sagði áðan, þ.e. að verið væri að vinna að tillögum um hvernig mætti meta eða mæla meðafla við uppsjávarveiðar. Tilfinning mín er því sú vegna orðalags hæstv. ráðherra að við séum á nákvæmlega sama stað í umræðunni og við vorum fyrir tveimur eða þremur árum síðan þegar tekin var hörð umræða um þetta á þinginu og í sjávarútvegsnefnd. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Getur hann ekki dagsett hvenær komið verði á reglum sem taka á meðafla í veiðum á uppsjávarfiski? Það er alveg hróplegt óréttlæti, fyrir utan svo það að það er skaðlegt allri veiðistjórn og skaðlegt lífríkinu, að svo stór floti sem uppsjávarveiðiflotinn, og svo mikil sem veiði hans er og svo mikil sem yfirferð hans er á miðum landsins, skuli undanþeginn því að standa skil á meðafla sem ekki tilheyrir því sem veiða á. Ég tel þetta mikið réttlætismál sem eigi að vera hafið upp yfir að stjórnast einungis af kappræðum. Ég leyfi mér að ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra: Getur hann ekki dagsett hvenær við getum sett þó ekki væri nema eitthvað í gang sem tekur á meðafla í veiðum á uppsjávarfiski í flottroll?

Í sjálfu sér er ekki miklu meira við þetta að bæta. Það er svo sem hægt að tala um sjávarútvegsmálin vítt og breitt. Ég vil taka undir orð hv. þingmanns Guðjóns Arnars Kristjánssonar sem minntist á loðnuveiðarnar. Hann talaði um að loðnuveiðar í bræðslu í því magni sem þær nú eru stundaðar geti varla verið þjóðhagslega hagkvæmar þegar litið er til lífríkisins í heild og um þá viðbót sem loðnuflotanum var gefin nú til að veiða sem hefði meiri keim af því að verið væri að rétta af erfitt gengi gagnvart flotanum, þ.e. með því að auka veiðiheimildirnar. En ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki standi til að beita frekari aðgerðum eða þrýstingi til að loðnuveiðar verði fyrst og fremst stundaðar til að ná hámarksgæðum afurðanna með að frysta loðnuna og hvort ekki verði að fara að huga að því að stilla loðnuveiðum meira í hóf — þetta er undirstöðufæða fisksins okkar — og hvort ekki geti verið hætta á því að við göngum allt of langt í loðnuveiðunum eins og þær nú eru stundaðar og það komi allharkalega niður á öðrum fisktegundum sem hafa hana sem fæðu. Loðnan er mikilvægur liður í fæðukeðju sjávardýra. Ég vil nota tækifærið og nefna það hér að ég tel hæpið að við séum á réttri leið í loðnuveiðunum þegar litið er á hagsmuni lífríkisins í heild.

Herra forseti. Ég vildi koma þessum atriðum á framfæri og mun í lokin ítreka það sem mér finnst að eigi að vera, þ.e. að fullkomlegt jafnrétti sé hvað varðar skráningu og meðferð á meðafla óháð veiðarfærum og að mjög brýnt sé að á því sé tekið og svo ítreka ég spurningu mína um hvenær við verðum komin með einhver tæki í gang til að taka á því máli.

[17:06]

Útbýting:

Klæðaburður alþingismanna í þingsal og ávarpsvenjur, 510. mál, þáltill. GÖrl o.fl., þskj. 778.

Kostun dagskrárliða í útvarpi og sjónvarpi, 515. mál, fsp. KolH, þskj. 784.

Meðferð Darfúr-málsins fyrir Alþjóðasakamáladómstólnum, 511. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 779.

Norræna ráðherranefndin 2004, 516. mál, skýrsla samstrh., þskj. 785.

Réttur nemenda í framhalds- og háskólanámi til húsaleigubóta, 513. mál, fsp. JBjarn, þskj. 782.

Sjúkrahússbyggingar í Fossvogi, 512. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 781.

Uppsagnir hjá slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli, 514. mál, fsp. SJS, þskj. 783.

[17:07]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Við erum að ræða löggjöf sem er afleiðing kvótasetningar á sóknarbáta. Ég tel fróðlegt að fá upplýsingar í framhaldi af þessari kvótasetningu hæstv. ráðherra hverjar afleiðingarnar voru af þessari aðför hæstv. sjávarútvegsráðherra að byggðunum í Norðvesturkjördæmi, hvort það hafi gengið eftir sem við í Frjálslynda flokknum spáðum, þ.e. að aflaheimildir mundu færast til og útgerð minnka. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um hvaða afleiðingar þetta hafði fyrir sjávarbyggðirnar. Mér finnst full þörf á því að fá þetta fram í umræðuna.

Ég tel einnig fulla þörf á að rifja upp ákveðin svik þingmanna stjórnarflokkanna sem voru búnir að lofa því, m.a. á opnum fundi á Ísafirði, að sett yrði gólf í dagabátana og umræddar trillur yrðu ekki kvótasettar. Ég gat ekki skilið þá betur en svo, hv. þingmenn Einar Odd Kristjánsson, Einar Kristin Guðfinnsson og síðast en ekki síst Kristin H. Gunnarsson.

Ég sakna eins manns í umræðunni. Ég vissi ekki betur en hann væri á lista yfir ræðumenn. Það er hv. þingmaður Hjálmar Árnason, sjálfur formaður þingflokks Framsóknarflokksins. Fyrir síðustu kosningar gaf hann einmitt út þá yfirlýsingu að setja ætti gólf fyrir dagabáta í krókakerfinu. Síðan, eftir að kjósendur ganga til atkvæða og kjósa hann í ljósi sinna yfirlýsinga, þegar hann er sestur á þing þá svíkur hann umrædd loforð. Mér finnst það alvarlegt. Ég skil í rauninni ekki hvað manninum gengur til.

Ég minntist á það fyrr í umræðunni að hann hefði gefið út mjög villandi yfirlýsingar um Símasöluna þannig að hv. þingmanni virðist ekki alls varnað. Ef menn skoða hlutlaust þessa fiskveiðistjórn undir stjórn Sjálfstæðisflokksins, fara bara yfir söguna og skoða aflann þá verður að segjast eins og er að Sjálfstæðisflokknum hefur algerlega mistekist. Þorskaflinn nú er helmingi minni en fyrir daga kvótakerfisins. Samt halda menn áfram að reyna að halda í þessa vitleysu. Ég fór yfir það um daginn að á jafnlöngu tímabili hefur aldrei veiðst jafnlítið af þorski, þ.e. ef það er farið aftur í sögunni, alveg aftur til þess tíma að Íslendingar fengu sæmilegan skipakost, alveg aftur til 1918 og meðtalin þau ár sem var varla hægt að komast á sjó, a.m.k. ekki útlendingar, þ.e. stríðsárin. Það er mjög sérstakt að menn séu jafnvel með þessari lagasetningu og annarri að vera að festa í sessi eitthvað sem hefur ekki skilað sér. Mér finnst það mjög alvarlegt. Þess vegna óska ég eftir því, og það væri fróðlegt, að hæstv. sjávarútvegsráðherra gerði okkur grein fyrir því hvernig hann metur árangurinn. Nú hafa menn verið með alls konar reiknireglur og verið að spá langt fram í tímann, jafnvel áratugi og ekkert gengur eftir. Samt sem áður halda menn í þetta. En ekkert gengur. Ég tel að hæstv. sjávarútvegsráðherra ásamt samþingmönnum sínum í Sjálfstæðisflokknum og síðast en ekki síst framsóknarmenn sem þykjast stundum vera í landsbyggðarflokki og vilja landsbyggðinni vel verði í umræðu hér um sjávarútvegsmál að svara fólkinu á Stöðvarfirði og á Hofsósi sem nú á von á að ganga atvinnulaust þessari spurningu: Á ekki að rétta þessu fólki hjálparhönd? Það eina sem gerðist, eina yfirlýsingin sem heyrðist frá ráðherra var sú að hann dáðist gífurlega að Samherjamönnum vegna þess að þeir stóðu svo vel að andlátsfrétt fyrirtækisins á Stöðvarfirði. Mér finnst þetta alvarlegt. Menn eiga ekki að koma svona fram við fólk sem vinnur í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, þ.e. svipta það vinnunni og segja eitthvað í líkingu við hin fleygu orð „shit happens“. Kemur þetta hæstv. sjávarútvegsráðherra ekkert við? Svo virðist ekki vera. Hann hendir að vísu einhverjum byggðakvótum við og við inn í þessi þorp, t.d. á Hofsósi þar sem ég þekki vel til, þar sem menn eru látnir slást um byggðakvótana og rísa þá upp alls kyns deilur. Ég hefði talið nær að leyfa þá þessum útgerðarmönnum að fá að njóta heimahaganna og sækja þá á næstu fiskimið t.d. við Hofsós. Ég tel að fiskstofnunum stafaði ekki hætta af því. En ég er sannfærður um að byggðin á Hofsósi mundi standa styrkari á eftir. Eru menn svona kreddufullir að halda í kerfi sem engu skilar eins og sýnt hefur verið fram á?

Það hefur komið fram að Vestfirðir hafa tapað 39% af störfum sínum í fiskvinnslu. Kemur þetta þingmönnum stjórnarflokkanna ekkert við? Það mætti halda það. Alla vega sjást þeir ekki í umræðunni um sjávarútvegsmál. Ítrekað hefur verið óskað eftir því að t.d. formaður sjávarútvegsnefndar láti sjá sig. En það gerist ekki. Síðan þegar búið er að henda inn þessum byggðakvótum þá eru byggðirnar að bisa við að búa til einhverjar úthlutunarreglur. Sumar eru allkostulegar svo sem eins og þær sem vinstri mennirnir á Siglufirði bjuggu til og eru nýbúnir að skila af sér. Um það má lesa á vefnum siglo.is. Það mætti halda að kommarnir í Austur-Þýskalandi hefðu ekki getað staðið betur að þessu. Það er alveg með ólíkindum hvernig siglfirsku vinstri mönnunum tekst að búa til úthlutunarreglur sem í raun ganga út á það að færa þeim mestan atvinnurétt sem hafa mestan rétt fyrir. Það væru fróðlegt að fá að vita hvort þetta sé eftir einhverri forskrift úr sjávarútvegsráðuneytinu.

Það hefur verið minnst á 5% regluna, að menn megi landa 5% umfram aflamark. Ég hef verið á fundum víða um land og menn telja að ef prósentan yrði hækkuð skilaði það auknum verðmætum á land og ég tel að ... (Gripið fram í.) Ja, hvers vegna látum við ekki reyna á það? Eru einhver rök á móti því? Það væri óskandi að hæstv. sjávarútvegsráðherra gæfi okkur einhverjar skýringar á því hvers vegna við eigum að halda okkur við þessi 5% en ekki að hækka þau upp í 7%. Eru það einhver fiskifræðileg eða efnahagsleg rök eða hvers vegna er þessi tala 5%?

Ég tel að við séum komin að þeim tímapunkti í umræðu um byggðamál og sjávarútvegsmál að menn verði að staldra við og skoða hvort ekki sé rétt að veita byggðunum einhverja heimild til að nýta sín nánustu fiskimið. Það eru engin fiskifræðileg rök fyrir því að halda svo fast í eitthvert kerfi sem skilar engu. Það er í raun komið að þeim tímapunkti, a.m.k. fyrir þá fjölmörgu sem missa störf á Stöðvarfirði og Hofsósi, að hæstv. sjávarútvegsráðherra svari fólkinu, svari fólkinu á Raufarhöfn hvers vegna það fái ekki að nýta fiskimið sín. Hvaða rök séu fyrir þessari vitleysu.

Ég ætla að láta máli mínu lokið nú en skora á hæstv. ráðherra að svara því hverju þessi lög hafi náð fram, hvaða breytingar hafi orðið í útgerðarmunstri við lagasetninguna sem gerð var á síðasta þingi.

[17:18]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er alltaf svolítið einkennilegt að sitja undir ræðum þegar talað er um aðför að hinum og þessum, um svik og svikin loforð og kallað er eftir mönnum til að standa fyrir máli sínu og höfð uppi stóryrði og jafnvel gripið til þess að vitna til erlendra mála til að koma hugsunum sínum á framfæri við hv. þingheim, sérstaklega þegar það sem verið er að brydda upp á er að hluta til efni úr fyrri umræðum í vetur, fyrirspurnum hv. þingmanns sem þá voru til umræðu og var svarað, samanber árangurinn varðandi verndun þorskstofnsins. En þá var gerð grein fyrir því að þrátt fyrir að aflinn væri að vísu helmingur á við það sem hann var þegar kvótakerfið var tekið upp væri stofnstærðin nokkurn veginn sú sama. Það eru mjög fáar þjóðir sem geta státað af því að vera með sömu stærð af þorskstofninum í dag og hún var fyrir 20 árum. Langsamlega flestar þjóðir hafa horft upp á stofna sína minnka verulega og eru með mun minni stofna nú en þá voru.

Hv. þm. Jón Bjarnason spurði um áhrif niðurfellingar á sóknardagakerfinu varðandi samsetningu flotans og hvaða áhrif framsalið hefði haft og hvaða áhrif það hefði á landaðan afla. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson spurði þess sama. Reyndar orðaði hann það svo hvaða áhrif það hefði haft á útgerðarmunstrið að þessar breytingar voru leiddar í lög á vordögum. Ég held að það sé algerlega ótímabært að gera athugun sem þessa. Það eru reyndar ekki nema fimm mánuðir síðan lögin tóku gildi, þ.e. við upphaf þessa fiskveiðiárs. Ef þessar breytingar hefðu ekki verið gerðar á lögunum sl. vor hefði tímabil sóknardagaflotans, sem var ef ég man rétt eitthvað nálægt 300 bátar, hafist 1. apríl nk. Við erum því engan veginn komin á þann stað í tíma að við getum metið þessi áhrif einfaldlega vegna þess að veiðitímabil þessa flota, það næsta á eftir því sem síðast var, er ekki hafið. Það eru ekki til samanburðarhæfar upplýsingar til að bera saman og komast að þessum niðurstöðum. Þetta hefði ég haldið að hv. þingmenn vissu. Þeir vissu hvernig sóknardagakerfið var og hvernig því var stakkur skorinn eftir árstímanum. En auðvitað verður þetta skoðað og sérstaklega út frá því hvernig landaður afli hefur breyst og hvaða áhrif það hefur haft á byggðirnar. Það er í samræmi við það sem við höfum verið að gera þegar við höfum skoðað hvernig aflabrögð einstakra byggðarlaga hafa breyst í samræmi við þær útfærslur sem eru á byggðakvótanum.

Svo finnst mér alltaf svolítið sérstakt þegar hv. þingmenn eru að hnýta hver í annan fyrir að sinna því ekki að sitja undir umræðunni. Ég held ég geti alveg fullyrt að hv. formaður sjávarútvegsnefndar hefur setið a.m.k. jafnmikið undir þessari umræðu og hv. þm. Sigurjón Þórðarson og er algerlega ómaklegt að vera að hnýta í það sérstaklega.

Svo veit ég eiginlega ekki heldur hvers siglfirskir vinstri menn eiga að gjalda. Ég veit ekki hvort hv. þm. Jón Bjarnason er sammála þeim ónotum sem siglfirskir vinstri menn fá frá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni varðandi útfærslu sína, en það er stefna ráðuneytisins að reyna að vinna að útfærslu byggðakvótans í samráði við heimamenn, hvort heldur ráðandi menn í byggðarlögunum eru hægri menn eða vinstri menn, og þeir hafi svigrúm til að koma með sínar hugmyndir og útfæra þær svo fremi að þær séu í samræmi við grundvallaratriði góðrar stjórnsýslu eins og okkur er uppálagt af umboðsmanni Alþingis að fylgja eftir. Að öðru leyti eru þeim ekki lagðar neinar línur um sína úthlutun af sjávarútvegsráðuneytinu.

Hv. þingmenn Jón Bjarnason og Sigurjón Þórðarson spyrja báðir um 5% markið hvað varðar hafróaflann. Það er með þessa tölu eins og margar aðrar tölur sem menn notast við að þegar menn byrja setja þeir eitthvert mark til að miða við og síðan vonast menn til þess að reynslan sýni annaðhvort gildi þess að nota þá viðmiðun eða einhverja aðra. Hins vegar sýnist mér að það sé langt frá því þegar litið er yfir í heildina að þessu 5% marki sé náð og eins þegar skoðaðar eru einstakar tegundir að þá nái engin þeirra 5% markinu heldur. Ég hef ekki brotið þetta niður á landshluta, byggðarlög, eða einstakar útgerðir eða einstök skip, ég veit ekki hvort það er rétta aðferðin til að nálgast sannleikann að gera það þannig, það er enginn stóri sannleikur fólginn í þessari 5% tölu. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að hv. sjávarútvegsnefnd skoði þau gögn sem fyrir hendi eru og keyri þau út á þann máta sem hún telur eðlilegt til að fá mynd af þessu og menn reyni þá að fá niðurstöðu um hvort þessi 5% tala sé svo fráleit að nauðsynlegt sé að breyta henni.

Hv. þm. Jón Bjarnason spyr um uppsjávarmeðaflann. Ég ræddi hann fyrr eins og hv. þingmaður reyndar vísaði til. Það er ekki auðvelt að leysa þetta vandamál. Hins vegar liggur grundvallarlöggjöfin fyrir og verið er að reyna að leysa málið. Það er byggt á þeim upplýsingum sem við höfum safnað undanfarin missiri. Það hefur komið í ljós að það er talsverður munur á því hvernig þetta leggur sig eftir árum en þó er alveg greinilegt að það er nauðsynlegt að við setjum reglur um þetta sem hægt er að vinna eftir og það er verið að gera. Dagsetningu get ég ekki gefið, ég vildi gjarnan geta gefið hana en get það ekki, en þetta er mál sem þarf að leysa úr bæði fljótt og vel.

Hv. þm. Jón Bjarnason nefndi viðbót sem gefin var loðnuflotanum. Það má auðvitað lýsa því á ýmsan hátt þegar ákvarðanir um kvóta eru teknar en að þessari kvótaúthlutun var staðið á fullkomlega eðlilegan og hefðbundinn hátt. Þegar mæling lá fyrir annaðhvort að hausti eða í janúar eins og oft hefur komið fyrir var kvótinn gefinn út í samræmi við mælinguna, ekki í samræmi við neitt annað. Hvorki vegna eins né neins annars heldur vegna þess að mælingin á loðnustofninum, miðað við þær reglur sem við síðan höfðum um úthlutunina, leiddi til þess að úthlutunin var af þessari stærð. Og þær upplýsingar sem við höfum bestar um hvernig nýta megi loðnustofninn gefa ekki tilefni til þess að ætla að þetta leiði til þess að öðrum hlutum vistkerfisins hraki eða þeir njóti sín ekki vegna inngripa okkar í náttúruna hvað þetta varðar. Hins vegar er ýmis breytileiki í náttúrunni sem hefur áhrif á einstaka þætti vistkerfisins innbyrðis og þar er breytileiki í loðnugöngunum. Hversu langt loðnan gengur suður með landinu og vestur með landinu getur haft áhrif á viðgang bolfiskstofna á tilteknum svæðum en hvað varðar heildarákvörðun á veiðum loðnuflotans þá er það ekki það sem hefur áhrif á þann ganginn.

Herra forseti. Ég held að ég hafi farið yfir þær spurningar sem hér komu fram og vil þakka fyrir ágæta umræðu um málið í dag.

[17:28]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. sjávarútvegsráðherra að honum þætti miður að mönnum væri nuddað upp úr því að þeir hefðu svikið og gengið á bak orða sinna. En nú minnist ég þess að ákveðnir þingmenn sem ég minntist á fyrr í ræðu minni, hv. þingmenn Einar Oddur Kristjánsson, Einar K. Guðfinnsson og Kristinn H. Gunnarsson, gengu á fund undir þeim borða: Orð skulu standa. Á þeim fundi gáfu þeir í skyn eða sögðu berum orðum að þeir ætluðu að tryggja viðgang sóknardagakerfisins. En þegar komið var hingað við Austurvöll sviku þeir það. Ef ég vitna í einn hv. þingmann, Einar Odd Kristjánsson, á þessum fundi:

„Ég hef margsinnis lýst því yfir að það sé lífsnauðsynlegt fyrir dagabátana að hafa þetta gólf, margsinnis lýst því yfir að ég er tilbúinn að styðja þessa 23 daga ...“

Svona er þetta bara, því miður. Það er sorglegt að menn skuli gefa yfirlýsingar fyrir kosningar, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason um að hann ætli að setja gólf í dagabátakerfið í kvótakerfinu og segir að það sé stefna Framsóknarflokksins, en síðan þegar menn eru kosnir á þing er snúið við blaðinu. Auðvitað er það alvarlegt.

Það er annað sem ég tel einnig mjög alvarlegt og það er að hæstv. sjávarútvegsráðherra virðist ekki gera sér grein fyrir því að stofnarnir eru einnig minni eftir að kvótakerfið var sett á, ekki einungis aflinn heldur einnig stofnarnir. Það getur hann kynnt sér ef hann skoðar línurit á heimasíðu minni, sigurjon.is, sem unnið er upp úr gögnum frá Hafrannsóknastofnun og þar kemur berlega í ljós (Forseti hringir.) að stofnarnir eru miklu, miklu minni.

[17:30]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bíð bara spenntur eftir því að komast í tölvuna og skoða sigurjon.is, skoða línuritið þar, sérstaklega með tilliti til þess hvaða álit hv. þingmaður hefur á stærðfræði og tölfræði. Það verður mjög fróðlegt að sjá hvernig línuritin hjá honum líta út.

[17:31]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bíð spenntur eftir því að það renni upp fyrir hæstv. ráðherra að ég hef rétt fyrir mér. Hvaða afleiðingar mun það hafa? Munu menn þá halda áfram að berja hausnum við steininn og halda í vita vonlaust kerfi sem engu hefur skilað?

Þetta ágæta línurit á heimasíðu minni, sigurjon.is, er unnið upp úr gögnum Hafrannsóknastofnunar, upp úr vísindagögnum og staðreyndirnar tala sínu máli. Ég tel að það sé farið að renna upp fyrir æ fleirum að kerfið skilar ekki nokkrum sköpuðum hlut nema ef til vill fyrir banka landsins. Ekki hefur það skilað sjávarútveginum miklu. Skipakostur landsins er farinn að eldast. Öll hagræðingin, ekki rennur hún í vasa sjómanna. Tilhneigingin virðist fremur að skerða kjör sjómanna og síðan skilar kerfið okkur byggðaröskun í þokkabót.

Ég vona einlæglega að upp renni ljós fyrir hæstv. ráðherra og hann átti sig á því að við höfum verið á rangri braut.

[17:32]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þar sem um er að ræða ákveðnar lagfæringar á lögunum, hálfgerða lagahreinsun ef svo mætti segja, þá vil ég nefna eitt í andsvari mínu við hæstv. ráðherra. Í lögunum, undir bráðabirgðaákvæðakaflanum, en eins og allir vita eru 35 greinar undir bráðabirgðaákvæðum, er mörgum sinnum talið upp ákvæði um að skoða núverandi fiskveiðistjórnarkerfi út frá ýmsum forsendum.

Í bráðabirgðaákvæði VII segir: „Sjávarútvegsráðherra skal láta fara fram athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða ...“

Í bráðabirgðaákvæði XIX segir: „Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif lögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar.“

Í bráðabirgðaákvæði XXII segir: „Sjávarútvegsráðherra skal að liðnum fimm árum frá gildistöku laga þessara leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem gerð er grein fyrir áhrifum þeirra á íslenskan sjávarútveg.“

Það kann að vera, hæstv. forseti, að ákvæðin séu fleiri en þar sem við höfum svo mörg ákvæði í lögunum um að meta stöðuna þá vildi ég beina ákveðinni spurningu til hæstv. ráðherra. Honum hefur tekist með atbeina flokks síns og samstarfsflokksins að setja allar fisktegundir inn í kvótakerfi og hefur látið hafa eftir sér að nú stefndi í sátt í sjávarútvegi. Er þá ekki komin ástæða til að uppfylla þessi bráðabirgðaákvæði laganna um að taka saman skýrslu þar sem ástandið yrði metið, áhrifin á byggðirnar, flotann o.s.frv.?

[17:34]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ákvæðin sem hv. þingmaður vísar til eru vegna fyrri athugana á fiskveiðistjórnarkerfinu. Ég leyfi mér að draga þá ályktun að þær séu yfirstaðnar. Ákvæðin eru hins vegar áfram hluti af lagasafninu, eiginlega sem sagnfræðileg heimild um lagasmíð Alþingis. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að skoða málin og má segja að það sé jafnan í gangi. Menn fara yfir stöðu einstakra fiskstofna á hverju ári. Segja má að rannsóknir og eftirlit Hafrannsóknastofnunar með fiskstofnunum sé stöðugt endurmat á líffræðilegri stöðu auðlindarinnar.

Einnig mætti segja að árlega fari fram einhvers konar athugun á því hvernig hagræni eða pólitíski þáttur fiskveiðistjórnarkerfisins gengur upp. Nýleg dæmi um verkefni sem hafa verið sett af stað er annars vegar svokölluð hágengisnefnd sem miðar að því að skoða stöðuna í ljósi vaxtastigs og gengis. Hins vegar má nefna að Verðlagsstofunni á Akureyri og Háskólanum á Akureyri hefur verið falið að meta samkeppnishæfni sjávarútvegs á Íslandi og bera saman við samkeppnishæfni sjávarútvegs í öðrum löndum.

Stöðugt eru í gangi verkefni og ástæðan fyrir því að þessi bráðabirgðaákvæði standa enn þá í lögum er að þau eru til vitnis um hvað hefur verið gert hvað þetta varðar í fortíðinni.

[17:37]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki alveg viss um að því sem lýst er í umræddum ákvæðum hafi verið sinnt. Það er auðvitað hægt að fletta því upp og ég veit að ráðherrann getur látið starfsmenn sína gera það. Í bráðabirgðaákvæði VII er t.d. rætt um „? að meta hagkvæmni einstakra aðferða miðað við íslenskar aðstæður með sérstakri hliðsjón af því hvernig unnt sé að tryggja atvinnuöryggi fiskverkafólks og hagsmuni einstakra byggðarlaga.“

Þetta er ekkert smámál í þessari umræðu sem fer af stað annað slagið, þ.e. staða fiskvinnslufólks og hvernig byggðirnar eru settar. Í bráðabirgðaákvæði XIX er rætt um að skoða sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar og hvernig hún hefur haldið velli í íslenskum sjávarútvegi og þróast. Í bráðabirgðaákvæði XXII segir að leggja skuli fyrir Alþingi skýrslu þar sem gerð sé grein fyrir áhrifum þeirra á íslenskan sjávarútveg, þ.e. áhrifum laganna og allra breytinganna á þeim.

Hæstv. ráðherra hefur sjálfur lýst því að nú væri komið að endastöð í breytingum í sjávarútveginum og að það stefndi í hina kortlögðu sátt. Ég tel því fullt tilefni til að mælast til að fara eftir þessum bráðabirgðaákvæðum um úrvinnsluskýrslu sem færi okkur heim sanninn um á hvaða vegi við erum stödd og hún verði lögð fyrir Alþingi, ekki síst þar sem a.m.k. þrjú ef ekki fjögur ákvæði eru í lögum um að slík skýrsla skuli gerð. Ég mælist til þess við ráðherrann að hann láti meta ástandið sérstaklega með tilliti til atvinnuöryggis og byggðarlaganna.

[17:39]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í bráðabirgðaákvæði VII, sem hv. þingmaður vitnaði í, kemur í næstu málsgrein á eftir þeirri sem hann lauk tilvitnun sinni á, með leyfi forseta:

„Þá skal ráðherra fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi.“

Við sjáum hvernig tilvitnun hv. þingmanns er í tímalegu samhengi, að þetta eru hlutir sem gerðust árla á síðasta áratug.

Síðan, varðandi bráðabirgðaákvæði XIX sem hv. þingmaður vitnaði til, sleppti hann því að vitna í ártalið í þeirri grein. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif lögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunarinnar verði birtar.“ (**GAK:** Hvernig er það með hin málin?)

Við sjáum líka í hvaða tímasamhengi þetta bráðabirgðaákvæði var sett. Ég tel mig meira að segja muna eftir skýrslunni sem þetta ákvæði vísar til.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, er þetta vinna sem er stöðugt í gangi og þessi umræða í þinginu í dag er til vitnis um að hún er enn mjög lífleg.

[17:41]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjávarútvegsráðherra lauk máli sínu áðan með því að segja að vinnan við að líma skóbætur á fiskveiðistjórnarkerfið væri stöðugt í gangi. Það er alveg rétt. Hún er stöðugt í gangi og hún hefur staðið yfir 20 ár og sér ekki fyrir endann á því. En afleiðingar hins frjálsa framsals í kvótakerfinu eru líka stöðugt í gangi, því miður. Þar sér heldur ekki fyrir endann á þeirri þróun sem er komin á fulla ferð.

Hér eru stjórnarliðar að ímynda sér að þeir séu á einhvern hátt að setja punktinn yfir i-ið, að loka kerfinu, öllum til hagsbóta eins og mig minnir að hv. formaður sjávarútvegsnefndar fullyrti við umræður síðasta vor. Hann er í salnum og því ber að fagna. Ég er ekki viss um að öll sagan hafi verið sögð í þessum málum, langt í frá.

Það var að sjálfsögðu mikið óheillaverk þegar sóknardagakerfið var afnumið síðasta vor. Þar unnu stjórnarliðar sjávarbyggðum Íslands gríðarmikið tjón til framtíðar. Það er sannfæring mín og hún hefur ekki breyst. Það voru gríðarleg vonbrigði að verða vitni að þeim vinnubrögðum, sérstaklega í ljósi þess að menn höfðu farið um héruð kotrosknir í kosningabaráttu og lofað því hver um annan þveran að þeir ætluðu að standa saman um að verja þetta kerfi. Menn vissu að þessir bátar skiptu miklu máli fyrir smærri byggðir mjög víða um landið. Þar fóru mjög framarlega ýmsir stjórnarþingmenn. Ég nenni varla að nefna þá á nafn. Ég gerði mikið af því í vor. Í raun fékk ég alveg upp í kok af því.

En mig langar þó að nefna einn heiðursmann til sögu sem er því miður ekki í salnum núna. Mér þykir það leitt því að ég hefði gjarnan viljað taka smásennu við hann um þetta. En það er hv. þingmaður Hjálmar Árnason sem lofaði því að hann skyldi verja þetta kerfi. Hann gerði það að sjálfsögðu ekki. Hann fór líka mikinn og sagðist hafa lagt fram á hinu háa Alþingi þingsályktunartillögu um skipan nefndar til að meta kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins, sóknardagakerfis sem við í Frjálslynda flokknum höfum mælt fyrir sem fyrirmynd að lausn fyrir framtíð byggðanna og nýtingu þeirra á undirstöðu sinni, sem er fiskurinn í sjónum. Þessi þingsályktunartillaga var aldrei afgreidd á Alþingi en hv. þm. Hjálmar Árnason passaði sig náttúrlega á því að nefna það ekki í kosningabaráttunni. Hún fór í gegnum síðari umræðu og síðan ekki söguna meir. Hún var aldrei borin undir lokaatkvæði og var því aldrei afgreidd á þinginu. En það var látið í veðri vaka í kosningabaráttunni að þessi þingsályktunartillaga væri samþykkt fyrir tilstuðlan hv. þm. Hjálmars Árnasonar, sem var að sjálfsögðu fjarri lagi.

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, í upphafi máls míns eru afleiðingar frjálsa framsalsins í kvótakerfinu enn í fullum gangi. Við fáum því miður enn slæmar fréttir af því. Síðast fengum við fréttir frá Stöðvarfirði, um að Samherji hygðist loka þar landvinnslu eða að það stefndi í að svo yrði gert. Það er að sjálfsögðu afleiðing þess að fyrirtækið náði ítökum í togara byggðarinnar fyrir nokkrum árum, Kambaröst hét það skip. Það hefur síðan rekið vinnslu þar með um 30–40 starfsmönnum, sem skiptir miklu máli í ekki stærra byggðarlagi. Það er í raun hornsteininn í atvinnulífi byggðarinnar.

Við höfum undanfarin missiri fengið reglulega að lesa um það, m.a. í Morgunblaðinu, að það gengi alveg ofboðslega vel hjá Samherja á Stöðvarfirði, þar væri allt í blóma,

þar væru menn komnir á gott skrið með vinnsluna og þetta væri allt til mikillar fyrirmyndar eftir að stórfyrirtækið hefði hafið innreið sína í þorpið. Menn voru t.d. komnir í samvinnu við annað sjávarútvegsfyrirtæki, Vísi, og það varð tilefni mikillar umfjöllunar í Morgunblaðinu þar sem menn fóru mikinn í því að tala um hvað þeir væru duglegir að hagræða og notfæra sér samlegðaráhrif og ég veit ekki hvað ég á að kalla það.

En allt í einu berast fréttir núna í janúar um að til standi að loka þarna og fara með kvótann norður á Dalvík. Starfsfólkinu er boðið að gera svo vel, ef það vilji vera svo vænt, að flytja með kvótanum norður á Dalvík en annars geti það étið það sem úti frýs. Reyndar er sagt við fólkið að komin séu jarðgöng og það geti hugsanlega notfært sér þau til að finna sér vinnu í öðrum byggðarlögum, takk fyrir og bless. Hurðinni skellt sennilega í lás eftir örfáa mánuði.

Þetta eru nú afleiðingar hins frjálsa framsals og mér þykja þær ansi nöturlegar, herra forseti, því að maður fylgist náttúrlega með í fjölmiðlum og les viðtöl við fólk sem býr á þessum stöðum og maður sér alveg örvæntinguna sem ríkir þegar fólk sér fram á að verið er að taka atvinnugrunnlagið frá þessum byggðum, það er verið að lama atvinnulífið, verið er að ráðast að lífsgrundvelli fólks, fólk lendir í átthagafjötrum, fasteignaverð hrapar o.s.frv. Þetta er mjög alvarlegt mál og ég vona að hæstv. sjávarútvegsráðherra sé að hlusta. Ég vil nota tækifærið og benda honum á athyglisvert viðtal sem kom í blaðinu Austurglugginn, sem gefið er út á Austurlandi, núna í janúar og ég vona svo sannarlega að þeir við Skúlagötu 4 séu áskrifendur að þessu blaði þannig að þeir geti lesið um afleiðingar þessa stórkostlega kerfis. Þetta er viðtal við Sigþór Steindórsson, trillusjómann á Stöðvarfirði, og titillinn er: Þetta eru engir guðir.

Það er alveg rétt sem hann segir, þetta eru engir guðir, og er hann þar að tala um stjórnmálamenn og forstjóra Samherja. Þetta eru engir guðir, þetta eru bara mannlegar verur. Og kvótakerfið er heldur ekkert náttúrulögmál, þetta er ekkert þyngdarlögmál, þetta er ekki eitthvað sem ekki er hægt að breyta. Þetta eru mannanna verk og að sjálfsögðu getum við breytt þessu kerfi og að sjálfsögðu verður farið í þá vinnu um leið og okkur tekst að koma þeim stjórnvöldum sem nú ríkja hér á landi frá völdum. Að sjálfsögðu, því að það verður ekki búið við þetta lengur.

Ég kem frá Akranesi og þar eru mjög alvarlegar blikur á lofti eftir að heimamenn glutruðu úr höndum sér yfirráðum yfir sjávarútvegsfyrirtæki sínu sem var HB, heitir núna HB Grandi. Þetta gerðist upp úr árunum 2000–2001, ef ég man rétt. Þá náði Eimskip meirihlutaeign í fyrirtækinu, sölsaði það undir sig, bjó til sjávarútvegsrisa sem hét Brim og síðan var sá risi leystur upp og HB komst í hendur Granda. Þetta var mjög mikið reiðarslag fyrir allan sjávarútveg á Akranesi, ég leyfi mér að fullyrða það. Ég vogaði mér að segja þetta í heyranda hljóði í fjölmiðlum og annars staðar bæði árið 2002 og líka árið 2003 og reyndi að vara menn við því sem væri að gerast en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sérstaklega þustu fram til varnar og töldu þetta allt saman vera reginfirru hjá mér. Ég var sakaður um að ég væri að ráðast á persónur og annað þess háttar. En ég var einfaldlega að reyna að benda á að hér værum við komin inn á mjög hættulega braut. Akurnesingar væru búnir að glata yfirráðaréttinum yfir nýtingarrétti sínum á auðlindinni og hér eftir réðu þeir ekki ferðinni lengur.

Það hefur nú heldur betur sýnt sig, tel ég vera, á undanförnum mánuðum að þeir ráða ekki ferðinni lengur. Það eru einhverjir forstjórar í Reykjavík sem stjórna því hvað gert er með sjávarútveg á Akranesi í dag. Til að mynda núna á loðnuverðtíðinni hefur nánast enginn loðnufarmur borist til Akraness. Vegna hvers? Jú, þetta fyrirtæki keypti sig inn eða keypti upp fyrirtæki á Vopnafirði sem heimamenn höfðu keypt einmitt til að reyna að halda nýtingarréttinum að auðlindinni í byggðinni sinni. HB Grandi keypti upp sjávarútvegsfyrirtækið Þang á Vopnafirði og virðist núna þessa dagana vera að færa allan uppsjávarkvóta, sem m.a. var á Akranesi, yfir á Austfirði, til Vopnafjarðar og þar eigi að byggja upp uppsjávarvinnsluna í framtíðinni. Þetta er sú staðreynd sem blasir við. Þetta, ef af verður, er alveg gríðarlegt rothögg fyrir Akranes. Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi, sagði í viðtali við útvarpið á sínum tíma að HB stæði sennilega undir hátt í fjórðungi af öllum launatekjum á Akranesi og Akranes er fimm þúsund manna bær. Hér eru mjög alvarlegir hlutir á ferðinni.

Síðast í morgun fengum við þær fréttir að forstjóri HB Granda hefði hætt störfum. Hann var kannski síðasti vonarpeningurinn í þessu öllu saman, Sturlaugur Sturlaugsson, einn af HB-fjölskyldunni svokölluðu og í raun eini Akurnesingurinn sem eftir var í stjórn þessa fyrirtækis, en nú er hann á förum. Þar með hygg ég að síðasta hindrunin sé fallin úr vegi gegn því að forráðamenn HB Granda nái að sölsa þetta allt saman undir sig og fara fram eins og þeim sjálfum hentar án þess að taka nokkurt tillit til hagsmuna Akurnesinga á neinn hátt og það verði sagt við okkur Akurnesinga eins og sagt er við fólk á Stöðvarfirði: Þið getið bara étið það sem úti frýs. Þið eruð búin að fá göng og þið eruð búin að fá stóriðju og hvað eruð þið að kvarta?

En, virðulegi forseti, þetta er nú bara ekki svona einfalt vegna þess að við erum að tala um endurnýjanlega auðlind sem skapar mjög mikil verðmæti. Við erum að tala um aðganginn að þeirri auðlind. Það er mjög alvarlegt mál ef byggðarlag er í einu vetfangi svipt aðganginum að nýtingarréttinum að auðlindinni vegna þess að þetta er endurnýjanleg auðlind.

Ég tel að þessi þróun, bara þessi þróun ein og sér þar sem menn eru að versla með þennan nýtingarrétt fram og til baka leggi byggðirnar í rúst allt í kringum landið hægt og hægt. Það dregur úr mætti þeirra hægt og hægt og fólk sér alveg hvað er að gerast, það gerir sér alveg grein fyrir því hvað er hér á ferðinni. Ég tel að í raun muni þetta verða banabiti kvótakerfisins þegar upp verður staðið. Allir heiðvirðir Íslendingar munu sjá að þetta getur ekki gengið svona. Það getur ekki gengið að við séum að reyna að byggja upp landið með annarri hendinni og síðan leggja það allt í rúst með hinni og það á sama tíma.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt miklu lengra að sinni. En ég hef, herra forseti, miklar áhyggjur af mörgu í fiskveiðistjórn okkar og hef miklar áhyggjur af framtíð margra sjávarútvegsbyggða. Það hlakkar ekki í mér þó að ég leyfi mér að fullyrða að flest þeirra viðvörunarorða sem við í Frjálslynda flokknum höfum reynt að viðhafa hér á þingi og ann-

ars staðar í þjóðfélaginu mörg undanfarin ár eru einfaldlega rétt, þau eru einfaldlega sönn. Það er leitt til þess að vita að annars þokkalega vel gefnir menn skuli ekki geta opnað augun og horfst í augu við þetta og séð að við erum á rangri ferð, við erum á rangri vegferð, við erum að gera hlutina rangt, þetta skilar ekki þeim árangri sem við ætluðumst til og það er fyllilega kominn tími til að við förum að reyna að hugsa hlutina upp á nýtt og reyna að leita leiða til breytinga en ekki að reyna að festa meingallað kerfi í sessi, reyna að breiða út þann ranga boðskap að hér sé nánast komið á koppinn eins konar náttúrulögmál sem ekki sé hægt að breyta, það sé orðið of seint að reyna að breyta því og ekki þýði að reyna að berjast gegn þessu, að þetta sé bara komið til að vera. Það er alrangt.

Við í Frjálslynda flokknum höfum á takteinum aðferðir til að bakka út úr þessari vitleysu og við munum ekki hika við að gera það þegar okkar tími kemur, svo mikið er víst.

[17:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vissi eða réttara sagt taldi mig vita að minni mitt væri í nokkuð góðu lagi og fann fjórða bráðabirgðaákvæðið, hæstv. ráðherra, það er hérna í lögunum frá árinu 1999.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd til að endurskoða lög um stjórn fiskveiða. Skal þeirri endurskoðun lokið fyrir lok fiskveiðiársins 2000/2001."

Ég veit ekki hvort þær skóbætur sem við höfum verið að gera á lögunum af og til teljast endurskoðun. Endurskoðun í mínum huga er þegar menn setjast yfir lagabálk í heild sinni, fara yfir hann, fara yfir forsendur laganna, fara yfir hvaða afleiðingar þau hafa haft, hvaða gagn þau hafa gert þjóðfélaginu og meta á nýjan hátt og nýjan leik hvaða árangri menn hafi náð með þeirri lagasetningu sem sett var, því að öll höfum við ætlað að ná árangri fyrir íslenska þjóð eða ég geng a.m.k. út frá því að það hafi verið markmið okkar allra þó að við höfum misjafna sýn á stjórn fiskveiða og afleiðingar hennar eins og við höfum verið að rekja í dag.

En það er þá ljóst og best að láta bóka það í þingtíðindi að bráðabirgðaákvæðin eru a.m.k. fjögur um það að skoða lögin og endurskoða þau.

Ég ætla líka að fara fram á það við hæstv. ráðherra þar sem hann hefur haldið því fram hér í dag að þessar skýrslur hafi allar verið unnar, að hann sendi mér þær í réttri röð með tilvitnun til þeirra efnisgreina sem lögin kveða á um, hvað hafi verið skoðað, og ég fái skýrslurnar í hendur í réttri röð miðað við það sem unnið hefur verið.

Ég get líka í mestu vinsemd gert mér ferð upp í ráðuneytið og sest hjá ráðherra og við farið yfir þetta í rólegheitunum ef svo skyldi vera að þær væru ekki allar til á prenti, en ég hygg að þetta sé verk sem þurfi að líta aðeins á. Og í fullri alvöru, hæstv. ráðherra, þá held ég að eins og staðan er núna sé alveg orðið tímabært að fara að velta því fyrir sér og skoða hvaða árangri við höfum endanlega náð með núverandi fiskveiðistjórnarkerfi.

Eins og menn ræddu hér fyrr í dag og hv. þm. Sigurjón Þórðarson benti á hefur þorskaflinn ekki vaxið mikið undir lögunum um stjórn fiskveiða þó að ráðherrann telji það sérstakt afrek að hafa látið þorskstofninn sem slíkan nokkurn veginn standa í stað. En ég hygg að hafa megi ýmsar skoðanir á því, tel reyndar að stofninn sé minni en hann var þegar við lögðum af stað í þessa ferð.

En hvað um það, við höfum nú svo oft týnt 300 þúsund tonnum úr þorskstofninum undir vísindalegu eftirliti að sjálfsagt má deila um það fram og til baka.

Það er eitt atriði sem mig langar örlítið að ræða og víkja að við lok umræðunnar og það er eignarhaldið. Ég óttast mjög að eignarhaldið verði með þeim hætti að einstaklingarnir eigi aflaheimildirnar algjörlega í sjónum og fái þeim alveg ráðið án þess að þjóðin hafi þar mikið um að segja og er ég þá m.a. að vitna til þeirrar greinar sem skrifuð var í Morgunblaðið í morgun. Ég held að það sé léleg framtíð fyrir íslenska þjóð að eignarhaldið verði á höndum ákveðinna manna sem síðan verði með leiguliða til að nýta auðlindina. Það er eitthvað sem mér hugnast ekki mjög vel. Ég hygg að ef það verður framtíðin þá styttist í starfsmannaleigurnar sem verði notaðar til að nýta fiskveiðiréttinn okkar. Ef ég veit rétt er núna íslenskt skráð fiskiskip með algjörlega erlendri áhöfn að veiða fisk í íslenskri lögsögu. Ég held að skipið sé í eigu Samherja, sé færeyskt með færeyskri áhöfn. Ekki það að af mörgum þjóðum mundi ég velja Færeyinga öðrum fremur til að nýta með okkur lögsöguna. En ég bendi á þetta vegna þess að við höfum jú verið að sjá hér alls konar atvinnurekstur á undanförnum árum, m.a. uppi á hálendinu, og höfum verið í miklu baksi þar með starfsmannaleigur o.s.frv.

Ég held líka að afar nauðsynlegt sé að skoða réttarstöðu byggðanna og réttarstöðu fólksins í sjávarbyggðum. Þetta getur ekki gengið til framtíðar að við séum með svo mikla óvissu um atvinnurétt fólksins og sífellt að lenda í alls konar vandræðum og uppákomum og þurfa síðan að vera að reyna að bæta þar um með byggðakvótum og viðurlagakvótum þar sem atvinnubrestur verður í byggð. Fólk á rétt á því, sem býr í þessum sjávarbyggðum og hefur búið þar og sett sig þar niður, að hafa meira atvinnuöryggi og meiri festu í þeim réttindum sem tilheyra sjávarbyggðunum. Þetta held ég að menn verði að skoða mjög gaumgæfilega ef menn ætla yfirleitt að horfa til þess að einhvern tíma í framtíðinni geti orðið friður um þetta kerfi. Það verður aldrei friður um þessa útfærslu sem núna ríkir með allri þeirri óvissu sem þar er eða ég get ekki séð það fyrir mér.

Það er eitt atriði sem ég hef ekki nefnt og langar að koma aðeins inn á og það er fræðsla til ungmenna um íslenskan sjávarútveg. Eins og menn vita er ekki auðvelt fyrir ungliða að komast að í sjávarútvegi alveg reynslulausir og mér finnst líka þurfa að fræða nemendur á grunn- og framhaldsskólastigi um íslenskan sjávarútveg. Við höfum gert þetta á undanförnum árum með því að reka nokkurs konar námskeið um borð í hafrannsóknarskipinu Dröfn. Nú hefur það verið selt en það eru vissulega aðrir sem hafa haft áhuga á því að vera með námskeið fyrir ungt fólk í sjóvinnu og nýtingu auðlindarinnar. Ég man eftir einum miklum áhugamanni þar um sem heitir Karel og hefur starfað í Hafnarfirði, ég veit að hæstv. sjávarútvegsráðherra þekkir hann ágætlega.

Þessi mál eru í nokkru uppnámi. Við förum í gegnum

þessa umræðu þegar verið var að ákveða að selja hafrannsóknarskipið Dröfn og væri gott ef sjávarútvegsráðherra vildi vera svo vænn að svara því með nokkrum orðum hvað ráðuneytið leggi til við að styðja við aðgerðir um að slík fræðsla komist á og verði veitt ungmennum. Ég held að það sé mjög áhugavert að halda slíkri fræðslu áfram og vonast til þess að ráðherra sé að hugsa í þá veru að finna því farveg og langar þess vegna að spyrja um það í lokin hvaða möguleika hann sér í stöðunni með það.

Ég held ég muni það úr samningnum sem gerður var um sölu á Dröfninni að samið hafi verið um að Dröfnin mundi áfram sinna einhverjum rannsóknum fyrir Hafrannsóknastofnun. Hins vegar var ekkert minnst á fræðsluna og ég hef orðið var við það hjá kennurum að þeim fannst mjög mikils virði að sá möguleiki væri til staðar. Ég segi fyrir mitt leyti sem áhugamaður um sjávarútveg að ég sakna þess ef fræðslan dettur niður og mælist því eindregið til þess að ráðherrann hugi vel að því. Hann ætti að hafa nokkurt svigrúm til að koma að því máli og leysa þar úr brýnni þörf að mínu áliti.

[18:03]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þeirri endurskoðun sem hv. þingmaður vísaði til lauk þegar veiðileyfagjaldið var tekið upp 2002. Endurskoðunarnefnd skilaði skýrslu, endurskoðaði lögin og því ferli lauk með upptöku veiðileyfagjaldsins.

Varðandi skólaskipsverkefnið hefur ráðuneytið ráðstafað ákveðnum hluta af þeim fjármunum sem það hefur haft til þeirra hluta. Jafnframt hefur fengist fjárveiting frá Alþingi á móti og því verður haldið áfram svo fremi sem þeir fjármunir verða til reiðu til þeirra verkefna. Verið er að leita að heppilegu skipi fyrir verkefnið. Dröfnin er áfram inni í myndinni en önnur skip koma vissulega líka til greina og vonandi að það fáist farsæl niðurstaða í það mál.

[18:04]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mér sást yfir það áðan varðandi frumvarpið sem hér liggur fyrir að nefna þau ákvæði er varðar það sem við kölluðum áður fyrr svokallaðan hafróafla, þ.e. að skipum sé leyfilegt að koma með allt að 5% af afla botnfisks á hverju fiskveiðiári að landi án þess að það reiknist til kvóta.

Nú á að setja inn nýtt ákvæði þar sem leyfilegt á að vera að koma með allt að 0,5% af uppsjávarafla að landi. Mér leikur hugur á að vita hvort 5% séu ekki of lágt. Það kann að vera að einhver hafi spurt hæstv. sjávarútvegsráðherra að því áður í dag en það hefur þá farið fram hjá mér, sennilega á meðan ég var að hlaupa á milli húsa. Mig rekur minni til þess að ég var með nokkuð ítarlega fyrirspurn í fyrra til hæstv. ráðherra einmitt um meðaflann. Þar kom í ljós að allnokkur skip höfðu fyllt heimildina og þá vaknaði upp sú spurning hvort þetta væri of lágt, hvort það væri ekki full ástæða til að fara hærra, jafnvel upp í 10% til þess einmitt að gefa mönnum svigrúm til að koma með þann afla sem þeir veiða að landi án þess að eiga endilega fyrir honum kvóta þannig að hann verði að verðmætum.

Við vitum að eftir að reglan var samþykkt hefur hún skilað að landi mjög miklum verðmætum, fleiri hundruð milljónum sem hafa gagnast sjóði sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur yfir að ráða mjög vel og á að nýta þá peninga í rannsóknir.

Spurning mín til ráðherra á meðan hann er hér og ég hef tækifæri til að koma með hana er einfaldlega þessi: Væri ekki ástæða til að íhuga að hækka prósentuna úr 5% og jafnvel upp í 10%?

[18:07]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að mér teljist rétt til að ég sé að svara þessu efnisatriði í fjórða skipti í umræðunni.

Fimm prósentin eru ekki nein heilög tala. Hins vegar er langt frá því þegar á heildina er litið að það nái að nálgast 5%, ekki ef litið er á einstakar tegundir heldur. Ég veit ekki hvort það er eðlilegt að líta á landsvæði, byggðir eða einstök skip í þessu samhengi en sjálfsagt að sjávarútvegsnefndin skoði það og meti hvort 5% séu svo fjarri lagi í þessu sambandi að nauðsynlegt sé að breyta því.

[18:07]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel einmitt að það sé full ástæða til kortleggja þetta vel og fylgjast mjög grannt með þeim afla sem er að koma að landi með þessum hætti, hvaða skip eru á ferðinni og hversu margar útgerðir uppfylla þessa prósentu því hér eru svo sannarlega á ferðinni mikil verðmæti og mikill virðisauki fyrir þjóðfélagið og peningar sem ættu að öllu jöfnu og vonandi að gagnast okkur mjög vel, m.a. til rannsókna, og ekki veitir nú af fé til hafrannsókna. Það vitum við öll og sjávarútvegsráðherra að sjálfsögðu líka.

Það væri kannski ástæða til þess að endurtaka leikinn frá því í fyrra og senda hinum sömu fyrirspurn. Það var að vísu viðamikil fyrirspurn og að því er virtist mikil gögn sem lágu þar á bak við en kannski er einfaldast að gera þetta í tölvum og keyra í gegn prógramm sem skilar sömu niðurstöðum, en þá fyrir þann tíma sem liðinn er frá því að fyrirspurninni var skilað inn í fyrra. Þar voru athyglisverðir hlutir á ferðinni, við sáum t.d. að kvótalítil skip voru mjög dugleg við að landa svona afla en hins vegar brá svo undarlega við, og ég hef ekki fengið neina skýringu á því, að skip í eigu kvótasterkra útgerða voru ekki að landa neinu í hinn svokallaða hafrósjóð. Það fannst mér sæta mikilli furðu.

Það kann vel að vera að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi einmitt látið kanna það hver ástæðan sé fyrir þessu og hann geti kannski gefið okkur svör við þeirri spurningu hér og nú hvernig standi á því að það eru bara kvótalitlu skipin sem landa hafrófiski en ekki stóru útgerðirnar. Þær hljóta að vera að veiða gallaðan fisk, skemmdan fisk, fisk sem hefur verið í netum og jafnvel skemmst í trolli og annað þess háttar og sjá sér hag í því að landa í hinn svokallaða hafrósjóð þó ekki sé nema endrum og eins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 387. mál (gildistími laganna). — Þskj. 481.

[18:10]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 152 27. desember 1996, um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins hefur starfað frá árinu 1994. Hlutverk hans var að veita styrki til úreldingar fiskiskipa sem og að kaupa fasteignir sem nýttar voru til fiskvinnslu og framleiðslutæki sem þeim fylgdu. Einnig var sjóðnum heimilt að taka þátt í samræmdum aðgerðum lánastofnana við fjárhagslega og rekstrarlega endurskipulagningu sjávarútvegsfyrirtækja eða aðgerðum sem beindust að því að draga úr afkastagetu og greiða fyrir þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Síðar var sjóðnum falið að fjármagna að stórum hluta kaup á nýju rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina. Þróunarsjóður sjávarútvegsins yfirtók við stofnun sjóðsins eignir og skuldbindingar Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins sem og neikvætt eigið fé hlutafjárdeildar Byggðastofnunar og atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja. Í stofnefnahagsreikningi sjóðsins voru skuldir hans metnar tæplega 800 millj. kr. umfram eignir. Til að standa undir þessum viðamiklu verkefnum og fjárskuldbindingum voru lögð gjöld á eigendur fiskiskipa og um tíma á eigendur fiskvinnsluhúsa. Þessir aðilar hafa alfarið fjármagnað starfsemi sjóðsins.

Á árunum 1994–1997 voru 459 skip og bátar afskráð fyrir atbeina Þróunarsjóðs. Samtals voru þessi skip um 7.800 brt eða um 7% af þáverandi fiskiskipaflota landsins. Sjóðurinn keypti um 20 fiskvinnslustöðvar og tók þátt í allmörgum þróunarverkefnum. Með lögum nr. 152/1996 sem tóku gildi 1. janúar 1997 var hlutverk sjóðsins takmarkað við fjárhagslega umsýslu sjóðsins auk fjármögnunar nýs hafrannsóknarskips. Þá var gildistími laganna jafnframt takmarkaður við 31. desember 2009 og kveðið á um að eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma skyldu renna til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Með lögum nr. 51/2004 var frá 1. september sl. var felld niður skylda eigenda fiskiskipa til að greiða í Þróunarsjóð sjávarútvegsins en þess í stað tekið upp frá sama tíma veiðigjald sem sömu aðilar greiða í ríkissjóð. Þar til um síðustu áramót hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins verið rekinn með neikvæðu eigin fé. Samkvæmt endurskoðuðum efnahags- og rekstrarreikningi Þróunarsjóðs var staðan eftirfarandi um síðustu áramót, þ.e. áramótin 2003–2004: Eignir voru samtals 3.520.727.307 kr., skuldir 3.041.632.189 kr. og eigið fé 402.990.844 kr.

Við þessi tímamót er því lagt til að gildistími laganna verði styttur þannig að þau falli úr gildi 1. júlí 2005 í stað 31. desember 2009. Jafnframt er lagt til að sjóðurinn verði gerður upp og eftirstöðvar renni í Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Fjármagninu verði eftir sem áður varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar eins og kveðið er á um í gildandi lögum.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni 1. umr. verði frumvarpinu vísað til hv. sjávarútvegsnefndar.

[18:13]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé rétt og nauðsynlegt að þetta fjármagn renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, sjóðs sem starfar orðið á eigin forsendum undir sjávarútvegsráðherra, hvort það sé ekki rétt að það renni bara til verkefna á vegum sjávarútvegsmála og sé úthlutað af Alþingi.

Ég get heldur ekki séð að það sé neitt rétt í því að það sé bundið í lögum að fjármagninu sé varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar. Það eru ýmis önnur verkefni sem hægt væri að vinna að án þess að gert sé að skilyrði í lögum að Hafrannsóknastofnun vinni að þeim verkefnum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort þarna sé ekki verið að stíga mjög þröng og skammsýn skref, það sé miklu réttara að þetta fari og sé til úthlutunar á meiri alhliða hátt.

Fram kemur að sjóðurinn varð til m.a. vegna framlaga frá fiskvinnsluhúsum. Gæti ekki verið rétt að sjóðurinn sem á að nema 300–400 millj. kr. færi í að styðja við minnstu fiskvinnsluhúsin sem berjast í bökkum vegna erfiðrar stöðu gengis og stjórn fiskveiða, t.d. eins og á Hofsósi og Stöðvarfirði? Mér finnst allt of þröngar skorður settar varðandi ráðstöfun fjárins í lögunum.

[18:16]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú er ég svo aldeilis hissa. Samkvæmt þeim lögum sem Þróunarsjóður starfar eftir er gert ráð fyrir að ef einhverjir fjármunir verði afgangs renni þeir til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar. Miðað við þá umræðu sem hér hefur farið fram, bæði í þingsalnum í vetur, í fyrravetur og áður og eins það sem ég hef fregnað af fundum nefndarinnar, sjávarútvegsnefndar, hafa þingmenn hver um annan þveran talað um að auka þurfi fjármuni til hafrannsókna og talað um að Hafrannsóknastofnun hafi ekki nægа fjármuni til þess að sinna verkefnum sínum. Núna þegar lítur út fyrir að fjárhagur Þróunarsjóðsins sé jákvæður og að einhver afgangur verði þannig að hægt sé að uppfylla lagaskyldu um hvernig ráðstafa eigi fjármununum, þá stekkur hv. þm. Jón Bjarnason til og vill fara að ráðstafa þessum fjármunum einhvern veginn öðruvísi, ekki að setja þá í Verkefnasjóðinn þar sem þeir eru þá í samhengi við aðra fjármuni sem er úthlutað til hafrannsókna, ekki að setja sjóðinn til Hafrannsóknastofnunar heldur til einhverra annarra sem eiga að vera í hafrannsóknum, ekki að setja hann í hafrannsóknir heldur til einhverra annarra hluta sem hann telur að sé þörf á innan sjávarútvegsins, ekki að það sé þá Hafrannsóknastofnun eða sjávarútvegsráðuneytið sem fari með hann heldur að honum sé ráðstafað af einhverjum öðrum aðilum. Var þá ekkert að marka það sem menn voru að segja hér, að þeir teldu að þörf væri á meiri fjármunum til hafrannsókna, að þörf væri á meiri fjármunum til Hafrannsóknastofnunar?

Sjónarmið mitt hefur verið að Hafrannsóknastofnun gegni ágætlega skyldu sinni, en það sé fullt af verkefnum, nánast óendanleg verkefni sem hún geti sinnt og mundu

sóma sér vel á verkefnaskrá hennar og hún gæti uppfyllt mjög vel.

[18:18]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. sjávarútvegsráðherra veldur mér nokkrum vonbrigðum fyrir þröngsýnina. Það er nú meira að segja svo í þessu lagafrumvarpi að það á ekki einu sinni að leyfa ræfilsverkefnasjóði sjávarútvegsins að úthluta þessu *fjármagni á eigin forsendum heldur er boðið að hann skuli* veita það til Hafrannsóknastofnunar. Af hverju er það þá ekki bara sett beint þangað? Mér finnst þetta orðalag vera hnútur á hnút ofan sem ekki passi. Ég er alls ekki að kasta rýrð á verkefni Hafrannsóknastofnunar og tek alveg undir með hæstv. ráðherra að auka þurfi hafrannsóknir og gera þær öflugri og markvissari en nú er unnið að. Er ég þá ekki að kasta rýrð á þau störf sem unnin eru. En mér finnst rangt að binda þetta svona, úthluta þessu til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, sem hefur eigin stjórn og úthlutunarreglur, binda það að hann megi bara láta Hafrannsóknastofnun hafa þá, mér finnst þetta ekki vera rétt.

Ég varpa líka fram þeirri hugmynd sem mér finnst að hæstv. sjávarútvegsráðherra hefði einmitt átt að velta fyrir sér hvort væri rétt að skoða, að þessu fjármagni sem kemur fram sem ein upphæð og er til ráðstöfunar bara einu sinni, henni verði varið til einmitt sérgreindra aðgerða til þess að styrkja sjávarútveginn í landinu, því það dugar lítið að vera með hafrannsóknir og rannsóknir á fiski í sjónum ef fiskvinnsluhúsin eru komin yfir um. Það er erfið staða á litlum fiskvinnsluhúsum, eins og ég nefndi á Hofsósi og fiskvinnslunni á Stöðvarfirði, kannski væri skynsamlegt að verja þeirri upphæð þangað, það væri rétt að skoða, því þessi upphæð á væntanlega að fara til þess að styrkja stoðir sjávarútvegsins í heild.

[18:20]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Gerir hv. þingmaður sér grein fyrir að með því að gera breytingar á þeim lögum sem nú eru um Þróunarsjóðinn, hvernig eigi að ráðstafa þessum fjármunum, væri verið að taka fjármuni af Hafrannsóknastofnun, fjármuni sem hún á samkvæmt lögum í dag að fá til hafrannsókna? Gerir hann sér grein fyrir því? Fer það saman við það sem hann segir að hann telji að meiri fjármuni þurfi til hafrannsókna en ætli síðan að taka þá fjármuni af sem lögin segja að eigi að fara til hafrannsókna og Hafrannsóknastofnunar? Það eru þversagnir í málflutningi hv. þingmanns. Þetta eru þversagnir. Ég geri mér grein fyrir að hv. þingmaður vill gera gott mjög víða, en það er ekkert sem styrkir sjávarútveginn meira en það að standa fyrir góðum rannsóknum. Við eigum, eins og ég hef haldið að væri samhljómur um hér í þingsalnum, að standa vörð um Hafrannsóknastofnun og þau góðu verk sem þar eru unnin, standa vörð um hafrannsóknir og ekki að taka þá peninga af sem stofnunin samkvæmt lögunum hefur í dag.

[18:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það frumvarp sem við ræðum nú er um að nýta fjármuni sem safnast hafa upp í Þróunarsjóði sjávarútvegsins, en hann hafði það hlutverk að úrelda notuð fiskiskip og síðar á sínum starfstíma að úrelda fiskvinnslustöðvar, en var svo tekinn úr sambandi úr því hlutverki og tók við vörslu á Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins til viðbótar. Ljóst var sennilega á árinu 1999 að Þróunarsjóðurinn mundi fá fjármuni vegna umsýslu sinnar sem menn höfðu kannski verið búnir að afskrifa og tengdist starfsemi Hagræðingarsjóðsins á sínum tíma. Ég held að hægt sé að finna því fjármagni sem er í Þróunarsjóðnum ýmis verkefni, þó að ég geri ekki lítið úr því að standa þurfi vel að hafrannsóknum.

Hæstv. forseti. Árið 1999 lagði sá sem hér stendur ásamt fjórum öðrum þingmönnum, einum úr hverjum stjórnmálaflokki, fram frumvarp um að hluti af þeim fjármunum sem yrðu til ráðstöfunar úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins þegar hann yrði gerður upp rynni til þess að varðveita söguminjar okkar að því er varðar gömul skip. Ég taldi eðlilegt að sá sjóður sem áður hafði séð um að úrelda flotann að stórum hluta fengi þá það hlutverk í lok starfstíma síns, svo framarlega sem í honum yrðu nokkrir fjármunir, að þaðan yrði tekið eitthvert fé til að gera átak í því að vernda fiskveiðiminjar okkar með því að viðhalda og gera upp gömul fiskiskip sem hefðu merka sögu.

Þetta var efni frumvarpsins á sínum tíma og það var rætt við 1. umr. og vísað til sjávarútvegsnefndar. Efnislega var það svo afgreitt sem þingsályktunartillaga frá sjávarútvegsnefnd. Sú þingsályktun var samþykkt í hv. Alþingi 9. maí árið 2000, fyrir þinglok árið 2000. Þar var beinlínis gert ráð fyrir að til varðveislu gamalla skipa skyldi koma fé m.a. úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins, eins og þar sagði í texta, til að gera átak í að varðveita sögulegar minjar úr skipaflota okkar. Ég held að full þörf sé á því, hæstv. forseti, að taka á í þeim efnum.

Það var sem sagt samhljóða samþykkt Alþingis á sínum tíma að gera þetta og sú tillaga var samþykkt samhljóða eins og ég sagði og vísað til ríkisstjórnarinnar. Forsætisráðherra hefur upplýst í svörum um þá tillögu að hann hefði falið menntamálaráðherra að vinna að framkvæmd hennar. Nýlega var hún rædd hér í þingsölum og farið stuttlega yfir.

Það eru nokkur verkefni sem ég tel að þurfi verulegt fé til að bjarga sögu okkar. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið en leyfi mér að nefna eitt mjög áberandi dæmi. Það er skipið Kútter Sigurfari á Akranesi. Þetta er eina skipið af þeirri tegund sem við Íslendingar eigum. Það er staðreynd að skrokkur skipsins hefur látið mjög á sjá þar sem hann er varðveittur á Byggðasafninu. Ég hygg að verulega fjármuni þurfi til þess að endurgera það skip svo vel fari. Og ég hefði talið það verðugt verkefni Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, við slit hans, að teknir væru frá fjármunir til m.a. að takast á við það verkefni og ef til vill einhver önnur verkefni á landinu þar sem mætti leggja til einhverja fjármuni sem dreifðust um landið, t.d. á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum og í Vestmannaeyjum eða á Suðurlandi, í einhver tiltekin verkefni sem mönnum fyndist að þyrfti sérstaklega að gera átak í.

Ég nefni Sigurfara alveg sérstaklega vegna þess að hann verður ekki endurgerður nema með verulegum fjármunum. Ég veit ekki hvaða tölu ég ætti að nefna í því, mér kæmi ekkert á óvart þótt endurgerð hans hlypi á tugum milljóna. Ég tel að við eigum að takast á við það verkefni og þar sem Þróunarsjóður sjávarútvegsins hafði nú það verkefni á sínum tíma að eyða skipum, þá held ég að sé vel til fallið að hann fái líka það verkefni að hluta til að varðveita okkar elstu skip. Þess vegna hefði ég mælst til þess við hæstv. sjávarútvegsráðherra að hann léði því nú virkilega máls þegar þetta mál fer til sjávarútvegsnefndar að einhverjum hluta af þessum peningum, eigum við að segja kannski einum þriðja eða einum fjórða væri varið til þess að gera átak í því að bjarga menningarverðmætum eins og Kútter Sigurfara frá skemmdum, nánast eyðileggingu að mínu viti, þó svo að meginféð sem hér fellur til, sem yrði sennilega í kringum 400 milljónir, verði til þess að styrkja hafrannsóknir og efla þær, sem ég geri alls ekki lítið úr. Það er vissulega þörf á því.

Við megum ekki gleyma því, hæstv. forseti, að tillagan var samþykkt af þingheimi og í þingsályktuninni stendur alveg skýrt að þar sé m.a. horft til fjármuna úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins þannig að vilji Alþingis að þessu leyti var alveg skýr. Menn horfðu á hluta þeirra fjármuna til að takast á við þetta verkefni.

Þess vegna vek ég nú athygli á þessu, hæstv. forseti, að hér er verið að ræða sérstaka tillögu um að leggja Þróunarsjóðinn niður og að öllum hans fjármunum skuli varið í eina átt, en ég tel að Alþingi hafi lýst vilja sínum til að hluti af fénu færi í önnur verkefni og mælist til þess við hæstv. sjávarútvegsráðherra að menn leiti nú sátta í því að þannig nái vilji Alþingis fram að ganga sem til stóð og menn finni þar leið. Ég veit að hæstv. sjávarútvegsráðherra skoðar þau mál og sjávarútvegsnefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar mun fara yfir þessi sjónarmið. Þessi samþykkt Alþingis liggur hér fyrir og við höfum fengið svör ráðherranna um það að verið væri að reyna að vinna þessu framgang og efni ályktunarinnar var skýrt á sínum tíma.

[18:30]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem við tökum nú um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins er á vissan hátt framhald af þeirri umræðu sem við tókum í sal hins háa Alþingis í maí sl. Verið er að leggja til að þeir peningar sem eftir verða í Þróunarsjóðnum, um 400 millj., renni heilar og óskiptar í Verkefnasjóð sjávarútvegsins.

Eins og segir hér orðrétt og bent hefur verið á: „... andvirði þeirra varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar."

Ég vil fyrir það fyrsta gera þá athugasemd að ég tel alveg nægilegt í texta 1. gr. frumvarpsins að sagt verði: Andvirði þeirra varið til hafrannsókna. Það þarf ekki að tilgreina sérstaklega að rannsóknirnar eigi að fara fram á vegum Hafrannsóknastofnunar.

Það er alveg rétt sem hæstv. sjávarútvegsráðherra benti á að við höfum margoft sagt að það þurfi aukið fé í hafrannsóknir og ég sagði það nú síðast áðan og stend við það. En það er ekki þar með sagt að eina stofnunin sem sé hæf til að stunda hafrannsóknir á Íslandi sé Hafrannsóknastofnun. Það eru margir aðrir mjög hæfir vísindamenn hér á landi sem starfa við aðrar stofnanir og líka hæfir vísindamenn sem starfa sjálfstætt sem gætu sinnt hafrannsóknum. Ég tel að það væri mjög gagnlegt fyrir framgang og framþróun vísinda hér á landi, hafrannsókna og fiskifræði m.a. að við héldum þeim möguleika opnum að hægt væri að veita fé m.a. úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins til fleiri aðila en Hafrannsóknastofnunar sem er jú ríkisstofnun. Heilbrigð samkeppni er alltaf af hinu góða og það gildir líka um vísindarannsóknir og það ætti hæstv. sjávarútvegsráðherra að gera sér grein fyrir.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson minntist á að þörf sé á að veita fé í að sinna því að halda við gömlum skipum, sem oft á tíðum eru merkar minjar, og ég get tekið undir það. Maður hlýtur að nota tækifærið til að minna á að það var samþykkt í þinginu þingsályktunartillaga í maí árið 2000 þar sem Alþingi fól ríkisstjórninni að undirbúa tillögu um hvernig staðið skyldi að varðveislu gamalla skipa og báta og að Þróunarsjóður sjávarútvegsins ætti að taka þátt í því. Það er á vissan hátt rökrétt að peningarnir séu alla vega að einhverjum hluta notaðir í þetta. Það vantar mikla peninga til þess að sinna þessu mjög svo verðuga verkefni.

Því miður hefur ekkert orðið úr efndum þeirrar þingsályktunar þótt liðin séu hartnær fimm ár og á sama tíma hefur fornskipastóli landsmanna, ef svo má segja, náttúrlega hrakað enn meir en orðið var og er það náttúrlega mjög miður. Ég flutti hér langa ræðu um þetta í maí sl. og sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka hana hér og nú aftur í smáatriðum.

Ég vil að lokum benda á að ég sendi inn fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrr í vetur einmitt um Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Þar spurði ég m.a. hvenær sjóðurinn hefði tekið til starfa og hverjir sitji í stjórn hans. Sjóðurinn er nýr, hann var stofnaður með lögum 20. desember árið 2003 og í honum sitja þrír embættismenn sem allir starfa hjá sjávarútvegsráðuneytinu, sem sagt undirmenn hæstv. sjávarútvegsráðherra.

Nú er hæstv. sjávarútvegsráðherra ekki í salnum, hann er horfinn. Ég vona að hann heyri til mín þannig að hann komi hingað sem fyrst því mig langar til að spyrja hann að því hvort hann telji ekkert athugavert við að honum einum nánast séu falin algjör yfirráð yfir sjóði sem getur útdeilt verulega háum fjárhæðum til tiltekinna verkefna sem eiga eingöngu að fara fram innan veggja Hafrannsóknastofnunar, þ.e. fyrir þá peninga sem nú eru í Þróunarsjóði sjávarútvegsins.

Á yfirliti í svari frá hæstv. sjávarútvegsráðherra til mín fyrr í vetur sést að eitthvað af peningum hefur líka runnið til Fiskistofu til eftirlitsstarfa, en það hafa líka runnið peningar úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins til Hafrannsóknastofnunar. En — og ég hef gagnrýnt það í heyranda hljóði og geri það enn — ég tel mjög varhugavert að við felum einum manni, sem er hæstv. sjávarútvegsráðherra, án þess að ég ætli neitt að fara að tala illa um hann með neinum hætti, þá tel ég mjög varhugavert að einum manni séu nánast fólgin algjör yfirráð yfir eins stórum sjóði, því mér sýnist að sjóðurinn geti hlaupið á hundruðum milljóna í fram-

tíðinni ef fram fer sem horfir.

Mig langar þess vegna, virðulegi forseti, til að beina nokkrum spurningum til hæstv. sjávarútvegsráðherra, hvort hann sem talsmaður frelsis, hann hefur lýst því yfir að hann sé frjálshyggjumaður og ég býst við að það gildi líka um vísindi og rannsóknir, sé hlynntur því að það komi punktur á eftir „til hafrannsókna", í 1. gr. frumvarpsins. Við séum ekki eingöngu að takmarka þetta við Hafrannsóknastofnun heldur reynum að nota peningana til að ýta undir frelsi og heilbrigða samkeppni í hafrannsóknum hér við land.

Spurning númer tvö er hvort hann telji ekki varhugavert að hann ráði einn yfir þessum mikla sjóði framtíðarinnar.

Þriðja spurning er hvort hann teldi ekki að það væri alla vega einnar messu virði og skoðandi að veita þó ekki væri nema eitthvað af peningunum í að reyna að viðhalda og jafnvel bjarga þeim mikla menningararfi þjóðarinnar sem er falinn í gömlum skipum, sem eru því miður að grotna niður víða um land einmitt vegna fjárskorts.

[18:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það eru athyglisverð sjónarmið sem fram hafa komið hjá tveimur síðustu ræðumönnum, m.a. að takmarka ekki ráðstöfun þeirra fjármuna sem hér um ræðir við hafrannsóknir hjá Hafrannsóknastofnun. Ég er þeirrar skoðunar að Hafrannsóknastofnuninni sem slíkri veiti ekki af þeirri viðbót sem þarna um ræðir í rannsóknum sínum og við eigum að halda okkur við þá ákvörðun sem Alþingi tók 1997 að láta þá fjármuni renna til Hafrannsóknastofnunar. Ég tel hins vegar skynsamlegt að þetta sé sett í Verkefnissjóðinn og renni í gegnum hann til þess að ráðstöfun þeirra fjármuna sé í samhengi við aðra fjármuni sem ráðstafað er í þessum tilgangi og geti kannski á þann hátt tengst ráðstöfun fjármuna til annarra aðila sem rannsóknir stunda á þessu sviði.

Varðandi það að varhugavert sé að einn maður fari með ráðstöfun svo mikilla fjármuna held ég að það teljist ekki sérstaklega miklir fjármunir í því samhengi sem ríkisfjármálin eru og ráðstöfun fjármuna sem um er að ræða hjá ráðuneytunum. Ég hef því ekki sérstakar áhyggjur af þeim þætti.

Hvað varðar fiskveiðiminjarnar er þar sannarlega um verðugt verkefni að ræða, það er verðugt verkefni að varðveita sjávarminjar og stuðla að því að við séum sem best upplýst um sögu sjávarútvegs okkar og hvernig á málum hefur verið haldið í gegnum aldirnar. Hins vegar er það í mínum huga allt annað verkefni. Þó að við viljum ráðstafa fjármunum til að varðveita fiskveiðiminjar eigum við ekki að láta það gerast á þann hátt að við drögum úr þeim fjármunum sem við höfum þegar ákveðið að ráðstafa til hafrannsókna. Ég held að það sé í fullkomnu ósamræmi við þá umræðu sem hér hefur farið fram og þeir þingmenn sem um það hafa talað að við þyrftum að efla hafrannsóknir okkar, efla Hafrannsóknastofnunina, ef þeir ætla að fara að rýra fjármuni stofnunarinnar til hafrannsókna með því að taka af fjármununum til þess að varðveita fiskveiðiminjar hefur einfaldlega ekki verið að marka það sem þeir sögðu um hug sinn til hafrannsókna.

Við skulum leita annarra fjármuna til þess að varðveita fiskveiði- og sjávarútvegsminjarnar, og eins og fram kom hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, að eftir umræður við forsætisráðherra var málinu vísað til menntamálaráðherra. Þar er varðveisla fornminja og varðveisla menningarminja, það er hlutverk þess ráðuneytis og þeirra stofnana sem þar eru. Hins vegar er hlutverk Hafrannsóknastofnunar og hlutverk sjávarútvegsráðuneytisins að standa fyrir hafrannsóknunum og samkvæmt þeim lögum sem við búum við í dag er fjármununum ætlað að renna til þeirra. Ég tel að við eigum að láta þá fjármuni sem hér um ræðir renna heila og óskipta til hafrannsókna og tel að ekki veiti af.

[18:42]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel mjög varhugavert að eyrnamerkja peningana Hafrannsóknastofnun einvörðungu. Það er ekki verið að tala um að rýra fjármuni til Hafrannsóknastofnunar, umræðan snýst jú um að veita alla vega verulegum hluta af peningunum til Hafrannsóknastofnunar. Við vitum að þeir peningar sem Verkefnasjóður sjávarútvegsins *hefur haft til umráða hafa að mjög stórum hluta farið* einmitt beint til Hafrannsóknastofnunar, verið viðbót við þá peninga sem stofnunin hefur annars fengið á fjárlögum.

Hér er um verulegar upphæðir að ræða. Fram kom í svari frá hæstv. sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn sem ég sendi honum í vetur að í Verkefnissjóð sjávarútvegsins hafi runnið frá áramótum 2003–2004 þangað til í haust 125 millj. og af þeim hafi verið úthlutað rúmum 122 millj. í mörg mismunandi verkefni. Verkefni sem eru góðra gjalda verð, ég ætla alls ekki að draga úr því, en þetta eru verulegir fjármunir sem einum manni er falið að deila út og veitir honum mikil völd, ef svo má segja, og ég geld varhuga við því að þetta verði gert með þessum hætti.

Varðandi Þróunarsjóðinn og að það sé óeðlilegt að peningum úr Þróunarsjóði sé varið til þess að varðveita minjar í tengslum við sjávarútveginn finnst mér það ekki óeðlilegt, vegna þess að sjóðurinn var notaður til að veita styrki til úreldingar fiskiskipa og úreldingar á fasteignum og öðru, framleiðslutækjum í tengslum við sjávarútveg. Það má eiginlega segja að sjóðurinn hafi á vissan hátt verið ábyrgur fyrir því að allt of margir bátar sem við áttum áður fyrr voru sendir beint á bálið og hús voru rifin og annað þar fram eftir götunum. Mikið af minjum fór til spillis.

[18:45]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að við verjum miklum fjármunum til hafrannsókna en við þurfum líka mikla fjármuni til hafrannsókna. Við höfum verið að auka fjármunina sem hefur verið varið til hafrannsókna, það er rétt, og við eigum að auka þá enn frekar. Það veitir ekkert af því. Sjávarútvegurinn hefur verið grundvallaratvinnuvegur þjóðarinnar. Það er ekkert sem bendir til annars en að hann muni áfram verða grundvallarstoð í íslensku efnahagslífi og til þess að hún megi nýtast okkur sem best verðum við að leggja í verulegar rannsóknir á vegum þeirrar stoðar efnahagslífsins. Þess vegna eigum við ekki að rýra þá fjármuni sem Alþingi ákvað 1997 að skyldu renna í þetta

verkefni. Það er í fullkomnu ósamræmi við þann málflutning sem hafður hefur verið uppi á hv. Alþingi á síðustu missirum þegar hafrannsóknir hafa verið til umræðu.

[18:46]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki séð að ég sé á neinn hátt að mæta sjálfum mér í dyrunum með málflutningi mínum í þessu tiltekna máli. Ég sakna þess að hæstv. sjávarútvegsráðherra skuli ekki svara spurningu minni um það hvort honum þyki ekki óeðlilegt að hann einn skuli hafa með höndum þetta mikla vald hvað varðar fjárveitingar og fjármögnun á hafrannsóknum hér við land og að hann skuli ákveða það sjálfur nánast einhliða, því ég reikna með að embættismennirnir þrír sem stjórna þessum sjóði geri það sem þeim sé sagt að gera frá hendi ráðherra sem er jú yfirmaður þeirra og ber ábyrgð á verkum þeirra. Það kemur hér í ljós að um er að ræða mörg rannsóknarverkefni sem eru góðra gjalda verð en ég efast í raun stórlega um það, þó að ég viti að hæstv. ráðherra er vel menntaður maður, að hann hafi alltaf fullar forsendur til að taka ákvarðanir um hvað beri að rannsaka og hvað megi bíða.

[18:47]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sú þingsályktun sem ég vitnaði hér til á sínum tíma var ágætlega skýrt orðuð, held ég. Hún var samin af sjávarútvegsnefnd og flutt af formanni sjávarútvegsnefndar sem þá var starfandi, Kristni H. Gunnarssyni, ef ég man rétt. Það segir svo í þeirri ályktun sem samþykkt var árið 2000:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um hvernig skuli staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilsverðar minjar um atvinnu- og byggðasögu. Í því sambandi verði mótaðar reglur um fjármögnun, sem m.a. Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í, og varðveislugildi báta og skipa skilgreint."

Ég held að okkur hafi verið alveg ljóst sem stóðum að þessari tillögu að til voru lög um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og hvað í þeim stóð. Hitt liggur alveg ljóst fyrir að þarna lýsti Alþingi þeim vilja sínum að fjármögnun skyldi m.a. að hluta til vera frá Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Þessi tillaga sem samþykkt var ofan í lögin um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, þ.e. þessi þingsályktun þó að hún hafi ekki lagagildi, er skýr vilji Alþingis um það að hluti af þessum fjármunum skuli fara í þetta verkefni. Ég mælist eindregið til þess að menn skoði það í fyllstu alvöru hvernig það verkefni má fram ganga því ég kem ekki auga á, miðað við þá peninga sem við höfum látið í varðveislu skipa á undanförnum árum, hvernig við ætlum svo vel fari að takast á við stórverkefni í varðveislu sögulegra minja eins og Kútter Sigurfara á Byggðasafninu á Akranesi sem er eina eintak sinnar tegundar sem við eigum. Ég held að því væri vel varið.

[18:49]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að agnúast út í að það þurfi fjármuni til að varðveita sjávarminjar, en ítreka það sem ég sagði áðan um þá ríku hagsmuni sem fylgja því að leggja fé í hafrannsóknir og hvað það skiptir miklu máli fyrir þjóðfélagið. Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að þingsályktun upphefur ekki lög frá Alþingi. Staðan er sú í dag að þessir fjármunir eiga samkvæmt lögunum að renna til hafrannsókna og okkur veitir ekkert af þeim. Ég hef ekki orðið var við annað á hv. Alþingi á undanförnum missirum en að menn vilji efla hafrannsóknir. Ef menn ætla að standa við þau orð sem þar hafa fallið gera menn það ekki með því að rýra þá fjármuni sem lög standa til að renni til hafrannsókna.

[18:50]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að okkur hæstv. sjávarútvegsráðherra greini ekki á um áhuga á að standa að hafrannsóknum hér við land. Ég tek undir þau sjónarmið sem komið hafa fram, bæði í máli hans og annarra í dag að það er auðvitað mikil þörf á því að halda úti öflugum hafrannsóknum, sérstaklega á þeim tímum sem við upplifum nú þegar sjávarhiti er að breytast verulega í hafinu umhverfis Ísland og við sjáum óðruvísi hegðunarmunstur hjá fiskstofnum og fisktegundum en við höfum kannski séð lengi áður og jafnvel aldrei upplifað með þeim hætti að vera að rannsaka þær undir þessum kringumstæðum, þ.e. við þær hitabreytingar sem eru að verða í hafinu. Ég geri því ekki lítið úr því að efla þurfi hafrannsóknir og taka vel á í þeim efnum. Það á jafnt við um hafsvæði fjær landinu og innfjarða, en ég tel hins vegar að það sé vel hægt að vinna að þeim verkefnum þó að eitthvert fé úr Þróunarsjóðnum fari í þetta verkefni.

[18:52]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil vel að menn vilji gera góða hluti á báða bóga en menn nota einfaldlega ekki sömu krónuna til þess að gera tvo hluti í einu. Það hefur þegar verið ákveðið með lögum að ráðstafa þessum fjármunum til hafrannsókna og okkur veitir ekkert af þeim. Það er ekki hægt að skjóta sér bak við að þetta sé einhvern veginn óðruvísi. Ef menn rýra þessa fjármuni þá er verið að draga úr þeim möguleikum sem við höfum til þess að rannsaka umhverfið. Eins og hv. þingmaður vitnaði til þá er mjög margt að gerast í lífríkinu í kringum okkur sem veitir ekki af að rannsaka og við þurfum á þessum peningum að halda til þess að gera það vel.

[18:53]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst hæstv. ráðherra vantreysta Alþingi nokkuð þegar ráðherrann talar um fjármagn til Hafrannsóknastofnunar. Nú er Hafrannsóknastofnun á fjárlögum. Hún er A-hluta stofnun, fjárreiður hennar og fjárveitingar eru beint á ábyrgð Alþingis. Það er Alþingis að styrkja og efla rannsóknir á vegum stofnunarinnar sem gert er á fjárlögum á grundvelli beiðna bæði stofnunarinnar og ráðuneytisins. Ég veit ekki betur en það sé líka stefna

hæstv. ríkisstjórnar, a.m.k. hefur það oft komið fram í máli hæstv. fjármálaráðherra að ekki eigi að vera með sérmarkaða tekjustofna til A-hluta stofnana á vegum ríkisins, þær eru á beinum fjárlögum, enda stríðir það líka gegn fjárreiðulögum að svo sé gert. Þannig að við sem viljum auknar hafrannsóknir viljum að sjálfsögðu láta það fara sinn eðlilega farveg í gegnum fjárlögin eins og lög kveða á um.

Hins vegar þegar verið er að ræða um einskiptisráðstöfun á fé eins og hér er verið að tala um þá er mjög eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort þeirri úthlutun geti ekki verið varið til einhverra verkefna sem eiga sér þá líka afmarkaðan sess í tíma. Það er það sem verið er að ræða hér. Ég held að hæstv. ráðherra ætti frekar að taka undir með okkur (Forseti hringir.) um að hvetja Alþingi til að standa betur að fjárveitingum til hafrannsókna eins og því ber.

[18:55]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst það mjög einkennilegt sjónarmið að það skipti einhverju máli hvaðan fjármunirnir koma hvort þeir nýtist vel til hafrannsókna eða ekki. Ég get ekki séð að það sé neitt í fjárreiðulögunum sem bannar það að Alþingi ráðstafi fjármunum á þennan hátt sem Alþingi hefur gert. Ég get ekki séð neitt því til fyrirstöðu í fjárreiðulögunum. Sjónarmið hv. þingmanns er mjög einkennilegt. Það er svona eins og að fá upp í hendurnar fjármuni og það eigi að nota þá hér og þar og alls staðar, tvisvar, þrisvar, fjórum sinnum, en gleyma svo stóru verkefnunum sem búið er að tala um við önnur tækifæri. Var þá allt talið um að auka hafrannsóknir bara einhvers konar skrum? Þegar svo einhverjir peningar koma fyllast augun einhverri glýju um að menn geti deilt þeim út og suður í eitthvað annað sem þá er orðið miklu meira spennandi en hafrannsóknirnar sem menn töluðu einu sinni um. Þær eru bara upphrópun þegar það passar en síðan þegar eitthvað annað kemur þá er það miklu sniðugra. Ég verð að segja það, frú forseti, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með málflutning hv. þingmanns í þessu efni.

[18:56]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get svo sem tekið undir með hæstv. ráðherra að það sé erfitt að treysta á hann og Alþingi varðandi fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunar og þess vegna var þessi AVS-sjóður stofnaður. Þarna er gríðarlegt fjármagn tekið undan Alþingi sem fer í almenna ráðstöfun. Mér finnst því orð hæstv. ráðherra beinast fyrst og fremst að því að hann vantreysti Alþingi til að veita nægilegt fjármagn á fjárlögum til Hafrannsóknastofnunar. Undir þeim meiri hluta sem nú er get ég vel tekið undir að það sé ástæða til að vantreysta meiri hluta Alþingis til að ráðstafa á fjárlögum nauðsynlegu fé til rannsókna og þróunarstarfs og þá grípur hann í þetta haldreipi, eins og maður sem hefur dottið í vök og hangir á skörinni, til að ná í þetta fjármagn sem hér er um að ræða. Ég skil vörn ráðherrans en mér finnst hún ekki vera þingræðislega rétt. Ef hér væri vel að málum staðið tæki Alþingi á málum Hafrannsóknastofnunar eins og vera bæri.

[18:58]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Vantreysti ráðstöfun Alþingis á fjármunum? (**JBjarn:** Já ...) Ég var nú tvö kjörtímabil í fjárlaganefndinni, í sérnefnd um fjárreiður ríkisins, fjárreiðufrumvarp, fjárreiðulögin sem hv. þingmaður vísaði til. Því fer fjarri að ég vantreysti Alþingi, enda eru AVS-fjárveitingarnar ákveðnar af Alþingi og þeir fjármunir sem ég er að tala um hérna og ráðstöfun þeirra er ákveðið af Alþingi 1997. Ég vil að Alþingi standi við þær ákvarðanir sem það hefur þegar tekið varðandi þessa fjármuni og þá held ég að við getum eflt íslenskar hafrannsóknir og það verður okkur öllum til góða, hv. þingmaður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–21. mál.

Fundi slitið kl. 19:00.

---

69. FUNDUR

miðvikudaginn 9. febr.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til umhverfisráðherra:

1. Svartfugl við Norðurland, fsp. MÁ, 463. mál, þskj. 712.

Til sjávarútvegsráðherra:

2. Fiskmarkaðir, fsp. KLM, 486. mál, þskj. 742.
3. Íslenskir fiskkaupendur, fsp. KLM, 487. mál, þskj. 743.

Til dómsmálaráðherra:

4. Reiknilíkan fyrir rekstur sýslumannsembætta, fsp. MF, 305. mál, þskj. 333.
5. Brottvísun útlendinga úr landi, fsp. KJúl, 483. mál, þskj. 738.

Til iðnaðarráðherra:

6. Orkuvinnsla til vetnisframleiðslu, fsp. RG, 125. mál, þskj. 125.
7. Verðmæti og ráðstöfun losunarheimilda, fsp. HHj, 385. mál, þskj. 473.
8. Raforkuverð til garðyrkju, fsp. BjörgvS, 415. mál, þskj. 549.

Til menntamálaráðherra:

9. Eignir Tækniháskóla Íslands, fsp. KJúl, 228. mál, þskj. 234.
10. Íslenskukennsla fyrir útlendinga í grunn- og fram-

haldsskólum, fsp. JBjart, 357. mál, þskj. 410.

11. Tæknigreinar og verkfræði, fsp. AKG, 370. mál, þskj. 434.

Til heilbrigðisráðherra:

12. Stuðningur við krabbameinssjúklinga, fsp. MF, 303. mál, þskj. 331.

13. Neyðarmóttaka fyrir þolendur heimilisofbeldis, fsp. ÁÓÁ, 424. mál, þskj. 582.

14. Listmeðferð, fsp. KolH, 449. mál, þskj. 698.

Til samgönguráðherra:

15. Hjólreiðabrautir meðfram Vesturlandsvegi, fsp. KolH, 416. mál, þskj. 550.

16. Samgöngur milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins, fsp. MÁ, 451. mál, þskj. 700.

17. Hámarkshraði á tvöfaldri Reykjanesbraut, fsp. JGunn og MÁ, 452. mál, þskj. 701.

18. Lýsing vegarins um Hellisheiði, fsp. BjörgvS, 471. mál, þskj. 723.

Til landbúnaðarráðherra:

19. Förgun sláturúrgangs, fsp. BjörgvS, 476. mál, þskj. 728.

Fiskmarkaðir.

Fsp. KLM, 486. mál. — Þskj. 742.

[12:01]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Á fundum og ferðalagi sjávarútvegsnefndar um Suðurnes nýlega heimsóttum við meðal annars Fiskmarkað Suðurnesja. Við fórum í höfuðstöðvar Íslandsmarkaðar í Keflavík og áttum ágætisspjall við forráðamenn þar. Fram kom mikil óánægja þeirra með það að reglur um fiskmarkaði á Íslandi hafa ekki verið endurskoðaðar og að ekki séu komin ný lög.

Þau lög sem unnið er eftir núna, virðulegi forseti, eru frá desember 1989, tóku gildi 1. janúar 1990 og heita Lög um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla. Það má eiginlega segja að þau hafi verið hálfgerð bráðabirgðalög utan um þá starfsemi sem þá var að hefjast. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og mikill fiskur verið seldur þannig að margt hefur breyst í þessu sem betur fer. Það var sem sagt óánægja með að ekki væri kominn nýr samræmdur lagagrundvöllur og nýjar reglur um þetta og menn töldu lagaumhverfið afar ófullkomið eins og það er núna. Þeir óska eftir því að fá að stunda starfsemi sína án hafta ef svo má að orði komast og gátu þess jafnframt að því hefði verið marglofað að endurskoða þessi lög.

Þeir hafa líka útlistað hvað þurfi að hafa til hliðsjónar við þá endurskoðun og við þá lagasmíð ef af yrði, t.d. um samkeppnisstöðu markaða, þ.e. að búa verður fiskmörkuðum það lagaumhverfi að þeir geti starfað án óeðlilegrar samkeppni, samanber bein viðskipti blönduð kvótaviðskiptum eins og þarna kom fram, mismunun hafnargjalda, mismunun á kröfum til innlendra og erlendra markaða sem selja íslenskan fisk, mismun í uppgjörum til sjómanna eftir því hvar aflinn er seldur og margt fleira eins og t.d. líka mismun á vigtarreglum.

Að mínu mati er afar brýnt að setja þessari mikilvægu starfsemi föst lög og fastar reglur. Þess vegna hef ég lagt fram eftirfarandi fyrirspurn á þskj. 742 til hæstv. sjávarútvegsráðherra:

Hefur ráðherra áform um að taka lög og reglur um fiskmarkaði til endurskoðunar?

Svo má bæta við spurningu: Ef svo er, hvenær er þá ætlunin að leggja slíkt lagafrumvarp fyrir hið háa Alþingis?

[12:04]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina. Því er til að svara að lög um uppboðsmarkaði eru í endurskoðun og ég geri ráð fyrir því að henni ljúki tiltölulega fljótlega þannig að hægt verði að leggja fram frumvarp um það á þessu þingi. Síðan er það auðvitað undir hv. sjávarútvegsnefnd komið hvort hún afgreiðir málið eður ei en ég stefni að því að málið verði í því formi að mögulegt verði að afgreiða það á þessu þingi og komi reyndar nægilega snemma til að það sé mögulegt líka.

Þetta er ekki að mínu mati sérstaklega flókið mál hvað varðar lagasetninguna. Hins vegar tengist það ýmsum öðrum málum í sjávarútvegi, m.a. reglum um löndun og vigtun afla sem hafa verið í endurskoðun undanfarin missiri. Þær hugmyndir sem þar hafa legið til grundvallar hafa komið fram á heimasíðu ráðuneytisins. Ég vonast til að það geti staðist á að endurskoðuð lög um uppboðsmarkaði verði tilbúin, að endurskoðun reglugerðarinnar verði lokið og þá verði hægt að ganga svo til samtímis frá þeim reglugerðum sem síðan þyrftu að fylgja nýjum lögum um uppboðsmarkaði og reglugerðunum um vigtun og löndun sjávarafla.

[12:06]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég fagna frumvarpi til laga um fiskmarkaði, endurskoðuðum lögum, ef af verður. Það er svo sannarlega orðið tímabært. Þau lög sem þeir hafa starfað eftir hingað til, eins og komið hefur fram, voru hrein bráðabirgðalög eða tilraunalög um að hleypa þessari starfsemi af stokkunum. Að því er mér skilst er starfsleyfi fiskmarkaða enn veitt til eins árs í senn. Það er fullkomlega óviðunandi starfsgrundvöllur og ýmislegt í laga- og reglugerðarumhverfi þessarar starfsemi er þannig að það er eins og þarna vinni óskynsamir menn sem séu stöðugt að reyna að fara í kringum lögin. Umgjörðin hefur verið alveg fáránleg þannig að ég treysti því að hæstv. ráðherra komi sem allra fyrst með nýtt frumvarp um fiskmarkaði þar sem tekið verður á þessum málum.

[12:07]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það var gott að heyra hjá hæstv. ráðherra að til standi að endurskoða þessi lög núna. Lengi er búið að tala um nauðsyn þess að þau verði tekin til endurskoðunar því að þau hafa hálfpartinn staðið þróun og störfum fiskmarkaðanna fyrir þrifum. Við sem þekkjum þetta frá gamalli tíð vitum að á sínum tíma þegar fiskmarkaðirnir voru settir á laggirnar voru nánast settir punktar niður á minnisblað sem síðan enduðu sem lög sem eru núna alls ekki

nægjanlega ítarleg eða yfirgripsmikil fyrir þessa starfsemi.

Hæstv. ráðherra sagði að hann vonaðist til þess að hugsanlega yrði hægt að leggja fram frumvarp á þessu þingi. Ég vona að hæstv. ráðherra segi okkur það kannski í seinni ræðu sinni að hann hafi meint að það yrði örugglega lagt fram á þessu þingi. Það er komin full ástæða til að spýta í lófana og setja fram lagafrumvarp núna. Ég á enga von á því að sjávarútvegsnefnd taki langan tíma í fara yfir það og afgreiða út úr nefnd.

[12:08]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem í ræðustól til að lýsa ánægju minni með það að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi tjáð okkur að þessi lög séu á leiðinni og ég vona að þau komi sem allra fyrst. Þeir sem standa að fiskmörkuðum hér á landi hafa lengi lýst eftir nýjum lögum og þeir hafa líka lýst óþolinmæði sinni og óánægju með það að þessi lagabót, sem við vonum að verði, sé ekki komin.

Það er oft og tíðum nánast ekki einleikið hversu langan tíma það tekur fyrir framkvæmdarvaldið, þ.e. ráðuneytin, að skila af sér svona lagaumbótum. Ég man eftir því að hæstv. landbúnaðarráðherra upplýsti þingið fyrir rúmu ári að verið væri að endurskoða lög um lax- og silungsveiði og enn bólar ekkert á endurbótum á þeim mikla lagabálki, hann sést hvergi í námunda við þingið.

Ég hvet hæstv. sjávarútvegsráðherra til að koma þessum lögum um fiskmarkaði frá sér sem allra fyrst. Þá getur sjávarútvegsnefnd unnið þetta mál vel og vandlega þannig að við gerum ekki enn á ný sömu glappaskot og við höfum verið að gera, þ.e. að afgreiða héðan út af hinu háa Alþingi lög sem síðan reynast vera gölluð.

[12:10]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegur forseti. Það er gleðiefni að hæstv. ráðherra sé með í bígerð lög og reglur sem lúta að starfsumhverfi fiskmarkaða í landinu, og þótt fyrr hefði verið. Í þessu samhengi vil ég beina ljósinu að mikilvægi þess að gæðaþátturinn í starfsemi fiskmarkaðanna verði endurskoðaður með það að markmiði að vernda fiskvinnsluna í landinu. Sjálfur hef ég sett mig í samband við fiskvinnsluna og hef út frá þeirri vinnu komist að því hversu mikilvægt og þarft það er að reglubundið gæðaeftirlit komi inn í starfsreglur og umhverfi fiskmarkaðanna.

Það má kasta fram þeirri spurningu hvort fiskmarkaðirnir geti leitað til óháðs aðila, og fiskkaupendur almennt, þegar um gæðavandamál er að ræða við fiskkaup á fiskmörkuðum. Réttur fiskkaupenda í dag er afskaplega lítill þegar fiskur er keyptur óséður á markaði og berst svo í hús, kannski í slæmu ásigkomulagi, bæði er varðar flokkun og gæði almennt. Því er mikil nauðsyn á því að tryggt verði að ákveðið öryggi komist á og þá til fiskvinnslna sem eru að kaupa hráefni á fiskmörkuðum í dag.

[12:11]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir það fyrsta þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör í þessum efnum og þeim þingmönnum sem tóku til máls. Hér hefur komið fram að þessi lög eru í endurskoðun, eins og við höfum reyndar vitað lengi, og að fljótlega muni þau koma til hins háa Alþingis. Ég vona að það verði nægjanlega snemma svo að hv. sjávarútvegsnefnd geti þá unnið málið núna. Sjávarútvegsnefnd er svo sem ekki með mjög mörg mál undir höndum.

Ég vil aðeins kasta þeirri hugmynd til hæstv. ráðherra hvort ekki væri ástæða til að kynna sjávarútvegsnefnd þau drög að lögum sem eru í vinnslu og þær hugmyndir sem þar eru, jafnframt reglugerðum, til þess að vinna einhvern tíma. Betur sjá augu en auga. Ég spyr líka hvort hagsmunaaðilarnir hafi fengið að koma að þessari lagasmíð. Þó tek ég skýrt fram að það á ekki eingöngu að setja lög eftir kröfu frá hagsmunaaðilum og setja það inn sem óskað er, heldur hafa það í heiðri sem þeir kunna að leggja fram vegna þess að þeir hafa mikla reynslu í þessu.

Hér nefndi hv. þm. Gunnar Örlygsson athyglisverðan punkt um gæðamál. Þetta er mjög mikilvægt og ég held, virðulegi forseti, að það væri ekki verra fyrir framgang málsins, ásamt þingmálum almennt — við sjáum í ýmsum þingmálum að hagsmunaaðilar hafa fengið að koma að og ýmsir hafa fengið að gefa álit sitt — að sjávarútvegsnefnd yrði kynnt þetta núna á undirbúningsstigi þannig að við yrðum betur í stakk búin til að klára málið á þessu þingi ef það kemur.

Ég lýsi sjálfur yfir miklum stuðningi við þessa nýju lagasetningu enda hefur mikið breyst í lagaumhverfi fiskmarkaða frá því að lögin voru fyrst sett árið 1990, þó með þeim sjálfsagða fyrirvara hvað varðar innihald frumvarpsins.

Það má segja, virðulegi forseti, að baráttumáli þeirra aðila sem starfrækja fiskmarkaði á Íslandi sé að ljúka ef við getum klárað þetta á þessu þingi.

[12:13]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég þakka jákvæðar undirtektir við fyrirætlan mína um að leggja fram frumvarp til laga um lög um uppboðsmarkaði. Mikið samstarf hefur verið haft við fiskmarkaðina á undanförnum árum og okkur eru mjög vel ljósar áherslur þeirra og hugmyndir í þessum efnum, bæði hvað varðar hugsanlega löggjöf og eins þær reglugerðir sem henni tengjast væntanlega. Það verður örugglega talað við þá áður en frá þessu verður gengið í endanlegu formi af hálfu ráðuneytisins.

Það er hins vegar ekki víst að í svona máli þar sem undirtektir eru jákvæðar að það flýti neitt sérstaklega fyrir afgreiðslu málsins að ræða það við sjávarútvegsnefnd áður en frumvarpið verður lagt fram í þinginu. Ef þetta er á þeim nótum sem maður hefur verið að ímynda sér held ég að það vinnist alveg jafnhratt með því að það komi beint inn í þingið og fari eftir hefðbundnum leiðum. Ef einhver sérstök sjónarmið eru uppi er svo sem alveg mögulegt að fara eitthvað yfir það áður. Ég ætla ekki að aftaka það hér og nú.

Ég vil hins vegar aðeins áður en ég hleyp niður úr stólnum gera smáathugasemd við orðafar hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um að ráðherrar skili af sér lögum. Ráðherrar gera það ekki, þeir leggja fram frumvörp og það er Alþingi sem síðan samþykkir frumvörpin eftir atvikum og þá verða þau að lögum.

Íslenskir fiskkaupendur.

Fsp. KLM, 487. mál. — Þskj. 743.

[12:15]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Á nýliðnu ári voru tæplega 50 þús. tonn af óunnum fiskafla send á erlendan markað og seld fyrir um 8,2 milljarða kr. Verðmætið jókst um 46% frá árinu 2003 og jókst útfluttur afli um 43%. Sem dæmi um útflutt magn voru rúm 6 þús. tonn af ýsu flutt út óunnin fyrir um 2,4 milljarða kr. Mestur útflutningur er frá Vestmannaeyjum, um 31% af heildarmagninu.

Virðulegi forseti. Til samanburðar fyrir árið í fyrra voru seld tæp 100 þús. tonn fyrir um 11,3 milljarða kr. á öllum fiskmörkuðum á Íslandi. Fyrirspurn mín til hæstv. sjávarútvegsráðherra vegna þessa er svohljóðandi:

Hefur ráðherra í hyggju að leggja til breytingar á lögum og reglum sem tryggja að íslenskir fiskkaupendur geti boðið í fisk sem nú er fluttur óunninn úr landi á markað erlendis?

Með breytingu á reglugerð nr. 105 frá 14. febrúar 2003 var stigið lítið jákvætt skref, nánast hænuskref, í þessa átt. Þá var útflytjendum á óunnum afla gert skylt að tilkynna með minnst 24 klukkutíma fyrirvara til Fiskistofu þá ætlun sína að flytja út óunninn afla. Það hænuskref hefur hins vegar engu skilað og er nánast gagnslaust. Nokkrir fiskverkendur hafa reynt þetta og oftast ekki fengið svar. Með hinu fullkomna uppboðskerfi Íslandsmarkaðar geta erlendir aðilar boðið í fiskinn í samkeppni við íslensk fyrirtæki.

Á það mætti reyna hver væri hæstbjóðandi áður en fiskurinn yrði fluttur út. Kerfið mundi því bæði styrkja innlenda fiskverkendur í hráefnisöflun og íslenska fiskmarkaði auk þess að auka atvinnu hér á landi. Þetta er að mínu mati sanngjörn leið, virðulegi forseti, til verðmyndunar sem eykur um leið íslensk umsvif og jafnframt stöðugleika í vinnslu hér heima, styrkir markaðsstöðu okkar fyrir ferskan fisk, útilokar ekki erlenda kaupendur frá óunnum afla og skerðir ekki heldur tekjur sjómanna. Við mundum með þessu búa til alþjóðlega samkeppni með íslenskan fisk. Þetta er því mikið sanngirnismál.

Frú forseti. Ég hef gert grein fyrir ástæðunni fyrir því að ég legg þessa fyrirspurn fyrir hæstv. sjávarútvegsráðherra, þ.e. að 50 þús. tonn voru flutt óunnin úr landi á síðasta ári og aðeins helmingi meira fer í gegnum hina íslensku fiskmarkaði.

[12:18]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina. Því er til að svara að ég hef engar fyrirætlanir um að breyta fyrirkomulaginu eins og það er í dag. Ég tel að útflutningsálagið sem í gildi er og þeir möguleikar sem fiskvinnslan hefur til að nálgast upplýsingar um fyrirætlaðan útflutning eigi að nægja í opnu markaðshagkerfi til þess að þeir sem telja sig geta boðið betur í fiskinn en þeir sem selja hann eiga von á að fá á erlendum mörkuðum hafi möguleika til að kaupa fiskinn.

Það er kannski rétt að nefna í þessu samhengi, þar sem hv. þingmaður fór með tölur um útflutning á óunnum fiski á síðasta ári, að umtalsverð aukning varð á þeim útflutningi. Ef ég man tölurnar rétt fór hann úr tæplega 30 þús. tonnum í 50 þús. tonn. Þar munar mestu um aukinn útflutning á ýsu en ástæða þess er að sjálfsögðu sú að ýsukvóti hefur vaxið mjög að undanförnu og veiðin þar með. Þar með hefur þurft að leita nýrra leiða til markaðssetningar á þeim afurðum. Það hefur reyndar verið áhyggjuefni hve mikið verðið á ýsu hefur lækkað vegna hins aukna framboðs.

Ef við síðan skoðum þetta í samhengi við niðurstöður frá svokallaðri fiskmarkaðsnefnd frá því snemma árs 2003 þá sést greinilega, af þeim niðurstöðum, að ástæða þess að aðilar flytja út fisk óunninn er sú að þeir fá hærra verð fyrir hann á erlendum mörkuðum en þeir hefðu líkast til fengið á innlendum markaði. Ég held að rétt sé að álykta sem svo að innlendir fiskseljendur flytji fisk á erlendan markað óunninn þegar þeir telja líkur á að fá hærra verð fyrir hann þar en þeir fengju á innlendum mörkuðum eða þegar þeir þurfa að leita nýrra markaða vegna aukins framboðs, eins og raunin virðist hafa verið með ýsuna. Út frá þeim forsendum hef ég ekki neinar fyrirætlanir um að breyta fyrirkomulaginu.

[12:21]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég verð að lýsa vonbrigðum með svar hæstv. ráðherra við fyrirspurn hv. þm. Kristjáns L. Möllers. Ég á erfitt með að trúa því að hæstv. ráðherra skuli ekki telja eðlilegt að íslenskir fiskkaupendur standi jafnfætis a.m.k. erlendum fiskkaupendum við að bjóða í fisk sem veiddur er úr sameiginlegri auðlind okkar.

Ef ástæðan er sú að verðið fyrir óunninn fisk erlendis er hærra en á innlendum fiskmörkuðum þá væri afskaplega auðvelt fyrir eigendur aflans, ef við getum kallað þá það, að bjóða í fiskinn hér heima, flytja hann út og hagnast á því háa verði sem væri á erlendum fiskmarkaði. Getur verið að mismunandi vigtarreglur, yfirvigt á erlendum mörkuðum, hafi eitthvað með þetta að gera? Það vita allir sem til þekkja að þegar fiskkaupendur erlendis kaupa eitt kíló þá fá þeir ekki eitt kíló heldur 1,1 eða 1,2 kg. Þar með gengur náttúrlega ekki eins á kvótann með því að selja fiskinn erlendis þótt vigtarálag sé á kvótanum.

Ég skora á hæstv. ráðherra að endurskoða afstöðu sína því að ég trúi ekki að hún geti staðist til framtíðar.

[12:22]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það er full ástæða til að vera vonsvikinn yfir undirtektum hæstv. sjávarútvegsráðherra. Einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að hann skilji ekki málið. Til staðar er gríðarlega mikil tækni hjá innlendum fiskmörkuðum þannig að hægt er að vera staddur annars staðar í Evrópu og gera tilboð í samkeppni við innlenda aðila hér. Þarna er verið að markaðssetja íslenska auðlind og því er eðlilegt að hún komi hér á markað.

Það skyldi þó ekki vera að lagaumgjörð íslenskra fiskmarkaða, eins og hæstv. ráðherraýjaði að, sé með þeim hætti að þeir séu ekki samkeppnishæfir við erlenda markaði varðandi t.d., eins og minnst var á áður, vigtun og mat á

gæðum aflans. Þá á náttúrlega að laga það. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann taki það ekki með í reikninginn við endurskoðun á lögum um fiskmarkaði, að það verði ekki samkeppnishindrandi.

[12:23]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það eru ekki margir dagar síðan við ræddum um þessi mál á Alþingi. Við ræddum þá frumvarp um fjárhagslegan aðskilnað veiða og vinnslu sem tveir þingmenn, Frjálslynda flokksins og Samfylkingar, hafa lagt fram á Alþingi nokkur ár í röð.

Að sjálfsögðu ætti allur afli að fara á markað ef allt væri með felldu, uppboðsmarkað þar sem menn gætu keppt á jafnréttisgrundvelli um hráefnið. Ég vil í þessu sambandi nefna að t.d. í Færeyjum, þar sem er skilið milli veiða og vinnslu, hefur töluvert af hráefnið farið óunnið úr landi. Þar fallast menn á það núna að setja reglur um að allur afli fari á markað og verði boðinn upp, það sé í raun langheilbrigðasta umhverfið til verðmyndunar og gagnist öllum til lengri tíma litið að lögmál markaðarins fái að ráða og heiðarleiki í opnum viðskiptum.

[12:24]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegur forseti. Það sem kemur kannski mest á óvart í þessari umræðu er að svo virðist sem hv. þingmenn Vinstri grænna sýni markaðslögmálinu meiri skilning en hæstv. ráðherra sem kemur úr röðum sjálfstæðismanna. Ég minnist þess úr síðustu kosningabaráttu að hæstv. ráðherra Árni Mathiesen greindi frá því að hann hefði það markmið að tvöfalda verðmæti sjávarfangs á Íslandi á 10 árum. 50 þús. tonn af óunnu hráefni sem fer á markað erlendis mundu skila 4–7 milljörðum kr. aukalega í kassann ef það væri unnið heima.

Það hefur oft komið fram í umræðunni, eins og kom fram í máli hv. þingmanns Jóns Gunnarssonar, að vigtarfyrirkomulag erlendis á óunnu hráefni er undir kastljósi þeirra sem áhuga hafa á sjávarútvegi. Svo virðist sem það sé með öðru sniði en hér heima. Vert væri að fá að vita frá hæstv. ráðherra hvort hann hyggist kanna það mál sérstaklega til að þagga niður þær raddir sem hafa verið nokkuð háværar um þau mál að undanförnu.

[12:26]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hráefnisskorturinn kann að vera helsta vandamál íslenskrar fiskvinnslu. Það kom mjög skýrt fram í nefnd sem ég stýrði um málefni fiskvinnslunnar fyrir fáeinum árum. Þess vegna er mjög eðlilegt að fiskverkendur horfi til þessara 50 þús. tonna sem nú fara í sölu beint til útlanda án þess að menn hafi möguleika á að bjóða í þann fisk.

Hinu verða menn þó að gera sér grein fyrir, að ef þetta er selt á almennum markaði þar sem bæði útlendingar og Íslendingar geta keppt þá er ekki þar með sagt að sá afli fari allur til vinnslu hérlendis. Hann getur auðvitað lent í höndunum á erlendum fiskverkendum. Það sem mér finnst skipta máli í þessu sambandi er að með því að fiskurinn fari um íslenska fiskmarkaði væri tryggt ákveðið jafnræði íslenskra og erlendra fiskverkenda en jafnframt tryggt að ráðstöfunarrétturinn væri útgerðarmannsins. Þannig á það skilyrðislaust að vera. Það á auðvitað að vera þannig að útgerðarmaðurinn hafi rétt til að ráðstafa afla sínum, hvort hann vill nota hann í sína eigin fiskvinnslu, selja hann á fiskmarkaði eða hvernig hann vill gera það. Hann getur selt hann hæstbjóðanda ef svo ber undir.

Aðalatriðið finnst mér að menn horfi til þess að ráðstöfunarrétturinn er útgerðarmannsins og það eigi að gilda jafnræði milli íslenskrar og erlendrar fiskvinnslu.

[12:27]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Ég tek undir með hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni með að jafnræði milli fiskkaupenda erlendis og á Íslandi eigi að vera leiðarljós í þessum efnum. Þegar hæstv. ráðherra breytti reglugerðinni og steig þar hænuskref sem ég nefndi, sem ekkert gagn hefur gert, þá sagði m.a. í fréttatilkynningu sem ráðuneytið gaf út að ráðherrann vonaðist til að þetta ýtti undir frekari verðmætasköpun hér heima, skapaði fleiri störf í sjávarútvegi og yrði raunverulegt viðbót við þau störf sem falla munu til í sérstöku atvinnuátaki ríkisstjórnarinnar. Reglugerðin mundi taka gildi 15. apríl 2003.

Virðulegi forseti. Ég gagnrýndi áðan að þessi markmið hefðu ekki náðst og verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum með svar hæstv. ráðherra, að hann ætli ekki að beita sér fyrir þessu. Ég spyr auðvitað: Hverra hagsmuna er verið að gæta hér? Bjó að baki eitthvað annað en kom fram í fréttatilkynningunni? Já, mér virðist það. Fréttatilkynningin er ágæt og þau markmið sem þar koma fram en störf og stefnumið ráðherrans eru allt annað. Það að útflytjendur þurfi að tilkynna sig Fiskistofu með 24 klukkustunda fyrirvara og það sé tilkynnt til þeirra sem hafa skráð netfang sitt inn að einhver afli sé að fara út virðist engu breyta. Fiskkaupendur hér á landi hafa reynt að bregðast við en það hefur ekki gengið upp. Kerfið sem ráðherrann beitti sér fyrir og koma þarna á er því handónýtt.

Hæstv. ráðherra sagði áðan að hærra verð fengist fyrir aflann á erlendum mörkuðum — sem sannarlega hefur komið fram — en hann orðaði það þannig að: „? hærra verð fengist fyrir aflann á erlendum mörkuðum en þeir hefðu líkast til fengið á innlendum markaði.“ Hann segir „líkast til“ og það er málið vegna þess að á þetta hefur ekki reynt.

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hæstv. ráðherra um eitt. Það á að gilda hið opna markaðshagkerfi í þessu eins og öðru. En mér sýnist ráðherra Sjálfstæðisflokksins, hæstv. sjávarútvegsráðherra, ekki beita sér fyrir því. Þess vegna er það verkefni okkar að halda áfram að inna eftir þessu og athuga hverra hagsmuna er verið að gæta í þessu sambandi.

[12:29]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson sagðist vilja að íslenskir fiskkaupendur stæðu jafnfætis erlendum fiskkaupendum. Íslenskir fiskkaupendur standa betur en erlendis fiskkaupendur vegna þess að þeir hafa nálægðina. Þeir hafa

að auki upplýsingarnar og síðan er útflutningsálagið þeim í vil. Það ætti líka að vega upp á móti hugsanlegum mismun á færslum eða vigtun en það er hins vegar atriði sem Fiskistofa hefur eftirlit með að sé í lagi.

Hv. þingmenn tala um að markaðsfyrirkomulagið eigi að ríkja í þessu tilfelli. Þetta er opinn og frjáls markaður sem hér er um að ræða. En það virðist eins og hv. þingmenn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar, ég hélt reyndar síður að það ætti við frjálslynda en það getur þó líka verið, *telji að hinn frjálsi markaður sé alltaf skipulagður uppboðsmarkaður*. Það er bara ekki þannig. Hinn frjálsi markaður er opinn og allir geta tekið þátt í honum á ýmsa vegu. Niðurstaðan af þessu fyrirkomulagi, þessum breytingum sem við gerðum, varð ekki eins og ég vonaðist eftir. Það var einfaldlega vegna þess að innlendu fiskkaupendurnir hafa ekki verið tilbúnir til að greiða eins gott verð fyrir fiskinn og fæst fyrir hann á erlendum mörkuðum í þeim tilfellum sem fiskurinn er fluttur út. Það fæst mjög gott verð og stundum hámarksverð fyrir ferskan fisk, óunninn í roði. Það er hágæðavara á háu verði og til þess að fyrir hann fáist rétt verð þarf að flytja hann út í því formi en ekki unninn. Þannig virkar hinn frjálsi markaður. Hann verðleggur og það er hann sem ræður því hvernig við deilum hráefni á markaðinn.

Reiknilíkan fyrir rekstur sýslumannsembætta.

Fsp. MF, 305. mál. — Þskj. 333.

[12:32]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn á þskj. 333 sem er orðin nokkuð öldruð. Það er ekki við hæstv. ráðherra eða starfsmenn þingsins að sakast heldur mig sjálfa því vegna fjarveru minnar hefur fyrirspurnin ekki verið tekin fyrir.

Árið 1999 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra nefnd um gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar var markvisst starf hennar að stuðla að sem bestri nýtingu fjármuna til rekstrar og þjónustu sýslumannsembætta og kerfisbundinni skiptingu fjármuna milli embættanna. Einnig átti að stefna að því að gera kostnað einstakra embætta samanburðarhæfan, að einingarkostnaður yrði sambærilegur að teknu tilliti til mismunandi aðstæðna.

Í október 2002 svaraði þáverandi dómsmálaráðherra, Sólveig Pétursdóttir, fyrirspurn minni um vinnulok nefndarinnar á þá leið að í upphafi ársins 2003 mætti vænta áfangaskýrslu nefndarinnar. Vinnan hefði reynst viðameiri en gert var ráð fyrir. Töf hennar mætti þó einkum rekja til athugunar nefndarinnar á löggæsluhluta embættanna þar sem vaktafyrirkomulag löggæslunnar væri mjög mismunandi eftir fjölda lögreglumanna, fjölda útibúa og stærð umdæma í ferkílómetrum. Engu að síður upplýsti ráðherra að reiknilíkanið væri þá, í október 2002, að stærstum hluta tilbúið.

Á þeim tímapunkti var helst horft til þess að nota líkanið til að skoða hvar helst bæri að leggja áherslu á úrbætur á fjárlögum til embættanna. Núverandi ráðherra hefur rætt um breytingar á starfi og skipulagi lögreglu- og sýslumannsembætta og má því ætla að vinna nefndarinnar sem skipuð var 1999 hafi verið nýtt við tillögugerð um framtíð sýslumannsembættanna og verkefni þeirra. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur nefnd sem skipuð var 1999 um gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta lokið störfum? Ef svo er, hvenær skilaði nefndin af sér og hver var niðurstaðan varðandi fjárþörf og mannaflaþörf hjá einstökum embættum? Ef ekki, hvenær má vænta þess að nefndin ljúki störfum og verður skýrsla hennar rædd á Alþingi?

[12:34]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda var árið 1999 skipuð nefnd um gerð reiknilíkans fyrir rekstur sýslumannsembætta. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar var markmið starfs hennar að stuðla að sem bestri nýtingu fjármuna til rekstrar og þjónustu sýslumannsembætta og kerfisbundinni skiptingu fjármuna milli embætta. Einnig var stefnt að því að gera kostnað einstakra embætta samanburðarhæfan og að einingarkostnaður yrði sambærilegur hjá embættunum að teknu tilliti til mismunandi aðstæðna.

Nefndin hóf störf sín með því að afla upplýsinga hjá öðrum Norðurlöndum um hvort sambærilegt verk hefði verið unnið þar. Af þeim svörum sem bárust reyndist svo ekki vera. Nefndin kynnti sér líka reiknilíkan í rekstri framhaldsskóla og háskóla hér á landi. Þá var aflað upplýsinga um einstaka rekstrarþætti hjá sýslumannsembættum.

Í starfi nefndarinnar kom fram að gerð reiknilíkans sem mælir á raunsæjan hátt rekstrarkostnað sýslumannsembætta reyndist vera mun flóknara en talið var í upphafi og tafði það störf nefndarinnar. Má fyrst og fremst rekja það til löggæsluhlutans, eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, í starfi sýslumanna, en vaktafyrirkomulag löggæslunnar í landinu er með mjög mismunandi hætti eftir fjölda lögreglumanna, hvort rekin eru eitt eða fleiri útibú, stærð umdæmisins í ferkílómetrum talið o.fl.

Vandinn sem nefndin stóð frammi fyrir var í megindráttum sá að finna jafnvægið á milli þess að einfalda líkanið ekki um of þannig að það mældi ekki á raunhæfan hátt kostnað við rekstur embættanna og hins vegar að gera líkanið ekki svo flókið að það yrði ekki handhægt vinnutæki. Sú millileið hefur enn ekki fundist þótt vinna við sjálft líkanið sé langt komin.

Fyrir um ári setti ég á laggirnar verkefnisstjórn um nýskipan lögreglumála. Í skipunarbréfi var henni falið að horfa til vinnu reiknilíkansnefndarinnar en í skipunarbréfinu sagði að frekari vinna við það hlyti að taka mið af þeim markmiðum sem nú væru að mótast um skipan löggæslu og innra starf lögreglunnar. Það er mat mitt, eins og fram kemur í skipunarbréfinu, að vel ígrundað og sanngjarnt reiknilíkan um alla meginþætti í starfi sýslumanna og lögreglu sé liður í því að væntanlegar breytingar verði árangursríkar auk þess sem líkan af þessu tagi geti verið ómetanlegt hjálpartæki við framkvæmd breytinganna.

Verkefnisstjórn um nýskipan lögreglumála skilaði fyrir stuttu skýrslu sinni og er þar vikið að þessum atriðum. Þar

kemur fram að verkefnisstjórnin telur skynsamlegt að leitað verði leiða til að ljúka vinnu við reiknilíkanið. Að mati hennar ættu lykilbreyturnar að vera stærð umdæmis og fjöldi íbúa, annars vegar í þéttbýli og hins vegar í dreifbýli, í viðkomandi umdæmi auk þess sem horfa þurfi til upplýsinga um afbrot og tegundir þeirra. Leggur verkefnisstjórnin til að ríkislögreglustjóra verði falið að ljúka vinnu við gerð reiknilíkansins og gæti líkanið orðið mælikvarði á löggæslustörf, mikilvægt tæki við árangursmælingar á sviði löggæslu og við stýringu löggæslu.

Ég hef ekki mótað afstöðu mína til tillagna verkefnisstjórnarinnar og þær tillögur eru nú til umræðu á vettvangi lögreglunnar og á meðal sýslumanna, en ég er sammála því mati verkefnisstjórnarinnar að mikilvægt sé að taka upp reiknilíkan af þessum toga og mun beita mér fyrir því að það verði gert og að sjálfsögðu kemur að því að málið verði rætt frekar á Alþingi.

[12:38]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að færa fyrirspurnina inn til Alþingis, til hæstv. dómsmálaráðherra. Hér hefur líka verið vitnað í þá skýrslu og niðurstöður úr nefndarvinnu sem ráðherra hefur verið með í gangi, þ.e. um nýskipan löggæslumála.

Á þeim stutta tíma sem við höfum vil ég leyfa mér að leggja eftirfarandi fyrirspurn fyrir hæstv. ráðherra: Er skýrslan ef til vill dulin aðferð til árásar á að fækka opinberum störfum á landsbyggðinni, eins og sýslumönnum, starfsmönnum sýslumannsembætta og lögreglumanna? Ég hef ekki lesið yfir alla skýrsluna en mér virðist að verið sé að ganga einhverja slíka göngu. Það kemur oft upp í huga minn að fyrrv. dómsmálaráðherrar, sérstaklega Sjálfstæðisflokksins, hafa oft haft það að keppikefli að leggja niður og fækka sýslumannsembættum. Er hér dulin árás á opinber störf á landsbyggðinni í þessum geira?

[12:39]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég gat ekki áttað mig á því af svari hæstv. dómsmálaráðherra hvort nefndin sem verið er að spyrja um sé enn starfandi og ágætt ef hægt væri að fá það upplýst hvort svo sé. Nefndin er þá búin að starfa á sjötta ár við verkefnið sem henni var falið án þess að skila niðurstöðu og eðlilegt að spyrja hvort nefndin hafi verið virk allan þann tíma, hvort hæstv. ráðherra geti upplýst okkur um fjölda funda nefndarinnar á þessum tæpum sex árum og kostnað af nefndarstarfinu sem ekki virðist hafa orðið nein bein niðurstaða af. Við hljótum að gera þá kröfu þegar slíkar nefndir eru settar á laggirnar að þær vinni skilvirkt, skili af sér innan þeirra tímamarka sem sett eru og því eðlilegt að við viljum fá að vita: Hefur nefndin verið virk allan þennan tíma, hve oft hefur hún fundað og hver hefur kostnaður orðið?

[12:40]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Það veldur vissulega vonbrigðum að reiknilíkanið sem átti að vera nánast tilbúið í byrjun árs 2003 skuli ekki enn vera til staðar. Mér er fullkunnugt um að fulltrúar sýslumannsembættanna vítt og breitt um landið væntu mjög mikils af starfi nefndarinnar og fyrst og fremst að það kæmi fram í leiðréttingum á fjárveitingum til embættanna þannig að það mætti styrkja þau. Það væri tekið meira tillit til þeirra aðstæðna sem væru á hverjum stað. Ég verð auðvitað að lýsa yfir vonbrigðum mínum með að reiknilíkanið skuli ekki vera komið og orðið virkt í áætlun fjárveitinga og jafnframt í áætlun á mannafla á hverju svæði sem skiptir mjög miklu máli.

Annað stakk mjög í augu og ég hef kannski ekki tíma til að fara yfir en mig langar aðeins að vitna í ræðu hæstv. dómsmálaráðherra sem var við störf 2002. Hún er svona, með leyfi forseta:

„Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar var markmið starfs hennar að stuðla að sem bestri nýtingu fjármuna til rekstrar og þjónustu sýslumannsembætta og kerfisbundinni skiptingu fjármuna milli embætta. Einnig var stefnt að því að gera kostnað einstakra embætta samanburðarhæfan og að einingarkostnaður yrði sambærilegur hjá embættunum að teknu tilliti til mismunandi aðstæðna. Áður en til skipunar nefndarinnar kom höfðu dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra sameiginlega kannað möguleikana á því að skilgreina rekstur sýslumannsembætta með kerfisbundnari hætti en gert var með það fyrir augum að fá betri yfirsýn yfir fjárþörf embættanna og að stuðla að jafnari skiptingu og betri nýtingu."

Virðulegi forseti. Ég get haldið áfram. Ræðan sem embættismenn úr dómsmálaráðuneytinu hafa lagt fyrir ráðherra er frá orði til orðs eins og ræða hæstv. dómsmálaráðherra var í október 2002 þegar þáverandi ráðherra, Sólveig Pétursdóttir, svaraði fyrirspurninni.

[12:42]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Það kemur ekki á óvart að menn svari spurningum á sambærilegan hátt þegar verið er að spyrja um sama efni. Eru menn að biðja um að ekki sé sagður sannleikurinn? Ég skil ekki hvaða veður menn eru að gera út af þessu og sýnir náttúrlega að það vakir ekki fyrir hv. þingmönnum að ræða þetta á málefnalegum forsendum.

Fram kemur í svari mínu að unnið hefur verið að málinu og það kemur líka fram ákveðin tillaga um að næsta skref í þessu verði að ríkislögreglustjóri taki málið fyrir og farið verði að útfæra þetta samhliða þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði miðað við þá skýrslu sem nú liggur fyrir. Menn eiga náttúrlega að leggja áherslu á það þegar þeir eru að fjalla um málefni lögreglunnar en ekki eitthvað sem gert var árið 1999 eins og þróunin hefur verið. Ef þingmenn fara yfir þetta er fjárhagsmálum sýslumannsembættanna ekki þannig fyrir komið að það hafi staðið þeim fyrir þrifum að reiknilíkanið hafi ekki verið smíðað.

Ég tel mjög mikilvægt að þegar að slíkri líkanagerð er staðið að það sé gert á góðum og traustum forsendum og ég beitti mér fyrir því þegar ég var menntamálaráðherra fyrir skólastigin og ég mun líka beita mér fyrir því þegar ég lít til rekstrar sýslumannsembættanna. Það er ekki þannig og alls ekki rétt að gefa þá mynd af fjárhagsstöðu sýslumannsemb-

ættanna að það hafi staðið henni og fjárhagsstöðu þeirra fyrir þrifum að reiknilíkanið hefur ekki verið smíðað.

Varðandi það sem hv. þingmaður Kristján L. Möller sagði er algerlega rangt og út í hött að leggja skýrsluna upp með þeim hætti sem hann gerði og raunar fráleitt og sýnir hve ómálefnalegir menn geta verið þegar þeir standa uppi í þessum ræðustól.

Brottvísun útlendinga úr landi.

Fsp. KJúl, 483. mál. — Þskj. 738.

[12:44]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Síðasta vor samþykktu þingmenn stjórnarflokkanna vægast sagt umdeilt frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra um breytingar á lögum um útlendinga. Með þeirri lagasetningu var m.a. gerð sú breyting að útlendingar undir 24 ára aldri fengju ekki dvalarleyfi hér á grundvelli hjúskapar. Rökin fyrir þessari breytingu voru m.a. sögð verndarsjónarmið, þ.e. að vernda ætti þá sem minna mega sín gegn nauðungarhjónaböndum eða eins og segir í greinargerð með frumvarpinu þegar það var lagt fram, með leyfi forseta:

„Hér liggja þó enn ríkari verndarsjónarmið að baki og er þá aðallega byggt á reynslu nágrannaríkjanna þar sem algengt er meðal sumra hópa nýbúa að foreldrar ráðstafi börnum sínum í hjúskap. Meðal annars á grundvelli þessa, og með fyrirmynd í dönsku útlendingalögunum, er lagt til í 2. gr. að maki skuli vera eldri en 24 ára til að unnt verði að veita honum dvalarleyfi aðstandanda."

Fyrirmyndin danska, sem hér um ræðir, er afar umdeild þar í landi og ekki til önnur dæmi um slík ákvæði í öðrum löndum. Stjórnarandstaðan gerði alvarlegar athugasemdir við þessa röksemdafærslu þar sem ekki þótti sýnt að þessi vandamál ættu við hér á landi þannig að slík verndarsjónarmið væru réttlætanleg við lagasetningu sem mismunar fólki hér á landi eftir uppruna. Ég segi „mismuna eftir uppruna" því að Íslendingar geta gift sig 18 ára og fengið öll réttindi sem því fylgja en útlendingar þurfa að vera 24 ára.

Einnig er fullorðnum útlendingum hér á landi á aldrinum 18–24 ára mismunað og þeir standa ekki jafnir þeim sem eldri eru og fellt hafa hugi til Íslendinga. Það er einnig alvarleg mismunun. Ekki einungis hér á Alþingi voru gerðar athugasemdir við þetta ákvæði heldur komu mótmæli víða að sem ekki var tekið tillit til. Í umsögnum um frumvarpið kom t.d. fram að Lögmannafélagið lýsti sig andsnúið þessu ákvæði og vísaði m.a. í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Fjöldinn allur af félaga- og mannréttindasamtökum mótmælti þessu einnig. Ljóst er að þessi regla getur haft veruleg áhrif á persónulegt líf útlendinga og persónufrelsi þeirra sem og maka þeirra og barna hér á landi.

Þetta lagaákvæði er það takmarkandi og óréttlátt og mismunar útlendingum hér á landi á grundvelli aldurs að mér þykir það afar hæpið. Mér finnst ástæða til að halda áfram á lofti stöðugri gagnrýni og fylgjast vel með því hvort þetta ákvæði geri það gagn sem menn ætluðu við setningu þess eða hvort það skilji að hjón í ástríku sambandi og jafnvel hvort börn séu skilin frá útlendu foreldri sínu vegna hinna ströngu laga. Ef svo er verður að mínu mati að afnema þessa reglu hið fyrsta.

Ég beini því fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra ... (**Gripið fram í:** Dómsmálaráðherra.) dómsmálaráðherra um framkvæmd svonefndrar 24 ára reglu í lögum um útlendinga í þremur liðum:

1. Hversu mörgum erlendum einstaklingum undir 24 ára aldri hefur verið vísað úr landi á grundvelli 13. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002, síðan breytingar á þeim tóku gildi síðastliðið vor?

2. Hversu margir þessara einstaklinga voru konur og hversu margir karlar?

3. Hversu margir þessara einstaklinga eiga börn hér á landi?

[12:48]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er spurt:

„Hversu mörgum erlendum einstaklingum undir 24 ára aldri hefur verið vísað úr landi á grundvelli 13. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002, síðan breytingar á þeim tóku gildi síðastliðið vor?"

Þessi spurning og raunar málflutningur fyrirspyrjanda gefur mér tilefni til að leiðrétta misskilning varðandi túlkun á 13. gr. laga um útlendinga, nr. 96/2002. Það er miður að hv. þingmaður kunni ekki betri skil á 13. gr. laganna en kemur fram í spurningunni, eins mikið og um hana hefur verið rætt. Þessi lagagrein fjallar einvörðungu um heimild erlendra ríkisborgara til dvalar hérlendis þegar þeir eru í hjúskap með íslenskum ríkisborgurum. Þetta margrædda ákvæði hefur ekki að geyma neina heimild til að vísa fólki úr landi.

Skv. 13. gr. útlendingalaga þarf erlendur ríkisborgari í hjúskap með íslenskum ríkisborgara að vera orðinn 24 ára til að öðlast dvalarleyfi á grundvelli hjúskaparins. Ákvæðið snertir heldur ekki spurninguna um hvort fólk hafi leyfi til að ganga í hjúskap. Samkvæmt ákvæðinu er alls ekki skylt að vísa hinum erlenda ríkisborgara úr landi þótt hann fullnægi ekki þessu skilyrði. Einstaklingar undir 24 ára aldri í hjúskap með íslenskum ríkisborgurum hafa fengið dvalarleyfi hérlendis og þá á grundvelli 11. gr. útlendingalaganna.

Eitt er að fá dvalarleyfi, annað að vera vísað úr landi. Engum er vísað úr landi nema að baki þeirri ákvörðun sé sjálfstæð rannsókn. Synjun um dvalarleyfi og ákvörðun um brottvísun eru tvær aðskildar stjórnvaldsákvarðanir. Unnt er að kæra þær báðar til æðra stjórnvalds. Hafi einstaklingur ekki aflað sér dvalarleyfis en neitar engu að síður að yfirgefa landið má grípa til þess ráðs að vísa honum úr landi með valdi með vísan til 20. gr. útlendingalaganna. Þess vegna hefði verið skynsamlegra að orða fyrstu spurninguna á þennan veg:

Hversu mörgum erlendum einstaklingum undir 24 ára aldri í hjúskap með íslenskum ríkisborgurum hefur verið vísað á brott af Íslandi á grundvelli 20. gr. útlendingalaganna síðan breytingar á þeim tóku gildi síðasta vor?

Svarið við þeirri spurningu er: Tveimur erlendum karlmönnum sem kvæntir eru íslenskum konum hefur verið vísað á brott vegna brota á 20. gr. laganna.

Í öðru lagi spyr hv. fyrirspyrjandi:

„Hversu margir þessara einstaklinga voru konur og hversu margir karlar?“

Svarið er hið sama og áður: Tveir karlar.

Í þriðja lagi er spurt:

„Hversu margir þessara einstaklinga eiga börn hér á landi?“

Annar mannanna á barn utan hjónabands en í hinum hjúskapnum er fyrir að fara stjúpbarni. Báðum mönnunum var vísað úr landi sökum þess að þeir höfðu fengið synjun á dvalarleyfi á grundvelli 13. gr. laganna en hvorugur þeirra lagði fram umsókn um annars konar leyfi og báðir hafa kært brottvísunarúrskurði Útlendingastofnunar til dómsmálaráðuneytisins.

[12:51]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég varð afskaplega ánægð þegar ég sá að hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hreyfði þessu máli. Ég er sammála henni um að við eigum að fylgjast mjög vel með því hvernig svo umdeild löggjöf, sem sett var fyrir rúmu ári, virkar. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að fá þessi svör. Nú liggur fyrir að löggjöfin hefur náð yfir tvo erlenda karlmenn.

Ég hafði dálítið gaman af því þegar þingmaðurinn kallaði hæstv. ráðherra Björn Bjarnason menntamálaráðherra því að mér verður það mjög oft á. Mér finnst það eiginlega ánægjulegt fyrir hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason vegna þess að yfirleitt fór af honum gott orð sem menntamálaráðherra. Ég verð að segja að þótt það sé gott að vera með kennslustund fyrir unga þingmenn þá hefði þessi kennslustund mátt vera öðruvísi og með öðrum formerkjum en sú sem hér fór fram.

Ég velti fyrir mér hvort hæstv. ráðherra verði kallaður dómsmálaráðherra þegar hann verður orðinn almennur þingmaður.

(**Forseti** (JBjart): Forseti vill minna þingmenn á að virða hinn stutta ræðutíma sem er við þessar umræður um fyrirspurnirnar.)

[12:52]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Það var greinilega ekki með röngu að ég kallaði hæstv. dómsmálaráðherra menntamálaráðherra. Mér þykir miður að hér hafi hæstv. dómsmálaráðherra eytt megninu af tíma sínum í að ræða misskilning minn á lögunum í stað þess að ræða við mig efnislega um það sem ræða mín fjallaði um, þ.e. þau grundvallarsjónarmið hvort þessi regla eigi raunverulega við hér á landi.

Nú er komin ákveðin reynsla á regluna og eins og fram kom í máli hæstv. dómsmálaráðherra hefur tveimur karlmönnum, sem eru giftir íslenskum konum, verið vísað úr landi, 24 ára og yngri. Annar þeirra á barn og hinn stjúpbarn. Þetta þykja mér háar tölur. Ég vil minna á að í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands, þegar frumvarpið var til umræðu, kom fram að Mannréttindadómstóll Evrópu hefur túlkað 12. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þannig að í réttinum til að stofna til hjúskapar felist einnig rétturinn til að búa saman.

Á Íslandi höfum við enga ástæðu til að setja svo ströng lög, sérstaklega undir þeim formerkjum að hér eigi að vernda einstaklinga gegn nauðungarhjónaböndum. Í ljós kemur að þegar þetta hefur átt við er um að ræða tvo karla sem hafa verið giftir íslenskum konum. Þetta hefur frekar átt við um karla en konur og hefur frekar verið beitt á karla en konur, en þegar raunveruleg nauðungarhjónabönd eiga sér stað er frekar um konur að ræða en karla.

Einnig vil ég ítreka að mér þykir alvarlegt ef slík regla, svo ströng regla, skilur að föður og barn.

[12:54]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég var ekki að setja ofan í við þingmanninn eða veita henni neinar þær ákúrur sem voru óréttmætar. Ég sagði að ég gæti ekki svarað fyrirspurninni af því að hún byggðist á röngum forsendum. Hvernig er hægt að ætlast til þess að ráðherra svari fyrirspurnum sem byggjast á röngum forsendum? (Gripið fram í.) Það verður að svara fyrirspurninni á réttum forsendum og með vísan til laga eins og þau eru. Ef hv. þingmenn vilja að ég svari hér út í hött get ég náttúrlega svarað fyrirspurnum sem eru út í hött þegar litið er til efnis þeirra eins og þær eru lagðar fram.

Háttvirtur þingmaður sagði að ég hefði ekki rætt málið á þeim forsendum sem þingmaðurinn vildi þegar ég svaraði fyrirspurninni. Um hvað vildi þingmaðurinn tala? Vildi hún t.d. tala um úrslit dönsku kosninganna þar sem mjög harkalega var tekist á um þetta ákvæði í dönsku lögunum? Við vitum hvernig úrslitin urðu þar. Þeir unnu á sem fluttu þann málstað að frekar þyrfti að líta til þess að menn laumuðu sér ekki inn í landið á fölskum forsendum, eins og tilraunir eru gerðar til hér og við vorum að koma í veg fyrir með breytingum á útlendingalögunum síðasta vetur.

Ég ætla ekki að ræða málefni þeirra tveggja einstaklinga sem hér koma við sögu. Ef menn vilja fara út í umræður um það í ræðustól á Alþingi þá skorast ég ekki undan því. Annar þeirra var tekinn með heróín í fórum sínum þegar hann var fluttur úr landi ... (Gripið fram í.) Nei, en hvað var verið að tala um? Þegar verið er að ræða málið, á þá ekki að segja alla söguna? Á ekki að ræða málið eins og það er?

Ég get farið lengra. Ef menn vilja ræða málefni þessara tveggja einstaklinga get ég hiklaust gert það hér á þinginu. Ég held að þingmenn verði að hafa það í huga, þegar þeir ræða þessi alvarlegu mál, að það sé gert á þeim forsendum sem lagt er upp með. Það var gert hér af þessum fyrirspyrjanda eins og áður er lýst og ég svaraði á réttum forsendum. (**RG:** Ráðherra er eitthvað svekktur með lögin.)

[Fundarhlé. — 12:56]

Orkuvinnsla til vetnisframleiðslu.

Fsp. RG, 125. mál. — Þskj. 125.

[13:07]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Já, ég hef hug á því að ræða við hæstv. iðnaðarráðherra um virkjanamálin og áformin með þau, þá fyrst og fremst í þetta sinn vetnisverkefnið. Því er ekki að neita að ríkisstjórnin hefur nokkuð haldið á lofti áformum

sínum um vetnisvæðingu og hug sinn á því, eins og hefur verið sagt í mörgum erlendum tímaritum, að þetta litla hagkerfi verði e.t.v. fyrsta hreina hagkerfið í heiminum. Vetnisverkefnið svokallaða hefur vakið mjög mikla athygli alþjóðasamfélagsins, kannski ekki síst á Vesturlöndum. Í Bandaríkjunum hafa menn m.a. haldið fundi og horft til þess sem hér er verið að tala um. Við í utanríkismálanefnd höfum tekið á móti mörgum sendinefndum frá Evrópusambandinu þar sem þingmenn frá ólíkum löndum Evrópu koma til að kynna sér vetnisáformin og verkefnið stóra sem menn hafa svo miklar væntingar til.

Þá mætti ætla að hér væri ríkjandi gangur og ríkisstjórnin tilbúin til að grípa til aðgerða þegar tæknin leysir vandann við vetnisnotkunina þannig að það sé hægt að nota vetni á bíla og báta. Ég haga máli mínu þannig, virðulegi forseti, að ég treysti því að það sé alvara í vetnisumræðunni þó að stundum vakni efasemdir þar um vegna þess að 50% af loftmengun í heiminum er af völdum bíla, skipa og flugvéla. Nú höfum við fengið óhugnanlegar staðreyndir í skýrslum um loftslagsbreytingar á norðurslóð sem eru minnst 2,5 sinnum hraðari en annars staðar í heiminum. Okkur á að renna blóðið til skyldunnar með því að taka á í þessum málum.

Þá kem ég að þessu með virkjanirnar. Ég er alveg sannfærð um að ekki verði aftur byggð ofurvatnsaflsvirkjun. Þá er ég ekki að segja að fallvötn verði ekki virkjuð, bara ekki ofurvatnsaflsvirkjun. Það er alveg ljóst að sjónir beinast æ meira að jarðvarma. Það var mjög fín umfjöllun um það í Morgunblaðinu á sunnudaginn þar sem er fjallað um jarðvarma- eða vatnsaflsvirkjanir og áhugavert að fara yfir það. Það eru margir kostir við að virkja jarðvarmann og unnt að gera það án þess að ógna verulega náttúruverndarhagsmunum þó að líka séu undantekningar á því miðað við hvaða svæði yrði farið inn á.

Ríkisstjórnin er mjög upptekin af að virkja og selja orku til orkufreks iðnaðar og því spyr ég: Hvaða áætlanir hafa verið gerðar um að virkja fyrir vetni?

[13:10]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þróun í vetnistækni hefur verið ör á undanförnum árum en þó er enn óljóst hvort vetni eða vetnissambönd verði sá orkuberi sem knýja muni farartæki framtíðarinnar. Líklegt er talið að ör þróun verði einnig á næstu árum í gerð hefðbundinna bifreiða er nota umhverfisvænni orkugjafa og minna eldsneyti og líklegt er að hefðbundnar bifreiðar verði í notkun áfram næstu áratugi, að því er séð verður.

Á síðustu árum hafa rannsóknir á notkun vetnis í samgöngum aukist gífurlega á alþjóðlegum vettvangi. Íslendingar hafa síðustu 5–6 ár verið framarlega í umræðu um vetni sem orkubera í samgöngum og tekið þátt í viðamikilli tilraun með notkun vetnisstrætisvagna hér á landi í eitt ár. Lýkur þeirri tilraun að ári. Ýmis önnur áform eru uppi um frekari rannsóknarverkefni á vetni hér á landi og þar má nefna tilraunir með notkun vetnis í smábátaflota landsins. Þá hafa íslensk stjórnvöld tekið virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi innan Evrópusambandsins. Virk þátttaka okkar helgast m.a. af því að nánast öll olíunotkun okkar er bundin við notkun bifreiða- og skipaflotans. Öll önnur orkunotkun byggist á notkun hreinna orkulinda, vatnsorku og jarðgufa eins og þekkt er.

Möguleikar okkar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda umfram núverandi losun felast að mestu í því að draga úr notkun olíu í samgöngum og skipaflotanum í framtíðinni. Allar þjóðir heims eru skuldbundnar samkvæmt loftslagssamkomulagi Sameinuðu þjóðanna til að draga eins og kostur er úr losun gróðurhúsalofttegunda og framlag okkar til vetnisþróunar og rannsókna, þótt lítið sé á alþjóðlegan mælikvarða, er vitnisburður um viðleitni okkar til að standa við skuldbindingar okkar við loftslagssamninginn.

Stefna íslenskra stjórnvalda hefur verið sú að styðja við þá rannsóknarstarfsemi sem hefur verið unnin hér á landi með margvíslegum hætti. Það er jafnframt stefna stjórnvalda að nýta íslenskar orkulindir til þess að draga úr umhverfisáhrifum og aukningu gróðurhúsalofttegunda. Það á ekki síst við í fyllingu tímans, þegar sá tími rennur upp að notkun á vetni sem orkubera verður almenn.

Gert er almennt ráð fyrir að hægari þróun verði í notkun vetnisbifreiða á næstu áratugum en á því tímabili er gert ráð fyrir örri tækniþróun og aukinni hagkvæmni í vetnisbúnaði, bæði í framleiðslu, geymslu og farartækjum. Ef vetni verður orkuberi samgangna í framtíðinni telur bandaríska orkumálaráðuneytið að fyrst á árabilinu 2025–2040 verði vetnisbílar samkeppnishæfir í verði við hefðbundin farartæki og að þá megi fyrst reikna með almennri eign slíkra bifreiða.

Talið er að um 1.600–1.700 gígavattstundir þurfi í raforku á ári til að framleiða vetni fyrir núverandi bifreiðaeign Íslendinga. Þetta er orka sem samsvarar orkugetu Búrfellsvirkjunar eða tveggja 100 megavatta jarðgufuvirkjana. Þessi orkuaukning mun verða á löngu árabili þannig að tiltölulega auðvelt mun reynast að nýta innlenda orkugjafa til að mæta þeirri þörf þegar sú stund rennur upp.

Við Íslendingar munum eiga enn um langt skeið mikið af ónýttum endurnýjanlegum orkulindum. Ekki hefur því verið talin ástæða til að gera sérstaka áætlun um orkuvinnslu vegna hugsanlegrar vetnisframleiðslu. Þá má benda á að þegar sá tími kemur, vonandi fyrr en seinna, að við þurfum að nýta orkulindir okkar til slíkrar framleiðslu verða allir núverandi samningar okkar um stóriðju útrunnir. Á tímabilinu þar til almenn vetnisnotkun hæfist gæfist okkur því kostur á að skoða aðra möguleika á nýtingu orkunnar ef sá kostur teldist heppilegri en að stækka virkjanir eða reisa nýjar.

[13:14]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að svar ráðherrans kemur mér ekkert mjög mikið á óvart. Ágætur þýskur þingmaður sem kom hingað í fyrra og fór í gegnum allan pakkann í skoðun á því sem er að gerast á Íslandi, einn af þeim sem höfðu fengið fréttirnar til Evrópusambandsins um allt sem væri að gerast hér í vetnismálum, hafði á orði að ofboðslega væri hann hissa á því að engar áætlanir væru neins staðar um hvað ætti að gera og hvað ætti að virkja. Ég var ekkert hissa vegna þess að þegar maður fer að kafa ofan í vetnismálið eins og það liggur fyrir, og

það gerði ég fyrir tveimur árum þegar ég var að vinna að þingsályktun sem síðan kom fram frá öðrum nokkrum dögum áður en mín hefði verið lögð fram, sér maður að allt eru þetta áhugaverðar hugmyndir, góður vilji og svo ekkert meira.

Í mörgum borgum Evrópu er verið að keyra strætisvagna á vetni. Vandinn er sá að það tekur mikið rými að vera með vetni á bílunum, það þarf svo stóran geymi. Þess vegna eru aðrar hugmyndir líka uppi, t.d. um hvort hægt væri að framleiða metanól. Það hefur verið skoðað hjá háskólanum hér að nýta afgas frá stóriðju. Það væri mjög áhugavert verkefni fyrir okkur Íslendinga með stóriðjustefnuna að skoða og tengja inn í samninga. Það skilst mér að hafi heldur ekki verið gert. Það er alveg ljóst að við getum þurft að nota allt upp í 10 gígavattstundir ef það á að nýta vetnið til blöndunar með öðru á venjulegar bifreiðar. Talað hefur verið um að það þyrfti eins og a.m.k. eitt stykki Kárahnjúkavirkjun til að framleiða vetni á bíla og báta.

Ég verð að segja að svarið kom mér ekki á óvart. Ég er vonsvikin.

[13:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég veit ekki til hvers hv. þingmaður hefur ætlast. (**RG:** Það er akkúrat málið.) Það sem við erum að gera, Íslendingar, er í samstarfi við aðrar þjóðir. Við gerum okkur mjög vel grein fyrir því að við björgum ekki heiminum ein og það þarf mikla tækniþekkingu og miklar tækniframfarir til að þetta verði að veruleika. Þess vegna störfum við með öðrum þjóðum, bæði í alþjóðlegu verkefni, EPRD-verkefninu, þar sem við vorum ein af stofnþjóðum um 15 þjóða sem stofnuðu til þess alþjóðlega samstarfs, og erum meira að segja með forustu í einni nefnd þar. Ég bara fullyrði að við stöndum okkur eins og hægt er að ætlast til af okkar þjóð miðað við smæðina.

Það sem við höfum líka lagt mikla áherslu á er að bjóða Ísland fram sem tilraunasamfélag á þessu sviði. Auðvitað er þetta ECTOS-verkefni sem er hér í gangi í Reykjavíkurborg dæmi um það að Ísland sé notað eins og tilraunaverkefni eða tilraunaland á þessu sviði.

Hv. þingmaður var að tala um að tengja þetta við virkjanir og lét að því liggja, að mér heyrðist, (**RG:** ... búin með allt.) að við hefðum ekki svigrúm fyrir vetnið ef það virkilega yrði orkuberi framtíðarinnar. Í því felst mikill misskilningur. Eins og kom hérna fram hjá mér áðan þyrfti allur bílaflotinn okkar ekki meira en eins og tvær 100 megavatta jarðgufuvirkjanir. Það eru smámunir miðað við þá virkjanamöguleika sem við búum yfir, Íslendingar. Þar að auki verða samningar um stóriðju runnir út í verulegum mæli þegar þar að kemur.

Hv. þingmaður er nú eitthvað að fiska hér í gruggugu vatni, finnst mér, því að ég held að alveg megi segja að við stöndum okkur ágætlega þótt við gerum okkur líka grein fyrir að við björgum ekki ein heiminum. Þess vegna erum við líka í alþjóðlegu samstarfi um þetta mál.

Verðmæti og ráðstöfun losunarheimilda.

Fsp. HHj, 385. mál. — Þskj. 473.

[13:19]

Fyrirspyrjandi (Helgi Hjörvar):

Virðulegur forseti. Því miður mengum við mennirnir jörðina æ meira og æ hraðar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Nú hafa þjóðir heims tekið höndum saman í Kyotosamningnum um að reyna að reisa rönd við loftslagsmengun og gróðurhúsaáhrifum sem af því leiða. Sú viðleitni skiptir okkur Íslendinga ákaflega miklu máli því að gróðurhúsaáhrifin geta haft ófyrirsjáanleg áhrif á lífríkið við Ísland til lengri tíma litið

Með því að þjóðirnar hafa tekið sig saman um að setja þak á mengunina eru nú gefnir út kvótar og mengunarleyfi, þ.e. mengunarkvótar ganga kaupum og sölum í Evrópu frá síðustu áramótum. Álver eru þó enn utan þessa kerfis og Íslendingar hafa með íslenska ákvæðinu fengið heimild til að menga um 1,6 millj. tonna af koltvísýringi á ári án þess að það hafi áhrif á hinar almennu mengunarheimildir okkar. Mengi menn umfram heimildir eru þeir nú í Evrópu sektaðir. Þannig væru þeir sektaðir fyrir 1,6 millj. tonna af koltvísýringi um 5 milljarða kr. árlega næstu þrjú árin og um 13 milljarða á ári eftir það.

Áætlað hefur verið að markaðsverðmæti fyrir hvert tonn gæti verið á bilinu 10–30 evrur á ári sem þýðir að 1,6 millj. tonna næmu að lágmarki einum milljarði kr. á ári.

Ég hef þess vegna beint fyrirspurn til iðnaðar- og viðskiptaráðherra um hvert markaðsverðmæti íslenska ákvæðisins í Kyoto væri miðað við markaðsverðið eins og það gerist í kaupum og sölum í Evrópu á þessu fyrstu vikum hins nýja markaðar.

Iðnaðarráðherra lagði fram yfirlit yfir ráðstöfun þessara heimilda, 1,6 millj. tonna, í ríkisstjórn 16. nóvember sl. og ég spyr einnig hvort að í því yfirliti hafi verið gert ráð fyrir stækkun álversins í Straumsvík. Hvernig hyggst ráðherra úthluta þeim heimildum sem eftir eru ef fleiri en einn aðili sækjast eftir þeim heimildum? Hvernig verður ákveðið hvaða álver á að fá þær losunarheimildir sem eftir eru ef fleiri en einn keppast um þær?

[13:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Spurning númer eitt hljóðar svo:

„Sé miðað við verð losunarheimilda á hvert tonn af gróðurhúsalofttegundum (koltvísýringsígildi) í viðskiptum með þær heimildir í Evrópu undanfarið, hvert er þá áætlað markaðsverðmæti þeirra 417.000 tonna af koltvísýringi sem eftir eru af kvóta Íslands fyrir einstök verkefni samkvæmt yfirliti því sem ráðherra kynnti ríkisstjórn 16. nóvember sl.?“

Erfitt er að gera sér grein fyrir markaðsverðmæti þeirrar losunar á koltvísýringi sem óráðstafað er af losunarheimild Íslands fyrir nýja stóriðju. Ekki er heimilt að framselja eða ráðstafa þessari losunarheimild og ýmis skilyrði eru fyrir notkun hennar. Ef hér væri hins vegar um að ræða almenna losunarheimild sem seljanleg væri mundi verðmæti þeirra 417.000 tonna af koltvísýringi sem Ísland hefur óráðstafað af losunarheimild sinni nema um 220 millj. kr. miðað við

að gangverð í Evrópu undanfarnar vikur sé um 525 kr. á tonnið. Hins vegar gera spár ráð fyrir því að þetta verð lækki mjög á næstu tveimur árum og verði á bilinu 100–400 kr. á tonnið. Verði það meðalverð á losunarheimild á þessu bili á næstu árum væri verðmætið á bilinu 42–165 millj. kr. Því vil ég taka fram að gera verður mikla fyrirvara um þessar upphæðir þar eð mikil óvissa virðist vera um líklegt markaðsverð á losunarheimildum í náinni framtíð.

Þessar upplýsingar byggi ég á skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar um áhrif viðskipta með losunarheimildir í Evrópu og áhrif þeirra á raforkuverð.

Annar liður spurningarinnar hljóðar svo:

„Hvert er áætlað markaðsvirði þeirra losunarheimilda sem ætlaðar eru stóriðju hér á landi og tilgreindar eru í sama minnisblaði, sundurliðað eftir fyrirtækjum?"

Gera verður sama fyrirvara og við fyrsta lið fyrirspurnarinnar varðandi markaðsvirði losunarheimilda. Ef hins vegar stóriðjufyrirtækin hér á landi þyrftu að kaupa losunarheimild á opnum markaði á verði síðustu missira, 525 kr. á tonnið, þyrftu þau að greiða eftirfarandi upphæðir miðað við raunverulega og áætlaða aukningu losunar þeirra frá árinu 1990:

Alcan mundi þurfa að greiða 68 millj. kr., járnblendiverksmiðjan 92 millj. kr., Norðurál 206 millj. kr. og Fjarðaál 255 millj. kr.

Hér er miðað við líklega árlega koltvísýringslosun fyrirtækjanna á fyrsta skuldbindingartímabili loftslagssamningsins fyrir árin 2008–2012 þannig að enn og aftur verður að gera mikla fyrirvara um þessar upphæðir.

Þriðji liður fyrirspurnarinnar hljóðar svo:

„Er gert ráð fyrir stækkun álverksmiðjunnar í Straumsvík í yfirliti ráðherra?"

Í yfirliti því sem iðnaðarráðherra kynnti í ríkisstjórn 16. nóvember 2004 eru aðeins talin upp þau stóriðjufyrirtæki sem samið hefur verið við um aukna framleiðslu frá árinu 1990, Alcan og járnblendifélagið, og einnig önnur stóriðjufyrirtæki sem nýir samningar hafa verið gerðir við frá 1990, Norðurál og Fjarðaál.

Fjórði liður fyrirspurnarinnar hljóðar svo:

„Hvernig verður staðið að ráðstöfun þeirra losunarheimilda sem eftir eru?"

Engin ákvörðun hefur verið tekin um það af hálfu stjórnvalda með hvaða hætti samið verði um nýtingu á þeirri losunarheimild sem enn rúmast innan íslenska ákvæðisins, enda er undirbúningur samninga um aukna stóriðju ekki á því stigi að unnt sé að taka ákvarðanir um slíkt.

[13:26]

Fyrirspyrjandi (Helgi Hjörvar):

Ég þakka hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra skýr svör þó að verðið sem hún tilgreinir sé nokkuð lægra en heimildir mínar kváðu á um. Ég vil af þessu tilefni spyrja ráðherrann hvort hún telji sjálfsagt að stóriðjan fái til allrar framtíðar þessar heimildir endurgjaldslaust.

Í svari sínu við fyrirspurninni hér á undan benti hún á að samningar við stóriðjuna eru tímabundnir og renna út og að orkusölusamninga þurfi t.d. ekki að endurnýja við hana. Telur ráðherrann þá að til greina komi að krefja um greiðslur fyrir mengun frá stóriðjunni þegar t.d. þeir samningar renna út?

Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra tjái sig um það hvernig ráðherrann bregst við ef stækkanir á Grundartanga umfram það sem nú er ákveðið, stækkanir í Straumsvík og álver á Norðurlandi, rekast hver á aðra og ekki eru til losunarheimildir fyrir öllum þeim framkvæmdum sem menn vilja standa fyrir. Hvernig á þá að gera upp á milli þess hver á að fá mengunarheimildirnar, Straumsvík, Norðurál eða Norðurland?

[13:27]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að halda því til haga að við fáum þetta sérákvæði, Íslendingar, inn í Kyotosamninginn vegna þess að við erum að framleiða eingöngu hreina orku. Það skiptir gríðarlega miklu máli þegar við horfum til umheimsins alls. Það er þetta sem alþjóðasamfélagið hefur viðurkennt og samþykkt og ég vona að ekki séu neinir Íslendingar á hv. Alþingi sem eru ekki sammála um að þetta sé mikilvægt þegar horft er til heimsins alls. Það er líklega 7–8 sinnum meiri koltvísýringsmengun samfara því að framleiða ál með t.d. kolum en með hreinni (Gripið fram í.) orku eins og við Íslendingar gerum.

Það er nú fátt sjálfsagt í þessum heimi. Hv. þingmaður spyr hvort mér finnist sjálfsagt að stóriðjan fái endurgjaldslaust þessa kvóta. Ég tel það eitthvað sem sé sjálfsagt að ræða en eins og þetta lítur út núna og á þessu losunartímabili sem við erum að ræða um er ekki verið að tala um sérstakar greiðslur.

Eins og kom fram í svari mínu áðan höfum við ekki tekið ákvörðun um það hvernig þeim kvóta verður úthlutað sem við eigum enn þá miðað við þessi 1.600 þús. tonn. Við verðum bara að sjá til hvernig mál þróast. Það er ekki þar með sagt að það verði úr frekari uppbyggingu á álverum á Íslandi, það hefur ekki verið gengið frá neinu um það þótt við vitum um áhuga margra álbræðslufyrirtækja í heiminum, þeirra stærstu má segja. Það kemur náttúrlega til af því að Ísland náði þessu sérákvæði inn í samkomulagið um Kyoto.

Raforkuverð til garðyrkju.

Fsp. BjörgvS, 415. mál. — Þskj. 549.

[13:30]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra hvort til skoðunar sé í ráðuneyti hennar að mæta brýnni þörf garðyrkjunnar fyrir ódýrara rafmagn og sérstaklega í tengslum við ný raforkulög sem tóku gildi um áramótin, þar sem einingum í sölu við raforku var skipt upp í framleiðslu, flutning, dreifingu og sölu.

Hægt er að halda því fram að ríkisvaldið hafi brugðist garðyrkjunni á liðnum árum, en sú stóriðja í grænmetisframleiðslu býr við miklu lakari kjör en t.d. stóriðjan í kaupum sínum á raforku. Framleiðsla á grænmeti og blómum byggist að mjög mikli leyti á notkun á rafmagni og hef-

ur framleiðsla garðyrkjubænda margfaldast eftir að þeir tóku í þjónustu sína hvers konar lýsingu. Það var mjög sláandi frétt t.d. í Bændablaðinu á dögunum þar sem segir að garðyrkjubóndi á Melum á Flúðum, Guðjón Birgisson, borgi 3 milljónir í rafmagn á mánuði, 3 milljónir fyrir ylræktarstöð sína á Melum. Hann segir í fréttinni í Bændablaðinu að fyrir um tíu árum hafi garðyrkjubændur verið að lýsa miklu minna en nú noti þeir margfalt meira rafmagn og uppskeri og framleiði miklu meira, uppskerutíminn sé miklu styttri og þeir nái að framleiða miklu meira og betri vöru.

Raforkuverðið á að færa eins mikið niður og hægt er. Garðyrkjan er gjaldeyrissparandi hollustugrein. Hún er sannkölluð græn stóriðja. Það er ósanngjarnt að grein sem byggir að svo miklu leyti á raforku skuli lúta svo ósanngjörnum kjörum samanborið við erlenda stóriðju. Í leiðinni er verið að skekkja framleiðslustöðu grænmetis og blóma verulega í samanburði við erlenda vöru. Það er miklu betri og heilbrigðari leið að bjóða garðyrkjunni upp á ódýrara rafmagn eins og gerist og gengur til stóriðjukaupenda. Þar erum við að niðurgreiða með vissum hætti framleiðslu á áli og annarri stóriðju sem erlendir stóriðjuframleiðendur framleiða hér fyrir okkar raforku. Garðyrkjan kaupir rafmagnið á margfalt hærra verði. Fróðlegt væri að heyra frá hæstv. ráðherra, ef hún er með þær tölur á hreinu, hve munar miklu, en heyrst hefur að sá munur sé jafnvel þrefaldur eða fjórfaldur sem garðyrkjan þurfi að kaupa miklu dýrara rafmagn.

Finna verður leið til að lækka raforkuverð að mínu mati, annars lendir garðyrkjuframleiðslan í enn þá meiri vanda en nú er. Við eigum að byggja undir þessa grein, sérstaklega í ljósi breyttra laga þar sem fram hefur komið að lendi hækkanirnar á garðyrkjubændum er heilsársframleiðsla á grænmeti og blómum komin í taprekstur og þar með uppnám. Þessi tímamót sem felast í nýjum raforkulögum þarf að nota til að finna garðyrkjunni þann stað í fyrirkomulagi okkar að hún njóti sambærilegra kjara við kaup á rafmagni og erlend stóriðja gerir nú.

[13:33]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrirspurn þessi lýtur að hækkun á raforkuverði til gróðurhúsabænda. Þótt málefni þessara aðila falli undir verksvið landbúnaðarráðuneytis finnst mér rétt að gera grein fyrir ástæðum fyrir breytingum á raforkuverði til þessara aðila.

Frá og með síðastliðnum áramótum hefur sú breyting orðið á að ekki er heimilt að mishátt gjald sé fyrir flutning og dreifingu raforku eftir því til hvers orkan er notuð. Það kemur hins vegar ekki í veg fyrir að við setningu gjaldskrár fyrir orku, flutning og dreifingu verði tekið tillit til þess að orkunotkun gróðurhúsabænda er talsverð og að hluta til er hægt að haga henni þannig að hún falli utan álagstoppa. Slík gjaldskrárákvæði byggja á því að þeir notendur sem eru eins settir varðandi orkunotkun og nýtingu njóti sömu kjara en ekki er gert ráð fyrir sérstökum afsláttarkjörum til einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa.

Hvað orkuþáttinn sjálfan varðar er það hins vegar svo að orkusölum er heimilt að veita afslætti til gróðurhúsabænda ef fyrirtækin sjá sér hag í því og gæta þess að fara ekki á svig við samkeppnisreglur.

Í gildi er aðlögunarsamningur frá árinu 2002 milli fjármála- og landbúnaðarráðherra annars vegar og garðyrkjubænda hins vegar. Í samningi þessum er ylræktendum tryggt raforkuverð með niðurgreiðslum sem er sambærilegt og það verð sem garðyrkjubændur í nágrannaríkjum okkar standur til boða.

Í sérstöku samkomulagi milli Rafmagnsveitna ríkisins og garðyrkjubænda var kveðið á um framkvæmd niðurgreiðslunnar. Að auki veitti Landsvirkjun Rarik allt frá árinu 1997 helmingsafslátt af aflgjaldi til gróðurhúsalýsingar. Landsvirkjun felldi hins vegar niður þennan afslátt í mars á síðasta ári en Rarik hefur framlengt óbreytt þetta samkomulag við gróðurhúsabændur meðan unnið hefur verið að lausn málsins.

Ein af ástæðum fyrir aukinni fjárþörf til niðurgreiðslna raforku til gróðurhúsabænda er sú að mikil aukning hefur orðið á raforkunotkun til lýsingar á síðustu tveimur árum. Á árinu 2004 jókst notkun þeirra um 40% og gert er ráð fyrir að hún aukist nokkuð enn. Er það vitaskuld gleðiefni að vöxtur og uppbygging skuli vera í þessari landbúnaðarframleiðslu sem á í mikilli samkeppni við innfluttar afurðir.

Verið er að skoða möguleika á auknum niðurgreiðslum til garðyrkjubænda samkvæmt aðlögunarsamningi þeirra við ríkið til að mæta vanda þeirra og er erindi garðyrkjubænda um þetta efni til umfjöllunar í landbúnaðarráðuneytinu. Vil ég um þetta atriði vísa til ummæla landbúnaðarráðherra á hinu háa Alþingi á fimmtudaginn í síðustu viku en þar sagðist hann gera sér grein fyrir að mikla peninga þyrfti til að koma til móts við þarfir garðyrkjubænda og nefndi í því sambandi 55–60 millj. kr. og unnið væri að lausn málsins í ráðuneytinu. Ég veit að þar er unnið af kappi að lausn málsins og þykist fullviss um að viðunandi úrlausn fáist.

[13:37]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Það er mjög mikilvægt að garðyrkjan sitji ekki uppi með þá hækkun sem á henni lendir núna við breytingu á raforkulögunum. Garðyrkjan er náttúrlega mjög mikilvægur þáttur í landbúnaði og á Suðurlandi er þetta eina stóriðjan sem við höfum. Rafmagnið er framleitt á Suðurlandi en okkar stóriðja, sem er garðyrkjan, nýtur ekki neins eða lítils góðs af því.

Mikil aukning hefur orðið á lýsingu í garðyrkju og með því hafa gæði framleiðslunnar aukist til muna. Eins og kom fram hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni er einn garðyrkjubóndi að greiða 3 milljónir á mánuði, 110 þús. á dag, í raforkukostnað, þannig að þetta er mjög dýrmætur kaupandi hjá Landsvirkjun.

Ég tel mjög mikilvægt að greinin sitji ekki uppi með þessa hækkun og til niðurgreiðslna verði að koma, hvort sem það verða 40, 50 eða 60 millj. kr. Ég vil geta þess af því landbúnaðarnefnd var til umræðu í þinginu í gær að næsti fundur mun m.a. verða tileinkaður garðyrkjunni.

[13:38]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ekki er annað hægt en að kenna í brjósti um hæstv. iðnaðarráðherra sem jafnframt er ráðherra byggðamála að koma hér og reyna að svara einhverju um þá fyrirspurn sem hér er komin fram. Hækkun til garðyrkjubænda. Hækkun til fiskeldisstöðva. Stórhækkanir á notendur á landsbyggðinni sem nota rafhitun til upphitunar. Hvað sagði svo ráðherra um daginn í skýrsluumræðunni um raforkuna? Draga úr hækkuninni á landsbyggðarfólk. Sei, sei, en 10% á að ganga yfir íbúa þar. Hvað gerist með garðyrkjuna? Það veit enginn enn þá og þetta langt um liðið.

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en kennt í brjósti um hæstv. byggðamálaráðherra að koma hér og reyna að snúa sig út úr þessu svari með tali um allt og ekki neitt. Aumt er það hlutverk og kaldar eru þær kveðjur. Sannarlega eru þær kaldar kveðjurnar frá Framsóknarflokknum til landsbyggðarfólks og þeirra sem stunda garðyrkjustörf eða fiskeldismanna í framhaldi af því sem hér hefur verið rætt um raforkumálin. Þetta átti aldrei að gerast sem er að ganga yfir okkur núna.

[13:40]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra reyndi að beina þessu máli alfarið á hæstv. landbúnaðarráðherra, þetta væri mál hans en ekki iðnaðarráðuneytisins. Nú er það svo, eins og við höfum áður sagt í umræðum við hæstv. ráðherra, að hún hefur yfir að segja bæði Landsvirkjun og Rarik og því kemur þetta mál henni verulega við.

Garðyrkjan er að sjálfsögðu stóriðja þeirra sveita og byggða þar sem hún er stunduð. Það er undarlegt að velta því fyrir sér að stóriðja í erlendri eigu getur fengið hér samninga um raforkuverð sem er langt, langt fyrir neðan það verð sem hægt er að semja við hina innlendu stóriðju í sveitum.

Því hlýt ég að spyrja: Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að Landsvirkjun, sem heyrir undir hana, og Rarik sömuleiðis muni bjóða betra verð til garðyrkjubænda fyrir þá raforku sem þeir þurfa að nota?

Ef hægt er að semja um lágt verð til erlendrar stóriðju hlýtur eins að vera hægt að semja um lágt verð til innlendrar stóriðju.

[13:41]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þetta klúður sem við ræðum um í dag er að sjálfsögðu á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og þá einkum og sér í lagi hæstv. iðnaðarráðherra. Þetta er enn eitt dæmið um að stórum lagabálkum er nánast þröngvað í gegnum þingið á elleftu stundu og þeir afgreiddir af hroðvirkni og síðan kemur í ljós að þeir eru stórgallaðir. Þetta eru náttúrlega óafsakanleg vinnubrögð.

Nú sjáum við að bændur kvarta yfir þessu. Það er ekkert skrýtið. Maður hefur fylgst með umræðu í fjölmiðlum og þetta er ískyggilegt ástand sem er að skapast. Að sjálfsögðu hljótum við að skoða til að mynda garðyrkjubændur, t.d. á Suðurlandi. Þingmenn sem hafa talað hér á undan mér hafa réttilega bent á að þetta er stóriðja í þeim landshluta og sá landshluti framleiðir mikið af raforku. Hvers vegna ætti hann þá ekki að fá að njóta þess til að mynda í lækkuðu verði á raforku?

Ég trúi svo ekki öðru fyrr en ég tek á því að sérstaklega landsbyggðarþingmenn, en líka allir þingmenn hvar í flokki sem þeir standa, hljóti að leggja pressu á ríkisstjórnina um að þessir hlutir verði lagfærðir.

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég verð að segja að mér finnst það ákaflega aumleg og dapurleg útkoma hjá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og byggðamálaráðherra og reyndar hjá orkufyrirtækjunum líka að garðyrkjan okkar, græna stóriðjan okkar Íslendinga, skuli núna þurfa að sæta þessum stórhækkunum á raforkuverði sem er að verða ef allt stefnir í og það á sama tíma og sömu aðilar keppast við að boða okkur fagnaðarerindið um það að gefa erlendum stórfyrirtækjum rafmagn, sem eru að borga kannski um einn þriðja fyrir kílóvattstundina af því sem innlendum aðilum er boðið í heildsölu fyrir rafmagn. Ætli það sé nema um 1 kr. á kílóvattstund sem stóriðjan borgar um þessar mundir á sama tíma og heildsöluverðið frá framleiðendum í nýja fína raforkuumhverfi hæstv. iðnaðarráðherra eru kannski 3 kr. Þetta er nú niðurstaðan. Og vísar svo öllum vandanum á aumingja ræfils landbúnaðarráðherrann, sem er nú ekki með mikla sjóði til að leysa (Forseti hringir.) úr þessum vanda. Það er nú ekki stórmannlegt. Ég minni á það að hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) var sérstaklega spurð um þessa hluti fyrir áramót og hefði átt að svara þá.

[13:44]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Mér er eiginlega skapi næst að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort hún sé ekki búin að fá nóg af eigin axarsköftum í þessu máli. Hvort ekki sé að verða komin sú staða að hún geti farið að viðurkenna það að sú tillaga sem ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon bárum hér upp, um að fresta framkvæmdahliðinni á þessu máli, hafi verið nokkuð skynsamleg. Hún sæti þá ekki hér í eilífum vandamálum með öll sín verk að reyna að snúa út úr öllu og lagfæra eitthvað án þess að hafa hugmynd um hvert hún ætlar.

[13:44]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum og ráðherra fyrir umræðuna. Það sem stendur eftir þessa umræðu er að ríkisstjórnin segir pass í þessu máli. Hún skilar auðu þegar kemur að lausn á vanda garðyrkjunnar í ljósi hás orkuverðs og rafmagnsverðs. Það hvað gerist með garðyrkjuna er ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar og árangursleysi og áhyggjuleysi Framsóknarflokksins af málefnum landbúnaðarins hlýtur að vera farið að nálgast það að vera algjört, eins og fram kom ágætlega í umræðu hér í gær um deyfðina uppi í landbúnaðarráðuneyti þar sem hæstv. ráðherra hefur ekki komið nokkru einasta máli frá sér svo mánuðum skiptir.

Það sem hér um ræðir er alvarlegt mál. Garðyrkjan er

stóriðjugrein innan landbúnaðarins, 80–90% afurða hennar koma frá svæði þar sem megnið af raforkunni er framleitt, þ.e. á Suðurlandsundirlendinu. En garðyrkjan nýtur þess í engu. Hún er sett út í horn. Hún á í miklum vanda og tekin hafa verið dæmi um það, eins og ég nefndi í upphafi, að tilteknir garðyrkjubændur greiða allt að 100 þús. kr. á dag í rafmagn. Það fara 100 þús. kr. á dag í rafmagnsreikninginn. Þetta eru hrikalega háar tölur.

Um leið fær erlend stóriðja raforkuna á allt að fjórfalt lægra verði ef þær tölur eru réttar og virðist af svörum hæstv. ráðherra að dæma enginn áhugi eða velvilji fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að gera garðyrkjunni kleift að njóta sömu kjara, að njóta þess að kaupa ódýrari raforku, verða þannig samkeppnishæfari við aðra framleiðslu og innflutta þannig að heilsársframleiðsla á grænmeti og blómum fái þrifist án þess að verða fyrir barðinu á erlendri samkeppni sem nýtur styrkja og niðurgreiðslu.

Ég vil því aftur brýna ráðherrann og skora á hana að gera eitthvað í þessum málum og líta til þess að garðyrkjan fái raforkuna á sanngjörnu verði þannig að hún fái þrifist hér áfram.

[13:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hér falla stór orð og mikið kapphlaup hófst um stærsta orðið greinilega. Ég ætla að biðja hv. þingmenn að kenna ekki í brjósti um mig. Það er engin ástæða til þess. Ég hef það mjög gott og var á glæsilegum fundi á Siglufirði í gær á vegum Framsóknarflokksins og er því í mjög góðu skapi í dag. (**BjörgvS:** Hvað voru margir?) Þar voru fleiri tugir manna.

Annaðhvort skilja hv. þingmenn ekki þetta nýja fyrirkomulag eða þá að þeir tala eitthvað út í loftið því það er svo ótrúlegt að hlusta á þennan málflutning. (**SJS:** Hver talar nú út í loftið?) Það er þannig að þetta er ekki mitt málefni, eins og hér er sagt, að beita mér fyrir því að Landsvirkjun og Rarik bjóði lægra verð. Ég stjórna ekki þessum fyrirtækjum frá degi til dags. Þetta gerist á markaði. Það er nú bara þannig. (Gripið fram í.) Þessi viðskipti gerast á markaði. Þegar samið er um raforku til stóriðju þurfa báðir að hafa hag af, bæði orkusalinn og fyrirtækið sem slíkt. Þannig er þetta.

Hvað varðar garðyrkjuna (Gripið fram í.) hins vegar þá er ég mjög glöð að heyra hvað garðyrkjan á mikinn stuðning í þingsalnum. Ég er algjörlega sammála um því að þetta er mjög mikilvæg atvinnugrein. Ég sagði áðan að viðræður eru í gangi. Landbúnaðarráðuneytið fer með þennan málaflokk og er að beita sér í því að þannig umhverfi geti skapast í kringum garðyrkjuna að þessi mikilvæga atvinnugrein geti haldið áfram sínum rekstri. Málið er í farvegi. Ég bið hv. þingmenn að hlusta á hvað sagt er úr þessum ræðustól. Svo er talað um klúður og axarsköft, að ég viti ekki hvert ég sé að fara og þar fram eftir götunum. Það vil svo vel til að ég veit það bara mjög vel og ég þykist skilja þetta kerfi, en svo held ég að sé nú ekki með alla sem hér hafa talað í þessari umræðu.

Eignir Tækniháskóla Íslands.

Fsp. KJúl, 228. mál. — Þskj. 234.

[13:49]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Hér er á dagskrá fyrirspurn mín til menntamálaráðherra frá því í október síðastliðnum en þá höfðum við fengið fregnir af því hér á Alþingi í gegnum fréttatilkynningar frá menntamálaráðuneytinu að stofna ætti einkahlutafélag um rekstur sameinaðs Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands. Tækniháskóli Íslands er háskóli í eigu hins opinbera og því hlutu að vakna upp margar spurningar á þessum tíma um hvernig stjórnvöld ætluðu að einkahlutafélagavæða einn af ríkisháskólunum.

Það er mín skoðun að sameining skóla á háskólastigi geti verið af því góða. Það má færa fyrir því rök að þeir séu nú þegar of margir miðað við fólksfjölda hér á landi. Sameining getur því vel orðið til þess að efla einstaka skóla verulega og haft góð áhrif á íslenskt háskólasamfélag. Það er hins vegar ekki sama hvernig það er gert og mjög mikilvægt einmitt þess vegna að litið sé heildrænt á málaflokkinn og ekki síst að upplýsingaflæði sé gott frá ráðuneytinu. Svo hefur ekki verið í þessu máli og mér hafa fundist vinnubrögð ekki vera til fyrirmyndar hvað það varðar þegar svona stór breyting á sér stað.

Mér finnast rökin fyrir því að stofnað sé einkahlutafélag um rekstur háskóla hér á landi í fyrsta skipti í sögunni standa á afar veikum grunni. Spurningunni um það hvers vegna ekki var valin sú leið að setja á laggirnar sjálfseignarstofnun, eins og t.d. var gert um rekstur Viðskiptaháskólans á Bifröst, hefur ekki verið svarað nægilega vel, því að eftir stendur að á háskólastigi verðum við með á annan tug skóla og þrjú mismunandi rekstrarform þegar þessi sameining gengur í gegn. Eitt af því verður einkahlutafélag rekið fyrir almannafé því undirstaða rekstursins verður áfram framlag frá ríkisvaldinu.

Virðulegi forseti. Ég gæti farið mörgum orðum um þau sérkennilegu vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við vinnslu þessa máls, enda, eins og ég sagði áðan, kom megnið af upplýsingum um þessa sameiningu í gegnum fréttatilkynningar frá ráðuneytinu en voru ekki ræddar í menntamálanefnd fyrr en eftir að fyrir lá að Tækniháskólinn yrði settur í einkahlutafélagaform. Ein þeirra spurninga sem auðvitað kviknaði á þessum tíma og ég tel að ekki hafi verið svarað er spurningin um eignir Tækniháskólans og hvernig þeim verður ráðstafað inn í hið nýja einkahlutafélag því mikilvægt er að það liggi fyrir hvað þessi sameining háskólanna muni kosta ríkissjóð þegar á hólminn er komið.

Því hef ég lagt eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. menntamálaráðherra:

1. Voru eignir Tækniháskóla Íslands metnar í aðdraganda samningaviðræðna skólans og Háskólans í Reykjavík? Ef svo er, hver var niðurstaða þess mats?

2. Hvernig er áætlað að farið verði með eignir Tækniháskóla Íslands við sameiningu skólanna? Verða þær lagðar inn í einkahlutafélagið sem hlutaeign ríkisins eða verða þær seldar?

[13:52]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir hefur beint til mín tveimur spurningum er snerta eignir Tækniháskóla Íslands. Ég vil strax í upphafi mótmæla því sem hv. þingmaður sagði um vinnubrögðin, að þau hafi ekki verið nægilega góð. Ég vil einmitt meina að allt í sambandi við þetta ferli hafi verið afskaplega faglega gert. Þess var gætt að upplýsingar lægju fyrir og þeim miðlað. Mikil samvinna var viðhöfð við þá sem koma að þessum háskólum þannig að það skiptir mjög miklu máli og meginmálið er náttúrlega að hafa samskipti við þá sem þar eru.

Með sameiningu Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík verður til nýr og stór og öflugur háskóli sem mun eiga eftir að hafa mikil áhrif á íslenskt háskólaumhverfi á næstu árum. Þegar viðræður um sameiningu skólanna hófust lá fyrir að meginverðmæti Tækniháskólans fælist í starfsfólki hans og þeirri miklu reynslu sem þar var að finna á sviði tæknimenntunar.

Tækniháskólinn hefur verið starfræktur í leiguhúsnæði og eru aðrar eiginlegar eignir mjög óverulegar. Samkvæmt lauslegri athugun á eignaskrá Tækniháskóla Íslands nemur andvirði eigna Tækniháskólans tæplega 40 milljónum kr. og samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins voru bókfærðar eignir Tækniháskólans í árslok 2003 metnar á um 32 milljónir að teknu tilliti til afskrifta. Þarna er um að ræða stóla, borð, hillur og kennslutöflur jafnt sem tölvubúnað og símkerfi. Þá eru ótaldar eignir sem kostað hafa undir 100 þús. kr. í innkaupum og virði þeirra því ekki bókfært í eignaskránni. Um er að ræða þar ýmsan húsbúnað og tæki.

Í viljayfirlýsingu um stofnun einkahlutafélags er tæki yfir starfsemi Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands, dagsettri 19. október 2004, er ákvæði þess efnis að menntamálaráðuneytið muni leggja hinum nýja háskóla til afnot af núverandi búnaði THÍ. Fordæmi eru fyrir slíku. Í verksamningi til að mynda milli menntamálaráðuneytis og Menntafélagsins ehf. vegna Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands, dagsettum 5. desember 2002, segir m.a. í 3. grein:

„Verksali fær endurgjaldslaus afnot af eignum skólanna við gildistöku samningsins svo sem skrifstofutækjum, kennslutækjum, hermum og tengdum búnaði, hugbúnaði, vélum og áhöldum. Á þeim tíma skal liggja fyrir eignaskrá sem verkkaupi lætur taka saman og verksali staðfestir og heldur síðan við. Verksala ber að varðveita, viðhalda og endurnýja eignir sem hann tekur yfir."

Þá vil ég einnig geta þess, virðulegi forseti, að það er sambærilegt fordæmi í samningi ráðuneytisins við til að mynda Húsgtjórnarskólann á Hallormsstað.

Stefnt er að undirritun samnings samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga um háskóla sem taki síðan til kennslu og rannsókna við þennan nýja háskóla eigi síðar en í júní 2005. Rétt er að undirstrika að við undirbúning þess samnings mun eignaskráin verða vandlega yfirfarin og verðgildi eigna THÍ metið nákvæmlega. Gert er ráð fyrir að hinn nýi háskóli fái eignirnar, eins og ég gat um áðan, til endurgjaldslausra afnota — það er byggt á þeim fordæmum sem ég hef farið yfir — og að þær verði afskrifaðar í framtíðinni samkvæmt viðmiðunum er um slíkt gilda.

[13:56]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hérna er mikilvægt mál á ferðinni sem við erum að vinna núna í menntamálanefnd. Við vorum að ljúka yfirferð þess í morgun. Ég vil taka fram að ég lýsti mig strax í upphafi frekar jákvæðan fyrir sameiningu með þessu móti og tel að þar komi ýmsir kostir til greina, svo sem sameining Tækniháskólans við Háskóla Íslands, sameining við Viðskiptaháskólann á Bifröst eða sameining við Háskólann í Reykjavík. Þessir kostir voru, að því ég best veit, aldrei skoðaðir neitt sérstaklega. Við fréttum það í gegnum fjölmiðlaleka á haustdögum að þetta stæði til. Pukur og leynd voru yfir málinu fram eftir öllu hausti þangað til það kom hér inn án þess að nokkur hefði komið að því hér úr röðum Alþingis eða menntamálanefndar. Ég vil því taka undir þau orð hv. fyrirspyrjanda að aðdragandinn að þessu máli var ámælisverður og ráðherranum ekki til sóma. Þarna var verið að skemma fyrir mjög mikilvægu og góðu máli sem efling tæknigreina er á háskólastigi. Það er mjög mikilvægt mál og þar átti að sjálfsögðu að skoða alla kosti sem koma til greina þannig að það væri alveg á hreinu að það sem af stað væri með farið, að efla tækniámið, yrði niðurstaðan.

[13:57]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég hnaut aðeins um það þegar hæstv. menntamálaráðherra tilgreindi eignir Tækniháskólans hversu upphæðirnar voru ótrúlega lágar. Tækniháskóli Íslands fer inn í þetta með eignir sem ná ekki einu sinni 100 milljónum. Það væri fróðlegt að sjá eignaskrána til að sjá hvað er á bak við þessar, ég vil segja, ótrúlega lágu tölur.

Það er líka gaman að velta því fyrir sér hver fyrri reynsla ríkisins sé af sameiningu skóla og einkavæðingu þeirra, breytingu þeirra jafnvel í einkahlutafélög. Þá væri gaman að líta til reynslunnar af breytingum sem gerðar voru á fyrirkomulagi Stýrimannaskólans og Vélskólans á sínum tíma og hvort ríkið hafi notað eitthvað úr þeim reynslubrunni í tengslum við þetta mál hér.

[13:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að þessar tölur eru ótrúlega lágar miðað við að verið er að tala um skólastofnun sem þessa.

En ég vil líka beina spurningu til hæstv. ráðherra vegna þess að það kemur fram að í raun sé frágengið að þessar eignir, þó litlar séu, fari inn í sameininguna af hálfu ríkisins. Ég held að það sé rétt hjá mér að slíkt sé óheimilt nema með heimild í fjárlögum, þó ekki sé nema um nokkra tugi milljóna að ræða þá verði Alþingi að veita sérstaka heimild til þess að ráðstafa eignum ríkisins. Ég held að það sé alveg klárt. En ég spyr hæstv. ráðherra hvort eftir slíkri heimild hafi verið leitað.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka menntamálaráðherra fyrir svörin og tek undir með þeim sem hér hafa talað að þetta er

alveg ótrúlega lág tala miðað við að þetta á að vera glæsilegur tækniháskóli á háskólastigi sem við eigum að hafa verið að reka hér með metnaði undanfarin ár, þannig að þetta kemur mér verulega á óvart.

Það sem ég átti við varðandi upplýsingaflæðið áðan var — örugglega hefur verið ágætt upplýsingaflæði á milli skólanna og á milli ráðuneytisins og skólanna og stjórnenda þeirra — en það sem ég átti við er að hér er verið að gerbreyta rekstrarformi. Verið er að koma með algerlega nýtt rekstrarform inn á háskólastigið og ég tel að slík breyting ætti að krefjast nánara samstarfs við löggjafann og þingið.

En það sem ég vil bæta við er að nú er verið, eins og kom fram hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni, að vinna þetta mál í menntamálanefnd og þar hefur komið fram að ríkisvaldið muni taka yfir skuldir Tækniháskólans áður en Tækniháskólinn rennur inn í þetta einkahlutafélag. Mér skilst að sú tala sé um 100 millj. kr. Ég vil fá það staðfest hvort þetta sé rétt vegna þess að þá erum við að tala um að heimanmundurinn inn í þetta einkahlutafélag í rauninni verði 140 millj. kr. allt í allt eða kostnaður ríkisins við sameininguna.

Mér finnst mikilvægt að þetta liggi fyrir því eins og fram kom var ekkert minnst á þessa tilhögun í fjárlögum fyrir þetta ár og fjárhagslegar forsendur þessarar sameiningar hafa ekki legið fyrir. Mér þætti því vænt um að heyra nánar um það. En ég þakka aftur fyrir svörin sem fram komu.

[14:01]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega mótmæla því að eitthvert pukur og leynd hafi verið í kringum þetta, síður en svo. Ég verð að segja að mér finnst þetta alltaf vera sama sagan. Hér koma þingmenn Samfylkingarinnar upp og segja: Það á að sameina skóla og fækka háskólum. Og svo þegar það er gert þá er það bara ekki rétta leiðin.

Menn tala um að ekki hafi verið talað t.d. við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Ég bendi til að mynda hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni á að ræða það mál einfaldlega við rektor háskólans á Bifröst sem vill sérstaklega gæta að þeirri góðu sérstöðu sem sá frábæri háskóli hefur mótað sér og vill halda áfram að skapa. Það þýðir því ekkert að koma hingað upp í ræðupúlt þingsins og slá um sig með einhverjum athugasemdum um að það eigi að athuga þetta og athuga hitt þegar engin ástæða er fyrir slíku.

Ég vil undirstrika hvað varðar þessar tölur að ég get svo sem líka tekið undir að ég hnaut um þessar tiltölulega lágu tölur, en þetta eru upplýsingar frá Fjársýslu ríkisins. Sú leið sem hér er farin er byggð á fordæmum í gegnum verksamninga sem við höfum m.a. gert við Menntafélagið og förum alveg sömu leið hvað það varðar og nýtum náttúrlega þær lagaheimildir sem þar þarf til.

Ég vil sérstaklega undirstrika að þau tækifæri sem felast í þessum nýja háskóla eru fyrst og fremst fólgin í því að við erum að efla tækninám og verkfræðinám til framtíðar. Ég vil meina að við komum til með að fjölga tæknimenntuðu fólki duglega við þessa sameiningu.

Síðan er hitt, sem er afar jákvætt, að við erum líka að fara í það með þessari sameiningu að efla kennaramenntun, annars vegar á sviði raungreina og hins vegar íþróttamenntunar eða lýðheilsu. Þar er þessi nýi háskóli, sem er mjög til fyrirmyndar, að tengjast öðrum svæðum en eingöngu höfuðborgarsvæðinu, til að mynda Keflavíkursvæðinu eða Reykjanesbæ, sem er að mínu mati afskaplega jákvætt spor og verður vonandi til farsældar.

Tæknigreinar og verkfræði.

Fsp. AKG, 370. mál. — Þskj. 434.

[14:03]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Samkvæmt yfirlýsingu við sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík er tilgangurinn með sameiningu skólanna einkum að efla verkfræði- og tækninám á Íslandi. Aðferðafræði hæstv. menntamálaráðherra við eflingu verkfræði- og tæknináms er umdeilanleg af mörgum ástæðum en augljóst að ef halda á uppi öflugu námi á háskólastigi þarf að tryggja viðeigandi undirbúning nemenda. Það er staðreynd að í framhaldsskólum landsins stunda miklu færri nemendur nám á raungreinasviði en á öðrum sviðum og í hópi nemenda á raungreinasviði eru stúlkur mun færri en piltar. Ef hæstv. menntamálaráðherra ætlar að ná settu marki að efla verkfræði- og tækninám á háskólastigi þarf tvenns konar hvatningu til auk þess sem efla þarf inntak raungreinanáms á framhaldsskólastigi. Það þarf að hvetja til fjölgunar almennt í raungreinanámi á framhaldsskólastigi og hvetja þarf stúlkur sérstaklega.

Fyrirhuguð stytting framhaldsskólans og tilfærsla námsefnis úr framhaldsskólum til grunnskólanna vekur upp margar spurningar um grundvöll fyrirhugaðrar eflingar tæknináms. Það hafa t.d. heyrst efasemdaraddir úr hópi skólastjórnenda um hvernig grunnskólar eigi að auka kennslu í stærðfræði á sama tíma og afar fáir sérmenntaðir kennarar í greininni eru að störfum innan grunnskólans í heild og enn færri með efnafræði- eða eðlisfræðimenntun enda eru þær greinar ekki á námskrá grunnskólans.

Því er mjög forvitnilegt að heyra hvernig hæstv. menntamálaráðherra hefur hugsað þessi mál í heild því að ekki er hægt að líta fram hjá tengslum skólastiganna við breytingar og alkunna að við uppbyggingu hvort heldur er námsgreina, skólastefnu eða þekkingar almennt þarf undirstaðan að vera réttilega fundin.

Ég spyr því hæstv. menntamálaráðherra: Hvaða ráðstafanir hyggst ráðherra gera til að auðvelda framhaldsskólunum að laga sig að aukinni áherslu á tækni- og verkfræðinám á háskólastigi?

Hef ég þá ekki minnst á grunnskólana sem ég tel líka að þurfi að skoða alveg sérstaklega með tilliti til uppbyggingar og eflingar verk- og tæknimenntun almennt.

[14:06]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Verkefni framhaldsskólanna er m.a. að búa nemendur undir störf og frekara nám á háskólastigi.

Það er breytilegt frá einum tíma til annars hve mikil eftirspurn er eftir námi á hinum margvíslegu námsleiðum sem standa til boða í framhaldsskólum landsins. Það einkennir íslenska framhaldsskóla að þeir eru sveigjanlegir og fljótir að laga sig að breyttum aðstæðum og breyttri eftirspurn eftir námi. Því er mikilvægt að námsframboð sé í sem bestu samræmi við eftirspurn eftir námi á hverjum tíma.

Með útkomu nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla árið 1999 var gerð talsverð breyting á skipulagi raungreina í framhaldsskólum með áherslu á þverfaglegan þekkingargrunn sem nemendur á öllum bóknámsbrautum fengju. Frekari sérhæfing í einstökum raungreinum byggist svo á þessum grunni.

Mikil uppbygging hefur orðið síðan þá með verulega bættum kennsluaðferðum í raungreinum í mörgum framhaldsskólum og ráðuneytið hefur sérstaklega styrkt útgáfu námsefnis til raungreinakennslu í framhaldsskólum.

Skólaárið 2002–2003 brautskráðust 802 nemendur með stúdentspróf af náttúrufræði- og raungreinabrautum framhaldsskólanna samkvæmt tölum frá Hagstofunni. Fjöldi nemenda með stúdentspróf af þeim brautum var 634 skólaárið 1995–1996, þannig að þeim hefur fjölgað töluvert á þessu árabili. Stúdentspróf af náttúrufræðibraut er að mínu mati afar góður undirbúningur fyrir m.a. nám í tæknigreinum og verkfræði á háskólastigi.

Með tilkomu viðbótarnáms til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum hefur verið opnaður nýr farvegur til undirbúnings námi á háskólastigi sniðið sérstaklega að þörfum þeirra sem lokið hafa skilgreindu starfsnámi á framhaldsskólastigi. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega geta þess og undirstrika að stúdentspróf af starfsnámsbrautum eru að *sjálfsögðu jafngild og stúdentspróf af bóknámsbrautum.*

Skólaárið 2002–2003 brautskráðust 208 nemendur með stúdentspróf sem lokið var með tilteknu viðbótarnámi við skilgreint starfsnám. Flestir þeirra nemenda búa sig undir nám í tæknigreinum og verkfræði samkvæmt upplýsingum okkar.

Segja má að af þessu sé ljóst að stórir hópar brautskrást með stúdentspróf sem eru vel fallin til undirbúnings námi í tæknifræði og verkfræði. Þessir hópar hafa farið sem betur fer stækkandi á undanförnum árum hvort heldur sem litið er á fjölda eða hlutfall. Ég tel það í rauninni skýr merki um að framhaldsskólarnir geti lagað sig að aukinni áherslu á tæknigreinar og verkfræðigreinar á háskólastigi á komandi árum, hafi þeir nú ekki þegar gert það eins og skýrar vísbendingar eru um í dag.

Engu að síður er það þannig eins og komið hefur fram að við þurfum að fjölga tæknimenntuðu fólki og það er alveg hárrétt sem kemur fram hjá hv. þm. Önnur Kristínu Gunnarsdóttur að við þurfum að bæta grunninn og það þýðir ekki eingöngu á framhaldsskólastigi heldur líka á grunnskólastigi. Í þeim efnum hef ég skipað starfshóp sem var falið að gera m.a. tillögur um leiðir til þess að glæða sérstaklega áhuga unga fólksins, bæði í grunnskóla og í framhaldsskóla, á rannsóknatengdu háskólanámi og raungreinum almennt og tæknimenntun. Starfshópurinn skilaði fyrir skömmu fyrstu tillögum sínum, frumtillögum, og ég bind vonir við að á þeim grunni verði m.a. hægt að byggja til að fjölga nemendum í raun- og tæknigreinum á næsta ári, en þær tillögur eru afar athyglisverðar við fyrstu sýn. Til að mynda eru lagðar fram tillögur um að skoða uppbyggingu á tilraunahúsi sem verður þá gert aðlaðandi til þess að ungir nemendur sjái þennan töfraheim sem raungreinarnar í rauninni bjóða upp á.

Afar mikilvægt er eins og kom fram hjá hv. þingmanni að skoða þetta mál, þessa mynd sem heildstæðasta því að ekki dugar eingöngu að stefna að því að fjölga tæknimenntuðu og verkfræðimenntuðu fólki á háskólastigi. Við þurfum að byggja þetta strax frá grunni og reyna að laða að unga fólkið í raungreinarnar þannig að það velji líka raungreinar þegar komið er í framhaldsskóla og ég held að það skipti lykilmáli hér.

Hv. þingmaður kom inn á fyrirhugaða styttingu á námstíma til stúdentsprófs og vil ég sérstaklega taka fram að þar er verið að tala um að færa stærðfræði á milli, verið er að tala um að færa námsefni á milli framhaldsskóla og grunnskóla. Sú tillaga byggir fyrst og fremst á því að ljóst er að verið er að endurtaka mikið af því námsefni sem er kennt í 10. bekk í grunnskóla í áföngum 103 í framhaldsskóla, og *mér hefur verið bent á að stærðfræðin í 103 er svo til endurtekning á því sem er í 10. bekk í grunnskóla fyrir utan hornaföllin að mér skilst.*

[14:11]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég deili því markmiði með hæstv. ráðherra og hv. fyrirspyrjanda að við þurfum að efla tækni- og verkfræðina og verknámið að sjálfsögðu líka. En það sem helst gæti orðið því til trafala er skortur á raungreinamenntuðum kennurum. Því til marks má nefna að af þeim 951 *sem nú stunda nám á grunnskólabraut í Kennaraháskóla Íslands* eru einungis 58 með stærðfræði sem aðalkjörsvið. Það segir töluverða sögu um hve fáir kennaranemar eru núna að stunda stærðfræðina. Ég held að það verði að taka inn í þessa umræðu um bæði framtíð kennaramenntunar og framtíð iðn-, tækni- og verkfræðimenntunar að leggja ríka áherslu á að fjölga þeim kennurum og þeim nemendum taki stærðfræðina sem aðalkjörsvið í Kennaraháskólanum. Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. ráðherra að það sé brýnt verkefni og undirstaðan undir það að þetta takist.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sagði í ræðu sinni að henni hefði verið bent á að námsefni úr grunnskóla í stærðfræði væri mikið endurtekið í framhaldsskólanum. Það kann að vera. En ég ætla hins vegar að benda hæstv. ráðherra á það á móti að stór hluti nemenda grunnskólans nær ekki tilskildum lágmarksárangri í stærðfræðigreinum frekar en öðrum greinum reyndar á grunnskólaprófi. Það þarf því að efla kennsluna í grunnskólanum og taka hana reyndar til heildarendurskoðunar tel ég. Og þó að eitthvað sé endurtekið í framhaldsskólanum tel ég það ekki merki um að hægt sé að bæta á í grunnskólanum án þess að þar séu málin tekin alveg fullkomlega til endurskoðunar og breytt hvernig farið er að. Einkum og sér í lagi verði kennaramenntunin tekin til endurskoðunar og reynt að fjölga þeim sem hafa tilskilið undirbúningsnám í þessu.

Hæstv. ráðherra sagði að hún teldi náttúrufræðibrautarundirbúning vera góðan undirbúning fyrir verkfræði- og tæknifræðimenntun á háskólastigi. Ég tel að það sé eðlisfræðibrautarundirbúningurinn eins og hann var í eldra kerfinu sem sé bestur og á þeirri braut eða á þeirri línu eru afar fáir nemendur. Það eru ekki svo fáir sem taka náttúrufræðigreinarnar en mjög fáir sem taka eðlisfræðigreinarnar og þyngstu stærðfræðina sem er besti undirbúningurinn fyrir verkfræðinám.

Ég held að mjög mikið sé óunnið í undirbúningi, bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi, áður en hægt er að efla eða fjölga nemendum á háskólastigi.

[14:15]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Varðandi síðustu orð hv. þingmanns þá er einmitt verið að vinna í þessum málum á heildstæðum grunni og m.a. verið að taka á þeim atriðum sem hv. þingmenn hafa komið hér inn á, sérstaklega varðandi kennaramenntunina, og það er m.a. verið að gera í hinum nýja sameiginlega háskóla. Hvað er verið að gera þar? Hvaða áhersla er lögð á kennaramenntunina í þeim háskóla? Jú, hún er tvenns konar. Áherslan er lögð annars vegar á lýðheilsu og hins vegar á hvað? Raungreinar. Það er sérstök áhersla lögð á að mennta raungreinakennara í hinum nýja háskóla. Síðan er auðvitað fagnaðarefni hvernig Kennaraháskóli Íslands hefur hug á að endurskipuleggja umhverfi sitt og þá kennaramenntun sem þar er í boði. Er til mikillar fyrirmyndar hvernig sá stórhugur hefur komið fram á þeim bæ.

Ég vil líka mótmæla því sem komið hefur fram í ummælum hv. þingmanns og í rauninni líka í umræðunni áðan varðandi aðferðafræðina við sameiningu háskólans, Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík. Það er alveg skýrt hver aðferðafræðin er. Hún er öllum ljós og það vita allir sem vilja vita eitthvað um þá sameiningu, upplýsingarnar liggja fyrir. En það er alltaf sama sagan, eins og ég gat um áðan, menn vilja sameina en ekki bara með þessum hætti. Mér finnst það miður, og menn verða þá að leiðrétta mig einhvern tímann síðar, því ef ég skil hv. þingmenn rétt eru þeir í rauninni andsnúnir þessari sameiningu sem um er að ræða. Ég get ekki skilið orð þeirra á annan veg en þann, miðað við þau orð sem hafa verið látin falla hér úr ræðupúltinu í dag, að þeir séu andsnúnir þessari sameiningu, a.m.k. eins og hún er framkvæmd.

Íslenskukennsla fyrir útlendinga í grunn- og framhaldsskólum.

Fsp. JBjart, 357. mál. — Þskj. 410.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að leggja mjög ríka áherslu á að öll útlend börn sem ekki hafa íslensku að móðurmáli njóti góðrar og markvissrar kennslu í íslensku og jafnframt í móðurmáli sínu, sem er oft grunnurinn að því að læra íslenskuna, vegna þess að það er lykillinn að því að þessum börnum nýtist grunnskólinn. Það er lykillinn að því að þessi börn njóti tækifæra til frekara náms og starfa í samfélaginu til jafns við önnur börn. Ég er líka einlægt þeirrar skoðunar að við eigum að vera tilbúin til að kosta því sem til þarf til að tryggja þessum börnum íslenskunámið.

Frú forseti. Ég veit að hæstv. núverandi menntamálaráðherra er sama sinnis. Að gefnu tilefni rifjaði ég nýlega upp umræðuna sem varð á Alþingi þegar við settum nýju útlendingalögin. Þá lagði hæstv. menntamálaráðherra, sem þá var formaður allsherjarnefndar, mikla áherslu á að útlendingar lærðu íslensku, ættu gott aðgengi að námskeiðum og öðru, vegna þess að það væri grunnurinn að því að þeir gætu aðlagast íslensku samfélagi.

Aðalnámskrá grunnskóla fjallar ekki um þetta, aðalnámskrá framhaldsskólans gerir það ekki heldur, en þó er í gildi reglugerð um rétt nemenda í grunnskólum til íslenskunáms sem kveður á um tvær stundir á viku í sérstakri íslenskukennslu á meðan nemandinn sem er með annað móðurmál en íslensku er að ná tökum á íslensku máli. Þar segir líka að að mati skólastjóra og sérfræðiþjónustu skóla geti kennslan verið mismunandi eftir skyldleika móðurmáls nemanda við íslenskuna. Þarna glittir í skilning á því hvað börn með annað móðurmál en íslensku standa misjafnlega að vígi eftir því hvert móðurmál þeirra er.

Í framhaldsskólanum er á hinn bóginn, eins og ég sagði áðan, ekkert í aðalnámskrá um réttindi þessara barna þó að ákveðnir framhaldsskólar hafi haft frumkvæði að því að veita kennslu í íslensku sem er auðvitað grunnurinn að því að þeir geti tileinkað sér námið sem framhaldsskólinn býður upp á.

Það hefur sýnt sig og tölfræðin sýnir það hversu miklu máli þetta skiptir og m.a. þær tölur sem við höfum yfir mikið brottfall þessara nemenda í framhaldsskólanum, að því ógleymdu að þetta getur líka valdið því að margir nemendur sem eru að ljúka grunnskóla ná ekki lágmarkseinkunn í einu eða fleiri fögum.

Það er margt gott gert og margt gott verið að gera. Ég held jafnvel að við getum gert betur til að koma í veg fyrir brottfallið með því að hjálpa þessum börnum að aðlagast og tileinka sér nám í framhaldsskólanum.

Frú forseti. Mig langar að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra hvort uppi eru áform um að efla íslenskukennslu fyrir nemendur og eins hvort lagt hafi verið mat á þörf fyrir kennslumiðstöð, námsefnisbanka og námsefnisgerð fyrir kennslu í íslensku fyrir útlendinga.

[14:21]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. fyrirspyrjanda að íslenskan er lykillinn fyrir hina nýju Íslendinga að okkar samfélagi. Það verður seint of oft endurtekið.

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 voru í fyrsta sinn sett ákvæði um íslensku sem annað tungumál fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á. Þessir nemendur hafa því misjafnar forsendur til að

takast á við almennt nám í íslenskum skólum. Nemendurnir eiga samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla rétt á því að fá sérstaka íslenskukennslu í grunnskólum með það að markmiði að þeir verði hæfir til að taka fullan þátt í skólastarfi og íslensku samfélagi.

Sveitarfélög og skólar hafa á undanförnum árum unnið á margbreytilegan hátt að skipulagi skólastarfsins og þróun þess í einstökum sveitarfélögum og skólum. Menntun nemenda með annað móðurmál en íslensku og fjölmenningarleg kennsla var eitt af forgangsverkefnum við úthlutun til að mynda úr þróunarsjóði grunnskóla 2002 og 2003. Veittir voru styrkir til fjölbreytilegra verkefna í grunnskólum með það að markmiði að stuðla að þróunarstarfi á þessu sviði. Veittir voru styrkir til að þróa kennsluhætti í fjölmenningarlegum grunnskóla, aðlaga námsefni að margbreytilegum nemendahópi, nýta upplýsingatækni til að miðla upplýsingum, setja námsgögn á netið fyrir þessa hópa og stuðla að almennri þróun í kennslu tvítyngdra nemenda. Gert er ráð fyrir að afrakstur þessara þróunarverkefna nýtist í skólakerfinu við frekari þróun síðar á þessu sviði.

Námsgagnastofnun hefur á undanförnum árum unnið að útgáfu námsgagna fyrir kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku með hliðsjón af markmiðum í aðalnámskrá grunnskóla.

Í Kennaraháskólanum er nú boðið upp á framhaldsnám á sviði fjölmenningarlegrar kennslu. Námið er ætlað kennurum og stjórnendum á öllum skólastigum. Meginmarkmið með náminu er að veita kennurum og stjórnendum tækifæri til að tileinka sér þekkingu, viðhorf og leikni sem þarf til að sinna menntun barna í fjölmenningarsamfélagi. Námið er fjölgreinalegt eða þverfaglegt og hugað er að almennum atriðum er varðar börn í fjölmenningarlegu samfélagi. Áhersla er m.a. lögð á réttindi barna, mál og málumhverfi, jafnt móðurmál sem erlend mál, aðlögun og sjálfsmynd, hugmyndafræði fjölmenningarlegrar kennslu og skólaþróun í samfélaginu. Námið er tengt hagnýtum viðfangsefnum í skólum. Æskilegt er síðan að aukin verði umfjöllun um þessa þætti í almennu grunnnámi kennara.

Nú þegar er hafinn undirbúningur að endurskoðun aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla, m.a. með tilliti til þess hvort hægt sé að stytta námstíma til stúdentsprófs og auka um leið samfelluna í námi. Menntamálaráðuneytið mun sérstaklega í tengslum við þá endurskoðun skoða þessa stefnu varðandi menntun nemenda með annað móðurmál en íslensku og með hvaða hætti sé heppilegast að skipa þeim málum á öllum skólastigum.

Það er kannski rétt að geta þess að nú þegar hefur verið skipaður sá hópur sem fjalla á um endurskoðun á þeim kafla í námskránni er varðar íslensku í grunn- og framhaldsskólum. Honum er m.a. ætlað að taka tillit til þessara atriða.

Í námi í íslensku sem öðru tungumáli eru tvær námsleiðir til í upphafi námstímans. Annars vegar er fjögurra eininga áfangi með áherslu á tal- og ritmál og íslenskan orðaforða, hugsaður fyrir þá nemendur sem hafa góða undirstöðu í eigin móðurmáli og námi almennt. Hins vegar eru tveir tveggja eininga áfangar með áherslu á íslenskan orðaforða, framburð, lestrarfærni, námstækni og notkun hjálpargagna, ætlaðir nemendum sem þurfa í rauninni frekari undirbúning og aðstoð í íslensku og námi almennt til að geta síðar stundað nám í íslenskum framhaldsskólum. Auk þessara áfanga er boðið upp á níu einingar eða þrjá áfanga í íslensku sem annað tungumál og er gert ráð fyrir mjög mismunandi áherslum í einum þeirra.

Sumum skólum reynist erfitt að bjóða íslensku sem annað tungumál, einfaldlega vegna þess hve nemendahópurinn er lítill en á almennri námsbraut er þó gert ráð fyrir minni hópum og þeir skólar sem hafa skilgreint slíka námsbraut hafa meiri möguleika á að halda uppi kennslu í þessari námsgrein. Skólar með mjög fáa nemendur geta einnig sótt um styrk til ráðuneytisins til þess að halda uppi kennslunni.

Framhaldsskólarnir gera sér æ betur grein fyrir sérstökum þörfum þessa hóps og veita honum sífellt aukinn stuðning. Þar koma til aukatímar í íslensku. jafningjaaðstoð, stoðtímar, aukin umsjón og einstaklingsráðgjöf. Einnig er veitt aðstoð í prófum, svo sem lengri prófatími eða munnleg próf. Erlendum nemendum í framhaldsskólum fer stöðugt fjölgandi og eru nú um 250 sem þurfa sérstakan stuðning í íslensku. Mun fjölgunin verða til þess að hópurinn verður sýnilegri. Íslenskukennslan, og annar stuðningur sem skólarnir veita, hefur styrkst og hefur aukist en hún þarf að gera það enn frekar og ég geri mér vonir um að með endurskoðun á námskránni munum við sjá tækifæri til þess að sinna þessum þörfum enn betur.

[14:26]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz fyrir að taka þetta mál upp í þingsölum. Og ég þakka sérstaklega hæstv. menntamálaráðherra fyrir hve góð og jákvæð svör hún kemur með hér og hvað margt gott er verið að gera í menntamálaráðuneytinu til þess að efla íslenskukennslu fyrir útlendinga í grunn- og framhaldsskólanum því það er eins og komið hefur fram algjör forsenda þess að fólk nái fótfestu í námi að það kunni íslensku. Þess vegna er það mjög jákvætt það sem hér kemur fram. Ég vil bara þakka fyrir að þessi umræða er á svona jákvæðum nótum.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Ég vil fá að þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir greinargott svar hennar og jákvæðni í garð þessa málefnis og geri mér vonir um að við séum í náinni framtíð að gera betur en við höfum verið að gera. Markmiðið er að koma í veg fyrir ákveðin vandamál eins og skapast hafa í kringum útlendinga og hjá útlendingum í nánustu nágrannalöndum okkar og við lærum af þeim mistökum sem þau mörg hafa gert.

Eitt af því sem ég tel að þurfi að meta er t.d. hvort þær tvær stundir eða þær stundir sem ákveðnar verða og eru í reglugerðinni duga þessum börnum, vegna þess hve bakgrunnur þeirra er ólíkur og móðurmál þeirra getur verið geysilega ólíkt íslenskunni og þar af leiðandi erfiðara fyrir þau að tileinka sér hana. Það er eitt að geta tileinkað sér íslensku til samskipta en annað að geta tileinkað sér hana og lært hana þannig að hún sé til gagns til náms í grunnskóla og síðan til náms í framhaldsskóla af því að oft spilar líka inn í það mismunandi menningarlegur bakgrunnur sem

veldur því að sum börn standa verr að vígi en önnur.

Eitt sem mig langar sérstaklega að leggja áherslu á og hefur sýnt sig er að börn sem eru með íslensku sem annað tungumál fá mörg síður aðstoð heima fyrir með heimanám vegna skorts á kunnáttu foreldranna í íslensku. Það kallar í sjálfu sér líka á aukinn stuðning við þessi börn.

Menn hafa bent á að við séum að gera margt gott og það eru margir að vinna í þessum málaflokki en við þurfum einhvers staðar að sameina kunnáttuna. Þess vegna laut hluti af fyrirspurn minni að afstöðu ráðherrans til kennslumiðstöðvar þar sem menn hafa bent á að þurfi að vera gott samstarf við símenntunarstöðvar og námsefnisbanki og öflug námsefnisgerð og að tryggja gott samstarf á milli allra skólastiganna í þessu máli.

[14:29]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni að það hefur margt verið gott gert í þessum efnum og má í rauninni segja að það hafi orðið gjörbylting í skólakerfinu, bæði varðandi viðhorf og líka það hvernig hægt er að mæta þörfum þessa þýðingarmikla hóps fyrir samfélag okkar. Það hefur því margt gott verið gert en auðvitað á aldrei að nema staðar þegar kemur að skólastarfi, heldur líta fram á við hvernig hægt er að móta skólakerfið þannig að það mæti þörfum allra. Þetta er orðinn nokkuð stór hópur, eins og ég minntist á áðan, sem við þurfum að koma til móts við. Við erum að átta okkur á hvert umfangið er og hvaða leiðir er best að fara. Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að hóparnir eru mjög mismunandi, þeir eru með mismunandi grunn til að takast á við íslenskuna. Sumir hafa góðan grunn, aðrir ekki. Og við lítum svo á að með til að mynda þessu tækifæri sem er í rauninni á tvenns konar sé annars vegar verið að veita nemendum tækifæri sem eru með góðan grunn eina leið og hins vegar sé tekið tillit til þeirra sem hafa ekki eins góðan grunn. Ég held að sú leið sé til fyrirmyndar.

Ég vil einnig benda á það að við höfum farið í samvinnu við Reykjavíkurborg og félagsmálaráðuneytið. Þessir þrír aðilar hafa komið að því að fara í verkefni sem heitir „Framtíð í nýju landi" og það veitir ungu fólki, m.a. sem er frá Víetnam upprunalega, möguleika til þess að tengjast betur samfélaginu og nema líka málið betur. Það er því ýmislegt verið að gera en við verðum að halda áfram að horfa fram á við hvað þetta varðar.

Ég vil einnig geta þess að Kennaraháskóla Íslands hefur verið falið að móta það hvernig við getum staðið að því að undirbúa þá útlendinga sem þurfa að taka námskeið í íslensku til þess að öðlast búsetuleyfi sem hv. þingmaður kom síðan inn á í upphafsræðu sinni.

Stuðningur við krabbameinssjúklinga.

Fsp. MF, 303. mál. — Þskj. 331.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í nóvember 2003 beindi ég þeirri spurningu til hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hann mundi beita sér fyrir breytingum á þágildandi reglugerð þar sem kveðið var á um stuðning við þá sem fengið hafa krabbamein eða aðra sjúkdóma til kaupa á hjálpartækjum eða vörum þannig að sjálfsákvörðunarréttur sjúklingsins væri virtur hvað varðar nýtingu þess fjármagns sem einstaklingnum er ætlað hverju sinni. Á þetta t.d. við hvað varðar styrki til kaupa á gervibrjóstum og hárkollum sem ekki mátti þá nýta til kaupa á sérstökum höfuðfötum, sérhönnuðum sundfötum eða til að greiða fyrir tattóveringu augabrúna. Við sem reynt höfum á ákvæði þessarar reglugerðar höfum ítrekað bent á að ákvæðinu þyrfti að breyta, ekki síst listamaðurinn Anna Pálína Árnadóttir sem var einstaklega ötul í þessari baráttu en lést nú í vetur.

Þessi barátta skilaði sér, ráðherra hefur nú gert ákaflega mikilvægar breytingar á reglugerðinni. Styrkur til kaupa á gervibrjóstum eða hárkollu er ekki lengur bundinn þeirri vöru, heldur má nýta hann á annan hátt sem getur skipt sjúklinginn miklu máli og ber að þakka ráðherra sérstaklega fyrir það.

Enn sýnist mér þó óljóst hvort heimilt er að nýta þennan styrk samkvæmt reglugerðinni til hóps kvenna sem hafa farið í brjóstnám og enduruppbyggingu en ekki fengið aðgerð lokið þar sem ekki var á þeim tíma hægt að ljúka við gerð geirvörtu á brjóst með tattóveringu á sjúkrastofnun, eins og Álfheiður Ingadóttir, varaþingmaður Vinstri grænna, hefur vakið athygli á hér á Alþingi.

Þó að hæstv. ráðherra hafi svarað fyrri spurningu minni á þskj. 331 með verkum sínum stendur eftir spurning nr. 2: Hvernig er háttað styrkjum og stuðningi við börn, þ.e. yngri en 18 ára, sem ekki eru á sjúkrastofnunum, sem hafa farið í gegnum erfiðan sjúkdóm, t.d. krabbamein, misst hárið eða þurft önnur hjálpartæki? Sömuleiðis: Hver er sjálfsákvörðunarréttur aldraðra sjúklinga sem dvelja á öldrunarstofnunum?

Virðulegi forseti. Það er ekki einungis Álfheiður Ingadóttir, hv. varaþingmaður Vinstri grænna, sem hefur vakið athygli á því að ekki er hægt að ljúka uppbyggingu brjósta á ákveðnum hópi kvenna sem fóru í þá aðgerð fyrir nokkru síðan, heldur hefur hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir verið óþreytandi við að vekja athygli á málinu.

[14:34]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og fyrir góð orð um reglugerðarbreytinguna sem hún gat um. Það er rétt, ég svaraði fyrirspurn um þetta mál frá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur nýverið. Ég hélt fyrst að það væri komin einhver undiralda í flokkinn en svo mun ekki vera.

Svarið við fyrirspurnum hv. þingmanns er að Tryggingastofnun ríkisins rekur sérstaka hjálpartækjamiðstöð sem veitir styrki vegna hjálpartækja samkvæmt reglugerð nr. 460/2003, um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpartækja. Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar greiðir styrki vegna hjálpartækja sem eru til lengri notkunar en þriggja mánaða til að auðvelda fólki að takast á við athafnir daglegs lífs. Einkum er um að ræða hjálpartæki til sjálfsbjargar og öryggis í ákveðnum tilvikum, og í ákveðn-

um tilvikum til þjálfunar og meðferðar. Hjálpartækin verða jafnframt að teljast nauðsynleg og hentug til að bæta möguleika viðkomandi einstaklings til að sjá um daglegar athafnir.

Þann 1. desember 2004 tók, eins og áður segir, gildi breyting á framangreindri reglugerð sem veitir einstaklingi meira val á hjálpartækjum sem nauðsynleg eru vegna hárleysis af völdum sjúkdóma, t.d. vegna krabbameinsmeðferðar eða útbreidds langvarandi blettaskalla. Breytingar á reglugerðinni fela í sér að fólk hefur val um að nýta styrk frá Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar ríkisins til kaupa á hárkollu eða sérsniðnum höfuðfötum, gerviaugabrúnum og augnhárum í stað hárkollu eingöngu. Hjálpartækjamiðstöðin veitir styrki til kaupa á gervibrjóstum og gervibrjóstahöldum þegar konur hafa misst brjóstið vegna sjúkdóms eins og krabbameins. Reglugerðarbreytingin frá 1. desember 2004 veitir konum meira val þegar veittir eru styrkir til kaupa á þessum hjálpartækjum.

Ég hef falið samninganefnd heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins að kanna hvort unnt sé að gera samninga við aðila sem húðflúra fólk sem hefur lýti vegna sjúkdóma eins og krabbameins. Ég tel að samninganefndin sé rétti vettvangurinn fyrir slíka samninga. Það er mat nefndarinnar að of mörg vafaatriði séu tengd húðflúrsmeðferð og að gera verði miklar kröfur til meðferðarinnar. Þá verður kostnaður að vera innan skynsamlegra marka. Samninganefndinni hefur ekki, eins og kom fram í svari mínu við fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, tekist að gera samninga í samræmi við þær kröfur sem hún gerir en málið er enn til skoðunar í nefndinni.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir ekki styrki vegna hjálpartækja til þeirra sem vistast á sjúkrastofnunum. Hið sama gildir um öldrunarstofnanir. Í þeim tilvikum á viðkomandi stofnun að sjá vistmönnum fyrir öllum hjálpartækjum samkvæmt reglugerð nr. 422/1992, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu. Tryggingastofnun ríkisins greiðir þó styrki til þeirra sem dveljast á sjúkrahúsi eða stofnun vegna hjólastóla með skilaskyldu að notkun lokinni.

Einstaklingur sem útskrifast af sjúkrahúsi og býr í heimahúsi á rétt á styrk frá Tryggingastofnun ríkisins vegna kaupa á hjálpartækjum sem beinlínis er aflað til að viðkomandi geti útskrifast. Styrkir vegna hjálpartækja eru veittir þeim sem eru sjúkratryggðir hér á landi samkvæmt lögum um almannatryggingar og gildir það jafnt um fullorðna sem börn. Þó má geta þess að börn fá í mörgum tilvikum hærri styrki og fleiri hjálpartæki en fullorðnir.

Virðulegi forseti. Ég tel að reglugerð um styrki Tryggingastofnunar ríkisins vegna hjálpartækja komi verulega til móts við þarfir þeirra einstaklinga sem þurfa á hjálpartækjum að halda vegna sjúkdóma eða fötlunar. Þörfin er sú sama hver sem sjúkdómurinn er. Reynt er að koma til móts við óskir fólks og veita fólki meira val. Hafði reglugerðarbreytingin 1. desember sl. m.a. þann tilgang.

[14:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög þörf umræða og sakar ekki þó að talað sé oft um þessi mál.

Það er jákvætt að breyting hefur verið gerð á reglugerðinni um hjálpartæki þannig að menn hafi val um það hvort þeir fái sér t.d. hárkollu eða fari aðrar leiðir til að bæta sér það upp að hafa misst hárið vegna krabbameinsmeðferðar.

Styrkir frá Hjálpartækjamiðstöð Tryggingastofnunar eru ekki bara vegna hjálpartækja, þ.e. tækjanna sem slíkra, heldur er þarna líka t.d. um að ræða sérfæði. Þess vegna væri full ástæða til að skoða hvort slíkur styrkur gæti komið vegna húðflúra. Við erum reyndar nýbúin að tala um húðflúrið. Er hægt að gefa því fólki val um það hvort það fer í húðflutningameðferðina, sem kostar ríkið 50 þús., eða hvort það fær styrk hjá Tryggingastofnun vegna húðflúra sem kostar ekki nema 25 þús. kr. Síðan yrðu náttúrlega konurnar að taka þá ákvörðun sjálfar hvora leiðina þær fara og hvort þær fái þá þennan styrk. Þó svo að það sé vafi á þessari leið eins og hæstv. ráðherra sagði með húðflúrið (Forseti hringir.) er það samt leið sem konur eru að fara.

[14:40]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir að það er mjög þörf umræða sem fer hér fram og er aldrei of mikið um málið rætt. Það kom mér t.d. mjög á óvart þegar látin listakona, Anna Pálína Árnadóttir, vakti máls á því að ekki væri hægt að fá greitt fyrir tattóveringu augabrúna. Það kom mér mjög á óvart. Ég tel mikilvægt að svona úrræði séu til, auðvitað innan ákveðins ramma en að sjálfsákvörðunarréttur einstaklingsins sé virtur. Þetta hefur svo mikið að segja fyrir sjálfsvirðingu þeirra sem verða fyrir svona erfiðum sjúkdómum, þeir verða að byggja sig upp á annan hátt hvað útlit snertir. Ég held að það sé nauðsynlegt að þeir fái þetta val og ráðherra hefur það alveg í hendi sér að breyta reglugerðinni. Ég vona að hann geri það því að þetta er mjög mikilvægt mál, ekki síst fyrir konur.

[14:41]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég ætla að fá að taka undir með fyrri ræðumönnum hér um að umræðan er þörf og hún er líka nauðsynleg allt þar til við höfum náð þessu máli í höfn.

Mér heyrist það sem út af borðinu standi núna, og flestir eru sammála um að þurfi að bæta úr, sé að konur fái að nýta sjálfsákvörðunarrétt sinn og geti valið á milli húðflutnings og húðflúrs. Það sem örugglega stendur í þeim sem sýsla með þetta er að húðflúrarar — ég held að það sé stéttin sem við erum að tala um hér — er ekki heilbrigðisstétt. En mér hugnast ágætlega þessi leið sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir benti á, að þetta sé bara styrkur sem greiddur er og viðkomandi hafi þá val um það hvort hann nýtir það í húðflutninginn eða húðflúrið. Ég sæi það fyrir mér sem eina leið sem gæti leyst þetta.

Þetta er mikið tilfinningamál fyrir þær konur sem í þessu lenda og ég tel minni áhættu af því að fara í húðflúrsmeðferð en húðflutninginn sem slíkan, minna inngrip, og svo mikið tilfinningamál jafnt og við hármissi að fá tattóveraðar á sig augabrúnir. Mér finnst brýnt að við leitum leiða og lausna í þessu máli.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt að þeir sem hér á landi stunda húðflúr tilheyra ekki heilbrigðisstéttunum. Hárkollumeistarar eru það ekki heldur, þeir eru ekki heilbrigðisstétt, og hárkollur eru töluvert misjafnar. Engu að síður er sjúklingnum, þeim sem missir hárið, í sjálfsvald sett hvert hann fer og kaupir sína hárkollu og úr hvers konar hárum hún er gerð, hvort það er ekta eða hvort það er annað efni sem gæti valdið verulegu ofnæmi. Sjúklingnum er hins vegar treyst til þess að gera þetta.

Ég held að það sé líka það sem þarf að gera varðandi húðflúrið þannig að styrkurinn nái til þess. Reglugerðarbreytingin sem hæstv. ráðherra gerði í vetur var verulega jákvæð og alls staðar hefur henni verið fagnað af þeim sem áður þurftu að lúta þeim reglum sem í gildi voru.

Það er hins vegar eitt sem ég ætla að ítreka hér og það er varðandi sjúklinga á öldrunarstofnunum sem eru eða hafa verið í krabbameinsmeðferð, misst brjóst eða misst hárið. Það er undir öldrunarstofnuninni komið hvort sjúklingurinn sem á rétt á þessum hjálpartækjum, hárkollunni, gervibrjóstum eða annarri vöru, fá þau í því magni sem hann á rétt á. Ég veit að þar er misbrestur á.

Líkami aldraðra breytist örar en þeirra sem yngri eru. Þess vegna er kannski meiri þörf á því að aldraðar konur eigi rétt á gervibrjósti á hverju ári en þær sem yngri eru. Það þyrfti að herða eftirlit með því að réttur þessara sjúklinga til hjálpartækjanna sé virtur þegar þeir eru komnir inn á öldrunarstofnun og að það sé fylgst með því þegar ofnæmi myndast vegna hárkollu eða endurnýja þarf gervibrjóst að þá sé það gert.

[14:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég er almennt þeirrar skoðunar að fólk eigi að hafa valfrelsi í þessum efnum eftir því sem mögulegt er, en hér hefur málið snúist að nokkuð miklu leyti um húðflúrið og hvernig eigi að standa að því máli. Það er alveg rétt að hluti af vandamálinu er að húðflúrarar eru ekki heilbrigðisstétt. Í öðru lagi hafa þær verðhugmyndir sem hafa verið í viðræðum við samninganefndina okkar ekki verið aðgengilegar fram að þessu. Við munum halda áfram að skoða þetta mál.

Varðandi öldrunarstofnanirnar vil ég geta þess að ég hef átt viðræður við landlækni um málefni öldrunarstofnana almennt og eftirlit á þeim. Hann hefur hugsað sér að efna til viðræðna við forsvarsmenn öldrunarstofnana um málefni þeirra og starfsemina þar inni. Það er mikilvægt mál. Ég tel að það sé eðlilegur farvegur, a.m.k. fyrst í stað, að fara þá leiðina og hef hug á því að fylgjast grannt með því. Auðvitað er framkvæmd þessa eitt af þeim málum sem er eðlilegt að ræða á þeim vettvangi. Ég veit að landlæknisembættið hefur hug á að efna til almennra umræðna um aðstöðu og aðbúnað fólks á öldrunarstofnunum og starfsferla þar inni. Ég tel að það sé nauðsynlegt mál.

Að öðru leyti þakka ég þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mikilvæga mál. Þótt ég hafi svarað fyrirspurn sem er skyld þessu núna nýverið er góð vísa sjaldan of oft kveðin.

Neyðarmóttaka fyrir þolendur heimilisofbeldis.

Fsp. ÁÓÁ, 424. mál. — Þskj. 582.

[14:47]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Frú forseti. Þrátt fyrir að heimilisofbeldi sé eitt algengasta mannréttindabrot á Íslandi, höfum við hvorki hegningarlagaákvæði sem minnist á heimilisofbeldi, né sérhæfða bráðamóttöku fyrir þolendur slíks ofbeldis. Árið 2002 ákvað ríkisstjórnin að leggja fé í að koma á fót sérhæfðri móttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis. Hálfu ári seinna gerði dómsmálaráðherra samkomulag við Landspítalann um að sérhæfð móttaka á slysa- og bráðadeild spítalans yrði sett á fót fyrir þolendur heimilisofbeldis. Samkvæmt svari frá hæstv. dómsmálaráðherra frá 17. nóvember sl. við fyrirspurn hv. þm. Jónínu Bjartmarz kemur fram að ekki hefur enn verið sett á fót eiginleg sérhæfð móttaka fyrir þolendur heimilisofbeldis. Og enn hafa ekki verklagsreglur verið settar þótt undirbúningsnámskeið hafi verið haldið fyrir starfsfólk slysa- og bráðasviðs. Tvær milljónir króna voru þó lagðar í verkefnið sem hingað til hafa þó eingöngu verið nýttar í lögfræðiaðstoð tveggja kvenna.

Svo virðist sem það fjármagn sem hafði verið ákveðið að setja í þetta verkefni eigi eingöngu að fara í lögfræðiaðstoð þótt nú þegar sé heimild fyrir í lögum um að þolendur heimilisofbeldis eigi rétt á réttargæslumanni sér að kostnaðarlausu. Mín nálgun er því gagnvart hæstv. heilbrigðisráðherra og þætti heilbrigðiskerfisins þegar kemur að heimilisofbeldi.

Það er gríðarlega mikilvægt að opinberir aðilar hafi fullnægjandi úrræði þegar kemur að jafnhryllilegum atburðum og heimilisofbeldi er. Þetta á ekki síst við heilbrigðiskerfið. Fyrsti snertipunktur margra þolenda heimilisofbeldis við opinbera aðila er í gegnum heilbrigðiskerfið. Það er mikilvægt að þverfaglegt ferli fari í gang þegar þolandi heimilisofbeldis kemur inn á heilbrigðisstofnun. Þá er ég að tala um aðkomu sálfræðinga, félagsfræðinga, hjúkrunarfræðinga, lækna, lögfræðinga, lögreglu o.s.frv.

Nú þegar höfum við sérhæfða neyðarmóttöku fyrir nauðganir sem fyrir löngu búin að sanna sig. Slík sérhæfing getur verið góð fyrirmynd fyrir sérstök úrræði fyrir þolendur heimilisofbeldis en að sögn þáverandi dómsmálaráðherra átti neyðarmóttakan fyrir nauðgun einmitt að vera fyrirmynd fyrir móttökuna fyrir þolendur heimilisofbeldis. Það er þó hægt að hugsa sér bæði sérstaka móttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis eða útvíkka hina sérhæfðu neyðarmóttöku sem er nú þegar til staðar fyrir þolendur nauðgana.

Eins og komið hefur fram m.a. hjá sviðsstjóra slysa- og bráðasviðs Landspítalans er ekki enn að finna formlega sérhæfða neyðarmóttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis á Landspítalanum þrátt fyrir áform ríkisstjórnarinnar fyrir hartnær þremur árum.

Ég vil því spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir stofnun sérhæfðrar neyðarmóttöku á Landspítala – háskólasjúkrahúsi fyrir þolendur heimilisofbeldis og tryggja henni fjármagn.

[14:50]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 10. þm. Reykv. s., Ágúst Ólafur Ágústsson, hefur beint til mín eftirfarandi fyrirspurn.

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir stofnun sérhæfðrar neyðarmóttöku á Landspítala – háskólasjúkrahúsi fyrir þolendur heimilisofbeldis og tryggja henni fjármagn?“

Hér er tæpt á mikilvægu máli sem varðar viðkvæma hlið á heimilislífinu í landinu. Ekki er hægt að neita því að heimilisofbeldi viðgengst í landi okkar ekki síður en í öllum nágrannalöndum okkar þar sem gert er ráð fyrir að á 6–8% heimila sé heimilisofbeldi staðreynd með einum eða öðrum hætti.

Þegar fjallað er um heimilisofbeldi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir að þessi afbrigðilega hegðun flokkast í þann stóra hóp kynbundins ofbeldis þar sem í flokkast m.a. mansal, kynferðislegt ofbeldi, kynferðisleg áreitni og fleira.

Þó hver tegund kynbundins ofbeldis lúti að vissu leyti sínum eigin lögmálum verður ekki litið fram hjá því að þessi mál eiga margt sameiginlegt. Á Landspítala – háskólasjúkrahúsi er rekin neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis. Á þeirri móttöku eru auk lækna og hjúkrunarfólks, sem sinna hinum líkamlegu meiðslum, aðrir sérfræðingar sem sinna ekki síður mikilvægum málum sem að þessum þætti lúta. Þannig er hvort tveggja veitt aðgengi að sálfræðiþjónustu og aðgengi að sálfræðingum eða réttargæslumönnum sem annars vegar veita áfallahjálp og sálfræðilega styrkingu og hins vegar sérfræðingar sem veita upplýsingar um réttarfarslega stöðu, vitnavernd, borgaraleg réttindi þolenda og aðstoð við hugsanlegan málarekstur í framhaldinu.

Þetta er í grundvallaratriðum sama þjónusta og þolendur heimilisofbeldis þurfa á að halda í neyðarmóttöku sjúkrahúss en þolendum heimilisofbeldis er einmitt sinnt á þessari móttöku og af sama fólkinu.

Þar að auki má nefna að á slysadeild er starfrækt sérstök miðstöð áfallahjálpar sem rekin er af tveimur hjúkrunarfræðingum sem ætluð er frekar fyrir þolendur heimilisofbeldis.

Fyrir tveimur árum veitti dómsmálaráðuneytið 2 millj. kr. styrk til þolenda heimilisofbeldis á neyðarmóttöku og var hann sérstaklega ætlaður til að styrkja þátt réttargæslumanna í því teymi sem veitir aðstoðina eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda.

Það er ef til vill ekki ástæða að koma á sérhæfðari móttöku á Landspítala – háskólasjúkrahúsi en nú þegar er fyrir hendi. Þetta er sú þjónusta sem þörfin kallar á í báðum þessum svipuðu tilvikum ofbeldis. Ekki hafa komið fram sérstakar beiðnir um frekara fjármagn til styrktar þessari starfsemi en þegar er raunin á, en það verður fylgst með því að þessari nauðsynlegu þjónustu í starfi sjúkrahússins verði haldið og henni tryggt fjármagn.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í framhaldi af tilraunaverkefni Jafnréttisstofu um sálfræðiaðstoð við gerendur heimilisofbeldis sem kallaðist Karlar til ábyrgðar, sem var samvinnuverkefni Rauða krossins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar, skipaði félagsmálaráðherra nefnd í janúar 2003 um aðgerðir gegn ofbeldi gegn konum. Nefnd þessi sem í sátu fulltrúar ráðuneyta félagsmála, menntamála, dómsmála, heilbrigðis- og tryggingamála og Sambands íslenskra sveitarfélaga er ætlað að samhæfa aðgerðir stjórnvalda af ólíkum fagsviðum, sem eru til þess fallnar að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum. Er markmiðið að stjórnvöld fái heildaryfirsýn yfir hvað hefur verið gert á þessu sviði og til hvaða aðgerða þurfi að grípa. Nefndin hefur lagt áherslu á að viðhalda góðu samstarfi milli frjálsra félagasamtaka og opinberra aðila sem að þessum málum koma. Samráðsfundir hafa verið haldnir, m.a. með fulltrúum Kvennaathvarfsins, neyðarmóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss, ríkislögreglustjóra, lögreglunnar í Reykjavík, Stígamóta, þjóðkirkjunnar og landlæknisembættisins. Í ljós hefur komið mikilvægi þessa samráðs og er stefnt að því að því verði komið í fastmótað form.

Meðal helstu verkefna nefndarinnar er að endurreisa verkefni sem kallast Karlar til ábyrgðar þar sem gerendum heimilisofbeldis er veitt sálfræðiaðstoð til að þeir megi láta af þessari afbrigðilegu hegðun og í stað þess að sú angist og örvilnan sé í fjölskyldum sínum geti þeir staðið undir þeirri ábyrgð að stuðla að hamingjuríku fjölskyldulífi.

Ég vona að þetta hafi svarað að einhverju leyti fyrirspurn hv. þingmanns.

[14:54]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni fyrir að hreyfa þessu máli. Ég tel að mikilvægt sé að við ræðum það einmitt í þingsölum vegna þess að heimilisofbeldi er gríðarlega viðkvæmt mál. Fólk telur sig yfirleitt vera í skjóli og í öryggi heimilisins en við heimilisofbeldi hefur það brugðist, öryggisnet fólks hefur brugðist algjörlega. Ég tel því að sérhæfð neyðarmóttaka fyrir þolendur heimilisofbeldis sé mjög þörf.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvað hafi breyst frá því á árinu 2002 þegar ríkisstjórnin tók þá stefnumarkandi ákvörðun að setja á laggirnar slíka neyðarmóttöku, setja í það peninga, þar til núna þegar manni heyrist hæstv. ráðherra vera að draga í land.

[14:56]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra svaraði fyrirspurn frá mér hér á dögunum og gerði grein fyrir því hvernig þessu fjármagni hefði verið varið hjá neyðarmóttökunni, þessum 2 millj. kr. Eftir því sem ég best skildi hann er aðeins búið að ráðstafa þriðjungi þess fjár og allt í lögfræðikostnað. Þess vegna, þegar mér heyrðist hæstv. heilbrigðisráðherra og vinur minn, Jón Kristjánsson, segja áðan að þetta sé sú þjónusta sem þörfin kalli á og ekki hafi verið gerð krafa til frekara fjármagns, þá fékk ég allt í einu ónot fyrir brjóstið af því að ég fór að hugsa: Ef þetta nýtist ekki að fullu í þeirri tilraunastarfsemi sem stendur núna fram til vorsins, þegar á að meta árangurinn og hvernig til hefur tekist; þýðir það þá að þörfin sé ekki fyrir hendi?

Þörfin er fyrir hendi. En áfallaþjónustan sem er líka veitt þarna, áfallahjálpin, hefur nýst þessum þolendum ekki síður en öðrum. Hún hefur verið og heldur áfram á Landspítalanum.

Aðeins varðandi orð fyrirspyrjanda um að við hefðum hvorki neyðarmóttöku, sem við erum öll sammála um að við þurfum að hafa, né að við hefðum sérstakt hegningarlagaákvæði, (Forseti hringir.) þá ætla ég að leyfa mér að leggja minna upp úr því. Konur eiga að njóta verndar 217. og 218. gr. eins og aðrir.

[14:57]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hvað hefur breyst síðan 2002? spurði hv. þm. Katrín Júlíusdóttir. Jú, það er kominn karlmaður í dómsmálaráðuneytið, það er alveg augljóst. Þaðan fór kona og kannski hefur eitthvað breyst við það.

Neyðarmóttaka fyrir þolendur heimilisofbeldis sem ætlunin var að setja á laggirnar á sínum tíma að fyrirmynd neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgunar — það eru mjög fáir sem hafa vitað að eitthvert starf væri í gangi. Þetta hefur verið afskaplega lítið kynnt, lítið auglýst, sem getur líka verið skýringin á því að fjármagn er ekki nýtt. Það þarf að byggja þetta þannig upp, þetta starf þarf tíma til að sanna sig, ekki bara mikilvægi sitt í þjóðfélaginu, heldur líka fyrir þá einstaklinga sem fyrir ofbeldinu verða. Ég held að það væri verðugt verkefni fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra að styrkja m.a. þennan þátt, þ.e. að koma þessari neyðarmóttöku á, að hún sé virk og að þjóðfélagið viti af því að hún er þarna til staðar.

[14:58]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er afskaplega þörf umræða sem fer hér fram. Ég gaf merki um að ég vildi fá að taka þátt í umræðunni eftir orð hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur áðan, hvað það skiptir miklu máli að fólk viti af þessari þjónustu sem er í boði. Það var mjög mikilvæg ákvörðun sem hæstv. ráðherra dómsmála, sem þá var Sólveig Pétursdóttir, nú forseti Alþingis, fékk í gegn í ríkisstjórn að setja þetta fjármagn til þessara mála. Það skiptir mjög miklu að þeir fjármunir séu nýttir í þágu þolenda kynferðisafbrota. Ég legg áherslu á að reynt verði að vinna að því að fólki verði kynnt sú þjónusta sem er í boði.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svörin og þeim þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni. Ef ég hef skilið hæstv. heilbrigðisráðherra rétt er hann að segja að ekki standi til og að hann muni ekki beita sér fyrir því að setja á fót sérhæfða móttöku fyrir þolendur heimilisofbeldis heldur frekar útvíkka móttökuna fyrir þolendur nauðgana. En þá þarf svo sannarlega að fylgja fjármagn í þá starfsemi. Það þýðir ekki eingöngu að demba þessum málaflokki sem hefur margs konar sérstöðu fram yfir nauðganir og ætlast til að sú sérhæfða móttaka sem við höfum nú þegar fyrir þolendur nauðgana sinni þolendum heimilisofbeldis nema að meira komi til. Ég vil fá betri svör frá hæstv. heilbrigðisráðherra um hvort hann ætli að dýpka þá móttöku sem við höfum nú þegar og þá með hve miklu fjármagni.

Síðan held ég að það sé mikilvægt í þessari umræðu að þær 2 milljónir sem ríkisstjórnin og þáverandi dómsmálaráðherra ákváðu að setja í þetta verkefni voru ekki eingöngu eyrnamerktar lögfræðiaðstoð. Það var sagt að þær ættu að vera meðal annars fyrir lögfræðiaðstoð. Hins vegar hefur hluti fjármagnsins eingöngu farið í lögfræðiaðstoð. En þetta kom mér spánskt fyrir sjónir þegar ég skoðaði lögin um meðferð opinberra mála því að þar kemur fram að þolendur heimilisofbeldis eiga nú þegar rétt á réttargæslumanni án kostnaðar. Ég tel því að þessar 2 milljónir ættu að vera nettóaukning sérstaklega í aðhlynningu fyrir þolendur heimilisofbeldis en ekki fara í lögfræðiaðstoð. En það er kannski önnur umræða.

Ég fagna þó því að við fengum umræðu um þetta mál. Við vitum að um 140 skilgreind heimilisofbeldismál koma upp á hverju einasta ári í slysa- og bráðadeild og aðeins brotabrot af þeim enda fyrir dómi. En við þurfum að leggjast öll á eitt til að hafa viðeigandi úrræði á spítalanum sem er oft fyrsti snertiflötur viðkomandi einstaklings og við þurfum að láta fjármagn í það. Baráttan gegn heimilisofbeldi þarf einfaldlega að njóta forgangs þegar kemur að útdeilingu á fjármagni skattborgaranna.

[15:02]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur farið hér fram um þetta alvarlega mál. Ég vil taka það fram í upphafi að ég er ekki að draga úr mikilvægi þessarar starfsemi að neinu leyti. Ég tók það fram að mér finnst mjög áríðandi að þessi þjónusta sé veitt á spítalanum og við munum fylgjast með því að svo verði áfram og tryggja þeirri þjónustu fjármagn. Annað mál er svo skipulag þeirrar þjónustu.

Mér finnst skipta mestu máli að þessi þjónusta sé veitt og að veitt sé fjármagn til þess að standa undir henni. Það er auðvitað hluti af þessu máli að fólk sé meðvitað um rétt sinn og aðkoma dómsmálaráðuneytisins að málinu er nauðsynleg þess vegna. En hinn heilbrigðislegi þáttur málsins er ekki síður mikilvægur og hinn sálræni þáttur málsins. Ég er alveg meðvitaður um að okkar hlutverk er að tryggja að það sé í lagi og tryggja að fólk viti af því að þessi þjónusta sé fyrir hendi á spítalanum.

Listmeðferð.

Fsp. KolH, 449. mál. — Þskj. 698.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra tvær spurningar um listmeðferð. Listmeðferð er sjálfstætt meðferðarform þar sem listirnar eru notaðar sem efniviður í meðferðina. Við eigum orðið menntaða listmeðferðarfræðinga á sviði myndlistarmeðferðar, dramaþerapíu eða dramameðferðar. Tónlistarmeðferð er líka þekkt, listmeðferðarfræðingar sem einbeita sér gegnum tónlist, og sömuleiðis danslistmeðferðarfræðingar.

Fyrir hverja er listmeðferð? Hún er fyrir börn og hún er fyrir fullorðna. Í tilfelli fullorðinna er hún t.d. fyrir fatlaða, fyrir fanga, fyrir geðsjúka, fyrir þá sem eiga við ýmsa erfiðleika að stríða, eiga erfitt með nám, hafa átt erfitt með nám

kannski í gengum tíðina. Fyrir börn virkar listmeðferð sem öflugt tæki til að vinna gegn námsörðugleikum, hegðunarörðugleikum, misþroska og ýmsu öðru sem hrjáir börn.

Hvar er listmeðferð framkvæmd? Hún er ýmist framkvæmd inni á sjúkrastofnunum, í skólum sem sérúrræði í menntakerfinu, jafnvel í fangelsum og annars staðar þangað sem fólk leitar sem þarf á þessu meðferðarúrræði að halda.

Á Íslandi hefur það verið undir áhuga skólastjóra komið og fjármunum skóla hversu mikið skólar hafa getað nýtt sér þetta meðferðarúrræði en á sjúkradeildum eða sjúkrahúsum eins og Barna- og unglingageðdeild er ákveðin hefð fyrir listmeðferð. Sigríður Björnsdóttir er einn af frumkvöðlum þess að listmeðferð var innleidd á Landspítalanum og Landakoti og hafa hennar eftirkomendur haldið uppi þessu merki.

Hins vegar hefur verið erfitt að skilgreina listmeðferðina í kerfinu. Kannski má segja að listmeðferðarfræðingar hafi ekki getað komið sér almennilega fyrir. En í mínum huga er alla vega ljóst að nauðsynlegt er að stofnanir hafi þetta úrræði því máli skiptir að þessar stéttir njóti starfsréttinda á borð við aðrar því að hér er um sjálfstætt nám að ræða. Í Bretlandi hafa listmeðferðarfræðingar fengið löggildingu og í Skandinavíu er unnið að löggildingu fyrir þá.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hversu algengt sé að opinberar heilbrigðisstofnanir nýti list sem meðferðarform, hvaða stofnanir bjóði helst slíka meðferð og hver virðist þróunin vera í þessum efnum. Loks spyr ég hvað líði vinnu við endurskoðun laga um heilbrigðisstéttir með tilliti til stöðu listmeðferðarfræðinga innan heilbrigðiskerfisins?

[15:07]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykv. n. Kolbrún Halldórsdóttir beindi til mín fyrirspurn um notkun listar sem meðferðarforms í heilbrigðisþjónustu. Hún spurði:

1. Hversu algengt er að opinberar heilbrigðisstofnanir nýti list sem meðferðarform? Hvaða stofnanir bjóða helst slíka meðferð og hver virðist þróunin vera í þessum efnum?

2. Hvað líður vinnu við endurskoðun laga um heilbrigðisstéttir með tilliti til stöðu listmeðferðarfræðinga innan heilbrigðiskerfisins?

Leitað var upplýsinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri um notkun listar sem meðferðarforms og um fjölda listmeðferðarfræðinga við störf. Einnig var leitað upplýsinga hjá Félagi listmeðferðarfræðinga. Fjórir listmeðferðarfræðingar eru starfandi á heilbrigðisstofnunum og starfa þeir allir á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í samtals 2,8 stöðugildum. Þrír þeirra tilheyra geðsviði, þar af er einn á Barna- og unglingageðdeild, einn á Kleppsspítalanum og einn á Hvíta bandinu. Einnig starfar myndlistarmaður á sviðinu. Einn músíkþerapisti starfar einnig á Barna- og unglingageðdeild og á geðsviði er listsköpun notuð í ýmsu deildastarfi. Einn listmeðferðarfræðingur starfar við Rjóðrið sem er deild fyrir langveik börn í Kópavogi. Ekki eru sérstakar áætlanir um að auka vægi listmeðferðar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri er ekki starfandi listmeðferðarfræðingur í dag. Á dagdeild geðdeildar FSA er list notuð sem hluti af meðferð og þar starfaði listmeðferðarfræðingur fyrir fáeinum árum. Einnig er mikið um að listsköpun sé notuð á hjúkrunarheimilum og ýmsum meðferðarstofnunum sem hluti af þeirri meðferð sem þar er veitt þó ekki sé beinlínis um að ræða listmeðferð sem slíka.

Listmeðferðarfræðingar eru ekki skilgreindir sem heilbrigðisstétt. Hvað varðar endurskoðun laga um heilbrigðisstéttir er enn verið að vinna að endurskoðun laganna. Það mál er komið allvel á veg en vinna stendur yfir í því að ná niðurstöðu og sæmilegri sátt um það mál.

Virðulegi forseti. Það er stefna ráðuneytisins að í framtíðinni verði aðeins löggiltar þær stéttir sem að mestu leyti starfa á sviði heilbrigðisþjónustu. Við ákvörðun um löggildingu stéttar er hugmyndin að höfuðáherslan verði lögð á menntun stéttarinnar, öryggi sjúklinga og hversu sjálfstæð viðkomandi störf eru. Það er einnig stefna ráðuneytisins að mögulegt verði að viðurkenna nám og heiti starfsstéttar sem starfar innan heilbrigðisþjónustunnar án þess að um löggildingu yrði að ræða. Í viðurkenningunni fælist að þeir einir mættu nota starfsheiti stéttarinnar sem hlotið hefðu til þess leyfi ráðherra.

Virðulegi forseti. Ég vona að svar mitt hafi varpað einhverju ljósi á það málefni sem hér er til umræðu.

[15:10]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að hafa borið fram þessa fyrirspurn á hinu háa Alþingi og vakið athygli á þessu máli, þ.e. stöðu listmeðferðar og listmeðferðarfræðinga. Þetta er að ég hygg hlutur sem kannski ekki margir hafa heyrt um. En þegar maður fer að hugsa um það sér maður að hér er á ferðinni afskaplega merkilegt — hvað eigum við að segja — fyrirbæri. Er það of slæmt orð? Nei, það er sagt með jákvæðum huga.

Við hljótum að stefna að því í framtíðinni að þetta verði viðurkennd starfsstétt innan heilbrigðisgeirans. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að mörgu leyti jákvætt svar en um leið vil ég fá að lýsa yfir vonbrigðum mínum yfir því að hann skuli ekki hafa séð sér fært að svara hér fyrr í dag fyrirspurnum mínum um Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja því að þar bíður fólk virkilega eftir svörum. Ég vildi bara að það kæmi fram.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svörin. Ég hefði nú gjarnan viljað fá meiri stefnumarkandi tón í þau því ég er þeirrar skoðunar að við ættum að auka hlut listmeðferðar í okkar kerfi umtalsvert, því að ég fullyrði að listmeðferð sé verulega öflug leið til þess að styrkja fólk til bata á ýmsum sviðum og þá kemur hún oft og tíðum í staðinn fyrir lyfjagjafir.

Ég er sannfærð um það og ég hef kynnt mér rannsóknir í þeim efnum að listmeðferð getur sparað umtalsverða fjármuni í lyfjagjafir. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnst það mun heilbrigðara ef hægt er að styðja fólk til bata á ýmsum sviðum í gegnum meðferð af því tagi sem virkjar og örvar sköpunarkraft einstaklinganna heldur en með lyfjagjöf.

Ég hef frétt það frá Félagi listmeðferðarfræðinga á Íslandi að þau séu í samstarfi við listmeðferðarfræðinga á Norðurlöndum. Þróunin þar er sú að mikill vilji er til samstarfs um einstaka þætti á milli landanna. Svíar eru komnir lengst og kannski Finnar líka í átt til löggildingar þessara stétta og ég held að listmeðferðarfræðingar á Norðurlöndunum séu með þessi mál mjög á oddinum. Þeir hafa með sér ákveðið samstarf, hittast annað hvert ár. Árið 2006 verður ráðstefna norrænna listmeðferðarfræðinga á Íslandi, í Reykjavík, þannig að ég hvet hv. alþingismenn og hæstvirtan ráðherra til að fylgjast vel með málefnum listmeðferðarfræðingafélagsins til þess að við sjáum þeirra markmið, þeirra stefnumið, og við getum þá mögulega fylgt þeim eftir.

Ég er, eins og ég sagði áðan, þeirrar skoðunar að hér sé um meðferðarform að ræða sem verulega þarf að auka innan kerfisins og ég tel að listmeðferðarfræðingar eigi að fá löggildingu sem heilbrigðisstétt.

[15:13]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég vil undirstrika að ég tel málið mikilvægt og ég tek undir að hlutverk listar og listsköpunar í lækningum, sérlega lækningum við andlegu ástandi. Það er áreiðanlega mjög veigamikið. Við munum sannarlega taka þetta til skoðunar í endurskoðun á lögum um heilbrigðisstéttir sem nú stendur yfir.

Ég hef í raun ekki ýkja miklu við það að bæta.

Varðandi það sem hv. 9. þm. Suður. sagði, varðandi fyrirspurn um Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum, þá er langt í frá að ég hafi neitað að svara. Það var ekki farið fram á að ég svaraði fyrirspurn um það í dag. Fyrirspurnarfresturinn er ekki liðinn. Það er verið að vinna að því máli af fullum krafti og jákvæðni. Ég veit að svar við fyrirspurninni verður tilbúið í næsta fyrirspurnatíma. Við erum að vinna að því máli af fullum krafti núna. Ég vil einnig láta það koma fram að það kom frétt á Stöð 2 um að ég væri mikill skussi að svara fyrirspurnum, ætti 37% af fyrirspurnum ósvarað. Þessi fyrirspurn er ein þeirra sem liggur hjá mér núna af nokkrum tugum. Ég tel rétt að láta það koma fram. Ég verð tilbúinn að svara hv. þingmanni þegar fresturinn verður liðinn eftir viku og mun sjá til að unnið verði að málinu af fullum krafti þangað til.

Hjólreiðabrautir meðfram Vesturlandsvegi.

Fsp. KolH, 416. mál. — Þskj. 550.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég hef beint fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um hjólreiðabrautir meðfram Vesturlandsveginum, sem unnið er að því að tvöfalda um þessar mundir. Ég spyr hæstv. ráðherra hvaða áform séu uppi um umferð hjólandi vegfarenda eftir Vesturlandsvegi eftir tvöföldun hans. Ég óska upplýsinga um breytingar á framkvæmdinni eftir að Samtök hjólreiðafólks sendu inn athugasemdir varðandi framkvæmdina.

Hæstv. forseti. Oftar en ekki þurfa hjólreiðamenn að vakta stórframkvæmdir sem tengjast umferðinni og umferðarmannvirkjum á mjög öflugan máta. Samtök hjólreiðafólks eru ekki löt að setja fram athugasemdir sem eru að mínu mati vel rökstuddar. Þau styðjast yfirleitt við erlendar úttektir, skýrslur og sambærilegar framkvæmdir í nágrannalöndum okkar.

Hitt hefur viljað brenna við að eyru manna hafa ekki verið nægilega opin fyrir sjónarmiðum hjólreiðafólks hvað þetta varðar. Æ oftar er hjólreiðafólki bara vísað á útivistarstígana með hjól sín. Þetta er auðvitað allsendis ófullnægjandi, hæstv. forseti, þegar þess er gætt að stjórnvöld hafa sjálf gefið yfirlýsingar að hjólið eigi að geta verið jafngilt samgöngutæki og önnur samgöngutæki í bænum. Stjórnvöld hafa látið í ljós að þau vilji efla hlut sjálfbærra samgangna. Þau hafa meira að segja skuldbundið sig til þess á alþjóðavettvangi.

Að þessu leyti finnast mér efndir ekki fylgja orðum. Þegar ég skoða hugmyndir um framkvæmdir við Vesturlandsveginn sé ég að það á ekki, eftir því sem ég get lesið í gögnum sem eru mér aðgengileg, nema að litlu leyti að fara eftir þeim óskum sem hjólreiðafólk setur fram. Þar er t.d. að líta til hluta eins og hlykkja á stígum. Það þarf að leggja hjólreiðastíga meðfram stórum hraðbrautum þannig að ekki sé mikið um hæðarbreytingar á leiðinni, slíkt eykur í eðli sínu slysa hættu. Það er líka nauðsynlegt að skoða á hvern hátt stígur hjólreiðafólks liggur um undirgöng. Stundum eykur það slysahættuna. Þannig mætti áfram telja.

Hæstv. forseti. Ég hef sett þessa fyrirspurn fram til hæstv. samgönguráðherra til að fá fram á hvern hátt Vegagerðin ætlar að verða við óskum hjólreiðafólks í þessum efnum. Ég vonast til þess að hæstv. samgönguráðherra haldi áfram vakandi auga á málefnum hjólreiðafólks því að verulegra úrbóta er þörf í þeim efnum ef við eigum að geta nýtt hjólið sem samgöngutæki á Íslandi.

[15:19]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir spyr:

Hvaða áform eru uppi um umferð hjólandi vegfarenda um Vesturlandsveg eftir tvöföldun hans? Óskað er eftir upplýsingum um breytingar á framkvæmdinni eftir framkomnar athugasemdir frá Samtökum hjólreiðafólks.

Svar mitt er þetta:

Vesturlandsvegur er nú þegar fjórar akreinar frá vegamótum við Suðurlandsveg og norður fyrir vegamót við Víkurveg. Kaflinn sem verið er að tvöfalda í dag er í beinu framhaldi tvöfalda kaflans við Víkurveg og nær að hringtorginu við Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Mat á umhverfisáhrifum þessarar tvöföldunar fór fram síðasta vetur. Í greinargerð umhverfismatsins, sem unnin var í samráði við tæknideild Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar, var gerð grein fyrir skipulagsmálum á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Þar kemur fram að stofnstígur fyrir gangandi umferð liggur á og meðfram hitaveitustokknum austan vegarins, en jafnframt tekið fram með vísan til 20. gr. vegalaga að göngustígur sé ekki hluti framkvæmdarinnar. Reyndar kemur fram í greinargerðinni að sveitarfélögin vinni að endurskoðun stígakerfis á svæðinu.

Vegna þess að göngustígur og reiðstígur liggur meðfram Úlfarsá og þvera Vesturlandsveg reyndist nauðsynlegt að byggja nýja brú á núverandi akbraut þar sem of lágt er undir brúna þar. Brýrnar fyrir báðar akbrautir verða lengri og hærri en núverandi brú.

Á athugasemdatíma matsáætlunar komu fram óskir frá Landssambandi hjólreiðamanna og Íslenska fjallahjólaklúbbnum um að lagður yrði sérstakur hjólreiðavegur meðfram Vesturlandsveginum, en þeim var vísað til sveitarfélaganna, samanber áður tilvitnaða 20. gr. vegalaga, nr. 45/1994. Ég geri ráð fyrir því að í ljósi þeirra lagaákvæða verði unnið að þessum málum.

Að lokum vil ég segja, hæstv. forseti, að ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þann áhuga sem hún sýnir jafnan á þessum málefnum. Ég tek undir að það er mikilvægt fyrir okkur í þéttbýlinu og í námunda við þéttbýlið, að taka tillit til þeirra aðstæðna sem skapa þarf fyrir hjólreiðafólk. Ég er sannfærður um að sveitarfélögin standa sig og reyna að hrinda fram nauðsynlegum lagfæringum þar sem það á við eftir því sem fært er og eðlilegt.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með svar hæstv. samgönguráðherra. Það eru mér sannarlega vonbrigði að ekkert skuli hafa gerst í þessum málum meðan ég hef setið á Alþingi. Ég hef reynt að brýna hæstv. samgönguráðherra til dáða í þessum efnum. Enn eina ferðina vísar hæstv. samgönguráðherra á sveitarfélögin til að leysa samgöngumál hjólreiðafólks. Með hvaða rökum er það gert? Og hvaða tekjustofnar fylgja því? Engir, auðvitað.

Auðvitað reynir Vegagerðin að koma sér hjá því, sem framkvæmdaraðili, að þurfa að leggja hjólreiðabraut meðfram stofnbrautinni þegar lögð er tvöföld hraðbraut eins og í tilfelli Vesturlandsvegar. Það er náttúrlega skammarlegt að hæstv. samgönguráðherra skuli bjóða upp á þetta svar, að sveitarfélögin geti séð um þetta.

Við í sölum Alþingis höfum lengi talað um að stofnbrautum í þéttbýli þurfi að fylgja hjólreiðastígar ef hjólið á að vera samgöngutæki. Það vill hæstv. samgönguráðherra í orði kveðnu. Hvers vegna fylgir hann því ekki eftir að hjólreiðafólk fái hjólreiðastíga meðfram stofnbrautum sem ríkið kosti? Sveitarfélögin geta lagt útivistarstíga áfram. Það hafa þau verið misdugleg við að gera. Reykjavíkurborg hefur staðið sig afskaplega vel í þeim efnum og eflaust einnig nágrannasveitarfélögin, án þess að ég þekki það nógu vel. En það sem vantar upp á er tenging þessara þéttbýlissvæða, ekki hvað síst á höfuðborgarsvæðinu. Sú tenging á að vera á forræði ríkisins, ef við ætlum fólki að geta hjólað frá Reykjavík til Mosfellsbæjar þá á það að vera meðfram stofnbrautinni sem ríkið kostar. Ríkið á að búa til hjólreiðabrautina sem óhjákvæmilega fylgir stórum umferðarmannvirkjum á borð við Vesturlandsveg tvöfaldan.

Mér finnst þetta forkastanlegt svar. Ég minni hæstv. ráðherra á að það liggur fyrir frumvarp frá þingmönnum úr öllum flokkum, m.a. þingmönnum sem hafa átt sæti í umhverfisnefnd Alþingis, sem leggja það til að stofnbrautir fyrir hjólreiðafólk liggi meðfram öllum stofnbrautum í þjóðvegakerfinu sem ríkið kostar.

[15:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður, sem er þingmaður Reykjavíkurkjördæmis, ætti að þekkja mætavel lögin sem lúta að þessum hlutum og ég vitnaði til, þ.e. vegalög. Það væri fróðlegt að vita hvort hv. þingmaður hafi beitt sér fyrir því að fá svör við sömu spurningum í sveitarstjórnum, t.d. í bæjarstjórn Mosfellsbæjar og hins vegar í borgarstjórn Reykjavíkur, þ.e. með hvaða hætti sveitarfélögin ætla sér að vinna að því að tryggja umferð þeirra sem eru hjólandi þótt við gerum ekki ráð fyrir í vegalögum að það sé gert á vegum ríkisins. Það væri fróðlegt að vita um hvaða svör hv. þingmaður hefur fengið á þeim bæjum. (**KolH:** Ég sit á Alþingi.)

Hv. þingmaður hefur vafalaust mjög góð tengsl inn í stjórn Reykjavíkurborgar og henni ættu að vera hæg heimatökin um það en ekki einungis að beina þessu til samgönguráðherra. Það liggur fyrir hverju vegalögin gera ráð fyrir í þessum efnum.

Ég hef lýst mig viljugan til að eiga gott samstarf við sveitarfélögin um skipulagsmál í kringum þær stofnbrautir sem um er að ræða. Ég hef gefið mitt svar í þessum efnum og hv. þingmaður verður að hafa sín orð um það svar. Sérstakt finnst mér að hv. þingmaður skuli ekki upplýsa okkur um það á Alþingi með hvaða hætti hún hefur beint ábendingum sínum og kröfum til þeirra sem fara með skipulagsmál á þessu svæði. (**KolH:** ... af hálfu ríkisins.)

Lýsing vegarins um Hellisheiði.

Fsp. BjörgvS, 471. mál. — Þskj. 723.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra um lýsingu og breikkun vegarins um Hellisheiði.

1. Eru uppi fyrirætlanir um lýsingu og breikkun vegarins um Hellisheiði?

2. Hefur ráðuneytið kynnt sér tilboð Orkuveitu Reykjavíkur um lánveitingu til að lýsa veginn og leggja snjóbræðslukerfi í hluta hans?

3. Kemur til greina að mati ráðherra að fara í samstarf við Orkuveitu Reykjavíkur um þessar framkvæmdir?

Á undanförnum árum hefur orðið feikileg uppbygging á Suðurlandsundirlendinu öllu, sérstaklega því svæði sem telst til Árborgar, Flóa, Ölfuss og Hveragerðis þar sem íbúafjölgun hefur verið mjög mikil. Þar er einna mest íbúafjölgun á landinu og svæðið er allt í mikilli uppsveiflu. Þessu fylgir náttúrlega mikill umferðarþungi og auk þess er þetta fjölfarin leið ferðamanna og sumarbústaðaeigenda af höfuðborgarsvæðinu, um Grímsnes, Hreppa og allt það svæði. Umferð hefur því aukist mjög um Hellisheiði og Suðurlandsveg.

Til að nefna dæmi hefur aukning á meðalumferð á dag um Hellisheiði á síðustu 12 árum verið um 70%. Árið 1992 var meðalumferðin á dag, heilsársmeðaltal með öllum toppum sínum og lægðum, rúmlega 3.200 bílar. Árið 2004 er tala þeirra bíla sem fara yfir Hellisheiði hins vegar orðin 5.638.

Aukningin er 70% á þessu 12 ára tímabili. Bara í fyrra, á milli áranna 2003 og 2004, varð aukningin á þessari leið 8%, og tæp 12% á leiðinni milli Hveragerðis og Selfoss, undir Ingólfsfjall. Þetta helst í hendur við þá íbúasprengingu sem orðið hefur á Suðurlandsundirlendinu.

Það má fullyrða að verði þeirri þróun ekki fylgt eftir með róttækum samgöngubótum á borð við breikkun Suðurlandsvegar og lýsingu vegarins, a.m.k. að hluta á Hellisheiði, muni það þvælast mjög fyrir þeirri þróun, hægja á henni og gera búsetuskilyrðin á svæðinu verri.

Í Reykjanesbæ vorum við á dögunum að fagna því að hæstv. samgönguráðherra hygðist bjóða út alla þá framkvæmd sem eftir er við breikkun Reykjanesbrautar. Það er lofsverð og góð framkvæmd og mikið fagnaðarefni fyrir landsmenn alla að sú breikkun sé í augsýn. Á sama tíma sjáum við umferðartölur, sambærilegar eða hærri, um Suðurlandsveg sem er svo sannarlega þjóðbraut. Það er mikilvægt að tryggja umferðaröryggi allt árið um kring og því er mjög mikilvægt að ráðast í það verkefni. Það þarf að setja inn á samgönguáætlun, breikkun vegarins frá Rauðavatni að Selfossi og lýsingu hans að hluta.

[15:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. 7. þingmaður Suðurk. spyr í fyrsta lagi:

Eru uppi fyrirætlanir um lýsingu og breikkun vegarins um Hellisheiði?

Vegagerðin fékk haustið 2001 að undangengnu útboði ráðgjafa til að forhanna veglýsingu frá Breiðholtsbraut að Hveragerði auk lýsingar á Þrengslavegi. Gerð var kostnaðaráætlun á grundvelli forhönnunar og var áætlaður kostnaður við veglýsingu meðfram hringveginum milli Breiðholtsbrautar og Hveragerðis um 360 millj. kr. og fyrir Þrengslaveg um 150 millj. kr. á verðlagi í desember 2001.

Nú í febrúar eru um það bil að hefjast framkvæmdir við breikkun vegarins frá Litlu kaffistofunni að nýjum mislægum gatnamótum við Þrengslaveg og jafnframt verður lagður nýr þriggja akreina vegkafli þaðan og til austurs yfir hraunið þar sem hann tengist núverandi vegi neðst í Hveradalabrekku. Auk þess verða aðkoma og tengingar við Litlu kaffistofuna lagfærðar með tilliti til umferðaröryggis. Samtals er áætlað að þessar framkvæmdir kosti ríflega 400 millj. kr. Eins og fram hefur komið áður í þinginu er gert ráð fyrir mislægum gatnamótum sem tengja Þrengslaveg Suðurlandsveginum.

Í samgönguáætlun fyrir árin 2003–2014, þ.e. langtímaáætluninni, er gert ráð fyrir 100 millj. kr. fjárveitingu á öðru tímabili, þ.e. 2007–2010, og 500 millj. kr. á þriðja tímabili, 2011–2014, sem verja á til breikkunar og endurbóta á veginum. Ekki hefur verið gert ráð fyrir fjármunum til lýsingar á þessari leið í gildandi samgönguáætlun.

Í öðru lagi spyr hv. þingmaður:

Hefur ráðuneytið kynnt sér tilboð Orkuveitu Reykjavíkur um lánveitingu til að lýsa veginn og leggja snjóbræðslukerfi í hluta hans?

Vegagerðinni hefur ekki borist, og ráðuneytinu ekki heldur, neitt tilboð um slíka lánveitingu til þessara verkefna frá Orkuveitu Reykjavíkur þótt óljósar fréttir hafi verið um það í fjölmiðlum. Lagning snjóbræðslu í veginn er væntanlega talsvert mikil framkvæmd og snúin og hefur ekki verið skoðuð sérstaklega af hálfu Vegagerðarinnar.

Í þriðja lagi spyr hv. þingmaður:

Kemur til greina að mati ráðherra að fara í samstarf við Orkuveitu Reykjavíkur um þessar framkvæmdir?

Þar sem ekki hefur verið óskað eftir samstarfi og því ekki ljóst í hverju það ætti að felast er ekki hægt að segja neitt til um það á þessari stundu. Það skal tekið fram að mikið framboð er af lánsfé um þessar mundir og alltaf matsatriði hvort og þá hvar ríkið eigi að taka lán auk þess sem ég tel afar mikilvægt að mörgum verkefnum sem blasa við okkur í vegakerfi landsins þurfi að sjálfsögðu að forgangsraða. Það verður væntanlega gert í þeirri samgönguáætlun sem verður hér til endurskoðunar innan tíðar.

[15:34]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt sem hv. fyrirspyrjandi Björgvin G. Sigurðsson benti á, umferð um Hellisheiði er stöðugt að aukast. Ég kann honum bestu þakkir fyrir þessa þörfu fyrirspurn en hins vegar langar mig til að spyrja annars í framhaldi af svari hæstv. samgönguráðherra.

Hann talar um að í fjölmiðlum hafi birst óljósar fréttir. Mér finnast þessar fréttir í raun og veru ekki hafa verið neitt mjög óljósar. Ég var sjálfur á fundi í Þorlákshöfn fyrir ekkert mjög mörgum mánuðum þar sem stjórnarformaður Orkuveitunnar var líka. Hann viðraði þessar hugmyndir og ég man ekki betur en að einhverjir liðsmenn hæstv. samgönguráðherra, úr flokki hans, hafi einnig verið á þeim ágæta fundi og hafi hlýtt á mál stjórnarformannsins. Það voru nokkuð skýr skilaboð sem ég reikna með að þeir hafi tekið heim með sér til Reykjavíkur og jafnvel hvíslað í eyra ráðherrans.

Er það virkilega rétt að þetta hafi ekki verið athugað í neinni alvöru hjá ráðuneytinu? Mér finnst þessi hugmynd mjög spennandi.

[15:36]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er hægt að taka undir það að tilboð stjórnarformanns Orkuveitunnar, Alfreðs Þorsteinssonar, var ákaflega skýrt, bæði í fréttum sjónvarps og á opinberum fundum. Því er ástæða til að hvetja hæstv. ráðherra til að hafa frumkvæði að því að leita eftir viðræðum við þá, fara yfir málið, hversu hagstætt tilboðið sé og hversu mikið aðkoma Orkuveitu Reykjavíkur að lýsingu, vegabótum og helst breikkun vegarins á þessum kafla gæti flýtt fyrir framkvæmdunum. Ég fullyrði að þríbreiður Suðurlandsvegur frá Rauðavatni að Selfossi er eitt mikilvægasta verkefni okkar í samgöngumálum, nú þegar tvöföldun Reykjanesbrautar liggur fyrir. Þess vegna er ástæða til að kalla eftir því að þríbreikkun vegarins og lýsing að hluta fari inn á samgönguáætlun hið fyrsta og að leitað verði eftir öllum leiðum til að flýta fyrir þessari framkvæmd og auðvelda gerning hennar.

Engin ástæða er til annars en að kanna aðkomu Orkuveitu Reykjavíkur að þessu máli. Orkuveitan stendur núna fyrir mjög miklum virkjanaframkvæmdum á Hellisheiði og

fyrirsjáanlegt er að það sé einungis upphafið að þeim framkvæmdum þar sem áætlanir Orkuveitunnar segja til um 600 megavatta orkuframleiðslu þar þegar þær verða allar komnar til. Það er sjálfsagt mál að Orkuveitan komi að þessum vegaframkvæmdum sem er að flýta breikkun Suðurlandsvegar, rétt eins og Landsvirkjun hefur gert annars staðar á Suðurlandsundirlendinu þar sem hún hefur virkjað.

Að öðru leyti vil ég taka fram að þær tölur sem ég vitnaði til áðan, um þá miklu aukningu sem hefur orðið um Suðurlandsveg, 70% umferðaraukning á síðustu 12 árum yfir Hellisheiði, 80% á milli Hveragerðis og Selfoss, eru bráðabirgðatölur frá Vegagerðinni. Ég fékk þær þaðan í dag þannig að þetta ættu að vera mjög raunhæfar og trúverðugar tölur.

Ég vil aftur nota tækifærið og skora á hæstv. ráðherra að leita eftir umræðum og viðræðum við Orkuveitu Reykjavíkur og kanna hug þess fyrirtækis sem og að koma þríbreikkun og lýsingu Suðurlandsvegar að hluta inn á samgönguáætlun hið fyrsta.

[15:38]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég geri ráð fyrir því að hv. þingmenn geri sér grein fyrir því að ýmsar hugmyndir berast, jafnvel í gegnum fréttir, til samgönguyfirvalda og Vegagerðarinnar um nauðsynlegar lagfæringar á vegakerfinu. Nánast hvern einasta dag berst eitthvað slíkt, m.a. frá hv. þingmönnum. Sannleikurinn er sá að samgönguráðherra mundi gera nánast ekkert annað en að leita eftir samningum og heyra hugmyndir á fundum frá öllum þeim sem vilja gefa góð ráð um nauðsynlegar, arðbærar og mikilvægar framkvæmdir í samgöngumálum þjóðarinnar ef hann ætti að hlaupa eftir öllu slíku. Ég hef ekki hugsað mér að opna á slíka fundaröð.

Þegar ágætur formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur var í því verkefni að skýra fyrir þjóðinni, og þá sérstaklega Reykvíkingum, hvernig kostnaður við byggingu stóra hússins hjá Orkuveitunni var til kominn og hversu mikið var farið fram úr áætlunum þar spratt upp sú frábæra hugmynd að Orkuveitan kæmi að málinu. Það er afskaplega gott mál og var kynnt rækilega að Orkuveitan væri tilbúin til að koma til móts við þjóðina og lána henni stórfé til að hita upp fjallvegi. Það er auðvitað mjög gott verkefni ef við höfum efni á því, Íslendingar, að hita bara upp fjallvegina (Gripið fram í.) (**BjörgvS:** Og lýsa.) og lýsa. Við teljum mikilvægt að lýsa tiltekna parta af fjölförnum leiðum og við höfum verið að gera það. Að því munum við vinna og ég tek bara undir með hv. fyrirspyrjanda með að við þurfum að leggja verulega áherslu á það að auka afkastagetu Suðurlandsvegarins. Að því munum við vinna.

Förgun sláturúrgangs.

Fsp. BjörgvS, 476. mál. — Þskj. 728.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra sem lýtur að förgun sláturúrgangs og afdrifum kjötmjölsverksmiðjunnar í Flóa. Það sem ég spyr um er eftirfarandi:

1. Er til skoðunar að taka upp úrvinnslugjald á allar sláturafurðir til að tryggja eðlilegan rekstrargrundvöll fyrir verksmiðjur á borð við kjötmjölsverksmiðjuna í Hraungerðishreppi?

2. Er eitt af skilyrðum fyrir útflutningi lambakjöts til Evrópulanda að hér starfi verksmiðja sem fargar sláturúrgangi?

3. Er til skoðunar að heimila kjötmjölsverksmiðjum að framleiða mjöl til fóðurs fyrir loðdýr?

4. Stendur til að samræma reglur urðunarstaða sem taka á móti sláturúrgangi þannig að kjötvinnslur og sláturhús landsins sitji við sama borð hvað varðar gjaldtöku og frágang sláturúrgangs?

Á því síðasta er verulegur munur. Hérna er um að ræða mikið umhverfismál þar sem það er mjög brýnt frá umhverfislegum sjónarmiðum. Förgun sláturúrgangs var með þeim hætti sem kjötmjölsverksmiðjan, eða Förgun eins og hún heitir, stendur fyrir. Einnig er að sjálfsögðu um að ræða mikilvægt atvinnumál í byggðunum þar sem starfræksla slíkrar verksmiðju elur af sér ýmis störf.

Eins og greint er frá í Bændablaðinu verður kjötmjölinu lokað. Öllu starfsfólki verksmiðjunnar Förgunar á Suðurlandi var sagt upp um síðustu mánaðamót og blasir ekki annað við en að það hverfi frá störfum og að verksmiðjan fari í þrot. Markaðslegar forsendur þeirrar verksmiðju breyttust mjög við kúariðuna og síðan þá hefur verið ljóst að móta þyrfti nýja stefnu. Það hefur hins vegar ekki verið gert. Ráðuneyti landbúnaðar- og umhverfismála hafa að mínu mati ekki komið þar nægjanlega að og er hægt að halda því fram að langskynsamlegasta leiðin til að eyða slíkum úrgangi sé að gera það í slíkum verksmiðjum en hins vegar þarf að skjóta undir þær stoðum þannig að þær fái þrifist og að þær hafi í rauninni tilverugrundvöll. Til að mæta þeim vanda sem þessar verksmiðjur eru í og til að gera starfsgrundvöll þeirra eðlilegan þarf að mínu mati að skoða það að taka upp t.d. úrvinnslugjald á allar sláturafurðir til að tryggja það í fyrsta lagi að hann sé urðaður, honum eytt og fargað með skynsamlegum hætti fyrir umhverfið og í öðru lagi væru slíkar verksmiðjur með eðlilegan rekstrargrundvöll en ekki í eilífum kröggum gangandi fyrir stjórnvöld um úrlausnir sinna mála.

Þess vegna hefur líka flogið fyrir að útflutningur á lambakjöti til ákveðinna landa sé skilyrtur við það að hér starfi slík verksmiðja. Er það í sjálfu sér ekkert ótrúlegt þar sem um er að ræða mjög mikilsvert umhverfismál, að sláturúrgangi sé fargað með þessum hætti. Einnig held ég að það sé mikilvægt að reyna að nýta hann sem allra best, svo sem til að framleiða mjöl til fóðurs fyrir loðdýr.

Þess vegna beini ég þessari fyrirspurn til hæstv. ráðherra, sérstaklega af því að verksmiðjan er í kröggum, henni verður lokað ef ekki verður gripið til aðgerða.

[15:43]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Kjötmjölsverksmiðjan í Hraungerðishreppi, eða eyðingarverksmiðjan sem hún kannski flokkast frekar undir eftir breytingar, er í eigu öflugasta banka Ís-

lands, KB-banka, um þessar mundir eftir að hún hafði farið í þrot, eins og kunnugt er. Mjög öflugir aðilar stofnuðu til hennar á sínum tíma og málin þróuðust með þeim hætti að upp kom kúariða, allt kjötmjöl féll í verði og Asíumarkaðurinn sem þeir höfðu heyrði þá sögunni til. Þetta er nú sagan.

Hv. þingmaður spyr:

Er til skoðunar að taka upp úrvinnslugjald á allar sláturafurðir til að tryggja eðlilegan rekstrargrundvöll fyrir verksmiðjur á borð við kjötmjölsverksmiðjuna í Hraungerðishreppi?

Urðun úrgangs fellur undir verksvið umhverfisráðuneytisins. Ég minni á hinn bóginn á að til að hægt væri að innleiða tilskipun Evrópusambandsins 1993/31/EB, um urðun úrgangs, og 2000/76/EB, um brennslu úrgangs, setti Alþingi fyrstu almennu lögin, nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Í lögunum segir, með leyfi forseta:

„Markmið laga þessara er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra.

Jafnframt er það markmið laganna að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun úrgangs háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.“

Er þetta í samræmi við skipun nefndar sem ég skipaði, og skilaði af sér skýrslu um eyðingu dýraleifa á síðasta ári.

Á grundvelli laganna hefur umhverfisráðherra sett þrjár reglugerðir, 737/2003, um meðhöndlun úrgangs, 738/2003, um urðun úrgangs, og 739/2003, um brennslu úrgangs. Mér er hins vegar ekki kunnugt um hvort til stendur að taka upp úrvinnslugjald á sláturafurðir en sláturleyfishafar þurfa að greiða sveitarfélögum sérstakt gjald fyrir móttöku sláturúrgangs. Þess vegna getur verið hagkvæmt fyrir sláturleyfishafa að nýta sér eyðingarverksmiðjuna sem þarna stendur.

Næsta spurning er: Er eitt af skilyrðum fyrir útflutningi lambakjöts til Evrópulanda að hér starfi verksmiðja sem fargar sláturúrgangi?

Nei, ekkert slíkt skilyrði er fyrir hendi.

Er til skoðunar að heimila kjötmjölsverksmiðjum að framleiða mjöl til fóðurs fyrir loðdýr?

Reglugerð landbúnaðarráðherra nr. 660/2000, um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraafgangi, fjallar um söfnun, flutning, geymslu, meðferð, vinnslu og nýtingu á slátur- og dýraúrgangi. Reglugerðin nær jafnframt til brennslu og urðunar á slíkum úrgangi. Í reglugerðinni er úrgangur flokkaður í þrjá flokka, sérlega hættulegan úrgang, hættulegan úrgang og hættulítinn úrgang. Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, kveða á um að hræ dýra, sláturúrgangur og sláturafurðir sem ekki eru nýttar eða eru óhæfar til manneldis skuli meðhöndla, geyma, flytja eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna og annarra skaðlegra efna. Sama gildir um annan úrgang frá dýrum. Afurðir þessar er enn fremur óheimilt að nota sem dýrafóður nema samkvæmt sérstöku leyfi yfirdýralæknis. Ef eigendur kjötmjölsverksmiðjunnar, eða eyðingarverksmiðjunnar sem ég tel að hún heiti nú, ákveða að framleiða mjöl til fóðurs fyrir loðdýr eingöngu úr hættulitlum úrgangi sé ég ekkert því til fyrirstöðu. Öll lög og allar þessar reglugerðir standa til þess að það er hægt í dag, enda hafi verksmiðjan samráð við embætti yfirdýralæknis þar um.

Stendur til að samræma reglur urðunarstaða sem taka á móti sláturúrgangi þannig að kjötvinnslur og sláturhús landsins sitji við sama borð hvað varðar gjaldtöku og frágang sláturúrgangs?

Eins og ég gat um áðan falla reglur um urðunarstaði undir verksvið umhverfisráðherra og er ég af þeim sökum ekki í stakk búinn til að veita svör við þessari spurningu.

[15:48]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Saga kjötmjölsverksmiðjunnar á Suðurlandi er að sjálfsögðu mikil sorgarsaga. Kannski rann á vissan hátt upp fyrir manni ljós þegar maður hlustaði á hæstv. landbúnaðarráðherra þylja upp þessar löngu romsur af alls konar reglugerðum og fargani sem er í kringum meðhöndlun á sláturúrgangi. Þær eru alveg hreint með ólíkindum, allar þessar reglur, en svona er þetta víst.

Það var fagnaðarefni að heyra að ráðherrann sæi því ekkert til fyrirstöðu að hægt væri að heimila kjötverksmiðjum að framleiða mjöl til fóðurs fyrir loðdýr ef skilyrðum um slíka framleiðslu væri fullnægt. Það liggur í augum uppi að einmitt þessi úrgangur verði notaður í fóðurframleiðslu fyrir loðdýr á sama hátt og okkur berast gleðilegar fregnir af því að slóg úr íslenskum eldislaxi er nú notað í loðdýrafóður hér á landi. Vonandi mun þessi þróun halda áfram og vonandi eigum við eftir að sjá meira af slíku í framtíðinni.

[15:49]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Svar ráðherrans var í megindráttum býsna sorglegt enda fólust nánast engin fyrirheit í því um rekstrargrundvöll fyrir verksmiðjur á borð við kjötmjölsverksmiðjuna í Flóa fyrir eyðingarverksmiðjur. Hann svaraði í sjálfu sér engu til um afstöðu sína til þess hvort hann muni beita sér fyrir því að tekið verði upp sérstakt úrvinnslugjald þannig að slíkar verksmiðjur fái þrifist og hafi eðlilegan rekstrargrundvöll. Ætla ég að brýna hann aftur um það að svara því hvert viðhorf hans sé í málinu. Stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir sofandaháttt í málefnum kjötmjölsverksmiðjunnar, fyrir að hafa ekki svarað ítrekuðum óskum þeirra sem hafa rekið þessa verksmiðju um eðlilegan rekstrargrundvöll fyrir hana. Ástæða er til að syrgja þennan sofandaháttt stjórnvalda og brýna þau til að taka til hendinni og beita sér fyrir því að verksmiðjan, sem er mjög mikilvæg í umhverfislegu tilliti, fái starfað áfram og að skoðað verði hratt og ítarlega hvort grundvöllur sé fyrir því að taka upp sérstakt úrvinnslugjald á sláturúrgang þannig að verksmiðjan gæti leitað þangað og rekið sig á slíkum gjöldum, sérstaklega þar sem hún er að svara brýnni þörf fyrir mjög mikilvægt umhverfismál.

Í sjálfu sér er þó gleðilegt að heyra að núna sé hægt að framleiða loðdýrafóður að uppfylltum vissum skilyrðum. Er vonandi að það verði skoðað frekar. Ég vil hins vegar

nota tækifærið og skora á hæstv. ráðherrann að beita sér fyrir því að tekið verði upp eða a.m.k. skoðað hvort hægt sé að taka upp sérstakt úrvinnslugjald þannig að slíkar verksmiðjur fengju þrifist. Um er að ræða mjög gott mál og mikilvægt umhverfismál sem ætti að gera það að verkum að allur sláturúrgangur færi inn í slíkar verksmiðjur og kæmi svona út.

[15:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Um leið og hv. þingmenn tala um sorgarsögu kjötmjölsins vil ég hafa það alveg á hreinu að þegar til verksmiðjunnar var stofnað af mjög öflugum aðilum, sláturfélögum, sveitarfélögum, Sorpu og fleirum, fór ég með mínum þáverandi ráðuneytisstjóra, Birni Sigurbjörnssyni, sem þekkti mjög vel til þessara mála og vissi hvað þau voru viðkvæm, á fund stofnendanna. Það má aldrei gerast í matvælalandinu Íslandi að við notum kjötmjöl til eldis dýra sem eru notuð til manneldis. Það snýr að kúariðu og BSE, það snýr að hreinu Íslandi o.s.frv. þannig að við vöruðum mjög við því. (**BjörgvS:** Getum við ekki látið ...?) Hér er ég búinn að segja að þetta er hægt hvað loðdýrafóður varðar. Ég vil bara vekja athygli á því að sterkasti banki þessa lands á þetta fyrirtæki í dag, sterkasti bankinn, KB-banki. Hann tók þátt í því með þessum fyrirtækjum að fjármagna þetta fyrirtæki. Áfall á heimsmarkaði olli því hvernig fór. Auðvitað hljóta þeir að leita allra leiða til að reka þessa verksmiðju sem eyðingarverksmiðju.

Ég get ekki svarað hér spurningum sem eru á fagsviði annars ráðherra. Ég hygg að landbúnaðurinn sem oft er talinn vera í vörn og eiga erfitt þoli líka illa viðbótargjaldtökur ofan á sláturkostnað sinn. Ég tel að þetta sterka fyrirtæki, KB-banki, hljóti að leita allra leiða til að reka verksmiðjuna sem eyðingarverksmiðju og auðvitað hlýtur að vera eðlilegt að horfa til þess í framtíðinni að slík verksmiðja starfi og jörðin taki ekki við þessum úrgangi eins og verið hefur í gegnum aldir. Þessu þarf að eyða, og sláturfélögin borga stórgjald til sveitarfélaganna vegna eyðingar á slíku. Það gjald getur allt eins farið til verksmiðjunnar. Ég tel, hæstv. forseti, að þessi verksmiðja hafi ágætan grundvöll til að starfa sem eyðingarverksmiðja með það að aukabúgrein að framleiða loðdýrafóður.

[15:54]

Útbýting:

Heilbrigðisstofnun Suðurlands, 519. mál, fsp. MF, þskj. 788.

Hjúkrun á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, 517. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 786.

Stuðningur við börn flutningsskyldra starfsmanna, 518. mál, fsp. MF, þskj. 787.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 16.–17. mál.

Fundi slitið kl. 15:54.

---

70. FUNDUR

miðvikudaginn 9. febr.,
að loknum 69. fundi.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 362. mál, þskj. 415. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 387. mál, þskj. 481. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Dómstólar, frv., 12. mál, þskj. 12. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Lögreglulög, frv., 42. mál, þskj. 42. — Frh. 1. umr.
5. Endurskoðun á sölu Símans, þáltill., 44. mál, þskj. 44. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Athugasemdir um störf þingsins.

Utanferðir lækna á kostnað lyfjafyrirtækja.

[15:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna skriflegs svars hæstv. heilbrigðisráðherra við fyrirspurn minni um utanferðir lækna og kostnað lyfjafyrirtækja sem dreift var hér á Alþingi fyrir helgi. Þar kemur fram að allt að 500 læknaferðir hafi verið farnar á kostnað lyfjafyrirtækja á síðasta ári, þ.e. á vegum hagsmunaaðila í heilbrigðiskerfinu. Læknafélagið og forusta lækna hefur í kjölfarið viðurkennt að á þessu ástandi þurfi að ráða bót og að fara þurfi yfir siðareglur lækna, og sömuleiðis yfir samskipti lyfjafyrirtækja og lækna sem er mjög jákvætt.

Í svari hæstv. ráðherra kemur einnig fram að flestar heilbrigðisstofnanir sem leitað var til um svör við fyrirspurnunum höfðu ekki áreiðanlegar upplýsingar um ferðir lækna sem hjá þeim starfa, þ.e. ferðir sem farnar voru á kostnað annarra en stofnananna sjálfra. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Mun hann beita sér á einhvern hátt, t.d. með því að leggja til að settar verði reglur, fyrir því að heilbrigðisstofnanir hendi reiður á því hvaða læknar ferðast á kostnað hagsmunaaðila og haldi sem sagt yfir það einhverja skrá þannig að þeir viti og hafi uppi á borðinu allar slíkar ferðir? Ég minni á að læknar taka ákvarðanir um lyfjakaup og lyfjaávísanir og þó svo að flestum læknum megi treysta þurfa svona hlutir að vera uppi á borðinu.

Stofnanir eins og t.d. sjúkrahús erlendis eru með eftirlit og strangar reglur um markaðssetningu lyfjafyrirtækja gagnvart læknum á stofnunum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Þurfum við ekki að gera slíkt hið sama? Mun hæstv. ráðherra beita sér í þessum efnum hvað varðar opinberar stofnanir eins og sjúkrahúsin, heilsugæsluna, Landspítalann o.s.frv.?

[15:58]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Svar mitt við þeirri spurningu sem hv. þingmaður bar fram er stutt. Ég mun gera það. Núna um nokkurt skeið hefur verið í gangi vinna hjá starfshópi, sem ráðuneytið á aðild að og fulltrúar heilbrigðisstofnana og læknar, um að vinna í lyfjamálum heilbrigðisstofnana. Um er að ræða margþættar aðgerðir, koma á lyfjalistum þar sem þeir eru ekki fyrir hendi eða bæta þá vinnu, koma lyfjanefndum í gang og m.a. það sem snýr að stærsta spítalanum, Landspítalanum, sem hefur verið í tengslum við þessa vinnu. Víða hafa verið settar reglur um lyfjakynningar og skráningar ferða. Það er komið í gang á Landspítalanum eins og hefur komið fram í viðtölum við forstjóra spítalans.

Þetta starf hefur gengið vel, verið í gangi síðasta árið og það horfir ágætlega. Ég tel að við þurfum að halda áfram ótrauð í þessari vinnu.

Varðandi aðgerðir í þessum efnum er mér að öðru leyti kunnugt um að Læknafélagið hefur vilja til að vinna í þessum málum varðandi samskiptasamning sinn við lyfjafyrirtækin. Ég tel einboðið að hafa gott samstarf við Læknafélagið og forustu þess um það. Hún hefur sýnt vilja til að taka á þessum málum og hún verður að taka á þeim í samræmi við siðareglur sínar og gildandi samskiptasamning. Að öðru leyti eru reglur í gangi um kynningu lyfja sem við leggjum áherslu á að sé farið eftir.

[16:01]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að þessi umræða eigi fullan rétt á sér en ég tel einnig að aðrar starfsstéttir eigi að líta í eigin barm, þar á meðal við alþingismenn. Ég veit ekki betur en að margir flokkar og jafnvel þrír stærstu stjórnmálaflokkarnir hér á Alþingi hafi leynilegt bókhald. Fyrirtæki greiða í flokkssjóði. Ég tel vert að koma einnig þeim greiðslum upp á borðið.

Ég tel jafnframt að fréttamenn eigi að líta í eigin barm og ekki endilega taka lækna eina í þessa umræðu. Ég veit ekki betur en að jafnvel ríkisfjölmiðlunum sé boðið í ferðir og síðan eru fréttir af ferðalögum fréttamanna. Ég tel sjálfsagða kurteisi við þá sem horfa á fréttirnar að það komi fram að um boðsferð hafi verið að ræða.

[16:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég fagna því að hann ætli að taka á þessum málum.

Vegna umræðunnar langar mig að geta þess hér að mér finnst ekki hafa komið nógu skýrt fram að fáar stéttir eru með ríkari endurmenntunarákvæði í samningum sínum en læknar. Þeir hafa tök á því að fara á hverju ári í 15 daga á kostnað vinnuveitenda sinna í endurmenntunarferðir. Ég tel það fullkomlega eðlilegt og nauðsynlegt. Engu að síður þurfa reglur að vera skýrar og það má ekki verða þannig að lyfjafyrirtækin stjórni því hvaða fræðsla fer fram og hvaða rannsóknir. Það er altalað að lyfjafyrirtækin setji meira fé í markaðssetningu en í rannsóknir á lyfjum.

Mig langar að nefna hérna dæmi um hvernig þessu er háttað. Gæðastjórnunarverkefni í heimilislækningum sem varðar mjög alvarlegt heilbrigðisvandamál, vaxandi sýklalyfjaónæmi hjá börnum, hefur verið í gangi vegna þess að það er óþarflega mikið um sýklalyfjaávísanir á börn vegna t.d. eyrnabólgu. Lyfjafyrirtækjunum hefur ekki þótt ástæða til að styrkja þetta verkefni. Það hefur frekar verið í óþökk þeirra vegna þess að það snýst um að draga úr lyfjanotkun, minnka sýklalyf til barna. Þar sem best hefur gengið í þessu verkefni hefur það leitt til mun minni lyfjanotkunar, það hefur dregið úr notkun allt að tveimur þriðju. Þarna þarf auðvitað að taka á hlutunum. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji ástæðu til þess að þessir peningar frá lyfjafyrirtækjunum fari í sjóð og síðan geti læknar og þeir sem sinna svona rannsóknum sótt um styrki í þennan sjóð.

Ég vil líka nefna að það er mjög mikilvægt (Forseti hringir.) að lyfjafyrirtækin geti kynnt mál sín en svona reglur þurfa allar að vera uppi á borðinu.

[16:04]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Varðandi síðustu fyrirspurnina verð ég að taka það fram að ráðuneytið hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir þessum peningum. Við vorum í viðræðum við lyfjafyrirtækin á síðasta ári um verulega lækkun á lyfjum og það hefur skilað miklum árangri nú þegar. Við höfum markmið um að lyfjaverð verði hér hið sama og í viðmiðunarlöndunum og það er á þeim grundvelli sem við verðum að vinna. Við erum að reyna að lækka lyfjareikning Tryggingastofnunar og í því efni hefur náðst gríðarlegur árangur nú þegar.

Ég fékk upplýsingar um það í morgun að lyf hafa lækkað um 11,6% á ársgrundvelli núna í heildsölunni og gengið hefur 4% áhrif inn í þá lækkun. Þarna verðum við að vinna.

Varðandi hins vegar ferðirnar vil ég undirstrika vilja Læknafélagsins til að vinna að þessu máli og ég tel að forusta þess eigi að vinna að því á sínum vettvangi. Við eigum svo að vinna að því á okkar vettvangi að skýrar og ljósar reglur sem eru uppi á borðinu gildi um þessar ferðir. Við erum að vinna að því á stofnunum okkar og sú vinna gengur vel í samvinnu þeirra aðila sem þar koma að máli. Ég tel að við eigum að halda þessu áfram. Ég vil einbeita mér að þessu verkefni í samvinnu við stéttina en ég vil ekki vera að blanda því í neitt annað í þessari umræðu. Mér finnst það vera hlutverk mitt að vinna að því að skýrar og ljósar reglur gildi (Forseti hringir.) í heilbrigðisstarfseminni um þetta mál.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 362. mál (sóknardagar, meðafli, áframeldi o.fl.). — Þskj. 415.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 387. mál (gildistími laganna). — Þskj. 481.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Dómstólar, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 12. mál (skipun hæstaréttardómara). — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lögreglulög, frh. 1. umr.

Frv. SigurjÞ, 42. mál (löggæslukostnaður á skemmtunum). — Þskj. 42.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Endurskoðun á sölu Símans, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 44. mál. — Þskj. 44.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:10.

---

71. FUNDUR

fimmtudaginn 10. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Geðheilbrigðismál, munnleg skýrsla heilbrigðisráðherra. — Ein umr.
2. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 503. mál, þskj. 767. — 1. umr.
3. Fjármálaeftirlitið, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.
4. Rekstur Ríkisútvarpsins, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Fyrri umr.
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
6. Endurnýjanlegir, innlendir orkugjafar í samgöngum, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.
7. Fjárþörf Samkeppnisstofnunar, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.
8. Fjármálafyrirtæki, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Klukkan 1.30 í dag fer fram umræða utan dagskrár um stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson verður til andsvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ummæli forsætisráðherra um stuðning við Íraksstríðið.

[10:31]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Í gær gaf hæstv. forsætisráðherra út lýsingar sínar á þeim tildrögum sem leiddu til þess að Ísland, eða öllu heldur forustumenn í ríkisstjórn Íslands lýstu yfir stuðningi við innrás Breta og Bandaríkjamanna í Írak. Margvíslegar upplýsingar sem þar komu fram eru þess eðlis að það er algjörlega nauðsynlegt að ræða þær í þessum sal við hæstv. forsætisráðherra.

Hæstv. forsætisráðherra hefur hins vegar ekki tök á því að vera hér viðstaddur. Hann er úti á landi og ég ætla þess vegna ekki í neina efnislega umræðu um þetta en óska hins vegar eftir því við hæstv. forseta að til þess að greiða fyrir því að við í stjórnarandstöðunni getum rætt þessi alvarlegu mál við hæstv. forsætisráðherra hlutist hæstv. forseti til um það að síðar í dag verði boðað til nýs fundar eftir að hæstv. forsætisráðherra er kominn frá Ísafirði. Hann er á leiðinni

þaðan núna og þá getum við rætt þessi mál við hann og hreinsað loftið eftir atvikum, ef það er þá hægt. Þetta er ósk okkar í stjórnarandstöðu, frú forseti, og okkur þætti vænt um ef hægt yrði að fá svör við henni.

[10:33]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti hefur, að höfðu samráði við formenn þingflokka, fallist á þessa ósk. Um eittleytið í dag verður settur nýr fundur og þá gefst þingmönnum tækifæri til að ræða við hæstv. forsætisráðherra um það efni sem hv. þingmaður nefndi.

[10:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka forseta fyrir þessa viturlegu ákvörðun, og sanngjörnu. Ég held að öll rök mæli með því að okkur gefist kostur á að eiga orðastað við hæstv. forsætisráðherra um þetta efni, og þótt fyrr hefði verið. Það er búið að vera bagalegt að hæstv. forsætisráðherra hefur valið að ráðstafa tíma sínum annars staðar en hér í þinginu þessa viku. Við höfum heyrt frá honum úti á landi, á viðskiptaþingi og víðar þar sem hann hefur jafnvel verið að senda þingmönnum tóninn eða ræða mál sem á sama tíma hafa verið til umfjöllunar á þinginu. Svona er þetta. Eftir að hæstv. forsætisráðherra kom úr skíðaleyfi sínu hefur hann valið að ráðstafa tíma sínum annars staðar en hér á þingi.

Það er því ekki seinna vænna en að við sjáum framan í hæstv. forsætisráðherra hér á þingi eftir hádegið og eigum þess kost að ræða við hann, m.a. þau ummæli sem hann lét falla í fréttaviðtölum í gærkvöldi um aðdraganda hinnar dæmalausu ákvörðunar um stuðning Íslands við Íraksstríð. Ég fagna því og þakka forseta fyrir viðbrögðin.

Geðheilbrigðismál, munnleg skýrsla heilbrigðisráðherra, ein umr.

[10:34]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Samkomulag er um fyrirkomulag umræðunnar. Hver þingflokkur hefur 20 mínútur til ráðstöfunar fyrir þingmenn sína en þingflokkur ráðherra þó 30 mínútur. Ráðherra hefur að auki þrjár mínútur, ef hann svo kýs, við lok umræðunnar og verða þá leyfð andsvör.

[10:35]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hér skuli efnt til umræðu um geðheilbrigðismálin og umræðunni gefinn sá tími sem þarf til að ræða jafnmikilvægan málaflokk. Það er brýnt að geta rætt efnislega um þessi mál af yfirvegun því að fyrir utan að takast á um einstaka þætti geðheilbrigðisþjónustunnar skiptir miklu máli að ræða meginatriði þeirrar stefnu sem fylgt er í málaflokknum.

Mig langar fyrst til að taka fram að þegar til lengri tíma er litið er sennilega mesta breytingin og mikilvægasti áfanginn sem náðst hefur á þessu sviði á undanförnum árum að viðkvæmninni eða leyndarhjúpnum sem málaflokkurinn var hulinn árum saman hefur að sumu leyti verið svipt í burtu. Menn eru ekki lengur feimnir við að tjá sig um geðheilbrigðismálin og þeir sem haldnir eru geðsjúkdómum á hinum ýmsu og mismunandi stigum sýna bæði hugrekki og þor með því að fjalla sjálfir um sjúkdóma sína og gera þá sýnilegri en áður var. Þeim ber að þakka og eins þeim fjölmiðlum sem hafa átt þátt í að setja geðheilbrigðismálin á dagskrá með vönduðum hætti.

Alhæfingar eiga síst við þegar geðheilbrigðismál eru annars vegar. Sjúkdómarnir eru margir, aðstæður einstaklinganna mismunandi og mikilvægt að hafa hugfasta nauðsyn fjölbreytilegra úrræða. Fyrir utan að standa vel að rekstri hinna hefðbundnu geðdeilda og tryggja með því hefðbundin úrræði, sem gert hefur verið, er því afar brýnt að hlúa að því sérstaklega sem verið er að gera utan þess sem hefðbundið gæti talist. Á þetta höfum við lagt áherslu undanfarin missiri. Við erum að tala um mjög fjölbreytilegan hóp sjúklinga og við höfum verið að bregðast við með því að sníða meðferðarúrræðin að fjölbreytilegum þörfum sjúklingahópsins, auk þess að leggja áherslu á að gera geðsjúkum kleift að búa við eðlilegar aðstæður úti í samfélaginu. Á þessu tvennu hefur stefnan í geðheilbrigðismálum hvílt. Ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti sett geðheilbrigðismálin í forgang í þeim skilningi að reynt hefur verið að mæta þörfinni fyrir þjónustu með auknum fjárveitingum og nýjum úrræðum í takt við þær áherslur sem fagfólk hefur talið áhrifaríkastar til að mæta þeim vanda sem virðist fara vaxandi.

Virðulegi forseti. Daglegar umræður um geðheilbrigðismálin hafa oft markast nokkuð af deilum um fjárveitingar. Það er skiljanlegt þar sem þjónustan byggist á þeim. Þótt málaflokkurinn sé vissulega flóknari en svo tel ég rétt að fara yfir nokkur atriði í þessu sambandi og skoða framlögin og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til síðustu missirin.

Á fjárlögum ársins 2002 voru veittar 40 millj. til átaks á sviði geðheilbrigðismála. Fjárveitingin skiptist þannig að 20 millj. kr. tengdust starfsemi sjúkrahúsa og 20 millj. starfsemi heilsugæslustöðva. Á fjárlögum ársins 2003 voru síðan veittar 10 millj. kr. til hálfs árs reksturs hreyfanlegs hjúkrunarteymis. Fagteyminu var ætlað það verkefni að fylgja eftir alvarlega geðsjúkum einstaklingum í samráði við geðhjálp á heimilum þeirra eftir útskrift af sjúkrahúsi og er það skipað tveimur hjúkrunarfræðingum og tveimur öðrum starfsmönnum auk geðlæknisvaktar.

Í fjáraukalögum þetta ár var veitt fé til fjögurra verkefna. Í fyrsta lagi 20 millj. kr. til átaksteymis. Teymi þetta fékk það hlutverk að einbeita sér að bráðatilvikum, stytta bráðabiðlista eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildar og veita sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu utan spítalans með heimsóknum til unglinga í vanda. Í öðru lagi var veitt tímabundin fjárveiting, 27 millj., til að efla sérstaklega geðheilbrigðisþjónustu við börn og unglinga í samræmi við tillögur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Í þriðja lagi voru veittar 45 millj. kr. sem tímabundið stofnframlag til stækkunar legudeildar barna- og unglingageðdeildar og í fjórða lagi voru veittar 5 millj. kr. á fjáraukalögum 2003 til fjölgunar greiðslueininga sérfræðilækna á sviði barnageðlækninga á því ári. Framlaginu var ætlað að bæta úr brýnni þörf á aukinni þjónustu á sviði barnageðlækninga og ein-

ingum barnageðlækninga fjölgað tímabundið það ár um 30 þús.

Á fjárlögum ársins 2004 voru svo veittar 11 millj. kr. til reksturs hreyfanlegs hjúkrunarteymis sem ég gat um hér að framan. Kemur sú fjárhæð til viðbótar 10 millj. kr. framlagi á árinu 2003. Í öðru lagi voru veittar 20 millj. kr. til að hefja rekstur sérhæfðrar deildar fyrir alvarlega geðsjúka en sakhæfa einstaklinga. Í þriðja lagi og í tengslum við þessa fjárveitingu voru veittar 90 millj. sem tímabundið stofnframlag til að koma upp þessari sérhæfðu deild fyrir alvarlega sakhæfa geðsjúka. Í fjórða lagi voru veittar 76 millj. til að efla starfsemi barna- og unglingageðdeildar í samráði við tillögur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Hér er enn verið að leggja fé til að stækka barna- og unglingageðdeildina við Dalbraut, til flutnings göngudeildar í landsbyggðarþjónustu og heimaþjónustu.

Í fimmta lagi voru veittar 20 millj. kr. til að koma á fót samstarfsteymi sálfræðings, félagsráðgjafa og iðjuþjálfa í heilsugæslunni. Tilgangur með stofnun samstarfsteymisins er að efla heilsugæsluþjónustu með þátttöku þessara fagstétta í fyrsta stigs þjónustu. Sérstaklega er teyminu ætlað að efla þjónustu sem tengist börnum og unglingum með geðræn vandamál og fjölskyldum þeirra þótt verkefni þess sé ekki bundið við þennan hóp einvörðungu. Það er ánægjulegt að geta sagt frá því hér að samstarfsteymi af þessu tagi tók til starfa í Grafarvogi nú í janúar. Markmiðið er að veita geð- og sálfélagslega þjónustu vegna vanda barna og fjölskyldna þeirra. Er þetta gert í samræmi við áherslur okkar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu en rík áhersla hefur verið lögð á þennan þátt af því að einmitt á þessu sviði hefur skort meðferðarúrræði. Heilsugæslustöðin í Grafarvogi varð fyrir valinu þar sem stöðin sinnir fjölmennasta barnahverfi landsins.

Í sjötta lagi voru veittar 5 millj. kr. til að fjölga greiðslueiningum barnageðlækna varanlega frá og með árinu 2004. Framlaginu var ætlað að bæta úr brýnni þörf á aukinni þjónustu á sviði barnageðlækninga og var einingum fjölgað um 30 þús. í samræmi við þá fjölgun eininga sem áður er getið. Af sömu ástæðu var í samningum við sérfræðilækna sem undirritaðir voru nú í janúar tekið sérstakt tillit til geðsjúkra með því að auka enn svigrúm geðlækna til að sinna samtalsmeðferð við skjólstæðinga sína.

Ef við beinum síðan sjónum okkar að árinu 2005 eru í fjárlögum þess árs veittar 42 millj. kr. til heilsugæslunnar til að efla geðheilbrigðisþjónustu á þessu fyrsta stigi heilbrigðisþjónustunnar sem allir eru sammála um að sé afar mikilvægt. Heildarfjárveitingunni, 42,1 millj. kr., var skipt niður á fimm verkefni nýverið og tengjast þau öll grunnþjónustunni. Þar af renna 12 millj. kr. til heilsugæslunnar í Reykjavík til að auka þjónustu geðteymis heimahjúkrunar og til að auka þjónustu á heilsugæslustöð Miðbæjar. 12 millj. kr. verður varið til að standa undir tilraunaverkefni um sálfræðiþjónustu í heilsugæslunni. Um er að ræða þjónustu og þjálfun starfsmanna vegna meðferðarhópa á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. 9 millj. kr. verða nýttar til að gera þjónustusamninga við heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni um geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni. 5,4 millj. kr. renna til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja til að efla þjónustu við börn með geðræn og sálfélagsleg vandamál og 3,7 millj. kr. renna til Miðstöðvar heilsuverndar barna í þeim tilgangi að efla geðheilbrigðisþjónustu miðstöðvarinnar.

Í öðru lagi voru veittar 12 millj. kr. til þverfaglegs hóps til að mæta bráðavanda geðsjúkra.

Í þriðja lagi 64 millj. kr. til að auka framlag til reksturs sérhæfðrar deildar fyrir alvarlega geðsjúka en sakhæfa einstaklinga, til reksturs vettvangsteymis og til að styrkja geðsvið Landspítala – háskólasjúkrahúss. Tekið skal fram að hér er um endurráðstöfun fjár að ræða, 90 millj. kr. stofnframlag 2004. Þar á meðal var 64 millj. kr. ný fjárveiting en 26 millj. kr. var ráðstafað af byggingarlið heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Ný framlögð kostnaðaráætlun Landspítala – háskólasjúkrahúss gerir ráð fyrir að spítalinn þurfi 76 millj. kr. til reksturs sértæku geðdeildarinnar, til reksturs vettvangsteymisins og styrkingar geðsviðsins. Ráðuneytið hefur til ráðstöfunar í þessi mál samtals 84 millj. kr.

Við 2. umr. um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2005 voru 76 millj. kr. fluttar til Landspítala – háskólasjúkrahúss af safnlið ráðuneytisins til að mæta rekstrinum frá upphafi árs 2005.

Virðulegi forseti. Hér hefur verið getið um nokkrar þær aðgerðir og framlög til þeirra sem ráðherrar og ríkisstjórn hafa lagt til og Alþingi hefur samþykkt í því skyni að mæta vanda sem upp hefur komið í þjónustunni við geðsjúka til að styrkja þær stofnanir sérstaklega sem hafa veitt geðsjúkum þjónustu og til að beina þjónustunni inn á brautir sem fagfólk, geðsjúkir og aðstandendur telja að skili bestum árangri.

Stærsta stofnunin sem veitir geðsjúkum þjónustu er geðsvið Landspítala – háskólasjúkrahúss en starfsemi þess hefur verið til endurskoðunar undanfarið ár sem og skipulag og fyrirkomulag þeirrar sérhæfðu öryggisdeildar fyrir alvarlega geðsjúka, sakhæfa einstaklinga sem ég minntist á hér að framan. Að teknu tilliti til tillagna sérfræðinga var ákveðið að sérhæfð öryggisgeðdeild verði á Kleppi. Vegna stofnsetningar sérhæfðu öryggisgeðdeildarinnar er nauðsynlegt að endurskoða nýtingu á húsnæði geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss og um leið óhjákvæmilegt að gera ýmsar tilfærslur á starfsemi innan geðsviðsins, þar með talið að flytja starfsemi vímuefnadeildar frá Teigi á Hringbraut og flytja verkefni frá geðsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss til svæðisskrifstofu fatlaðra. Einnig er nauðsynlegt að gera allnokkrar breytingar og endurbætur á húsnæði geðsviðsins. Þær framkvæmdir eru nú í gangi.

Miðað við að sérhæfða öryggisdeildin taki til starfa innan skamms er byrjað að ráða starfsfólk og undirbúa faglegan rekstur og umfang starfseminnar. Því er stundum haldið fram að skorin hafi verið niður framlög til reksturs geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss. Það er ekki rétt. Framlög til reksturs geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss voru 2,1 milljarður rúmur á árinu 2002, þau voru rúmlega 2,2 milljarðar árið 2003 og í fyrra voru framlögin um 2.360 millj. Á sama tíma voru framlögin til BUGL aukin úr tæpum 309 millj. kr. árið 2002 í tæpar 365 millj. kr. í fyrra. Framlag til geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss hafa þannig verið aukin, einkum til barna- og unglingageðdeildarinnar sem þýðir að þjónusta geðlækna við skjólstæðinga

sína hefur verið að aukast bæði innan og utan spítalans.

Af því að minnst er á barna- og unglingageðdeildina er rétt að nefna að nýbygging hennar er í undirbúningi og næsta skref er grenndarkynning. Nokkrar tafir hafa orðið á vinnunni, m.a. vegna þess að hæð byggingarinnar er heldur meiri en gert var ráð fyrir á þessu svæði. Stjórnendur eru þó vongóðir um að þetta hindri ekki framgang málsins og að byggingarframkvæmdir geti hafist seinna á þessu ári.

Þegar rætt er um geðheilbrigðismál verður að minnast á þátt lyfja í þjónustunni. Niðurgreiðsla hins opinbera á lyfjum er að sönnu áhrifarík í heilbrigðisþjónustunni við landsmenn og gleymist oft þegar rætt er um aðgerðir hins opinbera. Það greiðir t.d. niður geðdeyfðarlyf fyrir 700–800 millj. kr. á ári. Hlutur Tryggingastofnunar ríkisins í öllum geð- og taugalyfjum er tæplega 1.700 millj. kr., þ.e. tveir þriðju alls þess sem rekstur geðsviðs Landspítalans kostar.

Virðulegi forseti. Eitt brýnasta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir í geðheilbrigðismálunum er að efla forvarnir, meðferð og samþættingu á þjónustu við börn og unglinga sem stríða við geðraskanir og hegðunarvanda. Ég nefndi samhæfingu þjónustunnar vegna þess að reynslan hefur kennt okkur að aðeins þannig getum við bætt þjónustuna. Til að kortleggja og setja fram hugmyndir um hvernig þetta yrði best gert ákvað ég að ráða verkefnisstjóra til heilbrigðisráðuneytisins sem falið var að gera tillögur um samþættingu þjónustunnar sem aftur er liður í stefnumótun fyrir málaflokkinn. Verkefnisstjórinn tók til starfa fyrir réttu ári og skilaði skýrslu með úttekt sinni og tillögum síðari hluta ársins. Ég hef kynnt mér skýrsluna ítarlega og tillögurnar sem þar eru settar fram. Þar er gefið glöggt yfirlit yfir tiltæk meðferðarúrræði og á hverra vegum þjónustan er veitt, eðli þjónustunnar og helstu brotalamir auk tillagna til úrbóta.

Þrír aðstoðarmenn ráðherra hafa fjallað um helstu þætti skýrslunnar undanfarið í því skyni að taka formlega afstöðu til tillagnanna, fara nákvæmlega yfir þær, skoða þær í víðu samhengi og reyna að sjá fyrir áhrif þeirra á þjónustuna og skipulag ef þær koma til framkvæmda.

Samhliða starfi verkefnisstjórans hefur verið að störfum nefnd á mínum vegum til að fjalla um málefni barna og unglinga með geðraskanir og stefnumótun á því sviði. Ég vænti þess að sú nefnd muni á næstunni skila mér tillögum sínum.

Ef ég vík að Arnarholti flutti starfsemin þaðan núna um mánaðamótin og sameinaðist öðrum einingum geðsviðs. Var það í samræmi við stefnu framkvæmdastjórnar Landspítala – háskólasjúkrahúss að fækka útstöðvum spítalans. Síðustu vistmenn Arnarholts fluttust fyrir skemmstu í sambýli að Flókagötu 31. Öllu starfsfólki í Arnarholti hefur verið boðin vinna á öðrum deildum geðsviðs og meiri hluti inn þegið það.

Vistmenn sem dvöldu í Arnarholti voru ýmist geðfatlaðir, þroskaheftir eða fatlaðir eftir vefræna sjúkdóma. Við sameiningu Landspítalans og Sjúkrahúss Reykjavíkur árið 2000 dvöldu rúmlega 50 sjúklingar á deild 34 í Arnarholti. Í upphafi árs 2004 hafði þeim fækkað í rúmlega 30 og í desember það ár í 20. Sjúklingar hafa útskrifast á hjúkrunarheimili, á aðrar deildir spítalans á öldrunarsviði, geðsviði og í Kópavogi en einnig á sambýli á vegum geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss eins og t.d. Esjugrund. Samið var um það sambýli fyrir skemmstu.

Ég vil minnast á heilbrigðisþjónustu fyrir fanga en hún er veitt í öllum fangelsum landsins, þ.e. á Litla-Hrauni, Kvíabryggju, kvennafangelsinu í Kópavogi, fangagæslunni við Skólavörðustíg og fangagæslunni á Akureyri. Þjónustan er í flestum tilvikum innt af hendi af heilbrigðisstarfsmönnum nálægra heilbrigðisstofnana sem sinna verkefninu samkvæmt samningi við ráðuneytið. Ráðuneytinu er vel ljós þörf fyrir að þessi þjónusta sé sem öflugust í hvívetna, bæði almenn læknis- og hjúkrunarþjónusta og ekki síst geðlæknaþjónusta. Því hefur verið lögð mikil áhersla á að afla fjárveitinga til að efla geðlæknisþjónustu á komandi ári, bæði við Litla-Hraun og réttargeðdeildina á Sogni en þar vistast einnig sakhæfir fangar um skemmri tíma. Á fimmtu milljón króna hafa verið lagðar fram á þessu ári til að bæta geðheilbrigðisþjónustu á Litla-Hrauni og réttargeðdeildina á Sogni. Ráðuneytið telur að áfram þurfi að vinna að uppbyggingu þessarar þjónustu við fanga á komandi árum, bæði innan þessara stofnana og innan þeirra heilbrigðisstofnana sem þjónustuna veita.

Ég vil víkja að ráðstefnu sem nýlega var haldin í Helsinki og að þeirri nýju hugsun sem þar kom fram. Í janúar var haldin þar á vegum svæðisskrifstofa Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrsta ráðherraráðstefna um geðheilbrigðismál. Ráðstefnan var um margt afar áhugaverð. Þar voru kynntar nýjar hugmyndir manna um geðheilbrigðisþjónustu í álfunni. Framlag Íslands á fundinum vakti nokkra athygli, geðræktarverkefnið sem þekkt er og ekki síður þau sjónarmið sem Geðhjálp og Hugarafl hafa haldið á lofti. Til að gera langa sögu stutta var á þessum ráðherrafundi samþykkt yfirlýsing ráðherranna um sérstaka aðgerðaáætlun til ársins 2010. Grunntónninn í hvoru tveggja má segja að sé að hverfa frá því að byggja upp stór geðsjúkrahús og flytja þjónustuna frekar nær þeim sem hún á að þjóna, auka þátt og vægi notendanna og aðstandendanna í meðferð og stefnumótun og taka tillit til þess að auka vægi geðheilbrigðissjónarmiða við lagasetningu sem tekur til vinnuverndar og almennrar stefnumótunar í heilbrigðisþjónustunni. Það er alveg ljóst að sú stefna sem mörkuð var á ráðherraráðstefnunni í Helsinki mun hafa áhrif á þróun geðheilbrigðisþjónustunnar hérlendis á næstu árum.

Að henni lokinni kallaði ég fulltrúa þeirra stofnana sem tóku þátt í ráðstefnunni og umfram allt fulltrúa þeirra samtaka sem gæta hagsmuna notendanna til skrafs og ráðagerða um það hvernig við hér á Íslandi getum og ættum að þróa þær hugmyndir sem fram komu á þessari merkilegu ráðstefnu. Ég hef hugsað mér að kalla saman þennan Helsinkihóp aftur á næstunni, einfaldlega vegna þess að nauðsynlegt er að taka mið af þeim vegvísi sem heilbrigðismálaráðherrar Evrópu komu sér saman um í janúar. Við þurfum að endurskoða hlutverk stofnana, við þurfum að gera þjónustuna notendavænni og við þurfum ávallt að huga að geðheilbrigðisþættinum þegar við setjum okkur almenn markmið í heilbrigðisþjónustunni. Ég vil undirstrika að við þurfum að efla samstarfið við fulltrúa notendafélaganna og að því mun ég stefna.

Ég endurtek þakkir mínar fyrir að fá tækifæri til að fara nokkrum orðum um helstu þætti geðheilbrigðisþjónustunnar. Ég vona og veit að þær umræður sem hér eiga eftir að

verða munu verða málefnalegar og vísa okkur fram á veginn í þessum mikilvæga málaflokki.

[10:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir þá skýrslu um stöðu geðheilbrigðismála sem hann flutti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, óskaði ásamt þingflokksformönnum hinna stjórnarandstöðuflokkanna eftir skýrslunni frá hæstv. ráðherra í kjölfar utandagskrárumræðu minnar við ráðherra 14. október um stöðu geðsjúkra og þjónustu við þá.

Ýmislegt hefur verið gott gert eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra í skýrslunni, ýmislegt annað í farvatninu og ýmis vinna í gangi hjá hæstv. ráðherra. Það er gott að heyra að hann tekur ástandið í málaflokknum alvarlega og beitir sér fyrir auknu fé til hans.

Félagasamtök, einstaklingar og hópar hafa komið að þessum málaflokki í auknum mæli með athyglisverðar nýjungar. Ég fagna því sérstaklega. Geðræktarverkefnið, Notandi spyr notanda, gæðaátak geðsjúkra, Rauði krossinn, Klúbburinn Geysir, Geðhjálp — svona mætti lengi telja. Þetta framtak er mjög dýrmætt og má ekki vanmeta. Umræðan er líka öll opnari eins og hæstv. ráðherra benti á og það er mjög jákvætt.

Markmið okkar í heilbrigðisáætlun til 2010 er að bæta aðgengi og fjölga meðferðarúrræðum í geðheilbrigðisþjónustunni. Þarna þarf heldur betur að taka til hendinni, enn frekar en nú er gert. Sem dæmi um ástandið liggja fyrir í dag, þann 10. febrúar, samtals 390 beiðnir á geðsviði um meðferð á Reykjalundi. Í október nefndi ég í ræðu minni að þar biðu 380 sjúklingar og þar á hefur lítil breyting orðið. Biðin er á annað ár. Enn er líka algengur biðtími eftir tíma hjá geðlækni 3–5 mánuðir en vonandi lagast það á næstu mánuðum í kjölfar aðgerða ráðherra. Göngudeildarúrræði vantar tilfinnanlega enn þá þrátt fyrir viðbótarfjárveitingar og sömuleiðis meðferðarúrræði með lyfjagjöf og eftirfylgni.

Staðan hjá skólabörnum með geðraskanir er mjög slæm. Þar þarf verulegar úrbætur, þar vantar allar skilgreiningar á öllum þremur þjónustustigunum. Ráðgjafarþjónustan er lítil sem engin fyrir þennan hóp, löng bið er eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildar og lítil sem engin eftirfylgni þegar börn koma þaðan út. Það er auðvitað afleitt ástand. Heilbrigðisráðherra hefur sjálfur sagt að börn sem glíma við alvarlegar hegðunar- og geðraskanir geti átt erfiða framtíð fyrir höndum ef ekki tekst að grípa skjótt inn í vanda þeirra með viðeigandi úrræðum. Erfiðleikar í skóla, skortur á jákvæðum félagstengslum vegna lítillar samskiptafærni, brostin fjölskyldutengsl, aukin hætta á vímuefnanotkun og líkamleg og andleg vanlíðan eru allt þekktar afleiðingar hegðunar- og geðraskana. Skapast getur vítahringur sem erfitt verður að rjúfa ef ekki verður brugðist við tímanlega. Allir tapa þegar svo illa tekst til, barnið sjálft, fjölskylda þess og samfélagið í heild.

Ég tek heils hugar undir þetta og legg áherslu á hættuna á vímuefnaneyslu og það að börnin leiðist út í glæpi ef ekki hefst meðferð snemma. Markmiðin í heilbrigðisáætlun til 2010 er að geðheilbrigðisþjónustan nái til 2% barna á aldrinum 0–18 ára óháð búsetu. Þar er enn nokkuð langt í land. Við erum enn undir 1% að öllum líkindum, kannski eitthvað um 0,7%, en ég virði svo sannarlega viðleitni ráðherra með teyminu á heilsugæslustöðinni í Grafarvogi sem er reyndar tilraunaverkefni. Ég fagna því teymi sannarlega, mikil þörf er fyrir það og hefur verið í nokkurn tíma en við verðum auðvitað að gera betur, og ég spyr hæstv. ráðherra: Er áformað að koma slíkum teymum á í öðrum heilsugæslustöðvum, og hvenær þá? Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt starf og brýnt að efla það.

Hæstv. ráðherra hefur verið að reyna að ná niður lyfjakostnaði ríkisins sem er virðingarvert. Í þessum geira, geðheilbrigðisgeiranum, hefur lyfjanotkun barna aukist geigvænlega og það er að hluta til vegna þess að önnur úrræði eru ekki í boði. Lyfjanotkun hjá börnum með geðraskanir hafa áttfaldast á fimm árum. Danskur sálfræðingur sem var hér á dögunum benti á að lyf væru skammtímalausn hjá börnum og að þau réðust ekki að rótum vandans þótt þau slægju á einkennin. Hann hvatti okkur Íslendinga til að nota annars konar meðferðir vegna geðraskana barna en lyfjameðferð. Við eigum að líta til reynslu nágrannaþjóða okkar og læra af henni. Fréttir eins og við heyrðum á dögunum um að 10% fimm ára barna séu með geðraskanir og að ársgömul börn séu á þunglyndislyfjum eru ógnvænlegar.

Við ætlum að auka meðferðarúrræðin fyrir 2010. Þá má minna á þá alvarlegu stöðu að það vantar algjörlega úrræði fyrir börn með miklar geðraskanir. Það er staðreynd í dag og við það verður ekki unað. Norðmenn hafa sett geðheilbrigðisþjónustu við börn í forgang og þeir bjóða upp á ókeypis þjónustu og hafa náð að meðhöndla 3% barna á meðan við erum enn þá undir 1%.

Vinna hefur verið í gangi í heilbrigðisráðuneytinu og tillögugerð um samþættingu eða samhæfingu þjónustunnar, greindar helstu brotalamir og tillögur til úrbóta um hver skuli veita hvaða þjónustu. Það er mjög mikilvægt að þessi vinna fari að skila sér svo ástandið skáni. Við vitum að þjónustu vantar og ákvörðun um það hver skuli veita hvaða þjónustu er líka ekki til staðar. Á meðan svo er líða börnin. Ég minni á að þó að fjárveitingar séu góðar leysa þær ekki allan vanda því skipulagið verður að vera í lagi.

Ég vil nefna í þessari umræðu stöðu fjölskyldunnar sem þarf að styrkja, en staða hennar hefur veikst á undanförnum árum. Það er mikilvægt að hún geti lagt sitt af mörkum til að bæta ástandið og henni verði gert kleift að taka á þessum heilbrigðisvanda sem hrjáir fleiri börn hér á landi en í nágrannalöndunum.

Við ætlum að fækka geðröskunum um 10% og sjálfsvígum um 25% samkvæmt heilbrigðisáætlun sem við samþykktum á Alþingi og gildir til ársins 2010 eins og ég hef áður nefnt hér. Til þess þarf átak og til þess þarf stefnumótunin að vera í lagi.

Ég vil nefna annan stóran heilbrigðisvanda sem er þunglyndi og annar geðrænn vandi vegna offitu sem farin er að hrjá bæði börn og fullorðna. Það er mál sem þarf að taka á á heildstæðan hátt.

Það eru að verða miklar samfélagsbreytingar í þjóðfélagi okkar sem hafa ýmsar geðraskanir í för með sér og fá þau börn sem líða fyrir það ekki meðhöndlun sem skyldi í

heilbrigðisþjónustunni. Börn með flókin fjölskyldumunstur sýna meiri þunglyndiseinkenni svo dæmi sé tekið um þetta, en það sýna nýjustu kannanir.

Ég vil líka nefna hér menntunarmál geðsjúkra og átak í að koma geðsjúkum út í lífið aftur eftir meðferð. Um slíkt má ekki ríkja óvissa eins og gerðist í vetur vegna verkefnis Fjölmenntar og Geðhjálpar. Það er ólíðandi ástand fyrir svo viðkvæman hóp að þurfa að búa við óvissu um framtíð sína í þeim efnum.

Ég hef nokkuð minnst á það hér í máli mínu, virðulegi forseti, að það vanti heildarstefnumótun í málaflokknum þótt vinna sé í gangi hjá hæstv. ráðherra og ég fagna því að hann ætlar að taka á þessum málum sérstaklega á næstunni. Ég fagna einnig undirritun hans fyrir okkar hönd þann 14. janúar í Helsinki þar sem hann undirritaði yfirlýsingu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til næstu 5–10 ára ásamt 52 öðrum ráðherrum í Evrópu að frumkvæði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og ég heyri á hæstv. ráðherra í skýrslu hans að hann ætlar að halda áfram þeirri vinnu. Í þessari áætlun er byggt á 12 meginatriðum, svo sem mannréttindum geðsjúkra, baráttu gegn fordómum, að færa meðferð af stofnunum og út í samfélagið, menntun starfsfólks í þessum heilbrigðisgeira og því að færa meira vald til notenda þjónustunnar og aðstandenda þeirra. Hæstv. ráðherra sagði að þetta mundi hafa áhrif á þróun geðheilbrigðismála hér á landi. Ég fagna því en vil spyrja hæstv. ráðherra í lok máls míns:

Hvenær hyggst hann fara í þá vinnu? Hann sagði hér í skýrslunni að hann mundi gera það á næstunni. Hvenær á næstunni og hvernig hyggst hann koma þessari geðheilbrigðisáætlun í framkvæmd? Hverjir verða kallaðir til? Hvernig verður þessari vinnu hagað?

Hér er mikilvægt verk sem bíður og ég hef miklar væntingar til þess að það komi sem fyrst í framkvæmd. Ég vil í lokin þakka hæstv. ráðherra fyrir þá yfirferð sem hann fór með í skýrslu sinni áðan.

[11:05]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þakkir til hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir skýrslu hans um geðheilbrigðismál sem hann flutti áðan en þar komu einmitt fram þær áherslur sem ríkisstjórnin hefur lagt í þennan málaflokk á síðustu árum.

Virðulegi forseti. Fyrir stuttu las ég minningargreinar um mann sem hafði varið stærstum hluta ævi sinnar, yfir 30 árum, á sjúkrahúsi vegna líkamlegrar fötlunar eftir slys á unglingsaldri. Sjúkrahúsið varð heimili hans. Síðustu 10–15 ár ævi sinnar bjó hann hins vegar á sambýli. Minningargreinarnar báru þess ljós merki að það var ekki fyrr en hann öðlaðist sjálfstæða búsetu utan sjúkrahússins sem hann fór að verða virkur þátttakandi í lífinu, varð gerandi í stað þess að vera þiggjandi og fór að nýta styrkleika sína til að vinna að þeim þröskuldum sem fötlun hans setti honum.

Þessi saga er gott dæmi um þær hugmyndafræðilegu breytingar sem orðið hafa í þjóðfélaginu á síðustu áratugum gagnvart þeim sem ganga ekki heilir til skógar og þurfa stuðning velferðarþjónustunnar. Þar fara sjónarmið um mannréttindi og mannvirðingu saman við hagkvæmnissjónarmið um að rétt og skynsamlegt sé að stuðla að því að fólk búi á eigin heimili eins lengi og kostur er með þeim stuðningi sem þarf. Þessi viðhorf hafa náð til þeirra sem eru líkamlega sjúkir eða fatlaðir. Þau hafa hins vegar ekki í sama mæli rutt sér rúms innan geðheilbrigðisþjónustunnar. Stofnanamenning hefur verið ríkjandi innan þess geira heilbrigðisþjónustunnar allt fram á þennan dag þótt ákveðin skref megi greina í rétta átt á síðustu árum eins og kom einnig fram í ræðu hæstv. heilbrigðisráðherra áðan.

Tölur um stöðu geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi benda til að ekki hefur vantað viljann til að gera vel, en áherslurnar hafa þó verið einhæfar. Þannig eru hlutfallslega fleiri rými fyrir geðsjúka á stofnunum hér á landi en á öðrum Norðurlöndum, t.d. helmingi fleiri en bæði í Danmörku og Noregi. Samt hefur sjúkrarýmum fyrir þennan sjúklingahóp hér á landi fækkað um 25% frá árinu 1997. Hið sama á við um legutíma geðsjúkra á spítölum sem er lengstur hér á landi af öllum Norðurlöndum. Meðallegutími á Íslandi er 55 dagar en hann er stystur í Noregi fyrir sama sjúklingahóp, 22 dagar, eða 40% af því sem tíðkast hér á landi.

Þannig er bæði neysla og kostnaður vegna notkunar geðlyfja mestur hér á landi af Norðurlöndum, sem bendir til þess að aðgengi fólks að meðferð með lyfjum er gott, en hvort tveggja er þó merki um of einhæfar áherslur í geðheilbrigðismálum. Við leggjum of mikla áherslu á stofnanaþjónustu við geðsjúka í stað þess að styðja þá til aukinnar sjálfshjálpar með áherslu á þjónustu og stuðning utan stofnana með búsetu á heimilum, sambýlum og öðrum sérhæfðum meðferðarúrræðum. Þjónusta sjúkrahúsa á fyrst og fremst að vera bráðaþjónusta, aðra meðferð á að veita utan stofnana og á göngu- og dagdeildum. Við leggjum of mikla áherslu á meðferð með lyfjum á kostnað viðtalsmeðferðar og annarrar stuðningsmeðferðar sem rannsóknir sýna að beri jafngóðan ef ekki betri árangur, ekki síst þegar bæði meðferðarúrræði eru notuð samhliða. Þannig niðurgreiðir TR eingöngu meðferð geðlækna en sambærileg viðtalsmeðferð á vegum sálfræðinga er ekki niðurgreidd.

Þá er einnig vert að draga fram að ýmislegt bendir til að mikla fjölgun öryrkja síðustu ár megi rekja til fjölgunar þeirra sem búa við geðsjúkdóm og njóta örorkulífeyris og örorkubóta. Leiddar hafa verið líkur að því að þeir sem búa við skerta starfsgetu vegna geðsjúkdóma hafi í auknum mæli,vegna aukinna krafna um vinnuframlag í samfélaginu, hætt á vinnumarkaði og sótt um bætur hjá TR. Velferðarkerfið virðist því grípa þá fljótt og veita þeim nauðsynlegan fjárhagslegan stuðning, en á hinn bóginn má velta fyrir sér hvort endurhæfingarúrræði skorti.

Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO, hefur metið það svo að árlegur kostnaður samfélaga innan Evrópusambandsríkja vegna geðsjúkdóma, sé varlega áætlaður um 3–4% af þjóðarframleiðslu. Þá er tekið tillit til kostnaðar vegna meðferðar, minnkaðrar framleiðni og fráveru frá vinnu, örorkulífeyris, örorkubóta og minni lífslíka. Ef við yfirfærum þessar tölur á íslenskar aðstæður, þýðir það að árlegur samfélagslegur kostnaður vegna geðsjúkdóma á Íslandi sé um 25–30 milljarðar kr. Beinn kostnaður vegna meðferðar er hins vegar aðeins lítill hluti af þessu og má m.a. benda á breska rannsókn sem bendir til þess að beinn kostnaður vegna

þunglyndis sé eingöngu 4%, annað er samfélagslegur kostnaður.

Á ráðstefnu heilbrigðisráðherra í Evrópu um geðheilbrigðismál sem haldin var á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Helsinki í síðasta mánuði, var brotið blað í geðheilbrigðismálum. Þar skuldbundu ráðherrarnir sig til að leggja áherslu á þjónustu við geðsjúka og geðfatlaða utan stofnana í samfélaginu, m.a. í þeim tilgangi að veita þeim betri lífsgæði, auka sjálfsákvörðunarrétt þeirra og virkja til þátttöku í lífinu. Þessi ráðstefna mun, ef að líkum lætur, hraða nauðsynlegum áherslubreytingum í geðheilbrigðisþjónustu hér á landi og mátti heyra það á hæstv. heilbrigðisráðherra áðan.

Fyrir nokkru heimsótti ég öll sambýli fyrir geðsjúka í Reykjavík. Var ég sannfærð fyrir, en þessar heimsóknir staðfestu í mínum huga mikilvægi þess að færa þjónustu við geðsjúka frá stofnanaþjónustu í ýmis búsetuform utan stofnana. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að búseta í eigin herbergi með eigin hluti í kringum sig, í sambýli við aðra í sambærilegri stöðu og með góðum stuðningi fagfólks og annars starfsfólks, er mun heppilegri kostur en að búa á stofnunum um lengri eða skemmri tíma. Í þessum sambýlum voru einstaklingar, margir mjög veikir, sem höfðu áður dvalið langdvölum innan stofnana. Þeir væru þar enn ef þessi kostur stæði þeim ekki til boða. Margir þeirra eru í nánu sambandi við heilbrigðisstofnanir og þurfa að vistast þar tímabundið ef ástand versnar, en þeir hafa festu í þessum sambýlum.

Það er samdóma álit fagfólks að félagslegur stuðningur við geðfatlaða til sjálfstæðrar búsetu eykur sjálfstæði þeirra og vellíðan, dregur úr tíðni innlagna og dregur úr tíðni innlagna á geðdeildir. Þannig er það bæði hagkvæmara þjónustuform og heppilegra frá meðferðarlegu sjónarmiði en sjúkrahússvist, að því gefnu að sjúkdómurinn sé í því jafnvægi að viðkomandi geti verið utan stofnana.

Virðulegi forseti. Í grein sem ég skrifaði í Morgunblaðið um vanda geðfatlaðra og geðsjúkra haustið 2003 dró ég fram upplýsingar frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, en þar biðu um 90 geðfatlaðir eftir viðeigandi úrræðum utan spítala, á hjúkrunarheimilum, sérhæfðum búsetuúrræðum, sambýlum eða vönduðum heimilum. Mikill skortur hefur verið á slíkum úrræðum. Ég bendi á að í svari hæstv. félagsmálaráðherra við fyrirspurn minni um búsetu geðfatlaðra á síðasta þingi, kom fram að um 90 geðfatlaðir einstaklingar eru á biðlista eftir félagslegum úrræðum utan stofnana, þar af 53 í heimahúsum og 26 í sjúkrastofnunum. Samt passa þessar upplýsingar ekki alveg saman því þeir voru 90 inni á Landspítala einum saman. Vegna skorts á öðrum úrræðum að sjúkrahússvist lokinni eru þessir einstaklingar sviptir möguleikum á að njóta meiri lífsgæða við aðstæður sem henta þeim betur og eru þar að auki ódýrari fyrir samfélagið.

Það er ljóst að verulegur munur er á kostnaði við að veita sama einstaklingi þjónustu utan eða innan sjúkrahúsa. Samkvæmt stjórnunarupplýsingum frá LSH frá árinu 2003, var kostnaðurinn á legurými á geðdeildum spítalans að lágmarki 29 þús. kr. á dag, eða 10,6 millj. kr. á ári. Til samanburðar er kostnaður ríkisins milli 1 og 2 millj. kr. ári vegna rýmis á sambýli og 4,5 millj. kr. á hjúkrunarheimilum. Breyttar áherslur í málaflokknum eru því ekki aðeins æskilegar út frá mannúðarsjónarmiðum, heldur ekki síður þjóðhagslega hagkvæmar. Þetta er það sem kallað er „win-win situation". Allir eru betur settir eftir og svigrúm skapast til að veita öðrum þjónustu fyrir það fé sem sparast.

Nærtæk skýring á þessum seinagangi á áherslubreytingu í málaflokknum er að ábyrgð á málefnum geðfatlaðra er skipt á milli tveggja ráðuneyta. Þannig eru geðfatlaðir sem eru á sjúkrahúsum skjólstæðingar heilbrigðisstofnana, sem lúta heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, en málefni geðfatlaðra utan sjúkrahúsa falla undir félagslega kerfið samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, sem eru á forræði félagsmálaráðherra. Ábyrgðinni er því skipt og oft vísar hver á annan með þeim afleiðingum að þeir sem þjónustuna þurfa geta orðið undir og að auki verði kostnaður meiri fyrir samfélagið og allir tapa.

Það er því ánægjulegt að hæstv. félagsmálaráðherra og hæstv. heilbrigðisráðherra hafa brugðist snarlega við þessum upplýsingum og hafa skipað starfshóp til þess að greiða fyrir auknum úrræðum í félagslegri þjónustu við geðsjúka og fjölga plássum á sambýlum.

Það má hins vegar ekki skilja orð mín svo að ekkert hafi áunnist í geðheilbrigðismálum hér á landi hin síðari ár. Því fer fjarri. Þannig hafa frjáls félagasamtök sjúklinga og aðstandenda þeirra tekið höndum saman, með góðum stuðningi fagfólks, einkafyrirtækja og stjórnvalda, og breytt umræðu um geðheilbrigði og geðheilbrigðismál með þeim árangri að landlægir fordómar gagnvart geðsjúkum hafa verulega minnkað. Verkefnið Geðrækt, sem var grasrótarstarf en er nú undir Lýðheilsustöð, hefur unnið kraftaverk í viðhorfsbreytingu í samfélaginu gagnvart geðsjúkum og tek ég þar undir með hæstv. heilbrigðisráðherra áðan.

Í þessu sambandi get ég þó ekki stillt mig um að nefna hlut Morgunblaðsins og ritstjóra þess, Styrmis Gunnarssonar, sem hafa ötullega veitt málefnum geðsjúkra stuðning með ýmsum hætti með umfjöllun sinni, sem hefur verið málaflokknum til framdráttar. Þeir sem láta sig málið varða hafa alla tíð getað treyst á stuðning og velvilja blaðsins og ritstjóra þess. Það ber sérstaklega að þakka.

Velvilji hæstv. heilbrigðisráðherra hefur einnig verið sýnilegur í málaflokknum. Þannig hefur t.d. verulega aukið fjármagn verið veitt til tiltekinna verkefna á síðustu árum, m.a. vegna stuðnings og þjónustu við börn og ungmenni sem glíma við geðvandamál og tilraunaverkefni í heilsugæslu í geðverndarmálum, sem nýlega voru sett á laggirnar lofa góðu. Í þessu sambandi ættum við Íslendingar að líta til Noregs en þeir hafa sett upp staðbundnar geðheilsustöðvar sem veita fjölbreytta og alhliða þjónustu við geðsjúka, með það að markmiði að styðja þá til aukinnar sjálfshjálpar utan stofnunar. Það hefur komið fram hjá ræðumönnum á undan mér að Norðmenn hafa náð verulega góðum árangri í geðheilbrigðismálum.

Þótt mér hafi verið tíðrætt um áherslubreytingar í þjónustu við geðsjúka í ræðu minni megum við ekki gleyma því að geðheilbrigðisþjónustan snýr ekki eingöngu að meðferð og stuðningi við þá sem glíma við geðsjúkdóma. Geðheilbrigðisþjónusta snýr ekki síður að geðrækt, þ.e. að efla einstaklinginn til að taka á heilbrigðan, jákvæðan og uppbyggilegan hátt á verkefnum lífsins, að forvörnum, að berj-

ast gegn fordómum, mismunun, á félagslegri útskúfun geðsjúkra og að endurhæfingu þeirra.

Að lokum, virðulegi forseti. Það er mikil gerjun í gangi í þessum málaflokki hér á landi í dag. Nú ríður á að virkja þessi öfl og færa þjónustuna í þann farveg að þeir sem hennar njóta og aðstandendur þeirra finni að viðhorfsbreytingin sem við köllum eftir leiði til raunverulegra breytinga á aðstæðum þeirra sem byggist á skilningi á þörfum þessara einstaklinga. Ég legg þó ríka áherslu á að við föllum ekki í þann pytt sem margar þjóðir hafa lent í, sem er að draga úr áherslu á stofnanaþjónustu án þess að nægileg úrræði utan stofnunar hafi verið byggð upp. Þá er verr af stað farið en heima setið.

[11:16]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil líkt og aðrir hv. ræðumenn þakka fyrir þessa umræðu, þakka fyrir skýrslu hæstv. heilbrigðisráðherra sem var allrar athygli verð. Það sem vekur kannski mesta athygli manns í umræðunni núna eru þær nýju yfirlýsingar frá ráðherrafundinum í Helsinki.

Það eru veruleg tíðindi að ráðherrarnir skuli nýverið hafa ritað undir, ekki bara viljayfirlýsingu, heldur líka beina tímasetta aðgerðaáætlun í málaflokknum. Það skiptir verulegu máli að aðgerðaáætlun þeirri verði framfylgt og hún verði samþættuð þeim áætlunum sem við vinnum eftir nú þegar og er ég þá fyrst og fremst að tala um okkar gildandi heilbrigðisáætlun til 2010.

Hv. þingmenn hafa bent á ákveðna ágalla í okkar gildandi heilbrigðisáætlun, kannski sérstaklega hvað varðar málaflokk um málefni geðsjúkra. En eins og kom fram í máli hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur erum við búin að setja okkur það markmið að við ætlum að fækka geðröskunum um 10% fyrir árið 2010 og sjálfsvígum um 25% fyrir árið 2010. Rétt er að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvernig miði í þessum málum því það er skoðun margra og hefur komið fram í umræðunni að hér séu kannski óraunhæf markmið eða aðferðirnar sem við beitum til að ná þessum markmiðum séu ekki að gefa nægjanlegan árangur. Því væri rétt að inna hæstv. ráðherra eftir því á hvern hátt hann telji miða í þessum málum.

Ég átti þess kost í vikunni sem leið að sitja hluta af afar athyglisverðri ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík um hegðunarvanda og geðraskanir barna og unglinga. Undirtitill þessarar ráðstefnu var Forvarnir, meðferð og samþætting þjónustu. Ráðstefnan var haldin á vegum Barnaverndarstofu, barna- og unglingageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss, Miðstöðvar heilsuverndar barna og landlæknisembættisins. Ég verð að segja, virðulegur forseti, að það sem ég náði að hlusta á af þeim fyrirlestrum sem þarna voru haldnir var afar athyglisvert. Mig langar sérstaklega til að gera í máli mínu grein fyrir nokkrum sjónarmiðum sem komu fram í erindi Tore Andreasen, sem er starfandi sálfræðingur í Noregi, en hann fjallaði um það hvað virkaði í meðferð hegðunarvanda og geðraskana hjá börnum fyrst og fremst og hvað ekki. Reyndar fjallaði hann ekki bara um börn, hann fjallaði líka um fullorðna geðfatlaða. Hann miðaði við eða gekk út frá rannsóknum, alþjóðlegum rannsóknum, sem gerðar hafa verið, sérstaklega um meðferð barna á stofnunum.

Helstu áhersluþættirnir sem Norðmenn eru núna í sínum nýju starfsháttum að draga fram en komið hefur fram í máli þeirra sem hafa talað á undan mér að það eru nýjungar í gangi í Noregi sem er alveg nauðsynlegt að við gefum verulegan gaum að. Samkvæmt upplýsingum Tores Andreasens skiptir heildarsýnin mestu máli, þ.e. sú nálgun sem kerfið gerir ráð fyrir að sé þegar upp kemur vandamál af geðheilbrigðislegum toga. Þá þarf strax á fyrsta degi að líta til þriggja þátta við upphaf meðferðar, þ.e. þriggja þátta að undanskildum sjúklingnum eða einstaklingnum sem á við erfiðleikana að stríða. Það þarf að horfa til fjölskyldu. Það þarf að horfa til vina og vinahóps og horfa þarf til skólans. Það er algjörlega nauðsynlegt að samþætta þessa þrjá aðila, þessa þrjá hópa, inn í meðferð einstaklingsins frá fyrsta degi.

Ég held að bara þetta atriði sé eitthvað sem við þurfum að taka í ríkara mæli inn í okkar nálgun á þessum málum. Ég held að þetta tilheyri endurskoðun okkar, nauðsynlegri endurskoðun á hugmyndafræðinni sem við vinnum eftir. Það hefur margoft verið leitt í ljós með rannsóknum að ekki nægir að einstaklingurinn einn og sjálfur fái meðferð því það er svo margt annað sem mótar hans vanda.

Í Noregi hafa verið settar á stofn nýjar stofnanir sem eru að innleiða þessar nýju aðferðir og þær ganga út frá því að byrjað er á meðferð inni á heimili viðkomandi einstaklings, sérstaklega ef um börn er að ræða. Þar er ástand mála greint. Þar fer greiningin fram. Síðan ef úrræðin eru ekki næg á heimilinu, í meðferð sem fram á heimilinu er gripið til stofnanavistunar.

Það sem mér þykir athyglisverðast í þessum upplýsingum sem komu fram á umræddri ráðstefnu frá Noregi varðandi innlagnameðferð er að henni fylgir í öllum tilfellum skilgreind eftirmeðferð. Það er ekki hægt að hugsa sér lengur í Noregi meðferð geðsjúkra á stofnunum nema skilgreind eftirmeðferð fylgi. Ég lít á það sem svo að þetta sé eitt af þungavigtaratriðunum sem við þurfum líka að taka til meðferðar hér, því ástand mála í okkar ranni er þess eðlis að við höfum ekki haft bolmagn til að sinna eftirmeðferð.

Við þekkjum eflaust flest í þessum sal dæmi um börn og unglinga með geðraskanir sem hafa samt sem áður verið að stunda nám í almennum grunnskólum, vegna þess jú að við rekum ákveðna menntastefnu sem gengur út frá skóla án aðgreiningar, en við vitum að geðsjúk börn eiga verulega erfitt uppdráttar innan skólakerfisins, í skólunum sjálfum. Það helgast að hluta til af því að stuðningsfulltrúar sem þessum einstaklingum eru ætlaðir endast illa í störfum. Ástæðan er auðvitað sú að starfið er afar erfitt og ekki er gert ráð fyrir að menntaðir einstaklingar sæki í þessi störf. Þetta eru láglaunastörf sem mjög erfitt er að halda fólki í vegna þess að álagið á viðkomandi einstaklinga er einfaldlega of mikið.

Auðvitað eru þeir sjúklingar eða þau börn og unglingar sem þurfa á svona stuðningsfulltrúum að halda missett, veit ég það vel, en í öllu falli eru of mörg tilfelli alvarlegra dæma um að stuðningsfulltrúarnir tolla ekki í starfi sínu, einstaklingarnir halda áfram í skólunum, bekkirnir og einstaklingarnir sjálfir þrífast illa saman af þessum sökum

vegna þess að stuðningurinn er ekki nægur; úrræðin eru ekki næg.

Í þessum málaflokki er alveg ljóst að við verðum að taka til hendinni og viðhafa nýjar aðferðir, búa til nýja sýn, stefna inn á nýjar brautir, nýja hugmyndafræði í þessum efnum. Við þurfum að sameina kraftana við að móta heildstæða stefnu. Mér finnst allt of mikið bera á því að við séum að stofna til átaksverkefna eða tilraunaverkefna, eins og kom fram í máli hæstv. heilbrigðisráðherra. Hann getur um alls kyns verkefni sem fá fjármuni á aukafjárlögum. Þetta er auðvitað ekki nógu góð stefna. Þetta er ekki hluti af þeirri heildstæðu mynd sem við viljum sjá. Við erum ekki að nýta alla hæfustu einstaklingana okkar til þess að yfirsýnin verði sem best.

Ég legg því mesta áherslu á að við endurskoðum þá hugmyndafræði sem unnið er eftir í þjónustu og meðferð við geðsjúka. Þar þurfum við að líta til hluta eins og þjálfunar starfsfólks og til þess þáttar sem ræðumenn á undan mér hafa nefnt, lyfjaþáttarins. Það er verulega umhugsunarvert þegar hæstv. heilbrigðisráðherra upplýsir að á ári niðurgreiði Tryggingastofnun geðdeyfðarlyf um 700–800 millj. kr. og það jafngildi tveimur þriðju hlutum af rekstri geðdeildar eða geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss. Bara staðreynd á borð við þá vekur til umhugsunar um hvort vægi lyfjanna í meðferðinni sé ekki orðið fullmikið og hvort ekki sé orðið verulega aðkallandi að horfa þar til annarra leiða.

Það vill svo til að í gær átti ég samtal við hæstv. heilbrigðisráðherra um annars konar meðferðarúrræði, þ.e. listmeðferð. Listmeðferð er sjálfstætt meðferðarform sem hentar afar vel fyrir geðsjúka, fyrir börn og unglinga með geðraskanir og hegðunarraskanir og fyrir þann hóp einstaklinga sem hæstv. heilbrigðisráðherra nefndi líka, fyrir fanga. Í morgun var staddur í heimsókn hjá allsherjarnefnd Alþingis nýr yfirmaður fangelsismála í landinu, Valtýr Sigurðsson, og tók hann m.a. meðferðarúrræði fyrir fanga til umfjöllunar. Við ræddum aðeins um möguleika á annars konar úrræðum fyrir fanga, t.d. listmeðferð, sem hefur reynst afar vel í fangelsum í nágrannalöndum okkar. Ég hvet því hæstv. heilbrigðisráðherra til að taka til skoðunar, alvarlegrar skoðunar, þau öflugu meðferðarúrræði sem til eru, sem þekkt eru í nágrannalöndum okkar, sem við höfum *ekki verið að nýta okkur sem skyldi.*

Af því ég nefni fanga læt ég það verða lokaorð mín í þessum umræðum, hæstv. forseti, að vekja athygli hæstv. heilbrigðisráðherra á því að meðferð fanga þarf kannski ekki endilega að fara fram inni í fangelsunum. Ég bið hæstv. heilbrigðisráðherra að hugleiða hvort ný öryggisgeðdeild á Kleppi geti ekki jafnframt rúmað meðferð fyrir geðsjúka fanga og hvort það sé ef til vill þegar öllu er á botninn hvolft áhrifaríkara og skili betri árangri en hitt að þjónusta geðsjúka fanga í fangelsunum.

[11:27]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls byrja á að þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir þá skýrslu sem hann flutti í upphafi umræðunnar í morgun. Það er algjörlega ljóst á upptalningu hæstv. ráðherra á fjármunum sem í þetta hafa farið að þar er vaxandi fjármagn veitt, en þar er þörfin líka mikil og við náum ekki utan um þetta vandamál sem skyldi.

Þegar umræðan stóð sem hæst í þjóðfélaginu um málskotsrétt forseta um mánaðamótin júní/júlí 2004 var ráðherrum í ríkisstjórn Íslands send eftirfarandi áskorun um menntun og starfsendurhæfingu geðsjúkra. Bréf þetta var dagsett 29. júní, með leyfi forseta:

„Stjórn Geðhjálpar skorar á menntamálaráðherra, félagsmálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að tryggja nú þegar framhald á starfsemi Fjölmenntar og Geðhjálpar um menntun og starfsendurhæfingu geðsjúkra. Enn hefur ekki verið tryggð fjárveiting til verkefnisins þrátt fyrir viðurkenningu á mikilvægi þess.

Yfir 100 einstaklingar hafa nú beðið í óvissu um nokkurra mánaða skeið um afdrif menntunar sinnar og starfsendurhæfingar í haust. Öllum kennurum og starfsfólki hefur verið sagt upp störfum. Þetta ástand hefur skapað öryggisleysi hjá nemendum, kennurum og aðstandendum.“ Sagði í þessari ályktun.

Um það leyti sem sumarþinginu lauk var allt enn þá í óvissu og í viðtali í Morgunblaðinu við Svein Magnússon, framkvæmdastjóra Geðhjálpar, kom m.a. fram, með leyfi forseta:

„Vaxandi fjöldi einstaklinga hefur sóst eftir viðkomandi námi og endurhæfingu en á fyrstu önn útskrifuðust 60 manns, á annarri um 80 og nú síðast rúmlega 110 manns. Haustið 2002 var könnuð þörfin fyrir kennslu af þessu tagi. Niðurstaðan og viðræður við fagfólk gaf til kynna að um 175 einstaklingar á höfuðborgarsvæðinu mundu hafa áhuga á að nýta sér slíkt tilboð.“ Taldi Sveinn að um miklu fleiri einstaklinga væri að ræða en þeir einstaklingar væru ekki í neinum tengslum við geðheilbrigðiskerfið.

Síðan sagði í viðtalinu í, með leyfi forseta:

„Sveinn telur að endurhæfingarþáttur verkefnisins sé óumdeildur og því til staðfestingar bendir hann á persónubundnar staðfestingar frá fagfólki innan heilbrigðisgeirans. „Það er alveg sama hvað viðkomandi heitir, hver hann er og í hvaða ástandi hann er, þetta verkefni skiptir sköpum varðandi bata, viðhald á geðheilbrigði og að virkni einstaklinganna komist á. ... Þær þrjár annir sem verkefnið hefur staðið yfir hafa meðal annars leitt það af sér að einstaklingar hafa komist í þá virkni að halda áfram námi og í kjölfarið *komist út í almenna menntageirann. Það er vísbending um* hvaða jákvæðu áhrif þetta hefur sem og að hér erum við að fá inn einstaklinga sem hafa verið algerlega óvirkir vegna veikinda sinna sem tengjast náminu sem slíku, hafa ekki getað lesið og ekki getað skrifað. Aðrir hafa dottið út úr framhalds- eða háskólum og hefur verið gert kleift að brúa það bil sem á skortir varðandi framhald. Þetta hefur það í för með sér að þessir einstaklingar hafa komist skör ofar í þessari þörf sem allir hafa og samfélagið kallar eftir til þess að lifa bærilegu lífi og framlegð í sameiginlega sjóði.““

Undir þessi viðhorf tek ég heils hugar. Við verðum að leggja grunninn til hagsbótar fyrir framtíðina. Stjórnvöld þurfa að huga að því hvort unnt sé að vinna með fyrirtækjum að því að ráða geðsjúka til starfa til að efla þátttöku þeirra á vinnumarkaði. Þar hafa félagasamtök komið að með góðum árangri, t.d. klúbburinn Geysir. Það er staðreynd að fjölgun öryrkja má að stórum hluta rekja til fjölg-

unar ungs fólks með geðsjúkdóma. Það þarf að styðja til sjálfshjálpar með aðstoð í námi og starfi ef mögulegt er. Það er forvarnaverkefni sem getur skilað þjóðarbúinu miklu.

Það skapar ákveðinn vanda að fleiri en eitt ráðuneyti sinna þeim málaflokkum sem snúa helst að geðsjúkum. Veikindi þeirra falla undir heilbrigðisráðuneytið, atvinnu- og búsetumál undir félagsmálaráðuneytið og menntamál undir menntamálaráðuneytið. Oft þarf því að leita til tveggja til þriggja ráðuneyta og því er erfiðara að bjóða fólki upp á heildarlausnir.

Á síðasta hausti var endurflutt á Alþingi tillaga til þingsályktunar af þingmönnum Suðurkjördæmis um að gengið yrði frá samningum um stofnun sérkennslu- og meðferðardeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda. Ráðherrum heilbrigðis- og menntamála var ætlað að finna lausnir eins og þær sem nánari grein var gerð fyrir í greinargerð.

Þetta var 24. mál þessa þings og var rætt 9. nóvember. Þá kom margt fram um þann mikla og vaxandi vanda sem við er að fást. Ljóst er af þeim upplýsingum sem þar var vitnað til og af greinargerð með málinu að það þolir ekki bið. Umsagnir um málið frá Akranesi, Akureyri, Siglufirði ásamt frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Félagi íslenskra sérskólakennara mæltu allar með því að vel og hratt yrði unnið að þeim lausnum sem best dygðu á hverju landsvæði. Bent er á að aðferð og úrræði sem henta á einum stað þurfi að skoða vel því að aðstæður eru misjafnar. Það verður m.a. að skoða út frá aldri, ástandi og þörfum geðfatlaðra.

Í ljósi þess að vandinn var þekktur þá var svar heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins nokkuð furðulegt, svo ekki sé meira sagt, þegar óskað var umsagnar þess um þingsályktunartillöguna. Þaðan bárust þessi skilaboð, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið telur ekki tilefni til að gefa umsögn að svo stöddu þar sem heilbrigðis- og tryggingaráðherra mun tjá sig um þingsályktunina í umræðum á Alþingi ef þurfa þykir.“

Það gerði hæstv. heilbrigðisráðherra í morgun og sagði m.a. að mikil þörf væri á nýjum vistunar- og meðferðarúrræðum.

Allir sem þekkja til málefna geðfatlaðra virðast sammála um að vandinn geti aðeins vaxið frekar á þessu sviði í næstu framtíð. Þeir telja ekki undan því vikist að setja til þeirra mála mun meira fjármagn og auka þjónustuna í takt við fjölgun geðfatlaðra. Það virðist einnig ljóst að mestur árangur næst ef nógu snemma er brugðist við, á barns- eða unglingsaldri. Greining vandans er því lykilatriði og snörp viðbrögð með markvissri þjónustu og kennslu eru líklegust til að fá það besta fram hjá hverjum geðfötluðum einstaklingi síðar á ævinni. Það er honum sjálfum til gæfu og gengis og vandamönnum og að sjálfsögðu í þágu þjóðfélagsins sem nýtir þá starfskrafta sem ella færu fyrir lítið og þjóðin bæri af því meiri kostnað. Þjálfun, gæfa og geta eru verðmæti hjá geðfötluðum sem öðrum.

Mörg úrræði standa til boða og margt hefur verið gert, eins og hæstv. ráðherra vék að í morgun. Á geðsviði Reykjalundar hafa um 400 manns verið á biðlista. Áætlað er að, verði ekki gripið til aðgerða, 600 manns verði á þeim biðlista á næsta ári. Allar beiðnirnar eru vel ígrundaðar, beiðnir frá læknum þar sem um er að ræða fárveikt fólk. Fjármagn hefur verið óbreytt samkvæmt þjónustusamningi við heilbrigðisráðuneytið þar sem einungis er gert ráð fyrir 130–150 komum á ári. Heilbrigðisráðherra hefur viðurkennt að brýnt sé að bregðast við þessum vanda. Í ræðu heilbrigðisráðherra í morgun var farið yfir að á fjöldamörgum sviðum þyrfti að takast á við það mikla vandamál sem hér um ræðir. Hann vék m.a. að starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss og hvað þar þyrfti að gera á heilbrigðissviði.

Ég tek undir það sem hæstv. heilbrigðisráðherra sagði, að miklir fjármunir hafi verið settir í þessi mál á undanförnum árum. Vandinn er hins vegar vaxandi og virðist sem við verðum að taka enn frekar á en gert hefur verið. Ég heiti heilbrigðisráðherra stuðningi mínum við að reyna að takast á við þann hluta málsins að afla frekara fjár í málaflokkinn.

Besti árangur sem við náum í þessum málum fæst ef við hefjumst nógu snemma handa á ferli hvers einstaklings, reynum að gefa honum tækifæri til að nýta þá hæfileika sem hann hefur, þjálfa hann, efla og styrkja þannig í raun þjóðfélagið til framtíðar og nýta hæfileika hvers einstaklings, geðfatlaðra sem annarra.

[11:37]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. heilbrigðisráðherra þá ítarlegu skýrslu um geðheilbrigðismál sem hann flutti okkur. Mér finnst það liggja í augum uppi að þörf sé á lengri tíma, eins og hér er gert ráð fyrir, til að fjalla um svo mikilvægan málaflokk. Ég ætla líka, vegna þess að umræðunni er gefinn lengri tími en venja er, að þá sé síður hætta á að umræðan sé í einhvers konar upphrópana- eða fyrirsagnastíl, eins og hefur sýnt sig það sem af er umræðunni. Ég tel að geðsjúkir eigi annað og betra skilið og málefnaleg umræða um þessi mál sé mjög nauðsynleg.

Ráðherra gerði í ræðu sinni ítarlega grein fyrir auknum framlögum til geðheilbrigðisþjónustunnar á síðustu árum og að mínu mati eru þær fjárhæðir vitnisburður um þann forgang sem geðheilbrigðismál hafa verið sett í en þau eru líka til marks um síaukin framlög til heilbrigðismála, öfugt við það sem allt oft er sagt eða gefið til kynna, að verið sé að skera niður til þess málaflokks.

En ráðherra gerði jafnframt í meginatriðum grein fyrir þeirri stefnu sem fylgt er í þessum málaflokki. Hann gerði og grein fyrir nýjum úrræðum í þjónustunni í takt við áherslur sem fagfólk á þessu sviði, geðsjúkir og líka aðstandendur þeirra hafa talið árangursríkastar.

Mikil áhersla er lögð á að efla og auka fyrsta stigs þjónustu og sérlega þjónustu við börn og unglinga með geðraskanir og með geðræn vandamál og einnig við fjölskyldur barnanna. Forsendur fyrir mati á umfangi viðfangsefna geðheilbrigðisþjónustan eru m.a. að byggt hefur verið á erlendum upplýsingum, að 85% allra barna séu í góðu andlegu ástandi og hafi ekki neina þörf fyrir geðheilbrigðisþjónustu. Gengið er út frá því að 12–15% barna séu með vægar geðraskanir og þurfi aðstoð og eigi að rúmast innan hinnar almennu þjónustu heilbrigðiskerfisins, félagslega kerfisins og

skólakerfisins. Það á vissulega að sinna öllum börnum og unglingum.

Ein af forsendunum er að 2–5% barna eigi við alvarlegar hegðunar- eða geðraskanir að stríða og að þeim nægi ekki almenn þjónusta, ekki sú almenna þjónusta sem skólar, heilsugæsla og félagskerfið veitir. Þessi börn þurfa sérhæfðari aðferðir og mun öflugri úrræði en grunnþjónustan getur veitt. Það eru einmitt þessi börn sem við tölum gjarnan um sem áhættuhóp. Þessi börn eru í áhættu með að misfarast í lífinu og ná ekki að lifa því til fulls.

Varðandi þjónustu fyrir þessi börn lengi verið bent á þörfina fyrir heildstæða skipulagningu á geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga með geðraskanir. Í gagnmerkri og umbúðalausri skýrslu verkefnisstjóra um samhæfingu í málefnum barna og unglinga með geðraskanir er þessu viðfangsefni gerð mjög góð skil. Eins og fram kom fyrr í dag í ræðu eins hv. þingmanns var fjallað um skýrsluna á mjög fjölmennri ráðstefnu fagfólks á þessu sviði sem haldin var á Grand hóteli.

Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir því fyrirkomulagi sem við höfum búið við, fyrirkomulagi sem ég vil kalla kerfisvillu. Eina af þeim kerfisvillum leiddi af nýrri reglugerð um sérfræðiþjónustu grunnskóla sem sett var samhliða því að sveitarfélögin tóku við grunnskólunum fyrir um tíu árum. Svo virðist sem þrátt fyrir yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna hafi á einhvern hátt áfram verið ætlast til að ríkið mundi sinna meðferðinni, að það héldi áfram að sinna meðferðarþætti þjónustunnar, sem sérfræðiþjónusta skóla sem ríkið rak hafði sinnt fram að því. Villan var sú að það voru ekki gerðar neinar ráðstafanir til að tryggja að stofnanir ríkisins, heilsugæslan eða barna- og unglingageðdeild tækju við hinni nauðsynlegu þjónustu.

Hverjar urðu afleiðingarnar af þessari breytingu, þessari nýju reglugerð frá 1995 eða 1996? Afleiðingarnar urðu mun lengri biðlistar eftir vistun á sérhæfðustu stofnununum sem við rekum samhliða því að settar voru reglur um að einungis tilteknar greiningar gæfu aðgang að greiðslu sérstaks kennslukostnaðar úr jöfnunarsjóði og líka greiðslu umönnunarbóta frá Tryggingastofnun ríkisins. Fyrir þessa kerfisbreytingu, fyrir þessa reglugerð, var meginásherslan í þjónustunni á greininguna en íhlutunin og meðferðin urðu út undan.

Ástæðan fyrir því, frú forseti, að ég hef orð á þessu er þríþætt. Í fyrsta lagi vil ég sýna með glöggu dæmi þörfina á því að við byrgjum brunninn. Mér dettur í hug, um leið og ég segi þetta, að það er gjarnan haft orð á því í norrænu samstarfi félaga á borð við Heimili og skóla, að börn eru ekki endurunnin. Þau ganga einu sinni í gegnum hvert aldursskeið og verða ekki endurunnin. Umönnun þeirra getum við ekki sinnt eftir á.

Í öðru lagi hef ég orð á þessu til að árétta þörfina fyrir samhæfingu, samvinnu þjónustu- og fagaðila og heildstæða sýn á vinnu þeirra ráðuneyta sem þjóna börnum og unglingum með geðraskanir. Einnig er brýnt að réttur taktur sé í samstarfi ráðuneytanna, ríkisins og sveitarfélaganna.

Í þriðja lagi, frú forseti, hef ég orð á þessu dæmi til að sýna fram á þörfina fyrir þær áherslur í stefnumörkun og fjárveitingum til málaflokksins sem hæstv. ráðherra gerði grein fyrir í ræðu sinni. Til marks um þær áherslur eru auknar fjárveitingar til heilsugæslunnar, grunnþjónustu heilbrigðiskerfisins, til að efla þverfaglegt samstarf og fyrsta stigs þjónustu við börn og unglinga með geðraskanir og jafnframt þjónustu við börnin og fjölskyldur þeirra. Áhersla er lögð á samþættingu geð- og sálfélagslegrar þjónustu vegna vanda barna og fjölskyldna með sérstaka áherslu á fyrirbyggjandi starf og að börn fái þjónustuna sem yngst og fjölskyldurnar sem fyrst.

Með því að grípa inn í fyrr en við höfum gert má koma í veg fyrir að málin þróist á verri veg og einnig forðast aukið álag á dýrari úrræði, sérhæfð og dýrari úrræði eins og t.d. barna- og unglingageðdeildina. Í þeirri stefnu felst, eins og hæstv. heilbrigðisráðherra kom inn á, viðurkenning á mikilvægi sterkrar tengslamyndunar barna í bernsku við foreldra sína, mikilvægi þess að styrkja börnin sem best og aðstoða foreldrana.

Sjálfstætt starfandi sérfræðingar hafa sinnt mikilvægu hlutverki í vinnu með börn og unglinga með geðraskanir mörg undanfarin ár, m.a. vegna þess að grunnþjónustan hefur ekki virkað sem skyldi, svo sem ég hef þegar fjallað um. Þeir sérfræðingar eru aðallega barnalæknar, barna- og unglingageðlæknar, sálfræðingar og félagsráðgjafar. En einungis læknar starfa eftir samningum við Tryggingastofnun ríkisins og því er annars vegar ljóst að sérfræðingar á þessu sviði starfa á mjög mismunandi kjörum og svo hitt að þjónusta þessara sérfræðinga er mjög misaðgengileg fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Einmitt þetta hefur mörg undanfarin ár verið eitt af áhersluatriðum samstæðrar og háttvirtrar heilbrigðis- og tryggingnefndar hér á Alþingi, þ.e. að bæta aðgengi að öðrum sérfræðingum og ekki síst að þjónustu sálfræðinga, bæði innan og utan heilsugæslunnar. Ætla má að það sé öðru fremur til þess fallið að draga úr notkun þunglyndislyfja sem nú nýlega hefur enn og aftur verið varað alvarlega við.

Frú forseti. Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til að fagna því sérstaklega að nú er að hefjast rekstur sérhæfðrar öryggisdeildar fyrir alvarlega geðsjúka en sakhæfa einstaklinga. Hæstv. ráðherra sagði frá því í ræðu sinni fyrr í þessari umræðu og hann sagði líka frá því að byrjað væri að ráða starfsfólk og undirbúa faglegan rekstur og umfang starfseminnar sem ákveðið var að ráði sérfræðinga að verði á Kleppi. Hins vegar liggur það nú fyrir og ekki síst eftir fund sem við áttum í allsherjarnefnd í morgun með nýjum forstöðumanni Fangelsismálastofnunar að andstætt við það sem við mörg töldum er þessari starfsemi ekki ætlað að þjónusta geðsjúka fanga. Þrátt fyrir aukna heilsugæslu og almenna heilbrigðisþjónustu við fanga þarf að gera betur í geðheilbrigðisþjónustu við þá og að mínu mati þarf að tryggja að geðsjúkir fangar geti afplánað refsingu sína á viðeigandi sjúkrastofnun. Þetta er vandi eða viðfangsefni sem enn er ekki að fullu leyst. Við verðum að ráða bót á þessu án frekari tafa og mér sýnist einsýnt að það verði gert í tengslum við þær breytingar sem standa til á lögum um fullnustu refsinga og ýmsar úrbætur á aðbúnaði fanga sem stefnt er að samhliða.

Mig langar að lokum að þakka þeim einstaklingum sem hafa sýnt hugrekki, komið fram og fjallað um sjúkdóma sína á þessu sviði, og líka félögum þeirra og aðstandendum.

Framlag þeirra vegur þungt í því að auka skilning og eyða gamalgrónum fordómum í garð geðsjúkra sem ég held að við getum öll verið sammála um að hefur verið einn versti óvinur málaflokksins áratugum saman.

[11:47]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Ár eftir ár virðast málefni geðsjúkra einstaklinga vera í uppnámi og við heyrum meira að segja af ófremdarástandi í málefnum geðsjúkra barna og unglinga. Eins og ég hef áður bent á er nauðsynleg þjónusta við geðsjúka einstaklinga hluti af grunnskyldu ríkisvaldsins og á að vera mun ofar í forgangsröðuninni en jarðgöng, sendiráð, búvörusamningar eða gæluverkefni ráðherra. Framlög til barna- og unglingageðdeildar Landspítalans eru litlu hærri en það sem sendiherrabústaðurinn í Berlín kostaði. Sjálft sendiráðið í Berlín fékk hins vegar tæplega þrisvar sinnum hærri upphæð en BUGL.

Ég bendi á þetta vegna þess að þetta kemur allt úr sama potti og því er þetta spurning um forgangsröðun. Á hverjum tíma glíma um 50 þús. Íslendingar við geðraskanir af ýmsum toga. Um fimmta hvert barn í landinu er talið eiga við geðheilsuvandamál að stríða og fleiri einstaklingar fremja sjálfsvíg árlega hérlendis en þeir sem deyja í umferðarslysum.

Af hverju erum við þá með margra mánaða biðlista eftir geðheilbrigðisþjónustu? Ég bara spyr, hæstv. heilbrigðisráðherra.

Formaður Félags foreldra og áhugafólks um geðraskanir barna og unglinga hefur ítrekað staðfest að kerfið hafi einfaldlega brugðist og í raun hafi ríkt ófremdarástand í geðheilbrigðismálum barna og unglinga hér á landi. Hann telur að úrræði fyrir börn og unglinga skorti á öllum þjónustustigum og að Ísland standi hinum Norðurlöndunum langt að baki. Hér á landi er gert ráð fyrir að 0,5% barna með geðheilsuvandamál fái viðunandi þjónustu en hann benti á að annars staðar á Norðurlöndunum væri þetta hlutfall 2%, þ.e. fjórum sinnum hærra.

Eins og fram kemur í nýbirtri skýrslu verkefnisstjóra hæstv. heilbrigðisráðherra um samþættingu þjónustu við börn með geðraskanir eru meðferðarúrræði af skornum skammti og fjármagn takmarkað í þennan málaflokk. Þarna eru birtar fjölmargar tillögur en þeim var skilað til hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir mörgum mánuðum, þ.e. í lok ágúst, og er því ástæða til að kalla eftir efndum og ítarlegri skoðun ráðherrans á þeim tillögum sem þar er að finna. Hann ætti að hafa haft nægan tíma til að fara yfir það í ljósi þess hvenær hann fékk skýrsluna.

Eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur margoft bent á er sömuleiðis nauðsynlegt að taka til skoðunar stöðu þeirra barna á grunnskólaaldri sem búa við alvarlegan geðrænan og félagslegan vanda. Börn með geðrænan vanda eiga að njóta kennslu á grunnskólastigi eins og lög gera ráð fyrir en samhliða verða þau að fá meðferð við sjúkdómi sínum. Eins og staðan er í dag er þessu þó ekki sinnt eins og það ætti að vera. Af hverju er það svo, hæstv. heilbrigðisráðherra?

Börn og unglingar með geðraskanir eru þó ekki eini hópurinn sem þarf úrbætur. Enn eru alvarlegar brotalamir þegar kemur að sakhæfum geðsjúkum einstaklingum. Sogn er gert fyrir ósakhæfa fanga en fangelsin eru ekki gerð fyrir einstaklinga með geðræn vandamál. Þrátt fyrir það eru samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun um 6–8 slíkir einstaklingar innan fangelsisins. Við þurfum sérstakt úrræði fyrir þessa fáu einstaklinga en nýja deildin á Kleppi ku ekki taka á móti geðsjúkum föngum. Vandinn verður því áfram til staðar.

Sömuleiðis hefur verið bent á þá fáu einstaklinga sem þurfa sérstaka hjálp og stunda t.d. þrálátt einelti á hendur sínum nákomnustu. Framkvæmdastjóri Geðhjálpar sagði nýlega að þessi hópur virtist hvergi eiga heima í kerfinu. Af hverju er það svo, hæstv. heilbrigðisráðherra?

Við þurfum að leysa þessi vandamál. Við eigum að auka þátttöku og aðkomu geðsjúkra að ákvarðanatöku sem hefur áhrif á líf þeirra og meðferð. Við eigum að virkja starfsemi eins og klúbbinn Geysi og Hugarafl og semja við sálfræðinga. Við eigum að efla geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar um allt land og auka þjónustu utan stofnana ásamt því að einfalda kerfið til muna svo að geðsjúkir geti fengið þjónustuna á einum stað. Við þurfum að auka teymisvinnu og eftirfylgni, eyða biðlistum og útrýma fordómum.

Við þurfum að rannsaka þunglyndi eldri borgara. Ég hef lagt fram þingmál um að það sé nauðsynlegt í ljósi þess að þunglyndi eldri borgara er að einhverju leyti falið hér á landi, er ógreint og hefur ýmsa sérstöðu gagnvart öðru þunglyndi.

Frú forseti. Við uppflettingu í þingtíðindum kemur í ljós að það er nánast árlegur viðburður að rætt sé á Alþingi um hagsmuni geðsjúkra og þær brotalamir sem sá flokkur Íslendinga býr iðulega við. Það segir ýmsa sögu um málið.

Ég vona að ég muni upplifa þann dag einhvern tíma að ekki verði lengur nauðsynlegt að ræða þetta mál á þingi og það uppnám sem málefni geðsjúkra virðast ætíð vera í. Leysum þessi mál í eitt skipti fyrir öll.

[11:53]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Frú forseti. Það eru fjölmargir Íslendingar, börn, ungmenni, eldra fólk og reyndar fólk á öllum aldursstigum, sem þekkja geðraskanir af eigin raun eða meðal nákominna ættingja og vina. Hópurinn er líklega stærri en við þekkjum. Geðröskun er ekki ávallt sjúkdómur í merkingu sem almenningur eða jafnvel læknar skilgreina. Geðröskun á einhverju tímabili ævinnar hendir okkur allflest og má m.a. rekja til ýmiss konar áfalla, sorgar, félagslegs umhverfis, svo sem eineltis, streitu eða kvíða fyrir verkefnum.

Leitt er að vita til þess að í okkar litla þjóðfélagi er til fólk sem hefur af ýmsum ástæðum ekki getu, þekkingu eða jafnvel dómgreind til að meta hvenær það er hjálpar þurfi eða hvernig unnt sé að komast úr vítahring vanlíðanar á sálu eða geðraskana. Aðeins það að viðurkenna fyrir öðrum að maður eigi í vandræðum með sálartetrið sitt er erfitt, og skilningur og umburðarlyndi á slíkri vanlíðan er enn minni en ef fólk er með tannpínu eða liggur í flensu. Þolendur geðraskana einangrast að auki mun meira félagslega en fólk með aðra sjúkdóma.

Heilbrigðistryggingakerfið okkar er barn síns tíma,

a.m.k. í stuðningi við fólk með geðraskanir, og í raun hvetur kerfið ekki til aðstoðar fyrr en viðkomandi er orðinn svo mikill sjúklingur að hann, sakir andlegrar líðanar og atvinnuleysis, kemst á örorkubætur. Því má segja að möguleikar á örorkubótum sé ávísun á ódýra þjónustu fyrir geðsjúklinga og á stundum nánast hvatning til að sækja um bætur í stað þess að halda sjálfstæði sínu og atvinnu með tímabundinni opinberri fjárhagslegri aðstoð sem er miðuð við fjárhag eða aðrar aðstæður viðkomandi.

Þótt fram hafi komið í þessari umræðu að Íslendingar eigi hlutfallslega flest sjúkrarúm fyrir geðsjúka miðað við nágrannalönd og að meðallegutími sé einnig lengstur hérlendis má ekki einfaldlega álykta sem svo að við séum eftirbátar þessara granna okkar. Sem dæmi má spyrja hvort geðsjúklingar séu veikari við innlögn en gengur og gerist hjá samanburðarþjóðum. Þróun í göngudeildarþjónustu á sjúkrahúsum og utan þeirra, á einkastofum lækna, ekki síst geðlækna, og flestra á samningi við tryggingar, er ekki aðeins leið til sparnaðar heldur auðveldar sjúklingum að eiga eins eðlilegt líf og unnt er. Fjöldi sjúkrarúma er ekki endilega mælikvarði á skilvirka starfsemi og meðferð heldur verður að líta til annarra þátta, svo sem valkosta fyrir mjög veika einstaklinga.

Við verðum sífellt að fylgjast með öllum úrræðum í takt við tímann. Ýmsir hópar sem ekki er sinnt sem skyldi eru lítið sýnilegir og halda sig til hlés. Meðal hópa sem þó eru eitthvað sýnilegir má nefna marga sjúka einstaklinga sem ganga um götur Reykjavíkur og víðar og eru bæði sjálfum sér og öðrum hættulegir sakir geðraskana. Þetta fólk fær ýmist ekki inni á viðeigandi stofnun eða það er þarna úti í samfélaginu þar sem því bjóðast ekki viðhlítandi úrræði. Enn fremur má ætla að aldraðir mjög sjúkir einstaklingar séu vistaðir á bráðageðdeildum og fái ekki inni á almennum hjúkrunarstofnunum vegna röskunar á högum þeirra sem fyrir eru. Taka t.d. flestar geðhjúkrunardeildir í nágrannalöndum við svona sjúklingum en á Íslandi er þeim haldið inni á bráðadeildum.

Hópur fólks sem barist hefur af krafti fyrir bættri geðheilsu árum saman en hefur gefist upp á kerfinu eða hefðbundnum meðferðarúrræðum er líklegast einnig mun stærri en áætlanir segja til um.

Á síðustu árum hefur umræða um geðraskanir og geðsýki aukist til muna og fjölmargir rita greinar í dagblöð og önnur rit um þessi mál. Meðal þeirra er Ingólfur Sveinsson geðlæknir. Hann sagði í Morgunblaðinu í nóvember um ástæður mikillar fjölgunar öryrkja að læknar Tryggingastofnunarinnar hafi sjálfir bent á að mikil fjölgun öryrkja á síðustu árum eigi sér rót meðal ungs fólks og nauðsynlegt sé að sporna við fjölgun öryrkja með geðræn vandamál á þeim aldri, meðhöndla geðröskun á fyrstu stigum og leggja áherslu á starfsendurhæfingu þeirra sem hafa eða eru að missa fótfestu á vinnumarkaði. Enn fremur er reynslan að það sé fremur sjaldgæft að þeir sem hafa komist á örorku komist af henni aftur jafnvel þótt heilsan batni. Örorkuvítahringurinn gerir vart ráð fyrir að fólk nái smám saman að brjóta sér leið út úr honum. Núverandi trygginga- og örorkukerfi mætti kalla nánast gildru þegar menn eru einu sinni komnir inn í það kerfi.

Ég nefni nokkur dæmi aftur.

Tryggingalæknir hefur opinberlega talið sjúkradagpeninga skammarlega lága. Þegar fólk verður fyrir tímabundnum veikindum hverfa ekki fjárskuldbindingar þess sem yfirleitt eru miðaðar við laun viðkomandi en ekki er gert ráð fyrir hugsanlegum sjúkdómum og fjárhagserfiðleikum samhliða þeim. Hafi fólk ekki langa og góða atvinnusögu og ekkert stéttarfélag bak við sig eru sjúkradagpeningar oft einu tekjurnar, þ.e. um 25.500 kr. á mánuði. Vegna þessa verður til hvati til að leita sér betra fjárhagslegs öryggis og komast á örorkubætur. Sem afleiðing af núverandi fyrirkomulagi eru örorkubætur sagðar kostakjör miðað við sjúkradagpeninga þótt lífeyrir með tekjutryggingu nemi aðeins rúmlega 70 þús. kr. á mánuði eftir skatta. Viðbótarhlunnindi fylgja þó örorkubótum eins og kunnugt er.

Reglur um sjúkratryggingar greiddar frá Tryggingastofnun virðast vera eins konar eftirspurnarverðstýringartæki sem ekki er síst beint að efnaminni einstaklingum þar sem tryggingarnar þrýsta á ákveðið val með því að styðja ekki fjárhagslega við meðferð allra við sama greiðsluhlutfall. Þar bendi ég á samning Tryggingastofnunar þar sem ýtt er undir að menn leiti til heimilislækna fremur en sérfræðinga. Enn fremur er mjög þröngur kvóti sjálfstætt starfandi sérfræðinga fyrir fjölda sjúklinga og greiðslur frá Tryggingastofnun.

Fjölmargir geðsjúklingar eru andsnúnir því að taka inn geðlyf ef annar kostur er fyrir hendi. Þetta á ekki síst við um fólk með geðraskanir á byrjunarstigi. Í dag gefst ekki kostur á stuðningi frá Tryggingastofnun til þeirra og ekki heldur þeirra sem óska eftir sálfræðiþjónustu.

Þrátt fyrir mikla notkun geðlyfja verður þó að telja þjóðhagslega heppilegt að sjúklingar fái lyfin sín og geti með hjálp þeirra haldið sjálfstæði sínu og þátttöku í atvinnulífinu jafnt sem á öðrum sviðum þjóðfélagsins. Alltaf má reikna með talsverðum fjölda sem þarfnast lyfja en þau verða að vera á viðráðanlegu verði. Algengt er að greiðsluþátttaka sjúklings sé allt að 20–25 þús. kr. á mánuði.

Hlutur sálfræðinga er afar mikilvægur en þeir eru ekki inni í endurgreiðslu tryggingа. Það er sífellt verið að auka mikilvægi hlutverks sálfræðinga annaðhvort sem meðferð á fyrsta stigi eða sem viðbótarmeðferð, samtalsmeðferð í samvinnu við geðlækna. Útseldur taxti sálfræðinga er algengur um 6 þús. kr. og upp úr án nokkurrar aðstoðar og því ekki á allra færi að nýta sér þjónustu þeirra.

Hvað skal þá til bragðs taka? Ég tel nauðsynlegt að reyna enn einu sinni að hugsa öll úrræði til hjálpar geðsjúkum snemma í sjúkdómsferli. Meðferð og lyf eru í stöðugri þróun og við þurfum að horfa til annarra lækninga en hefðbundinna lækninga samkvæmt kokkabókum í nútímaþjóðfélagi. Við verðum að vera opnari fyrir nýjungum í geðlækningum, ekki síst af því að það er feimnismál hjá mörgum. Þess vegna verður fagfólk að eiga frumkvæðið. Við verðum einnig að endurskoða tryggingakerfi okkar, ekki aðeins gagnvart geðsjúkum heldur allri heilbrigðisþjónustunni. Við afnámum eyrnamerktan skatt á heilbrigðismál fyrir löngu en hugsanlega væri rétt að koma honum af stað aftur. Áhugamenn um heilbrigðisþjónustuna hafa margir hvatt til þess. Við verðum líka að þora að spyrja hvort við eigum ekki rétt á nánari skilgreiningu á þeim kröfum sem við gerum til þessara tryggingа okkar, hvort viðbótartrygg-

ing skuli vera í boði ef fólk er ekki sátt við rammann sem tryggingar okkar gefa samkvæmt slíkri skilgreiningu. Kannski mætti meta frelsi til viðbótartrygginga sem hlutverk klársins sem dregur vagninn og flýtir fyrir betur skilgreindri, jafnvel aukinni og víðtækari heilbrigðisþjónustu en sameiginleg (Forseti hringir.) trygging gerir.

Frú forseti. Meiri þörf er á fleiri og faglegri umræðum um þróun heilbrigðisþjónustu við geðsjúka og aðra sjúklinga og við þurfum að koma að þeim hugmyndum fordómalaust og leita sameiginlegra og þverpólitískra lausna. (Forseti hringir.) Slíkar umræður hafa ekki verið margar í sölum þingsins.

[12:03]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Íslendingar eru afskaplega lítið fyrir að bíða í biðröðum og ef það hendir þjóðina að þurfa að bíða á umferðarljósi lengur en í 10–20 sekúndur þá vakna samstundis kröfur um mislæg gatnamót með slaufum og úrræðum sem kosta iðulega milljarða króna eða mörg hundruð millj. kr. Þetta er afstaða Íslendinga og íslenskra stjórnvalda til biðraða. Það á ekki við þegar aldraðir eða geðsjúkir eiga í hlut. Þá stendur svolítið á viðbótarframlaginu.

Hér hefur farið fram ágæt málefnaleg umræða þar sem ýmis sjónarmið eru viðruð. Það er mjög gott. En staðreyndin sem við búum við er sú að málefni geðsjúkra eru því miður í ólestri þrátt fyrir ýmislegt sem vel hefur verið gert. Það er nefnilega staðreynd að mörg hundruð einstaklingar eru á biðlistum. Það er staðreynd að fólk þarf iðulega að bíða í 3–5 mánuði eftir viðtali við sálfræðing eða geðlækni og þegar viðtölin hafa farið fram þá hefst einnig bið eftir vistun eða úrræðum. Þetta eru staðreyndir sem við megum ekki horfa fram hjá.

Hæstv. ráðherra heilbrigðismála rakti það í ræðu sinni hvernig útgjöld til geðheilbrigðismála hefðu aukist á undanförnum árum úr 2,1 milljarði í 2,2 og í 2,3. Formaður heilbrigðisnefndar, einnig úr Framsóknarflokki, hv. þm. Jónína Bjartmarz, kom hér upp og sagði að geðheilbrigðismál hefðu verið forgangsmál hjá stjórnvöldum. Er það virkilega svo? Ber það vott um sérstakan forgang að hlutur geðdeilda í rekstrarkostnaði spítalanna hafi minnkað á undanförnum árum? Hann var 1996 10,6%, 2003 kominn í 8,8% og á árinu 2003 í 8,1%. Þetta ber ekki vott um að þessi mál séu forgangsmál hjá ríkisstjórninni. Eða ber það vott um að geðheilbrigðismál séu forgangsmál hjá ríkisstjórninni þegar sólarhringsvistun, þ.e. legurýmum á spítölum fækkar úr 271 1996 niður í 199 á árinu 2003 og eru komin niður í 178 á árinu 2004? Ber þetta vott um forgang þessara mála? En varðandi þessa nýju hugmyndafræði sem boðuð er, og mér finnst góðra gjalda verð, að draga úr stofnanaþættinum eftir því sem kostur er og leita annarra úrræða, búa fólki sem á við geðsjúkdóma að stríða skilyrði sem líkjast betur og eru í takt við eðlilegt líf hvort sem það er á sambýlum eða á annan hátt, þá get ég tekið undir með hv. þm. Ástu Möller þegar hún sagði að ef við skerum niður í stofnanaþættinum án þess að þessi úrræði séu fyrir hendi er verr af stað farið en heima setið. Ég tek undir það vegna þess að þetta er að sjálfsögðu lykilatriði. Kerfisbreytingarnar einar réttlæta ekki þennan niðurskurð eða þessa fækkun rýma á spítölunum vegna þess að það kemur fram að á sama tíma og þetta gerist eykst ásóknin í bráðaþjónustuna. Hún fer vaxandi. Með öðrum orðum: Fólki er vísað út úr stofnunum en þarf síðan að leita hjálpar á bráðavakt og í bráðaþjónustu. Ber þetta vott um að ríkisstjórnin hafi sett geðheilbrigðismál í forgang, að það séu forgangsmál hjá ríkisstjórninni að leysa vanda geðsjúkra? Ég tel að svo sé ekki.

Það breytir að sjálfsögðu ekki hinu að sitthvað af því sem verið er að gera er góðra gjalda vert eins og ég gat um í upphafi. Ég fagna því t.d. að menn setji á fót teymisvinnu í Grafarvoginum eins og hér var lýst. Þetta er reyndar mjög í ætt við það sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagði áherslu á fyrir síðustu alþingiskosningar. Þar settum við það fram sem sérstakt forgangsverkefni, stuðningsteymi í hverju heilsugæsluumdæmi fyrir fólk með félagslega eða geðræna röskun. Ég tek undir það sem margir hv. þingmenn hafa sagt við umræðuna að það er ekki nóg að greina vandann í samfélaginu eða hjá einstaklingnum, eftirmeðferð þarf að fylgja og raunveruleg meðferð og endurhæfing þar sem margir koma að. Að sjálfsögðu hljótum við að horfa á þessi mál með hliðsjón af hagsmunum og þörfum einstaklingsins sem á við sjúkdóminn að stríða en hann býr líka í umhverfi inni á heimili, á aðstandendur, fjölskyldu og stundum er það nauðsynlegt úrræði fyrir þessa fjölskyldu að sjúklingurinn eigi möguleika á innlögn á stofnun. Þegar við drögum úr þeim úrræðum eru við að ganga á rétt þessara aðila því þó að hugmyndafræðin hljómi vel og ég sé henni fylgjandi, þessum áherslubreytingum, megum við ekki gleyma þessu.

Ég held að allir sem til þekkja, sem eiga við geðsjúkdóma að stríða sjálfir eða eru aðstandendur eða vinir, og þurfa að reyna það á sjálfum sér að bíða vikum og mánuðum saman eftir úrræði, hafi afskaplega litla þolinmæði fyrir umræðu af því tagi sem við eigum hér og gefi lítið fyrir yfirlýsingar Framsóknarflokksins um að þessi mál séu í forgangi. Ég hef fullan skilning á þeim sjónarmiðum. Ég tek undir með hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur að því leyti að nauðsyn er á þverpólitískri samstöðu um úrlausn þessara mála. Þótt við höfum mismunandi aðkomu að þessum málum og mismunandi hugmyndir um hvernig við eigum að bera okkur að þá er það staðreynd að taka þarf miklu fastar á þessum málum. Ég fyrir mitt leyti lýsi því yfir fyrir hönd flokks míns, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að við munum styðja hæstv. ráðherra heilbrigðismála í viðleitni hans til að taka fastar á þessum málum því á því er brýn þörf.

[12:12]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka heilbrigðisráðherra fyrir greinargóða skýrslu um geðheilbrigðismálin og ástandið í þeim. Jafnframt þakka ég fyrir mjög málefnalega og fína umræðu sem hér hefur farið fram. Hér er líka hugmyndauðgi sem hæstv. ráðherra getur nýtt sér í framhaldi af vinnunni í ráðuneytinu.

Það er auðvitað að ýmsu að hyggja í þessum málaflokki eins og hér hefur komið fram en ég vil kannski gera að meginumræðuefni stöðu barna með geðrænan vanda og þar

ber hæst staða þessa hóps t.d. í skólakerfinu.

Ég vil líka minna á mjög áhugaverða þingsályktunartillögu sem hér hefur legið frammi frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur sem fjallar m.a. um sérkennslu- og meðferðardeild fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda. Slíkt er nefnilega afar mikilvægt. Sumir mundu kannski segja að slík sérgreining væri örlítið afturhvarf en ég held að taka þurfi á þessum vanda á mörgum stöðum vegna þess t.d. eins og þar segir:

„Heföbundinn skóli með ákveðinni stundaskrá, heföbundinni lengd kennslustunda og frímínútna er kerfi sem gagnast nemendum með geðrænan eða félagslegan vanda illa eða alls ekki. Jafnframt líður sumum þessara ungu nemenda illa vegna þess flókna og síbreytilega félagslega veruleika sem skólinn endurspeglar. Slök félagsfærni, léleg sjálfsmynd, ábyrgðarleysi eða árásargirni leiðir til tíðra árekstra við aðra í leik og starfi og samveru með fjölskyldunni. Í verstu tilvikum verða þessir nemendur utangarðsfólk, með enga framhaldsmenntun, háðir fíkniefnum, hneigjast til afbrota, glíma við geðsjúkdóma og með stopula atvinnu. Hætta er á að þeir geti ekki séð sér farborða og haldið heimili á fullorðinsárum. Kostnaður samfélagsins vegna erfiðleika þeirra getur orðið verulegur. Til að reyna að koma í veg fyrir að svo fari þurfa sumir nemendur mikinn sérstuðning og annað umhverfi en þekkist almennt í grunnskólum hérlendis."

Það er afar mikilvægt að öll kerfi vinni að tillögum fyrir þennan hóp. Ég vann m.a. að skýrslu vegna ungra afbrotamanna þar sem við í rauninni gátum rakið það að ef gripið hefði verið fyrr inn í það ferli væri búið að fyrirbyggja það til framtíðar.

Margir hafa nefnt þá gagnmerku ráðstefnu sem var um daginn um hegðunarvanda og geðrasakanir ungmenna. Þar kom fram að 10% barna eiga við geðrænan eða félagslegan vanda að etja, ofvirkni og annað slíkt. Talan er afar há en skýringin getur auðvitað verið sú að við erum orðin miklu duglegri að greina, eins og hefur líka komið fram hér. Við erum orðin mjög dugleg að greina og allir vilja greina en það dugar skammt ef engin úrræði eru á hinum endanum og hv. þingmaður Ögmundur Jónasson nefndi þetta meðal annars. Það dugar ekki að vera með ofboðslega fína greiningarvinnu á öllum stöðum ef ekki er hægt að bregðast við því í kerfunum, þá er það til mjög lítils.

Við sjáum þetta mjög oft með jaðarkrakka sem eru ekki í þessum þunga enda. Það skiptir afar miklu máli að t.d. sálfræðingar og félagsráðgjafar geti líka unnið þá greiningarvinnu og sett inn minni háttar stuðning fyrir fjölskyldurnar án þess að þær þurfi endilega að fara allar í hið þunga kerfi. Við þurfum að hugsa mikið í lausnum en ekki endilega í vandamálum. Það er kannski hvað brýnast núna.

Við vitum vel að með því að sinna börnunum sem allra fyrst erum við að fyrirbyggja til framtíðar þannig að þar ættum við auðvitað að setja meira fjármagn inn. Við sjáum líka að heilsugæslan og frumvinnan gegnir þar lykilhlutverki og samstarf við BUGL meðal annars.

Mig langar líka að gera annan hóp að umræðuefni og það eru fangarnir, en nokkrir þingmenn hafa einnig minnst á þá. Það eru ríkar mannúðarástæður til að sinna þeim hópi afar vel. Hann þrífst illa í fangelsunum og illa í vinnu þannig að það er mjög mikilvægt að við mætum þeim hópi.

Að lokum, herra forseti, er þriðja stoðin grasrótar- og notendasamtökin, bæði foreldrasamtök og Geðhjálp. Þar liggur fyrir mikil vitneskja um kerfin og gallana á kerfinu. Ég veit að það er mikill vilji í ráðuneytinu að vinna mjög náið með notendahreyfingunum því þar er púlsinn, þar er fólkið með áhyggjurnar, þar brýtur verulega á og afar mikilvægt að sinna því. En samstarf, samvinna, samþætting, teymisvinna milli ráðuneyta og láta ekki detta milli skips og bryggju er mikilvægast og ég vona að við berum gæfu til þess að vinna áfram á þann hátt.

[12:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vék að því fyrr í máli mínu að ég tæki heils hugar undir þau sjónarmið sem ég vitnaði til, að bregðast þyrfti snemma við vandamálum varðandi geðraskanir og af því yrði bestur árangur. Ég tek því undir orð hv. þm. Jónínu Bjartmarz að það getur verið erfitt og jafnvel ómögulegt að lagfæra þjónustu eða þjálfun sem ekki var veitt barni á réttum aldri eða á þeim aldri sem það þurfti á þjónustunni, þjálfuninni og leiðbeiningunni að halda. Þetta vildi ég ítreka vegna þess að eftir því sem ég hef kynnt mér málaflokkinn betur sýnist mér að sífellt fleiri mæli með því að reynt sé að takast á við vandamál geðfatlaðra nógu snemma, reyna að greina þau og takast á við þau á ungum aldri einstaklinganna með það að markmiði að ná meiri árangri og fá meira út úr einstaklingnum þegar lengra líður á ævina og koma viðkomandi einstaklingi í þjóðfélagið sem þjóðfélagsþegni sem getur starfað þar og lifað á sem heilbrigðastan hátt.

Þetta er gert með margvíslegum hætti eins og á sambýlum þar sem verið er að þjálfa fólk upp til þess að geta tekið þátt í þjóðfélaginu og koma því til þess þroska að það geti búið eitt og starfað í þjóðfélaginu okkur öllum til hagsbóta og sjálfum sér og sínum til ánægju. Undir þessi sjónarmið tek ég og held að mikið sé í það leggjandi að vinna að þessum málum snemma og leggja þannig grunninn fyrir framtíðina. Ég held að það hljóti þegar upp er staðið að færa þjóðfélagi okkar mestan ávinning og mestan árangur.

Ég vil hins vegar taka undir það sem fram kom í máli hæstv. ráðherra í morgun þegar hann talaði um notkun geðlyfja og hversu mikið væri notað af þeim í þjóðfélaginu og nefndi niðurgreiðslur ríkisins upp á 700–800 millj. Ég held að mjög ríkar ástæður og vandleg greining þurfi að vera áður en menn fara að nota geðlyf í miklum mæli og sú umræða sem fram fer í þjóðfélaginu um að börn séu ofvirk og sett á geðlyf o.s.frv. vekur manni ugg að sumu leyti. Maður spyr sig að því hversu eðlilegt það sé og hversu vönduð sú greining og meðferð sé sem mælir með því að börn séu sett á lyf þó þau séu kölluð ofvirk eða ofsafengin eða hafi viðbrögð sem slík.

Sá sem hér stendur man megnið af æsku sinni. Mér er nær að halda að púkarnir sem ólust upp með mér á Stakkanesinu á Ísafirði, sá hópur hefði aldeilis verið greindur ofvirkur á sínum árum og sumar þær athafnir sem við aðhöfðumst hefðu ekki verið taldar falla undir algjöra heilbrigði þess hóps. Sem betur fer hlutust ekki stórkostleg slys af, að vísu missti einn okkar nokkra fingur við sprengjutilræði á

sjálfum sér. (Gripið fram í.) En þessir menn urðu allir, líka sá sem fingurna missti, góðir og gegnir borgarar þegar fram í sótti og ég held að enginn okkar hafi verið settur á lyf á þessum árum.

Það er því ýmislegt sem mér finnst þurfa að skoða vel, sérstaklega þegar verið er að beita lyfjum á mjög unga einstaklinga. Mér finnst að fara þurfi fram afar vönduð vinna og vönduð greining lækna og fagfólks áður en notkun geðlyfja hefst á mjög ungum einstaklingum í miklu magni. Ég tek þar af leiðandi undir þau orð sem hæstv. ráðherra vék að í morgun að full ástæða væri til að skoða notkun geðlyfja hér á landi og hversu mikið við nýtum af geðlyfjum.

Ég vil einnig, hæstv. forseti, víkja að vandamáli geðsjúkra fanga í máli mínu. Þar er auðvitað talsvert úrræðaleysi á ferðinni og ekki auðvelt að finna út hvar á að vista slíkt fólk. Það má líka halda því fram, eins og segir í ályktun Geðhjálpar, með leyfi forseta:

„Þess eru dæmi að geðdeildir neiti sjúklingum um vistun og meðferð sem er í senn mannréttindabrot og lögbrot. Dæmdum einstaklingi, sem gert hefur ítrekaðar tilraunir til sjálfsvíga innan fangelsisveggja, hefur verið neitað um aðgengi að nauðsynlegri geðheilbrigðisþjónustu en er þess í stað vistaður í einangrunarklefa í fangelsi."

Síðan segja samtökin:

„Geðhjálp skorar á stjórnvöld að bæta til muna geðheilbrigðisþjónustu fanga. Samtökin fagna því að í undirbúningi er sérstök geðdeild sem ætlað er að sinna erfiðustu sjúklingum og benda á að bregðast verði við þegar í stað við þeim málum sem uppi eru nú."

Hér er auðvitað verið að víkja að mjög alvarlegu máli og vandmeðförnu. Það er ekki einfalt að draga línurnar hvenær við erum að tala um geðsjúkt fólk og hvenær við erum að tala um fíkniefnaneytenda með geðraskanir eða geðveilu. Hvar liggja línurnar milli afbrotafólks í neyslu og afbrotamanna með geðveiki? Þær eru ekki skýrar og verða sjálfsagt aldrei skýrar og ekki auðvelt að finna réttu úrræðin fyrir þann hóp fólks. Hitt er algjörlega ljóst, því miður, að vandamálin sem tengjast aukinni fíkniefnaneyslu í þjóðfélagi okkar munu tengjast geðröskunum og geðveilum fólks í framtíðinni og þar af leiðandi mun þurfa sérstök vistunarúrræði fyrir slíkt fólk, oft á tíðum síbrotafólk.

Við höfum reynt að takast á við þetta vandamál með ýmsum hætti, m.a. með meðferðarstofnunum eins og Byrginu og Krýsuvík og mörgum fleiri stofnunum. En vandamálið er vel þekkt í þjóðfélagi okkar og okkur tekst ekki að takast á við það eins og vera þyrfti. Ég er ekki beinlínis að ásaka stjórnvöld í þessu máli, ég er bara að benda á að vandamálið er stórt og er ekki auðleyst. Það breytir því ekki að við þurfum að reyna að takast á við það með öllum mögulegum ráðum sem við teljum fær. Ég held að það sé mjög áhugavert að styðja samtök sem eru að takast á við fíkniefnameðferðir og meðferð fólks sem hefur lent í mikilli og langvarandi notkun fíkniefna.

Ég vék að sérúrræðum í máli mínu í morgun fyrir nemendur með geðraskanir og félagslegan vanda og vil láta það verða lokaorð mín við umræðuna að ég held að það verði bestur árangur af því að bregðast snemma við og koma fólki sem þarf á því að halda í réttan farveg með réttum úrræðum.

[12:27]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu umræðu sem verið hefur um geðheilbrigðismálin. Ég vil fyrst víkja að nokkrum beinum spurningum sem ég fékk.

Í fyrsta lagi var spurt hvenær áformað væri framhald af þeirri vinnu sem hafin er í Grafarvoginum með því að koma þar upp teymi við heilsugæsluna. Við munum sjá hvernig reynslan verður af þessari vinnu — ég er sannfærður um að hún verði góð — og útfæra það síðan vonandi á fleiri stöðvum, en við munum fyrst sjá hvernig vinnan fer af stað.

Í öðru lagi var spurt hvenær ég hyggist fara í framhaldsvinnu með þær ályktanir sem samþykktar voru og aðgerðaáætlun sem samþykkt var í Helsinki. Því er til að svara að ég hef þegar kallað á þann hóp sem sat þá ráðstefnuna og hef átt einn fund með honum og við förum yfir niðurstöðurnar. Ég hygg að innan mjög skamms tíma, talið í vikum fremur en mánuðum, kalli ég á hópinn aftur og formi það starf sem við þurfum að vinna í framhaldi af ályktuninni. Reyndar er ályktunin og aðgerðaáætlunin ekkert á skjön við það sem við höfum unnið að á undanförnum árum og mánuðum.

Menn minntust á Fjölmennt og framhald þess starfs. Ég tel að það sé komið í farveg. Vandamálið þar var að þetta var eitt af því sem var á gráu svæði á milli ráðuneyta. Þetta var rætt í ríkisstjórn fyrir áramót og var skoðun ríkisstjórnarinnar að eðlilegt væri að vista þetta sem viðauka við þjónustusamning Fjölmenntar.

Ég hef ekki trú á því að við þurfum ekki að ræða geðheilbrigðismál í þinginu framvegis, að þessi mál verði leyst í eitt skipti fyrir öll. Við höfum verið að auka þjónustu utan stofnana á mörgum sviðum og það er einmitt í samræmi við þá nýju hugmyndafræði sem uppi er í þessum málum og ég reyndi að rekja í framsöguerindi mínu. Hvort þetta er í forgangi? Það sem við leggjum vinnu í er í forgangi og það sem við leggjum aukna fjármuni í samkvæmt málskilningi mínum, en nóg um það.

[12:31]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég benti í ræðu minni á að ábyrgð á málefnum geðsjúkra er skipt á milli tveggja ráðuneyta, annars vegar heilbrigðisráðuneytisins, sem varðar málefni geðsjúkra innan heilbrigðiskerfisins, og hins vegar félagsmálaráðuneytisins, sem varðar málefni sömu einstaklinga um leið og þeir eru komnir út fyrir stofnanirnar. Fagfólk hefur bent á að hin skipta ábyrgð skapi hindranir og sé til þess fallin að minnka samfellu í þjónustu, seinka viðbrögðum við aðstæðum, bæði einstaklinga og hópa, og leiða til óþarfa kostnaðar.

Því langar mig að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hver afstaða hans sé til þess að málefni geðsjúkra á öllum stigum færist á ábyrgð eins ráðherra eða hvernig telur hann að best sé að takast á við þær hindranir sem felast í því að ábyrgðinni er skipt á milli tveggja ráðuneyta.

[12:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf frekar til óþæginda þegar

ábyrgðin skiptist á milli tveggja ráðuneyta, það er alveg ljóst. En við höfum átt ágætt samstarf upp á síðkastið við félagsmálaráðuneytið og erum að láta fara yfir búsetumál geðsjúkra. Ég tel eðlilegt að búsetumálin, eins og önnur búsetumál fatlaðra, tilheyri félagsmálaráðuneytinu og ég held að það séu engar deilur um það. Við þurfum að ná utan um vandann og vinna að honum á sama hátt og unnið hefur verið að búsetumálum fatlaðra, að veita þeim búsetu í samfélaginu. Við höfum verið með vinnuhóp, eins og fram kom í umræðunni, í þessum málum sem ég vona að ljúki störfum á næstu vikum.

[12:33]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er kunnugt um að verið er að vinna í búsetumálum geðfatlaðra á vegum ráðuneytanna og tel það vera af hinu góða. En það er oft þannig að þegar ábyrgðinni er skipt vill fólk lenda á milli stafs og hurðar og ég held að einmitt þessi málaflokkur hafi liðið fyrir að fram til síðustu tíma hafi ekki verið nægjanlega mikið samstarf á milli þessara tveggja ráðuneyta.

Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra aftur: Hvað telur hann vera í veginum fyrir því að málefni þessa sjúklingahóps, sem er sami hópurinn hvort sem hann fellur undir heilbrigðisráðuneytið eða félagsmálaráðuneytið, falli undir einn ráðherra til að skapa ákveðna samfellu í þjónustu við sjúklingahópinn?

[12:34]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ekki neitt vera í vegi fyrir því en þar er komið að stærra máli, verkaskiptingu ráðuneytanna almennt. Við viljum endurskoða hana. Ég er ekki þeirrar gerðar að ég vilji t.d. hanga eins og hundur á roði á öllum verkefnum ráðuneytisins. Ég tel því fulla þörf á að endurskoða verkaskiptinguna. Við gerðum það varðandi Fjölmennt og komumst að niðurstöðu um hvar verkefnið ætti að vistast og ég tel að það hafi verið áríðandi.

Hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson kom inn á að ég hefði verið lengi að lesa skýrsluna margumræddu frá verkefnisstjóranum. Ég er löngu búinn að lesa hana en hins vegar er skýrslan um að samþætta verkefni þriggja ráðuneyta og jafnvel sveitarfélaga. Þetta tekur því allt sinn tíma (Forseti hringir.) en vonandi þokar því áfram.

[12:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Mun eingöngu hópurinn sem sat ráðstefnuna í Helsinki vinna að aðgerðaáætluninni hjá okkur? Ég tel mjög mikilvægt að notendahópar sem víðast að komi að þeirri vinnu og óska eftir því að ráðherra svari þessu.

Ég vil einnig fá svar frá honum í lok umræðunnar: Hvað hyggst hann gera í geðheilbrigðisþjónustu fyrir fanga?

Í síðasta lagi kalla ég eftir svörum frá hæstv. ráðherra um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar í viðtalsmeðferð hjá sálfræðingum. Heimildin er komin í lög en hefur ekki verið nýtt þrátt fyrir mikla þörf, fyrir utan tilraunaverkefni í heilsugæslunni sem ráðherrann minntist á í skýrslu sinni.

Ég hefði gjarnan viljað fá svör við þessum þremur þáttum frá hæstv. ráðherra áður en umræðunni lýkur.

[12:36]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki ætlunin að binda starfið við hópinn sem sat ráðstefnuna. Ég hef verið í samráði við hann um hvernig við eigum að fylgja vinnunni eftir og hvaða aðila við eigum að kalla til. En það voru öflugir fulltrúar og ágætir sem sátu ráðstefnuna.

Varðandi geðþjónustu við fanga höfum við unnið að því að efla geðþjónustuna við stofnanir á Suðurlandi. Það er verkefni sem við erum með í höndunum núna.

Að lokum varðandi samninga við sálfræðinga höfum við ekki yfir að ráða fjármunum til að taka upp samninga við þá á þessu stigi og höfum einbeitt okkur að því að efla sálfræðiþjónustuna í heilsugæslunni. Við erum að stíga það skref núna.

[12:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég minni á að í umræðunni kom fram að við eyðum 800 millj. kr. í niðurgreiðslu lyfja. Oft er vísað á lyf vegna þess að önnur úrræði vantar, m.a. viðtalsmeðferð. Þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til að taka á þeim málum og huga að því hvernig hann forgangsraðar fjármagni.

Einnig kom fram að lyfin ráðast ekki að vandanum, sérstaklega hvað varðar börnin með geðraskanirnar, þannig að ég hvet hæstv. ráðherra til að taka á því. Það er mjög mikilvægt að hraða þjónustunni sem vantar við fangana og ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að taka notendahópana inn í umræðuna um áætlunina frá því í Helsinki. En ég spyr hæstv. ráðherra: Hvenær fer vinnan í gang og hvenær gerir hann ráð fyrir að henni verði lokið hvað varðar yfirlýsinguna og aðgerðaáætlunina frá því í janúar sl.?

[12:39]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel reyndar að vinnan sé þegar komin í gang. Við eigum hins vegar eftir að forma hana betur og ég vonast til þess að það verði gert á næstu vikum. Aðgerðaáætlunin og yfirlýsingin er svo margþætt og ítarleg að ég hef ekki dagsetningar á því hvenær við munum ljúka verkinu. En það er fullur vilji í ráðuneytinu að vinna að þessum málum af fullum krafti, enda er yfirlýsingin ekki mikið á skjön við það sem við höfum verið að gera. Það er auðvitað mikil skipulagsbreyting að minnka stofnanir og beita úrræðinu utan stofnana, (Forseti hringir.) en er ekki á skjön við það sem við höfum unnið að.

[12:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil árétta það sem fram kom í máli mínu áðan að það er rangt að málefni geðsjúkra sé forgangsverkefni hjá stjórnvöldum. Ég er heldur ekki viss um að það standist mjög nákvæma skoðun sú yfirlýsing hæstv. ráðherra að allt sem ríkisstjórnin leggi aukið fjármagn til hljóti að teljast til forgangsverkefna hjá henni.

Það er mjög mikilvægt að skoða málin heildstætt. Ég vakti athygli á því í ræðu minni áðan að hluti geðsviðsins innan sjúkrastofnana landsins hefur farið minnkandi borið saman við aðra þætti. Árið 1996 var það 10,6% hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi eða sambærilegum stofnunum á þeim tíma og komið niður í 8,1% árið 2003. Einnig hefði rýmum fækkað stórlega á árabilinu 1996–2003, um 70 rúm. Á sama tíma fjölgar þjóðinni (Forseti hringir.) hins vegar um 8%. Við þurfum því að sjálfsögðu að skoða málið heildstætt og með tilliti til breytinga almennt í samfélaginu.

[12:42]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fram kom í skýrslunni sem ég flutti í upphafi fundar að framlög til geðsviðs Landspítalans hafa hækkað. Hv. þm. Ögmundur Jónasson upplýsir að hlutfall geðsviðsins af framlögum til Landspítalans hafi lækkað. Það sýnir einfaldlega að við höfum verið að auka fjármuni til Landspítalans, enda er það staðreynd málsins að það er fleira en geðsviðið sem við höfum aukið fjármuni til. Við höfum aukið fjármuni til starfseminnar, bætt verulegum fjármunum í grunn Landspítala – háskólasjúkrahúss ár eftir ár.

Stofnunin sinnir rándýrri starfsemi sem er alveg lífsnauðsynleg og er endastöð í heilbrigðiskerfinu og kallar (Forseti hringir.) á mikla fjármuni.

[12:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við eigum að fara varlega í að meta gæði þjónustu í ljósi fjárframlags til hennar. Ég hef vakið athygli á því áður að dýrasta heilbrigðiskerfið í heiminum er bandaríska kerfið. Hlutfallslega eru einkareknar stofnanir, öldrunarstofnanir hér á landi miklu dýrari fyrir skattborgarann en samfélagslega reknar stofnanir. Þetta er staðreynd.

Ef við skoðum málið hins vegar með tilliti til fjárútláta stjórnvalda mætti ætla að þjónustan hafi batnað að sama skapi, en það er ekki þannig.

Ég er að vekja athygli á því að hlutfallslega hefur minni fjármunum verið varið til geðheilbrigðismála innan heilbrigðiskerfisins en annarra. Í því sambandi vísa ég í skýrslur sem reiddar hafa verið fram af hálfu ráðuneytisins og Landspítala – háskólasjúkrahúss og er m.a. vitnað í í greinum eftir Tómas Helgason, prófessor í geðsjúkdómum.

[12:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að það þarf ekki alltaf að vera jafnaðarmerki á milli þjónustunnar og þeirra peninga sem veitt er í hana. Við höfum m.a. unnið að breytingum þjónustunnar á þessu sviði og öðrum. Þjónusta utan stofnana er oft persónulegri og betri og kostar ekki jafnmikla fjármuni, eins og fram hefur komið í ræðum hv. þingmanna í umræðunni. Það er því ekki jafnaðarmerki þarna á milli. Aðalatriðið er að stefnan sé ljós og að við vinnum að málinu á sem flestum sviðum. Þetta er flókinn málaflokkur, afskaplega viðkvæmur og þarfnast aðgerða á fjölmörgum sviðum.

[12:45]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Mergur málsins er kannski sá, sem sjá mátti á orðaskiptum hæstv. ráðherra og hv. þingmanns áðan, að það er ekki endilega svo að þó að meira fjármagn sé veitt til heilbrigðisþjónustu þýði það endilega meiri þjónustu eða meiri gæði. Hitt er óumdeilt að framlög til heilbrigðismála hafa verið að aukast allverulega sl. ár og ég minni á 8 milljarða kr. aukningu á milli áranna 2004 og 2005.

En erindi mitt í þennan ræðustól varðar orðaskiptin áðan, hvort það færi ekki best á því til að auka og bæta þjónustuna, að verkefni félags- og heilbrigðisráðuneyta væru unnin í einu ráðuneyti. Í því tilfelli vil ég minna á það sem við höfum öll talað um í ræðum okkar, um nauðsynina á samhæfingu. Ég læt mig ekki dreyma um að það verði einhvern tíma eitthvert eitt ráðuneyti geðsjúkra á Íslandi eða ráðuneyti barna og unglinga með geðraskanir. Þess vegna er svo brýnt að vera með samhæfingu og ég vil spyrja ráðherrann um hvort ekki sé þörf á samhæfingu í starfi hans og dómsmálaráðherra þegar kemur að geðsjúkum föngum.

[12:47]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega þörf á samhæfingu ráðuneyta sem koma að þessum málum. Við höfum reyndar verið með nefnd í gangi sem hefur aðstoðað í erfiðum málum, t.d. varðandi sviptingar á sjálfræði. Dómsmálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið hefur komið þar að. Þetta sameiginlega starf hefur gefið góða raun eins og öll samhæfing og ég tel ástæðu til að þróa hana.

[12:48]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Þjónustuþörf geðsjúkra, barna og fullorðinna með geðraskanir varðar öll ráðuneytin. Öðru fremur er oftast talað um heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti en hvað börn og unglinga varðar megum við heldur ekki gleyma þýðingu skólans og þjónustu við þessi börn og unglinga í nærþjónustunni.

Hafandi í huga þær miklu framfarir og þá aukningu sem hefur orðið á heilbrigðisþjónustu við fanga finnst mér standa út af borðinu að við gerum ráð fyrir að geðsjúkir fangar geti afplánað refsingu sína á þar til gerðri stofnun og vil spyrja hæstv. ráðherra um það. Við eigum annars vegar þegar við tölum um börn og unglinga við hóp sem telur þúsundir en í þessu tilviki skilst mér að um sé að ræða um sex eða átta einstaklinga að jafnaði.

Þrátt fyrir aukna þjónustu, heilbrigðisþjónustu og geðheilbrigðisþjónustu sem sinnt er af heilsugæslustöðvum, Sogni og fleirum tel ég brýna þörf á að koma þessu á fót og gerði ráð fyrir að það yrði á Kleppi.

[12:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel vissulega þörf á því að bæta þjónustuna við fanga og gera þær breytingar sem líklegar eru til að vinna að því. Ég hef vitneskju um að núverandi fangelsismálastjóri hefur áhuga á þessu og hefur m.a. komið til

okkar áhyggjum sínum af geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum. Ég hef fullan skilning á að vinna þurfi að málinu.

Einnig er mikil þörf á því í sambandi við skólana að samstarf sé á milli ráðuneyta. Verkefnisstjóri okkar hafði það einmitt með höndum að gera um það tillögur og erum við að fara yfir þær núna.

Verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Stjfrv., 503. mál (EES-reglur). — Þskj. 767.

[12:50]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti sem er 503. mál þingsins á þskj. 767.

Með frumvarpi þessu sem samið var í þremur nefndum á vegum viðskiptaráðuneytisins verða innleiddar tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/6 um markaðssvik, nr. 2004/25 um yfirtökutilboð og nr. 2003/71 um útboðs- og skráningarlýsingar, undirtilskipanir framkvæmdastjórnarinnar um markaðssvik og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um markaðssvik. Auk þess eru í frumvarpinu ýmis ákvæði til fyllingar tilskipununum og reglugerðinni.

Tilskipun nr. 2003/6/EB fjallar um innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun eða markaðssvik. Tilskipunin miðar að því að samræma reglur er lúta að innri markaði á sviði fjármála í Evrópu og styrkja tiltrú fjárfesta á verðbréfamörkuðum, m.a. með því að mæla fyrir um bann við innherjasvikum og markaðsmisnotkun. Meðal þess sem kveðið er á um í markaðssvikatilskipuninni er hvað geti talist viðurkennd markaðsframkvæmd og hvað falli undir innherjaupplýsingar vegna afleiðna á hrávörumarkaði. Þá er kveðið á um hvenær útgefendum skráðra verðbréfa beri að setja saman og uppfæra innherjalista.

Gert er ráð fyrir því í tilskipuninni að hvert aðildarríki tilnefni einn eftirlitsaðila, þ.e. stjórnvald, sem fylgist með því að ekki sé brotið gegn ákvæðum tilskipunarinnar, en talið er að í því felist bæði einföldun og aukið réttaröryggi fyrir þátttakendur á markaði. Einnig er kveðið á um valdheimildir viðkomandi stjórnvalds í tilskipuninni og hvaða aðilum beri að upplýsa eftirlitsaðila um viðskipti sín með verðbréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði. Þá eru ákvæði í tilskipuninni um hvenær og hvernig starfsmönnum fjármálafyrirtækja beri að tilkynna eftirlitsaðila um viðskipti með verðbréf sem talist geta grunsamleg með tilliti til reglna um innherjasvik og markaðsmisnotkun.

Tilskipun nr. 2004/25/EB um yfirtökutilboð miðar að því að samræma og styrkja reglur um yfirtökutilboð í Evrópu og tryggja jafna meðferð og aukin réttindi hluthafa í yfirtökum. Sett eru lágmarksskilyrði sem ná bæði til skyldubundinna tilboða og almennra valfrjálsra tilboða, en aðildarríkjum er heimilt að setja fleiri skilyrði og strangari ákvæði en kveðið er á um í tilskipuninni. Í tilskipuninni er kveðið á um tilboðsskyldu aðila sem nær yfirráðum í félagi og er þar sérstaklega tekið fram að tilboðsskylda geti myndast vegna samstarfs milli aðila. Sett eru skilyrði um lágmarksverð og greiðslumáta, sem og um upplýsingagjöf tilboðsgjafa um tilboð og skyldur stjórnar í félagi sem tilboðið tekur til. Þá er í tilskipuninni einnig kveðið á um að setja skuli reglur um samkeppnistilboð, breytingar á tilboði og afturköllun tilboðs, sem og um upplýsingaskyldu tilboðsgjafa varðandi niðurstöður tilboðs.

Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/71/EB um lýsingar þegar fjármálagerningar eru boðnir í almennu útboði eða skráðir í kauphöll er m.a. fjallað um þær lágmarksupplýsingar sem fram þurfa að koma í lýsingu þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða skráð í kauphöll en tilskipunin miðar m.a. að því að tryggja fjárfestavernd, virkni fjármálamarkaðarins í Evrópu og gagnsæi. Með tilkomu þessarar tilskipunar á að verða auðveldara og ódýrara fyrir evrópsk fyrirtæki að hasla sér völl á sameinuðum markaði í Evrópu enda munu fjárfestar hafa aðgang að samhæfðum og samræmdum upplýsingum sem þeir eiga að geta reitt sig á.

Hæstv. forseti. Áður en lengra er haldið vil ég í stuttu máli útskýra hið svokallaða Lamfalussy-ferli sem notað er hjá Evrópusambandinu við lagasetningu á sviði fjármálamarkaðar. Árið 2000 setti ráð ESB á fót nefnd sérfræðinga til að meta skilvirkni í lagasetningu á verðbréfasviði. Nefndin var kölluð nefnd vísdómsmanna á sviði evrópskra reglna á verðbréfamarkaði. Nefndin skilaði skýrslu árið 2001. Í skýrslunni var gagnrýnt hversu hefðbundin lagasetning hefði brugðist seint og illa við framþróun og breytingum á verðbréfamörkuðum. Hvatt var til breytinga á undirbúningi og setningu reglna til að auka einsleitni og samræmi í starfsemi verðbréfamarkaða, bæta samkeppnishæfni fjármálafyrirtækja og fjármagnsmarkaða og til að stuðla að auknum hagvexti og atvinnu. Lagt var til að ferli við setningu og framkvæmd reglna yrði greint í fjögur stig, þ.e. *rammareglur, framkvæmdaráðstafanir, samstarf* og *framfylgd*. Nánar tiltekið voru tillögurnar um stigin fjögur eftirfarandi:

Á 1. stigi eru settar tilskipanir eða reglugerðir sem kveða á um undirstöðuatriði í löggjöfinni. Framkvæmdastjórnin leggur fram tillögu að slíkri gerð eftir víðtækt samráð við hagsmunaaðila. Tillagan fer til afgreiðslu hjá ráðinu og Evrópuþinginu í samræmi við sameiginlegu meðferðina. Jafnframt taka ráðið og Evrópuþingið til afgreiðslu tillögu framkvæmdastjórnarinnar um það hvernig og að hve miklu leyti skuli útfæra efni gerðarinnar í tæknilegum reglum á næsta stigi.

Á 2. stigi setur framkvæmdastjórnin tæknilegar reglur sem útfæra lagareglur á 1. stigi til samræmis við þróun verðbréfamarkaða. Evrópska verðbréfanefndin er framkvæmdastjórninni til ráðgjafar á þessu stigi.

Á 3. stigi vinnur hin evrópska samstarfsnefnd verðbréfaeftirlita að því að efla samræmda framkvæmd í aðildarríkjunum á þeim reglum sem settar hafa verið á 1. og 2. stigi.

Á 4. stigi vinnur svo framkvæmdastjórnin að því að tryggja að aðildarríkin framfylgi ESB-reglum á verðbréfasviði.

Nefndin taldi einnig að aukið næmi fyrir markaðsþróun, skemmri tími við útfærslu tæknilegra reglna og nánara samráð við markaðsaðila mundi hafa veruleg áhrif á ESB-reglur á verðbréfasviði. Til að ná fram aukinni einsleitni og samræmingu yrði megináherslan ekki lengur lögð á gagnkvæma viðurkenningu heldur á virkt inngrip inn í reglur og

framkvæmd aðildarríkjanna á þessu sviði.

Á fundi evrópska ráðsins í Stokkhólmi 2001 var Lamfalussy-skýrslan samþykkt. Evrópuþingið lýsti í upphafi yfir efasemdum um að tillögurnar tryggðu nægjanlega gagnsæi og samráð stofnana ESB. Þingið féllst þó á tillögurnar árið 2002.

Hæstv. forseti. Frumvarpið er yfirgripsmikið og í því eru lagðar til fjölmargar breytingar á lagaákvæðum um markaðssvik, yfirtökur og útboðs- og skráningarlýsingar. Frumvarpið leiðir ekki til meiri háttar breytinga á grundvallarreglum um verðbréfaviðskipti heldur eru lagaákvæði um þessa þætti verðbréfaviðskipta gerð mun ítarlegri. Er það í samræmi við þær tilskipanir sem frumvarpinu er ætlað að innleiða. Með ítarlegri lagaákvæðum er markmiðið að stuðla að samræmdum innri markaði með verðbréfaviðskipti því minna svigrúm verður fyrir sérreglur í hverju ríki EES-samningsins. Í tilskipunum um markaðssvik annars vegar og útboðs- og skráningarlýsingar hins vegar er kveðið á um eitt lögbært yfirvald og nákvæm fyrirmæli eru um hegðun þátttakenda á markaðnum. Í tilskipun um yfirtökur er hins vegar meira svigrúm gefið fyrir sérreglur einstakra aðildarríkja.

Helstu breytingar frá gildandi rétti í frumvarpinu eru eftirfarandi:

Skýrari ákvæði eru um að skylda til að gera yfirtökutilboð geti myndast vegna tengsla eða samstarfs milli aðila.

Sett eru ný ákvæði um lágmarksverð í tilboði.

Stjórn félags sem yfirtökutilboð tekur til er óheimilt að taka ákvarðanir sem haft geta áhrif á tilboð nema með fyrirframsamþykki hluthafafundar.

Stjórn félags sem yfirtökutilboð tekur til skal semja og gera opinbera greinargerð þar sem fram kemur álit hennar á tilboði og áhrifum þess á hagsmuni félags og störf stjórnenda og starfsmanna, sem og staðsetningu starfsstöðva félags.

Ákvæði um markaðsmisnotkun eru ítarlegri en í núgildandi lögum. Markaðsmisnotkun er m.a. ætlað að ná yfir viðskipti sem tryggja eiga óeðlilegt verð eða búa til verð á fjármálagerningum og viðskipti sem byggð eru á tilbúningi eða þar sem blekkingu er beitt. Þá er lagt til að dreifing upplýsinga sem gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega til kynna verði talin fela í sér markaðsmisnotkun.

Nokkrar breytingar eru á ákvæði um innherjasvik. Lagt er til að ákvæðið nái einnig til þeirra tilvika þegar aðilar búa yfir innherjaupplýsingum á grundvelli ólögmæts atferlis. Ákvæðið tekur hins vegar ekki til viðskipta innherja þegar fullnægt er gjaldfallinni samningsskyldu til að afla eða ráðstafa fjármálagerningum sem stofnað var til áður en innherjinn komst yfir innherjaupplýsingar né heldur þegar fylgt er beinum fyrirmælum viðskiptavinar um ráðstöfun fjármálagerninga.

Lagt er til að sömu reglur gildi um útboðslýsingar annars vegar og skráningarlýsingar í kauphöll hins vegar. Ákvæði frumvarpsins eiga aðeins við um útboð þar sem fjárhæðir eru yfir 210 millj. kr. en ráðherra getur í reglugerð kveðið á um útboð þar sem fjárhæðir eru á bilinu 8 millj. kr. til 200 millj. kr.

Lýsingu verður hægt að birta annars vegar sem eitt skjal og hins vegar sem þrjú aðskilin skjöl, útgefandalýsingu, verðbréfalýsingu og samantekt.

Útgefendur skráðra verðbréfa skulu a.m.k. árlega setja saman skjal sem inniheldur eða vísar til allra upplýsinga sem þeir hafa gefið út eða gert aðgengilegar almenningi á síðustu 12 mánuðum.

Lagt er til að gagnsæi í eftirliti Fjármálaeftirlitsins með verðbréfaviðskiptum verði aukið. Fjármálaeftirlitinu verður, að öðru jöfnu, heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum eða athugunum sem varða ákvæði laga um verðbréfaviðskipti.

Eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins eru auknar í samræmi við tilskipun um markaðssvik. Þannig getur Fjármálaeftirlitið undir ákveðnum kringumstæðum stöðvað atvinnustarfsemi tímabundið, krafist þess að skipulegur verðbréfamarkaður stöðvi tímabundið viðskipti með fjármálagerninga, krafist kyrrsetningar eigna og fengið aðgang að gögnum síma- og fjarskiptafyrirtækja.

Lagt er til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilað að fela skipulögðum verðbréfamarkaði eftirlitsverkefni á sviði verðbréfamarkaðar og veita honum upplýsingar vegna slíkra verkefna.

Hæstv. forseti. Verði frumvarp þetta til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti óbreytt að lögum telur fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins að frumvarpið muni ekki hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Ég mælist til þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[13:02]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir yfirferðina yfir þetta frumvarp. Mig langar til að varpa fram hér spurningum til hæstv. viðskiptaráðherra um eina efnisgreinina í frumvarpinu.

Í e-lið 20. gr. frumvarpsins er fjallað um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins. Þar kemur fram að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum sem varða ákvæði laganna.

Úr því að Fjármálaeftirlitinu er falið það hlutverk að hafa eftirlit með því sem fram fer á þessum markaði og Fjármálaeftirlitið hefur náttúrlega það hlutverk að bregðast við ýmsu sem miður fer á markaðnum, t.d. innherjasvikum og öðru slíku þá velti ég því fyrir mér hvort hæstv. ráðherra telji ekki eðlilegra að kveða á í ákvæðinu um skyldu Fjármálaeftirlitsins til þess að birta niðurstöður sínar með sambærilegum hætti og Samkeppnisstofnun gerir til að mynda varðandi sínar ákvarðanir og áfrýjunarnefnd samkeppnismála varðandi sína úrskurði. Ég mundi telja svona fyrir fram að með því að skylda eftirlitið eða gera eftirlitinu að birta niðurstöður sínar opinberlega án þess þó að farið væri gegn viðskiptahagsmunum einstakra fyrirtækja sem til athugunar eru þá mundu lögin með þeim hætti hafa meiri varnaðaráhrif gagnvart þeim sem eftir þeim þurfa að starfa heldur en ákvæðið gerir eins og það er orðað nú. (Forseti hringir.)

Það væri gott að fá sjónarmið hæstv. ráðherra varðandi þetta atriði.

[13:05]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ágætisfyrirspurn í rauninni og ekki óeðlileg. Samkvæmt tilskipuninni er þetta með þessum hætti, þ.e. eins og hér er kveðið á um og ég tel að það gæti orkað tvímælis vegna hagsmuna markaðarins t.d. eða vegna persónuverndar að hafa þetta eins og hv. þingmaður viðraði hér, þ.e. að það væri skylda. Ég tel að varnaðaráhrif af þessu ákvæði eins og það er í frumvarpinu séu augljós og hef alla vega fram til þessa talið að þau væru næg með því að hafa textann eins og raun ber vitni.

Ég tel eðlilegt að þetta sé eitt af því sem verði rætt í hv. efnahags- og viðskiptanefnd. En mér finnst að það þurfi að vera virkilega sterk rök fyrir því að breyta textanum í þá veru sem hv. þingmaður nefndi.

[13:06]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg undir það með hæstv. ráðherra að auðvitað verða rökin að vera sterk fyrir þeim breytingum sem ég var hér að tala um eða þeim atriðum sem ég var að benda á. Ég tel að þau hafi nú komið fram í mínu máli, þ.e. að með því að breyta ákvæðinu má halda því fram að líklegra sé að lögin hefðu varnaðaráhrif gagnvart þeirri háttsemi sem frumvarpinu og lögunum er ætlað að beinast gegn.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram út af því sem kom fram í andsvari hæstv. ráðherra að ég var ekki að tala fyrir því, og ég tók það sérstaklega fram, að allar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið aflar sér komi fram í niðurstöðum þeim sem það birtir. Ég tók það sérstaklega fram að ekki mætti við slíka birtingu ganga lengra en nauðsyn krefur og ég vil alls ekki, svo það sé alveg á hreinu, að með þessari birtingu sé gengið gegn hagsmunum fyrirtækjanna, viðskiptahagsmunum og öðru því sem leynt þarf að fara. Ég er einfaldlega að tala um þá meginreglu, og það getur styrkt löggjöfina og frumvarpið að það verði meginregla, að niðurstöðurnar séu birtar en að ekki sé einungis kveðið á um að Fjármálaeftirlitið hafi heimild til þess að birta niðurstöður sínar.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:08]

Út af dagskrá voru tekin 3.–8. mál.

Fundi slitið kl. 13:32.

---

72. FUNDUR

fimmtudaginn 10. febr.,
að loknum 71. fundi.

Dagskrá:

1. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 503. mál, þskj. 767. — Frh. 1. umr.
2. Fjármálaeftirlitið, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.
3. Rekstur Ríkisútvarpsins, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Fyrri umr.
4. Stjórnarskipunarlög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
5. Endurnýjanlegir, innlendir orkugjafar í samgöngum, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.
6. Fjárþörf Samkeppnisstofnunar, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.
7. Fjármálafyrirtæki, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ummæli forsætisráðherra um stuðning við Íraksstríðið.

[13:33]

Össur Skarphéðinsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka þá lipurð sem okkur er sýnd í stjórnarandstöðunni með að hliðra til þannig að við getum rætt við hæstv. forsætisráðherra utan dagskrár um ýmis ummæli og upplýsingar sem komu fram hjá honum í sjónvarpsviðtali í gær. Stjórnarandstaðan hefur lagt ríka áherslu á að sérstök rannsókn yrði sett í gang til að grafast fyrir um aðdraganda þeirrar ákvörðunar sem leiddi til þess að tveir forustumenn íslenskra stjórnmála lýstu einhliða yfir stuðningi við innrás Breta og Bandaríkjamanna í Írak. Stjórnarandstaðan hefur haldið því fram að þetta hafi gerst vegna pólitísks þrýstings frá Bandaríkjamönnum og vegna þess að varnarhagsmunir hafi blandast inn í þetta.

Því hefur aldrei verið játað fyrr en í gær að hæstv. forsætisráðherra staðfesti að það hefði verið þrýstingur Bandaríkjamanna sem leiddi til þessarar ákvörðunar. Það kom líka fram að varnarhagsmunir blönduðust þarna inn í. Hæstv. forsætisráðherra afsakaði þetta með því að hefðu menn hafnað beiðni frá 60 ára vinaþjóð hefði það verið veruleg stefnubreyting í öryggis- og varnarmálum okkar.

Það er rangt. Þarna var um ólögmætt innrásarstríð að ræða eins og Kofi Annan, ritari Sameinuðu þjóðanna, hefur manna best rökstutt. Það sem felur í sér stefnubreytingu er að Ísland skuli með þessum hætti styðja einhliða innrásarstríð sem er ólögmætt og það er líka stefnubreyting að stuðningurinn við einhliða innrás skuli vera tekinn án lögskipaðs samráðs við utanríkismálanefnd.

Hæstv. forsætisráðherra verður líka að tala skýrar um hvernig varnarhagsmunir blönduðust inn í þessa ákvörðun. Hann verður að segja okkur frá því með hvaða hætti það gerðist.

Ég vil líka að lokum, herra forseti, spyrja hæstv. ráð-

herra hvort það sé rétt lýsing sem höfð var eftir í sjónvarpsviðtalinu í gær um ákvörðunina, þ.e. að sendiherra Bandaríkjanna hefði komið í forsætisráðuneytið, hæstv. ráðherra farið út og talað við þann mann sem ræddi við sendiherrann, síðan hefði verið tilkynnt um stuðninginn og hæstv. ráðherra farið inn á fund ríkisstjórnarinnar án þess að tilkynna ríkisstjórninni.

Hvers vegna þetta pukur (Forseti hringir.) og hvers vegna þetta leynimakk?

[13:36]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Enn á ný kemur hv. þm. Össur Skarphéðinsson hér upp á Alþingi til að vekja á sér athygli og þráspyrja mig um atburði sem urðu fyrir tæpum tveimur árum. Hann sjálfur man svo ekki einu sinni það sem hann hlustaði á í gærkvöldi.

Hann fer hér með rangt mál. Ég sagði í þessu viðtali að það væru engin bein tengsl. Ef það kemur hv. þingmanni á óvart að það sé náið samstarf í varnarmálum milli Bandaríkjanna og Íslands er ég furðu lostinn yfir því.

Hann fer líka með rangt mál í hinu atriðinu. Vill ekki hv. þingmaður lesa viðtalið áður en hann kemur hérna næst upp? (**ÖS:** Ég er með það hér.) Það er greinilegt að þá kann þingmaðurinn ekki að lesa. (Gripið fram í.) Hann getur ekki ætlast til þess að hann geti haldið áfram að þráspyrja mig um þetta mál og muna ekki einu sinni sjálfur það sem hann hlustaði á í gærkvöldi.

Svo vil ég benda hv. þingmanni sem er svona áhugasamur um fortíðina á eitt — það virðist vera sú verkaskipting milli hans og varaformannsins í flokknum að hann sjái um fortíðina en varaformaðurinn um framtíðina. Það virðist vera þannig (Gripið fram í.) — ég hef verið úti um land undanfarna daga. (Gripið fram í.) Er það nú slæmt, að fara um landið? Fólkið í landinu er ekki að tala um þetta mál, það hefur engan áhuga á þessu máli og engan áhuga á því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson talar hér um. Fólkið í landinu er upptekið af öðrum málum.

Vill ekki hv. þingmaður fara á fundi með fólkinu í landinu til að fá tilfinningu fyrir því hvað það er sem þetta ágæta fólk hefur áhuga á? (Gripið fram í.) Það hefur áhuga á framtíð sinni, á atvinnumálum, efnahagsástandinu, allt öðrum málum en þessu. Ég ætla að biðja hv. þingmann að hætta þessari vitleysu.

[13:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þeir eiga það sameiginlegt, hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson, Tony Blair og Bush, að þeir vilja lítið tala um liðna tíð þegar Íraksmálið á í hlut.

Ég verð að játa það, forseti, að mér var ákaflega brugðið þegar ég las yfir viðtalið við hæstv. forsætisráðherra í fréttum Stöðvar 2 í gær. Vinnubrögðin sem þar er lýst eru svo ævintýralega ófagleg, svo niðurlægjandi fyrir íslenska þjóð að ég held að það sé leitun að öðru eins. Sú stóra og skelfilega ákvörðun að gera Ísland samábyrgt, að hlutdeildaraðila í ólögmætu árásarstríði í Írak 2003 — ja, hvernig var þessi ákvörðun tekin?

Hún var tekin á hlaupum. Það voru skilaboð frammi á gangi í Stjórnarráðinu gegnum embættismann til bandaríska sendiherrans sem hafði drepið þar niður fæti. Aftur og aftur segir hæstv. forsætisráðherra, fyrrverandi utanríkisráðherra, í þessu viðtali: Ég man nú ekki þetta, ég man nú ekki hitt. Allt er þetta nú samkvæmt minni, segir hæstv. forsætisráðherra og staðfestir að ekki er stafkrókur bókaður um þetta mál í Stjórnarráði Íslands. Engin skrifleg gögn eru til, það var aldrei tekin nein formleg ákvörðun á fundi, engin yfirlýsing send íslensku þjóðinni, engin tilkynning.

Svona gerðist þetta. Það var pukrast með málið að ósk bandarísku ríkisstjórnarinnar og nafn Íslands birtist svo á þessum lista þegar Bandaríkjamönnum hentaði. Bandaríkjamönnum voru gefin frjáls afnot af nafni Íslands til að nota þegar þeim sýndist og eins og þeim sýndist, ólögmætum stríðsaðgerðum sínum til stuðnings og réttlætingar. Loks er viðurkennt, óbeint, að menn voru að borga á sig vegna væntanlegra samningaviðræðna um herinn, (Forseti hringir.) um fjórar gamlar herþotur. Þvílík niðurlæging fyrir utanríkismál einnar sjálfstæðrar þjóðar.

[13:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Árásirnar á hæstv. forsætisráðherra út af þessu máli eru með hreinum ólíkindum. Þær bera nú orðið því miður mjög mikinn keim af hinum illvígu innanflokksátökum í Samfylkingunni sem er ástæðulaust að hafi slík áhrif í þingsal.

Auðvitað liggur fyrir að það var rétt að þessum málum staðið. Þeir ráðherrar sem málið heyrði undir tóku ákvörðunina og þeir höfðu auðvitað fullan pólitískan stuðning á bak við sig, bæði í ríkisstjórninni og í þingflokkum sínum. Ella hefði komið til mótmæla (Gripið fram í.) og ella hefðu þeir ekki getað framfylgt ákvörðun sinni. Það liggur alveg fyrir að yfirflugsréttindi, lendingarleyfi og fyrirheit um stuðning við uppbygginguna í Írak eru fullkomlega í takt við það sem áður hefur tíðkast af Íslands hálfu þegar til atburða af þessu tagi hefur komið. Þessi pólitíski stuðningur er því ekki nýlunda, þvert á móti er hann í takt við afstöðu Íslands fyrr á tíð.

Hins vegar er mjög athyglisvert að í þessu máli skuli stjórnandstaðan bara engan veginn geta horft fram á veg, horft fram á veg til uppbyggingarinnar sem þarf að eiga sér stað í Írak, heldur vera sífellt með andlitið í baksýnisspeglinum, horfandi á dagana í kringum 18. og 20. mars fyrir tveimur árum. Þetta er það sem okkur er boðið upp á hér af hálfu þessara ágætu stjórnarandstæðinga.

Síðan reka menn upp stór augu eins og það komi eitthvað á óvart að samvinna Íslendinga og Bandaríkjamanna í varnarmálum hafi eitthvað að segja þegar menn koma með erindi til Íslands, að það skipti þá engu máli. Liggur það ekki alveg fyrir að samstarf þessara þjóða á breiðum grundvelli og sérstaklega varðandi varnarmál hefur auðvitað mikla þýðingu þegar við tökum afstöðu til þess hvernig við bregðumst við erindi af þessu tagi?

[13:43]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Sá sorglegi atburður hefur átt sér stað að hæstv. forsætisráðherra íslensku þjóðarinnar hefur ítrekað

orðið uppvís að því að fara með ósannindi, hvað eftir annað. Það er mjög alvarlegt, sérstaklega í svo alvarlegu máli, í máli sem varðar það að Íslendingar skuli undir leiðsögn Framsóknarflokksins ákveða að fara með ófriði á hendur öðrum þjóðum, að vísu með stuðningi Sjálfstæðisflokksins. Hvaða ósannindi eru þetta?

Í fyrsta lagi hélt hæstv. forsætisráðherra því fram að málið tengdist ekki varnarhagsmunum. Í fréttum Stöðvar 2 í gær viðurkenndi hann síðan að svo hefði verið. Að vísu er komið allt annað hljóð í strokkinn hér og ég veit í rauninni ekki hvað er að marka hæstv. forsætisráðherra eða hvernig á að skilja hann.

Í öðru lagi hefur hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson haldið því fram að það sem hafi valdið stefnubreytingunni örlagaríku hafi verið breytt afstaða Frakka. En óvart tók ágætur fréttamaður Stöðvar 2 hæstv. forsætisráðherra í landhelgi í gær og benti honum á að svo gæti ekki verið.

Í þriðja lagi liggur fyrir að hæstv. forsætisráðherra hefur ítrekað gefið í skyn að ákvörðunin um að styðja innrásina í Írak hafi verið rædd í þingflokknum, ríkisstjórn og í utanríkismálanefnd. Í viðtalinu í gær kom hins vegar fram að svo var ekki. Hann hefur gert þetta með því að segja að Íraksmálið hafi verið rætt en sjálf innrásin og ákvörðunin um hana var ekki rædd.

Í fjórða lagi hélt hæstv. forsætisráðherra því fram á Stöð 2 í gær að um tvo lista væri að ræða — það er ekki satt — að Ísland hefði bara sýnt móralskan stuðning og væri ekki beinn þátttakandi. Hvað voru þá hinir ágætu starfsmenn Landhelgisgæslunnar að gera þegar þeir fundu 20 ára gamlar sprengjur?

[13:45]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ásamt öðrum þingmönnum hér að taka þátt í þessari skoðun á fortíðinni vegna þess að ég tel að sú skoðun sé mjög mikilvæg. Forsætisráðherra talaði um að fólkið í landinu væri ekki að ræða um Íraksmálið. Það er sjálfsagt allur gangur á því hvort fólkið í landinu er að ræða um Íraksmálið en svo mikið er víst að fólkið í landinu er mjög andsnúið þeirri ákvörðun sem tekin var í Íraksmálinu. Sú skoðun fólksins í landinu haggast ekki. Það skiptir engu máli hversu oft þessir ráðamenn koma fram og ræða þetta mál, 80% fólksins í landinu eru andsnúin þessari ákvörðun og telur að hún hafi verið pólitískt og siðferðilega röng og það ætti forsætisráðherra nú að vita eftir að hafa rætt við fólkið í landinu eins og hann segir.

Ég lít ekki svo á að þessi umræða sé árás á forsætisráðherra. Það er rangt að halda því fram. Hér er verið að fjalla um hvernig menn standa að mjög mikilvægum pólitískum ákvörðunum sem fela í sér stefnubreytingu í utanríkismálum og það er sjálfsagt og eðlilegt að það sé rætt aftur og aftur. Það felast ekki í því persónulegar árásir á forsætisráðherrann, í því felst pólitísk gagnrýni og hún á að eiga sér stað á hinu háa Alþingi.

Af hverju varð stefnubreyting? Jú, vegna þess að eins og við vitum banna alþjóðalög einhliða beitingu vopnavalds og það er í andstöðu við stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hins vegar er Bush-kenningin um að Bandaríkin hafi eitt ríkja rétt til fyrirbyggjandi árása á óvinaríki, þeir hafa tekið upp þá kenningu, og nú höfum við fylgt þeim að málum. Við ljáðum því pólitíska stuðning þegar ráðist var inn í Írak. Í því felst stefnubreytingin að við höfum ljáð máls á einhliða árás á ríki sem er í andstöðu við alþjóðalög og andstöðu við alþjóðastofnanir. Þetta er rof á þeirri sátt sem ríkt hefur um utanríkismál á Íslandi í 60 ár og þegar slíkt gerist á að sjálfsögðu að ræða það í utanríkismálanefnd.

[13:47]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Það er ekki nýlunda að hér skuli stjórnarandstaðan hefja umræðu um Írak. Hvert er tilefnið að þessu sinni? Það er viðtalið við hæstv. forsætisráðherra í sjónvarpi í gær þar sem hann fór ítarlega yfir málavöxtu eins og gert hefur verið margsinnis í fjölmiðlum og hér á hv. Alþingi. Það kom ekkert nýtt fram í því viðtali en það gefur stjórnarandstöðunni enn einu sinni tilefni til að hefja umræðu um það.

Ég tek eftir því, hæstv. forseti, að enginn fulltrúa stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað minnist einu orði á að það fóru fram kosningar í Írak þrátt fyrir hótanir hryðjuverkamanna um að sprengja og skjóta þá sem ætluðu sér að sækja kjörstað. Enginn tók fram að þrátt fyrir þetta hafi kosningaþátttaka verið yfir 60% og það færi fram mjög öflugt uppbyggingarstarf í Írak. Enginn hefur minnst á það. Það vekur athygli hve hv. stjórnarandstaða virðist föst í fortíðinni, hve hv. stjórnarandstaða virðist föst með sína pólitík austur í Asíu í fortíðinni. Er ekki orðið tímabært að hv. stjórnarandstaða fari að ræða t.d. um stjórnmál á Íslandi, innanlandsmál? (Gripið fram í.) Er ekki orðið tímabært að hin virðulega stjórnarandstaða fari að ræða örlítið um framtíðina? (Gripið fram í.) Og er ekki orðið tímabært að stjórnarandstaðan, hin virðulega, hætti að draga hin hörðu og grimmu átök innan Samfylkingarinnar inn í störf Alþingis? Er það ekki orðið tímabært?

[13:49]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt, að hefur enginn minnst á kosningarnar, ekki heldur á olíuhagsmuni. Við erum að tala um trúverðugleika ríkisstjórnarinnar og hvort hæstv. forsætisráðherra Íslands fari með rétt mál. Hann má vita það, hæstv. ráðherra, að það er fleira fólk í landinu en það sem situr fundi Verslunarráðsins.

Viðtalið við hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson á Stöð 2 í gærkvöldi er sérstakt fyrir margra hluta sakir. Í fyrsta lagi fyrir það hve viðtalið er hlaðið mótsögnum. Hann segir málið af slíkri stærðargráðu að óeðlilegt hafi verið að utanríkisráðherra einn hafi komið að því, forsætisráðherrann hlyti að gera það einnig. Síðan má ráða af ummælum hans að málið sé í rauninni svo smátt að þessir tveir ráðherrar hafi ekki einu sinni haft tilkynningarskyldu gagnvart ríkisstjórn og Alþingi Íslendinga, nokkuð sem stjórnarandstaðan efast stórlega um og telur að um lögbrot hafi verið að ræða og virtir lögfræðingar hafa tekið undir það núna síðustu daga.

Í öðru lagi kemur fram að það er sendiherra Bandaríkjanna sem á í viðræðum við embættismenn um þessa

stórpólitísku ákvörðun og þetta er stórpólitísk ákvörðun. Bandaríkjamenn eru á þessum tíma að undirbúa að hunsa vilja Sameinuðu þjóðanna. Þeir eru að leita eftir stuðningi við tiltekin ríki til að fá þau til vitorðs við sig við einhliða ákvörðun um innrás í Írak og þessar viðræður fara fram á milli embættismanna. Krafan á hendur Íslendingum er sett fram af þeirra hálfu.

Í þriðja lagi kemur fram að það eru eiginhagsmunir Íslendinga, varnarhagsmunir sem þeir kalla, herstöðin í Keflavík sem skiptir þarna verulegu máli og ég spyr: Er það þessi ríkisstjórn og með þessi viðhorf sem vill fara með okkur inn í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna? Á að sitja þar undir leppríkisfána? Ég spyr að gefnu tilefni.

Við ítrekum kröfur okkar um að öll gögn komi nú fram í dagsljósið. Þetta mál snýst um trúverðugleika ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) og trúverðugleika hæstv. forsætisráðherra Íslands.

[13:52]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt að segja að þetta mál sé til umræðu í fyrsta skipti og sannleikurinn er sá að búið er að ræða allar hliðar málsins. Meðal annars hefur mjög verið reynt að gera það tortryggilegt hvernig staðið var að ákvörðuninni um hinn pólitíska stuðning okkar Íslendinga við innrásina í Írak. Það mál hefur margfaldlega verið upplýst og margfaldlega verið rakið og það mál er raunar til sérstakrar meðhöndlunar í utanríkismálanefnd Alþingis sem er hin eðlilega fagnefnd í þessum efnum. Það hefur ekkert nýtt komið fram í því. Bæði hæstv. forsætisráðherra og hæstv. fjármálaráðherra hafa síðan verið að ítreka þessa atburðarás (Gripið fram í.) og í raun og veru er ekkert nýtt sem þar kemur fram. Og það er algerlega rangt sem reynt var að halda fram áðan að við værum með ákvörðun okkar um pólitískan stuðning við þetta mál að verða aðilar að stríði.

Hæstv. forsætisráðherra var einmitt spurður um þetta mál í hinu umtalaða viðtali í sjónvarpinu í gærkvöldi og hann svaraði um málaleitan Bandaríkjamanna: „Þeir báðu um pólitískan stuðning." Og það er auðvitað kjarni málsins. Það sem við gerðum og ákvörðun okkar laut að var pólitískur stuðningur og það er auðvitað eðlilegur pólitískur stuðningur við stríð sem hafði það að markmiði að hrinda brott einum mesta harðstjóra okkar tíma.

Menn hafa líka verið að reyna að gera tortryggileg ummæli hæstv. forsætisráðherra varðandi tengslin við varnarmálin og ég tel rétt að lesa það úr viðtalinu sem hæstv. ráðherra sagði. Hann segir:

„... það voru engin bein tengsl þarna á milli. Og ég minni nú á að skömmu fyrir kosningar gekk bandarískí sendiherrann á fund þáverandi forsætisráðherra og tilkynnti að það stæði til að taka herþoturnar til baka innan mánaðar." Og aftur, virðulegi forseti: „Það voru engin loforð af hálfu Bandaríkjamanna eða skilyrði af okkar hálfu eins og kom nú í ljós síðar þarna rétt fyrir kosningarnar."

Við sjáum því, virðulegi forseti, að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hv. stjórnarandstöðu til þess að reyna að varpa undarlegu ljósi á þetta mál þá kemur auðvitað sannleikurinn alltaf í ljós og það er margbúið að draga þetta fram. (Gripið fram í.) Það er margbúið að útskýra þetta. Þessi mál eru síðan til eðlilegrar umfjöllunar í þingnefnd. Þar verða þau auðvitað leidd til lykta með einhverjum hætti og ég held að það væri eðlilegt að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar (Forseti hringir.) reyndu að láta af þeim leiða vana sínum að reyna að þyrla upp moldviðri um mál sem fyrir löngu er búið að útskýra.

[13:54]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Eins og hér var kallað fram í af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur þá er loksins verið að upplýsa þetta mál. Það er verið að draga með töngum hægt og hægt út úr hæstv. ríkisstjórn hvernig liggur í málinu. En af hverju er það þannig að hv. þingmenn stjórnarliðsins koma hingað og tala um að það sé allt upplýst í málinu? Ef þeir hafa ekkert að fela af hverju samþykkja þeir þá ekki í fyrsta lagi að aflétta trúnaði af fundargerðum utanríkismálanefndar og láta það koma fram t.d. hvað hæstv. utanríkisráðherra sagði á fundi utanríkismálanefndar 19. febrúar? Og af hverju samþykkja þeir ekki bara tillögu stjórnarandstöðunnar um að rannsaka öll tildrög þessa máls, rannsaka allar forsendur þessarar ákvörðunar sem þeir félagar, hæstv. núverandi forsætisráðherra og utanríkisráðherra tóku í slagtogi við þriðja mann sem var sendiherra Bandaríkjanna? Finnst mönnum ekkert óeðlilegt að á sama tíma og ríkisstjórnin er að ræða málefni Íraks á fundi í Stjórnarráðinu skuli sendiherra Bandaríkjanna vera handan við þilið? Finnst mönnum ekkert óeðlilegt að þegar hæstv. forsætisráðherra er búinn að taka ákvörðun um það með utanríkisráðherranum að Ísland eigi að styðja þessa innrás og búið að tilkynna það í gegnum einhvern tengilið, sendiherra Bandaríkjanna, þá skuli hann aftur hverfa til fundar við ríkisstjórnina og hann segir henni ekki frá þessari ákvörðun? Hver er skýringin á því? Getur skýringin verið sú að innan ríkisstjórnarinnar hafi verið menn sem hafi verið andstæðir þessu eins og hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson? Hver er skýringin á því að ekki var lagt í að ræða þetta í þingflokknum? Getur hún falist í því að þrír þingmenn Framsóknarflokksins hafi ekki verið sammála þessu? Er skýringin sú að hæstv. ríkisstjórn hafði ekki þingmeirihluta fyrir þessu?

[13:56]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Mér finnst ömurlegt til þess að vita að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar skuli ekki geta farið með rétt mál varla varðandi eitt einasta atriði. Það hefur komið skýrt fram að þessi ákvörðun var tekin eftir ríkisstjórnarfund. Það kemur fram í viðtalinu. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson virðist ekki vera læs. Hann man að vísu ekki það sem hann heyrði í gær, látum það nú vera, en ætlast til að ég muni allt fyrir tveimur árum. Það eru miklar kröfur sem hv. þingmaður gerir til annarra, hann mætti gera meiri kröfur til sjálfs sín.

Svo kemur hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og segir að hér hafi verið um stefnubreytingu að ræða. Það liggur alveg ljóst fyrir að því er varðar árásina á Júgóslavíu í sambandi við Kosovo að öryggisráðið samþykkti það ekki. Ég veit ekki betur og man ekki betur en að Samfylkingin

styddi það. Það er kannski gleymska í mér. (Gripið fram í.) Það er allt annað mál. Það er kannski gleymska í mér en ég man ekki betur, en það er bara að koma betur og betur í ljós í þessu máli að það er gamla Alþýðubandalagið sem hefur náð yfirtökum í Samfylkingunni í utanríkismálum, Alþýðuflokkurinn er þar gersamlega horfinn. Það mátti treysta því nokkurn veginn áður fyrr að Framsóknarflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn stæðu saman í öryggis- og varnarmálum þjóðarinnar, stóðu saman um samstarfið við Bandaríkin. (Gripið fram í.) En nú er Alþýðubandalagið komið til valda í Samfylkingunni og þá er allt breytt og það er mjög mikilvægt (Gripið fram í.) að það hefur komið skýrt fram í þessari umræðu undanfarið og þá vita menn hvar þeir hafa Samfylkinguna í öryggis- og varnarmálum.

Umræður utan dagskrár.

Staða útflutnings- og samkeppnisgreina.

[13:59]

Forseti (Halldór Blöndal):

Samkomulag er um fyrirkomulag umræðunnar. Í fyrstu umferð talar málshefjandi og ráðherra og hafa 8 mínútur og enn fremur talsmenn annarra flokka sem hafa 5 mínútur. Í annarri og þriðju umferð talar einn frá hverjum flokki og hafa 3 mínútur. Í lok umræðunnar hafa málshefjandi og ráðherra 3 mínútur hvor um sig.

[13:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu um stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina og þó fyrr hefði verið að hún kæmist hér á.

Margt hefur gengið okkur Íslendingum í haginn undanfarin ár og áratugi hvað efnahags- og atvinnumál snertir. Samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins með þjóðarsáttinni lagði í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar grunn að þeim stöðugleika sem við höfum búið við síðan. Mesta vaxtargrein íslensks atvinnulífs er ferðaþjónustan og hefur verið um alllangt árabil. Ýmsar greinar samkeppnisiðnaðar og tækni- og þekkingargreinar hafa blómstrað og sjávarútvegurinn hefur haldið áfram að skila sínu. Veikleikarnir eru hins vegar fólgnir í gríðarmiklum erlendum skuldum og þeirri staðreynd að það stefnir í 500 milljarða hallarekstur þjóðarbúsins út á við vegna viðvarandi viðskiptahalla á árabilinu 2004–2010.

Haldi svo sem horfir er næsta víst að Ísland, sem í dag er eitt af þremur skuldugustu löndum heimsins meðal þróaðra ríkja, kemur til með að hampa vafasömu skuldaheimsmeti í lok þessa tímabils.

En hver er staðan í dag varðandi viðfangsefni umræðunnar? Jú, hún er sú að varla líður sá dagur að ekki berist fréttir af erfiðleikum í rekstri útflutnings- og samkeppnisfyrirtækja, uppsögnum starfsfólks o.s.frv. Nokkur nýleg dæmi: „Fimmtán manns sagt upp á Hofsósi", Morgunblaðið í fyrradag. „Uppsagnir í landvinnslu á Stöðvarfirði og í Þorlákshöfn — Stjórnvöld ýta undir þenslu", Ari Edwald í viðtali við Fréttablaðið í fyrradag. Allt að 40 störf á Húsavík eru í hættu vegna erfiðleika í rækjuvinnslu, segir Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, í Fréttablaðinu í gær. „Kallar á fleiri gjaldþrot hjá útflutningsgreinum", fyrirsögn á viðtali við Arnar Sigurmundsson og Ernu Hauksdóttur í Viðskiptablaðinu í gær.

Í öllum tilvikum tilgreina forsvarsmenn viðkomandi fyrirtækja eða talsmenn viðkomandi atvinnugreina hátt raungengi krónunnar sem eina aðalástæðu erfiðleikanna.

Í viðtali við Viðskiptablaðið í desember farast Herði Arnórssyni, forstjóra Marels, svo orð um áhrif þessa ástands á útflutningsfyrirtæki:

„Mér finnst ótrúlegt skilningsleysi vera á þörfum útflutningsgreina ef menn ætla að sætta sig við þetta," og vísar hann þar til orða seðlabankastjóra um að búast megi við langvarandi háu gengi krónunnar. „Tekjur minnka og þetta er mjög slæm staða. Þetta er sérstaklega slæmt varðandi sölu inn á Bandaríkin vegna þess hversu veikur dollarinn er. Þá er líka ljóst að staðan er mjög óþægileg fyrir allar útflutningsgreinar, líka gagnvart öðrum gjaldmiðlum, þar sem krónan er svo sterk."

Aðspurður hvort búast megi við því að fyrirtæki flytji starfsemi sína úr landi við þessar aðstæður segir Hörður:

„Fyrirtæki hafa verið að fara úr landi. Þar má nefna sem dæmi Hampiðjuna, Plastprent og 66° Norður. Þetta hamlar uppbyggingu hér."

Með öðrum orðum, við erum að ýta útflutnings- og samkeppnisiðnaði úr landi með þessum aðstæðum og eru þá ónefnd glötuðu tækifærin, störfin sem aldrei verða til, sprotafyrirtækin sem krókna í kulda raungengis langt yfir jafnvægisstigi hárra vaxta og skorti á fé til nýsköpunar innan lands.

Hverjar eru svo skýringarnar á þessu ástandi? Er þetta eitthvað sem ætti að koma á óvart? Alls ekki. Í áðurnefndri umfjöllun Viðskiptablaðsins um það sem þar er kallað í fyrirsögn „Ofurgengi krónunnar og vaxataákvarðanir Seðlabankans í desember síðastliðnum" sagði Birgir Ísleifur Gunnarsson bankastjóri:

„Menn mega auðvitað búast við háu gengi næstu tvö ár þegar svo gríðarlegar framkvæmdir koma inn í hagkerfið á svona stuttum tíma. Það nemur um 1/3 af landsframleiðslu og allt fjármagnað ýmist með erlendu eigin fé eða lánsfé frá útlöndum. Við slíkar aðstæður er ekkert um annað ræða en að menn megi búast við háu gengi," sagði seðlabankastjóri í desember.

KB-banki hélt morgunverðarfund um gengi krónunnar og horfur í þeim efnum í desember. Hann sprengdi utan af sér stóra ráðstefnusalinn á Nordica. Þar var meginskýring á styrkingu krónunnar að undanförnu rakin til mikillar erlendrar lántöku en jafnframt sagt að innflæði vegna stóriðjuframkvæmdanna mundi halda gengi krónunnar uppi árin 2005 og 2006.

Greiningardeild Landsbankans orðar þetta svo í áliti 10. janúar sl. undir fyrirsögninni „Stýrivextir í 10% um mitt ár":

„Nýhafið ár mun að okkar mati einkennast af vaxandi efnahagsumsvifum. Aukið umfang stóriðjuframkvæmda, breytingar á húsnæðiskerfinu og aukinn aðgangur að lánsfé gæti leitt af sér hratt vaxandi einkaneyslu ef ekki verður brugðist við með hækkun vaxta. Þessu til viðbótar koma áhrif lækkandi skatta á þessu ári og þeim næstu," segir

greiningardeild Landsbankans og býst við háu gengi krónunnar fram á mitt næsta ár.

Allir eru sammála um að því lengur sem þetta ástand varir þeim mun harkalegra verður bakslagið, þeim mun meiri verður blóðtakan fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar og því meiri hætta verður á verðbólguhrinu og yfirskoti í genginu þegar skriðan fer af stað.

Herra forseti. Það sem við erum einfaldlega að horfast í augu við er herkostnaðurinn af stóriðju- og skattstefnu ríkisstjórnarinnar. Byggðaaðgerðin mikla sem svo var kölluð af framsóknarmönnum birtist mönnum í formi uppsagnarbréfa á Stöðvarfirði, í Þorlákshöfn, á Hofsósi og víðar. Alvarlegast er að talsmenn iðnaðarins, sjávarútvegsins og ferðaþjónustunnar sjá ekkert annað fram undan en áframhald á þessari þróun, umsvifin færast úr landi, uppsagnir starfsfólks, fleiri gjaldþrot.

Skyldi hæstv. forsætisráðherra nú detta í hug að afgreiða þetta allt saman sem svartagallsraus úr mér? Þá bið ég hann að bregðast við og svara ummælum þeirra ágætu manna sem ég hef hér verið að vitna til, stofnana og seðlabankastjóra. Ríkisstjórnin verður að svara því hvort ætlunin sé að reyna að aðhafast eitthvað eða hvort eigi að láta útflutnings- og samkeppnisgreinar og almennt atvinnulíf í landinu halda áfram að greiða herkostnaðinn af stóriðju- og skattstefnunni. Á að ryðja til hliðar störfum í útflutnings- og samkeppnisgreinum gegnum uppsagnir starfsfólks og gjaldþrot eða með því að ýta starfsemi úr landi til að skapa áframhaldandi rými fyrir stóriðjuframkvæmdir? Á áfram að skipta út störfum í iðnaði, fiskvinnslu og ferðaþjónustu fyrir kínverskar og portúgalskar hendur á fjöllum uppi? Hvernig sér ríkisstjórnin og forsætisráðherra sem yfirmaður efnahagsmála fyrir sér efnahags- og peningastefnuna á næstu missirum? Á að gera eitthvað til að draga úr peningamagni í umferð og þenslu, t.d. að auka á ný bindiskyldu? Verða einhverjar ráðstafanir, beinar eða óbeinar, gerðar til að verja störf og bæta skilyrði útflutnings- og samkeppnisgreina eða á bara að sjá til hverjir lifa af, eins og ráða mátti af því sem fjölmiðlar höfðu eftir ráðherra á fundi á Akureyri á dögunum?

Leita engar efasemdir á hæstv. forsætisráðherra um að kompásinn sé skakkur, að stjóriðjuumsvifin séu of dýru verði keypt þegar allt er lagt saman, umhverfisspjöllin, útsölu- og afsláttarverðin á rafmagninu og hin stórfelldu, neikvæðu ruðningsáhrif gagnvart öðru atvinnulífi með uppsögnum starfsfólks, gjaldþrotum og glötuðum tækifærum? (Forseti hringir.)

Ef til vill er nærtækasta spurningin þessi: Er hæstv. ríkisstjórn yfir höfuð með einhverja meðvitund í þessum efnum?

[14:08]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í umfjöllun um efnahagsmál og reyndar öll mál er mjög mikilvægt að hafa heildarmyndina ljósa fyrir sér. Og hver er þessi heildarmynd? Hún er einfaldlega sú að staða efnahagsmála hér á landi er mjög traust. Hagvöxtur er hér meiri en annars staðar, t.d. tvöfalt meiri en gengur og gerist í Evrópu. Atvinnuleysi er líka miklu minna en í flestum öðrum ríkjum. Kaupmáttur heimilanna hefur aukist meira en annars staðar þekkist. Eins er afkoma ríkisins miklu betri en víðast hvar annars staðar sem m.a. hefur orðið til þess að stórlækka skuldir ríkissjóðs. Þetta eru allt saman óvefengjanlegar staðreyndir sem hafa verið staðfestar bæði innan lands og erlendis.

Hver er skýringin á þessari góðu stöðu? Vafalaust má tína til mjög margar skýringar en ein þeirra er áreiðanlega sú að stjórnvöld hafa á undanförnum árum beitt sér fyrir mjög mikilvægum breytingum í skipulagi hagkerfisins, t.d. með stórfelldri lækkun skatta bæði á fyrirtæki og einstaklinga. Það er mjög mikilvægt. Með því að opna hagkerfið, með því að auka frjálsræði á flestum sviðum, með því að draga úr opinberum afskiptum af atvinnulífinu, ekki síst á fjármálamarkaði.

Ein afleiðing þessara breytinga og þessarar efnahagsstefnu er að erlend stórfyrirtæki hafa ákveðið að ráðast í miklar framkvæmdir hér á landi, m.a. á sviði stóriðju. Hér hafa einnig byggst upp mjög framsækin fyrirtæki, t.d. í ýmsum hátæknigreinum og víðar, sem jafnframt hafa haslað sér völl á erlendri grund. Þessi uppbygging kemur ekkert af sjálfu sér. Hún verður m.a. til vegna þess að stjórnvöld hafa borið gæfu til að skapa hér góð rekstrarskilyrði fyrir þessi fyrirtæki.

Það er hins vegar að sjálfsögðu ekki hægt að horfa fram hjá því að verðbólga hefur færst í aukana upp á síðkastið og sömuleiðis viðskiptahalli. Öllum ber samt saman um að þetta er tímabundið ástand sem má m.a. rekja til þeirra miklu framkvæmda sem hv. þingmaður nefndi, framkvæmda sem standa yfir og þeirra umskipta sem hafa orðið á íbúðalánamarkaðnum. Þannig má rekja um helming verðbólgunnar sem hér hefur verið síðustu tólf mánuði til hækkunar fasteignaverðs.

Það liggur sömuleiðis fyrir að helmingur viðskiptahallans stafar af innflutningi vegna stóriðjuframkvæmdanna. Það er ekkert óeðlilegt að verðbólga taki við sér samhliða auknum hagvexti og minnkandi atvinnuleysi, það er ekkert nýtt í hagfræðinni. Við verðum að hafa í huga að við erum að horfa á afar óvenjulegt tímabil í íslenskri hagsögu þar sem einhverjar mestu framkvæmdir sem við höfum nokkurn tíma ráðist í eiga sér stað en á sama tíma ríkir hér uppgangur á flestum öðrum sviðum efnahagslífsins. Við vitum að íslenska hagkerfið er lítið og þess vegna skapa svona aðstæður vissulega ákveðin vandamál í sambandi við hagstjórn.

Þrátt fyrir þetta hafa þeir aðilar sem hafa tjáð sig um efnahagsmál, innlendir sem erlendir, ekki talið hættu á að hér fari allt úr böndunum. Það hefur enginn verið að tala um það. Auðvitað mun reyna á þanþol hagkerfisins og einnig á verðbólguþolmörk Seðlabankans, það er alveg ljóst, en ég er sannfærður um að íslenskt efnahagslíf mun standast þessa þolraun og njóta síðan góðs af því þegar framleiðslan hefst og tekjurnar fara að skila sér. Það er það sem við erum að gera, við erum að auka tekjur okkar til framtíðar sem hv. þingmaður virðist hafa nokkrar áhyggjur af.

Það er síðan óhjákvæmilegur fylgifiskur þessara framkvæmda að gengi íslensku krónunnar hefur styrkst umtalsvert, það er rétt. Þetta hefur jákvæð áhrif á verðlagsþróun til skamms tíma þar sem innflutningsverð á að geta lækkað.

Hins vegar er alveg ljóst að þessi þróun gerir útflutnings- og samkeppnisgreinunum erfiðara fyrir í bili auk þess sem hún hefur neikvæð áhrif á viðskiptajöfnuðinn.

Ég vil ekkert gera lítið úr því að sterkt gengi getur haft neikvæð áhrif á afkomu ýmissa útflutningsgreina. Hins vegar þurfum við hér líka að horfa á heildarmyndina. Samkvæmt áætlunum fjármálaráðuneytisins, sem ekki hafa verið dregnar í efa, er staða sjávarútvegsins í heild talin mjög góð um þessar mundir. Ég hef ekki heyrt neinn draga þessar áætlanir í efa. Ein af ástæðum þess er sú að mikil hagræðing hefur átt sér stað á undanförnum árum, t.d. með sameiningu fyrirtækja. Þannig eru fyrirtækin orðin stærri og öflugri og betur í stakk búin til að mæta tímabundnum erfiðleikum almennt.

Eins hafa skipulagsbreytingarnar á fjármálamarkaði gert fyrirtækjunum kleift að verja sig betur en áður fyrir óvæntum gengissveiflum. Loks er rétt að geta þess að meiri sveigjanleiki er fyrir hendi hvað varðar markaðssetningu afurðanna eftir því sem hentugast þykir hverju sinni.

Allir vita hvers vegna gengi íslensku krónunnar er svona sterkt. Það er mikið innstreymi af erlendu fjármagni, m.a. vegna stóriðjuframkvæmdanna en ekki eingöngu vegna þeirra. Á móti þessum áhrifum eru hins vegar, eins og ég hef nefnt áður, þessar skipulagsbreytingar í hagkerfinu sem gerðar hafa verið á undanförnum 10 árum og hafa styrkt samkeppnisstöðu atvinnulífsins mjög mikið og gert fyrirtækjunum kleift að búa við hærra raungengi en áður. Aukin hagræðing og mikil framleiðniaukning í íslensku atvinnulífi á undanförnum árum sem er staðreynd hefur þarna svipuð áhrif.

Stjórnvöld hafa lagt sitt af mörkum í þessu sambandi til að halda aftur af þensluáhrifum með því að draga úr opinberum framkvæmdum um sinn. Seðlabankinn hefur líka hækkað vexti eins og vitað er til að halda aftur af verðbólgu og ég held að allir séu sammála um að þetta er tímabundið ástand, verðbólgan mun hjaðna, viðskiptahallinn mun minnka og auðvitað mun það hafa til lengri tíma litið áhrif á gengi krónunnar.

[14:16]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Sú staða sem núna er uppi í íslensku efnahagslífi á ekki að þurfa að koma neinum á óvart. Það var auðvitað alveg fyrir séð og talsvert mikið rætt fyrir síðustu kosningar að sú innspýting í hagkerfið sem yrði vegna framkvæmdanna við Kárahnjúkavirkjun og álver á Austurlandi mundi fela í sér talsvert mikinn hagstjórnarvanda og hagstjórnin yrði mjög vandasöm í kjölfar þeirrar innspýtingar. Til viðbótar við þá innspýtingu hefur komið innstreymi á erlendum gjaldeyri af öðrum ástæðum eins og hér kom fram og það nægir bara að nefna í því sambandi allar lántökur bankanna erlendis og sú innspýting sem hefur orðið í tengslum við húsnæðiskerfið. En við vissum sem sagt fyrir fram að hagstjórnin yrði vandasöm og í þeirri hagstjórn eru þrír aðilar sem skipta meginmáli. Það er í fyrsta lagi aðilar vinnumarkaðarins og forsætisráðherra nefndi þá ekki sérstaklega, sem skipta auðvitað verulegu máli varðandi hagstjórnina. Þar tel ég að menn hafi sýnt mjög mikla ábyrgð og verkalýðshreyfingin hafi sýnt mikla ábyrgð í kjarasamningum sínum og sýnist nú sumum að hún hafi verið um of ábyrg þar.

Annar aðili er Seðlabankinn sem fer með stjórn peningamála og hann hefur notað það fyrirtæki sem hann hefur sem eru stýrivextirnir og eru náttúrlega orðnir geysilega háir eða um 10%. Þriðji aðilinn er svo ríkisstjórnin. Ekki er hægt að segja að ríkisstjórnin hafi tekið fast á málum. Það er engin tiltrú á hagræðingarkröfu sem gerð hefur verið hér, skattalækkanir hafa verið, ráðist hefur verið í miklar framkvæmdir og ekki hefur verið bent á neinar nýjar sparnaðarleiðir fyrir almenning til að mæta þessu aukna innstreymi á fjármagni inn í hagkerfið. Ég tel því að ríkisstjórnin hafi að mörgu leyti brugðist skyldu sinni í þessu máli og hætta á sé því að ef menn grípa ekki til aðgerða getum við lent í mjög erfiðri dýfu þegar þessari uppsveiflu lýkur.

Ég tel að fyrirtækin séu farin að finna mjög fyrir þessu. Þau finna mjög fyrir háu raungengi og það kemur fyrst fyrir í sjávarútveginum, í fiskvinnslunni, og það er farið að koma fram líka í ýmsum iðngreinum, þeim sem eru kannski viðkvæmastar fyrir þessu eins og matvælaframleiðslan. Aðrar iðngreinar, t.d. ferðaþjónustan, eru farnar að bregðast við með því auðvitað að reyna að draga úr tilkostnaði sínum með því að hagræða, með því að segja upp fólki og jafnvel ráða ódýrt erlent vinnuafl í stað þeirra Íslendinga sem sagt er upp. Þetta geta þeir gert eða þá hitt að flytja framleiðsluna sína annað, til annarra landa þar sem vinnuaflið er ódýrara og það hafa þær líka gert.

Forsætisráðherra sagði að þetta væri tímabundinn vandi og að vissu leyti er hann tímabundinn. En hins vegar held ég að það sé alveg ljóst að þegar fram líða stundir munum við búa við hærra raungengi til frambúðar en við höfum þekkt á undanförnum áratugum og vissulega þarf atvinnulífið að aðlagast því með því að tæknivæðast og með því að endurmennta fólk og við þurfum að fjárfesta verulega í menntakerfinu. Hins vegar skiptir líka máli að menn skoði hvað við getum gert þegar til framtíðar er litið til að forðast þær sveiflur sem hafa verið í hagkerfinu og það eru ef til vill þær sem er erfiðast að búa við. Það er ekki erfiðast kannski að búa við hærra gengi en við höfum gert heldur sveiflurnar. Í því sambandi hljótum við að horfa á kostina sem fylgja upptöku evrunnar, við hljótum að þurfa að skoða það líka í samhengi við þær aðgerðir sem menn velta fyrir sér í hagstjórninni.

Ég vil í því sambandi benda á nýja skýrslu sem er komin út í Seðlabankanum sem heitir einmitt Úti í kuldanum og er um verslun og viðskipti á Íslandi utan Evrópusambandsins. Niðurstaðan úr þeirri skýrslu er sú að viðskipti okkar við lönd innan Myntbandalagsins gætu aukist um 60% ef við værum þar aðilar og að þjóðarframleiðsla gæti aukist um 4% við aðild að Myntbandalaginu. Þetta hljótum við að þurfa að taka til alvarlegrar skoðunar, ekki síður en aðrar og hefðbundnari aðgerðir sem tengjast efnahagsmálunum. Hins vegar er erfitt við það að búa að menn hafa verið mjög andsnúnir því að skoða þetta af einhverri alvöru og m.a. sagði fyrrverandi forsætisráðherra að hin nýja Evrópumynt hefði runnið alveg á rassinn þegar hún var tekin í notkun. Hún væri veikari mynt en kúbanski pesetinn og norðurkóreski daminn eins og hann orðaði það á þeim tíma. Og þegar menn hafa slíkt viðhorf er ekki við því að búast að

mál séu skoðuð af mikilli alvöru.

[14:21]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er alveg ljóst að verulegar sveiflur á gengi gjaldmiðla, mikil hækkun á gengi krónunnar, ég tala nú ekki um viðvarandi hátt gengi krónunnar veldur sjávarútveginum erfiðleikum. Spurningin er hins vegar sú hve miklum erfiðleikum þetta muni valda og spurningin er einnig sú hvernig greinin geti brugðist við þessum nýju aðstæðum og eins hverjar afleiðingar það muni hafa í för með sér.

Ljóst er að einhvers staðar eru þolmörk hjá greininni, hversu hátt gengi hún þolir áður en menn fara að hugsa til þess að binda skipin. Ekki ætla ég að gera því skóna að verið sé að hugsa um það þessa dagana. En af þeim sökum sem ég hef farið yfir hef ég skipað sérstaka nefnd, svonefnda hágengisnefnd undir forustu Friðriks Más Baldurssonar til að svara þessum spurningum og öðrum tengdum og vonast ég til að hún muni skila af sér í næsta mánuði.

Spár greiningardeildar bankanna og fjármálaráðuneytisins um þróun gengis og EBITA afkomu fyrirtækjanna benda hins vegar til jákvæðrar þróunar í þessum efnum á næstu mánuðum og missirum. Allt bendir til þess að afkoma skráðra sjávarútvegsfyrirtækja á síðasta og þessu ári hvað EBITA varðar verði mjög svipuð eða nánast sú sama og hún var á árinu 2003. En þó er full ástæða til, án þess þó að við efumst um skynsemi markmiða Seðlabankans, að velta því fyrir sér hvort ekki sé hægt að forðast miklar og snöggar breytingar sem gera aðlögun greinarinnar erfiðari. Ef breytingarnar gerast hægt er auðveldara fyrir fyrirtækin að aðlagast, bæði hvað varðar innra starf og eins að ná fram breytingum á verði í öðrum gjaldmiðlum.

En hver er ástæða hins háa gengis? Ástæða fyrir lágu gengi dollarans ræðst ekki af aðstæðum hér innan lands. Það eru allt aðrar aðstæður sem ráða því og aðstæður sem við höfum lítið um að segja. Hins vegar er staða evrunnar, pundsins og annarra gjaldmiðla reyndar sterkari en dollarans þó að þeir hafi lækkað gagnvart krónunni.

Vitnað var til fundarins á Hótel Nordica fyrir áramótin og fannst mér hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ekki vera alveg nákvæmur í frásögn sinni af fundinum þó ekki ætli ég að halda því fram að hann hafi sagt þar ósatt. Það kom hins vegar fram að hátt gengi krónunnar um þessar mundir væri ekki vegna stóriðjunnar heldur vegna annarra aðstæðna í efnahagslífinu. Hins vegar benti ýmislegt til þess að krónan gæti verið áfram há vegna þess að hversu miklu leyti stóriðjan gæti haft áhrif á innstreymi gjaldeyris og umsvif á þessu ári. Hins vegar benda spár greiningardeildanna og fjármálaráðuneytisins núna til þess að gengi krónunnar muni aftur lækka á þessu ári þannig að staðan eins og hún er í dag er vegna góðra aðstæðna og jákvæðra breytinga í efnahags- og viðskiptalífi okkar. Það að gengið haldist hátt fram eftir árinu væri þá vegna stóriðjunnar, en samt spá menn því að gengið muni lækka þegar líður á árið.

Hins vegar er ljóst að ekki er vandalaust að stýra efnahagslífinu þegar vel árar. Þess vegna var mjög athyglisvert að heyra hugmyndir hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, varaformanns Samfylkingarinnar, um hagræðingarkröfur, minnkun á framkvæmdum og sparnaðartillögur því það hefur ekki mikið heyrst af slíkum tillögum frá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar á hinu háa Alþingi, en þar sem hún er nú komin á þing og stendur í formannsslag innan Samfylkingarinnar er þess væntanlega að vænta að hún geri betur grein fyrir þeim tillögum.

Hún minntist einnig á upptöku evrunnar en staðan gagnvart evrunni, ef við værum með hana, væri sú að við værum í sömu stöðunni gagnvart dollarnum því dollarinn hefur líka lækkað gagnvart evrunni. Sama getur komið upp þá gagnvart öðrum gjaldmiðlum sem eru sjálfstæðir gagnvart evrunni að þeir geta breyst gagnvart henni alveg á sama hátt þannig að jafnvel þótt við værum með evruna hefðum við ekki sloppið við ýmsa þá erfiðleika sem gengisbreytingarnar hafa haft í för með sér að undanförnu.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, er ekki vandalaust að stýra hagkerfinu um þessar mundir en það er nauðsynlegt að taka tillit til útflutningsgreinanna, þó þannig að við missum ekki niður stöðugleikann því að ef við missum niður stöðugleikann getur raungengið hækkað af öðrum orsökum.

[14:27]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegur forseti. Frá því að Sjálfstæðisflokkurinn yfirgaf forsætisráðuneytið hefur efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar farið halloka. Þrátt fyrir harða gagnrýni frá samstarfsflokknum í ríkisstjórninni, m.a. frá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni hefur hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, ekki með nokkrum hætti brugðist við alvarlegri gengisþróun íslensku krónunnar. Með samþykki forsætisráðuneytisins stýrir Seðlabanki Íslands ferðinni með handaflsaðgerðum sem miklu frekar á erindi við óábyrga spákaupmennsku en ábyrga efnahagsstjórn. Það er deginum ljósara að breyta verður almennum viðmiðunum sem Seðlabanki Íslands styðst við.

Til staðfestingar á þessum orðum mínum er rétt að benda á að þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi styrkst með handaflsaðgerðum Seðlabankans hefur gengisstyrkingin ekki lækkað verð á innfluttum vörum og þjónustu svo neinu nemi. Víða erlendis spilar fasteignavísitalan ekkert hlutverk í viðmiðunum og ákvörðunum af þessu tagi. Verðbólgan ræðst fyrst og fremst af tveimur þáttum eða innstreymi og útstreymi fjármagns. Með miklu innstreymi fjármagns til stórframkvæmda á Austurlandi var ljóst að ríkisstjórnin þurfti að sýna varkárni og yfirvegun í kjölfarið en því miður og þvert á móti ákvað ríkisstjórnin að einhenda sér í harðan slag við viðskiptabankana á fasteignamarkaði. Með þessum hætti þurfti stærri flokkurinn í ríkisstjórnarsamstarfinu að beygja sig undir hinn minni vegna kosningaloforðs frá síðustu alþingiskosningum.

Núverandi gengisstaða íslensku krónunnar er fölsk og stenst því ekki til lengdar. Þetta viðurkenna fyrirtæki og stofnanir á fjármálasviði. Það mun síðar koma glögglega í ljós að núverandi efnahagsstjórn er afar slök um þessar mundir. Afskiptaleysi ríkisstjórnarinnar gengur ekki upp til lengdar en við núverandi aðstæður fjarar undan útflutnings- og samkeppnisgreinum enda berast nánast daglega fréttir af miklum samdrætti eða jafnvel lokunum fyrirtækja. Ætlar

ríkisvaldið og Seðlabankinn að loka augunum fyrir þeirri þróun? Er engin efnahagsstjórn lengur í landinu? Kemur ríkisstjórninni þetta ekki við?

Virðulegur forseti. Gengi krónunnar hefur styrkst um 8% á síðustu mánuðum. Nafnvaxtamunur við útlönd er um 6% og mun að öllum líkindum viðhalda styrkleika krónunnar fram eftir ári. Engu að síður aðhefst ríkisstjórnin ekki nokkurn skapaðan hlut. Þegar skynsamt fólk söðlar um og byggir sér hús gerir það sér grein fyrir mikilvægi þess að auka tekjur sínar svo standa megi straum af framkvæmdunum. Það ákveður að vinna meira og varast eyðslu svo tryggt verði að endar nái saman. Þetta er einföld hagfræði sem virkar, virðulegi forseti. Það er eins og ríkisstjórnin skilji ekki þessa einföldu hagfræði en auðvitað átti hún að spýta í lófana eftir að samþykkt Kárahnjúkavirkjunar lá fyrir og tryggja með ákveðnum leiðum auknar tekjur samhliða minni neyslu. Útflutningsgreinarnar í landinu eru samanlagt að tapa milljörðum á hverjum mánuði vegna afskiptaleysis ríkisstjórnarinnar.

Hundruð starfsmanna hafa misst starf sitt vegna ríkisstjórnarinnar á undanförnum missirum og nægir þar að benda á uppsagnir á Stöðvarfirði, Hofsósi, Þorlákshöfn og víðar. Ef ríkisstjórnin grípur ekki strax í taumana er víst að störfum hundruða ef ekki þúsunda manna til viðbótar verður fórnað í aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar.

50–60 opinberar nefndir og á annan tug stofnana heyra undir landbúnaðinn í landinu í dag. Sjávarútveginum er miðstýrt af hálfu ríkisstjórnarflokkanna. Eins og aðrar útflutningsgreinar á ferðaþjónustan undir högg að sækja. Ríkisstjórnin stendur alvarlega geld gagnvart nýsköpun og þróun hátækniiðnaðar í landinu. Það á ekki að koma neinum á óvart þegar hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson stígur fram á sviðið og þakkar sjálfum sér þá útrás sem vissulega er raunin hjá íslenskum félögum. Honum er það ekki að þakka heldur forvera hans, Davíð Oddssyni.

En hvað um vöxt atvinnulífsins hér heima? Hann má auka gífurlega með breyttum viðhorfum ríkisvaldsins til nýsköpunar. Auka verður aðstoð og þekkingu í hátækniiðnaði. Með réttum áherslum má auka tekjur Íslendinga í sjávarútvegi. Tækifærin og möguleikarnir liggja til allra átta en því miður er ríkisstjórn Íslands dofin fyrir þeim möguleikum og situr föst í stjórnsýslu sem höfðar frekar til atvinnulífs íslensku þjóðarinnar um miðja síðustu öld. Með réttum áherslum getur ríkisstjórnin farið að virkja mannauðinn í stað fallvatna.

Virðulegur forseti. Ég vil koma inn á ræðu hæstv. forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar hér áðan. Hann talar um að staða efnahagsmála sé mjög traust. Forsvarsmenn útflutningsgreina eru honum ekki sammála. Hann talar um að allt sé á góðu róli í íslensku efnahagslífi. Forsvarsmenn útflutningsgreina eru honum ekki sammála. Hann talar um stórfellda lækkun skatta á einstaklinga í landinu. Skattbyrði einstaklinga í landinu eru í sögulegu hámarki þegar allt er tekið saman. Hann talar um að erlend stórfyrirtæki sjái sér hag í að koma upp rekstri sínum hér á landi. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Hvað um íslensk fyrirtæki?

Hann talar um að helming verðbólgunnar megi rekja til bólgu á fasteignamarkaði. Hvernig stendur þá á því, virðulegi forseti, að ríkisvaldið einhenti sér í harða samkeppni á fasteignamarkaði? Hann talar um í lokin að aðstæður séu erfiðar vegna þess að hagkerfi okkar sé lítið.

Virðulegi forseti. Máttlaus eru rökin hjá hæstv. forsætisráðherra Halldóri Ásgrímssyni. (Forseti hringir.) Þau endurspegla aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar og slaka efnahagsstjórn.

[14:33]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Allt of hátt gengi krónunnar er bein afleiðing af stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar og stefnu hennar í skattamálum. Ruðningsáhrifin sem Vinstri grænir vöruðu ítrekað við eru að koma fram upp á hvern dag. Aðrar atvinnugreinar eins og sjávarútvegur og ferðaþjónusta eiga í miklum vandræðum vegna þessa. Fólki er sagt upp í stórum stíl. Hæstv. sjávarútvegsráðherra lét lítið yfir því áðan. Hvað ætlar hann að segja við fólkið sem verið er að segja upp á Stöðvarfirði eða á Hofsósi? Hann setur það kannski í nefnd?

Seðlabankinn hefur það eina verkefni að halda verðbólgunni niðri. Til þess hefur hann eitt verkfæri, hækkun stýrivaxta sem keyrir gengisvísitöluna niður og gengi íslensku krónunnar upp. En þessir háu vextir koma einmitt harðast niður á sömu fyrirtækjum og hátt gengi. Ofan á ruðningsáhrif stóriðjustefnunnar bætist nú gríðarleg hækkun á fasteignaverði, einkum á höfuðborgarsvæðinu, sem hleypir upp neysluverðsvísitölunni. Ef við lítum á þróunina frá 1997 hefur vísitalan hækkað um 34%, en við skulum líta á ýmsa þætti hennar. Til dæmis hefur innlend matvara aðeins hækkað um 24%. Opinber þjónusta hefur hins vegar hækkað um rúm 42% og er skemmst að minnast rafmagnshækkananna sem fylgja nú í kjölfar markaðsvæðingar rafmagnsins. Vísitala húsnæðiskostnaðar hefur nær tvöfaldast á þessu sama tímabili. Hækkunin er næstum 92%. Það er sú hækkun sem nú keyrir m.a. vísitöluna upp, keyrir gengið upp með fyrrgreindum afleiðingum, og Seðlabankinn eltir með vaxtahækkunum á skammtímalánum.

Hæstv. forsætisráðherra minntist á hagvöxtinn. Stór hluti þessa hagvaxtar er því miður tengdur fasteignaviðskiptunum, húsbyggingum og verslun með fasteignir, en ekki því að atvinnuvegirnir séu að skila svo auknum arði.

Herra forseti. Það er auðvitað óþolandi að útflutningsgreinarnar þurfi að líða fyrir hækkun á fasteignaverði í viðskiptum. Því væri miklu nær að horfa til kostnaðarins við að búa í húsnæðinu, t.d. að nota leiguverð sem mælikvarða til að endurspegla slíka vísitölu.

Á árinu 2004 hækkaði fasteignaverðið um 23% að meðaltali en hækkunin á einbýlishúsum var hvorki meira né minna en 35% og ekki er séð fyrir endann á þeim hækkunum.

Það hefur löngum sýnt sig að vitinu verður ekki komið fyrir þessa ríkisstjórn en þegar fasteignamarkaðurinn í reynd er farinn að stýra verðbólgu ofan á ruðningsáhrif stóriðjuframkvæmdanna væri þá ekki rétt að taka fasteignaverðið hreinlega út úr neysluverðsvísitölunni og miða við húsaleigu, t.d. eins og gert er í nágrannalöndum okkar? Þannig mætti draga töluvert úr þeim þrengingum sem útflutningsatvinnuvegirnir hafa verið látnir taka á sig fyrir stóriðjuævintýrið. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Hið almenna atvinnulíf í landinu krefst aðgerða.

[14:37]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Það sem sumir kalla ofurgengi íslensku krónunnar veldur útflutningsgreinum okkar vanda um þessar mundir. Það er ljóst. En fjármálaspekingar keppast nú við að lýsa því yfir að þessi staða muni ekki standast til lengdar og menn keppast við að spá því að gengi krónunnar muni lækka og leiðréttast en spurning er hvenær það muni gerast svo einhverju nemi. Það má því draga þá ályktun að gengisstaða krónunnar nú sé óeðlileg og fyrir því séu ekki rökréttar forsendur.

Á sama tíma má spyrja hvort einstakar útflutningsgreinar, svo sem í sjávarútvegi, muni standa af sér þessa stöðu þar til úr rætist. Hafa ber í huga að vegna jákvæðrar þróunar í rekstrarumhverfi atvinnufyrirtækjanna undanfarin ár í stjórnartíð núverandi stjórnarflokka er ljóst að þau eru almennt betur í stakk búin til að takast á við þessar aðstæður en áður var. Hins vegar er ljóst að þetta getur ekki staðist mjög lengi. En fyrir þessari stöðu eru auðvitað ýmsar ástæður. Ein er sú sem má rekja til þróunar í verðlagsmálum og þess að Seðlabankinn hefur beitt sínum aðferðum til þess að verðbólgumarkmið hans haldi. Allt er þetta umdeilanlegt. En það er athyglisvert að einn helsti hvati til hækkunar á vísitölu neysluverðs að undanförnu er verðbólgan á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu en þensluáhrif á stórframkvæmdum á Austurlandi virðast ekki eins mikil og gert var ráð fyrir.

Það kemur fram í upplýsingum frá Hagstofunni að vísitala neysluverðs hafi hækkað um 0,21% frá fyrra mánuði en vísitala neysluverðs án húsnæðis hafi lækkað um 0,26% frá því í janúar. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 4,5% en vísitala neysluverðs án húsnæðis um 2,3%. Það má því færa rök fyrir því að verðbólgan á fasteignamarkaðnum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, sé einn orsakavaldur erfiðrar stöðu útflutningsgreina sem eru helstu undirstöður byggða og atvinnulífs víða um landið.

Herra forseti. Það liggur fyrir að Seðlabankinn gerir ráð fyrir að verðbólga muni hjaðna hratt á næstu mánuðum og það sama kemur fram í gengisspá fjármálaráðuneytisins. Það er eins gott að það gangi eftir og gengisvísitala krónunnar leiðréttist samtímis. Að öðrum kosti er hætt við að erfið staða útflutningsgreinanna valdi erfiðleikum víða um landið sem erfitt verður að bregðast við. Landsbyggðin þarf ekki á slíku að halda.

Herra forseti. Ég hef mikla trú á því að þetta tímabundna ástand gangi fljótt yfir og hér verði áfram efnahagslegur stöðugleiki til lengri tíma og að atvinnulífið haldi áfram að eflast og styrkjast þjóðinni til heilla.

[14:40]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Það er ekki auðvelt að reka fyrirtæki í útflutnings- og samkeppnisgreinum á Íslandi í dag. Nú blasir við það ástand sem flestir töldu sig vita að kæmi fyrr en seinna og lengi hefur verið vitað um, hvaða áhrif efnahagslífið yrði fyrir af þeim miklu framkvæmdum sem eru uppi á hálendi Íslands og hvaða áhrif það hefði á útflutnings- og samkeppnisgreinar hér á landi. Ekki er því um að ræða neina skyndilega eða ófyrirséða hættu sem steðjar að þessum greinum og mér finnst satt að segja ekki hægt fyrir ráðamenn að yppa öxlum og segja bara eins og mér fannst hæstv. forsætisráðherra segja í svari sínu: Þetta reddast.

Fyrirtækin hafa verið að búa sig undir þetta ástand og byggja upp varnir á móti þeim ruðningsáhrifum sem þenslan veldur og ég verð að segja að það er í raun aðdáunarvert og oft og tíðum illskiljanlegt hvernig íslenskum fyrirtækjum, sem hafa orðið fyrir hinu síhækkandi gengi íslensku krónunnar, hefur tekist að halda sjó í rekstri sínum og tekist að draga úr tilkostnaði þrátt fyrir talsverðar innlendar kostnaðarhækkanir, sumar hverjar meira að segja af völdum ríkisins.

Ef við lítum á útflutninginn á árinu 2004 þá varð hann u.þ.b. 200 milljarðar kr. Aftur á móti ef við tökum þennan útflutning og reiknum hann upp á meðalgenginu eins og það var á árinu 2001 miðað við vöruviðskiptavogina, þá hefði þessi útflutningur numið u.þ.b. 20 milljörðum kr. hærri tölu aðeins vegna gengisáhrifa. Hér er ég eingöngu að tala um að gengið hafi breyst þannig að krónan hafi styrkst um tæp 12% sem meðalgengi. Ég er ekki að tala um þá stöðu sem fyrirtæki sem selja í Bandaríkjadollurum horfa framan í þessa dagana.

Hæstv. forsætisráðherra sagði að staða efnahagsmála á Íslandi væri mjög traust. Ég er ekki viss um að fólkið sem fékk fyrir nokkrum dögum uppsagnarbréf sín í fiskvinnslufyrirtækjunum sé sammála því að staða efnahagsmála á Íslandi sé ákaflega traust. Það verður að spyrja hæstv. ráðherra: Er allt í lagi að hefðbundin fyrirtæki á landsbyggðinni leggi upp laupana vegna þess þrýstings sem er í hagkerfinu og vegna hins háa gengis? Er það bara allt í lagi og er ekkert við því að gera?

Hæstv. ráðherra sagði að íslenska hagkerfið væri lítið og það skapaði vandræði við hagstjórn. Hann sagði einnig að íslensk fyrirtæki hefðu hagrætt hjá sér og mætt þessu með því að sameinast og búa til stærri og hagkvæmari heildir. Því er full ástæða til að spyrja varðandi íslenska ríkið: Er ekki kominn tími til að velta því fyrir sér hvort við ættum að tengjast stærri efnahagsheildum? Og varðandi hina íslensku krónu, hinn litla auma gjaldeyri, væri ekki rétt að sameina þann gjaldmiðil einhverjum stærri og sterkari eins og talað hefur verið um að fyrirtæki á Íslandi þurfi að gera? Ég held að það sé kominn tími til að hin íslenska króna fari í sömu spor.

[14:43]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það er athyglisvert að fara yfir þær umræður sem áttu sér stað árið 2001 þegar hin nýja skipan um Seðlabankann tók gildi. Ef við förum yfir umræðurnar kemur fram mikill samhljómur og samstaða meðal stjórnarmanna og stjórnarandstæðinga um það sem við skyldum keppa að. Þá gerðum við hina miklu breytingu að gera Seðlabankann sjálfstæðan og setja á oddinn verðbólgumarkmið eða verðstöðvunarmarkmið og um það voru allir sammála. En í umræðunum voru menn líka sammála um að það orkaði tvímælis. Það væru mörg önnur sjónarmið í

efnahagsstjórninni sem líka þyrfti að huga að og hugsa til, viðskipti við útlönd, nýting framleiðsluþáttanna o.s.frv. (**Gripið fram í:** Og atvinnustýring.) Og atvinnustýring. Hins vegar tel ég ljóst í dag, þegar ég fer yfir þessar umræður, að það sé útilokað að þeir sem tóku þátt í þeim, þ.e. stjórn og stjórnarandstaða, hafi getað séð fyrir þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir í dag. Því hefur verið lýst í umræðunni núna, herra forseti, farið hefur verið í gegnum það í ræðu og riti á undanförnum vikum. Það vita allir hvað er að gerast. Við vitum öll að hingað hefur flætt gríðarlega mikið erlent fjármagn sem er hér í spákaupmennsku. Það hefur valdið miklu meiri hækkun krónunnar en við áttum von á.

Það sem Seðlabankinn stóð fyrir í desember, þ.e. 100 punkta hækkunin á stýrivöxtunum, hefur haft veruleg áhrif eins og til stóð. Það er ljóst, herra forseti, að það gengi fær ekki staðist með nokkru móti. Íslensk framleiðsla og íslenskt atvinnulíf stendur ekki undir því. Ef við lítum á niðurstöður greiningardeilda allra þriggja stóru viðskiptabankanna, þá eru þeir sammála um að þetta fær ekki staðist. Þeir deila bara um hvenær gengið muni falla, ekki hvort. Og þá er spurningin: Hverjum er verið að skemmta með því að reisa það í þá stöðu sem það fær ekki staðist? Það er bara verið að skemmta skrattanum. Það er gegn hagsmunum bæði fólks og fyrirtækja. Það er því ljóst, herra forseti, að við verðum að horfast í augu við þetta, við verðum að hverfa frá þeim viðmiðunum í verðlagsmálum sem við höfum staðið frammi fyrir. Við berum pólitíska ábyrgð, ríkisstjórnin, á Seðlabankanum. Við verðum að hverfa frá því með einum eða öðrum hætti þó að það kunni að vera slæmt, a.m.k. í bili.

Það hefur verið nefnt að við gætum tekið húsnæðisþáttinn út úr vísitölunni eins og flestar aðrar Evrópuþjóðir gera. Það er ein leiðin. Við getum líka breytt viðmiðuninni og hækkað það. Við getum ekki farið í gegnum þennan skatt öðruvísi en að rýma fyrir framleiðslunni vegna þess að gengi íslensku krónunnar, staða hennar, mun alltaf ráðast af framleiðslumætti Íslands og engu öðru.

[14:49]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir umræðuna. Það er full þörf á að fara rækilega yfir efnahagsmálin vegna þess að blikur eru á lofti og vissulega réttmætt að hafa miklar áhyggjur af útflutningsgreinunum og háu gengi íslensku krónunnar. Það hefur hæstv. sjávarútvegsráðherra viðurkennt í umræðunni. En á máli hæstv. forsætisráðherra var að heyra að allt léki í lyndi og ekki þyrfti að hafa áhyggjur af einu né neinu.

Fyrr í dag hélt hæstv. forsætisráðherra því fram að fólk vildi ekki tala um Íraksmálið heldur eitthvað allt annað. Hvað vill fólkið tala um? Nú var hæstv. ráðherra að koma af landsbyggðinni, vildi fólkið þar ekki tala um atvinnumálin? Þrengir ekki einmitt hátt gengi að atvinnumálum á landsbyggðinni? Ég hefði haldið að fólkið vildi tala um það og vildi jafnvel ræða við Framsóknarflokkinn um fleiri aðgerðir flokksins, svo sem eins og hátt rafmagnsverð og eitt og annað.

Að vísu kemur hæstv. forsætisráðherra og ræðir um einhverja hagræðingu í sjávarútveginum. Hvar er sú hagræðing? Ekki er hún í vösum sjómanna. Nei, því miður, því hæstv. forsætisráðherra er guðfaðir kvótakerfisins og hefur gert marga sjómenn landsins að hálfgerðum leiguliðum og því miður ekki að sjá að hin mikla hagræðing hafi aukið áhuga fjárfesta á fyrirtækjunum, því þau eru mörg hver mjög skuldsett og sjávarútvegurinn stendur illa.

Sjálfstæðismenn eru ráðvilltir í umræðunni um efnahagsmál undir leiðsögn Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.) Þeir kenna Seðlabankanum um að hækka stýrivexti en líta ekki í eigin barm, líta ekki á að það er ekkert tekið á fjárhagi ríkisins. Hann þenst út. Þeir koma og lækka skatta, sem er þensluhvetjandi, og inn streymir fjármagn í íbúðakaup. Þeir taka ekkert á þessu heldur fara bara og kenna öðrum um eins og litlir krakkar, kenna Seðlabankanum um.

Menn eru alltaf að ræða um Stöðvarfjörð og Hofsós. Auðvitað hefur hátt gengi íslensku krónunnar áhrif á atvinnuvegi og atvinnufyrirtæki þorpanna. En því miður hefur kvótakerfi hæstv. forsætisráðherra mun meiri áhrif (Forseti hringir.) enda er vinnslan á Stöðvarfirði að flytjast á Dalvík og ég trúi því að þar sé sama gengi íslensku krónunnar og fyrir austan.

[14:50]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta er greinilega mjög viðkvæm umræða. Hún er viðkvæm fyrir stjórnarflokkana og sérstaklega Framsókn, Kárahnjúkaflokkinn, og hún er einnig viðkvæm fyrir alla stjórnmálaflokka sem studdu Kárahnjúkavirkjun og stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar.

Það er mikil einföldun hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, talsmanni Samfylkingarinnar, og öðrum talsmönnum Samfylkingarinnar við umræðuna að lausnin á vandanum sé að ganga í Evrópusambandið, taka upp evrópska mynt og þá sé bara allur vandi þurrkaður út. Nei, þetta mál er miklu djúpstæðra en svo að lausnin liggi í því.

Hæstv. forsætisráðherra segir: Skoðum málin heildrænt. Hér er hagvöxtur, hér er atvinnuleysi heldur minna en gerist annars staðar, við erum að fjárfesta til frambúðar og við höfum verið að búa í haginn fyrir framtíðina með því að leysa úr læðingi — orðalagið er svipað og hjá nýkapítalistunum — ríkisfyrirtækin. Þannig er það orðað. Vísað er til bankanna, sömu banka og reyndu að drepa Íbúðalánasjóð. Þegar það tókst ekki með því að kæra Íbúðalánasjóð, samfélagsþjónustuna, til ESA-dómstólsins þá fyrst lækkuðu þeir vextina.

Þetta eru sömu bankarnir og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson benti réttilega á að eru að pumpa milljörðum inn í efnahagslífið og eru þess valdandi að á árinu 2010 verður uppsafnaður viðskiptahalli frá síðasta ári 500 milljarðar. Skuldir Íslendinga sem búa við verga landsframleiðslu, sem nemur rúmum 800 millj., skuldir þjóðarinnar eru núna 2.300 milljarðar kr. Ég tek hæstv. forsætisráðherra á orðinu: Skoðum málin heildstætt. Erum við að byggja á bjargi eða sandi?

Varðandi fjárfestingarnar skulum við ekki gleyma því, og því skulu þeir ekki gleyma sem eru að fagna auknum umsvifum á Austurlandi, að hver einasta króna sem varið er þar til framkvæmda er tekin að láni. Það eru mikil áhöld um

það hvort fjárfestingin muni ekki skila bókhaldslegu tapi. Fjárfestingin sem hæstv. forætisráðherra er að stæra sig af kann því að vera tap fyrir þjóðina þegar til lengri tíma er litið.

Ég vil gera það að lokaorðum mínum að vísa í þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur fylgt og hótað að fylgja til frambúðar. Hún segir: Meiri stóriðju, virkjum meira. Hæstv. iðnaðarráðherra ferðast um landið með hóp stóriðjufursta erlendis frá og býður þeim fallvötnin. (Forseti hringir.) Það er boðað áframhald á þessari stefnu (Forseti hringir.) og á að vera okkur öllum áhyggjuefni.

[14:53]

Dagný Jónsdóttir:

Herra forseti. Við ræðum hér mál sem setur svo sannarlega mark sitt á útflutningsgreinar. Við finnum það á ferðum okkar um landið að fyrirtækin bera sig nokkuð illa yfir genginu. Til að mynda í sjávarútveginum kemur styrking gengis sér afar illa. Nánast allar tekjur fyrirtækjanna eru í erlendri mynt og heggur hækkunin beint í tekjur en hefur minni áhrif á rekstrargjöldin.

Í sumum greinum er möguleiki að bregðast við með lækkun á innkeyptu hráefni. Það er þó mismunandi og til að mynda gerist það mjög hægt í bolfiskinum en gerist hraðar í uppsjávarfiski. Það leikur enginn vafi á því að að það sem kemur sjávarútveginum til bjargar er nokkuð traust staða hans fyrir og það fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við hefur hjálpað mikið til. Í því felast möguleikar til hagræðingar og markvissrar skipulagningar sem fyrirtækin eru einmitt að fara í. Við verðum þó að horfa upp á það að sum neyðast þó til þess að ganga lengra og loka óhagkvæmum einingum sem því miður virðist vera óhjákvæmilegt. Við sjáum þetta á nokkrum stöðum á landsbyggðinni og er staðan þar alvarleg og við reynum ekkert að draga úr því. Ég bind þó vonir við störf hágengisnefndarinnar sem hæstv. sjávarútvegsráðherra greindi frá áðan.

Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að horfa með bjartsýni fram á veginn. Aðstæður eru í ójafnvægi núna en samkvæmt spám mun jafnvægi komast á fljótlega.

Það segja margir að ríkið verði að grípa til aðgerða. Hvaða aðgerðir eru það? Jú, ríkið getur dregið úr framkvæmdum sem það er að gera en einnig getur það dregið úr útgjöldum. Hverjir eru helstu útgjaldaþættirnir? Það eru helst framlög til velferðar- og menntamála og þar telur launakostnaðurinn mest. Ég efast stórlega um að á hv. Alþingi geti myndast þverpólitísk samstaða um að draga úr framlögum til velferðar- og menntamála. Með því mundum við skerða stórlega þjónustu og það hefur ekki verið stefna núverandi ríkisstjórnar. Það hefur reyndar komið fram hjá sumum hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar að þeir vilja greinilega niðurskurð og verður fróðlegt að sjá tillögur stjórnarandstöðunnar um hvaða þjónustu eigi að skerða.

Virðulegi forseti. Við verðum einnig að horfa til þess að vegna þess hve markaðurinn er opinn hefur ríkið þetta ekki algjörlega í hendi sér. Vaxtastjórnunartæki Seðlabankans er ekki eins öflugt og áður. Vaxtamunurinn gefur erlendum aðilum tækifæri til að fjárfesta í innlendum skuldabréfum og húsbréfum á góðum vöxtum og ljóst að mikið innflæði vegna þessa styrkir krónuna til muna.

Við skulum hafa hugfast að í allri umræðunni sannast það enn og aftur að mikilvægt er að atvinnugreinum fjölgi. Með því sköpum við grunn að auknum stöðugleika. Við horfum fram á veginn en með hinum miklu framkvæmdum er verið að auka tekjurnar til framtíðar.

[14:56]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Um það er ekki deilt að gengi krónunnar er hátt um þessar mundir. Spámenn bankanna eru sammála um það, þó þeim beri ekki saman um hvenær það muni lækka. Hins vegar er ekki alveg eins skýrt og áður hvaða vanda þetta háa gengi færir útgerðinni. Sumir af forustumönnum í útgerð hafa látið taka við sig viðtöl að undanförnu þar sem fram hefur komið að það hafi verið býsna góður hagnaður hjá þeim á síðasta ári og að lítill munur sé á þeim hag sem útgerðin hafi haft af hækkun afurðaverðs á erlendum mörkuðum og þeirri breytingu á gengi krónunnar sem hefur verið. Þar munar ekki nema rúmu prósenti í heildina séð samkvæmt upplýsingum Seðlabankans. Skuldir útgerðarinnar eru nefnilega orðnar í kringum 70% í erlendum gjaldmiðli þannig að það er farið að vega býsna þungt þegar kemur að hlutum eins og þessum.

Við hljótum að standa fyrst og fremst frammi fyrir einni spurningu og hún er sú hvort tilraunin með örsmáa hagkerfið okkar sem er í gangi, að opna fyrir allar gáttir fjármagns milli íslenska hagkerfisins og stóru hagkerfanna í kringum okkur, hvort sú tilraun takist. Er hægt að stjórna gengi krónunnar í þessum aðstæðum? Það mun fleira koma til en Kárahnjúkavirkjun í framtíðinni ef menn ætla að stjórna gengi krónunnar sem menn kalla ofurkrónu núna. En hvað skyldi hún verða kölluð eftir níu til tólf mánuði þegar hún verður fallin? Það er nefnilega þannig sem það hefur gengið í gegnum tíðina að stjórna þessari blessaðri krónu. Það verður ekki farið til baka, menn munu ekki stíga skrefin til baka hvað varðar opnun hagkerfisins sem hefur þegar farið fram. Það held ég að allir horfist í augu við.

Nú þurfa menn að svara því hvort þeir vilja lifa við sveiflur þessarar litlu krónu í framtíðinni eða hvort þeir vilja horfast í augu við það sem annars þarf að gera, að taka upp einhverja aðra mynt sem er stöðugri og kemur atvinnuvegunum til góða sem stöðugleiki til framtíðar. Ég er sannfærður um að það verður aldrei hægt að stjórna gengi íslensku krónunnar eins og til hagar eftir opnun hagkerfisins öðruvísi en með sveiflum. Það þarf ekki annað en eitt stórt fyrirtæki til að sparka gengi krónunnar annaðhvort upp eða niður.

[15:00]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég tek undir með hæstv. forsætisráðherra varðandi það að staða íslensks atvinnulífs er óvenjugóð um þessar mundir. En vissulega fylgja vaxtaverkir mjög háu gengi krónunnar og erfiðleikum útflutningsgreina eins og ítrekað hefur komið fram í ræðum manna. En það er ekki vegna stóriðjunnar fyrir austan. Hún hefur haft minni áhrif en menn áttu von á vegna þess að þar hefur verið flutt inn fjármagn til að borga tæki sem flutt eru inn og flutt inn fólk til að vinna vinnuna.

Nei, áhrifin eru þau að íslensku bankarnir styrkjast. Íslensku bankarnir eru komnir með mjög gott lánshæfismat í útlöndum, svo gott að það er að verða svipað lánshæfi íslenska ríkisins. Það olli því að íslensku bankarnir gátu farið að veita stærstu lánastofnun landsins, Íbúðalánasjóði, samkeppni um mitt sumar. Þeir lækkuðu vexti á lánum til íbúðareigenda og veittu þar með Íbúðalánasjóði mikla samkeppni. Það er ein mesta hagsæld sem íslenskir launþegar hafa fengið, mun meiri en verkalýðshreyfingin hefur skaffað þeim vegna þess að Íslendingar skulda yfirleitt töluvert meira en þeir eiga, ef við tökum lífeyrissjóðina frá.

Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 1% 2. desember. Hann gekk út frá neysluvísitölu Hagstofunnar. Þar í er húsnæðiskostnaður sem hefur vaxið, vegna hinnar miklu hagkvæmni sem íslenskir húsnæðiseigendur hafa orðið fyrir. Það er mjög athyglisvert. Án húsnæðiskostnaðar er vísitalan 2,3% og er bara ósköp hugguleg.

Ég hef miklar efasemdir um hækkun Seðlabankans. Ég tel að *íbúðareigendur hafi flestir grætt á vaxtalækkuninni* og margir þeirra töluvert, þeir sem skuldbreyttu. Aðrir hafa grætt á hækkun húsnæðisverðs. Eign þeirra hefur hækkað en skuldirnar ekki. Ég geri miklar athugasemdir við að Seðlabankinn skuli nota húsnæðisverð, sem í mörgum öðrum löndum er ekki notað. Menn treysta sér ekki til að mæla þann kostnað þar sem bæði er um að ræða fjárfestingu og kostnað samtímis. Ég geri miklar athugasemdir við það hvernig Seðlabankinn hefur hækkað gengið umfram það sem þörf er á vegna þess að vísitala án húsnæðiskostnaðar er sáralítil, jafnvel verðhjöðnun síðustu þrjá mánuði.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og þau svör sem hér hafa verið veitt sem eru um margt athyglisverð. Í raun held ég að hæstv. forsætisráðherra hafi svarað síðustu spurningu minni neitandi, þ.e. um hvort ríkisstjórnin eða hann sem yfirmaður efnahagsmála í ríkisstjórn væri yfir höfuð með einhverja meðvitund í þessum efnum. Á hæstv. forsætisráðherra var ekki að heyra að þar á bæ væru neinar sérstakar áhyggjur af þessu ástandi eða að ástæða væri til að gera nokkurn skapaðan hlut.

Það kvað hins vegar við annan tón þegar hæstv. sjávarútvegsráðherra skýrði frá að hann hefði skipað nefnd vegna hins mikla vanda sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir, svonefnda hágengisnefnd, svo maður tali nú ekki um að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og fleiri stjórnarliðar hafa greinilega allmiklar áhyggjur af ástandinu og eru meðvitaðir um þær þrengingar sem útflutnings- og samkeppnisgreinar ganga nú í gegnum. Þeir finna fyrir því hvernig það brennur á fólki sem m.a. er að missa atvinnuna um þessar mundir. Þannig má greinilega merkja undirliggjandi ágreining í ríkisstjórninni um stöðu efnahagsmála og mat á aðstæðum. Annars vegar er hæstv. forsætisráðherra sem ekki sér ástæðu til að gera neitt, segir að þetta muni að vísu reyna á þanþol hagkerfisins og verðbólgumarkmið Seðlabankans en að menn muni hafa sig í gegnum það og það verði bara að hafa það. Á hinn bóginn eru aðrir, þar á meðal hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem beinlínis lagði til að farið yrði í að breyta forritinu hjá Seðlabankanum og farið inn á braut annars konar efnahagsstjórnunar.

Ég verð að segja að mér finnst hæstv. forsætisráðherra skauta ótrúlega léttilega yfir þær alvarlegu aðstæður sem uppi eru og blasa við, sem allir aðrir en forsætisráðuneytið eru upptekin af að fjalla um þessa dagana. Síðasti bankinn sem birt hefur efni frá greiningardeild sinni er Íslandsbanki. Hvað segir hann í áliti sínu núna 3. febrúar? Krónan er ofmetin, segir þar. Núverandi gengi krónunnar er langt yfir því gengi sem tryggir innra og ytra jafnvægi þjóðarbúsins. Gengislækkun mun hafa víðtæk áhrif á efnahagslífið, lækkunin mun valda aukinni verðbólgu, rýrnun kaupmáttar, samdrætti í einkaneyslu og almennum þjóðarútgjöldum. Verðbólgan gæti farið í 8% strax á næsta ári í kjölfar yfirskots á gjaldeyrismarkaði.

Menn eru sem sagt með bullandi áhyggjur af því hve harkaleg lendingin reynist, sem einhvern tíma verður, hvort það verði alger brotlending eða hvort menn sleppi með sviðna hjólbarða. En eitt er víst og það er að á meðan þetta *ástand varir eru uppsagnir hjá útflutningsgreinunum*. Við erum að missa störf í iðnaði úr landi og menn sjá ekki annað fyrir sér þar en áframhaldandi erfiðleika og gjaldþrot. Ég tel mál til komið, þótt það sé viðkvæmt fyrir hæstv. forsætisráðherra, að vakna af þyrnirósarsvefninum og horfast í augu við eigin stefnu, sem sagt ruðningsáhrif stóriðju- og skattalækkunarstefnunnar í íslensku efnahags- og atvinnulífi.

[15:06]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel að umræðan sé mjög mikilvæg. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir að taka þátt í henni í dag. Það er rétt sem einhver þingmaður sagði, að þetta er mál sem fólkið í landinu er að tala um. En mér finnst hins vegar að stjórnarandstaðan hafi lagt miklu meiri áherslu á fyrra málið sem var hér til umræðu, a.m.k. miðað við þann áhuga sem verið hefur á umræðunni. Forustumenn Samfylkingarinnar sýndu því máli mun meiri áhuga en þessu máli. (**Gripið fram í:** Búin að bíða eftir þeirri umræðu í þrjár vikur.) Já, eitthvað hefur hv. þingmaður verið fjarverandi *og einnig sá sem hér stendur. Svona gengur þetta í lífinu.*

Menn segja að þetta líti mjög illa út. Hvað segja utanaðkomandi aðilar? Tvö alþjóðleg fyrirtæki hafa staðfest hæsta lánshæfismat Íslands á undanförnum mánuðum. Við eigum von á því í dag að fá eitt matið enn. Ég spái því að þar verði hækkun á lánshæfismati Íslands.

Það liggur líka fyrir að úrvalsvísitalan á hlutabréfamarkaðinum hefur hækkað um 15% frá áramótum, meira en spáð var. Einnig er ljóst að tekjuskattur fyrirtækja mun á þessu ári skila meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum, m.a. vegna afkomu fjármálafyrirtækja. Þannig eru mjög mörg jákvæð teikn á lofti.

Hér er talað um skuldasöfnun í landinu. Það er rétt. Fyrirtækin hafa skuldsett sig mikið. En hvaða fyrirtæki eru þetta? Þetta eru fyrirtæki sem sækja fram, sem hafa trú á framtíðinni og skuldsetja sig og skapa fleira fólki vinnu. Þau hafa trú á framtíðinni og menn mega ekki sjá þetta allt í dökkum litum, eins og mér finnst frummælandi gera og saka mig um að vera heldur bjartsýnan. Það er eiginlega með betri ásökunum sem ég fæ á mig og ég er út af fyrir sig

þakklátur fyrir hana.

Meginverkefni stjórnvalda á næstu árum er að tryggja áframhaldandi stöðugleika og skapa atvinnulífinu þá rekstrarumgjörð sem atvinnulíf þarf á að halda. Auka þarf kaupmátt heimilanna, sem er að gerast. Það er stöðugleikinn sem skiptir þar mestu máli og við megum alls ekki missa hann úr höndunum. Ég vona að allir geti verið sammála um það.

Verðbréfaviðskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 503. mál (EES-reglur). — Þskj. 767.

[15:10]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Málið sem hér er til umræðu er örugglega eitt stærsta málið sem við höfum til umfjöllunar á þessum vetri. Það er rétt, sem hæstv. viðskiptaráðherra sagði í yfirgripsmikilli ræðu sinni, að auðvitað verða með því engar grundvallarbreytingar á lagaumhverfinu sem hér er til umræðu. Hins vegar er augljóst að um er að ræða þýðingarmikinn þátt í fjármálalífinu, rekstrarumhverfi fyrirtækjanna og aðstæðum almennings. Því er full ástæða til þess af okkar hálfu að ræða málið ítarlega og málefnalega. Málið er af þeim toga að það kallar á talsvert mikla yfirlegu af hálfu þeirra sem með málið fara í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Þegar við skoðum þessi mál í samhengi sjáum við að við höfum stöðugt verið að þróa verðbréfaviðskiptin, umhverfi fyrirtækjanna, hlutabréfamarkaðinn og þar fram eftir götunum, á undanförnum árum. Margt af því sem við teljum núna sjálfgefið höfðum við hreinlega ekki tilefni til að setja lög um fyrir fáeinum árum. Það endurspeglar þær miklu breytingar sem orðið hafa á umhverfinu vegna verðbréfaviðskipta, hlutabréfanna og vegna þess að almenningur eykur stöðugt þátttöku sína í þessu. Almenningur fer með stærri hluta af sparnaði sínum og ráðstöfunartekjum í að fjárfesta á þessum sviðum til að auka tekjur sínar og bæta eignir sínar. Sem betur fer hefur velgengni í atvinnulífinu, vöxtur á verðbréfa- og hlutabréfamörkuðunum orðið til að færa auð og eignir líka til almennings í landinu þótt ég telji æskilegt að ganga enn lengra í þeim efnum. Ég tel mjög mikilvægt fyrir okkur, bæði í pólitísku og efnahagslegu tilliti, að almenningur sé sem virkastur þátttakandi í hlutabréfakaupum og hlutabréfaeign.

Ég hef á undanförnum árum sjálfur hreyft málum sem lúta að þessu. Ég er þeirrar skoðunar að það skipti mjög miklu máli og geti verið hluti af því að jafna lífskjör og bæta þau að almenningur eigi í fyrirtækjunum. Um leið og fyrirtækin eflast og þau fara að skila arði þá rennur sá arður til almennings í landinu. Bent hefur verið á að þar sé kannski tækifæri til að bæta og jafna lífskjörin á nýstárlegan hátt, þ.e. ef almenningur er þátttakandi í atvinnulífinu. Ég spurði fjármálaráðherra á sínum tíma um hlutabréfakaup einstaklinga til að verða sér úti um skattafslátt. Það kom fram að frá árinu 1990–1999 hafði þeim fjölgað um helming. Fjöldi einstaklinga sem keyptu sér hlutabréf hafði tvöfaldast.

Við vitum hins vegar að á undanförnum árum hafa orðið breytingar á því. Að mínu mati er það áhyggjuefni. Ég lagði því fyrr í vetur fyrir hæstv. viðskiptaráðherra fyrirspurn um hlutafjáreign einstaklinga, til að reyna að draga fram hver þróunin hefði verið á allra síðustu árum. Því miður hefur ekki tekist að svara þeirri spurningu. Ég vænti hins vegar svars innan tíðar og tel að svarið við þeirri spurningu eigi að vera eitt af þeim lykilgögnum sem menn leggja til grundvallar þegar farið verður yfir þessi mál.

Veigamikill þáttur í frumvarpi þessu er það sem lýtur að yfirtökum og yfirtökuskyldu og mig langar að gera það að umræðuefni. Það er ekki mjög langt síðan við settum í lög heimildir eða ákvæði um yfirtökuskyldu. Það var á árinu 1992 sem samþykkt var þingsályktunartillaga sem leiddi síðan til lagasetningar um yfirtökuskyldu. Þá vorum við með ákvæði í lögunum sem kváðu á um að ef aðili væri kominn með 90% eign þá myndaðist yfirtökuskylda. Síðan hefur þróunin einfaldlega verið sú að við höfum fært þetta niður, fyrst niður í 50% að ég hygg og síðast niður í 40% . Nú rís yfirtökuskyldan miklu fyrr en áður og það er mjög eðlilegt. Við vitum að í almenningshlutafélögum og mörgum hlutafélögum er staðan sú að eignaraðildin er býsna dreifð. Menn þurfa ekki að eignast nema lítinn hluta í fyrirtæki til að hafa þar ráðandi stöðu. Þá er auðvitað hægt að læsa menn inni, litla hluthafa, t.d. einstaklinga sem standa þá frammi fyrir því að eignarhluti þeirra er í raun ekki virkur. Það er því ekki óeðlilegt að við höfum slík ákvæði um yfirtöku.

Á árinu 2003 þegar við vorum síðast að fara yfir þessi mál var þetta mjög til umræðu í efnahags- og viðskiptanefnd sem ég var þá formaður fyrir. Þá voru mjög miklar umræður um það hvort lækka ætti þessi 40% jafnvel neðar og fara með þau niður í 30%. Það var eftirtektarvert að þegar maður las umsagnir um þetta mál á þessum tíma þá var það mjög almenn skoðun — ég segi ekki eindregin skoðun allra heldur mjög almenn skoðun mjög margra — að það ætti að lækka þetta hlutfall úr 40% niður í 30%. Að vísu var bent á að það gæti aftur á móti kallað á tiltekin vandamál, m.a. hjá lífeyrissjóðunum sem skyndilega gætu verið komnir í þá stöðu vegna einhverra tilfærslna að hún kallaði á yfirtökuskyldu í fyrirtæki og lífeyrissjóður væri síðan allt í einu orðinn eigandi að tilteknu fyrirtæki. Auðvitað er þetta sjónarmið og röksemd sem full ástæða er til að hlusta á.

Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar frá þessum tíma eru þessi sjónarmið rakin og segjum þar, með leyfi virðulegs forseta:

„Nefndin leggur af þessum sökum til að hlutfallið verði lækkað niður í 40%. Ljóst er að slíkt atkvæðamagn gerir hluthöfum í flestum tilvikum kleift að hafa ráðandi áhrif á stjórnun félaga. Jafnvel má leiða að því líkur að ráðandi áhrif skapist oftast við enn lægra hlutfall atkvæðisréttar. Ekki er gengið lengra í lækkun hlutfallsins að þessu sinni en nefndin telur engu síður ástæðu til að taka það til gaumgæfilegrar skoðunar hvort rétt sé að lækka það enn meira."

Nú hefur hins vegar komið fram frumvarp sem má segja að sé rökrétt framhald af þeirri vinnu sem menn hafa verið að vinna. Ég held að þetta sé mjög vel unnið frumvarp og vel úr garði gert almennt talað. Þar nálgast menn þessi mál dálítið öðruvísi. Mér finnst við lestur þessa frumvarps að

það sé gert skynsamlega. Í stað þess að lækka hlutfallið úr 40% í 30% er náð utan um það sem við höfum séð gerast í tilteknum hlutafélögum, þ.e. að menn hafa verið að taka saman höndum og það hafa verið að myndast eins konar blokkir, formlegar og óformlegar blokkir þar sem menn eiga mjög náið samstarf um fjárfestingar hingað og þangað þannig að oft er sú staða uppi að tiltekinn einn hluthafi á 20–30% sem ekki myndar yfirtökuskyldu en er hins vegar augljóslega *í nánu samstarfi við tiltekinn hóp hluthafa* þannig að sá hluthafahópur kemur fram sem einn. Í þessu frumvarpi er í raun að mínu mati um miklu skynsamlegri nálgun að ræða en þá að lækka 40% í t.d. 30% vegna þess að nú er tekinn með í reikninginn, skulum við segja, sá veruleiki sem vissulega er til staðar, að ekki er bara um að ræða einn hluthafa heldur hluthafahóp og þegar hluthafar mynda tiltekin tengsl eða vensl þá myndast yfirtökuskylda. Þetta finnst mér miklu eðlilegri nálgun og miklu meiri endurspeglun á raunveruleikanum í viðskiptalífinu í dag þar sem við sjáum hvernig blokkirnar og tengslin og köngulóarvefirnir spinna sig um viðskiptalífið og ættu í raun að kalla á yfirtökuskyldu sem þó ekki gerist vegna ákvæðisins eins og það er í dag. Ég tel því, virðulegi forseti, að þetta sé almennt talað mjög skynsamleg nálgun á málinu.

Af því að ég er að gera hér að sérstöku umtalsefni þessi yfirtökumál þá er líka hér um að ræða gríðarlega mikil mál. Þetta skiptir okkur óskaplega miklu máli. Hér er ekki bara um að ræða mál sem snýr að fólki sem alla daga vinnur við að véla á þessum verðbréfamarkaði. Hér er um að ræða mál sem skiptir máli fyrir vasa einstaklinga, launafólks, lífeyrissjóði ýmsa aðila úti um allt í þessu þjóðfélagi.

Ég get tekið sem dæmi að ef við bara skoðum veltuna með hlutabréf í Kauphöllinni á síðasta ári þá nam hún um 720 milljörðum kr. Þetta eru langmestu viðskipti sem hafa verið á nokkru ári. Þau voru t.d. 520 milljarðar, þ.e. 200 milljörðum minni, á árinu á undan og ekki nema 320 milljarðar árið 2002. Þetta er 400 milljarða aukning frá 2002–2004. Þetta eru ótrúlega miklar breytingar. Ef við skoðum síðan fjölda hlutabréfanna sem skiptu þarna um eigendur þá voru þau 86 þúsund í fyrra sem var 33% aukning frá árinu 2003.

Ég undirstrika þetta vegna þess að ég tel að það skipti svo miklu máli að vandlega sé unnið að löggjöfinni í þessum efnum. Ég trúi ekki öðru en að menn geti náð saman um það vegna þess að hér er fyrst og fremst um að ræða almannahagsmuni sem lúta að einstaklingum, fyrirtækjum, lífeyrissjóðum, fagfjárfestum og öðrum. Ég hvet mjög til þess að reynt sé að ganga þannig frá þessu máli þegar við ljúkum þeirri lagasetningu að bærilega sé séð fyrir hagsmunum hluthafanna, ekki síst minni hluthafanna sem að mínu mati skiptir mjög miklu máli að laða til fjárfestinga í hlutafélögum.

Að mínu mati er gallinn við þetta frumvarp fyrst og fremst sá að það gengur ekki nægilega langt til móts við þarfir minni hluthafanna, hins dæmigerða meðaljóns sem er *þátttakandi í einhverju svona hlutafélagi, fylgist ekki með á* degi hverjum hvernig hlutirnir ganga fyrir sig, kaupin eru að gerast á eyrinni, en hefur auðvitað mikilla hagsmuna að gæta. Ég er að tala um mann sem kannski er búinn að leggja fyrir milljónir af sínum lífeyri eða sparnaði í gegnum árin í einhver fyrirtæki og hann þarf að geta treyst því að við göngum þannig frá lagaumgjörðinni að hann geti verið sæmilega öruggur um sinn hag eins og hægt er að vera öruggur í svona viðskiptum. Þess vegna þurfum við að mínu mati að ganga þannig frá málinu að við tryggjum að ekki verði til óeðlilegar verðmyndanir sem geri það að verkum að einstaklingar neyðist til þess að selja hlut sinn í fyrirtækjum á hrakvirði eða virði sem er miklu lægra en raunverulegt verðmæti segir til um.

Þetta skiptir okkur miklu máli líka vegna þessara miklu breytinga sem eru að verða í okkar umhverfi. Ef við bara skoðum árið 2003 þá voru á því ári 14 fyrirtæki afskráð úr Kauphöllinni á grundvelli yfirtöku, fimm félög þar á undan, eitt félag þar á undan. Þetta sýnir okkur þessa tilhneigingu sem við sjáum. Það eru að verða svo miklar breytingar. Við heyrum daglega fréttir af yfirtökum. Fyrirtæki eru að splitta sig upp o.s.frv. og frá sjónarhóli litla hluthafans er þetta auðvitað einhver ólgusjór sem menn tæplega leggja út í. Fyrir okkur sem trúum því að það skipti mjög miklu máli, af öllum ástæðunum sem ég rakti áðan, að einstaklingar séu hluthafar í svona fyrirtækjum er það mjög þýðingarmikið að frá þessum málum sé þannig gengið að litli Jón og litla Gunna sem vilja leggja peninga í þessi stóru fyrirtæki geri það óhrædd í trausti þess að hér sé um að ræða ávöxtunarmöguleika til þess að nýta sparnaðinn í.

Þær aðstæður geta skapast að fyrirtæki er á markaði eða utan markaðar þar sem veltuhraði með hlutafé er lítill og ekki verður til raunverulegt markaðsverðmæti. Hérna er að vísu reynt að horfa til þess að segja sem svo að stjórn fyrirtækisins eigi þá að meta hvort eðlilega sé að verðmyndunin staðið. Út af fyrir sig er það veigamikið atriði sem skiptir líka máli. Ég er algjörlega sammála því. Þetta sjáum við líka í Bretlandi. Við sjáum t.d. fréttirnar af útrás þessara stóru fyrirtækja, Baugs og allra þessara fyrirtækja. Þau þurfa að ganga í gegnum þetta ferli. Það er kallað eftir áliti o.s.frv. áður en svona yfirtökur eru samþykktar. Þetta sem hér er verið að leggja til er skref í þessa átt, alveg hárrétt skref og lógískt skref í þessa átt. Stjórnin í viðkomandi hlutafélagi sem ætti auðvitað að endurspegla hagsmuni hluthafanna sem fyrir eru þarf að segja álit sitt áður en menn fallast á yfirtökuna.

Tökum nú dæmi af félagi þar sem veltan er mjög lítil og mjög erfitt að átta sig á því hvert markaðsverðmætið er. Þá tel ég að við verðum að fara með sérstökum hætti með slík bréf. Frumvarp sem ég lagði fram í lok síðasta þings, endurflutti núna í haust og er komið til efnahags- og viðskiptanefndar og bíður þar meðferðar, m.a. vegna þess að vitað var að þetta frumvarp sem hér er til umræðu var væntanlegt, tekur sérstaklega á því máli.

Þar er lagt til að við innleiðum inn í löggjöfina hugtakið veltuhraða, þ.e. reynum að skilgreina hvenær við séum að tala um mikla veltu með hlutabréf og hvenær um litla veltu með hlutabréf því mikil velta hefur náttúrlega tilhneigingu til þess að gefa forsendur eða leggja grunninn að markaðsvirði. *Lítil velta gefur hins vegar ekki þær forsendur.* Þess vegna tel ég að við þurfum með einhverjum hætti að reyna að nálgast það hvenær við tölum um mikla veltu og litla veltu, þ.e. hvenær við erum í raun og veru með raunverulegt markaðsvirði fyrirtækja. Þess vegna tel ég að eðli-

legt væri að reyna að skoða hvort ekki mætti hafa ákvæði í lögunum sem fela í sér tilraun til skilgreiningar á veltuhraðanum og skilgreina síðan þann veltuhraða sem þarf að vera til staðar áður en gengið er til samþykktar eða synjunar á yfirtökutilboði til viðbótar við það sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

Ég nefni í frumvarpi mínu hugmyndir um að veltuhraðinn skuli vera 0,5. Sumum finnst það dálítið hátt og benda á að í stórum fyrirtækjum þar sem mjög margir hluthafar eru sé þetta of takmarkandi. Ég er ekki alveg viss um það. Ég hef skoðað viðskiptin á árinu 2004 og veltuhraðinn þar er nánast alls staðar — með undantekningum þó — yfir 0,5 og ég tel að það væri engin goðgá í undantekningartilvikum, þegar svo háttar til að veltuhraðinn er lítill og forsendurnar fyrir markaðsvirði hafa ekki verið til staðar, og ekki óeðlilegt að með yfirtökutilboð við slíkar aðstæður yrði farið með sérstökum hætti.

Ég held að það sé rangt sem sumir hafa látið í veðri vaka að skorður eins og ég er hér að leggja til og tala fyrir séu á einhvern hátt hamlandi eða skaðandi fyrir hlutabréfamarkaðurinn. Ég held alveg þvert á móti að það að við séum með skýrar reglur, reglur sem a.m.k. örugglega tryggja eða gera litlu hluthafana öruggari um sinn hag, muni stuðla að því að fólk verði frekar tilbúið til þess að leggja sparifé sitt í hlutabréf í íslensku viðskiptalífi. Þess vegna tel ég, og það er alveg augljóst, að frá sjónarhóli stóru hluthafanna, frá sjónarhóli fyrirtækjanna, frá sjónarhóli atvinnulífsins, frá sjónarhóli fjármálaumhverfisins sé ákaflega mikilvægt að við búum þannig um hnútana að hagur lítilla hluthafa sé þannig að menn séu sæmilega öruggir með sig í þessum mikla ólgusjó eins og ég orðaði það hérna er ég var með myndlíkingu af viðskiptalífinu eins og það er í dag.

Ég er ekkert að segja það endilega að þetta sé eina leiðin sem við getum farið í þessum efnum. Ég ítreka það að ég tel að í þessu frumvarpi sé mjög komið til móts við það sjónarmið sem ég hef verið að tala hérna fyrir. En það breytir ekki því að ég hvet þingmenn í hv. efnahags- og viðskiptanefnd sem munu fá þetta mál til meðhöndlunar að skoða þetta alveg sérstaklega vegna þess að það skiptir svo miklu máli.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, ætla ég ekkert að orðlengja mjög mikið um þetta mál. Ég vek athygli á því að þegar við höfum verið að gera þessar breytingar í sambandi við verðbréfamálin og lagasetningu þar um hefur ríkt mikil pólitísk og þverpólitísk samstaða og þær breytingar sem við höfum verið að gera hér í áranna rás hafa allar, hygg ég, verið gerðar þannig að um þær hefur myndast samstaða. Til dæmis voru þær breytingar sem gerðar voru hér á árinu 2003 og ég nefndi áðan þannig að menn voru almennt sammála um þær vegna þess að þær horfðu í þessa átt. Hins vegar voru menn — og það kemur greinilega fram í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar — eru og hafa verið með hugann við og augun á því hvernig hægt sé að tryggja til frambúðar stöðu hinna minni hluthafa. Ég lít svo á að einn megintilgangurinn — það kemur raunar fram í athugasemdakaflanum — sé sá að reyna að styrkja þennan grundvöll. Það hafa menn verið að gera á vettvangi Evrópusambandsins. Þar hefur þetta reyndar ekki gengið þrautalaust fyrir sig. Maður sér að margar atrennur eru gerðar að því að innleiða þessar tilskipanir og þær hafa smám saman verið að líta dagsins ljós eftir að menn hafa reynt að ná einhverri málamiðlun.

Það er alveg rétt sem hér hefur verið sagt — það var t.d. sagt á viðskiptaþingi í gær eða fyrradag af einum af þessum stóru fjárfestum — að við megum auðvitað ekki búa þannig um hnútana að umhverfi viðskiptalífsins sé allt öðruvísi en í löndunum í kringum okkur. En það að styrkja stöðu lítilla hluthafa til þess að tryggja að þeir taki þátt í íslensku atvinnulífi getur ekki á nokkurn hátt hamlað íslensku atvinnulífi. Það mun styrkja það ef eitthvað er.

[15:30]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir athyglisverða ræðu og tek undir mörg sjónarmið hans sem hann ræddi hér varðandi stöðu minni hluthafa og að hverju þurfi að hyggja í þeim efnum.

Hv. þingmaður minntist einnig á hlutabréfakaup almennings á undanförnum árum og aðkomu almennings að því að taka þátt í m.a. einkavæðingarferli og hlutabréfakaupum í fyrirtækjum sem sett hafa verið á markað hér undanfarin ár. Ég hygg nú að þar beri bankana hæst þegar við tölum um það ferli allt saman. Það hefur auðvitað vakið athygli mína eins og fjöldamargra annarra að hagnaður bankastofnana hefur aukist gífurlega hratt og mikið og gera má ráð fyrir að einstaklingar sem hafa tekið þátt í þessu hafi hagnast allnokkuð en einkum hafa það þó verið stærri fjárfestarnir og einkanlega vegna þess að það fór líka fram svokallaður eftirkaupamarkaður þar sem minni hluthafar voru markvisst keyptir út með viðbótartilboðum eftir að einkavæðingin hafði átt sér stað.

Nú stendur fyrir dyrum að einkavæða Símann. Ég velti því satt að segja fyrir mér, hæstv. forseti, hvort við munum upplifa aftur þessa stöðu og hefði gjarnan viljað heyra hv. þingmann fara nokkrum orðum um það en ég veit að hann hefur oft starfað í efnahags- og viðskiptanefnd. Mun líka koma upp sú staða þegar við einkavæðum Símann og hann verður seldur að fyrirtækið sem rekið verður verði síðan með (Forseti hringir.) beinan aðgang að því að ná í fjármuni hjá almenningi í þjónustugjöldum og öðrum gjöldum sem upp verða tekin og þar verði ótrúlegur hagnaður þegar upp verður staðið?

[15:32]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem við höfum séð að er afrakstur af einkavæðingu bankanna er tvennt. Það er alveg rétt að bankarnir græða núna miklu meira en þeir gerðu áður. Á sama tíma sjáum við líka sem afleiðingu af samkeppni á fjármálamarkaði, sem ekki var fyrir áður, að vextir hafa verið að lækka og þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi verið að hækka stýrivexti sína þá blasir engu að síður við að bankarnir bjóða í dag lánskjör sem eru miklu lægri en áður. Þeir geta rekið sig á lægri vaxtamun og þeir hafa vegna samkeppninnar líka neyðst til að lækka þjónustugjöld sín. Þegar maður ræðir við fulltrúa þessara banka þá er eitt sem stendur upp úr þeim öllum og það er að enginn þeirra gerir ráð fyrir að hægt sé að reka banka með miklum hagnaði í krafti

mikils vaxtamunar eða hárra þjónustugjalda. Þeir bankar sem verða að reiða sig á þetta tvennt munu verða undir. Þess vegna hafa bankarnir í vaxandi mæli tekið þátt í beinum fjárfestingum, bæði sjálfir og í gegnum fyrirtæki sín. Hagnaður bankanna á síðasta ári er að langmestu leyti gengishagnaður af slíkum pappírum. Sem betur fer hafa þeir getað notað þennan gengishagnað til að koma til móts við þarfir okkar venjulegra Íslendinga sem skuldum í bönkunum og við höfum séð aðeins lækkanir á vöxtum.

Ég geri ráð fyrir því að nýtt einkavætt fjarskiptafyrirtæki muni fara þá leið að reyna að lækka kostnað sinn og auka tekjur sínar vegna þess að það er eini sénsinn fyrir slíkt fyrirtæki til að lifa af í samkeppninni. Ég mundi ekki hafa neinar áhyggjur af því sem menn kölluðu hér í gamla daga kennitölusöfnun. Kennitölusöfnunin í kringum Landsbankann og Búnaðarbankann var gerð mjög tortryggileg. Eftir sem áður var það nú þannig að mig (Forseti hringir.) minnir að 40–50 þúsund Íslendingar áttu hlutabréf í þessum bönkum þegar upp var staðið og búið var að ná gömlu hlutabréfunum af stóru fjárfestunum.

[15:35]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir skilmerkilegt og gott svar en það vekur upp nýja spurningu hjá mér. Eins og ég vék að varðandi hugsanlega sölu á Símanum þá vil ég spyrja hv. þingmann að því hvort sú hugsun hafi hvarflað að honum, eins og hefur reyndar hvarflað að þeim sem hér stendur, að ef menn selja Símann eins og fyrirhugað er, sem við höfum reyndar varað við í stjórnarandstöðunni að selja dreifikerfið með Símanum, væri þá e.t.v. rétt af okkur stjórnmálamönnum að vekja athygli lífeyrissjóðanna á því að eignast Símann. Þar er jú okkar eigið fé sem við ætlum að ávaxta til elliáranna og sem þjóðin ætlar að treysta á inn í — ja, hvað hefur verið sagt hér — gulli prýdda veröld framtíðarinnar, þangað sem við förum öll á fyrsta farrými? Ég vil spyrja hv. þingmann að því hvort hann álíti að það væri rétt af okkur að ráðleggja lífeyrissjóðunum að fjárfesta í Símanum ef hann verður seldur og ná þá í þann hagnað sem ég heyrði að hv. þingmaður gerði ráð fyrir að mundi einnig fæðast við einkavæðingu Símans eins og orðið hefur í bönkunum, og við værum þar með í raun og veru að tryggja hag þjóðarinnar og okkar allra til framtíðar. Ég held að það sé rétt að við förum að ræða þetta og velta þessu fyrir okkur. Eða ætlum við að horfa upp á það að sama þróun verði varðandi Símann og varð við sölu á bönkunum að þessu leyti? Ég held að þetta sé nokkuð áhugaverð spurning.

[15:37]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður gerir mér óþarflega hátt undir höfði þegar hann reynir að setja mig í hlutverk fjármálaráðgjafa. Ég held að ég sé kannski ekki alveg besti maðurinn í því, a.m.k. sýnir tékkheftið mitt það ekki.

En spurningin um hvort lífeyrissjóðirnir eigi að kaupa í Símanum eða ekki. Ég held að það verði að vera ákvörðun lífeyrissjóðanna, a.m.k. treysti ég mér ekki á þessari stundu til þess að leggja mönnum á ráðin í þeim efnum. Ef það er hins vegar svo að það er mat lífeyrissjóðanna að þarna geti verið um að ræða arðvænlega fjárfestingu sem muni bæta hag lífeyrisþeganna, fólksins sem á að fá lífeyri sinn greiddan, þá er það auðvitað sjálfsagður hlutur því lífeyrissjóðirnir eiga fyrst og fremst að hafa það að markmiði að ávaxta sitt pund sem best þannig að við sem höfum verið að borga í lífeyrissjóðina, hvort sem það er í Lífeyrissjóð sjómanna, Lífeyrissjóð Bolungarvíkur eða Lífeyrissjóð alþingismanna, getum notið eðlilegs og góðs lífeyris í framtíðinni.

Við sjáum það núna á síðustu árum þegar ávöxtunin í atvinnulífinu hefur verið góð að þá hefur það gerst að lífeyrissjóðirnir hafa verið að bæta mjög sinn hag. Það horfði illa í ýmsum sjóðum fyrir fáeinum árum en horfir betur núna vegna þess að ávöxtunin hefur verið að batna, en auðvitað vitum við að fjárfesting í hlutabréfum er áhættufjárfesting. Við vitum að bara fyrir fáeinum árum var þetta allt á miklu verri veg. Þá var neikvæð ávöxtun í góðum lífeyrissjóðum vegna þess að þeir voru með hluta af skuldabréfasafni sínu í hlutabréfum og tóku þar af leiðandi þessa dýfu. Þetta er eitthvað sem sjóðirnir verða að vega og meta. Ég geri ráð fyrir því að lífeyrissjóðir verði að fara varlegar en margir aðrir vegna þess að þeir verða að gæta þess að hætta ekki mjög miklu, en þá verða þeir náttúrlega stundum af miklum gróða en losna svo líka við mikið tap. Þetta er auðvitað ekki mjög skýrt svar frá fjármálaráðgjafa sem var að reyna að setja sig í þann búning, enda ekki við miklu að búast.

[15:39]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið áhugaverð umræða sem hér hefur farið fram og ég vil leyfa mér að taka undir margt sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson setti fram í máli sínu og er kannski ástæðulaust að endurtaka margt af því sem hann sagði, en kjarni málsins er vitaskuld sá að hér er um að ræða afar mikilvægt svið. Hjá þjóð sem smám saman hefur verið færa sig inn í markaðshagkerfi er gríðarlega mikilvægt að vel takist til við uppbyggingu á verðbréfaviðskiptum og markaði með verðbréf. Þess vegna er afar mikilvægt að menn vandi vel til verka við þá löggjöf sem við stöndum frammi fyrir hér og hugmyndin er að lögleiða Sá sem hér stendur á sæti í efnahags- og viðskiptanefnd og ég trúi því að við munum fara mjög vandlega yfir þetta mál og reyna að tryggja það sem hér verður að tryggja.

Ég held að eitt meginatriðið til að vel takist til við uppbyggingu verðbréfamarkaðar sé að minnihlutaverndin sé tryggð. Það er lykilatriði að almenningur hafi traust og trú á þessum markaði og það gerist ekki nema minnihlutaverndin sé eins vel tryggð og kostur er. Þá gerist það að almenningur er tilbúinn að leggja fjármuni sína á þennan markað, er tilbúinn að taka þátt í honum og tilbúinn að byggja hann upp, því sú stutta saga sem við eigum af verðbréfamarkaði sýnir okkur að þetta er afar viðkvæmt svið. Fyrir nokkrum árum tóku nánast allir á einn eða annan hátt þátt í viðskiptum með verðbréf og voru jafnvel fulldjarfir á stundum að eiga viðskipti á gráa markaðnum. Síðan gerðist það að verðfall varð á þessum verðbréfum og almenningur hljóp í burt eins og fætur toguðu. Þar af leiðandi varð markaðurinn ekki nærri eins virkur næstu árin á eftir. Við verðum að forðast slíka skelli.

Til þess að forðast þá skelli verður löggjöfin að vera í lagi. Þá verður minnihlutaverndin að vera tryggð og það er eitt meginsjónarmiðið sem við í Samfylkingunni munum leggja upp með við yfirferð á því frumvarpi sem hér liggur fyrir sem er nokkuð viðamikið, enda er um að ræða innleiðingu þriggja EES-tilskipana, þ.e. um markaðsyfirtökur, útboðs- og skráningarlýsingar. Hér er því um gríðarlega mikilvægt mál að ræða.

Ég vil í upphafi aðeins nefna það sem við munum leggja megináherslu á. Hins vegar er eitt atriði sem ég vil nefna sem ég er ekki sammála sem kemur fram í frumvarpinu og það er hér merkt e. (72. gr.) sem er sennilega 20. eða 21. gr. í þessu frumvarpi. Ég tel, virðulegi forseti, afar mikilvægt að meginreglan verði sú að Fjármálaeftirlitið birti niðurstöður sínar í málum og athugunum sem þeir gera. Það eigi að vera meginreglan og það sé vísasti vegur til þess að tryggja trúverðugleika á þessum markaði. Það er afleitt að niðurstöður rannsókna, eða mér liggur við að segja upphrópana sem oft og tíðum verða í fjölmiðlum vegna þess að menn telja að ekki hafi verið farið rétt að í viðskiptum á markaði, komi ekki fram fyrr en löngu, löngu síðar og hafi ekki þau varnaðaráhrif sem þær eiga að hafa.

Þess vegna tel ég, virðulegi forseti, og mun tala fyrir því við yfirferð á þessu máli að þessu ákvæði eigi að breyta á þann veg að meginreglan verði sú að þessar niðurstöður í málum og athugunum verði birtar en ekki að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að gera það og meta það í ákveðnum tilvikum. Jafnvel þó að einhverjar meginreglur verði settar í þessum efnum þá er lykilatriði að skapa trúverðuga umgjörð um þennan markað til þess að hægt sé að byggja hann upp. Lykilatriðið í því er að eftirlitsstofnanir standi sig í stykkinu og þær eigi þátt í að skapa þann trúverðugleika að almenningur sé tilbúinn að fara með peningana sína út á þennan markað. Því hinn venjulegi Jón Jónsson, eins og hér var nefndur áðan, liggur ekki á hverjum degi yfir bróun bréfa, vísitalna og öðru. Hann hefur ekki sama aðgang að upplýsingum og stórir fjárfestar hafa frá degi til dags. Hann hefur ekki sama aðgang að sérfræðingum til að fara yfir og ráðleggja sér á hverjum einasta degi. Hann verður nefnilega að treysta því að reglurnar sem um markaðinn gilda og eftirlitið sem með honum er af hálfu hins opinbera sé í lagi.

Því met ég það svo, virðulegi forseti, að það sé afar mikilvægt að úrskurðir og niðurstöður og athuganir í málum Fjármálaeftirlitsins verði birtar og það sé meginreglan. Fyrir því mun ég og Samfylkingin tala í yfirferð á þessu tiltekna máli.

Ég gat ekki heyrt annað, virðulegi forseti, en að fleiri séu þeirrar skoðunar því ekki hefur verið hægt að skilja þá talsmenn Sjálfstæðisflokksins sem hér hafa látið í sér heyra öðruvísi en svo að þeir séu tilbúnir að tala fyrir þessu einnig. Það segir meira en mörg orð að allt að því 86 þúsund manns, þ.e. frekar kennitölur en einstaklingar, séu tilbúnir að taka þátt í verðbréfaviðskiptum á einu ári.

Þetta lýsir því hversu mikilvægt málið er og að við verðum að fara vel og vandlega yfir það og tryggja að hér verði til markaður með verðbréf sem hafi trúverðugleik og fólk sé tilbúið að taka þátt í honum.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég leggja inn í umræðuna. Eins og ég nefndi áðan á ég sæti í efnahags- og viðskiptanefnd og fæ því gott tækifæri til að fara vel og vandlega yfir einstök ákvæði. Það er afar mikilvægt að vel takist til. Við erum að byggja upp þennan markað og löggjöfin verður vonandi gott innlegg í að byggja upp traustan og trúverðugan verðbréfamarkað. Ég trúi því og treysti að menn geti sameinast á þinginu um að ná góðri niðurstöðu í málinu því hér er um mikla hagsmuni fyrir almenning að ræða.

[15:46]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál um málið við 1. umr. Ég hef ekki haft tækifæri til að fara ítarlega ofan í frumvarpið, einungis lauslega, en mun vissulega fá tækifæri til þess þar sem ég á sæti í efnahags- og viðskiptanefnd sem fjallar um málið. Ég mun því frekar við 2. umr. eftir því sem efni gefst til, eftir umfjöllun nefndarinnar um málið, fara ofan í frumvarpið og almennt um fjármála- og verðbréfamarkaðinn.

Það er auðvitað afar mikilvægt að löggjöfin um fjármálamarkaðinn sé skýr og gegnsæ og að við höfum öflugt eftirlit með til að mynda innherjasvikum og markaðsmisnotkun. Það er auðvitað það mikilvægasta til að fjármálamarkaðurinn hafi þann trúverðugleika sem nauðsynlegt er að hann hafi.

Hér er gerð tilraun í lögunum um verðbréfaviðskipti að styrkja enn löggjöfina um fjármálamarkaðinn. Ég tel að við eigum að hafa þann metnað til að bera að ákvæði í löggjöf okkar séu með þeim öflugustu sem fyrirfinnast þegar litið er til annarra landa. Hér er gerð tilraun eins og ég segi til þess að styrkja verðbréfamarkaðinn.

Fram kemur að ekki er verið að gera neinar meiri háttar breytingar með lagaákvæðunum. Þau ákvæði sem ég tel hvað mikilvægust í þeim breytingum sem hér eru settar fram eru þau ákvæði sem sett eru um skyldu til að gera yfirtökutilboð sem geti myndast vegna samstarfs milli aðila og rætt hefur verið um. Einnig ákvæðið um að auka gegnsæi í eftirliti Fjármálaeftirlitsins með verðbréfaviðskiptum og að Fjármálaeftirlitinu verði að öðru jöfnu heimilt að birta opinberar niðurstöður í málum eða athugunum sem varða ákvæði laga um verðbréfaviðskipti. Þetta tvennt tel ég afar mikilvægt að verið sé að styrkja og við munum fara mjög vandlega ofan í þau ákvæði. Svo er talað um að verið sé að gera ákvæði um markaðsmisnotkun ítarlegri en í núgildandi lögum og nokkrar breytingar eru gerðar á ákvæðum um innherjasvik.

Hv. 4. þm. Norðvest., Einar K. Guðfinnsson, fór nokkuð yfir minnihlutaverndina, að vernda og treysta hag smærri hluthafa. Átti ég þátt í að flytja með hv. þingmanni, ásamt fleiri þingmönnum, frumvarp þar að lútandi og fagna því að sjálfsögðu að verið sé að fara þá leið að auka minnihlutaverndina og treysta hag smærri hluthafa. Það er ákaflega mikilvægt vegna þess að ákvæðin nú eru þess eðlis að hægt er að koma sér hjá yfirtökutilboðum með eignarhaldi skyldra aðila. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að á málinu sé tekið og ég fagna því. Ég mun auðvitað skoða málið í nefndinni með hliðsjón m.a. af því máli sem ég flutti ásamt hv. 4. þm. Norðvest., sem var í forustu fyrir framlagningu á þessum málum og mun skoða ákvæði frumvarpsins eins og

hæstv. ráðherra leggur það fram með hliðsjón af því.

Ég tel ákaflega mikilvægt þetta með gegnsæi Fjármálaeftirlitsins og velti fyrir mér ákvæðinu sem hér er lagt fram. Hér er einungis um heimildarákvæði að ræða en ekki skyldu. Vera má að ákveðin rök séu fyrir því, en ég held að þetta sé ákaflega mikilvægt ákvæði og veiti aðilum á markaði mikilvægt aðhald. Reyndar hafa eftirlitsskyldir aðilar kallað eftir því að ekki sé verið að pukrast með úrskurði Fjármálaeftirlitsins, t.d. varðandi innherjasvik, heldur sé eðlilegt og rétt að úrskurðirnir séu birtir opinberlega. Þess vegna er mjög ánægjulegt að sjá þetta ákvæði í frumvarpinu, en ég hefði talið að skoða ætti hvort ekki ætti að hafa þá heimild sem hér er lögð til að skyldu þannig að þetta sé ákveðnara og hægt að ganga að því vísu að slíkir úrskurðir séu birtir.

Ég vil aðeins fara yfir umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið sem ekki hefur verið gert. Því miður missti ég af framsöguræðu hæstv. ráðherra þannig að ég veit ekki hvort hún fór yfir það í framsöguræðu sinni að frumvarpinu fylgir ákveðinn kostnaður fyrir Fjármálaeftirlitið. Verði breytingarnar að lögum fylgir því kostnaður, um 15 millj. kr., sem mun leggjast á Fjármálaeftirlitið sem hefur með eftirlitið að gera. Hér segir að kostnaðurinn verði að öllu leyti fjármagnaður með aukinni gjaldheimtu.

Gert er ráð fyrir að frumvarpið taki gildi, ef ég skil rétt, á miðju þessu ári. Þegar við fórum yfir frumvarpið fyrir jólin um greiðslukostnað við opinbert eftirlit við fjármálastarfsemi man ég ekki betur varðandi frumvarpið sem þá hafði verið boðað að ekki væri gert ráð fyrir umsvifunum sem Fjármálaeftirlitið mundi fá vegna þessa í útgjöldum Fjármálaeftirlitsins á næsta ári. En Fjármálaeftirlitið hefur vakið athygli á auknum umsvifum eftirlitsins, m.a. vegna mikilla umsvifa viðskiptabankanna. Þeir hafa líka bent á undirbúning undir alþjóðlegar eiginfjárreglur fyrir fjármálafyrirtæki sem eiga að taka gildi árið 2003 og bent á eftirfylgni við framkvæmd nýrra laga á verðbréfasviði sem þeir segja að sé mjög umsvifamikil og muni kalla á aukna vinnu eftirlitsins.

Ég man ekki betur en ekki hafi verið gert ráð fyrir þeim útgjöldum Fjármálaeftirlitsins í því frumvarpi sem við fjölluðum um fyrir jólin. Ef um er að ræða árlegan 15 millj. kr. kostnað hjá Fjármálaeftirlitinu vegna eftirfylgni með frumvarpinu hefur að mínu viti ekki verið gert ráð fyrir því í fjárhag eftirlitsins. Frumvarpið á að taka gildi 1. júlí 2005. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvernig Fjármálaeftirlitið á að mæta kostnaðinum á þessu ári, hvort eitthvað hafi verið hugað að því.

Það er athyglisvert þegar maður skoðar fjármagnið sem Fjármálaeftirlitið hefur haft til umráða frá 1999 og ber saman raunbreytingar á útgjöldum og fjármagni sem Fjármálaeftirlitið hefur haft frá 1999–2003 að fjármagn til stofnunarinnar hefur dregist saman um 0,4% á þessu tímabili á meðan t.d. útgjöld ríkislögreglustjórans hafa aukist um 84,9% og útgjöld Samkeppnisstofnunar um 30%. Þrátt fyrir að sífellt sé verið að leggja aukin verkefni á Fjármálaeftirlitið er athyglisvert að það hefur ekki orðið nein raunbreyting á framlögum til stofnunarinnar þegar þetta er skoðað í samhengi við árið 1999.

Ég held að þetta sé afar mikilvægt og reyndar kemur það fram hér þannig að hæstv. ráðherra er að fullu meðvitaður um það. Það er beinlínis sagt á bls. 27 hvað eftirlitið hafi í för með sér mikinn ávinning fyrir samfélagið í heild. Þess vegna hef ég viljað styðja mjög vel við bakið á Fjármálaeftirlitinu. Ég tel, miðað við þau gögn sem við höfum undir höndum og höfum farið yfir í efnahags- og viðskiptanefnd, að þeir hagi sér mjög skynsamlega að því er varðar útgjöld og hagræðingu í rekstrinum. Ég tel afar mikilvægt að búið sé vel Fjármálaeftirlitinu, sem og öðrum eftirlitsstofnunum, vegna þess að það skili sér margfalt aftur til samfélagsins að treysta stöðu þeirrar stofnunar.

Gott væri ef hæstv. ráðherra gæti við þessa umræðu upplýst þetta varðandi kostnaðinn og þær fjárhæðir sem fram koma í athugasemdum Fjármálaeftirlitsins um kostnað sem lögunum fylgir.

[15:57]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér afskaplega viðamikið og mikilvægt frumvarp sem ég býst við að hv. efnahags- og viðskiptanefnd muni fjalla ítarlega um.

Mig langar í þessu sambandi rétt aðeins að geta þess að í viðskiptum gildir ein mjög einföld regla: Gagnkvæmt traust. Ég var eitt sinn í viðskiptum og þá skipti ég fólki almennt í tvo hópa: Fólk sem ég treysti og fólk sem ég ekki treysti. Við seinni hópinn átti ég helst ekki viðskipti. Það var afskaplega einfalt og þurfti engar reglur til. Það er nefnilega alrangt sem menn halda fram að í viðskiptum sé óheiðarleiki í gangi. Viðskipti byggja á heiðarleika, trausti og sanngirni og reglur koma ekki í veg fyrir að lygarar ljúgi. Mín reynsla er sú að fólkið sem lýgur mest talar mest um að það ljúgi ekki og segir alltaf: Þetta er alveg satt.

Mig langar til að ræða um annað og það er vandinn við að skilgreina hverjir eru tengdir. Í frumvarpinu er fjallað um börn og maka og allt slíkt. En það er ekki endilega fólkið sem tengist. Nei, nei. Það er fólkið á golfvellinum. Það er fólkið í sundinu. Það er fólkið í hlaupahópnum eða bara viðskiptavinir sem hafa tengst í gegnum mörg viðskipti og treysta hver öðrum í gegnum þykkt og þunnt og hvergi er hægt að sjá nein tengsl á milli með eðlilegum hætti. Þess vegna er tilraunin mjög veikburða sem gerð er í frumvarpinu til að tengja saman fólk.

Ég má til með að tala um gagnkvæmt eignarhald sem er töluvert mikill vandi eða krosseignarhald. Í því sambandi vil ég nefna eftirfarandi:

Tvö hlutafélög, A. hf. og B. hf., eru hvort tveggja með 10 millj. kr. hlutafé. Nú leggur stjórn A hf. til að auka hlutafé um 90 millj. til að kaupa í B hf. sem þeir vita að er að auka hlutafé. Það gera þeir. Sama gerir B hf. Hlutafélögin kaupa hvort í öðru fyrir 90 millj. Það fer sem sagt engin króna á milli. Hvað gerist eftir breytinguna? Stjórn A hf. ræður B hf. gjörsamlega og stjórn B hf. ræður A hf. gjörsamlega. Upprunalegir hluthafar ráða engu. Ef það er nægilegt eigið fé í fyrirtækjunum geta þeir meira að segja krafist innlausnar á 10% sem eftir eru. Þá á enginn fyrirtækin. Þau eiga hvort annað og enginn annar á þau.

Þetta vandamál er mikið vandamál víða um heim og kannski sérstaklega í Japan og Þýskalandi og víðar og gerir

það að verkum að upprunalegir hluthafar hafa ekki áhrif. Á þessum þurfum við að taka. Við þurfum að finna lausn á þessu. Ein lausnin er sú að stofnað yrði eða búið til með lögum nýtt form á hlutafélögum sem heitir HFU, upplýst fyrirtæki, og þar skyldu allir hluthafar sem eru hlutafélög upplýsa um eigendur sína, ella hafi þeir hvorki atkvæðisrétt né njóti arðs. Þetta er ákveðin kvöð en hluthafi í slíkum félögum gæti treyst því hverjir eiga þau og fái fullkomnar upplýsingar um það hverjir eiga þau. Ég vil að menn skoði þessa leið því ég tel að gagnkvæmt eignarhald sé mjög mikið vandamál. Líka gagnvart skatti.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, en ég reikna með að hv. efnahags- og viðskiptanefnd muni fjalla mjög ítarlega um þetta mál. Ég tek undir það sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sagði í andsvari áðan að það þarf að skoða hvort eigi að birta úrskurði Fjármálaeftirlitsins, það sé skylda, nema alveg sérstaklega standi á. Menn geta skoðað kosti og galla þess.

[16:01]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa jákvæðu umræðu sem farið hefur fram um þetta mikilvæga og umfangsmikla mál sem nú er til umræðu og mun fá umfjöllun í hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Ég held því fram að málið sé vel unnið. Það er unnið í þremur nefndum og vel ígrundað það sem þar kemur fram og þar er lagt til, en engu að síður skiptir umfjöllun nefndarinnar að sjálfsögðu miklu máli eins og alltaf.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson flutti hér gott mál og minntist m.a. á það frumvarp sem hann hefur lagt fram og er til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd. Um það frumvarp var fjallað í þeirri nefnd sem fór með þann málaflokk á undirbúningsstigi og margt gott um frumvarpið að segja. Almennt er því haldið fram að veltuhraði sé ekki sérstaklega góður mælikvarði. Ef ég má nefna dæmi því til staðfestingar hefðu viðskipti KB-banka þurft að vera upp á 170 milljarða á ársgrundvelli til að ná 50% veltuhraða. Ef við tökum félag, sem væri Vaki DNG, sem er nú eitt minnsta félagið, við getum líka tekið eitt það stærsta, Pharmaco, sem nú er Actavis, en þau voru með svipaðan veltuhraða á árinu 2003, eða rúm 50%. Á bak við þessar tölur eru rúm 5.000 viðskipti með hlutabréf í Pharmaco, stóra félaginu, en aðeins 11 viðskipti með hlutabréf í Vaka DNG, litla félaginu. Þetta setur mig a.m.k. í vafa um að veltuhraði væri góður mælikvarði. Auðvitað verður það rætt í hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Ég vil nefna annað atriði sem var nefnt strax við upphaf umræðunnar og varðar það að ekki sé einungis heimild til handa Fjármálaeftirlitinu að birta niðurstöður og úrskurði heldur bókstaflega skylda, þá hef ég efasemdir um að rétt sé að ganga svo langt. Ég held að það sé mjög skynsamlegt og mikilvægt skref sem við stígum með frumvarpinu. Ég endurtek það sem ég sagði í andsvari að við þurfum að horfa á hagsmuni markaðarins og m.a. á persónuvernd í þessu sambandi. Miðað við orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem sagði hér og hefur oft sagt áður að hún telji Fjármálaeftirlitið haga sér skynsamlega og hefur sýnt áhuga og sýnt það í verki liggur mér við að segja að hún treysti því ákaflega vel, þá held ég að við getum sætt okkur við það að stíga þetta skref og ég held því fram að það sé í raun mjög mikilvægt skref sem við stígum með þessari heimild sem hefur vissulega mikil varnaðaráhrif á markaðnum.

Að síðustu um það hvernig fjármagna skuli þessar breytingar á yfirstandandi ári miðað við það að frumvarpið tekur gildi um mitt ár að mestu leyti, þá er það þannig að ekki er gert ráð fyrir viðbótarfjármunum eða fjármagni til handa Fjármálaeftirlitinu í ár til að bregðast við þessum kostnaði, enda hefur það í raun ekki verið hægt að vinna með þeim hætti þegar við vorum ekki einu sinni búin að leggja frumvarpið fram þegar gengið var frá lögum um fjármögnun Fjármálaeftirlitsins. En við verðum að trúa því að Fjármálaeftirlitið geti bætt sér þetta upp á næsta ári ef þarna fellur til einhver kostnaður sem ég reikna með að geti orðið.

Að öðru leyti ætla ég ekki að lengja þessa umræðu. Ég vil bara þakka fyrir hana. Mér fannst hún jákvæð. Hv. þm. Pétur H. Blöndal talaði um gagnkvæmt eignarhald og ég þekki skoðanir hans á því máli og virði þær að sjálfsögðu, en fer ekki frekar út í þær nú en legg mikla áherslu á málið í umfjöllun í efnahags- og viðskiptanefnd.

[16:06]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég á fyrst og fremst það erindi að auka aðeins við þá umræðu um yfirtökuna hjá þeim fyrirtækjum þar sem veltuhraði með hlutabréf hefur verið lítill. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um að það er auðvitað ekki til einn einhlítur mælikvarði og sjálfsagt mál og nauðsynlegt fyrir efnahags- og viðskiptanefnd að fara ofan í þau mál, en kjarni málsins og markmiðið hlýtur að vera það fyrst og fremst að tryggja stöðu minni hluthafa í hlutafélögum þar sem um lítil viðskipti er að ræða.

Ég hef undir höndum grein eða gögn frá greiningardeild KB-banka um viðskipti í Kauphöllinni á árinu 2004 og sá mælikvarði sem þeir leggja til grundvallar er veltuhraðinn. Þar kemur fram að af þeim fyrirtækjum sem þeir eru með undir í skoðuninni, þar á meðal öll þessi stóru fyrirtæki eins og KB-banki, Landsbankinn, Íslandsbanki, svo dæmi séu tekin, þá eru það einungis tvö fyrirtæki sem eru með veltuhraða undir 0,5 sem ég lagði til grundvallar að yrði að vera til staðar ef ætti að fara um þau mál með sérstökum hætti. Frumvarp sem ég ásamt fimm öðrum þingmönnum lagði fram gerir ráð fyrir því að ef um er að ræða veltuhraða innan við 0,5 þá skuli verðið, yfirtökuverðið, ákvarðað af þremur dómkvöddum matsmönnum. Mér sýnist því af þessu að allt bendi til þess að um gæti verið að ræða mjög fá tilvik og væri þá út af fyrir sig ekki mikil röskun á markaðnum þó að í þeim tilvikum yrði farið yfir með sérstökum hætti, en vitaskuld mætti líka að hugsa sér að taka tillit til heildarviðskiptanna með hlutabréfin í t.d. tilviki KB-banka en þá fóru fram viðskipti upp á um 120 milljarða kr. á árinu 2004 og veltuhraðinn þar samkvæmt þessum tölum var 0,63.

Það sem ég er einfaldlega að undirstrika er að ég tel að taka þurfi á þessu vandamáli og að það sé ekki nægilega

gert í frumvarpinu (Forseti hringir.) og legg inn í þá umræðu það frumvarp sem ég hef áður gert grein fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:08]

Útbýting:

Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, 398. mál, nál. meiri hluta menntmn. þskj. 793.

Háskóli á Ísafirði, 522. mál, fsp. KHG, þskj. 791.

Húsnæðismál Landspítala – háskólasjúkrahúss, 523. mál, fsp. LMR, þskj. 792.

Tryggingavernd innstæðueigenda, 421. mál, svar viðskrh., þskj. 780.

Út af dagskrá voru tekin 2.–7. mál.

Fundi slitið kl. 16:10.

73. FUNDUR

mánudaginn 14. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 503. mál, þskj. 767. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjármálaeftirlitið, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.
3. Rekstur Ríkisútvarpsins, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Fyrri umr.
4. Stjórnarskipunarlög, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
5. Endurnýjanlegir, innlendir orkugjafar í samgöngum, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.
6. Fjárþörf Samkeppnisstofnunar, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.
7. Fjármálafyrirtæki, frv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Davíð Oddsson utanrrh., 2. þm. Reykv. n.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

[15:02]

Útbýting:

Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, 398. mál, nál. 2. minni hluta menntmn. þskj. 796.

Siðareglur fyrir alþingismenn, 520. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 789.

Siðareglur í stjórnsýslunni, 521. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 790.

Verðbréfaviðskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 503. mál (EES-reglur). — Þskj. 767.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjármálaeftirlitið, fyrri umr.

Þáltill. JBjarn og ÖJ, 45. mál. — Þskj. 45.

[15:03]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins. Flutningsmaður að þessari tillögu er auk mín hv. þm. Ögmundur Jónasson. Tillögugreinin hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á starfsskilyrðum Fjármálaeftirlitsins og stöðu þess gagnvart ráðherra, ríkisstjórn og aðilum á fjármálamarkaði. Nefndin geri tillögur um hvernig sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins verði best tryggt og starfsemi þess efld. Í því skyni skoði nefndin m.a. stjórnsýslulega stöðu þess og hvort heppilegast sé að það heyri undir Alþingi.

Tillaga þessi var flutt á síðasta löggjafarþingi en varð þá eigi útrædd. Miklar hræringar á fjármálamarkaði síðan þá gefa enn meira tilefni en áður til að huga rækilega að stjórnsýslulegri stöðu og aðstæðum Fjármálaeftirlitsins til að sinna þeim mikilvægu skyldum sem því eru lagðar á herðar. Því er enn brýnna en áður að ráðast í endurbætur á grundvelli úttektar á borð við þá sem hér er lögð til.

Fjármálaeftirlitið er ríkisstofnun með sérstaka stjórn en heyrir undir viðskiptaráðherra. Stofnunin gegnir lykilhlutverki á íslenskum fjármálamarkaði. Henni er ætlað afar mikilvægt opinbert eftirlitshlutverk og getur með aðgerðum sínum haft stefnumarkandi áhrif á allar athafnir og þróun á fjármálamarkaði. Því er mikilvægt að sjálfstæði stofnunarinnar sé tryggt þannig að hún geti starfað óháð handhöfum framkvæmdarvaldsins og hagsmunaaðilum. Að sama skapi er ljóst að búa verður þannig að Fjármálaeftirlitinu að það geti sinnt sínum mikilvægu verkefnum af myndarskap og afgreitt fljótt og vel þau mál sem því berast eða það tekur upp að eigin frumkvæði. Þess vegna gerir tillagan jafnframt ráð fyrir að nefndarstarfið miði að því að skoða hvernig efla megi starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Í ljósi mikilla og umdeildra hræringa á íslenskum fjármálamarkaði er brýnt að vinnu nefndarinnar verði hraðað sem kostur er.

Fjármálaeftirlitinu var komið á fót með lögum nr. 87/1998 og það fer með þá starfsemi sem áður var í höndum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Vátryggingaeftirlitsins. Þar var valin sú leið að setja stofnunina undir viðskiptaráðherra en það val verður að teljast mjög hæpið, m.a. í ljósi þess að viðskiptaráðherra hefur t.d. með sölu banka verið einhver atkvæðamesti aðilinn á íslenskum fjármálamarkaði á síðustu árum. Það er breytilegt eftir löndum hvar ríkisstofnunum sem fara með sambærilegt hlutverk og Fjármálaeftirlitið gerir er skipað í stjórnsýslunni. Breyting á stjórnsýslulegri stöðu Fjármálaeftirlitsins, þannig að það verði fært undan viðskiptaráðherra, gæti styrkt stofnunina sem óháðan eftirlitsaðila og jafnframt eflt traust hennar og trú manna á íslenskum fjármálamarkaði. Sá möguleiki, sem gert er ráð fyrir að skoðaður verði samkvæmt tillögunni, að færa stofnunina undir Alþingi, gæti komið bæði Alþingi og Fjármálaeftirlitinu verulega til góða þar sem hvor aðilinn gæti styrkt hinn í eftirlitshlutverki þeirra.

Það að færa mikilvægar eftirlitsstofnanir undir Alþingi er ekki ný hugmynd. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson fluttu tillögu til þingsályktunar á 127. löggjafarþingi þar sem lagt var til að kannaðir yrðu kostir þess að færa Þjóðhagsstofnun undir Alþingi. Þar var bent á að breytingar á stöðu Ríkisendurskoðunar sem var færð undir yfirstjórn Alþingis frá framkvæmdarvaldinu urðu til þess að styrkja þá stofnun mjög sem sjálfstæðan, óháðan og faglegan eftirlitsaðila. Allt fram til ársins 1987 heyrði Ríkisendurskoðun undir fjármálaráðherra. Þar var einnig bent á

stöðu umboðsmanns Alþingis þó að ekki sé hér um sambærilegar stöður að ræða. Þessum aðilum hefur reynst vel að heyra undir Alþingi fremur en ráðherra og það hefur reynst þeim haldgóð trygging fyrir því að þeir njóti óskoraðs trausts og virðingar og að fagleg og hlutlæg vinnubrögð þeirra séu ekki dregin í efa vegna stöðu þeirra í stjórnsýslunni. Tillaga þessi gerir þó ekki ráð fyrir að aðeins sé kannaður sá kostur að færa Fjármálaeftirlitið undir Alþingi heldur skulu og aðrir kostir skoðaðir og samanburður gerður á hvar sjálfstæði stofnunarinnar verður best tryggt.

Flutningsmenn leggja áherslu á að allar breytingar sem gerðar kunna að verða á starfsemi og stöðu stofnunarinnar séu yfirvegaðar og vandlega undirbúnar, í góðu samstarfi við starfsmenn og samtök þeirra.

Herra forseti. Þetta var greinargerðin með þeirri tillögu til þingsályktunar sem ég hef rakið, þ.e. tillögu til þingsályktunar um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins.

Okkur er öllum dagljóst mikilvægi þess að slík eftirlitsstofnun sem Fjármálaeftirlitið er njóti trausts í samfélaginu. Gríðarlega miklar hræringar eru á fjármálamarkaðnum. Eins og ég nefndi áðan hafa bankarnir verið einkavæddir og seldir. Reyndar var sú aðgerð mjög umdeild, bæði hin pólitíska ákvörðun og einnig framkvæmd hennar. Þá er vert að huga að því að Fjármálaeftirlitinu bar það hlutverk að fylgjast með framkvæmd einkavæðingar og sölu á bönkunum. Sér hver í hendi sér hver staða Fjármálaeftirlitsins hefur þá verið þegar sú stofnun heyrði beint undir viðskiptaráðherra sem sjálfur bar ábyrgð á framkvæmd, einkavæðingu og sölu bankanna. Sú staða Fjármálaeftirlitsins í þeim gjörningi öllum var ekki öfundsverð og hefur vafalaust reynt á trúverðugleika hennar í þeim gjörningum öllum.

Þegar við lítum á hvernig að þessu er staðið núna eru sérstök lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, lög nr. 87/1998, og þar er einmitt rakin sú lagaumgjörð sem Fjármálaeftirlitinu er búin. Þar stendur í 3. gr., með leyfi forseta:

„Með eftirlit samkvæmt lögum þessum fer sérstök stofnun er nefnist Fjármálaeftirlitið. Fjármálaeftirlitið er ríkisstofnun og lýtur sérstakri stjórn. Stofnunin heyrir undir viðskiptaráðherra.“

Í 4. gr. segir áfram hvernig þessi tengsl við viðskiptaráðherrann eru bundin, með leyfi forseta:

„Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn sem viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn.“ — Reyndar er einn stjórnarmaður skipaður eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands en hinir tveir beint af viðskiptaráðherra. — „Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann stjórnar og ákveður þóknun stjórnarmanna.“

Þau er þess vegna alveg bundin í lögum, þessi nánu tengsl milli viðskiptaráðherra og Fjármálaeftirlitsins. Ég dreg í efa að gagnvart almenningi og gagnvart þeim sem hér eiga hlut að máli sé þessi stjórnsýslulega staða sú besta eða trúverðugasta fyrir starfsemi og stöðu Fjármálaeftirlitsins. (**LB:** Eru flokkatengsl þarna á milli?) Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson grípur fram í og spyr um flokkatengsl, pólitísk flokkatengsl í þessum málum. Ég vil láta öðrum eftir að velta þeim fyrir sér en auðvitað er sú hætta fyrir hendi sem hv. þingmaður bendir á í frammíkalli sínu.

Ég vil líka vitna til þess að fyrir skömmu var hér í heimsókn breskur fjármálasérfræðingur sem heitir sir Howard Davies og er rektor London School of Economics, mjög virtrar kennslu-, fræðslu- og rannsóknarstofnunar í London. Hann flutti erindi þegar hann var hér á fundi 10.–11. janúar sl. og lagði gríðarlega áherslu á sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins og að það mætti hvergi tengjast hvorki framkvæmdarvaldinu sem væri umsvifamikið á fjármálamarkaði né beint hagsmunaaðilunum sem það á að hafa eftirlit með og starfa með. Í máli sínu lagði hann einmitt áherslu á þau sömu atriði og ég hef gert að umtalsefni varðandi stöðu Fjármálaeftirlitsins.

Það skiptir miklu máli í öllum þessum hræringum, hvort sem um er að ræða olíuverðssamráð, um trúverðugleika einstaklinga eða fyrirtækja, um tryggingafélög eða um banka og önnur fjármálafyrirtæki. Trúverðugleikinn skiptir máli.

Það er mjög fróðlegt að velta fyrir sér hlutverki Fjármálaeftirlitsins. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.“

Heilbrigðir og eðlilegir viðskiptahættir, auðvitað viljum við að þeir séu þannig. En skiptir þá ekki miklu máli að sá eftirlitsaðili sem á að kveða upp þann dóm sé hlutlaus og ótengdur þeim aðilum sem um er fjallað? Þess vegna rek ég þetta hér.

Hægt er að vitna til fleiri verkefna sem Fjármálaeftirlitinu ber að inna af hendi, t.d. stendur í 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem margur kann að velta fyrir sér hvort hafi verið fylgt rækilega eftir, með leyfi forseta:

„Aðilar sem hyggjast eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skulu leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fram.“ — Takið eftir, fyrir fram. — „Samþykkis Fjármálaeftirlitsins skal enn fremur aflað þegar einstaklingur eða lögaðili eykur svo við eignarhlut sinn að bein eða óbein hlutdeild hans í eigin fé, stofnfé eða atkvæðisrétti fer yfir ...“ einhvern ákveðinn hlut.

Mér finnst, forseti getur þá leiðrétt mig ef hann veit betur, að eftirlitið sé þarna eftir á, að fyrst sé framkvæmdur gjörningurinn í samruna fjármálafyrirtækja eða verslun með eignarhluti í fjármálafyrirtækjum og síðan sé eftir dúk og disk leitað samþykkis hjá Fjármálaeftirlitinu eftir á, ef það er þá gert. Þá stendur Fjármálaeftirlitið frammi fyrir gjörðum hlut og virðist eiga erfitt með að taka á því.

Herra forseti. Ég tel þetta mjög brýnt mál, að taka á sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins þannig að það verði og taki á með þeim sem vilja efla traust og trú á íslenskan fjármálamarkað. Þetta er liður í því.

Ég vona að að lokinni fyrri umr. í þinginu verði málinu vísað til efnahags- og viðskiptanefndar.

[15:19]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Þingflokkur Frjálslynda flokksins er einhuga í að styðja þetta ágæta mál hv. þm. Jóns Bjarnasonar

og Ögmundar Jónassonar, um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins.

Þegar litið er yfir sviðið er hægt að koma víða við í þessu sambandi. Auðvitað kallar það á ákveðna tortryggni þegar Fjármálaeftirlitið heyrir undir einstaka ráðherra í jafnlitlu hagkerfi og hér ríkir, svo að ekki sé minnst á fámennið. Á stundum geta einlitir flokkadrættir einkennt stjórnsýslu af slíku tagi en í dag er til að mynda Framsóknarflokkurinn með áberandi ítök á stjórn- og eftirlitssviði varðandi íslenskan fjármálamarkað.

Ég sat nýverið fund þar sem forsvarsmenn atvinnulífsins annars vegar og forsvarsmenn skattyfirvalda og Fjármálaeftirlitsins og fleiri sátu. Þar var almennt farið yfir samskipti aðila á þessu sviði. Það sem kom mér mest á óvart á þeim fundi var að samskipti skattyfirvalda annars vegar og hins vegar atvinnulífsins, sérstaklega banka og fjármálastofnana, eru stirð. Þetta vakti athygli mína vegna þess að við höfum rekið harða fyrirtækjastefnu í landinu um tíu ára skeið og í raun gert skattumhverfi íslenskra fyrirtækja mjög aðlaðandi. Það vakti því furðu mína að sjá svo mikinn stirðleika í samskiptum banka og fjármálafyrirtækja og skattyfirvalda.

Enn fremur var athyglisvert að samskipti atvinnulífsins, banka og fjármálafyrirtækja, annars vegar og svo Fjármálaeftirlitsins hins vegar virðast ansi náin og góð. Ég hefði frekar talið að eftirlitshlutverkið kallaði á stirðleika í samskiptum þar sem hlutverk eftirlitsins er að halda þessum fyrirtækjum á tánum, ef svo má segja og gæta að því að þau haldi sig innan ramma laganna í einu og öllu. Ég vildi því ítreka enn og aftur mikilvægi þess að Fjármálaeftirlitið heyri undir aðra stofnun en eingöngu viðskiptaráðherra eins og raunin er.

Ég tel líka að aðrar stofnanir sýni fram á mikilvægi þess og skynsemi að stofnanir af þessu tagi heyri undir Alþingi. Vitna ég þá til að mynda til Ríkisendurskoðunar sem á afskaplega gott samstarf við fjárlaganefnd. Manni er því því í lófa lagið að ímynda sér að öflug stofnun eins og Fjármálaeftirlitið gæti fært löggjafanum sterkari tilfinningu og meiri vitneskju um það sem er að gerast á markaði með nánari samskiptum og samvinnu á eftirlitssviði.

Við búum í dag við miklar breytingar. Fjármálamarkaðurinn hefur breyst mjög ört á síðustu tíu árum. Þar er mikil dínamík og kraftur. Fyrir þær sakir tel ég sjálfsagt að efla þá stofnun sem Fjármálaeftirlitið er og umfram allt efla sjálfstæði stofnunarinnar.

Ég vil í lokin, herra forseti, ítreka þá afstöðu þingflokks Frjálslynda flokksins að hann er samhuga þeim hv. þm. Jóni Bjarnasyni og Ögmundi Jónassyni í þessu máli og mun styðja málið á þinginu.

[15:23]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er fagnaðarefni að þetta þingmál fái stuðning annarra flokka á Alþingi og ég fagna yfirlýsingum hv. þm. Gunnars Örlygssonar, þingmanns Frjálslynda flokksins, í því efni.

Við framsögu hv. þm. Jóns Bjarnasonar, 1. flutningsmanns þessa þingmáls, er litlu að bæta. Málið er til marks um þá áherslu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur á að eftirlitsstofnanir í samfélaginu séu sjálfstæðar gagnvart þeim aðilum sem viðkomandi stofnanir eiga að hafa eftirlit með og einnig gagnvart framkvæmdarvaldinu. Í greinargerð með þingmálinu minnum við á að á sínum tíma heyrði Ríkisendurskoðun undir framkvæmdarvaldið en 1987 var gerð á því breyting og sú stofnun færð undir Alþingi. Við viljum láta skoða hvort hið sama eigi að gera gagnvart Fjármálaeftirlitinu sem er mun yngri stofnun, var sett á laggirnar 1998 og er sprottin upp úr tveimur stofnunum, þ.e. bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og Vátryggingareftirlitinu. Við teljum tíma til kominn að skoða stjórnsýslulega stöðu þessarar stofnunar.

Í ljósi þeirra miklu hræringa sem verið hafa í viðskiptalífinu á undanförnum árum og í ljósi þess að viðskiptaráðherra hefur verið einn umsvifamesti aðilinn í öllu því umróti teljum við brýnt að þessi athugun fari fram.

Ég legg áherslu á að engar breytingar verði gerðar nema að vel athuguðu og ígrunduðu máli og þær verði gerðar í góðu samstarfi við starfsmenn stofnunarinnar og samtök starfsmanna. Það hefur viljað brenna við á undanförnum árum þegar stjórnvöld hafa ráðist í skipulagsbreytingar innan stjórnsýslunnar, jafnvel grundvallarbreytingar á starfsemi stofnana, að vilji starfsmanna og samtaka þeirra sé virtur að vettugi. Þau vinnubrögð eru okkur ekki að skapi enda leggjum við áherslu á það í greinargerð sem fylgir þingmálinu að leitað verði eftir góðu samstarfi við starfsmenn og samtök þeirra.

Að öðru leyti er engu við að bæta við það sem fram kom hjá hv. 1. flutningsmanni þingmálsins, Jóni Bjarnasyni, og vil ég gera hans orð að mínum.

[15:26]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Mig langaði að leggja nokkur orð í belg og fjalla um tillögu þá sem hv. þm. Jón Bjarnason og Ögmundur Jónasson hafa lagt fram. Í stuttu máli gengur tillagan út á að skipa skuli nefnd til þess að gera úttekt á starfsskilyrðum Fjármálaeftirlitsins og stöðu þess gagnvart ráðherra, ríkisstjórn og aðilum á fjármálamarkaði.

Þó að sú tillaga sem hér er til umræðu feli ekki í sér endanlega niðurstöðu um hvar Fjármálaeftirlitinu skuli koma fyrir eða hvernig sjálfstæði þess verði best tryggt þá skil ég tillöguna þannig, virðulegi forseti, að hún gangi út á það að sú nefnd sem hugsanlega kynni að verða skipuð fari yfir alla þá fleti og reyni að velta upp hugmyndum um hvernig megi tryggja að Fjármálaeftirlitið þjóni þeim tilgangi að gera verðbréfamarkað og eftirlit með honum eins trúverðugt og kostur er. Það er talinn vísasti vegurinn til að skapa hér trúverðugan og öflugan verðbréfamarkað sem geri það að verkum að almenningur og smærri fjárfestar séu tilbúnir að koma inn á verðbréfamarkaðinn, ekki síst sökum þess að öflugir aðilar hafi eftirlit með því að þar gangi hlutirnir fyrir sig eins og best verður á kosið.

Ég held, virðulegi forseti, að sú hugmynd sem hér er sett fram sé góðra gjalda verð og full ástæða til þess að skoða hana rækilega. Eins og ég sagði í upphafi míns máls eru ekki gerðar ákveðnar tillögur um á hvern hátt þetta verði gert eða hvar eftirlitinu verði komið fyrir. Í umræðunni og eins í greinargerð hefur verið vakin athygli á því að stofn-

anir hafi verið færðar undir Alþingi, t.d. Ríkisendurskoðun og umboðsmaður Alþingis. Menn sjá ástæðu til að vekja sérstaka athygli á því og þar með að það kunni að koma til greina að færa stofnunina undir Alþingi. Ég hef ekki skýra afstöðu til þess hvort það er möguleiki en ég er ekki viss um að Alþingi eigi, sem löggjafarsamkunda, að vera með puttana í praktísku atriði eins og að hafa eftirlit með verðbréfamarkaðnum. Ég er ekki viss um það en ég útiloka það ekki heldur.

Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að ég skil tillöguna þannig að verið sé að reyna að velta við steinum, skoða alla hugsanlega og óhugsanlega möguleika á hvern hátt megi tryggja að eftirlitið takist sem best. Undir þau sjónarmið get ég vissulega tekið og get mjög auðveldlega lýst yfir stuðningi mínum við að málið verði skoðað á þann hátt með það að markmiði að Fjármálaeftirlitið verði eins sjálfstætt eins og kostur er. Draga má þá ályktun af þeirri greinargerð sem fylgir málinu að menn telji að í dag sé Fjármálaeftirlitið ekki eins sjálfstætt og það þyrfti að vera. Ég sé að hv. þingmaður Jón Bjarnason, 1. flutningsmaður málsins, kinkar kolli þannig að ég geri ráð fyrir að það sé rótin að því að tillagan sé flutt.

Ég ætla, virðulegi forseti, ekki að hafa lengra mál um þetta að sinni. Það má kannski segja að eins og tillagan er upp byggð sé fyrst og fremst verið að leggja til að sett verði á fót nefnd til að skoða þetta frekar. Ég get tekið undir það en vil hins vegar minna á að nú er til meðferðar mál í efnahags- og viðskiptanefnd sem lýtur að sumu leyti að þessu efni, þ.e. breytingar á lögum um verðbréfaviðskipti. Þar er komið inn á hlutverk og starfsemi Fjármálaeftirlitsins þannig að þetta skoðast vissulega þar.

Burt séð frá því er full ástæða fyrir þingið að skoða það sérstaklega á hvern hátt megi tryggja að sá ungi og kannski óþroskaði verðbréfamarkaður sem við höfum komið á fót geti þroskast og eflst á þann hátt að hann fái þann trúverðugleik sem hann þarf að hafa sem gerir það að verkum að fólk verði óhrætt við að setja fjármuni sína inn á þann markað. Ég lít svo á að tilgangurinn með þingsályktunartillögunni sé að styrkja eftirlitið með þetta að markmiði.

[15:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil aðeins bæta fáeinum orðum við það sem fyrri ræðumenn hafa sagt og allir lokið upp einum munni um að mikilvægt sé að búa vel að starfsemi Fjármálaeftirlitsins og það þurfi að geta starfað öflugt og sjálfstætt. Þegar sú leið var valin að sameina á einn stað allt eftirlit með vátryggingastarfsemi, bankarekstri og fjármálaumsvifum öðrum er mikið undir. Það skiptir miklu máli að fullt traust sé borið til stofnunarinnar og hún sé í þannig stellingum og þannig staðsett í kerfinu að það sé hafið yfir allan vafa og alla tortryggni. Sjálfstæði skiptir þar náttúrlega höfuðmáli, að stofnunin sé örugglega óháð og geti starfað algerlega sjálfstætt gagnvart bæði viðfangsefnum sínum, þ.e. hagsmunaaðilunum, þeim sem starfa á viðkomandi sviði og gagnvart stjórnvöldum eða fyrst og fremst framkvæmdarvaldinu.

Menn hafa t.d. velt því upp hvort það væri nógu heppilegt fyrirkomulag að þeir aðilar sem eftirlit er haft með greiði kostnaðinn af eftirlitinu, hvort hættur geti verið fólgnar í því fyrirkomulagi að stofnunin sæki alla fjármuni sína til þeirra aðila sem hún á að hafa eftirlit með. Vissulega er þannig um búið að Alþingi ákveður með hvaða hætti það er og einstakir aðilar geta ekki haft á það áhrif. En það sjónarmið á rétt á sér að menn séu vel á verði gagnvart slíku. Hitt sjónarmiðið er svo auðvitað ekki óeðlilegt að þeir aðilar standi straum af kostnaði við það eftirlit sem með þeim er haft.

Hitt snýr að stjórnvöldum og framkvæmdarvaldinu og ráðuneyti viðkomandi málaflokks. Ég held að hægt sé að færa fyrir því mjög gild sjónarmið að ekki sé heppilegt að Fjármálaeftirlitið sé undir viðskiptaráðuneytinu. Það sé þvert á móti þannig að ef Fjármálaeftirlitið starfar á annað borð í skjóli af einhverju ráðuneyti ætti það ekki að vera viðskiptaráðuneytið. Það má líka velta því fyrir sér af hverju sú leið var ekki valin að láta Fjármálaeftirlitið fylgja beint eða óbeint Seðlabankanum þegar hann var færður undir forsætisráðuneytið og Fjármálaeftirlitið væri frekar þar til húsa en hjá viðskiptaráðuneytinu.

Það þarf eins og áður segir að vera hafið yfir alla tortryggni hvernig um þetta er búið. Ég hef heldur ekki endilega sannfæringu fyrir því, ef eftirlitshlutverkið er í forgrunni þegar við horfum á verkefni og stöðu stofnunarinnar, að yfir stofnun af þessu tagi eigi að vera stjórn. Það er ekki endilega þannig sem ég held að verði best og öflugast um sjálfstæði slíkrar starfsemi búið heldur sé henni valinn staður þar sem hún er ósnertanleg og í fullkomnu skjóli af einhverjum heimilishaldara, en starfi að öðru leyti algerlega sjálfstætt og hafi fyrst og fremst trúnað við lög og reglur sem um hana gilda og viðfangsefnið sem slíkt. Í því sambandi hlýtur að koma mjög vel til greina að skoða þann möguleika að vista starfsemi af þessu tagi hjá Alþingi með hliðstæðum hætti og rökin voru færð fram á sínum tíma að Ríkisendurskoðun væri best komin þar. Ekki þannig að Alþingi sé með puttana í þeirri starfsemi eins og lá sumpart í orðum hv. síðasta ræðumanns heldur þvert á móti, Alþingi komi ekki nálægt starfseminni, hún sé algerlega sjálfstæð. Alþingi búi fyrst og fremst til skjólið fyrir stofnunina með því að hafa hana á bak við sig en ekki á hendi framkvæmdarvaldshafa.

Ef menn eru hins vegar að ræða um stjórnsýslu- og framkvæmdaþátt í starfi stofnunar af þessu tagi gegnir þar allt öðru máli. Það sem á að byrja á að gera er að skilgreina hvers eðli starfsemin er og flokka hana upp þannig að óskyldum hlutum sé ekki hrúgað saman í eina og sömu stofnunina. Kannski ætti niðurstaðan að verða sú að bæði á sviði samkeppnismála, samkeppniseftirlits og á sviði fjármálaeftirlits væru þessir þættir aðskildir. Það getur verið á sínum stað að menn telji ástæðu til að hafa einhvers konar stjórnsýslu- og framkvæmdastofnun á sviði viðkomandi málaflokks sem sé armur út úr viðkomandi ráðuneyti með svipuðum hætti og stjórnsýslu- og framkvæmdastofnanir t.d. á vettvangi sjávarútvegsins eru út úr því ráðuneyti. En þá á eftirlitsþátturinn ekki að vera þar saman við, búa á öðruvísi um hann og tryggja að hann sé einmitt algerlega sjálfstæður og óháður þeim framkvæmdarvalds-fúnksjónum og stjórnsýsluverkefnum sem eru á hendi viðkomandi

stofnunar. Það fer ekki endilega vel á því að blanda þessu tvennu saman.

Við þingmenn höfum frétt af því í fjölmiðlum að væntanleg séu frumvörp sem horfa til breytinga á samkeppnislöggjöfinni. Málið birtist manni að vísu mjög sérkennilega og hvernig að því hefur verið staðið. Hæstv. ráðherra hefur verið að spila því út að þetta sé í burðarliðnum en síðan virðist málið sitja fast einhvers staðar í þingflokki annars eða beggja stjórnarflokkanna. Hvað um það, þetta hefur kvisast út og má spyrja: Af hverju tökum við ekki þessi mál í heild sinni til skoðunar? Af hverju tekur þingið þetta ekki til sín, bæði samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið og skoðar með hvaða hætti þessu er fyrir komið með það í huga sem mögulega lendingu að eftirlitshlutverkið verði aðskilið frá stjórnsýslu- og framkvæmdaþáttum starfseminnar og þetta vistað sitt á hvorum staðnum og einnig sem möguleika að heimahöfn starfseminnar yrði Alþingi?

Það er leiðinlegt, herra forseti, ef ekki fæst einu sinni upp umræða eða skoðun á hlutum af þessu tagi þegar ítrekað er búið að leggja það fyrir þingið. Mér fyndist a.m.k. lágmark að viðkomandi þingnefndir, í þessu tilfelli fyrst og fremst efnahags- og viðskiptanefnd, færu rækilega yfir það, tækju þess mál til sín og hv. þingmaður Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, léti ekki bjóða sér að það kæmu alltaf utan úr bæ einhver fyrirmæli og fyrirskipanir um hvernig þetta eigi að vera. Ég hélt að þingið ætti að hafa um þetta síðasta orðið. Af hverju beitir formaður nefndarinnar sér ekki fyrir því þegar tillögurnar verða allar fram komnar að efnahags- og viðskiptanefnd hafi frumkvæði að því að taka þessi mál til heildstæðrar skoðunar? Þetta er að mörgu leyti hliðstætt eða skylt, þ.e. fjármálaeftirlitið og samkeppniseftirlitið og væri prýðilegt að nota tækifærið og skoða þetta heildstætt og sameiginlega.

[15:41]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna, tel hana ágæta. Ef til vill er bæði það þingmál sem hér er til umræðu og umræðan sjálf í takt við það sem er að gerast og hefur verið að gerast bæði í íslenskum stjórnmálum og íslensku atvinnulífi þar sem ríkið er í vaxandi mæli að draga sig út úr beinum afskiptum í atvinnulífinu og svokallað frjálsræði að aukast. Þá kemur auðvitað upp umræða um hlutverk ríkisvaldsins, hlutverk Alþingis gagnvart hinu nýja viðskiptaumhverfi sem hefur verið að skapast og má segja að hlutverk þingsins sé fyrst og fremst, eins og komið hefur fram, að skapa hin almennu skilyrði og halda uppi eðlilegu eftirliti með því að leikreglur séu virtar þannig að hér skapist ekki fákeppni og hin eðlilega samkeppni verði til staðar neytendum til hagsbóta.

Í því eftirliti, eins og þingmálið gerir ráð fyrir, gegnir Fjármálaeftirlitið lykilhlutverki. Má segja að með Samkeppnisstofnun sé Fjármálaeftirlitið eitt af meginverkfærum stjórnvalda til að veita hinum frjálsa markaði aðhald og um það snýst málið. Grundvallarspurningin er sú hvort Fjármálaeftirlitið hafi það sjálfstæði sem nauðsynlegt er og ég hygg að allir séu sammála um að þurfi að vera til staðar.

Ég held að reynslan, ekki margra ára reynsla af Fjármálaeftirlitinu hafi sýnt að það hefur burði til að vinna afskaplega faglega. Það hefur sjálfstæði sem m.a. kemur fram í því að það er ekki háð dyntóttum framlögum Alþingis að öðru leyti en því að í almennum lögum var samþykkt að Fjármálaeftirlitið gæti rukkað viðskiptavini sína, ef hægt er að kalla þá því nafni, þ.e. þá sem undir eftirlitsskyldu Fjármálaeftirlitsins heyra og að því leyti til er eftirlitið óháð Alþingi.

Varðandi afstöðu til þess hvort eftirlitið skuli heyra undir viðskiptaráðherra, forsætisráðuneytið eða beint undir Alþingi tel ég eðlilegra, eins og fram kom m.a. hjá hv. þingmanni Lúðvíki Bergvinssyni, að það heyri undir framkvæmdarvaldið stjórnsýslulega enda mun sá háttur vera almennur í nágrannalöndum okkar. Það heyri ekki undir Alþingi en Alþingi fylgist að sjálfsögðu með.

Þá er líka rétt varðandi þann þáttinn að þó að það heyri stjórnsýslulega undir eitthvert tiltekið ráðuneyti getur viðkomandi ráðherra á engan hátt haft bein afskipti af eftirlitinu. Það hefur sjálfstæði í vinnubrögðum. Þannig getur viðskiptaráðherra hvorki gefið Samkeppnisstofnun né Fjármálaeftirlitinu bein fyrirmæli um starfshætti eða verkefni sem kunna að verða unnin þar á bæ. Í því felst einmitt þetta mikilvæga sjálfstæði sem er til umfjöllunar. Ég hygg að það sé enginn ágreiningur um það. Að því leyti til get ég tekið undir efni þeirrar þingsályktunartillögu sem hér er til umræðu að ég held að menn geti verið alveg opnir fyrir því að skoða hvort Fjármálaeftirlitið sé nægjanlega sjálfstætt. Ég held að svo sé. Eins og ég skil tillöguna og ekki síst út frá greinargerðinni vilja flutningsmenn nálgast málið með opnum huga, velta við steinum eins og hér var orðað til að fara á sem hlutlægastan hátt yfir stöðuna með það í huga að efla og styrkja hið mikilvæga sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins. Með það að leiðarljósi finnst mér málið vera af þeim toga sem er ósköp eðlilegt að taka til nákvæmrar skoðunar.

[15:45]

Flm. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hefur orðið um þetta mál. Allir þeir sem hér hafa tekið til máls um tillöguna sem er til umræðu hafa lýst stuðningi við það að þessi mál yrðu skoðuð og kannað hvort fyrirkomulag þeirra gæti orðið með betri hætti en nú er ef svo kæmi í ljós.

Ég vil vekja athygli á að frammámenn í fjármálaheiminum leggja líka áherslu á að Fjármálaeftirlitið sé mjög virkt. Ég minntist á ráðstefnu sem haldin var hér í byrjun janúar um fjármálamarkað og eftirlit á fjármálamarkaði og minntist m.a. á ræðu rektors London School of Economics sem lagði þunga áherslu á gegnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins. Hann sagði reyndar að hjá öllum eftirlitsstofnunum væri mikið gegnsæi í störfum þannig að bæði almenningur og hlutaðeigandi atvinnugrein sem væri verið að fjalla um ættu aðgang að því sem verið væri að fjalla um á hverjum tíma og þá hvaða ábendingar kæmu fram.

Hér höfum við aftur á móti búið við mikla leynd. Það hefur verið talið nauðsynlegt til þess að tryggja samkeppnisstöðuna að hér ríkti mikil leynd, t.d. yfir störfum stofnunar eins og Fjármálaeftirlitsins. En þarna kemur virtur erlendur aðili og segir að við eigum einmitt að hugsa þveröfugt, við eigum að starfa mjög opið og gegnsætt því að það

styrkir og treystir í rauninni trúverðugleika stofnana sem þessarar. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta sé einmitt haft í huga, það gengur þvert á þá stefnu sem stjórnvöld hafa hér rekið á undanförnum árum þar sem allt á að fara fram með mikilli leynd á markaði.

Þriðjudaginn 11. janúar vitnar Morgunblaðið í orð Bjarna Ármannssonar, forstjóra Íslandsbanka, frá þessari ráðstefnu. Þar er vitnað í hann undir fyrirsögninni „Gegnsæi Fjármálaeftirlitsins mikilvægt" þar sem þessi ráðstefna er rakin. Bjarni Ármannsson sagði samkvæmt þessari samantekt Morgunblaðsins, með leyfi forseta:

„Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, minnti áheyrendur á að fjármálamarkaður á Íslandi ætti sér mun styttri sögu en sams konar markaðir erlendis. Þar af leiðandi væru ekki margar heföir ekki fullmótaðar, nokkuð sem að hans mati ylli því að Fjármálaeftirlitið væri undir stöðugu álagi að halda í við hinn ört vaxandi fjármálamarkað. Í máli Bjarna kom fram að þetta gæti verið ástæða þess að Fjármálaeftirlitið nýtur ekki þeirrar virðingar sem því ber og að sumir markaðsaðilar færu oft inn á grá svæði, og það jafnvel viljandi." — Ég vek athygli á að þarna er verið að vitna í orð Bjarna Ármannssonar bankastjóra sem ætti að þekkja þetta mál kannski hvað best af þeim sem eru að vinna á þessu sviði. — „Bjarni lagði í máli sínu mikla áherslu á mikilvægi þess að markaðsaðilar færu að lögum og reglu enda væru heföir og venjur til langs tíma litið jafnsterkar og reglur og ekki til góðs ef sú hefð kæmist á að fara ekki að tilmælum eftirlitsaðila."

Það getur ekki verið að tilefnislausu sem einn af aðalbankastjórum landsins, forstjóri Íslandsbanka, tekur svo djúpt í árinni þegar hann fjallar um fjármálamarkaðinn og mikilvægi þess að innan hans sé unnið samkvæmt góðum viðskiptavenjum og heiðarleika og einnig að eftirlitsaðilinn sé þá búinn til þess að skapa þann trúverðugleika.

Ég vildi sem sagt nefna hve alvarleg gagnrýnin er og þessi ábending um veika stöðu Fjármálaeftirlitsins og hvernig aðilar á markaðnum virðast reyna að fara í kringum lög og reglur sem á að fylgja. Það er einmitt bankastjóri Íslandsbanka sem minnir á það og ég held að þar taki hann rækilega undir þau sjónarmið sem við flytjum hér, flutningsmenn þessarar tillögu um að efla sjálfstæði og störf Fjármálaeftirlitsins.

Ég vil svo bara ítreka það sem hér hefur komið fram í máli manna. Minnst hefur verið á Ríkisendurskoðun. Sú ákvörðun var tekin að færa hana frá fjármálaráðherra og undir Alþingi til þess að tryggja sjálfstæði hennar til vinnslu. Alþingi er samt alls ekkert að stýra Ríkisendurskoðun en henni er þar fundið stjórnsýslulegt skjól og forstöðumaður hennar er ráðinn af Alþingi en ekki af viðkomandi framkvæmdarvaldi. Sama er að segja um umboðsmann Alþingis, hann starfar fullkomlega sjálfstætt á eigin forsendum og samkvæmt þeim lögum sem um hann eru sett þó svo að hann starfi í skjóli Alþingis. Við þekkjum í umræðunni, einmitt hér á Alþingi og úti í þjóðfélaginu, að þessir aðilar hafa í skjóli sjálfstæðis síns tekið upp og gagnrýnt erfiða hluti í aðgerðum og vinnulagi framkvæmdarvaldsins. Þeir hafa líka fengið bágt fyrir. Ég býst við að þeim hafi þá reynst skjól að heyra undir Alþingi en ekki undir einstaka ráðherra og verða að þola þær geðþóttaákvarðanir sem ráðherra beitir hverju sinni.

Þess er skemmst að minnast þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður vegna þess að hún kom með aðra þjóðhagsspá en gert var ráð yfir og þess vegna var talið eðlilegt að leggja hana niður og skipta forstjóranum út. Ég óttast reyndar stöðu Samkeppnisstofnunar, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tæpti hér aðeins á, að einmitt sé verið að taka á þeim aðilum þar. Hér liggja fyrir tillögur um breytingu á lögum um Samkeppnisstofnun sem fela að mínu viti það í sér að verið er að veikja sjálfstæði hennar, verið sé að draga úr henni tennurnar til þess að takast á við þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt lögum. Það á að breyta þeim lögum. Það skyldi þó ekki vera að verið væri að refsa henni fyrir að hafa tekið á málum sem heföu að sumra mati átt að liggja kyrr?

Við höfum dæmin úr samfélaginu hér þar sem þessar eftirlitsstofnanir geta fengið bágt fyrir ef þær ekki fara að vilja ráðherranna eða handbendis þeirra. Það er ágætt þess vegna að minnast hér orða Bjarna Ármannssonar, forstjóra Íslandsbanka, þar sem hann einmitt bendir á hina veiku stöðu Fjármálaeftirlitsins og það að markaðsaðilar færu, eins og hann segir, oft inn á grá svæði hvað varðar lög og reglur, og það jafnvel viljandi. Sá er kannski kjarni þess máls sem ég vildi hér flytja að það er fyllilega ástæða til þess, ekki síst í ljósi ummæla manna á sjálfum fjármálamarkaðnum, að taka bæði stjórnsýslulega stöðu og afl Fjármálaeftirlitsins til skoðunar, eins og hér er lagt til. Það er ekki gefin nein fyrirframforskrift að því hvar Fjármálaeftirlitið skuli liggja en bent á að Ríkisendurskoðun var færð undir Alþingi frá fjármálaráðherra og það hefur orðið þeirri stofnun til góðs. Það hefur verið bent á stofnun umboðsmanns Alþingis sem heyrir undir ráðherra og það hefur tvímælalaust verið styrkur fyrir störfin þar. Gríðarlegu máli skiptir að Fjármálaeftirlitið sem gegnir lykilhlutverki í að fylgja eftir trúverðugleika íslensks fjármálamarkaðar sé styrkt. Sérlega þarft er að huga að orðum Bjarna Ármannssonar bankastjóra sem leggur áherslu á að þarna þurfi að bæta úr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rekstur Ríkisútvarpsins, fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 49. mál. — Þskj. 49.

[15:56]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Við tökum nú til umræðu þingsályktunartillögu okkar, þingmanna í Frjálslynda flokknum, um rekstur Ríkisútvarpsins. Það er ekki í fyrsta skipti sem þessi tillaga er rædd hér í sölum Alþingis. Við erum að byrja að ræða hana í fimmta sinn, hæstv. forseti, þannig að vafalaust er af ýmsu að taka í umræðunni.

Kannski má draga þá ályktun að dropinn holi steininn. Þessi tillaga og önnur umræða sem hefur vissulega farið fram í sölum Alþingis um málefni Ríkisútvarpsins á undanförnum árum eru kannski að verða til þess að eftir langa bið standi til, miðað við yfirlýsingar hæstv. menntamálaráðherra nýlega í fjölmiðlum, að hér komi tillaga eða frumvarp

um málefni Ríkisútvarpsins.

Sú tillaga sem við ræðum hér gengur hins vegar akkúrat út á það að skipuð verði nefnd allra þingflokka til að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins og að nefndin ljúki störfum innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.

Þessi tillaga hefur aldrei fengist samþykkt í hv. Alþingi. Hún hefur fengið að fara náðarsamlegast í gengum fyrri umr. og inn í menntamálanefnd og þar hafa náttúrlega stjórnarliðar sest á hana eins fast og þeir mögulega geta. Hún hefur aldrei komið þaðan út aftur. Eins og ég sagði í upphafi máls míns er það þó kannski svo að dropinn holi steininn í þessu máli. Þessi tillaga og aðrar umræður sem hér hafa farið fram í hv. Alþingi verða e.t.v. á endanum til þess að einhvern tíma á næstu dögum eða vikum komi inn í Alþingi frumvarp frá hæstv. menntamálaráðherra um málefni Ríkisútvarpsins. Er ekki vanþörf á að á þeim verði tekið.

Þó hefur auðvitað ýmsilegt breyst frá því að þetta mál var rætt hér síðast, m.a. það að það er búið að skipa sérstaka fjölmiðlanefnd sem að lokum allir þingflokkar á Alþingi fengu fulltrúa í. Það fékkst í gegn þegar fulltrúar stjórnarandstöðunnar tóku sig saman um það að annaðhvort fengju allir flokkar aðkomu að nefndinni eða þá að þeir tækju ekki þátt í starfinu. Var þá fjölgað í þeirri nefnd úr fimm í sjö og þannig er hún skipuð í dag.

Eftir því sem ég veit best hefur sú hv. fjölmiðlanefnd sem er að störfum ekki enn þá tekið fyrir beina umfjöllun um Ríkisútvarpið sem slíkt heldur hefur hún verið að skoða ýmislegt annað í fjölmiðlun í landinu. Við höfum m.a. tekið umræðu í hv. þingi og komið inn á það í tengslum við umræðuna um dreifikerfi Símans hvert fjölmiðlun ef til vill væri að stefna í landinu og hvernig Íslendingar hefðu þá aðgang að fjölmiðlum almennt á komandi árum og missirum.

Það er að hluta til önnur umræða, en þó ekki. Ríkisútvarpið er auðvitað ekki minnstur partur af fjölmiðlaflórunni í landinu og ég held að Ríkisútvarpið, rásir þess, og sjónvarp séu í raun og veru þeir fjölmiðlar sem þjóðin í heild sinni gerir mestar og ríkastar kröfur til og vill viðhalda. Þessi tillaga til þingsályktunar er um það að Ríkisútvarpið verði áfram til, því verði tryggður góður rekstrargrundvöllur og tilveruréttur. Það hafi ákveðið og afmarkað hlutverk að því leyti til að það sem við leggjum til í þessari þingsályktun í forskrift fyrir efni þess sem við vildum að yrði tekið fyrir í viðkomandi nefnd sem þingsályktunartillagan gengur út á væri m.a. að Ríkisútvarpið væri fjármagnað á fjárlögum og fengi þaðan meginhluta tekna sinna.

Það væri m.a. skoðað hvort Ríkisútvarpið sem stofnun ætti að starfa í samkeppni á auglýsingamarkaði. Við höfum sagt það í ábendingarpunktum í tillögunni að það væri ekki sjálfgefið að slíkt útvarp, fjármagnað á fjárlögum, væri í fullri samkeppni á auglýsingamarkaðnum. En við höfum jafnframt bent á að að sjálfsögðu yrði slíkt þjóðarútvarp að sjá til þess að vera þátttakandi í auglýsingum um fundi og mannfagnaði og aðrar opinberar tilkynningar sem nauðsynlegar eru þegnum landsins þó að Ríkisútvarpið væri kannski ekki alveg á fullu í þeirri samkeppni að auglýsa eina baunadós eða einhverjar sérstakar vörur, en það væri virkilega í samkeppni um fundi, mannfagnaði og annað slíkt sem skiptir fólk verulega miklu máli, og er ég þá ekkert sérstaklega að gera lítið úr baunadósinni, hún hefur oft komið til umræðu út af ýmsum tilefnum eins og menn muna hér úr fortíðinni. Ætla ég ekki að fara fleiri orðum um það, hæstv. forseti. Þannig er nú málið vaxið.

Í greinargerð með tillögunni segir, með leyfi forseta:

„Tillaga þessi var flutt á 126., 127., 128. og 130. löggjafarþingi og er nú endurflutt."

Síðan segir:

„Ríkisútvarpið er viðurkennd stoð íslenskrar tungu og menningar. Rekstur þess er ómissandi til að gefa almenningi kost á hvers konar fræðslu- og menningarefni sem aðrir ljósvakamiðlar vanrækja." Segjum við nú hér.

Það kann vel að vera að við tökum nokkuð stórt til orða með því að orða þetta svona en ég vil samt benda á að mér finnst að Ríkisútvarpið, sérstaklega hljóðvarpið, hafi staðið sig að mörgu leyti vel við að koma til almennings ýmsu fræðslu- og menningarefni og mun betur en aðrir fjölmiðlar.

Það vill svo til að ég þarf iðulega að ferðast um þjóðvegi landsins og þá er nú einfaldast að stilla á langbylgjuna og hafa bara gufuna á og síðan Rás 2 þegar hún kemur inn o.s.frv. Maður hlustar auðvitað á fjölmarga góða þætti í Ríkisútvarpinu. Það má nefna nokkra til upprifjunar, t.d. Spegilinn, Víðsjá og Þjóðfélagið í nærmynd. Í sjónvarpinu má nefna Í brennidepli og Kastljós. Einnig má nefna umræðuþætti á sunnudögum, Sunnudagskaffi og laugardagsþætti og margt fleira sem Ríkisútvarpið stendur fyrir. Ég tel því að það megi með nokkrum sanni segja að Ríkisútvarpið sinni mjög fjölþættu menningar- og fræðsluhlutverki. En það væri hins vegar vissulega hægt að nota Ríkisútvarpið meira í þeim mæli ef um það væri samstaða og stefnumótunin væri með þeim hætti.

Við segjum í greinargerðinni:

„Slíkur miðill getur ekki verið til öðruvísi en að vera í þjóðareign og fjármagnaður af almenningi úr ríkissjóði. Markaðslausnir geta ekki átt við starfsemi af þessu tagi. Hún er eðli málsins samkvæmt menningar- og fræðsluviðleitni þar sem sóknin eftir arðsemi verður að víkja fyrir mikilvægari markmiðum."

Ég held að þetta lýsi í raun og veru þeirri hugsun sem við höfum í þessu máli, að við teljum að Ríkisútvarpið þurfi að fá þá stöðu að hafa þokkalegan og nokkuð öruggan rekstrargrunn. Og að sá rekstrargrunnur þurfi að vera markaður og tekjur fyrir starfsemina þurfi að vera markaðar, ekki bara til eins árs í senn og svo sé endalaus slagur alltaf á hverju ári um fjármálin heldur verði að vera markaður rammi til þriggja til fimm ára þar sem nokkuð sé vitað um hvaða stefnu við viljum hafa um rekstur Ríkisútvarpsins, sem við teljum mjög mikilvægt, og að það sé nokkur festa í því hvernig tekjur á fjárlögum koma til Ríkisútvarpsins og á því megi byggja til lengri tíma en árs í senn með nokkurri vissu og nokkrum rökum.

Ég tók eftir því, hæstv. forseti, í viðtali við hæstv. menntamálaráðherra í Morgunblaðinu, að þar var haft eftir ráðherra, með leyfi forseta, svo ég vitni í þá grein:

„Báðir flokkarnir" — þ.e. ríkisstjórnarflokkarnir — „eru eindregið þeirrar skoðunar að það eigi að hlúa að Ríkisútvarpinu svo það geti svarað kröfum tímans. Það þarf að

skerpa á hlutverki Ríkisútvarpsins og tryggja því áfram öruggan sess sem öflugt fyrirtæki."

Ég velti því fyrir mér hvort þessi orð, þegar verið er að tala um að Ríkisútvarpið verði öflugt fyrirtæki, boði einkavæðingu fyrirtækisins þegar fram í sækir. Það hefði auðvitað verið fróðlegt að hæstv. menntamálaráðherra hefði verið hér viðstödd umræðuna en ég veit að hún er erlendis og ekkert við því að gera. En ég vil vekja athygli á þessum ummælum hæstv. menntamálaráðherra, að hún orðar þetta með þeim hætti að segja „öflugt fyrirtæki". Við erum í þessari tillögu okkar að tala um stofnun utan um Ríkisútvarpið og að Ríkisútvarpið fái sérstaka öfluga yfirstjórn og að það verði í raun og veru tekið eins og hægt er undan pólitískum áhrifum og pólitískum stýringum. Ég veit því ekki alveg hvernig á að skilja þessi orð hæstv. menntamálaráðherra og eins og ég sagði er hún ekki hér viðstödd til þess að svara fyrir það.

En ég sé að menntamálaráðherra er sammála okkur sem flytjum þessa tillögu um að það sé mikils virði að Ríkisútvarpið haldi velli og standi vörð um íslenskt mál og íslenskt málsvæði o.s.frv. Við erum algjörlega sammála um það og teljum það mjög mikilvægt hlutverk.

Auðvitað má segja sem svo, eins og sagt var hér í umræðu um þetta mál síðast þegar það var rætt, og það var hv. þm. Mörður Árnason sem sagði það, að Ríkisútvarpið hefði verið í pattstöðu mörg undanfarin ár og ég get alveg tekið undir það að að sumu leyti hefur það verið í pattstöðu. Það hefur aldrei verið vitað hvert við ætluðum að fara með Ríkisútvarpið og ummæli stjórnarliða í þá veru hafa verið mjög misvísandi.

Ég get leyft mér að vitna í ummæli eins þingmanns, hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, en hann sagði:

„Ég verð að segja fyrir mína parta að ég get ekki séð að það séu nein önnur lögmál sem gildi um rekstur fjölmiðla en annarra fyrirtækja."

Hefði nú verið fróðlegt að minnast stundum á þetta í umræðunni um fjölmiðlalögin og þá uppákomu alla á sínum tíma.

En við höfum sem sagt þá skoðun að það þurfi akkúrat að marka Ríkisútvarpinu öðruvísi stöðu en annarra fyrirtækja og að tryggja þurfi rekstur þess. Þess vegna get ég alveg tekið undir orð hv. þm. Marðar Árnasonar að Ríkisútvarpið hefur á undanförnum árum verið í þeirri pattstöðu að það hefur verið algjör óvissa um framtíð þess og alveg hárrétt hjá þingmanninum þegar hann vék að því að þannig hafi það verið.

Við flytjum þessa tillögu enn á ný í þeirri von að dropinn holi steininn og að það megi búa svo um starfsemi Ríkisútvarpsins til framtíðar að þjóðarhagsmunum sé þar þjónað og að við höfum öll sóma og ánægju af því og þeim efnum sem þar verða flutt.

[16:11]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil í upphafi þakka flutningsmanni, hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni, og félögum hans fyrir staðfestuna, að ég ekki segi þrákelknina, að flytja þessa þingsályktunartillögu hér enn því að á því er mikil þörf. Ég hef áður tekið þátt í umræðu um þetta þingmál, eins og hv. flutningsmaður gerði mér reyndar þann heiður að minnast á. Ég tel eins og áður að margt sé mjög líkt með markmiðum flutningsmanna og markmiðum mínum og minna flokksmanna. Við erum með annað mál um Ríkisútvarpið á dagskrá þingsins eða einhvers staðar í holrýmum þess og það hefði auðvitað verið skemmtilegt að ræða þetta í einu lagi. Á því gefst nú ekki kostur.

Ég ætla, forseti, áður en ég ræði efnisatriði tillögunnar að tala nokkuð um nýlega viðburði í málefnum Ríkisútvarpsins, nefnilega þá að núna um helgina var það viðtal í Morgunblaðinu sem flutningsmaður minntist á þar sem hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sagði okkur frá því að nú ætlaði hún að leggja fram frumvarp þar sem ætti m.a. — það var eina efnisatriðið sem nefnt var — að breyta afnotagjöldum í þá átt, hygg ég að það hafi verið orðað, að afnema þau.

Þess var vænst að menntamálaráðherra mundi láta til sín taka í málefnum Ríkisútvarpsins. Hæstv. menntamálaráðherra hafði verið þar við störf og þekkti þess vegna innviði þess betur en kannski þeir menntamálaráðherrar sem á undan komu, og menn tóku strax eftir því að hún hafði að vissu leyti aðra afstöðu en algeng var í Sjálfstæðisflokknum, var greinilega hlynnt starfsemi Ríkisútvarpsins með einhverjum hætti og þess vegna búist við nokkru af henni í þeim málum.

Það sem hún gerði strax var að hún boðaði einhvers konar aðgerðir í málefnum útvarpsins og við biðum eftir því á síðasta þingi hverjar þær yrðu. Síðan var boðað frumvarp á þessu þingi, það frumvarp sem ekki er fram komið en minnst er á í Morgunblaðinu í gær. Enginn veit enn þá um hvað það frumvarp er, enginn veit enn þá nema menntamálaráðherra og einhverjir menn í kringum hana hverjir eru að semja það frumvarp. Þegar um það var spurt í menntamálanefnd í byrjun hausts gátu fulltrúar ráðuneytisins, starfsmenn ráðherra, ekki upplýst það hverjir væru að semja það eða hvar það væri statt.

Á fundi í Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins 31. október var útvarpsstjóri spurður og aðrir þeir sem þar voru hvort þeir þekktu málið. Það kom fram í svari útvarpsstjóra að hann væri gjörsamlega ókunnugur þessu máli, hefði aldrei heyrt um þetta frumvarp nema það sama og allur almenningur og ekkert verið um það spurður og vissi ekkert hverjir væru að undirbúa það og ekkert hvaða efnisatriði þar yrðu.

Síðan var skipuð sérstök fjölmiðlanefnd og menn bjuggust við að þar væri fjallað um Ríkisútvarpið en það var sérstaklega tekið fram í erindisbréfi fjölmiðlanefndarinnar — ég er að vísu ekki með erindisbréf nefndarinnar en plagg undirritað af Guðmundi Árnasyni — að hún ætti að vísu, með leyfi forseta:

„... að fjalla um markaðsstöðu og hlutverk Ríkisútvarpsins í samhengi við aðra fjölmiðla" — síðan kemur mínusinn, með leyfi forseta: „án þess þó að gera tillögur um breytingar á lögum um stofnunina, enda sérstök vinna þegar í gangi á vegum stjórnarflokkanna um það mál."

Þetta mál er því unnið í leyndum og pukri þrátt fyrir að allt vorið og hálft sumarið hafi verið lagt undir fjölmiðlaumræðu sem sannaði eitt sem ég held að allir geti verið sammála um og það er að fjölmiðlamál af þessu tagi, ekki

síst ef það fjallar um Ríkisútvarpið sem er eign okkar allra, á að ræða opinberlega. Það eiga allir að koma að þeirri umræðu.

Það sem vekur svo athygli núna er það að ráðherra segir í Morgunblaðsviðtalinu að það eigi að afnema afnotagjöldin. Gott og vel. Það höfum við rætt hér. Ég er t.d. ekki á móti því. Við höfum talað um að þau séu á margan hátt gölluð, hugsanlegan beinlínis úrelt.

Í Fréttablaðinu í dag er líka rætt við ráðherrann. Þá kemur fram að hún ætli að leggja fram, segir blaðamaður, frumvarp *sitt á næstu fjórum vikum, sem ég skil sem einhvern* tímann á næstu fjórum vikum, innan fjögurra vikna frests héðan í frá. Ég skrifa ráðherrann út af fyrir sig ekki fyrir því en hún hlýtur þó að hafa sagt eitthvað í þá veru. Um afnotagjöldin er þetta hins vegar haft eftir ráðherranum, með leyfi forseta:

„Hún nefnir nefskatt eða fjárlög sem hugsanlegan möguleika, en einnig hafi verið rætt um að nýta megi persónuafsláttinn."

Þannig að hæstv. ráðherra veit ekki sjálf um hvað frumvarpið verður sem hún ætlar að flytja hér á næstu fjórum vikum. Ráðherra virðist ekki samkvæmt Fréttablaðinu vita hvað hún ætlar að flytja í frumvarpinu og þó erum við aðeins að ræða um einn afmarkaðan þátt af því frumvarpi.

Það sem líka er athyglisvert er að ráðherra lætur þó uppi að ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, sé að fara yfir málefni Ríkisútvarpsins og almannaþjónustuhlutverk þess — þetta vissum við ekki, þó mig minni að kæra sem ég hygg að eigi uppruna sinn á Stöð 2 hafi verið send til þessarar stofnunar en þetta er sum sé hér án þess að hún hafi sagt okkur það eða neinum öðrum — og þess vegna þurfi að breyta lögunum um Ríkisútvarpið. Þetta er alveg nýr flötur á málinu og mjög athyglisverður vegna þess að eftir því sem hægt er að dæma af viðtalinu við ráðherra í Fréttablaðinu fjallar eitt aðalatriðið í þessum athugasemdum frá ESA um það sem við höfum verið að ræða hér, samfylkingarmenn og fleiri, hvernig það megi vera að hægt sé að búa til almannaútvarp með ríkisstyrkjum sem síðan sé í samkeppni við markaðsstöðvarnar. Hvernig það geti staðist. Hin eðlilega ályktun okkar af því, sem er á margan hátt sú sama og í frumvarpi þeirra hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar o.fl., er að það sem upp á okkur stendur sé að búa til almennilegt almannaútvarp úr Ríkisútvarpinu og búa þannig um hnútana að það almannaútvarp þjóni hlutverki sem almannaútvarp á að þjóna en markaðsstöðvanna sé það sem markaðsstöðvanna er.

Það virðist hins vegar ekki vera hjá ráðherranum því hún talar um þetta svona svipað og Símann og fleira, að það eigi annars vegar að vera skil milli almannaútvarpsins, milli einhvers konar hlutverks almannaútvarpsins, en síðan eigi við hliðina á því að reka sérstakt fyrirtæki sem er samkeppnisfyrirtæki. Það bendir til þess, eins og hv. flutningsmaður lét að liggja, að vilji ráðherrans, eftir því sem hann sýnist í blöðunum, sé sá að hlutafélagavæða eða markaðsvæða með einhverjum hætti hluta Ríkisútvarpsins. Við vitum vel um það hver eru örlög þeirrar urtar sem núverandi hæstv. ríkisstjórn markaðsvæðir og hlutafélagavæðir.

Ég ætla, forseti, í seinni ræðu minni að koma betur inn á efnisatriði frumvarpsins en þetta þurfti að koma fram hér strax og við byrjum að ræða Ríkisútvarpið á þessum tíma.

[16:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hnaut um eitt atriði í merkilegri ræðu hv. þingmanns og það var þar sem hann sagði að Ríkisútvarpið væri eign okkar allra. Ég vil mótmæla því. Ríkisútvarpið er eign ríkisins. Ríkið er ekki við öll. Það uppgötvum við fyrst og síðast þegar við borgum skattana til ríkisins að peningarnir eru ekki lengur í okkar eigu, heldur fara þeir *í eigu ríkisins sem er ákveðin stofnun í þjóðfélaginu* og langt í frá að vera sama og eign einstaklinga. Ég get líka nefnt sem dæmi að ég get ekki sest upp í ríkisbifreið og ekið henni á brott, ég yrði bara tekinn fyrir þjófnað.

[16:20]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að það er galli í lagaskilgreiningu okkar á eignarrétti að það vantar í hana hugtakið „þjóðareign". Því þyrftum við að koma í stjórnarskrá eins og ég hef rætt í þinginu áður og ýmsir með mér. Ríkisútvarpið á að mínu mati að vera almannaútvarp og vera því í einhvers konar almannaeign eða þjóðareign. Ég tel að það verði best tryggt með sjálfseignarstofnunarformi í lagalegum tengslum að sjálfsögðu við ríkisvaldið, en ég mótmæli þeim skilningi almennt að öll sú eign sem núna telst til ríkisins sé einkaeign ríkisins. Ég hef rætt þetta nokkuð við hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem hefur túlkað það svo að ég vilji þjóðnýta alla hluti, það er svona frumleg kenning, en það er meira að segja í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar núna að koma auðlindum hafsins með einhverjum hætti í þjóðareign í stjórnarskrá. Það er því kominn tími til að við ræðum það, ekki síst við samfylkingarmenn við sjálfstæðismenn, hvernig þetta verði hugsað því ég hygg að með betri skilgreiningu á þjóðareign, á eign sem er sum sé þjóðarinnar allrar en ekki ríkisins sem slíks, megi koma í veg fyrir þessar fornu hugmyndafræðilegu deilur sem spilla framförum og umræðu í landinu.

[16:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég á eitthvað má ég nota það, ég má veðsetja það og ég má selja það. Þetta er skilgreining á eignarréttinum. Ekkert af þessu geri ég, hvorki við þjóðareign, sjálfseignarstofnun né ríkiseign. Ríkið er lögaðili í þjóðfélaginu. Ríkið sækir skatta til fólks, setur það meira að segja í fangelsi ef það stendur ekki skil. Það er því langt í frá að skattgreiðandinn eigi eitthvað í peningunum sem ríkið ætlar að taka af honum. Og að breyta Ríkisútvarpinu í sjálfseignarstofnun, það er að fara úr öskunni í eldinn því í staðinn fyrir að einhver einn aðili eigi Ríkisútvarpið þá á það enginn. Bara akkúrat enginn. Það á sig sjálft. Ég held að það sé nú ekki til bóta.

Og einhverjar hugleiðingar um þjóðareign eða eitthvað slíkt. Hvernig getur þjóðin t.d. farið og veðsett eignina sína? Hvernig getur hún notað hana? Þjóðin er náttúrlega ekkert annað en hópur af fólki og þá ætti hver og einn að geta gengið um eignina og farið í útvarpið og náð sér í stól.

[16:23]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Við erum nú komnir nokkuð á aðrar slóðir en slóðir Ríkisútvarpsins. En það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þingmanni að ef maður skilgreinir einkaeignarrétt og telur svo allan annan eignarrétt vera háðan þeirri skilgreiningu, fær maður það út að ekki sé til neinn annar eignarréttur en einkaeignarréttur.

Minna má þó á það (Gripið fram í.) að til er tvenns konar skilgreining á lögum að eignarrétti. Hún er jákvæð og hún er neikvæð. Sú jákvæða er skilgreind þannig að maður eigi eign að því leyti sem hann megi nota hana og þá eru talin upp notkunarsviðin. Þetta á t.d. við um vatn og auðlindir í þeim lögum sem nú gilda. Við fórum í gegnum þetta í þinginu um daginn. Síðan er til neikvæð skilgreining eignarréttar. Þetta eru ekki matshugtök heldur ósköp einfaldlega lagaleg tæknihugtök. Hin neikvæða skilgreining er þannig að eign manns felist í hvers konar notum hans af henni sem ekki séu hindruð með sérstökum lögum. Þannig að strax þarna í hinu lagalega áliti á eignarrétti er auðvitað kominn annar skilningur á eignarréttinum en hv. þm. Pétur Blöndal vill kannast við.

Við erum með þjóðareign að lögum hér á landi á nokkrum fyrirbærum. Ég nefni Þingvelli. Ég nefni Skarðsbók. Þjóðin á þetta þó að hún geti ekki veðsett það. Hún á þetta öll saman þjóðin, sem þýðir ekki bara þeir sem nú lifa, heldur þeir sem á eftir koma og þeir sem áður voru með nokkrum hætti, þó að maður verði að vera svolítið heimspekilegur og guðfræðilegur til að finna það út. Það er eignarréttur sem er tíðkaður í öðrum löndum og viðurkenndur í stjórnarskrám ýmissa landa og stendur til af okkar hálfu, samfylkingarmanna, að koma hér í stjórnarskrá og stjórnarandstæðinga fleiri og stendur meira að segja í sáttmála hæstv. ríkisstjórnar að hún ætli að gera, eða hvernig á að túlka ákvæðið um auðlindir hafsins með öðrum hætti en þessum? Það er því margt í mörgu í eignarréttarmálunum þó að það varði ekki Ríkisútvarpið.

[16:26]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við fáum tækifæri til að ræða þessa tillögu hv. þingmanna, Guðjóns A. Kristjánssonar, Magnúsar Þórs Hafsteinssonar og Sigurjóns Þórðarsonar. Þessi tillaga hefur legið hér á borðum okkar áður og er það vel því við fáum þó a.m.k. tækifæri til að koma í ræðustól og ræða um Ríkisútvarpið, en málefni þess eru okkur þingmönnum hjartfólgin eins og alþjóð veit.

Það er margt í þessari tillögu sem ég get skrifað undir og er sammála ýmsum efnisþáttum sem greinargerðin fjallar um, en ósammála öðrum eins og gengur og gerist, en í öllu falli er tillagan uppspretta umræðu. Það eru sannarlega líka ummæli hæstv. menntamálaráðherra sem hún lét frá sér fara um helgina í viðtali í Morgunblaðinu, þar sem hún boðar breytingar á lögum um Ríkisútvarpið án þess þó að vera með nokkuð í höndunum sem þjóðin getur rætt um í því sambandi.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að það hefði verið verulegur fengur af því að hafa hæstv. menntamálaráðherra við þessa umræðu til þess að hún gæti gefið okkur tækifæri til að eiga þá sjálf hin sjálfsögðu skoðanaskipti um þau ummæli sem hún viðhefur í fjölmiðlum um helgina, en svo er ekki. Hún er ekki hér og því verðum við hv. þingmenn enn eina ferðina að spekúlera í ummælum ráðherra án viðveru þeirra sjálfra.

En eftirfarandi setning er höfð eftir hæstv. ráðherra í Morgunblaðinu, með leyfi forseta,

„Báðir flokkarnir" — þá er átt við stjórnarflokkana — „eru eindregið þeirrar skoðunar að það eigi að hlúa að Ríkisútvarpinu svo það geti svarað kröfum tímans. Það þarf að skerpa á hlutverki Ríkisútvarpsins og tryggja því áfram öruggan sess sem öflugt fyrirtæki."

Ég hefði gjarnan viljað fá svör frá hæstv. menntamálaráðherra um hvað hún meini með því að segja að Ríkisútvarpið þurfi að geta svarað kröfum tímans og að hvaða leyti henni finnist Ríkisútvarpið ekki svara kröfum tímans í dag. Ég er ekki að segja að það sé rangt að Ríkisútvarpinu hafi ekki tekist að svara kröfum tímans. Ég vil meina að Ríkisútvarpið hafi átt í verulegum erfiðleikum með ja, það má kannski kalla það að svara kröfum tímans, en erfiðleikar Ríkisútvarpsins hafa í mínum huga fyrst og fremst verið fólgnir í afstöðu ríkisstjórnarinnar til útvarpsins. Sú afstaða birtist auðvitað fyrst og síðast í fjárlögum íslenska ríkisins, í því hverjar afnotagjaldaheimildir ríkisstjórnarinnar eru á hverju ári, þ.e. það er í höndum ríkisstjórnarinnar að skammta Ríkisútvarpinu tekjur. Ríkisstjórnin hefur haldið Ríkisútvarpinu í fjársvelti allt of lengi sem hefur gert þessari merku menningarstofnun allt of erfitt fyrir að rækja sitt lögbundna hlutverk.

Nú vitum við vel að Ríkisútvarpið hefur skyldur umfram aðra ljósvakafjölmiðla samkvæmt lögum. Við breyttum útvarpslögum árið 2000. Ný útvarpslög gengu í gildi 17. maí árið 2000. Það er nokkur lagabálkur upp á einar sex blaðsíður eða á sjöttu blaðsíðu í lagasafni Alþingis. Þá voru á sama tíma skilin frá þeim útvarpslögum sérstök lög eða sjálfstæð lög sem fjalla um Ríkisútvarpið. Ég gagnrýndi það á þeim tíma að ekki hefði verið farið í metnaðarfulla samningu á nýju frumvarpi um Ríkisútvarpið á þeim tíma. Það má segja að þegar búið var að skilja hin almennu lagaákvæði frá og setja í bálkinn útvarpslög þá voru slitrurnar sem eftir voru settar undir fyrirsögnina „Lög um Ríkisútvarpið". Þá strax var full þörf á því að endurnýja lagabálkinn um Ríkisútvarpið og endurskilgreina markmið þess og skyldur.

Mér finnst nauðsynlegt að Ríkisútvarpið hafi skyldur umfram aðra ljósvakafjölmiðla á Íslandi. Skýringin er sú að Ríkisútvarpið er í mínum huga menningarstofnun, ein af menningarstofnunum, ekki þó í eigu ríkisins heldur menningarstofnun sem þjóðin á í sameiningu. Ríkisútvarpið á að vera í eign þjóðarinnar í mínum huga alveg á nákvæmlega sama hátt og Þjóðarbókhlaðan, Þjóðminjasafnið, Þjóðleikhúsið og aðrar öflugar menningarstofnanir í eigu þessarar þjóðar. Um þessar stofnanir eiga að gilda lög og þær eiga að fá svigrúm og það fjármagn sem þarf til þess að standa undir þeim lagalegu skyldum sem þeir þjóðkjörnu fulltrúar sem hér sitja leggja þeim á herðar.

Þessu hefur ekki verið að heilsa, hæstv. forseti. Ég vil meina að það sé hálfgerður plagsiður hjá þessari ríkisstjórn

að svelta ríkisstofnanir það langt fram á horrimina að á endanum þegar ríkisstjórnin svo kemur með hlutafélagafánann þá snýr hún hungruðum forsvarsmönnum viðkomandi stofnana inn á það að hlutafélagavæðast af því að það sé eina ráðið til þess að þeir upplifi einhvers konar frelsi. Ég get nefnt Tækniháskóla Íslands sem með þessum aðferðum hefur verið sveltur af ríkisstjórninni inn á einkavæðingarbraut. Þetta eru aðferðir sem ríkisstjórnin hefur beitt meðvitað og hún hefur verið að beita þessari aðferð við Ríkisútvarpið.

Hins vegar má vera að ríkisstjórnin sé að vitkast og sé að átta sig á því að það sé kannski einhver fengur í því að halda Ríkisútvarpinu í þjóðareign. Í öllu falli var ekkert í boðskap hæstv. menntamálaráðherra um helgina sem segir okkur að nú eigi að hlutafélagavæða þannig að að því leytinu til segi ég: Guð láti gott á vita. Við skulum vona að Ríkisútvarpið fái áfram að vera í þjóðareign en ríkisstjórnin ani ekki með á einkavæðingarmarkað.

Það er þó ámælisvert af hæstv. menntamálaráðherra að hún skuli leyfa sér að fara fram á völlinn án þess að vera með nokkuð í höndunum sem hægt er bjóða fram sem umræðugrundvöll því að ekki er hún með frumvarp í höndunum. Nei, hún er ekki einu sinni með frumvarpsdrög. Hún er ekki með neinar mótaðar hugmyndir starfshóps eða nefndar sem við höfum talið hingað til að ætti að vera í vinnu hjá hæstv. menntamálaráðherra við að semja tillögur að frumvarpi. Ekkert slíkt er lagt fram. Hér er einungis um ákveðnar upphrópanir að ræða sem hafa ekki það bakland sem eðlilegt gæti talist að þær hefðu til þess að umræða gæti farið fram af einhverju viti um þessar yfirlýsingar eða hugmyndir.

Sjálf á ég sæti í fjölmiðlanefnd sem er að störfum um þessar mundir. Sú nefnd var skipuð í kjölfar átaka sem urðu í þessum sal og þjóðfélaginu öllu vegna fjölmiðlafrumvarps ríkisstjórnarinnar frá því í fyrravetur eða fyrravor. Ég verð að segja að margt er mjög spennandi í fjölmiðlaheiminum núna sem er verulega þess virði að fá að tala um og ráðgast um í stórum hópi og samfélagið allt þarf auðvitað að vera mjög virkt í þeirri umræðu. Ég treysti því að þegar sú fjölmiðlanefnd sem ég starfa í skilar af sér sinni skýrslu komi mögulega til með að liggja fyrir ígrundaðar hugmyndir hæstv. menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið. Vonandi fá þessi gögn að anda í umræðunni og verða uppspretta (Forseti hringir.) frjórrar umræðu svo að á endanum verði fjölmiðlaumhverfið sem við búum þjóðinni ásættanlegt.

[16:34]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, 1. flutningsmanns þessa þingmáls, hefur það áður verið flutt og það á við um mig eins og ýmsa aðra að ég hef áður tjáð mig um efni þess.

Ég vil byrja á að segja að grunnhugsuninni í þessu þingmáli er ég algjörlega sammála. Grunnhugsunin gengur út á að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins, að Ríkisútvarpið verði áfram sjálfstæð og óháð stofnun í þjóðareign. Í þingsályktunartillögunni og í greinargerð sem henni fylgir er lögð áhersla á menningarlegt gildi Ríkisútvarpsins og gildi þess sem fjölmiðils.

Ég hef hins vegar efasemdir um sumar útfærslur sem lagðar eru til í þessari þingsályktunartillögu og að gefnu tilefni vegna ummæla hæstv. menntamálaráðherra í fjölmiðlum nú um helgina hef ég miklar efasemdir um að Ríkisútvarpið eigi að fara algjörlega á fjárlög eins og hér er lagt til. Hæstv. ráðherra er nokkuð ónákvæmur í sínum yfirlýsingum. Hæstv. ráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir segir að þar komi ýmsir möguleikar til álita en afnotagjöldin verði lögð af. Nefskattur komi til álita og fjárlög, þ.e. að Ríkisútvarpið fari á fjárlög.

Nú byggir Ríkisútvarpið starfsemi sína að uppistöðu til á afnotagjöldum, en 2,4 milljarðar koma inn með þeim hætti. Auglýsingatekjur vega einnig mjög þungt. Tæplega milljarður rann til Ríkisútvarpsins í formi auglýsingatekna á síðasta ári, eitthvað undir milljarðinum en á tíunda hundrað þúsund.

Ef maður ætlar að leggja þessar tekjur af, víkja þessum tekjustofni til hliðar þá verður maður að svara þeirri spurningu hvernig eigi að koma til koma til móts við stofnunina. Á að gera það algjörlega á fjárlögum og treysta á fjárlögin. Ég hef miklar efasemdir um að það sé hyggilegt. Ég hef nokkra reynslu af þessu starfi, ekki aðeins sem starfsmaður Ríkisútvarpsins í nokkuð mörg ár heldur var ég formaður í nefnd sem samdi drög að frumvarpi til útvarpslaga sem lagt var fyrir Alþingi á árinu 1990. Þessi nefnd fór mjög rækilega yfir mögulegar leiðir til fjármögnunar Ríkisútvarpsins. Niðurstaða nefndarinnar var sú að ekki væri ráðlegt að hverfa frá auglýsingum sem tekjustofni Ríkisútvarpsins.

Í annan stað höfðum við miklar efasemdir um að hyggilegt væri að leggja afnotagjöldin til hliðar. Ég var fyrr í dag að kynna mér umræður sem fóru fram um þetta frumvarp þáverandi hæstv. menntamálaráðherra Svavars Gestssonar á sínum tíma. Ég var m.a. að lesa ræður sem hann flutti þá. Hann tefldi fram nokkrum valkostum. Hann ræddi um fjárlagaleiðina og hafði efasemdir um þá leið. Hann vék að nefskatti. Hann hafði einnig efasemdir um þá leið en talaði um þann möguleika að tengja afnotagjöldin fasteign. Þetta er tillaga sem hefur síðan oft verið í umræðunni og ég tel að komi mjög vel til álita og miklu skynsamlegri kost en þann sem reifaður var af hálfu hæstv. menntamálaráðherra í fjölmiðlum um helgina og einnig þá leið sem lögð er til í þessari þingsályktunartillögu.

Varðandi annan meginþátt í þessu þingmáli sem lýtur að sjálfstæði Ríkisútvarpsins, hvernig eigi að tryggja það, þá finnst mér vel koma til greina að fara inn á þær brautir sem boðaðar eru í þingsályktunartillögunni. Þó vil ég vekja athygli á því að þrátt fyrir allt eru í útvarpsráði lýðræðislega kjörnir fulltrúar. Þeir fulltrúar eru að vísu kosnir óbeinni kosningu. Þeir eru kosnir á Alþingi. Hin pólitísku tengsl inn í Ríkisútvarpið eru þar með mjög sýnileg. Ég sé ákveðinn kost í því. Það sem er alltaf hættulegt og varasamt er leyndin þegar stjórnmálamenn, hvort heldur ríkisstjórn eða stjórnmálaöfl, reyna að hafa áhrif í skjóli leyndar. Það er hættulegt. Það er varasamt. Ég er ekki svo hræddur við það þótt menn séu kosnir af stjórnmálaflokkum ef umræðan er opin.

Það sem lagt var til 1990 í því frumvarpi sem ég vísaði til var að styrkja sjálfstæði Ríkisútvarpsins með því að einskorða vald útvarpsráðs við almennan dagskrárramma, al-

menna stefnu í dagskrármálum, en styrkja stjórnunarlega innviði Ríkisútvarpsins að sama skapi. Þannig var framkvæmdastjórn falin aukin völd frá því sem áður var en aðkomu að henni höfðu starfsmenn með þá tillögurétti og atkvæðisrétti inni í þeirri stofnun. Mér finnst vel koma til greina að skoða eitthvert fyrirkomulag sem byggði á þeirri hugsun sem hér er reifuð, þ.e. aukinni aðkomu starfsmanna. En ég vil ekkert útiloka það að stjórnmálaflokkar og Alþingi komi einnig að skipan mála. Mér finnst, eins og ég segi, aldrei til ills hin pólitísku tengsl sem eru nú bara annað heiti á lýðræðislegum tengslum og fráleitt að gera allt slíkt tortryggilegt, alveg fráleitt. Þau eru ekki af hinu illa nema síður sé ef þau eru sýnileg. Mér finnst hins vegar að takmarka eigi ráð stjórnmálamanna þegar kemur að smáatriðum í rekstri stofnunar. En hvað varðar almenna stefnumótun finnst mér það geta verið kostur að tengslin við Alþingi verði ekki rofin.

[16:42]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka undir þetta mál.

Ég vil víkja að auglýsingum og auglýsingatekjum sem hv. þingmaður nefndi í ræðu sinni. Það er auðvitað umdeilanlegt hvernig eigi með það að fara en við segjum m.a. í greinargerð með þessari tillögu, með leyfi forseta:

„Markaðslausnir geta ekki átt við starfsemi af þessu tagi. Hún er eðli málsins samkvæmt menningar- og fræðsluviðleitni þar sem sóknin eftir arðsemi verður að víkja fyrir mikilvægari markmiðum."

Síðar er sagt hér á öðrum stað eitthvað á þá leið að við leggjum til að Ríkisútvarpið verði ekki fjármagnað með beinum viðskiptaauglýsingum þó að vissulega sé verið að sækjast eftir auglýsingum, eins og segir hér, með leyfi forseta:

„Útvarpið hætti að flytja viðskiptaauglýsingar í samkeppni við aðra fjölmiðla, en flytji áfram tilkynningar frá opinberum aðilum, félagasamtökum og öðrum sambærilegum aðilum."

Við erum ekki að leggja til að Ríkisútvarpið fari algjörlega út af auglýsingamarkaði en við leggjum til að það keppi ekki um auglýsingar á ávöxtum og — hvað nefndi ég áðan? — baunadósum og fleiru. Það er í raun það sem við eigum við. En við viljum vissulega að Ríkisútvarpið taki þátt í samkeppni um auglýsingar um fundi og mannfagnaði og aðrar tilkynningar sem þurfa að komast til þjóðfélagsins, ég tala nú ekki um öryggistilkynningar. Að öryggishlutverkinu höfum við ekki komið. Ég mun ræða það síðar við umræðuna.

[16:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessar skýringar. Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að auglýsingar í ríkisútvarpi þurfi ekki að vera af hinu illa og geti fyllilega samræmst öðrum markmiðum í rekstri ríkisútvarps og ríkissjónvarps. Hver veit nema að við lifum þá tíð að að nýju vakni þau viðhorf sem voru ríkjandi á 7. áratug síðustu aldar þegar neytendasamtök voru sterk og auglýsendum var mjög afdráttarlaust beint inn í þann farveg að vera með upplýsandi og góðar auglýsingar.

Hins vegar geta auglýsingar að sjálfsögðu verið mjög varasamar þegar þær eru farnar að hafa áhrif á dagskrárgerðina. Þess vegna hafa mörg okkar, einkum í stjórnarandstöðu þótt það sé líklega þverpólitísk afstaða að einhverju leyti, varað við aukinni áherslu á kostun í Ríkisútvarpinu, þar sem auglýsendur hafa bein áhrif á hvaða viðfangsefni eru tekin fyrir og hvaða þættir eru sýndir. En ef auglýsingatekjur á síðasta ári eru sundurgreindar þá fást tæplega 800 millj. kr. fyrir beinar auglýsingar en um 118 millj. kr. fyrir kostun. Þetta tel ég afar varasamt. Ég hef heyrt þau sjónarmið frá flestum ef ekki öllum stjórnmálaflokkum að menn vara við þeirri þróun.

Að öðru leyti þá þakka ég hv. þingmanni fyrir skýringar hans. Ég hef ákveðnar efasemdir um vissa þætti þingmálsins en felli mig mjög vel við grunntóninn sem hér er boðaður.

[16:46]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Eins og komið hefur fram gefst hér ágætistækifæri til að ræða um Ríkisútvarpið. Ég held að það liggi fyrir að margir á Íslandi, ekki bara í þessum sal, sem hafa skoðanir á þeirri stofnun, fyrir hvað hún á standa og hvað hún á að gera. Það er væntanlega ástæðan fyrir því hve hægt gengur að breyta þar, jafnvel þótt menn hafi mjög sterkar skoðanir virðist erfitt að ná samstöðu um hvernig það skuli vera gert. Ég held að það sé óumdeilt að þjóðinni, ef þannig má að orði komast, eða í það minnsta mjög mörgum er mjög annt um þessa stofnun enda gerir hún margt mjög vel.

Ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á því hvernig er hægt að gagnrýna hæstv. menntamálaráðherra fyrir að ræða um Ríkisútvarpið og það að hún hafi hug á að koma með lagafrumvarp um stofnunina. Ég átta mig ekki á því hvernig er hægt að gagnrýna ráðherra fyrir slíkt en þó er ýmislegt hægt að gera ef viljinn er fyrir hendi.

Ég held að það skipti miklu máli og sé grundvallaratriði að menn skilgreini hlutverk Ríkisútvarpsins. Til hvers er Ríkisútvarpið og hvað á Ríkisútvarpið að gera? Hvað telja menn eðlilegt að einkaaðilar sjái um? Ég held að það hafi í raun aldrei verið gert almennilega. Í það minnsta held ég að í breyttu fjölmiðlaumhverfi vanti mikið upp á að það sé vel skilgreint fyrir hvað Ríkisútvarpið á að standa og hvað það á að gera.

Sömuleiðis má breyta mörgu. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. menntamálaráðherra að uppi séu hugmyndir um að leggja niður afnotagjöldin. Það eru margir gallar við annars konar fyrirkomulag en ég efast um að hægt sé að finna mikið verra fyrirkomulag en er í dag. Þetta er dýrt innheimtukerfi. Hafi það einhvern tímann verið við hæfi að ágætir starfsmenn stofnunarinnar reyndu að hlusta eftir og komast inn til fólks til að kanna hvort viðkomandi hafi einhver viðtæki þá er það örugglega ekki við hæfi lengur. Ég efast reyndar um að svo hafi nokkurn tímann verið.

Ráðherra nefndi að í staðinn gæti komið annars vegar

nefskattur og hins vegar fjárlög. Hv. þm. Ögmundur Jónasson ræddi um að festa það við fasteign, sem ég veit ekki hvernig menn ætla að þróa. Ég hef ekki heyrt þá hugmynd áður. Ég hugsa að sanngjarnasta leiðin sé nefskatturinn. Ef menn hugsa um hvað menn eru að borga fyrir þá er það væntanlega að hafa aðgang að og geta hlustað á þennan miðil. Það gildir væntanlega um alla landsmenn.

Ég ætlaði að leyfa mér að velta upp ýmsum hugmyndum mínum um hvað væri hægt að gera og hvernig hægt væri að skilgreina hlutverk Ríkisútvarpsins. Ég hef oft, löngu áður en ég kom á þing, rætt um þau mál. Ýmsar röksemdir hafa komið fram um af hverju þyrfti að hafa ríkisútvarp. Öryggissjónarmið voru ein þótt minna hafi borið á þeim í umræðunni upp á síðkastið. Síðan hafa sterkustu rökin verið þau að þetta sé stofnun til að viðhalda íslenskri menningu og íslenskri tungu. Þau rök hafa einnig verið dregin fram að til þess að svo mætti vera þyrfti samt sem áður að hafa þar mjög blandaða dagskrá til þess að menn fengju fjölbreytnina.

Hins vegar hafa einkaaðilar sýnt fram á það betur en margir hugðu að þrátt fyrir að það sé dýrt að halda úti íslensku efni þá er hægt að gera það ódýrar en menn töldu áður. (Gripið fram í.) Það er mjög vinsælt. Ég held að það sé óumdeilt að þegar menn skoða hlustendakannanir þá er íslenskt efni mjög vinsælt. Ég tel að í það minnsta meginefni Ríkisútvarpsins, ef ekki allt, ætti að vera íslenskt efni. Þannig sé ég hlutverk Ríkisútvarpsins.

Ég átta mig ekki á því svona í seinni tíð af hverju sú ágæta stofnun er að eltast við t.d. þýska boltann og annað af því tagi. Það eru líka til íslenskar íþróttir, sem Ríkisútvarpið sinnir að vísu ágætlega en það gæti örugglega gert betur hvað það varðar.

Á sama hátt tel ég ekki sjálfgefið að Ríkisútvarpið þurfi að taka þátt í öllu því sem fjölmiðlar almennt gera. Það var nokkuð deilt um það þegar Ríkisútvarpið fór út í vefverslun og síðan hefur það auglýsingatekjur eins og menn þekkja. Mér fyndist koma til greina að menn mundu skilgreina nánar hvar auglýsingatekjurnar eiga að vera. Mér finnst t.d. alveg koma til greina að skoða hvort þeir færu af hljóðvarpsauglýsingamarkaði og mundu á móti sleppa því að greiða framlag til Sinfóníunnar, sem er kannski ekki alveg rökrétt að stofnunin geri. Einhvern tímann þegar ég skoðaði þá þætti voru þetta sambærilegar upphæðir en nú veit ég ekkert um það. Síðan hefur margt breyst og getur verið að upphæðirnar þar séu aðrar.

Það kæmi mér á óvart ef það væri sátt um hugmyndir eins og þessar frekar en aðrar um Ríkisútvarpið. Menn hafa ýmsar skoðanir á því, kannski sem betur fer. Ég held hins vegar að það væri mjög æskilegt að þegar frumvarpið kemur fram þá mundu menn sættast á betur skilgreint hlutverk Ríkisútvarpsins og hvaða hlutverki það hefur að gegna í íslensku þjóðlífi. Ég átta mig ekki alveg á því þegar menn hefja í umræðunni hástemmdar lýsingar á því að þetta sé þjóðareign og eitthvað allt öðruvísi en aðrir hlutir. Þetta er auðvitað bara fyrirtæki sem rekið er af ágætisfólki. Það væri gott fyrir það, fólkið sem stendur í þessum rekstri og vinnur þarna, að skilgreina innan hvaða ramma fyrirtækið skuli starfa á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

Það er sannarlega líka gott og mikilvægt fyrir þá einkaaðila sem keppa á þessum markaði að það sé vel skilgreint hvar mörk samkeppnisaðilans, sem Ríkisútvarpið eðli máls samkvæmt verður alltaf, eru dregin. Það er markmið í sjálfu sér að reyna að skapa umhverfi til þess að á fjölmiðlamarkaði verði jafnfjölbreytt starfsemi einkaaðila, hvort sem það er í ljósvaka- eða prentmiðlun. Við höfum oft rætt það og ég ætla ekki að fara nánar út í þá umræðu. En það á að vera markmið í sjálfu sér.

Virðulegi forseti. Ég vonast til þess að á vorþinginu getum við átt góðar umræður um stöðu stofnunarinnar.

[16:55]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hér var margt af viti sagt miðað við aðstæður, menntun og fyrri störf hv. þingmanns. Ég verð þó að segja að mér kemur á óvart að hann þurfi að leita sérstakra skilgreininga á hlutverki Ríkisútvarpsins. Eðlilegt hlutverk Ríkisútvarpsins og það sem það hefur stefnt að að vera í kjarna sínum frá upphafi er að vera almannaútvarp, orð sem ég og félagar mínir, á þingmálum sem hér hafa komið fram en hafa því miður ekki verið rædd, höfum valið sem íslenskan fulltrúa útlenskunnar „Public Service Radio". Til er um það ágæt skilgreining í svokallaðri Prag-samþykkt frá 1994 sem Íslendingar voru með í. Ég er með þá skilgreiningu í níu liðum en skal hlífa þingheimi við nema þremur þeim fyrstu, með leyfi forseta:

„1. Að mynda með dagskrá sinni sameiginlega viðmiðun allrar þjóðarinnar. Vinna að félagslegri samstöðu og þátttöku allra einstaklinga, hópa og byggðarlaga í samfélaginu. Sérstaklega skal þar hafnað allri menningarlegri, kynbundinni, kynþáttar- eða trúarlegri mismunun og félagslegum aðskilnaði í hvaða mynd sem er.

2. Skapa vettvang almennrar umræðu þar sem fram komi svo fjölbreytilegar skoðanir og sjónarmið sem unnt er.

3. Annast hlutlægan og óháðan flutning upplýsinga, frétta og fréttaskýringa."

Síðan koma sex liðir í viðbót.

Þetta er hin evrópska skilgreining á almannaútvarpi. Útvarp sem er ekki endilega í ríkiseigu, það er ekki forsendan, en rekið með ákveðið hlutverk fyrir augum sem menn eru þokkalega sammála um um alla Evrópu. Meira að segja í Bandaríkjum Norður-Ameríku er til almannaútvarp af þessu tagi. Það hefur að vísu farið öðruvísi um það í sögunni. Það er mjög lítið og hefur lítið vægi miðað við markaðsstöðvarnar.

En þetta er hlutverk Ríkisútvarpsins, að vísu ekki yfirlýst með þeim hætti sem ég er hér að lýsa. En þetta held ég að við getum verið sammála um. Er ekki svo, forseti, að við hljótum að geta verið sammála um það, ég og hv. þingmaður, að Ríkisútvarpið eigi að sinna þessu hlutverki (Forseti hringir.) og draga þá úr öðrum hlutverkum eftir því sem einkaaðilar taka þau að sér?

[16:57]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvað er að aðstæðum mínum, menntun eða fyrri störfum, en kannski að hv. þingmaður upplýsi það á eftir.

Ég held að vísu að hv. þm. Mörður Árnason hafi komið inn á hvaða vandi okkur er á höndum þegar hann kom með þessar skilgreiningar, jafnágætar og þær eru. Þær voru eins víðfeðmar og getur orðið. Ég held að ef við settumst niður, ég og hv. þm. Mörður Árnason, segjum að við ættum að stýra þessu almenningsútvarpi, og ættum að fara að útlista og ættum síðan að útlista þótt ekki væru nema bara þessar þrjár skilgreiningar sem þingmaðurinn kom með, ég tala ekki um ef við skoðuðum allar níu, þá væri ekki algjörlega sjálfgefið að við kæmumst að sömu niðurstöðu. Það er bara þannig.

Ég tel því allra hluta vegna mjög mikilvægt að við reynum að skilgreina hlutverkið og skilgreina á hvaða sviði við sjáum Ríkisútvarpið. Vilja menn kannski sjá það eins og ég var að velta upp áðan, bara í innlendri dagskrárgerð eða að langstærstum hluta? Eða vilja menn að það keppi um alla íþróttaviðburði eða keppi um knattspyrnu við einkastöðvar? Er það það sem menn vilja, að Ríkisútvarpið keppi á hvaða sviði sem er, að það sé algerlega opið og engin þrenging? Menn geta alveg haft þá skoðun. Ég held að það sé ekki gott, ekki fyrir stofnunina og ekki fyrir markaðinn í heild sinni.

Ég held að það sé mikið verk óunnið og það væri æskilegt og alls ekki útilokað að menn gætu náð sátt um það á milli flokka, milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Við skulum sjá hvernig það fer.

[16:59]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það var alls ekki meiningin með nokkrum hætti að setja út á hv. þingmann með tilvísun til fyrri starfa hans. Hv. þingmaður hefur einmitt rekið útvarpsstöð og ætti því að vera kunnugri þessu málefni en margir aðrir sem í salnum eru og á mig hlýða.

Ég er ekki sammála hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni um að við getum ekki fundið út hvað svona útvarp á að vera. Við höfum almennar skilgreiningar Prag-samþykktarinnar. Þar eru engar uppgötvanir gerðar heldur eru þar dregið saman það hlutverk sem menn telja slíkt útvarp hafa út frá evrópskri reynslu af almannaútvarpi, þ.e. hver eigi að vera kjarninn í rekstri almannaútvarps.

Ég get tekið undir ýmislegt af því sem hv. þingmaður sagði. Ég tel ekki að það sé eitt af kjarnahlutverkum almannaútvarpsins að vera með enska, þýska, franska, spænska eða ítalska boltann. Ég tel hins vegar að innan kjarnahlutverks almannaútvarps af þessu tagi sé að sinna íslenskum íþróttum, sérstaklega þeim sem aðrir eru ekki jafnfúsir að sinna vegna þess að þær hafa ekki markaðsstuðning eða búa ekki við feikivinsældir. Það má m.a. minnast á að góður almannaútvarpsmaður, Samúel Örn Erlingsson, fékk viðurkenningu um helgina fyrir áhuga sinn og kraft. Hann er yfirmaður íþróttadeildar RÚV, sem fær því viðurkenninguna fyrir að sinna kvennaknattspyrnu sem er, eftir 10 eða 15 ár, komin á það stig að menn eru farnir að fylgjast almennt með henni.

Kvennaknattspyrna er ekki eitt af því sem markaðsstöðvarnar hefðu viljað sinna fyrr á árum en er hins vegar eitt af því sem almannaútvarp á að sinna, vegna þess að sú umfjöllun og um íþróttir í yngri flokkunum, þannig að við ræðum um sameiginlegt áhugasvið okkar hv. þingmanns, íþróttir í yngri flokkunum og ýmsar aðra hliðar þess, er eitt af því sem markaðurinn stendur ekki á bak við og þar sem markaðsstöðvarnar taka ekki við. Ef við tökum bara eitt dæmi held ég að mér og formanni Fjölnis í Grafarvogi gengi bara hreint ágætlega að skipuleggja rekstur Ríkisútvarps á almannasviði í íþróttadeildinni.

[17:01]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég og hv. þm. Mörður Árnason erum sammála um margt hvað þetta varðar. Þegar menn skilgreina hvort sem menn kalla það almannaútvarp eða ríkisútvarp, þetta er auðvitað fyrirtæki í ríkiseigu, hlýtur útgangspunkturinn að vera það sem snýr að íslensku efni. Það er alla vega alveg skýrt í mínum huga.

Ég er hjartanlega sammála hv. þingmanni um að sjónvarpsstöðvarnar og fjölmiðlarnir hafi því miður t.d. ekki sinnt kvennaíþróttunum sem skyldi og gott að sjá að hlutirnir eru að þróast í þá átt. Ég held að vísu að það sé miklu meiri eftirspurn eftir því en menn hafi kannski áttað sig á sem eru að stýra slíkum hlutum.

Af því að menn tala um það sem er að gerast í heiminum, við getum kallað það alþjóðavæðingu sem menn geta lagt út af með dæmum eins og að við horfum á sömu sjónvarpsþættina og fólk beggja vegna Atlantshafsins. En á sama tíma hefur fólk meiri áhuga á því sem stendur því nær. Við sjáum t.d. í Reykjavík að hverfisblöð og ýmislegt slíkt er að koma upp sem aldrei fyrr og sama þróun er úti á landi. Ég held að það sé algjört markmið að stofnun eins og þessi sinni vel því sem íslenskt er. Íþróttir, bæði kvenna og karla, eru mjög gott dæmi en af mjög mörgu öðru er að taka. Það væri gott ef það næðist sátt um að það væri hlutverk Ríkisútvarpsins á meðan einkaaðilarnir mundu sinna öðrum þáttum sem við viljum sjá og heyra á öldum ljósvakans.

[17:03]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég held að umræður um Ríkisútvarpið og um fjölmiðlana á Íslandi ættu að byggjast á skilgreiningunni um almannaútvarp, á skilningi á því hvaða þörf er fyrir það og hvernig á að skipa á hverjum tíma hlutverkum þess annars vegar og hins vegar markaðsstöðva eða sjálfstætt starfandi stöðva eða hvað sem við viljum kalla þær stöðvar sem ekki eru almannaútvarp, að sú skilgreining sé góður grunnur undir umræðuna.

Ég fagna því að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson tekur með nokkrum hætti undir þetta og sérstaklega þeirri stefnubreytingu hans að þörf sé á þess konar útvarpi, því ég man ekki betur og verð þá leiðréttur ef það er rangminni að hann hafi verið með á tillögu hv. þm. Péturs H. Blöndals og fleiri sjálfstæðismanna í fyrra um að leggja Ríkisútvarpið niður og breyta því í einhvers konar menningarsjóð. (**PHB:** Selja það.) Selja það, fyrirgefðu. Ég man aldrei hvort á að leggja það niður eða selja það. Það er eins og með Rás 2 sem átti að selja á einhverjum uppboðsmarkaði. Það er ánægjulegt en þá verður líka að hafa í huga að almannaútvarpið verður að geta haft tvennt:

Í fyrsta lagi ákveðinn kraft til að gegna því hlutverki sínu að hafa áhrif á fjölmiðlavettvanginn allan, á ljósvakavettvanginn allan. Það verður að vera nógu sterkt, nógu öflugt til þess að það sé ekki bara einhver rödd hrópandans í eyðimörkinni með einhver málefni minnihlutahópa, jaðarbyggða eða eitthvað þvíumlíkt, heldur að það geti gegnt því hlutverki að veita markaðsstöðvunum ákveðna forustu í samræmi við það hlutverk sem ég taldi m.a. upp áðan.

Í öðru lagi verður almannaútvarp, og þar hefur Ríkisútvarpið því miður ekki getað staðið sig nógu vel í öll þau ár sem það hefur lifað, að vera sjálfstætt, að njóta sjálfstæðis annars vegar frá stjórnmálaöflum sem vilja teygja það og toga í ákveðna átt vegna þess að í því felist ákveðið áróðursgildi og hins vegar frá markaðsöflunum. Markaðsöflin er kannski ekki réttnefni því þau eru framboð og eftirspurn og framboð og eftirspurn verður að vera í ríkisútvarpi og almannaútvarpi eins og annars staðar. Hins vegar frá viðskiptalegum sérhagsmunum. Það má ekki láta stjórnast af viðskiptalegum sérhagsmunum. Það kemur umræðunni áðan um auglýsingar í almannaútvarpi við, hvað þetta geti verið mikill þáttur í því. Þar tek ég fyllilega undir með flutningsmönnum frumvarpsins að það er ekki eðlilegt að auglýsingar og kostun sé mjög stór hluti af tekjuöflun almannaútvarps. Það er eitt af því sem við verðum að horfast í augu við í framtíðinni, að bæði eru miklar kröfur um það frá markaðsstöðvunum að þær fái að sitja að þessu en líka er alltaf að verða meira og meira áberandi að dagskrárframboð Ríkisútvarpsins, dagskrárstefnan, og þar stendur hnífurinn í kúnni hvort um almannaútvarp er að ræða eða ekki, það er ekki eignarhaldið heldur dagskrá Ríkisútvarpsins, það er alltaf meiri og meiri hætta á því að hún beri keim af sókn Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkað í grimmilegri samkeppni við markaðsstöðvarnar. Þetta er því vont fyrir fyrirtækin sem eru að hasla sér völl á þessu sviði og líka vont fyrir Ríkisútvarpið.

Þetta horfum við framan í og hæstv. menntamálaráðherra virðist gera það líka, vegna þess að hún er hér með svolítið skrýtna umræðu um Eftirlitsstofnun EFTA og athugasemdir hennar við Ríkisútvarpið, umræðu sem ég hefði gjarnan viljað geta borið undir hana, því þó Fréttablaðið sé prýðilegt blað og sá fréttamaður ágætur sem skrifaður er fyrir fréttinni getur ýmislegt misfarist milli manna í slíkum fréttaflutningi. A.m.k. virðist ráðherra vera að fara yfir þetta þar sem hún talar um meinta ríkisstyrki af hálfu ESA. Ég sé ekki betur en þeir ríkisstyrkir hljóti að felast í því ástandi að almannaútvarpsstöðin, sú sem við viljum að sé Ríkisútvarpið, njóti annars vegar afnotagjalda, skyldugjalda og skatts sem ríkisvaldið stendur fyrir að hún fái og hins vegar að hún geti staðið í samkeppni við hinar stöðvarnar. Ákaflega einfalt dæmi en lausnin er kannski ekki einföld út úr þessu.

Það er rétt hjá hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni að það á ekki að pirra sig á því að hæstv. ráðherra lýsi loksins einhverjum skoðunum á þessu efni og ekki verið að kvarta undan því. Verið er að kvarta undan því hvað skoðanirnar eru óskýrar. Ráðherrann kemur og segir á einum stað í flenniviðtali að það eigi að leggja afnotagjöldin niður og ekki orð meira. Á öðrum stað daginn þar á eftir segir hún að hún ætli að gera þetta á næstu fjórum vikum en a.m.k. þrennt komi til greina og ekkert sé vitað um hvernig það er. Hún gerir enga frekari grein fyrir því og setur þess vegna engan frekari grundvöll undir umræðu um þessi mál.

Fjármögnun, það eru ýmsar hugmyndir uppi um það. Ég ætla ekki að taka hinar nokkru sekúndur sem eftir eru í þær en það þarf fyrst og fremst að gera tvennt: Annars vegar að sjá til þess að almannaútvarpið sé ekki um of háð ríkisvaldinu, ekki um of háð einstökum stjórnmálahagsmunum og allra síst ráðandi öflum á hverjum tíma. Hún þarf líka að vera þannig að hún gangi ekki á rétt fyrirtækjanna í greininni til að afla sér tekna.

Við þurfum að finna lausnina einhvers staðar þarna á milli. Hugsanlega felst hún í langtímasamningum Ríkisútvarpsins um fjárveitingar á fjárlögum, 10 eða 12 ára samningum sem eru ekki háðir setutíma ríkisstjórna. Hugsanlega felst hún í einhvers konar blöndu af leiðum, hægt væri að hafa langtímasamningana og jafnvel einhverja skattheimtu að auki í formi nefskatts eða fasteignaskatts sem hefur verið ræddur og er tíðkaður að ég hygg annars staðar, a.m.k. eru til dæmi þar um. Til eru reyndar fleiri leiðir, t.d. rásagjald ef rásir reynast vera verðmæti sem við sjáum ekki alveg fram í tímann, að það gjald á fyrirtækin komi almannaútvarpsstöðinni til góða. Það væri einhvers konar sátt sem fælist í því að á meðan almannaútvarpið dregur sig að mestu úr auglýsinga- og kostunarslagnum fengi það einhvers konar sjálfkrafa mola úr þeim slag líka með auglýsingagjaldi. Þetta eru allt hugmyndir sem má ræða.

Sjálfstæðið er hins vegar það allra mikilvægasta og um það sjáum við ekkert í hinum nokkru orðum menntamálaráðherra. Við þurfum að tryggja það vel því það hefur auðvitað verið einn helsti gallinn á Ríkisútvarpinu síðari áratugina, ég ætla ekki að fara í þá fyrri, að þess hefur ekki gætt. Það sem er grátlegast og verst í því er að það hefur einn stjórnmálaflokkur haldið um stjórnartauma hjá Ríkisútvarpinu og er meira og minna að ganga að því dauðu ef ekki verður við brugðist á allra næstu missirum.

[17:11]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að spyrja hv. þm. Mörð Árnason út í eitt atriði sem er kannski ekki stórt en ég er að reyna að átta mig á því. Hv. þingmaður tók fram að ekki væri verið að gagnrýna hæstv. menntamálaráðherra fyrir að ræða málið og ræða um að koma með frumvarp í vor. Það sem hv. þingmaður gagnrýndi hæstv. ráðherra fyrir er að þegar hún talaði um að leggja af afnotagjöldin og koma í staðinn með nefskatt eða setja stofnunina hugsanlega á fjárlög væri það ekki grunnur að umræðu fyrir okkur að taka.

Ég átta mig ekki alveg á þessu vegna þess við höfum einmitt verið að ræða mjög mikið fullyrðingar hæstv. ráðherra og ég mundi ætla að þetta væri ágætisgrunnur til að ræða á. Hvað á hv. þingmaður nákvæmlega við; er það ekki grunnur eins og í þessu tilfelli þegar hæstv. ráðherra kemur með yfirlýsingu um að hún ætli að leggja fram frumvarp og í því muni felast að leggja niður afnotagjöldin og tilgreina einhverjar leiðir? Er það ekki nákvæmlega grunnur til þess að ræða?

[17:13]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Nei. Mér finnst það ekki góður grunnur því við vitum ekki í hvaða samhengi við ræðum hlutina. Það sem ég gagnrýni hæstv. menntamálaráðherra fyrir er sú leynd og það pukur sem virðist einkenna afskipti hennar og ráðagerðir um Ríkisútvarpið. Ég hélt að hún hefði lært það og fleiri hæstv. ráðherrar að það er ekki besta leiðin til að koma málum fram ætli menn sér að gera það í raun og veru. Það sýndi fjölmiðlamálið ágætlega í vor þar sem menn ruku upp til handa og fóta og hæstv. menntamálaráðherra geymdi fjölmiðlaskýrsluna í níu daga hjá sér meðan hún var að ákveða hvað væri í pípunum.

Það sem manni dettur strax í hug miðað við reynsluna af núverandi ríkisstjórn og fyrirrennurum hennar er að pukrið og leyndin stafi af því að ekki er búið að ákveða hlutina, að ekki er búið að semja við þá sem á að semja við, að Framsóknarflokkurinn — nú gengur í salinn einn af sérfræðingum Framsóknarflokksins í Ríkisútvarpsmálum, hv. þm. Dagný Jónsdóttir, sem væntanlega talar á eftir og svarar þeirri spurningu — að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafi einfaldlega ekki verið búnir að koma sér saman um hlutina þangað til nú. Síðan þegar flokkarnir eru loksins búnir að koma sér saman, sem gerist á næstu fjórum vikum, eigi að fara að keyra í gegn það frumvarp sem þá verður til. Þetta er ekki leiðin til þess að fjalla um nokkurn hlut og sérstaklega ekki í Ríkisútvarpi því litið er á það sem þjóðareign. Það er litið svo á að við eigum það öll og við eigum öll að fá að ræða það, hversu erfitt og seinlegt sem það er. Við eigum ekki að gera breytingar á Ríkisútvarpinu nema um það sé töluverð sátt og menn viti hvert menn ætla með það.

Þetta á auðvitað að gagnrýna hæstv. menntamálaráðherra fyrir. Hæstv. menntamálaráðherra á að hætta þessu háttalagi og skýra okkur strax frá því þegar hún kemur aftur úr ferð sinni, sem ég veit ekki hver er en hlýtur að vera ofsalega mikilvæg, hvað hún ætlar sér með ekki bara með afnotagjöldin, heldur Ríkisútvarpið í heildina.

[17:15]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nákvæmlega það sem hæstv. ráðherra gerir þegar hún kemur fram með frumvarpið, þá kemur skýrt fram hvaða breytingar verið er að leggja til í viðkomandi frumvarpi. Ég skil ekki alveg þessa umræðu, en ég met það svo að hv. þingmenn séu ekki að gagnrýna ráðherrann fyrir að hafa lýst því yfir að frumvarp væri væntanlegt og að það væru nokkrar leiðir sem kæmu til greina sem menn væru að skoða. Ég trúi ekki að það sé eitthvað til að gagnrýna. Ég gat ekki heyrt það á hv. þingmanni að svo væri. Hins vegar gagnrýndi hv. þingmaður að hér væri um pukur að ræða sökum þess að menn væru með nefnd til að leggja málið fram og gagnrýndi að það hefðu verið skelfileg vinnubrögð hjá hæstv. ráðherra að halda skýrslu í níu daga áður en hún var gerð opinber.

Ég verð að segja eins og er, hæstv. forseti, að ég hefði viljað sjá samflokksmenn hv. þingmanns hérna hinum megin við Vonarstrætið koma fram með skýrslur um opinber fyrirtæki en þar er allt lok og læs þegar kemur að ákveðnum málum Þannig hagar Samfylkingin sér þegar sá flokkur er við völd. En það tengist þessu máli ekki beint. Mér finnst sjálfsagt að fara yfir þetta mál frá öllum hliðum en ég held að það sé ekki nokkur leið að finna einhvern flöt á því, enda er það orðið slæmt ef ráðherrar mega ekki segja frá því í viðtölum að frumvarp frá þeim sé á leiðinni og þar komi nokkrir hlutir til greina sem menn séu að fara yfir. Ef það er orðið gagnrýnisvert, þá er mjög vandlifað í þessu landi. Það liggur fyrir að þegar frumvarpið verður lagt fram þá fer það í lýðræðislega umræðu, ekki bara hér heldur alls staðar í þjóðfélaginu.

[17:17]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það eru auðvitað sérkennileg vinnubrögð af hálfu ráðherra sem fer með málefni Ríkisútvarpsins að þegar endurskoða á lög um Ríkisútvarpið séu settir til þess menn sem enginn veit hvað heita. Þeir eiga að fást við verk sem hvergi sést skilgreint opinberlega og þeir eiga að passa sig á því að tala ekki við nokkurn mann um það sem þeir eru að gera. Enginn starfsmaður Ríkisútvarpsins sem ég veit til, enginn stjórnmálamaður sem ég þekki, hvorki í stjórnarandstöðunni né í ríkisstjórnarliðinu, enginn fjölmiðlamaður eða fjölmiðlafræðingur veit nokkurn skapaðan hlut um þetta mál. Meira að segja útvarpsstjórinn, sem fyrrverandi menntamálaráðherra skipaði til fimm ára fyrir að ég hygg tveim árum og situr þess vegna í þrjú ár í viðbót og hlýtur þess vegna að eiga að framkvæma þessi lög að mestum parti, sagði 31. október þegar hann var spurður á aðalfundi Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins að hann hefði ekkert frétt um þessi mál, hann vissi ekkert um þau. Hann vissi ekki hverjir væru að undirbúa þau, það hefði ekkert verið rætt við hann um þetta. Það er skrýtið, það er furðulegt að menntamálaráðherra hagi sér með þessum hætti.

Nú skulum við vona að menntamálaráðherra, sem er þegar farin að láta út lítinn dreitil af því sem um er rætt og er m.a. komið í ljós að ekki er enn þá búið að semja við samstarfsflokkinn eða finna út hvað á að taka við af afnotagjöldunum sem þó er búið að ákveða að leggja niður, við skulum vona að menntamálaráðherra læri af þessu og hún ætli sér sem sé áfram í Morgunblaðsviðtölum og öðrum fjölmiðlum að segja landslýð, starfsmönnum útvarps, áheyrendum þess og áhorfendum og okkur þingmönnum hvað hún ætlast fyrir þannig að við getum undirbúið okkur undir þessa umræðu. Batnandi manni er best að lifa og við bíðum þess á næstu fjórum vikum hvað verða vill hjá ráðherranum.

[17:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem fram kemur í máli hv. þm. Marðar Árnasonar að um Ríkisútvarpið eigi að fara fram opin og lýðræðisleg umræða. Þess vegna fagna ég þeirri umræðu sem fer hér fram í dag. Ég vil einnig segja að í öllum grundvallaratriðum er ég sammála hv. þm. Merði Árnasyni.

Eitt hef ég ákveðnar efasemdir um og það er varðandi fjármögnun Ríkisútvarpsins. Hv. þingmaður talar um að draga beri stórlega úr vægi auglýsinga og kostunar. Það skrifa ég upp á. Í sjálfu sér væri það keppikefli að ná því fram að draga úr vægi auglýsinga en er það ekki, ef við framfylgjum því grimmilega, ávísun á samdrátt og niðurskurð hjá Ríkisútvarpinu? Við getum ekki horft fram hjá því að Ríkisútvarpið, sem er með veltu upp á 3,3 milljarða, þarf að reiða sig að verulegu leyti á auglýsingatekjustofninn eða um tæpan milljarð króna, rúmlega 900 milljónir. Ég óttast að ef við tökum þann tekjustofn frá Ríkisútvarpinu þýddi það verulegan samdrátt í allri dagskrárgerð.

Eins er náttúrlega með þá blöndu af efni sem Ríkisútvarpið á að sinna, íslensku menningarefni og hinu sem er svona léttara, það má ekki horfa fram hjá því að farið var út í að stofna til Rásar 2 og ná í svona léttara efni í og með til þess að skapa meiri breidd og þar með auknar auglýsingatekjur. Þetta er allt hluti af mynd sem þarf alltaf að hafa alla undir.

[17:21]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Fyrst þetta, hafi það ekki verið ljóst: Ég tel að það eigi að vera breið dagskrá og hlutverk almannaútvarps sé breið dagskrá. Ég er ekki að tala um að fleygja öllum sápum út eða sýna aldrei heimsmeistarakeppnina í fótbolta eða eitthvað álíka, menn verða hins vegar að hafa forgangsröðina í lagi og vita hvaða hlutverki þeir þjóna.

Um auglýsingar og kostun verð ég að segja að enda þótt til séu mjög vond dæmi um kostun eru líka til dæmi um kostun sem eru allt í lagi, t.d. það sem ég nefndi, heimsmeistarakeppnin í fótbolta, hún er alveg augljós og það vita allir hvað er að gerast, eða Evróvisjónkeppnin eða eitthvað annað slíkt. Ég geri ekki mjög mikinn mun á þessu. Ég tel að það sé praktískt viðfangsefni sem gæti tekið kannski 10, 15, 20 ár að draga úr vægi auglýsinga og kostunar í Ríkisútvarpinu sem almannaútvarpi. Ég er sammála flutningsmönnum um að einhver púritanismi í því væri fáránlegur. Það væri út í hött ef við nytum ekki þeirrar þjónustu að fá að heyra um fundi og mannfagnaði og svona minni háttar auglýsingar og tilkynningar í því útvarpi.

Ég held að til þess að draga úr þessu vægi séu ýmsar leiðir sem geta bæði svarað kvörtunum auglýsenda sem orðið hefur vart við þegar minnst er á þetta og líka linað þjáningarnar fyrir Ríkisútvarpið sjálft. Á bak við þetta verður auðvitað að standa eindreginn vilji eigendanna, fulltrúa eigendanna, til að halda áfram rekstri almannaútvarpsins því það er þá ljóst að jafnvel þó að eitthvað dragi úr heildarumfangi Ríkisútvarpsins með breytingunni, sem ég reyndar efast um, yrði meira að koma til. Það gerist ekki óðruvísi, ef við leggjum niður hin svokölluðu afnotagjöld, en í formi fjárveitinga frá Alþingi eða einhvers konar heimilda til skattheimtu af öðru tagi.

[17:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er það bara svo að flestir keppast við að skera niður skattana, draga úr tekjum ríkisins og þar með möguleikum til að koma til móts við aðila á borð við Ríkisútvarpið.

Varðandi kostunina þá er það alveg rétt hjá hv. þingmanni að ekki er hægt að setja hana alla undir sama hatt. Kostun sem hugsanlega hefur áhrif á dagskrárgerðina er eitt og annað kann að eiga við um heimsmeistarakeppnina í fótbolta að öðru leyti en því að ef útvarpsstöð eða sjónvarpsstöð er þannig auðveldaður aðgangur að efni fer það að hafa áhrif á forgangsröðun í dagskrárgerðinni, sérstaklega ef stöðin hefur litla fjármuni handa á milli.

Allt eru þetta spurningar sem við þurfum að ræða rækilega. Við erum í grundvallaratriðum sammála um öll meginmarkmið en það er mjög mikilvægt að þessi umræða fái að blómstra í þjóðfélaginu. Sannast sagna brá mér nokkuð við yfirlýsingar hæstv. menntamálaráðherra um helgina því þar fannst mér ekki boðið upp á mikla umræðu.

[17:25]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég vona að við séum í meginatriðum sammála um þetta. Ég er þó ekki alveg viss. Með auglýsingar og kostun held ég og hef haldið í nokkur ár og við fleiri samfylkingarmenn, sem kemur fram í þingsályktunartillögu okkar sem ekki er til umræðu hér heldur þingsályktunartillaga Guðjóns A. Kristjánssonar og félaga en samsvarandi trú er í henni, að það gangi ekki óðruvísi að búa til hér almennilegt almannaútvarp við hliðina á markaðsstöðvunum en að skera niður auglýsingar og kostun eða takmarka það frá því sem nú er í einhverjum áföngum eins og ég sagði.

Fyrsta ástæðan er hreinlega sú að almannaútvarpið hefur ekki gott af þessu, a.m.k. ekki í miklum mæli, um það erum við sammála, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Önnur ástæðan er sú að eitthvað verða markaðsstöðvarnar að fá að éta. Það á að gjalda guði það sem guðs er og keisaranum það sem keisarans er. Það verður að komast á einhvers konar sátt, forseti fyrirgefur þó að ég noti þetta mikla tískuorð, milli markaðsstöðvanna annars vegar og almannaútvarpsins hins vegar, þannig að hvor virði annan í því efni.

Í þriðja lagi er hæstv. menntamálaráðherra að segja okkur, að vísu í gegnum Fréttablaðið í einhverjum símskeytastíl, að Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, sé að gera athugasemdir við Ríkisútvarpið. Ef ég get lesið rétt úr þessari spá völunnar í menntamálaráðuneytinu hljóta þær athugasemdir einmitt að varða það að ekki sé eðlilegt að opinber útvarpsstöð geri tvennt í einu, sé annars vegar að fá jafngildi ríkisstyrkja, annaðhvort með beinum fjárveitingum eða skattheimildum, og sé hins vegar í samkeppni við einkafyrirtæki á auglýsingamarkaði. Við getum svo, eins og oft er nú gagnvart ESB, rætt hvort það er rétt eða ekki, en við verðum að bregðast við því. Þess vegna hlakka ég mjög til að fá hæstv. menntamálaráðherra heim aftur til að gefa okkur skýrslu eins snemma og verða má um einmitt þetta atriði hér á þinginu.

[17:27]

Útbýting:

Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, 398. mál, nál. minni hluta menntmn. þskj. 794, brtt. minni hluta menntmn. þskj. 795.

Endurheimt votlendis, 532. mál, fsp. KolH, þskj. 806.

Fjármál hins opinbera, 528. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 802.

Gini-stuðull og tekjuskattsbreytingar, 529. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 803.

Grunnnet fjarskipta, 531. mál, fsp. JBjarn, þskj. 805.

Hlutur húsnæðiskostnaðar í neysluverðsvísitölu, 527. mál, fsp. JBjarn, þskj. 801.

Landnám lífvera í Surtsey, 526. mál, fsp. HjÁ, þskj. 800.

Skoðunarferðir í Surtsey, 525. mál, fsp. HjÁ, þskj. 799.

Stöðvun á söluferli Landssímans, 530. mál, fsp. JBjarn, þskj. 804.

Útræðisréttur strandjarða, 524. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 798.

[17:28]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í þessari umræðu rifjast upp fyrir manni margt í umræðunni sem hér fór fram síðastliðið vor og fram á sumar. Ljóst er að margt brennur enn á mönnum úr þeirri umræðu. Verður að segjast eins og er að hæstv. menntamálaráðherra hefur komið hreyfingu á þær hugsanir sem fóru hér um sali og þær ræður sem hér voru fluttar af miklum eldmóð í þeirri deilu sem þá stóð. Það er því alveg ljóst að hér er enn mikil þörf fyrir að ræða málefni þessara miðla, Ríkisútvarpsins og svo landslagið allt, markaðsstöðvarnar og það sem þeim tilheyrir.

Það er náttúrlega staðreynd að heimur fjölmiðlanna breytist geysilega hratt. Áhrif þeirra á almennt líf borgaranna er alltaf að verða meira og meira og við eigum eftir að sjá enn frekari breytingar í þeim efnum. Í dag er ekki eins einfalt að draga línu á milli dagblaðs og sjónvarpsstöðvar og var síðastliðið vor þegar við fjölluðum um sömu mál. Nú er komið í gagnið gagnvirkt sjónvarp þar sem sjónvarpið er nánast orðið eins og tölva og sveitarstjórnir eru jafnvel farnar að koma sér upp kerfi sem gerir það verkum að borgararnir geta talað beint við þjónustukerfi sveitarfélagsins í gegnum sjónvarpið. Hér eru því gífurlega miklar breytingar í vændum, að ekki sé talað um þær hræringar sem eru á gagnaflutningamarkaði. Ekki þarf annað en vitna til umræðu síðustu daga, í átök milli Símans og Orkuveitu Reykjavíkur varðandi gagnaflutninga, umræður um aðskilnað dreifiveitna annars vegar og efnisveitna hins vegar. Allt er þetta verulega spennandi umræða og efni sem alþingismenn eiga auðvitað að láta til sín taka. Ég treysti því að það veitist svigrúm fyrir þá umræðu þegar þar að kemur. Þegar fjölmiðlanefnd hefur skilað af sér, þegar hulduhópur menntamálaráðherra, hvort sem það er nefnd eða starfshópur sem að okkar bestu vitund á að vera að semja frumvarp um Ríkisútvarpið, skilar af sér þá held ég að meginskilyrðið hljóti að vera það að þau gögn sem koma frá þessum aðilum fái að anda og um þau verði umræða.

Við söknuðum þess auðvitað hér á síðasta vori þegar skýrsla útvarpsnefndar menntamálaráðherra var lögð fram því þá var hún kyrrsett í forsætisráðuneytinu til þess að hægt væri að semja frumvarp og senda út í umræðuna með skýrslunni, frumvarp sem átti svo ekkert skylt við innihald skýrslunnar, því að menn muna á hvern hátt skýrsla menntamálaráðherra fjallaði t.d. um Ríkisútvarpið, en ekki kom frumvarp forsætisráðherra nokkurn skapaðan hlut inn á það og helst mátti ekki ræða hlutverk Ríkisútvarpsins í þeirri umræðu sem fram fór hér í lok síðasta þings.

Öll þessi umræða er af hinu góða. Það er vissulega mjög miður þegar henni er hleypt af stokkunum á þeim nótum sem hæstv. menntamálaráðherra gerir í viðtali um helgina. Það verður erfiðara fyrir okkur að fóta okkur í henni, við vitum í raun ekki um hvað hæstv. menntamálaráðherra er að tala. Hér er talað um véfrétt og völuspá og það er alveg rétt. Þetta er allt í véfréttar- og völuspárstíl sem frá hæstv. ráðherra kemur, það er það sem kannski ergir okkur sem höfum verið virk í þessari umræðu hingað til.

Hvað varðar þá tillögu sem liggur á borðum okkar og er tilefni umræðunnar nú, þ.e. tillögu til þingsályktunar frá hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins, kom ég því ekki að í fyrri ræðu minni svo nokkru næmi á hvaða hátt ég væri samþykk meginsjónarmiðum þeirrar tillögu og að hvaða leyti ekki. Segja má að mörg sjónarmið mín séu komin fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Um þetta er að segja að ég er þeirrar skoðunar að afnotagjöldin séu nauðsynleg að mörgu leyti fyrir bæði Ríkisútvarpið og almenning. Ég held að það að viðhalda beinni tengingu á milli almennings og Ríkisútvarpsins sé af hinu góða. Á þann hátt finnur almenningur að hann á útvarpið, útvarpið tilheyrir honum. Ég held að þarna séu verulega þýðingarmikil tengsl á milli þjóðarinnar sem á þjóðarútvarpið og stofnunarinnar sjálfrar. Ég geld varhuga við því að þau tengsl séu rofin. Þau yrðu rofin ef Ríkisútvarpið yrði sett á fjárlög. Þar með yrðu auknir möguleikar ríkisstjórnarinnar á að — hvað eigum við að segja — fara þannig með fjárveitingarnar hér að hægt væri að halda Ríkisútvarpinu í spennitreyju fjárveitingavaldsins. Ég tel því að við séum að forða Ríkisútvarpinu frá enn meiri íhlutun ríkisstjórnarinnar ef við viðhöldum afnotagjöldunum.

Ég held líka að grunnprinsippin í almannaútvarpi rími mjög vel við þau tengsl sem ég tel að þurfi að vera á milli borgaranna og stofnunarinnar. Hingað til hafa skoðanakannanir sýnt að almenningur ber gífurlega mikið traust til Ríkisútvarpsins. Hann er ekki alltaf ánægður með dagskrárstefnuna eða það sem kemur í sjónvarpi, hann er ekki alltaf ánægður með valið á bíómyndunum. En í grundvallaratriðum er Ríkisútvarpið stofnun sem nýtur trausts borgaranna.

Ég hef á tilfinningunni að það sé að hluta til vegna þess að almenningur ætlast til að hann fái óvilhallan fréttaflutning, „forum“ eða vettvang fyrir lýðræðislega umfjöllun um þjóðmálin í stofnun sem almenningur telur sig eiga. Þess vegna rökstyð ég þessi sjónarmið mín varðandi afnotagjöldin.

Ég er hins vegar alveg fús til að viðurkenna að innheimtuformið eða hvernig þessi gjöld eru innheimt og lögð á, sé kannski úrelt og þurfi endurskoðunar við. Þess vegna hef ég verið talsmaður þess að skoða möguleikann á að fella afnotagjöldin inn í fasteignagjöldin og innheimta þau á þann sama hátt og fasteignagjöld eru innheimt, eins og t.d.

holræsagjald og sorphirðugjald og hvað það er sem í þeirri innheimtu er fólgið. Á þann hátt fær almenningur áfram á tilfinninguna að hann sé sjálfur að greiða hluta af tekjum sínum inn í þessa almannastofnun.

Ég er sama sinnis og hv. þm. Ögmundur Jónasson varðandi auglýsingarnar. Ég sé ekki á hvern hátt við getum afnumið þær eða fellt þær niður í Ríkisútvarpinu nema þá, jú, reyndar er hv. þm. Mörður Árnason búinn að lýsa því að hann sjái það fyrir sér í mjög rólegum skrefum, nefnir mögulega tíu til fimmtán ár. Það má kannski sjá það fyrir sér að hægt sé að útfæra eitthvert þannig kerfi. En ég er ansi hrædd um að það verði erfitt að gera þennan greinarmun á tilkynningum frá opinberum aðilum, félagasamtökum og sambærilegum aðilum og svo aftur hinum sem vilja auglýsa vörur sem eru til sölu. Ég held að við værum með þeirri hugmynd sem er útlistuð í tillögunni sem við hér ræðum að sigla inn í óþörf átök um þetta mál og tel þess vegna að Ríkisútvarpið eigi að fá að halda áfram að hafa auglýsingar, enda eru þær í sjálfu sér líka sjálfsögð þjónusta við neytendur.

[17:37]

Flm. (Guðjón A. Kristjánsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram núna í nokkrar stundir um þá tillögu sem við þingmenn Frjálslynda flokksins höfum flutt um málefni Ríkisútvarpsins, tillögu til þingsályktunar um framtíðarrekstur og fyrirkomulag Ríkisútvarpsins. Það var svo sem að vonum að við værum ekki öll algjörlega sammála þó að mér finnist nú að megintónninn í umræðunni hafi samt sem áður verið sá að þingmenn vilja í fyrsta lagi að Ríkisútvarpið sé til sem sterk stofnun, lýðræðisleg stofnun fyrir þjóðina og þjóni hagsmunum þjóðarinnar. Og þingmenn vilja að Ríkisútvarpið teljist sem mest óháð stofnun, þ.e. því megi treysta að Ríkisútvarpið hafi það hlutverk sem það hefur reyndar í lögum í dag, að flytja öll sjónarmið, gera öllum sjónarmiðum nokkurn veginn jafnhátt undir höfði og koma skoðunum á framfæri og varpa ljósi á umræðuna, m.a. stjórnmálaumræðuna um það hvað menn leggja með sér í rökræðuna og gera því skil.

Mér finnst það mikilvægt hlutverk Ríkisútvarpsins að reyna að fræða þjóðina og efla þekkingu hennar eins og framast er kostur og það er vissulega oft þörf á því bæði í umfjöllun um einstök málefni og eins í stjórnmálaumræðunni að varpa ljósi á þær skoðanir sem settar eru fram í umræðunni og skýra þær. Að sumu leyti hefur Ríkisútvarpið gert það bara nokkuð vel á undanförnum árum að fjalla um ýmislegt og mörg málefni sem eru til umfjöllunar í þjóðfélaginu. Ég tel að það eigi að vera meginmarkmið Ríkisútvarpsins á komandi árum að sjá til þess að vera fræðandi og upplýsandi og sjá til þess að varpa ljósi á umræðuna frá mörgum sjónarhornum, ólíkum sjónarhornum og draga fram sem skýrasta mynd af þeim álitamálum sem verið er að fjalla um í þjóðfélaginu á hverjum tíma, ekki síst það að vera einnig fræðandi um áhugaverð efni, bæði stjórnmálaleg sem önnur.

Segja má að mikilvægasta hlutverk Ríkisútvarpsins sé í þágu lýðræðisins sem endurspeglast í því að Ríkisútvarpinu ber, eins og áður sagði, samkvæmt lögum að gæta óhlutdrægni og vernda skoðanafrelsið og halda uppi fjölbreyttum skoðunum. Það hefur lögbundið hlutverk og rétt að minna á það með því að vitna beint í lagarammann, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð. Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð."

Vafalaust má um það deila hvort Ríkisútvarpið hafi ávallt leitast við að rækja þessar skyldur og um það geta menn auðvitað haft skoðanir og misjafnar. En ég held hins vegar að óumdeilt sé að fjölmiðlarnir í einkaeigu hafa ekki þær skyldur sem hér eru markaðar í lögum um Ríkisútvarpið og ég held að svona oftast nær hafi Ríkisútvarpið leitast við að uppfylla þessar skyldur sínar þó að við höfum vissulega oft gagnrýnt umfjöllun Ríkisútvarpsins og menn hafa jafnvel sett á það ákveðinn lit og kallað það nöfnum eins og bláskjár eða eitthvað slíkt, en þá held ég nú samt að þjóðinni almennt sé mjög annt um Ríkisútvarpið þrátt fyrir að þar sé skipst annað slagið á skörpum skoðunum. Þetta held ég að við hljótum öll að vera sammála um. Ég varð ekki var við það hér í umræðunni að skoðanir fólks skarist mikið hvað varðar þessi meginmarkmið.

Öll sú umræða sem núna fer fram um fjölmiðlun í landinu og mögulega dreifingu á efni o.s.frv. er náttúrlega alveg á fleygiferð og í raun er þjóðin að horfa fram á algjörlega nýja tækni. Verið er að tala um gagnvirkt sjónvarp þar sem fólk getur komið skoðunum sínum á framfæri og kallað fram efni sem það vill fá og stjórnað í rauninni sinni eigin dagskrá varðandi sjónvarpsefni í framtíðinni. Það er vissulega svo að þegar við erum að hugsa um Ríkisútvarpið sem þjóðarútvarp erum við auðvitað líka að segja það að eðlilegt sé að Ríkisútvarpið taki vel við ábendingum almennings og sé í góðum tengslum við almenning, m.a. með því að þar sé hægt að tengjast þeirri nútímatækni sem við munum eiga von á í framtíðinni. En það er í raun og veru önnur umræða að taka þá tækniumræðu alla, við gerðum það dálítið þegar við ræddum um Símann og ég ætla ekki að fara lengra út í það. Sú umræða kemur örugglega hér upp þegar við förum að tala um niðurstöðu hinnar svokölluðu fjölmiðlanefndar sem tengist því almennt hvernig við dreifum efni um landið og hvernig við ætlum að tryggja það að almenningur hafi jafnan og sem ódýrastan aðgang að því efni sem boðið er upp á í landinu.

Við sem flytjum þessa tillögu teljum að Ríkisútvarpið gæti betur mætt gríðarlegum áhuga fólks á alls konar fræðsluefni og kröfum fólks um aukna menntun, endurmenntun og símenntun og nýta megi Ríkisútvarpið í þá veru í framtíðinni. Við teljum það hlutverk Ríkisútvarpsins að tryggja jafna stöðu landsmanna að þessu leyti þar sem Ríkisútvarpið heyrist um allt land. Bæta þarf aðgang landsmanna að slíku efni sem vonandi mun boðið upp á í íslensku ríkisútvarpi. Aðgangur landsmanna verður að vera sem jafnastur að efni og fræðslu. Sú tillaga sem hér er til umræðu beinist að miklu leyti að því að við tryggjum ákveðna lýðræðisþróun með því að viðhalda Ríkisútvarpinu til framtíðar. Við teljum að það hafi mikið hlutverk fyrir íslenska menningu og íslenska tungu.

Hins vegar er algjörlega ljóst, hæstv. forseti, að til að svo megi verða verðum við að tryggja Ríkisútvarpinu tekjur. Það verður að vera einhver festa í þeim tekjum, einhver vissa um að ekki sé allt í uppnámi um hver áramót. Það verður að vera fastur rammi um fjárhaginn.

Ég tek undir það sem komið hefur fram í umræðunni, að innheimtukerfið sem notast er við í dag er mjög dýrt. Það fara miklir fjármunir í að halda því kerfi úti og er örugglega hægt að ná betri skilum en með núverandi innheimtukerfi.

Við lítum svo á að Ríkisútvarpið eigi að vera þjóðarútvarp og stýrt af fulltrúum fólksins, yfir því sé yfirstjórn og sem starfi sem minnst út frá pólitísk. Sú flokkspólitík sem þar hefur ráðið ríkjum á undanförnum árum ætti að hverfa að mestu en inn í yfirstjórn Ríkisútvarpsins sé valið sérstakt útvarpsráð eða akademísk stjórn. Hægt væri að finna ýmiss konar form á því og um það er m.a. fjallað í greinargerð, að hugsanlegt sé að hafa jafnframt ákveðið form á endurnýjun í slíku ráði og að því kæmu ýmsir aðilar í þjóðfélaginu frá menningarhliðinni, í almenningsfræðslunni, frá stéttarfélögum, félagasamtökum. Þannig mundum við tryggja sem mesta breidd og yfirstjórn útvarpsins væri skipuð fólki víða að úr þjóðfélaginu með ólíkan bakgrunn og ólík viðhorf.

Meginmarkmiðið hlýtur alltaf að vera, hæstv. forseti, að Ríkisútvarpið viðhaldi góðu og fræðandi efni eins og það hefur reyndar oft gert. Ég held líka að við verðum að viðurkenna þá staðreynd að Ríkisútvarpið, í þeirri stöðu sem það verður ef svo fer sem hér er lagt upp með, verði ekki í fullri samkeppni við einkareknar stöðvar. Þennan farveg þurfum við að finna. Við sem flytjum tillöguna gerum okkur ljóst að þótt við höfum skrifað ákveðna leiðbeiningu um hvað við vildum gjarnan sjá sem grunn að lagasetningu eða frumvarpi til laga um starfsemi Ríkisútvarpsins til framtíðar. Við bendum á ýmsar leiðir og möguleika sem þarf að skoða en við ímyndum okkur ekki að í viljayfirlýsingu okkar í greinargerðin sé svo fullkominn texti að enginn geti komið með betri lausnir. Vonandi á eftir að ræða vítt og breitt um stöðu Ríkisútvarpsins.

Við teljum að af ýmsum ástæðum þurfi Ríkisútvarpið að reka fleiri eina rás, það þurfi að reka Rás 1 og viðhalda langbylgjusendingum, m.a. af öryggisástæðum og til að ná dreifingu um fiskimið landsins og til fjarlægra byggða. Það hefur margsýnt sig, síðast í vetur, að rásir Ríkisútvarpsins geta dottið út á heilum landsvæðum sem ná ekki að hlusta á nema langbylgjusendingar útvarpsins. Þar hefur m.a. komið í ljós öryggishlutverk Ríkisútvarpsins. Við munum sjálfsagt áfram búa við að veðurfar á Íslandi valdi því annað slagið að langbylgjan verði neyðartækið til að koma skilaboðum áleiðis. Þannig hefur það oft verið og mun örugglega halda áfram.

Við teljum einnig að viðhalda þurfi Rás 2, m.a. út frá hagsmunum landshlutaútvarpsstöðva. Þar er sinnt öðru efni en almennt er gert á Rás 1, m.a. hinum dreifðu byggðum með því að fjalla þar um mismunandi málefni á þeim svæðum.

Hæstv. forseti. Ég tel að tillögunni hafi verið gerð ágætis skil í umræðunum. Ég þakka þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í henni og vona að þetta mál, sem nú er rætt í fimmta sinn, muni kannski líkt og dropinn hola steininn og núverandi menntamálaráðherra komi inn með frumvarp sem við fáum að taka til umfjöllunar. Efni tillögunnar sem við ræðum hér gengi þar með inn í þá vinnu sem væntanlega fer þá fram um hvaða stefnu skuli taka og hvert hlutverk Ríkisútvarpsins verði á komandi árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. PHB, 50. mál (afnám embættis forseta Íslands). — Þskj. 50.

[17:52]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Herra forseti. Í tilefni af því að við ræðum um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um að breyta stjórnarskrá lýðveldisins Íslands vil ég nota tækifærið og ræða lítillega skipun hæstv. forsætisráðherra á nefnd um stjórnarskrána og taka þátt í umræðum um hana, eins og skorað var á almenning í landinu að gera.

Í fyrsta lagi vil ég velta fyrir mér, herra forseti, til hvers við höfum stjórnarskrá. Megintilgangur stjórnarskrárinnar er að vernda borgarana fyrir öðrum borgurum og ríkisvaldinu. Það eru mannréttindi af fyrstu gráðu. Mannréttindi af fyrstu gráðu eru óháð staðsetningu og óháð landamærum. Mikilvægustu mannréttindin eru rétturinn til lífs. Það er bannað að drepa fólk og það er óháð staðsetningu, þ.e. gildir um allan heim. Þá ber að nefna réttinn á lífi, limum og sál, þ.e. að það má ekki beita ofbeldi, hneppa menn í þrældóm eða neitt slíkt. Síðan er málfrelsi, trúfrelsi, eignarréttur og félagafrelsi. Þetta eru allt mannréttindi sem ekki hafa landamæri.

Í öðru lagi vil ég nefna kröfur á aðra borgara, á samfélagið og fleiri. Þau mannréttindi eru annarrar gráðu og eru háð landamærum. Það er ljóst að borgararnir geta ekki lagt af mörkum nema eftir efnahag. Þar af leiðandi eru þau mannréttindi öðruvísi á Íslandi en t.d. í Sómalíu. Þetta eru t.d. kröfur barna og aldraða á fjölskyldu sína, hvergi nefnt í lögum en afskaplega sterkur réttur og sennilega sá sterkasti sem við höfum. Þetta er siðferðilegur réttur manna gagnvart fjölskyldunni, sérstaklega barna til foreldra sinna, t.d. ungbarna. Þá má nefna kröfur á samfélagið, alls konar félagsleg réttindi, kröfur fólks til sveitarfélags um framfærslu og annað slíkt. Allt þetta eru mannréttindi annarrar gráðu sem eru háð styrk efnahagslífsins, þ.e. staðsetningu og landamærum.

Að lokum vil ég nefna, áður en ég lýk umfjöllun um tilgang stjórnarskrárinnar, að henni er ætlað að vernda borgarana fyrir ríkisvaldinu. Í heimspekinni hafa menn þróað kenningar um þrískiptingu valdsins. Þar er löggjafarvald, Alþingi, sem eru gerð góð skil í núgildandi stjórnarskrá. Svo er það framkvæmdarvaldið, ríkisstjórn og sveitarstjórnir. Þeim eru gerð frekar slæm skil í núgildandi stjórnarskrá. Í þriðja lagi er það dómsvaldið sem er illa skilgreint í stjórnarskránni. Þar er hvergi minnst á Hæstarétt og þaðan

af síður á Hæstarétt sem stjórnlagadómstól, þ.e. þegar Hæstiréttur fer að kveða upp úr um það hvort lög standist stjórnarskrána, sem ég tel að sé mjög mikilvægt hlutverk Hæstaréttar. En mörg lönd eru með sérstakan stjórnlagadómstól.

Stjórnarskráin á að vera einföld, herra forseti. Ég vil að sú nefnd sem um þetta fjallar fái til sín fólk með greindarvísitölu 90 eða neðar og láti það lesa tillögurnar, fái að vita hvort það hafi skilið það sem um var fjallað og hvort sá skilningur sé réttur. Ef ekki þá þarf að orða stjórnarskrána einfaldar því að henni er ætlað að vernda þetta fólk ásamt öðrum. Það þarf að taka burt öll tóm ákvæði úr stjórnarskránni og tala mannamál, ekki lögfræðingamál.

Í sumar kom upp mikið mál þegar forseti lýðveldisins hafnaði því að skrifa undir lög. Fram komu þrjú lögfræðiálit hvert öðru lærðara. Ég las þau öll og gat fallist á þau öll. Mér fundust þau öll rétt. Það er eitthvað að stjórnarskrá sem er svona, svo loðin og flókin að mestu stjórnspekingar landsins, lögfræðingar, geti fengið þrjár mismunandi niðurstöður um sama vandamálið.

Það er dálítið skemmtilegt að skoða hvernig stjórnarskráin er byggð upp. Í 20. gr. er meira að segja fjallað um kjaramál embættismanna — í stjórnarskránni, herra forseti, er fjallað um kjaramál embættismanna, í stjórnarskrá sem á að vernda borgarana fyrir ríkisvaldinu. Þar stendur:

„Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum ..."

Þetta er í stjórnarskránni, herra forseti, og ég nefni þetta til að benda á hvað hún er á margan hátt úrelt og undarleg.

Gallinn við núgildandi stjórnarskrá er m.a. sá að forsetinn er bæði hluti af löggjafarvaldi og dómsvaldi. Í stjórnarskránni eru síðan mýmörg ákvæði sem eru í raun tóm, sem segja ekki neitt, um vald forsetans. Ég ætla rétt að fara í gegnum þau, herra forseti, hér á eftir.

Svo ég fjalli um frumvarpið sem slíkt er með því lagt til að embætti forseta Íslands verði lagt niður en það felur í sér breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins. Frumvarpið er lagt fram til þess að fá fram ítarlega umræðu í þinginu og meðal þjóðarinnar um tilgang og hlutverk forsetaembættisins, en þess ekki vænst að það fái lokaafgreiðslu á þinginu. Næstu alþingiskosningar verða í síðasta lagi sumarið 2007 og er því ætlunin að leggja frumvarpið fram að nýju á síðasta þingi fyrir kosningar, enda er skylt að rjúfa þing og efna til kosninga þegar samþykktar eru breytingar á stjórnarskrá. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að lögin taki að fullu gildi þegar kjörtímabili sitjandi forseta lýkur enda er því ekki stefnt gegn þeim persónum sem með prýði hafa sinnt og sinna þessu háa embætti frá stofnun lýðveldisins. Við samningu frumvarpsins naut flutningsmaður aðstoðar Hafsteins Þórs Haukssonar, Ragnars Jónassonar, Heiðrúnar Lindar Marteinsdóttur, Helgu Láru Hauksdóttur og Jóns Hákons Halldórssonar. Þau eru öll áhugafólk um þetta mál.

Ef við reynum að kafa í það hvaðan íslenska stjórnarskráin kemur þá má rekja upphaf hennar til fyrstu stjórnarskránna sem samdar voru í Evrópu og Norður-Ameríku undir lok 18. aldar eða í byrjun 19. aldar sem má rekja til áhrifa frönsku stjórnarskrárinnar frá 1791 sem sett var í kjölfar frönsku stjórnarbyltingarinnar. Þessi áhrif koma fram í íslensku stjórnarskránni frá 1874 í gegnum þær dönsku og belgísku. Þessar stjórnarskrár taka allar mið af þrískiptingu valdsins sem byggir á kenningum heimspekinga, m.a. á riti franska stjórnspekingsins Montesquieus, Anda laganna, og skrifum breska heimspekingsins Johns Lockes og annarra.

Eins og ég gat um áðan er íslenska stjórnarskráin um margt torlesin og alls ekki auðskilin. Við fyrsta lestur kann að virðast sem forseti lýðveldisins sé nánast alvaldur og stjórni bæði framkvæmdarvaldi og löggjafarvaldi. Er það rakið hér á eftir. Svo draga tvær greinar stjórnarskrárinnar úr öllu þessu valdi en það eru 1. mgr. 11. gr. um að forsetinn sé ábyrgðarlaus í stjórnarathöfnum sínum og 1. mgr. 13. gr. sem segir að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt. *Hvorugt þessara ákvæða er auðskilið venjulegu fólki og er* það miður að stjórnarskráin sem á að vernda borgarana sé ekki skýrari. Þá virðast mörg atriði stjórnarskrárinnar snúast um hrein formsatriði sem hafa enga praktíska þýðingu vegna fyrrgreindra tveggja ákvæða. Svo er t.d. um undirskrift forseta undir stjórnarathafnir og hlutverk ríkisráðs. Með þessu frumvarpi er leitast við að gera stjórnarskrána skýrari og taka út ákvæði sem enga þýðingu hafa auk þess að leggja niður forsetaembættið. Æskilegt væri við endurskoðun á stjórnarskránni að taka meira tillit til þrískiptingar valdsins og hafa sérstaka umfjöllun um hvern þátt fyrir sig, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Um það gat ég áðan.

Þrískipting ríkisvaldsins, herra forseti. Misjafnt er hversu langt einstök ríki og stjórnarskrár þeirra ganga í greiningu ríkisvaldsins í löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Hvað sem því líður er ljóst að slík greining er til þess fallin að auka réttaröryggi borgaranna. Í íslenskri stjórnskipun eru ýmsar undantekningar frá kenningunni um þrígreiningu valdsins eins og hún birtist í sinni hreinustu mynd. Mikilvægasta undantekning er auðvitað sú að ríkisstjórnir sitja í skjóli meiri hluta Alþingis. Þar af leiðandi eru komin tengsl á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Önnur undantekning er að ráðherrar eru jafnframt þingmenn. Tólf persónur hér á landi núna eru bæði fulltrúar framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Þriðja undantekningin er tilvist embættis forseta Íslands sem samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár er bæði æðsti handhafi framkvæmdarvalds og einnig löggjafarvalds ásamt Alþingi. Löggjafarþátturinn hjá embætti forseta lýðveldisins hefur reyndar verið álitinn eingöngu formlegs eðlis en það kann að hafa breyst síðastliðið sumar. Þannig má segja að tveir þættir ríkisvaldsins sameinist í einu embætti, þótt síðar í þessari greinargerð verði vikið að ákvæðum stjórnarskrárinnar sem eru til þess fallin að veikja stjórnskipuleg völd forsetans verulega. Þær breytingar sem urðu síðastliðið sumar gera það líka að verkum að héðan í frá munu forsetar lýðveldisins væntanlega allir verða kosnir pólitískri kosningu vegna þess að *það kann að vera að forsetinn hafi völd sem menn* töldu hingað til að hann hefði ekki. Það brýtur líka þrískiptingu valdsins að frumkvæði að lagasetningu liggur að mestu leyti utan Alþingis og auk þess er Alþingi að grípa inn í framkvæmdir með fjárlagafrumvarpi á hverjum vetri.

Herra forseti. Ef við ræðum uppruna forsetaembættisins þá má nefna að Íslendingar fengu stjórnarskrána að gjöf frá konungi Danmerkur árið 1874. Sú stjórnarskrá var að miklu

leyti þýdd og staðfærð upp úr dönsku stjórnarskránni og jafnvel þótt staðið hafi til að stjórnarskrá Íslendinga tæki breytingum við stofnun lýðveldisins árið 1944 varð lítið úr því. Enn í dag hefur stjórnarskráin tekið litlum breytingum, helst þó er varðar kosningarrétt og kjördæmabreytingar. Þegar stjórnarskránni var breytt við lýðveldisstofnun tók forseti Íslands við því hlutverki sem konungur hafði sinnt áður og sinnir enn í Danmörku. Staða hans er þó ólík stöðu konungs stjórnskipunarlega þar sem forseti Íslands er kjörinn beinni kosningu ólíkt konungi og við lýðveldisstofnun hlaut forseti málskotsrétt í stað réttar til þess að synja frumvörpum um staðfestingu líkt og konungur hafði áður.

Ólafur Jóhannesson, fyrrverandi prófessor við Háskóla Íslands og forsætisráðherra, segir í bók sinni að forseti Íslands hafi mikil völd í orði kveðnu, en samkvæmt stjórnarvenjum og helstu stjórnarskrárákvæðum séu raunveruleg völd hans hins vegar lítil, í raun aðeins formsatriði, og forsetinn hafi í raun engin áhrif á efni laga eða stjórnarathafna. Þessi orð Ólafs má til sanns vegar færa þótt um þau gildi einstaka undantekningar. Þetta segir okkur að stjórnarskráin er ekki til þess fallin að vernda hinn einstaka borgara fyrir ríkisvaldinu eða öðrum borgurum vegna þess hve stjórnarskráin er óljós.

Ef við lítum á heimildir forseta samkvæmt stjórnarskránni þá skipar hann ráðherra og hann veitir þeim lausn frá embætti. Hann ákveður fjölda ráðherra og skiptir með þeim verkum. Hann veitir auk þess öll æðstu embætti ríkisvaldsins. Forseti situr í ríkisráði og stjórnar fundum þess. Forseti stefnir saman Alþingi, ákveður hvenær því er frestað og hann getur rofið þing. Forseti getur látið leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga og annarra samþykkta. Hann staðfestir og gefur út lög og getur synjað lögum staðfestingar. Jafnframt getur hann gefið út bráðabirgðalög. Forseti gerir samninga við önnur ríki. Forseti getur ákveðið að saksókn fyrir afbrot skuli niður falla, náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Forseti getur veitt undanþágur frá lögum annaðhvort sjálfur eða með því að fela það öðrum stjórnvöldum. Þvílík eru völd forsetans við fyrstu sýn í stjórnarskránni.

En öll þessi ákvæði stjórnarskrárinnar eru tekin burt með því að segja að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt — og nú skal hinn almenni borgari skilja hvað það þýðir — og að hann sé ábyrgðarlaus í stjórnarathöfnum. Nú skal hinn almenni borgari skilja það líka. Því er ljóst að forseti getur lítið beitt valdi sínu nema með atbeina ráðherra. Að vísu getur hann neitað að framkvæma stjórnarathafnir sem nauðsynlega krefjast atbeina forseta samkvæmt stjórnarskrá. Til að mynda gefur forseti út bráðabirgðalög en slík stjórnarathöfn krefst atbeina ráðherra eins og fyrr segir. Frumkvæði að slíkri lagasetningu kemur venju samkvæmt frá ráðherra en Ólafur Jóhannesson bendir hins vegar á að forseti hafi stjórnskipunarlegt vald til þess að neita því að gefa út bráðabirgðalög og gæti þannig komið í veg fyrir útgáfu þeirra. Þetta á og við um aðrar stjórnarathafnir forseta.

Svo má ræða það hvort forsetinn hafi frjálsar hendur með að skipa ríkisstjórn. Nú er venja og hefð fyrir því að á Íslandi sé þingræði, þ.e. að ríkisstjórnin sitji í skjóli Alþingis. Þar af leiðandi ákvarða þingkosningar í rauninni hvernig ný ríkisstjórn er mynduð. Þess vegna er vald forsetans á því sviði miklu veikara en maður kynni að lesa út úr stjórnarskránni. Það er helst þegar til greina koma tvær eða fleiri minnihlutastjórnir að séð verður að forseti geti haft áhrif á gang mála.

Síðastliðið sumar reyndi á það hvort málskotsréttur forsetans ætti við og var mikið deilt um það. Þá var rætt um hvað málskotsrétturinn þýddi, hvernig lög ættu að gilda um þjóðaratkvæðagreiðslur og því um líkt. En það er ekkert um það í stjórnarskránni sem nú gildir heldur eingöngu að fara skuli fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Í þessu frumvarpi er lagt til að í stað þess að forsetinn hafi málskotsrétt — enda er lagt til að embættið falli niður — þá geti 25% kjósenda krafist þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að gert er ráð fyrir ákveðnum þröskuldi fyrir því að menn geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ráðherra fer í raun að mestu leyti með það vald sem forseta er falið samkvæmt stjórnarskrá og embætti forseta felur helst í sér móttökur fyrir erlenda þjóðhöfðingja og erindreka og önnur veisluhöld sem forseti efnir til og tekur þátt í. Þau störf sem forsetinn hefur að gegna gætu aðrir embættismenn auðveldlega tekið að sér, svo sem forseti Alþingis, forseti Hæstaréttar og forsætisráðherra. Við það mundu sparast miklir fjármunir sem væru betur komnir annars staðar. Breytingin væri í fullu samræmi við íslenskt þjóðfélag sem byggist á miklu jafnrétti fólks og er að mestu laust við stéttskiptingu og prjál. Þó að fáar þjóðir séu án formlegs þjóðhöfðingja þá hafa Íslendingar áður sýnt frumkvæði þvert á aðrar þjóðir eins og með stofnun Alþingis 930. Stofnun þess var líka einsdæmi. Forseti Alþingis tæki við skyldum þjóðhöfðingja og varaforsetar Alþingis gengju í störf forseta í fjarveru hans samkvæmt þessu frumvarpi sem við ræðum. Með slíku fyrirkomulagi yrði Alþingi Íslendinga sýnd sú virðing sem því ber sem elsta þjóðþingi í heimi og hægt væri að nýta þá fjármuni sem falla til vegna forsetaembættisins á hagkvæmari hátt. Vissulega þekkjum við dæmi þess að þjóðhöfðingi Íslendinga sé ekki þjóðkjörinn. Ríkisstjórnin fór sjálf með vald þjóðhöfðingja Íslands eftir að samband milli Danmerkur og Íslands rofnaði við hernám Þjóðverja í Danmörku. Sveinn Björnsson var kjörinn ríkisstjóri Íslands við hátíðlega athöfn af Alþingi 17. júní 1941. Alþingi Íslendinga kaus hann svo aftur forseta lýðveldisins við stofnun þess árið 1944 og náði kjör hans til eins árs. Var hann sjálfkjörinn í embættið upp frá því. Hann var sem sagt aldrei þjóðkjörinn.

Herra forseti. Í frumvarpinu er lagt til að samhliða því að embætti forseta lýðveldisins verði lagt niður verði Alþingi og embætti forseta þingsins styrkt, sem og embætti forsætisráðherra. Gert er ráð fyrir því að ráðherrar taki ákvarðanir með samþykki forsætisráðherra, t.d. utanríkisráðherra þegar hann gerir samninga við önnur ríki. Þá er það einnig markmið með framlagningu frumvarpsins að fækka þeim verkefnum sem eru formleg, eins og undirritun laga og því um líkt, þ.e. gera stjórnarskrána skýrari þannig að það sé virkilega að marka það sem stendur í henni og allir geti skilið það.

Herra forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til sérnefndar um stjórnarskrármál sem kosin var 15. nóvember síðastliðinn.

[18:13]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil lýsa því fyrst að ég er þeirrar skoðunar að ef það væri nú svo að forseti Íslands hefði ekkert stjórnskipulegt hlutverk eins og hv. flutningsmaður og ýmsir félagar hans halda fram þá *væri vissulega skynsamlegt* að breyta því embætti, fá forsetanum viðeigandi hlutverk eða vista þau önnur verkefni sem honum eru falin á öðrum stöðum.

Nú er það hins vegar svo að forseti Íslands hefur margvíslegt stjórnskipulegt hlutverk og töluverð völd, einkum þegar í harðbakkann slær, en dæmi undanfarinna missira, einkum þau sem hafa skapast af hálfu liðsmanna í Sjálfstæðisflokknum, sýna að ekki er vanþörf á að ræða þetta hlutverk. Það ætla ég þó ekki að gera hér þar sem skammur tími er til stefnu, og ekki einstök atriði í frumvarpi hv. þingmanns Péturs Blöndals heldur ætla ég, eins og mælt er fyrir um í þingsköpum, að ræða frumvarpið í heild sinni, þann kjarna sem fram kemur í upphafi greinargerðarinnar með frumvarpinu að leggja beri forseta Íslands af.

Forseti. Þegar rætt er um stjórnskipan er auðvitað mikilvægt að líta til fyrirmynda, bæði aftur í tímann og í öðrum löndum og slík vinnubrögð hafa verið stunduð mjög í stjórnarskrárumræðu hjá okkur. Menn þekkja það í umræðunni um íslensku stjórnarskrána sem á sínar ættir að rekja *til dönsku grundvallarlaganna* frá 1848 og á svo ýmsa afa og ömmur aftar í tímanum að ýmsir hafa haldið því fram að einstakir þættir íslensku stjórnarskrárinnar séu nánast eða hafi nánast verið þýðing úr hinum dönsku og einungis verið samdir að íslenskum aðstæðum. Í þessu er sannleiksvottur.

Því hefur líka verið haldið fram að þeir sem undirbjuggu lýðveldisstjórnarskrána 1944 hafi hvað þjóðhöfðingjann varðar bara skipt um orð og sett orðið „forseti" í staðinn fyrir orðið „konungur", en umræðan síðasta sumar var gagnleg að því leyti að hún leiddi í ljós að sú staðhæfing er alröng eins og rakið var oft í vor og sumar enda voru heil fjögur ár til stefnu við lýðveldisstjórnarskrána frá rofinu við Danmörku vorið 1940 til stofnunar lýðveldisins vorið 1944. Þetta eru vissulega dæmi um hina sögulegu sýn.

Þeir sem eru sammála hv. flutningsmanni hafa líka litið til grannlandanna og virt þar fyrir sér samband þjóðhöfðingja, þings og ríkisstjórnar. Sá galli er við þá leið til skilnings að grannlönd okkar eiga sér flest miklu eldri stjórnskipan en við Íslendingar og vegna þess að stjórnarskrá er í eðli sínu íhaldssamt fyrirbæri og á að vera það ræður hefðin miklu í þeim ríkjum. Menn halda í það sem þeir hafa og geta komist af með, vilja síður breyta. Þetta er svipað viðhorf og ýmissa hér á landi til þjóðsöngsins sem var ræddur fyrir nokkru. Þórarinn Eldjárn sagði í Speglinum að að vísu væri ekki hægt að syngja þjóðsönginn og textinn væri kannski ekki góður en þetta væri samt þjóðsöngurinn og bæri að halda upp á hann sem slíkan. Þetta merkir að það *getur verið snúið að læra mikið af stjórnarskrám gamalla* og gróinna ríkja í Evrópu og Ameríku. Hið elsta þeirra að stjórnskipan er reyndar einn af nágrönnum okkar, sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland eins og það heitir núna. Þar er engin stjórnarskrá, bara hefðin og síðan Magna Carta frá 1215, sem er sama ár og Snorri Sturluson var lögsögumaður á Alþingi Íslendinga. Þá er enn um það bil hálf öld í Gamla sáttmála þannig að ekki er beinlínis mikið af Bretum að læra í þessu.

Í öðru lagi háttar svo til í helstu grannríkjum okkar að þjóðhöfðinginn er erfingi tignar sinnar. Það er konungdæmi við lýði í flestum næstu ríkjum, í Noregi, Danmörku, Svíþjóð, *Stóra-Bretlandi, Hollandi og Belgíu. Sú skipan ein* saman veldur því að það verður lítið gagn að því að bera þessi ríki saman við Ísland og önnur lýðræðisríki, einkum þau sem hafa þjóðkjörinn forseta.

Við hugmyndir af því tagi sem fram eru komnar í frumvarpinu og almennar umræður um breytingar á stjórnarskránni að undanförnu er aftur á móti fróðlegt að skoða hvað muni vera nýjast í þessum efnum, hvað menn gera þegar þeir stofna ný ríki og hafa þannig kost á öllum þeim aðferðum sem tíðkaðar eru í ríkjum sem búa við þokkalega lýðræðishefð. Um þessar mundir eru einstakar aðstæður í þessum efnum vegna þess að á undanförnum 10–15 árum hefur verið í gangi eins konar tilraunastofa í lýðræðisfræðum í Mið- og Austur-Evrópu og reyndar er þeim tilraunum fráleitt lokið. Þess vegna er fróðlegt að vita hvaða stjórnskipun hefur orðið ofan á í þessum ríkjum og hvernig niðurstöður nýfrjálsu ríkjanna í okkar heimshluta ríma við það sem við ræðum um.

Af þessu tilefni hef ég hjómað yfir lýsingu af stjórnskipan nokkurra af þessum ríkjum, 11 þeirra, þar sem lýðræðið hefur einkum fest í sessi og er með útprentun af 11 stjórnarskrám, að vísu í enskri þýðingu, ef einhver vill skoða og þakka upplýsingasviði þingsins aðstoð við þetta mál. Ég ætla að reyna þó tími sé lítill að fara yfir hvert ríki um sig í stórum dráttum og draga fram allra helstu drætti í verkaskiptingu forseta, þings, ríkisstjórnar og dómstóla, líta síðan á það sem þeim er sameiginlegt og draga í lokin nokkra lærdóma af verkinu.

Ég hef máls á Eistlandi. Þar er pólitísk forusta hjá þingi og ríkisstjórn. Forseti hefur þó talsverð völd. Hann er kosinn á þinginu með tveimur þriðju atkvæða, en þar er þingræði, þó þannig að forseti og þing verða að vera sammála um forsætisráðherrann. Ef það er ekki hefst ferill sem getur endað með þingrofi og kosningum. Forseti hefur rétt til að leggja fram tillögur um stjórnarskrárbreytingar. Forseti hæstaréttar er kosinn af þinginu að tillögu forseta þannig að forsetinn hefur sitt að segja um skipan dómstóla í Eistlandi.

Í Lettlandi er pólitísk forusta einnig hjá þingi og ríkisstjórn. Forseti hefur tiltölulega rýrt hlutverk, er kosinn af þinginu með einföldum meiri hluta en hann tilnefnir forsætisráðherra sem þingið getur þó fellt með vantrausti. Forsetinn getur lagt til að þingið verði leyst upp og það fer þá í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það verða nýjar kosningar ef það er samþykkt en forsetinn fer frá ef það er fellt. Vald hans er því nokkurt í þessu efni en ef til vill einkum áhrifavald.

Í Litháen er pólitísk forusta talin bæði hjá forseta og hjá ríkisstjórn og þingi. Forsetinn er þjóðkjörinn, hann þarf *meiri hluta*. Forsetinn tilnefnir forsætisráðherra sem þingið þarf að samþykkja. Forsetinn getur krafist endurskoðunar á lögum en hann getur ekki hafnað þeim. Forseti tilnefnir hæstaréttardómara sem þingið samþykkir og önnur ákvæði eiga við um stjórnarskrárdómstól þar sem forsetinn á einnig aðild. Forsetinn getur einnig rofið þing við vissar aðstæður ef þingið neitar að fallast á stjórnarstefnu eða lýsir van-

trausti á ríkisstjórn.

Í Póllandi er pólitísk forusta einnig bæði hjá forseta og hjá ríkisstjórn og þingi. Forseti er þar þjóðkjörinn, þarf meiri hluta. Hann getur hafnað lögum frá þinginu. Þingið getur raunar endurnýjað þau en þá með tveimur þriðju atkvæða. Þar er þingræði, eins og í öllum þessum ríkjum, en eins konar jafnræði milli þess að forsetinn tilnefnir forsætisráðherra og þingið ef hvorugur sættir sig við hinn. Forseti tilnefnir forseta hæstaréttar úr hópi sem sveit dómara leggur reyndar fyrir hann og forseti á einnig aðild að skipan stjórnskipunardómstóls.

Í Tékklandi er pólitísk forusta hjá þingi og ríkisstjórn. Forseti er þó áhrifamikill, samanber þá Havel og Klaus, þótt formleg völd hans virðist heldur síðri en hér. Hann er kosinn af þinginu í báðum deildum. Hann getur hafnað lögum en þingið getur samþykkt þau aftur með einföldum meiri hluta og hann hefur ákveðin áhrif á skipan dómstóla sem ég treysti mér ekki til að lýsa frekar.

Í Slóvakíu er forseti nokkuð sterkur þó það sé ekki alveg ljóst af stjórnarskrártexta. Hann er þó þingkjörinn með meiri hluta, tilnefnir forsætisráðherra og getur rofið þingið ef það neitar þrisvar að samþykkja ráðherraefni forsetans sem sýnir ákveðinn styrk forseta.

Í Ungverjalandi er pólitísk forusta hjá þingi og ríkisstjórn. Forsetinn virðist þó hafa svipuð völd og í Slóvakíu. Hann er kjörinn á þingið með tveimur þriðju. Hann getur tekið þátt í störfum þingsins með ákveðnum hætti og rofið þingið við viss skilyrði í stjórnarmyndun.

Í Slóveníu virðist vera lík skipan og í Ungverjalandi. Athyglisvert er að forseti getur rofið þing ef það kemur sér ekki saman um forsætisráðherra og hann tilnefnir í stjórnlagadómstól en hæstiréttur er tilnefndur með öðrum hætti.

Í Króatíu var upphaflega mjög sterkur forseti en hann veiktist eftir að Tujman fór frá og ég held að mönnum hafi þótt það gæfuskref á sínum tíma. Forsetinn þar er þjóðkjörinn og tilnefnir forsætisráðherra fyrir þingið en hefur ekki áhrif á skipan dómara að því er séð verður.

Í Rúmeníu er pólitísk forusta bæði hjá forseta, ríkisstjórn og þingi. Forsetinn er þjóðkjörinn. Hann getur sent lagafrumvörp aftur til þingsins en ekki neitað þeim endursamþykktum ef þau fara í gegnum báðar deildir. Hann getur stofnað til þjóðaratkvæðis eins og reyndar ýmsir aðrir sem hér voru upp taldir geta. Hann tilnefnir forsætisráðherra en getur rofið þing ef þingið neitar samþykki tvisvar. Hann skipar dómara í stjórnlagadómstól og alla hæstaréttardómara, en eftir tilnefningum dómararáðs sem þingið kýs.

Í Búlgaríu er forsetinn þjóðkjörinn ásamt varaforseta sínum með meiri hluta. Forsætisráðherrann kemur hins vegar frá stærsta flokknum eða þeim næststærsta o.s.frv. og er borinn beint undir þingið og hefur forsetinn ekki heimild til að skipta sér af störfum þess. Hann getur sent lagafrumvörp til baka og á hlut að skipan dómara í æðstu dómstóla.

Þetta er langur texti og ég vona að ekki séu allir sofnaðir en nú ætla ég að reyna að draga þessar upplýsingar saman á þeim tíma sem eftir er. Það verður að segja um stjórnskipan þessara 11 ríkja og reyndar fleiri sem ég hef ekki talið að hún hefur markast af þrennu:

Í fyrsta lagi hefur hún markast af formlegri stjórnskipan þeirra undir skugga sovétsins. Við vitum að stjórnarskrár gátu verið íðilfagrar á ytra borði í fylgiríkjum Sovétríkjanna og Sovétríkjunum sjálfum hvað sem leið raunverulegu inntaki þeirra.

Í öðru lagi getur hún mótast af stjórnskipan ríkjanna fyrir tíma sovétsins. Það var reyndar afar misjafnt hvernig háttaði til. Það var konungshefð að nokkru í Búlgaríu og Rúmeníu, lýðræðishefð víða ekki til eða vanþroska og fasísk áhrif ríktu víða um svæðið á millistríðsárunum.

Í þriðja lagi hafa ríkin skoðað hið alþjóðlega hlaðborð af stjórnarskrám.

Hvað er sameiginlegt með lýðræðislegri stjórnskipan þessara 11 ríkja? Strax stendur eftir að þar er alls staðar þingræði. Ríkisstjórn situr í umboði þingsins. Það er ekki valin bandaríska leiðin, lýðræði án þingræðis, þrátt fyrir ýmsa kosti hennar og þrátt fyrir eðlilegt aðdráttarafl Bandaríkjanna í þessum ríkjum. Þar er líka alls staðar forseti. Hann er ýmist þjóðkjörinn eins og hér, í sex ríkjum, oft krafist meiri hluta atkvæða, eða þingkjörinn, í fimm ríkjum. Hann er misáhrifamikill en hefur veruleg völd í fjórum til fimm ríkjum af þessum, annars staðar minni og þar yfirleitt svipuð og hér miðað við hefðbundna túlkun hérlendis en ekki túlkun hv. þm. Péturs H. Blöndals og félaga hans. Í einu ríki, Lettlandi, virðist hlutverk forsetans í stjórnskipuninni mun rýrara en hér.

Ég tek fram að það getur verið snúið að átta sig á áhrifum og völdum forseta í stjórnarskrá. Ég hef ekki haft svigrúm til þess að fara á sérstök námskeið um þetta eða ræða þetta til botns við kunnáttumenn. Þetta fer einnig eftir persónum og aðstæðum. Stundum er nokkurt svigrúm í stjórnarskránni en stundum dugar stjórnarskrártextinn ekki einn og sjálfur til að ráða í hvernig þessu er nákvæmlega háttað, svo sem eins og hér er, og ég tek undir með flutningsmanni um að það væri þarft verk að skýra betur stjórnarskrártextann og taka af ýmis tvímæli sem í honum kynnu að vera.

Áhrif og völd forseta ráðast auðvitað af tengslum forsetans við þrjár greinar ríkisvaldsins og hlutdeild hans í því valdi sem hinum þremur greinum er falið. Áhrif forseta og völd í ríkjunum virðast einkum varða þessa þætti hér og ráðast af þeim.

Í fyrsta lagi hlutverki forsetans í kjarna þingræðisins, þ.e. skipan ríkisstjórnar, einkum áhrifum á það hver á að vera forsætisráðherra og hvaða rétt forseti og þing hafa hvort um sig í því efni. Þetta er með ýmsum hætti í ríkjunum, en athyglisvert að í öllum ríkjunum sem eru undir tilnefnir forsetinn forsætisráðherra sem síðan þarf atbeina þingsins, oftast með formlegum meiri hluta við upphaf ríkisstjórnar. Ég hygg það vera kallað jákvætt þingræði en ekki það neikvæða sem hér er. Þetta eru lagatæknileg orð en lýsa ekki gildismati. Það er sjaldgæft að þingræðið komi ekki fram með slíkum formlegum hætti í stjórnarskrá, en af stjórnarskrám ríkjanna verður auðvitað ekki ráðið hver hlutur forsetans er í sjálfri stjórnarmynduninni sem er oft undanfari þess að forsetinn tilnefnir forsætisráðherra.

Völd forseta og áhrif hans koma einnig fram í þátttöku hans í lagasetningu, bæði því hvort hann getur átt frumkvæði að lögum, raunverulegt eða formlegt eins og hér er alla jafna, og hvernig rétti hans er háttað gagnvart lögum sem þingið hefur samþykkt en skortir undirritun forsetans, hvort þar er um að ræða málskotsrétt eða frestunarrétt sem

víðast er í þessum ríkjum þar sem forsetinn getur skipað þinginu að endurskoða verk sitt og þannig skapað spennu þó ekki sé um að ræða málskotsrétt enda þjóðaratkvæðagreiðslur með ýmsum hætti í þessum ríkjum. Þingið hikar sennilega við að samþykkja lög sem eru þess eðlis að það gæti fengið þau aftur í hausinn frá forsetanum.

Málskotsrétturinn er auðvitað náskyldur rétti forseta sums staðar til að hafa frumkvæði að eða beinlínis boða til þjóðaratkvæðagreiðslu um annað en niðurstöður þingsins. Ég hef ekki kannað það sérstaklega en frægt dæmi er vald Frakklandsforseta til að boða til þjóðaratkvæðagreiðslna. Þetta tengist reglum og venjum í hverju ríki um rétt almennings og þingmanna til ráðgefandi og bindandi þjóðaratkvæðagreiðslna eins og ég nefndi áðan.

Völd forsetans og áhrif koma einnig fram í þætti hans við skipan dómara í æðstu dómstóla en það er athyglisvert að í hinum 11 ríkjum á forsetinn mjög víða aðild með einhverjum hætti að slíkri skipan. Þá varða völd forseta oft sérstaklega utanríkismál, en þar getur texti í stjórnarskrá auðveldlega villt um því í nær öllum ríkjunum er það eins og hér að forsetinn er samkvæmt stjórnarskránni sá sem semur við erlend ríki og er að auki æðsti yfirmaður heraflans, sem er að vísu ekki hér til að dreifa en kynni að verða ef ýmsir ráðherrar hafa fram vilja sinn — þetta fer auðvitað eftir persónum og hefðum í hverju ríki eins og við vitum en jafnvel hér getur forsetinn haft ákveðin áhrif á utanríkismál og samninga. Okkur er ekki kunnugt um mörg slík dæmi enda munu þau ekki fara hátt, en þó er vitað að t.d. fyrsti forseti lýðveldisins hafði veruleg áhrif á mótun utanríkisstefnu þess í árdaga.

Að lokum virðist mér að víðast séu völd forsetans og áhrif í nokkru hlutfalli við kjör forsetans, hvernig því er háttað, þótt það sé ekki einhlítt, þannig að þjóðkjörinn forseti njóti meiri áhrifa og valda en þingkjörinn forseti. Víða er reyndar gerð krafa um að þjóðkjörinn forseti hafi meiri hluta að baki sér og gert ráð fyrir möguleika á síðari umferð í forsetakosningum.

Forseti. Hvað geta þessi dæmi hinna nýfrjálsu þjóða kennt okkur sem búum við stjórnarskrá sem hvað forsetann varðar er 60 ára gömul og nokkrum mánuðum betur? Ýmislegt. Þau hafa öll kosið sér lýðræðislega stjórnskipun, þau hafa öll valið þingræðisformið fram yfir t.d. bandaríska kerfið. Þau eru í því álík okkur. Þau hafa öll valið forseta, ekkert þeirra konung eins og t.d. varð á Spáni, þar var það raunar Frankó sem valdi konunginn en ekki þjóðin, eða í Noregi 1904 þar sem nýfrjáls lýðræðisþjóð ekki bara tók sér konung heldur kaus hann sérstaklega, sem er að vísu einsdæmi í heiminum á síðari öldum, hygg ég. Líka það að víðast í þessum 11 ríkjum er pólitísk forusta frá degi til dags fyrst og fremst í höndum ríkisstjórnar, öfugt við t.d. Frakkland og Rússland sem hafa valdamikla forseta þótt þar sé þingræði, a.m.k. að nafninu til í Rússlandi. Öll hafa þessi ríki valið að láta forsetann brúa bil milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds auk annars hlutverks forsetans, sem er táknræns eðlis og í nafni þjóðarinnar allrar. Ekkert þeirra, ekkert þessara 11 ríkja hefur hins vegar látið sér detta í hug stjórnskipunarform þar sem hlutverki forsetans og þjóðhöfðingjans væri skipt á milli hinna og þessara stjórnmálaleiðtoga og embættismanna.

Forseti. Ég hef valið að fjalla um þetta þingmál með þeim hætti að bera stjórnskipun nýfrjálsu ríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu saman við þá stjórnskipun sem við höfum hér. Í ljós kemur að þessi ríki hafa mörg valið stjórnskipun sem er svipuð okkar og það kennir okkur kannski ýmislegt, jafnvel þeim okkar sem erum óánægð með ýmislegt hér á landi.

Gagnvart spurningunni um forsetann sem hv. þm. Pétur Blöndal ber fram þá er svar ríkjanna 11 um það hvort afnema ætti hann eða ekki, Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Tékklands, Slóvakíu og Ungverjalands, Slóveníu, Króatíu, Rúmeníu og Búlgaríu, svarið er nei. Ég ætla ekki að gera annað hér en að taka undir það svar hinna nýfrjálsu ríkja sem hafa valið sína framtíðarleið af hlaðborði núverandi stjórnarskrárúrvals og sögunnar og segja við hv. þm. Pétur Blöndal og félaga hans í þessum efnum: Nei.

[18:33]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir mjög yfirgripsmikla og góða ræðu. Í fyrsta lagi fullyrðir hann að forsetinn hafi stjórnskipulegt hlutverk. Ég fullyrði að hann hafi það ekki, hann hafi ekkert praktískt stjórnskipulegt hlutverk utan þess sem kann að hafa breyst síðastliðið sumar með því að hann tók sér ákveðin völd.

En samanburðurinn við hin nýfrjálsu ríki sem hv. þingmaður kom inn á er dálítið skemmtilegur af því að í fimm af þessum ríkjum er forsetinn þingkjörinn, nákvæmlega eins og lagt er til hér, nema hér heitir hann forseti Alþingis. Það er eini munurinn. Hann heitir forseti Alþingis en ekki forseti lýðveldisins og hefur vissulega minna hlutverk. Í 3. gr. frumvarpsins segir t.d.:

„Forseti Alþingis kveður til forsætisráðherra. Forsætisráðherra skipar ráðherra og veitir þeim lausn."

Það er sem sagt gert ráð fyrir því að frumkvæði forseta Alþingis sé í því að mynda ríkisstjórn að þessu leyti, svo fremi sem það er eitthvað.

Ég ætla ekki að fara nákvæmlega ofan í einstakar greinar, enda er það ekki meiningin við 1. umr. á Alþingi, en ég nefni t.d.:

„Forseti Alþingis getur með samþykki meiri hluta Alþingis rofið Alþingi."

Hann er því með mikið af þeim formlegu völdum sem menn kalla í þessum ríkjum. Munurinn er sá að hann heitir forseti Alþingis og þau völd sem hann hefur eru raunverulega, en annars fari ráðherrar og forsætisráðherra með t.d. samninga við erlend ríki.

[18:35]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég vil helst ekki deila mikið við Pétur Blöndal um það hvernig sá forseti Alþingis sem hann er að leggja til er samanburðarhæfur við menn í öðrum löndum. Ég tel einfaldlega fráleitt að bera þann forseta sem hv. þm. Pétur Blöndal er að búa til saman við forseta þeirra ríkja sem ég nefndi hér eða þá aðra sem liggja óbættir hjá garði í ræðu minni.

Um fyrri hluta athugasemdar hv. þingmanns verður einfaldlega að segja það á þeim litla tíma sem hér er til umráða

að ég tel að stjórnskipulegt hlutverk forseta Íslands, m.a. í málskotsréttinum en ekki í honum einum, sé fullkomlega sambærilegt við hlutverk forseta þeirra landa sem ég hef hér talið. Það er auðvitað mismunur frá landi til lands. Sums staðar er það með nokkuð öðrum hætti, annars staðar líkt, sums staðar er það meira á tiltekinn kvarða, annars staðar minna. En það er yfirleitt alls staðar þannig að forseti er í fyrsta lagi kjörinn og ekki úr hópi þingmanna á þingi heldur kjörinn af þinginu, hinum kjörnu fulltrúum í fimm ríkjum vissulega, og annars staðar og víðar í þjóðkjöri, og hann er kjörinn til þess að vera sameiningarpunktur og hafa hlutverk í hinni þrískiptu grein ríkisvaldsins. Ef hann er það ekki, eins og mér skilst að hv. þm. Pétur Blöndal túlki það, þá sagði ég m.a. í upphafi ræðu minnar hér: Ef einhver hefur það hugmyndaflug að búa til forseta í ríki sem ekki hefði neitt stjórnskipulegt hlutverk þá ættum við að leggja hann með einhverjum hætti niður.

En það hefur ekkert ríki látið sér detta það í hug og það hefur enginn í öllum heiminum látið sér detta það í hug nema hv. þm. Pétri Blöndal með þessu frumvarpi sem hann er núna að flytja.

[18:37]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég las áðan í ræðu minni úr grein Ólafs Jóhannessonar þar sem hann segir að völd forseta Íslands séu að mestu leyti formleg, þ.e. að hann hafi ekki raunverulega völd.

Það sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi er að forseti Alþingis verði kjörinn af meiri hluta Alþingis og það skuli fyrst kjörið á milli allra þingmanna, síðan skuli þeir tveir sem flest hafa atkvæðin vera í framboði og kosið aftur til þess að tryggt sé að það sé meiri hluti Alþingis á bak við forseta Alþingis. Þetta er mjög nákvæmlega útlistað.

Varðandi málskotsréttinn þá er gert ráð fyrir því í 13. gr. að 26. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

„Er Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp skal forseti Alþingis staðfesta það eigi síðar en tveimur vikum eftir að frumvarpið var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi.“

Síðan segir:

„Kosningarbærir menn, sem svara að fjölda til fjórðungs manna á kjörskrá við síðustu alþingiskosningar, geta farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu vegna laga og ákvarðana Alþingis innan tveggja mánaða frá birtingu þeirra.“

Þarna er gert ráð fyrir að þjóðin sjálf geti ákveðið hvort fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla. Gert er ráð fyrir 25% þröskuldi sem má ræða hvort vera eigi 20% eða 30%, þ.e. eftir því hvað menn vilja fá mikið af slíkum þjóðaratkvæðagreiðslum í gang, því að eftir því sem þröskuldurinn yrði lægri þeim mun fleiri yrðu þær og það eru ákveðnar hættur því fylgjandi. En það er gert ráð fyrir að það séu þjóðaratkvæðagreiðslur í þessu frumvarpi, og forsetinn, sem verður forseti Alþingis, tekur við mörgu af því sem forseti lýðveldisins gerir í dag. Að öðru leyti taka forsætisráðherra og ráðherrar við þeim völdum sem þeir hafa raunverulega í dag, því að ráðherra framkvæmir vald forseta.

[18:39]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég er á ýmsan hátt ósammála hv. þingmanni og túlka það öðruvísi sem hann er að túlka hér. Það sem er þó meginkjarninn í ræðu minni, og það er engin tilviljun, er að Íslendingar með sína hefð og sína tæplega 300 þúsund íbúa búa við kerfi sem er mjög líkt því sem þessi 11 ríki sem ég kannaði hafa valið sér. Nú eru þessi ríki með ýmsum hætti og flest hafa þau búið við vondar aðstæður undanfarna áratugi, sum nokkuð marga, þó er það ekki algilt og ýmis þeirra hafa ákveðna lýðræðishefð og ákveðna sögulega hefð mjög langt aftur í tímann. Um stærð eru þau líka misjöfn. Í Póllandi eru tæplega 40 milljónir íbúa. En það eru líka til fámenn ríki sem væru í stærri ríkjum talin nokkurn veginn samsvara okkur, Króatar eru t.d. jafnmargir Norðmönnum, 4,5 milljónir, Slóvenar eru 2 milljónir, Eistar 1,6 milljónir, hygg ég, og jafnvel til enn þá fámennari, eru sem sé smáríki á heimsmælikvarðann eins og við. Engu þessara ríkja hefur dottið í hug að láta kjósa forseta á þinginu sem síðan væri forseti landsins. Maður spyr: Er það vegna þess að þingmenn þar, alþýða í þessum ríkjum og spekingar, lögspekingar og stjórnspekingar, séu svona vitlausir? Er það þannig að þeim hafi ekki dottið í hug það sem okkar mikla snillingi, hv. þm. Pétri Blöndal, dettur í hug og fleirum af hans tagi? Eða þá að þeir séu að reyna að monta sig af forsetum sínum eða með einhverjum hætti að herma eftir öðrum ríkjum og detti ekki í hug þetta snjallræði?

Nei, forseti, ég hallast að þeirri kenningu að það sé ekki svo heldur hafi þessi ríki ósköp einfaldlega farið hina eðlilegu leið og m.a. fylgt í því íslensku stjórnskipuninni þar sem forsetinn hefur ákveðið hlutverk í (Forseti hringir.) stjórnskipuninni og í hinni þríeinu grein ríkisvaldsins.

[18:41]

***Lúðvík Bergvinsson*:**

Virðulegi forseti. Ég hlýddi á stærstan hluta ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals og þá röksemdafærslu sem hann setti fram fyrir þeirri hugmynd sinni að leggja niður embætti forseta Íslands. Reyndar kemur fram í frumvarpinu sjálfu að hugmyndin sé ekki sú að þetta mál fái framgang á þessu þingi heldur verði rætt á nýju þingi og tekið fyrir fyrir næstu kosningar þannig að hugmyndafræðin er þá væntanlega sú að setja fram þessa hugmynd til að skapa umræðu um forsetaembættið á fyrra þinginu og ná því í gegn á seinna þinginu.

Ég ætla því í minni stuttu ræðu, þar sem ég ætla að ræða örlítið um þetta, að fjalla aðeins um það að eftir að hafa lesið greinargerðina sem fylgir frumvarpinu og hlustað á ræðu hv. þingmanns, reyndar í tvígang, þá verð ég að segja alveg eins og er að það er afar erfitt að byggja nokkra umræðu um forsetaembættið á þeim rökum sem hér hafa verið sett fram.

Í fyrsta lagi segir lítið sem ekkert um það í greinargerðinni hvers vegna leggja ætti þetta embætti niður. Það segir lítið sem ekkert um það en er vísað í einhver popúlísk almenn viðhorf þess efnis, eins og segir hér, með leyfi forseta:

„... embætti forseta felur helst í sér móttökur fyrir erlenda þjóðhöfðingja og erindreka og önnur veisluhöld sem

forseti efnir til og tekur þátt í."

Þetta eru svona hefðbundin popúlísk viðhorf sem hent er fram án neinna meininga og eiginlega átta ég mig ekki á því í hvaða tilgangi þetta er gert, því að í hinu orðinu er einhver tilgangur og vísað til þess að forsetinn hafi slík völd að þjóðinni stafi ógn af því. Hann geti neitað að skrifa undir lög, hann geti rofið þing þegar honum detti í hug o.s.frv. Það rekur sig því hvað á annars horn í málflutningi hv. þingmanns. Þess vegna er öll röksemdafærsla sem hann setur fram það veik að það er ekki nokkur leið að hefja neina vitiborna umræðu um það hvort embætti forseta á að lifa eða deyja.

Hv. þingmaður fjallaði hér í framsöguræðu sinni almennt um mannréttindi og greindi þau á sinn hátt og get ég ekki haft það eftir hér. En hann lagði gríðarlega áherslu á það að stjórnarskráin væri, ef ég má túlka það á minn hátt, illa skrifuð á þann hátt að erfitt væri að skilja hana. Af orðum hans mátti að ráða að hér hafi verið stórstyrjaldir í eina sex áratugi eða svo og hér hafi allt verið upp í loft. Hér sé slík ógn sem við stöndum frammi fyrir sökum þess að stjórnarskráin er ekki rituð á þann hátt, eins og hv. þingmaður orðaði það sjálfur, að fólk með greindarvísitölu undir 90 geti ekki skilið hana skammlaust og prófið sem hv. þingmaður setti fram sem stjórnarskrá ætti að standast er það að fólk með greindarvísitölu undir 90 ætti að skilja hana. Ég frábið mér svona málflutning, hvað þá trú manna á að tilbúin próf segi til um það á einhvern skilmerkilegan hátt hvað fólk getur skilið og hvað ekki. Þetta sé einhvers konar imbapróf og væntanlega ætlar hv. þingmaður að boða til þess prófs og kannski manntals þegar þar að kemur. Mér finnst, virðulegi forseti, svona orðræða vera þess eðlis að hún eigi ekki að hljóma á hinu háa Alþingi.

Á sama hátt, virðulegi forseti, verður það aldrei svo, sama hvaða lög verða sett eða hugmyndir færðar í orð, að ekki megi túlka það á einhvern hátt þannig að menn geti verið ósammála um niðurstöðuna. Lífið verður aldrei fært í eitt óskeikult regluverk. Það verður aldrei svo. Í einhverju bókmenntaverki segir, gott ef Pétur Gautur er ekki látinn segja það: „Komdu með lögmálið. Láttu það dæma." En menn segja líka að svo einfalt verði lífið aldrei að hægt verði að færa hugmyndir í orð þannig að engin geti misskilið það, þ.e. ekki misskilið það heldur skilið það hver á sinn hátt. Þannig er málið einfaldlega vaxið. Draumsýn hv. þingmanns byggir á því að hægt sé að semja stjórnarskrá, þ.e. grundvallarskrána um stjórnskipun þjóðarinnar, sem verði það einföld að aldrei kunni að koma upp deilur. Það er fásinna. Það er alger fásinna og það verður aldrei gert með því að eitthvert fólk sem hv. þingmaður telur undir meðalgreind — eða hvað? — ef það er undir greindarvísitölunni 90, geti lesið hana og fái tiltekinn skilning á málinu. Mér finnst þetta svo fráleitt, virðulegi forseti, að mér þykir miður að svona hugmyndir séu settar fram á hinu háa Alþingi.

Veruleikinn er sá að við höfum búið við þessa stjórnarskrá, þann grunn, í mjög langan tíma. Henni hefur verið breytt og við höfum komist ágætlega af (Gripið fram í.) og embætti forseta Íslands hefur ekki verið sú ógn sem mátti skilja af ræðu hv. þingmanns. Hvað gerir það að verkum að svo mikil nauðsyn er á því nú að leggja embættið niður? Hvers vegna ekki í fyrra og hvers vegna ekki í hittiðfyrra því það er sama stjórnarskráin sem við búum við. Er það vegna þess veruleika að það ákvæði var nýtt sem heimilar forseta að vísa tiltekinni löggjöf sem Alþingi hefur samþykkt til þjóðarinnar? Það er ekki svo að löggjöfin sé úr gildi felld. Hún fær gildi. En það er þjóðin sem fær endanlega um málið að segja. Er svona stórkostlega hættulegt að í okkar kerfi sé embættismaður kosinn beint af þjóðinni sem hefur umboð til að vísa málum til hennar? Hvað er svona stórkostlega hættulegt við það? Þennan þátt skildi ég t.d. aldrei í umræðunni. Menn leyfðu sér jafnvel á köflum að tala um allt að því valdarán og brot gegn þingræðinu og ég veit ekki hvað og hvað.

Við hv. þingmenn megum aldrei gleyma því að við fáum umboð okkar frá þjóðinni. Það umboð verður aldrei stærra og meira. Við getum vísað málum aftur til þjóðarinnar. Þjóðin er uppspretta valdsins. Þaðan kemur valdið. Þjóðin kýs ekki þing og segir svo: Nú koma málin okkur ekki við í fjögur ár eða svo eða hve langur sá tími verður þangað til næst verður kosið. Þannig er það ekki. Uppsprettan er ætíð sú hin sama og það er afar eðlilegt að vísa málum til þjóðar telji menn tilefni til þess.

Ég ætla ekki í þessari ræðu að fjalla um þær ástæður sem herra forseti Íslands bar fyrir sig þegar hann tók þessa ákvörðun. En það að þetta sé möguleiki er ekki næg ástæða til að leggja embætti forseta Íslands niður.

Við skulum heldur ekki gera lítið úr þeirri þróun sem átt hefur sér stað hvað varðar embætti forseta Íslands. Hann hefur tekið að sér það hlutverk að vera í forsvari fyrir stórum viðskiptanefndum sem hafa jafnvel komið á samskiptum og viðskiptum við önnur ríki sem skipta miklu máli. Ég hef ekki í handraðanum dæmi um hve mikið þjóðin hefur hagnast á þeim viðskiptasamböndum. Kannski er það lítið. Kannski er það mikið. Ég veit það einfaldlega ekki. En það hefur orðið eitt af hlutverkum forseta Íslands að vera í forsvari fyrir þjóðina á alþjóðlegum vettvangi. Hann hefur m.a. haft það hlutverk að efla, treysta og skapa viðskiptasambönd við aðrar þjóðir.

Á sama hátt felur stjórnarskráin forseta Íslands talsverð völd. Tilvist forseta Íslands hefur skipt miklu máli til að mynda við stjórnarmyndunarviðræður. Nú er eftir því sem ég best veit verið að skrifa sérstaka sögu um stjórnarmyndunarviðræðurnar 1978 og 1979 og ég þori að fullyrða að forseti Íslands gegndi lykilhlutverki þar og þá skipti miklu máli að hann var til staðar. Ég hugsa með mér: Hver hefði staðan verið ef forseti sameinaðs þings sem þá var og hét, nú forseti Alþingis, pólitískt kjörinn af einhverjum flokkum, hefði þá farið með þetta vald? Hv. þingmaður sagði í ræðu sinni: „Héðan í frá verða allir forsetar pólitískt kjörnir." Það var ein af röksemdafærslunum eftir þessa uppákomu eða þessa ákvörðun forsetans í sumar, þ.e. ein af röksemdafærslunum var sú að héðan í frá yrðu allar forsetakosningar pólitískar. Ég hugsa að það megi segja og fullyrða að frá upphafi þær á einn eða annan hátt verið pólitískar. En hafi menn áhyggjur af því, er þá rétta leiðin að færa þetta í hendur forseta Alþingis? Þá fyrst yrði það pólitískt. Þá yrði að flokkspólitískt.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði í upphafi er afar erfitt að byggja vitiborna umræðu um það sem lagt er til í þessu

frumvarpi um embætti forseta Íslands, tilvist þess og hvort það eigi að lifa eða deyja, á þeim grunni sem hér er lagt upp með. Það er vandinn við þessa umræðu og svo það að hv. þingmaður leyfði sér í þessari umræðu að kalla til einhvers konar dómara um það hvort stjórnarskrá, sem síðar meir kann að verða til, sé í lagi eða ekki, þ.e. að það verði hlutverk fólks sem í einhvers konar mælingum hafi ekki náð nema „að mælast með vísitölu greindar upp á 90 stig eða svo."

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að þetta mál er eitthvert popúlískasta mál sem hefur komið inn á þingið og hefur ekki haft neinn tilgang annan en að vekja athygli á flutningsmanni sjálfum. Það er einasta hlutverk þessa máls, enda segir í greinargerðinni sjálfri, í upphafi hennar, að ekki sé ætlast til þess að þetta verði að lögum.

[18:54]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður fer mikinn og hann hefur greinilega ekki lesið greinargerðina vegna þess að í henni eru aðalrökin fyrir því að leggja forsetaembættið niður þau að nánast öll ákvæði um forsetaembættið eru tóm. Þau segja ekki rétt frá. Þau segja eitthvað allt annað heldur en raunin er þegar farið er að skoða málin ofan í kjölinn. Það er t.d. sagt að forseti lýðveldisins geri samninga við erlend ríki. *Hann gerir enga samninga við erlend ríki.* Það er sagt að forseti lýðveldisins skipi ríkisstjórn og ákveði fjölda ráðherra. Hann gerir það ekki. Þetta er ein aðalástæðan fyrir því að hér er lagt til að embættið verði lagt niður. Hafi hv. þingmaður ekki skilið það þá hefur hann ekki lesið greinargerðina eða þá ekki með réttu hugarfari.

Það hvort hér hafi verið stórstyrjaldir og ógn þá er svo auðvitað ekki. Það var nefnt í umræðunni áðan að í Bretlandi er engin stjórnarskrá og gengur bara þokkalega. Það er spurning hvort nokkur þörf sé fyrir stjórnarskrá yfirleitt. En hún var sett á á sínum tíma eftir heimspekilega umræðu til að verja borgarana. Hv. þingmaður gerir lítið úr því að ég sagði að nefndin sem er að fjalla um þetta ætti að fá til sín fólk með greindarvísitöluna 90. Hann gerir lítið úr því. En þetta fólk er til og þetta fólk á að lesa stjórnarskrána og þetta fólk á stjórnarskráin að vernda. Hvernig getur hún verndað þetta fólk ef það skilur hana ekki rétt eða þarf *alltaf lögfræðing eins og hv. þingmann* til að lesa hana fyrir sig?

Hvers vegna var þetta ekki gert í fyrra? Ég hef lagt til að forseti lýðveldisins borgi skatta eins og annað fólk og fékk það samþykkt fyrir mörgum árum. Ég hef alltaf haft illan bifur á því að hér sé til fólk einhvern veginn æðra öðru fólki. Rökin sem við færum fram fyrir þessu máli eru aðallega þau að völd forseta lýðveldisins eru að mestu leyti formleg.

[18:57]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður hóf mál sitt á því að segja að sá er hér stendur hafi farið mikinn. Hv. þingmaður fór ekki mikinn. Hins vegar fór hv. þingmaður Pétur Blöndal mikinn í innihaldslausri ræðu og tilgangur hans var að segja allt annað en það sem hann meinti um hvers vegna ætti að leggja forsetaembættið niður. Höfum við verið í sérstökum vandræðum með að gera samninga við erlend ríki þó að ákvæði stjórnarskrárinnar sé orðað eins og það er? Hefur það gerst að samningar hafi ekki orðið að veruleika sökum þess að ákvæðið er með þessum hætti? Hvers konar röksemdafærsla er þetta? Höfum við átt í einhverjum erfiðleikum með þetta? Hvað segir í stjórnarskránni sjálfri? Þar segir að ráðherra framkvæmi vald forseta hvað þetta varðar. Hefur þetta valdið einhverjum vandkvæðum? Það er ekki til í dæminu.

Það sem ég var að segja, virðulegi forseti, var þetta: *Sú röksemdafærsla sem hér var lögð fram getur aldrei orðið* alvörugrunnur að vitiborinni umræðu um embætti forseta Íslands og þau rök sem eru færð fyrir því að leggja embættið niður halda hvorki vatni né vindum. Þau eru fyrst og fremst gagnrýni á orðalag stjórnarskrárinnar. Það er þá bara sérstakt verkefni. Menn eiga að koma beint til þess leiks að endurskoða stjórnarskrána en ekki að nota það tilefni til að leggja embættið niður án nokkurra raka. Auðvitað er veruleikinn sá, og við þurfum ekkert að skauta fram hjá honum, að það eru óskapleg sárindi yfir því að ríkisstjórnin hafi ekki komið hér í gegn í fyrra frumvarpi til laga um fjölmiðla. Menn eiga að tala um þetta eins og það er en ekki leggja lykkju á leið sína eins og hér er gert með því að gagnrýna orðfæri stjórnarskrárinnar og segja að af þeim sökum einum sé ástæða til að leggja embættið niður.

[18:59]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gjarnan svo þegar menn eru komnir í þrot með rök að þeir fara að gefa ræðum einkunnir. Mín ræða var víst innihaldslaus. Það er þá bara þannig.

Hv. þingmaður sagði að stjórnarskráin hafi ekki valdið neinum vandkvæðum. Er það svo? Ég man ekki betur en að síðastliðið sumar hafi komið þrjú lögfræðiálit frá þremur hálærðum lögfræðingum og hópum lögfræðinga. Hver var með sitt álit, hver með sína skoðun og allar sýndust mér þær réttar. Ég las þær allar og mér sýndust þær allar vera réttar. Svona er nú stjórnarskráin gagnsæ og skýr og svona verndar hún borgarana aldeilis. Ef hálærðir prófessorar í lögfræði geta komist að þremur mismunandi niðurstöðum hvernig á þá borgarinn sem ætlar að leita sér verndar og trausts í stjórnarskránni að finna réttan skilning? Svo getur vel verið að engin þörf sé á stjórnarskrá yfirleitt.

En af hverju legg ég til að forsetaembættið verði lagt niður? Vegna þess að ef maður skoðar stjórnarskrána og tekur út öll tómu ákvæðin, frú forseti, um að hann geri samninga við erlend ríki, *hann myndi ríkisstjórnir og hann* geri þetta og hann geri hitt, ef maður tekur það allt burtu þá er ekkert eftir nema málskotsrétturinn til þjóðarinnar og ég legg til að þjóðin hafi hann sjálf.

[19:00]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég legg það yfirleitt ekki í vana minn að gefa ræðum einkunn en í þessu tilviki var ekki undan því vikist.

Ég vil einnig segja og sagði það í ræðu minni áðan að sá

texti verður seint skrifaður, ef nokkurn tíma, sem ekki má túlka á mismunandi vegu, (**PHB:** Það er skoðun þín.) sá texti verður seint ef nokkurn tíma skrifaður. Það var það sem ég benti hv. þingmanni á áðan, vegna þess að hv. þingmaður fer alla þessa leið og í allri þeirri þoku kemst hann að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að leggja niður embætti forseta Íslands af því að í stjórnarskránni megi finna ákvæði sem ekki eru praktíseruð nákvæmlega eins og þar segir.

En hv. þingmaður skautar fram hjá því að stjórnarskráin segir annars staðar hvernig með þetta vald skuli farið. Og reyndar kom það fram hjá hv. þingmanni hér í lokin, þá kom kannski kjarni málsins, að eftir standi málskotsréttur-inn. Auðvitað stendur líka eftir að veita stjórnarumboð og síðan að veita Íslandi forustu í *ýmsum málum* eins og viðskiptaferðum, samskiptum við erlend ríki o.s.frv. Auðvitað stendur hellingur eftir.

En ég segi, virðulegi forseti, að það hefði mátt hefja þessa umræðu á allt öðrum forsendum en, með leyfi forseta, einhverjum popúlískum hugmyndum sem ganga út á að þar sem embætti forseta Íslands sé fyrst og fremst einhver veisluhöld og að mæta til veislu sem efnt er til eða ekki er efnt til, það er röksemdafærsla sem ekki gengur upp.

[19:03]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég þakka umræðuna um frumvarpið. Hér hefur nokkuð verið rætt um að það sé lagt fram til sýningar, eins og kallað er, þ.e. lagt fram til að skapa umræðu um efnið. Það er gert til þess að ekki komi fram frumvarp sem menn geti haldið fram að hafi aldrei verið rætt og eigi að samþykkja á stuttum tíma.

Nokkur umræða spannst hér um að aldrei sé hægt að búa til texta þannig að ekki megi túlka hann á mismunandi vegu. Það má vel vera að lögfræðingar haldi það en venjulegt fólk skilur einfaldan, venjulegan texta. Ef t.d. stendur: „Enga manneskju má drepa", þá er það eitthvað sem allir mundu skilja nákvæmlega. Ef einhver mundi segja hins vegar: „Rétturinn á lífið er heilagur", þá er það eitthvað sem margir mundu ekki skilja eins vel, þannig að það er ekki alveg sama, frú forseti, hvernig stjórnarskráin er orðuð eða hvernig lög eru yfirleitt orðuð. Hægt að orða þau einfalt og skilvirkt en einnig er hægt að orða þau loðið. Ég bendi í þessu sambandi á boðorðin tíu, þau eru orðuð þannig að velflestir, held ég, skilja þau nokkurn veginn einum skilningi, enda hafa þau haldið mjög lengi.

Varðandi það að vald forseta lýðveldisins sé fært yfir á forseta Alþingis, sem er kjörinn af stjórnmálaflokkum, hygg ég að héðan í frá, ef það er réttur skilningur að forseti hafi virkilega málskotsrétt, hann sé hluti af löggjafarvaldinu, muni forsetar lýðveldisins verða kosnir pólitískri kosningu, vegna þess að það fer að skipta verulegu máli í allri pólitík hvernig forseti lýðveldisins stendur í pólitíkinni og hann verður ekki lengur það sameiningartákn eins og hann hefur verið hingað til, hlutlaus eins og hann hefur verið í pólitísku amstri og umræðu. Það er breytingin sem varð síðasta sumar, þ.e. sú ákvörðun sem forseti lýðveldisins tók með því að hafna lögum frá Alþingi, lögum sem Alþingi hafði samþykkt. Við það breyttist að sjálfsögðu þetta embætti.

Ég vil taka fram aftur að í frumvarpinu er málskotsréttinum breytt yfir í málskotsrétt þjóðarinnar. 25% þjóðarinnar geta krafist þess að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla og þá er það komið í hendur þjóðarinnar að geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu.

Að öðru leyti þakka ég umræðuna og býst við því og vona að fram fari lífleg umræða um þetta mál í þjóðfélaginu og nefndinni sem fær málið til skoðunar og umræðu því að ég tel að þetta sé ekki bara þoka, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kallaði það, eða innihaldslaus umræða. Þó að ræða mín kunni kannski að hafa verið innihaldslaus að hans mati er þetta málefni sem ég held að margir gætu rætt með töluverðu *innihaldi*.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálafyrirtæki, 1. umr.

Frv. ÖJ og JBjarn, 55. mál (atkvæðamagn í sparisjóði). — Þskj. 55.

[19:07]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki. Auk mín er flutningsmaður að frumvarpinu hv. þm. Jón Bjarnason.

Frumvarp okkar snýr að þremur greinum fyrrnefndra laga, 70. gr. og 75. gr. auk þess sem vísað er í 18. gr. lagabálksins. Í 70. gr. er kveðið á um skiptingu eignarhluta og atkvæða í sparisjóðum. Í 75. gr. er vísað í atkvæðisrétt í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag og sem áður segir er í 18. gr. lagabálksins kveðið á um skilgreiningu á tengslum viðskiptaaðila.

Frumvarpið gengur út á að draga upp skýrari mynd eða fá skýrari línur í lögin en verið hefur, en sem kunnugt er hefur einkenni á íslenskum sparisjóðum verið dreifð eignaraðild. Lengi framan af var framsal stofnfjárhluta ekki heimilt og þegar þeim ákvæðum laganna var breytt á sínum tíma var hert á reglum sem eiga að gilda um valdahlutföll innan sparisjóðanna. Í lögunum segir að enginn einn aðili geti farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði.

Þá er spurningin hvernig eigi að skilgreina þennan eina sem má hafa slíkt atkvæðamagn á hendi. Við viljum að það sé skýrt í lögunum að fyrirtæki sem hefur undir sinni regnhlíf dótturfyrirtæki geti ekki skilgreint sig sem marga aðila heldur verði litið á þau sem einn og sama aðilann.

Ég ætla ekki að hafa um þetta langa ræðu við þessa umræðu en legg áherslu á að það komi sem fyrst til efnahags- og viðskiptanefndar þingsins og þar fái það rækilega og málefnalega umfjöllun. Þess eru dæmi núna úr nýlegri sögu og framvindu reyndar sem enn er að eiga sér stað að áhöld eru um túlkun þessara laga og var leitað til Fjármálaeftirlitsins sem hefur ekki treyst sér til að kveða skýrt á um túlkun laganna. Þetta varð til þess að ég og hv. þm. Jón Bjarnason ákváðum að leggja fram þetta frumvarp til laga til að fá mjög skýrar línur í lögin. Við teljum að þessar breytingar

breyti engu í grundvallaratriðum heldur skerpi þær einvörðungu á lögunum eins og þau standa nú.

Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til efnahags- og viðskiptanefndar.

[19:11]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Nú erum við að ræða málefni sparisjóðanna og það virðist vera árlegur atburður að menn ræði lög er varða sparisjóðina. Sparisjóðirnir eru mikilvægar fjármálastofnanir sérstaklega á landsbyggðinni. Það mál sem við ræðum nú tengist að vissu leyti því máli sem var rætt fyrr í dag hvað varðar Fjármálaeftirlitið, hvort því væri betur varið ekki undir ráðherra heldur hjá þinginu eins og t.d. Ríkisendurskoðun.

Þetta mál tengist málefnum Sparisjóði Hólahrepps í Skagafirði. Staðreyndin er sú að margir í Skagafirði telja einmitt að Fjármálaeftirlitið hafi ekki verið hlutlaust hvað varðar þetta málefni og hafi túlkað lög með hlutdrægum hætti, þ.e. dregið taum aðila sem tengdir eru Kaupfélagi Skagfirðinga sem hafa viljað komast yfir Sparisjóð Hólahrepps við breytingu á honum í hlutafélag. Um það er tekist og ég efa að við eðlilegar aðstæður væri þörf á þessum breytingum, þ.e. ef Fjármálaeftirlitið væri í raun hlutlaust. En vegna þess hve menn telja að Fjármálaeftirlitið sé hallt undir ráðherra og ýmis öfl sem tengd eru Framsóknarflokknum þurfi að fá fram vilja þingsins og breyta lögunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–6. mál.

Fundi slitið kl. 19:13.

---

74. FUNDUR

þriðjudaginn 15. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjármálaeftirlitið, þáltill., 45. mál, þskj. 45. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Rekstur Ríkisútvarpsins, þáltill., 49. mál, þskj. 49. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Stjórnarskipunarlög, frv., 50. mál, þskj. 50. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fjármálafyrirtæki, frv., 55. mál, þskj. 55. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, stjfrv., 398. mál, þskj. 505, nál. 793, 794 og 796, brtt. 795. — 2. umr.
6. Endurnýjanlegir, innlendir orkugjafar í samgöngum, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.
7. Fjárþörf Samkeppnisstofnunar, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.
8. Kvennahreyfingin á Íslandi, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Einari K. Guðfinnssyni, formanni þingflokks Sjálfstæðisflokksins, dagsett 14. febrúar 2005:

„Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, 8. þm. Suðvesturkjördæmis, er erlendis í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni. Óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, Sigurrós Þorgrímsdóttir stjórnmálafræðingur, Kópavogi, taki sæti hennar á Alþingi á meðan."

Sigurrós Þorgrímsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að lokinni atkvæðagreiðslu fer fram utandagskrárumræða um vöxt og viðgang þorsks í Breiðafirði. Málshefjandi er hv. þm. Sigurjón Þórðarson en hæstv. sjávarútvegsráðherra Árni M. Mathiesen verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:32]

Útbýting:

Háskólar, 534. mál, frv. KolH og SJS, þskj. 808.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umræða um Tækniháskólann — veiðar úr loðnustofni.

[13:32]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar tilkynningar sem hæstv. forseti las upp áðan um að hæstv. menntamálaráðherra sé utan þings og hafi tekið inn varamann vil ég fara fram á það að mál sem er á dagskrá þingsins síðar í dag, um afnám laga um Tækniháskóla Íslands, verði frestað, verði tekið á dagskrá og frestað þar sem þetta er eitt af stærri menntamálum sem hafa komið fyrir Alþingi um nokkurra missira skeið. Í því er t.d. lagt til að hinn opinberi skóli verði lagður inn í einkarekinn skóla sem verður einkahlutafélag en ekki

t.d. sjálfseignarstofnun. Þarna er um mjög margar stórpólitískar spurningar að ræða. Þetta mál hefur verið rekið af hæstv. menntamálaráðherra fram að þessu og mjög óeðlilegt í alla staði að málið verði rætt við 2. og jafnvel 3. umr. og afgreitt frá Alþingi í fjarveru hæstv. menntamálaráðherra sem ber alla faglega ábyrgð á málinu.

Ég tel það algjörlega óréttlætanlegt að svo þurfi að hátta til í skipulagi þingsins og fjarvistum hæstv. ráðherra að þetta stórpólitíska menntamál sem tekur til bæði einkareksturs í skólakerfinu og akademísks frelsis hinnar nýju skólastofnunar skuli þurfa að verða rætt og afgreitt frá Alþingi í fjarveru hæstv. ráðherra sem ber alla ábyrgð á málinu. Fer ég þess því eindregið á leit við hæstv. forseta að hann fresti því og taki það af dagskrá þar til hæstv. ráðherra hefur tekið sæti á Alþingi að nýju eða er til taks á landinu þannig að hæstv. ráðherra geti tekið þátt í umræðum um málið og svarað fyrir allar þær stórpólitísku spurningar sem vöknuðu við tilurð þess.

[13:34]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er reist óskaplega sérkennileg krafa. Nú er málið þannig að það er á forræði Alþingis. Þetta mál var flutt og því var vísað til þingnefndar fyrir áramótin og hefur verið þar til meðhöndlunar af hálfu þingsins og nú er það á dagskrá og verður ýtt úr vör af formanni menntamálanefndar. Auðvitað er okkur ekkert að vanbúnaði að ræða málin.

Svo er það þannig eins og hér hefur komið fram að hæstv. menntamálaráðherra hefur lögmæt forföll og í hennar stað er starfandi menntamálaráðherra hæstv. ráðherra Sigríður Anna Þórðardóttir. Það er auðvitað fráleitt að ætla að tefja þetta mál með einhverjum hundakúnstum eins og hv. þingmaður var að leggja til vegna þess að hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sé ekki til staðar hér í dag. Það er starfandi menntamálaráðherra. Þetta mál er á forræði þingsins og það er auðvitað eðlilegt að við ræðum það.

Ég vil líka leyfa mér að minna á að þegar þessi mál voru til umfjöllunar fyrir áramótin var gengið út frá því og um það rætt að það yrði klárað mjög fljótt eftir áramótin. Nú er kominn miður febrúar. Við höfum haft þetta mál til meðhöndlunar í nefndum. Það hefur verið ákaflega vel brugðist við öllum óskum um að senda það til umsagnar og kalla eftir álitum. Málið er auðvitað fullbúið af hálfu nefndarinnar og ég skil ekki þann hugsunarhátt að ekki sé hægt að ræða málið sem er á forræði Alþingis þó að hæstv. menntamálaráðherra sé ekki til staðar þegar það liggur fyrir að þingið er auðvitað í stakk búið til að ræða þetta mál og starfandi hæstv. menntamálaráðherra er hér til staðar.

[13:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ekki fjarvera menntamálaráðherra sem ég ætla að ræða, heldur eiga orðastað við hæstv. sjávarútvegsráðherra um þá stöðu sem er uppi varðandi loðnuvertíðina. Þar er mjög mikið í húfi og því miður eru með degi hverjum vaxandi líkur á því að sá kvóti sem út var gefinn á loðnuveiðum á þessari vertíð náist ekki sökum þess að brælur og fleira hafa gert veiðar og vinnslu úrtökusama.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki komi til greina að fara yfir það hvaða ráðstafanir mættu verða til þess að auka líkurnar á því að kvótinn náist og þessi verðmæti skili sér í þjóðarbúið, t.d. með því að gefa veiðar frjálsar að einhverju leyti eða með því að úthluta veiðiheimildum til þeirra verksmiðja sem ekki tengjast neinum skipum og eru lítt eða ekki starfræktar í dag. Menn gætu þannig gert ráðstafanir til þess að afköst í veiðum og vinnslu yrðu nýtt til fulls. Það má nefna verksmiðjurnar í Bolungarvík og verksmiðju á Djúpavogi sem heimamenn þar hafa nýverið ráðist í að kaupa og eru að reyna að koma í gang.

Það er auðvitað þeim mun mikilvægara að nýta þessi afköst til fulls í ljósi þess að svo óheppilega vill til að ein afkastamikil verksmiðja er úr leik í bili vegna bruna eins og kunnugt er. Ég tel að ráðherra gæti gert ýmsar ráðstafanir sem mættu verða til þess að setja aukinn kraft í það að menn reyni að klára kvótann, þótt ekki væri meira en það að gefa út yfirlýsingu um að að tilteknum forsendum uppfylltum og ef málin þróast með þeim hætti sem nú stefnir í yrðu veiðar gefnar frjálsar á einhverjum tilteknum tímapunkti til þess að menn gætu sótt frjálst í stofninn í lok vertíðar. Þannig gætu þeir verið með hámarksafköst í gangi til að reyna að nýta verðmætin. Hér er býsna stórt þjóðhagslegt mál á ferðinni og ekki veitir sjávarútveginum af eins og afkoma hans er að þróast vegna gengis krónunnar og af fleiri ástæðum.

[13:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni spurningarnar. Ég hef ekki leitt hugann að því sérstaklega hvað varðar vertíðina sem heild nema þá hvað varðar afleiðingar af brunanum í Grindavík, enda held ég að það sé ekki fyrirséð hvernig vertíðin fer. Eins er líka það að m.a. vegna veðurs hefur veiðin ekki verið eins og skyldi. Ef eitthvað er að marka skipstjórnarmennina virðast þeir fá minna í hverju kasti nú en þeir eiga að venjast, jafnvel á þessum tíma. Þó að vertíð núna sé að mörgu leyti hefðbundin gæti þróunin orðið eitthvað öðruvísi en við höfum áður þekkt á seinni hluta vertíðarinnar.

Svo vitum við ekki fyrr en í blálokin hversu lengi vertíðin endist. Hins vegar má segja að einhverjar aðgerðir gætu komið til greina, og þá í líkingu við það sem menn eru að velta fyrir sér vegna verksmiðjunnar í Grindavík ef staðan væri sú að veiði væri góð og loðnan komin nálægt hrygningu og þar af leiðandi fyrirsjáanlega stuttur tími til loka til að nýta verksmiðjuna sem best. Þá er ég að tala um flutning á afla til þeirra verksmiðja sem fjærst liggja miðunum þannig að veiðiskipin geti nýst betur við veiðarnar.

Flöskuhálsinn í þessum veiðum þegar mest gengur á er ekki skipin eða flotinn, heldur eru það vinnslurnar, hvernig þær nýtast. Það er kannski ástæðan fyrir því að við hér á landi erum með eins margar verksmiðjur og raun ber vitni.

[13:40]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Hér er í raun og veru verið að ræða tvö mál, annars vegar fjarveru hæstv. menntamálaráðherra sem

er í opinberum erindum erlendis og verður ekki viðstödd þá umræðu sem hér verður um Tækniháskólann. Það er auðvitað mjög óeðlilegt og er rétt að vekja athygli á því hvað ráðherrar eru farnir að stunda það að vera fjarverandi þegar mál þeirra eru rædd, því miður. Nægir þar t.d. að nefna hæstv. forsætisráðherra sem er núna í mikilli fundaferð um landið til að undirbúa landsþing Framsóknarflokksins og er þá ekki í þingstörfum á meðan, eins og t.d. á mánudaginn var þegar óundirbúnar fyrirspurnir voru.

Ég hef samt meiri áhuga á að ræða um loðnu og loðnuveiðar og tek undir þær áhyggjur sem hér hafa verið viðraðar. Þetta er náttúrlega afleiðing af því, virðulegi forseti, að Hafrannsóknastofnun hefur ekki það fé sem hún þarf til að stunda loðnurannsóknir. Við höfum slugsað í hafrannsóknum gagnvart loðnu miðað við þær breyttu aðstæður sem eru í hafinu, hlýnandi sjó og annað slíkt, og það gerir það að verkum að við erum að gefa kvótann út svona seint. Ef veður verða svona eins og þau hafa verið núna og brælur núna við ekki þessum kvóta. Þetta er besta lýsing á því að við þurfum að breyta um takt á þessum loðnurannsóknum, þurfum að geta rannsakað þær fyrr á sumrin og gefið út upphafskvóta í upphafi kvótaárs eins og í öðrum tegundum þannig að útgerðir, vinnslur og aðrir geti skipulagt veiðar sínar og vinnslu eftir árstíðum en ekki eingöngu farið í kapphlaup núna við dagatalið og hvað við getum veitt loðnu lengi. Auðvitað er mjög alvarlegt ef við náum ekki þeim kvóta sem loksins var gefinn út eftir áramót og það hefur þær alvarlegu afleiðingar fyrir þjóðarbúið að útflutningstekjur tapast.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að ég held að hæstv. sjávarútvegsráðherra eigi að taka þetta upp og skoða það að gefa út upphafskvóta í upphafi fiskveiðiárs eins og í öðrum tegundum.

[13:43]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vildi gjarnan geta gefið út loðnukvótann fyrr ef einhver raunhæfur möguleiki væri á því en það hefur ekki verið til þessa. Við höfum þurft að bíða alveg fram í janúar eða jafnvel febrúar á undanförnum árum áður en við fengjum nægilegar upplýsingar og það hefur ekki verið vegna þess að rannsóknum hafi ekki verið sinnt.

Hins vegar get ég tekið undir það með hv. þm. Kristjáni L. Möller að ég mundi gjarnan vilja sjá meiri fjármuni til hafrannsókna og til Hafrannsóknastofnunarinnar án þess að ég sé þó á nokkurn hátt að segja að stofnunin skili ekki hlutverki sínu með þeim fjármunum sem hún er með í dag. Það eru svo margir hlutir sem við vildum gjarnan rannsaka og ég vil þá hvetja hv. þingmann til að standa vel við bakið á mér í þeirri viðleitni sem ég hef uppi til að tryggja Hafrannsóknastofnuninni þá fjármuni sem henni eru nú þegar ætlaðir með lögum.

[13:44]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég lýsi stuðningi mínum við kröfu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar um að umræðum um afnám laga um Tækniháskóla Íslands verði frestað þangað til hæstv. menntamálaráðherra getur verið viðstödd. Frá því að þetta mál var síðast á dagskrá Alþingis hafa þeir sem best þekkja til, álitsgjafar menntamálanefndar, komið á fund hennar. Mörg álitamál eru uppi sem mér finnst eðlilegt að hæstv. ráðherra hlusti á, og reyndar óeðlilegt að hún hlusti ekki á og taki tillit til við meðferð málsins.

Það er verið að gera tillögu að grundvallarbreytingu, eða nýjung skulum við segja, í rekstrarformi skóla og það er réttlát krafa að hæstv. ráðherra verði hér viðstödd þegar við ræðum það mál. Jafnframt eru uppi ýmsar áhyggjur um þá nemendur sem munu sækjast eftir námi við skólann. Ef af verður samkvæmt tillögum frá nefndinni verður það t.d. eina námið sem ekki er hægt að stunda á Íslandi nema borga fyrir það skólagjöld.

Ég lýsi eindregnum stuðningi við það að hæstv. ráðherra verði viðstödd og held að það hljóti að vera henni hollt að hlusta á rök þeirra sem fjölluðu um málið í menntamálanefnd.

[13:46]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér eru tvö mál til umræðu, annars vegar áhyggjur manna af því hvort og þá hvernig loðnan muni veiðast, og deili ég þeim áhyggjum, en ég kvaddi mér þó hljóðs undir liðnum um störf þingsins vegna þeirrar kröfu hv. þingmanna Samfylkingarinnar að fresta hér umræðu um frumvarp um afnám laga um Tækniháskóla Íslands sem hefur verið til vinnslu innan þingsins.

Eitt er pólitískt efni ákveðinna mála og annað er svo hver ber hina pólitísku ábyrgð á málinu eftir því hvar það er statt í vinnslu hverju sinni. Það á ekki að þurfa að rifja upp á þessum vettvangi að hæstv. ráðherrar undirbúa mál og fylgja þeim eftir í 1. umr. Þegar þeirri umræðu lýkur með atkvæðagreiðslu, gjarnan með því að málum er vísað til nefndar, hefur framkvæmdarvaldið sleppt hendi af málinu og Alþingi (Gripið fram í.) tekið við þeirri ábyrgð. (Gripið fram í.) Eitt er umræða og annað er hin pólitísku álitamál sem hafa fengið — og þetta mál einmitt eins og flest önnur — mikla pólitíska umræðu innan menntamálanefndarinnar.

Ég hlýt að halda því fram að þegar menn tala eins og hér hefur verið gert veiki það í rauninni stöðu þingsins. Öðrum þræði tala menn um mikil áhrif framkvæmdarvaldsins og lítil áhrif þingsins (Gripið fram í.) en þegar síðan Alþingi er komið með mál í hendur kvarta sömu menn undan því að framkvæmdarvaldið skuli ekki vera viðstatt. Að sjálfsögðu hefur þingið málið núna og það er alveg fullbúið til þess að fara í pólitíska umræðu á vegum þingsins enda er þetta mál í höndum þingsins. (Gripið fram í.)

Þar að auki, herra forseti, er rétt að minna á það að í þessu skólasamfélagi sem um ræðir eru 2.500 manns sem bíða eftir ákvörðun. Þeirri óvissu þarf að eyða. Málið er á ábyrgð þingsins núna en ekki framkvæmdarvaldsins.

[13:48]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Vissulega er málið á forræði þingsins og hægt að ræða það og afgreiða héðan frá þinginu. Það er hins vegar á ábyrgð þess fagráðherra sem hrinti því úr vör, þetta er hugmynd og framkvæmd hæstv. menntamálaráðherra og var fyrst kynnt í Morgunblaðinu 24. ágúst á síðasta

ári. Málið var svo einungis til umræðu í fjölmiðlum fram eftir öllu hausti þar til það kom inn í þingið til 1. umr. í desember.

Hér er um að ræða, eins og fram hefur komið, algjöra grundvallarbreytingu á íslensku menntakerfi, fordæmalaust rekstrarform á háskólastigi þar sem háskólinn á að falla inn í einkahlutafélagsform en ekki sjálfseignarstofnunarform eins og þekkt er á háskólastiginu hjá einkareknum skólum. Við umræðu um slíka grundvallarbreytingu á menntakerfinu hlýtur að vera eðlilegt að farið sé fram á það með vinsamlegum hætti við hæstv. forseta að málinu sé frestað þangað til hæstv. menntamálaráðherra getur verið viðstödd umræðuna, tekið þátt í hinni pólitísku umræðu og brugðist við breytingum á málinu út úr hv. menntamálanefnd. Þar fór fram ágætisvinna og mörg sjónarmið og viðhorf komu fram, bæði jákvæð og neikvæð. Mörg þeirra veiktu verulega málið, önnur vörpuðu skýrara ljósi á það.

Það er mjög eðlilegt að hæstv. menntamálaráðherra taki þátt í lokaafgreiðslu á máli sem lýtur að grundvallarbreytingu á íslensku menntakerfi. Út á það gengur ósk okkar til virðulegs forseta um að málinu verði einungis frestað þar til hæstv. ráðherra getur verið við umræðuna. Það getur varla verið spurning nema um nokkra daga og því er ekki um að ræða langa frestun sem kemur málinu í neitt uppnám að öðru leyti.

[13:50]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það væri ekki úr vegi að hæstv. forsetaembættið tæki upp þann sið sem var í útvarpinu áður að hafa eins konar fréttir af ráðherrum, hvar þeir væru hverju sinni svipað og skipafréttirnar voru áður. „Þarna kom Súlan og beygði yfir bæinn. Botnía fer í kvöld.“ Svoleiðis hefur þetta verið undanfarna daga hér, við höfum verið að frétta af hinum ýmsustu ráðherrum þar sem þeir setja sig niður á fundi hingað og þangað um landið á meðan fundir standa í hv. Alþingi. Það er engin breyting á þessu núna. Hér á að fara að ræða mál hæstv. menntamálaráðherra og þá er hún farin til útlanda.

Mér finnst ósköp eðlilegt að gerð sé um það krafa að hæstv. ráðherra sé hér við og það þrátt fyrir að hv. þm. Hjálmar Árnason hafi kvartað yfir því að menn væru að gefa það í skyn að framkvæmdarvaldið hefði of mikil völd yfir þinginu. Það er eðlilegt að hann kvarti yfir því, hv. þingmaður, því að hann hefur æðioft risið upp gegn framkvæmdarvaldinu og gjörbreytt þingmálum þegar þau hafa komið inn í þingið vegna þess að hann hefur viljað hafa eitthvað svolítið öðruvísi, eða hvað? Auðvitað er það ekki svo. Allir vita að framkvæmdarvaldið hefur býsna mikil völd í þinginu og það er ástæða til að tala um þá hluti hér. Þess vegna er líka mjög eðlilegt að gerð sé krafa um það að hingað komi hæstv. ráðherra og taki þessa umræðu til enda úr því að hún hefur unnið slaginn og fengið í lið með sér þá sem eiga að rétta upp hendurnar í sölum Alþingis.

Fjármálaeftirlitið, frh. fyrri umr.

Þáltill. JBjarn og ÖJ, 45. mál. — Þskj. 45.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Rekstur Ríkisútvarpsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. GAK o.fl., 49. mál. — Þskj. 49.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. PHB, 50. mál (afnám embættis forseta Íslands). — Þskj. 50.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Fjármálafyrirtæki, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ og JBjarn, 55. mál (atkvæðamagn í sparisjóði). — Þskj. 55.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Vöxtur og viðgangur þorsks í Breiðafirði.

[13:55]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Blaðamaður spurði mig áðan hvað ætti að ræða hér og ég sagði við hann að það ætti að ræða vöxt og viðgang þorsks. Hann hafði á orði að það væri ekki sexí umræðuefni en þá benti ég honum á að þessi umræða skipti verulegu máli því að hér væri verið að ræða um útflutningsverðmæti upp á 50 milljarða. Við erum að fara að ræða hér mjög merkilega hluti sem margir hafa miklar áhyggjur af. Meðal annars komu fram á fundi Snæfells, félags smábátaeigenda á Snæfellsnesi, þann 26. janúar miklar efasemdir um starfshætti Hafrannsóknastofnunar og nýtingarstefnu stjórnvalda. Gísli Ólafsson, varaformaður Snæfells, varpaði

fram þeirri spurningu hvers vegna þorskstofninn stækkaði ekki þrátt fyrir gott árferði og vísindalega ráðgjöf.

Æpandi staðreyndir blasa við um árangursleysi fiskveiðistjórnarinnar. Þorskveiðin er einungis helmingur af því sem hún var fyrir daga kvótakerfisins og af máli hæstv. sjávarútvegsráðherra hér á Alþingi fyrir skömmu mátti helst ráða að hann stæði í þeirri meiningu að þó að veiðin væri eitthvað minni væri þorskstofninn ekki lakari. Það er einfaldlega ekki rétt hjá hæstv. ráðherra. Þorskstofninn er nefnilega umtalsvert lakari og veiðin er enn fremur talsvert minni, helmingi minni en fyrir daga kerfisins. Það blasir við öllum að ráðgjöf Hafró skilar ekki árangri. Veiðin er minni þrátt fyrir gott árferði í sjónum.

Einn liður í fiskveiðiráðgjöf Hafró hefur verið að loka svæðum. Sú aðgerð hefur bitnað harkalega á sjávarbyggðunum á Snæfellsnesi. Reglan er sú að þegar fjórðungur þorsks í afla er minni en 55 sentímetrar er einfaldlega lokað. Hægt er að fallast á að vernda smáfisk ef æti er ekki takmarkandi þáttur. Svo er hins vegar yfirleitt ekki í náttúrunni. Æti er einmitt sá þáttur sem er takmarkandi og hamlar vexti dýrastofna.

Það sem einkum hefur verið gagnrýnt varðandi þessar lokanir er að einungis er notuð lengd en aldur fisksins er ekki skoðaður og ekki heldur hvort hann sé að vaxa eða yfirleitt hvort hann sé orðinn kynþroska. Þetta undarlega verklag hefur verið gagnrýnt úr þessum ræðustóli, m.a. síðasta haust, og hæstv. sjávarútvegsráðherra brást við þeirri gagnrýni með því að lofa frekari rannsóknum.

Eftir að Snæfell fór fram á að aldur fisksins yrði athugaður fór Hafró í frekari rannsóknir til að sannreyna hvort lokun hefði átt rétt á sér. Þær rannsóknir vil ég einkum gagnrýna fyrir tvennt, í fyrsta lagi fyrir það að hvorki var þorskurinn vigtaður né kannað hvort hann væri kynþroska. Það skiptir afar miklu máli.

Í öðru lagi gagnrýni ég Hafrannsóknastofnun fyrir mjög villandi framsetningu á gögnum. Staðreyndin er sú að þegar rýnt var í gögn Hafrannsóknastofnunar kom í ljós að fjórðungur af öllum fimm ára fiski og eldri var hægvaxta. Það er óskiljanlegt að stofnunin skuli grauta öllum aldurshópum saman þegar verið er að túlka gögnin.

Ýmislegt í þessum lokunarfræðum er líkara bókhaldi en líffræði, t.d. að fiskur sem er skráður fjögurra ára í nóvember á afmæli um áramót. Það er farið með hann eins og hann sé fjögurra ára en í rauninni vex hann ekkert á þessum tíma, frá nóvember og fram til áramóta.

Í kjölfar þessara rannsókna réðu sjómenn til sín sjálfstæðan vísindamann. Niðurstöður hans leiddu í ljós að fiskurinn var að meiri hluta kynþroska. Það dró mjög úr vexti hans þegar hann hafði náð einu kílói að þyngd. Samkvæmt rannsóknum fiskifræðingsins Jóns Kristjánssonar var fjögurra ára fiskur tæpt kíló, fimm ára fiskur 1,1 kíló, sex ára fiskur 1,3 kíló, átta ára fiskur 1,8 kíló og níu ára fiskur 1,7 kíló. Þetta var sem sagt orðinn gamall fiskur sem stækkaði ekkert.

Þetta þýðir að ástandið hefur verið svona um langt skeið. Það ríkir vaxtarstöðnun sem stafar af fæðuskorti. Uppi eru ýmsar kenningar um þetta, þetta geti stafað af erfðafræðilegum þáttum og ýmsu öðru, en þegar þessi sami fiskur er settur í eldisker fyrir utan Grundarfjörð sprettur hann og stækkar. Í ljósi þeirra vísindagagna sem liggja fyrir vil ég spyrja hæstv. sjávarútvegsráðherra eftirfarandi spurninga:

Mun sjávarútvegsráðherra láta framkvæma mat óháðra aðila á friðunarstefnu Hafrannsóknastofnunar?

Mun sjávarútvegsráðherra beita sér fyrir breytingum á framkvæmd á lokun svæða?

Hver eru markmið sjávarútvegsráðherra í þessum efnum (Forseti hringir.) og hvernig hyggst hann mæla árangurinn?

[14:01]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er ágætt að ræða þetta málefni hér þótt kannski hefði mátt finna markvissara nafn á umræðuna miðað við framsöguræðu upphafsmanns hennar.

Hins vegar er það að segja um þorkstofninn í Breiðafirði að hann hefur það nokkuð gott, sérstaklega borið saman við þorskinn annars staðar. Frá mælingunum í haust virðist þorskur á sama aldri, fjögurra ára þorskur, vera þyngri að meðaltali í Breiðafirðinum en hann er að jafnaði annars staðar.

Hins vegar er um ungan fisk að ræða í Breiðafirðinum og þess vegna fellur hann, eins og kom fram í haust, undir 25% mörkin miðað við 55 sentímetra. Það gerði hann á öllum þeim mælistöðvum sem mældar voru í mjög víðtækri mælingu sem þar fór fram þannig að það þarf ekkert að efast um réttmæti þeirrar lokunar.

Hins vegar er dálítið erfitt að ræða þessi mál þegar verið er að vitna í vísindamenn eins og Jón Kristjánsson. Hann kynnti mál sitt á fundinum hjá Snæfelli sem hv. þingmaður vitnaði til og það verður að segjast eins og er að vinnubrögð hans eru mjög gagnrýnisverð, sérstaklega sýnatakan.

Sýnatakan er ekki vegin, sýnin eru ekki tekin miðað við rétta dreifingu á aflanum og það er ekki um tilviljunarúrtak að ræða þannig að undirmálsfiskur er miklum mun stærra hlutfall í sýninu hjá vísindamanninum en hann er úr vegnum tilviljunarkenndum sýnum sem tekin eru. Það þýðir að mæling á vaxtarhraða er óhjákvæmilega skekkt vegna þessa mikla magns af minni fiski sem þar er, ekki bara út af þyngdinni heldur vegna þess að það eru miklu fleiri litlir fiskar í þyngdinni en ef þeir væru stærri.

Þessi mynd er af miklu stærra úrtaki en var þarna í Breiðafirðinum sem þýðir að vaxtarkúrfa sem búið er að yfirfæra yfir á stærra úrtak, vaxtarkúrfa sem eðlilega væri svona í vegnu tilviljunarúrtaki — þegar undirmálið er tekið inn óvegið verður hún svona og þá fær vísindamaðurinn ranga niðurstöðu um það hvernig vaxtarhraða fisksins er farið. Þess vegna er mjög erfitt að ræða út frá gögnum sem þannig eru fengin.

Ég fullyrði að sýnatakan er grundvallaratriði í þessum vísindum sem öðrum vísindum sem byggja á mælingum. Það þekki ég mjög vel vegna minnar eigin fræðigreinar sem dýralæknis og fisksjúkdómafræðings sem byggir á því að finna tiltekið sýkingarmagn í popúlasjónum sem um er að ræða. Það byggir á nákvæmlega sömu stærðfræðinni og tölfræðinni hvort sem um er að ræða fiskifræðina eða faraldursfræðilegar rannsóknir.

Það hefur auðvitað komið fram í umræðunni hvað eftir

annað að hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni og reyndar öðrum félögum hans í flokki frjálslyndra er mjög ósýnt um það að mæla. Þeim er mjög ósýnt um það að nota stærðfræði og reikna eitthvað út og nota tölfræðilegar aðferðir. Það kemur þá kannski fram í þessu sem hér er um að ræða.

Það sem við höfum verið að tala um hérna nokkrum sinnum í vetur er það að þorskstofninn hjá okkur er í svipaðri stærð og hann var þegar kvótakerfið byrjaði. (**SigurjÞ:** Minni.) Það er nánast einstakt miðað við þau hafsvæði sem við þekkjum að svo sé, nánast alls staðar annars staðar hefur hann verið að minnka. Árangurinn sem hefur reyndar verið upp og niður í gegnum tíðina vegna þess að við höfum verið að læra og við höfum auðvitað gert mistök í því lærdómsferli felst í því að við erum þó með stofninn á svipuðum slóðum og hann var í upphafi. Við höfum lært það af þessari reynslu, hv. þingmaður, að við getum náð honum upp þó að síðan önnur mistök hafi orðið okkur að fótakefli síðar.

Forsendurnar sem lagðar eru upp hjá hv. þingmanni eru greinilega rangar, úrtakssýnataka fór ekki fram, sýnatakan var óvegin og þá eru niðurstöðurnar rangar sem hv. þingmaður leggur upp með. Þess vegna þurfum við að byrja þessa umræðu upp á nýtt og það væri ágætt að gera það í sjávarútvegsnefndinni og fara yfir þessar tölur en ekki að koma inn í þingið með rangar tölur úr vitlausum sýnatökum.

[14:06]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Þessi umræða sem við eigum í núna verður til vegna reglugerðarlokunar í Breiðafirði. Ég verð að segja eins og er að ég varð hálfhissa á svörum hæstv. ráðherra við þeim spurningum sem hér voru lagðar fram. Svörin bera kannski svolítinn vott um það hvernig menn yfirleitt bregðast við gagnrýni á störf Hafrannsóknastofnunar.

Gagnrýnin þarf ekkert alltaf að vera neikvæð þó að menn vilji ræða einhverjar niðurstöður í jafnóvissum vísindum og fiskifræðin er. Mér virðist sem vísindamenn Hafró hrökkvi alltaf í varnargírinn ef einhver vill ræða niðurstöður þeirra og menn ganga hver undir annars hönd alveg í drep við það að reyna að halda við að þær niðurstöður sem menn komust að séu þær réttu, og þær einu réttu og allt annað sé hálfgerð vitleysa.

Auðvitað þroskast fiskur mismunandi eftir búsvæðum og samanburður á lengd, þyngd og aldri er ekkert alltaf sá sami eftir mismunandi aðstæðum. Erfðaeiginleikar staðbundinna þorskstofna geta líka spilað þarna inn í því að flestir eru farnir að viðurkenna að slíkir stofnar eru til hér við landið. Það hlýtur því að vera full ástæða til þess varðandi lokanir á hólfum vegna veiða á smáfiski að menn hætti að hugsa í ferningi eða rúðustrikaðri hugsun. Þessi vísindi eru með þeim hætti að menn geta ekki beitt sömu reglu á mismunandi svæðum. Menn hljóta að þurfa að taka mið af mismunandi samsetningu á fiskinum á svæðinu, aldurssamsetningu, fæðuframboði o.s.frv. Það að miða eingöngu við sentímetra og ekkert nema sentímetra hlýtur í flestum tilvikum að vera röng nálgun. Því hvet ég hæstv. sjávarútvegsráðherra og vísindamenn Hafró til að hætta nú að hugsa inni í þessum þrönga ferningi og byrja að hugsa um það að við hljótum að þurfa að beita mismunandi aðferðum eftir mismunandi svæðum.

[14:08]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að taka upp þetta mál og hreyfa því í þingsölum. Mér finnst það allt í heild sinni kenna okkur ákveðna lexíu sem við ættum að reyna að læra dálítið af til framtíðar litið. Það eru einkum þrjú atriði sem ég vil nefna í því sambandi.

Í fyrsta lagi tel ég að vanda þurfi vel þær rannsóknir sem gerðar eru áður en tekin er ákvörðun um lokun svæða með svo afdrifaríkum hætti sem var í Breiðafirðinum fyrir síðustu áramót og áður fyrir Vestfjörðum, í fyrra eða hittiðfyrra. Það kom greinilega fram á fundinum í Ólafsvík að undirbúningi málsins var áfátt, rannsóknir voru ekki nægjanlega víðtækar til að byggja svona viðamikla ákvörðun á.

Í öðru lagi held ég að menn eigi að leggja sig fram um það að stuðla að frekari þróun veiðarfærastýringar til þess að komast hjá því að veiða smáfisk í þeim mæli sem óæskilegt er. Það eru ýmsir möguleikar til í þeim efnum umfram það sem menn hafa lagt sig fram um hingað til. Það er hægt að þróa beitu, lögun veiðarfæra og gerð þeirra á þann hátt að aflinn hafi aðra stærðarsamsetningu en ella væri.

Í þriðja lagi tel ég að við eigum að læra það af þessu máli að það þurfi að taka ríkara tillit til atvinnulegra hagsmuna en gert hefur verið. Til þessa hefur eingöngu verið litið á þá hagsmuni sem lúta að hagkvæmri nýtingu nytjastofna, veiðar sem skaðlegar geta verið með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna. Það eitt er ekki nægjanlegt að mínu mati, herra forseti, (Forseti hringir.) og menn eiga líka að líta til hagsmuna atvinnuvegarins.

[14:10]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að taka þetta mál hér til umræðu. Það er eiginlega í megindráttum tvíþætt. Í fyrsta lagi snýr það að vinnubrögðum Hafrannsóknastofnunar og sjávarútvegsráðuneytisins við beitingu á þeim aðgerðum að loka svæðum fyrir veiðum, með hvaða hætti það er gert og á hvaða forsendum.

Þegar um er að ræða eins og í þessu tilviki í Breiðafirði þar sem stór hluti atvinnulífsins á allt sitt undir þessum veiðum hlýtur það að vera alveg lágmark í samskiptum að þessar aðgerðir séu unnar og framkvæmdar í nánu samráði við heimafólk, við þá sem stunda þennan atvinnuveg, að lokunin sé ekki bara tilkynnt í útvarpi eða á vefmiðli með nokkurra klukkustunda fyrirvara. Slík vinnubrögð eru alveg ótæk.

Í öðru lagi snýst þetta um rannsóknaraðferðir og vísindalegt mat á líffræðilegri stöðu þorskstofnsins í Breiðafirði. Þar eru misvísandi rannsóknarniðurstöður um hana. Þetta þarf í sjálfu sér þá að athuga nánar.

Eitt er ljóst, það eru mismunandi stofnar við landið og stofninn við Breiðafjörð getur haft eitthvert annað vaxtarmunstur, getur þurft aðra stýringu við veiðar og þá eru reglur kvótakerfisins við að stýra veiðinni í slíkan fisk gjörsamlega ónothæfar. Það er ekki jafngilt tonn í þessum litla fiski, 55–60 sentímetra löngum, og í stórfiski þannig að þetta mál

þarf að skoða einmitt líka frá (Forseti hringir.) þessum hliðum, herra forseti.

[14:13]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við erum hér að tala um grundvallaratriði í fiskveiðistjórn okkar og ég verð að segja alveg hreinskilnislega að hefði ég verið prófdómari hér í dag og hæstv. sjávarútvegsráðherra komið til prófs hjá mér hefði ég gefið honum falleinkunn í fiskifræði. Grafið sem hann sýndi er í raun og veru ómarktækt því að það sýnir vaxtarkúrfur yfir a.m.k. tvo mismunandi fiskstofna, annars vegar að öllum líkindum staðbundinn þorsk í Breiðafirði, smáþorsk sem er á grunnslóð, og síðan yfir eldri þorsk sem er að koma utan af hafi og veiðist á grunnslóð við Snæfellsnes. Þetta er einfaldlega ekki boðlegt.

Í sjávarútvegsnefnd höfum við fundað með fiskifræðingum, meðal annarra Jóni Kristjánssyni. Við höfum líka fundað með sérfræðingum Hafrannsóknastofnunar. Þeir sýndu okkur m.a. þessa teikningu og þá benti ég þeim á þá augljósu staðreynd að hérna værum við að skoða tvo ólíka hluti og það væri ekki hægt að leggja þetta fram svona. Þess vegna er ég mjög hissa á því að hæstv. sjávarútvegsráðherra skuli koma hingað með þetta línurit og nota það til að draga úr gildi þeirrar rannsóknar sem Jón Kristjánsson hefur unnið. Ég tel að þær niðurstöður sem Jón Kristjánsson komst að í rannsóknum sínum, sem hann hefur kynnt fyrir okkur í sjávarútvegsnefnd, hafi einmitt verið mjög merkilegar. Það er full ástæða til að skoða það betur sem hann var að reyna að segja okkur.

Menn eiga ekki að koma hér upp og gera lítið úr því þó að aðilar utan Hafrannsóknastofnunar hafi kannski aðrar skoðanir, aðra nálgun á vandamálin og jafnvel aðrar kenningar. Það er nefnilega grundvallaratriði í öllum heilbrigðum vísindum að menn séu tilbúnir til að skoða hlutina upp á nýtt, alltaf, að menn fari ekki að trúa því að þeir hafi fundið hinn eina algilda sannleika. Það er stórhættulegt í öllum vísindum og þetta ætti sjávarútvegsráðherra að vita, háskólamenntaður maðurinn.

[14:15]

Guðjón Hjörleifsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þessa umræðu. Málefni fiskstofna í Breiðafirðinum hafa verið rædd í sjávarútvegsnefnd. Bæði höfum við fengið til okkar fulltrúa Hafrannsóknastofnunar, þá Hrafnkel Eiríksson og Björn Ævar Steinarsson, svo og Jón Kristjánsson fiskifræðing.

Hafrannsóknastofnun hefur áratuga reynslu af rannsóknum sem þessum og þegar ákvarðanir um lokun á svæðum eru teknar er það af niðurstöðum ítarlegra rannsókna. Þetta á við um öll veiðisvæði í kringum landið. Það liggur fyrir að niðurstöður rannsókna á þorski í sunnanverðum Breiðafirði sýna að almennt var fiskurinn smærri en gott þykir. Það var farið í meiri sýnatökur en gengur og gerist á svæðinu í kjölfar lokunarinnar til að fá sem áreiðanlegasta niðurstöðu um ástandið sem því miður sýndi sig vera slæmt.

67% af fiskinum á þessu svæði voru fjögurra ára eða yngri. 62% af fiskinum voru undir 55 sentímetrum. Meðalviðmiðunarmörk Hafrannsóknastofnunar vegna verndunar eru 25%.

Herra forseti. Hér eru mikil frávik og það væri ábyrgðarleysi að bregðast ekki við með þeim hætti sem nú er gert. Að jafnaði er vöxtur þorsks tveggja til þriggja ára yfir 100% á milli ára, en 80% á milli ára á þriggja til fjögurra ára þorski. Því er mikilvægt að vernda þennan stofn, byggja hann upp og láta hann njóta sem mestrar verndar.

Það er mikil arðsemi að mínu mati að bíða með að veiða þennan fisk og láta hann taka út vöxt. Það er ekki mikil arðsemi hjá þeim aðilum sem eru með aflamark að veiða þorskinn í því ástandi sem niðurstöður Hafrannsóknastofnunar sýna. Það er jafnframt mjög lélegt nýtingarhlutfall vinnslunnar sem skapar lægra markaðsverð á fiskinum. Hafrannsóknastofnun mun í samvinnu við heimamenn fara í rækilegar aldursathuganir á þessu svæði hverju sinni áður en tillaga um reglugerðarlokun af þessu tagi verður lögð fyrir sjávarútvegsráðuneytið.

Herra forseti. Ég skil áhyggjur heimamanna. Það er alltaf erfitt þegar veiðisvæði er lokað og hefur áhrif á alla þætti, bæði til sjós og lands, en við verðum að horfa til framtíðar með þetta svæði og láta lífríkið njóta vafans. Það verður styrkur fyrir þetta veiðisvæði til lengri tíma litið.

[14:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða undir yfirskriftinni Vöxtur og viðgangur þorsks í Breiðafirði gefur mér tilefni til að rifja upp fáeinar spurningar sem ég hef flestar sett fram áður. Mér hefði fundist að yfirskriftin hefði frekar mátt vera Vöxtur og viðgangur þorsks á Íslandsmiðum.

Þessi umræða snýst um skort á þekkingu, því miður. Við þurfum að spyrja margra spurninga. Hefur sú nýtingarstefna sem rekin hefur verið á loðnustofninum haft t.d. veruleg neikvæð áhrif á lífríkið í Breiðafirði eða Faxaflóa? Svarið við því er: Það eru ekki til rannsóknir um þetta.

Hefur sú staðreynd að loðna hefur síðan núgildandi veiðimynstur var tekið upp ekki drepist nema að litlu leyti á fiskislóðum í Breiðafirði og Faxaflóa haft sérstök áhrif á lífslíkur og afkomu þorskseiða á svæðinu fyrir Suðvesturlandi? Það er ekki til svar við þessu.

Er samhengi milli nýliðunar þorskstofnsins og áberandi lélegri þorskárganga að meðaltali síðan farið var að veiða loðnu að marki? Svarið: Það vantar rannsóknir.

Hefur breytt samsetning veiðiflotans og aukin notkun trolls og dreginna veiðarfæra valdið lífríkinu meira tjóni en áður var? Það vantar rannsóknir.

Hvers vegna vantar þessar rannsóknir? Nú er viðurkennt að stofnarnir eða ættkvíslir þorska séu margar við landið, 25% reglan getur því ekki stjórnað álagi í einstaka smáa stofna. Hafró hefur þó ekki talið ástæðu til að endurskoða regluna. Hvers vegna?

Þessar spurningar og margar aðrar sem og sú staðreynd að besta hafrannsóknastofnun í heimi sem hún er oft kölluð í sölum Alþingis hefur ekki boðleg svör við þeim benda eindregið til þess að það skorti átakanlega á stefnumörkun og forgangsröðun mikilvægra verkefna (Forseti hringir.) eða að sjónarmið einstakra hagsmunagæslumanna hafi ráð-

ið um of hvað varðar ákvarðanir um stefnu þessarar góðu stofnunar.

[14:20]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Breiðafjörðurinn hefur löngum verið mikil matarkista og fá svæði við landið hentað betur til bátaútgerðar enda er við Breiðafjörðinn nú rekin öflug útgerð báta af ýmsum stærðum. Breiðfirskir sjómenn og útgerðarmenn stigu markvert skref fyrir margt löngu þegar tekin var ákvörðun um að loka innstu svæðum fjarðarins fyrir þorskveiðum og veita þorski þar með frið til vaxtar og viðgangs. Fullyrða má að þessi aðgerð hafi skilað sér æ síðan. Hún er til mikillar fyrirmyndar og ber vitni um framsýni og skilning þeirra sem að þessu stóðu á sínum tíma.

Eins og oft áður hefur verið mikil umræða um ástand þorskstofnsins í Breiðafirði, m.a. vegna þeirra svæðalokana sem hér hafa verið ræddar. Við eigum að sjálfsögðu að vaka yfir ástandi fiskstofna og fylgjast með samsetningu afla og oft hefur verið gripið til svæðalokana til verndar smáfiski. Hins vegar er mikilvægt að samtímis séu hagsmunir sjómanna, útgerða og sjávarbyggða hafðir í huga, sérstaklega þegar um er að ræða aðgerðir eins og þær að loka veiðisvæðum á grunnsævi. Í þessu sambandi þarf því að feta hinn gullna meðalveg eins og í svo mörgu öðru og er mikilvægt að forsendur séu vel rökstuddar og stigið varlega til jarðar.

Ýmsir sjómenn hafa gert athugasemd við vinnubrögð Hafró varðandi þessa svæðalokun og fært rök fyrir því. Það er gömul saga og ný að bera þarf virðingu fyrir þekkingu sjómanna á því lífríki sem þeir byggja afkomu sína á og samræma við þá vísindalegu þekkingu sem fiskifræðin byggir á. Það hefur að vísu verið gert að einhverju marki en eflaust má gera betur í því sambandi.

Herra forseti. Ég vil í lokin leggja áherslu á það að við aðgerðir er varða lokanir veiðisvæða við þær aðstæður sem hér um ræðir sé ætíð haft gott samráð við hagsmunaaðila og þá heimaaðila sem málið varðar. Miklir hagsmunir eru í húfi, jafnt til skemmri tíma sem til framtíðar.

[14:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér finnst furðulegt að sjálfur doktorinn í kynþroska fisktegunda skuli sitja þögull í salnum þegar þessi umræða fer fram. Það mætti ætla að hann hefði eitthvað til mála að leggja um ástandið í Breiðafirði og þær athyglisverðu og að mörgu leyti ískyggilegu upplýsingar sem þaðan hafa verið að koma úr lífríkinu. Maður skilur vel að heimamönnum sé brugðið, bæði vegna þess að menn hafa áhyggjur af því sem þarna er að gerast og viðgangi stofna og breytingum í lífríkinu sem eru af ýmsum toga og sumar tengdar hækkandi hitastigi. Svo er auðvitað afkoma manna undir þegar gripið er til lokana og friðunaraðgerða.

Mér finnst umræðan fyrst og fremst sýna okkur hversu mikið skortir enn upp á að við höfum næga þekkingu í höndunum, m.a. vegna þess að við fórum auðvitað allt of seint og af allt of litlum burðum af stað í skipulagðar rannsóknir á grunnslóðinni og á svæðisbundnum grunni, á grunnslóð við landið, þar sem bæði væri skoðað afmarkað aðstæður í lífríkinu á einstökum svæðum og menn reyndu að átta sig á því að hve miklu marki tegundir væru staðbundnar. Það er auðvitað stórkostlegur veikleiki, hlýtur að teljast, í bæði rannsóknargrunni okkar og fiskveiðistjórnarkerfi að hér er almennt ekki tekið tillit til þess með sama hætti og er gert t.d. í nágrannalöndunum. Í Skagerak er t.d. greint algerlega á milli staðbundinna stofna við ströndina og göngufisks utan úr Norðursjónum í fiskveiðistjórn.

Einnig er það að fjölstofna rannsóknir og samhengi í lífríkinu í heild sinni fóru hér seint af stað. Þeim mun meiri ástæða er til að efla þessar rannsóknir og þeim mun meiri ástæða er líka til að taka til rækilegrar athugunar allar rökstuddar skoðanir (Forseti hringir.) sem settar eru fram í þessum efnum hvaðan sem þær koma. Því er ekki að heilsa.

[14:24]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Það er ekki rétt sem kom fram hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra að ég sé á móti mælingum. Ég vil taka það fram að það sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hafði rétt fyrir sér um var að með mismunandi sýnatöku fær maður náttúrlega mismunandi útkomu á því sem verið er að mæla. Það er enginn að bera á móti því.

Ef maður skoðar gögn Hafró sýna staðreyndirnar að fjórðungur fiska — þetta eru gögn Hafrannsóknastofnunar — fimm ára og eldri er hægvaxta gamall fiskur. Þetta er samkvæmt skilgreiningu Hafró og ef þessi fiskur hefði verið mældur mánuði seinna hefði hann verið mældur sex ára og þá hefðum við fengið helming. Þetta er út frá gögnum Hafró. Þetta eru bara staðreyndir málsins.

Hæstv. ráðherra gagnrýndi mjög Jón Kristjánsson. Auðvitað má gagnrýna alla, en hvers vegna lítur hann ekki á stofnun sína og veitir einhverja athygli? Er allt þar hafið yfir gagnrýni? Ég held ekki. Er ekki rétt að kanna kynþroska þegar verið er að athuga hvort loka eigi svæðum? Ég hefði talið það. Það væri fróðlegt að fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvort eitthvað mælti á móti því og hvort það væri ekki einmitt eðlilegt. Er ekki rétt að vigta fiskinn? Finnst honum það ekki ef það er verið að kanna vöxt og viðgang hans?

Í þriðja lagi: Er ekki rétt að athuga aldur fisksins? Ég hefði talið það þegar verið er að loka svæðum. Mér finnst í rauninni einnig vera kurteisi við mig og aðra þingmenn sem koma í umræðuna að hæstv. sjávarútvegsráðherra svari þeim spurningum sem eru bornar upp en gagnrýni ekki bara vísindamenn sem hafa gert sitt besta og sem eru þó svo sannarlega ekki hafnir yfir gagnrýni. Ég er ekki að segja það. En ég gagnrýni það að hann horfi síðan algerlega gagnrýnislaust á gögn Hafró sem eru mjög gagnrýnisverð. Það er enginn vafi á því.

[14:26]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er alltaf verið að fara yfir vinnubrögð, bæta þau og endurskoða. Það er eitt af því sem við gerum nú að áður en reglugerðarlokanir eru lagðar til er fiskurinn aldursgreindur en hins vegar er og hefur verið mjög gott samræmi á milli lengdar og aldurs í þorskstofni okkar og eins er ákveðið samræmi á milli þyngdar og lengdar fisks-

ins. Það hefur verið ágætt líka og ekkert sem bendir til að almennt fari eitthvað úrskeiðis í þeim mælingum sem þarna hafa verið. Það að 25% af mælingunni á tilteknum stöðum þarna sé eldri hægvaxta (Gripið fram í.) fiskur sýnir (Gripið fram í.) einungis að það er breytileiki í þessum stofni. Það er yfirleitt alltaf í náttúrunni eins og hv. þingmaður á að vita.

Það sem mér finnst þó einkennilegt í þessari umræðu er að menn tala um vönduð vinnubrögð og mismunandi mat en menn sem eiga að vita betur, landbúnaðarfræðingar, jarðfræðingar, stærðfræðingar og sjávarútvegsfræðingar, minnast engu orði á að það sé eitthvað athugavert við það þegar menn koma með tölur út frá sýnum sem ekki eru tekin tilviljunarkennt og þar sem ekki er um vegið úrtak að ræða. (Gripið fram í.) Menn minnast ekki á það (Gripið fram í.) þegar verið er að kynna tölur sem lagðar eru til grundvallar sem þannig eru fengnar. Það er ekki uppbyggilegt fyrir umræðuna.

Ég verð að segja eins og hv. þingmaður Steingrímur J. Sigfússon að ég sakna þess að hafa ekki sérfræðinginn, dr. Össur, hv. þingmann, með í þessari umræðu því að hann hefði örugglega séð í gegnum þá tölfræði sem borin hefur verið á borð fyrir okkur. Það sem við verðum líka að hafa í huga, af því að við erum að tala um kynþroskann, er að ólíkt því sem er með marga vatnafiska að þorskurinn er þannig að hann vex eftir að hann verður kynþroska. Hann heldur áfram að vaxa (Gripið fram í.) og vex jafnvel um 25–35% á ári eftir að hann er orðinn kynþroska. Auðvitað vex hann þá ekki eins hratt og þegar hann er yngstur og vex hraðast en það er samt sem áður, herra forseti, mjög umtalsverður vöxtur sem skiptir máli fyrir viðgang stofnsins.

(**Forseti** (HBl): Ég vil minna hæstv. ráðherra á að nefna ber þingmenn með fullu nafni.)

Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 398. mál. — Þskj. 505, nál. 793, 794 og 796, brtt. 795.

[14:29]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Í upphafi þingfundar fór fulltrúi og þingmaður Samfylkingarinnar fram á það að þessari umræðu yrði frestað vegna fjarveru hæstv. menntamálaráðherra. Ég styð þá ósk eindregið. Við þessari beiðni fengust engin svör frá hæstv. forseta og ég ítreka nú úr þessum ræðustól að við óskum eindregið eftir því, þingflokkur Samfylkingarinnar, að þessari umræðu verði frestað þangað til hæstv. menntamálaráðherra kemur til landsins ef hún er stödd erlendis eins og okkur er sagt.

Vegna orða hv. þm. Hjálmars Árnasonar sem sagði að þetta væri til þess að minnka vægi þingsins, sú krafa að ráðherra væri viðstaddur, verð ég mótmæla þeim orðum. Ég tel að samvinna milli framkvæmdarvalds og Alþingis þurfi að vera til staðar og að það sé í raun skylda hæstv. ráðherra hverju sinni að vera viðstaddur þau mál sem undir hann heyra og heyra þau viðhorf sem fram koma hjá einstaklingum, hjá hv. þingmönnum sem hafa lagt mikla vinnu í viðkomandi mál, eins og það mál sem hér á að fara á dagskrá. Ég óska eftir því, hæstv. forseti, að fá svör við því hvort möguleiki er á því að fresta þessari umræðu þar til hæstv. menntamálaráðherra getur verið viðstödd.

[14:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil geta þess að staðgengill hæstv. menntamálaráðherra, hæstv. umhverfisráðherra Sigríður A. Þórðardóttir, er viðstödd umræðurnar.

[14:31]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Björgvin G. Sigurðsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara taka undir orð hæstv. 1. þm. Suðurk. og ítreka mín eigin orð frá upphafi þingfundar um að þessari umræðu yrði frestað. Hæstv. forseti hefur svarað fyrir sitt leyti að svo verði ekki gert og að staðgengill menntamálaráðherra sé hér í húsi. Ég vil samt sem áður ítreka þá kröfu mína vegna þess hvernig þetta mál er til komið. Það er skilgetið afkvæmi hæstv. menntamálaráðherra sem hefur verið rekið áfram af henni og hennar mönnum með tilkynningum til Alþingis og annarra í fjölmiðlum. Því er mjög eðlilegt að hún, hæstv. menntamálaráðherra sjálf í eigin persónu en ekki staðgengill hennar, hlýði á þá umræðu sem hér mun fara fram um efnislega þætti málsins, um þær grundvallarbreytingar sem verið er að boða á íslensku skólakerfi, grundvallarbreytingar sem fela í sér í fyrsta lagi að tækninám verður einungis til boða gegn háum skólagjöldum í einkareknum skóla og í öðru lagi fordæmalaust eignarhald á háskólastigi þar sem um er að ræða einkahlutafélag.

Þessir efnisþættir eru ekki til umræðu, virðulegi forseti, í því þingmáli sem við erum að fjalla um. Þar er verið að fjalla um afnám laga um Tækniháskóla Íslands en allt efnisinnihald sem greinargerðir byggja á og hvað mun taka við og hvernig hinn nýi sameinaði skóli verður er til komið úr samningum á milli menntamálaráðherra og eigenda hins nýja skóla, sem er Verslunarráð Íslands að 90% og svo Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins með mikinn minni hluta.

Hvað fór fram um innihald og inntak þessa sáttmála, hvernig verður hinum nýja skóla fyrir komið, hvað verður þar kennt, hvernig verður eignarhaldið á honum, af hverju er valið einkahlutafélag en ekki sjálfseignarstofnun, hvernig á að tryggja akademískt frelsi og jafnrétti til náms? Öllu þessu getur enginn svarað nema hæstv. menntamálaráðherra af því að þetta er hennar mál. Hún hefur rekið það á undanförnum mánuðum, þetta er stórpólitískt mál, grundvallarbreyting á íslensku skólakerfi ef það nær fram að ganga. Þess vegna óskuðum við vinsamlega eftir því við hæstv. forseta að umræðan færi ekki fram í fjarveru hæstv. ráðherra sjálfrar. Svo einföld var sú ósk, það var ekki verið að krefjast þess að umræðan yrði felld niður út af tæknilegum atriðum, heldur einungis út af því að þetta er pólitísk sýn hæstv. ráðherra. Hún ber alla ábyrgð á því máli framkomnu í þingið og því að hafa fengið meiri hluta þingsins til fylgilags við það. Enginn getur svarað þessum spurningum nema hæstv. ráðherra.

Þess vegna ítrekum við ósk okkar um það að málið verði tekið af dagskrá og rætt þegar hæstv. ráðherra sér sér fært að mæta í þingsalinn.

[14:34]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Ráðherra — forseti ætlaði ég að segja. Auðvitað má að vísu segja að gera megi marga menn úr þeim sem situr hér í stólnum, eins og sagt var um fornkappa, en við skulum hafa hann þá einn í einu og það er núna forseti. Ég biðst velvirðingar á mistökunum.

Ég verð að taka undir með þeim sem hér hafa komið í þessa umræðu um fundarstjórn forseta. Þó að það sé alla jafna þannig að þingið hafi auðvitað mál á forræði sínu, sem betur fer, eftir að ráðherra hefur mælt fyrir því í 1. umr. er þetta mál þannig vaxið að eðlilegt er að ráðherra, sú sem flutti málið sjálf, sé viðstödd umræðuna. Það stafar annars vegar af því að flutningsræða ráðherra fyrir málinu á sínum tíma var ákaflega rýr að vöxtum og svörin lítil við þeim spurningum sem fram voru færðar og hins vegar af því að við rannsókn málsins í nefnd á milli 1. og 2. umr. hefur ýmislegt komið í ljós sem ráðherra verður að gjöra svo vel að svara.

Eins og ég treysti hæstv. umhverfisráðherra Sigríði Önnu Þórðardóttur til að svara til um þau efni sem hún er spurð um þegar hún flytur hér mál hef ég ákveðnar efasemdir um að hún geti svarað þeim spurningum sem upp koma núna við þessa 2. umr. Ég er heldur ekki viss um það, forseti, að ráðherra haldist í salnum því að þegar hæstv. umhverfisráðherra var um daginn beðin að sitja hér yfir umræðu um vatnalög vegna þess að það kæmi því ráðuneyti og skrifstofu hennar og embætti mikið við, þó að það væri flutt af hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sat ráðherrann hér góða stund en svaraði ekki þeim spurningum sem beint var til hennar og var síðan farin löngu áður en umræðu lauk. Ég vil þá gera sérstakar fyrirspurnir um úthald og svarhæfni þess ráðherra sem hér gegnir störfum fyrir hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. Heppilegast væri, forseti, að fresta einfaldlega umræðunni þangað til hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, er komin heim úr sinni gríðarlega mikilvægu ferð eða fjarveru sem nú stendur yfir og ég veit ekkert um.

[14:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tel þá ósk sem hér hefur verið sett fram um að þetta mál bíði eftir því að hæstv. menntamálaráðherra komi aftur til þings fullkomlega eðlilega og nægjanlega rökstudda. Ég undrast þann málflutning sem hér var uppi hafður í fyrri skoðanaskiptum um þetta mál að með því væru menn á einhvern hátt að veikja stöðu þingsins eða það væri lítilsvirðing við þingræðið og forræði þingsins á málinu að fara fram á að hæstv. ráðherra væri viðstödd umræðuna. Ég segi nú bara: Heyr á endemi. Síðan hvenær fór þetta að snúa þannig?

Það er akkúrat öfugt, herra forseti, það sem veikir þingið er lítilsvirðing ráðherranna þegar þeir mæta ekki hér til þess að svara fyrir málaflokka sína og vera til viðræðna um þá. Þetta er jú stjórnarfrumvarp. Verði þetta mál gert að lögum fer það í hendurnar á hæstv. ráðherra sem annast um framkvæmdina. Eiginlega eru alveg nýir tímar upprunnir fyrir mér þegar þingræðissinninn allt í einu vaknar af værum blundi í brjóstum stjórnarliða og þeir mega varla við bindast hér í ræðustólnum af áhyggjum yfir því að menn *átti sig ekki á því að málið sé á forræði þingsins.*

Er það þá alveg öruggt mál að ráðherrarnir hafi ekkert verið með puttana í því? Er algerlega á hreinu að stjórnarliðar hefðu getað gert allar þær breytingar á frumvarpinu sem þeir vildu án þess að bera það undir ráðherrann?

Eigum við ekki bara að tala mannamál hérna? Ætli það sé ekki stutt í spottanum þegar þessi ráðstjórn hér er með lið sitt að koma málunum í gegnum þingið? Miklu oftar, því miður, stendur maður frammi fyrir því í þingnefndum að það þarf alltaf að hringja út í bæ og fá leyfi fyrir hverri einustu breytingu, jafnvel þó að verið sé að leiðrétta stafsetningarvillur í stjórnarfrumvörpum. Þannig er þetta auðvitað og við skulum bara tala mannamál um þá hluti.

Það er fullkomlega eðlilegt að fara fram á það að ráðherrann sé hér viðstödd þegar stórt og mjög umdeilt grundvallarmál á sviði hæstv. ráðherra á í hlut. Það er alveg hörmulega ambögulegt að haga því þannig að daginn eftir að ráðherra fer út úr þinginu komi þetta mál á dagskrá. Af hverju er ekki reynt að skipuleggja hlutina þannig, dagskrá þingsins og þá ferðalög ráðherranna, að þetta rekist ekki svona hrottalega á?

Síðan vil ég minna þá þingræðissinnana í stjórnarliðinu á að hér á í hlut sá hæstv. ráðherra sem hefur tekið upp þá nýbreytni að boða gjarnan fyrirhuguð þingmál sín hálfköruð í viðhafnarviðtölum í Morgunblaðinu. (**Gripið fram í:** Hún er ekki ein um það.) Er það þá virðingin sem menn telja að verði mest gerð í samskiptum við þingið, eins og hæstv. ráðherra gerði í þessu máli sem var hrint úr vör í Morgunblaðinu síðsumars og gerir aftur núna varðandi Ríkisútvarpið? Er það til marks um djúprætta virðingu manna fyrir þingræðinu að hlutina beri þannig að, hvað þá að tala um eitthvert þverpólitískt samráð eða samstarf um slíka hluti?

Einhvern tíma hefði verið sagt, herra forseti, við þessar aðstæður: Sé hæstv. ráðherra áhugasamur um að koma máli sínu áfram er hann ekki of góður til að mæta hér.

[14:40]

Einar K. Guðfinnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þetta er farin að vera umræða í mörgum tilhlaupum. Fyrst var byrjað á henni strax eftir hádegið. Svo var gert svolítið hlé meðan menn ræddu vöxt og viðgang þorsks í Breiðafirði. Þegar þeirri umræðu var lokið voru menn búnir að safna nægum þrótti til að byrja upp á nýtt, ekki samt til að ræða efnisatriði frumvarpsins sem hér liggur fyrir og hefur legið fyrir í efnislegri afgreiðslu menntamálanefndar frá því í gær. Nei, nú til þess að reyna að ræða enn og aftur þá staðreynd að hæstv. menntamálaráðherra er fjarverandi, hefur fjarvistarleyfi. Í upphafi þingfundar var tilkynnt að í stað hennar settist á þing varaþingmaður. Það liggur fyrir að það er starfandi menntamálaráðherra sem er við umræðuna. Það liggur fyrir að málið hefur verið til umfjöllunar í menntamálanefnd í marga mánuði.

Menntamálanefndin er búin að afgreiða sitt mál. Menntamálanefndin hefur skilað af sér nefndaráliti. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa gert það, klofnað í nefndarálitum sínum, hafa tvær mismunandi skoðanir, eru greinilega hræddir við að fara í hina efnislegu umræðu og reyna að drepa málinu á dreif, tefja fyrir því að efnisleg umræða geti hafist og halda síðan áfram við að tosa þennan leista sinn og reyna að gera það tortryggilegt að hæstv. menntamálaráðherra sem er í opinberum erindagjörðum erlendis getur ekki verið á þessum fundi. Til staðar er starfandi menntamálaráðherra og það liggur fyrir að málið er á forræði menntamálanefndar og Alþingis.

Það er óskaplega sérkennilegt að þurfa að fara ofan í það að vera nánast að fara hér yfir stafrófið í þessu máli yfir hv. þingmönnum sem eru þaulreyndir, með margra ára og áratuga reynslu í þingstörfum. Það þarf að rifja hérna upp sjálfsagða hluti sem ég hélt að hver einasti þingmaður vissi, jafnvel þingmenn með litla reynslu.

Hér fór fram 1. umr. málsins fyrir áramótin. Þá auðvitað hlutu menn að kalla eftir svörum við þessum pólitísku spurningum sem var verið að varpa upp í þessari umræðu, pólitískum spurningum sem við munum auðvitað ræða áfram. Hafa menn kannski ekki tekið eftir því að til þess að gera mál að lögum þarf þrjár umræður? Það þarf 1. umr. þar sem menn geta farið yfir þessi mál, síðan liggja frekari upplýsingar fyrir almennt í 1. umr. þar sem menn hljóta auðvitað að spyrja þessara pólitísku spurninga sem hér var verið að tala um. Gerðu menn það virkilega ekki? Ég var að vísu ekki viðstaddur þá umræðu en getur það verið, virðulegi forseti, að það hafi gleymst að spyrja þessara pólitísku spurninga, að stjórnarandstaðan sé núna að vakna upp við það að hafa bara ekki munað eftir því að spyrja þeirra við 1. umr. og þurfi núna allt í einu að rifja það upp fyrir sér hverjar spurningarnar voru?

Nú liggur það auðvitað fyrir að málið er orðið fullrætt í nefndinni. Þrjú nefndarálit liggja fyrir. Er það ekki nægilegur grundvöllur til að hér geti farið fram efnisleg umræða? Er ekki nægilegt að hér séu fulltrúar úr menntamálanefnd til að tala um þessi mál? Er stjórnarandstaðan farin að vera haldin alvarlegri pólitískri minnimáttarkennd? (Gripið fram í.) (**SJS:** Hafa ekki ráðherrar ...?)

[14:43]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er beinlínis spaugilegt að hlusta á þingflokksformann Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, tala hér um þinglega meðferð á málum, gildi umræðunnar og að mál hafi verið afgreidd í nefndum og rædd þar í þaula þegar hann kemur upp í ræðustól til að verja hæstv. menntamálaráðherra, hinn sama ráðherra og boðaði það í Morgunblaðinu núna um helgina að lögum um Ríkisútvarpið yrði gjörbreytt. Hún talaði nánast eins og það væri búið að gera það og að hún, hæstv. ráðherra, þyrfti í raun og veru ekkert að bera það mál undir þingið eða það væri þá a.m.k. formsatriði.

Nóg um það, virðulegi forseti. Við í þingflokki Frjálslynda flokksins styðjum að sjálfsögðu þá eðlilegu kröfu að hæstv. menntamálaráðherra sé við 2. umr. í þessu mikilvæga máli. (Gripið fram í.) Hér er verið að taka grundvallarafstöðu. Málið þarfnast umræðu og það er sjálfsögð krafa að hæstv. menntamálaráðherra sé hér til staðar. Ég minni á það, virðulegi forseti, að á miðvikudaginn í síðustu viku var munnleg fyrirspurn frá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur einmitt um þetta mál og þar kom ýmislegt mjög áhugavert í ljós hjá hæstv. menntamálaráðherra, atriði sem ég hygg að hún ein geti svarað. Í máli hennar kom fram að hún hefði verið að skoða þessa hluti, það sagði hún. Hún var m.a. sammála mér í því að mat á eignum Tækniháskólans við þennan samruna væri ótrúlega lágt. Eignir skólans eru metnar á tæpar 100 millj. kr., það er allt og sumt. Þetta er Tækniháskóli Íslands.

Ég kallaði eftir eignaskrá. Það væri fróðlegt að fá að sjá hana, hvaða eignaskrá lægi á bak við eignamatið. Það hefði kannski verið gaman að sjá hæstv. menntamálaráðherra mæta í dag og upplýsa okkur m.a. nánar um þetta atriði málsins. Því miður virðist sú ekki verða raunin og ég efast stórlega um að hæstv. umhverfisráðherra Sigríður A. Þórðardóttir geti svarað spurningum um atriði eins og þetta.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, vekja athygli á því að í raun og veru er það til vansa hér í þinginu hversu mikið léttlyndi stjórnarliðar sýna þegar umræður fara hér fram. Rétt áðan fór fram umræða utan dagskrár um vöxt og viðgang þorsksins í Breiðafirði. Maður skyldi hafa ætlað að a.m.k. nefndarmenn í sjávarútvegsnefnd hefðu sýnt sóma sinn í að vera við umræðurnar. Þeir sátu hér við atkvæðagreiðslur nokkrum mínútum áður en um leið og þessi umræða hófst hurfu allir stjórnarliðar í sjávarútvegsnefnd nema formaðurinn, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson. Þeir hurfu allir úr salnum og sáu ekki sóma sinn í að taka þátt í þessari umræðu þrátt fyrir þá staðreynd að sjávarútvegsnefnd hafði fengið sérfræðinga í þessum málum á sinn fund til að upplýsa þingmenn í nefndinni um þau mál sem voru hér til umræðu.

Það gengur bara ekki að einu tækifærin sem stjórnarandstæðingar fá til að tala um þingmál eða mál hér í þinginu við stjórnarliða séu hreinlega með þeim aðferðum að við þurfum nánast að svæla þá út í hvert einasta sinn. Af hverju geta þessir menn ekki verið hér eins og aðrir þingmenn?

[14:46]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér þykir rétt að taka fram að í umræðum utan dagskrár kemst einungis takmarkaður fjöldi alþingismanna að.

[14:46]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég gerði mér ekki grein fyrir því þegar hv. þm. Einar K. Guðfinnsson talaði áðan hvort hann væri að tala í alvöru eða gamni. Ég gerði mér ekki alveg grein fyrir því hvort hann væri að reyna að sannfæra almenna þingmenn hér um það að meiri hluti þingmanna, þeir sem styðja ríkisstjórnina, færu almennt með stjórnina í þeim málum sem hér kynnu að koma upp og að við ráðherrann þyrfti ekkert að tala. (**Gripið fram í:** Betur ef satt væri.) Betur ef satt væri, eins og hér er kallað fram í.

Þetta er náttúrlega alveg fráleit röksemdafærsla og á sér enga stoð í þeim veruleika sem við búum við.

Ég vil líka benda á það, virðulegi forseti, að mennta-

málaráðherra er þingmaður. Ráðherra gegnir líka þingstörfum. (Gripið fram í.) Ráðherrann er þingmaður og gegnir embætti menntamálaráðherra og hefur til þess stuðning meiri hluta þingsins. Það vekur mikla furðu að sama dag og þetta stóra mál sem á sér ekki fordæmi — það hefur ekki gerst áður að ætlunin sé að reka háskóla sem einkahlutafélag, þetta á sér ekki fordæmi — að sama dag og það kemur á dagskrá til 2. umr. þá hverfi hæstv. ráðherra af þingi. Þetta er algjörlega fráleitt.

Af því að ég staldraði örlítið við ræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar vil ég spyrja: Síðan hvenær eru mál útrædd eftir 1. umr.? Hv. þingmaður talaði hér um það að þar hefðu menn átt að spyrja spurninganna, þar væru málin útrædd. Spurðu menn ekki þá? Þá spyrja menn að sjálfsögðu: Hvað er mál þá að gera í nefndum? (Gripið fram í.)

Í nefndum eru kallaðir fyrir sérfræðingar, þar er aflað upplýsinga o.s.frv. og þær upplýsingar á síðan að nota í þessari umræðu til að halda henni áfram og þroska hana. En á sama degi og jafnmikið stórmál er hér á dagskrá hverfur hæstv. ráðherra út af þingi. Ég trúi ekki öðru en að það hefði mátt skipuleggja þingið þannig að þessi umræða hefði verið tekin meðan hæstv. ráðherra væri inni.

Ég ber fullt traust til hæstv. umhverfisráðherra og er ekkert að gera lítið úr henni með þessari umræðu. Mér finnst samt alveg fráleitt að svona stórmál skuli tekið á dagskrá við þessar aðstæður. Ég skil vel að hv. formenn þingflokka stjórnarflokkanna þurfi að tala sig bláa í framan til að verja þetta. Þetta er að minni hyggju algjörlega fráleitt, virðulegi forseti. Mér finnst ofur eðlileg krafa að málinu sé frestað þar til hæstv. ráðherra kemur nema sú breyting hafi hér orðið á vinnubrögðum að þingmenn sem styðja ríkisstjórnina séu farnir að hafa áhrif í málum sem hæstv. ráðherrar flytja. Þá yrði að segjast eins og hér var kallað fram í áðan: Betur ef satt væri.

[14:49]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég sé ástæðu til að taka fram að ef hæstv. ráðherrar eða hv. þingmenn eru erlendis í opinberum erindagjörðum hefur verið litið svo á að það séu eðlilegar fjarvistir frá störfum þingsins.

[14:49]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er langt því frá eins og hér kom fram hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að það sé verið að gera dvöl hæstv. ráðherra erlendis tortryggilega. Það er einungis verið að fara fram á það að hæstv. ráðherra sé hér til að svara þeim pólitísku spurningum sem vöknuðu við vinnu nefndarinnar. Vissulega var spurningum varpað fram hér við 1. umr. Hæstv. ráðherra svaraði þá býsna litlu. Nú er búið að leggja töluvert mikla vinnu í málið, það er búið að kalla marga til, og við það hafa vaknað margar pólitískar spurningar sem ekki hafa fengist svör við frá hæstv. ráðherra. Mér finnst fráleitt að taka svona stór mál á dagskrá að ráðherra fjarstaddri sem hefur auðvitað ákveðnum þingskyldum að gegna — nema það sé þá gert í samráði við stjórnir þingflokkanna, að það sé sameiginleg ákvörðun að málið sé þess eðlis að samþykki sé fyrir því að hæstv. ráðherrar séu ekki viðstaddir og staðgenglar séu í staðinn.

Ég ítreka þá ósk okkar að þessari umræðu verði frestað.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði: Hér fara mál í gegnum þrjár umræður. Má þá treysta því, hæstv. forseti, að 3. umr. verði ekki sett á dagskrá fyrr en hæstv. ráðherra er komin til baka þannig að hægt sé að endurtaka umræðuna hér, í það minnsta þær spurningar sem ekki fást svör við? Ég tel einboðið að þannig verði það. Ef tekin verður ákvörðun um að keyra umræðuna áfram tel ég einboðið að 3. umr. bíði komu hæstv. menntamálaráðherra þannig að hægt sé að fara yfir umræðuna aftur. Mér þykir það sjálfsagt.

[14:52]

Einar K. Guðfinnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þær eru nú farnar að verða svolítið átakanlegar, þessar tilraunir stjórnarandstöðunnar til að reyna að koma í veg fyrir það að umræðan hefjist. Það er eins og að hv. þingmenn kvíði henni og séu að reyna eins og þeir geta með alls konar kúnstum að koma í veg fyrir að umræðan geti hafist. Ef allt hefði verið eðlilegt, utandagskrárumræða hafist hálftvö og eðlileg þingumræða klukkan tvö, hefðum við verið komin hér áleiðis í efnislega umræðu. Það hefur þó tekist hjá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar að tefja það að hefja umræðu um mál sem þeir eru greinilega svolítið óóruggir í í u.þ.b. klukkutíma. Það er nú dálítið afrek. Frestur er á illu bestur, það er greinilega mottóið sem liggur til grundvallar þessari umræðu (Gripið fram í.) enda sjáum við að ekki síst þingmenn Samfylkingarinnar hafa verið í bölvuðum vandræðum með þetta mál sitt.

Ég skil það út af fyrir sig alveg að hv. þingmenn skuli vilja gera það þannig að hér líði aðeins á daginn og umræðan fari þannig af stað að athyglin sé á aðra þætti en efnisatriði frumvarpsins. Það, virðulegi forseti, er að takast. Það er að takast hjá hv. þingmönnum að strá í kringum sig svolitlu af reyksprengjum þannig að þeir komist hjá því að hin efnislega umræða veki með sama hætti athygli.

Það er dálítið einkennilegt að þurfa að taka þátt í þessari umræðu á þeim forsendum að það sé eins og maður sé að reyna að troða sjálfsögðum hlutum inn í hausinn á þingmönnum, hlutum sem þeir vita. Við vitum auðvitað að hv. þingmönnum er þetta allt saman ljóst, þeir vita að hér hefur farið fram 1. umr. og auðvitað gera allir sér grein fyrir því að þar með lauk ekki umræðunni, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson var að reyna að snúa hér út úr. Ég var að vekja athygli á því að þá var auðvitað tækifærið til að varpa fram ákveðnum pólitískum spurningum.

Síðan hefur málið farið í nefnd og verið þar vel unnið eins og nefndarálitin bera glöggt merki um. Þá höfum við auðvitað allar forsendur til þess að fara í hina efnislegu umræðu. Þá hafa þingið og þingmenn haft tækifæri til þess að kalla eftir svörum frá sérfræðingum úti í þjóðfélaginu við spurningum sem hafa vaknað. Þannig er þetta.

Hæstv. menntamálaráðherra er við opinber skyldustörf, önnur opinber skyldustörf erlendis, og þá er það þannig samkvæmt stjórnskipun okkar að annar ráðherra kemur inn í staðinn og er starfandi menntamálaráðherra. Það eru með öðrum orðum allar forsendur fyrir því að hefja hina efnis-

legu umræðu — nema ein. Hún er sú að hv. þingmenn, sérstaklega Samfylkingarinnar, eru hræddir. Þeir óttast það að fara inn í þessa efnislegu umræðu. Þá er bara aðalatriðið það að tefja málið, búa til alls konar hindranir, hraðahindranir svo að menn komist ekki af stað inn í umræðuna, tefja málið, koma í veg fyrir að umræðan fari af stað og láta eins og þeir skilji ekki einföldustu hluti sem allir vita og þekkja í stjórnskipun okkar og starfi hér í þinginu. Það er út af fyrir sig að takast en auðvitað mun umræðan hefjast að lokum þannig að þó að frestur kunni að vera á illu bestur er þessi frestur ekki alveg endalaus. (Gripið fram í.)

[14:55]

Hjálmar Árnason *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Í rauninni þarf ekki að bæta miklu við þá ágætu ræðu sem síðasti hv. þingmaður (**Gripið fram í:** Jú, jú.) hélt hér því að þetta er að verða ein allsherjarlangavitleysa. Hér er búið að eyða rúmlega hálftíma í nöldur sem hleypur ýmist úr söknuði vegna fjarveru hæstv. ráðherra, það er farið í þorskinn í Breiðafirði, hverjir tóku þátt í þeirri umræðu og hverjir tóku ekki þátt í þeirri umræðu, eitthvað um efnisinnihald tækniháskólafrumvarpsins og þar fram eftir götunum.

Ég er alveg sammála hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, hér er verið að slá ryki í augu fólks, flýja hina pólitísku umræðu. Það vekur athygli, herra forseti, að það er eins og að hv. stjórnarandstaða treysti sér ekki í umræðu án nærveru hæstv. ráðherra. Það er alveg með ólíkindum þrátt fyrir það, eins og búið er að benda á hér ítrekað, að í 2. umr. sérstaklega er þetta mál í höndum þingsins. 3. umr. er eftir. Eftir hverju er verið að bíða? Hvað vakir eiginlega fyrir mönnum að grenja hér yfir því að ekki skuli vera hér ráðherra og vilja ekki fara í hina pólitísku umræðu?

Virðulegur forseti. Er ekki ráð að þessari löngu vitleysu ljúki þannig að hægt sé að fara í hina pólitísku umræðu um málið?

[14:56]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Margar vondar ræður hafa verið haldnar í þessum ræðustóli en tvær þær síðustu eru nú sýnu verstar að minni hyggju. (**EKG:** Þingmaðurinn hefur ekki hlustað á sjálfan sig.) Ég segi nú bara: Æ, æ.

Venjan hefur einfaldlega verið sú, og það vita menn sem eru eldri en tvævetur í þessu húsi, að þeir ráðherrar sem hafa einhvern metnað fyrir málum sínum fylgja þeim eftir í gegnum þingið, ekki bara í 1. umr., heldur 2. og 3. umr., ljúka með öðrum orðum málinu. Ég þykist a.m.k. viss um það að hæstv. forseti, sem er líka eldri en tvævetur og hefur verið hér um langt skeið, þekkir það bæði stjórnarmegin við borðið og stjórnarandstöðumegin, hafi haldið nokkrar ræðurnar í þessum ræðustóli og einmitt óskað eftir því að ráðherrar á viðkomandi stund hafi verið kallaðir hingað til orðræðu um mikilvæg mál. (Gripið fram í.)

Af því að ég sé hér hv. þm. Steingrím J. Sigfússon minnist ég þess að hafa fylgst með því í fjölmiðlum á sínum tíma þegar hæstv. forseti Halldór Blöndal ræsti út hv. þm. Steingrím J. Sigfússon einhvern tíma á fimmta tímanum að morgni og óskaði eftir orðræðu við hann hér um mikilvægt mál. Hv. þingmaður, þáverandi landbúnaðar- eða samgönguráðherra, brást auðvitað hratt við og kom til fundarins.

Ég hef allan skilning á því að hæstv. menntamálaráðherra þurfi að gegna mikilvægum skyldum erlendis. Hún hefur hér lögmæt forföll og ég hef allan skilning á því. Á móti kemur að við hljótum að fresta þessu máli þar til hún kemur aftur, það er ekkert flóknara en það. Erum við í einhverju tímahraki? Er þessu að ljúka á eftir, eða hvað?

Ég vek líka athygli á því að það eru ýmis önnur stjórnarfrumvörp í gangi í þinginu sem við gætum tekið til við, svo að ég tali nú ekki um fjölmörg þingmannafrumvörp, og þá einkanlega frá stjórnarandstöðunni. Hér eru næg verkefni. Ég vil líka halda því mjög ákveðið til haga að ég hef fullt traust á hv. formanni menntamálanefndar, að hann geti haldið umræðunni gangandi. Einfaldleikinn er bara þessi og venjan er sú í þessum sal, og ég ætla að vona að menn fari ekki að gefa frekari afslátt á því, að ráðherrum ber, sjálfra sín vegna ekki síst og stöðu sinnar vegna í henni pólitík, að vera viðstaddir og taka þátt í hinni pólitísku umræðu. Þróunin hefur því miður verið á þann veg að á því hefur verið að slakna mjög verulega. Þau hafa ekki haft nennu til þess að standa hér fyrir máli sínu. Þetta vitum við öll.

Að lyktum segi ég, herra forseti, aðeins þetta um starfshætti þingsins að séu ráðherrar ríkisstjórnarinnar uppteknir við annað eru þeir a.m.k. ekki uppteknir við það að búa hér út þau stjórnarfrumvörp sem þeir lofuðu á haustdögum. Það eru komin 50 stjórnarfrumvörp af þeim 112 sem listinn langi gaf til kynna að ættu að koma fram á þessu þingi. Ég spyr: Hvað dvelur orminn langa? Ekki eru þau a.m.k. upptekin við stjórnarfrumvörpin.

[14:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er auðvitað alveg ljóst, það held ég að við hljótum öll að geta verið sammála um sem höfum fylgst með störfum Alþingis lengi, að kæruleysi ráðherra almennt gagnvart því að sinna þingskyldum sínum fer vaxandi. Viðvera þeirra hér á ráðherrabekkjum er sífellt minni og það sem alvarlegast er og ég hef áður gagnrýnt er að því miður hefur yfirstjórn þingsins gefið eftir í þessum efnum og gerir ekki gangskör að því að réttmætar óskir þingmanna um að ráðherrar séu til staðar og til svara séu virtar. Það var alsiða áður að fresta umræðum og láta ráðherra hafa hitann í haldinu ef þeir voru ekki hér til að fylgja málum sínum eftir í gegnum þingið. Forusta þingsins studdi þingmenn og stóð í lappirnar fyrir hönd þingsins með því að láta ráðherrana ekki komast upp með það að sinna ekki þingskyldum sínum og embættisskyldum að þessu leyti sem þeir hafa burt séð frá því hvort þeir eru kjörnir þingmenn eða ekki.

Auðvitað metur hæstv. menntamálaráðherra það sjálf hvort hún telur einhverjar skyldur á erlendri grund mikilvægari en þær sem hún hefur að gegna hér heima en þá stjórnar hún því ekki jafnframt úr fjarlægð hvað er á dagskrá Alþingis. Það á forseti að gera og það á hann helst að gera í góðu samstarfi við þingmenn og formenn þingflokka.

Þegar hér koma fram fullkomlega réttmætar og rökstuddar óskir um það að úr því að hæstv. menntamálaráðherra þarf að vera erlendis sé þetta mál látið bíða og önnur

tekin fyrir á meðan eru það auðvitað engin viðbrögð af hálfu hæstv. forseta að þegja þunnu hljóði og að formenn þingflokka stjórnarliðsins komi hér með útúrsnúningaþvælu af því tagi sem þeir hafa gert, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og Hjálmar Árnason. (Gripið fram í.) Síðan hvenær varð 2. umr. um þingmál eitthvað annars eðlis en 1. eða 3. umr.? Síðan hvenær var það þannig að ráðherra sé algerlega stikkfrí og þurfi ekki að vera til svara pólitískt við 2. umr.? Er hann ekki áfram ráðherra? Fer hann ekki áfram með framkvæmdarvaldið? Hefur hann ekki áfram sömu þingskyldur? Og fer ekki málið í hans hendur til framkvæmda ef Alþingi gerir það að lögum? Auðvitað er þetta málflutningur sem ekki stenst.

Það er leiðinlegt að heyra hv. þm. Einar K. Guðfinnsson *tala hér niður til þingmanna, tala um þá eins og óreynda kjána* sem hann þurfi að fara að kenna stafrófið. (**EKG:** Þú lætur þannig.) Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson — þú þarft ekki að kenna mér stafrófið í vinnubrögðum Alþingis. (Gripið fram í.) Það er bara einfaldlega þannig.

Hvernig er það t.d. við 2. umr. fjárlaga, dettur einhverjum í hug að þá séu ráðherrar stikkfrí af því að fjárlögin séu á höndum þingsins? Nei, það er órofa hefð fyrir því að þá séu ráðherrarnir hér við og svari spurningum. Það er líka vitað að ráðherrar gefa stundum pólitískar yfirlýsingar, yfirlýsingar sem geta haft lögskýringargildi, og þær geta nákvæmlega eins komið fram við 2. umr. eins og 1. eða 3. Þessi málflutningur hrynur um sjálfan sig. Ég vil gjarnan heyra hvað forseti hefur um þetta að segja, þingreyndur maðurinn. Ætlar hann að leka niður fyrir framkvæmdarvaldinu í þessu tilviki eins og fleirum?

(**Forseti** (HBl): Hann stendur nú traustum fótum.)

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil minna hv. þingmenn á að beina orðum sínum til forseta. Hv. 5. þm. Norðaust. og hv. 4. þm. Norðvest., (Gripið fram í.) jafnvel þótt þeir grípi fram í hvor fyrir öðrum, ber að beina orðum sínum til hæstv. forseta.

Ég vil ítreka það sem ég áður sagði. Hér er staðgengill menntamálaráðherra mætt. Ég óskaði sérstaklega eftir því að hún yrði hér við umræður og vona ég og raunar veit að hún getur leyst úr þeim spurningum sem hv. þingmenn vilja beina til hennar.

[15:04]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Kannski er ekki miklu við það að bæta sem hefur komið fram í umræðunni. Við erum að upplifa það að mínu viti að hér er verið að afgreiða Alþingi líkt og um einhvers konar afgreiðslustofnun væri að ræða. Við lásum í Morgunblaðinu ekki fyrir margt löngu fyrirmæli eða tilskipanir frá menntamálaráðherra þess efnis að nú sé fyrirhugað að í gegnum þingið fari frumvarp til breytinga á Ríkisútvarpinu. Hér tala fulltrúar meiri hlutans og þingflokksformenn stjórnarflokkanna á þann veg að engu máli skipti hverjir séu viðstaddir umræðuna og hverjir ekki. Orð hæstv. menntamálaráðherra í umræðu af þessum toga skipta miklu máli, sérstaklega þegar verið er að ræða mál sem á sér ekki fordæmi og mun án efa verða skoðað mjög vandlega þegar fram líða stundir. Hér segja hv. þingmenn einfaldlega: Það skiptir ekki máli. Og hæstv. forseti lýsir því yfir að aðrir geti hlaupið í skarðið rétt á meðan umræðan fer hér fram.

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að það sé sorglegt fyrir hið háa Alþingi hvernig forseti afgreiðir þessi mál.

[15:05]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka fram af þessu tilefni að ekki er ástæða til að efast um að umræðan fari fram þannig að Alþingi megi verða til sóma.

[15:05]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er oft lærdómsríkt að nálgast viðfangsefni af þessum toga með dæmum. Ég nefndi í fyrri ræðu minni dæmi af samskiptum hæstv. forseta Halldórs Blöndals og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Mig langar að kasta upp annarri hugsun sem lýtur að fyrri störfum hæstv. forseta, Halldórs Blöndals. Dytti nokkrum manni það í hug í þessum sal að fyrrverandi landbúnaðarráðherra, Halldór Blöndal, hafi ekki verið hér á vettvangi á Alþingi þegar 2. umr. búvörulaga stóð yfir? Kemur nokkrum til hugar að Halldór Blöndal, hæstv. forseti, hafi ekki verið viðstaddur þá umræðu sem landbúnaðarráðherra? Auðvitað ekki. Dettur nokkrum manni í hug að hæstv. forseti Halldór Blöndal, þáverandi samgönguráðherra, hafi verið fjarri þegar síðari umræða endurskoðunar vegáætlunar var hér á dagskrá á sínum tíma? Auðvitað ekki.

Ég held að þetta segi allt. Á þeim árum datt engum í hug að fara fram með stórmál af þeim toga sem hér um ræðir án þess að ráðherrann sem fer með málið, ber pólitíska ábyrgð á því, væri hér viðstaddur og tæki fullan þátt í umræðunni. Þannig var það a.m.k. á árum áður, hæstv. forseti. (**LB:** Sú var tíðin.) Sú var tíðin.

[15:07]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég þakka nú fyrir að við getum loksins hafið þessa umræðu. Skrípaleikur stjórnarandstöðunnar er alveg með ólíkindum og hefur ekki verið henni til framdráttar. Hann er væntanlega skilaboð til þessara 2.500 nemenda sem bíða eftir að þetta frumvarp verði afgreitt.

Ég mæli fyrir nefndaráliti um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Árnason og Val Árnason frá menntamálaráðuneyti, Inga Boga Bogason frá Samtökum iðnaðarins, Gísla Tryggvason frá Bandalagi háskólamanna, Einar H. Jónsson frá Tæknifræðingafélagi Íslands, Loga Kristjánsson frá Tæknifræðingafélagi Íslands og Verkfræðingafélagi Íslands, Guðfinnu Bjarnadóttur, rektor Háskólans í Reykjavík, Stefaníu Katrínu Karlsdóttur, rektor Tækniháskóla Íslands, Sverri Sverrisson, formann háskólaráðs nýs háskóla sem fyrirhugað er að stofna, Bjarka Brynjarsson frá Háskólanum í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands, Sigurjón Valdimarsson og Mörthu Hjálmarsdóttur, fulltrúa kennara við Tækniháskóla Íslands, og Ásgeir Ingvason og Gunnar Hall, fulltrúa nemenda við sama skóla.

Frumvarpið var sent til umsagnar og bárust svör frá Samtökum atvinnulífsins, Verkfræðingafélagi Íslands, Tæknifræðingafélagi Íslands, Bandalagi íslenskra námsmanna, Félagi tækniháskólakennara, Háskólanum á Akureyri, Bandalagi háskólamanna, Iðnnemasambandi Íslands og verkfræðideild Háskóla Íslands. Þá barst athugasemd frá Gunnari Hall fulltrúa nemenda við frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að lög um Tækniháskóla Íslands verði felld úr gildi 1. júlí nk. og rekstri skólans hætt í tilefni af fyrirhugaðri sameiningu skólans og Háskólans í Reykjavík í nýjum háskóla. Fyrirhuguð sameining byggist á viljayfirlýsingu menntamálaráðherra, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Verslunarráðs Íslands um stofnun einkahlutafélags sem tekur við starfsemi skólanna, dags. 19. október 2004, sbr. fylgiskjal I.

Við umfjöllun málsins vöknuðu ýmsar spurningar meðal nefndarmanna varðandi væntanlegt fyrirkomulag náms eftir að Tækniháskólinn hefur verið lagður niður auk annarra atriða enda ekki miklar upplýsingar um það að finna í athugasemdum við frumvarpið. Meiri hlutinn bendir á að fyrir liggja skrifleg svör frá rektorum Háskólans í Reykjavík, HR, og Tækniháskóla Íslands, THÍ, Sverri Sverrissyni og Bjarka Brynjarssyni, sem þeir skiluðu sameiginlega til nefndarinnar þar sem ekki náðist að svara spurningum nefndarmanna munnlega á fundi sökum tímaskorts. Í þeim er komið inn á flest álitamálin og ýmsar gagnlegar upplýsingar veittar og telur meiri hlutinn rétt að geta helstu atriðanna.

Í fyrsta lagi var spurst fyrir um tæknifræðinámið en við umfjöllun málsins var lýst áhyggjum af því hvort til stæði að fella niður einhverjar greinar þess og einnig hvort ekki væri hætta á því að nemendur mundu frekar kjósa að stunda tæknifræðinám erlendis þar sem engin skólagjöld væru innheimt. Í svörunum kemur fram að lögð verði mikil áhersla á tæknifræðinámið í hinum nýja háskóla, m.a. með því að bjóða í fyrsta sinn hér á landi framhaldsnám til MSc í tæknifræði. Efnislegt innihald allra námsbrauta í tæknifræði muni haldast óbreytt, en áherslusvið verði skýrð. Þannig verði tölvu- og upplýsingafræði t.d. færð undir rafmagnstæknifræði sem valsvið. Slík skipulagsbreyting sé alls ekki til þess gerð að minnka vægi tæknifræðinámsins í sameinuðum háskóla. Í þessu sambandi bendir meiri hlutinn á að fyrir liggur yfirlýsing frá menntamálaráðuneyti, dags. 3. febrúar 2005, þar sem m.a. kemur fram að stefnt sé að því að framboð í tæknigreinum verði eflt og aukið á komandi árum. Hvað varðar skólagjöldin kemur fram í svörunum að innheimta þeirra geri skólanum kleift að efla námið enn frekar og það muni því styrkja stöðu háskólans í samkeppni við erlenda tækniháskóla. Kostnaður nemenda við að stunda nám erlendis sé umtalsverður og því sé talið að hófleg skólagjöld á Íslandi vegi þar lítið. Auk þess sé æskilegt að hluti námsmanna stundi háskólanám erlendis eins og verið hefur.

Spurt var í öðru lagi hvernig samstarfi milli háskóla og rannsóknastofnana yrði háttað. Í svörunum kemur fram að THÍ hafi átt mjög gott og farsælt samstarf við rannsóknastofnanir og hafi gert samstarfssamninga við Iðntæknistofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Íslenskar orkurannsóknir. Nýr háskóli muni halda samstarfinu áfram og fyrirætlanir séu um enn meira og markvissara samstarf. Eitt af markmiðum nýja háskólans sé að auka rannsóknir á sviði tæknifræði og verkfræði í nánu samstarfi við rannsóknastofnanir. Það sé mjög mikilvægt að framtíðarhúsnæði og staðsetning háskólans leyfi náið samstarf og jafnvel sambýli við rannsóknastofnanir.

Spurt var í þriðja lagi um fyrirkomulag frumgreinadeildar (nám til undirbúnings frekara námi við háskóladeildir THÍ), einkum hvar hún yrði staðsett og hvort skólagjöld yrðu innheimt. Í svörunum kemur fram að nýr háskóli muni sinna náminu með sama hætti og var í THÍ. Skólagjöld verði ekki innheimt í frumgreinadeild, deildin sé í raun ekki eins og háskóli, í því námi séu ekki stundaðar rannsóknir heldur einungis lögð áhersla á góða kennslu. Hvað varðar þá nemendur sem þegar hafa innritað sig í frumgreinadeild og stefna í kjölfarið á nám í hinum nýja háskóla var upplýst síðar í umfjölluninni af hálfu formanns háskólaráðs hins nýja háskóla og fulltrúa nemenda við frumgreinadeild THÍ að samkomulag hefði náðst þess efnis að umræddir nemendur fengju fyrstu tvö árin frítt í allar deildir en þyrftu að greiða fyrir síðasta árið. Fulltrúi nemenda lýsti yfir almennri ánægju með þetta samkomulag. Telur meiri hlutinn mikilvægt að góð sátt hafi náðst um málið. Þá kemur fram í svörunum að það sé mikið hagsmunamál fyrir háskólann að halda frumgreinanáminu sem sterkustu og að hið opinbera haldi áfram stuðningi við það, eins og verið hefur.

Spurt var í fjórða lagi hver greiði skólagjöld vegna núverandi THÍ-nemenda sem flytjast í nýjan háskóla, nánar tiltekið hvort sérstakur samningur væri við menntamálaráðuneyti vegna þessara nemenda um skólagjöldin. Í svörunum kemur fram að háskólanemar í THÍ hafi greitt innritunargjöld en ekki skólagjöld. Þegar nýr háskóli taki til starfa muni þeir stúdentar sem nú þegar eru í háskólanámi í THÍ halda áfram að greiða gjöld sem séu í samræmi við þau innritunargjöld sem ríkisháskólar innheimta. Þannig haldi þessir nemendur áfram námi án þess að greiða svokölluð skólagjöld. Menntamálaráðuneyti hafi enga samninga gert um greiðslu skólagjalda fyrir þessa nemendur.

Í fimmta lagi var spurt um fyrirkomulag heilbrigðisdeildarinnar. Í svörunum kemur fram að fyrir liggi að námið muni flytjast yfir til Háskóla Íslands, þrýstingur hafi verið frá stéttarfélögum meinatækna og geislafræðinga um flutning þangað. Í yfirlýsingu menntamálaráðuneytisins, dagsettri 3. febrúar 2005, sem áður er getið, áréttar ráðuneytið að það hafi síðastliðið haust haft frumkvæði að viðræðum við forsvarsmenn Háskóla Íslands og stjórn hins sameinaða háskóla um fyrirkomulag kennslu í meinatækni og geislafræði. Í kjölfar þess hafi það orðið að samkomulagi og ráðuneytið ákveðið að í haust skyldi kennsla hefjast við læknadeild Háskóla Íslands í umræddum námsgreinum sem til þessa hafi verið kenndar í Tækniháskóla Íslands. Þeir nemendur sem þegar stundi nám í þessum greinum við Tækniháskóla Íslands muni ljúka námi sínu við nýjan sameinaðan háskóla. Fari þessi flutningur því fram í fullu samráði við báða skólana og sé það í samræmi við eindreginn vilja viðkomandi fagfélaga.

Í sjötta lagi var spurt um réttindi starfsmanna og tímaramma. Í svörunum kemur fram að lögð verði áhersla á að tryggja sem best réttindi stúdenta og starfsmanna í samrunaferlinu. Stjórnarformaður hins nýja háskóla hafi tilkynnt starfsmönnum Tækniháskóla Íslands að allir fái samning við skólann. Varðandi tímarammann kemur fram að samkvæmt frumvarpinu sé gert ráð fyrir að Tækniháskóli Íslands verði lagður niður 30. júní næstkomandi. Gert sé ráð fyrir að öllum starfsmönnum Tækniháskóla Íslands verði tilkynnt 31. mars næstkomandi að niðurlagning skólans jafngildi uppsögn. Hinn nýi háskóli hafi skuldbundið sig til að taka við öllum starfsmönnum Tækniháskóla Íslands til starfa. Sama eigi við um starfsmenn Háskólans í Reykjavík, þeir muni hætta starfi hjá Háskólanum í Reykjavík og verða starfsmenn sameinaðs háskóla, ekki sé heldur gert ráð fyrir að nokkrum starfsmanni Háskólans í Reykjavík verði sagt upp störfum. Síðar við umfjöllunina upplýsti formaður nýs háskólaráðs að nú væri að störfum nefnd þriggja lögfræðinga sem hefði það hlutverk að tryggja að í hvívetna yrði gætt að réttarstöðu starfsmanna Tækniháskóla Íslands, m.a. væri verið að skoða lífeyrissjóðsmál starfsmanna.

Í sjöunda lagi var spurt hvernig samstarfi við framhaldsskóla yrði háttað. Í svörunum kemur fram að samstarf við framhaldsskóla þurfi að efla. Fram undan sé öflugt kynningarstarf meðal starfsmanna og stjórnenda framhaldsskóla landsins. Meðal þess sem tekið verði fyrir sé athugun á hvernig samstarfi nýja skólans og framhaldsskólanna skuli háttað, hvernig því verði best fyrir komið. Nokkuð ítarleg umræða fór fram um hvers vegna hlutafélagaformið hafi verið valið fram yfir sjálfseignarstofnun, hvort akademísku frelsi kennara verði ekki stefnt í hættu. Í svörunum kemur fram að hlutafélagaformið sé almennt heppilegra, hlutafélagalöggjöf geri ráð fyrir að hægt sé að stofna félag sem ekki sé rekið í hagnaðarskyni en svo sé gert í 2. gr. stofnsamþykkta hins nýja félags sem ætlað er að reka sameinaðan háskóla, samanber fylgiskjal II með þessu nefndaráliti. Þar komi fram að hlutverk félagsins sé ekki að afla hluthöfum þess fjárhagslegs ávinnings af rekstri, heldur renni hugsanlegur hagnaður til frekari uppbyggingar starfseminnar. Þá eru kostir hlutafélagaformsins nánar raktir og færð rök fyrir því að akademísku frelsi sé ekki ógnað með breyttu rekstrarformi. Tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið sem þar koma fram.

Spurt var um setu fulltrúa starfsmanna og nemenda í háskólaráði. Í svörunum kemur fram að hlutverk háskólaráðs sé m.a. að ákvarða námsframboð og móta framtíðarstefnu fyrir háskólann og veita honum stuðning, aðhald og eftirlit þannig að hann ræki hlutverk sitt af kostgæfni. Í störfum sínum geti háskólaráð fengið starfsmenn og nemendur til ráðgjafar eftir því sem við á hverju sinni. Lögð sé áhersla á að gott upplýsingaflæði sé frá framkvæmdastjórn til nemenda og starfsmanna og öfugt þannig að báðir hópar geti komið ábendingum og óskum til háskólaráðs í gegnum framkvæmdastjórn. Þessi háttur hafi verið viðhafður í Háskólanum í Reykjavík frá stofnun skólans og ekki verið gagnrýndur, hvorki af nemendum né starfsmönnum.

Meiri hlutinn leggur áherslu á að eðlileg þátttaka starfsmanna og nemenda í stjórn skólans verði tryggð og að þeim samskiptum verði fundinn eðlilegur farvegur. Meiri hlutinn fagnar frumvarpi þessu og telur að fyrirhuguð sameining skólanna muni efla verkfræði- og tæknifræðinám enn frekar hér á landi sem og atvinnulífið og fjölga tækifærum námsmanna til framtíðar. Meiri hlutinn leggur áherslu á að þau atriði sem nefnd hafa verið hér að framan verði höfð að leiðarljósi við undirbúning hins nýja háskóla, einkum er varðar eflingu tæknifræðináms, samstarf við rannsóknastofnanir og framhaldsskóla, að frumgreinanámið haldi vægi sínu og að réttindamálum starfsmanna og nemenda verði sinnt af kostgæfni.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Frumvarpið hefur verið gagnrýnt af hálfu stjórnarandstæðinga. Ég kem kannski að nefndarálitum þeirra seinna en þau eru afar sérkennileg svo vægt sé til orða tekið, en bæði fulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingarinnar eru á móti frumvarpi.

Undir nefndarálit meiri hlutans skrifa auk mín háttvirtir þingmenn Dagný Jónsdóttir, Hjálmar Árnason, Kjartan Ólafsson og Sigurður Kári Kristjánsson. Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Rétt til að fara í gegnum það atriði sem helst hefur verið gagnrýnt og menn hafa reynt að gera tortryggilegt, þ.e. hvers vegna hlutafélagaformið er valið fram yfir sjálfseignarstofnunarformið. Þá er rétt, með leyfi forseta, að vitna í umsögn frá rektor Háskólans í Reykjavík, Guðfinnu Bjarnadóttur:

„Reynsla okkar og kynni af þessum tveimur formum hefur sannfært okkur um að hlutafélagaformið sé almennt heppilegra þó alls ekki beri að gera lítið úr sjálfseignarstofnunum. Hlutafélagalöggjöf gerir ráð fyrir að hægt sé að stofna félag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni, en svo er gert í annarri grein stofnsamþykkta hins nýja félags sem ætlað er að reka sameinaðan háskóla. Þar kemur fram að hlutverk félagsins er ekki að afla hluthöfum þess fjárhagslegs ávinnings af rekstri heldur rennur hugsanlegur hagnaður til frekari uppbyggingar starfseminnar.

Margir tengja saman félagsform annars vegar og hagnaðarmarkmið hins vegar. Það er ekkert sem segir til um það að sjálfseignarstofnun geti ekki eða eigi síður að skila hagnaði en hlutafélag. Gert er ráð fyrir í lögum að hagnaður sjálfseignarstofnunar renni til starfseminnar sjálfrar eða þess málefnis sem hún starfar fyrir. Félagsformið hlutafélag þarf ekki heldur að skila eigendum sínum beinum fjárhagslegum ávinningi. Erlendis kallast þetta „non-profit-organizations“ ... Nefna má aðra menntastofnun sem er hlutafélag og það er Menntafélagið ehf. sem rekur Stýrimannaskólann og Vélskólann. Þessi hlutafélög, Menntafélagið ehf. og Hástoð ehf., sem mun reka hinn sameinaða háskóla hafa samkvæmt lögum (samþykktum) félaganna ekki heimild til að greiða eigendum sínum arð eða veita þeim á nokkurn annan hátt beinan fjárhagslegan ávinning. Ef fjárhagslegur afgangur verður af rekstrinum skal hann renna til starfsemi viðkomandi menntastofnunar. Fjárhagslega séð þarf því enginn munur að vera á þessum tveimur rekstrarformum, hlutafélagi og sjálfseignarstofnun.

Háskólinn í Reykjavík hefur reynslu af sjálfseignar-

stofnunarforminu. Það hefur einmitt komið í ljós við þann rekstur að sjálfseignarstofnunarformið er ekki í öllum tilvikum hentugt, þótt tekist hafi að sneiða hjá göllunum. Það hefur tekist í tilviki Háskólans í Reykjavík vegna þess að Verslunarráð Íslands hefur eitt verið staðfastur bakhjarl háskólans og tekið á sig fulla ábyrgð og forustu. Framkvæmdastjórn Verslunarráðsins hefur sinnt hlutverki sínu vel og tryggt það að háskólaráð Háskólans í Reykjavík væri vel skipað. Lög um sjálfseignarstofnanir gera aftur á móti ráð fyrir að enginn eigi sjálfseignarstofnanir og þær geta því orðið munaðarlausar og stjórnast einvörðungu af starfsmönnum. Hugarfarið á bak við sjálfseignarstofnun er nánast það að þegar einhver hefur stofnað hana og lagt fram peninga í stofnfé þá sé afskipta viðkomandi ekki óskað frekar. Það er afar ábyrgðarlaust að reka háskóla með þeim hætti, sérstaklega þegar hlutverk háskólans er að styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og taka að sér veigamikið hlutverk á háskólastigi með samruna Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands."

Enn held ég áfram með svör Guðfinnu Bjarnadóttur, rektors Háskólans í Reykjavík, með leyfi forseta:

„Þegar fleiri aðilar verða bakhjarlar sameinaðs háskóla, Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands, og leggja fram fjármuni er eðlilegt að nota hlutafélagaformið. Þannig er tryggt að allir hafi aðkomu að stjórn og eigi sinn hlut og skyldur í þessu félagi. Einnig er ljóst hvar ábyrgðin liggur. Að öðru leyti er engin breyting á starfsemi eða stjórnun skólans nema ábyrgð bakhjarlanna er skýrari og þar með sá stuðningur sem veittur er. Þegar nýr háskóli þarf að ráðast í fjárfestingar í nýju húsnæði, tækjabúnaði og rannsóknum þá er ómetanlegt að hafa „eigendur" sem axla ábyrgð. Það skiptir t.d. lánveitendur miklu máli og getur haft áhrif á lánakjör."

Enn held ég áfram að vitna í sömu umsögn:

„Í raun verður engin breyting á akademísku frelsi Háskólans í Reykjavík, sem rekinn var sem sjálfseignarstofnun með Verslunarráð Íslands sem bakhjarl, við sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands þar sem Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins bætast við sem bakhjarlar og hluthafar í félagi um rekstur háskólans.

Það sem skiptir máli er hvernig háskólaráðin starfa. Hlutverk háskólaráðs er að móta stefnu fyrir háskólann og veita síðan skólanum stuðning, aðhald og eftirlit þannig að hann reki hlutverk sitt af kostgæfni. Hvað varðar Háskólann í Reykjavík þá sér framkvæmdastjórn skólans, sem er skipuð rektor, deildaforsetum og framkvæmdastjóra, um öll mál sem snúa að daglegri starfsemi. Það breytir engu hvort um hlutafélag eða sjálfseignarstofnun er að ræða. Þar ríkir akademískt frelsi til kennslu, þekkingarleitar, rannsókna og þar ríkir ekki utanaðkomandi þrýstingur. Það er aftur gríðarlega mikilvægt að hafa háskólaráð sem stuðningsaðila með reynslu og þekkingu úr hinum mismunandi greinum íslensks atvinnulífs. Hlutverk háskólaráðs er aftur á móti ekki að hlutast til um innri málefni, skoðanaskipti og ágreining um akademísk málefni.

Niðurstaðan var því sú að hlutafélagaformið sé heppilegra rekstrarform fyrir háskóla sem er með marga bakhjarla og þarf stuðning þeirra og þá sérstaklega meðan ekki er til sérstök löggjöf um almenn félög þar sem fjárhagslegur ágóði eigendanna er ekki höfuðmarkmið."

Þetta segir í svörum rektors Háskólans í Reykjavík, Guðfinnu Bjarnadóttur, til menntamálanefndar.

Varðandi nefndarálit Samfylkingarinnar og Vinstri grænna þá er kannski rétt að koma að þeim seinna. Það vekur samt athygli mína sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, sem er fulltrúi Vinstri grænna í menntamálanefnd, segir í sínu áliti. Þar er lagt til að frumvarpið verði fellt. Hv. þingmaður leggur sem sagt til að Tækniháskólinn verði sameinaður Háskóla Íslands. Það er eins og ein ágæt sjónvarpsstjarna fyrri ára Marteinn Mosdal sagði, en hann var á sviparði skoðun og hv. þingmaður. *Hann vildi hafa einn ríkisháskóla, hann vildi hafa ríkið í öllu* og það vilja Vinstri grænir, hafa ríkisrekstur á öllu. Ef það er eitthvað „einka" þá er það bannað. Það að sameina þessa skóla í einn er ekki nokkur leið eða að það geti verið einkarekstur í skólastarfsemi á Íslandi. Það á að vera bannað. **(Gripið fram í:** Hvar var þetta?) Sjón er sögu ríkari og væntanlega gerir hv. þingmaður okkur grein fyrir þessu *í nefndarálitinu* en við ræðum það seinna.

Þegar maður les síðan nefndarálitið frá Samfylkingunni þá veit maður ekki hvort maður er að koma eða fara. En samt er undirtónninn þar hinn sami, að vilja hafa einn ríkisháskóla í tækninámi á Íslandi. **(BjörgvS:** Það er rangt.) Ég ætla bara, hv. þm. Björgvin Sigurðsson, að vitna í þetta seinna þegar þú ert búinn að lesa þetta. Ég held að það sé mjög gott fyrir þingmenn og aðra sem á hlusta að leggja vel við hlustir þegar þú ferð yfir þetta nefndarálit.

[15:29]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. formanni menntamálanefndar fyrir bráðskemmtilega ræðu og ýmsa sérkennilega útúrsnúninga úr skoðun okkar á málinu. Hvað varðar hlutafélagaformið í samanburði við sjálfseignarstofnunarformið þá munum við ræða það síðar í umræðunni enda ekki hægt að gera því skil á einni mínútu. Við munum kynna tillögu okkar til lagabreytinga þess efnis í umræðunni sjálfri.

Ég tek það fram vegna orða hv. formanns nefndarinnar að ég styð eindregið rekstur einkarekinna skóla á háskólastigi. En menn skulu líka fara að settum reglum og gæta þess að vel sé að verki staðið þegar unnið er að sameiningu slíkra menntastofnana.

Ég vildi síðan spyrja hv. formann menntamálanefndar: Telur hann ekki koma til greina og vera mikilvægt að koma á laggirnar námi í tæknifræði við opinberan skóla, t.d. Iðnskólann í Reykjavík eða Háskóla Íslands, til að nemendum bjóðist tæknifræðinám án þess að þurfa að borga fyrir það há skólagjöld í einkareknum skóla og tryggja þar með jafnrétti til tækniáms?

[15:30]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get verið sammála hv. þingmanni um að það borgi sig kannski ekki að hafa of marga háskóla úti um landið. Ég held að þeir eigi að vera einhverjir, en ekki kannski eins margir og þeir eru í dag og þá verði svona

markvissari kennsla og annað slíkt. Ef taka á upp slíka kennslu í Iðnskólanum þá held ég að það komi til greina í framtíðinni. Ég held að samfélagið hér eigi eftir að breytast verulega á næstu 10, 15 árum á svipaðan hátt og gerðist í Finnlandi og ég held að þetta form eigi eftir að breytast enn frekar í framtíðarhátæknisamfélagi á Íslandi.

Varðandi rekstrarformið á þessum nýja háskóla þá ræðum við það hér síðar. Ég tel að þetta komi til greina, en það má ekki hafa skólana of marga til að dreifa ekki kröftunum.

[15:31]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Ég tek undir það. Ég held að það sé vel skoðunar virði að sameina skóla á háskólastigi, auka samvinnu þeirra frekar og er það partur af umræðunni hér, en lítill tími gefst í þessu stutta andsvari. Við ræðum það betur á eftir.

Hv. formaður menntamálanefndar tók jákvætt í það að kannað verði að taka upp nám í tæknifræðum t.d. við Iðnskólann í Reykjavík og það byggt þannig upp. Ég held að það væri mjög farsæl þróun og bíð spenntur eftir að heyra viðhorf þingmanna við því í umræðunni í dag af því að við erum náttúrlega að ræða um framtíð tæknifræðanna. Við erum að tala um grundvallarbreytingu á skólastiginu þar sem verið er að setja nám í tæknifræðum inn í einkarekinn skóla sem er auk þess einkahlutafélag og námið einungis aðgengilegt gegn háum skólagjöldum. Því vildi ég gjarnan heyra hv. formann nefndarinnar koma aðeins betur að því hvenær hann sjái það gerast að nám í tæknifræðum hefjist t.d. við Iðnskólann í Reykjavík eða Háskóla Íslands?

[15:32]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki svarað því hvenær það verður, það er bara spurning um hvernig þróunin í þessu verður. Verður þróunin tæknifræðinám sem er styttra en í dag, eða verður það eins og nú virðist vera tilhneigingin að menn að fari í lengra nám? Eftir BS-nám fer fólk nánast orðið undantekningarlaust í meistaranám og í auknum mæli síðan áfram í doktorsnám. Ég tel að starfstengt nám sem væri styttra en núverandi tæknifræðinám geti komið til greina. Eins og ég sagði fórum við, hluti menntamálanefndar, og skoðuðum þessi mál í Finnlandi fyrir tveimur og hálfu ári. Þar hafa þeir notað þetta kerfi og gengið vel, en auðvitað þarf að skoða það að skólarnir hafi bæði burði og annað til að gera slíka hluti.

[15:33]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er óhjákvæmilegt að endurtaka nokkrar spurningar frá 1. umr. um þetta mál, vegna þess að þá gerðist það að hæstv. menntamálaráðherra hafði ekki svör á reiðum höndum varðandi ýmislegt sem hér er fjallað um. Á ég þar sérstaklega við rekstrarform þeirrar stofnunar sem hér er rætt hvað mest um.

Það er athyglisvert að í nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar er tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í svörum sem send hafa verið til nefndarinnar varðandi hlutafélagaformið. Það verður að segjast eins og er, frú forseti, að þar eru nær engin rök fyrir því að þetta form er valið. Það er því nauðsynlegt að hv. þm. Gunnar Birgisson, formaður nefndarinnar, skýri það hvernig á því stendur að hlutafélagaformið er valið fram yfir sjálfseignarstofnunarformið. Það liggur ljóst fyrir að Háskólinn í Reykjavík hefur verið rekinn með því formi. Ekki var kunnugt um að þar væri nokkur vandi. Það kemur hins vegar fram í svörum að þar sé einhver vandi, hann er ótilgreindur, þannig að svörin eru enn jafnóljós. Því er nauðsynlegt að hv. þingmaður upplýsi það nú strax við upphaf umræðunnar hvernig á því standi að þetta rekstrarform var valið fram yfir sjálfseignarstofnunarformið.

[15:35]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rétt til að svara þessu þá var það ekki meiri hluti menntamálanefndar sem ákvað það að tekið yrði upp hlutafélagaform í staðinn fyrir sameignarfélagaform í rekstri þessa nýja háskóla, aftur á móti eru menn sammála forminu. Rektor Háskólans í Reykjavík og væntanlega hins nýja skóla, Guðfinna Bjarnadóttir, skýrði þetta ágætlega. Ég las fyrir þingheim áðan upp úr svörum hennar til nefndarinnar. Það sem m.a. kemur fram er að fleiri hluthafar hafa bæst við, fleiri aðilar að rekstri hins nýja skóla. Hlutafélagaformið gerir það að verkum að bæði er möguleiki að bæta fleirum við og ábyrgð þeirra er önnur og meiri. Ef ríkið vill ekki, einhvern tímann kannski, gera samning við Háskóla um áframhaldandi rekstur, þá er hægt að slíta félaginu á eðlilegan hátt í stað þess að mun erfiðara er að slíta sameignarfélagi og það sem er kannski aðalatriðið er að hlutafélagaformið tengir eigendurna langtum betur að stjórnun skólans.

[15:36]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þarna er væntanlega komin skýringin, þ.e. að þeir aðilar sem ætla að standa að þessari breytingu vilja hafa meiri áhrif á rekstur skólans og væntanlega á stefnumótun og þar af leiðandi vinna gegn hinu akademíska frelsi skólans. Það er væntanlega skýringin. Þetta er eiginlega eina svarið sem komið hefur fram sem er hægt að taka mark á.

Hinar skýringarnar að það séu þrír aðilar nú en hafi verið einn áður á bak við Háskólann í Reykjavík eru augljóslega eftiráskýringar sem ekki komu fram í upphafi.

Það er líka athyglisvert, frú forseti, að vekja athygli á því að í lögum um háskóla er gert ráð fyrir sjálfseignarstofnunarforminu, þar er gert ráð fyrir að það sé til staðar. Þrátt fyrir það tekur meiri hluti menntamálanefndar undir það álit þeirra aðila sem nú ætla að fara að reka háskóla að það sé afar ábyrgðarlaust að reka háskóla með þeim hætti, þ.e. sjálfseignarstofnunarforminu. Þetta er auðvitað afskaplega athyglisvert vegna þess að ekki er hægt að skilja lög um háskóla öðruvísi en að andi þeirra sé sá að ef skólarnir eru ekki ríkisháskólar eigi þeir að vera sjálfseignarstofnun. Hins vegar hefur tekist að fara í gegnum þingið með afar óljósan lagatexta þannig að í skjóli þess er þessi leið valin.

[15:37]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það stendur hvergi að þetta rekstrarform, þ.e. einkahlutafélag, vinni gegn akademísku frelsi í skólanum. Þetta eru fullyrðingar gamalla vinstri manna sem koma hér upp og ég átti ekki von á því frá hv. þingmanni að hann færi að beita slíkum brögðum hér.

Ég fullyrði það og margir sem hafa farið yfir þetta mál og ég held að eiginlega allir hafi verið sammála um málið í menntamálanefnd nema fulltrúi Vinstri grænna. Síðan hefur það gerst að fulltrúar Samfylkingarinnar eru allt í einu farnir að gera þetta form tortryggilegt, þ.e. þá sem eru að leggja mikla fjármuni til þessa skóla. (Gripið fram í.) Verið er að gera lítið úr þeim aðilum, eins og Samtökum iðnaðarins og fleirum, að þeir hafi eitthvað slæmt í hyggju og ætli að stjórna þessum skóla með eigin ráðum. (Gripið fram í.) Ég held að öllum mönnum gangi gott til við stofnun þessa háskóla. En það sem er og kemur fram hér hjá fulltrúum Samfylkingarinnar, er að þeir eru á móti stofnun þessa skóla.

[15:38]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst yfirgangur hv. formanns menntamálanefndar yfirgengilegur þegar hann í ræðu sinni áðan fylgir úr hlaði nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar og leyfir sér að vitna til nefndarálita sem ekki er búið að tala fyrir og vitnar þar að auki vitlaust í þau. (Gripið fram í.) Það er rangt hjá hv. þingmanni að ég hafi lagt það til í nefndaráliti mínu að Tækniháskóli Íslands yrði sameinaður Háskóla Íslands. Það er rangt og hv. þingmaður hefði átt að bíða eftir því að ég fylgdi mínu máli úr hlaði. Ég tel að hæstv. forseti hefði átt að stöðva hv. þingmann í þessum dónaskap, að vitna hér í gögn sem við erum ekki búin að tala fyrir. Við skulum hafa hlutina í réttri röð í þessari umræðu, virðulegi forseti, og ræða um þau nefndarálit sem fyrir liggja í þeirri röð sem mælt er fyrir þeim.

[15:39]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti nú von á einhverju svipuðu úr þessari átt frá þessum hv. þingmanni. Það er enginn yfirgangur að vitna í þingskjöl sem liggja frammi í þinginu. Ég bara vísa slíku á bug. Ég sagði í ræðu minni áðan að við mundum ræða minnihlutaálitin betur þegar búið væri að tala fyrir þeim. Þau eru þingskjöl og það má vel ræða þau enda þótt ekki sé búið að mæla fyrir þeim.

[15:40]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er lágmarkskrafa að hv. þingmenn vitni þá rétt í þau skjöl sem þeir ætla sér að vitna í en auðvitað ræðum við þau nefndarálit sem eftir er að mæla fyrir hér á eftir. Ég vil beina máli mínu til hv. þingmanns út af nefndaráliti meiri hlutans í þessu máli og segja að það nefndarálit er vægast sagt furðulegt því þar kemur ekkert fram um vilja meiri hlutans í málinu. Nefndarálitið gerir ekkert annað en rekja spurningar sem hv. stjórnarandstöðuþingmenn lögðu fyrir gesti nefndarinnar og svör við þeim spurningum. Það er aðeins í niðurlagslínum álitsins sem sjá má í einhverjum furðulegum yfirlýsingastíl einhvers konar yfirlýsingar frá meiri hluta nefndarinnar. Það er ekkert sagt um þau sjónarmið sem koma fram í svörunum sem rakin eru í nefndarálitinu. Ég auglýsi því hér eftir sjónarmiðum meiri hlutans í málinu í smáatriðum hvaða afstöðu hann hefur til þeirra svara sem gefin voru við spurningum stjórnarandstæðinga.

[15:41]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Loksins kom hv. þingmaður með einhverjar spurningar af viti. En svona rétt til að leiðrétta hv. þingmann, sem þarf nú oft að gera, þá voru það ekki eingöngu spurningar stjórnarandstöðunnar í nefndinni sem verið var að svara, það voru spurningar allra nefndarmanna. Það er ekki bara minni hlutinn sem situr þarna.

Það stendur hér, hv. þingmaður, í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar í lokaorðum sem ég las áðan að meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Búið er að fara í gegnum þessar spurningar og svör við þeim í nefndarálitinu og það sem meiri hlutinn telur. Ég bið hana bara endilega að lesa þetta í þaula áður en hún kemur og spyr hér næst.

[15:42]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kom upp til að leiðrétta það að ég hafi stutt nefndarálitið. Það er rétt að það komi fram að það hefur orðið misskilningur vegna þess að það kom fram á síðasta fundi menntamálanefndar að ég hafi verið jákvæður í garð frumvarpsins en óskað eftir að fá að sjá endanlega gerð nefndarálitsins. Ég fékk það ekki í hendur, þannig að ég óskaði þá eftir að nafn mitt væri tekið af stuðningi við það.

[15:43]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það stendur nú hér að hann sé sammála áliti þessu, með fyrirvara, og hann var búinn að gera þann fyrirvara. (Gripið fram í.) Það eru eiginlega ný tíðindi fyrir mig að hv. þm. Sigurjón Þórðarson sé allt í einu orðinn andvígur þessu frumvarpi. Ég vildi eiginlega fá betri skýringar hjá þingmanninum um málið. Þetta er orðið mjög sérkennilegt.

[15:43]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti 1. minni hluta menntamálanefndar vegna afnáms laga um Tækniháskóla Íslands. Ég mun einnig kynna hér breytingartillögu við frumvarpið sem við í 1. minni hluta, sá sem hér stendur og hv. þingmenn Mörður Árnason og Katrín Júlíusdóttir, flytjum. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Við bætist ný grein, 3. gr., svohljóðandi:

Við 3. málsl. 3. gr. laga nr. 136/1997, um háskóla, bætist: og skulu þeir þá vera sjálfseignarstofnanir.

2. Heiti frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 136/1997, um háskóla."

Þar leggjum við til að fái einkaaðilar heimild frá menntamálaráðherra til að stofna háskóla, þá skuli hann verða sjálfseignarstofnun. Þannig er tekið fyrir að um það geti verið að ræða að skólar á háskólastigi verði einkahlutafélög eins og hér er lagt til í stofnsáttmálum og samningum hæstv. menntamálaráðherra og þeirra sem skólann munu eiga samkvæmt þessu. En því miður tekur frumvarpið sem við ræðum einungis til afnáms laga um Tækniháskóla Íslands en tekur ekki til efnislegs innihalds eða inntaks hins nýja skóla. Þannig að aðkoman að málinu er svolítið snúin.

Við leggjum þessa breytingartillögu til og munum að sjálfsögðu skilyrða stuðning okkar við málið við það að sú breytingartillaga verði samþykkt við afgreiðslu málsins, þar sem tekið er fyrir það að um geti verið að ræða það eignarform sem hér er lagt til, að skólar á háskólastigi geti verið reknir sem einkahlutafélög með öllum þeim miklu göllum sem þar er á að finna þegar kemur að rekstri á skólastofnun eða slíkri opinberri þjónustu þó að formið henti ákaflega vel til reksturs ýmissa fyrirtækja. Það verður stutt í máli mínu og annarra þingmanna sem hér munu tala á eftir hvers vegna við teljum það svo óheppilegt að hafa eignarhaldið með þeim hætti og vísum sérstaklega í málflutning rektora annarra skóla svo sem Runólfs Ágústssonar, rektors Viðskiptaháskólans á Bifröst, sem finnur sjálfseignarstofnunarforminu allt til kosta og enga galla á því og er mál manna og skólasamfélagsins að það sé hið besta form til að sníða að rekstri einkarekinna háskólastofnana, sem eru að sjálfsögðu langflestar eða allar reknar að langstærstum hluta fyrir opinbert fé þó að þær hafi heimild til innheimtu skólagjalda þar ofan á. Það mun ég kynna betur á eftir.

Helstu atriðin sem við tókum til við umræðuna í nefndinni og verða kynnt hér í 2. umr. voru í fyrsta lagi afdrif frumgreinadeildarinnar sem er mjög nauðsynlegt og merkilegt fyrirbæri við Tækniháskóla Íslands og hefur skilað miklum árangri og mörgum iðnaðarmönnum inn í frekara nám.

Þá tökum við á því og ræðum að nám í tæknifræði standi einungis til boða í einkareknum skóla gegn skólagjöldum. Þá var ítarlega farið út í það af okkar hálfu að aðrir sameiningarkostir voru ekki skoðaðir, en ég tek fram að ég styð það að sameiningar skóla á háskólastigi, sem við ræðum um hér og aðrar, verði skoðaðar ítarlega. Ég held að það geti orðið námi á háskólastigi til góðs sé rétt að hlutum staðið og sé það ekki eyðilagt og gert tortryggilegt eins og það mál sem við ræðum nú af hálfu hæstv. menntamálaráðherra.

Þá ræðum við rekstrarform skólanna, aðdraganda málsins og það hvernig lagt er til að skipað verði í háskólaráð þar sem stjórn hins nýja skóla eða stjórn Hástoðar verði jafnframt háskólaráð og nemendur og kennarar eigi engan fulltrúa í háskólaráði, sem er mjög ámælisvert og vinnur gegn hverju því sem kalla má akademískt frelsi til að tryggja það að raddir skólasamfélagsins sem þrífst þar inni fái komið að rekstri og mótun skólans en ekki einungis fulltrúar eigenda, sem í þessu tilfelli er einkahlutafélag.

Þá ræðum við og leggjum til að leitað verði eftir því og kostir þess kannaðir að byggja upp tækninám við opinbera skóla til hliðar við hinn nýja einkarekna þannig að nemendur hafi í fyrsta lagi val hér innan lands. Í öðru lagi verði samkeppni á milli skóla um slíkt nám þannig að nám skólanna beggja verði betra og valfrelsi nemenda ríki um nám í tæknifræðum. Síðast en ekki síst að jafnrétti til náms í tæknifræðum verði tryggt þannig að ekki verði einungis um að ræða að nemendur eigi völ á því einungis að sækja nám hér innan lands í tæknifræði við einkarekinn skóla gegn háum skólagjöldum.

Þá ætla ég að gera sérstaklega grein fyrir áliti minni hlutans.

Að mati 1. minni hluta eru skólar á háskólastigi líklega of margir og skoða ber sameiningu þeirra eða nánari samvinnu. 1. minni hluti telur það geta verið góðan kost að sameina t.d. umræddra skóla, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, sem ég gat um hér áðan. Grundvallaratriði er að áfram verði jafnrétti til náms í tæknigreinum, að sameiningin verði til að styrkja tækninám og tryggt sé að skólastofnun, sem rekin er að stærstum hluta fyrir opinbert fé, verði ekki rekin í hagnaðarskyni heldur með það markmið eitt að bjóða upp á fyrsta flokks nám. Markmiðið er að efla nám í tæknifræðum og fjölga tæknimenntuðu fólki og því verður að standa þannig að hlutum eins og við leggjum hér til.

Enginn vafi leikur á því að við sameiningu skóla sem þessara verða til mörg tækifæri en þau nýtast ekki nema þannig sé gengið frá að jafnrétti til náms verði til staðar og stofnunin búi við skýrt og klárt akademískt frelsi. Það er vissulega jákvætt að atvinnulífið komi með fjármuni inn í menntakerfið en það má ekki verða til þess að ganga gegn áðurtöldum markmiðum, heldur til að efla þau. 1. minni hluti leggur því til þær breytingar sem hér hafa verið nefndar og verða raktar betur á eftir.

Þá verður að geta þess að ámælisvert er hve skammur tími var gefinn til umfjöllunar um málið þar sem nefndin hélt ekki fleiri fundi en raun bar vitni og hefði verið langskynsamlegast að málið hefði komið hér inn strax í haust. Ekki var fyrirhugað að afgreiða það frá þinginu fyrr en síðar en það strandar á því að að sjálfsögðu liggur þeim sem reka háskólana báða og munu reka hinn nýja sameinaða á að málið verði klárað þannig að staða þeirra sé skýr og þeirra nemenda sem þar hyggjast stunda nám og þess vegna þarf að sjálfsögðu að klára málið. Því er það ámælisvert að það hafi ekki komið fyrr inn í þingið og við haft miklu lengri tíma til að fara yfir það og í því samhengi hefði getað farið fram ítarleg skoðun af hálfu nefndarinnar og sérfræðinga á öðrum kostum á sameiningu skóla á háskólastigi. Þá er ég ekki að segja að þessi kostur komi ekki til greina, hann kemur mjög vel til greina og er að mörgu leyti mjög fýsilegur kostur til að sameina skóla, en það er sjálfsagt að aðrir kostir hafi verið skoðaðir að fullu jafnhliða og meðfram því.

Í þessu máli kemur stefnuleysi stjórnvalda í málefnum háskólastigsins skýrt fram. Brýnt er að unnin verði heildstæð stefnumótun um málefni háskólastigsins þar sem tekið

er á rekstrarformi skólanna, stjórnun, tekjuöflun og inntaki. Þessu hafa menntamálayfirvöld ekki sinnt og það kemur alvarlega niður á allri umræðu um sameiningu skóla á háskólastigi, enda kostirnir ekki verið kannaðir að neinu marki og er öll meðferð málsins af hálfu stjórnvalda ákaflega yfirborðskennd. Hér er um að ræða grundvallarbreytingu á íslensku skólakerfi. Um er að ræða mál sem getur haft stórpólitískar afleiðingar. Hérna er að mörgu leyti verið að leggja til að múrar á milli faglegs sjálfstæðis og hagsmuna eigenda séu brotnir niður. Það er mjög alvarlegt mál. *Þess vegna er þetta mál grundvallarbreyting á íslensku* skólakerfi þar sem annars vegar er verið að taka upp í fyrsta sinn og fordæmalaust einkahlutafélag sem rekstrarform skólans og í öðru lagi verður tækninám ekki í boði fyrir íslenska nemendur nema í einkareknum skóla gegn háum skólagjöldum.

Við vinnslu málsins lagði 1. minni hluti ríka áherslu á að rekstrarformi skólans væri breytt úr einkahlutafélagi í sjálfseignarstofnun og um það fór talsverð umræða fram í nefndinni. Engin rök hafa komið fram sem styðja einka*hlutafélagsform um rekstur hins nýja skóla*, enda formið sniðið að rekstri í hagnaðarskyni og hefur sjálfseignarformið utan um rekstur háskóla gefist einkar vel og engin rök komið fram gegn því, eins og fram hefur komið í nýlegum skrifum og ræðum rektors t.d. Viðskiptaháskólans á Bifröst. Það er almennt mælt með því formi af íslensku skólafólki sem því hentugasta utan um rekstur skólastofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni.

Þá er það sannfæring 1. minni hluta að einkahlutafélagsformið ógni verulega sjálfstæði og frelsi skólans, en sjálfseignarstofnunarformið tryggi það aftur á móti og efli. Þess vegna flytur 1. minni hluti í tengslum við mál þá breytingartillögu sem ég gat um áðan og er breyting á 3. gr. laga um háskóla, þar sem við leggjum til að þeir einkaaðilar sem fái heimild til að stofna háskóla skuli verða sjálfseignarstofnanir. Okkar stuðningur við málið er að sjálfsögðu skilyrtur við það að Alþingi samþykki þessa breytingartillögu við frumvarpið. *Þannig væri sjálfstæði og akademískt frelsi* einkarekinna skóla, bæði þessa og annarra sem stofnaðir verði í framtíðinni, að fullu tryggt að okkar mati og tryggt miklu betur en hér um ræðir.

Rekstrarform hins sameinaða skóla breytist ekki að okkar mati í grundvallaratriðum þrátt fyrir ákvæði annarrar greinar stofnsáttmála Hástoðar um að allur hagnaður af rekstri skólans skuli ganga til reksturs hans að fullu en ekki verða greiddur út til eigenda, verði um hagnað að ræða. Áfram er um að ræða rekstrarform þar sem eigendur geta *keypt og selt hluti sína í félaginu og engin trygging er fyrir* því hverjir kunna að eignast skólann síðar meir. Ekkert virðist mæla gegn því rekstrarformi sjálfseignarstofnana og ítrekar 1. minni hluti, við sem flytjum þetta nefndarálit, áskoranir til stofnenda skólans um að breyta rekstrarforminu úr einkahlutafélagi í sjálfseignarstofnun. Það er það sem fulltrúar Samfylkingarinnar í menntamálanefnd leggja til. Samfylkingin skorar á yfirvöld menntamála og meiri hlutann á Alþingi að bregðast við og breyta fyrirhuguðum lögum um háskóla þannig að stofnendum háskóla verði skylt að þeir verði sjálfseignarstofnanir en ekki einkahlutafélög.

Annað meginatriði við sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík snýst um að ekki verði erfiðara að komast að í tækninámi en í flestum öðrum námsgreinum á háskólastigi. Við í Samfylkingunni teljum að tækninám eigi að lúta sömu kostum og flest annað nám á háskólastigi þannig að það standi einnig til boða í opinberum skóla gegn sömu gjöldum og annað háskólanám, en ekki einungis í einkareknum skóla gegn mun hærri gjöldum en opinberu skólarnir innheimta.

Þannig tökum við í Samfylkingunni undir þær skoðanir sem komu fram í máli rektors Háskólans á Akureyri, Þorsteins Gunnarssonar, sem segir, með leyfi forseta, í umsögn um frumvarpið:

„Stefna stjórnvalda hefur verið að innheimta ekki skólagjöld af grunnnámi á háskólastigi hér á landi. Í framkvæmd hafa hins vegar verið nokkrar undantekningar á þessari stefnu. Þannig hafa stjórnvöld heimilað einkaháskólum, m.a. Háskólanum í Reykjavík og Viðskiptaháskólanum á Bifröst, að innheimta skólagjöld meðan opinberir háskólar hafa ekki þessa heimild. Með sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands má gera ráð fyrir að þeim nemendum í grunnnámi á háskólastigi sem þurfa að greiða skólagjöld fjölgi mikið. Verði frumvarpið samþykkt standa stjórnvöld frammi fyrir því að þurfa að endurskoða stefnu skólagjalda á háskólastigi. Sú mismunun að heimila sumum háskólum að innheimta skólagjöld og öðrum ekki er óviðunandi og ógnar stöðu opinberra háskóla hér á landi gagnvart erlendum háskólum.“ *Þetta segir Þorsteinn* Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri og þetta er kjarni málsins.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur lýst því yfir og nú síðast í viðtali við Morgunblaðið að ekki standi til að heimila opinberu háskólunum að innheimta skólagjöld á grunnnám en til greina komi að veita skólunum heimild til að innheimta skólagjöld á tilteknar greinar í framhaldsnámi. Gott og vel. Ráðherrann segir að það sé ekki stefna stjórnvalda að koma til móts við það sem Þorsteinn Gunnarsson, *rektor Háskólans á Akureyri, heldur fram. Því er ljóst* að við verðum að kalla eftir skýrri stefnumótun stjórnvalda. Samfylkingin hefur ítrekað reynt að vekja upp umræðu um þessi mál af því að þarna er verið að færa stóran hluta af námsgreinum á háskólastigi inn í skólagjaldanám án þess að heildstæð umræða og stefnumótun fari fram um málefni háskólastigsins samhliða því eða á undan. Auðvitað átti á undan að ræða þessa skólagjaldastefnu til hlítar og komast að niðurstöðu þannig að þessi mismunun eigi sér ekki stað og að stjórnvöld bjóði fram úrræði þar á móti þannig að umrædd staða komi ekki upp heldur að ræða og marka ítarlega stefnumótun.

Sú skólagjaldapólitík sem hæstv. menntamálaráðherra hefur verið að reka hér á landi, t.d. með stórhækkun á innritunargjöldum í Háskóla Íslands rétt fyrir jólin kemur einnig hér fram þar sem verið er að taka stóran hluta af háskólanámi á grunnstigi og setja undir há skólagjöld án þess að nokkur umræða hafi farið fram um það á vettvangi stjórnmálanna með hvaða hætti gjaldtöku skuli háttað af námsgreinum á háskólastigi og hvaða rök eru fyrir því að mismuna námsgreinum eins og hér er gert, að ein námsgrein á háskólastigi í viðbót, tæknifræðinám, sé tekin út

fyrir sviga og sett í einkarekinn skóla gegn miklu hærri skólagjöldum en opinberu skólarnir innheimta án þess að aðrir kostir séu þá boðaðir, svo sem aðgengi að tæknifræðinámi í opinberum skóla samhliða þannig að jafnrétti til náms sé tryggt. Hver niðurstaðan verður á eftir að koma í ljós. En hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki tekið þessa umræðu og ekki síst út af þessu óskuðum við svo ítrekað eftir því við upphaf þessarar umræðu að hún færi ekki fram nema hæstv. ráðherra gæti verið við hana og skýrt sína sýn og stefnu sína í þessum málum, enda fjölda spurninga ósvarað eftir umræðu og vinnuna í nefndinni, sem lýtur að stórmenntapólitískum atriðum, spurningum er ósvarað sem lúta að rekstrarformi skóla og innheimtu skólagjalda á háskólastigi.

Við vinnslu málsins teljum við að fram sé komið skuldbindandi loforð um að nám í frumgreinadeild verði áfram til staðar, en það var einn af meginþáttunum og tóku að ég held allir nefndarmenn í menntamálanefnd undir að mikilvægt væri að frumgreinadeildin yrði áfram til staðar. Við teljum að komið sé fram loforð frá þeim sem reka munu skólann um að deildin verði áfram til staðar við hinn nýja skóla og að ekki verði innheimt þar skólagjöld, enda um nám á framhaldsskólastigi að ræða. Við leggjum mikla áherslu á að þetta gangi eftir og að jafnframt verði aðfaranám á borð við tæknistúdentsnám og frumgreinadeildarnám eflt við Iðnskólann í Reykjavík og aðra verkmenntaskóla og fjölbrautaskóla í landinu.

Þá er mikilvægt að skoða kosti þess að hefja kennslu í tæknifræðum í fleiri skólum eins og við Háskóla Íslands eða verkmenntaskólana til að fjölga valkostum og efla tæknifræðinámið enn frekar. Mikilvægt er að framboð á tækninámi verði ekki fátæklegra eftir sameininguna og renni að stórum hluta í verkfræðinámið, heldur standi það áfram sem öflugt sérstakt nám við hinn nýja háskóla. Færsla líftæknigreinanna til Háskóla Íslands er fordæmi fyrir tækninámi við háskólann og ber að mati okkar í 1. minni hluta að kanna kosti þess að kenna tæknigreinar í meira mæli við Háskóla Íslands.

Við, fulltrúar Samfylkingarinnar í menntamálanefnd, lögðum mikla áherslu á að allir kostir til sameiningar yrðu skoðaðir, til að mynda sameining Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands eins og hér um ræðir, sameining Tækniháskólans við Háskóla Íslands eins og Tæknifræðingafélagið lagði til fyrr í vetur og sameining Tækniháskólans og Viðskiptaháskólans á Bifröst. Að slíkri könnun lokinni væri hægt að taka skýra afstöðu til þess hvaða sameining væri heppilegust og tryggði öflugt tækninám. Með skólanum virðist stefnt að háskólarekstri í tvenns konar formi; annars vegar Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri og hins vegar Tækniháskólinn og Háskólinn í Reykjavík. Skólarnir virðast eiga að vera jafnvígir gagnvart fjármunum úr ríkissjóði en óljóst af hálfu ríkisstjórnarinnar hvort á milli þeirra verður einhver verkaskipting. Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri eru með skyldur en sá nýi færri. Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri fái skráningargjöld, hinn talsverð skólagjöld að vild. Þess vegna leggjum við mikla áherslu á að þessir kostir verði allir skoðaðir til hlítar áður en málið verði afgreitt að lokum.

Ég nefndi í upphafi máls míns að sú undarlega tilhögun væri á skipan háskólaráðs að fulltrúar nemenda og kennara ættu þar ekki sæti. Við leggjum mikla áherslu á að fulltrúar þeirra eigi sæti í háskólaráði, en fyrir því er ekki gert ráð nú. Það teljum við áríðandi til að varðveita og efla akademískt frelsi skólans og að viðhorf samfélagsins innan lands komi mjög skýrt fram við stefnumótun og rekstur skólans. Einnig tökum við undir kröfu BHM að réttindi starfsmanna verði tryggð og gengið vandlega frá öllum lausum endum í þessu samhengi. Allur aðdragandi málsins er ámælisverður af hálfu stjórnvalda. Málið var ekki kynnt fyrir Alþingi fyrr en það var tilbúið af hálfu menntamálayfirvalda og þeirra sem reka munu hinn nýja skóla, búið var að kynna tilurð skólans og hvernig hann liti út á vettvangi fjölmiðlanna löngu áður en kom til 1. umr. á Alþingi í desember og þá einungis sem afnám laga um Tækniháskóla Íslands. Það er vondur bragur á þessu. Þetta eyðileggur og þvælist fyrir annars þörfu og góðu máli, að skoða kosti sameiningar og samvinnu skóla á háskólastigi.

Málið kom vanbúið til Alþingis, þannig að þetta annars góða mál var orðið tortryggilegt og laskað á sinni löngu leið í þingsali úr kastljósi fjölmiðlanna og fjölmiðlalekanna af hendi þeirra sem hafa með það að gera. Með framgöngu sinni hafa yfirvöld menntamála unnið sameiningunni tjón og ber að harma það. Ég tek fram að um leið og hugmyndir bárust um að skoða ætti sameiningu þessara skóla var sá sem hér stendur mjög jákvæður gagnvart því. Ég er enn þá mjög jákvæður í garð þess að einkareknir háskólar verði efldir og valkostum fjölgi á háskólastigi jafnframt því að sjálfsögðu að Háskóla Íslands sé gert hátt undir höfði og ekki sveltur til tjóns á meðan einkareknu skólarnir fái að blómstra. Báðir eiga að blómstra, hvorugur á kostnað hins. Það er því margt sem verður að breyta í málinu. Sérstaklega leggjum við áherslu á að háskólalögin breytist í þá veru sem við leggjum til þannig að allir skólar á háskólastigi verði sjálfseignarstofnanir en ekki einkahlutafélög.

Til að byggja undir þá skoðun mína, breytingartillögu og röksemdafærslu ætla ég að vitna aftur í umsögn Þorsteins Gunnarssonar, rektors Háskólans á Akureyri, með leyfi forseta:

„Í athugasemdum við frumvarpið er boðað að hinn nýi skóli verði rekinn sem einkahlutafélag. Þar er um að ræða nýmæli."

Síðan tortryggir sá sem það skrifar að það tryggi akademískt frelsi. Þetta verður betur rætt af félögum mínum í 1. minni hluta Samfylkingarinnar á eftir þannig að ég ætla ekki að dvelja lengur við það.

Það eru margir ágallar á málinu þó þeir komi sérstaklega fram í mjög eindregnum áhyggjum yfir því að nám í tæknifræðum standi ekki til boða nema í einkareknum skóla gegn háum skólagjöldum. Þar með kemur sú annars prýðilega framtíðarsýn sem birtist í minnisblaði Guðfinnu S. Bjarnadóttur, rektors Háskólans í Reykjavík, ekki fram. Það er mjög glæsileg framtíðarsýn og undir hana tek ég og efast ekki um að þeir sem standa að stofnun hins nýja skóla hafa mjög háleit markmið og jákvæð gagnvart náminu. Til að allt gangi eftir og tryggt verði að nám í tæknifræðum eflist og styrkist þarf að búa þannig um hnúta að um sjálfseignarstofnun verði að ræða og að tæknifræðinám verði einnig til boða í öðrum skóla og opinberum.

Fram kemur í framtíðarsýn Guðfinnu Bjarnadóttur, með leyfi forseta:

„Það er hagsmunamál þjóðarinnar að fjölga nemendum í tækni- og verkfræðigreinum. Með því að auka framboð verkfræðigreina á helstu vaxtarsviðum má ætla að hægt verði að fjölga í þeim hópi sem stefnir í slíkt nám. Líklegt er að tímabundnar sveiflur verði í spurn eftir tilteknum námsbrautum og er þá mikilvægt að uppbygging náms og starfsemi sé sveigjanleg og geti tekið mið af slíkum sveiflum án þess að vegið sé að gæðum námsins.

Stjórnendur hins nýja háskóla hafa umtalsverða reynslu af rekstri og stjórnun háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja og gera sér fulla grein fyrir nauðsynlegum rekstrarforsendum slíkrar starfsemi. Þess ber að geta að í uppbyggingu hins nýja háskóla er hámörkun hagnaðar ekki markmið og verður hugsanlegur rekstrarafgangur því nýttur til frekari uppbyggingar starfseminnar.

Það er hinum nýja háskóla og hagsmunaaðilum hans afar mikilvægt að hann geti hafið formlegt starf og kynnt námsframboð hið fyrsta. Þetta á meðal annars við um núverandi nemendur og starfsmenn, ásamt verðandi nemendum skólans. ...

Þjóðfélagið mun taka örari breytingum á næstu árum. Það verður okkur nauðsynlegt að stefna ákveðið í átt til umhverfis þar sem þekking, færni, hugvit og verk- og tæknimenntun verður undirstaða góðra lífskjara. Nýr háskóli hefur þar hlutverki að gegna."

Undir framtíðarsýnina og markmiðin tek ég heils hugar og mjög eindregið. Þetta er einmitt markmiðið með því að skoða sameiningu skóla á háskólastigi og skoða að sameina Tækniháskóla Íslands á þeim fáu árum sem liðin eru frá raunverulegri stofnun hans. Ég tel að þau markmið séu í hættu og uppnámi verði rekstrarform skólans ekki með þeim hætti að um sjálfseignarstofnun verði að ræða en ekki einkahlutafélag og að tryggt verði til framtíðar að nám í tæknifræðum verði einnig til boða í opinberum skóla gegn þeim gjöldum sem innheimt eru við þá skóla.

Þetta eru grundvallaratriði í allri umræðunni og þessar áhyggjur og aðrar koma einnig nokkuð skýrt fram í ýmsum nefndarálitum og greinum sem hafa verið skrifaðar í aðdraganda og á meðan vinnan hefur staðið yfir. Til að mynda kom umsögn frá Iðnnemasambandi Íslands þar sem tekið er undir kröfu okkar um að algerlega ótækt sé að fulltrúi nemenda eigi ekki sæti í hinu nýja háskólaráði og hins nýja sameinaða skóla. Þar segir: „Nemendur eru það afl sem má ekki gleyma við mótun og rekstur skólans."

En aftur að upphafinu, virðulegi forseti.

Harma ber að umræðan fari fram í þeim skugga sem hvílir á henni vegna fjarveru hæstv. menntamálaráðherra. Gangi þetta eftir er um stórpólitíska breytingu á menntakerfinu að ræða hvað varðar aðgengi að námi, skólagjöld og rekstrarform á háskólum. Það er mjög einkennilegt að fyrirkomulag þingsins skuli vera með þeim hætti og fjarvistir ráðherra með þeim hætti að ekki sé hægt að tryggja að hæstv. menntamálaráðherra sé við umræðuna í svo stórpólitísku og mikilvægu máli. Að sjálfsögðu er málið á forræði menntamálanefndar. Að sjálfsögðu er það á forræði þingsins, en það er einkennilegt að hæstv. menntamálaráðherra skuli sjá sér fært að vera ekki við umræðuna og óviðunandi að umræðan skuli fara fram og málið jafnvel afgreitt sem lög frá Alþingi, ef svo fer sem horfir, án þess að hæstv. menntamálaráðherra komi neitt í þá stórpólitísku umræðu sem geisar um málið, því málið hefur að sjálfsögðu tekið á sig nýjar myndir í meðförum nefndarinnar. Ýmsum spurningum hefur verið svarað, öðrum er ósvarað og nýjar hafa kviknað. Það er því mjög eðlilegt og nauðsynlegt að æðsti yfirmaður menntamála sé við umræðuna þar sem pólitísk markmiðasýn hennar er að ná í gegn. Frumkvæðið að þessu, eins og kynnt var í fjölmiðlum, kom frá þeim sem reka Háskólann í Reykjavík, Verslunarskóla Íslands og menntamálayfirvöldum, þannig að það er mjög undarlegt að málið skuli rætt út og afgreitt frá Alþingi án þess að hæstv. menntamálaráðherra skýri þau sjónarmið og þær mörgu menntapólitísku efasemdir sem hafa kviknað við meðferð málsins í nefndinni.

[16:11]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að fagna þeirri nýbreytni í umræðunni í dag að þingmenn stjórnarandstöðunnar eru farnir að fjalla efnislega um málið. Umræðan hefur fram að þessu verið sérstaklega ómálefnaleg og ómakleg í garð hæstv. menntamálaráðherra og ekki síst þess hæstv. ráðherra sem hefur komið sem staðgengill hennar.

Því er haldið fram að í málinu sé svokölluðum stórmenntapólitískum spurningum ósvarað og að málið sé allt hið óskýrasta. Ég verð að segja, eftir að hafa hlustað á ágæta ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar, að ýmsum spurningum sem vakna við lestur nefndarálits 1. minni hluta menntamálanefndar var ekki svarað. Þess vegna langar mig til að varpa fram tveimur spurningum til hv. þingmanns.

Í fyrsta lagi segir í nefndarálitinu að 1. minni hluti telji það geta verið góðan kost að sameina háskóla að uppfylltum tilteknum skilyrðum og nauðsynlegt kunni að vera að kanna sameiningu skóla á háskólastigi. Hins vegar er hvorki tekið af skarið um það í nefndarálitinu né í ræðu hv. þingmanns áðan hvort þeir sem skrifa undir nefndarálitið, hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson, Mörður Árnason og Katrín Júlíusdóttir, og flokkur þeirra, Samfylkingin, styðji þá sameiningu sem lögð er til að verði leidd í lög.

Styður Samfylkingin sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík eða ekki?

[16:13]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hugsa að hv. þingmaður hafi skroppið fram í símann á meðan ég sagði það, því ég tók það einmitt mjög skýrt fram að stuðningur okkar við sameininguna er skilyrtur við afdrif þeirrar breytingartillögu sem við flytjum við frumvarpið. Að sjálfsögðu. Við skilyrðum stuðning okkar við að breytingartillagan sem við leggjum fram við lögin, sem kemur inn á að einkareknir háskólar skuli vera sjálfseignarstofnanir, nái fram að ganga. Þess vegna skoraði ég mjög skýrt á hv. Alþingi að samþykkja breytingartillögu okkar, enda væri hún mjög eðlileg og málinu til mikils framdráttar. Með því að samþykkja

hana væri miklum efasemdum eytt og málið allt færi í annan og betri búning. Svarið við því er því ákaflega skýrt og kom fram í ræðu minni.

Af því að hv. þingmaðurinn nefndi fjarveru hæstv. menntamálaráðherra þá hlýtur að vera einkennilegt og einnar messu virði að fara fram á það að yfirmaður menntamála í landinu sé við menntapólitíska umræðu sem kemur að mörgu leyti við grundvallaratriði í skólakerfi okkar, grundvallaratriði í uppbyggingunni á menntakerfi okkar og mun hafa mjög víðtækar, fordæmisgefandi afleiðingar, gangi hún eftir. Það er algjörlega óásættanlegt að hæstv. ráðherra sé ekki viðstaddur tímamótaumræðu sem mun hafa mjög víðtækar menntapólitískar afleiðingar, gangi hún eftir.

[16:15]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir svarið. Það liggur þá fyrir að Samfylkingin mun ekki samþykkja og styðja sameiningu þessara tveggja skóla (Gripið fram í.) nema frumvarpinu verði breytt. Það liggur þá fyrir.

Hin spurningin sem mig langaði til þess að varpa til hv. þingmanns varðar rekstrarform skólans. Það segir í nefndarálitinu að engin rök hafi komið fram sem styðji einkahlutafélagsform um rekstur hins nýja skóla.

Ég hélt reyndar ræðu við 1. umr. og fór yfir kosti þess að reka svona menntastofnun sem einkahlutafélag og óskaði eftir því að þeir sem standa að rekstri skólanna yrðu spurðir í nefndarstarfinu hvers vegna það rekstrarform hefði verið valið. Rökin komu í sjálfu sér ekki á óvart. Þau voru hin sömu og ég varpaði fram við 1. umr. Ég verð að segja að þegar þeir sem skrifa undir nefndarálit þetta halda því fram að engin rök hafi komið fram sem styðji rekstrarformið þá finnst mér slíkur málflutningur fela í sér býsna kaldar kveðjur t.d. til Guðfinnu S. Bjarnadóttur, rektors Háskólans í Reykjavík, sem hefur skilað þriggja blaðsíðna umfjöllun með röksemdum fyrir þessu rekstrarformi.

Mig langar hins vegar til að spyrja hv. þingmann að nokkru sem hefur ekki komið fram í umræðunni af hans hálfu eða annarra þeirra sem styðja sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið: Hvers vegna telur þingmaðurinn að það form henti betur en einkahlutafélagsformið?

[16:17]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skólar, bæði á háskólastigi og framhaldsskólastigi, hafa um nokkuð langt skeið verið reknir á Íslandi í formi sjálfseignarstofnana. Það form hefur almennt gefist mjög vel. Þar sem ég er mikill raunhyggjumaður og byggi á þeirri reynslu sem upp hefur safnast og fyrir er þá tel ég að reynslan tali sínu máli. Slíkt rekstrarform hefur einfaldlega reynst skólastofnunum vel. Það hefur ítrekað komið fram í orðum rektora þeirra skóla, sérstaklega rektors Viðskiptaháskólans á Bifröst. Rektorar ríkisreknu háskólanna, Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og að ég held Háskólans á Akureyri, hafa allir mælt með því að til framtíðar verði skoðað að ríkisreknu háskólarnir verði sjálfseignarstofnanir. Skólasamfélagið allt styður eindregið og mælir með því að háskólar séu reknir sem sjálfseignarstofnanir. Þeir telja að það sé betra form en bæði ríkisrekstururinn og einkahlutafélagsformið og ég er sannfærður um að svo sé.

Einkahlutafélagsformið er byggt upp í kringum rekstur í hagnaðarskyni. Sjálfseignarstofnunarformið er búið til og byggt í kringum rekstur sem er ekki í hagnaðarskyni, „non-profit", eins og þar stendur. Mikil reynsla er komin á slíkt rekstrarform um allan heim en það er nánast fordæmalaust í víðri veröld að reka háskóla sem einkahlutafélög. Það hafa engin dæmi um það verið dregin inn í umræðuna hvað varðar háskólana og engin rök eða reynsla sem styðja slíkt fyrirkomulag. Hins vegar er margt sem gerir það neikvætt og tortryggilegt. Að mínu mati mæla engin rök með því fram yfir sjálfseignarstofnunarformið þótt að sjálfsögðu hafi komið fram rök, bæði hjá Guðfinnu Bjarnadóttur og fleirum, fyrir forminu. Það eru bara sterkari rök fyrir því að háskólar séu reknir sem sjálfseignarstofnanir.

[16:20]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við höfum orðið vitni að því hér að Samfylkingin veit ekki í hvorn fótinn hún á að stíga og tiplar því. En mig langar að leggja eina spurningu fyrir hv. þingmann og framsögumann 1. minni hluta. Að mati 1. minni hluta eru skólar á háskólastigi líklega of margir en hér stendur, með leyfi forseta, að skoða beri „sameiningu þeirra eða nánari samvinnu". Það er allt gott með það en síðan fer maður aftar í nefndarálitið á bls. 2, með leyfi forseta:

„Þá er mikilvægt að skoða kosti þess að hefja kennslu í tæknifræðum í fleiri skólum, t.d. í Iðnskólanum í Reykjavík ..."

Ég spyr: Fer þetta saman í svona nefndaráliti? Menn byrja á að segja að þeir vilji fækka skólunum og svo, þegar þeir eru búnir að skrifa sig aðeins lengra inn í nefndarálitið, vilja menn fjölga þeim aftur? Það er rétt að fá svar hjá hv. þingmanni við þessu, að hann skýri þennan mismun.

Rauði þráðurinn í málatilbúnaði Samfylkingarinnar er síðan að vera á móti þessu, að skólinn verði einkahlutafélag í staðinn fyrir sjálfseignarstofnun. Samþykktir fyrir Hástoð ehf. fylgja með nefndaráliti meiri hlutans. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa upp 11. grein sem er um ráðstöfun hagnaðar eða taps.

Þar stendur, með leyfi forseta:

„Hagnaði félagsins skal aðeins ráðstafað til að efla starfsemina í samræmi við hlutverk félagsins. Félaginu er óheimilt að verja hagnaði, réttindum eða eignum til annarra verkefna en þeirra sem samræmast hlutverki og starfsemi félagsins. Ekki verður greiddur arður út úr félaginu."

Eru þetta ekki nægar skýringar? Ég ætla líka að fá svör við því hvers vegna tortryggnin er svo mikil út í þetta.

[16:22]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til að svara hinu fyrra þá tel ég að það sé mjög góður kostur, að sameina háskóla og auka sam-

vinnu skóla. En hvað varðar aðgengi að tækninámi til að tryggja jafnrétti til náms tel ég að skoða eigi hvort hefja ætti kennslu í tæknifræðum við aðra skóla, þ.e. skólum sem fyrir eru. Ég er að sjálfsögðu ekki að tala um að stofna eigi enn einn skólann heldur inni í þeim menntastofnunum sem eru málinu skyldar, svo sem við Iðnskólann í Reykjavík, aðra verkmenntaskóla eða Háskóla Íslands. Við viljum kanna kostina á því að hefja nám í tæknifræðum við aðra skóla sem fyrir eru. Alls ekki að fjölga skólunum, svo að það sé alveg skýrt. Þess vegna fór þetta algjörlega saman í áliti okkar.

11. gr. og 2. gr. sem hv. þingmaður vitnaði til, sem lúta að því að ef það myndist hagnaður við skólann þá renni hann í rekstur hans, eru ágætar svo langt sem þær ná. En það er engin eilífðartrygging. Það þarf tvo þriðju hluthafa til að breyta stofnsáttmála. Einn eigendanna, Verslunarráð Íslands, á 90% í hinum nýja skóla. Hann á svo að segja hinn nýja skóla. Því væru hæg heimatökin að breyta stofnsáttmálanum.

Eins vil ég benda á að þegar um er að ræða einkahlutafélag getur eignarhald á skólanum gjörbreyst án þess að nokkur hafi nokkuð um það að segja og markmiðssetningar frá því t.d. að skólinn er stofnsettur gjörbreyst. Slíkt rekstrarform hentar ákaflega vel utan um fyrirtæki á markaði sem rekin eru í hagnaðarskyni en ekki til að reka háskóla og til er annað betra rekstrarform, þ.e. sjálfseignarstofnunin.

Það er að sjálfsögðu hægt að reka skóla undir þessum formerkjum en það er betra og góð reynsla af því að reka háskóla sem sjálfseignarstofnanir.

[16:24]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Rektor hins nýja skóla, Guðfinna Bjarnadóttir, hefur lagt fram rök fyrir því að það sé hagkvæmara að nota þetta form, hlutafélagið.

Ég ætla að leggja aðra spurningu fyrir hv. þingmann og vitna enn og aftur í nefndarálit 1. minni hluta menntamálanefndar, með leyfi forseta:

„Það er mikilvægt að framboð á tækninámi verði ekki fátæklegra eftir sameininguna og renni að stórum hluta inn í verkfræðinámið heldur standi það áfram sem öflugt, sérstakt nám við hinn nýja skóla." — Síðan kemur mjög merkileg setning. — „Færsla líftæknigreinanna til Háskóla Íslands er fordæmi fyrir tækninámi við skólann og ber að mati 1. minni hluta að kanna kosti þess til hlítar að kenna tæknigreinarnar í Háskóla Íslands."

Þarna kemur einmitt meginmálið. Er hv. þingmaður eða 1. minni hluti að segja að hann leggi til að Tæknihäskóli Íslands gangi eða renni inn í Háskóla Íslands?

Hér segja menn eitt í ræðustól en síðan stendur annað í nefndarálitinu. Það væri gott að fá úr því skorið hvaða skoðun Samfylkingin hefur í þessu máli. Er hún hlynnt þessari sameiningu eða vill hún láta tæknifræðina renna saman við Háskóla Íslands og hún verði kennd þar? Er það málið?

Það þýðir ekki að vera með nefndarálit sem segir eitt á bls. 1 en svo fletti maður á bls. 2 og þá séu menn þar komnir á allt aðra skoðun. Menn verða að svara þessu. Þetta er ekki eðlileg framkoma, hvorki við okkur þingmenn og alls ekki við nemendurna í þessum nýja háskóla né þá sem standa að honum.

[16:26]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Já, hann er frægur fyrir sínu furðuspörk, virðulegi forseti, hv. þingmaður. Hann kemur oft með einkennilega frumlega útúrsnúninga og það er allt í lagi því að umræðan verður bara skemmtilegri við það.

Ég hef reynt að svara öllum spurningunum ákaflega skýrt. Hann spurði aftur, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, um afstöðu Samfylkingar í málinu. Hann hefur sjálfsagt ekki heyrt svar mitt við þeirri spurningu. Ég skal endurtaka það í þriðja sinn af því að það liggur alveg morgunljóst fyrir.

Við flytjum breytingartillögu við frumvarpið sem felur það í sér að þegar einkaaðilar fá heimild hjá menntamálaráðherra til að stofna og reka skóla á háskólastigi skuli þeir reknir sem sjálfseignarstofnanir. Gangi þessi breytingartillaga eftir — það er engin ástæða til að gera ráð fyrir öðru en að þingheimur sé tilbúinn að samþykkja þá breytingartillögu — munum við að sjálfsögðu styðja málið. En það er ekki fullreynt hver afdrif þeirrar tillögu verða. Okkar afstaða er alveg skýr. Við flytjum breytingartillögu og sjáum hver afdrif hennar verða.

Í öðru lagi, varðandi það hvort við leggjum til einn ríkishäskóla utan um tæknifræði. Nei, að sjálfsögðu ekki. Við ítrekum að við viljum kanna alla kosti við sameiningu skóla á háskólastigi. Þar skiptir engu hvort um er að ræða tvo opinbera skóla eða opinberan skóla og einkarekinn skóla. Við viljum kanna alla kosti sem bjóðast og að sjálfsögðu kanna hvort farsælt væri að námið í Tæknihäskóla Íslands rynni inn í Háskóla Íslands. Ég er ekki viss um að það yrði niðurstaðan. En af hverju ekki að kanna það eins og aðra kosti? Að sjálfsögðu má kanna það en við erum alls ekki að leggja það til. Það sem stendur í álitinu hvað þau mál varðar er í fullkomnu samræmi við annað sem þar kemur fram. Við viljum kanna alla kosti og einnig hvort, ef af verður með hinn nýja einkarekna skóla, taka eigi upp nám í tæknifræði við einhverja þeirra skóla sem fyrir eru.

[16:29]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Eins og kom fram í langri umræðu hér áður en málið sjálft var tekið á dagskrá þá er stjórnarandstöðunni ekkert að vanbúnaði í að takast á við stjórnarmeirihlutann um málefnin sem snerta þetta mál. Hins vegar höfum við harmað að hæstv. menntamálaráðherra skuli hafa kosið að vera frekar á erlendri grund að sinna skyldustörfum þar, sem hún virðist hafa talið mikilvæg og mikilvægari en að fylgja þessu máli hér úr hlaði. Af því að ég tók ekki þátt í umræðunni um fundarstjórn forseta áðan vil ég ítreka það hér eða staðfesta að spurningum sem ég lagði fyrir hæstv. menntamálaráðherra við 1. umr. er enn ósvarað. Ég mun reyna að leggja þær spurningar fram aftur og sjá hvort hæstv. starfandi menntamálaráðherra getur svarað einhverju

þar um. Ef ekki þá verður að sjálfsögðu að tryggja að hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir verði viðstödd 3. umr. málsins.

Ég stend að nefndaráliti á þingskjali 796 frá 2. minni hluta menntamálanefndar og mun nú fylgja því úr hlaði með því að fara stuttlega yfir það sem þar kemur fram. Auk þess mun ég segja frá frumvarpi til laga sem ég hef látið dreifa í þingsölum og tengist þessu máli afar mikið, en það frumvarp gerir ráð fyrir breytingum á lögum um háskóla sem fela það í sér að sjálfseignarstofnunum og einkareknum háskólum verði óheimilt að innheimta skólagjöld af nemendum sem stunda nám í greinum sem ekki er unnt að leggja stund á í ríkisháskóla án skólagjalda. Ég nálgast því þetta mál, virðulegi forseti, út frá þeirri jafnræðisreglu og *því jafnræði og jafnrétti til náms sem mér finnst fólgið í því* að háskólanemar eigi þess ævinlega kost að stunda nám við þau háskólafög og þær háskólagreinar sem þeir kjósa án skólagjalda.

Í því frumvarpi sem við hér ræðum er hins vegar gert ráð fyrir því að nám í tæknifræði á háskólastigi verði lokað inni í einkareknum háskóla og að krafist verði fyrir það hárra skólagjalda. Það þýðir að stúdentar sem kjósa að taka það nám í ríkisháskóla án skólagjalda eiga þess ekki lengur kost. Þetta er hvati þess frumvarps sem ég hef látið dreifa í þingsölum í dag, en flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Hæstv. forseti. Það er alkunna að um árabil hefur verið unnið að því í ráðuneyti menntamála bæði leynt og ljóst að einkavæða tækninám á háskólastigi. Hæstv. menntamálaráðherrar hafa hins vegar ekki haft árangur sem erfiði í því máli fyrr en nú að Samtök atvinnulífsins ásamt Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði Íslands hafa stofnað einkahlutafélagið Hástoð ehf. Óðagotið í þessu máli, hæstv. forseti, er það mikið að þegar viljayfirlýsing um stofnun einkahlutafélags er taki yfir starfsemi Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands var undirrituð af menntamálaráðherra og aðstandendum þessa einkahlutafélags þann 19. febrúar 2004, þá virðist ekki hafa verið komið nafn á þetta einkahlutafélag, því þar er bara ritað undir fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Verslunarráðs Íslands. Einkahlutafélagið var því í raun ekki búið að taka á sig mynd þegar hlaupið var til og haldinn blaðamannafundur um undirritun viljayfirlýsingarinnar. Bara þetta litla atriði bendir auðvitað á óðagotið í þessu máli og skamman og lítinn undirbúning þessarar vinnu allrar.

Menntamálanefnd hefur líka þurft að fjalla um þetta mál í hálfgerðu óðagoti. Við höfum verið undir tímapressu. Við héldum einungis tvo fundi um málið. Það er eðlilegt að *tímapressa sé á málinu* því aðstandendur þessa skóla og nemendur hans þurfa að fá úrlausn og fá að vita hver verði næstu skref og í hvernig umhverfi þeir verða að starfa á næstu missirum, því gert er ráð fyrir því samkvæmt frumvarpinu að þessi nýi háskóli taki til starfa eftir fjóra mánuði. 2. minni hluti menntamálanefndar átelur það hversu skammur tími var gefinn til umfjöllunar um málið og ég lýsi því yfir að það hljóti að teljast ófullnægjandi þegar jafnviðamiklar breytingar eru gerðar og hér eru í uppsiglingu.

Ég leyfi mér líka að gagnrýna það, hæstv. forseti, að þessa nýju skólastofnun eigi að reka sem einkahlutafélag og ég felli ekki mig við þær skýringar sem hafa verið gefnar í því máli, hvorki skýringar eigendanna né skýringar hv. þm. Gunnars I. Birgissonar formanns menntamálanefndar sem hafa komið fram í umræðunni hér á undan.

Hæstv. forseti. Hingað til hefur Háskólinn í Reykjavík verið rekinn sem sjálfseignarstofnun alveg eins og Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Listaháskóli Íslands sömuleiðis og fleiri skólar. Rökin sem fram eru færð fyrir því að sjálfseignarstofnanaforminu var hafnað, því það var gert meðvitað, því var beinlínis hafnað af eigendum og aðstandendum þessarar nýju stofnunar, voru þau að hlutafélagaformið væri sveigjanlegra, ábyrgðin væri skýrari og að allir eigendur hafi aðkomu að stjórn og að ekki sé hætta á því að skólinn *endi uppi munaðarlaus* eins og gæti gerst ef um sjálfseignarstofnun væri að ræða.

Hæstv. forseti. Hér hef ég týnt saman helstu rökin sem hafa komið fram bæði í svörum aðstandenda hins sameinaða háskóla og sömuleiðis í máli hæstv. menntamálaráðherra við 1. umr. og í máli hv. þm. Gunnars I. Birgissonar. Það er spurningin um sveigjanleika, skýrari ábyrgð, að eigendur eigi aðkomu að stjórn og að ekki sé hætta á því að skólinn endi uppi munaðarlaus eins og gæti gerst ef um sjálfseignarstofnun væri að ræða. Nánar segir um þetta í svörum fulltrúa hinnar nýju stofnunar sem send voru menntamálanefnd og undirrituð af Guðfinnu S. Bjarnadóttur eins og komið hefur fram í máli hv. þingmanna á undan mér, með leyfi virðulegs forseta:

„Lög um sjálfseignarstofnanir gera aftur á móti ráð fyrir að enginn eigi sjálfseignarstofnanir og þær geta því orðið munaðarlausar og stjórnast einvörðungu af starfsmönnum. Hugarfarið á bak við sjálfseignarstofnun er nánast það að þegar einhver hefur stofnað hana og lagt fram peninga í stofnfé þá sé afskiptum viðkomandi ekki óskað frekar."

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að mér finnst margt athugavert við þessa yfirlýsingu þeirra aðstandenda stofnunarinnar sem láta þetta frá sér fara því ég get ekki séð í einlægni sagt, virðulegi forseti, að mikil hætta sé á ferðum ef starfsfólk stofnunar verður virkt í stjórn viðkomandi stofnunar, háskólastofnunar. Ég mundi telja það hinn mesta kost alveg eins og ég tel það hinn megnasta löst á ráði manna hér að hvorki starfsfólk né nemendur skuli eiga að hafa aðkomu að háskólaráði stofnunarinnar heldur eingöngu stjórn einkahlutafélagsins.

Virðulegi forseti. Þá telja fulltrúar eigendanna mikilvægt að í hlutafélagi eigi hver og einn sinn hlut — ég undirstrika orðið eigi — og geti tekið hann út úr félaginu, slíkt sé ekki hægt þegar um sjálfseignarstofnun er að ræða.

Virðulegi forseti. Ég hafna öllum þessum rökum. Ég bendi á að ekki hafa komið upp nein teljandi vandræði við rekstur þeirra sjálfseignarstofnana sem við höfum innan skólakerfisins í dag, þar með talið Háskólans í Reykjavík.

Ég tek einnig undir gagnrýni þá sem kemur fram í umsögn BHM um málið, en í þeirri umsögn sem nefndin fékk senda frá BHM segir, með leyfi forseta:

„Almennt vill BHM taka fram að þegar breytt er um rekstrarform fyrir starfsemi í almannaþágu á borð við kennslu og rannsóknir í a) ríkisháskóla svo sem Tækniháskóla Íslands, og b) sjálfseignarstofnun, svo sem Háskólan-

um í Reykjavík, sem fjármögnuð er með (i) beinum ríkisframlögum til kennslu og rannsókna og (ii) óbeinum ríkisframlögum í formi niðurgreiddra lána úr ríkisstofnuninni Lánasjóði íslenskra námsmanna sem notuð eru til greiðslu skólagjalda án lögbundins hámarks, komi ekki til greina hvorki frá sjónarhóli skattgreiðenda, lýðræðislegs umboðs og eftirlits, notenda né starfsmanna – að starfsemin sé rekin í (einka)hlutafélagsformi."

Undir þessa hugsun sem BHM stendur fyrir og miðlar okkur í umsögn sinni skal tekið hér, virðulegi forseti. Einnig skal tekið undir kröfur BHM um að réttindi starfsmanna verði tryggð í hvívetna og þótt aðstandendur hins nýja skóla hafi reynt að sannfæra nefndina um að ekki standi annað til þá er rétt að benda hv. þingmönnum á að í IV., V., VI. og VIII. kafla umsagnar BHM, sem fjalla um réttindamálin og annað þeim tengt koma fram ýmis atriði sem vekja upp ákveðna tortryggni í þessum efnum og grun um að farið geti á þann veg að starfsmenn þurfi verulega að beita sér til að berjast fyrir réttindum sínum þegar öllu verður á botninn hvolft.

Hæstv. forseti. Að mínu mati, mati 2. minni hluta menntamálanefndar, er ófært að hin nýja skólastofnun skuli ætla að útiloka nemendur og kennara frá setu í háskólaráði. Ég tel ekki forsvaranlegt að eingöngu fyrirhuguð stjórn í einkahlutafélaginu geti talist uppfylla öll skilyrði sem stjórnir í háskólum eiga að uppfylla að mati menntamálaráðuneytisins. Auðvitað hefði ég viljað fá skoðanaskipti við hæstv. menntamálaráðherra um nákvæmlega þessi atriði. Ég treysti því að stjórnarliðar í menntamálanefnd komi áframhaldandi hér fram á völlinn og segi okkur hvernig þeir rökstyðji stuðning sinn við málið þegar því er svo fyrir komið að hvorki nemendur né starfsfólk fái aðkomu að stjórn háskólans.

Virðulegur forseti. Þegar litið er til þess hversu stutt er síðan Tækniháskóli Íslands var stofnaður, einungis rúm tvö ár, og hversu illa stjórnvöld hafa sinnt þörfum verkfræðideildar Háskóla Íslands hingað til, eins og t.d. kemur fram í ágætri grein Valdimars K. Jónssonar, fyrrverandi prófessors við verkfræðideild Háskóla Íslands, sem birtist í Morgunblaðinu 25. nóvember 2004 og er aðgengileg á háskólavefnum, er ekki sjálfgefið að einkarekin stofnun sem rekin verður fyrir opinbert fé verði svo miklu öflugri við það eitt að fá heimild til að taka skólagjöld jafnvel þó að stofnframlag eigenda komi til í ofanálag. En eins og kunnugt er þá er gert ráð fyrir stofnframlagi upp á 300 milljónir frá eigendum einkahlutafélagsins eins og kemur fram í gögnum þeim sem lögð hafa verið fyrir menntamálanefnd. Það er að mínu mati í hæsta máta óeðlilegt, eins og ég sagði í upphafi míns máls, að með þessum gerningi skuli eiga að loka alla tæknimenntun á háskólastigi inni í stofnun sem innheimtir skólagjöld. Ég vil fá rökstuðning hv. stjórnarliða. Ég kalla sérstaklega eftir rökstuðningi framsóknarmanna á því hvernig stendur á því að Framsóknarflokkurinn getur stutt tillögu af þessu tagi heilum hug þegar sá flokkur hefur viljað kenna sig við félagshyggju og jafnrétti til náms, bæði í ræðu og riti. Hvernig getur Framsóknarflokkurinn skrifað undir það að nú skuli nám á háskólastigi í tæknifræði einokað fyrir þá sem treysta sér til að bæta á sig upphæðum í námslánum sem nemur skólagjöldum í viðkomandi skóla?

Mín sjónarmið ganga hönd í hönd með sjónarmiðum Þorsteins Gunnarssonar, rektors Háskólans á Akureyri, sem í umsögn sinni til menntamálanefndar heldur því fram að með samþykkt þessa frumvarps þurfi stjórnvöld að endurskoða stefnu um skólagjöld, þar sem sú mismunun sem hér hefur verið innleidd ógni stöðu opinberra íslenskra háskóla gagnvart erlendum háskólum. Sama hugsun er orðuð í áðurnefndri grein Valdimars K. Jónssonar þar sem hann telur að með þessari sameiningu sé verið að stuðla að innlendri samkeppni þegar leitast ætti við að styrkja stöðu Íslands í alþjóðlegri samkeppni. Það verður að segjast eins og er, virðulegi forseti, að verkfræðinám er alþjóðlegt nám og það í auknum mæli. Þess vegna er eðlilegt að þessir menn sem þekkja vel til háskólanáms, og háskólanáms í verkfræði meira að segja, telji að þessi sameining komi til með að veikja stöðu Íslands í alþjóðlegri samkeppni í þessu alþjóðlega umhverfi, og það sem meira er, líklegt er að þessi sameining geti komið niður á því rannsóknatengda framhaldsnámi í verkfræði sem hefur nú þegar verið byggt upp við Háskóla Íslands. Valdimar K. Jónsson segir reyndar í grein sinni að honum finnist óeðlilegt og skrýtið að ríkið skuli með hýrri há efna til svona samkeppni gagnvart sjálfu sér. Ég hefði talið heilbrigt og eðlilegt að við fengjum skoðanaskipti stjórnarliða og stjórnarandstæðinga í þessum sal um nákvæmlega þessi sjónarmið. Erum við að skaða mögulega samkeppnishæfni hinna innlendu verkfræðinga og innlendu tæknifræðinga þar sem þeir skólar sem nú hafa rekið þetta nám eru í samkeppni við alþjóðlega háskóla fyrst og fremst?

Með allt þetta í huga, hæstv. forseti, minni ég aftur á frumvarpið sem ég hef lagt fram á hinu háa Alþingi en sem hefur auðvitað svo hátt málanúmer að ekki er líklegt að það komi fljótlega á dagskrá. Ég tel að hugsunin í því frumvarpi verði að skoðast í samhengi við þetta því það frumvarp lýtur nákvæmlega að þessum skólagjaldamálum, jafnrétti til náms og þeim þáttum sem ég hef vitnað til og gert grein fyrir í máli mínu.

Virðulegur forseti. Ég verð að segja að ég er ekki sannfærð um að reynt hafi verið til þrautar með sameiningu Tækniháskóla Íslands og verkfræðideildar Háskóla Íslands. Þó að á sínum tíma, á öldinni sem leið, hafi tilraunir farið út um þúfur til að sameina Tækniskólann, sem þá var Tækniskóli Íslands, verkfræðideild Háskólans, þá er ekki þar með sagt að það hefði mistekist ef reynt hefði verið til þrautar með það núna. Þess vegna virðist það skynsamlegt, í svo smáu samfélagi sem Ísland er, að efla frekar einn verkfræðiskóla, gera hann faglega sterkan og hæfan til að taka þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum frekar en að dreifa kröftunum á þann hátt sem gert er með því máli sem við ræðum.

Ég tek líka undir efasemdir sem koma fram í umsögn deildarforseta verkfræðideildar Háskóla Íslands til nefndarinnar varðandi það hversu fáir nemendur hafi í raun fullnægjandi undirbúning í stærðfræði og raunvísindum til að standa undir verkfræðinámi í tveimur skólum á Íslandi.

Virðulegur forseti. Því verður alls ekki á móti mælt að mannafli og fjármunir á Íslandi eru takmarkaðir og það verður heldur ekki litið fram hjá þeirri staðreynd að hæfir verkfræðikennarar eru hreint ekki á hverju strái. Þess vegna

er eðlilegt að spurt sé á hvern hátt hin nýja háskólastofnun telji að hún geti farið strax af stað með nám til meistaraprófs, eins og kemur fram í gögnum stofnunarinnar að eigi að vera, ekki síst þegar það er skoðað að Háskóli Íslands hefur átt í miklum erfiðleikum með að koma upp öflugu framhaldsnámi hjá sér. Í því sambandi vil ég vitna til orða fyrrverandi prófessors í verkfræðideild Háskóla Íslands, Valdimars K. Jónssonar, sem gerir þetta einmitt að umtalsefni í grein sinni í Morgunblaðinu 25. nóvember sl.

Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Mikil fjölgun hefur verið í innritunum hjá verkfræðideild Háskóla Íslands á undanförnum árum og hefur verið tvöföldun nemendafjölda í verkfræðigreinum síðan 1998 og fjórföldun síðustu 20 árin. Þetta er þróun sem hefur ekki sést hjá nágrannalöndum okkar. Þar hefur innritunum í slíkt nám frekar fækkað á undanförnum árum. Reyndar náði fjöldinn hámarki í HÍ haustið 2003 þegar verkfræðideild útskrifaði 160 nemendur með BS- og MS-gráður. Tækniháskólinn útskrifaði 29 tæknifræðinga árið 2003 en bætti aðeins um í ár með því að útskrifa 38 tæknifræðinga, sem er met. Annars staðar á Norðurlöndum eru tæknifræðingar tvöfalt fleiri en verkfræðingar en hér á landi er þessu öfugt farið. Það er mun meiri þörf á að fjölga iðnaðarmönnum sem fara í tæknifræðinám en að reyna að fjölga verkfræðingum fram yfir það sem HÍ stefnir í.

Verkfræðideild HÍ hóf rannsóknatengt meistaranám um 25 árum eftir að hún hóf fjögurra ára verkfræðinám hér á landi 1970, eða fyrir tæpum tíu árum. Fyrr þótti ekki tímabært að hefja rannsóknatengt meistaranám. Sameinaður háskóli HR og THÍ fyrirhugar að hefja slíkt nám nú þegar. Háskóli Íslands hefur fengið óverulegan stuðning frá ríkisvaldinu við uppbyggingu rannsóknatengds framhaldsnáms. Reiknilíkanið, sem notað hefur verið fyrir grunnnám, dugar ekki óbreytt fyrir meistara- og doktorsnám þar sem hópastærðir í meistara- og doktorsnámi eru langt undir því sem líkanið gerir ráð fyrir. Einnig þarf aukna sérhæfingu til að halda uppi framhaldsnámi og því þarf að fjölga föstum kennurum. Skorir verkfræðideildar hafa 7–10 fasta kennara, en til að halda uppi öflugu og fjölbreyttu framhaldsnámi þyrfti í það minnsta að tvöfalda fjölda fastra starfsmanna. Með þeirri innlendu samkeppni sem ríkisvaldið stuðlar nú að er verið að gera slíkan vöxt nánast ómögulegan á næstu árum. Skilaboðin eru þau að verkfræðideild Háskóla Íslands eigi að leggja áherslu á grunnnám."

Í lokaorðum þessar efnisgreinar greinar sinnar spyr Valdimar K. Jónsson:

„Er það stefna menntamálaráðuneytisins?"

Það verður auðvitað að fá við því svör í þessari umræðu, hæstv. forseti, hver stefna menntamálaráðuneytisins sé í þessum efnum og hvernig hæstv. menntamálaráðherra sér fyrir sér mögulegt meistaranám í hinni nýju stofnun í ljósi þess hversu illa og hægt hefur gengið að koma á meistaragráðunámi og doktorsnámi við verkfræðideild Háskóla Íslands. Það er ekki skrýtið þótt krafist sé svara við þessum spurningum, þau verða að fást. Þau fengust ekki í störfum nefndarinnar.

Einnig er rétt að geta þess að ekki komu heldur fram upplýsingar í nefndarstarfi okkar frá menntamálaráðuneytinu hver stefna þess væri í þessum efnum eða hvort menntamálaráðuneytið yfir höfuð hugsi sér að tryggja hæfa kennara við þessa nýju stofnun í ljósi þess að hæfnisdómar lektora og dósenta við Tækniháskóla Íslands miðuðust við að þeir kenndu tæknifræði en ekki verkfræði. Það er líka fagleg spurning sem verður að leita svara við úr því að þau fengust ekki í nefndarstarfinu: Hvernig hyggst menntamálaráðuneytið eða hæstv. menntamálaráðherra tryggja hæfa kennara við hina nýju stofnun úr því að ljóst er að hæfnisdómar lektora og dósenta við THÍ miðuðust við að þeir kenndu tæknifræði en ekki verkfræði?

Við vitum öll að með þessari breytingu er verið að leggja aukna áherslu á verkfræðiþáttinn og verkfræðikennsluna. Verið er að draga úr fögum og fækka greinum í tæknifræðinni. Hæstv. menntamálaráðherra ætti því að standa hér í þessum stóli og svara þessum áleitnu spurningum, það er algjörlega nauðsynlegt.

Það er von mín, virðulegi forseti, að færsla þess náms sem kemur til með að verða fært yfir í Háskóla Íslands, þ.e. geislafræði og meinatækni, gangi vel. Eðli málsins samkvæmt og í ljósi þess sem nú er fyrirhugað tel ég þá ráðstöfun af hinu góða úr því að við erum komin inn á þessa braut og úr því að í þessar breytingar stefnir sem mér sýnast óhjákvæmilegar miðað við það hvernig stjórnarliðar hafa tekið á frumvarpinu.

Einnig er rétt að taka fram, hæstv. forseti, að ég lít á það jákvæðum augum að samkomulag skuli hafa náðst við nemendur í frumgreinadeild um framvindu náms þeirra og skólagjöld í því sambandi, en á sama tíma vil ég lýsa áhyggjum af væntanlegri stöðu tæknifræðinnar innan þessarar nýju stofnunar. Eins og ég sagði áðan er verið að fækka greinum í tæknifræði og mér finnst sú staðreynd stangast illilega á við yfirlýsingar eigenda um það að efla beri tæknimenntunina til muna frá því sem nú hefur verið.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að margar af þeim yfirlýsingum sem við lesum í gögnum nefndarinnar frá eigendum Hástoðar ehf. og sömuleiðis yfirlýsingar hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, eru nokkuð hjáróma hvað þetta varðar að það skuli eiga að efla svo gífurlega mikið nám í tæknifræði á sama tíma og fyrir liggur að fækka á greinum í tæknifræði í hinum nýja háskóla. Þetta getur ekki annað en talist vera hjáróma. Finnist hv. þm. Gunnari I. Birgissyni einhverjir hlutir stangast á í málflutningi stjórnarandstöðunnar þá verður ekki annað sagt en að það sama megi segja um málflutning meiri hlutans.

Hæstv. forseti. Það er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að háskólanám eigi að vera hægt að stunda án skólagjalda. Við teljum að slíkt tryggi efnahagslegt jafnrétti til náms. Til þess að ógna ekki því jafnvægi teljum við einsýnt að auka þurfi það fé sem sett er til starfrækslu þjóðskólans okkar, Háskóla Íslands, og til annarra opinberra háskóla. Þess vegna hefði ég talið það skynsamlegra að reyna til þrautar varðandi sameiningu Tækniháskóla Íslands og verkfræðideildar Háskóla Íslands, frekar en að dreifa kröftunum um of, eins og mér sýnist í uppsiglingu hér. Einnig er nauðsynlegt að stjórnvöld komi sér upp heildstæðri stefnu í málefnum háskóla að okkar mati, bæði hvað varðar háskólakennslu og háskólarannsóknir. Slíka stefnu þarf að vinna í góðu samstarfi við háskólastúdenta, háskólakennara

og fræðasamfélagið í heild sinni. En ég verð að segja að sá gerningur sem framkvæmdur er með því frumvarpi sem við ræðum, þ.e. með því að afnema lög um Tækniháskóla Íslands, sé ekki hluti af slíkri stefnumótun. Ég get ekki séð annað en öflug málefnaleg heildarstefnumótun í málefnum háskólasamfélagsins þurfi að bíða betri tíma og er það verulega miður.

Mig langar, hæstv. forseti, áður en ég lýk máli mínu að fara aðeins yfir þá sögu sem ég talaði um áðan, tilraunir Sjálfstæðisflokksins og menntamálaráðherra hans til að einkavæða nám á þessum sviðum, þ.e. hvernig Tækniháskólinn hefur í raun þurft að ganga eilífa þrautagöngu áratugum saman í þessum efnum. Segja má að það séu kannski tveir síðustu áratugirnir sem hafa verið verulega erfiðir fyrir Tækniskóla Íslands, sem nú heitir Tækniháskóli Íslands. Hann var sveltur fjárhagslega, um það er engum blöðum að fletta. Við höfum á annað hundrað milljónir kr. skuldahala stofnunarinnar núna því til staðfestu. Ég treysti mér til að fullyrða að starfslið þessa skóla sem hefur staðið sig með ágætum við að reyna að halda í horfinu hefur ekki alltaf átt sjö dagana sæla við að starfa við þær kringumstæður. Stöðugt var verið að fela skólanum ný og ný verkefni, meinatæknin bættist við, röntgentæknin, rekstrardeildin, en oftar en ekki bættust þessi nýju verkefni á skólann án þess að fjármunir fylgdu frá hinu opinbera, og er það auðvitað gömul saga og ný. Jafnvel má segja að gerð hafi verið aðför að skólanum á áttunda áratugnum þegar mikið var um það rætt og nefndarstarf um það mál meira að segja, að flytja Tækniskóla Íslands til Akureyrar. Þá skapaðist gífurlegt óvissuástand í málefnum skólans og má kannski segja eða túlka það svona eftir á að það hafi verið ákveðin afsökun ríkisvaldsins til að halda að sér höndum varðandi fjárveitingar til skólans.

Síðan varð ekkert af því, ekki var Tækniskóli Íslands fluttur til Akureyrar. En þá var stofnuð nefnd sem var falið það verkefni að kann hvort ekki gæti verið snjallræði að sameina tæknideildir Tækniskólans og verkfræðideild Háskóla Íslands. Á tímabili töldu menn virkilega að það væri fýsilegt og samkomulag mundi nást um það. En í því millibilsástandi sem þá skapaðist héldu stjórnvöld enn að sér höndum með að byggja upp skólann og enn var látið dankast og drabbast. Skólinn safnaði skuldum og það var óviðunandi starfsaðstaða í skólanum, bæði fyrir nemendur og kennara.

Svo má segja að frumgreinadeildinni hafi verið ógnað með hugmyndum um að fólk ætti bara að geta tekið það nám sem aðfaranám í öldungadeildum menntaskólanna án nokkurra námslána. Frumgreinadeildin var því í hættu en það endaði samt þannig að horfið var frá því að breyta henni. En þó var fyrsta önnin af fjórum í deildinni felld niður og hún starfar ekki í dag.

Segja má að allan tíunda áratuginn hafi sama stríðið staðið um fjárveitingar til skólans. Við sem settumst á Alþingi fyrir einum sex árum vitum að eitt af því fyrsta sem við upplifðum varðandi þrengingar í skólamálum var þetta ótrúlega fjársvelti Tækniskólans og voru utandagskrárumræður og talsverðar umræður um þau mál á þeim tíma þegar ég var að setjast hér á þing. Á þeim tíma voru komnar upp þessar vangaveltur hæstv. menntamálaráðherra um einkavæðingu skólans og það hlyti að verða lausnin á öllu, alfa og ómega alls.

Ég man ekki betur en mikið hafi verið rætt um það að Rafiðnaðarskólinn tæki að sér rekstur skólans og það var mikið húllumhæ og gott ef ekki var skrifað undir einhverjar viljayfirlýsingar í því sambandi líka en svo fór það eins og það fór, allt á rassinn, eins og menn muna.

Síðan var það vorið 2002, eftir langa mæðu, að þáverandi hæstv. menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, kom í gegnum Alþingi frumvarpi til laga um Tækniháskóla Íslands. Loksins var að því komið að Tækniháskólinn fengi þó þá viðurkenningu sem honum hafði borið árum saman, þ.e. hann yrði formlega færður upp á háskólastig. Því var fagnað í þessum sal að loksins skyldu málefni skólans vera komin í höfn og loksins skyldi rofa til í málefnum skólans og að því er virtist, a.m.k. í nefndaráliti menntamálanefndar frá þeim tíma, ætti að standa af verulegum metnaði við bakið á Tækniháskólanum nýja. Og það voru sérstök fagnaðarlæti í nefndaráliti menntamálanefndar, sem var einróma áliti sínu, sem lesa má á þskj. 1248 frá 127. löggjafarþingi.

Ég vil fá að vitna í nefndarálitið, hæstv. forseti, en það lýsir vel þeim vilja og hug sem ég þóttist skynja hjá Alþingi á þeim tíma. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði frumvarpsins um stjórnsýslu háskólans eru í samræmi við lög um háskóla en auk þess eru ýmis ákvæði frumvarpsins sambærileg ákvæðum laga um Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Með þessu er stuðlað að samræmi á milli þessara háskóla og jafnframt lagður traustari grunnur að auknu samstarfi Tækniháskólans við aðra skóla á háskólastigi.“

Virðulegi forseti. Hér er hinum nýja Tækniháskóla Íslands líkt við aðra opinbera háskóla okkar og lýst yfir vilja til þess að aðrir skólar á háskólastigi geti átt samstarf við hinn öfluga nýja skóla. Þetta var vonarstjarnan og nefndin tók undir það að ekkert væri því til fyrirstöðu að námsframboð háskólans gæti beitt sér í framtíðinni þótt aðaláherslan yrði lögð á tæknimenntun. Þar talaði nefndin um að tæknimenntunin yrði í fyrirrúmi í nýjum tækniháskóla.

Á þeim tíma lagði menntamálanefnd líka mikla áherslu á að Tækniháskóla Íslands yrði gert kleift að hafa samstarf við fyrirtæki og rannsóknarstofnanir atvinnulífsins á fjölbreyttum grunni. Nefndin taldi mikilvægt að efla slíkt samstarf og styrkja. Ég held að sú skoðun nefndarinnar hafi sýnt að þingmenn og þingheimur allur virtist sammála um að nýr tækniháskóli væri öflug viðbót meðal opinberra tækniháskóla. Ég get ekki séð annað en að við göngum nú, rúmlega tveimur árum síðar, á bak orða okkar. Undir niðri hefur verið unnið að því í menntamálaráðuneytinu að einkavæða nýja tækniháskólann og því var aldrei neinn fótur fyrir því að hann ætti að fá að blómstra eða standa tryggum fótum ásamt öðrum háskólum. Í mínum huga er því ógnað sem við töldum okkur setja af stað fyrir rúmum tveimur árum, með þeirri breytingu sem nú er gerð.

Hæstv. forseti. Ég gæti haft fleiri orð um sveltistefnu Sjálfstæðisflokksins í þessum efnum, þá stefnu sem virðist leynt og ljóst rekin gagnvart þeim stofnunum hins opinbera sem Sjálfstæðisflokkurinn ætlar sér að einkavæða. Tækniskóli Íslands og Tækniháskóli Íslands núverandi hafa fengið að þola þá sveltistefnu svo að um munar. Það er búið að

svelta Tækniháskólann inn á braut einkavæðingar. Meira að segja allir starfsmenn skólans og nemendur telja að það sem fram undan er geti aldrei orðið verra en það sem að baki er.

Hæstv. forseti. Mér finnast þetta ekki viðunandi vinnubrögð. Við ættum auðvitað að stunda lýðræðislega opna umræðu um málefni háskólastigsins og finna farsælustu lausnirnar í þeim málum sem við viljum breyta eða bæta. Við eigum ekki að fara að eins og Sjálfstæðisflokkurinn í þessum málum, að hann skuli ná að draga Framsóknarflokkinn með sér á asnaeyrunum út í þetta fen enn og aftur er náttúrlega með hreinum ólíkindum, sérstaklega þegar yfirlýsingar og flokkssamþykktir framsóknarmanna eru skoðaðar í þessum efnum. Sá flokkur reynir enn að halda í félagshyggjustimpilinn en það fer að verða ansi máð og dauf mynd af þeim stimpli í flokksskírteinum framsóknarmanna.

Við eigum eftir að spyrja spurningarinnar um hversu mikið framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs íslenskra námsmanna kemur til með að hækka við þessa breytingu. Allir vita að námslánin eru ekki ókeypis. Þau eru niðurgreidd af ríkissjóði sem er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt. Þegar við leggjum auknar lánabyrðar á herðar stúdentum erum við líka að leggja auknar skuldbindingar á ríkissjóð. Ég vil fá svör við því við þessa umræðu, ef hæstv. starfandi menntamálaráðherra heyrir til mín: Hversu mikið hækka skuldbindingar Lánasjóðs íslenskra námsmanna og ríkissjóðs vegna þeirra breytinga sem hér er verið að gera þegar nemendur Tækniháskóla Íslands verða settir inn í einkaskóla, læstir inn í einkaskóla sem tekur há skólagjöld? Þessari spurningu verður auðvitað að svara.

Eitt hefur gleymst í umræðunni, hæstv. forseti. Það er sú staðreynd að þessi sameinaði háskóli ætlar sér ekki eingöngu að kenna verkfræðingum, rekstrarfræðingum, viðskiptafræðingum og lögfræðingum eða hvað það er sem kemur til með að fara inn í þennan nýja sameinaða háskóla. Það kemur fram í viljayfirlýsingu frá stofnun einkahlutafélagsins sem á að taka yfir þennan rekstur að einnig eigi að stofna deildir í kennslufræði. Það hefur ekki verið rætt um það í nefndarstarfi menntamálanefndar hvað ætlast sé fyrir í þeim efnum. Mér finnst sá þáttur vera svo veigamikill að við hljótum að verða að gefa því gaum við þessa umræðu hvað hið nýja einkahlutafélag ætlast fyrir í þeim efnum.

Við höfum rætt við hæstv. menntamálaráðherra Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur um það sem hún kallar sportakademíu eða íþróttaháskóla á Suðurnesjum. Það hefur komið fram í þingsölum að það eigi að votta það nám sem til boða stæði í þeirri nýju stofnun sem Hástoð ehf. ætlar að reka. Hæstv. forseti. Ég bið um umræður um kennslufræðideild þessa nýja skóla. Mér finnst ekki óeðlilegt að við fáum umræðu um þau áform nákvæmlega í umræðum um þetta máli. Með afnámi laga um Tækniháskóla Íslands erum við að rótfesta þá nýju stofnun og öll þau áform sem menntamálaráðherra hefur skrifað undir í viljayfirlýsingunni fyrir einkahlutafélagið Hástoð ehf.

Að lokum vil ég segja, hæstv. forseti, að í ljósi þeirra grundvallarsjónarmiða sem fram koma í nefndaráliti mínu á þskj. 796 og í þessari ræðu þá legg ég til að frumvarpið verði fellt. Ég legg til að í staðinn axli stjórnvöld ábyrgðina á því að efla tæknimenntun á háskólastigi í skapandi samvinnu við aðila á vinnumarkaði og tryggi jafnframt viðgang verkfræðideildar Háskóla Íslands, ekki hvað síst hvað varðar meistara- og doktorsnám.

[17:07]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það vekur óneitanlega mikla athygli að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og sá flokkur sem hún tilheyrir, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, leggur til að frumvarp þetta verði fellt og leggst þar með gegn sameiningu þeirra tveggja skóla sem um er að ræða. Það er athyglisvert í ljósi þess að bæði kennarar, aðstandendur og nemendur skólanna eru mjög ánægðir með þá sameiningu sem stendur fyrir dyrum. Það er einkennilegt að stjórnmálaafl eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð ætli sér að leggja stein í götu þessa fólks, fólks sem vill mennta sig og afla sér þekkingar til framtíðar á ákveðnum forsendum og ákveðnum grundvelli. Nei, Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill fara allt aðrar leiðir og neitar að svara kalli þessa fólks.

Ég ætlaði að víkja að tveimur atriðum í nefndaráliti 2. minni hluta menntamálanefndar. Ég kem að fyrra atriðinu og ég vík þá að því síðara í seinna andsvari mínu. Í álitinu segir, með leyfi forseta:

„Annar minni hluti er ekki sannfærður um að reynt hafi verið til þrautar að sameina THÍ og verkfræðideild Háskóla Íslands."

Hv. þingmaður Kolbrún Halldórsdóttir fór yfir þetta í ræðu sinni og ég gat ekki skilið hana betur en svo að hennar stefna og stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs væri sú að hér á Íslandi ætti bara að starfa einn ríkisrekinn háskóli og einkaaðilar að éta það sem úti frýs. Ég bið hv. þingmann að leiðrétta mig ef þetta er rangur skilningur. Ég hef skilning á því að menn hafi þessar pólitísku skoðanir (Forseti hringir.) en ég er ósammála þeim. Er þetta réttur skilningur, hv. þingmaður?

(**Forseti** (JBjart): Forseti beinir því til hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar að virða tímamörk í umræðunni.)

[17:09]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur það að meginmarkmiði að hér ríki jafnrétti til náms. Við teljum slíku jafnrétti ógnað þegar ákveðnar námsgreinar eru lokaðar inni í einkareknum háskólum og innheimt fyrir þær skólagjöld. Við erum þeirrar skoðunar að einn ríkisrekinn háskóli sé ekki til að skammast sín fyrir þótt við höfum það ekki á stefnuskrá okkar að svo eigi það að vera.

Ég bendi hv. þingmanni á að Háskóli Íslands er afar lítill og veikburða í samanburði við marga háskóla í veröldinni. Hann er kannski ekki einu sinni háskóli. Hvað er háskóli? Hvað er universitas? Háskóli er skóli sem kennir allt í veröldinni. Háskóli Íslands hefur ekki það bolmagn að hann geti kennt allt í veröldinni. En ég vil að við rekum á Íslandi öflugan þjóðskóla sem kemst eins nálægt því og hægt er að vera universitas, skóli sem kennir allt. Þannig skóla vil ég að ríkisstjórnin standi vörð um og standi við bakið á en ekki að hún dreifi kröftunum stöðugt til Péturs og Páls, sem ég ber þó fulla virðingu fyrir. Ég andmæli því

sem hv. þingmaður segir, að stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs gangi út á að einkaaðilar éti það sem úti frýs. Það höfum við aldrei sagt. Við höfum fagnað hverju einasta nýju tækifæri sem íslenskir stúdentar hafa til náms. Hins vegar höfum við einnig sagt: Það á ekki að gerast á kostnað Háskóla Íslands.

[17:11]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir greinargott svar. Það er ljóst hver stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er í málefnum háskólanna á Íslandi. Ég get hins vegar ekki, í tilefni af því sem hér kom fram, séð að neitt í þessu frumvarpi leiði til þess að hægt sé að draga þær ályktanir að með því sé vegið að Háskóla Íslands með einum eða neinum hætti. Það er ekki verið að taka neitt af Háskóla Íslands með þessu frumvarpi eða vega að hagsmunum hans.

Mig langar til að víkja að öðru atriði í nefndarálitinu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það liggur fyrir að greinum í tæknifræði verður fækkað og það er mat 2. minni hluta að sú staðreynd stangist á við yfirlýsingar eigenda um að efla beri tæknimenntunina til muna frá því sem verið hefur."

Ég hlýt að spyrja, í ljósi þeirra yfirlýsinga sem fram hafa komið frá stjórnendum Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík: Hvar finnur hv. þingmaður þeirri fullyrðingu sinni stað?

Okkur barst m.a. svar frá Guðfinnu Bjarnadóttur þar sem fjallað er um tæknifræðinámið og þar segir m.a., með leyfi forseta: „Háskólinn sér mikil tækifæri í að hlúa að tæknimenntun í landinu og auka áhuga nemenda á að sækja þetta nám í stærri og öflugri háskóla."

Síðar í svarinu segir, með leyfi forseta: „Efnislegt innihald allra námsbrauta í tæknifræði helst óbreytt en áherslusvið verða skýrð."

Og enn segir í svarinu, með leyfi forseta: „Það vantar tæknimenntað fólk á Íslandi og eitt af leiðarljósum nýja háskólans er að stuðla að tækniþróun og eflingu hátækniiðnaðar á Íslandi. Áhugi á sameiningu HR og THÍ er fyrst og fremst kominn til vegna áhuga á að efla tækni- og verkfræðimenntun í landinu og búa til stærri og öflugri háskóla."

Í ljósi þessa hlýtur maður að spyrja: Hvað hefur hv. þingmaður fyrir sér í því þegar hún segir að tæknigreinum verði fækkað og á þá námsgrein verði gengið með hinu nýja frumvarpi?

[17:13]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst, varðandi seinni spurningu hv. þingmanns, varðandi hvað ég hafi fyrir mér í þeim efnum að tæknigreinum verði fækkað þá höfum við upplýsingar um það í gögnum nefndarinnar. Ég var að leita í gögnunum mínum meðan hv. þingmaður hélt ræðu sína. Ég náði ekki að finna það plagg en ég skal gera grein fyrir því í ræðu minni á eftir.

Það er rétt sem hv. þingmaður segir, að í svörum Guðfinnu Bjarnadóttur kemur fram að efnislega eigi ekki að rýra tæknifræðinámið en á öðrum stað í gögnunum segir að greinum í tæknifræði muni fækka. Ég hef það hjá mér og get komið með það í ræðustól á eftir. Ég er ekki að búa það til, hæstv. forseti.

Varðandi hitt málið sem hv. þingmaður kom inn á með Háskóla Íslands, hvort það eigi bara að vera einn háskóli í landinu og Vinstri hreyfingin – grænt framboð vilji að ástandið sé þannig, þá ætla ég að minna hv. þingmann á að ríkisstjórnin stendur ekki nægilega vel við bakið á Háskóla Íslands á meðan ljóst er að það eru 100 virkir nemendur í Háskóla Íslands umfram hámarksfjölda nemenda sem stjórnvöld greiða fyrir, í þessum reikniflokki númer 5 til Háskóla Íslands. Það er reikniflokkurinn sem verk- og tæknifræðingar heyra undir. Þessar upplýsingar hef ég úr grein Valdimars K. Jónssonar sem ég vitnaði til í ræðu minni. Ég tek undir það sem hann segir að það liggi beint við að stjórnvöld viðurkenni þennan fjölda, þá hundrað sem ekki er greitt fyrir, og greiði fyrir þá nemendur áður en farið er út í að stofna nýja háskóla og sjá til þess að aðrir háskólar geti staðið á öflugan hátt við bakið á tæknifræðingum eða verkfræðingum. Það er ekki forsvaranlegt að slíkt sé gert á kostnað nema í Háskóla Íslands. Það er gert með frumvarpinu hér og því mótmæli ég.

[17:16]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrri ræðumönnum í þessari umræðu, hv. þm. Gunnari Birgissyni, fyrir snjallan lestur og á sinn hátt mjög snjalla ræðu að lestrinum loknum. Hann boðaði hér seinni ræðu og ég bíð í ofvæni eftir henni þó að hv. þingmaður hafi þurft að bregða sér aðeins frá. Hér er heldur ekki skarð fyrir skildi þar sem um stjórnarmeirihlutann í nefndinni er að ræða, því að hér eru bæði varaformaður menntamálanefndar, Dagný Jónsdóttir, sem næst talar, og síðan hinn knái og vörpulegi hv. þingmaður, Sigurður Kári Kristjánsson, sem hér berst hetjulega fyrir málstað sínum og það er auðvitað alltaf gaman að sjá, hvernig svo sem málstaðnum er háttað.

Ég vil líka þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni sem flutti hér mjög skörulega ræðu, sem ég ekki alveg óvænt tek undir í einu og öllu, og hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur sem ég er sammála að flestu leyti í þessu máli og reyndar mörgum öðrum. Ég vil segja, bara svo það komi fram, að það voru miklu fremur tæknilegir örðugleikar og tilviljanir en pólitískir sem leiddu til þess að hér er um tvö nefndarálit að ræða, frá 1. og 2. minni hluta menntamálanefndar, enda er það sjaldgæft í nefndinni að svo sé.

Það hefur komið í ljós að það er ekki rétt sem fram kemur í þingskjali hér að hv. þm. Sigurjón Þórðarson sé samþykkur meirihlutaáliti nefndarinnar (Gripið fram í.) og ætli hann sé þá ekki einhvers staðar á okkar línu þannig að með örlítið betra skipulagi af okkar hálfu, stjórnarandstæðinga í nefndinni — en það var margt að gera á þessum dögum — hefði okkur kannski tekist að skila einu áliti sem vissulega hefði einfaldað gang mála fyrir t.d. þá hv. þingmenn Gunnar I. Birgisson og Sigurð Kára Kristjánsson sem hafa verið nokkuð „forvirraðir" — svo gripið sé til áhrifamikils lýsingarorðs, ættaðs úr dönsku — yfir þessum nefndarálitum.

Forseti. Um hvað snýst þetta mál? Það snýst um það að við erum með frumvarpi þessu beðin um að afhenda eigendum einkahlutafélags sem heitir Hjástoð, nei, fyrirgefið, Hástoð heitir það, *mestan hlutann af Tækniháskóla Íslands*, nýjum háskóla sem starfar á afar mikilvægu sviði, einmitt því sviði þar sem við erum veikust fyrir í menntakerfi okkar, í starfs- og verkmenntun. Það er í fyrsta sinn sem þetta er gert, sem tekinn er opinber háskóli og limaður sundur, ákveðinn partur settur upp í Háskóla Íslands en hinn parturinn afhentur út í bæ. Þetta er í raun og veru staðreynd málsins. Hvað sem menn tala hér um sameiningar og einhverja framsókn og fegurð þá er þetta málið eins og það blasir hér við okkur sem kjörin erum á þessa samkomu til að gæta hagsmuna þjóðarinnar nú og í framtíðinni og erum líka gæslumenn þess fjár sem þjóðin á sameiginlega. Fram hefur komið í umræðunni að vægast ályktað sé þar um að ræða 100 millj. kr. og hæstv. menntamálaráðherra hefur verið krafinn svara um það hver sú upphæð sé í raun og veru. Ég efast ekki um að staðgengill hennar, sem nú hefur fengið aðstoðarmann ráðherrans sér til ráðuneytis, mun svara því og líka þeim spurningum sem hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson og Kolbrún Halldórsdóttir hafa hér haft í frammi og ég tek undir.

Forseti. Þau tvö sem ég hef nefnt hafa farið yfir málið mjög rækilega, flestar hliðar þess sem ég man eftir. Ég ætla þess vegna ekki að endurtaka það, heldur ætla ég að nota tíma minn til þess að ræða sérstaklega þann þátt málsins sem auðvitað er einn af helstu þáttunum og snýr að rekstrarformi og tengslum þess við inntak háskólastarfs, einkum við það sem kallað er akademískt frelsi. Er þá rétt að vitna í byrjun í nefndarálit meiri hluta menntamálanefndar en þar segir undir lok textans, *með leyfi forseta*:

„Nokkuð ítarleg umræða fór fram um hvers vegna hlutafélagaformið hafi verið valið fram yfir sjálfseignarstofnun, hvort akademísku frelsi kennara verði ekki stefnt í hættu."

Sérkennilegt orðalag að vísu að tala um akademískt frelsi kennara en af einhverjum ástæðum hefur það verið valið hér í nefndarálitið. Yfirleitt er bara talað um akademískt frelsi sem nái bæði til kennara og nemenda og reyndar annarra starfsmanna og rannsakenda. En ég lít á þetta fremur sem lítils háttar pennaglöp en einhverja stefnu sem þarna sé mörkuð. Ég held áfram, með leyfi forseta:

„Í svörunum kemur fram að hlutafélagaformið sé almennt heppilegra, hlutafélagalöggjöf geri ráð fyrir að hægt sé að stofna félag sem ekki sé rekið í hagnaðarskyni en svo sé gert í 2. gr. stofnsamþykkta hins nýja félags sem ætlað er að reka sameinaðan háskóla, sbr. fylgiskjal II. Þar komi fram að hlutverk félagsins sé ekki að afla hluthöfum þess fjárhagslegs ávinnings af rekstri, heldur renni hugsanlegur hagnaður til frekari uppbyggingar starfseminnar. Þá eru kostir hlutafélagaformsins nánar raktir og færð rök fyrir því að akademísku frelsi sé ekki ógnað með breyttu rekstrarformi. Tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið sem þar koma fram."

Það er sem sé þannig að meiri hlutinn telur að það hafi verið færð rök fyrir því í þeim plöggum sem vísað er til að akademísku frelsi sé ekki ógnað með breyttu rekstrarformi, að það haldist og sé tryggt væntanlega þó að rekstrarformið sé í einkahlutafélagsstíl og sé breytt úr annars vegar sjálfseignarstofnun, þar er um að ræða Háskólann í Reykjavík, og hins vegar opinberan háskóla, sem er Tækniháskóli Íslands að því leyti sem hann er afhentur Háskólanum í *Reykjavík eða hinum nýju eigendum sameinaða skólans*.

Það kemur líka í ljós hér að meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í þessum plöggum og hefur þar með gert þau að sínum og það er auðvitað djarfleg afstaða af hálfu meiri hlutans vegna þess að þá hefur hann tekið þessa texta sem virðist um að ræða og aukið í þeim þungann verulega.

Það segir í nefndaráliti meiri hlutans að hlutafélagsformið sé almennt heppilegra og þau gögn sem meiri hlutinn byggir mál sitt á eru að ég hygg orðsending Sverris Sverrissonar til menntamálanefndar Alþingis frá 9. febrúar 2005, en hann er formaður háskólaráðs eða verðandi háskólaráðs eða hvernig sem á að orða það. Síðan fylgir í ljósriti mínu skriflegt svar við spurningu 8 úr greinargerð frá fundi menntamálanefndar. Það er ekki undirritað í mínum pappírum en hér hefur komið fram, m.a. hjá formanni menntamálanefndar, hv. þm. Gunnari Birgissyni, að þar sé um að ræða texta Guðfinnu Bjarnadóttur, rektors Háskólans í Reykjavík. Ég veit ekkert um það en ég lít svo á að þessi texti sé frá eigendum og aðstandendum Hjástoðar — Hástoðar, fyrirgefið. Þetta er svolítið erfitt orð af því að hjástoð er til og á m.a. við, forseti, um assistentakirkjugarðinn í Kaupmannahöfn þar sem Jónas Hallgrímsson er grafinn eða var grafinn — hvernig sem þeirri deilu er nú háttað sem ég ætla kannski ekki að fara að eiga orðastað við þingheim um nú — og mér hættir þess vegna til að rugla þessu saman en þetta eru óskyld fyrirbrigði og ég biðst bara afsökunar á þeim mistökum sem ég hef þegar gert og þeim sem verða *seinna í þessari ræðu*, að *hér er um að ræða Hástoð* sem er sem sé félagið sem á að reka skólann.

Þessir pappírar eru því sem einn fyrir mér og ég lít fyrst og fremst á þá sem framhald af orðræðu meiri hluta menntamálanefndar en ekki sem texta sem sérstaklega séu komnir frá nafnkenndu fólki. Það verður að taka fram vegna þess að verið er að veifa þessum textum hér í ræðustól sem einhverjum sérstökum heilögum vitnisburði þessa fólks.

Það verður líka að segja — ég var að vísu ekki á síðasta fundi menntamálanefndar, efnislega fundinum — að ég hygg að ekki hafi gefist færi á að spyrja út í þessa texta sérstaklega en til þess er veruleg ástæða, forseti, vegna þess að þeir eru að sumu leyti nokkuð einkennilegir og bera þess vegna á sinn hátt, og þá er ég ekki að skammast út í höfunda þeirra, vitni um þann hraða sem var á þessu máli í nefndinni og litlu fyrirhyggju sem þar var sýnd í umræðum um það. Það virðist vera *stíllinn í menntamálanefnd þessi árin* að mál sem þar koma inn eigi að afgreiða fljótt út ef þar er um að ræða stjórnarfrumvörp frá menntamálaráðherra, af hverju sem það stafar. En reynslan hefur verið sú, forseti, með þá afgreiðslu í menntamálanefnd, eins og ég reyndar hafði tækifæri til að lýsa hér fyrir skömmu í umræðum fyrir jól um hækkun svokallaðra skráningargjalda í þremur ríkisháskólum, að þegar þau vinnubrögð eru stunduð í nefndinni verður það til þess að sú vinna sem betur hefði farið fram inni í nefndinni fer fram í þingsalnum sjálfum, tefur þess vegna aðra þingmenn gjarnan og er ekki til

heilla í þingstörfunum. En um þetta ætla ég ekki að hafa lengra mál þar sem m.a. formaður menntamálanefndar er fjarstaddur.

Í plöggunum sem ég hér ræði frá Sverri Sverrissyni og viðbótarplagginu við það segir reyndar að reynslan af sjálfseignarstofnunarforminu sé ágæt. Það stendur hér, með leyfi forseta:

„Reynsla ráðsins af þessu félagsformi" — þar er átt við Verslunarráð — „er ágæt miðað við þá skipan sem verið hefur á eignarhaldi og rekstri Verslunarskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík til þessa."

Það kemur reyndar víðar fram og sérstaklega í seinna plagginu að einhverjar hugleiðingar hafa verið um það hjá aðstandendum að taka upp þetta rekstrarform, sjálfseignarstofnunina, eða halda því áfram að því er lýtur að Háskólanum í Reykjavík. Það eru nefndir þrír gallar einkum á sjálfseignarstofnunarforminu sem torveldi rekstur háskóla í því. Það er — hvernig var þetta nú hjá formanni nefndarinnar? — það er í fyrsta lagi það að hér séu komnir þrír aðilar í staðinn fyrir einn, þ.e. þann eina sem var hjá háskólaráði áður, og það sé snúið og erfitt að koma því saman í sjálfseignarstofnunarforminu.

Það segir hér aftur, með leyfi forseta:

„Ef ákveðið hefði verið að velja form sjálfseignarstofnunar til rekstursins hefðu aðilarnir staðið frammi fyrir því að þurfa að semja um og móta hvernig reglur um skipulag og ákvarðanatöku yrði háttað."

Ég get ekki sagt, þó ég hafi fulla vorkunn með þeim sem standa frammi fyrir verkefni af þessu tagi, að þetta séu gild rök fyrir einkahlutafélagsformi fram yfir sjálfseignarstofnunarform, að þessir þrír aðilar hafi staðið frammi fyrir því að þurfa að semja um hvernig samskiptum þeirra væri háttað. Benda má á að þó þeir hafi notfært sér einkahlutafélagsformið hafa þeir líka staðið frammi fyrir því að semja um hvernig samskiptum þeirra væri háttað innan þess, vegna þess að eftir því er ekki farið við þá ákvörðun sem er einna afdrifaríkust í einkahlutafélagi, að kjósa stjórn. Yfirburðahluthafinn, Verslunarráð sem á 90% hlutafjár og á að eiga um einhverja framtíð, hefur valið það af góðmennsku sinni að láta hina minni hluthafa, smáhluthafana, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins, hafa fulltrúa í stjórninni. Ég tel vissulega skynsamlegt hjá Verslunarráði að gera þetta en þarna hefur þó þurft að semja um ákveðna hluti. Það er ekki farið eftir þeim leikreglum einkahlutafélagsins sem einfaldlega hefði kveðið á um að Verslunarráð hefði tekið alla stjórnarmennina til sín ef ég kann þennan reikning réttan.

Í öðru lagi sagði hv. þm. Gunnar Birgisson áðan að betri tengsl væru við eigendurna í einkahlutafélagi en í sjálfseignarstofnun. Það kann vel að vera að það séu betri tengsl við eigendurna en þá kemur jafnframt að þeim mismun á eðli einkahlutafélags og sjálfseignarstofnunar að slík tengsl eru gagnkvæm. Eigendurnir hafa þá möguleika á meiri áhrifum í einkahlutafélagi en þeir hafa í sjálfseignarstofnun. Í sjálfseignarstofnun mynda eigendurnir eða hliðstæður þeirra í því formi yfirleitt fulltrúaráð sem kýs stjórnina. Þessi kostur getur jafnframt verið galli. Ég kem að því síðar í ræðu minni.

Í þriðja lagi sagði hv. þm. Gunnar Birgisson það vera mikinn kost við einkahlutafélögin og jafnframt ókost við sjálfseignarfélögin að það væri snúið að slíta sjálfseignarstofnunum en það væri hins vegar auðvelt í einkahlutafélaginu ef svo færi að þeim þyrfti að slíta. Það sem hv. þingmaður á við er væntanlega að eigendur einkahlutafélags geta fengið hlutafé sitt til baka með tiltölulega einföldum hætti við slit á einkahlutafélaginu. Það er erfiðara að fást við það í sjálfseignarstofnun þar sem grundvöllur sjálfseignarstofnunarinnar sem lesa má um í lögum um sjálfseignarstofnanir er sá að þá reiða menn fram óafturkallanlegt fé til að vinna að einhverju markmiði eða styðja einhvern þann málstað sem starfsemi sjálfseignarstofnunarinnar byggist á.

Ég held að það sé ekkert gríðarlega flókið að ráðstafa fé sjálfseignarstofnunar við hugsanleg slit til einhvers þess málefnis eða til fylgis við einhvern þann málstað sem er í tengslum við sjálfseignarstofnunina þó að það sé hins vegar rétt að féð fæst ekki beint aftur í vasa þess sem lagði það út. Mér finnst þetta ekki mjög merkileg röksemd. Að vísu á töluvert fé að renna frá eigendum Hástoðar með aukningu hlutafjár í því félagi á næstunni og vil ég nota tækifærið og hrósa eigendum Hástoðar fyrir að leggja fram það fé. Hlutafé félagsins er nú 15 millj. kr. en á að vera 300 millj. kr. síðar á árinu. Það er því framlag upp á 285 millj., 270 frá Verslunarráðinu, 10 frá Samtökum atvinnulífsins og 20 frá Samtökum iðnaðarins. En sé tekið mark á þeirri staðhæfingu, og engin ástæða til að gera annað, sömu eigenda að þeir séu að leggja fram fé sem eigi aðeins að nota til að auka menntun í landinu en ekki til að skapa hagnað fyrir samtökin eða lögpersónurnar hlýtur að skipta litlu máli hvert það fé rennur aftur við hugsanleg slit, sem ráðherra þyrfti að samþykkja hygg ég, því vel má búa svo um hnútana í sjálfseignarstofnun að fé sem til hennar er lagt renni til svipaðra hluta. Féð er því ekki tapað ef tilgangur framlagningar þess, þannig að ég fari að tala eins og lögfræðingur fyrir rétti, er sá að styðja málefnið, sem er menntun í tæknigreinum, verkfræði og öðrum þeim greinum sem á að fást við, en ekki sá að skapa eigendum sínum hagnað.

Hinar þrjár röksemdir hv. þm. Gunnars Birgissonar sem unnar eru upp úr plöggunum sem hér liggja frammi eru ekki ýkja merkilegar. Á þeim grunni og líka þegar við komum aðeins aftar í textann sést að engin tæk rök hafa verið færð fram fyrir því af hálfu menntamálaráðherra eða eigenda skólanna að einkahlutafélagsformið sé svo mikið betra en sjálfseignarstofnunarformið að nýi háskólinn þurfi endilega að vera í því formi. Engin tæk rök hafa verið færð fram fyrir því. Satt að segja eru þetta rök sem manni sýnist að séu eftirárök, að menn hafi tekið ákvörðunina fyrst og síðan reynt að rökstyðja hana í staðinn fyrir að gera það sem eðlilegra var, að breyta ákvörðun sinni þegar menn sáu hvaða afleiðingar hún hafði, hvaða viðbrögð hún fékk, og búa til sjálfseignarstofnun úr þessu félagi sínu. Auðvitað hefði hæstv. menntamálaráðherra átt að benda þeim á að það væri skynsamleg leið til að forðast eins og mögulegt væri alla tortryggni og auðvelda gang málsins hjá þingi og þjóð, ef menn hefðu viljað það.

Hér hefur verið lesið upp úr þeim plöggum sem ég er að ræða, einkum því seinna sem kennt er Guðfinnu Bjarnadóttur rektor. Þess vegna ætla ég ekki að lesa það í heild

sinni en verð þó að benda á þann athyglisverða kafla sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson vakti athygli á áðan og er að finna í plagginu undir fyrirsögninni: Kostir hlutafélagaformsins. Þar segir í byrjun að sjálfseignarstofnunarformið hafi ekki reynst í öllum tilvikum hentugt. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Lög um sjálfseignarstofnanir gera aftur á móti ráð fyrir að enginn eigi sjálfseignarstofnanir og þær geta því orðið munaðarlausar og stjórnast einvörðungu af starfsmönnum. Hugarfarið á bak við sjálfseignarstofnun er nánast það að þegar einhver hefur stofnað hana og lagt fram peninga í stofnfé þá sé afskipta viðkomandi ekki óskað frekar. Það er afar ábyrgðarlaust að reka háskóla með þeim hætti, sérstaklega þegar hlutverk háskólans er að styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og taka að sér veigamikið hlutverk á háskólastigi með samruna HR og Tækniháskóla Íslands (THÍ)."

Undir þetta taka hv. þingmenn sem skipa meiri hluta menntamálanefndar og því þeirra að skýra hvers vegna það er afar ábyrgðarlaust að reka háskóla með þessum hætti, í sjálfseignarstofnunarformi. Það er þeirra að skýra hér þó að enginn sé — jú, einn er staddur í salnum, ég biðst afsökunar á að hafa skotist yfir hann, það er ekki oft sem mér skýst yfir þann ágæta hv. þingmann, Dagnýju Jónsdóttur — að það sé afar ábyrgðarlaust að reka Viðskiptaháskólann á Bifröst með þessum hætti. Ég óska skýringa á því, ekki frá Guðfinnu Bjarnadóttur því hún er ekki í salnum og getur ekki skýrt þetta. Ég tel að þetta sé kannski misskilningur eða pennaglöp hjá henni en meiri hlutinn hefur tekið undir þessi orð og ég vil gjarnan fá að vita það. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir er næst og hv. þm. Gunnar Birgisson verður til svara einhvern tíma seinna og ég vil vita hvernig þau rökstyðja einkunnirnar um rekstur Viðskiptaháskólans á Bifröst og Listaháskóla Íslands en báðir háskólar eru sjálfseignarstofnanir, að það sé afar ábyrgðarlaust að reka þá með þessum hætti. Má búast við því að hv. meiri hluti menntamálanefndar komi með frumvarp um að breyta sjálfseignarstofnununum, Listaháskóla Íslands og Viðskiptaháskólanum í Bifröst, í einkahlutafélög? Kannski ekki vegna þess að við höfum ekki mikið yfir þeim að segja, en er það ábending meiri hlutans að Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Listaháskóli Íslands séu reknir á afar ábyrgðarlausan hátt og það sé nánast þannig að einhverjir óábyrgir starfsmenn séu að koma öllu í kalda kol, eða það sé fram undan í rekstri þessara tveggja skóla.

Það er nokkuð til í síðustu klausu kaflans, sem við ræddum reyndar aðeins áðan. Hann er svona, með leyfi forseta:

„Þegar nýr háskóli þarf að ráðast í fjárfestingar í nýju húsnæði, tækjabúnaði og rannsóknum, þá er ómetanlegt að hafa „eigendur" sem axla ábyrgð. Það skiptir t.d. lánveitendur miklu máli og getur haft áhrif á lánakjör."

Ég fellst á það með höfundi textans og þeim sem standa á bak við hann, meiri hluta menntamálanefndar, að það getur að sjálfsögðu verið ágætt að hafa slíka eigendur einmitt gagnvart lánastofnunum. Það hlýtur að auka lánstraust þess sem fer og talar við Landsbankann eða Íslandsbanka að á bak við þá standi Verslunarráð Íslands þó auðvitað sé um einkahlutafélag að ræða sem tekur ákvarðanir og tekst á hendur skuldbindingar sem ekki falla sjálfkrafa á þá sem að baki standa.

Á hinn bóginn eru þetta ekki rök fyrir því að nauðsynlegt sé að hafa skólann í þessu formi eða einkahlutafélagsformið standi sjálfseignarstofnunarforminu langtum framar við þessi mál. Viðurkenna verður að vísu að Listaháskólinn býr ekki við það að hafa fjárfest í nýju húsnæði, tækjabúnaði og rannsóknum. Það er kannski af öðrum sökum en að hann eigi ekki nógu góða eigendur heldur er þar um að kenna okkur sem hér sitjum og stöndum og þeirri ríkisstjórn sem hefur setið í 10 ár og ekki haft dug í sér til að koma honum í nýtt húsnæði. Það er átak sem við þurfum að fara í.

Þótt Viðskiptaháskólinn á Bifröst eigi sér enga „eigendur" eins og hér um ræðir hefur tekist dável að fjárfesta þar í nýju húsnæði, tækjabúnaði og rannsóknum og ekki að sjá að það hafi haft nein áhrif á Viðskiptaháskólann í Bifröst þó hann eigi sér ekki þessa gæsalappaeigendur sem hér eru taldir ómetanlegir, ekki hægt að meta það í peningum eða öðrum gæðum, þannig að þó komin séu rök sem nálgast að vera tæk fyrir því að það geti að sumu leyti verið gott að hafa einkahlutafélag eru þau í reynd ekki þannig að þau standi í vegi fyrir því að háskóli sem sjálfseignarstofnun geti þrifist, stækkað og aukist. Það má líka í þessu sambandi nefna að það er svo með aðra hluti en háskóla að starfsemi til almannaþarfa og samfélaginu til gagns og framfara styðst oft við eins konar „eigendur" innan einfaldra, tvöfaldra eða þrefaldra gæsalappa sem með ýmsum hætti styðja sókn manna í slíkri starfsemi til að fjárfesta í nýju húsnæði, fá ný tæki og geta aukið rannsóknir sínar. Við þekkjum þetta t.d. með sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir af ýmsu tagi þar sem áhugamenn, kraftmiklir sjálfboðaliðar taka sig saman og fylla upp í þau göt sem hið opinbera neyðist til að skilja eftir. Við þekkjum þetta líka í skólakerfinu, t.d. í iðnskólunum, að þar hafa gamlir nemendur og menn sem ráða í atvinnurekstri oft komið til hjálpar við einmitt húsnæði og þó einkum tækjabúnað og einstakar rannsóknir sem á þarf að halda. Það er því alls ekki einhlítt að eigendur geri þetta í einhverri eignagleði eða vegna þess að þeir hafi þessi frægu eignatengsl við stofnun sína.

Í þessari umræðu og einnig í hinni fyrstu hefur verið nokkuð spurt um það hvað við stjórnarandstæðingar teljum athugavert við þetta form, einkahlutafélagsformið. Svarið er náttúrlega það að við teljum ekkert athugavert við það á sínu sviði, teljum að það eigi vel við þegar fyrirtæki er að vinna í samkeppnisrekstri á markaði en teljum hins vegar að það sé síðra þegar um er að ræða starfsemi þar sem markaðurinn er ekki nema einn þáttur í öllu spilverkinu og að einkahlutafélagið sé beinlínis óeðlilegt þegar um er að ræða stofnun sem þarf framar öðru að varðveita ákveðna starfshætti, þá sem hér ganga undir nafninu akademískt frelsi.

Ég hygg að það hafi verið hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sem las upp umsögn BHM um frumvarpið þar sem fram kom að BHM leggst mjög gegn því að hlutafélagsformið sé valið sem rekstrarform fyrir háskólastarfsemi. Því er kannski við að bæta að einmitt framkvæmdastjóri BHM segir í Morgunblaðinu 5. apríl í fyrra í deilu við Verslunar-

ráð, í svari við Þór Sigfússon, framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands, sem ætlar að eiga 90% í hinum nýja skóla og telur hlutafélagsformið hafa sýnt yfirburði sína fram yfir sjálfseignarstofnanir, þá segir Gísli Tryggvason, með leyfi forseta:

„að sjálfseignarstofnanir henti vel til rekstrar í almannaþágu fyrir opinbert fé, t.d. háskóla, orlofssjóða og sjúkrastofnana, sem ekki eiga að greiða út arð. Hann segir góða reynslu af sjálfseignarstofnunum í opinberum og hálfopinberum rekstri. „Þá er ég t.d. að tala um Háskólann í Reykjavík sem Verslunarráð Íslands setti einmitt á stofn sem sjálfseignarstofnun. Svo mér finnst það mikil mótsögn að framkvæmdastjóri Verslunarráðs sé að andmæla því rekstrarformi sem mundi aldrei vera liðið ef það væri hlutafélag sem gæti greitt arð," segir Gísli."

Síðan er aftur vitnað í hann:

„Það kæmi ekki til greina" — „ef" les ég úr þessum texta — „ég talaði af hálfu almennings og stjórnmálamanna. Því þarna greiða nemendur sem fá lán úr Lánasjóði íslenskra námsmanna skólagjöld. Sjálfseignarstofnunarformið er því sennilega hið eina sem gæfist fyrir háskóla." Hins vegar bendir Gísli á að hlutafélög gefist vel þegar arðsemismarkmið eru fyrst og fremst höfð að leiðarljósi.

Fyrir utan hina efnislegu afstöðu í þessu sýnir þetta ágætlega að þetta var stefna BHM áður en nákvæmlega þetta mál kom til. Raunar vissi maður ekki betur en þetta væri stefna allra þeirra sem að skólamálum koma á Íslandi því að þetta er í fyrsta sinn sem mönnum dettur í hug hér á landi og ég held norðan Alpafjalla og þótt víðar væri leitað að setja akademískan háskóla í form hlutafélags, það er einstætt. Nefnt hefur verið að það sé hlutafélag sem rekur námið í Sjómannaskóla og það er rétt. En það nám er ekki akademískt nám. Það er fullkomlega ágætt nám vona ég og er viss um en það er nám sem er sérstakt starfsnám og kemur akademíu ekki við. Ég skal ekkert um það segja hvað er heppilegt við það. Ég tel að menn hafi verið nokkuð brokkgengir þegar þeir tóku námið í sjávarútveginum úr opinberri umsjá og settu í þetta sérstaka hlutafélag. Þó má nefna með það hlutafélag sem er öðruvísi en það sem við erum hér að ræða um, að það hlutafélag er myndað af atvinnurekendum og verkalýðshreyfingunni í þeirri starfsgrein þar sem um er að ræða, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Vélstjórafélaginu, ef ég kann rétt með þetta að fara, og kannski einhverjum fleirum þannig að það er ekki sambærilegt við það sem við erum hér að ræða.

Um akademískt frelsi sem ég lofaði að ræða lítillega um er einmitt texti í því plaggi sem ég vitna oft til og hefur oft verið til vitnað, því sem kennt er við Guðfinnu Bjarnadóttur. Þessi texti var lesinn hérna áðan og þó ekki allt í honum því ég hygg að Gunnar Birgisson hafi ekki lesið allan þennan kafla. Ég held að hann hafi byrjað réttilega á byrjuninni og lesið síðan allan þennan texta nema fyrsta hluta þessa kafla sem hér um ræðir og það er best að bæta úr þeirri vöntun hjá Gunnari Birgissyni, formanni menntamálanefndar. Fyrirsögnin er: Akademísku frelsi ekki ógnað með breyttu rekstrarformi.

Textinn er í byrjun svona, með leyfi forseta:

„Eitt atriði hefur verið nefnt sem rök fyrir því að hlutafélagaformið henti ekki og það er að það geti eyðilagt akademískt frelsi. Gunnar Karlsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, hefur í erindi fjallað um akademískt frelsi og segir þá m.a.: „Ef við lítum á málin frá sjónarmiði hvers einstaks háskólakennara má segja að einkum tveir aðilar geti lagt hömlur á frelsi hans. Annars vegar eru það stjórnvöld, það ríkisvald sem setur okkur lög og reglugerðir, og — í tilfelli ríkisháskóla — veitir okkur rekstrarfé. Hins vegar er það háskólasamfélagið sjálft sem ákvarðar hvað beri að kenna og hvað beri að meta sem marktækar rannsóknir fræðslu eða þjónustu."

Svo er sagt það sem hv. þm. Gunnar Birgisson las fyrr í dag, að í raun verði engin breyting á akademísku frelsi Háskólans í Reykjavík o.s.frv.

Ég verð að viðurkenna að ég velti fyrir mér hvað Gunnar Karlsson væri að gera inni í þessum texta því að það sem hann segir og haft er eftir honum í þessum texta þar sem verið er að spyrja um akademískt frelsi háskólakennara er að þar séu tvær hættur, annars vegar stjórnvöld sem setja lög og reglugerðir og veita rekstrarfé til ríkisháskólanna, hins vegar háskólasamfélagið sjálft — ég held að þetta sé alveg nákvæmlega rétt — að akademískt frelsi er ekki frekar en annað frelsi til 100%. Það er ekkert frelsi sem ekki hefur einhverjar eðlilegar takmarkanir. Við þurfum ekki að fara í gegnum það í þingsalnum að frelsishugsun sem rekur vonandi flest okkar áfram rekst auðvitað á við þarfir annarra, eðlilega sambúð manns við mann og við náttúru og við samhengi í tíma o.s.frv. og það er það sem Gunnar Karlsson er að velta fyrir sér. Þess vegna fannst mér þetta ekki vera mjög góð tilvitnun um það sem textinn er að segja, að hlutafélagsformið henti vel akademísku frelsi.

Það kemur líka í ljós þegar maður skoðar þann fyrirlestur sem hér er um að ræða að Gunnar Karlsson er ekki að tala um rekstrarform og akademískt frelsi en það er það sem við erum að tala um hér. Ég vil því gjarnan fá útskýringar á því hjá meiri hluta menntamálanefndar, þeim hv. þingmannafjölda sem þar hefur skrifað sig saman og er sammála rökum sem hér koma fram, hvaða innlegg það er í þessa umræðu um rekstrarform og akademískt frelsi sem kemur fram í umræddri tilvitnun í Gunnar Karlsson, sem hv. þm. Gunnar Birgisson las að vísu ekki áðan. Það kemur í ljós í fyrirlestri Gunnars Karlssonar að hann er alls ekki að ræða rekstrarform og akademískt frelsi heldur er hann að ræða í síðari hluta fyrirlestrar síns um stöðu háskólakennara í ríkisháskóla eða sjálfseignarháskóla kannski gagnvart þessum hlutum, akademísku frelsi. Það er auðvitað eðlilegt að Gunnar Karlsson geri það því hann hefur verið að ég hygg frá 1976 prófessor við Háskóla Íslands eða a.m.k. fastur kennari og lærði þar þar áður og er einn af okkar fremstu mönnum í sinni grein, í raun og veru mikill áhrifamaður í íslenskri sagnfræði og ákaflega þarfur maður í henni, ekki bara vegna fræðirannsókna sinna, svo ég leyfi mér að mæra hann, heldur líka vegna þess að hann hefur verið einn af helstu frumkvöðlum í að færa sagnfræðina til fólksins með fyrirlestrum og ritum og ekki síður í kennslubókum og námsefni af ýmsu tagi.

Af því að við erum að tala um þessa grein eða þess vegna fyrirlestur þá er rétt að upplýsa um hann að hann heitir „Hvað er akademískt frelsi?" Hann var fluttur 12. febrúar 2004 og ég hygg að það sé hægt að fá hann á há-

skólanetinu eða a.m.k. í fréttabréfi háskólans eða háskólakennara en ég er með hann hér. Ég ætla nú, forseti, þó það sé nokkuð djarft, að leyfa mér þann eina útúrdúr í þessari ræðu um rekstrarform og akademískt frelsi að lesa úr honum svo sem eins og tvær síður. Í fyrsta lagi eru þær vel skrifaðar og í öðru lagi geta þær gefið okkur ákveðna undirstöðu í þessa umræðu um akademískt frelsi. Þannig segir Gunnar Karlsson sagnfræðingur, með leyfi forseta, frá því að akademískt frelsi eigi sér „tvær rætur, mislangar. Önnur liggur allt til upphafs evrópska háskólans á miðöldum, jafnvel allt til 11. aldar. Þeir urðu ekki til sem opinberar stofnanir, eins og til dæmis ráðuneyti eða ríkisherir, heldur sem stéttarfélög. Orðið universitas merkir upphaflega gildi eða stéttarfélag, og til voru universitates bakara og slátrara. Universitates magistrorum disciplinorumque gátu verið stéttarfélög kennara, sem var algengast í norðanverðri álfunni. Þau gátu líka verið stéttarfélög stúdenta sem tóku sig saman um að ráða sér kennara, og það var algengara sunnan Alpafjalla. Samtímis þessum lærdómsgildum spruttu upp í Evrópu formlegar menntastofnanir sem voru kallaðar studia generalia og voru venjulega undir stjórn biskupa. Um skeið var mikil spenna á milli þessara tveggja gerða menntastofnana, en á 13. öld fór víðast svo að stéttarfélögin höfðu betur, studia generalia lögðust smám saman niður en universitates urðu svo víða að opinberum stofnunum í staðinn.

Afleiðing af þessum uppruna háskólanna er að stjórnkerfi þeirra er jafnan fremur lýðræðislegt og sjálfstætt gagnvart ríkisvaldinu, jafnvel þar sem ríkið á háskólana og kostar þá. Dæmi þess er að æðsti stjórnandi háskóla er kosinn af starfsmönnum og stúdentum og tekur umboð sitt af þeim en ekki ríkisvaldinu. Það var sú tilhögun sem ríkti óskert hjá okkur allt þangað til sérkennileg reglufestustefna í menntamálaráðuneyti Björns Bjarnasonar fékk Alþingi til að breyta þessu með lögum árið 1999."

Þetta var önnur rótin að hinu akademíska frelsi.

Þá kemur að hinni, enn með leyfi forseta:

„Hin meginrót akademísks frelsis er gjarnan rakin til frjálslyndra menntafrömuða við Berlínarháskóla á fyrstu áratugum 19. aldar. Þar er einkum nefndur til sögu Wilhelm von Humboldt, sem var raunar menntamálaráðherra Prússa á stuttu tímabili, 1809–10. Frelsið sem þessir menn boðuðu var talið eiga sér tvær hliðar. Annars vegar var Lernfreiheit, frelsi stúdenta til að velja sjálfir hvað þeir lærðu, hins vegar Lehrfreiheit, frelsi prófessora til að ráða hvað þeir kenndu og rannsökuðu. Raunar var það hluti af stefnu þessara manna að líta á kennslu og rannsóknir sem eina samfellda heild og bjóða þannig upp á rannsóknartengt háskólanám.

En þótt við rekjum akademískt frelsi sögulega til Humboldt og Berlínarháskóla þá er það í víðari skilningi auðvitað ekki annað en angi af frjálshyggjuþróun Evrópu. Það er ein af ótalmörgum afleiðingum þeirrar dæmalausu uppfinningar Evrópumanna á 18. öld, sem er þó auðvitað ekki komin að öllu leyti til framkvæmda enn, að það hefði mikið til síns máls að leyfa fólki að hugsa, segja og gera það sem það kysi sjálft, ef það hefði ekki í för með sér tilfinnanlegan og augljósan skaða fyrir aðra. Fram að þeim tíma, og kannski enn ef allir jarðarbúar eru taldir með, hefur verið langalgengast að fólk hefði tvo mælikvarða á hvað væri rétt. Annars vegar er hefðin, að halda áfram að hugsa, segja og gera eins og hafði alltaf verið gert. Hins vegar var opinberunin, í menningarheimum sem höfðu helga bók til að fara eftir, þá var sá vandinn einn, og ekki lítill raunar, að túlka orð bókarinnar rétt. Skynsemisstefna 18. aldar tók að rækta upp og setja í öndvegi þriðju aðferðina til að komast að sannleika og ráða fram úr vanda lífsins, nefnilega að beita skynseminni, hugsa, prófa sig áfram með eitthvað nýtt, rannsaka. Um leið og háskólarnir héldu áfram að mennta pilta til embætta í þjónustu ríkisins og þegnanna, urðu þeir forystusveit í þessum könnunarleiðangri inn í hið óþekkta; enginn gat veitt þeim leiðsögn, og þannig að þeir urðu að fá akademískt frelsi til að geta rækt hlutverk sitt."

Þetta var tilvitnun í fyrirlestur Gunnars Karlssonar um akademískt frelsi og hann segir okkur líka á eftir að það sé eðlilegt að skoða akademískt frelsi í fjórum pörtum og miða þar við venjulegt háskólastarf, að athuga stjórnfrelsi, sem er frelsi háskólasamfélagsins til að velja sér stjórnendur, athuga námsfrelsi, frelsi háskólanemenda til að velja sér námsbrautir, athuga kennslufrelsi, frelsi háskólakennara til að kenna það sem þeir vilja, annars vegar frelsi til að ráða um hvað er fjallað í kennslunni og síðan frelsi til að ráða hverju er haldið fram um efnið, og í fjórða lagi rannsóknarfrelsi, sem annars vegar sé frelsi til að ráða hvað maður tekur til rannsóknar og hins vegar frelsi til að ráða hvaða niðurstöður maður setur fram um rannsóknarefnið.

Fyrirlestur Gunnars, eftir þennan ágæta sögulega inngang sem ég vona að þingheimur hafi haft af gagn og gaman, fjallar að öðru leyti um vandkvæði háskólakennara hér, aðallega í Háskóla Íslands, við það að ráða fram úr þessu akademíska frelsi og um það hvernig þeir fást við þessar tvær meginhliðar, annars vegar þá sem snertir afskipti ríkisvaldsins með ýmsum hætti, sem Gunnar gerir reyndar lítið úr í Háskóla Íslands, og hins vegar hvernig mönnum gangi þar að hafa frelsi í sínu samfélagi, því að stundum kemur auðvitað fyrir að háskólasamfélagið sjálft er nokkuð frekt og þrýstir á menn í störfum og í skipulagningu kúrsa o.s.frv. sem sýnir okkur að ekkert frelsi er fullkomið og lýðræðið er auðvitað ekkert annað en hið skásta af mörgum ómerkilegum samskiptakerfum okkar mannanna.

En ég vil að lokum ítreka það að mér sýnist, og ég bið um að ég sé leiðréttur með það og tel að það sé við hæfi að meiri hluti menntamálanefndar, hinir ágætu fimm þingmenn, geri það ef það er rangt hjá mér, að þessi tilvitnun eigi ekki heima í þessum texta og hafi ekkert gildi fyrir þá umræðu sem hér fer fram. Það hefur hins vegar fyrirlestur Gunnars Karlssonar í heild sinni en ekki var til hans vitnað í textanum.

Um akademískt frelsi og rekstrarform háskóla eru hins vegar textar og það nýlegir sem meiri hluti menntamálanefndar hafði full tækifæri á að kynna sér, sem sá meiri hluti virðist ekki hafa gert um fyrirlestur Gunnars Karlssonar. Ég ætla að lesa þá báða. Það er, þvert á það sem ég var að lesa, ekki útúrdúr og ekki skemmtilestur fyrir þingheim eða þá sem á hlýða, heldur textar sem snerta þetta mál í hjartastað. Á annan þeirra hefur verið minnst hér áður, þ.e. sá texti í umsögn Þorsteins Gunnarssonar, rektors Háskólans á Akureyri, sem hljóðar svo, með leyfi forseta, og er síðasti kaflinn í umsögninni:

„Í athugasemdum við frumvarpið er boðað að hinn nýi skóli verði rekinn sem einkahlutafélag. Um nýmæli er að ræða hér á landi sem löggjafinn þarf að skoða nánar. Engin trygging er fyrir því að háskólakennarar sem ráðnir eru að einkahlutafélagi búi við akademískt frelsi sem er einn af hornsteinum háskólastarfsemi í hinum vestræna heimi." — Ég endurtek: „Engin trygging er fyrir því að háskólakennarar sem ráðnir eru að einkahlutafélagi búi við akademískt frelsi sem er einn af hornsteinum háskólastarfsemi í hinum vestræna heimi." — „Svo dæmi sé tekið þá er akademískt frelsi háskólakennara stjórnarskrárvarinn réttur í Bandaríkjunum. Eðlilegra væri því að gera ráð fyrir að hinn nýi skóli yrði rekinn sem sjálfseignarstofnun enda er löng hefð fyrir því að hægt sé að vernda og viðhalda akademísku frelsi háskólakennara, þó að það sé að sjálfsögðu ekki sjálfgefið, innan háskóla sem reknir eru á þann hátt."

Þetta segir Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri. Við þessum orðum hans eru engin mótrök, ekki í nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar og ekki í þeim textum sem meiri hluti menntamálanefndar vísar til. Ég spyr þá sem hér taka þátt í umræðum á eftir af hálfu þessa meiri hluta: Af hverju ekki? Af hverju er ekki reynt að svara þessum rökum Þorsteins sem varða sjálfan kjarna málsins, það rekstrarform sem hæstv. menntamálaráðherra hefur fallist á að valið verði á hinn nýja skóla, sem að miklu leyti er búinn til úr væntanlegri gjöf ríkisins með Tækniháskólanum til Verslunarráðs og annarra eigenda? Af hverju er þessu ekki svarað?

Hinn vitnisburðurinn er ögn lengri en þó ekki svo langur að hann eigi að ofbjóða áheyrendum mínum hér, og það er líka kjarnagrein um háskóla og rekstrarform og er eftir annan rektor, sjálfseignarstofnunar í þetta skipti, Runólf Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst. Hún heitir „Um frelsi háskóla, stjórnun og rekstrarform".

Þessi grein sem birtist í Morgunblaðinu miðvikudaginn 29. desember, 2004, er svona, með leyfi forseta:

„Hvarvetna í hinum vestræna heimi er frelsi háskóla talið á meðal þeirra grunngilda sem nútímasamfélög byggjast á. Slíkt frelsi er í raun þríþætt, akademískt, stjórnunarlegt og fjárhagslegt.

Í akademísku frelsi felst frelsi háskólastúdenta til lærdóms og háskólakennara til kennslu, þekkingarleitar og rannsókna án takmarkana eða hindrana vegna landslaga, reglna og skipulags viðkomandi háskóla eða utanaðkomandi samfélagslegs þrýstings. Mikilvægi akademísks frelsis varðar ekki einungis kennara eða nemendur, heldur samfélagið allt. Það eru langtímahagsmunir lands og þjóðar að frelsi æðri menntunar sé tryggt til þess að frjáls þekkingarsköpun eigi sér stað án íhlutunar ríkisvalds eða hagsmunaaðila. Þegar ríki, atvinnulíf eða aðrir hagsmunaaðilar stýra kennslu og rannsóknum með beinum hætti ráða skammtímahagsmunir eða sérhagsmunir sem ganga gegn heildarhagsmunum samfélagsins.

Í Bandaríkjunum var sameiginlegum grunnreglum um akademískt frelsi komið á árið 1940 með sérstakri yfirlýsingu samtaka bandarískra prófessora og samtaka bandarískra háskóla. Hæstiréttur landsins úrskurðaði árið 1967 að akademískt frelsi nyti stjórnarskrárbundinnar verndar" — eins og minnst var á í orðum Þorsteins Gunnarssonar — „og sagði bandarísku þjóðinni bera skyldu til að varðveita það enda hefði slíkt óviðjafnanlegt gildi fyrir hana, en ekki einungis þá kennara sem í hlut ættu."

Undir fyrirsögninni „Stjórnunarlegt frelsi" segir Runólfur svo þetta, með leyfi forseta:

„Það skiptir máli að háskólar ráði sér stjórnunarlega og að þar gildi jafnframt skýrar og hlutlægar reglur um ráðningar og uppsagnir akademískra starfsmanna. Sú vernd er mikilvæg til að tryggja akademískt frelsi þeirra en tækifæri skólanna til að segja sömu starfsmönnum upp á málefnalegum grundvelli, t.d. vegna almennrar vanhæfni eða brots í starfi, skiptir einnig máli og þurfa báðir þessir þættir að vera tryggðir með þeim hætti að fullnægjandi sé."

Undir fyrirsögninni „Fjárhagslegt frelsi" kemur þetta næst frá Runólfi, enn með leyfi forseta:

„Ef háskóli er háður fjárveitingum frá einum aðila, opinberum eða einkaaðila, getur slíkt takmarkað frelsi hans, sérstaklega ef honum er meinað að afla tekna frá öðrum. Háskólar eiga því skilyrðislaust að hafa frelsi til að skapa sér tekjur með kennslu, rannsóknum eða annarri starfsemi."

Þá kemur millifyrirsögnin „Rekstrarform háskóla og frelsi þeirra", og eftir henni er þetta, með leyfi forseta:

„Skipta má íslenskum háskólum í þrjá flokka eftir því í hvaða rekstrarformi þeir eru.

Ríkisreknum háskólum er hætt við ríkisafskiptum á öllum sviðum og geta þar með verið háðir pólitískum áhrifum valdhafa hverju sinni. Sagan geymir fjölda dæma um slík afskipti ríkisvaldsins af málefnum háskóla sinna, t.d. í Sovétríkjunum á tímum kalda stríðsins. Akademískt frelsi slíkra skóla hérlendis er þó vel tryggt með ákvæðum almennra háskólalaga um ríkisháskóla og sérlögum um þá. Stjórnunarlegu frelsi ríkisháskóla til að halda uppi eðlilegri starfsmannastjórnun og gæðum í rannsóknum og kennslu eru hins vegar veruleg takmörk sett," — segir Runólfur Ágústsson — „sérstaklega með ákvæðum laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ríkisháskólar hafa jafnframt mjög takmarkað fjárhagslegt frelsi.

Skóli sem á sig sjálfur og starfar í samfélagslegum tilgangi er hins vegar vel til þess fallinn að tryggja akademískt frelsi enda er þetta rekstrarform algengasta rekstrarform hágæðaháskóla vestanhafs. Mikilvægt er þó að um frelsisþættina þrjá sé fjallað í skipulagsskrá og reglugerð skólanna. Sjálfseignarháskólar hafa stjórnunarlegt frelsi, bæði hvað varðar almenna stjórnun skólanna í heild, stjórnun starfsmannamála, gæðamála í kennslu og rannsóknum sem og eðlilega og nauðsynlega þátttöku kennara og annarra starfsmanna í akademískri stjórnun slíkra skóla. Sjálfseignarháskólar hafa einnig fullt fjárhagslegt frelsi til tekjuöflunar.

Þriðja rekstrarformið sem nú er til umræðu eru háskólar í eigu utanaðkomandi aðila. Skipulagsheild sem er í eigu einhvers verður ávallt háð eiganda sínum. Hluthafar eða aðrir sem eiga háskóla, ráða honum beint eða óbeint, enda eru ekki í gildi hérlendis almenn lög eða reglur sem setja skorður við slíku." — Ég vek athygli á þessari setningu og endurtek hana: „Hluthafar eða aðrir sem eiga háskóla, ráða honum beint eða óbeint, enda eru ekki í gildi hérlendis almenn lög eða reglur sem setja skorður við slíku." Greinin heldur síðan áfram svona, með leyfi forseta:

„Utanaðkomandi eignarhald skerðir því að óbreyttu nauðsynlegt innra sjálfstæði háskóla. Akademísku frelsi slíkra skóla er þá ógnað þar sem ólíklegt er að fræðimenn eða kennarar gangi gegn hagsmunum eigenda skólans. Stjórnunarlegu frelsi eru jafnframt nokkur takmörk sett þar sem skólinn stýrir sér ekki sjálfur, heldur starfa stjórnendur hans í umboði eigenda og erfitt er að tryggja sjálfstæði fræðimanna og kennara í slíku fyrirkomulagi. Hlutafélagaskólar hafa hins vegar fullt fjárhagslegt frelsi.“

Þá er komið að niðurstöðu greinar Runólfs Ágústssonar, þessarar stuttu en mjög skýru og skörpu greinar, með leyfi forseta:

„Það er mat mitt að frelsi háskóla sé lykilatriði í starfsemi þeirra. Ég tel jafnframt að frelsi og sjálfstæði háskóla sé grundvallaratriði fyrir íslenskt samfélag í heild, þróun þess og velferð. Við eigum að hverfa frá ríkisreknum háskólum þar sem slíkt rekstrarform tryggir ekki mikilvæga þætti varðandi sjálfstæði háskóla og er hamlandi fyrir þá skóla sem við slíkt rekstrarform búa. Óheppilegt er að fara inn á braut hlutafélagavæddra háskóla þar sem slíkt rekstrarform tryggir ekki heldur fullkomið sjálfstæði háskóla. Sjálfseignarform er heppilegast til að tryggja frjálsa, sjálfstæða, öfluga og framsækna íslenska háskóla. Þar eigum við að fylgja fordæmi bestu og virtustu háskóla Bandaríkjamanna, sem flestir eru reknir sem slíkir og Dana sem hafa breytt öllum sínum háskólum í sjálfseignarstofnanir með breiðri pólitískri sátt í danska þinginu.

Háskólasamfélagið hérlendis á jafnframt að setja sér sameiginlegar grundvallarreglur til að tryggja akademískt frelsi, gæði í háskólastarfi og sjálfstæði háskóla. Slíkri „stjórnarskrá“ íslenskra háskóla ættu allir þeir skólar að lúta sem vilja bera sæmdarheitið háskóli. Samstarfsnefnd háskólastigsins og ráðuneyti menntamála eiga að hafa frumkvæði að þessari mikilvægu vinnu.“

Þetta var grein Runólfs Ágústssonar. Ég tel hana ákaflega merka, m.a. í því efni að höfundurinn telur heppilegast að allir háskólar séu reknir í sjálfseignarformi, að ríkisháskólunum sé sem sé breytt í sjálfseignarstofnanir. Ég ætla ekki hér og nú að taka fortakslaust undir það en þetta eru afar athyglisverðar hugmyndir og reyndar í miklu samræmi við ýmislegt sem rætt hefur verið og lagt til á Háskóla Íslands þar sem deildarforsetar hafa talað um sjálfseignarstofnanir, að Háskólinn sé það og jafnvel einstaka deildir háskólans.

Þá er nú Bleik brugðið uppi í háskóla þegar hann kemst að því að þetta tal er allt marklaust og vitleysa, að meiri hluti menntamálanefndar telur afar ábyrgðarlaust að reka háskóla á þann hátt, og fer auðvitað að snúa sér við þegar þeir sjá að hv. þingmenn Dagný Jónsdóttir, Hjálmar Árnason, Sigurður Kári Kristjánsson, Kjartan Ólafsson og Gunnar Birgisson eru á móti því rekstrarformi og telja aðeins tvennt koma til greina, annars vegar opinbera skóla, ríkisskóla sem heyri þá beint undir ríkið, eða þá hlutafélagsskóla, að ekkert sé þarna á milli vegna þess að það sé afar óábyrgt að reka skóla sem sjálfseignarstofnanir.

Að hinu leytinu, og það kemur beint inn í þessa umræðu, er Runólfur Ágústsson hér að segja það ósköp einfaldlega að háskólar í hlutafélagsformi séu varasamir. Hann ræður frá því að menn reyni við slíkar tilraunir. Hann segir um hlutafélagaháskóla, með leyfi forseta:

„Hluthafar eða aðrir sem eiga háskóla, ráða honum beint eða óbeint, enda eru ekki í gildi hérlendis almenn lög eða reglur sem setja skorður við slíku. Utanaðkomandi eignarhald skerðir því að óbreyttu nauðsynlegt innra sjálfstæði háskóla.“

Þessi grein var nú ekki send í umsagnarformi til meiri hluta menntanefndar sem slíkrar. En hún er þáttur í umræðu um háskóla og rekstrarform þeirra þannig að meiri hluta nefndarinnar hefði átt að vera í lófa lagið að afla sér hennar og líta á hana sem eins konar umsögn um það frumvarp sem hér er til umræðu og svara þeim rökum sem þar koma fram því þeim er ekki svarað í þeim gögnum sem meiri hluti menntamálanefndar styður sig við og hefur tekið heils hugar og 100% undir. Þar er ekkert svar við þessum rökum. Þar engin umfjöllun um þessa hluti sem Runólfur er hér að segja. Þar er engin tilvísun til þess hvernig þessu rekstrarformi er háttað t.d. í Bandaríkjunum, sem við kunnum að hafa ýmislegt við að athuga hvert og eitt okkar. Eitthvað fer það kannski eftir pólitík. En þar er viðurkennt að háskólar séu einna bestir í heimi. Það sem m.a. gerir þá svona góða er það að þeir njóta yfirleitt og alla jafna verulegs sjálfstæðis. Hvernig eru þeir reknir? Jú, þeir eru margir reknir sem eins konar sjálfseignarstofnanir.

Bara í þessum greinum og síðan í fyrirspurnum okkar úr 2. umr. hafa því komið fram alvarlegar spurningar um hlutafélagsformið, spurningar sem meiri hluti menntamálanefndar hefur ekki svarað og hefur ekki komið með mótrök við þeim rökum sem hér hafa verið talin fram, stór og mikil, nema þessi þrenn sem Gunnar Birgisson, hv. formaður menntamálanefndar, taldi hér fram áðan og ég hef farið yfir, sem voru þau að sjálfseignarstofnanir með fleiri stofnaðilum en einum væri flókið, síðan — var það ekki? — að ef þyrfti að slíta sjálfseignarstofnun þá fengju menn ekki peningana sína aftur. Svo var eitthvað það þriðja sem ég treysti mér ekki til þess að leita að hvað var. Ég held ég sé ekki með það blað sem ég rissaði þetta niður á.

Nú er þar til máls að taka, forseti, að hér er ekki um að ræða, má ég segja, bara eitthvert hlutafélag, eitthvert svona hlutafélag úr kennslubók eða almennt hlutafélag áhugamanna eða einhvers konar hugsjónamanna um framgang menntunar heldur er um að ræða hlutafélag sem ákveðnir aðilar í íslensku samfélagi hafa tekið sig saman um að stofna. Þeir aðilar eru fulltrúar atvinnulífsins og mega bera það sæmdarheiti þó í raun sé hér aðeins um að ræða fulltrúa annars af hinum frægu aðilum vinnumarkaðarins, annars af þeirri tvennd sem oft er talin mynda atvinnulífið, þ.e. fulltrúa atvinnurekenda. Ég vil taka fram að ég fagna áhuga þeirra og fjárframlagi til menntunar. Það hefur lengi verið beðið eftir því að þeir legðust með á árar í þessum róðri og þeir hafa nú með þessum hætti gert það mjög myndarlega og lofað auknu framlagi á næstu árum, fyrir utan auðvitað það að hinn stærsti þessara þriggja hluthafa sem hér er um að ræða hefur á margan hátt staðið sig vel í að reka tvo skóla, annars vegar Verslunarskóla Íslands og hins vegar skóla á háskólastigi, Háskólann í Reykjavík, sem reyndar er rekinn sem sjálfseignarstofnun og kannski á það ákveðinn þátt í því hvað þar hefur þó tekist vel til.

Þetta eru þrír aðilar. Þetta eru Samtök atvinnurekenda

og Samtök iðnaðarins án þátttöku verkalýðshreyfingarinnar. Þeir hafa auðvitað ákveðna hagsmuni í huga í því sem þeir eru að færa fram í sínu starfi. Auk þessara hagsmunaaðila þá eru þarna samtök sem einnig eru mynduð innan atvinnulífsins eða meðal atvinnurekenda, þ.e. Verslunarráð Íslands. Þau samtök eru, hvað sem okkur kann að finnast um þau, jákvætt eða neikvætt — oft jákvætt vil ég segja — þau eru auðvitað pólitísk samtök. Þau stjórnast af sérhagsmunum sínum og þörf sinni fyrir áróður og eru pólitísk samtök sem taka pólitíska línu sem við þekkjum ágætlega hér. Verslunarráðið hefur frá stofnun verið boðberi frjálshyggjulausna á vanda samfélagsins, að ég ekki segi nýfrjálshyggjulausna, þau séu nýlíberalísk pólitísk samtök. Þau hafa stundað lobbíisma hér gagnvart þingmönnum og gagnvart ríkisstjórn. Þau hafa verið rekin í nánum tengslum við Sjálfstæðisflokkinn. Það þarf ekki að rekja það mjög lengi en það má sjá það t.d. á því að það eru náin persónuleg tengsl milli Sjálfstæðisflokksins og Verslunarráðsins. Meðan Vilhjálmur Egilsson, hinn góði drengur sem hér var lengi þingmaður og er nú horfinn til annarra starfa ekki alveg óskyldra, var hér á þingi þá var hann framkvæmdastjóri þessa ráðs og sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn og mátti ekki á milli sjá þegar hann kom fram, hvort sem var í ræðustól Alþingis eða í fjölmiðlum, fyrir hvorn hann var að tala, Sjálfstæðisflokkinn eða Verslunarráðið. Hv. þm. Birgir Ármannsson sem nú situr á þingi var líka framkvæmdastjóri Verslunarráðsins. En það má segja um Birgi, sem er sjéntilmaður, að hann hafði siðrænan þroska til þess að skilja á milli og er hættur störfum fyrir Verslunarráðið. Það má enn segja að Þór Sigfússon, sá sem nú er framkvæmdastjóri Verslunarráðs, ágætur maður, glöggur og skýr, hann var sjálfstæðismaður og starfaði í fjármálaráðuneytinu undir stjórn núverandi fjármálaráðherra Geirs Haarde hér fyrr á síðustu öld sem rýrir auðvitað í engu hans orðspor. Þar hafa starfað margir góðir menn, m.a. ég sjálfur, og í mínum störfum þar þá var ég nú svona í eins konar háskóla bæði í pólitík og í fínans-málefnum, hversu svo sem það hefur nú til tekist. Þetta sýnir auðvitað að það er glöggt samhengi milli eins stjórnmálaflokks í landinu og þeirra pólitísku samtaka sem hér er um að ræða og verða ráðandi aðili í þessum nýja skóla ef af stofnun hans verður.

Þetta eru sem sé ekki sérstök menntasamtök sem áhugamenn um menntamál, svo sem eins og ég eða Hjálmar Árnason og fleiri slíkir, eiga aðild að eða einhverjir sérstakir hugsjónamenn í þessu efni — skal engan veginn þó dregið úr hug og metnaði þeirra manna sem hér standa á bak við — heldur eru þetta þrenn samtök sem hafa ákveðna afstöðu í samfélaginu, berjast fyrir ákveðinni pólitík og þá sérstaklega Verslunarráðið, vegna þess að hin eru þó meiri hagsmunasamtök þó þau hafi í ýmsum efnum skýra pólitíska stefnu.

Hættan við þetta — þá vil ég enn ítreka að ég er ekki að segja að hér sé ég að lýsa sannleika eða með hrakspár — en hættan við það að samtök af þessu tagi eða aðilar af þessu tagi eigi háskóla er því miður fyrir hendi. Það má t.d. spyrja sig að því, forseti, hvernig mönnum líður með það þegar Verslunarráð Íslands eða Samtök atvinnurekenda og Samtök iðnaðarins setja fram ákveðna skýra stefnu sem þau berjast fyrir meðal alþýðu hér á landinu og reyna að hafa áhrif á þingmenn að leggja fylgilag sitt við hvernig þeim mönnum líður í þeim greinum í háskólanum, kennurum og nemendum, sem þetta varðar helst. Tökum sem dæmi skattatillögur Verslunarráðsins sem nú eru nýframkomnar. Verður ekki að búa svo um hnútana að það sé alveg klárt að kennarar í hagfræði, félagsfræði, almennri pólitík í hinum nýja háskóla geti tjáð sig um þessar tillögur ef þeim sýnist, að þeir séu fullkomlega öruggir um að starf þeirra sé engan veginn í hættu ef þeir gera það? Er ekki sjálfsagt að hið akademíska frelsi komi einmitt fram í þessum hlutum? Jú, við skulum vona það og þá verður að ganga sérstaklega frá því þannig, þá verður það að vera þannig, því það sem er kannski hættulegast í þessum efnum, eins og menn þekkja bæði í skólum, í fjölmiðlum og meira að segja í stjórnmálaflokkum, er það að sjálfsritskoðunin hindri menn í að nota það frelsi sem formlega stendur til boða.

Það er nú svo að þótt maðurinn sé skepna skýr, þannig að ég vitni nú í kunnan söng um annað dýr, þá er hann stundum svolítið lítill í sér. Þegar við erum að búa til okkar samfélagsform þá þurfum við stundum með formlegum hætti að styrkja möguleika til frelsis, til sjálfstæðrar umræðu, til þess að starf manna gangi fyrir sig eins og það er talið hagfelldast í háskólum með akademísku frelsi, en draga ekki úr því. Þegar aðstæður eru slíkar sem hér hefur verið rakið þá tel ég að það þurfi sérstaklega að ganga frá því að — ef ég má endurorða þetta þá tel ég að það hefði þurft að ganga svo frá því að þegar þetta frumvarp kom til okkar þá væri alveg ljóst að akademískt frelsi væri í þeirri formlegu stöðu að vera tryggt í hinum nýja háskóla eins og það er framast unnt. Er það svo? má spyrja.

Annað dæmi um hugsanleg óæskileg áhrif þess að aðilar af þessu tagi eigi háskóla án sérstaks umbúnaðar og sérstakra ráðstafana sem tryggja akademískt frelsi, ekki bara í einhverri skammtímaumræðu eða sérstökum deilumálum heldur í málum sem varða námsframboð skólans og rannsóknastarf hans, þ.e. önnur hætta er sú að eigendurna skorti nauðsynlega framsýni við háskólastarfið, í kennslu og rannsóknum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að menn horfa stundum nokkuð skammt á ætlaðar þarfir samfélagsins fyrir menntun og áætla hana í mesta lagi til næstu ára og kannski svona hálfra áratuga og líti á starfsmöguleika framtíðarinnar sem eins konar markað með þarfir sem þarf að uppfylla, líti á rannsóknir þær einar jákvæðar sem svara nákvæmlega þeim vanda sem þeir búa við þá stundina. En eins og áður er rakið, m.a. í greinum þeirra rektoranna, þá er grundvöllur háskólastarfs, bæði kennslu og rannsókna, sá að vera sem óháðastur slíkum sjónarmiðum, að geta lagt stund á bæði fræði til kennslu og til rannsókna án sérstaks tillits til skammtímahagsmuna, án þess að draga úr því að þær eigi möguleika á að vera hagnýtar með öðrum hætti.

Hvað er til ráða? Að búa svo um hlutina að akademísku frelsi, m.a. gagnvart þessum efnum, sé í fullkomnu lagi. Það teljum við í Samfylkingunni, stjórnarandstöðunni hygg ég mestallri eða gjörvallri, og þeir merku höfundar sem ég hef vitnað í með ýmsum hætti, að geti best gerst innan sjálfseignarstofnunar, sjálfseignarstofnunar sem væri þannig útbúin að hún dygði sem verkfæri eins langt og hægt er til að gera það sem menn kvarta yfir að þeir þurfi að gera með einkahlutafélaginu og ég tel að séu óþarfar

kvartanir eða a.m.k. mjög miklar kröfur. Við teljum að hlutafélagsformið geti ekki búið til þær aðstæður að akademískt frelsi sé þar tryggt.

Ef um einkahlutafélagsformið væri að ræða, og í þessu tilviki virðast menn ekki hafa viljað horfa á sjálfseignarstofnunina, væru þó til einhverjar sérstakar leiðir til að draga úr göllum þess og setja inn í það kosti sjálfseignarstofnunarinnar, t.d. með því að blanda formunum saman sem hugsanlegt er og ég þekki t.d. í fyrirtæki sem ég starfaði fyrir — eða þá að setja í einkahlutafélagsreglur skólans einhverjar sérstakar reglur sem drægju úr þeim hættum sem ég taldi upp, þeim hættum sem búnar eru akademísku frelsi í slíkri stofnun. En það eru engar slíkar reglur í samþykktum Hástoðar. Eina reglan sem þar er um starf skólans er sú að framkvæmdastjóri félagsins, sem einnig heitir rektor og sér um daglegan rekstur, ráðningu og frávikningar má ekki viðhafa, með leyfi forseta: „óvenjulegar eða meiri háttar ráðstafanir."

Í hinu skriflega svari sem vitnað var til og kennt er við Guðfinnu Bjarnadóttur er rætt aðeins betur um þetta og talað um að það sem skipti máli sé hvernig háskólaráðin starfa. Sagt er frá því að í hinum nýja háskóla eigi að vera, eins og í Háskólanum í Reykjavík, annars vegar háskólaráð og hins vegar einhvers konar framkvæmdastjórn sem er skipuð rektor, deildarforsetum og framkvæmdastjóra. Rektor, deildarforsetar og framkvæmdastjóri eru beint eða með einum millilið ráðnir hjá stjórninni og þess vegna er stjórnunarlegt, akademískt frelsi ekki fyrir hendi því einn hluti þess er auðvitað sá að starfsmenn, að háskólakennarar og nemendur eigi hlut að því ráði sem fer með hin daglegu málefni háskólans og líka þeirri stofnun þar sem lagt er á ráðin um framtíð hans og námsbrautir af ýmsu tagi.

Ég verð að segja, eins og áður hefur komið fram, að umsögn meiri hluta menntamálanefndar er sérkennileg um þetta, sem kemur fram í þeim texta sem var lesinn áðan, því meiri hluti menntamálanefndar telur ekkert athugavert við að einkahlutafélagið búi sér til stjórn sem jafnframt sé háskólaráð þannig að í háskólaráðinu sitji enginn af kennurum skólans, starfsmönnum hans, rannsóknarmönnum eða nemendum. Hins vegar segir í áliti meiri hluta menntamálanefndar að hún voni að í störfum sínum geti háskólaráð fengið starfsmenn og nemendur til ráðgjafar eftir því sem við á hverju sinni.

Það er því ráð meiri hluta menntamálanefndar og hún gerir sig mjög ánægða með það, m.a. hv. þm. Dagný Jónsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri stúdentaráðs Háskóla Íslands, og að ég hygg stúdentaráðsliði á sínum tíma og hv. þm. Hjálmar Árnason sem m.a. hefur verið skólameistari á Suðurnesjum og kemur úr kennarastétt, að það sé nægileg ráðstöfun fyrir nemendur og kennara að þeir séu til ráðgjafar fyrir háskólaráðið.

Fram kemur líka í áliti meiri hlutans, sem er lofsvert, að hann hefur ákveðnar áhyggjur af málinu. Til dæmis segir svo, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að eðlileg þátttaka starfsmanna og nemenda í stjórn skólans verði tryggð og að þeim samskiptum verði fundinn eðlilegur farvegur."

Þessi setning þýðir að hún er ekki tryggð nú þannig að meiri hlutinn treystir því að þetta verði tryggt einhvern tíma síðar. Þegar búið er að samþykkja frumvarpið verði fundinn einhver eðlilegur farvegur, einhvern tíma síðar, einhvern tíma þegar málið er komið úr höndum þingmanna, hinna kjörnu fulltrúa sem eiga að gæta hagsmuna allra landsmanna og varðveita fé þeirra, en hvort tveggja kemur hér við sögu eins og áður hefur verið rakið. Ég auglýsi eftir því að fulltrúar meiri hluta menntamálanefndar skýri fyrir okkur hvernig þeir vonast til að áhrifin verði tryggð, þátttaka verði tryggð, og hver sé hinn eðlilegi farvegur nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans sem kemur greinilega ekki fram í aðild hans að háskólaráði né neins konar annarri stjórnstofnun við skólann sem mark sé takandi á, því eftir því sem segir í texta sem meiri hlutinn hefur lýst sig 100% sammála er undir háskólaráðinu, sem jafnframt er stjórn einkahlutafélagsins, einungis um framkvæmdastjórn að ræða þar sem rektor situr með helstu samstarfsmönnum sínum sem hann hefur ráðið sjálfur.

Öll treystum við ágætlega Guðfinnu Bjarnadóttur, rektor Háskólans í Reykjavík. Það er gott að við gerum það, hún hefur staðið sig vel í háskólanum og virðist vera góður skólamaður og kona með munninn fyrir neðan nefið, sem er kostur, með bein í nefinu, sem er annar kostur, og þar að auki með töluverða framsýni í skólamálum og ágæt tengsl við atvinnulífið. Við treystum henni vel. En henni getur sleppt. Eina tryggingin fyrir akademísku frelsi í háskóla þeim sem á að koma er Guðfinna Bjarnadóttir eða annar sá rektor eða starfsmaður sem hefur hlutina á hreinu, því það er enginn formlegur umbúnaður í hinum miklu pappírum tveimur, sem eru náttúrlega það eina sem mynda skólann enn þá, um þau áhrif kennara, nemenda og starfsmanna og um þá vernd og það öryggi sem þeir þurfa að hafa til þess að þarna ríki akademískt frelsi.

Rétt að rifja það upp, af því að við ræðum um þetta háskólaráð sjö manna úr atvinnulífinu sem skipaðir eru frá Verslunarráði Íslands, Samtökum atvinnurekenda og Samtökum iðnaðarins án þátttöku nemenda, kennara eða annarra starfsmanna, að í Viðskiptaháskólanum á Bifröst, sem er sjálfseignarstofnun, er þessu öðruvísi háttað. Þar er stjórnin þannig að einn skipar ráðherra, tveir eru fengnir úr atvinnulífinu valdir af fulltrúaráði skólans og tveir eru ættaðir frá skólanum, einn er fulltrúi gamalla nemenda sem þar eru margir og traustir. Við það býr auðvitað ekki hinn nýi háskóli enn, en hann á nú þegar í nokkurn sjóð að ganga þar sem eru fyrrverandi nemendur Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík þó hann búi ekki að sama sjóði og Viðskiptaháskólinn á Bifröst. Síðan skipa starfsmenn og nemendur einn í sameiningu í háskólaráð Viðskiptaháskólans á Bifröst. Þarna var því bein fyrirmynd. Þetta má auðvitað gagnrýna og mönnum má finnast hvað sem er um þetta, en þarna var bein fyrirmynd og það var kosið að fara ekki eftir henni.

Niðurstöður mínar og okkar í þessu efni sem ég hef fjallað um í lengra máli en ég ætlaði upphaflega, en það verður að vera svo, eru þessar:

Í fyrsta lagi tel ég mig hafa sýnt fram á að akademískt frelsi er nauðsynlegt háskólastarfi. Án þess er enginn háskóli, sine qua non.

Í öðru lagi tel ég mig hafa sýnt fram á að einkahlutafélagsformið eða hlutafélagsformið yfir höfuð á ekki vel við

háskólastarfsemi. Veit ég það sem fram hefur verið tekið að í stofnskrá Hástoðar er tekið fram að hagnaður eigi að renna aftur til skólastarfsins. Veit ég líka að breyta má þeirri stofnskrá með 2/3 hlutum atkvæða manna sem hafa yfir að ráða 2/3 af hlutafé. Verslunarráð eitt gæti gert það á næsta aðalfundi félagsins. Ég er ekki að spá því en hins vegar vitum við ekkert, það er engin trygging fyrir því heldur hverjir eiga félagið í framtíðinni. Hlutirnir eru til sölu, hlut í félaginu má selja og kaupa, við vitum ósköp einfaldlega ekkert um það. Eina trygging okkar liggur í því að menntamálaráðherra hverju sinni hafi vit á að fylgjast með samningi sínum við þennan skóla sem og aðra.

Í þriðja lagi er engin tilraun gerð til þess í samþykktum félagsins að búa svo um hnútana að bættir séu þeir gallar sem hlutafélagsformið veldur óhjákvæmilega, að haldið verði uppi akademísku frelsi í skólanum og gengið frá því eins og verða má.

Í þessari stöðu er nokkuð erfitt fyrir okkur samfylkingarmenn og stjórnarandstæðinga aðra að hreyfa okkur. Málið er frágengið. Það kemur hér sem gervimál. Það er kynnt þannig að ekkert má hreyfa. Í tillögur okkar til breytinga er ekki tekið, þær skipta engu máli og við urðum vör við það í menntamálanefndinni að það er búið að sauma þannig saman félög ýmis sem álit höfðu á þessu í upphafi, verkfræðinga og tæknifræðinga t.d., að þau hafa sagt við sjálf sig: Ja, við höfum fjölmargar athugasemdir við þetta en núna er þetta orðið áður en það kemur í þingið og best að reyna að hafa áhrif til góðs.

Það er kannski líka afstaða okkar sem stöndum að áliti 1. minni hluta menntamálanefndar vegna þess að við leggjum til að hinn nýi háskóli verði einfaldlega að sjálfseignarstofnun, breyti rekstrarformi sínu í það með þeim ýmsu kostum sem ég hef talið fram og reyni jafnframt að draga úr göllum sem þeir telja vera á því formi með sérstökum ákvæðum eða reyni að semja sig með einhverjum hætti að þeim göllum. Það viljum við gera með því að bæta við háskólalögin ákvæði um að háskólar einkaaðila séu einungis stofnaðir á þann hátt að þeir séu sjálfseignarstofnanir.

Ég gekk frá áðan í umræðunni, og biðst afsökunar á því, þannig að ég missti að mestu af kafla í ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar en ég hygg að það sé ekki mjög gengið á tíma þingmanna þó ég rifji hann upp.

Í háskólalögunum sem samþykkt voru 1997 eru óljós ákvæði, a.m.k. þeim sem hafa greindarvísitölu í kringum 90 eins og allir aðrir en hv. þm. Pétur H. Blöndal, samanber umræðuna í gær. Þar segir þetta, með leyfi forseta:

„Ríkisreknir háskólar eru sjálfstæðar ríkisstofnanir sem heyra stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra og lúta stjórn samkvæmt sérstökum lögum um hvern skóla. Háskólar geta verið sjálfseignarstofnanir og starfa þá eftir staðfestri skipulagsskrá. Heimilt er einkaaðilum að stofna háskóla að fengnu samþykki menntamálaráðherra."

Það sést ekki í greinargerð, í framsögu eða umræðum hvað hér er átt við. Það er klárt að einkaaðilum er heimilt að stofna háskóla, en orðanna hljóðan er þannig að það er óljóst hvort þeim er heimilt að stofna hann eins og þeim sýnist, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, eða hvort þeir eiga þann kost einan að stofna hann sem sjálfseignarstofnun.

Ég ætla ekki að skera úr um þetta. Menntamálaráðherra hefur auðvitað gert það fyrir sína hönd því hún hefur ekki leiðbeint stofnendum hins nýja háskóla með þeim hætti að þeir eigi að setja þetta í sjálfseignarstofnun. Túlkun menntamálaráðherra er því skýr. Það sem við einfaldlega leggjum til er að það verði þannig að einkaaðilar geti stofnað háskóla, sem er nánast óumdeildur hlutur hygg ég, en þá aðeins með því formi að þeir fái annars vegar samþykki menntamálaráðherra og hins vegar sé sá háskóli sjálfseignarstofnun.

Þetta er niðurstaða okkar og við bíðum eftir viðbrögðum þingheims við henni. Ég tel að þó ýmislegt megi að aðdraganda málsins og gangi hans finna og ekki sé víst hvernig fer um þennan nýja skóla, sem ég þó óska allra heilla ef af verður, þá væri hann betur kominn í formi þessarar sjálfseignarstofnunar og ef svo væri þá væri með hreinu hjarta hægt að styðja hann til þeirrar björtu framtíðar sem hans vonandi bíður.

[18:47]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér afnám laga um Tækniháskóla Íslands. Það hafa verið langar umræður í dag og kannski ekki beint um það atriði að afnema lögin sjálf, heldur í rauninni hvað taki við eftir það og er það eðlilegt, enda hefur framhaldið verið að mótast síðustu vikur og ekki síst í ljósi þess að hv. menntamálanefnd hefur farið fram á skýr svör við ýmsum spurningum.

Hv. formaður menntamálanefndar, Gunnar Birgisson, fór hér yfir nefndarálit meiri hlutans og ætla ég ekki að endurtaka það en vil þó ítreka nokkur atriði.

Þegar frumvarpið kom fyrst fram hafði ég einkum áhyggjur af þrennu: frumgreinadeildinni, heilbrigðisgreinunum og tæknifræðinni.

Í fyrsta lagi varðandi frumgreinadeild þá er ljóst og liggur fyrir að nýr háskóli mun sinna náminu líkt og Tækniháskóli Íslands hefur gert. Allir gestir sem komu fyrir nefndina ræddu mikið um mikilvægi frumgreinadeildarinnar, að hún yrði vistuð í hinum nýja háskóla en færi ekki inn í framhaldsskólana. Fulltrúi Samtaka iðnaðarins, Ingi Bogi Bogason, talaði til að mynda um að frumgreinadeildin ætti eftir að eflast í hinum nýja skóla og samstarf við fræðslustofnanir í atvinnulífinu yrði eflt. Hann notaði þau rök í málinu að deildin væri brú yfir í háskólanám og því eðlilegra að hafa hana innan hins nýja skóla en ekki t.d. í iðnskóla. Deildin verður án gjalda og hefur stjórn skólans komist að samkomulagi við nemendur deildarinnar um að þeir fái fyrstu tvö árin gjaldfrí þegar þeir komast upp á háskólastigið en greiði skólagjöld síðasta árið í því námi. Það er mjög ánægjulegt til þess að vita að nemendur virðast sáttir við þá lendingu og ég tel það vera fyrir öllu.

Varðandi heilbrigðisgreinarnar þá bárust nefndinni svör þar sem fram kom að námið í meinatækni og geislafræði muni flytjast til Háskóla Íslands. Ég tel það mjög jákvætt og það er mikill vilji allra aðila til þess að sá flutningur gangi sem best fyrir sig og þá ekki síst starfsfólksins vegna. Það er ljóst að mikil samlegðaráhrif munu nást fyrir námið þegar það flyst í læknadeildina.

Nefndarmenn höfðu einna mestu áhyggjurnar af tækni-

fræðináminu, enda mikil áhersla á að efla það nám. Ég skynja það svo að ein af meginforsendum þessarar sameiningar sé einmitt að efla tæknifræðina. Ég tek mark á orðum rektors Tækniháskóla Íslands, Stefaníu Karlsdóttur, þar sem hún segir að hún treysti því að skilningur sé til staðar hjá stjórnendum hins nýja skóla á því að efla stöðu tæknifræðinnar. Einnig segir Guðfinna Bjarnadóttir, rektor hins nýja skóla, að mikil áhersla verði lögð á tæknifræðinámið og ekki síst með því að bjóða í fyrsta sinn upp á framhaldsnám í tæknifræði.

Í þessu ljósi tel ég afar mikilvægt að hafa fengið hér fram yfirlýsingu menntamálaráðuneytisins, en þar kemur fram að stefnt sé að því að framboð í tæknigreinum verði eflt og aukið á komandi árum.

Ég er þeirrar skoðunar að skoða beri kosti þess að hefja kennslu í tæknifræðum í fleiri skólum og þá sérstaklega þeim ríkisreknu til að fjölga valkostunum. Mér finnst að þetta ætti að geta gengið fljótlega, sérstaklega í ljósi yfirlýsinga menntamálaráðuneytisins. Mér finnst brýnt að slíkt *nám sé einnig í boði í ríkisreknum háskóla*, enda er samkeppni um framboð greina eitt af því besta sem hefur hent margar greinar sem ekki bjuggu við samkeppni áður. Ég vil því hvetja ríkisrekna háskóla til að hefja undirbúning og sækja um að fá að bjóða upp á tæknifræðinám hið fyrsta.

Mér finnst að í þessari umræðu sé líka gott fyrir okkur að íhuga fyrir hvaða aðila það komi sér best að efla tæknifræðinám en það er einmitt atvinnulífið og nákvæmlega þeir aðilar sem eru bakhjarlar hins nýja skóla.

Það hefur komið fram í máli ýmissa að þeir eru tortryggnir út í hið nýja fyrirkomulag. Það er náttúrlega ljóst af umræðunni sem átt hefur sér stað um rekstrarform hins nýja skóla að stjórnvöld eiga eðlilega að sinna eftirliti sínu með slíku félagaformi. Ég velti því upp hér hvort ekki sé hægt að slá á þá tortryggni ef menn vita til þess að eftirlitið er virkt og ráðuneytið fylgist með því að samþykktum sé ekki breytt. Það er alveg ljóst að þetta eftirlit er tryggt í kennslusamningi og á það helst við um gæði, námsframboð og fleira.

Virðulegi forseti. Á heildina litið efast ég ekki um að þessi sameining mun verða til þess að efla verk- og tæknifræðinám enn frekar og þar skiptir samvinnan við atvinnulífið meginmáli. Ég ítreka það að þeir sem vinna málið áfram líti á nefndarálitin og geri sér grein fyrir þeirri umræðu sem átt hefur sér stað í þinginu um málið. Ég held að óhætt sé að fullyrða að við viljum öll efla verk- og tæknifræðinám í landinu en okkur greinir kannski á um aðferðir. Ákveðnar leiðir hafa verið ákveðnar og leggur meiri hluti menntamálanefndar blessun sína yfir þær. Hins vegar er ljóst að fínpússa þarf ákveðin atriði og hægt er að nefna sem dæmi aðkomu nemenda og starfsmanna að stjórnun skólans og nefndarmenn sem sóttu fundi í nefndinni vita að við í meiri hlutanum lögðum áherslu á það atriði.

Fram hefur komið þrýstingur frá nemendum og kennurum að klára málið, enda erum við að tala um 2.500 manns sem eru í óvissu. Ekki hefur verið unnt að kynna skólann fyrir næsta vetur og fólki þykir eðlilega óþægilegt að vera í þessari óvissu. Mælum við því með að málið klárist á þessu stigi.

[18:53]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég ætla ekki að tefja þetta lengi eða meira. Mig langar að vita tvennt eftir þessa stuttu ræðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur. Í fyrsta lagi hvort hún telji æskilegt að koma upp tæknifræðinámi við annan skóla en þennan hlutafélagsskóla, svo sem Iðnskólann í Reykjavík eða Háskóla Íslands eftir atvikum. Í öðru lagi vil ég vekja athygli þingmannsins á þessu orðalagi á fyrstu síðu í nefndaráliti hennar og fleiri þingmanna í meiri hlutanum, með leyfi forseta:

„*Hvað varðar skólagjöldin kemur fram í svörunum* að innheimta þeirra geri skólanum kleift að efla námið enn frekar og það muni því styrkja stöðu háskólans í samkeppni við erlenda tækniháskóla."

Það sem mig langar til að spyrja um, vegna þess að þetta kemur fram ekki bara sem svar heldur líka sem afstaða meiri hlutans: Á þetta einungis við um þennan skóla eða á þetta kannski við um fleiri skóla? Á þetta við t.d. um Háskóla Íslands, að innheimta skólagjalda þar, almennra skólagjalda í grunnnámi, muni gera skólanum kleift að efla námið enn frekar og styrkja stöðu háskólans í samkeppni við erlenda háskóla?

[18:55]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi fyrra atriðið. Já, ég tel æskilegt að koma á tæknifræðinámi annars staðar og þá legg ég áherslu á ríkisrekinn háskóla eins og ég sagði áðan, ég hvatti ríkisrekna háskóla til þess að hefja undirbúning þess hið fyrsta. Við vitum náttúrlega ekki um hvaða ríkisháskóla ætti að vera að ræða, en kannski væri eðlilegt að það væri Háskóli Íslands, enda verkfræðideild þar til staðar og hægt að bjóða upp á tæknifræðinám. Ég vil ekki útiloka aðra, ég veit ekki hvaða metnað Háskólinn á Akureyri hefur.

Varðandi afstöðu til skólagjalda er það tíundað í nefndaráliti meiri hlutans að þetta er skoðun sem kemur fram í svari sem nefndin fékk. Þetta er ekki skoðun meiri hlutans, heldur svar sem barst nefndinni.

[18:56]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég fagna því að þetta er ekki skoðun hv. þingmanns og kannski eru þá fleiri í meiri hluta menntamálanefndar sem ekki hafa þessa skoðun.

Um hið fyrra atriði þá er það auðvitað stórmerk yfirlýsing sem hér er staðfest í ræðustóli, að þingmaðurinn telur, sem er hluti af meiri hluta menntamálanefndar, að það eigi að stefna að tæknifræðinámi í ríkisháskóla. Það er skoðun sem við höfum ekki heyrt áður í nefndinni og ekki hefur heyrst áður á þinginu að þetta sé afstaða þingmannsins og þá væntanlega Framsóknarflokksins í nefndinni og á þinginu. Ég lít svo á að þetta séu í raun og veru ákveðin tímamót í umræðu um málið, vegna þess að það er þá eðlilegt að spyrja hv. þingmann og Framsóknarflokkinn, sem er ekki síður virtur, hvernig hún hyggist ganga frá þessu máli í tengslum við afgreiðslu þessa frumvarps, hvort til standi að leggja fram breytingartillögu á einhverju stigi við afgreiðslu málsins, eða með hvaða hætti Framsóknarflokkurinn hyggist reka þetta mál áfram.

Ég verð að lýsa því yfir fyrir hönd okkar samfylkingarmanna, og ég gerist svo djarfur að gera það fyrir hönd allrar stjórnarandstöðunnar, að við erum reiðubúin til viðræðna við Framsóknarflokkinn og hv. þingmann um þetta efni. Ég tel að við ættum þá að ræða það að fresta afgreiðslu frumvarpsins um nokkra daga þangað til við höfum komið okkur niður á það að koma þessu í verk, þannig að fólki geti gefist kostur á, eins og við höfum verið að segja allan tímann og virðist vera skoðun Framsóknarflokksins núna, tæknifræðinámi á Íslandi annars staðar en í skóla sem ágætur verður örugglega en er rekinn af einkahlutafélagi og með skólagjöldum.

[18:58]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Mörður Árnason sé kominn töluvert fram úr sjálfum sér að tala um að hér sé um tímamót að ræða. Ég sagði að það ætti að skoða kosti þess að hefja kennslu í tæknifræðum í fleiri skólum og þá sérstaklega þeim ríkisreknu til að fjölga valkostunum. Þetta er fullkomlega í samræmi við yfirlýsingu frá menntamálaráðuneytinu sem hv. menntamálanefnd barst en í niðurlagi þeirrar yfirlýsingar stendur, með leyfi forseta:

„Er að því stefnt að framboð í tæknigreinum verði eflt og aukið á komandi árum."

Ég get ekki lesið annað út úr þessu en til standi að auka og efla framboð á tæknifræðinámi. Mér finnst það vera mjög jákvætt en ég sé ekki rökin fyrir því að það tengist þessu máli sérstaklega, vegna þess að við erum að klára hér frumvarp um sameiningu tveggja skóla og út af fyrir sig hafa allir aðilar tekið undir að það verði til þess að efla tæknifræðinám. Ég held að það sé mjög vert að efla það enn frekar en það er kannski gott að byrja á þessu og fara síðan að stíga næstu skref. Slíkir hlutir gerast ekki bara einn, tveir og þrír. Ég vil ítreka það að ég er persónulega þessarar skoðunar og tel að við eigum að horfa til þess í framtíðinni, en tel ekki að það tengist þessu frumvarpi beint og að það sé einhver ástæða til að stoppa það út af þessum ummælum.

Umræðu frestað.

[19:00]

Útbýting:

Framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun, 464. mál, svar iðnrh., þskj. 797.

Hollustuhættir og mengunarvarnir, 533. mál, frv. KolH, þskj. 807.

Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins, 536. mál, fsp. SKK, þskj. 810.

Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, 537. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 811.

Út af dagskrá voru tekin 6.–8. mál.

Fundi slitið kl. 19:02.

75. FUNDUR

miðvikudaginn 16. febr.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Réttur foreldra vegna veikinda barna, fsp. JóhS, 139. mál, þskj. 139.
2. Réttur nemenda í framhalds- og háskólanámi til húsaleigubóta, fsp. JBjarn, 513. mál, þskj. 782.
3. Erfðabreytt aðföng til landbúnaðar, fsp. ÞBack, 404. mál, þskj. 512.
4. Riðusmit og varnaraðgerðir gegn riðu, fsp. AKG, 461. mál, þskj. 710.
5. Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, fsp. MÞH, 499. mál, þskj. 761.
6. Þjónustutilskipun Evrópusambandsins, fsp. ÖJ, 282. mál, þskj. 304.
7. Flutningur bandaríska sendiráðsins í Reykjavík, fsp. MÁ, 447. mál, þskj. 696.
8. Trúnaðarstörf sendiherra fyrir stjórnmálaflokka, fsp. MÁ, 450. mál, þskj. 699.
9. Meðferð Darfúr-málsins fyrir Alþjóðasakamáladómstólnum, fsp. ÞSveinb, 511. mál, þskj. 779.
10. Samgöngur milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins, fsp. MÁ, 451. mál, þskj. 700.
11. Hámarkshraði á tvöfaldri Reykjanesbraut, fsp. JGunn og MÁ, 452. mál, þskj. 701.
12. Flugsamgöngur til Ísafjarðarbæjar, fsp. AKG, 507. mál, þskj. 772.
13. Svartfugl við Norðurland, fsp. MÁ, 463. mál, þskj. 712.

Mannabreytingar í nefndum.

[12:00]

Forseti (Þuríður Backman):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá formanni þingflokks framsóknarmanna, Hjálmari Árnasyni, um mannabreytingar í nefndum:

„Þingflokkur framsóknarmanna hefur ákveðið, í samræmi við 16. gr. þingskapa, að eftirfarandi breytingar verði á skipan þingmanna flokksins í fastanefndum:

Kristinn H. Gunnarsson tekur sæti Birkis J. Jónssonar í sjávarútvegsnefnd og sæti Magnúsar Stefánssonar í umhverfisnefnd.

Jafnframt verður sú breyting að Kristinn H. Gunnarsson tekur sæti Birkis J. Jónssonar í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA."

[12:01]

Útbýting:

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 538. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 814.

Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, 399. mál, nál. 812, brtt. 813.

Réttur foreldra vegna veikinda barna.

Fsp. JóhS, 139. mál. — Þskj. 139.

[12:02]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra um rétt foreldra vegna veikinda barna en réttur þeirra er hverfandi hér á landi samanborið við önnur Norðurlönd. Vinnuveitendur greiða einungis 10 veikindadaga að hámarki fyrir börn undir 13 ára aldri án tillits til hver sjúkdómurinn er, fjölda barna eða hjúskaparstöðu foreldra. Þennan rétt er ekki hægt að flytja á milli ára, t.d. ef barn er veikt í 14 daga í einu og 10 veikindadagar er allt sem foreldrar fá alveg sama hve börnin eru mörg. Annars staðar á Norðurlöndum nær rétturinn ýmist til 16 eða 18 ára aldurs barna og heimilaður dagafjöldi nær til hvers barns um sig innan fjölskyldunnar, t.d. 120 dagar á ári fyrir hvert barn í Svíþjóð síðast þegar ég skoðaði þetta. Auk þess er athyglisvert að annars staðar á Norðurlöndunum greiðir hið opinbera að mestu bætur vegna launataps aðstandenda sjúkra barna. Hér á landi er slíkur stuðningur enginn ef undan eru skildar umönnunarbætur til að mæta útgjöldum og kostnaði vegna fatlaðra og langveikra barna.

Nauðsynlegt er að undirstrika rækilega að umönnunarbætur bæta ekki tekjutap foreldra í veikindum barna en eru hugsaðar til að mæta auknum útgjöldum og kostnaði vegna fatlaðra barna. Þótt umönnunarbætur hafi aukist verulega á umliðnum árum eru bæði barnabætur og réttur foreldra frá vinnu í veikindum barna án launataps mun minni hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum. Því er líka rétt að halda til haga að það er ekki bara að réttur foreldra vegna vinnu í veikindum barna er sláandi minni hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum heldur eru réttindi barna og foreldra þeirra líka almennt miklu betur tryggð annars staðar á Norðurlöndunum en hér á landi. Býnt er að bæta veikindarétt foreldra vegna allra barna eins og lagt var upp með í þeirri tillögu sem samþykkt var á Alþingi 2002, en þar er kveðið á um að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að gera tillögur um hvernig unnt sé að tryggja betur rétt foreldra til launa í fjarveru úr vinnu vegna veikinda barna. Að þeirri nefndarskipan áttu að koma tvö ráðuneyti auk aðila vinnumarkaðarins og samtaka um málefni barna. Í starfi sínu átti nefndin að hafa hliðsjón af fjármögnun og fyrirkomulagi réttinda sem gilda um bætur fyrir launatap aðstandenda sjúkra barna og átti að leggja niðurstöðu fyrir Alþingi árið 2002 á haustþingi.

Ég vil undirstrika að þótt brýnt sé að bæta veikindarétt foreldra vegna allra barna, eins og tillaga okkar gerði ráð fyrir á árinu 2002, er ekkert eins brýnt og að bæta þegar og setja í forgang að bæta veikindarétt foreldra vegna langveikra barna. Nógu lengi hafa foreldrar langveikra barna beðið úrlausnar í málinu og hljóta allir að sjá að erfiðleikar foreldra eru nægir fyrir, bæði félagslegir og fjárhagslegir, þó ekki bætist við að foreldrar geti ekki verið hjá langveikum börnum í veikindum þeirra og allir sjá að atvinnuöryggi þeirra hlýtur að vera alvarlega ógnað líka þegar réttur þeirra í þessu efni er ekki viðurkenndur. Ég vænti þess að fá skýr svör ráðherra um úrbætur í þessu efni.

[12:05]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir þann áhuga sem hún hefur sýnt þessu mikilvæga máli og vil nota tækifærið til að greina frá mikilvægum skrefum sem við erum að stíga í fyrsta sinn hér á landi til að koma til móts við þennan viðkvæma hóp í samfélagi okkar.

Frá árinu 2001 hefur verið starfandi nefnd sem ætlað var að fjalla um aukinn rétt foreldra langveikra barna á vinnumarkaði. Skipun nefndarinnar átti rætur sínar að rekja til stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum langveikra barna frá árinu 2000. Sú nefnd var skipuð á sambærilegum grunni og kveðið var á um í þingsályktun þeirri sem samþykkt var á Alþingi og þingmaðurinn rakti, um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna. Þótti því eðlilegt að fela þeirri nefnd að fjalla jafnframt um efni þingsályktunarinnar í stað þess að skipa nýja nefnd.

Nú er svo komið að nefndin hefur mótað tillögur sínar og ég kynnti þær í ríkisstjórn í gær. Skemmst er frá því að segja að ríkisstjórnin samþykkti fyrir sitt leyti að ríkið komi í framtíðinni til móts við foreldra langveikra barna og fatlaðra barna með greiðslum úr ríkissjóði. Samþykkt hefur verið að leggja til við Alþingi að foreldrar langveikra eða fatlaðra barna eigi rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði þegar börn veikjast alvarlega eða greinast með alvarlega fötlun. Lagt er til að greiðslurnar nemi um 90 þús. kr. á mánuði. Voru m.a. fjárhæðir fullra umönnunargreiðslna og lágmarksgreiðslna úr fæðingarorlofssjóði fyrir 50%–100% starf hafðar til hliðsjónar við ákvörðun þeirrar fjárhæðar.

Við innleiðingu á kerfinu er lagt til að það taki gildi í áföngum. Þannig er gert ráð fyrir greiðslu í einn mánuð á fyrsta ári eftir að framkvæmd hefst, tveimur mánuðum á öðru ári og að á þriðja árinu komi kerfið að fullu til framkvæmda.

Að auki hefur verið samþykkt að leggja til við Alþingi að aukinn réttur komi til þegar um er að ræða mjög alvarleg veikindi eða fötlun. Staðreyndir sýna að um 40 börn veikjast mjög alvarlega eða greinast með mjög alvarlega fötlun á hverju ári þannig að annað foreldrið geti ekki stundað vinnu til lengri tíma. Þegar slíkar aðstæður koma upp hefur ríkisstjórnin samþykkt að foreldrar barnanna eigi rétt á framangreindum greiðslum í allt að níu mánuði.

Á sama hátt og varðandi þriggja mánaða réttinn er gert ráð fyrir að kerfið verði tekið upp í áföngum. Þannig komi fyrstu þrír mánuðirnir til framkvæmda á fyrsta árinu, ári síðar bætist þrír mánuðir við og á þriðja árinu verði rétturinn orðinn fullir níu mánuðir. Skilyrði fyrir greiðslunum yrði, hvort sem rétturinn væri til þriggja eða níu mánaða, að foreldrar legðu tímabundið niður launað starf á sama tíma, en gert er ráð fyrir að um sameiginlegan rétt foreldra verði að ræða sem þeir geti skipt sín í milli að eigin vild. Áhersla er lögð á að ríkissjóður greiði jafnframt launatengd gjöld ofan á greiðslur til foreldra þannig að foreldrar haldi áfram uppsöfnun tiltekinna réttinda, svo sem lífeyrisréttinda. Enn fremur er gert ráð fyrir því að foreldrar eigi þess kost að greiða áfram til stéttarfélaga á þeim tíma.

Ég er þeirrar skoðunar að leggja beri áfram áherslu á að foreldrar haldi virkum tengslum við vinnumarkaðinn þrátt

fyrir veikindi barna sinna. Eins og flestum er kunnugt um hefur verið litið á það sem hlutverk aðila vinnumarkaðarins að semja um rétt foreldra til fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna í kjarasamningaviðræðum sín á milli. Samkvæmt kjarasamningum eiga foreldrar rétt á 7–10 daga fjarveru á ári hverju en fjöldi daga er misjafn eftir kjarasamningum einstakra félaga. Það gat því vart talist á verksviði umræddrar nefndar sem slíkrar að fjalla um þau tilteknu réttindi enda þá farið inn á svið kjarasamninga.

Hins vegar er skoðun mín að mikilvægt sé að starfsmenn mæti ákveðnum skilningi af hálfu vinnuveitenda þegar þeir þurfa að vera fjarverandi vegna tilfallandi veikinda barna. Ýmsar leiðir eru færar í þessu efni en auk sveigjanlegs vinnutíma má nefna tímabundið hlutastarf eða heimaeða fjarvinnu sem er að verða æ algengari með bættri tækni.

Hæstv. forseti. Það er og hefur verið þýðingarmikið að foreldrar eigi þess kost að leita til sjúkra- og styrktarsjóða stéttarfélaga sinna á a.m.k. fyrstu þremur mánuðunum af veikindum barnsins og eins og fram kemur í drögum að tillögum umræddrar nefndar. Þannig er gert ráð fyrir að foreldrar nýti fyrst rétt sinn hjá styrktar- og sjúkrasjóðunum fyrir þann tíma en síðan taki við þær greiðslur sem ríkið greiðir. Það fellur þó ávallt í hlut sérhvers styrktar- og sjúkrasjóðs stéttarfélags að ákvarða reglur sínar um greiðslur til foreldra vegna veikinda barna þeirra og ljóst að sjóðirnir eru misjafnlega í stakk búnir til að veita þau réttindi. Það er mikilvægt að fyrstu skrefin á þeirri braut sem við höfum ákveðið að feta séu stigin með stefnufestu og varfærni í senn. Reynslan verður síðan nýtt til að meta stöðuna á þessu sviði.

Ég legg áherslu á það og útiloka alls ekki að við munum þegar innleiðingu þessa nýja réttar er lokið halda áfram að efla réttarstöðu foreldra langveikra barna á vinnumarkaði. Rétt er að undirstrika að framangreindar tillögur tryggja foreldrum langveikra barna ekki leyfi frá störfum af þeim sökum. Því hefur ríkisstjórnin samþykkt að samhliða rétti til greiðslna úr ríkissjóði verði aldursmörk barna varðandi rétt foreldra til foreldraorlofs samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof hækkuð úr 8 ára aldri í 18 ára aldur. Með því er veitt aukið svigrúm fyrir foreldra til að vera heima hjá börnum sínum þegar sérstakar aðstæður gefa tilefni til, en foreldrar eiga rétt á foreldraorlofi í 13 vikur til að annast börn sín.

[12:10]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er oftar sem maður kemur í ræðustólinn til að skamma hæstv. ráðherra en að hrósa þeim en ég vil óska hæstv. ráðherra til hamingju með þau skref sem hafa verið stigin og þá samþykkt sem ríkisstjórnin hefur gert og jafnframt hrósa hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem hefur verið einlægur baráttumaður fyrir bættum réttindum foreldra vegna veikinda barna.

Mig langar þó að varpa spurningu til hæstv. ráðherra varðandi rétt foreldra sem eiga börn sem hafa ánetjast fíkniefnum og þurfa á mikilli umönnun að halda og jafnframt rétt beggja foreldra til að fá styrk sem þurfa að fara með börn sín utan í læknaaðgerðir. Það skiptir miklu máli að réttur þeirra sé líka skoðaður sérstaklega, því hingað til hefur siglinganefnd aðeins samþykkt greiðslur vegna annars foreldris þegar nauðsynlegt er að báðir fari. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra skiptir miklu máli að báðir foreldrar geti tekist á við vandann.

[12:11]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég vil eins og síðasti hv. ræðumaður þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að hreyfa málinu og eins taka undir árnaðar- og hamingjuóskir til hæstv. félagsmálaráðherra því að yfirlýsingu hans ber sannarlega að fagna. Þetta eru tímamót því eins og fram kom bæði hjá hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra er réttur vegna langveikra barna í dag enginn, en með yfirlýsingunni er verið að stíga afskaplega mikilvæg skref. Þetta eru tímamót að foreldrar langveikra barna geti verið heima allt frá þremur mánuðum og jafnvel upp í níu mánuði í alvarlegustu tilvikum og eins hækkun á aldri vegna foreldraorlofs.

Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað að þetta er gæfuríkt skref sem verið er að stíga og tek jafnframt undir með hæstv. ráðherra að mikilvægt er að vinnuveitendur sýni málinu skilning sem stjórnvöld hafa mótað og lýst yfir og ég fagna því.

[12:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þakkir til hæstv. ráðherra fyrir þessi tíðindi og fagna þeim og þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir ötula baráttu fyrir réttindum þessa hóps, sem eru foreldrar langveikra barna. Nú er löng bið eftir úrbótum senn á enda og vissulega þarf að taka víðar á. Ég tek undir með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að huga þarf að styrkjum til utanferða, huga þarf að foreldrum barna í erfiðum vímuefnavanda en hér er verulega verið að taka á. Staðan hefur verið afleit hjá þessum börnum og foreldrum þeirra. Við höfum verið mun aftar en nágrannaþjóðirnar hvað varðar réttindi þannig að ég fagna svo sannarlega þessum tíðindum og óska öllum til hamingju og sérstaklega náttúrlega foreldrum fatlaðra barna sem sjá fram á betri tíð og ríkari stuðning frá hinu opinbera.

[12:14]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna innilega yfirlýsingu hæstv. ráðherra. Þetta er merkur dagur og gríðarlegur áfangi í baráttumálum aðstandenda langveikra barna sem lengi hafa beðið eftir úrlausn í þessum málum og sjá þetta nú rætast á þessum degi. Hér er stigið stórt skref, alls ekki nægjanlega stórt en mjög merkur áfangi í baráttunni sem ég fagna mjög vegna þess að hjá foreldrum langveikra barna hafa verið miklir félagslegir og fjárhagslegir erfiðleikar eins og ég nefndi í máli mínu áðan. Öryggi foreldra langveikra barna hefur verið ógnað vegna þess að hið opinbera hefur ekki komið til móts við þá í veikindum þeirra þannig að það er virkilega ástæða til að fagna þessu.

Ég vænti þess að greiðslurnar sem verið er að tala um í þrjá mánuði komi til viðbótar umönnunargreiðslum og skerði þær ekki. Ég tel mikilvægt að fá það fram og líka

mikilvægt að styrktar- og sjúkrasjóðir verkalýðsfélaganna dragi ekki úr þeim stuðningi sem þeir hafa veitt langveikum börnum þegar ríkið kemur loksins myndarlega að málinu eins og hér er gert.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær má vænta þess að fram komi frumvarp um þetta á þingi þannig að hægt sé að lögfesta þetta og er ekki hugmynd ráðherra að lögin taki gildi þegar í stað þannig að foreldrar langveikra barna þurfi ekki að bíða lengur en orðið er? Um þingsályktunartillöguna sem vinnan er sprottin úr var breið samstaða á Alþingi. Þingmenn allra flokka fluttu þetta mál um aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna. Hún var að vísu miklu víðtækari og náði til fleiri en langveikra barna þannig að ég tek því þannig að við séum að stíga fyrsta mikilvæga skrefið á þeirri leið að tryggja almennt aukinn rétt foreldra vegna veikinda barna og ég tek sannarlega undir að þetta á að vera í forgangi eins og ráðherrann hefur lagt þetta upp.

[12:16]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær undirtektir sem þetta mál fær í sölum þingsins. Hér er vissulega brýnt viðfangsefni sem við tökumst á við og ég vænti þess að við gerum það í sameiningu. Mér heyrast viðbrögðin ekki benda til annars.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spyr hvenær vænta megi þess að hér líti dagsins ljós frumvarp sem tekur á þessum breytingum. Ég vonast til þess að það verði á þessu vori. Samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því í gær gerir ráð fyrir gildistöku um næstu áramót þannig að fjárlagafrumvarp fyrir árið 2006 beri þessa merki.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurði mig tveggja spurninga sem ég verð að viðurkenna að ég kann ekki svörin við. Báðar heyra líka kannski frekar til friðar hæstv. heilbrigðisráðherra. Þannig vill til að þetta mál er á mínu borði vegna þess að það snertir vinnumarkaðsmál og rétt foreldra til fjarveru frá vinnu. En þarna er vissulega hreyft mikilvægum spurningum sem hljóta að koma til skoðunar við útfærslu málsins.

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur, eins og fram kom í máli mínu áðan, samþykkt þessar tillögur. Mér var það mikilvægt að fá tækifæri til að kynna þær fyrst hér á Alþingi þar sem þingmenn hafa látið sig málið miklu varða, ekki síst hv. fyrirspyrjandi. Ég mun beita mér fyrir því að sjálfsögðu að þessar tillögur komist sem fyrst til framkvæmda enda er það skoðun mín að það sé mikilvægt að samfélagið í heild, bæði ríkisvaldið og samtryggingarkerfi aðila vinnumarkaðarins, komi til móts við þær fjölskyldur sem lenda í þeim aðstæðum sem hér eru til umræðu.

Við þekkjum flest dæmi um það að fótunum er nánast kippt undan fólki þegar langvarandi veikindi eða fötlun barna er annars vegar. Okkur ber beinlínis skylda til að taka á þeim málum og það er verið að gera nú.

Réttur nemenda í framhalds- og háskólanámi til húsaleigubóta.

Fsp. JBjarn, 513. mál. — Þskj. 782.

[12:18]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég beini hér spurningu til hæstv. félagsmálaráðherra sem hljóðar svo:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að nemendur í framhalds- og háskólanámi, sem verða að búa á heimavist eða leigja sér húsnæði vegna fjarlægðar frá skóla, öðlist rétt til húsaleigubóta þótt þeir eigi lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi?

Eins og lögin nú kveða á um eiga þeir leigjendur rétt á húsaleigubótum sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu og eiga þar lögheimili. Hins vegar gilda sérstakar reglur um námsmenn en í lögunum um húsaleigubætur segir, með leyfi forseta:

„Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst og á þar skráð aðsetur getur viðkomandi átt rétt til húsaleigubóta þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. um lögheimili í leiguíbúð. [...]

Undanþága þessi gildir einnig um námsmenn sem eru í námi á framhalds- eða háskólastigi og leigja á heimavist eða á námsgörðum."

Hér er réttur nemandans til húsaleigubóta bundinn því að nám sé sótt í annað sveitarfélag en þar sem hann á lögheimili. Sveitarfélögin eru bundin af lögum og geta ekki brugðist við upp á sitt eindæmi. Þetta skiptir gríðarlegu máli varðandi einstaka nemendur. Það er nógu mikill kostnaður að þurfa að sækja skóla heiman frá sér þó að þarna sé ekki líka misrétti á.

Við stækkun sveitarfélaga hefur komið enn berlegar í ljós að í þeim geta nemendur búið það fjarri framhaldsskóla að þeir geti ekki sótt námið í heimagöngu og þurfi þá að búa á heimavist. Vegna þess að það er í sama sveitarfélagi eiga þeir ekki rétt á húsaleigubótum. Þetta er t.d. veruleiki núna fyrir unglinga í Skagafirði sem stunda nám við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki enda hafa foreldrar á Hofsósi og nágrenni sent bréf og vakið athygli á því að unglingarnir þeirra hafa orðið af húsaleigubótum vegna þess að skólinn er í sama sveitarfélagi. Sveitarfélagið gat ekki gengið þar á svig við lögin.

Þetta gildir ekki aðeins um íbúa í Skagafirði, Fljótum, Hofsósi, Lýtingsstaðahreppi og Skaga, þetta er sama vandamál og getur orðið uppi varðandi Menntaskólann á Egilsstöðum og Framhaldsskóla Neskaupstaðar, Húsavík og Akureyri, hvar sem er. Ég tel afar brýnt að á þessu máli verði tekið og spyr hæstv. félagsmálaráðherra hvernig hann hyggist bregðast við þessari stöðu.

[12:21]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi Jón Bjarnason hefur í fyrirspurn sinni vakið athygli á vandamáli sem hefur um nokkurt skeið verið til skoðunar í ráðuneyti mínu. Nánar tiltekið er um það að ræða að samkvæmt gildandi lögum eiga nemendur sem búa á heimavist eða í leiguhúsnæði innan síns sveitarfélags ekki rétt á húsaleigubótum nema þeir

skrái lögheimili sitt í hinu leigða húsnæði.

Ástæða þessa er sú að til að eiga rétt á húsaleigubótum verða leigjendur að eiga lögheimili í hinu leigða húsnæði. Námsmenn eru þó undanþegnir þessu skilyrði um lögheimili en sveitarfélag námsmanns er greiðandi húsaleigubóta óháð því hvar aðsetur hans er á meðan á námi stendur.

Þröngar reglur gilda hins vegar um aðsetursskráningu námsmanna. Þeir verða að sækja nám í annað sveitarfélag til að eiga kost á að skrá aðsetur sitt en ella þarf námsmaðurinn að breyta lögheimilisskráningu. Við flutning lögheimilis getur námsmaður á hinn bóginn misst ýmsan rétt sem hann ella ætti, svo sem dreifbýlisstyrk. Dveljist námsmaður utan þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili er námið hefst og hann á þar skráð aðsetur getur hann samkvæmt framansögðu átt rétt til húsaleigubóta. Umrætt ákvæði var sett með hliðsjón af efni 3. mgr. 4. gr. laga um lögheimili en það eru þær reglur sem Hagstofa Íslands fer eftir við skráningu aðseturs og lögheimilis í þjóðskrá. Gildandi reglur geta komið illa út gagnvart íbúum víðfeðmra sveitarfélaga, eins og hv. þingmaður benti á, á borð við sveitarfélög eins og Ísafjarðarbæ og Sveitarfélagið Skagafjörð.

Samráðsnefnd um húsaleigubætur er samstarfsvettvangur félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga á þessu sviði. Á fundum samráðsnefndarinnar hefur að undanförnu verið fjallað um þetta vandamál og m.a. hvort þörf sé á að gera breytingar á lögum um húsaleigubætur á þann veg að rýmka ákvæðið um lögheimilis- eða aðsetursskráningu gagnvart námsmönnum innan sama sveitarfélags. Hugmyndin er, hæstv. forseti, að bætt verði við lögin ákvæði er taki til námsmanna er þurfa að sækja nám um langan veg eða ef samgöngur eru sérstaklega erfiðar en eru þó innan sama sveitarfélags.

Á síðasta fundi samráðsnefndarinnar voru nefndarmenn sammála um að slík breyting yrði til mikilla bóta við samræmingu á framkvæmd húsaleigubóta. Breytingin væri einnig sanngirnisatriði en hins vegar er ljóst að hún mundi skapa einhvern kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Einnig má geta þess að ókosturinn við slíka rýmkun er að það gerir eftirlit erfiðara þar sem leigjandinn væri þá í einhverjum tilvikum hvorki með skráð lögheimili né aðsetur í hinu leigða húsnæði.

Eins og hv. fyrirspyrjanda er kunnugt hafa útgjöld sveitarfélaganna vegna húsaleigubótakerfisins aukist mjög mikið á síðustu árum. Breytingar er auka útgjöld sveitarfélaga vegna húsaleigubótakerfisins verða ekki gerðar á lögum um húsaleigubætur nema að fenginni umsögn stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samráðsnefndin fyrrnefnd ákvað því að senda forráðamönnum helstu heimavista og nemendagarða fyrisrpurn þar sem óskað var eftir upplýsingum er gætu upplýst kostnað við hugsanlega lagabreytingu. Verið er að vinna úr þeim svörum og á þessu stigi liggur engin ákvörðun fyrir um hugsanlegar lagabreytingar til að rýmka rétt námsmanna til húsaleigubóta frá því sem nú er. Hins vegar liggur fyrir jákvæður vilji samráðsnefndar um húsaleigubætur en málið er sem sé í nánari skoðun hjá nefndinni þar sem m.a. verður reynt að kostnaðarmeta áhrif slíkra breytinga ef í þær yrði ráðist. Ég tel því rétt að bíða endanlegrar afgreiðslu samráðsnefndar á málinu áður en ákvörðun verður tekin um lagabreytingar.

[12:25]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og það að þessi mál séu í þessari formlegu skoðun en ég hefði viljað sjá þau ganga mun hraðar. Þetta skiptir máli varðandi nemendur akkúrat þessa stundina. Ég veit hvernig staðan var í Skagafirði. Þar hafði sveitarfélagið fyrst ætlað að horfa dálítið rúmt á lögin en þá fékk það ekki sinn hlut viðurkenndan frá félagsmálaráðuneytinu, mótframlag ríkisins. Foreldrum var þá sent bréf um að sveitarfélagið gæti ekki orðið við þessu. Ef nemendur sækja annan skóla, eins og ef nemendur úr Skagafirði sæktu skóla á Akureyri eða til Reykjavíkur eða hvert annað sem er, eiga þeir rétt á þessum húsaleigubótum. Ekki veitir nú af í stuðningi við fjárhagslegan kostnað við að senda nemendur að heiman.

Það skiptir líka heilmiklu máli fyrir ungt fólk og fyrir samfélagið að það geti sem lengst átt sama lögheimili og sterk tengsl við heimabyggð sína þannig að lög og reglur hreki þau ekki burt. Nóg eru nú samt vandkvæðin við það að þurfa að sækja nám fjarri heimili sínu.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að taka enn þá sterkar á þessu. Ég skil vilja hans og met þá afstöðu hans að þetta eigi að gera. En þetta skiptir máli nú þegar, og þetta skiptir máli þegar nemendur fara að sækja um skólavist nú seinni part vetrar, velja hvert þeir fara í skóla. Allt svona skiptir máli. Þess vegna tel ég að lagabreyting eigi að liggja (Forseti hringir.) fyrir nú þegar á þessum vetri.

[12:27]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda þessa umræðu. Þetta mál á sér ýmsar hliðar, m.a. þá að núgildandi reglur um rétt námsmanna til húsaleigubóta vinna gegn sameiningu sveitarfélaga, það er ein hlið þessa máls.

Það er rétt sem hv. þingmaður hefur hér vakið athygli á, félagsmálaráðuneytinu hafa borist áskoranir um breytingar í þessu efni, m.a. frá Ísafjarðarbæ og raunar einnig frá námsmönnum í Skagafirði.

Starfshópur sá sem ég nefndi hér áðan hefur verið að störfum frá því í október 2004 til að greina málið og ég vonast til þess að niðurstaða þeirrar vinnu liggi fyrir innan skamms, vonandi á næstu vikum, og þá verði málinu hraðað sem kostur er. En eins og ég minntist á áðan eru ákveðnir ókostir við það líka að breyta þessu kerfi, eftirlit verður ómarkvissara og hætta á misnotkun vafalaust meiri. Það er nokkuð sem við verðum að horfast í augu við og reyna að sníða agnúana af.

Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja.

Fsp. MÞH, 499. mál. — Þskj. 761.

[12:29]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég hygg að mörgum hafi brugðið illilega í brún þegar héraðsfréttablaðið Fréttir sem kemur út í

Vestmannaeyjum greindi frá því á forsíðu þann 13. janúar sl. að skurðstofunni við Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja yrði lokað í sumar í einar sex vikur. Þetta stóð til að gera vegna fjárskorts. Talað var um að það vantaði á bilinu 10–12 millj. til að hægt yrði að halda skurðstofunni opinni í þessar vikur.

Á sama tíma bárust okkur fréttir af því að svokölluð G-II vakt við heilbrigðisstofnunina yrði lögð niður frá áramótum, sennilega einnig vegna fjárskorts. Þetta voru hvort tveggja mjög alvarleg tíðindi því að eins og allir vita eru allsérstakar aðstæður í Vestmannaeyjum. Hvers vegna skyldi það vera? Jú, Vestmannaeyjar eru eyjar og búa því ekki við sömu möguleika til samgangna og við sem erum á hinni stóru eyju Íslandi, ef svo má segja, uppi á fastalandinu eins og menn orða það gjarnan. Ef eitthvað ber út af í Vestmannaeyjum og skurðstofan er lokuð geta menn fljótlega lent í vondum málum því að þá eru þeir háðir samgöngum til að geta leitað læknishjálpar. Þetta ætti að vera augljóst öllum sem skoða það mál.

Það væri líka mjög alvarlegt ef bakvaktir á heilsugæslustöðinni væru ekki lengur fyrir hendi því að vakthafandi læknar geta þurft að fara frá í neyðartilvikum, til að mynda í sjúkraflug eða til að sinna öðrum verkefnum. Það geta orðið slys. Ef þeir þurfa að fara úr bænum er hann varnarlaus á meðan hvað varðar möguleika á því að geta kallað til lækni eins og fyrirkomulagið lítur út með þessum hætti, þ.e. að bakvaktin sé ekki fyrir hendi. Þetta er að sjálfsögðu algjörlega óverjandi og ég hygg að hæstv. heilbrigðisráðherra sé mér sammála í þessu.

Í ljósi þessara atriða hef ég lagt eftirfarandi fyrirspurn fyrir hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja:

Hyggst ráðherra grípa til einhverra aðgerða til að koma í veg fyrir að skurðstofu Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja verði lokað í a.m.k. sex vikur í sumar?

Hyggst ráðherra sjá til þess að svokölluð G-II bakvakt heilsugæslulækna við stofnunina, sem felld var niður um síðustu áramót, verði tekin upp að nýju?

[12:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur beint til mín spurningum um þjónustu Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja.

Svarið við fyrri spurningunni er einfalt, hvort ráðherra hyggist grípa til einhverra aðgerða til að koma í veg fyrir að skurðstofu Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja verði lokað í a.m.k. sex vikur í sumar: Það er verið að fara yfir allar rekstrarforsendur stofnunarinnar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu með það í huga að koma í veg fyrir að skurðstofunni verði lokað. Ég á von á því að það takist að koma í veg fyrir það.

Heilbrigðisstofnunin er rekin með halla og hefur verið rekin með nokkrum halla undanfarin ár, 12,5 millj. árið 2003, 20 millj. árið 2004 og hann stefnir í 33,4 millj. fyrir árið 2004, 20 millj. samkvæmt rekstraráætlun en stefnir í 33,4 millj. Uppsafnaður halli í árslok 2004 stefnir því í 95,8 millj. kr. sem nemur um 20% af fjárlögum 2005 fyrir stofnunina.

Fjárveitingar til Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja á árinu 2005 eru um 485 millj. kr. sem skiptast þannig að framlög til heilsugæslusviðs eru rúmlega 90 millj., til sjúkrasviðs tæplega 318 millj. og vegna hjúkrunarrýma rúmlega 77 millj. Stofnunin hefur 19 sjúkrarými og 16 hjúkrunarrými. Mér sýnist, borið saman við aðrar heilbrigðisstofnanir, að hér sé ekki naumt skammtað til Vestmannaeyja en stofnunin hefur kynnt ráðuneytinu ýmsar aðgerðir til að ná niður rekstrarhalla fyrir árið 2005. Engu að síður er gert ráð fyrir að hallinn nemi um 10 millj. kr. Hins vegar tel ég alveg ljóst að stofnunin verði að vinna að aukinni samnýtingu á vöktum enda er vaktakostnaðurinn mjög stór hluti heildarrekstrarkostnaðar stofnunarinnar. Ég tel að þar megi tvímælalaust ná hagræðingu. Afar brýnt er að bakvaktir manna verði í auknum mæli sameiginlegar.

Virðulegi forseti. Sérstaða Vestmannaeyja með tilliti til samgöngumála er öllum vel þekkt. Áhersla hefur verið lögð á að öflug og örugg heilbrigðisþjónusta standi íbúunum til boða árið um kring. Ég stefni að því að svo verði áfram, bæði með því að viðhalda tryggri sjúkrahúsþjónustu sem og sjúkraflutningum þegar á þarf að halda. Tvennt þarf að tryggja, öryggi íbúanna og skynsamlegan rekstur. Annað markmiðið þarf ekki að útiloka hitt.

[12:35]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fyrir að beita sér fyrir því að tryggja að ekki komi til sumarlokunar skurðstofu Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja. Vegna landfræðilegrar sérstöðu okkar Eyjamanna, er mikilvægt að sérstakt tillit sé tekið til öryggisþátta sem hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur haft að leiðarljósi við þessa ákvörðun. Ég fagna einnig þeirri ákvörðun að hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og hans fólk ætli að skoða vaktafyrirkomulag sérstaklega. Ég veit að hægt er að fá niðurstöðu í því máli í samvinnu við heimamenn. Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja er öflug stofnun með mjög hæfu starfsfólki og hefur alla burði til að auka enn frekar þjónustu og taka til sín verkefni.

Með endurnýjun á 2. og 3. hæð stofnunarinnar er komin aðstaða sem er til fyrirmyndar en enn á eftir að ljúka framkvæmdum á skurðstofugangi. Jafnframt er komin göngudeild fyrir sykursjúka. Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja hefur bætt sérfræðiþjónustu mikið, gerð eru um 100 áreynslupróf á ári og 100 ómskoðanir fara fram á hverju ári. Það sparar heilbrigðiskerfinu á annað hundrað ferðir á ári til sérfræðinga í Reykjavík.

[12:36]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ekki fannst mér alveg nægilega skýrt það svar sem kom hér frá hæstv. ráðherra heilbrigðismála. Það gengur einfaldlega ekki að skurðstofu í Vestmannaeyjum verði lokað í sumar. Það er ekki hægt að auglýsa að bannað sé að veikjast alvarlega meðan skurðstofa er lokuð, sérstaklega ef ekki er hægt að komast til fastalandsins.

Það sem mér fannst hæstv. ráðherra segja okkur var að verið væri að leita leiða til að koma í veg fyrir að skurðstof-

unni yrði lokað en mér fannst hann ekki segja okkur að búið væri að negla það niður að hún yrði opin í allt sumar. Það er munur í mínum huga á því að leita leiða, skoða rekstur og reyna að finna fjármuni til að halda skurðstofunni opinni eða lofa því bara og segja: Það gengur ekki að loka skurðstofu á stað eins og Vestmannaeyjum. Við munum halda henni opinni. Á þessu er munur í mínum huga og vona ég að hæstv. ráðherra kveði skýrar að orði þegar hann kemur í seinna svar sitt.

[12:37]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fyrir mjög skýr og góð svör áðan. Að sjálfsögðu verður skurðstofunni ekki lokað og það kom mjög skýrt fram í máli hæstv. ráðherra. Við, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, vorum á ferð í Vestmannaeyjum í síðustu viku, komum við á sjúkrahúsinu og fórum yfir stöðuna með starfsmönnum stofnunarinnar. Það kom fram eins og hjá hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni að það er mjög aðkallandi að ljúka skurðstofuganginum. Það fer ekkert á milli mála að skurðstofa verður að vera starfrækt allt árið í Vestmannaeyjum. Það gerir sérstaða Vestmannaeyja og öryggi íbúanna þar.

[12:38]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir með hv. þm. Jóni Gunnarssyni með það að mér fannst hæstv. ráðherra ekki tala nógu skýrt. Hann sagði að verið væri að fara yfir málin og hann vonaði að það tækist að finna lausn. Þetta er ekki það sama og að segja að skurðstofan verði opin í þessar sex vikur í sumar. Þetta er heldur ekki það sama og að segja að bakvaktirnar verði teknar upp að nýju. Þarna á er stór munur.

Hæstv. ráðherra hlýtur að geta talað skýrar en hann gerði áðan. Hann sagði réttilega að það hlyti að vera þannig að þessi stofnun fengi ekki nægilega vel skammtað fé af fjárlögum á hverju ári. Stjórnvöld hljóta að bæta úr því við afgreiðslu næstu fjárlaga en nú, þegar málið snýst um svo lágar upphæðir, kannski 10, í mesta lagi 15 millj. kr., hlýtur að vera hægt að finna peninga fyrir því. Vestmannaeyingar eiga það fyllilega skilið að þeir peningar verði fundnir þannig að þessum málum verði kippt í liðinn.

Það var mjög athyglisvert að heyra hv. þm. Drífu Hjartardóttur segja að að sjálfsögðu yrði skurðstofunni ekki lokað. Hún er 1. þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurk. og við vitum að Framsóknarflokkurinn er yfirleitt vanur að gera það sem Sjálfstæðisflokkurinn segir honum að gera. Þarna verður því vonandi breyting á.

Annars sakna ég þess, fyrst hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson er í salnum, ráðherra Suðurlands, að hann skuli ekki taka þátt í umræðunni. Það hefði verið athyglisvert að heyra sjónarmið hans í þessu máli. (**Landbrh.:** ... skýr í þessu máli.) Þá býð ég hæstv. landbúnaðarráðherra að koma hingað í ræðustól og greina frá þeim því að Vestmannaeyingar eru að fylgjast með.

[12:40]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Mér finnast þessar umræður dálítið sérkennilegar hjá hv. fyrirspyrjanda og hv. 10. þm. Suðurk. Ég hélt að það hefði komið mjög skýrt fram í svari mínu að við erum að vinna að því í ráðuneytinu að tryggja fjármuni til þess að halda skurðstofunni opinni. Það er vilji okkar ef það hefur verið eitthvað óljóst í svari mínu, sem það var auðvitað ekki. Þess vegna er verið að vinna að þessu. Við erum að tryggja fjármuni til þess að halda skurðstofunni opinni. Sá er vilji okkar og við höfum lagt á það áherslu, eins og ég sagði í svari mínu, að öflug og örugg heilbrigðisþjónusta standi íbúunum til boða árið um kring. Það er ekkert annað sem hangir hér á spýtunni og mér finnst dálítið sérkennilegt að vera að reyna að draga úr því. Þess vegna erum við að vinna að þessu máli og það eru engin undirmál í því. Ég hef látið þá skoðun mína í ljósi að öryggi íbúanna verði tryggt með því að halda skurðstofunni opinni og loka henni ekki. Þess vegna er verið að reyna að finna fjármuni í það. Það er bara hrein niðurstaða í þessu máli.

Erfðabreytt aðföng til landbúnaðar.

Fsp. ÞBack, 404. mál. — Þskj. 512.

[12:42]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra um hvað líði reglugerð um erfðabreytt efni í fóðri samkvæmt nýlegri tilskipun Evrópusambandsins. Svarið liggur að hluta til fyrir í svari frá hæstv. umhverfisráðherra vegna fyrirspurna hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um erfðabreytt matvæli. Þetta er ein af þeim tilskipunum og reglum frá Evrópusambandinu sem deilist á fleiri en eitt ráðuneyti hér. Umhverfisráðuneytið fer að hluta til með tilskipun um merkingar á erfðabreyttum lífverum en landbúnaðarráðuneytið með eftirlit með erfðabreyttu fóðri. Í svari hæstv. umhverfisráðherra kemur fram að sú reglugerð sem vísað er hér til frá 2003, um erfðabreytt matvæli og fóður, og reglugerð Evrópusambandsins nr. 1830/2003, um rekjanleika og merkingu erfðabreyttra lífvera og rekjanleika matvæla og fóðurs sem framleitt er úr erfðabreyttum lífverum, tóku gildi hjá Evrópusambandinu 18. apríl 2004. Það er verið að vinna að upptöku hlutaðeigandi reglugerða og setja þetta í íslenskar reglugerðir.

Þar sem reglur Evrópusambandsins og vinnan samkvæmt þessu fer einnig yfir til landbúnaðarráðuneytisins finnst mér mikilvægt að hæstv. landbúnaðarráðherra upplýsi hér frekar hvað þessari vinnu líður. Í svari til mín á 128. löggjafarþingi varðandi innflutning á erfðabreyttu fóðri lýsir hann því að ekkert eftirlit sé með erfðabreyttu fóðri og það sé ljóst að fóður sem kemur frá Bandaríkjunum sé erfðabreytt. Prufur hafa verið teknar úr því og það liggur fyrir að maís og sojamjöl sem kemur frá Bandaríkjunum sem er uppistaðan í því fóðri sem notað er til svína- og kjúklingaræktar kemur erfðabreytt frá Bandaríkjunum. Mér finnst því mikilvægt, miðað við þá undirbúningsvinnu sem nú er í gangi, að framleiðendur í matvælaiðnaði séu

upplýstir um þessar fyrirhuguðu breytingar til þess að þeir geti lagað sig að breyttum framleiðsluháttum.

[12:45]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr: Hvað líður reglugerð um erfðabreytt efni í fóðri samkvæmt nýlegri tilskipun Evrópusambandsins?

Evrópuþingið og ráðið hafa sett tvær reglugerðir sem teknar verða upp hér á landi varðandi erfðabreytt fóður. Þetta er í fyrsta lagi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/1829/EB, um erfðabreytt matvæli og fóður. Reglugerðin leggur grunninn að vörnum gegn hættum sem mögulega geta skapast við notkun á erfðabreyttum lífverum og afurðum þeirra í matvælum og fóðri. Hún setur ákvæði um leyfisveitingu, stjórnun og merkingu erfðabreyttra matvæla og fóðurs.

Í öðru lagi er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1830/2003, um rekjanleika og merkingar á erfðabreyttum lífverum og rekjanleika á matvæla- og fóðurvörum sem framleiddar eru af erfðabreyttum lífverum og breytingu á tilskipun 2001 nr. 18 frá Evrópusambandinu, um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið og markaðssetningu þeirra. Reglugerð 1830/2003 leggur grunn að rekjanleika efna sem innihalda erfðabreyttar lífverur og rekjanleika matvæla og fóðurs sem framleidd eru úr erfðabreyttum efnum með það í huga að auðvelda merkingu þeirra og fylgjast með áhrifum þeirra á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið. Einnig eru ákvæði um áhættustjórnun og stöðvun á sölu ef ástæða þykir til. Gerð er breyting á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001 nr. 18, um misvísandi sleppingu á erfðabreyttum lífverum í umhverfið — tilskipun 2001 nr. 18 hjá Evrópusambandinu fellur undir XX. viðauka EES-samningsins og er því á ábyrgð umhverfisráðuneytisins.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur einnig sett tvær neðangreindar reglugerðir varðandi framkvæmd einstakra ákvæða í ofangreindum reglugerðum. Þær verða einnig teknar upp hér á landi strax og þær hafa verið teknar upp í EES-samninginn, í fyrsta lagi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar EB nr. 65/2004, um uppsetningu á kerfi til þróunar og úthlutunar á sérstökum auðkennum fyrir erfðabreyttar lífverur. Reglugerðin fjallar um að setja sérstök einstök auðkenni fyrir hverja erfðabreytta lífveru sem skráð er og heimiluð á ESB/EES-svæðinu óháð því hvenær heimildin var gefin út. Henni er m.a. ætlað að auðvelda rekjanleika erfðabreyttra efna.

Önnur reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er nr. 641/2004, um nákvæmar reglur varðandi framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 1829/2003, um erfðabreytt matvæli og fóður. Reglugerðin setur nánari reglur varðandi framkvæmd ákvæða, svo sem um leyfisveitingu, stjórnun og merkingu erfðabreyttra matvæla og fóðurs, í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1829/2003, um erfðabreytt matvæli og fóður.

Hæstv. forseti. Fyrir liggja undirbúningsdrög að ákvörðun um upptöku þessara reglugerða í EES-samninginn sem til stendur að leggja fyrir sameiginlegu EES-nefndina í Brussel. Samkvæmt ofanskráðu munu þessar reglur taka gildi hér á landi strax og þær hafa verið teknar í EES-samninginn og þær verða birtar í Stjórnartíðindum strax og þær hafa verið þýddar á íslensku. Aðfangaeftirlitið mun sjá um eftirlit með því að reglunum verði framfylgt varðandi fóður.

[12:50]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Hér fara fram mjög fræðilegar umræður um erfðabreytt efni í fóðri. Ég þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að taka þetta mál upp því að auðvitað skiptir miklu máli að sá sem kaupir fóður viti hvað er í því, að rekjanleikinn sé í lagi, allt umhverfið sömuleiðis og Aðfangaeftirlitið geri það sem það á að gera.

Þetta sýnir, ef við lítum á íslenskan landbúnað, hvað það er gott að búa að sínu og mikilvægi þess að hér fari fram meiri kornrækt en verið hefur. Hún er alltaf að aukast, bæði til fóðurgerðar og eins til ölgerðar. Þess vegna kom ég hér upp til þess að við leiddum aðeins hugann að því hvað það skiptir miklu máli að búa að sínu.

[12:51]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að mjög mikið er í undirbúningi, enda eru þjóðirnar allt í kringum okkur kannski miklu betur vakandi en við, hinn almenni borgari, hvað varðar áhættu af erfðabreyttum lífverum og því að neyta erfðabreyttra matvæla.

Mér finnst mikilvægt, hæstv. forseti, að þar sem meginlínurnar í samningnum sem verið er að undirbúa liggja fyrir sé þegar hafist handa við að koma þeim upplýsingum til matvælaframleiðenda, sérstaklega þeirra sem eru með kjúklinga- og svínaræktina. Með breyttum matarvenjum Íslendinga er alveg ljóst að við neytum miklu meira af þessari vöru, bæði kjúklingum og svínakjöti. Ef í ljós kemur að þetta er hugsanlega ekki eins holl matvara og af er látið vegna þess að uppistaðan í fóðrinu er erfðabreyttur maís og sojamjöl held ég að við hljótum að gera þá kröfu að sem fyrst verði reynt að snúa þessari fóðurgjöf á betri veg þannig að við neytum þá hollari matvæla og að það sé frumskilyrði að þeir kjúklingar sem eru framleiddir með erfðabreyttu fóðri séu sérstaklega merktir þannig að við höfum val. Það höfum við ekki í dag.

Ég tek undir orð hv. þm. Drífu Hjartardóttur að það er mikilvægt að hlúa að íslenskri framleiðslu og íslenska bygginu og því vil ég vara við að farið verði út í stórfellda framleiðslu á erfðabreyttu byggi að svo stöddu.

[12:53]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu. Ég get auðvitað sagt hér að hér erum við að ræða stórt neytendamál, ekki bara landbúnaðarmál heldur mjög stórt neytendamál. Það skiptir miklu máli fyrir landbúnaðinn og ekki síður sérstöðu okkar Íslendinga hvað hinar hreinu afurðir varðar og hollu vörur að hér flæði ekki inn eitthvað sem er framleitt með allt öðrum hætti og gæti reynst neytendum þess vegna hættulegt. Það skiptir máli eins og hér hefur verið sagt að sá sem kaupir fóður viti hvað í fóðrinu er og hvað hann er að

bjóða dýrunum sínum, og það snertir einnig neytendur landsins.

Eins og kom fram í máli hv. þm. Drífu Hjartardóttur er mikið að gerast í íslenskum sveitum. Veðráttan hefur breyst. Bændurnir hafa náð miklum tökum á t.d. kornræktinni. Við eigum orðið 400 kornbændur. Hér hafa vísindamenn okkar við RALA, nú Landbúnaðarháskóla Íslands, þróað mjög sterk afbrigði sem eru að gera það mjög gott. Við erum á mikilli framtíðarleið sem skiptir landbúnaðinn og íslenska neytendur miklu.

Það er mikilvægt að hafa þetta skýrt og reglurnar í lagi. Að því er unnið eins og ég hef farið yfir og ég þakka þessa umræðu.

[12:55]

Útbýting:

Einkaleyfi, 251. mál, nál. meiri hluta iðnn. þskj. 815.
Fjáraukalög 2005, 535. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 809.

[Fundarhlé. — 12:56]

Þjónustutilskipun Evrópusambandsins.

Fsp. ÖJ, 282. mál. — Þskj. 304.

[13:31]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Í Evrópusambandinu og þar með á hinu Evrópska efnahagssvæði er nú hart tekist á um svokallaða þjónustutilskipun. Ekki þarf að koma á óvart þó hart sé tekist á um þessa tilskipun því að tekist er á í raun um sjálfan grundvöll velferðarþjóðfélagsins. Á 20. öldinni var grunnur velferðarsamfélagsins lagður með almannatryggingakerfi og grunnþjónustu á vegum hins opinbera, velferðarþjónustu sem var og er opin öllum þegnum samfélagsins. Nú vill peningavaldið markaðsvæða þessa þjónustu, færa hana undir lögmál hins innri markaðar Evrópusambandsins. Fulltrúar fjármagnsins vilja ganga lengra. Samkvæmt þjónustutilskipuninni á að gilda svokölluð upprunalandsregla. Samkvæmt henni eiga kjarasamningar og reglur á vinnumarkaði að gilda í því landi sem fyrirtæki er upprunnið í jafnvel þótt það færi úr kvíarnar annars staðar innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta þýðir að ríki með slakar reglur á þessu sviði munu ógna þeim kerfum þar sem reglur og samningar eru betri. Allt er þetta réttlætt með tilvísun í Lissabon-yfirlýsingu Evrópusambandsins á árinu 2000. Þá var haldinn mikill fundur í Lissabon í Portúgal þar sem því var lýst yfir að stefnt skyldi að því að gera Evrópusambandið enn samkeppnishæfara á heimsmarkaði en nú er og standa öllum heimshlutum framar í því efni. Ekkert minna átti að nægja. Nú fóru margir að hugsa sér gott til glóðarinnar og það hófust mikil átök um hvernig ætti að hrinda þessum draumum í framkvæmd eða gera þá að veruleika.

Fyrsta skrefið sem tekið var á vegum stjórnarnefndar bandalagsins, Evrópukommissjónarinnar, var að gefa út græna skýrslu sem svo var nefnd. Hún kom út vorið 2003. Þar var uppleggið lagt fram og að sögn átti skýrslan að vera umræðugrunnur sem aðilum gæfist kostur á að ræða og bregðast við, ekki síst af hálfu Evrópuþingsins. Fundur var boðaður í byrjun árs 2004, 13. janúar, en viti menn, sama dag birti stjórnarnefnd Evrópusambandsins drög að þjónustutilskipuninni þannig að aldrei fór fram sú lýðræðislega umræða sem hafði verið lofað.

Vorið 2004 birtist síðan hvít skýrsla þar sem brugðist var við athugasemdum sem þá höfðu komið fram og síðastliðið haust, í nóvember, fór fram í fyrsta skipti vönduð umræða innan Evrópuþingsins. Síðan varð framhald á þessu í desember og framhald á enn að verða á þessu ári. Það er mikil og vaxandi andstaða við þetta innan Evrópusambandsins. Reynslan sýnir okkur hins vegar að þegar peningaöflin og bírókratarnir í Evrópusambandinu leggjast á eitt, sameinast um stefnuna, þá hafa þeir sitt fram og nú spyr ég: Kemur til greina að Íslendingar, íslenska ríkisstjórnin, beiti neitunarvaldi innan hins Evrópska efnahagssvæðis ef menn ætla að knýja þetta fram?

[13:35]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði á síðasta ári fram tillögu að heildarskipun þjónustustarfsemi á innri markaðnum og tillagan er nú til umfjöllunar, eins og hv. þingmaður nefndi, í Evrópuþingi og ráðherraráði Evrópusambandsins. Það er ekki búist við því að tillagan hljóti endanlega afgreiðslu hjá þessum stofnunum fyrr en í fyrsta lagi í lok þessa árs.

Frelsi til að veita þjónustu er hluti af hinu svonefnda fjórþætta frelsi og því ein af meginstoðum EES-samningsins og af þeim sökum er ljóst að efni þessarar tillögu varðar málefni sem fjallað er um í EES-samningnum. Tillagan miðar að því að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem gera fyrirtækjum og einstaklingum erfiðara um vik að stunda viðskipti með þjónustu. Þannig er tillögunni er ætlað að stuðla að auknu frjálsræði í viðskiptum með þjónustu á innri markaðnum. Íslensk stjórnvöld eru fylgjandi því meginmarkmiði tillögunnar að auka frelsi í viðskiptum.

Á hinn bóginn eru vitaskuld ýmis atriði í svo umfangsmikilli tillögu sem nauðsynlegt er að skoða mjög vandlega áður en endanleg afstaða verður tekin til þess hvort slík tilskipun verði tekin upp í EES-samningnum. Ríkisstjórnir nokkurra ríkja Evrópusambandsins, eins og hv. þingmaður nefndi, svo sem eins og Frakkar og Þjóðverjar hafa sett fyrirvara við ýmsa þætti þessarar tillögu. Það má því búast við átökum og líflegri umræðu um hana á næstu mánuðum og fastlega gera ráð fyrir því að tillagan kunni að taka einhverjum breytingum verði hún á annað borð samþykkt. Íslensk stjórnvöld fylgjast auðvitað grannt með þessari umræðu sem á sér stað, en slík tilskipun verður ekki formlega til umfjöllunar meðal EFTA-ríkjanna fyrr en afgreiðslu hennar er lokið hjá Evrópusambandinu. Það er þess vegna ekki að fullu tímabært að fullyrða neitt á þessari stundu um hvort tilskipunin verður tekin upp í EES-samningnum enda ekki hægt að fullyrða hvort tillagan verði samþykkt og þá hvaða breytingar kunna að verða á henni.

Á hinn bóginn tel ég gott að máli af þessu tagi sé hreyft hér þannig að það hafi fengið umþóttun og umræðu áður en málið ber upp við okkur á vettvangi EFTA-ríkjanna eða heima hjá okkur sjálfum.

Varðandi spursmálið sem hv. þingmaður nefndi, hvort

utanríkisráðuneytið eða utanríkisráðherra mundi beita neitunarvaldi, eins og það er orðað, gagnvart þessari gerð sem taka ætti upp í EES-samninginn þá er kannski umhugsunarefni eða a.m.k. umdeilanlegt hvort hægt sé að tala um beint neitunarvald í því sambandi. En það koma upp og hafa komið upp álitaefni um það hvort tilteknar gerðir falli undir EES-samninginn og íslensk stjórnvöld hafa hafnað upptöku gerða í EES-samningnum þegar þau hafa talið að viðkomandi gæti fallið utan gildissviðsins. En það er kannski ekki endilega, eins og ég sagði hér áðan, spursmálið í þessu tilviki.

Á hinn bóginn er einnig hægt í tilviki Íslands, þ.e. ef það eru atriði sem okkur líst ekki á eða hugnast ekki þá getum við auðvitað beðið um það og fylgt því eftir að aðlögun sé fyrir hendi gagnvart Íslandi ef sérstakar aðstæður kalla á það. Ef það gengur ekki er auðvitað hugsanlegt einnig að hafna algerlega upptöku gerðarinnar í samninginn. Ef ekki næst samkomulag innan sameiginlegu EES-nefndarinnar getur því farið svo að framkvæmd viðkomandi viðauka við EES-samninginn, þ.e. viðaukinn sem gerðin félli undir yrði a.m.k. frestað. Það þýddi að þær gerðir sem þegar væri búið að taka upp í samninginn á því sviði væru ekki í gildi. Það er því mín skoðun að skoða verði mjög vel miðað við allar aðstæður hverju sinni og hvaða hagsmunir eru í húfi þegar menn velta fyrir sér hvort þeir ætla að standa að því eða hafna því að gerðir af þessu tagi eða sambærilegar séu teknar upp í EES-samninginn ef menn meta málið svo að upptaka þeirra mundi geta hnigið gegn grundvallarhagsmunum Íslands. Ég hef alltaf haldið því fram og geri það enn að við höfum áskilið okkur þann rétt að hafna því með sjálfstæðum hætti að taka upp slíkar gerðir. Við gætum þó hugsanlega lent í því, og það er rétt að menn viti af því, að Evrópusambandið beitti okkur viðbrögðum, eins konar refsiviðbrögðum, ef svo má segja, og þá er bara mat á því af hálfu okkar hvort hagsmunirnir séu þess virði að taka slíka áhættu. Við eigum ekki fyrir fram nokkru sinni að útiloka neitt.

En í meginatriðum fellur hugsun þessarar gerðar að fjórfrelsinu, sem er eitt grundvallaratriði innan Evrópusambandsins og EES-svæðisins. Að því leyti til virðist það svo að tillagan lúti að því að auka frjálsræði á þessum sviðum. En við eigum að skoða okkar hagsmuni mjög vel og vandlega og ekki horfa fram hjá þeim í fljótræði bara vegna þess að þetta sé afgreitt á vettvangi annars staðar.

[13:40]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra svörin — utanríkisráðherra. Ég vil taka það fram að ég trúi að hin nýja ásýnd hæstv. utanríkisráðherra sem birtist í dag hafi ruglað mig aðeins í ríminu. En að öllu gamni slepptu þá finnst mér mjög mikilvægt að fylgst sé mjög vel og grannt með þessari tilskipun. Íslenskur vinnumarkaður er lítill og viðkvæmur og við höfum fengið að kynnast núna þeim breytingum sem hafa orðið með tilkomu starfsmannaleigna á íslenskan vinnumarkað við stærri framkvæmdir. Þetta er bara smjörþefurinn sem við fáum með starfsmannaleigunum. Maður sér það fyrir sér að ef þessi tilskipun verður tekin upp eins og hún lítur út í dag muni það hafa mjög alvarlegar afleiðingar á íslenskum vinnumarkaði. Ég hvet íslenska ráðamenn og þá utanríkisráðuneytið sérstaklega til þess að vera vel á varðbergi.

[13:41]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil inna hæstv. utanríkisráðherra eftir því hvaða efnisatriði tilskipunarinnar hann telur að þurfi sérstakrar skoðunar við og hvort hann telji einhver tiltekin efnisatriði í tilskipuninni orka beinlínis tvímælis eða vera öndverð hagsmunum Íslands.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég fagna yfirlýsingum hæstv. forsætisráðherra. Hann — hæstv. utanríkisráðherra. Hann er ekki einn um þetta, hæstv. ráðherrann, að ruglast í ríminu. (Gripið fram í.) Ég tel að þessar yfirlýsingar séu mjög mikilvægar. Í fyrsta lagi leggur hæstv. ráðherra áherslu á að Íslendingar eigi jafnan að kanna möguleika til undanþágu frá þeim tilskipunum sem Evrópusambandið samþykkir. Ég minni á að um það urðu talsverðar deilur á sínum tíma, þótt við værum í minni hluta miklum í því efni, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, að leita undanþágu varðandi raforkuna. Þetta var fyrsta atriðið.

Hitt sem fram kom í máli hæstv. ráðherra var að Íslendingar hljóti jafnan að skoða sína hagsmuni áður en tilskipanir frá Evrópusambandinu eru samþykktar. Ég skil það svo að um samþykkt af þessu tagi, tilskipun af þessu tagi, hljóti slíkt að koma til álita. Síðan geri ég mér fyllilega grein fyrir því að um þetta tiltekna mál erum við hæstv. ráðherra eflaust á öndverðum meiði. Við höfum ekki sama pólitíska skilning eða sömu pólitísku sýnina á málin hvað þetta snertir.

En ég vil hvetja til þess að við gerumst ekki fórnarlömb slíkrar nauðhyggju þegar Evrópusambandið er annars vegar að við hættum að hugsa sjálfstætt um hagsmuni Íslands. Það hefur því miður allt of oft gerst og einkennir afstöðu margra þingmanna og jafnvel heilla þingflokka þegar Evrópusambandið er annars vegar. Ég tel að sú tilskipun sem hér um ræðir, þjónustutilskipunin, vegi að sjálfum grundvelli velferðarsamfélagsins og ég vil vekja athygli á því að ég er ekki einn um að hvetja til þess að aðildarríki EES-samningsins beiti neitunarvaldi (Forseti hringir.) ef reynt verður að þröngva henni í gegn. Það gerði forseti norska alþýðusambandsins, Gerd Liv Valla, hinn 1. maí (Forseti hringir.) á síðasta ári. Hún krafðist þess að norska (Forseti hringir.) ríkisstjórnin mundi beita neitunarvaldi ef til þess kæmi.

(Forseti (GÁS)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn um að taka ekki upp ný efnisatriði þegar tímanum er lokið.)

[13:44]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef ekki mjög miklu að bæta við það sem áðan var skýrt frá. Hins vegar vek ég athygli á því vegna spurningar hv. þingmanns Helga Hjörvars að málið er enn þá í farvegi. Það er ekki komið á okkar vettvang. Engu að síður hafa komið fram ábendingar ekki bara hér á

landi heldur einnig víðar um að sumir þættir þessarar tilskipunar gætu kippt grundvelli undan starfsemi, vinnubrögðum, samstarfi á vettvangi atvinnulífsins og launþegahreyfingarinnar sem hefur reynst vel víðast hvar. Ég tel algerlega nauðsynlegt að áður en við göngumst við því að styðja slíka tilskipun eða veita henni lagagildi hér á landi þá verði slíkir þættir eða slíkar ábendingar kannaðar alveg út í hörgul. Ég tel það vera skyldu okkar allra sem þingmanna og ekki síst þeirra sem eru í Stjórnarráðinu á hverjum tíma. Ég tel því að þær ábendingar sem hafa verið settar fram séu þess eðlis að menn þurfi mjög að skoða hug sinn og fylgjast mjög vel með framvindu þessa máls á vettvangi Evrópusamstarfsins áður en það kemur hingað í okkar rann.

Flutningur bandarískra sendiráðsins í Reykjavík.

Fsp. MÁ, 447. mál. — Þskj. 696.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Eins og kunnugt er hafa Bandaríkjamenn tekið ákvörðun um það á síðustu árum að sendiráð þeirra um heiminn þurfi að verjast árás betur en áður var. Öryggisgæsla hefur þess vegna verið aukin mjög í sendiráðunum og nágrenni þeirra í samstarfi við heimamenn á hverjum stað og viðbúnaður við sendiráðin er nú víða eins og um sé að ræða hernaðarmannvirki.

Okkur ber að sýna þessari afstöðu Bandaríkjamanna fullan skilning og aðstoða þá eftir megni við að tryggja fullt öryggi í sendiráðunum og í nágrenni þeirra. Hér í Reykjavík háttar svo til að sendiráð Bandaríkjanna er í miðju grónu íbúðarhverfi í Þingholtunum og íbúar þar í kring í miklu nágrenni við sendiráðshúsið til allra hliða. Ýmislegar öryggisráðstafanir valda íbúum í hverfinu þess vegna bæði óþægindum og ama. Íbúarnir deila líka áhyggjum sendiráðsmanna af hugsanlegum atburðum sem kynnu að kvikna við sendiráðið og spyrja um sitt eigið öryggi við slíkar kringumstæður. Ég er með bréf frá íbúunum til borgaryfirvalda um þetta mál frá því í fyrra og get lesið úr því ef menn vilja.

Þess vegna hafa vaknað spurningar um það hvort ekki sé heppilegt að flytja þetta sendiráð á hentugri stað í borginni. Ég veit að hjá Reykjavíkurborg eru menn reiðubúnir til hverrar þeirrar aðstoðar sem æskt yrði og það er einnig ljóst að sendiherrann og starfsmenn hans vilja finna lausn á þessu máli og búa í friði og sátt við granna sína. Hins vegar virðist skorta skilning á þessu eða þetta mál er ekki ofarlega í forgangsröðinni í utanríkisráðuneyti Bandaríkjamanna í Washington. Þess vegna spyr ég hæstv. utanríkisráðherra um atbeina hans við það að fá Bandaríkjastjórn til að íhuga annan og hentugri stað fyrir sendiráð sitt í Reykjavík en nú er.

[13:48]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda hefur bandaríska sendiráðið verið mjög lengi á þessum stað, allt frá því 1942 í þessu húsi. Auðvitað hafa menn horft til þess, ekki bara á síðustu tímum heldur löngu fyrr, að þessi staðsetning fyrir svo veigamikið sendiráð væri ekki lengur heppileg. Ég get nærri um þetta talað vegna þess að í minni tíð sem borgarstjóri í Reykjavík höfðum við náð samkomulagi um það, ég sem borgarstjóri fyrir hönd borgaryfirvalda og þáverandi sendiherra Bandaríkjanna, Marshall Brement, að Bandaríkin fengju lóð þar sem nú er Háskólinn í Reykjavík, þ.e. á svæðinu sunnan við Morgunblaðslóðina, til að byggja nýtt sendiráð. Ég lagði áherslu á það við sendiráðið að það væri augljóst að þessar lóðir væru að hverfa og ef þeir mundu ekki þiggja þessa lóð mundi hún fara undir aðra starfsemi. Og það væri ekki auðvelt að finna lóð jafngóða þessari fyrir sendiráð.

Marshall Brement, þáverandi sendiherra, var mjög hlynntur þessu, hafði fengið góðan stuðning í þáverandi utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna og þetta leit allt vel út þar til sprengjuárásir urðu á sendiráð Bandaríkjanna, ég hygg að það hafi verið í Kúveit og jafnvel á fleiri stöðum í Austurlöndum nær. Það varð til þess að þetta mál þokaðist langt niður eftir framkvæmdalistanum og þar með misstu Bandaríkjamenn af þessari lóð sem ég held að hafi verið mikill skaði fyrir þá og fyrir borgaryfirvöldin en við höfðum náð saman um þetta á þessum tíma.

Síðan tel ég að allir þeir atburðir sem hafa orðið og nauðsyn þess að veita rýmri friðhelgi í kringum sendiráð, ekki bara hér á landi heldur annars staðar — við sjáum þetta til að mynda í Lundúnum þar sem bandaríska sendiráðið er eiginlega víggirt inni í miðri Lundúnaborg — geri það að verkum að hafi þessi staðsetning verið orðin erfið að áliti manna fyrir 15–20 árum er hún það enn þá frekar nú. Þarna er ekki hægt að hafa eðlilega umferð eða aðgengi að þessari tiltölulega þröngu íbúðargötu lengur.

Ég er þeirrar skoðunar og mun fyrir mitt leyti stuðla að því að svo miklu leyti sem það veltur inn á mitt borð að takast megi að finna lausn á þessu máli sem sé öllum aðilum hagstæð. Í þessu tilfelli er það engum manni til hagsbóta að sendiráðið sé staðsett áfram þar sem það er.

[13:50]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir svörin og þann fulla skilning sem hann sýnir á þessu vandamáli. Ég hygg að við gerum það öll. Þá er held ég að því komið að hæstv. utanríkisráðherra beiti sér í málinu með beinum hætti því að eftir mínum athugunum og lítils háttar rannsóknum á þessu stendur fyrst og fremst á fjárveitingum frá Bandaríkjamönnum og þar með raunverulegum áhuga utanríkisráðuneytisins í Washington á þessu efni. Það verður ekki leyst öðruvísi því að ekki förum við að setja fé í þessa sjóði. Það er ekki fyrirstaða, veit ég, hjá borgaryfirvöldum við að greiða úr þessum málum eins og hægt er. Eins og ég sagði áðan hafa sendiherrann og starfsmenn hans sýnt vilja til lausnar á þessu.

Ég held að málið sé þannig að hér verði hæstv. utanríkisráðherra að beita sér og svo vill til að hann er persónulega kunnugur núverandi húsbónda eða húsfreyju í bandaríska utanríkisráðuneytinu. Ég hvet hann til þess í fullri alvöru og með hagsmuni íbúa í Þingholtunum og Reykvíkinga allra fyrir augum að setja þetta mál á viðræðuskrá við sinn mann í Washington.

Trúnaðarstörf sendiherra fyrir stjórnmálaflokka.

Fsp. MÁ, 450. mál. — Þskj. 699.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég spyr hæstv. utanríkisráðherra að gefnu tilefni um trúnaðarstörf sendiherra fyrir stjórnmálaflokka. Annars vegar er spurt:

Hvaða núverandi sendiherrar gegna trúnaðarstörfum fyrir stjórnmálaflokka? Átt er við t.d. opinber nefndarstörf á vegum stjórnmálaflokka sem viðkomandi þiggur laun fyrir, launaðan erindrekstur á þeirra vegum og fleira af því tagi. Því er spurt að sendiherrar og aðrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar búa samkvæmt lögum nr. 39/1971 við þau starfsskilyrði að þeim er óheimilt að vinna önnur störf nema sérstaklega standi á og samþykki utanríkisráðherra komi til. Þetta er í 14. gr. Hér er væntanlega átt við launuð störf af einhverju tagi eða þau störf önnur sem telst óheppilegt að þeir vinni.

Ég vek athygli á að ráðherra getur heimilað að starfsmenn vinni slík störf og þess vegna hefur hann fulla yfirsýn um þau störf sem nú eru unnin með hans leyfi og sjálfsagt að hann skýri þinginu frá því hver þau eru og hvaða ástæður liggja að baki ákvörðun hans um að leyfa slík störf. Ég tek líka fram að ég tel að þessi heimild geti í mörgum tilvikum verið fullkomlega eðlileg.

Hvað varðar störf sendiherra fyrir stjórnmálaflokka verður þó að segjast að mér finnst það skynsamleg regla að sendiherrar og aðrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar vinni ekki slík störf. Það getur vel verið að það þyki heimilislegt í Valhöll að þegar formaður Sjálfstæðisflokksins er utanríkisráðherra fái hann fyrrverandi formann Sjálfstæðisflokksins sem er sendiherra til að setjast í pólitíska nefnd fyrir Sjálfstæðisflokkinn en það þykir ekki heimilislegt annars staðar. Slík ráðstöfun er — við skulum orða það vægilega — á mörkum hins siðlega og hún stangast á við anda laganna sem hér um ræðir. Þetta sérstaka ákvæði og einstaka hefur væntanlega þann tilgang að tryggja að starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sendiherrar og aðrir, eigi sér engan annan húsbónda en íslenska lýðveldið og forustumenn þess. Að menn eigi sér aukalegan húsbónda í tilteknum stjórnmálaflokki á meðan þeir gæta hagsmuna þjóðarinnar á erlendum vettvangi getur ekki verið skynsamlegt þegar menn litast um eftir að þeir eru komnir upp úr víggröfunum.

Forseti. Ég spyr einnig um hugsanleg fordæmi í þessu efni og hef leyft mér að setja tímamörkin við lýðveldisstofnunina. Ég verð þó að viðurkenna að ég hef ekki athugað orðalag fyrri laga, þeirra sem lögin 1971 tóku við af, og get fullkomlega sætt við mig við að svar hæstv. ráðherra miðist við þann upphafspunkt, 1971.

[13:55]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Varðandi þá fyrirspurn sem hér liggur fyrir er því til að svara að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum gegnir enginn núverandi sendiherra utanríkisþjónustunnar trúnaðarstörfum fyrir stjórnmálaflokk, þó með þeirri undantekningu sem hv. þingmaður nefndi ef menn líta svo á að seta Þorsteins Pálssonar, fyrrum forsætisráðherra og dómsmálaráðherra, í stjórnarskrárnefnd sé þjónustu- og trúnaðarstarf fyrir stjórnmálaflokk.

Varðandi seinni liðinn eru ekki eftir því sem ég best veit kunn fordæmi fyrir því að starfandi sendiherra hafi gegnt trúnaðarstörfum fyrir stjórnmálaflokka. Það er jafnframt ljóst að utanríkisráðherrann hefur heimild, og hann hefur einn þá heimild, til að tilnefna starfsmenn utanríkisþjónustunnar til sérstakra starfa utan hennar en það verður auðvitað ekki gert nema ástæða sé til þess.

Vegna þess sem hv. þingmaður nefndi um hvað væri heimilislegt í Valhöll og annars staðar man ég ekki betur en að ég hafi séð myndir af þeim hv. þingmanni með sendiherra á lokuðum stjórnmálafundi án þess að sá þingmaður hafi risið upp, gert athugasemd og krafist þess að viðkomandi yrði vísað út úr salnum. Þegar maður á borð við Þorstein Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra og dómsmálaráðherra, tekur að sér að fá skipun í stjórnarskrárnefnd lít ég svo til, hver sem tilnefnir hann, að eftir það sitji hann þar á eigin forsendum í nefnd sem vinnur að því sameiginlega að huga að breytingum á stjórnarskrá landsins. Til þeirra verka fær hann engin fyrirmæli frá mér eða öðrum, hefur ekki sóst eftir þeim og ekki fengið þau, um hvernig hann eigi að vinna þau störf heldur gerir það eftir hæfileikum sínum og getu. Það er einmitt þess vegna sem hann er skipaður til þessara starfa, vegna menntunar sinnar, mikillar reynslu, faglegrar þekkingar og almennt séð augljósra og ég vil leyfa mér að halda óefaðra hæfileika til að fást við þetta verkefni.

Þorsteinn Pálsson hefur bæði sem þingmaður og ráðherra setið í fjölmörgum nefndum þar sem vandaverk hafa verið til skoðunar og hefur gert það afar vel. Hann hefur mikið traust til þessa verkefnis hygg ég af hálfu allra réttsýnna og rökfastra manna, að taka þátt í því að vinna að þessu starfi af fullkomnum heilindum með hag allra landsmanna í huga með sama hætti og aðrir nefndarmenn sem að þessu starfa. Ég tel að hér sé ekki um neitt erfitt fordæmi að ræða nema síður væri. Ég fagna því að hann fékkst til þessa verkefnis. Að svo miklu leyti sem það er starf fyrir stjórnmálaflokk er heimild til þess veitt af mér eins og gefur augaleið samkvæmt þeim fulla rétti sem ég hef og samkvæmt því mati sem ég lagði á það að það væri í þágu nefndarinnar, starfa hennar og væntanlega úrlausnar og niðurstaðna að fá þennan hæfa mann til þessa verkefnis.

[13:58]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Það kemur í ljós að þessi skipan er einstæð, bæði þegar maður tekur núverandi sendiherra — enginn þeirra gegnir trúnaðarstörfum fyrir stjórnmálaflokk — og að því er hæstv. utanríkisráðherra best veit hefur aldrei nokkurn tíma nokkur sendiherra Íslands gegnt trúnaðarstörfum fyrir stjórnmálaflokk meðan hann gegndi sendiherraembætti.

Ræða hæstv. utanríkisráðherra Davíðs Oddssonar um mannkosti Þorsteins Pálssonar er að sjálfsögðu virðingarverð og örugglega alveg rétt. En er það misskilningur minn, hæstv. forseti, að Þorsteinn Pálsson sé fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í þessari nefnd? Að í þessari nefnd séu fulltrúar stjórnmálaflokkanna? Eru þeir bara þarna vegna þess að

þeir séu hæfustu menn í landinu til að vera í þessari nefnd? Nei, það er auðvitað ekki svo. Þeir eru fulltrúar stjórnmálaflokkanna í viðkvæmum pólitískum málum, mjög mikilsverðum og viðkvæmum. Nú veit ég ekkert hvað fer á milli formanns Sjálfstæðisflokksins og fulltrúa hans í hverri nefnd fyrir sig, það er sjálfsagt misjafnt eftir stjórnmálaflokkum og mönnum, en Þorsteinn Pálsson er skipaður í nefndina af formanni Sjálfstæðisflokksins. Allir líta á hann sem einn af fulltrúum Sjálfstæðisflokksins enda verður hann auðvitað tekinn upp í því þegar þarf að ræða niðurstöður nefndarinnar og látinn svara fyrir sinn hlut að þeim málum eins og aðrir nefndarmenn.

Það er furðulegt að formaður Sjálfstæðisflokksins skuli gera þetta og ég krefst þess að fá betri rökstuðning fyrir þeirri ákvörðun hæstv. utanríkisráðherra að leyfa sendiherranum að taka þessari skipan formanns Sjálfstæðisflokksins, og ég spyr: Eru þá starfsmenn utanríkisráðuneytisins, sendiherrar og aðrir, almennt til frjálsrar ráðstöfunar fyrir stjórnmálaflokka, fyrirtæki, hagsmunaaðila og fólk á Íslandi af ýmsu tagi ef þeir eru mannkostamenn og sérstaklega ef þeir koma úr Sjálfstæðisflokknum?

[14:01]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og hv. þingmaður veit er það ekki ég sem skipaði Þorstein Pálsson til starfans. Ég tilnefndi hann en forsætisráðherrann skipaði hann, svo að við höfum það allt á hreinu. Það er óþarfi að fara rangt með það. Ég tilnefndi. (**MÁ:** Sem formaður Sjálfstæðisflokksins?) Ég tilnefndi hann en ég skipaði hann ekki eins og hv. þingmaður sagði. (**MÁ:** Sem formaður Sjálfstæðisflokksins.) Hv. þingmaður fór rangt með og það hefur nú verið leiðrétt.

En vegna þess sem hv. þingmaður nefndi um að hann þyrfti frekari og gleggri rök frá mér gagnvart þessari skipun er ég algjörlega ósammála honum um það. Mat mitt er það að rökin fyrir skipun Þorsteins Pálssonar til þessa starfs, tilnefningar fyrst og skipunar svo, séu glögg og augljós og að ég hafi flutt þau fram og frekari þurfi ekki við. Það er mitt mat. Hann fær ekkert frekari rök en þessi.

[Fundarhlé. — 14:03]

Hámarkshraði á tvöfaldri Reykjanesbraut.

Fsp. JGunn og MÁ, 452. mál. — Þskj. 701.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Herra forseti. Nú hillir undir að frekari framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar verði að veruleika eftir yfirlýsingu hæstv. samgönguráðherra á fjölmennum fundi í Stapa fyrir nokkrum dögum um að þessi syðri hluti verði boðinn út í einu lagi fljótlega. Nú er komin ákveðin reynsla á þann hluta brautarinnar sem þegar er búið að tvöfalda. Umferðarmenningin hefur breyst mikið til batnaðar frá því sem áður var þar sem mun minna er um glæfralega framúrakstra og lítil hætta á að umferð lendi á öðrum sem koma úr gagnstæðri átt, eins og stundum vildi verða með hrikalegum afleiðingum á einfaldri Reykjanesbraut.

Við sem keyrum Reykjanesbrautina á hverjum degi verðum áþreifanlega vör við þá breytingu sem þegar er orðin á umferð um brautina. Hún er afslappaðri á einfalda kaflanum frá Hafnarfirði að tvöföldun þar sem allir vita að þeir komast hindrunarlaust áfram þegar að tvöföldun kemur. Tvöföldunin virkar vel og flestir bílstjórar keyra hana eins og ráð er fyrir gert, hægari umferð heldur sig að mestu hægra megin en sú hraðari notar vinstri akreinina til framúraksturs. Í raun má segja að allir geti keyrt á sínum hraða. Þeir sem hægar fara gera það nú öruggara en áður og án þessa stressálags sem t.d. hraðari umferð setti á þá meðan Reykjanesbraut var einföld.

Hraðinn hefur þó aukist á brautinni frá því sem áður var. Við verðum að gæta að hraðanum og mér finnst þessi hraði núna orðinn kannski heldur mikill miðað við þann hámarkshraða sem á brautinni gildir. Ætli við getum ekki sagt að ferðahraðinn á brautinni í dag hjá þeim sem keyra vinstra megin sé í kringum 110 km á klukkustund.

Við þurfum líka að svara þeirri spurningu hvort rétt sé að á þessum vegi gildi sami hámarkshraði og á tiltölulega mjóum vegum vítt og breitt um landið þar sem aðstæður eru allar aðrar en á þessari nýju braut okkar milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Jafnframt má velta fyrir sér að hámarkshraði geti farið eftir aðstæðum og að hitanemar í veginum sem þegar eru fyrir hendi geti stjórnað æskilegum hámarkshraða á brautinni. Einnig er til umhugsunar hvort hraðinn á að vera sá sami á sumartíma og vetrartíma.

Ég tel mikilvægt að fá fram afstöðu hæstv. samgönguráðherra til þessa máls og eðlilegt að hér sé eftir henni spurt. Til að halda afstöðu minni til haga tel ég fullt svigrúm til þess að færa hámarkshraða á brautinni nær þeim hraða sem nú tíðkast á tvöfaldri braut en þá um leið verðum við að tryggja nægjanlegt eftirlit með því að hámörkin séu virt.

Til að fá fram afstöðu hæstv. samgönguráðherra lagði ég fram ásamt hv. þm. Merði Árnasyni þrjár spurningar sem eru eftirfarandi:

Telur ráðherra eðlilegt að hækka hámarkshraða ökutækja á tvöfaldri Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar?

Var gert ráð fyrir hækkun hámarkshraða við hönnun brautarinnar?

Kemur til greina að mati ráðherra að hafa mismunandi hámarkshraða sumar og vetur?

[14:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr:

„Telur ráðherra eðlilegt að hækka hámarkshraða ökutækja á tvöfaldri Reykjanesbraut milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar?"

Markmiðið með tvöföldun brautarinnar er fyrst og fremst að auka öryggi á þessari fjölförnu leið. Þegar tvöföldun brautarinnar er lokið tel ég eðlilegt að Vegagerðin og Umferðarstofa fylgist með tíðni slysa og alvarlegra slysa og beri saman við tölur fyrri ára. Tíminn mun leiða í ljós hvort alvarlegum slysum á brautinni fækkar eins og allar

ástæður ættu að gefa tilefni til. Með hliðsjón af þeirri reynslu er mögulegt að draga ályktanir varðandi öruggan ökuhraða á tvöfaldri Reykjanesbraut en ég tel afar varhugavert að gera einhverjar breytingar í þá veru að hækka hámarkshraðann núna. Ég er ekki tilbúinn til að gefa yfirlýsingar á þessu stigi um að það sé eðlilegt, þrátt fyrir tvöföldun allrar brautarinnar, að þá séu færi til þess að hækka hámarkshraðann. Ég tel að það verði að skoða afar vandlega og er ekki tilbúinn til að gefa undir fótinn með það á þessu stigi.

Síðan er spurt: „Var gert ráð fyrir hækkun hámarkshraða *við hönnun brautarinnar?*"

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er hönnunarhraði á tvöfaldri Reykjanesbraut þegar hún er fullbúin 110 km á klukkustund. Brautin er hönnuð án vegriða. Samkvæmt umferðarlögum, nr. 50/1987, er mesti leyfilegi hámarkshraði hins vegar 100 km á klukkustund. Ég tel engu að síður eðlilegt að þessi hönnunarviðmiðun sé viðhöfð við gerð brautarinnar.

Síðan er spurt: „Kemur til greina að mati ráðherra að hafa mismunandi hámarkshraða sumar og vetur?"

Ég tel það slæman kost að hafa mismunandi hraðamörk þarna en það þarf að velja hæfilegan hámarkshraða á Reykjanesbrautinni tvöfaldaðri miðað við þær aðstæður sem þá verða. Það er alveg ljóst að mismunandi hraðamörk á slíkri braut eftir árstíðum gætu valdið ruglingi og orðið ástæða til þess að fólk færi yfir leyfilegan hámarkshraða.

Á það er að líta að einungis örfáar mínútur sparast á þessari leið með því að aka 10 km hraðar en leyfilegur hámarkshraði er núna. Ég tel að þjóðin hafi ágætlega efni á því og hafi nægan tíma til þess að aka þessa leið, sem er nú ekki löng, á þeim hæfilega hámarkshraða sem núna er leyfður.

Ég tek undir það sem hv. fyrirspyrjandi sagði, ökuhraðinn virðist hafa aukist. *Það er miður. Við vitum að alvarlegustu slysin verða þegar of hratt er ekið.* Þrátt fyrir að þetta sé góður vegur miðað við það sem almennt gerist hér á Íslandi er það engu að síður svo að slysin verða jafnvel við bestu aðstæður vegna mikils ökuhraða. Ég tel að það þurfi að gæta sín í þeim efnum.

Aðeins vil ég samt nefna það út af þessari fyrirspurn um mismunandi hámarkshraða að við teljum að víða á þjóðvegum landsins séu aðstæður þannig að það sé eðlilegt að taka upp breytilegan hámarkshraða til þess að vara ökumenn við slæmum köflum. Sums staðar er bundið slitlag og hámarkshraði leyfður en síðan koma erfiðir kaflar með beygjum og brekkum og þá er ekki úr vegi að hafa þar lægri hámarkshraða og vara þannig við verstu köflum þjóðvegakerfisins.

[14:18]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. samgönguráðherra Sturlu Böðvarssyni fyrir að koma með góða lausn á tvöföldun Reykjanesbrautarinnar á fundi á Suðurnesjum um daginn. Hann tilkynnti þar að ákveðið hefði verið að bjóða út tvöföldun Reykjanesbrautar í einu lagi. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir alla. Þetta er mikilvæg samgöngubót, ekki aðeins fyrir Suðurnesjamenn heldur alla þá sem um þennan veg aka.

Ég vil taka undir með ráðherra með að það á alltaf að aka eftir aðstæðum. Hraðinn er oft allt of mikill. Eins og kom fram hjá ráðherra verða flest slys vegna þess að ekki er ekið eftir aðstæðum og oft allt of hratt miðað við bestu aðstæður.

Ég vil líka taka undir það að gefa þyrfti betri viðvaranir áður en vegarkaflar versna, sérstaklega á þjóðvegum landsins.

[14:20]

Mörður Árnason:

Forseti. Hæstv. samgönguráðherra er varfærinn eins og hann á að vera. Þó held ég að ástæða sé til að fagna því að til stendur að draga ályktanir af rannsóknum sem fram fara þegar Reykjanesbrautin er orðin eins og hún á að vera.

Ég verð að segja að sem nýr þátttakandi í hraðanum á þjóðvegum þeim sem hér um ræðir, þ.e. meira en gönguleða hjólreiðahraða, hef ég komist að því að skilti við þjóðvegi um hraðatakmarkanir séu að mestu eins konar myndlistarverk. Hraðinn er í engu samræmi við þann hraða sem skiltin segja til um. Menn fara í raun hver á sínum eigin hraða. Ég held að stefnumarkið eigi að vera að við ákveðum ákveðinn hraða á hverjum vegi og farið sé eftir þeim hraða. Til þess þarf ýmislegt að koma til. Þar á meðal, eins og hæstv. ráðherra sagði, þarf að hægja á þegar það þarf en líka að gefa möguleika á auknum hraða þegar það á við. Ég veit ekki hvar það á við ef það á ekki við á hinni tvöföldu Reykjanesbraut framtíðarinnar.

[14:21]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Tvöföldun Reykjanesbrautar er að sjálfsögðu mikið framfaraskref og ber að fagna því að ráðherra ætli að bjóða verkið út nú í vor. Við förum þannig *langleiðina með að klára þetta þótt ekki sé enn þá alveg vit*að hvernig á að finna peningana, hvenær á að byrja eða hvenær á að klára. Nóg um það.

Mér datt í hug, í framhaldi af þeirri umræðu sem var hér áðan, hvort ekki mætti leysa málið eins og víða er gert erlendis. Þar eru ljósaskilti yfir vegum sem sýna ökumönnum á hverjum tíma hversu hratt má aka. Þannig ljósaskilti væri t.d. hægt að setja upp yfir Reykjanesbraut. Þannig væri hægt að stjórna hámarkshraðanum á hverjum tíma miðað við færð, þ.e. hálku, bleytu og annað þess háttar.

Hins vegar væri gaman að heyra hjá hv. þm. Jóni Gunnarssyni hversu mikinn tíma hann telur að sparist ef hraðinn á brautinni yrði aukinn. Hann þekkir þann veg mjög vel.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin og þeim þingmönnum sem þátt hafa tekið í umræðunni.

Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra, að markmiðið með því að tvöfalda Reykjanesbrautina var aðallega að auka þar öryggi, að tryggja betur öryggi vegfarenda sem um brautina færu. Verstu slysin sem á brautinni urðu urðu við framanákeyrslu og með tvöföldun er komið að mestu í veg fyrir þá hættu.

Frá því tvöföldun lauk á þeim kafla sem nú hefur verið tekinn í notkun, hefur eftir því sem ég best veit ekki orðið alvarlegt slys og ber að sjálfsögðu að fagna því. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að hönnunarhraði brautarinnar er 110 km hraði. Ég held að margir bílstjórar séu þegar farnir að aka á þeim hraða á brautinni þrátt fyrir að hámarkshraði sé samkvæmt þeim skiltum sem uppi eru 90 km.

Það er kannski að einhverju leyti eðlilegt að svo sé gert því að vegurinn er virkilega góður og menn fyllast ákveðinni öryggistilfinningu þegar þeir koma inn á þessa tvöföldu kafla og allt önnur aksturskilyrði en tíðkast á Íslandi á þjóðvegum landsins.

Hitt er annað mál að maður veltir fyrir sér 90 km hámarkshraðanum á ýmsum vegum á landinu. Það tók t.d. sveitarstjórnina í Vatnsleysustrandarhreppi á annað ár að fá Vegagerð ríkisins til að lækka hámarkshraða á mjóum Vatnsleysustrandarvegi, sem rétt er ein bílbreidd af slitlagi, úr 90 km hraða í 70 km hraða. Þegar maður veltir því fyrir sér að það eigi að vera sami hámarkshraði á þeim vegi, með bundið slitlag sem nemur nánast einni bílbreidd, og tvöfaldri Reykjanesbraut þá er það mjög skrýtið.

Ég er sammála ráðherra. Það á að fara hægt í þessu máli. Menn eiga ekki að flýta sér og flas er ekki til fagnaðar. En ef brautin þolir 110 km hraða þá eigum við að fara upp í þann hraða.

[14:24]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir ágætar umræður sem spunnist hafa vegna þessarar fyrirspurnar. Ég tel mikilvægt að þingmenn taki þátt í umræðum um umferðaröryggismál. Það er alvarlegt hvernig slysum hefur fjölgað og hve mörg alvarleg slys verða á þjóðvegum landsins. Við eigum að leggja okkur fram um að koma í veg fyrir þau.

Ég hef gert grein fyrir áformum okkar um sérstakar umferðaröryggisaðgerðir, annars vegar með því að bæta vegakerfið en fyrst og fremst þurfum við að beina sjónum okkar að ökumönnum, fá ökumenn til að gæta sín í umferðinni. Það liggur fyrir að alvarlegustu slysin verða vegna þess að of hratt er ekið, vegna þess að bílbeltin eru ekki notuð eða vegna þess að ökumenn eru undir áhrifum áfengis. Þar er af mörgu að taka og við munum að sjálfsögðu leggja okkur fram um að stuðla að auknu öryggi í umferðinni.

Ég held að það sé hárrétt sem hér kom fram, að ekki þola allir kaflar á þjóðvegakerfinu hámarkshraða þrátt fyrir bundið slitlag. Bundið slitlag leysir ekki allan vanda og að því þarf að huga. Hluti af því umferðaröryggisátaki og þeim aðgerðum sem samgönguráðuneytið stendur fyrir um þessar mundir er að reyna að brýna fyrir ökumönnum að taka tillit til aðstæðna, m.a. með breytilegum hámarkshraða eins og ég nefndi fyrr.

Samgöngur milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins.

Fsp. MÁ, 451. mál. — Þskj. 700.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Fyrirspurn mín er af sama tagi og fyrirspurn Jóns Gunnarssonar nú síðast, þar sem hún varðar nákvæmlega sama þjóðveginn. Um það er spurt hver ökutími verði að jafnaði miðað við núverandi hámarkshraða — það var reyndar ekki tekið fram hér í fyrirspurninni en ætli ráðherra hæstv. miði ekki við löglegan hraða í svari sínu — á milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins eftir tvöföldunina. Til glöggvunar höfum við tekið Umferðarmiðstöðina í Reykjavík, sem nú stendur, sem punkt á höfuðborgarsvæðinu.

Í öðru lagi er spurt hvaða tillögur og hugmyndir hafa verið athugaðar á vegum ráðherrans eða í stofnunum sem heyra undir hann um að stytta frekar umræddan ökutíma.

Einn möguleikinn kom auðvitað fram í fyrri fyrirspurninni. Það er hægt með því að breyta hámarkshraða og búa veginn kannski betur, minnst var á vegrið. Fróðlegt væri að vita, þótt ég ætlist ekki til að fá svar við því núna, hvað slík framkvæmd mundi kosta á Reykjanesbrautinni.

Síðan koma til greina aðrar aðgerðir og ráðstafanir, þá kannski einkum eftir að komið er til Hafnarfjarðar á þessum vegi eða þangað til við förum út á hann, eftir því í hvora áttina er litið. Þar er t.d. um að ræða framkvæmdir í Garðabæ, Hafnarfirði og síðan t.d. Öskjuhlíðargöng sem menn hafa rætt hér um á síðasta spelinum á leiðinni að Umferðarmiðstöðinni.

Það þarf ekki að orðlengja það við þessa umræðu að Reykjanesbrautin, eða Keflavíkurvegurinn eins og hann hét þegar við vorum ung, er einhver mikilvægasti þjóðvegur landsins og mikilvægi hans vex stöðugt vegna þess að þeir á Suðurnesjum eru nú að eflast og styrkjast. Keflavík er í raun orðin eitt hornið í höfuðborgarþríhyrningnum sem á sér á öðrum hornum Akranes og Selfoss, nokkurn veginn. Sýnt er að hlutverk Keflavíkurflugvallar á eftir að aukast verulega á næstu árum, bæði sem alþjóðaflugvallar og hugsanlega sem innanlandsflugvallar. Þótt gott, þarft og fagurt sé að bæta samgöngur vestra, nyrðra, eystra, og hvaða átt sem menn vilja nefna í því sambandi, þá er mikilvægast að efla samgöngurnar þar sem þær eru mestar, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, hvort sem maður miðar við Reykjavík sjálfa, höfuðborgarsvæðið þrengra, sem er þá Reykjavík og hin hefðbundnu nágrannasveitarfélög, eða höfuðborgarþríhyrninginn sem ég nefndi hér áðan.

Ég tel að þetta eigi að vera eitt helsta verkefni samgönguráðherra, ekki bara núna, heldur næsta áratuginn, að sjá til þess að samgöngur í þessum þríhyrningi gangi eðlilega, og einn mikilvægasti öxullinn innan hans er að sjálfsögðu frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur.

[14:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason spyr:

„Hvað er áætlað að ökutími verði að jafnaði langur milli Keflavíkurflugvallar og höfuðborgarsvæðisins, t.d. miðað

við núverandi Umferðarmiðstöð í Reykjavík, eftir að Reykjanesbraut hefur verið tvöfölduð?"

Svar mitt er þetta: Leiðinni að Keflavíkurflugvelli má skipta í þrjá áfanga:

a) Frá Umferðarmiðstöð að Krýsuvíkurvegi sunnan um þéttbýlið í Hafnarfirði eru um 14 km. Ferðatíminn er um 14 mínútur nema á háannatíma síðdegis þegar ferðatíminn getur orðið nokkuð lengri, svo ekki sé meira sagt.

b) Frá Krýsuvíkurvegamótum að Njarðvíkurvegamótum eru um 28 km. Ferðatími miðað við leyfðan hámarkshraða, 90 km á klst., er um 19 mínútur fyrir þá sem kjósa að fylgja hámarkshraðanum sem ætti að vera mögulegt eftir að allur kaflinn hefur verið tvöfaldaður.

c) Frá Njarðvíkurvegamótum að flugstöð eru um 8 km. Á þeim kafla eru nokkur gatnamót og leyfður hámarkshraði ýmist 70 eða 90 km á klst., ferðatími 6 mínútur. Ferðatími alla leiðina, sem er 50 km löng, verður samkvæmt ofansögðu u.þ.b. 39 mínútur.

Í annan stað spyr hv. þingmaður:

„Hvaða tillögur og hugmyndir hafa verið athugaðar um að stytta frekar umræddan ökutíma?"

Á kaflanum frá Umferðarmiðstöð suður fyrir þéttbýlið eru ekki fyrirhugaðar ákveðnar framkvæmdir á samgönguáætlun á næstu árum sem hafa áhrif á ferðatímann ef frá eru taldar framkvæmdirnar við Fjarðarbraut og Reykjanesbraut í Hafnarfirði sem nú er að ljúka. Hins vegar mun umferð tvímælalaust aukast á leiðinni, m.a. með uppbyggingu Sjálandshverfis í Garðabæ sem mun auka ferðatíma eitthvað.

Kaflinn frá Krýsuvíkurvegi að Njarðvíkurvegi mun uppfylla kröfur sem gerðar eru í vegstöðlum fyrir hámarkshraða allt að 110 km á klst. þó að engin ákvörðun hafi verið tekin um hvort hámarkshraðinn verði hækkaður.

Hækkun ferðahraða úr 90 km í 100 km á klst. á þessari leið styttir ferðatímann um tæpar tvær mínútur og frekari hækkun ferðahraða úr 100 í 110 km mundi stytta ferðatímann um u.þ.b. eina og hálfa mínútu.

Engin ákvörðun hefur verið tekin um hækkun leyfilegs hámarkshraða á þessari leið eins og fram kom í svari mínu við annarri fyrirspurn. Kaflinn frá Njarðvíkurvegamótum að flugstöð verður óbreyttur í náinni framtíð hvað ferðatíma varðar.

Það er því alveg augljóst, eins og ég sagði í svari mínu áðan, að þær fáu mínútur sem gætu sparast skipta engum sköpum um ferðalög hér á milli frá því sem nú er. En eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, Merði Árnasyni, er þetta geysilega mikilvægur leggur í samgönguneti okkar og samgöngukerfi og þess vegna hef ég lagt ríka áherslu á að bæta þær samgöngur. Tvöföldun Reykjanesbrautar breytir engu um að innanlandsflugið þarf á því að halda að vera sem næst meginsstarfsstöðvum á Reykjavíkursvæðinu, meginmiðstöð stjórnsýslu og sjúkrahúsþjónustu og öllu því. Það er því afskaplega heppilegt að flugvöllurinn sé staðsettur eins og hann er og er afskaplega mikil búbót fyrir landsbyggðina og skiptir mjög miklu máli og ég held að ástæða sé til að fagna því sérstaklega að á Alþingi skyldi nást þverpólitísk, víðtæk sátt um fjárveitingar til endurbyggingar Reykjavíkurflugvallar og endurbóta, lagfæringa á umhverfi hans þannig að til mikilla breytinga horfir og hefur horft. Mikil bragarbót hefur orðið þar og ber að fagna því, enda þurfti höfuðborgin á því að halda að svæðið yrði lagfært og Reykjavíkurflugvöllur yrði betri starfsstöð fyrir innanlandsflugið.

Þessi fiskur lá undir steini fyrirspurnarinnar, að fá tækifæri til þess að vekja athygli á stöðu Reykjavíkurflugvallar.

[14:35]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Það er mikilvægt að velta fyrir sér ferðatímanum á milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar, sérstaklega með það í huga að ég held að engum dyljist að flug til Reykjavíkurflugvallar mun með tímanum færast yfir á Keflavíkurflugvöll og innanlandsflugið þar með. Það er því mikilvægt fyrir landsbyggðarfólk að ökutíminn milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar verði sem stystur og eftir að búið er að tvöfalda Reykjanesbrautina hljótum við aðallega að þurfa að beina augum okkar að leggnum frá Reykjavík og suður fyrir Hafnarfjörð, því oft á tíðum er þar mesti flöskuhálsinn. Eftir að komið er suður fyrir Hafnarfjörð og á tvöfalda Reykjanesbraut hef ég ekki miklar áhyggjur af því að sú umferð gangi ekki greiðlega og vona því að menn skoði með hvaða hætti verður fljótlegast að koma umferðinni frá höfuðborgarsvæðinu og suður fyrir Hafnarfjörð með það í huga að innanlandsflug mun örugglega færast til Keflavíkur þegar tímar líða.

[14:36]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Leiðin er löng segja sumir, en mér þykir leiðin stutt á milli Reykjavíkur og Keflavíkur og hún verður enn betri með vegabótunum sem verið er að gera í Hafnarfirði og á Reykjanesbrautinni.

Það á sér líka stað mjög mikil uppbygging á Keflavíkurflugvelli og innan skamms munum við taka á móti líklegast um 1 millj. ferðamanna á ári og því mjög nauðsynlegt að vel sé að málinu staðið.

Ég tók eftir því að hv. þm. Mörður Árnason sagði að leggja yrði áherslu á að mikilvægast væri að efla samgöngur í þéttbýli. Það er mikilvægast að efla samgöngur á öllu landinu því allir landsmenn eiga að búa við góðar samgöngur og vil ég taka fram að aldrei hefur annað eins verið gert í samgöngumálum Íslendinga og síðustu ár. Ég vil að flugvöllurinn fái að vera hér áfram. Hann er bara eins og járnbrautarstöð eins og einn ágætur maður sagði.

[14:38]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra að mikilvægt er að stytta leiðina til Keflavíkur þannig að leiðin í innanlandsflugið verði skemmri og greiðari þegar fram líða stundir. Eins og við þekkjum liggur fyrir að frá árinu 2016 er ekki gert ráð fyrir nema einni flugbraut í Reykjavík og samgönguráðherra hefur lýst því yfir að við þau skilyrði verði innanlandsflugið ekki rekið áfram í Vatnsmýrinni og muni verða flutt til Keflavíkur. Það eru þá aðeins tíu ár þangað til innanlandsflugið hverfur þangað og því ástæða til að fagna og þakka hæstv. ráðherra fyrir að vera að greiða leiðina til Keflavíkur, því Keflavík er í sjálfu sér hluti af höfuðborgarsvæðinu

og sjálfsagt að efla þar þá starfsemi sem þrífst í kringum flugið og samgöngurnar, og eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir sagði: Leiðin er stutt til Keflavíkur.

[14:39]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég átti nýlega leið til Keflavíkur í veðri og færð svipaðri og þeirri sem nú er fyrir utan. Þá sá ég svart á hvítu eða réttara sagt fann það rautt í gráu slabbi hversu þörf framkvæmdin er, þ.e. tvöföldun Reykjanesbrautar.

En ég ætlaði að nota tækifærið til að fagna þeim boðskap sem ráðherra hefur nýlega lagt fram um vegaframkvæmdir á Vestfjörðum og óska þess að honum takist jafnvel að fá stuðning á Alþingi við þá framkvæmd og við tvöföldun Reykjanesbrautar því þar er ekki síður um mikilvægt málefni að ræða og réttlætismál, að Vestfirðingar fái úrbætur í vegamálum sínum.

[14:40]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir greið svör við fyrirspurn minni. Umræðan hefur teygt sig víða og þó einkum þangað sem fiskurinn lá undir steininum, sem er auðvitað flugvellirnir tveir, í Reykjavík og í Keflavík.

Ég held að Reykjavíkurflugvöllur sé á förum hvað sem menn vilja og að það sé ósköp einfaldlega buddan sem mun endanlega reka okkur til þess að finna lausn á málinu því ég spái því að menn þoli það ekki á Alþingi eða annars staðar þar sem farið er með fé almennings að menn ætli að borga fyrir mjög dýra þjónustu á tveimur flugvöllum með ekki nema nú 39 mínútna millibili.

Vel kemur hins vegar til greina, eins og stundum er í borgum, að hafa einhverja flugbraut, ég segi nú ekki í Vatnsmýrinni en einhvers staðar í nágrenninu þar sem hentugt er og menn geta sætt sig við, sem hleypi þeim flota til Reykjavíkur sem mest kvarta undan Keflavíkurvinklinum, þ.e. stjórnmálamönnum, forustumönnum í sveitarstjórnum og forstjórum í fyrirtækjum. Það yrði eins og City-flugvöllurinn í London sem ég var nýverið að skoða, þ.e. London en ekki flugvöllinn, en sá þá City-flugvöllinn á kortinu.

Ég vil byrja á því að hrósa hæstv. samgönguráðherra fyrir lofsverða frammistöðu í málefnum Reykjanesbrautar eða Keflavíkurvegar, en síðan vil ég biðja hann endilega að passa sig á því að hann og menn hans standi ekki á móti nauðsynlegum þörfum og arðbærum umferðarbótum milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur vegna ástar sinnar á þeim flugvelli sem Bretar settu hér niður í óþökk Íslendinga í heimsstyrjöldinni síðari.

[14:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég held að hv. þm. Mörður Árnason geti hvergi fundið að ég hafi lýst yfir einhverri andstöðu við samgöngubætur á milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar. Ég hef sýnt það í verki að ég tel afar mikilvægt að tvöfalda brautina alla. Reykjanesbrautin hefur verið mjög til meðferðar á framkvæmdasviðinu að undanförnu, við höfum breikkað hana allverulega upp úr Reykjavík og sett mislæg gatnamót bæði í Stekkjarbakka og í Mjóddinni sem hefur stórbætt aðstöðuna. Þetta hvort tveggja hefur verið gert í tíð minni sem samgönguráðherra. Uppi eru áætlanir um tvöföldun Reykjanesbrautarinnar í gegnum Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð og áfram suður úr þannig að innan tíðar verður þetta afkastamesta braut landsins. Það stendur því ekki á mér að leggja verkefninu það lið sem eðlilegt er að samgönguráðherra geri. Um það erum við sjáanlega sammála, ég og hv. fyrirspyrjandi.

Ég held að umræðan um framtíð Reykjavíkurflugvallar sé gagnleg. Það liggur alveg fyrir hvernig þau mál standa um þessar mundir og búið að leggja mikla fjármuni í það. Ég heyri að ýmsir eru að átta sig á mikilvægi flugvallarins, m.a. hv. þingmenn Samfylkingarinnar. Mér hefur sýnst að fjölgað hafi fremur en hitt í stuðningsmannaliði Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni upp á síðkastið.

Flugsamgöngur til Ísafjarðarbæjar.

Fsp. AKG, 507. mál. — Þskj. 772.

[14:44]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Fyrir nokkru átti ég erindi til Ísafjarðar sem í sjálfu sér er ekki í frásögur færandi. Fyrirhugaðan brottfarardag var flugi aflýst, næsta dag var hins vegar flogið vestur í fínu veðri en þegar kom yfir Skutulsfjörð var þar yfir él. Sveimað var inn Djúp og aftur til baka en án árangurs svo að snúa þurfti til Reykjavíkur aftur. Flugvélin var full af fólki sem allt var að missa úr í vinnu eða eyða tíma til einskis vegna þess að ekki var hægt að lenda á Ísafirði.

Ég hef lent á Þingeyrarflugvelli og veit að þar eru aðstæður að mörgu leyti ákjósanlegri fyrir flugsamgöngur en á Ísafirði þótt að vísu sé lengra í aðalþéttbýlið, þ.e. til Ísafjarðar. Ég ákvað því að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. samgönguráðherra en þegar spurningarnar voru komnar fram kom í ljós að mun meira gæti hangið á spýtunni en einungis að byggja varaflugvöll fyrir Ísafjarðarflugvöll.

Úrbætur á Þingeyrarflugvelli gætu tryggt samgöngur allan sólarhringinn sem að sjálfsögðu er gífurlegt öryggisatriði en nú er aðeins hægt að lenda á Ísafirði í birtu og góðu skyggni. Einnig mundu úrbætur á Þingeyrarflugvelli opna fyrir möguleika á beinum flugsamgöngum við útlönd sem aftur á móti gjörbreytir möguleikum í uppbyggingu ferðaþjónustu.

Ferðaþjónusta á Vestfjörðum er eitt af því sem er því sem næst á byrjunarreit þótt svæðið hafi upp á einstaka náttúrufegurð að bjóða, víða nær óspillta af manninum. Endurbætur á Þingeyrarflugvelli eru því enn meira hagsmunamál Vestfirðinga en mig grunaði. Það verður afar fróðlegt að heyra svar hæstv. samgönguráðherra.

Spurningar mínar eru svohljóðandi:

1. Hve oft hefur flug til Ísafjarðar fallið niður sl. fimm ár, skipt niður eftir árum og mánuðum?

2. Hve oft hefur verið lent á Þingeyrarflugvelli þegar ófært hefur verið til Ísafjarðar á sama tímabili, skipt eftir árum og mánuðum?

3. Hvaða úrbætur yrði að gera á Þingeyrarflugvelli til að hann gæti að fullu þjónað sem varavöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll og hvað yrði samfara því mikill stofnkostnaður annars vegar og rekstrarkostnaður hins vegar?

[14:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn. Í fyrsta lagi er spurt:

„Hve oft hefur flug til Ísafjarðar fallið niður sl. fimm ár, skipt niður eftir árum og mánuðum?"

Svar mitt verður að takamarkast mjög við þann tíma sem ég hef. Ég hef að sjálfsögðu gögn undir höndum um þetta eftir mánuðum. Þurft hefur að fella niður flug til Ísafjarðar á árunum 2000–2004 sem hér segir:

Árið 2000 112 sinnum, og 13 sinnum á því ári var flogið til Þingeyrar. Árið 2001 varð að fella 150 sinnum niður flug til Ísafjarðar en flogið 29 sinnum til Þingeyrar í staðinn. Árið 2002 féll flug 121 sinni niður en 39 sinnum var hægt að fljúga til Þingeyrar. Árið 2003 féll flug 70 sinnum niður en 22 sinnum var flogið til Þingeyrar. Árið 2004 varð að fella niður flug 77 sinnum til Ísfjarðar og þá var flogið 15 sinnum til Þingeyrar.

Í ráðuneytinu liggur fyrir, eins og fyrr sagði, sundurliðun á þeim tilvikum þar sem ekki hefur verið hægt að lenda á Ísafirði annars vegar og hins vegar hve oft hefur verið flogið til Þingeyrar í staðinn eftir mánuðum og árum.

Í annan stað er spurt:

„Hve oft hefur verið lent á Þingeyrarflugvelli þegar ófært hefur verið til Ísafjarðar á sama tímabili, skipt eftir árum og mánuðum?"

Ekki liggur fyrir nein skráning á því hvenær lent hefur verið á Þingeyrarflugvelli þegar ófært hefur verið til Ísafjarðar. Hins vegar má gera ráð fyrir að í flestum, ef ekki öllum, tilvikum þar sem lent er á Þingeyri sé um það að ræða að ófært sé til Ísafjarðar. Því er við að bæta að það er alveg ljóst að aðstæður hafa ekki verið þannig á Þingeyri að alltaf sé hægt að fljúga þangað, fjarri því.

Í þriðja lagi er spurt:

„Hvaða úrbætur yrði að gera á Þingeyrarflugvelli til að hann gæti að fullu þjónað sem varavöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll og hvað yrði samfara því mikill stofnkostnaður annars vegar og rekstrarkostnaður hins vegar?"

Undanfarin ár hefur Þingeyrarflugvöllur verið rekinn sem varaflugbraut fyrir Ísafjarðarflugvöll og þjónustustig skilgreint í samræmi við það. Þetta fyrirkomulag hefur styrkt stöðu Ísafjarðarflugvallar verulega og aukið ferðatíðni áætlunarflugs til muna. Unnið hefur verið að því að bæta veðurgjöf og veðurupplýsingar frá staðnum, m.a. með því að setja upp myndavélar á Þingeyrarflugvelli sem sýna á tölvuskjá í flugturninum á Ísafjarðarflugvelli hvernig aðstæður eru á Þingeyrarflugvelli þá stundina. Einnig er hægt að lesa af veðurmælakerfum Þingeyrarflugvallar á tölvuskjá á Ísafjarðarflugvelli. Allt er þetta til þess fallið að flýta fyrir veðurupplýsingum til flugrekandans og skapa nútímalegri vinnubrögð í þágu flugsins með flugöryggi að leiðarljósi.

Hafa verður í huga eftirfarandi atriði við skoðun talna um nýtingu á Þingeyrarflugvelli: Þar sem flugbrautin er í stysta lagi fyrir Fokker 50 flugvélar nýtist hún ekki sem skyldi vegna þungatakmarkana. Þá eru ekki ljós á flugbrautinni sem gerir erfiðara en ella að nýta hana við léleg birtuskilyrði, einkum á tímabilinu frá nóvember til janúar. Raunverulegur ferðafjöldi til Þingeyrar segir ekki allt um nýtingu flugvallarins þar sem ófáar ferðir til Ísafjarðar eru hafnar vegna þess að mögulegt er að lenda á Þingeyri ef veðurskilyrði bregðast á Ísafirði.

Talið er að með endurbyggingu og lengingu flugbrautarinnar og tilkomu flugbrautarljósa ásamt með öðrum öryggisbúnaði verði flugi í auknum mæli beint inn á Þingeyrarflugvöll þegar austlægar og suðlægar áttir eru ríkjandi á Ísafjarðarflugvelli. Áætlun Flugmálastjórnar gerir ráð fyrir endurbyggingu Þingeyrarflugvallar, og það er í samræmi við samgönguáætlun, með það að markmiði að brautin geti að fullu þjónað sem varaflugbraut fyrir Ísafjarðarflugvöll og sé nothæf allan sólarhringinn. Gert er ráð fyrir því að endurbyggð braut geti þjónað Fokker 50 flugvélum ekki síður en Ísafjarðarflugvöllur. Unnið er að lokahönnun verksins og gerð útboðsgagna og áætlað að framkvæmdir hefjist á komandi vori. Gróf kostnaðaráætlun hefur verið gerð en lokahönnun liggur ekki fyrir þannig að ekki er varlegt að gefa upp tölur nema á mjög breiðu bili. Þetta gæti kostað ríflega 170 millj. kr. en jafnframt þarf að gera breytingar á legu vegar. Rekstrarkostnaður Þingeyrarflugvallar var um 5 millj. á árinu 2004 og áætlað að hann hækki eitthvað við þessar breytingar. Það er þó alveg augljóst að hagsbæturnar eru þvílíkar og öryggið í flugi mundi aukast svo mikið að ég tel enga spurningu um það að eðlilegt sé að reyna að hraða þessum framkvæmdum eins og kostur er. Þær eru á samgönguáætlun og það er fjárveiting til þeirra á þessu ári þannig að hægt er að bjóða þetta út strax og undirbúningi er lokið.

[14:53]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mig rak hreinlega í rogastans þegar ég heyrði þær tölur sem hæstv. samgönguráðherra nefndi hér því að samtals hafa flugferðir á Ísafjörð fallið niður 530 sinnum undanfarin fimm ár. Í staðinn hefur verið lent á Þingeyrarflugvelli 118 sinnum á sama tímabili. Þetta eru allhrikalegar tölur, það verður að segjast, virðulegi forseti.

Það var ánægjulegt að heyra að hæstv. samgönguráðherra lýsti yfir miklum og eindregnum vilja til að fara út í þessar endurbætur á Þingeyrarflugvelli. Þetta gætu þá verið tölur eitthvað í kringum 200 millj. býst ég við, 250 millj. kannski, sem þetta mundi kosta.

Um leið og maður veltir fyrir sér umbótum á þessum flugvelli hlýtur hugurinn líka að leita til vegasamgangna. Þá hlýtur athyglin að beinast að vegasambandinu og þá má jafnvel spyrja sig þeirrar spurningar hvort ekki væri hreinlega skynsamlegra að setja frekar í forgang þverun fjarða á Barðaströndinni og jafnvel þá líka hin eftirsóttu og nauðsynlegu göng á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

[14:54]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Samgöngur milli staða eru það sem mestu máli skiptir á Íslandi í dag þegar fólk velur sér búsetu. Í dag sættir fólk sig ekki við það að vera fast einhvers staðar inni

um lengri eða skemmri tíma, heldur er nauðsynlegt að komast ferða sinna fljótt og vel þegar fólk vill vera á faraldsfæti.

Þær tölur sem hæstv. samgönguráðherra nefndi hér, grófa kostnaðaráætlun við að gera Þingeyrarflugvöll að fullkomnum varaflugvelli fyrir Ísafjörð, eru af þeirri stærðargráðu að ég held að varla geti nokkur maður sett sig upp á móti því að gengið verði í að gera þetta og það sem fyrst. Hér erum við að velta fyrir okkur að sjálfsögðu byggðasjónarmiðum, byggðinni á norðanverðum Vestfjörðum, og ekki síður öryggissjónarmiðum. Miklar fjárhæðir setjum við í snjólflóðavarnir og annað því um líkt til að gera byggð þarna betri og tryggja hana allan ársins hring.

Ég held að þetta litla mál sé ekkert síður stórmál í þá veru.

[14:55]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Þær upplýsingar sem komu frá hæstv. samgönguráðherra Sturlu Böðvarssyni um hversu mörg flug hafa fallið niður til Ísafjarðar sýna svart á hvítu hvað Reykjavíkurflugvöllur hlýtur að skipta miklu máli fyrir það fólk sem flýgur utan af landi og til Reykjavíkur þegar það þarf að snúa svona oft til baka. Ég vil bara leggja áherslu á það hvað Reykjavíkurflugvöllur er mikilvægur og líka það hvað það eru skiptar skoðanir hjá Samfylkingunni um Reykjavíkurflugvöll.

[14:56]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram um þennan flugvöll. Ég legg mikla áherslu á það að hluti af þessari flugvallaþjónustu fyrir norðanverða Vestfirði er auðvitað Þingeyrarflugvöllur. Sannleikurinn er sá að með því að treysta uppbyggingu hans er hægt að auka bæði flugöryggi til Ísafjarðar og enn fremur tryggja betur flugsamgöngur, einfaldlega vegna þess að eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra eru svo og svo margir dagar á ári sem flug á Ísafjörð fellur niður en hægt að fljúga til Þingeyrar.

Það er líka annað sem menn mega ekki gleyma, oft fljúga menn áleiðis vestur, jafnvel þó að það líti út fyrir að vera ófært til Ísafjarðar, í trausti þess að hægt sé að lenda á Þingeyri. Það er gríðarlega þýðingarmikið að svo sé búið um hnútana að hægt sé að nýta þennan flugvöll algjörlega. Þess vegna fagna ég yfirlýsingum hæstv. ráðherra.

[14:57]

Mörður Árnason:

Forseti. Almennt er það auðvitað um Vestfirðinga að segja að þeir eiga meira undir fluginu en aðrir landsmenn vegna þess hversu þar háttar til sem allir vita.

Það er hins vegar þannig að þær mínútur sem ekki teljast langar á veginum milli Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvallar eru allt í einu orðnar mjög miklu lengri þegar þarf að fljúga sömu vegalengd. Mér finnst það svolítið skrýtin skynjun á tímanum hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur. (Gripið fram í.)

Það er svo um Reykjavíkurflugvöll og stöðu hans að segja að um hann eru sennilega deildar meiningar í öllum flokkum og leggst einhvern veginn þannig að þeir sem telja sig vera af landsbyggðinni og gæta hagsmuna hennar hafa sérkennilega ást á Reykjavíkurflugvelli. Skynsemdarmenn horfa hins vegar til þess að hann sé á förum. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir hefur skipað sér þar í flokk sem þingmaður Suðurk. og það verður hún auðvitað að eiga við sig.

Sjálfstæðismenn, m.a. í Reykjavík, eru sennilega að meiri hluta til, t.d. í borgarstjórn, á móti þessum flugvelli hér og vilja flytja hann þannig að hún getur líka talað við sína eigin flokksmenn um þetta mál.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Ég verð að segja eins og aðrir að þessar tölur um hversu oft ekki hefur verið hægt að lenda á Ísafirði eða flug þangað hefur verið fellt niður voru mun hærri en mig hafði órað fyrir.

Það var ýmislegt ánægjulegt sem kom fram í svari hæstv. ráðherra, m.a. það að hægt sé að hafa umsjón með vellinum á Þingeyri og stýra ýmsu þar frá Ísafirði. Það er auðvitað mikill kostur í svona dæmi þegar þarf að hafa tvo velli tiltæka.

Það er alveg augljóst að öll þau flug sem þarf að fella niður hljóta að vera ákaflega dýr fyrir flugrekstraraðilann og þar með fyrir okkur, neytendur sem nýtum flug, því það erum við sem berum alla óhagkvæmni þegar upp er staðið. Ef ég hefði vitað allt um þá möguleika sem Þingeyrarflugvöllur hefur í sér hefði ég líka spurt hæstv. ráðherra hversu mikið væri áætlað að kostaði að lengja völlinn þannig að hann gæti þjónað fyrir utanlandsflug einnig. En ég reikna ekki með að hæstv. ráðherra viti það.

Það er auðséð að það er í rauninni ekki svo margt sem vantar. Það vantar flugleiðsögutæki, lýsingu, að lengja flugbrautina og hugsanlega að malbika hana en það kom reyndar ekki fram í svari ráðherra. Ef hæstv. ráðherra hefur hugmynd um hversu mikið kostar að lengja brautina þannig að hún geti þjónað utanlandsflugi einnig þætti mér afar fróðlegt að fá að heyra það.

[15:01]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Vegna þess sem kom fram síðast hjá hv. fyrirspyrjanda um möguleika þess að nýta þessa flugbraut til millilandaflugs vil ég geta þess að ekki er gert ráð fyrir þeim kosti. Aðstæður eru slíkar að ekki er hægt að ná þvílíkri lengd á braut sem þyrfti nema þá fyrir vélar af þessari gerð, Fokker 50, þannig að við gerum ekki ráð fyrir þeim möguleika. Ég held líka að við Íslendingar eigum að gæta okkar á því að gera ekki ráð fyrir fjölmörgum millilandaflugvöllum, heldur tryggja fyrst og fremst innanlandsflugið og svo bættar vegasamgöngur og treysta á öflugt flug eins og við höfum í dag milli Keflavíkurflugvallar og annarra landa. Það þykir ofrausn víða í öðrum löndum þegar sagt er frá því hversu góðar flugsamgöngur við höfum frá Íslandi bæði til Evrópu og Ameríku. Staða okkar að því leyti er mjög góð.

Stóra málið er í mínum huga það að bæta flugsamgöng-

urnar þarna vestur þannig að Ísafjarðarflugvöllur og Þingeyrarflugvöllur verði byggðir upp sem best fyrir innanlandsflugið til hagsbóta fyrir neytendur. Það er alveg ljóst að flugrekstraraðilar hafa kostað alveg geysilega miklu til þegar verið er að fella niður flug. Það kemur fram í hærra miðaverði eins og við er að búast. Afkoma flugfélaganna hefur samt verið að batna í innanlandsfluginu, m.a. vegna bættra aðstæðna, og ég er alveg sannfærður um að þegar búið er að endurbyggja Þingeyrarflugvöllinn verður mun auðveldara að halda úti innanlandsfluginu. Það verður stöðugra, minna um að áætlun raskist sem kemur ella niður á öllu fluginu hjá viðkomandi flugfélagi.

Við erum að tala um miklar hagsbætur fyrir íbúa og fyrir ferðaþjónustuna. Það skiptir miklu máli að búa við öryggi í innanlandsfluginu og þá skiptir enn og aftur miklu máli að samstaða sé um uppbyggingu þessara flugvalla og samstaða um bætta þjónustu á suðursvæðinu.

[15:04]

Útbýting:

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, 540. mál, frv. KHG, þskj. 817.

Svartfugl við Norðurland.

Fsp. MÁ, 463. mál. — Þskj. 712.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég vil byrja á því að segja frá því að tafir sem orðið hafa á því að þessi fyrirspurn kæmist á dagskrá er fyrirspyrjandanum að kenna en ekki hæstv. umhverfisráðherra sem hefur staðið sig eins og sýslumenn eiga að standa sig og var tilbúin með svar við þessari fyrirspurn aðeins viku eftir að hún var lögð fram. Þetta segi ég af því að við erum stundum að væla, þingmenn, yfir því að ráðherrar standi sig ekki nógu vel í svörum.

Í öðru lagi vil ég segja að sennilega hefði átt að efna til stærri umræðu um þetta mál því að á því eru margar hliðar og ýmsir skafankar sem er bæði fróðlegt og reyndar líka skemmtilegt að fara í þó að tilefnið veki ekki mikla skemmtun.

Fyrirspurnin fjallar um svartfugl fyrir Norðurlandi en í raun og veru hafa síðan og áður verið fréttir miklu víðar að, frá Vestfjörðum, Reykjanesi og Vestmannaeyjum. Það eru líka fréttir frá öðrum stöðum á hafsvæði okkar af hordauðum svartfugli, hruni í svartfuglsstofninum að því er virðist frá Noregi. Það má minna á frétt frá Þorvaldi Friðrikssyni, fréttamanni í Ríkisútvarpinu, fyrir svo sem eins og tveimur vikum um Skotland og Hjaltland en þar hafa menn aldrei séð neitt þvílíkt, að sögn. Þar deyja kríur, teistur og skúmar en hjá okkur reyndar aðrar tegundir tvær samkvæmt frétt í Morgunblaðinu með upplýsingum frá Ólafi Nielsen og Sigurfinni Jónssyni á Sauðárkróki, langvía og stuttnefja.

Það á ekki að rasa að ályktun um þessi mál. Stofnar hafa áður tekið dýfur, það þekkjum við á Íslandi. Við höfum oft ekki kunnað að skýra það en fyrsta skýringin sem hér er nefnd í fréttunum frá Noregi, Hjaltlandi og Skotlandi, frá Bretlandseyjum, er sú að þetta sé hugsanleg afleiðing af hlýnun sjávar. Ef það er svo er það alvarlegt og það er reyndar ein fyrsta afleiðingin sem við sjáum sérstaka við Ísland af þeirri þróun. Ég ætla ekki að ályktа sem svo en það er skýring að fæða fuglsins sé ekki nógu mikil vegna þess að kuldaskilin frægu sem eru uppspretta gróskunnar í lífríkinu í kringum Ísland séu að færast norðar og þess vegna nái fuglinn ekki að éta þessa fæðu við landið þar sem hann þarf að halda sig.

Ég hef líka frétt af því að m.a. trillukarlar á Ströndum telji að þetta sé hugsanlega einhver veiki í fuglinum af því að þeir sjá hordauðan fugl en líka fugl sem ágætlega er staddur. Ég hef ekki meiri spurnir af því. Jón Kristjánsson fiskifræðingur spyr í orðsendingu til mín hvort fiskurinn geti verið að aféta fuglinn, að við höfum hér ranga veiðistjórn og það sé of mikið af fiski á ákveðnum aldri sem síðan drepist innbyrðis og fuglinn sé þáttur í þeirri keðju.

Margar skýringar koma til greina og ég hlakka til að heyra svör hæstv. umhverfisráðherra við fyrirspurninni.

[15:07]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Svartfugladauða varð að þessu sinni vart alvarlega veturinn 2001–2002. Rannsóknir á dauðum og deyjandi fuglum fyrsta veturinn sýndu að þeir höfðu drepist úr fæðuskorti. Mest drapst veturinn 2001–2002 af langvíu og stuttnefju. Ítarleg skýrsla sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands, þeirra Ólafs K. Nielsens og Ólafs Einarssonar, um þessa atburði hefur verið birt í tímaritinu Náttúrufræðingnum.

Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar hafa tekið sýni af reknum fuglum alla vetur síðan og það sama hefur komið í ljós, þ.e. að fuglarnir hafa drepist úr hor og eru eins og áður langmest langvía og stuttnefja.

Uppruni þeirra svartfugla sem rekur á fjörur landsins að vetri er væntanlega ólíkur. Merkingargögn benda til að íslenskar langvíur haldi sig fyrst og fremst við landið yfir veturinn en að íslenskar stuttnefjur fari vestur og suður á bóginn og hafi vetursetu undan vesturströndum Grænlands og Nýfundnalands. Þær stuttnefjur sem hér hafa vetursetu verpa hins vegar á Bjarnarey og Svalbarða. Fækkun stuttnefju í Noregi getur þannig tengst breytingum á fæðuskilyrðum við Ísland.

Varðandi hugsanleg tengsl loftslagsbreytinga og sjófugladauða við Íslandsstrendur nú er rétt að benda á að hliðstæðir atburðir hafa verið þekktir í langan tíma, bæði í Norður-Atlantshafi og Norður-Kyrrahafi. Heimildir um fjöldadauða svartfugla hér við land ná allt aftur til ársins 1327. Atburðir þessum líkir hafa því þekkst miklu lengur en sú hlýnun andrúmsloftsins sem nú á sér stað.

Það er á hinn bóginn ekki ólíklegt að þessi fjöldadauði svartfugla sé veðurfarstengdur og nægir í því sambandi að nefna kerfisbundnar breytingar á veðurfari í Norður-Atlantshafi sem á sér hliðstæðu í ElNiño í Kyrrahafi. Þessar skammtímabreytingar eða sveiflur í veðurfari hafa verið tengdar breytingum á afkomu dýrastofna jafnt á láði sem legi á mjög stórum svæðum við Norður-Atlantshaf. Miðað við áhrif skammtímaveðursveiflna er afar líklegt að þær loftslagsbreytingar sem nú eru hafnar og spáð er muni hafa víðtæk áhrif á sjófuglastofna á Norður-Atlantshafi. Niður-

stöður rannsókna sjófuglahóps lífríkisnefndar Norðurskautsráðsins, sem er kallaður CAFF, sem verða birtar á næstunni styrkja þessa skoðun.

Óyggjandi svör við því hvort sá sjófuglladauði sem við höfum orðið vitni að undanfarna vetur sé óvenjulegur eða ekki fást einungis með því að vakta á kerfisbundinn máta strandlengju landsins og telja það sem rekur. Jafnframt þyrfti að vakta svartfuglastofna með reglubundnum talningum í fuglabyggðum á vorin og rannsaka afkomu og fæðuvistfræði þeirra. Sjófuglahópur CAFF hefur gert verndar- og vöktunaráætlun um svartfugla á norðurslóðum og Náttúrufræðistofnun hefur gefið út framkvæmdaáætlun fyrir Ísland sem gæti orðið góður grunnur að slíkum rannsóknum.

Miðað við stærð sjófuglastofna hér við land, þekkingu á vistkerfi hafsins og legu landsins í miðju Norður-Atlantshafinu er Ísland í lykilaðstöðu á alþjóðavettvangi til að rannsaka tengsl sjófugla, fæðu þeirra og loftslags. Afkoma sjófugla getur einnig verið mikilvægur vísir á ástand sjávar. Miðað við þessar forsendur er full ástæða til að efla sjófuglarannsóknir við Ísland og það yrði þá gert í samvinnu Náttúrufræðistofnunar, Hafrannsóknastofnunar og Háskóla Íslands. Hef ég óskað eftir tillögum Náttúrufræðistofnunar um hvernig slíkt megi best gerast.

[15:12]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Þetta er afar áhugavert og spennandi umhugsunarefni sem hv. fyrirspyrjandi leggur fram fyrir okkur. Það hvernig lífkeðjan er að fara hjá okkur er áhyggjuefni. Við sjáum í kringum landið skinhoraðan þorsk, margra ára þorsk, t.d. fimm ára þorsk upp á 1,5 kíló. Það hlýtur að vera okkur umhugsunarefni hvort við erum ekki að fara illa með grunn í fæðukeðjunni, ekki bara með því að skemma flóruna í hafinu sem er t.d. undirstöðufæða sandsíla heldur líka með ofveiði úr loðnustofninum. Veiðiheimildir á loðnu miðast, eftir því sem mér skilst, við endurnýjunargetu stofnsins fyrir sjálfan sig en það þarf líka að vera eitthvað afgangs fyrir önnur dýr í lífríkinu sem nærast á henni, þ.e. fyrir þorsk og fugla. Ég held t.d. að ekki sé nógu mikið tillit tekið til þess þegar veiðiheimildir eru ákveðnar.

[15:13]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að hreyfa við mjög mikilvægu efni. Það ber að fagna því sem hæstv. umhverfisráðherra sagði áðan um að hún væri búin að setja í gang vinnu til að athuga möguleikana á því að efla sjófuglarannsóknir. Ég hygg að einmitt sjófuglastofnarnir sem lifa norður af landinu geti á margan hátt veitt okkur dýrmætar upplýsingar um ástand vistkerfisins þar frá einum tíma til annars ef við setjum smávinnu og peninga í að fylgjast með þeim. Þarna getum við notfært okkur upplýsingar sem við fáum með því að fylgjast með þessum fuglum og ástandi þeirra, upplýsingar um það hvernig vistkerfinu reiðir af á hverjum tíma.

En það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að mjög skortir á að aukið verði við grunnrannsóknir á vistkerfinu norður af Íslandi, á vistkerfi Norður-Íshafsins. Það sem gerist þar, sérstaklega yfir sumartímann, er nefnilega mótorinn sem knýr áfram vistkerfi hafsins í kringum Ísland og grundvöllurinn fyrir því ríka lífríki sem er við Íslandsstrendur. Það er enginn vafi á því.

[15:14]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Það voru athyglisverð svör sem komu fram við þessari fyrirspurn, að svartfugl við Ísland er að drepast úr fæðuskorti, eða hann er að drepast úr hor eins og við getum sagt á góðri íslensku. Þá veltir maður fyrir sér hvort það sé vegna þess að fæðuframboð hafi minnkað, eða er það vegna þess að viðgangur þessara fuglastofna er með þeim hætti að fuglunum hefur fjölgað mikið og fæðuskortur er þess vegna? Þetta hlýtur að vera sú grundvallarrannsókn sem fram þarf að fara.

Einnig veltir maður fyrir sér hvaða fæða það er sem svartfuglinn étur yfirleitt. Hefur þá verið rannsakað, ef það er skortur á fæði, hvað valdi fæðuskortinum? Er svartfuglinn í samkeppni við aðrar dýrategundir um þetta fæði eða er hann kannski að mestu leyti í samkeppni við okkur, mannin, um ýmsar sílistegundir sem hann væntanlega nýtir til fæðu?

Það sem mér finnst hafa komið fram í þessu svari er að verulega skortir rannsóknir. Ég fagna því ef þær á að auka því að við verðum að vita meira um vistkerfið fyrir norðan land en við gerum í dag og það gerum við ekki nema með auknum rannsóknum.

[15:16]

Dríta Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér fara fram mjög áhugaverðar umræður sem eru ekki oft í þingsal um svona efni. Ber að fagna þeim þó að vissulega sé viðfangsefnið mjög neikvæðar fréttir í rauninni, hordauði í farfugli. Öll umhugsunin um lífkeðjuna og vistkerfið er þó góðra gjalda verð og ég tek undir með hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að Norður-Íshafið skiptir miklu máli. Ég þakka líka hæstv. ráðherra Sigríði Önnu Þórðardóttur fyrir svör hennar og að það eigi að efla rannsóknir og vöktun sem ég tel mjög mikilvægt.

Þetta er einmitt verkefni fyrir náttúrustofur úti á landsbyggðinni, svona rannsóknarverkefni, og ég fagna því að þessi umræða er á góðu stigi á hinu háa Alþingi.

[15:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er mikið umhugsunarefni, þær fréttir sem við höfum af lífríki sjávar í kringum landið. Þorskurinn er illa haldinn, ekki bara í Breiðafirði heldur víðar, og það er svartfugladauði fyrir Norðurlandi. Það sem mér er kannski mesta umhugsunarefnið — ég fagna að vísu því að hæstv. umhverfisráðherra hefur sagt frá því að hún ætli í samstarfi við Hafrannsóknastofnun og aðra aðila að sjá til þess að farið verði að skoða þessi mál betur.

Ég held að við þurfum að taka til hjá okkur vegna þess að þekkingarleitin hefur greinilega verið allt of skammt komin hvað þessa hluti varðar fram að þessu. Þann hluta sem snýr að okkar eigin stjórn á veiðum þarf auðvitað að taka til endurskoðunar sem allra fyrst. Það kann vel að vera

að einmitt ákvarðanir okkar um nýtingu stofna hafi þarna verulega mikil áhrif.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka þessar umræður. Það fór eins og mig grunaði að menn hafa í raun og veru of lítinn tíma til að segja það sem þeir vildu segja. Kannski eigum við að ræða þetta síðar í öðru formi.

Ég vil líka þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir afar góð svör við spurningum sem auðvitað kemur í ljós að ekki er hægt að svara á núverandi stigi. Ég verð að segja að ég fagna því mjög að hún skuli hafa óskað eftir tillögum um það hvernig þessu starfi verði háttað í framtíðinni. Ég held einmitt að þessir þrír aðilar sem hún nefnir til, Náttúrufræðistofnun, Hafrannsóknastofnun og Háskóli Íslands, séu þeir aðilar innan lands sem geta fært þetta eitthvað fram. Við þurfum að vita þessa hluti og við þurfum að geta greint á milli þess sem nú kann að vera að gerast vegna loftslagsbreytinga af manna völdum og einstakra sveiflna í þessum stofnum og öðrum sem, eins og ráðherra sagði, við höfum heimildir um langt aftur í tímann.

Þær heimildir eru auðvitað mjög misjafnar. Það sem nú er að gerast er að við höfum heimildir um þetta í fyrsta lagi nokkra vetur á Íslandi og síðan höfum við þær líka á öllu hafsvæðinu. Það sem við erum að horfa á hérna er að mér sýnist málið alvarlegra en það sem áður hefur gerst og það bendir til þess að til þessa séu ekki eingöngu einhver stofnarök heldur sé þetta hlýnun sjávar almennt. Ég skal þó engu spá um það.

Ég held líka að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra og fagna þeim skilningi hennar að við eigum að bregðast við þessum breytingum hér, bæði hinum almennu loftslagsbreytingum og auðvitað þeim breytingum sem eiga sér ekki slíkar skýringar í kringum okkur, með aukinni vöktun og ég held að við eigum að verja fé til þess úr almennum sjóðum landsmanna. Ekki er það verra ef það hjálpar atvinnulífi á landsbyggðinni og styrkir þar byggð. Þar tek ég undir með hv. þm. Drífu Hjartardóttur þó að við séum ekki alltaf alveg sammála um alla hluti.

[15:20]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum þessar ágætu umræður og þær ábendingar og hugleiðingar sem komu fram í máli þeirra. Ég bendi líka á að grein Ólafs Nielsens og Ólafs Einarssonar í Náttúrufræðingnum sem birtist á síðasta ári er mjög athyglisverð. Þar er auðvitað farið mjög vandlega ofan í þessi mál og með leyfi hæstv. forseta langar mig til að vitna í greinina. Þar er spurt:

„Hvað olli fæðuskortinum? Var lítið um æti eða voru skilyrðin þannig að fuglinn náði ekki í æti?

Samkvæmt því sem sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar tjá okkur var nóg af æti, bæði loðnu og krabbaátu, sumarið 2001 og veturinn 2001–2002. Samkvæmt þessu er ólíklegt að beinlínis hafi verið um skort á æti að ræða. Líklegri skýring er að einhver ytri skilyrði hafi verið fuglinum óhagstæð og torveldað svo veiði að hungur og kröm fylgdi í kjölfarið og reið þúsundum þeirra að fullu. Við vitum ekki hvaða þættir þetta voru. Hér gætu hafa spilað saman áhrif storma á hafísrek sem hafi þá annaðhvort hamlað fæðunámi fuglanna eða haft áhrif á dreifingu loðnutorfanna eða krabbaátu flekkjanna. Við vitum ekki heldur hvort þessir atburðir áttu sér einhvern aðdraganda. Voru skilyrðin óhagstæð vikum og mánuðum saman eftir að svartfuglarnir voru komnir á vetrarstöðvarnar þannig að fuglinn var smám saman að veikjast eða gerðist það mjög snögglega að tók fyrir aðgang að æti?“

Þetta eru flókin mál og það er full ástæða til að vakta strendur landsins og skoða þessi mál með kerfisbundnum hætti. Þess vegna hef ég beðið um tillögur frá Náttúrufræðistofnun eins og ég sagði frá í upphafi máls míns.

Út af dagskrá voru tekin 4. og 9. mál.

Fundi slitið kl. 15:23.

---

76. FUNDUR

fimmtudaginn 17. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 434. mál, þskj. 640. — Fyrri umr.
2. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 435. mál, þskj. 641. — Fyrri umr.
3. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 436. mál, þskj. 642. — Fyrri umr.
4. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 437. mál, þskj. 643. — Fyrri umr.
5. Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 438. mál, þskj. 644. — Fyrri umr.
6. Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, stjfrv., 399. mál, þskj. 506, nál. 812, brtt. 813. — 2. umr.
7. Sala kristfjárjarðarinnar Utanverðuness, stjfrv., 504. mál, þskj. 768. — 1. umr.
8. Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 537. mál, þskj. 811. — 1. umr.
9. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 51. mál, þskj. 51. — 1. umr.
10. Notkun endurnýjanlegra, innlendra orkugjafa, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Fyrri umr.
11. Fjárþörf Samkeppnisstofnunar, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.
12. Kvennahreyfingin á Íslandi, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.
13. Afdrif laxa í sjó, þáltill., 58. mál, þskj. 58. — Fyrri umr.

14. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þáltill., 59. mál, þskj. 59. — Fyrri umr.
15. Vernd og sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, þáltill., 60. mál, þskj. 60. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:31]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s., dagsett 16. febrúar 2005:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður, Guðrún Inga Ingólfsdóttir hagfræðingur, Reykjavík, taki sæti mitt á Alþingi á meðan en 1. varamaður á listanum situr um þessar mundir á Alþingi."

Guðrún Inga Ingólfsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

[10:32]

Útbýting:
Einkaleyfi, 251. mál, brtt. 818 og 819.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Rétt er að geta þess að tvær utandagskrárumræður eru fyrirhugaðar í dag. Hin fyrri hefst áður en gengið er til dagskrár og er um kosningarnar í Írak. Málshefjandi í þeirri umræðu er hv. þm. Jónína Bjartmarz en hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson verður til andsvara.

Hin síðari hefst kl. 1.30 í dag, að loknu hádegishléi, og er um losun koltvísýrings. Málshefjandi í þeirri umræðu er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir en hæstv. umhverfisráðherra Sigríður A. Þórðardóttir verður til andsvara. Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

Umræður utan dagskrár.

Kosningarnar í Írak.

[10:33]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Málefni Íraks hafa oft komið til umræðu á Alþingi í vetur og miðað við daginn í gær hafa frá því að þing kom saman í haust verið haldnar 149 ræður um Írak í sölum Alþingis. Ég tel að sjaldan hafi verið jafnmikil ástæða til þess að ræða þau mál og nú í framhaldi af kosningunum sem fóru fram þar um síðustu mánaðamót sem eru fyrstu raunverulegu þingkosningarnar í Írak frá 1953.

Um undirbúning og framkvæmd kosninganna naut íraskra kjörstjórnin aðstoðar sendinefndar Sameinuðu þjóðanna til stuðnings Írökum en hún var stofnuð með ályktun öryggisráðsins nr. 1500/2003 og fékk með ályktun 1546/2004 yfirumsjón með kosningaaðstoð Sameinuðu þjóðanna. Þar var og ákveðið að nýjar kosningar færu fram eigi síðar en 31. janúar 2005 og nýrri stjórn var sett það hlutverk að semja stjórnarskrá sem mun verða lögð til grundvallar þingkosningum.

Þrátt fyrir það ástand sem ríkir í landinu og þrátt fyrir hótanir um ofbeldi og hryðjuverk til að spilla fyrir kosningaþátttökunni er talið að um 58% Íraka hafi greitt atkvæði í þingkosningunum. 40 manns biðu bana í ofbeldisverkum sem höfðu það markmið að spilla kosningunum og vissulega var þátttaka á sumum svæðum súnníta lítil, t.d. í kringum Ramati og Falluja, en útkoman var engu að síður áþekk kosningaþátttöku í síðustu sveitarstjórnarkosningum í Noregi og í forsetakosningunum í Bandaríkjunum í nóvembermánuði sl. Mér finnst, herra forseti, full ástæða til að fagna þessu og að við hér á Alþingi gerum það, enda sýnir útkoman glöggt að írakska þjóðin leit á þessar kosningar sem mikilvægt og stórt tækifæri til þess að hafa áhrif á og móta samfélag sitt og taka þátt í að skapa sér nýja og betri framtíð.

Íraskra þjóðin á eftir sem áður langt í land og það eru mörg ljón á veginum en ég ætla að við viljum, við á Alþingi Íslendinga, leita leiða og standa saman um að styðja hana eftir megni á þeirri vegferð sem núna er hafin.

Það sem vekur sérstaka athygli við úrslit þingkosninganna er hlutur kvenna en samkvæmt niðurstöðunum verða konur um þriðjungur þingmanna á íraksku þjóðþinginu og fá 86 þingsæti af 275. Hlutfall kvenna verður þannig hærra á íraksku þinginu en í nokkru öðru landi í þessum heimshluta og í raun svipað og það er hér á landi. Þar með er það sambærilegt við það sem einna best gerist í heiminum.

Þegar íslensk stjórnvöld lýstu pólitískum stuðningi við hernaðaraðgerðirnar til að framfylgja ályktun öryggisráðsins nr. 1441/2002 heimiluðu þau aðgang að íslenskri lofthelgi og lendingu á Keflavíkurflugvelli og skuldbundu sig til að styðja mannúðar- og uppbyggingarstarf í Írak.

Nú að afloknum þingkosningunum tel ég rétt að beina spurningum um þetta til hæstv. utanríkisráðherra og spyr hvernig þeim stuðningi hafi verið háttað og hvernig honum verði háttað. Ég leyfi mér í þessu samhengi, herra forseti, að leggja til að kannaðir verði möguleikar til þess að styðja sérstaklega írakskar konur sem eru núna að stíga sín fyrstu skref við að taka þátt í stjórnmálum landsins og að hlutur Íslendinga geti a.m.k. að hluta miðað við að veita þeim nauðsynlega fræðslu, þjálfun og annan stuðning, m.a. í takt við vinnu sem UNIFEM hefur víða staðið fyrir.

[10:37]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka upp mál þetta sem er eitt það merkasta sem gerst hefur í heimsmálum á undanförnum árum eða jafnvel áratugum. Vegna

þeirrar beinu spurningar sem hv. þingmaður nefndi í máli sínu hafa, eftir því sem ég best veit, þegar verið veittir fjármunir til ákveðinna verkefna sem tengjast málefnum barna og kvenna í Írak. Ég tel þó að við höfum aflögu fjármuni til að verja í þessu skyni, ég tel sjálfsagt að við gerum það og tel ráðlegt að við höfum um það efni samráð við utanríkismálanefnd.

Ég vil einnig ítreka það sem kom fram í inngangi hv. þingmanns að það liggur fyrir að hefði ekki hervaldi verið beitt í Írak væri Saddam Hussein enn við völd og íraskra þjóðin væri enn í greipum böðla hans. Ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna væru áfram að engu hafðar og trúverðugleiki samtakanna væri eftir því. Þá væri ekki búið að halda kosningar í þessu hrjáða landi, frjálsar kosningar sem marka tímamót eins og þingmaðurinn nefndi, ekki bara í sögu þessa lands heldur og í sögu þessa heimshluta og reyndar heimsins alls. Í þessum heimshluta hafa mannréttindi og lýðræði, eins og allir vita, mjög átt undir högg að sækja. Írökum hefur aldrei áður gefist tækifæri til að ganga frjálsir að kjörborði. Þeir gerðu það að vísu undir stórkostlegum hótunum um ofbeldi og jafnvel morðárásir eins og menn þekkja. Þeim var beint gegn frambjóðendum, þeim var beint gegn kjósendum til að eyðileggja þessar fyrstu kosningar.

Þrátt fyrir alla þá erfiðleika og hinar miklu fórnir Íraka var hvergi hvikað frá undirbúningi að tímasetningu kosninganna. Sem betur fer að mínu viti var ekki farið að ráðum margra úrtölumanna á Vesturlöndum sem vildu fresta kosningunum og fá þannig hryðjuverkamönnunum úrslitaákvörðunarvald um það hvenær kosningarnar færu fram, eða reyndar í þeirra huga færu ekki fram. Kosningarnar tókust eins og hv. þingmaður sagði afar vel þvert á allar hrakspár og voru alvarlegt áfall fyrir hryðjuverkaöflin og aðra óvini lýðræðisins í Írak.

Um 15 millj. karla og kvenna skráðu sig á kjörskrá og 58% gengu að kjörborðinu. Miðað við aðstæður í Írak og þá kjörsókn sem þekkist í sumum traustum lýðræðisríkjum eru þetta auðvitað stórkostleg og merkileg tíðindi.

Bent hefur verið á að þátttaka súnníta hafi ekki verið sambærileg við það sem gerðist meðal sjíta og Kúrda en reyndar var kjörsóknin í héruðum þar sem súnnítar eru í meiri hluta mjög misjöfn. Hún var t.d. 29% í einu kjördæmi en einungis 2% í öðru. Það ætti engum að koma á óvart ef horft er til þess að hótanir og ógnanir um ofbeldi beindust einkum að súnnítum en jafnframt verður að hafa í huga að súnnítar eru eingöngu fimmtungur, 20%, íröksku þjóðarinnar. Þótt hryðjuverkamenn hafi tapað af því að þeim mistókst að hræða meiri hluta kjósenda frá því að kjósa er ljóst að áfram þarf að berjast í Írak, berjast fyrir lýðræðið og verja það með oddi og egg. Lyktir þeirrar baráttu skipta sköpum fyrir Írak, fyrir möguleika frelsisins og lýðræðisins annars staðar í Miðausturlöndum og um heiminn allan.

Góður árangur í Afganistan vekur bjartsýni um framhaldið í Írak. Fyrir rúmum þremur árum var Afganistan undir ógnarstjórn talibana en er nú á leið til lýðræðis og friðar, land sem áður var eingöngu þekkt fyrir óstjórn, ógnarstjórn og ofbeldi. Íslendingar hafa eins og kunnugt er lagt töluvert af mörkum til frelsunar afgönsku þjóðarinnar með mannskap á vegum íslensku friðargæslunnar. Áfram verður haldið þátttöku okkar í friðargæslu og uppbyggingarstarfi í landinu.

Íraskra þjóðin eygir nú von um að mega njóta frelsis og lýðræðis. Sú von rætist þó ekki nema Írakar njóti áfram stuðnings alþjóðlega herliðsins sem er í landinu og aðstoðar utan frá við þjálfun eigin öryggissveita. Á þessu ári á eftir að semja stjórnarskrá, bera hana undir þjóðaratkvæði og halda þingkosningar. Það verður því miður að ætla að einræðisseggir og hryðjuverkamenn vilji áfram frelsi veikt í Írak og geri allt til að stuðla að dauða þess.

Alþjóðlega herliðið í Írak, höfum það í huga, er þar nú með fulltingi Sameinuðu þjóðanna. Hið sama á við um þjálfun írakskra öryggissveita á vegum Atlantshafsbandalagsins. Þar leggur Ísland af mörkum með því að kosta flutning á búnaði fyrir öryggissveitir til Íraks, þar á meðal á vopnum og skotfærum sem Slóvenía hefur gefið. Íslensk stjórnvöld hafa einnig ákveðið að leggja rúmar 12 millj. kr. í sjóð sem greiðir ferðir og uppihald manna úr írökskum öryggissveitum vegna þjálfunar utan lands. Loks hefur verið ákveðið að leggja til íslenskan upplýsingafulltrúa hjá þjálfunarsveitum NATO í Írak. Hann hefur þegar verið ráðinn og heldur þangað innan skamms.

Andspyrna gegn alþjóðlega herliðinu í Írak hefur aldrei verið almenn, heldur einskorðast aðallega við svokallaðan súnníþríhyrning í Bagdad og nágrenni og er þar einkum um fylgismenn Saddams Husseins að ræða og aðra hryðjuverkamenn sem koma erlendis frá. Því miður bendir flest til þess að hryðjuverk haldi áfram í landinu en eftir kosningar — og það er aðalatriðið — má öllum vera ljóst að áframhaldandi hryðjuverk hafa ekkert með alþjóðlega herliðið að gera, heldur er þeim beint gegn frelsisvonum fólksins í landinu. Hryðjuverkin í Írak eru því glæpur gegn fólkinu í landinu og glæpur gegn lýðræði í heiminum.

[10:43]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Kosningarnar í Írak, framkvæmd þeirra og niðurstöður eru öllum lýðræðisþjóðum fagnaðarefni. Í því ljósi hef ég allan skilning á því að hér sjái hv. þingmenn ástæðu til að vekja athygli á því að það er ljós í myrkrinu í þessu stríðshrjáða landi. En ég hygg, og vona að ég sé ekki neinn veisluspillir þegar ég vek athygli á því, að langt sé því frá að viðunandi ástand, hvað þá viðunandi framtíð, blasi við Írökum þrátt fyrir það að kosningar séu afstaðnar og hafi tekist bærilega. Því miður geisar stríð í landinu, borgarastyrjöld, fólk deyr þar á hverjum degi, í hópum stundum, og þeir skipta tugþúsundum, þeir Írakar sem hafa látið lífið vegna þessa ástands sem varað hefur eftir árásina í mars 2003. Þannig er nú veruleikinn, herra forseti.

Til viðbótar þessu hafa hryðjuverkahópar haslað sér völl í landinu, ekki eingöngu til að herja á Íraka og hernámslið Breta, Bandaríkjamanna og fleiri þjóða heldur líka til að stríða á þjóðir utan Íraks. Þeir hafa með öðrum orðum sett niður hreiður sitt í þessu stríðshrjáða landi.

Í þriðja lagi vek ég athygli á því, herra forseti, sem margoft hefur verið gert í þeim 149 ræðum sem hér hafa verið haldnar, að engin hafa þau gereyðingarvopnin fundist sem voru meginástæða innrásarinnar á sínum tíma.

Ég vil að lyktum segja þetta: Ég hygg að rétt hafi verið

að verki staðið hjá hæstv. utanríkisráðherra þegar ákvörðun var tekin um að styðja uppbyggingu í Írak á þann veg að leggja fé til hennar fyrst og síðast í stað þess að senda friðargæslumenn á vettvang. Við þekkjum það af eigin reynslu að við þekkjum ekki til verka þegar stríð geisar í löndum. Við þekkjum það hins vegar vel og kunnum vel til verka þegar þarf að byggja upp, hlúa að og vinna mannbætandi verkefni á vettvangi hjúkrunar og fleiri þátta. Ég vænti þess og vona sannarlega að til þess komi einhvern tíma í Írak að við getum lagt hönd að því verki þótt síðar verði.

[10:45]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Allir þeir sem tóku þátt í nýafstöðnum kosningum í Írak sýndu vilja og viðhorf sem án efa bærist í hjörtum allra Íraka, að fá að lifa eðlilegu og friðsömu lífi í landi sínu. Þótt Írakar búi nú við hernám og ofbeldi skulum við ekki gleyma því að þjóðin hefur mátt þola harðræði og styrjaldir í hátt á þriðja áratug, fyrst í grimmilegu stríði við Íran þar sem milljónir féllu og afleiðingar viðskiptabannsins sem landið mátti þola á síðasta áratug og alveg fram undir innrásina í mars 2003 verða varla ofmetnar.

Það nöturlega við stöðu Íraks og íröksku þjóðarinnar er að hún gæti verið ein ríkasta þjóð í heiminum, þ.e. ef hún sjálf fengi að njóta eigin auðlinda, en talið er að í Írak kunni að vera eins miklar olíuauðlindir og á öllum Sádí-Arabíuskaganum, staðreynd sem skýrir án efa hvers vegna Írak hefur verið bitbein nýlenduveldanna og á síðari tímum olíurisanna sem ásælast þessar auðlindir. Háttvirtir menn í ríkisstjórn Bush hafa viðurkennt að yfirráð yfir olíunni hafi verið ástæða innrásar Bandaríkjamanna.

Varðandi kosningarnar er enn of snemmt að segja til um framhaldið en hitt er víst að þessar kosningar hefðu ekki verið viðurkenndar neins staðar annars staðar sem frjálsar og lýðræðislegar kosningar. Enda þótt tæplega þriðjungur landsmanna hafi tekið þátt í þeim var framkvæmdin í molum. Í heilum byggðarlögum og borgum áttu menn ekki kost á að kjósa ýmist vegna hættu á ofbeldi eða vegna þess að engar kjörskrár voru búnar til.

Það er góðra gjalda vert að ræða kosningarnar í Írak á Alþingi Íslendinga en ég vek athygli á því að Alþingi er meinað að fá upplýsingar um aðkomu ríkisstjórnar Íslands að innrásinni í Írak en málshefjandi í þessari umræðu var á meðal þeirra sem greiddu atkvæði gegn því að leynd yrði aflétt af gögnum um það mál.

[10:47]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Vissulega var það rétt sem hæstv. utanríkisráðherra benti á áðan að kosningarnar í Írak hefðu verið merkilegur atburður. En við hljótum að staldra við og spyrja: Hvaða verð hefur verið greitt fyrir þessar kosningar?

Írak er í rúst. Írakska þjóðin hefur þurft að líða ómældar þjáningar frá því ráðist var á landið í mars árið 2003. Tugir ef ekki rúmlega hundrað þúsund manns liggja í valnum. Fólk hefur verið limlest, fólk er í sorg.

Ég tel að það hefði mátt ná þessum áfanga, þessum mjög svo ófullkomnu kosningum, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti á áðan, að þeim áfanga hefði verið hægt að ná án þess að beita því miskunnarlausa og skefjalausa ofbeldi sem við höfum orðið vitni að af hálfu innrásarhersins á undanförnum missirum. Maður þarf ekki að leita langt til þess að sjá myndir, kvikmyndir, ljósmyndir og aðra vitnisburði um það hvernig Bandaríkjamenn hafa hegðað sér í Írak og það er ekki fögur sjón.

Mér er ekki skemmt þegar ég sé limlest lík af börnum, konum og gamalmennum eftir aðfarir bandarískra hersins. Ég mun aldrei, aldrei nokkurn tíma fallast á að hægt sé að réttlæta það að leggja heilt þjóðfélag í rúst, misþyrma heilli þjóð missirum saman til þess eins að framkvæma mjög ófullkomnar kosningar til að vera kominn núna á punkt sem við vitum ekki í rauninni hvert við stefnum frá.

Framtíð mála í Írak er mjög óljós og hefur sennilega aldrei verið jafnóljós. Framtíð mála í þessum heimshluta er mjög óljós og ástandið er mjög eldfimt. Aðeins eru örfáir dagar síðan fréttastofur voru fullar af sögusögnum um það að hugsanlega væri hafin ný styrjöld, í þetta sinn í nágrannalandinu Íran.

[10:50]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Það eru tvö atriði sem ég vildi draga fram í þessari umræðu. Í fyrsta lagi að kosningarnar í Írak voru mjög ánægjulegar og vegna þess að það var mjög góð kosningaþátttaka og Írakar eru á þennan hátt að feta sig á leið til lýðræðis.

En það sem mér fannst líka mjög athyglisvert í þessum kosningum og ánægjulegt og er eðlilegt að við speglum okkur svolítið í sjálf, er staða kvenna, hvernig konur koma út úr þessum kosningum.

Það hefur oft verið talað um að staða kvenna í arabaheiminum sé ekkert sérstaklega sterk, staða múslimakvenna. Nýlega kom út bókin Arabíukonur eftir Jóhönnu Kristjónsdóttur þar sem því var m.a. lýst að eftir að kona eignaðist dóttur talaði tengdafjölskyldan ekki við hana. En síðan átti hún son og þá varð hún viðræðuhæf í tengdafjölskyldunni.

En hvernig fór með kosningarnar? Jú, konur eru núna 31% á írakska þinginu og það var vegna þess að fjórði hver frambjóðandi á framboðslistanum átti að vera kona, það var kvóti.

Hvernig er staðan hjá okkur, virðulegur forseti? Konur hér eru 30,2%, karlar eru 70%. Við stöndum okkur því verr en Írakar varðandi hlutfall kvenna á þingi. Það er betra hlutfall kvenna á þingum m.a. á Kúbu, Spáni, Kosta Ríga, Argentínu, Rúanda, Suður-Afríku og í Írak en er á Íslandi.

Við þreytumst lítið á að monta okkur yfir því að við erum vagga lýðræðis. Maður stórefast um að innstæða sé fyrir því monti, virðulegur forseti, þegar við horfum upp á það að konum fækkaði hér í þinginu í síðustu kosningum, fækkaði um upp undir 6%. Það var hneyksli, virðulegur forseti.

Núna standa fyrir dyrum sveitarstjórnarkosningar og þar er hlutfall kvenna 31% hjá okkur. Ef hlutfall kvenna eykst þar með sama takti og verið hefur verður sú er hér stendur um 80 ára gömul þegar það verður komið í jafnvægi á móts við karla í sveitarstjórnum.

Ég vil því leyfa mér að óska íröksku þjóðinni til ham-

ingju með að hafa hleypt konum að. Þannig verður lýðræðið sterkara og meiri líkur á velmegun í Írak en ella.

[10:52]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Velheppnuðum kosningum í Írak er lokið. Þrátt fyrir að hryðjuverkamenn hafi reynt sitt ýtrasta til að koma í veg fyrir kosningar og fæstir hafi talið líklegt að þær gætu farið fram tala tölurnar sínu máli. 60% kosningaþátttaka er í rauninni ævintýralegt í ljósi þess að fólk gekk að kjörborðinu þrátt fyrir hótanir vígamanna.

Svo tala menn hér, sem búa við frið og lýðræðislegt fyrirkomulag, um ófullkomnar kosningar. Þær voru auðvitað ekki ófullkomnar. Við skulum ekki gleyma því við hvaða aðstæður fólk gekk að kjörborðinu. Það gekk að kjörborðinu þrátt fyrir hótanir vígamanna. Þessar kosningar eru, eins og hæstv. utanríkisráðherra sagði, einn merkasti atburðurinn í okkar sögu.

Hver var forsenda kosninganna? Hvers vegna voru þær mögulegar? Hver var forsenda uppbyggingarstarfsins sem allir tala núna um að þeir vilji styðja og vilji stuðla að? Forsendan var þessi úthrópaða innrás í Írak. Án hennar væri harðstjórinn Saddam Hussein enn þá við völd, það hefðu engar kosningar farið fram, engar forsendur verið til staðar fyrir endurreisnarstarfið eða uppbyggingu. Þeir sem voru andsnúnir innrásinni í Írak ættu að gefa þessu gaum. (Gripið fram í.) Og ég skora á þá að endurskoða afstöðu sína í þessu ljósi og í ljósi þeirrar lýðræðiseflingar sem kosningarnar eru fyrir Írak og jafnvel í öllum þessum heimshluta eins og menn hafa verið að benda á.

Hérna er kosningunum almennt fagnað. En verðum við ekki að viðurkenna samhengið, skoða þessi mál í eðlilegu, pólitísku sögulegu samhengi? Líka þeir sem alla daga úthrópa Íraksmálin en segjast samt sem áður fagna kosningunum og fagna uppbyggingarstarfinu.

Írakar eru sundruð þjóð. Þar ríkir mikil heift, hörmungarástandið er gróðrarstía fyrir öfgaöfl. Þess vegna er mjög mikilvægt að reyna að skapa sem breiðasta samstöðu á grundvelli bráðabirgðastjórnarskrárinnar meðal Íraka og bráðabirgðastjórnarskráin er að mínu mati plagg sem getur lagt grundvöll að þessu og við eigum að sjálfsögðu að styðja við endurreisnarstarfið eins og við höfum verið að reyna að gera með því að stuðla að þeirri lýðræðisþróun sem við sjáum upphafið að með þeim velheppnuðu kosningum sem núna er nýlega (Forseti hringir.) lokið í Írak.

[10:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við skulum halda því til haga að ekki var ráðist inn í Írak til að kjósa. Kosningarnar fóru fram í öryggisleysi í hernumdu landi. Við vitum ekki afleiðingar þess að mikilvægur minnihlutahópur, súnnítar, voru ekki sáttir við gang mála. Gleymum því heldur ekki að Bandaríkjamenn gerðu ólöglega innrás þar sem tugþúsundir létu lífið og íslensk stjórnvöld studdu þann hernað í bága við vilja íslensku þjóðarinnar.

Í áttafréttum í morgun var sagt frá fundi vestan hafs í gær þar sem CIA lýsir miklum áhyggjum yfir ástandinu í Írak og lýsir því sem vargöld. Það er spenna á öllu svæðinu, Sýrlandi, Kúveit, Sádí-Arabíu og sjónir beinast mjög að Íran núna. Þetta er ástandið í Írak í þeirri umræðu sem við erum að fara fram með núna.

En ég tek undir með Siv Friðleifsdóttur að Arabíukonur Jóhönnu Kristjónsdóttur hafa varpað skýru ljósi á arabasamfélögin og eytt fordómum. Staða kvenna hefur verið forgangsmál í Írak frá því það varð sjálfstætt og kvennasamtök hafa verið sterk í Írak frá 1968. Saddam Hussein hróflaði ekki við þeim, enda eiginkonan Sadía ein af forustukonunum. Konur hafa yfirleitt haft hátt hlutfall á þingi, oftast yfir 30% en fóru reyndar niður í 10% í stríðinu við Íran, en þá héldu írakskar konur þjóðfélaginu gangandi.

Kvóti tryggði stöðu írakskra kvenna á þingi í kosningunum núna. Það skiptir miklu máli að staða þeirra versnaði ekki á þingi. Ég vek athygli á mikilvægi kvótans þegar tryggja á þátttöku kvenna í samfélögum.

En ég vona, virðulegi forseti, að þrátt fyrir allt séu þessar kosningar byrjun á jákvæðu ferli í þessu stríðshrjáða landi og að það takist að lægja ófriðaröldur og ég styð það (Forseti hringir.) heils hugar að fé verði veitt fé til írakskra kvenna.

[10:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í öllum þeim hörmungum sem gengið hafa yfir írösku þjóðina má segja að örlítið færist þjóðin í átt að lýðræði og bjartari framtíð vonandi með því að þar voru haldnar lýðræðislegar kosningar. Verðum við ekki að leyfa okkur að vona að þar með hafi verið stigið fyrsta skrefið í átt til lýðræðis? Jafnframt er ljóst að sátt innan þjóðfélagsins er ekki í hendi með kosningunum enda þátttaka súnníta lítil. Í Írak þurfa ósamstæð öfl og þjóðarbrot að ná saman svo að friður geti orðið í landinu til frambúðar.

60% þjóðarinnar tóku þátt í kosningunum og verður það talin marktæk þátttaka við ríkjandi aðstæður og athygli vekur að konur fengu góða kosningu. Ég læt í ljós þá von að raunverulegt lýðræði nái að festast í sessi írösku þjóðinni og heimsbyggðinni til góðs. Írakar eiga mikinn olíuauð og eiga að geta orðið efnahagslega sjálfstæð þjóð. Stríðshörmungarnar í Írak verða hins vegar ekki réttlættar með kosningunum einum. Stríð færir mannkyni ekki réttlæti.

Og minnast mega menn þess þegar talað er um að konur hafi náð merkum áfanga í Írak hversu margar konur og börn létu lífið í þessu hörmungarstríði.

[10:58]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu og fagna sérstaklega þeim sem leyfðu sér að viðurkenna að þeir sæju ljós í myrkrinu.

Mig langar að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir svörin og líka fyrir góðar undirtektir við þeirri ábendingu minni um að styðja sérstaklega stjórnmálaþátttöku kvenna í Írak og ég fagna einnig orðum hæstv. ráðherra um samráð við utanríkismálanefnd um þetta málefni.

Herra forseti. Konurnar í Írak náðu 33% hlut sínum fyrir atbeina Sameinuðu þjóðanna, fyrir þriðjungskvóta sem þeim var tryggður. Sameinuðu þjóðirnar hafa víða við svip-

aðar aðstæður farið þessa sömu leið til að tryggja aðkomu kvenna að stjórnmálalífinu. Kostur þess að koma konum þannig inn á vettvang stjórnmálanna er m.a. talinn sá að þær verði með því síður fyrir aðkasti og ógnunum sem þær gjarnan verða fyrir í arabaheiminum fyrir það að fara út fyrir hefðbundin og menningartengd hlutverk sín.

Það er svolítið athyglisverður punktur sem maður les m.a. um í skýrslunni Konur, stríðið og friður, þar sem bent er á þetta. En það eru þá rök fyrir kvótanum.

En þó að þessum árangri sé náð, herra forseti, um hlut kvenna á írakska þinginu er ljóst að þær eiga mjög langt í land með að hafa áhrif og völd í einhverju samræmi við hlut þeirra á þingi. Ég tel að stuðningur við stjórnmálaþátttöku þeirra geti skipt sköpum um hvernig tekst til.

[11:00]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég endurtek þakkir til þeirra sem hefja umræðu um þetta mál og þingmanna fyrir að taka þátt í henni. Flestar ræðurnar voru með athyglisverða og jákvæða punkta, a.m.k. að hluta til, en svo voru auðvitað fluttar ræður sem mundu væntanlega verða kallaðar furðuræður hvar sem er í heiminum, og mundu hvergi náttúrlega heyrast. Ég ætla ekki að fara yfir þær hérna, (Gripið fram í.) ég get bara ekki hugsað mér það. Þín ræða, hv. þingmaður, var reyndar ekki ein af þeim, aldrei þessu vant. (**Gripið fram í:** Nú?) Það hefur stundum komið fyrir að hv. þingmaður flytji furðuræður en hann gerði það ekki núna í þessu sambandi. Ég gæti svo sem nefnt þær ræður en ég ætla að geyma mér það.

Hins vegar varðandi hugtökin sem menn nefna, samanber eins og að það sé borgarastyrjöld í landinu, vara ég menn við því að nota slík hugtök. Það er ekki borgarastyrjöld í landinu, það er ekki rétt. Við vitum það, og kosningarnar sanna það, að þeir sem börðust gegn kosningunum eru að berjast gegn frelsinu í Írak. Það er þröngur hópur hryðjuverkamanna. Stór hluti af þeim er aðsendur, við vitum það, og stór hluti kemur úr röðum kvenréttindafrömuðarins Saddams Husseins sem við heyrðum um áðan. Við þekkjum það.

Líka er spurning um hugtakið hernám. Nú liggur það fyrir, samkvæmt ályktunum Sameinuðu þjóðanna, að alþjóðlega herliðið sem er í Írak verður að hverfa á brott eigi síðar en um næstu áramót nema írakska ríkisstjórnin biðji það að vera áfram, og fyrr ef hún biður það um að fara. Það þýðir að hér er ekki um hernámslið að ræða. Þetta er lið sem er þarna í umboði og á valdsviði Sameinuðu þjóðanna. Þetta er það sem eftir stendur.

Að öðru leyti þakka ég þessa umræðu. Auðvitað er það svo að margir hér, rétt eins og alls staðar annars staðar í heiminum, fagna þessum stórkostlega merkilega viðburði, frjálsum kosningum í Írak, sem er auðvitað efni sem er miklu merkilegra til umræðu en sum þau önnur efni sem hér hafa verið til umræðu lengi.

[11:02]

Útbýting:

Einkareknir grunnskólar, 542. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 821.

Rekstrarkostnaður Reykjavíkurflugvallar, 543. mál, fsp. JGunn, þskj. 822.

Samningur um menningarmál, 541. mál, fsp. KLM, þskj. 820.

Tóbaksvarnir, 539. mál, frv. SF o.fl., þskj. 816.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill. utanrrh., 434. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 640.

[11:04]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2004 og 103/2004, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn annars vegar tilskipun nr. 2003/6/EB, um innherjasvik og markaðsmisnotkun, og hins vegar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2273/2003 og tilskipanir 2003/124/EB og 2003/125/EB um óhlutdrægna kynningu og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra. Gerð er grein fyrir efni ákvarðananna í tillögunni og eru þær prentaðar sem fylgiskjöl með henni ásamt þeim gerðum sem hér um ræðir.

Tilskipun 2003/6/EB miðar að því að samræma reglur er lúta að innri markaði á sviði fjármála í Evrópu og styrkja tiltrú fjárfesta á verðbréfamörkuðum, m.a. með því að mæla fyrir um bann við innherjasvikum og markaðsmisnotkun. Í reglugerð 2273/2003 og tilskipunum 2003/124/EB og 2003/125/EB er að finna nánari útfærslu á ákvæðum hennar.

Hæstv. viðskiptaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi sem innleiðir gerðina að hluta og er hún til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til hv. utanríkismálanefndar.

[11:05]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er með þessa tilskipun ESB að okkur er gert að yfirtaka hana samkvæmt EES-samningi. Í fljótu bragði við fyrri umr. máls virkar hún talsvert óljós. Gangur mála hefur auðvitað verið sá að utanríkismálanefnd hefur fengið þær til umfjöllunar, kafað ofan í þær og síðan hefur gjarnan fylgt í kjölfarið lagasetning um svipað mál.

Hæstv. utanríkisráðherra nefndi í framsöguræðu sinni að hæstv. viðskiptaráðherra, og þingið raunar, væri með mál til umfjöllunar sem þessari þingsályktunartillögu tengdist en mig langaði til að spyrja hvort hæstv. utanríkisráðherra gæti með örfáum orðum gert þinginu grein fyrir því hvaða aðrar praktískar breytingar þetta hefði í för með sér fyrir íslenskan fjármálamarkað, hvort það væri eitthvað sem máli

skipti og gerði það að verkum að íslenskt atvinnulíf og hinn íslenski fjármálamarkaður þyrfti að gera stórar breytingar á verklagi sínu sem verið hefur.

[11:06]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel að hér sé ekki um veigamiklar breytingar að ræða sem muni hafa nein stórbrotin áhrif á það umhverfi sem viðskiptalíf okkar býr við. Hins vegar er um samræmdar reglur að ræða sem eðlilegt er að menn taki upp og búi þá við samhæfðar reglur sem snúa að þessum þáttum viðskiptalífsins. Ég held reyndar að flestir sem fylgjast með og hafa verið að fylgjast með á undanförnum árum átti sig á því að þörf er á því að styrkja trú manna á verðbréfamörkuðum og því að þar séu leikreglur skýrar og klárar, þar séu innherjasvik hættuminni en verið hefur og að markaðsmisnotkun geti ekki átt sér stað.

Auðvitað er það aldrei svo að menn hnýti á þessum vettvangi Evrópu eða heimsins alls þá hnúta eða skapi þau skilyrði að hætta á slíkri misnotkun hverfi. Það er auðvitað ekki svo en samræmdar gegnsæjar reglur sem þeir viðskiptaaðilar sem eiga viðskipti yfir landamæri geti gengið að og búið við eru að mínu mati nauðsynlegar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill. utanrrh., 435. mál (vinnutímatilskipunin). — Þskj. 641.

[11:08]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2004, um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun nr. 2003/88/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir. Með tilskipuninni er verið að sameina í eina heild tilskipun eldri gerðar um sama efni en að hluta til er um nýmæli að ræða.

Tilskipunin felur í sér lágmarksreglur um skipulag vinnutíma að teknu tilliti til öryggis og heilbrigðis starfsmanna. Hún gildir um daglegan og vikulegan lágmarkshvíldartíma, árlegt orlof, um hlé á hámarksvinnutíma á viku og tiltekna þætti í tengslum við næturvinnu, vaktavinnu og vinnumynstur. Efni tilskipunarinnar hefur verið innleitt í íslensk lög að því er varðar flestar starfsgreinar en innleiðing tilskipunarinnar krefst lagabreytingar að því er varðar þær stéttir sem ekki falla undir vinnutímareglur laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og aðrar reglur gilda ekki um. Unnið er að innleiðingu tilskipunarinnar í félagsmálaráðuneytinu.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til hv. utanríkismálanefndar.

[11:10]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að innleiða reglur um ýmislegt sem snýr að launþegum, vinnutíma og vinnutímafyrirkomulag, vaktafyrirkomulag, frítíma og önnur ýmisleg félagsleg réttindi. Neðarlega á bls. 3 segir, með leyfi forseta:

„Efni tilskipunarinnar hefur verið innleitt í íslensk lög að því er varðar flestar starfsgreinar með lögum nr. 68/2003, um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ... Innleiðing tilskipunar þessarar krefst lagabreytinga að því er varðar reglur um vinnutíma þeirra stétta er falla ekki undir vinnutímareglur laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og aðrar reglur gilda ekki um. Þó kemur einnig til greina að innleiða efni hennar með kjarasamningum samtaka aðila vinnumarkaðarins."

Nú þykist ég vita að um þetta hafi verið þó nokkuð fjallað á undanförnum árum en það er aðallega út af þessum lið sem mig langar að spyrja hvaða efni það helst væri sem menn teldu koma til greina að leysa með kjarasamningum sem ekki hefur enn þá náðst samkomulag um. Ef hæstv. utanríkisráðherra hefur upplýsingar um það væri það gott en auðvitað verður fjallað um þetta mál nánar síðar. Það kemur þá kannski betur fram.

[11:11]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef það ekki á hraðbergi til að svara því í einstökum atriðum. Mér þykja þó þær lýsingar sem á málinu eru gefnar á bls. 2 og 3 skýra það þokkalega. Ég hlýt að vekja athygli á því líka vegna þess að eins og kom fram í máli mínu þegar ég mælti fyrir tillögunni verður lagabreyting að fylgja þessari tillögu. Þá gefst færi á því að taka þá þætti til efnislegrar umræðu.

Ég geri mér grein fyrir því að ég hef ekki þá þekkingu á málefnum vinnumarkaðarins sem hv. þingmaður hefur eftir áratuga starf sitt á þeim vettvangi þannig að ég ráðlegg honum í mikilli vinsemd að fylgjast glöggt með málinu þegar það kemur í lagabreytingaferlið og eins eftir því sem málin þokast í gegnum nefndir þingsins. En ég er ekki með á hraðbergi einstaka þætti er snúa að því sem annars vegar mun snerta kjarasamninga og hins vegar lagasetningaratriðið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill. utanrrh., 436. mál (félagaréttur). — Þskj. 642.

[11:13]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004, um

breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun 2003/58/EB, um birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir. Með tilskipuninni eru gerðar breytingar á fyrstu félagaréttartilskipuninni frá 1968 varðandi skráningu félaga þannig að skrá megi upplýsingar í hlutafélagaskrá rafrænt. Er markmiðið með breytingunni að auðvelda hagsmunaaðilum að hafa greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um félög og einnig að einfalda formsatriði um birtingu upplýsinga. Unnið er að innleiðingu tilskipunarinnar í viðskiptaráðuneytinu.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill. utanrrh., 437. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 643.

[11:14]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 73/2004, um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn, og fella inn í samninginn tilskipun nr. 2003/71/EB, um útboðs- og skráningarlýsingu, sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir. Tilskipunin kveður á um þær lágmarksupplýsingar sem fram þurfa að koma þegar fjármálagerningar eru boðnir í almennu útboði eða skráðir í kauphöll. Munu fjárfestar hafa aðgang að samhæfðum og samræmdum upplýsingum sem þeir eiga að geta treyst á. Tilskipuninni er ætlað að tryggja vernd fjárfesta, virkni fjármálamarkaðarins í Evrópu og gagnsæi. Hæstv. viðskiptaráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi sem innleiðir tilskipunina að hluta og er það nú til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill. utanrrh., 438. mál (hugverkaréttindi). — Þskj. 644.

[11:16]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á XVII. viðauka við EES-samninginn og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir.

Í tilskipuninni er kveðið á um að höfundum og rétthöfum svokallaðra skyldra réttinda skuli tryggður einkaréttur til hvers konar eftirgerðar verka sinna. Skal einkarétturinn þannig ekki aðeins ná til áþreifanlegra eintaka heldur einnig t.d. til afrita í rafrænu formi. Höfundum skal einnig tryggður réttur til miðlunar verka sinna.

Unnið er að innleiðingu gerðarinnar í menntamálaráðuneytinu.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umræðunni verði þessari tillögu vísað til hv. utanríkismálanefndar.

[11:17]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hæstv. utanríkisráðherra hefur hér mælt fyrir á fyrstu fimm dagskrárliðum þessa fundar, fimm þingsályktunartillögum er varða breytingar á EES-samningnum. Eins og ég gat um fyrr á þessum fundi munum við samfylkingarmenn, eins og venja er, skoða allar þær þingsályktunartillögur með opnum huga og gera það sem í okkar valdi stendur til að þær geti verið afgreiddar frá hinu háa Alþingi fyrr en síðar eftir að hefðbundin ítarleg umfjöllun hefur farið fram um málið í utanríkismálanefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 537. mál (lífeindafræðingar). — Þskj. 811.

[11:20]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um meinatækna, nr. 99/1980, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er komið til móts við óskir meinatækna um að starfsheiti þeirra verði breytt úr meinatæknir í lífeindafræðingur og ákvæði um að meinatæknir starfi á ábyrgð og undir handleiðslu sérfræðings verði fellt brott. Einnig er sett í lögin heimild til þess að setja í reglugerð ákvæði um sérfræðiviðurkenningu lífeindafræðings.

Tækniháskóli Íslands annast nú menntun meinatækna. Í október síðastliðnum varð samkomulag um stofnun nýs háskóla með samruna Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands og er stefnt að því að starfsemin verði endanlega sameinuð sumarið 2005. Því er lagt til að ekki verði gert ráð fyrir því í lögunum að lífeindafræðingar skuli hafa lokið prófi frá tilteknum háskóla, heldur verði vísað til háskóla hér á landi, þannig að það eigi við um þann eða þá háskóla sem hverju sinni annast menntun lífeindafræðinga.

Með aukinni sérhæfingu meinatækna/lífeindafræðinga hafa komið fram óskir um að heimilt verði að veita sérfræðileyfi í lífeindafræði. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja reglugerð um veitingu sérfræðileyfa að fengnum tillögum landlæknis, Félags lífeindafræðinga og háskóla eða háskóladeildar sem menntar lífeindafræðinga.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði um að meinatæknir starfi á ábyrgð og undir handleiðslu sérfræðings verði fellt brott. Slík ákvæði er ekki að finna í lögum um aðrar heilbrigðisstéttir með hliðstæða menntun og verður ekki séð að nauðsynlegt sé að hafa sérstakt ákvæði í lögum um ábyrgð á störfum lífeindafræðinga fremur en annarra hliðstæðra stétta. Ekki er gert ráð fyrir að niðurfelling þessa ákvæðis leiði til þess að gera þurfi breytingar á starfsemi eða stjórnfyrirkomulagi rannsóknadeilda og rannsóknastofa sjúkrahúsa eða annarra heilbrigðisstofnana.

Meinatæknar hafa um alllangt skeið óskað eftir að starfsheiti þeirra verði breytt. Landlæknisembættið kannaði m.a. starfsheiti hliðstæðra stétta í nálægum löndum og enn fremur var höfð hliðsjón af starfsheitum annarra heilbrigðisstétta. Í samræmi við óskir meinatækna og að höfðu samráði við landlækni er lagt til að heiti fræðigreinarinnar breytist úr meinatækni í lífeindafræði og starfsheiti meinatækna verði lífeindafræðingur. Í samræmi við það er lagt til í 4. gr. frumvarpsins að heiti laganna verði lög um lífeindafræðinga.

Samkvæmt gildandi ákvæði 6. gr. laga um meinatækna er ljóst að meinatæknir getur ekki fengið leyfi til að reka rannsóknastofu, nema hann ráði lækni sem er sérfræðingur á viðkomandi sviði og þeir meinatæknar sem starfa á rannsóknastofunni, þar með talinn rekstrarleyfishafi, starfi undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga um heilbrigðisþjónustu veitir ráðherra stofnun því aðeins leyfi að ætla megi að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt og skal hann leita álits landlæknis um nauðsyn og gagnsemi stofnunar. Til að tryggja frekar að stofnanir sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir uppfylli faglegar kröfur er í frumvarpinu lagt til að kveðið verði á um faglegt mat landlæknis í 27. gr. laganna.

Með vísan til framangreinds er í 5. gr. frumvarpsins lagt til að hnykkt verði á því að ákvæði 1. mgr. 26. gr. laga um heilbrigðisþjónustu um að leyfi ráðherra þurfi til að setja á stofn eða reka sjúkrahús og hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni, taki til rannsóknarstofa, þar sem fyrirhugað er að stunda lækningarannsóknir. Þá er lagt til í 6. gr. frumvarpsins að tekið verði fram í 2. mgr. 27. gr. að leita skuli álits landlæknis á því hvort fyrirhuguð stofnun sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir, hvort sem um er að ræða sjúkrahús eða aðra starfsemi sem talin er vera í lækningaskyni, þar með taldar rannsóknastofur, uppfylli þær faglegu kröfur sem gera þarf til hennar.

Virðulegi forseti. Í ræðu minni hef ég lauslega farið yfir aðdraganda þess að ég legg fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um meinatækna og lögum um heilbrigðisþjónustu. Ég tel mikilvægt að frumvarp þetta nái fram að ganga á þessu þingi og leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbrigðis- og trygginganefndar og til 2. umr.

[11:24]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í frumvarpinu er atriði sem ég vildi fá hér nánari skýringar á hjá hæstv. ráðherra. Það segir hér í 1. gr. að aðeins megi veita þeim leyfi sem lokið hafi prófi í lífeindafræði frá háskóla hér á landi. Síðan segir í b-lið:

„Áður en leyfi er veitt samkvæmt þessari málsgrein skal leitað umsagnar Félags lífeindafræðinga og háskóla eða háskóladeildar sem menntar lífeindafræðinga."

Ég hefði gjarnan viljað fá útlistun á því hvort hér er eingöngu verið að tala um að þetta heiti geti átt við þá sem menntast hér á landi. Eða á að skilja b-lið 1. gr. þannig að metið verði inn annað nám annars staðar frá, t.d. innan Evrópska efnahagssvæðisins?

[11:25]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kom fram í framsöguræðu minni, þó að það hafi kannski ekki verið nógu skýrt, þá er hér átt við þá sem stunda nám sitt hér á landi. Tækniháskólinn hefur séð um þetta nám hingað til en menn vildu ekki, miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi, binda það eingöngu við þann skóla, þannig að hér er átt við nám hérlendis.

[11:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum um meinatækna og lögum um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Eins og fram hefur komið í umræðunni er ætlunin að breyta starfsheiti meinatækna, breyta því úr „meinatæknir" í „lífeindafræðingur". Einnig á að breyta ákvæðum um að meinatæknar starfi ekki lengur á ábyrgð eða undir handleiðslu sérfræðinga.

Meinatæknar hafa um nokkurt skeið óskað eftir að starfsheiti þeirra verði breytt, segir hér. Ég verð að segja að mér finnst meinatæknir mun fallegra orð en lífeindafræðingur. Ég tel svo sem enga ástæðu til að breyta því en ef stéttin vill endilega breyta þessu þá er lítið við því að gera. Mér finnst samt að við eigum að halda í svona gömul orð. Ég saknaði þess alltaf þegar við breyttum hinu fallega orði „fóstra" í „leikskólakennari". Fóstra er ákaflega fallegt íslenskt starfsheiti og gamalt og gegnt og segir mikið um það starf sem sú starfsstétt fæst við.

Meinatæknir finnst mér líka alveg ágætis heiti sem hefur skapað sér ákveðna hefð í máli okkar. En það er sem sagt ósk stéttarinnar að breyta þessu orði og þessu heiti og taka upp heitið „lífeindafræðingur". Þar bætist enn eitt orðið við fræðingaflóruna, þegar þetta frumvarp verður að lögum. Ég

býst við að munum nú styðja þetta úr því að það er eindreginn vilji meinatæknanna að fara þessa fræðingaleið.

Ég get einnig tekið undir að það sé ástæðulaust að hafa það í lögum að meinatæknar verði að starfa á ábyrgð eða undir handleiðslu sérfræðinga. Auðvitað eru meinatæknar sérfræðingar í sínu fagi og eiga auðvitað að geta starfað sjálfstætt. Löggjafinn á ekki að stjórna því hvort þeir starfi undir öðrum eða ekki. Það verður auðvitað að ráðast af stofnunum hvernig menn haga því.

Í þessu frumvarpi er einnig komið inn á menntun meinatækna. Hingað til hefur Tækniháskóli Íslands annast menntun meinatækna en nú eru að verða breytingar á Tækniháskólanum, eins og glöggt kom fram í umræðum í þinginu í vikunni, þar sem Tækniháskóli Íslands mun sameinast Háskólanum í Reykjavík með lagabreytingu sem verið hefur til umfjöllunar. Við það mun breytast fyrirkomulagið í námi meinatækna. Af þeim sökum mun ekki lengur tiltekið sérstaklega hvaðan meinatæknar eða lífeindafræðingar, eins og þeir skulu heita eftir að frumvarpið verður að lögum, skuli hafa lokið prófi, þ.e. frá tilteknum háskóla. Frumvarpið hefur svo sem ekki stórvægilegar breytingar í för með sér þótt breytt sé tvennum lögum til að koma þeim á.

Ég á sæti í heilbrigðis- og tryggingaefnd þar sem við munum fjalla um málið. Við munum við kalla eftir umsögnum þeirra sem að málinu koma og heyra viðhorf þeirra til breytinganna. Eftir að hafa skoðað umsagnir munum við auðvitað taka afstöðu til þessa máls. En við 1. umr. held ég að ég hafi ekki meira um það að segja, herra forseti, en ég mun taka þátt í umfjöllun nefndarinnar um málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala kristfjárjarðarinnar Utanverðuness, 1. umr.

Stjfrv., 504. mál. — Þskj. 768.

[11:31]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Frumvarp þetta er flutt til að afla heimildar fyrir stjórn Utanverðunesslegats í sveitarfélaginu Skagafirði til að selja jörðina Utanverðunes til ábúanda hennar.

Jörðin Utanverðunes er kristfjárjörð en kristfjárjarðir voru hluti af fátækraframfærslu sveitarfélaga fyrr á öldum. Voru jarðirnar gefnar í því skyni að fátæklingar í viðkomandi hreppi mættu njóta afgjalds eftir þær um aldur og ævi.

Jörðin var gefin Rípurhreppi í Skagafirði með gjafabréfi, dags. 31. janúar 1838. Gjöfinni skyldi varið í þágu munaðarlausra barna í hreppnum Stofnaður var sjóðurinn Utanverðunesslegat um gjöfina og er jörðin eign sjóðsins. Afgjald vegna jarðarinnar hefur runnið til sjóðsins.

Kristfjárjarðir verða ekki seldar nema til komi sérstök lagaheimild þar sem jarðirnar eru yfirleitt eigin eign sem má líkja við sjálfseignarstofnun eða eign sjóðs eins og er í þessu tilfelli. Hefur Alþingi ávallt sett það skilyrði að söluandvirði verði varið í samræmi við fornan tilgang kristfjárjarðarinnar.

Nauðsyn á lagaheimild til sölu jarðarinnar er til komin vegna beiðni núverandi ábúanda hennar til stjórnar Utanverðunesslegats um kaup á jörðinni. Hefur ábúandi búið einn á jörðinni frá árinu 1999 og er eigandi að fasteignum og fylgifé sem á jörðinni eru. Á jörðinni er nú stundaður sauðfjárbúskapur.

Um efni frumvarpsins vísast að öðru leyti til þess og athugasemda við það, en að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. félagsmálanefndar og 2. umr.

[11:33]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Mikið hefur verið rætt á hv. Alþingi undanfarna daga um eignarrétt ýmiss konar. Menn tala um að Ríkisútvarpið sé þjóðareign án þess að fara nánar út í hvað það þýðir. Hér erum við að ræða um nokkuð merkilegan eignarrétt sem eru kristfjárjarðir og kristfé, en í Íslandssögu Einars Laxness segir svo, með leyfi forseta:

„Kristfé, fé gefið Kristi til framfærslu „guðs fátækra" eða þeim til styrktar með öðrum hætti, sem kirkjuvaldið hvatti menn þegar um miðja þjóðveldisöld til að gefa sér til sáluhjálpar eða guðsþakka, enda þurfti ekki að greiða tíund af slíkum gjöfum."

Við erum sem sagt að fjalla hér um eign sem er eign Krists, þ.e. Jesú Krists, og menn þurfa að hafa það í huga. Nú geta verið vandræði að fá heimild til að selja slíka jörð vegna þess að eigandinn er ekki við og þess vegna tekur Alþingi sér leyfi til þess að gefa heimild til að selja þessa jörð enda reiknar maður með því að gott verð fáist fyrir jörðina og það renni þá til þess legats sem um jörðina er stofnað og arður þess verði þá notaður í upphaflegum tilgangi, að sú eign verði notuð í þeim tilgangi sem segir til framfærslu „guðs fátækra".

Þessar jarðir voru oft á tíðum nefndar sælubú og stundum voru þær settar upp við ferjustaði til þess að auðvelda mönnum að komast til kirkju. Elsti kristfjármáldaginn er frá Bakka í Borgarfirði, (Ferjubakka), til að hjálpa mönnum að fá stuðning til að komast yfir ána. Í rauninni hefði það fé átt að renna til brúarinnar þegar hún var byggð á sínum tíma. Ekki veit ég hvort það var gert.

Þetta frumvarp er dálítið athyglisvert í ljósi umræðunnar um eignarrétt sem menn hafa talað mikið um, um sjálfseignarstofnanir, um einkaeignarrétt, um þjóðareign o.s.frv., um ríkið, um ríkiseign — sumir segja að ríkiseign sé sama og eign þjóðarinnar, sem ég er alfarið á móti vegna þess að ríkið er jú lögpersóna, það er ákveðinn aðili í þjóðfélaginu — og hér erum við að fjalla um eignarrétt þar sem fé hefur verið gefið Kristi og hann á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 1. umr.

Frv. PHB, 51. mál (aðild að stéttarfélagi). — Þskj. 51.

[11:37]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyt-

ingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Það er svo skemmtilegt, herra forseti, að þetta er í rauninni í beinu framhaldi af því sem við ræddum áðan og fjallar um eignarrétt og leyfi manna til að ráðstafa eigum sínum.

Að mati flutningsmanns brýtur þetta mál stjórnarskrána á tvennan hátt. Í fyrsta lagi er það í andstöðu við 74. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að menn eigi rétt á að taka þátt í félögum, en ekki sé hægt að skylda menn til þátttöku í félögum. Það er enn fremur í andstöðu við 40. gr. stjórnarskrárinnar sem segir að engan skatt megi á leggja nema með lögum og er í andstöðu við 77. gr. sem segir að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann, og tengist að sjálfsögðu eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Í 2. mgr. 7. gr. laganna, sem lagt er til að felld verði brott, segir, með leyfi herra forseta:

„Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi."

Þarna er merkilegt ákvæði sem segir að menn skuli greiða í stéttarfélag fullt gjald hvort sem þeir eru félagar í stéttarfélaginu eða ekki. Það er dálítið undarlegt því í rauninni væri heimskulegt af fólki í þessari stöðu að ganga ekki í félagið og njóta allra þeirra réttinda sem það veitir þar sem það þarf að greiða í félagið hvort sem er. Þetta er þess vegna dulbúin skylda til aðildar að stéttarfélagi.

Nú er það tryggt í stjórnarskránni að menn eiga ekki að þurfa að ganga í félög og þess vegna er talið að þetta brjóti það ákvæði stjórnarskrárinnar.

Síðan er ákvæðið, að mati flutningsmanns, líka talið brjóta gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um að skatta skuli leggja á með lögum og að ekki skuli fela stjórnvöldum, hvað þá einkaaðilum, ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Það er nefnilega svo, herra forseti, að félagsfundur í stéttarfélagi getur samþykkt hvaða félagsgjald sem er, án hámarks. Það getur t.d. ákveðið að hafa félagsgjaldið 100% af launum og launaskrifstofa ríkisins yrði að innheimta það gjald samkvæmt þessum lögum. Þá er ég hræddur um að einhvers staðar mundi hvína í fólki.

Þetta gjald, sem samkvæmt lögum er hægt að leggja á fólk og launaskrifstofan skal innheimta samkvæmt þessu ákvæði, rennur til aðila sem er ekki einu sinni opinber aðili, stéttarfélagsins, einhvers hóps fólks, sem viðkomandi þarf ekki að vera félagsmaður í og kemur þar af leiðandi ekki að ákvörðun um gjaldið sem honum ber þó að greiða. Þetta gjald hefur sem sagt öll einkenni skatts og ætti náttúrlega að afnema þetta ákvæði sem allra fyrst.

Ég ætla ekki að fara nánar ofan í greinargerð með frumvarpinu, hún hefur verið lesin í tvígang áður, og þessu frumvarpi hefur verið vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar. Þar var samþykkt að leita eftir lögfræðilegri umsögn en vegna umfangs málsins — það var hreinlega of dýrt — var ekki unnt að fá um það lögfræðilegt álit og er það mjög miður því það er mjög mikið mál ef stjórnarskráin er brotin, hvað þá ef hún er brotin á tvennan hátt.

Menn hafa haldið því fram að félagsgjaldið sé þjónustugjald og það má til sanns vegar færa að stéttarfélög gegni ákveðnu hlutverki, t.d. að semja um kaup og kjör. En eftir að aðlögunarsamningar opinberra starfsmanna voru teknir upp þarf hver opinber starfsmaður í rauninni að semja um laun sín sjálfur þannig að þau rök eru fallin brott nema stéttarfélögin semji um ákveðið lágmark. Menn þurfa svo að semja um restina sjálfir. Margt af því sem stéttarfélögin veita er háð því að menn séu félagar, t.d. eins og orlofsheimili og annað slíkt sem sá sem ekki er í félaginu og vill ekki ganga í félagið nýtur ekki. Það má því segja það að njóti ósköp lítils af því sem stéttarfélagið er að véla um. Það er því mjög vafasamt að telja félagsgjaldið þjónustugjald, a.m.k. allt félagsgjaldið, þar sem það rennur í margs konar aðra starfsemi sem maðurinn ekki nýtur.

Það má ræða um hvað sé skattur og þyrfti náttúrlega að ræða það. Hugtakið skattur er jafnan skilgreint sem lögþvinguð greiðsla á gjaldi til opinberra aðila án þess að á móti komi sérgreint endurgjald. Andstætt skatti eru alls konar þjónustugjöld sem eru lögþvinguð gjöld sem greidd eru fyrir ákveðna þjónustu og eiga að standa undir henni svona að jafnaði.

77. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Skattamálum skal skipað með lögum. Ekki má fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann."

Þetta ákvæði var sett inn 1995 með stjórnarskrárbreytingu og eftir það hafa menn þurft að breyta ýmsum lögum þar sem ráðherra hafði áður heimildir til að hækka t.d. skatta miðað við verðlag. Þess vegna liggja fyrir Alþingi á hverju hausti frumvörp um breytingar á alls konar gjöldum, þjónustugjöldum og öðru, vegna þessa ákvæðis að Alþingi verður að ákveða hvaða skatta skuli greiða.

Þegar rætt er um þetta félagsgjald til stéttarfélaga opinberra starfsmanna — og ég sé núna að formaður BSRB, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, er mættur í salinn og þetta er mál sem snertir hann vissulega þar sem þetta er skattur hans á alla opinbera starfsmenn. (**ÖJ:** Ég er búinn að biðja um orðið.) Gott.

Þá vil ég gjarnan nefna önnur dæmi sem líka eru töluvert vafasöm og þar er fyrst að nefna búnaðargjald sem lagt er á alla bændur og rennur til Bændasamtaka Íslands sem ekki er opinber aðili. Gjaldið er reyndar ákveðið með lögum en það rennur ekki til ríkisins eða sveitarfélaga, það rennur ekki til opinberra aðila. Þar af leiðandi er mjög vafasamt að það gjald fái staðist ákvæði stjórnarskrárinnar um að ekki megi leggja á skatta nema með lögum, og skattur á þá væntanlega renna til opinbers aðila.

Sóknargjald er samkvæmt lögum nr. 91/1987 nefskattur sem hækkar eins og laun og rennur til trúfélags viðkomandi en ella til Háskóla Íslands ef viðkomandi er ekki í neinu trúfélagi. Og það er mikil spurning: Hvað fær sá trúlausi fyrir þetta gjald ef þetta á að vera þjónustugjald? Hann fær í rauninni ekki neitt nema hann stundi nám við Háskóla Íslands. Þetta er því ekki þjónustugjald og þar af leiðandi er þetta skattur og skatturinn má ekki renna til annars en opin-

bers aðila og trúfélög eru ekki opinberir aðilar.

Svo er það sem er kannski athyglisverðast og menn ættu virkilega að skoða, það er stefgjaldið, herra forseti, og þau gjöld sem lögð hafa verið á tölvur og tölvudiska og alveg með ólíkindum að menn skuli ekki sjá í gegnum það. Þannig er í dag að lagt er gjald á óskrifaða diska og tölvur með þeim rökstuðningi að verið sé að borga höfundarrétt að tónverkum, kvikmyndum og öðru slíku og því gjaldi dreift út til höfunda slíkra verka. En það merkilega er, herra forseti, að þeir sem eiga mestan höfundarrétt sem tengist tölvum og slíku eru forritarar, það eru hugbúnaðargerðarmenn og kerfisfræðingar. Þeir fá ekki neitt. Þeir fá ekkert af því gjaldi, sem kom fram í blöðum um daginn að væri langt yfir 100 milljónir, sem er innheimt af tölvum og er dreift til sérstaks hóps höfunda, ekki til þeirra höfunda sem mest hafa lagt til málanna. Það rennur heldur ekki til ljósmyndara sem eiga mikið af myndum á t.d. netinu og margir einstaklingar eiga myndir á netinu og eru með höfundarrétt að þeim myndum. Þetta gjald sem á að renna til höfunda, stefgjaldið, rennur ekki til myndasmiða. Ég held að menn ættu að skoða þetta gjald sérstaklega, fyrir nú utan það að gjaldið er innheimt af opinberum aðilum, tolli og skatti, en rennur til einkaaðila, einstaklinga og félaga þeirra. Ég held því að þetta gjald, stefgjaldið, brjóti stjórnarskrána í nokkuð mörgum atriðum. Auk þess sem það brýtur jafnræðisregluna brýtur það félagaákvæðið, frelsi til að vera í félögum, menn fá þetta gjald ekki nema þeir séu í ákveðnum félögum. Svo brýtur það að sjálfsögðu ákvæði stjórnarskrárinnar um hvernig megi leggja á skatt.

Síðan er það afnotagjaldið til RÚV sem hér hefur verið mikið til umræðu. Það er skattur sem allir þeir eiga að borga sem eiga slíkt tæki þó að þeir noti það ekki til að horfa á RÚV. Segjum að einhver unglingur vilji eiga sjónvarpstæki til að horfa á Skjá 1, sem er ókeypis, þá skal hann borga gjald til samkeppnisaðila Skjás 1, sem er RÚV. Þetta er náttúrlega atriði sem brýtur stjórnarskrána að mörgu leyti og alveg sérstaklega það að þetta er í rauninni skattur en rennur ekki til opinbers aðila heldur til RÚV, sem er fyrirtæki eða stofnun í eigu opinbers aðila, fyrir utan hvernig reglurnar um innheimtu þess gjalds brjóta nú allt að því mannréttindi þegar það er skoðað ofan í kjölinn.

Í greinargerðinni er iðnaðarmálagjald nefnt, sem rennur til Félags íslenskra iðnrekenda eða Samtaka iðnaðarins, og er lagt á öll iðnfyrirtæki í landinu og er skyldugreiðsla til stéttarfélags, það er nákvæmlega það sama. Menn borga til Samtaka iðnaðarins hvort sem þeir vilja vera félagar í þeim eða ekki og þetta er skattur sem rennur til annarra aðila en opinberra aðila.

Einnig má ræða um iðgjald í lífeyrissjóð sem er vissulega þjónustugjald að vissum hluta en t.d. karlmenn, ókvæntir og barnlausir eru látnir greiða of hátt iðgjald í lífeyrissjóðina vegna þess að þeir standa undir barna- og makalífeyri og dýrari ellilífeyri kvenna. Þeir borga því allt of hátt iðgjald í lífeyrissjóðinn. Þetta er því ekki þjónustugjald, þetta er jafnaðargjald sem má þá líkja við skatt.

Svo er mjög skrýtið fyrirbæri sem heitir Fiskræktarsjóður. Sá skattur er falinn í lögum um lax- og silungsveiðar, nr. 76/1970. Þar segir að greiða skuli 3? af óskírum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu sem selja orku til almennings eða stórnotenda, til Fiskræktarsjóðs sem ætlaður er til stuðnings fiskrækt og fiskeldi í landinu. Þarna gildir það að lagður er skattur á stórfyrirtæki, vatnsaflsstöðvar, sem eru oft með gífurlegar tekjur, og þessi skattur rennur til fiskræktarfélaga sem eru einstaklingsfélög. Ég held því að hið háa Alþingi þurfi — af því að hv. þingmenn hafa svarið eið að stjórnarskránni, þá ættu þeir að fara að skoða hvort þessi gjöld öll standist þá stjórnarskrá sem þeir hafa svarið eið að.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri, herra forseti, þar sem þetta mál hefur nú verið lagt fram tvisvar áður og umræða um það liggur fyrir í þingskjölum.

[11:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér hló hugur í brjósti þegar hv. þingmaður talaði um það í nokkrum vandlætingartóni að möguleikar væru á því að þetta lagaákvæði sem hv. þingmaður vill fella brott bryti í bága við jafnvel tvenn ákvæði stjórnarskrárinnar. Það hefur nú ekki vafist fyrir þeim hv. þingmanni hingað til að koma og dásama lög þó að fyrir liggi að vísir menn, fræðibrekkur hafi sýnt fram á það svart á hvítu að viðkomandi lög brytu ekki ein, ekki tvenn heldur hugsanlega þrenn og jafnvel fern ákvæði stjórnarskrárinnar. Þá vafðist nú ekki fyrir hv. þingmanni að koma hér og mæra þau ákvæði. Ég á við fjölmiðlalögin sem illu heilli voru samþykkt en sem betur fer afnumin aftur á síðasta ári.

Hv. þingmaður er búinn að flytja töluverð rök fyrir því að þessi ákvæði, sem hann vill að brott séu felld, brjóti gegn ákvæði um félagafrelsi. Að vísu segir hv. þingmaður, og ber að virða það við hann, að það gerist hugsanlega. En það liggur hins vegar alveg skýrt fyrir að Félagsdómur frá árinu 1998 hefur um þetta fjallað og komist að þeirri niðurstöðu að þetta brjóti ekki í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Þau rök sem hv. þingmaður hefur flutt hér gegn þessum dómi finnast mér ekki standast. Hv. þingmaður segir að vegna þess að Hæstiréttur hafi ekki um þetta fjallað hafi dómur Félagsdóms ekkert gildi. Þetta finnst mér ákaflega mikil hundalógík.

Hægt er að taka undir með hv. þingmanni að þau gjöld sem hér um ræðir hafa ákveðin einkenni skatts. Samt sem áður get ég ekki fallist á þá skilgreiningu að öllu leyti því að ljóst er að það kemur skilgreint endurgjald fyrir þetta gjald, það er t.d. samið um lágmarkslaun. Hver ella ætti að gera það?

[11:53]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það að samin hafi verið lög á Alþingi sem brjóta stjórnarskrána og Hæstiréttur hefur tekið á þeim nokkrum, það er öryrkjadómurinn, það eru kvótadómar. Hv. þingmaður heldur því einnig fram að fjölmiðlalögin sem samþykkt voru síðasta sumar brjóti stjórnarskrána líka en það er náttúrlega ekki sannað mál þar sem Hæstiréttur hefur ekkert um þau fjallað. Þannig er að stjórnarskráin og skoðun á henni er í ákveðinni breytingu, gerðar hafa verið stjórnarskrárbreytingar og menn hafa að sjálfsögðu hlítt þeim dómum þar sem Hæstiréttur hefur kveðið úr um.

Varðandi dóm Félagsdóms er fjallað um það í greinar-

gerðinni og þar nefnt einmitt að dómarar verða að fara að lögum og þeir skulu fara að laganna hljóðan, þeir geta ekki annað. Í undirrétti hlýtur dómari að fara að lögum jafnvel þó að lögin brjóti stjórnarskrána. Það er Hæstaréttar, þegar hann kemur fram sem stjórnlagadómstóll og ákveður hvort lög standist stjórnarskrána eða ekki, það er enginn annar dómari sem getur kveðið á um það. Dómari í héraðsdómi hlýtur því að fara að lögum sem sett eru á Alþingi. Síðan fer það til Hæstaréttar og það er sá aðili sem getur kveðið á um það hvort þetta standist stjórnarskrána eða ekki.

Þessi umræddi dómur sem þarna féll fór að sjálfsögðu að lögunum, sem gert er ráð fyrir að þetta frumvarp breyti, þannig að hann fór að lögunum. Hann dæmdi samkvæmt lögunum og gat ekki annað. Ef hægt hefði verið að áfrýja þeim dómi til Hæstaréttar og ef það hefði verið gert og Hæstiréttur tekið á málinu þá gætum við sagt um það hvort þetta ákvæði stæðist stjórnarskrána eða ekki. En við getum ekki notað dóma héraðsdóms af því að í stjórnarskránni stendur að þeir skuli fara að lögum.

[11:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að hugsanlegt sé að tiltekin lög sem hv. þingmaður hefur stutt brjóti í bága við stjórnarskrána kemur það ekki í veg fyrir að hv. þingmaður hafi þessa skoðun á öðrum lögum. Ég er alveg sammála hv. þingmanni um það.

Munurinn á þessu frumvarpi hv. þingmanns og hins vegar fjölmiðlalögunum sem samþykkt voru liggur hins vegar í því að þá lá fyrir rökstutt álit margra, raunar helstu vísindamanna á sviði stjórnlaga um að mörg ákvæði þess frumvarps sem varð að lögum brytu í bága við ýmis ákvæði stjórnarskrárinnar. Hv. þingmanni þótti það ekki tiltökumál. Hann skautaði yfir það sem ekkert væri þó að lægju fyrir rökstuddar greinargerðir þessara manna.

Í þessu tilviki liggur nánast ekkert fyrir, nema jú fyrir liggur þokkalega rökstutt álit hv. þingmanns en það eru engir sérstakir fræðimenn sem hafa veitt þessu stuðning sinn. Félagsdómur hefur alveg klárt og kvitt sagt að þetta tiltekna ákvæði um félagafrelsi sé ekki brotið. Raunar er líka tekið fram í greinargerðinni að Alþýðusamband Íslands hafi eftir stjórnarskrárbreytinguna 1995 gert sérstakt átak til að koma í veg fyrir að það sé aðildarskylda í lögum félaganna sem tilheyra samtökunum. Það eru vissulega málsbætur í þessu. Reyndar hefur verið deilt um hvort forgangsréttarákvæðið sem kemur fram í ýmsum kjarasamningum standist ákveðin ákvæði stjórnarskrárinnar, en það hafa engar nauðir rekið einn eða neinn til þess að láta á þetta reyna.

Spurning mín til þingmannsins er því: Ef málið er svona grafalvarlegt að verið sé að brjóta mikinn rétt á fólki, hvernig stendur á því að aldrei hefur verið látið á það reyna fyrir Hæstarétti?

[11:57]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Í fyrsta lagi varðandi það sem hv. þingmaður sagði um fjölmiðlalögin og álitsgerðir lögfræðinga man ég ekki betur en rignt hafi yfir þjóðina og þingheim lögfræðiálitum um þetta og hitt og þau stönguðust oft á. Ég nefni t.d. 26. gr. um heimild forseta, þar fengum við þrjú mismunandi álit, og ég gat fallist á þau öll, hvert og eitt einasta, ég las þau öll og gat fallist á þau öll.

Varðandi það af hverju ekki hefur reynt á þetta ákvæði, það er bara vegna þess að menn verða að ganga í félag opinberra starfsmanna, þeir neyðast til þess að borga hv. þm. Ögmundi Jónassyni sem formanni BSRB skatt, af því að ef þeir gera það ekki þá njóta þeir ekki alls konar fyrirgreiðslu sem stéttarfélögin veita, eins og t.d. sumarbústaði og sitthvað fleira, heilsurækt og annað, aðild að sjúkrasjóði o.s.frv. Það væri mjög heimskulegt af fólki, fyrst það verður að borga skattinn, fyrst það verður að borga félagsgjaldið, að nota ekki það sem það fær fyrir það. Þetta er því tilbúin skylda til að vera aðili að félagi.

Hins vegar væri mjög gaman að fá fram dómsmál um þetta, fá fram prófmál, að einhver opinber starfsmaður neitaði að borga í stéttarfélag. Ég gerði það einu sinni. Ég var kennari og neitaði að borga í stéttarfélag en merkilegt nokk, ég komst upp með það, menn gerðu ekkert í málinu. Það er kannski af því að þetta átti við mig.

[11:59]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, formanni Samfylkingarinnar, fyrir að taka upp hanskann fyrir verkalýðshreyfinguna. Ég er sammála því sem fram kom í málflutningi hans. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að ef líf verkalýðshreyfingarinnar og sá rammi sem hún starfar samkvæmt stangast á einhvern hátt við stjórnarskrá Íslands þá þarf að endurskoða stjórnarskrána.

Hæstv. forseti. Ég er mjög sjaldan sammála Verslunarráðinu, en ég vil gjarnan að Verslunarráðið lifi. Ég vil bara hafa mótvægi. Ég er mjög sjaldan sammála Samtökum atvinnulífsins, en ég vil gjarnan að Samtök atvinnulífsins séu til. Ég vil bara mótvægi. Ég er ekki alltaf, og kannski mjög sjaldan, sammála stjórnmálaskrifum Morgunblaðsins, en ég vil gjarnan að þau stjórnmálaskrif séu til og að sú rödd heyrist. Ég vil bara að til sé mótvægi.

Ég er nefnilega fylgjandi fjölþátta lýðræðisþjóðfélagi. Slíkt þjóðfélag byggir á jafnvægi. Það byggir á jafnvægi innan vinnustaðanna og jafnvægi í samfélaginu almennt. Hver veitir atvinnurekandavaldinu aðhald og skapar jafnvægið og hver skapar jafnvægið með aðhaldi gagnvart fjármagnsöflunum í samfélaginu önnur en verkalýðshreyfingin? Ef við erum sammála um þetta þarf að tryggja líf verkalýðshreyfingarinnar. Ég er á þeirri skoðun að allir eigi að greiða til stéttarfélaganna vegna þess að sannfæring mín er að líta eigi á stéttarfélögin og verkalýðshreyfinguna sem einn af grunnpóstunum í lýðræðissamfélagi. Þá þurfa slík félög að sjálfsögðu að starfa lýðræðislega og verkalýðshreyfingin einnig. Það er umræða sem ég er tilbúinn að taka og á stöðugt að vera í gangi og er það.

Eitt það fyrsta sem hægri öfgakonan Margaret Thatcher reyndi að fá framgengt í upphafi valdaferils síns, undir lok áttunda áratugarins, og líka fóstbróðir hennar og skoðanabróðir í Bandaríkjunum, Ronald Reagan, var að grafa undan verkalýðshreyfingunni. Þetta hefur verið viðkvæðið hjá öfgafyllstu hægri frjálshyggjumönnum. Ekki almennt hjá hægri sinnuðu fólki, alls ekki, því innan verkalýðshreyfing-

arinnar starfar fólk úr öllum stjórnmálaflokkum. Vísað var í BSRB. Þar er fjöldinn allur af sjálfstæðismönnum, framsóknarmönnum, samfylkingarfólki, VG og frjálslyndum, sem sagt fólk úr öllum stjórnmálaflokkum. (**HBl:** Vill ekki Samfylkingin eigna sér verkalýðshreyfinguna?) Jú, því var síðan mótmælt. Ég held að það hafi verið öfugt, að tilteknir starfsmenn verkalýðshreyfingarinnar ætluðu að eigna sér tiltekna aðila innan Samfylkingarinnar, enda risum við þá mörg upp og sögðum að verkalýðshreyfingin væri okkar allra, fólks úr öllum ... (**Gripið fram í:** Heyr heyr.) (**HBl:** ... Samfylkingin dró nú til sín miklar eignir verkalýðshreyfingarinnar eins og við munum þegar slit urðu milli Alþýðuflokksins og Alþýðusambandsins.) Nú er hv. þm. Halldór Blöndal og hæstv. forseti Alþingis kominn í sögulegar rannsóknarvangaveltur sem ég held að þurfi að taka við betra tækifæri.

Það sem ég er að leggja áherslu á er að innan verkalýðshreyfingarinnar er fólk úr öllum stjórnmálaflokkum. Ég er að lýsa viðhorfum öfgafullra hægri frjálshyggjumanna. Frumvarpið sem hér er til umræðu er dæmigert fyrir slíka afstöðu, að grafa undan verkalýðshreyfingunni. Reyndar kemur fram ákveðin mótsögn í þeim málflutningi sem við heyrðum áðan frá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Hann sagði að tekið væri að færast í vöxt að einstaklingar semdu beint við atvinnurekandann inni á vinnustöðum, einstaklingssamningar, en að vísu væri samið um lágmarkssamninga og um lágmarkskjör. Hver skyldi gera það fyrir hönd launafólks? Það gera samtök launafólks. Það gerir verkalýðshreyfingin.

Ég veit ósköp vel að til er fjöldinn allur af fólki, sem betur fer ekki svo ýkja margir hér á landi enn sem komið er, en til eru þeir einstaklingar, hv. þingmaður lýsti sjálfum sér sem slíkum, að hann hefði lagst í mikla mannréttindabaráttu fyrr á tíð til að reyna að komast út úr verkalýðsfélagi. Margir vilja standa utan verkalýðsfélaganna, greiða ekki til þeirra en láta hina borga, láta hina smíða lágmarkskjörin, láta hina smíða lágmarksréttindi, fleyta síðan rjómann ofan af sjálfir en standa utan hreyfingarinnar og axla enga ábyrgð. Þetta finnst mér ósköp vesælt viðhorf. Launafólk á allt að standa að stofnununum til að skapa þessa mikilvægu stoð í lýðræðislegt fjölþátta samfélag.

Ég held líka að það sé að vissu leyti hagsmunamál samfélagsins alls að tryggja breiða aðkomu að verkalýðsfélögunum. Ég hlustaði einu sinni á fróðlegt erindi sem formaður, að ég hygg, háskólamenntaðra starfsmanna ríkis og sveitarfélaga í Svíþjóð hélt hér. Hún talaði fyrir því sjónarmiði að við reyndum að tryggja sem breiðasta aðkomu að verkalýðshreyfingunni og sagði: „Í Frakklandi og víðar er þátttakan í verkalýðsfélögum víða í mörgum greinum orðin mjög lítil. Ég veit alveg hvernig það væri í mínu félagi ef einvörðungu 10%–20% starfsmanna ættu aðild að félaginu, ég veit alveg hverjir það væru og hvaða sjónarmið væru þar uppi.“ Það getur vel verið að það væru einmitt skoðanabræður mínir, ég er ekkert alveg frá því, þeir sem vildu veita fjármagninu sem kröftugast aðhald. En hún sagði: „Er það þetta sem við viljum? Er þetta í anda þess jafnvægis sem samfélagið kallar á? Ég held ekki.“ Það var niðurstaða hennar.

Ef við horfum til þess sem gerist í þinginu t.d., þá vinnum við málin í þessum anda, að kalla að ólík sjónarmið, sjónarmið sem flestra aðila til að varpa ljósi á málin frá öllum hliðum. Ég hef fundið fyrir því og fann það mjög vel áður en ég kom á Alþingi að þingmenn eru þakklátir öllum sem koma á þeirra fund jafnvel þó þeir séu þeim mjög ósammála, vegna þessa mikilvæga hlutverks að varpa ljósi á málin úr öllum áttum.

Ég tel mjög mikilvægt að tryggja aðkomu verkalýðshreyfingarinnar, aðkomu launafólks og málsvara launafólks að slíkri umræðu. Ég held að það sé gott fyrir samfélagið, en þá verður líka hreyfingin að vera til. Þá megum við ekki búa til fyrirkomulag sem gerir það að verkum að þeir sem ekki vilja axla ábyrgð, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sem reyndi að komast út úr verkalýðshreyfingu og komast hjá því að greiða til þessarar sameiginlegu baráttu, að þeir aðilar geti skotið sér undan ábyrgð og látið hina um hituna, látið hina um að fjármagna fundina og vinnuna sem fram fer um aðskiljanleg mál sem lúta að réttindum launafólks og lýðræðinu í samfélaginu.

Þess vegna er ég algerlega ósammála frumvarpinu og þeirri hugsun sem það hvílir á vegna þess að það grefur undan fjölþátta lýðræðissamfélagi.

[12:09]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki á sama máli og hv. þm. Ögmundur Jónasson um að BSRB mundi líða undir lok ef ekki væri skylda að greiða í félagið. Ég hugsa að opinberir starfsmenn vilji vera í stéttarfélagi, eða er ekki svo? Hv. þingmaður gerir ráð fyrir að einungis 10%–15% mundu greiða í félagið ef þeir þyrftu þess ekki. Almáttugur. Hvers lags skoðun foringjans er þetta á liðsmönnum sínum? Verslunarráðið og Samtök atvinnulífsins eru ekki með skylduaðild, Samtök iðnaðarins eru eingöngu með skylduaðild. Verslunarráðið þarf að berjast fyrir félagsmönnum sínum, ekki með skylduaðild og það vill ekki fá hana reikna ég með vegna þess að tengslin verða miklu nánari þegar fólkið þarf ekki að borga í félagið. Tengslin yrðu miklu nánari við félagsmenn ef menn þyrftu ekki og yrðu ekki að borga í stéttarfélagið eins um skatt væri að ræða. Þá mundu menn spyrja: Hvað fæ ég fyrir það?

Hv. þingmaður talaði um stöðnun ef ekki yrði skattur á félagsmennina. Það er aldeilis álit sem formaður BSRB hefur á starfi sínu og samtökunum, að fólk vilji ekki vera þarna nema það sé skyldað til þess. Síðan sagði hann að ef skylduaðildin að verkalýðshreyfingunni rækist á stjórnarskrána skyldum við bara breyta henni. Verkalýðshreyfingin á sem sagt að breyta stjórnarskránni. Ég hélt að það væri meira mál en það að breyta stjórnarskránni og þjóðin öll tæki ákvörðun um það en ekki bara BSRB eða formaður þess.

Hvernig skyldi sjálfstæðismanni, samfylkingarmanni eða framsóknarmanni í BSRB líða að þurfa að borga skatt til stéttarfélags síns sem rennur svo til BSRB og fulltrúi þess er kominn á þing og er með allt aðrar skoðanir, hvernig skyldi þessu fólki líða? Það verður að borga skatt til þessa aðila.

[12:12]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að félögum mínum í BSRB líði bara alls ekkert illa, enda reyni ég að viðurkenna og virða að það eru mismunandi pólitískar skoðanir innan samtakanna. Við sameinumst hins vegar um tiltekna þætti sem snúa að réttindum launafólks og lýðræði í samfélaginu og um það er fullkomin eining á meðal fólks, líka fólks úr flokki hv. þm. Péturs H. Blöndals.

Varðandi það að ég hafi litla trú á eigin samtökum og eigin starfi, ég held að það hafi ekkert með starf mitt að gera. Ég held að við mundum vera í svipuðum farvegi og Norðurlandaþjóðirnar með aðild að stéttarfélögum ef við breyttum þessum reglum, en þar er aðildin 80% eða þar um bil.

Ég horfi hins vegar á málið með langtímaþróun í huga. Ég horfi til þess sem er að gerast í Evrópu þar sem aðild að verkalýðshreyfingunni hefur farið hríðfallandi á undanförnum árum, enda hafa mörg ríki þurft að búa við stjórnvöld sem hafa verið mjög andvíg verkalýðshreyfingunni og gert allt sem í þeirra valdi hefur staðið til að koma fólki út úr hreyfingunni. Þetta hefur verið sérstaklega erfitt á atvinnuleysistímum því þá hafa verið brögð að því að atvinnurekandinn hafi stillt hinum atvinnulausa upp við vegg og sagt: Ég skal ráða þig í vinnu að því tilskildu að þú standir utan verkalýðsfélaga. Þess vegna getur skylduaðildin verið trygging fyrir launamanninn að þessu leyti. Þess vegna tel ég þetta vera enn eina ástæðuna fyrir því að halda því fyrirkomulagi sem við búum við.

[12:14]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það vill svo til að ég þekki opinberan starfsmann sem er meira að segja meiri sjálfstæðismaður en ég og honum líður oft illa yfir því sem básúnað er í hans nafni. „Stjórn BSRB ályktar", o.s.frv. Það er ekki alltaf í hans anda.

Mikið af þeim réttindum sem verkalýðshreyfingin hefur sem betur fer barist fyrir á undanfarinni öld eru komin í lög. Fyrir Alþingi liggur lagafrumvarp um lágmarkslaun sem búið er að flytja hér ár eftir ár frá einum þingmanni Samfylkingarinnar. Þegar það verður komið, hvað er þá eftir?

Ég held að verkalýðshreyfingin hafi mjög mikið hlutverk. Ég á mjög gott samstarf við verkalýðshreyfinguna um ýmis mál sem eru sameiginleg hugðarefni mín og verkalýðshreyfingarinnar, t.d. velferðarkerfið. En það að skylda menn með lögum til að borga skatt til BSRB veldur stöðnun. Það gerir verkalýðshreyfinguna að stofnunum og það er henni ekki í hag, ekki frekar en þjóðkirkjunni sem er í tengslum við ríkið. Menn sitja á lárviðarsveigunum alla daga og fá bara tekjurnar inn sem skatt, 1% af launum allra opinberra starfsmanna. Það er nú aldeilis hugguleg skattur og menn geta aldeilis hvílt sig á lárviðarlaufunum og dundað við eitthvað allt annað en að gæta hagsmuna félaga sinna sem þeir yrðu að gera ef ekki væri skylduaðild.

[12:16]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrir nokkrum árum skrifaði maður að nafni Fukuyama fræga bók sem hét Endalok sögunnar, The End of History. Hann taldi að nú væri lokið öllum átökum um kerfin í heiminum, nú snerist lífið bara um að velja á milli Sparr og OMO út í búð og annarra vörutegunda, þetta væri allt búið. Hann átti þetta sammerkt með Karli gamla Marx sem taldi að sögunni mundi ljúka við byltingu kommúnismans. Ég held að þetta sé svolítil einföldun á framvindunni og að sagan sé nú ekki búin og við eigum eftir að takast á um hvernig við viljum skipa okkar samfélagi og skipuleggja það almennt. Það sem ég er að tala fyrir er að tryggja lýðræðislega aðkomu, fjölþátta aðkomu fólks þannig að fulltrúar fjármagnsins fái aðhald frá launafólkinu. Ég tel að verkalýðshreyfingin eigi að sinna þessu aðhaldi.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal segist hafa átt gott samstarf við verkalýðshreyfinguna og leggja upp úr því að hún sé til, eða hvað? (Gripið fram í.) En að sama skapi lýsir hann því yfir sjálfur að hann hafi reynt — og er að stæra sig af því — að hann hafi sjálfur reynt að komast út úr verkalýðshreyfingunni, hann nefnilega vilji láta aðra borga fyrir þetta. Hann ætlar ekki að gera það sjálfur. Það eru aðrir sem eiga að borga brúsann. Hún á að vera til þessi hreyfing fyrir hann væntanlega. En hann vill bara ekkert borga. Það eru bara hinir sem eiga að borga. Þessu sjónarmiði er ég að andmæla.

Síðan segir hv. þingmaður dálítið sem mér finnst vera nokkuð lýsandi, þ.e. að ef við fáum valfrelsi, innleiðum valfrelsi þá verði verkalýðshreyfingin að fara að hugsa svolítið öðruvísi vegna þess að fólkið mun spyrja: „Hvað fæ ég? En hvað fæ ég?"

Það sem verkalýðshreyfingin hefur lagt mikið upp úr í tímans rás er að byggja á samstöðuhugsun þar sem menn hugsa einmitt ekki á þennan veg, (Gripið fram í.) þ.e. hvað fæ ég, heldur hvers konar samfélag þeir vilja búa til og hvernig þeir fara að því að tryggja félagslegt réttlæti í samfélaginu.

[12:18]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir að flytja þetta frumvarp hér á þingi um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Það er frumvarp um rétt manna til þess að standa utan verkalýðsfélags eða stéttarfélags. Eins og fram hefur komið þá er þetta frumvarp ekki flutt nú í fyrsta skipti. Á síðasta þingi var ég einn flutningsmanna þessa frumvarps en er það ekki lengur af einhverjum ástæðum. En það breytir því ekki að ég styð það sem fram kemur í frumvarpinu og þá meginhugsun sem þar er lýst.

Stéttarfélögin eru náttúrlega dálítið sérstakir klúbbar. Þau færa stjórnendum félaganna gríðarlega mikil völd í skjóli m.a. skylduaðildarinnar og greiðsluskyldunnar sem launþegum er að lögum gert að uppfylla. Þessum völdum er beitt m.a. til þess að launþegar geti haft með sér samráð. Mönnum hefur á síðustu vikum og missirum kannski verið dálítið umhugað um samráð ýmiss konar og séð ýmislegt samráði til foráttu. Ég held að það megi halda því fram að samráð launþega á vinnumarkaði sé nú eitthvert umfangsmesta samráð sem átt hefur sér stað á íslenskum markaði. En málunum er nú venjulega stillt upp með öðrum hætti.

Það er allt í lagi að nefna þetta í þessu sambandi.

Ég er almennt þeirrar skoðunar, og þess vegna kem ég hér upp til þess að leggja orð í belg, að ég er í prinsippinu á móti því að menn séu skyldaðir til aðildar að félögum. Það skiptir engu máli hvort um er að ræða stéttarfélög eða einhvers konar annan félagsskap. Ég er þeirrar skoðunar að vilji menn standa utan félags þá eigi þeir að hafa frelsi til þess, menn eigi að fá að ráða því sjálfir hvort þeir eru í félaginu eða ekki. Menn eiga að fá að ráða því sjálfir, svo við tölum nú bara um stéttarfélögin, hvort þeir vilji njóta þeirra kjaralegu réttinda sem stéttarfélögin vilja tryggja þeim eða ekki, þ.e. hafi leyfi til þess að semja sjálfir um kaup sitt og kjör á markaði ef þeim líkar t.d. ekki sú kjarastefna sem stjórn viðkomandi stéttarfélags rekur og telja sig geta náð fram betri samningum upp á eigin spýtur en í gegnum þetta tiltekna stéttarfélag.

Ég tel að menn eigi líka að fá að ráða því hvort þeir vilji njóta einhverra annarra réttinda, t.d. aðgangs að sumarbústöðum sem sum þessi félög veita sínum félögum, eða annarrar þjónustu sem þeir þurfa náttúrlega að borga fyrir og kæra sig kannski ekki um að gera, en þurfa engu að síður að gera það í núverandi lagaumhverfi. Auðvitað eiga menn að hafa rétt til þess að ákveða sjálfir hvort þeir eigi aðild að slíku félagi eða ekki.

Ég mótmæli því að í þessum sjónarmiðum sem ég er hér að lýsa felist einhver öfgafrjálshyggja. Er það öfgafrjálshyggja að vilja leyfa einstaklingum að ákveða sjálfir hvort þeir tilheyri tilteknu félagi eða ekki? Er það öfgafrjálshyggja að heimila mönnum að kjósa að standa utan einhvers félagsskapar sem þeir hafa engan áhuga á að tilheyra, hvað þá ef slík aðild kostar þennan tiltekna aðila drjúgan skilding að þurfa að vera partur af klúbbnum sem hann hefur engan áhuga á að taka þátt í? Þetta sjónarmið lýsir engri öfgafrjálshyggju. Þetta eru bara klassísk mannréttindi sem hér er verið að lýsa, sem hafa verið viðurkennd ekki bara í okkar stjórnarskrá heldur í stjórnarskrám allra a.m.k. vestrænna ríkja, þ.e. réttur manna til þess að standa utan félaga hvort sem það eru stéttarfélög eða önnur félög.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er lagt til að 2. mgr. 7. gr. núgildandi laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna verði felld brott. Það ákvæði er dálítið sérstakt. Það segir að starfsmaður sem lögin taka til og er eigi innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum greiði gjald til þess stéttarfélags sem hann ætti að tilheyra jafnt því sem honum bæri að greiða ef hann væri í félaginu. Þetta er dálítið sérstök grein. Hún felur það í rauninni í sér að viðkomandi launþega er heimilt að standa utan félagsins í orði kveðnu. En það hvílir á honum greiðsluskylda. Ef hann vill standa utan félagsins þá verður hann samt sem áður að greiða félagsgjald í félagið. Þetta er, eins og segir í frumvarpinu, ekkert annað en dulbúin skylda, dulbúin skylda að tilteknu félagi. Mér finnst hv. þm. Ögmundur Jónasson vera heiðarlegur hvað það varðar að það er bara hans skilningur og honum finnst eðlilegt að slík skylda sé til staðar. En ég er honum ekki sammála.

Ýmsir sem hafa komið að málefnum launþega og verkalýðsfélaganna á síðustu árum hafa lýst annarri skoðun sinni á þessu máli. Ég minnist þess t.d. að á árunum 1994 og 1995, þegar ég var í háskólanum, en endurskoðun stjórnarskrárinnar átti sér stað þá, var reyndar umræða um hvort heimila ætti stúdentum að standa utan félagsskapar sem heitir stúdentaráð. Þá héldu verkalýðsforkólfar eins og Lára V. Júlíusdóttir og Benedikt Davíðsson því fram í þeirri rökræðu sem þá átti sér stað að í raun væri ekki félagsskylda eða aðildarskylda að stéttarfélögum, það væri bara greiðsluskylda. En á þessu er auðvitað enginn munur. Auðvitað er þetta tóm tjara. Þetta sjónarmið sem þá var lýst kemur fram í bók Láru V. Júlíusdóttur hæstaréttarlögmanns sem heitir Stéttarfélög og vinnudeilur og er frá árinu 1994. Þar fjallar hún um rétt manna til þess að standa utan félaga. Þar er sagt að samkvæmt íslenskum lögum, með leyfi forseta: „... er launafólk ekki skyldað til þess að vera í stéttarfélagi ...“ Hins vegar er fjallað um hina eðlilegu greiðsluskyldu þeirra sem vilja standa utan félaga.

Það er meira að segja gengið svo langt — mér finnst reyndar mjög ósmekklegt að halda því fram — að greiðsluskyldan feli í rauninni í sér hvatningu til manna til þess að vera í félagi. Ég meina: Hvers konar málflutningur er þetta? Við erum ekkert að tala um neitt annað en þvingaða félagaaðild fólks að félögum, í þessu tilviki stéttarfélagi. Þannig er það og því kerfi er ég ósammála. Ég er þeirrar skoðunar að menn eigi að hafa rétt til þess að standa utan félaga, hvort sem það er stéttarfélag opinberra starfsmanna, knattspyrnufélag eða hvaða félag sem er, stjórnmálaflokkur. Þetta eru allt félög.

Ég tek undir það sem kemur fram í greinargerðinni að auðvitað hlýtur skylduaðild eins og þessi í hugum manna, a.m.k. í mínum huga, að stríða gegn félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Að minnsta kosti heggur hún ansi nærri því að brjóta gegn því ákvæði. Það er furðulegt að jafnræði manna sé brotið með þeim hætti sem löggjöfin kveður á um og gerð er grein fyrir í greinargerð. Það er alveg sama hvað menn segja. Auðvitað er greiðsluskyldan sem er lögbundin ekkert annað en skattheimta gagnvart launþegum. Þeir komast ekkert undan því að greiða í þetta félag hvort sem þeim líkar betur eða verr, rétt eins og sá sem kaupir sér sjónvarpstæki kemst ekkert hjá því að greiða afnotagjöld til Ríkissjónvarpsins eða Ríkisútvarpsins. Þetta er skattur og ekkert annað og við skulum bara kalla hann skatt.

Mér finnst síðan athyglisvert það sem fram kemur í greinargerðinni að þar er vísað til ritgerðar, kandídatsritgerðar í lögfræði frá árinu 1992, Elínar Blöndal lögfræðings sem ég man nú ekki hvar starfar í svipinn þessa dagana. Hún kemst að því í ritgerð sinni að 7. gr. laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna samrýmist ekki ákvæði 2. gr. ILO nr. 87, Alþjóðavinnumálastofnunar. Þetta ættu menn kannski að skoða. Erum við Íslendingar með þessu ákvæði sem hér er lagt til að verði fellt brott að brjóta gegn tilmælum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eða tilskipun?

Virðulegi forseti. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að menn eigi að hafa fullan rétt til þess að standa utan stéttarfélaga og standa utan þeirra félaga sem þeir vilja ekki eiga aðild að. En ég velti því fyrir mér hvernig hv. þingmenn eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson lítur á hugsanlega millileið eða millileik í stöðunni?

Er nauðsynlegt að skylda alla sem undir lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna heyra til fullrar aðildar að

félaginu? Kæmi til greina að þeir yrðu skyldaðir til aðildarinnar að félaginu að því marki sem lýtur að þessu stóra máli sem hv. þingmaður lýsti, þ.e. kjarasamningsgerð á vinnumarkaði, en séu frjálsir undan öðrum þáttum, annarri starfsemi eða þjónustu sem félagið stendur fyrir?

Ég lýsti því áðan t.d. að stéttarfélögin bjóða félögum sínum upp á að fara í sumarbústaði sem eru í eigu félaganna og þar með þeirra sjálfra og þeir hafa kostað til. Nú er það svo að þessi uppskipting eða aðgreining er gerð hvað aðrar starfsstéttir varðar. Ekki er langt síðan samþykkt voru lög um regluverk hvað varðar fasteignasala. Ég greiddi reyndar atkvæði gegn skylduaðild löggiltra fasteignasala að félagi þeirra en engu að síður varð niðurstaðan sú að fasteignasalar eru í dag skyldaðir til þess að eiga aðild að Félagi fasteignasala en þó einungis að hluta þeirrar starfsemi sem félagið stendur fyrir. Það er frjáls aðild að félagsdeild félagsins, þ.e. þeirri deild sem rekur sumarbústaði og heldur fundi o.s.frv. Það sama má segja um t.d. Lögmannafélag Íslands. Þar eru menn skyldaðir til að greiða félagsgjöld vegna tiltekinnar starfsemi félagsins en eru frjálsir að því að eiga aðild að félagsdeildinni.

Ég velti því fyrir mér hvernig hv. þm. Ögmundi Jónassyni, formanni BSRB, líst á þessar hugmyndir, hvort við getum tekið a.m.k. eitt lítið skref til baka, eða er það algjört skilyrði að menn séu eins múlbundnir og núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir?

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég vildi koma þessum sjónarmiðum mínum á framfæri og lýsa yfir stuðningi við málið og þá hugsun sem þar kemur fram.

[12:32]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir innlegg hans hér og málefnalegar spurningar.

Aðeins í upphafi varðandi samráðið þá er ég er ekki í hópi þeirra sem er mjög heilagur. Ég hef verið talsmaður samvinnu og legg ekki að jöfnu það sem gerist innan verkalýðshreyfingarinnar annars vegar, milli launafólks, og þess sem gerist í Öskjuhlíðinni eða hjá olíufyrirtækjunum hins vegar og minni á að Thatcher talaði á sínum tíma einmitt um verkalýðshreyfinguna sem stærsta einokunarhring landsins þar sem fólk sammæltist um verðlagið á vöru sem heitir vinna. Ég er fylgjandi slíku samráði og tel það vera gott og til þess að styrkja launafólk og stuðla að jöfnuði í þjóðfélaginu sem ég tel vera grundvallaratriði. (**Gripið fram í:** *Líka í lífeyrissjóðunum?*) *Já, líka í lífeyrissjóðunum* þar sem ég vil hækka kjörin upp á við að undanteknum tilteknum hópi sem er reyndar í þessu herbergi.

Síðan varðandi þá grundvallarspurningu sem hv. þingmaður teflir hér fram. Eru til einhverjar millileiðir? Hann dregur upp mynd sem er nokkuð skýr. Annars vegar segir hann, og tekur undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal: Það eru mannréttindi að geta staðið utan félags. Hver og einn á að vera frjáls til þess að ákveða það. Og hann gengur lengra sem mér finnst ágætt að heyra: *Ef slíkt er gert á hann að* taka öllum afleiðingum gjörða sinna og afsala sér þeim réttindum sem ávinningur kjarabaráttunnar hefur fært. Hann á að taka algjörlega ábyrgð á sjálfum sér.

Hins vegar er hitt sjónarmiðið sem ég er fulltrúi fyrir þar sem sagt er: Við eigum að líta á verkalýðshreyfinguna og samtök launafólks sem hluta af lýðræðisþjóðfélaginu og allir eiga að eiga aðild að því.

Það sem ég held fram er að ef við förum hina leiðina þá snúist frelsið (Forseti hringir.) til að standa utan félags upp í andhverfu sína og ég mun skýra það í síðara andsvari.

[12:34]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil taka það skýrt fram áður en lengra er haldið að þegar ég fjallaði um samráð, sem hv. þingmaður kallaði líka samvinnu, samráð launþega gagnvart atvinnurekendum, þá var ég ekki að líkja því við samráð sem hefur kannski helst verið til umræðu á síðustu vikum og missirum og varða tiltekin félög hér í þjóðfélaginu, en mér fannst engu að síður rétt að varpa því fram. Auðvitað er þetta samráð. Það er alveg sama hvort menn kalla það samvinnu eða nota einhver önnur orð, samráð er það.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson talar um að þeir sem standi fyrir utan verði að taka afleiðingum gjörða sinna. Ég er alveg sammála því. Það er alveg skýrt í mínum huga að þeir sem vilja standa utan félaga verða að taka afleiðingum þess. Þeir mega búast við því að kjör þeirra verði hugsanlega lakari en hinna sem mynda með sér félag til að berjast sameiginlega fyrir hagsmunum sínum.

Ég geri mér líka grein fyrir því að ef til frjálsrar aðildar kemur kunni hugsanlega að koma upp vandamál, svokallað „free-rider" vandamál. Það kann að gerast að einhverjir flækist með og græði á samráði hinna sem hafa ákveðið að mynda með sér einhvern tiltekinn félagsskap. Mér finnst þau rök ekki vega þyngra en rökin um rétt manna til að standa utan félaga sem þeir vilja ekki vera hluti af. Það finnst mér vera lykilatriði.

Ég spyr hv. þingmann enn og aftur: Hvernig hugnast honum hugmyndir um að hluti af starfsemi þessara félaga verði gerður félagsskyldur (Forseti hringir.) en félagslegi hlutinn ekki?

[12:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg hárrétt, nema ég held að það gerist í ríkari mæli en hv. þingmaður telur að þeir sem standa utan stéttarfélaga eða kjósa að gera það, njóti ávaxtanna af erfiði hinna og peningum sem þeir verja til félagsstarfsins þó að þeir standi sjálfir fyrir utan. Ég ætla að reyna að botna þessa hugsun.

Ef við göngum út frá því að hver og einn geti valið er sú staðreynd fyrir hendi og reynslan sýnir okkur það erlendis frá að á atvinnuleysistímum, ég gat um þetta aðeins áðan, hafa atvinnurekendur stillt einstaklingunum upp við vegg og sagt: Ég skal ráða þig í vinnu að því tilskildu að þú standir utan félags. Eins muni það gerast að ef einstaklingurinn og atvinnurekandi, við skulum ekki gleyma því að þeir koma báðir að þessu, geta valið um að greiða iðgjald *sem lýtur aðeins að grunnþjónustu en ekki að því sem kann* að vera til viðbótar, þá muni atvinnurekandinn einnig beita þvingunarvaldi sínu í þessa veru. Þá er hætt við því að það sem hv. þingmaður, og ég geri ekkert lítið úr því sjónar-

miði, lagði upp með sem mannréttindakröfu, kröfu einstaklings að geta staðið utan félags, hafi snúist upp í andhverfu sína og svipti hann réttindum, vegna þess að í því felst ákveðin vörn fyrir einstaklinginn að þetta sé skylda þar sem hann nýtur alls pakkans.

Þá erum við komin að grunnhugsuninni hjá mér. Ég er að reyna að berjast fyrir viðurkenningu á því að einn af grunnpóstunum í lýðræðisþjóðfélagi sem byggir á blönduðu hagkerfi, sé verkalýðshreyfingin. Ég væri tilbúinn að ræða um frelsi einstaklingsins til að vera í verkalýðsfélagi og þar þarf verkalýðshreyfingin að taka á honum stóra sínum. Það hafa iðulega verið mikil átök milli verkalýðshreyfinga um slíkt val. Það er önnur saga. (Forseti hringir.) Þetta er svar mitt við þeirri grundvallarspurningu sem hv. þingmaður tefldi hér fram.

[12:39]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Af því hv. þm. Ögmundi Jónassyni er svo umhugað um lýðræðið, þá verð ég að segja að þetta rekst allt hvað á annars horn. Það er ekki sérstaklega mikið lýðræði falið í því að skylda menn til aðildar að félögum sem þeir hafa engan áhuga á að eiga aðild að. Það er bara þannig. (**ÖJ**: Það er atvinnurekandinn sem hefur ekki áhuga á því.) Síðan er það röksemd hjá hv. þingmanni að ef sú leið verður farin að hluti af starfsemi stéttarfélags verði gerður aðildarskyldur en annar frjáls, muni atvinnurekandinn beita þvingunarúrræði sínu til þess að draga máttinn úr stéttarfélögunum og beina öllum einungis inn í skylduaðildarþáttinn en ýta mönnum út úr hinu frjálsa félagaformi.

Ég held við megum ekki gefa okkur það að atvinnurekendur séu slík skrímsli að þeir beiti brögðum gagnvart launþegum eins og hv. þingmaður vék hér að. Atvinnurekandinn er líka góður og launþegar mega þakka honum ýmislegt. Það er atvinnurekendum og þeim sem leggja í fjárfestingar talsvert að þakka að launþegarnir hafa vinnu. Við skulum ekki gleyma því. (**ÖJ**: Það verður að vera gagnkvæm virðing.) Já, gagnkvæm virðing. Ef fulltrúar launþega og þeir sem gæta hagsmuna þeirra vilja að atvinnurekendur sýni virðingu, þá verður virðingin að vera gagnkvæm. Mér hefur ekki fundist það alltaf vera viðkvæðið hjá verkalýðsforkólfunum að svo sé. (Gripið fram í.)

[12:41]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Barnsleg trú og einlægni þess hv. þingmanns sem hér talaði á gæði atvinnurekandans og mjög einlægur misskilningur á eðli þeirra lögmála sem fjármagnið gengur eftir, kreisti fram hjá mér ákveðin hughrif. Þennan ágætlega upplýsta hv. þingmann sem hélt hér að mörgu leyti snjalla ræðu virtist hins vegar skorta grundvallarþekkingu á sögu síðustu aldar. Hún var saga átaka af því tagi sem hv. þingmaður sagði að gætu ekki gerst. Hv. þingmaður sagði: Líta andstæðingar þessa frumvarps svo á að atvinnurekendur séu einhver skrímsli? Nei, við gerum það ekki en saga síðustu aldar, sérstaklega fyrri parts síðustu aldar, sýndi að þá braust fram aftur og aftur viðleitnin til þess að þvinga verkafólk frá því að taka þátt í stéttarfélögum, frá því að taka þátt með samræmdum aðgerðum í að bæta sín kjör. Þetta er það sem hv. þingmaður sagði að gæti ekki gerst í byrjun 21. aldar.

Frú forseti. Hvað er að gerast þessa dagana? Hvað er að gerast á almenna vinnumarkaðnum?

Á allra síðustu dögum höfum við séð það gerast að íslenskur verktaki við Kárahnjúka hefur sagt upp fjórum íslenskum starfsmönnum sem unnu við það að aka bifreiðum og í staðinn réð hann fjóra erlenda starfsmenn. Þeir höfðu ekki atvinnuleyfi. Þeir höfðu ekki tilskilin réttindi. Þeir voru ráðnir fyrir laun sem voru svo lág að allir fjórir fá greitt samanlagt minna en einn íslenski starfsmaðurinn. Hvar eru þá réttindi fólks til að taka höndum saman og hrinda frá sér ásókn sem þessari? Það verður að vera alveg ljóst, frú forseti, að íslenskur verkalýður, íslenskt verkafólk, hafi möguleika til að bindast samtökum þegar slík aðstaða kemur upp. Hún er að koma upp.

Hvað mundi gerast, frú forseti, ef þjónustutilskipun Evrópusambandsins yrði samþykkt í því formi sem hún er núna? Að vísu eru ákvæði þar inni sem undanþiggja tiltekna opinbera þjónustu. Það er hins vegar alveg ljóst, eins og ég skil þá þjónustutilskipun, að það er verið að ryðja leiðina, brjóta brautina fyrir starfsmannaleigur sem mundu leigja vinnuafl innan opinbera geirans.

Þá erum við komin að því grundvallaratriði sem við erum að ræða um sem eru stéttarfélögin og styrkur stéttarfélaganna til þess að verja hagsmuni félagsmanna sinna. Það er það sem málið snýst um. Frelsið er margrætt hugtak. Ég hef ákveðna samúð og skilning á því hugarfari sem liggur að baki máli hv. þingmanns þegar hann segir: Er það ekki í þágu frelsisins að leyfa fólki að standa utan stéttarfélaga? Jú, það er í þágu frelsisins og þess vegna er það heimilað í dag.

Hann gengur lengra og spyr: Er það ekki líka í þágu frelsisins að leyfa fólki að greiða ekkert endurgjald fyrir þá lágmarksþjónustu sem stéttarfélögin hafa veitt? Nei, segi ég. Það er ekki í þágu frelsisins vegna þess að ég lít á frelsið sem margbrotið hugtak sem hefur margar hliðar og mörg andlit.

Við þurfum líka að sinna því frelsi sem fólk á að hafa til að geta lifað með reisn. Sama við hvaða aðstæður það býr og sama hvað hendir það á lífsleiðinni, það verður að hafa frelsi til að lifa með reisn, lifa mannsæmandi lífi.

Það sem verkalýðshreyfingin og samtök launafólks hafa gert er að skapa umhverfi sem gerir þetta mögulegt. Ef ekki hefði verið samtakamáttur verkalýðshreyfingarinnar og launafólks væri ekki þetta umhverfi til í dag sem gerir fólki mögulegt að lifa með reisn. Margvísleg félagsleg réttindi hafa einungis orðið að veruleika vegna þess að verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir því. Síðan komum við hin í kjölfarið. Ungir menn eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson ganga að þessu sem gefnu en þetta er ekki gefið. Þetta var ekki gefið. Þennan rétt þurfti að skapa og taka með átökum. Það sýnir saga síðustu aldar.

Vera kann að hv. þingmenn séu þeirrar skoðunar að í þeirri friðsamlegu sambúð sem ríkir í samfélögum Vesturlanda í dag sé þetta orðið óþarft og úrelt. Fyrir nokkrum árum hefði jafnvel maður eins og ég hneigst til þess að taka undir það, en við höfum séð þróunina allra síðustu ár. Hún hefur verið með miklu harðara og harðsvíraðra móti hvað

varðar átök um réttindi en nokkur maður átti von á. Það sem er að gerast á vinnumarkaði í dag, almenna vinnumarkaðnum, er líklegt til þess að flytjast inn á opinbera vinnumarkaðinn ef einhverjar glufur opnast. Þá fer að sneyðast um það frelsi sem ég ræddi hér áðan, þ.e. frelsi til að lifa mannsæmandi lífi, til að lifa við ákveðin réttindi, frelsinu til að lifa með reisn. Frelsið er ekki hægt að túlka með þeim þrönga skilningi sem margir hægri menn hafa jafnan gert. Frelsið er hugtak sem verkalýðshreyfingin sjálf notaði mjög gjarnan fyrir aldamótin 1900. Þá var verkalýðshreyfingin að tala um að beita samtakamætti sínum til að búa til frelsi fyrir félagsmenn sína sem þá lifðu við margvíslega neyð og örbirgð, en þeir túlkuðu þetta alltaf sem frelsi einstaklingsins. Síðar hafa ýmiss konar hægri menn beitt þeirri túlkun á frelsishugtakinu með þeim hætti að hún hefur orðið miklu þrengri og hún hefur ekki horft til þessa félagslega frelsis sem skiptir hvern einasta einstakling svo miklu máli.

Þess vegna er ég á móti þessu frumvarpi hv. þm. Péturs H. Blöndals. Hv. flutningsmaður reifar þetta finnst mér undan þrengra sjónarhorni en félagi hans hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Hv. þm. Pétur Blöndal telur að það þurfi að koma þessu í burtu vegna þess að þetta stangist á við ákveðin ákvæði stjórnarskrárinnar. Mér finnast þau rök sem hv. þingmaður hefur fært í greinargerð sinni þar sem hann *lýsir því hvernig Félagsdómur frá 1998 hefur beinlínis sýnt* fram á það að þessi grein sem hann vill fella brott úr lögunum stangist ekki á við ákvæði um félagafrelsið.

Hv. þingmaður hefur sagt að vegna þess að Hæstiréttur hefur ekki um málið fjallað sé ekkert hægt að segja um það, eða þ.e. þá hafi Félagsdómur ekkert sérstakt gildi. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson tekur þetta hins vegar undan hinu almenna sjónarhorni frelsisins. Mér líkar í sjálfu sér sú umræða, en mér finnst hann taka þetta allt of þröngt.

Ég tók ekki eftir því að hv. þingmaður væri að reifa þetta vegna þess að hann teldi að þetta væri brot á þessum ákvæðum stjórnarskrárinnar, a.m.k. færði hv. þingmaður ekki mikil og sterk rök fyrir því. Mér fannst líka að hv. þingmaður hrinti í reynd þeim rökum þegar hann kom sjálfur fram með þá hugmynd að farin væri einhvers konar millileið, þ.e. að menn hefðu ekki fulla aðild að stéttarfélögum, en greiddu gjald fyrir einhvers konar lágmarksþjónustu. Mér skildist helst að það sem hv. þingmaður vildi fría menn undan væri að taka þátt í kostnaði sem verkalýðshreyfingin hugsanlega bakar sér með því að búa til orlofsbústaði fyrir sitt fólk. Það finnst mér nú ekki vera aðalatriði þessa máls.

Aðalatriðið er þetta:

Er afnám þessa ákvæðis í reynd skref í áttina að meira frelsi? Hv. þingmaður færði rök fyrir því með því að beita þröngum skilningi á frelsishugtakinu. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að afnám þessa ákvæðis, sérstaklega við þær aðstæður sem eru að skapast núna í samfélögum Vesturlanda, gæti leitt til þess að frelsi einstaklingsins, frelsi til að lifa með reisn, mundi minnka, það mundi skerðast.

Það er ekki síst af þeim ástæðum sem ég geld varhuga við þessu. Mér finnst hins vegar að hv. þingmaður, kannski án þess að hann geri sér grein fyrir því, hafi verið að láta glitta í ákveðinn skilning á því að það komi í reynd endurgjald af hálfu verkalýðshreyfingarinnar fyrir það gjald sem almennir félagsmenn greiða til hennar. Þess vegna var hann að reifa þá hugmynd að hægt væri að fara millileiðina sem fælist í því að þá kæmi lágmarksþjónusta gegn lágmarksgjaldi. Ég hafna því hins vegar og geri það með þeim rökum að ef sett yrði upp einhvers konar tveggja þrepa leið í áttina að þátttöku í verkalýðshreyfingunni, þá sýnir reynslan að samtakamáttur atvinnurekendanna og þrýstingurinn sem þeir geta beitt mun að sjálfsögðu í tímans rás og fyrr en seinna leiða til þess að mönnum yrði þrýst í þessa millileið.

Frú forseti. Einungis sú hugsun sem kemur fram hjá hv. þingmanni, varðandi millileiðina sýnir það alveg glöggt að hann er í hjarta sínu þeirrar skoðunar að verkalýðshreyfingin sé að inna af höndum ákveðna þjónustu, einnig fyrir þá sem stæðu utan verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar með formlegum hætti. Það er auðvitað alveg hárrétt. Hvað sem menn segja um þjónustu verkalýðsfélaganna gagnvart félagsmönnum sínum, þá eru það ákveðin *lágmarksréttindi* sem hún hefur samið um og hún hefur barist fyrir og eru í dag hluti af því sem við getum kallað sjálfsögð réttindi allra aðildarfélaga innan verkalýðshreyfingarinnar. Þetta kostar. Það kostar að vinna félagsmönnum slík réttindi inn. Það kostar átök. Það kostar fjármagn. Og þess vegna er það réttlætanlegt að menn greiði þetta gjald, jafnvel þótt þeir standi með formlegum hætti utan verkalýðsfélaganna sjálfra.

Ég skil vel að þeir sem eru aldir upp í hinum harða skóla frjálshyggjunnar, eru agaðir þar við allt öðruvísi frelsishugtak en við sem höfum verið á vinstri kanti stjórnmálanna, finnist sem þarna sé verið að sneiða utan af frelsinu, utan af svigrúmi einstaklingsins til að taka ákvarðanir um sig sjálfa. Ég er einfaldlega að halda því fram að þeir sem komast að þeirri niðurstöðu geri það vegna þess að þeir skilja frelsishugtakið allt of þröngt. Menn verða líka að hugsa til þess að fólk þarf að hafa frelsi til að lifa með reisn. Það lifir ekki með reisn nema því séu tryggð ákveðin lágmarksréttindi. Þau réttindi eru til staðar í samfélaginu í dag. Hver hefur tryggt þau? Samtök launamanna! Verkalýðshreyfingin!

Hvað er að gerast í samfélaginu í dag? Við sjáum að verið er að naga utan af og undan þessum réttindum sem við töldum sjálfsögð.

Ég hóf þessa ræðu, frú forseti, á því að rifja það upp hvað er að gerast við Kárahnjúka í dag. Þá er ég ekki að tala um hið ítalska verktakafyrirtæki heldur líka íslenskt verktakafyrirtæki sem á síðustu dögum hefur sagt upp fjórum starfsmönnum í kjördæmi hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur, og ráðið í snarhasti og svo að segja samdægurs fjóra erlenda starfsmenn á launum sem eru svo miklu lægri en þau laun sem íslensku starfsmennirnir nutu, að samanlögð laun þessara fjögurra erlendu starfsmanna eru minni en laun eins. *Þetta eykur samkeppnishæfni fyrirtækisins.* Það er engum vafa blandið. Ef menn komast upp með þetta mun það þegar til lengdar lætur og fyrr en seinna rýra samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja sem ekki geta af siðferðislegum eða öðrum ástæðum notfært sér þetta sama. Til lengdar mun þetta þess vegna rýra samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og íslensks atvinnulífs og þar með íslensks samfélags. En það sem skiptir mestu er að það rýrir samkeppnishæfni íslenska vinnuaflsins sem getur ekki keppt við þetta. Það er mergurinn málsins.

Þá komum við að þeim skilningi frelsisins sem ég legg mest upp úr, þ.e. frelsi mannsins til að lifa við mannsæmandi kjör, til að lifa við viðunandi aðstæður. Þetta sem hér er verið að leggja til gæti hrundið af stað þróun sem dregur úr því. Hv. þingmenn gætu komið og sagt: Þetta er þróun sem er að gerast á almenna vinnumarkaðnum. Ég óttast því miður að hún gæti rutt sér til rúms líka á þeim vinnumarkaði sem helgast af samskiptum opinberra starfsmanna og ríkisins.

Hér í gær voru t.d. umræður um þjónustutilskipun Evrópusambandsins. Það kom að vísu fram hjá hæstv. utanríkisráðherra að það er líklegt vegna andstöðu ESB-ríkja að henni verði í töluverðum atriðum breytt, en ef það gerist ekki þá yrði ákaflega erfitt fyrir okkur að hamla gegn henni og það gæti leitt til þess að starfsmannaleigur ryddu sér líka til rúms í opinbera geiranum. Þá er aftur að koma upp þessi staða og þá þurfa samtök launamanna að hafa sterka stöðu til þess að geta varist slíkum árásum á réttindi starfsmanna sinna. Þetta frumvarp mundi draga úr þeim möguleikum fyrr en seinna.

[12:57]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get að sínu leyti tekið undir það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að saga síðustu aldar hafi verið saga stéttabaráttu, a.m.k. fyrri hluti þeirrar aldar. Ég get alveg tekið undir það og ég hef kynnt mér þá sögu ágætlega. Ég held að við hv. þingmaður getum verið sammála um það að auðvitað er mikilvægt að fólki verði gert kleift að lifa með reisn í þjóðfélagi okkar. Það er enginn á móti því. Ég er ekki á móti því. Og flutningsmaður frumvarpsins er ekki á móti því.

Hv. þingmaður segir að launamenn verði að eiga möguleika á því að taka saman höndum og berjast fyrir réttindum sínum eða eftir atvikum að verja þann rétt sem áunnist hefur.

Ég er alveg sammála því. Þetta frumvarp mun engu breyta um það. Menn geta eftir sem áður stofnað sitt sameiginlega félag til að berjast fyrir hagsmunum sínum gegn atvinnurekendum. Þarf að leiða það í lög? Þarf að leiða félagaskylduna í lög, að menn verði að koma saman í einhverju tilteknu félagi til að berjast sameiginlega fyrir hagsmunum sínum? Auðvitað ekki. Ef menn sjá sér hag í því að koma saman og berjast sameiginlega fyrir hagsmunum sínum þarf slík félagaskylda ekkert að vera lögbundin. Það er algjörlega fráleitt.

Ég verð líka að segja að ég hef orðið fyrir ákveðnum vonbrigðum með yfirlýsingar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar varðandi þessa millileið sem ég nefndi. Ég vil taka það fram að í henni felst engin viðurkenning af minni hálfu á réttmæti félagaskyldu. Ég tók fram að ég er á móti því að menn séu skyldaðir til aðildar að stéttarfélögum eða hvers kyns félögum sem þeir vilja standa fyrir utan. En að það sé nauðsynlegt að skylda það í lögum að starfsmenn hins opinbera greiði hluta af launum sínum til þess að starfrækja sumarbústaði t.d. í Munaðarnesi í Norðurárdal. (**ÖJ:** Hefurðu verið þar?) Er það nauðsynlegt? Já, ég hef verið þar oft, hv. þingmaður. (**ÖJ:** Á kostnað opinberra starfsmanna?) Á kostnað opinberra starfsmanna, já. Mér finnst óþarfi að lögbinda slíka greiðsluskyldu. Ég skil ekki af hverju hv. þingmaður getur ekki tekið undir það með mér að félagaskylda að þessu leyti sé óþörf.

[12:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég efa ekki að þeir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem hér hafa talað eru ekki andstæðir því að fólk hafi möguleika til að lifa með reisn. Ég held hins vegar að þeir hugsi þetta mál allt of skammt. Hv. þingmaður segir að það þurfi ekki að lögbinda samtök og lögskylda menn til að vera í samtökum launamanna til að hægt sé að berjast gegn þeirri þróun sem ég var að lýsa áðan. Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þingmanni en ég er þeirrar skoðunar að slík lögskylda sé ekki fyrir hendi.

Mér virtist það koma fram í máli hv. þingmanns, reyndar líka í andsvarinu áðan, að hann telji réttmætt að gera ráð fyrir því að launamenn greiði ákveðið gjald fyrir þjónustu verkalýðsfélaganna. Það hlýtur að vera fyrir þá lágmarksþjónustu sem felst í að ávinna þeim og verja nauðsynleg lágmarksréttindi. Þar með er hv. þingmaður kominn að allt annarri niðurstöðu en hv. þm. Pétur H. Blöndal, félagi hans, sem telur að ekki eigi að vera um neitt slíkt endurgjald að ræða. Hann telur raunar að þar sé um hreinan skatt að ræða. Ég get ekki skilið hv. þingmann öðruvísi en svo að hann sé á allt annarri skoðun. Mér finnst það auðvitað skipta miklu máli í þessari röksemdafærslu.

Ég sé að hv. þingmaður hristir höfuðið — ég heyrði það ekki, ég sá það. Ég hlýt að álykta að hann sé ekki sammála þeirri ályktun sem ég dró af máli hans. En þá spyr ég hv. þingmann.: Ef hann er sammála því að leggja til millileið þar sem menn geta greitt, eins og mér skildist á hv. þingmanni, ákveðið lágmarksgjald, þá er það væntanlega til að fá ákveðna lágmarksþjónustu, en er hann þá ekki kominn á þá skoðun og í reynd að leggja til ákveðna lögbundna greiðsluskyldu, bara með öðrum hætti en hefur (Forseti hringir.) tíðkast?

[13:02]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er ákveðinn misskilningur í gangi. Ég lagði ekki til að tekin yrði upp þessi millileið sem við höfum rætt um, að menn væru skyldaðir til félagsaðildar vegna tiltekinnar starfsemi en væru frjálsir til þess að standa utan félaga vegna annarrar þjónustu sem stéttarfélögin eða önnur félög veita. Ég varpaði þeirri spurningu fram til hv. þm. Ögmundar Jónassonar hvort hann teldi að það væri hugsanleg leið í stöðunni, hvort nauðsynlegt væri að skylda menn til þátttöku í öllu því sem félögin standa fyrir.

Ég tók fram í ræðu minni að ég er algjörlega andsnúinn skylduaðild á hvaða formi sem hún er. Ég fór yfir það að þegar við settum lög um fasteignasala fyrir fáum mánuðum, en þau lög gera ráð fyrir því að menn væru skyldaðir upp að ákveðnu marki til aðildar að Félagi fasteignasala en gætu um frjálst höfuð strokið hvað varðaði ýmsa þá þjónustu sem félagsdeild þeirra samtaka veitir. Ég greiddi hins vegar atkvæði gegn því (Forseti hringir.) þannig að ég er mjög „consistent" í afstöðu minni til málsins.

(**Forseti** (JBjart): Forseti minnir þingmenn á að virða

hinn knappa ræðutíma andsvaranna, að gefnu tilefni.)

[13:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að það væri svona allt upp á grín hjá hv. þingmanni, að varpa fram þessari hugmynd að millileið. Ég verð hins vegar að draga þá ályktun af máli hv. þingmanns að hann sé að hopa frá hugmynd sem hann sjálfur varpaði hérna fram. (**SKK:** Rugl.) Hvernig stendur á því að hv. þingmaður kemur hér og varpar fram þeirri hugmynd til okkar sem höfum verið að andæfa frumvarpinu að farin verði ákveðin millileið? Það hlýtur að vera vegna þess að hann telji möguleika á því í stöðunni. Hvað felst í þeim möguleika? Jú, lágmarksgjald sem allir yrðu að greiða fyrir ákveðna lágmarksþjónustu. Þar með er hv. þingmaður kominn að þeirri niðurstöðu að í lagi sé að lögskylda alla til ákveðinnar greiðslu. (Gripið fram í.) Bara ekki sömu greiðslu og gildir í dag. Prinsippið er hið sama. Það er það sem skiptir máli. Þarna höfum við leitt eitt frjálshyggjulambið enn til réttar.

[13:04]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gaman að hlusta á þessa umræðu og hv. þm. Össur Skarphéðinsson er, eins og menn þekkja, vígfimur í ræðustólnum og tekst að gera tiltölulega einfalt mál mjög flókið og allt í góðu með það.

Ég vildi nota tækifærið, af því þetta snýst eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði rétt áðan í svari við andsvari, bara um prinsipp. Það er bara svo einfalt. Ef við sleppum öllum skemmtilegum söguskýringum sem eru að sjálfsögðu góðar, ég hef gaman af slíku og gaman að bera ýmsa hluti saman, þá vildi ég bara spyrja hv. þm. Össur Skarphéðinsson einnar spurningar. Ég vona að hann noti tækifærið, ég held hann fái til þess tvær mínútur, virðulegi forseti, til að svara því skýrt og leyfi okkur seinna að njóta söguskýringanna með því að fara út um víðan völl.

Er hv. þm. Össur Skarphéðinsson fylgjandi eða andvígur félagafrelsi? Er það svo, svo það sé á hreinu: Styður hv. þm. Össur Skarphéðinsson að fólk geti valið sér félag? Styður hv. þingmaður að það sé frelsi hvers og eins að meta það hvort hann eigi að vera í félagi eða ekki?

Þetta er mjög einföld spurning og ég vonast til þess að hv. þm. Össur Skarphéðinsson noti tækifærið í þessu tveggja mínútna andsvari og svari því skýrt: Er hv. þingmaður fylgjandi félagafrelsinu eða ekki?

[13:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var einföld spurning þótt hv. þingmaður sé ekki einfaldur maður. Ég get svarað henni með einföldum hætti, Svarið er: Já, ég er fylgjandi félagafrelsi.

Ég tek það skýrt fram að ákvæðið sem við erum að ræða og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur lagt til að verði numið brott stangast ekki á við ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Er það mín niðurstaða? Nei. Það er niðurstaða Félagsdóms frá árinu 1998, úrskurður sem liggur þar fyrir. Ég tek hann alveg fullkomlega gildan.

Ég er þeirrar skoðunar að það ríki félagafrelsi í landinu og sú tiltekna kvöð, sem við erum sennilega sammála um að mætti kalla þetta enda fylgja henni mikilvæg réttindi, stangist ekki á við það.

[13:07]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki séð annað en að flutningsmaður sé kominn með stuðningsmann við frumvarpið. Eðli málsins samkvæmt hlýtur það, sama hvernig menn leika sér með það, að skylda mann til að greiða í ákveðið félag og vera í ákveðnu félagi, að brjóta gegn frelsi viðkomandi.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson getur sagt að þetta sé bara gott fyrir viðkomandi, að hann hafi bara gott af þessu, það nýtist honum ofsalega vel og séu svo mikil réttindi að ef hann hafi ekki vit á því að velja þau sjálfur sé best fyrir okkur að velja það fyrir hann. En það liggur fyrir, alveg eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson orðaði það, að þetta er kvöð, þetta er helsi. Viðkomandi einstaklingur hefur ekki frelsi til að velja þetta sjálfur. Það er óumdeilt.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson hlýtur að geta tekið mið og mótað sér stefnu. Ef hann er þessarar skoðunar þá hlýtur hann að geta gert upp hug sinn sjálfur, óháð því hvaða niðurstöðu Félagsdómur hefur komist að. Eða er það kannski þannig að ef annað dómstig kæmist að annarri niðurstöðu þá mundi hv. þingmaður skipta um skoðun?

[13:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég rakti í ræðu minni áðan hóf verkalýðshreyfingin til vegs og virðingar hugtakið „frelsi einstaklingsins“. Það var síðan skrumskælt af ýmsum mönnum sem á eftir komu og hafa verið allt of tjóðraðir við það sem við köllum í dag grímulausa frjálshyggju. Það voru einnig sömu menn, ármenn verkalýðshreyfingarinnar, sem töluðu um að öllum réttindum fylgdu skyldur og skyldur ættu alltaf að leiða til réttinda. Svo gildir um þetta. Þarna er ákveðin greiðsluskylda, þótt ég telji að um fullkomið félagafrelsi sé að ræða. Ég er að því leyti svolítið ósammála tveimur hv. þingmönnum sem hafa talað hér í dag.

Ég tel alveg ljóst að þessu, sem ég kalla ekki helsi en við getum sagt að sé ákveðin kvöð, fylgja veruleg réttindi. Þau réttindi eru þess eðlis að ég held að enginn þegn í íslensku samfélagi í dag vildi án þeirra vera.

[13:11]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í 61. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi frú forseta:

„Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum.“

Þegar Félagsdómur fjallaði um þetta umrædda mál þá gat hann einungis farið að lögum samkvæmt stjórnarskránni. Hann kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu að þetta ákvæði samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem mér finnst merkileg niðurstaða. Hann leyfir sér að setja sig í stöðu stjórnlagadómstóls. Hann leyfir sér það, sem hann ekki hefur heimild til. Ef einhver opinber starfsmaður mundi mótmæla þessu og fara í einkamál þá heyrði það ekki undir Félagsdóm og færi gegnum dómskerfið upp í

Hæstarétt. Í lögum stendur — það stendur ekkert um Hæstarétt í stjórnarskránni því miður — en í lögum stendur að Hæstiréttur sé æðstur dómstóla. Að mínu mati er hann sá eini dómstóll sem getur komist að niðurstöðu um hvort lög frá Alþingi standist stjórnarskrána eða ekki. Annað er fráleitt. Ef hann kæmist í þessu máli að því að þetta mál stangaðist á við stjórnarskrána, hvar stendur þá úrskurður Félagsdóms sem er óæðri dómstóll? Ég furða mig á því að dómendur í Félagsdómi skyldu í umræddu máli leyfa sér að fara í hlutverk stjórnlagadómstóls.

Ég held að úrskurður Félagsdóms hafi verið mistök og hafi ekkert gildi frekar en aðrir úrskurðir héraðsdómara, sem verða að fara að lögum. Í lögum stendur að það skuli borga félagsgjald til stéttarfélags. Það stendur í lögunum. Að því skulu dómstólar fara nema þegar Hæstiréttur kemur fram sem stjórnlagadómstóll, þá getur hann dæmt lög andstæð stjórnarskránni.

[13:12]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra minn trúr. Annað hvort væri nú að við værum sammála um það, ég og hv. þm. Pétur H. Blöndal, að Hæstiréttur sé æðri Félagsdómi. Við erum sammála um það, það er alveg klárt. Ef Hæstiréttur kæmist að þeirri niðurstöðu að lögin væru andstæð stjórnarskránni þá horfði málið öðruvísi við. Ég er að vísu þeirrar skoðunar að þá mundu ýmsir halda því fram að það þyrfti að breyta stjórnarskránni eins og hér hefur komið fram í dag. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, með þeim rökum sem ég flutti í löngu máli áðan í ræðu minni um frelsið, að þetta ákvæði stangist ekki á við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Hv. þingmaður hefur líka haldið því fram að þetta stangist á við jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar. Ég er þeirrar skoðunar að svo sé alls ekki. Mér finnst athyglisvert að eins og hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa talað í dag mætti draga þá ályktun að þetta væri mál sem fjöldi manns gengi með sár og benjar undan. En hver er ástæðan fyrir því að á þetta hefur ekki reynt með öðrum hætti en fyrir Félagsdómi? Það er ekki nokkur maður sem telur að þetta særi eða skerði frelsi sitt. Þvert á móti telja ákaflega margir að þetta ákvæði sé ein grundvallarstoðin undir tilvist verkalýðsfélaga og a.m.k. vörn gegn því að undan þeim flæði. Þess vegna hafa menn sætt sig við þetta. Ég er almennt þeirrar skoðunar að þau réttindi sem Íslendingar búa við í dag megi að verulegu leyti rekja til starfshátta og starfsemi samtaka launamanna. Grundvöllurinn fyrir réttindabaráttu þeirra var að menn höfðu það svigrúm sem tekjur af þessu tagi gáfu þeim.

[13:14]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Venjulegur opinber starfsmaður ræður sig til starfa og treystir því að það sem gert er sé í samræmi við lög, reglur og stjórnarskrá. Hann setur ekki út á að honum sé gert að greiða í lífeyrissjóð. Hann setur ekki svo mikið út á að honum sé gert að greiða í stéttarfélag. Hann er ekki að setja út á að það sé borgað í orlofsheimilasjóð eða sjúkrasjóð af launum hans. Hann gagnrýnir þetta ekki vegna þess að hann er ekki að velta því fyrir sér alla daga hvort það sé félagaskylda eða ekki, hann treystir því að þetta sé í samræmi við stjórnarskrána. Hins vegar væri mjög skemmtilegt að fá einhvern opinberan starfsmann til að fara í prófmál út af þessu, neita að borga félagsgjald til stéttarfélags og láta reyna á það. Ég reyndi það einu sinni og ég komst upp með það. Menn gerðu ekkert í því vegna þess að þeir vissu kannski að málið var ekki eins skothelt og gefið hefur verið í skyn.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:16]

[13:31]

Útbýting:

Evrópuráðsþingið 2004, 546. mál, skýrsla ÍÞER þskj. 825.

VES-þingið 2004, 545. mál, skýrsla VES þskj. 824.

ÖSE-þingið 2003, 544. mál, skýrsla ÍÖSE þskj. 823.

Umræður utan dagskrár.

Losun koltvísýrings.

[13:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég vil byrja á að nota tækifærið til að óska þingheimi og þjóð til hamingju með þann áfanga sem náðist í gær þegar Kyoto-bókunin varð að alþjóðlegum lögum. Hún gekk í gildi þrátt fyrir erfiða fæðingu og mikla erfiðleika við að koma henni almennilega í kring en við skulum vona að hún lifi og dafni og eigi eftir að verða til þess að snúa megi við þeirri óheillaþróun sem orðið hefur á losunarmálum, ekki hvað síst í vestrænum iðnaðarríkjum.

Nú hefur það verið uppgötvað á Íslandi að losunarmál okkar eru ekki einföld og ekki öll eins og við höfum haldið þau vera. Í ljós hefur komið í nýrri rannsókn vistfræðinganna Hlyns Óskarssonar og Jóns Guðmundssonar frá umhverfisdeild Landbúnaðarháskóla Íslands, sem hafa verið að rannsaka útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá þurrlendi og mýrlendi í Borgarfirði, að framræst votlendi og rofið land lætur frá sér gífurlega mikið af gróðurhúsalofttegundum. Með því að yfirfæra rannsóknarniðurstöðurnar yfir á allt landið má segja að niðurstöður þeirra Hlyns og Jóns bendi til þess að allt að 18 millj. tonna af gróðurhúsalofttegundum streymi út í andrúmsloftið frá framræstum mýrum og sárum í gróðurþekjunni. Það er gífurlega alvarlegt mál því að það er um sexföld losun Íslendinga frá öðrum ferlum í dag.

Talsvert hefur verið rætt um þetta mál í fjölmiðlum, m.a. við skrifstofustjóra umhverfisráðuneytisins, Huga Ólafsson, sem hefur haldið því fram að sum losun frá landbúnaði og landnotkun sé tekin inn í bókhaldið en ekki losun vegna löngu liðinna aðgerða mannsins eins og framræsla mýra. Ég verð að viðurkenna að það hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum að umhverfisráðuneytið skyldi ekki strax tala skýrt í þessum efnum. Ég tel að hér sé á ferðinni atriði sem við verðum að taka alvarlega og það sé nauðsynlegt fyrir okkur að setja ákveðnar reglur um hvað við ætlum

að taka inn í losunarbókhald okkar og hvað ekki. Við vitum að það gilda ákveðnar reglur um bindingu samkvæmt Kyoto-samningnum. Hann gerir ráð fyrir talsverðri bindingu í skógrækt og landgræðslu. Við vitum líka að loftslagssamningurinn segir að það eigi að taka tillit til allrar losunar gróðurhúsalofttegunda og samningurinn undanskilur ekki losun vegna landnýtingar. Ég sé ekki betur en að framræsla mýranna, þótt löngu liðin sé, sé hluti af landnýtingu okkar. Það nægir auðvitað að minna á að oftar en einu sinni var varað við þeim aðgerðum. Frægur er pistillinn um hernaðinn gegn landinu sem Halldór Laxness skrifaði á sínum tíma og var birtur 1971. Mig langar, með leyfi forseta, að fá að vitna til orða hans þar sem segir:

„Á síðustu áratugum hafa menn verið verðlaunaðir af hinu opinbera fyrir að ræsa fram mýrar, lífseigustu gróðursvæði landsins, undir yfirskini túnræktar. Seigar rætur mýragróðursins halda gljúpum jarðveginum saman og vatnið nærir fjölda lífrænna efna í þessum jarðvegi og elur smádýralíf sem að sínu leyti dregur til sín fugla. Mýrarnar eru stundum kallaðar öndunarfæri landsins. Þúsundir hektara af mýrum standa nú með opnum skurðum sem ristir hafa verið í þeim tilgángi að draga úr landinu alt vatn; síðan ekki sögguna meir: eftilvill var aldrei meiníngin í alvöru að gera úr þessu tún. Fer ekki að verða mál til að verðlauna menn fyrir að moka ofaní þetta aftur?“

Nú vil ég meina, virðulegur forseti, að spurning skáldsins um hvort ekki eigi bara að moka ofan í þetta aftur sé í fullu gildi í dag. Þess vegna hef ég ákveðið að leggja fyrir hæstv. umhverfisráðherra eftirfarandi spurningar sem fjalla um aðgerðir stjórnvalda til að draga úr losun koltvísýrings, ekki hvað síst vegna nýbirtra niðurstaðna sem ég hef rakið í máli mínu. Ég spyr:

Hyggjast stjórnvöld grípa til aðgerða til að takmarka losun koltvísýrings á framræstum mýrum og illa förnu landi? Munu stjórnvöld hafa frumkvæði að frekari rannsóknum á þessum tilteknu koltvíoxíð-uppsprettum? Hversu stór eru þau votlendissvæði sem framræst voru á öldinni sem leið og hafa einhver þeirra votlendissvæða verið endurheimt?

Að lokum: Í ljósi þess að loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna tekur til allrar losunar gróðurhúsalofttegunda, þar með talið losunar vegna landnýtingar, hyggjast stjórnvöld þá taka hinar nýuppgötvuðu uppsprettur með í bókhald Íslands yfir útstreymi gróðurhúsalofttegunda?

[13:37]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ríkisstjórnin samþykkti stefnumörkun í loftslagsmálum árið 2002. Þar er m.a. kveðið á um aukna bindingu koltvíoxíðs í gróðri, aðgerðir til að draga úr losun flúorkolefna frá áliðnaði, upptöku olíugjalds í stað þungaskatts og lækkun gjalda á bíla sem nota hreina orku og fleira mætti telja. Nú stendur yfir endurskoðun á þessari stefnumörkun sem á að ljúka á þessu ári.

Þegar þessi mál eru til umræðu í heild sinni er nauðsynlegt að hafa í huga að Ísland stendur vel hvað varðar skuldbindingar sínar gagnvart Kyoto-bókuninni. Allar líkur eru á því að við munum standa við þær að fullu en miðað við nýjustu tölur virðist fáum öðrum þjóðum ætla að takast hið sama.

Í ljósi nýrra upplýsinga um losun koltvíoxíðs úr framræstum mýrum og illa förnu landi er einsýnt að fara verður vandlega yfir málið í umhverfisráðuneytinu og meta það með tilliti til skuldbindinga okkar vegna Kyoto-bókunarinnar. Ég mun óska eftir því við samráðsnefnd ráðuneyta um loftslagsbreytingar sem vinnur að endurskoðuninni að hún skoði sérstaklega aðgerðir sem grípa mætti til í ljósi niðurstaðna nýrra rannsókna og það var einmitt nefnt áðan af háttvirtum frummælanda að einfaldasta aðgerðin í því væri að moka í skurði. Leiði sú skoðun í ljós að þörf sé á frekari rannsóknum á þessu sviði mun ég taka það mál upp í ríkisstjórn.

Þegar er unnið að því með skipulögðum hætti að endurheimta votlendi og græða upp illa farið og örfoka land. Það nýtist við bindingu kolefnis jafnhliða því að endurheimta landgæði. Niðurstöður nýrra rannsókna gefa slíkum aðgerðum aukið vægi og skoða þarf sérstaklega hvort hægt sé að ná mikilli bindingu kolefnis úr andrúmslofti með endurheimt votlendis í ljósi þessara rannsókna. Slík binding mundi bætast við bindingu vegna skógræktar og landgræðslu sem unnið hefur verið að í mörg ár, m.a. í átaksverkefni sem miðaði sérstaklega að því að binda kolefni úr andrúmsloftinu.

Það liggja ekki fyrir nákvæmar tölur um þau votlendissvæði sem framræst voru á síðustu öld. Áætlað er að búið sé að ræsa fram með skurðum 112 þús. hektara lands. Auk þess var töluvert ræst fram með plógræsum. Telja má að heildarflatarmál framræsts lands geti verið um 1.200–1.400 ferkílómetrar. Töluvert af þessu landi er aftur orðið blautt þar sem skurðum hefur ekki alls staðar verið haldið við.

Á vegum votlendisnefndar sem landbúnaðarráðherra skipaði árið 1998 hefur verið unnið að tilraunum við endurheimt votlendis. Fyllt hefur verið upp í skurði og einnig gerðar tilraunir með endurheimt vatna. Þá hefur umhverfisráðuneytið sett skilyrði um endurheimt votlendis í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda þar sem votlendissvæðum er raskað vegna framkvæmda og hafa þá framkvæmdaraðilar unnið að endurheimt votlendissvæða í samvinnu við nefndina. Á vegum nefndarinnar og Umhverfisstofnunar voru unnar tillögur um hvernig meta skyldi röskun á votlendi og jafnframt við hvað skyldi miðað þegar landið væri endurheimt. Vegna þessa hefur Vegagerðin, m.a. í góðri samvinnu við votlendisnefndina, endurheimt stór votlendissvæði vegna vegagerðar á Vestur-, Norður- og Austurlandi þar sem þurfti að fara með veg um votlendi.

Útstreymi og binding kolefnis úr andrúmslofti vegna landnýtingar er án efa flóknasti þátturinn í því bókhaldi sem Íslandi og öðrum ríkjum er skylt að halda og skila árlega til skrifstofu loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Umhverfisstofnun heldur utan um loftslagsbókhald Íslands og nýtur aðstoðar ýmissa stofnana og sérfræðinga, m.a. á sviði landbúnaðar og landnýtingar. Í bókhaldinu er farið eftir leiðbeiningum frá skrifstofu samningsins og hún fer reglulega yfir bókhaldið, t.d. með sérstakri heimsókn úttektarnefndar hingað til lands í fyrra.

Það er ekki pólitísk ákvörðun hvort útstreymi frá framræstum mýrum verður tekið inn í loftslagsbókhald Íslands

heldur verður það að fylgja alþjóðlegum viðmiðunum og leiðbeiningum. Loftslagsbókhaldinu er ætlað að mæla áhrif þeirra aðgerða sem gripið er til á hverju ári. Árið 1990 er viðmiðunarár varðandi skuldbindingar ríkja samkvæmt Kyoto-bókuninni.

[13:42]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Niðurstöður rannsóknar Hlyns Óskarssonar og Jóns Guðmundssonar við Landbúnaðarháskóla Íslands, Keldnaholti, sýna fram á nauðsyn þess að afla upplýsinga í heildstæðan gagnagrunn um landnotkun á Íslandi. Slíkur grunnur gerir okkur kleift að hafa yfirsýn yfir landnotkunina og gæti líka sem slíkur auðveldað skipulagsvinnu sveitarfélaga. Niðurstöðurnar gefa einnig vísbendingar um ástand jarðvegs annars staðar á landinu þótt rannsóknin sé eins og kunnugt er gerð í Borgarfirðinum.

Ég verð þó að segja, frú forseti, að grunni losunarbókhalds vegna Kyoto-skuldbindinganna verður varla breytt í bráð. Til þess þarf bæði ítarlegar rannsóknir og samningavinnu. Umræðan í dag er hins vegar gott tilefni til að brýna ráðherra umhverfismála til að taka bókhaldsvinnuna svokölluðu vegna Kyoto fastari tökum. Það þarf bæði meiri fjármuni og mannafla til að sinna rannsóknum á sviði loftslagsbreytinga af mannavöldum svo sómi sé af og ekki síst til að ná utan um brotakennda þekkingu okkar á gildi bindingarinnar.

Að lokum vil ég segja, frú forseti, að hafi menn ekki hingað til verið sannfærðir um gildi þess að moka ofan í skurði þá sýnir niðurstaða umræddrar rannsóknar svo ekki verður um villst fram á að það hefur enn mikið gildi og mun hafa um ókomna tíð að moka ofan í skurði á Íslandi. Endurheimt votlendis hefur mikið gildi og vaxandi vil ég segja fyrir okkur. Hafi nóbelsskáldið haft rétt fyrir sér 1971 þá eru þau orð enn í fullu gildi í dag.

[13:44]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég hygg að ekki sé lengur um það deilt að mikið er í húfi með að bregðast við því mati sem menn leggja á þróun hitastigs á jörðinni á næstu öld, næstu 100 árum, í ljósi þeirrar iðnvæðingar á síðustu öld og jafnvel lengra aftur. Menn telja nokkuð víst að ef fram fer sem horfir sé mikil vá fyrir dyrum. Við þær aðstæður getur enginn setið hjá og látið eins og málið komi honum ekki við. Þetta er í alþjóðlegu samhengi og enginn einn getur dregið sig út úr í þeim efnum. Ég tel því eðlilegt að menn bregðist við þeim nýju upplýsingum sem fram hafa komið og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerði að umtalsefni þessarar utandagskrárumræðu.

Ég er sammála því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að það er eðlilegt að byrja á að rannsaka málið frekar vegna þess að það er stórt. Hvort sem alþjóðlegar skuldbindingar leiða til þess að menn eigi að breyta því hvernig menn færa bókhald í þessum efnum eða ekki þá er eðlilegt að við tökum upplýsingarnar alvarlega og bregðumst við þeim sjálfstætt, jafnvel þó að ekki sé gerð krafa um það í tengslum við Kyoto-bókunina. Ég er hvatamaður þess, herra forseti, að menn taki rösklega til hendinni í þessum efnum og endurheimti votlendi sem í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið virðist rökrétt aðgerð, enda eru aðstæður breyttar hér á landi. Þau landgæði sem við þurftum helst á að halda á síðustu öld voru ræktað land en nú hefur málið breyst mikið frá þeim tíma, m.a. í ljósi mikillar tækniþróunar. Ef til vill má segja að votlendi sé þau landgæði sem við viljum frekar hafa um þessar mundir.

[13:47]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er til umræðu losun koltvísýrings. Það er hægt að ræða þetta mál út frá ótal hliðum, út frá framræslu mýra og allt til álvera. Einnig má velta upp hver möguleg áhrif aukins styrks gróðurhúsalofttegunda eru í andrúmsloftinu. Öllum má ljóst vera að það er nauðsyn að auka rannsóknir á hver raunveruleg áhrif eru og hver hlýnunin verður. Staðreyndin er sú að þessir spádómar byggja oft ekki á mjög traustum grunni og þess vegna er nauðsynlegt að byggja undir þá spádóma. Ýmsir, jafnvel prófessorar í Háskóla Íslands, hafa gert sig seka um það að spá fyrir um ýmsa þætti út frá mjög veikum forsendum, svo sem um stærð fiskstofna áratugi fram í tímann, stofna sem menn geta ekki spáð um ár fram í tímann og hvað þá tvö ár fram í tímann. Auðvitað sjá allir að að slíkir spádómar eru hrein og klár vitleysa og þess vegna ber að ræða þessa hluti af varfærni.

Umhverfisstofnun hefur tekið saman leiðir um hvernig á að taka á þessum málum. Efst á þeim lista var einmitt að ræða samgöngumál, auka hlut dísilbifreiða og minnka hlut bensínbifreiða. Annar þáttur var að auka þátt almenningssamgangna og það höfum við í Frjálslynda flokknum tekið heils hugar undir og m.a. flutt um það tillögu í borgarstjórn Reykjavíkur sem því miður var felld af fulltrúum R-listans eða vísað frá. Ég tek undir það að rétt er að hafa áhyggjur af stöðu mála og auka rannsóknir á þessu sviði og treysta grunn vísindamanna til þess að veita okkur góða ráðgjöf í þessum efnum.

[13:49]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Í gær samfögnuðum við gildistöku Kyoto-samningsins með öðrum ábyrgum þjóðum. Því er ánægjulegt að við skulum í dag ræða um mál sem tengist samningnum, þ.e. sértæka losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði.

Uppruni losunar gróðurhúsalofttegunda er margþættur en í grundvallaratriðum tengist myndun á losun þeirra niðurbroti á lífrænu efni og er myndun þeirra því hluti í hringrás kolefnis og niturs í náttúrunni. En samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun andrúmsloftsins er þeirri starfsemi sem veldur losun gróðurhúsalofttegunda skipt upp í sex undirflokka.

Athygli okkar hefur fram til þessa beinst frekar að öðrum þáttum en landbúnaði og mismunandi framleiðsluferlum innan landbúnaðarins. Þó kemur losun gróðurhúsaáhrifa frá landbúnaði hér á landi næst á eftir losun frá brennslu eldsneytis sem er langmest og nær fjórfalt meiri en frá landbúnaði. Breyting vegna landnýtingar og landnotkunar, þ.e.

skógrækt og landgræðsla, vegur á móti losun frá öðrum landbúnaði.

Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, Kolbrúnar Halldórsdóttur, hafa um nokkurra mánaða skeið verið stundaðar rannsóknir hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins á flæði gróðurhúsalofttegunda úr ýmsum gerðum úthaga, allt frá lítt grónum svæðum yfir í frjósamt graslendi og frá blautum mýrum yfir í fullframræst svæði. Þessar rannsóknir eru þegar farnar að gefa nokkuð ljósa mynd af ástandi og eðli flæðis og hringrásar kolefnis og niturs í mismunandi jarðvegi. Það er ljóst að mælingar sýna að við lækkun vatnsstöðu eykst jarðvegsöndun mikið en geta gróðursins til að binda koltvísýring stendur í stað og jafnvel minnkar. Því er mikilvægt, hæstv. forseti, að taka niðurstöðu rannsóknanna alvarlega. Það er aukin losun gróðurhúsalofttegunda og okkur ber því að uppfylla ákvæði Ramsarsamningsins um (Forseti hringir.) framkvæmdaáætlun um endurheimt votlendis og slá þar með tvær flugur í einu höggi.

[13:51]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að taka þetta mál upp. Það hefur ekki verið mikil umræða um framræslu mýra áður en þessar rannsóknir voru kunngerðar eða niðurstöður þeirra en þó hefur þetta verið örlítið í umræðunni í gegnum tíðina. Það er svolítið magnað að hugsa til þess að það er stutt síðan farið var út í þetta. Menn fóru ekki að ræsa fram mýrar að einhverju marki fyrr en eftir seinna stríð og það náði hámarki á 7. áratugnum. Það var auðvitað gert til að bæta hag og aðstöðu til landbúnaðar og svo sannarlega hefur það hjálpað til, a.m.k. ef marka má þá menn sem gerst þekkja til en þeir telja að t.d. í Austur-Landeyjum hafi verið illa búandi þangað til menn fóru í þetta framtak og núna er þar afskaplega blómlegt landbúnaðarhérað, blómleg sveit á Suðurlandi.

Það breytir því hins vegar ekki að á þeim skamma tíma frá því að þetta var hefur margt breyst og það eru miklar breytingar í landbúnaði. Sá sem hér stendur er enginn sérfræðingur á því sviði en þó veit hann að það eru til nóg hey í landinu. Ef við skoðum þróunina sem er á Íslandi munum við örugglega ekki sjá mikla aukningu í hinum hefðbundna landbúnaði. Við verðum að hafa í huga, burt séð frá loftslagssjónarmiðum, að mýrar eru fæðuöflunarsvæði fyrir mófugla og vaðfugla og állinn t.d. nýtir þessi votlendissvæði. Það að ræsa þau fram hefur eyðilegt bæði læki og vötn sem renna frá þessum svæðum.

Virðulegi forseti. Í stuttu máli, burt séð frá þeim alvarlegu hlutum sem tengjast loftslagsþáttum sem mikið hefur verið rætt hér, þá er ég fylgjandi endurheimtingu votlendis og vona að gert verði enn þá meira af því en gert hefur verið áður. Ég vona að sátt sé um það hér og það tengist að sjálfsögðu eins og hér hefur komið fram (Forseti hringir.) loftslagsmálunum en þó að það væri ekki af þeirri ástæðu þá er ég samt sem áður fylgjandi því að moka í skurði.

[13:53]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Þær rannsóknir sem hér eru ræddar virðast benda til að framræsla mýra hafi leitt til verri og meiri mengunaráhrifa fyrir landið en jafnvel Halldór Laxness sá fram á í sinni framsýnu grein, Hernaðinum gegn landinu, fyrir liðlega 30 árum. Hér er m.a. um að ræða alvarlegar afleiðingar af dapurlegum atvinnubótasjónarmiðum sem lengi hafa ráðið ferðinni í þeirri landbúnaðarpólitík sem við höfum rekið.

Það er umhugsunarefni að við skulum vera að ræða þetta mál við umhverfisráðherra því það virðist vera svo að í Stjórnarráðinu telji menn þessi mál ekki heyra undir umhverfismál því nefndin um votlendið er skipuð af landbúnaðarráðherra og kostuð af honum. Landgræðslan er hjá landbúnaðarráðherra og Skógræktin er hjá landbúnaðarráðherra, allt það mikilvægasta sem þetta mál varðar. Það minnir okkur á að það er löngu kominn tími til að við tökum þessar stofnanir og flytjum þær til umhverfisráðuneytisins því að þessi málaflokkur á að lúta stefnumörkun á forsendum umhverfisins en ekki landbúnaðarstefnunnar. Við þurfum að endurskoða forgangsröðun í landgræðslu út frá þessum rannsóknum og þessum sjónarmiðum því það hvort við höfum bókhaldslegar skuldbindingar til að draga úr þessari loftmengun er ekki það sem máli skiptir. Við höfum siðferðilegar skuldbindingar til að vinna gegn þeirri mengun á lofti og andrúmi heimsins sem af þessari pólitík okkar hefur leitt og við eigum að vinda bráðan bug að því með því að flytja þennan málaflokk til umhverfisráðherra og styðja hana og styrkja í þinginu til að leggja í þá leiðangra sem þar þarf.

[13:56]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Ég vil eins og aðrir taka undir þakkir til hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur fyrir að vekja upp umræðu um þetta mjög svo stóra og mikla mál sem snertir grunn og skilgreiningu á bókhaldi okkar um losun gróðurhúsalofttegunda. Umræðan fram til þessa hefur snúist um útblástur af manna völdum en nú má segja að náttúrulegar ástæður bætist inn í þá umræðu og hugsanlega skilgreiningu.

Svo sem kunnugt er hefur í umræðunni verið talað um að þriðjungurinn af útblæstri komi frá bílum, þriðjungur frá fiskiskipum og þriðjungur frá iðnaði en nú bætast við það sem kalla má bæði af mannavöldum og af náttúrulegum ástæðum, skurðir eins og hér hafa verið nefndir, mýrar, náttúrulegar mýrar, urð og grjót með lífrænum leifum. Þar má kannski bæta við ýmsum urðunarstöðum þar sem m.a. metangaslosun er mikil en hún er 25 föld á við koldíoxíð og þannig má áfram telja. Þá er stóra spurningin auðvitað: Hvernig ætlum við að bregðast við? Ég tek undir þau sjónarmið að efla rannsóknir en ég vil líka nota tækifærið og minna á framtíðarsýnina um vetnistæknina sem er innan seilingar og með vetnistækni í fiskiskipum og bílaflota okkar getum við minnkað útblástur um tvo þriðju sem er mikill árangur og er framtíðarsýn, studd m.a. af ríkisstjórninni.

Ég tek líka undir að moka í skurði þar sem við á og hægt er og nægir að benda á Ölfusið þar sem endurheimt votlendis hófst formlega og hefur skilað glæsilegum ár-

angri, sömuleiðis ræktunarátak á örfokasvæðum.

Hins vegar getum við varla tekið allar náttúrulegar ástæður inn í bókhald okkar vegna þess að það þyrfti ekki annað en eitt eldgos til að rústa því og við búum jú við þau skilyrði að hér verða annað slagið eldgos með alveg feikilegum útblæstri.

[13:58]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir svörin og hv. þingmönnum fyrir þátttökuna í umræðunni. Mér þykir auðvitað mikilvægt að hæstv. umhverfisráðherra skuli ætla sér að fara vandlega yfir þessar nýju upplýsingar og skoða aðgerðir með tilliti til þeirra niðurstaðna sem þá koma til með að liggja á borðinu. Ef ég skildi hana rétt sagði hún jafnframt að ef við förum að moka ofan í skurðina og bindum þar með aftur kolefnin í jarðvegi mundi sú binding bætast við aðra bindingu okkar. Það hlýtur þá að vera að því gefnu að við tökum losunina líka inn í bókhaldið.

Við vitum það sem hér sitjum að bindingslosun er náttúrulegt ferli og þó að við ætlum okkur að auka bindingu á Íslandi þá vitum við að við bindum ekki mjög lengi kolefni í íslenskum skógi. Birkiskógur bindur kannski kolefni í nokkra áratugi en um leið og ákveðin mettun verður fer hann aftur að losa þannig að í sjálfu sér má gagnrýna að það skyldi hafa orðið niðurstaða í Kyoto að binding í gróðri skyldi tekin inn sem eitt af samningsákvæðunum. Ég gagnrýni það að íslensk stjórnvöld skuli að því er virðist ætla að leggja svona mikla áherslu á bindingu í gróðri. Ekki það að ég sé að hallmæla skógrækt eða landgræðslu, þvert á móti. En við þurfum að átta okkur á því að það er heildarmagn losunar sem skiptir verulegu máli og skiptir í raun og veru öllu máli í þessum efnum. Og þegar vinda á ofan af losuninni gerum við það bara á einn veg: Með því að draga úr losun af mannavöldum. Það eru aðgerðir sem miða að því að dregið verði úr losun af mannavöldum sem skipta mestu máli í þessum efnum.

Síðan fagna ég yfirlýsingu hv. formanns umhverfisnefndar sem ætlar sér greinilega að leggjast fast á árarnar með okkur sem höfum barist fyrir endurheimt votlendis og sömuleiðis vil ég lýsa því yfir að ég er opin fyrir hugmyndum hv. þm. Helga Hjörvars varðandi endurskoðun á því hvernig málum er fyrir komið í stjórnsýslunni hér á landi.

[14:00]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þingmönnum mjög góðar umræður um þessi mikilvægu mál. Þau eru flókin og það sem þyrfti t.d. að skoða er að meta nákvæmlega hvort útstreymið frá framræstum mýrum og illa förnu landi sé eingöngu af mannavöldum eða að einhverju leyti af náttúrulegum orsökum. Þá þyrfti líka að skoða hvort hægt sé að yfirfæra rannsóknir á takmörkuðum stöðum á allt landið og einnig hvort fleiri þættir landnýtingar frá fyrri tíð hafa haft áhrif, hvort við ættum að taka með afleiðingar aldalangrar eyðingar gróðurs og jarðvegs af mannavöldum o.s.frv.

Það er líka augljóst að örfoka land kann að binda kolefni úr loftinu með efnaveðrun. Niðurstöður rannsóknar hafa leitt það í ljós þannig að þessi mál eru ekki einföld. Það er gott að finna að það er samhljómur í málflutningi hv. þingmanna um þessi mál. Við erum sammála um gildi rannsókna á þessu sviði. Við erum sammála um að það beri að innheimta votlendi og það er ekki bara mikilvægt vegna útstreymis koldíoxíðs heldur líka vegna fjölbreytileika í lífríki náttúrunnar.

Hv. þm. Helgi Hjörvar nefndi skógrækt og landgræðslu og kom með tillögu um að færa þá málaflokka yfir til umhverfisráðuneytisins. Fleiri tóku undir þær óskir. Ég býst þó ekki við að landbúnaðarráðherra sé ljúft að verða við þeirri frómu ósk hv. þingmanna þó að sú sem hér stendur mundi fagna því að svo yrði.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 1. umr.

Frv. PHB, 51. mál (aðild að stéttarfélagi). — Þskj. 51.

[14:03]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég þakka umræðuna um þetta mál sem við vorum að ræða fyrir hádegi og í hádeginu. Það kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni að sumir vildu njóta ávaxtanna af starfi verkalýðshreyfingarinnar en ekki borga brúsann. Þetta held ég að sé ekki rétt. Hið rétta er að menn sjá kannski ekki ávinning af starfsemi stéttarfélaganna í dag vegna þess hve mikið hefur áunnist og hve mikið af þeim baráttumálum verkalýðshreyfingarinnar sem voru á fyrri hluta síðustu aldar meginmálið er komið í lög og reglur ríkisins. Auðvitað þarf áfram að vinna að þróun velferðarkerfisins og enn eru fjöldamörg verkefni óleyst þannig að ég hugsa að þó að aðildin að stéttarfélögunum yrði frjáls mundi fólk sjá hag sinn í því að vera félagar í stéttarfélagi vegna þess sem það nær fram. Þá væri kannski meiri krafa til þess að þau stæðu vel að verki sem ekki er þegar menn verða að borga til þeirra hvort sem þeim líkar vel eða illa. Þá vantar allt aðhald.

Mér fannst vanta í umræðuna, sérstaklega þegar fram kom vantrú formanns BSRB á það að fólk vildi borga í stéttarfélög opinberra starfsmanna af frjálsum vilja, hvers vegna menn ganga í og stofna félög. Það er auðvitað til að ná fram samtakamætti, eingöngu til þess. Menn ganga í félög til að ná fram samtakamætti og ég er ekki sömu skoðunar og formaður BSRB viðraði, að fólk mundi ekki vilja ganga í stéttarfélög. Ég held að mjög margir mundu vilja það af því að þeir hafa trú á því að þau hafi hlutverk áfram.

Það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi var eiginlega sú einstaklingshyggja sem mér finnst vera mjög vaxandi í þjóðfélaginu og kristallaðist kannski í umræðunni um öryrkjamálið þegar öll stjórnarandstaðan sem telst þó vera vinstri sinnuð gekk fram í því að dásama einstaklingshyggjuna, þ.e. líta á einstaklinginn sem meginmál en ekki maka hans eða fjölskylduna. Það var litið fram hjá samtakamætti fjölskyldunnar, og mjög kristaltær einstaklingshyggja réði ríkjum í þeim málflutningi öllum. Það er í sjálfu sér ágætt frá mínu sjónarhorni.

Það var í umræðunni að vera þyrfti gagnkvæm virðing á milli stéttarfélaga og félagsmanna þeirra og eins á milli stéttarfélaganna og atvinnurekenda og ég held að svo sé nema að því er varðar samband stéttarfélaganna við félagsmenn sína. Stéttarfélögin þurfa ekki að sýna félagsmönnum sínum virðingu. Þeir borga hvort sem þeir vilja eða ekki og það er ekki hollt fyrir stéttarfélögin, enda fannst mér það koma fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar, formanns BSRB, þegar hann sagði að ef stjórnarskráin leiddi til þess að þetta ákvæði væri ekki gilt ætti bara að breyta stjórnarskránni. Það væri aldeilis munur ef hann gæti bara breytt stjórnarskránni þegar honum líkar ekki hvernig hún er. Það var ekkert verið að spyrja hvort almenningur mundi vilja það, þjóðin sjálf, nei, nei, verkalýðshreyfingin mundi bara breyta stjórnarskránni. Það er hin gagnkvæma virðing hv. þm. Ögmundar Jónassonar við bæði kjósendur og félagsmenn sína í stéttarfélögunum, ef þeir eru ekki skyldaðir til að greiða honum skatt bara breytum við stjórnarskránni.

Ég má til að ræða um það að BSRB er að stunda stjórnmál. (Gripið fram í.) BSRB stundar stjórnmál. BSRB býður fólki utan úr heimi til að ræða um GATT-samninginn. BSRB hefur lagt fram mjög skemmtilegar hugmyndir um skattamál sem ég er hlynntur. Ég hef lagt fram frumvarp á sömu nótum þannig að ég er mjög ánægður með það. BSRB hefur verið að ræða um umhverfismál, vatnsskattinn o.s.frv. og ég spyr mig: Sjálfstæðismaður í BSRB sem er neyddur til að borga skatt og greiða þessa starfsemi BSRB, hvað skyldi gerast ef hann væri á öndverðri skoðun og hann er neyddur til að borga einhvern áróður gegn sínum eigin skoðunum? Hvar er málfrelsið? Hvar er skoðanafrelsið?

Hvað mundi gerast með t.d. samfylkingarmann svo maður tali ekki um vinstri grænan mann, þ.e. einhvern sem elskar skatta, þegar hann les svo skattstefnu BSRB sem er borguð með peningunum hans? Það er ekki víst að hann sé á sömu skoðun eða sumt fólk sem er ekki á þeirri skoðun sem BSRB hefur komið með í umhverfismálum. Það verður samt að borga þessa skoðun og útdeilingu hennar um allt. Það er verið að borga fyrir það að þeirri skoðun sé komið um allt með hans eigin peningum. Ég er ekkert viss um að allir félagsmenn BSRB sem verða að borga þarna inn séu sáttir við það sem verið er að gera.

Ólíkt hafast að BSRB og ASÍ eftir að stjórnarskránni var breytt varðandi félagsaðild, aðallega skattlagningu. ASÍ hefur verið að vinna í því að laga reglugerðir sínar og samninga þannig að það stangist ekki á við aðildarskylduna en BSRB berst eindregið gegn því að það sé tekið úr lögum að það sé skylda að vera í stéttarfélagi.

Það verður ekki rætt um stéttarfélög öðruvísi en að ræða um lífeyrissjóðina. Þar eru ógnvænleg völd. Nú eru eignir lífeyrissjóðanna að skríða yfir eitt þúsund milljarða. Þeir eru kaupandi hlutabréf alla daga, bæði innan lands og erlendis, lánandi peninga og hafa gífurleg völd. Þeir hafa völdin í hlutafélögum, skipa menn í stjórnir, stjórnirnar ráða svo forstjóra o.s.frv., þetta er ósköp indælt, allt fyrir annarra manna peninga, allt saman með skylduaðild manna og sjóðfélagarnir hafa engin áhrif. Þeir skulu borga í BSRB, inn í félagið, hvort sem þeir vilja vera með eða ekki.

Hér kom eiginlega fram sú skoðun að félagafrelsið væri öfgafrjálshyggja og samt er þetta ákvæði í flestum stjórnarskrám. Mér finnst þetta alveg út í hött. Að sjálfsögðu er þetta ekki öfgafrjálshyggja, þetta er ekki frjálshyggja yfirleitt. Þetta heitir mannréttindi. Mig langar til að spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson sömu spurningar og hér var spurt áðan ef hann skyldi taka til máls á eftir — ég get náttúrlega ekki neytt hann til þess en ég heyri að hann er búinn að kveðja sér hljóðs: Er hann á móti félagafrelsi eða er hann hlynntur því? Vill hann hafa þetta ákvæði inni eða ekki? Telur hann e.t.v. að þetta sé einhvers konar þjónustugjald sem menn séu að borga með því að borga í félag án þess að vera í því og hvað þá með alls konar fyrirbæri eins og sumarbústaði sem maðurinn ekki fær af því að hann er ekki í félaginu? Sumarbústaðirnir kosta óhemju mikið. Ég er viss um að ekki nokkur einasti maður mundi vilja borga það fyrir sumarbústaði sem þeir kosta. Menn borga ekki nema brot af því sjálfir, þ.e. þeir borga restina í gegnum félagsgjöldin. Þetta er mjög einföld spurning til hv. þingmanns: Er hann hlynntur félagafrelsi eða er hann ekki hlynntur félagafrelsi?

Hér var rætt nokkuð um önnur samtök atvinnulífsins, Verslunarráðið, Samtök atvinnulífsins o.s.frv. Það eru tvenn samtök sem skera sig úr og þau eru nefnd í þessu frumvarpi, Samtök iðnaðarins og Bændasamtökin. Þau hafa það nákvæmlega eins og BSRB, skylduaðild. Menn skulu borga skatt inn í félagið hvort sem þeir vilja eða ekki og það er einmitt það sem ég legg til að hv. Alþingi skoði líka til breytinga.

Það er ljóst að velferðarkerfið hefur verið mótað að miklu leyti af verkalýðshreyfingunni, af fátæku fólki sem bast samtökum af því að það vildi það og náði fram breytingum á velferðarkerfinu, náði fram hækkun á launum, uppsagnarfresti, veikindaleyfi, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum — það eru miklar breytingar sem samtakamáttur launafólks hefur náð fram. Það sem hefur því miður gerst er það að verkalýðshreyfingin hefur stofnanagerst. Hún er búin að koma sér upp þægilegum skatti, fólk þarf ekki að borga til hennar af því að það langi til þess — það skal borga til hennar og hún er farin að lifa allt of þægilegu lífi. Ég tel að það yrði verkalýðshreyfingunni til mikilla bóta ef það væri ekki skylduaðild að henni og hún þyrfti virkilega að sýna fólki af hverju það þarf að hafa samtakamátt og vera í stéttarfélagi. Þá mundi verkalýðshreyfingin ganga í árdaga drauma sinna, vaxa og dafna aftur og vera ekki aðallega að hugsa um völdin í lífeyrissjóðunum.

Verðmæti velferðarkerfisins er ómælt fyrir atvinnulífið, fyrir þjóðfélagið. Það skiptir verulegu máli í samkeppnisstöðu fyrirtækja, þegar þau ákveða hvar þau setja sig niður. Það skiptir líka máli fyrir fólk hvar það velur sér að starfa, í hvaða landi. Velferðarkerfið er hluti af starfskjörunum. Á þessu eru allir búnir að átta sig á fyrir löngu þannig að það er ekki rétt hjá hv. þingmanni að halda því fram að menn séu einhvern veginn á móti velferðarkerfinu þó að þeir séu á móti staðlaðri og stofnanagerðri verkalýðshreyfingu sem reyndar er að gera átak í því að leiða sig út úr þessu nema BSRB sem berst hatrammlega gegn þessu frumvarpi um að breyta því að menn séu skyldaðir með lögum til að borga í stéttarfélög.

En ég þakka þessa umræðu. Hún hefur verið mjög góð og að miklu leyti málefnaleg. Auðvitað rekast á ákveðnir hagsmunir og sjónarmið og það er eðlilegt. Til þess er um-

ræðan. Ég vil að lokinni umræðu leggja til að þessu frumvarpi verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar. Ég vona að það fái góða meðferð, verði skoðað, vonandi afgreitt út og verði að lögum.

[14:15]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef oft velt því fyrir mér hve margar mótsagnir rúmist í einum manni. Í hv. þm. Pétri H. Blöndal rúmast mjög margar og þær komu fram ekki svo fáar í máli hans hér áðan.

Hann talar um pólitík verkalýðssamtakanna og staðnæmist sérstaklega við BSRB. BSRB hefur sett fram skattstefnu, segir hann. Ég er mjög hrifinn af þeirri skattstefnu, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal. En hvað segja hægri menn um slíka stefnu? Ég læt bara hlustendur og hv. þingmenn um að dæma þennan málflutning þó að ég vilji leiðrétta hv. þingmann að því leyti að það er veigamikill munur á þeim markmiðum sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur sett hér í mótun sinnar skattstefnu annars vegar og BSRB hins vegar.

BSRB, eins og reyndar verkalýðshreyfingin öll, hefur reynt að kappkosta að byggja á mjög lýðræðislegu starfi í öllu því sem tengist stjórnmálum og pólitík, sem lýtur að skipulagi samfélagsins. Það er keppikefli verkalýðshreyfingarinnar allrar, ekki aðeins hér á landi heldur um allan heiminn, að hafa áhrif á það sem er að gerast á samningasviði Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar svo að dæmi sé tekið, GATT-samninganna sem hv. þingmaður vísaði til og þjónustutilskipunar Evrópusambandsins. Fleira mætti telja sem snertir sjálfan grundvöll samfélagsins, velferðarþjóðfélagið sem verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir á undanförnum árum.

Hv. þingmaður beindi til mín nokkrum spurningum, m.a. um félagafrelsi. Já, ég hef verið fylgjandi félagafrelsi innan verkalýðshreyfingarinnar. Það hefur oft reynt á það og ég hef stillt mér þar upp. Þegar kemur hins vegar að þeirri spurningu sem ég veit að hv. þingmaður er að beina til mín, hvort mér finnist að menn eigi að vera frjálsir að því að greiða til verkalýðsfélaga, (Forseti hringir.) tel ég að það eigi að vera skylda að greiða til verkalýðshreyfinga. Ég hef aldrei farið neitt í grafgötur með þá skoðun.

(Forseti (JBjart)**:** Forseti minnir hv. þingmenn á þröng tímamörk í andsvörum.)

[14:17]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alltaf slæmt í rökræðu þegar menn fara að koma með svona sleggjudóma. (**ÖJ:** Nú?) Hann furðar sig á því hve margar mótsagnir rúmist í einum manni. Eru þetta einhver rök í málinu? (**ÖJ:** Já.) Nei, þetta eru aldeilis ekki nein rök í málinu. (**ÖJ:** Að benda á mótsagnir?) Nei, nei, málið er það að við erum að ræða kosti og galla ákveðinna mála og þá eiga menn að ræða það, ekki gefa mönnum einkunnir. (**ÖJ:** En líka mótsagnir.) Það á bara ekkert að vera að gefa mönnum einkunnir fyrir það. Ég er ekkert að gefa hv. þingmanni einkunn fyrir eitt eða neitt. (**ÖJ:** Nú, það var spurt um einkunnagjöf hér áðan.)

Hv. þingmaður sagði að verkalýðshreyfingin byggði á lýðræðislegu starfi. Er það svo? Af hverju í ósköpunum þarf þá að skylda menn til að greiða gjald til stéttarfélaga fyrst þetta er svona lýðræðislegt? Af hverju verða menn að borga skatt til þessarar hreyfingar ef þeir ekki vilja það og þetta er allt svona lýðræðislegt?

Svo sagði hv. þingmaður, og með réttu, að verkalýðshreyfingin ætti að fjalla um grunnþætti þjóðfélagsins. Það getur vel verið rétt en hún á ekki að mynda sér skoðun á því fyrir hönd félagsmanna sinna nema það sé frjáls aðild, þá getur hún það. Ef það er frjáls aðild geta þeir sem vilja og ekki sætta sig við stefnumörkunina sem stéttarfélagið hefur náð fram sagt sig úr því og hætt að borga í það.

Þeir geta það ekki í dag. Þeir skulu borga fyrir skoðun stjórnar BSRB í ýmsum málum, hvort sem þeir vilja eða ekki. Hv. þingmaður svaraði því ekki af hverju í ósköpunum menn eigi að borga fyrir skoðun sem þeir eru á móti, að þeirri skoðun sé dreift til allrar þjóðarinnar. Hvernig geta menn yfirleitt gert þetta, hvernig geta þeir gert fólki þetta? Fólkið þarf að horfa upp á það að skoðun sem það er eindregið á móti sé fjármögnuð af því sjálfu. Þetta er eins og að láta menn smíða sverðið til að höggva sig með.

[14:19]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins enn um mótsagnirnar. Hv. þingmaður telur að þótt aðild að verkalýðsfélögum væri algjörlega frjáls alls staðar í þjóðfélagi yrðu þau áfram til.

Ég hef hins vegar staðhæft að grundvelli þeirra væri ógnað af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi væru þeir einstaklingar — eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sem sjálfur reyndi að komast út úr verkalýðsfélagi — sem vilja fleyta rjómann ofan af og njóta ávaxtanna af starfi annarra, annars vegar er það. Hins vegar er það ásetningur atvinnurekenda að bola fólki út úr félagslegu starfi af þessu tagi, stilla atvinnulausu fólki upp við vegg og segja: Ég skal ráða þig í vinnu að því tilskildu að þú standir utan verkalýðsfélaga og njótir ekki ávaxtanna af því starfi sem þar fer fram.

Þannig hefur krafa sem er lagt upp með upphaflega sem mannréttindakröfu snúist upp í andstæðu sína. Það er þetta sem ég óttast. Þess vegna hef ég sagt: Lítum á verkalýðshreyfinguna sem grunnþátt í samfélaginu, í þjóðfélaginu. Þegar þjóðfélagið eða samfélagið er annars vegar spyrjum við ekki einstaklinga þegar við viljum gefa valfrelsi, og við erum fylgjandi því að hafa það sem víðast: Vilt þú standa utan þjóðfélagsins? Vilt þú ekki kannski greiða neina skatta? Ætlarðu ekkert að vera með?

Nei, við erum í samfélagi og öxlum ábyrgðina saman á því samfélagi, við að byggja það upp, búa það til og gera það að siðaðra manna hætti.

Eins vil ég líta á verkalýðshreyfinguna sem einn af grunnpóstum í fjölþáttalýðræðisþjóðfélagi. Ég hef áhyggjur af því ef öfgafrjálshyggja, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal er í forsvari fyrir, nær einhverri fótfestu hér á landi. Ég vona að svo verði ekki.

[14:21]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var mjög athyglisverð yfirlýsing hjá hv. þingmanni. Ég veit ekki betur en að þingmönnum sé gert að sverja eið að stjórnarskránni. Samkvæmt henni er

félagafrelsi í landinu, hvort sem menn vilja eða ekki.

Hv. þingmaður lýsir því yfir að hann sé bara á móti þessu ákvæði í stjórnarskránni í vissum atriðum. Mér finnst þetta vera þó nokkuð alvarlegt. (**Gripið fram í:** Ha?) Það stendur í stjórnarskránni að mönnum sé frjálst að standa utan félaga, hvort sem hv. þingmanni líkar það vel eða illa. (**Gripið fram í:** ... líka?) Nei, það stendur í stjórnarskránni að menn skuli borga skatta. Það er tekið fram í stjórnarskránni hvað má og hvað ekki. Sem betur fer er stjórnarskráin vörn einstaklingsins fyrir ofríki ríkisvaldsins og annarra einstaklinga, þar á meðal stéttarfélaga.

[14:22]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu þótt það væri fullt tilefni til að sjálfsögðu vegna þess að við erum að tala hér um grundvallarmannréttindi og við erum að tala um grundvöll lýðræðissamfélagsins.

Ástæðan fyrir því að ég kem hér upp er sú að ég vildi víkja einu orði að einum þætti sem fram kom í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals í ræðu hans fyrir stundu, meintum vilja stjórnarandstöðunnar til að ganga gegn samfélagslegum sjónarmiðum og viðhorfum þegar öryrkjar væru annars vegar og hefði komið fram í öryrkjamálinu svokallaða. (**Gripið fram í:** ... engir einstaklingar.) Einstaklingshyggja, að við hefðum verið að beita okkur í þágu einstaklingshyggju, var það ekki svoleiðis? Já, á sama hátt væntanlega og ef við hefðum óskað eftir því að atvinnuleysisbætur yrðu tengdar við kaup eða kjör maka hins atvinnulausa. Þá væri það væntanlega einstaklingshyggja líka? (**Gripið fram í:** Þvert á móti.) Þvert á móti? Það sem við höfum haldið fram og héldum hér fram í langri umræðu um öryrkjamálið svokallaða var að við vildum aftengja kjör öryrkjans kjörum makans og stuðla að því að hann lifði sem sjálfstæður einstaklingur og með sjálfstæðar forsendur. Einstaklingshyggja, segir hv. þingmaður, og þarna var ég að draga upp samlíkingu á milli öryrkjans annars vegar og hins atvinnulausa hins vegar.

Ef við förum með þetta út í atvinnulífið og tökum t.d. þingmann — ég veit ekki hvernig hv. þm. Pétur H. Blöndal mundi líta á það ef laun þingmanna tækju mið af kjörum makans, þætti honum það gott? Fyndist honum það til framfara? (**PHB:** Ég er einstaklingshyggjumaður.) Hann er einstaklingshyggjumaður, já, já. Það er þetta, hæstv. forseti, sem ég á við þegar ég tala um mótsagnir í málflutningi manna. Hv. þingmaður kýs að kalla það einkunnagjöf. Ég er bara að vísa á mótsagnir sem fram koma hjá mönnum í málflutningi þeirra.

Við höfum verið að leggja áherslu á það að bæta kjör atvinnulauss fólks og öryrkja og það að skilgreina þetta sem baráttu fyrir einstaklingshyggju er svo öfugsnúið að ólíkindum sætir. En þetta er einstakur hæfileiki sem hv. þingmaður hefur til að taka það sem stendur upprétt og snúa því á haus.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Notkun endurnýjanlegra, innlendra orkugjafa, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 52. mál. — Þskj. 52.

[14:25]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Fyrsti flutningsmaður að þessu þingmáli er hv. þm. Össur Skarphéðinsson en samfylkingarþingmenn flytja það allir saman undir forustu hans. Ég hleyp í skarðið fyrir formann flokksins við að flytja þetta mál vegna þess að hann hafði ekki tök á því að vera hér staddur núna en ástæðulaust er að fresta því að málið komi til afgreiðslu við fyrri umr.

Þetta er tillaga til þingsályktunar um aukna notkun endurnýjanlegra, innlendra orkugjafa í samgöngum. Tillögugreinin er eftirfarandi:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera heildstæða áætlun um aðgerðir til að auka notkun farartækja sem nýta endurnýjanlega, innlenda orkugjafa. Miðað verði við að árið 2020 verði fjórðungur nýrra bifreiða knúinn slíkum orkugjöfum.

Áætlunin feli meðal annars í sér tillögur um lagabreytingar er veiti fjármálaráðherra heimild til að fella niður svo lengi sem þurfa þykir öll opinber gjöld, svo sem virðisaukaskatt, vörugjöld og þungaskatt:

a. af samgöngutækjum sem nýta endurnýjanlega orkugjafa,

b. af búnaði sem nýttur er til að framleiða nýja endurnýjanlega orkugjafa á Íslandi,

c. af endurnýjanlegum orkugjöfum sem framleiddir er hér á landi í því skyni að knýja samgöngutæki.

Áætlunin feli jafnframt í sér tillögur að samstarfi ríkis við sveitarfélög um aðgerðir sem hvetja til nýtingar innlendra orkugjafa, svo sem tímabundna styrki vegna almenningsvagna, um rannsóknir sem ýtt gætu undir þróun vistvænna samgangna og um aðrar aðgerðir sem gætu dregið úr mengun frá samgöngutækjum.

Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en fyrir lok vorþings 2006 á að standa en vegna þess að hér er verið að endurflytja þessa tillögu, hún var flutt á síðasta þingi, 130. löggjafarþingi en var þá ekki útrædd, hafði láðst að breyta ártalinu í lok tillögugreinarinnar.

Eins og ég sagði áðan var tillagan flutt á síðasta löggjafarþingi og er flutt aftur núna. Þá var mælt fyrir henni í Alþingi og ég hyggst ekki fara yfir alla þá greinargerð sem hér fylgir, enda er hún lengri en að svo geti orðið. Ég vil fara yfir upphaf hennar:

Samgöngur valda gríðarlegri mengun í formi gróðurhúsalofttegunda sem verða til við bruna eldsneytis sem á uppruna sinn í jörðu. Gróðurhúsalofttegundirnar verða að eins konar hitagildru sem kemur í veg fyrir að hiti geislist frá jörðu út í geiminn. Hlýnun á sér því stað í andrúmsloftinu. Ekki er lengur deilt um að hlýnunin geti raskað umhverfi jarðarinnar verulega. Auk þess veldur brennsla jarðefnaeldsneytis í farartækjum margvíslegri loftmengun sem m.a. hefur áhrif á heilsu fólks. Minni notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum mun því til lengri tíma einnig auka heilbrigði og lífsgæði samfara því að draga úr kostnaði í heilbrigðiskerfinu.

Áhrif vaxandi styrks gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti gætu orðið geigvænleg. Breytt straumakerfi sem drægi úr Golfstraumnum gæti hugsanlega haft mikil áhrif á gengd fiskstofna og búsetuskilyrði, m.a. í okkar heimshluta. Rannsóknir á borkjörnum úr Grænlandsjökli, þar sem íslenskir vísindamenn hafa verið í forustu, benda til að skjót hlýnun andrúmsloftsins geti verið undanfari ísalda sem skella á með litlum fyrirvara. Hröð hlýnun af völdum útstreymis gróðurhúsalofttegunda hefur því verið skilgreind sem ein mesta vá sem steðjar að mannkyninu. Víðs vegar um heim eru stjórnvöld að grípa til aðgerða gegn henni. Kyotosamningurinn er besta dæmið. — Hann hefur verið til umræðu undanfarna daga vegna þess að nú eru ákvæði hans loksins gengin í gildi.

Miklar vonir standa til að innan fárra ára hefjist fjöldaframleiðsla farartækja sem knúin verða með mengunarlausum orkuberum í stað mengandi jarðefnaeldsneytis. Tækist það — sem er einungis tímaspursmál hvenær verður — yrðu tímamót í umhverfisvernd. Í þeirri þróun eiga Íslendingar kost á að leika veigamikið hlutverk. Náttúrulegar auðlindir okkar bjóða upp á fágæta möguleika til að þróa samgöngur sem byggjast að langstærstum hluta á innlendum orkugjöfum. Þar ber að sönnu hæst þá miklu möguleika sem felast í að nýta vetni og rafmagn til samgangna en ekki má heldur horfa fram hjá tækifærum sem liggja í að nota metan og metanól. Notkun tveggja síðasttöldu orkuberanna er að sönnu ekki laus við myndun gróðurhúsalofttegunda en mengun af þeirra völdum er hins vegar miklu minni en vegna olíu og bensíns. Því er einnig mikilvægt að búa í haginn fyrir notkun þeirra. Þá er einnig rétt að hafa í huga að áætlanir um skógrækt í atvinnuskyni sem nú eru komnar til framkvæmda í öllum landshlutum munu í framtíðinni gefa af sér afurðir sem gætu nýst vel til framleiðslu á lífrænu endurnýjanlegu eldsneyti en hún er líkleg til að auka arðsemi þeirra verkefna. Í þeirri tillögu eru samgöngur sem byggjast á öllum framangreindum innlendum orkugjöfum því skilgreindar sem endurnýjanlegar samgöngur. Heimildirnar sem lagt er til í þessari þingsályktunartillögu að stjórnvöld fái ná sömuleiðis til allra áðurgreindra orkugjafa.

Við framleiðslu endurnýjanlegra orkubera, svo sem vetnis og rafmagns, verða flestar þjóðir að nýta að einhverju marki eldsneyti eða hráefni sem er af uppruna jarðefna og fæst með námagreftri, svo sem kol, olíu eða jarðgas. Við umbreytingu þeirra í hreina orkugjafa verður jafnan einhver losun gróðurhúsalofttegunda. Íslendingar, nær einir þjóða, eiga hins vegar kost á því að nýta náttúrulegar, endurnýjanlegar auðlindir í formi vatnsafls og jarðhita, til að framleiða vetni og rafmagn án þess að nokkur losun gróðurhúsalofttegunda verði við framleiðsluna. Í þessu felst mikilvæg sérstaða Íslands.

Íslendingar búa ekki aðeins að endurnýjanlegum auðlindum. Hér á landi er einnig einstök þekking og reynsla í framleiðslu þessara orkugjafa. Við Háskóla Íslands hefur dr. Bragi Árnason unnið ómetanlegt starf við þróun á framleiðslu vetnis og nýtingu þess til samgangna. Dr. Bragi hefur m.a. kynnt stórmerkar hugmyndir sem byggjast á því að nýta útblástur frá stóriðjuverunum til að framleiða metanól en í slíku framleiðsluferli fellur það vel undir skilgreiningu á endurnýjanlegu eldsneyti. Þá er ónefnt framlag Íslenskrar nýorku ehf. á sviði vetnisnýtingar sem vakið hefur heimsathygli. Fyrirtækið rekur fyrstu og einu vetnisdreifingarstöð Íslendinga í samvinnu við olíufyrirtæki og sömuleiðis nokkra almenningsvagna sem ganga fyrir vetni, auk þess að sinna þróunar- og rannsóknarvinnu varðandi vetni. Ekki þarf heldur að fjölyrða um þekkingu okkar Íslendinga á sviði raforkuframleiðslu. Fyrir utan mikla þekkingu á virkjun fallvatna er hvergi í heiminum jafnmikil reynsla og á Íslandi af því að framleiða rafmagn úr jarðhita.

Íslendingar ættu því að geta lagt mikið af mörkum til umhverfisverndar í heiminum með því að þróa þá tækni sem þarf til að nýta mengunarlausa orkugjafa til samgangna. Mikil orka í formi jarðhita er víða ónýtt. Má í því sambandi rifja upp frumkvæði Samfylkingarinnar varðandi orkuvinnslu úr lághita en þingsályktunartillaga flokksins sem Örlygur Hnefill Jónsson var fyrsti flutningsmaður að var samþykkt á Alþingi 3. maí 2002. Sömuleiðis eru sums staðar góðar aðstæður hér á landi til að framleiða orku með vindmyllum en þeirri tækni fleygir nú fram erlendis auk þess sem Íslendingar hafa sinnt rannsóknum á beislun vindafls. Engin ástæða er til að ætla annað en að hér á landi verði framleidd orka með þeim hætti í framtíðinni. Við bestu aðstæður gætum við orðið útflytjendur á vetni til að knýja samgöngur utan Íslands. Frumkvæði og forganga Íslands á þessu sviði getur því ef rétt er á haldið einnig skapað margvísleg efnahagsleg tækifæri.

Sérstaða okkar Íslendinga í þessum efnum er slík að fullyrða má að okkur beri siðferðileg skylda til að taka að okkur forustuhlutverk í þessum efnum.

Hæstv. forseti. Auðvitað eru þessi mál öll merkileg og það er full ástæða til þess að hér á Alþingi sé ýtt á eftir því að stjórnvöld fylgi þessum málum sem allra fastast fram. Á það hefur reyndar vantað þó að ýmislegt hafi verið gott gert. Það er t.d. full ástæða til að ræða alvarlega um það hvers vegna okkur hefur ekki miðað meira en raun ber vitni hvað það varðar að beina notkun okkar á bifreiðum í skynsamlegri áttir en við höfum gert. Hér gætu verið miklu fleiri dísilbílar, hér gætu verið miklu fleiri bílar sem eyddu minni orku og minna bensíni en þeir gera en vegna þeirra reglna sem við höfum haft hér í sambandi við skatta af innflutningi á bílum og vegna þess að hvatningu hefur vantað til þess að fólk kaupi bíla sem eru þannig að þeir eyða minni orku hefur ekki nógu mikið gerst í þessum málum. Það er spurning hvort stjórnvöldum væri ekki hollara að horfa í eigin barm og velta fyrir sér hvaða áhrif þau geti haft í viðbót.

Hver var síðasta ákvörðun hér hvað varðar bíla? Hún var fólgin í því að hvetja menn til að kaupa sér stóra jeppa. Ég held að þar hafi ekki verið skynsamleg ráðstöfun á ferðinni. Miklu nær hefði verið að breyta reglum þannig að fólki hefði orðið hvatning til þess að kaupa sparneytnari bíla, bíla sem eyða þá dísilolíu frekar en bensíni og bíla sem gætu hugsanlega nýtt sér aðra orkugjafa en þá tvo sem ég nefndi.

Margt annað er auðvitað hægt að gera. Við erum hér með gríðarlega stóran fiskiskipaflota. Við höfum ekki beitt neinum reglum sem hafa haft einhver áhrif á það hvernig menn nýta orku í sjávarútveginum. Sú þróun sem þar hefur orðið hefur einungis orðið út frá sjónarmiðum útgerðar-

mannanna sjálfra og án tillits til þess hvort hugsanlegt væri að beina t.d. orkunýtingunni í aðra farvegi. Það er augljóst að miklu minni orka fer í að veiða hvert kíló af fiski sem veiddur er á línu en ef það er veitt í troll. Þó hefur ekki verið gerð nein tilraun til að hafa áhrif á það að menn nýti frekar veiðarfæri sem spara orku eða menga minna. Þvert á móti er ákveðin hvatning fólgin í því að nýta orkufrekari veiðarfærin þrátt fyrir að sá hópur fiskiskipa veiði meira af smærri fiski en gerist að meðaltali í flotanum.

Það er alveg hægt að hafa sérumræðu um þessa hluti en þarna hefur verið á ferðinni fram að þessu líklega u.þ.b. þriðjungur af orkunýtingu okkar. Okkur vantar verulega stefnumörkun hvað þetta varðar, þá er ég að tala um fiskiskipaflotann. Í bílaflotann fer gríðarlega mikið af þeirri orku sem hér er eytt og þar gætum við líka haft mikil áhrif. Allt er þetta ákaflega stórt mál en ég held að þessi tillaga hér geti verið gott lóð á þær vogarskálar að kalla fram umræðu um þessi efni.

[14:40]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé mjög vel við hæfi að við tökum þessa tillögu til umfjöllunar um þetta leyti þar sem í gær var hin opinbera gildistaka Kyoto-bókunarinnar. Af því tilefni var einmitt fundur í boði umhverfisráðuneytisins þar sem fjallað var um loftslagsbreytingar og framkvæmd bókunarinnar. Það var afskaplega skemmtilegur og athyglisverður fundur og mikið af góðum upplýsingum kom þar fram. Eitt af því sem menn ræddu þar var það hvernig orkugjafar í samgöngum mættu verða umhverfisvænni.

Þegar menn ræða slíka tillögu er rétt að rifja upp kannski með örfáum orðum hvað gert hefur verið í því efni. Sú tillaga sem hér er rædd gerir m.a. ráð fyrir lagabreytingum þess efnis að heimilt verði að fella niður ýmis opinber gjöld varðandi þau ökutæki sem nýta innlenda orkugjafa. Af því tilefni er rétt að rifja upp að í lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, er einmitt gert ráð fyrir því að ökutæki séu undanþegin gjaldskyldu, þ.e. þau ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli og vetni. Þau eru sem sagt undanþegin gjaldskyldu.

Þetta ákvæði var lögfest 1997 og í athugasemdum með því frumvarpi sem varð þá að lögum kemur m.a. fram að breyting sú sem þá var lögð til hafi verið gerð í þeim tilgangi að hvetja til aukinnar notkunar ökutækja sem ekki gefa frá sér koltvísýring. Árið 1997 voru menn einmitt að huga að þessum málum.

Síðan er annað varðandi vörugjaldið, um tvíorkubifreiðar. Samkvæmt ákvæði VII til bráðabirgða í fyrrgreindum lögum skal „[v]örugjald af bifreiðum sem eru gjaldskyldar skv. 3. gr. laganna og búnar eru vélum sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu [...] vera 120.000 kr. lægra en ella væri samkvæmt greininni". Þessi heimild til lækkunar gildir til 31. desember 2006.

Þegar ákvæðið var framlengt með lögum 38/2000 kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu að markmiðið með breytingunni sé „að styðja við öra þróun í hönnun og framleiðslu ökutækja sem geta nýtt rafmagn og metangas, enda eru skaðleg áhrif þeirra orkugjafa á umhverfið mun minni en eldsneytis úr olíum". Þá hafði verið bent á það að „notkun tvíorkubifreiða sé nauðsynlegt skref í frekari þróun í framleiðslu bifreiða sem eingöngu verða knúnar öðrum orkugjöfum en bensíni eða dísilolíu". — Mér láðist víst að fá leyfi hæstv. forseta fyrir þessari tilvitnun.

Fram kemur í tillögunni að ákvæði VII til bráðabirgða heimili ekki að veita afslátt af vörugjaldi þegar um er að ræða bifreiðar sem nýta vetni. Það er alveg rétt enda eru bifreiðar sem knúnar eru óhefðbundnum orkugjöfum, svo sem rafhreyfli eða vetni, undanþegnar vörugjaldi samkvæmt því sem áður sagði. Það er því verið að hvetja til aukinnar notkunar þessara bifreiða.

Niðurfelling vörugjalds nær ekki til ökutækja sem bæði eru knúin mengandi og minna mengandi orkugjöfum, samanber tvíorkubifreiðar, en slíkum ökutækjum var veittur 120 þús. kr. afsláttur sem ég vitnaði til áðan. Ekki verður farið í þennan mun á vetnis- og rafmagnsbifreiðum annars vegar og tvinnbifreiðum hins vegar út frá umhverfissjónarmiðum en ljóst að fyrrgreindu ökutækin eru minna skaðleg fyrir umhverfið en hin síðarnefndu.

Ég vil aðeins minnast á þungaskattinn. Í lögum um fjáröflun til vegagerðar kemur fram að í ákvæði til bráðabirgða eru bifreiðir sem nota í tilraunaskyni annan orkugjafa en bensín, dísilolíu eða annað eldsneyti unnið úr olíu undanþegnar greiðslu þungaskatts til 30. júní 2005. Ég held að hv. framsögumaður hafi vitnað til þess að dagsetningin sem fram kemur í tillögunni hafi ekki verið rétt, ákvæðið er ekki fallið úr gildi heldur framlengt með lögum nr. 127/2004 fram til 30. júní 2005.

Þá falla úr gildi lög nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, en frá og með 1. júlí 2005 taka gildi lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald. Samkvæmt þeim lögum er ekki að finna gjaldskyldu vegna tvinnbifreiða eða bifreiða sem nota einvörðungu óhefðbundna orkugjafa, að undanskildu því að ef ökutækin eru 10 tonn eða þyngri ber þeim að greiða kílómetragjald. Öll tæki yfir 10 tonnum skulu greiða kílómetragjöld óháð eldsneytisnotkun.

Hæstv. forseti. Tími minn er víst á enda en breytingin varðandi olíuna hefur mjög góð áhrif hvað það varðar að dísilbílar verða almennari í notkun þegar þungaskatturinn er kominn í olíuna og því verður ódýrara að nýta dísilbíla, sérstaklega fyrir smærri fólksbíla.

[14:48]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil koma upp og lýsa eindregnum stuðningi við þá þingsályktunartillögu sem lögð er fram af öllum þingmönnum Samfylkingarinnar sem segir til um þyngd málsins í þeirra huga. Þingsályktunartillagan hefði getað verið sniðin í smiðju Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs svo vel fellur hún að hugmyndafræði okkar og pólitískum áherslum.

Farið er inn á mjög mikilvæga þætti í þingsályktunartillögunni, að fela ríkisstjórninni að gera heildstæða áætlun um aðgerðir til að auka notkun farartækja sem nýta endurnýjanlega innlenda orkugjafa. Töluverð þekking er til staðar til að hrinda þingsályktunartillögunni í framkvæmd því

nú þegar eru í umferð bifreiðar sem nota bæði rafmagn og metangas, en ég er ekki ein um að telja að við höfum átt að setja miklu meiri kraft í heildstæða áætlun til að auka hlut farartækjanna í samgöngum okkar. Það er hægt að gera með margvíslegum hætti. Við værum þá, eins og við erum í dag, frumkvöðlar hvað varðar notkun á rafmagnsbílum, en fleira kemur til. Huga þarf að skattlagningu og að auðvelda fólki sem hefur áhuga á því að aka um á slíkum bílum að eignast þá og geta keyrt um, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur víðar. Þetta er því áætlun til einhverra ára því þetta er ekki gert í einu vetfangi.

Hvað varðar metangasið er alveg ljóst að það er mjög nýtanlegt á bifreiðar. Með því að efla hlut þeirra bifreiða sem nota metangas sláum við tvær flugur í einu höggi því að með því getum við nýtt það metangas sem er framleitt af mannavöldum, má segja, sem kemur frá sorphaugunum í stað þess að það fari í andrúmsloftið eða brennt eins og gert er í dag, að orkan sem sannarlega er til staðar verði notuð til þess að knýja áfram bifreiðir.

Það er mikil mengun af losun lofttegunda frá skipaflotanum okkar sem hefur áhrif á gróðurhúsaáhrifin eða gróðurhúsalofttegundir eins og farið er að kalla það. Til er tækni til að minnka brennslu á núverandi kolefnaeldsneyti á eldri skipum og stórefla minnkun á notkun kolefnisorkugjafa á nýjum skipum. Íslenskt fyrirtæki hefur lagt stund á og metnað í þær rannsóknir og ég tel að standa þurfi vel við bakið á því fyrirtæki og öðrum sem fara inn á þessar brautir og stuðla að því að íslenski skipaflotinn fari markvisst inn á þá braut að nota vistvæna orkugjafa og minnka útblásturinn með öllum ráðum.

Eins og fram kom í máli hv. framsögumanns og hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur tók Kyoto-bókunin gildi í gær og er orðin bindandi samningur. Ég held að lýðum sé orðið ljóst að losun gróðurhúsalofttegunda hefur mjög mikil og hnattræn áhrif á veðurfar og á möguleika okkar til lífs á jörðinni. Við verðum að horfa á uppspretturnar, losunina á mengandi lofttegundum, það er númer eitt og síðan hvernig við getum bundið kolefni eins og með gróðursetningu og því sem við ræddum í dag um endurheimt votlendis eða að grafa niður í skurði, það er framhaldið. Ef við ætlum að standa undir nafni sem þjóð sem vill stuðla að sjálfbærri þróun eru samgöngutækin ekki síst til þess fallin að einbeita sér að í þessari stóru mynd. Gefa þarf öðrum farartækjum möguleika í samgöngukerfi okkar, eins og reiðhjólum, sem verða þá eðlilegur hluti af samgöngum okkar og til þess þurfum við að leggja sérstakar brautir.

Þetta er umfram það sem þingsályktunartillagan segir til um því hún einbeitir sér að farartækjunum og það er nægilegt verkefni. En við þurfum að hafa þessa heildstæðu mynd og því styðjum sannarlega þingsályktunartillöguna og ég vona að það verði nægur tími til að senda hana út til umsagnar og afgreiðslu á þessu vorþingi.

[14:56]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég tek undir það sem fram hefur komið og get ekki annað en tekið undir þau markmið sem sett eru í þessari tillögu til þingsályktunar um aukna notkun á endurnýjanlegum og innlendum orkugjöfum í samgöngum. Eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni sýnir það þunga hv. þingmanna Samfylkingarinnar að allur þingflokkurinn stendur að málinu og hv. þm. Þuríður Backman sagði það félli vel að hugmyndafræði flokks hennar.

Ég tek undir markmið þingsályktunartillögunnar en flutningsmenn hefðu getað kynnt sér stöðu málaflokksins örlítið betur því að að þessum málum er unnið og stefnumörkunin liggur fyrir og er það sem upp á vantar í vinnslu. Nefnd skilaði til ríkisstjórnar 1997, ef ég man rétt, og önnur nefnd á vegum iðnaðarráðuneytis, samgönguráðuneytis, fjármálaráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis svo einhver ráðuneyti séu nefnd. Þau eru einmitt með þessi mál, þessa heildarsýn sem nær yfir flest ráðuneyti um skattalegt umhverfi og þar fram eftir götunum, þetta er í vinnslu þar. Sem kunnugt er er ríkisstjórn Íslands sú fyrsta í veröldinni sem lýsir því yfir að hafa það sem pólitískt markmið að Ísland verði vetnisríki, hið fyrsta í veröldinni.

Það má því segja að markmið þingsályktunartillögunnar falli mjög vel að stefnu ríkisstjórnarinnar og ber auðvitað að túlka hana sem stuðning við stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum enda er þetta líklega eitt af þeim málum sem væntanlega er nokkuð þverpólitísk samstaða um, málið er af þeim toga.

Það hefur sannarlega náðst mikill árangur á þessu sviði. Stefnumörkunin er nokkuð skýr og hefur vakið verðskuldaða alþjóðlega athygli. Fjallað hefur verið um stefnu Íslands í þessum málum í hátt á fimmta hundrað erlendum fjölmiðlum. Íslandi hefur verið boðið sæti meðal stærstu þjóða heims í fyrstu alþjóðlegu samtökunum um vetnismálin og Íslandi er boðið, einu af 14 ríkjum, að taka sæti þar vegna þessarar stefnumörkunar.

Á þeim stutta tíma sem hér er til umræðu má aðeins hlaupa yfir það sem gerst hefur varðandi vistvæna orkugjafa í samgöngum. Benda má á að nú þegar eru um og yfir 20 bílar á götum höfuðborgarinnar knúnir metangasi, þökk sé mikilli framsýni og dugnaði Ögmundar Einarssonar, framkvæmdastjóra Sorpu, og fleiri slíkir bílar á leiðinni.

Þegar eru komnir líklega hátt í 20 rafmagnsbílar. Þeir komu hingað fyrir ekki svo mörgum árum og hafa nýst ágætlega hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum og á Akureyri. Hér eru þegar þrír vetnisstrætisvagnar og ekki má gleyma fyrstu vetnisstöðinni í veröldinni sem er sérlega byggð til að fylla á vetnisbíla. Á vegum fyrirtækisins Íslenskrar NýOrku, sem er eiginlega vettvangur stjórnvalda til að annast framkvæmd þessarar stefnumörkunar í samstarfi við þrjú virt og stór alþjóðleg fyrirtæki, er unnið að enn frekari áætlunum sem eru í bígerð með ýmsum innlendum og erlendum samstarfsaðilum. Má þar nefna frekari innflutning á bílum hjá ýmsum bílaframleiðendum, framleiðslu og jafnvel útflutning á vetni. Fyrsta sérsmíðaða vetnisknúna skipið er á teikniborðinu og áfram má telja.

Grundvallaratriði í þessu er að Íslendingar hafa boðið Ísland sem tilraunavettvang fyrir þessa nýju og byltingarkenndu tækni sem á eftir að valda miklum straumhvörfum ekki bara í umhverfismálum heldur líka í efnahagsmálum og síðast en ekki síst lýtur þetta að pólitísku orkulegu sjálfstæði sem þjóðir eru farnar að líta meira og meira til, þ.e. að geta framleitt sitt eigið eldsneyti en þurfa ekki að vera

háðir óróa t.d. í Austurlöndum sem hefur áhrif beint á efnahagslífið.

Það má segja að hvað samgöngur varðar séum við á ákveðnum tímamótum því að flestir bílaframleiðendur veraldar hafa lýst því yfir að þeir veðji á efnarafala og vetni sem framtíðartækni í bílunum. Það má segja að sprenghreyfillinn með jarðefnaeldsneyti hafi verið einkennandi fyrir síðustu öld og menn spá því að efnarafall og vetni verði einkennandi fyrir þá öld sem ný er gengin í garð. Vandinn verður hins vegar sá að brúa þetta bil. Þróunin hefur verið mjög ör og hefur gerst ævintýralega hratt á síðustu fimm árum. Þeir vetnisbílar með efnarafölum sem lengst eru komnir núna geta ekið um það bil 500 kílómetra á fyllingunni og afskaplega lítið fer fyrir búnaðinum. Maður verður vart var við hann í þessum bílum öfugt við það sem var fyrir svona sjö árum þegar bílarnir voru fullir af alls konar tækjum og tólum sem hafa síðan horfið, þökk sé undraverðum árangri góðra vísindamanna.

Svo er það sem við þurfum að gera innan lands. Stefnumörkun liggur fyrir og ég hef áður vísað til þeirrar nefndar sem hefur skilað starfi og ráðuneytavinnuhópa sem eru að störfum við að fara yfir skattaumhverfið. En svo þurfa sveitarfélögin líka, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, að móta sér stefnu um þetta eins og gert hefur verið víða erlendis, svo sem að koma upp tenglum, forgangi vistvænna ökutækja og þar fram eftir götunum. Þetta getum við séð í nokkrum nágrannaborgum okkar þar sem vistvænir bílar fá eiginlega forgangshraða og forgang í umferðinni rétt eins og almenningssamgöngutæki. Ríkisstjórnin hefur sína stefnumörkun og hefur lagt beint fé í það sem hér hefur verið gert. En það verða fyrst og fremst bílaframleiðendur sjálfir sem munu ráða hraðanum á þessari tækni því það eru þeir sem framleiða bílana og framfarirnar sem orðið hafa á síðustu fimm árum, eins og ég nefndi áðan, eru ævintýri líkastar. Það mun gerast núna á allra næstu missirum að fyrstu bílaframleiðendurnir fara að koma, í takmörkuðu magni þó, vetnisknúnum bílum á hinn almenna markað. Fram að því munum við sjá lausnir eins og rafmagnsbíla, metangasbíla, bíla sem nota vetni á sprengjuhreyfla sem er þó ekki eins hagkvæmt og vetni á efnarafölum og þar fram eftir götunum. Við höfum markað þá stefnu og vakið athygli fyrir að vera fyrsta landið sem lýsir því opinberlega yfir að það ætli sér að (Forseti hringir.) verða fyrsta vetnisríki veraldar og út á það gengur þessi þingsályktunartillaga. Ég hlýt því að fagna markmiðum hennar en tel að þau séu þegar komin fram og séu að mörgu (Forseti hringir.) leyti komin til framkvæmda.

[15:05]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er ánægð með þessa umræðu og er í raun að bregðast við ræðu hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Ég gat ekki verið við upphaf umræðunnar en er ánægð að heyra að þessi tillaga okkar fær undirtektir hjá honum enda hefði annað komið mér mjög á óvart vegna þess að þingmaðurinn hefur sjálfur, þó hann sé í flokki þess ráðherra sem hefur haft sig mest í frammi um að kynna möguleika sem vetnisvæðing hérlendis gæti gefið Íslandi, flutt þingmannamál um að fara skuli heildstætt í þessi mál. Það vakti auðvitað mjög mikla athygli og sérstaklega vakti það athygli mína af því að á þessum tíma var ég búin að vera að skoða afskaplega vel hvað var í gangi hérlendis í sambandi við þessa nýju innlendu orkugjafa og möguleikana á því að fara í alveg nýja orkugjafa fyrir bíla og báta. Það kom mér því mjög á óvart þegar mál hv. þingmanns kom fram af því að ég átti von á því að þegar eitthvað slíkt kæmi þá yrði það stjórnartillaga. Ég þekki málið afskaplega vel og auðvitað gerum við okkur grein fyrir því betur en nokkrir aðrir sem hafa skoðað þessi mál að það er mjög takmarkað sem búið er að taka ákvarðanir um hjá ríkinu. En hvað er þá búið að taka ákvarðanir um hjá ríkinu? Hvað hefur vakið svona gífurlega mikla athygli langt út fyrir landsteinana, ekki bara í Evrópu þaðan sem við höfum fengið peningana í þetta verkefni heldur líka vestan hafs? Minnist ég þess að fyrir um það bil tveimur árum síðan var haldinn fundur í Pentagon í kjölfar þess að verið var að skera niður áform um stórvirkjanir þar. Stórt kort hékk upp á vegg, eftir því sem mér var tjáð, af Íslandi og sagt var: „Þarna á þessari litlu eyju eru menn framsýnir. Þarna á að fara að vinna að því að á þessum stað verði fyrsta hreina hagkerfið í veröldinni af því að þeir eru farnir að gera það sem allar þjóðir ættu að vera að gera, þ.e. að skoða möguleikana á að framleiða orku til að framleiða vetni. Þar vilja menn vera tilbúnir til að nýta sér þá tækni sem allar bílaverksmiðjur í heiminum eru að rannsaka möguleikana á, að framleiða bifreiðar og vélar sem geta brennt vetninu."

En hér höfum við látið okkur nægja að setja í gang samstarf við NýOrku, VistOrku, samstarf af hálfu háskólans með mjög litlum ríkisfjármunum. Ég held að 1 milljón hafi komið frá ríkinu í gegnum aðild háskólans að þessu verkefni. Hins vegar höfum við fengið hundruð milljóna í styrki úr rannsóknasjóðum Evrópusambandsins og það er ágætt. En það hefur þýtt að hingað hafa streymt þingmenn frá Evrópu, úr öllum löndum Evrópu, og við sem eigum sæti í utanríkismálanefnd þekkjum það vel því að það erum við sem fyrst og fremst tökum á móti þeim sem stjórnmálamenn fyrir utan það að þessir hópar fara síðan í heimsóknir til orkufyrirtækjanna og fá kynningar af ýmsu tagi um hvað hér er að gerast og áformin, áformin sem eru bara áform enn þá og hafa m.a. engan lagaramma sem gefur vísbendingar um hvert stjórnvöld stefna og hversu mikil alvara er í málum hjá stjórnmálum og það vil ég gagnrýna.

Í fyrra tók ég á móti Þjóðverja sem hafði verið að vinna með þessi mál í þýska þinginu og hann tók allan pakkann. Hann sagði við mig á eftir: „Hvernig stendur á því eftir allan boðskapinn um það sem er í farvatninu á Íslandi" — hann var búinn að fara í heimsókn á alla staðina og tók í þetta marga daga — „að þegar ég spyr hvort til sé áætlun um virkjanir eða hvernig eigi að skaffa orku til að framleiða vetnið þá eru engin svör?" Til að vera viss um að ástandið væri kannski aðeins betra en það sem þessi Þjóðverji var að gagnrýna þá bar ég fram fyrirspurn í haust og reyndar margar fyrirspurnir um hin ýmsu áform í virkjanamálum til að geta lagt mat á hvað menn væru að hugsa inn í framtíðina með framleiðslu á vetni í þessa veru því ef við ætlum að hafa hreint hagkerfi þá ætlum við ekki bara að nota vetni á bíla heldur líka skipaflotann. Við skulum gera okkur grein

fyrir því að 50% mengunar í andrúmsloftinu koma frá þessum vélum.

Þess vegna bar ég fram fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra og fékk svar, í umræðu fyrir rúmri viku. Þá kom upp úr kafinu að engar áætlanir eru til um hvaða virkjanir í framtíðinni eigi að skaffa orku til að framleiða vetni. Skýringin var sú að þetta mundi dragast meira hjá þeim framleiðendum sem eru að vinna við að útbúa þessar vélar. Ég vil skjóta því að að vetnið tekur svo mikið rými að stórir tankar eru á strætisvögnunum sem nú eru í tilraunaakstri og engin leið hefur verið að finna út hvernig hægt er að nota vetni í bíla öðruvísi en að fá áfyllingu eftir um það bil 150 kílómetra. En það mundi þýða ofboðslega uppbyggingu á tankakerfi að afgreiða slíkt. Þá segir hæstv. iðnaðarráðherra að það sé svo langt í að þetta leysist, að menn telji að bifreiðar af þessum toga muni ekki koma á markað fyrr en á árunum 2020–2040. Það er ekkert óskaplega langt þangað til 2040 rennur upp. Það eru 35 ár. Við erum því að segja að 15–35 ár séu þar til hægt verður að fara raunverulega í aðgerðir sem skipta máli. Þá hét það að við ættum svo mikið af orkulindum til að virkja að ekki þyrfti að geyma neitt og að ekki þyrfti að taka neitt frá auk þess sem allir stóriðjusamningar mundu renna út áður en þessi bílafloti með nýjum vélum fyrir vetni kæmi á markaðinn. Þetta er auðvitað stórundarleg afstaða hjá stjórnvöldum þeirrar þjóðar sem ætlar að vera með fyrsta hreina hagkerfið.

Sömuleiðis liggur fyrir sá möguleiki að gera samninga við stóriðjufyrirtæki um að nýta afgas frá verksmiðjum og virkja það. Þá væri hægt að framleiða m.a. metanól eins og nefnt var í umræðunni og gera það ódýrt. Það hefði verið mjög snjallt og um það hef ég áður spurt hvort í farvatninu væri að semja við stóriðjufyrirtækin, sem fá núna orku úr viðkvæmum orkulindum, um að þau skiluðu afgasinu. En það hefur ekki verið gert. Þess vegna leyfi ég mér að gagnrýna hvað menn taka stórt upp í sig varðandi vetnisvæðinguna og hve lítil innstæðan er þegar á reynir.

[15:13]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er alveg undrandi á þessum neikvæða tóni hv. þingmanns. Ég er ekkert hissa á að hinn þýski vinur hv. þingmanns skuli hafa orðið undrandi ef þetta eru þær upplýsingar sem hv. þingmaður veitir erlendum gestum okkar. Það er umhugsunarefni, ekki síst af því að hv. þingmaður er í alþjóðlegu samstarfi. Ef þetta er sú rödd og þær upplýsingar sem bornar eru til útlanda þá hef ég áhyggjur af því vegna þess að hér var skautað mjög frjálslega yfir ýmsar staðreyndir.

Hér er talað um að lítið hafi verið gert. Flestar þjóðir fagna því að okkar ríkisstjórn skuli vera fyrst til að taka þessa ákvörðun, stefnumörkunina. Flestir aðrir en hv. þingmaður virðast meta það einhvers. Allar aðrar þjóðir horfa öfundaraugum til Íslendinga einmitt fyrir þá stefnumörkun. Sagt er að lítið hafi verið gert. Hér er búið að festa ákveðna þætti í lög til þess einmitt að gera skattumhverfið þægilegra fyrir vistvæna bíla eins og fram kom fyrr í umræðunni. Hér er fyrsta vetnisstöðin í veröldinni. Hér eru þrír vetnisvagnar og þær áætlanir sem ég nefndi í fyrri ræðu minni. En svo kemur þingmaðurinn og segir: „Það er lítil innstæða. Það er lítið gert.“ Það er rangt hjá hv. þingmanni að það sé bara einhvers konar samstarf við Íslenska VistOrku. Í fyrsta lagi þá er samstarfið við Íslenska NýOrku og það er samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar að fela því fyrirtæki hina praktísku hluti, að hrinda málunum í framkvæmd með erlendum aðilum en það sé ekki gert hjá ráðuneytum eða á vegum hins opinbera. Það var talin skynsamlegasta leiðin og ég styð þá stefnu.

Það er líka rangt hjá hv. þingmanni að ekki hafi verið gert ráð fyrir vetnisvæðingu í orkuspá okkar. Hefði hv. þingmaður setið síðustu orkuþing þá vissi hv. þingmaður betur.

[15:15]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil vel að þingmaðurinn sé viðkvæmur fyrir ræðu minni. Ég vil upplýsa hv. þingmann um að ég er mikil áhugamanneskja um þetta verkefni. Ég hef tekið þátt í dansinum. Ég tala eins og hv. þingmaður þegar ég er með útlendingum. Ég tók á móti þýskum þingmanni, ekki til að fjalla um þessi mál heldur til að fjalla um önnur mál. Hann fór að lýsa fyrir mér hvernig þessi mál stæðu og á hverju hann væri hissa. Ég sagði nákvæmlega það sama við hæstv. iðnaðarráðherra þegar ég spurði um virkjanamálin á dögunum. Ef það er orkuspá í gangi og áætlun fyrir virkjanir til að framleiða vetni þá kom það ekki fram í svörum við fyrirspurn minni til hæstv. ráðherra. En sé svo væri ég mjög ánægð að heyra það.

Ég vona að við getum orðið fyrsta þjóðin með hreint hagkerfi. Það er mjög gott ef aðrar þjóðir geta öfundað íslensku ríkisstjórnina af því að Íslendingar hafi innstæðu fyrir því sem samið hefur verið um, mjög gott.

Ég ætla líka að segja, út af vetnisvögnunum, að ég hafði einnig nefnt það að vetnisvagnarnir væru að koma, áður en ég fór að kafa í verkefnið. Þá var sagt við mig: Heyrðu Rannveig, veistu hve margar borgir í Evrópu notast við vetnisvagna? En hér tölum við alltaf eins og við séum að gera eitthvað einstakt. Ég er ekki að gera lítið úr því sem gert er. Ég gagnrýni að menn haldi því fram að það sé meira en innstæða er fyrir. Við flytjum þessa tillögu vegna þess að við viljum að þetta verkefni komist áfram. Við styðjum ríkisstjórnina í því en við viljum líka að innstæðan sé meiri en hingað til hefur verið.

[15:17]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Á öllum alþjóðlegum umhverfis- og vetnisráðstefnum sem haldnar hafa verið síðustu árin vekur Ísland einmitt mikla athygli fyrir mikla innstæðu, þótt hún hafi farið fram hjá hv. þingmanni. Hún nefndi að hér væru bara þrír vetnisstrætisvagnar en svo væri einnig í níu öðrum borgum í Evrópu. Þá er rétt að upplýsa hv. þingmann um hvers vegna svo skuli vera í níu öðrum borgum í Evrópu? Það var vegna þess að það náðist samkomulag Íslenskrar NýOrku og íslenskra stjórnvalda við DaimlerChrysler-verksmiðjurnar um að hér skyldu koma þrír strætisvagnar.

Þegar það spurðist út óskuðu níu aðrar borgir eftir því að fá vetnisvagna til sín. Þess vegna seinkaði komu vagnanna hingað en af því varð strax árangur og það er einmitt

það sem vetnissamfélagið alþjóðlega segir: Ykkar skref eru okkur hvatning. Einmitt þessir strætisvagnar sem hv. þingmaður nefndi í Evrópu eru sönnun og dæmi þess að við höfum látið gott af okkur leiða vegna þess að hér er skýr stefnumörkun.

Það liggur líka fyrir og er viðurkennt af Orkustofnun að til þess að fullnægja þörf okkar fyrir vetni á allar okkar samgöngur og á fiskiskipaflotann með efnarafölum þarf ekki nema 8–10% af virkjanlegri orku á Íslandi. Við nýtum ekki nema lítið brot af henni og þegar ég segi 8–10% þá eru helstu náttúruperlur undanskildar. Þetta er staðfest af Orkustofnun.

Það er ekki heldur alveg rétt hjá hv. þingmanni að vetnisbílar komist ekki nema 150 km. Á strætisvagnana dugir ein fylling á sólarhring. Þeir keyra upp undir 200 km á dag í höfuðborginni og þess vegna var Reykjavík m.a. valin. En nýjustu vetnisbílar komast 500 km á fyllingunni. Það liggur líka fyrir að á næstu missirum munu vetnisbílaframleiðendur senda á markað fyrstu vetnisbílana.

[15:19]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er afskaplega hissa á því að hv. þingmaður skuli vera svo æstur yfir umræðunni. Hann tekur undir tillögur okkar. Hann segir sjálfur að sveitarfélögin þurfi að búa sig undir það sem koma skal. Í tillögu okkar er þess getið að áætlunin feli jafnframt í sér tillögur að samstarfi ríkisins við sveitarfélög. Við viljum m.a. tryggja að það fari í gang af því að í þá vinnu hefur greinilega ekki verið farið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Þingmaðurinn talaði um að á öllum ráðstefnum væri horft hingað. Það var ég líka að segja. Ég sagði frá fundi sem haldinn var í Pentagon þar sem stórt kort af Íslandi var hengt upp á vegg og sagt: Sjáið, þarna verður fyrsta hreina hagkerfið. Þegar mér var sagt frá þessu þá varð ég óhemjustolt. Það var ekki fyrr en ég fór að vinna að verkefninu, kynna mér það og tala við fjöldann allan af sérfræðingum sem vinna í þessu að ég gerði mér grein fyrir því hve skammt menn eru komnir. Ég finn náttúrlega að þingmaðurinn er mjög miður sín að heyra það.

Varðandi hvort bílarnir komist 150 km eða ekki þá fékk ég þær upplýsingar hjá sérfræðingi og að það væri mikilvægt að þegar þar að kæmi væri hægt að nýta þær áfyllingarstöðvar sem eru til í dag en ekki byggja upp nýtt kerfi.

Það er líka ljóst að ef við getum framleitt vetni bæði fyrir báta- og bílvélar þá þurfum um það bil eitt stykki Kárahnjúkavirkjun eða ígildi hennar, 5 teravattstundir, til að framleiðslunnar. En eigi að framleiða efni á hefðbundnar bensínvélar þarf 10 teravattstundir. Á hinn bóginn er það að verða viðkvæmt mál, þ.e. orkugeirinn allur. Fólk er að hverfa frá vatnsaflsvirkjunum. Það þarf ekki nema lesa Morgunblaðið frá því fyrir hálfum mánuði til að sjá það. Nú þurfum við að fara í jarðvarmann og hann er heldur ekki óendanlegur.

[15:22]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Reyndar tel ég að hún hafi sannað að það er sannarlega ástæða til að samþykkja þessa þingsályktunartillögu. Ég minni á að það er verið að flytja hana öðru sinni.

Hv. þm. Hjálmar Árnason upplýsti við umræðuna að verið væri að vinna í málinu, í gangi væru nefndir og einhver niðurstaða væri að koma. Hefði ekki verið skynsamlegt að taka á þessu máli þegar það var lagt fram af Samfylkingunni á síðasta þingi í stað þess að hnoðast áfram á bak við tjöldin í ríkisstjórnarflokkunum eins og gert hefur verið og virðist lítið ganga.

Það er að verða óþolandi að hlusta á íslenska stjórnmálamenn hæla sér fram og til baka af hlutunum eins og allt sé best í heimi sem þeir gera. Það hefur aldrei nokkurn tíma verið neitt á jörðinni sem er í námunda við íslenska stjórnmálamenn. Það liggur við að í hverri ræðu sé sagt frá því að sett hafi verið nýtt heimsmet. Íslenskir stjórnmálamenn voru að setja nýtt met. Við erum að gera best í heimi, er nánast í endanum á annarri hverri ræðu sem maður heyrir.

Ég er ekki vanþakklátur fyrir það sem gert hefur verið í þessum málum. En mér hefur stundum fundist að menn hafi skotið sér hjá því að gera það sem hægt er að gera. Hvernig stendur t.d. á því að bílaflotinn okkar er eins og hann er? Það hefur verið talað um það áratugum saman að við getum verið á miklu skynsamlegri bílaflota. En, nei. Af hverju er ekki búið að breyta því? Af hverju hafa menn ekki farið út í að kaupa hingað fleiri dísilbíla? Það er af því að stjórnvöld hafa ekki áhuga á málinu. Síðasta ákvörðun sem tekin var var um að við skyldum kaupa okkur fleiri og stærri jeppa. Það var síðasta afrekið í sölum Alþingis hvað þessa hluti snertir. Það hefur ekki mátt minnast á að setja einhvers konar reglur sem hefðu þau áhrif að menn mundu beita skipum betur við veiðar með tilliti til orkunýtingar. Ekki aldeilis. Það er verið að fikta í kerfinu ef eitthvað svoleiðis er gert. Það hefur ekki mátt ræða þær hugmyndir.

Almenningssamgöngur, hversu mikið skyldu þær hafa verið studdar þó að skrifað hafi verið undir það fyrir 7 árum í Kyoto að stjórnvöld ættu að styðja þær? Sjáum við einhvers staðar áætlun af því tagi í gangi? Hún er ekki til.

Við megum hins vegar ekki einblína á vetni eins og nú virðist gert. Það verður auðvitað að halda því máli áfram og standa vel að því en ég bendi á að hægt er að koma á úrbótum fyrr með því að taka upp einhverja metanól-nýtingu, sem við þurfum að gera að öllum líkindum fram að því að vetnisbílar geta komið að einhverju marki til sögunnar.

Ég verð síðan að minna á það sem er óþægilegt í þessu öllu, að fjármunir frá ríkissjóði hafa verið afar takmarkaðir til þessara mála. Peningarnir hafa komið að utan. Það er ágætt að fá peninga annars staðar frá en þeir segja líka til um hve mikið menn vilja sjálfir gera. Það hefur vantað mikið á hvað það varðar. Það vantar stefnumörkun og liggur t.d. ekkert fyrir um hvernig menn ætla sér að spara orku og vinna í þessum málum þann tíma sem vetnisvæðingin tekur.

Ég hitti þann ágæta mann Braga Árnason fyrir 30 árum af því að kunningi minn hafði mikinn áhuga á vetnismálum og vildi endilega fá að tala við þann galdramann. Kunningi minn var með hugmyndir um vél sem hann vildi setja í fiskiskip. Það sem Bragi sagði við hann var ansi sárt fyrir kunningja minn, sem er dáinn núna. Það eru 50 ár í þetta,

sagði Bragi. En það eru liðin 30 ár af þeim 50 árum sem Bragi sagði þá að mundu líða þar til hægt væri að gera þessa hluti. Mér virðist að því miður muni ekki veita af þeim 50 árunum sem Bragi spáði þá að þyrfti til að hægt yrði að nýta vetnisorku á fiskiskipum á Íslandi. Þau verða fleiri ef það verður ekki unnið að þessum málum undir skynsamlegri stjórn sem menn hugsa fyrir, m.a. á þann hátt sem við leggjum til. Ég hvet þess að menn taki á sig rögg, setjist yfir þessa tillögu og hún komist til afgreiðslu í sölum Alþingis.

[15:28]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson endaði ræðu sína um þingsályktunartillögu um að auka notkun endurnýjanlegra innlendra orkugjafa í samgöngum með því að ræða um fiskiskipaflotann. Ég held að það sé full ástæða til að taka þau mál til umræðu en það verður ekki gert á skömmum tíma.

Mér þótti svolítið leiðinlegt í hve neikvæðum farvegi hv. þingmaður endaði. Það kemur fram í ágætri greinargerð sem fylgir tillögunni að auðvitað sé afskaplega margt gert í þessum málum á landinu m.a. í samstarfi við sveitarfélög. Sorpa framleiðir t.d. metan fyrir, að mér er sagt, fyrir allt að 2000 bíla. Hins vegar eru einungis á milli 40 og 50 bílar sem nýta sér þann orkugjafa.

Markaðurinn þarf vitanlega að taka við sér og átta sig á hvernig nýta megi þessa orkugjafa. Öll umræða, m.a. í þingsölum, hvetur fólk til að íhuga það, fólk sem hefur áhuga á þeim lífsstíl að lifa umhverfisvænu lífi og ganga sem minnst á umhverfið. Auðvitað þarf að halda því á lofti að til eru bílar sem eru mjög umhverfisvænir og að hægt væri að fjölga þeim bílum á götunum sem ganga fyrir innlendum orkugjöfum sem eru umhverfisvænir.

[15:30]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var ekki meining mín að setja umræðuna í neitt neikvæðan farveg. Mér finnst hins vegar ekki hægt að vera með mjög jákvæð orð um þann hluta málsins sem ég var að tala um, það að ekki hefur sést að menn væru að vinna að þessum málum með fullnægjandi hætti hvað varðar það tímabil sem líður örugglega þangað til vetnisvæðing getur orðið að veruleika. Það er svo margt sem við getum gert til að spara orku og til að nýta betur orkuna sem við flytjum inn. Þar er fiskiskipaflotinn náttúrlega stór liður en líka bílarnir sem hv. þingmaður nefndi áðan. Bílaflotinn okkar gæti verið allt öðruvísi en hann er núna. Hann gæti eytt miklu minni orku en hann gerir og mengað miklu minna en hann gerir. Þetta er eitthvað sem við verðum að horfast í augu við að er rétt.

Ég tel samt að allt hljóti þetta að horfa til betri vegar. Ég vona sannarlega að hluti af því sem hv. þm. Hjálmar Árnason nefndi áðan sem stefnumörkun sé stefnumörkun um það hvað menn ætla að gera þangað til vetnið getur orðið sú framtíð sem við viljum fá. Það er mjög mikilvægt að við gerum allt sem við getum til að nýta sem allra best orkuna og minnka mengunina sem allra mest. Það verður ekki allt gert með því að horfa eingöngu á vetnisvæðinguna.

[15:32]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og komið hefur fram í þessum umræðum í dag hefur þróunin orðið mjög ör og við eigum von á því að hún verði enn örari. Það hefur líka komið fram og er viðurkennt að það er mjög langt þangað til vetnisbílar verða að veruleika. Hins vegar höfum við aðra bíla sem eru mun meira orkusparandi en þessi týpíski bensínbíll, fjölskyldubíll sem er algengastur. Þar skiptir miklu máli að nú erum við að taka upp olíugjald og kílómetragjald þannig að sparneytnir dísilbílar verða þá mun hagkvæmari.

Það hefur líka komið fram að tvíorkubifreiðarnar fá verulegan afslátt af vörugjaldi og einnig eru þær bifreiðar algjörlega undanþegnar vörugjaldi sem eru knúnar óhefðbundnum orkugjöfum og rafhreyfli. Auðvitað er verið að vinna að þessu á ýmsum sviðum og í fjármálaráðuneytinu er verið að fara yfir þetta skattumhverfi. Í umhverfisráðuneytinu er einnig verið að vinna að þessum málum. Menn eru mjög metnaðarfullir og það er engin ástæða til að halda öðru fram. Það hefur komið mjög vel fram í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar hvað menn eru að vinna í vetnisverkefninu þannig að það er engin ástæða til að tala um þetta með þeim neikvæða hætti sem hv. þingmaður gerði.

[15:34]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Tvíorkubílar eru örfáir á markaðnum og þeir eru mjög dýrir. Það er ekki vitað hvernig það breytist á næstunni. Það er mikil ástæða til að spyrja sig hvernig mál standi gagnvart því að nýta metanól sem er virkilega stór möguleiki hér. Komið hafa fram hugmyndir um að hægt væri að framleiða mikið af eldsneyti í samstarfi við járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Þar eru menn að tala um verulegan stóran hluta af eldsneytisþörf bílaflotans sem væri hægt að framleiða í samstarfi við þessa verksmiðju.

Ég hef ekki heyrt neinar nýjar fréttir af því máli. Ég efast um að mikið sé að gerast hvað það varðar að skoða þann kost. Ég held að full ástæða sé til að benda á það sem þurfi að líta til í þessum efnum. Ég hef sagt áður í umræðunni að ég held að mikil ástæða sé til að vanda til við áætlunargerðina alla, ekki síst þann hluta hennar sem snýr að því tímabili sem líður þangað til menn komast inn í þetta vistvæna umhverfi framtíðarinnar. Það er nefnilega svolítið þangað til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:36]

Útbýting:

Gjald af áfengi og tóbaki, 547. mál, frv. GÖrl og SigurjÞ, þskj. 826.

Fjárþörf Samkeppnisstofnunar, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 54. mál. — Þskj. 54.

[15:36]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um úttekt á fjárþörf Samkeppnisstofnunar.

Hér er mikilvægt mál á ferðinni sem snertir eina af mikilvægustu eftirlitsstofnunum okkar í þjóðfélaginu og ég hafði óskað eftir því að hæstv. viðskiptaráðherra yrði viðstödd þessa umræðu. Ég veit að hún er í húsinu þannig að ég vænti þess að hún muni láta sjá sig í salnum fyrr en varir.

Þessi tillaga felur í sér að ráðist verði þegar í stað í úttekt á þörf Samkeppnisstofnunar á fjármagni og mannskap til að hún geti sinnt hlutverki sínu í samræmi við samkeppnislög og ákvæði í öðrum lögum. Það er mikilvægt að mati okkar flutningsmanna að fá fram slíka kostnaðargreiningu, unna af hlutlausum aðilum þar sem til grundvallar verði lögð reynsla síðustu 10 ára af starfi Samkeppnisstofnunar. Þessa tillögu flytja með mér hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, Björgvin G. Sigurðsson og Katrín Júlíusdóttir.

Við höfum iðulega fjallað um það í þessum virðulega sal að Samkeppnisstofnun hefur verið illa í stakk búin til að sinna hlutverki sínu sökum manneklu og fjársveltis. Samkeppnislög hafa verið í gildi í rúmlega 10 ár og á þeim áratug hafa orðið gífurlegar breytingar í atvinnulífinu og samkeppnisumhverfi í viðskiptalífinu. Allt lagaumhverfi þess hefur tekið miklum breytingum, m.a. vegna alþjóðlegrar þróunar og skuldbindinga sem Íslendingar hafa undirgengist. Með auknu frelsi í viðskiptalífinu og aukinni samkeppni hafa verkefnin sem Samkeppnisstofnun sinnir á grundvelli samkeppnislaga því margfaldast, auk þess sem mörgum nýjum verkefnum hefur verið bætt á stofnunina með öðrum lögum eins og lögum um neytendalán, fjarskiptalögum o.fl.

Ég vitna til þess í tillögu minni að forstjóri Samkeppnisstofnunar, Georg Ólafsson, hefur einmitt í ársskýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2003 kallað eftir slíkri úttekt eins og hér er lögð til og vísa ég þar til ágætrar greinar eftir hann, Til hagsbóta fyrir heildina, þar sem þetta er ítarlega rökstutt. Ég ætla ekki að tefja tímann á að vitna í ágæt orð forstjórans.

Ég hygg að flestir séu sammála um að með vaxandi umsvifum fyrirtækja, jafnt hérlendis sem erlendis, og frelsi í viðskiptum sé afar brýnt að starfsumhverfi eftirlitsstofnunar sé öflugt og sterkt svo að hún ráði við að veita markaðnum það aðhald sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir fákeppni og hringamyndun í viðskiptalífinu. Þar eiga almennir hagsmunir að vera í fyrirrúmi en ekki sérhagsmunir. Hagsmunir neytenda og alls almennings eiga að hafa forgang og það er auðvitað best gert með öflugri eftirlitsstofnun.

Mál Samkeppnisstofnunar hafa verið rædd aðeins í efnahags- og viðskiptanefnd á þessum vetri. Fram hefur komið að fjárþörf Samkeppnisstofnunar er mjög mikil. Hún hefur ekki getað sinnt ýmsum nauðsynlegum frumkvæðismálum og í svari hæstv. viðskiptaráðherra til mín á þessu þingi um mál frá Samkeppnisstofnun kemur fram að allt að 14 mánuðir geta liðið án þess að erindi séu tekin til efnislegrar skoðunar hjá Samkeppnisstofnun vegna manneklu og fjárskorts. Það gengur auðvitað ekki að þannig sé búið um hnútana.

Tilefni þess að ég óskaði eftir því að hæstv. ráðherra yrði viðstödd þessa umræðu var að ráðherrann hefur boðað að milljónir tuga verði settar í samkeppnismál á næstunni, eftirlit verði eflt með nýjum lögum sem eru í fæðingu — þau voru boðuð held ég síðla í janúar og sagt að þau yrðu lögð fram á næstu dögum — nýtt frumvarp til að skerpa á lögum um Samkeppnisstofnun og haft eftir hæstv. ráðherra að milljónir tuga yrðu lagðar í Samkeppnisstofnun. Ég ætla ekki að fara út í fyrirhugaðar breytingar á lögunum en ég hef miklar efasemdir um ýmislegt sem hefur komið fram í því máli, m.a. hvernig eigi að standa að því að flytja neytendaþátt stofnunarinnar þaðan og til stofnunar sem að mínu viti hefur annað verkefni, Löggildingarstofu. Hún hefur allt annað verkefni og þar væri þá á margan hátt verið að hræra saman ólíkum hlutum en ég ætla ekki að fara út í það á þessari stundu. Ég lýsi samt hér að ég hef nokkrar áhyggjur af þeim breytingum sem þarna er verið að boða, m.a. að verið sé að setja þriggja manna stjórn yfir stofnunina sem á að ákveða, ef maður skilur málin rétt, alla stefnumörkun og hvaða mál verði tekin til meðferðar. Ég held að þetta séu ekki breytingar til bóta, virðulegi forseti, ef þannig á að standa að málum. Margir halda því reyndar fram að hér hafi m.a. verið sett fram leið til að geta losnað við núverandi forstjóra stofnunarinnar sem hafi ekki verið stjórnvöldum þóknanlegur í ýmsum þeim málum sem stofnunin hefur tekið til umfjöllunar.

Það hefur komið fram hjá forstjóra stofnunarinnar og mig minnir líka hjá efnahags- og viðskiptanefnd að fjárþörf stofnunarinnar sé a.m.k. 100 millj. kr. Lausleg þarfagreining sem hefur farið fram sýnir að fjölga þurfi sérfræðingum við stofnunina verulega, þ.e. úr 11 sérfræðingum nú í um 21 sérfræðing bara á samkeppnissviði. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra í tengslum við það mál sem hæstv. ráðherra hefur boðað hvort fram hafi farið einhvers konar úttekt eða greining á fjárþörf Samkeppnisstofnunar, ef svo er hvernig hún hafi þá verið unnin, hvort hún hafi verið unnin í samráði og samvinnu við Samkeppnisstofnun og hver hafi verið meginniðurstaðan á fjárþörf stofnunarinnar miðað við að hún geti með eðlilegum hætti sinnt hlutverki sínu. Þá er ég líka að tala um að stofnunin geti tekið upp mál að eigin frumkvæði, ekki bara að sá tími sé styttur sem þarf að bíða eftir úrskurðum stofnunarinnar sem hlaðast upp heldur líka að stofnunin geti með eðlilegum hætti tekið fyrir eftir þörfum frumkvæðismál sem nefndin telur mikilvægt að á verði tekið.

Ég er hérna með yfirlit á verðlagi 2003 yfir þær breytingar sem hafa orðið á fjárframlögum til stofnunarinnar samanborið við ríkislögreglustjóra og Fjármálaeftirlitið. Á hverju ári hefur verið gengið hart eftir því að stofnunin fái aukið fjármagn og það hefur borið nokkurn árangur. Frá árinu 1999 til 2003 á verðlagi 2003 hefur aukningin verið um 30% til Samkeppnisstofnunar. Þó að það sé aukning er hún miklu minni en t.d. til ríkislögreglustjóra. Sú aukning er um 85% og aukningin hjá Fjármálaeftirlitinu hefur nánast engin orðið, meira að segja dregist saman um 0,4% á þessum tíma. Sú hækkun sem hefur orðið hjá Samkeppnisstofnun

hefur orðið til vegna þess að gengið hefur verið mjög hart eftir því að Samkeppnisstofnun fái aukið fjármagn. Ég minni á að við hverja fjárlagagerð á umliðnum árum hefur Samfylkingin sett fram tillögur um aukið fjármagn til Samkeppnisstofnunar.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort skoðuð hafi verið einhver fjármögnunarleið fyrir stofnunina en því hefur stundum verið slegið fram að skoða ætti hvort ekki mætti nýta sektargreiðslur sem renna til stofnunarinnar til þess að reka t.d. öfluga neytendavernd eða neytendastofnun. Ef menn á annað borð færu út í það að skipta upp Samkeppnisstofnun hvort þá væri ekki ástæða til að skoða það að sektargreiðslur sem Samkeppnisstofnun fær verði nýttar til þess að efla neytendavernd og samkeppniseftirlit.

Það er ástæða til að halda því til haga að sú þróun sem er að því er varðar sektargreiðslurnar er ákveðið áhyggjuefni, eins og þegar áfrýjunarnefnd samkeppnismála lækkaði verulega þær sektir sem Samkeppnisstofnun hafði ákveðið. Þó að hún gagnrýndi ekki það álit Samkeppnisstofnunar að ávinningur olíufélaganna væri 6,5 milljarðar og lög heimili að leggja á að hámarki 10% af ársveltu hvers félags þá lækkaði áfrýjunarnefnd samkeppnismála sektargreiðslurnar verulega og það segir auðvitað ekkert annað en að það virðist vera svo að glæpir borgi sig þegar heildarsektir samkeppnisráðs sem námu um 2,5 milljörðum eru lækkaðar í 1,5 milljarða þegar ávinningur olíufélaganna sem ekki var gagnrýnt af áfrýjunarnefndinni var 6,5 milljarðar kr. En ég vildi nefna þetta hér af því að það er áhugavert að fá fram álit ráðherrans á því hvort hugleitt hafi verið að skoða einhverjar aðrar fjármögnunarleiðir fyrir stofnunina en nú eru.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara ítarlegar yfir þetta mál. Samkeppnisstofnun hefur margsinnis, eins og ég nefndi, m.a. í síðustu ársskýrslu, bent á að starfsmannahald hjá stofnuninni hafi ekki þróast í samræmi við aukin umsvif og verkefni. Hefur stofnunin bent á að í upphafi árs 2003 hafi 80–90 samkeppnismál beðið úrlausnar og að á síðustu árum hafi kraftar samkeppnisyfirvalda farið í að sinna eftirliti og athugunum á samkeppnishindrandi samráði fyrirtækja og samkeppnishamlandi hegðun markaðsráðandi fyrirtækja. Umfangsmiklar rannsóknir eftirlitsaðila með markaðnum sem vaxið hafi verulega á umliðnum árum, hafi tekið sífellt meiri tíma hjá stofnuninni og ná gögn sem rannsaka þarf í einstökum málum yfir allt að níu ára tímabil. Þar er auðvitað skemmst að minnast rannsóknar á vátryggingamarkaðnum sem tók mörg ár og kostaði skattgreiðendur 40 millj. kr. sem eru rúmlega 20% af árstekjum stofnunarinnar og eins og menn muna var það mál að mestu fellt niður.

Virðulegi forseti.. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar og vænti þess að hæstv. ráðherra blandi sér í umræðuna og svari þeim spurningum sem ég hef beint til hennar.

Í fyrsta lagi hvenær megi vænta þess að frumvarpið um breytingu á Samkeppnisstofnun verði lagt fram. Er það rétt sem fram hefur komið að þriggja manna stjórn sem setja á yfir stofnunina eigi að vera þar allsráðandi um verkefnaval og hvaða verkefni eru tekin fyrir og rannsökuð, sem ég tel alveg fráleitt?

Síðast en ekki síst, og það snertir þetta mál: Hve miklum fjármunum verður veitt til stofnunarinnar nú þegar ný lög sjá dagsins ljós? Mér skilst á hæstv. ráðherra að sú fjárveiting sem hún hefur boðað upp á tugi milljóna króna sé sett fram í tengslum við þær breytingar sem ráðherra hefur boðað á Samkeppnisstofnun.

[15:50]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu mál sem flutt er af fjórum þingmönnum Samfylkingarinnar um Samkeppnisstofnun og að gerð skuli úttekt á fjárþörf stofnunarinnar. Er ekkert nema gott um það að segja í sjálfu sér annað en það, eins og hv. þingmaður sem mælti fyrir tillögunni veit vel, að uppi eru áform um nokkrar breytingar á samkeppnisyfirvöldum og þær breytingar leiða af sér að að sjálfsögðu þurfti að fara í úttekt á því hver fjárþörfin yrði samkvæmt þeim breytingum sem áform eru um. Ég hef látið það koma fram opinberlega að það þýði að milljónatugum verði varið til viðbótar til þessa málaflokks og fer ekkert nánar út í það hér. En að því leyti til er þessi tillaga í raun ekki í takt við tímann vegna þess að þessi áform eru orðin opinber og hv. þingmaður þekkir það mál ágætlega að ég tel. Úttektin var að sjálfsögðu unnin í samvinnu við stofnunina þar sem er þekking er á þörfinni.

Hv. þingmaður spyr hvort skoðað hafi verið að fara einhverjar sérstakar leiðir í sambandi við fjármögnun þessarar stofnunar. Það hefur komið upp sú hugmynd hvort rétt sé að reka Samkeppnisstofnun með áþekku móti og gert er með Fjármálaeftirlitið en ég tel að það sé mjög flókið mál og í raun óframkvæmanlegt þar sem samkeppnisyfirvöld koma svo víða við að þar er í raun allt samfélagið undir. Það væri því mjög flókið mál að koma því fyrir eins og er hjá Fjármálaeftirlitinu að eftirlitsskyldir aðilar reki í raun stofnunina eða leggi til það fjármagn sem þarf til rekstrarins. Ég tel að það sé alveg óvinnandi vegur hvað varðar Samkeppnisstofnun.

Ég held að ekki sé rétt formsins vegna að ég sé að ræða frumvarp sem ekki er komið fram og hv. framsögumaður spyr hvenær það komi fram. Því get ég ekki svarað þar sem það er til umfjöllunar hjá samstarfsflokknum, en ég hef þær upplýsingar að það sé mjög skammt í það. Ég vonast til þess að hægt verði að dreifa þessu máli á hv. Alþingi í næstu viku og fljótlega eftir það væri hægt að taka það til formlegrar umfjöllunar hér. Ég hef trú á því, miðað við þann mikla áhuga sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar sem flytja þetta mál hafa á samkeppnismálum, að það sé mjög ólíklegt annað en að þeir styðji þær breytingar sem þar eru boðaðar vegna þess að þær styrkja samkeppnisyfirvöld og það er aðalmálið.

Hv. þingmaður talaði nokkuð um fjármálin og telur að ekki hafi verið staðið nægilega vel að málum af hálfu stjórnvalda hvað varðar fjárframlög frá hv. Alþingi til stofnunarinnar og það getur verið hennar skoðun. Hins vegar vil ég láta koma fram að árið 1993 fékk Samkeppnisstofnun innan við 90 millj. á fjárlögum en á árinu 2004 voru það hátt í 160 millj. þannig að framlög hafa a.m.k. hækkað mjög mikið á þessu tímabili þó að alltaf megi deila um hvort þau hafi verið nægilega há. Miðað við það sem ég

greindi frá hér í upphafi er það skoðun stjórnarflokkanna að ástæða sé til að veita aukið fjármagn til samkeppnisyfirvalda í tengslum við þær breytingar sem fara eiga fram á þeim málum.

[15:54]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þó að mér fyndist þau ekki vera nægilega upplýsandi fyrir málið og um það sem hér var spurt. Mér heyrðist á hæstv. ráðherra að þetta mál væri úrelt, ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt. Það getur varla verið úrelt að kalla eftir auknu fjármagni til Samkeppnisstofnunar og að það sé byggt á faglegu mati sem hér er lagt til að fram fari á fjárþörf stofnunarinnar. Mér fannst hæstv. ráðherra alls ekki svara því hvort slík kostnaðargreining hafi farið fram og þá á þeim grunni sem ég lýsti áðan, að það yrði ekki bara miðað við að hægt væri að auka málafjöldann sem tekinn væri til umfjöllunar og hún tæki ekki svona langan tíma, heldur að stofnunin gæti sinnt frumkvæðisrannsóknum sínum.

Ég nefndi að fjárþörf stofnunarinnar væri a.m.k. 100 millj. til viðbótar því sem nú er. Það hefur komið fram hjá forstjóra stofnunarinnar. Ég spyr: Hve mikið fjármagn mun stofnunin fá? Ég gat ekki heyrt að hæstv. ráðherra svaraði því. Lausleg þarfagreining sem gerð hefur verið, eftir því sem ég best veit, er að fjölga þurfi sérfræðingum úr 11 í 21 bara á samkeppnissviðinu. Ég spyr ráðherra um þetta vegna þess að það eru einmitt slík atriði sem ég hef verið að kalla eftir og ekki fengið nægjanleg svör við.

Það hefur a.m.k. ekki verið gert hingað til þó að hugsanlega hafi verið gerð einhver lausleg þarfagreining í tengslum við það mál sem hæstv. ráðherra boðaði, en það er nauðsynlegt vegna þess að það hefur ekki verið gert allan þann tíma sem Samkeppnisstofnun hefur starfað. Þess vegna kalla ég eftir því að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum nú við umræðuna.

[15:56]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég óttast að hv. þingmaður hafi bara ekki hlustað nægilega vel. Ég taldi mig hafa svarað öllum þeim spurningum sem hún bar upp. Ég sagði að það hefði farið fram úttekt á fjárþörf hinnar nýju stofnunar sem verður til með því frumvarpi sem lagt verður fram á næstu dögum og hún var unnin með stofnuninni.

Hversu mikið fjármagn þarf? Ég vil ekki greina nákvæmlega frá því hér vegna þess að málið er enn þá til meðferðar hjá stjórnarflokkunum en ég hef sagt áður opinberlega að milljónatugum verði varið til viðbótar til samkeppnisyfirvalda, verði þessi frumvörp samþykkt.

Ég svaraði því líka að ég teldi ekki að það væri rétt leið að hugsa sér að eftirlitsskyldir aðilar leggi til fjármagn til þess að reka Samkeppnisstofnun eða samkeppniseftirlit vegna þess að það má segja að allt sviðið og allt þjóðfélagið sé undir. Fjármagn hefur verið aukið verulega til þessarar stofnunar, eins og ég fór yfir áðan, en það má alltaf deila um hvort nægilega vel sé að málum staðið. En mér finnst það metnaðarfull áform sem uppi eru hjá stjórnarflokkunum í sambandi við samkeppniseftirlit og vonast til að Samfylkingin styðji þau.

[15:58]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki er hægt að segja að hæstv. ráðherra sé beinlínis að auðvelda okkur störfin í þinginu með því að halda frá okkur upplýsingum um hver niðurstaðan var í þeirri þarfagreiningu sem hún nefnir að farið hafi fram. Af hverju er það eitthvert leyndarmál á þessari stundu hver sé fjárþörf stofnunarinnar sem ráðherra vill ekki upplýsa? Ég fæ engan botn í það og það vekur auðvitað bara tortryggni þegar svoleiðis er haldið á málum. Ég kalla eftir því að ráðherrann upplýsi hver þessi þarfagreining er. Getur hún staðfest það hér að í þessari þarfagreiningu hafi komið fram að fjölga þurfi sérfræðingum um tíu, úr 11 í 21, bara á samkeppnissviðinu? Ég spyr um það. Tekur hún undir það og kom það fram í þessari þarfagreiningu að fjárþörf stofnunarinnar sé 100 millj. kr.? Það er þetta sem verið er að kalla eftir. Við verðum kannski að bíða eftir því, virðulegi forseti, að Sjálfstæðisflokkurinn, þingflokkur sjálfstæðismanna, losi þetta frumvarp úr gíslingu vegna þess að það er ekki hægt að heyra annað en að menn þar liggi yfir því að skoða það. Sjálfstæðismenn hafa ekki beinlínis verið í forsvari fyrir þeim sem hafa haldið á lofti nauðsyn þess að efla Samkeppnisstofnun og þess vegna býður manni í grun að frumvarpið sé í gíslingu hjá samstarfsflokknum.

Það hefur komið mjög illa við neytendur hve stofnuninni hefur verið haldið í miklu fjársvelti og nefni ég bara að árið 1997 þegar við kölluðum eftir að úttekt yrði gerð á olíufélögunum þá var það ekki hægt af því að það kostaði 10–20 millj. að gera slíka úttekt og það var ekki hægt að verða við því með þeim afleiðingum sem við þekkjum í þeirri rannsókn sem síðar fór fram á olíufélögunum.

[16:00]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nokkrir tugir milljóna, segir ráðherrann, nýbúinn að fella tillögur okkar við fjárlagagerð um að bæta nokkrum tugum milljóna til samkeppnismála. Georg Ólafsson, forstjóri Samkeppnisstofnunar, upplýsti fjárlaganefnd um að það vantaði 100 milljónir, svo vel væri, og þrátt fyrir að hér væri bætt við nokkrum tugum milljóna þá stenst stofnunin ekki samjöfnuð við Póst- og fjarskiptastofnun og Fjármálaeftirlitið sem hafa þó miklu minna verksvið. Ráðherra hefur ekki legið á því að tjá sig annars staðar en hér um væntanlegt frumvarp í samkeppnismálum og það er alveg nauðsynlegt að ráðherrann svari þeim spurningum sem til hennar var beint þar að lútandi. Er ætlunin að þriggja manna ráðherraskipuð stjórn ráði því framvegis hvað verður rannsakað og hvað ekki? Er ætlunin að auglýsa störf forstjóra og stjórnenda Samkeppnisstofnunar, hinnar nýju Samkeppnisstofnunar? Verða það þá lyktir olíumálsins að sá sem hafði frumkvæði að því og tók ákvörðun um að rannsaka olífélögin, Georg Ólafsson, forstjóri Samkeppnisstofnunar, þurfi að sækja um sitt starf á nýjan leik? Og mun sá sem fór fyrir þeirri mikilvægu rannsókn ekki eiga stuðning ráðherra samkeppnismála til áframhald-

andi starfa, frumkvæðis og forustu í þessum mikilsverða málaflokki?

Þeim spurningum sem settar hafa verið fram í umræðunni verður hæstv. ráðherra að svara.

[16:02]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svara eða svara ekki því ég tel ekki að þingsköp Alþingis heimili það að ég fari að tala í smáatriðum um frumvarp sem er ekki komið fram. Hv. þingmaður verður að hafa biðlund þar til þessum frumvörpum verður dreift, þau komi til þingsins og verði tekin formlega á dagskrá.

Ég vil þá gjarnan spyrja hv. þingmann hvort — hann miðar við það sem hann veit um frumvarpið, það hefur ekki verið neitt leyndarmál, þetta hefur verið meira og minna inni á netinu — hann telji ekki að Samfylkingin muni styðja málið.

[16:03]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefur ekki staðið á hæstv. ráðherra að tjá sig um þetta utan sala Alþingis og það er ekkert í þingsköpum sem varnar því að ráðherrann lýsi stefnu sinni í samkeppnismálum. Það sem spurt er um í hinu væntanlega frumvarpi eru grundvallaratriði. Hér tók forstjóri Samkeppnisstofnunar, hafandi það sjálfstæði sem hann hefur, ákvörðun um að rannsaka þau fyrirtæki sem viðskiptaráðherra vildi ekki láta gera úttekt á 1997, olíufélögin í landinu.

Nú berast fréttir af því að yfir þessa starfsemi eigi að setja þriggja manna stjórn sem eigi að ákveða hvað eigi að rannsaka og hvað eigi ekki að rannsaka og sú stjórn verði pólitískt skipuð. Sömuleiðis berast fréttir af því að þeir stjórnendur og starfsmenn Samkeppnisstofnunar sem afhjúpuðu samsæri gegn atvinnulífi og almenningi í landinu með svo glæsilegum hætti sem gert var í olíumálinu megi nú sæta því af hálfu síns ráðherra sem standa ætti við bakið á þeim, að stofnunin sem þeir vinna hjá verði lögð niður, störfin þeirra verði lögð niður, auglýst og þeir megi sæta því að sækja um sín eigin störf aftur eins og hver annar og það eigi að launa forstjóra Samkeppnisstofnunar frumkvæðið í olíumálinu með því að ráða annan mann yfir stofnuninni. Er það svo eða styður ráðherrann stjórnendur Samkeppnisstofnunar til áframhaldandi starfa í málaflokknum og mun ráðherrann tryggja að stjórnendur hinnar nýju Samkeppnisstofnunar hafi þurft sjálfstæði og ákvörðunarrétt um það hvað þeir telja að rétt sé að rannsaka eða verða það pólitískar ákvarðanir eftir að hið óheppilega olíufélagamál kom upp?

[16:05]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að endurtaka það enn einu sinni að ég ætla ekki að ræða frumvarp sem ekki hefur verið dreift hér. En ég verð að leiðrétta eitt vegna þess að það tel ég mig hafa fulla heimild til, það varðar þó ekki þetta frumvarp, en það er þegar hv. þingmaður heldur því fram að ég sem viðskiptaráðherra hafi ekki viljað láta rannsaka olíufélögin. Hefur það ekki komið fram opinberlega að ég skrifaði ... (Gripið fram í.) Í eina skiptið sem ég hef haft afskipti af störfum Samkeppnisstofnunar á mínum ferli sem viðskiptaráðherra var þegar ég skrifaði bréf til samkeppnisyfirvalda og benti þeim á hvort ekki væri ástæða til einmitt að fara í þessa rannsókn. Svo kemur hv. þingmaður hér upp og heldur því fram að ég hafi ekki viljað láta rannsaka olíufélögin. Þetta er svo dæmalaus málflutningur að mig undrar að hv. þingmaður skuli leyfa sér að bera þetta á borð.

[16:06]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Ástæða þess að ég er kominn í þennan ræðustól er sú að mig langar til að leggja orð í belg varðandi þessa tillögu til þingsályktunar um að gerð verði úttekt á fjárþörf Samkeppnisstofnunar. Tillagan er lögð fram af fjórum hv. þingmönnum Samfylkingarinnar. Þar er lagt til að Alþingi feli viðskiptaráðherra að láta slíka úttekt fara fram.

Í greinargerðinni kemur fram að hugmyndin að því að slík úttekt verði gerð hafi komið fram af hálfu forstjóra Samkeppnisstofnunar og það hafi hann gert í ársskýrslu Samkeppnisstofnunar árið 2003. Það er í sjálfu sér eitt og sér athyglisvert að þingmenn Samfylkingarinnar skuli svara kalli forstjóra Samkeppnisstofnunar svona hratt og vel en þetta er í sjálfu sér hvorki nýtt mál né mjög spennandi. Þetta er gömul saga og ný að forstjórar ríkisfyrirtækja eða ríkisstofnana óski eftir auknum fjárframlögum úr ríkissjóði til að stunda starfsemi sína. Ég kannast alla vega ekki við neina ríkisstofnun sem telur sig ekki geta verið án meiri peninga til að standa undir rekstri sínum og það væri ágætt ef einhverjir hv. þingmenn sem hér eru staddir í salnum gætu bent mér á þá stofnun sem teldi sig hafa of mikið umleikis í peningamálum.

Einnig segir í greinargerðinni að á umliðnum árum hafi iðulega komið fram að Samkeppnisstofnun hafi verið illa í stakk búin til að sinna hlutverki sínu sökum manneklu og fjársveltis. Ég leyfi mér hins vegar að halda því fram að Samkeppnisstofnun hafi ekki verið haldið í neinu fjársvelti, síður en svo. Það er hins vegar þannig að sá áróður dynur á okkur, kannski ekki dag eftir dag en mjög reglulega að samkeppnisyfirvöldum sé haldið í fjársvelti og þess vegna geti Samkeppnisstofnun ekki sinnt hlutverki sínu. Ég verð að segja að mér finnst reyndar með ólíkindum að þeir fréttamenn sem flytja fréttir af þessu máli skuli ekki kanna það með hvaða hætti fjárframlög til Samkeppnisstofnunar og samkeppnisyfirvalda hafa aukist á undanförnum árum. Það er bara tekið upp án þess að málin séu könnuð nánar að stofnunin sé í fjársvelti en ekki athugað hvort eitthvað standi á bak við þau orð.

Ef við förum aðeins yfir þetta fjársvelti þá er það þannig að í öllu fjársveltinu hafa fjárveitingar til Samkeppnisstofnunar frá árinu 1998 aukist um 87% úr 85 eða 86 milljónum í 157 milljónir. Fjárframlögin hafa aukist um næstum 87% frá árinu 1998. Þetta er það fjársvelti sem stofnuninni hefur verið haldið í. Ef við skoðum fjárlögin fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að 20 millj. kr. aukning verði til viðbótar

þessu á árinu og fjárframlögin aukist upp í 177 millj. kr. Við erum því að tala um að frá árinu 1998 hafi aukningin á fjárframlögum til Samkeppnisstofnunar aukist um hartnær 100%. Þetta er allt fjársveltið.

Einnig er athyglisvert að skoða þessar tölur í ljósi þess að ekki alls fyrir löngu barst svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð. Þar varpar sá vörpulegi þingmaður fram þeirri spurningu hver starfsmannafjöldi Samkeppnisstofnunar hafi verið þessi ár, þ.e. frá 1993–2003. Í því svari kemur fram að á árinu 1998 var starfsmannafjöldi Samkeppnisstofnunar 22,6 en á árinu 2003 22,7. Það hefur sem sagt fjölgað í starfsliði Samkeppnisstofnunar um 0,1 stöðugildi frá árinu 1998 á meðan fjárframlög til stofnunarinnar hafa aukist um þetta 100%, a.m.k. 87% frá árinu 1998–2004. Svo er því haldið fram að stofnunin geti ekki sinnt hlutverki sínu og sé í fjársvelti.

Ég leyfi mér að halda því fram, herra forseti, að hér sé verið að gera úlfalda úr mýflugu. Verið sé að kasta ryki í augu almennings og menn verði að fara að tala aðeins ábyrgara um þessi samkeppnismál en þeir hafa gert hingað til og halda til haga öllum þeim staðreyndum sem fyrir liggja varðandi þessa stofnun.

Ég velti því líka fyrir mér og ágætt væri að fá svör við því frá hv. málsflytjendum hvort ekki sé hægt að leita einhverra annarra leiða en þeirrar sem hér eru lagðar til hvað varðar Samkeppnisstofnun og málsmeðferð þar og hraða. Getur lausnin á þeim vanda sem flutningsmennirnir telja að stafi af eða sæki að rekstri Samkeppnisstofnunar ekki verið fólgin í einhverju öðru en því að kalla eftir endalausum fjárframlögum, aukafjárframlögum úr ríkissjóði? Ég leyfi mér t.d. að nefna eitt dæmi. Í 18. gr. núverandi samkeppnislaga er ákvæði um að óheimilt sé að renna saman tveimur fyrirtækjum ef sameiginleg velta þeirra er 1 milljarður eða meiri. Fyrirtæki sem velta 1 milljarði eða meira mega ekki samkvæmt núgildandi lögum renna saman nema Samkeppnisstofnun samþykki þann samruna.

Ef við skoðum lista frá Frjálsri verslun yfir fyrirtækin í landinu kemur í ljós að velta 153 fyrirtækja nemur 1 milljarði eða meira og 220 fyrirtæki velta 500 milljónum eða meira. Þetta þýðir að það má naumast enginn samruni í landinu eiga sér stað án þess að Samkeppnisstofnun leggi blessun sína yfir það. Væri ekki viturlegra ef menn vilja hraða málsmeðferð að leggja það til að þessu ákvæði yrði breytt þannig að Samkeppnisstofnun þyrfti ekki að vera að vasast í hverjum þeim samruna sem verður á Íslandi og geti þá sinnt betur og hraðar öðrum þeim málum sem eftirlitinu eða stofnuninni er ætlað að sinna?

[16:14]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að spyrja hv. þingmann hvort hann hafi skipt um skoðun á Samkeppnisstofnun, því ef ég man rétt er ekkert óskaplega langt síðan það lá fyrir að hv. þingmaður teldi réttast að leggja stofnunina niður. Auðvitað er ekkert að því að menn skipti um skoðun og væntanlega kemur í ljós hvort hv. þingmaður hafi gert það.

Ég get ekki séð að rök hv. þingmanns fyrir því að ekki hafi verið um að ræða fjárvöntun hjá Samkeppnisstofnun hafi verið mjög sannfærandi. Við höfum séð það á undanförnum árum og ekki langt síðan að það varð ónýtt mál hjá Samkeppnisstofnun vegna þess að hún hafði ekki krafta til að klára þá rannsókn sem var á ferðinni þegar hún var að rannsaka tryggingafélögin. Það hefur ítrekað komið fram að stofnunin hefur ekki haft fjármuni til að vinna að málunum með þeim hætti sem þeir sem þar hafa stjórnað húsum hafa talið þurfa.

Mér finnst það ekki vera rök í málinu þó stöðugildum hafi ekki fjölgað en fjármunir aukist meira en stöðugildin, því að í margri starfsemi í landinu hafa orðið miklar breytingar. Menn kaupa alls konar þjónustu að og það þarf ekki endilega að ráða alltaf nýtt fólk til þess að vinna þau verkefni sem þarf að vinna. Það er því ekki endilega beint samband á milli fjárnotkunar í fyrirtækjum eða stofnunum og mannfjöldans sem þar vinnur, fyrir utan að launakostnaður spilar líka inn í.

[16:17]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að hv. þingmaður ætlaði að víkja að einhverjum atriðum sem fram komu í ræðu minni í andsvarinu. Ég var ekki að fjalla um nauðsyn þess að hafa Samkeppnisstofnun eða samkeppnislög í ræðu minni heldur vék ég að tveimur aðalatriðum, annars vegar að Samkeppnisstofnun hefði ekki verið haldið í fjársvelti og hins vegar að til væru aðrar leiðir en að kalla endalaust eftir auknum fjárútlátum úr ríkissjóði til að ná fram þeim markmiðum sem menn vilja ná. En úr því að hv. þm. Jóhann Ársælsson spyr mig út í samkeppnislögin hef ég sagt það og segi enn að hvorki samkeppnislög né Samkeppnisstofnun eru forsenda þess að samkeppni geti ríkt. Mannkynið komst ágætlega af í nokkur þúsund ár líklega með samkeppni á markaði áður en samkeppnislögin komu til. Það þarf ekki að halda að eggið hafi komið á undan hænunni í þeim efnum.

Varðandi þær tölur sem ég nefndi vekur það óneitanlega athygli að á sama tíma og fjárframlög til Samkeppnisstofnunar aukast um 87% í öllu fjársveltinu fjölgar starfsmönnum samkeppnisyfirvalda um 0,1. Maður hlýtur að velta því fyrir sér í hvað allir þeir peningar fara. Ætli starfsmenn stofnunarinnar þiggi u.þ.b. helmingi hærri laun í dag en þeir gerðu árið 1998? Ég veit það ekki, það má vel vera að svo sé.

Eitt atriði vil ég nefna að lokum vegna þess sem fram kom í andsvarinu áðan. Því var haldið að vegna fjársveltis hefðu mál verið ónýtt fyrir Samkeppnisstofnun og nefnt var tryggingamálið, rannsókn á samkeppnishindrandi samstarfi á íslenskum vátryggingamarkaði. Þetta er fullkomlega rangt og ég get farið yfir það í seinna svari mínu.

[16:19]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki betur en farið hafi nokkur ár í það mál og að stundum hafi einungis einn maður unnið við verkefnið og það hafi verið stór hluti af þeim vanda sem þarna var á ferðinni.

Hv. þingmaður nefndi að hægt væri að finna aðrar leiðir og að skoða mætti 18. gr. samkeppnislaga. Hv. þingmaður stendur þá líklega fyrir því að sú grein verði skoðuð. Ég er

ekki viss um að ég sé neitt á móti því að þeim reglum verði breytt. Það er að mínu viti eitthvað sem má vel fara yfir og kannski er hægt að minnka verkefni Samkeppnisstofnunar með þeim hætti að einhverju leyti.

Mér fannst rök hv. þingmanns svolítið sérkennileg að við hefðum ekki þurft á samkeppnislögum að halda vegna þess að hér hefðu engin slík lög verið frá því að land byggðist, ekki fyrr en líklega á síðustu öld. Það skyldi ekki vera að það sé æðimargt í lagasetningunni sem gildir í dag sem ekki var til fyrr en á þeirri öld. Það væri þá hægt að grisja lögin sem hér gilda mikið og kannski nóg að skrifa Grágás upp aftur.

[16:20]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður fer aftur algjörlega út fyrir efnið. Við erum ekki að ræða um hvort samkeppnislög séu nauðsynleg eða ekki, það er ekki til umræðu. Það er bara til umræðu hvort Samkeppnisstofnun sé í fjársvelti og hvort hægt sé að leita einhverra annarra leiða til að auka málshraða stofnunarinnar.

Ég benti á eina leið vegna þess að það fer dálítið í taugarnar á mér að alltaf þegar menn, sérstaklega vinstri menn, telja að málum sé illa fyrir komið í ríkisrekstrinum telja þeir að það þurfi meiri peninga. Ég benti góðfúslega á aðra leið sem leyst getur þann vanda sem mér sýnist að hv. flutningsmenn telji að Samkeppnisstofnun eigi við að glíma.

Úr því að mál tryggingafélaganna bar á góma þekki ég það ágætlega og er reyndar með ákvörðun nr. 17 frá árinu 2004 í höndunum, sem er lokaniðurstaða í því máli. Það var hvorki fjárskortur né tímahrak sem leiddi til þeirrar niðurstöðu sem þar kemur fram. Niðurstaðan var einfaldlega sú að tryggingafélögunum var borið að sök að hafa brotið tiltekin ákvæði samkeppnislaga og lögð voru til viðurlög og sektir vegna þeirra meintu brota. Þegar öll kurl voru komin til grafar lá málið einfaldlega þannig og ákvörðun Samkeppnisstofnunar liggur fyrir, að það var ekki grundvöllur til að sekta tryggingafélögin fyrir hinar meintu sakir. Það var niðurstaðan. Það var ekki grundvöllur fyrir því að sekta tryggingafélögin vegna hins meinta ólögmæta samráðs á vátryggingamarkaði. Það er kjarni málsins og ég skora á hv. þingmann að lesa ákvörðunina um rannsóknina.

[16:23]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður sagði að fjárframlög til Samkeppnisstofnunar hefðu aukist um 87% en ég get ekki betur séð en það hafi verið á verðlagi hvers árs, ef ég sé rétt á svar sem hv. þm. Kristján L. Möller fékk. Árið 1998 fékk Samkeppnisstofnun 93,5 millj. á verðlagi ársins 1998, en ef farið er á verðlag ársins 2004, og náttúrlega rétt að framreikna verðlag til þess árs sem á að bera saman við, er það sambærileg upphæð. Ef tekin er líka inn verðbólga erum við að tala kannski um 30% hækkun en ekki 87%. Mér finnst að við eigum ekki að vera með villandi málflutning.

Varðandi það að hnýta í starfsmenn, eins og hv. þingmaður gerði í andsvari við hv. þm. Jóhann Ársælsson, finnst mér að hann ætti frekar að líta til eigin flokks og líta á að það er hæstv. fjármálaráðherra sem ber náttúrlega ábyrgð á þeim vexti sem hefur orðið í ríkisgeiranum en ekki starfsmenn Samkeppnisstofnunar.

[16:24]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er samt sem áður þannig að frá árinu 1998 til ársins 2004 fóru fjárframlög til Samkeppnisstofnunar úr 85 eða 86 millj. upp í 157 millj. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 fara þau upp í 177 millj. Þetta er því tæplega 100% aukning á fjárframlögum.

Þó skal taka fram að það er sannleikskorn í því hjá hv. þingmanni að neysluvísitala hækkaði á þessu árabili um 29%, en það þýðir ekki að fjárframlögin hafi einungis aukist um 30%.

Kjarni máls míns er þessi: Því er haldið fram í því þingmáli sem við fjöllum um, og það hefur verið gert ekki bara mánuðum eða missirum saman heldur árum saman, að samkeppnisyfirvöld hafi verið í fjársvelti. Ég hlýt að spyrja: Getur það verið þegar þessar tölur liggja fyrir? Það hefur orðið tuga prósenta hækkun á fjárframlögum til stofnunarinnar. Hvað þarf að gera til að stjórnarandstæðingar fallist á að tiltekin stofnun sé ekki í fjársvelti?

Varðandi starfsmenn stofnunarinnar neita ég því að ég sé eitthvað að hnýta í þá. Ég er bara að benda á að það sætir furðu að á umræddu tímabili hefur orðið tugprósenta aukning á fjárframlögum til stofnunarinnar en starfsmannafjöldinn hefur ekkert aukist. Við hljótum að skýra aukninguna með því að laun hafi hækkað. Eitthvað hlýtur að skýra aukninguna. (Gripið fram í.) Þetta vekur óneitanlega athygli.

[16:26]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að ég tek heils hugar undir þingsályktunartillöguna. Mér finnst undarlegt að verða vitni að því að hæstv. viðskiptaráðherra tali um að málið sé úrelt. Það lýsir kannski ákveðnu viðhorfi hennar til samkeppnismála og mér finnst þetta líka lýsa viðhorfi stjórnarflokkanna til samkeppnismála.

Við verðum vitni að því að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson er með villandi málflutning. Hann talar um að fjárframlög hafi aukist um hundruð prósenta og gleymir að taka inn í dæmið að vísitalan hefur hækkað og tekur ekki inn þátt verðbólgunnar. Ef við ætlum að vera með villandi málflutning á öllum sviðum náum við ekki umræðunni áfram. Aðalatriðið hlýtur að vera að ná yfir samkeppnismál. Staðreyndin er sú að ef litið er á málaflokkinn tekur allt of langan tíma að fá úrskurð í málum. Fram kom að meðaltími við að fá úrskurð í samkeppnismálum árið 2004 var 16 mánuðir og að það tekur jafnvel á annað ár að mál fái efnislega meðferð. Það er óþolandi ástand og menn eiga að ræða þetta sem vandamál sem á að leysa, en ekki slá ryki í augu fólks með því að vera með villandi tölur, taka ekki tillit til verðbóta og jafnvel hnýta í starfsfólk fyrir að stöðugildum hafi ekki fjölgað hjá stofnuninni.

Ég þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir að nefna þetta með stöðugildin, að þeim hafi ekki fjölgað. Við skulum líta á hvaða stöðugildum hjá hinu opinbera hefur

fjölgað. Ekki hjá Samkeppnisstofnun þó svo að við verðum vitni að því að mál sem skipta almenning mjög miklu, svo sem á tryggingamarkaði, taka upp undir sjö ár. Nei, það er ekki fjölgað þar, heldur fjölgar Framsóknarflokkurinn í utanríkisþjónustunni. Fram kom í svari, ef ég man rétt, að fjöldi sendiherra var um tuttugu og einn árið 1995. Sami fjöldi og sinnir samkeppnismálum, sami fjöldi og sinnir málum sem varða almenning miklu.

Einnig hefur komið fram í umræðunni, og ekki mælti hæstv. ráðherra á móti því, að þessi mál hafa dregist á langinn og að fara þurfi í endurskoðun. Ekki hafði þá fjölgað stöðum hjá Samkeppnisstofnun. Nei, það var ekki svo heldur hafa þeir fjölgað sendiherrum upp í 34.

Þetta sýnir náttúrlega forgangsröðunin og hvað þessir flokkar fara villir vega í því hvernig á að forgangsraða. Auðvitað snúast stjórnmál um forgangsröðun og þarna kemur alveg furðuleg forgangsröðun í ljós.

Við skulum líka gæta að því og ég get tekið undir með hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni þó að ég telji að það hafi verið miður að verða vitni að svona villandi málflutningi í andsvari fyrr í umræðunni, að auðvitað eigum við þá að skoða nýja verkferla og hvernig við eigum að ná árangri. Vissulega kemur til greina að taka verkefni frá stofnuninni og færa jafnvel inn í dómskerfið. En ég frábið mér að verða vitni að svona villandi málflutningi, að vera að þvæla með tölur án þess að taka inn í verðbætur og verðbólgu.

Það getur orðið talsvert mikið og langt ferli sem samkeppnismál fer í gegnum þegar koma upp deilur. Það kemur að ákvörðun kannski Samkeppnisstofnunar, samkeppnisráðs, áfrýjunarnefndar samkeppnismála, síðan kemur til kasta dómskerfisins í héraðsdómi og svo Hæstaréttí. Þegar komin er niðurstaða er málið ef til vill orðið úrelt. Það er áhyggjuefni, sérstaklega í ljósi þess að við erum núna að tala um að færa ýmsa þætti og auka jafnvel við verkefni á sviðum samkeppnismála þar sem Samkeppnisstofnun þarf að taka á, t.d. á sviði fjarskipta. Nú er verið að ræða það að selja Símann með grunnnetinu. Ég minni á að þegar ákvörðun var tekin um að selja Símann var í nefndaráliti meiri hlutans tekin ákvörðun um að fjölga um tvö stöðugildi hjá Póst- og fjarskiptastofnun og hjá Samkeppnisstofnun. Það hefur verið svikið af stjórnarflokkunum. En við verðum vitni að því að þeir fjölga sendiherrum í staðinn. Þetta er auðvitað óþolandi.

Einnig ber að halda á lofti þeirri umræðu sem kom fram hér, að tilvonandi breyting að skipta stofnuninni upp sé visst áhyggjuefni. Fram kom að þetta gæti verið möguleg aðferð til að losna við menn sem hafa tekið á málum olíufélaganna. Nefnt var nafn forstjóra Samkeppnisstofnunar. Það er mikið áhyggjuefni ef það er ef til vill markmiðið, að losna við óþæga menn og setja stofnunina undir pólitískt skipaða stjórn. Það gengur ekki. Enda virðist nú stundum sem málflutningur Framsóknarflokksins í ýmsum málum — ég minnist þess að á síðasta þingi var verið að ræða um að skipa nefnd yfir ákveðna stofnun, litla stofnun norður í landi, en þá var það talið úrelt fyrirkomulag.

En nú hér á nýju þingi er enn og aftur búið að snúa við blaðinu. Ég tel að menn eigi að fylgjast vel með þróun mála vegna þess að stjórnarflokkarnir hafa því miður sýnt ítrekað að þeir hafa ekki mjög mikinn áhuga á að sinna þessum málum svo vel sé. Ég minni á að ég spurði hæstv. fjármálaráðherra út í samkeppnismál á fjarskiptamarkaði. Svörin voru því miður mjög sorgleg, það var snúið út úr. Ég tel að ef menn ætla að koma með frumvörp um samkeppnismál verði þeir að sýna að þeir meini eitthvað með því, m.a. í svörum hér á þingi.

[16:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Samkeppnisstofnun hefur verið á undanförnum árum mikið í umræðunni. Hún hefur verið umdeild frá einum flokki, þ.e. Sjálfstæðisflokknum. Ég held að allir aðrir flokkar í landinu hafi tekið undir nauðsyn þess að Samkeppnisstofnun væri til staðar og það þyrfti að efla hana og styrkja. En a.m.k. sumir sjálfstæðismenn hafa haft þá skoðun að best væri að leggja hana niður og helst samkeppnislögin líka.

Núna hlýtur það að setja svolítinn hroll að mönnum að í kjölfar stærsta máls sem Samkeppnisstofnun hefur átt við, þ.e. olíufélagamálsins, skulu ríkisstjórnarflokkarnir telja ástæðu til að umturna þessari stofnun, skipta henni upp og fara að breyta allri starfsemi hennar.

Núna þegar berast fréttir af því að frumvörpin sem innihalda þetta hafi verið föst í fórum sjálfstæðismanna um nokkurn tíma og þar tafin hljóta menn líka að velta fyrir sér, það geri ég a.m.k. í kjölfar þess sem hæstv. ráðherra sagði áðan, hvort hæstv. ráðherra hafi í raun nokkuð getað svarað spurningunni um hve mikla peninga bæri að láta í starfsemi stofnunarinnar, einfaldlega vegna þess að það sem Sjálfstæðisflokkurinn er að fást við í málinu sé ekki orðalagið heldur umfang þess sem stofnunin á að glíma við og þar af leiðandi hve mikla peninga stofnunin eigi að hafa umleikis til þess að vinna þau verkefni sem þar eiga að vera á borðum.

Ég held að ástæða sé til að hafa af þessu öllu saman áhyggjur. Það er auðvitað umhugsunarefni fyrir okkur á Íslandi að mál skuli vera með þeim hætti, sem greinilegt er, að afskipti, pólitísk afskipti opinberra stjórnvalda skuli með svo beinum hætti eiga að geta beinst að starfsemi af þessu tagi, sem allir ættu að sjá að mjög nauðsynlegt er að koma í einhvers konar skjól fyrir pólitískum áhrifum. Ég ætla ekki að trúa því fyrr en ég þá sé það að meiningin sé að einhvers konar yfirráð þessarar stofnunar verði til pólitískt valið sem eigi að velja þau verkefni sem stofnunin eigi að taka á eða ekki taka á. Ég ætla ekki að trúa því fyrr en ég tek á því, af því að það er auðvitað mál sem má ekki gerast hér á hv. Alþingi, að menn gangi ekki þannig frá samkeppnislögum og samkeppnisumhverfinu í landinu og að því verði komið undan pólitískum áhrifum a.m.k. með þeim hætti sem menn hafa þá vit til, en að ekki sé verið að búa til möguleika til að hafa áhrif á það hvað er rannsakað eða hvað ekki rannsakað.

Ég ætla að segja það til viðbótar að ég trúi því ekki heldur að við þurfum að standa frammi fyrir því að eftir þetta stærsta samkeppnismál sem upp hefur komið í landinu verði niðurstaðan sú að stjórnvöld telji það vera sitt helsta hlutverk að losna við þann sem gekk fram í því að sjá til þess að umrætt mál yrði rannsakað og því komið upp á borðið, þó svo að niðurstaðan af því máli sé nú sú að þeir

sem þar brutu lög vísvitandi, að þau fyrirtæki eigi að komast undan með langstærstan hluta hagnaðarins sem þau höfðu af því. Það er auðvitað ekki þeim að kenna sem stjórnuðu Samkeppnisstofnun að svo skuli fara.

En ef það er þannig á hv. Alþingi að þeir ráðamenn sem fara með völdin í landinu telji það sitt helsta hlutverk að koma fyrir kattarnef þeim sem eiga þó heiðurinn af því að koma þessum málum í dagsljósið, þá held ég að Íslendingar þurfi að fara svolítið yfir lýðræðishefð sína og skoða hvort ekki þurfi að taka í hnakkann á þeim sem hafa þær pólitísku skoðanir uppi og láta þær þá koma skýrt í ljós. Ég ætla satt að segja að vona — þangað til ég sé það — að svona sé þetta nú ekki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:40]

Útbýting:

Fasteignir í eigu viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, 549. mál, fsp. ÖJ, þskj. 828.

Lækkun veggjalds í Hvalfjarðargöngum, 548. mál, fsp. JÁ, þskj. 827.

Kvennahreyfingin á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. KolH og ÞBack, 56. mál. — Þskj. 56.

[16:41]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um bætt starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna á Íslandi. En ég hef svo sem mælt fyrir þessari ágætu tillögu áður. Hún gengur út á það að Alþingi álykti að fela félagsmálaráðherra að stuðla að bættu starfsumhverfi fyrir kvennahreyfinguna og fyrir aðra hópa sem vinna að jafnari stöðu kynjanna á Íslandi.

Hugmyndin á bak við tillöguna er að þetta verði gert á eftirfarandi máta:

Í fyrsta lagi með því að stofnaður verði sjóður með lið í fjárlögum í þeim tilgangi að styrkja hvers konar starf félagasamtaka, hópa og einstaklinga sem miðað getur að jafnari stöðu kynjanna. Hluta sjóðsins verði varið til þess að tryggja þátttöku sömu hópa í alþjóðlegu starfi.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að þetta verði gert með því að jafnréttisfulltrúum eða öðrum starfsmönnum ráðuneyta verði falið að koma á beinum tengslum fagráðuneyta og þeirra samtaka, hópa og einstaklinga sem innan starfssviðs hvers ráðuneytis vinna að jafnari stöðu kynjanna á hverjum tíma.

Eins og ég sagði í upphafi hefur þessi tillaga verið lögð fram í tvígang áður. Í hvorugt skiptið varð hún útrædd en í síðara skiptið var henni vísað til félagsmálanefndar til umfjöllunar. Þaðan var hún send til umsagnar og eftirtaldir aðilar sendu nefndinni umsögn um tillöguna: Bandalag háskólamanna, jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, jafnréttisráðgjafinn í Reykjavík, félagsmálaráðuneytið, Jafnréttisstofa, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennakirkjan og Kvenréttindafélag Íslands. Allir þessir aðilar lýstu yfir ánægju og stuðningi við tillöguna utan einn og það vekur nokkra athygli að það var félagsmálaráðuneytið sjálft, sem taldi hana ekki tímabæra. Og hvers vegna ekki? Jú, vegna þess hversu lítil reynsla væri komin á lögin um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000.

En, virðulegi forseti, í ljósi mjög jákvæðra viðbragða þeirra aðila sem gerst þekkja til er tillagan endurflutt. Hverjir eru þeir aðilar? Jú, það er ekki hvað síst Jafnréttisstofa sem í umsögn sinni tekur fram að jafnréttismálin séu málaflokkur sem eigi undir högg að sækja og því sé verulega mikilvægt að stuðla að því að margir aðilar hafi slagkraft á þeim vettvangi. Það er einmitt eitt af því sem þessi tillaga miðar að, að hægt verði að auka slagkraft þeirra sem starfa í grasrót kvennahreyfingarinnar.

Jafnréttisstofa hefur samkvæmt umsögninni tekið þátt í alþjóðlegu starfi á sviði jafnréttismála og viðurkennir að hlutur félagasamtaka og hópa í slíku starfi hafi verið mjög takmarkaður, fyrst og fremst vegna þess að fjármagn hafi skort. Það kemur jafnframt fram hjá Jafnréttisstofu að það komi oft upp að hópar eða ýmsir aðilar sæki um fjármuni til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi til Jafnréttisstofu en Jafnréttisstofa hafi því miður enga fjármuni í slíkt þannig að það verði að synja öllum umsóknum af því tagi.

Jafnréttisstofa segir sömuleiðis í umsögn sinni að jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna, sem eru eins og við öll vitum nýjung í íslenskri jafnréttislöggjöf, hafi sinnt afar óskilgreindu hlutverki hingað til og hlutverk þeirra sé breytilegt eftir ráðuneytum. Þótt Jafnréttisstofa lýsi því yfir að hún hafi átt gott samstarf við jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna þá lýsir hún samt sem áður ánægju sinni með það að þingsályktunartillagan skuli gera ráð fyrir því að hlutverk jafnréttisfulltrúanna verði skýrt og telur hana í anda þeirrar samþættingar sem er eitt meginviðfangsefni ríkisstjórnarinnar á sviði jafnréttismála.

Hæstv. forseti. Þetta mál komst einmitt á dagskrá í síðustu viku á afmælisdegi Kvenfélagasambands Íslands sem fagnaði þá 75 ára afmæli sínu. Mér þótti afar viðeigandi að þessi tillaga yrði rædd á þinginu á þeim degi. Örlögin höguðu því þó þannig að hún komst ekki á dagskrá þann dag en við látum okkur hafa það að senda síðbúnar afmæliskveðjur úr ræðustól til Kvenfélagasambands Íslands í tilefni af 75 ára afmælinu. Eins og menn vita er þetta ár afar stórt afmælisár þegar litið er til kvennasögunnar á Íslandi og á eflaust eftir að minnast á það í fleiri ræðum það sem eftir lifir af þessu þingi.

Tillagan á að öðru leyti rætur að rekja til tillögu sem hv. fyrrverandi þingkonur Kvennalistans, Kristín Halldórsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, fluttu á 123. löggjafarþingi. Þá hlaut tillagan ekki brautargengi. Henni var vísað til félagsmálanefndar til frekari umfjöllunar. Ég gerði það að gamni mínu að fletta upp á vef Alþingis fyrir 123. löggjafarþing. Þar stendur um þessa tillögu Kristínar og Guðnýjar að hún sé til umfjöllunar í félagsmálanefnd síðan 12. mars 1999. Ég viðurkenni að þetta er viðamikil tillaga og kann að vera þörf á að fjalla mikið um hana en ég held því samt fram að félagsmálanefnd hafi ekki varið miklum tíma frá þeim tiltekna degi.

Ég vil bæta því við málflutning minn varðandi þetta mál að ég komst að því að sænska þingið hefur látið gera rann-

sókn á því hvernig sænska ríkið standi við bakið á kvennasamtökum þar í landi og hversu miklir fjármunir renni til kvennasamtaka úr ríkissjóði. Það var þáverandi dómsmálaráðherra Svíþjóðar, ef ég man rétt, Mona Sahlin sem tilnefndi sérstakan ráðgjafa til að hafa yfirumsjón með þeirri rannsókn þingsins. Niðurstöðurnar voru birtar 10. júní síðasta sumar. Í greinargerð málsins er að finna mjög mikinn fróðleik um stöðu kvennasamtaka í Svíþjóð og þar eru líka tillögur til úrbóta hvað varðar fjárhagslegan stuðning hins opinbera.

Í skýrslunni er lögð áhersla á það að kvennahreyfingin sé þýðingarmikil vegna hins lýðræðislega afls sem í henni býr enda sé hún upphaflega sprottin af baráttu kvenna fyrir kosningarrétti og almennum mannréttindum í lok 19. aldar. Þörfin fyrir opinbert fjármagn er viðurkennd í skýrslunni og rökstudd á ýmsa lund, m.a. með því að lýðræðislega kjörin stjórnvöld þurfi á þeim áhrifum að halda sem kvennahreyfingin getur látið þeim í té. Þetta finnst mér vert að undirstrika, hæstv. forseti. Ég tel að lýðræðislega kjörin stjórnvöld þurfi verulega mikið á þeim áhrifum að halda sem kvennahreyfingin getur látið þeim í té.

Meðal þess annars sem er áhugavert í þessari sænsku skýrslu er lausleg könnun á opinberum stuðningi á hinum Norðurlöndunum við kvennahreyfinguna. Í henni kemur í ljós að Svíþjóð, Finnland, Noregur og Danmörk hafa sett opinbera fjármuni til kvennahreyfingarinnar í löndunum þótt við það hafi verið farnar ólíkar leiðir. Svíþjóð, Finnland og Noregur hafa auk þess stutt fjárhagslega við bakið á kvennadeildum eða félögum stjórnmálaflokkanna með framlögum, annaðhvort með því að veita beint til þeirra eða með því að eyrnamerkja hluta þess fjár sem rennur til stjórnmálaflokkanna almennt. Ég tel að þetta sé einnig afar athyglisvert fyrir okkur Íslendinga að skoða. Það er sameiginlegt keppikefli stjórnmálaflokkanna að auka hlut kvenna í stjórnmálum og því ekkert óeðlilegt að þjóðþingið komi til móts við þau sjónarmið að kvennahreyfingar stjórnmálaflokkanna fái sérstaka athygli í fjárveitingum.

Í samanburðinum sem gerður er í skýrslunni sést að Ísland og Færeyjar skera sig úr að því leyti að kvennahreyfingunni í þessum löndum er ekki ætlað neitt formlegt framlag frá ríkinu þótt við veitum auðvitað ákveðinn stuðning til kvennahreyfingarinnar í gegnum einstök ráðuneyti. Það er hins vegar allt tilviljunum háð og kannski geðþótta einstakra ráðherra.

Hlutirnir hafa verið í nokkuð föstum skorðum í Svíþjóð hvað þessi mál varðar. Þar hefur staðan verið best eða lengst á veg komið á öllum Norðurlöndunum. Þar hefur verið lagaskylda á stuðningnum sem á sínum tíma var studd þeim rökum að leggja þyrfti áherslu á þýðingu kvennahreyfingarinnar fyrir bætta stöðu kvenna í samfélaginu. Skýrsluhöfundar leggja til breytingu á sænsku löggjöfinni sem gæti aukið enn á þátttöku kvenna í lýðræðisþróun, fylgt betur eftir réttindum kvenna og kortlagt kröfur þeirra. Þetta eru grundvallaratriði í störfum kvennahreyfingarinnar, þ.e. að þær fái tækifæri til að leggja sitt lóð á vogarskálar aukins og bætts lýðræðis og til að fylgja eftir réttindamálum kvenna og gera kröfur kvenna og kvennahreyfingarinnar skýrar.

Tillögur skýrsluhöfundanna ganga út á að stuðningur til kvennasamtaka verði þríþættur: Í fyrsta lagi almenns eðlis, á svipuðum nótum og verið hefur. Í öðru lagi að nýstofnuðum kvennasamtökum, þ.e. nýjum hreyfingum eða samtökum sem verða til verði gefinn sérstakur gaumur og í þriðja lagi að hægt verði að sækja um sérstaka verkefnatengda styrki. Þannig er lagt til í skýrslunni að allt að 140 millj. sænskra króna verði til ráðstöfunar fyrir almennar styrkveitingar og gert er ráð fyrir að til viðbótar við þau 18 félög sem um þessar mundir njóta opinbers stuðnings muni um 20 ný bætast í hópinn.

Ég velti því fyrir mér, hæstv. forseti, hvort ég hafi ekki misritað þessar 140 millj. Ég veit að þetta eru afskaplega háar tölur en ég las þessa skýrslu af mikilli athygli. Ég var kannski búin að umreikna þetta — nei, þetta eru 140 millj. sænskra króna. Ég man það örugglega rétt.

Skýrsluhöfundarnir gera ráð fyrir að um 1 millj. sænskra króna þurfi að vera til ráðstöfunar í erlent samstarf, 2 millj. í stuðning við ný félög og sérstakt frumkvæði og loksins 13 millj. í verkefnatengda styrki. Samtals leggja skýrsluhöfundar til að 30 millj. sænskra króna verði ráðstafað til kvennahreyfingarinnar á ári. Það mundu vera um 300 millj. íslenskra króna og gera Svíarnir ráð fyrir að það muni gagnast 35–60 einstökum félögum. Sem sagt, 300 millj. leggja sænsku skýrsluhöfundarnir til að renni til kvennahreyfingarinnar í það heila tekið og það muni gagnast allt að 60 félögum. Það má segja að ólíkt höfumst við að, herra forseti, á Norðurlöndunum hvað þessi mál varðar.

Fyrir utan mjög svo athyglisverðu tillögur gerir þessi sænska skýrsla ráð fyrir því að það verði tekið úr höndum félagsmálaráðuneytisins að úthluta þessu fé. Þess í stað verði umsýslan og ákvarðanavaldið flutt til sjálfstæðrar stofnunar en meðan ekki hefur verið stofnuð sérstök umsýslustofnun um þetta mætti athuga hvort ekki sé fært að fela umboðsmanni jafnréttismála í Svíþjóð hlutverkið eða opinberri nefnd um málefni ungs fólks t.d. eða nefndinni sem fer með málefni fullorðinsfræðslu. Hér er lögð áhersla á að höggvið verði á hin beinu tengsl félagsmálaráðuneytisins eða ráðherrans við þessar fjárveitingar.

Til gamans má geta þess að skýrslan gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin þurfi að setja um bil 3,5 millj. sænskra kr. í umsýslu þessara mála, þ.e. 35 millj. í umsýslu þessara fjárveitinga til kvennahreyfinganna. Ég þori að fullyrða að kvennahreyfingin á Íslandi yrði ánægð þótt ekki væru nema 35 millj. kr. eyrnamerktar Kvennahreyfingunni á Íslandi á hverju ári. Við erum ekki einu sinni hálfdrættingar og langt fyrir neðan það sem þessar systurþjóðir okkar eru að tala um. Það er ekki einu sinni sambærilegt og himinn og haf þar á milli.

Ég hef nú greint frá vangaveltum skýrsluhöfunda. Enn sem komið er hefur ekkert lagafrumvarp litið dagsins ljós á grundvelli þessarar skýrslu. Engu að síður þótti mér rétt að geta um skýrsluna, úr því að mér var bent á að hún væri komin. Mér fannst rétt og forvitnilegt fyrir alþingismenn að fá að heyra hvað félagar okkar í sænska þinginu og rannsóknaraðilar á þeirra vegum aðhafast.

Að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og félagsmálanefndar.

[16:54]

Mörður Árnason:

Forseti. Mitt erindi í ræðustólinn að þessu sinni er að lýsa stuðningi við prýðilega tillögu þeirra hv. þingmanna Kolbrúnar Halldórsdóttur og Þuríðar Backman. Sem betur fer er það opinber stefnumörkun á Íslandi að stuðla að jafnrétti kynjanna og raunar ýmsu öðru jafnrétti. Hver einasti stjórnmálaflokkur tekur a.m.k. í orði undir þá stefnu, einkum þegar nálgast kosningar. Það er engin ástæða til að ætla að stjórnmálaflokkarnir meini ekki það sem þeir segja um þau mál. Þeir hafa hver með sínum hætti, þegar þeir hafa haft aðstöðu til í ríkisstjórn eða í forustu sveitarfélaga, beitt sér fyrir árangri í þessum efnum. Ég held að það sé rétt að undanskilja engan stjórnmálaflokk í því efni.

Ýmis réttindamál að eiga sér sinn tíma. Fram koma hugsjónamenn og baráttumenn fyrir ákveðnum réttindum eða fyrir því sem á þykir skorta í samfélaginu. Þeir berjast hetjulega og um þá myndast hreyfingar fyrir baráttumálinu. Hreyfingarnar koma einhverju á legg sem síðan hefur oft, a.m.k. í okkar heimshluta eða hér á Norðurlöndum, orðið til þess að hið opinbera, sveitarfélög eða ríki, hafa með einhverjum hætti tekið við því. Það má nefna leikskólana sem dæmi um slíkt. Hér er ekki um þvílíkt mál að fást. Jafnréttismálin eru brýnt úrlausnarefni enn þá þótt liðin séu 100 eða 120 ár frá upphafi hinnar klassísku kvennahreyfingar eða um það bil 30 eða 35 ár frá upphafi hinnar nýrri kvennahreyfingar. Ég ætla ekki að fara í sundurgreiningar á þeim nær okkur í tíma. Enn vantar þó mikið á og ég held að jafnréttismálin verði, jafnvel í besta heimi allra heima sem einhvern tíma rennur upp, sífellt verkefni. Hver einasta ný kynslóð þarf að móta afstöðu til málsins og koma sér niður á hvernig jafnréttismálunum sé best háttað og hvernig með þau eigi að vinna. Þess vegna er svo mikilvægt, forseti, að til sé veruleg hreyfing og samtök í grasrótinni í þessum efnum, að kvennahreyfingin sé sterk og öflug og aðrir hópar sem vinna að jafnari stöðu kynjanna á Íslandi eða í heiminum, eins og það er orðað í þingsályktunartillögunni, séu líka sterkir. Margt gott er hægt að gera í ráðuneytum eða sveitarstjórnum en það er ekkert sem kemur í staðinn fyrir þann áhuga, þann vilja, kraft og stuðning og þrýsting sem kemur frá samtökum í grasrótinni, hvort sem um er að ræða samtök sem upp koma og eiga við tiltekinn tíma eða formlegri samtök sem eiga sér töluverða sögu, t.d. Kvenréttindasamband Íslands.

Það væri vel við hæfi að þessi tillaga eða einhver svipuð yrði samþykkt á þessu þingi. Eins og hv. flutningsmaður nefndi er núna merkilegt afmælisár, raunar ákaflega margvíslega merkilegt í sögu kvenna og kvennahreyfingar á Íslandi. Hv. þingmaður nefndi Kvenfélagasambandið sem átti afmæli um daginn. Ég get nefnt tvennt í viðbót. Annars vegar kosningarrétt kvenna 1915, sem nú hefur verið í 90 ár og verður væntanlega haldið veglega upp á í byrjun sumars. Síðan er sjálft kvennaverkfallið orðið 30 ára og vonandi verður þess minnst með viðeigandi máta á degi Sameinuðu þjóðanna 24. október.

Ég held að þetta sé góð tillaga. Einkum tel ég snjallt að stofna sjóð sem njóti sjálfstæðis frá hverjum og einum ráðherra þannig að það sé ekki undir þeim komið — að þeim algerlega ólöstuðum enda breytingar á ferð í þeim hópi, a.m.k. vonar maður það — þannig að það fari ekki eftir pólitík, hvorki flokkspólitík né persónupólitík ráðherrans, hvaða samtök og grasrótarhreyfingar kynnu að njóta styrkja eða stuðnings úr sjóðunum. Auðvitað má segja að þetta eigi með sínum hætti við allt félagslíf en þó er á það að minnast að önnur félagasamtök njóta oft og tíðum einhvers konar stuðnings, án þess að ég jafni kvennahreyfingunni saman við neitt annað vegna þess að hún er alveg sérstök. Íþróttahreyfingin nýtur þegar töluverðs stuðnings frá sveitarfélögum og má heita fastur liður að sveitarfélög styrki íþróttafélög á sínu svæði. Sama gildir um stjórnmálafélög þó að hagur þeirra hafi nú mjög versnað á síðari árum, t.d. eftir að póstgjald var hækkað og af ýmsum orsökum öðrum. En stjórnmálaflokkarnir hafa a.m.k. ákveðinn stuðning í gegnum fjárlög en það hafa grasrótarhreyfingar á þessu sviði, kvennahreyfingar og aðrir jafnréttishópar, ekki.

Ég vil svo í lokin spyrja hv. flutningsmann sem hér er stödd að því hvort hún eða þær hafi gert sér einhverjar hugmyndir um með hvaða hætti fjármagn geti runnið í þennan sjóð, hvort það eigi að fara af fjárlögum eða hvort það eigi að vera einhverjir tekjustofnar eða með hvaða hætti það geti verið.

Ég verð að vísu að segja að síðari liður tillögunnar er mér ekki jafnmikið fagnaðarefni og hinn fyrri og vil biðja hv. flutningsmann, ef hún ætlar í stólinn aftur, að skýra það betur hvað sá liður hefur eiginlega við hinn fyrri lið saman að sælda, því að þar er um að ræða eitthvert skipulag ráðuneyta og starfsliðs þeirra og ég sé í raun og veru ekki að það sé markmið sem hægt er að ná með þeim hætti að þingið t.d. gæti fylgt því eftir, ef það yrði svo gæfusamt að samþykkja þessa tillögu.

[17:02]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni afar jákvæðar móttökur og málefnalegar umræður um þessa tillögu.

Svör við spurningum hans í fyrsta lagi hvað varðar aliðinn þá gerum við ráð fyrir að þessi sjóður verði stofnaður með ákveðnum lið í fjárlögum, þ.e. við hugsum okkur ekki að það séu einhverjir aðrir markaðir tekjustofnar en þeir að Alþingi Íslendinga samþykki upphæð til málaflokks á þessum nótum, þannig að það sé alveg á hreinu að við erum ekki að hugsa um neina aðra tekjustofna.

Varðandi síðan b-liðinn, um eins konar íhlutun í innri málefni ráðuneyta þá er sá liður kannski kominn til vegna þess að jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar hefur sýnt okkur og sannað að það gengur afar illa fyrir ríkisstjórnina að samþætta jafnréttismálin inn í öll þau störf sem unnin eru í stjórnsýslunni. Það eru fögur fyrirheit og það eru undirritaðir alþjóðlegir samningar og yfirlýsingar norrænna ráðherra um þessi mál, að jafnréttismálin verði samþætt inn í alla málaflokka, en það hefur tekist afar illa í ráðuneytum okkar. Ein af ástæðunum fyrir því er sú að innan ráðuneytanna hefur málaflokkurinn ekki haft nægilega mikið vægi. Hann hefur ekki verið vistaður eða haft þann sess sem honum ber. Það er vegna þess að það er enginn einn aðili í ráðuneytunum sem aðgætir það að jafnréttismálin séu sam-

tvinnuð öllum þeim málum sem viðkomandi ráðuneyti vinnur með.

Þó erum við komin svo langt að ráðuneytin eiga að munstra jafnréttisfulltrúa í ráðuneytum sínum, en það eru þá venjulega einstaklingar sem sinna einhverjum allt öðrum störfum í ráðuneytunum og eiga að sinna jafnréttismálunum svona til hliðar.

Vægi þessa málaflokks í ráðuneytunum hefur ekki verið með þeim hætti að samþættingaráformin hafi getað gengið eftir. Það er svona hugmyndin eða hugmyndafræðin á bak við b-liðinn.

[17:03]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka svörin en ég held að hv. flutningsmenn séu kannski fullbláeygir um b-liðinn því að jafnvel í hinu besta ráðuneyti af öllum ráðuneytum tel ég að of náið samneyti grasrótarinnar við ráðuneytin geti hugsanlega verið grasrótinni varasamt. Ég veit ekki hvort hægt er að koma á beinum stjórnsýslulegum tengslum af slíku tagi þarna á milli. Kannski ætti að orða þetta svo eða a.m.k. koma því þannig í verk að jafnréttisfulltrúarnir verði með einhverjum hætti styrktir og það verði séð til þess að þeir séu t.d. í fullu starfi og að þeir hafi einhverjar skýrsluskyldur út á við, þannig að hinir pólitísku ráðamenn í ráðuneytinu verði að taka tillit til þeirra og vinna með þeim. Í stað þess, eins og hv. flutningsmaður sagði, að þeirri stöðu eða þeim titli sé svona splæst á menn sem eru í raun og veru — menn í skilningnum karlar eða konur — að gera eitthvað annað.

Með sjóðinn á fjárlögum þá er það bara viðfangsefni sem gaman væri að takast á við. Auðvitað mætti líka hugsa sér að sá sjóður yrði styrktur með annars konar framlögum eða hefði einhverja tekjustofna þó að ég viti að markaðir tekjustofnar eru ekki í tísku á okkar áratugum.

[17:05]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. þingmanni hvað varðar tengsl ráðuneytanna við grasrótina að það liggi kannski ekki í augum uppi að slík tengsl eigi að vera til staðar eða að styrkja þurfi þau eða efla eitthvað sérstaklega. Það liggur ekki í augum uppi. Á hinn bóginn vil ég meina að það yrði jafnréttisfulltrúum ráðuneytanna styrkur ef þeir gera sér grein fyrir því eða vita á hverjum tíma hvað grasrótin er að vinna í þessum efnum. Ég held að ákveðið samtal á milli ráðuneytanna, starfsmanna ráðuneytanna og þeirra sem starfa í grasrótinni að viðkomandi málefnum geti gert ráðuneytin ábyrgari og upplýstari um það sem er í gangi í grasrótinni hjá málaflokknum.

Ég held að þetta sé líka spurning um að koma á virku samtali þannig að ráðuneytin verði ekki í einhverjum fílabeinsturni og átti sig ekki á því að þau eru auðvitað bandamenn þeirra sem vinna í grasrótinni. Það kann að vera að við séum bláeygar, flutningsmenn tillögunnar, í þessum efnum en mér finnst svo þýðingarmikið að það komist af stað öflugt skapandi samtal á milli grasrótarinnar, ekki bara í jafnréttismálum heldur almennt í almannasamtökum, að það sé virkt, opið, skapandi samtal á milli grasrótarinnar og þeirra sem hafa umsýslu með málaflokknum í umboði t.d. ráðherranna.

Ég held að það hafi fyrst og fremst verið slíkar hugsanir sem við vorum að reyna að koma hér í orð og reyna að skýra með þessari tillögu. Ég held að það væri mjög gaman ef félagsmálanefnd færi einmitt ofan í saumana á þessu og skoðaði kannski frá víðum sjónvinkli þau atriði sem upp hafa komið í umræðunni því það kann vel að vera að það megi bregða á þetta öðrum gleraugum en þeim sem við höfum gert sem erum flutningsmenn.

Ég geri ekki ráð fyrir að koma aftur í ræðustól þannig að ég ætla að ljúka máli mínu með því að þakka góðar undirtektir og láta í ljósi þá von að félagsmálanefnd taki þetta málefni til virkrar umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 13.–15. mál.

Fundi slitið kl. 17:08.

77. FUNDUR

mánudaginn 21. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 434. mál, þskj. 640. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 435. mál, þskj. 641. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 436. mál, þskj. 642. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 437. mál, þskj. 643. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 438. mál, þskj. 644. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, stjfrv., 191. mál, þskj. 191, nál. 569, brtt. 570. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Sala kristfjárjarðarinnar Utanverðuness, stjfrv., 504. mál, þskj. 768. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 537. mál, þskj. 811. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 51. mál, þskj. 51. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Notkun endurnýjanlegra, innlendra orkugjafa, þáltill., 52. mál, þskj. 52. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Fjárþörf Samkeppnisstofnunar, þáltill., 54. mál, þskj. 54. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Kvennahreyfingin á Íslandi, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
14. Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, stjfrv., 399. mál, þskj. 506, nál. 812, brtt. 813. — 2. umr.
15. Einkaleyfi, stjfrv., 251. mál, þskj. 269, nál. 815 og 818, brtt. 819. — 2. umr.
16. Afdrif laxa í sjó, þáltill., 58. mál, þskj. 58. — Fyrri umr.
17. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þáltill., 59. mál, þskj. 59. — Fyrri umr.
18. Vernd og sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, þáltill., 60. mál, þskj. 60. — Fyrri umr.
19. Verndaráætlun fyrir svæði sem eru ósýkt af sauðfjárriðu, þáltill., 61. mál, þskj. 61. — Fyrri umr.
20. GATS-samningurinn, þáltill., 63. mál, þskj. 63. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.

Breyting á embættum fastanefnda.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um breytingar á embættismönnum fastanefnda:

Í sjávarútvegsnefnd hefur Kristinn H. Gunnarsson verið kjörinn varaformaður.

Í umhverfisnefnd hefur Kristinn H. Gunnarsson verið kjörinn varaformaður.

[15:01]

Útbýting:

Launakönnun út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum, 455. mál, svar fjmrh., þskj. 831.

Miðlun vátrygginga, 551. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 832.

Norrænt samstarf 2004, 550. mál, skýrsla ÍNR, þskj. 830.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Greinargerð Seðlabanka um efnahagsmál.

[15:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kýs að beina máli mínu til hæstv. utanríkisráðherra í fjarveru hæstv. forsætisráðherra. Hæstv. forsætisráðherra hefur því miður verið fjarverandi síðustu tvo mánudaga, þ.e. í dag og hinn síðasta, sem við höfum haft óundirbúnar fyrirspurnir og því ekki verið hægt að beina til hans spurningum.

Fyrir helgi tilkynnti Seðlabankinn ákvörðun sína um að hækka stýrivexti frá og með morgundeginum um 0,5 prósentustig og verða þeir þá 8,75%. Seðlabankastjóri sagði í tilkynningu að hann drægi þó mjög í efa að þessi vaxtahækkun mundi duga til og að hann ætti eins von á því að bankinn þyrfti að hækka stýrivexti enn frekar fram eftir árinu.

Landsbankinn gerir ráð fyrir því í spá sinni að stýrivextir muni halda áfram að hækka og verði orðnir 10% í sumar. Hvorki Seðlabanki, Landsbanki né KB-banki telja að séð sé fyrir endann á hækkun fasteignaverðs en það er, eins og fram kemur í greinargerð Seðlabankans til ríkisstjórnarinnar, ásamt með stóriðjuframkvæmdunum talin meginástæða þess að verðlag hefur nú farið upp fyrir þolmörk Seðlabankans.

Svo bregður hins vegar við að hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson virðist ekki vera sammála mati Seðlabankans á þörfinni fyrir frekari vaxtahækkanir. Hann segir í viðtali við Morgunblaðið á sunnudaginn að hann telji að stýrivextir Seðlabankans séu orðnir það háir að frekari vaxtahækkana ætti ekki að vera þörf.

Ég spyr því hæstv. utanríkisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar: Er uppi ágreiningur milli ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans um mat á stöðu efnahagsmála og beitingu stjórntækja? Í öðru lagi spyr ég: Hefur ríkisstjórnin tekið

greinargerð Seðlabankans fyrir og er að vænta tilkynninga eða yfirlýsinga frá henni í framhaldi af því?

[15:04]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hæstv. forsætisráðherra er á leiðtogafundi NATO.

Vegna þeirra spurninga sem hv. þingmaður bar fram er rétt að geta þess að hæstv. forsætisráðherra kynnti drög að skýrslu Seðlabankans í ríkisstjórninni sama daginn og hún kom. Af því tilefni urðu auðvitað umræður í ríkisstjórninni um þá þætti sem þar koma fram. Þar voru nokkur sjónarmið ofarlega í hugum manna og þó að ég reki að sjálfsögðu ekki samtöl sem eiga sér stað í ríkisstjórninni — mér er það ekki heimilt — er mér óhætt að segja að þau sjónarmið sem menn eru að skoða, bæði hér og annars staðar, eru þau að þegar verðbólgan virðist sýna sig í töluvert hárri tölu, a.m.k. á nútímamælikvarða, blasir við að helmingur þeirrar tölu er reistur á hækkun húsnæðis. Ef það er frá tekið eins og sumir gera — til að mynda þegar mælingar á verðbólgu eiga sér stað í Evrópusambandinu er það birt í tvennu lagi — er verðbólgan innan hæfilegra marka, þ.e. í kringum 2,5%.

Í annan stað hafa menn verið að ræða það að þegar verðbólga er mæld og útgjöld fjölskyldunnar reiknuð er ekki í það dæmi tekið að hagur fjölskyldunnar vænkast við miklar vaxtalækkanir og bætt lánakjör eins og er að gerast í landinu. Þetta var auðvitað rætt og ég hygg að þarna séu vissir þættir á ferðinni sem hæstv. forsætisráðherra hefur vísað til.

Ég mundi segja að það væri fjarri því að hægt væri að lýsa því yfir að ágreiningur ríkti milli Seðlabanka og ríkisstjórnar. Seðlabankanum eru sett þau skilyrði að huga nú, ekki eins og var forðum, að gengismálum sérstaklega eða stöðu þeirra heldur nánast eingöngu verðbólgunni. Jafnframt á hann, ef það rekst ekki á við önnur atriði, að fylgja eftir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel fulla ástæðu til að hafa áhyggjur af andvaraleysi ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og tilburðum til að finna sífellt sökudólg annars staðar en í eigin ranni. Við höfum orðið vitni að þessari viðleitni ríkisstjórnarinnar alveg frá því í haust þar sem menn hafa yfirleitt verið að skjóta sendiboða hinna válegu tíðinda en neitað að horfast í augu við frumorsökina.

Upphaf greinargerðar Seðlabankans, kafla III um verðbólguvandann, er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á næstu árum mun reyna mjög á hina nýju skipan peningamála. Framkvæmdir við virkjanir og álbræðslur, sem til samans slaga að umfangi upp í þriðjung landsframleiðslu eins árs, fela í sér meira umrót í þjóðarbúskapnum en nokkurt annað land sem hagar peningastefnunni með svipuðum hætti hefur þurft að glíma við.“

Það er sennilega eitthvað auðveldara fyrir stjórnina og sérstaklega Framsóknarflokkinn að ræða um húsnæðismálin og leita skýringa á vandanum þar en í því sem Seðlabankinn hefur sem frumlag í umfjöllun sinni um þessi mál. Það er stóriðjustefnan og ruðningsáhrif hennar í íslensku efnahagslífi sem við erum að súpa seyðið af.

[15:07]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það var ekki meining mín að gera neitt lítið úr sjónarmiðum Seðlabankans að neinu leyti. Ég held að ég hafi ekki gert það. Ég vek hins vegar athygli á því hvað það varðar sem hv. þingmaður nefndi að strax og þessar ákvarðanir voru teknar varðandi stóriðjuáformin fyrir austan var því auðvitað lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar og ekkert farið í grafgötur með það að þessar miklu framkvæmdir sem svo eru hagfelldar fyrir íslenskan þjóðarbúskap eins og þær eru mundu auðvitað setja heilmikla pressu á íslenskt efnahagslíf og þess vegna þyrftu menn að huga að öðrum þáttum jafnframt handa meðan á þessu stæði.

Það var aldrei dregið neitt undan með að það væri. Hins vegar væri ávinningurinn af framkvæmdunum svo mikill að það væri þess virði, jafnvel þó að auðvitað yrði nokkur efnahagsleg spenna á meðan þessar miklu framkvæmdir stæðu sem hæst. Það var enginn sem dró fjöður yfir það, hvorki hæstv. forsætisráðherra, ég né hæstv. iðnaðarráðherra.

[15:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að Seðlabankinn fer einnig sérstaklega yfir það í greiningu sinni á þessu ástandi hvernig framkvæmdirnar hafa þjappast saman og verða t.d. meiri á þessu ári en upphaflega var gert ráð fyrir. Þær eiga stóran hluta í því verðbólguástandi sem við upplifum í sterku raungengi krónunnar. Mælingar á verðlagi, sá grunnur sem vísitalan byggir á og það með hvaða hætti fasteignamarkaðurinn kemur þar inn í er svo algerlega sjálfstætt mál. Menn geta tekið til skoðunar hvort þeir vilji t.d. frekar miða þar við húsaleigu og þróun hennar en sjálft fasteignaverðið. Það breytir ekki því að meginskýringanna er að leita í þessu ástandi og það er greinileg fælni á ferðinni, sérstaklega hjá talsmönnum Framsóknarflokksins, þegar kemur að því að horfast í augu við og viðurkenna þennan vanda. Auðvitað. Við skiljum öll af hvaða ástæðum það er sem ekki má viðurkenna og horfast í augu við það sem er raunverulega á ferðinni.

Ég held (Forseti hringir.) að hæstv. ríkisstjórn þurfi að huga alvarlega (Forseti hringir.) að þessum málum á næstu vikum og mánuðum. Andvaraleysi dugar ekki.

Reiðhöll á Blönduósi.

[15:10]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Laugardaginn 19. febrúar segir Morgunblaðið frá kynningarfundi hæstv. landbúnaðarráðherra Guðna Ágústssonar um störf nefndar um hestamennsku á landsbyggðinni. Meðal tillagna nefndarinnar er að reist verði reiðhús, þ.e. reiðhallir eða reiðskemmur, á Akureyri, í Borgarfirði, Hornafirði, Snæfellsbæ, Ísafirði og Fljótsdalshéraði.

Í síðdegisþætti í gær heyrði ég hæstv. landbúnaðarráð-

herra fjalla um þessi mál og þar sagði hann m.a., með leyfi forseta:

„Það fara miklir peningar í sprotafyrirtæki og ríkið tekur þátt í ákveðinni þróun. Það er enginn vafi að þetta eru auðvitað aðalstaðir þessara byggðarlaga sem verið er að tala um sem mundu þá svo létta róðurinn og skapa meiri hamingju á þeim svæðum."

Síðar segir hann í sama viðtali: „Þær eiga að vera nokkrar, þ.e. kannski vantar nokkrar nú þegar ef það er einn þriðji eða króna á móti krónu. Ég veit nú ekkert um það. Þetta á auðvitað eftir að útfæra alfarið þannig að ég held að þetta séu nú ekkert miklir peningar í sjálfu sér en ég held að þeir skili sér til byggðanna, unga fólksins, skapi það sem mikilvægt er, að fólk sem sest frekar að í byggðinni og ég bara minni á það að þetta eru menningarhús, ekkert síður en tónlistarhúsin og menningarhúsin sem menn ætla að byggja á landsbyggðinni og byggja hér í höfuðborginni."

Fyrir fáeinum árum var reist reiðhöll á Blönduósi og við vígsluna voru íbúum þar gefin fyrirheit um stuðning sem hefur ekki komið til framkvæmda. Ég spyr því hæstv. landbúnaðarráðherra: Má vænta þess nú að Blönduósingar fái loksins stuðning til sinnar reiðhallar, og ég spyr jafnframt: Hvað þurfa Blönduósingar að aðhafast til að það verði tryggt að staðið verði við loforð sem þeim hafa verið gefin?

[15:12]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég lýsti því yfir í sama þætti að ríkið hefði aðeins byggt eina reiðhöll. Það væri reiðhöllin uppi í Víðidal í Reykjavík. Hún hefði á sínum tíma haft mjög mikil áhrif á hestamennsku og æskulýðsstarf í borginni og fjölgað mjög hestamönnum í landinu, verið tímamóta... (**Gripið fram í:** ... hamingjuna ...) (Gripið fram í.) jók hamingjuna verulega, hv. þingmaður. Nú er þessi ágæta reiðhöll í eigu borgarinnar.

Ég hef í sjálfu sér aldrei gefið Blönduósingum nein loforð. Ég hef sagt þeim að þingið væri að fjalla um þessi mál. Nú hefur þingið afgreitt sína þingsályktun og ég skipað mína nefnd. Í þessari skýrslu eru vissulega fyrirheit sem í mínum huga geta alveg eins gagnast Blönduósingum. Ég minni á að það var efnaður og auðugur maður sem byggði höllina á sínum tíma á Blönduósi og gerði vel með sína peninga að mínu viti. Sauðkrækingar byggðu svo sjálfir sína höll með hlutafé og framlagi sveitarfélagsins. Vissulega hafa mörg sterkari sveitarfélög tekið þátt í þessu með hestamönnum.

Við skulum sjá hvað tíminn ber í skauti sér. Ég mun fara yfir stefnumörkun í framhaldi af þessari skýrslu sem nú liggur fyrir og ég vona að sé a.m.k. komin í hólf landbúnaðarnefndarmanna og kannski fjárlaganefndarmanna. Þetta eru verkefni sem ég tel mér skylt að vinna úr áfram fyrir hestamennskuna í landinu og við skulum sjá hvað út úr því kemur. Ég þarf að ná samstöðu í þinginu um málið, í ríkisstjórn, og hæstv. fjármálaráðherra þarf að vera við hliðina á mér svo að einhverjir séu nefndir til sögunnar.

[15:14]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Sá efnaði maður sem byggði reiðhöllina á Blönduósi stóð uppi slyppur og snauður þegar byggingunni var lokið. Hestamenn á svæðinu keyptu af honum reiðhöllina ásamt fáeinum sveitarfélögum á svæðinu en þeir hafa ekki getað fjármagnað hana að fullu. Um er að ræða 3–4 millj. sem út af standa og það er of mikið til að sveitarfélag þar sem íbúarnir hafa meðaltekjur upp á 120 þús. geti staðið undir því. Hér er um jafnræðisspurningu að ræða, hæstv. ráðherra, og ég vona að í þetta sinn verði um meira en orðin tóm að ræða hjá hæstv. ráðherra.

[15:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég gat þess áðan að ríkið hefði aðeins byggt eina höll, höllina í Víðidal. Að öðrum höllum hefur ríkisvaldið ekki komið nema í gegnum þann sjóð sem heitir Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Ég hygg að Blönduósingar hafi fengið sinn skammt í gegnum samtök sín. Þannig hefur komið smávegis stuðningur úr Framleiðnisjóði til bygginganna þar sem þær hafa verið reistar.

Hvernig þetta fór þarna er alvarlegt mál fyrst að sá sem höllina byggði hafði ekki efni á því þegar til kom. Ég vil segja fyrir mitt leyti að við skulum skoða þetta í fyllingu tímans og þakka hv. þingmanni sérstaklega fyrir að taka málið upp í þinginu því að ég álít að skýrsla nefndarinnar sé mjög vel unnin, fjallar um reiðhallirnar, reiðleiðir o.s.frv. þannig að hún markar tímamót.

Flutningur starfa á landsbyggðina.

[15:16]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra sem fer með málaflokk byggðamála. Fyrir fáeinum dögum bárust þau tíðindi að Íslandsbanki hefði ákveðið að færa nokkurn hluta af starfsemi sinni sem farið hefur fram í Reykjavík vestur á Ísafjörð. Um er að ræða ein tíu störf sem þar með yrðu unnin á Ísafirði. Á landsvæði þar sem atvinnutækifærum hefur því miður fækkað eru þetta mikil og góð tíðindi.

Það hefur vakið athygli að atvinnulífið er á margan hátt að sjá tækifærin á landsbyggðinni. Þetta er ekki eina dæmið sem við höfum um að fyrirtæki flytji starfsemi sína með þessum hætti einfaldlega vegna þess að menn sjá hagnaðarvon í því að geta treyst á stöðugt vinnuafl, fengið aðstöðu í ódýrara húsnæði og fengið lægri fasteignaskatt af eignum á landsbyggðinni eins og við þekkjum. Mig hefur satt að segja lengi undrað hversu atvinnulífið hefur verið seint að taka við sér í þessum efnum og sjá tækifærin í því að færa verkefni af þessu tagi út á land.

Þetta er auðvitað mál sem við höfum margoft rætt á Alþingi í tengslum við möguleika á því að færa opinber störf á landsbyggðina og margar skýrslur og álitsgerðir verið skrifaðar um það. Meðal annars rekur mig minni til þess að Iðntæknistofnun hafi skrifað mikla skýrslu fyrir fáeinum árum þar sem þeir töldu að með mjög litlum undirbúningi væri hægt að færa verkefni af svipuðum toga, um 1.500 störf, út á landsbyggðina.

Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort hún telji ekki tilefni til að dusta rykið af þessari

gömlu skýrslu með það að markmiði að fylgja eftir góðu fordæmi einkarekstrarins og reyna að beita sér fyrir því, sem ráðherra sem fer með byggðamál, að hinar opinberu stofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins fylgi fordæmi þessa fyrirtækis sem er að færa til störf vegna þess að það sér efnahagslegan (Forseti hringir.) hag í því, sér að það er skynsamlegt og betra að reka fyrirtækið með þeim hætti.

[15:18]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég gleðst alltaf mjög þegar ég frétti af fjölgun starfa á landsbyggðinni og það sem hv. þingmaður nefndi í sambandi við Íslandsbanka eru mjög ánægjuleg tíðindi.

Hv. þingmaður taldi upp ákveðna hagstæða þætti á landsbyggðinni. Ég tek undir það og bæti einu við, sem er rafmagnsverð. Það hefur almennt lækkað á landsbyggðinni um 20%–25%, a.m.k. á Rarik-svæði. Enn fjölgar því vonandi ástæðum þess að fyrirtæki sjái sér hag í því að flytja starfsemi út á land eða stofnsetja nýja starfsemi þar.

Af því að hv. þingmaður nefndi fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni er það ekki iðnaðarráðherra sem fer með það mál samkvæmt byggðaáætlun, heldur forsætisráðherra. Við skiptum þannig með okkur verkum í byggðaáætlun að allir ráðherrar hafa sitt hlutverk og hæstv. forsætisráðherra fer með málefni sem varða opinber störf á landsbyggðinni.

Í tíð fyrrv. forsætisráðherra var nefnd að störfum í þeim efnum, ja, nefnd eða ekki nefnd, alla vega veit ég að hv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, var í þeirri nefnd og hv. 3. þm. Norðvest., Magnús Stefánsson. Þeir skiluðu skýrslu og ég trúi því að þar geti verið að finna einhverjar góðar tillögur.

[15:20]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég hef sennilega ekki gert mig alveg nægilega vel skiljanlegan í upphafi. Það sem ég var einfaldlega að vekja athygli á er að stórfyrirtæki hefði séð sér fjárhagslegan hag í því að færa til störf af höfuðborgarsvæðinu út á land með þeim hætti að ekki þyrfti að koma til uppsagnar á höfuðborgarsvæðinu þannig að tilflutningurinn gæti átt sér stað í góðri sátt.

Ég minnti á að á sínum tíma hefði verið unnin gríðarlega mikil skýrsla af hálfu Iðntæknistofnunar, sem heyrir undir hæstv. ráðherra, þar sem m.a. voru settar fram tillögur, ábendingar og hugmyndir að því hvernig hægt væri að færa störf á grundvelli fjarvinnslu eða grundvelli einhverrar slíkrar starfsemi, sem við sjáum nú gerast hjá Íslandsbanka, út á land. Ég vildi nota tækifærið, vegna þess að einkafyrirtækin eru á margan hátt að skjóta ríkisfyrirtækjunum ref fyrir rass í þessum efnum, og vekja athygli á því að nú væri tilefni til þess að dusta rykið af þessari gömlu skýrslu og vekja athygli ríkisfyrirtækjanna á því að til þess að þau gætu sparað peninga og náð betri árangri væri ástæða (Forseti hringir.) til að fylgja fordæmi Íslandsbanka, nýta hugmyndir hans og færa verkefni út á land.

[15:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er orðið nokkuð langt síðan skýrslan var unnin og ég man satt að segja ekki nákvæmlega hver vann hana en hún vakti gríðarlega miklar vonir. Eitthvað held ég að menn hafi farið fram úr sér í áætlanagerð í sambandi við hvað væri hægt að fjölga mörgum störfum á landsbyggðinni á vegum hins opinbera.

Ég get alveg tekið undir með hv. þingmanni að það er full ástæða til að velta þessu fyrir sér og fara yfir skýrsluna og skoða hvort þar geti verið brúklegar tillögur. En ég ítreka að ég tel að skýrslugerðin hafi í raun ekki skilað miklu og því miður vakið allt of miklar vonir sem hafa svo að engu orðið.

Nýting mannvirkja á varnarliðssvæðinu.

[15:23]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegur forseti. Döpur staða í atvinnumálum á Suðurnesjum hefur verið í brennidepli undanfarin missiri. Athyglisvert innlegg í umræðuna er áhugi Flugvirkjafélags Íslands fyrir nýjum og spennandi iðnaði á svæðinu. Um er að ræða viðhaldsiðnað á flugvélamarkaði þar sem almennt viðhald flugvéla, samsetning á flugvélahlutum og breytingar á farþegavélum í flutningavélar mundi heyra undir rekstur nýs félags. Jafnframt væri athyglisvert í þessu ljósi að kanna möguleika á viðhaldsverkefnum herflugvéla fyrir bæði varnarliðið og flugvélaflota NATO.

Í þessu tilliti hefur Flugvirkjafélag Íslands sýnt sérstakan áhuga á að sveitarfélög á Suðurnesjum fái flugskýli varnarliðsins nr. 885 til afnota og nýti sér í kjölfarið sterka stöðu sína í að leita krafta öflugra fagfjárfesta á flugvélamarkaði við að stofna félag utan um rekstur af þessu tagi. Umrætt mannvirki er orkufrekt og dýrt í rekstri en að sami skapi illa nýtt í dag. Því er ekki óhugsandi að varnarliðið sjái sér leik á borði og afhendi mannvirkið til sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Um mitt síðasta ár sendi Flugvirkjafélag Íslands hæstv. iðnaðarráðherra drög að hugmyndum sínum er varða atvinnutækifæri fyrir flugvirkja og aðra sérmenntaða iðnaðarmenn og eflingu á atvinnustarfsemi á Suðurnesjum.

Því legg ég fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra:

1. Hefur ráðherra kynnt sér hugmyndir Flugvirkjafélags Íslands um nýjan og spennandi flugvélaiðnað á Keflavíkurflugvelli?

2. Með hvaða hætti hefur hæstv. ráðherra brugðist við hugmyndum Flugvirkjafélags Íslands?

3. Er hæstv. ráðherra kunnugt um hvort fyrirhugað sé hjá íslenskum stjórnvöldum að leita á náðir varnarliðsins um nýtingu mannvirkja á Keflavíkurflugvelli til íslenskra fyrirtækja í ólíkum iðnaði? Ef svo er, með hvaða hætti og hvaða mannvirki helst?

[15:25]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Til þess að fá svör við fyrirspurn eins og þessari vil ég benda hv. þingmanni á að nota ekki þetta

form. Þetta er of umfangsmikið til þess að ég geti svarað því óundirbúin. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vekja máls á þessu og mun að sjálfsögðu fara yfir hvar málið er statt í ráðuneytinu. Okkur berst mikið af bréfum og erindum og ég kann ekki svörin hér og nú.

[15:25]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegur forseti. Síst af öllu vil ég búa til einhverja kergju í málinu, en vert að minnast þess að á síðasta ári hafði ég hug á því að leggja fram fyrirspurn um sama efni til hæstv. iðnaðarráðherra en var vinsamlegast beðinn um það af iðnaðarráðuneytinu að falla frá þeirri fyrirspurn á þeim forsendum að það vantaði tíma til að vinna verkið og skoða hlutina í skýru ljósi. Þess vegna kemur þetta viðmót hæstv. ráðherra mér afskaplega mikið á óvart í dag, tæpu ári seinna.

Samdráttur hjá varnarliðinu er raunin og mjög alvarlegt ef doði stjórnvalda á að taka við í þessum efnum. Það er áhyggjuefni þegar varnarliðið dregur saman í rekstri sínum en á hinn veginn skapast líka mjög spennandi tækifæri. Fyrir þær sakir óska ég þess að hæstv. iðnaðarráðherra og jafnvel hæstv. utanríkisráðherra hugsi um í sameiningu að setja á fót nefnd sem hugsanlega gæti verið skipuð fulltrúum frá sveitarfélögum á Suðurnesjum, fólki frá ráðuneytum þeirra og síðast en ekki síst fólki frá Samtökum iðnaðarins — með það (Forseti hringir.) að markmiði að kortleggja tækifærin sem eru til staðar á varnarliðssvæðinu.

Hækkun hámarksbóta almannatrygginga.

[15:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra vegna þess að fyrir nokkrum dögum kom ársskýrsla um framkvæmd sjúklingatryggingar undanfarin fjögur ár fram í ráðuneytinu, en í janúar 2001 tóku gildi lög um sjúklingatryggingu og markmiðið með þeim lögum var að auka bótarétt sjúklinga sem verða fyrir heilsutjóni vegna áfalla í tengslum við læknismeðferð, t.d. vegna læknamistaka, og gera þeim auðveldara fyrir að ná rétti sínum.

Tryggingin nær til alls heilbrigðiskerfisins en í ársskýrslunni frá því í febrúar kemur fram að þeir sem verða fyrir miklu tjóni fá það ekki að fullu bætt á meðan þeir sem verða fyrir litlu tjóni fá það bætt að fullu. Þetta er vegna þess að bótahámark sjúklingatryggingarinnar í lögum voru 5,7 millj. á síðasta ári, 2004, sem Tryggingastofnun telur mjög óheppilegt og leggur til á heimasíðu sinni að það verði hækkað hið fyrsta. Ég tek undir það, mér finnst þetta mjög óréttlátt.

Í skýrslunni kemur einnig fram að þrír af þeim 25 einstaklingum sem hafa fengið örorkumat í kjölfar sjúklingatryggingarinnar hafa ekki fengið tjón sitt að fullu bætt. Reyndar eru þeir fjórir vegna þess að einn var metinn á örorku á þessu ári. Þeir hafa sem sagt orðið fyrir verulegu tjóni og ekki fengið það bætt að fullu eins og þeir sem verða fyrir minna tjóni og verða af töluverðum bótum.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra:

Hver er afstaða ráðherrans til þessa og mun hann beita sér fyrir því að hækkun verði á hámarksbótunum þannig að þeir sem verða fyrir miklu tjóni fái það bætt eins og aðrir sem verða fyrir heilsutjóni á heilbrigðisstofnunum ríkisins?

[15:29]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Við höfum fylgst með stöðu málsins í heilbrigðisráðuneytinu og höfum verið að fara yfir stærð þess, hvað hér er um mikið mál að ræða. Ég tek undir að þörf er á að endurskoða þennan bótaflokk miðað við þá framkvæmd sem er reyndar ekki gömul. Þetta snýst einnig um fjármuni og við erum að fara yfir þann þátt málsins. Ég vil ekki fara nánar út í það á þessu stigi en við erum að vinna í málinu í ráðuneytinu á þessum vikum.

[15:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra fylgist með þessu máli. Vissulega er um fjárhæðir að ræða en það eru ekki nema þrír, samkvæmt skýrslunni, sem lenda í því óréttlæti að fá ekki tjón sitt bætt, reyndar fjórir með þeim sem bættist við á þessu ári. Ég hvet hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir því að þessi upphæð verði hækkuð.

Það kemur fram í skýrslunni að Tryggingastofnun sér um opinberu stofnanirnar en tryggingafélög um sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn. Það kemur fram að það er erfitt að samræma framkvæmd tryggingarinnar með þessu fyrirkomulagi og er vísað til Dana sem hafa fært allar þessar tryggingar yfir til tryggingastofnunar sinnar, þ.e. Patientforsikringen, og því spyr ég hæstv. ráðherra í framhaldinu: Er hann tilbúinn til að færa sjúklingatrygginguna alfarið inn í Tryggingastofnun þar sem reynsla og þekking er fyrir hendi við að fjalla um sjúklingatryggingar?

[15:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Það hefur ekki verið til umræðu varðandi þetta mál að færa allar tryggingar inn í Tryggingastofnun og ég er ekki tilbúinn til þess.

[15:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hvet hæstv. ráðherra til að skoða það og líta til Dana með þessa framkvæmd. Ég sé að í skýrslunni telur starfsfólk Tryggingastofnunar æskilegt að þetta sé allt á einni hendi eins og hjá Dönum og eru stjórnvöld hvött til þess að taka upp sambærilega framkvæmd. Ég hvet hæstv. ráðherra til þess um leið og hann skoði af alvöru breytingu á hámarksupphæð bóta vegna heilsutjóns sem hlýst af læknismeðferð hjá heilbrigðisstofnunum.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill. utanrrh., 434. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 640.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill. utanrrh., 435. mál (vinnutímatilskipunin). — Þskj. 641.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill. utanrrh., 436. mál (félagaréttur). — Þskj. 642.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill. utanrrh., 437. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 643.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill. utanrrh., 438. mál (hugverkaréttindi). — Þskj. 644.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, frh. 2. umr.

Stjfrv., 191. mál (heildarlög). — Þskj. 191, nál. 569, brtt. 570.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 570,1 samþ. með 49 shlj. atkv.
2.–3. gr., svo breyttar, samþ. með 47 shlj. atkv.
4.–6. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 570,2 samþ. með 49 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
8.–9. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Sala kristfjárjarðarinnar Utanverðuness, frh. 1. umr.

Stjfrv., 504. mál. — Þskj. 768.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 537. mál (lífeindafræðingar). — Þskj. 811.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 47 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 1. umr.

Frv. PHB, 51. mál (aðild að stéttarfélagi). — Þskj. 51.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Notkun endurnýjanlegra, innlendra orkugjafa, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 52. mál. — Þskj. 52.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Fjárþörf Samkeppnisstofnunar, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 54. mál. — Þskj. 54.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]

Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GAK, GÞÞ, GÁ, GII, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LMR, MÞH, MF, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (GHj) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁMagn, BJJ, EOK, GÁS, GunnB, HÁs, HHj, JBjarn, JBjart, LB, MS, MÁ, SAÞ, ÖJ) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Kvennahreyfingin á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH og ÞBack, 56. mál. — Þskj. 56.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]

Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Afdrif laxa í sjó, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 58. mál. — Þskj. 58.

[15:42]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn sem þurfa að bregða sér frá að gera það hljóðlega og tafarlaust.)

Herra forseti. Ég hefði kosið heldur að hæstv. forseti bannaði mönnum að fara úr salnum á meðan rædd er svo merkileg tillaga sem varðar afdrif laxa í sjó.

Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að mæla fyrir þingsályktunartillögu okkar nokkurra þingmanna Samfylkingarinnar sem varðar eina af þekktustu auðlindum Íslendinga, íslenska laxastofninn. Það má segja að íslenskir ferskvatnsfiskar séu óumdeilanlega í hópi merkilegustu auðlinda okkar, bæði frá sjónarhóli erfða, náttúru, en líka þegar horft er til þess að þessar auðlindir standa víða undir byggð þar sem hún hefur verið að veikjast.

Við höfum lagt til að hið opinbera ráðist í rannsóknir á afdrifum laxa í sjó. Ástæðan er sú að markvissar rannsóknir á nokkrum lykilám á Íslandi hafa sýnt það að hafið er einn stærsti orsakavaldurinn í stofnsveiflum á laxi. Rannsóknir hafa sýnt að endurheimtur náttúrulegra laxaseiða sem eru að ganga út úr ám geta verið á bilinu 2–22%. Ástæðan, teljum við, liggur fyrst og fremst í því að eitthvað gerist í hafinu sem veldur því að afföllin meðan á sjávarvistinni stendur eru ákaflega mikil.

Síðustu 15 árin hefur laxgengd almennt verið í lægð hér við land. Á sama tíma hefur hlutfall stórlaxa lækkað, þ.e. laxa sem eru með að baki tveggja ára dvöl eða meira í hafi. Þetta bendir til aukinna affalla á öðru ári í sjó. Á þessu tímabili hafa menn líka gert stórfelldar tilraunir með sleppingar á laxaseiðum, svokallaðri hafbeit sem ekki gekk, fyrst og fremst vegna þess að það er ljóst að í hafinu hafa komið upp einhvers konar skilyrði sem gera það að verkum að það er hægt að tengja þau við aukin afföll laxa í hafi.

Hér á landi hefur á undaförnum árum og áratugum verið unnið ákaflega gott starf við að kanna þá þætti sem hafa áhrif á framleiðslu og afdrif laxaseiða í fersku vatni. Þessar rannsóknir hafa hins vegar ekki farið fram í jafnríkum mæli að því er varðar dvöl laxa í hafi. Nú hafa Íslendingar með tækni sem þeir hafa þróað, rannsóknum sem þeir hafa staðið fyrir, skipað sér í fremstu röð að því er varðar möguleika á því að fylgjast með fiskum sem ganga úr íslenskum ám út í hafið og til baka. Til þessa hafa menn t.d. ekki vitað hvar búsvæði og beitarsvæði íslenskra laxa eru í hafinu. Menn hafa leitt getum að því að sneiðst hafi um þessi beitarsvæði og það valdi því að afföllin verði meiri en áður. Þetta hefur ekki verið hægt að rannsaka. Við höfum ekki búið yfir tækni sem hefur gert okkur kleift að fylgjast með löxum ganga úr ánum til hafs og aftur til baka. Við höfum hins vegar stopular upplýsingar, m.a. frá tímum kalda stríðsins þegar kafbátar þvældust langt fyrir norðan Ísland á einhverjum svæðum. Mjög langt fyrir norðan þar sem við höfum aldrei sett niður nokkurt tæki eða skip til að rannsaka sigldi kafbátur á sínum tíma í gegnum miklar torfur Atlantshafslaxa sem þar voru á beit í hafinu.

Við höfum ekki náð að vita hvar þessi svæði eru. Núna hins vegar hefur fyrirtækið Stjörnuoddi, íslenskt fyrirtæki, þróað merkilegt tæki sem hægt er að festa við fiska til að fylgjast með ferðum þeirra. Það er hægt að staðsetja ferðirnar nákvæmlega, bæði hvert þeir fara og hversu djúpt þeir fara, við hvaða seltu þeir vilja einkum vera og hvaða hitastig. Þar með er hægt að leiða líkum að því hvaða fæðu þeir leggja sér til munns. Þetta breytir öllum aðstæðum okkar til að vinna að rannsóknum af þessu tagi.

Þessi íslensku rannsóknartæki hafa núna í vaxandi mæli verið tekin upp af öðrum þjóðum. Íslenskur vísindamaður, Jóhannes Sturlaugsson, hefur staðið fyrir alveg geysilega merkum brautryðjendarannsóknum með þessi tæki á íslenskum laxi, íslenskum sjóbirtingi og líka urriða í Þingvallavatni. Þessar upplýsingar hafa gefið nýja mynd af hegðun og lífsferlum þessara merkilegu tegunda.

Þess vegna er þessi tillaga lögð fram, herra forseti. Við teljum að nú hafi orðið ákveðin kaflaskil að því er tækni áhrærir sem geri það að verkum að hægt sé að rannsaka til nokkurrar hlítar hvernig laxinn hagar sér í hafinu, hvert hann heldur og hvað verður um hann. Það er nauðsynlegt að við reynum að verða okkur úti um þetta sem vísindaleg gögn.

Þetta tengist líka öðru sem hefur verið að fara af stað á Íslandi á síðustu árum, eldi á laxi. Töluvert miklar deilur hafa staðið um það hvaða áhrif fiskeldi og laxeldi kynnu að hafa á náttúrulega villta laxastofna. Sérfræðinga greinir á um þetta. Sumir halda því fram með nokkrum rökum að erfðablöndun geti leitt til minnkandi æxlunarþrótts sem aftur leiði til þess að afkoma stofna sem blandast aðkomugenum verði miklu verri. Á móti benda ýmsir aðrir vísinda-

menn á rök sem hníga gegn því. Þeir sem telja að blöndun sé óæskileg benda m.a. á að hlutfall þeirra laxa sem við flokkum sem stórlaxa, þeirra sem hafa dvalið a.m.k. tvö ár í hafi, hafi minnkað verulega á síðustu árum. Menn eins og Vigfús Jóhannesson fiskifræðingur og einn af helstu talsmönnum eldis hér á landi hafa hins vegar bent á að þetta kunni að stafa af því að það er aukið veiðiálag fyrri hluta veiðitímans núna miðað við það sem áður var. Við sem höfum aðeins kynnt okkur lífsferil laxins vitum að stórlaxarnir ganga alltaf fyrstir og þeir ganga efst upp í árnar, hasla sér búsvæði þar fyrstir laxa. Ef veiðiálagið eykst fyrri hluta veiðitímabilsins er líklegt að hlutfall stórlaxa aukist í veiðinni. Þar með má líka segja að veiðin fleyti með vissum hætti stórlaxagenum ofan af stofninum. Þetta kann að vera ein ástæðan fyrir því að ekki er um að ræða jafnmiklar göngur stórlaxa í íslenskar ár og áður.

Þess vegna höfum við, þingmenn sem flytjum þessa tillögu, lagt hana fram til að fela hæstv. landbúnaðarráðherra sem umboðsmanni ríkisstjórnarinnar í málinu að beita sér fyrir rannsóknum á sjávarvist laxanna. Markmið þessara rannsókna á að vera að kanna þau tengsl sem kunna að vera, og við þekkjum ekki enn til hlítar, á milli umhverfisaðstæðna í hafinu og vaxtar, affalla og endurheimtna. Við leggjum áherslu á að þessi sérstaka íslenska mælitækni sem hefur verið þróuð af Stjörnuodda, og beitt við laxarannsóknir af Jóhannesi Sturlaugssyni sem ég nefndi áðan, verði notuð við þessar rannsóknir. Það á að nota hana til að kortleggja ferðir fullorðinna laxa í hafi með það fyrir augum að finna hvar þeir halda sig og á hvaða stigi sjávarvistarinnar afföllin verða fyrst og fremst í hafinu. Uppi eru kenningar um það að þær rannsóknir sem þurfi að ráðast í séu m.a. fjölstofnarannsóknir til að kanna með hvaða hætti laxinn tengist fæðunámi og lífsferli annarra dýra.

Ýmsir hafa t.d. haldið því fram að minnkandi selaveiði hafi leitt til aukins afráns sela á sjógönguseiðum og hugsanlega þegar þau eru skammt komin út úr ánni. Það er eitt af því sem þarf að kanna. Samhliða því að kanna þessar ástæður fyrir vaxandi afföllum þarf líka að greina mögulegar leiðir til að draga úr þeim. Við höfum lagt á það sérstaka áherslu að þessum rannsóknum verði hagað þannig að líka sé hægt að nota þær til að leggja mat á afdrif fullorðinna síðkynþroska laxa sem kunna að sleppa úr kvíaeldi hér við land. Því er haldið fram að strokulaxar sem geti blandast náttúrulegum stofnum kunni að draga úr æxlunarþrótti þeirra en það er nauðsynlegt að sjá hvort þeir taki í rauninni virkan þátt í æxluninni eða ekki. Það er hægt með þessum rannsóknum.

Það þarf ekki að undirstrika það að íslenskir laxastofnar eru ákaflega verðmæt auðlind. Það er áætlað að veltan sem tengist stangaveiði á laxi sé á hverju ári fast að tveimur milljörðum króna. Þar af er talið að bara sala veiðileyfa kunni að vera 600 millj. eða meira. Þess vegna er alveg ljóst að þeir sem hafa áhuga á að treysta þær stoðir sem standa undir ýmsum strjálbýlum byggðarlögum hafa væntanlega áhuga á því að treysta stoðir þessara náttúrulegu stofna í atvinnuskyni þótt ekki sé undirstrikað frekar mikilvægi þess að halda þeim til haga vegna þeirra náttúrulegu verðmæta sem í þeim felast.

Hér á landi hefur búsvæði laxins átt undir högg að sækja fyrir ásókn mannsins. Við miðkjarna höfuðborgarinnar eru litlar en fallegar ár, Elliðaárnar, sem á sínum tíma voru frægar úti um alla Evrópu sökum gríðarlegrar laxgengdar sem í þeim var. Stofnarnir þar hafa átt undir högg að sækja og menn hafa ekki alveg getað skilið til hlítar hvað veldur þessari dvínandi laxgengd í Elliðaárnar en klárt er að stærstan hluta þeirra orsaka má finna í því að raforkuframleiðsla hefur leitt til þess að mjög hefur sneyðst um uppvaxtarsvæði seiðanna í ánum og það hlýtur að skipta verulega miklu máli. Ég tel, herra forseti, að það sé skylda þeirra sem fara með stjórn Reykjavíkurborgar að gera allt sem í valdi þeirra stendur til að byggja aftur upp þessa náttúruperlu sem laxastofninn í Elliðaánum var. Ef það þýðir að það þarf að hætta raforkuframleiðslu úr Elliðaánum á að sjálfsögðu að gera það.

Aðra smáá með alveg sérstakan laxastofn er líka að finna innan borgarmarkanna. Það er Korpa sem rennur á vestari og nyrðri mörkum borgarinnar, smáá sem hefur árþúsundum saman fóstrað einstakan laxastofn sem er ákaflega smávaxinn og hefur lagað sig mjög að rennsli þessarar merkilegu smáár. Sá stofn er líka í hættu, og það verður stjórnvöldum Reykjavíkurborgar til ævarandi hneisu ef þau grípa ekki í taumana nægilega snemma og með nægilega virkum hætti til að koma í veg fyrir að þessir stofnar eyðist með öllu. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að ég tel að þetta sé eitt af þeim sláandi dæmum sem við höfum fyrir okkur um ásælni mannsins gagnvart búsvæðum þessarar tegundar sem við erum hér að ræða og sömuleiðis vegna þess að það er auðvelt að snúa þeirri þróun til baka. Að því er Elliðaárnar varðar megum við ekki láta það blekkja okkur að laxveiði hefur að sönnu aukist þar á síðustu árum en það er fyrst og fremst vegna þess að menn hafa þar hafið sleppingar á seiðum sem ekki voru áður. Hinn náttúrulegi stofn stendur hins vegar fráleitt jafnstyrkum fótum og áður.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína lengri en ég tel að hér sé um að ræða ákaflega mikilvægt skref til að grafast fyrir um orsakir þeirra hnignunar sem hefur átt sér stað varðandi íslenska laxastofninn. Hið gleðilega við þróunina er auðvitað að fram hafa komið menn og konur sem hafa stappað niður fæti og reynt að berjast gegn þessari þróun. Þar vil ég sérstaklega nefna Íslendinginn Orra Vigfússon sem hefur ásamt félögum sínum í NASCO staðið fyrir stórkostlegum uppkaupum á veiðirétti í hafi. Því miður berast jafnframt þau tíðindi til okkar, jafnvel þessa allra síðustu daga á Íslandi þar sem menn höfðu þó keypt upp veiðirétt í ám, að þar sé aftur verið að falla í sama farið og heimila netaveiðar í laxveiðiám. Þetta er eitt af því sem við þurfum að vinna gegn og stjórnvöld þurfa að koma að í ríkari mæli en áður. Það er ekki hægt, finnst mér, eins og staðan er orðin að láta það ganga fyrir sig ágreiningslaust að menn veiði lax í net í ám en hitt er auðvitað alveg ljóst að ef taka á þann rétt af þeim sem samkvæmt hefð hafa nytjað slík hlunnindi verður hið opinbera að koma að því máli.

Þessi tillaga, herra forseti, lýtur að því að kanna hvað það er sem veldur afföllum laxa í hafinu og veldur því þar með að stórlöxum fækkar. Við flutningsmennirnir teljum að nú sé komin sérstök mælitækni sem geri okkur kleift að ráðast í þessar rannsóknir. Ég vona að þingheimur fallist á

þessa tillögu og samþykki hana eftir að hún hefur farið sinn eðlilega gang um hv. landbúnaðarnefnd.

[15:57]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. flutningsmanni Össuri Skarphéðinssyni fyrir að hafa komið fram með þessa þingsályktunartillögu. Við skoðun hennar vakna hins vegar upp nokkrar spurningar. Ég ætla ekki að segja að ég sé á móti henni en hins vegar þykir mér hún hálfloðin.

Mig langar til að spyrja hv. flutningsmann hvort hann eða flutningsmenn hafi hugsað um hvernig þessar rannsóknir eigi að fara fram, hverjir eigi að sjá um þær, hvaða stofnanir. Hér erum við að tala um mörkin á milli ferskvatns og sjávar. Erum við að ræða um Hafrannsóknastofnun? Erum við að ræða um aðkomu Veiðimálastofnunar? Erum við að ræða um aðkomu sjálfstætt starfandi vísindamanna, Háskóla Íslands o.s.frv.?

Svo leikur mér líka hugur á að vita hversu háum fjárhæðum flutningsmenn gætu hugsað sér að verja til þessara rannsókna. Mér sýnist á þeim lýsingum sem hér eru að þetta gætu orðið töluvert kostnaðarmiklar rannsóknir. Það þarf m.a. að framkvæma rannsóknir á hafi úti og fara út í að merkja fisk með mjög dýrum mælimerkjum. Er það ríkið sem á að standa straum af kostnaði við þessar rannsóknir eða sjá flutningsmenn fyrir sér að einkaaðilar, jafnvel eigendur veiðiréttar í laxveiðiám, muni að einhverju leyti standa straum af kostnaði við framkvæmd þessara rannsókna? Ég segi enn og aftur að ég tel að þær séu mjög dýrar og flóknar í framkvæmd.

[15:59]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Spurning hv. þingmanns var tvíþætt. Í fyrsta lagi: Hverjir eiga að sjá um rannsóknirnar? Í öðru lagi: Hvað er líklegt að þær kosti?

Að því er varðar fyrri spurninguna liggur alveg ljóst fyrir að ýmsir aðilar gætu tekið þetta að sér. Ef ég mætti draga upp óskalista fyrir hv. þingmanni tel ég að ekki væri úr vegi að forgöngu um slíkar rannsóknir hefðu sjálfstætt starfandi rannsóknarmenn sem eru til í dag. Í dag hafa sjálfstætt starfandi rannsóknarmenn utan þessara hefðbundnu stofnana rutt brautina fyrir þessa tegund rannsókna. Ég nefndi líffræðing áðan. Hann starfar hjá engri þeirra stofnana sem hv. þingmaður nefndi. Hann býr alveg klárlega yfir mestri reynslu á þessu sviði enda er hann eftirsóttur til samstarfs við ýmsar stofnanir, m.a. í því landi sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson hefur bæði búið og starfað í.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að ef þingið bæri gæfu til að samþykkja þessa tillögu yrði það ríkisstjórnin sem mundi hafa forustu um að setja saman rannsóknarteymi. Ég tel mestu varða að menn hefji rannsóknirnar og stígi fyrstu skrefin. Ég er ekki alveg sammála hv. þingmanni um að þetta þurfi að vera svo gríðarlega viðamikið. Ég geri mér grein fyrir því að til að sem best yrði að þessu staðið þyrfti m.a. að hafa aðgang einhverja daga að skipi til að taka laxa og merkja í sjó en ég geri mér vonir um að með nútímamælitækni, gervihnöttum og öðru slíku og þróun þessara tækja sem geta fylgst með fiski á meira dýpi en áður, meira dýpi en okkur hefur t.d. tekist til þessa í Þingvallavatni, eigi þetta að vera mögulegt. Ég hef hins vegar svolitla reynslu af þessari mælitækni vegna þess að ég hef sem jaðarmaður tekið þátt í svona rannsóknum og ég held ekki að rannsóknirnar verði jafndýrar og hv. þingmaður telur.

[16:01]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki alveg sammála flutningsmanni um að þessar rannsóknir þurfi ekki að verða svo dýrar því að við erum að tala um að fara út í það m.a. að merkja laxaseiði með rafeindamerkjum og sleppa þeim, þau ganga síðan til sjávar og þar eru þau í a.m.k. eitt ár. Það eru oft töluvert mikil afföll af þessum seiðum af ýmsum orsökum, sem flutningsmaður fór m.a. í gegnum í framsögu sinni, og eins og ég sagði eru þessi merki dýr og endurheimturnar gætu orðið allslakar. Mig minnir að á sínum tíma, þegar menn voru að gera tilraunir með hafbeit hér við land, þætti gott að endurheimta í mesta lagi 3–4% af gönguseiðum laxins sem sleppt var í sjó og endurheimtuprósentan í þessum merkingum yrði varla miklu hærri, því miður, þannig að þarna yrðu strax mjög mikil afföll.

Síðan mætti hugsa sér einmitt vegna þess að hér er talað um að fara út í rannsóknir á afbrigðum laxa í sjó, hvort þetta fæli þá ekki í sér að við þyrftum að huga að því jafnvel að stunda rannsóknarveiðar á villtum laxi á hafi úti, reyna m.a. að veiða laxaseiði sem ganga frá landi og til sjávar. Ég veit að Norðmenn hafa gert slíkar rannsóknir á undanförnum árum, reynt að fanga gönguseiði í hafinu á milli Íslands og Noregs og það kallar á rannsóknarskip og dýrar rannsóknir. Annað væri að reyna að veiða eldri laxa í hafinu, t.d. til að rannsaka vöxt, fæðu og annað þess háttar. Það mundi sennilega kalla á veiðar með flotlínu í úthafinu og það yrði að sjálfsögðu mjög dýrt. (Gripið fram í.) Ég er ekki að reyna að draga úr gildi þessara rannsókna, alls ekki, ég vildi bara að þetta kæmi fram.

[16:03]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vænti þess að tæknin, sem er undirstaða þessarar nýju rannsóknargetu, muni innan skamms leiða til þess að ekki þurfi endurheimtna við til þess að ná upplýsingunum sem mælitækin gefa frá sér. Ég vænti þess að ekki sé langt í það að sú stund renni upp að tækin geti sent frá sér upplýsingarnar sem þau hafa numið á tilteknum tímaskeiðum meðan á rannsókninni stendur þannig að ekki þurfi bókstaflega að endurheimta tækið eins og menn þurfa að gera í dag.

Sömuleiðis er tæknin að verða þannig úr garði gerð að hægt er að fylgjast með ferðum fiska sem eru með þessi skráningartæki áfest á meira dýpi en áður. Til skamms tíma var ekki hægt að fara undir ákveðið dýpi. Nú er það að breytast og það skiptir töluvert miklu máli.

Hverjir eiga að standa að slíkum rannsóknum og hvernig á að gera það? Það er þannig — af því að mitt stopula minni segir mér að hv. þingmaður hafi áðan m.a. minnst á Noreg — að norskir vísindamenn og stofnanir hafa sóst eftir samstarfi við Íslendinga um afdrif laxa í sjó einmitt á þessu tiltekna sviði. Það hefur verið sóst eftir þeirri íslensku

rannsóknargetu sem hér hefur þróast á allra síðustu árum. Umsóknir t.d. Norðmanna, sem tengjast slíkum rannsóknum, í alþjóðlega sjóði hafa byggst á samstarfi við sjálfstætt starfandi íslenska rannsóknarmenn. Ég óttast því ekki ef íslenska ríkisstjórnin ákvæði að fara út í þetta að það skorti rannsóknarsamstarf. Vitaskuld yrði það dýrt ef menn ætluðu í þetta af mjög miklu kappi en þetta eru hins vegar grunnrannsóknir og ég tel ekkert að því að íslenska ríkið komi að þeim.

[16:06]

Hjálmar Árnason:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að taka undir þau sjónarmið sem hér hafa verið reifuð og þakka hv. 1. flutningsmanni, Össuri Skarphéðinssyni, fyrir að hreyfa þessu máli á Alþingi og fyrir mjög ítarlega greinargerð og ræðu um þetta mikla mál. Í rauninni er litlu við það að bæta, svo nákvæmt sem þetta er, kannski helst þau tíðindi að hv. 1. flutningsmaður, sem er mesti sérfræðingur þjóðar vorrar í kynlífi laxa, skuli nú hafa fært sig um set og einblíni á aðra þætti í ævi laxfiska og er það vel.

Eins og fram kom hjá hv. flutningsmanni er laxveiði líklega ein af göfugustu og öflugustu stoðum íslenskrar ferðaþjónustu og afþreyingar, jafnt fyrir innlenda ferðamenn og ekki síður erlenda ferðamenn því að í kringum laxveiði og stangveiði sameina menn margt. Það er náttúruskoðun, góð tengsl við náttúruna og útivera, að ekki sé talað um félagsskapinn sem fylgir. Og eins og bent hefur verið á er þetta mjög byggðavæn grein því að bændur landsins hafa drjúgar tekjur af þessu og þau samfélög sem í kringum veiðiárnar eru og nægir þar að benda á þær breytingar sem orðið hafa í Rangánum eftir að menn hófu að sleppa þar fiski og rækta og náðu aðferð til þess að halda Rangánum laxgengum og síðan má segja að árlega komi tugir milljóna inn í samfélagið þar, fyrir utan þá ómældu gleði sem menn hafa af sjálfri veiðinni, enda er Norður-Atlantshafslaxinn einstakur á heimsvísu og er mikið sóttur.

Rannsóknir á laxi, á högum laxins í fersku vatni eru miklar. Við vitum töluvert um hrygningar, um seiðabúskapinn og vöxt og þroska seiðanna í ánum. Með öðrum orðum: Við þekkjum vatnsbúskapinn og lífshætti laxfiska í fersku vatni þó að vissulega megi skoða þar ýmsa þætti, svo sem eins og fikt manna við klak og sleppingar þar sem menn kunna að vera að blanda saman ólíkum stofnun innan hvers veiðisvæðis og ársvæðis, og hef ég sjálfur ákveðnar efasemdir um þær aðferðir sem gjarnan eru notaðar þar. En það er kannski ekki það sem hér er til umræðu því að þó að þekking okkar sé töluverð, eins og fram hefur komið og er rakið í greinargerð, á högum laxfiska í fersku vatni þá er þekking okkar á högum þeirra sömu fiska þegar til hafs er komið afskaplega takmörkuð og lítil.

Við þekkjum það, áhugamenn um stangveiði, að þegar sól fer að rísa aftur um þetta leyti árs, þegar menn fara að spá í veiðihorfur í ánum komandi sumar, þá eru menn auðvitað bjartsýnir og vitna í góðan seiðabúskap, að seiði hafi komist vel til sjávar og þar fram eftir götunum og væntingar miklar, en síðan verða vonbrigðin oft mikil því að þrátt fyrir að öll skilyrði í ánum hafi verið hin bestu skilar fiskurinn sér ekki eins og menn höfðu vonast til. Hvers vegna? Það vitum við ekki og út á það gengur einmitt tillagan og því ber að fagna henni. Við vitum sem sagt lítið um það sem gerist í sjónum

Við vitum t.d. ekki hvaða áhrif hitastig í sjó hefur á hegðan lax í sjónum og hvaða áhrif straumar hafa. Hvað með fæðu laxfiska í sjónum og almennt um útbreiðslu þeirra, hversu langt fara þeir út frá árósi? Það eru ýmsar tilgátur og kenningar um það en menn vita afskaplega lítið, m.a. vegna þess að tækni til þess að rannsaka hefur ekki verið til staðar og er sannarlega tímabært að leggja í slíkar rannsóknir, enda opnar hin nýja tækni frá Stjörnuodda gífurlega mikla möguleika. Með því að auka þær rannsóknir og fá betri heildarmynd af æviskeiði laxins rennum við stoðum undir þá náttúruperlu sem laxfiskar auðvitað eru. Við erum hugsanlega að renna stoðum undir enn betri veiði og jafnframt verndun á þessari mikilvægu tegund. Þetta hefur með efnahag að gera því þetta er drjúgur hluti af ferðaþjónustu okkar, þetta er auðlind, þetta er byggðavænt fyrir utan alla þá ómældu ánægju sem stangveiði veitir þúsundum áhugasamra veiðimanna sem stunda þessa íþrótt á hverju sumri.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, enda óþarfi, heldur lýsa einungis yfir stuðningi við málið. Hv. 1. flutningsmaður beindi því til hæstv. landbúnaðarráðherra að þetta væri landbúnaðarmál sem mun vera stjórnskipunarlega rétt og veit ég ekki betur en hæstv. landbúnaðarráðherra sé mikill stuðningsmaður þess og mun sjálfsagt greina frá því í ræðu sem ég býst við að hann haldi hér, en ég lýsi yfir stuðningi við hinar merku rannsóknir sem hér er fjallað um.

[16:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hafði reyndar ekki tekið eftir því á málaskrá þingsins að þessi þingsályktunartillaga lægi fyrir og hv. 1. flutningsmaður hafði nú ekki heldur minnt vin sinn á að svo væri.

Hér tala menn eins og þeir séu að finna upp hjólið og stórir hlutir að gerast en það er auðvitað ekki alls kostar rétt. Hefði hv. þingmaður búið sig betur undir flutning þessa máls hefði hann komist að þeirri niðurstöðu að allt það sem hann er að leggja til hér er í gangi. Veiðimálastofnun hefur, bæði með stuðningi ríkisfjár og ekki síður úr Fiskræktarsjóði, verið í þessari vinnu í tvö ár og stærsta slepping af því tagi sem hér er lögð til fer nú fram á vordögum og þá verða notuð þessi rafeindamerki þannig að þetta er allt saman í gangi. Ég hygg, ef ég man rétt, að það sé úr Kiðafellsá sem sleppt verður miklu magni seiða eftir þessari leið til að kanna örlög þeirra í sjónum.

Ekki þar fyrir, ég tek undir með hv. þingmanni að þetta er hið besta þingmál og ekkert nema gott um það að segja og gott að finna þennan áhuga og stuðning. Ég tek undir allt sem segir í greinargerðinni um hve laxveiði í ám og reyndar nýting vatnanna skiptir miklu máli fyrir byggðirnar og er ekki síður mikið áhugamál þjóðarinnar að efla fiskgengdina. Það er auðvitað mjög mikilvægt og eins og kom fram í máli hv. þingmanns er mjög margt órannsakað í þessu, eins og hvernig endurheimt skilar sér sem hann fór yfir í sinni ágætu ræðu.

Ég vil líka skýra frá því hér, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, að ég fór í nokkuð stranga samninga við utanríkisráðuneytið um að NASCO félli undir landbúnaðarráðuneytið og það hefur gerst. Á þeim vettvangi er nú meira áberandi í dag Guðmundur B. Helgason ráðuneytisstjóri, sem er formaður sendinefndar Íslands, en Orri Vigfússon án þess að ég ætli að gera lítið úr hans hlut. Við stóðum fyrir því á síðasta ári að NASCO hélt hér á landi sinn stóra fund sem var tímamótafundur og mjög merkilegur. Ég vil að það komi hér fram að við höfum tekið þetta mjög föstum tökum og teljum mjög mikilvægt að vinna með þessum þjóðum og gerum það nú af miklum krafti. Það er ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytisins sem stýrir sendinefnd Íslands á þessu sviði og hér var sem sé þessi mikli fundur haldinn.

Verið er að endurskoða lax- og silungsveiðilöggjöfina. Ég vona að ég komi með þingmál næsta haust sem lýtur að heildarendurskoðun löggjafarinnar. Þá er mikið mál í mínum huga að styrkja Fiskræktarsjóðinn þannig að hann geti eflt rannsóknir sínar. Ég tek undir það sem fram kemur í greinargerðinni, og hef staðið í töluverðum slagsmálum út af, að raforkuframleiðslan greiði ákveðið gjald til náttúrunnar og í slíka starfsemi, eins og er í nálægum löndum, hvort sem er í Svíþjóð eða Noregi, og greiði miklu hærra gjald en einhver 3 prómill af framleiðslu sem hér hefur verið gert. Mér finnst það vera mjög göfugt að um leið og menn hafa stigið þessi skref til virkjunar falli ákveðinn peningur til náttúrunnar í staðinn, ekki síst til að efla vísindin og þróun á vatnasvæðum.

Mér finnst mjög mikilvægt að þegar landbúnaðarnefnd fer yfir þetta ágæta mál verði farið yfir það með Veiðimálastofnun í hvaða stórræðum menn standa í þessum efnum og hvaða áætlanir menn eru með, því allt er þetta komið í gang og er mjög mikilvægt eins og fram kemur í þingsályktuninni að halda því áfram og gera með enn meiri krafti héðan í frá en hingað til því þetta er gríðarlega dýrmæt auðlind. Ég er t.d. að skoða núna hvernig við getum eflt veiðar ekki síst í vötnunum á silungsveiði, þessa almenningstómstundaiðju, að Íslendingar eigi aðgang að vötnum og ám því ég hygg að tugir þúsunda manna stundi stangveiði í landinu. Ég er ekki viss hvort ég muni þetta rétt, en gott ef það eru ekki á milli 40 og 50 þús. Íslendingar sem koma að stangveiði í landinu með einhverjum hætti. Áhuginn er því mikill og okkur í þinginu ber að styðja við þá viðleitni um leið og þetta er mikið byggðamál og tekjumál á landsbyggðinni, bæði þjónustan við veiðimennina og svo eru það auðvitað hlunnindajarðir sem búa yfir því að eiga hluta af laxveiðiám, það eru einar ríkustu og sterkustu jarðirnar.

Hæstv. forseti. Ég vildi skýra frá því við umræðuna að vinnan öll sem lögð er til er komin í fullan gang og ber að fylgja henni fast eftir og til þess þarf auðvitað meira fjármagn en menn hafa á lausu í dag.

[16:18]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hæstv. landbúnaðarráðherra ætti að fara varlega í að mæta í ræðustól Alþingis og guma af framlagi stjórnvalda hvað varðar lax- og silungsveiði hér á landi því ný skýrsla sem Hagfræðistofnun háskólans gerði í fyrra sýnir að lax- og silungsveiði gefur af sér hátt í 10 milljarða íslenskra króna í tekjur árlega. Framlag ríkisstjórnarinnar, stjórnarflokkanna, til Veiðimálastofnunar, sem er helsta rannsóknarstofnun hvað fiskstofnana varðar, er hins vegar aðeins 55 millj. á ári. Það eru því kannski í kringum 0,5% af heildarveltu greinarinnar sem stjórnvöld af myndar- og höfðingsskap sínum sjá sér fært að veita í rannsóknir á þessum mjög svo mikilvægu fiskstofnum sem gefa svo sannarlega mjög mikið af sér fyrir byggðir landsins og ferðaþjónustuna, eins og hæstv. ráðherra kom réttilega inn á í ræðu sinni áðan.

Ég vil nota tækifærið fyrst hæstv. landbúnaðarráðherra er í salnum og spyrja hann að því hvað líði nýju frumvarpi um Fiskræktarsjóð sem hann nefndi áðan. Frumvarpið kom í þingið í fyrra, fór í landbúnaðarnefnd og síðan ekki sögunа meir. Það mætti mjög harðri andstöðu frá Landsvirkjun og var nánast kveðið í kútinn á eftirminnilegum fundi þar sem forstjóri Landsvirkjunar mætti á fund landbúnaðarnefndar, setti ofan í við nefndina og stoppaði frumvarpið af ef svo má segja.

Einnig langar mig til spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra: Hvað tefur endurskoðun laga um lax- og silungsveiði? Endurskoðunin hefur staðið yfir í mörg herrans ár. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir fyrir rúmu ári að verið væri að endurskoða þau lög. Nú boðar hann að því starfi verði vonandi lokið næsta haust. Þá eru liðin tvö ár frá því hæstv. ráðherra nefndi frumvarpið hér og sagði að það væri í endurskoðun. Hvað tefur orminn langa?

[16:20]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Endurskoðunin er í fullum gangi, en ég hygg að hv. þingmenn viti að sá maður sem stýrði málinu er fallinn frá, Gaukur Jörundsson heitinn. Kannski hefur það tafið, en hann var auðvitað með málið á mikilli ferð sem formaður nefndar sem hefur farið yfir þessi mál. Hann var því búinn að skila og vinna að ákveðnum hlutum málsins. Ég hef nú skipað tvo aðra menn í stað Gauks Jörundssonar til þess að sinna endurskoðunarstarfinu áfram. Það er nú á fullri ferð og heildarendurskoðunin getur komið til þingsins að ég vona strax næsta haust, eins og áður sagði.

Hvað líður málinu frá því í fyrra hef ég kosið, þó ég taki undir að ég vona í lengstu lög að Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, stöðvi ekki mál í þinginu löngu eftir að hann er hættur hér. Ég vona að einhverjar nefndir láti hann ekki stöðva góð frumvörp sem hafa mikinn tilgang. Ég sagði í ræðu minni áðan að ég vorkenni Landsvirkjun ekki þó hún verði af virkjanagróðanum að láta lítil 3 prómill til fiskræktarinnar í landinu í staðinn fyrir það sem virkjað er í ám og vötnum. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Ég var ekki að guma af neinum afrekum. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson kemur stundum dálítið snúðugur að umræðunni. Ég var fyrst og fremst að skýra frá staðreyndum en ekki að guma, ég sagði frá því sem við vinnum að með Veiðimálastofnun og hvað landbúnaðarráðuneytið er að fást við í þessum efnum.

[16:23]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla rétt að vona að hæstv. ráð-

herra hafi verið að greina frá staðreyndum, en ég var líka að greina frá staðreyndum, tölulegum staðreyndum, m.a. um fjárframlög til Veiðimálastofnunar og þeim gríðarlega miklu tekjum sem greinin gefur af sér, grein sem ég hygg að við höfum um langa hríð vanmetið mjög og grein sem ég er alveg sannfærður um að á eftir að skipta mjög miklu máli fyrir Íslendinga í framtíðinni, m.a. þegar við seljum landið okkar sem ferðamannaland. Ég veit að hæstv. landbúnaðarráðherra er mér sammála í þessu.

Mig langar enn og aftur að árétta spurningu mína um löggjöfina varðandi Fiskræktarsjóð, en hæstv. ráðherra svaraði ekki þeirri spurningu: Megum við sem sitjum á hinu háa Alþingi eiga von á því að hæstv. ráðherra mæli fyrir frumvarpinu enn á ný á þessu þingi í vetur?

Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra að ég vorkenni orkufyrirtækjunum ekkert þó þau séu látin greiða sérstakan skatt sem standa skuli straum af rannsóknum á ferskvatnsfiskum og jafnvel ræktunaraðgerðum. Það er hið besta mál. Þeim er engin vorkunn að því. Orkufyrirtækin hafa skemmt mikið út frá sér í laxveiðiám víða um land. Það er enginn vafi á því og má virkilega taka þar til hendinni og bæta úr mörgu. Ég vil nota tækifærið og nefna eitt mál sem er mér hjartans mál og er virkjun ein sem er í kjördæmi okkar beggja, mínu og hæstv. landbúnaðarráðherra, það er Steingrímsvirkjunin í Sogi sem ég tel að ætti að fjarlægja hið fyrsta svo endurreisa mætti urriðastofninn sem var þar einu sinni og var heimsfrægur. Hv. flutningsmaður þingsályktunartillögunnar er náttúrlega mestur sérfræðingur um hann, enda hefur hann skrifað bók um þann merka stofn.

[16:25]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú hafa þau stóru tíðindi gerst að við hv. þingmaður erum sammála. Það snýr að því að fjarlægja Steingrímsstöð og byggja upp urriðastofninn. (Gripið fram í.) Ég er stuðningsmaður þess. Það væri göfugt af Landsvirkjun að gefa það til málsins í stað þess að þvælast fyrir mikilvægum framtíðarmálum sem snúa að hinni miklu tómstundaiðju Íslendinga, að rækta fisk svo hægt sé að veiða hann.

Hv. þingmaður spurði hvað frumvarpinu liði sem stöðvað var. Ég verð að skýra frá því hreint og klárt að ég hef hikað með málið á þessu stigi og hef verið að skoða það innan frá hvort menn gætu náð samstöðu um það hér og er að meta það í ráðuneyti mínu hvort ég eigi að keyra það inn á þetta þing eða koma með löggjöfina í heild sinni strax á haustþingi.

[16:26]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætlaði að koma í ræðustól til að taka hæstv. ráðherra til bæna fyrir ræðu hans áðan en er hættur við það. Mér finnast það söguleg tíðindi þegar hæstv. ráðherra kemur og gleður þingheim og gott fólk með því að lýsa því yfir að hann sé kominn í hóp þeirra sem vilja með einhverjum hætti reyna að opna fyrir göngu urriðans niður í Efra-Sog og þar með að taka hugsanlega upp Steingrímsstöð. Þetta er reyndar það sama og kollegi hans, hæstv. dómsmálaráðherra, hefur lýst yfir í framtíðarstefnu Þingvallaþjóðgarðsins. Fyrir þetta þakka ég, mér þykja þetta ákaflega merk tíðindi.

Ég ætla þess vegna að spara það við mig að benda þingheimi á að mér finnst kannski hæstv. ráðherra vera full hörundssár. Þetta er nú karlmenni eins og við þekkjum, bóndasonur úr Árnessýslu, að vísu brúnaþungur stundum. En þó ég nefni það í ræðustól, sem ekki bara öll þjóðin veit heldur ákaflega margir sem hafa stundað stangveiði á alþjóðlega vísu og verndun laxastofnsins, að Orri Vigfússon hafi sannarlega staðið sig vel í þeim efnum að kaupa upp laxveiði í hafi má hæstv. ráðherra ekki koma hingað og smækka sjálfan sig á því að halda fram eigin ráðuneytisstjóra í þeim efnum. Vissulega og vafalítið hefur sá ágæti ráðuneytisstjóri staðið sig vel en forgöngumaðurinn var Orri Vigfússon, það vitum við öll.

Sömuleiðis verður það að koma fram, frú forseti, að líklegt er að hæstv. landbúnaðarráðherra hafi ekki nennt að lesa þá tillögu sem hér liggur fyrir því það er af og frá að Veiðimálastofnun sé búin að hrinda í framkvæmd því sem þar er lagt til. Hitt er rétt að eftir að við, nokkrir þingmenn, höfum klifað á nauðsyn þessara rannsókna árum saman hefur Veiðimálastofnun tekið sig á með góðum stuðningi hæstv. ráðherra og fjárlagavaldsins og ráðist í upphaf á ýmsum þeim rannsóknum sem verið er að tala um hér.

[16:28]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er langt frá því að sá sem hér stendur sé neitt hörundssár. Ég vildi bara skýra klárt og kvitt frá því að mér fannst mjög mikilvægt að NASCO og það leiðtogastarf sem þar er unnið af Íslands hálfu væri landbúnaðarins megin, atvinnuvegarins megin. Það var því samkomulag á milli mín og þáverandi utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, að færa þetta yfir. Síðan skýrði ég frá því að Guðmundur B. Helgason ráðuneytisstjóri hefði farið með forustu í sendinefnd Íslands.

Til að gleðja hv. þingmann sagði ég frá þeirri miklu ráðstefnu sem haldin var hér í fyrra og hann hefur áreiðanlega komist í kast við eða vitað um, þannig að það var ekkert til þess að hryggjast yfir.

Svo vildi ég skýra frá því hvað væri í gangi á þessum sviðum, bæði á vegum landbúnaðarráðuneytisins og ekki síður Veiðimálastofnunar sem er að vinna stórhuga verkefni og fara í miklar sleppingar til að kanna þetta mikla verkefni sem tillagan gengur út á, að rannsaka örlög laxastofnanna í sjónum og er auðvitað stórmál sem við þurfum að vita meira um.

Eins og hv. þingmaður nefndi er þetta svo misjafnt, getur verið frá 2% og upp í 22% endurheimt. Það er því mjög mikilvægt fyrir okkur að vita um örlögin og auðvitað þurfum við að tryggja að fiskurinn sé ekki veiddur í stórtæk skip einhvers staðar í hafinu, heldur skapa samstöðu um að hann hafi frið. Vísindin sem efla alla dáð þurfa að komast að niðurstöðu um hvað veldur hinum mikla mismun og hvernig við getum bætt endurheimtunina þannig að við getum eflt þessa miklu auðlind sem við erum öll sammála um að laxinn og ferskvatnsstofnar okkar eru.

[16:30]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að karpa við hæstv. ráðherra um þetta. Mestu skiptir að við séum sammála um nauðsyn þess að ráðast í rannsóknir af þessu tagi. Það hefur komið fram að þær kunni að vera dýrar. Hv. þingmaður Magnús Þór Hafsteinsson hefur bent á það. Þær kunna að vera flóknar og að öllum líkindum þarf á samstarfi fleiri en einnar þjóðar að halda til að úr þessu verði burðug rannsókn. Ég held að menn séu sammála um þetta og það er gleðiefni.

Hæstv. ráðherra sagði undir lok ræðu sinnar, reyndar í síðustu setningu sinni, að mestu varðaði að menn væru sammála um að reyna að vernda og styrkja þá auðlind sem íslenski laxinn og ferskvatnsstofnar eru. Það er hárrétt hjá hæstv. ráðherra. Það gladdi mig því mjög að sá stofn sem ég tel einna merkastan í íslenskum vötnum og hafa átt hvað harðast undir högg að sækja, ísaldarurriðinn í Þingvallavatni, hefur nú eignast hauk í horni þar sem er hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra gaf áðan ákaflega merka yfirlýsingu um að hann væri sammála þeim sem teldu að opna ætti urriðanum farveg niður Efra-Sogið.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra nánar út í það mál. Ég óska eftir því að hann gefi örlítið gleggri grein fyrir skoðun sinni á því í stuttu máli. Með hvaða hætti telur hann t.d. best að gera þetta? Er hann sammála mér um það að við verum að greiða skuld okkar við íslenska náttúru með því að sameinast um að taka upp Steingrímsstöð og láta hið mikla útfall Þingvallavatns flæða niður um sinn gamla farveg á ný?

[16:32]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt að við hv. þingmaður hefðum svo oft rætt þetta á vegum Þingvallanefndar og yfir góðum kaffibolla eða urriða að ég þyrfti ekki að rekja það frekar. Ég tel þetta mikilvægt mál og litla fórn af hálfu Landsvirkjunar eða ríkisins að huga að þeim merkilega urriðastofni sem Þingvallavatn geymir og dafnaði vel þar forðum en vísindin hafa haldið fram að honum hafi verið fórnað vegna virkjunar sem þar var reist. Mín skoðun er alveg klár í því, að ég tel að ríkisvaldið og Landsvirkjun eigi að huga að þessari gjöf til baka. Ég vona sannarlega að hún mundi styrkja og efla þann mikla urriðastofn og framtíð Þingvallavatns og Þingvallasveitar.

[16:34]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að hér ræðum við afar þarft og merkilegt mál um að reyna að festa niður meiri þekkingu á því hvernig laxinn lifir í hafinu, hvar hann lifir og hvaða afföll verða hugsanlega af þeim fiski og reyna að átta okkur á lífríkinu að því leyti.

Fyrir um 20 árum lagði ég til á fiskiþingi að farið yrði í tilraunaveiðar á laxi í sjó, m.a. til að afla upplýsinga um útbreiðslu hans og á hverju hann lifði. Jafnframt mundu notaðar merkingar þannig að menn gætu séð hvert sá lax skilaði sér. Ég hafði enga sérstaka tillögu um hvar slíkar veiðar ættu að fara fram en vissulega vitum við um nokkur veiðisvæði, t.d. svæði sem Færeyingar stunduðu veiðar á, norðan Færeyja og djúpt norðaustur af Íslandi. Miðað við þau svæði sem þar eru þekkt varðandi fæðuöflun og vöxt laxins í hafinu er ekki ólíklegt að svipuð svæði séu norður af Íslandi á mótum hlýrra og kaldra hafstrauma. Reyndar er það mjög líklegt.

Tillaga mín fékk lítinn hljómgrunn þegar ég flutti hana. Ég held að öll laxamafían hafi farið á hvolf. Ég verð kannski að biðjast afsökunar á að orða það þannig en þeir menn sem stunduðu þá sportveiði í íslenskum ám, og gera vonandi einhverjir enn, töldu að þar færi togaraskipstjóri sem vildi stunda sérstaka útgerð til veiða á laxfiskum. Þetta fór afar illa í þá. Ég gerði náttúrlega grín að þeim og hélt því fram að þeir sem mesta ánægju hefðu af laxveiði á Íslandi, því ég stunda hana ekki sjálfur, vildu ekki vita nokkurn skapaðan hlut um laxinn, hvað þá um hvar hann lifði, hvernig hann skilaði sér eða á hverju hann lifði eða hverjir væru helstu óvinir hans í hafinu. Þessi tillaga var kolfelld á fiskiþingi þar sem allir laxveiðimenn á Íslandi lögðust á eitt með að hringja í þingfulltrúa og töldu þetta hið versta mál. Síðan hef ég haft nokkrar efasemdir um það að þeir sem stunda sportveiði á landinu vilji vita nákvæmlega hvar fiskarnir vaxa upp og hvernig þeir lifa.

Ég held hins vegar að á síðustu 20 árum hafi orðið markverð breyting að því leyti að ég held að menn vilji vita þetta. Auðvitað hefur verið unnið að því að sleppa laxaseiðum í margar ár. Því miður virðast þar geysileg afföll og það sem í hafið fer ekki skila sér vel til baka þótt oft sé sleppt seiðum sem eru tilbúin til sjógöngu.

Ég tel að sú tillaga sem hér er flutt og hv. flutningsmaður Össur Skarphéðinsson gerði grein fyrir sé afar merk og þörf. Ég vona sannarlega að menn leggist ekki gegn því að fram fari tilraunaveiðar á ákveðnum svæðum í hafinu til að átta sig á því hvar laxinn heldur sig og á hverju hann lifir.

Ég held reyndar að betri nýting á fjármunum næðist með því að veiða lax í úthafinu, merkja hann þar og sleppa honum heldur en að merkja mikinn fjölda af niðurgönguseiðum, miðað við þær endurheimtur sem koma. Það væri a.m.k. ákaflega fróðlegt að merkja úr veiði lax sem menn teldu það sprækan að hægt væri að sleppa honum aftur og bera síðan saman við laxinn sem merktur er í hafinu, sem kannski væri orðinn eins eða tveggja ára, og hins vegar merkt seiði. Ég gæti vel trúað að meiri vitneskja fengist með merkingum í hafi en á seiðunum.

Búsvæðin eru ekki alveg þekkt eins og ég gat um áður þótt vissulega sé það vitað um laxinn að hann leitar í ákveðið hitastig og leitar mikið norður á bóginn sér til viðgangs og vaxtar.

Ég tel að sú tillaga sem hér er flutt sé góðra gjalda verð og veki upp þarfa umræðu um það hvernig öðlast megi vitneskju um hvar vex laxinn upp, hvaða fæðu hann tekur og hverjir eru helstu afræningjar hans. Ég hef reyndar ákveðna skoðun á því hverjir séu afræningjar laxins norður af landinu. Ég hygg að það séu selir, útselur, vöðuselur og blöðruselur sem eru aðalafræningjar laxins. Það er afar erfitt að finna út hvað þessar selategundir leggja sér til munns og á hverju þær lifa. Þó koma einstöku sinnum upp þær aðstæður að það má sjá, t.d. að sumarlagi í algjöru blankalogni. Þá er stundum hægt að sjá sel svamlandi í yfirborðinu að éta það sem hann hefur veitt. Maður hefur oft

séð selinn fást við stóran karfa eða þorsk. Ekki get ég fullyrt að maður hafi séð hann éta lax en hins vegar hafa þeir verið að éta eitthvað glitrandi sem maður getur ekki fest auga á nákvæmlega. Þetta má sjá þegar logn er og sjórinn nógu sléttur. Í annan tíma sjá menn bara ekki selinn, hvorki selinn né það sem hann étur.

Það er auðvitað hægt að rannsaka þetta við vissar veðuraðstæður en það kostar að menn þori að heimila rannsóknir í hafinu með tilteknum veiðum, að merkja laxinn þar og fá jafnvel betri endurheimtur og nýtingu þeirra fjármuna sem í þetta eru settir.

[16:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég á nú fyrst og fremst það erindi hingað að taka undir efni þessarar tillögu eða anda tillögunnar, skulum við segja, um að efla rannsóknir á afdrifum laxa í sjó. Ég held að þessi konungur fiskanna á okkar slóðum, sem við gjarnan köllum svo, hinn eðalborni Atlantshafslax, eigi inni hjá okkur að við sinnum honum að þessu leyti meira en gert hefur verið. Mér finnst að við mættum m.a. fylgja eftir hinu merka, mér liggur við að segja einstæða, frumkvæði Orra Vigfússonar sem er orðið vel þekkt í okkar heimshluta, hugsjónastarf og árangursríkt verndarstarf sem reyndar hefur líka mikið hagnýtt gildi. Það er auðvitað enginn vafi á því að það væri stórkostlegt tjón í öllu tilliti ef laxastofnarnir hryndu endanlega á þessum slóðum. Eins og kunnugt er er ástand þeirra víða mjög dapurlegt.

Ég vildi jafnvel gjarnan að þessar rannsóknir væru víðtækari en kannski en meginandi tillögunnar gengur út á. Hún beinist mjög að því að leggja mat á afdrif fullorðinna kynþroska laxa og ferðir fullorðinna laxa í hafi, svona þegar tillögugreinin sjálf er lesin. En þegar farið er í greinargerðina þá eru vissulega lagðar upp rannsóknarforsendur sem eru mjög áhugaverðar. Ég held t.d. að það sé enginn vafi á því að reyna þarf að rekja ferli seiðanna, allt frá því þau koma í sjó og jafnvel reyna að átta sig á því hvort það er munur á því hvernig þeim reiðir af í sjónum miðað við ástand þeirra þegar þau ganga niður.

Sömuleiðis er ljóst að lesa þarf saman umhverfisþættina. Við þekkjum vel miklar sveiflur sem tengjast umhverfisþáttum t.d. hitastigið. Það er a.m.k. mjög vel þekkt í ám á mínum heimaslóðum, á Norður- og Norðausturlandi og Austfjörðum. Ég held að ekki sé um það deilt að vandinn við að fylgja slíkum hlutum eftir liggur síðan í þekkingargati þegar kemur að vegferð laxins í hafinu.

Það er sannarlega líka ástæða til að fara yfir þetta með beitarsvæðin sem og að skoða laxinn sem hluta af fjölstofna rannsóknum. Í greinargerðinni er bæði minnst á fæðu laxa í sjó eftir árstíma og afræningja laxa í hafi. Síðasti ræðumaður nefndi þar einn mögulegan sökudólg, þ.e. selinn. Nú hef ég ekki sömu þekkingu og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, sem gegnum langa sjómennsku hefur skoðað málið frá þeim sjónarhóli. En víst er að selurinn er enginn aufúsugestur í nágrenni við árósa laxveiðiáa og vel þekkt að hann er bæði afkastamikill við veisluborðið sjálft auk þess sem hann fælir fiskinn frá.

Ég held að fjórði þátturinn gæti vel komið við sögu. Maður heyrir oft að ástæða sé til að huga að því hvort ákveðin veiðarfæri geti mögulega verið að verki eða verið einn samverkandi þátta. Það heyrist oft nefnt að stórvirku veiðarfærin, eins og nót eða flotvarpa, kunni að einhverju leyti að vera orsakavaldur. Því er iðulega haldið fram að annar stofn, sem er nú í mikilli lægð við landið, þ.e. hrognkelsin, verði fyrir miklum búsifjum þegar stórvirkum veiðarfærum er beitt á vissum hafsvæðum á vissum árstímum.

Síðan held ég að skoða eigi einn þátt enn í þessu samhengi, þ.e. að Ísland er auðvitað ekki eitt í þessum efnum. Það er löngu viðurkennt að um sjálfstæða stofna með sjálfstæða erfðaeiginleika er að ræða í nánast hverri laxveiðiá fyrir sig og mikill munur á milli landshluta. Það er óhjákvæmilegt að rannsóknir taki mið af því að eitt gildir um laxinn og umhverfisaðstæður hans á norðausturhorni landsins en annað um laxinn á norðvestanverðu landinu, Vesturlandi og Suðurlandi. Merkingar þurfa að taka mið af því að breytileikinn í lífríkinu er mikill að þessu leyti. Menn áttuðu sig því miður sorglega seint á þeim mun eða kannski væri nær að segja að menn gleymdu honum um tíma, þegar menn fóru að hræra saman ólíkum laxastofnum í seiðasleppingum, nokkuð sem jafnvel frumkvöðlarnir fyrir miðbik 20. aldar virtust átta sig betur á en ýmsir þeirra sem síðar komu. Mestu mistökin í þessum efnum voru gerð á 6. og 7. áratug síðustu aldar. En frumkvöðlar í klaki laxaseiða og sleppingum víða í héruðum virtust átta sig betur á mikilvægi þess að halda einstökum stofnum aðgreindum.

Að síðustu, af því hér hefur borið á góma hinn stórmerka stórurriða í Þingvallavatni og menn verið hér með játningar honum til stuðnings þá ætla ég ekki að láta mitt eftir liggja í því og leggja mitt litla lóð á þær vogarskálar. Að sjálfsögðu er meira en tímabært að menn tali ekki bara um þann möguleika að fjarlægja mannvirkin í efstu virkjuninni í Steingrímsstöð og skila urriðanum aftur búsvæðum sínum efst í Soginu og hleypa vatni á farveginn neðan við stífluna. Það er ankannalegt að ganga þurrum fótum þar, eins og ég hef gert til að ímynda mér hvernig þar gæti verið umhorfs ef þar væri nú allt með felldu og vatnið fossaði þar fram. Ég held að koma eigi því máli á alvarlegt skoðunarstig sem einhvers konar sameiginlegu verkefni stjórnvalda, hagsmunaaðila og fyrirtækisins sem þar á í hlut.

Þegar svo miklir menn styðja það, sem tillögumaður, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem einnig er doktor, og hæstv. landbúnaðarráðherra, sem hér fór með játninguna, og síðan var upplýst að hæstv. dómsmálaráðherra væri ásamt þeim félagi í ónefndum klúbbi, ákaflega „prompt" klúbbi sem heitir Þingvallanefnd sem kann að skýra að einhverju leyti hve vel þeir hafa náð saman um þessi mál, þá er það meira en nóg til þess, og efni málsins auðvitað, að menn geri meira en að tala um þetta og reyni að koma málinu á alvöruspor.

Af því að ég hef grun um að hv. þm. Össur Skarphéðinsson ætli í orðaskipti við mig þá mætti hann í leiðinni upplýsa um það: Aðhefst Þingvallanefnd, sem auðvitað er ekki óeðlilegur aðili til að koma hreyfingu á þessi mál, eitthvað í því að þetta komist á meira en bara umræðustig?

[16:50]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni og formanni

Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs skýra og skelegga ræðu. Hv. þingmaður hefur augljóslega töluverða þekkingu og reynslu af þessum málum.

Ég þakka hv. þingmanni undirtektir hans við hið gamla baráttumál mitt og annarra að opna aftur farveg fyrir urriðann niður Efra-Sogið og í reynd taka upp Steingrímsvirkjun. Hv. þingmaður lýsti mjög skýrt stuðningi við það. Þá virðist mér sem í þinginu sé að myndast meiri hluti fyrir því að í þetta verk verði ráðist. Það væri þá ekki neinn þröskuldur eftir nema hugsanlega fríríkið í ríkinu, Landsvirkjun, sem móaðist við.

Hv. þingmaður spurði hvað Þingvallanefnd hefði rætt eða aðhafst í þessu efni. Þar er frá ýmsu að segja. Innan Þingvallanefndar, þar sem sá sem hér stendur situr ásamt hæstv. landbúnaðarráðherra og dómsmálaráðherra, hafa menn lokið við gerð stefnumótandi áætlunar til næstu 20 ára fyrir Þingvallanefnd og þjóðgarðinn. Þar kemur fram skýrum stöfum að nefndin er sammála um að stefna beri að því að opna urriðanum farveg niður Efra-Sogið og hugsanlega fara í samræður við Landsvirkjun sem mundu hafa þær afleiðingar á Steingrímsvirkjun sem hv. þingmaður talaði um. Þar er um ákaflega mikilvægt atriði að ræða.

Jafnframt er rétt að taka það fram að menn hafa sammælst um það innan Þingvallanefndar að leggja þessa áætlun fyrir þingið til umræðu síðar á þessu vori þannig að hv. þingmenn ættu kost á því að fjalla um hana en málið yrði ekki bara lokað inni í nefndinni.

[16:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna þessum upplýsingum. Ég tel rétt að þessi mál komi einfaldlega fyrir þingið og það hafi frumkvæði í þessu máli, sem sagt á grundvelli tillagna og stefnumótunar frá Þingvallanefnd. Málið tengist mjög þjóðgarðinum og ef einhverjum er það sérstaklega skylt þá ætti það að vera Alþingi sem á að taka það til sín. Ég fagna því og bíð með frekari umræður um það mál fram að því að við fáum þá áætlun og tillögur nefndarinnar hingað inn.

Að öðru leyti endurtek ég stuðning minn við anda þessarar tillögu. Mér er málið mjög kært, ef ég má orða það svo hátíðlega. Ég er áhugasamur um viðgang laxastofnsins og auðvitað urriðans, hins forna urriða. Ekki vil ég þá að íslenska fjallableikjan gleymist, sem er stórmerkilegur stofn. Þar tala ég bæði frá umhverfislegum og náttúrufarslegum sjónarmiðum og auðvitað er nýting villtra laxastofna í landinu mikið hagsmunamál sem ekki má stofna í voða á nokkurn hátt. Það er ærin ástæða til að fara í þessar rannsóknir.

Auðvitað svífa svolítið yfir vötnum þær áhyggjur sem menn hafa haft af áformum um stórfellt laxeldi í sjó í kvíum. Það er nú ekki sýnt með það hve stórfellt það verður á komandi árum að mínu mati. Ég hef verið í hópi efasemdarmanna um að þar væri sú ábatasama stóriðja í uppsiglingu sem margir virðast trúa, a.m.k. er það eldi enn mun smærra í sniðum en til stóð að ráðast í um tíma. Þar var gáleysislega af stað farið og við gagnrýndum harkalega á sínum tíma að þau áform skyldu ekki fara í rækilegt mat á umhverfisáhrifum áður en menn tækju bindandi og endanlegar ákvarðanir um að leyfa eldi í stórum stíl í sjó á stofni af erlendu kyni. En þessar rannsóknir eru þarfar og löngu tímabært að efla þær.

[16:54]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt á að lýsa mikilli ánægju með þær umræður sem hafa farið fram á þessum eftirmiðdegi um laxastofna og líka urriðastofn einn mjög merkilegan hér á landi. Þetta hafa verið góðar og málefnalegar umræður og margt athyglisvert og fréttnæmt hefur komið í ljós.

Við ræðum hér um tillögu til þingsályktunar frá þingmönnum Samfylkingarinnar um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó. Það hefur verið ljóst um margra ára skeið að það væri þörf á að gera verulegt átak í rannsóknum á þessu, þ.e. afdrifum og lífslíkum laxa í sjó. Við vitum allt of lítið um það sem gerist á æviferli laxa eftir að þeir ganga til sjávar sem gönguseiði og þar til þeir koma aftur til baka eftir eins eða tveggja ára dvöl í sjó. Það er alveg augljóst að það sem gerist á þessum tíma, meðan á vistinni í sjónum stendur, hefur úrslitaáhrif á laxgengd í árnar okkar á hverju sumri. Það hefur að sjálfsögðu mjög mikil efnahagsleg áhrif því að það er stóriðja hér á landi, svo vægt sé til orða tekið, að selja veiðileyfi í laxveiðiár.

Mig langar til enn og aftur að minna á merka skýrslu sem gerð var í fyrra af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, reyndar átti Veiðimálastofnun þar einnig hlut að máli. Það er merkileg skýrsla sem ég hvet alla sem áhuga hafa á þessu máli til að kynna sér. Hún fjallaði einmitt um efnahagsleg áhrif af lax- og silungsveiðum á Íslandi. Þar kom í ljós að veiðarnar skila árlega hátt í 10 milljarða kr. veltu í þjóðarbúið. Það munar svo sannarlega um minna. Talið er að þetta allt á bilinu 55–60 þúsund manns stundi slíkar veiðar á hverju ári sér til ánægju og yndisauka og nokkur þúsund erlendra ferðamanna komi árlega til landsins til að stunda einkum laxveiðar. Þeir ferðamenn eru yfirleitt mjög vel fjáðir og skilja eftir sig miklar fjárhæðir í erlendum gjaldeyri. Af veiðunum er því bæði mikil atvinnusköpun og mikil verðmætasköpun. Í raun er enginn vafi á að þarna er enn hægt að sækja fram og skapa fleiri tækifæri í ferðamennsku. Við skulum ekki gleyma því að þau tækifæri eru líka í tengslum við landbúnað, því það eru jú bændur þessa lands sem sitja á veiðiréttinum í fallvötnum og vötnum. Bændur hafa borið gæfu til að varðveita eignar- og nýtingarréttinn á þessum auðlindum og það er enginn vafi á að það mikla gæfuspor, sem stigið var fyrir mörgum áratugum, þegar lax- og silungsveiðilögin voru fyrst samþykkt, árið 1930 ef ég man rétt og er mjög merkileg löggjöf sem á hvergi sína hliðstæðu í veröldinni, hefur orðið sveitum landsins til mikils framdráttar.

Af því að hæstv. landbúnaðarráðherra er viðstaddur umræðuna þá langar mig til að minna á að hann var í merkilegu viðtali í gær á Rás 2 þar sem fjallað var um að menn væru að hugsa um að byggja reiðhallir víða um land. Hann sagði í viðtalinu að á bilinu 30–40 þúsund Íslendingar færu á hestbak árlega. Þeir eru færri en þeir sem stunda lax- og silungsveiðar sér til heilsubótar og afþreyingar, miklu færri. Það virtist ekki standa í ráðherranum að ríkið ætti að hafa aðkomu að því að byggja reiðhallir víða um land þar sem

stykkið kostar í kringum 100 millj. kr. Það væri kannski gustukaverk hjá hæstv. ráðherra að hugleiða hvort ekki væri ástæða til að ríkið sinnti því betur að veita peninga til rannsókna á þessu sviði og á fiskirækt, m.a. til að gera fleiri Íslendingum kleift að stunda lax- og silungsveiðar þar sem þær eru svo vinsælar, jafnvel vinsælli en hestamennskan. Menn mega þó ekki misskilja orð mín þannig að ég ætli á nokkurn hátt að gera lítið úr hestamennsku á landinu, langt í frá.

Þessi þingsályktunartillaga tekur á mörgum þáttum. Ég benti á það áðan í andsvari mínu að mér þætti hún á margan hátt nokkuð óljós. Ég tel að það hefði mátt fara yfir hana og skerpa svolítið á henni, breyta svolítið textanum, gera hana markvissari og hnitmiðaðri.

Ég hef lúmskan grun um að þessi þingsályktunartillaga sem var flutt hér í fyrra líka hafi upphaflega verið samin árið 2003. Síðan hefur margt gerst, m.a. eins og hæstv. ráðherra benti á hér áðan að Veiðimálastofnun er þegar farin að sinna þessum rannsóknum, þótt kannski af vanefnum sé.

Orð eru þó til alls fyrst. Hér eru ákveðin atriði sem hefði mátt sinna og það fyrir löngu síðan, m.a. það sem nefnt er hér mælingar á umhverfisþáttum. Þær hafa að sjálfsögðu verið framkvæmdar en ég hygg að þetta mætti gera með markvissari hætti, t.d. með því að skrá sjávarhita víða í kringum landið á vorin þegar seiðin eru að ganga til sjávar og líka yfir sumartímann þegar laxinn kemur til baka utan af hafi.

Annað er hér, beitarsvæði í sjó, sem við hefðum kannski líka mátt gera eitthvað til að stunda markvissari rannsóknir á, m.a. með því að stunda tilraunaveiðar á laxi í hafinu. Það hefði getað aflað okkur dýrmætra upplýsinga sem síðan hefðu getað nýst okkur í því starfi að byggja upp veiði í ánum.

Laxa- og fjölstofnarannsóknir eru nefndar til sem einnig skipta miklu máli, m.a. afrán á laxi fyrir tilstilli sels og annarra rándýra. Þetta þarf allt saman að rannsaka betur.

Mig langar svo aðeins til að notfæra mér síðustu mínúturnar til að nefna það sem rætt hefur verið um hér, þ.e. að endurreisa urriðastofninn í Þingvallavatni. Hann er mjög merkilegur fiskstofn, einn sá merkasti hér á landi að ég hygg. Ég held að mér sé alveg óhætt að fullyrða að minn þingflokkur, þingflokkur Frjálslynda flokksins, væri mjög jákvæður ef farið væri út í þá aðgerð að fjarlægja stífluna í Steingrímsstöð. Þessi stífla er alger tímaskekkja. Ég benti margoft á það í ræðum á hinu háa Alþingi í fyrra. Hún er alger tímaskekkja og hefði aldrei verið leyfð í dag ef sótt hefði verið um. Reyndar efast ég um að nokkrum manni hefði dottið í hug að sækja um að gera slíka virkjun nú á dögum. Þessi virkjun olli miklu tjóni á þessum verðmæta fiskstofni. Að sjálfsögðu vissu menn ekki hvað þeir voru að gera þá en við vitum svo miklu betur í dag og ég hygg að það ætti að vera tiltölulega einföld aðgerð að fjarlægja stífluna og stuðla þannig að því að þessi merki fiskstofn nái vopnum sínum á nýjan leik. Ég er sannfærður um að hann mundi til lengri tíma litið gefa af sér langtum meiri tekjur en virkjunin gerir í dag. Virkjunin er mjög lítil og skilar litlu en urriðinn í Þingvallavatni getur skilað okkur gríðarlegum auðæfum.

[17:03]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi bara áminna hv. þingmann um að fara ekki að beita hestamennskunni gegn stangveiðinni. Þegar við hugsum um þetta hvort tveggja eru þetta kannski einhverjar mestu og dýrmætustu auðlindir sem beina athygli heimsins til Íslands (**DrH:** Fer vel saman.) og fer á margan hátt vel saman eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir bendir á í frammíkalli.

Hesturinn dregur mikla athygli að landinu og mikla peninga, mikinn ferðamannastraum. Hann er auðlind og afurð sem við seljum út um allan heim, er íslenskastur alls sem íslenskt er og ræktaður í mörgum heimsálfum og tugum landa. Alltaf Íslendingur og nefndur sínu nafni. Hann er mjög dýrmætur og þetta sem ég var að fara þarna yfir með reiðhöllina gæti eflt hestinn.

Laxinn, þessi konungur Norður-Atlantshafsins, er auðvitað mikil auðlind líka. Það er merkilegt að hugsa til þess að hver einasta á hefur sinn sérstaka stofn. Hver tegund er með sínu nefi, með sitt gen, dýrmæt afurð í tómstundagamni Íslendinga og gefur Íslendingum nýtt samband, og önnur tengsl við náttúruna en hann kynnist á nokkru öðru sviði. Ég dreg ekki úr mikilvægi þess að horfa til þess atvinnuvegar sem auðvitað er mjög öflugur. Við skulum ekki, hv. þingmaður, egna þessu hvoru gegn öðru heldur átta okkur á því að þetta er eitthvert mesta dýrmætið sem við eigum; stangveiðin í íslenskum ám og vötnum og svo íslenski hesturinn sem hefur sigrað (Forseti hringir.) hundruð þúsunda manna um víða veröld. Ísland er elskað vegna hans.

[17:05]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur kannski örlítið misskilið orð mín. Það vakti alls ekki fyrir mér að fara að egna saman íslenska hestinum og íslensku laxastofnunum, langt í frá. Ég dró þetta hins vegar fram til að bera það saman að stjórnvöld hér á landi virðast vera reiðubúin til að verja miklu fé í hestamennsku og uppbyggingu og orðstír íslenska hestastofnsins og ég kalla eftir því að sjá sama vilja hvað varðar fjárveitingar til að hlúa að íslenskum laxastofnum eða stofnum íslenskra ferskvatnsfiska því þar er mikil auðlind sem ég tel að mörgu leyti vannýtta.

Það hvarflaði að mér ein lítil hugmynd einmitt á meðan ég var að hlusta á andsvar hæstv. landbúnaðarráðherra. Hún er einmitt sú að hesturinn og ferskvatnsfiskarnir, stofnarnir, gætu einmitt farið mjög vel saman, t.d. í ferðamennsku í sveitum landsins þar sem við gætum hugsað okkur að í framtíðinni — hugsanlega er farið að gera það nú þegar — yrði ferðamönnum boðið upp á að fara á hestum til veiða í ám og vötnum. Þetta væri kannski ekki svo vitlaus hugmynd til framtíðar því að ég get fátt ímyndað mér skemmtilegra en að eiga fagurt sumarkvöld við íslenskt heiðarvatn með íslenskan hest mér við hlið og stöng í hendi.

[17:07]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Íslenska ríkið hefur ekki varið miklum fjármunum til íslenska hestsins fyrr en allra síðustu árin og

eru það ekki stórar upphæðir. Við höfum farið þar í ákveðin átaksverkefni sem kannski fyrst og fremst snúa að því að Íslendingar haldi forustu sinni um hestinn, fari með aðalhlutverkið um íslenska hestinn. Við höfum meira að segja orðið að berjast fyrir því á alþjóðavettvangi að Ísland sé upprunaland hans. Við sjáum það vissulega núna í gegnum átaksverkefni að það skilar sér í atvinnugrein sem er í mikilli sókn. Þeir litlu fjármunir sem hefur verið varið til hestsins eru að koma til baka í atvinnugreininni sem eflir auðvitað áhuga almennings fyrir íþróttinni hér heima, sem betur fer.

Ég var fyrst og fremst í þessum þætti í gær að kynna tillögu sem er afrakstur þingsályktunartillögu eins og hér er verið að flytja á öðru sviði. Hugsjónahópur kemur saman og fer yfir þörfina, metur hana og kemst að raun um að hyggilegt sé að verja fjármagni til að byggja ákveðnar þjónustumiðstöðvar eða hús, reiðhallir, reiðskemmur, til að efla þessa atvinnugrein og jafnræði á milli fólks í landinu. Auðvitað gæti það gerst eins á þessu sviði að þingið verður samhentara um málið. Þegar kemur að þessu máli og eins í kringum hestinn þarf ég auðvitað að hafa þingið með mér í því spilverki, fjárlaganefndina og stuðning ríkisstjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunnar, til þess að góð mál fari hér í gegn. Ég held að þeir peningar sem fara í þetta verkefni, þá þingsályktun sem hér er rædd, og ekki síður í hestinn, komi margfaldir til baka í ríkiskassann í vexti greinanna.

[17:09]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að íslenski hesturinn er mjög merkilegur og allt gott um það að segja. Mig langar þá enn og aftur til að hnykkja á því að íslenskir stofnar ferskvatnsfiska, bæði lax og silungs, eru mjög merkilegir og væru mjög áhugaverðir fyrir marga erlendis. Mjög margir stunda stangveiðar erlendis og fiskstofnarnir okkar eru afskaplega merkilegir og eru hér í einstakri náttúru, einstakri umgjörð. Þarna er gríðarleg auðlind sem ég hygg að geti gefið okkur færi til mikillar sóknar í framtíðinni.

Ég var á fundi í síðustu viku austur á Kirkjubæjarklaustri. Þar var einnig hæstv. landbúnaðarráðherra. Þar voru heimamenn að velta fyrir sér framtíðinni, hvað þeir eigi til bragðs að taka til að reyna að skapa sér atvinnu. Þar kom sterklega í ljós að þeir ráða einmitt yfir auðlind sem er afskaplega merkileg og mjög dýrmæt, sjóbirtingsstofninn, sem þeir sjá mikil sóknarfæri í til framtíðar. Það er hægt að selja þessa stofna og náttúruna sem þeir lifa í með ýmsum hætti. Það er hægt að selja aðgang að veiði en það er líka hægt að koma upp söfnum. Í Noregi eru t.d. mjög vinsælir ferðamannastaðir við stórar laxveiðiár sem eiga sér merka sögu og þar hafa menn komið upp aðstöðu þar sem hægt er að ganga inn og horfa á fiskinn í sínu eðlilega umhverfi, í vatninu. Svona söfn væri hægt að setja upp við okkar bestu lax- og silungsveiðiár eða vötnin okkar, t.d. í Þingvallavatni og sýna þar bæði bleikju og urriða í sínu rétta umhverfi. Við skulum ekki gleyma því að það sem gerir okkar stofna einmitt svo einstaka er það að íslensk náttúra er tiltölulega óspillt, a.m.k. enn sem komið er. Þessir stofnar hafa haldið sínu þótt þeir hafi verið á miklu undanhaldi í löndunum í kringum okkur. Þetta hlýtur að sjálfsögðu að gefa okkur færi til mikillar sóknar.

[17:11]

Útbýting:

Flutningur starfa á Fiskistofu út á land, 554. mál, fsp. LB, þskj. 841.

Læknismeðferð barna erlendis, 555. mál, fsp. MF, þskj. 842.

Opinber innkaup, 552. mál, frv. BÁ, þskj. 835.

Stjórnarfyrirkomulag Landspítala – háskólasjúkrahúss, 557. mál, fsp. LMR, þskj. 844.

Uppbygging Landspítala – háskólasjúkrahúss, 558. mál, fsp. LMR, þskj. 845.

Þvingunarúrræði og dagsektir umhverfisstofnana, 556. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 843.

[17:12]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Ég þakka þær fróðlegu og skemmtilegu umræður sem hér hafa farið fram um þessa tillögu okkar þingmanna Samfylkingarinnar um þetta efni. Það er alveg ljóst af undirtektum þeirra sem hér hafa tekið til máls að þetta er efni sem margir bera fyrir brjósti sér. Ég er sérstaklega þakklátur hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir þær yfirlýsingar sem hann hefur hér gefið, m.a. hvað varðar hans mikla og ríka áhuga á að efla þær rannsóknir sem í gangi eru til þess að í framtíðinni sé hægt að þróa þær með þeim hætti að við fáum gleggri upplýsingar um hvað það er sem veldur afföllum á laxi í hafi. Ekki síður vil ég þó þakka hæstv. ráðherra fyrir þá skorinorðu yfirlýsingu sem hann gaf um annan ferskvatnsfisk. Ég á hér við ísaldarurriðann í Þingvallavatni sem margsinnis hefur komið til umræðu á hinu háa Alþingi. Ástæðan er sú að hann er einstakur í heiminum og önnur ástæða er sú að það var maðurinn sem nánast deyddi hann algjörlega út. Það voru umræður á hinu háa Alþingi sem leiddu til ákveðinna breytinga sem aftur höfðu í för með sér að honum var ekki útrýmt með öllu. Nú hefur hæstv. landbúnaðarráðherra sem þekkir málið úr Þingvallanefnd lýst því skýrt yfir að hann telji að það eigi að opna honum farveg niður Efra-Sog. Þetta er ákaflega mikilvæg yfirlýsing og ég fagna henni mjög.

Sömuleiðis fagna ég undirtektum þeirra þingmanna sem hér komu á eftir í ræðustól og reifuðu viðhorf sín til þessa, hv. þingmanna Steingríms J. Sigfússonar, Magnúsar Þórs Hafsteinssonar og Guðjóns Arnars Kristjánssonar. Það er mjög mikilvægt að á hinu háa Alþingi skuli vera kominn ótvíræður meiri hluti fyrir þessu máli. Við höfum barist fyrir því lengi, nokkrir þingmenn. Árið 1995 hillti undir landsýn í málinu, skömmu fyrir kosningar þegar þáverandi landbúnaðarráðherra, núverandi forseti Alþingis, Halldór Blöndal, lýsti því yfir úr þessum stóli að hann væri þess fýsandi að sú leið yrði farin. Skömmu síðar urðu ríkisstjórnarskipti og ekki var sami skilningurinn innan nýrrar stjórnar. Nú er þennan skilning hins vegar að finna innan Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokksins, Frjálslynda flokksins, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar. Þetta er ákaflega mikilvægt.

Ég tek undir það sem komið hefur fram hjá hæstv. land-

búnaðarráðherra og þingmönnum sem hafa talað um nauðsyn þess að efla þá möguleika sem liggja í stangaveiðum. Við vitum að 55–65 þúsund manns stunda stangaveiði sem íþrótt. Fátt er hollara og meira gefandi fyrir fjölskyldur en að fara saman á vit fjallvatna og veiða. Fátt er ódýrari og heilnæmari skemmtun.

Við sem höfum nú margan laxinn þreytt og dregið á okkar ævi vitum líka að mesta gamanið er af því farið, bæði vegna þess að þegar menn eru búnir að veiða marga laxa skynja þeir að það er miklu meira gaman að veiða silunginn en laxinn. En líka vegna alls þess tildurs og umstangs sem er í kringum laxveiðina. Þetta er orðið að mörgu leyti íþrótt fyrir þá sem eru betur efnaðir. Það breytir ekki hinu að frá atvinnulegu sjónarhorni er stangaveiði mjög dýrmæt. Hún er mikilvæg. Hún veltir nokkrum milljörðum. Bændur og veiðifélög fá í hreinar tekjur u.þ.b. 600–800 milljónir á hverju ári. Þetta er gríðarlega mikil búbót fyrir þá sem eru að basla við að búa áfram í dreifbýlinu og lifa af landinu. Þess vegna er mikilvægt að efla stangaveiði. Því er þessi tillaga hér fram lögð. Við viljum reyna að grafast fyrir um það með nýrri íslenskri tækni hvað veldur því að hinn annálaði stórlax Íslands er smám saman að dvína út úr veiðinni. Það er hugsanlegt að á því séu veiðifræðilegar skýringar. Hugsanlegt er að aukið veiðiálag á fyrri hluta veiðitímabilsins þegar stórlaxinn gengur, hann gengur jafnan fyrst, stærstu laxarnir fyrst og fara efst, fleyti stórlaxinum svo að segja ofan af stofninum, fjarlægi úr stofninum þau gen sem stýra þessum mikla vexti, sem stýra síðbúnum kynþroska og langri dvöl í hafinu.

Um þetta er hins vegar ekki vitað. Þetta er eitt af því sem þarf að kanna. Það þarf líka að skoða hvað veldur því að laxinn virðist ekki hafast við í hafinu í sama mæli og áður. Afföllin eru meiri. Við vitum að þegar sunnar og vestar dregur í Atlantshafinu er hægt að rekja orsakir hnignunar á laxastofnum til mengunar. Súrt regn hefur gjöreytt laxastofnum t.d. í Norður-Ameríku í Maine-fylki, þar sem voru frægar laxveiðiár á árum fyrr. Þær eru að mestu leyti útdauðar hvað lax varðar. Orsökin er fyrst og fremst mengun. Við vitum líka að veiðiþjófnaður í löndum eins og Írlandi, Skotlandi og Englandi þar sem áður fyrr var litið á veiðiþjófnað sem íþrótt og stéttvísa dyggð þeirra sem börðust gegn aðlinum — væntanlega forfeðra okkar hv. þingmanna Guðjóns Arnars og mín, sem alltaf höfum verið að berjast gegn forréttindum. Þar hefur veiðiþjófnaður tíðkast allt fram á þennan dag. Og hann hefur verið leyfður.

Ég minnist þess þegar ég ungur maður vann sem ráðgjafi og tengdist einmitt laxi í vesturhéruðum Írlands fyrir norðan Galway, að þar af tilviljun lenti ég í tvö þúsund manna mótmælagöngu. Á þeim árum var ég jafnan til í að mótmæla því sem tilefni gafst til að mótmæla, tók þess vegna þátt í göngunni en hafði ekki gengið mjög lengi þegar ég uppgötvaði að menn voru þarna að mótmæla því að búið var að setja lög gegn því sem þeir kölluðu „poaching" eða veiðiþjófnað. Var ég þá snöggur að hafa mig úr þeirri göngu. Þetta tek ég til marks um þau viðhorf sem hafa ríkt í löndunum í grennd við okkur. Þar hefur það verið talið réttlætanlegt að ofveiða lax með þjófnaði og ýmsum aðferðum sem við mundum aldrei sætta okkur við hér á landi.

Hér á landi hefur enginn veiðiþjófnaður verið stundaður, ekki þannig að hægt sé að telja að hann hafi leitt til gjöreyðingar á stofnum. Þá er að vísu frátalinn sá veiðiþjófnaður sem óvætturinn, minkurinn, hefur stundað sem oft hreinsar þverár af laxaseiðum. Slíkar ár og kvíslar eru oft besta uppeldisstöðin í ánum. Hér á landi hefur heldur ekki verið teljandi mengun ef frá er talið í höfuðborginni, þar sem Elliðaárstofninn er í hættu og þar sem reykvísk yfirvöld mættu standa sig miklu betur við að byggja upp umhverfi árinnar. Það sama varðar líka Korpu. Þetta eru tvær litlar perlur á borgarfestinni sem verður að varðveita. Þar fyrir utan er erfitt að benda beinlínis á mengunarvalda sem hafa dregið úr viðgangi laxastofnanna. Það hlýtur þess vegna að vera eitthvað sem er að gerast í hafinu sem veldur því að stórfiskurinn kemur ekki til baka, að afföllin eru meiri í hafinu en maður átti áður að venjast. Hugsanlega eru þetta hitaskil sem hafa færst til. Hugsanlega eru einhverjir óþekktir mengunarvaldar eins og lífræn þrávirk efni sem gætu hafa leitt til þess að ratvísi fiskanna minnkar. Um þetta er ekkert hægt að segja fyrr en búið er að rannsaka þetta miklu betur en gert hefur verið í dag.

Ég vil að lokum, frú forseti, endurtaka það sem ég sagði áðan, þakka fyrir þessa góðu umræðu og þær góðu undirtektir sem við tillögunni hafa orðið. Ekki síður þær fróðlegu umræður sem hafa spunnist þar sem menn hafa miðlað af ýmiss konar reynslu og þekkingu á þessum efnum.

Ég legg til, frú forseti, þegar þessari umræðu lýkur að tillögunni verði vísað til landbúnaðarnefndar.

[17:22]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hingað upp til að þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir þessa tillögu. Hann er að sjálfsögðu sá mesti sérfræðingur sem við eigum í þessum málum. Ég tel mjög mikilvægt að það sé einmitt rannsakað hvað veldur afföllum laxa í sjó. Auðvitað hefur það verið áhyggjuefni margra sem eru að sleppa seiðum í ár landsins hvað það er í rauninni lítil endurheimta sem kemur til baka. Laxveiðin skiptir miklu máli fyrir sveitir landsins og líka fyrir gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Eins og var farið yfir áðan eru miklir fjármunir í húfi. Þetta er mikið atvinnumál, mikið byggðamál og mikið vægi þess að laxveiðiárnar fái að blómstra. Ísland er það land sem er líklegast eina landið í dag sem hefur upp á eins marga kosti að bjóða hvað varðar laxveiði.

Ég þakka hv. þingmanni Össuri Skarphéðinssyni fyrir að flytja þetta mál og hlakka til að taka það til meðferðar í hv. landbúnaðarnefnd.

[17:23]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni og formanni landbúnaðarnefndar fyrir þessar góðu undirtektir. Segja má að henni renni blóðið til skyldunnar vegna þess að bókstaflega talað um bæjarhlaðið þar sem hún stýrir stóru búi, að Keldum á Rangárvöllum, rennur á þar sem mönnum hefur tekist að byggja upp mikla veiði og mikla atvinnu í tengslum við sleppingar á seiðum. Sú atvinna helgast nokkuð af því hvað verður um þau seiði sem til sjávar ganga. Eins og við vitum hafa verið ákaflega mikil áraskipti á því. Stundum hefur

það gengið ákaflega vel og stundum ekki. Sjálfur hef ég margoft staðið á bökkum þeirrar ár og veitt laxa, bæði litla og stóra, sem hefur verið sleppt í ána. Þar háttar svo til að vikurinn frá spúandi eldfjalli leggur á nokkurra áratuga fresti öll uppvaxtarsvæði nánast í eyði, þannig að áin er algjörlega háð sem veiðiá þessum sleppingum. Þá skiptir máli upp á fjárfestingu og þá atvinnu sem byggðarlagið hefur af þessu hvað verður um laxinn í sjónum.

Hv. þingmaður gat þess að einmitt í tengslum við þá starfsemi hefði mikil atvinna spunnist. Nú er það svo að það byggðarlag sem hv. þingmaður kemur frá er ekki í neinni hættu statt. Það stendur vel að mörgu leyti og miklu betur en víða annars staðar. Ef hægt væri eins og menn eru, t.d. sömu aðilar og þar voru frumherjar, að berjast fyrir að koma upp svipaðri atvinnu austur á fjörðum þar sem byggðirnar eiga vissulega í vök að verjast, ef það tækist með sama árangri, þá væri það auðvitað alveg stórkostlegt. Það sýnir hvað þetta er mikið þjóðþrifaverk sem hér er verið að leggja til að ráðist verði í.

[17:25]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mjög gaman að segja hv. þingmanni Össuri Skarphéðinssyni frá því að mjög víða, t.d. austur í Höfn í Hornafirði, er hópur áhugamanna að reyna þetta sama og hefur verið gert með Rangárnar, að koma á aukinni veiði með sleppingum og að hlúa að veiðistöðum. Þó að mitt sveitarfélag sé ekki í mikilli hættu byggðarlega séð hefur þetta alveg gríðarleg áhrif fyrir byggðina og ekki síst fyrir þau lögbýli sem eiga hlut að ánni og fyrir alla þá ferðaþjónustu og hótelrekstur sem er að byggjast upp og hefur verið að byggjast upp undanfarin ár í tengslum við árnar.

[17:26]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu, Össur Skarphéðinsson, talaði um að stórlöxum hefði fækkað verulega undanfarin ár. Það hefur ekki komið fram í umræðunni hér í dag að síðasta ár, árið 2004, var afskaplega gott veiðiár, eitt það besta á tímabili sem spannar ein 30 ár aftur í tímann. Alls veiddust 46 þúsund laxar á stöng og held ég rúmlega 50 þúsund laxar þegar netaveiðin er tekin með. Þetta var afskaplega góð veiði. Nú veit ég ekki hvort tölur liggja fyrir um það hversu hátt hlutfall af þeim afla, þ.e. af þeim rúmlega 50 þúsund löxum, hafi verið fiskur sem hafði verið tvö ár í sjó.

Það er þó alla vega rétt að fram komi við lok þessarar umræðu að það er kannski ekki endilega svartnætti sem knýr okkur til þess að reyna að sýna einhverja viðleitni til að leggja meiri áherslu á að rannsaka afdrif laxa í sjó, því sem betur fer er það þannig að íslensku laxveiðiárnar virðast halda sínu nokkurn veginn þó að að sjálfsögðu séu allverulegar sveiflur á milli ára. Það er einmitt þá sem þessar rannsóknir ættu kannski að fræða okkur einmitt um orsakir slíkra sveiflna, hvað það er sem gerir það að verkum að árnar geta dottið niður í lægð sem varir jafnvel í nokkur ár en síðan blómstrað, tekið skyndilegan kipp upp á við, eins og við sáum síðasta sumar sem betur fer.

Spurning mín í þessu andsvari til hv. þingmanns Össurar Skarphéðinssonar er sú hvort honum sé kunnugt um hvert hlutfall stórlaxa hafi verið á síðasta sumri.

[17:28]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki get ég svarað þessari spurningu svo nákvæmlega. Eftir óljósu minni held ég samt að það hafi ekki aukist þó heildarfjöldinn hafi aukist, hlutfallið sé ákaflega svipað.

Ég er heldur ekki alveg sammála honum um að það sé gott ástand á íslenska laxastofninum vegna þess að síðasta einn og hálfan áratuginn hefur hann heldur verið á niðurleið. Eins og ég rakti í seinni ræðu minni áðan er ástandið fráleitt eins slæmt hér og sums staðar í Norður-Ameríku og í löndum Evrópu. Það hefur verið miklu betra hér. Fyrir því eru ákveðnar ástæður.

Það er hins vegar ákaflega merkilegt að skoða hvernig hlutfall stórlaxa hefur breyst í frægum stórlaxaám. Við getum tekið tvær, Sogið og Laxá í Aðaldal. Þetta voru frægar, heimsfrægar, stórlaxaár. Auðvitað kann að vera að erfðablöndun í Soginu, þ.e. sú staðreynd að þar var sleppt mjög miklu af Elliðaárlaxi sem er smávaxinn stofn, hafi leitt til þess að það er ekki fyrr en á seinni árum sem stórlaxar eru aftur farnir að gera vart við sig í einhverjum mæli í veiðinni.

En það er erfiðara að segja um þetta hvað hvarðar Laxá í Aðaldal þar sem mér a.m.k. er ekki kunnugt um að menn hafi verið að sleppa miklu af Elliðaárlaxi þótt vafalítið hafi eitthvað af honum farið þar í. En þetta voru frægar stórlaxaár. Síðan 1965 hefur hlutfall stórra laxa í þeirri veiði verið að minnka, getur eitthvað tengst því að þá urðu hitaskil, kringum 1965, ef ég man rétt, 1965–1970, það er hugsanlegt. Og það er hugsanlegt að þegar við erum að sjá núna aftur mikil hitabrigði í hafinu og umhverfis landið að við sjáum kannski einhverjar breytingar líka vera að gerast í þessu. Þetta er eitt af því sem þarf að rannsaka.

[17:31]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi orðaskipti milli mín og flutningsmanns leiða kannski einmitt hugann að því að þær rannsóknir sem talað er um hér í dag að þurfi að stunda eru í raun og veru afskaplega þarfar og er þarft að fara út í þær.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi hér atriði eins og áhrif umhverfisþátta á borð við hitastig, á það hvort mikið af laxi er eitt ár eða tvö í sjó. Ég tek undir þetta og hef á vissan hátt lúmskt gaman af því að taka þátt í umræðunni um þessa þætti því að ég gerði á sínum tíma lokaverkefni þegar ég var að læra fiskifræði einmitt um þessa hluti þar sem ég skoðaði hugsanleg tengsl á milli hlutfalls stórlax og smálax við hitastig í ám að vorlagi og síðan við ströndina í sjónum fyrri hluta sumars. Þá komst ég að raun um það sem við Íslendingar vitum og höfum í raun og veru vitað lengi, og ættum kannski að notfæra okkur mun betur en við gerum í dag, að við búum einmitt yfir mjög góðum og einstökum gögnum hvað varðar veiði í ánum okkar marga áratugi aftur í tímann vegna þess að hér hefur lengi verið lögbundið að ég tel, a.m.k. hafa menn gert það mjög samviskusam-

lega, að skrá niður alla veiði. Menn hafa tekið hreistur og annað þess háttar og safnað mjög miklu af upplýsingum. Það má vel vera að ef við veittum til að mynda meiri peninga í þessar rannsóknir og meiri peninga í það að Veiðimálastofnun gæti sinnt rannsóknarhlutverki sínu að þá mætti kreista enn meira út úr þeim gögnum sem þegar liggja fyrir í hirslum Veiðimálastofnunar í dag og finna þannig svör við mörgum af þeim spurningum sem leita á huga okkar nú og hafa komið fram við þessa umræðu.

Ég vil síðan loka þessari umræðu og hafa lokaorð mín þau að ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að hafa tekið þetta mál upp á hinu háa Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 59. mál. — Þskj. 59.

[17:33]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli eina ferðina enn fyrir tillögu til þingsályktunar um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Það má eiginlega segja að meðan ég hef það tækifæri að mæla fyrir þessari tillögu hér í pontu á Alþingi Íslendinga og meðan ég enn tel þörf vera fyrir tillöguna þá mun ég mæla fyrir henni. Þetta er því eflaust ekki í seinasta sinn sem ég kem hér og ræði málefni Þjórsárvera og mögulega stækkun friðlandsins.

Tillagan gerir eins og áður ráð fyrir því að Alþingi álykti að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að mörkum friðlandsins í Þjórsárverum verði breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna. Einnig að áætlun verði gerð um friðun Þjórsár frá mörkum friðlandsins í Þjórsárverum til suðurs að Sultartangalóni.

Hugmynd þessi er í samræmi við þær hugmyndir sem hreyft hefur verið af áhugahópi um verndun Þjórsárvera og hafa tillögur hans verið hafðar til hliðsjónar við tillögugerðina. Ég hef talað fyrir þessari tillögu þrisvar sinnum áður, en flutningsmenn hennar eru auk mín allir hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Tillagan hefur aldrei fengist útrædd, ekki enn sem komið er, en hún hefur þó verið send til umsagnar nokkurs fjölda aðila sem tengjast málinu og ég verð að segja að hún hefur hlotið afar jákvæðar undirtektir. Af þeim sem gáfu umsögn um tillöguna á sínum tíma voru það eingöngu Landsvirkjun og hreppsnefnd Ásahrepps sem lögðust gegn henni.

Frá því að tillagan var upphaflega lögð fram hefur baráttan um Þjórsárver magnast, hún hefur staðið sleitulaust og hún stendur enn. Í greinargerð með tillögunni er getið um hvernig þessi saga, baráttusaga, hefur þróast allt frá árinu 1972 þegar haldinn var í Árnesi fjölmennur sveitarfundur Gnúpverja sem lagðist eindregið gegn öllum hugmyndum um framkvæmdir á Þjórsárverasvæðinu, frekari framkvæmdum en þá var í raun og veru byrjað að hreyfa.

Þá má segja að Landsvirkjun hafi allt frá þessum tíma verið að draga í land með ýtrustu hugmyndir. Núna standa málin þannig, svo ég geri langa sögu stutta, að í auglýsingu er aðalskipulag fyrir svæðið, þ.e. aðalskipulag Gnúpverjahrepps, og sömuleiðis eru í auglýsingu breytingar á svæðisskipulagi miðhálendisins. Báðar þessar skipulagstillögur gera ráð fyrir lóni í Þjórsárverum sem yrði 567,5 m yfir sjávarmáli og er það heldur lægra en hugmyndirnar voru þegar ég talaði síðast fyrir tillögunni.

Frestur til þess að gera athugasemdir við þessar skipulagstillögur er til 9. mars þannig að enn vitum við ekki hversu margar athugasemdir berast en ég er sannfærð um að það verða margir sem leggja sitt lóð á vogarskálarnar í þessum efnum og koma til með að andæfa því að af þessum framkvæmdum verði.

Þeim sem láta sér annt um Þjórsárverin finnst nóg að gert í þessum efnum, nóg búið að gera, framkvæma í Þjórsá, og mál að linni, mál að við fáum friðlandið stækkað þannig að náttúruleg mörk þess fái notið verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Þegar þessar aðalskipulagstillögur og svæðisskipulagstillagan er skoðuð stingur auðvitað í augun að það eru ákveðnir þættir sem ekki er tekið nægilegt tillit til að mínu mati og þá má nefna rammaáætlun, náttúruverndaráætlun og heimsminjaskrárhugmyndir, því að það eru vissulega uppi hugmyndir um að Þjórsárver geti sómt sér vel á lista UNESCO yfir heimsminjar.

Svo þarf ekki að orðlengja um það að ekki virðist vera sérstök þörf fyrir þá orku sem kæmi úr hugmyndunum um Norðlingaölduveitu og að lokum má auðvitað nefna að setlónin sem gert er ráð fyrir að framkvæmdin útheimti eru þeirrar náttúru að í mínum huga, og hef ég gert grein fyrir því hér áður, þyrftu þau að fara í sjálfstætt mat á umhverfisáhrifum enda eru þau það stór að þau lenda innan ramma viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

En ég vil í þessari framsögu minni, virðulegi forseti, geta um tvær skýrslur sem komu út síðasta sumar, skýrslur sem skrifaðar voru um gildi Þjórsárverasvæðisins, skýrslur sem gert er ráð fyrir að geti verið lóð á vogarskálar þeirrar umræðu sem nú stendur um endanlega verndun þess sem eftir er. Þessar skýrslur eru unnar að frumkvæði Landverndar af tveimur afar virtum sérfræðingum, erlendum, sem þekkja vel til þessara svæða, en það eru þeir Roger Croft og Jack Ives sem báðir hafa kynnt sér Þjórsárver mjög vel. Skýrslur þeirra eru nokkuð samhljóma og það vekur einmitt athygli þegar þær eru lesnar að þeir skoðuðu verin á sumardögum 2004. Þeir voru ekki saman í ferðum sínum þannig að þeir sáu í raun og veru ólíka hluti en niðurstöður skýrslna þeirra eru, eins og ég segi, afar samhljóma.

Í fyrsta lagi staðfesta skýrslurnar það mat sem áður hefur komið fram að verndargildi Þjórsárvera er afar hátt bæði á landsvísu og alþjóðlega vísu. Ég get þess hér að þessar skýrslur má báðar finna á heimasíðu áhugahóps um verndun Þjórsárvera, en Jack Ives segir í skýrslu sinni, með leyfi forseta:

„Að mínu mati er það staðsetning votlendissvæðisins í eyðimörk á miðhálendi Íslands, við suðurenda Hofsjökuls, sem gefur svæðinu afar óvenjulega náttúrulega umgjörð þar sem fram koma afar sterkar andstæður: svartir eyðimerkursandar, jökull, freðmýrar, gróskumikill grænn svörður og

fjallahringur í fjarska. Mér kemur til hugar samanburður við svæði á jörðinni sem eru fræg vegna landslags: hlutar Tíbetsléttunnar, Sagarmatha-þjóðgarðurinn, ísi þakin eldfjöll í Andesfjallgarðinum, norðausturhluti Baffineyjar og þjóðgarðurinn í Yellowstone í Bandaríkjunum."

Roger Croft segir í skýrslu sinni, með leyfi forseta:

„Svæðið allt frá Hofsjökli að þeim stað þar sem Þjórsá fellur fram úr gljúfrunum er í alþjóðlegu samhengi afar mikilvægt, bæði vegna lífríkis og þeirrar landmótunar sem það endurspeglar. Við þetta bætist útsýni og upplifun fegurðar svæðisins. Hvort sem flogið er yfir svæðið, gengið um votlendið og vaðið yfir árnar eða litið yfir svæðið frá aðliggjandi hæðum eins og Biskupabúfu, blasir við baksviðið: íshettan, skriðjöklarnir, tindarnir, hæðir í fjarska, vatnsmikil áin, sandeyrar, votlendi og tjarnir. Þetta samspil mótar landslag sem er sjaldséð á jörðinni og örugglega einstakt á Íslandi."

Þannig geta þessir tveir heiðursmenn í skýrslum sínum um það álit Umhverfisstofnunar sem kemur fram í náttúruverndaráætluninni miklu, þ.e. ekki þeirri sem Alþingi samþykkti heldur stóru, þykku bókinni sem liggur að baki samþykkt Alþingis, að núverandi mörk friðlandsins séu í sjálfu sér ekki hin eiginlegu mörk eða hin náttúrulegu eða landfræðilegu mörk þess og það sé eðlilegt að þessi mörk séu útvíkkuð og í náttúruverndaráætluninni er tillaga þar um en því miður náði hún ekki inn í þau svæði sem valin voru fyrir náttúruverndaráætlun umhverfisráðherra sem samþykkt var á Alþingi.

Það er mat þeirrar stofnunar, Umhverfisstofnunar, að núverandi mörk friðlandsins séu ófullnægjandi og þau endurspegli ekki verðmætin sem er að finna á svæðinu. Undir þetta sjónarmið taka bæði þeir Roger Croft Og Jack Ives. Sömuleiðis geta þeir um að fyrirhuguð mannvirki, og þá sérstaklega stífluskurðir og veitur undir jökli, komi til með að hafa afar neikvæð áhrif á náttúru og landslag.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns, virðulegi forseti, telja báðir þessir heiðursmenn að svæðið geti komið til greina sem svæði á heimsminjaskrá UNESCO, verði því ekki raskað frekar og verði verndarsvæðið stækkað.

Um þetta segir í skýrslu Jack D. Ives, virðulegi forseti:

„Með tilliti til þess að ég hef starfað sem landmótunarfræðingur í meira en hálfa öld beini ég athyglinni að síðasta liðnum, landslaginu. Ég vísa til ferða minna um allan heim og legg áherslu á að þetta svæði sem markast af Kerlingarfjöllum, Hofsjökli og Þjórsárverum, séð frá hæðardragi suðaustan við Þjórsá (t.d. frá Sóleyjarhöfða) er eitt tignarlegasta og andlega mest örvandi landslag veraldar. Ég geri ráð fyrir því að ef mörk friðlandsins yrðu stækkuð þannig að þau næðu til Kerlingarfjalla, hluta aðliggjandi eyðisanda og alls Hofsjökuls, væri um að ræða svæði sem kæmi sterklega til greina til skráningar á heimsminjaskrá UNESCO."

Og nú spyr ég, hæstv. forseti: Væri ekki ráð að setja öll fyrirhuguð framkvæmdaáform Landsvirkjunar í bið, stækka friðlandið út frá þeim tillögum sem hafa verið í umræðunni um það mál og sjá til þess að svæðið verði skráð og skoðað og skilgreint til þess að það geti orðið gjaldgengt á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna? Verði svo, verði Þjórsárver tekin inn sem gilt svæði á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna, þori ég að fullyrða að það yrði meiri lyftistöng fyrir þjóðarhag þessa lands en nokkru sinni þau framkvæmdaáform sem Landsvirkjun hefur uppi. Þess vegna bið ég um að alþingismenn vitkist nú og leggi lið þeirri tillögu sem hér er talað fyrir í fjórða sinn, sjái til þess að friðlandsmörkin verði stækkuð og í framhaldinu getum við svo sótt um inn á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Hér er um hjarta landsins að ræða, Íslands „hjartagull", eins og Jack D. Ives segir í skýrslunni sinni, og ég held að þetta landsvæði sem þessi styrr hefur staðið um í áraraðir eigi það skilið að fá frið og Alþingi Íslendinga getur veitt þann frið.

[17:45]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég gat ekki á mér setið að koma aðeins inn í umræðu um þetta mikilvæga mál sem flutt er í fjórða sinn. Fyrir það fyrsta er þetta ákaflega vandað og gott þingmál með upplýsandi fylgiskjölum, bæði auglýsingin um friðlandið í upphafi og ályktanir frá heimamönnum um málið. Það er til sóma hvernig að því er staðið að öllu leyti.

Ég styð þingsályktunartillöguna um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum heils hugar. Ég hef fylgst nokkuð vel með málinu á undanförnum árum og tók nokkurn þátt í því fyrir fjórum árum, árið 2001, þegar haldinn var síðari sveitarfundurinn í Árnesi í Gnúpverjahreppi þar sem stór hluti íbúa Gnúpverjahrepps skoraði á stjórnvöld að vernda Þjórsárverin og skerða þau ekki í þeim fyrirhuguðu virkjunarframkvæmdum sem þá voru uppi. Fyrri fundurinn var haldinn í Árnesi, 17. mars 1972, og stendur mörgum íbúum í hreppunum mjög nærri enda hægt að fullyrða að svæðið er algerlega einstakt og stórbrotið.

Ég hef komið þarna inn eftir, bæði ríðandi og keyrandi og það er engu líkt að koma í þá gróðurvin sem er í auðninni miðri, þessa stóru afmörkuðu gróðurvin. Þarna er landslag, vatnafar, varpstöð og allt eins og upp er talið í ályktuninni með þeim hætti að það væru mjög dramatísk og alvarleg afglöp ef Þjórsárverin væru skert eða þeim fórnað fyrir stundargróða vegna frekari virkjunarframkvæmda í efri hluta Þjórsár. Þarna er búið að virkja mjög mikið á undanförnum að verða fjórum áratugum. Hver virkjunin á fætur annarri hefur sprottið upp og eins og fram kemur er þegar búið að veita um 40% af Þjórsá í Þórisvatn. Það er því búið að virkja mikið á svæðinu og engin rök uppi um að skerða eigi svæðið og mjög mikilvægt að það verði allt friðlýst en ekki bara hluti heldur að, eins og hér segir: „... mörkum friðlandsins í Þjórsárverum verði breytt og það stækkað þannig að sem mest af gróðurlendi svæðisins lendi innan friðlýsingarmarkanna." Ég styð þetta markmið heils hugar og vona að það gangi eftir. Það væri Alþingi til mikils sóma ef tillagan sem flutt er í fjórða sinn af Vinstri hreyfingunni – grænu framboði næði fram að ganga og kæmi sem ályktun frá Alþingi í vor þannig að vinna mætti hefjast við að stækka friðlandið í Þjórsárverum þannig að það næði yfir allt svæðið og gleðst nú þingflokksformaður Vinstri grænna mjög.

Það er að mörgu leyti til skammar hvernig Landsvirkjun hefur gengið fram í virkjunarmálum á liðnum árum með yfirgangi og ruddaskap að mörgu leyti. Til að mynda þegar

lagt var til að stíflan yrði reist með þeim hætti, Norðlingaölduveitu, að verin mundu skerðast að verulegu leyti var það ákveðinn áfellisdómur yfir þeirri stefnu sem hefur verið rekin í virkjunarmálum að mínu mati og menn fóru algeru offari. Sem betur fer náðist að hægja á þeirri þróun eða stöðva að hluta, ekki síst fyrir öfluga baráttu heimamanna eins og áður gat um. Yfir 70% af kosningabærum íbúum Gnúpverjahrepps skrifuðu undir yfirlýsingu sem er rakin í þingmálinu. Þann 24. maí 2001 var samþykkt ályktun almenns fundar í hreppnum sem ég var á og þá kynnti ég mér einmitt fyrst málið að einhverju marki. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fundurinn lýsir eindreginni andstöðu við Norðlingaölduveitu og aðrar fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir í Þjórsárverum og efri hluta Þjórsár.

Fundurinn bendir á margþættar rannsóknir færustu vísindamanna sem sanna sérstöðu svæðisins í íslenskri náttúru þar sem þeir vara við allri röskun af manna völdum enda er svæðið þekkt víða um heim og stór hluti þess friðlýstur."

Fundurinn ályktar þannig formlega með áskorun um að með 1.–5. áfanga Kvíslaveitu hafi nú þegar orðið veruleg röskun á vatnafari Þjórsár og ekki megi ganga lengra enda eru margir fossanna í Þjórsá, Gljúfurleitarfoss, Dynkur og fleiri ekki svipur hjá sjón þegar rennsli í ánni er hvað minnst. Nú þegar hefur því verið unnið töluvert umhverfistjón á svæðinu og menn hafa fórnað ýmsu en lengra má alls ekki ganga að mínu mati og þess vegna lýsi ég yfir stuðningi mínum við málið.

Landsvirkjun hefur gengið mjög langt fram í virkjunarstefnu sinni á liðnum árum, bæði hvað varðar yfirgang í eignarnámi jarða til að leggja yfir spennulínur þar sem engu er eirt og fyrirtækið virðist ná nánast hverju sem er þar til nú, en fram kom í fréttum um helgina að iðnaðarráðuneytið hefði hafnað beiðni fyrirtækisins um eignarnám tveggja jarða en heimilað öðrum þannig að vonandi er eitthvað að breytast í málinu. Skerða átti svæði sem er eitt það verðmætasta á öllu hálendi Íslands og er þá mikið sagt. Þetta er feikilega verðmætt svæði og þó svo að þarna verði aldrei um að ræða verulega umferð ferðamanna, því svæðið er mjög viðkvæmt, blandast engum hugur um verðmæti þess fyrir land og þjóð að búa að slíkri hálendisvin, verndaðri, friðaðri og óskertri enda væru það afglöp þeirrar kynslóðar sem nú er uppi gagnvart framtíðinni að skerða eða eyðileggja þetta merkilega, fallega og einstaka svæði sem Þjórsárverin eru. Verið væri að fórna miklum og einstökum verðmætum fyrir stundarhagsmuni og fyrir því eru engin rök að mínu mati. Það verður að vega og meta fórnarkostnaðinn hverju sinni og út á það hefur virkjunarumræðan að sjálfsögðu gengið á liðnum árum og menn verið tilbúnir til að fórna ansi miklu fyrir hugsanlegan ágóða, aukin útflutningsverðmæti og uppgang á ákveðnum landsvæðum en þarna eru engin rök fyrir framkvæmdunum sem skerða friðlandið eða verin að neinu marki, því auðvitað þarf friðlandið að ná yfir allt gróðurlandið þarna þannig að það komi aldrei til að það verði skert.

Hæstv. forseti. Tíminn er stuttur og málið stórt og mikilvægt og ég vona að þó við séum ekki mörg í umræðunni núna endurspegli það ekki afdrif málsins. Það er Alþingi Íslendinga ekki til sóma hvernig mörg mál sem eru þjóðþrifamál eru látin daga uppi og sofna í nefndum, mál sem eru í eðli sínu þverpólitísk og á að vera hægt að ná sátt og samstöðu um. Þetta er til marks um þingmál sem á að koma aftur að mínu mati í þingið eftir nefndarvinnu og afgreiðast frá Alþingi í vor. Þetta er mjög mikilvægt mál og vel unnið, um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, og ég styð það.

[17:53]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka jákvæðar undirtektir hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar. Honum er málið kunnugt hafandi komið þarna upp eftir og þekkjandi svæðið. Ég tek undir það sem hann sagði. Ég hef sjálf komið upp eftir oftar en einu sinni og það er engu líkt. Þetta er ævintýraland og mjög mikið ævintýri að fá að horfa þarna yfir þó ekki sé annað, því eins og fram kom í máli hv. þingmanns er landið ekki auðvelt yfirferðar og verður þar af leiðandi aldrei neitt sérstakt ferðamannasvæði þannig lagað séð. Það er samt sem áður þeirrar náttúru að það að standa upp á Sóleyjarhöfða og horfa þar yfir er engu líkt. Þarna eru eyrarrósabreiðurnar hábleikar eins og töfrateppi í sandauðninni sem umlykur þessa merku gróðurvin. Þetta er engu líkt, þetta ævintýri.

Ég gat þess ekki í máli mínu áðan að ég óska eftir því að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað enn einu sinni til hv. umhverfisnefndar og síðari umr. Ég treysti því satt að segja, hæstv. forseti, um leið og ég þakka fyrir undirtektirnar sem ég gat um, að tillagan fái að lokum jákvæða afgreiðslu í umhverfisnefnd og Alþingi Íslendinga fái tækifæri til að greiða um hana atkvæði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd og sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, fyrri umr.

Þáltill. KolH og SJS, 60. mál. — Þskj. 60.

[17:55]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni.

Tillagan gengur út á að Alþingi álykti að fela sjávarútvegsráðherra í samráði við Hafrannsóknastofnun að friða í varúðarskyni þau svæði á hafsbotni sem brýnast er talið að vernda til að koma í veg fyrir meira tjón á lífríki og uppvaxtarskilyrðum nytjafiska en orðið er.

Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir því að áætlun verði unnin um frekari rannsóknir á áhrifum veiða og veiðarfæra á vistkerfi hafsbotnsins og um aðgerðir til að draga úr skaðlegum áhrifum af þeirra völdum og til að tryggja sjálfbæra nýtingu vistkerfa hafsbotnsins innan efnahagslögsögunnar.

Við undirbúning og meðferð málsins gerir tillagan ráð fyrir að leitað verði eftir samvinnu við umhverfisráðherra, rannsóknastofnanir, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og samtök áhugamanna eftir því sem við á.

Skorti á lagaheimildir til æskilegra verndaraðgerða og til að tryggja sjálfbæra nýtingu hafsbotnsins verði lagðar fyrir næsta löggjafarþing tillögur þar að lútandi, sem og skýrsla um framvindu verndaraðgerða og fjárþörf vegna æskilegra rannsókna.

Hef ég nú farið í gegnum efni tillögutextans. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að hún var lögð fram seint á 128. löggjafarþingi en þá náðist ekki að taka hana á dagskrá. Hún var lögð fram á 130. löggjafarþingi og afgreidd til sjávarútvegsnefndar og sendi nefndin hana til umsagnar ýmissa aðila. Þeir sem sendu nefndinni umsögn voru m.a. Eyþing – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Hafrannsóknastofnun, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sjómannasamband Íslands og Vélstjórafélag Íslands. Ekki er hægt að segja að allir umsagnaraðilar hafi tekið beina afstöðu til tillögunnar og sumir voru þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að niðurstöður rannsókna Hafrannsóknastofnunar lægju fyrir áður en farið yrði út í frekari friðunaraðgerðir á einstökum svæðum. En í umsögn Hafrannsóknastofnunar, sem birt er sem fylgiskjal með tillögunni, koma fram afskaplega gagnlegar upplýsingar um þær rannsóknir sem hafa verið gerðar og aðrar sem standa yfir. Það er tvímælalaust mat tillöguflytjenda að í umsögn Hafrannsóknastofnunar komi berlega í ljós þörfin fyrir friðun í varúðarskyni, sem er eitt af meginatriðum tillögunnar og þess vegna þykir okkur rétt að endurflytja tillöguna óbreytta.

Tillagan á reyndar rætur í eldri þingmálum og í eldri þingsályktunartillögu Hjörleifs Guttormssonar sem samþykkt var 28. maí 1998. Sú þingsályktunartillaga er birt sem fylgiskjal með málinu og sömuleiðis teikning sem við höfum aflað okkur sem sýnir þá kóralgarða í Norður-Atlantshafi sem eru til staðar. Þeir kóralgarðar eru afar merkilegir og í þeim er svokallaður steinkórall, Lophelia pertusa á latínu, og er kórallinn og kóralrifin gífurlega mikilvæg fyrir uppvaxtarskilyrði fiska. Einnig, eins og ég gat um áðan, er umsögn Hafrannsóknastofnunar um þingsályktunartillöguna frá 26. nóvember 2003 birt sem fylgiskjal. Í umsögninni er fjallað um eftirfarandi atriði:

Kortlagningu hafsbotnsins með fjölgeislamæli, hvar þau mál standa og kortlagningu búsvæða sömuleiðis. Farið er yfir umfang og dreifingu botnvörpuveiða á Íslandsmiðum, fjallað um áhrif botnvörpuveiða á lífríki botns í Stakksfirði og Faxaflóa, áhrif rækju- og hörpudisksveiða á lífríki botns og viðkvæm búsvæði. Fjallað er um langtímaáhrif vatnsþrýstiplógs á lífríki botnsins, um kjörhæfnis- og skiljurannsóknir o.fl. Fram kemur í umsögninni að þekkingin á áhrifum botnvörpu á lífríkið hafi aukist verulega á seinni árum en þó hafi fáar rannsóknir athugað áhrif svæðisbundinna lokana á botndýralíf og talað er um að úr því þurfi að bæta.

Að öðru leyti vísa ég til umsagnarinnar sem birt er sem fylgiskjal með tillögunni en í henni kemur fram, þegar öllu er á botninn hvolft, að Hafrannsóknastofnun hefur unnið að ýmsum verkefnum sem ætlað er að varpa ljósi á áhrif veiða á umhverfið og auðvitað telur stofnunin grundvallaratriði í því samhengi að ljúka kortlagningu hafsbotnsins á næstu árum og könnun á áhrifum friðunarsvæða svo meta megi ástandið kerfisbundið og koma þannig á nauðsynlegum verndaraðgerðum þar sem það á við.

Sjónarmið okkar í málinu er að verulega mikilvægt sé að ákveðin svæði verði friðuð í varúðarskyni því við teljum verulegar vísbendingar vera um að tjón sem orðið hefur á lífríki hafsbotnsins vegna notkunar botnveiðarfæra haldi áfram, ekki sé búið að koma í veg fyrir tjón af völdum þessara veiðarfæra heldur haldi það áfram meðan þau eru notuð á viðkvæmum svæðum. Eflaust hafa mörg ykkar hér séð myndina sem sjónvarpið hefur sýnt um þetta efni sem fjallar um áhrif veiða á kórallasamfélög á hafsbotni við Noreg.

Ég minni líka á að á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg um sjálfbæra þróun, sem haldin var sumarið 2002, voru á dagskrá málefni hafsbotnsins og gildi búsvæða hans, þar á meðal kórallasamfélaga fyrir sjálfbæra þróun lífríkis sjávar. Það er mat okkar sem flytjum tillöguna að þörf sé á kerfisbundnum rannsóknum á þessu sviði. Það hefur blasað lengi við að allt of lítið hafi verið að gert hérlendis í þessum efnum. Auðvitað þarf meiri fjármuni í þetta allt saman og þar hangir að sjálfsögðu á spýtunni en ég tel vera um slíkt grundvallaratriði að ræða að okkur ætti ekki að vera ofraun að setja aukna fjármuni í rannsóknirnar til að tryggja áframhaldandi uppvaxtarskilyrði nytjafiska á Íslandsmiðum.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. sjávarútvegsnefndar.

[18:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þá tillögu sem hér er rædd því að í henni er margt að finna sem væri eðlilegt að standa betur að en gert hefur verið á undanförnum árum. Grunnurinn að því að umgangast sjávarbotninn og lífríki hans er auðvitað sá að afla þekkingar um það hvernig ástand ákveðinna svæða á hafsbotni er, hvar t.d. kóralsvæði eru og hvar þau eru óskemmd, hvar þau hafa verið nýtt og hvernig eigi þá að standa að slíku rannsóknarstarfi svo að við fáum út úr því markvissar niðurstöður.

Við erum búin að stunda togveiðar á Íslandsmiðum í áratugi, og ekki bara við Íslendingar heldur einnig aðrar þjóðir með okkur lengst af. Það er ekki launungarmál, hygg ég, að Þjóðverjar höfðu auðvitað stundað hér veiðar á mjög öflugum og stórum skipum árum saman. Fleiri þjóðir stunduðu hér líka veiðar þó að ég hyggi að Þjóðverjarnir hafi verið með öflugustu togveiðiskipin hér við land áður en við vorum komin yfir í þá skuttogaravæðingu sem nú er og hófst upp úr 1970 hér á landi. Sjávarbotn við landið þar sem kórall vex breytist við nýtingu veiðarfæranna og hann breytist því meir og hraðar eftir því sem tækin sem notuð eru við veiðarnar eru aflmeiri, þ.e. eftir því sem skipin hafa meira afl og eftir því sem veiðarfærin verða þyngri. Þar af leiðandi hefur það gerst á tækniöld að eftir að skipin stækkuðu, aflinn varð meiri og þyngd veiðarfæranna jókst hefur vafalaust verið höggvið niður talsvert af kóralsvæðum við landið. Það vita menn sem hafa stundað þessar veiðar, m.a. sá sem hér stendur sem hefur örugglega tekið þátt í því hér á árum áður að breyta landslagi á hafsbotni.

Það þarf oft ekki mörg ár til að breyta hafsbotninum og það má taka sem dæmi að þegar skuttogararnir voru að koma hér að landi um 1970 var talið illtogandi á svæðum eins og austur af Halanum af meira en 120 faðma dýpi. Ég hygg að mönnum þyki svæðið nokkuð silkilagt í dag alveg niður á 140–150 faðma. Þá sjáum við að smátt og smátt hafa menn verið að teygja sig dýpra á slóðinni og þannig breytist botnlagið. Þau gróðursamfélög sem voru fyrir eins og gróðursamfélög af miklum osti og ostakúlum og ýmsar hrúgur og fyrirstöður sem áður stöðvuðu veiðar á þessum svæðum gefa smátt og smátt eftir við langtímanotkun.

Nú er það ekki svo að ekkert hafi verið aðhafst í þá átt að friða svæði hér við landið. Má m.a. sjá það á bls. 10 í fylgiskjali með þessari tillögu. Þar eru kortlögð friðunarsvæði við Ísland, m.a. bann við togveiðum allt árið, og þar má sjá að búið er að loka ákveðnum svæðum vestur af landinu þar sem kórall var kannski í meira mæli áður fyrr en nú er. Samt eru þarna eftir ákveðin svæði og ákveðnir blettir, hygg ég, sem náðist utan um með þeirri lokun sem gerð var upp úr 1993 þegar suðurhluta Melsaxins — sem Þjóðverjar gáfu nafn hér á árum áður — var lokað ásamt öllum útkantinum fyrir Vesturlandi langleiðina norður undir vesturhorn Víkuráls. Ég hygg að innan þessara svæða megi finna einstök lítil kóralsvæði sem enn þá eru kannski til staðar og standa fyrir sínu.

Síðan er það auðvitað við Reykjaneshrygginn sjálfan, sem er erfiður yfirferðar vegna eigin landslags á botni, að þar hafa kóralsvæði verndast að einhverju leyti. Síðan hafa nokkur svæði verið friðuð eins og lítil svæði út af vesturhorni Víkuráls og nokkuð stórt svæði út af Ströndum og Húnaflóa sem ekki er beint kóralsvæði en þó, á grunnu vatni eru þar ákveðnar kóralmyndanir, eins og uppi á hornbakkanum á sumum svæðum.

Síðan má nefna svæði eins og fyrir Norðausturlandi sem eru líka alfriðuð allt árið. Nokkuð hefur því verið gert í þessu en við fórum auðvitað mjög seint af stað og erum örugglega búin að breyta miklu í botnlaginu við Ísland á undanförnum áratugum. Það segir samt ekki að við eigum ekki að skoða svona tillögur með fullri virðingu og reyna að grípa til aðgerða þar sem við getum verið sammála um að sé ástæða til að koma í veg fyrir frekari spjöll. Til þess þurfa auðvitað að fara fram marktækar rannsóknir og við höfum séð það nýverið, m.a. hafa í sjónvarpinu verið sýndar myndir af rannsóknum á kóralsvæðum við Suðurland og í útköntunum þar.

Það er hins vegar eitt atriði sem ég vil segja í lok máls míns. Þegar svona svæðum hefur verið lokað eins og ég hef hér nefnt, sem eru búin að vera lokuð í áratugi, skorti að mínu viti mjög á það áður en svæðunum var lokað að þau væru skoðuð. Það hefði verið nauðsynlegt að skoða ákveðin tiltekin svæði til þess að sjá hvernig þau litu út áður en veiðar voru þar bannaðar — en þær eru bannaðar allt árið á þó nokkrum svæðum — m.a. til að sjá hvað gerist á svæðum sem er búið að vera togveiðibann á í yfir áratug eins og nú er orðið. Hvernig taka þau við sér, hvað gerist á þeim og lifna þau við aftur, og þá hversu hratt? Þetta var því miður ekki gert og við vitum ekki hvað við erum að fást við.

[18:11]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég er að upplifa minn annan vetur sem þingmaður á hinu háa Alþingi og þetta er í annað skipti sem ég tek til máls í ræðustól um þessa þingsályktunartillögu. Hún var einnig borin fram í fyrravetur, fór þá inn í sjávarútvegsnefnd og hvarf þar sjónum manna, sást hvorki tangur af henni né tetur þar til hún birtist á nýjan leik endurflutt hér í dag.

Þetta er að mínu viti ágæt tillaga sem ég styð heils hugar. Ég gerði það í fyrra og sú skoðun mín hefur ekkert breyst. Ég tel mjög mikilvægt að þessi svæði séu vernduð fyrir áníðslu togveiðarfæra, þessi svæði þar sem við vitum að þetta lífríki er, þ.e. kórallinn, því að þegar kórall er brotinn niður tekur mjög langan tíma að byggja hann upp aftur.

Það er alveg með ólíkindum hversu mikið léttlyndi og sinnuleysi stjórnvöld hafa sýnt í þessu máli. Hljóta ríkisstjórnin og hæstv. sjávarútvegsráðherra að bera þar á fulla ábyrgð. Það eru mörg ár síðan okkur varð ljóst að þessi svæði væru í hættu. Ég man eftir því mörg ár aftur í tímann að sjómenn voru að tala um að þeir lentu í kóral. Ég hef sjálfur tekið þátt í því um borð í rannsóknarskipum og líka í fiskiskipum að fá upp kóral með veiðarfærunum og aðrar lífverur einnig, t.d. það sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kallaði ostakúlur sem eru ekki annað en kísilsvampar, en lífríki og lifandi verur engu að síður.

Það ætti fyrir löngu að vera búið að gera það sem menn hafa verið að gera á Íslandi á undanförnum missirum, eftir að fréttir fóru að berast af því, m.a. frá Noregi, að menn hefðu náð að mynda svona svæði og mönnum hefur orðið ljóst hvað væri í húfi. Menn hefðu átt að hefja þetta starf á Íslandi fyrir mörgum árum. Batnandi mönnum er þó að sjálfsögðu best að lifa og við vitum að þó nokkuð hefur verið unnið að því innan veggja Hafrannsóknastofnunar á undanförnum árum að afla upplýsinga um þau svæði þar sem þetta lífríki er á hafsbotninum. Við sjáum þess merki í þessari nýjustu útgáfu þingsályktunartillögunnar þar sem Hafrannsóknastofnun hefur veitt umsögn um og leggur með kort sem sýna þekkt svæði með kóröllum við Ísland samkvæmt upplýsingum frá sjómönnum. Sjómenn hafa vitað það í mörg herrans ár hvar þessi svæði eru. Þeir hafa jafnvel sótt í þessi svæði af ráðnum hug. Ég er ekki að segja að þeir hafi gert það af ásettu ráði, þ.e. ekki að brjóta niður kóralla. Menn hafa ekki vitað hvað þeir voru að gera, hafa ekki gert sér grein fyrir því tjóni sem þeir voru að vinna en hafa leitað á þessi svæði vegna þess að þau eru oft mjög rík af lífríki og á þeim er oft að finna fisk, til að mynda karfa, keilu og löngu. Um það vitum við. Myndir sem Norðmenn hafa tekið af hafsbotninum á svona kóralsvæðum sýna einmitt þessar fisktegundir. Þessir nytjastofnar virðast mjög sækja í þetta búsvæði. Það freistar að sjálfsögðu fiskimanna.

Það skiptir þó ekki máli hvað varðar það að friða þessi svæði. Það ber að friða þau fyrir togveiðarfærum. Látum vera þó að mönnum yrði áfram leyft að stunda veiðar á umræddum svæðum með t.d. línu. Það væri sök sér. Línan mundi ekki skemma þessi viðkvæmu búsvæði. Hún mundi ná fiskinum en okkur tækist að verja þau ef við bönnuðum togveiðar og það eigum við að sjálfsögðu að gera.

Mörg undanfarin ár eða áratugi, virðulegi forseti, hefur okkur Íslendinga skort tækjabúnað til að stunda rannsóknir og fara niður og mynda hafsbotninn á þessum svæðum en í dag höfum við yfir að ráða búnaði til að gera þetta. Við eigum núna fullkomið hafrannsóknarskip sem reyndar eyðir mestum hluta ársins bundið við bryggju sökum fjárskorts en engu að síður rannsóknarskips og um borð í því skipi, Árna Friðrikssyni RE, er að finna mæli, svokallaðan fjölgeislamæli sem unnt er að nota til að kortleggja hafsbotninn.

Þess ber einnig að geta að Landssamband ísl. útvegsmanna gaf í fyrrahaust myndavél til rannsókna á veiðarfærum og á hafsbotninum og að sjálfsögðu ber að þakka það góða framtak og hefði það mátt koma miklu fyrr. Það hlýtur hins vegar að valda áhyggjum að stjórnvöld virðast ekki geta nýtt sér gjafir frá útgerðarmönnum til að stunda hafrannsóknir hér við land, sennilega vegna nísku. Hafrannsóknarskipið, eins og ég sagði áðan, liggur bundið við bryggju stóran hluta ársins og fyrst svo er er vart þess að vænta að ríkisstjórnin tími heldur að nota þessa myndatökuvél og hún verði meira í orði en á borði eins og svo margt annað í tengslum við fiskveiðistjórn hér við land.

Nóg um það, virðulegi forseti. Ég vona að þingsályktunartillagan fái góða meðhöndlun í sjávarútvegsnefnd og beðið verði um almennilegar umsagnir við hana og hún verði afgreidd úr nefndinni fyrir þinglok. Hér er mjög þarft mál á ferðinni, mál sem ætti að sjálfsögðu fyrir löngu að hafa verið afgreitt frá hinu háa Alþingi. Það á sér forsögu allar götur til ársins 1998. En þetta mál á að sjálfsögðu að fá að fara í gegnum nefndina en því miður læðist að mér sá illi grunur að það verði svæft. Skylt er að geta þess að hér í salnum eru einungis tveir fulltrúar í sjávarútvegsnefnd, þ.e. sá sem hér stendur og hv. þm. Jóhann Ársælsson. Allir aðrir meðlimir sjávarútvegsnefndar virðast af einhverjum ástæðum ekki sjá sér fært að vera á þingfundi þegar þetta mjög svo mikilvæga mál er tekið fyrir. Hv. formaður sjávarútvegsnefndar, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, virðist vera víðs fjarri og að sjálfsögðu ekki frekar en fyrri daginn hefur hæstv. sjávarútvegsráðherra séð sóma sinn í að vera viðstaddur í þingsal þegar mál eru tekin fyrir sem varða sjávarútveginn, þ.e. önnur mál en þau sem beinlínis varða hann sjálfan. Þetta ber að sjálfsögðu að harma. Það er ekki í fyrsta sinn sem maður neyðist til að gera það í sal hins háa Alþingis að nefna þá lítilsvirðingu sem stjórnarliðar sýna þinginu trekk í trekk en það er, eins og ég hef sagt, að koma á daginn enn eina ferðina, því miður, og segir mér að þetta mjög svo þarfa mál mun sennilega ekki sjást aftur fyrr en að ári liðnu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndaráætlun fyrir svæði sem eru ósýkt af sauðfjárriðu, fyrri umr.

Þáltill. JÁ, 61. mál. — Þskj. 61.

[18:20]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég flyt þingsályktunartillögu um verndaráætlun fyrir svæði sem eru ósýkt af riðuveiki í sauðfé. Tillögugreinin er eftirfarandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi verndaráætlun um að varðveita svæði sem eru ósýkt eru af sauðfjárriðu svo að þar megi ala líflömb fyrir svæði sem hafa sýkst.

Reglur verndaráætlunarinnar geri bændum kleift að selja á markaði sauðfjárafurðir sem vottað er að séu frá slíkum verndarsvæðum. Sérstaklega verði kannað hvernig tryggja megi að slátrun fari fram innan verndarsvæðanna hvers og eins eða sameiginlega. Við gerð verndaráætlunarinnar skal endurmeta allar sauðfjárveikivarnareglur sem í gildi hafa verið."

Riðuveiki í sauðfé er illvígur sjúkdómur sem hefur um langan tíma herjað víða um landið. Nokkur svæði eru þó ósýkt og hafa verið uppspretta líflamba fyrir önnur svæði. Sérstakt áhyggjuefni er nú að í þeirri miklu fækkun sláturhúsa sem yfir hefur gengið hefur það ástand myndast að sauðfé er flutt landshorna milli til slátrunar. Þótt ekki hafi verið flutt fé af riðuveikisvæðum inn á ósýkt svæði til slátrunar hafa sömu flutningatækin farið um sýkt og ósýkt svæði. Sjúkdómurinn er svo illvígur að þessi aðferð getur ekki talist örugg. Því þarf að tryggja að slátrun á þessum svæðum fari fram innan þeirra en huga mætti þó að þeim möguleika að fé yrði flutt milli ósýktra svæða til slátrunar ef sú aðferð stæðist þær öryggiskröfur sem settar yrðu.

Eðlilegt markmið stjórnvalda ætti að vera að tryggja með öllum tiltækum ráðum að ósýkt svæði verði varðveitt til framtíðar, a.m.k. þar til tekst að ráða niðurlögum veikinnar í öðrum landshlutum. Sérstök vernd svæðanna felur líka í sér möguleika til að markaðssetja sauðfjárafurðir frá þeim sérstaklega og vitað er að fyrirspurnir um hvort slíkt hafi verið í boði hafa komið erlendis frá. Sérstök verndaráætlun fyrir slík svæði gæti því aukið möguleika bænda til að selja vöru sína bæði hér og erlendis með sérstakri gæðavottun hvað þessa veiki varðar.

Margvíslegar ráðstafanir hafa verið gerðar hér á landi til að hefta útbreiðslu sjúkdóma í sauðfé með ágætum árangri en þó hefur riðuveikin stungið sér niður víða um land og komið upp aftur á bæjum þar sem fé hefur verið skorið niður jafnvel mörgum árum síðar. Margvísleg samskipti, jafnvel ferðalög á hestum og flutningur af ýmsu tagi getur hugsanlega valdið því að veikin berist milli landshluta. Talið er t.d. að riða hafi borist milli landshluta með fóðri. Þess vegna er að mörgu að huga ef fyrirbyggja á að veikin geti borist milli svæða. Ástæða er til að gera ráð fyrir langri baráttu við þennan sjúkdóm í landinu. Ósýktu svæðin ætti að vera auðveldara að verja ef þeirra verður sérstaklega gætt en ómælanlegur skaði yrði ef sjúkdómurinn kæmi upp á þeim og þess vegna er full ástæða til að huga alveg sérstaklega að vernd þeirra og góð rök fyrir að kosta þar nokkru til

Frumkvæði og stuðningur hins opinbera við verndaráætlun eins og hér er lagt til að verði til stofnað er að mati flutningsmanns þessarar ályktunar fyllilega réttlætanlegur. Það er hlutverk hins opinbera að verja með tiltækum ráðum auðlindir landsins. Íslenski fjárstofninn er ein þessara auðlinda. Tillagan er flutt í þeim tilgangi að verja hann fyrir þeim sjúkdómi sem erfiðast hefur verið að ná tökum á.

Öðru hverju berast fréttir af því að riðuveikismit hafi komið upp og skemmst er að minnast þess að upp kom riðuveiki á Suðurlandi fyrir ekki löngu síðan, bæði í fyrra og hittiðfyrra. Á undanförnum árum hafa verið að stinga sér niður tilfelli af þessu tagi. Sem dæmi um það hve erfitt er við þennan sjúkdóm að eiga er talið nokkuð öruggt að telja megi að riða hafi komið upp a.m.k. eftir 18 ár og jafnvel eftir 20 ár. Reglugerðin sem er í gildi núna gerir ráð fyrir að svæði sem hafa haft riðu séu orðin frí af henni eftir 20 ár en þó eru til dæmi um að riða hafi komið upp eftir svona langan tíma. Eitthvað í frágangi virðist því hafa orðið til þess að smitefnið hefur getað leynst og lifað af í jarðvegi eða með öðrum hætti á þessum stöðum þar sem riðan hefur komið upp.

Þetta minnir vissulega svolítið á annan sjúkdóm, miltisbrandinn, sem virðist geta lifað enn þá lengur og komið upp. Riðuveikismit eru sem betur fer ekki talin hafa komið upp eftir lengri tíma en þennan. Mörg svæði á landinu eru núna að ná þessum tíma á næstu árum, 20 árum eða svo, og við getum alveg bundið vonir við það að við getum séð fleiri og fleiri svæði verða talin frí af riðuveiki. En það er full ástæða til að vekja þetta mál upp á hv. Alþingi bæði vegna þess sem ég sagði áðan og að ákveðin tækifæri eru líka fólgin í málinu.

Norðmenn óskuðu eftir því fyrir nokkrum árum að fá kjöt frá Íslandi sem væri vottað að væri frá svæði þar sem ekki væri riðuveiki. Ekki var hægt að verða við því þá. Það eru kannski möguleikar að verða við því núna vegna þess að menn geta passað upp á upprunann. En einnig hafa verið að gerast hlutir sem ég ætla að nefna og það er að flutningarnir sem núna eru stundaðir á búfé til slátrunar hafa myndað nýja hættu. Menn hafa verið að flytja fé á flutningatækjum sem hafa farið um svæði þar sem riða hefur verið til staðar fyrir ekki mjög löngu síðan og sömu tækin eru svo notuð til að sækja fé inn á svæði þar sem aldrei hefur fundist riða, t.d. vestur á firði, til að flytja það til slátrunar á öðrum stöðum landsins. Ég tel að þarna séu menn að hætta allt of miklu. Það ætti auðvitað að vernda þessi svæði sem eru uppspretta líflambanna. Þau eru fleiri en þarna. Þau eru á norðausturhorninu líka og á Snæfellsnesi þar sem ekki hefur komið upp riða og þar sem menn sækja líflömb þegar þeir þurfa á því að halda, t.d. til að endurnýja bústofn sinn. Ég held að verndaráætlun fyrir þessi svæði sé nauðsynleg sem mundi þá kannski fela í sér að inn í hana yrðu tekin svæði jafnóðum og þau hafa verið riðufrí nógu lengi til þess, hvort það eru þessi 20 ár sem reglugerðin gerir ráð fyrir núna eða einhver annar árafjöldi, það ætla ég ekki að dæma um.

En fyrst og fremst er ég að flytja þessa tillögu til að vekja athygli á málinu vegna þess að það er alveg ljóst að sumt af þeim slysum sem hafa orðið síðustu árin eru vegna þess að menn eru ekki nógu vel vakandi. Það á við um almenning, það á við um fólk sem fer ríðandi um landið sem hefur tekið með sér fóður jafnvel af svæðum þar sem riðuveiki hefur verið til staðar, jafnvel af riðuveikibæjum, flutt með sér til að gefa hestum. Og dæmi eru um að gripir hafi verið fluttir milli landsvæða sem hafa verið geymdir í fjárhúsum á riðuveikibæ og fluttir að öllum líkindum með sitt riðusmit í annan landshluta. Þetta eru hlutir sem benda til þess, og eðlilega. Það er eðlilegt að menn séu kannski ekki alveg vakandi yfir sjúkdómi sem er svona óskaplega illvígur og tekur svo langan tíma að uppræta. Þess vegna þurfa menn að vera sífellt á verði til að hægt sé að vinna bug á sjúkdómnum.

Ég ætla í lok ræðu minnar að vitna í lokaorð greinar sem Sigurður Sigurðarson, dýralæknir sauðfjársjúkdóma, birti á vef yfirdýralæknisembættisins 20. júlí 2004 þar sem hann svarar spurningunni: Er hægt að útrýma riðuveiki?

Hann segir, með leyfi forseta:

„Já, það er hægt. Það vantar herslumuninn. Augljóst virðist af þeim árangri sem hefur náðst, að unnt sé að uppræta riðuveiki, ef enginn bregst og allir fara eftir settum reglum. Til þess þarf hugarfarsbreytingu og skipulagt samstarf þeirra sem málið snertir. Þessi grein er ætluð til þess að fleiri þekki einkenni veikinnar.“ — Hann lýsir einkennum hennar í fyrri hluta greinarinnar.— „Veikin er lengi að búa um sig áður en hún kemur fram. Tafir geta orðið á greiningu hennar, menn átta sig ekki á breytilegum einkennum og kveikja ekki á peru, þar sem engin von er á veikinni. Á meðan getur hún breiðst út. Menn ættu að huga að smitleiðum, hugsa ekki of skammt. Menn ættu alls staðar að hætta að versla með fullorðið fé. Það stuðlar að flakki og smitdreifingu. Verslun með fé til kynbóta (hrúta) ætti aðeins að fara fram með vitund og skriflegu samþykki héraðsdýralæknis á svæðum, sem eru laus við alvarlega smitsjúkdóma. Greitt er fyrir sæðingum til að létta á verslunarþörf. Menn ættu að hætta að hýsa afbæjarfé, hætta að fá hrúta að láni, hætta að nota ósótthreinsuð tæki og tól frá öðrum. Fullorðnar kindur sem skera sig úr þyrftu allar að komast í hendur dýralækna til rannsókna eigendum að kostnaðarlausu, helst gegn greiðslu til eigenda. Ljóst virðist að riða kraumar undir hér og hvar enn þá og er jafnvel að tæra upp kindur á stöku stað án þess að menn átti sig á því. Baráttan gegn riðuveiki er sameiginlegt hagsmunamál okkar, sem snertir álit landsins út á við. Hér þarf hver að gæta bróður síns og afstýra ógætni og lögleysu. Ný aðferð til leitar og greiningar á riðuveiki áður en hún sést er nú fundin. Hana þurfum við að taka upp þótt dýr sé. Það er lykillinn að lokaátakinu.“

Þetta segir Sigurður Sigurðarson í grein sinni. Ég vil bæta því við og hafa það lokaorð mín að ég tel fulla ástæðu til að menn fari yfir þessi mál, skoði þau upp á nýtt og allar þær reglur sem eru í gildi og að menn skoði möguleikana á því að setja upp verndarsvæði, eins og ég legg til. Í því eru líka fólgin tækifæri sem ég held að íslenskir bændur gætu nýtt sér.

[18:33]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég stend upp til að taka undir nokkra hluti í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Hv. þingmaður

sagði að hann væri að flytja málið til að vekja athygli á því. Ég held að það sé einmitt mjög nauðsynlegt og mjög gott fyrir okkur að skoða þessi mál enn frekar. Það er ágætt að upplýsa það að á fundi hv. landbúnaðarnefndar í fyrramálið á einmitt að fjalla um riðu og við munum fá þangað gesti og fara yfir þessi mál og var ágætt að heyra það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson fór yfir.

Ég vil sérstaklega taka undir áhyggjur er varða sláturhúsin. Þeim hefur fækkað mikið og t.d. á mínu svæði, Austurlandi, er fátt um fína drætti í þessum málum og menn hafa auðvitað áhyggjur af þessu. Það má kannski deila um fjölda sláturhúsanna en ég held að flestir geti tekið undir að dreifingin er frekar óheppileg, án þess að maður sé nokkuð að deila á hvernig sláturhúsin eru því þau eru mjög fín og það er metnaðarfullt starf sem þar fer fram. En það er alveg ljóst að flytja þarf gripina langar leiðir og t.d. einangrast Fjallalamb á Kópaskeri þó nokkuð mikið út af sóttvarnarlínum. Ég held því að það sé mjög mikilvægt að fara yfir þessi mál og þakka hv. þingmanni fyrir að flytja þingsályktunartillöguna.

[18:35]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka viðbrögðin. Ég vona að ég hafi ekki verið misskilinn, hvort tveggja er að ég er að vekja athygli á riðuveikivandanum og tel fulla ástæðu til þess. Þegar ég skoðaði málið sannfærðist ég enn betur um að það er virkileg þörf á því að menn fari yfir þessi mál og ég fagna því að landbúnaðarnefnd hafi tekið málið upp til skoðunar og trúi því að í framhaldinu fylgi vinna sem geti hjálpað til í þessu öllu saman. En ég var ekki bara að flytja málið til að vekja athygli á riðuveikivandanum heldur líka af því að ég trúi því að í þessu sé fólginn ákveðinn möguleiki, að bændur geti nýtt sér þau svæði þar sem ekki hefur komið upp riða til að selja þaðan vörur með sérstakri gæðavottun og það verði hvatning til þess að menn passi hlutina enn þá betur, vegna þess að ný og ný svæði geta komið inn vottuð sem riðulaus svæði eftir ákveðinn tíma frá því að riðan greindist sem menn telja tryggingu fyrir því að svæðið sé orðið riðulaust aftur. Íslenskir bændur verði því og allir sem eiga hlut að máli — því það eru ekki bara bændur. Bændur eiga nefnilega mikið undir öðru fólki hvað það varðar að berjast við sjúkdóminn, ekki síst hestamönnum og öðrum sem eiga búfé og eru jafnvel líka að rækta skepnur upp á sport.

[18:37]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta sé tekið til umræðu á hinu háa Alþingi, þ.e. þessi bölvaða riðuveiki sem hefur valdið bændum landsins svo miklum búsifjum á undanförnum fjölmörgum áratugum. Þetta er geysilega illvígur sjúkdómur og erfitt við hann að eiga. Við erum ekki að fást við einhverja veiru eða bakteríu, ekki eitthvert lífsform, heldur erum við að berjast við ákveðið eggjahvítuefni, prótein, sem smitast í sauðféð og dregur það til dauða á skömmum tíma með hroðalegum hætti. Þetta er á vissan hátt svolítið skylt kúariðu sem olli miklum búsifjum í Bretlandi og frá kúariðu er stutt yfir í Kreutzfeld-Jacobs sjúkdóminn, þó það sé að sjálfsögðu og sem betur fer fullsannað að sú riða sem leggst á sauðfé getur ekki borist yfir í fólk. En nógu slæmt er það samt.

Þegar ég las texta þingsályktunartillögunnar hnaut ég um að hv. flutningsmaður, Jóhann Ársælsson, talar um verndarsvæði, að útbúin verði verndaráætlun og eins og ég skil það að landið verði hólfað niður í ákveðin verndarsvæði. Mér leikur hugur á að vita hvernig hv. þingmaður sér þetta fyrir sér, hversu mörg verndarsvæðin eigi að vera og hvar á landinu. Hér er ágætismynd á bls. 3 sem sýnir hvar riðan hefur komið upp og virðast einkum þrjú svæði hafa verið mjög skæð. Mér þætti gaman að fá að heyra svolítið nánar um hvað hv. þingmaður hefur hugsað sér.

[18:39]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Verndarsvæðin sem ég sé fyrir mér eru bara sömu svæði og menn hafa notað til að berjast við sjúkdóminn. Ég sé fyrir mér að til að byrja með væri fyrst og fremst um að ræða — ja, ég ætla ekki að dæma um það vegna þess að ég tel ástæðu til þess að þeir sérfræðingar sem mundu skoða málið færu yfir það hve stór svæði þetta gætu verið, en Strandirnar og norðausturhornið, í Þistilfirði og þar, og Snæfellsnesið eru svæði sem aldrei hefur komið upp riða á. Varnarhólfin sem þar eru gætu t.d. verið fyrstu verndarsvæðin. Hugsanlegt er að þeir sem munu véla um þetta komist að þeirri niðurstöðu að einhver önnur svæði séu nú þegar komin yfir vandann, en ég hef ekki trú á því vegna þess að það virðast vera til staðfest dæmi um að a.m.k. 18–20 ár hafi liðið á milli þess að upp hafi komið smit vegna þess að smitefnið hafi leynst á svæðinu. Ég trúi því að menn verði í einhvern tíma að láta sér nægja að hafa verndarsvæðin þar sem aldrei hefur komið upp riða. En innan tiltölulega fárra ára ættu svæðin að geta orðið fleiri og stærri og þá mundi auðvitað vera miðað við varnarhólfin sem hafa verið notuð.

Eitt af því sem þarf t.d. að gera er að sjá til þess að menn beri virðingu fyrir varnarhólfunum. Menn hafa jafnvel verið að keyra í gegnum girðingarnar og eyðileggja þær fyrir (Forseti hringir.) einhvern — ja, við skulum bara segja kjánaskap.

[18:41]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Kortið sem fylgir með í fylgiskjali á bls. 3 er afskaplega athyglisvert. Það er rétt sem hv. þm. Jóhann Ársælsson benti á að þetta eru ein þrjú, já, ég sé ein fimm svæði þar sem riða hefur ekki komið upp, fimm hólf. Það eru Strandirnar, Þistilfjörðurinn, utanvert Snæfellsnes, uppsveitir Borgarfjarðar að því er ég best fæ séð og sunnanverðir Austfirðir að því er ég best fæ séð.

Það er alveg þess virði að skoða mjög vandlega hvort ekki sé einmitt ástæða til þess að gera það sem hv. þingmaður leggur til, að taka upp verndaráætlun og nota þau svæði þar sem riða hefur ekki komið upp sem framleiðslusvæði fyrir líflömb inn á svæðin þar sem riðan hefur komið fram. Eins og ég nefndi áðan er þetta geysilega illvígur sjúkdómur og getur komið upp aftur þrátt fyrir að mjög

mörg ár séu liðin frá því að hans var síðast vart og eru uppsveitir Árnessýslu í fyrra einna skýrasta dæmið um það. Við höfum líka önnur dæmi eins og sést á kortinu sem fylgir með þingsályktunartillögunni.

Það er kominn tími til að við hreinlega, árið 2005, lýsum yfir stríði á hendur þessum sjúkdómi, skerum upp algera herör gegn sjúkdómnum og setjum okkur það markmið að útrýma honum í eitt skipti fyrir öll. En að sjálfsögðu mun það kosta fórnir.

Eins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir benti á áðan verður þetta umræðuefni til umfjöllunar í hv. landbúnaðarnefnd í fyrramálið. Ég á þar sæti sem áheyrnarfulltrúi og verð að segja að ég hlakka mikið til þess fundar og vænti þess að málið verði tekið mjög föstum tökum þar.

[18:43]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka undirtektirnar og tek undir það að ástæða sé til að menn taki höndunum saman. Ég held reyndar að markmiðin hafi verið sett, að ráða niðurlögum þessa sjúkdóms og að til þess hafi verið fullur vilji. En þegar mál taka svo langan tíma og svo erfiðan sjúkdóm sem þennan er við að eiga þá þurfa menn á öllu sínu að halda til að viðhalda baráttunni. Þess vegna er ástæða til að skoða málin upp á nýtt.

Við höfum séð að sums staðar hafa girðingar drabbast niður. Það getur vel verið að nú orðið sé ástæða til að fækka jafnvel hólfum og hætta að viðhalda tilteknum girðingum milli hólfa og mynda stærri hólf eða eitthvað slíkt. Það þarf að skoða og fara yfir.

Ég held að það sé hárrétt að menn þurfi reglulega að endurnýja baráttuna í svona málum og það sé kominn tími á það í slagnum við sauðfjárriðuna. Ég vona sannarlega að menn standi sig í því því að það kann ekki góðri lukku að stýra að slaka á klónni varðandi það að flytja fé á bílum milli svæða án þess að þeir séu almennilega þrifnir. Ég þekki dæmi um það og ég veit að þeir sem hafa borið ábyrgð á því hjá yfirdýralækni hafa reynt að sjá til þess að betur sé gert hvað það varðar án þess að það hafi tekist.

[18:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í upphafi máls vil ég taka undir nánast allt í málflutningi hv. 1. flutningsmanns, hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Ég tel að hann hafi hreyft afar þörfu máli.

Mesta hættan er auðvitað fólgin í því að menn gleymi að standa vaktina þegar fram í sækir. Ég tel að réttast væri að gera eins og hv. þingmaður leggur til, að viðhalda lokun á þeim svæðum sem hafa verið sýkingarlaus en fé verið flutt frá inn á svæði sem hafa verið sýkt til að byggja þar upp stofna á nýjan leik. Ég tel nauðsynlegt að við gleymum ekki að vernda þau svæði og halda þeim hreinum. Það má ekki slaka of mikið á með því að fella niður girðingarhólf eða hólf sem hafa verið notað á undanförnum árum. Okkur hefur tekist að halda Snæfellsnesinu nokkuð hreinu og auk þess Vestfjörðunum, norðausturhorninu og Suðursveitinni, eða svæðinu sunnan Vatnajökuls. Ég tel nauðsynlegt að við gleymum okkur ekki þótt einhverjum svæðum hafi tekist að haldast riðulaus í 20 ár. Við megum ekki fella niður varnargirðingarnar og hætta á að veikin komi upp á þeim svæðum.

Mesta hættan liggur þarna, að þó að menn telji 20 ár nægja til að líta svo á að tekist hafi að koma í veg fyrir riðu þá hefur það sýnt sig að riðan tekur sig upp aftur og aftur á ákveðnum svæðum landsins og það getur auðvitað verið mjög varasamt að slaka á við að koma í veg fyrir smit.

Ég tek undir það sem hv. þingmaður hefur sagt varðandi flutningana af svæðum sem eru sýkt. Við getum tekið svæði eins og Skagafjörð en þangað er fluttur fjöldi fjár þar sem mikil slátrun fer fram þar. Flutningabílar fara vestur um alla firði, út á Strandir, vestur í Dali, vestur á Snæfellsnes jafnvel og flytja til Skagafjarðar. Ég held að það þurfi að standa ákaflega vel að þeim flutningum og sótthreinsun flutningstækjanna. Menn þurfa að huga sérstaklega að því að þegar flutningstæki eru send til að ná í fé inn á þessi svæði þá fari þau helst ekki inn á land sveitabæjanna heldur sé féð rekið á tiltekinn stað þannig að flutningabílarnir fari ekki heim á hlað.

Við þurfum að standa vaktina í þessum málum og getum ekki leyft okkur að taka mikla áhættu með svæði sem hafa verið riðulaus í 15–20 ár, að þá megi sleppa varnargirðingunum og hætta á að sýkt fé fari milli hólfa og smiti út frá sér. Þá missum við niður árangur af langri baráttu í þessum málum sem ég vonast þó til að muni smátt og smátt færa okkur nær því að landið allt verði ósýkt. Fjölmörg svæði hafa verið riðulaus í langan tíma eins og hv. 1. flutningsmaður fór yfir.

Ég vil hins vegar eindregið lýsa þeirri skoðun minni að ég tek undir þær leiðbeiningar sem hann hefur komið á framfæri með máli sínu. Ég held að þær eigi fullkomlega við rök að styðjast og menn þurfi að gæta sérstaklega að umferð um hin ósýktu svæði og fara varlega í að fella niður girðingar á milli þeirra. Við erum búin að hafa mikið fyrir því að halda þessum svæðum ósýktum og getum ekki leyft okkur neitt kæruleysi í þeim efnum að viðhalda ekki girðingum til öryggis. Þannig búum við að því að halda þessum svæðum ósýktum. Við vitum að riðan getur komið upp eftir langan tíma þar sem ekkert fé hefur verið. Við verðum að láta þau svæði sem ósýkt hafa verið njóta vafans í þessu efni. Það er í raun og veru eina trygging okkar fyrir því að eiga ósýkta stofna.

[18:52]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir undirtektirnar við þetta mál en mig langaði í lokin á umræðunni að segja nokkur orð um sláturhúsin. Ég tel að hluti þess að vernda svæði sem hafa verið laus við riðu sé að sjá til þess að þar séu sérstök sláturhús þar sem fé af svæðinu verði slátrað. Annað eins hafa menn gert í landbúnaði og að sjá til þess að slík starfsemi geti gengið. Ég segi ekki fyrir fram að það geti ekki verið eitt hús á landinu sem sér um þetta. Það er út af fyrir sig alveg hægt að ganga forsvaranlega frá þeim hlutum en ég hef fyrirvara við að hægt sé að flytja fé frá austurhorni landsins og vestur eða öfugt. Mér finnst það bara of langt. Líklega verða menn að sætta sig við að þau verði tvö. Það gæti vissulega gengið að menn hefðu eitt hús til að slátra á suðvestursvæðinu, þ.e. fyrir Strandir og Snæfells-

nes, en það væri þá sérhús sem sæi um þá slátrun. Að öðru leyti tel ég að aðrir séu betur færir, sérfræðingar á þessum sviðum, til að fara yfir þessi mál.

Mér hefur ekki þótt stefna í rétta átt með mál sláturhúsanna upp á síðkastið og ég tel ástæðu til að menn fari yfir það, taki til hjá sér og horfist í augu við að þetta er ekki rétta leiðin til að vinna bug á þessum illvíga sjúkdómi, að keyra fé um allar koppagrundir og slátra því á einu landshorninu, að flytja það á bílum sem hafa verið notaðir til að flytja fé af riðusvæðum. Ég gef ekki mikið fyrir það að menn hafi uppi einhvers konar reglur um þrifnað til að verjast sjúkdómi sem er svo illvígur sem raun ber vitni. Ég held að menn þurfi að fara löngu leiðina hvað þetta varðar og nota alla möguleika til að verjast riðuveikinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 14.–15. og 20. mál.

Fundi slitið kl. 18:55.

---

78. FUNDUR

þriðjudaginn 22. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Afdrif laxa í sjó, þáltill., 58. mál, þskj. 58. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þáltill., 59. mál, þskj. 59. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Vernd og sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, þáltill., 60. mál, þskj. 60. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Verndaráætlun fyrir svæði sem eru ósýkt af sauðfjárriðu, þáltill., 61. mál, þskj. 61. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, stjfrv., 538. mál, þskj. 814. — 1. umr.
6. Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, stjfrv., 399. mál, þskj. 506, nál. 812, brtt. 813. — 2. umr.
7. Einkaleyfi, stjfrv., 251. mál, þskj. 269, nál. 815 og 818, brtt. 819. — 2. umr.
8. GATS-samningurinn, þáltill., 63. mál, þskj. 63. — Fyrri umr.
9. Aðgerðir til að draga úr vegsliti, þáltill., 65. mál, þskj. 65. — Fyrri umr.
10. Stimpilgjald, frv., 66. mál, þskj. 66. — 1. umr.
11. Stimpilgjald, frv., 69. mál, þskj. 69. — 1. umr.
12. Kosningar til Alþingis, frv., 70. mál, þskj. 70. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.

[13:31]

Útbýting:

Forsjárlausir foreldrar, 508. mál, svar dómsmrh., þskj. 833.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, 191. mál, þskj. 839, brtt. 840.

Vinna útlendinga, 502. mál, svar dómsmrh., þskj. 829.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að lokinni atkvæðagreiðslu fer fram utandagskrárumræða um Landsvirkjun. Málshefjandi er hv. þm. Helgi Hjörvar en hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Afdrif laxa í sjó, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 58. mál. — Þskj. 58.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 59. mál. — Þskj. 59.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Vernd og sjálfbær nýting lífvera á hafsbotni, frh. fyrri umr.

Þáltill. KolH og SJS, 60. mál. — Þskj. 60.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Verndaráætlun fyrir svæði sem eru ósýkt af sauðfjárriðu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ, 61. mál. — Þskj. 61.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Landsvirkjun.

[13:34]

Helgi Hjörvar:

Virðulegi forseti. Það er rétt að fram komi við upphaf umræðunnar að auk þess að gegna þingmennsku er ég fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn Landsvirkjunar og litar það trúlega nokkuð viðhorf mín í málinu.

Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir að koma til umræðna við mig um málefni Landsvirkjunar. Ég vil byrja á því að óska ráðherranum hjartanlega til hamingju með þá viljayfirlýsingu sem hún og borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri gerðu á dögunum um kaup ríkisins á eignarhluta sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Það er löngu tímabært skref. Við í Reykjavíkurlistanum höfum talað fyrir því í bráðum 10 ár og fyrir því eru fjölmargar góðar ástæður.

Það er þarflaust fyrir Reykvíkinga að binda 20 milljarða kr. í Landsvirkjun sem nýta má til brýnni hagsmunamála fólksins í borginni. Það er ankannalegt að íbúar þessara sveitarfélaga séu í umframábyrgðum fyrir tugi milljarða um starfsemi sem varðar ekki beina hagsmuni þeirra. Það er skrýtið fyrir önnur sveitarfélög að bara Reykjavík og Akureyri fái að vera með í Landsvirkjun og í samkeppnisumhverfi á raforkumarkaði er ótækt að Reykjavíkurborg sé bæði með Orkuveituna og nærri helmingsstöðu í Landsvirkjun. Við þær aðstæður verður engin samkeppni og því er ástæða til að óska ráðherranum til hamingju með þetta skref og eins hitt að kaupin eiga ekki að ganga til útgjaldaaukningar heldur til að hreinsa upp þann uppsafnaða vanda sem lífeyrisskuldbindingar gagnvart opinberum starfsmönnum sveitarfélaganna eru.

Þó að þetta sé sniðugt fyrir Reykvíkinga eru framtíðaráform ríkisstjórnarinnar meira eins og þokan hér úti fyrir, ansi óljós og satt að segja furðuleg sum. Hér berast fréttir af því að sameina eigi þrjú ríkisfyrirtæki í raforkuiðnaði í stærsta ríkisfyrirtæki Íslandssögunnar með algera einokunarstöðu á þessum markaði. Það minnir á hugmyndir sama ráðherra um að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann í einn banka áður en hann yrði einkavæddur. Sem betur fer varð ekki úr þeim skrýtnu hugmyndum og við njótum þess nú að Landsbankinn og Búnaðarbankinn eiga í virkri samkeppni á fjármálamarkaði til hagsbóta fyrir heimilin í landinu.

Öll vitum við eitt. Vitlausasta rekstrarfyrirkomulag í veröldinni er einkavædd einokunarstarfsemi sem allur almenningur og atvinnulíf verða að eiga viðskipti við. Með því að sameina Landsvirkjun, Orkubúið og Rarik í eitt fyrirtæki er verið að skapa slíkan ríkiseinokunarrisa og yfirlýsingarnar benda til þess að síðan eigi að einkavæða hann. Gegn því værum við í Samfylkingunni algerlega vegna þess að ekki bara hefði það fyrirtæki yfirburðastöðu á raforkumarkaði heldur ætti það líka grunnnetið sjálft, háspennulínurnar sem öll önnur fyrirtæki á markaðnum verða að keppa við. Við slíkan risa er illmögulegt fyrir nokkurn að keppa og maður hlýtur þess vegna að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta sé ekki einhver misskilningur, hvort ekki hafi bara farið út röng fréttatilkynning. Það getur ekki verið að nokkur ríkisstjórn ætli að halda þannig á hagsmunum almennings að búa fyrst til stærsta ríkiseinokunarfyrirtæki Íslandssögunnar og færa það síðan einkaaðilum, og alla þá aðstöðu sem því fylgir.

Þó að einkarekstur í orkuvinnslunni sjálfri geti haft jákvæðar afleiðingar, svo sem að koma í veg fyrir óhagkvæmar fjárfestingar og örva nýjar atvinnugreinar, er alger frumforsenda fyrir því að það sé virk samkeppni, fjölbreytni á markaði, fjölbreytni í eignarhaldi og síðast en ekki síst að þjóðvegirnir sjálfir, háspennulínurnar, grunnnetið í raforkumálunum, séu í þjóðareigu og allir eigi jafnan aðgang. En ekki bara það, auknum einkarekstri í orkuvinnslu sem er fyrirsjáanlegur verður að fylgja auðlindagjald því að við getum ekki leyft einkaaðilum að virkja auðlindir landsins endurgjaldslaust. Við gætum eins gefið þeim fiskimiðin því að þá værum við með virkjununum að gefa þeim vatnsföllin og gefa þeim jarðhitann.

Vegna þessarar einkennilegu umræðu um hugmyndir hæstv. ráðherra um einkavæðingu þessa nýja stórfyrirtækis hljótum við líka að spyrja fyrir skattgreiðendur í Reykjavík, á Akureyri og á landinu öllu: Er ekki alveg tryggt að þeim opinberu ábyrgðum sem skattgreiðendur hafa gengist í fyrir þessi fyrirtæki og eru föst um áratugi verði aflétt en fyrirtækin ekki einkavædd með? Það verður að vera tryggt að íslenskir skattgreiðendur verði aldrei í ábyrgðum fyrir einkaaðila í rekstri á þessum markaði.

[13:39]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir hamingjuóskir í minn garð. Það eru mikil tímamót á raforkumarkaði að eigendur Landsvirkjunar skuli hafa náð saman um stefnumörkun um eignarhald fyrirtækisins. Nýju raforkulögin eru kveikjan að viljayfirlýsingu eigenda fyrirtækisins sem undirrituð var í síðustu viku.

Núverandi eigendasamsetning raforkufyrirtækja er ekki heppileg til að ná fram því markmiði raforkulaganna að stuðla að samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Ástæðan er ekki síst sú að allir eigendur Landsvirkjunar eru eigendur að öðrum raforkufyrirtækjum en það skapar hagsmunaárekstra. Það er því nauðsynlegt að kanna hvort samkomulag geti tekist um nýja skipan mála. Um þetta er ekki deilt meðal eigenda Landsvirkjunar, og í raun hefur náðst mjög breið samstaða um að æskilegt sé að stefna að breyttri eignaraðild.

Málið á langan aðdraganda.

Reykjavíkurborg hefur í mörg ár óskað eftir viðræðum við iðnaðarráðuneytið um kaup ríkisins á Landsvirkjun að

hluta eða í heild. Á síðasta ári var byrjað að ræða möguleg kaup ríkisins í eigendanefnd Landsvirkjunar. Jafnframt var gefin út í fyrra stefnumótun Reykjavíkurborgar í orkumálum þar sem sú stefna var mörkuð að borgin losaði um eignarhlut sinn í fyrirtækinu.

Ríkið þarf einnig að móta stefnu um hvað það hyggst fyrir með Landsvirkjun og önnur fyrirtæki í sinni eigu eftir að það hefur eignast Landsvirkjun að fullu. Það er eðlilegt að ríkið gefi strax út stefnu til framtíðar. Ríkið ráðgerir að sameina Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða eftir að hafa leyst til sín eignarhluta sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Með því sameinar ríkið eigur sínar á raforkumarkaði í eitt fyrirtæki í framleiðslu, dreifingu og sölu raforku. Ég tel að mjög margt mæli með sameiningu fyrirtækjanna. Með því yrði til öflugt fyrirtæki í framleiðslu og sölu raforku. Með sameiningunni er eiginfjárstaðan styrkt og hagræðing yrði umtalsverð, m.a. í viðhaldi háspennulína. Með þessu móti lækkaði kostnaður við raforkukerfið og fyrir vikið yrði verð til notenda lægra en ella.

Þessi samruni er lóðréttur, þ.e. núverandi starfsemi fyrirtækjanna er ólík. Landsvirkjun er fyrst og fremst í framleiðslu en Rarik og Orkubúið í dreifingu. Samruni þessara fyrirtækja hefur því sáralítil áhrif á samkeppni í samkeppnisþætti raforkukeðjunnar en nokkur hagræðing verður í einkaleyfaþáttum. Saman eiga svo fyrirtækin Landsnet að fullu.

Nokkur umræða hefur verið um það að undanförnu að rétt sé að búta Rarik í sundur og sameina hlutana þeim dreififyrirtækjum sem fyrir eru. Ég leyfi mér að fullyrða að það yrði ekki landsbyggðinni til framdráttar ef stofnaðar yrðu litlar dreifiveitur sem einbeittu sér að takmörkuðu landsvæði. Slíkt mundi einungis auka kostnað, hækka raforkuverð og minnka samkeppni á markaðnum til lengri tíma litið.

Ég tel að við skipulagsbreytingar á raforkumarkaði verði að taka mið af hagræðingarsjónarmiðum, samkeppnissjónarmiðum og byggðasjónarmiðum. Endurskipan raforkufyrirtækja verður að leiða til minni kostnaðar og betri reksturs í greininni. Þetta sjónarmið mun leiða til fækkunar fyrirtækja á raforkumarkaði. Hins vegar verður að gæta að því að samkeppni ríki í framleiðslu og sölu í samræmi við markmið raforkulaga. Hagræðing og fækkun fyrirtækja má ekki koma í veg fyrir að samkeppni geti þrifist. Að síðustu verður við endurskipan raforkumála að leitast við að treysta undirstöðu byggðar í landinu í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Sameining Landsvirkjunar, Rariks og Orkubúsins nær að mínu mati mjög vel þessum markmiðum. Það verður hagræðing án þess að samkeppni skerðist. Við sameininguna gefst einnig möguleiki á að hafa byggðasjónarmið í heiðri.

Einnig hefur komið fram sú stefnumörkun að sameinuðu fyrirtæki verði breytt í hlutafélag, þó eigi fyrr en árið 2008. Með hlutafélagavæðingu eru sköpuð skilyrði fyrir aðkomu nýrra fjárfesta að fyrirtækinu. Ástæðan fyrir því að rekstrarforminu verður ekki breytt fyrr en eftir 2008 er fyrst og fremst sú að ekki er talið ráðlegt að fara í svo umfangsmiklar breytingar á meðan á byggingu Kárahnjúkavirkjunar stendur.

Rökin fyrir hlutafélagavæðingu hins nýja fyrirtækis eru helst tvenn. Í fyrsta lagi er hlutafélagaformið langalgengasta form atvinnurekstrar hér á landi og það sem er líklegast til að stuðla að aukinni samkeppnishæfni fyrirtækisins. Í öðru lagi skapar hlutafélagaformið (Forseti hringir.) möguleika á því að fá inn aukið hlutafé frá fjárfestum og öðrum aðilum.

[13:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Yfirlýsingar hæstv. ráðherra nú um nauðsyn á samkeppni í orkumálum og áform um sameiningu Landsvirkjunar, Rariks og Orkubús Vestfjarða í einn orkurisa, sem síðan á að einkavæða, benda ekki til þess að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hafi lært mikið, benda t.d. ekki til þess að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra hafi lært mikið af markaðsvæðingunni um áramótin í orkumálunum og tilheyrandi hækkunum á raforku.

Þetta er sami hæstvirti ráðherrann og fyrir nokkru reyndi að slá sér upp á því að flytja höfuðstöðvar Rafmagnsveitna ríkisins norður til Akureyrar. Þetta er sami hæstvirti ráðherrann og tók þátt í því að lofa Vestfirðingum öllu fögru þegar þeir voru þvingaðir til að láta af hendi orkubú sitt fyrir nokkrum árum.

Nú á að sameina og einkavæða þetta allt saman suður til Reykjavíkur, ef ekki til útlanda. Það sem hér á að fara að gerast, herra forseti, er ósköp einfalt. Það þarf að fara í aðgerðir til þess að hægt sé að velta vandanum af stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar, af óhagstæðum samningum um rafmagn á útsöluverði til erlendra aðila, yfir á herðar almennra notenda. Það þarf að ná í tíu milljarða eigið fé Rafmagnsveitna ríkisins til að lappa upp á efnahagsreikning Landsvirkjunar og það þarf að finna aðferð til að færa stóriðjutapið yfir á almenna notendamarkaðinn.

Lóðrétt sameining, segir ráðherra. Það á að grauta enn frekar saman framleiðslu á raforku til stóriðju, framleiðslu til almennra aðila og smásölu á raforku til almennra notenda í landinu til þess að hægt sé að láta fleiri herðar bera byrðarnar. (Gripið fram í.)

Þetta er ekkert annað en tilræði við almenna raforkunotendur. Nær væri að fara í þveröfuga átt og reyna að einangra stóriðjutapið í sjálfstæðu (Forseti hringir.) fyrirtæki þar sem það væri gagnsætt og sýnilegt. Það er alveg á hreinu, herra forseti, að Vinstri hreyfingin – grænt framboð mun gera það sem hún getur til að koma í veg fyrir þessi áform.

[13:47]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Þegar viljayfirlýsing sú sem hér er til umræðu var undirrituð var að mínu mati stigið rökrétt og skynsamlegt skref í þá átt að koma á samkeppni á íslenskum raforkumarkaði í framtíðinni.

Ég verð þó að segja að ég hef töluverðar áhyggjur af því að Reykjavíkurborg muni eiga erfitt með að standa við sinn hluta samkomulagsins. Það er nefnilega þannig að í apríl á síðasta ári fól borgarráð þáverandi borgarstjóra, Þórólfi Árnasyni, að losa borgina við eignarhlut sinn í Landsvirkjun samkvæmt niðurstöðum orkustefnunefndar borgaryfir-

valda. Þegar á reyndi hrökklaðist þáverandi borgarstjóri frá málinu þar sem hann reyndist því miður ekki hafa umboð til að ganga frá því.

Nú hefur enn einn borgarstjórinn verið dubbaður upp hér í Reykjavík sem loksins undirritaði yfirlýsinguna. En blekið á henni var varla þornað þegar sagan endurtók sig og varaformaður Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, sem nú situr í borgarstjórn Reykjavíkur, upplýsti að málið nyti ekki stuðnings innan R-listans og ítrekaði síðan afstöðu sína í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins í gærkvöldi og sagði að tilteknir borgarfulltrúar innan R-listans áskildu sér allan rétt til þess að samþykkja ekki sölu borgarinnar á eignarhlut sínum í Landsvirkjun — þrátt fyrir að R-listinn hafi sjálfur átt frumkvæði að málinu.

Því virðist sú undarlega staða vera komin upp í málinu að núverandi borgarstjóri, Steinunn V. Óskarsdóttir, hafi undirritað yfirlýsinguna án þess að hafa til þess fullt umboð frá borgarfulltrúum R-listans í Reykjavík. Ég get ekki betur séð, herra forseti, en að þetta mál allt saman sé að snúast upp í einhverja heljarinnar vitleysu af hálfu meiri hlutans í Reykjavíkurborg.

Við hljótum að gera þá kröfu til þeirra aðila sem koma að jafnmikilvægu málefni og hér er til umræðu að þeir hafi fullt og óskorað umboð til þess að ganga frá því. Það gengur ekki að slíkt sé gert upp á von og óvon eins og nú virðist vera raunin. Við gerum þá kröfu að við samkomulagið verði staðið en það strandi ekki á einhverjum innanhússátökum innan R-listans hér í Reykjavík.

[13:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Markaðsvæðing raforkuframleiðslu hér á landi var í upphafi byggð á þeim misskilningi að eyríkið Ísland þyrfti að fylgja Evrópuferlinu. Framsókn og hæstv. iðnaðarráðherra vilja fá að göslast áfram í markaðs- og einkavæðingunni, vilja gera mistök og lýsa því beinlínis yfir að mörg mistök verði síðan að leiðrétta, að handstýra þurfi lagfæringum og setja nýjar reglur um hverjir fái auknar niðurgreiðslur. Við búum til deilur og sem ráðherrar drottnum við yfir lagfæringum og niðurgreiðslum. Deilum og drottnum og leysum úr vanda sumra, þeir fá að vita að það þarf að leita á náðir Framsóknar eftir handstýrðum lagfæringum. Slík er skilaboð Framsóknarflokksins.

Sameining Orkubús Vestfjarða og Rariks inn í Landsvirkjun er nú boðuð af ráðherra. Þar er ekki horft til hagsmuna almennings eða landsbyggðar. Nú þarf að efla stöðu Landsvirkjunar og þá er sjálfsagt að fórna landsbyggðarfyrirtækjunum þó að það gangi þvert á markmið um eflingu byggðar og samkeppni í raforkusölu. Iðnaðarráðherra stefnir að einkavæðingu í raforkuframleiðslu, sölu og dreifingu. Framsókn er nú fremst í kapphlaupinu um einkavæðingu á almannaþjónustu.

Hæstv. forsætisráðherra vill sölu og einkavæðingu Símans með grunnnetinu og hæstv. iðnaðarráðherra stjórnar sölu og einkavæðingu á raforku að afloknum alþingiskosningum árið 2007, eins og hún upplýsti rétt áðan. Einkavæða á bæði almenningsþarfir og almannaþjónustu. Almannaþjónusta ríkis og sveitarfélaga á að tryggja sem jöfnust lífskjör í landinu og það hefur verið markmiðið hingað til, þ.e. að jafna lífskjörin.

Á tímum vaxandi ferðaþjónustu felast í því mikil verðmæti fyrir Íslendinga að halda landinu í byggð og kunna skil á sögu þess og staðháttum. Nú er stefnt að því að lífskjörin í landinu skuli færð niður. Arðskrafan skal innleidd og almenningur sem átti að fá betri kjör með barnabótum og fleiru fær að greiða söluverð fyrirtækjanna til baka í hærri notendakostnaði. Þar birtist hin nýja einkavædda skattlagning undir stjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins.

Einstakir þingmenn stjórnarliða lýsa því yfir að þeir hafi ekki verið spurðir og hafi allan fyrirvara á um stuðning. Sá eini (Forseti hringir.) sem staðið hefur á þeirri meiningu sinni hingað til er Kristinn H. Gunnarsson og var hann nærri rekinn úr Framsóknarflokknum fyrir vikið.

[13:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Í umræðum sem fóru fram um raforkumál eftir að þingmenn komu úr jólaleyfi skaut hæstv. ráðherra sér algjörlega undan því að upplýsa þingið og þjóðina um það hvert ríkisstjórnin stefndi. Þar talaði hæstv. ráðherra bara um gjaldskrármálin og fékkst ekki til að umla einu orði að því sem mestu máli skiptir, hvernig þessi markaður eigi að líta út í framtíðinni.

Nú stekkur hæstv. ráðherra fram, og ekki ein heldur með öðrum ráðherrum úr ríkisstjórninni þannig að nú hljóta menn að taka mark á þessu, og segir að framhaldið skuli verða það að sameina öll ríkisfyrirtækin í eitt og á það að hafa 90% af markaðnum. Það á að tryggja samkeppnina. Hæstv. ráðherra sagði það hér, tryggja samkeppnina. Það er þá líklegt til þess, eða hvað?

Það hljóta allir að spyrja sig: Á hvaða vegferð er ríkisstjórnin í þessu máli og hvers vegna gerir hún þetta? Það hlýtur að vera einhver stór ástæða fyrir því sem ekki hefur verið teflt fram. Ég skora á hæstv. ráðherra að segja nú einu sinni sannleikann, sannleikann um það hvers vegna ríkisstjórnin telur sig knúna til þess að steypa saman öllum fyrirtækjum á raforkumarkaði, eyðileggja einkavæðinguna sem hún er búin að standa fyrir á þessum markaði og koma í veg fyrir að eðlileg samkeppni geti orðið á markaðnum. Hver er ástæðan? Ég ætla að láta hæstv. ráðherra það eftir að segja fólki hér á þingi og þjóð sannleikann í þessu máli. Hann hlýtur að vera til og hann felst varla í því að það sé hagræðing í því að búa til svona umhverfi. Ættum við þá ekki að viðurkenna það í öllu samfélaginu að svona umhverfi ætti að gilda, 90%? Hin 10% mundu þá sameinast til þess að geta lifað af, ef þau gætu það þá.

Er mögulegt að ríkisstjórnin ætli sér þetta? Mér finnst vanta mikið upp á það að menn hafi útskýrt þessa U-beygju sem er komin á (Forseti hringir.) einkavæðinguna í raforkugeiranum.

[13:54]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er í rauninni verið að ræða tvennt, annars vegar fréttatilkynningu hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. fjármálaráðherra og hins vegar viljayfirlýsingu

þriggja aðila, þ.e. fulltrúa ríkisvaldsins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar.

Þetta snýst um þrennt, í fyrsta lagi að ríkið kaupi sveitarfélögin tvö út úr Landsvirkjun, síðan þá fréttatilkynningu hæstvirtra ráðherra að ríkið sameini orkufyrirtæki sín í eitt og í þriðja lagi að breyta hinu stóra og mikla fyrirtæki í hlutafélag og jafnvel selja. Þetta eru róttækar yfirlýsingar og fróðlegt verður að sjá hvernig þeim muni reiða af í framtíðinni. Þetta er auðvitað framtíðarmúsík sem á eftir að skoða á öllum vígstöðvum. Við vitum t.d. ekki hvernig þessu muni reiða af innan borgarkerfisins, eins og fram hefur komið opinberlega. Umræðan er ekki hafin innan þingflokkanna, ekki nokkurs þingflokks, þar á meðal Framsóknarflokksins en hún mun fara fram þar að sjálfsögðu. (Gripið fram í.) Ég vek athygli á því að ekki hefur verið samþykkt á flokksþingi Framsóknarflokksins að breyta Landsvirkjun í hlutafélag.

Hins vegar förum við í gegnum þá umræðu og það verður gaman að fara í gegnum hana á flokksþinginu sem er fram undan. Hér er umræða að hefjast um framtíðarmúsík og þá umræðu hljótum við að taka. Til þess erum við í stjórnmálum, eða hvað? (**Gripið fram í:** Hvað segir Brynja?)

[13:56]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Yfirlýsing Valgerðar Sverrisdóttur, hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins, um einkavæðingu og sölu raforkufyrirtækja landsmanna kom eins og köld vatnsgusa yfir þjóðina. Í fréttum á föstudaginn lýsti hún áformum sínum og ríkisstjórnarinnar um sameiningu Landsvirkjunar, Rariks og Orkubús Vestfjarða í eitt sem síðan yrði einkavætt og selt á næstu dögum.

Mér varð hugsað eitt: Er nú verið að slátra síðasta félagshyggjuneistanum í Framsóknarflokknum? Verði orkubúin einkavædd og seld verða það allt eins erlendir auðhringar sem kaupa, og hvernig líst Vestfirðingum á að verða annexía frá stórfyrirtæki einhvers staðar utan úr hinum stóra heimi? Þetta snýst ekki um örfá störf, þetta snýst um forræði á þeirri almannaþjónustu sem rafmagnið er.

Það er engin sérstaða Reykvíkinga til að mínu viti. Við erum ein þjóð — eða erum við það ekki? — hvort sem við búum í Reykjavík, á Ísafirði eða í Ólafsfirði. Við eigum öll saman þetta land, auðlindir þess. Stór hluti auðs þjóðarinnar hefur að vísu safnast saman í Reykjavík, þar á meðal eignarhlutur í Landsvirkjun. Ef hagsmunir þjóðarinnar eru að orkuveitur landsmanna séu í opinberri eigu eru það líka hagsmunir Reykvíkinga.

Ég er ekki hlynntur aukningu í utanríkisþjónustunni en ég mundi styðja sérstaka fjárveitingu til að gera núverandi iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins að sendiherra í mjög fjarlægu landi ef það mætti verða til að stöðva þetta einkavæðingaræði Framsóknarflokksins.

[13:58]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er skoðun mín að heillaspor, þótt stutt hafi verið, hafi verið stigið með viljayfirlýsingunni um kaup ríkisins á hlut sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Í efnahagslegu samhengi skiptir auðvitað meginmáli að greiðslan er yfirtaka lífeyrisskuldbindinga og greiðist á tiltölulega löngu tímabili. Það er alveg ljóst að mikilvægt er að fá hreinni línur og skýrari í eignarhluti á orkumarkaðnum. Það er ekki eðlilegt að allir eigendur Landsvirkjunar eigi orkufyrirtæki sem eru í beinni samkeppni við Landsvirkjun.

Þar spilar auðvitað Orkuveita Reykjavíkur stærsta rullu. Frumkvæði R-listans var því mjög gott og við vonum að R-listinn skiptist ekki upp í frumeindir sínar áður en honum tekst að klára þá yfirlýsingu sem skrifað var undir.

Fyrsta skrefið er að Landsvirkjun komist í hreina eign ríkisins. Þegar það skref er stigið til fulls er hægt að skoða með hvaða hætti heildareignum ríkisins á orkumarkaði verði stýrt. Yfirlýsing hefur legið fyrir um sameiningu Landsvirkjunar, Rariks og Orkubús Vestfjarða og að því fyrirtæki verði breytt í hlutafélag.

Ég tel einsýnt að eðlilegt sé að skoða t.d. aðkomu lífeyrissjóðanna að almannaþjónustufyrirtækjum eins og orkufyrirtæki eru. Rekstrarform það sem nú er á þessum fyrirtækjum er löngu úrelt og er nauðsynlegt að breyta því. Hlutafélagaformið er það sem hentar væntanlega best. Skoða þarf með hvaða hætti skipulag væntanlegs fyrirtækis verður. Sú umræða verður að fara fram með hagsmuni notendaþjónustunnar og starfsfólks í forgrunni ásamt hagsmunum ríkissjóðs.

Hægt væri t.d. að reka fyrirtækið í samstæðu þannig að orkufyrirtækin í núverandi formi yrðu sjálfstæð innan hennar. Það er ljóst að starfsemin verður úti á landi þar sem eignirnar eru. Þar er öll raforkuframleiðslan og mest af raforkusölunni fer þar fram.

Það er sem sagt, hæstv. forseti, margt sem þarf að skoða. Allt er undir, m.a. það hvernig eignarhaldinu verður komið í hendur annarra en ríkisins. Við höfum líka ágætan tíma til að fara yfir málin og eigum að gera það á þeim þremur árum sem gert er ráð fyrir að taka í það mál.

[14:00]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Það sem ég vil gera að umtalsefni hér er trúverðugleiki hæstv. iðnaðarráðherra og einnig trúverðugleiki Framsóknarflokksins.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur nýlega göslast áfram við að breyta skipulagi í raforkumálum. Þegar farið var af stað í þá vegferð var lofað hækkun upp á ekki meira en 100 kr., óverulegri hækkun. En hver varð niðurstaðan? Tugþúsunda króna hækkun hjá þeim sem hita hús sín með raforku. Ekki nóg með það, heldur hafa í ofanálag skattgreiðendur fengið aukalega reikning upp á hundruð milljóna króna.

Ég hefði talið ráð fyrir Framsóknarflokkinn að staldra við og fara að leysa þau vandamál sem upp hafa komið í stað þess að leita uppi ný. Ég tel einmitt að þessi yfirlýsing um sameiningu Orkubús Vestfjarða, Rariks og Landsvirkjunar sé svik, svik við þau fyrirheit sem hafa verið gefin, m.a. í þeirri skýrslu sem var send í síðasta mánuði vestur, Vaxtarsamningi Vestfjarða, gefinni út af iðnaðarráðuneytinu. Þar kemur fram að það eigi að sameina orkufyrirtækin í Norðvesturkjördæminu og að þau eigi að hafa höfuðstöðvar á Ísafirði.

Nú er allt í einu komið annað hljóð í strokkinn, og ég

spyr: Hvað er eiginlega í gangi og hvenær hófst vinna við þessa fyrirhuguðu sameiningu? Það skiptir máli. Í umræðunni í gær sagði hæstv. iðnaðarráðherra að ekki ætti að taka mark á gömlum skýrslum. En á að taka mark á nýjum skýrslum frá hæstv. ráðherra? Ég spyr.

Það að tala um að hér eigi að koma á samkeppni er ótrúverðugt. Ég tel að það verði engin samkeppni úr því að grauta saman fyrirtækjum sem eru annars vegar í samkeppni í framleiðslu og hafa hins vegar einokunaraðstöðu í dreifingu. Ég átta mig ekki á því. Ég hefði talið að allir sem eitthvert vit hafa á viðskiptum ættu að sjá að þessi leið er ekki vænleg til að koma á samkeppni á raforkumarkaði, þvert á móti.

[14:02]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra vék sér undan því að svara spurningum um einkavæðingu og hér vilja stjórnarþingmenn allt í einu ekki kannast við hugmyndir um einkavæðingu eða að neitt sé ákveðið í þeim efnum. Hv. þm. Hjálmar Árnason lýsir því yfir að þetta sé ekki fullrætt eða neitt ákveðið. Það er rangt hjá hv. þingmanni því að það hefur komið fram að um mánaðamótin nóvember/desember kynnti hæstv. ráðherra þessa yfirlýsingu, nákvæmlega sömu yfirlýsinguna í þingflokkum beggja stjórnarflokkanna.

Ríkisstjórn Íslands gefur ekki út yfirlýsingar af því tagi sem gefnar voru út fyrir helgina nema fyrir liggi skýr pólitískur vilji fyrir því að skapa eitt stærsta ríkisfyrirtæki Íslandssögunnar í einokunaraðstöðu á þessum markaði og selja það síðan einkaaðilum. Það er þegar búið að gefa fiskinn í sjónum. Hér er lagt upp í leiðangur til að færa einkaaðilum auðlindir landsins í orkuiðnaði.

Við skulum fagna því, ágætu alþingismenn, að það eru kosningar árið 2007. Þá gefst þjóðinni færi á að afstýra þessu voðaslysi ef hér á að fara að skapa ríkistryggða einkaeinokun á markaði fyrir nauðsynjavöru eins og rafmagn. Við vitum öll hvað það þýðir. Það þýðir einfaldlega að rafmagnsreikningurinn okkar hækkar og fjármagnseigendurnir eignast auðlindirnar sem við eigum saman í dag. Við getum í sameiningu komið í veg fyrir það en því miður, heyrist mér á máli hæstv. ráðherra, ekki fyrr en í þingkosningum vorið 2007.

[14:04]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þetta er stórt mál og eðlilegt að það sé rætt á hv. Alþingi. Mér fannst ég vera nokkurn veginn sammála hv. frummælanda í mjög mörgum atriðum en ég tek eftir því að hann óttast þessa sameiningu fyrirtækjanna sem koma til með að verða 100% í eigu ríkisins og sennilega þá sem samkeppnisaðili eiganda Orkuveitu Reykjavíkur.

Ég vil halda því mjög til haga að raforkukerfið skiptist upp í tvenns konar rekstur, annars vegar samkeppnisrekstur á báðum endum í framleiðslu og sölu og síðan sérleyfisþætti, sem er flutningurinn og dreifingin, og þar er mjög mikið eftirlit. Orkustofnun hefur þetta eftirlit og þar að auki þarf að vera bókhaldslegur aðskilnaður á milli þessara rekstrarþátta (**MÁ:** Hvernig er með eiginfjárstöðuna?) þannig að ekki er hægt að tala um þetta með þeim hætti sem margir gerðu hér. Það er samt ekki hægt að útskýra þetta nákvæmlega.

Orkuveitan vildi ekki eiga í háspennulínum, hún vildi ekki eiga í Landsnetinu, þannig var það. Sérstök lög gilda um Landsnetið sem voru samþykkt hér á Alþingi þar sem segir að ef Landsnetið verður selt þarf hv. Alþingi að samþykkja það. Við erum ekkert að tala um það, menn eru komnir langt fram úr sér í þessari umræðu. (Gripið fram í.)

Hún var eins og við var að búast, gamla tuggan frá vinstri grænum. Þeir segja að verið sé að velta kostnaði stóriðjunnar yfir á almenning. Það er náttúrlega firra og einmitt núna er þetta aðgreint í rekstri fyrirtækjanna með sérstakri gjaldskrá.

Hvað varðar það að ég sé að svíkja Vestfirðinga er það alls ekki rétt. Ég er hér með samkomulagið sem gert var um árið og þar er bókstaflega reiknað með því að af sameiningu þessara fyrirtækja verði en hins vegar er tekið fram, sem ég tek alveg heils hugar undir, að þess þurfi að gæta að áfram verði störf á Vestfjörðum. (**Gripið fram í:** Tvö störf.)

Þeir tala náttúrlega um almannaþjónustu, almannaþjónustu, almannaþjónustu í raforkukerfinu. Við erum búin að markaðsvæða raforkukerfið með lögum frá Alþingi samkvæmt tilskipun frá Evrópusambandinu þannig að þetta er bara gamla tuggan eins og er búin að vera hér í fleiri mánuði. (Gripið fram í.)

Svo veit ég að hv. þm. Jón Bjarnason mundi sakna mín á fyrsta degi ef ég færi utan. (Gripið fram í.)

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 1. umr.

Stjfrv., 538. mál (upplýsingar um einstaklinga). — Þskj. 814.

[14:07]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt frumvarp til laga um breyting á lögum um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, nr. 16/2000. Með setningu þeirra laga voru settar reglur um starfrækslu staðbundins hluta kerfisins hér á landi sem nauðsynlegar voru vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu. Eins og menn vita er það samstarf um landamæraeftirlit á vegum Evrópusambandsins með þátttöku okkar Íslendinga og Norðmanna og væntanlega Svisslendinga sem munu greiða um það þjóðaratkvæði á komandi sumri.

Af hálfu ráðherraráðs Evrópusambandsins var íslenskum stjórnvöldum tilkynnt, skv. 8. gr. 2 (a) samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, um samþykkt gerðar frá 29. apríl sl. um að taka þurfi upp ný atriði inn í Schengen-upplýsingakerfið til þess m.a. að efla baráttuna gegn hryðjuverkum. Um er að ræða minni háttar breytingar á ákvæðum Schengen-samningsins um upplýsingakerfið og þær eru lagðar til vegna þeirra samræmdu reglna sem gilda um þetta samstarf og eru nauðsynlegar til að þetta sameiginlega landamæraeftirlit sé virkt.

Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um þær upplýsingar um einstaklinga sem skrá má í Schengen-upplýsingakerfið. Þar er lagt til að felldur verði niður ákveðinn liður í 1. mgr. ákvæðisins sem kveður á um að skrá skuli fyrsta bókstaf annars eiginnafns. Þá verði heimilt að skrá upplýsingar um þá einstaklinga sem eru á flótta. Sem fyrr er sú upptalning sem þarna er getið tæmandi.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að við b-lið 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýir töluliðir sem kveða á um upplýsingar sem skrá má um einstaklinga þegar synja á útlendingi um komu til landsins vegna endurkomubanns, sem enn er í gildi á grundvelli brottvísunar, sbr. 96. gr. Schengen-samningsins. Skv. b-lið 1. mgr. 10. gr. laganna hefur Útlendingastofnun heimild til að bregðast við þeim upplýsingum sem skráðar eru á grundvelli framangreinds liðar í 6. gr. Um er að ræða upplýsingar um óútfyllt skilríki og útgefin persónuskilríki sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið. Með persónuskilríkjum er átt við vegabréf, nafnskírteini og ökuskírteini.

Herra forseti. Ég legg til að eftir þessa umræðu verði málinu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[14:10]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegur forseti. Það frumvarp sem hér hefur verið mælt fyrir lætur lítið yfir sér, virðist vera einföld lagfæring á lögum um Schengen-upplýsingakerfið.

Í frumvarpinu er breytingin útskýrð svona, með leyfi forseta:

„Af hálfu ráðherraráðs Evrópusambandsins var íslenskum stjórnvöldum tilkynnt, skv. 8. gr. 2 (a) samnings sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, um samþykkt gerðar frá 29. apríl sl., „Council Regulation concerning the introduction of some new functions for the Schengen Information System, including in the fight against terrorism"."

Ég geri ekki ráð fyrir, virðulegi forseti, að lestur þessarar setningar hafi verið mjög til að skýra það sem hér er um rætt en eftir að hafa lesið hana yfir nokkrum sinnum áttaði ég mig á því að þarna er um að ræða gerð frá 29. apríl sl. sem samþykkt hefur verið af hálfu ráðherraráðs Evrópusambandsins og svo virðist sem okkur sé þá skylt að taka upp þessa breytingu á grundvelli þeirrar gerðar. Það hefði óneitanlega verið til skýringar ef þessi gerð hefði fylgt með í íslenskri þýðingu því að maður er í raun og veru engu nær um efni hennar eftir að hafa lesið frumvarpið sem slíkt. Breytingarnar snúast um það, eins og hæstv. dómsmálaráðherra tók fram áðan, að annars vegar er tekinn út c-liður 1. mgr. 5. gr. laganna um Schengen-upplýsingakerfið, sem fjallar um það að tilgreina megi fyrsta bókstaf annars eiginnafns, og hins vegar er bætt inn nýjum lið í þeim tilvikum sem skrá má upplýsingar um einstaklinga í upplýsingakerfið. Þessi nýi liður er h-liður og fjallar um það hvort viðkomandi er á flótta.

Nú geri ég ráð fyrir því að ráðherraráðið hafi kannað hvort umrædd breyting sé ekki í samræmi við flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna. Það er eitthvað sem ég mun líka vilja skoða í allsherjarnefnd en líklega hefur það verið gert þegar gerðin var búin til.

Síðan er seinni liðurinn, þ.e. 2. gr. frumvarpsins, þar sem verið er að bæta við b-lið 1. mgr. 6. gr. laganna tveimur nýjum töluliðum. Þá erum við að tala um þau tilvik að heimilt er að skrá upplýsingar um einstaklinga í upplýsingakerfið. B-liðurinn hljóðar þannig: „þegar synja á útlendingi um komu til landsins vegna endurkomubanns sem enn er í gildi á grundvelli brottvísunar". Síðan eru tveir töluliðir þar undir og verið að bæta við tveimur hér. Þeir eru: „3. vegna óútfylltra skilríkja sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið" og „4. vegna útgefinna persónuskilríkja sem hefur verið stolið, hafa verið seld ólöglega eða hafa horfið."

Þá koma upp í hugann, sem ég geri ráð fyrir að við munum líka skoða í hv. allsherjarnefnd, fórnarlömb mansals sem oft eru með stolin eða fölsuð skilríki þegar þau eru flutt milli landa. Ef ég man rétt er það Palermosamningurinn sem tekur á því. Þetta kom töluvert til umræðu þegar við ræddum útlendingalögin á sínum tíma og við hljótum að skoða þetta í hv. allsherjarnefnd líka.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, ætla ég ekki að hafa fleiri orð um frumvarpið á þessu stigi. Við munum að sjálfsögðu skoða það vel í hv. allsherjarnefnd þegar þar að kemur.

[14:14]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og talsmaður Samfylkingarinnar í allsherjarnefnd kom inn á er þetta ekki stórt frumvarp en það vöknuðu hjá mér spurningar þegar talsmaður okkar fjallaði um málið og ég ákvað því að koma upp og reifa þær. Hér segir að með lögunum sem sett voru árið 2000 um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi hafi verið settar reglur um starfrækslu staðbundins hluta kerfisins hér á landi, og síðan, eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir fór í gegnum, er getið um hvers eðlis þær breytingar eru sem gerðar eru tillögur um hér.

Það sem ég hef áhuga á að fá að heyra frá hæstv. dómsmálaráðherra er hvort upplýsingakerfin séu eins í öllum löndunum sem eru aðilar að Schengen-samningnum, hvort það sé alger skylda að hvert landi taki upp þær breytingar sem lagðar eru til og líka hvort það sé þannig að við getum skráð eitthvað í okkar staðbundna kerfi sem ekki er í öðrum löndum. Með öðrum orðum: Gætum við Íslendingar verið með eitthvað í okkar kerfi sem hin hafa ekki tekið upp eða er Schengen-kerfið þannig að það sé eins í öllum löndunum og algerlega skylt að það sé alltaf eins?

Þá vaknar önnur spurning og hún er eiginlega út af umræðu sem farið hefur fram hér á landi að undanförnu, og maður áttar sig ekki alveg á hvort á beinlínis við rök að styðjast, en það er um hvaða reglur hafi verið teknar upp í Bandaríkjunum um upplýsingakerfi þar. Mig langar að spyrja dómsmálaráðherra, og ég hef fullan skilning á því ef hann hefur ekki upplýsingar um það hér og nú en ef hann skyldi þekkja til þess: Að hvaða leyti er upplýsingakerfið sem tekið hefur verið í notkun í Bandaríkjunum öðruvísi en í Schengen og á Íslandi? Hvaða aðrar kröfur eru gerðar um persónuupplýsingar í Bandaríkjunum en á Schengen-svæð-

inu og Íslandi? Það sem ég er að kalla eftir er: Ef Íslendingar fara til Bandaríkjanna eru gerðar kröfur um aðrar upplýsingar um þá en við á Íslandi gerum um Bandaríkjamenn sem koma hingað? Ég held að það sé mjög mikilvægt að við þingmenn vitum þetta út af staðhæfingum sem oft eru viðhafðar um þessi mál. Það væri mjög áhugavert að vita hvort hæstv. dómsmálaráðherra hefur svör við þessum spurningum mínum.

[14:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var að mínu mati afar dapurlegt hvernig Norðurlöndin voru teymd inn í Schengen-samstarfið á sínum tíma, sérstaklega vegna þess að það var ekki komið alveg heiðarlega fram í því máli. Það var ályktað um það á norrænum vettvangi og norrænir ráðherrar lýstu því yfir að það væri vilji til þess hjá Norðurlöndunum að leita sameiginlegra lausna þannig að Norðurlöndin gætu haldið hópinn og varðveitt, þrátt fyrir tilkomu Schengen-kerfisins, það fyrirkomulag sem löngu áður hafði verið upp tekið á Norðurlöndunum, að menn gætu ferðast þar milli landa ekki bara án vegabréfsáritana heldur líka án vegabréfa, að eingöngu gild persónuskilríki nægðu og það væri ekki landamæraeftirlit af því tagi sem krefst vegabréfaafhendingar.

Þessi samþykkt eða viljayfirlýsing var hins vegar túlkuð þannig eða meðhöndluð þannig að eina lausnin sem kæmi til greina væri aðild Norðurlandanna allra að Schengen-samkomulaginu og því kom upp sú undarlega staða að Ísland og Noregur sömdu sérstaklega um aðild sína að því Evrópusambandsfyrirkomulagi sem þarna er í grunninn á ferðinni. Ég er þeirrar skoðunar, og hún hefur ekki breyst, að það hefði verið mun heppilegri kostur fyrir Norðurlöndin að fara svipaða leið og Bretland og Írland, að semja um þátttöku í þeim hlutum þessa upplýsingasamstarfs sem menn töldu æskilegt að vera þátttakendur í en halda sjálfstæði sínu gagnvart öðrum þáttum og geta haft það fyrirkomulag á um hlutina sem mönnum hentaði við sínar aðstæður. Ég hef ekki orðið þess var að borgarar Bretlands líði sérstaklega fyrir það að Bretar völdu þessa leið og sjálfur hef ég ekki orðið var við að það hafi einfaldað málin sérstaklega hvað ferðalög snertir að Schengen-kerfið kom til sögunnar. Það má færa ýmis rök fyrir hinu gagnstæða. Á köflum hefur aldrei verið meiri þörf fyrir að hafa vegabréf upp á vasann en einmitt eftir að Schengen-kerfið gekk í gildi.

Varðandi það sem hér er á ferðinni í þessu frumvarpi virðist enn eiga að færa út landamærin hvað varðar þær upplýsingar sem heimilt sé að skrá inn í hinn miðlæga persónugagnagrunn sem þarna er á ferðinni og það hlýtur að vekja menn til umhugsunar um það hvert þetta stefni og hvernig menn ætli að stöðva sig af. Er þetta að sigla í sömu átt, allt undir þeim formerkjum að þetta sé liður í vörnum gegn hryðjuverkum sem málin hafa verið að þróast í Bandaríkjunum? Það er auðvitað óhuggulegt, það gífurlega lögregluríkisyfirbragð, ég vil kannski ekki segja persónunjósna en alla vega persónuupplýsingasöfnunarþjóðfélag sem þar er orðið á ferðinni, ef menn þurfa orðið að afhenda lífsýni eða ganga helst með þau upp á vasann til að komast á milli húsa. Það er auðvitað alveg rosalegt sem þarna er að gerast og þetta er, eins og ég segi, fóðrað með nauðsyn þess að það sé liður í baráttunni gegn hryðjuverkum. Ég er ekki endilega viss um að það sé vænleg aðferð til þess né líklegt til að gera heiminn öruggari sem menn hafa aðallega viðhaft í þeim efnum og alveg einkum og sér í lagi frá því á mánuðunum eftir 11. september 2001.

Varðandi ýmsa hópa sem geta sérstaklega orðið fyrir barðinu á þessari breytingu þá er augljóst mál að flóttamenn og hælisleitendur og þeir sem hafa orðið fyrir því að glata persónuskilríkjum sínum eða af öryggisástæðum hafa orðið að granda persónuupplýsingum um sig til þess að halda lífi, en það er auðvitað veruleikinn að talsvert af þeim einstaklingum sem eru á flótta og eru síðan að biðja um pólitískt hæli hefur neyðst til þess af öryggisástæðum að eyða öllum upplýsingum um sig. Þá koma auðvitað upp flókin úrlausnarefni mannréttindalegs eðlis um hvernig á að taka á slíku og bregðast við því. Eru slíkir menn sekir eða saklausir þangað til hvað, þangað til eitthvað er um þá vitað og þangað til hægt er að sannreyna það hvort sagan er rétt sem fórnarlambið eða þolandinn, sem oftast er, reiðir fram að þessu sé svona háttað? Eða er á ferðinni einhver sem af ásetningi með eitthvað misjafnt í pokahorninu hefur valið þessa leið til að komast í skjól pólitísks hælis?

Þegar við ræðum upplýsingar um nýja hluti sem á að heimila að færa inn í þennan grunn skulum við rifja aðeins upp umræðuna sem fram fór á sínum tíma um af hversu fjölbreytilegum ástæðum menn geta lent inn í grunninn. Það er ekki sérstaklega þægilegt eða mikið tilhlökkunarefni fyrir einn eða neinn að lenda með upplýsingar inn í þennan grunn sem koma þar af leiðandi upp þegar persónuskilríki eru borin saman við upplýsingar í grunninum. Í fyrstunni skiptir ekki öllu máli af hvaða ástæðum einhver hefur lent þar inn, það er ekki fyrr en það er síðan skoðað. Þess vegna er það alltaf mikið umhugsunarefni hvers eðlis upplýsingarnar eiga að vera eða hversu ríkar ástæðurnar séu til þess að nöfn manna séu færð þarna sérstaklega inn þannig að viðvörunarbjöllurnar hringi eða ljósin blikki eða hvað það nú er þegar það kemur upp við skoðun að um þá eru upplýsingar í grunninum. Ég man þetta kannski ekki allt saman, herra forseti, til að fara með án þess að hafa tíma til að rifja það upp en ég man að menn ræddu þó um að þarna væri blandað saman býsna óskyldum hlutum og býsna mismunandi hvað saknæmi snertir eða brot eða annað því um líkt þegar að þessu kæmi og það þarf að skoða þetta út frá því líka. Er hér á köflum hætta á því að færðar verði upplýsingar um einstaklinga inn í grunninn og tengdar við nafn þeirra sem síðan reynast svo í sjálfu sér kannski ekki á nokkurn hátt saknæmar, refsiverðar eða þannig að nein ástæða væri til? Síðan verði löng töf í kerfinu þangað til slíkum upplýsingum er kannski seint og um síðir eytt og nafn manna aftur hreinsað í grunninum.

Nú er rétt að menn hafi líka í huga að þessi tækni er öll að verða rafræn, vegabréf með stafrænum upplýsingum eru skönnuð inn og kannski verður framtíðin sú að menn hreinlega taki upp alveg rafræn vegabréf og rafrænar vegabréfsáritanir. Eitt landa a.m.k. í heiminum hefur þegar gert það, Ástralía. Þar er um algerlega rafrænar vegabréfsáritanir að ræða eða sá kostur er í boði og allar þessar upplýsingar

komnar inn í tölvutæku formi. Þá er hægt að kalla þær fram á augnabliki í heilum heimshlutum.

Ég tel ástæðu til þess, herra forseti, að virðuleg þingnefnd, sem er allsherjarnefnd, væntanlega, fari yfir þessi mál. Þó að þetta mál láti lítið yfir sér hér held ég að það sé alveg tilefni til að rifja svolítið upp og fara yfir það hvernig þetta Schengen-kerfi allt saman er byggt upp í grunninn. Nauðsynlegt er að fá sérfræðing á sviði persónuverndar og persónuréttar til að fara yfir þetta og kalla Persónuvernd og aðra slíka aðila fyrir nefndina. Þetta gefur mönnum ágætistilefni til að rifja hlutina upp og fara yfir stöðuna, enda var málið afgreitt og gert að lögum á árinu 2000 og alveg tímabært að fara yfir það.

[14:26]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er von að hæstv. forseti telji að við séum að ræða um utanríkismál. Vissulega er þetta mikið utanríkismál sem við erum að ræða um því það snertir okkur öll sem ferðumst á Schengen-svæðinu og hvar sem við erum því við erum hluti af því kerfi sem við erum að fjalla hér um og það fylgir okkur hvert sem við förum. Raunar ætti eins og um önnur alþjóðamál og utanríkismál að gefa Alþingi skýrslu um þetta mál þannig að menn fylgdust með því hvað hér er um að ræða því það er, eins og ég segi, mjög nátengt hverju okkar og skiptir miklu máli þegar við ferðumst í öðrum löndum.

Spurt var hvort þetta kerfi væri samhæft í öllum Schengen-ríkjunum og svo er. Það er forsenda kerfisins að þar séu sams konar upplýsingar og þess vegna erum við að fjalla um þetta hér að verið er að breyta þessum grunnupplýsingum og því er nauðsynlegt að fjalla um það hér eins og í öðrum löndum. Við höfum lög um þetta, nr. 16 frá 14. apríl árið 2000, þar sem allir þættir málsins eru lögfestir og m.a. lögfest í 18. gr. laganna að Persónuvernd skuli hafa eftirlit með því að skráning og meðferð persónuupplýsinga í upplýsingakerfinu sé í samræmi við þessi lög og reglur sem gilda um persónuvernd og friðhelgi einkalífsins. Við höfum þessi ákvæði öll á hreinu.

Það sem við erum að gera í dag er að ræða breytingar á tveimur greinum í lögunum, þ.e. 5. og 6. gr. laganna. Í 5. gr. er fjallað um það sem skrá má í upplýsingakerfið. Í 6. gr. er fjallað um það sem heimilt er að skrá, upplýsingar sem heimilt er að skrá um einstaklinga í upplýsingakerfið og í hvaða tilvikum það er gert og þau tilvik eru tíunduð hér eins og við sjáum. Ég held að þetta sé alveg skýrt og augljóst og fagna því ef þingnefndin sem fjallar um málið kallar fyrir sig sérfræðinga til að ræða einstaka þætti málsins og útskýra þá. Ég er reiðubúinn til að gera það líka ef þingmenn vilja varpa til mín ákveðnum spurningum um það því þessi mál verða mjög á döfinni, ekki endilega Schengensamstarfið sem slíkt heldur ákvarðanir sem verið er að taka á vettvangi Evrópusambandsins og líka á Evrópska efnahagssvæðinu og varða útgáfu á ferðaskilríkjum. Skýrt hefur verið frá því og það liggja fyrir fréttatilkynningar og ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um það að hér á landi eins og í öðrum löndum er unnið að því að endurskoða vegabréf með það fyrir augum að í þeim verði svokölluð lífkenni eða „biometrix", þ.e. fingraför eða önnur persónuleg einkenni sem unnt er að nota til að greina einstaklinga með öðrum hætti en gert er núna þar sem aðallega er byggt á ljósmyndum eins og við vitum. Þetta starf er unnið hér. Við erum að undirbúa það að breyta íslenskum vegabréfum með hliðsjón af þessum evrópsku kröfum og einnig er tekið mið af því sem er að gerast í Bandaríkjunum og um það var spurt sérstaklega.

Það er líka reynsla okkar sem fjöllum um þetta hér að þetta er ekki einfalt mál og verður til þess m.a. að vegabréf muni hækka í verði o.s.frv. og kostnaður við gerð þeirra verður annar en nú ef mönnum tekst á annað borð að leysa öll þau tæknilegu atriði sem þarf að leysa til að þetta kerfi verði eins öruggt og að er stefnt, ekki bara til að greina einstaklinga þegar þeir fara inn um landamærahlið heldur einnig þegar þau eru nýtt á annan veg. Þetta mál er til skoðunar og við ætlum að sjálfsögðu að búa þannig um hnútana fyrir Íslendinga að þeir geti ferðast hindrunarlaust um heiminn að þessu leyti, þ.e. að íslensk ferðaskilríki verði þannig úr garði gerð að þau verði ekki nein sérstök hindrun fyrir fólk við að ferðast um heiminn og í því tilliti verðum við að uppfylla alþjóðlegar kröfur.

Þær upplýsingar sem menn eru að biðja um í Bandaríkjunum eru þessi lífkenni sem, eins og ég sagði, geta verið fingraför. Það er líka verið að velta fyrir sér öðrum þáttum sem ekki hafa verið ákveðnir. Sumir telja að tvö slík lífkenni þurfi að vera í hverju vegabréfi. Aðrir segja að nægilegt sé að hafa eitt. Þetta er eitt af þeim álitamálum sem verið er að fjalla um.

Hér hafa verið umræður um það sjónarmið að Evrópusambandið hefur fengið tryggingar frá Bandaríkjunum um meðferð á slíkum upplýsingum innan Bandaríkjanna gagnvart sínum borgurum. Hér komu fram spurningar fyrr á þessum vetri eða síðastliðið haust um hvernig þetta sneri að okkur Íslendingum, hvernig þessu væri háttað varðandi okkur Íslendinga. Þá er ég að tala um þær tryggingar sem Evrópusambandið hefur fengið fyrir sína borgara. Þetta er ekki Schengen-málefni. Þetta málefni snertir aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég verð á morgun í Brussel. Þá mun ég ræða þessi mál við viðkomandi framkvæmdastjóra í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og m.a. setjum við fram það sjónarmið að íbúar á Evrópska efnahagssvæðinu eigi að vera jafnsettir og íbúar innan Evrópusambandsins að því er þetta varðar um tryggingar gagnvart Bandaríkjunum. Þetta er mál sem þarf að leysa úr og við teljum að sé eðlilegt að fylgi aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Við höfum verið í viðræðum þar um þetta. Við teljum einnig að við munum ná árangri í tvíhliða viðræðum við Bandaríkjamenn um þetta mál en lítum þannig á að þar sem þetta er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sé eðlilegt að fylgja Evrópusambandsríkjunum varðandi þessi samskipti að þessu leyti við Bandaríkjamenn, enda skiptir máli fyrir íslensk flugfélög sem fljúga héðan til Bandaríkjanna að málum er þannig háttað þegar litið er á EES-ríkin að Ísland er eina landið þaðan sem beint er flogið til Bandaríkjanna. Frá Noregi er ekkert slíkt flug og Liechtenstein ekki heldur eins og við vitum. En við erum með beint flug og okkur varðar þetta miklu og stjórnvöld hafa verið að sinna þessu máli eins og öðrum sem lúta að því að menn geti farið eins greiðlega á milli landa og kostur er og notið

þess öryggis sem nauðsynlegt er í slíkum samskiptum.

Ég tek undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er mjög æskilegt þegar menn fjalla um svona mál í þinginu að þá láti þeir ekki endilega staðar numið við þær tvær greinar sem eru t.d. í þessu frumvarpi heldur fjalli um allt sem þeir vilja skoða í þessu samhengi. Ég er viss um að hv. allsherjarnefnd getur fengið allar þær upplýsingar sem hún biður um sér til fróðleiks um framkvæmd á þessum málum.

[14:34]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kýs að koma upp í andsvar og þakka fyrir þau svör sem hæstv. dómsmálaráðherra veitti við spurningum mínum. Ég geri mér alveg grein fyrir því að fulltrúar Samfylkingarinnar í allsherjarnefnd munu fara mjög vel yfir málið og skoða aðra þætti sem áhugavert verður að fara yfir svo sem eins og gerðina sjálfa og annað sem allsherjarnefnd velur. Ég er líka mjög ánægð að heyra að ráðherra mun taka það upp á fundi í Brussel hvernig hægt verður að tryggja EES-borgurunum og Íslandi sömu tryggingar. Það skiptir okkur mjög miklu máli hvaða ákvarðanir Bandaríkjamenn taka um persónuupplýsingar og upplýsingakerfið hjá sér.

Satt best að segja ákvað Samfylkingin á sínum tíma að styðja aðild Íslands að Schengen og það var fyrst og fremst á grundvelli þess að við teljum mjög æskilegt að við séum saman í kerfi, að við séum bæði að gefa upplýsingar og fá upplýsingar eins og talið er að sé nauðsynlegt og séum með sömu tryggingar varðandi upplýsingaskyldu og upplýsingagjöf og önnur lönd. Ég vona að það hafi reynst rétt ákvörðun fyrir Ísland að gerast aðilar að þessu kerfi. Auðvitað horfir maður líka til þess að Bandaríkin gera e.t.v. allt aðrar og miklu meiri kröfur til þeirra sem þangað koma en gerðar eru til þeirra þegar þeir koma til Evrópu. Æskilegast væri að nokkurn veginn sömu kröfur og skyldur giltu í öllum löndum þannig að við virtum upplýsingaskyldu hvers annars en hún væri líka á grundvelli sömu reglna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, 2. umr.

Stjfrv., 399. mál. — Þskj. 506, nál. 812, brtt. 813.

[14:36]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá iðnaðarnefnd við 2. umr. um frumvarp til laga um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helga Bjarnason og Pétur Örn Sverrisson frá iðnaðarráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Orkuveitu Reykjavíkur, Húsavíkurbæ, Byggðastofnun, Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Bandalagi háskólamanna.

Með frumvarpinu er lagt til að Húsavíkurbæ verði veitt heimild til að stofna hlutafélag um rekstur Orkuveitu Húsavíkur og er frumvarpið flutt að beiðni Húsavíkurbæjar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, með leyfi forseta:

1. Við 7. gr. Í stað orðanna „desembermánuði 2004“ komi: marsmánuði 2005.

2. Við 8. gr. Í stað orðanna „1. janúar 2005“ komi: 1. apríl 2005.

3. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „31. desember 2004“ komi: 1. apríl 2005.

4. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Rekstrarlega séð skal yfirtaka Orkuveitu Húsavíkur ehf. á Orkuveitu Húsavíkur miðuð við 1. janúar 2005.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með ofangreindum breytingum sem gerð er tillaga um. Undir álitið rita Birkir J. Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Kjartan Ólafsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Einar Már Sigurðarson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Jóhann Ársælsson og Birgir Ármannsson.

[14:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Orkuveita Húsavíkur varð til 1. janúar 1996 þegar rafmagnsveita, vatnsveita og hitaveita á Húsavík sameinuðust í eitt fyrirtæki og menn fóru þar svipaða leið og víða annars staðar hefur verið, þ.e. að þeir sameinuðu þessa veituþætti alla í eitt fyrirtæki og einn rekstur og eru að sjálfsögðu fyrir því augljós hagkvæmnisrök, praktísk rök.

Þessi rekstur hefur verið mjög farsæll á Húsavík og enginn vafi leikur á því að t.d. stofnun hitaveitunnar og það hversu snemma Húsvíkingar tengdust virkjunum, allt frá því að í upphafi var virkjað í Búðará og síðan lögð lína nokkrum áratugum síðar frá Laxárvirkjun, skipti að sjálfsögðu miklu fyrir framþróun byggðar á Húsavík. Kannski var þó stærsta skrefið tekið þegar Hitaveita Húsavíkur tók til starfa 1970 og Húsvíkingar fóru að njóta góðs af því að tengjast eða fá inn í hús sín heitt vatn til hitunar og nota á afar hagstæðum kjörum. Um langt árabil var Hitaveita Húsavíkur einhver hagkvæmasta hitaveita á landinu enda kjöraðstæður til slíkrar virkjunar á því svæði, gnægð af heitu vatni í landinu inn af bænum, uppi í Reykjahverfi og reyndar víðar ef út í það væri farið, og sökum halla á landinu niður að sjó nánast sjálfrennandi þannig að ekki var dælingarkostnaðinum fyrir að fara. Má jafnvel um það ræða hvort Húsvíkingar hafi ekki orðið ofdekraðir með vissum hætti af þessu ástandi og hneigst til að hafa gjaldskrár óhóflega lágar því enginn vafi er á því að Orkuveita Húsavíkur gæti í dag verið jafnvel enn sterkara fyrirtæki en hún er ef gjaldskrám hefði ekki verið hagað með þeim hætti að þær voru afar hagstæðar bæjarbúum á löngum árabilum og hafa lengst af verið sem að sjálfsögðu er gott. En upp á endurnýjunarþörf og framtíðarfjárfestingar mætti sjálfsagt færa rök fyrir því að gengið hafi verið alveg út á ystu nöf í þá átt að láta menn á hverjum tíma njóta hagkvæmninnar af ódýrri orku þangað til ráðast þurfti í fjárfestingar á vegum fyrirtækisins.

Nú hefur borist sú ósk frá bæjaryfirvöldum á Húsavík

að þau fara fram á að þeim verði heimilað að stofna hlutafélag um rekstur Orkuveitu Húsavíkur. Þetta er auðvitað í samræmi við það sem gerst hefur víða að undanförnu, að menn hafa valið þessa leið, og í því ljósi skiljanlegt að Húsvíkingar horfi til þess að samræma þennan rekstur hjá sér því sem gerist t.d. í nágrannasveitarfélaginu eða bæjarfélaginu á Akureyri. Það fylgir reyndar með, og kom fram í iðnaðarnefnd í bréfi frá bæjaryfirvöldum á Húsavík, að þar hefur verið fært til bókar í bæjarstjórn að engin áform eru um að selja, að einkavæða með sölu eða sameiningu þennan rekstur. Það er vilji bæjaryfirvalda á Húsavík eða a.m.k. þess meiri hluta sem þar er að reka þessa starfsemi áfram sem opinbera veitu- og þjónustustarfsemi í þágu bæjarbúa og að arðurinn af rekstrinum gangi til bæjarbúa annaðhvort í formi hagstæðrar gjaldskrár eða arðgreiðslna fyrirtækisins í bæjarsjóð. Þetta skiptir að sjálfsögðu miklu máli, a.m.k. hvað ræðumann varðar, því að hefðu aðrir hlutir verið á döfinni eins og þeir að undirbúa þarna einkavæðingu þá hefði ekki þurft að sökum að spyrja um mína afstöðu. Slíku er ég og væri í öllum tilvikum alfarið andvígur því ég tel að m.a. farsæll rekstur þessarar almannaþjónustu á höndum samfélagsins undanfarna áratugi hafi akkúrat sannað gildi þess að standa einmitt þannig og á engan hátt öðruvísi að málum.

Hitt verð ég að segja að það veldur mér vonbrigðum að það skuli hafa orðið niðurstaða manna að óska eftir því að nota form hlutafélags. Ég hefði talið æskilegra og í raun, má segja, rökréttara miðað við þessi áform og þennan pólitíska vilja sem málinu fylgir að menn hefðu skoðað til þrautar kosti þess að fara svipaða leið og Reykvíkingar, að setja þessa veitustarfsemi og þessa almannaþjónustu í sameignarform þó eigandinn væri að vísu fyrst um sinn aðeins einn. En ekkert er því til fyrirstöðu að velja eftir sem áður það rekstrarform. Mögulega gætu síðan nágrannasveitarfélög komið til sögunnar og gerst meðeigendur með svipuðum hætti og gerst hefur í tilviki Orkuveitu Reykjavíkur þegar sameignaraðilum að sameignarfélaginu hefur fjölgað með þátttöku nýrra svæða í orkuveitunni. Þann þátt málsins get ég því ekki stutt, herra forseti, þ.e. þann sem snýr að nákvæmlega þessu rekstrarformi. En ég sé ekki ástæðu til að bregða fæti fyrir málið og framgöngu þess hér í ljósi þess að þetta er ósk heimamanna, en vísa að öðru leyti í það sem ég hef um þetta sagt.

Þetta leiðir hins vegar hugann að því sem er meira en tímabært að tekið verði á dagskrá á Íslandi af alvöru. Reyndar liggur fyrir þingmál frá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur um að það verði gert. Hún flutti tillögu til þingsályktunar um að farið verði í þá vinnu að skilgreina og færa í lög möguleikann á því að um hlutafélög í eigu opinberra aðila gildi sérstök lagaákvæði. Þetta er yfirleitt til staðar í nágrannalöndunum og jafnvel eru fleiri rekstrarform sérstaklega sniðin að þörfum fyrirtækjarekstrar, oftast á sviði almannaþjónustu sem menn ætla um ókomin ár að hafa í opinberu eignarhaldi. Þar eru sem sagt til staðar allítarleg ákvæði í lögum um opinber hlutafélög, yfirleitt í eigu ríkis eða sveitarfélaga, og jafnvel um einhvers konar blöndu af hlutafélagi og sameignarformi að ræða sem gengur undir mismunandi nöfnum og getur hentað prýðilega til þess að færa í rekstrarform og nær því skipulagi sem gerist og gengur á almennum markaði, ákvæði um slíkan rekstur.

Hins vegar er alveg ljóst að einkahlutafélagsformið hentar að ýmsu leyti ekki vel fyrir almannaþjónusturekstur af því tagi sem hér á í hlut. Til dæmis klippist þá með vissum hætti á þann lýðræðislega rétt og það lýðræðislega aðhald sem hreint bæjar- eða ríkisfyrirtæki er sett undir sem allur annar rekstur á vegum sveitarfélaga eða ríkis. Þá gilda þær reglur sem við þekkjum um upplýsingagjöf, um rétt manna til upplýsinga, um rétt manna til að hafa áhrif og koma að stefnumótun og annað í þeim dúr sem búið er um með öðrum hætti ef reksturinn verður að fara alveg yfir í hitt formið, þ.e. hlutafélaga- eða einkahlutafélagaformið. Þarna vantar augljóslega útfært og skynsamlegt millistig, hvort sem það væri kallað opinber hlutafélög, fyrirtæki eða sameignarfélög í rekstri í eign opinberra aðila. Ég skýt þessu að því mér er nær að halda að við værum einmitt með dæmi í höndunum þar sem menn hefðu fagnað því að eiga kost á því að velja slíkt útfært form fyrir þann rekstur. Ég held að það hefði hentað þeim markmiðum sem málinu fylgja af hálfu heimaaðila að færa þetta nær því lagaumhverfi sem gildir almennt um fyrirtæki í rekstri á þessu sviði. Menn horfa til þróunarinnar eins og hún hefur orðið hér bæði norðan og sunnan heiða hjá öðrum sambærilegum eða stærri aðilum en hafa heldur ekki áhuga á því að fara yfir í rekstrarform hlutafélags eða einkahlutafélags með það að markmiði að eignarhaldinu verði breytt, heldur þvert á móti hið gagnstæða. Það fylgir yfirlýsing frá Húsavíkurkaupstað um að engin áform séu uppi um slíkt.

Þetta gefur því tilefni til þess, herra forseti, að farið sé yfir það og væntanlega er þingmálið einhvers staðar til umfjöllunar í þinginu í þingnefnd. Ég held að ástæða sé til að menn ræddu það hvort ekki væri hægt að ná samstöðu um, a.m.k. að skoða málið rækilega, það getur varla verið hættulegt að setja í það nefnd að skoða útfærsluna og hvort ekki er ástæða til að möguleikar af þessu tagi séu í íslenskum lögum eins og er í lögum flestra nágrannalandanna það best ég veit.

[14:49]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu sammála því frumvarpi sem hér liggur fyrir um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur. Það er athyglisvert að málið skuli rætt á sama fundi og yfirlýsing hæstv. iðnaðarráðherra um að ríkið kaupi hlut Reykjavíkur og Akureyrar í Landsvirkjun og líka í ljósi þess að þeir flokkar sem standa að þessu hvoru tveggja fyrir hönd sveitarfélaga sinna, Samfylkingin og Vinstri grænir, hafa hvað eftir annað og þrásinnis lýst yfir andstöðu sinni við að rekstrarformi fyrirtækja eins og Landssímanum á sínum tíma og annarra slíkra fyrirtækja yrði breytt í hlutafélagsform og haldið mjög þungar og harðar ræður um þau efni, að nú skuli báðir þeir flokkar standa að því að Reykjavíkurborg dragi sig út úr rekstri Landsvirkjunar og að Húsavík treysti sér ekki til annars en að leggja til að einkahlutafélag verði stofnað um Orkuveitu Húsavíkur, að sjálfsögðu vegna þess að það rekstrarform er hagkvæmara og gefur ótal möguleika.

Ég tók eftir því að hv. 5. þm. Norðaust., Steingrímur J. Sigfússon, talaði um það áður að ekki væru uppi áform um

að selja einkahlutafélagið Orkuveitu Húsavíkur. Ég hygg á hinn bóginn að í frumvarpinu sé ekkert sem mælir gegn því að einkahlutafélagið sameinist t.d. Norðurorku eða öðrum slíkum félögum og þá gerum við okkur grein fyrir í hvaða stöðu þau mál eru komin.

Jafnframt var athyglisvert í umræðunum í dag, sérstaklega hjá málshefjanda, hv. 9. þm. Reykv. n., Helga Hjörvar, þegar hann fór að tala um það í mörgum orðum að Sjálfstæðisflokkurinn vildi ekki lengur hafa orkufyrirtæki í opinberri eigu, að Sjálfstæðisflokkurinn væri með þeim hætti að hækka raforkuverð í landinu, að Sjálfstæðisflokkurinn vildi að Reykjavík seldi hlut sinn í Landsvirkjun og þar fram eftir götunum. Auðvitað geta vinstri flokkarnir ekki skotist undan þeirri ábyrgð að í þessum tilvikum báðum, bæði á Húsavík og eins í Reykjavík, ráða þeir stefnunni og stjórninni. Hv. þm. Helgi Hjörvar getur ekki veist að sjálfstæðismönnum fyrir ákvarðanir sem teknar eru af R-listanum í Reykjavík og ég skil vel áhyggjur hv. 5. þm. Norðaust., Steingríms J. Sigfússonar, yfir því að meiri hlutinn á Húsavík skuli vilji fara sömu leið og einkavæðingarflokkarnir Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hafa viljað fara með ýmis ríkisfyrirtæki. Það er ósköp skiljanlegt að hv. þingmaður hafi af þessu miklar áhyggjur.

Ég sá að hv. þm. Jóhann Ársælsson barði í borðið. Hann hefur líka haft ýmsar skoðanir uppi varðandi sölu á ríkisfyrirtækjum, enda er hann eins og þessir þrír menn allir kominn úr Alþýðubandalaginu. Að vísu var hv. þm. Ögmundur Jónasson ekki með formlegum hætti í Alþýðubandalaginu en hann bauð sig fram fyrir Alþýðubandalagið eins og Finnbogi Rútur Valdimarsson fyrir Sameiningarflokk alþýðu – Sósíalistaflokkinn, báðir talsmenn flokka sinna í utanríkismálum og ég hygg að þeir hafi báðir sympatíserað mjög sterkt, annar þeirra með Stalín en hinn með Breznev.

Það er auðvitað mjög ánægjulegt að fá upp þá menn sem á undanförnum áratugum hafa talað harðast gegn slíkum fyrirtækjum eins og einkahlutafélagi sem sveitarfélög eða ríki eiga. En náttúrlega eru sveitarstjórnarmennirnir að beita sér fyrir breytingunum og leggja þær til af því að þeir eru að hugsa annars vegar um hag sveitarfélags síns og væntanlega líka vegna þess að þeir telja að með þeim hætti sé viðskiptavinum Orkuveitunnar betur borgið. Ég vil ekki trúa því að meiri hluti bæjarstjórnar Húsavíkur sé á þeirri skoðun að með stofnun einkahlutafélags um Orkuveituna sé meiri hluti bæjarstjórnar Húsavíkur samtímis að leggja á ráðin um að hækka orkuverð til Húsvíkinga, ég vil ekki trúa því. Ég vil heldur ekki trúa því að þegar R-listinn í Reykjavík leggur til að selja ríkinu hlut sinn í Landsvirkjun sé meiri hluti borgarstjórnar Reykjavíkur, R-listinn, að leggja til eða gera ráðstafanir sem hann gerir sér grein fyrir að muni bitna á Reykvíkingum í hærra orkuverði. Getur verið að sú hugsun sé á bak við þetta allt saman?

Eða getur verið að hv. þingmenn í vinstri flokkunum báðum — báðum flokkunum er stjórnað af mönnum sem áttu sér sama hirði fyrir 13 árum — getur verið að það sé svo í báðum flokkunum að menn séu að tala þvert um hug sér? Þeir geri sér grein fyrir því að þetta sé besta leiðin til að tryggja lágt orkuverð í landinu, tryggja framþróun í þeim málum og tryggja frekari uppbyggingu á orkufrekum iðnaði en hafi á hinn bóginn ekki innri kraft og heiðarleika til að horfast í augu við staðreyndir málsins? Það er a.m.k. alveg ljóst að það fer að verða hjáróma rödd hins gamla leiðtoga Alþýðubandalagsins á Akranesi, Jóhanns Ársælssonar, ef hann ætlar að koma upp og halda áfram að ræða um að ekki megi einkavæða ríkisfyrirtæki eða fyrirtæki sveitarfélaga.

[14:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var fróðlegt að heyra hv. þm. Halldór Blöndal gera grein fyrir afstöðu ríkisstjórnarflokkanna eða einkavæðingarflokkanna eins og hann kallaði Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn réttilega.

Hv. þingmaður rifjaði upp umræðu sem fram fór fyrir fáeinum árum þegar Landssímanum var breytt í hlutafélag. Það er rétt munað hjá honum að um það urðu miklar deilur á Alþingi. Ég var í hópi þeirra sem vöruðu við því að hlutafélagavæðingin mundi fyrr eða síðar leiða til þess að eigandinn, ríkið, vildi selja þessa hluti og við stöndum einmitt frammi fyrir því núna.

Þáverandi hæstv. samgönguráðherra sagði að það væri af og frá og lýsti því yfir bæði á Alþingi og einnig annars staðar að það stæði ekki til að selja hlut ríkisins í Símanum. Sá hæstv. ráðherra hét og heitir Halldór Blöndal og er sami maðurinn og talaði hér fyrir stundu.

Ég vek athygli á þessu hér og nú vegna þess að ein ástæðan fyrir því að menn hafa miklar efasemdir um að breyta grunnþjónustustofnun á borð við Orkuveitu Húsavíkur í hlutafélag er einmitt sú að þrátt fyrir góðan vilja núna — og ég efast ekkert um heilindi hæstv. ráðherra á þeim tíma — breytast aðstæður og upp koma þau viðhorf að nú eigi að selja, (Forseti hringir.) eins og við stöndum nú frammi fyrir gagnvart Landssímanum.

[14:58]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt munað hjá hv. þingmanni að það var ekki meiri hluti fyrir því á þeim tíma að selja Landssímann þegar ég var samgönguráðherra. Á hinn bóginn vissi hv. þingmaður hver hugur minn var í því máli, ef stefnu minni hefði verið fylgt, vegna þess að ég lýsti því opinberlega yfir þegar á árinu 1991, í októbermánuði, að ég teldi rétt og skynsamlegt að selja Landssímann og taldi að það ætti að gera sem fyrst.

Það má kannski rifja það upp að sá maður sem nú er formaður Samfylkingarinnar var á hinn bóginn andvígur því að selja Landssímann þá eins og nú og talaði gegn því að slíkum fyrirtækjum yrði breytt í einkahlutafélög.

Nú hefur flokkur hans lagt það til að Reykjavíkurborg gangi út úr Landsvirkjun vegna þess að þeir telja, fulltrúar R-listans í Reykjavík, að of mikið sé á Reykvíkinga lagt að þeir eigi eignarhlut sinn áfram í Landsvirkjun. Hv. þm. Helgi Hjörvar kvartaði undan því að sá baggi væri orðinn þungur á Reykvíkingum að eiga hlut í Landsvirkjun. Ég er að vísu ekki þeirrar skoðunar að Reykvíkingar hafi mikið á sig lagt í þeim efnum umfram aðra menn, en eignarhlutur þeirra í Landsvirkjun er skýr eins og Akureyringa og þessir tveir flokkar, Vinstri grænir og Samfylkingin, vilja að ríkið kaupi hlut Reykjavíkur í Landsvirkjun.

[15:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því miður hef ég ekki við höndina tiltekið eintak af BSRB-tíðindum þar sem höfð eru eftir þáverandi hæstv. samgönguráðherra, Halldóri Blöndal, yfirlýsing sem ég man nú ekki betur en hafi verið þess efnis að hugur ráðherrans stæði ekki til að selja hlut ríkisins í Símanum. Látum það liggja á milli hluta að sinni.

Varðandi sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun hefur það komið fram rækilega í fjölmiðlum að á því hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð allan fyrirvara. Það sem breyst hefur í þeim efnum nú síðustu daga og reyndar vikur — hún er ekki alveg ný af nálinni yfirlýsing hæstv. iðnaðarráðherra þess efnis að til standi að einkavæða raforkukerfið í landinu. Það er rangt sem hv. þingmaður, hæstv. forseti þingsins, heldur fram að markaðsvæðing raforkukerfisins sé til hagsbóta fyrir notendur. Þvert á móti. Á Norðurlöndum hefur markaðsvæðing raforkukerfisins leitt til fákeppni, aðilum hefur fækkað sem eru á þeim markaði, eignarhaldið hefur færst úr landi, m.a. í Svíþjóð, og raforkuverð hefur hækkað.

Þá er einnig nýkomin út skýrsla frá Evrópusambandinu sem bendir til þess að markaðsvæðingin hafi í mörgum tilvikum misheppnast. Eitt af því sem bent er á í þeirri skýrslu er að fjárfestingar til uppbyggingar kerfisins séu orðnar mjög lágar, hættulega lágar, þannig að þetta er rangt sem sagt er að markaðsvæðingin, sem hv. þingmaður staðhæfir, hafi orðið til hagsbóta fyrir notendur, fyrir neytendur. Það er svoleiðis í kenningunni, en veruleikinn er bara allt annar.

[15:02]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þessarar gömlu sögu um Landssíma Íslands, þá segir í gömlu máltæki: Kóngur vill sigla en byr hlýtur að ráða. Á þeim tíma stóð hugur minn ekki til þess að selja Landssímann í þeim skilningi að fyrir því voru ekki pólitískar forsendur í ríkisstjórninni eins og hún var þá skipuð. Og ég hafði hugsað mér að vera áfram í ríkisstjórninni og af þeim sökum stóð hugur minn ekki til þess eins og á stóð.

[15:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals varð lítilsháttar bergmál af umræðunni sem var hérna í morgun. Hv. þingmaður sendi hv. þm. Helga Hjörvar og síðan í framhaldi af því okkur fleirum ýmis skeyti. Ég tel að við, ég og hv. þm. Helgi Hjörvar og aðrir höfum fullt leyfi til að hafa skoðun á því hvort skynsamlegt sé og eðlilegt að stjórnvöld á Íslandi hafi hug á því að steypa saman öllum orkufyrirtækjum ríkisins og einkavæða þau. Það hefur ekkert með að gera þá skoðun okkar sem ég hef oft talað fyrir á hv. Alþingi að það beri að losa Akureyringa og Reykvíkinga út úr Landsvirkjun. Það er skoðun sem ég hef haft lengi og hef talað oft fyrir í hv. þingi.

Hv. þingmaður var kominn aftur á stalínstímann á tímabili í ræðu sinni og minntist á ýmsa liðna stjórnmálamenn. Ég ætla ekki að taka upp þá umræðu en vil bara segja vegna þeirra ummæla sem hann hafði um þann sem hér stendur að það er ekki rétt að ég hafi verið alfarið á móti einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Ég hef tekið á hv. Alþingi þátt í að samþykkja einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Það getur hins vegar vel verið að ég hafi haft neikvæðar skoðanir á einhverjum einkavæðingartilburðum ríkisstjórna á Íslandi. Ég minnist þess t.d. að þær aðferðir sem voru notaðar við að einkavæða ríkisfyrirtæki sem hét Síldarverksmiðjur ríkisins sættu mikilli gagnrýni hér. Ég væri enn til í að fara í þá umræðu við hv. þingmann sem bar ábyrgð á þeirri einkavæðingu, ef einkavæðingu skyldi kalla.

[15:05]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef litlu við það að bæta sem ég áður sagði. Það stendur að auðvitað ber Samfylkingin ábyrgð á því sem forustuflokkur í Reykjavík og forustuflokkur á Húsavík að þessi sveitarfélög vilja bæði selja orkufyrirtæki sín, hlut sinn í Landsvirkjun og hlut sinn í Orkuveitu Húsavíkur. Samfylkingin getur ekkert skotið sér undan þeirri ábyrgð. Það er auðvitað gott að sigla undir fölsku flaggi, en það er útilokað í þessu máli.

Ég bið svo afsökunar á því hafi ég munað það rangt að hv. þingmaður var andvígur því að selja Landssíma Íslands þegar ég hreyfði þeim hugmyndum hér, þá var ekki nema gott um það að segja. Þá hefur hv. þingmaður verið einn um það í sínum flokki að vilja selja Landssíma Íslands á þeim tíma sem ég var samgönguráðherra. Mér þykir nú vont að ég skyldi ekki muna það, en ekki rengi ég hv. þingmann. Ekki rengi ég heldur hv. þingmann um að hann hafi viljað selja Síldarverksmiðjur ríkisins svo dæmi séu tekin.

Aðalatriðið er ekki það. Aðalatriðið er að hér er verið að ganga skref, verið er að breyta á Húsavík bæjarfyrirtæki í einkahlutafélag og í Reykjavík vill Reykjavíkurborg selja sinn hluta í Landsvirkjun. Það er kjarni málsins.

[15:07]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ekki boðleg umræða, að menn séu að sigla undir fölsku flaggi. Hvað er að því þó Reykvíkingar sem vilja selja hlut sinn í Landsvirkjun hafi skoðun á því hvað ríkið eigi að gera við þann hlut. Höfðum við ekki öll rétt til þess að hafa skoðun á því?

Mér finnst eins og hv. þingmaður sé kominn út í einhvern móa með þessa umræðu. Mér finnst að við höfum öll fullan rétt á að hafa skoðun á því hvernig ríkið eigi að fara með þetta. Ef hv. þingmaður lítur þannig á að Reykvíkingar séu að samþykkja einhvers konar glötunarleið með því að samþykkja að ríkið yfirtaki þessa eign, þá kemur það mér nú dálítið á óvart að menn skuli þannig hugsa þá hluti.

Skoðun mín er sú að ríkisvaldið eigi fyrst og fremst að hugsa um það verkefni sem það hefur farið af stað í, þ.e. að sjá til þess að til verði einhvers konar samkeppni á raforkumarkaðnum. Það sjá allir menn að það getur ekki orðið með því að steypa saman öllum orkufyrirtækjum ríkisins í eitt og ætla svo öðrum að keppa við það sem er kannski 10% af markaðnum. Hvaða skilaboð eru það? Það eru skilaboð til þeirra sem eftir eru að þeir verði að sameinast og þá verða orðin tvö orkufyrirtæki í landinu, annað með 90% og hitt með 10%. Þetta er nú umræðan sem er í gangi.

Mér finnst hv. þingmaður gera lítið úr skoðunum manna ef þeir mega ekki hafa skoðun á þessu í hv. Alþingi. Mér finnst menn hafa fulla ástæðu til að lýsa því yfir að þeir beri enga ábyrgð á slíkum tiltektum ef það er niðurstaðan að ríkisstjórnin ætli sér að fara þessa leið. Ég ætla bara að vona að hv. þingmaður sé ekki búinn að samþykkja þessa vitleysu, en hann getur auðvitað sagt okkur það hér.

[15:09]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að sagan sanni það ótvírætt að ekki veitir af að styrkja undirstöður Rafmagnsveitna ríkisins.

[15:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki ástæða til að fara út um víðan völl í umræðum um þetta mál þó svo hv. þm. Halldór Blöndal hafi kosið að koma heldur snakillur í ræðustól og stökkva bæði fram og til baka í tíma og rúmi, mátti ekki á milli vera hvort hann var nær Húsavík, Reykjavík eða ríkisstjórninni í umræðum sínum og blandaði talsvert inn í þetta umræðum sem fóru hér fram fyrr á fundinum í dag utan dagskrár.

Það kann vel að vera að hv. þingmaður sé svona typpilsinna í hvert skipti sem málefni sem tengjast Húsavík ber á góma um þessar mundir af því flokkur hans fór hinar mestu hrakfarir þar í kosningum síðast og Framsóknarflokkurinn saman. Það var nefnilega stofnað blámórautt hræðslubandalag á Húsavík, blámórautt hræðslubandalag Sjálfstæðisflokks og Framsóknar sem fór heldur illa út úr kosningunum þar.

Hv. þingmaður gerði í máli sínu engan greinarmun á ákvörðun sem tengjast breytingum á rekstrarformi fyrirtækja annars vegar og því hvort starfsemi sé seld eða einkavædd hins vegar, virtist leggja þetta algerlega að jöfnu og þetta væri einn og sami hluturinn. Það kann vel að vera í hugarfylgsnum hv. þingmanns sé það alltaf svo, en auðvitað er það ekki veruleikinn og fjarri því að þannig sé það hjá ýmsum öðrum.

Vissulega væri hægt að fara yfir þetta Landssímamál og rifja það betur upp. Vel kann að vera að hv. þm. Halldór Blöndal hafi einhvern tímann lýst einhverjum sjónarmiðum persónulegum kannski um það, þess vegna á árinu 1991, að hann teldi að það ætti að einkavæða símann. En svo mikið er víst og það man ég vel að þegar hv. þingmaður, þáverandi hæstv. samgönguráðherra, var að reyna að berja þessi mál sín hér um að stofna hlutafélagið Póst og síma hf. þá reyndi hann að greiða götu þess í gegnum þingið með því að fullvissa menn um það og sverja og sárt við leggja að ekki kæmi til greina að einkavæða fyrirtækið. Það var ekkert vegna þess að hv. þingmaður, þáverandi hæstv. ráðherra, yrði bara að segja það af því hann hefði ekki stöðu til þess vegna annars í ríkisstjórn. Það var auðvitað bara af taktískum ástæðum sem verið var að reyna að telja fólki trú um þetta og róa menn niður sem þá þegar fóru auðvitað að gerast órólegir ýmsir vegna þess að þetta væri undanfari einkavæðingar. Frægast er einmitt þegar hæstv. þáverandi samgönguráðherra, hv. þm. Halldór Blöndal, færði það fram sem rök máli sínu til stuðnings að það ætti bara að gefa út eitt hlutabréf, bara eitt hlutabréf, þá hlytu allir menn að sjá að ekki væri hægt að skipta því upp, ekki selja hluta af einu hlutabréfi. Ég man að ég spurði þá hv. þingmann hvort þetta hlutabréf yrði úr stáli, svona til að undirstrika þetta. Það fór nú öðruvísi.

Eins og svo oft, oft áður í sögu þessara einkavæðingarleiðangurs ríkisstjórna Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks og síðar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, hefur aldrei verið neitt mark á yfirlýsingum um slíkt takandi. Aldrei. Það hefur einmitt varðað þennan feril hversu ófaglegur hann hefur allur verið, samanber hinar herfilegu upphafsaðgerðir og fyrstu skref eins og hér var minnt á svokallaða einkavæðingu Síldarverksmiðja ríkisins, sem út kom þykk skýrsla um frá Ríkisendurskoðun tveimur árum síðar, þar sem öll framkvæmdin fékk falleinkunn. Öll sömul í því máli.

Síðan hafa gerst í þessari sögu, sem örugglega á eftir að verða skrifuð einhvern tímann, hlutir af því tagi sem gerðust í tengslum við einkavæðingu Landssímans, að það reyndist ekkert mark á beinum yfirlýsingum ráðherra viðkomandi málaflokks takandi. Hv. þm. Halldór Blöndal er auðvitað með það á bakinu. Hann er ómerkingur orða sem hann lét falla á Alþingi í tengslum við hlutafélagavæðingu Pósts og síma.

Enn þá verri er þó arfleifð fyrrverandi viðskiptaráðherra, sem má búa við að hafa lagt fram á þingi stjórnarfrumvörp með loforðum í greinargerðum, með svardögum í greinargerðum stjórnarfrumvarpa, um að ekki yrði hróflað við eignarhlut ríkisins í bönkunum fyrstu fjögur árin eftir að þeir yrðu gerðir að hlutafélögum. Að vísu var ekki meira lofað en því og menn fengu engar tryggingar til lengri framtíðar. Hins vegar er afar óvenjulegt — ég hygg að sagan geymi ekki mörg dæmi um slíkt í málaflokki af þessu tagi — að jafnskjalfestar brigður séu á orðum, yfirlýsingum, fyrirheitum og svardögum og einmitt í þessu einkavæðingarferli hjá ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks og síðan Framsóknarflokks.

Því miður kennir sagan mönnum að vera mjög tortryggnir þegar þjónustufyrirtækjum, almannaþjónustu eða opinberum rekstri, af hvaða tagi sem hann er, er breytt í hlutafélög. Út frá þessu skýrði ég afstöðu mína í ræðu minni og þarf ekki meira um það að segja í sjálfu sér. Ég læt ekki fipast í þeim málflutningi þótt hv. þm. Halldór Blöndal reyni að snúa eitthvað upp á það. Það er af þeim ástæðum sem ég er ekki stuðningsmaður þess þáttar frumvarpsins. Ég get ekki greitt því atkvæði sem snýr að því að breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag, jafnvel þótt því fylgi fortakslaus samþykkt að heiman um að engin slík áform séu á döfinni, a.m.k. af hálfu núverandi meiri hluta í bæjarstjórn Húsavíkur. Ég get flett því upp þegar ég kemst í gögnin hjá iðnaðarnefnd hvort það var bæjarstjórn einróma eða bæjarráð. En svo mikið er víst að þar var talað í nafni bæjarfélagsins eins og völdum er háttað þar í dag að engin áform væru á döfinni um einkavæðingu starfseminnar og þá sérstaklega tekið fram að menn sjái hvorki fram á sölu né sameiningu við önnur fyrirtæki. Þetta er bréfað.

Þess vegna er það líka ómerkilegt af hv. þm. Halldóri Blöndal, þótt hann sé í skylmingum við hv. þm. Jóhann Ár-

sælsson, að tala eins og fyrir liggi ákvörðun um að einkavæða starfsemina á Húsavík. Það sagði hv. þingmaður. Kannski hefur það verið mismæli. Hann talaði um tvískinnunginn í framgöngu Samfylkingarinnar, bæði í Reykjavík og á Húsavík þar sem nú stæði til að einkavæða hvort tveggja. Hann á þá væntanlega við að Reykjavíkurborg losi sig undan eignarhlut sínum í Landsvirkjun og formbreytingin verði á þessum rekstri á Húsavík. En það er ómerkilegur málflutningur þegar hið gagnstæða liggur fyrir, að gerð var sérstök bókun eða samþykkt um það í bæjarráði eða bæjarstjórn Húsavíkur að svo sé einmitt ekki. Skylt er að hafa það sem sannara reynist, a.m.k. það hér á Alþingi sem gengur inn í þingtíðindin. Þannig er eins gott að þetta liggi algjörlega ljóst fyrir.

Þrátt fyrir þá bókun mun ég þó ekki styðja upphafsgrein þessa frumvarps vegna þess að í henni er fólgin táknræn atkvæðagreiðsla um rekstrarformið sem slíkt. Ég er ekki stuðningsmaður þess að breyta starfsemi af þessu tagi í hlutafélagaform. Ég tel að það sé öruggara og betur um hana búið, annaðhvort í formi sameignarfyrirtækja eða þá sem hefðbundins opinbers félags á vegum ríkis eða sveitarfélaga. Ég vildi auðvitað gjarnan að til staðar væru fleiri kostir í þeim efnum eins og ég fór yfir áðan, að til sögunnar væri kominn sá möguleiki að hlutafélög í opinberri eigu störfuðu á grundvelli sérákvæða um að þau héldu einkennum sínum sem opinber félög hvað varðar rétt almennings til upplýsinga, aðhald íbúanna eða eigendanna sem á bak við standa en væru í rekstrarforminu nær fyrirtækjum á markaði.

En ef hv. þm. Halldór Blöndal vill halda áfram og færa umræðuna yfir í almennar umræður um stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar, um raforkumálin, um útspil iðnaðar- og fjármálaráðherra hvað varðar áhuga á sameiningu Landsvirkjunar, Rariks og Orkuveitu Reykjavíkur, þá er ég albúinn til slíkrar umræðu. Þetta er að vísu seinni ræða mín en við getum þá haldið umræðunni áfram á síðari stigum. Ég held að það verði ákaflega fróðlegt að heyra þingmenn stjórnarflokkanna, t.d. úr landsbyggðarkjördæmunum og reyndar úr hvaða kjördæmi sem er, fara um og reyna að sannfæra íbúa landsbyggðarinnar um ágæti þess fyrir hana að af þessum áformum verði, að Rafmagnsveitur ríkisins, Orkuveita Húsavíkur og Orkubú Vestfjarða verði sameinuð inn undir Landsvirkjun og síðan verði það allt saman einkavætt.

Hver er þá framtíðin sem blasir við mönnum á þessum svæðum? Jú, það er að kaupa orkuna í smásölu, eða í heildsölu ef um stærri aðila eða veitur er að ræða, af einkavæddum risa sem væri auðvitað í algerri einokunaraðstöðu í landinu. Menn væru algerlega áhrifalausir um þau mál að öllu leyti. Það yrðu mikil viðbrigði, sérstaklega fyrir Vestfirðinga, sem áttu því láni að fagna þangað til ríkisstjórnin eyðilagði það að eiga sjálfstætt, vel rekið og myndarlegt orkufyrirtæki, sem gerði hvað? Sem dreifði orku um svæðið og framleiddi um 40% af því sem til þurfti sjálft með ekki lakari árangri en svo að verðið var 10–15% hagstæðara en í fyrirtækjum sem ríkið rak. Í vaxandi styrk þess fyrirtækis hefðu þar fyrir utan getað verið fólgnir framtíðarmöguleikar Vestfirðinga til að nýta jafnvel afl sitt í aðra atvinnusköpun með svipuðu hætti og Suðurnesjamönnum hefur nýst Hitaveita Suðurnesja. Allir vita að Hitaveita Suðurnesja hefur sem blómlegt fyrirtæki með sterkan eiginfjárhag í vaxandi mæli orðið aflvél á bak við uppbyggingu á fleiri sviðum atvinnumála á Suðurnesjum. Nærtækasta dæmið er auðvitað Bláa lónið.

Öllum slíkum möguleikum verða menn sviptir og verða enn frekar ef hin hryllilegu framtíðaráform hæstv. iðnaðarráðherra og kannski ríkisstjórnarinnar allrar og hv. þm. Halldórs Blöndal ganga eftir. Þá eru endanlega úti draumar manna norðan heiða um að þeir geti öðlast eitthvert sjálfstæði í orkumálum, eignast t.d. landshlutaorkufyrirtæki sem sitji að hagfelldum virkjunarkostum á svæðinu, a.m.k. þeim smærri og meðalstóru. Menn gætu síðan í fyllingu tímans notið ávinningsins af lækkandi orkuverði og batnandi eiginfjárhag slíks fyrirtækis, sjálfum sér og íbúunum til hagsbóta.

Halda menn að þetta sé frýnileg framtíðarsýn, fyrir þá sem fyrir tveimur eða þremur árum héldu að höfuðstöðvar Rafmagnsveitna ríkisins væru á leið norður í land og þar væri handan við hornið að byggja upp öflugt orkufyrirtæki, sjálfstætt með höfuðstöðvar á svæðinu? Halda menn að það sé frýnileg framtíðarsýn að horfa til þess að innan sex eða átta ára, ef svo illa færi, sem betur fer eru litlar líkur á því, að þessi ólánsríkisstjórn héldi áfram völdum og kæmi því fram 2008, að einkavæða fyrirtækið til útlanda og menn sætu uppi sem áhrifalausir þolendur og ættu engan annan kost en að kaupa rafmagnið af einkavæddum risa, jafnvel í eigu útlendinga? Þangað væru ekki bara komin réttindin sem fylgja núverandi virkjunum. Við skulum átta okkur á því að það er margt sem hangir þar á spýtunni. Það er ekki bara reksturinn sem slíkur, í núinu, sem þetta snýst um og krónurnar í eigið fé, heldur líka réttindin sem þessi fyrirtæki hafa innbyggð. Það eru virkjanirnar sem starfræktar eru í dag og öll þau viðbótarréttindi sem fyrirtækin hafa náð að verða búin að helga sér með því að rannsaka virkjunarkosti og hafa til þess tilskilin leyfi. Þetta fer allt saman með, a.m.k. er ekki annað á mönnum að heyra.

Ég held að það eiga eftir að hrikta í í landinu ef ríkisstjórnin er virkilega búin að kokka þetta saman, eins og venjulega án þess að tala við nokkurn mann. Auðvitað koma þingmenn stjórnarliðsins af fjöllum, koma vælandi í fjölmiðla eins og venjulega, vælandi og grátandi og setja fyrirvara við málin í staðinn fyrir að gera uppreisn, berja í borðið og segja að ráðherrarnir séu umboðslausir. Nei, menn láta bjóða sér Íraksaðferðina eina ferðina enn. Eina ferðina enn. Svo koma þeir og tísta eitthvað í fjölmiðla, sjálfum sér og baklandinu til afbötunar, að það eigi nú eftir að ræða þetta meira o.s.frv.

Ríkisstjórnin virðist a.m.k. komin inn á þetta spor. Til marks um það er að iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra ber nokkurn veginn saman í yfirlýsingum sínum. Það bendir til þess að það sé ekki bara hæstv. iðnaðarráðherra, frú Valgerður Sverrisdóttir, sem eina ferðina enn hafi farið fram úr sjálfri sér heldur hafi þá a.m.k. hæstv. fjármálaráðherra gert það líka. Það væri dálítið sérstakt og mikil tilviljun ef gönuhlaupið hefði verið í nákvæmlega sömu átt hjá þeim báðum. Það er því ástæða til að ætla að ríkisstjórnin hafi rætt þetta beinlínis eða menn a.m.k. eitthvað milli stjórnarflokkanna og í þá átt sé þessu stefnt.

Ég spái því að ýmislegt eigi eftir að ganga á áður en

þetta verður að veruleika, sem betur fer. Ég held að það megi kalla kost við lausmælgi hæstv. iðnaðarráðherra, að hún dregur upp fyrir mönnum það sem kann að vera í vændum. Menn hafa þó ráðrúm til að takast á við það og taka á móti því. Sem betur fer, þökk sé stjórnarskránni, herra forseti, verður þó búið að kjósa áður en þetta gengur eftir, a.m.k. miðað við þá tímasetningu sem hæstv. iðnaðar- og ráðherra hefur sett upp. Hún talaði um 2008 en auðvitað er engu að treysta í þeim efnum frekar en öðrum. Þannig að við glímum við það ef af því verður.

Okkar afstaða er sú að almannaþjónusta eins og mikilvæg veitustarfsemi sé best komin og í eigu, í höndum og á ábyrgð opinberra aðila. Þess vegna var fróðlegt að heyra hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra í umræðu fyrr í dag mótmæla því að þetta væri almannaþjónusta. Á hvaða forsendum gerði hæstv. ráðherra það? Jú, vegna þess að það hafi verið ákveðið á Alþingi að markaðsvæða þessa starfsemi. Þar með kemur hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra upp um þann hugsunarhátt að þar með sé ekki lengur um almannaþjónustu að ræða. Þetta er bisness. Þannig vill Framsóknarflokkurinn hafa þetta. Þetta á að vera bisness sem rekinn er í gróðaskyni, ekki lengur almannaþjónusta. Þá er svo sem rökrétt og eðlilegt að menn sjái þann kost vænstan í framhaldinu og reyni að koma fyrirtækinu í hendur á nógu miklum fjáraflamönnum og gróðamönnum sem muni sjá til að úr því verði mjólkaður allur sá arður sem mögulega er hægt. Það er nefnilega hægt að mjólka mjög mikinn arð, a.m.k. tímabundið, út úr rekstri af þessu tagi, sérstaklega af því að hann lýtur lögmálum náttúrulegrar einokunar. Það er bara ein pípa inn í húsið, einn þráður og auðvitað bara einn markaðsráðandi risi á sviðinu sem enginn annar getur keppt við að neinu marki ef svo heldur sem horfir, að þessi sameining gangi eftir. Þetta er allt saman ákaflega fróðlegt, herra forseti.

Þetta er andstætt sjónarmiðum okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Einn af hornsteinum okkar stefnu hvað varðar velferðarsamfélag í landinu er að mikilvæg almannaþjónusta sé tryggð af hinu opinbera og þar sé félagslegur rekstur og félagsleg hugsun lögð til grundvallar þannig að menn standi jafnt að vígi gagnvart því í landinu og fullur jöfnuður og jafnrétti ríki að því leyti. Við erum andvíg því að einkavæða slíka starfsemi og þar er víglínan. Það gildir um félaga mína hvar sem er í landinu, enda er ekkert slíkt á ferðinni í þessu máli þótt þessi formbreyting sé ekki eins og ég hefði kosið eins og ég hef þegar rækilega gert grein fyrir.

Ég þarf ekki að hafa um þetta, herra forseti, fleiri orð.

[15:29]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðaust. vefengdi þær yfirlýsingar sem ég gaf sem samgönguráðherra á því herrans ári 1996 varðandi sölu Landssímans. Í 2. mgr. 1. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess óheimil án samþykkis Alþingis.“

Þetta var það frumvarp sem ég lagði fram og varð að lögum. Ef hv. þingmaður er að lýsa mér með háðuglegum orðum, að ég hafi komið illa fram í þessu máli eða siglt undir fölsku flaggi, verður hann að eiga það við sjálfan sig en hér er það svo skýrt sem það getur orðið hvernig málið var lagt fyrir. Hins vegar gerði hv. þingmaður nú eins og áður grín að því að það skyldi aðeins vera eitt hlutabréf sem var tryggingin fyrir því að félagið yrði ekki selt, tákn fyrir því. Hlutabréfin gátu þess vegna verið 100 en öll voru stíluð á ríkið og handhafi þeirra bréfa sá sami í öllum tilvikum.

Hv. þingmaður var mjög ómerkilegur að rifja þetta mál upp með þeim hætti sem hann gerði en eins og hann sagði hér fyrr í dag um sjálfan sig er minni hans ekki óskeikult.

Ég vil í annan stað segja að hv. þingmaður talaði um að ég hefði gert því skóna að Húsvíkingar hygðust selja fyrirtæki sitt eftir að því hefði verið breytt í einkahlutafélag. Hann talar um að það sé ekki á döfinni núna. Hann segir a.m.k. að sá meiri hluti sem nú er muni ekki selja það fyrirtæki. Hann gefur sjálfur í skyn að með því að breyta Orkuveitu Húsavíkur í einkahlutafélag opnist leið til að selja fyrirtækið.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var sérkennileg málsvörn hjá hv. þingmanni, að lesa hér upp 1. gr. frumvarpsins sem er eins og hún var og er og hefur alltaf verið og legið fyrir í þingtíðindum. Hins vegar var formbreytingin rædd og það tortryggt að þetta mundi síðan halda. Þegar hæstv. ráðherra var að því spurður í umræðum um þetta mál komu svardagarnir um að þetta yrði ekki gert. Þá var farið að vísa í það að bara eitt hlutabréf yrði gefið út.

Mig misminnir ekkert hvernig 1. gr. frumvarpsins var úr garði gerð, það man ég mjög vel. Það sem ég var að vísa til eru ummæli ráðherrans í þessum umræðum og í kringum þær á þessum vikum og mánuðum 1996 þegar málið var hér mikið hitamál. Við skulum bara fara yfir þær umræður allar saman. Ég skal gera það og senda hv. þingmanni rækilega merkt þau ummæli hans sem ég tel mig muna rétt í þessum efnum áður en við förum að bera hver annan frekari sökum þar um.

[15:33]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður er enn að reyna að tala undir rós með einhvers konar dylgjum. Þegar alþingismenn flytja hér frumvörp, hvort sem þeir eru ráðherrar eða ekki, stendur hugur þeirra venjulega til þess að gera það sem í frumvarpinu stendur. Er það ekki rétt, hv. þingmaður? Hins vegar hefur enginn maður skuldbundið sig til þess, hvorki hv. 5. þm. Norðaust. né ég, að breyta ekki um skoðun, taka ekki afstöðu með öðrum áherslum og þar fram eftir götunum eftir því sem tímarnir og áherslur breytast. Þetta veit hv. þingmaður.

Ég hygg að vænlegra sé fyrir hann að hætta þessum útúrdúrum og gangast hreinlega við því að lögin voru með þeim hætti að ekki var hægt að selja Landssímann nema með samþykki Alþingis. Enginn hv. þingmaður, hvorki hv. 5. þm. Norðaust. né ég, né nokkur annar sem hér á sæti, getur skuldbundið Alþingi fram í tímann. Nýir alþingismenn eru kjörnir, þeir taka sínar ákvarðanir og láta sig engu

skipta það sem aðrir hafa sagt í umræðum, enda mega þeir ekki vera að því að kynna sér það og dytti það aldrei í hug. Eins er um einstaka aðra þingmenn.

Ég hygg t.d. að þegar ljósleiðarinn var lagður á sínum tíma til varnarliðsins, á meðan hv. 5. þm. Norðaust. var samgönguráðherra, hafi menn ekki spáð því beint fyrir fram. Ég man líka að hv. þingmaður kom ekki að því sem ráðherra á þeim tíma, heldur var það hæstv. forsætisráðherra sem á þeim tíma annaðist þann hluta ljósleiðaravæðingarinnar sem sneri að varnarliðinu.

[15:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi saga er í stuttri upprifjun þannig að þegar Pósti og síma, því ágæta opinbera fyrirtæki, var breytt í hlutafélag voru ýmsir menn að sjálfsögðu þegar tortryggnir og ályktuðu að þetta væri undanfari einkavæðingar fyrirtækisins. Þá fylgdu sérstakar yfirlýsingar af hálfu stjórnvalda um að ekkert slíkt væri á döfinni, þetta væri eingöngu formbreyting. Frumvarpið var vissulega þannig úr garði gert, samanber það sem hér var rifjað upp með 1. gr. Það leið samt ekki á löngu þangað til fyrstu skrefin voru tekin. Þau voru tekin með því að skipta fyrirtækinu upp, skipta því í Landssímann og Íslandspóst. Síðan leið tíminn og það var ekki þannig að Alþingi hefði ekki haft stöðu til að binda vald nýrra þingmanna og einhvers nýs meiri hluta því að sami meiri hlutinn hélt áfram. Þetta er nefnilega búið að vera í höndum sömu flokka og sömu manna meira og minna. Það er sami hæstv. ráðherrann, hv. þm. Halldór Blöndal, þáverandi hæstv. samgönguráðherra, sem fór að framkvæma eitthvað allt annað en hann hafði látið í veðri vaka að til stæði 1996. Þar af leiðandi þýðir ekkert að skjóta sér á bak við það að nýir menn komi og taki nýjar ákvarðanir. Það var sami gamli maðurinn sem gerði það. (Gripið fram í.)

Þess vegna var það líka að þegar kom að bönkunum voru menn mjög tortryggnir. Þótt það stæði í greinargerð með stjórnarfrumvarpinu að ekki yrði hróflað við eignarhaldi hinna háeffuðu banka fyrstu fjögur árin var ekki einu sinni staðið við það. Það var ekki einu sinni staðið við skýr fyrirheit í greinargerð með stjórnarfrumvarpi. Þetta liggur fyrir. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Halldór Blöndal að æsa sig neitt út af því. Þetta eru bara sögulegar staðreyndir, herra forseti, sem er alveg sjálfsagt mál að rifja upp og veitir ekki af.

[15:37]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta er búin að vera mjög fróðleg umræða um margt. Sérstaklega er athyglisvert að hlýða á útlistanir hv. þm. Halldórs Blöndals á stefnu ríkisstjórnarflokkanna, einkavæðingarflokkanna, eins og hann kallar Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn.

Ég held að það hafi verið vorið 2003, rétt fyrir kosningar, sem ný hafnalög voru samþykkt á Alþingi. Í þessum lögum var opnað fyrir heimild til að gera hafnir að hlutafélögum. Við vorum þá nokkur hér í þessum þingsal sem höfðum efasemdir um að þetta væri hyggileg breyting á lögunum. Við vorum öll í einum flokki, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Ástæðan fyrir því að við töldum þetta óráðlegt var sú að við töldum að með þessu móti yrði þrengt að lýðræðislega kjörnum fulltrúum til að sinna félagslegum verkum, taka ákvarðanir á grundvelli félagslegra sjónarmiða og byggðasjónarmiða. Þetta gæti t.d. þegar fram liðu stundir komið illa niður á smáum höfnum. Hafið engar áhyggjur af þessu, vorum við fullvissuð um, m.a. af ráðherrum. Við erum staðráðin í því, ríkisstjórnin er staðráðin í því að standa vörð um hagsmuni smárra hafna, hafna á landsbyggðinni. Vandinn er bara sá að ríkisstjórnin hefur ekki lengur vald til að taka ákvarðanir eins og hún hafði fyrir þessa lagabreytingu.

Það sem gerðist var að hafnirnar voru færðar undan Siglingastofnun sem ein hafði haft yfirsjón með þeim fyrir hönd ríkisvaldsins og færðar undir aðra sem heitir Samkeppnisstofnun. Nú erum við komin inn í það umhverfi með hafnirnar að ef ein þeirra telur sér mismunað af hálfu ríkisvaldsins varðandi fjárveitingar eða stuðning getur hún kært þá ráðstöfun til Samkeppnisstofnunar sem brot á samkeppnislögum. Þetta gerist þegar við förum með almannaþjónustu, samfélagsþjónustuna, inn á markaðstorgið. Þetta er ein afleiðing þessa. Við þurfum að hugsa öll þessi mál til mjög langs tíma. Við þurfum að hugsa til langs tíma þær breytingar sem við erum að ráðast í. Síðar í dag verður til umfjöllunar svokallaður GATS-samningur sem einmitt snertir þessi mál öll saman og er smám saman að skuldbinda okkur að ýmsu leyti á þann hátt sem ég er að lýsa hér.

Þó að það sé ásetningur núverandi sveitarstjórnar á Húsavík, í þessu tilviki, að selja ekki hlut í því fyrirtæki sem hér er verið að stofna eða formbreyta kemur dagur eftir þennan. Sú er ástæðan fyrir því að í Hollandi var það bundið í stjórnarskrá landsins að ekki megi einkavæða vatnið, drykkjarvatnið. Hvers vegna? Vegna þess að slíkt væri svo afdrifarík ákvörðun að jafnvel þótt meiri hluti í sveitarfélögum eða í landstjórninni væri fyrir því einhvern tímann að einkavæða drykkjarvatnið væri um að ræða slík grundvallarréttindi, þ.e. eignarhald á drykkjarvatni, að ekki mætti láta slík pólitísk sjónarmið ráða, pólitísk sjónarmið sem væru ofan á í skamman tíma í einhverri sveitarstjórn eða í landstjórninni.

Síðan vorum við minnt á það fyrir fáeinum dögum af hæstv. iðnaðarráðherra að ef við förum út á markaðstorgið með almannaþjónustuna ráðum við engu um það hvar eignarhaldið endar, hvar það lendir. Við þurfum að auglýsa hluti til sölu á öllu hinu Evrópska efnahagssvæði.

Þá má spyrja: Skiptir það einhverju máli? Skiptir einhverju máli hver eigandinn er og hvar hann er? Já, það skiptir nefnilega grundvallarmáli. Eignarform á fyrirtækjum og starfsemi skiptir miklu máli. Ég er sannfærður um það og við erum sannfærð um það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að hlutafélagaform er mjög óheppilegt þegar grunnþjónustan er annars vegar. Ástæðan er sú að eigandinn, hlutabréfshafinn, eigandi hlutabréfs, er óáreiðanlegur eigandi þegar hann er kominn fjarri starfseminni sjálfur, þegar það er ekki lengur sveitarfélagið eða ríkið sem á hlutinn. Hluthafi fjárfestir í fyrirtæki til þess að hafa af því arð. Ef á móti blæs eða ef meiri arð er að hafa í annarri starfsemi fer hann þangað. Þetta hefur sýnt sig. Þess vegna er hlutafélagaformið í almannaþjónustu, það hefur sýnt sig í

símafyrirtækjum og raforkufyrirtækjum, mjög óheppilegt. Hluthafar sem eru að fjárfesta til að taka arð út úr fyrirtækjum eru ekki áreiðanlegir eigendur.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur talað um lífeyrissjóðina í þessu sambandi. Lífeyrissjóðirnir eru ekki áreiðanlegir eigendur fremur en aðrir vegna þess að þeim er lögum samkvæmt gert að fara þangað með fjármuni sína sem ávöxtun eða arðsemi er mest hverju sinni. Þetta eru bara staðreyndir. Þess vegna er hin gamla klisja um að í hlutafélagavæðingu felist einhver mikil og björt framtíð, það sé nútímavæðing eins og stundum er sagt, alröng. Þetta er bara klisja og stenst ekki skoðun.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minntist á þingmál sem liggur fyrir frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, frá hv. þm. Álfheiði Ingadóttur, um að athugun verði gerð á því lögleiða nýtt fyrirkomulag, hlutafélög í ríkiseign. Þetta er nokkuð sem þekkist á Norðurlöndunum, t.d. í Svíþjóð þar sem er löng hefð fyrir slíku. Þetta er mjög brýnt að skoða. Reyndar þarf að skoða líka önnur möguleg form. Ég tel að finna þurfi millistig á milli ríkishlutafélags af þessu tagi og byggðasamlags. Byggðasamlag er ágætis eignar- og rekstrarform, nema það hefur ákveðna annmarka varðandi aðkomu eigenda að slíku fyrirtæki. Við þekkjum það hér á höfuðborgarsvæðinu, t.d. slökkviliðin á höfuðborgarsvæðinu sem hafa sameinast í byggðasamlagi og það á við einnig um önnur fyrirtæki. Ég tel að finna þurfi þarna enn eitt fyrirkomulag sem svarar kröfum um sveigjanleika í eignarhaldi, þannig að sveitarfélög og ríki eftir atvikum geti tekið höndum saman eða geti sameinast um fyrirtæki eða stofnun en haldi ekki með þau út á markaðstorgið, sem því miður gerist jafnan þegar fyrirtækjum er breytt í hlutafélög. Það er a.m.k. mikil hætta á því að svo gerist. Það þyrfti ekki annað en fá meiri hluta samstiga hæstv. iðnaðarráðherra í sveitarstjórn á Húsavík til að það sjónarmið yrði ofan á. Þetta eru bara staðreyndir sem við verðum að horfast í augu við.

Ég tel því óráðlegt að ráðast í þessar breytingar þó að ég efist ekkert um góðan vilja þeirra manna sem stýra för á Húsavík. Það kemur því máli ekkert við. Við þurfum að hugsa þessi mál öll til langs tíma og jafnan með það í huga að dagur kemur eftir þennan dag.

[15:48]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um einkahlutafélagavæðingu Orkuveitu Húsavíkur. Ég mælti fyrir því máli áðan fyrir hönd iðnaðarnefndar. Umræðan hefur aftur á móti kannski að litlu leyti snúist um þá formbreytingu sem við erum að gera á Orkuveitu Húsavíkur og farið út um víðan völl.

Ef ég ætti að tjá mig um öll þau efnisatriði sem hafa komið fram í mörgum ræðum hér yrði ræðutími minn alllangur. Ég ætla að reyna að afmarka mig við tvö efnisatriði. Í fyrsta lagi málefni Orkuveitu Húsavíkur og hins vegar um framtíðarskipan orkumála hér á landi sem hafa reyndar verið í umræðunni í dag.

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram hjá hv. þingmönnum að Orkuveita Húsavíkur er glæsilegt og öflugt fyrirtæki sem heimamenn vilja efla með þeirri formbreytingu sem við leggjum hér til. Það er mikilvægt að hafa það í huga við þessa umræðu að það er ósk frá heimamönnum sjálfum, sveitarstjórnarmönnum á Húsavík, að við förum í þessa formbreytingu. Hvers vegna er verið að leggja þessa formbreytingu til? Jú, forustumenn Orkuveitu Húsavíkur telja að þetta form sé mun heppilegra til að efla og styrkja Orkuveitu Húsavíkur til framtíðar séð. Það stendur ekki til að selja Orkuveitu Húsavíkur og það hefur ekkert stjórnmálaafl í bæjarmálum á Húsavík lagt til að orkuveitan verði seld. Ég mun koma nánar að þessu einkavæðingartali í raforkugeiranum á eftir í ræðu minni.

Það vill svo til að í sveitarstjórn Húsavíkurbæjar eru sveitarstjórnarmenn í meiri hluta sem hafa hneigst til þess að vera vinstra megin í íslenskri pólitík. Ég veit ekki betur en að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi verið mjög ánægður með úrslit í síðustu sveitarstjórnarkosningum þar. Þar buðu margir hæfir einstaklingar sig fram og vinstri menn unnu þær kosningar. Hv. þingmaður sendir ekki framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum sem eru í sveitarstjórn Húsavíkurkaupstaðar fallegar kveðjur þegar hann talar um blámórautt bandalag. Þykja mér það heldur kaldar kveðjur til fólks sem fórnar sér fyrir samfélag sitt og vinnur að vanþakklátum sveitarstjórnarmálum. Við þekkjum það sem störfum í pólitík að það er mjög erfitt að standa að sveitarstjórnarmálum, fólk er að sinna sínum störfum ásamt því að sinna hagsmunum byggðarlaga sinna. Allt það fólk sem býður sig fram til þeirra verka gerir það af góðum hug einum og góðum ásetningi og oft er erfitt að sjá einhverjar skýrar flokkslínur þar á milli. Ég held því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi, þegar hann talar um blámórautt bandalag, kannski gerst of hvatvís í garð þess ágæta fólks sem vinnur að hagsmunum Húsvíkinga almennt.

Ég held jafnframt að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ætti að keyra norður í land og ræða við sitt bakland í sveitarfélagi sínu. Hann talar hér um stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og allt gott um það að segja að þeir eru stefnufastir hér, en mér sýnist í ljósi þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið af öllum bæjarfulltrúum á Húsavík að nú hrikti í stoðum baklands Steingríms J. Sigfússonar á Húsavík, því hann er á móti allri bæjarstjórn Húsavíkur í þessu máli. Það er staðreynd málsins. Hann segir að flokkur sinn standi heill í þessu máli og við gefum okkur þá að ekki fyrirfinnist margir vinstri grænir í sveitarstjórninni á Húsavík úr því sem komið er.

Það er mjög sérstakt í allri þessari umræðu þegar hv. þingmenn, sérstaklega Vinstri grænna, tala um þá formbreytingu sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir á ríkisfyrirtækjum á undanförnum árum, tala um einkavæðingarsinnana og allt í þeim dúr, að það eru vinstri menn á Húsavík sem beita sér fyrir þessari breytingu. Þetta er fólk sem ber hagsmuni síns byggðarlags fyrir brjósti og við styðjum Húsvíkinga í þessu máli, alla sveitarstjórn Húsavíkurkaupstaðar, en því miður eru vinstri grænir hér á móti þessari formbreytingu, á móti þeirri ákvörðun og þeirri beiðni sem Húsvíkingar hafa beðið okkur alþingismenn að liðsinna þeim í. Þetta er ekki ný breyting. Slík formbreyting hefur átt sér stað hjá öðrum orkufyrirtækjum, reyndar ekki hávaðalaust, en við stöndum með meiri hlutanum og allri sveitarstjórn á Húsavík í þessu máli.

Hæstv. forseti. Ég vil kannski segja það líka, af því hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er staddur hér, að mér líkaði ekki alls kostar ræða hans áðan. Þá á ég við hvernig hann í fyrsta lagi talar til blámórauðs bandalags norður á Húsavík og í öðru lagi til okkar samstarfsfélaganna á hv. Alþingi þegar hann talar um að við förum vælandi og grátandi og tístum í fjölmiðlum þegar við berum á torg okkar pólitísku skoðanir. Það hefur ekki gefist vel fram á þennan dag að tala niður til fólks með þessum hætti. Slíkt er ekki til vegsauka, svo mikið er víst. Ég segi það hér að ég held að hv. þingmaður ætti að bera virðingu fyrir skoðunum okkar hinna þegar við erum að móta framtíðarfyrirkomulag á raforkumarkaði sem er stærsta pólitíska úrlausnarefni dagsins í dag, eitt af stærstu verkefnum framtíðarinnar hvernig við ætlum að skipa framtíðaráherslum okkar með tilliti til nýskipan í raforkumálum. Ég ætla að áskilja mér þann rétt að segja frá mínum pólitísku skoðunum og hugsjónum hvað það varðar og mun ég nú koma að því í ræðu minni vegna þess að mikið hefur verið rætt um það, bæði í þessari umræðu og fyrr í dag.

Ég vil byrja á að fagna því að stjórnvöld horfi fram á veginn í því ástandi sem er í dag í ljósi nýskipunar á raforkumarkaðnum. Það þarf að móta það framtíðarumhverfi. Ég held að við þingmenn séum almennt sammála um að það þurfi að horfa fram á veginn. Ég get fallist á þau rök að það sé ekki skynsamlegt að ríkið eigi mörg fyrirtæki á þeim markaði er viðkemur dreifingu og sölu á rafmagni, að ríkið sé í innbyrðis samkeppni. Ég get fallist á þau rök að slíkt sé ekki hentugt. Því er það sjálfsagt og mikið fagnaðarefni að framkvæmdarvaldið ætli í þá vinnu að móta þá framtíð. Það er hlutverk framkvæmdarvaldsins. Að sjálfsögðu er það svo undir okkur alþingismönnum komið á endanum hver stefnan verður. Við hv. alþingismenn eigum eftir að taka afstöðu til þessara mikilvægu mála. Ég geri ekki lítið úr því. Við hv. þingmenn, margir, eigum eftir að ræða þetta mál til hlítar innan okkar stjórnmálaflokka, hlusta á rödd fólksins í landinu í þessu máli. Það á eftir að fara mikil umræða um málið í þjóðfélaginu. Því vil ég segja hér að við erum einungis að taka fyrstu skrefin í þessari mikilvægu umræðu og flokkarnir allir, stjórnmálaflokkarnir á þingi, eiga eftir að taka mjög mikla umræðu um framtíðarskipulag á raforkumarkaði.

Hæstv. forseti. Mér þykir nauðsynlegt í ljósi þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í dag að bregðast við einu, sem mikil þjóðfélagsumræða hefur verið um að undanförnu, sem snertir hugsanlega sölu á Landsvirkjun. Einkavæðing Landsvirkjunar heyrum við úr þingsölum og reyndar víða í þjóðfélaginu. Sú umræða er rétt að hefjast og sú umræða á eftir að þroskast, bæði hér innan þings og utan. Hins vegar er það ekkert launungarmál og ég ætla ekkert að fara í grafgötur með það að það hefur ekki verið keppikefli okkar framsóknarmanna að einkavæða raforkukerfið. (Gripið fram í.) Það er ekki stefna Framsóknarflokksins í dag. (**Gripið fram í:** ... Valgerðar.) Við Íslendingar framleiðum orku sem er ein sú ódýrasta í heimi.

Ég vil í tilefni af þessum frammíköllum, hæstv. forseti, segja að ráðherra ræður ekki öllu einn. Ráðherra þiggur umboð sitt frá þingmönnum. Ég veit ekki betur en (Gripið fram í.) að við þingmenn, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, tölum mjög mikið um það að við viðhöldum sjálfstæði þingsins. Þess vegna finnast mér mjög merkileg frammíköllin sem ég fæ við þessa umræðu og í þeirri ræðu sem ég held hér.

Það er staðreynd málsins að við Íslendingar framleiðum mjög mikla raforku og það er mikil auðlind í okkar landi er snertir raforkuna. Raforka okkar er ein sú ódýrasta í öllum heiminum og hefur gert okkur kleift að lifa og starfa í þessu landi og það hefur styrkt samkeppnisstöðu landsins hversu lágt raforkuverð við bjóðum bæði fyrirtækjum og almenningi.

Það er þess vegna ljóst að með einkavæðingu Landsvirkjunar felst mikil hætta á að raforkuverð hækki, því það er staðreynd málsins að fjárfestar, hugsanlegir fjárfestar, munu gera arðsemiskröfu til fjárfestinga sinna og því er ljóst að raforkuverð mundi hækka eitthvað í framhaldinu. Þeir framsóknarmenn sem ég hef rætt við innan flokksins og í gegnum tíðina hafa ekki verið ginnkeyptir fyrir því að einkavæða Landsvirkjun.

Ég lýsi þess vegna yfir miklum efasemdum um einkavæðingu Landsvirkjunar, það er nóg að horfa á afdrif annarra þjóða í því samhengi sem hafa einkavætt raforkukerfið. Ég segi það hér að ég hef miklar efasemdir um það og það er ekkert í stefnu Framsóknarflokksins sem ætlar það að við munum einkavæða Landsvirkjun í framtíðinni.

[15:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er eiginlega svolítið uppnuminn yfir því hvað hv. þingmaður er sjálfstæður gagnvart framkvæmdarvaldinu hér í (Gripið fram í.) ræðu sinni og ætla að vona að það þýði að nú séu að koma breyttir tímar í sölum Alþingis, að Alþingi sé að endurheimta eða taka til sín það vald sem það á auðvitað að hafa, þ.e. að þingmenn líti ekki svo til að framkvæmdarvaldið eigi þá og að þeir eigi að rétta upp hönd með því sem það leggur til.

Ég spyr hv. þingmann hvort hann geti ekki séð fyrir sér að þau ríkisfyrirtæki í raforkugeiranum sem nú eru til verði stokkuð upp og höfð fleiri en menn sjá fyrir sér núna, a.m.k. ríkisvaldið eða framkvæmdarvaldið, og að með þeim hætti verði búin til 2–3 fyrirtæki í raforkugeiranum sem geti þá keppt um þjónustu við fólkið í landinu í því nýja fyrirkomulagi sem þarna er á ferðinni.

Ég átta mig bara hreint ekki á því af hverju menn eru komnir út á þá braut að tala um að búa til eitt fyrirtæki úr þessu. Ég vil gjarnan heyra frá hv. þingmanni hvort hann telji að þetta sé endilega leiðin sem viðskiptaráðherrann, iðnaðarráðherra, lýsti yfir. Ég tel mögulegt að breyta svo eignarhaldi á einhverjum af þessum fyrirtækjum. Menn hljóta að velta því fyrir sér eftir því hvers konar samsetning verður á þeim fyrirtækjum sem verða til úr þeim ríkisfyrirtækjum sem nú eru rekin. Ríkissjóður þarf ekkert endilega að eiga öll þessi fyrirtæki. Við skulum segja að þau yrðu þrjú og þar geta þá aðrir aðilar komið til. Ég tel enga ástæðu til að útiloka neitt í því efni núna.

[16:02]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við hv. þm. Jóhann Ársæls-

son séum að mörgu leyti mjög sammála um þá þróun sem hefur átt sér stað að undanförnu hvað varðar raforkumarkaðinn. Við höfum verið sammála um að innleiða það samkeppnisumhverfi sem hér hefur nú rutt sér til rúms. Við höfum tekið um það ákvörðun líka hér, stjórnmálamenn, að stórauka niðurgreiðslur, til að mynda vegna húshitunar og annarra þátta og verjum 1.200 millj. til þeirra verkefna. Það er mjög mikilvægt mál fyrir hinar dreifðu byggðir sem hafa þurft að taka á sig meiri byrðar en ella og við höfum viljað koma til móts við þá aðila. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hafa framlög til þessa málaflokks margfaldast; margfaldast vegna þess að sá er vilji stjórnarmeirihlutans, og að ég tel stjórnarandstöðunnar líka, að við styrkjum byggð hér víða um land og reynum að jafna húshitunarkostnað landsmanna.

Hv. þingmaður spurði mig hvernig ég gæti séð fyrir mér framtíðarskipulag á raforkumarkaðnum hvað fyrirtækjaþátttinn varðar. Ég ætla ekki að svara því hér í stuttu andsvari. Ég á einfaldlega eftir að mynda mér skoðun á því og umræðan er rétt að hefjast. Við eigum eftir að skoða alla þætti hvað það varðar. Það eru margar hliðar á því máli. Ég held að þetta sé eitt af stærri úrlausnarefnum okkar í framtíðinni.

Við eigum að hefjast handa í þeirri vinnu að skoða þessi mál og velta þeim vel og gaumgæfilega fyrir okkur.

[16:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Umræðan er kannski rétt að hefjast en hæstv. iðnaðarráðherra lýsti því þó yfir hér fyrr í dag að búið væri að taka ákvörðun um framtíðarstefnuna. Mér þykir gott að heyra að kannski eru ekki allir sammála um það og hafa uppi þau orð sem hv. þingmaður viðhafði, að umræðan sé að hefjast.

Mig uggir hins vegar það að þeir ráðherrar tveir úr ríkisstjórninni, frá báðum stjórnarflokkunum, sem skrifuðu undir yfirlýsinguna og fylgdu henni eftir með öðrum yfirlýsingum hafi nú eitthvað fyrir sér í því að sú stefna hafi stuðning í stjórnarflokkunum. Mér finnast sporin hræða í því. Það er ekki eins og að það sé í fyrsta skipti sem við heyrum einhver mótmæli frá þingmönnum stjórnarflokkanna utan af landi þegar á að gera eitthvað. Hver hefur svo endirinn orðið? Hann hefur orðið sá að ríkisstjórnin hefur ævinlega komist upp með það sem hún ætlar sér. Mig uggir að þannig geti nú farið í þessu efni líka en vonandi hef ég ekki rétt fyrir mér í því.

[16:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég í orðahnippingum við hv. þm. Halldór Blöndal tala um blámórautt hræðslubandalag Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á Húsavík er auðvitað ekki nokkur einasta ástæða til að persónugera það og yfirfæra á það ágæta fólk sem situr í bæjarstjórn á Húsavík. Það er bara ekki þannig sem við gerum þetta í pólitíkinni þegar við ræðum hlutina. Við getum deilt hart á stefnu og ákvarðanir flokkanna sem fyrirbæra en við persónugerum þá ekki og það er ekki til hnjóðs sagt um einhverja einstaklinga sem að baki þeim standa eða störf þeirra. Ég bara frábið mér slíkar ávirðingar. Ég held að ég þekki allt þetta fólk ágætlega, a.m.k. flestallt, og ég veit að það vinnur störf sín þarna af samviskusemi og dugnaði. Það er enginn ofhaldinn af því að vera í sveitarstjórn í meðalstóru þéttbýlissveitarfélagi á landsbyggðinni við þau skilyrði sem mönnum eru þar skömmtuð til að rækja störf sín og reka sveitarfélög. Almennt eigum við ekki að venja okkur á það að reyna að persónugera það þegar við tökumst á um pólitíkina, um stefnur og störf.

Hið sama gildir um hv. þingmann þegar hann er allt í einu orðinn svona viðkvæmur að hann lítur svo til að verið sé að tala niður til sín þegar pínulítið er verið að skjóta á hann pólitískt í salnum. Þá er nú orðið vandlifað hér í heimi ef við megum ekki aðeins takast á um hlutina án þess að í því sé fólgin einhver tilraun til að tala viðkomandi einstaklinga niður.

Merkasta yfirlýsingin sem kom auðvitað fram hér í ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar var að iðnaðarráðherra væri eiginlega umboðslaus í tali sínu um að selja Landsvirkjun, það væri ekki stefna Framsóknarflokksins og það ætti eftir að ræða málið í þingflokknum. Það væru þá aldeilis tíðindin ef það stæði til að þingflokkur Framsóknarflokksins setti hnefann einhvern tímann í borðið og setti ráðherra sína „på plads" eins og menn mundu segja á dönsku. Ja, guð láti gott á vita, að það eigi eftir að gerast en ég hef lítið séð af því hingað til, hvort heldur Írak á í hlut eða eitthvað annað.

[16:07]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra er ekki umboðslaus ráðherra. Hún hefur fullt traust þingflokksins í þessu máli sem öðrum. Hins vegar er það þannig, og það hefur komið mjög skýrt fram í máli stjórnarliða hér á þingi, að við erum rétt að hefja þessa umræðu. Hér var einungis um viljayfirlýsingu að ræða og þar eiga menn eftir að komast að niðurstöðu sem verður væntanlega borin undir alla þá aðila er málið varðar, hvort sem það er borgarstjórnin í Reykjavík eða fulltrúar í stjórnarmeirihlutanum hér á þingi. Ég lagði áherslu á það að við ættum eftir að ræða þetta mál mjög gaumgæfilega og það er ekki stefna Framsóknarflokksins að selja Landsvirkjun.

[16:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Þá, herra forseti, verð ég bara að halda því fram að í þessum málflutningi séu fólgnar ákveðnar mótsetningar, að segja annars vegar að iðnaðarráðherra sé ekki umboðslaus þegar hún talar með þessum hætti og að hún hafi fullt traust flokks síns en svo kemur hins vegar að þetta sé eiginlega alveg órætt mál og að þetta sé ekki stefna Framsóknarflokksins. Hæstv. iðnaðarráðherra var beinlínis að lýsa þeirri framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar að breyta Landsvirkjun, þ.e. hinum stóra sameinaða orkurisa, í hlutafélag og undirbúa að selja eignarhlut ríkisins, a.m.k. eitthvað af honum. Hún nefndi tímatalið 2008 sem ákveðinn upphafspunkt í þeim efnum.

Þetta fer í raun og veru ekki nógu vel saman, held ég, ef betur er að gáð. Hæstv. iðnaðarráðherra hlýtur annaðhvort að tala í nafni ríkisstjórnarinnar og þeirra þingflokka sem á bak við standa eða þá eitthvað annað og mjög undarlegt er

á ferðinni. Reyndar var hæstv. fjármálaráðherra á sömu nótum. Við eigum þá eftir að sjá það að þingflokkar stjórnarflokkanna taki af ráðherrunum völdin, eins og áður sagði. Það yrðu mikil tíðindi og hefur lítið borið á því hingað til að menn myndu eftir þingræðinu þegar til kastanna kemur.

[16:09]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að ítreka það hér að vitaskuld hefur hæstv. iðnaðarráðherra umboð frá þingflokki sínum og hún vinnur störf sín í því umboði, hæstv. ráðherra.

Það sem ég hef verið að segja hér í dag, og ég veit að hv. þingmaður er mér sammála um það þótt hann geti ekki komið hér upp meir, er að mikil umræða á eftir að fara fram í þjóðfélaginu um framtíðarskipan orkumála hér á landi. Ég held að allir geti verið sammála um það.

Þó að sú umræða hafi staðið hér í einhverja mánuði er alveg ljóst að margra ára umræða verður um þetta stóra málefni, þetta stóra viðfangsefni, í framtíðinni. Því segi ég það hér: Við erum rétt á upphafspunktinum og eigum eftir að takast á í pólitíkinni um þetta mál eins og svo mörg önnur.

[16:10]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er um margt merkileg umræða og að sumu leyti fagna ég ræðu hv. þingmanns sem hér talaði, hv. formanns iðnaðarnefndar. Ég verð samt að viðurkenna að ég á dálítið bágt með að skilja í ljósi nýsamþykktra laga um fyrirkomulag raforkumála að þá komi fram hjá hv. þingmanni að margra ára umræða sé fram undan. Það segir mér það eitt að í Framsóknarflokknum voru þessi mál ekki kláruð áður en þau voru samþykkt frá Alþingi frekar en mörg önnur frumvörp.

Þegar hæstv. iðnaðarráðherra boðar hér einkavæðingu Landsvirkjunar skyldi maður ætla að það væri a.m.k. gert í umboði ríkisstjórnar. Þar á Framsóknarflokkurinn, þingflokkurinn sem er nú ekki mjög stór, ekki fjölmennur þingflokkur, býsna marga fulltrúa. Því mætti ætla að það hefði verið rætt innan þingflokks Framsóknarflokksins, að hv. þingmenn þar hefðu rætt að svona ætti að standa að málum.

Það gleður mig hins vegar að hv. þingmaður segir að hann hafi verulegar efasemdir um þessa boðuðu einkavæðingu Landsvirkjunar. Þetta er auðvitað einkavæðing í þágu fákeppni og einokunar, ekki samkeppni og alls ekki í þágu fólksins í landinu.

Ég spyr hv. þingmann: Er alveg klárt að í þessu máli sé hæstv. ráðherra ekki að túlka skoðun Framsóknarflokksins? Er þetta aðeins fjölmiðlafár og athyglissýki?

[16:12]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa mig ósammála málflutningi hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um það að hæstv. ráðherrar fjármála og iðnaðar hafi boðað það að Landsvirkjun yrði einkavædd. Það er beinlínis rangt að það hafi verið boðað fortakslaust að Landsvirkjun yrði seld. Það er ekki réttur málflutningur.

[16:13]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra boðaði eins og hér kom fram að jafnvel innan þriggja ára með aðkomu nýrra fjárfesta yrði rekstrarfyrirkomulagi þessa fyrirtækis breytt. Ég spyr hv. þingmann enn og aftur:

Var þessi yfirlýsing ráðherra með samþykki Framsóknarflokksins eða ekki? Svarið hlýtur að vera já eða nei.

[16:13]

Frsm. iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ákaflega merkileg umræða, svo að ekki sé dýpra í árinni tekið. Við erum að ræða um frumvarp til laga um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur. Hæstv. ráðherrar hafa talað um að vel komi til greina að breyta rekstrarfyrirkomulagi Landsvirkjunar, trúlega í svipaða átt og við erum að gera hér varðandi Orkuveitu Húsavíkur, sem samflokksmenn hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur hafa beðið okkur stjórnmálamenn um að gera hér á Alþingi. Er þá þar með sagt að sveitarstjórnarmenn á Húsavík muni selja Orkuveitu Húsavíkur eftir þrjú ár? Þetta er mjög langsótt túlkun. Ég vil ekki trúa því.

Ég hafna því að með því að háeffvæða einhver ríkisfyrirtæki eða fyrirtæki í eigu sveitarfélaga sé þar með sjálfgefið að þau verði seld einkafjárfestum í heilu lagi. Slíkt gerist ekki. (Gripið fram í.)

[16:15]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. (Gripið fram í.) Hér var kallað fram í: Þar sem tveir framsóknarmenn koma saman, þar er ófriður. Ég veit ekki hvort hægt er að ganga svo langt að fullyrða það. Ég vil til að forðast allan misskilning byrja á að taka það fram að ég ber djúpa virðingu fyrir einlægum efasemdum hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar um einkavæðingu „Landsvirkjunarorkubúsrafmagnsveitunnar" sem Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn ætla að búa til, stærsta ríkisfyrirtæki Íslandssögunnar. Það er hins vegar alrangt þegar nefndur þingmaður segir að sú stefna hafi ekki verið mótuð og mikil umræða eigi eftir að fara fram. Það hefur þá alveg farið fram hjá hv. þingmanni að ríkisstjórn Íslands hefur lýst því yfir að mörkuð hafi verið stefna um að breyta fyrirtækinu í hlutafélag og fá einkaaðila til fjárfestingar og það sé fyrsta skrefið í einkavæðingu Landsvirkjunarorkubúsrafmagnsveitunnar. Slík stefnuyfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar er algerlega afdráttarlaus. Þingmaðurinn getur ekki vefengt hana eins og hann hefur gert í umræðunni. Ég vek athygli á því að sú yfirlýsing hefur þegar haft áhrif á starfsemi Landsvirkjunar.

Þegar ríkisstjórn markar stefnu, hv. þingmaður, þá hefur það áhrif. Þannig hefur fyrirtækið m.a. þurft að gera grein fyrir þeim nýju stefnuyfirlýsingum gagnvart lánshæfismatsfyrirtækjum erlendis. Lánardrottnar þess spyrja auðvitað, þegar fregnir berast af því að til standi að einkavæða fyrirtækið, hvað sé á ferðinni. Ég á ekki von á að það hafi nein áhrif á stöðu fyrirtækisins. Það er enn þá ríkisfyrirtæki og nýtur ábyrgða og hefur fyrsta flokks lánshæfiseinkunn. En það liggur fyrir og hefur verið lýst yfir að fyrirtækið verði hlutafélagavætt og einkaaðilar fengnir að því og það sé

fyrsta skrefið í einkavæðingunni. Ég held að ég muni það örugglega rétt, en tek þó fram að ég rifja upp viðtal við hæstv. iðnaðarráðherra eftir minni, að hún hafi sagt, aðspurð um efnið: Við höfum komist að þeirri niðurstöðu að ríkisrekstur sé ekki heppilegt form eða fyrirkomulag. Hvernig það hljóðaði orðrétt skal ég ekki um segja en það varð ekki skilið sem annað en yfirlýsing ráðherrans um að tími ríkisrekstrar í þessari atvinnugrein væri að líða undir lok.

Ræður hæstv. iðnaðarráðherra í utandagskrárumræðum við mig fyrr í dag var heldur ekki hægt að skilja á annan hátt. Fullyrðingum mínum um að þetta Landsvirkjunarorkubúsrafmagnsveitufyrirtæki yrði selt einum einkaaðila með grunnnetinu og öllu saman var ekki mótmælt af hæstv. ráðherra né neinum af fulltrúum stjórnarflokkanna í umræðunni.

Ég tek hins vegar eftir því að hv. þm. Halldór Blöndal hefur greinilega talið sig eiga erindi í þá umræðu þótt hann hafi ekki verið fulltrúi flokks síns við hana. Það kom mér sannarlega nokkuð á óvart að heyra utandagskrárumræðuna að sínu leyti endurtekna undir þessum dagskrárlið þar sem ég sat á skrifstofu minni. Ég var út af fyrir sig alinn upp við það að Þingeyingar væru menn stórhuga og ekki þjakaðir af minnimáttarkennd en það var ofar hugmyndaflugi mínu að þingmenn þeirra gerðu þetta risavaxnasta fyrirtæki Íslandssögunnar að umfjöllunarefni undir liðnum Orkuveita Húsavíkur. Sannarlega er þar nokkuð ólíku saman að jafna þó að mjór sé mikils vísir.

Við vonum að orkuiðnaður í Þingeyjarsýslum muni eflast, dafna og styrkjast mjög á næstu árum en ég gat ekki gert ráð fyrir því að þessi utandagskrárumræða yrði endurtekin undir þessum lið. Ég verð þó að hafa þann fyrirvara að ég heyrði aðeins hluta umræðunnar af hálfu hv. þm. Halldórs Blöndals. Mér þótti hún sannarlega nokkuð einkennileg og raunar athyglisvert í umræðunni allri að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sem þátt hafa í henni tekið hafa ekki fjallað um efni málsins eða fyrirætlanir ríkisstjórnar heldur hafa þeir reynt að beina ljósinu og spjótum sínum að Reykjavíkurlistanum og samstarfinu í borgarstjórn Reykjavíkur.

Ég gæti sett fram kenningar um hvers vegna hv. þm. Halldór Blöndal telur það réttast og ég skal svo sem fara í það á eftir en þingmaðurinn sagði eitthvað á þá leið að nú væri útilokað fyrir Reykjavíkurlistann og Reykjavíkurborg að selja eignarhlut sinn í Landsvirkjun ef við teldum að það mundi leiða til hækkunar á raforkuverði hjá almenningi. Því er til að svara, hv. þingmaður, að þegar Reykjavíkurborg selur eignarhlut sinn í Landsvirkjun, vonandi nú á haustdögum, geta borgaryfirvöld ekki gert ráð fyrir að einhverjir vitleysingar fari með landstjórnina. Þeir hljóta að gera ráð fyrir því að þar með sé eignarhluturinn í Landsvirkjun í góðum höndum, að vel verði með hann farið og stjórnvöldin standi ekki þannig að málum að það leiði til ófarsældar í raforkuiðnaðinum. Við skulum líka muna það, hv. þingmaður, að árið 2007 verður kosið til Alþingis og algerlega óvíst um hvaða meiri hluti muni sitja árið 2008, þegar boðað hefur verið að fyrirtækið verði hlutafélagavætt og einkavætt. Enn höfum við sem betur fer, almenningur í landinu, öll tök á að hafa áhrif á úrslit þeirra mála.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti vill áminna hv. þingmann um að ávarpa hæstv. forseta en ekki einstaka þingmenn.)

Sjálfsagt er að taka tillit til þess, virðulegur forseti, en það verður að hafa í huga þingmanninum til afsökunar að hv. þingmaður er einatt á forsetastóli og þingmaðurinn því vanur að ávarpa hann beint. Allt um það.

Það er ekkert einkennilegt að þingmenn stjórnarliðsins af landsbyggðinni skuli reyna að beina ljósunum annað eða draga í efa þá stefnumörkun sem kynnt hefur verið um sameiningu þessara þriggja fyrirtækja. Auðvitað liggur málið þannig, a.m.k. séð frá sjónarhóli mínum héðan í Reykjavík, að sameining þessara þriggja fyrirtækja, Rafmagnsveitnanna, Orkubúsins og Landsvirkjunar hlýtur að vera fólki á landsbyggðinni talsvert áhyggjuefni, m.a. í heimahéraði hv. þingmanns sem ákvað að gera landsmálin að umfjöllunarefni undir liðnum Orkuveita Húsavíkur hf.

Vissulega er verið að taka pólitíska ákvörðun um að flytja þungamiðjuna í þessum tveimur fyrirtækjum, Rarik og Orkubúi Vestfjarða, sem fyrst og fremst hafa þjónað landsbyggðinni, hingað til Reykjavíkur. Það hefur síðan verið boðað að við þá sameiningu við Landsvirkjun verði farið í hagræðingaraðgerðir í þessum rekstri til að ná niður kostnaði. Menn þurfa ekki lengi að hafa fylgst með þjóðmálum, þróun atvinnumála eða fyrirtækja, til að átta sig á því hvaða afleiðingar það getur haft fyrir utan Reykjavík. Auðvitað er það þannig að starfsstöðvar þessara fyrirtækja eru útstöðvar fyrirtækis sem hefði höfuðstöðvar í Reykjavík, Landsvirkjunarorkubúsrafmagnsveitunnar eða hvað menn ætla að kalla þennan þríhöfða þurs. Það hlýtur að vekja spurningar á landsbyggðinni um hvernig hv. stjórnarþingmenn landsbyggðarinnar halda á hagsmunum hennar. Það er eðlilegt að hv. þm. Halldór Blöndal reyni að gera tortryggilegan málflutning hv. þm. Jóhanns Ársælssonar sem benti réttilega á að verkefnið væri miklu frekar að reyna að styrkja þau orkufyrirtæki sem starfa úti um landið til að auka fjölbreytni og samkeppni á þeim markaði.

Þegar hv. þingmaður Halldór Blöndal sagði að vissulega hefði þurft að skjóta styrkari stoðum undir Rafmagnsveitur ríkisins þá hafði hv. þingmaður lög að mæla. En að skjóta styrkari stoðum undir starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins felst ekki í því að gera fyrirtækið að deild í Landsvirkjun. Að skjóta styrkari stoðum undir Rafmagnsveitur ríkisins getur ekki falist í því að leggja það niður og gera það að deild í Landsvirkjun. Nei, að skjóta styrkari stoðum undir raforkufyrirtæki á landsbyggðinni hlyti að felast í því að horfa til að sameina fyrirtækin á landsbyggðinni, til að mynda þau sem starfa fyrir Norðurland, og flytja höfuðstöðvar þeirra þangað. Menn gætu jafnvel séð fyrir sér að í framtíðinni gætu einstök orkuver, til að mynda í eigu Landsvirkjunar á Norðurlandi, runnið til slíks fyrirtækis. Þannig mundu öflug atvinnufyrirtæki út um landið í þessum mikilvæga iðnaði eflast í stað þess að vera útibú frá fyrirtæki með þungamiðju allrar sinnar starfsemi í höfuðborginni.

Vitanlega er það frá þessum atvinnupólitíska veruleika sem hv. þm. Halldór Blöndal reynir að beina ljósinu vegna þess að auðvitað ættu stjórnarþingmenn landsbyggðarinnar að vinna að því að efla Norðurorku, Rarik og Orkubú Vestfjarða sem eitthvert mótvægi á orkumarkaðnum en ekki

leggja þær eignir sem neytendur á landsbyggðinni hafa byggt upp með greiðslu rafmagnsreikninga í áratugi inn sem einhverjar deildir í Landsvirkjun í Reykjavík og afhenda það svo einkaaðilum.

Ég sakna þess að hv. þm. Halldór Blöndal skuli ekki í þessu sambandi að hafa fjallað um auðlindagjöld. Okkur hlýtur líka að leika forvitni á að vita hver afstaða þessa forustumanns Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi er til þess efnis. Við þekkjum að hann studdi það þegar fiskimiðin, fiskurinn í sjónum, hin sameiginlega auðlind okkar landsmanna var gefinn einkaaðilum. Þar var þó lagaáskilnaður um að Íslendingar yrðu að eiga meiri hluta í þeim sjávarútvegsfyrirtækjum. Eigi að hefja einkavæðingarleiðangur á auðlindum landsins er engum slíkum girðingum til að dreifa. Iðnaðarráðherra hefur vísað til þess að menn á Evrópska efnahagssvæðinu þyrftu að sitja við sama borð. Það þýðir á mæltu máli að orkulindir á Norðurlandi gætu sem hægast komist í hendur útlendingum. Ef ekki er skipulag um auðlindir eða auðlindagjöld þá yrði fólk í þessum landshlutum jafnvel að horfa upp á að þar rynnu árnar, þar féllu vatnsföllin og þar gysi upp jarðhitinn og gerði ekki annað en mylja gróða í vasa ítölsku rafveitnanna og kannski einhverra stóriðjufyrirtækja vegna þess að hér hefðu menn ekki verið nægilega forsjálir til að tryggja að við Íslendingar ættum sjálfir og saman auðlindir landsins og tækjum afgjald af þeim.

Ég held að hv. þm. Halldór Blöndal, hv. þm. Birkir Jónsson og aðrir hv. þingmenn stjórnarliðsins af landsbyggðinni ættu að setja hælana í og reyna að snúa við þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað. Ég fæ ekki betur séð, og er þó ekki þingmaður landsbyggðarkjördæmanna og ekki kjörinn til að gæta hagsmuna þeirra sérstaklega, en þetta ógni atvinnupólitískum hagsmunum landsbyggðarinnar og að vinda verði bráðan bug að því að snúa við stefnu ríkisstjórnarinnar. En stefnan er ekkert á reiki. Hún liggur fyrir, hún er yfirlýst og er kunn, ekki bara á Íslandi heldur líka erlendis. Hún er m.a. kunn þeim fyrirtækjum sem lána fé í raforkugeirann á Íslandi vegna þess að þeir þurfa að fylgjast með því hvaða stefna er uppi. En þegar einkavæðing heyrist eru bjöllur auðvitað fljótar að hringja. Sú stefna liggur fyrir. Þeirri stefnu verða hv. þingmenn að snúa við ef þeir meina eitthvað með því sem þeir hafa sagt í dag en ekki bara lýsa efasemdum.

[16:30]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur og að líkum er umræðan tvíþætt sem hér fer fram. Annars vegar um þetta afmarkaða frumvarp sem lýtur að stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur og hins vegar um orkumálin almennt og þá lagaumgjörð og stefnumörkun sem verið er að skapa þeim.

Það er held ég rétt og skylt að hér sé bent á að þetta frumvarp var lagt fram í haust og nokkru áður en fóru að dynja á þjóðinni yfirlýsingar um að hraða einkavæðingu orkukerfisins sem við höfum mátt búa við í 2–3 mánuði. Ég hygg að Húsvíkingar sem aðrir landsmenn muni velta fyrir sér í sjálfu sér hvort þeir séu þarna á öruggri vegferð að stofna hlutafélag um orkuveitu sína sem líka fer með vatnsveitumál og önnur þau verkefni sem veita hefur í slíku góðu samfélagi.

Á það hefur verið minnst fyrr í dag að þær miklu hræringar sem núna eiga sér stað á raforkumarkaðnum eigi rætur að rekja til þess að samþykkt voru raforkulög fyrir rúmu ári, raforkulög sem voru talin byggja á einhverri Evróputilskipun um að raforkuframleiðsla á Íslandi og raforkumarkaðurinn gæti lotið einhverju lögmáli markaðarins með hliðstæðum hætti og gæti gerst erlendis þar sem lönd liggja þétt saman og auðlindir með þeim hætti að hægt er að nýta þær kannski meira og minna sameiginlega. Ísland er eyland og á þess vegna ekkert skylt við þær aðstæður sem verið er að tala um á mörkuðum erlendis.

Ég vil því aðeins víkja að þessum hlutum almennt. Ég vil fyrst víkja að þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað og kom m.a. fram í ræðum hv. þm. Helga Hjörvars og fleiri þingmanna sem hafa talað að hagsmunir Reykjavíkur og landsbyggðar séu ólíkir hvað orkumál varðar. Ég vil fullkomlega mótmæla þeirri nálgun málsins. Ég vil líta á okkur sem eina þjóð. Ég vil líta á Reykvíkinga sem Íslendinga. Ég vil líta á alla Íslendinga sem eina þjóð óháð því hvar þeir búa og hagsmunir og ráðstöfun á auðlindum á ekki að fara eftir einhverjum hreppum hvað þetta varðar.

Menn geta velt því fyrir sér með Landsvirkjun, m.a. hvernig hún varð til. Ég ætla ekki að rekja þá löngu sögu en hún var stofnuð til þess að skaffa rafmagn til stóriðju á suðvesturhorninu á sínum tíma. Henni voru afhentar flestar virkjanir landsins til að gefa henni eigið fé og síðan var henni falið það hlutverk að skaffa rafmagn til stóriðju á suðvesturhorninu. Henni var líka falið, þar sem hún átti megnið af virkjunum landsins, að útvega Rarik rafmagn til að selja í smásölu út um land til dreifingar. Ég held að það sé ekki ofsögum sagt að mörgum hefur fundist Landsvirkjun vera dýr á því rafmagni sem hún hefur verið að selja til Rariks, til dreifingar til hins almenna notanda. En hvers vegna þurfti hún þá að selja þetta svona dýrt til almennra notenda? Jú, hún var annars vegar að greiða niður orkuverðið til stóriðjunnar og hins vegar að skapa sér þann höfuðstól sem hún nú á. Hverjir greiddu þetta? Raforkunotendur um allt land á veitusvæði Rariks hafa greitt þann eignarhlut sem hefur myndast í Landsvirkjun. Menn geta deilt um hvort þetta hafi verið rétt skipan á sínum tíma. Ég held að hún hafi verið röng. Ef ráðist var í svona stórvirk mál að skapa orku fyrir eitthvert stórfyrirtæki sem tekur meginhluta af þeirri raforkuframleiðslu sem í gangi er þá ætti að stofna um það sérstakt fyrirtæki en ekki að láta almenna neytendur greiða það niður. Þess vegna þegar verið er að tala um hver eigi Landsvirkjun, þá finnst mér að við þurfum að ganga þar gætilega um dyr og vera ekki að draga okkur að ástæðulausu í hreppadilka hvað þetta varðar. Þjóðin öll hefur greitt þennan höfuðstól Landsvirkjunar og þess vegna varðar framtíðarráðstöfun hennar þjóðina alla en ekki einstök sveitarfélög. Þetta vildi ég draga rækilega fram af minni hálfu. Ég held að Reykvíkingum, sem ég hef hitt, sé enginn greiði gerður með því og þeir eru á móti því að þeim sé stillt sem hagsmunalegum andstæðingum eða eigi sér sameiginlega hagsmuni með íbúum annars staðar á landinu. Við, þó að við eigum lögheimili úti á landi, erum

stolt af höfuðborg okkar. Við gerum okkur grein fyrir að hingað hefur safnast með einum eða öðrum hætti auður og fjárfestingar. Allar byggingar ríkisins eru nánast hér o.s.frv. þannig að við gerum okkur grein fyrir því og erum stolt af og ég tel að við eigum að gæta þess að hugsa þessa hagsmuni alla sem heild fyrir þjóðina eins og rétt og skylt er og ég held að allir vilji.

Víkjum aðeins að þeim málum með framtíðarsýnina. Við höfum öll heyrt svo rækilega bæði á þingi og í fjölmiðlum undanfarið hver stefna ríkisstjórnarinnar er í orkumálum. Hæstv. iðnaðarráðherra lýsti því yfir fyrir áramót á þingi að hún stefndi að því að stofna eitt fyrirtæki úr Landsvirkjun, Orkubúi Vestfjarða og Rarik. Síðan mundi það fyrirtæki fara á markað eins og hæstv. ráðherra orðaði það þá að mig minnir. Þetta var einmitt í umræðu um framkvæmd nýsettra raforkulaga þar sem ráðherra viðurkenndi að margt hefði farið á annan veg en búist hafði verið við. Rafmagn hækkaði upp úr öllu valdi og mörg framkvæmdaatriði hefðu komið þeim mjög á óvart. Ég hef heyrt fleiri stjórnarþingmenn segja hér í þingsal að raforkulögin eins og þau birtast í framkvæmd koma þeim mjög á óvart, þetta sé allt öðruvísi en þeim hafi verið sagt, allt öðruvísi en hæstv. iðnaðarráðherra hafi sagt þeim að þetta mundi verða, allt öðruvísi en embættismennirnir höfðu sagt að þetta mundi verða. Og nú eru embættismenn og ráðherrar á handahlaupum að reyna að draga í land og bjarga í horn verstu annmörkum síðustu raforkulaga. Eins og einn þingmaður orðaði það á nefndarfundi, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sjáum við ekki fyrir endann á því hvernig á að draga það allt í land. Ég leyfi mér að vitna til þessa orðalags vegna þess að hann hefur líka sagt þessi sömu orð á þingi. Þetta er sú staða. Síðan koma hæstv. iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra og segja að framtíðin sé sú að sameina þessi fyrirtæki í eitt og setja þau síðan á markað, selja þau á næstu 2–4 árum.

Það er í þessu ljósi sem orkuveiturnar um landið hafa verið að senda frá sér ályktanir. Norðurorka sendi frá sér ályktun fyrir jól að mig minnir eða fyrir skömmu þess efnis að óska eftir viðræðum við ríkisvaldið um að fá að leysa til sín sinn hluta í Rarik og verkefni Rariks á sínu svæði til að byggja sig upp.

Skagafjarðarveitur hafa líka sent sams konar erindi og óskað eftir viðræðum um að fá að leysa til sín rafveiturnar, eignir Rariks á sínu svæði. Iðnaðarráðherrann gefur mönnum þá gagnsæju yfirlýsingu að hún sjái ekki að þessar litlu orkuveitur eigi sér neina framtíð. Hún sjái þá framtíð að þær sameinist í tvö meginfyrirtæki með Landsvirkjun, Rarik og Orkubúi Vestfjarða sem hrygglengju í öðru og þá væntanlega yrðu Norðurorka og aðrar litlar veitur bara innbyrtar því henni fannst þær svo litlar, ráðherranum, að ekki tæki því að nefna þær í sömu andrá sem verið væri að nefna þessa sameiningu. Hin sýnin er væntanlega að Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja sameinist í annað fyrirtæki þannig að tvö orkufyrirtæki verði í landinu, annað sjálfsagt í eigu framsóknarmanna og hitt í eigu sjálfstæðismanna svo öllum skilyrðum sé nú fullnægt. En það er ekki víst að ráðherranum verði kápan úr því klæðinu því eins og hæstv. iðnaðarráðherra sagði hér yrði samt að bjóða kaupin á þessum orkuveitum út á Evrópska efnahagssvæðinu og þá er ekki víst að framsóknarfyrirtækin eða sjálfstæðisfyrirtækin ráði við að kaupa þau fyrirtæki. Þau geta að öllum líkindum þess vegna farið í hendur aðila langt úti í heimi og þar af leiðandi fari ráðstöfun á orkuverunum á allt aðra lund en ráðherrann mundi helst fýsa að færi þegar hún væri búin að opna leikinn.

Ég held að það sé í þessu ljósi sem við eigum að horfa á öll þau skref sem verið er að stíga varðandi að létta þessa einkavæðingu orkugeirans fyrir ríkisstjórninni. Ég held að reyna eigi að skoða þetta í því ljósi. Ég velti því fyrir mér hvort 2. þm. Norðaust. sé svo reiðubúinn að feta í slóð 1. þingmanns kjördæmisins, hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, að leggja Norðurorku inn í þetta púkk sem hún hefur mælt fyrir á þingi. Og að Orkuveita Húsavíkur sem við erum hér að fjalla um mundi bara vera tekin án þess að ræða það sérstaklega. Eða hefur hv. 2. þm. Norðaust. ekki heyrt stefnuyfirlýsingu hæstv. iðnaðarráðherra sem er 1. þingmaður kjördæmisins? Sá vilji hlýtur einmitt líka að snúa að Orkuveitu Húsavíkur og í samræmi við það er þetta bara aukaleikur að vera að hlutafélagavæða. Styður hv. 2. þm. Norðaust. þessa stefnu hæstv. iðnaðarráðherra, 1. þm. Norðaust., að Norðurorka og Orkuveita Húsavíkur fari inn í þetta stóra púkk sem enginn veit hvar endar? Hefur ekki hv. 2. þm. Norðaust. áhyggjur nú þegar af framkvæmd raforkulaganna fyrir bændur, fyrir öll hin minni fyrirtæki? Það er ekki enn séð fyrir endann á því.

Ég hef einmitt litið svo á að hv. 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, beri hag byggðarinnar fyrir brjósti og mundi vilja standa gegn þessu ef hann mætti. Mér kom þess vegna á óvart hversu létt hann steig þennan dans við hæstv. iðnaðarráðherra og virtist vera orðinn flæktur í einkavæðingarpilsaslætti ráðherrans.

Það er nú svo að eftir að búið er að opna dyrnar fyrir einkavæðingunni, fyrir hlutafélagavæðingunni, er ekki svo gott að standa gegn því. Fyrir vestan var sagt þegar Guggan var seld að hún yrði áfram gul en það stóð í nokkra daga. Og þegar hæstv. þáverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, talaði einmitt um símann, Póst og síma, að hann yrði ekki til sölu, þá hef ég hér viðtal í BSRB-tíðindum frá september 1995, 4. tölublaði 8. árgangi þar sem einmitt er verið að vitna í hæstv. þáverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, sem var að hlutafélagavæða Póst og síma. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvarðanataka með þessum hætti er of þung í vöfum og samræmist ekki nútímaviðskiptaháttum. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að breyta rekstrarformi Pósts og síma til þess að styrkja samkeppnisstöðu hans og starfsöryggi þess fólks sem þar vinnur."

Síðan kemur orðrétt í þetta viðtal, með leyfi forseta:

„Ég legg áherslu á," — segir hæstv. samgönguráðherra — „að í mínum huga kemur ekki annað til greina en að Póstur og sími verði áfram alfarið í eigu ríkisins."

Þetta vilja menn nú meina að gildi bara á þeim tíma þegar það er sagt, en við vitum hvað nú er. Nú stendur Síminn nákvæmlega frammi fyrir því sem við erum að tala um að geti blasað við fyrir orkuveitunum. Nú stöndum við nákvæmlega frammi fyrir því að verið er að takast á um sölu Símans.

Það sérkennilega við þetta er að Framsóknarflokkurinn, félagshyggjuflokkurinn gengur þarna í fylkingarbrjósti líka.

Hann gengur fram í fylkingarbrjósti í að selja Símann. Ætli það sé með miklum stuðningi flokksmanna? Nei, í skoðanakönnun sem gerð var um afstöðu kjósenda Framsóknarflokksins til þess arna var mikill meiri hluti, milli 70 og 80% á landsbyggðinni og yfir 60% af þeim sem studdu Framsóknarflokkinn voru andvígir því að Síminn væri seldur. (**Gripið fram í:** Hvenær?) Fyrir tæpum tveimur árum síðan. Og ef eitthvað hefur gerst síðan eru menn enn hræddari nú við einkavæðinguna. En Framsókn keyrir á þessa einkavæðingu á Símanum. (**HBl:** Þingmaðurinn er þó ekki hræddur hér í Reykjavík eins og ...)

Hv. 2. þm. Norðaust. er vaskur maður og ég held að við sem eigum uppruna með þeim hætti óttumst ekki neitt heldur tökum bara á. Og þó að menn í Reykjavík, ég veit að hann á í miklum vandræðum með alla sína liðsmenn í Sjálfstæðisflokknum sem eru hlaupandi út og suður á þverólíkri stefnu við þingmanninn, en það er nú ekki svo í þessu máli.

Ég vil bara ítreka hér að við erum að fara út í vegferð sem gengur þvert gegn vilja kjósenda, t.d. Framsóknarflokksins. (**Gripið fram í:** Í þessu máli?) Já, ég hef ekki trú á því að þetta njóti stuðnings þar og bendi á að afstaða kjósenda Framsóknarflokksins til sölu Símans var þannig að mikill meiri hluti var andvígur henni og ég skora á hinn gamla félagshyggjuarm Framsóknarflokksins, sé hann enn til, að berjast gegn því að Framsókn einkavæði Símann og selji og berjist jafnframt gegn því að orkuverin, raforkukerfið verði einkavætt og selt eins og hæstv. iðnaðarráðherra hefur boðað.

[16:50]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Annars vegar vil ég taka það fram um yfirlýsingar hæstv. iðnaðarráðherra varðandi Rarik og Landsvirkjun að ég hef ekki séð útfærslu á þeim hugmyndum sem hæstv. ráðherra er með og kýs að fá að sjá þær frekar og hvernig að þeim verður staðið áður en ég get talað um þær í einstökum atriðum.

Varðandi það frumvarp sem hér liggur fyrir held ég að það liggi alveg ljóst fyrir að meiri hluti bæjarstjórnar Húsavíkur leggur til að stofna einkahlutafélag um Orkuveitu Húsavíkur þar sem meiri hlutinn gerir sér grein fyrir því að orkuverð á Húsavík er mjög hátt um þessar mundir, óeðlilega hátt, og ég hygg að Orkuveita Húsavíkur eigi erfitt með að standast samkeppni í raforkuverði. Af þeim sökum er óhjákvæmilegt fyrir Húsvíkinga að leita leiða til þess að lækka orkuverðið. Stofnun þessa hlutafélags er að sjálfsögðu liður eða þáttur í því. Ég tel að það sé mjög óskynsamlegt í slíkum hugleiðingum að útiloka það fyrir fram að til sameiningar gæti komið milli Orkuveitu Húsavíkur og Norðurorku t.d. Ég bendi á að ýmsar hitaveitur úti á landi hafa verið keyptar upp af Orkuveitu Reykjavíkur til þess að reyna að lækka verðið. Það er af þeim sökum sem flokksbræður hv. þingmanns á Húsavík leggja það nú til að stíga fyrsta skrefið til þess að unnt sé að einkavæða Orkuveitu Húsavíkur með sama hætti og R-listinn í Reykjavík, ef marka má ummæli og skoðanir hv. þm. Helga Hjörvars, er að stíga fyrsta skrefið til þess að einkavæða Landsvirkjun.

[16:52]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get verið sammála hv. þingmanni um það að í höndum þess meiri hluta sem nú er á Húsavík er þetta kannski allt í lagi. Það er nú svo að þegar verið er að taka ákvarðanir sem þessar byggjum við á þeim grunni sem fyrir er.

En í ljósi yfirlýsinga bæði hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. fjármálaráðherra um hvaða framtíðarsýn sem þeir sjá fyrir orkuver landsmanna þá tel ég að kæmust t.d. sjálfstæðismenn og framsóknarmenn til valda á Húsavík mundi verða allt önnur mynd uppi og þá mundi ég ekki treysta með sama hætti að Orkuveita Húsavíkur yrði ekki að almennri söluvöru (Gripið fram í.) í höndum framsóknarmanna og sjálfstæðismanna miðað við þær yfirlýsingar sem hér hafa fallið.

Ég tek því undir það orð hv. þingmanns að í höndum þess meiri hluta sem nú er á Húsavík er þetta sjálfsagt í lagi, og vonandi verður hann áfram, en menn eru ekki eilífir störfum, samanber t.d. yfirlýsingar hv. þingmanns þegar hann var hæstv. samgönguráðherra og sagði hér, eins og ég vitnaði í áðan, með leyfi forseta:

„Ég legg áherslu á að í mínum huga kemur ekki annað til greina en að Póstur og sími verði áfram alfarið í eigu ríkisins.“

Þetta sagði hv. 2. þm. Norðaust., þáverandi samgönguráðherra, en nú er allt annað uppi, frú forseti.

[16:54]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er hálfspaugilegt að heyra hv. þingmann vera að taka þátt í diskusjón sem átti sér stað fyrir fjölmörgum árum og hann þekkir ekki. Í þessum gömlu lögum frá 1996 stendur skýrlega að ekki megi selja Póst og síma nema með samþykki Alþingis. Flutningsmaður þess máls var ég, og til hvers stóð hugur minn á þeim tíma nema til þess eins að tryggja það að Landssíminn yrði ekki seldur nema með samþykki Alþingis?

Ég held að hv. þingmaður verði að reyna að skilja það að ekki geta þingmenn lagt til meiri tryggingu en þá að mál skuli borið undir Alþingi. Ég vænti að hv. þingmaður sé sammála mér um það að við verðum að hlíta því sem Alþingi samþykkir. Flestir gera sér grein fyrir því að það er affarasælast þó að kunni að vera á því undantekningar.

Um hitt hygg ég að við séum ekki sammála, hver staðan sé hjá bæjarstjórn Húsavíkur. Þeir sem bera ábyrgð á rekstri orkumála þar, orkuveitunnar, hljóta að leggja sig í framkróka um að reyna að lækka verðið til neytenda, til Húsvíkinga. Ég hygg að það sé óverjandi með öllu að þeir útiloki fyrir fram þær leiðir sem færar eru í þeim efnum. Ég held að það sé alveg útilokað að halda því fram. Það væri ábyrgðarleysi að halda því fram að sveitarstjórnarmenn mættu ekki að leita allra leiða til þess að lækka orkuverð og tryggja nægilega orku til umbjóðenda sinna.

Í annan stað vil ég segja að frammistaða R-listans í Reykjavík sýnir það ekki glögglega að hægt sé treysta þeim í sveitarstjórn fyrir því að vilja halda vel utan um eignarhluta sinn í orkufyrirtækjum. Að vísu hafa það aðallega verið fyrrverandi alþýðubandalagsmenn í Samfylkingunni

sem hafa talað um þetta mál og væri gaman að fá að heyra hvað gamlir kratar hafa um það segja.

[16:56]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður svaraði sér nú eiginlega sjálfur. Auðvitað veltur á því hver fer með meiri hluta hverju sinni hvaða stefna er tekin.

Ég get alveg fullvissað hv. þingmann um það að ég mundi hafa staðið við orð hæstv. samgönguráðherra sem sagði áðan: Ef ég og minn flokkur hefðum verið í meiri hluta á þingi mundi sala á Símanum ekki vera á dagskrá, alveg klárt. Það veltur á því hver fer með meiri hluta hverju sinni. Og ég mundi hafa staðið við m.a. þessi orð þáverandi ráðherra því að ég var honum sammála þá að Póst og síma ætti ekki að selja. Ef við hefðum verið í meiri hluta væri það ekki hér á dagskrá. Sama á við um önnur málefni sem við erum að ræða hér, að við getum ekki gert ráð fyrir því að sami góði meiri hlutinn sé alltaf til staðar, við lendum alltaf í því að við fáum einhverja meiri hluta eins og við búum við nú á Alþingi þar sem einkavæðingin tröllríður húsum.

Hitt sem ég held að hv. þingmaður ætti líka að vera mér sammála um er að þessar orkuveitur, þessar litlu orkuveitur, hvort sem þær heita Orkuveita Húsavíkur, Norðurorka, Skagafjarðarveitur, eru miklir aflgjafar í samfélögum sínum. Þetta eru yfirleitt þau fyrirtæki sem geta tekið á, stuðlað að og tekið þátt í atvinnuuppbyggingu og stuðlað að vexti viðkomandi samfélags. Við sjáum nú hvað þessar stóru orkuveitur gera fyrir sín samfélög.

Hins vegar getum við lent í því að við fáum slæmar ríkisstjórnir, slæmt Alþingi sem býr þannig um hnútana að sveitarfélög verði eða séu knúin til þess að láta frá sér orkuveiturnar, svipað og gert var við Vestfirðinga þegar Orkubú Vestfjarða var knúið af þeim með stjórnvaldsaðgerðum (Forseti hringir.) til að skapa það fjárhagsumhverfi að þeir yrðu að láta það af hendi (Forseti hringir.) og sama var í rauninni með Rafveitu Sauðárkróks sem tekin var af íbúunum gegn vilja þeirra.

[16:58]

Útbýting:

Fíkniefni í fangelsum, 562. mál, fsp. MF, þskj. 849.

Geðheilbrigðisþjónusta í fangelsum, 561. mál, fsp. MF, þskj. 848.

Iðnaður á Keflavíkurflugvelli, 560. mál, fsp. GÖrl, þskj. 847.

Inna – upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla, 563. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 850.

Skipulögð leit að krabbameini í ristli, 553. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 838.

Útflutningur og kynning á íslensku lambakjöti, 564. mál, fsp. GÖrl, þskj. 851.

[16:59]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram nokkuð merkileg umræða lengi dags, að vísu ekki út af mjög stóru máli, frumvarpinu um að stofna megi einkahlutafélag um Orkuveitu Húsavíkur, en í ljósi þeirra yfirlýsinga sem gefnar hafa verið að undanförnu af stjórnvöldum var von á að út frá þeim mundu spinnast almennar umræður um orkustefnuna og hvert ríkisstjórnin stefnir og hefur stefnt í þeim málum. Ég ætla að fara um það nokkrum orðum.

Oftast má treysta því að sveitarfélög séu að leita leiða til að búa íbúum sínum sem best kjör og sem bestar aðstæður við að búa í sveitarfélögum. Í því sambandi er orkan ekki lítill hluti. Um þetta höfum við dæmi í ýmsar áttir, t.d. þegar Orkubú Vestfjarða var gert að hlutafélagi og síðan var ákveðið að selja það ríkinu. Að vísu tel ég að það mál hafi verið unnið að undirlagi ríkisins að stórum hluta en vafalaust unnu nokkur sveitarfélög á Vestfjörðum að því að Orkubúið yrði selt, einkanlega vegna þess að skuldastaða margra þeirra var orðin með þeim hætti að menn leituðu logandi ljósi að einhverju fé til að reka sveitarfélögin.

Það er staðreynd að við söluna á Orkubúi Vestfjarða á sínum tíma fengu sveitarfélögin fjármuni sem hafa vissulega verið notaðir í rekstur sveitarfélaganna þar og væntanlega orðið til þess að menn hafa getað framkvæmt meira, létt á skuldum eða hagrætt fyrir sér með einum eða öðrum hætti eins og sagt er. Hitt fer heldur ekki á milli mála að salan á Orkubúinu og þeir fjármunir sem þar komu inn eru að verða búnir eða fullnotaðir í sveitarfélögunum vestra. Það er því oft ekki til langrar framtíðar litið þegar menn velja að selja frá sér fyrirtæki eins og Orkuveituna og ekki sama hver kaupandinn er eða hvernig á er haldið í þeim efnum og menn hafa oft orðið að leitast við að tryggja það með samningum.

Orkuveita Reykjavíkur hefur verið að færa út kvíarnar og lendur sínar og þar hafa menn náð samningum í sveitarfélögunum sumum hverjum sem eru íbúunum verulega hagstæðir og hefur orðið til að lækka orkuverð í sveitarfélögunum þar sem Orkuveita Reykjavíkur hefur komið að. Orkuveita Reykjavíkur getur gert þetta m.a. út frá stærð sinni og öflugum rekstri og ekki síst þeirri þekkingu sem hún hefur og reynslu af því að reka hitaveitur.

Ég tel ekki ástæðu til að leggjast gegn því sérstaklega að menn stofni hlutafélag um Orkuveitu Húsavíkur. En eins og ég nefndi í upphafi máls míns eru mörg spor sem hræða í þessum efnum. Þess vegna vona ég í lengstu lög að menn kunni fótum sínum forráð með að horfa til þess sem best er fyrir sveitarfélagið á hverjum tíma og best fyrir íbúa þess varðandi orkuöflun, orkudreifingu og aðgang fólks að þeirri almenningsþörf sem hitinn er að sjálfsögðu og orkan.

Það er ekkert launungarmál að mörg sveitarfélög hafa á undanförnum árum staðið illa fjárhagslega og það hafa verið miklar deilur um það milli ríkis og sveitarfélaga hvernig tekjuskiptingin ætti að vera, m.a. er starfandi sérstök nefnd sem fjallar um tekjuskiptinguna þar sem sveitarfélögin eru vissulega að sækja á um að fá auknar tekjur og víða ekki vanþörf á. En nóg um það.

Það sem mig langar hins vegar að gera að umræðuefni án þess að hafa um það mjög langt mál, ég tel það ekki nauðsynlegt, er stefna ríkisstjórnarinnar í orkumálum eins og hún hefur birst okkur á undanförnum vikum og mánuðum. Við höfum sett orkulög og tekið upp stefnu á markaðsvæðingu orkukerfisins. Síðast fórum við í gegnum lagasetningu til að lagfæra ýmsa ágalla í orkulögunum, í desem-

ber sl., sem reyndist hins vegar hafa þær afleiðingar að hækkanir komu víðar fram í allt öðrum mæli en menn höfðu gert ráð fyrir. Ég þarf ekki að tíunda orð ráðamanna og iðnaðarráðherra í þeim efnum en það liggur ljóst fyrir og hefur margoft verið sagt, m.a. í þessum ræðustól og reyndar af fulltrúum Orkustofnunar þegar þeir komu á fund iðnaðarnefndar, að breyting á orkuumhverfinu til samkeppnishátta í því frumvarpi og þeim lögum sem við höfum verið að breyta í þeim efnum, að þar væru engin sérstök tilefni til verulegra hækkana.

Reyndin hefur því miður orðið önnur og við sjáum, einkanlega þar sem fólk þarf að kynda hús sín með rafmagnsorku að þar eru hækkanirnar verulegar og raunar mestar í dreifbýlinu og fámennari byggðarlögum. Staðan er þannig að það er ekki á bætandi víða á landsbyggðinni að auka kostnað sveitarfélaganna og kostnað íbúanna og draga þar með úr möguleikum fólks til að halda heimili á landsbyggðinni og búa á þeim svæðum sem köldust eru og þurfa sérstaklega að nota raforkuna til húshitunar. Um þetta standa enn þá deilur og hæstv. ráðherra iðnaðarmála hefur lýst því yfir að breyta þurfi niðurgreiðslum á húshitun og færa þær jafnvel til og reyna með einhverjum hætti að koma til móts við þær hækkanir sem aldrei var gert ráð fyrir.

Ég segi þetta til að draga fram í umræðunni að ýmislegt sem menn hafa þóst sjá fyrir í lagasetningunni hefur reynst vera vitneskja sem ekki hélt vatni. Við höfum staðið uppi með það og m.a. hafa komið yfirlýsingar frá hæstv. iðnaðarráðherra um að lagfæra þyrfti fjöldamargt í þeim lögum sem við kláruðum í desember sl. og að árið sem var að líða væri tilraunaár þar sem mistökin yrði að leiðrétta jafnvel með sérstökum lagasetningum, fleiri en einni og fleiri en tveimur.

Við töldum sumir hverjir í þessum þingsal að rétt væri að fara hægar í að stíga þessi skref og lögðum til að ákvæðunum um markaðsvæðinguna og samkeppnina væri frestað til næstu áramóta og menn reyndu að átta sig á því hvernig orkuverðið væri saman sett og hvernig það mundi koma út ef menn reiknuðu sig inn í framtíðina eins og lagagreinarnar sögðu til um án þess að virkni þeirra væri komin í gildi. Þær breytingartillögur um frestunarákvæðin lögðum við fram, sá sem hér stendur og hv. þingmaður Steingrímur J. Sigfússon, og töldum að við værum að gera málinu gott vegna þess að mönnum hefði þá gefist tími til að takast á við þann veruleika sem síðar kom í ljós, án þess að verið væri að senda fólkinu nýja reikninga með allt öðrum upphæðum en gert hafði verið ráð fyrir þegar við unnum við lagasetninguna og miðað við þær yfirlýsingar sem bæði menn frá Orkustofnun og hæstv. ráðherra höfðu gefið í umræðunni að um engar verulegar hækkanir yrði að ræða vegna breytinga á lagaumhverfinu.

Ég held að allir hafi gengið út frá því að þó að það gætu einhvers staðar komið fram einhver fá prósent til lagfæringar á töxtum yrði almennt ekki um verulegar breytingar að ræða og ekki verulegt misvægi milli hópa þeirra sem nýttu raforkuna, þeirra sem kyntu húsnæði annars vegar eða rækju fyrirtæki hins vegar, hvort menn byggju í byggðarlögum þar sem væru 200 sálir eða fleiri o.s.frv. En þetta hefur því miður allt komið í ljós og við eigum eftir að takast á við það.

Nýlega var gerður samningur um að auka niðurgreiðslur til þeirra sem nota orku til að framleiða í gróðurhúsum, garðyrkjubændanna, og mér sýnist ekki hafi verið vanþörf á því eftir lagasetninguna. Einnig hefur komið fram að til standi að lagfæra niðurgreiðslur varðandi húshitun og vonandi tekst það betur til. Þetta eru náttúrlega afar skrýtin vinnubrögð að fara í gegnum mál án þess að hafa yfirsýn yfir hvað þetta þýði og á hverjum þetta bitnar, en það hefur því miður verið gert.

Núna stöndum við frammi fyrir þeirri yfirlýsingu hæstv. iðnaðarráðherra að yfirtaka eigi og sameina Orkubú Vestfjarða og Rarik í Landsvirkjun, gera það að einu fyrirtæki og að árið 2008 standi til að setja Landsvirkjun, sem þá væri orðið eitt fyrirtæki, í einkavæðingu og sölu. Ég held að þetta séu yfirlýsingar sem menn geti varla búast við að verði mikil sátt um í þjóðfélaginu en um þá stefnumótun munu menn takast á til framtíðar. Eins og hún er fram sett verður henni örugglega haldið á lofti í kosningabaráttunni vorið 2007 og menn munu þurfa að taka afstöðu til þess hvort þeir vilja fara áframhaldandi einkavæðingarleið í orkugeiranum með tilheyrandi kostnaði fyrir fólk í landinu eða hvort menn vilja fara þá leið sem við höfum alla vega hallast að í stjórnarandstöðunni, að ekki bæri að stíga þau skref sem hæstv. iðnaðarráðherra hefur boðað.

Virðulegi forseti. Í orkulögunum eru ýmis ákvæði sem munu hafa áhrif á orkuverð í framtíðinni, m.a. krafan um arðsemi fyrirtækjanna. Ef krafan um arðsemina á að vera innleidd, eins og mig minnir að hafi verið sett í orkulögin, að eðlilegt væri að gera kröfu til þess á nokkrum árum að arðsemin færi yfir 7% mun það væntanlega leiða til hærra orkuverðs og það frumvarp sem einnig hefur verið til umræðu um að skattleggja orkufyrirtækin mun væntanlega leiða til þess að orkufyrirtækin þurfa að taka inn meiri tekjur því hagnaður þeirra mun verða skattlagður. Samanlagt mun þetta, ásamt rekstrarforminu, verða til þess að neytendur í landinu þurfa að greiða hærra verð í framtíðinni fyrir orkuna eftir markaðsvæðingu og einkavæðingu en í dag. Það kann að vera að hluti af fjármununum komi til baka til þegnanna í landinu í gegnum skattlagninguna á fyrirtækin, auðvitað skilar eitthvað af sér þar en hins vegar er engin trygging fyrir því að sú skattlagning verði rétt vegna þess að hún tengist oft og tíðum því að gerðar eru þær kröfur til fyrirtækjanna sem selja raforku á köldum svæðum landsins, m.a. til húshitunar, að þau skili hagnaði. Þar af leiðandi má færa fyrir því rök að þegar búið er að fara allan hringinn, annars vegar með arðsemina og hins vegar með skattlagninguna séu þeir sem eru á köldustu svæðum landsins og nýta mesta orku að borga til viðbótar meiri hluta arðsins og meiri hluta skattlagningarinnar.

Mér finnst ekki eftirsóknarvert að horfa til þeirrar framtíðar að við séum að taka nýjar tekjur fyrir þá sem eiga orkufyrirtækin, hvort sem það er ríki, borg eða einstaklingar né heldur fyrir ríkið eða sveitarfélögin í skattlagningu á orkufyrirtækin ef það verður til þess að við aukum misvægið. Við gætum verið að gera það, einfaldlega vegna þess að orkuverðið er ekki eins á öllu landinu og verður það sjálfsagt ekki og sum svæði landsins þurfa miklu meira á raforkunni að halda en önnur, m.a. til húshitunar.

Þetta er því mjög athugandi mál og menn verða að vanda sig mjög vel í lagasetningunni og hugsa lengra en bara til þess markmiðs að fara einkavæðingarleiðina. Menn verða að hugsa um þær afleiðingar sem fylgja því að gera það og hvaða kvaðir leggjast á fyrirtækin þegar búið er að einkavæða þau og hvernig þær kvaðir koma niður á fólkið í landinu. Koma þær misjafnlega niður og hvar verða þær þyngstar?

Varla er það vilji okkar sem störfum á hv. Alþingi að ganga á skilyrði þess að halda landinu í byggð og af því að við sjáumst ekki fyrir um að vanda lagasetninguna og gefa okkur góðan tíma við skoðunina séum við að verða þess valdandi að íbúar á landsbyggðinni, sérstaklega á köldum svæðum, séu miklu verr settir eftir breytingarnar en fyrir.

Þetta vildi ég gera að umræðuefni, virðulegi forseti, og láta þessi varnaðarorð koma fram. Ég tel að það sé afar óvarlegt af hæstv. iðnaðarráðherra að göslast fram með yfirlýsingar í þá veru að stefna skuli til einkavæðingar án þess að búið sé með nokkrum hætti að skoða þá endastöðu sem af því getur leitt.

[17:17]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þótti eftirtektarvert í málflutningi hv. þingmanns hversu ríka áherslu hann lagði á að íbúar ýmissa sveitarfélaga úti á landi hefðu haft af því góðan hagnað og mikinn ávinning að hitaveita þeirra sveitarfélaga rynni til Orkuveitu Reykjavíkur. Ber svo að skilja, eins og hann lagði upp mál sitt, að meiri trygging væri fyrir því að það fyrirtæki fremur en önnur gæti búið vel að orkuöflun fyrir íbúa landsbyggðarinnar, fremur en t.d. einkafyrirtæki þó í eigu væru manna utan af landi? Þannig skildi ég hv. þingmann. Mér þótti þetta merkilegt en verð að lýsa því yfir að ég er ekki sammála því að okkur beri að líta þannig á að með því að færa orkuveitur landsbyggðarinnar undir hatt Orkuveitu Reykjavíkur séum við endilega að styrkja landsbyggðina, þ.e. með því að færa þær undir þær höfuðstöðvar sem hér eru og þá miðstýringu sem hér er í gegnum Reykjavíkurborg og í gegnum Orkuveitu Reykjavíkur. Upp á síðkastið, eftir að R-listinn komst til valda í Reykjavík, hafa áherslur Reykjavíkurborgar í málefnum landsbyggðarinnar breyst mjög mikið eins og hv. þingmaður veit, hvort sem við lítum til flugvallarins eða til annarra mála, samgöngumála, atvinnumála eða hvers og eins. Ég get ómögulega tekið undir með hv. þingmanni að það sé einhver sérstök trygging fyrir landsbyggðina að færa sín mál undir Orkuveitu Reykjavíkur.

[17:19]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þingmaður leggur svolítið út af orðum mínum í þá veru að svo mætti skilja að ég telji að það væri sérstök trygging fyrir sveitarfélög ef Orkuveita Reykjavíkur tæki yfir hitaveitur þeirra. Ég held að ég hafi nú ekki orðað þetta svona. Ég held að ég hafi orðað þetta nákvæmlega þannig að hægt væri að finna þess dæmi með yfirtöku Orkuveitu Reykjavíkur núna í samningum bæði við veitur austur á Suðurlandinu og jafnvel á Akranesi og Borgarnesi að íbúum byðist þjónustan á betra verði en áður hefur verið. Þá legg ég engan dóm á það hvort þar sé um algilda fullyrðingu fyrir önnur sveitarfélög að ræða sem hugsanlega tengjast Orkuveitu Reykjavíkur. Ég benti einfaldlega á þetta og ég hygg að hv. þingmaður sé mér sammála um að svona hefur þetta verið að gerast og það byggist sjálfsagt á því að Orkuveita Reykjavíkur hefur mikla fjármuni, er öflugt fyrirtæki og með mikla þekkingu á hitaveitum og hitaveitaframkvæmdum.

[17:21]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sá ástæðu til að vekja athygli á þessu með hliðsjón af því sem hv. þingmaður sagði áður um Orkubú Vestfjarða þó að hann hafi ekki getið hinnar miklu þekkingar sem Landsvirkjun ræður yfir.

Í ljósi þessara ummæla hv. þingmanns er þá ljóst að það er mikils virði fyrir Húsvíkinga að það frumvarp sem hér liggur fyrir nái fram að ganga um stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur til þess að þeir hafi frjálsar hendur um það hvernig þeir geti haldið á málefnum sinnar orkuveitu þannig að það geti orðið til þess að lækka verð á heitu vatni og rafmagni. Við megum ekki binda okkur fyrir fram í eitthvert eitt eignarform þegar við reynum að gera okkur grein fyrir því hvernig rétt sé að byggja upp sterka, ódýra og örugga þjónustu úti á landi.

[17:22]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt að í máli mínu hefði komið greinilega fram að ég hef ekki bundið mig við neitt eitt eignarform og að ég hefði sagt það m.a. að ég teldi varðandi Orkuveitu Húsavíkur að menn yrðu að fá að velja þann farveg sem þeir teldu bestan fyrir íbúana og menn yrðu auðvitað að treysta þá sveitarfélögunum á hverjum tíma til þess að horfa til þeirra hagsmuna.

Ég lagðist því í sjálfu sér ekki gegn því að Orkuveita Húsavíkur yrði gerð að einkahlutafélagi. Ég vakti hins vegar bara athygli á því að það er ákaflega mikils virði fyrir byggðir í þessu landi að sveitarstjórnarmenn eða sveitarfélög sem hafa eignarhald á orkuveitum kunni fótum sínum forráð í þessu málum. Ég tel, hæstv. forseti, að sveitarfélög á Vestfjörðum hafi ekki kunnað fótum sínum forráð við söluna á orkubúinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkaleyfi, 2. umr.

Stjfrv., 251. mál (EES-reglur, einkaréttur lyfja). — Þskj. 269, nál. 815 og 818, brtt. 819.

[17:24]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir hönd meiri hluta iðnaðarnefndar við 2. umr. fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund

fulltrúa frá iðnaðarráðuneytinu, Einkaleyfastofu, Lyfjastofnun, Samtökum iðnaðarins, Actavis, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Vistor, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Eli Lilly Danmark A/S og svo frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Actavis hf., Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, PharmaNor hf., Samtökum atvinnulífsins, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Eli Lilly Danmark A/S, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Iðntæknistofnun og Lyfjastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að í ákvæði einkaleyfalaga, þar sem mælt er fyrir um að einkaréttur samkvæmt einkaleyfi taki ekki til tilrauna með efni uppfinningar, verði tiltekið sérstaklega að einkarétturinn taki ekki til rannsókna og prófana og annarra tengdra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf og endurbætt lyfjaform. Með frumvarpinu er leitast við að innleiða í íslensk lög tiltekinn efnisþátt í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/27/EB frá 31. mars 2004 er varðar einkaleyfisvernd á vernduðu efni uppfinningar. Er efni tilskipunarinnar að öðru leyti á sviði lyfjamála og heyrir undir starfssvið heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins en jafnframt er gert ráð fyrir breytingum á lyfjalögum vegna hennar á þessu þingi.

Þær breytingar sem mælt er fyrir um í frumvarpinu fela í sér, eins og fram kemur í athugasemdum með því, að framleiðanda samheitalyfs, með leyfi forseta: „er heimilt að gera hér á landi allar rannsóknir og prófanir og aðrar tengdar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru í því skyni að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf án þess að slíkt brjóti gegn einkaleyfisrétti eða vottorðum um viðbótarvernd lyfja". Í umsögnum frá umboðsaðilum frumlyfjaframleiðenda hér á landi, sem og í máli fulltrúa þeirra sem komu á fund nefndarinnar, er það gagnrýnt að lögleiða eigi þennan þátt tilskipunarinnar sérstaklega og á undan öðrum þáttum hennar og þá sérstaklega ákvæðum hennar um lengri verndartíma frumlyfja. Byggist þessi gagnrýni á því að umrædd tilskipun eigi ekki að koma til framkvæmda fyrr en 30. október 2005 og að aðildarríki EES hafi frest til þess tíma að innleiða hana. Nefndin tók af þessu tilefni til skoðunar hvort ástæða væri til að fresta gildistöku laganna samkvæmt frumvarpinu. Er það niðurstaða meiri hlutans að þótt tilskipun sú sem frumvarpið byggist á komi ekki til framkvæmda innan EES fyrr en 30. október 2005 sé ekkert því til fyrirstöðu að hún sé innleidd fyrr hér á landi að því leyti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er það mat meiri hluta nefndarinnar að ekki sé ástæða til að fresta gildistöku laganna enda hafi ekki verið sýnt fram á að breytingin hafi í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir frumlyfjaframleiðendur.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita: Birkir J. Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Kjartan Ólafsson, Sigurður Kári Kristjánsson og Birgir Ármannsson.

[17:28]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum, vegna innleiðingar á þeim þætti 8. liðar 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/27/EB frá 31. mars 2004 sem varðar tilteknar rannsóknir og prófanir á einkaleyfisvernduðu efni uppfinningar. Fyrrnefnd tilskipun var samþykkt í kjölfar samningaviðræðna milli hagsmunaaðila í Evrópusambandslöndunum, m.a. frumlyfjaframleiðenda og samheitalyfjaframleiðenda. Með tilskipuninni er m.a. kveðið á um að frumlyfjaframleiðendur fái lengri verndartíma fyrir frumlyf gegn því að samheitalyfjaframleiðendur fái heimildir til rannsókna á einkaleyfistíma. Það raskar jafnvægi þeirrar sáttar sem þarna varð til milli hagsmunaaðila að samheitalyfjaframleiðendur fái sín auknu réttindi á undan frumlyfjaframleiðendum eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Minni hlutinn telur því, með vísan til forsögu málsins, eðlilegt að ákvæði tilskipunarinnar öðlist gildi samtímis.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæðin verði innleidd í lög um einkaleyfi sem heyra undir iðnaðarráðherra. Tilskipun 2004/27/EB heyrir almennt undir starfssvið heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og er gert ráð fyrir breytingu á lyfjalögum til að innleiða hana að öðru leyti. Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði 3. tölul. 3. mgr. 3. gr. einkaleyfalaganna verði óbreytt hvað það varðar að einkaréttur samkvæmt einkaleyfi taki ekki til tilrauna með efni uppfinningar. Hins vegar er lagt til að tekið verði sérstaklega fram í lögunum að einkarétturinn taki ekki til rannsókna og prófana og annarra tengdra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf og endurbætt lyfjaform.

Ekki var efnislegur ágreiningur í nefndinni um málið sjálft og framsetningu þess í lagatexta. Við umfjöllun í nefndinni hafa hins vegar ekki verið færð fram frambærileg rök fyrir því að láta breytingar á lögum um einkaleyfi ganga fram fáeinum mánuðum á undan þeim breytingum á lyfjalögum og reglugerðum sem gera þarf til að innleiða nefnd ákvæði tilskipunarinnar. Þvert á móti hafa ýmsir umsagnaraðilar mælt gegn því að þetta verði gert eða talið fram rök gegn því eins og sjá má í fylgiskjölum með nefndarálitinu." — Þau fylgdu reyndar ekki nefndarálitinu eins og við ætluðum að láta þau gera, það urðu einhver mistök með það. — „Þar skal fyrst telja heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið en einnig Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Eli Lilly Danmark A/S, Félag íslenskra stórkaupmanna og Lyfjastofnun.

Minni hluti iðnaðarnefndar leggur því til að sú breyting sem í frumvarpinu felst komi til framkvæmda 30. október 2005 og flytur breytingartillögu um það. Steingrímur J. Sigfússon sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir álitið rita Jóhann Ársælsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Einar Már Sigurðarson.

Ég ætla að bæta við þetta fáeinum orðum. Við flytjum breytingartillögu á þskj. 819, eins og ég nefndi áðan, sem varðar gildistímann en að öðru leyti erum við samþykk málinu eins og það hefur verið sett fram. Það er svolítið

undarlegt að þurfa að segja það en umfjöllunin um þetta mál í nefndinni leiddi eitt mjög skýrt í ljós. Það var að iðnaðarráðuneytið og meiri hluti iðnaðarnefndar eru hér í raun og veru bara að bregðast við beiðnum utan úr bæ um að flýta þessum hlutum. Ég ætla til að skýra þetta aðeins betur að vitna í fáeinar umsagnir af þeim sem lagðar voru fyrir.

Félag íslenskra stórkaupmanna segir m.a. í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Þessi málatilbúnaður allur bendir eindregið til þess að þröngir sérhagsmunir búi hér að baki, samanber það sem segir í 1. gr. frv. „m.a. rannsókna og prófana annarra tengdra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf og endurbætt lyfaform". Af hinum tilvitnaða texta má ráða að sú flýtimeðferð sem þetta mál sætir sé til að koma til móts við hagsmuni íslenskra framleiðenda.

Það vill oft gleymast við aðstæður sem þessar hversu háðir við Íslendingar erum alþjóðlegum viðskiptum. Þessi staðreynd á ekki hvað síst við um innflutt frumlyf sem eru mikilvægur þáttur í íslenskri heilbrigðisþjónustu. Engu að síður vill það oft gerast að litið er á innlenda framleiðslu æðri þeirri innfluttu og eru stjórnvöld oft tilbúin til að ganga langt í sérhagsmunagæslu fyrir íslenskan iðnað. Virðist það vera tilfellið í þessu máli.

Um það bil 130 frumlyfjaframleiðendur eru með skráð lyf hér í landi. Mörg þessara fyrirtækja hafa fylgst náið með framgangi þessa frumvarps og undrast hvers vegna íslenskum stjórnvöldum þykir ástæða til þess að taka einn afmarkaðan þátt tilskipunarinnar út og lögfesta hann sérstaklega. Ekki er kunnugt um að önnur aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins hyggist gera slíkt.

FÍS ítrekar andstöðu sína við frumvarpið og vill jafnframt leggja áherslu á að fá tækifæri til að mæta á fund hjá iðnaðarnefnd ..." — Það gerðu þeir reyndar.

Lyfjastofnun gerir líka athugasemdir og ég vil, með leyfi forseta, vitna í umsögn hennar en þar segir:

„Lyfjastofnun gerir ekki athugasemdir við það að tekin séu upp ákvæði í einkaleyfalöggjöf á grundvelli tilskipunar 2004/27/EBE þess efnis að einkarétturinn taki ekki, skv. 1. 17/1991 um einkaleyfi, til rannsókna og prófana sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að sækja um markaðsleyfi fyrir samheitalyf. Lyfjastofnun vill þó árétta, varðandi umsóknir til stofnunarinnar um markaðsleyfi fyrir samheitalyf, að nýr verndartími gagna mun ekki taka gildi fyrr en eftir 30. október 2005 ...

Vakin er athygli á að tilskipunin mun að líkindum ekki að fullu koma til framkvæmda innan EES fyrr en 20. nóvember 2005. Því gæti verið hentugra að taka alla tilskipunina upp samtímis í lyfjalög og einkaleyfalög. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með nánari tilhögun á innleiðingu tilskipunarinnar." — Þetta segir í umsögn Lyfjastofnunar og er afar athyglisvert.

Við höfum hér afrit af bréfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem fylgdi umsögn ráðuneytisins til nefndarinnar og þar segir:

„Ráðuneytið vill taka fram að það gaf á sínum tíma umsögn þegar frumvarpið var í smíðum og fylgir hún hjálagt. Ráðuneytið ítrekar að það gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en telur rétt að benda á að tilskipun 2004/27/EB kemur ekki til framkvæmda fyrr en 30. október 2005. Þær breytingar sem kunna að verða nauðsynlegar á lyfjalögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim munu því ekki koma til framkvæmda fyrr en að þeim tíma liðnum."

Út á þetta gengur umsögn heilbrigðisráðuneytisins í raun og veru, að það sé engin ástæða til að flýta þessari gildistöku.

Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa sendir líka umsögn og í henni stendur, með leyfi forseta:

„Um leið var samþykkt að koma því á framfæri" — þ.e. þeir fjalla um þetta einkaleyfi — „við ráðuneytið að mikilvægt sé að tryggja að á sama tíma verði önnur ákvæði 10. gr. í sömu tilskipun um leyndartíma gagna leidd í íslensk lög. Í erindi ráðuneytisins kemur fram að gert sé ráð fyrir breytingu á lyfjalögum þannig að bætt verði inn ákvæðum um leynd einkaleyfisgagna og FUVE samþykkir ofangreinda breytingu á einkaleyfalögum á þeirri forsendu að það gangi eftir."

Lyfjafræðingafélag Íslands segir á einum stað í umsögn sinni að það ítreki afstöðu sína til þess að ekki sé tímabært að lögfesta tilskipunina eða þennan hluta hennar heldur ætti breyting á einkaleyfalögum að tengjast breytingum á lyfjalögum eins og þeir hafi áður látið koma fram.

Fyrirtækið sem ég nefndi áðan sem heitir Lilly og er lyfjafyrirtæki á markaðnum segir í umsögn sinni:

„Ekki verður séð að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hafi tekið tillit til umsagna fyrirtækisins. Efnislega höfum við enn sömu athugasemdir og sendum þær því hér með í formi afrits ..."

Þær athugasemdir eru gildistíminn og krafa um að það verði sami gildistíminn á öllum ákvæðunum.

PharmaNor er annað fyrirtæki sem er á þessum markaði og í þeirra umsögn segir:

„PharmaNor hf. mælir afdráttarlaust gegn því að frumvarpið sem hér um ræðir verði að lögum.

Það eru sömu ástæður fyrir andstöðu allra þeirra sem komu til nefndarinnar og sendu umsagnir, þ.e. að menn telja að það séu ekki ástæður til þess að hafa mismunandi tíma á gildistöku þessara lagabreytinga og reglugerðarbreytinga og breytinga á öðrum lögum, þ.e. þeim sem koma til með að koma frá heilbrigðisráðuneytinu til umfjöllunar í þinginu. Þess vegna varð það niðurstaða okkar að við ættum ekki að verða við þessum þrýstingi utan úr bæ um að flýta um fáeina mánuði breytingum á þeim lögum sem hér er fjallað um. Við erum þess vegna með breytingartillögu við lagafrumvarpið sem gengur út á það að lögin taki gildi á sama tíma og tilskipunin að öðru leyti.

Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra en ég vil bara segja að mér finnst að stjórnvöld í landinu séu of liðug í fótunum gagnvart einstökum fyrirtækjum og aðilum úti í bæ og í þessu tilfelli hafi menn farið fram úr sjálfum sér. Það er greinilegt að þarna er einhvers konar þrýstingur frá einu eða tveimur fyrirtækjum hér á landi sem veldur því að iðnaðarráðherra tekur sig til, lætur semja frumvarp og flýta því og bókstaflega í andstöðu við heilbrigðisráðuneytið. Það dettur engum hug að annað ráðuneyti í sömu ríkisstjórn skrifi umsögn af þessu tagi vegna máls sem er flutt af hinu ráðuneytinu öðruvísi en á bak við það sé andstaða við að

svona sé að málum staðið. Það liggur í augum uppi. Enginn af þeim sem mættu til að ræða málið við nefndarmenn meðgekk að einhverjir græddu á þessu. Hvers vegna er verið að flýta þessari lagasetningu í gegnum Alþingi ef enginn græðir á því? Ætla menn að halda því fram að þetta sé einhver leikfimi, að menn vilji endilega verða á undan, þetta sé einhver keppni um að setja lög með nógu miklum hraða? Auðvitað liggur í augum uppi eins og málatilbúnaðurinn hefur verið og ég hef farið yfir að þetta er niðurstaða af samningaviðræðum sem tóku langan tíma, mörg ár á milli frumlyfjaframleiðenda og samheitalyfjaframleiðenda og annarra sem komu að þessum málum áður en þessi tilskipun varð til.

Þetta varð niðurstaðan og það er auðvitað ekki eðlilegt að verið sé að taka út einhverja einstaka hluti og flýta gildistöku þeirra bara vegna þess að einhver fyrirtæki í landinu telji að þau geti hagnast á því. Þegar það hefur ekki einu sinni verið skýrt með hvaða hætti þessi fyrirtæki gætu hugsanlega hagnast á þessari gildistöku verði hún fyrr, þá verð ég við lok ræðu minnar að bera fram eina spurningu til formanns nefndarinnar. Ég vil biðja hv. formann nefndarinnar að leggja við eyrun.

Mér tókst ekki að átta mig á því við umfjöllun um málið hvað það væri og með hvaða hætti einhver fyrirtæki í landinu ættu að hagnast á því að láta þessa gildistöku verða fyrr en önnur ákvæði tilskipunarinnar. Ég óska eftir því að formaður nefndarinnar útskýri það fyrir hv. Alþingi hverjir geti og með hvaða hætti grætt á því að gildistakan verði fyrr. Ég held að það sé mjög mikilvægt því ef það er enginn sem græðir á því en ýmsir mótmæla þá hljóta menn að vera tilbúnir að skoða málið aftur.

[17:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í umræðunni erum við að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum. Eins og komið hefur fram í máli framsögumanns minni hluta iðnaðarnefndar, hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, höfum við miklar efasemdir um að lögfesta eigi þessa þætti úr tilskipun 2004/27/EB fyrr en hún verður að lögum annars staðar.

Ég hafði hugsað mér að vitna í allar þær umsagnir sem við fengum til nefndarinnar sem kveða á um að menn telji þetta ekki ráðlegt en hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur þegar farið yfir þá þætti.

Engar upplýsingar hafa komið fram um það í umræðunni hvers vegna verið er að hlaupa til og gera þessar breytingar nú og lögfesta þær fyrr en þörf er á. Eins og fram kemur í nefndaráliti minni hluta iðnaðarnefndar mun lagabreytingin raska jafnvægi þeirrar sáttar sem varð til milli hagsmunaaðila þar sem eru annars vegar samheitalyfjaframleiðendur og frumlyfjaframleiðendur. Auðvitað þarf að koma fram í umræðunni á Alþingi áður en málið verður afgreitt héðan hvað býr að baki, hverjir það eru sem græða á breytingunni. Það kom ekki fram í nefndinni. Aftur á móti komu fram mjög sterk mótmæli við breytingunni og margir voru á þeirri skoðun, m.a. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, að bæði lyfjalögin og einkaleyfalögin ættu samtímis að taka upp tilskipunina og það væri alls ekki eðlilegt að vera að lögfesta þennan þátt á undan tilskipuninni í heild.

Ég óska eftir því að hv. formaður iðnaðarnefndar geri grein fyrir því hvað búi að baki og hverjir hafi hag af þessu og hvers vegna stjórnarmeirihlutinn sé að fara í þennan leiðangur í andstöðu við heilt ráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, og alla þá aðila sem höfum nefnt í nefndaráliti okkar, m.a. Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Eli Lilly Danmark A/S, Félag íslenskra stórkaupmanna og Lyfjastofnun. Lyfjastofnun hefur einmitt lagst gegn því í umsögn sinni að farin verði sú leið sem stjórnarmeirihlutinn vill fara með frumvarpinu.

Við vorum öll sammála um að taka upp tilskipunina, það var enginn ágreiningur um það í nefndinni. En að raska jafnvæginu á þennan hátt og fara gegn þeim aðilum sem við nefndum í umsögn okkar er óeðlilegt og þarf að koma fram hvað þar býr að baki, hvar fiskur liggur undir steini í þeim efnum.

Farið hefur verið yfir hvað tilskipunin felur í sér og afstaða okkar til hennar komin vel í ljós. En hvers vegna má ekki bíða eftir því að við gerum líka breytinguna á lyfjalögunum? Ég varpa þeirri spurningu til hv. formanns iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkis J. Jónssonar.

Eins og Lyfjastofnun bendir á í umsögn sinni mun nýr verndartími gagna ekki taka gildi fyrr en 30. október 2005 í samræmi við þá tilskipun sem við fjöllum um og mun ekki koma að fullu til framkvæmda innan EES fyrr en 20. nóvember 2005. Þess vegna leggur Lyfjastofnun til að taka alla tilskipunina upp samtímis í lyfjalöggjöf og einkaleyfalöggjöf. En iðnaðarráðuneytið fer ekki með tilhögunina á þessum málum heldur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið eins og ég benti á, það sér um tilhögun á innleiðingu tilskipunarinnar.

Félag íslenska stórkaupmanna er með mjög mörg rök fyrir því að ekki eigi að fara í lagasetninguna núna og leggst eindregið gegn því og bendir á marga þætti í umsögn sinni. Ég veit ekki hvort ég á að fara í gegnum hana alla, hún liggur náttúrlega fyrir og hv. þm. Jóhann Ársælsson er búinn að fara yfir nokkra þætti hennar. En eins og fram kemur í umsögn þeirra eru 130 lyfjaframleiðendur með lyf skráð hér á landi og forsvarsmenn þeirra fyrirtækja hafa verið að fylgjast með málinu í þinginu og undrast hvers vegna íslenskum stjórnvöldum þykir ástæða til að taka einn afmarkaðan þátt tilskipunarinnar út og lögfesta hann sérstaklega. Mönnum er ekki kunnugt að önnur aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins hyggist gera slíkt. Hvað kallar á að við gerum þetta þegar önnur ríki á Evrópska efnahagssvæðinu ætla ekki að fara út í þetta? Hvað er svona áríðandi? Við þurfum auðvitað að fá skýringu á því eins og ég hef áður sagt.

Það má líka nefna það aftur að tilskipunin kallar aðallega á breytingu á lyfjalögunum sem við munum auðvitað fara yfir þegar málið kemur til þingsins og lögfesta og taka til umfjöllunar í heilbrigðis- og trygginganefnd þegar þar að kemur.

Hér er mjög ítarleg umsögn frá Eli Lilly Danmark A/S fyrirtækinu, útibúi þess á Íslandi, þar sem er einmitt andstaða við þetta. Ég ætla ekki að lesa upp úr þeirri umsögn

þar sem hún er á ensku en við erum búin að fara yfir hana í nefndinni og þeir leggjast gegn því að við förum í breytinguna.

PharmaNor segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„PharmaNor hf. mælir afdráttarlaust gegn því að frumvarpið sem hér um ræðir verði að lögum.“

Þeir hafa fylgst með vinnslu málsins og segja að þeim þyki miður að frumvarpið skuli hafa verið lagt fyrir Alþingi því þangað eigi það ekkert erindi. Síðan fara þeir yfir nokkur atriði sem snúa að því hvers vegna það á ekki erindi í þingið núna og segja: „Ekkert knýr á um að tilskipunin verði lögfest á Íslandi fyrr en hún gengur í gildi á Evrópska efnahagssvæðinu.“ En aðildarríki Evrópusambandsins hafa frest til 30. október 2005 til að innleiða tilskipunina í löggjöf sína.

Virðulegi forseti. Ég held að ég sé ekkert að lengja umræðuna með því að lesa öll rökin fyrir þessu en það væri alveg full ástæða til þess. Það virðist þó ekki hafa dugað til því meiri hluti nefndarinnar er ákveðinn í að gera þetta að lögum.

Við í minni hlutanum höfum aftur á móti lagt fram breytingartillögu þar sem við leggjum til að gildistakan verði 30. október 2005 í takt við önnur Evrópuríki. Þá ætti breytingin á lyfjalögunum að ganga í gildi á sama tíma þótt sú vinnsla sé ekki komin í vinnu í þinginu, alla vega er breytingin á lyfjalögunum ekki komin til okkar í heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Áður en ég lýk máli mínu minni ég á að Lyfjafræðingafélagið telur ekki ástæðu til að lögfesta þetta fyrr en 30. október 2005 og bendir á, eins og við gerum reyndar í minnihlutaáliti okkar, að þar sem breytingin gæti hugsanlega verið til hagsbóta fyrir ákveðna hagsmunaaðila skapast tímabundið ójafnvægi milli áðurgreindra aðila og telur félagið það ganga gegn hugmyndum Evrópuþingsins og Evrópuráðsins með setningu tilskipunar 2004/27/EB.

Ég fer fram á það að formaður nefndarinnar upplýsi hverjir hagsmunaaðilarnir eru sem gætu haft hag af breytingunni. Hverjir eru hagsmunaaðilarnir? Hafa einhverjir verið í sambandi við Framsóknarflokkinn eða hv. þingmann eða einhvern í ríkisstjórninni og beðið um þennan greiða á þingi sem kemur þessum málum úr jafnvægi og er alls ekki í takt við aðrar lagabreytingar sem verða í kjölfar tilskipunarinnar?

Lyfjafræðingafélagið leggur til að ef menn þurfi að vera að lögfesta þetta núna ættu þeir a.m.k. að samþykkja breytingartillögu í þá veru sem við leggjum fram um að gildistakan verði ekki fyrr en 30. október 2005.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja málið frekar, ég held að það sé komið að mestu leyti fram hvað við höfum að athuga við málið. Við erum á sama máli og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Lyfjastofnun og fjölmargir aðrir umsagnaraðilar um málið og köllum eftir skýringum á því fyrir hverja er verið að lögfesta þetta svona snemma. Sú skýring hefur ekki komið fram í nefndinni og verður að koma fram í umræðunni áður en málið fer til 3. umr.

[17:57]

Útbýting:

Samræmd próf í grunnskólum, 566. mál, fsp. KJúl, þskj. 854.

Vegrið á Reykjanesbraut, 565. mál, fsp. MÁ, þskj. 853.

[17:58]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið fróðleg og upplýsandi umræða og ljóst að hv. iðnaðarnefnd komst ekki að einróma niðurstöðu hvað varðar lagafrumvarpið. Ég vil þó segja að ræða hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur olli mér þó nokkrum vonbrigðum þegar hún brigslar mér um eða gefur í skyn að einhverjir aðilar úti í bæ hafi haft samband við mig eða einhverja flokksmenn og að verið sé að gera einhverju fyrirtæki úti í bæ sérstakan greiða og hygla því. (**ÁRJ:** Hvers vegna þá?) Ég ber þær sakir af mér og hefði átt að koma undir liðnum: Ber af sér sakir, því hér er um alvarlegar ásakanir að ræða. Ég held að þetta lýsi (Gripið fram í.) fyrst og fremst hugarfari hv. þingmanns frekar en þeim vinnubrögðum sem við höfum viðhaft í hv. iðnaðarnefnd. Ég hef ekki rætt við nokkurn einasta aðila utan nefndafunda hjá iðnaðarnefnd um málið.

Ég held að við höfum unnið málið að mörgu leyti ágætlega. Við kölluðum til okkar alla þá gesti sem nefndarmenn óskuðu eftir, fulltrúa frá 11 aðilum og sendum málið til umsagnar víða.

Hv. þingmenn hafa spurt um fjárhagslega hagsmuni, hvaða fjárhagslegu hagsmunir liggi hér að baki og hverjir græði. Það var alveg sama hvaða hagsmunaaðila við spurðum, hverjir væru að græða og hverjir að tapa, við fengum engin svör við því, því það kemur fram í nefndarálitinu að það eru engir beinir fjárhagslegir hagsmunir vegna þessarar lagasetningar. Þetta kom mjög skýrt fram hjá þeim gestum sem heimsóttu nefndina. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir nefndi líka áðan að þetta væri gert í andstöðu við heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið sem er beinlínis rangt. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið óskaði að sjálfsögðu ekki sérstaklega eftir því að málið færi í gegn en það kom skýrt fram á fundi nefndarinnar með fulltrúa frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu að þeir settu sig ekki gegn því að lögin öðluðust þegar gildi. Það var því á hreinu.

Það kom líka fram á fundi með hagsmunaaðilunum að nokkur Evrópulönd hafa innleitt í einkaleyfislöggjöf sína ákvæðið sem við erum að lögleiða hér og snertir umhverfi samheitalyfjaframleiðenda. Íslenskir samheitalyfjaframleiðendur eru í samkeppni í samfélagi þjóðanna og það er búið að innleiða þetta ákvæði í nokkrum öðrum Evrópuríkjum. Trúlega mun þetta styrkja rannsóknir þeirra og minnka áhættuna á því að þeir fái á sig lögsóknir hvað það varðar. Þetta styrkir lagarammann utan um þá starfsemi sem er mjög mikilvæg hér á landi.

Enn og aftur. Það kom mjög skýrt fram að engir beinir fjárhagslegir hagsmunir fylgdu þessu lagafrumvarpi, sem vonandi verður að lögum frá hinu háa Alþingi, og ég hafna því alfarið að hér sé um eitthvert leynimakk að ræða og einhver leynisamtöl úti í bæ og hér sé verið að gera einhverjum ákveðnum ótilgreindum aðila greiða. Ég hafna því al-

gjörlega og vísa því til föðurhúsanna.

[18:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég talaði aldrei um fjárhagslega hagsmuni, ég talaði um hagsmuni. Hvers vegna erum við farin í þann leiðangur að lögfesta þetta svona snemma ef ekki eru einhvers staðar einhverjir hagsmunir að baki? Ef það eru engir hagsmunir bíðum við bara eins og aðrar þjóðir og lögfestum þetta samhliða breytingunum á lyfjalögunum þegar aðrar þjóðir Evrópusambandsins lögfesta þetta, og samþykkjum breytingartillögu okkar. (Gripið fram í.) Við samþykkjum gildistöku eins og við leggjum til hér í breytingartillögu og þá er þetta allt í lagi. Hvað liggur svona á? Hvers vegna liggur svona á, hv. þingmaður? Komdu með svarið við því í ræðustól Alþingis. Hvers vegna kemur ekki svar við því? Það kom ekki fram í nefndinni. Það komu engin rök fyrir því fram í nefndinni hvers vegna þyrfti að hraða þessu svona og koma á því ójafnvægi sem þetta hefur í för með sér milli samheitalyfjaframleiðenda og frumlyfjaframleiðenda, sem bent er ítrekað á í umsögnum.

Hvað er hér á ferðinni, hv. þm. Birkir Jón Jónsson? Ég kalla eftir svari við því. Ef hv. þingmaður veit það ekki, hvet ég hann til að samþykkja breytingartillögu okkar um að gildistakan verði í október eins og við leggjum til.

(**Forseti** (BÁ): Forseti áminnir þingmenn um að beina máli sínu til forseta en ekki einstakra hv. þingmanna.)

[18:03]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta andsvar olli mér miklum vonbrigðum vegna þess að ég hélt að hv. þingmaður hefði hlustað á seinni ræðu mína sem ég flutti rétt áðan.

Það er rangt hjá hv. þingmanni þegar hún fullyrðir að aðrar þjóðir í Evrópu hafi ekki innleitt lögin hvað varðar einkaréttinn sem snertir samheitalyfjaframleiðendur. Það er beinlínis rangt. Það eru nokkrar þjóðir búnar að stíga þetta skref vegna þess að þar eru öflug samheitalyfjafyrirtæki með framleiðslu sína. Þetta er alþjóðleg samkeppni og snertir samkeppnisstöðu Íslands. Það kom mjög skýrt fram hjá öllum nefndarmönnum að hér eru engir beinir fjárhagslegir hagsmunir í húfi og það kom fram hjá gestum nefndarinnar að þetta mundi styrkja samkeppnisstöðu landsins á þessum markaði og mögulega koma í veg fyrir hugsanlegar lögsóknir á hendur þessum fyrirtækjum.

Ég held að ég hafi svarað öllu því sem hv. þingmaður beindi til mín. Hvernig í ósköpunum getur hv. þingmaður ætlast til þess að ég sem þingmaður á Alþingi, og sit í iðnaðarnefnd rétt eins og hv. þingmaður, geti sagt nákvæmlega hvaða áhrif þetta hafi á einstök fyrirtæki, þegar þeir ágætu aðilar sem komu fyrir nefndina gátu ekki einu sinni svarað því sjálfir? Ég á mjög erfitt með að skilja þennan málflutning og þær aðdróttanir sem í honum liggja.

[18:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit eiginlega ekki hvað maður á að segja við svona málflutningi. Lagt hefur verið til að breytingarnar í þessari tilskipun fari samhliða inn í lyfjalög og einkaleyfalög. Við erum búin að lesa hér upp úr umsögnum þar sem menn leggja það til og telja að með því að gera þetta eins og frumvarpið kveður á um, sé verið að raska því samkomulagi sem búið var að koma á milli þessara framleiðenda.

Það hefur ekki komið fram hjá hv. þingmanni eða í nefndinni, virðulegi forseti, hvers vegna við erum að flýta þessu svona. (**BJJ**: Það kom svar.) Það var ekkert svar, virðulegi forseti, hjá hv. þingmanni, ekki nokkurt svar. Hann getur þá komið upp og skýrt það betur í seinna andsvari sínu ef hann vill.

Við höfum ekkert á móti því að lögfesta þessa tilskipun en við viljum að það sé gert um leið og aðrar þjóðir og samhliða í lyfjalögum og einkaleyfalögum, þannig að við röskum ekki því jafnvægi sem komið var á með samkomulaginu.

[18:07]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í lokin á nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar stendur:

„Er það mat meiri hluta nefndarinnar að ekki sé ástæða til að fresta gildistöku laganna enda hafi ekki verið sýnt fram á að breytingin hafi í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir frumlyfjaframleiðendur."

Hefði ekki verið ástæða til þess að meiri hlutinn hugleiddi hvort einhver græddi á málinu? Við reyndum að fá það fram í viðræðum við þá sem mættu. Það er rétt sem hv. þingmaður sagði áðan að það vildi enginn kannast við að hann græddi neitt á þessu. Þess vegna er það, eins og hv. þingmaður sagði, að þeir gátu ekki einu sinni svara því sjálfir. Hvers vegna í ósköpunum er þá hv. Alþingi að hlaupa til og samþykkja að flýta gildistöku fyrir þennan hluta málsins þegar engin veigamikil rök hafa verið færð fram fyrir því? Það hlýtur að verða að gera þá kröfu til lagasetningar á Alþingi að á bak við ákvarðanir um hana sé einhver skynsemi, séu einhver góð rök. Það sé ekki af því bara. Þess vegna hlýtur að verða að kalla eftir betri svörum frá hv. þingmanni, sem er formaður nefndarinnar, en hann hefur fært fram enn þá. Það kann vel að vera að hann lúri á einhverjum upplýsingum sem við höfum ekki fengið, en ég hef ekki séð þau góðu rök sem þurfa að vera fyrir þessari lagasetningu eins og allri annarri lagasetningu sem fjallað er um á hv. Alþingi.

[18:09]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Andsvar hv. þm. Jóhanns Ársælssonar olli mér nokkrum vonbrigðum. Ég er yfirleitt að mörgu leyti ánægður með málflutning hv. þingmanns og þykir hann málefnalegur oftar en ekki. Hv. þingmaður segir hér og tekur það réttilega upp úr áliti meiri hluta nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á að breytingin hafi í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir frumlyfjaframleiðendur. Þessu verður ekki á móti mælt því að gestir nefndarinnar voru á einu máli hvað þetta varðar. Hins vegar kom það mjög skýrt fram, og ég held ég sé að segja það í fjórða skiptið hér úr ræðustól, að þetta mundi styrkja starfsumhverfi og

lagaumhverfi samheitalyfjaframleiðenda í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. (Gripið fram í.) Við vitum það jafnframt, hv. þingmenn sem eigum sæti í iðnaðarnefnd þingsins, að nokkrar aðrar Evrópuþjóðir hafa innleitt þennan þátt í einkaleyfalögin, þannig að það er beinlínis rangt sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur sagt í þessari umræðu að við ættum að gera þetta á sama tíma og allar aðrar þjóðir í Evrópusambandinu. Það er beinlínis rangt (Gripið fram í.) því að nokkrar aðrar þjóðir hafa tekið þessa löggjöf upp á síðastliðnum missirum.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson spyr hver græðir á þessu. Er það svo hrikalegt ef íslenskur samheitalyfjaiðnaður gæti hugsanlega grætt eitthvað á þessu þó að við höfum ekki fengið nein svör við því? Það er ljóst að enginn mun bíða tjón af þessu, en það er líka ljóst að ef þessi iðnaður fengi á sig lögsóknir og lagagrunnurinn hér heima væri ekki nógu sterkur þá yrði hann fyrir verulegum skakkaföllum af völdum þeirrar lögsóknar.

[18:11]

Frsm. minni hluta iðnn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom fram hjá ýmsum, a.m.k. einhverjum, sem voru á fundum nefndarinnar að þetta gæti einmitt kallað fram lagaþrætur, þ.e. ef við látum þennan hluta málsins ganga á undan. Það gæti kostað málssóknir á grundvelli þess að hér hefði ekki verið staðið rétt að málum.

Mér finnst þau rök sem hér hafa verið færð fram ekki nógu sterk. Ég fékk á tilfinninguna, án þess að mér væri nokkurn tímann sagt hvað væri um að vera, að þarna myndaðist tími sem hægt væri að hafa einhverja óljósa hulu yfir, þ.e. að menn gætu haldið því fram að rannsóknir sem farið hefðu fram á þessum tíma hefðu orðið til þess að lyfjaframleiðendur, samheitalyfjaframleiðendur gætu sett á markaðinn lyf sem hefðu orðið til vegna þeirra rannsókna sem farið hefðu fram á þeim fáeinu mánuðum sem þarna er verið að skjóta inn í. Þetta vildi enginn kannast við.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér nægir ekki sem þingmanni á hv. Alþingi að ráða í það sem menn segja, að lesa milli línanna það sem menn eru í raun og veru að segja. Ég hef ekki hugmynd um hvort eitthvað er til í þessu. Og ég er ekki viss um að ég verði frekar tilbúinn til að standa að því að flýta þessari löggjöf þó að þetta væri rétt, einfaldlega vegna þess að þá er verið að segja okkur að ástæðan fyrir því að menn séu að flýta þessu sé sú að það eigi að vera á gráu svæðunum í samskiptunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

GATS-samningurinn, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 63. mál. — Þskj. 63.

[18:13]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á svohljóðandi tilvitnun, með leyfi forseta:

„Opnið markaði án allra hindrana og á sömu kjörum og íslensk þjónustufyrirtæki og opinberar stofnanir njóta á sviði menntunarmála, menningarmála, umhverfismála, ferðamála, flutningastarfsemi, fjármálaþjónustu, viðskiptaþjónustu, byggingarframkvæmda, boðskiptaþjónustu og dreifingarþjónustu."

Hvað skyldi þetta hafa verið? Þetta er krafa sem reist hefur verið á hendur Íslendingum af hálfu Bandaríkjanna, Japana og Indverja. Þetta gerist á grundvelli svokallaðra GATS-samningaviðræðna. Ef við föllumst á kröfur frá þessum ríkjum mun samkomulagið eða yfirlýsing okkar taka til allra aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem eru 145 að tölu.

Þetta nefni ég svona til marks um hve yfirgripsmiklir og hve mikilvægir þessari GATS-samningar eru og hve mikilvægt það er að við Íslendingar kynnum okkur hvað þarna er á ferðinni. Sú þingsályktunartillaga sem ég mæli fyrir og er flutt af hálfu allra þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs fjallar um úttekt á GATS-samningnum og breytingar á þeim samningi. Fyrst ætla ég að segja fáein orð um GATS.

Þessir samningar hafa farið fram og fara fram á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem á ensku er skammstafað WTO, World Trade Organization, en sú stofnun var sett á laggirnar árið 1994 á grunni GATT-samningaferlisins um afnám tolla á heimsvísu. Vinnuheitið GATS er skammstöfun á General Agreement on Trading Services, almennt samkomulag um verslun á sviði þjónustu heitir það á íslensku. Í þessum samningum er tekist á um hvernig eigi að skilgreina þjónustustarfsemi og hvaða hluta hennar eigi að færa undir markaðslögmálin. Samtök launafólks hafa barist fyrir því að þessar viðræður fari fram fyrir opnum tjöldum en ekki luktum. Það hefur reynst mjög erfitt vegna þess að lengi vel hvíldi mikil leynd yfir þessum samningum. Þess má geta að það ferli sem nú er í gangi er allt hulið leyndarhjúp. Menn muna eflaust eftir óeirðunum og mótmælunum miklu í Seattle árið 1999. Þá var haldinn þar fundur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og mótmælin snerust eða voru gegn því sem sú stofnun var að véla, einmitt um GATS. Samningamenn reyndu síðan að forða sér á öruggari slóðir og menn kann að reka minni til fundar á Arabíuskaganum, í Arabíueyðimörkinni. Doha í Katar þótti mjög heppilegur fundarstaður fyrir Alþjóðaviðskiptastofnunina en þangað komust engir mótmælendur og einungis örfáum fulltrúum alþjóðaverkalýðshreyfingarinnar og almannasamtaka var heimilað að vera viðstaddir þann fund.

Í kjölfar Doha-fundarins var ákveðin ný áætlun. Sérhver ríkisstjórn skyldi koma óskum sínum leynilega á framfæri við aðrar ríkisstjórnir og síðan yrði viðræðunum smám saman þokað áfram. Rétt er að geta þess að GATS-samningurinn eða GATS-samningsferlið er mjög flókið. Það byggir á grundvallarsamningi sem stefnir að markaðsvæðingu á öllum sviðum efnahagsstarfseminnar og geta einstök ríki gengið mislangt í að skuldbinda sig til að markaðsvæða tiltekna geira efnahagsstarfseminnar. En þegar skuldbinding hefur á annað borð verið gefin um að halda með tiltekna starfsemi út á markaðstorgið er mjög erfitt að hverfa þaðan aftur því ríki eiga þá yfir höfði sér málssókn og hugsanlegar skaðabótakröfur.

Nema hvað, eftir mótmæli í Seattle, Washington, Evrópu og víðar var haldinn þessi fundur í Sádí-Arabíu og í kjölfarið var gerð ný áætlun eins og ég gat um áðan. Nú átti sérhver ríkisstjórn að koma óskum sínum leynilega á framfæri við aðrar ríkisstjórnar og þannig yrði viðræðunum smám saman þokað áfram. Fyrsta skrefið átti að taka í júní 2002 en sú dagsetning var síðan framlengd fram í mars 2003.

Í byrjun ágúst á síðasta ári, árið 2004, voru sett ný tímamörk fyrir það sem kallað var endurskoðaðar óskir, sem nú eiga að liggja fyrir á þessu ári en stefnt er að því að þær liggi endanlega fyrir nú í vor, jafnvel í maímánuði.

Það vakti talsverða athygli þegar breska blaðið Guardian upplýsti á sínum tíma hvaða óskum Evrópusambandið væri að tefla fram gagnvart viðskiptaríkjum. Þá kom fram m.a. að Evrópusambandið var að krefjast þess að drykkjarvatn yrði einkavætt eða yrði markaðsvætt í viðskiptaríkjum Evrópusambandsins. Þetta þótti verkalýðshreyfingu og félagslegum öflum í Evrópu ekki vera að sínu skapi og þessu var mótmælt mjög harkalega. Og það var annað sem olli einnig deilum þegar Guardian ljóstraði upp hvað þarna var að gerast. Þetta var og er allt gert leynilega. Á vegum Evrópusambandsins er það stjórnarnefnd Evrópusambandsins sem fer með samningsumboðið fyrir hönd allra aðildarríkjanna og upplýsir ekki nema í mjög almennum orðum hvað hún er að fara fram á. Þetta á við um Ísland líka. Ísland upplýsir ekki um þessar viðræður, enda öll aðildarríkin bundin því. Það eru gagnkvæmar skuldbindingar um að fara leynt með þessar samningaviðræður sem er náttúrlega mjög óeðlilegt. Það er mjög óeðlilegt að verið sé að gera kröfur í nafni einstakra ríkja án þess að almenningur sé upplýstur um hvaða kröfur er yfir höfuð verið að reisa.

Það sem við gerum tillögu um í þessari þingsályktunartillögu er tvennt:

Í fyrsta lagi fari fram úttekt vegna GATS-samningsins, ítarleg úttekt. Að gerði verði gerð úttekt á efnahagslegum, félagslegum og stjórnmálalegum áhrifum sem og umhverfisáhrifum GATS-samningsins á Íslandi, bæði miðað við núverandi stöðu og hugsanlegar afleiðingar samningsins til langs tíma. Hluti af þeirri rannsókn verði greining á lagalegri stöðu GATS-samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar gagnvart innlendum lögum og reglugerðum. Jafnframt verði kannað með hvaða hætti megi taka til endurskoðunar þær skuldbindingar sem Ísland hefur þegar undirgengist. Því það er eitt. Við höfum þegar undirgengist ýmsar skuldbindingar á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar innan þessa GATS-samnings án þess að nokkurn tímann hafi farið fram um það umræða.

Í öðru lagi viljum við að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir því að samningaviðræður Íslands og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verði opnaðar fyrir almenningi, bæði hvað varðar upplýsingar og þátttöku. Leitað verði m.a. til verkalýðsfélaga og annarra hagsmunasamtaka, auk fulltrúa sveitarfélaga og stofnana eftir því sem við á.

Ég vil taka fram að í samtökum þar sem ég þekki til, BSRB, hefur farið fram mjög mikil vinna og að því að ég tel mjög vönduð vinna á þessum samningi og þessu ferli öllu og samtökin hafa lagt sitt af mörkum til að opna þessa umræðu. Málið fór m.a. fyrir úrskurðarnefnd upplýsingamála sem úrskurðaði að stjórnvöldum bæri ekki að upplýsa hvað þarna væri á ferðinni.

Hins vegar verður það að segjast að embættismenn utanríkisráðuneytisins hafa sýnt ágætan samstarfsvilja í þessu efni. Haldnir hafa verið samráðsfundir, eftir að farið var að pressa á að vísu, það þurfti þennan þrýsting til og óskað hefur verið eftir framhaldi á slíku. Ríkin eru bundin því að virða trúnað, sem er mjög óeðlilegt og við erum að leggja til að fulltrúar Íslands beiti sér fyrir því að þetta verði opnað.

Við leggjum til að í yfirstandandi samningsferli Íslands og annarra aðila Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar vegna GATS-samningsins verði engar heimildir veittar fyrir markaðsvæðingu velferðar- og grunnþjónustu samfélagsins. Ekki verði fleiri þjónustugeirar felldir undir GATS-samninginn án undangenginnar könnunar á efnahagslegum, félagslegum og stjórnmálalegum áhrifum sem og umhverfisáhrifum samningsins á íslenskt samfélag og ekki fyrr en hlutdeild samtaka launafólks og annarra fulltrúa almennings í samningaviðræðunum hefur verið tryggð.

Í fjórða lagi, og hér komum við að lykilatriði, viljum við að fulltrúar Íslands á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar beiti sér fyrir því að ákvæði 3. mgr. 1. gr. GATS-samningsins verði skýrð á þann veg að engum vafa sé undirorpið að samningurinn nái ekki til almannaþjónustu og þjónustu á vegum hins opinbera.

Hér er má segja nákvæmnistal, að lagt er til að c-liður 3. mgr. 1. gr. verði felldur úr gildi og að fulltrúar Íslands beiti sér fyrir því á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Ég ætla aðeins að skýra hvað í þessu felst. Þetta er lykilatriði.

Fulltrúar Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar segja að þessir samningar taki ekki til velferðarþjónustunnar, ekki til þess sem er á vegum hins opinbera og vísa þá gjarnan í þessa grein. Enska er reyndar eina tungumálið sem samningurinn hefur lagalegt gildi á og í greinargerðinni vísa ég til ensku útgáfunnar, en á íslensku hljómar þessi liður svohljóðandi, með leyfi forseta:

„... „þjónusta" á við þjónustu á öllum sviðum nema þjónustu sem opinber yfirvöld veita."

Þarna er verið að skilgreina þá þjónustu sem samningurinn tekur til og menn segja: Það á við um allt nema það sem opinberir aðilar veita.

En viti menn. Þegar kemur í c-lið, þann lið sem við viljum að verði felldur brott, þá er þetta nánar skilgreint svohljóðandi, með leyfi forseta:

„... „þjónusta sem opinber yfirvöld veita" er þjónusta sem hvorki er veitt á viðskiptalegum grunni né í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur."

Með öðrum orðum, byrjað er á að skilgreina það svo að samningurinn taki ekki til þjónustu sem er á vegum hins opinbera. Síðan er þetta skilgreint nánar, nema — nema, segja þeir — að þjónusta sem veitt er af hálfu opinberra aðila sé í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur eða sé veitt á viðskiptalegum grunni. Með öðrum orðum, þegar þessi skýring er komin inn, þá er búið að galopna kerfið.

Þetta er sams konar ákvæði og er að finna í þjónustutilskipun Evrópusambandsins núna, þar er almenn regla sem virðist undanskilja velferðarþjónustuna, þjónustutilskipun-

inni, virðist gera það, en síðan kemur nánari skilgreining þar sem þjónustan er tengd viðskiptalegum forsendum. Þar er sagt að hafi þjónustan verið skilgreind sem slík, jafnvel þótt ekki sé greitt fyrir hana af notendum, t.d. í þjónustusamningum, þá skuli þjónustan falla undir þjónustutilskipunina.

Þetta er flókið og þvælulegt í mínum munni, ég veit það, en ég er að leggja áherslu á hve mikilvægt er að við setjum okkur inn í þetta vegna þess að þarna er verið að taka á grundvallaratriðum í uppbyggingu og skipulagi samfélags okkar.

Ég á eftir aðeins örfá orð en ég er búinn með ræðutíma minn, en það eru sem betur fer tvær ræður sem menn geta flutt við flutning á þingsályktunartillögu, þannig að ég mun að lokinni þessari ræðu biðja um orðið að nýju.

[18:29]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég á án efa eftir að fá mörg tækifæri til að ræða þessa tilskipun. Ég kveð mér fyrst og fremst hljóðs til að leggja áherslu á að þessu máli verði hraðað, því verði vísað að lokinni umræðu til utanríkismálanefndar, ég tel það vera eðlilegt, en ég mun við síðari tækifæri gera grein fyrir sjónarmiðum og afstöðu til þessa máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til að draga úr vegsliti, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 65. mál. — Þskj. 65.

[18:30]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég flyt hér tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að draga úr vegsliti af völdum bifreiða. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Björgvin G. Sigurðsson.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi tillögur sem miði að því að draga úr vegsliti af völdum bifreiða. Hugað verði meðal annars að breytingum á álögum hins opinbera á innflutning fjórhjóladrifsbifreiða og sérstökum aðgerðum til að draga úr notkun nagladekkja."

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 127. og 128. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er nú lögð fram allnokkuð breytt.

Rykmengun sem stafar af vegsliti er mikil hér á landi og einnig kostnaður vegna árekstra af völdum illa búinna bifreiða. Fram til þessa hafa stjórnvöld þó ekki beitt hagrænum aðgerðum sem augljóslega gætu dregið úr vandanum.

Vegslit vegna notkunar nagladekkja er afar mikið og það veldur ryk- og tjörumengun. Það er því mikið í húfi ef mögulegt er að draga úr notkun nagladekkja án þess að slysahætta aukist og draga þannig úr rykmengun og spara stórfé í viðhaldi gatna. Veðurfar er hér afar breytilegt milli vetra og segja má að suma vetur hafi bifreiðar verið á negldum dekkjum allan veturinn þótt þörfin fyrir þau hafi ekki verið fyrir hendi nema í tvær til þrjár vikur. Kanna þyrfti hvort dekkjaþjónustur gætu farið að bjóða upp á tæknivædda geymslu dekkja á felgum og hröð og ódýr skipti sem gætu þá farið fram oftar en ella. Þetta gæti haft mikinn sparnað í för með sér fyrir bifreiðaeigendur vegna minni kostnaðar við nagladekkin en ekki síður fyrir opinbera aðila í viðhaldi gatna.

Margir furða sig á að stjórnvöld hafi ekki ýtt undir notkun fjórhjóladrifsbifreiða en vitað er að slíkar bifreiðar eru mun öruggari í hálku og við erfiðar akstursaðstæður en eindrifsbifreiðar. Þetta hefur margra ára reynsla Íslendinga af notkun slíkra bifreiða sannað. Bifreið á góðum vetrardekkjum, þótt ónegld séu, með drif á öllum hjólum er miklu öruggari til notkunar í misjafnri vetrarfærð í þéttbýli en eindrifsbifreið á negldum dekkjum. Því er ástæða til að hvetja til notkunar fjórhjóladrifsbifreiða. Slíkt mætti m.a. gera með sérstökum afslætti innflutningsgjalda. Bifreiðar með fjórhjóladrifi eru nokkuð dýrari en bifreiðar með hefðbundnum drifbúnaði. Þess vegna verða innflutningsgjöld og tollar hins opinbera á þær nokkru hærri. Flutningsmenn telja að það ætti að vera þveröfugt vegna jákvæðra áhrifa eiginleika slíkra bifreiða í umferðinni. Einnig þarf að leita leiða til að hvetja eigendur fjórhjóladrifsbifreiða til að nota frekar góð ónegld vetrardekk en nagladekk.

Þá leggja flutningsmenn til að skoðað verði hvort taka beri upp staðbundið gjald á notkun nagladekkja í þéttbýli en slíkt fyrirkomulag hefur verið í gildi í Ósló síðustu ár með svo góðum árangri að stjórnvöld hyggjast koma því á í fleiri bæjum í Noregi. Slíkt fyrirkomulag mundi gilda um allar bifreiðar sem ekið er um viðkomandi svæði en í tengslum við slíka breytingu yrði að tryggja mjög góða hreinsun gatna. Hugsanlegt er að það gæti hentað á höfuðborgarsvæðinu og þarf að skoða þá hugmynd gaumgæfilega.

Fjölgun dísilknúinna fólksbifreiða gæti skipt verulegu máli í náinni framtíð til að draga úr mengun. Dísilvélar draga fyrst og fremst úr mengun vegna þess að orkueyðslan er miklu minni. Vísindamenn greinir reyndar á um hvort mengun af völdum dísilbifreiða geti að hluta til reynst hættulegri en önnur mengun. En mengunin er engu að síður minni þar sem orkunotkunin er 40% minni í dísilbifreiðum en bensínbifreiðum.

Með aðgerðum sem hér er lýst mætti draga verulega úr mengun og kostnaði við umferð í þéttbýli. Sterk rök eru m.a. fyrir því að vel búin fjórhjóladrifsbifreið sé fullkomlega hæf til vetraraksturs þótt hún sé á ónegldum dekkjum. Það er skoðun flutningsmanna að fjölgun fjórhjóladrifsbifreiða auki öryggi í umferðinni og að vel sé framkvæmanlegt að draga verulega úr vegsliti og þar með rykmengun og kostnaði með þeim ráðstöfunum sem hér eru lagðar til. Tillagan boðar ekki neina byltingu en mun sýna, ef samþykkt verður, jákvæða viðleitni stjórnvalda til að draga úr neikvæðum áhrifum bílaumferðar á umhverfið. Með framkvæmd hennar yrði beitt hagrænum leiðum til að draga úr vegsliti, mengun og slysahættu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stimpilgjald, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 66. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 66.

og

Stimpilgjald, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 69. mál (heimildarbréf leiguhúsnæðis, endurfjármögnun). — Þskj. 69.

[18:36]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er vel við hæfi að ræða rétt undir lok dagsins mál sem snertir í raun hvern einasta Íslending með einum eða öðrum hætti, eins og ágætur maður orðaði það einhvern tímann, mál sem ríkisstjórnin hét fyrir tveim til þremur árum að taka fyrir, þ.e. niðurfellingu á stimpilgjöldum.

Ég hef óskað eftir því að fjalla um þessi mál saman. Annars vegar er um að ræða frumvarp á þskj. 66, sem er um heildarniðurfellingu á stimpilgjaldinu. Þar er bandormur þar sem tekið er á öllum lagagreinum þar sem stimpilgjöldin eru nefnd, hvort sem um er að ræða lög um ákveðna sjóði eða undanþáguákvæði, sem eru svo gjarnan í þeim lögum. Í frumvarpinu eru 40 greinar, nokkuð viðamikið frumvarp og mikið mál að rekja þar hverja grein.

Við flutningsmenn þessara frumvarpa, sem eru auk mín hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson, höfum áður lagt fram mál sama efnis á 130. löggjafarþingi. Það varð ekki útrætt. Þessi mál voru bæði lögð fram á upphafsdögum þingsins í þeirri von að möguleiki væri á að þau næðu fram að ganga og fullrædd á þinginu og innan nefndar. Engu að síður fagna ég því að þau eru komin á dagskrá og mun nefndin a.m.k. geta sent þau út til umsagnar og vonandi afgreitt bæði málin fyrir vorið.

Í gildandi lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, er gert ráð fyrir að greitt sé stimpilgjald af íslenskum viðskiptaskjölum. Gjaldið er mishátt eftir skjölum.

Skattheimta á borð við innheimtu stimpilgjalda hefur verið á hröðu undanhaldi í OECD-ríkjum síðustu áratugi. Slík skattheimta hefur neikvæð áhrif, t.d. mismunar hún aðilum innan lands og veikir samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Eins og íslenskt viðskiptaumhverfi hefur þróast er óhætt að halda því fram að stimpilgjöldin séu bein samkeppnishindrun fyrir íslensk fjármálafyrirtæki, sem og íslenska útgefendur verðbréfa sem hyggjast skrá þau á erlendum mörkuðum. Jafnframt má halda því fram að með tilkomu rafrænnar eignarskráningar verðbréfa sé hlutverki stimpilskyldu í raun lokið. Ekki er hægt að stimpla rafræn verðbréf, auk þess sem ekki er um skjöl í eiginlegri merkingu þess orðs að ræða. Þá er einnig á það að líta að stimpilgjöld geta lagst mjög þungt á þá sem kaupa sér húsnæði, sérstaklega þá sem eru að festa sér húsnæði í fyrsta sinn og þurfa að teygja sig svo langt sem þeir geta, t.d. ungt barnafólk. Þá benda flutningsmenn jafnframt á að óeðlilegt sé að við skuldbreytingar á lánum sem fjölskyldur hafa tekið sé stimpilgjald innheimt hvað eftir annað. Þarna er á ferðinni gjaldtaka sem er langt umfram það sem þjónustan kostar í raun.

Tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi á árinu 2003 voru 3.300 millj. kr. og samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2004 eru þær áætlaðar á greiðslugrunni 3.545 millj. kr. Þær urðu hins vegar vel yfir 6 milljarða kr.

Undanþágur frá greiðslu stimpilgjalda er víða að finna í lögum og hefur það gert innheimtu þeirra flókna. Þá getur aukning rafrænna viðskipta einnig gert innheimtu gjaldanna vandasama og í sumum tilfellum nokkuð hjákátlega þar sem engin eiginleg stimplun fer fram í slíkum viðskiptum.

Við niðurfellingu laga um stimpilgjald er nauðsynlegt að breyta með bandormi ákvæðum fjölmargra annarra laga sem kveða á um greiðslu stimpilgjalds. Í flestum þeirra lagaákvæða sem bandormurinn snertir er veitt undanþága frá greiðslu stimpilgjalda. Í nokkrum þeirra er þó kveðið á um að krafa um stimpilgjald skuli miðast við annað hlutfall en ákveðið er í lögum um stimpilgjald og er þá oftast um að ræða ívilnanir til handa erlendum aðilum vegna beinna fjárfestinga hér á landi. Þessir aðilar munu því njóta verulegrar ívilnunar líkt og aðrir verði frumvarp þetta að lögum og því geta stjórnvöld í einstaka tilfellum þurft að taka samninga við slíka aðila til endurskoðunar.

Virðulegi forseti. Þar sem um viðamikinn bálk er að ræða og bandorm þá gerum við flutningsmenn frumvarpsins okkur fulla grein fyrir því að það getur orðið þrautin þyngri að fá það samþykkt á Alþingi. Um er að ræða skattstofn sem felur í sér, samkvæmt 3. gr. laga um stimpilgjald, stimpilskyld skjöl. Í fyrsta lagi eru það skuldabréf. Þar er 1,5% stimpilgjald sem leggst á öll skuldabréf, hvort sem þau eru tryggð með veði eða ábyrgð. Í öðru lagi eru það afsöl. Afsöl fyrir fasteignum hér á landi og skipum sem hér eru skrásett. Skatthlutfallið er 0,4% og leggst á fasteignamat eða kaupverð í tilviki skipa. Í þriðja lagi eru víxlar. Á víxla er lagt 0,25% stimpilgjald. Þá eru það hlutabréf þar sem stimpilgjald er 0,5% á frumútgáfu hlutabréfa í félögum með takmarkaða ábyrgð, en framsal hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa er skattfrjálst. Vátryggingarskjöl bera stimpilgjöld ef þau snerta fasteignir eða verðmæti hér á landi, sjóvátryggingar á varningi, tryggingar á varningi fluttum með flugvélum eða landfarartækjum og farangurstryggingar bera 0,024% stimpilgjald vátryggingarfjárhæðar.

Fyrir nokkrum árum þegar ríkisstjórnin hét því að fella niður stimpilgjaldið, mig minnir að í frumvarpi til fjárlaga það árið hafi verið áætlaðar um 900 milljónir til fyrsta áfanga þess að fella niður stimpilgjaldið, voru tekjur af stimpilgjaldinu mun lægri heldur en þær eru í dag. Í fjárlögum fyrir 2004 var eins og ég sagði áðan áætlað að tekjurnar yrðu tæpur 3,5 milljarðar kr. en þær urðu 6,4 milljarðar kr. Aukningin er fyrst og fremst vegna fasteignaviðskipta.

Í svari sem hæstv. fjármálaráðherra gaf mér við fyrirspurn um hverjar væru heildartekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum árið 2003 og samkvæmt áætlun 2004, þar sem ég óskaði eftir því að því yrði skipt niður eftir skattstofnum, kemur fram að heildartekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum fyrir árið 2003 námu 3,7 milljörðum kr. og eins og áður sagði þá voru þær áætlaðar svipaðar á árinu 2004, en urðu hins vegar 6,4 milljarðar kr.

Í svarinu segir, með leyfi forseta:

„Fyrirkomulag og innheimta stimpilgjalda veldur því að

erfitt er að gera sér fyllilega grein fyrir skiptingu gjaldsins. Í upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins kemur fram að stimpilgjöld af fasteignaviðskiptum á fyrri hluta ársins 2004 eru um 65–70% af heildarstimpilgjöldum. Hér er bæði um að ræða stimpilgjöld af skuldabréfum og kaupsamningum. Það má því gera ráð fyrir að stimpilgjöld vegna fasteignakaupa á árinu 2003 hafi verið um 2,4 milljarðar kr. Vegna breyttra aðstæðna á lánamarkaði vegna fasteignakaupa á seinni hluta ársins 2004 er erfiðara að áætla hve mikill hluti stimpilgjaldsins sé vegna fasteignakaupa. Gróf nálgun gæti numið tæpum 4 milljörðum kr."

Það segir sem sagt, virðulegi forseti, að langstærsti hluti þessara stimpilgjalda er greiddur af einstaklingum, af fjölskyldum þessa lands sem fjárfesta í húsnæði.

Síðan spurði ég, með leyfi forseta:

„2. Hve stór hluti heildartekna ríkissjóðs af stimpilgjaldi vegna fasteignaviðskipta einstaklinga verður til við endurfjármögnun lána?"

Það er eðlilegt að svo sé spurt vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á húsnæðislánamarkaðnum að undanförnu. Í svari ráðherra kemur fram að ekki liggi fyrir upplýsingar um tekjur af stimpilgjöldum vegna endurfjármögnunar lána vegna fasteignaviðskipta.

Í þriðja lagi spurði ég, með leyfi forseta:

„3. Hve stór hluti heildartekna ríkissjóðs af stimpilgjaldi vegna fasteignaviðskipta einstaklinga er endurgreiddur í formi vaxtabóta?"

Þá kom jafnframt fram að ekki liggja fyrir upplýsingar um það hve stór hluti heildartekna ríkissjóðs af stimpilgjaldi vegna fasteignaviðskipta einstaklinga er endurgreiddur í formi vaxtabóta.

Upplýsingarnar um þennan óréttláta skatt sem ætti að vera fyrir löngu búið af afnema eru því mjög takmarkaðar. Við leggjum til, eins og hér hefur komið fram, að þessi skattur verði í heild sinni lagður af. Þar sem við gerum okkur grein fyrir að það kostar mikla vinnu nefndarinnar og gerum okkur satt að segja, virðulegi forseti, ekki vonir um að slíkt frumvarp verði afgreitt á þeim tíma sem eftir er af yfirstandandi þingi þá lögðum við fram annað frumvarp til laga um breytingu á lögum um stimpilgjaldið, með síðari breytingum. Flutningsmenn eru hinir sömu. Ásamt mér eru það hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson. Það frumvarp hefur að hluta til verið flutt áður. Við segjum í greinargerð, með leyfi forseta:

„Það er stefna Samfylkingarinnar að afnema beri stimpilgjöld og hefur á fyrri þingum verið flutt um það þingmál. Það frumvarp sem hér er flutt felur í sér rýmkun á undanþágum frá gjaldheimtunni sem að mati flutningsmanna er brýnt að lögfesta sem fyrst, en gera má ráð fyrir að nokkurn tíma taki að afgreiða og ná samstöðu um að fella að fullu niður öll stimpilgjöld. Þessi rýmkun snýst í fyrsta lagi um að leiguíbúðir verði undanþegnar stimpilgjaldi og í öðru lagi um að stimpilgjöld verði ekki innheimt þegar um er að ræða endurfjármögnun lána sem áður hefur verið greitt af stimpilgjald."

Það segir sig sjálft, virðulegi forseti, að það ákvæði er tilkomið fyrst og fremst vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á húsnæðismarkaði þar sem mjög stór hluti þeirra sem áður voru með lán hjá Íbúðalánasjóði hafa fært sig yfir í bankakerfið vegna þess að þar bjóðast hagstæðari kjör. En þessir einstaklingar hafa orðið að greiða stimpilgjöld af endurfjármögnun sinna lána.

Á 130. löggjafarþingi lögðu flutningsmenn þessa frumvarps fram frumvarp um stimpilgjald (543. mál, þskj. 818). Það mál var ekki afgreitt úr nefnd en umsagnir sem bárust um málið voru nær allar jákvæðar. Flutningsmenn flytja nú málið aftur að viðbættri nýrri grein sem felur í sér útvíkkun á 26. gr. laganna þannig að bréf til endurnýjunar eða endurfjármögnunar eldri skulda, sem þegar hefur verið greitt stimpilgjald af, verði stimpilfrjáls.

Samkvæmt núgildandi ákvæði 26. gr. laganna er innheimt hálft stimpilgjald ef skuld samkvæmt skuldabréfi eða tryggingarbréfi er endurnýjuð með nýju bréfi og um sama skuldarsamband er að ræða. Skuldaraskipti eru stimpilfrjáls. Flutningsmenn leggja til að ákvæðinu verði breytt þannig að ný bréf, skuldabréf eða tryggingarbréf, sem nýtt eru til endurnýjunar eða uppgreiðslu eldri bréfa verði undanþegin stimpilskyldu. Þannig verði það ekki skilyrði að skuldarsamband haldist óbreytt heldur geti nýr kröfuhafi verið að yngra bréfi. Sömuleiðis felst í tillögu flutningsmanna að ekki þarf nýtt bréf á móti hverju eldra bréfi heldur verði hægt að endurnýja eða leysa af hólmi fleiri en eitt eldra bréf með einu yngra og krefjast stimpilfrelsis af því yngra að því marki að það samsvari eldri bréfum sem þegar hafa verið greidd stimpilgjöld af. Ef yngri skuld er hærri en sú eða þær sem leystar eru af hólmi yrði áfram að greiða stimpilgjald af þeirri fjárhæð sem eftir stendur eða þar til stimpilgjaldið hefði að fullu verið afnumið. Flutningsmenn telja að með þessu verði einstaklingum og fyrirtækjum gert léttara að endurfjármagna eldri og óhagstæðari skuldir eftir því sem hagstæðari kjör bjóðast á lánamarkaði. Núverandi skattheimta, sem felst í stimpilgjaldi, getur vegið þungt þegar metinn er möguleikinn á endurfjármögnun lána og hindrað fólk í að leita sér hagstæðari lánakjara. Í tillögu flutningsmanna felst í raun að heimilum og fyrirtækjum verði auðveldað að hagræða hjá sér með því að felld verði niður stimpilgjöld af því sem í daglegu tali er fellt undir endurfjármögnun lána.

Þá er með þessu frumvarpi lagt til að heimildarbréf, þ.e. kaupsamningar og afsöl, vegna íbúða sem sveitarfélög, félög og félagasamtök kaupa í þeim tilgangi að leigja þær út, sbr. VIII. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, verði stimpilfrjáls. Fyrir árið 1999 — áður en þau lög gengu í gildi — voru heimildarbréf vegna félagslegra leiguíbúða undanþegin stimpilskyldu. Þá var farið að krefjast stimpilgjalda af heimildarbréfum slíkra íbúða. Við athugun á þessum lögum sem tóku gildi 1999 virðist sem mistök við lagasetningu hafi valdið því að skýr lagaheimild fyrir stimpilfrelsi þessara bréfa féll niður frekar en að þar hafi vilji löggjafans komið fram.

Niðurfelling stimpilskyldu af heimildarbréfum leiguhúsnæðis getur auðveldað félögum, meira en nú er, að ráðast í fjárfestingar sem miða að því að auka og bæta leiguhúsnæði. Íbúðalánasjóður veitir sveitarfélögum, félögum og félagasamtökum, er hafa að markmiði að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis, lán til byggingar eða kaupa á húsnæði til þeirra nota, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál. Skuldabréf sem gefin eru út til

Íbúðalánasjóðs í þessum tilgangi, sbr. VIII. kafla sömu laga, eru stimpilfrjáls, sbr. 4. tölul. 35. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum. Stimpilgjalda er aftur á móti krafist af heimildarbréfum vegna þessa húsnæðis sem er umdeilanleg breyting frá fyrri framkvæmd.

Fyrir gildistöku laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, sem öðluðust gildi 1. janúar 1999, voru heimildarbréf félagslegra leiguíbúða undanþegin stimpilskyldu. Sú framkvæmd byggðist á ákvæði 4. mgr. 78. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, þar sem segir: „Eigi skal greiða stimpilgjald af afsali vegna kaupa framkvæmdaraðila á íbúð á almennum markaði, enda sé íbúð keypt í því skyni að verða félagsleg íbúð, sbr. 1. mgr. 54. gr., og kaupsamningi fylgi staðfesting Húsnæðisstofnunar þess efnis."

Með lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál, voru verulegar breytingar gerðar á húsnæðislöggjöfinni. Í 46. gr. þeirra laga, um þinglýsingu og stimpilgjöld, var kveðið á um að skuldabréf sem gefin væru út til Íbúðalánasjóðs vegna lána til byggingar eða kaupa leiguhúsnæðis, sbr. VIII. kafla laganna, væru undanþegin stimpilgjaldi en ekki getið heimildarbréfa vegna þeirra eigna. Í bráðabirgðaákvæðum laganna kom aftur á móti fram að nokkur ákvæði laga nr. 97/1993 skyldu halda gildi sínu og þar á meðal var 78. gr.

Við gildistöku laga nr. 157/1998, um breyting á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum, voru ákvæði ýmissa sérlaga, sem kváðu á um undanþágur frá stimpilskyldu, felld brott og færð í lög um stimpilgjald. Þar á meðal var ákvæði 46. gr. laga nr. 44/1998 en efnislega samhljóða ákvæði er nú að finna í 4. og 5. tölul. 35. gr. laga nr. 36/1978. Við þessar lagabreytingar skapaðist óvissa um stimpilskyldu heimildarbréfa fyrir húseignum sem voru keyptar í því skyni að vera leiguíbúðir. Sveitarfélög og félög í þeirra eigu hafa talið að heimildarbréf fyrir slíku húsnæði eigi að njóta stimpilfrelsis á grundvelli 78. gr. laga nr. 97/1993 en þeirri kröfu hefur verið hafnað af fjármálaráðuneyti á grundvelli túlkunar á 35. gr. laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að eyða þessari óvissu með því að bæta nýjum tölulið við 35. gr. laga nr. 36/1978 sem kveður skýrt á um stimpilfrelsi heimildarbréfa fyrir leiguhúsnæði sem Íbúðalánasjóður veitir lán til kaupa á skv. VIII. kafla laga nr. 44/1998.

Samkvæmt lögum um stimpilgjöld eru skuldabréf, sem gefin eru út til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarlána og lána til byggingar eða kaupa á leiguhúsnæði, stimpilfrjáls. Sama gildir um heimildarbréf vegna íbúða sem keyptar eru með viðbótarlánum. Viðbótarlán fá ákveðnir tekjuhópar og geta þau numið allt að 25% af kaupverði til viðbótar húsbréfalánum. Íbúðalánasjóður lánar þannig kaupendum íbúða, með milligöngu sveitarfélaga, allt að 90% af kaupverði á hagstæðum kjörum. Félagslegt leiguhúsnæði á vegum sveitarfélaga og annarra félaga sem hér um ræðir er í flestum tilfellum leigt einstaklingum sem hafa enn lægri tekjur en þeir sem fá viðbótarlán. Engin haldbær rök styðja að gerður sé greinarmunur á innheimtu stimpilgjalda af heimildarbréfum fyrir félagslegu leiguhúsnæði annars vegar og heimildarbréfum vegna kaupa á íbúðum með viðbótarlánum hins vegar. Það er tæplega vilji löggjafans að viðhalda slíkri mismunun. Stimpilgjöld auka kostnað við kaup á leiguhúsnæði sem aftur getur leitt til hærra leiguverðs.

Stimpilgjöld sem innheimt eru vegna kaupa á húsnæði geta skipt sveitarfélög, félög og félagasamtök, og þá sérstaklega þau sem smærri eru, allnokkru máli enda um nokkrar fjárhæðir að ræða. Má í því sambandi nefna að Félagsbústaðir hafa greitt frá 1. janúar 1999 til 1. janúar 2004 tæpar 20 millj. kr. í stimpilgjöld vegna leiguíbúða. Því er eðlilegt að heimildarbréf sem þinglýst er við kaup eða byggingu þessara eigna séu stimpilfrjáls.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan þá er það eindreginn vilji okkar að þetta frumvarp sem aðeins felur í sér þessar tvær breytingar verði samþykkt. Önnur breytingin snýr að heimildarbréfunum sem hefur verið farið svo ítarlega yfir í greinargerð með þessu frumvarpi og áður færð rök fyrir af hv. þingmanni Samfylkingarinnar, Jóhönnu Sigurðardóttur, sem tók þetta mál upp á síðasta þingi, og hin felst í því að ekki séu lögð stimpilgjöld á endurfjármögnun skulda. Þetta getur skipt verulegu máli.

Þessi óréttláta skattlagning, stimpilgjöldin, bitnar, eins og hér hafa verið færð rök fyrir, fyrst og fremst á fjölskyldum sem eru að eignast þak yfir höfuðið. Þær greiða langstærstan hluta af stimpilgjöldum. En þau bitna einnig mjög illa á fyrirtækjum, sérstaklega smærri fyrirtækjum sem hafa ekki möguleika á því að ná sér í lán á erlendum lánamarkaði. Stóru fyrirtækin koma því kannski heldur betur út úr þessu. En þetta er samt sem áður óréttlátur skattur á fyrirtæki, á einstaklinga, á fjölskyldur. Ef ríkisstjórnin meinti nú eitthvað með því að vilja styðja við nýsköpun í atvinnulífi og þá kannski smærri fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref inn á vinnumarkaðnum vítt og breitt um landið þá væri að sjálfsögðu eðlilegt að fella niður stimpilgjöldin. Áhugi ríkisstjórnarinnar hins vegar er ekki til staðar þó einstaka ráðherrar hafi á hátíðarstundum lýst því yfir að þeir vilji gjarnan fella niður stimpilgjaldið. Hæstv. forseti þekkir þetta úr sinni fyrri vinnu, þ.e. nauðsyn þess að fella lög um stimpilgjöld úr gildi.

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að þessi frumvörp fari til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd. Það er slæmt að hér skuli ekki vera staddur neinn þingmaður úr efnahags- og viðskiptanefnd frá stjórnarmeirihlutanum. En þetta er ekki í fyrsta skiptið sem okkur í stjórnarandstöðu er boðið upp á að tala hér fyrir tómum sölum, nema að einstaka stjórnarandstæðingur er hér að hlusta. Sýnir það að mínu mati að málefnalegri umræðu á Alþingi Íslendinga hefur hrakað. Með þeim orðum, virðulegi forseti, óska ég eftir því að þessu verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar.

[18:58]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get ekki orða bundist. Þess vegna vel ég að koma hér og fara nokkrum orðum um það mál sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, hefur gert svo ágætlega grein fyrir og taka það sérstaklega fram að þau eru orðin núna æðimörg árin sem hv. þingmaður hefur barist fyrir því og flutt þetta mál inn á þingið en talað fyrir daufum eyrum með það að gera þær breytingar sem hér um ræðir og hún hefur fært góð rök fyrir því hversu gífurleg lyftistöng það yrði, ekki síst fyrir fjölskyldurnar í landinu, ef fundnar yrðu aðrar

leiðir til tekjuöflunar hjá ríkinu en að taka þessi stimpilgjöld.

Af því hv. þm. Margrét Frímannsdóttir var nú svona frekar — hvað getur maður sagt — lítið bjartsýn um að málin hefðu mikið breyst þrátt fyrir yfirlýsingar ráðherra sem oft hafa í orði tekið undir þetta mál þá hlýt ég samt að minnast á það núna að í allri umræðunni um breytingar á lánamarkaði og í umræðu um skattheimtu hefur það komið mjög skýrt fram hjá Samtökum atvinnulífsins að stimpilgjöldin séu vond gjöld og að gera beri breytingar og afnema þau. Ekki eru margir dagar síðan ég sá viðtal við hæstv. fjármálaráðherra í blöðum þar sem hann tók undir það að einmitt vegna þess að þýðingarmikil samtök voru að beita sér í málinu þá væri æskilegt að gera þær breytingar sem hér hefur verið talað um. En hann sagði að það væri bara ekki komið að þeim breytingum, ríkisstjórnin hefði forgangsraðað öðruvísi. Við sem hér erum í þessum sal og störfum á Alþingi vitum auðvitað nákvæmlega hvernig ríkisstjórnin hefur forgangsraðað. Hún hefur ákveðið að forgangsraða þannig varðandi tekjuskattslækkun að þeir fá mest út úr þeirri skattbreytingu sem hafa mest.

Hér er enn eitt dæmi um það að auk þess sem að þetta kæmi fyrirtækjum vel þá yrði þetta gífurleg lyftistöng fyrir fólk stendur í endurkaupum og ekki síst í fyrstu húsnæðiskaupum. Þetta skiptir máli. Þetta er peningur sem virkilega munar um.

Ég ætla að leyfa mér á þessu kvöldi að vera nægilega bjartsýn til þess að trúa því að þegar að stuðningur hefur ágerst úti í samfélaginu við að gera breytingar og afnema stimpilgjöldin að þá fáum við í Samfylkingunni þann stuðning sem þarf til þess að fjármálaráðherra setji í forgang að breyta stimpilgjaldinu. Ég ætla að leyfa mér að vera svo bjartsýn á þessu kvöldi eftir að hafa hlustað á ágætan málflutning hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, talsmanns Samfylkingarinnar og fyrsta flutningsmanns í þessu máli, og ég er alveg sannfærð um að ekki líður á löngu þar til breytingar verða gerðar, í síðasta falli þegar Samfylkingin kemst til valda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 12. mál.

Fundi slitið kl. 19:02.

---

79. FUNDUR

miðvikudaginn 23. febr.,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

1. Meðferð Darfúr-málsins fyrir Alþjóðasakamáladómstólnum, fsp. ÞSveinb, 511. mál, þskj. 779.
2. Uppsagnir hjá slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli, fsp. SJS, 514. mál, þskj. 783.
3. Stuðningur við börn flutningsskyldra starfsmanna, fsp. MF, 518. mál, þskj. 787.
4. Samstarf við Rauða kross Íslands um móttöku flóttamannahópa, fsp. ÁI, 373. mál, þskj. 437.
5. Riðusmit og varnaraðgerðir gegn riðu, fsp. AKG, 461. mál, þskj. 710.
6. Útræðisréttur strandjarða, fsp. SigurjÞ, 524. mál, þskj. 798.
7. Endurheimt votlendis, fsp. KolH, 532. mál, þskj. 806.
8. Sala eignarhluta Landsbanka Íslands í Vátryggingafélagi Íslands, fsp. SigurjÞ, 509. mál, þskj. 774.
9. Heilbrigðisstofnun Suðurlands, fsp. MF, 519. mál, þskj. 788.
10. Húsnæðismál Landspítala – háskólasjúkrahúss, fsp. LMR, 523. mál, þskj. 792.
11. Grunnnet fjarskipta, fsp. JBjarn, 531. mál, þskj. 805.

Breyting á embætti í alþjóðanefnd.

[12:01]

Forseti (Þuríður Backman):

Borist hefur eftirfarandi tilkynning um kosningu embættismanns í alþjóðanefnd:

Í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA hefur Kristinn H. Gunnarsson verið kjörinn varaformaður.

Tilkynning um dagskrá.

[12:01]

Forseti (Þuríður Backman):

Klukkan 3.30 fer fram umræða utan dagskrár um þróun íbúðaverðs. Málshefjandi er hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson. Hæstv. félagsmálaráðherra verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[12:01]

Útbýting:

Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara, 497. mál, svar viðskrh., þskj. 837.

Hlutafjáreign einstaklinga, 391. mál, svar viðskrh., þskj. 836.

Kostnaður vegna varnaraðgerða gegn riðuveiki, 462. mál, svar landbrh., þskj. 852.

Samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum, 568. mál, þáltill. BÁ o.fl., þskj. 856.

Viðskipti við ráðningarstofur, 446. mál, svar fjmrh., þskj. 834.

Athugasemdir um störf þingsins.
Lánshæfismat Landsvirkjunar.

[12:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Í Hálffimmbirtingu greiningardeildar KB-banka í gær er skýrt frá því undir fyrirsögninni „Lánshæfismat endurspeglar ekki undirliggjandi rekstur" að matsfyrirtækið Standard & Poor's staðfesti lánshæfismat Landsvirkjunar en endurskoði horfurnar fyrir fyrirtækið úr stöðugum í neikvæðar.

Ástæða þess að horfurnar eru endurskoðaðar er að útlit er fyrir að ríkið ætli að einkavæða Landsvirkjun. Lánshæfismat Landsvirkjunar tekur mið af skilyrðislausri ábyrgð ríkisins á skuldbindingum stofnunarinnar frekar en að rekstur stofnunarinnar sé svo traustur að hann standi undir lánshæfismatinu, segir þar. Með öðrum orðum hangir lánshæfismatið á ríkisábyrgðinni, á ábyrgð eigendanna, en byggir ekki á traustum rekstri fyrirtækisins.

Enn fremur er fjallað um það í þessari birtingu bankans að arðsemi Landsvirkjunar hafi undanfarin ár verið mjög lítil og talsvert undir verðbólgu á tilteknu viðmiðunartímabili. Fyrirtækið hefur ekki haldið í við verðlagsþróun hvað efnahag snertir. Enn fremur er vikið að því að eigi að einkavæða Landsvirkjun sé það nánast óhugsandi án þess að eiginfjárstaða félagsins verði styrkt.

Þetta staðfestir, frú forseti, að yfirlýsingar hæstvirtra ráðherra undanfarna daga hafa þegar skaðað fyrirtækið. Þetta staðfestir í öðru lagi að lánshæfismat Landsvirkjunar hangir á ábyrgð eigendanna en byggir ekki á traustum rekstri. Og þetta staðfestir í þriðja lagi það sem ég hélt hér fram í gær að til þess að hægt verði að fara í þá einkavæðingu sem ráðherrar hafa boðað verður fyrst að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækisins og til þess á að ná í milljarðana frá Rarik.

Hæstv. ríkisstjórn verður (Forseti hringir.) að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessu máli, (Forseti hringir.) svo alvarlegar eru þær (Forseti hringir.) yfirlýsingar sem gefnar hafa verið og það tjón sem af þeim hefur hlotist.

[12:04]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur sjálfsagt talið sig komast í feitt þegar hann rak augun í frétt um nýja tilkynningu Standard & Poor's um Landsvirkjun. Því miður verð ég að hryggja hann með því að hér er um storm í vatnsglasi að ræða.

Það er svo langt því frá að Standard & Poor's sé að gefa fyrirætlunum stjórnvalda neikvæða umsögn. Fyrirtækið staðfestir lánshæfiseinkunn Landsvirkjunar, það er engin breyting á lánshæfiseinkunninni. Hún er áfram AA- og horfurnar stöðugar.

Hefði fyrirtækið ætlað að breyta horfum varðandi fyrirtækið hefði það sagt horfurnar neikvæðar en ekki stöðugar. Það var ekki gert. Standard & Poor's staðfestir lánshæfismat á útistandandi skuldum og þeirri skuldabréfaútgáfu sem fram undan er. Sá er kjarni málsins.

Það er hins vegar annar mælikvarði sem lánshæfismatsfyrirtæki leggja til grundvallar og það eru horfur fyrir Landsvirkjun sem eyland án alls utanaðkomandi stuðnings. Þetta er kallað á ensku „Corporate Credit Rating". Standard & Poor's metur horfur Landsvirkjunar að þessu leytinu til neikvæðar vegna þess að ríkið mun ekki taka ábyrgð á nýjum lánum ef fyrirtækið verður einkavætt. Lánshæfismatsfyrirtækið er því að gera þá skyldu sína að gefa markaðnum til kynna að það sé mikil umræða fram undan um framtíð Landsvirkjunar. Þetta eru engar nýjar fréttir. Það hefur alltaf legið fyrir að lánshæfismat Landsvirkjunar væri lægra ef ábyrgðir eigenda væru ekki til staðar. Ábyrgðir eigenda eru hins vegar til staðar og munu verða það áfram nema um annað semjist.

[12:06]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem fram kemur hjá hæstv. viðskiptaráðherra, það eru í sjálfu sér ekki tíðindi að það leiði til lakari lánskjara fyrir Landsvirkjun ef hún nýtur ekki ríkisábyrgðar. Ég held að það hafi almennt verið mönnum kunnugt. Þessar fréttir staðfesta hins vegar að það er núna á alþjóðlegum fjármálamarkaði viðurkennd opinber stefna íslensku ríkisstjórnarinnar að til álita komi að einkavæða þetta fyrirtæki.

Þær áhyggjur sem lánveitendur lýsa með þessari greiningu eru líka áhyggjur sem við, skattgreiðendur á Íslandi, eigum að hafa sem ábyrgðarmenn á þessum skuldbindingum. Landsvirkjun hefur gefið út skuldabréf til áratuga sem við vitum ekki einu sinni hvar eru stödd í heiminum, mörg hver, eða hver á þessa stundina og útilokað er að létta ábyrgðum okkar af nema með mjög stórtækum aðgerðum.

Ég ítreka þess vegna þá spurningu sem ég lagði fyrir hæstv. ráðherra í gær við umræðuna og hún svaraði ekki: Kemur til greina að einkavæða Landsvirkjun með ábyrgðum okkar, með opinberum ábyrgðum á skuldbindingum fyrirtækisins, að afhenda það einkaaðilum með ábyrgðum skattgreiðenda í landinu? Er hæstv. ráðherra e.t.v. tilbúin til að lýsa því yfir að ekki komi til greina að selja einkaaðilum aðgang að ábyrgðum skattgreiðenda á lánapakka upp á 100 milljarða?

[12:08]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Glannaskapur hæstv. iðnaðarráðherra í yfirlýsingum er þegar farinn að vinna tjón. Ég velti fyrir mér hvort þetta mál, þessi glannaskapur hæstv. ráðherra, hafi verið tekið upp í ríkisstjórn. Það að verið sé að skerða lánshæfismat Landsvirkjunar, eins stærsta fyrirtækis landsins, vegna glannalegra yfirlýsinga er mikill ábyrgðarhlutur. (Gripið fram í.) Það skerðist ef eitthvað er að marka orð hæstv. ráðherra um að hún ætli að einkavæða og selja fyrirtækið.

Sé hins vegar ekkert að marka orð ráðherrans og þau bara sögð út í bláinn og allir trúa því er kannski allt í lagi, enda er það það sem kemur fram hjá Standard & Poor's, að verði ábyrgðir ríkisins óbreyttar, líka varðandi framtíðarlántökur, muni fyrirtækið halda þessu lánshæfismati.

Verði hins vegar eitthvað að marka yfirlýsingar hæstv. iðnaðarráðherra um að það eigi að einkavæða og selja Landsvirkjun gefur þetta eftirlitsfyrirtæki Landsvirkjun mínus. Verum minnug þess að meginhluti raforkuframm-

leiðslu Landsvirkjunar er bundinn í stóriðju með langtímasamningum þannig að þar er engu hægt að breyta ef menn ætla að bæta eiginfjárstöðuna. Eina leiðin er þá að selja almennum notendum rafmagn á hærra verði til að styrkja eiginfjárstöðuna eða þá að skrifa eignirnar niður og reikna þær ekki á kostnaðarverði heldur selja þær með afslætti. Það er þá hin leiðin ef það á að fara að bæta eiginfjárstöðu fyrirtækisins.

Alvarlegastar eru, frú forseti, þessar glannalegu yfirlýsingar hæstv. iðnaðarráðherra sem studdar eru af hæstv. fjármálaráðherra. Ég held að þetta ætti að taka fyrir í ríkisstjórn og ræða.

[12:10]

Mörður Árnason:

Forseti. Fyrir nokkrum dögum vakti það athygli að þingmaður hér á þinginu sakaði fasteignasala á Íslandi, og sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, um að kjafta fasteignaverðið upp. Nú verður gaman að vita hvað sá þingmaður segir við iðnaðar- og viðskiptaráðherra hæstv. þegar hún hefur blaðrað lánshæfismat Landsvirkjunar niður. Það er það sem hefur gerst. Iðnaðarráðherra hæstv. veit greinilega ekki hvað hún vill. Hún hefur engin plön í gangi, engar áætlanir liggja fyrir, málið hefur ekki verið rætt í öðrum þingflokki ríkisstjórnarinnar og það sem gerist er að það verður uppnám hjá almenningi, hjá þeim sem um málið eiga að véla, og uppnám hjá þeim sem eru að skoða stórfyrirtæki eins og Landsvirkjun og athuga lánshæfi þeirra.

Það verður svo að segja um þetta fyrirtæki að við þurfum skýringar á því sem sami ráðherra hæstv. tæpti hér á í gær, og svaraði ekki betur þó að hún væri þráspurð utan úr sal, að sameiningin við Rarik og Vestfirðinga mundi væntanlega bæta eiginfjárstöðuna. Við viljum fá skýringar á því.

Hvers vegna þarf að bæta eiginfjárstöðu Landsvirkjunar? Er það að koma í ljós sem haldið var fram hér fyrir ári eða tveimur að nýjustu framkvæmdir á vegum þessa fyrirtækis hafi verið fjárhagslega óheilbrigðar, að þær hafi veikt stöðu Landsvirkjunar til langframa? Vont er það. Því var haldið fram hér að þær hugleiðingar væru fullkomin della og kjaftæði og blaður úti í bæ. Nú þarf iðnaðarráðherrann og viðskiptaráðherrann að skýra fyrir okkur hvernig á því stendur að það þarf að bæta eiginfjárstöðu Landsvirkjunar.

Í tilefni nýlegra ályktana hér í bænum vil ég svo segja að það er kannski eins gott að við Reykvíkingar tökum til fótanna og hlaupum út úr þessu fyrirtæki eins og það virðist vera statt. Norðlendingar hafa ákveðið að gera það, m.a. bæjarfulltrúi VG á Akureyri og sennilega er það mjög skynsamlegt hjá Valgerði Bjarnadóttur að losa sig við alla ábyrgð á þessu fyrirtæki.

[12:12]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Umræður í páskildagatíð, ég tala nú ekki um ef þær eru í viðtengingarhætti líka, verða alleinkennilegar eins og hér má heyra. Hér hafa þingmenn talað um tjón sem Landsvirkjun hafi orðið fyrir, skaða sem Landsvirkjun hafi orðið fyrir. Og hver er sá skaði, frú forseti?

Sá skaði er að Landsvirkjun nýtur enn og mun njóta óbreytts lánstrausts. Engin breyting hefur orðið á lánshæfi Landsvirkjunar. Svo koma þingmenn hver á fætur öðrum og tala um tjón sem orðið sé. Það er von að menn reki upp stór augu.

Hér er talað um að kjafta upp eða kjafta niður. Þá held ég að menn ættu líka að velta fyrir sér heyrn. Það kom fram í ræðu hæstv. iðnaðarráðherra að það er staðfest að lánshæfismat Landsvirkjunar hefur ekki breyst. (Gripið fram í.) Það er hins vegar vitað, frú forseti, að Landsvirkjun stendur núna í miklum framkvæmdum. Það var vitað og gert ráð fyrir. Það þarf ekki mikla snillinga til að sjá að þegar fyrirtæki stendur í miklum framkvæmdum reynir að sjálfsögðu á fjárhaginn eins og menn gerðu ráð fyrir. En það er líka vitað, og til þess var lagt upp í þá för, að þær fjárfestingar sem Landsvirkjun stendur fyrir núna munu skila fyrirtækinu og þjóðarbúinu öllu verulegum tekjum. Um það snýst málið.

En nú er líka fróðlegt að sjá að hér hanga hinir hörðustu andstæðingar Kárahnjúka og þeirra framkvæmda sem þar eru fyrir austan á þessu síðasta hálmstrái og leyfa sér meira að segja að halla réttu máli. Lánshæfismat Landsvirkjunar er hátt og það hefur ekki breyst.

[12:15]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það var verulegur skaði hvað þessi mál varðar að hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og ég trúi því að hæstv. fjármálaráðherra hafi átt hlut að máli, skyldi bæta þessum yfirlýsingum við annars ágæta niðurstöðu sem var fólgin í því að leysa Reykvíkinga og Akureyringa út úr Landsvirkjun. Um það mál held ég að geti orðið nokkuð víðtæk samstaða. Það spillir því máli að menn skyldu blanda saman hugarórum um einkavæðingu Landsvirkjunar og sameiningu orkufyrirtækja í eigu ríkisins í eitt stórt fyrirtæki og eyðileggja þar með möguleikann á að búa til samkeppnisumhverfi á raforkumarkaðnum. Þetta er allt saman óskiljanlegt.

Ég átta mig ekki á því hvers konar umræður hafa farið fram í ríkisstjórninni um þetta en ég efast ekki um að þær hafi farið fram og niðurstaðan orðið þessi, að stefna að þessu og jafnvel að það verði hægt að láta fara að selja úr þessu stóra fyrirtæki eftir jafnvel þrjú ár. Það er algjörlega glórulaust að þetta sé möguleiki. Þeir sem það vilja þurfa a.m.k. að útskýra fyrir landsmönnum með hvaða hætti eigi að vera hægt að standa að þessu.

Allt er þetta tómt fljótræði. Ég held að framsóknarmenn gerðu best á fundi sínum sem hefst um þessa helgi með því að reka málið almennilega ofan í ráðherra sinn og snúa ofan af þeirri vitleysu sem þarna er komin í gang en standa við það sem er skynsamlega gert.

[12:17]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Umræðan sem hér fer fram á fyllilega rétt á sér miðað við yfirlýsingarnar og miðað við umfjöllunina undanfarna daga og fréttaflutning. Það er sjálfsagt að við ræðum þetta mál ítarlega og sérstaklega yfirlýsingar um áform stjórnvalda. Ég undirstrika að hingað til höfum við bara heyrt um áform og það er ekki búið að taka neina ákvörðun um að einkavæða Landsvirkjun. Ég er satt best að

segja ekki viss um að það eigi eftir að gerast. Ég er ekki sannfærð um að það ferli verði sem hér hefur verið lýst undanfarna daga miðað við viðbrögð ýmissa stjórnarliða og miðað við að engin yfirlýsing hafi komið frá ríkisstjórninni sem slíkri um þetta mál.

En ef það skyldi vera svo að ríkisstjórnin ætlaði að fara með það í alvarlega skoðun að einkavæða Landsvirkjun, einkavæða orkuframleiðslu og orkudreifingu og allt saman, þá bið ég um að menn skoði reynslu nágrannalandanna, ekki síst Noregs. Þar var þetta gert og endaði þannig að skammta þurfti rafmagn til almennings og breytingunum var ekki beinlínis fagnað í Noregi þegar svo var komið.

Við skulum a.m.k. reyna að læra af mistökum sem gerð hafa verið og skoða það sem gerst hefur annars staðar og taka þá reynslu með í umfjöllunina þegar við förum að ræða þetta mál í alvöru. Ég reikna náttúrlega með að það eigi eftir að koma aftur inn í þingið.

[12:19]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það hefur lengi legið fyrir að þau sveitarfélög sem ásamt ríkinu eru með eignaraðild að Landsvirkjun hafa viljað losa sig við þá eignaraðild. Ríkið hefur léð máls á því að það verði gert. Við þær aðstæður er sjálfsagt að ríkið kanni með hvaða hætti er hentugast að koma fyrir skipan raforkumála á sínum eignarhluta í raforkufyrirtækjum þannig að hentugast sé, til að mynda með sameiningu Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins. Það er sjálfsagt og eðlilegt.

Engin ákvörðun hefur verið tekin um einkavæðingu Landsvirkjunar og þegar menn nefna það að vel geti farið á því í framtíðinni að fjármagn, sem er í eðli sínu langtímafjármagn sem er ekki fljótandi á markaði, til að mynda fjármagn lífeyrissjóða, geti átt vel heima í fjárfestingum í Landsvirkjun þá er ekkert að slíkum umræðum.

Þið ágætu þingmenn hafið haldið því fram að staða Landsvirkjunar sé veik, neikvæð og ömurleg, (Gripið fram í.) ef það væri nú svo, halda menn að einhverjir mundu leggja peninga í það fyrirtæki? Halda menn að einhverjir mundu leggja pening í slíku fyrirtæki? Halda menn að einhver færi að kaupa í því fyrirtæki? Að sjálfsögðu ekki.

Menn mundu auðvitað leggja fjármuni inni í fyrirtækið, aðilar sem hafa nægan tíma eins og lífeyrissjóðir og aðrir þess háttar, vegna þess að þeir hefðu trú á því fyrirtæki, teldu að það mundi bera ávöxt. Ella ekki. Áhættan er því engin og engin ástæða til að mála þessar grýlur á veggi.

Það lá fyrir að eigið fé Landsvirkjunar mundi lækka verulega þegar sú staða væri uppi að lántökur væru miklar, miklar framkvæmdir og tekjurnar ekki farnar að skila sér inn. Það lá alltaf fyrir, er til í öllum göngum og hefur ekkert breyst hvað það varðar. En það liggur líka fyrir í sömu gögnum að eigið fé Landsvirkjunar mun í framtíðinni vaxa hægt og örugglega og Landsvirkjun verða traust og öflugt fyrirtæki hér eftir sem hingað til.

[12:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Auðvitað er hverjum manni það ljóst að yfirlýsingar hæstv. iðnaðarráðherra eru í besta falli vítaverður glannaskapur. Í versta falli verður það gert sem hæstv. ráðherra var að boða, sem er náttúrlega hroðaleg framtíðarsýn, að búa til einokunarrisa í orkumálum í landinu, enn stærri en fyrir er, einkavæða hann svo og selja jafnvel til útlanda og ráðstafa þar með afnotaréttinum að þeim auðlindum sem undir liggja.

Gallinn er sá að mark hefur verið tekið á hæstv. ráðherra í útlöndum. Markaðurinn neyðist til að taka það alvarlega þegar ráðherra í embætti gefur yfirlýsingar. Markaðurinn hefur ef til vill ekki áttað sig á því, sem kann að vera, að hæstv. ráðherra sé umboðslaus og landlaus, ekki síst í eigin flokki. Gærdagurinn var ekki góður fyrir hæstv. ráðherra þegar mannfall var í stuðningi við hana. Fyrstur reið á vaðið formaður þingflokks Framsóknarflokksins og sór þetta allt af sér í gær. Síðan kom varaformaður Framsóknarflokksins, hæstv. landbúnaðarráðherra, og þá tveir, þrír þingmenn, þannig að það er ekki björgulegt. Hér kemur hæstv. utanríkisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, og segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um þetta í ríkisstjórn og þetta sé allt á hugmyndastigi.

Hvað voru hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. fjármálaráðherra að gera með yfirlýsingum sínum? Þær hafa sannanlega skaðað Landsvirkjun. Það þýðir ekki að neita því. Það er á prenti, það er á Reuters úti um allan heim í formi tilkynningar frá Standard & Poor's um að þessi breyting hafi átt sér stað hvað varðar horfur um lánshæfismat Landsvirkjunar inn í framtíðina. Það eru skilaboð sem skipta miklu máli.

Það þarf enginn að segja mér, hvað sem hæstv. ráðherra reynir að bera sig mannalega, að Friðrik Sophusson eða stjórn Landsvirkjunar sé hamingjusöm með blaðrið í hæstv. ráðherrum.

[12:23]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þingmenn geta talað um blaður en mér varð hugsað til þess hvernig ástatt væri fyrir þessu þjóðfélagi ef þeir menn sem hér hafa talað um blaður, hv. þm. Mörður Árnason og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, færu með stjórn þessa lands. Það er hætt við því að samkeppnisstaða Íslands væri ekki sú sem hún er í dag. Við erum í fimmta sæti. Ætli það sé ekki vegna þess (Gripið fram í.) að það hefur verið haldið vel á málum af hálfu þeirrar ríkisstjórnar sem hér hefur farið með völdin síðustu tíu ár? (Gripið fram í.) Það er erfitt að tala til hv. þingmanna sem heyra ekki það sem maður segir, heyra ekki þegar ég segi að engin breyting hefur orðið á lánshæfismati Landsvirkjunar, engin breyting.

Þegar ég er að tala um að það verði hugsanlega árið 2008 eða síðar sem þessu fyrirtæki gæti verið breytt í hlutafélag, sem opnaði á möguleika á að nýir aðilar komi að rekstri fyrirtækisins, þá eru það ákveðin skilaboð. Þetta getur komið til greina. Þetta er langt inni í framtíðinni þannig að þegar hv. þingmenn keppast við að nota stærstu orðin um það sem ég sagði þá er það á misskilningi byggt. Þetta er ákveðin opnun og hver skilur ekki að ef til þess kæmi að þetta fyrirtæki yrði einkavætt þá yrði ekki lengur um ríkisábyrgðir að ræða og að það mundi breyta lánshæfismatinu? (Gripið fram í.) Þetta er svo augljóst.

Þeir hv. þingmenn sem hér hafa hæst eru sannarlega ekki stuðningsmenn þessa fyrirtækis. Þeir hafa alltaf fyrirlitið það, alltaf, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, og allar framkvæmdir sem þar hafa átt sér stað á síðustu árum.

Meðferð Darfúr-málsins fyrir Alþjóðasakamáladómstólnum.

Fsp. ÞSveinb, 511. mál. — Þskj. 779.

[12:26]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Frú forseti. Stærsta ríki Afríku, Súdan, er stríðshrjáð land. Í rúma tvo áratugi hefur geisað borgarastyrjöld í suðurhluta landsins, skelfilegt stríð sem kostað hefur tvær milljónir manna lífið. Nú hefur loks tekist að stilla til friðar í Suður-Súdan og von er til þess að fólk geti tekið til við endurreisnarstarfið sem bíður þess.

Annars staðar í þessu gríðarstóra landi, í Darfúr-héraði, hefur ríkt sannkölluð vargöld undanfarin tvö ár. Íbúar héraðsins hafa einnig risið upp gegn stjórnvöldum í Khartúm eins og fólk gerði í Suður-Súdan, en Khartúm-stjórnin hefur svarað með því að siga herflokkum vígamanna, einhvers konar málaliðum sem nefnast Janjaweed, á óbreytta borgara héraðsins. Sannað er að stjórnvöld hafa útvegað þeim vopn og lengst af látið framferði þeirra óátalið. Hryllilegir stríðsglæpir hafa verið framdir af báðum fylkingum í Darfúr-héraði af Janjaweed-mönnum og uppreisnarmönnum.

Sérstök rannsóknarnefnd Sameinuðu þjóðanna, skipuð af framkvæmdastjóra þeirra, Kofi Annan, skilaði skýrslu til öryggisráðsins í liðnum mánuði. Niðurstaða hennar er að í Darfúr-héraði hafi verið framdir stríðsglæpir og að draga verði þá sem ábyrgir eru fyrir þeim fyrir dóm, fyrir Alþjóðasakamáladómstólinn í Haag.

Enginn veit nákvæmlega hversu margir hafa látið lífið í átökunum í Darfúr síðastliðin tvö ár. Margt bendir þó til þess að a.m.k. 200 þúsund manns liggi í valnum. Þriðjungur íbúa héraðsins, rúmar tvær milljónir af sex, eru á flótta í Darfúr eða nágrannaríkinu Tsjad. Illa hefur gengið að fá stjórnvöld og uppreisnarmenn til að semja um frið en viðræður hafa þó staðið yfir með tilstilli Sameinuðu þjóðanna. Og friðarsamkomulagið við suðurhluta landsins vekur vonir.

Í ljósi þessa vil ég spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvaða afstöðu ríkisstjórn Íslands hefur til þess að draga þá sem grunaðir eru um stríðsglæpi í Darfúr fyrir Alþjóðasakamáladómstólinn en vitað er að um það standa deilur innan öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

[12:28]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir hefur spurst fyrir um meðferð Darfúr-málsins fyrir Alþjóðasakamáladómstólnum, Hún spyr:

„Hvaða afstöðu hefur ríkisstjórn Íslands til þess að menn grunaðir um að hafa framið stríðsglæpi í Darfúr-héraði í Súdan verði látnir svara til saka fyrir Alþjóðasakamáladómstólnum?“

Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda skipaði öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hinn 18. september síðastliðinn sérstaka nefnd til að rannsaka hvort glæpir gegn mannkyninu hefðu verið framdir í Darfúr-héraði í Súdan. Skýrsla nefndarinnar skilgreinir fjögur meginmarkmið rannsóknarinnar:

Í fyrsta lagi hvort framin hefðu verið alvarleg brot gegn alþjóðlegum mannúðar- og mannréttindalögum, í öðru lagi að ganga úr skugga um hvort um þjóðarmorð væri að ræða, í þriðja lagi að finna þá einstaklinga sem hefðu staðið að þessum glæpum og í fjórða lagi að gera tillögur um hvernig þessir aðilar yrðu látnir svara til saka fyrir brot sín.

Eins og einnig kom fram hjá fyrirspyrjanda voru niðurstöður þessarar nefndar afhentar Kofi Annan framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í lok síðasta mánaðar. Þær niðurstöður eru skýrar og afdráttarlausar. Samkvæmt skýrslunni ber ríkisstjórn Súdans ásamt Janjaweed-skæruliðahópnum ábyrgð á alvarlegum brotum gegn alþjóðlegum mannúðar- og mannréttindalögum. Þótt nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið framið þjóðarmorð tekur hún fram að niðurstaða þessi dragi í engu úr alvöru þeirra glæpa sem framdir hafa verið.

Nefndin leggur eindregið til að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna feli Alþjóðlega sakamáladómstólnum að taka fyrir mál þeirra einstaklinga sem nefndin hefur grun um að beri ábyrgð á þessum glæpum. Nefndin er þeirrar skoðunar að glæpirnir í Darfúr-héraði uppfylli þau viðmið sem Rómarsamþykktin um Alþjóðlega sakamáladómstólinn kveður á um. Það hlýtur að vera markmið allra ríkja að láta stríðsglæpamenn í Darfúr svara til saka sem allra fyrst. Með því er líklegra að komið verði í veg fyrir frekari glæpi af þessu tagi. Langlíklegast er að skilvirkasta leiðin til að leita þessa réttlætis sé að fela Alþjóðlega sakamáladómstólnum að taka það fyrir.

Eins og áður hefur verið sagt, sem rétt er að ítreka, er þessi ákvörðun í höndum öryggisráðsins. Það er auðvitað mikilvægt að öll aðildarríki þess sýni nauðsynlegan sveigjanleika til að komist verði að niðurstöðu sem fyrst þannig að draga megi hina brotlegu, við skulum segja hina grunuðu þar til sekt er endanlega sönnuð, fyrir rétt.

[12:31]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra svörin. Ég verð að segja eins og er að ég hefði kosið að hæstv. utanríkisráðherra kvæði aðeins fastar að orði vegna þess að auðvitað er það rétt að skilvirkasta leiðin til að þeir sem grunaðir eru um að hafa framið glæpi gegn mannkyni og stríðsglæpi svari til saka er að þeir séu dregnir fyrir dóm í Haag. Það þýðir að það er hægt að hefja það ferli samstundis, sama dag og það er ákveðið af öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Eins og við vitum eru uppi hugmyndir um það, sérstaklega hjá Bandaríkjastjórn, að það verði ekki gert heldur verði stofnaður jafnvel sérstakur stríðsglæpadómstóll. Við vitum öll og þekkjum öll ástæður þess. Þær eru þær að Bandaríkjastjórn er ekki aðili að Alþjóðlega sakamáladómstólnum í Haag og vill helst ekki að mál fari þangað.

Hæstv. utanríkisráðherra talaði um sveigjanleika við að finna lausn í þessu máli. Ég vona að sá sveigjanleiki felist ekki í því að hæstv. ríkisstjórn Íslands styðji þá fyrirætlan Bandaríkjastjórnar að reyna að koma í veg fyrir að þeir sem grunaðir eru um stríðsglæpi í Darfúr-héraði, og þar hefur verið nafngreindur 51 maður samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna, svari til saka fyrir Alþjóðlega sakamáladómstólnum í Haag.

Það er auðvitað mjög mikilvægt að Íslendingar standi vörð um þær alþjóðastofnanir sem við erum aðilar að og tökum þátt í. Það felst m.a. í því að styðja það að þær taki fyrir mál af þessu tagi.

Því má einnig bæta við í lokin, frú forseti, að þetta er líklega nokkuð dæmigert viðfangsefni í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og varpar ljósi á það, ef Íslendingar skyldu einhvern tíma skjóta þar inn fæti, við hvað þarf að eiga.

[12:33]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi erum við þeirrar skoðunar, enda aðilar að þeim dómstóli, að skilvirkasta leiðin væri að sá dómstóll tæki þetta mál að sér. Það er enginn vafi að það væri einfaldast og skilvirkast. Það eru reyndar ekki eingöngu Bandaríkjamenn sem hafa fyrirvara í þeim efnum. Kína gerir það einnig og þar erum við komin *með tvö ríki sem hafa neitunarvald í öryggisráðinu.* Það getur verið ágætt að berja sér á brjóst og segja: Við hvikum ekki frá einu eða neinu, þá gerist kannski heldur hvorki eitt né neitt.

Auðvitað verða menn á einhverju stigi að vega það og meta hvort best sé að halda sig við það að þetta gangi til Alþjóðlega sakamáladómstólsins og láti svo skeika að sköpuðu hvort þessi tvö stórveldi beiti þar neitunarvaldi sínu eða hafi þann sveigjanleika til að bera að segja: Meginmarkmiðið hlýtur þó eftir allt saman að vera að sitja ekki fastur í stofnanahugsun heldur þeirri að árangri verði náð, að hinir grunuðu verði dregnir fyrir rétt, rétt sem treysta megi að fari málefnalega með það vald sem honum er fengið fremur en að málið dagi uppi vegna þess að menn nái ekki árangri vegna ágreinings í öryggisráðinu.

Það er þetta sem ég var að segja. Stefna okkar er alveg klár. Við verðum að átta okkur á þessum veruleika. Það eru ekki bara Bandaríkjamenn, og væri þó alveg yfrið nóg í öryggisráðinu, heldur einnig Kína. Eftir því sem ég skil málið er Rússland, sem er ekki aðili að þessum dómstól, því hins vegar fylgjandi að það megi láta það mál ganga til dómstólsins að þessu sinni. Þetta er vandinn í hnotskurn.

Uppsagnir hjá slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli.

Fsp. SJS, 514. mál. — Þskj. 783.

[12:35]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Í fréttum hefur komið fram að mikil fækkun hefur orðið að undanförnu hjá slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli. Þar hafa verið umtalsverðar uppsagnir og reyndar frekari breytingar í vændum. Þetta eru afleiðingar þess ófremdarástands að íslensk stjórnvöld neita að horfast í augu við veruleikann og breyttar aðstæður, berja höfðinu við steininn og leggja alla áherslu á að halda í fjórar óvopnaðar og gamlar orrustuþotur á meðan hvorki gengur né rekur í viðræðum við Bandaríkjamenn um málefni stöðvarinnar almennt. Þessi óvissa vofir yfir og enginn botn fæst í þá hluti. Á meðan fara Bandaríkjamenn sínu fram þeir segja upp, skera niður, flytja burt tæki og tól á sínum forsendum og þetta bitnar núna, í þessu tilviki, á þjónustustiginu á Keflavíkurflugvelli sem er ákaflega bagalegt. Það er meira að segja svo komið að ýmsir aðilar, meðal annarra Félag íslenskra flugumferðarstjóra, hafa lýst yfir áhyggjum sínum af því að þessar ráðstafanir, þessi niðurskurður og þessi fækkun starfsmanna, sérstaklega í flugþjónustudeild slökkviliðsins, komi beinlínis niður á öryggi.

Guðjón Arngrímsson, varaformaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, upplýsir í viðtali við blað fyrir skemmstu að fækkun starfsmanna sé orðin sennilega af stærðargráðunni 17 manns, þ.e. fækkað hafi í slökkviliðinu úr 59 í 42, og Kjartan Halldórsson, flugumferðarstjóri á Keflavíkurflugvelli, upplýsir í viðtali við sama blað að uppsagnir í flugþjónustudeildinni hafi þegar leitt til þess að snjóhreinsun taki lengri tíma. Það leiðir svo til þess að erfiðara er að halda flugvellinum opnum sem geti leitt til kostnaðarsamra tafa á flugi. Það er skelfilegt ef þessi þjónusta skerðist enn frekar, segir hann.

Nú er ástæða til að ætla að það sé þó í vændum, bæði í formi enn frekari uppsagna starfsmanna og jafnvel breytinga á þessum rekstri og útboða á einhverjum hluta starfseminnar. Ég tel mikilvægt vegna hinna miklu hagsmuna sem við Íslendingar höfum af Keflavíkurflugvelli sem okkar alþjóðaflugvelli og vegna stöðu Keflavíkurflugvallar sem millilendinga- og varaflugvallar í flugi yfir Norður-Atlantshaf að þessi mál verði skýrð.

Ég hef því spurt hæstv. utanríkisráðherra sem þessi mál heyra undir vegna hinnar sérkennilegu skipunar mála á Keflavíkurflugvelli, að utanríkisráðherra fer þar með flest mál, hve mikil fækkunin sé orðin, hvaða áhrif þessi fækkun starfsmanna hafi haft eða komi til með að hafa á starfsemi flugþjónustudeildar og þjónustustig við brautir vallarins. Enn fremur spyr ég: Hvaða áhrif hefur fækkun starfsmanna haft eða kemur til með að hafa á öryggisstaðla og viðbragðsgetu slökkviliðsins og styrk varaslökkviliðs?

Að síðustu spyr ég: Stendur til að bjóða út einhverja þætti þessarar starfsemi? Hvernig á þá að tryggja að mannskapurinn sem kemur til með að sinna þessum störfum hafi tilskilin réttindi og þjálfun sem slökkviliðsmenn varðandi meðferð hættulegra efna og annað í þeim dúr?

[12:38]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Áður en ég svara spurningunum beint vil ég nefna, vegna þess sem hv. þingmaður nefndi og hefur *gert áður varðandi þær þotur sem til staðar eru í tengslum* við varnarviðbúnaðinn, að þoturnar hafa þann vopnabúnað tiltækan sem þotur af þessu tagi hafa með sama hætti og er í Bandaríkjunum. (Gripið fram í.) Jú, vopnabúnaður er fyrir

hendi þannig að það er misskilningur hjá hv. þingmanni að svo sé ekki.

Hv. þingmaður spyr eftirfarandi spurninga:

„Hve mikið hefur starfsmönnum slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli fækkað, sundurliðað eftir deildum, frá því sem mest var þegar nýlega boðaðar uppsagnir verða að fullu komnar til framkvæmda?“

Svar við þessari spurningu er eftirfarandi eins og ég hef fengið það: Slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli fellur undir og er rekið af varnarliðinu sem borgar allan kostnað af starfsemi þess. Því er skipt upp í slökkviliðsdeild og flugþjónustudeild. Samkvæmt upplýsingum varnarliðsins voru starfsmenn slökkviliðsdeildarinnar 107 og starfsmenn flugþjónustudeildar 46 hinn 1. ágúst 2004 en verða væntanlega miðað við óbreytt fyrirkomulag 86 og 36 hinn 1. júní 2005 þegar nýlega boðaðar uppsagnir verða að fullu komnar til framkvæmda. Ætlunin er að 15 slökkviliðsmenn verði á hverri vakt í stað 18 nú. Samkvæmt upplýsingum frá varnarliðinu er ástæðan fyrir þessum uppsögnum sú að sl. haust hafi eftirlits- og úttektaraðilar frá bandarískra sjóhernum tekið út slökkvilið allra flugvalla sem bandarískí sjóherinn notar og greiðir kostnað af. Niðurstaða þeirra varðandi Keflavíkurflugvöll hafi verið sú að starfsmenn í slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli væru of margir og fjöldi þeirra nokkuð yfir alþjóðlegum kröfum og viðmiðunum. Fækkun stöðugilda í slökkviliðinu tekur mið af þessum alþjóðlegu reglum.

Í annan stað er spurt:

„Hvaða áhrif hefur fækkun starfsmanna haft eða kemur til með að hafa á starfsemi flugþjónustudeildar og þjónustustig við brautir vallarins?“

Breytingar á fyrirkomulagi og verkefnum flugþjónustudeildar hafa ekki áhrif á að flugöryggiskröfum varðandi flugbrautirnar á Keflavíkurflugvelli verði fullnægt. Útfærslan á breytingunum hefur ekki verið ákveðin og skiptir máli hvernig hún verður framkvæmd.

„Hvaða áhrif hefur fækkun starfsmanna haft eða kemur til með að hafa á öryggisstaðla og viðbragðsgetu slökkviliðsins og styrk varaslökkviliðs?“

Breytingar á starfsemi slökkviliðsins hefur ekki haft áhrif á öryggisstaðla eða viðbragðsgetu. Slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli mun sem fyrr uppfylla setta öryggis- og viðbragðsstaðla.

„Hvernig er ætlunin að tryggja þjálfun og réttindi starfsmanna hvað varðar slökkviliðsstörf, sjúkraflutninga og hópslysaréttindi, meðferð sprengiefna o.s.frv., komi til útboða á einhverjum slíkum verkefnum?“

Það hefur komið til umræðu að bjóða út þann þátt slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli er varðar flugafgreiðslu herflutningavéla. Ef til þess kemur er það á ábyrgð þess sem fær verkið að ráða og þjálfa starfsmenn sem uppfylla þá staðla og tryggja að þeir njóti þeirra réttinda sem kjarasamningar kveða á um, ella yrði væntanlega ekki gerður neinn samningur við slíka aðila.

[12:42]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Það er rétt að minna á í þessari umræðu að slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli er alfarið rekið af varnarliðinu og fyrir vikið eru gerðar þar strangari kröfur til slökkviliðs en almennt gerist með borgaralegt slökkvilið. Með minnkandi umsvifum varnarliðsins en um leið aukinni borgaralegri flugumferð, sem mun nema um 70%, er skiljanlegt að upp hafi komið sú ósk frá varnarliðinu að Íslendingar komi í vaxandi mæli í rekstrinn.

Ég vil þess vegna velta því til hæstv. utanríkisráðherra hvort hann telji koma til greina að semja beint við Félag slökkviliðsmanna sem rekstrarfélag um þá starfsemi sem slökkviliðið sinnir núna á grundvelli samninga, annars vegar við varnarliðið og hins vegar við ríkisvaldið er það kemur inn. Með því móti má viðhalda ábyrgð og sérþekkingu. Ef einhverjir geta fundið hagkvæma lausn eru það auðvitað þeir sem þar eru. Ég hvet til þess að þetta sé skoðað og verði hraðað því að óvissunni þarf að eyða.

[12:43]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Á Keflavíkurflugvelli hefur orðið mikil fækkun og minnkun á starfsemi. Ef við berum saman hvernig þetta leit út árið 1990 miðað við daginn í dag voru 3.300 hermenn á flugvellinum 1990, 1.450 í dag og íslenskir starfsmenn beint hjá varnarliðinu voru 1.086 árið 1990 en eru 674 í dag.

Þessar tölur sýna svo að ekki verður um villst að þarna hefur verið dregið verulega úr starfsemi og að því er virðist algjörlega einhliða af hálfu Bandaríkjamanna.

Við hljótum að spyrja hæstv. utanríkisráðherra: Á ekki að fara að hefja þessar embættismannaviðræður við Bandaríkjamenn sem áttu að hefjast í janúar miðað við yfirlýsingar sem gefnar voru á þingi um framtíð Keflavíkurflugvallar?

Þegar það svar var gefið var vitað að skipt yrði um utanríkisráðherra í Bandaríkjunum þannig að það er ekki ástæða fyrir því að þessar viðræður hafa dregist. Það hlýtur að vera eitthvað annað. Hvernig í ósköpunum stendur á því að það gengur hvorki né rekur í þessu máli? Er ekki kominn tími til þess að hrista af sér aumingjaskapinn sem blasir við?

[12:44]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Það stingur óneitanlega í stúf að uppsagnir séu fram undan hjá slökkviliðsmönnum á Keflavíkurflugvelli og jafnvel í tugatali á sama tíma og raddir heyrast um að umsvif í Flugstöð Leifs Eiríkssonar muni tvöfaldast á næstu 10 árum. Það hefur komið fram eins og allir vita að varnarliðið hefur borgað brúsann undanfarin ár eða frá upphafi vega er varðar slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli en ég tek undir orð hv. þm. Hjálmars Árnasonar um að ríkið skoði sinn hlut vegna breyttra aðstæðna sem fram undan eru í þessum efnum. Tvöföldun á umsvifum og ferðum á Keflavíkurflugvelli kallar óneitanlega á þessa þjónustu áfram á Keflavíkurflugvelli. Því er líka fyllilega vert að skoða aðra möguleika sem ég hef sjálfur í ræðustól borið undir iðnaðarráðherra á undanförnum dögum. Ég væri afar spenntur að heyra skoðun hæstv. utanríkisráðherra á því hvort til greina komi að utanríkisráðuneytið leiti samráðs við varnarliðinu um nýtingu mannvirkja á Keflavíkurflugvelli á næstu missirum.

[12:46]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir svör hans en hann hefur hvað mest reynt að milda áhrif uppsagna og skipulagsbreytinga hjá varnarliðinu. Hjá slökkviliðinu í Keflavík er mikil sérþekking til staðar, sérþjálfaðir menn við slökkvistörf og önnur öryggishlutverk vallarins, svo sem snjómokstur og viðbrögð vegna hemlunaraðstæðna o.fl. Flugumferðarstjórar í Keflavík telja að með breytingunum taki snjóhreinsun lengri tíma, sem er bagalegt gagnvart öryggi því oft þurfa vélar að lenda tafarlaust.

Verið er að skipta á óvönum mönnum og vönum sérþjálfuðum mönnum. Með hverri uppsögn glatast dýrmæt þekking og reynslumiklir og þjálfaðir starfsmenn hætta störfum. Ég átta mig samt sem áður á því að ákvörðunin er alfarið varnarliðsins og ekki hægt að vega að stjórnvöldum.

Frú forseti. Það sem ég staldra við í málinu varðandi þær miklu skipulagsbreytingar og uppsögnina á Keflavíkurflugvelli er hvort ekki sé mögulegt að við komum sterkar að því að sjá um ýmsa rekstrarþætti, þ.e. verktöku vegna ýmissa starfa á vellinum. Á móti fækkaði varnarliðsmönnum en Íslendingum fjölgaði og við mundum samt sem áður aðlaga okkur að fjárveitingum frá varnarliðinu miðað við langtímasamning. Þetta er að mínu mati eina sóknarfærið í þeirri varnarbaráttu sem verið hefur vegna uppsagna og skipulagsbreytinga hjá varnarliðinu.

[12:47]

Mörður Árnason:

Forseti. Hjá slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli hefur fækkað um 20%. Fimmti hver starfsmaður frá 2004 á að fara, og skylt að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir að lesa þær tölur frá bandaríska sjóhernum og hvað úttektarnefnd bandaríska sjóhersins ætlast fyrir með slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli, en því er vissulega haldið uppi af varnarliðinu.

Manni verður á að spyrja í sakleysi sínu hvort hæstv. utanríkisráðherra hafi einhverja skoðun á því hvað þarna eigi að vera margir menn og hvort hann hafi látið kanna það eða einhverjir af starfsmönnum hans í ráðuneytinu hvað þarf marga menn að lágmarki til að halda uppi hinum borgaralega þætti í fluginu, vegna þess að hæstv. utanríkisráðherra hefur gefið kost á því að taka að sér eða til okkar Íslendinga hluta af kostnaði við flugvöllinn. Þá spyr maður auðvitað: Bíddu, eigum við t.d. að taka að okkur að halda uppi einhverju af slökkviliðinu og hvað er það þá mikið? Hvert er það lágmark sem íslenska utanríkisráðuneytið telur að eigi að vera á vellinum af þessum starfsmönnum?

[12:48]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Tölur um fækkun slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli þurfa náttúrlega ekki að koma á óvart í ljósi þess að við höfum mörg undanfarin ár orðið vitni að því að Bandaríkjamenn eru að skera allharkalega niður í flugflota sínum sem haft hefur bækistöðvar hér á landi. Eitt leiðir af öðru en maður hlýtur að lýsa eftir því, eins og margir hv. þingmenn hafa gert á undan mér, hvað íslensk stjórnvöld ætli sér að gera í þessum málum.

Við erum í NATO. Mér finnst persónulega að við gerum ekki nóg af því að halda merki okkar á lofti innan NATO. Við erum fullgild þjóð innan varnarsamstarfsins og mér þykir einsýnt að við ættum að reyna að leita leiða til nánara samstarfs við aðrar NATO-þjóðir fyrst Bandaríkjamenn eru svo greinilega að ganga úr skaftinu. Íslensk stjórnvöld virðast sitja og horfa á þetta með staðfestu og æðruleysi en einnig aðgerðaleysi og er það mjög slæmt. Við þingmenn hljótum að kalla eftir nánari fréttum. Hvað líður viðræðum Bandaríkjamanna og íslenskra stjórnvalda hvað varðar framtíð stöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli?

[12:50]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir svörin. Varðandi það mál sem í framhjáhlaupi hefur skotist inn í umræðuna og varðar vopn á Keflavíkurflugvelli hef ég ástæðu til að ætla, sem betur fer, að það sé orðið harla lítið og tómlegt um að litast í vopnageymslum hersins.

Hitt er annað mál að á undanförnum missirum hefur farið mikið magn vopna um Keflavíkurflugvöll og ég hef ástæðu til að ætla að það hafi ekki allt verið félegt sem var í lestum flugvéla sem hér hafa haft viðkomu á leið sinni til Austurlanda nær. Fækkunin er orðin mjög mikil og eðlilegt að sú spurning komi upp: Er hún ekki komin að hættumörkum vegna hins mikla borgaralega flugs sem fer um Keflavíkurflugvöll? Í öllu falli er okkar að hafa einhverja skoðun á því, ekki bara taka við upplýsingum frá bandarískra sjóhernum miðað við einhverja staðla sem þeir styðjast við og telja fullnægjandi. Er kannski ástæða til að ætla að slökkviliðið á Keflavíkurflugvelli sé í því tilviki ekki látið njóta sannmælis, vegna þess að ljóst er að þarna er mjög sérstök skipan mála á ferð, þ.e. slökkviliðið hefur annast um miklu meira en algengt er að sé á völlum af svipuðu tagi og á sér sögulegar skýringar eins og menn þekkja sumir.

Áhyggjur mínar eru auðvitað fyrst og fremst bundnar við atvinnuöryggi starfsmanna sem þarna starfa og stöðuna á Keflavíkurflugvelli hvað varðar alþjóðaflug okkar og stöðu Keflavíkurflugvallar vegna millilendinga og varaflugvallarhlutverks í Norður-Atlantshafinu. Það er eitt af því sem maður horfir til sem möguleika á að nýta í framtíðinni þegar bandarískri herinn verður farinn og málið snýst um að reyna að gera sér mat úr þeirri aðstöðu sem þarna er til staðar.

Varðandi slökkviliðið er í mínum huga aðeins einföld og skýr lausn sem stendur öðrum framar í þeim efnum, að Íslendingar taki við rekstri þess og að starfsmennirnir verði starfsmenn Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Bandaríkjamenn geta þá borgað eitthvað í það púkk á meðan þeir eru hér sem verður væntanlega ekki mjög lengi.

[12:52]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Það er fróðlegt að heyra að hv. þingmaður sem síðast talaði hefur mest verið að hugsa um atvinnuöryggi starfsmanna á Keflavíkurflugvelli og væntanlega þegar hann hefur verið að spássera í Keflavíkurgöngunni forðum tíð hefur þetta jafnan verið efst í huga hans.

Það er mjög merkilegt að heyra það og annar gönguféiagi sem þarna hefur sjálfsagt líka haft það í huga og verður mjög órólegur þegar þetta er nefnt af einhverjum ástæðum.

En vegna þess sem hér var sagt og rætt að við værum að taka eingöngu gildar fullyrðingar talsmanna varnarliðsins í þessum efnum er það auðvitað ekki rétt. Auðvitað látum við skoða málin sérstaklega hvað þetta varðar og höfum hér, dagsett 21. febrúar, yfirlýsingar Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli og yfirmanna flugvallarsviðsins þar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrirliggjandi upplýsingar um starfsmannafjölda og tækjakost flugþjónustudeildarinnar vegna vetrarviðhaldsáætlunar og yfirlýsingar varnarliðsins um að ekki verði slakað á kröfum benda til þess að deildin sé vel yfir þeim lágmarkskröfum samkvæmt handbókinni, sérstaklega með tilliti til tækjakosta deildarinnar."

Ég les ekki allt skjalið en auðvitað er þetta skoðað í heild.

Vegna þess sem nefnt var að frá 1990 hefði orðið tiltekin fækkun bæði bandarískra hermanna og starfsmanna gert einhliða af hálfu Bandaríkjamanna er það auðvitað þannig að íslensk yfirvöld, sama hver hefur setið í stóli utanríkisráðherra á þeim tíma, hafa ekki gert athugasemdir við að fækkun og breytingar yrðu á varnarstöðinni í Keflavík eftir lok kalda stríðsins. Það væri algerlega óraunhæft að taka ekki tillit til þess og meta þau mál af sanngirni. Við höfum hins vegar sagt: Það verður að vera tiltekinn ásættanlegur varnarviðbúnaður í stöðinni í Keflavík meðan varnarsamningurinn er í gildi, annars er ekki um raunverulegan varnarsamning að ræða. Þetta er afstaðan. Við höfum aldrei krafist þess að hér væri jafnmikil starfsemi og var á meðan kalda stríðið stóð sem hæst. Það væri algerlega út í bláinn af okkar hálfu að gera það.

Stuðningur við börn flutningsskyldra starfsmanna.

Fsp. MF, 518. mál. — Þskj. 787.

[12:54]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á undanförnum mánuðum og árum hefur mikið verið rætt um það á hvern hátt megi sem best tryggja stuðning barna þess fólks af erlendum uppruna sem kýs að flytja til landsins og hafa búsetu hér. Rætt hefur verið um félagslegan stuðning og félagslega aðlögun fjölskyldnanna og að gera þurfi þeim kleift að aðlagast þjóðfélaginu sem allra best. Teknar hafa verið ákvarðanir um að í skólakerfinu verði tekið sérstaklega á málefnum þessara barna og áhersla er lögð á að skólakerfið taki vel á móti þeim einstaklingum sem sumir hverjir hafa stundað nám í skólum í heimalandi sínu og koma hingað í gerólíkt umhverfi. Þetta er allt saman gott og mætti vera betra en er á réttri leið. Við viljum taka vel á móti þessum fjölskyldum og veita þeim þann stuðning sem mögulegt er.

Í utanríkisþjónustunni starfar fjöldi flutningsskyldra starfsmanna, fjölskyldufólk sem tekur sig upp í okkar þágu og býr erlendis árum saman. Það er gífurleg félagsleg röskun fyrir börn að flytja héðan til langdvalar erlendis, nýtt félagslegt umhverfi, nýtt skólakerfi og önnur menning. Ég hef velt því fyrir mér með hvaða hætti við styðjum við bakið á þessum fjölskyldum, þó einkum börnum flutningsskyldra starfsmanna. Hvað gerum við þegar þau flytja héðan til búsetu erlendis? Er eitthvert skipulegt kerfi sem styður við bakið á fjölskyldunum og auðveldar flutninginn? Ekki síður þegar þær koma aftur til landsins eftir margra ára búsetu erlendis. Börn þessa fólks hafa þá sum hver stundað nám í erlendum skólum og þekkja jafnvel ekki annað. Þau hafa fallið inn í félagslegt umhverfi í öðru landi og flytja síðan aftur heim, jafnvel í óákveðinn tíma. Það má telja þau eins konar nýbúa í landinu sínu, í skólakerfinu okkar og það er að vissu leyti framandi umhverfi sem þau þurfa að venjast og læra á, á sama hátt og börn fjölskyldna af erlendum uppruna sem hingað flytja. Það er nauðsynlegt að hugað sé vel að stuðningi við fjölskyldur flutningsskyldra starfsmanna. Í raun er ekki einungis sá fjölskyldumeðlimur sem hefur formlega stöðu starfsmanns utanríkisþjónustunnar fulltrúi þjóðarinnar erlendis. Ég lít þannig á að fjölskyldan í heild sinni sé fulltrúi okkar. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hvernig er háttað stuðningi við börn flutningsskyldra starfsmanna í utanríkisþjónustunni við heimkomu eftir búsetu erlendis, t.d. hvað varðar skólagöngu og félagslega aðlögun?

2. Er starfandi sérstakur fjölskylduráðgjafi í utanríkisráðuneytinu? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að svo verði?

[12:57]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Áður en ég svara þeim spurningum beint sem hv. þingmaður beindi til mín og ég þakka fyrir vil ég nefna að auðvitað býr fjöldi annarra aðila en flutningsskyldir starfsmenn í utanríkisþjónustunni við sömu aðstæður. Það hefur löngum verið svo að gríðarlegur fjöldi námsfólks sem stundar hvers konar framhaldsnám erlendis er þar einmitt með börn sín á viðkvæmasta aldri sem gefur auga leið vegna þess á hvaða aldri námsmennirnir eru sem stunda framhaldsnámið. Það lendir í þessu sama, að rífa börn sín upp úr öðru umhverfi, öðrum tungumálum, öðrum vinahópum o.s.frv. Þetta á því ekki eingöngu við um flutningsskylda starfsmenn utanríkisráðuneytisins, við skulum hafa það í huga.

En vegna spurninganna sem hv. þingmaður beindi sérstaklega til mín vil ég svara þeim. Fyrri spurningin er svolátandi: „Hvernig er háttað stuðningi við börn flutningsskyldra starfsmanna í utanríkisþjónustunni við heimkomu eftir búsetu erlendis, t.d. hvað varðar skólagöngu og félagslega aðlögun?"

Svar við spurningunni er þetta: Í fyrirmæla- og leiðbeiningarbók utanríkisþjónustunnar, gr. 5.3.15, segir að ráðuneytið skuli, með leyfi forseta:

„Veita styrk vegna stuðningskennslu á Íslandi fyrir börn sem flytja búferlum til Íslands vegna flutnings foreldris í starfi."

Ráðuneytið hefur túlkað greinina rúmt og leitast við að koma til móts við þarfir barna flutningsskyldra starfsmanna

við heimflutning, m.a. með því að greiða sérstaklega fyrir stuðningskennslu vegna þessara barna.

Þá er spurt um það hvort starfandi sé sérstakur fjölskylduráðgjafi í utanríkisráðuneytinu og ef svo sé ekki hvort ráðherra muni beita sér fyrir að svo verði til stofnað. Svarið við því er að til þessa hefur enginn sérstakur fjölskylduráðgjafi verið starfandi í ráðuneytinu. Hins vegar hefur ráðuneytið gert sérstakan samning við sálfræðing sem er kallaður til þegar upp koma vandamál á sérsviði hans, en það er sérstaklega gert ráð fyrir að viðkomandi aðili komi að málum sem varða einelti og aðra áreitni en hann getur líka veitt aðstoð í öðrum málum sem upp koma. Ráðuneytið hefur einnig mótað sérstaka fjölskyldustefnu utanríkisþjónustunnar sem hefur það sem markmið að bregðast við áhrifum sem starf á vegum þjónustunnar hefur á fjölskyldu starfsmanna.

Vegna síðari liðar spurningarinnar finnst mér sjálfsagt að athuga hvort þessum málum megi koma betur fyrir, m.a. með þeirri hugmynd sem hv. þingmaður varpar fram.

[12:59]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mér datt í hug að koma með eina stutta ábendingu, að tæknin hefur sem betur fer gert það að verkum að þessi mál eru hugsanlega ekki alveg jafnslæm og þau voru fyrir örfáum árum. Við sjáum mjög miklar framfarir hvað varðar notkun á netinu, bæði með að senda sjónvarpsefni en líka texta og annað og mér datt í hug þegar ég hlustaði á umræðuna að það væri kannski sök sér fyrir íslensk stjórnvöld að beita sér fyrir því að einmitt sjá til þess að barnaefni, sjónvarpsefni, fræðsluefni og jafnvel kennsluefni væri dreift út á netið til að Íslendingar búsettir erlendis gætu nálgast það fyrir börn sín, til að mynda þau sem starfa á vegum íslenskra stjórnvalda í erlendum ríkjum en einnig fyrir íslenska námsmenn og aðra Íslendingar sem eru búsettir erlendis. Þarna held ég að séu miklir möguleikar og jafnvel mikil eftirspurn og þörf. Þetta væri kannski þarft mál að hugleiða.

Þetta var bara stutt athugasemd.

[13:00]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og tek undir að það eru auðvitað fleiri hópar sem búa erlendis um ákveðinn tíma og þá með ung börn, sérstaklega námsmenn eða þeir sem sjálfir ákveða að sækja vinnu erlendis.

Það er samt svolítið ólíkt, einfaldlega vegna þess að það er ákveðið óöryggi sem alltaf fylgir því að vera flutningsskyldur starfsmaður utanríkisþjónustu hvers lands og menn vita ekki alltaf nákvæmlega hvert þeir flytja eða til hvaða starfa þeir fara hverju sinni. Ástæða þess að ég spyr um fjölskylduráðgjafann er ekki einungis sú að það þurfi einstaklinga sem haldi utan um börn flutningsskyldra starfsmanna þegar þau koma til landsins, heldur ekki síður það sem snýr að mökum flutningsskyldra starfsmanna sem oft á tíðum eiga mjög erfitt með að fá tímabundna vinnu hérna og eftir því sem ég skil best þá eru nýlegar breytingar varðandi lífeyrissjóð maka þannig að greiðslurnar falla niður þegar maki kemur heim en aðeins er um að ræða greiðslur þegar dvöl er erlendis. Það hefur oft á tíðum reynst mjög erfitt að fá vinnu og mörg vandamál geta komið upp hjá fjölskyldum flutningsskyldra starfsmanna. Auðvitað eru flestir sem betur fer mjög sterkir einstaklingar sem standast vel þetta álag, en það gæti þurft að standa betur að verki varðandi það hvernig hlúa má að fjölskyldum þessara starfsmanna. Ég fagna því ef hæstv. ráðherra vill skoða þá hugmynd að ráðinn verði fjölskylduráðgjafi að ráðuneytinu.

Varðandi þá athugasemd sem kom fram hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni er nú starfandi íslenskuskóli á netinu. Ég hef reynt að fylgjast vel með því hvað gert er og hvað unnið er varðandi börn sem búa erlendis, sérstaklega starfsmanna utanríkisþjónustunnar, starfsmanna okkar. Það er starfandi íslenskuskóli á netinu.

Samstarf við Rauða kross Íslands um móttöku flóttamannahópa.

Fsp. ÁI, 373. mál. — Þskj. 437.

[13:03]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fyrirspurn minni er beint til hæstv. félagsmálaráðherra og lýtur að samstarfi stjórnvalda og Rauða kross Íslands um móttöku flóttamannahópa.

Í fyrsta lagi spyr ég hverju það sæti að samningur ráðuneytisins við Rauða kross Íslands um móttöku hópa flóttamanna hafi ekki verið endurnýjaður.

Samningur af þessu tagi var gerður árið 1996 til fimm ára en síðan endurnýjaður munnlega til árs í senn. Samkvæmt heimildum mínum var búið að gera drög að endurnýjuðum samningi skömmu fyrir kosningarnar 2003 og að því er mér hefur verið tjáð þá hafi hæstv. fyrrverandi hæstv. félagsmálaráðherra ekki viljað ljúka málinu rétt fyrir kosningar. Þetta var á árinu 2003, síðan rann það ár til enda og 2004 kom. Nú erum við komin fram á árið 2005, en ekki hefur verið gengið frá þessum samningi. Hverjar eru skýringarnar?

Í öðru lagi er spurt um hvort hæstv. ráðherra hafi markað stefnu í móttöku flóttamannahópa og ef svo er, hver sú stefna sé.

Það er mikilvægt að stefna okkar sé skýr í þessum efnum. Íslendingar hafa vissulega tekið á móti flóttamönnum í tímans rás, en það hefur verið tilviljanakennt og breytilegt frá ári til árs hvernig þessum málum er háttað. Sum árin hefur ekki verið tekið á móti neinum flóttamönnum þótt yfirleitt hafi það þó verið gert, stundum fáum, í öðrum tilvikum mörgum eins og árið 1999 þegar fjöldi flóttamanna var hér hvað mestur á síðari árum.

Ég tel tvíþætta ástæðu fyrir því að hafa skýra stefnu í þessum efnum.

Í fyrsta lagi er það því miður svo að aldrei er skortur á flóttamönnum í heiminum. Við eigum að axla skyldur okkar í samfélagi þjóðanna og móta um það skýra stefnu um hvernig við berum okkur að í því efni.

Í öðru lagi þurfa þessi mál að vera í skipulegum farvegi, bæði okkar sjálfra vegna og vegna Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem annast skipulagningu á heims-

vísu. Hún þarf að vita að hverju hún geti gengið, hvaða úrræði eru til boða hverju sinni. Það mun vera svo að ein tíu lönd í heiminum hafa skuldbundið sig til að taka tiltekinn fjölda, fastan fjölda flóttamanna árlega. Við eigum að sjálfsögðu að vera í þeim hópi. Þarna eru Norðurlöndin, Kanada, Sviss, Ástralía og fleiri ríki. Við eigum að vera í þeim hópi.

Þá er ég kominn að þriðju og síðustu spurningunni sem er á þessa lund:

Hefur Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna leitað eftir því að Ísland bætist í hóp ríkja sem setja sér markmið um tiltekinn lágmarksfjölda flóttamanna sem tekið er við?

[13:06]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrirspurnina.

Fyrst vil ég segja að íslenska ríkið hefur tekið á móti flóttamönnum með reglubundnum hætti allt frá árinu 1996, en það ár kom fyrsti hópurinn til landsins eftir að Flóttamannaráð Íslands var stofnað árið 1995. Tvisvar féll móttaka flóttamanna niður. Það var árið 2002 og 2004, en annars hafa hóparnir komið reglulega frá 1996.

Alls er um að ræða 218 manns sem hafa komið frá átakasvæðunum á Balkanskaga. Móttaka flóttamannanna hefur verið framkvæmd í góðri samvinnu við Rauða kross Íslands í samræmi við samning ráðuneytisins og Rauða krossins frá árinu 1996 sem þá var gerður til fimm ára. Samhliða var gerður samningur við viðkomandi sveitarfélag sem tók á móti hverjum hópi en eins og mönnum er kunnugt brugðust sveitarfélögin afar vel við því að taka á móti hópunum í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og Rauða krossinn.

Samningur Rauða krossins og ráðuneytisins um móttöku flóttamanna rann út árið 2001 en tekið hefur verið tvisvar á móti flóttamönnum síðan á grundvelli sama samnings án þess að hann hafi formlega verið endurnýjaður.

Hæstv. forseti. Eins og áður hefur komið fram hér í þingsölum er nefnd á mínum vegum að skoða málefni innflytjenda í heild sinni. Verkefni hennar er m.a. að fjalla um framtíðarskipulag á móttöku flóttamanna og starfsemi flóttamannaráðs. Ég hef tekið þá ákvörðun að bíða með að gera nýjan samning við Rauða kross Íslands um móttöku flóttamanna þar til niðurstöður nefndarinnar liggja fyrir og ráðuneytið getur tekið afstöðu til þeirra. Það er hins vegar rétt hjá hv. þingmanni að drög að samningi liggja fyrir og ég á ekki von á öðru en að á þeim megi byggja.

Í öðru lagi er spurt hvort ráðherra hafi markað stefnu í móttöku flóttamanna og ef svo er hver hún sé.

Því er til að svara að þegar heildarsýn hefur fengist á málið í kjölfar vinnu framangreindrar nefndar, sem ég á raunar von á að skili af sér á næstu dögum, verður framtíðarstefna við móttöku flóttamanna hér á landi undirbúin. Í þessu sambandi er þó rétt að minna á að slík stefna verður að vera sveigjanleg með tilliti til aðstæðna hverju sinni í heiminum.

Ég vil geta þess, hæstv. forseti, að á vegum flóttamannaráðs er nú unnið að rannsókn á högum og aðstæðum allra flóttamanna á Íslandi sem hafa komið til landsins frá árinu 1975. Meðal þess sem er kannað er hvernig flóttamönnum hefur gengið að aðlagast hér á landi, mat þeirra á þjónustu og þátttöku í íslensku samfélagi og enn fremur leggja þeir almennt mat á eigin líðan. Sérstaklega er kannað hvernig unglingum líður í skóla og hvernig þeim gengur að aðlagast íslenskum aðstæðum. Fyrstu niðurstöður eru væntanlegar upp úr miðjum desember. Þessar niðurstöður munu augljóslega verða okkur leiðarljós við stefnumótunina. Má reyndar segja að slík rannsókn sé forsenda þess að hægt sé að marka slíka stefnu. Þannig verður annars vegar byggt á vinnu nefndarinnar sem ég hef þegar minnst á og hins vegar á niðurstöðum hinnar umfangsmiklu könnunar þegar framtíðarstefnan verður mótuð.

Í þriðja lagi er spurt hvort Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hafi leitað eftir því að Ísland bættist í hóp þeirra ríkja sem setja sér markmið um tiltekinn lágmarksfjölda flóttamanna sem tekið er við.

Engin sérstök tilmæli hafa borist frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna um að íslensk stjórnvöld setji sér ákveðin markmið um móttöku tiltekins lágmarksfjölda flóttamanna. Fulltrúar Flóttamannastofnunarinnar hafa hins vegar lagt á það áherslu í samræðum sínum við fulltrúa íslenskra stjórnvalda að Ísland taki árlega við ákveðnum fjölda flóttamanna og axli þannig sína ábyrgð á flóttamannavandanum í heiminum. Segja má að Íslandi hafi axlað sína ábyrgð með því að taka reglulega á móti flóttamönnum með skipulögðum hætti, án þess þó að við höfum með formlegum hætti sett okkur markmið um tiltekinn lágmarksfjölda ár hvert.

Í október síðastliðnum var hér í heimsókn frú Machiko Kondo, sem er nýskipaður fulltrúi Flóttamannastofnunarinnar fyrir baltnesku löndin og Norðurlönd. Við fengum einnig forvera hennar í starfi í heimsókn hingað á síðastliðnu vori. Í janúar síðastliðnum fór formaður flóttamannaráðs ásamt fulltrúa utanríkisráðuneytis í ráðinu til aðalstöðva Flóttamannastofnunarinnar í Genf og kynntu sér starfsemi stofnunarinnar, fengu upplýsingar um frá hvaða svæðum stofnunin teldi heppilegast að taka á móti flóttafólki og fleira. Fram kom að alls staðar væri þörfin mjög brýn.

Hæstv. forseti. Vilji minn stendur til þess að taka á móti hópi flóttamanna í ár. Flóttamannaráð hefur á undanförnum fundum sínum fjallað um hvaðan fólkið muni koma sem fyrirhugað er að taka á móti á þessu ári og óskað hefur verið eftir nánari upplýsingum frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Á þessari stundu hefur ekki verið ákveðið hvaðan fólkið muni koma eða um samsetningu hópsins.

Hæstv. forseti. Ég held mér hafi orðið á mismæli hér áðan þegar ég talaði um að niðurstöður könnunarinnar lægju fyrir í desember. Það voru mismæli og ég á von á því að þær liggi fyrir í næsta mánuði, sem er mars að sjálfsögðu, hæstv. forseti.

[13:11]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að ræða þetta mál. Þessa dagana eru um tíu ár síðan tillögur nefndar sem Bragi Guðbrandsson veitti forstöðu sáu dagsins ljós m.a. um flóttamannaráð og að við tækjum árlega við 30 flóttamönnum. Síðari hlutinn var nú ekki samþykktur, þannig að

það hefur verið, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson nefndi, svolítið gloppótt hvað við höfum tekið á móti flóttamönnum.

Hins vegar er alveg ljóst að það hefur mælst vel fyrir hjá Íslendingum að við Íslendingar eigum hlutdeild í að gefa flóttafólki nýtt heimili og nýtt líf. Þess vegna eigum við að stefna að því að gera þetta árlega. Það er ágætt að gera úttekt á hvernig fólki hefur reitt af en það er mjög mikilvægt að loka ekki á aðkomu flóttafólks á meðan.

Ég les svör ráðherra þannig að ekki sé kannski beinlínis búist við stefnubreytingu og ef svo er, þá er ég ánægð ef við höldum áfram að sinna þessum skyldum.

[13:12]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég er feginn að hæstv. ráðherra leiðrétti þessar dagsetningar. Mér brá svolítið í brún þegar hann sagði að fyrstu niðurstaðna úr rannsóknum á þessu sviði væri að vænta í lok ársins, en þær munu koma í næsta mánuði og það er vel.

Ljóst er að svolítil lausatök hafa verið á þessum málum á undanförnum árum. Eins og fram kom í upphafsorðum mínum hafa menn verið að endurnýja samninga við Rauða krossinn til eins árs í senn. Ég tek eftir því líka varðandi flóttamannaráðið sem upphaflega var skipað 1995 og þá til fjögurra ára í senn, að fram kemur á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins að skipunartími þess hefur einnig verið framlengdur til eins árs.

Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að mikilvægt er að byggja stefnumótun á vitneskju og rannsóknum. Ég fagna því að það skuli gert og vona að þeirri vinnu verðið hraðað.

[13:14]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu.

Það er rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson bendir á að flóttamannaráð hefur nú einungis verið skipað til eins árs. Það er einmitt af sömu ástæðu og ég rakti í ræðu minni áðan að við erum með þessi mál til heildarendurskoðunar. Mér þótti rétt að það yrði þá skipað til skemmri tíma en áður var gert á meðan við værum að sjá fram úr því með hvaða hætti við vildum koma þessum málum fyrir í framtíðinni.

Það má við þessa umræðu rifja upp að á fullveldisdaginn í fyrra var ýtt úr vör verkefninu Framtíð í nýju landi sem er samstarfsverkefni ríkisins, Reykjavíkurborgar, Rauða krossins, Velferðarsjóðs barna og Alþjóðahúss. Þar er ungum innflytjendum boðið upp á aðstoð, ráðgjöf og þátttöku í ýmsum verkefnum sem miða að því að styðja þá í námi og starfi. Fyrsti þátttökuhópurinn er einmitt Víetnamar, sem margir hverjir eru tengdir eða afkomendur flóttamannanna sem komu hingað til lands fyrir 25 árum.

Ég vil líka geta þess að það kerfi sem við höfum byggt upp á Íslandi við móttöku flóttamanna, stuðningsmannakerfið sem við höfum stuðst við, hefur notið verðskuldaðrar athygli á erlendum vettvangi. Í því felst að hver flóttamannafjölskylda fær svokallaðan stuðningsmann eða stuðningsfjölskyldu sem tekur hana að sér fyrsta árið og aðstoðar við ýmis dagleg verkefni og kynnir samhliða fyrir innflytjendum íslenska siði og venjur. Stuðningsfjölskyldan er þannig fólkinu innan handar við hvaðeina sem kemur upp í samskiptum við opinbera aðila og má segja að í mörgum tilvikum hafi stuðningsfjölskyldan leitt flóttamannafjölskylduna inn í nýja heimalandið. Þessi aðferð hefur vakið verðskuldaða athygli í nágrannalöndum okkar og m.a. hjá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Riðusmit og varnaraðgerðir gegn riðu.

Fsp. AKG, 461. mál. — Þskj. 710.

[13:16]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hin illvíga riðuveiki í sauðfé er þekkt víða um heim en hefur verið þekkt hér í rúm 100 ár. Talið er að hún hafi borist hingað með dönskum hrúti til Skagafjarðar, breiðst síðan út um allt landið og valdið miklum búsifjum og andstreymi meðal sauðfjárbænda auk umtalsverðra fjárútláta af almannafé.

Skipulegar aðgerðir gegn riðuveiki hófust hér á landi árið 1978 og hafa borið umtalsverðan árangur þó að enn sé nokkuð langt í að við séum laus við sjúkdóminn.

Ég ætla að leyfa mér að vitna í greinargerð Sigurðar Sigurðarsonar, dýralæknis sauðfjársjúkdóma, sem var meðal fylgiskjala með þingsályktunartillögu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um verndaráætlun fyrir svæði sem eru ósýkt af sauðfjárriðu. Sigurður segir svo, með leyfi forseta:

„Fyrstu einkenni eru breytileg frá degi til dags, meira áberandi suma daga en aðra. Langt getur verið í að einkenni verði stöðug. Því getur þurft að skoða kind á þessu stigi oftar en einu sinni til að vera viss. Sjaldan koma öll einkenni riðuveiki fram í einni og sömu kindinni. Fyrstu einkennin eru mjög breytileg milli bæja og landsvæða, jafnvel milli kinda í sömu hjörð."

Síðar segir Sigurður, með leyfi forseta:

„Smitefnið er hvorki baktería né veira heldur prótein [...] Smitefnið þolir langa suðu og flestar dauðhreinsiaðferðir. Helst er það klór sem vinnur á smitefninu. Engin varnarlyf eru til við riðu, engin lyf til lækninga og engar aðferðir til að leita að smitberum. Riða virðist geta legið í landi árum saman. Ekki er víst enn þá, hvernig sjúkdómurinn lifir í umhverfinu."

Auk þess eru smitleiðir margar og ekki allar þekktar, t.d. var nýlega sett fram tilgáta um að staðbundnir heymaurar geymdu í sér smitefni og gætu sýkt fjárstofn eftir langan tíma. Tilraunamýs sem sprautaðar voru með lausn af heymaurum frá íslenskum riðubæjum, sem þó höfðu verið fjárlausir mánuðum saman, sýktust. Förgun heyfengs er því meðal mikilvægustu þátta í varnaraðgerðum gegn riðu.

Í morgun barst mér skriflegt svar við fyrirspurn um kostnað vegna riðuveikivarna og þar kemur fram að árlegur kostnaður síðustu fimm árin eru frá tæplega 80 og upp í 120 milljónir. Þessi illvígi sjúkdómur kom í haust upp í Skagafirði á svæði þar sem riðu hafði ekki orðið vart í 18 ár og á Suðurlandi í haust gaus hann upp á nokkrum bæjum. Óvenjumörg tilfelli komu upp á síðasta ári miðað við und-

anfarin ár. Sú staðreynd varð mér tilefni til að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra eftirfarandi spurninga:

1. Hvaða aðferðir eru notaðar til að koma í veg fyrir endurtekið riðusmit?

2. Eru uppi hugmyndir um að endurskoða núverandi aðferðir við:

a. förgun,

b. forvarnir?

3. Er vitað hve lengi riðuveira getur varðveist í jörð?

4. Hefur komið til álita að brenna hræ og heyfeng þar sem riða hefur komið upp því það er vitað að smitið getur geymst lengi í jörð?

[13:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hvaða aðferðir eru notaðar til að koma í veg fyrir endurtekið riðusmit?

Endurtekið riðusmit má kalla það þegar veikin kemur aftur og aftur upp á sama svæði, á einum bæ eftir annan, en einnig það þegar veikin kemur aftur í ljós á bæjum þar sem öllu fé hefur verið fargað, sótthreinsað og byrjað með ósýkt fé eftir fjárleysi.

Engin örugg aðferð er til að greina riðuveiki í lifandi fé, engin slík aðferð er þekkt. Skoða verður heilasýni úr dauðum skepnum. Vitað er að riðuveiki er lengi að búa um sig og þegar hún loksins er greind eru oftast fleiri kindur smitaðar en þær sem sýnilega eru veikar. Í sumum tilfellum hefur smitefni fundist í allt að þriðjungi kinda sem fargað er „heilbrigðum", þ.e. án þess að þær sýni nokkur merki um veikindi á bæjum þar sem riða kemur upp. Veikin getur því óhindrað dreifst til nýrra staða ef ekki er leitað skipulega að henni með töku heilasýna úr heilbrigðu sláturfé. Mjög mikilvægt er að geta leitað að veikinni í sjálfdauðu fé og kindum sem lógað er vegna þess að þær sýna merki um vanþrif og eru veikar.

Sýni úr þessum hópi skila sér því miður illa til rannsóknar. Margt af þessu fé er grafið án skoðunar. Þetta er e.t.v. meginástæða þess hve erfitt er að hreinsa sýktu svæðin af smitinu. Leitast er við að hraða samningum við eigendur sýktra hjarða um bætur á framkvæmd hreinsunaraðgerða og farga hjörðum þar sem veikin hefur greinst eins fljótt og auðið er. Öll gripahús eru tæmd og haugur grafinn með hræjunum, slitnar innréttingar fjarlægðar og þeim eytt, öllum heyjum frá riðutíma og eldri fyrningum eytt, hús og heygeymslur eru sótthreinsaðar rækilega með tveimur mismunandi sótthreinsiefnum og mauraeitri og yfirborði síðan lokað, tré með fúavarnarefni en steini og járni með kraftmikilli málningu. Jarðvegsskipti eru gerð umhverfis fjárhúsin.

Hv. þingmaður spyr: „Eru uppi hugmyndir um að endurskoða núverandi aðferðir við förgun og forvarnir?"

Núverandi aðferðir við riðuvarnir byggja á þeirri stefnu að farga eins fljótt og unnt er fjárhjörðum þar sem veikinnar verður vart. Einnig að farga öllu fé á heilum svæðum þar sem veikin hefur náð að breiðast út og líkur eru til að fé sé smitað á mun fleiri bæjum en greinst hafa. Með þessari aðferð virðist hafa tekist að uppræta riðuveiki úr 12 varnarhólfum af 24 sem sýkt voru þegar aðgerðir hófust 1978 og síðan hertar 1986. Veikin hefur komið upp aftur á aðeins 6% þeirra bæja sem byrjað hafa fjárbúskap á ný eftir niðurskurð.

Þrátt fyrir þennan augljósa árangur er ástæða til að endurmeta þær baráttuaðferðir sem notaðar hafa verið síðustu tæp 30 ár í ljósi fenginnar reynslu og nýrrar þekkingar á þessu sviði. Ég hef því ákveðið að slíkt starf skuli hafið og mun skipa starfshóp í það verkefni á næstu dögum.

Hvað er vitað um riðuveiruna, getur hún varðveist í jörð?

Sýkt heilasýni hafa verið grafin í jörðu í tilraunaskyni. Eftir þrjú ár voru þau rannsökuð á ný. Smitkrafturinn hafði þá dofnað nokkuð en hvarf ekki. Smitefnið virðist því geta lifað lengur en þrjú ár í jörðu, ekki er vitað með vissu hve miklu lengur. Reynsla hér á landi sýnir að riðuveiki getur komið upp aftur á þeim stað í nýju og heilbrigðu fé eftir langt fjárleysi án þess að hægt sé að finna eða benda á nýja smitleið til staðarins. Veikin virðist því með einhverjum hætti geta geymst á sama staðnum árum saman, einkum þar sem hún hefur náð að magnast. Nokkur dæmi eru um lengri tíma en tíu ár, jafnvel allt að 20 árum.

Síðast er spurt hvort komið hafi til álita að brenna hræ og hey.

Oft hefur verið rætt um að brenna hræ þar sem riðuveiki hefur komið upp. Það er seinlegt verk og dýrt og hefur hvað eftir annað verið horfið frá því vegna kostnaðar. Heyjum hefur stundum verið brennt og sömuleiðis brennanlegum innréttingum úr gripahúsum en tregða er að fá leyfi til slíks vegna reykmengunar. Að sjálfsögðu væri æskilegra að geta eytt hræjum, heyi og innréttingum með brennslu en að grafa þau. (Forseti hringir.) Áformað er að gera kostnaðaráætlun vegna kaupa og reksturs á færanlegum samstæðum sem nota mætti til þess að eyða slíkum úrgangi við háan hita og lágmarksumhverfismengun. (Forseti hringir.)

[13:25]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda og ráðherra fyrir þessa ágætu umræðu um erfitt og viðkvæmt mál sem hefur snert mörg byggðarlög illa. Það beinir einnig sjónum að málefnum förgunar á sláturúrgangi almennt og þeirri alvarlegu stöðu sem er núna uppi í þeim málefnum þar sem segja má að stjórnvöld hafi dæmt kjötmjölsverksmiðjuna í Flóa til dauða með því að hafna því að skoða upptöku einhvers konar förgunar- eða eyðingargjalds á sláturúrgangi sem hefði getað skotið rótum undir starfsemi slíkra verksmiðja því þær eru mjög mikilvægur þáttur í förgun sláturúrgangs, mjög umhverfisvænn og eðlilegur þáttur í stað þess að beita aðferðum eins og að urða sláturúrgang í jörð.

Ég vil því nota tækifærið og skora á hæstv. ráðherra, sem ég ræddi þetta mál við fyrir hálfum mánuði, að endurskoða hug sinn og stjórnvalda í þessu máli þannig að starfsemi slíkra verksmiðja megi fá notið sín, enda um mjög mikilvægt umhverfis- og atvinnumál að ræða.

[13:26]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þetta er mjög þarft og stórt mál sem hér er rætt, um riðu. Ég tek undir þau stefnumið sem eru að markmiðið sé að uppræta riðu í íslensku sauðfé. Þá skiptir líka

miklu máli að vera með mjög strangar reglur um innflutning á landbúnaðarvörum, kjötvörum og öðru slíku til þess að riðan berist ekki hingað til lands eða aðrir sjúkdómar því að þetta er þekkt í hjörðum erlendis.

Ég vil því spyrja ráðherra hvort ekki sé enn tryggt að ekki verði slakað á í innflutningi á kjötvörum til landsins þannig að smithættan aukist ekki með því. Við höfum undanþágu frá samningi við Evrópusambandið um að undanskilja landbúnaðarvörur frjálsum innflutningi.

Enn fremur hvort ráðherrann muni ekki beita sér fyrir að skoða flutning á sláturfé á milli hólfa (Forseti hringir.) þannig að þau hólf, þau svæði sem eru frí af riðunni verði það örugglega áfram og engin áhætta tekin þar af opinberri hálfu.

[13:28]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Mér finnst full ástæða til þess að umræður um þessi mál fari fram og ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli hafa tekið ákvörðun um að setja þessi mál núna í skoðun. Það er örugglega full ástæða til að gera það, það er búið að vera ákveðið andvaraleysi undanfarin ár. Riðusmit hefur farið á milli landshluta nokkuð örugglega vegna þess að menn hafa sýnt gáleysi. Það er líka vegna ákvarðana stjórnvalda hvað varðar sláturhús, það virðist vera farinn af stað flutningur sláturfjár sem ekki getur gengið til framtíðar. Menn verða að horfast í augu við það að ef þeir ætla að vernda þau svæði þar sem ekki er riða og þar sem náðst hefur árangur í að losna við hana þá verða menn að stýra flutningi sláturfjár þannig að ekki sé verið að flytja smitefni á milli hólfanna. Það er veruleg hætta á því með því fyrirkomulagi sem komið er upp núna.

[13:29]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé mjög brýnt að við tökum ítarlega og vandaða umræðu um það hvernig við ætlum að verjast gegn riðunni og hvernig við hreinlega ætlum að útrýma henni úr landinu. Þetta er það hættulegur sjúkdómur, það alvarlegur og skaðlegur sjúkdómur að við verðum að losna við hann. Við verðum hreinlega að losa okkur við þessa óværu í landinu.

Ég á sæti í landbúnaðarnefnd og þar áttum við í þessari viku mjög góðar viðræður við fulltrúa Bændasamtakanna, yfirdýralækni og fulltrúa frá landbúnaðarráðuneytinu. Ég vona svo sannarlega að þær umræður og umræðan sem fór fram í þinginu fyrr í þessari viku verði upphafið að nýrri sókn gegn þessum vágesti og leiði til þess að við hugsum hlutina svolítið upp á nýtt og ákveðum í eitt skipti fyrir öll að nú skuli þessi óvættur hrakinn héðan. Hann hefur fengið að geisa allt of lengi og mál er að linni.

[13:30]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þessa umræðu og fagna sérstaklega orðum hæstv. landbúnaðarráðherra um skipan starfshóps til að fara yfir varnaraðgerðir gegn riðu en vil þó taka fram að gestir sem komu fyrir hv. landbúnaðarnefnd í gær lýstu því yfir að þeir væru nokkuð ánægðir með þær aðgerðir sem nú tíðkast.

Það eru augljóslega miklir hagsmunir okkar allra að komið sé í veg fyrir riðu og sérfræðingar telja að það muni takast. Við erum því bjartsýn um það.

Ég vil koma inn á eitt atriði og það er að leggja verður áherslu á merkingar og þá merkingar um sóttvarnalínur. Það er alveg ótækt að til að mynda ferðamenn skuli ekki virða slíkar merkingar og ljóst er að takmarka verður umferð yfir þessi mörk vegna þess að þarna er riðan að berast.

[13:31]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Hér fer fram mikil umræða um riðu eins og fram fór í landbúnaðarnefnd í gær þar sem við fórum yfir þessi mál með yfirdýralækni, fulltrúum Bændasamtakanna og fleirum. Þar kom fram að riða hefði borist með dönskum hrút hingað til lands fyrir um það bil 100 árum og síðan höfum við verið að berjast við þennan vágest.

Ég vil taka fram að mjög vel hefur verið unnið að þessum málum af hálfu yfirdýralæknisembættisins alla tíð. Það hefur verið skorið mjög mikið niður af fjárstofnum. Einnig kom fram að þetta er aðeins í fullorðnum ám og það er líka athyglisvert að bændur setja ekki fullorðnar ær í sláturhús heldur grafa þær jafnvel heima vegna þess hversu lítið fæst fyrir kjötið.

Ég vil taka undir með þeim sem hafa rætt um varnargirðingarnar. Þær eru ekki virtar af þeim sem ferðast um landið og mikið vantar upp á að frætt sé um hvað þetta skiptir miklu máli og að ekki sé farið yfir varnargirðingar með hey og annað.

[13:32]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka eins og aðrir þessa umræðu og eins það að hæstv. landbúnaðarráðherra sé búinn að skipa nefnd til að fara vel yfir þessi mál. Það sem gerir okkur erfitt fyrir og hefur gert alla tíð er að smitleiðir eru ekki þekktar og ekki hvernig smitefnið hagar sér, þannig að það gerir okkur erfiðara fyrir. Samt þekkjum við ýmsar smitleiðir sem við höfum núna undanfarið ekki tekið nægilega vel á. Það er t.d. flutningur á milli hólfa, urðun sláturúrgangs og varnargirðingar. Þetta eru þættir sem við vitum að eru ekki í nógu góðu lagi. Það kostar aftur á móti fjármuni að koma þessu í lag og ef við viljum vernda íslenska stofninn og halda riðu í skefjum verðum við að leggja út í þennan kostnað.

[13:34]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Það er ekki að furða þótt margir vilji gera athugasemd því að eins og fram kom í fyrri ræðu minni áðan er um að ræða mjög mikið mál og mjög kostnaðarsamt fyrir ríkið og einstaklingana auk þess sem það veldur miklum hörmungum í lífi bænda sem fyrir þessu verða.

Auðheyrt var á fundi landbúnaðarnefndar í gær að þeim mönnum sem þar mættu var alls ekki rótt vegna flutninga farartækja sem fara á milli sýktra og ósýktra svæða með sláturfé í sláturtíðinni.

Athyglisvert var að heyra í svari hæstv. landbúnaðarráðherra að ekki eru brennd hræ og hey vegna kostnaðar og reykmengunar. En í þessu tilfelli erum við að tala um val á milli reykmengunar annars vegar og svo jarðvegsmengunar hins vegar sem sýnt er og sannað að getur orðið til endurtekins smits.

Fróðlegt verður að sjá nýjar tillögur frá hæstv. ráðherra og ég vænti þess að þær muni fela í sér leiðir til varnar þeirri hættu sem skapast vegna nýrra aðstæðna í landbúnaði þar sem menn eru að samnýta og eiga saman tæki til jarðyrkju og landbúnaðar og þar með er komin hætta á að smit flytjist á milli bæja með þeim tækjum.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið.

[13:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa öflugu umræðu og hversu margir hv. landbúnaðarnefndarmenn tóku þátt í henni og sýna málinu skilning og áhuga um varnir. Það er nú svo að tækninni fleygir fram og skimunin er að uppgötva hinn sjúka grip fyrr. Það gerist nú og þess vegna getur hafa komið hrina sem minnkar svo aftur við þessi strangari próf. Við skulum vona það og við skulum vona að við útrýmum riðunni.

Hvað kjötmjölsverksmiðjuna varðar hefur engin dæmt hana til dauða. Ég fór yfir það að hún er sjálfstætt fyrirtæki í eigu KB-bankamanna og á að heita eyðingarverksmiðja, tekin hefur verið ákvörðun um það af eigendunum að hún er eyðingarverksmiðja. Ég get sagt í þessari umræðu að auðvitað væri það æskilegast fyrir framtíð Íslands að úrgangur úr dýrum og öll sjálfdauð dýr færu í gegnum slíkar verksmiðjur.

KB-bankamenn höfðu samband við mig í gær og sögðust mundu eiga á næstunni fund með mér og umhverfisráðuneytinu til að fara yfir útreikninga sína á stöðu fyrirtækisins. Ég hef reyndar sagt að það væri mátulegt á þennan öfluga KB-banka að reka þetta fyrirtæki í heila öld. En nóg um það.

Ekki verður slakað á neinum innflutningi hvað kjötvörur varðar eða áhætta í þeim efnum tekin, það er ekkert á dagskrá og vonandi stendur þingið fast vörð um að það þurfum við Íslendingar að gera heilbrigðisins vegna. En þetta er eilíf barátta og auðvitað þarf að fara yfir það að menn taki enga áhættu hvorki í flutningum né í kringum sláturhús. Riða hefur aldrei greinst í lömbum en ég er klár á því miðað við núverandi aðstæður að mikilvægt er að fara yfir þessar reglur allar, líka hvaða kvaðir á að leggja á t.d. jarðir sem ekki hefur komið upp riða á þó að það séu sýkt svæði því að atvinnustarfsemi sveitanna hefur líka verið að breytast mikið og þetta veldur auðvitað ólgu og óróa. Starfshópurinn mun skila af sér vonandi eftir nokkra mánuði og þá mun ég óska þess að landbúnaðarnefnd komi að því máli og kynni sér það starf. En ég þakka þessa ágætu umræðu.

Útræðisréttur strandjarða.

Fsp. SigurjÞ, 524. mál. — Þskj. 798.

[13:39]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef beint eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra:

Hefur ráðherra beitt sér fyrir því að útræðisréttur strandjarða verði virtur að nýju? Og hvernig hefur hann beitt sér ef hann hefur á annað borð beitt sér í málinu?

Fyrirspurnin varðar réttindamál bænda og landeigenda og ætti því að vera eitt af þeim málefnum sem hæstv. ráðherra beitti sér fyrir. En það verður að segjast eins og er, því miður, að ég hef ekki orðið var við það að ráðherra hafi beitt sér með neinum hætti í málinu. Það er æ undarlegra í því ljósi að fyrir liggur flokkssamþykkt Framsóknarflokksins í málinu sem hljóðar svo:

„Útræðisréttur strandjarða verði virtur á ný ..."

Frá upphafi hafa fjölþættar sjávarnytjar fylgt jörðum á Íslandi, bæði innan landamerkjajarðanna, þ.e. innan netlaga, hafsvæði sem liggur 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði og síðan almennur réttur til sjósókna. Ríkisstjórn kvótaflokkanna, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hafa reynt að gera þennan rétt að engu. Með lögum um stjórn fiskveiða hafa flokkarnir ekki einungis komið í veg fyrir að jarðirnar hafi getað nýtt sér almennan rétt til sjósóknar heldur einnig gengið á einkarétt og einkalönd jarðanna og við það verður ekki unað. Það er æðiundarlegt að verða vitni að því að flokkur sem hefur löngum kennt sig við að vera málsvari bænda skuli ganga svo fram fyrir skjöldu að ganga á einkalönd bænda með því að svipta þá rétti til sjósóknar í einkalöndum sínum eða 115 m út frá stórstraumsfjöruborði.

Þau rök sem hafa verið færð fyrir að taka umrædd réttindi af sjávarjörðum eru eitthvað á þá leið að um sé að ræða fórnarkostnað fyrir kvótakerfið. Því kvótakerfi hefur ekki mátt hrófla við og hafa menn þá jafnvel gengið á réttindi og einkalönd bænda í því efni að halda kvótakerfinu óskertu. En það er umhugsunarefni að þetta kerfi hefur í engu skilað og það að fórna einkalöndum bænda án þess að nokkrar bætur komi fyrir er með ólíkindum fyrir kerfi sem hefur skilað helmingi minni afla á land og þorskstofninn er umtalsvert minni. En því miður virðist kvótakerfið vera svo heilagt hjá Framsóknarflokknum, enda er sjálfur formaður flokksins guðfaðir kerfisins, að ekki megi hrófla við því með nokkrum hætti heldur eigi að ganga á lögboðinn eignarrétt bænda og mér finnst það með ólíkindum.

[13:41]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég segi eins og maðurinn að þetta mál er ekki á mínu forræði. Í rauninni ætti ég ekki að svara svona dónalegri ræðu sem hér var flutt og ódrengilegri, því vissulega er hún ódrengileg.

Ég get sagt frá því að ég hef setið aðalfund og flutt ræðu yfir þessum aðilum og átt með þeim ágætar stundir. Þeir hafa heimsótt mig og farið yfir sín mál og hugsjónir í baráttu sinni. Þetta er náttúrlega ekki bara spurning, þetta er eignarréttarmál sem heyrir þá kannski þess vegna undir

hæstv. fjármálaráðherra frekar en þann sem hér stendur. Þetta er sjávarútvegsmál hvað kvótann varðar. Þetta er vissulega heilmikið nýtt deilumál sem gaus upp fyrir nokkrum árum og ekki einfalt mál og getur tekið langan tíma.

Nú í nokkurn tíma hafa eigendur jarða sem land eiga að sjó og eiga þar með ákveðinn veiðirétt í netlögum deilt um það við ríkið hvort þær almennu takmarkanir sem felast í útræðisrétti og fiskveiðum og fram komu í lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, séu andstæðar stjórnarskrá. Það er ekki verið að deila um þetta við landbúnaðarráðherra heldur ráðherra sem þetta heyrir undir.

Mér er kunnugt um að í undirbúningi séu málaferli á hendur ríkinu um viðurkenningu á þessum meinta rétti strandjarða til að stunda útræði. En séu málaferli fram undan hvað þetta varðar er þess vegna kannski ekki eðlilegt að einn ráðherra úr ríkisstjórn, þótt hann sé vinur allra og ekki síst bændanna, sé að tjá sig á því stigi með sterkum orðum úr ræðustól þegar málið heyrir ekki einu sinni undir hann.

Hvað viðkemur fyrirspurn þingmannsins er rétt að taka fram að í landbúnaðarráðuneytinu hefur ekki verið unnið sérstaklega að því að fá viðurkenningu á útræðisrétti strandjarða. Ég hef hlustað á rök þeirra og farið yfir þau og við höfum alltaf gert okkur grein fyrir að þetta væri ekki okkar mál og ekki á okkar forræði.

Bændasamtökin hafa hins vegar verið með menn í þessu og lögmenn sem þeim ber fyrir stéttarbræður sína um land allt. Gengið hefur verið út frá því að lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, ásamt síðari breytingum, standist stjórnarskrá og að í þeim sé ekki gengið með ólögmætum hætti á eignar- eða atvinnuréttindi eigenda strandjarða. Þetta er sem sé stóra málið í þessu deiluefni og við það verða menn auðvitað að eiga á hinum rétta vettvangi.

Einnig skal bent á að hugsanlegt deilumál og lagasetning um það með hvaða hætti eigendur strandjarða nýta veiðirétt sinn í netlögum á nytjastofnum sjávar öðrum en ferskvatnsfiskum heyrir undir sjávarútvegsráðherra eins og ég hef nefnt og kannski eignarrétturinn undir hæstv. fjármálaráðherra. Kannski er lítið um það að segja en ef til vill flytur hv. þm. Sigurjón Þórðarson þetta til að geta haldið eina dæmalausa ræðu um Framsóknarflokkinn með ásökunum og fúkyrðum. Það hefur hann stundað hér, hæstv. forseti, og er ekkert við því að segja. Það eru hans mannréttindi í þingsal. Ég veit ekki hvort hann græðir á því, því það borgar sig eins og kemur fram í flestum málum að vera drengilegur og málefnalegur í umræðum. Það skilar yfirleitt mestum árangri.

[13:45]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Kötturinn sagði: Ekki ég. Ekki á mínu forræði þó að ég sé vinur bændanna, sagði hæstv. landbúnaðarráðherra.

Hlunnindi jarða hafa verið mikils virði í gegnum tíðina og það má segja þeim mun meira virði eftir því sem dregið hefur úr hefðbundnum landbúnaði. Ýmis hlunnindi þessara jarða hafa fært auknar stoðir undir þann rekstur sem fram fer á jörðunum og nægir þar að nefna veiðirétt í ám og vötnum. Til forna voru það aldeilis hlunnindi að hafa útræðisrétt frá sjávarjörðum en þessi hlunnindi hafa verið tekin í burtu af þeim bændum sem eiga þessar jarðir með lögum um stjórn fiskveiða. Ég ætla bara að lýsa þeirri von minni að hæstv. landbúnaðarráðherra reyni í þessu máli að vera skjöldur og sverð þessara bænda, ekki síður bænda sem búa á sjávarjörðum en annarra bænda því að þeir sögðu mér að hæstv. ráðherra teldi sig eiga að gæta hagsmuna bænda. Því hljóta þessir bændur að vera þar í hópi líka.

[13:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Kannski er sú skýring á því að hæstv. ráðherra telji þetta ekki í sínum verkahring að hann mun vera alinn upp nokkuð langt frá sjó. (Gripið fram í.) Ég hygg að þeir bændur sem eiga land að sjó skilji vel það sem hér er verið að tala um. Mér finnst hæstv. landbúnaðarráðherra eiga að hafa vakandi auga með öllum hlunnindum og öllum réttindum bænda og hafa á því skoðun hvernig farið er með bændur við aðra lagasetningu en þá sem vill þannig til að heyrir undir ráðuneyti hans. Ég get ekki séð annað en að það sé fullkomlega í hans verkahring að fylgjast með þessum hlutum og hjálpa bændum við að ná rétti sínum ef þeir telja á sér brotið, sem sannarlega er. Lögin um stjórn fiskveiða hafa óumdeilanlega tekið réttindi frá eigendum sjávarjarða. Á því er enginn vafi.

[13:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tel að hæstv. landbúnaðarráðherra ætti að beita sér sem stjórnsýslulegur umboðsmaður þessa málaflokks landbúnaðar og bænda. Til er fjöldi jarða þar sem útræðisréttur var jafnnýttur og beitarréttur. Ég er sjálfur uppalinn við það á þeirri jörð þar sem ég fæddist. Þar var jöfnum höndum róið til sjávar og beit nýtt á landi. Það var gríðarlegur styrkur í mörgum landshlutum ef hægt var að nýta þetta saman. Það er alveg hægt við núverandi kvótakerfi, þó svo það sé bölvað, með því að úthluta ákveðnum tonnafjölda á jörð, á býli, gera það að skyldu að viðkomandi yrði að búa á jörðinni og nytja hlunnindin sjálfur þaðan. Sá réttur sofnaði ef hann nýtti þau ekki sjálfur eða jörðin færi í eyði en fylgdi henni sem slíkur eins og önnur jarðargæði. Þetta finnst mér ósköp einfalt mál og ætti að vera hægt að sameinast um.

[13:49]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Svar ráðherra endurspeglaði togstreituna sem er í þessum málum milli ráðuneyta og hve mikilvægt er að sameina landbúnaðarráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið og iðnaðarráðuneytið í eitt atvinnuvegaráðuneyti til að hlutirnir gangi eðlilega fyrir sig í stjórnkerfinu en þvælist ekki fyrir ráðherrum í jafnmikilvægu máli og þessu.

Um leið harma ég það hve lítils áhuga og skilnings virtist gæta á þessu grundvallarmáli hjá hæstv. landbúnaðarráðherra. Þetta tilheyrir og á að tilheyra grundvallarréttindum jarðanna, þ.e. að þeim fylgi útræðisréttur, og ég skora á ráðherrann að herða upp hugann þó að togstreitan sé uppi milli ráðuneytanna og hlutirnir þvælist þar fyrir mönnum og

berjast með bændunum í þessu máli. Þetta er mikilvægt hagsmunamál fyrir þá sem eiga þarna hlut að máli. Því skora ég á hann að taka sér tak.

[13:50]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa yfir undrun á viðbrögðum hæstv. landbúnaðarráðherra. Það er eins og hann kveinki sér undan þessari umræðu. Hann ætti miklu frekar að fagna því að hafa fengið þessa fyrirspurn því að hún gefur honum alveg glimrandi tækifæri til að lýsa yfir eindregnum stuðningi við sjálfsagðar og eðlilegar kröfur eigenda sjávarjarða.

Ég vil fá að nota þessar örfáu sekúndur sem ég hef til að lýsa eindregnum stuðningi við baráttu þeirra. Þetta eru sanngjarnar og réttlátar kröfur sem þeir setja fram samkvæmt ævafornum lögum þessa lands. Á því er enginn vafi. Það væri ekkert mál að koma því þannig fyrir að þeir endurheimtu þennan sjálfsagða rétt, búa til reglur í kringum það umhverfi. Þetta gæti orðið til þess að sveitir landsins með ströndum fram mundu ná vopnum sínum á nýjan leik og fengju að blómstra. Þessar byggðir byggðust upphaflega upp á því að menn nýttu þar náttúruauðlindir og hafið var ein af þeim auðlindum. Þessu ætti hæstv. landbúnaðarráðherra að gera sér fulla grein fyrir.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég var sakaður um að flytja ódrengilega og dónalega ræðu en það kom ekki fram í máli hæstv. landbúnaðarráðherra hvað hafði verið dónalegt og ódrengilegt. Það væri fróðlegt að fá það gefið upp því að ég vil gjarnan bæta mig og fá þá fram hvað var svona dónalegt. Ég sé það ekki. Var það þegar ég vitnaði t.d. í flokkssamþykkt Framsóknarflokksins, að útræðisréttur strandjarða verði virtur á ný? Mér finnst með ólíkindum að hæstv. ráðherra skuli kveinka sér undan þessari umræðu, sérstaklega í ljósi þess að hæstv. ráðherra flutti efnismikla ræðu um útræðisrétt strandjarða á fundi eigenda sjávarjarða. Þar kom fram að hann tekur eindregið undir að þetta skipti verulega miklu máli, þetta væri mikið byggðamál. Þess vegna tel ég að hæstv. ráðherra ætti að leggja áherslu á að ná þessum rétti aftur fyrir bændur í landinu.

Hvað það varðar að saka mann um dónaskap, ég átta mig ekki á því. Ég hefði miklu frekar viljað heyra hæstv. ráðherra lýsa hér yfir stuðningi við baráttu bændanna, að hann ætlaði að leggja þeim lið í því að ná fram réttindum sínum. Eftir því sem ég kynni mér þetta mál betur tel ég einsýnt að verið sé að brjóta eignarrétt á bændum. Það liggur í hlutarins eðli þegar verið er að svipta þá hlunnindum innan netlaga.

[13:53]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Sumir eru orðnir svo frjálslyndir að þeir vita ekki í hverju þeirra eigin dónaskapur liggur. Þeir verða að fara yfir og lesa sínar ræður sjálfir.

Ég get sagt eftir þessa umræðu að ég get aftur á móti í meginatriðum tekið undir ræðu hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar sem er flokksbróðir hv. þingmanns. Í meginatriðum get ég tekið undir þá ræðu, þá sýn og þá hugsjón sem hann setti fram. Það liggur fyrir að sumir bændur eru í útræði frá jörðum sínum, trillukarlar eru t.d. í fiskveiðikerfinu (Gripið fram í.) í dag. (Gripið fram í.) Aðrir eru þar ekki. Það liggur líka fyrir að menn eiga veiðirétt og netlagnir í sjónum í dag, útræðisjarðir. En deilan snýst um það að þeir vilja komast inn í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Það er deila við hæstv. sjávarútvegsráðherra, ekki þann sem hér stendur, og hana heyja þeir auðvitað á þeim vettvangi. Sjálfsagt leita þeir samninga.

Ég get sagt það hér að auðvitað liggur öll sú fyrirgreiðsla fyrir. Allar þær upplýsingar sem þeir biðja um og eiga samstarf um við landbúnaðarráðuneytið eru þeim látnar í té til að þeir geti farið yfir sín mál. Bændasamtökin hafa tekið samstarfið í fóstur og vinna í því. Þeir hafa veiðirétt sinn í netlögnum. Sumir eru í kvótakerfinu frá útræðisjörðum og aðrir vilja komast inn í það. Um þetta snýst deilan og stefnir kannski í að fari fyrir dómstóla. Ég hef svo sem lítið meira um málið að segja á þessu stigi. Ég get tekið undir að vissulega mundi þetta styrkja sjávarjarðirnar hringinn í kringum landið sem búsetujarðir og kraftmiklar jarðir ef þeir næðu þessum rétti sínum. Þarna er við lagaflækjur að eiga og lögfræðingar beggja vegna sitja yfir því. Kannski stefnir þetta mál fyrir dómstóla til úrskurðar.

Endurheimt votlendis.

Fsp. KolH, 532. mál. — Þskj. 806.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef ákveðið að beina fyrirspurnum til hæstv. landbúnaðarráðherra sem varða endurheimt votlendis. Þær koma til af því að í síðustu viku átti ég orðastað við hæstv. umhverfisráðherra út af gífurlegri losun koltvísýrings úr framræstum mýrum sem kom fram í rannsóknarverkefni sem unnið hefur verið á vegum Landbúnaðarháskóla ríkisins og niðurstöður liggja nú fyrir.

Ég hef svo sem farið ofan í þetta mál nokkrum sinnum áður, en eins og menn vita var það á þriðja áratug síðustu aldar, í kjölfar jarðræktarlaga sem hér voru sett á Alþingi, sem tímabil stórfelldrar framræslu mýra og votlendissvæða á Íslandi upphófst, mýranna sem nóbelsskáldið hefur kallað öndunarfæri landsins. Þetta var auðvitað gagnrýnt harðlega, upp úr miðri öldinni fór að bera mjög á þessum gagnrýnisröddum. Menn gagnrýndu ekki hvað síst að þetta væri gert með fjárhagslegum tilstyrk frá hinu opinbera og ekki væri ljóst hvort allt það land sem framræst yrði mundi nokkru sinni nýtast sem ræktarland. Auk þess varð mönnum smám saman ljóst að hér var verið að fórna umtalsverðum auðæfum í formi líffræðilegs fjölbreytileika.

En það var ekki einungis til að auka ræktarland sem ráðist var að votlendissvæðunum. Þar hefur líka komið til vegagerð og þéttbýlismyndun auk þess sem virkjanir fallvatna hafa orðið til þess að votlendissvæðum hefur verið sökkt undir miðlunarlón. Í seinni tíð hafa menn svo verið að vakna upp við vondan draum þegar ljóst er að sáralítið

er eftir af óröskuðu votlendi á láglendi, t.d. hafa athuganir leitt í ljós að einungis um 3% alls votlendis á Suðurlandi er eftir óraskað og einungis 18% votlendis á Vesturlandi.

Síðan 1996 hefur starfað nefnd á vegum landbúnaðarráðherra sem hefur verið ætlað það verkefni að endurheimta votlendi. Hún hefur átt að gera tillögur um það hvar og með hvaða aðferðum megi gera tilraunir til að endurheimta hluta þess votlendis sem hefur verið þurrkað upp með framræslu.

Mér þykir mikilvægt að fá að heyra frá hæstv. landbúnaðarráðherra hvað líði störfum þessarar nefndar og hversu mikið hafi verið endurheimt af votlendi síðan nefndin hóf störf. Ekki síður væri fróðlegt að fá að vita hversu stór hluti hins endurheimta votlendis er sjálfstætt verkefni, þ.e. tengist ekki mótvægisaðgerðum vegna framkvæmda, t.d. Vegagerðarinnar, Landsvirkjunar eða fleiri sem eru að skemma eða fórna votlendi og þurfa í krafti þess að endurheimta sem endurgreiðslu fyrir það sem fórnað er.

Að lokum spyr ég hæstv. ráðherra hversu mikla fjármuni nefndin hafi haft til ráðstöfunar í beinar aðgerðir til að endurheimta votlendi á þessum tíma. Ég hef ástæðu til að ætla að þar hafi verið skorið við nögl.

[13:59]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Nefndin var skipuð af þáverandi landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra, Guðmundi Bjarnasyni. Frumkvæðið kom frá áhugamönnum og þá fyrst og fremst Fuglaverndarfélagi Íslands. Upprunalega var hlutverk hennar að gera tillögur um hvar og hvernig megi gera tilraunir með að endurheimta hluta þess votlendis sem þurrkað hefur verið upp með framræslu, með því að stífla eða fylla upp í skurði þannig að vatnabúskapur komist í sem næst upprunalegt horf. Hestmýri í Borgarfirði var endurheimt og fyllt þar upp í skurði. Hafnar voru rannsóknir á lífríki og fylgst með vatnabúskapnum, og er það enn gert. Þetta verkefni kenndi mikið. Lítill skilningur var á endurheimt til að byrja með, jafnvel talin della ein. Dýrt var að fylla upp í skurði og rannsóknir kostnaðarsamar. Segja má að með þessu hafi nefndin að nokkru leyti lokið upphaflegu ætlunarverki.

Ljóst var hins vegar að mikið verk var að vinna á þessum vettvangi og má þar nefna að vinna trúnað fólks, reyna mismunandi aðferðir við endurheimt og síðast en ekki síst móta reglur um endurheimt votlendis. Þær voru engar til, hvorki hvað eyðingu votlendis varðar né heldur hvernig meta skyldi endurheimt þess. Í samráði við ráðherra var því ákveðið að nefndarstarfið héldi áfram en í breyttu formi. Hafin var hvers konar undirbúningsvinna vegna endurheimtar votlendis. Í ljósi þessa hóf nefndin kynningarstarf, gaf út bækling, opnaði heimasíðu, stóð fyrir kynningarfundum og heimsótti fjölda aðila sem sýndu endurheimt votlendis áhuga. Þá studdi nefndin það sjónarmið að hver sem raskar votlendi þurfi að endurheimta annað á móti og vann slíkar reglur þar að lútandi í samráði við Umhverfisstofnun. Eru þessar reglur þær fyrstu sinnar tegundar á Íslandi.

Lögð var áhersla á gott samstarf við alla hlutaðeigendur. Mikið og gott samstarf þróaðist milli nefndarinnar og Vegagerðarinnar, og einn nefndarmanna hefur verið Vegagerðinni til aðstoðar og ráðgjafar um úttekt og mat á endurheimt þeirra svæða sem endurheimt hafa verið vegna framkvæmda. Þá var nefndin kölluð til vegna endurheimtar votlendis vegna sorpurðunar á Vesturlandi. Nefndin hefur einnig haft forgöngu um og styrkt framkvæmdir á mörgum jörðum einstaklinga. Árangur þess er sífellt að skila sér, fordómar hafa vikið, æ fleiri spyrjast fyrir um endurheimt votlendis og bjóða svæði til endurheimtar. Til er vísir að gagnabanka um slík svæði sem framkvæmdaraðilar gætu nýtt sér. Í þessa veru hefur votlendisnefnd unnið, starfar enn og mun starfa meðan ég verð landbúnaðarráðherra. Nefndin er að vinna að ítarlegri skýrslu um verk sín sem ætlunin er að gefa út fyrir vorið.

Hvað aðra fyrirspurn varðar er erfitt að greina á milli. Votlendisnefnd hefur átt hvað stærstan hlut í að fá framkvæmdaraðila til að endurheimta votlendi á móti því sem raskað hefur verið. Þá hefur nefndin verið kölluð til af hálfu framkvæmdaraðila til að meta svæði sem á að raska og mótvægisaðgerðir. Má tiltaka endurheimt Kolviðarnesvatns á sunnanverðu Snæfellsnesi sem var mótvægisaðgerð vegna framkvæmda á Vatnaleiðinni á Snæfellsnesi, endurheimt votlendis í Lýtingsstaðahreppi vegna framkvæmda við Þverárfjallsveg og endurheimt votlendis á framengjum við Mývatn vegna framkvæmda á Hárekssstaðaleið. Einnig var nefndin kölluð til vegna endurheimtar votlendis vegna sorpurðunarinnar á Vesturlandi. Í reynd eru þetta fyrstu verkefni sinnar tegundar hér á landi og eru stefnumótandi.

Að hvaða verkum hefur svo nefndin komið á stórum svæðum? Ég vil nefna Hestmýri í Borgarfirði, Dagmálatjörn í Biskupstungum, Kolavatn í Holtum, Lútandavatn í Flóa, Gauksmýrartjörn í Miðfirði, Villingaholtsvatn í Flóa, Líkatjörn í Staðarsveit á Snæfellsnesi, Vallanes á Fljótsdalshéraði og Hrollaugsstaðablá í Hjaltastaðaþinghá svo að einhver stór svæði séu nefnd til að vernda kannski vötn sem voru að falla fram og hverfa. Mismunandi aðferðum hefur verið beitt.

Hversu miklu fjármagni hefur verið varið til þessa verkefnis? Það eru tæpar 4,5 millj. kr. sem fara til votlendisstarfsins, nefndarinnar, kynningar og funda, framkvæmda og styrkja. Þar af hefur 2,1 millj. verið varið til beinna framkvæmda og styrkja.

Nú eru áform um að auka þetta starf, er svar við fjórðu spurningunni. Ég tel mikilvægt að auka þetta starf og efla það, hef gert og geri tillögur um að til þess verði veitt meira fjármagn, heiti á fjárlaganefnd og Alþingi að styðja þetta mikilvæga verkefni, endurheimt votlendis og björgun á stórum stöðuvötnum sem sum væru kannski horfin ef þessi nefnd hefði ekki sýnt þetta öfluga starf.

[14:05]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að vekja máls á þessu merkilega máli í þingsölum og þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Mér fannst athyglisvert að heyra að einungis 3% af votlendi á Suðurlandi væri óraskað og hve mikilvægt það er að endurheimta votlendi til baka, ekki síst út af fuglalífinu og fjölbreytileikanum í náttúrunni. Ég tel að það sé mjög gott starf sem nefndin hefur unnið undanfarin ár og fagna því að ráðherra vill auka

og efla starfið. Ég held að það skipti afskaplega miklu máli og eins þær rannsóknir sem hafa farið fram í Landbúnaðarháskóla Íslands — skólinn heitir Landbúnaðarháskóli Íslands en ekki Landbúnaðarháskóli ríkisins.

[14:06]

Helgi Hjörvar:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir svörin og hvet hann til þess að beita sér fyrir því að auka og efla rannsóknir Landbúnaðarháskóla Íslands á loftmengun sem leiðir af framræstu landi og opnum skurðum en þær upplýsingar, sem nýlega komu fram, hljótum við að taka mjög alvarlega. Þeir fjármunir sem varið er í endurheimt votlendis, 2,1 milljón, með fullri virðingu fyrir viðleitninni, eru auðvitað smáaurar. Ég hvet hæstv. landbúnaðarráðherra til þess að beita sér fyrir endurskoðun á landgræðslu- og skógræktarstarfi okkar í tengslum við votlendisendurheimtina, forgangsröðun í þessari vinnu okkar með landið, og setja upp langtímaáætlun um það hvernig vinna eigi með myndarlegum hætti að endurheimt votlendis. Um leið spyr ég hæstv. ráðherra hversu umfangsmikið þetta verkefni er og hversu langir þeir skurðir eru sem grafnir hafa verið í landið og standa þar opnir.

[14:07]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hreyfir hér afar miklu og mikilvægu máli og undirtektir hæstv. landbúnaðarráðherra voru ágætar. Það var í sjálfu sér stefnumörkun að kalla verkefnið Endurheimt votlendis er gríðarlega þýðingarmikil stefnumörkun til að vinna að og sýnir bæði hugarfar og ímynd sem verið er að takast á við.

Ég hvet hæstv. landbúnaðarráðherra til þess að skrifa sveitarstjórnum sem vinna að skipulagsmálum þannig að þær hugi að því á heimavelli hvernig taka megi á þessum málum hjá sér. Þegar verið er að gera framtíðarskipulag um landnot og landnýtingu sé hugað að votlendismálunum, hvaða votlendi beri að varðveita, hvaða votlendi sé hægt að endurheimta. Mér finnst þessi málaflokkur vel kominn hjá ráðherra, sérstaklega ef hann beitir sér vel og af enn meira afli eins og hann lét hér að liggja að hann mundi gera.

[14:08]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá fyrirspurn sem hér var borin fram, sem er í senn landbúnaðarmál og umhverfismál. Ég held að rétt sé að taka fram í þessari umræðu, þegar við ræðum um endurheimt votlendis, um hvaða tímamörk við erum að tala. Erum við að tala um 100 ár aftur í tímann eins og ráðherranum var tíðrætt um áður á þessum fundi? Erum við að tala um það þegar mýrlendi á Suðurlandi var skógi vaxið? Við vitum að mýrarnar á Suðurlandi eru fullar af lurkum og þá var þar ekki mýrlendi, þar var þurrt. Við vitum að þar sem skógur var í mýrum þar var það land þurrt. Þess vegna þarf að vera skýrt í þessari umræðu við hvaða tíma við erum að miða.

Það er ljóst að uppgröftur hefur verið mikill vegna landbúnaðar og við höfum fengið frjótt land vegna uppgraftar en nú sýnist mér að þeir skurðir sem grafnir voru hér á landi séu meira og minna að fyllast. Náttúran vinnur því með okkur og votlendið er að koma af sjálfu sér til baka, það er alveg augljóst.

Hér voru nefndar virkjanir. (Forseti hringir.) Það er ljóst að við lón virkjana er mikið votlendi og raki og gróður.

[14:10]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Hæstv. forseti. Endurheimt votlendis er mikilvægt mál. Ég hygg að menn hafi farið offari hér á árum áður við að ræsa fram mýrar og votlendi og kannski farið þar fram meira af vanþekkingu, þeir hafi í raun og veru ekki gert sér grein fyrir hvaða tjón þeir væru að vinna. Í dag vitum við miklu meira um þessi vistkerfi í náttúru Íslands sem skipta að mínu viti mjög miklu máli, m.a. fyrir vini okkar mófuglana og vatnafuglana sem eru okkur til ánægju og yndisauka yfir sumartímann og fyrir okkur sem erum að uppgötva nýja stóriðju sem gengur út á það að selja Ísland sem ferðamannaland. Ég fagna því, þó að upphæðirnar mættu svo sannarlega vera hærri, að verið sé að vinna að þessum málum og vil bara nota tækifærið til að hvetja okkur öll, til að brýna okkur enn frekar til þess að moka ofan í skurðina og sjá til þess að þessi vistkerfi verði aftur endurheimt í náttúru landsins.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir svörin svo langt sem þau ná. Hann fór á afar yfirgripsmikinn hátt yfir störf þessarar nefndar sem sannarlega hefur unnið gífurlega mikið og öflugt starf og það var mjög fróðlegt og gott að fá þær upplýsingar hingað inn.

Hins vegar svaraði hann ekki annarri spurningunni, sem er í mínum huga eitt af lykilatriðum þessa máls, þ.e. hversu mikið hefur verið endurheimt af því votlendi sem ræst var fram á síðustu öld og hversu stór hluti þess er sjálfstætt verkefni. Mig grunar að stærsti hlutinn af því sem framræst hefur verið hafi verið framræst vegna þess að það er verið að fórna nýjum votlendissvæðum. Mér fannst koma fram í máli hæstv. ráðherra ástæða fyrir mig til að tortryggja þetta eða halda þeirri trú minni áfram að sáralítið eða ekkert hafi verið endurheimt af votlendissvæðum nema til að borga fyrir nýjar framkvæmdir og það finnst mér auðvitað verulega miður. Ég verðum að standa okkur betur en þetta, og að 2,1 millj. kr. skuli hafa farið í beinar aðgerðir síðan 1996 er náttúrlega bara til háborinnar skammar.

Auðvitað fagna ég yfirlýsingu hæstv. landbúnaðarráðherra um að hann vilji auka og efla þetta starf og ég fullyrði að hann á marga mjög kröftuga bandamenn í þeim efnum. Ég skora á hæstv. landbúnaðarráðherra að koma fram með þingsályktunartillögu, sem fengist samþykkt á þinginu, sem fæli í sér áætlun um endurheimt votlendissvæða, markmið um hverju við ætluðum að ná með því og hvaða svæði við ætluðum að endurheimta og ekki síst hvaða aðferðum við ætluðum að beita við endurheimtina. Þetta er verulega þýðingarmikið og hæstv. landbúnaðarráðherra fengi heilan her bandamanna með slíkri þingsályktunartillögu.

[14:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessar ræður og góðan stuðning, bara til að sýna fram á hvað menn geta gert kannski með litlu handtaki. Ég nefni einn staðinn, Hrollaugsstaðablá í Hjaltastaðaþinghá. Þar voru aðstæður þær að jarðeigandi stíflaði frárennslisskurð. Við það fór vatn að renna yfir á annað svæði sem breyttist að nýju í votlendi. Um mikið votlendissvæði var að ræða, vart undir 300 hekturum og votlendisnefndin kom að þessu máli.

Ég get nefnt annað dæmi. Ég fór með nefndinni að Villingaholtsvatni í Flóa sem er 80 hektarar að flatarmáli. Þar blasti við að vatnið gat tæmst á stuttum tíma út í skurðinn. Það var að brjóta sig fram flóann og hefði getað horfið og orðið bara moldarflag eftir sem hefði skapað fok á annað land og eyðingu. Svona er þetta í mörgum tilfellum og ég held að hægt sé að gera vinna stórvirki, ekki síst í samstarfi við bændur landsins. Kannski er það rétt sem kemur fram hjá hv. þingmanni að þetta mikla mál væri auðvitað verðskuldað í þingsályktunartillögu og til frekari umræðu um framtíð landsins í þessum efnum.

Við vitum líka eins og hér hefur komið fram að við þurfum að gæta þess hvar við plöntum trjánum. Skógurinn getur þurrkað upp mýrar og svæði. En það er engin spurning að menn fóru á einhverjum tíma óvarlega að mýrunum, menn töldu þær óvini landbúnaðarins, vildu fá valllendi og mýrarnar voru ræstar fram. Það hafði áhrif á fuglalíf og náttúru landsins.

Þessari nefnd hefur Níels Árni Lund stýrt af minni hálfu og gert það frábærlega og verið með sterka hugsjónamenn með sér í verkinu. Það er mikilvægt að halda því áfram. Ég held að það væri verðugt fyrir landbúnaðarnefnd og þess vegna umhverfisnefnd að fara á vettvang, hitta þessa nefnd og skoða aðstæður. Ég mun velta því fyrir mér hvort ég geti tekið þetta mál upp með frekari hætti í þinginu bæði til að kynna það og fá til þess frekari stuðning af hálfu þingsins.

Sala eignarhluta Landsbanka Íslands í Vátryggingafélagi Íslands.

Fsp. SigurjÞ, 509. mál. — Þskj. 774.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Nú er mikið verið að ræða sölu ríkisfyrirtækja. Það stendur til að selja Landssímann og Landsvirkjun og í tilefni af því er rétt að líta yfir farinn veg og skoða söguna, hvernig staðið hafi verið að sölu á eignum almennings.

Við sölu bankanna var upphaflega rætt um að þeir yrðu í dreifðri eignaraðild. Síðan breyttist það og nýtt hugtak kom upp, kjölfestufjárfestar, sem var notað yfir velunnara stjórnarflokkanna. Þeir fengu þetta virðulega nafn og þeir einir fengu að kaupa bankana. Fleiri álitamál hafa komið upp, svo sem hvað hafi fengist fyrir eigur almennings en í miðju einkavæðingarferli Landsbankans voru rifnar út úr bankanum eigur og seldar aðilum tengdum Framsóknarflokknum. Þá á ég við söluna á hlut Landsbankans í Vátryggingafélagi Íslands, 27% hlut. Ég tel þess vegna rétt að spyrja hvað Landsbankinn hafi fengið fyrir þann hlut.

Umrædd sala var mjög umdeild og hún var talin staðfesting á því að flokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, skiptu þarna á milli sín eigum almennings. Í kjölfar sölunnar treysti Steingrímur Ari Arason sér ekki lengur til að vera í einkavæðingarnefnd ríkisstjórnar og sagði sig úr henni. Ég tel þess vegna að það væri mjög upplýsandi að fá fram hvert söluandvirði Vátryggingafélags Íslands var.

[14:18]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson beinir til mín fyrirspurn um það hvert hafi verið söluverð eignarhluta Landsbanka Íslands í Vátryggingafélags Íslands sem seldur var í aðdraganda að sölu bankans árið 2002.

Þessu er til að svara að samkvæmt tilkynningum frá Landsbanka Íslands og Vátryggingafélagi Íslands sem birtar voru í fréttakerfi Kauphallarinnar seldi Landsbankinn 27% hlut í Vátryggingafélagi Íslands þann 28. ágúst 2002 fyrir tæplega 3,8 milljarða kr. Þann 3. janúar 2003 tilkynnti Landsbanki Íslands að bankinn hygðist nýta sölurétt samkvæmt samningi við Ker hf., eignarhaldsfélagið Andvöku, eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga og Samvinnulífeyrissjóðinn og selja rúmlega 21% hlut sinn í VÍS fyrir rúmlega 3 milljarða kr. Að þeim viðskiptum loknum átti Landsbankinn 1,64% hlut í VÍS. Landsbankinn seldi því samtals 48,32% hlut í VÍS fyrir um 6,8 milljarða kr. í aðdraganda að sölu bankans árið 2002.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar upplýsingar og vek athygli á því að nú í haust var 12,7% hlutur seldur á 3,4 milljarða. Samkvæmt svari hæstv. ráðherra hefur virði hlutar VÍS nærri tvöfaldast á tveimur árum. Ég tel þessar tölur sýna að velunnarar Framsóknarflokksins hafi gert ágætiskaup í hlut Landsbankans í VÍS.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Fsp. MF, 519. mál. — Þskj. 788.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum mánuðum var tekin skóflustunga að viðbyggingu við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi og það var hæstv. heilbrigðisráðherra sem varð þessa heiðurs aðnjótandi. Þetta var stór stund sem lengi hefur verið beðið eftir. Nýbyggingin á m.a. að hýsa sjúklinga sem dvalið hafa á Ljósheimum, hjúkrunardeild fyrir aldraða, sem hefur verið til húsa í gamla sjúkrahúsi Suðurlands sem er löngu orðið algjörlega óviðunandi fyrir þessa starfsemi, rekið á undanþágum vegna fjölda athugasemda sem eftirlitsstofnanir hins opinbera hafa gert. Það er alveg ljóst að hefði ríkisvaldið þurft að greiða dagsektir vegna þess að ekki hefur á undanförnum árum verið farið í

þær úrbætur á húsnæði sem krafist var væri til myndarlegur sjóður sem nýst gæti við uppbyggingu nýs húsnæðis.

Slíkar greiðslur hefðu áreiðanlega verið innheimtar ef um einkarekstur hefði verið að ræða en það tíðkast víst ekki að opinberar stofnanir greiði dagsektir þó að allt sé í skötulíki og ekki orðið við athugasemdum sem eftirlitsaðilar gera. Það má segja að starfsemin á Ljósheimum hefði aldrei getað gengið svona lengi og svo vel sem raun ber vitni ef ekki hefði verið fyrir frábært starfsfólk þessarar stofnunar. Það var því löngu tímabært að hefja framkvæmdir við viðbygginguna.

En nú þarf að vera ljóst að það fjármagn sem til þarf til að ljúka framkvæmdinni á þeim tíma sem settur hefur verið sé tryggt og að það sé þá í samræmi við yfirlýsingar ráðamanna og einstakra þingmanna þar um. Nefnd hafa verið 2–3 ár. Við athugun á fjárlögum þessa og síðasta árs sé ég ekki að það geti orðið. Frekari fjárveitingar þurfa að koma til. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að fá að heyra frá hæstv. ráðherra að þetta fjármagn verði tryggt, og því spyr ég hann:

Hversu mikið fjármagn er til ráðstöfunar á þessu ári til viðbyggingar við Heilbrigðisstofnun Suðurlands?

Hver er áætlaður verkáfangi á þessu ári? Hver er áætlaður heildarkostnaður? Hefur fé verið tryggt til verksins og hvenær má vænta verkloka?

[14:23]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín nokkrum spurningum um Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Í fyrsta lagi spyr hv. þingmaður:

„Hversu mikið fjármagn er til ráðstöfunar á þessu ári til viðbyggingar við Heilbrigðisstofnun Suðurlands?"

Á árinu 2005 eru 379 millj. kr. til ráðstöfunar. Eins og kunnugt er hófust framkvæmdir formlega í nóvember 2004 og gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði rúmlega hálfnaðar í árslok 2005. Áætlaður heildarkostnaður við verkið er 815 millj. kr. og búist við að viðbyggingin verði tilbúin til notkunar 1. febrúar 2007.

Svo sem kunnugt er hefur ráðuneytið átt í viðræðum við nokkur sveitarfélög um hlut þeirra í kostnaði við hjúkrunarrými og samkomulag að útkljá það mál með gerðardómi. Þrátt fyrir að endanleg niðurstaða í þeim þætti sé enn ekki ljós verður að telja að fjármagn að öðru leyti sé tryggt til framkvæmdanna.

Virðulegi forseti. Ég vona að þessar upplýsingar svari spurningum hv. þingmanns.

[14:24]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda og jafnframt þakka ég svör hæstv. heilbrigðisráðherra. Það sem ég vildi aðeins koma inn í þessa umræðu er að við sjáum loksins eftir langa baráttu að þessi viðbygging við sjúkrahúsið á Selfossi er að verða að raunveruleika.

Ég vil bæta við þeirri spurningu til ráðherra hvort möguleiki sé að sveitarfélagið Árborg hafi forgöngu um það að byggja 3. hæð ofan á þá byggingu sem nú er að rísa sem dvalarheimili. Dvalarrými eru engin til á Selfossi en það er forgöngumál sveitarfélaga að sjá til þess að þau séu til. Húsið er hannað með tilliti til þess að hægt er að byggja eina hæð ofan á það og mig langar að heyra frá ráðherra hvort það sé mögulegt að sveitarfélagið gangi til samninga við heilbrigðisráðuneytið um að nýta þann byggingarkost sem þarna er.

[14:26]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Hún er löngu tímabær, sú framkvæmd sem við erum að ræða hér um, að byggja við sjúkrahúsið í Árborg eða Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Það kom fram í svari ráðherra að verklok væru áætluð 1. febrúar 2007 og vona ég að það standist en ætla þó að spyrja hvort þá sé átt við fullbúið hús, hús tilbúið til reksturs eða komið í rekstur.

Ástæðan fyrir því að ég spyr að þessu er að ég hef reynslu af byggingarframkvæmdum heilbrigðisráðuneytis við sjúkrahúsið í Reykjanesbæ þar sem D-álma stendur nú og 3. hæð hefur staðið óinnréttuð ansi lengi þótt ráð hafi verið fyrir gert að hún yrði komin í notkun á þessum tíma. Því er ekki nóg að steypa upp kassa, heldur þarf að ganga algjörlega frá og þess vegna ítreka ég þessa spurningu mína eða bæti við spurningu hv. fyrirspyrjanda:

Ef verklok eru 1. febrúar 2007, er þá átt við fullbúið hús komið í rekstur?

[14:27]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég taki ekki of djúpt í árinni þegar ég fullyrði að dvalarheimilismál aldraða á Selfossi hafa lengi verið algerlega óviðunandi. Mér er það enn í fersku minni þegar ég kom í heimsókn með þingmannahópi Suðurkjördæmis á Ljósheima á Selfossi, í október árið 2003 að ég hygg. Ég verð að segja að ég minnist þeirrar heimsóknar enn þann dag í dag með vægum hrolli því að aðstaðan var gersamlega ófullnægjandi. Það er löngu tímabært að þarna verði bætt úr og það með myndarlegum hætti.

Það var á vissan hátt ágætt að heyra hæstv. ráðherra segja að fjármunir til framkvæmda við Heilbrigðisstofnun Suðurlands væru tryggðir og að hann sæi ekki betur en að hægt yrði að ljúka við verkið 1. febrúar 2007. Við skulum rétt vona að það verði að veruleika.

[14:28]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda Margréti Frímannsdóttur fyrir að taka upp þetta mál einu sinni enn í þingsölum. Ég fagna svari ráðherra og þakka fyrir samstarf ráðherra við okkur þingmenn Suðurkjördæmis. Við sjáum það núna að þetta mál er í höfn. Það er byrjað á verkinu og það eru komin áætluð verklok og það sýnir að líka hefur orðið mikil breyting á verklagi í ráðuneyti heilbrigðisráðherra hvað varðar öll vinnubrögð.

Ég vil halda því til haga að það er mjög vont og rangt að tala niður til Ljósheima. Þar hefur starfsfólkið hugsað vel um sjúklingana og reynt að huga að líðan þeirra sem best. Sem betur fer er tíminn að verða liðinn en við eigum ekki að tala niður til þeirrar starfsemi sem þar hefur farið fram

því að hún hefur verið mjög góð. Þó að húsnæðið sjálft hafi ekki verið upp á það besta hefur verið mjög vel hugsað um sjúklingana þar. (**Gripið fram í:** Hér er verið að tala um aðbúnað, ekki starfsemi.)

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim þingmönnum sem hér tóku til máls. Það sýnir að mikil samstaða hefur verið meðal þingmannahóps, nú Suðurkjördæmis, áður Suðurlandskjördæmis, um þetta verkefni og gott samstarf hefur verið við hæstv. ráðherra. Engu að síður verð ég að segja að ég hefði viljað fá skýrari svör vegna þess að ef fjárveitingar eru skoðaðar undanfarin ár, þ.e. uppsöfnuð fjárveiting til sjúkrahússins eða viðbyggingarinnar og það sem er á árinu í ár á fjárlögum, er alveg ljóst að auknar fjárveitingar þurfa að koma á fjárlögum næsta árs. Ég hefði gjarnan viljað heyra frá hæstv. ráðherra hverjar þær fjárveitingar eru.

Ég vil einnig taka undir þá spurningu sem hv. þm. Kjartan Ólafsson varpaði fram um hvort möguleiki væri að gera um það samning að 3. hæðin rísi þarna sem dvalarheimilisrými. Þau vantar virkilega á þetta svæði. Það er jafnframt ljóst að nú þegar vantar fleiri hjúkrunarrými en þarna er gert ráð fyrir þannig að þetta er e.t.v. aðeins upphafið að þeirri byggingu og þeim framkvæmdum sem þurfa að koma í þágu aldraða á Árborgarsvæðinu. Þær kannanir sem hafa verið gerðar núna af félagsmálayfirvöldum í Árborg hafa sýnt að það er þegar orðin aukin þörf frá því sem var fyrir hjúkrunarrými. Þarna er aðeins gert ráð fyrir að hýsa þá einstaklinga sem á Ljósheimum hafa verið. Ekki er um hreina viðbót að ræða.

Við höfum fengið áætluð verklok og það er hlutverk okkar, þingmanna Suðurkjördæmis, að sjá um að þar verði síðasti naglinn rekinn í febrúar 2007.

[14:31]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur verið um þetta mál. Ég hef á hverju þingi svarað fyrirspurnum um málefni Ljósheima og við höldum því áfram. Nú er svo gott að málið er komið af stað og allar okkar áætlanir eru miðaðar við þá dagsetningu að koma húsinu í rekstur í febrúar 2007.

Eitt af því sem m.a. tafði þetta mál var að við vorum að setja niður áætlun um hvað við gætum gert næstu 3–4 árin. Við höfum reiknað með þessu verkefni inn í áætlanir okkar, að leggja í þetta þær 815 millj. sem ég gat um í svari mínu. Það er ætlun okkar að gera það.

Varðandi svo aftur frekari framkvæmdir hef ég ekki heyrt þær hugmyndir fyrr en núna fyrir tveimur eða þremur dögum. Við erum tilbúin í ráðuneytinu að ræða allar slíkar hugmyndir þó að ég sé ekki á þessu stigi tilbúinn til að kveða upp úr með hvort þetta sé rétt eða skynsamlegt. Ég þarf að láta skoða það betur en við erum að sjálfsögðu tilbúin til að fara yfir þær hugmyndir sem þarna eru um bygginguna dvalarrýmis.

Það er alveg rétt að aðstaðan á Selfossi hefur ekki verið góð, á Ljósheimum, og þess vegna erum við komin með þetta verkefni í gang eftir mikla baráttu. Ég tek undir það að starfsfólk á því heimili hefur unnið afbragðsstarf eins og er sem betur fer reglan víðast hvar um landið.

Húsnæðismál Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Fsp. LMR, 523. mál. — Þskj. 792.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Virðulegur forseti. Vatnsmýrin við Hringbraut hefur verið umræðuefni fjölmargra hagsmunaaðila undanfarin ár. Reykvíkingar hafa haft mikinn áhuga á að byggja íbúðarhúsnæði í Vatnsmýrinni ásamt verslunar- og þjónustubyggingum. Sumir vilja loka flugvellinum í Vatnsmýri en aðrir halda honum og síðast en ekki síst hafa stjórnvöld heilbrigðismála lagt kapp á að sameinuðu bráðasjúkrahúsi verði komið undir eitt þak við Hringbraut. Þannig munu sparnaður og hagkvæmni nást sem best.

Yfirstjórn Landspítala hefur lagt kapp á að byggja nýbyggingu við Hringbraut, ekki til norðurs eða nýta svæði gamla Landspítalans og hjúkrunarskólans en hluta þeirra bygginga þarf að rífa bráðlega. Hugmyndin er ekki ný. Stefnt hefur verið að því að byggja við Hringbraut allt frá 1970 og þá með allt öðrum forsendum um íbúafjölda og aðra þróun sem síðan hefur orðið á höfuðborgarsvæðinu. Nú skal áfram halda og í suðurátt út í eftirsótt og dýrmætt land — í Vatnsmýrina.

Ýmsir hafa skoðað staðsetningu nýs sameinaðs bráðasjúkrahúss, svokallaðs sómatísks eða líkamlegs sjúkrahúss, en ráð voru gefin við mismunandi forsendur. Þannig var ráðgert að fyrirtækið Ementor ætlaði að skoða þörf fyrir bráðasjúkrahús með tilliti til fólksfjölgunar á höfuðborgarsvæðinu og vaxandi hlutfalls eldri borgara. Ementor-ráðgjafar voru sammála um nauðsyn nýbyggingar og skoðuðu lóðir við Hringbraut, í Fossvogi og á Vífilsstöðum. Þessir ráðgjafar töldu mjög erfitt að byggja við Hringbraut og nýta áfram eldri byggingar. Aðrar deildir en sómatískar bráðadeildir væru ekki fyrirstaða fyrir að byggja í Fossvogi þar sem litið er á lóðir í Fossvogi og Hringbraut sem eina lóð í því tilviki, enda stutt á milli.

Sænska ráðgjafarfyrirtækið White var fengið til að gera eina, og aðeins eina, yfirlitsteikningu sem miðaðist við framtíðarbráðaspítala. Það var við Hringbraut. Svokallaður samanburður var gerður við aðra staði sem komu til greina en ekki aðlagaður staðháttum, heldur skipulag við Hringbraut sett hreinlega á kortið í Fossvogi, óbreytt frá tillögu White við Hringbraut. Fáir efast um nauðsyn á nýbyggingu bráðaspítala í Reykjavík. Hún þarf að koma fljótt og við það verður ekki unað að bíða í áratug eða tvo.

Í byrjun ársins kom utanríkisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokks fram með þá hugmynd að væntanlegt söluandvirði Símans mætti nýta til nýbyggingar. En hefur verið faglega staðið að mati á kostum og göllum við byggingu á mismunandi stöðum? Hefur fólk lesið vef LSH um kosti nýbyggingar? Þar kemur fram að nálægð við Háskóla Íslands, þekkingarþorp og rannsóknarstofnanir styrki samvinnu við háskólann og verði sú samfella sem eflir mannlíf

með grænum grundum, laufgum lundum og útsýni til suðurs, allt frá Nauthólsvík til Reykjavíkurhafnar. Þetta eru sem sagt mjög sérstakar forsendur og heldur furðulegar, herra forseti, og vil ég því beina eftirfarandi spurningum til ráðherra:

Hvers vegna var vinna við deiliskipulag Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut ekki boðin út á almennum markaði, en sjálf hönnunin boðin út?

Hvers vegna var heildarskipulagningu ekki lokið áður en ráðist var í byggingu barnaspítala, eins og lagt var til af Ementor?

Tengist skýrsla breska ráðgjafarfyrirtækisins Weeks frá 1970 þessum fyrirhuguðu framkvæmdum?

Hefur verið gerður samanburður á sparnaði og skilvirkni þjónustu í Fossvogi og við Hringbraut í áætlunum um nýbyggingar?

Er áætlað að taka nýbygginguna við Hringbraut í notkun í áföngum eða í heild, og hvenær er það áætlað?

Hefur verið metin hagkvæmni staðsetningar sjúkrahúss við Hringbraut eða á öðrum lóðum sem taldar eru nær miðju höfuðborgarsvæðisins?

Herra forseti. Þetta eru nokkuð margar spurningar en ég vonast til þess að ... (Forseti hringir.) og tíminn er búinn.

[14:38]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. s., Lára Margrét Ragnarsdóttir, hefur beint til mín sex spurningum um húsnæðismál Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Spurt er: „Hvers vegna var vinna við deiliskipulag Landspítala – háskólasjúkrahúss við Hringbraut ekki boðin út á almennum markaði, en sjálf hönnunin boðin út í samkeppni?“

Nú stendur yfir opið forval á allt að sjö vinnuhópum sem taka munu þátt í samkeppni skipulags svæðisins. Forvalið var boðið út á almennum markaði, m.a. á Evrópska efnahagssvæðinu, í Bandaríkjunum og Kanada auk Íslands. Ekkert hefur verið ákveðið með hönnun mannvirkja enda liggur ákvörðun um hönnun eða byggingar ekki endanlega fyrir.

„Hvers vegna var heildarskipulagningu LSH ekki lokið áður en ráðist var í byggingu barnaspítala, eins og ráðgjafarfyrirtækið Ementor lagði til?“

Ráðgjafarfyrirtækið Ementor skilaði skýrslu sinni til Landspítala í október 2001 en bygging barnaspítala var þá mjög langt komin. Var spítalinn opnaður formlega í janúar 2003. Í skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins sem er á heimasíðu Landspítala – háskólasjúkrahúss er því ekki vikið að nauðsyn heildarskipulags áður en ráðist er í byggingu barnaspítala. Bygging barnaspítala var að sjálfsögðu í samræmi við heildarskipulag svæðisins eins og það var þegar ákvörðun um þá byggingu var tekin. Byggingin fellur vel að áformum um frekari uppbyggingu á svæðinu.

„Tengist skýrsla breska ráðgjafarfyrirtækisins Weeks frá 1970, sem byggð var á spám um þróun höfuðborgarsvæðisins um og fyrir þann tíma, ákvörðun um fyrirhugaða nýbyggingu LSH við Hringbraut?“

Tengsl þessarar 35 ára gömlu skýrslu við ákvörðun um byggingu LSH við Hringbraut er óbein, en skýrslan bendir til að þá þegar hafi áhugi á staðsetningu háskólasjúkrahúss verið bundinn við sama svæði og nú hefur verið valið til uppbyggingar. Einn liður í undirbúningsvinnu nefndar þeirrar sem gerði tillögu til mín um staðarval fyrir LSH í janúar 2002 var að skoða tillögur Weeks og þá samninga sem gerðir voru í tengslum við Weeks-áætlun.

„Hefur verið gerður samanburður á sparnaði og skilvirkni þjónustu í Fossvogi og við Hringbraut í áætlunum um nýbyggingar?“

Í áætlun um nýbyggingar hefur ekki verið gerður slíkur samanburður. Úttekt Ríkisendurskoðunar á kostum sameiningar þessara spítala liggur hins vegar fyrir og horft hefur verið til hennar við skipulagsvinnuna.

„Er áætlað að taka nýbygginguna við Hringbraut í notkun í áföngum eða í heild, og hvenær er það áætlað?“

Í skýrslu nefndar um uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss sem gefin var út í apríl 2004 er annars vegar gerð grein fyrir tímaáætlun framkvæmdanna við nýjan landspítala og hins vegar tímaáætlun fyrir forathugun þessa verkefnis. Er ánægjulegt að geta þess að tímaáætlun fyrir forathugun stenst, og með ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 18. janúar sl. um að heimila áframhaldandi vinnu við undirbúninginn er tryggt að sú áætlun raskist ekki. Tímaáætlun framkvæmda er einnig kynnt í þessari skýrslu en þar kemur í ljós að gert er ráð fyrir að 1. áfanga ljúki árið 2011 en 4. og síðasta áfanga verði lokið milli 2018 og 2020. Að sjálfsögðu ræður fjármögnunin mestu um hvenær tekst að taka sjúkrahúsið í notkun en ljóst er að hagkvæmni næst með því ef hægt væri að hraða þessu verkefni.

„Hefur verið metin hagkvæmni staðsetningar sjúkrahúss við Hringbraut eða á öðrum lóðum sem taldar eru nær miðju höfuðborgarsvæðisins?“

Hagkvæmni staðsetningarinnar var metin af nefnd sem skilaði heilbrigðisráðherra tillögum sínum í janúar 2002 og kynntar hafa verið opinberlega. Í störfum þeirrar nefndar voru skoðaðir ýmsir möguleikar til staðsetningar sjúkrahússins. Niðurstaða lá fyrir í janúar 2002 og hefur verið unnið á grundvelli hennar síðan.

Ég hef nú svarað hv. þingmanni eftir því sem kostur er á svo stuttum tíma um svo viðamikið mál sem hér er um að ræða. Áfram verður unnið að málinu með þeim hætti að kynna jafnóðum þá áfanga sem nást og ákvarðanir um næstu skref. Næst mun val þeirra hópa sem gefst kostur á að taka þátt í skipulagsvinnunni verða gert opinber. Þá stefnir nefnd um uppbyggingu LSH að því að skila mér þriðju áfangaskýrslu sinni nú í vor.

Ég vil í lok máls míns leggja áherslu á að bygging Landspítala – háskólasjúkrahúss er mikilvægt samfélagslegt verkefni. Ég fagna þeirri samstöðu sem náðst hefur um framgang þessa máls þó að ljóst sé að þegar mörg og mismunandi sjónarmið takast á er hætta á að framkvæmdir tefjist. Hingað til höfum við borið gæfu til að vera samstiga í áformum okkar og áætlunum og ég hygg að það séu fá mál sem þjóðin er jafneinhuga um og þörfin fyrir að byggja nýjan hátæknispítala.

[14:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég get í sjálfu sér tekið undir þau orð

hæstv. ráðherra að þjóðin sé einhuga um að hafa öflugan og sterkan landspítala, Landspítala – háskólasjúkrahús. Þá veltir maður fyrir sér í ljósi orða hæstv. ráðherra hvers vegna heilu stofurnar nú séu jafnvel lokaðar vegna rekstrarfjárskorts. Hvers vegna standa heilu álmurnar í sjúkrahúsum, hvort sem er á Suðurlandi eða Akureyri, ónotaðar vegna rekstrarfjárskorts? Ef okkur er svona annt um — sem ég tel mig vita að okkur sé — öflug sjúkrahús og mikla möguleika á að sinna þar störfum hljótum við að hugsa fyrst til þessa. Það er a.m.k. mitt mat.

Þá er ég einnig að velta fyrir mér, herra forseti, af hverju Landspítalinn sé skikkaður til að taka af rekstrarfé sínu, að mig minnir, til að fara út í skipulags- og undirbúningsvinnu að nýju sjúkrahúsi sem ekki hefur verið samþykkt á fjárlögum. Mér vitanlega er ekki komin nein heimild til að starta þessari vinnu á fjárlögum. Ég legg áherslu á að menn flýti sér hægt og manni þá fyrst það sem er fyrir hendi með sómasamlegum hætti eins og á Landspítalanum.

[14:44]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir að taka upp málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss, nýbyggingarinnar sem við höfum svo sannarlega aldrei tekið neitt mjög langa umræðu um. Það er þó vissulega fagnaðarefni að þessi bygging er að fara af stað.

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra spurningar sem vafalaust hefur verið svarað áður: Þegar tekin var ákvörðun um að byggja upp á þessum stað, hver var þá kostnaðurinn við að byggja upp samsvarandi húsnæði í Fossvogi? Var það metið eða borið saman? Nú á nefnd að fjalla um hlutverk Landspítala – háskólasjúkrahúss, hefur reyndar ekki haldið fundi lengi en er búin að boða til fundar núna. Þarf hún ekki að ljúka störfum áður en endanleg niðurstaða liggur fyrir hvað varðar bygginguna og notagildi hennar? Hefur verið tekin ákvörðun um að nota söluandvirði Símans til að byggja upp miðað við þær áætlanir sem hæstv. ráðherra lagði fram?

[14:45]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir að taka þetta mál upp. Ég tel vert að fara fljótlega að skoða í mikilli alvöru að sameina sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu og skoða hvaða hagkvæmni náist fram með þeim hætti.

Ég vara þó við því að tengja þetta sölu Símans því að hún er algert sérmál. Mér finnst að sala Símans eigi í rauninni að vera á þeim forsendum að fjarskiptum landsmanna sé vel borgið í framtíðinni. Eins á einmitt að skoða það mál sem hér um ræðir út frá þeirri forsendu að við náum fram góðri stofnun sem er hagkvæmari í rekstri en þær sem fyrir eru. Margt leiðir getum að því að það muni verða með sameiningu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Það er ljóst að allt er afskaplega óljóst um framtíðarskipulag Landspítala – háskólasjúkrahúss og að engar meginákvarðanir hafa verið teknar í sjálfu sér nema þá innan heilbrigðisráðuneytis og innan Landspítala – háskólasjúkrahúss af þeim stjórnendum sem þar ráða, þ.e. stjórn spítalans. Það er heilbrigðisráðuneytið sem ræður eftir því sem reynsla mín er.

Ég hjó eftir því að ráðherra taldi að þarna væru mörg mismunandi sjónarmið á ferðinni. Hann sagði að þegar menn tækjust á um svona lagað væri hætta á að bygging gæti tafist. Það er einmitt þess vegna sem ég tel að svo hljótt hafi verið um fólk sem hefur tjáð aðrar og mismunandi skoðanir eða skoðanir um það að svona spítali væri betur kominn í Fossvogi en við Landspítala, einmitt af þeim ástæðum að þetta fólk vill ekki eða þorir ekki að tefja málið. Þess vegna höfum við ekki séð, eins og ég hef ítrekað við önnur tækifæri, orð frá þessum hópi þegar skrifað hefur verið í blöð og rætt í fjölmiðlum um heilbrigðismál. Ég bið ráðherra hér með að svara mér eða til þingsins aftur þeim spurningum sem ég lagði fram um óbeina tengingu við 35 ára gömul gögn frá Weeks-skýrslunni sem tengjast þessari staðsetningu við Hringbraut og um að hagkvæmni náist ekki á forsendum einhverra lauslegra talna heldur á forsendum sem taka má mark á.

[14:49]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram varðandi þá umræðu sem hér hefur farið fram að það sem gert hefur verið í undirbúningi þessa stóra máls hefur verið þannig að hvert stig hefur verið kynnt í ríkisstjórn. Það er ekki rétt að það séu bara heilbrigðisráðuneytið og Landspítalinn sem hafi fjallað þarna um. Skýrslur þær sem hafa verið gerðar hafa verið kynntar í ríkisstjórn jafnóðum. Þetta er mál af þeirri stærðargráðu að það verður auðvitað kynnt. Það er ekki búið að gera meira í þessu máli en að ákveða að fara í samkeppni um deiliskipulag á lóðinni. Þess vegna er ekki búið að ákveða hvernig hús verða þar byggð, hversu mörg eða hvert byggingarmagnið verður. (**Gripið fram í:** En það verður í ...) Þarna er búið að taka ákvörðun um að fara í deiliskipulag á lóðinni við Hringbraut, já, og semja við Reykjavíkurborg um byggingarmagn og mörk lóðarinnar. Þetta hefur allt saman verið kynnt, bæði opinberlega og í ríkisstjórn.

Það er alveg ljóst, og ég tek undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni, að það er skynsamlegt að sameina sjúkrahúsin á einum stað. Auðvitað er stefnt að því. Síðan get ég tekið umræðu við hv. 8. þm. Norðvest., Jón Bjarnason, um fjármögnun sjúkrahúsanna í landinu. Ég hef bara ekki tíma til að taka hana í fyrirspurnatíma en ég er alveg óhræddur við að taka slíka umræðu við hv. þingmann, og meira en það.

Ég undirstrika að þetta er stórt verkefni og hvert einasta skref sem þarna verður stigið verður kynnt í ríkisstjórn og fjárlaganefnd þegar sá tími er kominn.

Grunnnet fjarskipta.

Fsp. JBjarn, 531. mál. — Þskj. 805.

[14:51]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. samgönguráðherra sem er jafnframt yfirmaður fjarskiptamála af hálfu ríkisins og spyr hver afstaða ráðherra sé til hugmynda um að aðilar sameinist um rekstur eins öflugs grunnnets fjarskipta- og gagnaflutninga fyrir landið allt.

Mikil umræða hefur verið að undanförnu um fjarskiptamálin og afleiðingar þess ef svo óheppilega og ógæfulega mundi fara að Landssíminn yrði seldur. Eins og nú er eru í sjálfu sér öll grunnnet fjarskipta í landinu í eigu opinberra aðila. Þau eru í eigu Símans sem er að 99% í eigu ríkisins, Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar. Öll grunnnetsfjarskipti eru nánast í eigu þessara þriggja opinberu aðila. Verði hins vegar farið út í að selja Landssímann með grunnnetinu mundi að óbreyttu verða til a.m.k. tvöfalt gagnaflutningskerfi, einkavætt að hluta og með gríðarlegum tilkostnaði sem því fylgir að leggja margfalt slíkt kerfi. Þá mundi bætast mikil offjárfesting og sóun við tví- eða fákeppnisumhverfi sem þá mundi skapast og sem einkavæðing Landssímans mundi þá beinlínis stuðla að. Samkeppni kæmi þá fyrst og fremst til með að snúast um þéttbýlustu svæði landsins og veruleg hætta væri á að fólk í öðrum byggðarlögum yrði afskipt nema til kæmi þá sérstakur ríkisstuðningur og há notendagjöld til að knýja fram lágmarksþjónustu í öðrum landshlutum.

Það er mat margra að miklu vænlegri kostur sé að einkaaðilar geti keppt um að veita þjónustu á jafnræðisgrundvelli á grunnneti sem taki til alls landsins og tryggi öllum sambærilega 1. flokks þjónustu án tillits til búsetu. Mjög áköf umræða hefur verið um það að undanförnu og fulltrúar Símans, fjarskiptafyrirtækjanna og annarra hafa lagt áherslu á að mesta hagkvæmnin væri í því að sameina öll þessi fjarskipti í eitt sem yrði þá eins konar landsfjarskiptanet svipað og þjóðvegakerfi landsins núna, svipað og ákveðið var með Landsnet í raforkulögunum, um að það væri einn sameiginlegur aðili fyrir alla, enn þá sem betur fer opinber aðili sem sér um flutning á rafmagni í kringum landið. Þannig yrði þetta á jafnréttisgrunni.

Þess vegna vil ég heyra frá hæstv. samgönguráðherra hver afstaða hans er til að setja þessar hugmyndir í gang sem svo margir hafa reifað. Ég minni t.d. á heilsíðuauglýsingu í Fréttablaðinu þar sem stendur: „Mundi Sturla selja hringveginn?“ eins og verið væri að selja vegina sjálfa. Gagnaflutningskerfið er í nákvæmlega sömu stöðu og þjóðvegakerfi landsins.

[14:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. „Hver er afstaða ráðherra til hugmynda um að aðilar sameinist um rekstur eins öflugs grunnnets fjarskipta og gagnaflutninga fyrir landið allt?“ Svo spyr hv. þingmaður.

Hagkvæmnissjónarmið, aðstæður á markaði og takmarkanir sem fjarskipta- og samkeppnislög setja aðilum á fjarskiptamarkaði ræður að sjálfsögðu athöfnum og ákvörðunum þeirra í þessum efnum. Ekki alls fyrir löngu fól ráðuneytið Póst- og fjarskiptastofnun það verkefni að reyna að koma á samstarfi milli aðila markaðarins um uppbyggingu eins dreifikerfis fyrir stafrænt sjónvarp á grunnneti fjarskiptafyrirtækjanna.

Skemmst er frá því að segja, og svarar það kannski fyrirspurn hv. þingmanns, að tilraun Póst- og fjarskiptastofnunar í þá veru bar ekki árangur þar sem aðilar á markaði töldu slíkt samstarf ekki þjóna hagsmunum sínum. Það var sannreynt að hagkvæmnisrök varðandi sameiginlegar uppbyggingar fjarskiptakerfa féllu einfaldlega ekki að ólíkum hagsmunum allra aðila á þessum markaði. Krafa eins fjarskiptafyrirtækis nú um að svokallað grunnnet verði ekki selt er því ótrúverðug og mjög í ætt við aðgerðir sömu aðila gegn fjölmiðlalöggjöfinni á sínum tíma. Heilsíðuauglýsingar fyrirtækis eru stjórnendum þess til minnkunar að mínu mati.

Sama má segja um framgöngu Orkuveitu Reykjavíkur við uppbyggingu fjarskiptanets. Ekkert bendir til þess að á þeim bæ hugsi menn sér til samstarfs um eitt eða neitt. Á þeirri framgöngu bera m.a. borgarfulltrúar R-listans ábyrgð sem hv. þingmaður ætti að hafa bærilegan aðgang að í gegnum Vinstri græna.

Afstaða ráðherra er óbreytt hvað varðar sölu Landssímans hf. í einu lagi. Eftirfarandi rök liggja að baki þeirri aðstöðu: Hugmyndir um aðskilnað nets og þjónustu eru ekki nýjar af nálinni. Síðustu áratugi hafa þessar hugmyndir verið skoðaðar á meginlandi Evrópu þegar símamálastofnanir þar hafa verið einkavæddar. Hvergi hefur þessi leið verið farin á meginlandi Evrópu, og reyndar ekki vitað til þess að þessi leið hafi verið valin nokkurs staðar í heiminum. Í Evrópu og víðar annars staðar hefur traust lagaumhverfi, öflug samkeppni og virkt eftirlit tryggt eðlilegt markaðsumhverfi, m.a. hvað varðar aðgang að netum. Löggjöf, eftirlit og samkeppni hér á landi gengur ekki skemur í að tryggja eðlilegt markaðsumhverfi en annars staðar í Evrópu. Vil ég benda á eftirfarandi atriði máli mínu til stuðnings:

Í VII. kafla fjarskiptalaga nr. 81/2003 eru ákvæði sem tryggja aðgang að grunnneti Símans og hefur Póst- og fjarskiptastofnun eftirlit með því að ákvæði laganna séu virt. Síminn er í dag síður en svo laus við samkeppni. Orkuveitan, áður Lína.Net, og Fjarskipti og Fjarski hafa séð sér hag í því að leggja eigin ljósleiðarakerfi í samkeppni við Símann. Vegna þessa er ljóst að fyrirtæki á fjarskiptamarkaði hafa í dag enga tryggingu fyrir stöðu sinni og breytir eignarhald ríkisins á svokölluðu grunnneti engu þar um. Grunnnet í eigu Símans hf. mun eiga, og á, í samkeppni við fjarskiptanet annarra fjarskiptafyrirtækja. Það liggur fyrir.

Einnig er rétt að huga að því að ef reka ætti grunnlínunetið á öðrum forsendum en arðsemissjónarmiðum og veita ætti til þess fé úr ríkissjóði væri það aðgerð sem sennilega fæli í sér brot á samkeppnislögum í ljósi þess að þegar reka önnur fyrirtæki fjarskiptanet á þessu sviði.

Ekki má heldur líta fram hjá þeirri miklu þróun í fjölmiðlum og fjarskipta- og upplýsingatækni sem átt hefur sér stað hér á landi. Þeir sem harðast berjast gegn sölu Landssímans í heilu lagi bera við miklum kostnaði við uppbyggingu annarra kerfa. Það er ljóst að uppbygging fleiri kerfa er kostnaðarsamari en ef um eitt sameiginlegt kerfi væri að

ræða. Það er jafnframt ljóst að samkeppni í netum leiðir almennt til lægra verðs og meira öryggis fyrir neytendur. En við því verður ekkert gert frekar, ekki frekar en að hægt er að hindra að fleiri bensínstöðvar rísi í Borgarnesi. Rétt er að benda á að aukinn kostnaður fellur einungis til við uppbyggingu annarra kerfa. Hafa ber í huga að hægt er að flytja símtöl eftir mismunandi kerfum, þ.e. á ATM, milli svæðisstöðva, gegnum ljósleiðara o.s.frv.

Þá vil ég benda á að OECD hefur gert grein fyrir því í skýrslu sinni að miklir gallar séu við að aðskilja grunnnet frá öðrum rekstri fjarskiptafyrirtækja. Er m.a. bent á að aðskilnaður sé áhættusamur, ávinningurinn takmarkaður, mjög óviss og getgátukenndur.

Markmið íslenskra stjórnvalda með sölu á hlut í Símanum er skýrt, þ.e. að auka samkeppni á fjarskiptamarkaði. Ég hef ástæðu til að ætla að sérfræðingar OECD og prófessor við Háskóla Íslands sem fjallaði um þetta fyrir einkavæðingarnefnd á sínum tíma séu betri ráðgjafar í þessum efnum en hv. þm. Jón Bjarnason, með fullri virðingu fyrir þekkingu hans, hvað þá stjórnendur símafyrirtækja sem ganga fram eins og þeir hafa gert með auglýsingum að undanförnu.

[15:00]

Útbýting:

Fríverslunarsamtök Evrópu 2004, 572. mál, skýrsla ÞEFTA þskj. 860.

NATO-þingið 2004, 571. mál, skýrsla ÍÞNAA þskj. 859.

Rannsóknir á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, 569. mál, þáltill. BÁ o.fl., þskj. 857.

Samstarf vestnorrænna landa í orkumálum, 570. mál, þáltill. BÁ o.fl., þskj. 858.

Vestnorræna ráðið 2004, 567. mál, skýrsla ÍVN þskj. 855.

[15:01]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Hér er verið að ræða um grunnnet fjarskipta. Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið og vegna þeirrar umræðu sem varð á dögunum um þingsályktunartillögu um sölu Símans þar sem mönnum varð tíðrætt um grunnnet Símans og grunnnet fjarskipta langar mig að spyrja hv. fyrirspyrjanda, Jón Bjarnason, hver munurinn er á grunnneti Símans og vegakerfinu og hins vegar raforkudreifingarkerfinu, Landsneti, að hans mati? Sér hann þetta sem eitt og hið sama? Mig langar að vita það. Ég held að það sé spurning sem þurfi að fá svar við í þinginu því menn eru að rugla vegakerfinu, Landsneti sem sér um háspennulínurnar og grunnneti Símans saman. Ég vil því gjarnan fá svör frá hv. þingmanni um það hvort hann álítur að þetta sé eitthvað skylt.

[15:02]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er einmitt spurning hvað menn eru að tala um þegar þeir tala um grunnnetið. Er verið að tala um koparvírinn sem liggur í flest hús og að einhverju leyti í kringum landið plús ljósleiðarana? Ég held að menn séu í grunninn að tala um það en málið er mun flóknara. Það eru einir 18 þættir sem hægt væri að skoða sem grunnnetsþjónustu ef menn vildu skilgreina þetta sem svo en grunnnetið er ekki til skilgreint að lögum. Er það t.d. uppbygging á grunnneti sem Orkuveita Reykjavíkur er að gera með uppbyggingu ljósleiðarakerfis inn á hvert heimili frá Akranesi og austur á Selfoss? Er það uppbygging á grunnneti sem ástæða er til að hafa afskipti af? Er GSM-kerfið grunnnet að hluta eða öllu leyti?

Hvernig vill hv. þm. Jón Bjarnason skilgreina hugtakið grunnnet?

[15:03]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að færa þetta í tal og enn fremur að lýsa yfir ákveðnum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra að hann skuli ekki vera jákvæðari í garð þess að leita að sparnaði. Fram kom í máli hv. þm. Jóns Bjarnasonar að 99% af ljósleiðurunum væru í eigu ríkisins. Hvers vegna ekki að skoða með opnum huga hvort ekki sé hægt að sameina þetta þannig að fyrirtæki hafi jafnan aðgang að þessu? Ég átta mig ekki á því og það gætti ákveðinnar ólundar í garð hugmyndarinnar, hugmyndar sem mundi geta leitt til þess að meira færi í innlenda dagskrárgerð í stað þess að hvert og eitt fyrirtæki væri að byggja upp eigið dreifikerfi.

Hvað varðar grunnnetið er enginn vandi að skilgreina það. (**Gripið fram í:** Nú!) Það er lítið mál. Það eru þeir þættir sem einokun getur verið um og þeir þættir sem eru grafnir í jörðu. (Gripið fram í.) Það má flækja alla hluti og snúa út úr, en það vefst ekki fyrir þeim sem eru í samkeppni við Símann að skilgreina grunnnetið. Þess vegna finnst mér ótrúlegt að verða vitni að því að hv. þingmenn séu að snúa út úr og þvæla um að enginn viti hvað grunnnetið sé.

[15:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég man eftir ræðum hæstv. ráðherra hvað þessa hluti varðar. Þegar verið var að tala um alþjónustu áttu lögin um alþjónustu að leysa öll þessi mál og tryggja að það yrði ekki margföld fjárfesting í grunnnetum.

Að ætla að þvæla mönnum í að skilgreina hvað grunnnetið er skiptir ekki óskaplega miklu máli. Það sem skiptir máli (Gripið fram í.) er að þeir sem eru á markaðnum leggi saman þau net sem þeir hafa og að sameiginlegur aðgangur myndist að fyrirtæki sem ræki þau net. Þannig er hægt að gera hlutina. Það þarf ekki að skylda alla til að leggja þau net sem þeir hafa í slíkt fyrirtæki. En með grunnnetum Símans til viðbótar þeim grunnnetum sem aðrir aðilar hefðu áhuga á að leggja inn í það væri hægt að mynda svo öflugt net til flutninga á gögnum, sem allir hefðu aðgang að, að markmiðin næðust. Þetta ættu menn að skilja og að því ættu menn heldur ekki að hlæja.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Meginstaðreyndin er sú að Landssíminn, Orkuveita Reykjavíkur og Landsvirkjun eiga meginnet fjar-

skipta í landinu, allt fyrirtæki í opinberri eigu. Öll viljum við hafa sem mesta hagræðingu á hlutunum. Við viljum líka að þjónustan sé sem best og nái til allra landsmanna. Það skortir enn mikið á að fjarskiptaþjónustan sé góð og fullnægjandi út um allt land, t.d. GSM-þjónustan.

Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans, segir í Morgunblaðinu 13. febrúar sl., með leyfi forseta:

„Það getur aldrei verið hagkvæmt að leggja tvö ljósleiðarakerfi hlið við hlið þegar neytandinn nýtir aldrei nema annað þeirra."

En neytandinn mun borga. Hvaða skynsemi væri í því ef Eimskip legði veg í kringum landið og svo kæmi Samskip með annan veg. Mundi það flýta fyrir eða bæta vegakerfið í landinu? Þetta er að gerast núna. Verið er að leggja ljósleiðara í hús t.d. í Reykjavík frá Orkuveitu Reykjavíkur, sem er í opinberri eigu, og frá Landssímanum, sem er líka í opinberri eigu. Hvaða heilvita brú er í svona löguðu? (Gripið fram í.) Ég spyr ráðherra fjarskiptamála, sem er ábyrgðaraðili fyrir þennan málaflokk, hvort hann vilji ekki beita sér fyrir að koma þessu saman. Eða ætlar ráðherrann virkilega að samþykkja að fjarskiptakerfi landsins verði selt? Mundi hann samþykkja að þjóðvegakerfið væri selt? Nei. (**Gripið fram í:** Hvað eru mörg fjarskiptakerfi í landinu?) Það eru tvær meginfjarskiptalagnir í landinu og mér finnst hv. þingmenn vera mjög ókunnugir um stöðu mála, meira að segja þó þeir séu fyrrv. samgönguráðherrar, og ættu að setja sig inn í málin áður en þeir blanda sér í umræðuna, ég tala ekki um með frammíköllum.

[15:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það er augljóst að hv. þm. Jón Bjarnason kemur gersamlega af fjöllum í málinu og hefði átt að taka smá námskeið hjá Orkuveitu Reykjavíkur þar sem Vinstri grænir ráða lögum og lofum að mér skilst. Þeir ágætu stjórnmálamenn sem þar eru á vettvangi eru að bjóða núna að lagður verði ljósleiðari inn á hvert einasta heimili á stóru svæði í samkeppni við önnur fjarskiptafyrirtæki. Þrátt fyrir það, sem er grundvallaratriði, að lög segja svo fyrir um að Síminn verði að hleypa öðrum fjarskiptafyrirtækjum inn á net sitt, inn á heimtaug, þannig að ef einhver er að tala um offjárfestingu (Gripið fram í.) er það á vegum annarra en Símans.

Virðulegur forseti. Ég fór yfir það áðan, en það virðist sem hv. þingmaður hafi ekki heyrt það einhverra hluta vegna, að ég sem samgönguráðherra fól Póst- og fjarskiptastofnun að leita eftir því hvort hægt væri að koma á samstarfi fjarskiptafyrirtækjanna til að byggja upp eitt öflugt net til að dreifa stafrænu útvarpi og sjónvarpi. Niðurstaðan varð sú að það var ekki vilji til þess og það er einmitt fjarskiptafyrirtækið sem nú auglýsir hverja heilsíðuna á fætur annarri sem hafnaði því samstarfi sem Síminn var tilbúinn að fara út í. (**JBjarn:** Gera aðra tilraun.) Þetta er staðreynd málsins og hv. þingmaður ætti að kynna sér það ef hann vill.

Það er alveg ljóst að þegar við samþykktum á Alþingi heimild til sölu á hlutabréfum í Símanum lá fyrir úttekt til þess bærra sérfræðinga að það væri hvorki af tæknilegum ástæðum, öryggisástæðum fjarskiptanna né hagkvæmnisástæðum skynsamlegt að aðgreina eitthvað sem mætti kalla grunnnet áður en Síminn yrði seldur. Þetta var niðurstaða í þinginu. Það var farið mjög rækilega yfir málið og hv. þm. Jón Bjarnason ætti að kynna sér þá umræðu og þá umfjöllun og þær skýrslur sem lágu fyrir áður en ákvörðunin var tekin. Hún var tekin af umhyggju fyrir uppbyggingu fjarskiptakerfisins og vegna þess að við vorum að hugsa um hagsmuni ríkisins og um leið hagsmuni almennings.

[Fundarhlé. — 15:11]

Umræður utan dagskrár.

Þróun íbúðaverðs.

[15:30]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. ráðherra fyrir að taka þátt í þessari umræðu. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs er þróun íbúðaverðs, og þá sérstaklega íbúðaverðs í Reykjavíkurborg og á höfuðborgarsvæðinu.

Ástæðan er einföld. Slík hækkun kemur einstaklega illa niður á ungu fólki og efnaminna fólki og við erum búin að sjá núna á undanförnum mánuðum og missirum hækkun upp á allt að 20–30%. Ef við skoðum hækkun leiguverðs, sem er erfiðara að mæla, í það minnsta hafa menn ekki jafnnákvæmar upplýsingar, er verið að tala um jafna og þétta hækkun á undanförnum árum og að hækkunin sé orðin allt að rúmlega 70% frá árinu 1997. Þetta er augljóslega mjög erfitt fyrir það fólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið í fyrsta skipti og á sama hátt er eðli málsins samkvæmt erfitt fyrir efnaminna fólk sem þarf að leigja að búa við þessar aðstæður.

Á sama hátt er augljós áhætta sem fylgir núverandi ástandi þar sem í rauninni er gert ráð fyrir því að íbúðaverð hækki jafnt og þétt. Það liggur alveg fyrir að niðursveifla á þessum markaði mun hafa alvarlegar afleiðingar og í rauninni alvarlegri afleiðingar en niðursveifla á hlutabréfamarkaði.

Ef við skoðum ástæður þessa eru margar þeirra ekki slæmar. Það er ekki slæmt að hér hafi aukist mjög kaupmáttur á undanförnum árum, það er í sjálfu sér ekki neikvætt að hér hafi aukist aðgangur að ódýru lánsfé og að aðilar sem áður voru ekki á þessum markaði, eins og t.d. bankar, hafi komið inn á hann með þeim hætti sem við þekkjum. Það er í sjálfu sér heldur ekki slæmt að hækkanir hafi komið á einstaka húsnæði vegna staðsetningar og ástands.

Það liggur hins vegar alveg fyrir að hér er ýmislegt sem opinberir aðilar geta gert til að halda þessum hækkunum í skefjum. Til að mynda horfir sá sem hér stendur til þess að á undanförnum 10 árum hefur verið viðvarandi lóðaskortur í Reykjavíkurborg. Fyrrverandi borgarstjóri, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, lýsti því yfir þegar hún tók við að hún teldi að hér væri um að ræða að Reykjavíkurborg mundi tapa á því að stækka. Í ofanálag kom hér upp, eins og menn þekkja, uppboðsstefna sem þýðir á mæltu máli að aðili sem byggir sér íbúð í fjölbýli borgaði áður fyrr um 500 þús. kr. í lóðarkostnað en nú er kostnaðurinn þetta 4–6 millj. kr.

Ef einhver trúir því ekki að um sé að ræða lóðaskort á

þessu svæði þurfa menn ekki annað en að líta til mannfjöldaþróunar. Á undanförnum 10 árum hafa verið mestu fólksflutningar inn á höfuðborgarsvæðið í Íslandssögunni. Íslendingum hefur fjölgað um 10% á þessum tíma. Í Reykjavík hefur íbúum fjölgað um 13% ef menn taka Kjalarnes inn í, og á sama hátt hefur í því sveitarfélagi sem hefur haft lóðaframboð fjölgað um 57%. Ef menn skoða brottflutta umfram aðflutta hafa þeir verið mun fleiri í Reykjavík á undanförnum fjórum árum, þ.e. 1.300 manns.

Þetta er ekki bara alvarlegt í núinu, virðulegi forseti, því að það liggur alveg fyrir að allar mannfjöldaspár segja okkur að fjölga muni á höfuðborgarsvæðinu. Menn nefna tölur eins og 40 þús. manns til ársins 2030 þannig að þetta er ekki bara vandamál í núinu heldur liggur alveg fyrir að ef framboð á lóðum eykst ekki verður vandinn enn þá stærri.

Ef einhver trúir því, virðulegi forseti, að framboð á lóðum hafi ekki áhrif á verð fasteigna ætti sá hinn sami að beita sér fyrir því að endurskoða allar hagfræðikenningar. Hagfræðin byggir nefnilega á hinum frægu kenningum um framboð og eftirspurn.

Það er hins vegar að mörgu fleiru að hyggja og að sjálfsögðu hljótum við að hyggja að því hvort við eigum við þessar aðstæður, þar sem bankar hafa komið jafnmyndarlega og raun ber vitni inn á þennan markað, að endurskoða hlutverk ríkisins á markaðnum. *Ýmislegt fleira má nefna*, t.d. hljótum við líka að skoða þá aðstoð sem við erum með við þá aðila sem kaupa sér húsnæði í fyrsta skipti, hvort rétt sé að viðhalda því kerfi sem er við lýði, vaxtabótakerfinu, sem nýtist ekki sem skyldi við þær aðstæður sem við þekkjum nú.

Ég vil þess vegna byrja á því að spyrja ráðherrann þriggja spurninga:

1. Hverjar telur ráðherrann vera ástæður mikillar hækkunar fasteignaverðs?

2. Telur ráðherra að sveitarfélög hafi með aðgerðum sínum eða aðgerðaleysi stuðlað að hækkun lóðaverðs, og hyggst ráðherra grípa til aðgerða vegna þessa?

3. Telur ráðherra að hlutverk Íbúðalánasjóðs kunni að breytast í ljósi hræringa á íbúðalánamarkaði?

[15:35]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir að hefja þessa umræðu.

Það er ljóst að um er að ræða margar samverkandi ástæður fyrir hækkun fasteignaverðs. Fyrir liggur að það hefur hækkað jafnt og þétt frá árslokum 1998. Það er því varhugavert að taka of djúpt í árinni um þróun næstliðinna ára.

Ein skýring hækkandi fasteignaverðs er aukinn kaupmáttur launa. Fram á það hefur verið sýnt að laun og fasteignaverð leita jafnvægis gagnvart hvort öðru til lengri tíma litið. Frá því í janúar 1996 til janúar 2005 hefur kaupmáttur launa aukist um nálægt 30% yfir tímabilið í heild. Þessi mikli kaupmáttarauki skýrir þó ekki nema að hluta til þá miklu hækkun sem hefur orðið á húsnæðisverði undanfarna mánuði.

Í kjölfar innkomu bankanna á þennan markað í fyrrasumar bötnuðu lánamöguleikar fyrir kaupendur stærri eigna verulega. Það virðist hafa leitt til þess að hækkun sérbýlis hefur verið tvöföld á við hækkun í sambýli á undanförnum sex mánuðum. Því má halda fram með góðum rökum að nokkuð hafi skort á að raunverð hafi verið á stærri eignum á undanförnum árum.

Á síðustu missirum höfum við hins vegar einnig séð hækkanir sem ekki virðast að fullu skýrast af markaðslögmálum. Kanna þarf hvort einhverjir markaðsbrestir séu fyrir hendi sem koma í veg fyrir að verðlag endurspegli raunverulegt framboð eigna, eins og stundum virðist vera. Til að reyna að varpa ljósi á það hef ég óskað eftir því við Rannsóknarsetur í húsnæðismálum á Bifröst að það skoði hvaða þættir það eru sem vega þyngst í þróun fasteignaverðs undangenginna mánaða.

Hæstv. forseti. Við undirbúning hækkunar hámarksláns Íbúðalánasjóðs var ávallt gert ráð fyrir að það yrði í áföngum á kjörtímabilinu. Höfuðáhersla var lögð á að forðast að breytingin leiddi til verðspennu á fasteignamarkaði. Liður í því var m.a. að viðhalda þaki á hámarkslánum Íbúðalánasjóðs. Bankarnir hófu að veita íbúðalán í lok ágústmánaðar án hámarksfjárhæðar og upp að 80% af verðgildi eigna. Sú breyting hafði auðvitað áhrif til hækkunar fasteignaverðs, eins og Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið bentu á á þeim tíma. Við þessar breyttu markaðsaðstæður voru engar forsendur til að halda áfram þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að hækkun lánshlutfalls Íbúðalánasjóðs yrði í áföngum enda lánaframboð bankanna margfalt á við framboð Íbúðalánasjóðs. Það hefði ekki haft nein áhrif á fasteignaverð þótt möguleikar þeirra sem minna hafa milli handanna og fólks á landsbyggðinni hefðu verið skertir með því að vængstýfa Íbúðalánasjóð með hægfara hækkun hámarksláns.

Þetta var samhljóða niðurstaða Alþingis 2. desember sl. þegar samþykkt var að 90% lán yrðu að veruleika samhliða verulegri hækkun hámarksláns sjóðsins.

Eins og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson bendir á hefur ítrekað komið fram að lítið samstarf virðist vera milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til að stuðla að jafnvægi í framboði byggingarlóða. Jafnframt hafa að undanförnu borist fréttir af geysiháum tilboðum við útboð sveitarfélaga á byggingarrétti. Jafnvel má segja að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafi fundið þarna nýjan tekjustofn því draga má í efa að í öllum tilvikum hafi kostnaður sveitarfélaganna af landakaupum og gatnagerð verið jafnmikill og þeir fjármunir sem þau innheimta fyrir byggingarréttinn.

Ég er sammála hv. þingmanni um að ekki sé eðlilegt að lóðaúthlutun verði sveitarfélögum að sérstakri tekjulind, og sveitarstjórnir hljóta að verða að gæta sín á því að stuðla ekki með aðgerðum sínum að hækkun fasteignaverðs. Ég tel jafnvel koma til álita að setja í lög ákvæði um grunn lóðaverðs og mun láta kanna kosti og galla slíkrar lagasetningar. Ég hef í hyggju að ræða við sveitarfélögin um þessi mál á næstu vikum og heyra sjónarmið þeirra. Ég tek þannig undir það með hv. þingmanni að full þörf sé á að skoða þetta mál betur.

Hæstv. forseti. Aðeins rúmir tveir mánuðir eru síðan Alþingi samþykkti lög um innleiðingu 90% íbúðalána. Um *það mál náðist þverpólitísk sátt og í því fólst bein viðurkenning* á því að Íbúðalánasjóður hafi áfram mikilvægu hlutverki að gegna á íbúðalánamarkaði. Það hefur ekkert

breyst í þessu efni frá samþykkt laganna og ég tel ótímabært nú að ræða hugsanlegar breytingar á hlutverki Íbúðalánasjóðs. Sjóðurinn þarf þó að sjálfsögðu að aðlaga sig breyttum aðstæðum í viðskiptaumhverfi sínu.

Eftir innkomu bankanna á íbúðalánamarkaði í ágúst sl. varð strax vart samdráttar í markaðshlutdeild Íbúðalánasjóðs. Meginástæðan var án efa sú að hámarkslán sjóðsins höfðu undanfarin ár ekki fylgt verðlags- eða launaþróun. Með hækkun hámarksláns í 14,9 millj. kr. virðist ágætt jafnvægi vera komið á. Jafnframt var viðmiðun við brunabótamat íbúðar hækkað úr 85% í 100%. Hlutdeild Íbúðalánasjóðs í nýjum lánum til íbúðakaupa er nú í kringum 50% en var um 75% þegar mest lét.

Hæstv. forseti. Ég hef ítrekað sagt að fullt tilefni sé til að fagna þeim lágu vöxtum sem nú bjóðast íbúðakaupendum fyrir forgöngu Íbúðalánasjóðs og það er von mín að vextir muni halda áfram að lækka. Ég tel hins vegar augljóst að Íbúðalánasjóður hafi áfram mikilvægu hlutverki að gegna og að sjóðurinn tryggi ákveðinn stöðugleika á íbúðalánamarkaði. Þrátt fyrir að sú breyting sem orðið hefur á lánsframboði sé jákvæð fyrir þróun húsnæðismarkaðar er jafnljóst að sjóðurinn og sú fyrirgreiðsla sem hann veitir er forsenda fyrir jöfnum aðgangi almennings að lánsfé til fasteignakaupa óháð búsetu eða fjárhagslegri forsögu. Það hefur ekki breyst.

[15:41]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Fasteignir hækka fyrir austan, þær hækka fyrir norðan, þær hækka í Árborg og á Akranesi og í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Það er hins vegar aðeins eitt sem hv. þingmaður, borgarfulltrúinn Guðlaugur Þór Þórðarson, sér og það er lóðaverð í Reykjavík. Ég held að það sé kominn tími til að hv. þingmaður átti sig á því að við erum, félagarnir, komnir yfir Vonarstrætið og á vettvang landsmálanna. Hér eru þau til umfjöllunar.

Þó að hækkandi lóðaverð hafi vissulega einhver áhrif á fasteignaverð vita allir að það er ekki meginskýringin á fasteignahækkunum að undanförnu. Nýbyggingar eru aðeins 10% af fasteignamarkaðnum og lóðaverð nýbygginga þar af leiðandi langt innan við 5% af þessum markaði. Það er sú ákvörðun ríkisstjórnar Íslands að ráðast í að auka verulega framboð á lánsfjármagni til íbúðakaupa á mestu umsvifatímum í efnahagslífi Íslendinga sem hlaut að leiða til verulegra hækkana. Allir sáu það fyrir og vissu, og ríkisstjórnin gekk að því með opin augun.

Nú, þegar verðið hefur farið svo hátt upp, er full ástæða til að vara við því að hér geti verið of langt gengið og að menn þurfi að vera viðbúnir niðursveiflum. Þetta eru eflaust erfiðir tímar fyrir þá sem eru að festa fé í íbúðum í fyrsta sinn og þurfa að skuldsetja sig svo mikið sem raun ber vitni. Að ætla að bregðast við því með einhverri opinberri verðlagsnefnd um lóðaverð í sveitarfélögum er hins vegar fásinna. Þá fá menn bara úthlutað á einhverju opinberu, niðurgreiddu verði og fara svo að braska með úthlutunina eins og hvern annan happdrættisvinning á byggingamarkaðnum. Menn voru farnir að stunda það. Ég vísa þeim lausnum hæstv. félagsmálaráðherra algjörlega á bug.

Ef menn vilja auka lóðaframboð hér, þar sem eftirsóttast er, í miðborginni og vesturbænum, er auðvitað einfaldast að flytja bara innanlandsflugið til Keflavíkur og gefa 10–15 þús. manns tækifæri á því að búa í hjarta borgarinnar (Forseti hringir.) og skapa það lóðaframboð hér sem þarf. (Forseti hringir.) Ég lýsi því yfir að ég er tilbúinn til þess með hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni að flytja um það tillögu á Alþingi Íslendinga.

(**Forseti** (HBl): Ég vil biðja hv. þingmenn að fara ekki of langt fram úr ræðutíma sínum.)

[15:43]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir að beina sjónum okkar að þessu viðfangsefni. Ég get alveg fyrir mitt leyti fyrirgefið honum að ruglast á Ráðhúsinu og þingsalnum. Ég á erfiðara hins vegar með að fyrirgefa honum að reyna ekki að grafast fyrir um raunverulegar orsakir þeirrar verðsprengingar sem er að verða hér í landinu öllu á íbúðarhúsnæði, allt að 50% á undanförnum tveimur árum. Og ég get ekki fyrirgefið að hann skuli hvergi minnast á fasteignaheildsala, braskara, sem eiga hér sök á, að því er talið er.

Ég tel að við þurfum að beina sjónum okkar að hlut bankanna í þessu efni. Ég vek athygli á því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur farið þess á leit að gerð verði ítarleg úttekt á þessu máli og hefur lagt fram sérstakt þingmál um eignatengsl bankanna inn á fasteignamarkaðinn. Ef bankarnir koma þar beint að máli með beinu eignarhaldi, eða óbeint með því að fjármagna fasteignaheildsalana, eru þeir brotlegir við landslög. Það er undrunarefni að Fjármálaeftirlitið hafi ekki fyrr tekið á þessum málum á fastari hátt en gert hefur verið.

Þá vil ég jafnframt lýsa furðu minni á því að þingmaður Sjálfstæðisflokksins skuli taka undir með samtökum eða samráðsvettvangi banka og verðbréfafyrirtækja í aðför þessara aðila að Íbúðalánasjóði. Það er Íbúðalánasjóður sem hefur haft forgöngu um að færa vexti niður til hagsbóta fyrir íbúðakaupendur. Ég get ekki tekið undir með þingmanni Samfylkingarinnar sem gagnrýnir Íbúðalánasjóð fyrir þetta lofsverða framtak. Ég gagnrýni hins vegar bankana og samráðsvettvang þeirra fyrir að reyna að bola út af markaði þeim aðila sem er þeim skeinuhættastur.

[15:46]

Gunnar Örlygsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja ræðu mína á að þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir að færa þetta mál til umræðu á þinginu.

Þróun fasteignaverðs að undanförnu hefur ekki farið fram hjá nokkrum Íslendingi. Verð á íbúðarhúsnæði hefur hækkað umtalsvert á nokkrum mánuðum, einkum á höfuðborgarsvæðinu og öðrum nágrannabyggðum höfuðborgarsvæðisins.

En hvað veldur þeirri þróun? Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið svo fyrirsjáanlegur að kenna lóðaskorti og skipulagsmálum í Reykjavíkurborg um hækkunina. Aðrir, þá sérstaklega talsmenn framsóknar, hafa kennt bönkunum um. Það hljóta að teljast einkennileg rök að lóðaskorti sé um að kenna í okkar fámenna landi. Enn einkennilegri eru þau rök

framsóknarmanna að tilvera bankanna á fasteignamarkaðnum eigi sök á verðhækkunum, sérstaklega í ljósi þeirrar staðreyndar að Íbúðalánasjóður starfar í dag með sparisjóðunum á þessum markaði.

Þá hlýtur að teljast eðlileg þróun, eftir einkavæðingu ríkisbankanna, að bankarnir taki að sér lánveitingar til neytenda á fasteignamarkaði. Þessi umræða mun og getur eingöngu endað á einn veg: Stokka verður upp starfsemi Íbúðalánasjóðs á þann veg að hann fari alfarið af samkeppnismarkaði við bankastofnanir og taki að sér þrengra hlutverk sem lúti að veikari byggðum samhliða því félagslega hlutverki sem hann á að gegna. (Gripið fram í.)

Því miður er Sjálfstæðisflokkurinn í gíslingu Framsóknarflokksins hvað þessar þörfu breytingar varðar enda Íbúðalánasjóður sem heilagur kaleikur sem enginn má hreyfa við. Engra nýrra frétta er að vænta frá vinstri flokkunum tveimur í þessu máli enda eru ríkisafskipti eingöngu af hinu góða á þeim bænum. Svo virðist sem Frjálslyndi flokkurinn sé eina stjórnmálaaflið í landinu sem talar fyrir þörfum breytingum á Íbúðalánasjóði enda aðhyllist flokkurinn frjálst markaðskerfi og hafnar ríkisforsjá svo lengi sem hvers kyns sérréttindi og einokun verða ekki á hendi einkaaðila eftir breytingar.

[15:48]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Fréttir hafa borist af því í vikunni að íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað í janúarmánuði einum um 5,1% að meðaltali. Á undanförnu ári hefur íbúðaverð hækkað um tæp 28%.

Við þessar aðstæður er ástæða til að hafa áhyggjur af stöðu þeirra sem í fyrsta sinn eru að leigja eða fjárfesta í fasteign. Aðgerðum stjórnvalda í húsnæðismálum hefur verið ætlað að tryggja öryggi og jafnrétti í þeim málaflokki, það er tilgangur laga um húsnæðismál að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Til að mæta því hlutverki enn betur en hingað til hefur Alþingi nýverið samþykkt að hækka lánshlutfallið hjá Íbúðalánasjóði í 90%, upp að ákveðnu hámarki. Á sama tíma hefur gjörbreyting orðið á möguleikum almennings til að fjármagna íbúðakaup á góðum kjörum, einkavæðing ríkisbankanna og innkoma þeirra á íbúðalánamarkaðinn hefur leitt í ljós að þörfin fyrir aðgerðir af ríkisins hálfu hefur breyst. Í veigamiklum atriðum má ganga svo langt að segja að þörfin hafi horfið algjörlega. Þetta á sérstaklega við um þau lán sem sjóðurinn veitir í beinni samkeppni við viðskiptabankana. Hverjum dytti í hug við núverandi aðstæður að stofna Íbúðalánasjóð til þess að veita slík lán?

Breyttar aðstæður hljóta að kalla á endurskoðun á hlutverki ríkisins í málaflokknum. Auk þess sem ég hef áður nefnt er mikilvægt að aðrar aðgerðir opinberra aðila sem ætlað er að auðvelda fyrstu íbúðakaup verði teknar upp og skoðaðar. Vaxtabótakerfið er til að mynda langt frá því að vera gallalaust og sú spurning hlýtur að verða æ áleitnari hvort þeim fjármunum sem í það kerfi er varið mætti ekki verja með markvissari og árangursríkari hætti.

Ég vil loks taka undir með þeim sem minnst hafa á hlutverk sveitarfélaganna í þessum málum. Ef einhver markaður á Íslandi lýtur lögmálum framboðs og eftirspurnar þá er það fasteignamarkaðurinn. Sveitarfélögin og samtök þeirra hljóta að þurfa að íhuga vandlega hvað þau geta gert til að koma til móts við þarfir þeirrar kynslóðar sem um þessar mundir þarf að kaupa sína fyrstu fasteign.

[15:50]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. 90% húsnæðislánin voru eitt af aðalkosningamálum Framsóknarflokksins í síðustu kosningum. Þetta baráttumál varð að veruleika í desember á þinginu. Málið fór til félagsmálanefndar og þar náðist þverpólitísk samstaða um málið. Því var breytt eilítið og það fór í gegn með 45 samhljóða atkvæðum. Stjórnarandstaðan lýsti sig mjög ánægða með málið eins og stjórnarsinnar.

Nú spyrja menn: Af hverju hefur íbúðaverð hækkað? Eins og fram kom hjá hæstv. félagsmálaráðherra eru orsakirnar margar. Kaupmáttur launa hefur hækkað. Bankarnir komu inn á markaðinn í ágúst með 80% lán með engu þaki. 90% lánin komu síðan inn og við bætist kostnaðurinn við byggingarreitina sem hv. málshefjandi gerði að aðalmáli ræðu sinnar. Það er erfitt að segja til um það, virðulegur forseti, hvar aðalorsökin liggur en hún er örugglega blanda af öllu þessu.

Ég fagna því sem fram kom í ræðu hæstv. félagsmálaráðherra, að Rannsóknarsetrið í húsnæðismálum á Bifröst muni kanna þetta mál ofan í kjölinn. Í apríl kemur frá þeim skýrsla sem væntanlega mun leiða sannleikann í ljós.

Ég vil að endingu taka undir þau viðhorf sem hér hafa komið fram, þ.e. að það er ekkert á þessari stundu sem segir að þörf sé á að taka nýjar ákvarðanir varðandi Íbúðalánasjóð. Hann hefur verið mjög mikilvægt tæki fyrir allan almenning hér á landi til að kaupa sér íbúðir, bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Íbúðalánasjóður er vissulega mikið aðhald fyrir bankana. Við vitum ekki hvernig bankarnir munu þróast í framtíðinni, hvort þeir hafi úthald á þessum markaði og hvað muni gerast ef Íbúðalánasjóður fer, hvort bankarnir muni þá halda vöxtum sínum og kvöðum á íbúðalánum. Að mínu mati bendir ekkert til þess að það þurfi að taka neinar ákvarðanir nú varðandi framtíð Íbúðalánasjóðs.

[15:52]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Það hafa verið miklar sveiflur í húsnæðisverði, og þá sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum árum. Fasteignaverð hefur stórhækkað frá árinu 1998 þegar það lá reyndar mjög lágt.

Á síðustu mánuðum hefur íbúðaverð hækkað svo gríðarlega að gera má ráð fyrir því að stórir hópar, ekki síst ungt fólk sem er að koma undir sig fótunum, muni lenda utan við húsnæðislánakerfið um langa tíð.

Virðulegi forseti. Ég tel að fara verði vel yfir þennan markað þar sem heildarsýn fáist yfir mismunandi þætti málsins og aðkomu mismunandi aðila, ekki síst aðkomu ríkisvaldsins sem er stór gerandi í þeim breytingum á fasteignamarkaði sem nú hafa skilað svo rosalegri hækkun á fasteignaverði.

Ég fagna þeim yfirlýsingum sem fram komu hjá fjár-

málaráðherra, að hann hafi þegar samið við Rannsóknarsetrið á Bifröst um slíka athugun og tel að það verði mikilvægt framlag inn í umræðuna á næstu mánuðum.

Það má, virðulegi forseti, rekja hina miklu hækkun fasteignaverðs til yfirlýsinga Framsóknarflokksins um 90% lánin fyrir síðustu kosningar. Þar með voru gefnar yfirlýsingar um gerbreyttar forsendur á þessum markaði, þar sem Íbúðalánasjóður var kominn inn á markað bankanna. Þeir höfðu lánað íbúðakaupendum það sem var umfram 60% veðsetningarhlutfall Íbúðalánasjóðs, höfðu séð um að brúa bilið á milli lána Íbúðalánasjóðs og hátt upp í kaupverð íbúða. (**HjÁ:** Á okurvöxtum.) Bankarnir komu í kjölfar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar á húsnæðislánamarkaðinn og buðu lægri vexti og hærra veðhlutfall.

Margir hafa notfært sér þessa stöðu þar sem önnur eins kjör og nú voru ekki í boði þegar Íbúðalánasjóður var einráður á markaði. Það er því skiljanlegt að mikil hreyfing verði á fasteignamarkaði við þessar aðstæður. Hvað hefur þessi ríkisstjórn gert til að sannfæra fólk um að þessir lágu vextir séu varanlegt ástand? Mitt svar við því er: Ekkert. Því er nærtækt að telja að undirliggjandi ástæður þessara miklu hækkana séu þær að fólk treysti ekki stjórnvöldum og treysti því ekki að um varanlegt ástand sé að ræða.

[15:55]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki að koma á óvart þótt talsmenn nýfrjálshyggjunnar í Sjálfstæðisflokknum hafi það að meginmarkmiði að tala niður Íbúðalánasjóð. (**Gripið fram í:** Ekki gleyma Frjálslynda flokknum.) Hins vegar hygg ég að mörgum sjálfstæðismönnum sem aðhylltust sjónarmiðið „stétt með stétt" hafi ekki endilega hugnast boðskapur frjálshyggjumanna Sjálfstæðisflokksins, að höfuðmeinið í íslenskum húsnæðismálum væri Íbúðalánasjóður og að hann þrengdi sér inn á markað bankakerfisins í húsnæðismálum. Drottinn minn dýri!

Hitt er alvörumál hver staðan er, hversu gríðarlega húsnæðiskostnaður hefur vaxið af þeim ástæðum sem hér hafa verið raktar, að bankarnir reyna að þrengja sér inn á markaðinn og yfirtaka með þessum hætti. Vísitala húsnæðiskostnaðar síðan árið 1997 hefur nær tvöfaldast, vaxið um 100% meðan neysluverðsvísitalan hefur hækkað um rúmlega 30%. Vísitala fasteignaverðsins spilar mjög stóran þátt í almennri hækkun á neysluverðsvísitölunni. Húsnæði er ekki lengur bara nauðsynlegt til að koma sér upp þaki yfir höfuðið heldur er það orðin verslunarvara. Ég hef þess vegna lagt fram fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra um hvort ekki væri rétt að skoða hlut fasteignaverðsins í vísitölunni.

Er það rétt að fasteignaverðsbóla á höfuðborgarsvæðinu, keyrð áfram með þeim hætti sem hér hefur verið rakið, eigi að keyra upp vísitöluna fyrir alla landsmenn með þeim afleiðingum að lánin hækki og gengið hækki og atvinnuöryggi og staða atvinnuveganna bíði tjón af? Er það rétt?

[15:57]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félagsmálaráðherra sérstaklega fyrir góð svör. Ég fagna því að Rannsóknarsetri á Bifröst verði falið að skoða málið og að skoðað verði hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að sveitarfélögin stuðli að hækkun fasteignaverðs og nýti lóðaskort og þá neyð sem honum fylgir sem tekjustofn.

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á nokkru. Hér komu tveir þingmenn og gerðu athugasemdir við að hér væri rætt um málefni Reykjavíkurborgar. Það var hv. þm. Ögmundur Jónasson, þingmaður Reykvíkinga, og hv. þm. Helgi Hjörvar, einnig þingmaður Reykvíkinga. Það vill svo til að hv. þm. Helgi Hjörvar er í Samfylkingunni sem hafði sem sérstakt baráttumál að hér yrði borgarstefna tekin upp á vettvangi þingsins, borgarstefna.

Ég vil segja hv. þingmanni að ég hika ekki við að taka upp málefni Reykvíkinga og Reykjavíkurborgar hvenær sem mér dettur það í hug. Mér finnst að við ættum að gera meira af því. En hv. þm. Ögmundur Jónasson og hv. þm. Helgi Hjörvar töluðu um braskara, að það ætti að taka á þessum bröskurum. Ég vek athygli hv. þingmanna á því að R-listinn hefur verið að braska með lóðir í Norðlingaholti með einkaaðilum. Og hvað skyldu þeir hafa grætt? Eina, tvær milljónir? Nei. Rúmlega 800 millj. kr. í það minnsta, á lóðabraski. Það verður gott að sjá þessa aðila, varaborgarfulltrúann og hv. þm. Helga Hjörvar, beita sér fyrir því að braskið verði stöðvað. Á sama hátt hefur hækkun á fasteignamati og hækkun fasteignaskatta, afleiðingar lóðaskortsstefnunnar, hækkað tekjur Reykjavíkurborgar af fasteignagjöldum um 114%.

Virðulegi forseti. Ég hlakka til að sjá hv. þingmenn taka til hendinni. Við þurfum ekki bara að taka til hendinni hér á þingi til að mæta þessu heldur svo sannarlega líka hinum megin við Vonarstrætið.

[15:59]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa ágætu umræðu.

Hv. þm. Helgi Hjörvar gerði lögfestingu 90% lánanna að sérstöku umfjöllunarefni og er rétt að rifja það upp fyrir þingmanninum af þessu tilefni að full samstaða var um málið á Alþingi eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir rifjaði upp áðan. Málið var samþykkt með 45 greiddum atkvæðum, enginn sagði nei og enginn sat hjá, hæstv. forseti.

Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir tók þátt í umræðunni. Það er rétt að vekja athygli á því að það er athyglisvert að þeir sömu og hafa neitað því staðfastlega að Framsóknarflokkurinn ætti nokkurn heiður af vaxtalækkun húsnæðislána á undanförnum missirum hafa nú sammælst um að hafa hátt um að hækkun á fasteignaverði sé Framsóknarflokknum einum að kenna. Það er stærðfræði, hæstv. forseti, sem gengur ekki upp.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson gerði lánaframboð bankanna að umfjöllunarefni, gagnrýndi þann er hér stendur fyrir málflutninginn áðan. Lánaframboð bankanna síðasta haust gerbreytti fjármögnun á lánamarkaði. Allir sérfræðingar höfðu verið sammála um að hógvær hækkun hámarksláns Íbúðalánasjóðs í 90% gæti, ef óvarlega væri að verki staðið, valdið verðhækkunum. Um þetta vitna skýrslur Seðlabankans og efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins frá því í vor og snemma í sumar. Engan óraði fyrir því, hæstv. forseti, að bankarnir kæmu á undan inn á markaðinn og byðu

ótakmörkuð lán upp í 80 og jafnvel 100% af kaupverði í einni svipan. Það liggur í augum uppi að slík stökkbreyting hlýtur að hafa mikil efnahagsleg áhrif í för með sér. Innkoma bankanna á markaðinn var fagnaðarefni. Ég hef fagnað henni, en hún hafði auðvitað í för með sér óheppilegar aukaverkanir.

Hæstv. forseti. Ég get að lokum tekið undir það með hv. þingmanni og málshefjanda, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, að það kunni að vera ástæða til þess að fara sérstaklega yfir stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði í ljósi breytinga á undanförnum mánuðum og aðstæðum þess til að festa kaup á sínu fyrsta húsnæði. Lögfesting 90% lánanna var liður í slíku verkefni en það kann vel að vera að við þurfum að skoða það enn frekar.

[16:01]

Útbýting:

Alþjóðaþingmannasambandið 2004, 576. mál, skýrsla ÍAÞ þskj. 864.

Kostnaður við breikkun Suðurlandsvegar, 574. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 862.

Símenntunarmiðstöðvar, 573. mál, fsp. MF, þskj. 861.

Fundi slitið kl. 16:02.

---

80. FUNDUR

fimmtudaginn 24. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, stjfrv., 399. mál, þskj. 506, nál. 812, brtt. 813. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Einkaleyfi, stjfrv., 251. mál, þskj. 269, nál. 815 og 818, brtt. 819. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, stjfrv., 538. mál, þskj. 814. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. GATS-samningurinn, þáltill., 63. mál, þskj. 63. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Aðgerðir til að draga úr vegsliti, þáltill., 65. mál, þskj. 65. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Stimpilgjald, frv., 66. mál, þskj. 66. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Stimpilgjald, frv., 69. mál, þskj. 69. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, 191. mál, þskj. 839, brtt. 840. — 3. umr.
9. Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, stjfrv., 398. mál, þskj. 505, nál. 793, 794 og 796, brtt. 795. — Frh. 2. umr.
10. Miðlun vátrygginga, stjfrv., 551. mál, þskj. 832. — 1. umr.
11. Kosningar til Alþingis, frv., 70. mál, þskj. 70. — 1. umr.
12. Þunglyndi meðal eldri borgara, þáltill., 71. mál, þskj. 71. — Fyrri umr.
13. Almenn hegningarlög, frv., 72. mál, þskj. 72. — 1. umr.
14. Sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, þáltill., 73. mál, þskj. 73. — Fyrri umr.
15. Áfengislög, frv., 74. mál, þskj. 74. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Pétur H. Blöndal, 3. þm. Reykv. s.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[10:30]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill láta þess getið að tvær utandagskrárumræður eru fyrirhugaðar í dag. Hin fyrri hefst áður en gengið er til dagskrár og er um stöðuna í viðræðum um verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Málshefjandi í þeirri umræðu er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Hæstv. félagsmálaráðherra Árni Magnússon verður til andsvara.

Hin síðari hefst um klukkan eitt í dag, að loknu hádegishléi, og er um samþættingu jafnréttissjónarmiða í íslensku friðargæslunni. Málshefjandi í þeirri umræðu er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson verður til andsvara.

Umræðurnar fara fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

[10:31]

Útbýting:

Alþjóðavinnumálaþingin í Genf 2001--2004, 577. mál, skýrsla félmrh., þskj. 865.

Útvarp frá Alþingi, 580. mál, þáltill. MÞH o.fl., þskj. 868.

Þrífösun rafmagns, 575. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 863.

Umræður utan dagskrár.

Staðan í viðræðum um verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

[10:31]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Samkvæmt fréttum sem nú berast má

ætla að samkomulag sé í burðarliðnum hvað varðar tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og er sannarlega tími til kominn þar sem skammt er í að kjósa á um tillögu nefndar um sameiningu sveitarfélaganna. En sveitarstjórnarmenn hafa ítrekað lýst því yfir að ekki verði kosið um sameiningu nema það liggi ljóst fyrir hverjir tekjustofnar sveitarfélaganna verði í framtíðinni.

Sveitarfélögin hafa ekki fengið hlutdeild í tekjustofnum hins opinbera í réttu hlutfalli við þau verkefni sem þeim er ætlað að vinna. Það kemur m.a. fram í því að 40% allra sveitarfélaga á landinu voru með neikvæða rekstrarniðurstöðu á árinu 2003 upp á samtals ríflega 3 milljarða kr. Samkvæmt framreikningum hagdeildar Sambands íslenskra sveitarfélaga mun þróunin áfram verða í sömu átt verði ekki verulegar breytingar á tekjustofnunum, eins og skýrt kom fram á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í nóvember. Það hlýtur að verða að leiðrétta þessa grunnskiptingu. Fráleitt er að ræða um færri og stærri sveitarfélög og aukin verkefni nema núverandi staða verði lagfærð og til komi nýir tekjustofnar.

Jafnframt þarf að taka sérstaklega á stöðu nokkurra sveitarfélaga sem eru í hreinum bráðavanda. Tillaga fulltrúa ríkisstjórnarinnar um 400 millj. kr. í aukafjárveitingu ríkisins til jöfnunarsjóðs var miðuð við bráðavanda 24 sveitarfélaga sem eftirlitsnefnd hefur til umfjöllunar. Það væri þó aðeins plástursaðgerð og engin framtíðarlausn. Hún mun ekki leysa fjárhagsvanda þessara 24 sveitarfélaga til framtíðar, hvað þá ef horft er til þeirrar staðreyndar að sveitarstjórnarmenn meta stöðuna þannig að ekki einungis 24 sveitarfélög eigi við verulegan vanda að stríða heldur séu þau mun fleiri. Ríkisstjórnin neitar að horfast í augu við raunverulegan vanda en kýs plástrameðferðir sem duga skammt.

Nú er búið að ráðstafa þessum milljónum að hluta og verður fróðlegt að fylgjast með hverju það skilar. Þessi 24 sveitarfélög munu að öllum líkindum sameinast öðrum en vandi þeirra hverfur ekki við það. Hann færist aðeins inn í stærri einingar. Ef marka má fréttaflutning af væntanlegum niðurstöðum í samningum ríkisins og sveitarfélaganna er langt frá því að tekjugrunnur sveitarfélaganna hafi verið leiðréttur til frambúðar.

Mér virðist sem staðan sé á þá leið að ríkisstjórnin hafi stillt sveitarfélögunum upp við vegg og sagt: Þetta er það sem þið fáið og annað ekki. Allir fulltrúar sveitarfélaganna eru óánægðir en pólitískir samherjar ríkisstjórnarinnar velta því fyrir sér hvort þeir láti undan þrýstingi. Fróðlegt væri að heyra mat hæstv. ráðherra á stöðunni: Telur hann að verið sé að tryggja almennan tekjugrunn sveitarfélaganna eða er þetta bráðabirgðaaðgerð? Eða má treysta því að rekstur þeirra mikilvægu eininga sem sveitarfélögin eru sé tryggður til frambúðar?

Það að ríkið greiði sveitarfélögum fasteignaskatt af eignum ríkisins er ekki lausn heldur sjálfsagt réttlætismál. Samt, ef marka má fréttir, er gert ráð fyrir að þær greiðslur komi á þremur árum í þremur áföngum. Er það til marks um vilja ríkisstjórnarinnar að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna að þar sé um fasta upphæð að ræða, langt frá virðismati þessara eigna? Hvernig á að taka á þeim vanda sem sveitarfélögin eru í varðandi félagslegar íbúðir sem standa tómar? Er ætlun ríkisstjórnarinnar að koma til móts við kröfur sveitarfélaganna um 2 milljarða kr. hækkun á framlögum í jöfnunarsjóðinn?

Viðræður sveitarfélaga og ríkisvalds áttu að vera á jafnréttisgrundvelli, snúast um leiðréttingu á tekjum ríkis og sveitarfélaga. Sá jafnréttisgrundvöllur er ekki fyrir hendi. Það er ekki hægt að setja aukin verkefni á sveitarfélögin án þess að raunhæfir tekjustofnar fylgi með og núverandi rekstrargrunnur sé leiðréttur. Það var og er meginkrafa fulltrúa sveitarfélaganna. Er t.d. ekki eðlilegt að sveitarfélögin ákveði sjálf útsvarsprósentuna hverju sinni? Er þeim ekki fyllilega treystandi til þess án íhlutunar ríkisvaldsins? Það á að virða sjálfsákvörðunarrétt þeirra í þeim efnum. En það er mest um vert að menn ljúki því verkefni að styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélaganna til frambúðar.

Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur verið tekin ákvörðun um að leiðrétta þá skekkju sem er í núverandi tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og veldur því að 40% allra sveitarfélaga á landinu búa við neikvæða rekstrarniðurstöðu?

Hvað hefur verið gert til að taka sérstaklega á stöðu nokkurra sveitarfélaga sem eru í bráðafjárhagsvanda, m.a. vegna fólksfækkunar og tekjumissis á síðustu árum og er fjárhagsgrundvöllur þeirra sveitarfélaga tryggður til frambúðar? Hversu mörg sveitarfélög er um að ræða?

Er áætlað að auka framlög í jöfnunarsjóð? Ef svo er, hve mikið? Hefur náðst sátt um framtíðartekjustofna ríkis og sveitarfélaga? Ef svo er, í hverju felst sú sátt? Hefur náðst sátt um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga? Ef svo er, hvað felst í þeirri sátt?

[10:36]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Viðræður hafa staðið yfir í rúmt ár milli ríkis og sveitarfélaga í tekjustofnanefnd sem starfar í tengslum við átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Mikið hefur borið á milli í þeim viðræðum en ég tel góðar horfur á að samkomulag sé að takast í nefndinni. Tillögur nefndarinnar verða í framhaldi kynntar í ríkisstjórn og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Mikil vinna hefur verið unnin í tekjustofnanefnd og á vegum eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga til að greina umfang og ástæður fyrir fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Sú vinna hefur leitt í ljós að ástæður vandans má í langflestum tilvikum rekja til óhagstæðra ytri aðstæðna á borð við erfiðleika í atvinnulífi í viðkomandi byggðarlagi og tekjusamdráttar vegna fólksfækkunar. Ríkissjóður hefur á undanförnum árum komið til móts við sveitarfélög sem glíma við fjárhagsvanda af þessum sökum með því að veita sérstakt viðbótarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Um er að ræða 700 millj. kr. á ári á tímabilinu 1999–2001 og 400 millj. kr. árin 2003 og 2004.

Án þess að ég ætli, hæstv. forseti, að greina nákvæmlega frá tilboði fulltrúa ríkisins í tekjustofnanefnd get ég þó nefnt að í því felst m.a. að árlegt 700 millj. kr. viðbótarframlag verði reitt af hendi í sama skyni árin 2006–2008.

Alls fengu 38 sveitarfélög greitt fólksfækkunarframlag árið 2004 af umræddu viðbótarframlagi, samtals 100 millj. kr. En aðrar 100 millj. kr. runnu til útgjaldajöfnunar sem

allflest sveitarfélög njóta. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur verið falið það verkefni að gera tillögu um ráðstöfun þeirra 200 millj. kr. sem þá standa eftir af viðbótarframlagi síðasta árs til sveitarfélaga sem glíma við sérstakan fjárhagsvanda. Sú úthlutun mun fara fram á grundvelli reglna sem settar voru í desember síðastliðnum að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Til álita kemur að veita um tíu sveitarfélögum sértæka aðstoð með þessum hætti.

Sú aðstoð sem þarna verður veitt er á þeirri forsendu að viðkomandi sveitarfélög geri sitt ýtrasta til að hagræða í rekstri sínum og má gera ráð fyrir að þessi aðstoð muni skipta þau verulegu máli. Ástæður hallareksturs viðkomandi sveitarfélaga eru hins vegar í ýmsum tilvikum viðvarandi tekjusamdráttur án þess að mögulegt sé að draga á móti úr þeirri þjónustu sem veitt er. Fyrir vikið er ljóst að frekari breytinga er þörf til að taka varanlega á vanda þessara sveitarfélaga.

Rekstur félagslegra íbúða hefur reynst mörgum sveitarfélögum þungur í skauti og nú er á vegum varasjóðs húsnæðismála unnið að greiningu á þeim vanda. Til greina kemur að ganga á eigið fé varasjóðsins til að greiða niður hallarekstur einstakra sveitarfélaga af félagslegum íbúðum og auðvelda úreldingu húsnæðis sem ekki er fyrirséð að verði nýtt til íbúðar. Þetta er til umræðu í tekjustofnanefndinni og ég vænti þess að sátt náist um það atriði.

Það er athyglisvert að á síðasta ári voru rúmlega 30 sveitarfélög sem ekki nýttu að fullu heimild sína samkvæmt tekjustofnalögum til að leggja útsvar á íbúa sína. Þrátt fyrir að 67 sveitarfélög hafi verið rekin með halla árið 2003 var ekkert sveitarfélag, ekki eitt einasta, sem nýtti heimild í 5. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga sem allar sveitarstjórnir hafa til að hækka útsvarshlutfall um allt að 10%. Menn hljóta að spyrja sig: Hvaða þörf hafa sveitarfélögin fyrir almenna hækkun útsvars þegar þau nýta alls ekki þær heimildir sem fyrir hendi eru í lögum?

Stærstur hluti tekjuvanda sveitarfélaga er að mínu mati sá að möguleikar þeirra til að afla tekna og skipuleggja þjónustu sína á sem hagkvæmastan hátt eru afar misjafnir. Ég tel raunar nauðsynlegt, ekki síst í því ljósi, að hefjast handa við endurskoðun úthlutunarreglna jöfnunarsjóðs og mun það verkefni vonandi hefjast á næstu vikum.

Hæstv. forseti. Eitt meginmarkmið átaks um eflingu sveitarstjórnarstigsins er að auka valddreifingu í samfélaginu og skýra verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með verkefnaflutningi. Frá upphafi var miðað við að lokatillögur um verkefnaflutning yrðu lagðar fyrir ríkisstjórn í september 2005 og er enn við það miðað. Verkefnisstjórn átaksins fundaði með sveitarstjórnarmönnum um land allt síðastliðinn vetur en þar komu fram ýmsar hugmyndir um breytingar á verkaskiptum hins opinbera. Verkefnisstjórnin vann úr þeim hugmyndum og lagði fram tillögur sínar í apríl síðastliðnum. Í þeim er meginhersla lögð á flutning velferðarverkefna frá ríki til sveitarfélaga í samræmi við þá reynslu sem hlotist hefur af reynslu sveitarfélaga af verkefninu. Þær hugmyndir hafa verið til umræðu í ríkisstjórn og er nú unnin undirbúningsvinna í þeim ráðuneytum sem málið varðar. Raunar hefur nefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skilað áfangaskýrslu um flutning verkefna á sviði heilbrigðisþjónustu og öldrunarmála til sveitarfélaganna. Niðurstöður þeirrar skýrslu gefa vísbendingar um að auka þurfi umræðu um málið meðal sveitarstjórnarmanna og síðast en ekki síst þurfa mörg sveitarfélög að stækka umtalsvert til að vera reiðubúin til að taka við svo umfangsmiklum málaflokkum.

Hæstv. forseti. Ég tel að framtíðarhorfur fyrir sveitarstjórnarstigið séu ágætar og að nú hljóti að geta náðst sættir um tillögur tekjustofnanefndar. Þetta hafa verið langar og strangar viðræður en ég trúi ekki öðru en forsvarsmenn sveitarfélaganna samþykki þær tillögur sem uppi eru á borðinu, enda til mjög verulegs tekjuauka fyrir sveitarfélögin. Þær eru settar fram á þeirri forsendu af hálfu fulltrúa ríkisins að frekari viðræður um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga eigi sér ekki stað fyrr en árið 2009, ef frá eru taldar breytingar sem leiða af breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

[10:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að afkoma sveitarfélaganna hefur verið með öllu óviðunandi í um einn og hálfan áratug og þetta vita allir Íslendingar nema hæstv. félagsmálaráðherra. Síðustu ár hefur keyrt um þverbak og halli sveitarfélaganna verið að meðaltali 2–4 milljarðar á hverju einasta ári. Framkoma ríkisins í þessum samskiptum er sú að lengi vel reyndi ríkið að neita því að ræða þessa núverandi stöðu sveitarfélaganna og eingöngu átti að mega ræða samkvæmt óskum ríkisins um verkefnatilfærslur og tekjur þeim tengdar. Það á sem sagt að keyra áfram pólitík Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um að svelta sveitarfélögin til hlýðni, svelta þau til eignasölu og einkavæðingar.

Tilboð ríkisins nú felur eingöngu í sér bráðabirgðalausnir, smámola, tímabundin framlög í jöfnunarsjóð og millifærslur á fjármunum úr sjóðum sveitarfélaganna sjálfra. Ef tímabundnu greiðslurnar eru dregnar frá stæðu kannski eftir 600–800 millj. kr. í varanlegum fyrirheitum. Öllum tillögum sveitarfélaganna um varanlega úrlausn, um varanlega hlutdeild í almennum sköttum, veltusköttum eða umferðargjöldum er hafnað.

Framkoma fulltrúa ríkisins er þannig að það er ekki hægt að kalla annað en svívirðilega. Sveitarfélögunum er stillt upp við vegg. Þeir er sagt núna: Tilboð ríkisins er endanlegt, það verður um enga frekari fjármuni að ræða og ráðherrar hafa ekki umboð til að semja um neitt annað. „Take it or leave it" er sagt við sveitarfélögin. Og ganske pent er þeim tilkynnt að skilyrði þess að ríkið skrifi undir sé að sveitarfélögin falli frá öllum meginkröfum sínum. Þetta tilkynnir aðalfulltrúi ríkisvaldsins í samskiptum fulltrúum sveitarfélaganna.

Þetta er þvílík framkoma við sveitarfélögin og það er svo fráleitt að láta sér detta í hug að menn fari að taka við nýjum verkefnum frá ríkinu ef andinn í þessum samskiptum á að vera svona, (Forseti hringir.) ekkert annað en tímabundnir plástrar til að halda sveitarfélögunum áfram í sömu úlfakreppunni.

[10:44]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur gengið hægar í vinnu tekjustofnanefndar en mörg okkar höfðu vænst þegar lagt var upp í þá vegferð að efla sveitarstjórnarstigið. Þær nefndir sem unnið hafa að verkefninu voru verkefnisstjórn, sameiningarnefnd og tekjustofnanefnd.

Fljótlega kom í ljós ágreiningur innan tekjustofnanefndar um hlutverk nefndarinnar og lögðust störf hennar niður. Hinar nefndirnar störfuðu ótrauðar áfram og skiluðum við, sem sitjum í verkefnisstjórn, skýrslu um flutning verkefna síðastliðið vor og sameiningarnefnd í haust.

Ekki náðu nefndarmenn í tekjustofnanefnd að stilla saman strengina fyrr en höggvið var á hnútinn í september síðastliðnum með sérstakri yfirlýsingu fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra og formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga um hvernig unnið skyldi að málinu.

Nú fer að hilla undir lok vinnu tekjustofnanefndar en eftir er að vinna tæknilegar útfærslur. Einnig er ljóst að sumar tillögurnar kalla á lagabreytingar sem koma til kasta Alþingis. Við hljótum að líta svo á að verkefnið sé að koma til móts við þau sveitarfélög sem verst standa og hafa orðið fyrir hvað mestum búsifjum vegna byggðavanda.

Áfram hefur jöfnunarsjóður mikið hlutverk með höndum. Svo verður áfram svo lengi sem sveitarfélögin eru svo misstór sem raun ber vitni og eru að kljást við mjög misjafnan vanda. Það má ekki gleymast í umræðunni að það er krafan í efnahagsstjórninni að hið opinbera, bæði ríki og sveitarfélög, beiti ýtrasta aðhaldi. Ef það verður ekki gert spennist gengið upp með hækkandi vöxtum, útflutningsfyrirtækin og þar með oft á tíðum undirstöðufyrirtæki í hverju sveitarfélagi þola ekki frekari áföll í gengismálum. Til þeirra þátta verða sveitarstjórnarmenn að líta sem og aðrir sem á þeim bera ábyrgð.

Með vaxandi umsvifum sveitarfélaganna í opinberum rekstri verður að efla samráð ríkis og sveitarfélaga í hagstjórninni og fjármálum hins opinbera. Einnig er eðlilegt að lagafrumvörp sem snúa að sveitarfélögunum verði kostnaðarmetin áður en þau koma til umfjöllunar og samþykktar á Alþingi. Það á einnig við um Evróputilskipanir sem gera kröfur gagnvart sveitarfélögunum. (Forseti hringir.) Á móti er einnig eðlilegt að gerðar séu auknar kröfur til fjárhagsstjórnar sveitarfélaganna. Bæði stjórnsýslustigin fara með skattfé borgaranna og þeim ber að skoða hlutverk sitt með jafnmikilli ábyrgð.

[10:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Viðræður sveitarfélaganna um nýja tekjustofna standa enn yfir en fréttir af gangi mála benda ekki til þess að byggt verði undir sífellt aukin verkefni sveitarfélaga með varanlegum tekjuauka þó ætlast sé til þess af stjórnvöldum að fleiri verkefni verði færð á sveitarstjórnarstigið í framtíðinni.

Viðhorf stjórnvalda virðast enn þá vera tímabundnar bráðabirgðalausnir án þess að taka á vandanum, t.d. með auknu fé í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Krafa fólks er um bætta þjónustu sveitarfélaga en til þess þarf auknar tekjur. Sveitarfélög á ekki að þvinga til sameiningar og loforð um aukna fjármuni eiga ekki að vera beita eða gulrót frá stjórnvöldum. Skuldir sveitarfélaga sem þegar standa illa fjárhagslega hverfa ekki við sameiningu.

Eins og fram kom í máli hæstv. félagsmálaráðherra er vandinn víða tengdur fólksfækkun og tekjusamdrætti því samfara. Stefna ríkisstjórnarinnar er að viðhalda óvissu í byggðum landsins. Að því hef ég oft vikið í máli mínu í þessum ræðustól á Alþingi.

Sjávarútvegsútfærslan og stefnan um sölu á kvóta og tilfærslu á kvótum milli byggðarlaga getur aldrei búið til festu fyrir byggðirnar og það mun aldrei vera hægt að byggja á því til framtíðar með óbreyttri fiskveiðistjórnun að sveitarfélögin hafi örugga og ábyggilega stöðu. Það verða að koma til ný viðhorf gagnvart sveitarstjórnunum, ný viðhorf um tekjuskiptingu ef tryggt á að vera að sveitarfélögin geti eflst og ríkið verður að viðurkenna þarfirnar og gefa eftir af tekjustofnum sínum.

[10:48]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er töluvert liðið á annað ár frá því að hæstv. félagsmálaráðherra nálgaðist mikilvægt verkefni af miklum metnaði, að efla sveitarstjórnarstigið. Því miður sýnist mér staðan á ráðherrabekkjunum vera táknræn fyrir verkefnið. Hæstv. félagsmálaráðherra hefur staðið einn í verkinu, hann hefur ekki haft stuðning hinna ráðherranna í það. Þess vegna er staðan í málinu sú sem hún er í dag, við erum að reyna að plástra saman einhverjum bráðabirgðalausnum varðandi tekjustofna sveitarfélaganna þrátt fyrir að auðvitað hefðu menn átt að skoða málið í heild sinni, taka tekjustofnana alla upp og gera nýtt kerfi samhliða því sem unnið er að verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, sem einnig er býsna mikilvægt. Síðast en ekki síst er verkefnið um að sameina sveitarfélög, gera þau stærri og öflugri þannig að þau geti tekið við verkefnum. Til að ná settu marki þarf hæstv. félagsmálaráðherra að taka á öllum þessum þáttum. En hæstv. ráðherra getur þetta að sjálfsögðu ekki einn.

Ég er sannfærður um að hæstv. ráðherra hóf verkið á þann hátt að hann vildi ná settu marki. Því miður hafa liðsmenn hans í ríkisstjórninni ekki stutt hann til þessa mikilvæga verks. Ég held því, frú forseti, að við verðum að bíða enn um sinn með að ná því marki að sveitarfélögin beri þann sess í okkar samfélagi sem þeim ber vegna þess að þau eru mikilvæg stjórnsýsla, á þeim byggist meira og minna þróun samfélagsins. Þess vegna eru það kaldar kveðjur þegar hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, sem á sæti í verkefnisstjórninni, sendir þau skilaboð að aðalvandinn sem blasi við í efnahagsmálum þjóðarinnar sé ábyrgðarleysi sveitarfélaganna. Ja, ég segi ekki annað en það væri vert að hv. þingmaður liti sér nær.

[10:51]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Við þá umræðu sem hér fer fram er rétt að minna á tilefni verkefnisins. Frumkvæðið kom frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þegar hún leitaði til félagsmálaráðuneytisins um að fara í átak til að sameina sveitarfélög. Ástæður þess eru augljósar. Menn telja flestir

að sumar stjórnsýslueiningar minnstu sveitarfélaganna séu það smáar að þær geti illa þjónað þeim kröfum sem nútímasamfélag gerir og séu á engan hátt búnar til að taka við frekari verkefnum. Það kann að vera ein meginástæða þess að opinber stjórnsýsla skipar sér hérlendis þannig að 70% eru á vegum ríkisins og 30% á vegum sveitarfélaganna öfugt við nágrannaþjóðir okkar. Við erum með öðrum orðum miðstýrðari.

Ósk sambandsins snerist eingöngu um sameiningu og þar hefur mikið verið unnið af mjög öflugri nefnd. En fljótlega þróaðist málið yfir í að menn fóru að ræða um eflingu sveitarstjórnarstigsins með það í huga að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga og um það liggja fyrir tillögur núna. Jafnframt fór málið að snúast um fjármál sveitarfélaga, hina eilífu deilu um skiptingu kökunnar milli ríkis og sveitarfélaga. Hún er ekki ný af nálinni og henni mun ekki ljúka, en ég fagna yfirlýsingu hæstv. félagsmálaráðherra þar sem nú hillir undir lausn á því máli.

Menn verða að fara að svara því hvort þeir vilji enn horfa á hin upphaflegu markmið. Tillögur þar að lútandi eru klárar. Menn verða að svara því hvort þeir vilji efla sveitarstjórnarstigið, efla þjónustuna meðal íbúa landsins og færa verkefnið frá ríki til sveitarfélaga. Ég fagna því að það skuli hilla undir lausn því þetta er eitt af stærri verkefnum sem við höfum glímt við í stjórnmálum, að draga úr miðstýringu og færa þjónustuna frá ríkisvaldi yfir til sveitarfélaga.

[10:53]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að taka málið upp. Það virðist vera komið að verklokum hjá tekjustofnanefnd og er það vonum seinna þar sem mikilvægt er að hafa tillögur um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga ljósa í þeirri mynd sem verið er að draga upp með tillögum um stækkun sveitarfélaganna og fyrirhuguðum kosningum þar að lútandi í vor.

Í gær birtust á forsíðu Fréttablaðsins upplýsingar um nokkra þætti sem liggja fyrir í tekjustofnanefnd. Samkvæmt upplýsingum blaðsins er ljóst að ekki er vilji hjá ríkisstjórninni að hækka útsvarsprósentu á íbúa umfram 13,0%. Ef þetta reynist rétt er einnig ljóst að verið er að bjóða tímabundnar bráðabirgðalausnir þar sem ekki er tekið á vanda sveitarfélaganna til frambúðar né tekið á uppsöfnuðum fjárhagsvanda sem flest þeirra eiga við að glíma í dag. Krafan um stækkun sveitarfélaganna er augljóslega sett fram sem forsenda leiðréttingar eða breytinga á tekjustofnum sveitarfélaganna.

Hæstv. forseti. Ég vil fá að nota tækifærið og minna á frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lögðu fram í vetur. Í frumvarpinu er lagt til að rýmka heimildir sveitarfélaga til álagningar útsvars um 1%, þ.e. úr 13,03% í 14,03%. Tillagan var lögð fram í tengslum við áform ríkisstjórnarinnar um að lækka álagningu tekjuskatts um sama hundraðshluta.

Nú þegar ríkisstjórnin fer fram með tekjuskattslækkanir sínar á miklum þenslutíma, þvert ofan í ráðleggingar Seðlabankans og annarra ráðgjafa, tel ég að frumvarp Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eigi fullan rétt á sér og eigi að skoðast í samhengi við núverandi fjárhagsvanda sveitarfélaganna.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er annað verkefni. Aukin verkefni krefjast nýrra tekjustofna fyrir sveitarfélögin. (Forseti hringir.) Verkaskipting hlýtur svo að fara eftir stærð og stöðu hvers sveitarfélags því þau eru og munu verða ólík innbyrðis um einhvern tíma.

[10:55]

Guðjón Hjörleifsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir umræðuna. Hér á hinu háa Alþingi hefur oft verið tekin umræða um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Ég hef starfað í nefnd um eflingu sveitarstjórnarstigsins þar sem sameiningarmál sveitarfélaga er stærsta málið. Nefndin er í biðstöðu með að loka tillögum sínum þar til tekjustofnanefnd hefur lokið störfum.

Við nefndarmenn finnum það á sveitarstjórnarmönnum að niðurstaða þeirrar nefndar getur skipt miklu um framhald um sameiningu sveitarfélaga. Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga vegur ekki þungt á móti. Rekstur margra sveitarfélaga er mjög erfiður og hefur sjaldan verið erfiðari. Flutningur á rekstri grunnskólanna frá ríkinu hefur verið þeim dýr. Skýringin er ekki sú að sveitarfélögin hafi ekki fengið nógar tekjur á móti yfirtöku þeirra heldur sú að nærþjónustan og metnaður sveitarfélaganna við að auka þjónustu sína hefur tekið til sín meiri rekstrarkostnað þar sem verið er að þjónusta umfram það sem lögbundið er. Nú er svo komið að flest sveitarfélög þurfa að fullnýta tekjustofna sína til að mæta aukningunni og dugar ekki til hjá mörgum sveitarfélögum.

Frú forseti. Ríkissjóður hefur komið til móts við sveitarfélögin með viðbótarfjármagni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða um 2,9 milljarða frá árinu 1999. Einnig hafa verið tryggðir fjármunir í gegnum jöfnunarsjóð til að aðstoða einstök sveitarfélög við sameiningu. Á næstu fimm árum erum við að ræða um 2,4 milljarða. Það eru helst minni sveitarfélög sem njóta framlaganna, sem er mjög eðlilegt. Við erum að ræða um litlar einingar þar sem það er mjög dýrt að sinna lögbundinni þjónustu. Jafnframt er staða landsbyggðar með þeim hætti að íbúum fækkar og skattgreiðendum fækkar þar af leiðandi líka. Þótt íbúum fækki er ekki alltaf hægt að spara hlutfallslega jafnmikið í rekstri því lögbundin og eðlileg þjónusta þarf að vera til staðar.

Frú forseti. Það er lykilatriði í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga að niðurstaða fáist í eitt skipti fyrir öll. Hvort sem um er að ræða ríkissjóð eða bæjarsjóði þurfa þeir aðilar sem veljast til þess að fara með yfirstjórn peningamála á viðkomandi stað að axla þá ábyrgð sem því fylgir að vera kosnir í þessi miklu ábyrgðarstörf. Með miklum skattalækkunum núverandi ríkisstjórnar er ljóst að það er ekki til endalaust svigrúm til að færa fjármagn til. En niðurstaða og lokatillögur í málinu þurfa að vera sanngjarnar svo báðir aðilar geti gengið sáttir frá borði.

[10:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég varð fyrir vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra. Þegar lagt var af stað í

samningaviðræðurnar settu sveitarfélögin sér þrjú meginmarkmið.

Í fyrsta lagi að bráðavandi verst stöddu sveitarfélaganna yrði leystur í gegnum jöfnunarsjóð til framtíðar, ekki bara plástursaðgerð sem dygði akkúrat núna, vegna þess að það er forsenda þess að þær tillögur sem sameiningarnefndin hefur gert við sameiningu sveitarfélaga gangi eftir, því það liggur fyrir flestum sveitarfélaganna að verða hluti af stærri heild og farið er með vandann í hinar nýju einingar.

Í öðru lagi lögðu þau áherslu á að núverandi tekjustofnar yrðu aðlagaðir lögbundnum, venjubundnum verkefnum sveitarfélaganna eins og þau eru í dag. Það er ekki gert í tillögunum sem koma frá ríkisvaldinu heldur er sagt: Takið þetta eða þið fáið ekki neitt.

Í þriðja lagi að þegar frá þessu hafi verið gengið sé hægt að fara að ræða um ný verkefni og tekjustofna sem eigi að fylgja þeim.

Hv. þm. Hjálmar Árnason, sem hefur komið dálítið mikið að vinnunni, sagði að menn yrðu að fara að gera það upp við sig hvort þeir vildu efla sveitarstjórnarstigið eða ekki. Það er meginmálið og það er kominn tími til þess að ríkisstjórnarflokkarnir geri þetta upp við sig. Það er kominn tími til þess að hæstv. félagsmálaráðherra geri þetta upp við sig en ekki síður hæstv. fjármálaráðherra sem ekki er hér.

Þegar þingmenn koma og segja að sveitarfélögin verði að spara — þetta er byggðavandinn í hnotskurn. (Gripið fram í.) Verst stöddu sveitarfélögin eru vítt og breitt um landið og hvað eiga þau að skera niður, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, hvað eiga þau að skera niður? Mega þau byggja skóla, leikvelli, leikskóla, íþróttahús og sundlaugar til þess að geta boðið upp á þá þjónustu sem boðið er upp á á höfuðborgarsvæðinu, mega þau það?

Það er alveg ljóst að tillögurnar (Forseti hringir.) leysa ekki vandann til frambúðar.

[11:00]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu sem er nú ekki sú fyrsta í vetur og sjálfsagt ekki sú síðasta.

Ég vil byrja á að brýna hv. þingmenn á því að við megum ekki í þessari umræðu rugla saman þessu tvennu, annars vegar tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þeirra verkefna sem sveitarfélögin annast núna og svo hins vegar þeirra hugmynda sem eru á borðinu um tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Það liggur fyrir einarður vilji ríkisvaldsins að þeim verkefnum fylgi viðeigandi tekjustofnar.

Þuríður Backman minntist á útsvarsprósentuna og fréttir um að vilji ríkisins stæði ekki til þess að heimila hækkun útsvarsprósentunnar. Það er rétt. Við höfum ekki léð máls á því. Ég veit ekki hvort það hefur farið fram hjá hv. þingmanni þar sem ég nefndi í fyrri ræðu minni að á síðasta ári voru rúmlega 30 sveitarfélög sem nýttu sér ekki að fullu heimild sína til álagningar útsvars og þrátt fyrir að 67 sveitarfélög hafi verið rekin með halla á árinu 2003 var ekkert þeirra sem nýtti sérstaka heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga til að hækka útsvarshlutfallið um 10%.

Ég hef þar að auki, hæstv. forseti, miklar efasemdir um að hækkun útsvarsprósentunnar sé það sem kemur verst stöddu sveitarfélögunum best. Ég hef miklar efasemdir um það og tel að aðrar leiðir komi þar betur að gagni.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson efaðist um vilja ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Það er ástæðulaust af hv. þingmanni að efast um það, ríkisstjórnin stendur öll að þessu verki og í það hefur verið lögð mikil vinna um langa hríð og stendur ekki annað til af hálfu ríkisins en að standa þétt við bakið á þeim sem að þessu verkefni hafa unnið.

Ég tek undir með hv. málshefjanda Margréti Frímannsdóttur að við erum að ræða um byggðavanda. Ef vel gengur við sameiningu sveitarfélaganna, eflingu sveitarstjórnarstigsins og tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga, er þar um leið um einhverja mestu byggðaaðgerð sögunnar að ræða.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, 3. umr.

Stjfrv. dómsmrh., 191. mál (heildarlög). — Þskj. 839, brtt. 840.

[11:02]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að mæla fyrir breytingartillögu við 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. og við 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. jafnframt.

Þetta mál er þannig vaxið að það fór til allsherjarnefndar sem stóð sameiginlega að breytingartillögum á því frumvarpi sem fyrir nefndina var lagt. Það atriði sem ég mæli hér breytingartillögu fyrir varðar birtingu á erlendum frumtexta milliríkjasamninga.

Sú afstaða mótaðist í allsherjarnefnd við meðferð málsins þar að fara bæri varlega við að innleiða hér heimildir til að taka upp tilvísunarleið í frumvarpinu, tilvísunarleið sem gerði það að verkum að hægt væri að birta í A-deild og B-deild með tilvísun til texta sem áður hafði birst í C-deildinni á erlendu frummáli. Fyrir þessu voru færð rök í nefndaráliti allsherjarnefndar.

Eftir að nefndarálitið kom út bárust mér sem formanni nefndarinnar athugasemdir frá utanríkisráðuneytinu sem fer með ábyrgð á birtingu þeirra texta sem þar fara í gegn. Ég kallaði því til funda í nefndinni og málið var nokkuð rætt þar.

Í kjölfar þess tefli ég fram þeirri breytingartillögu sem hér liggur frammi á þskj. 840 og felur það í sér að opnað er fyrir það að með lagasetningunni verði sérstaklega heimilað að beita tilvísunarleiðinni annars vegar þegar um er að ræða birtingu í A-deild og svo hins vegar þegar um er að ræða birtingu í B-deildinni, þá verði tilvísunarleiðin heimil þegar leyfi dómsmálaráðherra er fengið.

Ég tel að þessi breyting komi mjög til móts við þá aðila sem bera ábyrgð á birtingunni í þessum efnum og jafnframt sé gætt að þeim sjónarmiðum sem nefndin hafði í huga þegar hún ákvað að stíga varlega til jarðar í þessu efni. Ég tel að þessi breyting sé skynsamleg, sé nauðsynleg fyrir framkvæmdina og það sé í engu ógnað því meginmarkmiði sem nefndin hafði í huga á sínum tíma að það væri algjör meginregla að þeir textar sem rötuðu inn í Stjórnartíðindi til birtingar væru á íslensku.

[11:06]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Ég heyri það á sumum hv. þingmönnum, a.m.k. tveir þeirra hafa sagt að þeir eigi erfitt með að átta sig á út á hvað þetta mál gengur. Ég lái þeim það ekki því þetta hljómar sem mjög lagatæknilegt mál, en í rauninni varðar þetta ákveðin grundvallaratriði. Það er einmitt þess vegna, virðulegi forseti, sem ég vil meina að hv. allsherjarnefnd hafi komist að algjörlega samhljóða niðurstöðu í nefndaráliti sínu á sínum tíma.

Segja má að allsherjarnefnd segi eiginlega við ráðuneytið sem leggur það til að í raun sé heimilt að birta þjóðréttarsamninga eingöngu á öðru tungumáli þegar frumtextinn er ekki til á íslensku, með öðrum orðum að koma sér hjá því að þýða þennan texta. Þegar það er gert er um að ræða frávik frá þeirri óskráðu meginreglu að allur texti Stjórnartíðinda skuli vera á íslensku. Bent hefur verið á það í umsögnum, m.a. frá Lögmannafélaginu og lagadeild eða dósent við lagadeild Háskóla Íslands, að efast mætti um að slíkur texti hefði í rauninni nokkurt lagagildi þegar til þess kæmi að hann yrði skoðaður sem slíkur. Undir þetta tók hv. allsherjarnefnd í nefndaráliti sínu, sem ég ítreka enn og aftur að var algjörlega samhljóða. Með öðrum orðum töldum við að ráðuneytið væri að ganga of langt með því að koma sér hjá því að þýða slíkan texta.

Við höfum ákveðinn skilning á því og það var rætt heilmikið í allsherjarnefnd að þegar um er að ræða sérstaklega texta sem varðar t.d. flugöryggismál og er oft á tíðum eingöngu notaður á frummálinu eða á ensku, þá svona praktískt séð sé þjónustan ekki veitt í þeim tilgangi að þýða slíkan texta, en ef við gerum það ekki erum við eigi að síður að víkja frá þeirri óskráðu meginreglu um að allur texti Stjórnartíðinda skuli vera á íslensku og geti aðeins þannig orðið grundvöllur laga.

Í kjölfar þessarar umræðu í allsherjarnefnd fengum við strax í upphafi, virðulegi forseti, allar þessar ástæður sem ráðuneytið gaf sér fyrir því að nauðsynlegt væri að heimila þetta frávik. Við féllumst einfaldlega ekki á þessi rök ráðuneytisins. Í mínum huga hefur ekkert breyst í málflutningi þeirra sem gefur tilefni til þess að hvika frá þeim varnagla sem hv. allsherjarnefnd sló á sínum tíma.

Allsherjarnefnd gerir með öðrum orðum breytingartillögu við frumvarpið eins og það kom frá ráðuneytinu, sem felur það í sér að aðeins megi nota tilvísunaraðferðina ef um er að ræða reglur sem hafa verið birtar og þýddar á íslensku. Við viljum halda okkur við þessa grundvallarreglu. Um þetta var öll allsherjarnefnd sammála, meiri hluti og minni hluti og við samþykktum slíka breytingartillögu á hinu háa Alþingi fyrir nokkrum dögum, virðulegi forseti.

Síðan gerist það eftir að hv. allsherjarnefnd hefur komist að þessari niðurstöðu að ráðuneytið er enn að reyna að hafa áhrif á okkur með það að þetta sé of langt gengið, það sé svo mikið óhagræði af því að þurfa að þýða alla þessa texta. Þetta sé flókinn tæknilegur texti og menn noti hann hvort eð er á ensku o.s.frv. Þetta kaupir hv. formaður allsherjarnefndar, hv. þm. Bjarni Benediktsson, og hefur nú flutt breytingartillögu við breytingartillögu allsherjarnefndar, þar sem sú tillaga gengur út á þá viðbót að það eigi ekki við um birtingu samkvæmt 2. mgr. 4. gr., þegar um er að ræða tilvísunaraðferðina, nema annað verði ákveðið með lögum.

Þarna er hv. þingmaður að gera þá tillögu að það megi með ákveðnum lögum heimila birtingu erlends frumtexta milliríkjasamnings. Ég leyfi mér að efast um það, virðulegur forseti, að þetta standist skoðun. Ég er þeirrar skoðunar.

Þegar maður skoðar skýr ákvæði EES-samningsins, ég er að vísa til 1. mgr. 129. gr. samningsins, þá segir þar, með leyfi forseta:

„Textar gerða, sem vísað er til í viðaukunum, eru jafngildir á dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku, eins og þeir birtast í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins, og skulu með tilliti til jafngildingar gerðir á finnsku, íslensku, norsku og sænsku.“

Ég er þeirrar skoðunar, virðulegur forseti, og það hélt ég satt besta að segja að öll hv. allsherjarnefnd væri eftir umræðurnar í nefndinni að ekki væri heimilt í almennu lögunum, eins og þessi birtingarlög eru sem heita núna lög um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað og eru almenn lög, að heimila frávik frá skýrum bókstaf milliríkjasamnings sem hefur verið fellt úr lögum og er þar af leiðandi sérlög.

Ég efast því um að þetta standist og tel að þarna sé verið að ganga allt of langt, virðulegi forseti, í því að heimila íslenskum stjórnvöldum að koma sér hjá þeirri skýru skyldu sem þau hafa til að þýða þessar gerðir.

Það er rétt, virðulegi forseti, að koma aðeins inn á það í lokin að til hv. allsherjarnefndar kom minnisblað um hvaða umræddu gerðir þetta væru sem menn væru í vandræðum með að þýða og þetta væri eitthvað voðalega mikið og tæknilegt og erfitt að þýða. Það er talað um nýlega aðild EES- og EFTA-ríkjanna að flugöryggisstofnun Evrópu. Þar vísa menn til þess að þetta sé texti sem nánast eingöngu sé notaður á enskri tungu. Það má vel vera, en eigi að síður er skyldan til þýðingar skýr í mínum huga og hana á að framkvæma. Það er sagt að þetta séu reglur sem mundu verða dæmigerðar fyrir þær sem hentugast er að innleiða með tilvísunaraðferð og það mundi hljótast af því verulegur óþarfa kostnaður að þýða þær allar á íslensku, enda mundi enginn nota þær á því tungumáli.

Enn og aftur, við erum að víkja samt frá mjög mikilvægu grundvallaratriði um að allur texti Stjórnartíðinda skuli vera á íslensku.

Síðan er vísað til þess að fyrir utan járnbrautargerðirnar eru þrjár EES-gerðir sem teknar hafa verið upp í samninginn óþýddar. Það er tilskipun um íhlut í ökutæki á tveimur eða þremur hjólum. Það er reglugerð um evrópska þjóðhagsreikninga. Síðan er það tilskipun um flutning á hættulegum efnum á vegum.

Ég leyfi mér að spyrja, virðulegi forseti:

Er t.d. tilskipun um flutning á hættulegum efnum á vegum og um flutning á hættulegum farmi — er það eitthvað sem allt í lagi er að hafa bara á frummálinu? Ég segi nei.

Jafnvel, virðulegi forseti, þó að freistandi sé að skapa sér þetta hagræði, þá erum við með því að víkja frá mjög mikilvægu grundvallaratriði um að texti Stjórnartíðinda og íslensk lög skuli alltaf birta og grundvöll þeirra á íslenskri tungu.

Ég held það hafi verið rifjað upp hér við 2. umr. að athugasemdir komu líka frá íslenskri málnefnd um þetta. Ég

hef meiri áhyggjur persónulega og mestar áhyggjurnar af því að við séum með þessu að búa það hreinlega til að þetta standist ekki þegar á það kann að reyna fyrir dómstólum.

Ég held að við eigum ekki, virðulegi forseti, að vera að búa til slík frávik sem eru vafasöm. Ég bið hv. formann allsherjarnefndar, af því að ég sé að hann hefur beðið um andsvar eða hugsanlega er á leið í aðra ræðu, að svara þeirri spurningu hvort hann telji það ekki vafasamt að heimilt sé að veita þetta frávik frá meginreglunni sem kveðið er á með milliríkjasamningi og lögum byggðum á honum, sem er EES-samningurinn, í almennum lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Ég hef mikla fyrirvara við slíkar breytingar. Þess vegna munum við, fulltrúar Samfylkingarinnar í allsherjarnefnd, greiða atkvæði gegn breytingartillögu hv. þm. Bjarna Benediktssonar, formanns allsherjarnefndar. Væntanlega munum við ekki treysta okkur, þrátt fyrir að hafa í grundvallaratriðum verið mjög sátt við frumvarpið, sérstaklega eftir að nefndin gerði breytingar á því, til þess að styðja frumvarpið heldur, verði sú tillaga samþykkt. Við munum að sjálfsögðu styðja frumvarpið ef það verður samþykkt í þeirri mynd sem það kom upphaflega frá hv. allsherjarnefnd eftir 2. umr.

[11:16]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram kom í upphafi máls hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur. Þetta er dálítið tæknilegt mál og þess vegna er mjög auðvelt að þvæla það í tæknilegri umræðu.

Ef við stöldrum fyrst við það hvort eðlilegt sé að birtir séu í Stjórnartíðindum yfir höfuð textar milliríkjasamninga á erlendum tungumálum þá er það þannig, samkvæmt frumvarpinu sem hv. þingmaður studdi. Alveg frá upphafi var það í C-deildinni samkvæmt 4. gr., lagt til og allsherjarnefnd alfarið sammála um að það væri heimilt að birta eingöngu erlenda frumtexta milliríkjasamnings ef samningurinn varðaði afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni mætti ætlast til að skildi hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarra sérhæfingar. Þetta er þarna inni, var þarna inni og hefur ekki verið neinn ágreiningur um þetta atriði. (**BH:** ... með breytingartillögunni.)

Síðan ákveður nefndin að taka til sérstakrar skoðunar atriði sem vörðuðu birtingu í A-deildinni, þ.e. hvort það mætti taka upp í A-deildina birtingu sem vísaði til birtingarinnar á erlenda frumtextanum. Þar staldraði allsherjarnefndin við og sagði: Ja, við skulum ekki ganga of greitt, stígum varlega til jarðar. Við viljum þetta ekki nema það sé búið að tryggja íslenska þýðingu í C-deildinni.

Frávikið sem ég mæli hér fyrir varðar eingöngu það að löggjafinn sjálfur geti ákveðið að óþarft sé að gera þýðingu á viðkomandi efni úr C-deildinni að skilyrði. Ég trúi því og treysti að hv. þingmaður og þingmenn almennt treysti Alþingi til að meta þetta. Hér er ekki verið að opna almenna heimild fyrir framkvæmdarvaldið til að birta í A-deildinni á frumtextanum heldur mun Alþingi taka það til sérstakrar skoðunar hverju sinni.

[11:18]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður hlýtur að þurfa að svara því hvað hefur breyst frá því hann lagði til hér fyrir nokkrum dögum, sem við samþykktum tillögu um og vorum öll samstiga um það í hv. allsherjarnefnd, að bæði hvað varðar A-deild og B-deild Stjórnartíðinda að aðeins megi nota tilvísunaraðferðina ef um er að ræða reglur sem hafa verið birtar og þýddar á íslensku. Við gerðum þessa breytingu og með þeirri breytingu gat ég með glöðu geði treyst mér til að styðja frumvarpið í þeirri mynd sem það er í dag, þ.e. eftir að við samþykktum þá tillögu við 2. umr.

Núna hefur hv. þingmaður lagt til að snúa örlítið til baka, vinda örlítið ofan af því sem við samþykktum í hv. allsherjarnefnd og hv. þingmaður samþykkti líka, að það eigi ekki við um birtingu samkvæmt 2. mgr. 4. gr. nema annað verði ákveðið með lögum. Annars vegar vill hann heimila þessa undanþágu með lögum hvað varðar A-deildina og hins vegar með leyfi dómsmálaráðherra hvað varðar B-deildina.

Mér finnst það ekki hafa komið skýrt fram hjá hv. þingmanni hvað veldur þessari breytingu hans. Allsherjarnefnd var um það innilega sammála að hafa ætti allan vara á þessari heimild. Hv. þingmaður hefur ekki heldur svarað því hvernig hann sér það standast að heimila þetta frávik í almennum lögum á meðan skýr texti laganna um EES hljóðar á um að gerðirnar skuli þýddar.

Þessu hefur hv. þingmaður ekki svarað. Þar af leiðandi er málflutningur hans í tengslum við þessa breytingartillögu afar ósannfærandi. Ég vil endilega að hv. þingmaður geri tilraun til þess að útskýra hvað valdið hefur þessari stefnubreytingu því að um þetta var fullkomin eining í allsherjarnefnd á sínum tíma.

[11:20]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. þingmanni sé fullkunnugt um hvað hafi valdið því að ég ákveð að leggja fram þá breytingartillögu sem ég mælti fyrir. Þegar nefndin afgreiddi frá sér málið höfðu ekki komið fram sannfærandi upplýsingar frá ráðuneytinu. Það var einfaldlega þannig. Ég rakti það í framsögu minni að utanríkisráðuneytið kom að máli við mig. Við höfum fundað með utanríkisráðuneytinu eftir að nefndarálitið var gefið út. Færð voru fyrir því rök að mjög varlega yrði stigið til jarðar þótt löggjafanum sjálfum væri heimilt að taka ákvörðun um það hverju sinni hvort beita mætti tilvísunaraðferðinni. Ég fellst á það sjónarmið og tel að þrátt fyrir allt sé mjög varlega farið.

Varðandi EES-gerðirnar sérstaklega vil ég ítreka að við erum hér að tala um algjör undantekningartilvik. Auðvitað er allur texti sem ratar inn í A-deildina í öllum aðalatriðum byggður á því sem þýtt hefur verið á íslensku. Ég þori að fullyrða að svo er í 99% tilvika. Hér er um afskaplega afmörkuð tilvik að ræða í mjög tæknilegum málum þar sem hópur sérfræðinga starfar með viðkomandi reglur. Sá hópur sem starfar á grundvelli þeirra reglna gerir ekki einu sinni tilkall til að þetta verði þýtt á íslensku og skilur ekki í því.

Þessi leið er jafnframt farin annars staðar. Ég vek athygli á því að þrátt fyrir allt er þetta að mínu áliti betri

framkvæmd en tíðkast hefur hingað til vegna þess að það hefur oft gerst hingað til að segja einfaldlega í Stjórnartíðindunum að viðkomandi samningur hafi verið gerður, hann liggi frammi í ráðuneytinu og hann hafi ekki verið birtur.

Að öðru leyti, um EES-gerðirnar, vil ég bara ítreka að ég tel að þetta hafi engin áhrif á skuldbindingargildi EES-gerðanna.

[11:22]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að enn þá hafi ekki komið fram sannfærandi rök frá ráðuneytinu fyrir því að vinda ofan af því sem allsherjarnefnd var sammála um. Ekkert í málflutningi þeirra hefur breyst. Á hinn bóginn sagði fulltrúi ráðuneytisins m.a. að það hefði komið honum á óvart hve fáar gerðir ættu í hlut.

Ég sé ekki nokkur einustu rök fyrir því að fara þessa leið. Deilan snerist aldrei um C-deildina en hins vegar vildi allsherjarnefnd taka af allan vafa um A- og B-deildina á sínum tíma. Í mínum huga hafa ekki komið fram nein rök sem breyta því. Það er verið að heimila að opna fyrir þann möguleika að EES-gerðir séu innleiddar í íslensk lög óþýddar. Það tel ég mjög vafasamt að gera, virðulegi forseti, og vil í raun ekki veita frá því nokkra undanþágu.

Við erum ekki sammála um þetta, ég og hv. þm. Bjarni Benediktsson. Hann hefur sannfærst um að rétt sé að vinda örlítið ofan af því sem allsherjarnefnd kom sér saman um í nefndaráliti sínu og breytingartillögunni við 2. umr. Ég er ekki sannfærð um það en ég er jafnsannfærð, eftir sem áður, um að texti þessara laga hefði verið réttari í þeirri mynd sem við samþykktum hann við 2. umr. Ég leyfi mér að efast stórlega um að hann standist í þeirri mynd sem hann yrði í með umræddri breytingu, m.a. með tilliti til þess hvort setja megi slíka heimild í almenn lög þegar skýrt er kveðið á um það í sérlögum á grundvelli milliríkjasamnings að gerðirnar skuli þýddar. Hv. þingmaður hefur ekki heldur svarað skýrt spurningunni um hvort hann telji slíka aðgerð standast.

[11:24]

Mörður Árnason:

Forseti. Það kemur nokkuð ankannalega fyrir sjónir, manni utan allsherjarnefndar, að hér skuli formaður nefndarinnar flytja einn og sjálfur breytingartillögur eftir að önnur umræða hefur farið fram, en ekki nefndin öll eða a.m.k. meiri hluti hennar. Hv. þm. Bjarni Benediktsson upplýsti að utanríkisráðuneytið, sem flytur ekki þetta mál í upphafi, þ.e. utanríkisráðherra hæstvirtur, heldur dómsmálaráðherra, hafi rætt sérstaklega við hann um að það kunni að vera dýrt og óhagræði af því að hafa þetta eins og allsherjarnefndin var þó búin að ákveða og samþykkja í atkvæðagreiðslu eftir 2. umr.

Þá spyr maður að því, forseti, hvaða neyðarástand sé hér á ferðinni eða þau gríðarlegu mistök í uppsiglingu sem valda því að hæstv. utanríkisráðherra kallar formann allsherjarnefndar sérstaklega á sinn fund til að koma í veg fyrir þetta með heill og gagn þjóðarinnar og ókominna kynslóða fyrir augum. Það kemur í ljós að það er of dýrt að mati hæstv. utanríkisráðherra og nú hv. formanns allsherjarnefndar að íslenskir þegnar, íslenskir borgarar, geti lesið lög sín á íslensku.

Það á auðvitað ekki að gera lítið úr þeim vanda sem skapast við það að við eigum löggjöf sameiginlega með öðrum þjóðum sem tala aðra tungu. Ég minni í þessu samhengi á að ég flutti í fyrra tillögu sem þá var vísað til ríkisstjórnarinnar um að kanna réttarstöðu íslenskrar tungu Það var ekki frumvarp heldur þingsályktunartillaga. Þessari tillögu var nokkuð vel tekið á þinginu. Hún var sum sé ekki svæfð í nefnd heldur vísað til ríkisstjórnarinnar. Nú er mig farið að gruna að það sé eiginlega verra en að fá mál séu svæfð í nefnd því að ríkisstjórnin hefur ekkert aðhafst í þessu, hvorki forsætisráðherra, sem minnst var sérstaklega í þeirri tillögu, né menntamálaráðherra, sem málið er skylt, og séu þeir báðir hæstvirtir.

Þar var m.a. getið um þá þörf sem væri á að skapa, fyrst og fremst í stjórnarskrá eða með sérstökum lögum, gjarnan bæði í stjórnarskrá og með sérstökum lögum, ákveðnar leiðbeiningar eða reglur um hvernig við viljum haga okkur hér á landi í næstu framtíð. Í fyrsta lagi hvað varðar stöðu íslenskunnar. Í öðru lagi varðandi íslenskt táknmál fyrir heyrnarlausa, sem telst vera móðurmál ákveðins hóps af Íslendingum. Í þriðja lagi varðandi stöðu nýbúamála, hvernig við ætlum að koma þeim fyrir. Í fjórða lagi varðandi stöðu mála sem geta talist alþjóðamál, sem við erum hér að takast á við.

Ég held að þetta mál og reyndar önnur sem hér hafa komið upp, t.d. tillaga 15 sjálfstæðismanna um að fella niður þýðingarskyldu á útsendingum í sjónvarpi, mál sem eru sífellt að koma upp og varða núninginn milli móðurtungu okkar og annarra mála, séu afleiðing af þróun alþjóðavæðingar og auknum samskiptum okkar við útlönd á síðari árum. Þau mál sýna að full þörf er á að samþykkja þá tillögu sem ég flutti um það efni eða aðra í hennar dúr. Hún var nú ekki viðameiri en svo að hún gerði ráð fyrir að skipuð yrði nefnd til að kanna þessa hluti og fara í gegnum þá, m.a. í því að fara í gegnum ákveðna texta sem ég tók til, einn þeirra fróðlegan eftir Þór Vilhjálmsson, lögfræðing og lagaprófessor með meiru.

Hér er auðvitað þess að gæta, og þess vegna er ég hér kominn fyrst og fremst, að okkur ber að gæta íslenskra hagsmuna. Íslenskir hagsmunir eru m.a. hagsmunir íslenskrar tungu, að íslensk tunga sé móðurmál á landinu og njóti þeirrar stöðu sem eðlilegt er að hún njóti.

Minnt skal á að í fjölmörgum stjórnarskrám annarra ríkja, einkum þeim nýlegri, er þetta tekið fram um móðurtungu, oft í tengslum við ákvæði um mál minni hluta eða mál sem aðrir íbúar í landinu tala, en þó ekki endilega. Þetta er t.d. tekið fram í stjórnarskránni frönsku og hefur verið, hygg ég, allt frá 1792. En ég þori þó ekki að fara með það því að ég hef ekki rannsakað það nákvæmlega. Þar er franska sum sé þjóðartunga Frakka.

Þetta ber okkur að hafa í huga og mér finnst á móti þessu gengið með þeirri tillögu sem hæstv. utanríkisráðherra hefur nú látið hv. formann allsherjarnefndar flytja hér eftir 2. umr. málsins um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Það er auðvitað ekkert bara þetta. Fyrir utan þau rök sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir færði hér fram um að þetta væri sennilega óleyfilegt samkvæmt þeim samningum

sem við þegar höfum gert við erlendar þjóðir, innan ramma Evrópska efnahagssvæðisins, er auðvitað spurning hér um jafnræði þegnanna. Þegar lög eru sett og samningar staðfestir eiga þegnarnir að eiga kost á því, með þeim venjulegu hæfileikum sem þeir eru útbúnir sem Íslendingar, að kynna sér þessi gögn. Fyrir því er, forseti, gert ráð í almennum reglum sem m.a. tiltaka að menn sem brjóta lög geti ekki fært það sér til afsökunar að hafa ekki séð þau. Af þeim sökum hvílir mjög rík skylda á stjórnvöldum að lögin séu aðgengileg. Þess vegna eru Stjórnartíðindi og Lögbirtingablaðið gefin út. Þess vegna er t.d. lagasafnið á netinu. Það varð ofan á fyrir einum 10 árum, eftir að gerðar höfðu verið sérstakar athugasemdir við það að í upphafi átti að gera safnið að þætti í rekstri fyrirtækis þannig að menn ættu ekki kost á því að komast í lagasafnið á netinu. Það hefur nú verið lagað og það er samkvæmt þessum sjónarmiðum um samskipti yfirvalda og borgara í landinu.

Enn er það auðvitað röksemd í þessu að ef lögin liggja ekki fyrir á þeirri tungu sem töluð er í landinu og er þar móðurtunga er ekki hægt að tala um að jafnaðarreglan sé í gildi. Menn halda stundum að allir Íslendingar tali ýmis önnur tungumál en íslensku. Að einhverju leyti gera þeir það. Menn geta keypt í matinn og kannski fengið sér bjór í útlöndum á einhverju þeirra tungumála sem skiljast þar, ensku, skandinavísku eða einhverri blöndu af þessum málum og heimamálinu, en jafnvel kunnátta í ensku er ekki eins almenn hér og við gjarnan hrósum okkur af. Þegar komið er að ensku af því tagi sem viðgengst í lagatextum skilur ekki mikill meiri hluti manna það mál vel. Bara af þeim ástæðum verður að mæla á móti því að enska sé jafngild íslensku með þessum hætti sem hér stendur til þó að um afmörkuð atriði sé að ræða.

Ég vil segja það að í þeirri tillögu sem ég flutti og ríkisstjórnin hefur nú til meðferðar, þótt lítill árangur hafi sést af þeirri meðferð, var líka rætt um tiltekna þjónustu við þegnana. Í minni tillögu var rætt um það að í tilvikum nýbúa og útlendinga væri íslenska ríkinu skylt að annast ákveðna þjónustu við þá þar sem þeir skildu ekki íslensku, annaðhvort alls ekki eða þá ekki nógu vel til að geta kynnt sér lög og reglur sem yfirvöld gefa út. Yfirvöld ætlast hins vegar til þess að ekki bara borgarar landsins heldur líka þeir útlendingar sem hér eru staddir fari eftir umræddum lögum og reglum.

Meðan við höfum ekki neina slíka þjónustu í gangi er í raun og veru varasamt að fara á nokkurn hátt út á þá braut sem gert er í þessu frumvarpi með samþykki allrar nefndarinnar, hvað þá það sem varðar hina umdeildu tillögu, án þess að um leið sé mælt fyrir um það að innan ráðuneytanna eða stjórnvaldsstofnana eða á einhverjum sérstökum stað sé hægt að leita til túlka og þýðenda sem geti leyst úr ákveðnum vandamálum sem upp geta komið við að lesa texta á ensku eða hvaða öðru tungumáli sem vera skal. Það er ábyrgðarlaust að setja ekki fram slíkar reglur.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson minntist á að það hlyti að vera í lagi að Alþingi sjálfu yrði falið að ákveða þetta í hvert skipti. Í því fannst mér eins og væri sá tónn að þeir sem væru á móti tillögu hans treystu þá ekki Alþingi og alþingismönnum. Það er auðvitað fráleitt. Það er hins vegar svo að þó að ég hafi bara verið stuttan tíma hér á þingi, þó jafnlangan og hv. þm. Bjarni Benediktsson og kannski ívið lengri reyndar, hef ég þegar séð það í ýmsum stjórnarfrumvörpum að tilmæli um að hagræðingarráðstöfunum sem koma niður á íslenskri tungu og jafnrétti þegnanna í landinu er eins og laumað inn í langa lagabálka. Oft er erfitt að veita þeim einhverja fyrirstöðu því að þau lög sem hér eru helst samþykkt koma ekki frá þingmönnum sjálfum og hafa fengið mismikla meðferð í nefndum á þinginu.

Það er eins og ég segi eðlilegt að þetta sé rætt. Það ætti að gera á þeim vettvangi sem ég lagði til, í sérstakri nefnd sem stjórnvöld veldu, launuðu og byggju málið í hendurnar á. Hún gæti síðan útbúið reglur fyrir okkur að íhuga, m.a. með sérstöku stjórnarskrárákvæði sem síðan hefði afleidd lög.

Ég vil líka segja að það er eðlilegt að menn líti til einhvers konar hagræðis á þessu sviði, ég get vel skilið það, en ég skil hins vegar ekki þessa sérstöku aðferð sem hv. þingmaður hefur við þetta mál, og hæstv. utanríkisráðherra. Það er af sem áður var þegar Sjálfstæðisflokkurinn taldi sig vera sérstakan málsvara íslensks þjóðernis, og þar á meðal íslenskrar tungu, í krafti þeirrar sögu sem hann vissulega á. Nú er það hæstv. utanríkisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, og hv. þm. Bjarni Benediktsson, ein af vonarstjörnum þessa flokks, sem ætla sér að spara á íslenskri tungu og jafnrétti þegnanna. Í gær eða fyrradag vildu 15 sjálfstæðismenn aftur gefa sérstakan afslátt á íslenskri tungu og á jafnrétti þegnanna, meira að segja á börnum og unglingum í landinu, vegna þess að þeim þótti það annars vegar líklegt til vinsælda og hins vegar þótti þeim það létta á rekstri Skjás eins í eigu Símans, sem er fyrirtæki sem Sjálfstæðisflokknum er ákaflega annt um að komist í hendurnar á réttum mönnum fyrr eða síðar. Þessir sjálfstæðismenn tóku undir dellumakarí sem forstöðumenn Skjás eins höfðu komið sér upp til að spara 25 þús. kr. á hvern útsendan knattspyrnuleik og spara einnig hinum svokölluðu gestgjöfum knattspyrnuáhugamanna sem voru að mig minnir Flugleiðir, Actavis, Visa Ísland og ég kann ekki að telja fleiri upp hér í stólnum. Ég skil ekki í öðru en að gestgjafarnir hafi þegar talað við Skjá einn, Símann og væntanlega Sjálfstæðisflokkinn líka um að rétta hlut sinn. Það er þeim auðvitað til mikillar háðungar og armæðu að Skjár einn, Síminn og Sjálfstæðisflokkurinn skuli bera það upp á þessi góðu fyrirtæki að þau séu svo blönk og nísk og smásmuguleg að þau tími ekki að borga fyrir einn íþróttafréttamann á vakt á hverjum degi.

Þetta er ömurlegur kafli í sögu Sjálfstæðisflokksins og ég vona að flokkurinn beri gæfu til þess að snúa af þessari braut og ganga aftur í bandalag annarra stjórnmálaflokka hér á Íslandi um að halda við íslenskri tungu á þeim nýju tímum sem nú eru að renna upp og með fullu tilliti til þeirrar jákvæðu aukningar á samskiptum í heimsþorpinu sem nú er að verða.

Ég ætla ekki að samþykkja þessa tillögu hv. þm. Bjarna Benediktssonar og skora á hann að draga hana til baka, ræða e.t.v. við fleiri ráðherra og skoða betur hug sinn en standa ekki hér uppi sem sérstakur árásarmaður á íslenska tungu, þótt í litlu sé, án þess að hafa á bak við sig neinar þær reglur eða neinn þann málstað sem geti varið þessa einkennilegu málsmeðferð í 3. umr. um ágætt mál.

[11:41]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Þetta mál hefur átt sér svolítið langan aðdraganda í allsherjarnefndinni. Við byrjuðum að ræða það fyrir jól og fljótlega kom í ljós að ákveðnar efasemdir voru meðal allra nefndarmanna hv. allsherjarnefndar hvað laut að þýðingum EES-gerðanna.

Fyrst ber kannski að nefna að megintilgangur þessa frumvarps lýtur að því að heimila rafræna birtingu á stjórnvaldsfyrirmælum og lögum sem í sjálfu sér er jákvætt að mínu mati. Hins vegar rakst hv. allsherjarnefnd mjög fljótlega á ákveðinn vafa sem laut að þýðingu EES-gerðanna. Ég held að þetta mál sé einmitt spurning um togstreitu milli hagræðisembættismanna, lagatextanna og þeirra grundvallaratriða sem lögin byggja á.

Ég held að gríðarlega mikilvægt sé fyrir hv. þingmenn að vera á bremsunni þegar embættismenn leita eftir heimildum og öðru slíku í nafni hagræðis, þegar teflt er í tvísýnu hvort það standist lög. Hér er um að ræða EES-samninginn. Hann er ekki bara milliríkjasamningur, hann er lög. Það er búið að lögfesta EES-samninginn þannig að hann er alveg eins og hver önnur lagaákvæði sem gilda hér á landi.

Hér er um að ræða afskaplega afdráttarlausa skyldu til þýðinga á EES-gerðinni, 129. gr. EES-samningsins. Orð eins og „skulu" og „gerðir" á íslensku koma fram í þeirri grein. Ég sé ekki hvernig þessi grein EES-samningsins veitir það svigrúm sem breytingartillaga hv. þm. Bjarna Benediktssonar lýtur að. Þetta er skýrt orðalag hvort sem við viljum það eða ekki. Þótt við vildum kannski vísa í eitthvert hagræði eða annað slíkt sé ég ekki hvernig við getum komist fram hjá þeirri afdráttarlausu skyldu sem er nú þegar í lögunum.

Breytingartillaga allsherjarnefndar sem bæði minni hluti og meiri hluti samþykktu og ákváðu að leggja fyrir þingið og var samþykkt hérna fyrir nokkrum dögum laut að því að heimildina sem um er að ræða í 2. gr. og 3. gr. megi ekki nýta til að innleiða óþýdda þjóðréttarsamninga í landsréttinn með tilvísunaraðferð. Þetta var skilningur og vilji meiri hluta nefndarinnar þegar við lögðum fram þessa breytingartillögu. Í millitíðinni bárust athugasemdir frá utanríkisráðuneytinu, og í kjölfarið á því frá dómsmálaráðuneytinu, um að þetta mundi takmarka svigrúm þeirra of mikið og að þetta væri afskaplega óheppilegt þegar kæmi að ákveðnum lagagerðum sem mönnum fannst ekki praktískt að þýða.

Ég get alveg tekið undir að það er ekkert praktískt að þýða járnbrautagerðir hér á landi. Hins vegar eru þær hluti af EES-gerðinni, þar af leiðandi á lögunum og þar af leiðandi á að þýða þær. Síðan má deila um aðrar gerðir sem ráðuneytið vísaði til að ætti ekki að þýða, eins og evrópska þjóðhagsreikninga eða tilskipun um flutninga á hættulegum efnum og jafnframt ákveðnar flugreglur.

Hversu þægilegt sem við teljum það vera að sleppa því að þýða þessar gerðir er sú skylda á okkur að þetta skuli verða þýtt. Á meðan EES-samningnum hefur ekki verið breytt hvað þetta varðar teljum við okkur ekki komast fram hjá því.

Það er fróðlegt að rifja það upp að þegar frumvarpið var lagt fyrst fram sögðu fulltrúar ráðuneytisins að hugsunin bak við það væri ekki að heimila óþýddar EES-gerðir í landsréttinn. Nefndin vildi taka af allan vafa, gerði þessa breytingartillögu sem við samþykktum við 2. umr. málsins og setti í nefndarálit sitt þar sem meiri hluti og minni hluti voru báðir sammála. Þar stendur, í nefndaráliti allrar allsherjarnefndar, með leyfi forseta:

„Til að taka af allan vafa telur nefndin þó rétt að bæta við 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. ákvæði þess efnis að þær heimildir sem þar eru nefndar til að vísa til birtingar skv. 4. gr. laganna eigi eingöngu við um reglur sem hafi verið birtar og þýddar á íslensku."

Síðan eftir að við erum búin að samþykkja þetta koma athugasemdir frá embættismönnunum um að þetta gæti valdið þeim einhverju óhagræði.

Þess vegna treysti ég mér ekki til að styðja þetta mál í ljósi skýrs lagatexta og lagaskyldu á okkur um að þýða EES-gerðirnar hvort sem við viljum það eða viljum ekki og burt séð frá öllu hagræði. Ég held að í þessu samhengi sé mjög mikilvægt að þingmenn séu á bremsunni þegar embættismenn kalla eftir heimildum til hagræðis og annars slíks. Hér er í húfi ákveðinn lagatexti, ákveðin grundvallaratriði sem við höfum í raun ekki svigrúm til að breyta, að mínu mati, eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson er að leggja til í sinni breytingartillögu við breytingartillöguna. Mig grunar að hv. þingmenn stjórnarmeirihlutans séu að einhverju leyti að leggja fram þessa breytingartillögu við breytingartillöguna með talsvert óbragð í munni. Í ljósi þess hvernig umræðan var í allsherjarnefndinni þá vildu menn fara varlega í þetta. Þeim fannst skýrt að tilgangurinn hefði ekki verið að opna á óþýddar EES-gerðir. En nú er verið að gera það annars vegar með almennum lögum eða með leyfi ráðherrans og þá er ég að tala um í tilviki B-deildarinnar.

Ég held því að á meðan við höfum þessa skyldu í 129. gr. EES-samningsins, sem er bæði lagaleg skylda og þjóðréttarlegs eðlis, getum við ekki farið þá leið sem felst í breytingartillögu við breytingartillögu sem hv. þm. Bjarni Benediktsson leggur til að við samþykkjum hér.

[11:47]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst málflutningur hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar dálítið sérstakur. Hann gerði mikið úr nauðsyn þess að allar EES-gerðir yrðu þýddar og engar undantekningar gerðar frá þeirri þýðingarskyldu. Hann var kaþólskari en páfinn í þeim efnum. Menn hafa nánast snúið þessu máli upp í andhverfu, finnst mér, og láta eins og íslenskri tungu stafi hætta af þeim breytingum sem hér er lagt til að gerðar verði á lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblað, eins og að lagasafnið væri gefið út á frönsku og þá jafnvel útgefið í Brussel. Auðvitað er þetta ekkert þannig. Það er bara verið að leggja til heimild fyrir löggjafann sjálfan til þess að birta tilteknar gerðir, ef honum sýnist svo, á takmörkuðu sviði, reglur um flug og reglur um kannski járnbrautir og sporvagna, einhver atriði sem skipta okkur Íslendinga kannski ekki mjög miklu máli.

Hv. þingmaður lýsti því yfir að hann sæi sér ekki fært að styðja þetta mál í ljósi þeirra breytinga sem hér koma fram og þeirrar miklu hreintrúarstefnu sem hann talaði hér fyrir. Það er nú sérstaklega furðulegt í ljósi þess að þingmaðurinn sjálfur stendur að nefndaráliti um og samþykkti að í lögin

yrði leidd regla sem fram kemur í 2. mgr. 4. gr. þar sem beinlínis er heimilað að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætla að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar og annarrar sérhæfingar. Þingmaðurinn var með öðrum orðum eftir 2. umr. tilbúinn til að gera ákveðnar tilslakanir á þessum grundvallarprinsippum sínum en hefur nú horfið frá þeim tilslökunum. Ég vil fá að vita (Forseti hringir.) hvað hefur gerst í huga hv. þingmanns sem veldur þessari stefnubreytingu.

[11:49]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Málflutningur hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar er með ólíkindum. Hann er að væna mig um að hafa skipt um skoðun í miðjum leik. Það er hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sem er núna að leggja fram breytingartillögu við breytingartillögu sem hann samþykkti fyrir aðeins örfáum dögum. Þetta er grundvallarbreyting sem opnar á það að ákveðnar EES-gerðir verði ekki þýddar. Hann talaði um 4. gr. Hún lýtur að því, eins og frumvarpið leit út í upphafi, að heimilt sé að birta eingöngu erlenda frumtexta milliríkjasamninga. Ég stend alveg við það. Ég er hlynntur þeirri heimild. En ég tel að það eigi ekki við EES-samninginn. Ég veit ekki hvort hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson áttar sig á því að EES-samningurinn er ekki eins og hver annar milliríkjasamningur. Hann er lög.

Hv. þingmaður talar um að ég sé kaþólskari en páfinn og talar um hreintrúarstefnu. En það vill nú svo til að hv. þingmaður var nú á þessari skoðun í allsherjarnefndinni og stóð fyrir breytingartillögu sem ég studdi m.a. og hún var einmitt í þá átt sem ég er að lýsa, þ.e. að EES-gerðirnar skuli ætíð vera þýddar. Seinni tíma viðbót, til komin vegna frumkvæðis embættismanna, gerir afstöðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar afskaplega skringilega því hv. þingmaður er að opna hér á leyfi bæði hjá ráðherranum og hjá löggjafanum til þess að ákveðnar EES-gerðir verði ekki þýddar. Um það snýst málið. Hann kemst ekkert hjá þeirri lagalegu skyldu sem er nú í EES-samningnum, sem er lög, þ.e. í 129. gr. sem lýtur að því að EES-gerðirnar skuli þýddar hvort sem við viljum það eða viljum það ekki. Þetta er bara skýr lagaleg skylda og við komumst ekkert hjá því.

Við höfum hins vegar svigrúm þegar kemur að öðrum milliríkjasamningum sem eru ekki lög til að hafa þá eingöngu á frumtextanum og 2. mgr. 4. gr. lýtur að því. Ég er sammála þeirri heimild. En ég set stoppmerki við þegar kemur að EES-gerðunum því þar er um að ræða lög sem hafa gildi í okkar landsrétti. Við komumst ekkert hjá þeirri skyldu. Fróðlegt væri að vita hvernig hv. þingmaður rökstyður (Forseti hringir.) það hvernig hann kemst framhjá þeirri skyldu (Forseti hringir.) sem er í 129. gr.

[11:52]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegur forseti. Þetta er ágætisumræða um málið og endurspeglar ýmis sjónarmið sem tekist var á um í nefndinni áður en nefndarálitið var gefið út og komu fram á fundum nefndarinnar með fulltrúa utanríkisráðuneytisins eftir að nefndarálitið var gefið út.

Ég ætla aðeins til upprifjunar að rekja feril þessa máls til þess að draga upp skýrari mynd af því sem við erum að fjalla um. Mér finnst að menn hafi aðeins farið út af sporinu í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað hér í dag.

Í frumvarpinu sem var lagt fram fyrir áramót er í greinargerð með 4. gr., sem hér kemur mjög til umfjöllunar, farið yfir það viðkvæma atriði sem tekist er á um í umræðunni í þingsal í dag. Ég leyfi mér, með leyfi forseta, að lesa aðeins upp úr greinargerðinni:

„Í 2. mgr. er að finna heimild til að birta milliríkjasamninga á erlendu máli þegar frumtexti samnings er ekki á íslensku. Hér er um að ræða frávik frá þeirri óskráðu meginreglu að allur texti Stjórnartíðinda sé á íslensku. Heimildin er bundin því afdráttarlausa skilyrði að viðkomandi samningur varði afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar. Heimildin á við um umfangsmikla samninga (eða viðauka við samninga) þegar sá hópur manna sem þeir varða hefur augljóslega nægilega kunnáttu til að kynna sér efni þeirra án sérstakrar þýðingar á íslensku."

Ég endurtek þetta, með leyfi forseta:

„... sá hópur manna sem þeir varða hefur augljóslega nægilega kunnáttu til að kynna sér efni þeirra án sérstakrar þýðingar á íslensku."

Síðan segir í framhaldinu, með leyfi forseta:

„Hafa ber í huga að heimilt er að vísa til birtingar skv. 4. gr. frumvarpsins þegar milliríkjasamningar eru lögleiddir með settum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Þarf því að beita umræddri heimild með varfærni, sérstaklega ef um er að ræða refsireglur eða aðrar íþyngjandi reglur. Í vafatilvikum væri hægt að láta íslenska þýðingu milliríkjasamnings fylgja með settum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem lögfestu ákvæði slíks samnings við birtingu þeirra í A- eða B-deild, ef slíkri þýðingu samningsins hefur verið sleppt við birtingu hans í C-deild Stjórnartíðinda."

Það hefur því verið ljóst alveg frá upphafi að menn voru meðvitaðir um að það bæri að stíga varlega til jarðar vaðandi þessa heimild, sérstaklega út af þeirri tilvísunarreglu sem er innbyggð í frumvarpið.

Það gerðist síðan þegar allsherjarnefndin fór yfir málið, m.a. með frumvarpshöfundum og þeim ráðuneytum sem málið snertir, að nefndinni þótti skorta nokkuð á að það lægi skýrt fyrir fyrir hvað væri nákvæmlega verið að opna. Menn vildu geta fest fingur á hvaða gerðir þetta væru, hvers konar samningar þetta væru sem menn óska eftir heimild til að nota tilvísunarleiðina til þess að koma inn í A-deildina.

Þar sem nefndinni þótti ekki hafa komið fram nægilega skýr svör í þessu efni var sú leið farin sem ég studdi svo sannarlega og birtist í nefndaráliti allsherjarnefndar um að taka af allan vafa í þessu efni. Var því bætt við 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. ákvæði þess efnis að tilvísunarleiðin væri einungis heimil þegar þær reglur sem birtar hefðu verið á grundvelli 4. gr. laganna hefðu verið þýddar á íslensku. Með öðrum orðum féllst nefndin ekki á eða hún vildi ekki einungis fara varlega heldur vildi hún, þar sem ekki lá fyrir um hvað var hér að ræða, nánast skrúfa bara fyrir þennan möguleika.

Við þessu bárust athugasemdir. Þá var kallað eftir frekari skýringum. Það er á grundvelli þeirra skýringa sem nefndinni bárust í framhaldi af þessu sem ég tefli fram þeirri breytingartillögu sem ég hef hér mælt fyrir og ég hreinlega frábið mér alla umræðu um að hér sé íslenskri tungu stefnt í hættu. Mér finnst sú umræða alveg með ólíkindum, algjörlega með ólíkindum vegna þess að hér er um slíkar undanþágur að ræða frá þeirri meginreglu sem allir eru sammála um, að íslensk lög og reglur séu birtar þegnunum á íslensku, að mér finnst tilefnið til að blanda slíkri umræðu inn í þetta þingmál vera afskaplega léttvægt.

Það sem mestu máli skiptir hér er það að hafi menn ætlað eða séu reiðubúnir til þess að gera eitthvert frávik frá þeirri reglu að í A-deild og B-deild sé ekki vísað til birtingar nema gerðirnar hafi verið þýddar á íslensku þá er varla hægt að stíga varlegra skref en að láta matið í þessu efni í hendur Alþingis. Hvernig er hægt að stíga með nokkrum hætti varlegar til jarðar en að gera það einmitt þannig? (Gripið fram í.) Varðandi B-deildina þá er matið í þessu efni í höndum ráðherrans og ég vek athygli á því að það er í höndum annars ráðherra en þess sem fer með birtinguna í C-deildinni. Með því er tryggt það eftirlit sem er nauðsynlegt í þessu efni.

Ég vil ítreka að ég held að menn séu hér að gera úlfalda úr mýflugu. Ég tel að ég mæli hér fyrir afar varfærinni undanþágu. Löggjafanum og dómsmálaráðherra á að vera treystandi til þess að meta hvort tilvísunarleiðin sé tæk í þeim fáu tilvikum sem sú leið hefur verið farin að birta gerðir einungis á frumtextanum í C-deildinni. Þetta verða eins og við þekkjum fá tilvik og varða til að mynda, eins og allsherjarnefnd hefur verið upplýst um, flugöryggisreglur, handbækur sem mælast í metravís, handbækur sem notaðar eru á vettvangi Flugmálastjórnar og flugrekenda. Að menn skuli vera að blanda því hér inn í umræðu um slík mál að í voða sé stefnt jafnrétti almennings til aðgangs að upplýsingum um þau lög og reglur sem hér á landi gilda er auðvitað alveg með ólíkindum vegna þess að þetta er sjálfsagt hagræði sem við eigum að samþykkja og menn hafa gert annars staðar jafnframt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 398. mál. — Þskj. 505, nál. 793, 794 og 796, brtt. 795.

[12:00]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þetta mál sé aftur komið til umræðu á hinu háa Alþingi. Eins og menn muna kannski var umræðu um málið frestað fyrir viku, eftir að menn höfðu staðið í pontu Alþingis og út úr þeim staðið bunan svo klukkutímum skipti, um allt annað en málið sjálft. Þá snerist umræðan um það hvort það nægði að settur menntamálaráðherra væri í salnum og viðstaddur umræðuna eða ekki. (**MÁ:** Staðgengill.) Staðgengill menntamálaráðherra, ef það þjónar hagsmunum hv. þm. Marðar Árnasonar að kalla ráðherrann það. Það skiptir ekki máli.

Við þá umræðu var lítið fjallað um efni málsins og málið þæft af stjórnarandstöðunni og hún gaf frá sér yfirlýsingar um að nauðsynlegt væri að fresta málinu. Það má svo sem segja að stjórnarandstaðan, sérstaklega þingmenn Samfylkingarinnar, hafi náð nokkrum árangri í því máli. Þeim hefur tekist að tefja það að þetta góða mál sé leitt í lög.

Rifjum aðeins upp hver afstaða stjórnmálaflokkanna er til málsins og fulltrúa þeirra sem hingað hafa komið í pontu og fjallað um það. Ef við rifjum upp afstöðu þeirra til þessa máls, sem snýr náttúrlega fyrst og fremst um sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, þá hefur komið skýrt fram, m.a. fram í máli hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar — hann er því miður ekki í salnum þrátt fyrir að hæstv. menntamálaráðherra sé kominn í salinn og ég sakna hv. þingmanns — en hann lýsti því yfir að Samfylkingin styddi ekki sameiningu þessara tveggja skóla nema með þeim skilyrðum að frumvarpinu yrði breytt. En þegar að var spurt þá kom í ljós að Samfylkingin styddi ekki sameininguna.

Það kom líka fram í umræðunni í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að Vinstri hreyfingin – grænt framboð styddi ekki heldur sameininguna. Það eru nokkur tíðindi, þykir mér, vegna þess að ég tel að málið sé gott og mér finnst líka dálítið sérstakt að stjórnmálamenn, þingmenn stjórnarandstöðunnar, vilji beita áhrifum sínum á hinu háa Alþingi til að bregða fæti fyrir það fólk sem stendur að rekstri þessara skóla og koma í veg fyrir að þeir stúdentar sem þar sinna námi geti gert það á þeim forsendum sem þeir sjálfir hafa lýst yfir að þeir vilji gera.

Þetta er bara upprifjun á því sem komið hefur fram í umræðunni. Ég verð þó að segja, áður en ég kem að efni málsins, að það ótrúlega gerðist þegar málið var síðast til umræðu að ég var sammála hv. þm. Merði Árnasyni sem lýsti því yfir í upphafi ræðu sinnar, ef ég man rétt, að stjórnarandstaðan hefði kannski mátt vera betur samstiga í málinu. Það er dálítið sérstakt að fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa skilað frá sér tveimur nefndarálitum um málið þar sem fram koma mismunandi sjónarmið. Það er athyglisvert í ljósi þess að það er ekki ýkja langt síðan formenn stjórnarandstöðuflokkanna lýstu því yfir, þegar þeir riðu til þings, að þeir mundu hafa með sér mikið og gott en þó löglegt samráð í afstöðu sinni til einstakra mála. Eitthvað virðist þó sem slest hafi upp á vinskapinn í stjórnarandstöðuflokkunum, a.m.k. í þessu máli. Ég held að hv. þm. Mörður Árnason hafi lýst því ágætlega í upphafi ræðu sinnar um málið. Ég tek undir það og það væri sómi af því ef stjórnarandstaðan mundi standa við stóru orðin í jafnmikilvægum málum eins og þessu, standa saman. Ekki að það geri málstaðinn eitthvað göfugri eða betri en það væri betri bragur á því eins og fram kom hjá hv. þingmanni í ræðu hans.

Eins og ég hef áður sagt, herra forseti, tel ég að hér sé um mikið framfaraskref í íslenskum menntamálum að ræða og einstaklega gott mál. Ég tel það sé mikið fagnaðarefni að ríkisstjórnarflokkarnir vilji beita sér fyrir því að sameina Háskólann í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands. Hér er um að ræða sameiningu tveggja tiltölulega lítilla háskóla í einn sterkan háskóla sem getur virkað sem mótvægi við Háskóla

Íslands. Úr sameiningunni verður að mínu mati til mjög öflugur háskóli, öflug menntastofnun. Starfið sem fram fer í hinum nýja háskóla mun nýtast nemendum og kennurum vel og sömuleiðis þjóðfélaginu öllu. Það á náttúrlega að vera kappsmál fyrir okkur að mennta þjóðina vel og tryggja gæði menntunar þannig að hér geti orðið framfarir, hvort sem það er í íslensku háskólalífi, íslensku atvinnulífi eða samfélaginu öllu.

Ég tel, herra forseti, kosti sameiningarinnar ótvíræða. Samkeppni milli háskóla er mjög af hinu góða og ég tel að reynslan hafi sýnt okkur að með samkeppninni aukist gæði menntunar verulega. Samkeppni bætir skólana, eykur valfrelsi og þeir kostir sem stúdentum bjóðast verða fleiri. Ég tel að besta dæmið um það sé mín gamla háskóladeild í háskólanum vestur á Melum, lagadeild Háskóla Íslands. Ég man hvernig sú deild var áður en lagadeild Háskólans í Reykjavík tók til starfa. Hún hafði verið óbreytt um áratuga skeið en við samkeppnina tóku menn sig á, gjörbreyttu og bættu námið sem hefur skilað sér í betri og efnismeiri menntun en fór fram á árum áður, þótt sú menntun hafi veri ágæt.

Hið sama mun gerast hvað varðar verkfræði og tæknimenntun. Við hljótum að fagna því að í hinum sameinaða háskóla verði lögð aukin áhersla á þær greinar umfram það sem nú er í hinum tveimur smáu háskólum.

Við vitum að áhrifin af því að auka vægi og styrkja nám í verkfræði og tæknifræði verða þau að ýmsar atvinnugreinar, t.d. í hátækniiðnaði, eflast. Við stígum í raun sama skref með þessu og Finnar gerðu fyrir mörgum árum þegar þeir tóku þá pólitísku ákvörðun að efla verkfræðinám til að efla nýsköpun í atvinnulífinu og efla hátækniiðnað með þeim afleiðingum sem við þekkjum, að finnskt efnahags- og atvinnulíf óx og dafnaði og Finnar risu ef svo má segja úr öskustónni og standa nú einna fremstir meðal þjóða.

Eins er það sérstakt fagnaðarefni að með þessu frumvarpi er ríkisstofnunum fækkað um eina. En það er ekki stærsti hlutinn af þessu máli þó að rétt sé að halda því til haga.

Í starfi og á fundum menntamálanefndar kom skýrt fram að kennarar, stjórnendur beggja skólanna og nemendur þeirra styðja mjög sameiningu skólanna. Það er sérstakt ánægjuefni. Það er gaman fyrir okkur sem stöndum að frumvarpi eins og þessu að finna jafnmikinn meðbyr og raunin er hjá þeim sem málið varðar. Það er gott að finna það að stjórnvöld eru að réttri leið í menntamálum og finna stuðning við málið, bæði hjá stjórnendum, kennurum og nemendum. Í ljósi þess skilur maður ekki hvers vegna í ósköpunum stjórnarandstaðan vill leggja stein í götu þess fólks sem á hagsmuna að gæta í málinu.

Það kom líka fram í nefndinni að það skipti verulegu máli að þetta frumvarp fáist samþykkt sem allra fyrst. Það er ljóst að framtíð þeirra sem hlut eiga að máli er að nokkru leyti óljós. Við erum að tala um 2.300 stúdenta sem vita ekki alveg nákvæmlega hvað býður þeirra meðan málið hangir í lausu lofti og frumvarpið er ekki samþykkt. Það sama má segja um 200 kennara sem málið varðar. Við vitum að frumvarpið felur það í sér að kennurum í Tækniháskólanum verður öllum sagt upp. Það skiptir miklu máli fyrir það fólk, sem á afkomu sína undir starfi sínu, fái að vita hvað framtíðin ber í skauti sér.

Maður skilur ekki þann málflutning stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Mörður Árnason, að stjórnarandstaðan vilji fresta málinu eða leggjast gegn því. Það er algerlega óskiljanleg afstaða. Að sínu leyti er það blaut tuska framan í þetta fólk, 2.300 stúdenta og 200 kennara. En stjórnarandstaðan og hv. þingmenn hennar verða náttúrlega að eiga það við sig, ekki ætla ég að taka undir slíkan málflutnings.

Herra forseti. Stóru tíðindin í þessu máli eru að með sameiningunni og breytingu í menntakerfinu mun koma 300 millj. kr. innspýting frá atvinnulífinu, þ.e. einkaaðilum, inn í menntakerfið. Það eru stóru tíðindin í málinu, 300 millj. kr. frá einkaaðilum inn í menntakerfið. Auðvitað á að fagna þeim tíðindum. Hvers vegna í ósköpunum setja stjórnarandstöðuflokkarnir sig upp á móti sameiningunni eins og þeir hafa gert? Af hverju styðja þeir ekki að atvinnulífið styðji við bakið á menntakerfinu, stjórnmálaflokkar sem á hátíðisdögum telja að menntakerfið skipti miklu máli og tala mikið um það? Þegar á reynir sér maður hins vegar bara í iljarnar á þeim vegna þess að þeir hlaupast undan málinu, sérstaklega vegna einhverra formsatriða.

Þá skulum við koma að því hver eru helstu ágreiningsmálin varðandi þetta frumvarp milli stjórnarinnar og stjórnarandstöðuflokkanna. Ágreiningsmálin snúast fyrst og fremst um formsatriði, þ.e. um rekstrarform hins nýja skóla. Almennt er ég þeirrar skoðunar að það sé ekki ríkisins að ákveða hvert rekstrarformið á hinum nýja háskóla skuli vera. Taki einkaaðilar að sér að reka menntastofnanir þá eiga þeir sjálfir að fá að ákveða á hvaða formi þær eru starfræktar. Hið sama má segja um það þegar einkaaðilar taka að sér slíkan rekstur. Þá ættu menn að fagna því framtaki en ekki reyna að rífa það niður eins og hér hefur verið gert í umræðunni.

Ég verð að segja, út af þessu máli, ágreiningnum um rekstrarform hins nýja skóla, að mér finnst það býsna ódýrt, ódýr málflutningur, að þingmenn á hinu háa Alþingi komi í ræðustól og út úr þeim standi bunan um að það gangi ekki að þessi skóli sé rekinn á hinu forminu eða öðru og skipti sér af rekstrarforminu, menn sem taka enga áhættu í málinu eða leggja lítið sem ekkert af mörkum til málsins. En það stendur út úr þeim bunan við að mótmæla því rekstrarformi sem fólkið sjálft, sem vill efla menntakerfið og styrkja með því að starfrækja nýjan háskóla, hefur kosið að velja. Þetta er mjög ódýr málflutningur. Afskaplega ódýr.

Ég segi það fyrir mitt leyti að ef aðstandendur hins nýja skóla hefðu viljað starfrækja skólann á einhverju öðru rekstrarformi tel ég að við stjórnarliðar hefðum aldrei staðið gegn því. Ef það hefði verið mat stjórnenda hins nýja skóla að reka hann í formi sjálfseignarstofnunar, nú þá gott og vel, þá hefðu þeir bara fengið að gera það, a.m.k. hefði ég ekki slegið neina varnagla við því.

Þeir hafa hins vegar sjálfir ákveðið út frá sínum hagsmunum og þeim röksemdum sem þeir hafa fært fyrir máli sínu að það sé skynsamlegra að reka skólann á hlutafélagaforminu og það mega þeir taka ákvörðun um að mínu mati. Það er rangt sem fram kom í máli hv. þm. Marðar Árnasonar að við í stjórnarliðinu værum á móti sjálfseignarstofnunum sem rekstrarformi. Það er ekki rétt. Ég er ekki á móti sjálfseignarstofnunarforminu sem rekstrarformi, alls ekki.

Ég virði bara rétt þeirra sem hyggjast reka og starfrækja háskóla til þess að velja sjálfir á hvaða formi sá rekstur fer fram. Sú ákvörðun kemur að mínu mati hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni ekkert við.

Með öðrum orðum, herra forseti, þá er það atvinnulífið sjálft sem á að fá að ákveða með hvaða hætti slíkur rekstur fer fram en sú ákvörðun á ekki að vera undir okkur þingmönnum komin sem tökum ekki neinar afleiðingar eða berum neina ábyrgð á þeim rekstri sem hér er til umfjöllunar.

Eins og við ræddum við 1. umr. og ég tók þátt í fjölluðum við aðeins um það af hverju einkahlutafélagsformið var valið vegna reksturs hins nýja háskóla. Ég sagði þá að það væru í rauninni bara praktísk rök sem leiddu til þess að þessir aðilar veldu það form umfram sjálfseignarstofnunarformið en hvatti til þess að menn mundu nú spyrja stjórnendur hins nýja skóla hvers vegna það form hefði verið valið en ekki sjálfseignarstofnunarformið. Það var gert. Rekstraraðilarnir og stjórnendur hins nýja skóla gerðu mjög málefnalega og ítarlega grein fyrir því hvers vegna einkahlutafélagsformið var valið fram yfir sjálfseignarstofnun. Það kemur reyndar mjög skýrlega fram í bréfi sem menntamálanefndinni barst þann 7. febrúar árið 2005 sem stafar frá Sverri Sverrissyni, Guðfinnu S. Bjarnadóttur, Stefaníu K. Karlsdóttur og Bjarka A. Brynjarssyni. Þar færa þau býsna góð rök fyrir því hvers vegna hlutafélagaformið var valið fram yfir sjálfseignarstofnunina. Ég gæti svo sem farið yfir þau rök nákvæmlega en ég ætla ekki að gera það hér, það hefur verið gert.

En mér finnst það ansi kaldar kveðjur til þessa fólks, þar á meðal skólameistaranna í Háskólanum í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands, sem hafa fært fram rök fyrir hlutafélagaforminu á einum þremur blaðsíðum, að síðan þegar málið er afgreitt frá nefndinni segir 1. minni hluti menntamálanefndar, þ.e. hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson, Mörður Árnason og Katrín Júlíusdóttir, í nefndaráliti sínu að engin rök hefðu komið fram sem styddu einkahlutafélagsform hins nýja skóla. Mér finnst þetta nú ansi kaldar kveðjur gagnvart því fólki sem ætlar sér að starfrækja þennan háskóla og hefur valið sér þetta rekstrarform og hefur gert grein fyrir því á þremur blaðsíðum í svörum sínum til nefndarinnar að halda því fram að það séu bara engin rök, það sé ekkert að marka það sem frá þessu fólki kemur. Þar tel ég að liggi fyrir mjög haldbær rök fyrir því af hverju hlutafélagaformið er valið umfram sjálfseignarstofnunarformið og það fólk sem undir þetta plagg skrifar hefur það nú fram yfir marga hv. þingmenn að hafa reynslu af því að reka stofnanir og fyrirtæki á þessum tveimur formum.

Í þessu bréfi segir, með leyfi forseta:

„Reynsla okkar og kynni af þessum tveimur formum hefur sannfært okkur um að hlutafélagaformið sé almennt heppilegra þó alls ekki beri að gera lítið úr sjálfseignarstofnunum."

Þetta fólk hefur reynslu af rekstri á báðum þessum félagaformum og kemst að þessari niðurstöðu á þeim grundvelli.

En ef við förum aðeins yfir það hver voru rök stjórnarandstöðunnar gegn einkahlutafélagsforminu þá voru þau tvenns konar. Tvenns konar rök voru færð gegn því að hinn nýi háskóli yrði rekinn á einkahlutafélagsforminu. Fyrri rökin voru þau að það gengi ekki að reka háskóla á Íslandi í formi einkahlutafélags vegna þess að slík félög væru rekin í hagnaðarskyni. Slíkum félögum væri ætlað að afla eigendum sínum arðs.

Í öðru lagi var því haldið fram að sjálfseignarstofnunarformið hefði sannað sig og það væri miklu betra við rekstur á skólastofnun og vitnað til skólamanna í því sambandi og einkum þó skólameistarans í Háskólanum á Akureyri.

Ef við förum aðeins yfir fyrri röksemdina um það sem komið hefur fram hjá stjórnarandstöðunni að það gangi ekki að reka háskóla sem hlutafélag vegna þess að það sé gert í hagnaðarskyni, þá kemur einfaldlega fram í samþykktum þess félags sem hér um ræðir, þ.e. Hástoðar, en í 2. gr. samþykktanna segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk félagsins er ekki að afla hluthöfum þess fjárhagslegs ávinnings af rekstri."

Í 11. gr. segir, með leyfi forseta:

„Hagnaði félagsins skal aðeins ráðstafað til að efla starfsemina í samræmi við hlutverk félagsins. Félaginu er óheimilt að verja hagnaði, réttindum eða eignum til annarra verkefna en þeirra sem samræmast hlutverki og starfsemi félagsins. Ekki verður greiddur arður út úr félaginu."

Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur að helstu rök sem stjórnarandstaðan flutti gegn þessu máli standast ekki vegna þess að það liggur fyrir í samþykktum félagsins að ekki verður greiddur út arður og ef það verður einhver arður af rekstrinum verður hann notaður til að efla þessa stofnun enn frekar. Ekki eru það því hagnaðarsjónarmiðin sem ráða. En þá hafa hv. þingmenn haldið því fram að það sé nú ekkert að marka þetta vegna þess að í samþykktunum segi að þeim megi breyta með 2/3 hluta atkvæða þannig að menn geti í rauninni komið saman á stjórnarfundi í Hástoð ehf. og breytt samþykktunum og tryggt sér það að greiddur verði út arður af þeirri starfsemi sem þar fer fram.

En hvaða reglur skyldu nú verða ef vilji stjórnarandstöðunnar næði fram að ganga og háskólinn yrði rekinn á sjálfseignarstofnunarformi? Það vill nefnilega þannig til að þann 19. mars árið 1999 samþykkti hið háa Alþingi lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Þau eru nr. 33 frá árinu 1999.

Í 36. gr. þeirra laga, sem fjallar um breytingu samþykkta, slit og sameiningu, segir:

„Samþykktum sjálfseignarstofnana verður ekki breytt nema með heimild í þeim." — Sem er það sama og segir í hlutafélagalögum. — „Til breytinga á samþykktum þarf samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir."

Með öðrum orðum, það gildir algjörlega sama regla um breytingar á stofnsamþykktum í sjálfseignarstofnun og í hlutafélagi. Þau rök að halda því fram að það kunni að vera að samþykktum hlutafélags verði breytt til þess að heimila að greiða út arð, þau gilda á nákvæmlega sama hátt um sjálfseignarstofnun. Það er enginn eðlismunur á þessu tvennu. (**Gripið fram í:** Enginn eðlismunur!) Enginn eðlismunur og í rauninni enginn munur. (Gripið fram í.) Þetta er bara alveg eins. En þetta voru þau rök sem hv. þingmenn beittu fyrir því að það gengi ekki að reka stofnunina á hlutafélagaformi. Það voru tvenns konar rök eins og ég hef

farið yfir. Það voru annars vegar hagnaðarsjónarmiðin og hins vegar þetta að það væri bara hægt að breyta samþykktum einkahlutafélags og koma þessu öllu saman í það form sem stjórnarandstöðuflokkarnir óttast svo mjög.

Ef við víkjum að sjálfseignarstofnunarforminu af því að því hefur verið haldið fram af fulltrúum stjórnarandstöðunnar að sjálfseignarstofnunarformið sé miklu betra en einkahlutafélagsformið þá hlýtur maður að gera kröfu til þess að hv. þingmenn rökstyðji hvers vegna í ósköpunum það form er betra. Þau rök hafa ekkert verið færð fram hérna í þingsalnum. Því hefur bara verið haldið fram að sjálfseignarstofnunarformið sé miklu betra, (Gripið fram í.) en ég hef setið hér m.a. undir löngum ræðum frá hv. þm. Merði Árnasyni og ekki get ég fundið rökin fyrir því af hverju sjálfseignarstofnunarformið er betra. Ég tel að þeir sem halda slíku fram eigi þá að koma hingað upp í pontu á hinu háa Alþingi og skýra það út fyrir mér hvað það raunverulega er í sjálfseignarstofnunarforminu sem er betra en einkahlutafélagsformið. Hvað er það?

Menn hafa vitnað í orð skólameistara Háskólans á Akureyri og bera fyrir sig einhverja skólamenn. En hvað með þá skólamenn sem hér um ræðir? Hvað með stjórnendur Tækniháskóla Íslands? (Gripið fram í.) Hvað með stjórnendur Háskólans í Reykjavík? Eru þetta ekki skólamenn? Væri ekki rétt að taka mark á því fólki?

Hvað með aðra skóla sem starfræktir eru á Íslandi? Hvað með Flugskóla Íslands hf., hvað með hann? (**Gripið fram í:** Menntafélagið.) Flugskóli Íslands er rekinn á hlutafélagaformi og Menntafélagið ehf. sömuleiðis sem rekur Vélskólann og Stýrimannaskólann. Við höfum dæmi um það að rekstur menntastofnana fari fram á hlutafélagaformi og ekki bara á háskólastigi. Einkareknir grunnskólar og einkareknir leikskólar eru reknir á hlutafélagaformi og það verður ekki séð að það form standi starfsemi þeirra skóla fyrir þrifum.

En ég hlýt að kalla eftir rökum fyrir því af hverju í ósköpunum sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið er betra en einkahlutafélagsformið. Maður hlýtur líka að spyrja sig: Hvernig í ósköpunum stendur á því að þegar menn hefja atvinnurekstur — og ég bið hv. þm. Mörð Árnason að svara þessari spurningu — hvort sem það er í venjulegum atvinnurekstri, í menntakerfinu eða hvar sem er, hvernig í ósköpunum skyldi standa á því að menn kjósa að gera það í formi hlutafélags? Hvernig stendur á því að hér spretta upp þúsundir ef ekki tugir þúsunda hlutafélaga um alls kyns rekstur, hvort sem það er á sviði menntamála eða einhverju öðru sviði? Ef sjálfseignarstofnunarformið er svona gott eins og hv. þingmenn vilja halda fram, af hverju sjáum við ekki sjálfseignarstofnanir spretta upp eins og gorkúlur úti um allt? Það er bara einfaldlega vegna þess, og ég skal svara þessari spurningu fyrir hv. þm. Mörð Árnason, að einkahlutafélagsformið og hlutafélagaformið er miklu hentugra í rekstri, þetta er bara miklu betra rekstrarform. (Gripið fram í.) Jú, jú, það er nú bara þannig að þrátt fyrir að við séum hér með menntastofnun og séum að fjalla um menntastofnun þá er það nú bara einfaldlega þannig að þær þarf að reka eins og önnur fyrirtæki og það gilda öll sömu lögmál um rekstur slíkra stofnana og annarra fyrirtækja. (**MÁ:** ? lögin frá 1999.)

Ég kalla eftir þessum rökum, herra forseti. Ég kalla eftir röksemdum fyrir því af hverju í ósköpunum stjórnarandstaðan telur að sjálfseignarstofnunarformið er valið en ekki hlutafélagaformið.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þingmann að gera hlé á máli sínu þar sem gert var ráð fyrir matarhléi klukkan hálfeitt.)

Hv. þingmaður á einungis tvær mínútur eftir af ræðu sinni. Má ég klára hana?

(**Forseti** (HBl)**:** Já.)

Herra forseti. Ég óska innilega eftir því að fá svör við þessum spurningum sem ég hef hér varpað fram. En að öðru leyti vil ég segja að ég tel að þetta mál sé mikið framfaramál, framfaraskref í íslenskum menntamálum. Ég furða mig á því og ég skil ekki af hverju í ósköpunum stjórnarandstaðan leggst gegn máli eins og þessu, sem er jákvætt og gott, ekki bara fyrir íslenskt menntakerfi heldur líka þá nemendur sem stunda nám í þessum skólum, kennara og stjórnendur. Maður skilur ekki í ljósi þeirra yfirlýsinga sem fram hafa komið fyrir menntamálanefnd af hverju í ósköpunum fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna vilja bregða fæti fyrir það fólk sem hér á raunverulega hagsmuni.

Herra forseti. Að þeim orðum sögðum lýk ég máli mínu.

[12:30]

Mörður Árnason *(andsvar)***:**

Forseti. Ég var í rúman klukkutíma í fyrri umræðu málsins að reyna að skýra út fyrir hv. þingmanni hvernig þetta stæði allt saman og hann virðist eitthvað hafa verið sljór við þá umræðu því hann er nú að spyrja spurninga sem þegar hefur verið svarað. Ég ætla að gera honum það til geðs og þingheimi öllum náttúrlega að halda ræðu á eftir þar sem ég svara í annað sinn eða þriðja þeim spurningum sem hv. þingmaður ber hér fram.

Núna langar mig til að spyrja hv. þingmann sjálfan tveggja spurninga í tilefni af orðum hans: Í fyrsta lagi: Þekkir þingmaðurinn dæmi um háskóla í hlutafélagsformi? Í öðru lagi, vegna þess að hann talar um að það sé gott að háskólar keppi: Hvernig verður háttað eftir samþykkt þessara laga samkeppni í tæknifræði og skyldum greinum milli íslenskra háskóla?

[12:31]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason víkur sér undan því að svara þeim spurningum sem ég hef varpað til hans og mér finnst það skiljanlegt. En hann spyr mig tveggja spurninga: Annars vegar hvort ég geti nefnt einhverja háskóla sem starfa á hlutafélagsformi. Því er til að svara, herra forseti, að ég get ekki nefnt neina háskóla a.m.k. á Íslandi sem starfa á því formi. Hins vegar nefndi ég í ræðu minni að til eru menntastofnanir sem eru starfræktar í formi hlutafélags og ég taldi þær upp, en ég efa ekki að í löndunum í kringum okkur séu starfræktir háskólar á hlutafélagsformi. Ég hef ekki rannsakað það sérstaklega, ég vil taka það fram, en ég efa ekki að í Bretlandi og Bandaríkjunum séu starfræktir háskólar á einhverju slíku formi.

Ég tel að þessi umræða, og ég sagði það strax í upphafi ræðu minnar, sé í rauninni deila um keisarans skegg. Ég tel

að það skipti ekki öllu máli á hvaða formi skólinn er rekinn, en okkur ber hins vegar að virða það að það eru stjórnendur þessara skóla sem eiga að fá að taka ákvörðun um á hvaða formi þeir reka sinn háskóla.

Varðandi samkeppni í tæknifræði styð ég að það verði samkeppni þar og vonast til að Háskóli Íslands taki upp kennslu í þeirri námsgrein í samkeppni við Háskólann í Reykjavík eða hinn nýja sameinaða skóla. Ég geri mér vonir um að það geti gerst og geri ráð fyrir að slík viðbót við það nám sem nú er þegar starfrækt í verkfræðideild Háskóla Íslands sé ekki mjög mikil.

[12:33]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég biðst forláts á því að hafa kinokað mér við að svara á tveimur mínútum eða tvisvar sinnum tveimur mínútum öllum þeim miklu spurningum sem hv. þingmaður hefur beint til mín. Ég sagðist ætla að gera það á eftir. Ég vona að hann taki mark á mér með það en ég var búinn að því. Ef hv. þingmaður hefði verið vakandi í fyrri ræðu minni eða viðstaddur a.m.k. hefði hann heyrt að ég færði þar margvísleg rök í nokkuð langri ræðu, sennilega aðeins of langri fyrir hv. þingmann og þingheim og jafnvel of langri fyrir sjálfan mig.

Um fyrra svar hv. þingmanns við spurningu minni í andsvörum er það að segja að hann þekkir ekki neinn háskóla sem rekinn er með hlutafélagsformi. Ég skal ekki fortaka það frekar en hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson að einhverjir háskólar séu það í Bretlandi og Bandaríkjunum. Ég hygg að það sé ekki í nágrannalöndum okkar á Norðurlandasvæðinu eða í Norður-Evrópu yfir höfuð. Háskólar eru auðvitað með margvíslegum hætti í ríkjum. Ég hef t.d. tekið eftir því að stundum fær maður tilboð í netpóst sinn um að kaupa sér ýmsar gráður í háskólum, einkum í Bandaríkjunum, og ég efast ekki um að þeir háskólar séu reknir með hlutafélagsformi, ef það er það sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson meinar.

Um síðari spurninguna vekur það mikla athygli að Sigurður Kári skuli svara með þeim hætti því hann hefur þá væntanlega tryggt það hjá menntamálaráðherra eða einhvers staðar í djúpum valdsins að þetta verði gert. Það kemur hvergi fram að þetta eigi að gera. Við höfum þráspurt um þetta. Við höfum ekki fengið neinar áætlanir, plön, yfirlýsingar eða fyrirheit um að tæknifræðinámið verði stundað í öðrum skóla en þessum hlutafélagsskóla með skólagjöldum. Þetta er eitt af grundvallaratriðum málsins eins og verður komið inn á væntanlega á eftir. Það vekur hins vegar athygli að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson virðist, eins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir, með einhverjum hætti hafa skilyrt stuðning sinn við málið því að þessar tæknigreinar yrðu teknar upp í öðrum skólum, Háskóla Íslands m.a., en þá spyrjum við: Hvar eru efndirnar á því, hvar eru fyrirheitin, hvar eru loforðin um það?

[12:35]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka fram í upphafi að þegar hv. þm. Mörður Árnason flutti ræðu sína við 2. umr., fyrir viku síðan, var ég bæði vakandi og viðstaddur, reyndar var ég viðstaddur hluta ræðunnar við sjónvarpstækið mitt á skrifstofunni en ég fylgdist með henni þar sem hv. þingmaður fjallaði fyrst og fremst um akademískt frelsi en að litlu leyti um rekstrarformið þó svo að hann hafi vikið að því orði.

Ég vil taka fram út af því sem kom fram hjá hv. þingmanni að ég hefði skilyrt stuðning minn við málið því að tekið yrði upp tæknifræðinám í öðrum háskóla. Það er ekki rétt. En ég vil hins vegar, sem aðdáandi Háskóla Íslands og stuðningsmaður hans, og vona að Háskóli Íslands eflist og þar verði kenndar fleiri greinar en kenndar eru í dag og það á við um tæknifræðina eins og margar aðrar námsgreinar. Það að tæknifræði sé tekin upp í Háskóla Íslands er ekki skilyrði fyrir því að ég styðji þetta mál, alls ekki, en eins og ég sagði vonast ég til að Háskóli Íslands sjái sér hag í því að taka upp það nám væntanlega við verkfræðideildina.

[12:37]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt andsvar við ræðu hv. þingmanns þar sem ég er næstur á mælendaskrá og mun koma inn á nokkur atriði úr ræðu hans í ræðu minni á eftir. Það er þó eitt atriði sem er nauðsynlegt að bregðast við strax, þ.e. þegar hv. þingmaður gaf í skyn að stjórnarandstaðan væri á einhvern hátt að fresta eða tefja málið. Það eru ásakanir sem standast engan veginn skoðun.

Þannig er þessu máli háttað að hæstv. menntamálaráðherra lagði það loksins fyrir þingið í desembermánuði, þ.e. að lokinni afgreiðslu fjárlaga sem var auðvitað býsna óeðlilegt, þannig að ef tafir eru einhvers staðar á málinu þá eru þær áður en málið kom til þings.

Menntamálanefnd brást afar skjótt við og náði að halda fund í nefndinni og koma málinu til umsagnar fyrir jólaleyfi þingsins en gat hins vegar ekki fjallað um það fyrr en að loknu jólaleyfi, þ.e. í lok janúarmánaðar. Málið kom síðan til 2. umr. á þriðjudag í síðustu viku og þá vildi svo óheppilega til að hæstv. ráðherra var ekki viðstödd. Þetta er eitt stærsta mál sem frá ráðuneytinu hefur komið. Það var auðvitað afar óheppilegt en það er auðvitað rétt að vekja athygli á því að hæstv. forseti sá til þess að umræðunni lauk ekki fyrr en hæstv. ráðherra gat verið viðstödd og það er auðvitað fagnaðarefni og afar eðlilegt.

Umræðan um málið hefur í raun og veru ekki verið löng, 1. umr. var ekki löng og 2. umr. stendur enn yfir. Það verður að teljast eðlilegt í svo stóru máli að það þurfi nokkrar klukkustundir til að fara yfir það í þingsal og mér finnst fullfljótt að hv. þingmaður fari að kvarta yfir því eða gefa það í skyn að stjórnarandstaðan sé að tefja málið með þeim hætti.

Það var síðan ákvörðun stjórnar þingsins eða vegna þess að hæstv. ráðherra gat ekki verið við fyrr en í dag að 2. umr. hélt ekki áfram nú fyrr en rúmlega viku eftir að hún hófst. Það er að sjálfsögðu ekki við stjórnarandstöðuna að sakast í þeim efnum.

[12:39]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom samt sem áður fram í umræðunni þegar við ræddum málið síðast, fyrir viku, að stjórnarandstaðan óskaði eftir því að málinu yrði frestað. Það kom ekki bara einu sinni fram heldur margoft, bæði af þeim ástæðum sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson nefnir hér og sömuleiðis af öðrum ástæðum. Hugleiðingar um frestun eða tafir á

málinu skipta kannski ekki öllu máli, það sem mestu máli skiptir er að stjórnarandstaðan og þar á meðal Samfylkingin hefur lýst því yfir að flokkurinn og stjórnarandstaðan styðji ekki sameiningu Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík. Það kom í svari hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar við fyrirspurn minni fyrir viku síðan þar sem ég spurði hv. þingmann hreinlega: Styður þingmaðurinn og Samfylkingin þetta mál og sameininguna? Svarið var alveg skýrt að flokkurinn gerði það ekki. Það er náttúrlega lykilatriði í málinu. Enda neitaði hv. þm. Einar Már Sigurðarson ekki þessum fullyrðingum mínum þegar hann kom í andsvar við mig áðan og þær standa, enda styðjast þær við yfirlýsingar þingmanns Samfylkingarinnar. Það er bara gott til þess að vita að menn séu hreinskilnir í málinu. Þeir vilja ekki sameina þessa tvo skóla. Þeir verða að eiga það við sig en við í stjórnarliðinu erum sáttir við okkar hlut í málinu og erum stoltir af þessu máli og styðjum það og viljum leiða það í lög sem allra fyrst.

[12:41]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að við upphaf 2. umr. var óskað eftir að hæstv. ráðherra yrði viðstödd umræðuna og eins og ég sagði áðan er það auðvitað fagnaðarefni að stjórn þingsins og hæstv. forseti hafa séð til þess að umræðan heldur áfram hér með hæstv. ráðherra. Það var eðlilegt að óskað væri eftir því. Það var orðið við því og það er rétt að fagna því.

Þar sem hv. þingmaður heldur því fram þegar ég í örstuttu andsvari náði ekki að mótmæla ýmsu sem hann sagði í ræðu sinni að þar með sé ég að staðfesta það sem hann hafi sagt, þá stenst það auðvitað ekki og ég mun fara nánar yfir það í ræðu minni á eftir. Það er hins vegar reginmisskilningur hjá hv. þingmanni að við höfum lagst gegn sameiningu þessara skóla í málflutningi okkar. Því fer víðs fjarri. Við höfum talið það koma vissulega mjög vel til greina og það verði væntanlega til að efla tæknifræðinámið og við höfum fagnað því.

Hins vegar höfum við fært mikil og sterk rök fyrir því að það sé óheillaspor að fara að taka upp hlutafélagaform á rekstri háskóla. Það er þar sem við erum með varnagla og ég mun að sjálfsögðu fara betur yfir það í ræðu minni á eftir og ég trúi því að fleiri þingmenn okkar í Samfylkingunni muni gera það. Ég vona að hv. þingmaður hlýði vel á þær ræður og komi í andsvör við einstaka þætti ef hann telur ástæðu til. En hv. þingmaður talaði um hreinskilni og ég vil þakka honum fyrir að hann var býsna hreinskilinn í ræðu sinni. Það komu fram mjög mörg rök fyrir því af hverju hv. þingmaður telur eðlilegt að hlutafélagaformið sé notað á háskólastigi og það er auðvitað upplýsandi að það séu ástæðurnar fyrir því að menn fari í þetta form að menn geri engan greinarmun á því að reka háskóla og fyrirtæki af hvers konar gerð í samfélaginu.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:45]

Umræður utan dagskrár.

Samþætting jafnréttissjónarmiða í íslensku friðargæslunni.

[13:02]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Í vikunni kom út skýrsla um jafnréttis- og kynjasjónarmið í stefnu og starfsemi íslensku friðargæslunnar en hún er unnin af Birnu Þórarinsdóttur, framkvæmdastýru UNIFEM á Íslandi, fyrir Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og UNIFEM, m.a. unnin með tilstyrk frá utanríkisráðuneytinu. Í þessari skýrslu kemur fram að konum hafi fækkað á viðbragðslista íslensku friðargæslunnar á undanförnum fjórum árum og að konur hafi færri tækifæri en áður til að starfa fyrir friðargæsluna.

Svo er komið að fyrri hluta árs 2004 voru konur einungis þrjár af 22 friðargæsluliðum, þ.e. 14% af heildinni. Þetta eru alvarleg tíðindi og í hróplegu ósamræmi við þá stefnu sem upphaflega var mörkuð í þessum efnum. Þetta stangast einnig á við ályktun 1325 sem samþykkt var í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna í október árið 2000 en hún kveður á um aukinn hlut kvenna í ákvarðanatöku og þátttöku við friðarumleitanir og uppbyggingu eftir stríð. Ályktun 1325 varpar ljósi á sérstakar hættur sem blasa við konum og stúlkum á stríðstímum og í kjölfar stríðs og kveður á um að sérstakt tillit skuli tekið til stöðu og réttinda kvenna á slíkum tímum. Til að tryggja að þessum atriðum sé framfylgt er farið fram á að aðildarríki og aðalritari Sameinuðu þjóðanna sjái til þess að starfsfólk í friðargæslu- og uppbyggingarstarfi fái sérstaka fræðslu í, eins og það er orðað í ályktuninni, verndun, réttindum og sérþörfum kvenna. Að auki er kveðið á um að starfsfólk skuli fá fræðslu um mikilvægi þess að konur séu þátttakendur í öllum aðgerðum sem snúa að friðargæslu og friðaruppbyggingu.

Í skýrslu Birnu Þórarinsdóttur segir að í upphafi hafi stefna og starfsemi íslensku friðargæslunnar tekið visst mið af jafnréttis- og kynjasjónarmiðum en síðustu ár hafi verkefnaval verið konum í óhag og engin sýnileg skref stigin til að auka þátttöku þeirra. Þessar staðreyndir stangast á við markmið ríkisstjórnarinnar og einnig við markmið utanríkisráðuneytisins sem hefur heitið samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi. Í ljósi þessa spyr ég hvers vegna verkefnaval íslensku friðargæslunnar á síðustu missirum hafi verið með þeim hætti að hafi leitt til hlutfallslegrar fækkunar kvenna, bæði á viðbragðslistanum og meðal útsendra friðargæsluliða. Getur verið að það stafi af því að stefnumótun íslensku friðargæslunnar hefur einvörðungu verið í höndum karla?

Í öllu falli er ljóst að ekki hefur verið litið nægilega til áhrifa verkefnanna á jafnrétti kynjanna í viðkomandi landi. Hvers vegna hefur megináherslan verið á uppbyggingu flugvalla af okkar hálfu? Hvernig tengist það verndun, réttindum og sérþörfum kvenna? Loks má gagnrýna utanríkisráðuneytið fyrir að sinna ekki jafnréttisfræðslu handa friðargæsluliðum eða þeim sem annast stefnumótun friðargæslunnar.

Til að samþætta jafnréttissjónarmið starfi og stefnu íslensku friðargæslunnar þarf í fyrsta lagi að auka hlutdeild kvenna í stefnumótuninni því að það er vitað að því jafnara

sem hlutfall kynjanna er við stefnumótun þeim mun líklegra er að ákvarðanir sem teknar eru endurspegli hagsmuni beggja kynja. Varðandi verkefnavalið þarf að huga að sérþekkingu þeirra sem skráðir eru á viðbragðslistann og tryggja að þátttaka kvenna í friðargæslu aukist á komandi árum í stað þess að minnka eins og gerst hefur upp á síðkastið.

Þá þarf að huga miklu betur að áhrifum verkefnanna á jafnrétti kynjanna í viðkomandi landi og tryggja að þau hafi jákvæð áhrif á stöðu og lífskjör karla og kvenna.

Síðast en ekki síst þarf að veita friðargæsluliðum og ábyrgðarmönnum íslensku friðargæslunnar fræðslu í jafnréttismálum og samþættingu jafnréttissjónarmiða því að fræðsla er forsenda þess að samþætting beri árangur og að henni sé viðhaldið. Öll þau atriði sem ég nú hef nefnt til úrbóta eru í samræmi við markmið utanríkisráðuneytisins um jafnrétti kynjanna. Þau eru líka í samræmi við ályktun 1325 sem ríkisstjórnin hefur veitt sérstakan stuðning.

Því legg ég eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. utanríkisráðherra:

Hvernig hyggjast stjórnvöld rétta hlut kvenna í starfi íslensku friðargæslunnar og á hvern hátt framfylgja einstökum þáttum ályktunar 1325? Er þar átt við aðkomu kvenna að stefnumörkun, verkefnaval og áhrif verkefnanna á jafnrétti kynjanna í viðkomandi landi, einnig jafnréttisfræðslu handa friðargæsluliðum og þeim sem annast stefnumótun hennar. Það er mat þeirrar sem hér stendur að spyrna þurfi kröftuglega gegn þeirri þróun að konur hafi nú færri tækifæri en áður til að starfa á vegum íslensku friðargæslunnar og að nauðsynlegt sé að auka tækifæri þeirra í þessum efnum. Ég skora á hæstv. utanríkisráðherra að lesa þessa skorinorðu skýrslu vandlega, horfa svo á heimildarmyndina Íslensku sveitina en þar mun hann komast að hinu sanna um hernaðaryfirbragð íslensku friðargæslunnar og það hversu langt starfið hefur vikið frá upphaflegri braut og ályktun 1325. Þegar hæstv. (Forseti hringir.) ráðherra hefur séð þetta í réttu ljósi (Forseti hringir.) skora ég á hann að heita því að hverfa frá hervæðingu íslensku friðargæslunnar.

[13:07]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef þegar lesið þessa ágætu skýrslu sem hv. þingmaður nefndi síðast í tali sínu, og get tekið undir með henni. Þetta er vönduð og ágæt skýrsla. Það er hollt og gott fyrir alla að fá úttekt og yfirlit af þessu tagi, enda styrkti ráðuneytið það að til þessarar skýrslu var stofnað.

Hins vegar er nauðsynlegt varðandi skýrslu af þessu tagi og ályktanir sem menn af henni draga að horfa í tilfelli eins og þessu til mjög langs tíma. Sveiflur eru eðlilegar í starfsemi eins og í íslensku friðargæslunni. Starfsemi hennar hefur, eins og menn vita, tekið allmiklum breytingum frá árinu 1994 þegar fyrstu Íslendingarnir tóku þátt í friðargæslu á Balkanskaga undir merkjum Sameinuðu þjóðanna og síðar í samvinnu við Norðmenn og Breta ásamt fleiri þjóðum á vegum ýmissa alþjóðastofnana.

Á viðbragðslista friðargæslunnar eru samtals 224 einstaklingar. Þar af eru 160 karlar, þ.e. 71%, og 64 konur, þ.e. 29%. Á tímabilinu 1994–2004 störfuðu 106 karlar og 44 konur í íslensku friðargæslunni.. Hlutfall kvenna hefur því verið að meðaltali 41,5%. Hins vegar hefur hlutur kvenna í verkefnum friðargæslunnar minnkað eins og hv. þingmaður vék að áðan og vildi að við veittum sérstaka athygli. Við skulum ekki draga fjöður yfir það að hlutur kvenna í verkefnum friðargæslunnar hefur minnkað á undanförnum árum og farið niður í 24% árið 2003 og 14% árið 2004. Þetta eru beinharðar tölur sem við getum ekkert vikið okkur undan að skoða.

Á hinn bóginn eru á þessu skýringar eins og jafnan er. Þetta hefur gerst vegna eðlis þeirra verkefna sem friðargæslan hefur tekið að sér. Hér er átt við rekstur og stjórnun flugvallanna í Pristina í Kosovo og í Kabúl í Afganistan, og nú undir merkjum Atlantshafsbandalagsins. Þetta hafa verið langviðamestu verkefni friðargæslunnar undanfarin tvö ár, og reyndar frá upphafi. Þau hafa fyrst og fremst kallað á starfskrafta flugumferðarstjóra, flugumsjónarmanna, slökkviliðsmanna, tæknimanna af ýmsu tagi, svo og vélvirkja og fleiri.

Fleiri verkefni kröfðust einkum þátttöku lækna hér áður fyrr, hjúkrunarfræðinga o.s.frv. Þau voru, eins og áður sagði, unnin einkum í samvinnu við Norðmenn og Breta og lauk endanlega á árinu 2003. Menn spyrja: Hvers vegna þetta val? Þá er þýðingarmikið að menn átti sig á því að ákvörðun um val er tekin eftir beiðni, þrýsting, óskir um það að Íslendingar taki að sér tiltekin verkefni. Þetta gerðist í báðum þessum tilvikum varðandi flugvellina, og var mjög mikils metið þegar sú ákvörðun var tekin að annast þessi verkefni. Þar með hafði valið átt sér stað. Auðvitað er það ekki tekið gagngert til að draga úr hlut kvenna, það dettur engum í hug.

Ég kom ekki að þessum ákvörðunum á sínum tíma, heldur fyrirrennari minn. Ég tel að þær hafi verið teknar algjörlega efnislega eftir þeim beiðnum sem þar komu fram. Í verkefni á Pristina-flugvelli tóku þátt tvær konur, önnur í flugumferðarstjórn og hin í flugumsjón. Hvað varðar Kabúl-flugvöll var kona valin til starfa í flugumsjón en það varð ekki af því af persónulegum ástæðum að hún gæti hafið störf.

Stefna íslensku friðargæslunnar er eftir sem áður að starfa á breiðum grundvelli, enda tekur hún þátt í verkefnum á borð við rekstur skrifstofu UNIFEM í Pristina, þjálfun lögreglumanna í Bosníu-Hersegóvínu, eftirliti með vopnahléssamningum í Sri Lanka, auk þátttöku í friðargæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins í Kosovo og Afganistan. Starfsemi friðargæslunnar á síðastnefndu stöðunum er þáttur í þeirri stefnu stjórnvalda að taka virkan þátt, eins og við höfum lýst yfir, í friðaraðgerðum Atlantshafsbandalagsins. Verkefnavalið hefur tekið mið af því að framlag gagnist þeim sem þurfandi eru, auk þess að falla að utanríkispólitískum áherslum á hverjum tíma en við það verður auðvitað að miða áfram hér eftir sem hingað til að þessi verkefni taki eins og kostur er, eins og hv. þingmaður lagði áherslu á, tillit til jafnréttissjónarmiða.

Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 frá október 2000 er um margt athyglisverð. Þetta er reyndar mikill og langur listi í þessari ályktun, nokkuð óvenjuleg ályktun fyrir öryggisráðið, tekur á mjög mörgum brýnum málum og mikilvægum,

og ég er hjartanlega sammála hv. þingmanni um mikilvægi þess að íslensk stjórnvöld fylgi ályktuninni eftir eins og við á.

[13:12]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa þörfu umræðu. Í skýrslunni sem hér um ræðir segir, með leyfi forseta:

„Vöxtur friðargæslunnar hefur átt sér stað samhliða stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um samþættingu jafnréttis- og kynjasjónarmiða en án nokkurrar sýnilegrar skörunar."

Hér sýnist mér að hnífurinn standi í kúnni. Niðurstöður skýrslu Birnu Þórarinsdóttur rökstyðja í öllum atriðum þá gagnrýni sem þingmenn Samfylkingarinnar hafa haft uppi á verkefnaval íslensku friðargæslunnar. Framkvæmdaáætlanir ríkisstjórnarinnar um jafnrétti kynjanna, bæði gamlar og nýjar, virðast ekki hafa haft nein áhrif á störf og stefnumótunina í utanríkisráðuneytinu. Þar virðist skorta bæði þekkingu og pólitíska vilja til að standa við stóru orðin, hvort sem þau falla hér í þessum ræðustóli eða á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York.

Íslenska friðargæslan er í mínum huga skilgetið afkvæmi karla, fyrst og fremst ætluð til að veita körlum störf, og ekki síst til þess að ýta undir þá ímynd Íslands á alþjóðlegum vettvangi að við séum tilbúin í samstarf, tilbúin í hörðu pakkana eins og það var einu sinni orðað, og að láta til okkar taka jafnvel þegar það krefst vopnaburðar.

Það er kominn tími til að snúa blaðinu við, að stefna friðargæslunnar og starf hennar sé raunverulega á þeim breiða grundvelli sem hæstv. utanríkisráðherra nefndi í ræðu sinni. Það þarf að sýna það í verki, hæstv. forseti, og það þýðir að við breytum stefnunni í verkefnavali íslensku friðargæslunnar og sönnum það að friðargæsla er ekki karlmannsstarf.

[13:14]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki langt síðan íslenska friðargæslan var formlega stofnuð, í september árið 2001. Strax í upphafi tók stefna og starfsemi íslensku friðargæslunnar mið af jafnréttis- og kynjasjónarmiðum enda voru verkefni hennar af þeim toga.

Það eru fáir í dag sem efast um gott starf friðargæslunnar nema kannski hv. þingmenn Vinstri grænna en Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur undanfarið viljað tala um íslensku friðargæsluna sem íslenskan her sem er algjörlega út í hött. Nú bregður svo við að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vill ræða hér um jafnréttissjónarmið friðargæslunnar sem að mínu mati er klárlega stefnubreyting. Ég fagna því að viðkomandi flokkur vilji ræða málefnalega um friðargæsluna og hætta að vega að okkar góða fólki sem er í íslensku friðargæslunni og stundar störf sín víða um heim.

Varðandi starf friðargæslunnar vil ég t.d. nefna gott starf Íslendinga í UNIFEM í Kosovo. Íslendingar njóta mikillar virðingar fyrir þátttöku í uppbyggingarstarfi þar, ekki síst vegna hjálpar til kvenna í stríðshrjáðum löndum. Fjórir Íslendingar hafa gegnt verkefnisstjórastöðu í UNIFEM í Kosovo, allt konur.

Síðustu ár hafa stjórnvöld frekar beint framlagi Íslands að ákveðnum verkefnum og tel ég það jákvæða þróun. Verkefnin sem hafa orðið fyrir valinu eru þó frekar karllæg, þ.e. umsjón með flugvöllum, og hafa þau verkefni verið leyst vel af hendi. Eðli verkefnanna er slíkt að dregið hefur að einhverju leyti úr möguleikum kvenna til að koma að þeim. Þó tel ég að það geti vel breyst. Við þurfum ekki annað en að fylgjast með auknum fjölda kvenna í t.d. verk- og tæknifræðinámi og gefur það fyrirheit um að fleiri konur geti komið að verkefnum friðargæslunnar ef þau haldast óbreytt sem við vitum þó ekkert um.

[13:17]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að taka til umræðu nýútkomna skýrslu UNIFEM á Íslandi um jafnréttis- og kynjasjónarmið í stefnu og starfi íslensku friðargæslunnar. Skýrslan er miklu meira en úttekt á jafnréttis- og kynjasjónarmiðum íslensku friðargæslunnar eins og hv. þingmaður gerði grein fyrir. Hún endurspeglar ekki síður áherslur íslenskra stjórnvalda á þátttöku í friðargæslu á ófriðartímum.

Opinbera þátttöku Íslands í alþjóðlegri friðargæslu má rekja allt aftur til ársins 1950 en þá voru fyrstu lögregluþjónarnir ráðnir til starfa á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þátttaka Íslands lá eftir það niðri allt til 1984 en þá hófst tímabil markvissrar þátttöku í friðargæslu með því að ráða heilbrigðisstarfsfólk og lögregluþjóna til starfa og síðar sérfræðinga á ýmsum sviðum. Þetta var gert á vegum ÖSE, NATO og Sameinuðu þjóðanna.

Um þessa þátttöku Íslendinga í friðargæslu var góð sátt enda var hópurinn blandaður bæði að kyni og starfsstéttum og sinnti margbreytilegum verkefnum.

Miklar breytingar urðu á starfseminni haustið 2002 þegar íslenska friðargæslan tók við rekstri flugvallarins í Pristina í Kosovo en með þeim samningi komst Ísland í fararbrodd smáþjóða til að taka að sér rekstur og verkefni á vegum NATO. Það má velta því fyrir sér hvers vegna ákvörðun hafi verið tekin um að fara í svo viðamikið og sérhæft verkefni og nota til þess nær alla krafta íslensku friðargæslunnar. Um verkefnið sjálft má í sjálfu sér deila og athuga vandlega hvort íslenska þjóðin sé því hlynnt að friðargæsluliðar séu skilgreindir sem hermenn í störfum sínum. Þetta verkefni og það næsta, að taka við rekstri alþjóðaflugvallarins í Kabúl á síðasta ári, gerir að engu samþykkt Íslands á ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi en sú ályktun er algjört lykilatriði varðandi samþættingu jafnréttissjónarmiða og friðargæsluaðgerða.

[13:19]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því sérstaklega eins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir að Vinstri hreyfingin – grænt framboð skuli hafa áhuga á innviðum og skipulagi íslensku friðargæslunnar og beri framþróun hennar fyrir brjósti. Hingað til hafa þau staðið fyrir frekar neikvæðri umræðu um friðargæsluna og gjarnan hamrað á því að íslenska friðargæslan væri ekkert annað en íslenskir hermenn í útlöndum, gráir

fyrir járnum. Nú láta þau allt í einu jafnréttissjónarmið innan friðargæslunnar sig varða. Já, batnandi mönnum er best að lifa.

Hæstv. utanríkisráðherra hefur skýrt vel starfsemi íslensku friðargæslunnar sem hefur tekist afar vel. Ég tek hins vegar undir með hv. málshefjanda, nauðsynlegt er að gæta að jafnréttissjónarmiðum við stefnumótun, ráðningu starfsmanna, val á verkefnum o.s.frv. Þá vil ég þakka UNIFEM á Íslandi sérstaklega fyrir mjög gott starf og tel sjálfsagt að farið verði nánar ofan í þessi mál og skoðað hvernig við getum gert betur. Sú skýrsla sem hér er rædd er gott innlegg í því sambandi en höfundur hennar fékk einmitt sérstakan styrk frá utanríkisráðuneytinu.

Minna má einnig á athyglisverða skýrslu frá UNIFEM, Konur í stríði og friði, sem kom út árið 2002 en þar var einmitt vakin athygli á þessu mikilvæga hlutverki kvenna.

Utanríkismálanefnd hefur farið vel yfir málefni íslensku friðargæslunnar og mun að sjálfsögðu halda áfram að fylgjast með starfseminni. Í dag eru konur um þriðjungur viðbragðslistans hjá íslensku friðargæslunni og mér skilst að unnið sé að því að auka hlut kvenna á listanum.

Það er alveg ljóst að jafnréttis- og kynjasjónarmið umvefja alla starfsemi íslenska ríkisins í dag og ég er sannfærð um að fjöldi kvenna hefur áhuga á störfum íslensku friðargæslunnar og gæti lagt þar þung lóð á vogarskálarnar, ekkert síður en karlar.

[13:21]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Beijing árið 1995 var samþykkt framkvæmdaáætlun með sérstökum kafla um konur og vopnuð átök. Kveðið er á um verndun kvenna í vopnuðum átökum og aukna þátttöku kvenna í ákvarðanatöku.

Þegar Dayton-samkomulagið vegna Bosníu-Hersegóvínu var gert kom á óvart að ekkert gaf til kynna að Beijing-áætlunin væri til. Samt var Dayton-samkomulagið hið fyrsta sinnar tegundar eftir Beijing-ráðstefnuna. Konur komust síðan á dagskrá öryggisráðsins á alþjóðadegi kvenna 8. mars árið 2000 þegar formaður öryggisráðsins gaf sérstaka yfirlýsingu um að nú viðurkenndu fulltrúar öryggisráðsins að friður væri órjúfanlega tengdur jafnrétti kvenna og karla.

Svokallaður Brahimi-hópur sem samanstóð af sjö körlum og tveim konum skilaði skýrslu, líka árið 2000, sem var niðurstaða heildstæðrar endurskoðunar friðargæslu Sameinuðu þjóðanna. Þar láðist að taka tillit til kynjasjónarmiða. Á þessum árum og í þessu umhverfi var verið að móta hugmyndir um þátttöku Íslands í borgaralegri friðargæslu svo að það er varla að undra að kynjasjónarmið verði líka út undan hér heima. Öryggismál og ófriðarumfjöllun er karlaheimur með karlatalsmáta þar sem nálgun viðfangsefnisins er út frá reynsluheimi hans enda er það vel undir 10% að konur taki almennt þátt í fundum og ráðstefnum í heiminum um öryggismál. Það er fyrst þegar öryggishugtakið víkkar og fer að ná til mannréttinda, umhverfismála og efnahagsþátta sem þátttaka kvenna kemur til.

Ríkisstjórnin hefur sett sér markmið. Við höfum ekki séð hvernig þau skila sér inn í friðargæsluna enn þá. Nú reynir á hvernig nýr utanríkisráðherra velur að höndla þessi mál og hvert eðli verkefna verður sem hann velur í framtíðinni.

[13:23]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir svör og fyrir að taka jafnjákvætt í þær óskir sem ég setti fram í ræðu minni og hann gerði. Ég treysti því auðvitað að orð hans endi í því að utanríkisráðuneytið taki núna í auknum mæli til við að efna gefin fyrirheit um samþættingu og jafnrétti innan íslensku friðargæslunnar. Það er auðvitað það sem málið snýst um, ekki um það að vinstri grænir hafi gagnrýnt hervæðingu íslensku friðargæslunnar sem við göngumst fullkomlega við. Við höfum ævinlega sagt: Það eru rangar áherslur í uppbyggingu friðargæslunnar. Það á að samþætta jafnréttissjónarmiðin. Það á ekki að hervæða íslensku friðargæsluna. Við höfum haft uppi fullkomlega málefnalega gagnrýni á störf friðargæslunnar hingað til, vil ég segja til hv. þingmanna sem hafa hér notað tækifærið og sagt að við séum eitthvað að breyta um kúrs í þessum efnum. Svo er ekki. Við stöndum við alla okkar gagnrýni og við fögnum því að hæstv. utanríkisráðherra skuli ætla að ganga til liðs við þessi sjónarmið.

Við erum hér í því hlutverki að halda ríkisstjórninni við efnið varðandi samþættingarmál og jafnréttismál. Við höfum séð það á jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar að það hefur gengið illa að standa við gefin fyrirheit. Það staðfesti hæstv. félagsmálaráðherra í ræðu í fyrravor þegar hann fylgdi úr hlaði nýrri jafnréttisáætlun. Það er alveg nauðsynlegt að allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar taki til í sínum ranni hvað þetta varðar. Mér virðast orð hæstv. utanríkisráðherra vera með þeim hætti hér að við getum átt von á því að friðargæslan íslenska hætti að vera hið skilgetna afkvæmi karla og fái nú að njóta samþættingar- og jafnréttissjónarmiða eins og ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna gerir ráð fyrir.

[13:25]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel, og ég ítreka það, að sú skýrsla sem var tilefni umræðunnar og umræðan sjálf sé mjög jákvæður þáttur í starfsemi þingsins. Ég ítreka jafnframt að ég tel að við í utanríkisráðuneytinu eigum að horfa til þess að gæta eins og kostur er jafnréttissjónarmiða við ákvarðanir okkar sem snúa að íslensku friðargæslunni. Ég ítreka þetta og ég tel að það sé rétt ábending til okkar og að til hennar sé fullt tilefni.

Ég tel enn fremur og tek undir með hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur og Dagnýju Jónsdóttur að umræðan hafi verið góð að því leyti til að hér er talað um íslensku friðargæsluna með þeim brag eins og að hér sé um — sem það svo sannarlega er — að ræða góða, eðlilega og æskilega starfsemi á vegum íslenska ríkisins. Ég er þeirrar skoðunar.

Hitt er svo aftur umhugsunarefni fyrir okkur öll að hér er verið að tala um að við eigum að skipta liði nokkurn veginn eftir hlutverkunum. Ef það væri nú þannig að utanríkisráðherrann væri í þessu tilfelli kona — sem hann er nú ekki en verður kannski einn góðan veðurdag, og kannski von-

andi fyrr en síðar, þ.e. ekki ráðherrann heldur embættið — hefðu eingöngu konur talað hér í dag. Og það er kannski svolítið umhugsunarefni fyrir okkur að liðsskiptingin í umræðunni sé ekki jafnari en svo. Eigum við ekki að taka okkur á í þessum efnum?

Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 399. mál. — Þskj. 506, nál. 812, brtt. 813.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:29]

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BH, DJ, DO, EMS, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GÖrl, HBl, HHj, JÁ, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SP, VS, ÞSveinb.

3 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, EOK, GHj, GAK, GÁS, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JBjart, LB, MÞH, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BH, DJ, DO, EOK, EMS, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GÖrl, HBl, HHj, JÁ, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SP, VS, ÞSveinb.

2 þm. (JBjarn, KolH) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, GHj, GAK, GÁS, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JBjart, LB, MÞH, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 813,1 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BH, DJ, DO, EOK, EMS, GÞÞ, GHall, GII, GÖrl, HBl, JÁ, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SP, VS, ÞSveinb.

3 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, GHj, GAK, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HHj, HjÁ, JóhS, JGunn, JBjart, LB, MÞH, PHB, SAÞ, SigurjÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BH, DJ, DO, EOK, EMS, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GÖrl, HBl, HHj, JÁ, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞSveinb.

2 þm. (KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, GHj, GAK, GÁS, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, LB, MÞH, PHB, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 813,2 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BH, DJ, DO, EOK, EMS, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GÖrl, HBl, HHj, JÁ, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞSveinb, ÖJ*.

2 þm. (KolH, ÞBack) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, GHj, GAK, GÁS, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, LB, MÞH, PHB, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

8. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BH, DJ, DO, EOK, EMS, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GÖrl, HBl, HHj, JÁ, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞSveinb.

3 þm. (KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, GHj, GAK, GÁS, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, LB, MÞH, PHB, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

9.–10. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BH, DJ, DO, EOK, EMS, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GÖrl, HBl, HHj, JÁ, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞSveinb.

3 þm. (KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, GHj, GAK, GÁS, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, LB, MÞH, PHB, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 813,3 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BH, DJ, DO, EOK, EMS, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GÖrl, HBl, HHj, JÁ, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞSveinb.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, GHj, GAK, GÁS, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JBjart, LB, MÞH, PHB, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BH, DJ, DO, EOK, EMS, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GÖrl, HBl, HHj, JÁ, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞSveinb.

4 þm. (KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, GHj, GAK, GÁS, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, LB, MÞH, PHB, SAÞ, SÞorg, SF, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 813,4 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BH, DJ, DO, EOK, EMS, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GÖrl, HBl, HHj, JÁ, JónK, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, RG, SKK, SigurjÞ, SP, VS, ÞSveinb.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁMM, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DrH, EKG, GHj, GAK, GÁS, GÖg, GunnB, HÁs, HjÁ, JóhS, JGunn, JBjart, LB, MÞH, PHB, SAÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 538. mál (upplýsingar um einstaklinga). — Þskj. 814.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

GATS-samningurinn, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ o.fl., 63. mál. — Þskj. 63.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Aðgerðir til að draga úr vegsliti, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 65. mál. — Þskj. 65.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Stimpilgjald, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 66. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 66.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stimpilgjald, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 69. mál (heimildarbréf leiguhúsnæðis, endurfjármögnun). — Þskj. 69.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 398. mál. — Þskj. 505, nál. 793, 794 og 796, brtt. 795.

[13:37]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt í upphafi ræðu minnar að þakka stjórn þingsins fyrir það skipulag að hafa ekki lokið 2. umr. fyrr en tryggt væri að hæstv. menntamálaráðherra gæti verið viðstödd umræðuna. Hún var einmitt viðstödd umræðuna þegar hún hófst fyrir hádegi.

(**Forseti** (HBl): Hæstv. menntamálaráðherra er í húsinu og ég hygg að hún fylgist með því sem fram fer.)

Já, ljómandi.

(**Forseti** (HBl): Ég skal samkvæmt beiðni hv. þingmanns láta gera henni aðvart um að umræðan standi yfir en ég hygg að hæstv. menntamálaráðherra hafi rétt vikið sér frá.)

Ljómandi, herra forseti. Ég mun nefnilega þurfa að spyrja hæstv. ráðherra örfárra spurninga. Ég þarf út af fyrir sig ekki að byrja á því í ræðu minni en óska eftir að það sé tryggt að hæstv. ráðherra heyri spurningarnar svo að svör við þeim berist örugglega inn í umræðuna. Það er býsna mikilvægt að mínu mati og ég þakka hæstv. forseta fyrir viðbrögðin.

Umræða um sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík er búin að standa nokkuð og hér er langt komin 2. umr. um afnám laga um Tækniháskóla Íslands sem nauðsynlegt er ef þessi gjörningur á að ná fram að ganga.

Það eru auðvitað býsna mörg áleitin mál sem koma upp þegar málið er rætt. Vissulega hefur mikið verið rætt um eignarformið og það er trúlega það stærsta sem hér þarf að ræða. Það er einnig eðlilegt að mismunandi skoðanir hafi komið fram varðandi fyrirkomulag á tæknifræðinámi og það var t.d. athyglisvert að talsmaður Framsóknarflokksins í menntamálanefnd lagði mikla áherslu á að verið væri að tryggja meiri fjölbreytni í því námi. Það er akkúrat varðandi þann þátt sem nauðsynlegt er að hæstv. menntamálaráðherra svari nokkrum spurningum. Enn fremur þarf að ræða útfærslur á fyrirliggjandi samningum og yfirlýsingum sem gefnar hafa verið, m.a. varðandi skipan háskólaráðsins sem töluvert hefur verið rætt um. Þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að líta yfir sviðið í heild sinni, þ.e. heildarstefnumótun háskólanáms á Íslandi sem væri æskilegt að væri tengt þeirri umræðu sem hér fer fram.

Ég vil þó byrja á því að ræða eignaformið og hvernig það tengist þeim lögum sem nú gilda um háskóla. Í 3. gr. laga um háskóla segir, með leyfi forseta:

„Ríkisreknir háskólar eru sjálfstæðar ríkisstofnanir sem heyra stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra og lúta stjórn samkvæmt sérstökum lögum um hvern skóla. Háskólar geta verið sjálfseignarstofnanir og starfa þá eftir staðfestri skipulagsskrá. Heimilt er einkaaðilum að stofna háskóla að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Allir háskólar skulu hafa sjálfstæðan fjárhag gagnvart ríkissjóði."

Það er augljóst mál þegar þessi grein er lesin og þegar farið er yfir umræður á Alþingi þegar lögin voru samþykkt að enginn virðist hafa viljað eða haft hugsun á að vekja athygli á því að skilja mætti þessa grein eins og nú er verið að gera með því lagafrumvarpi sem hér liggur fyrir, og þeim samþykktum og yfirlýsingum sem því fylgja, þ.e. að einkaaðilar gætu rekið háskóla sem hlutafélag.

Það getur ekki verið tilviljun að hér er þessi setning:

„Háskólar geta verið sjálfseignarstofnanir og starfa þá eftir staðfestri skipulagsskrá."

Þetta rekstrarform er hið eina sem nefnt er í greininni. Síðan kemur að vísu ein setning: „Heimilt er einkaaðilum að stofna háskóla að fengnu samþykki menntamálaráðherra." Það er augljóst mál þegar farið er yfir umræður á Alþingi 1997 að þá hafa menn skilið það svo að einkaaðilar mættu eingöngu stofna sjálfseignarstofnanir um rekstur háskóla.

Það er hins vegar ekki hægt bara út frá orðanna hljóðan að segja að það sem hér er nú verið að boða standist ekki lögin. Þess vegna, herra forseti, hafa fulltrúar Samfylkingarinnar í menntamálanefnd lagt fram breytingartillögu við sjálf lögin um háskóla til að taka af allan vafa um að eingöngu það form eigi að ríkja varðandi rekstur háskóla, nákvæmlega eins og andi laganna í raun og veru er. Vegna ónákvæmni í orðalagi eða vegna þess að einhverjir ætluðu sér að lauma þessu inn án þess að ræða það sérstaklega er opin glufa. Þegar mælt var fyrir frumvarpinu hefði a.m.k. verið eðlilegt að sérstök athygli væri vakin á því að með þessu væri hægt að taka upp hlutafélög á háskólastigi. Ég er samt ekki viss um að árið 1997 hafi nokkrum manni dottið það í hug og þess vegna hafi menn ekki haft varann á. Ella hefðu þeir haft orðalagið skýrara.

Það er algjörlega nauðsynlegt að þeir aðilar sem nú eru að undirbúa stofnun þessa sameiginlega háskóla geri sér grein fyrir því að með þessari breytingartillögu fulltrúa Samfylkingarinnar í menntamálanefnd er verið að gefa merki um það hvernig við munum nálgast þetta málefni þegar fulltrúi okkar er sestur í stól menntamálaráðherra. Þessir aðilar verða að gera sér fyllilega grein fyrir því að þá verði lögunum breytt á þennan hátt nái þessi tillaga ekki fram að ganga í þessari atrennu. Ég geri þó að sjálfsögðu ráð fyrir því og geri mér vonir um að meiri hlutinn á þinginu átti sig á því að við þurfum frið um rekstrarform háskóla.

Sjálfseignarstofnunarformið hefur sýnt það og sannað, ekki bara á Íslandi heldur víðast hvar í heiminum, að það er hið æskilega form fyrir rekstur háskóla. Það er t.d. engin tilviljun að Danir hafa ákveðið að hafa alla sína háskóla þannig, líka þá sem hafa verið reknir af ríkinu. Með því er fundin besta tryggingin fyrir öllu því frelsi sem menn telja æskilegt að háskólar búi við. Þess vegna hafa Danirnir valið það form. Við getum auðvitað velt því fyrir okkur, og eigum að gera það þegar við förum að skoða háskólastigið allt saman, hvort við eigum að fara sömu leið og Danir. Við þurfum bara að fara í gegnum þetta mál allt saman og skoða það, ekki að fara þá leið sem núverandi ríkisstjórn hefur valið, að taka alltaf einn og einn bita í einu og horfa aldrei yfir sviðið í heild sinni heldur krukka alltaf hér og þar án samhengis í hlutunum.

Herra forseti. Ég ítreka að breytingartillagan skiptir miklu máli í meðferð málsins. Með henni er Samfylkingin að boða hvernig hún vill að háskólar séu reknir, að þeir eigi að vera sjálfseignarstofnanir ef þeir eru ekki reknir af ríkinu sem ríkisháskólar. Breytingartillagan er ekki einhver tillaga sem dúkkar bara upp heldur er hún niðurstaða eftir skoðun á málinu að þannig viljum við að orðalagið sé í lögum um háskóla.

Eðlilegt er að þeir aðilar sem nú vinna að sameiningu skólanna átti sig á því að þegar samfylkingarmaður sest í stól menntamálaráðherra verða samningar við þann skóla teknir upp, teknar verða upp viðræður um að taka þann samning upp og það verður að sjálfsögðu óskað eftir því að þetta form verði tekið upp. Ég trúi því ekki að það verði neitt vandamál, m.a. vegna þess að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson fór í nokkuð langri ræðu í morgun yfir að það skipti engu máli hvort um hlutafélag væri að ræða eða sjálfseignarstofnun. Það væri enginn munur á því. Hv. þingmaður gekk að vísu svo langt að segja að okkur kæmi þetta ekkert við. Þar erum við ekki sammála. Okkur kemur þetta við vegna þess að við viljum tryggja að háskólar landsins búi við sem bestar aðstæður þannig að þeir nái markmiðum sínum sem best fram. Við þurfum að forðast þær hættur sem geta verið í mismunandi rekstrarformum og augljóst mál að ákveðnar hættur liggja í hlutafélagaforminu.

Vissulega er það rétt hjá hv. þingmanni að það er margt eins í rekstrarformunum en það eru ýmsar hættur sem menn búa við þegar hlutafélagaformið er veitt ... (Gripið fram í.) M.a. þær sem komu fram í ræðu hv. þingmanns, að það væri enginn munur á því hvort menn rækju háskóla eða fyrirtæki, en það er gífurlegur munur á því. Ég vil ekki eyða mjög löngum tíma í að endurtaka það sem hv. þm. Mörður Árnason gerði ágætlega í umræðunni t.d. með því að tengja saman hið akademíska frelsi og rekstrarformið, sem skorti í ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar. Það er býsna mikilvægt að það sé skoðað í samhengi. Þess vegna segi ég að sjálfseignarstofnanir tryggja best það frelsi sem háskólar þurfa að búa við. Þar með erum við búin að lágmarka þær hættur sem geta fylgt of nánum og sterkum tengslum eignaraðilanna við rekstur skólans. Þetta á ekki að velkjast fyrir mönnum enda held ég að ef sannfæringarkrafturinn næði út fyrir þingflokka ríkisstjórnarinnar væri hlutafélagaformið ráðandi form í rekstri háskóla, ráðandi form í heiminum. Hv. þingmenn hljóta að velta því fyrir sér hvernig standi á því að svo er ekki. Hvernig stendur t.d. á því að rekstrarformið er ekki einu sinni ráðandi í fyrirheitna landi sumra hv. þingmanna, Bandaríkjunum? Hvernig stendur á því? Það er auðvitað reynslan sem segir mönnum að annað form

hafi reynst betur.

Við getum líka farið yfir sérkennilegar sendingar sem hv. menntamálanefnd hefur fengið. Ýmis viðhorf vekja ugg í mínu brjósti sem koma fram í þeim pappírum sem meiri hluti nefndarinnar segir í áliti sínu að hafi dugað þeim fyllilega til að sannfærast um að hlutafélagaformið væri betra en sjálfseignarstofnunarformið. Formaður háskólaráðs, Sverrir Sverrisson, segir í bréfi til hv. menntamálanefndar, með leyfi forseta:

„Þá var það mat aðila" — þ.e. þeirra sem vilja koma að rekstri hins nýja háskóla — „að með þessu félagaformi væri stjórnendum skólans ljóst að gerð væri krafa um hagkvæmni í rekstri og skynsamlegri meðferð fjármuna, eins og í venjulegum atvinnufyrirtækjum."

Herra forseti. Þetta er mjög athyglisvert sjónarmið að í hinum formunum sé ekki gerð krafa um hagkvæmni í rekstri né skynsamlega meðferð fjármuna. Er þetta þannig? Ja, það er greinilega mat formanns háskólaráðs hins nýja skóla að ríkisháskólarnir séu ekki reknir með hagkvæmni í huga og það sé ekki skynsamleg meðferð fjármuna í þeim skólum. Og ekki bara það. Það sé ekki heldur í sjálfseignarstofnunum, þ.e. að þeirra viðhorfa hafi ekki gætt í Háskólanum í Reykjavík. Þetta eru tíðindi. Þetta er nýtt, að vandinn við sjálfseignarstofnunina Háskólann í Reykjavík sé að þar hafi ekki verið gætt hagkvæmni í rekstri og ekki verið beitt skynsamlegri meðferð fjármuna. Það er algerlega með ólíkindum að þau rök séu notuð til að segja að menn þurfi að stofna hlutafélög um rekstur háskólans því við vitum auðvitað að þetta er ekki rétt. Hagkvæmni er gætt og það er skynsamleg meðferð fjármuna í öllum þessum stofnunum.

Formaður háskólaráðsins segir einnig í sama bréfi, með leyfi forseta:

„Eðlilegt er að menn velti fyrir sér hvort heppilegra hefði verið að skilja eignarhaldið á skólanum með skýrari hætti frá þátttakendunum t.d. með því að setja reksturinn í sjálfseignarstofnun."

Þetta finnst mér virðingarvert. Formaður háskólaráðs segir að eðlilegt sé að menn velti þessu fyrir sér og ég held að það sé eðlilegt að menn velti þessu fyrir sér í fyllstu alvöru. Það er nefnilega ekkert vandamál fyrir þessa ágætu aðila sem koma jákvætt að málinu og vilja gera góða hluti í rekstri skólanna, sem er mjög mikilvægt og ég hef áður í ræðu minni fjallað um mikilvægi þess að tryggð séu góð tengsl við atvinnulífið við rekstur skólans. Þeir aðilar hefðu að sjálfsögðu getað stofnað sérstakt félag um allar eignirnar en haft reksturinn í sjálfseignarstofnun. Þar með hefði málið verið í allt öðrum farvegi og að mínu mati miklu álitlegri.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að staldra mjög lengi við bréfaskriftirnar en það vakti alveg sérstaka athygli mína og væri forvitnilegt að heyra ef einhverjir hv. þingmenn sem sæti eiga í menntamálanefnd hafa fengið skýringu á einni setningu í bréfi til menntamálanefndar frá Guðfinnu Bjarnadóttur, rektor Háskólans í Reykjavík, og væntanlegs rektors hins nýja háskóla. Þar er verið að fjalla um sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið og rétt að vekja athygli á því ef það er ekki öllum kunnugt að Háskólinn í Reykjavík hefur verið rekinn sem sjálfseignarstofnun. Enginn maður hefur nokkurn tíma heyrt um einhvern vandræðagang frá stofnuninni við að hún væri sjálfseignarstofnun, aldrei, ekki eitt einasta orð. Síðan kemur þessi setning í bréfinu fram, með leyfi forseta:

„Það er afar ábyrgðarlaust að reka háskóla með þeim hætti" — þ.e. sem sjálfseignarstofnun. Þetta eru engin smá orð frá rektor í sjálfseignarstofnun (**Gripið fram í:** Lestu alla setninguna.) þannig að maður skyldi ætla (**Gripið fram í:** Lestu samhengið.) að hér væri mikill rökstuðningur á ferðinni. Ég vil verða við óskum hv. þingmanns og lesa alla setninguna til enda, með leyfi forseta:

„Það er afar ábyrgðarlaust að reka háskóla með þeim hætti, sérstaklega þegar hlutverk háskólans er að styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og taka að sér veigamikið hlutverk á háskólastigi með samruna HR og Tækniháskóla Íslands (THÍ)."

Er það ábyrgðarlaust af því að þessir tveir háskólar eru að renna saman eða vegna þess að hlutverkið er sérstaklega að styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs? Eru ekki einhverjir aðrir háskólar að því líka? Ég ætla rétt að vona að einhverjir háskólar hér á landi hafi það hlutverk að styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Ég ætla rétt að vona að sjálfseignarstofnunin, Viðskiptaháskólinn á Bifröst, sé að því. Samkvæmt þessu er ábyrgðarlaust að það skuli vera gert með þessu fyrirkomulagi. Þetta þykir mér algerlega með ólíkindum og ég heyri að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson ætlar að útskýra það fyrir okkur á eftir hvernig setningin var skýrð í menntamálanefnd. Við verðum óhjákvæmilega að fá fullnægjandi skýringu á þessu því þetta eru engar smá ásakanir í garð þeirra stofnana sem eru reknar og bréfritarinn rekur sjálfur. Ég átta mig ekki á því hvaða gífurlegi munur verður á því að reka sameiginlega háskólann og þann háskóla sem rektor rekur í dag, en ef til eru skýringar á því væri mjög ánægjulegt að fá að heyra þær.

Það væri líka æskilegt að fá að heyra frá þeim hv. þingmönnum sem styðja frumvarpið algerlega óbreytt hvað sé nákvæmlega að í rekstri sjálfseignarstofnunar. Hvaða vandamál eru á ferðinni? Ef það eru einhver vandamál er ekki hægt að gera einhverjar breytingar t.d. á lögum um sjálfseignarstofnanir til að koma til móts við þau, og hvernig stendur á því að þau vandamál hafa aldrei komið fram? (**Gripið fram í:** Af hverju er það form betra?) Er hv. þingmaður enn að spyrja af hverju það form sé betra? (Gripið fram í.) Hv. þingmaður fær svör en heyrir ekki svör. Ég benti hv. þingmanni á af því að ég vildi ekki taka þátt í því að vera með eitthvert málþóf varðandi málið því það er auðvitað ekki þess eðlis að það þurfi, (Gripið fram í.) en hv. þingmaður virðist stöðugt vilja fá sömu svörin og spyr þráfaldlega sömu spurninga.

Hv. þm. Mörður Árnason fór mjög nákvæmlega yfir málið í ræðu sinni í síðustu viku og ég benti á það áðan til að rifja það upp fyrir hv. þingmanni að það sem væri afskaplega stórt í því samhengi væri að sjálfseignarstofnunarformið tryggir langbesta frelsið sem háskólar þurfa að hafa í rekstri sínum, m.a. hið akademíska frelsi. Það er langbest tryggt með sjálfseignarstofnunarfyrirkomulaginu. Þetta er meginatriðið. Auðvitað er hægt að fara í fleiri smáatriði en ég er ekki viss um að hv. þingmaður átti sig á því hversu mikilvægt þetta er vegna þess að ræða hv. þingmanns áðan

gekk út á það að það væri enginn munur á að reka háskóla og hvert annað fyrirtæki sem á að skila hagnaði. Við vitum og hv. þingmaður veit það, hann fór yfir það í morgun, að hlutafélagaformið er sniðið að því að reka fyrirtæki sem eiga að skila hagnaði og að áliti flestra býsna gott form til að ná meginmarkmiðinu, að skila hagnaði. Menn geta svo auðvitað, eins og gert er varðandi skipulagsskrána sem einkahlutafélagið á að hafa, sett í 2. gr. að ef einhver hagnaður verði skuli hann renna til skólans. En ef menn ætla ekki að hafa neinn hagnað af þessu skilur maður ekki enn af hverju ekki er hægt að hafa sjálfseignarformið. Ég vil þess vegna biðja hv. þingmenn sem hafa tekið þessa trú að reyna að færa einhver rök fyrir því, ekki segja bara: Þetta er betra, það er eitthvað annað sem er verra. Ég tala ekki um þegar rökin eru þau eins og ég benti á áðan hjá rektornum. Þá veltir maður því fyrir sér hvernig standi á því að ekki er hægt að færa önnur rök en að þetta sé ábyrgðarlaust vitandi það að verið er að reka háskóla vítt og breitt um heiminn með því formi. Það er líklega allt ábyrgðarlaus rekstur.

Þetta eru hreinlega ekki rök. Þeir ágætu aðilar sem ákváðu með góðum vilja að koma að því að sameina háskólana og leggja fjármuni til þess koma auðvitað úr því rekstrarumhverfi að þeir þekkja hlutafélagaformið. Mér finnst mjög eðlilegt að þeir aðilar hafi komist að þeirri niðurstöðu að þeir vilji vinna í því umhverfi sem þeir þekkja. Það sem hefur hins vegar skort í umræðuna er leiðbeining menntamálaráðuneytisins og upplýsingaskylda ráðuneytisins til þessara aðila um að það form sé ekki heppilegt til að reka háskóla. Annað form er heppilegra. Þar átti ráðuneytið að sjálfsögðu að hafa upplýsingaskyldu og leiðbeiningarskyldu. Ég er viss um að þessir ágætu aðilar hefðu tekið þeim rökum. En málið er komið svo langt að menn upplifa það einhvern veginn að þeir þurfi að fara að bakka ef þeir gera breytinguna. Ég mundi ekki líta svo á. Ég held að þarna hafi skort upplýsingar og menn verði menn að meiri að viðurkenna að nú þegar þeir eru búnir að fá allar upplýsingar í málinu sé hægt að breyta ákveðnu formi.

Það er algerlega kristaltært að breytingartillaga Samfylkingarinnar er ekki bara einhver einstök breytingartillaga við eitthvert léttvægt mál heldur boðar hún stefnu flokksins gagnvart rekstrarformi á háskólastigi. Það þýðir að sjálfsögðu að þegar Samfylkingin verður aðili að ríkisstjórn verður þetta eitt af þeim málum sem þar verða tekin upp. Þess vegna átta ég mig ekki á því hvernig á því stendur að þeir aðilar sem eru að fara í þetta mikilvæga verkefni vilji ekki hafa sátt strax í upphafi um rekstrarform skólans. Atriði sem að mati ýmissa þingmanna í meiri hlutanum skiptir greinilega litlu máli. Af hverju var þá ekki náð sátt um rekstrarformið til að tryggja að þetta verði allt sem best og sem mest samstaða um, ef þetta skiptir svona litlu máli? Það er algerlega óskiljanlegt og því miður hef ég ekki enn heyrt fullnægjandi rök fyrir því að velja þurfi þetta form. Mér sýnist því miður sú kenning mín um hvernig þetta hafi orðið til vera býsna líkleg og að þau rök sem síðan hafa komið fram og ég hef m.a. vitnað til séu fyrst og fremst eftirárök til að reyna að verja sig í málinu. Þetta hafi ekki verið hugsað þannig í upphafi.

Það væri t.d. fróðlegt að fá að heyra rökstuðning fyrir því sem kemur fram m.a. í þessum bréfaskiptum að ein meginröksemdin, það sem er aðallega breytingin, sé að það hafi bara verið Verslunarráðið sem hafi komið að Háskólanum í Reykjavík og þess vegna hafi verið hægt að nota sjálfseignarstofnunarformið en nú séu þetta orðnir þrír aðilar og þá gangi ekki sjálfseignarstofnunarformið. (Gripið fram í.) Ég hef lesið pappírana, hv. þingmaður, og þess vegna þekki ég rökstuðninginn og ég er að benda á hversu haldlítill hann er. Hvaða munur er á því hvort það er einn eða þrír aðilar sem standa að sjálfseignarstofnun? Ef menn fara af heilum hug í þetta verkefni og vilja gera það sem best sé ég engin rök í því að ekki megi reka þessa stofnun sem sjálfseignarstofnun þó að aðilarnir séu þrír, fimm, sjö, níu, það skiptir engu máli um fjöldann, ekki nokkru máli, nema viðhorfið sé það sem hv. þingmaður lýsti af sinni fullkomnu hreinskilni að það eigi að reka háskóla eins og hvert annað fyrirtæki úti í bæ. Og þar gerir að sjálfsögðu enginn kröfu um að fyrirtækið sé rekið algjörlega í frelsi og óháð eigandanum, það gerir enginn kröfu um það, ekki nokkur maður. En það vill svo til að þannig hafa háskólar þróast og það hefur verið niðurstaðan að þannig skiluðu þeir hlutverki sínu best. Ég vænti þess að þeir sem eru að fara út í þennan rekstur muni komast að því, ef þeir hafa ekki gert það nú þegar í hjarta sínu, að þannig munu þeir þurfa að breyta háskólanum ef þeir gera það ekki nú áður en þeir fara í gang.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að staldra mikið meira við þetta atriði. Það var býsna vel farið yfir þennan rökstuðning, eins og ég sagði áðan, í ágætri ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar varðandi rekstrarformið og frelsi háskóla, hvað það skiptir miklu máli þar. Ég ætla þó aðeins rétt í lokin að nefna eitt atriði enn varðandi rekstrarformið og varðandi það sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kom einmitt inn á, að það væri nær enginn munur á hlutafélagalögunum og lögunum um sjálfseignarstofnanir, og nefndi m.a. að það þyrfti tvo þriðju hluthafa ... (**SKK:** Lítill munur hvað varðar samþykktirnar.) Varðandi samþykktirnar, t.d. hvað snertir breytingar á þeim o.s.frv. og það er margt hárrétt í því, en munurinn er auðvitað sá að sjálfseignarstofnun er ekki stofnun sem gert er ráð fyrir að skili hagnaði en hlutafélagaformið gengur út á það. Þrátt fyrir að í 2. gr. sé tilgreint hvernig fara skuli með hagnað, ef hann verður til, þá segir það auðvitað að þessar breytingar sem er auðvelt að gera geti náð til þeirra greina líka þar. Ég þekki það að vísu ekki, hv. þingmaður kann kannski betur hlutafélagalögin, en væri þá ekki hægt að setja það hreinlega inn í samþykktirnar að þessari grein megi þó aldrei breyta? Það er ekki gert og ég vona að hv. þingmaður geti upplýst okkur um það hvort skýringin á því sé sú að það megi hreinlega ekki samkvæmt lögunum. Mér þykir það sérkennilegt ef það má ekki. Það væri þó strax orðin meiri trygging ef sett væri inn að það mætti aldrei, þrátt fyrir ákvæði hlutafjárlaga um hvernig megi breyta, breyta 2. gr. En það er ekki inni.

Við getum síðan rætt um það sem tengist þessu auðvitað líka, sem er skipun háskólaráðsins. Þar eru atriði sem er rétt að vekja athygli á og nauðsynlegt að fulltrúar meiri hlutans í menntamálanefnd útskýri nokkuð hvað þeir eiga við vegna þess að ég sé að meiri hlutinn er sammála mér varðandi skipun háskólaráðsins. Mér þykir vera skautað nokkuð

léttilega fram hjá þessum mikilvæga þætti vegna þess að í meirihlutaálitinu segir, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn leggur áherslu á að eðlileg þátttaka starfsmanna og nemenda í stjórn skólans verði tryggð og að þeim samskiptum verði fundinn eðlilegur farvegur."

Bíðum nú við. Hvað er eiginlega átt við með þessu? Hér segir meiri hlutinn að þátttaka starfsmanna og nemenda við stjórn skólans sé eðlileg. Meiri hlutinn er sem sagt á því að það sé eðlilegt að starfsmenn og nemendur eigi fulltrúa í stjórn skólans, fulltrúa í háskólaráðinu, og segja síðan: „... verði tryggð og að þeim samskiptum verði fundinn eðlilegur farvegur."

Hvernig stendur á því að metnaðarleysi meiri hlutans er algjört í málinu? Við erum trúlega nær öll sammála um að þetta sé nauðsynlegt en af hverju lætur meiri hlutinn duga að orða þetta svo að fundinn verði eðlilegur farvegur? Hvað er átt við? Hefur meiri hlutinn einhverja tryggingu fyrir því að eftir þessu verði farið? Af hverju fór meiri hlutinn ekki fram á að samþykktunum yrði breytt þannig að hægt væri að sjá það svart á hvítu hvernig þetta væri tryggt?

Hér hefur meiri hlutinn væntanlega áttað sig á því að allur þingheimur er sammála um þetta mál. Hvaða vandamál voru þá í því að fá þetta tryggt? Af hverju þetta kurteislega orðalag „og að þeim samskiptum verði fundinn eðlilegur farvegur"? Af hverju var hann bara ekki fundinn áður en málið kom til 2. umr.?

Ég nefndi í upphafi að það væri nauðsynlegt að skoða heildarstefnumótun á háskólastigi og taka ekki ákvarðanir í bútum. Ég held að það sé orðið mjög brýnt, ekki bara varðandi rekstrarform og annað þess háttar heldur líka varðandi það hvernig við framkvæmum hluti eins og skólagjöld í háskólum á Íslandi. Sú mismunun hvernig það er framkvæmt gengur auðvitað ekki gagnvart nemendum og gagnvart skólum. Það er algjörlega nauðsynlegt að menn fari yfir þetta svið allt saman frá a til ö. Það á ekki að fara þá leið sem allt of margir hafa nú á tilfinningunni, þ.e. að skólagjöld verði á einhvern hátt tekin upp með þvingunum.

Með þessu frumvarpi er t.d. augljóslega verið að fjölga þeim greinum á háskólastigi sem ekki er hægt að stunda á Íslandi nema borga skólagjöld. Við þekkjum það nú þegar t.d. varðandi nemendur sem stunda nám við Listaháskóla Íslands að það nám er ekki hægt að stunda á Íslandi nema borga skólagjöld. Nú er verið að bæta tæknifræðináminu við þannig að hlutfall þeirra greina sem ekki er hægt að stunda á háskólastigi nema borga skólagjöld er að vaxa. Þetta ber auðvitað þess keim að verið sé að fara bakdyramegin inn í að koma á skólagjöldum. Það er vinnulag sem er ekki boðlegt að þannig sé staðið að málum, vegna þess að það er ekki lengur samkeppni, sem sumir hv. þingmenn nota þegar þeir segja að hægt sé að hafa þetta svona á meðan samkeppni er á milli en nú er engin samkeppni lengur. Listaháskólinn hefur ekki samkeppni, tæknifræðinámið hefur ekki samkeppni, það verður að borga skólagjöld í skólunum. Þetta er auðvitað gróf mismunun á nemendum sem eru í þessu námi. Þess vegna verður að fara yfir þetta svið í heild sinni og hafa samræmi í hlutunum. Svona ósamræmi gengur hreinlega ekki upp.

Herra forseti. Ég sé að nú gengur hæstv. menntamálaráðherra í salinn og svo glæsileg er tímasetning ráðherrans að það er einmitt nú sem ég þarf að bera fram spurningar til hæstv. ráðherra.

Það vakti alveg sérstaka athygli í byrjun 2. umr. að fulltrúi Framsóknarflokksins í menntamálanefnd hafði það sem meginrökstuðning í ræðu sinni við að styðja málið að það kæmi fram í yfirlýsingu frá menntamálaráðuneytinu að fjölbreytni væri tryggð og samkeppni væri fram undan í tæknifræðinámi.

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að vitna í ræðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur, en þar segir hv. þingmaður, með leyfi forseta:

„Ég er þeirrar skoðunar að skoða beri kosti þess að hefja kennslu í tæknifræðum í fleiri skólum og þá sérstaklega þeim ríkisreknu til að fjölga valkostunum. Mér finnst að þetta ætti að geta gengið fljótlega, sérstaklega í ljósi yfirlýsinga menntamálaráðuneytisins. Mér finnst brýnt að slíkt nám sé einnig í boði í ríkisreknum háskóla, enda er samkeppni um framboð greina eitt af því besta sem hefur hent margar greinar sem ekki bjuggu við samkeppni áður. Ég vil því hvetja" — segir hv. þingmaður — „ríkisrekna háskóla til að hefja undirbúning og sækja um að fá að bjóða upp á tæknifræðinám hið fyrsta."

Þetta er auðvitað hluti af röksemdinni að vegna þess að það eru skólagjöld í einum skóla þá sé boðið upp á sambærilegt nám í ríkisháskólunum til þess að fólk geti þá valið sambærilegt nám án þess að borga skólagjöld.

Ég ætla ekki á þessu stigi að vitna meira til hv. þingmanns en yfirlýsingin sem þingmaðurinn er að vitna til er send úr ráðuneytinu þann 3. febrúar sl. til menntamálanefndar. Ég verð að segja það hreinskilnislega, herra forseti, að mér finnst það býsna magnað að geta fengið þennan skilning út úr yfirlýsingunni eins og hv. þingmaður nær að gera. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að hæstv. menntamálaráðherra staðfesti það að hv. þingmaður hafi skilið yfirlýsinguna rétt og þá verð ég að segja að mér finnst málið vera örlítið öðruvísi en við höfum áætlað, ef hv. þingmaður hefur skilið þetta rétt, þ.e. að í yfirlýsingunni felist að ríkisháskólarnir hafi tryggingu fyrir því að geta tekið upp tæknifræðinám. Maður getur að vísu spurt: Til hvers er þá allur leikurinn gerður? en látum það nú vera. Sem sagt að það sé tryggt með yfirlýsingunni að ríkisháskólarnir þurfi bara að senda eitt lítið lettersbréf upp í ráðuneyti og þá geti þeir boðið upp á nám í tæknifræðum.

Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, þannig að allir hafi samhengið á hreinu að ég vitni örlítið í yfirlýsinguna frá menntamálaráðuneytinu. Þar byrjar klásúlan með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðuneytið vill einnig taka fram að í samræmi við hjálagða viljayfirlýsingu um stofnun einkahlutafélags" — svo kemur millikafli sem ég hoppa yfir en síðan kemur aftur örlitlu neðar, með leyfi forseta: „Í yfirlýsingunni kemur einnig fram" — og þá er vísað til þessarar hjálögðu viljayfirlýsingar um stofnun einkahlutafélagsins — „að boðið verður upp á nám í þeim greinum sem skólarnir hafa boðið, bæði á grunnstigi til BA og BS prófs og á framhaldsstigi." — Síðan er framhaldið: „Er að því stefnt að framboð í tæknigreinum verði eflt og aukið á komandi árum."

Herra forseti. Er ekki eðlilegt að við mörg höfum skilið

þetta paragraf þannig og þessa síðustu setningu að hún vísaði til viljayfirlýsingar um að þessi nýi háskóli ætlaði sér að efla og auka framboð í tæknigreinum á komandi árum? Auðvitað er hugsanlegt að við höfum ekki áttað okkur á því að þarna hafi væntanlega átt að vera greinaskil og að verið væri að vísa til þess sem ráðuneytið hefði á prjónunum, til stefnu ráðuneytisins, að ráðuneytið ætlaði sem sagt að efla og auka tæknifræðinám á komandi árum með því að taka það upp í fleiri háskólum. Á því virðist a.m.k. Framsóknarflokkurinn hafa byggt afstöðu sína til málsins, miðað við ræðu hv. þingmanns og talsmanns flokksins í menntamálanefnd, að með þessari setningu væri verið að tryggja það að ríkisháskólarnir gætu sent líklega einn lítinn og nettan tölvupóst upp í ráðuneyti og síðan fljótlega þar á eftir fengið svar og gætu síðan auglýst tæknifræðinám á háskólastigi með ýmsum tilbrigðum fljótlega eftir það.

Herra forseti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um það hvort við höfum flest hver misskilið algjörlega þetta erindi úr ráðuneytinu og Framsóknarflokkurinn hafi hinn eina rétta skilning. Það er þá efni í nokkuð margar ræður við að ræða allt ferli málsins ef sá gjörningur að sameina þessa ágætu tvo háskóla og búa til úr þeim vonandi mjög öflugan og sterkan háskóla hafi fyrst og fremst verið til þess að taka mætti upp tæknifræðinám við aðra háskóla til að tryggja hina langþráðu samkeppni í tæknifræðinámi. Ég vona að hæstv. ráðherra geti upplýst okkur um þetta. Þá gætum við rætt málið á þeim grunni. Ef þessi skilningur Framsóknarflokksins er réttur verðum við að játa það, mörg hver, að við höfum misskilið smáþátt í málinu og áttuðum okkur ekki á því að málið væri komið svo langt að ráðuneytið væri reiðubúið til að tryggja ríkisháskólunum fjármagn og allt til þess að koma tæknifræðinámi á laggirnar í þeim skólum einnig.

Herra forseti. Rétt að lokum vil ég ítreka að hér er að okkar mati um að ræða mjög stórt pólitískt mál. Hér er verið að stíga fyrstu skrefin í því að taka upp nýtt rekstrarform á háskólastigi og við höfum tekið þetta mjög alvarlega í Samfylkingunni. Við höfum farið vel yfir það. Ég rakti í byrjun ræðu minnar að m.a. hefði verið skoðuð umræðan öll frá 1977 þegar hér voru samin lög um háskóla. Við höfum mótað stefnu okkar mjög skýrt í því að við höfum komist að þeirri niðurstöðu að háskólastofnanirnar sem ekki eru reknar eins og ríkisstofnanir eigi að vera sjálfseignarstofnanir. Þess vegna er lögð hér fram breytingartillaga við lög um háskóla til að sú stefna okkar komi algjörlega skýrt fram. Það er líka heiðarlegt af okkar hálfu að gera það á þennan hátt þannig að þeir aðilar sem nú eru að vinna að undirbúningi þessa nýja háskóla viti hver stefnan er hjá okkar flokki. Þá vita þeir að hverju þeir ganga þegar að því kemur, sem stöðugt styttist í, að Samfylkingin eigi menntamálaráðherra.

[14:17]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst dálítið merkilegt að heyra þá yfirlýsingu frá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni að hér á landi megi ekki vera neinn rekstur á háskólastigi nema á formi sjálfseignarstofnunar. Mér finnst alveg magnað að menn megi ekki hafa frelsi til að ráða því rekstrarumhverfi sem þeir sjálfir kjósa að starfa í. Mér finnst líka magnað að hv. þingmaður boði það að þegar og ef Samfylkingin kemst í stól menntamálaráðherra verði það hennar fyrsta verk að ganga á milli bols og höfuðs þeirra aðila sem ætla að reka þennan nýja háskóla. Löggjafarvaldinu verður beitt gegn þessum mönnum. Hv. þingmaður hótaði því.

Við erum að tala um rekstur og hv. þingmaður sagði að kosturinn við sjálfseignarstofnunarformið umfram hlutafélagaformið væri sá að hlutafélagaforminu væri ætlað að skila arði til eigenda en ekki sjálfseignarstofnunum. Þar er einhver verulegur misskilningur í gangi. Heldur hv. þingmaður að lög frá árinu 1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur séu sett utan um atvinnurekstur sem er ætlaður að rekast á núllinu eða skila tapi? Hefur hv. þingmaður aldrei heyrt talað um sparisjóðina? Ætlar hann að halda því fram að sparisjóðirnir sem eru sjálfseignarstofnanir skili ekki neinum hagnaði til eigenda sinna?

Gallinn við sjálfseignarstofnunarformið er sá að hugarfarið á bak við það er nánast það að þegar einhver hefur stofnað sjálfseignarstofnun og lagt fram peninga í stofnfé er afskipta viðkomandi af rekstri stofnunarinnar ekki óskað frekar. Sá er gallinn við þetta rekstrarform umfram hlutafélagaformið.

[14:19]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður er vanur að draga miklar ályktanir af því sem menn segja. Ég held að það sé veruleg oftúlkun hjá hv. þingmanni að ég hafi sagt að það ætti að ganga milli bols og höfuðs á þeim sem munu reka þennan nýja háskóla. Ég sagði að það væri heiðarlegt að láta þá aðila vita hver stefna okkar flokks væri og að við teldum að þetta ætti að vera svona. Ég taldi hins vegar mjög líklegt þó að stutt væri í það að flokksmaður okkar yrði menntamálaráðherra að þeir yrðu orðnir sammála okkur um þetta þannig að þetta verður ekkert vandamál.

Varðandi það að menn megi ekki hafa frelsi til að velja rekstrarform sitt í því sem þeir hafa áhuga er algjörlega ljóst að þegar menn njóta ríkisstyrkja til þess hlýtur sá aðili sem leggur meginhluta fjármagnsins til að mega hafa einhverjar skoðanir á málinu. Þessir aðilar fara með peninga ríkisins líka. Það er ekkert vandamál fyrir menn að stofna hlutafélög út og suður um háskóla ef þeir ætla að fjármagna það algjörlega sjálfir. Þá dettur okkur að sjálfsögðu ekki í hug að fara að segja þeim til eða hafa út af fyrir sig einhverjar skoðanir á því eða hömlur, þó ekki væri, ef menn borga brúsann sjálfir. Það er hins vegar sérkennilegt þegar menn nota að uppistöðu til ríkisfé að þeir skuli þá hafa þær skoðanir að þeir megi ganga í ríkiskassann eins og þeim sýnist, hafa það form um það fjármagn sem þeim sýnist og að ríkisvaldið eigi engar skoðanir að hafa á því.

Ég vissi að hv. þingmaður væri mikill frelsissinni en fyrr má nú rota en dauðrota í frelsinu ef það eiga að vera frjáls afnot allra af ríkisfjármagninu. Það þykir mér heldur langt gengið. Ég tel mig vera nokkuð (**SKK:** ... vilja.) frelsissinnaðan mann en þetta samþykki ég aldrei.

[14:21]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson kemst ekki undan því að hafa haft í hótunum við þá rekstraraðila sem ætla að reka hinn nýja háskóla. Hann lýsti því beinlínis yfir að ef Samfylkingin (**EMS:** Þegar.) kæmist til valda í menntamálaráðuneytinu yrði lagasetningarvaldinu beitt gagnvart þeim aðilum sem ætla að reka hinn nýja háskóla. Þetta er algjörlega í takt við málflutning Samfylkingarinnar. Samfylkingin er á móti sameiningu þessara tveggja háskóla. Hún er á móti hinum nýja háskóla. Ef Samfylkingin væri hlynnt þessari nýju menntastofnun og sameiningunni hefði það komið fram í nefndaráliti fulltrúa Samfylkingarinnar. En þeir treystu sér ekki til að lýsa því yfir að þeir væru sammála þessum samruna, styddu þennan háskóla og styddu þessa sameiningu. Það kemur hvergi fram í nefndarálitinu. Það getur hv. þingmaður lesið.

[14:22]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hann er merkur, sá ræðustíll að endurtaka það sem búið er að leiðrétta og að því skuli fram haldið þótt búið sé að benda að rangt hafi verið farið með. Ég ætla samt ekki að elta ólar við það. Enn einu sinni kemur þó hv. þingmaður hér og fullyrðir að Samfylkingin sé á móti sameiningunni. Ég veit ekki hvar hann finnur slíku stað. Það liggur hvergi nokkurs staðar fyrir. Það er hins vegar rétt hjá hv. þingmanni að athugasemdir eru gerðar bæði við rekstrarform og vinnulag, að ekki hafi verið farið algjörlega yfir þetta svið. (Gripið fram í.) Það er líka rétt hjá hv. þingmanni að víða eru athugasemdir við þetta og bent á að betur hefði verið hægt að standa að málum. Hins vegar er líka sagt að það sé mikilvægt að þessi skóli verði öflugur og sterkur og ég hef margoft farið yfir það í ræðum mínum að það sé mjög jákvætt að atvinnulífið komi að þessum skóla og það sé mjög mikilvægt að hann verði efldur og að hann verði sterkur. Við leyfum okkur samt að hafa skoðanir á því hvernig staðið er að málinu. Þar á milli er ekkert samasemmerki, hvort menn séu á móti sameiningunni eða ekki. Það er alrangt að við séum á móti sameiningunni.

[14:24]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Einkar sérkennileg umræða á sér stað um Tækniháskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur hér á þingi. Mér finnst hún markast af mikilli fordæmisfælingu hjá Samfylkingunni fyrir því að taka upp breytt rekstrarform í rekstri háskóla á Íslandi. Það hefur skýrt komið fram í menntamálanefnd að Hástoðir, sem eru rekstraraðili hins nýja skóla, hafa sjálfar tekið þá ákvörðun að nota rekstrarformið einkahlutafélag. Þær hafa sjálfar gert það og rökstutt með þeim hætti að þrír aðilar komi að rekstri skólans, nýir aðilar séu að koma inn og það sé hagfelldast fyrir þá að reka þessa stofnun á sem skynsamlegastan og bestan hátt með þessu rekstrarformi.

Það er rétt sem kom fram hjá þingmanninum áðan, Einari Má Sigurðarsyni, að þeir þekkja þetta rekstrarform og þeir þekkja það af góðu einu. Þess vegna vilja þeir eðlilega nota það.

Mér fannst gengið nokkuð langt hér áðan með þeim hótunum sem þingmaðurinn hafði í máli sínu. Þær gengu út á það að þegar og ef Samfylkingin kæmist í menntamálaráðuneytið mundi hún umsvifalaust slíta þeim samningum sem giltu milli ríkis og þessa skóla. Þess vegna langar mig að spyrja þingmanninn: Gildir það einu þótt rekstrarformið og þessi nýja stofnun muni ganga vel? Munuð þið samt sem áður segja upp samningum og rjúfa tengsl ríkisins og þessara stofnana þrátt fyrir að stofnunin gangi vel, standi sig vel varðandi gæði og rekstur skólans? Munuð þið samt sem áður segja upp samningum við þessa aðila?

Mér finnst þetta marka mest fordæmisfælni Samfylkingarinnar, að þora ekki inn á nýjar brautir á sama tíma og mikil gróska er í bæði atvinnulífi og skólastarfi á Íslandi.

[14:26]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður ræðir um hræðslu og fælni. Ég held að það geti út af fyrir sig átt að einhverju leyti við að menn geti haft einhvern ótta af því að verið sé að stíga þessi skref, ég tala ekki um þegar þau eru ekki betur undirbúin en raun ber vitni. Menn geta haft ákveðinn beyg af því.

Hv. þingmaður tók líka upp þessa umræðu um hótanirnar og bætti eiginlega í, sagði að umsvifalaust yrði samningum slitið. (**KÓ:** Þetta er satt.) Ég sagði það aldrei, hv. þingmaður. Eins og herra forseti veit sagði ég að teknar yrðu upp viðræður varðandi þá samninga sem fyrir lægju. Það væri heiðarlegt að láta þá aðila vita hver stefna okkar væri nákvæmlega í málinu. Ég sagði enn fremur að ég tryði því og treysti að þessir aðilar væru orðnir sammála okkur, þótt stutt væri í það, um að við tækjum upp slíkar viðræður. Ég trúi því að þessir aðilar sem hv. þingmaður kom inn á hafi mikla reynslu af að reka hlutafélög við allt aðrar aðstæður, þar sem eðlilegt er talið að sem allra best og nánust tengsl séu milli eigenda og rekstursins. Það er hins vegar talið mjög mikilvægt fyrir háskóla að hafa ákveðið frelsi, hafa ákveðna fjarlægð frá eigandanum til að geta starfað í frelsinu.

Þessu munu þessir aðilar væntanlega komast að þegar þeir fara í reksturinn og byrja að kynna sér málin betur. Þess vegna segi ég aftur að mér finnst að ráðuneytið hefði átt að hafa það hlutverk að hafa áhrif í þessa átt. Ég hef alltaf sagt að mér finnist eðlilegt að þessir ágætu aðilar hafi komið að málinu með þessi viðhorf vegna þess að þeir þekktu þetta. Þess vegna hefði verið eðlilegt að ráðuneytið hefði komið með leiðbeiningar um það hverjar hefðirnar væru við rekstur háskóla og af hverju hefðirnar væru þær sem þær væru. Ég er alveg sannfærður um að þá hefðu þessir aðilar breytt forminu í sjálfseignarstofnun, vandkvæðin væru engin og við sigldum góðu máli í höfn sem ætti fyrir sér bjarta framtíð.

[14:28]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gjarnan endurtaka spurningu mína og spyrja hv. þm. Einar Má Sigurðarson: Munuð þið fara í samningaviðræður við rekstraraðila Hástoða þrátt fyrir að vel mundi ganga í því formi sem við erum að tala um?

Samningaviðræður tala þeir um núna. Það var talað um það bókstaflega áðan að rifta þessum samningum.

Eitt atriði vil ég nefna. Hvaða máli skiptir, hv. þm. Einar Már Sigurðarson, nokkuð sem heitir gæði og þjónusta í rekstri skóla og fyrirtækja? Það skyldi þó ekki vera eitthvað líkt með rekstri fyrirtækja og skóla hvað varðar gæði og þjónustu?

[14:29]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er margt líkt, þó það nú væri, og gæði þjónustu og annað þess háttar á að sjálfsögðu við í ýmsum þjónustufyrirtækjum og skólar eru að sjálfsögðu þjónustustofnanir. En það er þó margt líka sem er gjörólíkt.

Herra forseti. Ég vil ekki skorast undan því að svara spurningunni vegna þess að það er augljóst mál að hv. þingmaður er farinn að upplifa það eins og mjög margir að það styttist óðum í að stjórnarskipti verði, og ekkert skrýtið þó að örlítið fari um hv. þingmann þegar hann áttar sig á því að ekki er mjög langur tími fram undan í þeim efnum.

Ef vel gengur, sagði hv. þingmaður, hvort við mundum samt sem áður fara í viðræður við þá. Það er algjörlega skýrt að þetta er stefna okkar og við munum að sjálfsögðu þar af leiðandi fara í viðræður við aðila um það hvort einhver vandkvæði séu á því að þessu sé kippt í liðinn. (**KÓ:** Þetta getur ...) Mjög margir hv. þingmenn úr meiri hluta í menntamálanefnd hafa einmitt sagt að það væri eiginlega enginn munur á þessu þannig að ég get ekki ímyndað mér að það væru nein vandræði þegar að þessu kemur, ég get ekki séð að það séu nein vandræði.

Ég skil heldur ekki þessa upplifun hv. þingmanna (Forseti hringir.) að það sé einhver hótun að vilja að ræða við menn um svona hluti. Það er engin hótun.

[14:30]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ja, þvílík málefnafátækt í þessu máli hjá Samfylkingunni, ég er nú eiginlega farin að finna til með henni.

Ef það eru nú orðin meginrök í málinu að slæmt sé að hafa einhverja framtíðarsýn í menntamálum og að stjórnvöld hafi metnað til þess að efla framboð á tæknigreinum og það verði aukið á komandi árum, þá er nú illa komið fyrir okkur. Stjórnvöld hafa hingað til verið mjög opin fyrir því að taka upp og auka framboð á námsleiðum og það ætti að vera hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni vel ljóst.

Rökstuðningurinn er tíundaður í ræðu minni og ætti hv. þingmaður kannski að fara yfir þann rökstuðning og vil ég ekki orðlengja það neitt meira en hann ætti kannski að fara varlega í það að segja að sumir dragi miklar ályktanir af orðum annarra vegna þess að það er nákvæmlega það sem kom fram í máli hv. þingmanns áðan.

Mig langar aðeins að koma inn á rekstrarformið sem hv. þingmanni varð tíðrætt um áðan. Hann talar um að það hafi verið óskiljanlegt hjá stofnendum hins nýja skóla að skapa ekki sátt varðandi skólann heldur ætli menn í þetta einkahlutafélagaform og skapa þannig einhverja óeirð í kringum hinn nýja skóla.

Það kom fram í máli gesta sem komu á fund hv. menntamálanefndar varðandi þetta að þeir hefðu ekki verið mjög uppteknir af þessu atriði og það sem þeir hefðu mest hugsað um og það sem okkur finnst vera rök í málinu eru nákvæmlega sterk tengsl við bakhjarlana sem eru gríðarlega mikilvæg. Félagið er ekki rekið í hagnaðarskyni sbr. 2. og 11. gr. stofnsamþykktar og eftirlitið er tryggt og verður tryggt í kennslusamningi við menntamálaráðuneytið. Og að halda því fram að hægt verði að breyta þessum samþykktum hist og her án þess að það verði fylgst með því er bara ekki rétt.

[14:33]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gaman þegar hv. þingmenn fara í dómarasætið og fara að dæma mál annarra. Ég ætla að sleppa því í þetta skiptið því mér finnst það alltaf jafnóviðeigandi þegar það er gert vegna þess að það er eiginlega lágmark að við virðum það að við þurfum ekki endilega að hafa alltaf sömu skoðun á öllum málum og það kemur út af fyrir sig ekki fátækt eða ríkidæmi nokkurn skapaðan hlut við. En hver verður auðvitað að velja sínar leiðir í málflutningi og ég ætla út af fyrir sig ekki að hafa neinar skoðanir frekar á því.

Hins vegar er afar merkilegt að hv. þingmaður telur það vera sérkennilega dregna ályktun af máli hv. þingmanns í fyrri ræðu að ég gerði nokkurt mál úr því að hv. þingmaður væri að draga ályktanir af einni setningu í bréfi menntamálaráðuneytisins og gerði töluvert mikið úr því. Ef það hefur ekki verið stór hluti af rökstuðningi hv. þingmanns bið ég auðvitað afsökunar á því að hafa dregið of miklar ályktanir. En ég tek eftir því að m.a. í andsvari sem hv. þingmaður svaraði í þessari umræðu kemur þetta fram, með leyfi forseta:

„Ég sagði hér að það ætti að skoða kosti þess að hefja kennslu í tæknifræðum í fleiri skólum og þá sérstaklega þeim ríkisreknu til að fjölga valkostunum.“

Svo kemur það sem máli skiptir:

„Þetta er fullkomlega í samræmi við yfirlýsingu frá menntamálaráðuneytinu sem hv. menntamálanefnd barst og þar stendur í niðurlagi þeirrar yfirlýsingar, með leyfi forseta:“

Og setningin kemur þá sem ég las hér áðan og ég taldi að verið væri að draga ályktun af. Ef ég hef eitthvað misskilið þá sýnist mér hv. þingmaður hafa að einhverju örlitlu leyti misskilið sjálfa sig líka.

[14:35]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er að sjálfsögðu mjög ánægð með það að menn skuli taka svona mikið mark á orðum mínum og ég stend fyllilega við það sem ég hef sagt, og vil endurtaka það sem ég sagði í ræðu minni, með leyfi forseta:

„Ég er þeirrar skoðunar að skoða beri kosti þess að hefja kennslu í tæknifræðum ...“

Síðan segi ég í niðurlagi, með leyfi herra forseta:

„Ég vil því hvetja ríkisrekna háskóla til að hefja undirbúning ...“

Mér finnst þetta vera mjög mikilvægt og ég ætla ekkert

að slá af því og finnst þetta vera liður í málinu að við horfum til framtíðar. Ég get alveg viðurkennt að vonir mínar standa til þess að þetta nám verði tekið upp í ríkisreknum háskólum og hélt að við gætum nú sammælst um að það sé framtíðarstefnan. En það er auðvitað erfitt að standa í þeim sporum sem Samfylkingin stendur í, að þurfa að vera á móti þessu góða máli.

[14:36]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ekki erfitt út af yfir sig að þurfa að vera á móti þessu máli sem slíku enda erum við á móti ákveðnum þáttum (Gripið fram í.) í því en ekki endilega málinu sem slíku í heild. Það er hins vegar ekki vandamál út af fyrir sig fyrir okkur að vera á móti einstaka málum, það var það sem ég ætlaði nú að segja, heldur er það auðvitað erfitt fyrir okkur að við skulum ekki ráða för og vera hér á fullu í því að bæta háskóla og koma skikki á þessi mál öll í heild sinni og reyna að lagfæra það sem miður hefur farið í of langan tíma. Það er auðvitað það sem er okkur býsna erfitt og það skal viðurkennt.

Það er hins vegar merkilegt sem hv. þingmaður kemur hér með, og ég get út af fyrir sig verið sammála, að þetta sé ákveðin framtíðarsýn.

En það sem ég var að vekja athygli á er að mér þótti nokkuð frjálslega dregnar ályktanir af einni setningu í yfirlýsingum menntamálaráðuneytisins og þess vegna er það afskaplega mikilvægt að hæstv. ráðherra svari því hvort í þessari setningu felist það loforð til ríkisháskólanna sem hv. þingmaður var að gefa í skyn og byggði að hluta til a.m.k. (Forseti hringir.) afstöðu Framsóknarflokksins í málinu.

[14:37]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það frumvarp sem við erum að ræða fjallar um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands.

Þegar þau lög voru sett mátti ekki af því ráða að hér væri verið að setja einhver bráðabirgðalög sem ættu að gilda í nokkur ár því ef ég vitna í ræðu þáverandi menntamálaráðherra sem hann flutti þegar mælt var fyrir því frumvarpi, þá lagði hann einmitt ríka áherslu á að hér væri verið að setja á stofn metnaðarfulla stofnun sem hlyti virðulegan sess innan háskólasamfélagsins.

Nú þremur árum síðar stöndum við í þeim sporum að vera að nema umrædd lög úr gildi og sameina Tækniháskólann Háskólanum í Reykjavík að stærstum hluta. En það sem er ámælisvert er hve aðdragandinn að þessu máli hefur verið skammur. Umrætt mál fór t.d. einungis í gegnum tvær umræður í menntamálanefnd en ég hefði talið að það hefði þurft að ræða þetta aðeins lengur og út frá fleiri hliðum.

Við í Frjálslynda flokknum teljum í rauninni að svo stórar ákvarðanir ættu að ræðast á breiðari vettvangi og eðlilegra hefði verið að taka lengri tíma í að fara yfir málið. En þau rök sem hafa verið notuð gegn því að taka lengri tíma eru þau að hætt væri við því að verið væri halda nemendum og kennurum Tækniháskólans í ákveðinni óvissu. En hver skapaði þá óvissu? Var það ekki einmitt hæstv. menntamálaráðherra sem hratt atburðarásinni af stað? Í rauninni þurfti þessi atburðarás ekki að fara þessa leið heldur hefði einmitt átt að skoða málið frá fleiri hliðum.

Engu að síður er vert að leggja þunga áherslu á það að Frjálslyndi flokkurinn vildi skoða sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík með opnum hug og leggja því lið að sú sameining yrði gifturík fyrir framtíð tæknináms á Íslandi. Við í Frjálslynda flokknum leggjum áherslu á að efla tækni- og verknám og hefur okkur þótt skorta vissan skilning á því hjá stjórnarflokkunum, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokki. Það hefur verið lögð ofuráhersla á bóknám á kostnað verk- og tæknifræðináms. Það hefur komið víða fram en einna best hjá Sjálfstæðisflokknum þar sem hann hefur lagt niður allt nám í undirstöðuatvinnugrein landsmanna, fiskvinnslunni. Ég hef reyndar hreyft því máli ítrekað á hinu háa Alþingi, að rétt sé að huga að því námi en engar fréttir berast af því að koma eigi því námi af stað á ný, en samt berast ítrekað fréttir af hinum og þessum hrókeringum. Það á að sameina Tækniháskólann og Háskólann í Reykjavík og ég tel vert að skoða það. Síðan á að setja upp sportskóla í Keflavík, en á meðan er eins og það skipti engu máli að ekkert nám fari fram í fiskvinnslu og nám í iðnmenntun og tæknimenntun. Ég tel að það eigi að veita því verðugri sess.

En á sama tíma er ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins að búa til framsóknarlega sjóði til þess að auka virði sjávarfangs. Verið er að búa til sjóð sem heitir AVS-sjóðurinn, sem er skammstöfun fyrir aukið virði sjávarfangs. Í stað þess að hafa trú á menntun og koma á menntun, tæknimenntun í fiskvinnslu og undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar fer Sjálfstæðisflokkurinn þá leið að setja upp enn einn opinbera sjóðinn.

Það eru einkum þrír þættir sem við í Frjálslynda flokknum teljum að hefði mátt fara betur yfir í þessu máli. Í fyrsta lagi hefði mátt kanna með opnari hug sameiningu í frekari mæli við nám í Háskóla Íslands, en þar er fyrir verkfræði- og raunvísindadeild og veigamikil rök hníga í þá átt að þar næðust fram samlegðaráhrif sem gætu án efa eflt nám bæði í tæknifræði og verkfræði. Með þeim hætti væri hægt að efla ýmsa rannsóknaraðstöðu og tæknibúnað sem gæti nýst í vísindastörfum. Ef vel væri staðið að málum gæti það án efa leitt til betri nýtingar á fjármunum.

Þau rök sem hafa verið notuð gegn því eru að með því að sameina tæknifræðina í Háskóla Íslands væri komið í veg fyrir samkeppni. Með því að vera með verkfræði á tveim stöðum væri ákveðin samkeppni á milli skólanna. Þá hefur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson m.a. vitnað til þess að eitt það besta sem kom fyrir Háskóla Íslands, lögfræðideildina, hafi einmitt verið lögfræðideildin í Háskólanum í Reykjavík. En þar er auðvitað ekki líku saman að jafna vegna þess að verkfræðideild Háskóla Íslands og tæknináminu í Tækniháskóla Íslands er náttúrlega í samkeppni við útlönd meðan lögfræðideildin í Háskóla Íslands — ég held að sú samkeppni sé nú takmörkuð nema þá ef til vill á framhaldsstigi.

Í öðru lagi lýtur gagnrýni okkar í Frjálslynda flokknum að rekstrarforminu, að hinn nýi skóli skuli vera rekinn í einkahlutafélagi. Gagnrýni okkar snýr ekki að rekstrarlegum forsendum, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson og fleiri þingmenn hafa gefið í skyn. Sjálfur hef ég átt hlut í

nokkrum einkahlutafélögum og rekið einkahlutafélög og þekki kosti þess og galla. Það fylgja þar líka ýmsir gallar, það er ekki eintóm sæla í slíkum rekstri eins og hefur komið fram hér. En við verðum að gæta að því að Háskóli Íslands er ekki eingöngu venjulegt fyrirtæki þar sem rekstrarlegar forsendur þurfa að ráða för. Þetta er ekki eins og sjoppa, fiskvinnsla eða kjötvinnsla.

Eitt meginverkefni háskóla fyrir utan kennslu er að stunda vísindarannsóknir þar sem óháð og gagnrýnin hugsun ræður för. Þar eru menn að ræða um akademískt frelsi. Hvað er akademískt frelsi? Það er svigrúm háskólakennara til þess að stunda rannsóknir sem þeir óska og að þeir rökstyðji þær fræðikenningar og þær kennisetningar á óháðan hátt.

Ég hef fulla trú á að eigendur Hástoðar, eigendur hins nýja sameinaða skóla, muni nýta áhrif sín til góðra verka. Ég tel hins vegar ómögulegt að líta fram hjá því að háskólakennarar sem stunda rannsóknir hjá hlutafélaginu Hástoð verði án efa gagnrýndir fyrir að kenningar þeirra og rannsóknir litist af viðhorfum og hagsmunum eigenda skólans. Andstæðingar kennisetninga þeirra munu vafalítið draga niðurstöður starfsmanna hlutafélagsins í efa á þeim forsendum. Með þessu gefur Háskólinn í Reykjavík höggstað á sér. Ég tel að Hástoð og Háskólinn í Reykjavík eigi að bregðast við þessu, rétt eins og þeir hafa brugðist við með því að setja inn í samþykktir hlutafélagsins að ekki skuli stofnað til þess að skila eigendunum arði. Þess vegna ættu þeir í raun að hafa forgöngu um samþykktir í samningum við kennara Háskólans í Reykjavík og hins sameinaða háskóla um að þar sé kennurum tryggt akademískt frelsi.

Ég tel einnig að menn hafi gert of mikið úr þeim þætti að um sé að ræða einkarekstur. Staðreyndin er sú að Háskólinn í Reykjavík er rekinn fyrir skattfé og í fjárlögum ársins 2005 kemur fram að til hans rennur um hálfur milljarður íslenskra króna og tæpar 700 millj. kr. til Tækniháskóla Íslands. Þetta verður eftir sem áður ríkisrekinn skóli sem hefur heimild til að innheimta skólagjöld. Við í Frjálslynda flokknum höfum vissar efasemdir um að auka eigi við skólagjöld. Hvers vegna? Jú, ástæðan er sú að við viljum efla tækninám. Við eigum ekki að leggja stein í götu þeirra sem ætla að stunda nám í tæknigreinum heldur reyna að hvetja fólk til að skrá sig í nám, einnig til að háskólinn standist samkeppni við stofnanir svipaðs eðlis, m.a. í Danmörku.

Spurningin er: Hvernig hyggst hæstv. menntamálaráðherra bregðast við ef hann sér að aðsókn dregst saman og skólagjöld draga úr aðsókn að náminu? Hyggst hann þá koma upp styrkjum til að hvetja unga og efnilega nemendur til að fara í tækninám? Við í Frjálslynda flokknum höfum trú á menntun og einkum teljum við að þessi menntun geti skilað þjóðfélaginu ávinningi.

Í lok ræðu minnar vil ég óska hinum nýja skóla velfarnaðar. Ég tel allar líkur á að frumvarpið verði samþykkt. Ég vona sannarlega að hann standi sig og skili þjóðfélaginu á Íslandi góðri menntun til framtíðar.

[14:48]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú fer fram umræða um frumvarp til laga um afnám Tækniháskóla Íslands. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson fjallaði síðast um málið. Þannig háttar til á hinu háa Alþingi að venju samkvæmt eru álit nefnda lögð fram við 2. umr. Þá kemur fram vilji meiri hluta nefndar en minni hlutinn getur verið í einu lagi eða fleiri hlutum. Í þessu máli háttar þannig til að í nefndinni eru 1. minni hluti og 2. minni hluti.

Það kemur hins vegar ekki fram í nefndarstarfinu hver skoðun Frjálslynda flokksins er í málinu. Ég tók eftir því í máli hv. þingmanns áðan að hann óskaði skólanum velgengni. Má ég skilja það þannig að hv. þingmaður og Frjálslyndi flokkurinn ætli að styðja frumvarpið þegar til atkvæðagreiðslu kemur?

Mér fannst hv. þingmaður fara eilítið út í önnur mál menntakerfisins eins og fiskvinnsluna og iðnmenntun, sem er gott mál í sjálfu sér og allt í lagi með það. En mig langar að fá að heyra hver skoðun Frjálslynda flokksins er, þar sem þeir hafa hvorki verið með á áliti meiri hluta né 1. og 2. minni hluta.

[14:50]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér taldi mig hafa sagt skoðun mína á frumvarpi þessu og því hvernig verklagið var við frumvarpið. Ég taldi upp þessa þrjá þætti sem ég hafði vissar efasemdir um, m.a. akademískt frelsi. Ég skoraði á skólann að bregðast við því. Skólagjöldin óttast ég að dragi úr aðsókn að skólanum þegar þjóðfélagið kallar í raun á frekari tækninenntun. Mér fannst ég gera nokkuð skilmerkilega grein fyrir skoðunum mínum.

Ég held að flestir ef ekki allir óski skólanum velfarnaðar, vilji að starf hans gangi vel hvort sem menn styðja frumvarpið eða ekki. Ég hef vissar efasemdir en við í Frjálslynda flokknum, eins og fram kom í ræðunni, höfum án efa staðið með öðrum hætti að því. Ég tel að ég hafi talað nokkuð skýrt út með það.

[14:51]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Markmiðið með lagafrumvarpi því sem hér er til umræðu er að greiða götu sameiningar Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Hæstv. menntamálaráðherra hefur sagt í fjölmiðlum að efla þurfi verkfræði- og tæknimenntun á Íslandi. Hún hefur þar nokkuð til síns máls, þ.e. einkum þarf að fjölga tæknimenntuðu vinnuafli. Ég veit ekki betur en bæði íslenskir verkfræðingar og tæknifræðingar teljist ágætlega menntaðir.

Steinar Friðgeirsson, formaður Verkfræðingafélags Íslands, segir í grein í Morgunblaðinu þann 15. nóvember síðastliðinn frá ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands og Tæknifræðingafélags Íslands í haust. Hann segir í greininni, með leyfi forseta:

„Frá árinu 1998 hefur nemendum í verkfræðideild HÍ fjölgað stöðugt og síðastliðin fimm ár hafa nær helmingi fleiri útskrifast en árin fimm þar á undan. Nú ljúka árlega um tvö hundruð nemendur verkfræðiprófi, MS eða sambærilegu, BS-prófi í verkfræði eða tæknifræðiprófi, BS, frá íslenskum eða erlendum háskólum. Með sambærilegum nemendafjölda og nú er í tæknifræði og verkfræði tekur það

okkur 10 til 15 ár að fjölga stéttunum í hlutfallslega sama fjölda af þjóðinni og nú gerist mest í nágrannalöndunum." — Það er vissulega of langur tími en þegar farið er af stað með breytingar í skólakerfinu, virðulegi forseti, þarf að vita nákvæmlega hvaða breytinga er þörf.

Samanburður við nágrannalönd sýnir að við stöndum þeim langt að baki í fjölda tæknimenntaðra. Sigurður Brynjólfsson, deildarforseti verkfræðideildar Háskóla Íslands, segir í umsögn til menntamálanefndar Alþingis þann 27. janúar síðastliðinn, með leyfi forseta:

„Annars staðar á Norðurlöndum eru tæknifræðingar tvöfalt fleiri en verkfræðingar en hér er þessu öfugt farið. Það er því mun meiri þörf á að fjölga nemendum í tæknifræði en að reyna að fjölga verkfræðingum fram yfir það sem Háskóli Íslands stefnir í."

Steinar Friðgeirsson segir í fyrrnefndri Morgunblaðsgrein að á ráðstefnu félaganna hafi rannsókna- og þróunarstjórar Marels hf. og Össurar hf. staðfest að skortur væri á mönnum með verklega þjálfun og tæknimenntun fyrir fyrirtæki þeirra. Atvinnulífið kallar á menn með hagnýta tæknimenntun og því þarf skólakerfið að koma til móts við markaðinn og þörfina fyrir fjölbreytni.

Steinar segir jafnframt frá því að í dag séu 3.500 manns á Íslandi með verk- eða tæknifræðimenntun sem samt séum við ekki nema hálfdrættingar á við nágrannaþjóðir ef miðað er við höfðatölu eins og venjan er. Það er því kjörið að efla tæknifræðimenntun með sameiningu háskólanna sem um er rætt en mín skoðun er sú að verkfræðimenntun verði best efld á Íslandi með því að efla verkfræðideild Háskóla Íslands.

Sigurður Brynjólfsson, deildarforseti Verkfræðideildar Háskóla Íslands, segir í áðurnefndri umsögn, með leyfi forseta:

„Verkfræðideild bendir á að fjármunir og mannafli á Íslandi er takmarkaður. Skortur er á hæfum verkfræðikennurum og því oft erfitt að bjóða nauðsynleg framhaldsnámskeið. Það er hæpið að ætla að tveir skólar á Íslandi geti haldið uppi fullgildu meistaranámi sem stenst samjöfnuð við góða erlenda verkfræðiháskóla. Mikil nauðsyn er að nýta góða vísinda- og tækniþekkingu sem best og skapa framúrskarandi aðstöðu til rannsókna, sem standast alþjóðlegar gæðakröfur."

Síðar í sömu umsögn sagði hann:

„Einn verkfræðiskóli verður faglega sterkari og mun geta veitt öflugri þjónustu en nokkrir dreifðir skólar sem keppa um takmarkað fjármagn. Skólinn mun geta byggt upp meiri sérhæfingu og breidd til að fást við mismunandi viðfangsefni og taka þátt í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum á vegum ESB eða annarra alþjóðlegra samtaka sem máli skipta."

Einnig má ályktа að hinn nýi háskóli þjónaði betur samfélaginu með sterkri og sérhæfðri tæknifræðideild án samkrulls við verkfræði. eins og mér skilst að hugmyndir séu um, þ.e. að vegna smæðar deildarinnar muni þurfa umtalsverða samkennslu í verkfræði og tæknifræði.

Sigurður Brynjólfsson bendir í umsögn sinni á að hæfnisdómar núverandi lektora og dósenta við Tækniháskóla Íslands miðuðu við að þeir kenndu tæknifræði en ekki verkfræði, ekki hafi verið gerðar sömu kröfur til þeirra og gerðar væru til kennara við verkfræðideildir á alþjóðavettvangi og við verkfræðideild Háskóla Íslands. Þetta er athyglisvert, virðulegi forseti, ekki síst með tilliti til þess sem áður er komið fram, að skortur er á hæfum verkfræðikennurum á Íslandi. Ég vil á engan hátt að kasta rýrð á tæknikennara Tækniháskóla Íslands en hér er varpað fram fullyrðingu sem vert er að veita athygli.

Það er mín skoðun, ég hef látið hana í ljós áður á hinu háa Alþingi, að ekki sé nægilega vel að verkfræði búið í Háskóla Íslands. Aðbúnaðinn þar þarf að bæta með auknu fjármagni. Það kom t.d. fram í heimsókn samfylkingarmanna í Háskóla Íslands fyrir rúmu ári að ekki hefur verið hægt að endurnýja tækjakost verkfræðideildar svo viðunandi geti talist vegna fjárskorts. Það vita allir sem vita vilja að Háskóla Íslands hefur verið haldið í fjárhagskröggum árum saman. Það er ekki leiðin til að efla verkfræðinám og verkfræðikennslu, virðulegi forseti, og heldur ekki að dreifa kröftunum eins og gerist ef tekin verður upp kennsla í verkfræði við annan skóla.

Ég kem að umræðunni um sameiningu háskólanna með opnum huga. Ég ætla að láta öðrum eftir að tala um rekstrarform þótt ég telji að það skipti sannarlega máli. Það er mögulegt að með sameiningu verði háskólar öflugri, fjölbreytni námsframboðs aukist og rekstur verði betri en í minni háskólum. En það er ekki gefið að allt fáist með sameiningu háskóla.

Ég er satt að segja mjög hugsi yfir öllu talinu um að við Íslendingar eigum allt of marga háskóla og spurningu um hvort við ætlum að fara að stofna einn háskólann enn eða þegar fullyrt að litlu háskólarnir rísi ekki undir nafni. Menn nefna jafnvel að Háskóli Íslands teldist lítill í útlöndum. Mikið rétt, en aðstæður á Íslandi eru sérstakar. Við erum fámenn þjóð í stóru og erfiðu landi. En við sköpum okkur samfélag og búum um okkur í landinu í samræmi við getu okkar, þarfir og vonandi af því viti sem okkur er gefið. Við þurfum að gæta sanngirni og réttsýni þegar við fjöllum um málin en ekki aðeins að líta á arðsemi til skamms tíma.

Við þurfum auðvitað að bera okkur saman við erlendar þjóðir og aðstæður, það besta hverju sinni, af því að við stefnum hátt. En við megum ekki halda að ef eitthvað er svona eða hinsegin í útlöndum verði málum að vera komið fyrir á sama hátt hjá okkur, af og frá.

Við erum að tala um sameiningu háskóla. En við getum líka spurt: Hvað er háskóli? Ég er þeirrar skoðunar að hugmyndir allt of margra um háskóla séu staðnaðar. Menn sjá gjarnan fyrir sér gamla háskólann sinn, hús og fjölda fólks við nám, kennslu, samvinnu og samskipti, að ógleymdum rannsóknum. Þannig eru auðvitað margir háskólar en staðreyndin er sú að í dag getur maður setið við tölvu og stundað nám við háskóla sem er langt fjarri, jafnt í útlöndum sem á Íslandi, háskóla sem ekki einkennast af húsum og öðrum þeim þáttum sem ég rakti að ofan. Það er ekki nauðsynlegt að mæta á staðinn.

Við þetta fyrirkomulag tapast hin hefðbundnu og dýrmætu samskipti og samfélag sem nemendur og kennarar eiga saman en í staðinn venst nemandinn á enn sjálfstæðari vinnubrögð en við hefðbundið nám þar sem aðgangur að leiðbeinanda er greiðari. Íslenskir háskólar hafa gjarnan brugðist við hættunni á einsemd nemenda með því að

skipuleggja samvistir annað slagið og með samskiptum um tölvuna. Háskóli er því ekki aðeins nafn á húsi fullu af fólki.

Að mínum dómi er það einnig misskilningur að háskóli geti ekki risið undir nafni nema hann sé stór. Hugtakið stór er reyndar afstætt. Til dæmis er enginn íslenskur háskóli stór ef borið er saman við ýmsa erlenda háskóla. En ég tel einmitt að litlir háskólar kalli gjarnan fram mikinn metnað, samheldni og frumkvæði starfsfólks og nemenda. Litlir háskólar leita leiða til að styrkja sig, t.d. með samvinnu við aðra háskóla, innlenda sem erlenda. Þeir eiga auðveldara með að aðlaga sig og auðveldara er að stjórna þeim en stórum háskólum. Við höfum einmitt dæmi um það á Íslandi þar sem háskólar skiptast á kennurum. Námskeið við einn háskóla eru metin til eininga í námi við annan háskóla. Meistara- og doktorsnemendur stunda rannsóknarvinnu sína undir faglegri leiðsögn starfsmanna við annan háskóla en þann sem þeir eru formlega skráðir í. Þarna höfum við frjóan jarðveg ekkert síður en við stóru skólana, að þeim þó ólöstuðum. Og með mörgum smærri háskólum erum við að auka líkurnar á því að sérstakar aðstæður nýtist, t.d. við rannsóknir og kennslu og jafnframt á því að þessar sérstöku aðstæður gætu nýst í atvinnulífi nútíðar og framtíðar. Við þurfum ekki að koma okkur upp aðstæðum heldur nýtum það sem fyrir er á staðnum. Reynslan sýnir að atvinnulífið á viðkomandi stöðum kemur mikla sterkar inn í samvinnu og stuðning við háskólann en líkur eru á að orðið hefði með þremur til fimm háskólum á landinu, svo að einhverjar tölur séu nefndar. Hætta á faglegri einangrun í litlu háskólunum er hverfandi nú á tímum þegar samskipti eru greið, hvort heldur er um veg eða í lofti eða hin rafrænu samskipti.

Ég verð að játa að þegar umræður um háskóla á Vestfjörðum komu fyrst upp var ég í fyrstu afar vantrúuð á hugmyndina, allt að því andsnúin henni. Mér fannst óskynsamlegt að koma upp háskóla þar, sérstaklega þar sem fyrstu hugmyndir virtust beinast að þeim greinum sem verið er að kenna í fjarnámi. Mér fannst í sannleika sagt að nóg sé komið af skólum sem bjóða kennara-, lögfræði- eða viðskiptamenntun. Ég tel sem sagt að við þurfum nýjungar í námsframboði.

En smám saman breyttust viðhorf mín og ég er nú eindreginn stuðningsmaður háskóla á Vestfjörðum. Mér finnst Vestfirðingar eiga skilið að fá þá grósku og innspýtingu í mannlífið og þá gleði sem fylgir uppbyggingu og starfrækslu háskóla á sama hátt og Eyfirðingar, Skagfirðingar, Borgfirðingar og íbúar höfuðborgarsvæðisins njóta háskólanna sem þar eru. Ég tala af reynslu því að ég hef reynt á eigin skinni þá breytingu á samfélagi sem uppbyggingu háskóla fylgir, fundið hvernig ný von vaknar í brjóstinu.

Hvers vegna skyldu Vestfirðingar ekki eiga skilið að fá sinn háskóla? Rökin sem hafa verið borin fram gegn því eru að það sé dýrt, skólinn verði of lítill, hann muni aldrei rísa undir nafni sem háskóli, hvað sem fólk á við með því, og fleira og fleira.

Í dag stunda 130 manns háskólanám á Ísafirði. Það eru fleiri nemendur en nokkru sinni í framhaldsskólanámi á Ísafirði og þeir munu væntanlega halda áfram námi, einkum ef þeim er gert það auðvelt með háskóla í grenndinni. Háskóli á Vestfjörðum mundi að sjálfsögðu ekki eingöngu þjóna Vestfirðingum heldur öllum þeim sem þangað vildu sækja og með spennandi og hagnýtu námsframboði þarf ekki að óttast að nemendur sæktu ekki vestur. Uppbygging háskóla á Vestfjörðum mildar einnig þá breytingu sem verður við styttingu námstíma til stúdentsprófs þar sem þá yrði hægt að stunda nám áfram í heimabyggð.

Það er dýrt að halda úti háskólum. En það er líka dýrt að smala fólki á örfáa staði á landinu ef það vill stunda nám. Dýrast af öllu er að haga málum þannig að fáir mennti sig, að 40% vinnuaflsins sé aðeins með grunnskólapróf eða minna, en þannig er málum einmitt háttað á Íslandi í dag. Og hlutfallið er ekki að breytast til batnaðar, hæstv. forseti, heldur þvert á móti. Það hlýtur að benda til þess að einhverju sé ábótavant í skólakerfi okkar.

Það má ekki leita skýringa eingöngu í kennurum, skipulagi og innihaldi námskrár. Menn verða einnig að spyrja sig að því hvort staðsetning og gerð skólastofnunar sé eins og best verður á kosið því að allt skiptir þetta máli. Ég vil líka að gefnu tilefni benda á að Ísafjörður er tilvalinn staður fyrir tækninám á háskólastigi, en a.m.k. sumir stjórnarliðar hafa lýst yfir vilja sínum til að koma á tækninámi í ríkisháskóla þannig að þeir einstaklingar sem áhuga hafa á tækninámi hafi val um hvort þeir borga há skólagjöld eða innritunargjald í ríkisháskóla. Á Ísafirði eru mörg mjög framsækin fyrirtæki á tæknisviði sem gætu hæglega stutt við nemendur í tækninámi auk þess sem þar er löng hefð fyrir verknámi á framhaldsskólastigi. Háskóli á Vestfjörðum yrði í samvinnu við aðra háskóla, innlenda sem erlenda, á svipaðan hátt og háskólinn á Hólum.

Ég hef engar áhyggjur af faglegum gæðum eða möguleikum til rannsóknarvinnu. Það er hvergi meiri metnað að finna en einmitt í stofnunum sem berjast fyrir tilveru sinni og þurfa að sanna tilverurétt sinn. Fjarnemendur hafa staðið sig ákaflega vel enda hefur samfélagið stutt vel við bakið á þeim, t.d. með góðri vinnuaðstöðu.

Frú forseti. Ég ætla svo að ljúka þessu með enn einni tilvitnun í umsögn Sigurðar Brynjólfssonar um leið og ég segi að ég vildi að ég hefði haft þessa umsögn undir höndum þegar ég átti orðastað við hæstv. menntamálaráðherra fyrir skemmstu um aðlögun framhaldsskólans að aukinni áherslu á verkfræði- og tæknimenntun á háskólastigi. Því miður þurfti hæstv. menntamálaráðherra að fara úr húsi í lögmætum erindum sem hún hefur gert grein fyrir.

Í samræðum okkar taldi hæstv. ráðherra að nægur fjöldi nemenda stundaði raungreinanám í framhaldsskólum og ekki þyrfti sérstaklega að leggja áherslu á að efla þær þó aukin áhersla væri á háskólanám í verkfræði og tæknifræði. Ég benti á að það sem áður hét eðlisfræðideild væri í raun nauðsynlegur undirbúningur fyrir verkfræðinema en á þeirri braut er krafist talsvert meiri stærðfræði- og eðlisfræðikunnáttu en á náttúrufræðibraut. Nemendur á eðlisfræðibraut hafa alltaf verið frekar fáir enda er hún talin erfiðasta námsleiðin til stúdentsprófs. Og þó nú sé búið að breyta um nafn á brautum í framhaldsskóla og breyta valfyrirkomulagi tel ég þá staðreynd óbreytta að fáir velja sér þyngstu stærðfræði- og eðlisfræðiáfangana og að sérstaks átaks og hvatningar sé þörf í framhaldsskólunum til að það breytist. Hæstv. menntamálaráðherra er því miður ekki sammála mér og taldi ekki þörf á því.

En Sigurður Brynjólfsson segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Nemendur með stúdentspróf og hafa fullnægjandi undirbúning í stærðfræði og raunvísindum eru ekki nægjanlega margir til að standa undir verkfræðinámi í tveimur skólum á Íslandi."

[15:11]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar fyrr í dag og var hálfundrandi á *þeim sjónarmiðum sem þar komu fram. Ég vil spyrja hv.* þingmann hvort hann sé sömu skoðunar og hv. þm. Einar Már Sigurðarson, að það eigi að setja sérstakar takmarkanir við því með hvaða hætti félagasamtök eða einstaklingar geti komið að háskólanámi hér á landi og að því að efla háskólastofnanir.

Nú er það svo að á bak við stofnun hins nýja háskóla sem við erum hér að ræða standa félagasamtök, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Verslunarráð Íslands og það liggur ljóst fyrir að á bak við stofnun þessa skóla er ekki gróðafíkn eða arðsemissjónarmið heldur vilji til þess að treysta það nám sem fer fram í háskólanum. Þessi félagasamtök telja best að gera það með því að hér sé um hlutafélag að ræða.

Á hinn bóginn boðaði hv. þm. Einar Már Sigurðarson að einhvern tíma kynni að því að koma, sem margir brostu að, að Samfylkingin fengi embætti menntamálaráðherra og bætti því síðan við að auðvitað væri mönnum frjálst að *stofna hlutafélag um háskóla en þeir gætu þá ekki vænst* þess að fá sama stuðning við slíkan rekstur eins og ef það væri sjálfseignarstofnun eða ríkisskóli. Þetta var mjög merkileg yfirlýsing hjá hv. þingmanni og ég vil spyrja hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur hvort hún taki undir með Einari Má Sigurðarsyni um þessi atriði.

[15:12]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er alveg fullkomlega sammála þeirri breytingartillögu sem lögð er fram við það frumvarp sem hér er til umræðu og snýr að rekstrarforminu. Ég tel því eðlilegt að reki einkaaðilar háskóla á Íslandi þá séu þeir skólar sjálfseignarstofnanir.

Ég vil benda á að í því tilfelli sem er verið að ræða um hér, hins nýja skóla, mun Verslunarráð Íslands eiga 90% af öllu hlutafé og þar með verða í rauninni allsráðandi í stjórn skólans, ef það vill svo hafa.

[15:13]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Eins og hv. þingmanni er kunnugt þá hafa ekki aðrir alþingismenn stutt betur að Hólaskóla en fyrrverandi framkvæmdastjóri Verslunarráðsins, Vilhjálmur Egilsson, ef við eigum að rekja þá sögu, meðan hann var hér þingmaður. En þetta vekur á hinn bóginn þá spurningu, vegna þess að hv. þingmaður talaði um að hún vildi efla háskólanám á Ísafirði — ég hygg einnig að hv. þingmaður vilji efla nám á háskólastigi eða háskólanám á Hólum í Hjaltadal — ber þá að skilja ummæli hv. þingmanns svo að ef einkaaðilar vildu að því koma eða félagasamtök og standa að slíku háskólanámi með stofnun hlutafélags á þeim forsendum sem hér er gert, að þá mundi hv. þingmaður leggjast gegn því?

[15:14]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Ég vil nú einmitt taka þetta dæmi sem hv. þingmaður Halldór Blöndal tók um stuðning fyrrverandi framkvæmdastjóra Verslunarráðsins við Hólaskóla sem dæmi um það að rekstrarformið skiptir auðvitað engu máli um það hvort menn vilji styðja skóla eða ekki. Ef menn vilja styðja við *skóla og bera til hans hlýjan hug þá gera þeir það að sjálf*sögðu óháð rekstrarformi. (**Gripið fram í:** Nú, en ekki einkahlutafélagi?)

Varðandi það hvaða afstöðu ég mundi taka gagnvart einkahlutafélagi um háskóla á Vestfjörðum þá held ég nú, hv. þingmaður, að miðað við meðaltekjur og stöðu fyrirtækja á Vestfjörðum þurfi ég ekki að velta því svo mikið fyrir mér á þessu stigi málsins því að núverandi ríkisstjórn og nokkrar ríkisstjórnir á undan henni hafa staðið þannig að málum að það er, því miður, allt á fallanda fæti á Vestfjörðum og ekki við því að búast að þar sé afl til að stofna til háskóla. Mér hefur satt að segja ekki sýnst heldur að fyrirtæki á suðvesturhorninu þar sem allir peningarnir eru fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar hafi áhuga á því að styðja við atvinnulíf eða aðra starfsemi á landsbyggðinni. (**HBl:** Kaupfélagið á Ísafirði var nú rekið af Alþýðuflokknum ...)

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég vil áminna hv. þingmenn um að ávarpa hæstv. forseta en ekki beina orðum sínum til annarra *þingmanna í salnum.*)

[15:15]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil fara örlítið yfir ræðu hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur sem hún flutti hér áðan um Tækniháskólann. Þar kom ýmislegt fram, m.a. það að hún taldi að hlutfall tæknifræðinga og verkfræðimenntaðra manna væri ekki sem skyldi hér á landi. Hún hafði um það upplýsingar en það vill svo til að þessar sömu upplýsingar komu fram hjá öðrum fulltrúa Samfylkingarinnar í menntamálanefnd þar sem ég á sæti og ég var einmitt með fyrirspurn hvað þetta mál varðar til þeirra sem reka Háskólann í Reykjavík. Við fengum skriflegt svar. Með leyfi forseta ætla ég að lesa upp úr því skriflega svari:

„Aðalatriðið er að í landinu eru bæði allt of fáir verkfræðingar og of fáir tæknifræðingar, mun færri en á hinum Norðurlöndunum. Hér er um innan við 10% háskólastúdenta útskrifaðir ár hvert úr tækni- og verkfræðigreinum en hlutfallið er tvöfalt það víða á Norðurlöndum og nær þrefalt í Finnlandi." — Ég vil beina því til okkar, þingsins, að við ræðum þetta á þeim grunni að hér þurfum við að efla bæði verkfræði- og tæknifræðinám en ekki að það sé rangt hlutfall milli verkfræðinga og tæknifræðinga. Við þurfum að auka þessa menntun í heild sinni af því að við stöndum öðrum Norðurlandabúum að baki. Það er enginn sem segir að það hlutfall sem er á Norðurlöndunum sé rétt. Það kom jafnvel fram í máli þeirra sem komu til nefndarinnar að það væri bara betra að það væru fleiri verkfræðingar, það væri *hærra menntunarstig þannig að það eitt er ekkert slæmt.*

[15:17]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni, og það kom reyndar fram í ræðu minni áðan, að við stöndum Norðurlöndunum langt að baki hvað varðar fjölda verk- og tæknifræðimenntaðra. Hins vegar er alveg ljóst að það hallar mun meira á fjölda tæknifræðimenntaðra og mín skoðun er sú, og ég tek undir með Sigurði Brynjólfssyni, deildarforseta verkfræðideildar Háskóla Íslands, að það sé farsælla að efla tæknifræðimenntunina í einum skóla til að byrja með (Gripið fram í.) en að efla verkfræðimenntunina í Háskóla Íslands. Ég tók líka fram í ræðu minni að ég tel ríkið styðja illa við Háskóla Íslands hvað það varðar.

[15:19]

Guðrún Inga Ingólfsdóttir:

Virðulegi forseti. Frumvarp það er hér er til umræðu er fagnaðarefni. Það er ljóst að nýr sameinaður háskóli sem hér liggur fyrir tillaga um að stofna undir nafni Háskólans í Reykjavík mun efla verk- og tæknimenntun í landinu, nemendum, starfsfólki og atvinnulífinu til framdráttar. Hinn sameinaði háskóli verður öflugri í starfsemi en Háskólinn í Reykjavík og Tækniháskólinn voru hvor í sínu lagi, með minni yfirbyggingu og skýra sérstöðu innan háskólasamfélagsins. Nemendur munu fá fjölbreyttari menntun, starfsfólk betri starfsaðstöðu og atvinnulífið betur undirbúna framtíðarstarfsmenn. Það er að mínu viti kjarni málsins.

Lengi hefur verið rætt um það í þjóðfélaginu að leita eigi leiða til að efla tæknimenntun á Íslandi. Nú hefur Alþingi tækifæri til að leggja grunn að öflugum háskóla sem mun bjóða upp á fyrsta flokks tækni- og verkfræðimenntun með traustum tengslum við atvinnulífið. Tæknimenntun er samnefnari yfir margs konar menntun og hinn nýi háskóli mun bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir, allt frá fagtengdri rafiðnaðarfræði að verkfræði.

Ekki aðeins munu nemendur hins nýja háskóla njóta góðs af tilkomu hans heldur munu verkfræðinemendur við Háskóla Íslands líka gera það vegna samkeppninnar. Þrátt fyrir að verkfræðideild Háskóla Íslands bjóði í dag upp á úrvalskennslu í verkfræði mun það gera deildinni gott að hafa eitthvað til að bera sig saman við og um leið skerpa áherslu sína.

Það er nærtækt að líta til þess hvað átti sér stað í lagadeild HÍ þegar lagadeild HR kom til sögunnar. Þótt námið við HÍ væri fyrsta flokks fyrir jókst úrval valnámskeiða og sveigjanleiki í námi sömuleiðis. Niðurstaðan er enn betri íslenskir lögfræðingar með fjölbreyttari bakgrunn en áður þekktist. Nýr sameinaður skóli sem hér er til umræðu mun á sama hátt skila okkur fleiri verk- og tæknimenntuðum einstaklingum að nokkrum árum liðnum, bæði frá HR og HÍ.

Frumkvæðið að sameiningu þessara tveggja háskóla kom frá hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, þar sem hún ásamt forsvarsmönnum skólanna tveggja hafði þá sýn að skapa öflugan háskóla sem væri samkeppnisfær á alþjóðlegum háskólamarkaði. Markmiðið var að bjóða upp á nám í rekstrardeild, tæknideild, lagadeild og kennslufræðideild auk frumgreinadeildar. Þetta á að vera háskóli sem skapar sér sérstöðu með traustum tengslum við atvinnulífið. Bakhjarlar skólans eru Verslunarráð, Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins og munu þessir aðilar koma að skipan háskólaráðs hins nýja skóla. Þar sem hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir er kona athafna var þegar gengið í að hrinda sameiningu skólanna tveggja í framkvæmd eftir að vilji forsvarsmanna skólanna tveggja var ljós. Meginlínurnar voru lagðar en svo var fagfólki sem þekkir vel til háskólanna tveggja treyst til að framkvæma enda hefur það góða starfsfólk bestu þekkinguna til að móta nákvæma útfærslu sameiningarinnar.

Meginhluti umræðunnar fór fram um rekstrarform hins nýja sameinaða skóla. Komist var að þeirri niðurstöðu að hlutafélagaformið hæfði skólanum best með aðkomu aðila tengdum atvinnulífinu sem eru bakhjarlar í formi hlutafjáreignar. Að hafa hlutafélagaformið á rekstri þýðir ekki sjálfkrafa að hörð arðsemismarkmið ráði ferð, heldur að bakhjarlar eigi skýra aðkomu að stjórn með ákveðinn hlut en jafnframt skýrar skyldur og ábyrgð. Þetta er mikilvægt atriði, ekki síst ef um frekari uppbyggingu skólans verður að ræða sem getur krafist t.d. aukinna fjárfestinga.

Áhrif stúdenta á stjórn skólans og gæði námsins eru svo m.a. í gegnum skólagjöldin. Það er öflugasta aðhald á skólastjórnendur í háskóla með þessu rekstrarfyrirkomulagi.

Framgangur málsins er nú í höndum Alþingis og vona ég að sem flestir þingmenn sjái kjarna þess sem er sá að nýr öflugur háskóli mun taka til starfa næsta haust ef Alþingi greiðir götu þessa máls.

[15:23]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Í nóvember 2002 var stigið mjög heillavænlegt spor að mínu mati þegar Tækniskóli Íslands var færður upp á háskólastig og fékk nafnið Tækniháskóli Íslands. Fram að þeim tíma hafði tækninám á háskólastigi eingöngu verið hægt að sækja til útlanda og höfðum við misst töluvert af fólki úr landi sem sótti þetta nám til Norðurlandanna.

Samtök iðnaðarins höfðu m.a. verið ötul við að benda á eftirspurnina eftir tæknimenntuðu fólki en eins og fram hefur komið í umræðunni höfum við staðið töluvert að baki nágrannaþjóðum okkar hvað það varðar.

Vegna þessarar eftirspurnar og líka eftirspurnar eftir náminu sjálfu var farið í að byggja þennan glæsilega tækniháskóla. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér þykir þess vegna alveg hundfúlt að þurfa að standa í ræðustóli núna og fara yfir þessa sameiningu við Háskólann í Reykjavík, sem gæti verið ánægjuleg, þurfa að vera í hálfgerðri vörn og þurfa að gagnrýna framkvæmdina. Ég hefði svo miklu frekar viljað að um vinnubrögðin hefði ríkt meiri sátt en er. Í vinnubrögðunum eða aðdragandanum er alls ekkert boðið upp á umræðu og samstarf. Málinu er hent fram tilbúnu og kláru. Í lýðræðisríki er óásættanlegt að mál fari í gegn með þeim hraða sem ætlast er til hér. Þess vegna segi ég það, virðulegi forseti, að mér þykir hundfúlt að standa hér á þessum forsendum.

Ég tek undir það sem við höfum sagt um að við þurfum að efla tækninám á Íslandi, virkilega, og höfum þurft að

gera það árum saman, jafnvel áratugum saman. Þess vegna var það mikið fagnaðarefni þegar við loksins í nóvember 2002 færðum tækninám upp á háskólastig.

Virðulegi forseti. Eins og ég segi hafa vinnubrögðin verið afar sérkennileg í málinu. Við fengum að vita það með fréttatilkynningu í ágúst að gefin hefði verið út yfirlýsing um sameiningu þessara tveggja skóla. Hún kom líklega úr menntamálaráðuneytinu. Síðan kemur þetta mál ekki inn í umræðu á þinginu fyrr en í desember þannig að það var ekki með neinu móti hægt að taka það almennilega fyrir í haust og ég vil lýsa óánægju minni með þessi vinnubrögð vegna þess hve margar stórar menntapólitískar spurningar hafa vakna í þessu máli og þarfnast umræðu.

Ég ætla að fara yfir þessi atriði á eftir en áður en ég byrja á því vil ég aðeins nefna að það hefur verið algerlega óþolandi í dag að sitja undir fullyrðingum um að stjórnarandstaðan vilji leggja stein í götu þessa máls eða götu þessara skóla. Það hefur líka verið fullkomlega óþolandi að sitja undir því að stjórnarandstaðan sé að tefja málið þegar staðreyndin er sú að málið kemur ekki inn fyrr en í desember til umræðu og þá höfum við rétt svo tíma til að senda það út til umsagnar sem var gert. Síðan er það ekki tekið á dagskrá menntamálanefndar fyrr en í lok janúar. Við erum ekki að tala um að stjórnarandstaðan stýri því hvenær mál eru tekin fyrir. Síðan er málið tekið fyrir aftur í síðustu viku og ekki aftur fyrr en núna vegna fjarveru menntamálaráðherra þannig að ég hafna því að stjórnarandstaðan sé að tefja málið.

Virðulegi forseti. Ég nefndi áðan að margar stórar menntapólitískar spurningar hefðu vaknað í þessu máli. Ein þeirra snýr að skólagjöldum en það er umræða sem við höfum aldrei tekið almennilega á Alþingi nema við vitum að menntamálaráðherra hefur gefið út yfirlýsingar um það, nú síðast í viðtali við Morgunblaðið, að hún telji ekki rétt að setja skólagjöld á grunnnám á háskólastigi. Þess vegna veldur það manni áhyggjum að núna, rúmum tveimur árum eftir að við settum tæknifræðina upp á háskólastig, eigi að taka hana út úr rammanum og setja inn í einkaskóla þar sem eru skólagjöld. Þetta telst svo sannarlega til grunnnáms. Þetta nám er ekki í boði í öðrum skólum og þess vegna tel ég að þarna sé gengið gegn fyrri yfirlýsingum. Tæknifræðin er ekki kennd í öðrum skólum og er ekki hluti af opinberu framboði lengur eftir að þessi breyting hefur gengið í gegn. Þar með er ekki jafnt aðgengi að tæknifræðinni og ekki hægt að segja að jafnrétti ríki til náms hvað varðar aðgengi að því.

Ég vil, virðulegi forseti, aðeins koma inn á að margt bendir til þess að krafa opinberu skólanna um að fá að taka upp skólagjöld í grunnnámi hljóti að styrkjast við það að einn opinber skóli með hátt í þúsund nemendur færist yfir í einkahlutafélag sem tekur skólagjöld í grunnnámi. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa tilvitnun í umsögn rektors Háskólans á Akureyri, Þorsteins Gunnarssonar, og vil gjarnan fá að heyra í hæstv. menntamálaráðherra ef hún kemur hingað áður en ég hef lokið máli mínu um það hvort hún geti tekið undir sjónarmið hans. Með leyfi forseta ætla ég að lesa þessa tilvitnun:

„Stefna stjórnvalda hefur verið að innheimta ekki skólagjöld í grunnnámi á háskólastigi hér á landi. Í framkvæmd hafa hins vegar verið nokkrar undantekningar á þessari stefnu. Þannig hafa stjórnvöld heimilað einkaháskólum, m.a. Háskólanum í Reykjavík og Viðskiptaháskólanum á Bifröst, að innheimta skólagjöld meðan opinberir háskólar hafa ekki þessa heimild. Með sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands má gera ráð fyrir að þeim nemendum í grunnnámi á háskólastigi sem þurfa að greiða skólagjöld fjölgi mikið. Verði frumvarpið samþykkt standa stjórnvöld frammi fyrir því að þurfa að endurskoða stefnu um skólagjöld á háskólastigi. Sú mismunun að heimila sumum háskólum að innheimta skólagjöld og öðrum ekki er óviðunandi og ógnar stöðu opinberra háskóla hér á landi gagnvart erlendum háskólum."

Virðulegi forseti. Það er ekki nema von að maður spyrji og varpi því fram hvort ekki muni í kjölfarið á breytingunni koma aukin krafa frá hinum opinberu skólum og forustumönnum þeirra um að fá að taka upp skólagjöld. Ég mundi gjarnan vilja fá svar hæstv. ráðherra við þessu nema náttúrlega það sé markmiðið að búta þetta niður og færa þetta í skólagjaldakerfið eða einkareksturinn. Ég vona svo sannarlega að svo sé ekki.

Við í Samfylkingunni og hv. þingmenn í menntamálanefnd, Björgvin G. Sigurðsson og Mörður Árnason ásamt mér, höfum lagt fram breytingartillögur og höfum skilyrt stuðning okkar við frumvarpið við breytingartillögurnar, en þær hljóða svo, með leyfi forseta:

„*1.* Við bætist ný grein, 3. gr., svohljóðandi:

Við 3. málsl. 3. gr. laga nr. 136/1997, um háskóla, bætist: og skulu þeir þá vera sjálfseignarstofnanir.

2. Heiti frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um afnám laga nr. 53/2002, um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum, og breyting á lögum nr. 136/1997, um háskóla."

Virðulegi forseti. Þetta leggjum við fram vegna þess að við teljum, ólíkt hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, sem talaði fyrr í dag að það sé eðlismunur á því að reka háskóla í formi sjálfseignarstofnunar eða í formi einkahlutafélags og getum því ekki samþykkt að hinn nýi háskóli fari í það form að verða einkahlutafélag heldur hefðum við viljað sjá hann fara í form sjálfseignarstofnunar.

Ég segi eðlismunur. Þó nokkur af þeim rökum hafa verið ágætlega tíunduð í umræðunni en ég ætla að nefna eitt áhyggjuefni þar sem ég tel að eðlismunur sé á. Í einkahlutafélagi eru auðvitað hlutabréf í eigu eigenda, það segir sig sjálft. Það er ekkert sem segir að hlutabréfin geti ekki gengið kaupum og sölum, þannig er nú einu sinni eðli hlutafélaga. Þetta er að mínu mati fyrirkomulag sem hentar ágætlega í rekstri fyrirtækja og þegar svona er komið ræðst stjórn fyrirtækisins að töluverðu leyti eftir hagsmunum eigenda. Þess vegna hef ég áhyggjur af því að akademísku frelsi sé ógnað með slíku fyrirkomulagi.

Ég hef áhyggjur af því vegna þess að stjórn félagsins á að vera háskólaráð samkvæmt þeim samþykktum sem fyrir liggja. Hingað til og um allan heim hefur verið litið svo á að háskólaráð eigi að vera óháð eigendum sínum, þetta á að vera akademísk stofnun þar sem akademísk sjónarmið ráða för. Þess vegna hef ég áhyggjur af þessu vegna þess að þetta er auðvitað grundvöllur háskólastarfsins.

Ég hef áhyggjur af hinu akademíska frelsi hvað varðar

rekstrarformið og áhyggjur mínar fengu ekki síður byr undir báða vængi þegar hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson talaði fyrr í dag og lýsti því að hann væri hissa á því að hv. þm. Mörður Árnason hefði eytt megninu af ræðu sinni í að ræða akademískt frelsi en ekki rekstrarformið eitt og sér. (Gripið fram í.) Ég verð að segja að þá fyrst fékk ég alvarlegar áhyggjur, vegna þess að akademískt frelsi er grundvallaratriði og það skiptir verulegu máli að það sé tryggt og umræðan um rekstrarformið og umræðan um akademískt frelsi er fullkomlega samofin vegna þess, eins og áður sagði og er ekki flókið mál í mínum huga, að hlutabréfin geta gengið kaupum og sölum. Eigendur hlutabréfanna ráða því hverjir sitja í stjórn. Stjórnin er háskólaráð sem fer með öll málefni skólans, fyrirtækisins í þessu tilfelli, og þess vegna finnst mér þetta ekki vera eðlileg tengsl. Auk þess, þar sem hlutabréfin geta gengið kaupum og sölum, getum við farið að sjá verulegar breytingar á mannskap í háskólaráðinu eða stjórn félagsins. Ég tel einnig að óvissan sé það mikil til framtíðar litið að það sé ekki til heilla að velja þetta rekstrarform. Þetta er ástæðan fyrir því klárt og kvitt hvers vegna ég geld varhuga við því að við förum út í þetta rekstrarform.

Einnig vil ég nefna að í hugmyndum um stjórn félagsins, auðvitað vegna þess að þarna er farið að hlutafélagalögum, er ekki gert ráð fyrir því að einn einasti einstaklingur úr hinu akademíska samfélagi sé aðili að háskólaráðinu eða stjórninni. Það þykir mér vera verulega til skaða vegna þess að það hefur reynst vel hingað til í öðrum skólum að í háskólaráði séu fulltrúar starfsmanna, kennara og nemenda.

Mér þykja hættur hlutafélagaformsins hvað þetta varðar vera það miklar að ég get ekki samþykkt, frekar en aðrir í Samfylkingunni, að frumvarpið fari í gegn með þessum hætti. Hins vegar, vegna þess að það er alltaf verið að lýsa eftir afstöðu Samfylkingarinnar, getum við samþykkt frumvarpið ef breytingartillögur okkar um að þetta verði sjálfseignarstofnun verða samþykktar samhliða.

Virðulegi forseti. Hér hefur mikið verið vitnað til umsagnar þeirra einstaklinga sem sáu um sameiningarsamningana fyrir hönd Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík. Í umræðunni hefur mjög mikið verið talað um að þó stofnunin fari í einkahlutafélagaform muni hagnaðarsjónarmið ekki ráða för. Einnig hefur verið talað um að það séu það miklir gallar á lögum um sjálfseignarstofnun að ekki sé fært að fara í það form. Þá vil ég benda á að í þessari ágætu umsögn frá þessum fjórum einstaklingum kemur fram að hugmyndin sem erlendis kallast „nonprofit organizations" sé hugmynd sem þau felli sig við og það sé ástæðan fyrir því að þau velji hlutafélagaleiðina. En jafnframt segir, með leyfi forseta:

„Ef til vill vantar okkur betri löggjöf á þessu sviði."

Þau segja því sjálf að hlutafélagaleiðin sé ekki einu sinni hin eina rétta. Samt velja þau hlutafélagaleiðina frekar en sjálfseignarformið þó að hún sé gölluð. Þetta þykir mér nokkuð athyglisvert.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma inn á eignir Tækniháskólans og kostnaðinn við sameininguna fyrir ríkisvaldið. Ég spurði hæstv. menntamálaráðherra ekki fyrir löngu hvort eignirnar hefðu verið metnar í aðdraganda sameiningarinnar, hvað yrði gert við þær og hvernig þær færu í einkahlutafélagið. Fram kom í svari hennar að eignir Tækniháskólans hefðu verið metnar og væru um 40 millj. kr. og mundu ganga inn í einkahlutafélagið. Maður gæti sett á langa tölu um hvað þetta er ótrúlega lág upphæð fyrir háskóla sem á að vera flaggskip okkar í tæknimenntun og á tæknisviði en ég ætla ekki að fara út í það, engu að síður kom upphæðin mér verulega á óvart. Einnig kom fram hjá fulltrúum menntamálaráðuneytisins að skuldir Tækniháskólans, sem nema um 100 millj., muni ekki fylgja Tækniháskólanum við sameininguna. Segja má því að heildarkostnaður ríkisins sé um 140 millj. með sameiningunni.

Þessi tala er ekkert klink en hún hefur aldrei komið almennilega fram í umræðunni og er ekki orð um það í fjárlögum fyrir þetta ár að fara eigi að gefa eignir ríkisins í einkahlutafélagið. Þetta segir manni því hvernig málið hefur verið undirbúið og hvernig það hefur borið að að þetta hafi ekki legið fyrir í haust þegar við ræddum fjárlögin sem við afgreiddum í lok nóvember eða byrjun desember, ef ég man rétt.

Virðulegi forseti. Ég verð að nefna það í lokin að mér hefur fundist stefnuleysið og markmiðsleysið sem hefur birst manni í menntamálum alveg með ólíkindum í þessu máli, sérstaklega hvað háskólastigið varðar og mér hafa þótt vinnubrögðin ótrúlega tilviljanakennd. Og það er ekki bara þetta mál, í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu í ágúst heyrðum við að fara eigi að einkahlutafélagavæða opinbera skóla. Ég get líka nefnt íþróttaakademíuna í Reykjanesbæ. Hefur það mál einhvern tíma komið hingað inn? Hvernig á það allt saman að byggjast upp?

Virðulegi forseti. Það er líka annað. Það er með ólíkindum hve mikil valdbeiting hefur verið í þessu máli og hraðinn gríðarlegur. Valdbeitingin hefur að mörgu leyti birst í því að svona stórt menntapólitískt mál er lagt fram, ekki bara fyrir okkur á Alþingi heldur líka fyrir háskólaráð Tækniháskólans, eins og kemur fram ágætri grein Ragnhildar Þórarinsdóttur sem birt var í Morgunblaðinu en hún var varamaður kennara í háskólaráði THÍ, og að ekki einu sinni háskólaráð Tækniháskólans vissi af sameiningunni eða hvernig hún færi fram fyrr en hálftíma áður en þetta var tilkynnt.

Mér hefur þótt þetta algjörlega með ólíkindum og líka það að ef maður vill ræða svo stórt mál, svona mikla breytingu og grundvallarbreytingu á íslensku menntakerfi, þá er manni stillt upp eins og maður sé algjörlega á móti sameiningu skólanna. Það er náttúrlega bara af og frá. Það sem fyrst og fremst var verið að fara fram á er almennileg umræða um málið. Ég sagði áðan að hefðu menn vandað til verka og rætt málið frá grunni, ekki kynnt það kvitt og klárt, þá væri umræðan núna hugsanlega öðruvísi.

Virðulegi forseti. Þar sem ég var að tala um varðandi tilviljanakennd vinnubrögð og stefnuleysi, þá vil ég aðeins koma inn á að það sem við erum að horfa upp á núna, þegar þetta frumvarp er orðið að veruleika, er þriðja rekstrarformið á háskólastigi. Við erum með ríkisrekna skóla sem fá framlög frá ríkinu en fá ekki að taka skólagjöld, við erum með sjálfseignarstofnanir sem fá jafnhá framlög frá ríkinu á hvern nemanda eins og opinberu skólarnir og geta tekið skólagjöld og loks erum við komin með einkahlutafélag sem er líka rekið af almannafé. (Gripið fram í.) Mér finnst

því að við þurfum aðeins að líta yfir sviðið og hvernig við ætlum að fara með opinbert fjármagn, vegna þess að það skýtur svolítið skökku við að ríkið fari að verða helsti fjármögnunaraðili einkahlutafélags. Það er í eðli sínu er dálítið sérkennilegt.

Eins og ég sagði tel ég að hér sé um stórt menntapólitískt mál að ræða. Ég hef komið inn á umræðuna um skólagjöldin, umræðuna um rekstrarformið og ekki síst akademíska frelsið og sömuleiðis umræðuna um framtíðarfyrirkomulag tæknináms. Þessi staða er vond fyrir skólana og þess vegna hefði verið mjög mikilvægt að vanda til verka. Ég segi enn og aftur, virðulegi forseti, að mér þykir hundfúlt að standa hér á þessum forsendum.

Virðulegi forseti. Aðeins í lokin. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir hefur gert nokkuð úr þeirri skoðun sinni á yfirlýsingu ráðuneytisins um framtíð tæknináms, að það beri að efla og styrkja til framtíðar, og hefur túlkað það sem svo að henni finnist brýnt að tækninám sé einnig í boði í ríkisreknum háskóla út af samkeppni og öðru og sömuleiðis tók hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson undir þetta í ræðu sinni í dag. Ég verð að segja að þegar verið er að ræða um að tækninám verði einungis í boði í einkareknum skóla með skólagjöldum, þá birtist þessi skoðun og þessi umræða hv. þingmanns mér þannig að hér sé um ákveðna billega réttlætingu að ræða á því að samþykkja þetta mál eins og það er, að samþykkja að tækninámið fari inn í einkarekinn skóla og verði ekki í hinu opinbera framboði á námsgreinum. Þess vegna lýsi ég eftir því að ef hv. þingmaður telur sig vita að þetta verði gert og það sé raunverulegur vilji og opnun fyrir þetta í menntamálaráðuneytinu þá þætti mér vænt um að heyra það en þangað til maður heyrir einhverja staðfestingu frá hæstv. menntamálaráðherra í þessum efnum, þá finnst mér þetta ekkert annað en billegur umsláttur.

[15:50]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil í upphafi segja að mér finnst dálítið furðulegt að stjórnarandstöðunni og hv. þingmanni þyki óþolandi að sitja undir þeim ásökunum að stjórnarandstaðan sé að leggja stein í götu málsins. Það liggur fyrir að við erum að reyna að sameina Tækniháskólann og Háskólann í Reykjavík með lögum. Í nefndaráliti 1. minni hluta kemur ekkert fram um það að Samfylkingin styðji það mál, þannig að það hlýtur að þýða að hún sé á móti því. Hún er a.m.k. ekki með því. Það er ekki hægt að lesa það út úr nefndarálitinu. Þannig að það er eðlilegt að álykta sem svo að verið sé að leggja stein í götu málsins.

Í öðru lagi voru hinar svokölluðu menntapólitísku spurningar hér til umræðu og þar á meðal skólagjöld sem hv. þingmaður kveinkaði sér undan. Ég er hér með viðtal við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, varaformann Samfylkingarinnar, frá 15. október 2004 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Mér finnst skólagjöld á háskólastigi alveg geta komið til álita.“ — Og enn segir varaformaður Samfylkingarinnar: „? en ég sé engin sanngirnisrök fyrir því að fólk borgi verulegar fjárhæðir fyrir fullorðinsfræðslu og fyrir börn á leikskólum en ekkert fyrir aðgang að háskólum.“

Sömu sjónarmið koma fram í svokölluðu umræðuplaggi framtíðarhóps Samfylkingarinnar sem fjallaði um rekstrarform í almannaþjónustu. Í honum sátu m.a. hv. þingmenn Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Bryndís Hlöðversdóttir.

Í ljósi andmæla hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur gegn skólagjöldum verð ég að spyrja: Er hún ekki sammála hv. þingmönnum Bryndísi Hlöðversdóttur og Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur? Og er hún ekki sammála þessum yfirlýsingum varaformanns Samfylkingarinnar sem augljóslega vill taka upp skólagjöld?

[15:53]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi fyrra atriðið, að ég sé að kveinka mér undan einhverju, þá vil ég benda á að hefði þetta mál verið til umræðu, sjálfeignarstofnunarformið og einkahlutafélagsformið, og allt verið undir, allt verið rætt í heild og heildrænt sem algjörlega vantar en ekki sent út í fréttatilkynningarstíl, þá værum við auðvitað að ræða þetta á allt öðrum forsendum og við værum ekki að ræða þetta í fyrsta skipti. Við erum í rauninni að ræða þessar stóru grundvallarspurningar í menntamálum almennilega í fyrsta skipti í þessum sal.

Ég ætla að benda hv. þingmanni á að við erum með mjög skýra stefnu í þessu máli. Við höfum lagt fram breytingartillögu. Við höfum líka beðið um svör við fjölmörgum spurningum sem hafa ekki komið og við erum með breytingartillögu sem þýðir að við erum hér í umræðu um málið, ekki satt? Við höfum lagt fram breytingartillögu. Það er því ekki hægt að segja þegar við leggjum fram breytingartillögu við frumvarpið að við séum á móti því í heild sinni. Við viljum hins vegar sjá breytingar á því og til þess erum við hér.

Varðandi tilvitnanir í viðtöl og vinnuplögg á vegum Samfylkingarinnar þá get ég sagt að þetta er auðvitað allt til umræðu innan flokksins. Við erum með málefnastarf í gangi. Þetta er allt til umræðu. Það er ágætt að þú vísir hér til vinnuplagga okkar, vegna þess að þetta er auðvitað allt til umræðu. Það sem við erum að ræða hér er að við erum ekki að tala um hvort það eigi að vera skólagjöld í sjálfseignarstofnunum sem nú þegar taka skólagjöld, við erum að ræða skólagjöldin á þeirri forsendu að grunnnám, tækninám sem hingað til hefur verið í boði í opinberum skóla verður það ekki lengur. Það verður einungis í boði í einkareknum skóla og því ekki í nokkurri samkeppni við aðra skóla og þar liggur munurinn.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill áminna hv. þingmann um að ávarpa forseta en ekki þingmenn úti í sal.)

[15:55]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur alveg fyrir að ef Samfylkingin styddi þessa sameiningu og hinn nýja háskóla kæmi það fram í nefndarálitinu. Það gerir það bara ekki og þar af leiðandi hlýtur maður að álykta sem svo að Samfylkingin styðji ekki sameininguna, annars stæði það í nefndarálitinu. Það gerir það því miður ekki.

Mig langar til að víkja að öðru sem fram kom í ræðu hv. þingmanns. Það voru áhyggjurnar af hinu akademíska frelsi, að því væri ógnað ef háskólinn væri rekinn á einka-

hlutafélagsformi, vegna þess að í slíkum háskóla mundu háskólamenn ganga erinda eigenda sinna. Ég hlýt að spyrja: Er því einhvern veginn öðruvísi háttað þegar ríkið er eigandi? Heldur hv. þingmaður því fram að vísindamenn í Háskóla Íslands gangi erinda ríkisins í rannsóknarstarfi sínu? Gildir það sama um aðrar ríkisstofnanir eins og t.d. dómstólana? Dómstólarnir eru reknir af ríkinu. Þar eru ríkisstarfsmenn. (Gripið fram í.) Heldur (Forseti hringir.) hv. þingmaður því fram að Hæstiréttur Íslands (Forseti hringir.) gangi erinda ríkisins í störfum sínum?

[15:56]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spyr eins og hv. þm. Mörður Árnason kallaði út í sal: Ertu að fara að einkavæða dómstólana? (**SKK:** Nei, nei, nei.) Það er nú það sem við stöndum frammi fyrir hér og er það sem við erum að ræða hér, þ.e. að það er verið að einkavæða akademíska stofnun.

Ég vil, með leyfi forseta, fá að vitna í umsögn Þorsteins Gunnarssonar, rektors Háskólans á Akureyri, og gera þau orð að mínum. Þar segir:

„Í athugasemdum við frumvarpið er boðað að hinn nýi skóli verði rekinn sem einkahlutafélag. Um nýmæli er að ræða hér á landi sem löggjafinn þarf að skoða nánar. Engin trygging er fyrir því að háskólakennarar sem ráðnir eru af einkahlutafélagi búi við akademískt frelsi sem er einn af hornsteinum háskólastarfsemi í hinum vestræna heimi. Svo dæmi sé tekið þá er akademískt frelsi háskólakennara stjórnarskrárvarinn réttur í Bandaríkjunum.“ (Gripið fram í.)

Og, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, ég tel að það skipti mjög miklu máli þegar um er að ræða hlutabréf sem ganga kaupum og sölum (Forseti hringir.) ef þú veist ekki hver eigandinn er frá degi til dags og til framtíðar.

[15:57]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í upphafi ræðu hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur kom fram að það væri hraði málsins sem skipti öllu máli, málsmeðferðin væri svo hröð að ekki væri hægt að afgreiða málið frá þinginu. Síðar þegar leið á umræðuna voru það önnur atriði sem skiptu meginmáli, eins og eignarhaldið og fleiri þættir. Það breyttist því í ræðunni eftir því sem á leið.

Förum nú aðeins í þennan hraða. Í raun rakti hv. þingmaður það ágætlega að yfirlýsingin kom í ágúst, frumvarpið var kynnt í þinginu í desember. Í janúar og febrúar hefur það verið til umfjöllunar í hv. menntamálanefnd þar sem málið hafði verið sent til umsagnar fyrir áramót. Fengnar voru umsagnir og gestir komu fyrir nefndina og það var farið vel yfir málið.

Lítum nú aðeins til atvinnulífsins, hvað er að gerast í atvinnulífinu og reyndar í skólum landsins þar sem er mikil gróska. Sama gildir um atvinnulífið, þar er mikil gróska. Það er verið að sameina félög og fyrirtæki í rekstri. Það gerist á stuttum tíma. Það heitir bara samræðupólitík að taka tvö, þrjú ár í það að ákveða hvort stíga eigi eitt skref áfram eða til hliðar. Slík samræðupólitík í rekstri ríkisstofnana og rekstri fyrirtækja á markaði gengur ekki upp. Það er bara svo einfalt mál. Það gengur bara ekki upp. Ef við ætlum að láta skólastarfið fylgja atvinnulífinu verðum við að bregðast fljótt og skjótt við líkt og atvinnulífið og líkt og aðstæðurnar í þjóðfélaginu eru.

[15:59]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrist hv. þingmaður vera að leggja til að við afhendum ráðherrunum löggjafarvaldið og hæstv. ráðherrar ráði því hvað hér fer fram en málin séu ekki rædd með eðlilegum hætti á Alþingi, ég a.m.k. skildi ræðu hans ekki öðruvísi en svo. Þar er ég honum auðvitað hjartanlega ósammála.

Hv. þingmaður vitnaði til ræðu minnar. Það sem ég sagði í upphafi hennar var að aðdragandinn allur væri mjög sérkennilegur. Upplýsingar voru engar eða litlar, þetta barst sem fréttatilkynning úr menntamálaráðuneytinu. Það var lítil sem engin umræða um þetta í þinginu þannig að aðdragandinn var allur afar sérkennilegur. Og eins og ég nefndi líka fengu fulltrúar í háskólaráði Tækniháskólans ekki vitneskju um þetta fyrr en skömmu áður en yfirlýsingin var send út. Það var því fjölmargt að og að mínu mati var valdbeitingin allt, allt of mikil í málinu og eiginlega algjör hingað til.

En núna erum við að ræða þetta í 2. umr. og tel ég allt eðlilegt við það og umræðuna að mörgu leyti góða. Það er einmitt hér og loksins, eins og ég sagði líka í ræðu minni, að við hittumst og ræðum þessi stóru menntapólitísku grundvallaratriði og var kominn tími til.

[16:01]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega alrangt hjá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur að ég vilji veita ráðherrunum löggjafarvaldið, það er af og frá. Við erum búin að vera í vinnu núna á þriðja mánuð er varðar þetta tiltekna mál. Ég tel þá umræðu sem við höfum átt ansi góða og lýðræðislega og hún stendur enn. Ég bendi á að við getum ekki tekið okkur eitt, tvö ár í svona umræður, það gengur ekki. Við vitum að um 2.500 nemendur ásamt kennurum bíða eftir því að vita og sjá hver framtíð þessa skóla verður, þessa skóla sem er að fara í nýtt umhverfi, fara í samkeppni og þarf að undirbúa sig fyrir næsta skólaár og það er engin ástæða til að bíða. Við eigum að taka ákvarðanirnar klárt.

[16:02]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þarna er ég alveg hjartanlega sammála hv. þingmanni, auðvitað á að taka ákvarðanir klárt, þær eiga ekki að vera loðnar eða þokukenndar.

Hins vegar, þar sem við erum nú fulltrúar löggjafans og fulltrúar þjóðarinnar á löggjafarsamkundunni, verða allar upplýsingar að liggja fyrir. Það er nú bara þannig að við höfum ekki enn þá fengið svör við fjölmörgum spurningum sem við höfum lagt fram og svör við spurningum okkar hafa ekki verið að berast og fundir í menntamálanefnd voru ekki haldnir fyrr en í lok janúar og byrjun þessa mánaðar. Við skulum halda því til haga. Þetta hefur ekki legið hjá okkur með öllum upplýsingum klárt og kvitt þannig að við

gætum tekið upplýsta afstöðu í málinu, þ.e. á þriðja mánuð. Það verður að halda því til haga hér.

[16:03]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Katrín Júlíusdóttir sagði áðan að hagsmunir eigenda muni stjórna skólanum. Ég spyr og mig langar að velta því aðeins upp hérna: Hagsmunir hverra eru það að útskrifa vel hæfa tæknifræðinga og verkfræðinga? Jú, það eru nákvæmlega hagsmunir t.d. Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins.

Það var fróðlegt að sitja sprotaþing sem haldið var í síðustu viku en ég tók þar þátt í nefndarstarfi um tengsl atvinnulífs og skóla og þar kom þetta einmitt skýrt fram, að það væru hagsmunir þeirra að þetta samstarf mundi takast vel. Þess vegna er sorglegt að heyra í málflutningi í dag að stjórnarandstaðan er hér að lýsa yfir algjöru vantrausti á Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins.

Síðan er það varðandi málsmeðferðina, þar ræddi hv. þingmaður um valdbeitingu. Það var þannig að þessi viljayfirlýsing kom fram um stofnun einkahlutafélags sem tæki yfir starfsemi HR og Tækniháskóla Íslands. Í henni stóð að yfirlýsingin væri háð því að Alþingi féllist á þær lagabreytingar sem nauðsynlegar væru til að af sameiningu yrði.

Um 2.500 manns bíða eftir því að málið verði klárað. Ef þetta væri svona gríðarleg valdbeiting værum við ekki þá með þingpallana fulla af fólki sem væri óánægt og væri að mótmæla? En það er ekki þannig. Fólk er á þessari sameiningu og bindur miklar vonir við hana.

[16:05]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eitthvað hefur hv. þm. Dagný Jónsdóttir heyrt skakkt áðan, ef þannig má orða, þegar ég talaði um stjórnir og hagsmuni eigenda í hlutafélögum. Þá var ég að tala um að í hlutafélögum almennt ráða auðvitað hagsmunir eigenda för í stjórnum. Það sem ég talaði um að hættan liggi er að það er ekkert sem tryggir það í þessu máli að svo muni ekki verða í framtíðinni í stjórn þessa skóla vegna þess að þarna er um hlutabréf að ræða sem ganga kaupum og sölum. Við vitum ekkert hvaða aðstæður verða uppi eftir nokkur ár og hvar þessi hlutabréf muni enda, það er það sem ég var að nefna, það er ekkert sem tryggir það.

Þetta nefndi ég sem eina af hættunum við það að taka einkahlutafélagsformið fram yfir sjálfseignarstofnunarformið þar sem þessi hætta er alls ekki fyrir hendi. Það er það sem ég átti við, hv. þingmaður, ekki það að hagsmunir þessara aðila sem nú koma að stofnuninni muni ráð för skólans, það er alls ekki það sem ég átti við. Ég treysti þeim fullkomlega til að reka skólann ágætlega, þess vegna líka lögðum við fram breytingartillögu um að við gætum stutt þetta mál ef um sjálfseignarstofnun væri að ræða þar sem þessir aðilar kæmu að.

Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því og ég sagði það í ræðu minni að þetta er vond staða fyrir skólann og fyrir skólana báða, bæði fyrir kennarana og nemendurna, eins og er. Þess vegna tel ég, og hef nefnt þó nokkur atriði, að málið hefði þurft að vera miklu betur undirbúið og skapa hefði þurft miklu meiri sátt einmitt vegna þess fjölda fólks sem um ræðir og hve miklir hagsmunir nemenda og kennara eru í húfi.

[16:07]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna sérstaklega ummælum hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur um að hún treysti þeim aðilum sem standa að skólanum fullkomlega til að reka skólann. Þetta eru mjög góð ummæli og það er gott að fá þau fram vegna þess að ég hef svo sannarlega haft það á tilfinningunni og það sem hefur einkennt umræðuna, ekki sérstaklega hjá hv. þingmanni heldur hjá flestum í stjórnarandstöðunni, er nákvæmlega þessi tortryggni gagnvart þeim aðilum sem eru að fara að reka þennan skóla. Og ég ætla rétt að vona að þeir muni halda sig sem lengst við það að koma nálægt þessum skóla. Ég fagna þessum ummælum og tel gott að við fáum það fram að hv. þingmaður treystir umræddum aðilum fullkomlega.

[16:08]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt að við treystum þessum aðilum fullkomlega til þess að fara með stjórn skólans. En eins og ég kom líka inn á áðan viljum við að það sé gert í formi sjálfseignarstofnunar, ekki hlutafélagaforminu, vegna þess að við viljum tryggja það til framtíðar, auk þess sem við viljum að skólanum sé stjórnað með aðilum úr háskólasamfélaginu, þ.e. kennurum og nemendum. Við teljum algjört grundvallaratriði að þetta fari vel saman til að tryggja akademískt frelsi. En eins og ég sagði áður, ég lýsi því hér með yfir að ég treysti þessum aðilum fullkomlega til að reka skólann ágætlega en þó undir þeim formerkjum að það sé sjálfseignarstofnun og fulltrúar og aðilar í hinu akademíska samfélagi séu aðilar að stjórnun skólans.

[16:09]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hafði í fyrri helmingi þessarar 2. umr. haldið þá ræðu sem ég hafði hugsað mér að flytja í þessu máli en ég treysti því að hæstv. menntamálaráðherra sé einhvers staðar hér viðstödd til að svara spurningum sem ég hef til að leggja fyrir hana.

(**Forseti** (BÁ): Hæstv. menntamálaráðherra er í húsinu og forseti mun gera henni viðvart um að hv. þingmaður óski nærveru hennar.)

Mjög fínt.

Við ræðum frumvarp til laga um afnám laga um Tækniháskóla Íslands. Ég hef gert grein fyrir meginsjónarmiðum mínum á nefndaráliti 2. minni hluta menntamálanefndar og í ræðu sem ég hélt við fyrri helming þessarar umræðu eins og ég gat um. En eftir standa samt nokkrir punktar sem mér finnst nauðsynlegt að fá hæstv. menntamálaráðherra til að tjá sig frekar um áður en 2. umr. um málið lýkur.

Í ræðu minni fyrir skemmstu hélt ég því fram að Sjálfstæðisflokkurinn hefði það á stefnuskrá sinni að svelta ríkisstofnanir inn í einkavæðingu. Ég hafði það fyrir mér í því að Tækniháskóli Íslands, sem áður var Tækniskóli Íslands,

hafi í gegnum árin verið hornreka í þessu kerfi, það hafi verið farið illa með hann, hann hafi lent á milli stafs og hurðar aftur og aftur. Ævinlega hafi ríkt óvissa um framtíð skólans og þegar svo er komið að búið er að koma honum samkvæmt lögum á háskólastig eigi ekki einu sinni með því að tryggja framtíð hans, þá verða menn örvæntingarfullir og samþykkja hvaða breytingar sem er. Það er allt betra en ríkjandi ástand. Ég notaði því drjúgan ræðutíma minn í fyrri viku til að gagnrýna ráðherra Sjálfstæðisflokksins, menntamálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, hvað þetta varðar. Ég hef svo sem gagnrýnt þessi mál áður, að ekki hafi verið staðið nægilega vel við bakið á þessum skóla. Ég vil undirstrika það í upphafi máls míns, að ég tel að hér sé verið að svelta skólann inn á braut sem hann hefði kannski aldrei og alls ekki viljað fara. Þá er ég að tala um starfsfólk og nemendur skólans.

Ég hef líka gert talsvert mál úr því að ekki hafi verið fullreynt með sameiningu Tækniháskólans og Háskóla Íslands. Ég vil fá í því sambandi skoðanaskipti við hæstv. menntamálaráðherra og máli mínu til stuðnings mun ég vitna í umsögn deildarforseta verkfræðideildar Háskóla Íslands, Sigurðar Brynjólfssonar, sem hann sendi hv. menntamálanefnd um mál þetta.

Þar segir deildarforseti verkfræðideildar Háskóla Íslands, með leyfi forseta:

„Tækniháskólinn hefur kennt tæknifræði en Háskólinn í Reykjavík hefur kennt tölvunarfræði. Hvorugur þessara skóla hefur kennt verkfræði. Annars staðar á Norðurlöndum eru tæknifræðingar tvöfalt fleiri en verkfræðingar en hér er þessu öfugt farið. Það er því mun meiri þörf að fjölga nemendum í tæknifræði en að reyna að fjölga verkfræðingum fram yfir það sem Háskóli Íslands stefnir í.“

Sama sjónarmið kemur fram í grein Valdimars K. Jónssonar, fyrrum prófessors við verkfræðideild, sem hann birti í Morgunblaðinu 25. nóvember sl. og á vef Háskóla Íslands 29. nóvember og þar mun hún vera aðgengileg núna. Valdimar tekur í sama streng og Sigurður Brynjólfsson, að hér sé um að ræða skóla í samkeppni við aðra alþjóðlega háskóla, háskóla í útlöndum, og hér séu stjórnvöld að etja skólum saman í innlenda samkeppni.

Valdimar tekur í sama streng og Sigurður hvað þetta varðar og segir í grein sinni, með leyfi forseta:

„Með sameiningunni er verið að stuðla að innlendri samkeppni þegar leitast ætti við að styrkja stöðu Íslands í alþjóðlegri samkeppni. Verkfræðinám er alþjóðlegt nám. Sameiningin veikir stöðu Íslands í alþjóðlegri samkeppni og kemur niður á því rannsóknatengda framhaldsnámi í verkfræði sem byggt hefur verið upp við Háskóla Íslands. Það er jafnframt einkennilegt að ríkið skuli stuðla að samkeppni gegn sjálfu sér.“

Hæstv. forseti. Mér finnst mikilvægt að fá hæstv. menntamálaráðherra til að svara þessum sjónarmiðum varðandi það samkeppnisumhverfi sem hér er verið að búa til eða breyta öllu heldur og hvernig hæstv. menntamálaráðherra lítur þetta, hvort ekki hefði verið heppilegri leið að efla það nám sem boðið er upp á, annars vegar í tæknifræði og hins vegar í verkfræði, þá mögulega innan Háskóla Íslands og tæknifræði innan þess vegna hvaða skóla sem væri — Tækniháskóla Íslands eins og hefur verið — frekar en að vera etja þessum skólum saman í þá samkeppni sem nú steðjar að þeim.

Ég veit að hæstv. menntamálaráðherra hefur talað fyrir því að samkeppnin muni efla alla dáð. En ég hef ástæðu til að ætla að fjármunirnir sem við höfum úr að spila séu ekki nægir til að þessir tveir skólar geti keppt á jafnréttisgrunni um þá fáu nemendur sem standa til boða. Verkfræðideild Háskóla Íslands bendir okkur á að bæði fjármunir og mannafli séu takmarkaðir. Það þarf ekki að benda okkur á það. Við vitum að Íslendingar búa í stóru landi og eru fámenn þjóð. Deildarforseti verkfræðideildar heldur því blákalt fram í umsögn sinni að skortur sé á hæfum verkfræðikennurum, oft svo mikill að erfitt sé að bjóða nauðsynleg framhaldsnámskeið í greininni. Hann telur því hæpið að ætla að tveir skólar á Íslandi geti haldið uppi fullgildu meistaranámi sem standist samjöfnuð við erlenda verkfræðiháskóla.

Þá er ég komin að öðru atriði sem mig langar að biðja hæstv. menntamálaráðherra að tjá sig um. Hvernig sér hæstv. ráðherra fyrir sér möguleika hins nýja skóla á að bjóða strax nám til meistaraprófs? Það hefur gengið verulega illa fyrir Háskóla Íslands að ná að bjóða rannsóknatengt meistaranám. Verkfræðideild Háskóla Íslands hóf rannsóknatengt meistaranám 25 árum eftir að hún hóf fjögurra ára verkfræðinám árið 1970, fyrir tæpum tíu árum. Samkvæmt upplýsingum frá Valdimari K. Jónssyni taldi verkfræðideildin ekki tímabært að hefja rannsóknatengt meistaranám fyrr. Valdimar hefur áhyggjur af því að sameinaður háskóli, Háskólinn í Reykjavík og Tækniháskóli Íslands, komi til með að eiga í verulegum erfiðleikum í ljósi þess að Háskóli Íslands hefur fengið óverulegan stuðning frá ríkisvaldinu til uppbyggingar á rannsóknatengdu grunnnámi. Hann hefur alls ekki þau framlög sem nauðsynleg eru fyrir meistara- og doktorsnám. Bæði er á það að líta að stærðir hópa í meistara- og doktorsnámi eru langt undir því sem reiknilíkan menntamálaráðuneytisins gerir ráð fyrir en jafnframt þarf aukna sérhæfingu til að halda uppi framhaldsnámi. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að fjölga kennurum.

Skorir í verkfræðideild Háskóla Íslands hafa 7–10 fasta kennara en til að halda uppi framhaldsnámi þyrfti að mati prófessora deildarinnar a.m.k. að tvöfalda þann fasta kjarna starfsmanna. Miðað við þá mynd sem þeir herramenn draga upp sem þekkja best til verkfræðinámsins, manna best hér á landi skyldi maður ætla, spyr ég: Á hvern hátt sér hæstv. menntamálaráðherra að hinni nýju stofnun verði gert það kleift að bjóða strax upp á öflugt nám til meistaraprófs? Það er nauðsynlegt að sýn hæstv. ráðherra hvað það varðar komist til skila við þessa umræðu.

Í ljósi fjárveitinganna hefur mátt lesa þau skilaboð menntamálaráðuneytisins til verkfræðideildar Háskóla Íslands að deildin ætti að einbeita sér að grunnnámi. Þannig hafa fjármunir til verkfræðideildarinnar verið reiknaðir. Ég tel nauðsynlegt að hæstv. menntamálaráðherra verji nokkrum tíma í að lýsa fyrir okkur þeirri sýn sem hún hefur á möguleika beggja þessara stofnana til öflugs framhaldsnáms í greinunum.

Enn eitt atriði finnst mér mjög alvarlegt í umsögn Sigurðar Brynjólfssonar, deildarforseta verkfræðideildar Háskóla Íslands. Það lýtur að hæfnisdómum þeirra kennara

sem kenna við Tækniháskóla Íslands og koma til með að kenna við hinn nýja háskóla. Í umsögn Sigurðar segir, með leyfi forseta:

„Verkfræðideild Háskólans vill einnig benda á að hæfnisdómar núverandi lektora og dósenta við Tækniháskóla Íslands miðuðu við að þeir kenndu tæknifræði en ekki verkfræði. Ekki voru gerðar sömu kröfur til þeirra og gerðar eru til kennara við verkfræðideildir á alþjóðavettvangi sem og við verkfræðideild Háskóla Íslands."

Þetta hefur ekki borið á góma í umræðunni. Við höfum ekki tekið þetta til umfjöllunar hingað til en það er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra, sem hefur mikið um þetta mál að segja svari því á hvern hátt hún sjái að hæfnisdómar þeirra lektora og dósenta sem hafa starfað við Tækniháskóla Íslands. Koma þeir til með að gilda óbreyttir í hinni nýju stofnun sem ætlar að einbeita sér að verkfræðinámi? Þetta er konkret spurning sem ég geri ráð fyrir að hæstv. menntamálaráðherra geti svarað.

Að lokum segir í umsögn Sigurðar Brynjólfssonar, deildarforseta verkfræðideildar Háskóla Íslands, með leyfi forseta:

„Einn verkfræðiskóli verður faglega sterkari og mun geta veitt öflugri þjónustu en nokkrir dreifðir skólar sem keppa um takmarkað fjármagn. Skólinn mun geta byggt upp meiri sérhæfingu og breidd til að fást við mismunandi viðfangsefni og taka þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum á vegum ESB eða annarra alþjóðlegra samtaka sem máli skipta."

Ég verð að viðurkenna, hæstv. forseti, að ég er höll undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn deildarforseta verkfræðideildar. Í ljósi þess að Háskóli Íslands er örsmár háskóli á alþjóðlegan mælikvarða sé ég ekki annað en að þeir prófessorar sem hafa tjáð sig um þessi mál og hafa vit á hafi gefið okkur ábendingar sem mér finnst óábyrgt að hunsa. Ég sé ekki á hvern hátt hæstv. menntamálaráðherra ætlar með óbreyttum fjárveitingum til háskóla á Íslandi að búa til tvo öfluga háskóla sem kenna verkfræði og annar einnig tæknifræði, innilokaður reyndar í einkahlutafélagi sem ég hef líka gagnrýnt. Ég sé ekki hvernig hæstv. ráðherra fær út að þeir verði það öflugir þegar raunin hefur verið sú að Háskóli Íslands hefur átt verulega erfitt með að sækja fjárveitingar til ráðuneytisins.

Hæstv. forseti. Mig langar einnig til að spyrja ráðherrann um rannsóknastofnanir og tengsl hinnar nýju stofnunar við þær. Það kom fram í umfjöllun nefndarinnar að veruleg þörf væri á að tengja hinn nýja háskóla sterklega við rannsóknastofnanir. Í svörum frá Stefaníu Katrínu Karlsdóttur, sem er rektor Tækniháskóla Íslands, talar hún um að ein af þeim leyndu ógnum sem henni finnst geta steðjað að Tækniháskólanum, eða nýjum sameiginlega skóla, er að staðsetning skólans og samstarf hans við rannsóknastofnanir verði ekki nægilega vel tryggt. Hún leggur áherslu á að byggja þurfi skólann upp á svæði sem gefi möguleika fyrir stækkun og aðkomu rannsóknastofnana. Ég vil fá að vita frá hæstv. ráðherra á hvern hátt hún sér tengsl hinnar nýju stofnunar við rannsóknastofnanir. Ætlar hún t.d. að tengja starfsemi þessa skóla við rannsóknastofnanir Háskóla Íslands? Sér hún fyrir sér samvinnu á milli rannsóknarstofnunar Háskóla Íslands og hins nýja sameinaða skóla eða er eingöngu verið að tala um sjálfstæðar rannsóknir atvinnuveganna og þeirra aðila sem eiga einkahlutafélagið? Verða það rannsóknartengsl nýja háskólans? Í mínum huga væri það alls ekki nóg.

Ég tel að við eigum að einhenda okkur í að byggja upp öflugar rannsóknastofnanir sem yrðu eða eru tengdar háskólum. Mér finnst skipta verulegu máli að dreifa kröftunum í þeim efnum og tel nauðsynlegt að hæstv. menntamálaráðherra tjái sig um tengsl rannsóknastofnana og hins nýja, sameinaða háskóla.

Eitt af því sem bar á góma í menntamálanefnd og í umfjöllun hennar um þetta mál varðar þá staðreynd að hluti virkra nemenda í Háskóla Íslands eru þar umfram hámarksfjölda nemenda sem stjórnvöld greiða fyrir. Þeir hjá Háskóla Íslands kvarta undan því að ekki fáist greitt fyrir stóran hluta nemenda. Mér finnst eðlilegt að spyrja: Á meðan það eru nemendur í Háskóla Íslands sem stunda verkfræðinám sem ekki fæst greiðsla fyrir frá menntamálaráðuneytinu, meðan þeir eru ekki viðurkenndir í heildarnemendafjöldanum, á hvern hátt sér hæstv. menntamálaráðherra að nægilegt fjármagn verði fyrir nemendur í verkfræði í öðrum skóla, í annarri stofnun?

Sá fjöldi nemenda sem nú er í verkfræðideild virðist, eftir því sem prófessorar deildarinnar tjá okkur, nægur til þess að tryggja hæfilegt framboð á námskeiðum. En fækki þeim nemendum, jafnvel þótt ekki væri nema um nokkra tugi, koma strax til með að sjást merki um það í fjárveitingunum. Það mun þar af leiðandi bitna á fjölbreytni og fjölda námskeiða sem Háskóli Íslands getur boðið upp á, þ.e. draga úr fjölbreytileika námsins.

Niðurstaðan gæti, að mati Valdimars K. Jónssonar, orðið sú að í stað þess að hafa góða verkfræðimenntun á einum stað á Íslandi værum við að hokra á tveimur stöðum. Hann segir líka að sá fjöldi nemenda sem hafi nægilegan bakgrunn í raungreinum sem framhaldsskólarnir útskrifa á hverju ári leyfi hreinlega ekki mikla fjölgun nema í verkfræðinámi. Ég get ekki séð annað en að þessi rök séu afar veigamikil þegar við spyrjum spurninga um hvort fjárhagsleg skynsemi sé í því að kenna verkfræði á tveimur stöðum eins og nú er stefnt að.

Eitt af þeim málum sem ekki hefur verið farið ofan í saumana á í umræðunni er sú staðreynd að hinni nýju stofnun er ekki eingöngu ætlað að taka að sér nýjar deildir Tækniháskóla Íslands í verkfræði og tæknifræði heldur er einnig stefnt að því að skólinn taki að sér kennslufræðinám. Við höfum átt skoðanaskipti í þessum sal, ég og hæstv. menntamálaráðherra, um að kennslufræðinám nýja einkahlutafélagsins eigi að dekka námið fyrir sportakademíuna í Reykjanesbæ, eins og mig minnir að hæstv. menntamálaráðherra hafi kallað nýjan íþróttakennaraskóla sem er í burðarliðnum þar í bæ. Ég sé ekki annað en að við þurfum í þessu samhengi að yfirheyra hæstv. menntamálaráðherra um sýn hennar á þessa nýju stofnun. Hún þarf að koma inn á kennslufræðina ásamt öðru sem þingmenn hafa óskað eftir að hæstv. ráðherra tjái sig um, þ.e. sjálfseignarstofnun eða einkahlutafélag. Hvernig rökstyður hæstv. menntamálaráðherra að nú eigi að kenna kennslufræði í einkahlutafélagi sem hefur svo sterk tengsl við atvinnulífið?

Ég skil vel rökin hvað varðar tæknifræðina og verkfræð-

ina, að þar þurfi að vera sterk tengsl við atvinnulífið, en ég hef ekki heyrt nein rök varðandi kennslufræðina í þessum efnum. Af hverju þarf háskólinn að vera í svo sterkum tengslum við atvinnulífið þegar kemur að kennslufræðinni sem hann ætlar að taka upp? Ég sé ekki annað en kennslufræðiþættinum sé laumað inn í þennan sameinaða háskóla án þess að fyrir því hafi verið færð nokkur rök. Það er eitt af þeim atriðum sem ég treysti á að hæstv. ráðherra komi inn á í ræðu sinni sem hún flytur okkur vafalítið innan tíðar.

Ég hefði líka áhuga á að fá að heyra nánar um rannsóknarsamning þann sem hæstv. ráðherra hyggst gera við nýja háskólann. Samkvæmt 12. gr. í viljayfirlýsingu um stofnun einkahlutafélagsins er taki yfir starfsemi Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands er gert ráð fyrir að við háskólann verði stundaðar rannsóknir og á næstu árum muni framlag ríkisins til rannsókna fara stigvaxandi til ársins 2009. Í yfirlýsingunni segir að það sé háð þeim fyrirvörum sem settir verði í kennslu- og rannsóknarsamningi við skólann.

Ég spyr því: Úr því að það á að gera kennslu- og rannsóknarsamning eigi síðar en í júní 2005, hvað er í burðarliðnum í þeim efnum? Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að semja um rannsóknir við hina nýju stofnun? Það er nauðsynlegt að það liggi á borðinu í þessari umræðu, sérstaklega þegar við ræðum samanburð á milli verkfræðideildar Háskóla Íslands og nýja einkahlutafélagsins.

Hæstv. forseti. Eitt í viðbót langar mig til að nefna við hæstv. menntamálaráðherra. Ég dró hér fram frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands sem lagt var fram á 127. löggjafarþingi en það er ekki lengra síðan en svo að við stofnuðum þennan nýja Tækniháskóla með fögrum fyrirheitum sem koma fram í nefndaráliti frá menntamálanefnd við það mál. Ég vek athygli á því að öll menntamálanefnd skrifaði undir að frumvarpið yrði samþykkt, reyndar voru tveir nefndarmenn með fyrirvara en samt sem áður var mikil ánægja með að Tækniháskólinn skyldi stofnaður.

Í nefndaráliti meiri hlutans með því máli segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði frumvarpsins um stjórnsýslu háskólans eru í samræmi við lög um háskóla en auk þess eru ýmis ákvæði frumvarpsins sambærileg ákvæðum laga um Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Með þessu er stuðlað að samræmi á milli þessara háskóla og jafnframt lagður traustari grunnur að auknu samstarfi Tækniháskólans við aðra skóla á háskólastigi.“

Nú spyr ég hæstv. menntamálaráðherra: Hvernig hyggst hæstv. ráðherra framfylgja þessari viljayfirlýsingu menntamálanefndar frá því fyrir rúmum tveimur árum, þ.e. hvernig á samstarfi þessarar nýju stofnunar við aðra skóla á háskólastigi að vera háttað? Hæstv. menntamálaráðherra, yfirmaður menntamála í landinu, hlýtur að hafa eitthvert sjónarmið í þeim efnum. Mér sýnist við nefnilega stefna inn í einangrun miklu frekar en opið samstarf. Ég vil fá að heyra hæstv. ráðherra segja okkur frá því hvernig hennar sýn í þessum efnum er. Kannski sér hún eitthvað í þessum málum sem mér er fyrirmunað að sjá þannig að ég held að það sé alveg nauðsynlegt að við fáum skoðanaskipti um það atriði líka.

Í bréfi sem menntamálaráðuneytið lagði fram í menntamálanefnd við umfjöllun um málið kemur fram að ráðuneytið hafi í fyrrahaust haft frumkvæði að viðræðum við forsvarsmenn Háskóla Íslands og stjórn hins sameinaða háskóla um fyrirkomulag kennslu í meinatækni og geislafræði, þ.e. í heilbrigðisgreinunum sem hafa verið kenndar í Tækniháskóla Íslands. Í bréfinu segir að í kjölfar þess hafi orðið að samkomulagi og ráðuneytið ákveðið að í haust hæfist kennsla við læknadeild Háskóla Íslands í umræddum námsgreinum sem til þessa hafa verið kenndar í Tækniháskóla Íslands. Jafnframt er sagt að þeir nemendur sem þegar stundi nám í þessum greinum við Tækniháskólann muni ljúka námi sínu við nýjan sameinaðan háskóla.

Svo er tekið fram að flutningurinn fari fram í fullu samráði við báða skólana og í samræmi við eindreginn vilja viðkomandi fagfélaga. Nú vil ég fá hæstv. menntamálaráðherra til að tjá sig um það sem liggur að baki þessari yfirlýsingu sem við fengum í bréfi undirrituðu af Guðmundi Árnasyni og Sólrúnu Jensdóttur. Hvað sér hún í spilunum hvað varðar þessar heilbrigðisgreinar og læknadeild Háskóla Íslands? Hvað eru þessar viðræður komnar langt, á hvern hátt sér hæstv. ráðherra þennan flutning ganga fyrir sig? Ég sé að þessi nýi, sameinaði háskóli á a.m.k. að útskrifa þá nema sem núna hafa þegar hafið nám en ég vil fá að heyra af munni hæstv. ráðherra hvernig þessi yfirfærsla yfir til læknadeildar Háskóla Íslands komi til með að eiga sér stað.

Ég er þá farin að nálgast lok máls míns, hæstv. forseti. Ég vil aðeins ítreka þau sjónarmið sem komu fram í ræðu minni í fyrri helmingi þessarar umræðu og lúta að efasemdum mínum um að þetta einkahlutafélag sé best til þess fært að reka þá skóla sem hér um ræðir. Ég ítreka að ég er sama sinnis og framkvæmdastjóri BHM sem kom fyrir nefndina, Gísli Tryggvason, en hann lét okkur heyra að það væri algjörlega sameiginlegt álit þeirra hjá BHM að sjálfseignarstofnanir henti til rekstrar í almannaþágu fyrir opinbert fé, t.d. fyrir háskóla, en það sama verði ekki sagt um hlutafélög. Í ljósi þess hve margir þingmenn hafa fjallað um þetta mál hér í þeim ræðum sem hafa verið haldnar treysti ég því að hæstv. ráðherra komi með einhver rök úr sínum ranni sem geti staðið gegn þeim rökum sem Gísli Tryggvason og BHM hafa lagt fram í þessum efnum. Mér finnst þau afar sannfærandi og gerði grein fyrir því í máli mínu fyrr í umræðunni en treysti því að hæstv. menntamálaráðherra geri grein fyrir sjónarmiðum sínum hér á eftir.

Að lokum vil ég bara svara hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni sem innti mig eftir því í fyrri helmingi umræðunnar hvað ég hefði fyrir mér í því að það ætti að fækka greinum í tæknifræði við hinn nýja háskóla. Það kemur fram í nefndaráliti mínu að ég staðhæfi það. Staðhæfing mín er fengin úr máli Einars H. Jónssonar, formanns Tæknifræðingafélags Íslands, sem kom fyrir nefndina og sagði þetta við okkur berum orðum. Því var ekki mótmælt af öðrum gestum. Þegar við síðan bárum þetta undir aðra gesti, þar á meðal Guðfinnu Bjarnadóttur, rektor hins nýja skóla, svaraði hún okkur í bréfi á þann hátt að efnislegt innihald allra námsbrauta í tæknifræði ætti að haldast óbreytt þó að einstökum greinum yrði fækkað. Í máli hennar kemur fram að tölvu- og upplýsingatæknifræðin verði til að mynda færð undir rafmagnstæknifræði sem valsvið. Það kemur fram í

máli Guðfinnu að ákveðnar greinar, t.d. tölvu- og upplýsingatæknifræði, verði færðar til og gerðar að valsviði sem hefur ekki verið innan skólans. Ég tel mig því með þessu vera búna að skýra það hvernig ég gat fullyrt þetta í nefndaráliti mínu. Ég hef sem sagt orð þessara gesta sem komu fyrir nefndina í þessum efnum.

Úr því að ég nefni formann Tæknifræðingafélagsins vorum við líka með formann Verkfræðingafélags Íslands sem hélt því fram að rannsóknirnar og háskólanámið þyrftu að vera í nánu sambýli. Ég nefndi það líka áðan í ræðu minni, og í ummælum núverandi skólastjóra Tækniháskóla Íslands kom fram að hún teldi nauðsynlegt að efla tengsl skólans við rannsóknastofnanir. Formaður Verkfræðingafélagsins sagði einnig að það væri verulega mikilvægt. Hann stakk því að nefndarmönnum hvort báðir skólarnir gætu ekki nýtt rannsóknastofnanir Háskóla Íslands því að hann taldi nauðsynlegt að þær yrðu efldar og hann taldi að það gæti orðið rannsóknastofnunum Háskóla Íslands til framdráttar ef hægt væri að byggja einhver tengsl á milli hins nýja skóla og þessara rannsóknastofnana. Þessu bæti ég við svo að hæstv. menntamálaráðherra geri sér grein fyrir því að formaður Verkfræðingafélags Íslands er sama sinnis og ég í þessum efnum, að tala þurfi út um það á hvern hátt tengsl rannsóknastofnananna við þessa nýju háskóla eigi að vera.

Þegar öllu er á botninn hvolft undirstrika ég eingöngu andstöðu mína við þetta mál. Hún byggir á því sem ég hef áður gert grein fyrir. Ég tel ósanngjarnt og óréttlátt að loka nám í auknum mæli inni í einkaháskólum þar sem hárra skólagjalda er krafist. Ég óska eftir því að hæstv. menntamálaráðherra kynni sér frumvarp sem ég hef lagt fram á þskj. 808 sem gerir ráð fyrir því að sjálfseignarstofnunum á háskólastigi og einkareknum háskólum verði óheimilt að innheimta skólagjöld af nemendum sem stunda nám í greinum sem ekki er unnt að leggja stund á í ríkisháskóla. Þetta er grundvallarsjónarmið míns stjórnmálaflokks, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og við teljum að hér sé verið að stíga skref sem stríði gegn þessu jafnréttisprinsippi til náms. Þess vegna leggjumst við gegn því að þetta frumvarp fari alla leið, hefðum viljað sjá allt aðrar áherslur í þessum málum, áherslur sem standa nær okkar pólitíska hjarta, þ.e. jafnrétti til náms og því að allir eigi að fá tækifæri til þess að læra það sem hugurinn stendur til, ekki bara þeir sem hafa tök á að greiða hærri skólagjöld.

[16:39]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir nokkuð langa ræðu og margar spurningar.

Það sem mér finnst athyglisvert við málflutning hennar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er það að í nefndaráliti hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, nefndaráliti 2. minni hluta, er lagt til að frumvarpið verði fellt sem þýddi að þessir tveir skólar yrðu ekki sameinaðir þátt fyrir að það hafi komið fram í menntamálanefnd að stjórnendur skólanna, kennarar og nemendur eru hlynntir sameiningunni. Mér finnst magnað, svo ekki sé meira sagt, að Vinstri hreyfinguna – grænt framboð varði ekkert um afstöðu þeirra sem hafa hagsmuni af málinu.

Það verður hins vegar að segjast eins og er að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er heiðarleg í þeim málflutningi að hún telur að hér eigi bara að vera einn ríkisháskóli. Það kemur fram í nefndarálitinu að þingmaðurinn er ekki sannfærð um að reynt hafi verið til þrautar að sameina Tækniháskólann og verkfræðideild Háskóla Íslands. Auðvitað er þetta sjónarmið, að ríkið eigi bara að reka háskólana, þetta er sjónarmið sem hefði sómt sér ágætlega í Ráðstjórnarríkjunum í gamla dag en á kannski ekki beint við í dag.

Hv. þingmaður vék að framtíðarsýn og mig langar til að spyrja hana spurningar þar að lútandi. Við urðum vitni að því hér í dag að hv. þm. Einar Már Sigurðarson boðaði það að kæmist Samfylkingin til valda í menntamálum á Íslandi mundi hún beita valdboði til að breyta þeim lögum, eða því frumvarpi sem hér er til umræðu verði það að lögum. (Forseti hringir.) Komist Vinstri hreyfingin – grænt framboð einhvern tíma til valda, (Forseti hringir.) mun hún þá beita sömu meðulum gagnvart þessum nýja háskóla (Forseti hringir.) og beita valdboði til þess að breyta því rekstrarfyrirkomulagi sem hann sjálfur vill hafa? (Gripið fram í.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill áminna þingmenn um að virða ræðutíma í andsvörum og svörum.)

[16:42]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er á móti valdboði. Það get ég fullyrt.

Við sjáum ekki betur en að hér sér ákveðið valdboð í gangi. Hvað er fólki í Tækniháskóla Íslands boðið upp á sem valkost í sjálfu sér annað en það að lög um Tækniháskóla Íslands verði afnumin? Það frumvarp sem hér er til umræðu fjallar ekki um nokkurn skapaðan hlut annan en þann að lög um Tækniháskóla Íslands, sem við sömdum og samþykktum með glæsibrag og mikilli samstöðu, nánast við fagnaðarlæti allra viðstaddra fyrir rúmum tveimur árum, eru nú afnumin. (**JBjarn:** Þetta er valdníðsla, ekki einu sinni valdboð.) Það má kannski taka undir það með hv. þingmanni að þetta sé fremur valdníðsla en valdboð.

Ég mun aldrei samþykkja valdboð, hvorki þetta né önnur.

[16:43]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður svaraði eiginlega ekki þeirri spurningu sem ég varpaði fram. Ég varpaði henni fram vegna þeirrar tímamótayfirlýsingar sem kom fram í máli hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar fyrr í umræðunni og ég rakti hér. Hv. þingmaður lýsti því yfir að verði þetta frumvarp að lögum og Samfylkingin komist einhvern tíma síðar til valda í menntamálaráðuneytinu muni flokkur hans standa fyrir því að lögunum verði breytt, til þess verði beitt valdboði, að löggjafarvaldinu verði beitt gegn því fólki sem ætlar að starfrækja þennan skóla sem við erum hér að tala um að verði til eftir sameininguna. Það voru yfirlýsingar um þetta í umræðunni í dag og þær eru makalausar.

Mig langar til þess að heyra frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur: Er hún sammála þessu sjónarmiði? Telur hún að

komist hún í þá stöðu að stjórna hér menntamálum, eða flokkur hennar, verði það eitt af verkum hennar að breyta þessum lögum og reyna að koma því kerfi á í háskólasamfélaginu að hér verði bara einn ríkisskóli? Það er ekki hægt að lesa aðra stefnu út úr minnihlutaálitinu en að það sé sú sýn sem hv. þingmaður aðhyllist. Það er ekki hægt að draga neinar aðrar ályktanir af því en að hér eigi bara að vera einn ríkisskóli og ekkert annað, sem ríkið rekur, og að það eigi að ganga á milli bols og höfuðs á einkaaðilum sem voga sér að reka menntastofnanir.

Mig langar bara til að vita það: Komist hv. þingmaður í þá aðstöðu að vera hér í meiri hluta á þingi, mun hún beita sér fyrir því að sú verði raunin? Er þetta framtíðarsýn Vinstri grænna og hv. þingmanns?

[16:45]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að vona að ég beri gæfu til þess að þurfa aldrei að ganga á milli bols og höfuðs á nokkrum, hvorki einkaaðilum sem vilja reka háskóla né öðrum.

Ég ítreka eingöngu það sem ég hef áður sagt að ég fagna hverju nýju menntunartækifæri fyrir íslenska æsku, sama frá hverjum það tækifæri kemur. Þess vegna er það rangt sem hv. þingmaður er alltaf að reyna að gefa í skyn að ég sé á móti og ætli að ganga á milli bols og höfuðs á þeim einkaaðilum sem vilji reka skóla. Börnin mín voru í einkareknum leikskóla á sínum tíma. Ég hef ekkert á móti því að einkaaðilar komi að menntamálum en ég vil ekki að það sé á forsendum einkaaðilanna, (**Gripið fram í:** Borga bara ...) ég vil að það sé á forsendum hinnar sameiginlegu menntastefnu sem þjóðin hefur ákveðið að koma sér saman um. Ég vil að við sameinum krafta okkar en sundrum ekki. Ég vil að þjóðskólinn okkar sé öflugur, það er rétt sem hv. þingmaður segir, en ég hef aldrei sagt að ég krefjist þess að það sé bara rekinn einn öflugur ríkisháskóli.

Mér finnst skynsamlegt að ræða málin út frá því að ef verkfræðideild Háskóla Íslands telur að hún hafi ekki nægilega fjármuni til að reka framhaldsnám svo sómi sé að, af hverju eigum við þá að vera stofna nýja framhaldsdeild og láta aðra aðila um að reka framhaldsnám sem er ekki einu sinni nægilegt framboð af nemendum í hjá Háskóla Íslands? Ég er búin að koma með fullkomlega málefnaleg rök máli mínu til stuðnings. Hv. þingmaður getur sparað sér upphrópanirnar í þessum efnum, ég er tilbúin til að ræða þetta við hann málefnalega (**Gripið fram í:** Ég sagði að þetta væri heiðarleg nálgun ...) á nóttu sem degi. Já, það er heiðarleg nálgun, það er rétt og ég þakka hv. þingmanni fyrir það. En málefnaleg afstaða okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er þessi: Við teljum mikilvægt að sameina krafta okkar og sjá til þess að það nám sem er í boði sé boðlegt og ekki bara boðlegt, sé öflugt, sé í framvarðasveit því að Háskóli Íslands er fyrst og fremst að keppa við háskóla á erlendri grund.

[16:47]

Útbýting:

Almannatryggingar, 587. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 879.

Framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, 578. mál, fsp. RG, þskj. 866.

Fullvinnsla á fiski hérlendis, 581. mál, þáltill. JBjarn o.fl., þskj. 872.

Hjartaþræðingar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, 585. mál, fsp. KLM, þskj. 876.

Norðurskautsmál 2004, 582. mál, skýrsla ÍNSM þskj. 873.

Opinber verkefni og þjónusta á landsbyggðinni, 584. mál, fsp. KLM, þskj. 875.

Stofnun endurhæfingarseturs, 559. mál, þáltill. ÞBack, þskj. 846.

Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, 583. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 874.

Tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum, 586. mál, fsp. KLM, þskj. 878.

Umgengni um nytjastofna sjávar o.fl., 215. mál, nál. sjútvn. þskj. 869.brtt. sjútvn. þskj. 870.

Viðskipti fjármálaráðuneytisins og stofnana þess við ráðningarstofur, 579. mál, fsp. MÁ, þskj. 867.

[16:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til 2. umr. frumvarp til laga um afnám laga um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur m.a. gert ítarlega grein fyrir afstöðu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði til málsins og einnig er það gert í nefndaráliti minni hlutans sem hún stendur að. Auk þess var í 1. umr. um málið farið yfir hina almennu þætti menntamála sem lúta að því sem verið er að gera og er sértækt fyrir þessa beinu aðgerð.

Ég held að við tökumst hér að vissu leyti á um grundvallarsýn á því hvað sé menntun og hvaða sess menntun skipi í samfélaginu. Af hálfu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er litið á menntun sem almannaþjónustu, sem grunnmannréttindi sem allir eigi að hafa jafnan aðgang að. Þetta er ekki kaup- eða söluvara að okkar mati. Hins vegar flytja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og furðanlega Framsóknarflokksins málið á þeim grunni að menntun sé verslunarvara, hægt sé að reka hana á þeim grunni, hægt sé að stofna um hana hlutafélag og reka hana á grunni hlutafélagalaga þar sem eignarhlutar í viðkomandi menntastofnun geti gengið kaupum og sölum.

Þetta er ekki stefna okkar. Við lítum á þetta sem grunnalmannaþjónustu, grundvallarmannréttindi til allra og eigi þess vegna ekki að vera verslunarvara með þeim hætti sem hér er lagt upp með.

Umræðan endurspeglar líka stefnu ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum, þ.e. að svelta menntastofnanir í einhvern ákveðinn farveg sem hún vill sjá. Nærtækasta dæmið er einmitt Tækniháskóli Íslands og hefur verið rakið ítarlega hvernig stjórnvöld hafa með markvissum hætti svelt Tækniháskóla Íslands út á markað. Ef frumvarpið um

Tækniháskóla Íslands er dæmi um eitthvað er það dæmi um ákveðið skipbrot eða ákveðna staðfestingu á viljaleysi stjórnvalda gagnvart almennri menntun í landinu sem Tækniháskólinn hefur m.a. borið ábyrgð á. Þá er hlaupið í að hlutafélagavæða skólana, setja þá undir lög markaðsvogarinnar. Um þetta er grundvallarágreiningur.

Ég vil spyrja um örfá tæknileg atriði í þessu sambandi. Í fylgiskjölum nefndarálits meiri hluta nefndarinnar er bæði viljayfirlýsing um stofnun einkahlutafélagsins, undirrituð af menntamálaráðherra, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði Íslands og fylgiskjalið: Samþykktir fyrir hlutafélagið. Í samþykktunum er kveðið á um ýmis sértæk atriði varðandi umgjörð hlutafélagsins og skólans. Ég vil því spyrja: Er þetta hluti af lagaumgjörðinni fyrir hina nýju stofnun, fyrir hið nýja hlutafélag þannig að ekki sé hægt að breyta samþykktum nema með lagabreytingu? Ef það á bara að breyta samþykktum fyrir hlutafélagið á almennum hluthafafundi er náttúrlega engin ástæða til að leggja þetta fram sem veigamikið fylgiskjal í svo afdrifaríku máli eins og verið er að fara út í, þ.e. að taka algjörlega upp nýtt form sem aldrei hefur verið prófað í rekstri á menntastofnunum.

Er þetta hluti af hinni lagalegu umgjörð og ef ætlunin er að breyta samþykktunum verður það ekki að fara í gegnum Alþingi? Það er skoðun mín því þetta er lagt fram sem eitt veigamesta gagn um skólann og menn vitna í einstakar greinar samþykktanna eins og það sé hluti af lagabálknum. Gott og vel. Það er ágætt og upplýsandi að samþykktirnar fylgi með á þann hátt en þá verða menn líka að gera það á heiðarlegum grunni. Ef menn vitna í það hvernig ráðstafa skuli arði, hvernig fara skuli með það að ekki sé ætlunin að ná fjármagni út úr hlutafélaginu o.s.frv. og menn vitna í textann hlýtur það að vera hluti af lagaumgjörðinni. Ég spyr hv. formann nefndarinnar hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér. Menn hafa skýrt málið með beinum tilvitnunum í einstakar setningar og einstök orð í samþykktunum sem hluta af þeim lagagjörningi sem hér á sér stað. Þá hlýtur samþykktunum ekki að vera breytt nema með lögum, annars væri um óheiðarleika að ræða gagnvart málinu. Þetta vildi ég spyrja um.

Einn stærsti veikleiki við frumvarpið er að hvergi er tekið á innra starfi skólans, það er hvergi tekið á stöðu nemenda innan fyrirtækisins og meira að segja kveðið svo á um að nemendur eigi enga aðkomu að stjórnun skólans því stjórn hlutafélagsins fer með málefni skólans og nemendur eiga engan aðgang að því. Þetta er einsdæmi að ég held við rekstur skóla af þessu tagi þar sem litið er á nemendur nánast eins og verslunarvöru því ef litið er á lögin hafa þeir enga aðkomu að stjórnun eða ákvörðunum um innra starf skólans á nokkurn hátt. Stoðin í hinum almennu lögum um háskóla er veik hvað þetta varðar og er vísað til sérákvæða t.d. um stjórn ríkisháskóla, enda þegar lögin um háskóla voru sett á sínum tíma var í megindráttum horft á ríkisrekna háskóla eða háskóla sem lutu lögum og reglum sem tóku mið af þeim. Ég tel því að það hafi ekki verið gert ráð fyrir því í lögum um háskóla eða tekið mið af því að farið væri að reka háskóla á markaðslegum grunni þannig að það væri fyrst og fremst hugsað um nemendur sem markaðsvöru eins og þessi lög gera ráð fyrir.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa um þetta mörg orð. Það er dapurt að núverandi ríkisstjórn er að flýja frá grundvallaratriðum, grundvallargildum sem menntun hefur staðið fyrir í samfélaginu yfir í að hún sé orðin markaðsvara, söluvara sem eigi að ganga nánast kaupum og sölum á torgum eins og hlutabréf slíkra fyrirtækja eiga að geta gengið. Það er dapurt, það er eiginlega dómur um menntastefnu og metnaðarleysi ríkisstjórnarinnar í menntamálum og er virkilega harmsefni.

Ég vil að lokum ítreka þær spurningar sem ég hef lagt fram, m.a. um það hvort ekki megi treysta því að samþykktirnar sem gerðar voru fyrir hlutafélagið sem á að takast á við skólann hafi lagalegt gildi, alla vega hafa talsmenn meiri hlutans lesið upp úr þeim sem slíkum.

[16:59]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að standa upp vegna þeirra grundvallarsjónarmiða sem komið hafa fram hér við þessar umræður og lýsa með sínum hætti glögglega hvernig mismunandi stjórnmálaflokkar nálgast það viðfangsefni sem við erum hér að fást við.

Það sem hér hefur gerst er að þrenn samtök hafa sameinast um að stofna hlutafélag um rekstur Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík og hefur ekki komið annað fram hjá þorra þeirra þingmanna sem til máls hafa tekið en að þeir telji að slík sameining sé í eðli sínu styrkur fyrir þessar stofnanir báðar, með því verði sterkari háskóli til. Ég hef engan mann heyrt andmæla því. Að vísu hef ég ekki heyrt allar þær ræður sem hér hafa verið haldnar. En ég hygg að um það sé grundvallarsamkomulag.

Þá er auðvitað næsta spurning sú hvort rétt þyki að við Íslendingar bindum okkur við það eftirleiðis að ekki verði reknir skólar hér á háskólastigi nema í opinberri eigu sem opinberar stofnanir eða hvort svigrúm verði gefið til þess að háskólar séu jöfnum höndum opinberar stofnanir og einkareknar. Eins og engum kemur á óvart eru Vinstri grænir andvígir stofnun einkahlutafélags er taki yfir starfsemi Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands. Það eru þeirra grundvallarsjónarmið sem standa á bak við þá neitun. Þeir eru trúir sinni stefnu og ég get vel skilið það. Það er þeirra lífssýn, þeirra lífsskoðun. Ágreiningur skiptir mönnum í stjórnmálaflokka og ekkert er við því að segja.

Á hinn bóginn þykir mér eftirtektarvert að heyra það sem þingmenn Samfylkingarinnar segja um þetta efni. Nú er það að vísu svo að margir af þeim sem hér hafa talað fyrir hönd Samfylkingarinnar eru komnir úr Alþýðubandalaginu og af þeim sökum auðvitað aldir upp við sömu skoðanir og nú ráða ríkjum hjá Vinstri grænum og eiga erfitt með að losa sig alveg við ákveðna fordóma í sambandi við rekstrarform fyrirtækja og þar fram eftir götunum. Maður þekkir það af umræðum á Alþingi um áratugi að það hefur fylgt þeim sem í Alþýðubandalaginu voru að sitja þar uppi með ákveðna fordóma. Ekkert er við því að segja.

En það er eftirtektarvert að í niðurstöðum vinnuhóps á vegum framtíðarhóps Samfylkingarinnar, Menntun í þágu einstaklings og samfélags, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skólar sem reknir eru af hinu opinbera annars vegar og

einkaaðilum hins vegar verða að sitja við sama borð hvað þetta varðar.“

Þarna er því með öðrum orðum slegið föstu að Samfylkingin vill ekki gera upp á milli rekstrarforms skóla hvort sem það eru háskólar, framhaldsskólar, barnaskólar, leikskólar eða hvað sem er. Þetta skyldi maður ætla að væri nægilega skýrt. En þá kemur allt í einu annað í ljós. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson hélt hér hvassyrta ræðu. Hann sagði að það væri heiðarlegt af þingmönnum Samfylkingarinnar að taka af skarið um það hvað þeir vilji og hvernig þeir vilji standa að þessum málum og lýsti því síðan yfir að Samfylkingin sé algjörlega andvíg því að þessi háskóli verði rekinn í formi hlutafélags en hins vegar væri það ásættanlegt í formi sameignarfélags. Ekki voru færð skynsamleg rök ... (**Gripið fram í:** Sameignarfélags?) (**Gripið fram í:** Kommúnisti?) nei, sjálfseignarfélags vildi ég sagt hafa. Ekki voru færð skynsamleg rök fyrir því að sjálfseignarfélagið væri rekstrarlega betri eining, sem varla var von, af þeim þingmanni sem um þetta fjallaði.

Að vísu átti ég nú von á því að hv. þm. Einar Már Sigurðarson, sérstakur fulltrúi stassjónarinnar á Norðfirði, þegar hann kom hingað inn fyrst, mundi skilja að það gæti verið skynsamlegt að breyta félögum í hlutafélag því að sú gamla rauða eign heitir nú Síldarvinnslan hf. Hélt kannski að hann hefði eitthvað af því lært. En svo virtist ekki vera.

En nú rak hv. þingmaður þetta mál sitt með eftirtektarverðum hætti. Fyrst reyndi hann að bregða upp torkennilegu ljósi yfir rekstur Háskólans í Reykjavík, Guðfinnu Bjarnadóttur, rektor Háskólans í Reykjavík. Ummæli hans voru slík að ekki er hægt að segja að þau hafi verið vítaverð í þessum sal. Á hinn bóginn kom fram fyrirlitning hv. þingmanns á þeim skoðunum sem þessi virti háskólamaður hefur fram að leggja um málefni háskóla á Íslandi. Ekki gat hjá því farið að mér þættu vissir fordómar fylgja þeim einkunnum og þeim ummælum sem hv. þingmaður lét falla um orð háskólarektorsins og þær skoðanir sem á bak við voru. Skýringin var sú að þingmanninum komu þessar skoðanir illa og þá var rétt að tala um þær svona með heldur lítilsvirðandi hætti.

Þá er í annan stað að segja að hv. þingmaður tók það fram þrásinnis í ræðu sinni að óskynsamlegt væri af þeim samtökum sem standa að því að yfirtaka rekstur Tækniháskólans og Háskólans í Reykjavík að fallast ekki strax á að það skyldi verða sameignarfélag því að hann þóttist sjálfur ætla að setjast í stól menntamálaráðherra, eins og ég skildi hv. þingmann. (**Gripið fram í:** Sameignarfélag?) Hann þóttist sjálfur ætla að setjast í stól menntamálaráðherra eins og ég skildi hv. þingmann, og þá skyldi hann nú jafna um þetta nýja hlutafélag sem ræki hér tvo háskóla.

Hann sagði að auðvitað væri ekkert við því að segja þó að menn stofnuðu hlutafélag um rekstur háskóla, ef þeir borguðu sjálfir brúsann, sagði hann. En á hinn bóginn væri eðlilegt að þeir sem réðu yfir fjármagninu sem rynni til háskólanna hefðu sitt að segja um það hvert rekstrarformið væri. Það væri heiðarlegt af Samfylkingunni að segja hvað við tæki, sagði hv. þingmaður, svo að þeir viti hvers þeir geta vænst.

Þetta var merkileg þula. Ég veit ekki hverjum hún var ætluð. En það er greinilegt að með þessu er verið að setja hinn nýja háskóla í vont ljós. Í öðru lagi er greinilegt að með þessu er verið að gefa þeim sem að honum standa til kynna að ef þeir haldi við það að hlutafélag verði stofnað um rekstur þessara tveggja háskóla þá sé það illa séð af Samfylkingunni, þetta verði tekið upp eftir að Samfylkingin kæmist til valda og, eins og mér skildist, hv. þingmaður væri orðinn menntamálaráðherra. Ég vona nú að það verði ekki af því.

Þetta aftur veldur því að maður fer að hugsa hvort hv. þingmaður og þá Samfylkingin telji að ekki séu nein álitamál í sambandi við það hvernig við getum byggt upp háskólamenntun hér á landi, rannsóknarstarf sem því fylgir og þar fram eftir götunum, hvort Samfylkingin telji að slíkt komi af sjálfu sér. Það kemur líka upp í hugann hvort það sé virkilega svo að Samfylkingin vilji standa á móti háskólamenntun ef samtök á borð við Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífisins og Verslunarráðið vilja að því koma.

Hv. 6. þm. Norðvesturkjördæmis, Anna Kristín Gunnarsdóttir, lagði á það áherslu að efla háskólamenntun í sínu kjördæmi. Það skildi vel. Ég hef áhuga á því að efla háskólamenntun í mínu kjördæmi eins og ég hef áhuga á því að efla háskólamenntun um allt land. Ég spurði hv. þingmann að því hvort hún mundi standa á móti því að háskólar yrðu reknir t.d. á Ísafirði eða á Hólum ef samtök kæmu að rekstrinum, t.d. Bændasamtökin á Hólum og t.d. þeir sem reka fiskeldi vegna þess að þar er miðstöð fiskeldisrannsókna, ef þau kæmu að þessum rekstri og vildu stofna um það hlutafélag.

Auðvitað gat hv. þingmaður ekki svarað því neitandi. Auðvitað komu vöflur á hv. þingmann. Auðvitað skildi hv. þingmaður að fyrir okkur vakir að reyna að styrkja menntun og rannsóknir og vísindi í landinu. Það er það sameiginlega markmið sem við höfum öll hér inni, að reyna að bæta háskóla okkar, byggja upp háskóla okkar og fá sem flesta krafta til þess að standa með okkur að því og til þess að bera ábyrgð á því. Við getum ekki hvert um sig óskað okkur þess að við getum farið okkar leið til þess. Við getum ekki haft fordóma þegar við erum að tala um uppbyggingu háskólamenntunar á Íslandi. Við getum ekki haft fyrirvara þegar Samtök atvinnulífsins vilja leggja fram fé til þess að bæta menntun í þeim greinum sem viðkomandi atvinnugreinar standa og falla með. Og við hljótum að taka því fagnandi þegar menn sem standa fyrir rekstri eru reiðubúnir til að leggja fé af mörkum til þess að gera íslenska atvinnuvegi samkeppnishæfa við erlenda atvinnuvegi, bæta samkeppnisstöðu okkar og gera einstaklingana hæfari en þeir hafa verið. Það er fyrir þessu öllu sem við erum að berjast.

Það er auðvitað rétt sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson sagði áðan. Þá sagði hann: „Við eigum að horfa á reynsluna.“ En það er ekki rétt hjá honum þegar hann segir: „Af því að fram að þessu hefur enginn háskóli á Íslandi verið rekinn með hlutafélagsformi þá skulum við ekki reka háskóla með hlutafélagsformi.“ Það var heldur enginn háskóli rekinn hér með sameignarformi. Það var einu sinni enginn háskóli á Íslandi. (**Gripið fram í:** Sjálfseignarstofnunarformi.) Sjálfseignarstofnunarformi, það er rétt, hv. þingmaður. Það var einu sinni enginn háskóli á Íslandi. Eitt tekur við af öðru.

Það liggur fyrir reynsla um að hlutafélagsfyrirtækið hef-

ur reynst mörgum öðrum rekstrarformum betur, rekstrarformum sem hafa staðnað með tímanum vegna þess að tíminn hefur velkst öðruvísi en menn áttu kannski von á. Gleggsta dæmið um þetta er auðvitað samvinnuhreyfingin og hvernig fyrir henni hefur farið. Hver haldið þið að hefði trúað því þegar Jakob Frímannsson á Akureyri hætti sem forstjóri KEA að ekki mundi líða mannsaldur áður en einstaklingsfyrirtæki væri búið að kaupa allar fasteignir KEA á Akureyri? Hverjum hefði dottið það í hug? Svo ört breytist tíminn.

Ýmsir þeir sem voru hvað harðastir og lengst til vinstri hér áður fyrr og ég var að minnast á hér áðan og máttu ekki heyra minnst á annað en ríkisrekstur eru nú farnir að predika það, eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson, að sjálfseignarfyrirkomulagið sé besta rekstrarform sem hægt sé að hafa um háskóla og horfir til Danmerkur.

Ég held að við alþingismenn ættum að fagna því frumkvæði sem hér hefur verið tekið af menntamálaráðherra. Það lýsir djörfung vegna þess að það þarf djörfung til fyrir menntamálaráðherra að taka í framrétta hönd atvinnulífsins og stíga skref til nýrrar þróunar í okkar háskóla og menntamálum sem auðvitað verður til góðs fyrir Íslendinga til framtíðar litið af því að með því að fara inn á þennan nýja veg, þessa nýju braut, opnast nýir heimar fyrir ungt íslenskt menntafólk.

[17:16]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður fór yfir það í ræðu sinni hvernig Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefði lýst sjónarmiðum sínum í þessum efnum og vildi meina, þó að hann væri ekki að amast við þeim, að við værum haldin ákveðnum fordómum í þessum efnum. Ég tel að svo sé ekki.

Sjónarmið okkar eru þau að eðlilegt sé að samstarf sé milli menntayfirvalda og háskóla og aðila vinnumarkaðarins. Því til staðfestu höfum við t.d. nefndarálit menntamálanefndar þegar Tækniháskóli Íslands var stofnaður með lögum frá Alþingi. Þá vildi menntamálanefnd öll innramma það svo óyggjandi væri að það væri mikilvægt að Tækniháskólanum yrði gert kleift að eiga samstarf við fyrirtæki og rannsóknarstofnanir atvinnulífsins á fjölbreyttum grunni. Nefndin taldi það mikilvægt til þess að efla og styrkja starfsemi skólans og uppbyggingu hans til framtíðar. Reyndar tók nefndin svo djúpt í árinni að hún taldi að hér væri um lykilatriði að ræða í þeim tilgangi að tengja Tækniháskólann við atvinnulífið.

Í mínum huga er ekkert sem kemur í veg fyrir öflug tengsl opinbers háskóla við atvinnulífið. Þannig sýn höfðum við á Tækniháskóla Íslands. Hvers vegna fékk Tækniháskóli Íslands ekki byr í seglin eða loft í vængina? Það var vegna þess að stjórnvöld, ríkisstjórnin sem situr hér við völd, ákváðu að fjársvelta skólann og létu hann ekki hafa það fjármagn sem hann þurfti til þess að fá byr í seglin.

Þess vegna segi ég: Tækniháskóli Íslands var andvana fæddur vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn vildi að svo væri. Fyrir það hef ég gagnrýnt Sjálfstæðisflokkinn og tel að við værum betur sett með lög eins og við búum við nú heldur en afnám þeirra sem við erum að fjalla um hér vegna þess að það er hægt að starfa eftir þeim hugmyndum sem menntamálanefnd studdi á sínum tíma.

[17:18]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur fram í viljayfirlýsingu um stofnun einkahlutafélags sem tæki yfir starfsemi Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands að Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins eru sammála þeirri leið sem hér er farin og telja að með því sé framtíð skólans best tryggð og að hann geti þannig best gegnt hlutverki sínu. Ég hef enga ástæðu til að draga í efa dómgreind þessara aðila í því máli.

[17:18]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er heldur ekki að draga í efa dómgreind þessara aðila en hvers vegna gátu þeir ekki komið að skólanum meðan hann var Tækniháskóli Íslands með fjármuni, mannauð, kraft og afl og hugmyndir og allt sem heiti hefur? Hvers vegna þurfa þeir að eiga einkahlutafélagið sem rekur skólann? Hvers vegna? Hver er munurinn á því í huga hv. þingmanns að reka ríkisháskóla eins og Tækniháskóli Íslands er með þessum öflugu tengslum við atvinnulífið og því að einkaaðilarnir þurfi að eiga skólann og reka hann fyrir hvaða fjármuni? Fyrir opinbert fé. Þó að þeir ætli að koma með eitthvert framlag á móti þá er hér fyrst og síðast um að ræða opinbert fé.

[17:19]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að flestir séu sammála um að Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Háskólinn í Reykjavík séu merkar stofnanir og ég hef hitt nemendur sem þaðan hafa komið og lokið miklu lofsorði á þá menntun sem þar er veitt. (Gripið fram í.)

Það sem hv. þingmaður var hér að gefa í skyn var að það ætti að taka af þessum háskólum báðum það opinbera fé sem þeir hafa fengið til styrktar. (**KolH:** Það er rangt.) Það var ekki hægt að skilja hv. þingmann öðruvísi þegar hann kallaði þrisvar sinnum upp eða tvisvar: Fyrir hvað? Fyrir opinbert fé, sagði hv. þingmaður og var þannig að gera það tortryggilegt að sá háskóli sem við erum hér að fjalla um eigi að fá fé í samræmi við það sem aðrir háskólar fá.

[17:20]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hv. 2. þm. Norðaust. beindi máli sínu mjög að hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni og verðandi menntamálaráðherra. Ég held að þeir verði að halda áfram að tefla tveir, þeir hv. þingmenn, og aðrir geti varla komið þar nærri, enda er það tafl tveggja manna.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því, þó að lítið sé, að það sem við höfum vakið athygli á í þessari umræðu, bæði hinni fyrstu, fyrri hluta þessarar og núna í dag, er að starfshættir háskóla eru nokkuð sérstakir. Þeir eru öðruvísi en venjulegra fyrirtækja, þeir eru öðruvísi en venjulegra skóla.

Þeir starfshættir, og það að háskólar geti verið til og heppnast í fræðslu sinni, rannsóknum og upphleðslu þekkingar, byggjast á tilteknu frelsi sem kallað er akademískt frelsi og hægt er að hafa um nokkur orð, enda gerði ég það hér um daginn í nokkru máli.

Við höfum líka vakið athygli á að ýmsar hættur standa í vegi þess frelsis í hlutafélagsforminu sem leysa mætti með formi sjálfseignarstofnunarinnar. Það form kallar hv. 2. þm. Norðaust. hins vegar staðnað form og vitnar í samvinnuhreyfinguna því til sönnunar. Þess vegna verður maður að spyrja hann: Er það staðnað form sem við búa nú Verslunarskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Listaháskóli Íslands? Vill hv. 2. þm. Norðaust. hlutafélagavæða þá skóla? Ætlar hann kannski að flytja um það lagafrumvarp að þeir verði hlutafélagavæddir þannig að þeir losni úr þessari hræðilegu stöðnun? Að þessir skólar, það af þeim sem verður eftir þegar allri þessari umræðu lýkur, hætti sinni ömurlegu tilveru og farið verði að reka þá eins og almennileg fyrirtæki?

[17:22]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mátti heyra á ræðu hv. þingmanns að þeir sem tala mest um akademískt frelsi vilja setja mestar hömlur á aðra.

Það þótti mér fróðlegt að heyra þegar hv. þingmaður sagði að það hefði verið tveggja manna tal milli mín og hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar. Hann var þar að lýsa stefnu Samfylkingarinnar og gerði glögga grein fyrir því og hrósaði sjálfum sér fyrir það að hann setti með skýrlegum hætti fram þau sjónarmið sem lægju á bak við álit Samfylkingarinnar og þið munduð taka til greina og setja skilyrði um við myndun ríkisstjórnar ef að því kæmi að Samfylkingin færi í ríkisstjórn. Þetta kallar hv. þingmaður eins manns tal, skilst mér, sem honum komi ekki við, Samfylkingunni komi ekki við, og að hv. þm. Einar Már Sigurðarson hafi þá verið að tala fyrir sig einkanlega en ekki fyrir hönd Samfylkingarinnar. Það má vel vera, mér er ekki kunnugt um hvort það geti verið rétt, en það má vera að svo sé.

Ég hef ekki haldið því fram í þessum ræðustól að það eigi að breyta rekstrarformi Viðskiptaháskólans á Bifröst. Ég hef ekki haldið því fram að við eigum yfirleitt að stjórna því með hvaða hætti þeir sem reka þann skóla standa að því. Ég er á hinn bóginn mjög ánægður yfir því hversu vel hefur til tekist og hef enga ástæðu til að ætla annað en að sá háskóli sé í mikilli framþróun. Ég hef heldur enga ástæðu til að ætla annað en mjög vel hafi verið staðið að Háskólanum í Reykjavík.

Um Tækniháskólann vil ég segja að þau litlu samskipti sem ég átti við hann á sínum tíma og rektor hans, Bjarna Kristjánsson, þegar við unnum að því að koma upp Háskólanum á Akureyri, voru mjög góð og ég varð ekki var við annað á þeim tíma en að þeir sem réðu þeim skóla hefðu víða sýn og hið sama hefur mér virst á þeim kennurum sem (Forseti hringir.) ég þekki og hef kynnst úr Tækniháskólanum.

[17:24]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það virðast vera örlög okkar hv. 2. þm. Norðaust. að tala annar í suður og hinn í norður. Ég veit ekki af hverju það stafar. Ég var ekki að tala um tveggja manna tal, ég notaði líkingu og talaði um tveggja manna tafl. En af því að sá tónn var í orðum hv. þingmanns þá ætla ég að taka fram að ég stend fullkomlega og öll Samfylkingin að baki orðum hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar hér í dag.

Það sem hv. þingmaður sagði um rekstrarform Verslunarskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Viðskiptaháskólans á Bifröst og Listaháskóla Íslands var það að sjálfseignarformið væri staðnað. Hann sagði að leysa þyrfti hið staðnaða form úr viðjum með því að stofna úr því hlutafélag og gætir þess ekki að séreðli allra þessara skóla, nema Verslunarskóla Íslands í þessu tilviki, er það að hlutafélagsformið passar ákaflega illa við þá vegna þess að menn verða að búa við tiltekið frelsi í háskólum. Það er þannig, forseti sæll.

[17:25]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæður eru fyrir því að hlutafélagsformið hefur mjög rutt sér til rúms og tekið við af öðrum formum í vaxandi mæli. Skýringin er auðvitað sú að það er sveigjanlegra og betur til þess fallið að hægt sé að hafa sterka stjórn á þeim rekstri og því fyrirtæki sem staðið er fyrir.

Það er líka eftirtektarvert í þessu samhengi að rifja það upp, hv. þm. Mörður Árnason, að Einar Már Sigurðarson, hv. 7. þm. Norðaust., vék sérstaklega að því í ræðu sinni að sér þætti ekki óeðlilegt að hlutafélag yrði stofnað um eignir þess væntanlega háskóla sem hér á að rísa en treysti á hinn bóginn ekki hlutafélaginu til að halda utan um reksturinn. Þetta þótti mér mjög athyglisverð skoðun. Ég deili henni ekki með honum en þetta sýnir með sínum hætti að jafnvel hann áttar sig á því að hlutafélagsformið hafi ákveðna yfirburði þegar kemur að því (Forseti hringir.) að halda utan um eignir hins nýja háskóla.

[17:27]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fjórtán ár Sjálfstæðisflokksins a.m.k. í menntamálaráðuneytinu og Tækniskólinn eins og hann var rekinn þann tíma er okkur Íslendingum sannarlega til skammar og aðbúnaðurinn sem þar var. Svo sjáum við að það eru möguleikar á breytingum og hver vill þá ekki standa að því að þar verði breytingar í betri átt, vonandi? Auðvitað eru menn tilbúnir til að skoða málin. Ég held að nær hefði verið að hv. þingmaður hefði farið svolítið yfir söguna, hvernig Sjálfstæðisflokkurinn bjó að þessum skóla allan þann tíma sem hann hafði völdin í menntamálaráðuneytinu.

Ég verð að segja að mér finnst það líka furðulegt að halda því hér fram að þeir sem ætli að koma að þessum skóla núna af frjálsum vilja og frumkvæði sínu hafi sett það skilyrði að hlutafélag yrði um reksturinn. Ég hef ekki heyrt það fyrr. Ég vil þá fá það hreint út hvort það er rétt að þeir hafi sett það skilyrði. Það væri prýðilegt að hv. þingmaður upplýsti það hér að slíkt hefði komið fram. Mig langar líka

að vita hvenær það var sagt og hvenær það kom fram að það væri skilyrði fyrir því að koma að þessum rekstri. Það stendur ekki í þeim plöggum sem ég hef séð.

Síðan vil ég segja það að sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagið hefur reynst prýðilega og ekki á nokkurn hátt verið fjötur um fót þeim skólum sem hefur gengið best á undanförnum árum. Til dæmis hefur rektor Háskólans á Bifröst sagt að þetta form hentaði mjög vel og þetta væri besta formið til þess að reka skóla af því tagi. Það er ekki vandinn. En það væri gaman að heyra hjá hv. þingmanni (Forseti hringir.) hvernig og með hvaða hætti þessar kröfur voru settar fram um einkavæðingu þessa fyrirbrigðis.

[17:29]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki tekið undir ummæli hv. þingmanns um að rekstur Tækniháskólans hafi verið til skammar og ég átta mig ekki á því hvaðan hv. þingmaður hefur þær hugmyndir. Ég veit ekki betur en stjórn þess skóla hafi verið góð og tel síður en svo að skólinn og þeir sem þar starfa eigi þessa einkunn skilið.

Ég vil segja í sambandi við rekstrarformið að þeir sem koma að því að sameina skólana og leggja fram nýtt fé, 300 millj. kr., og vilja með öðrum hætti styrkja þá starfsemi sem þar er með mikilli djörfung, eins og fram kemur í viljayfirlýsingu þeirra, hafa talið að hlutafjárformið henti þeim vel.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson segist hafa meira vit á því en þeir sem eru í Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Verslunarráðinu hvaða rekstrarform henti háskólanum vel. Nú verður við það að sitja að hv. þingmaður segist vita þetta betur en allir þeir menn sem að þessu komu. Á hinn bóginn finnst mér þetta lýsa afstöðu Samfylkingarinnar að mörgu leyti í ýmsum málum. Í hjarta sínu sjá þeir að vel er gert en þeir eiga erfitt með að ganga hreint til verks og samþykkja það sem vel er gert en eru þess vegna alltaf að segja: Það á að gera þetta pínulítið öðruvísi og örlítið öðruvísi og við viljum fá að ráða þessu og hinu og ef við fáum það ekki hljótum við að vera á móti málinu. Mér finnst þetta vera svolítið skrýtin afstaða.

Þetta liggur alveg ljóst fyrir, hv. þingmaður. Samtök atvinnulífsins hafa (Gripið fram í.) gefið út viljayfirlýsingu um stofnun einkahlutafélags sem taki við starfsemi Háskólans í (Forseti hringir.) Reykjavík og Tækniháskólans og um það snýst málið.

[17:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veittist ekki með neinum hætti að þeim sem ráku Tækniháskólann. Það var vel gert miðað við þær aðstæður sem þar voru en ég veit alveg hvernig húsnæðið var og annar aðbúnaður sem sá skóli þurfti að búa við og hef komið þar og fylgst með því hvernig hann var, þannig að ég held að ég þurfi ekki að svara meiru til um það.

Hitt er svo greinilegt að hv. þingmaður treystir sér ekki til að halda því fram að þeir sem koma að rekstrinum núna hafi gert kröfu um að um einkahlutafélag yrði að ræða. Sú krafa kom hvergi fram. Þeir sögðu hins vegar að það hentaði vel og sjálfseignarstofnun hentar líka vel. Ég hef hvergi séð að þeir hafi haldið því fram að sjálfseignarstofnunarformið hentaði ekki vel, þannig að mig grunar að hlutafélagaformið hafi átt uppruna sinn annars staðar og krafan um að það yrði viðhaft en hjá þessum aðilum.

[17:32]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að hv. þingmaður hefur tekið það til baka að rekstur Tækniháskólans hafi verið til skammar (Gripið fram í.) hv. þingmaður sagði það, það er hægt að fletta því upp. Mér þykir vænt um að hv. þingmaður hefur tekið það til baka.

Ég vil líka lýsa yfir svolítilli undrun minni á því að hv. þingmaður skuli ekki vita að oft þegar við byggjum nýjar stofnanir, sérstaklega á það við um ýmsar menntastofnanir, m.a. á það mjög skýrt við Háskólann á Akureyri að það hefur tekið tíma að koma upp húsnæði sem hæfir þeirri virðulegu stofnun. Menn hafa stundum orðið að sætta sig við húsakynni sem ekki eru allt of göfug. En í vaxandi stofnunum una þeir því vel sem þar eru og halda áfram að byggja upp þá stofnun sem þeir starfa við og vinna við og njóta. Þannig hefur það verið um Tækniháskólann.

[17:33]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Þetta er afar merkileg umræða sem hér hefur farið fram um frumvarpið sem fjallar um að leggja niður Tækniháskólann til að hann geti sameinast Háskólanum í Reykjavík. Búið er að hjakka á málinu aftur og aftur og svo fer maður að spyrja sjálfan sig: Í hverju er ágreiningurinn fólginn? Hvað er svona voðalegt við málið? Það sem er náttúrlega vont við málið er að við erum að dröslast með það í þinginu allt of lengi. Hér bíða 2.500 nemendur í báðum skólunum eftir að fá að vita hver framtíð þeirra er og hundruð kennara og menn eru í hálfgerðu málþófi í þinginu. Þetta sýnir hvernig stjórnarandstaðan er, alla vega Vinstri grænir og Samfylkingin. (Gripið fram í.) Mér er ekki alveg ljóst hvar Frjálslyndi flokkurinn stendur í málinu. Hann var einu sinni með og svo var hann ef til vill á móti.

Ef maður fer yfir þetta voru Vinstri grænir mjög heiðarlegir í afstöðu sinni, þeir eru á móti, einfaldlega á móti málinu. Þeir eru á móti öllu sem heitir „einka" eins og ég sagði í fyrri ræðu minni. Talsmenn þeirra hafa reynt að bera blak af þessu en ég ætla að lesa upp úr nefndaráliti 2. minni hluta sem er kannski óhætt núna af því búið er að fjalla svo mikið um það.

Hér stendur, með leyfi forseta:

„Annar minni hluti er ekki sannfærður um að reynt hafi verið til þrautar að sameina THÍ og verkfræðideild Háskóla Íslands." — Það er greinilega vilji Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. — „Það virðist skynsamlegt í svo smáu samfélagi sem Ísland er að efla frekar einn verkfræðiháskóla," — ríkisháskóla — „gera hann faglega sterkan og hæfan til að taka þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum, heldur en að dreifa kröftunum á þann hátt sem hér er gert. 2. minni hluti tekur undir efasemdir sem koma fram í um-

sögn deildarforseta verkfræðideildar HÍ til nefndarinnar varðandi það hversu fáir nemendur hafi í raun fullnægjandi undirbúning í stærðfræði og raunvísindum til að standa undir verkfræðinámi í tveimur skólum á Íslandi.“

Þetta er náttúrlega algjörlega forpokaður hugsunarháttur. Maður hefði skilið þetta fyrir 30 árum, enda ráða nú fulltrúar gamla Alþýðubandalagsins ríkjum í báðum stjórnarandstöðuflokkunum og gömlu sjónarmiðin þeirra eru að koma fram. Það er ekkert við því að gera, það er alveg heiðarlegt hjá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að hún er á móti. Það er líka rétt að nemendur og starfsmenn beggja skólanna viti að þeir eru á móti því. Það er svo tortryggilegt af því þetta á að vera ehf-félag og af því að þetta er einkaskóli, það má ekki, það er alveg skelfilegt. Menn hafa ekki jafnrétti til náms ef það er einkaskóli, það er bara ekki hægt.

Svo komum við að hinum flokknum, Samfylkingunni. Þar hafa menn úr gamla Alþýðubandalaginu haft sig mest í frammi og eru líka á móti. Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni var nefndarálit þeirra alveg með ólíkindum. Ef maður les það eru þeir í sumum greinum hálfpartinn með þessu, í öðrum á móti og megnið á móti en þó er það ekki alveg allt klárt. Þá langar hálfpartinn að vera með en samt verða þeir að vera á móti en þeir vita ekki alveg hvers vegna. Það er rétt að grípa niður í nokkur atriði, ég fór reyndar yfir þetta í fyrri ræðu minni og ætti kannski ekki að vera að velta hv. þingmönnum Samfylkingarinnar upp úr þessu. (Gripið fram í.)

En fyrsta setning nefndarálitsins hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Að mati 1. minni hluta eru skólar á háskólastigi líklega of margir og ber að skoða sameiningu þeirra eða nánari samvinnu.“

Seinna í álitinu segir:

„Þá er mikilvægt að skoða kosti þess að hefja kennslu í tæknifræðum í fleiri skólum.“

Svona er allt nefndarálitið.

Síðan koma gömlu kommarnir, með leyfi forseta:

„Færsla líftæknigreinanna til Háskóla Íslands er fordæmi fyrir tæknինámi við skólann og ber að mati 1. minni hluta að kanna kosti þess til hlítar að kenna tæknigreinarnar í Háskóla Íslands.“

Þeir eru því komnir í sama ríkisháskólakerfið og Vinstri grænir. Það er enginn munur á þeim. (Gripið fram í.) Maður áttar sig ekki á þessu og það sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson fór yfir í ræðu sinni þar sem hann hótaði að beita valdboði eða breyta þessu úr einkahlutafélagi í sjálfseignarstofnun með góðu eða illu.

Ég held að báðir flokkarnir séu á móti þessum nýja skóla og þeir eru á móti framförum í menntamálum á Íslandi nema bara komi til þess ríkisháskólar. Þetta er alveg ótrúlegt árið 2005, maður trúir þessu ekki. Maður kemur saklaus úr sveitarstjórnarmálum inn á þing og hélt að það væru miklar framfarir en hér er mesta afturhald sem maður hefur nokkurn tíma kynnst og það af vinstri mönnum. En svona er þetta nú.

Til hvers er verið að stofna þennan háskóla? Til að gera hann sterkari, búa til meiri sóknarfæri og geta veitt betri menntun og kannski á hagstæðari kjörum en í ríkisháskólunum. Hérna fær einkaframtakið að njóta sín. Nei, það má ekki. Verið er að halda áfram á sömu leið og hefur verið haldið í menntamálum þjóðarinnar undanfarin tólf ár varðandi sókn og í dag erum við með eitt hæsta hlutfall af OECD-ríkjum í framlögum til menntamála. Þetta er beint og rökrétt framhald af þessari stefnu.

Þá kemur að því sem sumir hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa talað um, að menn ætli að fara að reka skólann út frá gróðasjónarmiði. Þetta er náttúrlega ótrúlegt og gamla aðferð kommana að snúa öllu á hvolf, öllu öfugt, svart verður hvítt og öfugt. Það er alveg skelfilegt að hlusta á þetta.

Ég ætla að lesa upp úr samþykktum fyrir Hástoð sem var stofnuð utan um hinn nýja skóla sem að standa Verslunarráðið, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins sem eru að leggja mikla fjármuni í þetta til að styrkja nám í þessum greinum á Íslandi, það sem atvinnureksturinn þarf á að halda í framtíðinni. Verið er að gera skólann enn þá hæfari í samkeppni. Það er mjög gott að hafa tvo tækniháskóla á Íslandi og auðvitað eru menn í samkeppni við skóla erlendis líka, það er alveg ljóst. Heimurinn er orðinn allt öðruvísi en hann var og langtum minni. Ef við tökum alla þá tækni sem er í margmiðlun og öðru slíku geta menn farið í nám í öðrum löndum án þess að vera staddir þar. Eftir 10, 15, 20 ár eigum við eftir að sjá allt annað í þessum málum en í dag.

En ég ætla að lesa úr samþykktum fyrir Hástoð ehf., 2. gr., með leyfi forseta:

„Hlutverk félagsins er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, m.a. með því að efla og auka menntun, rannsóknir og nýsköpun á háskólastigi, sem nýtist atvinnulífinu. Í þeim tilgangi rekur félagið háskóla, sem verður meginverkefni félagsins, og aðra þá starfsemi sem þjónað getur þessu hlutverki.“ — Eingöngu að reka háskólann. — „Hlutverk félagsins er ekki að afla hluthöfum þess fjárhagslegs ávinnings af rekstri.“

Samt koma menn upp og tyggja hvað eftir annað að verið sé að fara að reka skólann í hagnaðarskyni. Haldið þið að þetta sé hægt, þessi málflutningur?

„Félagið hyggst sinna hlutverki sínu varðandi menntun og rannsóknir meðal annars með gerð þjónustusamninga við stjórnvöld um fjárveitingar. Þá hyggst félagið sinna hlutverki sínu með því að taka að sér margvíslega þjónustu á sviði menntunar og rannsókna og þar m.a. samstarf við fyrirtæki, rannsóknastofnanir og aðrar menntastofnanir á Íslandi og erlendis.“

Í 5. gr., um réttindi og ábyrgð hluthafa, stendur, með leyfi forseta:

„Hluthafar bera ekki ábyrgð umfram hluti sína í félaginu. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn nema landslög kveði á um slíkt. Félagið má kaupa eigin hlut að lögmæltu hámarki. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir hluti í eigu félagsins.“

Svo er komið að 9. gr. um helstu verkefni og stjórnarhætti stjórnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Meginverkefni félagsins er að reka háskóla. Stjórn félagsins, sem er jafnframt háskólaráð háskólans, annast umsýslu eigna. Stjórnin markar stefnu félagsins og háskólans, ákveður námsframboð, inntökuskilyrði, gæði kennslu og

aðra meginstarfstilhögun háskólans. Jafnframt ákveður stjórn skólagjöld og greiðslutilhögun þeirra. Stjórnin skal setja sér starfsreglur í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, sem VÍ, SA og Kauphöll Íslands hafa gefið út. Þar skal m.a. fjalla um verkefni stjórnar og framkvæmdastjóra (rektors), og gæðakröfur til framkvæmdastjóra (rektors), kennara og annarra stjórnenda skólans. Stjórnin er í forsvari fyrir félagið og háskólann. Meiri hluti stjórnar ritar firma félagsins. Stjórnin ein getur skuldbundið háskólann fjárhagslega."

Síðan, virðulegi forseti, segir í 11. gr. undir fyrirsögninni Ráðstöfun hagnaðar/taps:

„Hagnaði félagsins skal aðeins ráðstafað til að efla starfsemina í samræmi við hlutverk félagsins. Félaginu er óheimilt að verja hagnaði, réttindum eða eignum til annarra verkefna en þeirra sem samræmast hlutverki og starfsemi félagsins. Ekki verður greiddur arður út úr félaginu." — Ekki verður greiddur arður út úr félaginu.

Þetta eru samþykktir þessa nýja hlutafélags, Hástoðar. Svo halda menn því blákalt fram hér að verið sé að reka þetta í einhverju gróðaskyni, hagnaðarskyni, til að hluthafar geti fengið arð út úr félaginu, það komi einhverjir aðrir hluthafar inn í félagið og þeir muni heimta arð. Þetta er náttúrlega alveg hræðilegt, virðulegi forseti.

Síðan er spurningin hvort er betra, sjálfseignarstofnunarformið eða hlutafélagaformið. Hlutafélagaformið er þannig að í þessu tilfelli eru nokkrir hluthafar. Þeir geta orðið fleiri í framtíðinni, það er möguleiki á því. Sjálfseignarstofnunarformið getur orðið munaðarlaust í framtíðinni, það er alveg rétt. Það eru margar sjálfseignarstofnanir sem hafa kannski verið í rekstri og eru með fé án hirðis, það veit enginn hver á það og ekki neitt. Eitt ákveðið bankaform hér á landi er dæmi þess arna.

Það var því ákvörðun þessara aðila að fara þessa leið eftir að hafa legið yfir því. En það er eins og þessi ákvörðun aðila sé bara að véla um að gera þetta að hinu versta máli og hafa það sem gróðaapparat. Mér finnst, virðulegi forseti, að menn verði að vera heiðarlegir í málflutningi sínum þegar kemur að svona hlutum og fara með réttar staðreyndir, það finnst mér númer eitt.

Hvers vegna þessi skóli? Að mínu mati, eins og kemur fram í nefndarálitinu, finnst mér grundvallaratriði að hann verði staðsettur nálægt rannsóknastofnunum og algjört lykilatriði þannig að þessi nýi háskóli geti nýtt sér það ásamt Háskóla Íslands. Það hefur verið gagnrýnt af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að þeir hjá háskólanum hafi ekki fengið fjármagn til að fara í meistaranám, hinir geti það. Þá spyr maður: Hvers vegna? Það er hvort tveggja að menn hafa ekki fengið fjármagn eða þá að menn hafa ekki verið sammála. Það vill svo til að ég kenndi við þennan ágæta Háskóla Íslands í tíu ár og mér er nokkuð kunnugt um hvernig málum er þar háttað.

Í dag er þetta þannig að í framtíðarmenntun í tæknigreinum á Íslandi er BS ekki nóg, Bachelor-gráða er ekki nóg, það eru alveg hreinar línur, það er búið að vera. Það var kannski hérna fyrir 20 árum, ekki í dag. Því er nauðsynlegt fyrir fólk að fá sér meistaragráðu og möguleikarnir byggjast náttúrlega á því að hægt sé að taka hana hér. Og það er ekki óalgengt að nemendur úr slíkum skóla geti farið í Háskóla Íslands og tekið meistaragráðu þar og öfugt, sem er mjög gott, eða þá að fólk fer erlendis. Ég spái því að í enn frekari mæli í framtíðarsamfélagi á Íslandi, tæknisamfélagi, hátæknisamfélagi, muni framhaldsnám í meistaranámi og doktorsnámi aukast verulega. Við höfum ekki legið á liði okkar, eins og ég sagði, og við erum einna fremstir meðal OECD-ríkja með framlög til menntamála af vergri landsframleiðslu. Ég held því að við ættum að vera stolt og ánægð með hvernig hefur gengið hér í menntamálunum og við siglum hraðbyri í þeim efnum.

Þegar búið verður að sameina þessa tvo skóla gefur það meiri möguleika á að auka valkostina. Talað hefur verið um að valkostum hafi fækkað í tæknifræðinámi og það stendur í einu nefndarálitinu, frá 2. minni hluta nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Það liggur fyrir að greinum í tæknifræði verður fækkað og það er mat 2. minni hluta að sú staðreynd stangist á við yfirlýsingar eigenda um að efla beri tæknimenntunina til muna frá því sem verið hefur."

Þetta er einmitt ekki rétt. Við erum með svörin frá skólanum, við fengum skrifleg svör þar sem þessu er lýst nákvæmlega, að valkostunum verður ekki fækkað. Þeir verða aftur á móti færðir inn í aðrar deildir, það er allt annað. Ég held að valkostirnir í framtíðinni eigi eftir að aukast eftir því sem skólinn dafnar og vex, og eftir því sem tengingarnar við þennan skóla verða meiri erlendis muni möguleikarnir verða betri og meiri.

Einnig kom fram í heimsókn kennara við Tækniháskólann sem voru mjög hlynntir þessum breytingum, hlynntir þessari sameiningu, að þeir hefðu ekki áhyggjur af stöðu sinni varðandi stjórn skólans, að þeir gætu ekki komist þar að, því að þeir væru í öllum ákvörðunum í deildunum og varðandi námið og hefðu ekki miklar áhyggjur af því og voru mjög ánægðir með það. Það eina sem þeir vildu hafa tryggt var að lífeyris- og eftirlaunaréttindi þeirra mundu verða óbreytt frá því sem áður væri. Rektor og stjórnarformaður hins nýja skóla fullvissaði okkur um að nefnd þriggja lögfræðinga væri að vinna í því máli og kennararnir báru ekki brigður á það.

Nemendurnir aftur á móti í þessum nýja skóla, þeir sem koma úr Tækniháskólanum, bæði úr raungreinadeildinni og tæknifræðinni, sögðu okkur að hespa þessu af í hvelli. Nemendurnir biðu eftir þessu.

En hvað gerist? Hérna fer stjórnarandstaðan í málþóf, þvælir málinu fram og til baka. Þetta eru skilaboð stjórnarandstöðunnar til þessa nýja skóla. — Hann er sko ekki velkominn, þessi nýi skóli. Við erum á móti honum, við ætlum að breyta lögum. Við ætlum að þæfa málið. — Þetta eru skilaboðin til 2.500 nemenda frá Samfylkingunni og Vinstri grænum. Ég átta mig ekki á hvar Frjálslyndi flokkurinn er, hvort hann er að koma eða fara í þessu máli. Þetta eru skilaboðin. Þetta er virðingin fyrir menntuninni, því skrefi sem menntamálaráðherra tók ásamt þessum aðilum, þremur aðilum, að sameina umrædda skóla.

Virðulegi forseti. Búið er að fara yfir málið hér hvað eftir annað og í ljós kemur eftir því sem fleiri og fleiri samfylkingarmenn tjá sig að þeir eru á móti þessu, Samfylkingin er á móti málinu. Það er alveg ótrúlegt. Hún er á móti framförum í menntakerfinu á Íslandi. Svo eru menn að aug-

lýsa sig sem einhvern nútímastjórnmálaflokk. Menn þurfa nú bara að taka grímuna af og sjá þarna gömlu kommana, þeir stjórna þarna enn þá og vilja hafa þetta eins og þetta var í gamla daga og hafa allt ríkisrekið. Það er nú þannig.

Ég þarf kannski ekki, virðulegi forseti, að lengja umræðuna meira. Ég ætla þó að lesa hér upp, með leyfi forseta, umsögn frá Guðfinnu Bjarnadóttur, rektor Háskólans í Reykjavík og væntanlega nýs sameiginlegs háskóla, þar sem hún svarar um kosti hlutafélagaformsins fram yfir sjálfseignarformið.

„Háskólinn í Reykjavík (HR) hefur reynslu af sjálfseignarstofnunarforminu. Það hefur einmitt komið í ljós við þann rekstur að sjálfseignarstofnunarformið er ekki í öllum tilvikum hentugt, þótt takist hafi að sneiða hjá göllunum. Það hefur tekist í tilviki HR vegna þess að Verslunarráð Íslands hefur eitt verið staðfastur bakhjarl háskólans og tekið á sig fulla ábyrgð og forustu. Framkvæmdastjórn Verslunarráðsins hefur sinnt hlutverki sínu vel og tryggt það að háskólaráð HR var vel skipað. Lög um sjálfseignarstofnanir gera aftur á móti ráð fyrir að enginn eigi sjálfseignarstofnanir og þær geta því orðið munaðarlausar og stjórnast einvörðungu af starfsmönnum. Hugarfarið á bak við sjálfseignarstofnun er nánast það að þegar einhver hefur stofnað hana og lagt fram peninga í stofnfé þá sé afskipta viðkomandi ekki óskað frekar. Það er afar ábyrgðarlaust að reka háskóla með þeim hætti, sérstaklega þegar hlutverk háskólans er að styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og taka að sér veigamikið hlutverk á háskólastigi með samruna HR og Tækniháskóla Íslands (THÍ).

Þegar fleiri aðilar verða bakhjarlar sameinaðs háskóla HR og THÍ og leggja fram fjármuni er eðlilegt að nota hlutafélagaformið. Þannig er tryggt að allir hafi aðkomu að stjórn og eigi sinn hlut og skyldur í þessu félagi. Einnig er ljóst hvar ábyrgðin liggur. Að öðru leyti er engin breyting á starfsemi eða stjórnun skólans nema ábyrgð bakhjarlanna er skýrari" — Virðulegi forseti. Ábyrgð bakhjarlanna er skýrari — „og þar með sá stuðningur sem veittur er. Þegar nýr háskóli þarf að ráðast í fjárfestingar í nýju húsnæði, tækjabúnaði og rannsóknum, þá er ómetanlegt að hafa „eigendur" sem axla ábyrgð. Það skiptir t.d. lánveitendur miklu máli og getur haft áhrif á lánakjör."

Þetta er tilvitnun í umsögn rektors Háskólans í Reykjavík, Guðfinnu Bjarnadóttur.

Ég er ekki að segja að sjálfseignarstofnunarformið sé slæmt, alls ekki. Þessir aðilar völdu hlutafélagaformið, einkahlutafélag, þeir völdu þetta form og telja það betra en hitt og færa að því rök. Mér finnst það rangt hjá hv. þingmönnum, sérstaklega Samfylkingarinnar, að gera lítið úr því. Það er eins og þetta umrædda fólk sé að fara í þetta með einhverju ankannalegu hugarfari, en það er ekki.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en ég vona að við getum afgreitt þetta mál núna sem fyrst. Fólkið bíður, stúdentarnir bíða eftir þessu. (**MÁ:** ... síðan í desember.) Starfsmennirnir bíða. (Gripið fram í.) Þetta var lagt fram í desember. Búið var að ákveða að fara í þessa sameiningu eins fljótt og hægt væri þannig að þetta er búið að ganga tiltölulega hratt fyrir sig. En svo er fólk í þinginu að reyna að þvæla þessu hér fram og til baka og gera þetta tortryggilegt. Mér finnst þetta lýsa stjórnarandstöðunni best og ef þetta fólk ætti að stjórna landinu þá sjá nú allir hvernig það mundi enda.

[17:58]

Frsm. 2. minni hluta menntm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Upphrópanir hv. þingmanns um forpokun og gamla alþýðubandalagsmenn eru ekki svaraverðar.

Síðan ætla ég að vísa til föðurhúsanna því sem hann heldur fram um Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, að við sýnum ekki virðingu þeim nemendum og þeim kennurum sem eru búnir að bíða eftir því að þetta verði að veruleika. Ég ætla bara að ítreka það hér og endurtaka: Fólkið sem hefur staðið við bakið á tækninámi á Íslandi undanfarna áratugi hefur beðið í áratugi eftir því að ráðherrar Sjálfstæðisflokksins geri eitthvað í málefnum tæknináms á háskólastigi.

Tækniháskóli Íslands var stofnaður fyrir tæpum þremur árum. Hvers vegna var ekki staðið við bakið á þeim skóla? Hvers vegna var sá skóli sveltur? Halda menn að það sé eitthvað annað en eðlilegt að menn bíði eftir úrlausninni og taki þessu eina hálmstrái sem nú er að þeim rétt?

Þetta fólk á mína samúð og virðingu frá upphafi til enda. Því hef ég lýst í ræðum mínum og það væri betur að hv. þingmaður hefði hlustað á allar þær ræður sem ég hef flutt í stað þess að koma hér og gaspra þetta.

[17:59]

Frsm. meiri hluta menntm. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú gaman að vita skoðun þingmannsins. Er hv. þingmaður að segja að hún sé í raun og veru fylgjandi þessari sameiningu og að hún sé bara að biðja nemendurna og kennarana afsökunar á afstöðu sinni?

Ég vil mótmæla einu. Þessir nemendur, 2.500 nemendur, bíða. Háskólinn nýi getur ekki auglýst og ekki gert neitt. Hvernig eiga menn að geta rekið stofnun með þetta svona bíðandi? Hvernig á ég að ... (Gripið fram í.) Góð spurning. (Gripið fram í.) Tiltölulega góð spurning. (Gripið fram í.)

Síðan vil ég segja við hv. þingmann að mikið aukið fé hefur verið sett til tæknináms á Íslandi, m.a. með stofnun Tækniháskóla Íslands. Það fór í gegnum þessa ágætu nefnd sem ég þekki ágætlega og hefur verið gert með mjög myndarlegum hætti. Rekstur þess skóla hefur sífellt farið batnandi og gæði námsins sömuleiðis. Þetta var náttúrlega allt annað hérna í frumbernsku þessa skóla.

[18:02]

Frsm. 2. minni hluta menntm. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Tækniháskóli Íslands fékk ekki það sem nauðsynlegt var fyrir hann. Ef hann hefði fengið nauðsynlega fjármuni frá hinu opinbera hefði hann ekki endað uppi með á annað hundrað milljónir í halla núna þegar hann er gerður upp.

Ég vil segja síðan við hv. þingmann, sem heldur því fram að Vinstri hreyfingin – grænt framboð telji að ekki geti verið jafnrétti til náms í einkaskólum, að hann verður að athuga að hér er verið að loka tækninámið inni í einka-

háskóla sem krefur nemendur um há skólagjöld. Það verður enginn valkostur fyrir þá nema sem ekki geta reitt skólagjöldin fram eða ekki eru tilbúnir til að skuldsetja sig óhóflega við Lánasjóð íslenskra námsmanna til að stunda tækninám á háskólastigi. Það verður bara þessi eini skóli. Þetta er ekki að auka fjölbreytni til náms. Þetta er þvingun fólks inn í eina tegund náms, þ.e. einkarekið nám sem krefur fólk um skólagjöld.

[18:03]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar kom það, það voru skólagjöld. Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill ekki skólagjöld, þess vegna er ekki jafnrétti til náms. Ég vil bara minna hv. þingmann á það (Gripið fram í.) að helmingurinn af þeim skólagjöldum sem fæst lánað fyrir hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna er greiddur af ríkinu sem styrkur þannig að hún sé bara alveg klár á því. (**KolH:** Af hverju stillið þið ekki bara upp ...?)

Auðvitað má segja það um allar stofnanir að þær fái ekki þá fjármuni sem til þarf. Hvenær er það? Auðvitað verða stofnanir að sníða sér stakk eftir vexti. En Tækniháskólinn hefur dafnað. Og nú hafa menn þessa valkosti, annaðhvort að fara í þennan nýja skóla eða Háskóla Íslands — eða fara utan eða fara í fjarnám erlendis. Möguleikarnir eru allt aðrir en þeir voru fyrir 20 árum, eða 30 árum þegar ég þekkti það, allt aðrir.

Ég bendi hv. þingmanni á það að menn geta núna stundað nám í háskóla í Englandi eða Bandaríkjunum, þurfa einungis kannski að fara tvær ferðir í þennan háskóla og tekið meistaragráðu þaðan.

[18:03]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var ansi fjörug ræða hjá hv. þm. Gunnari Birgissyni. Ég er viss um að ef hann hefði setið hér í allan dag og hlýtt á ræður okkar hefði hann ekki skotið svona eins og hann gerði og upphrópanirnar kannski orðið örlítið mildari.

Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í að fara í einstök atriði heldur ætla ég að spyrja hv. þingmann nokkurs. Hann talar hér um komma og allaballa og annað vegna þess að þeir tali um ríkisrekna skóla. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir, varaformaður menntamálanefndar, sagði í umræðum í síðustu viku eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ég er þeirrar skoðunar að skoða beri kosti þess að hefja kennslu í tæknifræðum í fleiri skólum og þá sérstaklega þeim ríkisreknu til að fjölga valkostunum. Mér finnst að þetta ætti að geta gengið fljótlega, sérstaklega í ljósi yfirlýsinga menntamálaráðuneytisins."

Þetta sagði hv. varaformaður menntamálanefndar í síðustu viku, og ég spyr: Er hv. formaður menntamálanefndar nú ósammála þessu?

[18:04]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á því að ég var ekki hérna akkúrat eftir hádegið. Ég hef kannski ekki haft heilsufar til að vera hérna mikið en ákvað að vera það í restina af þessum umræðum.

Fleiri valkostir? Ég er alveg innilega sammála hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, innilega sammála. Það er akkúrat þannig, það eru tveir skólar sem menn hafa möguleika á að fara í hér, tveir tækniháskólar. Í báðum þessum skólum er kennt til BS-gráðu.

Þá kemur spurningin: Er hún öðruvísi í þessum nýja skóla, sameinaða skóla, en í háskólanum? Í háskólanum segja menn: Þeir sem hafa verið í Tækniháskólanum hafa ekki eins mikinn fræðilegan grunn, þ.e. stærðfræði og eðlisfræði. Þessi nýi háskóli mun væntanlega nálgast málin með öðrum hætti þannig að menn hafi jafna möguleika. Menn útskrifast sem Bachelor of Science í báðum skólum, sem Master of Science í báðum skólum. Menn hafa þessa valkosti og menn hafa líka þann valkost að fara utan.

[18:06]

Katrín Júlíusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurningu minni var ekki svarað. Það er ekki kennd tæknifræði í Háskóla Íslands, tæknifræði er eingöngu kennd í Tækniháskóla Íslands. Hins vegar er kennd verkfræði í Háskóla Íslands og þar er ákveðin samkeppni en það er alls ekki sama nám. Menn mega ekki leggja þetta að jöfnu og það er slæmt ef formaður menntamálanefndar gerir það.

Það sem ég spurði hv. formann menntamálanefndar um er þetta: Stendur það til og tekur hann undir það að fjölga beri valkostum og þá sérstaklega í ríkisreknu skólunum? Tekur hann undir þetta og er þetta í einhverri vinnslu miðað við þessi orð og miðað við yfirlýsingar frá menntamálaráðuneytinu eins og þær eru túlkaðar? Er þetta í einhverri vinnslu eða komið á einhvern rekspöl og stendur þetta til?

[18:07]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að benda mér á hvað er tæknifræði og verkfræði. Ég þykist kannski eitthvað vita hvað það er.

Það verður engin skilgreining sem slík á því eftir þetta. Í háskólasamfélaginu eru til nokkrar tegundir af þessu. Það eru til háskólar eða tækniháskólar og þeir kenna allir til gráðu sem er BS-gráða. Á það að vera BS-gráða í tæknifræði eða verkfræði, eða hverju? Í þessum nýja skóla verður þetta væntanlega BS-gráða í rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði. Þetta verður allt mjög svipað.

Það sem á eftir að breytast hér í framtíðinni er, held ég, eins og ég sagði í fyrri minni ræðu, að það yrði t.d. möguleiki einhvern tíma seinna að auka tækninám í skólum eins og Iðnskólanum. Það yrði þó enn þá styttra en þetta og starfstengdara nám, eins og Finnar hafa gert með góðum árangri.

[18:08]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Hv. þm. Gunnar Birgisson heldur hér mjög skemmtilegar ræður. Kannski mætti vera aðeins meira gagn

að ræðum hans, sérstaklega af því að hann er formaður menntamálanefndar og á þess vegna að vera hér í að svara ýmsum spurningum sem til hans er beint.

Það var áhugavert að hann las hér í annað skipti í þessari umræðu upp úr plaggi sem kennt er við Guðfinnu Bjarnadóttur. Hann las þennan kafla um sjálfseignarstofnanirnar, hvaða hugarfar væri á bak við þær, að það sé nánast það, með leyfi forseta, „„að þegar einhver hefur stofnað hana og lagt fram peninga í stofnfé þá sé afskipta viðkomandi ekki óskað frekar". Það er afar ábyrgðarlaust að reka háskóla með þeim hætti."

Hvað telur hv. þm. Gunnar Birgisson um þetta? Telur hann að það sé ábyrgðarlaust að reka Listaháskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Viðskiptaháskólann á Bifröst með þessum hætti? Telur hann að það sé raunveruleg hætta á því að þær sjálfseignarstofnanir fari á þennan veg? Á þá ekki að beina því til þessara stofnana, þeirra sem eftir verða, að þær breyti sér hið snarasta í eitthvert annað form en þetta (Forseti hringir.) ábyrgðarlausa form sem Gunnar Birgisson hefur hér eftir mönnum úti í bæ að sé?

[18:09]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður hefur ekki alveg hlustað nógu vel þegar ég var að tala áðan. Ég var að segja að þessi form væru bæði ágæt, bæði sjálfseignarstofnunarformið og ehf-formið. Það var mat þessara aðila að ehf-formið hentaði þeim betur og að þeir bæru meiri ábyrgð, eins og rektorinn segir í umsögn sinni. Það er möguleiki, bæði er hægt að bæta við nýjum hluthöfum og þeir bera meiri ábyrgð á rekstrinum en með sjálfseignarstofnunarforminu sem kannski enginn ber ábyrgð á og er munaðarlaust. Ég er alls ekki á móti því og tel það hið allra besta mál. Ég tel hitt þó jafngott ef ekki betra, ehf-formið. Mér finnst afstaða flokks hv. þingmanns, á móti þessu frumvarpi, alveg með ólíkindum, bara af því að það er ehf í staðinn fyrir sjálfseignarstofnunarform. Eins og ég segi, gamla Alþýðubandalagið ræður för hjá þeim.

[18:10]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er óskiljanlegt að hv. þm. Gunnar Birgisson skuli ekki geta svarað einfaldri spurningu. Hann hefur tvisvar lesið það að sjálfseignarstofnun sé þannig í laginu að það sé afar ábyrgðarlaust að reka háskóla með þeim hætti. Á að skilja þetta svo að hann taki ekki undir þessi orð Guðfinnu Bjarnadóttur eða hvers sem þetta hefur skrifað? Af hverju er hann þá að lesa það hérna tvisvar?

Er það ábyrgðarlaust eða er það ekki ábyrgðarlaust að reka Listaháskóla Íslands, Háskóla Reykjavíkur hingað til, Viðskiptaháskólann á Bifröst og Verslunarskóla Íslands — þó að hann sé að vísu ekki háskóli — með þessum hætti eða ekki? Getur hann ekki svarað þessu, maðurinn? Af hverju getur hann ekki svarað þessu? Af hverju les hann þetta tvisvar en getur ekki komið upp í ræðustól og svarað, heldur fer alltaf í eitthvert gamalt flokkakerfi sem honum þykir vænt um? Það er kannski eitthvað úr kalda stríðinu sem hv. þingmaður getur ekki losnað við?

Ég deili ást hans á Alþýðubandalaginu sem sögulegu fyrirbæri. Það var merkilegur hlutur á sínum tíma en það kemur þessu máli ekki mjög mikið við. Það kemur hins vegar þessu máli við þegar hv. þingmaður les tvisvar upp úr einhverjum texta og þá verður hann að segja hvort hann tekur ábyrgð á þeim texta, hvort hann er sammála honum eða ekki, og þá hvers vegna hann er að lesa upp úr texta sem hann er ekki sammála.

[18:12]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt, hv. þingmaður, að það mætti halda að þú værir frá kaldastríðsárunum með þessum málflutningi öllum. Eins og ég sagði áðan tel ég sjálfseignarstofnunarformið bara hið besta form. Ég hef lýst þeirri skoðun hérna margoft en ég var að vitna í orð rektorsins úr þessum nýja háskóla og Háskólanum í Reykjavík. (Gripið fram í.)

Mín skoðun er sú, virðulegi forseti, að ehf-formið sé betra en sjálfseignarstofnunarformið. Það er mitt mat og ég er sammála þessum aðilum sem hafa farið þá leið. Ég er ekki að segja að segja að sjálfseignarstofnunarformið sé ónothæft, langt frá því, en það er skrýtið ef þetta er ágreiningur frá Samfylkingunni að vera á móti þessum nýja sameiginlega háskóla. Þetta eru skilaboðin.

(Forseti (HBl)**:** Ég vil taka það fram að hv. þingmenn eiga að beina orðum sínum til hæstv. forseta.)

[18:13]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það má marka orð hv. formanns menntamálanefndar er verið að fara hérna út í einkavæddan ríkisrekstur því að ætlunin er að fjármagna þennan skóla annars vegar með ríkisframlögum, samningum við ríkið, og hins vegar með því að nemendur fái lán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna fyrir skólagjöldunum. Það er verið að taka upp einkavæddan ríkisrekstur.

Hv. þingmaður hefur lesið hér upp samþykktir fyrir hlutafélagið eins og þetta sé hluti af lagagjörningnum sem hér á sér stað. Ég vil því spyrja hv. þingmann: Lítur hann svo á að þær samþykktir sem hér eru fyrir fyrirtækið Hástoð ehf. séu hluti af þeim lagagjörningi sem verið er að taka til afgreiðslu og megi ekki breyta nema það komi inn á þingið? Annars væri meiningarlaust (Forseti hringir.) af hv. þingmanni að lesa það hér upp.

[18:14]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átta mig ekki á þessari spurningu frá hv. þingmanni.

Samþykktir, hvort sem er sjálfseignarstofnunar eða einkahlutafélags úti í bæ sem tekur að sér slíkan rekstur, eru ekki háðar lagasetningu. Þetta er alveg fáheyrt. Ég skil ekki þá skoðun. Ég heyrði í ræðu hv. þingmanns áðan þar sem hann kom inn á þetta.

Hann talaði einnig um einkavæddan ríkisrekstur, sem er partur af því. Já, þetta er einnig einkavæðing. (**JBjarn:** Þetta er sem sagt einkavæðing.) Þetta er þrennt: Það koma fjárframlög frá ríkinu. Það kemur inn fé vegna skólagjalda. Það koma fjárframlög vegna hlutafjár inn í fyrirtækið. Á þessu þrennu byggist þetta. Þetta er ekki flókið mál en þú getur ekki ætlast til þess, hv. þingmaður, að menn fari með þetta í gegnum þingið.

[18:15]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara vekja athygli á því að hv. formaður menntamálanefndar hefur, máli sínu til stuðnings, lesið upp texta um samþykkt að hlutafélagi eins og það sé hluti af lagagerningnum. Ég tel óeðlilegt ef menn segja að síðan sé hægt að breyta því á næsta fundi hlutafélagsins sem hér er haft fyrir rök. Þannig málflutningur er ekki sæmandi sem rökstuðningur fyrir þessu máli.

Hv. þingmaður talaði um virðingu fyrir námi og ábyrgð. Það sem hefur í raun gerst á undanförnum árum er að Tækniháskólinn hefur verið í fjársvelti. Vinstri grænir hafa flutt tillögur hvað eftir annað um aukinn fjárstuðning við skólann en því hefur verið hafnað af Sjálfstæðisflokknum. Hvar er þá virðingin fyrir nemendum sem hv. þingmaður var að guma af? Þeir fá ekki einu sinni aðild að stjórn skólans. Þeim er ekki einu sinni sýnd sú lágmarksvirðing sem nemendum veitist í öðrum háskólum, í menntastofnunum á líku stigi. Þar eiga nemendur aðild að stjórn skóla og eru þátttakendur í uppbyggingu hans. Þetta er nú virðingin, að líta á nemendur sem markaðsvöru. Það eru skilaboð Sjálfstæðisflokksins.

[18:17]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Markaðsvara, ég hef nú ekki heyrt að nemendur væru mikil markaðsvara.

Virðulegi forseti. En samþykktir hlutafélaga úti í bæ geta ekki orðið partur af lögum. Það vil ég segja enn og einu sinni þannig að það sé alveg klárt. (Gripið fram í.)

Í nefndaráliti, virðulegi forseti, meiri hluta menntamálanefndar kemur skýrt fram að nemendur fái aðgang að stjórn skólans með viðeigandi hætti, (Gripið fram í.) þannig að þeirra hagsmunir séu tryggðir.

Svona í lokin bendi ég á að skilaboð stjórnarandstöðunnar til þessa nýja háskóla, þessara nemenda, 2.500 nemenda og hundruða kennara að hún (Gripið fram í.) er á móti þessari sameiningu. Hún er á móti framförum, (Gripið fram í.) virðulegi forseti, í menntamálum á Íslandi. Þetta er það gamla afturhald sem menn hafa stundum talað um. (Gripið fram í.)

[18:18]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil byrja á að spyrja um menntamálaráðherra sem stóð við sitt, sat hér og hlustaði á umræður í dag. Er hún í húsi? Hyggst hún taka þátt í umræðunni eða er hún farin til annarra skyldustarfa?

(Forseti (HBl)**:** Menntamálaráðherra er í húsinu og ég hygg að hún fylgist með umræðum. Ég skal gera hæstv. ráðherra aðvart um að þess sé óskað að hún komi í salinn en ég á von á því að hún fylgist með umræðum.)

Ég þakka fyrir það, forseti. Auðvitað gefst tækifæri í 3. umr. til þess að bera upp þær spurningar við menntamálaráðherra sem gert hefur verið í þessari umræðu og reyndar líka hinni fyrstu án þess að almennileg svör hafi fengist.

Það verður að segja að þau svör hafa ekki komið frá formanni menntamálanefndar, hv. þm. Gunnari Birgissyni, sem flytur að vísu ákaflega skemmtilegar ræður við og við á þinginu. En þær eru sem sé ekki að sama gagni gagnlegar og verða þess vegna ekki til að fleyta umræðunni mikið áfram í þessu máli eða öðrum. Það er spurning hvað á kalla það, hvort kalla eigi það tafir, málþóf eða annað að láta 2.500 nemendur bíða eftir geðþótta og skemmtilegheitum einstakra þingmanna.

Með fullri virðingu fyrir þeim tæknilegu spurningum sem hafa verið fram bornar um námsframboð, um afdrif frumgreinanemenda, starfsmanna o.s.frv., sem ég tel svona þokkalega tryggt eftir því sem hægt er við þessar aðstæður, þá held ég að við þurfum einkum svar við þremur spurningum, a.m.k. ég. Tvær þeirra er hægt að afgreiða í tiltölulega stuttu máli en sú þriðja er kannski aðeins lengra mál. Þess vegna er ég að vona að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hæstv. menntamálaráðherra, svari þeim hér. Ef ekki, þá við 3. umr.

Ég held að í þessu máli séu það einkum fjórir punktar — fyrir utan brýnar spurningar sem varða kannski skemmri tíma eins og ég nefndi áðan — fjögur atriði sem verður að athuga í þessu máli og kanna áður en samþykkt yrði að afhenda eigendum á einkamarkaði Tækniháskóla Íslands mestallan, steypa honum saman við annan skóla og gera úr því skóla sem yrði næststærsti háskóli á Íslandi, skóla með skólagjöldum og undir stjórn sem ekki er séð að verði skipuð skólamönnum og ekki fulltrúum almennings, þ.e. starfsmönnum eða fulltrúum menntamálaráðherra sem fer með framkvæmdarvaldið fyrir almenning í landinu, forseti. Það er þannig, eða ég vona a.m.k. að það sé þannig sem hæstv. menntamálaráðherra lítur á sig en ekki sem fulltrúa ópersónulegs og alltyfirgínandi ríkis. Ég hygg að það sé ekki skilningur núverandi menntamálaráðherra og vonandi ekki þeirra sem á eftir koma, t.d. hins ágæta verðandi menntamálaráðherra, hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar. Ég er reyndar viss um að það er ekki svo.

Ég held að fyrsta atriðið varði rekstrarformið. Ég talaði um það í rúman klukkutíma og kannski örfáum mínútum lengur og hélt að sá skilningur hefði þó komist í gegnum flesta kolla að ég var að tala um rekstrarformið, einkum í tengslum við akademískt frelsi. Hvaða rekstrarform tryggir best að ekki verði troðið á akademísku frelsi, ekki vegna þess að akademískt frelsi sé eitthvað sem liggur hér á altarinu frammi fyrir guði almáttugum í einhverjum trúarbrögðum heldur vegna þess að akademískt frelsi er sjálfur grunnur háskólastarfsins. Án akademísks frelsis er enginn háskóli. Það er þannig. Menn geta vissulega náð verulegum árangri í fagskólum af ýmsu tagi, í sérfræðinámi, í einstökum greinum, hvort sem það er tölvufræðsla, iðngreinar af einhverju tagi eða einhver annar lærdómur, án akademísks frelsis. Það er þá beint fagnám eða starfsnám. En því fylgir

ekki það frelsi, þau skilyrði sem skapa háskóla. Þetta rakti ég nokkuð í fyrri ræðu minni og það gerðu reyndar fleiri hv. þingmenn við 2. umr. og reyndar líka í 1. umr.

Það er ekki bara, eins og rakið var í grein Runólfs Ágústssonar, bara fyrir háskólana, ekki bara fyrir kennarana eða nemendurna, sem akademískt frelsi er til, eða aðra starfsmenn eða rannsakendur. Slíkt frelsi á ekki að vera sérstök forréttindi þeirra eða kenjar í þeim að þeir þurfi þetta frelsi. Það er fyrir samfélagið allt vegna þess að samfélagið verður að geta treyst því að akademískt frelsi ríki í háskólunum til að þar verði framfarir og þar verði sú uppspretta og upphleðsla þekkingar sem á að vera í slíkum skólum. Þar fari fram rannsóknir sem séu frjálsar rannsóknir þótt auðvitað geti þær beinst að hagnýtum viðfangsefnum og flutningur þekkingarinnar milli kennara og nemenda, sem jafnframt er auðvitað ákveðin uppspretta þekkingar í þessari samræðu, sé engum háð, eða sem fæstum háð því frelsið er aldrei 100% og hægt að fara í langar heimspekisamræður og ýmsa kima í því efni eins og menn væntanlega þekkja.

Fulltrúar meiri hlutans, formaður menntamálanefndar, hv. þm. Gunnar I. Birgisson og aðrir hans menn, hafa ekki svarað spurningum okkar og röksemdum um akademískt frelsi og rekstrarformið. Þeir hafa ekki svarað greinum Runólfs Ágústssonar annars vegar og hins vegar umsögn Þorsteins Gunnarssonar, rektora Viðskiptaháskólans á Bifröst og Háskólans á Akureyri. Þeir afgreiða stjórnarandstöðuna sem óróamenn en í liðinu með okkur í þessu máli eru rektorar þessara tveggja skóla. Ekki orð við þá og þeir eru ekki virtir svars. Ekki ein setning í meirihlutaálitinu þótt auðvitað liggi greinar þeirra fyrir sem eins konar umsagnir um það frumvarp sem hér liggur frammi.

Gunnar I. Birgisson telur að einkahlutafélagsformið standi framar en sjálfseignarstofnunin. Það er ágætt og heiðarlegt að fá þá skoðun. Hann svaraði þessu til þegar ég spurði áðan, forseti, í andsvari hvað hann legði til með Listaháskóla Íslands, með Viðskiptaháskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík, sem enn er til þó það verði kannski ekki lengi. Ég bætti þarna inn í Verslunarskóla Íslands, prýðilegum framhaldsskóla þótt hann sé ekki akademískur, sem hefur verið rekinn í þessu formi líka. Svar hans var það að einkahlutafélagsformið væri almennt betra en sjálfseignarstofnunin. Hann hefur því að nokkru svarað spurningu minni og vill að þessir skólar, þrír eða fjórir, séu settir í það form. Það er athyglisverð yfirlýsing af hálfu formanns menntamálanefndar Alþingis Íslendinga, hv. þm. Gunnars Birgissonar.

Við höfum hins vegar talið að hlutafélagsformið eigi einkar illa við þá starfsemi sem hér er um að ræða. Hún er vissulega að nokkru leyti rekstur en hún er umfram allt annað en rekstur. Hún er umfram allt hið sérstaka starf sem felst í menntun, fræðslu og rannsóknum og lýtur öðrum lögmálum en rekstur á venjulegum markaði.

Til þess að leysa vanda sem upp kemur með starfsemi sem telst vera atvinnurekstur en er ekki af sama tagi og hinn klassíski atvinnurekstur skólabókanna á frjálsum markaði sem miðast við framboð og eftirspurn og það frumtakmark að skila eigendum sínum hagnaði hafa verið samþykkt sérstök lög á þessu þingi og öðrum þjóðþingum veraldarinnar, sjálfsagt ekki gjörvallrar en alls staðar þar sem við þekkjum til, sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson var svo vinsamlegur að vekja athygli á áðan og ég hef reyndar gert áður, þ.e. lög um sjálfseignarstofnanir í atvinnurekstri. Þegar litið er yfir þau sér maður ekki, og ekki hafa verið færð að því rök, hvað vanti í þau lög til þess að geta rekið háskólastarfsemi á þeim grunni, sem er langeðlilegast. Það hefur ekki komið í ljós.

Gunnar I. Birgisson sagði í fyrri ræðu sinni, sem var svona nokkurn veginn eins og hin síðari, að það væri einkum þrennt í þessu máli sem gerði það að verkum að sjálfseignarstofnunarformið væri síðra en einkahlutafélagsformið. Í fyrsta lagi væri um að ræða þrjá aðila og auðveldara væri fyrir þá að stofna hlutafélag en að koma sér saman um fulltrúaráð í sjálfseignarstofnun. Þetta eru auðvitað ákaflega léttvæg rök því að það má búa til stofnskrá sjálfseignarstofnunar með þeim hætti að þessir aðilar hafi sitt pláss og orðið geti breytingar á fulltrúaráðinu ef aðilarnir breytast. En í sjálfseignarstofnun eru auðvitað skýr skil á milli eigenda og fulltrúanna, eða aðstandendanna skulu við segja í þessu tilviki. Við þekkjum þetta form. Hvaðan þekkjum við það? Jú, við þekkjum það ágætlega úr sjálfseignarstofnun sem Verslunarráð Íslands rekur nú eða stofnaði og stendur á bak við núna og sér um rekstur á, þ.e. Háskólanum í Reykjavík og Verslunarskóla Íslands.

Í öðru lagi taldi hv. þm. Gunnar I. Birgisson það sérstakan kost að betri tengsl væru við eigendur í einkahlutafélagi eða hlutafélagi en í sjálfseignarstofnun. Það er alveg rétt. Það getur komið að ýmsu gagni eins og ég rakti hér í fyrri ræðu og tók þar undir nokkuð af því sem Guðfinna Bjarnadóttir sagði, enda er hún hinn merkasti skólamaður og engin ástæða til að við förum að ræða um hana eins og hv. þm. Gunnar I. Birgisson reyndi að egna okkur til, þótt mér finnist ekki allt í hennar plaggi vera burðugt. Þessi tengsl við eigendur eru líka galli um leið og þau eru kostur. Þegar um háskólastarfsemi er að ræða er ekki heppilegt að tengslin við eigendur eða aðstandendur séu of mikil og einkum þegar um er að ræða samtök eins og þau sem við horfum framan í núna, annars vegar Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins sem eru minnihlutahluthafar í þessu dæmi, með undir 10%, og hins vegar Verslunarráð Íslands, sem eru pólitísk samtök atvinnurekenda á Íslandi, stunda lobbíisma gagnvart þingmönnum, gagnvart sveitarstjórnum og gagnvart almenningi, hafa oftast nýfrjálshyggjustefnu í efnahagsmálum, hafa skipt sér af velferðarmálum, skólamálum, skattamálum o.s.frv., en hins vegar rekið skóla sína ágætlega í gegnum sjálfseignarstofnunina. Sérstaklega í þessu tilviki verður að krefjast þess að tengsl við eigendur séu þannig útbúin að háskólanum og hinu akademíska frelsi stafi engin hætta af.

Í þriðja lagi sagði hv. þm. Gunnar Birgisson að hlutafélagsformið, og það var þriðja og síðasta röksemdin hjá hv. þingmanni, hefði það fram yfir sjálfseignarstofnunina að auðveldara væri að slíta félaginu eða apparatinu. Það er auðvitað rétt. Það er sjálfsagt auðveldara að slíta því. Það þarf ekki mikið til að slíta hlutafélagi og minna en að slíta sjálfseignarstofnun. En einkum skildist mér á hv. þm. Gunnari Birgissyni að kosturinn við þetta væri að féð gæti aftur runnið til hluthafanna í hlutafélagi en ekki í sjálfseignarstofnun vegna þess að þar ætti féð, og er áskilið að ég

hygg í þeim lögum sem ég nefndi áðan, að renna til svipaðs markmiðs eða málefnis og sjálfseignarstofnunin snýst um. Þetta er rétt.

Hv. þm. Gunnar Birgisson er með þessu að segja að engin alvara sé á bak við hlutaféð sem Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnurekenda og Verslunarráð Íslands ætla að reiða fram, að allar þær milljónir sem nú eru inni og þær sem eiga að bætast við séu fram bornar á einhverjum þeim rökum og einhverjum þeim hagsmunum að aðilarnir mundu ekki láta það renna til svipað málefnis ef svo færi að skólinn dytti upp fyrir af einhverjum ástæðum, sem ég vona að ekki verði ef hann kemst á, að þeir mundu ekki vilja það heldur mundu þeir vilja fá peningana sína aftur.

Þetta stangast mjög á við þann skilning sem við höfum haft um markmið og tilgang þessara þrennra samtaka með stofnun skólans. Ég hef lýst Verslunarráði eins og það kemur mér fyrir sjónir og Verslunarráðið verður bara að sætta sig við það. Samtök atvinnurekenda og Samtök iðnaðarins þekki ég auðvitað af ýmsu góðu. Þau eru máttarstólpar í samfélaginu um ýmsa hluti.

Ég verð að segja að grundvöllurinn í málinu er að ég treysti þeim, eins og hv. þm. Katrín Júlíusdóttir sagði áðan, til að reka skólastofnanir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, á ákveðnum forsendum. Það virðist hv. þm. Gunnar Birgisson ekki gera vegna þess að hann telur að þessir þrír aðilar þurfi að hafa tryggingu fyrir því að fá fé sitt aftur. Þetta eru ekki féleg rök. Þetta eru í raun engin rök. Þeir hafa heldur ekki svarað, Gunnar Birgisson, Sigurður Kári Kristjánsson og aðrir hv. þingmenn einkum Sjálfstæðisflokksins sem hér hafa talað, einu orði þeim rökum með sjálfseignarstofnunum, jafnvel á kostnað ríkisháskóla, og á móti hlutafélögum við rekstur háskóla sem koma fram í grein Runólfs Ágústssonar og umsögn Þorsteins Gunnarssonar, þeir hafa ekkert lagt til fyrsta atriðsins af fjórum sem ég er að reifa.

Svar okkar samfylkingarmanna hefur verið, eins og kunnugt er úr umræðunum í dag, að leggja fram sérstaka tillögu um breytingu á háskólalögunum þar sem háskólum sem einkaaðilar stofna er gert að vera sjálfseignarstofnanir eins og fram kom í ágætri, hvassri og snarpri ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar og hugsanlegs verðandi menntamálaráðherra.

Annar punktur sem ég vil draga fram í lok umræðunnar, a.m.k. hvað mig varðar, er að þegar svo háttar til eins og hér er að þessi einkarekstur eða sjálfstæði rekstur, ekki einkarekstur í þeim skilningi að hér sé um fullkomna einkaaðila að ræða enda vitum við að það á að reka þetta í samvinnu við ríkið og það leggur til fé samkvæmt ákveðnum samningi, — þegar um slíkan rekstur er að ræða og sérstaklega þegar um er að ræða þá eigendur eða aðstandendur sem raun ber vitni er mjög mikilvægt að reyna með einhverjum hætti að tryggja í fyrsta lagi akademískt frelsi og í öðru lagi hagsmuni kennara, starfsmanna, rannsakenda og nemenda með því að búa svo um hnúta að þeir eigi þátt í stjórnun skólans.

Hvernig skyldi löggjafinn, Alþingi, sem á sínum tíma samþykkti háskólalög, hafa gengið frá þeim málum? Jú, hann gerði það með því að í 4. kafla, sem varðar að vísu ríkisháskóla eingöngu, eru ströng ákvæði um þátttökuna. Þar er mælt fyrir um það af smásmugulegri nákvæmni, allt of mikilli að mínu mati, hvernig háskólaráð eigi að skipa og hver skuli vera áhrif í fyrsta lagi ráðherrans, sem var umdeilt á sínum tíma og er enn, og í öðru lagi starfsmanna, kennara og nemenda. Ég hef rakið það tvisvar sinnum áður hvernig þessu er háttað í sjálfseignarstofnuninni sem rekur Viðskiptaháskólann á Bifröst.

Í þessu dæmi þar sem hefði verið mjög mikilvægt að hafa þetta á hreinu hafa engin svör borist um þátttöku nemenda, kennara, starfsmanna og rannsakenda í stjórnun skólans. Það er klárt að háskólaráð er skipað þeim mönnum sem það er skipað, stjórn einkahlutafélagsins. Þar er enginn maður úr skólastarfinu. Þar eru mætir menn, forustumenn í fyrirtækjum flestir og einn hygg ég í sveitarstjórn ekki fjarri vettvangi.

Sagt er frá því í plöggum sem hér hefur oft verið vitnað til, þeim sem koma frá aðstandendum skólans, að jafnframt háskólaráðinu starfi einhvers konar framkvæmdastjórn í skólanum. Í henni sitji framkvæmdastjóri einkahlutafélagsins sem einnig gegnir nafninu rektor og að með honum sitji að ég hygg þrír eða fjórir aðrir deildarstjórar og framkvæmdastjórar sviða sem rektorinn eða framkvæmdastjóri skólans ræður. Hann situr því þar og ráðgast við eigin starfsmenn og undirmenn. Það getur verið ágætt, en það uppfyllir alls ekki þær kröfur sem ríkið gerir skólum sínum að uppfylla, þær að nemendur og kennarar hafi þar einhver áhrif.

Hv. þm. Gunnar Birgisson, formaður menntamálanefndar, var vakandi fyrir þessu og svaraði að þeir hefðu svo sannarlega tekið eftir þessu í meiri hluta menntamálanefndar. Það gerðu þeir vissulega, vegna þess að þar koma fram verulegar áhyggjur af þessu og verður að segjast meiri hluta menntamálanefndar til hróss. Meiri hlutinn tekur upp í áliti sínu spurningar frá okkur stjórnarandstæðingum í menntamálanefnd og þar segir, með leyfi forseta:

„Spurt var um setu fulltrúa starfsmanna og nemenda í háskólaráði.“ Síðan kemur nokkuð löng klausa um að tryggja eigi ráðgjöf og því hafi verið lofað að háskólaráðið gæti fengið starfsmenn og nemendur til ráðgjafar eftir því sem við eigi hverju sinni, þ.e. þegar því líkar, ekki þegar nemendum og starfsmönnum líkar. Síðan kemur hin snjalla setning frá meiri hluta menntamálanefndar, hv. þm. Gunnari Birgissyni og félögum, með leyfi forseta: „Meiri hlutinn leggur áherslu á að eðlileg þátttaka starfsmanna og nemenda í stjórn skólans verði tryggð og að þeim samskiptum verði fundinn eðlilegur farvegur.“

Meiri hlutinn leggur áherslu á þetta, en hefur hann einhverja tryggingu fyrir því að þetta verði? Er einhver yfirlýsing frá aðstandendum skólans um að hann ætli að taka mark á meiri hlutanum? Hefur menntamálaráðherra einhverjar upplýsingar um hvernig þessu verður háttað?

Það hringdi í mig maður sem er tengdur hinum nýja skóla sem á að stofna, kunningi minn reyndar einnig, og ræddi við mig um þessi mál og hafði áhyggjur af því að þetta gengi seint í þinginu. Ég benti honum á að það mál ætti kannski einkum að ræða við hæstv. menntamálaráðherra sem þá var fjarverandi úr þinginu í mikilvægum skyldustörfum og undirbjó málið með þeim hætti að það þurfti að leggjast mjög yfir það, bæði í nefndinni og í um-

ræðunum. Ég bað hann sérstaklega að rannsaka hvort þetta lægi fyrir hjá aðstandendum skólans. Ég hef ekki fengið svör frá honum, því miður, þó ég hafi reynt að ná í hann í dag þannig að að því er að mér snýr eru engin svör við þessu.

Meiri hlutinn hefur enga tryggingu fyrir einu eða neinu. Meiri hlutinn hefur ekki getað svarað því í umræðunni eða ekki treyst sér til þess hver sá eðlilegi farvegur er sem þeim samskiptum á að finna. Meiri hlutinn gefst upp, fórnar höndum og lýsir áhyggjum sínum en gengur ekki frá málinu þannig að neitt vit sé í. Það er því ekki meiri hluta menntamálanefndar að þakka ef málið kemst í lag. Hann hleypur frá málinu þannig að það er bara góðum vilja aðstandendanna einum að þakka ef eitthvað verður í þessu og alveg óljóst að það verði.

Þetta er mjög mikilvægt mál og eitt af því sem skapar okkur samfylkingarmönnum þá stöðu að við gagnrýnum frumvarpið eins og það er fram sett og þann bakgrunn sem það hefur.

Í þriðja lagi er við skipunina að athuga, auðvitað ekki frumvarpið sem er ein eða tvær setningar, að þegar allt er komið í kring í málinu verður hluti af því sem áður var opinbert menntaframboð á Íslandi, þ.e. tæknifræðinámið, eingöngu í boði í skólagjaldaskóla sem rekinn er af einkahlutafélagi. Hæstv. menntamálaráðherra hefur þó afrekað að taka námið út úr opinberu framboði menntunar sem menn fá án sérstaks endurgjalds. Auðvitað kostar hádegisverðurinn sitt og það gerir nám líka. Menn borga námið aðallega seinna á ævinni með sköttum og skyldum, ef ekki verður búið að lækka skattana svo niður úr öllu valdi að allir skólar séu sveltir. Hæstv. menntamálaráðherra hefur fært þetta í einn skóla og sá skóli er þannig að hann er rekinn af einkahlutafélagi og menn verða að fara að borga skólagjöld.

Við í Samfylkingunni og stjórnarandstæðingar hygg ég allir höfum lagt áherslu á að ef þetta verður verði svo búið um hnúta að tæknifræðinámið sé í boði á Íslandi í opinberum skóla eða sjálfseignarskóla þar sem ekki þarf að greiða skólagjöld. Það var einmitt sú setning sem hv. þm. Gunnar Birgisson skemmti sér sem mest yfir áðan, og vakti furðu mína að hann skyldi gera það, og talaði um að við vildum fjölga skólum af því að við töluðum um að ein leiðin væri sú að koma tæknifræðinámi í Háskóla Íslands þar sem fyrir er verkfræðinám.

Vill svo til, forseti, að við stöndum ekki alveg ein í þessu aumingjarnir í Samfylkingunni og fulltrúar hennar í menntamálanefnd, heldur kom í ljós í fyrri hluta 2. umr. á þriðjudaginn var að hv. þm. Dagný Jónsdóttir, varaformaður menntamálanefndar og fulltrúi Framsóknarflokksins í nefndinni og þar með talsmaður hans í menntamálum, vill þetta líka. Hún sagði í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Ég er þeirrar skoðunar að skoða beri kosti þess að hefja kennslu í tæknifræðum í fleiri skólum og þá sérstaklega þeim ríkisreknu til að fjölga valkostunum. Mér finnst að þetta ætti að geta gengið fljótlega, sérstaklega í ljósi yfirlýsinga menntamálaráðuneytisins. Mér finnst brýnt að slíkt nám sé einnig í boði í ríkisreknum háskóla, enda er samkeppni um framboð greina eitt af því besta sem hefur hent margar greinar sem ekki bjuggu við samkeppni áður."

Hún vitnar sérstaklega í yfirlýsingu menntamálaráðuneytisins og segir að þar komi fram, með leyfi forseta:

„Að stefnt sé að því að framboð í tæknigreinum verði eflt og aukið á komandi árum."

Þessi yfirlýsing hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur vekur auðvitað mikla athygli vegna þess að þarna er um skilyrði Framsóknarflokksins að ræða við stuðning sinn við menntamálaráðherra í málinu. Þetta kemur enn þá skýrar í ljós í andsvari hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur í lok umræðunnar. Þar sagði hún þetta, með leyfi forseta:

„Ég sagði hér að það ætti að skoða kosti þess að hefja kennslu í tæknifræðum í fleiri skólum og þá sérstaklega þeim ríkisreknu til að fjölga valkostunum. Þetta er fullkomlega í samræmi við yfirlýsingu frá menntamálaráðuneytinu sem hv. menntamálanefnd barst og þar stendur í niðurlagi þeirrar yfirlýsingar, með leyfi forseta: „Er að því stefnt að framboð í tæknigreinum verði eflt og aukið á komandi árum.""

Þessi yfirlýsing frá menntamálaráðuneytinu er ekki frá menntamálaráðherra heldur frá starfsmönnum hans. „F.h.r." stendur í lok bréfsins sem sumir túlka sem „fyrir hönd ráðuneytisins" en eðlilegra er að túlka sem „fyrir hönd ráðherra". Þessi yfirlýsing er hér komin í allt annað ljós en mátti lesa úr henni á frumstigi. Á þessu vakti hv. þingmaður Einar Már Sigurðarson athygli hér fyrr í dag og spurði menntamálaráðherra hvort þetta væri svona, hvort það væri þannig að yfirlýsing Guðmundar Árnasonar og Sólrúnar Jensdóttur f.h.r. væri þannig að nú gætu ríkisháskólarnir ósköp einfaldlega sent bréf, látið vita upp í menntamálaráðuneyti að þeir væru tilbúnir til að taka að sér tæknifræði á næsta skólaári eða einhverjum næstu missirum og þá væri fyrir hendi loforð hæstv. menntamálaráðherra í gegnum Guðmund Árnason og Sólrúnu Jensdóttur um að svo mundi vera.

Ég verð að segja, forseti, að ef þetta er svona þá mundi það færa okkur samfylkingarmenn einu skrefi nær stuðningi við þetta mál því þetta er eitt af því sem við höfum lagt mikla áherslu á, þ.e. að ekki verði skert það opinbera námsframboð sem menn geta gengið að án verulegra skólagjalda, annarra en þeirra sem felast í skráningargjaldinu sem hæstv. menntamálaráðherra stóð fyrir að hækkaði um daginn og ég ætla ekki að ræða frekar. Ef þetta væri þá gætum við stigið eitt skref í viðbót til stuðnings við þetta mál og þann skóla sem ég vona að eigi eftir að gera hér mikið gagn á næstu árum.

Yfirlýsingin, forseti, er hins vegar svona í seinni hluta sínum. Hún er þannig að menntamálaráðuneytið segir að stofnað sé til hins sameinaða skóla, með leyfi forseta:

„... í því markmiði" — nú kemur fallegur texti. Ég bið menn að lygna aftur augunum — „að auka áhuga ungs fólks á raunvísindum og tæknigreinum og tryggja að gæði menntunar á þeim sviðum standist alþjóðlegan samanburð. Í yfirlýsingunni kemur einnig fram að boðið verði upp á nám í þeim greinum sem skólarnir hafa boðið, bæði á grunnstigi til BA- og BS-prófs og á framhaldsstigi." Svo kemur þessi setning í lokin:

„Er að því stefnt að framboð í tæknigreinum verði eflt og aukið á komandi árum."

Venjulegur maður með greindarvísitöluna 90 eða þar fyrir neðan, sem allir aðrir hafa en hv. þm. Pétur Blöndal

hér í þinginu og í samfélaginu meira og minna, skilur þetta þannig að að því sé stefnt að framboð í tæknigreinum verði eflt og aukið á komandi árum í þessum nýja skóla, sérstaklega í ljósi þeirra athugasemda sem hafa verið gerðar um það að hugsanlegt sé að framboð tæknigreinanna verði ekki eflt heldur verði þvert á móti þrengt eins og fram kom í ræðu Kolbrúnar Halldórsdóttur, sem ég hef nú ekki að vísu sérstaklega kynnt mér en man eftir að á sér stoð í ákveðnum textum sem fram komu til okkar frá tæknifræðingum og verkfræðingum. Við skulum vona að það verði ekki. En svona skilur maður þetta sem sé, einfaldur venjulegur Íslendingur, fimmtugur karlmaður með meðalgreind, þ.e. að stefnt sé að því að framboð í tæknigreinum verði eflt og aukið í þessum nýja skóla. En ef það er hinsegin þá bið ég hæstv. menntamálaráðherra að segja okkur það og lýsa því yfir að það sé þannig að ríkisháskólarnir, opinberu háskólarnir og kannski aðrir líka, geti á næstu önn eða önnum fengið stuðning menntamálaráðuneytisins til þess að koma upp námi í tæknigreinum sem þar með verði í samkeppni við tæknigreinanámið í hinum nýja skóla. Þetta er þriðja atriðið.

Ég vil svo segja um fjórða atriðið — það hefur auðvitað komið hér fram, m.a. í ágætri ræðu hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur — fjórða atriðið sem maður staldrar við í þessu máli öllu saman er heildarstefnumótunin, það hvernig hæstv. menntamálaráðherra og sá meiri hluti sem hann styður í menntamálanefnd, hvernig þau telja að þetta eigi að líta út eftir, ja segjum þrjú ár, segjum fimm eða tíu, ef maður leyfir sér að hugsa svo langt fram í tímann. Þá verður að vísu hæstv. menntamálaráðherra hættur að vera menntamálaráðherra. En eftir verða væntanlega hennar verk og þau skref sem hún hefur stigið í einhverjar áttir og annaðhvort þarf að hjálpa með lengra eða reyna að vinna á móti. Hver er heildarhugsun hennar? Það hefur komið fram að sá háskóli sem út úr þessu kemur, THÍ/HR-skólinn sem svo mætti kalla, eða Verslunarráðsskólinn eins og ég hef leyft mér að kalla hann með ofurlitlu brosi á vör, verður næststærsti háskóli á Íslandi með 2.400–2.500 nemendur til að byrja með. Við skulum segja að hann verði sjálfstætt starfandi og gera ráð fyrir því að enn komi til greina að hann breytist í sjálfseignarstofnun eða þá hann geri það í ljósi þess að ekki er sátt um hlutafélagaformið eins og fram kom hjá hv. þingmanni Einari Má Sigurðarsyni. Hann tekur skólagjöld og hann átti, með orðum hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, að skapa hið mikilvæga mótvægi við Háskóla Íslands. Er það þá hugmynd hæstv. menntamálaráðherra og hennar manna í menntamálaráðuneytinu og í meiri hluta menntamálanefndar að það verði þannig að annars vegar verði Háskóli Íslands og kannski Háskóli Akureyrar, opinberir háskólar sem taki ekki skólagjöld en hafi sína samninga við menntamálaráðuneytið, og hins vegar þessi nýi skóli sem auk fjárins sem hann fær frá menntamálaráðuneytinu og stuðnings væntanlega eigendanna sem ætla að standa vel að málum, fái svo sérstök skólagjöld? Er það svo? Eiga þessir skólar síðan, þessar heildir tvær, svo að standa í samkeppni sín á milli? Hver er þá samkeppnisstaða Háskóla Íslands og Háskóla Akureyrar? Er það meiningin, forseti, hjá hæstv. menntamálaráðherra og mönnum hennar að þetta sé í raun bara eitt skref í viðbót sem Framsóknarflokkurinn er togaður út í, flokkur sem hefur það á stefnuskrá sinni að vera á móti skólagjöldum í háskóla, þannig að hann eigi að leiða eitt og eitt skref, blindan, haltan og heyrnarlausan, þangað til allt verði orðið eins og Sjálfstæðisflokkurinn vill, skólagjöld á öllum stigum, ekki bara í háskóla heldur frá leikskóla og upp úr, af einhverjum ástæðum. Getur hæstv. menntamálaráðherra ekki svarað þessu og veitt okkur hlutdeild í framtíðarsýn sinni á þessu sviði?

Hæstv. menntamálaráðherra flytur hér ákaflega fagrar og skemmtilegar ræður um hvað allt sé gott í menntamálum á Íslandi. Það er meira að segja þannig að hæstv. menntamálaráðherra er nú farinn að hafa sefjandi áhrif á félaga sinn, hv. 3. þm. Suðvesturkjördæmis, sama kjördæmis og hæstv. menntamálaráðherra stendur fyrir, Gunnar Birgisson. Hv. þm. Gunnar Birgisson er farinn að flytja þessar sömu ræður, að vísu í aðeins annarri tóntegund og með sínum hætti, ef þannig má orða það. Þetta eru skemmtilegar ræður en hvernig á þetta að verða eftir fimm og tíu ár? Hvernig á háskólaumhverfið að verða? Hvernig á samkeppnisstaðan að verða? Að hverju eiga þeir nemendur að ganga sem nú eru að byrja í framhaldsskóla þegar þeir komast á háskólastig? Þennan grundvöll vantar algjörlega í greinargerð, í nefndarálit, í texta frá aðstandendum, í greinum og ræðum menntamálaráðherra út og suður um þetta efni. Engin greinargerð er um það.

Það er eins og hæstv. menntamálaráðherra viti annaðhvort ekki hvað hún er að gjöra — í helgri bók er það haft eftir ágætum manni að þeim eigi maður að fyrirgefa sem vita ekki hvað þeir gjöra — eða þá að hún er með einhverjum hætti að leiða menn til nýrrar framtíðar nánast án þess að þeir hinir sömu geri sér grein fyrir því. Þó auðvitað megi segja að það sé ágæt samstarfsaðferð við Framsóknarflokkinn þá er það ekki fullkomlega heiðarlegt við nemendur, kennara, og almenning á Íslandi, að ég tali nú ekki um okkur garmana sem stöndum utan stjórnarinnar hér á þinginu.

Að lokum, forseti, óska ég eftir svörum frá hæstv. menntamálaráðherra um eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi: Hvernig verður háttað þátttöku nemenda og kennara í háskólaráði?

Í öðru lagi: Hvað þýðir yfirlýsing Guðmundar Árnasonar og Sólrúnar Jensdóttur f.h.r. um aukið framboð tæknináms?

Í þriðja lagi: Hver er stefnusýn hæstv. menntamálaráðherra einkum hvað varðar háskólaumhverfið hér eftir fimm til tíu ár þegar þessi nýi skóli verður, vonandi sem sjálfseignarstofnun en sennilega sem einkahlutafélag, í rekstri með skólagjöldum í samkeppni — a.m.k. ef marka má orð hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar — við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri?

[18:55]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Það kom hér fram í ræðu hv. þingmanns Gunnars Birgissonar að hann áttaði sig ekki á hvort Frjálslyndi flokkurinn væri að fara eða koma í málinu. Ég átta mig nú ekki á þessum málflutningi hjá hv. þingmanni. En ég flutti hér ræðu í dag þar sem ég fór yfir málið og ég tel að hún hafi verið nokkuð skýr. Ég veit nú ekki hvort ég eigi að þreyta allan þingheim með því að flytja sömu ræðuna á

ný. En ég undrast að hv. þingmaður skuli ekki sem formaður menntamálanefndar vera hér viðstaddur. Ef eitthvað í minni ræðu var óskýrt, hvers vegna spurði hann þá ekki út í það? Hvað var maðurinn að gera? Út af hverju fylgist hann ekki með umræðu hér á þingi? Var hann einhvers staðar að malbika eða hvað var hann að gera? Ég átta mig ekki á því. Mér finnst ákveðinn dónaskapur að saka hér menn um málþóf og eitt og annað. Hvað á það að þýða? Ég sé ekki að hér hafi staðið neitt málþóf yfir. Að vísu hafa verið hér fluttar langar ræður.

Ef ég á að fara efnislega yfir ræðu mína þá kom það þar fram fyrr í dag að þetta væri engin óskastaða. Við í Frjálslynda flokknum, sem höfum mikinn áhuga á menntamálum, sérstaklega að efla verknám og tækninám, hefðum ekki staðið svona að málum. Það voru einkum þrír þættir sem við settum fyrirvara við. Sá fyrsti er að við hefðum lagt meiri áherslu á að kanna möguleika á frekari sameiningu við Háskóla Íslands. Ég tel að ef sýnt hefði verið fram á það með frekari rökum þá hefði málið verið betur unnið.

Í öðru lagi teljum við að fara verði yfir þá gagnrýni sem hefur komið fram varðandi akademískt frelsi. Það er vel hægt að ganga úr skugga um að kennarar hafi þetta akademíska frelsi, þ.e. að ákveðið frelsi verði í því sem þeir rannsaka og að þeir verði ekki sakaðir um að ganga erinda hagsmuna hlutafélagsins. Um það snýst málið. Ég tel að það sé allra hagur og sérstaklega umræddar stofnunar að ganga úr skugga um það, eins og stofnunin hefur gert, að hún er ekki ætluð til þess að stunda einhverja gróðastarfsemi heldur á þetta að vera háskólastarfsemi sem á að einbeita sér að menntun.

Í þriðja lagi fór ég yfir þá gagnrýni sem við í Frjálslynda flokknum höfum viðhaft og áhyggjur okkar af því að með því að leggja skólagjöld á þá menntum sem þarf að efla í landinu séum við að hrekja fólk úr námi í staðinn fyrir að hvetja fólk til náms.

Af þessum þremur punktum höfum við áhyggjur. Ég vil segja að ef hv. þingmaður vill gera einhverjar athugasemdir eða fá frekari upplýsingar um stefnu okkar í Frjálslynda flokknum um málið þá er sjálfsagt að koma hér og vera viðstaddur. Sem formaður menntamálanefndar ætti hann náttúrlega að sjá sóma sinn í því. Ég átta mig í raun ekki á því af hverju hann kom hér og sletti yfir fólk einhverju þvaðri fram og aftur um að hann skildi ekki þetta og hitt í málflutningi hafandi síðan ekki verið á staðnum. Mér finnst það ómerkilegt og formanni menntamálanefndar ekki til sóma.

[18:59]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns byrja á að þakka hv. menntamálanefnd og nefndarmönnum fyrir greinilega gott og yfirgripsmikið starf varðandi þetta mikilvæga mál sem skiptir allt háskólasamfélagið mjög miklu máli og er eitt af þeim merkilegu skrefum sem við erum að stíga fram á við í þeirri menntasókn sem við höfum staðið fyrir á undanförnum árum í menntakerfi okkar hér á landi.

Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með umræðunni í dag og því sem fram hefur komið. Það er ljóst að það er greinilega mismikill skilningur á því hversu mikilvægt þetta mál er. Eins og ég gat um áðan er þetta eitt mesta framfaraskref sem við höfum tekið á síðari árum varðandi það að halda áfram menntasókninni. Síðan er hitt að auðvitað hefur margt athyglisvert komið hér fram. Í rauninni er ein meginlína og hún er sú að stjórnarandstaðan eins og hún leggur sig er á móti málinu á mismunandi hátt, en hún er á móti málinu. Það er nokkurn veginn það sem komið hefur út úr umræðunni í dag.

Það hefur verið heldur hjákátlegt að fylgjast með ýmsum tilraunum til þess að reyna að finna einhvern flöt á málinu til að komast inn í það aftur, en það tekst ekki. Stjórnarandstaðan öll eins og hún leggur sig er á móti málinu, á mismunandi forsendum eins og ég gat um en hún er á móti málinu. Mér finnst sorglegt að svo skuli vera og að því leytinu til er það kannski ekki rétt sem kom fram í máli hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar að tilkynningin sem send var út á sínum tíma um mikla samstöðu stjórnarandstöðunnar birtist reyndar ekki alveg í þessu máli eins og ég gat um áðan af því að forsendurnar eru mismunandi. Þó er það þannig að stjórnarandstaðan er á móti og Samfylkingin virðist ætla að fara í sama gírinn og Vinstri grænir, þ.e. að vera á móti öllum málum.

Það var komið inn á eitt og annað sem ég ætla að reyna að fara yfir og svara eftir föngum. Til dæmis bréf sem sent var frá menntamálaráðuneytinu og hv. þm. Dagný Jónsdóttir kom inn á. Það er það hálmstrá sem ég talaði um að hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni væru að reyna að fela sig á bak við en stráið er afar mjúkt og þunnt. Það er að ef aðrir háskólar, þ.e. helst ríkisháskólar, færu fram á það við ráðuneytið að fara af stað með tækninám, þá fyrst væru þeir tilbúnir til að ljá máls á því máli sem er hér til umræðu. (Gripið fram í.) Hvers konar vitleysa er þetta? Nú eru hv. þingmenn búnir að fá tækifæri til þess að koma í ræðustól og þá skulu þeir bara sitja núna og hlusta eins og fleiri hafa gert.

Síðan kemur að því sem er svo sérstakt að menn átta sig ekki á hvernig þetta gengur fyrir sig. Ég hélt þó að menn væru tiltölulega vel upplýstir í háskólaumræðunni og mér hefur oft og tíðum fundist það þó að ég sé ekki alltaf sammála þeim málflutningi sem viðhafður er, en menn eru samt nokkuð upplýstir. Ég get því haldið áfram að reyna að upplýsa menn í þá veru að það stendur í rauninni ekkert í vegi fyrir því að háskólarnir komi fram með sitt námsframboð eins og þeir hafa gert en við vitum hvað það er sem gildir og það eru auðvitað fjárlögin og sá rammi sem háskólum er búinn hverju sinni. Við höfum hingað til ekki staðið í vegi fyrir því þegar hinir ýmsu háskólar, ríkisháskólar sem aðrir, hafa lagt af stað með nýtt námsframboð svo lengi sem það rúmast innan þess ramma sem háskólarnir hafa hverju sinni. Svo einfalt er það. Síðan er þetta tekið fram í kennslusamningum og öðrum samningum sem eru á milli ráðuneytis og háskóla og menn vinna eftir þeim reglum sem eru öllum skýrar og ljósar.

Hv. þingmenn hafa m.a. rætt um nemendur í háskólaráði. Það er ljóst að búið er að fara gaumgæfilega yfir það af hv. formanni menntamálanefndar og hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni hvernig þeim málum öllum er hagað varðandi þetta rekstrarfyrirkomulag. Það sem mér finnst þó

einkenna málflutning stjórnarandstöðunnar í garð þessa rekstrarfyrirkomulags er auðvitað fyrst og fremst sú lítilsvirðing og það litla traust sem stjórnarandstaðan ber til þeirra einstaklinga sem er í forsvari fyrir hinn nýja skóla, mikið skólafólk en hefur ekki stimpil upp á að starfa hjá ríkisstofnun. Það er eins og það fólk fái ekki að njóta sannmælis af því það starfar ekki hjá ríkisstofnun.

Mér finnst miður að hlusta á þennan málflutning hjá stjórnarandstöðunni og hversu lítið traust hún ber til þeirra stjórnenda sem nú þegar hafa sýnt af sér mikla fyrirhyggju, mikla framsýni varðandi stefnumörkun í háskólamálum. Það sem kristallar þessa umræðu alla er alltaf þetta litla traust, af því að menn bera ekki traust til þeirra einstaklinga sem koma til með að standa með öflugum hætti að þessum nýja háskóla.

Síðan hafa menn líka rætt um að það hefði þurft lengri tíma og að vanda betur til verka. Ég stend föst á því að það hafi verið vandað vel til verka varðandi allan undirbúning að þessu máli. Menn voru afar vel upplýstir í alla staði og það er alveg ljóst að það var mikill einhugur á meðal forráðamanna beggja skólanna þegar ég fór fram á það við þá að þetta yrði skoðað, sérstaklega með það í huga að báðir skólarnir hefðu sýnt mikinn metnað í þá veru að fjölga hjá sér stúdentum í tækninámi og verkfræði. Áherslur þeirra voru mjög svipaðar. Það var því hendi næst að skoða hvort það færi þá ekki saman að þessir skólar ynnu meira saman og hugsanlega sameinuðust, sem verður raunin.

Menn hafa talað um að núna fari þetta nám undir einkaskóla og þá verði jöfnum tækifærum til náms ógnað. Það er náttúrlega algjör firra og við höfum dæmi þess að svo hefur ekki orðið í þeim greinum þar sem tekin hafa verið upp skólagjöld. Í hvaða greinum er það? Eru menn að segja að það sé ekki jafnrétti til náms í listnámi hér á landi. Hver eru skólagjöldin í hinum frábæra Listaháskóla Íslands? Þau eru rúmlega 160 þús. kr. Er eitthvert ójafnrétti til náms hér í listnámi? Ég held nú ekki. Svo koma menn í þennan ágæta ræðustól og reyna að halda öðru fram.

Það er hins vegar ágætt að það sé komið í þingtíðindin sjálf að stjórnarandstaðan skuli vera á móti þessu máli. Það verða hugsanlega eftirmæli hennar þegar fram í sækir að hún hafi verið á móti framförum í háskólasamfélaginu, á móti þessum nýja háskóla sem kemur til með að leiða okkur enn frekar til öflugrar sóknar í alþjóðasamfélaginu, til þess að efla okkur á alla lund. Við sjáum það og það er engin tilviljun að menn eru að tala hér um stefnu. Það er engin tilviljun þegar við erum að fá jákvæðar niðurstöður, til að mynda úr skýrslum OECD þar sem við erum að ... (**MÁ:** Áfram FH.) Áfram FH. Það er gott að menn sjá ljós hér í *ákveðnum málum.*

Síðan er rétt að undirstrika það að við erum í fremstu röð á mörgum sviðum, t.d. þegar kemur að vísindum, rannsóknum og nýsköpun. Slíkt hefði ekki náðst nema fyrir þær sakir að við höfum verið að styrkja vísindasamfélagið og styrkja háskólasamfélagið, styrkja allt skólasamfélagið sem eina heild. Það er líka gott að sjá að við Íslendingar erum að efla fjármagn í hvað hröðustum mæli af þeim þjóðum sem við miðum okkur almennt við, til háskólastigsins og í rauninni til alls menntakerfisins í heild þar sem við erum í forustu. Auðvitað eru þetta jákvæðir þættir sem er ekkert hægt að líta fram hjá. Menn verða einfaldlega að skoða málin út frá heildinni en ekki reyna að pikka út einhverja einstaka þætti.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir minntist m.a. á að við hefðum í rauninni með þessu verið að reyna, eins og hv. þingmaður orðar það, með leyfi forseta „að svelta ríkisstofnun inn í einkavæðingu". Það er ekki svo. Þetta er náttúrlega í fyrsta lagi afar ósmekklegt og enn og aftur er þetta það sem ég kom inn á áðan, þetta vantraust sem verið er að sýna skólastjórnendum þeirra skóla sem um ræðir því að sjálfsögðu var haft samráð við skólastjórnendur. Þetta var ekki valdboð eins og menn eru að tala um. Það var farið í viðræður og menn voru á einu máli um að það ætti að sameina þessa skóla, menn sæju mikinn hag í því að báðir skólarnir í einum skóla yrðu mjög öflugir. Ég kem að því síðar, t.d. varðandi tækninámið sem menn eru eitthvað að efast um að verði öflugra í þessum skóla og mér finnst það miður að menn séu að efast um þann þátt því hvað það varðar þá veit ég og hef upplýsingar um það að á sínum tíma var kennsla í tæknifræði í Tækniháskólanum. Hún hefur verið, eins og hv. þingmenn vita, í byggingatæknifræði, iðnaðartæknifræði, rafmagnstæknifræði, tölvu- og upplýsingatæknifræði og véltæknifræði. Til þess að efla námið í tæknifræði innan hins nýja skóla hefur sú leið verið farin í að skilgreina tæknifræðina á þremur námsbrautum, þ.e. í byggingatæknifræði, rafmagnstæknifræði og véltæknifræði. Samtímis er valfrelsi í rafmagnstæknifræði aukið þannig að nemendur velja eina af þremur línum, sterkstraumslínu, veikstraumslínu og tölvulínu. Tölvulínan má í rauninni segja að sé síðan efnislega jafngild tölvu- og upplýsingatæknifræði. Ég sé það á öllum fyrirætlunum forsvarsmanna hins nýja skóla að það er mikill metnaður uppi um að efla tækninámið enn frekar. Við höfum staðfestingu á því.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og fleiri í stjórnarandstöðunni hafa komið inn á það að ekki væri gott að ríkið væri að fara í samkeppni gegn sjálfu sér en í rauninni er verið að segja að það eigi ekki að setja fjármagn til þeirra skóla sem við köllum einkaháskóla. Þar erum við komin að kjarna þess sem má í rauninni kalla stefnu í háskólamálum eða hluta af stefnu í háskólamálum. Því ef sú stefna hefði ríkt sem stjórnarandstaðan hefði viljað fara og sú leið farin sem hún hefði viljað feta væri ekki valfrelsi í háskólamálum, þá væri ekki sú fjölbreytni í háskólasamfélaginu sem við búum við hér í dag. Þetta eru staðreyndir sem allir vita.

Síðan spyr hv. þm. Mörður Árnason hvernig háskólaumhverfið komi til með að líta út eftir tíu ár. Það er a.m.k. ljóst að eftir tíu ár, ef Samfylkingin hefði ráðið, værum við enn að tala um aðeins einn háskóla sem val fyrir framhaldsskólanema sem eru að útskrifast úr framhaldsskólunum. Það er alveg á hreinu og þetta vita allir.

Síðan er kannski ekki von á öðru þegar hv. þingmenn eru að ræða um þessi atriði, sérstaklega þegar horft er upp á þá alvarlegu hluti sem eru að gerast í skólamálum í Reykjavík varðandi einkaskólana, sem eru náttúrlega hluti af ákveðinni menningararfleifð út af fyrir sig. Þar er eins og við vitum einmitt verið að fara þá leið sem hv. stjórnarandstaða vill fara, þ.e. það á helst að slátra þessum skólum af því það á ekki að veita þeim sama framlag. Það á ekki að leyfa þeim að blómstra á sinn hátt og reyna að draga fram

kosti þess að hafa fjölbreytni í skólasamfélaginu. Það á ekki að gera, um að gera bara að slátra þessu liði. Þannig er málið og þannig er stefnan. Það er miður að þurfa að fylgjast með þessu og upplifa það á 21. öldinni.

Varðandi áhyggjur ýmissa þingmanna af eignarhaldinu, ef breytingar yrðu á eignarhaldi eða samþykktum hlutafélagsins, þá má líka undirstrika það að auðvitað hefur menntamálaráðuneytið ákveðin tæki í sínum höndum til þess að fylgjast með því. Því ber í rauninni skylda til þess að fylgjast með, ekki bara þessum skólum, heldur öllum skólum, m.a. að halda uppi eftirliti með gæðum í háskólum, framhaldsskólum, grunnskólum og öllum skólastigum. Tækið sem menntamálaráðuneytið hefur í þessu tilviki eru m.a. kennslusamningarnir sem farið verður í eftir að hv. Alþingi hefur, vonandi, samþykkt þetta frumvarp.

Að sjálfsögðu mun ráðuneytið leggja sínar áherslur inn í þá kennslusamninga, líkt og það hefur gert við aðra háskóla. Þannig að menn hafi það líka í huga þegar þeir ræða það en oft og tíðum hef ég á tilfinningunni að menn haldi að menntamálaráðuneytið muni síðan ekki hafa aðkomu að þessu máli. Að sjálfsögðu mun ráðuneytið leggja sínar áherslur. Auðvitað er leiðarljósið það að efla fjölbreytni í námi og efla samkeppni en fyrst og síðast að efla gæði í námi, gæði í tækninámi, gæði í verkfræði, að auka framboð á þessum sviðum, að auka framboð til að mynda í kennslufræði sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom inn á og minntist á.

Eitt af þeim skilyrðum sem ráðuneytið setur er að þeir kennarar sem koma til með að útskrifast frá hinum nýja háskóla verði raungreinamenntaðir annars vegar og menntaðir í lýðheilsu hins vegar. Þá fengjum við háskólann, sem ef afar jákvætt, stofnun sem mun verða til húsa í Reykjanesbæ, sem að mér skilst mun heita Sportakademían sem hefur mikinn metnað til þess að sinna ákveðnum fræðslumálum.

Það jákvæða við þennan gerning er auðvitað það að stór og öflugur háskóli er að færa starfssvið sitt út fyrir höfuðborgarsvæðið. Það er jákvætt í þessu öllu saman. Menn eiga að fagna því að háskólar á þessu svæði séu tilbúnir til að leita samstarfs á öðrum svæðum á landinu. Það er m.a. einn jákvæður angi af þessu stóra og merka máli sem menn hafa fagnað mjög, til að mynda í atvinnulífinu. Ég vil vitna í orð sem dr. Hörður Arnarson í Marel ritaði í Morgunblaðið fyrir tæpum þremur mánuðum, með leyfi forseta:

„Fram hefur komið að sameinaður háskóli Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík mun leggja mikla áherslu á tæknifræði og verkfræði. Fyrir Marel og önnur hérlend tæknifyrirtæki er þetta mikið fagnaðarefni."

Þessi orð þykja mér lýsa mjög vel því viðhorfi sem flestir sem hafa fylgst með þessum málum hafa til þessa mikilvæga máls. Því miður hefur stjórnarandstaðan ekki séð ljósið í því. Skilaboð hennar til hins nýja háskóla eru einfaldlega þessi: Við erum á móti ykkur, við viljum ekki veita ykkur brautargengi. Við viljum gera allt til að standa í vegi fyrir því að þessi merkilegi háskóli komist á laggirnar. Við viljum standa í vegi fyrir því að hér aukist samkeppni, valfrelsið o.s.frv. Það eru í rauninni þau dapurlegu orð sem eftir standa eftir þennan annars ágæta dag hér á Alþingi, að stjórnarandstaðan er á móti málinu. Við í stjórnarmeirihlutanum höldum hins vegar ótrauð áfram með þetta ágæta mál til þess auðvitað að efla allt háskólastigið. Við verðum að horfa á þetta sem eina heild. Hér er kominn einn öflugur háskóli til viðbótar.

Auðvitað er Háskóli Íslands hin mikla kjölfesta í háskólasamfélagi okkar. Það hef ég margoft sagt hér á þingi og við verðum að halda áfram að efla og hlúa að Háskóla Íslands og öðrum ríkisháskólum. Það hefur líka margoft komið fram í máli rektora ríkisháskólanna að þeir telji sig þurfa meira svigrúm til athafna. Þeir vilja fá nýtt lagaumhverfi og að því erum við að vinna með það að markmiði að ríkisháskólarnir geti fetað sig áfram í samkeppninni sem hefur verið komið á, ekki reyndar með aðstoð stjórnarandstöðunnar vel að merkja. Engu að síður er samkeppni komið á í háskólamálum og þar þurfa auðvitað ríkisháskólarnir að hafa tækifæri til að standa sig. Þeir hafa reyndar gert það með ágætum. Háskóli Íslands hefur ekki fjölgað nemendum jafnmikið og á undanförnum fjórum árum þar sem fjölgun í Háskóla Íslands hefur verið rúm 40% nemenda. Gróskan er mikil hvar sem borið er niður. Það er ekki þar með sagt að við eigum að staldra við og segja: Nú er nóg komið. Við þurfum að hafa metnað til að halda áfram. Það höfum við og til þess vonast ég til að fá stuðning hv. Alþingis.

[19:19]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég segi eins og bóndinn í þjóðsögunni: Sjaldan bregður mær vana sínum. Ég hafði einhvern veginn heyrt þessa ræðu nokkrum sinnum áður.

Það sem ég gerði hins vegar tvisvar í minni ræðu var það að ég spurði þriggja ákveðinna spurninga. Ég geri mér grein fyrir að einni þeirra var nokkuð erfitt að svara, þeirri um framtíðarsýn. Þó hefði kannski verið hægt að reifa hana á nokkrum mínútum vegna þess að ég spurði um ákveðna þætti í henni en fékk eiginlega bara skæting um Samfylkinguna og Reykjavíkurlistann sem yfirleitt kemur upp í huga ráðherrans hæstv. þegar hún lendir í einhverjum vanda. Þá eru viss lausnarorð, ákveðnir lyklar sem hún grípur til, einkum tveir, annars vegar Samfylkingin og hins vegar Reykjavíkurlistinn. Ekki reyndar Vinstri hreyfingin – grænt framboð, það er meira hv. þm. Gunnar Birgisson sem hefur þann lykil í höfðinu, af einhverjum ástæðum.

Í öðru lagi spurði ég um háskólaráð og aðkomu nemenda og starfsmanna, rannsakenda og kennara að því og þá vísaði hæstv. ráðherra í Gunnar I. Birgisson og Sigurð Kára Kristjánsson, hv. þingmenn, en það voru einmitt þeirra textar og meiri hluta menntamálanefndar sem ég var að spyrja um, spyrja hvað þýddu. Ég fékk ekki svar við því.

Í þriðja lagi spurði ég um „f.h.r.-yfirlýsinguna" og ég hef ekki fengið svar við því hvað hún þýðir, hvað þessi orð þýða sem ég rakti, og hv. þm. Dagný Jónsdóttir hefur túlkað með sínum hætti. Það sem kom þó út úr ráðherranum var það að háskólarnir mega taka upp tæknigreinar eins og aðrar greinar en þá innan fjárlagarammans sem þeir eru með núna. Þeir verða þá að hliðra til innan síns eigin fjárlagaramma til að taka upp tæknigreinarnar. Það er tilboðið. Það er athyglisvert fyrir hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur að hlusta á það. Ef það á að kenna tæknigreinar uppi í Háskóla Íslands núna verður Háskóli Íslands að fleygja einhverju öðru út eða segja einhverjum öðrum upp eða fara að taka meiri

skólagjöld af nemendum sínum því að ekki ætlar hæstv. menntamálaráðherra að hjálpa til við það.

Ég vil ítreka spurningar mínar um framtíðarsýnina og þó einkum um háskólaráðið því að *ég lít svo á að í raun* og veru hafi hæstv. ráðherra þó svarað spurningunni um merkingu f.h.r.-yfirlýsingarinnar þannig að hún þýddi ekki neitt. Hún þýddi það að vonandi ykist (Forseti hringir.) tæknigreinaframboðið í hinum nýja skóla en þýddi ekkert um aðra skóla. (Forseti hringir.) Ég vona að hv. þm. Dagný Jónsdóttir taki eftir þessu.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn að gæta að ræðutíma í andsvörum og svörum.)

[19:21]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Einhver sagði líka að sannleikanum yrði hver sárreiðastur. Það er greinilegt að hv. þm. Mörður Árnason er mjög sár og svekktur yfir því að maður taki upp einföld atriði sem menn hafa verið að *impra hér á. Ég skil* hv. þingmann, það er erfitt að sitja undir því að vera á móti jafnmerkilegu og -góðu máli. Ég skil afar vel að menn verði hvekktir og erfiðir þegar þeir átta sig á því hver mistökin eru þegar kemur að því að ýta á hnappana í þessum þingsal.

Ég tel mig hafa svarað öllum þessum spurningum hv. þingmanns en það er alveg sjálfsagt mál að fara yfir þetta aftur.

Á milli ráðuneytisins og háskólanna, til að mynda Háskóla Íslands, eru ákveðnir samningar, kennslusamningur annars vegar og rannsóknarsamningur hins vegar. Það er samningur sem menn fara eftir, það er ákveðið reiknilíkan sem byggt er á sem var byggt upp á sínum tíma í góðri samvinnu við Háskóla Íslands, fjármálaráðuneytið og síðan menntamálaráðuneytið. Að þessu hefur verið unnið í mikilli sátt. Innan þessara samninga og síðan þess ramma útdeilir háskólinn fjármunum sínum, eftir sínu ákveðna dreifilíkani. Háskóli Íslands dreifir sjálfur fjármunum sínum og ákveður hvert þeir fara, í hvaða greinar, hvaða grunnnám, hvaða mastersnám o.s.frv.

Auðvitað þarf Háskóli Íslands eins og aðrir háskólar að forgangsraða í hvaða hluti hann vill setja fjármagnið. Ef Háskóli Íslands vill koma af stað tæknideild getur hann gert það svo lengi sem hann gerir það innan rammans. Ef hann vill forgangsraða þannig mun ég að sjálfsögðu ekki standa gegn því svo lengi sem hann heldur sig við samninga og er innan ramma.

Varðandi nemendurna í háskólaráði er alveg ljóst að hér er um annað fyrirkomulag að ræða. Það sem einkenndi mjög ræður hv. þingmanna var þetta dæmalausa vantraust sem hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni bera til skólastjórnenda hins nýja háskóla.

[19:23]

Mörður Árnason *(andsvar)***:**

Forseti. Hæstv. menntamálaráðherra svarar ekki heldur núna. Þá er best að spyrja hana bara beint: Hvað þýða orðin í yfirlýsingu menntamálaráðuneytisins, sem kölluð hefur verið, f.h.r.-yfirlýsingunni frá Guðmundi Árnasyni og Sólrúnu Jensdóttur, þessi hér, með leyfi forseta?

„Er að því stefnt að framboð í tæknigreinum verði eflt *og aukið á komandi árum.*"

Dagný Jónsdóttir hv. þm. hefur talið að þetta þýddi að á næstu önnum yrði þessu námi komið upp í ríkisháskólum, í Háskóla Íslands eða annars staðar, og um það eru þingtíðindin til vitnis. Ef hæstv. menntamálaráðherra svarar ekki þessari spurningu á þann veg að ráðuneytið styðji Dagnýju er stuðningur Dagnýjar greinilega fallinn við málið því að þetta var skilyrði fyrir stuðningi Dagnýjar Jónsdóttur hv. þm. og Framsóknarflokksins alls. (Gripið fram í.)

Svo vil ég segja það, bara í góðum friði, við hæstv. menntamálaráðherra að ef hún telur að hún sé að lítilsvirða okkur með framkomu sinni hér í ræðustól með því að svara ekki spurningum okkar er það misskilningur. Hún er ekki einu sinni að lítilsvirða flokka okkar. Hún lítilsvirðir Alþingi og kjósendur.

[19:24]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Nú ætla ég að reyna í þriðja sinn að setja mál mitt þannig fram að hv. þm. Mörður Árnason skilji og tel ég það ekki vanvirðingu við hv. Alþingi.

Við erum að fjalla um mál sem kemur til með að efla tækni- og verkfræðinám hér til framtíðar, við erum akkúrat að fjalla um slíkt mál. Það er stefna ráðuneytisins að efla tæknimenntun og fjölga tæknimenntuðu fólki. Ef við lítum til sögunnar, og það er eitthvað sem hv. þm. Mörður Árnason kann og skilur, þ.e. að horfa til sögunnar, spyr ég: Hvað gerist þegar við fjölgum háskólum, fjölgum tækifærum fólks til menntunar? Hvað gerðist þegar fleiri lagadeildir komu til skjalanna innan samfélagsins? Auðvitað efldist allt laganámið, valfrelsið jókst og tækifærin jukust. (Gripið fram í.) Horfa til sögunnar og þá skilja menn þetta. Það er verið að koma á og efla samkeppni í háskólamálum og það er það sem menn hljóta að ná að skilja eftir þessa umræðu í dag.

[19:26]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. menntamálaráðherra að í ræðum stjórnarandstöðunnar kæmi fram ákveðin vantrú og jafnvel óvild í garð eigenda. Það eru ekki mín orð hér í kvöld og í dag. Ég tók það einmitt fram í ræðu minni að ég hefði fulla trú á eigendunum og að ég standi í þeirri trú að þeir muni nota áhrif sín til góðra verka. *Ég vil að það fari ekki á milli mála.*

Ég sagði jafnframt að rétt væri að taka það fram í ráðningarsamningum eða í einhverri álíka samþykkt skólans að kennarar nytu akademísks frelsis vegna þess að ef svo væri ekki væri hægt að draga verk þeirra í efa og gagnrýna þá fyrir að þeir gengju erinda eigenda skólans. Mér finnst óþarfi að bjóða þeim efa heim. Ég tók fram að ég óskaði skólanum velfarnaðar. Mér finnst svolítið sérstakt, sérstaklega hvað varðar hv. formann menntamálanefndar, að hann sé ekki glaðari hér í dag. Nú er að nást í gegn frumvarp sem hann hefur barist fyrir og menn eru hér (Gripið fram í.) í

hálfgerðri fýlu. (Gripið fram í.) Menn ættu að vera hér miklu glaðari í bragði.

Ég óska þessum skóla velfarnaðar og vil nota tækifærið til þess hér úr þessum ræðustól.

[19:28]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. Sigurjón Þórðarson maður að meiri og ég biðst velvirðingar á því að hafa talið hann inn í þennan hóp annarra stjórnarandstöðuþingmanna. Það er hárrétt sem kom fram hjá honum að hann óskaði þessum nýja háskóla velfarnaðar í störfum sínum.

Það er í rauninni alveg rétt, maður á ekki að vera að láta einhverja fýlu sem oft og tíðum svífur hér yfir vötnum eyðileggja þessi miklu gleðitíðindi sem bráðum leiða til þess að hér verður öflugur háskóli sem mun efla tækni- og verkfræðinám og kennaramenntun í landinu. Þetta er því alveg ágætisábending hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni.

Varðandi hins vegar akademískt frelsi er alveg ljóst að fram til þessa hefur enginn efast um að það hafi ríkt innan Háskólans í Reykjavík. Ég hef enga trú á að þar á verði nokkur breyting. Og enn og aftur erum við komin að því trausti sem við verðum að bera til skólastjórnenda hins nýja háskóla. Síðan verðum við líka að hafa í huga að þessi háskóli býr við það að hann verður fá nemendur til sín. Það er það sem samkeppnin hefur leitt af sér, allir háskólarnir eiga að berjast um nemendur. Þá eru miklir hagsmunir fyrir þá að þeir geti sýnt fram á að þeir hlúi að hinu akademíska frelsi og sinni kennslu sinni af miklum gæðum og miklum metnaði.

[19:29]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi satt að segja að ég hefði miklu lengri tíma til að halda ræðu eftir svör hæstv. ráðherra sem voru afar rýr í roðinu. Hún segir stjórnarandstöðuna á móti málinu. Ég ætla hins vegar að leyfa mér að þakka hæstv. ráðherra fyrir að segja ekki að stjórnarandstaðan sé þar með á móti framförum í menntamálum, eins og hv. þm. Gunnar I. Birgisson, formaður menntamálanefndar, leyfði sér að halda fram.

Ég verð að segja að mér finnst það lágkúrulegt af hæstv. ráðherra að halda því fram æ ofan í æ að stjórnarandstaðan sýni því fólki sem ætlar sér að reka þennan skóla ekki traust. Það er lágkúrulegt vegna þess að við höfum staðið við bakið á yfirlýsingum menntamálanefndar sem gerðu ráð fyrir því, þegar Tækniháskóli Íslands var stofnaður, að þar yrði virkt samráð og samstarf við atvinnulífið, við nákvæmlega þá aðila sem ætla að taka að sér rekstur þessa skóla núna.

Það sem við skiljum hins vegar ekki, a.m.k. ekki við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, er hvers vegna í ósköpunum til eru fjármunir úr ríkissjóði til að setja í tækninám á háskólastigi þegar það er einkarekið en það voru ekki til fjármunir til þess meðan það hét Tækniháskóli Íslands, sem átti þó að starfa í fullu samráði og samstarfi við þá öflugu aðila sem munu núna verða eignaraðilar. Í þessu er stór allsherjarmótsögn sem hæstv. ráðherra gerir ekki tilraun að svara heldur fer hér í lágkúrulegar málalengingar um hverju stjórnarandstaðan sé á móti og sakar okkur um að lítilsvirða það fólk sem kemur að skólanum.

Mér er misboðið að hæstv. menntamálaráðherra skuli ekki geta svarað á málefnalegri hátt þeim ræðum sem við höfum haldið í þá tvo daga sem 2. umr. hefur staðið um þetta mál, mjög málefnalegum ræðum. Við höfum komið með málefnalegar spurningar, stutt þær málefnalegum rökum, og við eigum annað og betra skilið en þetta frá hæstv. menntamálaráðherra.

[19:31]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi Tækniháskóla Íslands þá mótmæli ég því að sá ágæti skóli hafi eitthvað verið vanræktur. Bara það eitt að breyta Tækniskólanum yfir í Tækniháskóla Íslands sýndi mikinn metnað stjórnvalda. Við vildum efla tækninám hér á landi og koma skólanum á háskólastig. Við það var staðið og við þá samninga sem voru undirritaðir við skólann hefur ávallt verið staðið. Menn þurfa þá að sýna fram á annað ef svo hefur ekki verið. Það hefur verið reynt að koma til móts við þær þarfir sem menn hafa talið þörf á að uppfylla, (Gripið fram í.) t.d. þá sýn sem ágætir og góðir stjórnendur Tækniháskóla Íslands settu fram, m.a. með því að fjölga í tækninámi og fjölga í verkfræði. Við fórum einmitt þá leið sem nú er farin, að sameina kraftana til að gera okkur enn þá öflugri og sterkari í því frábæra háskólasamfélagi sem við búum við á Íslandi í dag.

Það er ekki hægt að segja málflutning minn lágkúrulegan eftir að ég hef hlustað á ræðu eftir ræðu þar sem hv. stjórnarandstöðuþingmenn hafa efast um að akademískt frelsi komi til með að virka innan hins nýja háskóla. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að um ákveðið vantraust sé að ræða í garð þeirra stjórnvalda sem eru nú við háskólann. Þá verða menn að segja eitthvað annað. Af hverju á hið akademíska frelsi að vera eitthvað verra í höndum þeirra stjórnenda sem þar eru en við aðra háskóla? Menn segja að ekki verði haft neitt samráð við nemendur. Það hefur verið haft mikið samráð við nemendur í Háskólanum í Reykjavík í gegnum árin. Það verður engin breyting á því.

Enn og aftur grípa menn til þess að segja: Það átti ekki að fara þessa leið. Það er ljóst að það átti bara ekki að fara þessa leið samkvæmt ráðum stjórnarandstöðunnar heldur gera eitthvað allt annað, sameina háskólana, ekki þessa tvo háskóla heldur bara einhverja allt aðra. Þá komum við enn og aftur að því að hin stóra meginlína sem stjórnarandstaðan dregur í þessu máli er að vera á móti málinu. Hún er á móti þessum nýja háskóla.

[19:33]

Frsm. 2. minni hluta menntmn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mótmæli orðum hæstv. ráðherra. Ég er ekki á móti hinum nýja háskóla. Ég er hins vegar á móti þeim vinnubrögðum sem þessi stjórnvöld hafa viðhaft við að koma á hinum sameiginlega háskóla. Ég er á móti því

hvernig Tækniháskóla Íslands var aldrei gert kleift að ná flugi. Ástæðan var sú sem hæstv. ráðherra greindi sjálf frá í ræðu sinni: Það eru fjárlögin sem gilda í menntastefnunni. Ráðherrann sagði það í ræðu sinni áðan, það eru fjárlögin sem gilda.

Hvað hefur gerst? Ríkisháskólunum er haldið í fjársvelti, þeir jafnvel engjast í fjársvelti. En um leið og þeir segja já við einkavæðingartilboði ráðherrans þá er til meira af peningum. Svo er talað um að einhver andi sé leystur úr læðingi þegar einkaaðilar koma að málum og allt verði miklu ódýrara þegar einkaaðilar reka hlutina en þegar ríkið stendur að rekstrinum.

Þetta eru ekki málefnaleg eða frambærileg rök, virðulegi forseti. Það verður að bjóða upp á dýpri og málefnalegri umræðu um menntamál en hér er gert.

[19:35]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort ég á að elta lengur ólar við þann málflutning sem hér er uppi.

Ég hef, m.a. til að rökstyðja mál mitt, spurt: Hvernig væri ef stjórnarandstaðan væri við stjórnvölinn og stjórnaði menntamálum þessa lands? Þá mundi hið nákvæmlega sama gerast og gerst hefur í Reykjavíkurborg, þar sem stjórnarandstaðan hefur verið með töglin og hagldirnar varðandi skólamál. Hvað er að gerast þar? Einkaskólar fá ekki tækifæri. Það er nákvæmlega hið sama sem mundi gerast í háskólamálunum. Einkaskólarnir mundu aldrei fá tækifæri til að eflast og dafna eins og þeir hafa fengið tækifæri til á síðustu árum. Þannig er þetta. Svona eru hlutirnir, þetta eru staðreyndir sem tala sínu máli. Ég veit að það getur verið erfitt að hlusta á þetta en svona er þetta einfaldlega, hæstv. forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2. og 10.–15. mál.

Fundi slitið kl. 19:37.

81. FUNDUR

miðvikudaginn 2. mars,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Meðferð Bandaríkjamanna á föngum í Guantanamo, fsp. JÁ, 411. mál, þskj. 535.

Til menntamálaráðherra:

2. Kennslutap í kennaraverkfalli, fsp. BjörgvS, 473. mál, þskj. 725.

3. Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins, fsp. SKK, 536. mál, þskj. 810.

4. Samræmd próf í grunnskólum, fsp. KJúl, 566. mál, þskj. 854.

Til umhverfisráðherra:

5. Skoðunarferðir í Surtsey, fsp. HjÁ, 525. mál, þskj. 799.

6. Landnám lífvera í Surtsey, fsp. HjÁ, 526. mál, þskj. 800.

Til samgönguráðherra:

7. Rekstrarkostnaður Reykjavíkurflugvallar, fsp. JGunn, 543. mál, þskj. 822.

8. Vegrið á Reykjanesbraut, fsp. MÁ, 565. mál, þskj. 853.

Til dómsmálaráðherra:

9. Fíkniefni í fangelsum, fsp. MF, 562. mál, þskj. 849.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[12:00]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Klukkan 15.30 fer fram umræða utan dagskrár um stuðning Íslands við þjálfun írakskra öryggissveita. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson verður til andsvara.

Forseti vill tilkynna að atkvæðagreiðslur verða um klukkan 4.

[12:01]

Útbýting:

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 591. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 884.

Fjármál hins opinbera, 528. mál, svar fjmrh., þskj. 871.

Kjör eldri borgara og öryrkja, 469. mál, svar heilbrrh., þskj. 877.

Lega þjóðvegar nr. 1, 588. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 880.

Neytendastofa og talsmaður neytenda, 592. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 885.

Samkeppnislög, 590. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 883.

Þróunarsamvinna Íslands við önnur ríki, 589. mál, þáltill. ÞSveinb o.fl., þskj. 881.

Meðferð Bandaríkjamanna á föngum í Guantanamo.

Fsp. JÁ, 411. mál. — Þskj. 535.

[12:01]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin tóku stjórnvöld þar ákvörðun sem færði klukkuna í alþjóðamannréttindum aftur fyrir lok síðari heimsstyrjaldar. Hópur í Hvíta húsinu réðist í það verkefni með mikilli leynd að smíða nýjar réttarreglur til að geta tekið á hryðjuverkamönnum. Í því skyni sniðgengu embættismennirnir bandarískt réttarkerfi og gengu fram hjá stjórnarskrárvörðum réttindum.

Í framhaldi af þessu var hernum gefið leyfi til að skilgreina fanga sem ólöglega stríðsmenn sem þyddi, samkvæmt yfirlýsingum stjórnvalda í Washington, að þeir nytu ekki réttinda sem Genfarsáttmálinn frá 1949 tryggir stríðsföngum. Herinn fékk heimild til að hafa slíka fanga í haldi án tímamarka og sækja þá til saka fyrir dómstólum sem ekki höfðu verið notaðir síðan í síðari heimsstyrjöldinni. Samkvæmt heimildum New York Times var áætluninni haldið leyndri fyrir Colin Powell utanríkisráðherra og Condoleezzu Rice þjóðaröryggisráðgjafa, sem segir sitt um aðdraganda málsins.

Um áramótin 2001–2002 var búið að flytja 50 menn sem voru taldir liðsmenn al Kaída eða talibanasamtakanna frá Afganistan til herstöðvarinnar á Kúbu. Þá sagði Donald Rumsfeld varnarmálaráðherra að Bandaríkjamenn hefðu að mestu leyti hug á því að koma fram við þá þannig að það væri tiltölulega samrýmanlegt ákvæðum Genfarsáttmálans. Þó var orðið ljóst að varnarmálaráðuneytið ætlaði að leika allt í senn, hlutverk dómara, kviðdóms og böðuls en í byrjun febrúar sama ár kemur fram að Bandaríkjaforseti hafi ákveðið — já, bara sisvona — að ákvæði Genfarsáttmálans skuli gilda um talibana, en um þetta leyti voru fangarnir á Kúbu orðnir 186.

Þann 28. júní 2004 úrskurðaði hæstiréttur Bandaríkjanna að fangar í Bandaríkjunum sem grunaðir væru um hryðjuverk, jafnt erlendir sem bandarískir, hefðu rétt til að skjóta máli sínu til bandarísks dómstóls og jafnframt að bandarísk lögsaga nái til allra svæða þar sem bandarískum lögum er beitt. En þá voru fangarnir í Guantanamo 600 og ekki farið að rétta í máli eins einasta þeirra.

Hæstv. forseti. Þann 6. apríl 2004 spurði ég þáverandi hæstv. utanríkisráðherra við umræður um utanríkismál á Alþingi hvort þessu framferði hefði verið mótmælt, með hvaða hætti það hefði verið gert og hvort hæstv. ráðherra teldi ekki eðlilegt að slík mótmæli kæmu fram. Það komu engin svör við þeim spurningum þá.

Nú spyr ég núverandi hæstv. utanríkisráðherra eftirfarandi spurninga:

Hafa íslensk stjórnvöld rætt málefni fanganna í Guantanamo á Kúbu við bandarísk stjórnvöld og mótmælt því að þeir njóti ekki réttinda stríðsfanga samkvæmt Genfarsáttmálanum? Ef svo er, hvenær fóru þær viðræður fram og hver voru viðbrögð bandarískra stjórnvalda?

[12:05]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur spurt spurninga um það hvort íslensk stjórnvöld hafi rætt málefni fanganna í Guantanamo á Kúbu við bandarísk stjórnvöld og mótmælt því að þeir njóti ekki réttinda stríðsfanga samkvæmt Genfarsáttmálanum, og ef svo væri hvenær slíkar viðræður hafi farið fram og hver viðbrögðin hafi verið.

Svar mitt er þetta: Hryðjuverk eru ein mesta vá samtímans, hryðjuverkamenn vega að grundvallargildum lýðræðisríkjanna og mörg hryllilegustu mannréttindabrot undanfarinna ára hafa verið framin af hryðjuverkamönnum eins og menn þekkja. Það er mjög mikilvægt að samstaða lýðræðisríkja bresti ekki og baráttunni gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi linni ekki heldur haldi áfram með öllum löglegum aðferðum.

Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að baráttan gegn hryðjuverkum megi ekki vera á kostnað mannréttinda. Þau sjónarmið hafa komið skýrt fram í ræðum utanríkisráðherra og annarra talsmanna ríkisstjórnarinnar á Alþingi sem og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Varðandi fangana í Guantanamo leggja íslensk stjórnvöld áherslu á að Bandaríkjamenn, sem og allir aðrir, fari í einu og öllu eftir gildandi mannúðar- og mannréttindalögum svo sem alþjóðasamningum um bann við pyndingum og annarri ómannúðlegri meðferð og Genfarsamningnum, en í þeim felast grundvallarreglur alþjóðlegra mannúðarlaga á stríðstímum og reglur um meðferð stríðsfanga.

Afstaða Íslands hefur verið sú að skilvirkast sé að fylgja slíkum mannréttindamálum eftir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. En vinur er sá sem til vamms segir. Þess vegna hafa málefni fanganna í Guantanamo verið tekin upp bæði formlega og óformlega við bandarísk stjórnvöld og íslensk stjórnvöld hafa fylgst með þróun þeirra mála. Sendiráð Íslands í Washington hefur einnig fylgst með umfjöllun um stöðu fanganna og sótt upplýsingafundi bandarískra stjórnvalda um þau efni. Skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins ræddi málefni fanganna í Guantanamo á fundi með sérstökum erindreka Bandaríkjanna um málefni Sameinuðu þjóðanna 23. apríl 2004 þar sem áhyggjum Íslands var komið á framfæri, sérstaklega hvað varðar meðferð og réttarstöðu fanganna.

Þáverandi utanríkisráðherra átti sérstakan fund með sendiherra Bandaríkjanna 18. maí 2004 þar sem málefni fanganna í Abu Ghraib fangelsinu í Írak voru rætt og einnig staða fanganna í Guantanamo. Þar var sérstökum áhyggjum íslenskra stjórnvalda vegna stöðu fanganna í Guantanamo lýst um leið og bandarísk stjórnvöld voru hvött til að skilgreina stöðu þeirra sem allra fyrst. Sendiherra Bandaríkjanna lofaði að koma þeim sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda á framfæri við stjórnvöld í Washington.

Virðulegi forseti. Með þessum orðum tel ég mig hafa svarað þeirri fyrirspurn sem hv. þm. Jóhann Ársælsson bar fram.

[12:08]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Réttarríkið byggir á vissum grunnreglum:

1. Enginn er sekur þar til sekt hans sannast.

2. Engum má halda án dóms og laga í fangelsi nema mjög takmarkaðan tíma.

3. Birta skal fanga ákæru svo fljótt sem auðið er.

4. Fangi skal geta fengið sér verjanda.

5. Ekki má beita fanga pyndingum, hvorki andlegum né líkamlegum.

Ég vil varpa því fram í umræðuna hvort þessar grunnreglur réttarríkisins séu virtar í Guantanamo.

Síðan er ein spurning: Undir hvaða dómstól heyra fangarnir í Guantanamo og fullnægja þeir dómstólar kröfu réttarríkisins um að vera óháðir?

[12:08]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það er gott að heyra að íslensk stjórnvöld hafi hvatt bandarísk stjórnvöld til að skilgreina stöðu fanganna í Guantanamo sem allra fyrst, en flestir þeirra fanga hafa verið þar í næstum þrjú og hálft ár, skilgreindir sem óvinveittir stríðsmenn, algjörlega réttlausir og í bága við allar alþjóðasamþykktir hvort sem við tölum um Genfarsáttmálann eða önnur alþjóðalög.

Það sem er alvarlegast í málinu er að með aðgerðum sínum vegur Bandaríkjastjórn að grundvelli þess alþjóðakerfis sem hún kom á fót ásamt öðrum ríkjum eftir heimsstyrjöldina síðari með því að stofna Sameinuðu þjóðirnar, með Bretton Woods samkomulaginu og þar fram eftir götunum og að grundvelli alþjóðalaga sem leiðarhnoða í samskiptum ríkja. Við vitum öll að í Guantanamo eru aðstæður óboðlegar, ólöglegar og ómanneskjulegar. En það sem er kannski kaldranalegast við það er að aðferðirnar sem þar eru notaðar gagnast engan veginn í baráttunni gegn hryðjuverkum.

[12:10]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Viku af júní í fyrra lýsti utanríkisráðuneytið því yfir að íslensk stjórnvöld hefðu komið á framfæri við Bandaríkjamenn andmælum vegna mannréttindabrota í Guantanamo. Þann 11. júní var birt fréttatilkynning frá ráðuneytinu þar sem farið var yfir þau samskipti. Ég hef kynnt mér þau nokkuð vel en verð að segja að það segir sitt um ástandið að þetta gerist ekki fyrr en stéttarsamtökin í landinu, ASÍ og BSRB, ásamt ungliðahreyfingum Frjálslyndra, Vinstri grænna og ungra jafnaðarmanna ásamt nokkrum vefritum höfðu hrint af stað undirskriftasöfnun til að hvetja íslensk stjórnvöld til að gera einmitt þetta. Þetta voru því mótmæli í kyrrþey.

Slík mótmæli skipta nánast engu máli og eru lítið annað en friðþæging. Það sem máli skiptir er hvað sagt er opinberlega, helst á pólitískum vettvangi þar sem mannréttindabrjóturinn er veikur fyrir. (Forseti hringir.) Það hafa fulltrúar okkar í utanríkismálum, hvorki hæstv. núverandi utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, né hæstv. núverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, nokkurn tíma gert.

[12:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Meðferð fanganna í Guantanamo er mikið hneyksli á sviði mannréttindamála. Þar er á ferðinni enn ein

einhliða tilraun Bandaríkjamanna til að skilgreina nýjan rétt eða öllu heldur órétt, að skilgreina hóp einstaklinga þannig að hann njóti hvorki almennra borgaralegra mannréttinda né verndar sem stríðsfangar. Í raun sé um að ræða einhvers konar skynlausar, réttlausar skepnur sem njóta ekki einu sinni dýraverndarlaga. Færa má rök fyrir því að fangarnir í Guantanamo séu verr settir hvað þetta snertir en dýr í búri.

Bandaríkjamenn þurfa að fá um það skilaboð frá heimsbyggðinni að þeim muni ekki líðast, hvorki þessi tilraun né aðrar, eins og t.d. sú að undanskilja sjálfa sig lögsögu stríðsglæpadómstólsins í Róm, heldur verði til þess ætlast að þeir fari að alþjóðalögum eins og aðrir. Það væri fróðlegt að vita hvaða afstöðu íslensk stjórnvöld hafa haft uppi gagnvart því og þeim þrýstingi Bandaríkjamanna (Forseti hringir.) að fá ýmsar þjóðir til að fallast á að þeir séu undanþegnir lögsögu stríðsglæpadómstólsins, sem er auðvitað skylt mál.

[12:13]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Meðferð Bandaríkjamanna á föngum sínum, hvort heldur það er í Afganistan, Írak og hvað þá Guantanamo er einfaldlega ógeðsleg og gott að heyra hjá hæstv. utanríkisráðherra að það hefur verið komið á framfæri við sendinefnd Bandaríkjanna skilaboðum til ráðamanna í Washington. Við hljótum þó að spyrja hvort hæstv. utanríkisráðherra hafi notað tækifærið þegar hann hefur átt bein og milliliðalaus samskipti við ráðamenn í Washington til að koma á framfæri áhyggjum sínum, hvort hann telji ástæðu til að fordæma formlega þessa meðferð og fyrst hann telur rétt að beita sér á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í málinu hvort við megum vænta þess að hann muni ræða í ávarpi sínu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hina alvarlegu stöðu mannréttindamála í Guantanamo og sömuleiðis í öðrum fangelsum Bandaríkjamanna í Miðausturlöndum.

[12:14]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Það var gríðarlegt áfall fyrir alþjóðasamvinnu um mannréttindi þegar öflugasta herveldi hnattkúlunnar fyrr og síðar ákvað hvenær ætti að virða þær reglur sem voru settar í lok þess hildarleiks sem fram fór í síðari heimsstyrjöldinni. Grimmustu harðstjórar heimsins munu líta á þetta framferði sem fordæmi nú og í framtíðinni. Þess vegna er afar mikilvægt að hver einasta þjóð sem virðir mannréttindi í verki mótmæli skýrt og afdráttarlaust á alþjóðavettvangi.

Mér finnst alls ekki nóg að talað sé í hvíslingum við ráðamenn þegar tækifæri gefast. Það þarf auðvitað að koma skýrt fram á alþjóðavettvangi hvað þjóðir hafa um þetta að segja, vegna þess að þetta er að grafa undan mjög mikilvægum ákvörðunum sem hafa verið teknar sameiginlega af þjóðum heims og ekki annað verjandi en að umræða um þá hluti fari fram opinberlega með mjög skýrum hætti og kröftugum mótmælum. Mér finnst alls ekki að íslensk stjórnvöld hafi staðið sig hvað þetta varðar.

Ég tel fulla ástæðu til að spyrja um það hvort ekki eigi að bæta úr því með því að láta það koma skýrt og ákveðið fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, í viðræðum við bandarísk stjórnvöld og yfirlýsingum sem tengjast slíkum viðræðum svo það sé alveg ljóst að Íslendingar vilji vinna að því að þessi mannréttindi verði virt til framtíðar og að hið skelfilega frumhlaup Bandaríkjamanna verði ekki fordæmi fyrir harðstjóra heimsins í að koma fram með sama hætti þegar þeim þykir henta að taka grimmúðlega á andstæðingum sínum.

[12:16]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegur forseti. Það kom skýrt fram í svari mínu að afstaða okkar liggur algerlega klár og skýr fyrir gagnvart Bandaríkjunum. Það hefur því ekki verið ástæða til þess að ég tæki málið sérstaklega upp á þeim fundum sem ég hef átt með Bandaríkjaforseta eða þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Ég átti reyndar símtal við núverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna fyrir tveimur dögum en um aðra hluti. Þó að við höfum þessa ákveðnu skoðun á málinu tel ég ekki að það sé sérstaklega á okkar könnu umfram aðra að sá tiltölulega litli tími sem við höfum til að ræða sameiginlegu verkefnin okkar sé tekinn upp í umræðu um það efni, því að afstaða okkar liggur fyrir og hefur verið komið á framfæri. (**Gripið fram í:** ... dregið úr og í.) Finnst hv. þingmanni það? Það finnst mér ekki. Afstaðan liggur algerlega fyrir.

Ég vil líka benda á, eins og hv. fyrirspyrjandi gerði í upphafi máls síns, að dómstólar í Bandaríkjunum eru að fjalla um málið. Bandaríkin eru réttarríki. Lægri dómstóll hafði kveðið upp tiltekinn úrskurð, hæstiréttur hefur breytt þeim úrskurði og nú mun mál, eftir því sem ég best veit, bílstjóra Osama bin Ladens koma fyrir rétt 8. þessa mánaðar. Málin eru því að koma fyrir rétt í Bandaríkjunum. Við höfum hins vegar látið afstöðu okkar í ljós, formlega og óformlega, með hvaða hætti við teljum hlutum þarna ábótavant og höfum ekki staðið okkur verr í þeim efnum en önnur ríki. Við gerum það hins vegar, kannski ólíkt sömu ræðumönnum hér, af fullri vinsemd í garð Bandaríkjanna.

Skoðunarferðir í Surtsey.

Fsp. HjÁ, 525. mál. — Þskj. 799.

[12:18]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Frú forseti. Fyrir rúmum 40 árum hófust mikil náttúruundur og náttúruhamfarir suður af Íslandi og upp reis úr sæ eyja sem síðar fékk nafnið Surtsey. Þar fæddist nýtt land og er fyrir vikið alveg einstakur atburður, heimssögulegur atburður og hefur verið fróðlegt að fylgjast með þeim breytingum sem þessi stóra eyja hefur tekið síðan sem mætir stöðugt ágangi sjávar.

Annað sem er merkilegt varðandi eyjuna er að strax í upphafi bar vísindasamfélag okkar gæfu til að taka ákvörðun um að fylgjast frá upphafi með landnámi lífvera. Var það gert strax frá því að hægt var að stíga fæti á eyjuna og hefur verið gert alla tíð síðan. Því má segja að Surtsey sé heimssögulegt fyrirbrigði, bæði fyrir að vera eitt yngsta

land veraldar og hins vegar fyrir þær einstöku rannsóknir og kortlagningu á landnámi lífvera sem þar hafa farið fram. Það er afskaplega mikilvægt að varðveita þær upplýsingar og það sem er og hefur verið gert þar.

Surtsey hefur meira og minna verið í umsjá og varðveislu Surtseyjarfélagsins sem hefur gegnt þar afskaplega mikilvægu og góðu starfi, eins og ég nefndi áðan, og eyjan hefur verið lokuð af þeim ástæðum að menn hafa viljað verja hana fyrir ágangi til að trufla ekki rannsóknir og kortlagningu á landnámi lífvera. Hins vegar eru mjög margir spenntir fyrir því að geta stigið fæti á þennan heimssögulega stað til að snerta, koma við og sjá með eigin augum og heimsækja þennan merka stað. Má segja að það sé afskaplega svipað og með annað náttúruundur sem eru Galapagoseyjar sem eru verndaðar en þangað eru heimilaðar sérlega valdar ferðir undir mjög ströngu eftirliti til að gæta lífríkisins og þangað fer reglulega fjöldi ferðamanna til að njóta þeirra náttúruundra.

Nú er það vitað að í heiminum hafa fjölmargir ferðamenn mikinn áhuga á þessu og eru jafnvel tilbúnir til að kosta miklu til til að geta stigið fæti á og fengið að upplifa svona einstök náttúrufyrirbrigði sem eru einstök á heimsvísu og þess áhuga hefur gætt hér. Ég leyfi mér því að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra hvort til standi að heimila ferðamönnum að stíga fæti á Surtsey, að sjálfsögðu undir ströngu eftirliti o.s.frv.

[12:21]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Surtsey er friðland og nýtur verndunar samkvæmt náttúruverndarlögum. Með friðlýsingu Surtseyjar árið 1965 og endurnýjun friðlýsingarinnar 1974 var mótuð sú stefna að friða eyjuna til vísindalegra rannsókna og fræðslu um þróun bergs og jarðlaga og því hvernig dýr og plöntur nema land á nýjum einangruðum eyjum. Þær rannsóknir hafa staðið yfir óslitið frá því að eyjan myndaðist eða í rúmlega 40 ár. Surtseyjarfélagið hefur haft umsjón með eyjunni fyrir hönd Umhverfisstofnunar. Félagið hefur einnig umsjón með vísindarannsóknum í Surtsey og samræmir þær. Rannsóknirnar hafa aðallega verið unnar og kostaðar af Náttúrufræðistofnun Íslands og Hafrannsóknastofnun hin síðari ár, en áður einnig af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Háskóla Íslands með þátttöku erlendra háskóla og vísindastofnana.

Rannsóknir í Surtsey standa enn yfir og eru farnir leiðangrar til eyjarinnar á hverju ári. Í Surtsey eiga sér enn stað miklar jarð- og líffræðilegar breytingar og er vísindalegt gildi eyjarinnar enn mjög mikið. Vegna rannsóknarhagsmuna er mikilvægt að halda umferð um eyjuna í lágmarki. Það er mat þeirra sem best til þekkja að útilokað yrði að fyrirbyggja rask á jarðmyndunum og truflun á lífríki í eyjunni þótt mikillar varúðar yrði gætt og settar takmarkanir á fjölda ferðamanna sem fengju leyfi til að heimsækja eyjuna á ári hverju. Þar með yrði því teflt í tvísýnu að náttúran fengi að þróast þar áfram eftir eigin lögmálum og vísinda- og fræðslugildi Surtseyjar mundi tvímælalaust minnka.

Að svo stöddu er ekki tímabært að breyta friðlýsingarákvæðum sem eru í gildi um Surtsey og veita ferðamönnum aðgang að eyjunni.

[12:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. umhverfisráðherra. Ég er þeirrar skoðunar að stíga eigi afar varlega til jarðar hvað varðar Surtsey. Surtsey er einstakt tækifæri til að rannsaka hvernig líf nemur nýtt land og hvernig einstaka jarðmyndanir Surtseyjar veðrast og þroskast. Ég tel að samanburður við Galapagoseyjar sé ekki nema að litlu leyti raunhæfur því þar er fullnumið land og í jafnvægi, að vísu hefur ákaflega sérstæð náttúra þróast þar í mikilli einangrun um árþúsundir. En þar eru ekki til staðar sömu aðstæður og þær sem menn eru að vernda í Surtsey, þ.e. að rannsaka hvernig líf nemur land á nýju svæði, hvernig það þroskast, hvernig jarðmyndanir veðrast o.s.frv. Ég held að aðdráttarafl Surtseyjar verði betur nýtt með því að miðla fræðslu um eyjuna og standa fyrir myndarlegum rannsóknum þar og miðla þeim til almennings og ferðamanna með öðrum hætti en þeim að þeir komi þar á land í stórum stíl.

[12:25]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég fagna svari hæstv. umhverfisráðherra við þeirri fyrirspurn sem fyrir liggur. Það er alveg einstakt hvernig til hefur tekist með Surtsey frá því að eyjan reis úr sæ. Vísindasamfélagið hefur umvafið eyjuna bæði með vernd í huga og ekki síður rannsóknir á þessu einstaka fyrirbæri. Þar hefur vel tekist til. Friðhelgi eyjarinnar hefur verið virt þrátt fyrir nálægð við tiltölulega þéttbýla byggð í Vestmannaeyjum og Vestmannaeyingar hafa algerlega virt friðhelgi eyjarinnar.

Ég get ekki tekið undir hugmynd sem mér fannst koma fram hjá hv. fyrirspyrjanda að hægt væri að selja ríkum erlendum túristum snobbferðir til eyjunnar vegna þess hve hún væri einstök því sá tími sem liðinn er frá því að eyjan reis úr sæ er ekki nema sekúndubrot í jarðsögulegum tíma og alls ekki tímabært að opna hana fyrir ferðamönnum eða almennri umferð.

[12:26]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir afskaplega greinargott svar og fagna yfirlýsingu hennar. Eins og fram kom hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni fylgdist hann vel með gosinu eins og við fleiri, en við vorum í landi en hann fékk að stíga mjög fljótt á eyjuna svo hann hefur taugar til hennar. Surtsey er afskaplega merkilegt heimssögulegt fyrirbæri og ég tel mjög mikilvægt að hún sé varin fyrir ferðamönnum og því raski sem því fylgir að ferðamenn fái aðgang að eyjunni. Það hefur tekist afskaplega vel til og ég tek undir með hæstv. ráðherra að það er ekki tímabært að aflýsa friðlýsingunni. Við eigum að fylgjast afskaplega vel með og leyfa vísindamönnum að sinna starfi sínu og þeir miðla svo til okkar þekkingu sinni.

[12:27]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir svörin. Ég fagna þeim. Ef við ræðum um ferðamenn er hægt að fara með leyfi Surtseyjarfélagsins út í Surtsey en

það eru oft mjög válynd veður og ég tel ekki tímabært að reyna það. Við höfum reynt á það. Surtsey er opin fyrir öllum vindum og landtaka er mjög erfið. Menn fara þangað á gúmmítuðrum og þurfa að fara út aftur og það getur skaðað okkur. Aftur á móti er það mjög sögulegt sem er að gerast í lífríkinu þarna og ég tel að auka eigi þá fræðslu, þetta er kennslubókarefni sem þarna er að gerast.

Komnar eru það margar gróðurtegundir í Surtsey að ég hef verið spurður að því hvort Hrekkjalómafélagið sé að bæta við einhverri tegund því þetta er sérstakt rannsóknarefni sem er að gerast í lífríkinu þar.

[12:28]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að bera fram fyrirspurnina. Hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á því hvort heimila eigi ferðamönnum að koma í eyjuna eða ekki breytir það ekki hinu að mikilvægt er að ræða þetta og draga fram upplýsingar og sjónarmið sem skipta máli í því samhengi.

Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra hafa rannsóknirnar staðið yfir í langan tíma og afar mikilvægt að reyna að átta sig á því hvað þær þurfa að standa lengi yfir. Hvað sjá menn fyrir sér að þetta þurfi að standa lengi yfir þar til hægt sé að heimila ferðamönnum að koma þarna? Einnig þarf að fara mjög vandlega yfir það sjónarmið hvort hægt sé að heimila ferðamönnum í takmörkuðum mæli að koma þarna að. Það skiptir gríðarlega miklu máli að vel sé að málum staðið og mér hefur fundist menn fullfljótir að draga ályktanir í umræðunni án þess að leggja til þær rannsóknir sem nauðsynlegt er að fara í áður en menn slá hugmynd eins og þessa út af borðinu.

[12:29]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim hv. þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni, ekki síst síðasta hv. þingmanni sem hér lagði orð í belg. Ég hygg að enginn ágreiningur sé um mikilvægi Surtseyjar út frá vísindalegu sjónarmiði. Þetta er einstakt náttúrufyrirbrigði og ber að varða það og verja. Um það er ekki ágreiningur og þess vegna hefur eyjan verið friðlýst. Spurningin stendur um það, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson nefndi áðan: Hversu lengi ætla menn að halda eyjunni lokaðri? Einungis vísindasamfélagið hefur aðgang að henni. Það er rétt að árétta að mikilvægt er að ganga varlega um þarna og við verðum að svara spurningunni: Ætlum við einhvern tíma að hleypa ferðamönnum, öðrum en vísindamönnum út í eyjuna?

Ég leyfi mér að vísa til reynslunnar frá Galapagoseyjum þar sem er sérlega viðkvæmt lífríki en hefur tekist að varðveita það þótt seldar séu ferðir þangað. Þegar menn hafa velt því upp að opna fyrir sérstakar ferðir út í Surtsey er ekki verið að tala um að hver og einn geti þangað farið heldur verði það fáeinir aðilar sem hafi heimild til þess og þurfi að uppfylla ákveðnar reglur, t.d. um sérstakan búnað og einnig verði að merkja sérstakar gönguleiðir þannig að ferðamenn geti ekki flætt um allar eyjarnar og þar fram eftir götunum.

Ég vil að lokum, frú forseti, taka undir það sem hér var nefnt og hvetja hæstv. ráðherra til að vera vakandi yfir því hvort og ef þá hvenær rétt sé að opna einhverja smugu undir afar ströngum skilyrðum. Ávinningurinn er augljós. Því fleiri sem fá að upplifa hið merka náttúruundur þeim mun meiri verður skilningur á lífi okkar og náttúru, að ekki sé minnst á þann mikla ávinning sem ferðaþjónustan hefði af þessu á landinu öllu en ekki síst á Suðurlandi.

[12:31]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmönnum ágætar umræður. Við erum auðvitað öll sammála um mikilvægi Surtseyjar sem einstaks náttúrufyrirbæris. Okkur ber þess vegna að fara með gát í þeim efnum að leyfa umferð um eyjuna. Ég hef farið að ráðum þeirra sem gerst þekkja til, sem telja að það sé ekki óhætt að svo stöddu að svo sé gert.

Landnám lífvera í Surtsey.

Fsp. HjÁ, 526. mál. — Þskj. 800.

[12:32]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Frú forseti. Þessi fyrirspurn tengist þeirri sem var til umræðu rétt áðan, um skoðunarferðir í Surtsey. Ég spyr út í landnám í Surtsey og þarf í sjálfu sér ekki að endurtaka það sem hér hefur verið sagt. Þetta er einstakt heimssögulegt fyrirbrigði, að tekist hafi að kortleggja hvernig land er numið af lífverum frá upphafi. Það er heimssögulegt og hefur gefið vísindasamfélaginu ómetanlegar upplýsingar. Þær eru einstakar. Þess vegna hafa menn auðvitað viljað stíga varlega til jarðar hvað varðar umferð um Surtsey eins og rætt var hér áðan.

Nú er það svo að Surtseyjarfélagið, sem einkum hefur haldið utan um þessa kortlagningu og gert af miklum myndarbrag, er með eigin heimasíðu og hefur gefið út ritgerðir um það sem á eyjunni hefur fundist. Mér finnst hins vegar, frú forseti, að þær ritgerðir séu nokkuð takmarkaðar, miðist meira við vísindamenn og séu fyrir vikið ekki nógu aðgengilegar almenningi. Ég tel að almenningur sé hins vegar nokkuð áhugasamur um þetta. Það hefur sýnt sig að bæði Íslendingar og hinn almenni ferðamaður eru mjög áhugasamir um íslenska náttúru og ekki síst um þetta sérstaka fyrirbrigði sem er til staðar í Surtsey. Ég tel því afskaplega mikilvægt að það efni og þær upplýsingar sem fyrir eru og hafa verið kortlagðar séu gerðar almenningi nokkuð aðgengilegar. Og það sem meira er, að haldið sé uppi markvissri fræðslu um þetta einstaka fyrirbrigði, hvernig land er numið af lífverum, alveg nýtt land.

Ég vil því leyfa mér að beina fyrirspurn, í framhaldi af hinni fyrri í dag, til hæstv. umhverfisráðherra um hvort til standi að gera þessar merku upplýsingar aðgengilegri og efla fræðslu um landnám lífvera í Surtsey.

[12:35]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Reglulega hefur verið gerð grein fyrir niður-

stöðum rannsókna í og við Surtsey frá því að þær hófust. Surtseyjarfélagið hefur frá árinu 1965 gefið út 11 vísindaskýrslur á ensku um rannsóknir í Surtsey. Síðasta skýrslan „Surtsey research 11" kom út árið 2000 og nú er unnið að nýrri skýrslu sem væntanlega kemur út fyrir árslok 2005.

Á 40 ára afmæli Surtseyjar árið 2003 opnaði Surtseyjarfélagið íslenska heimasíðu um Surtsey þar sem almenningur getur kynnt sér sögu og þróun eyjarinnar og fræðst um rannsóknir sem þar eru stundaðar. Með opnun heimasíðunnar var stigið stórt skref í því að veita almenningi betri aðgang að upplýsingum um Surtsey. Nú er unnið að því að opna enska útgáfu af heimasíðunni. Auk þessa efnis hefur fjöldi ritgerða og greina birst í blöðum og tímaritum og bækur hafa verið skrifaðar um Surtsey. Þá hafa bæði innlendir og erlendir aðilar unnið sjónvarpsþætti og fræðsluefni um eyna og haldnir hafa verið opinberir fræðslufundir um hana.

Kappkostað hefur verið að koma á framfæri til fjölmiðla fréttum úr leiðöngrum til eyjarinnar. Þannig hefur almenningur ætíð fengið fréttir af því sem markverðast hefur þótt í landnámi lífvera í Surtsey á hverju ári. Þess má einnig geta að fyrir rúmum tíu árum stóðu Surtseyjarfélagið og Hið íslenska náttúrufræðifélag fyrir útgáfu á bók á íslensku um Surtsey í tilefni af 30 ára afmæli Surtseyjar þar sem gerð var grein fyrir þeim rannsóknum sem þá höfðu farið fram. Nú eru til í handriti ensk og þýsk þýðing á þeirri bók sem höfundurinn, Sturla Friðriksson náttúrufræðingur, hefur endurskoðað og bætt við nýjustu rannsóknarniðurstöðum. Því hefur verið ákveðið af hálfu Surtseyjarfélagsins og Hins íslenska náttúrufræðifélags að endurútgefa áðurnefnda bók en nú á ensku og þýsku að viðbættum niðurstöðum rannsókna síðastliðinna tíu ára og minnast á þann hátt 40 ára afmælis Surtseyjar. Ríkisstjórnin hefur styrkt þá útgáfu bókarinnar.

Fullyrða má að engin eldstöð á Íslandi hefur verið jafnmikið rannsökuð og kynnt og Surtsey. Á það jafnt við um jarðfræði sem landnám lífvera.

[12:38]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Eins neikvæður og ég var gagnvart þeim hugmyndum sem hv. fyrirspyrjandi talaði fyrir í fyrri fyrirspurn sinni þá er ég jafnjákvæður fyrir því sem hér er rætt um.

Fræðsla fyrir almenning, kannski ekki síst fyrir grunnskólanemendur, um landnám lífvera í Surtsey er afskaplega mikilvæg og partur af því að halda þessari perlu eins og hún er. Það er stuðlar að því að vekja virðingu fyrir því að þar þurfi að ríkja friðhelgi og ekki eigi að fara um eyjuna eins og önnur lönd.

Ef slys verður í umgengninni við Surtsey mun gildi þeirra upplýsinga sem menn safna þar og þeirra rannsókna sem þar fara fram minnka verulega og fyrirbrigðið ekki verða einstakt eins og nú er. Við eigum að auka þessa fræðslu og það þarf að skoða með hvaða hætti er hægt að auka hana, t.d. úti í Vestmannaeyjum því að það skiptir miklu máli fyrir ferðaþjónustuna þar.

[12:39]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Mér hefur fundist á umræðunni að rannsóknir og skoðun á Surtsey, ef ég má leyfa mér að orða það þannig, séu fyrst og fremst verkefni lokaðs klúbbs eða lokaðs hóps að fjalla um. Þótt gefnar séu upplýsingar séu á heimasíðu þá er þáttur almennings í þessu ekki mjög mikill. Ég tel mikilvægt að upplýsa almenning eins og kostur er um þá starfsemi sem fer fram í Surtsey og gildi þeirra rannsókna sem þar fara fram, auk sýnar manna til framtíðar Surtseyjar, notkunarmöguleika og nýtingar á eynni. Hér er um mjög merkt náttúrufyrirbæri að ræða eins og komið hefur fram.

Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra hvort ekki væri lag, í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið, að halda opna ráðstefnu um Surtsey, framtíð Surtseyjar og gildi rannsókna á eynni. Ég er sannfærður um að Vestmannaeyjabær væri tilbúinn að taka þátt í undirbúningi slíkrar ráðstefnu í samráði við umhverfisráðherra.

[12:40]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Hér fer fram mjög skemmtileg umræða. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að koma Surtsey á dagskrá í dag. Það er mjög skemmtilegt að ræða þessi mál og Surtsey gefur einstakt tækifæri fyrir allan almenning til að fá upplýsingar um hvernig land er numið af lífverum. Þetta stórt og merkilegt verkefni fyrir allan almenning og auðvitað námsmenn líka og sýnir líka hve mikilvægt er að halda friðlýsingu á Surtsey.

Ég mundi vilja sjá Surtseyjarstofu í Vestmannaeyjum þar sem hægt væri að fá allar upplýsingar um Surtsey. Það mundi sannarlega efla ferðaþjónustuna í Vestmannaeyjum. Surtsey er á vissan hátt eign Vestmannaeyinga, hún er innan þeirra landhelgi ef svo má segja. Ég tel að það gæti verið mikið tækifæri fyrir Vestmannaeyinga, að reisa Surtseyjarstofu.

[12:41]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni. Mér þykir gott að heyra að hv. þingmenn eru hægt og hægt að sjá ljósið og þá möguleika sem þarna eru enda er það einkenni góðrar umræðu að menn sjá ljósið um síðir.

Svo ég segi mína skoðun þá tel ég að vitaskuld eigi að vera hægt að opna, undir afar ströngu eftirliti, fyrir ferðir með almenning. Það yrði að vera undir mjög ströngu eftirliti þar sem notast væri við hreinsunarbúnað o.s.frv., annað eins hefur nú verið gert.

Auðvitað ber að þakka það sem vel er gert. Surtseyjarfélagið hefur að mörgu leyti staðið sig frábærlega við að kortleggja hið merkilega landnám lífvera í Surtsey undir forustu dr. Sturlu Friðrikssonar, hins merka vísindamanns. Eins og komið hefur fram í umræðunni þá eru þær upplýsingar ekki nógu aðgengilegar þótt þær séu á annars mjög góðri heimasíðu. Ég tel að það þurfi að efla mjög fræðslu til almennings af því að þetta er svo einstakt og það eykur um leið skilning almennings á náttúruundrum og náttúru okkar.

Ekki veitir af.

Ég fagna hins vegar þeirri yfirlýsingu sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kom með, um að opna fyrir ráðstefnu um framtíð Surtseyjar og þá starfsemi sem þar hefur farið fram og það sem kann að verða í framtíðinni. Ef ég skildi hv. þingmann rétt þá taldi hann að Vestmannaeyjabær væri til í að koma í slíkt samstarf með hæstv. umhverfisráðherra. Það teldi ég vert að skoða vel og hvet hæstv. ráðherra til þess að svara því. Hver veit nema í lok slíkrar ráðstefnu fengju menn að líta á náttúruundrið Surtsey, vel úðaðir af sótthreinsandi efnum og undir góðri forustu hæstv. umhverfisráðherra.

[12:44]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þessa skemmtilegu umræðu. Það er óhætt að segja að þingmenn hafa sett hér fram mjög frjóar hugmyndir og ég mun taka þær til sérstakrar skoðunar. Ég tek undir að það er auðvitað verkefni að koma fræðslu um eyna og rannsóknum þar enn betur á framfæri við almenning. Ég veit að þar eru menn að vinna með skipulögðum og góðum hætti en það er auðvitað svo að alltaf er hægt að gera betur. Nútímatækni hefur fært okkur miklu fleiri tækifæri en við höfum nokkru sinni áður haft til þess og ég held að t.d. varðandi skólana væri alveg örugglega hægt að gera betur á þeim vettvangi.

Fíkniefni í fangelsum.

Fsp. MF, 562. mál. — Þskj. 849.

[12:45]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Okkur berast af og til fréttir af því að fangar hafi verið staðnir að því að neyta ólöglegra fíkniefna innan veggja fangelsanna. Einnig að um sé að ræða verulega löglega lyfjaneyslu þeirra sem viðhaldi þeirri lyfjafíkn sem þeir eru haldnir þegar til afplánunar refsinga kemur.

Það er þekkt staðreynd að sífellt fleiri afbrot og ofbeldisverk eru tengd fíkniefnaneyslu, sífellt stærri hluti þeirra sem afplána dóm eru við komu í fangelsi háðir notkun eiturlyfja. Það hefur oft verið bent á það af hálfu aðstandenda fanga að nauðsynlegt sé að hver einstaklingur sem hefur afplánun og er háður neyslu eiturlyfja eigi kost á meðferð og læknishjálp við fíkninni strax í upphafi fangelsisvistar en ekki í lok hennar eins og nú er. Ef þannig væri staðið að verki mætti ætla að verulega drægi úr tilraunum til að smygla eiturlyfjum inn í fangelsin og úr þörfinni fyrir ávísun lyfja sem eru ávanabindandi.

Fangelsismálastofnun hefur ítrekað bent á þörfina fyrir meðferðardeild í fangelsum og í úttekt Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingum var bent á þetta sama atriði varðandi fangelsin hér á landi.

Á árinu 2000 var áformað að byggja upp meðferðardeild í fangelsinu á Litla-Hrauni og var hafist handa við að þjálfa og mennta fangaverði til starfa á deildinni. Sérstök fjárveiting til rekstrar hennar fékkst hins vegar hvorki á fjárlögum 2002 né 2003 eins og Fangelsismálastofnun lagði til. Fangelsismálastofnun telur mikilvægt að boðið verði upp á meðferð við fíkniefnaneyslu sem hefst strax og fangi kemur til afplánunar og að skipulagðri árangursmældri vímuefnameðferð sé síðan viðhaldið á vímuefnalausri deild fangelsanna. Í þetta verkefni hefur ekki fengist fjármagn. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hvað hefur verið gert í fangelsum til að stemma stigu við neyslu:
   a. ólöglegra fíkniefna,
   b. löglegra fíkniefna og ávísaðra lyfja?
2. Hversu margir fangar urðu uppvísir að eiturlyfjaneyslu í fangelsum á síðasta ári og á hvern hátt var brugðist við því?

[12:47]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Undanfarin ár hefur um þriðjungur fanga afplánað refsingu fyrir fíkniefnabrot og er þar um mikla aukningu að ræða frá fyrri árum. Þá má gera ráð fyrir að allt að 60% fanga eigi við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Fíkniefni berast helst inn í fangelsin með gestum og hlutum sem sendir eru til fanga. Starfsfólk fangelsa fær sérstaka þjálfun í fíkniefnaleit. Samkvæmt lögum um fangelsi og fangavist eru starfsmönnum fangelsa tiltæk ýmis úrræði er hafa það að markmiði að draga úr notkun ólöglegra fíkniefna í fangelsum. Skipta slíkar leitir og sýnatökur hundruðum ár hvert.

Skömmu eftir að ég varð dómsmálaráðherra óskaði ég eftir tillögum um aðgerðir gegn fíkniefnavanda í fangelsum, einkum á Litla-Hrauni. Á grundvelli þeirra var ákveðið að kaupa færanlegt fíkniefnaleitartæki og auka notkun fíkniefnaleitarhunda í fangelsinu á Litla-Hrauni. Jafnframt var ákveðið að setja á laggirnar tilraunaverkefni til eins árs í samvinnu embættis ríkislögreglustjóra, Fangelsismálastofnunar, fangelsisins á Litla-Hrauni og lögreglustjóranna í Reykjavík, á Selfossi og Keflavíkurflugvelli. Tilraunaverkefninu lauk í lok síðasta árs og var það samdóma álit þátttakenda að verkefnið hefði tekist vel og lýstu þeir sig allir reiðubúna að halda því áfram. Af hálfu ráðuneytisins var fallist á framhald verkefnisins og þess jafnframt óskað að um mitt þetta ár liggi fyrir tillögur ríkislögreglustjóra og Fangelsismálastofnunar um framtíðarfyrirkomulag við fíkniefnaleit og fíkniefnaeftirlit í fangelsum landsins þar sem m.a. verði kannað hvort ástæða sé til að hafa ávallt til taks fíkniefnaleitarhund á Litla-Hrauni og að öðru leyti mótaðar tillögur um hvernig best verði staðið að skipulagi þessara mála í framtíðinni.

Að mati Fangelsismálastofnunar ríkisins hefur orðið mjög jákvæð þróun varðandi lyfjamál á Litla-Hrauni sem einkum má rekja til vandaðra vinnubragða Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi. Ströng viðmið eru notuð við ávísun lyfja og skrifar enginn læknir upp á lyf af sérstökum bannlista án þess að fyrir liggi samþykki heilbrigðisstarfsmanna í fangelsinu og málið hafi verið tekið fyrir á samráðsfundi. Læknar ávísa ekki ávanabindandi lyfjum nema þegar fangar koma inn í fráhvarfi eftir fíkniefnaneyslu. Margir fangar tóku því illa þegar þeim var neitað um lyf á bannlista og þurfti að gera sérstakar ráðstafanir til að

tryggja öryggi lækna. Nú eru fangar nánast án þessara lyfja og hefur ástandið í fangelsinu gerbreyst til hins betra að mati forstöðumanns þess. Lyfjakostnaður fyrstu sjö mánuði ársins 2004 var um fjórðungi lægri en á árunum á undan og ekki þarf lengur að gæta öryggis lækna á sama hátt og í upphafi þessara árangursríku aðgerða.

Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun voru teknar 343 þvagprufur í fangelsinu á Litla-Hrauni á síðasta ári. Gáfu 85 þeirra jákvæða svörun við neyslu fíkniefna en 258 reyndust neikvæðar. Þá komu upp 27 tilvik þar sem fangar neituðu að gefa þvagprufu. Til samanburðar má nefna að árið á undan reyndust 108 þvagprufur vera jákvæðar gegn slíkri neyslu. Þeim föngum er uppvísir hafa orðið að notkun slíkra lyfja er iðulega boðin aðstoð af heilbrigðisstarfsfólki fangelsisins. Þá hefur einstökum föngum verið gefinn kostur á að ljúka afplánun sinni í áfengis- og fíkniefnameðferð. Frá árinu 1990–2003 hefur 282 föngum verið veitt heimild til að ljúka afplánun í áfengis- og fíkniefnameðferð og luku 203 meðferðinni að fullu en 79 þeirra voru vistaðir aftur í fangelsi.

Þegar fangi kemur í afplánun og á við fíkniefnavandamál að stríða er nauðsynlegt að hefja afeitrun þegar í stað og halda fanganum frá fíkniefnum út afplánunina með ýmsum fríðindum. Með því næst helsta markmið betrunar, þ.e. að fækka endurkomum í fangelsi.

Ég vil að lokum leggja á það áherslu að í frumvarpi til laga um fullnustu refsinga er að finna nauðsynlegt umboð fyrir ráðuneytið og Fangelsismálastofnun til að taka á málum fanga, m.a. að því er varðar úrræði til að stemma stigu við fíkniefnaneyslu í fangelsum. Vænti ég góðs samstarfs við þingmenn um þann þátt málsins á þessu þingi við afgreiðslu frumvarpsins um fullnustu refsinga.

[12:52]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að hreyfa málefnum fíkniefna í fangelsum. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því hvaða ófremdarástand ríkti þar inni miðað við það sem fram kom í fyrirspurninni og svör hæstv. ráðherra.

Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að föngum sem ættu við fíkn að etja þegar þeir kæmu til afplánunar væri í raun og veru ekki boðið upp á meðferð við þeirri fíkn sinni heldur væru verkfærin þau að afeitra viðkomandi og reyna að halda honum frá fíkniefnum og síðan mikið um fíkniefnaleit og eftirlit og væntanlega refsingar því tengdu. Getur það í raun verið að föngum sé eingöngu boðið upp á meðferð við fíkn sinni í lok afplánunar en ekki í upphafi hennar? Væri ekki skynsamlegra til árangurs að reyna að losa fanga sem kemur inn til afplánunar við fíkn þannig að ekki þurfi að takast á við afleiðingar fíknarinnar allan tímann sem fangi afplánar í stað þess að vera eingöngu með leit og eftirlit eins og mér heyrðist ráðherra tala fyrir?

[12:53]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil einnig þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að taka þetta mál upp. Tölurnar sem hæstv. dómsmálaráðherra kom með, þ.e. að 60% fanga eigi við þennan vanda að stríða, eru vissulega háar en umræðan hefur einnig verið eins og að ekkert sé að gert og þróunin sé áfram á versta veg. Ég fagna því orðum hæstv. dómsmálaráðherra um að aðilar hafi virkilega tekið höndum saman og séu að ná árangri en það er vissulega langt í land. Ég fagna einnig frumvarpi hæstv. ráðherra sem virðist veita meira svigrúm til aðgerða og ég held að það sé mikilvægt að haldið sé áfram á þessari braut vegna þess að ástandið hefur verið erfitt en greinilegt er að það er margt gott gert.

[12:54]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim þingmönnum sem hér hafa tekið til máls. Ég get tekið undir það að náðst hefur ákveðinn árangur varðandi leitina, skipulagða leit innan fangelsa. Það er hins vegar alveg jafnaugljóst að það þarf að bæta verulega úr hvað varðar þá fanga sem koma til afplánunar og eru háðir fíkniefnum sem eru, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, þriðjungur fanga sem er ekki lítið. Eðli afbrota og fíkniefnaneysla, bæði innan og utan veggja fangelsa, hefur breyst alveg gífurlega á undanförnum tiltölulega fáum árum. Þetta er vandamál sem margítrekað hefur verið bent á af Fangelsismálastofnun og aðstandendum og tekin var ákvörðun árið 2000 um að bæta úr. Það hefur hins vegar ekki gerst.

Ég er sannfærð um það, hæstv. ráðherra, að ef um væri að ræða öflug meðferðarúrræði strax við upphaf afplánunar fangelsisdóms þá drægi sjálfkrafa úr þeim hvata sem er til að reyna að smygla eiturlyfjum inn í fangelsi landsins. Það drægi þá jafnframt úr lyfjanotkun sem svo sannarlega hefur þó gerst vegna góðrar vinnu hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi og því eftirliti sem er af hennar hálfu. En það vantar líka mannskap til að sinna þessum málum miklu betur. Það vantar fleiri sálfræðinga til starfa. Það eru langir biðlistar, t.d. á Litla-Hrauni, eftir þjónustu sálfræðinga og það er eins í hinum fangelsunum. Þangað til komið er með meðferðarúrræði við upphaf afplánunar mun þetta vandamál verða mjög alvarlegt innan veggja fangelsa.

[12:56]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu. Ef ég hefði verið spurður um meðferðarúrræði í upphafi afplánunar og þau atriði hefði ég náttúrlega rætt um það. Ég var ekki spurður um það því að spurningin snerist í fyrsta lagi um hvað hefði verið gert í fangelsum til að stemma stigu við annars vegar neyslu ólöglegra fíkniefna og hins vegar löglegra fíkniefna og ávísaðra lyfja, og í öðru lagi var spurt hversu margir fangar hafi orðið uppvísir að eiturlyfjaneyslu í fangelsum á síðasta ári og á hvern hátt brugðist hafi verið við því. Þetta voru spurningarnar sem ég var að svara. Það er svolítið furðulegt að þingmenn komi síðan hér upp og telji að ég hafi átt að tala um eitthvað allt annað en ég var spurður um. (Gripið fram í.)

Hins vegar er það svo að í frumvarpinu um fullnustu refsinga, sem liggur fyrir þinginu, er tekið á þessum málum á þann veg að verið er að leggja á ráðin um að skapa heimildir fyrir fangelsisyfirvöld að taka á þessum málum á þann hátt sem nú er talið skynsamlegast miðað við allt starfsum-

hverfi fangelsanna.

Ég árétta það, frú forseti, að ég tel að ég hafi svarað fyrirspurninni. Ef þingmenn vilja ræða við mig um meðferðarúrræði og annað slíkt á að spyrja um það.

Rekstrarkostnaður Reykjavíkurflugvallar.

Fsp. JGunn, 543. mál. — Þskj. 822.

[12:57]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Undanfarin missiri hefur mikið verið skrafað, rætt og deilt um framtíð Reykjavíkurflugvallar og hver hún á að vera. Oft og tíðum hafa menn stillt þessari umræðu upp sem einhvers konar baráttu milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis og ef flugvöllur mundi víkja úr Reykjavík væri það atlaga að landsbyggðinni.

Eins og allir vita er gert ráð fyrir því í aðalskipulagi Reykjavíkur að flugvöllurinn fari niður í eina braut árið 2016 og heyrst hafa hugmyndir um að flugvöllurinn eigi að víkja alveg á árunum þar á eftir. Auðvitað hlýtur maður að velta fyrir sér hvaða tilgangur er í því að ætla að reka hálfan flugvöll í Reykjavík og hvaða kostnaður væri því samfara, því ef aðeins væri um eina braut að ræða yrði talsvert mikið af fluginu að flytjast til Keflavíkur.

Við megum einnig vænta þess á næstu árum að íslenska ríkið þurfi að taka meiri þátt í rekstrarkostnaði á Keflavíkurflugvelli en verið hefur hingað til og við hljótum að velta því fyrir okkur hvort það sé skynsamlegt fyrir okkur að reka tvo flugvelli svo skammt frá hvor öðrum.

Það hefur komið skýrt fram hjá hæstv. samgönguráðherra að hann vill halda Reykjavíkurflugvelli fyrir innanlandsflug nánast sama hvað það kostar, eftir því sem manni helst hefur heyrst. Á fjölmennum borgarafundi í Stapa í Reykjanesbæ kom fram að hæstv. ráðherra hyggst ekki beita sér fyrir því að flug flytjist í einhverjum mæli frá Reykjavík yfir til Keflavíkurflugvallar í sinni ráðherratíð. Á sama fundi komu fram fyrirheit frá hæstv. ráðherra um að flýta tvöföldun á Reykjanesbraut og einnig hefur hann svarað fyrirspurn frá mér og öðrum hv. þingmönnum um ferðatíma milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.

Ástæðan fyrir þessum spurningum öllum er einfaldlega sú að reyna að finna út hvað það tekur langan tíma að ferðast úr miðborg Reykjavíkur til Keflavíkurflugvallar og eins að leiða fram hvað þyrfti þá að gera til þess að bæta úr samgöngumannvirkjum til að stytta þann tíma verulega frá því sem nú er. Fjármunir sem notaðir eru í rekstur á Reykjavíkurflugvelli og gætu sparast við flutning yfir til Keflavíkurflugvallar nýtast ekki til framkvæmda í samgöngukerfinu. Ef um sparnað væri að ræða með því að flytja flugið til Keflavíkur mætti nýta þá fjármuni sem þar væru til að flýta gatnaframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu þannig að fljótlegra og auðveldara væri að komast frá svæðinu til Keflavíkurflugvallar.

Ég hef því spurt hæstv. ráðherra eftirfarandi þriggja spurninga:

1. Hver er árlegur heildarkostnaður íslenska ríkisins af rekstri flugvallar í Reykjavík?

2. Hvað af þessum kostnaði gæti sparast ef allt flug yrði fært til Keflavíkurflugvallar?

3. Gerir ráðherra ráð fyrir að íslenska ríkið eigi eftir að taka meiri þátt í rekstrarkostnaði Keflavíkurflugvallar en verið hefur til þessa? Ef svo er, um hvaða upphæðir gæti þar verið að ræða?

[13:01]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson spyr í fyrsta lagi:

„Hver er árlegur heildarkostnaður íslenska ríkisins af rekstri flugvallar í Reykjavík?“

Flugmálastjórn hefur tekið saman heildarkostnað við rekstur flugvallarins síðustu þrjú ár eða árin 2002, 2003 og 2004. Í samantektinni hafa tekjur verið reiknaðar á móti gjöldum til að fá sem réttasta mynd af kostnaðinum. Heildarkostnaður við rekstur flugvallarins hefur lækkað á síðustu þremur árum eins og fram kemur í meðfylgjandi yfirliti.

Árið 2002 er almennur rekstrarkostnaður 45.099.000, aðflugsþjónusta í turni 130.362.000, snjómokstur 15.516.000, slökkviliðsþjónusta 72.192.000, vélaverkstæði 14.435.000, alls 277.604.000. Lendingargjöld, vopnaleitargjald, þ.e. tekjur, eru 52.279.000. Gjöld umfram tekjur eru því 225.325.000 á árinu 2002.

Á árinu 2003 eru hlutföllin svipuð og heildargjöld umfram tekjur eru 210.560.000 og á árinu 2004 eru þau 210.105.000. Frá árinu 2002 hefur þessi kostnaður því farið lækkandi að þessu leyti og sýnir að þarna hefur við endurbætur á flugvallarsvæðinu orðið hagstæðari rekstur.

Í öðru lagi er spurt:

„Hvað af þessum kostnaði gæti sparast ef allt flug yrði fært til Keflavíkurflugvallar?“

Svar mitt er þetta: Engar umræður hafa átt sér stað um flutning frá Reykjavík til Keflavíkur. Sparnaður eða öllu heldur lækkun kostnaðar á einum stað og hækkun á öðrum færi að öllu leyti eftir því hve mikið af fluginu yrði fært og hvaða áhrif það hefði á flug í heild þannig að um þetta er ekkert hægt að segja á þessu stigi. Það eru engar umræður og engin skoðun á þessu í gangi. Ég get ekki séð að það beri eingöngu að horfa til beinu útgjaldanna við rekstur vallarins, vegna þess að hagsbæturnar fyrir notendur flugvallarins eru í mínum huga aðalatriðið. Ef hv. þingmenn Samfylkingarinnar líta eingöngu á ríkisútgjaldaþáttinn þá eru þeir á miklum villigötum í þessu efni sem í svo mörgu öðru.

Í þriðja lagi er spurt:

„Gerir ráðherra ráð fyrir að íslenska ríkið eigi eftir að taka meiri þátt í rekstrarkostnaði Keflavíkurflugvallar en verið hefur til þessa? Ef svo er, um hvaða upphæðir gæti þar verið að ræða?“

Svar mitt er að ég bendi á að í gangi eru viðræður við Bandaríkjastjórn um varnarsamninginn og rekstur varnarliðsins. Málefni Keflavíkurflugvallar heyra undir utanríkisráðuneytið þannig að að sjálfsögðu svara ég engu um þetta, enda held ég að í miðjum þeim umræðum væri ekki skynsamlegt að tefla fram einhverjum áformum sem gætu bent til þess að við værum á einhverri leið sem við erum ekkert á. Ég vísa því til þess að utanríkisráðuneytið fer með mál-

efni Keflavíkurflugvallar.

Að öðru leyti má um þetta segja að það virðist vera að hv. þingmenn Samfylkingarinnar séu í skipulögðum aðgerðum. Ekki veit ég hvort það eru eingöngu eða aðallega hv. þingmenn sem telja sig til stuðningsmanna Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem er í framboði til formanns í Samfylkingunni, vegna þess að það virðist vera að einhverjir telji afar mikilvægt að draga fram eitthvað sem gæti sannfært almenning í landinu um að atbeini hennar að Reykjavíkurflugvallarmálum gæti orðið henni fjötur um fót í þeirri kosningabaráttu. Ég held að það sé afar mikilvægt að þessum hlutum sé ekki blandað saman.

[13:06]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég fagna orðum hæstv. samgönguráðherra varðandi flugvöllinn og styð stefnu hans í þeim málum. Flokksþing Framsóknarflokksins var haldið um helgina og ég var afskaplega ánægð með að flokksmenn samþykktu þar að stuðla áfram að því að hafa flugvöllinn í Reykjavík.

Hv. þm. Jón Gunnarsson sagði réttilega að verið væri að búa til eitthvert baráttumál á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Mér þykir það ekki góð þróun og vil minna á að það eru auðvitað margir á höfuðborgarsvæðinu sem vilja hafa flugvöllinn þar áfram og sjá sér hag í því. Það er margt fólk sem flýgur á milli til þess að fara á fundi út á land og öfugt og í þokunni hér í síðustu viku kom í ljós að ef menn ætluðu að ferðast frá Húsavík til Reykjavíkur með innanlandsflugi tæki það þá fimm klukkutíma. Sjá flestir að með þessu framhaldi mundi innanlandsflug eiga undir högg að sækja vegna þess að a.m.k. Norðlendingar mundu hugsa sig um tvisvar áður en þeir notuðu flugið.

[13:07]

Mörður Árnason:

Forseti. Margir Reykvíkingar sem þurfa að fara á fundi út á land? Mig minnir að í könnun sem gerð var fyrir einhverjum árum hafi komið í ljós að u.þ.b. 10% landsmanna notuðu innanlandsflugið oftar en einu sinni á ári eða eitthvað því um líkt. Ætli töluverður hluti af þeim sé ekki bara saman kominn í þessum sal, einkum ef sveitarstjórnarmönnum væri bætt við og forstjórum ýmissa (Gripið fram í.) fyrirtækja úti á landi? Það þarf því að fara aðeins glöggar í þetta. Hins vegar eru flugsamgöngur auðvitað mikilvægar, úr því hefur ekki verið dregið. Þess vegna erum við að spyrja um það, nokkrir þingmenn, m.a. úr Samfylkingunni, hvernig fyrirkomulag gæti orðið í Keflavík fyrir innanlandsflugið eða hvort hægt sé að finna því einhvern annan stað en það dýrmæta land sem er í Vatnsmýrinni. Við höfum rakið það, Reykvíkingar, fram og aftur, jafnvel þeir sem vilja gjarnan hafa flugvöll hér áfram, að það er of dýrmætt til þess að spandera því í vitleysisgang. Það er þetta sem við erum að tala um en hvorki innanflokksmál í Framsóknarflokki, Sjálfstæðisflokki né Samfylkingunni.

[13:08]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu, þ.e. málefnalega hlutann af henni. Þannig er það nú sjálfsagt innan flestra flokka að skoðanamunur er á milli fólks um staðsetningu flugvallarins, hvort hann á að vera í Reykjavík, Keflavík eða á öðrum stað. Það sem við erum að gera með því að leggja fram fyrirspurnir eins og hv. þm. Jón Gunnarsson gerir hér er að safna upplýsingum fyrir þá umræðu sem við teljum að við þurfum að fara í og til þess að geta tekið þátt í skynsamlegri og málefnalegri niðurstöðu í framtíðinni. Þar vega auðvitað öryggisatriðin þungt svo og hagkvæmni í rekstri og sjónarmið þeirra sem nota völlinn. Ég legg persónulega mikla áherslu á að öllum spurningum varðandi öryggisatriðin í fluginu verði svarað.

[13:09]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Þetta voru skrýtin svör hjá hæstv. ráðherra og alveg auðséð hverjum sem á hlýddi að hann firrtist við það að einhver hv. þingmaður dirfðist að spyrja einhverra spurninga um Reykjavíkurflugvöll. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að það er sá sem hér stendur sem ber fram þessa fyrirspurn en ekki þingmenn Samfylkingarinnar eins og hann hélt fram úr ræðustóli.

Það kom fram í svari ráðherra að árlegur rekstrarkostnaður — hann velur reyndar þá leið að draga tekjurnar frá — nemi rúmlega 200 millj. kr. á ári sem nettókostnaður ríkisins af því að reka Reykjavíkurflugvöll. Á einu kjörtímabili eru þetta þá á milli 800 og 900 millj. kr. En ég verð þá að spyrja hæstv. ráðherra varðandi tekjurnar sem hann hefur valið að draga frá gjöldunum: Er það skoðun ráðherra að þær tekjur komi ekki inn þó að flugið yrði annars staðar en í Reykjavík? Er ekki réttast að velta fyrir sér heildarrekstrarkostnaði af flugvellinum? Þá er kostnaður ríkisins við rekstur Reykjavíkurflugvallar um 1.200 milljónir á einu kjörtímabili og ætla mætti að tekjurnar kæmu jafnt inn hvar sem flugið væri staðsett á landinu.

Engin svör voru við því hvað mundi sparast ef flugið yrði flutt til Keflavíkur. Það er ekki vitað, sagði hæstv. ráðherra og hann hefur engan áhuga á að vita það. Engin vinna hefur farið fram til að kanna hver gæti verið sparnaður íslenska ríkisins af því ef innanlandsflug og annað flug sem fer um Reykjavíkurflugvöll yrði flutt til Keflavíkur.

Hvaða varðaði aukinn rekstrarkostnað íslenskra stjórnvalda í rekstri Keflavíkurflugvallar þá er svarið það sama. Það eru viðræður uppi, hæstv. ráðherra hefur engan áhuga á að tjá sig neitt um það hvort til greina komi að við förum (Forseti hringir.) að taka aukinn þátt í rekstri flugvallarins þar eða ekki. Ég verð að segja, frú forseti, að svör ráðherra eru rýr í roðinu.

[13:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég get út af fyrir sig ekki að því gert þó að hv. þingmaður meti það svo að svörin séu rýr í roðinu. Ég gaf upp þær upplýsingar sem fyrir liggja um kostnað við rekstur Reykjavíkurflugvallar. Að sjálfsögðu mun ég ekki gefa upp einhverjar upplýsingar um hluti sem snúa að Keflavíkurflugvelli sem er á forræði annars ráðuneytis, fyrir utan að þar eru í gangi viðkvæmar viðræður við Bandaríkjamenn. Ég tel að það væri afar sérkennilegt ef við hér á

hinu háa Alþingi færum að tefla fram einhverjum tilboðum hvað varðar þau efni.

Aðeins til að upplýsa enn frekar um málið þá voru lendingargjöld og vopnaleitargjald 52.279.000 á árinu 2002 en hafa hækkað upp í 66.156.000 á árinu 2004, m.a. vegna þess að innanlandsflugið er að aukast verulega og þar af leiðandi koma inn meiri tekjur án þess að útgjöldin vaxi mjög mikið. Þessi flugvallarstarfsemi er að því leyti að verða hagkvæmari.

Það liggur algjörlega ljóst fyrir að kostnaður við þetta flug, rekstur flugvallarins, er tiltölulega lítill miðað við þær hagsbætur sem við höfum af því að hafa innanlandsflugið á þessu svæði og að geta nýtt það bæði fyrir ferðamenn — það eru fleiri en stjórnmálamenn sem nota flugið — og þá sem stunda atvinnu út um land og í höfuðborginni en búa utan borgarmarka. Það er alveg sama við hverja er talað sem vinna í kringum flugið, (Forseti hringir.) þeir telja að flugvöllurinn sé vel staðsettur í Vatnsmýrinni og það skipti miklu máli fyrir þjóðarbúið að hafa hann þar.

Vegrið á Reykjanesbraut.

Fsp. MÁ, 565. mál. — Þskj. 853.

[13:15]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Í umræðu vegna fyrirspurnar um daginn minntist hæstv. samgönguráðherra á að ekki væri gert ráð fyrir vegriðum á Reykjanesbraut og taldi að sá skortur sem þar væri um að ræða á vegriðum kæmi með öðru í veg fyrir að hægt væri að aka brautina hraðar en áætlanir eru um eða a.m.k. þær fyrirætlanir sem kunnar eru nú. Þess vegna þótti mér rétt að gefa ráðherranum kost á því að kanna hver kostnaður gæti verið við vegrið á Reykjanesbraut, og ég nefndi frá Hafnarfirði að Keflavíkurflugvelli til að hafa einhverja viðmiðun í því, og spyrja hann síðan að því hvort honum þætti æskilegt að setja vegrið meðfram þessum þjóðvegi.

[13:16]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir þessa fyrirspurn en hún er í fyrsta lagi: „Hver er áætlaður kostnaður við vegrið á Reykjanesbraut frá Hafnarfirði að Keflavíkurflugvelli?“

Svar mitt er þetta: Reykjanesbraut frá Straumi í Hafnarfirði að Njarðvík í Reykjanesbæ sem tekin hefur verið ákvörðun um að tvöfalda á næstunni er 25 km löng. Ef sett væri vegrið á miðeyju vegarins yrði notað svokallað tvöfalt vegrið sem kostar 10–12 millj. kr. á hvern kílómetra. Kostnaður við að setja vegrið í miðeyju þessa kafla er því áætlaður um 250–300 millj. kr. Kostnaður við einfalt vegrið er áætlaður 68 millj. kr. á hvern kílómetra hvorum megin. Kostnaður við vegrið með veginum í ytri vegköntum er því áætlaður 150–200 millj. kr. fyrir hvorn kant.

Í annan stað spyr hv. þingmaður: Telur ráðherra æskilegt að setja vegrið meðfram þessum þjóðvegi?

Ráðuneytið hefur leitað upplýsinga frá Vegagerðinni um þessi efni og byggist svar mitt á þeim upplýsingum. Reykjanesbraut er lögð í samræmi við verkstaðal Vegagerðarinnar. Breidd miðeyju er 11 metrar og breidd innri axla akbrautanna er 0,75 metrar hvorum megin. Breidd milli akbrauta er því samtals 12,5 metrar. Verkstaðallinn tekur mið af erlendum fyrirmyndum, eins og jafnan er gert á Íslandi, og við þessar aðstæður er ekki talin þörf á vegriði milli akbrautanna. Við breikkun vegarins í fjórar akreinar hefur jafnframt verið farið yfir lagfæringar á fláum eldri vegarins þannig að hætta á slysum við útafakstur minnkar verulega. Almennt er það álitinn betri kostur að draga þannig úr líkum á slysum heldur en að gera það með vegriðum. Auk þess hefur vegrið þann ókost að draga til sín snjó í skafrenningi og auka erfiðleika við snjóhreinsun á brautinni. Vegrið hefur verið sett upp á stuttum köflum nýja vegarins þar sem ekki var hægt að draga úr halla vegarfláa vegna náttúruverndar, en þar er um hraundrýli að ræða á náttúruminjaskrá í nágrenni vegarins sem að sjálfsögðu var ekki hægt að hrófla við. Þegar vegrið eru sett upp þarf að taka tillit til þess að vegriðið sjálft skapar nokkra hættu og þarf því ætíð að meta hvort sú hætta sé minni en hættan sem vegriðum er ætlað að koma í veg fyrir. Það er þetta sem hönnuðir veganna þurfa að vega og meta hverju sinni, þ.e. hvernig þessi öryggisbúnaður skuli vera og það er mat Vegagerðarinnar að ekki séu aðstæður til þess að setja vegrið að svo komnu máli þarna. Að sjálfsögðu þarf þó jafnan að vera með slíka hluti í endurskoðun og það er hluti af umferðaröryggisaðgerðum Vegagerðarinnar, en mat þeirra núna er að við núverandi aðstæður séu ekki aðstæður til að setja upp vegrið umfram það sem búið er að gera.

[13:19]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Öryggi á tvöfaldri Reykjanesbraut hefur aukist verulega frá því þetta var eingöngu einfaldur vegur. Það hefði verið full þörf á því að velta fyrir sér vegriði milli akreina meðan eingöngu var um einfalda braut að ræða og koma þannig í veg fyrir að bílar úr gagnstæðum akstursáttum lentu hver framan á öðrum eins og oft vildi gerast á einfaldri Reykjanesbraut.

Það vakti þó athygli mína að ef menn vildu fara þá leið að setja vegrið á Reykjanesbrautina alla leið frá Hafnarfirði til Keflavíkur þá er það ekki ýkja kostnaðarsöm aðgerð, alla vega ef við berum það saman við þann kostnað sem tekur að reka Reykjavíkurflugvöll á ári hverju. Mér sýnist að kostnaður við að setja vegrið í miðjuna og eins vegrið sitt hvorum megin við kantana væri svona um það bil tveggja ára rekstrarkostnaður Reykjavíkurflugvallar. Það dygði til þess. Ef menn teldu það auka öryggi verulega þá bendi ég því á þá fjármuni í þá framkvæmd.

[13:20]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin. Ég spyr hann enn hvort það eigi að skilja þetta svo að umræðurnar um vegrið séu í raun út í hött þar sem þær auki ekki öryggi og gefi ekki ástæðu til þess að leyfa meiri hraða á brautinni eða hvort núverandi aðstæður krefjist þess ekki, af því hæstv. ráðherrann tók fram að Vegagerðin teldi ekki

þörf á þessu við núverandi aðstæður. Við hvaða aðstæður er þörf á þessu? Væri t.d. þörf á þessu ef menn vildu bæði tryggja öryggi betur og leyfa hugsanlega meiri hraða á brautinni til þess að auðvelda samgöngur milli Reykjavíkursvæðisins og Keflavíkurflugvallar?

Ég tek undir það með hv. þingmanni Jóni Gunnarssyni að þó að tölurnar virðist við fyrstu sýn háar þá eru þær það í raun ekki ef maður lítur á þessa mikilvægu samgönguæð sem við höfum áður rætt hér nokkuð í salnum og er einhver sú mikilvægasta á landinu, einkum þegar útlit er fyrir það að á næstu árum verði Reykjavíkurflugvöllur of dýr til þess að hafa hér í rekstri vegna þess að Íslendingar taki að sér, sem sú sjálfstæða þjóð sem þeir eru og eiga að vera, að borga a.m.k. sinn part af rekstri Keflavíkurflugvallar. Það eru bara þær staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir, forseti, hvort sem mönnum þykir vænt um Reykjavíkurflugvöll eða vilja vera fljótir á fundi, það er ósköp einfaldlega buddan sem við þurfum að horfa á. Ég hlakka nú ekki til þess að standa með mönnum að því að setja fé í tvöfalt flugvallarkerfi hér á suðvesturhorninu frekar en að verja því til velferðarmála eða annarra framfaramála.

[13:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil bara undirstrika það sem kom fram hjá mér áðan, að miðað við núverandi aðstæður á Reykjanesbrautinni tvöfaldaðri er ekki talin ástæða til þess af hálfu hönnuða brautarinnar að setja vegrið. Ástæðan er m.a. sú að yfir vetrartímann skiptir mjög miklu máli hvernig staðið er að öryggisaðgerðum þegar hálka er, snjókoma og skafrenningur. Það er mat Vegagerðarmanna að við þær aðstæður geti vegriðin skapað meiri hættu en öryggi vegna þess að það skefur mjög að þessum vegriðum. Sums staðar eru hins vegar aðstæður þannig að vegrið verður að vera, t.d. á fjallvegum, vegna þess að þá er hátt niður af köntum veganna. En því er ekki til að dreifa á Reykjanesbrautinni. Þess vegna hefur Vegagerðin lagt meira í að bæta aðstæður meðfram vegunum til þess að auka umferðaröryggi ef ökumenn lenda í því að aka út af sem getur að sjálfsögðu valdið slysum.

Aðalatriðið er að við hönnun Reykjanesbrautar núna og við tvöföldun hennar og uppbyggingu er lögð mikil áhersla á að hafa hana sem öruggasta. Leiðarljós okkar og Vegagerðarinnar er að Reykjanesbrautin verði mun öruggari en hún hefur verið. Ég tel að það sé mjög verðugt verkefni að vinna að.

[Fundarhlé. — 13:25]

Kennslutap í kennaraverkfalli.

Fsp. BjörgvS, 473. mál. — Þskj. 725.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra vegna kjaradeilu kennara og sveitarfélaga á liðnu hausti þegar verulegur skaði varð á skólagöngu tíu árganga íslenskra barna. Skaðann er að sjálfsögðu hægt að bæta fyrir að hluta, verði lagðar til samræmdar aðgerðir og þeim fylgt eftir með jákvæðum hætti og að þeim fylgi fjármagn sem á skortir til að mæta auknum kennslustundafjölda hjá sveitarfélögunum.

Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hvaða skólar hafa sótt um viðbótarfjármagn til sveitarfélaga sinna til að bæta upp kennslutap í verkfalli kennara?

2. Mun ráðherra hafa forgöngu um að allir skólar bæti kennslutapið upp? Ef svo er, með hvaða hætti?

3. Mun ráðherra hafa afskipti af því hvernig einstök sveitarfélög bæta upp kennslutapið?

4. Lagði ráðherra til samræmdar aðgerðir til að bæta upp kennslutap? Ef svo er, hverjar eru þær og hvernig var þeim fylgt eftir?

Ljóst er að yfir 1,5 millj. skóladaga fóru í súginn á liðnu hausti og á ábyrgð stjórnvalda að hafa forustu um að bæta börnunum skaðann eins og hægt er með samræmdum hætti. Hæstv. ráðherra svaraði fyrirspurn minni á Alþingi í desember sl. um sama efni um annað mál að hún hefði verið í viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga, ekki einungis formann þess heldur þá sem koma að fræðslumálum innan sambandsins um hvernig brugðist yrði við afleiðingum verkfalls grunnskólakennara. Þar kom m.a. fram að ýmis sveitarfélög, þar á meðal Reykjavík og Akureyri, hafa sett upp samráðsnefndir til að gera tillögur um með hvaða hætti bæta megi nemendum upp tapið og hvernig skuli brugðist við því.

Þá kom fram að menntamálaráðuneytið hafði sent sveitarstjórnum ósk um greinargerð um með hvaða hætti skólahald yrði skipulagt í einstökum sveitarfélögum út skólaárið og jafnframt að ráðuneytið teldi sjálfsagt að skólar nýttu alla virka daga sem eftir eru af skólaárinu til kennslu, þar á meðal daga sem í venjulegu ári eru notaðir til ýmiss konar annarra starfa. Ráðuneytið mundi kanna hvort og þá með hvaða hætti sveitarfélögin hafi brugðist við í þessu efni.

Að sjálfsögðu er ekki hægt að skylda sveitarfélögin til að bæta nemendum upp tapið vegna verkfallsins. Hins vegar er það á ábyrgð menntamálayfirvalda að leggja til samræmdar tillögur til að bæta upp kennslutapið og sinna eftirlitsskyldu sinni til að lögvarinn réttur barna til menntunar og 170 daga skólaskyldu sé uppfylltur og í hávegum hafður. Séu lagðar til og farið eftir samræmdum aðgerðum til að bæta það tap sem verkfallið olli á skólagöngu barnanna er mikið auðveldara að hafa eftirlit með aðgerðunum og hvernig til hafi tekist og hvar sé að finna skóla sem ekki hafa einhverra hluta vegna treyst sér til eða getað fylgt því eftir.

Því spyr ég hæstv. ráðherra áðurtalinna spurninga um aðgerðir vegna kennslutaps út af verkfalli.

[14:48]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson spyr ýmissa spurninga um kennslutap vegna verkfalls grunnskólakennara sem stóð sl. haust í tæpa tvo mánuði og aðkomu ráðuneytisins að því máli. Hv. þingmaður hefur áður

lagt mjög svipaðar spurningar fyrir mig um aðgerðir í kjölfar verkfalls kennara eins og fram kemur á 333. þingmáli og ef mig minnir rétt hefur þetta einnig verið tekið upp undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins.

Þann 8. desember sl. var greint frá því að menntamálaráðuneytið hefði verið í viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga um hvernig brugðist yrði við afleiðingum verkfalls grunnskólakennara. Þar kom fram að enginn ágreiningur hafi verið á milli sambandsins og ráðuneytisins um að það sé á hendi hvers sveitarfélags fyrir sig að grípa til aðgerða til að leitast við að bæta nemendum upp þá kennslu sem þeir urðu af vegna verkfalls grunnskólakennara, að svo miklu leyti sem slíkt væri unnt.

Einnig kom fram að ráðuneytið hafði sent sveitarstjórnum ósk um skil á greinargerðum þar sem fram kæmi með hvaða hætti skólahald yrði skipulagt í einstökum sveitarfélögum út skólaárið. Í bréfi ráðuneytisins til sveitarfélaganna kom fram að ráðuneytið legði mikla áherslu á að skólar nýttu alla virka daga sem eftir eru á skólaárinu til kennslu, þar á meðal daga sem í venjulegu ári eru notaðir til ýmiss annars starfs.

Menntamálaráðuneytið hefur fengið skriflega greinargerð frá 14 sveitarfélögum þar sem fram kemur með hvaða hætti skólahald í sveitarfélaginu verði skipulagt út skólaárið í kjölfar verkfalls grunnskólakennara. Ráðuneytið hefur einnig fengið munnlegar upplýsingar frá ýmsum sveitarfélögum. Fram kemur að sveitarfélög hafa ákveðið að bregðast við með mismunandi hætti, sum ráðgera engar breytingar á skóladagatali þrátt fyrir verkfall, önnur bæta við nokkrum skóladögum, fella niður skerta skóladaga, fækka prófadögum, fella niður vetrarfrí og almennt nýta betur virka skóladaga. Í sumum tilvikum greiða sveitarfélög fyrir viðbótarkennslu og þá nær það annaðhvort til allra nemenda skólans eða sérstaklega til nemenda í 8. og 10. bekk grunnskóla.

Sveitarfélög hafa því brugðist með ýmsum hætti við að bæta upp kennslutap í verkfalli kennara og hefur útfærslan verið í höndum skólastjóra í samráði við foreldraráð skólanna og skólanefndir.

Menntamálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um hvaða einstakir skólar hafa sótt um viðbótarfjármagn til sveitarfélaga sinna til að bæta upp kennslutap í verkfalli kennara en vitað er að fjölmargir skólar hafa fengið viðbótarfjárframlag frá sveitarfélögum til að bjóða nemendum aukakennslu, ekki síst nemendum í 10. bekk grunnskóla sem koma til með að gangast undir samræmd próf í vor.

Menntamálaráðherra mun ekki hafa forgöngu um að allir skólar bæti kennslutapið upp að öðru leyti en áður hefur komið fram í hvatningu til sveitarfélaga að nýta betur alla virka daga út skólaárið til kennslu, enda fullt samráð haft við Samband íslenskra sveitarfélaga þar um.

Menntamálaráðuneytið hefur litið svo á að lögvarinn verkfallsréttur grunnskólakennara leiði til þess að ákvæði grunnskólalaga um skyldunám víki á meðan verkfall varir. Því sé eðlilegt að líta sömu augum á niðurfellingu kennslu vegna verkfalls kennara og þegar fella verður niður kennslu af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Því er ekki hægt að skylda sveitarfélög til að bæta nemendum upp kennslu vegna verkfalls frekar en ef um aðrar ófyrirsjáanlegar ástæður væri að ræða, t.d. ófærð eða náttúruhamfarir. Það þarf hins vegar ekki að koma í veg fyrir að sveitarfélög geri allt sem í þeirra valdi stendur til að uppfylla ákvæði grunnskólalaganna. Ráðuneytið mun ekki hafa frekari afskipti af því með hvaða hætti einstök sveitarfélög bæta upp kennslutapið, enda er það á valdi hvers sveitarfélags.

Það er rétt að taka fram að mats- og eftirlitsdeild ráðuneytisins fylgist árlega með því að sveitarfélög uppfylli lögbundna skyldu um kennsludaga skv. 26. gr. grunnskólalaganna og hefur sent sveitarstjórnum bréf ef misbrestur hefur verið á því og ítrekað lögbundnar skyldur sveitarfélagsins. Þetta eftirlit ráðuneytisins hefur leitt til þess að langflest sveitarfélög hafa uppfyllt lagaákvæðið undanfarið nema þau sem sótt hafa um undanþágu frá árlegum starfstíma skv. 26. gr. grunnskólalaganna með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum.

Mats- og eftirlitsdeild ráðuneytisins mun að loknu þessu skólaári að sjálfsögðu kanna starfstíma skólanna og skoða sérstaklega áhrif verkfall grunnskólakennara í því sambandi og taka saman greinargerð þar að lútandi.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það er leitt að heyra að ekki liggi fyrir hvaða skólar hafa sótt um viðbótarfjármagn og hvernig að málum verði staðið. Einnig eru mikil vonbrigði að heyra að ekki hafi verið lagðar til og unnið eftir samræmdum tillögum til að bæta börnunum tapið sem varð í verkfallinu á skóladögum þeirra og þeirri kennsluskyldu sem þau eiga rétt á. Ástæða er til að skora á hæstv. ráðherra að bregðast ekki skyldu sinni við að verja rétt barnanna og fylgja því eftir af fremsta megni að sveitarfélögin uppfylli það að börnunum sé bættur skaðinn og jafnvel sé lagt til viðbótarfjármagn til þeirra verkefna ef það stendur í veginum fyrir því að einstök sveitarfélög geti boðið upp á aukna kennslu og fleiri skóladaga til handa börnunum.

Ein og hálf milljón skóladaga er mikill dagafjöldi og öllum ljóst að mikill og töluverður skaði hefur orðið á skólagöngu barnanna og þau eiga rétt á því að hann sé bættur eins og kostur er. Eina leiðin til að gera það samræmt þannig að ekki sé neins misræmis gætt milli barna, sveitarfélaga, landsvæða eða skóla er að lagðar séu til og unnið eftir samræmdum tillögum til sveitarfélaganna þar sem þess er farið á leit að eftir þeim sé unnið, viðbótarfjármagn skaffað til að standa undir þeirri kennsluaukningu sem þessu fylgir og vinnuaukningu fyrir kennara.

Það eru því vonbrigði að heyra að ekki hafi verið unnið eftir samræmdum tillögum og að ráðuneytið hafi ekki fylgt því fastar eftir að hafa eftirlit með því hvaða skólar og hvaða sveitarfélög bæta börnunum tapið og hvernig þau gera það.

[14:54]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vona að hv. fyrirspyrjandi hafi hlustað nægilega vel á svar mitt, en mig grunar að svo hafi ekki verið því ráðuneytið hefur einmitt fylgst vel með því hvað hefur átt sér stað í skólunum og í hinum mismunandi sveit-

arfélögum landsins og hvað þau hafa gert í kjölfar verkfalls grunnskólakennara. Auðvitað mun ráðuneytið, eins og ég gat um áðan, fylgjast með því, m.a. mats- og eftirlitsdeildin eins og lög segja til um.

Miðað við orð hv. fyrirspyrjanda er ljóst að hann er til að mynda í mótsögn við það sem stjórnendur skólanna, þ.e. sveitarfélögin, vilja gera því það eru einfaldlega mismunandi áherslur í sveitarfélögunum varðandi skólastefnuna. Að sjálfsögðu vilja þau leggja sínar áherslur inn í það hvernig hægt er að meta og mæta þörfum grunnskólabarna þannig að þau geti fengið uppfyllt þennan rétt sinn samkvæmt grunnskólalögum. Ég tel ekki rétt að menntamálaráðherra gangi inn á sjálfræði sveitarfélaganna, en engu að síður mun ráðuneytið fylgja eftir eftirliti sínu með ráðum og dáð og fylgja því eftir að grunnskólanemendur fái þann rétt sem þeim ber innan þess ramma sem lög kveða á um.

Það er því verið að uppfylla allt sem sagt er í lögum en um leið virðum við sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og mér finnst miður að hv. fyrirspyrjandi skuli ekki sjá það.

Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins.

Fsp. SKK, 536. mál. — Þskj. 810.

[14:56]

Fyrirspyrjandi (Sigurður Kári Kristjánsson):

Frú forseti. Málefni Ríkisútvarpsins hafa á síðustu missirum og árum verið reglulega til umræðu í þjóðfélaginu af ýmsum ástæðum en þessa dagana vegna yfirlýsinga hæstv. menntamálaráðherra um hugmyndir um breytt rekstrarumhverfi stofnunarinnar. Þegar málefni ríkisstofnunarinnar koma til umræðu poppar alltaf upp, ef svo má segja, félagsskapur sem kallar sig Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins og tekur þátt í umræðunni. Ég efast ekki um tilvist félagsskaparins en mér hefur reynst nokkuð erfitt að átta mig á því hver formleg staða samtakanna er gagnvart Ríkisútvarpinu og hvort samtökin tala máli stjórnenda þeirrar stofnunar, en þau gefa sig út fyrir að gera það í málflutningi sínum.

Ég gerði mér far um að reyna að kanna það upp á eigin spýtur hver formleg staða Hollvinasamtakanna væri gagnvart Ríkisútvarpinu og varð satt best að segja ekki mjög ágengt í þeirri athugun. Það er ekkert um samtökin á heimasíðu RÚV, þeirra er ekki getið í ársreikningum Ríkisútvarpsins, þeirra er ekki getið á fjárlögum og litlar sem engar upplýsingar er að hafa um samtökin varðandi stjórn, stjórnarmenn eða aðrar upplýsingar. Eina sem veitir í raun vísbendingu um stöðu samtakanna er að finna í blaðagreinum eftir Margréti Sverrisdóttur, sem er núverandi formaður Hollvinasamtakanna og framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins. Í grein sem hún ritaði fimmtudaginn 23. október árið 2003 í Morgunblaðið kemur fram að samtökin voru stofnuð á árinu 2002 og ástæðan fyrir tilurð hópsins hafi verið m.a. hugmyndir um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Þau sjónarmið eru sömuleiðis rakin í annarri sambærilegri grein sem Margrét Sverrisdóttir ritaði í Morgunblaðið 21. ágúst 2004.

Eins og ég segi er ég ekki viss um að Hollvinasamtökin tali máli stjórnenda Ríkisútvarpsins en þegar betur er að gáð verður ekki betur séð en að áróður Hollvinasamtakanna, hversu góð sem þau kunna að vera, sé býsna líkur málflutningi Frjálslynda flokksins í málefnum Ríkisútvarpsins. Ég leyfi mér t.d. að nefna til sögunnar tillögu til þingsályktunar frá árinu 2001 sem flutt var af Sverri Hermannssyni, fyrrum þingmanni Frjálslynda flokksins. Það hvarflar að manni þegar svona er í pottinn búið að hin ágætu samtök hafi með höndum pólitískan áróður undir dulnefni því ég get ekki betur séð en að samtökin séu að útvarpa stefnu Frjálslynda flokksins (Forseti hringir.) í málefnum Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins.

Í ljósi þess spyr ég hæstv. ráðherra:

Hver er formleg staða svokallaðra Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins gagnvart stofnuninni?

[14:59]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Sigurður Kári Kristjánsson spyr mig, með leyfi forseta:

„Hver er formleg staða svokallaðra Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins gagnvart stofnuninni?“

Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins er sjálfstætt félag sem hefur að markmiði að vinna að málefnum Ríkisútvarpsins. Hvorki er getið um starf samtakanna í lögum um Ríkisútvarpið, nr. 122/2000, né í útvarpslögum, nr. 53/2000, og þau hafa engin formleg tengsl við Ríkisútvarpið hvað varðar stjórn þess, rekstur eða stefnu. Útvarpsstjóri hefur setið aðalfundi Hollvinasamtakanna sem gestur og ávarpað fundarmenn og samtökin aðstoðuðu við undirbúning Kastljóssþáttar á síðasta ári sem var sérstaklega um málefni Ríkisútvarpsins.

Það er því ekki furða, hæstv. forseti, þótt hv. þingmaður og fyrirspyrjandi, Sigurður Kári Kristjánsson, hafi ekki fundið neitt um Hollvinasamtökin á vef Ríkisútvarpsins enda er ekki um nein formleg tengsl Ríkisútvarpsins við Hollvinasamtökin að ræða.

[15:01]

Mörður Árnason:

Forseti. Þetta er frekar furðuleg fyrirspurn hjá hv. þingmanni. Hann hefði ósköp einfaldlega getað talað við formann þessara samtaka, sem starfar á okkar vinnustað, framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins, eins og hann réttilega tók fram. Fleiri í stjórn samtakanna eru Valgeir Sigurðsson rithöfundur, Anna Tryggvadóttir laganemi, Hörður Ásgeirsson tónlistarmaður og Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður.

Þótt maður leiti vel þá finnst þetta fólk ekki á framboðslistum hjá Frjálslynda flokknum. Ég tel þær fullyrðingar því alveg fáránlegar. Þetta er auðvitað bara tilraun Sigurðar Kára Kristjánssonar til að gera þessi samtök tortryggileg. Hann er sennilega ekki sammála þeirri breiðu stefnu sem þau hafa en eins og segir í Fréttabréfi frá samtökunum, sem ég hef í höndum, þá berjast þau m.a. gegn einkavæðingu Ríkisútvarpsins, sem hann berst fyrir.

Það sem hv. þingmaður ætti að spyrja um og best er að ég geri það fyrir hann, en það vekur tortryggni, er að það skuli engar upplýsingar koma frá hæstv. menntamálaráðherra sem svo sannarlega er í formlegum tengslum við Rík-

isútvarpið. Menn vita ekki einu sinni hvaða menn eru í nefnd þeirri sem hún hefur verið að auglýsa í fjölmiðlunum, (Forseti hringir.) hvað þá hverju hún ætlar að skila eða hvenær.

[15:02]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hún kemur svolítið á óvart þessi fyrirspurn og að þingmenn Sjálfstæðisflokksins eigi erfitt með að átta sig á frjálsum félagasamtökum og reyni að gera lítið úr starfi þeirra. Ég heyri ekki betur en að það andi fremur köldu í garð Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins frá hæstv. menntamálaráðherra. Mér finnst það sannast sagna ekki vera sæmandi.

Eftir því sem ég þekki til, og ég þekki nokkuð til þessara samtaka, þá eru þau þverpólitísk. En þau hafa unnið sér eitt til óhelgi. Og hvað skyldi það vera? Þau vilja varðveita Ríkisútvarpið í þjóðareign og hafa leyft sér að álykta í þá veru. Þess vegna er væntanlega reynt að gera lítið úr samtökunum. Ég hef hins vegar heyrt innan úr Ríkisútvarpinu, af hálfu útvarpsstjóra og fleiri aðila, að þeir hafi tekið fagnandi því frumkvæði sem frá þessum samtökum kemur. Ég ítreka að þetta eru þverpólitísk samtök þar sem fram fer lýðræðisleg umræða og menn reyna að láta gott af sér leiða.

[15:03]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að hér er á ferðinni allsérstæð fyrirspurn. Það mætti kannski velta því fyrir sér hvort við tækjum upp á sama hátt umræðu um Hollvinasamtök Háskóla Íslands eða fleiri félagasamtök sem starfandi eru.

En það kom mér einnig á óvart hve lítið kom út úr svari hæstv. menntamálaráðherra um hlutverk samtakanna og hver tengingin væri við ráðuneytið. Ég spyr því: Hafa þessi samtök fengið af safnliðum ráðuneytisins einhverja peninga til starfsemi sinnar?

[15:04]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi nota tækifærið, fyrst málefni Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins eru tekin upp, og lýsa yfir aðdáun minni á því þverpólitíska grasrótarstarfi sem þar fer fram. Það er dapurlegt að reynt skuli að gera tilvist þeirra og öflugt starf tortryggilegt í þingsölum af því að þar er um að ræða aðdáunarverð samtök sem mættu verða fyrirmynd margra annarra samtaka. Þau hafa unnið mjög gott starf og staðið vörð um þann öfluga almannamiðil sem Ríkisútvarpið er og á að vera en er eins og bein í hálsi margra sjálfstæðismanna sem vilja einkavæða miðilinn og losa undan almannaeigu. Þar virðist hins vegar ekki ríkja mikil eining þar sem hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki tekið undir hugmyndir hv. þingmanna Birgis Ármannssonar, Sigurðar Kára Kristjánssonar og Péturs Blöndals. Ég held að innanhússmál Sjálfstæðisflokks ættu nú að ræðast þar og leysast áður en þeir reyna að gera þau aðdáunarverð samtök á borð við Hollvinasamtökin tortryggileg í þingsölum.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Sigurður Kári Kristjánsson):

Frú forseti. Málflutningurinn sem hér er uppi hafður kemur mér verulega á óvart. Það andar ekki köldu frá mér í garð þessara samtaka og þaðan af síður að fyrirspurn mín sé tilraun til að gera samtökin tortryggileg. Ég bar fram spurningu um hver væri formleg staða samtakanna gagnvart stofnuninni vegna þess að þau hafa verið óhrædd við það að tala máli stofnunarinnar eða láta sem samtökin geri það. Því er nauðsynlegt, fyrir þá umræðu sem fram undan er um framtíð Ríkisútvarpsins, að það liggi fyrir í hvers umboði samtökin tala.

Ég minni á að þau kalla sig Hollvinasamtök Ríkisútvarpsins. Þeir sem ekki til þekkja kynnu að ætla, án þess að annað sé tekið fram, að þar séu á ferðinni erindrekar Ríkisútvarpsins. En nú hefur komið fram, í skýru svari frá hæstv. menntamálaráðherra, að á ferðinni er sjálfstætt félag, frjáls félagasamtök, sem ég amast ekki við. Ég gat ekki heyrt að hæstv. menntamálaráðherra amaðist við þeim heldur.

Það vekur aftur á móti athygli, þegar maður skoðar hverjir eru í forustu fyrir samtökin og skoðar stefnu þeirra eins og hún hefur birst í fjölmiðlum með hliðsjón af stefnu Frjálslynda flokksins í málefnum Ríkisútvarpsins, að þar er algjör samhljómur, milli Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins annars vegar og stefnu Frjálslynda flokksins í málefnum Ríkisútvarpsins hins vegar. Í ljósi þessa, og ég hvet hv. þingmenn til þess að kynna sér stefnu samtakanna og Frjálslynda flokksins, er eðlilegt að þessi spurning komi fram. Ég hvet hv. þingmenn til þess að kynna sér þingsályktunartillögu Sverris Hermannssonar frá 126. löggjafarþingi. En það mál hefur alloft verið endurflutt af hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni hér í þingsölum. Þá sjá menn samsvörunina.

[15:07]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda Sigurði Kára Kristjánssyni með að þetta er ósköp eðlileg fyrirspurn og ekki óeðlilegt að menn velti fyrir sér stöðu Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins, sem enginn hefur verið að fetta fingur út í úr ræðustól.

Aftur á móti vekur umræðan mig til umhugsunar um þau orð sem voru látin falla meðal ýmissa lýðræðishjalandi þingmanna stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Marðar Árnasonar og fleiri þingmanna, þegar þeir koma með þær athugasemdir að ekki megi koma með þessa fyrirspurn, þetta sé furðuleg fyrirspurn og það eigi bara að fara út í bæ og spyrja aðra menn. Gildir það ekki um allar fyrirspurnir hér á Alþingi? (**SKK:** Auðvitað.) Auðvitað er það þannig. Að það megi ekki koma með einfalda og skýra fyrirspurn um hver séu formleg staða og tengsl Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins við Ríkisútvarpið er sérkennilegt. Henni var svarað hreint og klárt af minni hálfu en mér finnst það furðuleg afstaða, að það megi ekki koma með þessa fyrirspurn.

Er það þannig að það megi bara koma með sumar fyrirspurnir, sumar reyndar margoft eins og oft hefur verið reyndin, en aðrar ekki, sem ekki henta þessum lýðræðisþenkjandi þingmönnum? Þetta vekur mig til umhugsunar,

(Gripið fram í.) hæstv. forseti.

Síðan er rétt að hnykkja á því að stefna Sjálfstæðisflokksins og landsfundar Sjálfstæðisflokksins í málefnum Ríkisútvarpsins er alveg skýr. Ríkisútvarpið á áfram að vera í eigu þjóðarinnar.

Samræmd próf í grunnskólum.

Fsp. KJúl, 566. mál. — Þskj. 854.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Það bárust athyglisverðar fréttir í byrjun síðustu viku af aðalfundi Félags grunnskólakennara sem haldinn var á Selfossi 18.–19. febrúar, sem samþykkti ályktun þar sem lagt var til við menntamálaráðuneytið að samræmd próf í grunnskólum yrðu lögð niður.

Með leyfi forseta langar mig að vitna aðeins í þessa ályktun svo að hv. þingmenn glöggvi sig á því um hvað málið fjallar. Í ályktuninni segir að með vaxandi þróun í átt að einstaklingsmiðuðu námi síðustu ár og framtíðarsýn fræðsluyfirvalda í þá átt hafi samræmd próf ekki þann tilgang og vægi sem þeim var ætlað í upphafi heldur gangi í raun þvert á þá stefnu.

Annars staðar í ályktuninni segir, með leyfi forseta:

„Samræmd próf eru í dag orðin markmið skólastarfs og stýring í stað þess að vera uppbyggilegt mælitæki fyrir áframhaldandi starf.“

Enn fremur segir að samræmd próf í 4. og 7. bekk leggi óeðlilegar kröfur á nemendur og geti haft mjög neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra. Samræmd próf í 10. bekk gagnist grunnskólanum ekki og séu í raun orðin inntökupróf í framhaldsskóla. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Mun eðlilegra er að framhaldsskólar meti sjálfir hvort nemendur standist inntökuskilyrði.“

Virðulegi forseti. Mér þykir þetta töluvert athyglisverð ályktun frá stórum faghópi, grunnskólakennurum, sem vinnur með börn og undirbýr fyrir þessi samræmdu próf og hefur gert um nokkra hríð. Þess vegna þykir mér mikilvægt að heyra frá hæstv. menntamálaráðherra hver viðhorf hennar og ráðuneytisins séu til þessarar ályktunar. Ég tel mikilvægt að hlusta á grunnskólakennara sem vinna við það og eru sérhæfðir í að vinna með þeim börnum sem þessi próf þreyta.

Sömuleiðis þætti mér athyglisvert að heyra hvaða rök ráðuneytið hafi á móti sannfærandi rökum kennara, ef einhver eru, eða hvort ráðuneytið taki undir með grunnskólakennurum þegar þeir segja að samræmd próf í 10. bekk séu í raun ekki annað en inntökupróf í framhaldsskóla og að samræmd próf í 4. og 7. bekk leggi óeðlilegar kröfur á nemendur og hafi neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra.

Þetta þætti mér mikilvægt að heyra um frá hæstv. menntamálaráðherra vegna þess að grunnskólakennarar vinna með þessi börn og eru hópur sem við verðum að hlusta á í þessu sambandi.

[15:12]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Í fyrirspurn hv. þingmanns er vísað til þriðja aðalfundar Félags grunnskólakennara frá 18.–19. febrúar síðastliðnum þar sem lagt er til við ráðuneytið að samræmd próf í grunnskólum í núverandi mynd verði lögð niður en í ályktuninni kemur fram að grunnskólakennarar telji stöðluð greinandi stöðupróf æskilegri en núverandi samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk.

Í umræðunni um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla er rétt að rifja upp markmið þeirra, eins og það er sett fram í núverandi löggjöf. Ákvæði um samræmd próf í 4. og 7. bekk grunnskóla er að finna í lögum um grunnskóla frá árinu 1995 en í greinargerð með því frumvarpi segir m.a.:

„Niðurstöður samræmdra prófa eiga að gefa foreldrum, kennurum og skólastjórnendum vísbendingar um að hve miklu leyti nemendur hafa náð grundvallarfærni sem frekara nám byggir á og vera þannig leiðbeinandi um áherslur í kennslunni. Í ljósi niðurstaðna á skólinn að bregðast við og veita þeim nemendum, sem ekki hafa náð lágmarksþekkingu og færni, sérstakan stuðning.“

Prófin í 4. og 7. bekk veita einnig þessum aðilum tækifæri til að bera saman námsárangur nemenda á ákveðnu tímabili og veita þannig upplýsingar um framfarir og námsstöðu nemendanna.

Í reglugerð nr. 415/2000 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í 4. og 7. bekk er kveðið á um að samræmd próf skuli haldin í íslensku og stærðfræði. Þar kemur skýrt fram að tilgangur þeirra prófa sé að vera leiðbeinandi um áherslur í kennslu fyrir einstaka nemendur og veita nemendum, forsjáraðila og skólum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemendanna. Öllum nemendum er skylt að þreyta samræmd próf en unnt er að veita einstökum nemendum undanþágur á grundvelli 36. gr. og 48. gr. grunnskólalaganna. Um er að ræða nemendur með annað móðurmál en íslensku, nemendur sem hafa dvalið langdvölum erlendis eða nemendur sem víkja, eins og þar segir, svo frá almennum þroska að þeim henta ekki samræmd próf.

Eins og fram kemur, hæstv. forseti, er áhersla lögð á að prófunum í 4. og 7. bekk sé ætlað að sýna stöðu hvers nemanda og vera leiðbeinandi fyrir kennara, skóla og foreldra. Því er af og frá að samræmd próf eigi að vera markmið skólastarfs, eins og lesa má í ályktun Félags grunnskólakennara Það hlýtur það að vera hvers kennara og skóla að meta hve mikla áherslu hann leggur á kenna beinlínis fyrir samræmd próf hverju sinni.

Í 10. bekk eru samræmd próf valfrjáls fyrir nemendur og gefst þeim kostur á sex samræmdum prófum í sex námsgreinum; íslensku, ensku, dönsku, náttúrufræði, samfélagsfræði og stærðfræði. Markmið samræmdra prófa í 10. bekk eru m.a. að veita nemendum og foreldrum upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemandans, athuga hvort námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi grein hafi verið náð og vera viðmið fyrir inntöku nemenda á mismunandi brautir síðan í framhaldsskólum.

Í ályktun Félags grunnskólakennara segir að samræmd próf í 10. bekk séu í raun inntökupróf í framhaldsskóla og

gagnist því grunnskólum ekki.

Hér er á þetta að líta:

Annars vegar fær hver skóli niðurstöður úr samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði þannig að hægt er að sjá frammistöðu hvers nemanda og skoða hvort og hvaða framförum nemandinn hafi tekið frá 4. og síðan 7. bekk í þessum tveimur greinum. Það ætti að vera mikil hjálp fyrir einstaka kennara og skóla við skipulagningu kennslu og greiningu á sterkum og veikum hliðum kennslunnar í þessum mikilvægu kjarnagreinum skólans. Hins vegar vil ég minna á að samkvæmt reglugerð um inntökuskilyrði í framhaldsskóla gildir meðaltal einkunna á samræmdu lokaprófi og skólaprófi. Því er ekki um það að ræða að árangur á samræmdu prófi ákvarði eingöngu möguleika nemenda á að komast inn á einstakar brautir í framhaldsskóla.

Að lokum vil ég benda á að þrátt fyrir að samræmd próf í 10. bekk séu valfrjáls fyrir nemendur velja flestir þeirra að þreyta sem flest próf. Árlega þreyta yfir 90% þeirra samræmd próf í íslensku, ensku og stærðfræði, yfir 70% fara í dönskuprófið og milli 50 og 60% þreyta próf í samfélagsfræði og náttúrufræði. Með hliðsjón af því sem ég hef rakið tel ég að markmiðssetning og tilgangur með samræmdum prófum í grunnskóla sé skýr. Þá hefur reynslan á framkvæmd þessara prófa sannað gildi þeirra.

Því tel ég ekki koma til greina að hætta framkvæmd prófanna. Ég fagna hins vegar auðvitað allri umræðu um þennan mikilvæga þátt skólastarfsins.

[15:17]

Mörður Árnason:

Hæstv. menntamálaráðherra stendur við samræmdu prófin og leggur sig að veði í þeim. Ég tel að þessi samræmdu próf í grunnskólunum sem byrja í níu ára bekk sem einu sinni hét og ganga síðan upp eftir öllu kerfinu og enda í framhaldsskólunum séu klunnaleg aðferð til að mæla stöðu nemenda og einstakra skóla. Ég tel að þau virki gegn tilgangi sínum og að við eigum að leggja þessi próf niður, a.m.k. breyta þeim verulega og nota þau á allt annan hátt.

Það gladdi mig í morgun þegar ég var á pólitískum fundi í Flensborgarskóla með ýmsum þeim sem hér eru staddir í salnum að undir þessi sjónarmið tekur hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson sem hingað til hefur ekki verið mjög sammála mér í menntamálum. Hann hefur miklar efasemdir um samræmd próf, bæði í grunnskólum og framhaldsskólum. Það verður fróðlegt að heyra í andsvörum á eftir rökstuðning hans og andsvör hans við vilja hæstv. menntamálaráðherra og Sjálfstæðisflokksins í þessum efnum.

[15:18]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með ályktun Félags grunnskólakennara og þeim sem hér talaði á undan mér um að samræmd próf í núverandi mynd í grunnskólum og sérstaklega hjá níu ára börnum séu tilgangslítil tímaskekkja. Þau leika mörg börn grátt og eru óeðlilegar kröfur sem engin rök eru fyrir að leggja á svo ung börn og etja þeim þannig allt of ungum og óhörðnuðum út í allt of harða samkeppni og allt of opinn samanburð.

Samræmd próf í núverandi mynd á að mínu mati að leggja af, finna aðrar og leiðbeinandi áherslur fyrir skólana til að mæla getu barnanna og frammistöðu, aðrar mildari og manneskjulegri leiðir. Það gegnir kannski öðru máli með slík próf hjá eldri börnum en hjá svo ungum börnum eru engin rök fyrir því að samræmd próf séu notuð sem slíkur mælikvarði og á hiklaust að leggja þau af. Það eru vonbrigði að heyra að hæstv. ráðherra tekur ekki undir þetta og hefur ekki skilning á því mikilvæga markmiði sem það er að leggja af í grunnskólum samræmd próf í núverandi mynd.

[15:19]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál hér upp. Þetta er athyglisverð ályktun frá Félagi grunnskólakennara og ég tek undir með hæstv. menntamálaráðherra að það er gott að taka þessa umræðu. Þetta er slíkt mál að það á að vera í sífelldri þróun.

Hins vegar verð ég að segja fyrir mitt leyti varðandi samræmd próf í grunnskóla að ég er hlynnt þeim. Mér finnst þau vera mikilvæg. Það er þó mikilvægt fyrir skólastarf að samræmdu prófin séu ekki markmið skólanna, heldur er mikilvægt að halda áherslu á öðrum greinum. Aðalgagnrýnin sem hefur komið fram er einmitt sú ofuráhersla sem hefur verið á þær greinar sem samræmdu prófin eru tekin í. Mér finnst líka vert að huga að því að í 10. bekk eru samræmdu prófin valfrjáls en langflestir kjósa að taka þau.

Ég vil þó ítreka hér að þótt þessi skoðun mín eigi við grunnskóla á hún ekki við framhaldsskóla.

[15:20]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Samræmd próf eru öllum skólum að sjálfsögðu nauðsynleg til að geta metið árangur af skólastarfi. Stóra spurningin snýst hins vegar um það með hvaða hætti þau próf eru lögð fyrir og hvernig niðurstöður þeirra eru túlkaðar. Í því að velja samræmt próf felst auðvitað ákveðið gildismat, sérstaklega gagnvart þeim greinum sem ekki eru samræmdar. Kannski er veikleiki okkar í því með hvaða hætti við höfum túlkað niðurstöður úr samræmdum prófum, og e.t.v. hefur verið of langt gengið í því að tengja samræmd próf við útskrift. Þar kann að liggja veikleiki og hefur á stundum leitt skólastarf í ógöngur.

Ég tek undir það sem hæstv. ráðherra sagði varðandi samræmdu prófin í 4. og 7. bekk. Þau eru fyrst og fremst könnunarpróf sem eiga að gefa nemendum og skólum hugmynd um það með hvaða hætti skólastarfið er rekið, hvar skólinn stendur og hvar einstakir nemendur standa. Það ber að vara við því að oftúlka niðurstöður eins og því miður allt of oft hefur verið gert, bæði hér í þingsölum og innan einstakra skóla.

[15:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég varð fyrir vonbrigðum með svar hæstv. ráðherra. Hún sagði að það væri gott að taka þessa umræðu. Hér er hins vegar vel rökstudd tillaga og ég hefði talið fulla ástæðu fyrir ráðherra til að lýsa því hér yfir að

hún mundi skoða þessi mál vandlega. Þarna er fagfólk að fjalla um mál og alveg full ástæða er til að hlusta á það og fara yfir málin að nýju þegar svo vel er rökstutt að ástæða sé til að skoða þessi mál. Það er t.d. orðið alveg ljóst að þessi samræmdu próf stýra áherslum í skólastarfi, og miklu meira en heppilegt er að margra fagmanna mati.

Ég held þess vegna að hæstv. ráðherra ætti að skoða þetta mál með bestu sérfræðingum sínum og fara yfir það hvort ekki sé ástæða til að gera þarna verulegar breytingar á.

[15:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vörum mjög sterklega við því að menn fari offari í notkun samræmdra prófa og samanburðarmælinga í grunnskólanum og ekki síður vörum við við tilraunum nú til að troða þessu sama inn í framhaldsskólann.

Gallinn er ekki fyrst og fremst prófin sjálf, heldur hvernig þau eru notuð. Þau eru ekki notuð fyrst og fremst í þágu skólastarfsins sjálfs, heldur af utanaðkomandi aðilum til samanburðar milli skóla og á næsta skólastigi fyrir ofan.

Í drögum að nýrri menntastefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem nú er verið að leggja lokahönd á og verður til afgreiðslu á landsfundi okkar í haust er lagt til að samræmd próf í núverandi mynd verði lögð niður. Í staðinn á að koma réttindaskrá nemenda sem tryggi stöðu þeirra og að menn nálgist þessa hluti fyrst og fremst frá sjónarhóli réttinda nemendanna en ekki ofan frá og með mælingakúnstum af því tagi sem hingað til hafa verið túlkaðar og menn hafa misst út í vitleysu.

[15:24]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég veit ekki alveg hvort ég er að gera hér stutta athugasemd eða bera af mér sakir. Hv. þm. Mörður Árnason (**Gripið fram í:** Gera hvort tveggja.) sagði að ég hefði lýst því á fundi í Flensborgarskólanum í morgun að ég hefði miklar efasemdir um samræmd próf í framhaldsskólum og grunnskólum. Þetta er alls ekki rétt. Ég lýsti því hins vegar yfir og stend við það að ég hef efasemdir um samræmd próf í framhaldsskólum. Það er það sem ég sagði og vitnaði m.a. til þess að ég teldi mikilvægt að framhaldsskólinn væri fjölbreyttur og að skólarnir mættu halda sérkennum sínum. Ég nefndi þar sérstaklega til sögunnar minn gamla skóla, Verslunarskóla Íslands, sem hefur skorið sig úr öðrum menntaskólum á framhaldsskólastigi. Ég sagði ekkert um grunnskóla og samræmd próf í grunnskóla sem við erum að ræða hér. Ég átta mig ekki á því hvers vegna hv. þingmaður vekur athygli á þeim orðum mínum sem sögð voru í Flensborgarskólanum.

Ég minni hv. þingmann á það að Flensborgarskóli er ekki grunnskóli og eðlilegt að þau málefni hafi ekki verið til umræðu þar í morgun.

[15:25]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Að mínu viti er nauðsynlegt fyrir okkur að hafa mælistiku á færni og getu nemenda í grunnskóla. Það skiptir öllu máli að hún sé óvilhöll og gefi sem gleggstar upplýsingar um stöðu nemandans miðað við aðra í sama aldursflokki, í öðrum skólum eða í öðru umhverfi. Kennarar og foreldrar fá þá ákveðnar upplýsingar úr þessum könnunum og geta brugðist við ef þeir telja það nauðsynlegt.

Hvort núverandi samræmd próf og framkvæmd þeirra séu sú eina mælistika sem dugar skal ósagt látið en óvilhöll, sanngjörn mælistika á skólastarf er nauðsynleg að mínu viti.

[15:26]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft afar merkilegu máli þegar tekið er á þeirri samþykkt sem Félag grunnskólakennara gerði núna fyrir ekkert löngu síðan. Ég hef verið þeirrar skoðunar að einhverjar mælistikur þurfi á starfsemi grunnskólanna. Hvort það eru núverandi samræmd próf eða eitthvert annað fyrirkomulag þarf að ræða faglega.

Ég fer fram á það við hæstv. menntamálaráðherra að eftir þá skoðun sem hún hlýtur að fara í með sérfræðingum sínum og fagaðilum í framhaldi af samþykkt grunnskólakennara fái þingið munnlega skýrslu um málið og það verði tekið aftur á dagskrá. Það er augljóst eftir þessa stuttu umræðu hér að við þurfum að taka hana upp aftur og mun ítarlegar en hér hefur verið gert.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra kærlega fyrir hreinskiptið svar. Hún taldi ekki koma til greina að hætta framkvæmd samræmdra prófa líkt og lagt er til af Félagi grunnskólakennara í ályktuninni. Jafnframt þakka ég þá góðu umræðu sem hér hefur átt sér stað. Það er augljóst að þetta mál brennur á mörgum. Það er ekki óeðlilegt að svo stór mælikvarði sem við leggjum á börnin komi til umræðu endrum og sinnum og hugsanlega til endurskoðunar.

Hæstv. ráðherra sagði að samræmd próf í 4. og 7. bekk væru mikilvæg könnunarpróf sem endurspegluðu hvar nemendur stæðu og skólinn. Þá vil ég benda á það að nám er meira en próf. Nám snýst líka um það að læra góð vinnubrögð, læra að vinna jafnt og þétt og þar koma til mælieiningar eins og ritgerðir, verkefnavinna o.fl. Ég hefði viljað heyra hér frá hæstv. ráðherra að meira mark væri tekið á þessari mjög svo ákveðnu ályktun frá Félagi grunnskólakennara sem er faghópurinn sem vinnur mest með börnunum. Félagið ályktar svo sterkt gegn samræmdum prófum sem er tæki sem kennarar eru sjálfir að vinna með. Ég hefði viljað að hæstv. ráðherra lýsti því hér yfir að við ættum að skoða þetta mál betur með kennurunum, fara yfir það hvort fullyrðingar um að samræmd próf í 4. og 7. bekk leggi óeðlilegar kröfur á nemendur og getu haft mjög neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra. Þetta eru þannig yfirlýsingar að ég tel að við þurfum að skoða þær vel og vandlega.

[15:29]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur átt sér stað undir þessari fyrirspurn en vek jafnframt athygli á

því að til að mynda þingmenn frá Samfylkingunni hafa endurspeglað mismunandi viðhorf. Er kannski ekki að furða. Mér sýnast samfylkingarmenn vera þríklofnir í afstöðu sinni til samræmdra prófa. Sumir mæla þeim bót, aðrir ekki.

Meginmálið er auðvitað að við þurfum að halda áfram að hafa einhverja ákveðna mælistiku sem metur hæfni nemandans og sýnir fram á hvaða færni hann hefur eftir ákveðinn tíma í skólanum. Auðvitað munum við halda áfram að þróa það tæki sem við erum með núna, samræmdu prófin. Ég kem ekki til með að hætta framkvæmd þeirra en eins og ég sagði áðan fagna ég allri umræðu um samræmd próf og við munum að sjálfsögðu hlusta á þær ábendingar sem við fáum með það að markmiði að gera þau betri og skilvirkari fyrir allt skólakerfið og fyrst og síðast nemendurna.

Fundi slitið kl. 15:30.

---

82. FUNDUR

miðvikudaginn 2. mars,
að loknum 81. fundi.

Dagskrá:

1. Einkaleyfi, stjfrv., 251. mál, þskj. 269, nál. 815 og 818, brtt. 819. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, stjfrv., 191. mál, þskj. 839, brtt. 840. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

3. Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, stjfrv., 398. mál, þskj. 505, nál. 793, 794 og 796, brtt. 795. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.,
Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.,
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. n.

Umræður utan dagskrár.

Stuðningur Íslands við þjálfun írakskra öryggissveita.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það urðu nokkur tímamót á fundi NATO í Prag í lok nóvember 2002 þegar þeir lagsbræður, núverandi hæstv. utanríkisráðherra og þáverandi forsætisráðherra Davíð Oddsson og núverandi hæstv. forsætisráðherra og þáverandi utanríkisráðherra Halldór Ásgrímsson, lofuðu þátttöku Íslands í mögulegum framtíðarhernaðaraðgerðum á vegum NATO með allt að 300 millj. kr. framlagi hverju sinni í formi þess að flytja hermenn, hergögn eða varning til átakasvæða. Íslensk flugfélög blönduðust inn í málið með afar óheppilegum hætti eins og menn muna en verður það nú ekki rakið frekar hér.

Ráðherrarnir tveir tóku einir og án nokkurs undangengins samráðs við utanríkismálanefnd ákvörðun um þessa stefnubreytingu og þessi tímamót í framgöngu Íslands á alþjóðavettvangi. Þetta var því miður hvorki fyrsti né síðasti einleikur sömu manna við hliðstæðar aðstæður.

Margir hafa orðið til þess og þar á meðal sá sem hér stendur að gagnrýna þá tilhneigingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks undir forustu hæstv. fyrrverandi utanríkisráðherra Halldórs Ásgrímssonar að draga Ísland inn í hernaðartengda starfsemi og grauta borgaralegum og friðsamlegum þáttum eins og hjálparstarfi við hernað. Þátttaka í starfi hinna hreinu hernaðarstofnana NATO eru dæmi þar um. Vopnaburður starfsmanna friðargæslunnar og þátttaka í starfi á ófriðarsvæðum er annað. Þátttaka í hernaðaraðgerðum í formi beinnar kostunar eða flutninga er svo hið þriðja.

Hér heima átti hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson ötulan liðsmann í hæstv. dómsmálaráðherra Birni Bjarnasyni sem er áhugamaður um að stofna her, fjölga í víkingasveitinni og vígbúa betur. Ég gerði mér satt best að segja nokkrar vonir um að á þessu yrði breyting með tilkomu núverandi hæstv. utanríkisráðherra Davíðs Oddssonar, að hæstv. núverandi utanríkisráðherra léti af þessum barnalegu og dapurlegu tilburðum til að gera íslenska ráðherra og embættistoppa samkvæmishæfa meðal hermálaráðherra og herforingja NATO-klúbbsins á kostnað þess að varpa fyrir róða heiðum Íslendinga fyrir vopnleysi og herleysi, þess að taka ekki þátt í og hvað þá fara með ófriði gegn öðrum. Því miður bárust þær fréttir af fundi utanríkisráðherra NATO á dögunum að Ísland hefði boðist til að leggja fram fé til þjálfunar hermanna í Írak og muni taka að sér að flytja vopn frá Slóveníu til Íraks og mögulega einnig frá Danmörku til Íraks. Væri þar verið að fylgja eftir samþykkt leiðtogafundar NATO í Istanbúl í lok júní 2004.

Vitað er að um hina takmörkuðu þátttöku NATO í framhaldshildarleiknum í Írak hafa staðið miklar deilur bak við tjöldin. Bandaríkin og Bretar hafa beitt aðrar NATO-þjóðir miklum þrýstingi til að gerast þátttakendur og væri fróðlegt að vita hvar Ísland hefur staðið í þeim efnum. Innrásarríkjunum virðist samt vera að takast að koma á fót NATO-herstöðvum í Írak sem að vísu má ekki kalla því nafni, heldur starfsstöðvar. Að öðru leyti hafa litlar upplýsingar borist um þetta mál og ekkert er að finna á upplýsingasíðum ráðuneyta, hvorki utanríkisráðuneytisins né forsætisráðuneytisins, og engin fréttatilkynning hefur verið gefin út.

Af þessu gefna tilefni vil ég leyfa mér að spyrja:

Af hverju kýs Ísland að blanda sér í málin með þessum hætti? Af hverju er ekki boðin fram aðstoð, eða meiri aðstoð, á borgaralegum forsendum í formi hjálparstarfs og að-

stoðar við uppbyggingu í formi tækjabúnaðar eða fagþekkingar? Færi ekki betur á því í tilviki Íslands að bjóða fram aðstoð við að koma á vatni og rafmagni, endurbyggja skóla og heilsugæslustöðvar, senda lyf og matvæli? Eru það meiri vopn og fleiri hermenn sem ríkisstjórn Íslands metur svo að vanti mest í Írak þessa dagana?

[15:36]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Stuðningur Íslands við þjálfun írakskra öryggissveita, þ.e. lögreglu og hers, á vegum Atlantshafsbandalagsins felst í fyrsta lagi í því að kosta flutning á búnaði fyrir öryggissveitirnar til Íraks. Nú liggur fyrir að Ísland muni greiða fyrir flutning með flugvélum á rúmlega 500 tonnum af vopnum og skotfærum sem Slóvenar gefa Írökum. Kostnaðurinn verður um 40 millj. kr. og til greina kemur að greiða fyrir flutning á búnaði frá öðrum NATO-ríkjum.

Í öðru lagi hefur Ísland lagt rúmar 12 millj. í sjóð bandalagsins sem greiðir ferðir og uppihald manna úr írökskum öryggissveitum vegna þjálfunar utan lands. Loks er kominn til Íraks Íslendingur sem starfa mun sem upplýsingafulltrúi hjá þjálfuðum sveitum NATO þar í landi.

Í utandagskrárumræðu um kosningarnar í Írak þann 17. febrúar sl. benti ég á að eftir þær mætti öllum vera ljóst að áframhaldandi hryðjuverk þar hefðu ekkert með alþjóðlega herliðið í landinu að gera, heldur væru þau glæpur gegn fólkinu í landinu og glæpur gegn lýðræðinu. Ég sagði einnig að því miður benti flest til þess að hryðjuverk mundu halda áfram í Írak. Svo hefur farið, eins og óhugnanlegar fréttamyndir sýna næstum daglega. Það er ljóst að áfram þarf að verja með oddi og egg lýðræðið og frelsisvonir Íraka. Þá skiptir miklu, auðvitað, að Írakar taki sjálfir þátt í þeirri baráttu enda stendur hugur þeirra til þess eins og sést af þeim fjölmörgu sem skrá sig til þjónustu í öryggissveitum landsins þrátt fyrir hótanir og samfelld ofbeldisverk gegn sjálfboðaliðum, óvopnuðum eins og menn þekkja til.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að forsenda þess að kalla megi alþjóðlega herliðið frá Írak er að landsmenn sjálfir geti gætt öryggis síns. Við eigum að stuðla að því. Alþjóðlega herliðið er í Írak núna með fulltingi Sameinuðu þjóðanna og að ósk írakskra stjórnvalda. Hið sama á við um þjálfun írakskra öryggissveita á vegum NATO sem öll bandalagsríkin taka nú þátt í.

Þá ber þess að geta að Ísland hefur einnig lagt sitt af mörkum í Írak með því að verja 300 millj. kr. í mannúðaraðstoð. Hv. þingmaður spurði sérstaklega um það og um ákvarðanir í því sambandi. Ég vil geta þess að þann 8. apríl 2003 var samþykkt í ríkisstjórn minnisblað þáverandi hæstv. utanríkisráðherra Halldórs Ásgrímssonar þar sem lagt var til að verja allt að 300 millj. kr. í neyðar- og mannúðaraðstoð. Það var spurt sérstaklega um það og stuðning við uppbyggingarstarf í Írak. Ákveðið var að verja 100 millj. kr. til neyðar- og mannúðaraðstoðar og 200 millj. kr. til enduruppbyggingar í kjölfar átakanna og hæstv. þáverandi utanríkisráðherra var falið að úthluta þessum fjárveitingum. Í dag hefur um 100 millj. kr. þegar verið ráðstafað til neyðar- og mannúðaraðstoðar, þ.e. lagðar í uppbyggingarsjóði Alþjóðabankans og Sameinuðu þjóðanna. Þá hefur 7 millj. kr. verið ráðstafað til Rauða kross Íslands til uppbyggingarstarfs og verið er að skoða möguleika á að nota um 80 millj. kr. til kaupa á gervilimum frá fyrirtækinu Össuri. Þá eru eftir um 9 millj. kr.

Þá vil ég nefna að í utanríkisráðuneytinu er verið að skoða möguleika á því að styrkja sérstaklega stöðu kvenna og fjölskyldna í Írak í samvinnu við stofnanir Sameinuðu þjóðanna svo sem UNIFEM og matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna í gegnum Alþjóðabankann og Rauða krossinn. Þetta var það sem hv. þingmaður lagði mikla áherslu á og ég vona að hann sé ánægður með að þessir þættir eru ekki síður, jafnvel miklu frekar, uppi á borði íslenskra stjórnvalda — eins og mér fannst hann hvetja til — heldur en aðrir þættir sem auðvitað þurfa líka að vera fyrir hendi, þ.e. tryggja öryggi í Írak.

[15:40]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það verður að segjast eins og er að ríkisstjórn Íslands eru mislagðar hendur í frómum áætlunum sínum um aðstoð við uppbygginguna í Írak. Það vita allir að þar er þörf á miklum fjármunum, mikilli uppbyggingu og aðstoð sem tekur ekki vikur eða mánuði heldur mörg ár. Þar bíða mörg verkefni, samgöngur, fjarskipti, skólar, heilsugæsla, vatnsveiturnar og áfram mætti halda.

Staðan í Írak er mjög slæm og það vekur furðu, frú forseti, að það skuli hafa sérstakan forgang hjá ríkisstjórn Íslands að veita fé til þjálfunar öryggissveita og vopnaflutnings. Ég hefði haldið að við hefðum eitthvað betra við þessa peninga að gera, að við gætum varið þeim í verðugri og betri verkefni vegna þess m.a. að við höfum ekkert vit á þessum málum. Látum aðra um vopnaflutningana og vopnaburðinn, höldum okkur við verkefni þar sem við höfum eitthvað fram að færa og styrkjum þau dyggilega til frambúðar.

Svona framlög eru ekkert annað en popúlismi, popúlismi innan NATO og popúlismi út á við. Við eigum að vera í verkefnum sem máli skipta, frú forseti, og það er einfaldlega ekki boðlegt að skattfé Íslendinga sé varið til vopnaflutnings og þjálfunar hermanna.

[15:42]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég hef fullan skilning á því að Vinstri grænir finni að því að við erum að fara í NATO-verkefni enda eru Vinstri grænir á móti NATO eins og allir vita. Ég átti hins vegar ekki von á því að Samfylkingin kæmi hér upp og gagnrýndi líka að við værum að fara í NATO-verkefni. Ég hélt að Samfylkingin styddi það almennt að við værum með í NATO.

Hér var sagt áðan að við hefðum ekki vit á þessu verkefni. Þetta er auðvitað algert bull. Við höfum vit á því að flytja vopn. Við höfum vit á því. Við höfum flutt alls kyns vörur með flugvélum okkar (Gripið fram í.) þannig að auðvitað höfum við vit á þessu. Við eigum að vera stolt af því að vera að aðstoða Íraka við að tryggja sitt eigið öryggi. Við eigum að bera höfuðið átt. Það er mjög mikilvægt að öryggi verði tryggt í Írak. Þar er lýðræðisþróunin að hefjast. Þar voru stórglæsilegar kosningar fyrir stuttu síðan. Reynd-

ar er lýðræðisþróun að hefjast mjög víða í Arabaríkjunum. Við sjáum að stjórnin í Líbanon er farin frá. Hvað er að ske milli Palestínumanna og Ísraelsmanna? Miklu jákvæðari tónn en við höfum nokkurn tímann orðið vitni að.

Hvað er að ske í Egyptalandi? Forsetinn þar segir að það eigi að kjósa um forseta þar bráðlega þar sem verða fleiri en einn í boði. Það hefur ekki gerst í 50 ár. Hvað skeði í Sádi-Arabíu um daginn? Þar voru sveitarstjórnarkosningar í fyrsta skipti. Reyndar máttu konurnar ekki kjósa en karlarnir kusu, og vonandi kjósa konurnar næst.

Virðulegur forseti. Ég tel að við eigum að gera það sem í okkar valdi stendur til að aðstoða Íraka við að tryggja sitt eigið öryggi og stuðla að lýðræðisþróun þar. Þetta verkefni sem hér er rætt um er einmitt af þeim toga. Það er alveg óruggt að arabaþjóðirnar munu feta sig í átt til lýðræðis. Við sjáum bara hvað skeði austan tjalds. Berlínarmúrinn féll 1989, Sovétríkin 1991, ríkin eru að rísa upp í kringum okkur í átt að lýðræði. Það mun líka ske í arabaheiminum og ég virði það, virðulegur forseti, að Vinstri grænir eru á móti en ég skil ekkert í Samfylkingunni.

[15:44]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanríkisráðherra fór yfir nokkrar tölur og þar kom m.a. fram að við Íslendingar ætlum að eyða rúmlega 50 millj. til að flytja vopn til Íraks og þjálfa þar öryggissveitir. Við Íslendingar erum meðlimir í NATO og höfum verið þar í rúm 50 ár. Frjálslyndi flokkurinn styður þá aðild og hefur alltaf gert.

Stundum verður að gera fleira en gott þykir og mér þykir svo vera núna. Maður hlýtur að verða hugsi yfir því að við tökum þátt í vopnaflutningum. Maður hlýtur líka að vera hugsi yfir því að við séum að taka þátt í að kosta þjálfun öryggissveita. Við hljótum að fallast á þetta með þeim fyrirvara að þessum öryggissveitum verði einungis beitt til að gæta öryggis og að þeim verði ekki beitt í árásarskyni.

Frjálslyndi flokkurinn hefur alltaf verið harðlega á móti innrásinni í Írak. Þessi innrás hefur leitt af sér ótal þjáningar fyrir íbúana og eins og hæstv. utanríkisráðherra benti réttilega á berast daglega hroðalegar fréttir af óöldinni sem þar ríkir í kjölfar þessarar innrásar. Mér þykir sem við hefðum frekar átt að veita fjármuni til mannúðarstarfa í Írak. Það eru ekki háar fjárhæðir sem við höfum látið af hendi og ég tel að við hefðum átt að láta það hafa forgang.

Nýlegar rannsóknir sýna til að mynda að í dag er talið að um 400 þús. börn í Írak séu í lífshættu vegna næringarskorts og skorts á hreinu vatni. Þeim hefur fjölgað mjög eftir innrásina, einmitt vegna þess að matarsendingar hafa legið niðri og það er orðið erfitt með vatnsöflun, öflun hreins vatns. Þessar tölur koma frá óháðri rannsóknastofnun í Noregi og ég tel þær marktækar.

Þar hefðum við Íslendingar að sjálfsögðu átt að nýta krafta okkar en ekki í vopnaflutninga en ef varnarbandalagið NATO vill taka þátt í þessu megum við að sjálfsögðu ekki skorast undan. Í NATO erum við og í NATO skulum við vera.

[15:46]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Aðkoma íslensku ríkisstjórnarinnar að innrásinni í Írak og hernámi landsins er óafsakanleg. Í þessu samhengi ætla ég að staldra við tvennt.

Í fyrsta lagi vil ég mótmæla því að tveir ráðherrar, formenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, skuli ítrekað lofa fjárframlögum til NATO og síðan til starfsemi í Írak án þess að fá umboð Alþingis til slíks. Ég vísa til NATO-fundarins í Prag í nóvember 2002 og til yfirlýsinga sem gefnar voru í mars 2003.

Í öðru lagi vil ég segja þetta: Það er hægt að láta peninga renna til annarra hrjáðra svæða í heiminum en Íraks, og ég mundi nú leggja til að svo yrði gert. Við eigum hins vegar að krefjast þess að Írakar fái notið eigin auðlegðar. Í Írak eru mestu olíulindir í heiminum öllum, jafnvel meiri en í Sádi-Arabíu. Írak var hins vegar leiksoppur nýlenduveldanna alla 20. öldina. Fyrst voru það Bretar sem síðan stjórnuðu í umboði Þjóðabandalagsins. Í skjóli þeirra hrifsuðu amerísk og bresk olíufyrirtæki olíuauðinn. Hann var þjóðnýttur á áttunda áratugnum, síðan beið Íraka styrjöld. Milljónir manna féllu á níunda áratugnum og síðan kom viðskiptabannið á þeim tíunda.

Þess vegna á krafa okkar að vera þessi: Olíuna til Íraka sjálfra. Við vitum hins vegar að amerísku og bresku olíufyrirtækin ætla að stela þessu og ég frábið að Íslendingar niðurgreiði þennan þjófnað.

[15:48]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Írak var áður eitt mesta harðstjórnarríki heims. Þar réð ríkjum Saddam Hussein sem skákaði í skjóli einræðis og beitti jafnvel gereyðingarvopnum til að murka lífið úr eigin þegnum.

Í dag er þetta ríki nýjasta lýðveldi heimsins. Þar eru nú nýafstaðnar lýðræðislegar kosningar sem svo sannarlega marka tímamót. Ísland ásamt öðrum NATO-ríkjum hefur heitið því að styðja við uppbygginguna í Írak.

Þegar íslenska ríkið lýsti yfir stuðningi við aðgerðir bandamanna í Írak fólust í því fyrirheit um að styðja við uppbygginguna að aðgerðum loknum. Nú er röðin komin að okkur. Öll 26 aðildarríki NATO hafa heitið stuðningi við uppbyggingu írakskra öryggissveita en forsendur þess að herir bandamanna geti dregið sig til baka frá Írak er að landið geti séð um eigin öryggismál. Ljóst er að enn er hópur ófriðarseggja sem ekki vilja lýðræðislegar umbætur í Írak og hafa gert atlögu að löglega kjörnum stjórnvöldum og saklausum borgurum og virðast ætla að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að hindra að íraksk þjóðin fái notið þeirra sjálfsögðu mannréttinda að fá að lifa í lýðfrjálsu landi, laus við stöðugar ógnir og hótanir. Nú síðast í morgun bárust fréttir um að írakskur dómari og sonur hefðu verið skotnir til bana fyrir framan heimili sitt í Bagdad í morgun. Þeir unnu báðir við dómstól sem stofnaður var til að rétta yfir Saddam Hussein og nánustu samstarfsmönnum hans.

Það er alveg ljóst að bráðnauðsynlegt er að tryggja öryggi írakskra borgara, stjórnvalda, þings og dómstóla til að Írak nái að þroskast eins og önnur lýðræðisríki. Írak tryggir

best eigið öryggi með sínum eigin öryggissveitum en til þess þarf ríkið aðstoð í formi þjálfunar, búnaðar og fjármuna. Það er skylda okkar að leggja eitthvað af mörkum til að tryggja öryggi írakskra borgara og það gerum við með því að styðja starfsemi NATO á svæðinu.

[15:51]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Eins og hv. varaformaður utanríkismálanefndar veit vel eru ýmis verkefni sem hægt er að starfa við og vinna á vegum NATO. Það þarf ekki bara að taka það sem býðst eða það sem þrýst er mest á. Við erum ekki í neinni klemmu hvað varðar uppbygginguna í Írak. Við höfum verkefnaval og við getum valið verkefni við hæfi, frú forseti, og það var það sem ég benti á.

Ég þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir hugvekjuna um lýðræðisþróunina í Miðausturlöndum. Við verðum náttúrlega öll að vona að konur í Kúveit og Sádi-Arabíu fái bráðum kosningarrétt og að þróunin sé í rétta átt. Það gæti þó verið að ein af forsendum þess að friður komist á í Írak, vonandi sem fyrst, sé sú að herinn, hernámsliðið, fari og að Írakar sjái um sín mál sjálfir. Ég verð að segja að þar mun ekki gera gæfumuninn framlag Íslendinga til þjálfunar öryggissveita. Írakar munu sjálfir sjá um það. Það mun ekki gera gæfumuninn að hið herlausa land Ísland flaggi sér þar sem sérstakur öryggisráðgjafi. Það er fráleit hugmynd, frú forseti, fráleit.

Verkefnin eru mörg og verðug og við ættum betur að hyggja að því sem meira máli skiptir fyrir almenning í Írak, t.d. rennandi vatni, skólasetu, samgöngum og atvinnu.

[15:53]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er gott til þess að vita að það er ekki alveg allt breytilegt í heiminum því að nú eru hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs aftur farnir að ræða um hervæðingu landans eftir örlítið hliðarspor í síðustu viku.

Flestum er ljóst að innrásin í Írak er liðin. Hvaða skoðun svo sem fólk hafði á henni verðum við að horfa fram á við. Fram undan er gríðarlega mikið uppbyggingarstarf í landinu og er það skylda okkar að hjálpa til við það og hjálpa þjóðinni að byggja upp lýðræði og frið í Írak. Írakar vilja án efa lýðræði, og lýðræðið krefst öryggis. Við eigum að veita þeim þá aðstoð eins og allir nágrannar okkar eru að gera og til þess ætlast Sameinuðu þjóðirnar af öðrum.

Ég fagna sérstaklega orðum hæstv. utanríkisráðherra varðandi framlag okkar sem mun beinast að konum og börnum en þau verða oftast verst úti þegar slík átök eiga sér stað. Meginatriðið er að Írakar eru í fyrsta skipti að sjá lýðræði með kostum þess og göllum og því ber að fagna. Hlutverk okkar, líkt og annarra þjóða, er að vera í landinu þar til landsmenn sjálfir geta gætt öryggis síns.

[15:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Það eru út af fyrir sig gagnlegar upplýsingar að vita að Íslendingar ætla að standa fyrir því að flytja 500 tonn af vopnum frá Slóveníu fyrir 50 millj. til Íraks og að við ætlum að setja 12 millj. í að þjálfa þar hermenn — að ógleymdum upplýsingafulltrúanum, ekki er minnst göfugt að hjálpa NATO við að koma upplýsingunum á framfæri. Sem sagt, 60–70 millj. hið minnsta í hergagnaflutninga og herþjálfun í Írak og bætist það þá við hið sögulega framlag til Afgana, að flytja þangað skriðdreka. Mikið hlýtur þjóðinni að líða betur að vita af þessu framlagi sínu.

Ég hygg að hæstv. ráðherra Davíð Oddsson sé tiltölulega einn um þá kenningu, nema ef vera skyldi að þeir Bush og Blair væru honum sammála, að áframhaldandi hryðjuverk í Írak hafi bókstaflega ekkert með innrásina að gera. Staðreyndin er auðvitað sú, því miður, sem varað var við að orðið gæti, að Írak hefur orðið að gróðrarstíu hryðjuverkamanna sem aldrei fyrr. Það er útbreidd skoðun að ein helsta forsenda þess að friðvænlegar geti horft í landinu sé að öryggisgæsla þar komist á hendur aðila sem njóta meira trausts, eða við skulum orða það eins og það er, sem ekki eru jafnilla þokkaðir með þjóðinni og innrásarherinn, þ.e. aðila eins og Sameinuðu þjóðanna sjálfra eða Arababandalagsins.

Bandaríkjamenn eru hins vegar ekki á förum. Þeir eiga enn mikið óunnið að eigin mati við að tryggja olíu- og stórveldahagsmuni sína í Írak. Halliburton á enn ósunnin ýmis verk og á eftir að fá vel borgað fyrir þau.

Þegar menn hampa ályktun 1546 minni ég á að þar er gert ráð fyrir því að hernáminu ljúki 30. júní 2004. Önnur hefur orðið reyndin.

[15:56]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Þetta voru fróðlegar og athyglisverðar umræður eins og vænta mátti. Það eru þó nokkur atriði sem upp úr standa. Menn tala ekki lengur neins staðar, nema þá hér á vegum Samfylkingarinnar, um að þetta sé hernámslið í Írak. Liðið er núna með samþykki Sameinuðu þjóðanna og yfirvalda í Írak. Þetta er alþjóðlegt herlið en ekki hernámslið þannig að það sé á hreinu.

Númer tvö er það algjörlega ljóst að mannúðaraðstoð og -hjálp verður ekki veitt svo að gagn eða vit sé í nema öryggi sé á svæðinu. Það gildir hið sama þar og annars staðar þannig að hvort tveggja verður að fara saman.

Í þriðja lagi er ljóst að við erum að veita miklu hærri upphæðir til mannúðarmála en til öryggismála. 15–20% af framlögum okkar eru til öryggisuppbyggingar en 80–85% til mannúðarmála, eins og kom fram í ræðu minni áðan. Að tala um að það sé forgangsatriði hjá okkur að setja peninga til öryggismálanna er ekki rétt, það er hins vegar auðvitað forgangsatriði hjá okkur að öryggi sé tryggt. Það er forsenda þess að uppbygging geti átt sér stað.

Að hverju beinast hermdarverkin? Olíuleiðslurnar sem tryggja hag Íraka eru sprengdar upp, þær eru sprengdar í loft upp. Það eru hermdarverk í gömlu Sovétríkjunum núna. Vill einhver fá kommúnsimann til baka? Kannski. Hermdarverk eru núna í Írak. Vill einhver fá Saddam Hussein til baka? Ég held ekki.

Menn eru sem betur fer á réttri leið, lýðræðið er að skjóta rótum og það er fagnaðarefni.

[15:58]

Útbýting:

Akstur undir áhrifum fíkniefna, 598. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 892.

Dragnótaveiðar í Eyjafirði, 597. mál, fsp. DJ, þskj. 891.

Gini-stuðull og tekjuskattsbreytingar, 529. mál, svar fjmrh., þskj. 886.

Hvalveiðar í vísindaskyni, 600. mál, fsp. KolH, þskj. 894.

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, 599. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 893.

Kostir og gallar færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins, 593. mál, þáltill. MÞH o.fl., þskj. 887.

Málefni langveikra barna, 231. mál, svar heilbrrh., þskj. 882.

Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, 399. mál, þskj. 895.

Sægull ehf., 594. mál, fsp. MÞH, þskj. 888.

Söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar, 595. mál, fsp. MÞH, þskj. 889.

Þjónustusamningur við Sólheima, 596. mál, fsp. RG, þskj. 890.

Einkaleyfi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 251. mál (EES-reglur, einkaréttur lyfja). — Þskj. 269, nál. 815 og 818, brtt. 819.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:00]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við greiðum hér atkvæði um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi. Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði verði innleidd í lög um einkaleyfi, málefni sem heyra undir iðnaðarráðherra, á undan þeim ákvæðum í tilskipun nr. 27 frá 2004 sem er hér áhrifavaldur og heyrir almennt undir starfssvið heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Gert er ráð fyrir að breytingar á lyfjalögum verði gerðar til að innleiða hana að öðru leyti.

Í nefndinni var ekki efnislegur ágreiningur um málið sjálft og framsetningu þess í lagatexta. Við erum því sammála 1. og 2. gr. frumvarpsins sem eru efnisgreinar þess og munum greiða atkvæði með þeim greinum. Við umfjöllun í nefndinni voru hins vegar ekki færð fram frambærileg rök fyrir því að láta breytingarnar á lögunum um einkaleyfi ganga fram fáeinum mánuðum á undan þeim breytingum á lyfjalögum og reglugerðum sem gera þarf til að innleiða tilskipunina, þvert á móti hafa ýmsir umsagnaraðilar mælt gegn því að þetta verði gert eða talið fram rök gegn því.

Minni hluti iðnaðarnefndar leggur því til að sú breyting sem í frumvarpinu felst komi til framkvæmda 30. október 2005 og flytur breytingartillögu um það. Verði sú tillaga okkar felld munum við greiða atkvæði gegn 3. gr. og sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 819 felld með 28:19 atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb.

1 þm. (SigurjÞ) greiddi ekki atkv.

15 þm. (AKG, ArnbS, ÁMagn, BÁ, BH, EKG, GAK, GÁS, GÖg, HÁs, HBl, JBjart, KolH, RG, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 27:19 atkv. og sögðu

já: ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

17 þm. (AKG, ArnbS, ÁMagn, BÁ, BH, EKG, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, JBjart, KolH, RG, SigurjÞ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, frh. 3. umr.

Stjfrv., 191. mál (heildarlög). — Þskj. 839, brtt. 840.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:04]

Ágúst Ólafur Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér á eftir verða greidd atkvæði um breytingartillögu frá formanni allsherjarnefndar við breytingu sem öll nefndin var sammála um að gera á frumvarpinu og þingheimur samþykkti fyrir örfáum dögum. Þá vildi öll allsherjarnefndin fara varlega og setja inn sérstakan texta um að íslensk þýðing á EES væri ætíð tryggð. Á milli 2. og 3. umr. hvarf hins vegar þessi varúðartilfinning meiri hluta allsherjarnefndar og nú á að greiða atkvæði um nýja breytingartillögu meiri hlutans sem lýtur að því að opna möguleika á að þýða ekki EES-gerðir á íslensku þrátt fyrir skýrt orðalag laga um að EES-gerðir skuli þýða.

Meiri hlutinn hefur vísað í hagræði máli sínu til stuðnings en ekki getað svarað því af hverju þeir telja sig geta gert þetta þrátt fyrir skýrt orðalag um þýðingarskyldu í EES-samningnum sem er, nota bene, gild lög hér á landi.

Hér er því stjórnarmeirihlutinn kominn á hálan ís. Þingmenn Samfylkingarinnar munu hafna þessari breytingartillögu og greiða atkvæði gegn henni. Í frumvarpinu má hins vegar finna heimild til rafrænnar birtingar á lögum sem við teljum jákvæða en þar sem breytingartillaga meiri hlutans við breytingartillögu nefndarinnar er vafasöm, svo að ekki

sé meira sagt, munu þingmenn Samfylkingarinnar sitja hjá við frumvarpið í heild sinni og við gildistökuákvæði í breytingartillögunni.

[16:06]

Bjarni Benediktsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka fram að ég sem formaður allsherjarnefndar tefldi fram þeirri breytingartillögu sem kom fram eftir að málið hafði verið afgreitt út úr nefndinni en ekki meiri hluti nefndarinnar.

Um þennan þátt málsins, þ.e. þann sem varðar þýðinguna, er mikilvægt að hafa í huga að allir sem hafa fjallað um málið voru sammála um að eðlilegt væri að í C-deild Stjórnartíðinda mætti birta alþjóðasamninga án þýðingar. Um þetta var ekki deilt. Deilurnar risu hins vegar um það hvernig ætti með að fara þegar viðkomandi reglur yrðu teknar upp í landsréttinn og þær birtar í A- og B-deildinni. Þá er mikilvægt að menn hafi í huga að það verður einungis í afar sérstökum tilvikum, mjög þröngt afmörkuðum tilvikum, sem alþjóðasamningar verða birtir á frummálinu í C-deildinni. Og þegar viðkomandi ákvæði verða síðan tekin upp í landsréttinum, með því að hér verður lagt fram frumvarp eða reglugerð samin af ráðherra og viðkomandi lög eða reglugerðir rata síðan inn í A- eða B-deildina, þarf annars vegar í hverju tilviki fyrir sig, samkvæmt þeirri breytingartillögu sem ég hef hér teflt fram, annaðhvort að koma til: samþykki þingsins — í hverju tilviki fyrir sig — eða samþykki dómsmálaráðherra.

Það er ekki hægt að sníða þessari undanþágu sem er skynsamleg og felur í sér mikið hagræði, og í ákveðnum tilvikum ákveðið öryggi í framkvæmd, þrengri stakk en hér er lagt til. Það er engin ástæða til að óttast þá breytingu sem ég hef hér mælt fyrir og ég legg til að málið hljóti samþykki eins og það liggur nú fyrir þinginu.

Brtt. 840,1 samþ. með 30:18 atkv. og sögðu

já: ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, GÖrl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (AKG, ArnbS, ÁMagn, BÁ, BH, EKG, GAK, GÁS, GÖg, HÁs, HBl, JBjart, KolH, RG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:08]

Mörður Árnason:

Forseti. Hér er verið að gefa sérstakan afslátt á kostnað íslenskrar tungu, verið að spara í ríkisútgjöldunum á íslenskri tungu. Þetta er ekki eina dæmið þessi missirin og því miður ekki eina dæmið um það að Sjálfstæðisflokkurinn standi fyrir slíkum sparnaði.

Mér finnst það fráleitt. Við eigum að standa á okkar rétti hvað sem erkibiskupar segja. Ég segi nei.

Brtt. 840,2 samþ. með 29:18 atkv. og sögðu

já: ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EOK, GHj, GHall, GÁ, GII, GunnB, GÖrl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (AKG, ArnbS, ÁMagn, BÁ, BH, EKG, GAK, GÞÞ, GÁS, GÖg, HÁs, HBl, JBjart, KolH, RG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 840,3 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, GÖrl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

18 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (AKG, ArnbS, ÁMagn, BÁ, BH, EKG, GAK, GÁS, GÖg, HÁs, HBl, JBjart, KolH, RG, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, GÖrl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

18 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (AKG, ArnbS, ÁMagn, BÁ, BH, EKG, GAK, GÁS, GÖg, HÁs, HBl, JBjart, KolH, RG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 897)

Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 398. mál. — Þskj. 505, nál. 793, 794 og 796, brtt. 795.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:10]

Björgvin G. Sigurðsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Sameining Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands tekur til grundvallaratriða í fyrirkomulagi háskólastigsins til framtíðar. Samfylkingin telur að sameining þessara skóla geti haft í för með sér ýmis sóknarfæri og lýstum við því strax í upphafi að við vildum skoða sameiningu skólanna með jákvæðum og opnum hug sem og aðra kosti sameiningar á háskólastigi.

Hins vegar höfum við engin svör fengið við stórum grundvallarspurningum um tilvist og framtíð hins nýja skóla, t.d. um val nemenda um tækninám í opinberum skólum annars vegar og einkareknum skólum gegn gjöldum hins vegar, hvort eigi að mæta því með uppbyggingu tækninámsins samhliða við annan skóla. Þá er ekki gert ráð fyrir að-

komu kennara og nemenda að háskólaráði hins nýja skóla.

Meginmálið snýst þó að okkar mati um rekstrarform hins sameinaða skóla þar sem lagt er til að skólinn verði einkahlutafélag en ekki sjálfseignarstofnun líkt og hefð er fyrir. Er það einsdæmi að því er virðist í okkar heimshluta þegar kemur að rekstri akademískrar stofnunar á háskólastigi.

Þarna er tekin óþörf áhætta að okkar mati og engin rök hafa komið fram fyrir kostum þess rekstrarforms umfram sjálfseignarstofnunarformið. Þetta rekstrarform, einkahlutafélag, getur vegið að akademísku frelsi í skólastarfi sem er háskólum ekki bara eiginlegt heldur nauðsynlegt. Engin rök hafa komið fram fyrir því sem sýna fram á annað eða kosti þess umfram sjálfseignarstofnanir. Því flytjum við breytingartillögu við lögin þar sem lagt er til að fái einkaaðilar heimild til að stofna háskóla og reka skuli hann vera sjálfseignarstofnun. Samfylkingin skilyrðir því stuðning sinn við málið við það að tillaga okkar verði samþykkt. Verði hún felld munum við sitja hjá við lokaatkvæðagreiðsluna og efnisgreinar hennar.

Sé staðreyndin sú að sjálfseignarstofnunarformið henti ekki fullnægjandi er eðlilegra að okkar mati að ráðast í endurskoðun laga um sjálfseignarstofnanir en að fara út í það órökstudda flan sem einkahlutafélag um akademíska háskólastofnun er, rekna að stærstum hluta fyrir opinbert fé.

[16:13]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni láta það í ljósi að þeir sem óska eftir að kveðja sér hljóðs um atkvæðagreiðsluna verða að gera það strax, áður en sá fyrsti sem kvatt hefur sér hljóðs tekur til máls. Það er ekki ætlast til þess að menn séu með efnisleg skoðanaskipti þegar þeir ræða um atkvæðagreiðsluna.

[16:13]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Skipulag háskólamenntunar kemur öllu þjóðfélaginu við. Það er þjóðfélagið, það eru skattborgarar sem að uppistöðu greiða fyrir rekstur þeirra stofnana sem sinna háskólamenntun hér á landi. Það skiptir miklu máli að við verjum okkar sameiginlegu fjármunum á skynsamlegan og markvissan hátt.

Þetta frumvarp er vanhugsað og vinnubrögðin ekki í neinu samhengi við mikilvægi þessa máls. Hér er verið að stefna almennri menntun á háskólastigi inn í hlutafélagaform og opna fyrir innheimtu á skólagjöldum fyrir almennt nám á háskólastigi.

Fulltrúar námsmanna við Tækniháskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík hafa hvatt Alþingi til að hraða afgreiðslu þessa máls. Námsmennirnir vilja skiljanlega fá fast land undir fætur en gagnvart þessu fólki, námsmönnum í Háskólanum í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands, eru þetta mjög ámælisverð vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar, að setja málið svo óvandað fram.

Af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum við flutt frumvörp sem eiga að tryggja gjaldfrjálst nám á háskólastigi — hvað var hæstv. landbúnaðarráðherra hér að umla? Þær tillögur hafa því miður ekki fengið stuðning meiri hlutans á Alþingi. Fyrir okkar leyti styðjum við sjálfseignarhugmynd Samfylkingarinnar sem hér hefur verið sett fram við þessar aðstæður en getum að sjálfsögðu ekki stutt þetta fráleita frumhlaup ríkisstjórnarinnar.

[16:15]

Gunnar Birgisson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er um mjög merkt og þarft mál að ræða, að sameina Tækniháskóla Íslands við Háskólann í Reykjavík. Frumvarpið fjallar um það að leggja niður Tækniháskóla Íslands.

Stjórnarandstaðan hefur verið á móti þessu máli frá upphafi. (**Gripið fram í:** Rangt.) Hún hefur spurt margra spurninga og fengið svör við þeim öllum. Sumt hefur hún ekki viljað heyra og annað hefur hún ekki nennt að lesa (Gripið fram í.) Það eina sem þarf, virðulegi forseti, er að safna fyrir heyrnartækjum handa þessu ágæta fólki.

Ég tel margt í þessu máli hafa orðið þinginu til vansa. Það er búið að þæfa það í málþófi og var reynt að skaða þennan nýja skóla eins og hægt er. Stjórnarandstaðan hefur verið að gagnrýna kannski þrjú atriði.

Í fyrsta lagi vildi hún láta kanna betur sameiningu Tækniháskólans við Háskóla Íslands.

Í öðru lagi vildi hún alls ekki hafa einkahlutafélag. Nei, það yrði að vera sjálfseignarstofnun og ekkert annað.

Síðan var það með akademískt frelsi. Það er búið að svara því hvað eftir annað, og á fundi í nefndinni í morgun kom rektor hins nýja skóla, Guðfinna Bjarnadóttir, og svaraði þessu mjög skilmerkilega.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa öll talað um það að sameina Tækniháskólann Háskóla Íslands. Ágætu, virðulegu þingmenn, þið sitjið uppi með þetta mál og þetta er ykkur til vansa. (Gripið fram í.) Auðvitað legg ég til að þetta frumvarp verði samþykkt. Þið eigið að vera með okkur í stjórninni á þessu máli.

(**Forseti** (JóhS)**:** Það er mikilvægt að hv. þingmenn haldi sig við það að ræða hér um atkvæðagreiðsluna sjálfa.)

[16:17]

Sigurjón Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Við í Frjálslynda flokknum hefðum svo sannarlega viljað geta staðið með þessu frumvarpi og veitt því brautargengi. Því miður hafa vinnubrögðin í kringum það verið með ólíkindum sem má m.a. merkja á óróleikanum hér við atkvæðaskýringar, hv. formanni menntamálanefndar tekst bara ekki að halda á málinu þannig að nokkur friður geti verið um það. Þetta er mál sem allir ættu að geta sameinast um en því miður virðist eins og hvorki sé hægt að halda málefnalega á málum né undirbúa þau með þeim hætti að sómi sé að fyrir þingið.

Hv. þingmaður talaði einhvern tíma um að einhver þyrfti að fara á mannasiðanámskeið. Ég legg til að hann taki sér far með þeim ágæta þingmanni og setjist á skólabekk í mannasiðum.

Það sem við í Frjálslynda flokknum höfum sett út á þetta frumvarp er einmitt það að ekki skuli vera reynt að sameina í enn frekari mæli og reynt að ná fram hagræðingu í kennslu raungreina. Jafnvel mætti skoða hvort ekki ætti að sameina tæknifræðina í enn frekari mæli inn í Háskóla Ís-

lands í stað þess að fara inn í Háskólann í Reykjavík. Ég hefði talið að það mætti skoða það. Hvers vegna má ekki að skoða það vandlega og fara yfir málið í staðinn fyrir að keyra það hér í gegn? Ég veit það ekki. Hitt veit ég að einungis voru tveir fundir haldnir í menntamálanefnd um málið.

Við erum að tala um mál sem skiptir þjóðina verulega miklu, við erum að tala um tæknifræðimenntun. Það er nú eitt af því sem við í Frjálslynda flokknum höfum lagt áherslu á, (Gripið fram í.) að meiri áhersla sé lögð, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, á það að efla bæði tækni- og iðnnám. Ég tel fulla þörf á því fyrir þjóðfélagið.

Í öðru lagi lögðum við áherslu á það að skoða þætti sem hafa komið upp varðandi akademískt frelsi og því miður hafa ekki komið fram þau svör sem við höfum óskað eftir.

Í þriðja lagi var spurning um skólagjöld.

Að öðru leyti er allt útlit fyrir að þessi skóli verði settur á stofn, og ég vona svo sannarlega að hann eigi eftir að nýtast þjóðfélaginu og ég óska honum velfarnaðar.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill ítreka að það er ákaflega mikilvægt að þingmenn haldi sig við það að ræða um atkvæðagreiðsluna en misnoti ekki þingsköpin með því að taka upp efnisumræður um frumvarpið sjálft.)

1. gr. samþ. með 26:4 atkv. og sögðu

já: ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

15 þm. (AKG, ArnbS, ÁMagn, BÁ, BH, EKG, GAK, GÁS, GÖg, HÁs, HBl, JBjart, KolH, RG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 27:4 atkv. og sögðu

já: ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HjÁ, JGunn, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, KJúl, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AKG, ArnbS, ÁMagn, BÁ, BH, EKG, GAK, GÁS, GÖg, HÁs, HBl, JBjart, KolH, LB, RG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 795,1 felld með 27:18 atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

3 þm. (GÖrl, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (AKG, ArnbS, ÁMagn, BÁ, BH, EKG, GAK, GÁS, GÖg, HÁs, HBl, JBjart, KolH, RG, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 26:4 atkv. og sögðu

já: ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

15 þm. (AKG, ArnbS, ÁMagn, BÁ, BH, EKG, GAK, GÁS, GÖg, HÁs, HBl, JBjart, KolH, RG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 795,2 kom ekki til atkv.

Fyrirsögn samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

20 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AKG, ArnbS, ÁMagn, BÁ, BH, EKG, GAK, GÁS, GÖg, HÁs, HBl, JBjart, KolH, LB, RG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 16:23.

---

83. FUNDUR

fimmtudaginn 3. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, stjfrv., 398. mál, þskj. 505. — 3. umr.
2. Norræna ráðherranefndin 2004, skýrsla, 516. mál, þskj. 785. — Ein umr.
3. Norrænt samstarf 2004, skýrsla, 550. mál, þskj. 830. — Ein umr.
4. ÖSE-þingið 2004, skýrsla, 544. mál, þskj. 823. — Ein umr.
5. VES-þingið 2004, skýrsla, 545. mál, þskj. 824. — Ein umr.
6. Evrópuráðsþingið 2004, skýrsla, 546. mál, þskj. 825. — Ein umr.
7. Vestnorræna ráðið 2004, skýrsla, 567. mál, þskj. 855. — Ein umr.
8. NATO-þingið 2004, skýrsla, 571. mál, þskj. 859. — Ein umr.

9. Alþjóðaþingmannasambandið 2004, skýrsla, 576. mál, þskj. 864. — Ein umr.

10. Norðurskautsmál 2004, skýrsla, 582. mál, þskj. 873. — Ein umr.

11. Fríverslunarsamtök Evrópu 2004, skýrsla, 572. mál, þskj. 860. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Kristín Gunnarsdóttir, 6. þm. Norðvest.,
Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.

Lagt fram á lestrarsal:

Samantekt um skipulag sjóbjörgunarmála frá dómsmálaráðherra.

Breyting á embættum alþjóðanefndar.

[10:31]

Forseti (Þuríður Backman):

Borist hefur eftirfarandi tilkynning um kosningu nýs formanns og varaformanns í alþjóðanefnd:

Í Íslandsdeild NATO-þingsins hefur Guðmundur Árni Stefánsson verið kjörinn formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

[10:31]

Útbýting:

Verðmæti veiða á bleikju og urriða, 601. mál, þáltill. MÞH o.fl., þskj. 900.

Athugasemdir um störf þingsins.

Sala Símans og grunnnetið.

[10:31]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna fyrirætlana um sölu Símans. Ég held að okkur öllum sé fullljóst að mikilvægi fjarskiptanetsins er eins og vegakerfisins, það tengir landsmenn saman og skapar grundvöll fyrir hin fjölbreyttu samskipti sem eru grunnur jafnræðis í búsetu og atvinnurekstri um allt land.

Það kemur líka fram að almenningur hefur mjög sterkar skoðanir á þessu máli. Í skoðanakönnun sem Gallup vann árið 2002 fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð kom fram að meira en 60% þjóðarinnar vildu að Síminn yrði áfram í opinberri eigu og einungis 39% vildu þá að hann yrði seldur. Yfir 70% íbúa á landsbyggðinni voru andvíg því að Síminn yrði seldur. Í könnun sem Félagsvísindastofnun gerði í febrúar sl. voru yfir 70% andvíg sölu grunnnets fjarskipta Símans en tæplega 16% voru hlynnt því að það yrði selt. Í könnun sem Gallup gerði og birti í gær kemur fram að 46% eru andvíg sölu Símans og 42% fylgjandi. Þegar spurt er um sölu grunnnetsins kemur í ljós að 76% eru andvíg sölu grunnnetsins en einungis 14% eru því hlynnt. Ætla má þegar spurt er um grunnnetið að fólk sé að taka afstöðu til hins samfélagslega hluta fjarskiptaþjónustunnar sem það flokkar sem grunnþjónustu sem eigi að vera í eigu þjóðarinnar.

Líta má svo á út frá þessum skoðanakönnunum að andstaða vaxi meðal þjóðarinnar við sölu fjarskiptakerfis Símans. Heimild Alþingis til sölu Símans er orðin nokkurra ára gömul. Tímarnir hafa breyst og krafa þjóðarinnar um að hann verði áfram í eigu þjóðarinnar hefur líka styrkst. Það er líka athyglisvert að sjá í þessum könnunum að einungis lítill minni hluti framsóknarmanna vill að Síminn sé seldur. Mikill meiri hluti er andvígur því að Síminn sé seldur. (Forseti hringir.) Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. forsætisráðherra sem fer með þessi mál nú hvort ekki sé ráð að endurskoða ákvörðun þingsins um sölu Símans og fara betur ofan í málin.

[10:34]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason talaði um mikilvægi Símans, fjarskiptanna og grunnnetsins og ég get tekið undir það. Hann spyr hvort komi til greina að stöðva undirbúning við sölu Símans. Svarið við því er nei. Það kemur ekki til greina. Fyrir liggur heimild Alþingis frá árinu 2001 til að selja fyrirtækið í einu lagi og sú ákvörðun grundvallaðist á áliti og niðurstöðu fjölda sérfræðinga að hvorki væri skynsamlegt né þörf á að aðskilja grunnnetið frá öðrum þjónustuþáttum fyrirtækisins. Þróunin á fjarskiptamarkaði frá þeim tíma hefur einungis styrkt stjórnvöld í þeirri trú að rétt sé að selja fyrirtækið í heilu lagi. Samkeppnin innan lands hefur aukist síðan þá og fyrirtækin eru orðin sterkari og hafa sýnt bæði vilja og getu til að byggja upp sín eigin grunnnet. Það liggur reyndar fyrir að lagaumhverfið á EES-svæðinu gerir ráð fyrir að það sé samkeppni í rekstri grunnneta í fjarskiptageiranum og eins og við vitum starfrækja önnur fyrirtæki, eins og t.d. Orkuveita Reykjavíkur, grunnnet og reka þau.

Síðan hafa komið fram óljósar hugmyndir um samrekstur samkeppnisaðila á grunnneti sem ég tel að séu óraunhæfar. Það hefur í reynd verið reynt. Póst- og fjarskiptastofnun reyndi að koma á samstarfi milli aðila á fjarskiptamarkaðnum um uppbyggingu eins dreifikerfis fyrir stafrænt sjónvarp og það mistókst og ég hef ekki trú á að það muni takast.

Það liggur alveg ljóst fyrir að hið lagalega umhverfi á Íslandi, sem er að evrópskri fyrirmynd, tryggir samkeppnisaðilum Símans greiðan aðgang að grunnnetinu og þess vegna hefur ekkert breyst í þessu sambandi.

[10:36]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort það sé rétt sem ég hef heyrt að Samkeppnisstofnun hafi skilað skýrslu eða greinargerð til hæstv. ríkisstjórnar um að skilja grunnnetið frá eða réttara sagt að það sé selt með. Hefur þessi skýrsla verið gerð og ef svo er, er þá hægt að fá að sjá þá skýrslu og gæti hæstv. forsætisráðherra sagt okkur hvert álit Samkeppnisstofnunar hafi verið

á því að selja grunnnetið með Símanum eða selja Símann í heilu lagi?

Í öðru lagi þá er það rétt sem enn einu sinni er að koma fram í skoðanakönnun að stór hluti landsmanna er á móti því að selja Símann og grunnnetið með og er það ansi athyglisvert hve framsóknarmenn eru stór hluti í þeim hópi. Auðvitað heyrðum við það í umræðum frá landsfundi Framsóknarflokksins að þar innan húss er mikil andstaða við þá ætlun ríkisstjórnarinnar að gera það.

Má ég minna á, virðulegi forseti, að Framsókn var á upphafsárum síðasta kjörtímabils andstæð því að grunnnetið yrði selt með Símanum en það gerðist svo á ákveðnum tímapunkti að Sjálfstæðisflokkurinn tók Framsóknarflokkinn í karphúsið og þvingaði hann til að fallast á að grunnnetið yrði selt með.

Hæstv. forsætisráðherra talar um samkeppni á markaðnum. Hún er ekki þannig í reynd. Til eru dæmi um að Síminn sé með mjög háa verðlagningu til sprotafyrirtækja sem vilja selja litlum byggðarlögum aðgang að háhraðatengingu, á því t.d. að setja sendi í mastur eða fá aðstöðu til að stinga viðkomandi sendi í samband í húsi Símans. Ef það eru ekki samkeppnishindrandi aðgerðir, hvað er það þá, virðulegi forseti?

[10:38]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Á góðri stundu, á flokksþingum og öðrum ráðstefnum er iðulega talað um gildi þess að virða lýðræðislegan rétt. Það er stundum talað um þjóðaratkvæðagreiðslu og gildi hennar. Þegar á reynir er hins vegar annað upp á teningnum. Það er engu líkara en sú ríkisstjórn sem nú stjórnar landinu njóti þess að beita valdi.

Það hefur komið fram ítrekað í skoðanakönnunum og verið rækilega rakið af hv. málshefjanda Jóni Bjarnasyni alþingismanni að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er andvígur því að Síminn verði seldur. Þetta kemur ítrekað fram í skoðanakönnunum og þrátt fyrir gylliboð, að vísu misvísandi eftir því hvort það kemur frá formanni Framsóknarflokksins eða formanni Sjálfstæðisflokksins, um hvað eigi að gera við hagnaðinn er niðurstaðan engu að síður þessi. Við höfum hins vegar sagt í stjórnarandstöðunni og sérstaklega í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem ekki viljum selja Símann: Notum arðinn af þessari stofnun, sem verður fyrirsjáanlega mikill um ókominn tíma, til að ráðast í samfélagslega uppbyggingu án þess að selja frá okkur Landssímann sem gefur okkur þennan arð.

Hæstv. forsætisráðherra vísar í sérfræðinga. Þar eru deildar meiningar. Hann vísar einnig til þess að reynt hafi verið að koma á samrekstri um grunnnet. Á það hefur ekki verið látið reyna. Það skortir pólitískar yfirlýsingar af hálfu stjórnvalda hvað þetta snertir og í þá veru sem þjóðin er að kalla eftir. Þess vegna óskum við eftir því að þessum söluáformum verði slegið á frest og menn setjist yfir það þverpólitískt að ná sátt í þessu máli um lausn sem kemur til með að gagnast samfélaginu öllu. Það er krafa okkar .

[10:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Einkavæðing Símans er mikið ábyrgðarverkefni sem ríkisstjórnin hefur tekist á hendur. Hún virðist ekki ætla að koma því frá sér með skynsamlegum hætti. Síminn er gríðarlega stórt fyrirtæki á þessum markaði og mun hafa algera yfirburði áfram eftir að einkaaðilar hafa fengið hann í hendur. Það er auðvitað ekki þolandi að ríkisvaldið skuli ekki reyna að sjá til þess að á þessum markaði verði eitthvert jafnvægi. Það stefnir ekki aldeilis í það.

Fólkið í landinu er á þeirri skoðun að grunnnetið eigi ekki að selja með Símanum og í raun og veru er meiri hluti fyrir því að Síminn verði ekki seldur. Við í Samfylkingunni höfum talið að það mætti einkavæða þá starfsemi en við teljum alls ekki að hægt sé að gera það með þeim hætti sem ríkisstjórnin stefnir að að gera og grunnnetið ætti a.m.k. að undanskilja. Það er auðvitað alveg hægt að gera þetta en það er svo einkennilegt með Framsóknarflokkinn að hann virðist lenda í því oftar en einu sinni að selja sannfæringu flokksmanna í einhverjum kaupskap við Sjálfstæðisflokkinn og þurfa síðan að standa við það hvað sem það kostar. Það er samt rétt að muna eftir því að það er orðið ár og dagur síðan ákveðið var að selja Símann. Það hefur ekki gengið enn og kannski er eitthvað í það að mönnum takist að klára það því frá 2001 hafa menn verið að selja Símann nánast á morgun. Nú er komið árið 2005 og ekki er búið að selja Símann enn þá. Ég held að menn ættu bara að vera rólegir yfir þessu og vonast eindregið til þess að stjórnarliðið sjái að sér og fari yfir málin að nýju því það stefnir ekki vel fyrir þessum ákvörðunum. Ég hef a.m.k. miklar áhyggjur af því samkeppnisumhverfi sem í stefnir.

[10:43]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að leiðrétta hæstv. forsætisráðherra hvað það varðar að Alþingi samþykkti ekki að selja Símann í heilu lagi. Alþingi samþykkti að selja hlutabréf í Símanum en kvað ekkert á um hvernig það yrði gert frekar þannig að þeim sem selja Símann er í lófa lagið að skipta honum upp. Ég vildi hafa þetta á hreinu og leiðrétta það sem rangt var farið með hér í umræðunni.

Hins vegar liggur í augum uppi að Síminn er yfirburðafyrirtæki á fjarskiptamarkaðnum og hefur í reynd svo markaðsráðandi stöðu að með þeirri fyrirætlan sem nú er uppi, að selja Símann í einu lagi, er í reynd verið að einkavæða einokun eða mjög markaðsráðandi stöðu á þessum markaði. Ég geld mikinn varhuga við því að sú leið skuli vera farin.

Það veldur mér einnig miklum áhyggjum að í núverandi reglum gilda engar reglur um hvernig farið skuli með sölu ríkiseigna. Það gilda engar lagareglur um það. Það eru aðeins reglur einkavæðingarnefndar sem eru þannig úr garði gerðar að nefndin sjálf getur vikið frá þeim telji hún ástæðu til. Ég held að það sé einfaldlega þannig í samfélaginu að það trúi því ekki nokkur maður að komi til þess að Síminn verði seldur þá verði hann seldur á opnum markaði. Saga helmingaskiptaflokkanna sem nú fara með völd er þess eðlis að það gerir enginn ráð fyrir öðru en að samið verði sérstaklega um það hver fái Símann og hver ekki. Þess vegna vil ég taka undir með þeim sem hafa varað við því sem hér er á ferðinni og að mjög mikilvægt sé að allt í kringum sölu Símans verði opið, gegnsætt, og að við þurfum ekki að horfa upp á sams konar aðfarir og þegar ríkisbankarnir voru

seldir á sínum tíma þegar flokkarnir skiptu því með sér hver fengi hvað.

Virðulegi forseti. Við viljum ekki sjá svona uppákomur oftar.

[10:45]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við höfum rætt um þetta oft áður, bæði í utandagskrárumræðum og víðar. Þar gat ég þess að grunnnetið er varla skilgreint lengur vegna örrar tækniþróunar; stærðfræðilegrar pökkunar gagna og vegna sífellt nýrrar tækni, gervitunglatækni, ljósleiðara og koparstrengja er ekki hægt að tala um eitthvað grunnnet í þeim skilningi að það sé eitthvert kerfi sem er eitt og sér. Þróunin er mjög breytileg og ef menn líta tíu ár aftur í tímann er allt önnur staða uppi í dag og eftir tíu ár verður uppi allt önnur staða en nú er. Ef grunnnetið er ekki selt með og stofnað um það fyrirtæki er hætt við því að það fyrirtæki mundi negla sig niður á eina lausn þannig að þróunin mundi stöðvast hér á landi.

Ég held að þróunin, eins og ég gat um fyrir nokkrum dögum, muni leiða til þess að besta verðið fæst fyrir neytendur og samkeppnin er tryggð vegna þess að við búum í heimi þar sem gervitungl svífa yfir okkur og við erum komin með ókeypis símtöl til útlanda í gegnum netið. Það er því ótrúlega mikil samkeppni í gangi og Síminn mun þurfa að svara henni bæði innan lands og erlendis frá þannig að ég hef ekki þær áhyggjur sem aðrir hafa af því að selja hið svokallaða grunnnet með Símanum.

[10:47]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Með sölu Símans með grunnnetinu er verið að selja einokunaraðstöðu. Vissulega fær ríkið fleiri milljarða fyrir það en í raun tapa allir viðskiptavinir Símans vegna þess að án efa mun samkeppnin verða minni og Síminn verður í einokunaraðstöðu. Eitthvað fær hæstv. forsætisráðherra meira til að spandera, kannski í sendiráð og eitthvað slíkt, eitthvert gæluverkefni. Við megum ekki gleyma því að þegar samþykkt var að selja Símann var einnig samþykkt að fjölga bæði hjá Samkeppnisstofnun og Póst- og fjarskiptastofnun, í eftirlitið með þeirri starfsemi, en það hefur verið svikið.

Hvorugur stjórnarflokkurinn meinar neitt með því að koma eigi á samkeppni á fjarskiptamarkaði. Það sást best á því að þegar ég spurði hæstv. fjármálaráðherra hvort Síminn færi að lögum og samþykktum sem gerðar hafa verið um starfsemi hans hvað varðar samkeppnissvið og hvort hann hafi nýtt sér einokunaraðstöðu í samkeppni við þá sem eiga í samkeppni við Símann, þá fékk ég engin svör. Það er áhyggjuefni að menn leggi ekki meiri áherslu á að koma á samkeppni í þessum málum. Síminn hefur jafnvel orðið uppvís að því að misnota aðstöðu sína hvað varðar litla aðila á markaði.

Ég óttast mjög að stjórnarflokkarnir ætli að skipta fyrirtækinu á milli sín. Þeir eru best þekktir af verkum sínum þegar þeir skiptu bönkunum á milli velunnara flokka sinna og spor flokkanna hræða í einkavæðingu hingað til.

[10:49]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég ítreka að það virðist vera gengið fram hjá því að við séum ein þjóð og grunnþjónusta eins og fjarskiptin eru einn mikilvægasti þátturinn í því að tengja þjóðina saman í eitt. Hvaða vit er í því að í Fossvoginum er Orkuveita Reykjavíkur og Landssíminn að leggja inn ljósleiðara í sömu götu og hver er að grafa sitt? Halda menn að það styrki fjarskiptin út um land? Nei, alls ekki, og ef sú stefna verður áfram verður stór hluti landsins afskiptur. Síminn er ekki á einhverjum horrenglum. Fyrirtækið er að skila miklum arði. Hagnaður af rekstri Landssímans var rúmir 3 milljarðar á sl. ári og upplýst að gert er ráð fyrir enn meiri hagnaði á næstu árum. Síminn hefur því verið ein besta mjólkurkýr ríkisbúsins um margra ára skeið og hvaða bóndi mundi selja bestu kúna til að þóknast einkavæðingaráformum með þessum hætti og ganga gegn hagsmunum stórra hluta þjóðarinnar? Enda hefur þjóðin mjög sterkar skoðanir á málinu og yfir 70% af þeim sem tóku þátt í síðustu Gallup-könnun vildu að fjarskiptakerfi Símans yrði áfram í opinberri eigu.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt til að hin opinberu fjarskiptakerfi Símans, Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur verði sameinuð í eitt stórt og sterkt fjarskiptakerfi sem nái til allra landsmanna á jafnréttisgrunni. Ég krefst þess að söluferli Símans verði stöðvað, farið verði í að endurmeta allt málið (Forseti hringir.) og stefnt að því að sameina fjarskiptakerfi (Forseti hringir.) landsins í eitt og þjóðina líka í eitt.

[10:51]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Á stórum stundum gerist það oft að Vinstri grænir koma í ræðustól og segja okkur að það eigi ekki að horfa á skoðanakannanir. Menn eigi hins vegar að fylgja hugsjónum sínum í blíðu og stríðu. Í því ljósi er dálítið athyglisvert að talsmenn Vinstri grænna hefji umræðuna á því að elta uppi skoðanakannanir og að þær séu skyndilega farnar að móta afstöðu hinna Vinstri grænu í þessu veigamikla máli. Það eru heilmikil tímamót í umræðunni.

Um hvað er verið að ræða? Við ræðum um söluna á Símanum sem er ákvörðun sem þegar hefur verið tekin. Fyrir liggur með hvaða hætti menn vilja fara í þau mál og ég hygg að sú skoðanakönnun sem verið er að vísa til vitni fyrst og fremst um það að fólk vilji tryggja að það sé samkeppni á þessu sviði. Hljótum við ekki að vinna að því? Eru menn virkilega svo harðir í afstöðu sinni að hafa sem mest í eigu ríkisins að þeir geti ekki horft til þess að það sé fyrst og fremst reynt að tryggja samkeppni á grundvelli lagasetningar alveg eins og búið er að gera núna varðandi fjarskiptalögin sem tryggja aðgang að hinu svokallaða grunnneti?

Það er fróðlegt að veita því athygli þegar við ræðum þessi mál að menn tala mikið í þessum orðaleppa um grunnnetið. Hins vegar er mjög djúpt á því að menn skilgreini hvað þeir eigi við með hugtakinu grunnnet. Það er hvergi skilgreint í lögum og væri auðvitað heilmikill mannsbragur að því ef þeir sem nú krefjast þess að hið svo-

kallaða grunnnet yrði skilið frá segðu okkur nákvæmlega hvað þeir eiga við. Er ekki aðalatriðið að tryggja samkeppni? Aðalatriðið getur ekki verið að tryggja ríkisvæðingu, nema menn sem eru búnir að kasta hugsjónum sínum og hlaupa bara eftir skoðanakönnunum, þeir geta auðvitað talað í þá veru ef þeir sjá skoðanakönnun sem lýtur að því. Þá hlaupa þeir auðvitað upp til handa og fóta og fara í umræður í þinginu og veifa skoðanakönnunum, menn sem eru búnir að týna hugsjónum sínum.

[10:53]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Þær ræður sem fluttar hafa verið af hv. stjórnarandstöðu einkennast mikið af upphrópunum sem afskaplega takmarkaðar innistæður eru fyrir. Ein þeirra er t.d. sú að hér fari ríkisstjórnarflokkarnir og beiti valdi. Í hverju felst sú misbeiting valds? Að framfylgja samþykktum Alþingis. Málið var samþykkt á Alþingi af meiri hluta þingsins. Það getur tæpast kallast misbeiting valds.

Í annan stað er talað um að selja eða ekki selja með eða án grunnnets. Afstaða Vinstri grænna liggur fyrir en fróðlegt væri að heyra hver afstaða Samfylkingarinnar er til málsins. Hún liggur ekki ljós fyrir.

Menn tala um þvinganir. Ég minnist þess að hafa einmitt verið í samgöngunefnd þegar málið kom til vinnslu þar 2001. Ekki man ég eftir þvingunum þar. Hins vegar komu fjölmargir sérfræðingar á fund nefndarinnar, sérfræðingar sem eiga ekki hagsmuna að gæta. Ég nefni fulltrúa háskólans. Ég nefni fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar. Hvað sögðu þeir sérfræðingar? Að það væri óðs manns æði að aðskilja grunnnetið jafnóljóst og það er í skilgreiningu frá öðrum þáttum. Það sögðu fulltrúar háskólans og Póst- og fjarskiptastofnunar.

Þá skulum við líka spyrja: Hvað er að gerast í öðrum ríkjum Evrópu? Alls staðar í Evrópu er ríkið að selja símafyrirtæki sín vegna þess að það er að koma upp ný tækni, ný fyrirtæki og bullandi samkeppni. Alls staðar í Evrópu selja menn grunnnetið með. Svo koma menn hér og segja: Við erum svo sérstök á Íslandi að það hljóta að vera aðrar aðstæður hér en í öllum öðrum Evrópuríkjum. Þetta er sama rödd og heyrðist í Albaníu á sínum tíma.

Menn fullyrða að Síminn sé einokunarfyrirtæki þrátt fyrir þá staðreynd að t.d. á ADSL-markaðnum er Og Vodafone með 46% markaðshlutdeild og hefur fengið að nota grunnnetið. Það getur ekki talist einokun.

[10:55]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Við erum ekki að finna upp hjólið í þessu sambandi. Alls staðar þar sem símafyrirtæki hafa verið seld hefur grunnnet fylgt með, það hefur hvergi verið aðskilið. Það hefur hvorki verið talið skynsamlegt né eðlilegt og ekki tryggja hag neytenda. Þetta hefur legið fyrir allt frá 2001.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar koma nú upp og mæla gegn þessu og hver eru aðalrökin? Rökin eru skoðanakannanir. Er það þannig t.d. með Samfylkinguna að hún móti yfirleitt stefnu sína í gegnum skoðanakannanir? Ég heyri ekki betur en stefna Samfylkingarinnar breytist með vindinum fram og til baka. Ef það kæmi einhver ný skoðanakönnun um þetta mundi Samfylkingin taka aðra stefnu? Einhvern veginn finnst mér að það liggi í loftinu. (**Gripið fram í:** Látið ekki Sjálfstæðisflokkinn plaga ykkur.) Það liggur alveg ljóst fyrir, hv. þingmaður, að bæði ríkisstjórnin og flokkarnir sem standa að henni hafa mótað sér skýra stefnu í þessum málum og við höfum staðið á þeirri stefnu. Auðvitað er umræða um þessi mál í þjóðfélaginu. Það er að sjálfsögðu ósk fólks út um allt land að bæta þjónustuna en leiðin til að styrkja grunnnetið og bæta þjónustuna er einmitt með því að selja. Þetta er nákvæmlega sama umræðan sem sprettur upp á Alþingi og þegar til stóð að einkavæða ríkisbankana. Þá komu sömu úrtöluraddirnar. Ef þær hefðu ráðið, úrtöluraddirnar sem tala svo mikið fyrir skoðanakönnunum, ætli hefði þá verið jafnmikill kraftur í íslensku þjóðfélagi og íslensku fjármálalífi og er í dag? Nei, það hefði ekki verið.

Um fundarstjórn.

Umræðuefni í athugasemdum um störf þingsins.

[10:58]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Í 2. mgr. 55. gr. þingskapa stendur, með leyfi forseta:

„Jafnan er heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um fundarstjórn forseta og til þess að bera af sér sakir."

Ég hélt að það gengi fram fyrir aðrar umræður en ég fellst að sjálfsögðu á ósk frú forseta að umræður um störf þingsins megi halda áfram þar til þeim lýkur, eftir 20 mínútur, en ég bað um orðið í þeim miðjum.

Ég vil geta um eftirfarandi: Í umræðunni hafa menn rætt eitt tiltekið mál sem búið er að ræða í utandagskrárumræðu. Hér hefur sem sagt orðið utandagskrárumræða um það mál, framhald og endurtekning. Auk þess hefur verið beint fyrirspurnum til hæstv. forsætisráðherra. Við erum með sérstaka fyrirspurnatíma, bæði fyrir óundirbúnar og undirbúnar fyrirspurnir, fyrir utan náttúrlega skriflegar fyrirspurnir. Auk þess hefur verið mælt fyrir einu ákveðnu máli sem er til umræðu í þinginu.

Frú forseti. Mér finnst þetta ekki vera fundarstjórn í samræmi við þingsköp Alþingis og ég vil ekki að málin þróist þannig að við séum með utandagskrárumræður undir margs konar formerkjum og komin með fyrirspurnir til ráðherra undir margs konar formerkjum og farin að ræða einstök þingmál sem fyrir liggja frumvörp um í hinu háa Alþingi undir þessum lið. Til þess höfum við 1., 2. og 3. umr.

[11:00]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill geta þess að hv. þingmaður óskaði ekki eftir að bera af sér sakir, heldur óskaði hann eftir að koma upp undir liðnum um fundarstjórn forseta. Miðað við það sem hv. þingmaður las hér upp úr þingsköpum taldi forseti rétt að ljúka fyrst umræðum um störf þingsins innan þess tíma sem ætlaður er fyrir slíkar umræður áður en þingmanni yrði gefið orðið, um fundarstjórn forseta, þar sem hv. þingmaður óskaði ekki eftir að bera af sér sakir.

Forseti vill þó geta þess að þessar umræður um störf þingsins hafa verið að þróast með þessum hætti undanfarna tvo vetur, og það í fullu samráði við og að frumkvæði hæstv. forseta þingsins, Halldórs Blöndals, sem hefur leyft umræður af þessum toga.

[11:01]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég sé mig tilneyddan til að kveðja mér hljóðs um fundarstjórn forseta vegna þess að ég beindi ákveðinni fyrirspurn undir þessum lið sem við vorum að ræða áðan til hæstv. forsætisráðherra sem hann svaraði ekki. Það er mjög veigamikið, virðulegi forseti, að hæstv. forsætisráðherra svari þeirri spurningu sem hér hefur verið lögð fram um þetta. Þetta er veigamikið atriði gagnvart því máli sem forseti leyfði að yrði rætt hér áðan í þær 20 mínútur sem voru til ráðstöfunar undir liðnum um störf þingsins. Það er hárrétt sem kom fram hjá sitjandi þingforseta að þetta er sú þróun sem hæstv. forseti þingsins, Halldór Blöndal, hefur hvatt til.

Virðulegi forseti. Ég verð að árétta spurningu mína, gera þá athugasemd og vera óánægður með það að hæstv. forsætisráðherra skuli ekki svara hinni einföldu spurningu: Hefur Samkeppnisstofnun skilað til ríkisstjórnar, forsætisráðherra eða fjármálaráðherra skýrslu um alvarlegar afleiðingar (Forseti hringir.) þess að grunnnetið verði selt með Símanum?

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill áminna hv. þingmann um það að halda sig við efni þessa dagskrárliðar, um fundarstjórn forseta, og fara ekki í efnisumræðu undir þessum dagskrárlið, misnota ekki dagskrárliðinn til þess.)

[11:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég mótmæli þeim skilningi sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur á þeim lið sem við vorum að ræða áðan, þ.e. liðnum um störf þingsins. Það er ekkert eðlilegra en að hér ræði menn um störf þingsins, um þau mál sem fyrir liggja. Nú liggja t.d. fyrir tvö óafgreidd mál vegna sölu Símans og það er full ástæða til þess að þingnefndir taki þau mál núna til afgreiðslu og ákveði hvernig með þau skuli fara eftir að þessi mál koma upp eins og þau eru að gera þessa dagana. Ég held að sú krafa hljóti og eigi eðlilega að geta komið fram hér við umræður um störf þingsins.

Þess vegna finnst mér algjörlega eðlilegt að menn geti farið í umræðu af því tagi sem fór fram hér áðan og ekkert við því að segja.

[11:04]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hlutverk þingsins er í mínum huga tvennt. Það er annars vegar löggjafarsamkunda og hins vegar málstofa þar sem umræða fer fram um það sem efst er á baugi hverju sinni í samfélaginu. Það er ekkert óeðlilegt við það að hér þróist sú venja og sú hefð að hægt sé að taka í upphafi fundar upp mál sem ofarlega eru á baugi í samfélaginu hverju sinni. Án þess að ég ætli að gefa hæstv. forseta þingsins einhverja einkunn fyrir störf sín vil ég þó segja að þetta er eitt af því sem hann hefur átt þátt í að þróa, og það til betri vegar. Ég tek undir með þeim sem því hafa haldið fram í þessari umræðu að þetta sé góð þróun og mikilvæg. Það er afar mikilvægt að Alþingi taki þátt í umræðu um þau mál sem eru ofarlega á baugi hverju sinni og upplýsi jafnvel um afstöðu kjörinna fulltrúa til einstakra mála.

Ég mótmæli alfarið þeim skilningi sem hv. þm. Pétur Blöndal hefur á því sem hér hefur verið rætt og ítreka í þetta sinn að ég er mjög sáttur við þá þróun sem hæstv. forseti þingsins hefur þó átt þátt í að móta í þessu tiltekna máli.

[11:06]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Eins og rækilega hefur komið fram í umræðunni kvaddi ég mér hljóðs um störf þingsins vegna þess máls sem hér hefur verið rætt. Það eru stöðug og sterk skilaboð frá samfélaginu í ákveðnu máli sem viðvíkur sölu Landssímans. Þess vegna er í hæsta máta eðlilegt að taka eitt umdeildasta mál hér til umræðu þegar nýjar upplýsingar koma fram eða mál standa með þeim hætti að það sé ástæða til þess að þingið láti það til sín taka.

Hæstv. forsætisráðherra sem fer með þetta mál kom inn í umræðuna og ég fagnaði því. Það er síðan í valdi hvers og eins hverju svarað er undir þessum dagskrárlið. Hv. þm. Pétri H. Blöndal virðist vera þetta eitthvert viðkvæmnismál og hann kom þannig fram. Hann er kannski viðkvæmur fyrir því að mögulega verði snúið af þeirri braut að selja Landssímann og þess vegna sé hættulegt að taka málið upp. Það má vel vera, ég vona að svo verði.

Auðvitað verðum við samt að taka mál hér upp þó að það sé einstökum flokkum eða mönnum viðkvæmt. Það tel ég að við höfum verið að gera og menn verða að taka því þó svo að hér séu rædd mál á þeim grunni sem er ekki í samræmi við vilja og löngun einstakra þingmanna, eins og í þessu tilviki hv. þm. Péturs H. Blöndals.

[11:08]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal gerir athugasemdir við fundarstjórn forseta vegna þess að hér fór fram umræða undir liðnum athugasemdir um störf þingsins um söluna á Símanum. Þetta form hefur verið að þróast, eins og hér hefur komið fram, á undanförnum missirum í það að þegar menn kveðja sér hljóðs um störf þingsins verður þetta æ líkara utandagskrárumræðum.

Það er kannski ekkert undarlegt, frú forseti, þar sem það tekur orðið afskaplega langan tíma að draga hæstvirta ráðherra upp í utandagskrárumræður. Sá sem hér stendur bíður þess að tvær umræður utan dagskrár verði teknar fyrir í þinginu. Önnur beiðnin var lögð fram í nóvember á síðasta ári, beiðni um að ræða framtíð varnarsamningsins við Bandaríkjamenn við hæstv. utanríkisráðherra. Sú beiðni var endurnýjuð í janúar og eftir samtal við hæstv. utanríkisráðherra í gær skilst mér að umræðan komist á dagskrá eftir 10–15 daga. Það var beðið um hana í nóvember og kannski er ekki undarlegt að menn nýti sér þá þetta form, athugasemdir um störf þingsins, til að reyna að ræða við ráðherrana þau mál sem hæst ber hverju sinni þegar svona

langan tíma tekur að fá fram utandagskrárumræður.

Hin utandagskrárumræðan er við hæstv. heilbrigðisráðherra um framtíð bráðaþjónustu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Það var búið að setja hana hér á dagskrá. Hæstv. ráðherra óskaði eftir því að umræðunni yrði frestað, sem ég varð við, um eina viku. Síðan eru liðnar þrjár vikur. Það er ekkert skrýtið þó að þingmenn komi hér upp og ræði störf þingsins þegar jafnilla gengur að draga ráðherra upp til að ræða þau mál sem hæst ber hverju sinni.

Það vakti athygli mína að fyrst tók hv. þm. Pétur Blöndal þátt í umræðunni um störf þingsins, eins og hver annar þingmaður. Eftir að hann hafði lýst hér skoðunum sínum og tekið að fullu efnislegan þátt í umræðunum bað hann um orðið til að mótmæla því að umræðan færi fram. Ég skil ekki svona athugasemdir og verð að segja bara alveg eins og er að ef þingmaðurinn er ósáttur við það að þessi umræða fari fram undir þessum lið hefði hv. þingmaður átt að koma strax í pontu, biðja um orðið undir liðnum um fundarstjórn forseta og sýna þá af sér þann mannsbrag að mótmæla því að þessi umræða færi fram með þessum hætti en taka ekki fyrst þátt í henni að fullu og mótmæla henni svo.

[11:10]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Eins og ég las upp úr 2. mgr. 55. gr. þingskapa Alþingis eru talin upp þrjú atriði þar sem hægt er að biðja um umræðu undir liðnum um fundarstjórn forseta. Það er stutt athugasemd um atkvæðagreiðslu, um fundarstjórn forseta og til þess að bera af sér sakir. Þetta er talið upp í einni setningu.

Ég tel og það er mín skoðun að þessi atriði gangi fram fyrir og rjúfi aðra umræðu í þinginu. Frú forseti hefur hins vegar aðra skoðun á því og ég að sjálfsögðu hlíti henni.

Varðandi það að ég hafi tekið þátt í umræðunni og síðan rætt um fundarstjórn forseta — ég veit ekki betur en að hv. þm. Jón Bjarnason hafi einmitt verið að gagnrýna mig fyrir að ég þyrði ekki að fara í umræðuna. Hann sagði að ég vildi banna svona umræðu af því að ég vildi ekki umræðuna. En ég var einmitt að sýna að ég vildi umræðuna. Ég er ekkert hræddur við hana. Ég fór í hana en mér finnst þetta mjög vafasöm þróun. Þetta er mjög vafasöm þróun með störf þingsins því að við eigum að ræða um störf þingsins, það að nefndir geri ekki eitthvað ákveðið, það að eitthvað sé að gerast innan þingsins. Við eigum ekki að tala efnislega um eitthvert ákveðið mál, ekki umræður utan dagskrár. Til þess höfum við ákveðna leið í þingsköpum. (Gripið fram í.)

Menn geta rætt um að það taki langan tíma, það er sannarlega umræða um störf þingsins. Menn geta rætt um að það taki langan tíma og beðið forseta um að taka inn fleiri utandagskrárumræður, það eru störf þingsins, en ekki að taka einstakar umræður efnislega undir þessum lið. Það er þetta sem ég á við.

Við erum líka með þrjár umræður fyrir hvert mál. Þess vegna er óþarfi að vera að ræða efnislega einstök mál undir liðnum um störf þingsins. Við höfum til þess leiðir í þingsköpum.

Ef umræðan dregst hins vegar lengi og málin bíða mjög lengi getur maður farið yfir í störf þingsins og talað um að þetta og þetta mál hafi beðið of lengi. Það er rökfræðilega um störf þingsins.

Hér hafa meira að segja komið fram fyrirspurnir til ráðherra undir liðnum um störf þingsins. Það hefur ekkert með störf þingsins að gera nema þær fyrirspurnir hafi hrannast upp og að þingið hafi ekki valdið því að svara fyrirspurnum þokkalega. Þá getur maður rætt það undir liðnum um störf þingsins að fyrirspurnir þurfi að bíða lengi. Ég veit ekki betur en að menn séu að gera hér stórátak í því að svara einmitt fyrirspurnum með því að byrja klukkan 12 á miðvikudögum.

Þetta er um störf þingsins og ég vil ekki að menn séu að blanda öðrum liðum saman við. Við höfum þingsköp sem eru lög frá Alþingi og ef við viljum breyta þessu skulum við breyta þingsköpunum.

[11:13]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti. vill áminna hv. þingmenn um að gæta þess að ávarpa bæði forseta og aðra þingmenn með réttmætum hætti.

[11:14]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér aðeins til að staðfesta að ágætissamkomulag hefur verið um það meðal þingflokksformanna og stjórnar þingsins að hægt sé að koma hér upp undir liðnum um störf þingsins með einstök mál. Hæstv. ráðherrum er auðvitað í sjálfsvald sett hvort þeir mæta til þess að svara fyrirspurnum en engu að síður hefur hv. þingmönnum verið gert það kleift að taka upp mál hér undir liðnum um störf þingsins.

Hv. þm. Pétur Blöndal hefur töluvert til síns máls varðandi túlkun á þingsköpum en þetta er þróun sem hefur verið rædd innan þingflokkanna með forsetum. Ég held að það væri skynsamlegt að þingflokkarnir tækju þessa umræðu um þingsköp innan sinna raða. Við skulum ekki eyða löngum tíma hér í að kýta um þetta, við getum rætt það innan þingflokka.

Virðulegi forseti. Af því að ég ræði hér um fundarstjórn forseta legg ég til að við göngum til dagskrár.

[11:15]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég ætla ekki út í efnislega umræðu um það sem við ræddum áðan undir liðnum athugasemdir um störf þingsins. Ég vek einu sinni enn athygli á því að hæstv. forsætisráðherra svaraði ekki einfaldri spurningu, hvorki játandi né neitandi, sem er grundvallaratriði. Ef Samkeppnisstofnun hefur skilað skýrslu, áliti um söluna á Símanum og grunnnetinu til ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra, á auðvitað allur þingheimur, allir þingmenn, að fá að sjá þau gögn. Þess vegna spurði ég hæstv. forsætisráðherra, einmitt nú þegar hann er hér viðstaddur, út í þetta atriði. Þess vegna vil ég enn einu sinni vekja athygli á því að hæstv. forsætisráðherra treysti sér ekki til að koma í ræðustól á Alþingi og svara þessari einföldu spurningu um skýrsluna eða álitsgjöfina frá Samkeppnisstofnun, hvorki játandi né neitandi.

Ég verð þá, virðulegi forseti, að nota aðrar leiðir til að fá svar við þessu ef hæstv. forsætisráðherra, sem nú er farinn

úr salnum en ég sé að situr í næsta herbergi, treystir sér ekki til að svara þessu fyrir hönd ríkisstjórnar sinnar.

Norræna ráðherranefndin 2004, ein umr.

Skýrsla samstrh., 516. mál. — Þskj. 785.

[11:17]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir skýrslu samstarfsráðherra um störf Norrænu ráðherranefndarinnar 2004.

Eins og mörg undanfarin ár er þessi skýrsla unnin í góðri samvinnu allra ráðuneyta og gefur hún gott yfirlit yfir það gróskumikla og gefandi starf sem við Íslendingar tökum þátt í með norrænu frændþjóðunum. Síðastliðið ár var sérstakt í norrænu samstarfi fyrir okkur Íslendinga vegna þess að við sátum að þessu sinni við stjórnvölinn í Norrænu ráðherranefndinni. Þessu fylgir aukið starfsálag í ráðuneytum en unnið var samkvæmt metnaðarfullri formennskuáætlun sem bar yfirskriftina Auðlindir Norðurlanda – lýðræði, menning, náttúra. Með auðlindum var átt við norræna samfélagsgerð, félagslegar aðstæður á Norðurlöndum, sameiginlegan menningararf Norðurlandabúa og náttúruauðlindirnar. Á árinu höfðum við frumkvæði að því að skipuleggja meira en 30 norræna viðburði, ráðstefnur, fundi og samstarfsverkefni sem allir tengdust yfirskrift formennskuáætlunarinnar með einum eða öðrum hætti. Segja má að Ísland hafi sett nokkur málefni sérstaklega á oddinn og hljóta þau að standa upp úr nú þegar litið er um öxl.

Ég nefni sérstaklega greiningu á stöðu lýðræðis á Norðurlöndum, m.a. út frá valdaúttektum sem gerðar voru í Noregi og Danmörku fyrir nokkrum árum. Ég vil einnig nefna eftirfylgni við skýrsluna „Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi“ sem fjallar annars vegar um nauðsyn þess að efla vestnorrænt samstarf og hins vegar um að Norðurlönd móti stefnu um nánara samstarf við grannsvæðin við Norður-Atlantshaf.

Sem þriðja meginþáttinn vil ég nefna afnám stjórnsýsluhindrana á norrænum landamærum en Paul Schlüter, fyrrverandi forsætisráðherra Dana, hafði eins og árið áður með höndum að samræma aðgerðir fagráðherra nefndanna í þeim efnum.

Að tilhlutan Íslands skipuðu norrænu ríkisstjórnirnar í upphafi ársins svokallaða lýðræðisnefnd sem falið var að rannsaka hvaða vandi steðjaði að norrænum lýðræðissamfélögum ef litið væri til næstkomandi 25 ára. Með því að beina kastljósinu að lýðræðinu vildi Ísland mæta áskorun sem Norðurlandaráð setti fram á þemaþingi sínu sem haldið var í Reykjavík árið 2002. Þingið fjallaði um lýðræði sem stjórnarform og var þar m.a. bent á að mikilvægt væri að halda lýðræðisumræðunni lifandi. Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur og fyrrverandi þingmaður, var skipuð formaður nefndarinnar en önnur Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin þrjú áttu hvert sinn nefndarmanninn. Nefndin fékk nokkurt frelsi til að afmarka viðfangsefni sitt og niðurstaðan varð að beina sjónum einkum að eftirtöldum atriðum: Staðbundnu lýðræði eins og það birtist á sveitarstjórnarstiginu og áhrifum verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga á lýðræðisferli, þátttöku borgaranna í stjórnmálum og nýjum leiðum til að hafa áhrif og möguleikum til að styrkja lýðræði með notkun upplýsingatækni.

Árið 2003 gerðu bæði Danir og Norðmenn valdaúttektir hjá sér og lá það beint við að nefndin tæki mið af niðurstöðum þeirra. Auk þess studdist nefndin við þá vinnu sem unnin hafði verið í Svíþjóð árið 2001 við að móta stefnu til að styrkja lýðræðið þar í landi. Lýðræðisnefndin lauk störfum í byrjun árs 2005 með því að senda frá sér vandaða skýrslu sem ég ásamt formanni nefndarinnar kynnti fyrir fjölmiðlum hér fyrir réttum mánuði. Í skýrslunni eru margar góðar ábendingar og tillögur sem beint er til norrænu ríkisstjórnanna og sjálfstjórnarsvæðanna. Megintillagan er þess efnis að Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin móti hvert um sig eigin stefnu til að treysta lýðræðið. Slík stefna á að hafa það að markmiði að jafna aðgengi borgaranna að lýðræðislegum ákvörðunum, bæði á sveitarstjórnarvettvangi og á landsvísu. Nefndin telur að með markvissri lýðræðisstefnu megi t.d. koma í veg fyrir þann lýðræðishalla sem myndast þegar greinilegur munur er á þátttöku mismunandi þjóðfélagshópa í kosningum. Nefndin telur og nauðsynlegt að skapaðar verði forsendur til þess að auka pólitíska virkni almennings á Norðurlöndum, ekki aðeins á kjördag heldur allt kjörtímabilið. Þá leggur lýðræðisnefndin til að önnur Norðurlönd fari að fordæmi Noregs og Danmerkur og láti gera valdaúttektir hjá sér.

Það er tillaga nefndarinnar að gerðar verði reglulegar samanburðarrannsóknir á stöðu lýðræðis á Norðurlöndum til að hægt sé að fylgjast með ástandi þess frá einum tíma til annars. Í nokkrum landanna, þar á meðal Íslandi, vantar tölulegar upplýsingar til að hægt sé að gera norrænan samanburð um ýmsa þætti sem snúa að þátttöku borgaranna í lýðræðisferlinu. Nefndin telur brýnt að bæta úr þessu.

Lýðræðisnefndin leggur til að sveitarfélög á Norðurlöndum nýti sér upplýsingatæknina betur til að efla þátttökulýðræði og þróa rafrænt samráð, umræðukerfi og skoðanakannanir meðal almennings. Í því sambandi bendir nefndin á að hin svokallaða stafræna gjá sé augljós lýðræðisvandi sem taka þurfi á í opinberri stefnu um upplýsingatækni. Ég hef kynnt skýrsluna og tillögur hennar fyrir ríkisstjórninni og í framhaldi af því var tekin ákvörðun um að senda hana til stjórnarskrárnefndar með beiðni um að hún skoði tillögur nefndarinnar með tilliti til viðbragða. Ég geri ráð fyrir því að sumar af tillögunum skírskoti til verkefna nefndarinnar.

Skýrslan Vestur-Norðurlönd í norrænu samstarfi var lögð fram í ráðherranefndinni á miðju ári 2003 og samþykkt af samstarfsráðherrunum. Í skýrslunni voru settar fram tillögur sem miðuðu að því að styrkja vestnorrænt samstarf sem og samstarf Norðurlanda við grannsvæði á Norður-Atlantshafssvæðinu. Skýrslan var send fagráðherrunum með hvatningu um að þær fylgdu tillögum hennar eftir. Á formennskuárinu einsettum við okkur að knýja á um að tillögur skýrslunnar kæmu til framkvæmda. Í upphafi árs var Páll Pétursson, fyrrverandi félagsmálaráðherra, fenginn til að hafa eftirlit með því starfi.

Unnið var að mörgum vestnorrænum verkefnum á árinu. Tímans vegna minnist ég aðeins á tvö viðamestu verkefnin.

Stærsta vestnorræna verkefnið sem ráðist var í á árinu

var úttekt og greining á samgöngum milli landanna á vestnorræna svæðinu. Það var Háskólinn á Akureyri sem annaðist þá úttekt og í júlí birtust niðurstöður í skýrslunni Flug- og sjóflutningar á Vestur-Norðurlöndum – Greining og framtíðarspá. Skýrslan var kynnt fyrir samgönguráðherrum landanna á fundi þeirra í ágúst. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem óháður rannsóknaraðili gerir slíka úttekt fyrir umrætt svæði.

Samgöngumálin hafa löngum brunnið heitt á íbúum svæðisins og var vitað fyrir fram að víða væri pottur brotinn. Á þetta einkum við um Grænland og Færeyjar. Í skýrslunni er m.a. bent á að hömlur á flugi til og frá Grænlandi ásamt óhemjuháum ferðakostnaði standi í vegi fyrir framförum þar ekki hvað síst í ferðaþjónustu. Flugsamgöngur milli vesturstrandar Grænlands, þar sem höfuðstaðurinn Nuuk er, og Íslands eru nú í algeru lágmarki og skýrslan bendir jafnframt á nauðsyn þess að fjölga ferðum milli Íslands og Færeyja. Afar sláandi er sú staðreynd að það skuli vera langtum dýrara að fljúga frá Reykjavík til Nuuk en frá Reykjavík til Peking í Kína. Þó er Grænland það land sem stendur okkur næst í landfræðilegu tilliti.

Skýrsluhöfundar vekja athygli á því að bæði á Grænlandi og í Færeyjum sé utanlandsflug að mestu leyti bundið við Danmörku. Nánast allar leiðir út í heim liggja í gegnum Kaupmannahöfn, enda er frjálsræði í flugi frá Grænlandi og Færeyjum það minnsta sem þekkist í Vestur-Evrópu. Þessar aðstæður koma m.a. í veg fyrir að Grænlendingar geti notið góðs af auknum ferðamannafjölda til Íslands. Úttekt Háskólans á Akureyri leiddi einnig í ljós að nú er vaxandi samkeppni í vöruflutningum á sjó á vestnorræna svæðinu og eru það einkum Íslendingar og Færeyingar sem etja þar kappi saman.

Skýrslan um ástand samgöngumála á vestnorræna svæðinu er að mínu mati þarft og mikilvægt innlegg í alla umræðu um samgöngumál á svæðinu. Þá vil ég einnig nefna viðamikla úttekt á starfsemi NORA, norrænu Atlantshafsnefndarinnar, sem gerð var á árinu en í fyrrnefndri skýrslu um vestnorrænt samstarf var hvatt til þess að ráðist yrði í þetta verkefni. NORA er svæðissamstarf norrænu ráðherranefndarinnar á Vestur-Norðurlöndum sem tekur til Íslands, Grænlands, Færeyja og strandhéraða í Norður-Noregi. Tilgangurinn var að kanna hvort NORA gæti tekið að sér aukið hlutverk með því að samræma samstarf þeirra landa og svæða sem eiga sérstakra hagsmuna að gæta á Norður-Atlantshafssvæðinu. Danskt ráðgjafarfyrirtæki sá um úttektina og var niðurstaðan mjög jákvæð fyrir NORA. Þrátt fyrir litla fjármuni hefur NORA tekist vel upp við að halda utan um samstarfið á svæðinu með myndun tengslaneta milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja og styrkveitingum til samstarfsverkefna.

Í skýrslu ráðgjafanna var jafnframt á það bent að ef NORA ætti að vera þess umkomið að stækka landfræðilegt athafnasvæði sitt yrði með einhverjum hætti að renna styrkari stoðum undir starfsemina. Þrjár mismunandi leiðir voru lagðar til og eru þær nú til skoðunar hjá ráðherranefndinni um byggðamál. Mikill áhugi er meðal granna okkar á Norður-Atlantshafssvæðinu að koma á nánara samstarfi um sameiginleg hagsmunamál. Þau svæði sem þarna eiga hlut að máli eru einkum Atlantshafsfylkin í Kanada, Skotland og skosku eyjarnar ásamt Írlandi og Norður-Írlandi. Ég er því bjartsýn á framtíð NORA. Ef rétt verður á málum haldið er ég þess fullviss að þetta vestnorræna svæðasamstarf ráðherranefndarinnar getur tekið að sér það samræmingarhlutverk sem talin er þörf fyrir á þessu stóra svæði.

Efling vestnorræna svæðasamstarfsins sem og nánara samstarf norrænu ráðherranefndarinnar við grannsvæðin í vestri eru mál sem við Íslendingar höfum talað sérstaklega fyrir í norrænu samstarfi. Þessum málum héldum við á lofti bæði árið 1999, þegar við fórum síðast með formennsku, og einnig nú á því formennskuári sem var að líða. Mörg þau verkefni sem unnið var að á árinu tókust vel og útlit er fyrir að áfram verði unnið að þeim. Önnur tókust síður vel en voru samt sem áður tilraunarinnar virði. Það var ekki von til þess að öflugt Norður-Atlantshafssamstarf sprytti fullskapað fram á sjónarsviðið að loknu þessu formennskuári. Samstarf átta þjóða er þyngra í vöfum en svo og það tekur lengri tíma að vinna málunum fylgi. En það er ánægjulegt að Danir sem nú hafa tekið við stjórnartaumunum af okkur skuli hafa það meðal forgangsmála sinna að vinna áfram að vestnorrænu áætluninni. Ég er þess vegna bjartsýn á að málefni Norður-Atlantshafsins séu nú komin til að vera á málefnaskrá norræns samstarfs.

Afnám stjórnsýsluhindrana á norrænum landamærum var áfram forgangsmál í norrænu samstarfi á síðasta ári. Þó nokkur árangur hefur náðst við að einfalda og samræma reglur og draga úr óþarfa skriffinnsku þegar Norðurlandabúar flytjast innan svæðisins vegna náms eða starfa. Þannig var t.d. nýr samningur um almannaskráningu undirritaður á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í byrjun nóvember. Hann mun m.a. einfalda mjög úthlutun kennitölu til manna sem flytjast frá einu norrænu ríki til annars. Hér er gott dæmi um árangur í norrænu samstarfi sem fjölmargir Norðurlandabúar munu fljótlega verða áþreifanlega varir við.

Á árinu hófst vinna við að skilgreina og afmarka þær hindranir sem verða á vegi þeirra sem vilja stunda viðskipti yfir norrænu landamærin. Þessi mál hafa oft komið til umræðu á vettvangi iðnaðarráðherranna en hér er um að ræða umtalsvert vandamál fyrir atvinnulífið. Í nýlegri könnun sem gerð var meðal fyrirtækja á Norðurlöndum kom fram að 77% þeirra sögðust hafa fundið fyrir hindrunum í viðskiptum á milli landanna. Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni var falið að gera nánari úttekt á þessu og birtust niðurstöður í skýrslunni „Grensehindringer for næringslivet i Norden" sem kom út í maí 2004.

Í flestum tilfellum var um að ræða mismunandi stjórnsýslureglur sem auðvelt ætti að vera að samræma. Veigamestu atriðin tengjast þó tollum og skattlagningu fyrirtækja, þættir sem eru ekki á forræði þeirra ráðherra sem fara með atvinnumál. Fyrst um sinn munu þeir leggja áherslu á að efla upplýsingamiðlun um reglur viðskiptalífsins, að koma á formlegu norrænu samstarfi um framtaksfjármögnun og að samræma reglur um byggingarstarfsemi.

Enda þótt margt hafi áunnist er þó einnig margt óleyst. Ég held því að óhætt sé að fullyrða að vinnan við að ryðja margvíslegum landamærahindrunum úr vegi verði enn um sinn í forgrunni norræns samstarfs.

Á árinu áttu sér stað miklar skipulagsbreytingar í norræna rannsókna- og nýsköpunarsamstarfinu. Þessar breyt-

ingar hafa verið í undirbúningi undanfarin ár en í öllum veigamiklum atriðum voru þær í samræmi við tillögur sem prófessor Gustav Björkstrand við Háskólann í Åbo setti fram í „hvítbókinni" NORIA (Nordic Research and Innovation Area) og unnin var fyrir menntamálaráðherrana.

Á grundvelli þessara tillagna leit ný stofnun dagsins ljós í upphafi sl. árs, þ.e. Norræna nýsköpunarmiðstöðin, sem ég minntist á fyrr í máli mínu. Einnig var samþykkt ný norræn nýsköpunarstefna fyrir tímabilið 2005–2020. Jafnframt var unnið ötullega að undirbúningi stofnunar sameiginlegs norræns rannsóknarráðs. Hlaut það heitið NordForsk og hóf starfsemi sína 1. janúar sl. Líta má á Norrænu nýsköpunarmiðstöðina og Nordforsk sem systurstofnanir en þær verða kjölfestan í eftirfylgni við NORIA-hvítbókina. Stofnanirnar munu vinna náið saman enda er það mikilvægur þáttur í tillögum NORIA að nauðsynlegt sé að samþætta betur rannsóknir og nýsköpun í atvinnulífinu. Tilgangur þessarar miklu endurskipulagningar er að ná fram samlegðaráhrifum með því að nýta betur sameiginlegt fjármagn á norrænum þekkingarmarkaði, stuðla að samkeppnishæfni í atvinnulífi og koma Norðurlöndum í fremstu röð á sviði rannsókna og nýsköpunar.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka Norðurlandaráði og Íslandsdeild ráðsins fyrir gott samstarf á síðastliðnu ári. Samstarf ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs er ágætt og norrænu fjárlögin eru á öllum vinnslustigum unnin í nánu samráði þessara aðila til þess að tryggja að þau endurspegli pólitískar áherslur kjörinna fulltrúa. Þá hefur samstarf á fagsviðum aukist í kjölfar þeirra breytinga sem Norðurlandaráð gerði á nefndaskipan sinni árið 2002. Umtalsverður árangur hefur náðst við að fækka tilmælum Norðurlandaráðs og ber að þakka það sérstaklega. Af því leiðir að ráðherranefndinni ber að leggja sig betur fram en hingað til við að fylgja eftir tilmælum ráðsins. Venju samkvæmt átti samstarfsráðherra fund með Íslandsdeildinni skömmu fyrir þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi þar sem farið var yfir helstu áherslumál og staðan í norrænu samstarfi rædd.

Við Íslendingar höfum nú tekið við stjórnartaumum í Norðurlandaráði með Rannveigu Guðmundsdóttur í forsæti. Íslandsdeildarinnar bíður því erilsamt ár og óska ég þeim velfarnaðar í störfum.

Hæstv. forseti. Það er ekki ætlun mín að gera þessari skýrslu tæmandi skil hér, til þess er hún of viðamikil, og hef ég því einungis tæpt á örfáum málum. Norrænt samstarf er í stöðugri framþróun, það svarar kalli tímans og breytist að innihaldi samhliða því að löndin þurfa að takast á við ný viðfangsefni. Þannig hefur hnattvæðingin að sönnu breytt ásýnd norræns samstarfs frá því sem það var. Í samstarfinu er nú í auknum mæli horft út á við, vettvangur þess einskorðast ekki lengur við löndin fimm og sjálfstjórnarsvæðin þrjú. Samstarfi norrænu ráðherranefndarinnar við Evrópusambandið og ýmis fjölþjóðleg samtök í Norður-Evrópu hefur vaxið fiskur um hrygg á undanförnum árum. Með stækkun Evrópusambandsins síðastliðið vor og inngöngu Eystrasaltsríkjanna hefur færst verulegur þungi í þessar samstarfsumleitanir. Norrænt samstarf hefur ekki aðeins hæfileikann til að breytast að innihaldi, nú eru einnig boðaðar breytingar á formi samstarfsins.

Undir formennsku Dana er nú unnið að því að færa samstarfsformið í nútímalegra horf, gera það skilvirkara þannig að það endurspegli betur pólitískar áherslur og nýtist norrænum borgurum eins vel og kostur er. Sú var tíðin að menn töldu að norræna samstarfið væri að renna sitt skeið, að það hefði sungið sinn svanasöng. Sú hefur ekki orðið raunin, þvert á móti, límið í samstarfinu er eftir allt saman ótrúlega sterkt og það hefur gengið í endurnýjun lífdaga. Sækjast sér um líkir, segir máltækið. Grundvallarþættir eins og sameiginleg saga og sameiginlegur menningararfur eru eftir allt saman hinn trausti grundvöllur samstarfsins sem aldrei mun breytast.

[11:36]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kemur fram í skýrslunni að lögð sé talsverð áhersla á lýðræðisnefndina en það er nefnd sem skipuð var í byrjun árs og var falið að rannsaka hvaða vandi steðji helst að norrænum lýðræðissamfélögum.

Þegar maður lítur yfir sviðið á Íslandi blasir náttúrlega við mjög mikill vandi og það er lýðræðisvandi, þ.e. hvað varðar leynileg fjármál stjórnmálaflokka. Það væri fróðlegt að vita hvort þetta hafi verið rætt í nefndinni, sérstaklega í ljósi þess að formaður nefndarinnar er fyrrum alþingismaður og sagnfræðingur, Kristín Ástgeirsdóttir. Það er náttúrlega alveg óþolandi ástand og mjög sérstakt, og ég held að Ísland sé eiginlega eina ríkið í Evrópu sem kennir sig við lýðræði þar sem fjármál stjórnmálaflokka eru leynileg. Þess vegna væri fróðlegt að fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra hvort nefndin ætli að taka á því máli.

Eins eru önnur mál sem eins og lýðræðismálin skipta verulega miklu máli, t.d. eins og vísindasiðanefnd. Hún er flokkspólitísk á Íslandi. Það er auðvitað mjög sérstakt að siðanefnd í vísindum sé flokkspólitísk. Það væri líka fróðlegt að fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra hvort þetta sé eitt af verkefnum nefndarinnar.

[11:38]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var svolítið á skjön við það sem kom fram í máli mínu. Eins og ég sagði fékk nefndin, sem var undir forustu Íslands, nokkuð frjálsar hendur um hvernig hún skipulagði starf sitt og ég fór yfir það sem hún lagði mesta áherslu á. Það er alveg ljóst að hvað varðar samanburðarfræðina og samanburð milli þjóða þá vantar nokkuð upp á að við Íslendingar eigum nógu góða tölfræði um ástand mála þannig að það háði nefndinni nokkuð. Það sem hv. þingmaður nefndi hér veit ég ekki hvort hefur verið rætt en það kemur a.m.k. ekki fram í skýrslu nefndarinnar að rætt hafi verið um það mál .

[11:39]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það þurfi hvorki tölfræði né eitthvert yfirlit. Það ætti einmitt að vera forgangsverkefni til að tryggja lýðræðið í landinu að farið sé yfir það og það liggi uppi á borðinu hverjir styrkja stjórnmálaöflin. Það kom upp í sakamáli, vil ég leyfa mér að segja, t.d. í olíuhneykslinu,

að þegar menn keyptu bensín hjá Esso voru þeir að dæla krónum í kosningasjóð Framsóknarflokksins. Sömuleiðis þegar viðskiptavinir — jafnvel úr Frjálslynda flokknum — keyptu olíu hjá Shell þá voru þeir að dæla nokkrum krónum í kosningasjóð Sjálfstæðisflokksins.

Ég hefði talið fróðlegt og nauðsynlegt að ráðherra sem fjallar um þessi mál upplýsti hver afstaða hennar er í þessu máli. Mun hún beita sér fyrir því að þetta mikilvæga og þarfa mál komi upp á yfirborðið og verði eitt af verkefnum nefndarinnar? Ég tel að það þurfi enga tölfræði eða eitthvert dúllerí heldur eigi þetta bara að vera öllum ljóst.

[11:40]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Er ekki hægt að ætlast til þess á hv. Alþingi að það geti farið fram málefnaleg umræða (**SigurjÞ:** Ég tel mig hafa gert það.) um það mikilvæga mál sem hér er til umfjöllunar, sem er norrænt samstarf? Hv. þm. Sigurjón Þórðarson greip þetta tækifæri til þess að koma hér upp og fara með fleipur og rangt mál í máli sem er algjörlega óskylt því sem við erum að ræða um.

Ég segi nú bara að það er ekki undarlegt þó að kannanir sýni að álit sé ekki orðið mikið á þessari virðulegu stofnun.

[11:41]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég sé ástæðu til að óska hæstv. samstarfsráðherra Norðurlandanna til hamingju með góða skýrslu og þeim embættismönnum sem hafa unnið að þessari skýrslugerð en hún er mjög vönduð og yfirgripsmikil. Í henni kemur fram að við vorum í formennsku í norrænu ráðherranefndinni á síðasta ári og tel ég að þar hafi mjög vel til tekist. Við erum í formennsku á fimm ára fresti. Það er mikið verk að vera í formennsku og stýra öllu norræna samstarfinu þannig, sem formennskuríki. Að mínu mati tókst mjög vel til og ég vil gjarnan óska hæstv. samstarfsráðherra til hamingju með sinn hlut í því.

Yfirskriftin á formennskuári okkar var „Auðlindir Norðurlandanna, lýðræði, menning og náttúra". Ég ætla aðallega að gera tvennt að umtalsefni, í fyrsta lagi lýðræðismálin og svo norrænt samstarf og breytingar á því vegna tilkomu Evrópusambandsins og áhrifa þess á norrænt samstarf.

Varðandi lýðræðismálin er það rétt sem kom fram í máli hæstv. ráðherra að mikill fókus var á lýðræðismálin og mikil áhersla á þau af okkar hálfu í formennsku okkar. Nefnd starfaði að því að skoða lýðræðismál og lýðræðisþróun á Norðurlöndunum undir forustu Kristínar Ástgeirsdóttur. Ég tel að vel hafi tekist til í þeirri vinnu og sú skýrsla sem kom frá lýðræðisnefndinni er mjög athyglisverð. Hún byggir að miklu leyti á úttektum Dana og Norðmanna. Ég tel að Norðurlöndin eigi að vinna á þeim nótum sem fram koma í þessari skýrslu og að það sé mjög mikilvægt að Norðurlöndin verði áfram í þeirri skoðun sem þau eru í núna, þ.e. hvernig hægt er að auka lýðræðið í breyttum heimi.

Það á sér stað mikil hnattvæðing sem er af hinu góða að mínu mati og hún hefur áhrif á lýðræðið. Líka koma nýir íbúar til Norðurlandanna frá fjarlægari löndum. Sumir þeirra einangrast og taka ekki þátt í samfélaginu. Það er mjög miður og við eigum að gera allt til þess að auka þátttöku þessara nýbúa. Jafnframt þarf að efla þátttöku ungs fólks í lýðræðinu, sem og kvenna. Það er skortur á bæði ungu fólki og konum í umræðunni um samfélagsmál í dag.

Varðandi áframhald á þessari vinnu tel ég mjög mikilvægt að Danir, sem núna taka við formennsku, haldi áfram að vinna að eflingu lýðræðis á Norðurlöndunum. Mér skilst að þeir muni gera það og að það komi fram í formennskuáætlun þeirra.

Evrópusambandið og þróun þess hefur haft mjög mikil áhrif á norrænt samstarf. Sumir töldu að norrænt samstarf mundi staðna með tilkomu Evrópusambandsins og þróunar þess en svo er aldeilis ekki, norrænt samstarf hefur gengið í endurnýjun lífdaga, má segja, vegna áhrifa frá Evrópusambandinu. Það er að sjálfsögðu meðal annars vegna þess að þrjú Norðurlandanna eru fullgildir meðlimir í Evrópusambandinu, Danmörk, Svíþjóð og Finnland. Einnig eru Ísland og Noregur meðlimir á hinu Evrópska efnahagssvæði og taka þar með inn í löggjöf sína mjög margar tilskipanir frá Evrópusambandinu. Sumir segja að við Íslendingar séum um 80% í Evrópusambandinu nú þegar og þá væntanlega Norðmenn líka. Það er erfitt að setja tölulegt gildi á það en a.m.k. hefur Evrópusambandið mjög mikil áhrif á Norðurlöndin.

Því liggur í hlutarins eðli og er mjög skynsamlegt að Norðurlöndin vinni saman til að hafa sterkari rödd á vettvangi Evrópusambandsins. Þar er norræna samstarfið algjörlega upplagt til að vera þessi samráðsvettvangur. Það er vettvangur sem við þekkjum, höfum unnið á í langan tíma og því blasir við að norræna samstarfið verður meira eða minna vettvangur fyrir samráð vegna þeirrar þróunar sem á sér stað í Evrópusambandinu og er okkur Íslendingum sem erum fyrir utan Evrópusambandið mjög í hag.

Við sjáum líka að ný ríki sem hafa komið inn í Evrópusambandið, eins og Eystrasaltsríkin, hafa fetað sig meira í átt að norrænu samstarfi og Norðurlöndin feta sig á móti í átt að samstarfi við Eystrasaltsríkin. Norrænt samstarf er því meira litað af samstarfi við hin nýju ríki í dag sem hefur meiri áhrif á Evrópusambandið en nokkurn tíma fyrr. Ég vil nefna sérstaklega að Eystrasaltsríkin eru í dag fullgildir meðlimir í Norræna fjárfestingarbankanum og verið er að skoða hvernig Eystrasaltsríkin geti komið meira að norrænu samstarfi, þ.e. á fleiri sviðum. Þar er mikill vandi á ferð því menn vilja bæði auka samstarfið við Eystrasaltsríkin en samt ekki missa þetta gamla góða norræna samstarf sem hefur verið. Það þarf að feta hinn gullna meðalveg í þessu svo að við töpum ekki hinu góða norræna samstarfi en gætum hagsmuna okkar með því að auka samstarfið, m.a. við Eystrasaltsríkin gagnvart því að hafa meiri áhrif innan Evrópusambandsins.

Það er alveg ljóst að norrænt samstarf verður fyrir meiri og meiri áhrifum frá Evrópusambandinu. Í mínum huga mun það einungis vaxa á næstunni. Evrópusambandið mun hafa meiri og meiri áhrif á ríkin á Norðurlöndunum og á samstarf þeirra sín í millum. Þetta var nokkuð rætt á flokksþingi Framsóknarflokksins sem haldið var um síðustu helgi og þar var meðal annars samþykkt ný ályktun varðandi Evrópumál. Ég verð að láta þá skoðun mína í ljós að ég er

sammála þeim orðum sem komu fram bæði á flokksþinginu og í fjölmiðlum frá hæstv. forsætisráðherra, Halldóri Ásgrímssyni, formanni Framsóknarflokksins, að ályktunin hafi verið tímamót í flokki okkar. Við sem höfum fylgst með starfi flokksins í gegnum árin og vorum meðal annars viðstödd þegar við tókumst á í flokknum á flokksþingi um aðkomuna að EES *sjáum og skynjum hversu mikil tímamót* þetta eru. Það er allt annað andrúmsloft í Framsóknarflokknum gagnvart Evrópusambandinu en var og þó að við séum ekki tilbúin til að segja að við viljum ganga þar inn erum við tilbúin til að segja að við viljum skoða samningsmarkmið okkar og undirbúa aðild, samanber orðalagið „hugsanlegur undirbúningur aðildar" sem varð ofan á á flokksþinginu okkar.

Hér er því um tímamót að ræða. Hins vegar kom í framhaldinu hæstv. utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, fram á völlinn og hefur talað á allt öðrum nótum og túlkað ályktanir flokksþings Framsóknarflokksins beint ofan í túlkun formanns flokksins, Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. forsætisráðherra. Hjá honum hefur komið fram að þetta séu engin tímamót í Evrópumálum, engin ný ákvörðun hafi verið tekin, hvorki í flokki né ríkisstjórn og ekkert nýtt hafi gerst svo framarlega sem hæstv. utanríkisráðherra sé sjálfur læs. Þetta hefur komið fram í fjölmiðlum.

Maður hefur fylgst með foringjum flokkanna eftir 15. september þegar stólaskiptin urðu. Það hefur gengið afskaplega vel, menn hafa verið að fóta sig í nýjum hlutverkum en eitthvað hefur nýr tónn skyndilega skapast þar sem fyrrverandi forsætisráðherra, hæstv. utanríkisráðherra, túlkar niðurstöður flokksþings Framsóknarflokksins algjörlega á skjön við hæstv. forsætisráðherra. Það þykir mér mjög merkilegt. Maður hlýtur að spyrja sig: Hvaða skilaboð eru þetta? Er verið að skammast yfir Evrópuályktuninni, að hún sé of jákvæð eða yfir ræðum hæstv. forsætisráðherra? Er verið að undirbúa eitthvert nýtt stjórnarsamstarf á milli Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna eða hvað er hér á ferðinni?

Maður er nokkuð hissa á þeim opinberu yfirlýsingum sem hafa komið núna og ég vil gjarnan tengja þær beint við hið norræna samstarf vegna þess að við sjáum að Evrópusambandið hefur mikil áhrif á það og það mun að mínu mati einungis aukast í framtíðinni. Þess vegna þurfum við, hin íslenska þjóð, að skoða betur en við höfum gert aðkomu okkar gagnvart Evrópusambandinu. Þar er engin niðurstaða fengin en a.m.k. ljóst að Framsóknarflokkurinn hefur tekið ákveðið skref í þá átt að vilja skoða aðild að Evrópusambandinu með opnari hætti en áður. Það væri ágætt ef hæstv. samstarfsráðherra Norðurlandanna vildi segja eitthvað um þessa þróun í Evrópusambandinu gagnvart norrænu samstarfi að lokum en skoðun mín er a.m.k. sú að tengsl norræns samstarfs við Evrópusambandið munu bara aukast. Þau munu ekki minnka, bara aukast, og okkur ber að taka mið af því.

[11:51]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var um margt ansi merkileg ræða, sérstaklega kaflinn um Evrópusamþykkt Framsóknarflokksins frá landsþingi flokksins um helgina og útlegging hv. þingmanns á orðum hæstv. utanríkisráðherra frá því í gær um að engin stefnubreyting hefði orðið á Evrópustefnu Framsóknarflokksins ef hann væri læs.

Ég tek undir með þeirri sem hér mælti að vissulega virtist vera um ákveðna stefnubreytingu að ræða í átt að aðild að Evrópusambandinu. Því vildi ég spyrja hv. þm. Siv Friðleifsdóttur hvort hún væri að segja að hæstv. utanríkisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, viðurkenndi ekki stefnubreytinguna sem orðið hefði á Evrópusambandsaðild Framsóknarflokksins, enda hefur hæstv. utanríkisráðherra lýst því yfir að hann mundi aldrei nokkurn tímann styðja Evrópuaðild Íslands, ekki nema hann yrði galinn eins og hann sagði í frægu sjónvarpsviðtali fyrir tveimur árum.

Heldur hv. þingmaður því fram að hæstv. utanríkisráðherra mistúlki og afflytji Evrópustefnu Framsóknarflokksins með það að markmiði að slíta stjórnarsamstarfinu og að Sjálfstæðisflokkurinn gæti myndað ríkisstjórn með Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, eins og hún virtist vera að gefa til kynna? Þá má spyrja á móti: Er ekki að opnast valkostur fyrir hinn Evrópusinnaða Framsóknarflokk að leita eftir stjórnarsamstarfi við Samfylkinguna sem hefur þá stefnu að sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu og fara síðan með samninginn fyrir þjóðaratkvæði?

[11:53]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Stjórnarsamstarfið sem nú er í gildi hefur gengið mjög vel, a.m.k. tel ég að við framsóknarmenn getum verið mjög ánægð með það. Margt hefur verið gert sem við höfum einmitt haft á stefnuskrá okkar. (Gripið fram í.) Ég nefni skattalækkanir, lækkun endurgreiðslunnar til lánasjóðsins, aukningu á barnabótum og fleiri slík atriði.

Hins vegar verður að segjast eins og er að ef maður skoðar hvað hefur gerst í Framsóknarflokknum varðandi Evrópusambandsaðild hefur þar orðið ákveðin stefnubreyting. Á sínum tíma munaði mjög litlu að flokkurinn klofnaði í kringum það hvort við ættum að verða aðilar að EES-samningnum eða ekki. Ég var viðstödd það flokksþing og þann fund þegar við tókumst sem mest á um það. Þá var ákveðið að ganga inn í EES og það var rétt skref að mínu mati. Ég var í þeim hópi sem vildi gera það. Ég held að sagan dæmi að það var rétt skref. Það er enginn að tala um að fara út úr því í dag. Allir tala um að EES hafi gefið okkur mjög margt jákvætt og að betra sé að vera þar inni en ekki.

Við höfum síðan skoðað þessi mál og vorum með stóra Evrópunefnd sem ræðaði upp hvernig ætti að forgangsraða hlutunum. Númer eitt var að viðhalda EES. Númer tvö var að skoða aðild að ESB. Númer þrjú var tvíhliða samningur. Það var ákveðin stefnubreyting í því, þ.e. tvíhliða samningur var ekki númer tvö og númer þrjú ESB-aðild. ESB-aðildin kom í annað sæti. Á flokksþingi okkar núna var tekið ákveðið skref. Það er samt ekki þar með sagt að við ætlum að fara inn í Evrópusambandið, alls ekki, við erum ekki tilbúin til að segja það. Ég er þó sammála þeirri túlkun sem hæstv. forsætisráðherra hefur haft uppi um að þetta sé ákveðið skref, ákveðin tímamót í því og að okkur beri að skoða þessi mál alvarlega.

Ég er ekki sammála því sem fram hefur komið opinber-

lega hjá hæstv. utanríkisráðherra, að það séu engin tímamót í þessu og svo framarlega sem hann sé læs sé ekkert nýtt í því.

[11:55]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir að það voru vissulega framsýnir stjórnmálamenn sem gerðu það að verkum að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Á sama hátt held ég að það sé mikil framsýni að stefna að því að Ísland verði fullur aðili að Evrópusambandinu. Við eigum að stefna að Evrópuaðild. Undir það tek ég heils hugar með þeim framsóknarmönnum sem fyrir því börðust á landsþingi flokksins um síðustu helgi og því lauk með þeirri ályktun sem fram hefur komið.

Ég tek undir að sú ályktun var skref, hún var töluvert skref Framsóknarflokksins í Evrópuátt og í henni felast að mínu mati töluverð tímamót. Túlki svo hver sem túlka vill hversu stórt skrefið var en ég tel að þar hafi opnast nýir fletir á samstöðu íslenskra stjórnmálaflokka hvað varðar þetta mál þegar tveir af meginflokkunum eru komnir með það á stefnuskrá sína, reyndar í mismiklum mæli.

Ég gat ekki skilið orð hv. þingmanns í ræðunni áðan öðruvísi en svo að hún legði þann skilning í orð hæstv. utanríkisráðherra, Davíðs Oddssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, að hann væri með túlkun sinni að hóta samstarfsflokknum, hóta Framsóknarflokknum, stjórnarslitum og láta í það skína að vel gæti komið til greina út af mismunandi Evrópuáherslum að ganga til stjórnarsamstarfs við Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. Ég gat ekki betur heyrt en að hv. þingmaður segði það nánast beinum orðum að hún skildi hæstv. utanríkisráðherra þannig að hann vildi slíta stjórnarsamstarfinu, jafnvel með það að markmiði að fara í stjórn með Vinstri hreyfingunni – grænu framboði.

Var þetta réttur skilningur minn á orðum hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur?

[11:57]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það blasi við þegar leiðtogar þeirra stjórnmálaflokka sem leiða ríkisstjórnina tala eins og þeir hafa gert síðustu daga hljóti menn að komast að því — að þeir tala ekki í takt. Hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson talar um að Evrópusambandsályktunin frá flokksþinginu marki ákveðin tímamót og sé ákveðið skref, (Gripið fram í.) ekki mjög langt, það er rétt, ekki eins langt og Samfylkingin vill fara, alls ekki. Hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson talar hins vegar um að það séu engin tímamót svo fremi að hann sé læs.

Þegar forustumenn stjórnmálaflokkanna sem stjórna landinu tala svona spyr maður sig: Eru ekki einhver skilaboð í því? Ekki er þetta sagt í einhverjum hálfkæringi, það held ég ekki. Það hljóta að vera einhver skilaboð í því, og maður spyr sig: Hvaða skilaboð eru það? Það er mjög erfitt að túlka það og kannski er það ekki mitt hlutverk frekar en margra annarra að túlka þá opinberu umræðu sem hefur átt sér stað um sama málið með svona ólíkum hætti.

Ég sagði hins vegar áðan að maður spyrði sig: Eru þetta skilaboð um að hæstv. utanríkisráðherra hafi mislíkað þau orð sem hæstv. forsætisráðherra lét falla um ályktunina eða eru þetta skilaboð um einhvers konar annað stjórnarsamstarf? Er verið að gefa því undir fótinn? Ég veit það ekki. Mér finnst þetta a.m.k. mjög athyglisvert og þetta er mjög óvenjulegt vegna þess að þegar við sjáum hverjir eiga í hlut hlýtur yfirlýsingin frá hæstv. utanríkisráðherra í gær að þýða eitthvað.

[12:00]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég spyr: Hvaða skilaboð var verið að gefa úr pontu Alþingis af hálfu þingmanns Framsóknarflokksins og fyrrverandi ráðherra, Sivjar Friðleifsdóttur? (Gripið fram í.) Já, þetta er ræða, ég á eftir að segja ýmislegt um þetta því hér eru að gerast stórpólitísk tíðindi. Þessi ræða var ekki aðeins skýr vitnisburður um vaxandi spennu og átök innan ríkisstjórnarinnar milli Framsóknarflokksins annars vegar og Sjálfstæðisflokksins hins vegar, heldur spyr ég mig eins og hv. fyrri ræðumaður, Siv Friðleifsdóttir: Var hún að gefa skilaboð frá Framsóknarflokknum um ósk um stjórnarslit? Um nýjar alþingiskosningar og þá hugsanlega samstarf við Samfylkinguna? Aðrar eins ástarjátningar á sameiginlegri stefnu Samfylkingar og Framsóknar í Evrópumálum hef ég ekki heyrt í langan tíma. Andheitar og eldheitar ástarjátningar, og ég held að mörgum félagslega þenkjandi framsóknarmanni hljóti að hafa brugðið við þessar umræður (**Gripið fram í:** Nú?) á flokksþinginu sjálfu og núna í þingsal.

Innan Evrópusambandsins fara núna fram miklar umræður um grundvallarbreytingar sem fjármagnsöflin vilja gera á Evrópu og er ég þar að vísa í þjónustutilskipunina sem félagsleg öfl og verkalýðshreyfing andmæla af fullri hörku. Sýnt þykir að reynt verði að valta yfir þessi öfl. Ekki orð um þetta frá Framsóknarflokknum, heldur aðeins eldheitar ástarjátningar á Evrópusambandinu. Síðan frábið ég mér þetta tal um EES-samninginn. Hann er sú lilja sem allir vildu kveðið hafa, er nú sagt. Ég var aldrei og er ekki enn gefinn fyrir það ljóð og mér finnast menn furðulega lítið gagnrýnir á þann samning.

Ég hef hreyft þeirri hugmynd, sem og reyndar margir aðrir og þeim fer fjölgandi, að við eigum að reyna að þróa samskiptin við Evrópusambandið yfir í tvíhliða samkomulag. Ég er ekki að leggja til að við segjum okkur nú frá EES-samningnum, heldur eigum við að hafa þetta langtímamarkmið í huga. Þarna er grundvallarágreiningur á milli þeirra sem vilja halda rakleiðis til Brussel og sækja um aðild að Evrópusambandinu annars vegar og hins vegar hinna sem vilja varðveita sjálfstæði Íslands og lýðræðislegt svigrúm sem við m..a. höfum á þessari samkundu til ákvarðana um hvernig við skipuleggjum samfélag okkar. Þessi spurning verður æ áleitnari í ljósi þess sem verið er að þröngva upp á okkur í seinni tíð og er fyrirsjáanlegt á komandi mánuðum og árum.

Hins vegar ber að sjálfsögðu að fagna því að menn komi hreint til dyranna og auðvitað er gott að Framsóknarflokkurinn komi út úr skápnum og segi hvað fyrir honum vakir. Við vitum hins vegar að innan Framsóknarflokksins eru harðvítugar deilur um þetta. Annars vegar eru hæstv. ráðherrar Halldór Ásgrímsson og Valgerður Sverrisdóttir og

hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og fleiri sem ólm vilja komast til Brussel og hins vegar er það hinn félagslega þenkjandi armur sem er þessu andvígur. Hann mun að sjálfsögðu, eða hlýtur að hugsa sinn gang þegar þessi stefna er að verða ofan á sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir segir að sé raunin, að þessi stefna sé orðin ofan á í Framsóknarflokknum og það sé bara tímaspurning hvenær henni verði fylgt eftir. Þess vegna hljótum við að gera þá kröfu til fulltrúa Framsóknarflokksins við þessa umræðu, ekki aðeins hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, að þeir tali skýrar um það til hvers vilji þeirra stendur. Auðvitað þurfa menn að gera það.

Við erum að ræða skýrslu um störf norrænu ráðherranefndarinnar. Ég vil taka það fram að ég er mjög fylgjandi norræna samstarfinu og ég tek undir margt sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra um það efni. Ég tel að Íslendingar eigi að styrkja þetta samstarf eftir megni. Vissulega á norrænt samstarf að sumu leyti undir högg að sækja og það er rétt sem fram hefur komið við þessa umræðu að að hluta til er það vegna þess að ákvarðanavald í mikilvægum málum hefur færst annað, færst frá einstökum ríkjum og yfir til Evrópusambandsins. Það er alveg rétt og norrænt samstarf á af þeim sökum nokkuð undir högg að sækja.

Ég spyr: Er það ekki annað líka sem veldur því að norrænt samstarf á í erfiðleikum? Þó að ég vilji reyndar ekki gera of mikið úr því ber engu að síður að horfa á það með raunsæjum augum. Getur verið að mönnum finnist stundum vera óþarflega mikið bil, gjá jafnvel, á milli orða og athafna? Á milli þess sem menn segja annars vegar og þess sem þeir gera hins vegar? Þá horfi ég t.d. til þessarar skýrslu. Íslendingar gegndu formennsku í norrænu ráðherranefndinni í fyrra og höfðu þar sem leiðarljós lýðræði, menningu og náttúru. Þetta er sama ríkisstjórnin og virkjaði við Kárahnjúka þvert á vilja náttúruverndarsamtaka og þvert á vilja mjög stórs hluta íslensku þjóðarinnar sem taldi að þar yrðu unnin spjöll á íslenskri náttúru. Þá setur íslenska ríkisstjórnin sem gegnir formennsku í norrænu ráðherranefndinni þetta fram sem sérstakt keppikefli, að varðveita náttúruna. Kárahnjúkaflokkurinn Framsóknarflokkur siglir fram undir þessu merki í norrænu samstarfi.

Hvað er það annað? Það er lýðræðið. (**Viðskrh.:** Það er lýðræði ...) Hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir fór fögrum orðum um lýðræðið, vísaði í ágæta nefnd sem unnið hefur á vegum Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar, lýðræðisnefndarinnar, þar sem farið er í mörgum liðum yfir hvað megi gera til að efla lýðræðið á Norðurlöndum. Nefndin leggur til, segir hér m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Norrænu ríkin og sjálfstjórnarsvæðið móti stefnu sem miði að því að standa vörð um, vernda og treysta lýðræðið, bæði hið staðbundna lýðræði og á landsvísu. Lýðræðisáætlunin taki bæði til lýðræðis sem stjórnarforms og sem menningar og lífsstíls."

Við eigum að auka þekkingu á lýðræðinu og við eigum að kanna möguleika sem ný tækni býður upp á til að nýta okkur kosti lýðræðisins. Hvers vegna? Vegna þess að menn vilja væntanlega virða lýðræðislegan vilja. Á góðum stundum er talað um gildi þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Hvers vegna? Menn vilja virða lýðræðislegan vilja. Er það ekki það sem þetta gengur út á?

Hvernig er þetta síðan í reynd? Í morgun var talað um skoðanakannanir sem sýna að vilji yfirgnæfandi hluta íslensku þjóðarinnar er að Landssíminn verði í þjóðareign, í almannaeign. Síðustu skoðanakannanir hafa reyndar mælt viljann til að halda grunnnetinu hjá þjóðinni, yfirgnæfandi meiri hluti er á því máli, og þær eru samsvarandi fyrri könnunum sem gerðar hafa verið um eignarhald á Símanum. Hvað gerir ríkisstjórnin varðandi þetta? Hvað gerir hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem var uppnuminn hér áðan, uppnuminn að ræða um lýðræðið og mikilvægi þess, að stuðla að og efla lýðræði? Þetta er sama ríkisstjórnin og fór með okkur inn í Íraksstríðið, gerði okkur að þátttakendum í innrásinni í Írak og hernáminu þar gegn vilja yfirgnæfandi hluta íslensku þjóðarinnar. Hvar var lýðræðisástin þá? (**ÁRJ:** Bara í orði, ekki á borði.) Hún er í orði en ekki á borði. Þetta er sá vandi sem menn standa frammi fyrir þegar samtök eða ráð sem menn heyra til segja eitt en gera annað. Þá brestur trúverðugleikinn, þá brestur eitthvað.

Ég held að margir sem hlustuðu á fulltrúa Framsóknarflokksins, hæstv. ráðherra Valgerði Sverrisdóttur, ræða um lýðræðið og um náttúruna ... (**Gripið fram í:** ... lýðræðinu ...) Já, sýnir lýðræðinu og lýðræðislegum vilja mikinn hroka, hrokafulla afstöðu. Hún er að hóta þjóðinni því núna að ganga enn lengra í náttúruspjöllum en nokkru sinni fyrr. Það er ferðast um í sumar með fulltrúum alþjóðlegra auðhringa, íslensk fallvötn boðin og hótað að eyðileggja náttúruna enn meira, vinna enn meiri spjöll. Síðan er haldið á fína fundi á Norðurlöndunum og fánar dregnir að húni, talað um menningu, lýðræði og náttúru, þetta sé leiðsögn Íslands þegar hún verst í norrænu samstarfi. Er þetta hægt? Að sjálfsögðu er þetta ekki hægt. Það er þetta sem grefur undan trúverðugleikanum í norrænu samstarfi, hygg ég. Þess vegna eigum við að reyna að finna leiðir til að færa norrænt samstarf — eigum við að segja raunverulega? — á markvissari hátt að daglegu lífi og ákvörðunum sem skipta máli í nýjum heimi þar sem ákvarðanir Evrópusambandsins vega þyngra, en ekki aðeins Evrópusambandsins heldur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og fleiri aðila. Þarna eigum við að reyna að bindast traustari böndum og hafa meira samstarf. Mig langar til að vísa í grein sem birtist í Morgunblaðinu þann 26. febrúar frá verkalýðssamtökum á Norðurlöndum. Ég er í hópi þeirra og á þar mína undirskrift og mig langar til að lesa úr þessu bréfi, með leyfi forseta. Yfirskriftin er „Kallað eftir frumkvæði Norðurlandaráðs":

„Nýverið lauk deilu milli samtaka sænskra byggingaverkamanna (Byggnadsarbetarförbundet) og lettnesks byggingafyrirtækis um kaup og kjör lettneskra byggingaverkamanna sem störfuðu við byggingu skóla í Vaxholm í nágrenni Stokkhólms. Deilan kom upp í Svíþjóð en það hefði eins getað verið í Danmörku, Noregi eða Finnlandi. Stéttarfélagið setti verkbann á byggingarframkvæmdirnar þar sem lettneska fyrirtækið neitaði að undirrita sænskan kjarasamning. Eftir að hafa gert upp við viðkomandi sveitarfélag hefur lettneska fyrirtækið hætt störfum við bygginga skólans. Þessi vinnudeila er dæmi um hvað getur gerst þegar frelsi fyrirtækja rekst á við þá meginreglu að innlendir samningar um kaup og kjör starfsmanna skuli gilda. En deilan snýst ekki einungis um það. Hún snertir einnig kjarnann í hinu norræna velferðarkerfi, sem byggist á velferð fyrir alla, sterkri stöðu stéttarfélaga og traustum kjarasamn-

ingum. Sem talsmenn og fulltrúar samtals 400.000 starfsmanna í almannaþjónustu, teljum við ríka þörf fyrir að standa vörð um norræna kerfið á vettvangi ESB/EES. Ekki til þess að vinna baráttuna um hvaða velferðarkerfi á að vera ráðandi heldur til þess að tryggja að fleiri aðferðir geti verið til og þróast samhliða í evrópsku samstarfi." — Það er verið að tala þarna fyrir fjölbreytileikanum gagnstætt því sem þjónustutilskipunin leggur til. Áfram, með leyfi forseta:

„Í mörg ár hafa Norðurlöndin unnið saman í Norðurlandaráði, bæði tvíhliða og á alþjóðlegum vettvangi. Á undanförnum árum hefur sú samvinna ekki farið hátt. Það virðist umhugsunarefni, einmitt vegna þess að við á Norðurlöndunum eigum svo margt sameiginlegt, bæði sögulega og menningarlega, og líka vegna þess að við höfum valið sömu aðferð til að byggja upp velferðarkerfi sem við köllum norræna kerfið. Nú virðist sem hið evrópska samstarf hafi forgang en norræna samstarfið kemur haltrandi á eftir. Þetta finnst okkur vera óæskileg breyting, sérstaklega í ljósi þeirra mörgu krefjandi verkefna sem hið norræna kerfi stendur frammi fyrir varðandi nútímavæðingu opinbera geirans. Hér er þörf fyrir Norðurlandaráð sem sameiningarafl og leiðandi aðila í því starfi að styrkja og þróa áfram norrænt kerfi með velferð fyrir alla í fyrirrúmi og öfluga verkalýðshreyfingu. Það er jarðvegur fyrir jákvæða þróun á Norðurlöndunum. Við vitum að viðhorf almennings til norræna velferðarkerfisins er jákvætt. Stjórnmálamennirnir hafa líka umboð til að bæta og þróa kerfið áfram."

Bréfið er lengra en tími minn er þrotinn. Ég vildi vekja athygli á þessu ákalli sem kemur frá norrænni verkalýðshreyfingu um að styrkja norrænt samstarf.

[12:15]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir lokaorð sín um að hann vilji styrkja norrænt samstarf. Hann hefði mátt nota meiri tíma af ræðu sinni í að tala um norrænt samstarf að mínu mati, en formennskuyfirskrift Íslands var þessi, með leyfi forseta:

„Auðlindir Norðurlanda – lýðræði, menning, náttúra."

Með auðlindum var átt við norræna samfélagsgerð, félagslegar aðstæður á Norðurlöndum, sameiginlegan menningararf Norðurlandabúa og náttúruauðlindirnar.

Hv. þingmaður kemur upp og reynir að draga upp þá mynd af þeirri sem hér stendur að hún sé ekki lýðræðissinni og reynir að færa rök fyrir máli sínu á ýmsan hátt, t.d. vegna þess að ég hafi staðið fyrir því að virkjað var við Kárahnjúka. Hvernig var ákvörðun tekin um það mál? Hún var tekin á hv. Alþingi og ef ég man rétt voru 9 þingmenn af 63 á móti. Ef þetta er ekki lýðræði bið ég hv. þingmann að útskýra fyrir mér hvernig hann hugsar sér lýðræði.

Hann talar um sölu Símans og að skoðanakannanir sýni að fólkið í landinu vilji ekki selja hann. Það vill svo til að ákvörðun um sölu Símans var tekin fyrir kosningar. Í þeim kosningum hélt Framsóknarflokkurinn fylgi sínu þrátt fyrir þá stefnu sína að vilja selja Símann en Vinstri grænir, sem vildu náttúrlega ekki selja Símann frekar en nokkurn annan hlut, töpuðu manni í þeim kosningum. Nú vill hv. þingmaður að hlaupið sé á eftir skoðanakönnunum þrátt fyrir að við framsóknarmenn höfum haldið flokksþing fyrir nokkrum dögum og þar var ekki nokkur maður sem var á móti því að selja Símann eða vildi halda grunnnetinu eftir.

[12:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá spyr maður sig hvort fulltrúar Framsóknarflokksins, alla vega þeirra sem eru andvígir Símanum, hafi átt aðgang að hinu ágæta þingi. Ég er ekki að agnúast út í kjörorðið Lýðræði, menning og náttúra og að unnið sé samkvæmt þeirri yfirskrift. Ég gagnrýni það þegar ósamræmi er á milli orða annars vegar og athafna hins vegar og vísa í tiltekin dæmi hvað það snertir.

Í skýrslunni sem hæstv. ráðherra vísaði til áðan er talað um lýðræði og talað um mikilvægi þess að horfa á það í víðu samhengi að efla lýðræði á öllum sviðum en horfa ekki þröngt á hlutina. Hins vegar gerði hæstv. ráðherra það. Lýðræðið er í hennar huga það sem gerist á flokksþingi Framsóknarflokksins væntanlega og það sem gerist í þessum sal. Hún segir: Hvernig gátu menn gagnrýnt Kárahnjúkavirkjun? Þetta var samþykkt á Alþingi gegn atkvæðum aðeins 9 aðila. Tillaga frá Vinstri hreyfingunni — grænu framboði var líka felld um að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla í anda þess sem skýrsla Norðurlandaráðs mælir fyrir um, að efla lýðræðið. Sú tillaga var felld hér einfaldlega vegna þess að á þinginu í þessu tiltekna máli var ekki sambærileg afstaða til Kárahnjúkavirkjunar og var í þjóðfélaginu almennt samkvæmt því sem allar skoðanakannanir báru vott um. Það er þetta sem ég er að tala um, misvægið og gjána sem er á milli þess sem menn segja og þess sem menn gera.

[12:19]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum því miður komin dálítið út fyrir efnið þar sem við ræðum um norrænt samstarf en hv. þingmaður gefur mér tilefni til að bregðast við vegna þess að hann kom fram með miklar fullyrðingar í minn garð og reynir að draga upp þá mynd að mikil gjá sé á milli orða og athafna sem ég mótmæli og hann hefur ekki fært rök fyrir því að svo sé.

Við búum við fulltrúalýðræði á Íslandi og fyrir því er ríkt hefð og fram kemur í skýrslunni sem við ræðum og skýrslu lýðræðisnefndarinnar að lýðræðishefð á Norðurlöndum er mjög rík. Það er rétt að hafa það í huga. Við erum minnt nokkuð oft á það hversu mikils virði lýðræðið er og er aldrei of oft minnt á það.

Það sem hv. þingmaður talar um í sambandi við þjóðaratkvæðagreiðslur eru hlutir sem verið er að ræða um í nefnd sem skipuð er af hæstv. forsætisráðherra og fjallar um stjórnarskrá okkar. Ég ætla því svo sannarlega ekki að útiloka að það sé ekki skynsamleg leið til að nota í ákveðnum tilfellum í samfélagi okkar og er mjög opin fyrir því. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við ræðum í hversu miklum mæli þjóðaratkvæðagreiðsla skuli notuð því hún á virkilega rétt á sér. En það sem fram kom í máli hv. þingmanns í sambandi við skoðanakannanir, að þær eigi að ráða afstöðu

þingmanna, er nokkuð sem ég sætti mig ekki við og er ósammála vegna þess að við búum við fulltrúalýðræði og við göngum í gegnum kosningar eins og ég fór yfir áðan þar sem Framsóknarflokkurinn fékk stuðning þrátt fyrir afstöðu sína.

[12:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að við séum ekki komin út fyrir efnið. Við erum að velta þeirri mikilvægu spurningu fyrir okkur hvað við meinum með því sem við segjum og hvað við meinum með skýrslunni sem er til umfjöllunar í þinginu. Það er viðfangsefni okkar. Ég er að vísa til þess og lýsa samþykki við þá hugsun sem fram kemur í skýrslunni um að efla eigi og styrkja lýðræðið og færa það út og ég er að segja að það er lýðræðislegra að taka afstöðu til mestu hitamála samtíðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu en á Alþingi.

Ég er að vísa í tiltekin dæmi þar sem stjórnarflokkarnir hafa lagst mjög hart gegn slíku. Ég vísaði í EES-samninginn á sínum tíma og ég hef vísað í Kárahnjúkavirkjun þar sem mjög mikið misræmi virtist vera samkvæmt öllum könnunum á milli viljans í þinginu annars vegar og þjóðfélaginu hins vegar. Þá var því hafnað að samþykkja tillögu sem við bárum fram, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, um að nákvæmlega þetta gerðist, að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

Síðan kemur hæstv. ráðherra og segir: Þjóðaratkvæðagreiðslur eiga virkilega rétt á sér. Svona tala menn á góðum stundum. En síðan er von að mönnum bregði við umræðuna og eitthvað fari úrskeiðis. En það sem við vekjum athygli á er nákvæmlega þetta misræmi. Hæstv. ráðherra segir að þjóðaratkvæðagreiðsla eigi virkilega rétt á sér, nema náttúrlega í Kárahnjúkum, í EES og í Landssímanum, ekki í þeim brennandi hitamálum samtíðarinnar sem snerta núverandi ríkisstjórn. Þetta er að segja eitt og gera annað.

[12:24]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var góð ræða hjá hv. þingmanni og ég ætla aðeins að vísa aftur til upphafs hennar. Ég held að marga hafi rekið nokkuð í rogastans við hvaða skilaboð hv. þingmaður kunni að hafa verið að gefa en honum var tíðrætt um ástarjátningar Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar í Evrópumálum og þeirrar merkilegu yfirlýsingar sem fram kom í máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur þegar hún gerði að umtalsefni og efaðist um skilaboð hæstv. utanríkisráðherra í túlkun hans á Evrópustefnu Framsóknarflokksins og taldi jafnvel felast í henni skilaboð til Vinstri hreyfingarinnar — græns framboðs um stjórnarsamstarf og jafnvel nýjar alþingiskosningar eða stjórnarmyndunarviðræður á næstunni, hvernig sem ber að túlka það.

Ég vildi spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson sem í síðustu kosningum og fram til þessa rak mjög eindregna pólitík um velferðarstjórn til vinstri og deili ég þeirri skoðun hans að menn eigi að stefna að því og Vinstri hreyfingin — grænt framboð gekk mjög hart fram í því. En ég vil spyrja hvaða skilaboð felist í því að hann boði hér gömlu stefnu Sjálfstæðisflokksins frá 1990 í Evrópumálum þar sem átti að gera tvíhliða samning við Evrópusambandið en ekki EES-samning eða ganga þar inn. Er hann á einhverju ferðalagi frá velferðarstjórn til sögulegra sátta við Sjálfstæðisflokkinn, svo vísað sé til frægs leiðara í Morgunblaðinu sem Styrmir Gunnarsson held ég að hafi skrifað fyrir margt löngu um sættir Alþýðubandalags og Sjálfstæðisflokks? Er hv. þingmaður að senda þau skilaboð til kjósenda sinna og til almennings að næstu skref, næstu bandalög og næstu línur í íslenskum stjórnmálum liggi þannig að Sjálfstæðisflokkur og Vinstri grænir myndi einhvers konar hræðslubandalag gegn Evrópusambandsaðild og þá væntanlega gegn Samfylkingu, Framsókn og Frjálslyndum sem væru þá Evrópusinnaðri?

[12:26]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vinstri hreyfingin — grænt framboð er ekki Alþýðubandalagið, nema Samfylkingin sé Alþýðuflokkurinn. Nýjar hreyfingar eru komnar fram ólíkt upp byggðar en fyrri flokkar og við eigum að bera virðingu fyrir kjósendum og fyrir þeim sem fylla raðir hreyfinganna sem koma úr ýmsum áttum og meiri virðingu en svo að við smellum á þá einhverjum slíkum merkimiðum.

Áherslur okkar eru vissulega fyrst og fremst velferðarsamfélagið og velferðarmál og helsta gagnrýni sem við höfum sett fram á Evrópusambandið er hve mjög það er skipulagt á forsendum fjármagnsaflanna og hve lítið svigrúm lýðræðislega kjörnum ríkisstjórnum gefst til að skipuleggja samfélög sín með velferðarmál og samhjálp að leiðarljósi. Þetta er einmitt sú gagnrýni sem hefur verið sett fram síðustu mánuðina varðandi þjónustutilskipunina. Áherslur eru vissulega mismunandi í íslenskum stjórnmálum. Við höfum átt ágæta snertifleti við margt sem hefur komið fram hjá Samfylkingunni þó okkur finnist hún stundum of höll undir einkavæðingardrögin í sumum tilvikum en við höfum þó náð ágætum snertiflötum hvað þetta snertir. Þar stöndum við mjög fjarri Sjálfstæðisflokknum, það er staðreynd.

Varðandi Evrópumálin þá nálgumst við þau mál úr gerólíkum áttum. Þetta er ekkert tvíhliða samkomulag við Evrópusambandið gagnstætt innlimun. Sjálfstæðisflokkurinn hefur engan einkarétt á þeirri afstöðu. Ég hef t.d. verið þeirrar skoðunar í mjög langan tíma og það á við um mjög marga innan vébanda okkar.

Ég svara fúslega fyrir mína hönd og þá sem ég þekki til í mínum flokki og ekkert óeðlilegt við að ræða það en við skulum síðan láta aðra um að tjá sig fyrir sína flokka. Ég saknaði þess að Framsókn talaði ekki aðeins skýrar.

[12:28]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir að þetta eru merkilegar umræður sem eiga sér stað núna í hádeginu á Alþingi Íslendinga og gætu vísað til þess hvernig línur muni liggja í íslenskum stjórnmálum á næstu missirum og fyrir og eftir næstu kosningar og kannski gefið vísbendingar um hvaða möguleikar verði uppi á stjórnarsamstarfi eftir næstu kosningar.

Ég vil sérstaklega taka upp þráðinn þar sem hv. þingmaður talaði um lýðræðismálin og lýðræðishallann. Ein meginrökin fyrir því að mínu mati að við eigum að ganga í Evrópusambandið eru einmitt lýðræðishallinn. Við erum

má segja núna aðilar að Evrópusambandinu án áhrifa. Við innleiðum þaðan regluverkið allt saman og njótum á móti ýmissa fríðinda, kosta o.s.frv. eins og allir þekkja og áhrifa af samningnum og aðildinni. Við erum má segja aðilar að Evrópusambandinu án þess að hafa nokkurn tíma horfst almennilega í augu við það eða viðurkennt það, aðilar án nokkurra áhrifa. Mér finnst lýðræðishallinn vera sterkustu rökin fyrir því að við eigum að ganga alla leið og ganga til samninga við Evrópusambandið um fulla aðild og fara síðan með þann samning, náist hann, fyrir atkvæði þjóðarinnar sem greiðir atkvæði um það hvort við gerumst aðilar eða ekki. Ég tengi því aftur við umræðurnar áðan um mikilvægi þjóðaratkvæðagreiðslu og beins lýðræðis, en lýðræðishallinn á núverandi aðild Íslendinga að Evrópusambandinu án nokkurra eiginlegra áhrifa er býsna ræfilslegt hlutskipti að mínu viti.

[12:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef alltaf svolítið gaman af að hlusta á Samfylkinguna tala um Evrópusambandið og hinn stóra heim. Henni finnst hún óskaplega alþjóðlega þenkjandi og alþjóðlega sinnuð þegar hún vill halda til Brussel en í raun inni eru þetta ekkert annað en einangrunarsjónarmið. Samfylkingin vill að Ísland einangrist innan Evrópu en ég vil hafa allan heiminn undir. Ég vil horfa til alls heimsins.

Ég tel, þótt ég telji þjónustutilskipun Evrópusambandsins vera alvarlegt tilræði við okkur, að miklu alvarlegri hlutir séu að gerast á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar WTO í GATS-samningunum. Samsvarandi tilraunir til að greiða götu fjármagnsins hafa verið gerðir innan OECD, t.d. MAI-samningarnir, Multilateral Agreement on Investment. Við eigum að horfa til þess sem er að gerast í hinu alþjóðlega umhverfi, ekki taka upp hina smásmugulegu einangrunarstefnu Samfylkingarinnar og Evrópusinna í Framsóknarflokknum heldur horfa til heimsins alls. Í því samhengi eigum við að horfa til Norðurlandanna sem byggja á svipaðri arfleifð og við. Við viljum, þrátt fyrir þá ríkisstjórn sem hér situr, styrkja lýðræðislega innviði samfélagsins. Við eigum að horfa til þessara landa og til norræns samstarfs þegar við höldum út í hinn stóra heim, ekki bara til Brussel, heldur til Washington og Tokyo og New York — til alls heimsins, þar sem hlutirnir eru að gerast.

[12:32]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég kom í andsvör fyrr í umræðunni og spurði hæstv. ráðherra út í þá skýrslu sem hér er til umræðu. Mér fannst hún ekki taka þeim spurningum vel. Ég spurði efnislega um skýrsluna, sem varðaði lýðræðið, og þá nefnd sem átti að fjalla um lýðræðið á Norðurlöndum og hvernig ætti að tryggja það.

Það blasir hins vegar við öllum þeim sem eitthvað velta þessum hlutum fyrir sér að það eru ákveðin vandamál á Íslandi sem ekki eru annars staðar á Norðurlöndunum, þ.e. að stjórnmálaöfl, stjórnarflokkarnir sérstaklega, leyna því hverjir greiði í kosningasjóði þeirra.

Ég fékk hins vegar engin svör frá hæstv. ráðherra, ég ítreka það, nema það að ég var sakaður um rangfærslur. Þá er það lágmarkskrafa að hæstv. ráðherra gefi upp hvað var rangt.

Einnig var látið að því liggja að ég hefði dregið úr virðingu Alþingis, hefði dregið hana niður með þessari umræðu. Ég tel það af og frá. Ég tel miklu frekar að þeir flokkar sem leyna því hverjir greiði í sjóði flokkanna dragi virðingu Alþingis niður í svaðið. Ég tel að þeir flokkar dragi jafnframt úr virðingu Alþingis með því að skipa flokkspólitíska aðila í Hæstarétt, tengda flokkunum. Mér finnst slíkt hvorki til að auka virðingu Alþingis né Hæstaréttar og dómskerfisins. Í nýlegum skoðanakönnunum kemur í ljós að fólk setur spurningarmerki við þessar stofnanir. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að íhuga hvers vegna það er.

Ég velti því fyrir mér hvað úr ræðu minni hæstv. ráðherra telur að ég hafi farið rangt með. Var það þegar ég minnti hæstv. ráðherra á samráðssvik olíufélaganna? Var það þegar ég minnti á það að Shell hefði verið tengt Sjálfstæðisflokknum, frú forseti, ég átta mig ekki á því, eða að Essó væri tengt Framsóknarflokknum?

Ég minni á að það eru ekki bara við í Frjálslynda flokknum sem höfum bent á þetta heldur einnig prófessor í Háskóla Íslands, Svanur Kristjánsson benti á þetta. Við í Frjálslynda flokknum höfum sett spurningarmerki við þetta og velt því fyrir okkur, þegar við höfum keypt af þessum ágætu félögum, t.d. þegar við höfum verslað við Shell, eins og ég geri venjulega, hvort ég hafi verið að dæla nokkrum krónum í kosningasjóði Sjálfstæðisflokksins. Mér finnst það alveg óþolandi. Sama gildir ef menn hafa verslað, sem margir gera í mínum ágæta flokki, við Essó. Hafa þeir þar með dælt nokkrum krónum í kosningasjóð Framsóknarflokksins?

Það er fleira sem ræða mætti í sambandi við lýðræðið. Ég skil í raun ekki að nefndin sem fjallar um lýðræðið á Norðurlöndum skuli ekki taka á þessum málum. Að vísu nefndi ráðherra tölfræði út og suður en það þarf ekki tölfræðing til að sjá að þetta býður upp á spillingu. Þetta er algjörlega óþolandi ástand.

Það kemur víðar fram að taka þurfi til í lýðræðinu á Íslandi. Við sjáum að það stendur til að herða flokkspólitísk tök á ýmsum stofnunum. Það er í umræðunni að dreifa á næstu dögum frumvarpi um Samkeppnisstofnun þar sem treysta á flokkspólitísk tök á stofnuninni. Ef til vill eru það hefndaraðgerðir fyrir að hafa tekið á Shell og Essó. Það hefur komið fram hér í umræðunni að það eigi einmitt að hefta þá stofnun þannig að velunnarar flokkanna, sem eru duglegir að greiða í kosningasjóði Framsóknarflokksins, fái að vera í friði með sín samráð. Stofnunin hefur ekki verið efld þrátt fyrir fögur loforð. Starfsmannafjöldinn núna er álíka og hann var fyrir 10 árum.

Það er fleira sem ekki verður látið í friði og flokkspólitísk tök hert víðar, hjá flokkum sem leyna því hverjir greiða í kosningasjóði flokkanna. Þar mætti nefna vísindasiðanefnd, sem er flokkspólitísk. Þetta er hlægilegt en í raun sorglegt að svo skuli vera með siðanefnd sem á að hafa eftirlit með því hvort vísindin séu siðleg. Þarna þurfa flokkarnir að fara yfir og horfa yfir öxlina á mönnum.

Ástandið hefur verið staðfest víðar og m.a. hefur það komið fram hjá fyrrum gjaldkera Framsóknarflokksins að þar sé pottur brotinn. Unnur Stefánsdóttir, fyrrverandi

gjaldkeri flokksins, greindi frá því að einstaklingum, sem fengið hefðu störf í gegnum flokkinn, hafði verið launað með vel launuðum störfum, að það væri hálfpartinn ætlast til þess að þeir greiddu það til baka í flokkssjóðinn. Auðvitað er þetta eitthvað sem nefnd sem í situr fyrrum alþingismaður, Kristín Ástgeirsdóttir sagnfræðingur, ætti að gaumgæfa og skoða.

Fróðlegt væri að fá svör við öðrum spurningum en spurningunni um það hvað ég hafi farið rangt með. Þar mætti nefna það sem nefndin leggur til á bls. 5 í skýrslunni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þá leggur nefndin til við norrænu ráðherranefndina að skipaður verði fastur vinnuhópur sem hafi það hlutverk að standa vörð um, vernda og efla lýðræði á Norðurlöndum."

Ég vil taka undir þetta. Það er full þörf á að skipa slíkan starfshóp. Eins og ég hef nefnt þá er ástandið ekki gott á Íslandi að þessu leyti. Við verðum að skoða þetta gagnrýnum augum. Ég trúi ekki öðru en ráðherra taki undir það að ástandið sé óþolandi. Við verðum í raun að leita út fyrir okkar heimsálfu til að sjá viðlíka ástand, þar sem stjórnmálaöfl sem kenna sig við lýðræðið leyna því hverjir greiði í kosningasjóði flokkanna. Svo er skipuð nefnd sem á að skila skýrslu og ég tel í raun, ef það er ekki einhver fín dúllerísnefnd, að þetta sé einmitt það sem nefndin ætti að ræða, vandamálin hér á Íslandi.

Fleiri dæmi væri hægt er að nefna um hve víða pottur er brotinn á Íslandi hvað varðar lýðræðið. Það kemur fram hér á bls. 5 að verksvið nefndarinnar miði m.a. að því, með leyfi forseta:

„Norðurlönd og sjálfstjórnarsvæðin beiti sér fyrir því að bæta aðstæður og auka áhrif kjörinna fulltrúa við staðbundnar ákvarðanatökur."

Ég vil líka taka undir þetta en það er svolítið sérstakt að skoða tillögur nefndarinnar og sjá síðan framkvæmd ráðherra Framsóknarflokksins, sérstaklega eina tiltekna ákvörðun, þ.e. þá ákvörðun hæstv. félagsmálaráðherra að útiloka tvo flokka sem eiga þó fulltrúa á þingi frá því að sitja í nefnd sem varðar málefni sveitarfélaga, sameiningu sveitarfélaga. Það er afar sérstakt að lesa þessa fínu skýrslu og bera hana við framkvæmdina hjá Framsóknarflokknum og hæstv. félagsmálaráðherra. Hér kynnir hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, samstarfsráðherra Norðurlandanna, skýrslu með ágætum tillögum. En um svipað leyti ákveður annar ráðherra sama flokks að útiloka kjörna fulltrúa frá þátttöku í lýðræðislegu starfi. Þetta er með ólíkindum.

Ég skora enn og aftur á hæstv. ráðherra að svara því hvað var sem var rangt í máli mínu í umræddu andsvari. Það er óþolandi að sitja undir dylgjum um að hv. þingmenn fari með rangt mál en síðan er ekki greint frá því. Hæstv. landbúnaðarráðherra var t.d. með dylgjur um að einhver hefði verið með dónaskap um daginn án þess að tilgreina hvað það væri þegar óskað var eftir skýringum. Það er mjög sérstakt.

Það er lágmarkskrafa til hæstv. samstarfsráðherra Norðurlandanna að hún greini frá því, þegar hún sakar þingmenn um ósannindi, hvað er rangt í máli þeirra.

[12:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Mig langar að víkja málinu að skýrslunni sem hér er til umræðu, frá hæstv. samstarfsráðherra Norðurlanda, Valgerði Sverrisdóttur. Ég vil þakka fyrir þá ágætu skýrslu sem hér liggur fyrir. Hún er mjög ítarleg og fróðleg.

Mig langar til að færa umræðuna meira að því efni sem átti að vera hér til umræðu. Mér finnst umræðan hafa farið svolítið út um víðan völl, sem er þó ekki óeðlilegt miðað við innleggið sem kom hér í framhaldi af skýrslu hæstv. ráðherra.

Ég hef svolitlar áhyggjur af því að áhugi á norrænu samstarfi skuli ekki vera meiri en raun ber vitni. Það hafa verið frekar fáir í þingsal undir umræðunni og ég sakna ýmissa áhugamanna um norrænt samstarf. Ég veit að nokkrir þeirra eru erlendis og fjarri góðu gamni.

Ég hef starfað í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd Norðurlandaráðs undanfarið ár. Ég ætla að taka til máls um þau atriði á eftir þegar við ræðum starf Íslandsdeildarinnar. Mig langar hins vegar að ræða nokkur málefni hér sem snúa að því og vildi í leiðinni spyrja hæstv. ráðherra út í nokkur atriði í skýrslunni.

Þar sem fjallað er um orkumál í skýrslunni og af því hæstv. samstarfsráðherra er líka iðnaðarráðherra, orkumálaráðherra, langar mig aðeins til að spyrja út í atriði í skýrslunni um þau efni þar sem vitnað er í að það hafi verið gagnlegt fyrir okkur að fylgjast með þróun raforkumarkaðarins á Norðurlöndunum og læra af reynslu þeirra í þeim efnum. Áður var búið að fjalla um þennan sameiginlega markað og þær breytingar á raforkulögum sem við höfum gert hér eins og Norðurlöndin, en á Norðurlöndunum og í Evrópu er orðinn einn markaður fyrir raforku.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra úr því að hún vitnar hér í skýrslu sinni um það hve mikilvægt hafi verið að fylgjast með þróuninni á Norðurlöndunum og læra af reynslu þeirra, hvernig standi á því að hæstv. ráðherra gat ekki upplýst okkur hér á landi um þær breytingar eða þau áhrif af lagabreytingum í raforkumálum sem orðið hafa á Norðurlöndunum þar sem í ljós kom að raforkuverð hækkaði alls staðar.

Mín nefnd, náttúruauðlindanefndin, var með orkumálin í forgrunni á þessu ári og við héldum mjög athyglisverða ráðstefnu um orkumál, og sérstaklega raforkumál í Noregi, í desember. Þar kom fram hjá öllum sem þar töluðu að í kjölfar þessara breytinga í raforkumálum hefði fylgt hækkun á raforkuverði til neytenda þó svo að virk samkeppni væri í raforkumálum. Þess vegna væri fróðlegt að heyra hjá hæstv. ráðherra hvers vegna hún upplýsti okkur ekki um þessar afleiðingar úr því að það var svona mikið samráð og mikið fylgst með reynslu Norðurlandanna í orkumálum.

Undir sama málaflokki er talað um, það er reyndar komið undir umhverfismál en undir sama málaflokki og mín nefnd heyrir undir í Norðurlandaráði, en þar segir: „Í formennskuáætlun Íslands var lögð áhersla á mikilvægi lýðræðislegrar umræðu um náttúruvernd". Mig langar í framhaldi af því að spyrja hæstv. samstarfsráðherra hvernig standi á því að ekki hafi farið fram lýðræðisleg umræða hér á landi um þau áform sem uppi eru um að gera hér tilraunir með erfðabreytt matvæli. Ég sat einmitt fund um það í

fyrradag og það kom mér á óvart að hér ætti að fara út í tilraunir með erfðabreytt matvæli. Það kom fram hjá vísindamanni sem þar talaði að það gæti haft þau áhrif að við mundum ekki geta verið með t.d. lífrænt ræktað grænmeti í kjölfarið ef þessi erfðabreyttu matvæli smituðu eitthvað út frá sér. Við mundum ekki hafa hagnað af niðurstöðum þessara rannsókna sjálf því það mundi aldrei vera hægt að framleiða þetta erfðabreytta bygg hér á landi eins og við erum að fara út í breytingar á. Ég hefði gjarnan viljað fá viðbrögð ráðherra við þessu.

Síðan langar mig að gera aðeins að umtalsefni tvær skýrslur sem styrktar voru, eða a.m.k. eina af þeim skýrslum sem styrktar voru af norrænu umhverfisráðherrunum, um hver sé sparnaður samfélagsins vegna nýrra tillagna frá ESB um meðhöndlun efnasambanda (REACH) — þetta er svona eiturefni — út frá umhverfinu. Í skýrslunni kemur fram að þó að tillaga ESB um meðhöndlun á þessum efnasamböndum muni hafa í för með sér kostnað fyrir efnaiðnaðinn leiði hún til mikils samfélagslegs sparnaðar og þá sérstaklega vegna heilnæmara umhverfis. Norðurlandaþjóðirnar hafa lagt mikla áherslu á samþætta stjórnun og meðhöndlun efna á alþjóðavettvangi.

Á fundum Norðurlandaráðs í janúar var einmitt málþing um þetta efni, þennan REACH-samning. Þar var hvatt mjög eindregið til þess að Norðurlandaþjóðirnar beittu sér fyrir því að fá sem flest af þessum eiturefnum inn á þennan lista sem verið er að útbúa hjá ESB. Þar kom einnig fram að fyrirtækin, efnafyrirtækin, eru með mjög mikinn þrýsting á að fá færri efni inn á þann lista. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra:

Hefur Ísland á einhvern hátt beitt sér í þessum efnum? Erum við með einhverjar ákveðnar kröfur við undirbúning á þeim ESB-reglum sem þarna eru í mótun og við munum þurfa að innleiða hér?

Ég vil gjarnan fá upplýsingar um hver sé þáttur okkar í undirbúningsstarfinu á þessum REACH-reglum sem búist er við að verði að lögum hjá ESB á næstu árum.

Aðeins aftar í skýrslunni, á bls. 53, er fjallað um matvælamál. Þar er talað um að embættismannanefndin um matvælamál og fastanefndir á hennar vegum sem fjalla um eiturefnafræði matvæla og áhættugreiningu, matvælaörveirufræði og áhættugreiningu, matvælaeftirlit, matvælalöggjöf og manneldi hafi sett heilsu neytenda í öndvegi með því að leggja áherslu á að tryggja neytendum örugg matvæli og verja neytendur fyrir villandi upplýsingum um matvæli, fræða neytendur um heilnæmi matvara o.s.frv. Það kemur fram að Ísland hefur tekið þátt í allri þessari vinnu.

Ég vil spyrja hæstv. iðnaðarráðherra og samstarfsráðherra hvort það sé eitthvað í farvatninu um að bæta upplýsingar á matvælum hér á landi í framhaldi af þessu og hvort menn séu tilbúnir að merkja matvæli sérstaklega eftir því hversu heilsusamleg þau eru, eins og lögð er áhersla á í þessari vinnu. Hvort menn séu kannski með eitthvað á döfinni eins og Bretar og ýmsar matvælakeðjur í Bretlandi þar sem þær merkja sérstaklega óhollustu og síðan þá vöru sem er holl. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það, en gerð er ágæt úttekt í þessu efni í skýrslunni. Reyndar er fjallað um þetta víðar, m.a. í kaflanum um Norrænu nýsköpunarmiðstöðina. Þar er einnig komið inn á þennan þátt, um öryggi matvæla, og bent á að það sé eitt langstærsta nýsköpunarverkefni sem unnið hefur verið á vettvangi norræns samstarfs og að baki því liggi margra ára norrænt samstarf um matvælarannsóknir sem m.a. Norræni iðnaðarsjóðurinn hefur stutt.

Í ljósi hinnar miklu áherslu á öryggi matvæla vil ég gjarnan fá svör við þessum spurningum hjá hæstv. ráðherra.

Það er virkilega ánægjuefni að sjá hve gróskumikið starf er unnið á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar í mörgum málaflokkum en ég ákvað að einskorða mig við þau mál sem snúa að því nefndastarfi sem ég tek þátt í á vegum Norðurlandaráðs. Vegna þess að ég sit í hv. iðnaðarnefnd hér í þinginu væri fróðlegt að fá þessar upplýsingar og líka vegna þess að ég tel fulla ástæðu til þess að við förum út í að merkja matvæli sérstaklega, í ljósi þess að við höfum verið með ákveðin markmið í heilbrigðisáætlun sem snúa einmitt að þessum þáttum og merking matvæla ætti að gera fólki auðveldara að lifa heilsusamlegra lífi og minnka þá útgjöld heilbrigðiskerfisins á móti.

Frú forseti. Ég lýk máli mínu hér en vonast eftir því að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum mínum sem snúa að skýrslunni.

[12:54]

Björgvin G. Sigurðsson:

Frú forseti. Ég vildi gera aðeins að umtalsefni að ein yfirskrift þessarar skýrslu er lýðræði. Norðurlandaþjóðirnar hafa um langt árabil vísað veginn hvað varðar þróun og lýðræði almennt, völd fólks í landi sínu og aðgengi að áhrifum yfir því. Þau hafa að mörgu leyti verið merkisberar raunverulegs lýðræðis í heiminum og þá á ég við bæði hvað varðar aðgengi almennings að því að kalla mál til þjóðaratkvæðis, aðgengi að beinu lýðræði, og þróun beins lýðræðis á Norðurlöndunum sem er víðast hvar töluvert lengra á veg komið en hér á landi þar sem það er svo vanþróað og vannýtt fyrirbæri að fáheyrt er og eiginlega alveg með ólíkindum.

Við munum öll umræðuna frá því í fyrrasumar eftir synjun forseta Íslands um staðfestingu á fjölmiðlalögunum. Þegar ljóst var að þjóðin fengi að kjósa beint og milliliðalaust um fjölmiðlalögin þá varð uppi þvílíkt uppþot og uppnám og ástand á stjórnarheimilinu að það mátti halda að heimsendir væri í nánd, en það var bara þjóðaratkvæðagreiðsla þar sem fólk fengi að ráða beint og milliliðalaust.

Það var annars vegar þetta og hins vegar það að á meðan atkvæðisrétturinn er ekki jafn, á meðan ekki vega öll atkvæði Íslendinga jafnþungt er ekki hægt að tala um raunverulegt lýðræði. Raunverulegt lýðræði felst að mínu mati í því að einn maður hefur eitt atkvæði. Allt ójafnvægi á atkvæðavæginu, alveg sama út frá hvaða sjónarmiði, er einfaldlega ranglátt. Það skekkir lýðræðið og kemur í veg fyrir að við getum talað um raunverulegt grundvallarlýðræði. Þessu tvennu verður að breyta í stjórnarskrá Íslands til að við getum talist í fararbroddi og á heimsmælikvarða hvað varðar lýðræði og þróun lýðræðis, þ.e. annars vegar það að tiltekinn hluti atkvæðisbærra manna geti kallað mál í þjóðaratkvæði beint og milliliðalaust og hins vegar það að landið verði gert að einu kjördæmi og atkvæðisréttur allra Ís-

lendinga jafnaður til fulls. Það er algjört grundvallaratriði ef við eigum að teljast til forusturíkja á vettvangi lýðræðismála. Við eigum að vera forusturíki á vettvangi lýðræðismála og það er þar sem við eigum m.a. að beina áhrifum okkar og kröftum í Norðurlandasamstarfinu, sem er að mínu mati merkilegt samstarf sem á ekki bara rétt á sér heldur felst í því mikill ávinningur fyrir Íslendinga, bæði hvað varðar pólitíska aðkomu að hinu og þessu og eins er varðar ýmiss konar hugmyndafræði, mannréttindabætur og lýðfrelsisbætur. Þessu þarf að breyta hér.

Af því að hæstv. ráðherra flutti hér skýrslu sína og við erum að ræða hana og þá miklu yfirskrift sem yfir henni hvílir, og lýðræðismálin eru risastór málaflokkur, þá vantar mjög mikið upp á það, eins og ég sagði áðan, að við göngum þannig fram í lýðræðisháttum okkar að sómi geti talist að eða að um raunverulegt grundvallarlýðræði sé að ræða. Lýðræðið sem við búum við er skekkt og afbakað og til að breyta því verður það í fyrsta lagi að gerast að öll atkvæði Íslendinga verði jafngild, einn maður – eitt atkvæði, og í öðru lagi að við tryggjum aðgengi almennings að beinu lýðræði. Að við eflum beint lýðræði, beint og milliliðalaust lýðræði sem verði notað þannig að stærstu málin, meginmálin, sé vilji þjóðarinnar sá, fari í þjóðaratkvæði. Við erum að sjálfsögðu ekki að tala um öfgana sem felast í eilífum þjóðaratkvæðagreiðslum eða atkvæðagreiðslum innan sveitarfélaga þar sem fólk verður leitt á forminu og hættir að mæta á kjörstað. Við erum að tala um vandaðar og yfirvegaðar atkvæðagreiðslur á meðal þjóðarinnar eða innan sveitarfélaga um einstök stór meginmál, einstöku sinnum, nokkrum sinnum á ári, einu sinni á ári. Það kemur í ljós. Við eigum að vísa veginn fram á við hvað varðar þróun beins og milliliðalauss lýðræðis og við verðum að jafna atkvæðaréttinn til fulls.

Að mínu viti er það stærsta verkefnið sem stjórnarskrárnefndin stendur frammi fyrir að tryggja að við næstu stjórnarskrárbreytingar verði gengið þannig fram að atkvæði allra Íslendinga vegi jafnþungt og að landið verði gert að einu kjördæmi. Það rakalitla fyrirbæri sem felst í hinni nýju kjördæmaskipan reynist að mínu mati ekki vel og hefði verið miklu nær að ganga skrefið til fulls og gera landið strax að einu kjördæmi og jafna þannig atkvæðaréttinn í stað þess að réttlæta misvægi atkvæða á forsendum byggðamála.

Við eigum að sjálfsögðu að standa vörð um hagsmuni byggðanna og rétta hlut þeirra byggða sem halloka fara, en það er gert með allt öðrum hætti, allt öðrum og beinni aðgerðum en að ganga á mannréttindi annarra Íslendinga því jafn atkvæðaréttur er spurning um mannréttindi. Það eru mannréttindi að atkvæði allra Íslendinga vegi jafnþungt.

Því vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra í lokin hvort hún muni ekki beita sér fyrir því að til að Ísland uppfylli skyldur sínar og verði tekið alvarlega á vettvangi lýðræðismála og geti verið forustuafl, forustuland á vettvangi lýðræðismála, sé meginverkefni okkar að þetta tvennt komi til, öll atkvæði vegi jafnþungt, landið verði gert að einu kjördæmi og réttur borgaranna til að kalla til þjóðaratkvæðagreiðslu verði settur í stjórnarskrá og fyrstu skrefin þannig stigin í átt til beinna og betra lýðræðis.

[13:00]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir umræðuna. Ég held því fram að norrænt samstarf sé okkur ákaflega mikilvægt ekki síður nú en áður, en þó svo við leggjum áherslu á norrænt samstarf er það ekki svo að við horfum ekki til alls heimsins. Það er ekki hægt að bera norræna samstarfið saman við annað samstarf sem við tökum þátt í á alþjóðavísu vegna þess að norrænu þjóðirnar eru svo nánar og samstarf þeirra er að sumu leyti ekki eins og samstarf þjóða að mínu mati heldur eitthvað miklu nánara.

Við ræðum formið og eðlilegt að það sé rætt. Undir forustu Dana er verið að velta fyrir sér hvort hægt sé að gera starfið skilvirkara og jafnvel fækka ráðherraráðum og ég held að það sé bara af hinu góða.

Ég ítreka það sem fram kom hjá mér áðan að forustuár Íslands gekk vel og ég held því fram að það hafi verið okkur til sóma. Við störfum þar undir fyrirsögninni „Auðlindir Norðurlanda – lýðræði, menning, náttúra". Lýðræðishefðin er rík á Norðurlöndum og hún er eitt af því sem sameinar okkur.

Síðasti hv. ræðumaður spurði hvort ég væri sammála um að meginverkefnið væri að Ísland yrði eitt kjördæmi og að þjóðaratkvæðagreiðslu yrði komið í stjórnarskrá Íslands sem fyrsta skrefi að beinu lýðræði. Ég er ekki sammála því að Ísland verði eitt kjördæmi og ég tel að náðst hafi niðurstaða á milli allra stjórnmálaflokka þegar stjórnarskránni var breytt. Mér fannst það mikilvægt og ég tel að við munum a.m.k. enn um sinn búa við það fyrirkomulag. Hvað varðar þjóðaratkvæðagreiðslur eru þær til umfjöllunar í sérstakri nefnd sem hæstv. forsætisráðherra skipaði.

Ég vil segja um fyrirspurnirnar sem fram komu frá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur að þær eru náttúrlega mjög faglegar á þann hátt að þær eru á verkefnasviði ákveðinna fagráðherra og væri nauðsynlegt fyrir hana að bera fram fyrirspurnir til þeirra beint þar sem ég fer ekki með þau mál sem hún talaði um nema að hluta til. Ég get þó sagt varðandi þau áform sem hún telur að uppi séu um tilraunir í sambandi við erfðabreytt matvæli að það hefur alltaf verið lögð áhersla á það af hálfu Íslendinga að ef slíkt yrði gert mundi það ekki ná að blandast í íslenska náttúru. Segja má að stefna Evrópusambandsins sé nokkuð íhaldssöm í þessum efnum en hins vegar er stefna Bandaríkjamanna frjálslyndari. Þetta er eitt af því sem við þurfum að ræða, það er alveg augljóst, og ég held að hv. þingmaður ætti að tala um þetta við viðkomandi ráðherra.

Um raforkumálin er það að segja að það er ekki rétt að verð hafi hækkað á Norðurlöndum út af kerfisbreytingunni. Verð hækkaði í kjölfar mikilla þurrka og mikils kulda fyrst og fremst og sett var upp nefnd til að fara yfir þá hluti og hvort ástæða væri til að breyta fyrirkomulaginu í framhaldi af þeirri uppákomu. En niðurstaðan var að gera það ekki, m.a. vegna þess að menn sáu að ekki var hægt að rekja þau vandamál sem vissulega voru til staðar til kerfisbreytingarinnar.

Ég held að það sé ekki mikið fleira sem hér kom fram sem ástæða er til að bregðast við. Spurt var um hvort vinnuhópur, sem var ein af tillögum lýðræðisnefndarinnar, yrði skipaður. Við komum saman sl. mánudag, samstarfsráð-

herrar, og ræddum skýrsluna og hvernig farið skyldi með hana til framtíðar og ýmsar hugmyndir eru uppi um hvernig það geti verið gert, þó að ekki sé búið að fastákveða það eða fastmóta það. Eitt af því sem kom t.d. fram er hvort norrænu félögin gætu fengið ákveðið hlutverk í framhaldi af skýrslugjöfinni til að kynna hana frekar o.s.frv. Ég fór yfir það í máli mínu áðan hvað við Íslendingar höfum nú þegar tekið ákvörðun um að gera en ekkert útilokar að það verði fleira og augljóst að það verður fleira þegar stjórnarskrárnefndin hefur farið yfir málið og metið hvernig best sé að halda á málum til framtíðar.

[13:05]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir nokkuð skýrt svar og vil inna hana eftir frekari útskýringum á því hvaða rök standa á bak við það að hæstv. ráðherra telur núverandi kjördæmafyrirkomulag heppilegt og kalla eftir lausn sem við gætum búið við til frambúðar þar sem ég tel að það sé afleit skipan mála til frambúðar. Þó að það hafi kannski verið málamiðlun sem var hægt að una við á þeim tíma sem hún var gerð held ég að mjög mikilvægt sé að stíga skrefið til fulls nú þegar og gera landið að einu kjördæmi og jafna atkvæðisréttinn til fulls, enda hafa hin stóru kjördæmi einungis verið til að viðhalda misvægi atkvæða, ég hef ekki heyrt nein sérstök rök fyrir því.

Ég vil inna ráðherrann eftir því hvort ekki væri nær að jafna atkvæðaréttinn til fulls og fara aðrar leiðir til að rétta hlut hinna fámennu svæða sem er hugsunin á bak við þetta. Að sjálfsögðu þarf að rétta hlut þeirra og varðveita. En af hverju, að mati hæstv. ráðherra, þarf að viðhalda misvægi atkvæða og þeirri skerðingu á mannréttindum sem í því felast til að halda úti einhverri byggðastefnu sem einu sinni var?

[13:07]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fróðlegt væri að vita hvort samstaða sé um það í þingmannahópi Samfylkingarinnar að byggðastefnan sé bara eitthvað sem einu sinni var. Það væri forvitnilegt að vita hvort hv. þm. Kristján L. Möller væri t.d. þeirrar skoðunar að hún heyrði fortíðinni til og að ekki þyrfti á slíku að halda.

Það sem ég vil segja í sambandi við þá kjördæmaskipan sem nú ríkir er að lögð var gríðarlega mikil vinna í að breyta fyrirkomulaginu og minnka misvægið þannig að það verði aldrei meira en 1:2, en það var alveg upp í 1:5 fyrir breytinguna. Þetta var því gríðarlega mikilvægt skref og mikilvægt að flokkarnir stóðu nokkurn veginn saman að breytingunni — að vísu voru Vinstri grænir ekki með af einhverjum ástæðum. En Samfylkingin kom að málinu af fullum heilindum og við náðum niðurstöðu. En blekið var varla orðið þurrt á þeim skjölum þegar Samfylkingin var farin að tala um nýja stefnu. Mér finnst þetta ekki vera skemmtileg vinnubrögð af hálfu Samfylkingarinnar, að þegar búið er að ná málamiðlun eigi hún bara að duga í einhverja daga og þá sé farið að tala um nýja hluti, sjálfsagt fyrst og fremst út af einhverjum atkvæðaveiðum.

Mér finnst fyrirkomulagið sem nú ríkir vera allgott. Vissulega er þetta mikil vinna fyrir landsbyggðarþingmenn sem hafa mjög stór kjördæmi en engu að síður tel ég að vel hafi tekist til hvað breytinguna varðar.

[13:08]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Byggðastefna sem grundvallast á skerðingu mannréttinda og misvægi atkvæða er eitthvað sem einu sinni var — en ekki byggðastefnan. Byggðastefnan á að grundvallast á allt öðru og eins og ég hef margoft sagt eigum við að leggja mikið á okkur til að rétta hlut þeirra byggða sem hallari fæti standa og búa við fólksfækkun og fámenni. Við eigum að beita ýmsum ráðum og stórum til að rétta hlut þeirra og gera þau búsetuvænni og öflugri en ekki að skerða mannréttindi annarra Íslendinga, það er alveg á hreinu.

Vissulega kom Samfylkingin að verkefninu á sínum tíma og málamiðlun sem var viðunandi á þeim tíma en að sjálfsögðu ekki endanleg lausn. Grundvallarstefna Samfylkingarinnar og jafnaðarmanna hefur legið fyrir frá 1927 þegar Héðinn Valdimarsson flutti þingmál og frumvarp um jöfnun atkvæðaréttar og að landið yrði gert að einu kjördæmi og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur endurflutt síðan. Þetta var því ekki endanleg lausn, þetta var málamiðlun á þeim tíma sem á að hverfa frá um leið og kostur er.

[13:10]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sakaði mig um rangfærslur. Ég krafði hana svara um hvað væri rangt í máli mínu en hæstv. ráðherra hefur ekki svarað því. Ég óska því eftir að hún dylgji ekki um rangfærslur í máli manna heldur svari því hvað hafi verið rangt. Ef það var ekkert í máli mínu sem hún getur fært í orð að hafi verið rangt er ég alveg tilbúinn til að fyrirgefa hæstv. ráðherra ef hún biðst afsökunar. Það er minnsta mál. En mér finnst lágmark að fólk geri grein fyrir því hvað það er ef það er að dylgja um að hv. þingmenn fari með rangt mál.

[13:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég lagði nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra áðan þar sem ég fjallaði um þessa ágætu skýrslu. Ekki var mikið um svör hjá hæstv. ráðherra og hún beindi því til mín að leggja fyrirspurnir fyrir fagráðherrana og ég mun gera það, ég mun leggja þær fyrirspurnir sem ég lagði fyrir hæstv. samstarfsráðherra Norðurlandanna fyrir fagráðherra hér.

En ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðherra einnar spurningar vegna svars hennar um tilraunir með erfðabreytt matvæli, sem er greinilega á döfinni hér á landi því hæstv. ráðherra vitnaði til þess að Evrópulöndin eru með frekar íhaldssama stefnu í þessum málum en Bandaríkin eru frjálslyndari, og ég fagna því ef Ísland ætlar að taka í svipaðan streng og Evrópuþjóðirnar. En ég vil gjarnan spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort hún væri tilbúin að styðja það að Ísland yrði erfðabreytt-frítt land, þ.e. eins og ýmis Evrópuríki

hafa þegar lýst yfir, að þau erfðabreyta ekki matvælum í löndum sínum. Það væri fróðlegt að heyra hvort hæstv. iðnaðarráðherra væri tilbúin að styðja það.

[13:13]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nei, ég er ekki tilbúin að kveða upp úr um það á þessari stundu að ég styðji það.

[Fundarhlé. — 13:13]

Afnám laga um Tækniháskóla Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 398. mál. — Þskj. 505.

[13:31]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil fara yfir málið af minni hálfu í fáeinum orðum áður en umræðunni lýkur, sem er stutt að formi til en afar víðtækt að efni til og margar hliðar á því sem ástæða er til að fara yfir og ræða a.m.k. í grófum drættum.

Að formi til snýst málið einvörðungu um að afnema lögin um Tækniháskóla Íslands og staðfesta vilja hæstv. menntamálaráðherra að sameina skólann Háskólanum í Reykjavík. Ég er tiltölulega jákvæður fyrir þeirri breytingu, bæði að formi til og líka þótt eigendaskipti verði á skólanum eftir breytinguna. Hvorugt er að mínu viti ástæða til að láta steyta á þó ég hafi ákveðna fyrirvara varðandi útfærslu á einkahlutafélagsforminu.

Háskólamenntun og skólar hafa lengi verið til, eigum við ekki að segja í mörg þúsund ár og jafnvel lengur en ríkisvaldið eins og við þekkjum það í núverandi mynd. Að sjálfsögðu er því ekki einungis mögulegt að veita menntun á háskólastigi undir formerkjum ríkisvaldsins. Ég óttast því á engan hátt að aðrir aðilar taki að sér að veita menntun. Ég held að einkaaðilar í hvaða formi sem er hafi fyrir löngu sannað það og sýnt að þeir geta staðið fyrir góðum skólum sem leggja sitt af mörkum varðandi uppbyggingu menntunar í þjóðfélögum.

Varðandi form skólans, þ.e. að hafa einkahlutafélag, er ég ekki mjög andsnúinn því en set þó ákveðna fyrirvara um fyrirkomulag sem lýtur að arðsemiskröfunni því mér sýnist að það geti verið snúið að ná góðum árangri í þeirri stofnun ef einkahlutafélag er rekið undir venjulegum forsendum hlutafélaga, enda er það tekið fram í því máli sem tengist frumvarpinu að það eigi ekki að vera. Þeir sem standa að málinu eru út af fyrir sig sammála þeim fyrirvara sem ég set um málið og telja ekki vænlegt að reka skóla undir hörðum formerkjum arðsemiskröfunar. (**SKK:** Það kemur fram í samþykktunum ...) Já, nákvæmlega það sem ég var að vísa til. Þeir sem að málinu standa eru því með sömu fyrirvara og ég hvað það varðar.

Það er því ekki formið eða það að skólinn skipti um eigendur sem ég tel ástæðu til að gera þær athugasemdir að leggjast gegn málinu og ég mun ekki gera það. Hins vegar eru aðrar hliðar á málinu sem ástæða er til að fara yfir sem fylgja í kjölfarið og geta ekki verið skildar frá því sem leiðir af samþykkt frumvarpsins. Þær snúa í fyrsta lagi að aðstöðu skóla sem er mismunandi eftir því hvort ríkið stendur að þeim eða aðrir.

Í öðru lagi lúta þær að aðstöðu nemenda til að sækja námið sem er líka mismunandi vegna skólagjalda eftir því hvort þeir stunda nám í ríkisháskólum eða öðrum háskólum.

Þessar tvær hliðar málsins gera það að verkum að ég mun ekki styðja málið eins og reyndar kom fram í annarri atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. þar sem ég ákvað að sitja hjá. Ég er andvígur því að taka upp skólagjöld á háskólastigi og tel að gera þurfi bragarbót til að jafna aðstöðumun ríkisháskóla og annarra háskóla. En það er ekki efni frumvarpsins að formi til svo þær aðstæður leiða ekki til þess að ég greiði atkvæði gegn frumvarpinu.

Ég vil benda á að aðstöðumunurinn er töluverður og Alþingi verður að taka á því máli fyrr eða síðar. Hann er sá að skóli sem ekki er í eigu ríkisins fær meira fé sem nemur skólagjöldum til að standa undir rekstri skólans og því námi sem hann býður fram en skóli sem er á höndum ríkisins. Í þessu er töluverður munur. Ríkið býr til muninn með því að borga jafnmikið með hverjum nemanda í báðum útgáfum eigendaformsins, ríkisháskóla eða háskóla á vegum annarra, en greiðir að auki viðbótarframlag til háskóla sem ekki eru á vegum ríkisins í formi þess að lána fyrir skólagjöldunum. Við vitum að nú eru 53% af námslánum sem veitt eru í raun styrkur. Þau eru í raun bókfærð sem styrkur ríkissjóðs til viðkomandi nemanda og skóla.

Ef við tökum dæmi, eins og blasir við í málinu, og gerum ráð fyrir að hinn nýi háskóli taki 200 þús. kr. í skólagjöld yfir veturinn eins og Háskólinn í Reykjavík gerir ? (**SKK:** Taktu frekar dæmi af Bifröst.) Já, já, við getum alveg tekið þau dæmi líka, hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, en af því ég er í ræðustól hef ég hugsað mér að ráða því sjálfur hvernig ég haga máli mínu ef hv. þingmanni mislíkar það ekki um of. Þó við séum saman í ríkisstjórnarsamstarfi hef ég hvorki afhent honum né öðrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins umboð til að tala fyrir mína hönd eða ákveða hvað ég megi taka fyrir eða með hvaða hætti. Ég vona því að hv. þingmönnum sé það ljóst að ríkisstjórnarsamstarf nær ekki yfir það.

Ef við tökum það dæmi sem leiðir af frumvarpinu er ríkissjóður að auka greiðslur með hverjum nemanda við breytinguna þannig að hver nemandi kostaði ríkið ákveðna fjárhæð yfir veturinn í Tækniháskóla Íslands. Eftir breytinguna kostar sami nemandi 106 þús. kr. meira yfir hvern vetur ef við miðum við þær tölur sem við höfum í dag og gerum ráð fyrir því að nemandinn greiði 200 þús. í skólagjöld eftir breytinguna, sem við vitum ekki því það er ákvörðun skólans.

Ríkissjóður er því að setja meira fé til háskólamenntunar ef formið er annað en ríkisins. Í þessu felst aðstöðumunur sem ég held fram að sé ekki eðlilegur. Ég held því fram að við eigum að hafa háskólastofnanir, bæði á vegum ríkisins og á vegum annarra aðila, en ríkið eða Alþingi á ekki að gera upp á milli þeirra með misháum framlögum eftir forminu. Það er mín skoðun.

Ríkisháskólarnir eru í ákveðnum vanda meðan kerfið er

svona vegna þess að þeir fá minna fé til að gera það sama og hinir skólarnir, sem þýðir að þeir standa verr að vígi í samkeppninni um nemendur. Sú stefna, eins og kemur fram í máli hæstv. menntamálaráðherra, er að mörgu leyti grundvölluð á því að talið er betra að hafa samkeppni í háskólamenntuninni en ekki. Ég er ekki svo andvígur því. Ég er ekki svo ósammála hæstv. menntamálaráðherra í því að ég held að það geti verið gott að hafa samkeppni í þeim efnum. Ég styð viðleitni ráðherrans og fleiri í þá veru því það getur ýmislegt gott leitt af því. Við þekkjum öll dæmin um stofnanir sem staðna við að hafa ekkert aðhald frá neinum öðrum. Háskóli Íslands er að mörgu leyti stofnun sem er mjög stór og hættir mjög til að staðna. Það er ekki slæmt að aðrar stofnanir spretti upp, taki fyrir námsframboð sem að einhverju leyti skarast við Háskóla Íslands og keppi við þann skóla.

Ég er því ekki að nálgast málið á þeim forsendum að ég sé andsnúinn því að koma á samkeppni á háskólastigi. Alls ekki. (Gripið fram í.) En samkeppni verður að grundvallast á því að sá sem beitir sér fyrir samkeppninni, þ.e. ríkið, verður að hafa grundvöllinn eins fyrir báða aðila, því það er vont að koma á fót samkeppni þar sem ríkið býður öðrum aðilanum betur en hinum. Með því er ljóst hvernig niðurstaðan verður. Það er fyrir fram gefið hvor vinnur í þeirri samkeppni, hvor hefur betur.

Ég held að þetta sé vandamál sem standi óleyst og Alþingi verður svara því fyrr eða síðar: Er það stefna þingsins að hafa aðstöðumuninn svona ójafnan, að koma á fót samkeppni við svona ójöfn skilyrði? Ég held að það sé hlutur sem við þurfum að ræða og færa til betri vegar en blasir við okkur miðað við núverandi aðstæður.

Samkeppnin er að mörgu leyti góð og hægt að beita henni í menntakerfinu eins og í öðru þó að menn eigi auðvitað að fara varlega í þeim efnum. Ég hef t.d. ekkert á móti stofnun, sem nefnd var, eins og Viðskiptaháskólanum á Bifröst. Sá háskóli tekur skólagjöld en hann velur sér líka námsbrautir sem eru líklegar til að auka ævitekjur þeirra sem fara í námið það mikið að þeir sjá sér hag í því eftir sem áður að fara í þann skóla og greiða þau skólagjöld, að vísu með námslánum sem þeir greiða ekki til baka nema að hálfu leyti. En ástæðan fyrir því að skóli eins og Bifröst þróast svona hratt og gengur vel er að hann hefur getað valið sér ákveðnar námsbrautir sem skila tekjuauka. Það er ekkert að því. Það eru hins vegar takmörk sett fyrir vaxtarmöguleika annarra skóla sem vilja vera á sömu forsendum, vegna þess að tekjuauki við að mennta sig er ekki alltaf jafnmikill og í þeim námsgreinum sem Viðskiptaháskólinn á Bifröst hefur valið sér. Það er því form sem getur gengið að ákveðnu marki, eins og ég hef rakið, og er ekkert athugavert við að mínu viti.

Þetta gengur augljóslega ekki í öðrum greinum eins og t.d. kennaramenntun. Skýrsla sem kom út á síðastliðnu sumri dró fram að arðsemi kennaramenntunar var talin vera núll. Þegar menn skoðuðu tilkostnaðinn við að afla sér menntunar og vaxandi tekjumöguleika við að afla sér menntunar voru þeir svo litlir að þeir gerðu ekki meira en að standa undir kostnaði við námið. Arðsemi kennaramenntunar var því miðað við forsendur þá, núll. Það er augljóst mál að nám sem þannig er statt er ekki líklegt til að vekja upp nám annarra skóla vegna þess að það er ekki hægt að hafa skólagjöld og ætlast til þess að nemendurnir komi, þeir munu sækja í þá skóla sem veita námið með ódýrari hætti.

Þetta gæti breyst með því að laun fyrir kennslustörf hækki, en það þarf þá að endurmeta í ljósi nýrra kjarasamninga. Hugsanlega getur það breyst en þetta mat ræður miklu um það hvernig menn meta áhrifin af skólagjöldum.

Ég held að það að Viðskiptaháskólinn á Bifröst hóf að taka fyrir námsbrautir eins og lögfræði hafi verið mjög þarft og að sumu leyti veitt lagadeild Háskóla Íslands samkeppni, sem ég hygg að hafi verið í lagi að ýta aðeins við, þótt þeir hafi valið sér annað form en Háskóli Íslands hafði á lögfræðimenntun.

Á sama hátt er ekkert athugavert við að stofna fleiri háskóla til þess að keppa, t.d. á Suðurnesjum eða háskóla á Vestfjörðum. Það hlýtur að gerast í beinu framhaldi af þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar og hæstv. menntamálaráðherra að hafa samkeppni í menntakerfinu, að æskilegt sé að koma á fót háskóla á Vestfjörðum. Það sér hver maður. Það hlýtur að stuðla að framförum í þeim efnum. Ég hvet hæstv. menntamálaráðherra til að (**KÓ:** Yrði það þá að vera ríkisháskóli?) fylgja því eftir. Mér finnst það opin spurning, af því að hv. þingmaður kallaði fram í hvort háskóli á Ísafirði þurfi að vera ríkisháskóli. Það er ekki skilyrði af minni hálfu. Ég mundi hins vegar fagna því ef hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnin styddi við bakið á okkur sem viljum sem fyrst sjá háskóla á Ísafirði og væri tilbúin til að ríkið stæði að honum. Mér finnst alveg koma til greina að aðrir standi að skólanum, annaðhvort í samstarfi við ríkið eða eingöngu. Ég mundi hvetja þá aðila til að huga að því máli sem á því hafa áhuga. Ég held að af því leiði margt gott, bæði fyrir framboð á menntun á háskólastigi í heild og fyrir svæðið sem í hlut á.

Hæstv. menntamálaráðherra þarf að mínu viti að skýra fyrir þinginu hvernig hún sér fyrir sér þróun ríkisháskólanna við óbreyttar aðstæður. Hyggst ráðherrann beita sér fyrir því að fjárhagslegar forsendur skólanna verði jafnaðar?

Er ráðherrann tilbúinn til að beita sér fyrir því að fjárframlög á hvern nemanda í námi við háskóla sem ríkið stendur að verði þau sömu, að teknu tilliti til fjárframlags ríkisins í gegnum Lánasjóð íslenskra námsmanna, og eru við aðra háskóla?

Ég held við verðum að finna lausn á því máli. Annars veikjum við háskóla ríkisins svo mikið að þeir munu ekki standast það til lengri tíma. (**Gripið fram í:** Formaður menntamálanefndar er kominn.) Já, ég fagna því.

Í öðru lagi vil ég nefna skólagjöldin, sem mér finnst ekki að eigi að vera almennt í háskólanámi. Frumvarpið sem hér um ræðir leiðir það af sér að ætla má að um 700 nemendur, sem eru í dag í Tækniháskóla Íslands, verði síðar í því námi og greiði fyrir það skólagjöld sem nema um 200 þús. kr. á ári. Hinn nýi skóli fær því um 140 millj. kr. meira í tekjur við breytinguna. Tekjurnar eru sóttar til nemenda sem fá útgjöldin fjármögnuð með námslánum eins og fram hefur komið.

Ég er almennt á þeirri skoðun að ekki eigi að vera skólagjöld á þessu skólastigi. Ég er tilbúinn að fara yfir umræðu

um það mál. Ég held að við þurfum að gera það áður en það er of seint. Við erum að færa okkur frá námi sem veitt er án skólagjalda yfir í nám sem veitt er með skólagjöldum með þessu frumvarpi. Við erum að taka eitt skref í þá átt þannig að eftir breytinguna munu færri nemendur á háskólastigi eiga kost á námi án skólagjalda og fleiri þeirra munu greiða skólagjöld.

Nú má hafa þá skoðun, eins og ég tók eftir hjá hæstv. menntamálaráðherra, að engin ástæða sé til að amast við því að taka upp skólagjöld. Ráðherrann benti á í 2. umr. um málið að þótt tekin væru upp skólagjöld, t.d. í Listaháskóla Íslands, sem væru um 160 þús. kr. á ári, þá væri að hennar mati ekki vegið að jafnrétti til náms. Það er bara skoðun sem er hægt að færa rök fyrir, að 160 þús. kr. í skólagjöld sem fjármögnuð eru með láni frá Lánasjóði námsmanna verða um 80 þús. kr. á vetri í kostnað sem á endanum hvílir á nemandanum. Ef námið er fjögur ár þá er yfir 300 þús. kr. meira lagt á nemandann til að borga fyrir menntun sína. Það má alveg færa rök fyrir því að það sé ekki sú fjárhæð að hún raski jafnrétti til náms.

Ég er að vísu ekki alveg tilbúinn að fallast á það sjónarmið en ég er tilbúinn til að fallast á að breyting að einhverju litlu marki hafi trúlega lítil áhrif á jafnrétti til náms. Þá þurfum við að gera okkur grein fyrir því hvar við ætlum að draga línuna í þeim efnum, þ.e. hve há skólagjöld við megi innheimta áður en menn sannfærast um að þau hafi slík áhrif að dregið sé úr möguleikum fólks til náms, þannig að jafnréttið hverfi.

Ég get ekki nefnt ákveðna tölu í þeim efnum og get ekki veifað henni eða sagt að ég trúi því að í ákveðinni krónutölu liggi skurðpunkturinn í þeim efnum. Besta leiðin til þess að tryggja jafnrétti er að fara aldrei inn á þá braut, fara aldrei inn á skólagjaldabrautina. Þar með erum við alltaf örugg um að aðgengi að náminu sé ekki hindrað af þeim ástæðum. Síðan geta menn tekið inn í ríkissjóð, eftir að nemendur hafa lokið námi og farið að vinna, kostnaðinn í gegnum skatta sem við leggjum á eftir efnum og ástæðum. Þeir sem auka tekjur sínar borga meira og skila þá að einhverju leyti til baka kostnaðinum við að afla sér menntunar.

Ég vildi fara aðeins yfir þessi atriði til að þau væru alveg ljós af minni hálfu, hvers vegna ég sit hjá við málið. Það er ekki vegna andstöðu við formið eða breytinguna heldur vegna þess sem af henni leiðir og er óleyst mál, varðandi mismunandi fjárhag skólanna og skólagjöldin.

Mig langar að spyrja hæstv. menntamálaráðherra frekar um menntun í lýðheilsu, sem fram kom í máli ráðherrans við 2. umr. að væri skilyrði sem ráðuneytið hefði sett gagnvart hinum nýja skóla, að hann veitti menntun í lýðheilsu sem muni verða í Reykjanesbæ. Mig langar að fá frekari upplýsingar um hvað áformað er að þetta verði viðamikil háskólastarfsemi. Hvað er gert ráð fyrir mörgum nemendum? Einnig væri gott að fá skýrar fram hvers konar menntun er um að ræða. Ég held að það væri fróðlegt að fá það fram. Ég leggst ekki gegn því að farið verði út í að taka upp slíkt nám en ég vil mjög gjarnan frá frekari upplýsingar um áformin í þeim efnum. Það hljóta að liggja fyrir einhver drög eða áætlanir um það í ráðuneytinu fyrst það setur fram slík skilyrði.

Í öðru lagi spyr ég: Hvaða áhrif, að mati ráðherrans, mun það hafa á Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni? Er þar að einhverju leyti komin menntun sem er í samkeppni við Laugarvatn, í samræmi við stefnu ráðherra í þessum efnum? Fram hefur komið að á Laugarvatni er aðstaðan þannig að skólinn getur ekki tekið við öllum þeim nemendum sem sækja um. Mér skilst að ekki nema helmingur umsækjanda komist inn í skólann. Mig langar að fá upplýsingar um það, ef ráðherra hefur þær tiltækar, hvort þeim skóla verði gert kleift að taka fleiri nemendur, bæta stöðu sína þannig að hann geti veitt fleiri nemendum úrlausn og jafnvel verið öflugri í samkeppninni við hina nýju sportakademíu, sem ég held að það hafi verið kallað?

Ég spyr um þetta, virðulegi forseti. Ég vildi fá frekari upplýsingar um þessa akademíu sem á að vera á vegum hins nýja skóla. Mér finnst jákvætt að skólinn skuli ætla sér að vera með, að ég hygg, öfluga starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins, Suðurnesjum í þessu tilviki. Ég held að það sé mjög jákvætt, m.a. til að kveða niður þær raddir sem enn heyrast um að torvelt sé að veita menntun annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu.

Ég er orðinn svo gamall, herra forseti, að ég man eftir því að það tók Vestfirðinga mörg ár að fá þingheim til þess að fallast á að stofna menntaskóla á Ísafirði. Það var margra ára barátta og mig minnir að það hafi verið háð af þingmönnum kjördæmisins í þann tíma. Einn af þeim sem beitti sér hvað mest fyrir því var Sigurður Bjarnason frá Vigur, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem var einarður talsmaður málsins.

Menn höfðu áhuga á að stofna menntaskóla á fleiri stöðum á þeim tíma eins og hv. þingmenn þekkja. Þá voru mjög algeng þau rök að það væri ekki hægt, að þar væru ekki nógu margir íbúar. Það vantaði kennara. Það var allt að. Úrtöluraddir virtust ætla að hljóma endalaust. Svo fór, eins og hv. þingmenn þekkja, þannig að menntaskólar voru stofnaðir víða um land. Ég hygg að menn geti verið sammála um það að það hafi verið heillaspor. Það bætti menntunarstig þjóðarinnar að bjóða upp á menntunina á fleiri stöðum en áður. Menn fóru ekki inn á þær brautir að stofna útibú eða setur, enda hygg ég að það hefði algerlega misheppnast ef menn hefðu reynt að fara hálfa leið í þeim efnum. Menn stigu þessi skref á sínum tíma. Um það held ég að segja megi að hafi orðið pólitísk samstaða og það reyndust heillaskref.

Síðar stigu menn annað skref þegar farið var að tala fyrir því að bjóða upp á háskólamenntun á landsbyggðinni, á Akureyri. Ég hygg að það séu margir þingmenn hér inni sem kannast við umræðuna sem þá fór í gang, sem svipaði mjög til umræðunnar sem fram fór þegar stofna átti menntaskólana. Þá fóru að heyrast alls konar úrtöluraddir í stofnunum ríkisins um að þetta væri ekki hægt, það væri ekki hægt að hafa slíka stofnun úti á landi, þar vantaði kennara og þar væru ekki nógu margir nemendur. Menn töldu til hitt og þetta sem gerði það að verkum að það ætti ekki að vera mögulegt. En menn gerðu þetta samt og ég held að enginn láti sér detta í hug að það hafi verið rangt skref. Þvert á móti held ég að vandfundinn sé sá maður sem heldur því fram að það hafi ekki verið til heilla.

Við eigum auðvitað að halda áfram á sömu braut með háskólamenntunina og við gerðum á sínum tíma með fram-

haldsskólamenntunina. Hæstv. menntamálaráðherra styður að vissu leyti við bakið á því með því að koma á fót háskólamenntun í Reykjanesbæ. Það er að mínu viti framfaraskref og ég hvet hæstv. ráðherra til frekari dáða í þeim efnum. Það væri ekki úr vegi að næstu skref í þeim efnum yrðu stigin á Vestfjörðum.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og almennt til skólagjalda, sem ég set mikinn fyrirvara við að taka upp, svona með óbeinum hætti. Það hlýtur að vekja upp spurninguna: Eru áform um það af hálfu hæstv. menntamálaráðherra að stíga frekari skref í þessum efnum, að breyta rekstrar- eða eignarformi á þeim skólum sem ríkið stendur að?

Ég mundi vilja, herra forseti, óska eftir því að hæstv. ráðherra færi aðeins yfir það og reifaði af sinni hálfu á eftir.

[14:00]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að koma í örstutt andsvar við hv. þm. Kristin H. Gunnarsson þótt ekki væri fyrir annað en að hér hlustuðum við á fyrstu efnislegu ræðu stjórnarliða um þetta mál. Hv. þingmaður fór vítt yfir málið og velti upp ýmsum hliðum þess sem er býsna nauðsynlegt. Við stjórnarandstöðuþingmenn höfum reynt að nálgast málin þannig en höfum yfirleitt fengið þær einkunnir frá stjórnarliðum að ræður okkar væru í besta falli ómálefnalegar. Við höfum jafnvel fengið að heyra að ræður af þessum toga væru málþóf.

Hv. þingmaður tók eðlilega dágóðan tíma í ræðu sína enda þurfti hann að fara vítt og breitt yfir málið. Hann skoðaði það frá ýmsum hliðum og kom inn á mörg athyglisverð atriði. Ég vek athygli á því að hv. þingmaður fór vel yfir málið, töluvert ólíkt öðrum stjórnarliðum sem við höfum hlustað á við þessa umræðu, enda komst hv. þingmaður að annarri niðurstöðu en aðrir stjórnarliðar í málinu. Ég tel að það sé vegna þess að hv. þingmaður hefur lagt sig fram um að kynna sér málið og velta því vel fyrir sér en ekki tekið við fyrir fram gefinni niðurstöðu.

Það var líka athyglisvert sem hv. þingmaður talaði um, sem ég tek sterklega undir, þ.e. að ræða þurfi þessi mál í heild sinni, að hér sé í raun tekið skref í átt til skólagjalda. Ég orðaði það þannig í ræðu minni við 2. umr. að farið væri bakdyramegin að því að taka upp skólagjöld. Mér heyrðist hv. þingmaður tala á svipuðum nótum en bara til þess að taka af allan vafa þá held ég að það sé rétt að spyrja hv. þingmann að því hvort ég hafi ekki skilið hann rétt, að hann telji það ranga stefnu að taka upp skólagjöld á þennan hátt, þ.e. að ef menn vilji á annað borð taka upp skólagjöld þá eigi að fara í heildstæða umræðu um skólagjöld, tengja hana m.a. við málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna (Forseti hringir.) en með þessu sé í raun reynt að taka upp skólagjöld bakdyramegin.

[14:03]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki hægt að leiða mál svona til lykta, sérstaklega ef fleiri skref verða síðan stigin í sömu átt með því að breyta öðrum skólum eða deildum í hlutafélög eða slíkt, án þess að fara í gegnum umræðuna um skólagjöld. Það er að mínu viti alveg augljóst mál.

Mín afstaða er alveg ljós. Ég tel að það eigi ekki að vera skólagjöld. Það þýðir ekki endilega að ég segi fyrir fram að ég muni ekki fallast á neitt annað þegar umræðunni lýkur en að það verði skólagjöld. Ég held því alveg opnu fram að því að fram hafa komið þau rök og mótrök og upplýsingar sem eðlilegt er að draga fram í svona umræðu. Menn gætu þá tekið ákvarðanir á þeim grundvelli og út frá tilteknum forsendum. En eins og málin horfa við mér núna er ég á því að það eigi ekki að taka upp skólagjöld í háskólanámi.

Ég er einnig þeirrar skoðunar, sem er kannski ekki síður aðkallandi að greiða úr, að það geti ekki gengið að ríkið greiði mismunandi fjárhæðir fyrir menntun eftir eignarhaldi skóla.

[14:04]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi einmitt náð að benda á hið mikilvægasta í þessu samhengi, þ.e. að þegar svona krókaleiðir eru farnar í að reyna að innleiða skólagjöld þá mismuna menn skólum á sama tíma. Það gerir málið býsna flókið.

Ég tók eftir því að hv. þingmaður sagði ekki útilokað að lausnin væri sú að skólagjöld yrðu hugsanlega tekin upp í einhverri mynd. Hv. þingmaður benti mjög greinilega á það í ræðu sinni að skólagjöldin í þeim skólum sem innheimta skólagjöld eru niðurgreidd af hálfu ríkisins í gegnum Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þess vegna er nauðsynlegt að málið sé allt saman skoðað í heild sinni í stað þess að taka það með svona hliðarskrefum eins og ég tel um að ræða í þessu tilviki. Ég heyri að hv. þingmaður er algjörlega sammála mér um það.

Hér fer því fram býsna mikilvæg umræða og ég vil nota þetta tækifæri til að hvetja hv. þingmann til að reyna að hafa þau áhrif í flokki sínum að heildstæð umræðan verði tekin upp. Mér sýnist ljóst að hæstv. menntamálaráðherra hafi ekki áhuga á því að ræða málið í heild, hvorki innan stjórnarliðsins né í þingsölum. Það er því ástæða til að allir hv. þingmenn sem áhuga hafa á að ræða þessi mál í heild sinni leggist á árina með það þannig að við getum tryggt að þessi umræðan fari fram, áður en þau öfl sem nú ráða för í Sjálfstæðisflokknum ná að rústa því kerfi sem við höfum haft og taka upp skólagjöldin í þeirri mynd sem þeir vilja en ekki kerfi eins og við viljum, þ.e. sem tryggir jafnrétti til náms sem hlýtur að vera grundvöllur afstöðu okkar til skólagjalda og fyrirkomulags við háskólanám í landinu.

[14:06]

Frsm. 1. minni hluta menntm. (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Að undanförnu hefur farið merkileg skólapólitísk umræða sem tekur til flestra grundvallarþátta í fyrirkomulagi okkar við menntun á háskólastigi. Þetta kom ágætlega fram í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og hefur komið fram við bæði 1. og 2. umr. málsins.

Málið vekur margar stórar spurningar sem við höfum kallað eftir að verði svarað. Við höfum spurt forustumenn menntamálanefndar, stjórnarliða og hæstv. menntamálaráð-

herra og þá sem að stofnun og hins nýja skóla koma. Við höfum krafið þau svara en ekki fengið viðunandi svör við þeim spurningum sem þarf að svara til að við getum léð málinu stuðning okkar.

Við réttum fram sáttarhönd til að ná um málið þverpólitískri samstöðu á Alþingi, um þetta mikilvæga mál sem er að mörgu leyti framfaramál fyrir íslenska skólamenntun. Um það blandast engum hugur. En það hvernig er staðið að málinu og það sem út af stendur gerir það að verkum að ekki er hægt að styðja málið nema á því verði breytingar. Við lögðum til í breytingartillögu að einkareknir háskólar skyldu verða sjálfseignarstofnanir en ekki einkahlutafélög. Hún var felld í gær, því miður. Það var sáttarhönd okkar, til að reyna að ná samstöðu um þetta mikilvæga mál sem er mjög áríðandi að farnist sem best.

Við höfum líka varpað fram mörgum öðrum spurningum. Málið tekur til almennrar stefnumörkunar í íslenskum menntamálum og eins og bent var á í mörgum umsögnum frá skólasamfélaginu til menntamálanefndar þá vekur það fleiri spurningar en það svarar, bæði málið sjálft og samningurinn á bak við hinn nýja skóla.

Vert er að nefna tvær meginspurningar. Varðandi gjaldtöku á háskólastigi spyr Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri: Hver verða afdrif gjaldtöku á háskólastigi almennt? Stendur áfram sú stefna stjórnvalda og stjórnarflokkanna, sem ég held að megi fullyrða að sé í gildi, að ekki eigi a ð vera um að ræða gjaldtöku á grunnnám á háskólastigi? Þegar búið er að taka eina grein út úr, tækninámið, og setja inn í einkarekinn háskóla gegn skólagjöldum, stendur þá enn þá stefna stjórnvalda um að ekki skuli innheimta skólagjöld á grunnnám á háskólastigi? Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað. Ég get ekki ímyndað mér að svarið við henni sé já, svarið hlýtur að vera nei. Þeir múrar hljóta að vera brotnir og sú stefna sem hæstv. menntamálaráðherra hefur áður sagt að sé í gildi, að ekki eigi að innleiða skólagjöld á grunnnám á háskólastigi, fær ekki staðist lengur eftir þessa breytingu.

Við höfum kallað eftir framtíðarsýn og stefnumörkun. Eru þetta fyrstu skrefin í skólagjaldavæðingu íslensks grunnnáms? Hvernig á að bregðast við mismunun ríkisrekinna skóla annars vegar og einkarekinna skóla hins vegar hvað varðar fjármögnun? Hefur það verið rætt í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna að þangað eigi að velta stórum hluta af kostnaði við rekstur hins nýja skóla? Við 1. umr. lagði ég þessar spurningar margoft fyrir hv. formann menntamálanefndar, sem jafnframt er formaður stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Mér skilst að þar hafi ekki verið rætt um þá pólitísku aðgerð að velta hluta af kostnaði við rekstur hins nýja skóla yfir á Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Ein meginspurning okkar hefur verið um rekstrarformið. Við höfum spurt af hverju einkahlutafélagsformið sé valið á þennan nýja skóla fremur en að hafa hann sjálfseignarstofnun. Tveir rektorar, Þorsteinn Gunnarsson á Akureyri og Runólfur Ágústsson, rektor Viðskiptaháskólans á Bifröst, hafa varað við því að það að velja einkahlutafélag sem rekstrarform geti orðið til að skerða akademískt frelsi skólans. Þeir telja að það geti orðið honum til tjóns og veki óvissu sem engin ástæða sé til að kveikja, enda virðist um að ræða fordæmalaust rekstrarform á háskólastofnun í hinum vestræna heimi.

Hverjar verða afleiðingar þessa rekstrarforms, einkahlutafélags, á akademískt frelsi stofnunarinnar? Eins og fram hefur komið þá er það algjört grundvallaratriði og skilyrði háskólastarfs að þar ríki sjálfstæði og akademískt frelsi. Sé sjálfstæði og akademískt frelsi í háskóla skert er ekki um að ræða eiginlega háskólastofnun.

Við höfum kallað eftir skýrum svörum við því af hverju þetta rekstrarform skulið valið fremur en sjálfseignarstofnun. Sé um að ræða galla á því að reka skólann sem sjálfseignarstofnun sem geri það form ekki hentugt — en enginn hefur bent okkur á þá galla í þessari umræðu, hvorki í nefndinni né annars staðar — þá höfum við lagt til að eðlilegra væri að ráðast í endurskoðun laga um sjálfseignarstofnanir í staðinn þess að fara út í það órökstudda flan sem einkahlutafélag um háskólastofnun er að okkar mati. Við fluttum þess vegna breytingartillögu við frumvarpið sem því miður var felld í gær.

Við höfum bent á að algjört skilyrði fyrir starfi á háskólastigi sé að þar ríki skýrt og tryggt akademískt frelsi. Rektorar annarra skóla, sem reynsluna hafa, hafa fullyrt að sjálfseignarstofnunarformið sé hentugast til að tryggja það.

Þá höfum við bent á mikilvægi þess að áfram ríki valfrelsi í aðgengi að tækninámi, eins og mörgu öðru háskólanámi á Íslandi, að tækninámið verði ekki ein fárra greina tekin út úr opinberum skólum og sett í einkarekna háskóla gegn skólagjöldum. Við teljum að samhliða yrði að byggja upp og bjóða upp á tæknifræðinám við aðra skóla. Við höfum bent á Iðnskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands í því sambandi og undir það hafa bæði stjórnarliðar og stjórnarandstæðingar tekið, að það sé mikilvægt að sjá til þess að til framtíðar verði valfrelsi í tækninámi, að jafnrétti til náms ríki í tækninámi eins og flestu öðru námi á háskólastigi og því sé mikilvægt að ráðast í undirbúningsvinnu og athugun á hvernig því verði best fyrir komið í þeim skólastofnunum sem fyrir eru sem kenna skyldar greinar. Það er mjög áríðandi.

Við höfum kallað eftir framtíðarsýn stjórnvalda, hæstv. menntamálaráðherra, á hvert sé hlutverk hinna nýju háskóla til framtíðar. Háskóli Íslands er rannsóknarháskóli sem gert er að halda úti kennslu í ýmsum greinum, hvort sem það er gríska eða guðfræði, viðskiptafræði eða lögfræði, ekki einungis þeim greinum sem eru eftirsóttar og geta að einhverju leyti staðið undir sér með aðsókn nemenda og skólagjöldum heldur og öðrum greinum sem við teljum nauðsynlegt að kenna við íslenskan háskóla til að hann megi kallast alhliða og raunverulegur háskóli.

Hver er framtíðarsýnin, hvert er hlutverk þeirra skóla sem virðist eiga að byggja upp, annars vegar Háskólans í Reykjavík og Tækniháskólans sameinaðs og hins vegar Háskóla Íslands? Verður áfram um það að ræða að ekki verði tekin önnur gjöld í grunnnámi en felast í svokölluðum innritunargjöldum? Þetta er meginspurning sem hæstv. menntamálaráðherra verður að svara. Er þetta upphafið að skólagjaldavæðingu í íslensku grunnnám eða ekki? Þessum spurningum verður að svara og greina frá stefnumörkun stjórnvalda. Hvernig á að bregðast við þeirri mismunun sem skólarnir standa frammi fyrir varðandi eignarhald og

fjármögnun? Þetta eru allt stórar spurningar, um gjaldtöku, skólagjöld, rekstrarform, hlutverk skólanna og skilyrði til skólastarfs. Ef þessum spurningum verður ekki svarað má fullyrða að við stöndum á krossgötum í íslenskum skólamálum án þess að nokkur vegvísir sé til staðar.

Það verður að marka skýra stefnu. Hér á að stíga stór skref, bæði hvað varðar rekstrarform á háskólastofnunum og gjaldtöku af grunnnámi í háskólum. Þessum spurningum verður að svara skýrt í dag, við 3. umr. um þetta mál. Við höfum óskað eftir svörum, lagt fram eindregnar skoðanir okkar á málinu og reynt að ná samstöðu um það með breytingum sem gerðu okkur kleift að styðja það. En þeirri viðleitni okkar hefur ekki verið svarað að neinu leyti.

Þetta eru þær spurningar varðandi málið sem ég vildi koma á framfæri við hæstv. ráðherra við 3. umr.

[14:15]

Útbýting:

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, 604. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 903.

Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, 605. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 904.

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, 606. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 905.

Hreyfing sem valkostur í heilbrigðiskerfinu, 602. mál, þáltill. ÁRJ o.fl., þskj. 901.

Sala kristfjárjarðarinnar Utanverðuness, 504. mál, nál. félmn., þskj. 898; brtt. félmn., þskj. 899.

Skuldir eftir aldri, 498. mál, svar hagstrh., þskj. 896.

[14:16]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Farið hefur fram talsverð umræða um þetta þingmál við 1. og 2. umr. málsins. Nú er komið að lokasprettinum. Í stað þess að tíunda rækilega þau rök sem við höfum fært fram fyrir afstöðu okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vil ég vísa í greinargerð 2. minni hluta í menntamálanefnd, sem hv. þingmaður, fulltrúi VG í nefndinni, Kolbrún Halldórsdóttir, stendur fyrir. Ég vil einnig vísa í þann málflutning sem hún hefur haft uppi um málið við fyrri umræður.

Þetta mál fjallar um grundvallaratriði, fleiri en eitt. Það fjallar um hvort opna eigi á skólagjöld í námi á háskólastigi, almennu námi á háskólastigi í tilteknum skóla. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er andvíg því. Við höfum sett fram þingmál þar sem við leggjum til að svo verði ekki gert. Þetta mál fjallar um akademískt frelsi og stjórn háskóla. Þetta mál fjallar um ráðstöfun opinberra fjármuna því að tal um einkaskóla og ríkisskóla er að hluta til teoría, að hluta til akademísk umræða eins og stundum er sagt, vegna þess að í reynd snýst málið um ráðstöfun opinberra fjármuna, skattpeninga.

Mér fannst margt athyglisvert í ágætri ræðu sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson flutti um mismun á kostnaði ríkisskólanna af hálfu hins opinbera, sem styrkti einkaskólana með framlagi með tilliti til fjölda nemenda og fjármagnaði síðan óbeint skólagjöld með ódýrum lánum. Það er að vísu óbeinn stuðningur og stuðningur sem ég er síður en svo meðmæltur eins og ég gat um áðan en það er vert að hafa þetta í huga.

Mér finnst forsvarsmenn einkarekinna skóla stundum tala af nokkrum þjósti til okkar sem erum annarrar skoðunar en þeir um rekstrarform skólanna. Það er engu líkara en þeir telji eðlilegt að unnt sé að setja á fót skóla sem síðan eigi sjálftökurétt inn í skatthirslurnar. Auðvitað hljótum við að hugsa það mjög vel. Við sem erum eins konar fjárhagsmenn þjóðarinnar, sem ráðstöfum úr skattpyngju þjóðarinnar, hvernig það verði gert á sem markvissastan hátt þannig að peningarnir nýtist sem best. Þar hvílir mikil ábyrgð á okkar herðum. Það er út af þessu sem ég vil víkja orðum til hæstv. menntamálaráðherra, varðandi nýtingu skattfjárins.

Fyrst segi ég örfá orð um þær breytingar sem eru að verða á háskólaumhverfinu, ekki bara hér heldur á Vesturlöndum almennt. Að mörgu leyti standa háskólar á Vesturlöndum á tímamótum. Á 20. öldinni voru þeir að megninu til reknir af hinu opinbera, ríkinu. Í sumum tilvikum voru þeir reknir af sveitarfélögum eða þeir höfðu mjög sterka bakhjarla. Það þekkjum við vestan hafs, þ.e. svo sterka bakhjarla að þeir hugsuðu að sumu leyti á svipaðan hátt og hið opinbera. Skólarnir bjuggu við mikið sjálfstæði og voru í mörgum tilvikum og eru sjálfseignarstofnanir. Það er hin almenna mynd sem verið hefur á háskólaumhverfinu á Vesturlöndum fram á þennan dag.

Í skjóli þess öryggis sem ríkið, ríkisvaldið og skattborgarinn, hefur veitt þeim stofnunum hefur þrifist og dafnað það sem kallað hefur verið akademískt frelsi, þ.e. umhverfi sem er nokkuð sjálfrátt um það hvað það gerir. Efnahagslífið hefur síðan notið góðs af því. Í langtímarannsóknum hefur sitthvað komið upp á borðið sem hefur gagnast efnahagslífinu og fyrirtækjum sem þau hafa síðan iðulega tekið til sín og haldið rannsóknum áfram, stundum í samvinnu við háskólana, stundum á eigin spýtur. Það hefur verið góð samvinna milli hins opinbera og atvinnulífsins á þessum forsendum.

Nú er þetta að sumu leyti að breytast. Nú virðist eiga að hrófla við því fyrirkomulagi sem hefur boðið upp á langtímarannsóknir í akademísku umhverfi, akademísku frelsi sem kallað er. Menn virðast ætla að hrófla við því þar sem óþolinmóðari hugsun ryður sér til rúms. Menn eru farnir að hugsa á annan veg og vilja tengja rannsóknir atvinnulífinu þannig að það verði sýnt hverju sinni að það sem gert er innan veggja háskólans gagnist atvinnufyrirtækjum, gagnist viðkomandi í efnahagsstarfseminni núna.

Þetta er að sumu leyti skiljanleg afstaða og eðlilegt að fyrirtæki og atvinnulífið þrýsti á um þetta. En það er ekki þar með sagt að með því sé gætt hagsmuna heildarinnar þegar til langs tíma er litið. Í þessum anda er verið að búa til nýtt fyrirkomulag. Í stað þess að hugsa í stofnunum þá hugsum við í verkefnum og látum menn sanna sig gagnvart fjárveitingavaldinu, að verkefnið komi til með að gagnast samfélaginu, efnahagslífinu eða samfélaginu á einhvern hátt.

Þetta er að sjálfsögðu gott að því leyti að það hreyfir við værukærum stofnunum. Það getur hreyft við værukærum stofnunum. Mér finnst verkefni okkar að finna samspil þarna á milli, annars vegar að tryggja, stuðla að og styrkja akademískt umhverfi og hins vegar innleiða nýja hugsun

sem hvata eða leið til að hrista upp í umhverfinu.

Mér finnst ekki einsýnt hvernig eigi að gera þetta. Það er það sem við í stjórnarandstöðunni höfum kallað eftir, að við vöndum okkur við þessa umræðu. Mér fannst ræða hv. þingmanns Kristins H. Gunnarssonar góð vegna þess að hann spurði ýmissa grundvallarspurninga að þessu leyti.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum að rekstrarformið sem þarna á að taka upp sé ekki til góðs og ekki til að stuðla að þeim markmiðum sem við höfum talað fyrir. Ég ætla ekki að tíunda sjónarmið okkar nánar. Við höfum gert grein fyrir þeim og þau hafa komið rækilega fram. Ég vona að menn átti sig á því sem við höfum lagt áherslu á.

Ég ætla að beina spurningum til hæstv. menntamálaráðherra sem snúa að nýtingu fjármagnsins. Þegar maður les gögnin frá háskólamönnum eða þeim sem starfa í þessu umhverfi, í rekstrarumhverfinu innan þessara stofnana, þá hrekk ég sannast sagna svolítið við, þegar ég sé hve lítið mark er tekið á sjónarmiðum þeirra í mjög vel rökstuddu máli.

Menn spyrja t.d., í umræðunni um samkeppnina og samkeppnissjónarmið, hvort heppilegt sé til að skipuleggja háskólanámið á þeim forsendum annars vegar á eða hins vegar samvinnunnar, að styrkja tilteknar stofnanir til að gera vel. Þeir benda á hættuna af því að við förum að hokra á tveimur stöðum í stað þess að sameina krafta okkar. Menn segja að við eigum að horfa á þessa hluti í alþjóðlegu samhengi. Í stað þess að horfa á Tækniháskólann og Háskóla Íslands þá eigum við að horfa á Ísland og íslenskar menntastofnanir gagnvart umheiminum.

Fyrsta spurning mín til hæstv. ráðherra er: Hverju svarar hún þessu grundvallarsjónarmiði, sem sett er fram af hálfu háskólamanna í ýmsu formi?

Einnig hefur verið spurt hvort ráðherra sjái fyrir sér möguleika hins nýja skóla á að bjóða strax nám til meistaraprófs. Það er staðreynd að það hefur gengið illa fyrir Háskóla Íslands að bjóða rannsóknatengt meistaranám. Hv. þingmaður Kolbrún Halldórsdóttir rakti sögu þeirra mála innan háskólans við 2. umr., hvernig það hefði tekið breytingum á síðari árum og hve miklum erfiðleikum það hefði verið bundið að fá nægilegt fé frá fjárveitingavaldinu til náms af því tagi og til rannsókna almennt.

Ég get nánast af handahófi tekið sem dæmi að skorir í verkfræðideild Háskóla Íslands hafa sjö til átta fasta kennara. En til að halda uppi framhaldsnámi þyrfti að mati prófessora deildarinnar a.m.k. að tvöfalda þann fasta kjarna starfsmanna. Ég nefni þetta af handahófi úr þeim gögnum sem hafa verið reidd fram í þessu máli.

Ég vil leggja áherslu á þetta, að við erum í raun að dreifa kröftunum, í staðinn fyrir að gera hlutina verulega vel þá setja menn allt sitt traust á að samkeppni lítilla stofnana innan lands verði svo til góðs og það búi í henni svo mikill kraftur að hún yfirstígi og yfirvinni þá vankanta sem allir hljóta að viðurkenna að séu á því að hafa fjárhagslega óburðuga stofnun.

Ég vil heyra álit hæstv. ráðherra á þessari gagnrýni, að ríkisstjórnin fari með þessu illa með skattpeninga, það séu bara slæmir bisnessmenn sem ráðstafa peningum svo vitlaust í anda trúar sinnar á tiltekna hugmyndafræði, um samkeppni, um að samkeppni sé alltaf og undir öllum kringumstæðum til góðs. Menn ráðast í hana á öllum sviðum samfélagsins, jafnvel þótt sýnt sé fram á að hún leiði af sér hið gagnstæða.

Hæstv. forseti. Ég sagðist ekki munu hafa um þetta mörg orð. Við höfum gert rækilega grein fyrir sjónarmiðum okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við höfum flutt þingmál og talað fyrir því um að tryggja gjaldfrítt nám á þeim sviðum sem teljast til almenns háskólanáms. Við höfum lagst gegn því að breyta rekstrarformi stofnana sem eru fjármagnaðar af hinu opinbera á þann veg að þær séu gerðar að hlutafélögum. Við höfum fært fyrir því rækileg rök.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um málið en bíð spenntur eftir að heyra svör hæstv. menntamálaráðherra.

[14:31]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við í Frjálslynda flokknum munum sitja hjá við afgreiðslu þessa frumvarps. Við höfum sett fyrirvara við vinnubrögðin varðandi það og ég hef farið yfir þá áður. Mér finnst menn gera heldur mikið úr því að hér sé um mikinn mun á einkareknum og ríkisreknum skólum að ræða. Þessir skólar, hvort sem það er Háskólinn í Reykjavík eða Háskóli Íslands, eru meira og minna reknir fyrir opinbert fé. Það er ekki verið að fara í einn eða neinn einkarekstur þannig lagað nema stjórnunin breytist eitthvað.

Það er einmitt það sem við í Frjálslynda flokknum höfum sett spurningarmerki við: Hvað breytist við stjórnunina? Því hefur ekki verið svarað hér í umræðum hvernig skólayfirvöld, hlutafélagið Hástoð, muni tryggja akademískt frelsi. Það skiptir verulegu fyrir þá sem starfa þar að kenningar þeirra verði ekki dregnar í efa þegar þær eru settar fram, að menn gangi ekki bara erinda hluthafa í einkahlutafélaginu. Það skiptir verulegu máli að þetta sé tryggt. Það má gera með ýmsum hætti, svo sem að setja það í ráðningarsamninga viðkomandi sérfræðinga eða prófessora við stofnanirnar.

Það er annað sem við höfum sett spurningarmerki við, mismununin. Það er verið að opna á það að svokallaðir einkaskólar, eða einkareknir skólar sem eru í rauninni ekki einkareknir skólar því þetta er allt rekið fyrir meira og minna opinbert fé, hafi ákveðið forskot á svokallaða ríkisskóla. Það verður náttúrlega að skoða það og ræða með opnum hug hvernig eigi að taka á því máli.

Í þriðja lagi höfum við spurt hvort þetta sé endilega rétt sameining, hvort ekki hefði frekar átt að sameina í meira mæli deildir úr Tækniháskólanum inn í Háskóla Íslands og efla þannig raunvísindanám í landinu. Ég tel að þeirri spurningu sé enn að nokkru leyti ósvarað. Að vísu hafa menn talað um að liður í því væri að koma á einhverri samkeppni milli skólanna en það verður að hafa skýrt í huga að það er enginn hagur fyrir land og þjóð að vera með tvær stofnanir þar sem verkfræði er kennd sem kannski krefst mikils tækjabúnaðar ef hvorug stofnananna er fullburða í að sinna þeim verkefnum. Ísland er í samkeppni við útlönd, við megum ekki gleyma því.

Nú er komið að lokum umræðu um þetta frumvarp. Það er ljóst að sameiningin verður að veruleika. Þá finnst mér

vel við hæfi að óska þessum skóla alls hins besta og ég vona að hann nýtist landi og þjóð til góðra verka. (**Gripið fram í:** Bara jákvæður.)

[14:34]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Það hefur svo sem lítið nýtt bæst við í 3. umr. um þetta ágæta mál, frumvarp um afnám laga um Tækniháskóla Íslands, með síðari breytingum. Það eru þessar eilífu spurningar sem er margbúið að svara, þ.e. í fyrsta lagi hvers vegna menn séu á móti forminu og vilji endilega ehf.-formið í staðinn fyrir sjálfseignarstofnunarformið. Það er margbúið að svara þessu. Við héldum fund í menntamálanefnd í gær þar sem fulltrúar hins nýja skóla svöruðu enn og aftur spurningunum. Það er búið að gera glögga grein fyrir þessu máli, bæði skriflega og munnlega. Síðan er haldið áfram að höggva í sama knérunn og tala alltaf um sama málið eins og menn heyri ekki eða viti ekki neitt um það sem sagt hefur verið.

Í öðru lagi hefur verið talað um akademískt frelsi. Það var farið mjög vel yfir það á fundi menntamálanefndar í gær og skýrt hvernig þetta væri í Háskólanum í Reykjavík og hvernig það yrði í þessum nýja skóla, þ.e. það væri ákveðið í deildarráðunum þar sem kennararnir og nemendurnir eru. Það er hið akademíska frelsi. Það er alveg með ólíkindum að þetta komi alltaf aftur og aftur og samt er margbúið að svara þessu.

Talað hefur verið um að ekki séu nægilega góð skilyrði til skólastarfs í þessum nýja skóla. Þetta er alveg ótrúlegt.

Síðan er það náttúrlega varðandi skólagjöldin, menn eru á móti þeim. Spurning er um það hvort þessir einkaskólar, eins og Háskólinn í Reykjavík og Viðskiptaháskólinn á Bifröst, fái eitthvað umfram ríkisskólana. Þeir sitja við sama borð. Skólagjöld eða ekki skólagjöld, ég ætla ekki að fara að taka þá umræðu hér. Það er alveg ljóst að lán fæst fyrir skólagjöldum þar sem ríkið styrkir að hálfu eins og þekkt er og ég ætla ekki að fara að lengja umræðuna með því.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að ráðstafa bæri fjármunum á markvissan hátt. Það er nákvæmlega það sem verið er að gera með þessu, með einkaskólanum. Það er ekki út af engu. Það er áhugi meðal þessara aðila til að reka hér virkar menntastofnanir til að fólk geti menntað sig kannski í þeim greinum sem þessir aðilar standa að og vantar fólk í. Það er verið að gera þetta af hugsjónastarfsemi líka og í ákveðinni samkeppni við ríkið sem er af hinu góða.

Að lokum, virðulegi forseti, get ég ekki orða bundist út af skoðunum Frjálslynda flokksins í þessum málum. Á nefndaráliti meiri hlutans segir, með leyfi forseta:

„Sigurjón Þórðarson sat fundi (Gripið fram í.) nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu með fyrirvara.“ (Gripið fram í.)

Síðan kemur úr ræðu hans í 2. umr., þá er búið að breyta um kúrs og þá er þessi flokkur sem kennir sig við frjálslyndi kominn eitthvað annað. Hann er bara kominn á sama stað og Vinstri grænir. Með leyfi forseta ætla ég að lesa aðeins upp úr ræðu hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar sem er áheyrnarfulltrúi í menntamálanefnd. Þar segir:

„Engu að síður er vert að leggja þunga áherslu á það að Frjálslyndi flokkurinn vildi skoða sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík með opnum hug og leggja því lið að sú sameining yrði gifturík fyrir framtíð tækninams á Íslandi.“

Hann leggur áherslu á það. Nokkru seinna í ræðunni segir síðan hv. þingmaður:

„Það á að sameina Tækniháskólann og Háskólann í Reykjavík og ég tel vert að skoða það.“

Virðulegur þingmaðurinn er sem sagt alveg sammála þessu. Síðan kemur hér enn seinna í ræðunni, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi hefði mátt kanna með opnari hug sameiningu í frekari mæli við nám í Háskóla Íslands, en þar er fyrir verkfræði- og raunvísindadeild og veigamikil rök“ — eins og var talað alltaf um í þessari ræðu, þessi veigamiklu rök — „hníga í þá átt að þar næðust fram samlegðaráhrif sem gætu án efa eflt nám bæði í tæknifræði og verkfræði.“

Síðan vitnar hv. þingmaður í þetta sama, í sjálfseignarstofnun, og að einkahlutafélög séu af hinu vonda og síðan í þetta akademíska frelsi sem er margumtalað.

Í annarri ræðu sinni hér talar virðulegur þingmaður, með leyfi forseta, um þrjá möguleika:

„Sá fyrsti er að við hefðum lagt meiri áherslu á að kanna möguleika á frekari sameiningu við Háskóla Íslands. Ég tel ef sýnt hefði verið fram á það með frekari rökum þá hefði málið verið betur unnið.?

Síðan kemur akademíska frelsið. Það er Frjálslyndi flokkurinn, hv. þingmenn og virðulegur forseti, sem talar svona. Í einni og sömu ræðunni eru menn búnir að skipta um kúrs, 180°. Þetta er bara svona til ábendingar um hvernig málflutningur þessa ágæta stjórnmálaflokks er.

Ég tel að þetta hafi verið hið besta mál og auðvitað óskum við þessum nýja skóla velfarnaðar. Það er tímabært að afgreiða þetta mál og gefa þeim tækifæri til að kynna sig og halda áfram vinnu sinni.

[14:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Gunnar Birgisson, formaður menntamálanefndar, talar um einkaskóla í samkeppni við ríkið, segir að slíkt sé af hinu góða. Það sem var þungamiðjan í máli mínu var ríkið í samkeppni við ríkið, þ.e. við erum að tala um tvær stofnanir sem ríkið, skattborgarinn, fjármagnar. Deilan snýst um það, a.m.k. snýst þessi hluti hennar um það hvort ríkið, fjárveitingavaldið, ráðstafi fjármunum sínum á skynsamlegan hátt. Þá er ég að vitna í ummæli prófessora í verkfræði og margra aðila sem hafa tjáð sig um málið og þekkja til. Í stað þess að hokra á tveimur stöðum sem gæti orðið niðurstaðan af þessari ákvörðun ríkisstjórnarinnar væri nær að efla nám við verkfræðideild Háskóla Íslands þannig að við sem þjóð stæðum okkur í samkeppni við útlandið.

Sú er spurningin.

Þess vegna spyr ég þennan ágæta þingmann, hv. þm. Gunnar Birgisson sem hefur orð á sér fyrir að hafa góður bisnessmaður og þess vegna á móti einkaframkvæmd svo dæmi sé tekið, hvort hann sé ekki þarna kominn út á svolít-

ið hálar brautar. Er hann ekki að blása út af borðinu, svo að maður noti hugtök sem hv. þingmaður kannast svolítið við, röksemdir manna sem vel þekkja til?

[14:43]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Rétt til að svara því sem er inntakið í spurningu hv. þingmanns, að við ættum að hafa helst bara einn skóla á Íslandi til að við gætum keppt við skóla erlendis, er ég algjörlega á móti því. Við erum ekki fjölmenn þjóð og varast ber að hafa of marga háskóla, það er alveg laukrétt, en samt tel ég að fleiri en einn skóli þurfi að vera með hverja grein. Það þarf að vera möguleiki á að taka sömu greinina í tveimur skólum. Samanburður og samjöfnuður af öllu þessu er af hinu góða. Það eru ónefndar greinar sem er farið að kenna í öðrum háskólum, bæði í Reykjavík og vestur á landi í samkeppni við Háskóla Íslands, og ég held að það hafi orðið báðum til góðs. Ég held að náminu hafi fleygt fram og þá verður einhver framþróun. Í þessu ríkisapparati, ef þetta á að vera bara einn ríkisskóli, erum við að tala um ákveðna stöðnun.

Ég er líka sammála hv. þingmanni í því að auðvitað verðum við að standa á verði gagnvart samkeppni við útlönd. Eins og ég sagði í mínum fyrri ræðum er þetta allt annað en það var. Heimurinn er orðinn langtum minni en hann var fyrir 10 árum eða 20 árum, eða 30 árum þegar við hv. þingmenn vorum við nám í Edinborg sem þá var talið mikið ferðalag. Nú tekur klukkutíma og 45 mínútur að fljúga yfir og ekki nema dagpartur farinn.

Ég held að við séum að tala um gjörólík mál hér. Bæði fjarnám og aðrir möguleikar breyta þessu gjörsamlega. Ef við værum að tala hér eftir 10 ár værum við með allt aðra stöðu, með möguleika nemenda hér til að stunda nám við háskóla í Þýskalandi, Japan eða Bandaríkjunum, og enn eftir 20 ár getur verið að uppi verði enn önnur staða.

[14:45]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst það sem hv. þm. Gunnar Birgisson sagði nú í rauninni styrkja málstað minn. Það er alveg rétt sem hann segir, það er orðið minna mál en áður var í ýmsu tilliti að sækja nám til útlanda. Þó að mér finnist það geta verið mjög góður hlutur, að menn sæki nám sitt út fyrir landsteinana, erum við engu að síður sem betur fer að færa út kvíarnar í íslenskum menntastofnunum. Nám sem áður var stundað erlendis er núna hægt að stunda hér á landi. Þannig hefur verkfræðinámið t.d. verið að eflast. Í skorum verkfræðideildar eru 7–10 fastir kennarar og þeir sem þar til þekkja segja að samkvæmt gögnum sem liggja fyrir nefndinni þyrfti að tvöfalda þennan kjarna til að við gætum af einhverju viti sinnt góðu rannsóknanámi.

Þess vegna, einmitt í ljósi vaxandi samkeppni við útlönd og auðveldara aðgengis manna að námi við erlenda háskóla, þurfum við að verja (Forseti hringir.) fjármunum okkar skynsamlega. Ég held að við séum ekki að því.

[14:46]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er svo sem sama spurningin og sama tuggan hjá virðulegum hv. þingmanni.

Varðandi síðan rannsóknirnar, að við ættum að hafa þær á einum stað til að geta keppt við rannsóknaverkefni erlendis, má það kannski satt vera en með því gífurlega aukna fjármagni sem er verið að setja í rannsóknir held ég að það sé rúm fyrir fleiri en einn háskóla til að stunda þær.

Það er oft sagt í þessu að betur sjá augu en auga og því fleiri sem koma að þessu, vísindamenn, því betra. Það er ekki verið að tala um að breiða stofnanir út um allt Ísland en við erum að tala um að þessi formun sem er á háskólasamfélaginu á Íslandi í dag sé afar góð, held ég.

[14:47]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ákaflega erfitt að rökræða við mann sem veit ekkert hvað stendur í nefndaráliti sínu eða hefur takmarkaða hugmynd um það. Hann virðist t.d. ekki vita hverjir samþykktu þetta nefndarálit. Ég var að leita að nafninu mínu í því og ég finn það ekki. Hv. þm. Gunnar I. Birgisson vitnar þó ítrekað í það og ég hef bara ekki séð það.

Það er alveg ótrúlegt að maðurinn skuli leyfa sér að vera með svona þvætting. Það lýsir því hvernig vinnubrögðin hafa jafnan verið, og málflutningur hv. þingmanns. Svo leyfir hann sér að snúa út úr ræðu minni. Mér var skapi næst að lesa hana upp í heilu lagi á ný en ætla að láta hjá líða að gera það. Það getur þó vel verið að þess þurfi til að koma honum í skilning um hvað stendur raunverulega í ræðunni.

Það sem er alvarlegt er að þegar maður flytur hér ræður er hv. formaður menntamálanefndar ekkert á staðnum. Hann er bara einhvers staðar úti í bæ að malbika eða horfa á box. Ég veit ekki hvað hann var að gera. Náttúrlega hefði verið eðlilegast að formaður nefndarinnar væri hérna, tæki efnislega umræðu um málið og reyndi að svara þeim spurningum sem væru bornar upp.

[14:49]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er gamalt íslenskt máltæki að sannleikanum verði hver sárreiðastur. Það má eiginlega segja að það sannist á hv. þingmanni.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson er áheyrnarfulltrúi í menntamálanefnd. Í gær fór hann þó út af fundinum og vildi ekki heyra rök eða svör þeirra gesta sem þar voru fyrir en hann var samt samþykkur áliti nefndarinnar (**Gripið fram í:** ... í nefndunum.) með fyrirvara, stendur hér á bls. 4, þú verður nú að kunna að lesa þetta. Ég var ekki að gera annað en að vitna í ræðu sem ég fékk útprentaða, las bara hér orðrétt upp úr ræðu hv. þingmanns. (**Gripið fram í:** Þú ert með gamalt nefndarálit.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti beinir því til hv. þingmanna að þeir veiti ræðumanni frið til að ljúka ræðu sinni.)

Þetta er nú þannig, virðulegi forseti, að þeir eru svo frjálslyndir í Frjálslynda flokknum varðandi ræður og ann-

að að það kemur ekkert á óvart í þessu.

Burt séð frá öllu er náttúrlega mjög erfitt að svara þessum stóryrðum hv. þingmanns. Þetta er hér allt saman sem hv. þingmaður getur fengið sér til glöggvunar, útprentun á eigin ræðu og lesið hana og séð hvað stendur í henni. Í öðrum hluta ræðunnar er hann þarna og í hinum hlutanum er hann kominn hingað, og þá er hann ekki orðinn frjálslyndur lengur.

[14:51]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er eiginlega óhjákvæmilegt að fara í örstutt andsvar við hv. þm. Gunnar Birgisson, formann menntamálanefndar, vegna þess að það er með ólíkindum hvernig hv. þingmaður hefur hagað orðum sínum í umræðu um þetta stóra og mikla mál. Hv. þingmaður kemur ítrekað upp í ræður og fullyrðir að alltaf sé verið að spyrja sömu spurninganna og það sé búið að svara öllum þessum spurningum margoft. Það vill þó svo til að það hefur ekki verið gert. Við þeim grundvallarspurningum sem bornar hafa verið upp — og ég ætla aðeins að halda mig við eignaformið — hafa engin svör borist. Að vísu kemur fram í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar að það sé munur á t.d. forminu við Háskólann í Reykjavík sem nú er rekinn sem sjálfseignarstofnun og svo við hinn nýja háskóla sem þarna eigi að reka. Þar eru þrír aðilar í stað eins og það er náttúrlega augljóst mál að þau rök eru eftirárök. Það eru engin rök fyrir því að einhver breyting verði á rekstrarforminu við það að þrír aðilar standi að þessu, enda er einn áfram langstærstur.

Svör við þessu hafa ekki borist nægjanleg til þess að hægt sé að skilja af hverju menn gera þessa tilraun. Það er búið að margfara yfir það í umræðum hvaða hættur geta verið þessu samfara. Það er hins vegar ljóst, og við hljótum að draga þá ályktun meðan það er ekki hrakið — ég hef sagt það áður — að það er eðlilegt að þeir aðilar sem koma að þessum rekstri, þeir sem þekkja hlutafélagaformið vel, hafi áhuga á því að noti það við rekstur skólans. Það er mjög eðlilegt. Hins vegar sýnist mér í þessu ferli skorta á að leiðbeiningar hafi komið úr menntamálaráðuneytinu varðandi það hvaða hefðir ríkja við rekstur háskóla. Háskólar eru ekki eins og hvert annað venjulegt fyrirtæki úti í bæ. Þess vegna ætla ég ekki að spyrja hv. þingmann nokkurrar spurningar heldur eingöngu ítreka það að þrátt fyrir margendurteknar yfirlýsingar um það að svör hafi borist (Forseti hringir.) hafa svörin ekki borist.

[14:53]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Kemur nú enn og aftur þessi spurning um eignaformið, þ.e. hvort það eigi að vera sjálfseignarstofnun eða hlutafélag. Það er búið að fara margoft yfir þetta og við erum bæði búin að fá munnleg svör og skrifleg frá aðilum þessa nýja, óstofnaða skóla við því hvers vegna þau völdu ehf.-formið í stað sjálfseignarformsins. Þau studdu það með gildum rökum að mínu mati og meiri hluta nefndarinnar. Þessi hlutafélög eru svokölluð, ef það má sletta, virðulegi forseti, „non-profit" félög þar sem hagnaðurinn er ekki greiddur út úr félaginu. Ef hann verður til verður hann til uppbyggingar á áframhaldandi starfi félagsins, þ.e. það fólk sem stofnar þetta félag í kringum rekstur á menntastofnun við háskóla gerir það af góðum hug, ekki í ágóðaskyni eins og stjórnarandstæðingar hafa hér hvað eftir annað gefið í skyn.

Mér þykja það kaldar kveðjur til þeirra sem eru að stofna hér skóla, einkaskóla. Orðið má bara ekki heyrast, þá er ýjað að því að menn séu að græða á nemendum og annað slíkt. Þetta er alveg skelfilegt, virðulegi forseti.

Ég er ekki að segja að sjálfseignarstofnunarformið sé eitthvað slæmt. Það var val þeirra aðila sem standa að þessum skóla að hafa hlutafélagaform. Þeir töldu það betra eftir að hafa íhugað málið. Slík dæmi eru til annars staðar. Önnur menntastofnun hér á landi er rekin með svipuðu formi og hefur gefist vel.

[14:55]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg örugglega rétt hjá hv. þingmanni, og enginn held ég hér í umræðunum hefur efast um það, að þeir aðilar sem koma að rekstri þessa nýja háskóla geri það af góðum hug. Það held ég að sé ekki nokkurt vafamál.

Hins vegar staðfesti hv. þingmaður nákvæmlega það sem ég var að segja áðan, að það hafi verið vilji rekstraraðilanna og ég hef sagt áður að ég telji eðlilegt að þessir aðilar hafi viljað hafa þetta form á. Hv. þingmaður staðfesti að engar leiðbeiningar eða óskir hefðu komið fram frá fulltrúum almannavaldsins um þessa samningagerð. Það er þar af leiðandi staðfesting á því sem ég hef haldið hér fram, að þetta hafi verið hugur þeirra sem að þessu máli komu en síðan hafi skort algjörlega á nokkurn áhuga, leiðbeiningar eða yfir höfuð kröfu um það í hvaða formi þetta væri rekið.

Hv. þingmaður segir að það eigi að reka þessar stofnanir án hagnaðar. Hefðin í okkar landi er sú að sjálfseignarstofnanir séu reknar þannig. Ef hins vegar einhver galli er á sjálfseignarstofnunarforminu er eðlilegt að menn komi með tillögur um einhverjar breytingar á lögum sem um það gilda. Við höfum ekki heyrt eitt einasta atriði um það og hv. þingmaður staðfestir í raun og veru að það form sé hið besta.

[14:56]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Gunnar Birgisson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Einkaaðilar sem eru í slíkum rekstri þurfa ekki að fá leiðbeiningar frá ríkisvaldinu í slíku. Ég harma ummæli hv. þingmanns hér við 2. umr. málsins þar sem hann sagði að ef Samfylkingin kæmist til valda í þessum málaflokki yrði lögunum snarlega breytt og þessu formi breytt úr hf.- í sjálfseignarstofnunarform með lögum (**Gripið fram í:** Hótanir.) og var með hótanir sem eru enn þá kaldari kveðjur til þess fólks sem stendur í þessu máli. (**Gripið fram í:** Ég vil ...)

Ég óska málinu velfarnaðar og þessum nýja skóla og tel umræðurnar vera orðnar ágætar.

[14:57]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Við lok 3. umr. vil ég þakka þingheimi og öllum þingmönnum fyrir góða umræðu hér í dag og líka við fyrri umræður um þetta afar mikilvæga mál sem varðar sameiningu Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Það er ekkert óeðlilegt að menn hafi skiptar skoðanir á jafnstóru máli og þessu og finnst mér þingmenn allir hafa farið mjög vel yfir málflutning sinn og þar með rökstuðning.

Engu að síður eru nokkrar spurningar í þessari umræðu sem var beint til mín og mun ég svara þeim eftir fremsta megni en ég vil einnig undirstrika að mörgu af því sem hefur verið sett fram hér hef ég þegar svarað bæði við 1. og 2. umr. Í rauninni má taka undir orð hv. þm. Gunnars I. Birgissonar, formanns menntamálanefndar, mörgu af því sem var sett fram hér í dag í spurnarformi hefur þegar verið svarað, margoft veit ég á vettvangi menntamálanefndar, til að mynda í gærmorgun þegar rektor Háskólans í Reykjavík og fleiri komu á fund menntamálanefndar. Þar var mörgum spurningum svarað eins og varðandi rekstrarformið.

Rétt aðeins varðandi rekstrarformið, ég tel að það hafi sérstaklega verið undirstrikað að það komi ekki til með að verða nein ógnun við hið akademíska frelsi og það er kannski kjarni málsins í sambandi við alla þessa umræðu, þ.e. þetta traust sem menn bera til stjórnenda háskóla, hvort sem stjórnendur háskóla eru undir sjálfseignarstofnunarfyrirkomulagi eða einkahlutafélagsformi eins og hinn nýi háskóli kemur til með að starfa. Velgengni, framfarir og velsæld hins nýja háskóla kemur auðvitað til með að velta á því hvort hið akademíska frelsi verði virt. Þetta vita stjórnendur hins nýja háskóla og leggja mikla, þunga og ríka áherslu á að hið akademíska frelsi komi til með að ríkja innan þessa nýja og öfluga háskóla. Þetta snýst allt um traust, líka traust af hálfu stjórnarandstöðunnar til þeirra sem stjórna hinum nýja háskóla.

Ég ber nákvæmlega sama traust til stjórnenda hins nýja háskóla og annarra háskóla hér á landi, hvort heldur það eru ríkisháskólar eða aðrir háskólar eins og Viðskiptaháskólinn á Bifröst sem hv. þingmaður Björgvin G. Sigurðsson vitnaði til, en dregið var fram að rektor þess háskóla, og flokksfélagi hv. þingmanns, telji að sjálfseignarfyrirkomulagið sé hið eina sanna og rétta. Það er ekki slæmt fyrirkomulag en ég tel engu að síður að einkahlutafélagsformið komi til með að standa fyrir sínu og leiði til þess að það verði mjög öflug menntastofnun sem starfi undir þeim formerkjum sem hinn nýi háskóli kemur til með að gera. Þetta snýst allt um traust og að sjá samhengi hlutanna. Menn átta sig alveg á því þar að akademískt frelsi er nauðsynlegt fyrir þann háskóla ef *hann ætlar að fá til sín nemendur. Það sem veltur á hjá honum* er að laða til sín nemendur og ef menn sjá að ekki er rétt staðið að málum á þeim bæ fara menn einfaldlega annað. Af hverju geta menn farið annað? Menn geta farið annað af því að komin er á samkeppni í háskólanámi hér á landi. Margir háskólar eru komnir til sögunnar. Eins og margoft hefur verið ítrekað af minni hálfu dettur slík samkeppni og fjölbreytni í háskólamálum ekki af himnum ofan heldur verður einfaldlega til vegna skýrrar pólitískrar stefnu með það að markmiði og leiðarljósi að fjölga tækifærum ungs fólks til háskólamenntunar. Því miður verður það að segjast eins og er að við í stjórnarflokkunum höfum staðið ein að þeirri stefnumörkun því ljóst er að ekki hafa allir haft sömu sýn og við og þann pólitíska kjark sem þarf til að segja: við látum fjármagnið fylgja hverjum nemanda. Við sögðum það ótrauð og gerum það enn.

Ég vil drepa á nokkur atriði sem komið hafa til umræðu í dag, m.a. af hálfu hv. þm. Ögmundar Jónassonar þar sem hann fór á mjög athyglisverðan hátt yfir þá hugsun hvert fjármagnið væri að fara og ræddi m.a. hvort fjármagnið færi ekki þangað sem atvinnulífið vildi. *Ég sé ekkert því til* fyrirstöðu. Svipaða ræðu hélt hv. þingmaður á sínum tíma þegar við ræddum stofnun vísinda- og tækniráðs. Ég man að þá kom hv. þm. Ögmundur Jónasson fram með efasemdir um að það væri rétt leið, m.a. í ljósi þess að grunnrannsóknirnar mundu hugsanlega líða fyrir það að vera í svokallaðri samkeppni við hagnýtar rannsóknir því að atvinnulífið og fjármagnið mundu beina kröftum sínum inn í hinar hagnýtu rannsóknir.

Hvað hefur komið á daginn? Það sem komið hefur á daginn er að vísindanefnd hefur einmitt styrkt grunnrannsóknir í úthlutunum sínum. Öll þessi tortryggni hv. þm. Ögmundar Jónassonar í garð nýs fyrirkomulags átti ekki við rök að styðjast *á sínum tíma. Það sama á auðvitað við í* þessu máli, við verðum að bera traust til þeirra sem standa að þessum háskóla og átta okkur á að við erum ekki að dreifa kröftunum, eins og var kannski útgangspunkturinn hjá hv. þingmanni, heldur erum við að reyna að efla háskólasamfélag okkar, reyna að styrkja það um leið og við erum líka að reyna að auka samkeppnina, samkeppni sem hefur leitt af sér gríðarlega góða og merka hluti, til að mynda á sviði lögfræði. Ég vil ekki meina að það séu of margir háskólar sem kenna lögfræði eða sjá um að útskrifa kennara, síður en svo. Ég held að þetta sé allt af hinu góða. Við verðum líka að hafa í huga forsöguna að þessu máli sem er m.a. sú að Tækniháskóli Íslands og Háskólinn í *Reykjavík komu að máli við okkur í ráðuneytinu með svip*uð markmið, svipaðan metnað í huga, þ.e. að efla tækninám, efla verkfræðinám hér á landi. Þess vegna var afar eðlilegt að skoða hvort þessir háskólar gætu unnið saman og enn betra ef þeir gætu sameinast. Þetta var m.a. ein af þeim ástæðum sem varð til þess að við erum að ræða þá niðurstöðu sem við erum að gera í dag.

Ég hef líka fengið fyrirspurnir varðandi nýtingu fjármagnsins og efasemdir um að til sé nægjanlegt fjármagn vegna fjölgunar meistaranema. Það er alveg ljóst að það þarf að efla og auka meistaranám hér á landi og við höfum verið að gera það á undanförnum árum. Háskóli Íslands hefur í mjög ríkum mæli farið út í það að fjölga meistaranemum innan síns geira og það er afar jákvætt. Ég vil minna á að um þetta er samið í kennslu- og rannsóknarsamningum á milli Háskóla Íslands og ráðuneytisins. Það er síðan Háskóla Íslands, sem er sjálfstæður háskóli, að dreifa fjármagninu innan síns ramma, inn í deildirnar eins og hann telur réttast að beina því. Háskóli Íslands hefur mikið sjálfstæði í þeim efnum og sérstaklega í gegnum það dreifilíkan sem hann styðst við innan síns ramma.

Rétt aðeins út af sportakademíunni og varðandi þann

þátt sem snertir íþróttakennaramenntunina og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom inn á. Þar er um svokallaða lýðheilsugrein að ræða sem hinn sameinaði háskóli Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands kemur til með að standa fyrir. Ég lýsti því yfir strax við 1. umr. að ég sé ekki að þetta sé nein ógnun við Kennaraháskóla Íslands og íþróttadeildina innan hans, síður en svo, heldur miklu frekar að það sama gerist þar og gerst hefur t.d. í Háskóla Íslands þegar greinar hafa fengið samkeppni að þær komi til með að eflast. Ef eitthvað er þá eigum við eftir að sjá enn fjölbreyttari flóru á sviði íþróttakennaramenntunar, enda er sá markaður í rauninni mjög að breytast. Við sjáum fram á mikla og aukna þörf á ýmsum sviðum varðandi fræðslu t.d. innan heilsuverndarinnar og almannaþjónustunnar. Það er kallað eftir fólki með aukna menntun á sviði lýðheilsu og ég held að þessi nýi háskóli komi til með að svara þeim þörfum með ágætum.

Ég held að ég hafi farið nokkurn veginn yfir þær vangaveltur sem komu fram og þær spurningar sem til mín var beint í umræðunni áðan. Það er ljóst að við stöndum á ákveðnum tímamótum. Við höldum áfram að þróa og efla okkur á sviði háskólamála, við höldum menntasókn okkar áfram. Því er þetta í rauninni mikill gleðidagur fyrir okkur, hæstv. forseti, og ég þakka þingheimi enn og aftur fyrir ágæta umræðu í þessu merkilega og góða máli.

[15:07]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Örstutt varðandi tengingu rannsókna við háskóla og atvinnulífið. Ég er að sjálfsögðu mjög fylgjandi því að þau tengsl séu sem allra best. Ég hef hins vegar talað fyrir því að langtímarannsóknir í akademísku umhverfi gagnist efnahagslífinu og fyrirtækjum mjög vel og hafi gert það þegar til langs tíma er litið. Sama er um breytingar á fyrirkomulagi við ráðstöfun opinbers rannsóknarfjár. Hæstv. ráðherra sagði að varnaðarorð sem hér voru höfð uppi hafi ekki reynst rétt og spurði hvað hefði komið á daginn. Það hefur ekkert komið á daginn. Við erum að tala um breytingar sem verður að skoða í langtímasamhengi. Við getum ekki metið útkomuna nema á miklu lengri tíma.

Varðandi þungamiðjuna í málflutningi mínum þá er rétt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að auk andstöðu okkar við skólagjöld og að beina skattpeningum borgaranna til fyrirtækja á markaði, hlutafélaga á markaði, við höfum miklar efasemdir um það, þá teljum við líka að menn séu ekki að ráðstafa skattpeningum á skynsamlegan hátt. Menn hafa bent á að við séum í rauninni að búa til fyrirkomulag þar sem hokrað er á mörgum stöðum í stað þess að efla nám á einum eða fáum stöðum þannig að við stöndum betur að vígi í samkeppni við útlönd. Mér finnst hæstv. ráðherra og hv. formaður menntamálanefndar ekki hafa fært sannfærandi rök fyrir þessu. Mér finnst ekki hafa komið sannfærandi rök frá þeim um að við séum að ráðstafa peningum á skynsamlegan hátt.

[15:09]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég var að reyna að draga fram var að sú hræðsla sem hv. þingmaður hafði á sínum tíma í garð atvinnulífsins við að tengja það í ríkari mæli við rannsóknir og háskólastarfsemi átti ekki við rök að styðjast, því það hefur komið á daginn að það er ekki síður verið að styðja við grunnrannsóknir en hagnýtar rannsóknir miðað við þær úthlutanir sem við höfum nú þegar séð og sjáum fram á á næstu missirum.

Hv. þingmaður talaði líka um það í ræðu sinni áðan að ríkið væri slæmur bisnessaðili þegar kæmi að háskólamálum. Ég er því auðvitað algerlega ósammála því hvað erum við að upplifa í dag? Það hafa aldrei verið fleiri háskólanemar í háskólanámi á Íslandi, aldrei fleiri háskólar, aldrei fleiri námstækifæri fyrir fólkið okkar og aldrei höfum við staðið betur í samkeppninni gagnvart alþjóðasamfélaginu en nú. Það sýna allar tölur hvar sem borið er niður, hvort sem vitnað er í tölur OECD eða annarra samtaka. Ég get því ekki tekið undir að það sé slæmt að auka fjármagn til háskóla eins og við höfum verið að gera í ríkum mæli. Í rauninni höfum við hlutfallslega aukið fjármagn til háskólamála hraðar en nokkrar aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við.

[15:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri fróðlegt að fara nánar við betra tækifæri yfir þessar tölur sem ég hef ákveðnar efasemdir um vegna þess að þegar menn telja fram rannsóknarfé þá er það gert á margvíslegan hátt en það er umræða sem bíður betri tíma.

Ég er ekki hræddur við tengsl við atvinnulífið, milli rannsóknarstofnana eða háskóla og atvinnulífsins, síður en svo. Ég vil hins vegar hafa það í farvegi sem gagnast samfélaginu og atvinnulífinu sem allra best. Ég var að reyna að færa rök fyrir máli mínu og þá með tilliti til mikilvægis grunnrannsókna á vegum hins opinbera. Ég var að vara við þeim skammtímasjónarmiðum sem óhjákvæmilega eru ráðandi hjá fyrirtækjum sem þurfa að hrærast í dagsins önn. Það er umræða sem fram fer í Bandaríkjunum og víðar. Nýlega var birt skýrsla þar sem aðilar úr atvinnulífinu bentu á að menn hefðu gengið á þá þekkingarsjóði sem það fyrirkomulag (Forseti hringir.) sem rannsóknir hafa búið við hafa skapað vegna þeirra skammtímasjónarmiða (Forseti hringir.) sem verið er að innleiða hér eins og vestan hafs.

(**Forseti** (SP): Forseti vekur athygli á því að hv. þingmenn hafa skemmri ræðutíma þegar svo margir veita andsvar.)

[15:12]

Frsm. 1. minni hluta menntm. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi inna hæstv. ráðherra eftir einu. Það kom skýrt fram í umræðum á Alþingi í fyrra að ekki væri í vændum stefnubreyting að því er varðar gjaldtöku á grunnnám á háskólastigi. Nú er verið að taka út eina tiltekna grein og setja hana inn í einkarekinn skóla gegn skólagjöldum. Hvernig verður brugðist við því? Markar þetta tímamót er varðar gjaldtöku á grunnnám á háskólastigi? Verða viðbrögðin þau að koma á laggirnar tæknínámi við annan opinberan skóla til að tryggja valfrelsi og jafn-

rétti til náms í tækninámsgreinum? Eða markar þetta þau skil að skólagjaldavæða eigi grunnnám á háskólastigi almennt og þá sérstaklega í ljósi þess sem fram kom í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að lántaka nemenda fyrir skólagjöldum í gegnum Lánasjóð íslenskra námsmanna er að hálfu leyti niðurgreidd af ríkinu og því hægt að færa sannfærandi rök fyrir því að nemendagreiðslur hins opinbera til hinna einkareknu skóla séu þar af leiðandi töluvert hærri en til opinberu skólanna? Verður opinberu skólunum bættur þessi munur að einhverju leyti?

Það eru þessar þrjár spurningar: Markar þetta skil er varðar skólagjaldtöku á grunnnám á háskólastigi, verður hún almenn og í opinberu skólunum? Hvernig verður með framlögin í gegnum LÍN, verður opinberu skólunum bættur þessi munur að sama marki? Verður valfrelsi og jafnrétti til tækninams tryggt með því að koma á laggirnar námsgrein við opinbera skóla eins og Háskóla Íslands eða Iðnskólann í Reykjavík?

[15:14]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef svarað öllum þessum spurningum, m.a. við 2. umr., en það er ljóst að það þarf að ítreka þetta í annað, þriðja eða jafnvel fjórða sinn fyrir hv. þingmanni. Það er engin breyting á stefnu stjórnvalda varðandi skólagjöldin. Við erum ekki að fara að taka upp skólagjöld á grunnnám á Íslandi. Ég vil hins vegar undirstrika þann samanburð þegar menn tala um að nú sé hinn nýi sameinaði háskóli byrjaður að taka skólagjöld á grunnnám og bent m.a. á Listaháskóla Íslands að það er sjálfseignarstofnun sem rekin er m.a. fyrir stuðning ríkisins. Við höfum ekki talað um að það sé neitt misrétti til náms eða ójafnrétti til náms hvað varðar listnámið. Þar eru borguð skólagjöld upp á 160–170 þúsund og það hefur engin umræða verið um að það hafi ógnað hinu svokallaða jafnrétti til náms. Stefna stjórnvalda í þessum málum er algerlega óbreytt, enda munum við taka umræðu um hana ef henni á að breyta. Það er alveg ljóst.

[15:15]

Frsm. 1. minni hluta menntmn. (Björgvin G. Sigurðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar ekki að beita sér fyrir því að hafin verði frekari skólagjaldtaka á grunnnám á háskólastigi enda er ég persónulega andvígur því að við eigum að innleiða skólagjöld á grunnnám á háskólastigi. Ég tek því undir og fagna því að þessi aðgerð, þ.e. að tækninámið verði einungis til boða í einkareknum skóla gegn skólagjöldum, sé ekki stefnumörkun eða tímamót hvað það varðar.

Það mál sem við ræðum tekur til ýmissa grundvallarþátta eins og við höfum rætt um áður en ég spurði hæstv. ráðherra annarrar spurningar: Leiðir þetta til þess að til að við tryggjum valfrelsi og aðgengi að tækninámi og brjótum ekki á jafnrétti til náms í tæknigreinum að farið verði af stað með a.m.k. skoðun við að hefja kennslu í tæknigreinum við annan skóla, opinberan skóla þannig að tæknigreinarnar lúti sömu lögmálum og flest annað háskólanám á Íslandi? Ég nefndi sérstaklega Háskóla Íslands og Iðnskólann í Reykjavík. Ýmsir kostir bjóðast, auðvitað eru þeir fleiri. Verður þetta skoðað af fullri alvöru og er vilji til þess, eins og fram kom t.d. hjá þingmönnum Framsóknarflokksins?

[15:16]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er reiðubúin að svara þessu í fimmta eða sjötta skipti en ég ræddi þetta líka bæði við 1. og 2. umr. í þessu máli. Það er alveg ljóst að menntamálaráðuneytið mun ekki frekar en fyrri daginn standa í vegi fyrir því að háskólar hvort sem það eru ríkisháskólar eða aðrir háskólar taki upp nám sem þeir háskólar kjósa að forgangsraða ef þeir forgangsraða innan þess ramma sem þeir síðan búa við samkvæmt fjárlögum. Auðvitað höfum við fjárlög sem við förum eftir og síðan eru ákveðnir kennslusamningar sem við vinnum eftir. Ef háskólarnir kjósa að forgangsraða málum þannig að þeir setja tækninám á oddinn þá munum við ekki standa í vegi fyrir því svo lengi sem þeir gera það innan síns ramma.

[15:17]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka spurningu sem ég bar fram í umræðunni um hvaða áform væru uppi af hálfu hæstv. menntamálaráðherra til þess að jafna þann mun sem er á fjárveitingum fyrir kennslu í skólum sem ekki eru ríkisháskólar borið saman við þá, munurinn nemur skólagjöldunum sem ríkið er svo að fjármagna gegnum lánasjóðinn. Þessir skólar eiga að keppa innbyrðis um nemendur í sama eða skyldu námi og það sér hver maður að ríkisháskólarnir standa illa að vígi í slíkri samkeppni.

Mig minnir að kostnaður ríkisins við einn háskólanema sé um 600 þús. kr. á ári. Þegar sú fjárhæð er hækkuð um 200 þús. eða jafnvel 400 þús. kr. á ári til viðbótar sér hver maður hvað munurinn er mikill á því fjármagni sem háskólinn sem ekki er ríkisháskóli hefur undir höndum umfram hinn.

Í öðru lagi spurði ég hæstv. ráðherra hvort áform væru uppi um að breyta fleiri skólum sem eru í dag í eigu ríkisins í skóla sem ekki verða í eigu ríkisins, annaðhvort með sölu eða með því að færa frá þeim nám sem þar er yfir til annars skóla sem ekki er ríkisháskóli og gera þannig skólum kleift að taka upp skólagjöld. Ég spyr hvort frekari áform eru um að ganga áfram á þeirri braut sem þetta frumvarp er á.

Að lokum, virðulegi forseti, spurðist ég fyrir um umfang þess náms sem á að vera í Reykjanesbæ en ekki komu svör við því. Við 1. umr. málsins nefndi hæstv. menntamálaráðherra að þetta væri kennsla í íþróttafræðum en við 2. umr. heitir þetta menntun í lýðheilsu, sem ég hygg að sé ekki alveg það sama og hið fyrra. Mig langar að fá nánari skýringar á því hver áformin eru og að hve miklu leyti það skarast við Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni.

[15:20]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi spurningar hv. þingmanns er

hægt að nálgast þessa hluti frá mjög mismunandi sjónarhornum, hversu há framlög háskólarnir fá fyrir hvern nemanda. Menn í háskólasamfélaginu eru ekki sammála um hversu há framlög fylgja hverjum nemanda. Það fer eftir því hvort menn taka rannsóknirnar inn eða ekki. Það er því ekki hægt að bera þetta svona saman, hæstv. forseti, að taka einungis kennsluþáttinn, því það voru á sínum tíma mjög veigamikil rök að ríkisháskólarnir hafa yfir umtalsverðu rannsóknarframlagi að ráða sem kemur auðvitað til með að hækka framlag ríkisins á hvern nemanda miðað við hina svokölluðu einkaháskóla eða sjálfstæðu háskóla. Það er því ekki hægt að bera þetta svona saman og í rauninni má segja að verið sé að bera saman epli og appelsínur.

Varðandi sjálfseignarstofnanir er alveg ljóst af minni hálfu að ég mun ekki beita mér fyrir því að ríkisháskólunum sé að sinni hægt að breyta í sjálfseignarstofnanir. Það held ég að sé of víðtæk aðgerð í bili en engu að síður tel ég rétt að við þurfum að huga að stjórnarfyrirkomulagi og umhverfi ríkisháskólanna þannig að þeir geti með raun og sanni staðið í þeirri samkeppni sem þeir standa í nú um þessar mundir og það er verkefni sem á alltaf að vera uppi á borðum hvernig á að móta umhverfi háskólanna þannig að þeir geti haldið áfram að þróast eins og þeir kjósa og hvernig þeir telja hag sínum best borgið innan slíks umhverfis. Það skiptir okkur mjög miklu máli að ríkisháskólarnir búi í slíku umhverfi að þeir geti haldið áfram á þeirri braut sem þeir eru núna en þeir hafa verið á mjög jákvæðri braut bæði varðandi fjölgun nemenda og síðan hvernig þeir hafa hagað fyrirkomulagi sínu þegar kemur að rannsóknum.

[15:22]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna orðum hæstv. ráðherra sem ég skil á þann veg að ekki verði frekari áform að sinni um að breyta námi sem í dag er veitt á vegum háskóla í eigu ríkissjóðs yfir í nám á vegum skóla sem ekki er í opinberri eigu, þannig að ekki verði frekari áform um að fara lengra inn á þá braut sem þetta frumvarp kveður á um.

Ég held, virðulegi forseti, að menn verði auðvitað að jafna aðstöðu háskólanna. Sá umbúnaður málsins má ekki vera þannig af hálfu Alþingis að skólar sem eru einkaskólar eða sjálfseignarstofnun fái meira opinbert fé til að veita fræðslu í tiltekinni grein en skóli sem er í eigu ríkissjóðs. Ef við ætlum að hafa samkeppni í háskólaumhverfinu, sem ég er alls ekki andvígur eins og ég gat um í ræðu minni, þá verða menn að standa jafnfætis a.m.k. af hálfu ríkisins.

Ég vil ítreka fyrirspurn mína um umfang það sem áform er um að verði í Reykjanesbæ í þeirri kennslu sem þar er greint frá.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:24]

Dagný Jónsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við erum að ganga til atkvæða um að afnema lög um Tækniháskóla Íslands. Hér er einstakt tækifæri til að efla enn frekar menntun í landinu og ekki síst tæknifræðimenntun en fjölga þarf tæknifræðingum og það sýnir samanburður við Norðurlönd. Því ber að fagna sérstaklega áherslum hins nýja skóla að efla tæknifræðimenntun hér.

Afar ánægjulegt er að sjá hversu myndarlega atvinnulífið kemur að stofnun hins nýja sameiginlega háskóla og leggur það með honum 300 millj. kr. Þess má geta að fulltrúar nemenda Tækniháskóla Íslands hafa lýst sig fylgjandi þessari sameiningu og þeim finnst verklag Háskólans í Reykjavík passa vel við væntingar þeirra um námið. 82% nemenda í báðum skólum telja að áhrif sameiningarinnar hafi jákvæð áhrif á námsframboð og 93% þeirra eru þeirrar skoðunar að hinn nýi skóli verði meira áberandi í þjóðfélagsumræðunni. Þetta er gott veganesti fyrir hinn nýja skóla.

Virðulegi forseti. Ég fagna þessu framfaraskrefi og ber fullt traust til stjórnenda skólans og veit að það starf sem mun fara fram í skólanum verður forsenda framþróunar og aukinnar samkeppnishæfni í atvinnulífi hér á landi. Það hefur verið sorglegt að horfa upp á málefnafátækt hv. stjórnarandstöðu og þá sérstaklega Samfylkingarinnar í málinu. Tortryggni þeirra gagnvart forsvarsmönnum hins nýja skóla hefur einkennt þeirra umræðu.

Að lokum vil ég óska hinum nýja skóla velfarnaðar í framtíðinni og vona að gæfan fylgi nemendum og starfsfólki.

[15:26]

Björgvin G. Sigurðsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Sameining Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík tekur til grundvallaratriða í háskólastarfsemi á Íslandi. Samfylkingin telur að sameining skólanna geti verið góður kostur og haft í för með sér ýmis sóknarfæri. Við vildum að sjálfsögðu skoða þessa sameiningarkosti með jákvæðum og opnum hug en framganga ríkisstjórnarflokkanna og að ekki hafa fengist svör við mörgum grundvallarspurningum er varða tilvist og fyrirkomulag hins nýja skóla hefur hins vegar orðið til þess að við getum ekki stutt málið. Við fluttum í gær breytingartillögu sem átti að leiða til þess að hinn nýi skóli yrði sjálfseignarstofnun en ekki einkahlutafélag en hún var felld. Ósvarað er stórum spurningum eins og hafa komið fram í máli margra menntamanna og skólamanna að undanförnu um áhrif rekstrarformsins, einkahlutafélagsins, á hið akademíska frelsi hinnar nýju stofnunar. Fram hafa komið efasemdir um að hún leiði til þess að vegið sé að akademísku frelsi stofnunarinnar sem er að sjálfsögðu grundvöllur undir starfsemi hennar. Sé það svo að sjálfseignarstofnunarformið henti ekki fullkomlega eða nægjanlega til reksturs á háskólastofnun eigum við að sjálfsögðu að fara þá leið að endurskoða lög um sjálfseignarstofnanir en ekki setja akademíska stofnun inn í einkahlutafélag sem leiðir til þess að stofnunin geti búið við skert akademískt frelsi. Þessa leið áttum við ekki að fara.

Þá er ósvarað spurningum sem verða að liggja fyrir um valfrelsi og aðgengi að tækninámi til framtíðar samhliða því að tækninámið sé tekið sem háskólagrein út úr opinberum skólum og sett inn í einkarekinn skóla gegn skólagjöldum verður að mínu mati að leiða til þess að sambærilegt nám sé hafið við annan skóla þannig að nemendur hafi áfram val um að sækja nám í tæknifræðum við opinbera

skóla eða einkarekinn og valfrelsi og jafnrétti til náms ríki í tækninámi sem og flestum öðrum háskólagreinum á Íslandi.

Þá er ósvarað að mínu mati framtíðaráhrifum þess að ein grein, eins og tækninám, sé með þessum hætti tekin út úr öðrum greinum og einungis aðgengileg gegn háum skólagjöldum í einkareknum skóla og hvort þetta muni leiða til þess, eins og rektor Háskólans á Akureyri hefur m.a. bent á, að engin rök séu fyrir því að opinberu skólarnir fái ekki heimild til gjaldtöku á grunnnám sitt. En slík breyting væri mjög slæm og gengi gegn öllu jafnrétti til náms og hvatningu til frekari skólasóknar í háskólana. Vegna þess að áhrif rekstrarformsins á akademískt frelsi liggur alls ekki fyrir og fram hafa komið sterkar efasemdir um að það skerði það verulega og vegna óvissu um framtíðargjaldtöku skólagjalda á grunnnám á háskólastigi getur Samfylkingin ekki stutt þetta mál.

[15:29]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort ég er einn um að halda að Sjálfstæðisflokkurinn og margir framsóknarráðherrarnir með hæstv. forsætisráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra í broddi fylkingar trúi því að hlutafélagsformið sé frá guði komið. (**Gripið fram í:** Frá hverjum?) (**Gripið fram í:** Frá guði.) Þetta frumvarp (Gripið fram í.) sem við erum að greiða atkvæði um opnar á skólagjöld fyrir almennt háskólanám. Þetta frumvarp opnar á og ýtir undir hlutafélagavæðingu æðri menntunar á Íslandi. Þetta frumvarp fjallar um ráðstöfun opinberra fjármuna, skattpeninga.

Það sem kemur mér á óvart er hve smá í hugsun ríkisstjórnin er. Hún er tilbúin í krafti samkeppniskreddu að stuðla að hokurbúskap í stað þess að stofna til myndarlegrar samvinnu og samvinnubúskapar sem við höfum rekið í opinberum háskólum á Íslandi, sem standast samkeppni við útlönd. (Gripið fram í.) Þetta væri allt í góðu lagi — nú hlær hæstv. forsætisráðherra og gerir lítið úr samyrkjubúskap og samvinnuhugsjóninni. Það kemur mér reyndar ekki á óvart.

En staðreyndin er sú að allt væri þetta góðra gjalda vert ef þessar stofnanir fengju allar nægilega fjármuni til ráðstöfunar. En þeim er öllum haldið í spennitreyju og það er þess vegna sem ég tala um hokurbúskap. Við eigum að standa myndarlega að háskólanámi á Íslandi til að við stöndumst alþjóðlega samkeppni.

Hæstv. forseti. Það sem kemur mér mest á óvart og ég held að hljóti að undra marga stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins, er hve lélegir bisnessmenn þeir eru, hve lélegir hagsmunagæslumenn þeir eru fyrir íslenska skattborgara.

[15:31]

Sigurður Kári Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Með samþykkt þessa frumvarps sem við erum að fara að greiða atkvæði um er verið að sameina tvo tiltölulega smáa háskóla í eina sterka háskólastofnun. Og það sem meira er, þessi breyting felur í sér 300 millj. kr. innspýtingu frá einkaaðilum inn í menntakerfið. Þetta eru söguleg tímamót sem ber að fagna og við þingmenn Sjálfstæðisflokksins munum gera það og það sem meira er, við höfum fundið það við meðferð þessa máls að nemendur þessara tveggja skóla, kennarar, stjórnendur og eigendur hafa allir fagnað málinu og þrýst á að það verði samþykkt bæði hratt og vel. Það ætlum við að gera í þeirri atkvæðagreiðslu sem fram undan er.

Stjórnarandstaðan hefur hins vegar kosið að láta óskir og þarfir allra þeirra sem eiga hagsmuna að gæta í þessu máli sem vind um eyru þjóta. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er á móti þessu máli af ástæðum sem hér hafa komið fram og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði ágætlega grein fyrir. Það er gert á grundvelli hugmyndafræði sem hefði átt ágætlega við í Ráðstjórnarríkjunum fyrir nokkrum áratugum síðan en er að mínu mati barn síns tíma.

En þáttur Samfylkingarinnar er meiri sorgarsaga í þessu máli. Sá stjórnmálaflokkur sem á tyllidögum talar fjálglega um mikilvægi menntakerfisins og eflingu þess notar nú tækifærið til þess að styðja ekki þessa sameiningu. Það mun koma í ljós við þessa atkvæðagreiðslu að Samfylkingin er á móti þessari sameiningu. Hún er á móti þeim nýja háskóla sem stofnaður verður á grunni hinna tveggja nú á næstu dögum. Þeir verða að eiga það við sig. En við þingmenn Sjálfstæðisflokksins stöndum að baki þessu fólki. Við stöndum að baki þessum skóla, nemendum hans, eigendum og stjórnendum og munum segja já. (**Gripið fram í:** Aðallega eigendum.)

Frv. samþ. með 28:3 atkv. og sögðu

já: ÁMM, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GII, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, VS, ÞKG.

nei: JBjarn, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GÁS, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

16 þm. (AKG, ArnbS, ÁMagn, BJJ, BH, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JBjart, KolH, MÁ, RG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:34]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Á undanförnum missirum og árum höfum við Íslendingar staðið fyrir mikilli menntasókn á öllum stigum skólakerfisins. Ekkert land hefur aukið framlög jafnhratt til menntamála eins og við Íslendingar og ekki síst til háskólastigsins og menntasóknin heldur áfram. Nú erum við að varða áfram veginn í átt að því markmiði okkar að verða fremsta þekkingarsamfélag í heimi og við erum á réttri leið eins og allar tölur sýna.

Hins vegar er miður að sjá stjórnarandstöðuna og hv. þm. Kristin H. Gunnarsson standa ekki að og styðja hinn nýja sameinaða háskóla og áframhaldandi uppbyggingu háskólasamfélagsins. Málflutningur þeirra hefur fremur einkennst af fyrirslætti og forsjárhyggju. En það er nú skráð á spjöld sögunnar.

Ég vil nota tækifærið, hæstv. forseti, og óska hinum nýja háskóla velfarnaðar í starfi. Ég veit að hann mun standa undir væntingum og verða til þess að efla og styrkja innviði íslensks samfélags. Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 916)

Norrænt samstarf 2004, ein umr.

Skýrsla ÍNR, 550. mál. — Þskj. 830.

[15:36]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég kynni hér í forföllum formanns skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2004. Skýrslan er að venju yfirgripsmikil og greinir frá víðfeðmu samstarfi sem fram fer á vettvangi Norðurlandaráðs. Að öðru leyti vísa ég til skýrslunnar í heild á þskj. 830, sem er einnig nokkuð ítarleg umfjöllun um störf Íslandsdeildarinnar. Í þeirri skýrslu er fjallað um störfin, starfsemi nefnda Norðurlandaráðs, fundi ráðsins, sameiginlega fundi með Eystrasaltsráðinu og Norðurlandaráðsþing. Í skýrslunni er einnig fjallað um skipan ráðsins og fyrirkomulag á starfsemi og samstarfi ráðsins og ráðherranefndarinnar.

Í upphafi starfsársins 2004 skipuðu Íslandsdeildina Jónína Bjartmarz, formaður, Rannveig Guðmundsdóttir, varaformaður, Drífa Hjartardóttir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Steingrímur Jóhann Sigfússon og Sigurður Kári Kristjánsson. Þann 28. janúar var sú breyting gerð að Arnbjörg Sveinsdóttir tók sæti varamanns í stað Þorgerðar Katrínar. Gunnarsdóttur.

Ný Íslandsdeild var kosin 1. október við upphaf 131. þings. Ein breyting var á skipan aðalmanna þar sem Arnbjörg Sveinsdóttir tók við af Sigríði Önnu Þórðardóttur og á fundi Íslandsdeildar þann 7. október var Jónína Bjartmarz kjörin formaður Íslandsdeildar og Drífa Hjartardóttir varaformaður. Stígur Stefánsson alþjóðaritari gegndi starfi ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs á starfsárinu 2004.

Hæstv. forseti. Íslandsdeild Norðurlandaráðs kom saman til fundar fimm sinnum á árinu. Að venju var þátttaka í fundum, þemaráðstefnu og þingi Norðurlandaráðs undirbúin en þar að auki voru fjöldamörg mál á dagskrá, svo og gagnkvæm upplýsingaskipti meðlima Íslandsdeildar um stöðu mála í einstökum nefndum og vinnuhópum Norðurlandaráðs. Þá voru febrúarfundir Norðurlandaráðs sem fram fóru í Reykjavík undirbúnir. Töluvert var rætt um eftirfylgni við tilmæli Norðurlandaráðs en eftir breytingarnar á skipulagi ráðsins sem tóku gildi 1. janúar 2002 hefur verið lögð áhersla á nánari tengsl við þing ríkjanna og hlutverk landsdeilda við að fylgja tilmælum eftir heima í héraði. Voru tilmæli Norðurlandaráðs send til viðkomandi fastanefnda Alþingis. Hugmyndin að baki þessari ráðstöfun er sú að fastanefndirnar fái tilmælin til upplýsingar og geti jafnframt fylgt þeim eftir í löggjafarstarfi þegar við á. Þá var á fundum Íslandsdeildar rætt um skipan meðlima Íslandsdeildar í nefndir Norðurlandaráðs og nauðsyn þess að Íslandsdeild fengi fulltrúa í sem flestum af hinum fimm málefnanefndum Norðurlandaráðs. Framboðsmál Íslandsdeildar til forseta og varaforseta Norðurlandaráðs árið 2005 voru rædd á fundi Íslandsdeildar í september og var samþykkt samhljóða að Rannveig Guðmundsdóttir yrði forsetaefni og Jónína Bjartmarz varaforsetaefni. Rannveig Guðmundsdóttir var síðan kjörin forseti Norðurlandaráðs á 56. þingi ráðsins í sænska þinginu Ríkisdeginum þann 3. nóvember.

Íslandsdeildin hélt einn fund með Valgerði Sverrisdóttur, samstarfsráðherra Norðurlanda, og fór hann fram í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu 11. október. Fundurinn var haldinn í aðdraganda 56. Norðurlandaráðsþings og var þingið sjálft, formennska Íslands innan Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2004, og áherslur í starfsáætlun Norðurlandaráðs árið 2005 helstu umræðuefnin.

Íslandsdeild þáði boð Norðurlandaráðs um að senda þingmenn á ýmsar alþjóðaráðstefnur fyrir hönd ráðsins á starfsárinu 2004. Sóttu íslenskir þingmenn þær ráðstefnur sem meðlimir sérstakra sendinefnda Norðurlandaráðs. Á meðal þeirra viðburða sem þingmenn Íslandsdeildar sóttu má nefna Eystrasaltsráðstefnuna í Bergen, Þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál í Nuuk, Norræna daga í þýska þinginu í Berlín og Eystrasaltsþingið í Ríga. Þingmenn Íslandsdeildar sóttu einnig ráðstefnur á vegum sinna nefnda í Norðurlandaráði og er þess skilmerkilega getið í ársskýrslunni.

Málefnastarf Norðurlandaráðs fer að mestu fram í fimm málefnanefndum auk forsætisnefndar. Hvað Íslandsdeildina varðar var kosið í nefndir fyrir starfsárið 2004 á 55. þingi Norðurlandaráðs í Ósló og varð nefndarseta Íslandsdeildar sem hér segir: Rannveig Guðmundsdóttir og Jónína Bjartmarz sátu í forsætisnefnd. Í efnahags- og viðskiptanefnd sátu sú sem hér stendur sem formaður og Steingrímur Jóhann Sigfússon sem varaformaður. Sigríður Anna Þórðardóttir sat í velferðarnefnd. Í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd áttu sæti Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Sigurður Kári Kristjánsson og var hann jafnframt varaformaður nefndarinnar. Sigurður Kári Kristjánsson sat einnig í eftirlitsnefnd. Þegar Arnbjörg Sveinsdóttir tók sæti í Íslandsdeildinni í stað Sigríðar Önnu Þórðardóttur tók hún jafnframt sæti Sigríðar Önnu Þórðardóttur í velferðarnefnd.

Hæstv. forseti. Vil ég nú víkja máli mínu stuttlega að störfum efnahags- og viðskiptanefndarinnar sem sú sem hér stendur veitir formennsku. Efnahags- og viðskiptanefnd annast málefni sem varða efnahags- og framleiðsluskilyrði, atvinnulíf, innri markað Norðurlanda, frjálsa fólksflutninga, afnám landamærahindrana, viðskipti, byggðastefnu, atvinnumál og vinnumarkað, vinnuvernd, innra skipulag, samgöngur og upplýsingatækni.

Á starfsárinu vann nefndin tillögur um norræna skattstofu, opinn hugbúnað og opna hugbúnaðarstaðla í upplýsingatæknistefnu Norðurlanda. Einnig vann nefndin tillögu um norræna skattaráðstefnu sem beindi sjónum að lausn vandamála og hindrana sem einstaklingar og fyrirtæki mæta vegna mismunandi skattalöggjafar á Norðurlöndum. Þá vann nefndin tillögu um að halda sameiginlega vinnumarkaðsráðstefnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna en aðild Eystrasaltsríkjanna að ESB mun auka mjög flæði á milli vinnumarkaða þessara landa. Þeirri ráðstefnu er ætlað að vera framhald á ráðstefnu um vinnumarkaðssamstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna sem haldin var í Stokkhólmi 31. ágúst og sú sem hér stendur og Steingrímur Sigfússon sóttu fyrir hönd efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við áherslur Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar á málefni Vestur-Norðurlanda árið 2004 ákvað efnahags- og viðskiptanefnd að helga sumarfund sinn vestnorrænum málum, sér í lagi samgöngu- og byggðamálum. Sumarferð nefndarinnar var farin til Fær-

eyja og Íslands 10.–14. ágúst. Átti nefndin mjög gagnlega fundi í báðum löndunum og kynnti sér m.a. stöðu fjarskiptamála í Færeyjum, lagningu neðansjávarjarðganga á milli færeysku eyjanna og stöðu farþegasamgangna á sjó. Farið var síðan með ferjunni Norrænu til Íslands. Eftir komuna til Seyðisfjarðar voru virkjanaframkvæmdir við Kárahnjúka skoðaðar. Á Akureyri var Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri heimsótt. Nefndarmenn kynntu sér drög að úttekt á flug- og skipasamgöngum á Vestur-Norðurlöndum sem unnin var fyrir Norrænu ráðherranefndina að frumkvæði íslensku formennskunnar. Þá var fjallað um norræna úttekt á stöðu atvinnumarkaða á norrænum jaðarsvæðum og samanburðarrannsóknir á starfsskilyrðum smárra sveitarfélaga á Íslandi, Færeyjum og Álandseyjum. Efnahags- og viðskiptanefnd heimsótti einnig Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Þess má geta að sumarferð í þessari nefnd verður farin til Grænlands á næsta ári og verður það í framhaldi af þessum vestnorræna vinkli sem nefndin er að huga að.

Íslandsdeildin tók að venju mjög virkan þátt í sameiginlegum fundum Norðurlandaráðs, þemaráðstefnunni sem haldin var hér á landi og síðast en ekki síst Norðurlandaráðsþinginu í Ósló. Ekki er tími til að fara ofan í saumana á því sem þar fór fram en hins vegar er aftur vísað til ársskýrslunnar sem veitir afar góðar upplýsingar um þær pólitísku umræður og störf er fram fóru á þinginu.

Hæstv. forseti. Mig langar til að ljúka framsögu þessari á því að ítreka það sem hér hefur áður komið fram að þrátt fyrir afar umfangsmiklar breytingar á alþjóðavettvangi á undanförnum árum og sér í lagi fjölþjóðlegri stofnanaskipan í Evrópu hefur mikilvægi norræns samstarfs síst minnkað á síðustu árum. Fullyrða má að mikilvægi norræns samstarfs sé enn ríkara á tímum örra breytinga en þegar stöðugleiki ríkir í alþjóðamálum. Ástæðan er einföld. Norðurlandasamstarfið er rauði þráðurinn í hagsmunagæslu Íslendinga á erlendri grundu. Í því ljósi er rík nauðsyn að hlúa vel að þeim farsælu og hagsælu samskiptum sem við höfum átt við bræðra- og systraþjóðir okkar á þeim vettvangi. Hef ég áður sagt að Norðurlandasamstarfið er heimahöfn okkar í alþjóðamálum. Þaðan gerum við út þegar við þurfum að gæta hagsmuna okkar. Þetta á ekki síst við nú um stundir þegar viðvarandi útrás íslenskra fyrirtækja, fjármagns og viðskiptahugmynda á sér stað. Í því tilliti er vert að undirstrika að á þessu ári verður gerð á vettvangi norræns samstarfs sérstök úttekt á landamærahindrunum í atvinnulífi á milli Norðurlandanna. Þrátt fyrir að viðskipti fyrirtækja séu mun auðveldari innan Norðurlanda en til að mynda á Evrópska efnahagssvæðinu er markmið norrænna stjórnmálamanna að gera Norðurlönd að einu markaðssvæði í reynd. Í ljósi þess hve Norðurlandaþjóðirnar eru smáar er einkar mikilvægt að tryggja atvinnulífi þeirra sem best skilyrði en stærri heimamarkaður, norrænn heimamarkaður, mundi styrkja samkeppnisstöðu þeirra til muna, bæði innan Evrópu og utan.

Að lokum vil ég, hæstv. forseti, minna á að Ísland á glæsilegan forseta Norðurlandaráðs sem veitir ráðinu afar farsæla forustu. Ég minni einnig á að nú stendur yfir undirbúningur Norðurlandaráðsþings sem haldið verður hér á landi í lok októbermánaðar. Ég er fullviss um að þingið verði í alla staði hið glæsilegasta og að það muni undirstrika mikilvægi norræns samstarfs. Þá vil ég geta þess að í næstu viku, 8. mars, á alþjóðabaráttudegi kvenna verður fundur haldinn um jafnréttismál á vegum forsætisnefndar Norðurlandaráðs.

[15:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Drífu Hjartardóttur fyrir yfirferð á hinni ágætu skýrslu um norrænt samstarf og störf Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Eins og fram kom í máli hennar á ég sæti í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd ásamt hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni sem er reyndar farinn úr þeirri nefnd nú og ég er eini íslenski þingmaðurinn sem á sæti í henni í dag.

Mig langar að nefna nokkur atriði í sambandi við starf nefndarinnar. Reyndar kom ég inn á þau í umræðunni um skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda fyrr í dag en ætla að nefna helstu áhersluatriðin í vinnu nefndarinnar á starfsárinu. Allmikil áhersla var lögð á orkumál og í framhaldi af þeirri vinnu var haldin þríhliða orkumálaráðstefna í Ósló í samvinnu við Eystrasaltsþingið og Beneluxþingið þar sem farið var yfir raforkumálin og þær breytingar sem orðið hafa á raforkumarkaði í Evrópu undanfarið í kjölfar tilskipunar Evrópusambandsins og því að búið er að koma á samkeppni í þeim efnum.

Einnig hefur nefndin fjallað nokkuð um vistvænar landbúnaðarvörur á Norðurlöndum og í framhaldi af þeirri vinnu stendur til að við hittum danska fæðumálaráðherrann, þ.e. þann sem sér um matvæli, á næstunni til að ræða áherslur nefndarinnar í þeim efnum. Ég er í þriggja manna nefnd sem mun hitta hann til að upplýsa hann og fá svör við ýmsum atriðum sem koma inn í þá vinnu.

Á ráðstefnunni um orkumálin var innlegg um vetnismálin hér á landi sem hv. þm. Hjálmar Árnason sá um. Hann kynnti vetnismálin á Íslandi, gerði það skemmtilega og vakti það miklar umræður á ráðstefnunni.

Á septemberfundunum var málstofa á vegum umhverfisnefndar um meðhöndlun og flutning kjarnorkuúrgangs. Nefndin ætlar að skoða þau mál nánar í sumar þar sem til stendur að kynna sér geymslu kjarnorkuúrgangs í Svíþjóð, í Oskarshavn, þar sem þeir hyggjast grafa kjarnorkuúrgang djúpt í jörðu. Eins og fram kemur í skýrslunni og kom fram á málstofunni í september fellur til verulega mikill kjarnorkuúrgangur bæði í Svíþjóð og Noregi og er talið að hann verði um 10 þús. tonn á næstu 5 árum, sem er verulega mikið.

Menn hafa haft áhyggjur af því hvernig flytja eigi kjarnorkuúrganginn um Evrópu og Rússland og aðaláhyggjuefnið hefur verið að finna farartæki sem eru nógu örugg til að flytja úrganginn því það er ekki að spyrja að leikslokum ef eitthvert óhapp henti í slíkum flutningum á þeim svæðum sem þau fara um sem eru oft mjög mikilvæg fiskimið. En það hefur verið baráttumál m.a. Bellona-umhverfisverndarsamtakanna í Noregi að banna slíkan flutning.

Bellona-samtökin hafa einnig barist mjög ötullega fyrir því að hætt verði að setja kjarnorkuúrgang frá Sellafield í hafið. Á síðasta ári var haldin ráðstefna í Bretlandi um þá

baráttu alla og árangur hennar og í kjölfar hennar komu upplýsingar frá breskum yfirvöldum um að þau hafi fundið leið til að hætta að menga hafið með kjarnorkuúrgangi frá Sellafield-kjarnorkuverinu í Bretlandi. Það var því mjög ánægjulegt að barátta Bellona-samtakanna og fleiri auðvitað skilaði þeim góða árangri.

Eins og fram kom hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur voru áherslur Íslendinga á Vestur-Norðurlöndin og þess vegna fór umhverfis- og náttúruauðlindanefnd Norðurlandaráðs til Grænlands sl. sumar og hélt þar sumarfund sinn. Þar kom einmitt fram hversu ótrúlega mikil áhrif hlýnandi loftslag hefur á Norður-Grænland, lífshætti þar og dýralíf og m.a. var það verulegt áhyggjuefni Grænlendinga að á hinum norðlægu slóðum, þar sem er mjög mikið af litlum þorpum þar sem frumbyggjar eða Inúítar búa, hefur ís ekki fest á firði en þeir hafa byggt afkomu sína t.d. á veiðum í gegnum ís á vetrum. Þetta hefur haft veruleg áhrif á lífsafkomu Grænlendinga í Norður-Grænlandi. Sama á við um ýmsar dýrategundir við Grænland, t.d. hvali, ísbirni og fleiri dýrategundir. Hlýnandi loftslag hefur raskað lífsháttum dýrategunda á þessum slóðum og sömuleiðis hvernig jökullinn hefur hopað verulega og ótrúlega mikið á stuttum tíma. Umhverfisnefnd Norðurlandaráðs átti fund með umhverfisnefnd grænlenska þingsins um þessi mál þar sem áhyggjur þingmanna þar komu fram.

Mig langar aðeins að nefna umræðuna um sjálfbæra þróun. Ég sótti tvo fundi fyrir umhverfisnefnd um það mál, annan í Svíþjóð og hinn í Danmörku. Sömuleiðis var mjög athyglisvert að ég sat fund NAMMCO sem fram fór í Færeyjum þar sem fram kom að það er mjög slæm staða í selastofninum við Ísland og í framhaldi af því var nokkur umræða um þau mál í þinginu vegna upplýsinga frá ársfundi NAMMCO.

Það hefur verið vinna í gangi varðandi strandveiðar á Norðurlöndunum og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sat fund í nefndinni sem varamaður og hefur unnið að undirbúningi ráðstefnu um strandveiðar á Norðurlöndunum, en hún situr nú jafnréttisfund erlendis svo hún er ekki viðstödd til að segja okkur aðeins frá þessu en ráðstefnan um strandveiðarnar mun verða haldin í maí.

Ég kom aðeins inn á vinnu sem fram fer hjá Evrópusambandinu fyrr í dag um eiturefni í umhverfinu sem nefnist REACH. Ég spurði hæstv. iðnaðarráðherra um aðkomu okkar að þeirri vinnu en verið er að undirbúa löggjöf um að skrá eiturefnin sem eru í hinum ýmsu vörum og matvælum sem við notum jafnvel dags daglega og okkur stendur heilsufarsleg ógn af. Á janúarfundi Norðurlandaráðs kom fram hvatning til þinganna á Norðurlöndum og Norðurlandaþjóðanna að leggja okkar af mörkum til að fá sem flest af eiturefnunum skráð hjá Evrópusambandinu því auðvitað kemur þetta í löggjöf okkar síðar. Það voru engin svör frá hæstv. iðnaðarráðherra um það en ég mun auðvitað kalla eftir þeim síðar og vonast til þess að við munum láta til okkar taka við undirbúning löggjafarinnar hjá Evrópusambandinu um eiturefnin.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég hef aðeins hlaupið á þeim málum sem eru í skýrslunni og snúa að umhverfis- og náttúruauðlindanefndinni og læt hið ritaða mál duga sem fram kemur í þessari ágætu skýrslu um störf Íslandsdeildarinnar á starfsárinu.

[15:59]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þessa skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs um norrænt samstarf árið 2004 en tel mér þó skylt, úr því að ég á sæti í Íslandsdeildinni, að taka stuttlega þátt í þessari umræðu og gera grein fyrir störfum mínum innan deildarinnar.

Eins og fram kom hjá hv. þm. Drífu Hjartardóttur átti ég sæti í umhverfis- og náttúruauðlindanefnd Norðurlandaráðs, var þar varaformaður fram að síðustu áramótum en sat jafnframt í svokallaðri eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hefur í sjálfu sér gert grein fyrir störfum umhverfis- og náttúruauðlindanefndarinnar á árinu 2004 og ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem þar kom fram. Ég verð þó að segja að í þessari nefnd eru ekki mjög mörg mál sem varða hagsmuni Íslands og nú þegar ég hef vikið sæti úr henni og tekið sæti í svokallaðri borgara- og neytendanefnd verð ég að segja að ég hefði viljað sjá nefndina taka kannski nánar á hagsmunamálum sem varða okkur Íslendinga meira. Í sjálfu sér hefur verið gerð gangskör að því. Eins og fram hefur komið kom nefndin á starfsárinu á fót vinnuhópi til að skipuleggja ráðstefnu um framtíðarhorfur strandveiða á Norðurlöndum. Það er kannski það atriði sem heyrir undir umhverfis- og náttúruauðlindamál sem skiptir okkur Íslendinga mestu máli í þessu sambandi.

Á vettvangi þessarar nefndar og á vettvangi Íslandsdeildar á síðasta Norðurlandaráðsþingi sem haldið var ítrekaði ég þau sjónarmið sem ég hef áður komið fram með, þ.e. ég fór yfir rétt strandríkja til þess að nýta með sjálfbærum hætti þær náttúruauðlindir sem eru við þetta land, þá sérstaklega hvalveiðar, fór yfir þann tvískinnung sem fram hefur komið í stefnu sérstaklega sænsku ríkisstjórnarinnar og Svía hvað varðar sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Svíar telja sig þess umkomna að veiða dádýr og elg, sem eru spendýr eins og hvalirnir, og telja það hið eðlilegasta mál en rísa síðan upp á afturlappirnar þegar við Íslendingar kjósum að nýta náttúruauðlindir okkar og veiða spendýr sem eru við okkar strendur og í okkar fiskveiðilögsögu. Það verður ekki annað sagt en að a.m.k. Grænlendingar og Færeyingar hafi tekið undir þessi sjónarmið okkar Íslendinga til þessa máls. Eftir því sem oftar er á það minnst vekur það meiri og meiri eftirtekt á Norðurlöndum, einkum í þessum tveimur löndum.

Eins og ég sagði, herra forseti, átti ég einnig sæti í eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs og sit þar enn þá en nefndin fylgist fyrir hönd Norðurlandaráðsþingsins með starfsemi sem fjármögnuð er úr sameiginlegum sjóðum Norðurlandanna og hefur haft umsjón með málefnum sem snerta túlkun samninga um norræna samvinnu, vinnutilhögun Norðurlandaráðs og önnur innri málefni. Ég hygg að í sjálfu sér kalli ekkert sem fram kom í störfum þessarar nefndar á efnislega umfjöllun hér. Nefndin fundaði nokkuð reglulega og ágætlega og vel að mínu mati og ég get ekki betur séð en að haldið sé ágætlega utan um þá fjármuni sem til þessa samstarfs renna og að þeir renni þangað sem þeim er ætlað að fara.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa frekari orð um þessa skýrslu, hún er ítarleg og vönduð og segir í rauninni allt sem segja þarf.

ÖSE-þingið 2004, ein umr.

Skýrsla ÍÖSE, 544. mál. — Þskj. 823.

[16:05]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég mæli fyrir skýrslu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 2004, sem er á þskj. 823.

Áður en ég hef mál mitt vil ég undirstrika skýran greinarmun á annars vegar Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, og ÖSE-þinginu hins vegar. ÖSE er alþjóðastofnun sem starfar á grundvelli Helsinki-sáttmálans frá árinu 1975 og er ætlað að stuðla að friðar- og öryggissamvinnu aðildarríkjanna 55. Líkt og gildir um aðrar alþjóða- og milliríkjastofnanir fer starfsemi ÖSE fram í umboði ríkisstjórna aðildarríkjanna. ÖSE-þingið starfar á hinn bóginn í umboði þjóðþinga aðildarríkjanna og þar koma saman yfir 300 þjóðkjörnir þingmenn. Jafnvel þótt samskipti ÖSE-þingsins við ÖSE séu mikil eru formlegu tengslin lítil en hafa þó farið vaxandi.

Af störfum Íslandsdeildar ber hæst stofnun sérstakrar nefndar ÖSE-þingsins sem hafa skal eftirlit með fjármálum ÖSE. Þessi nefnd var sett á laggirnar eftir að tillaga sem ég lagði fram var samþykkt einróma á ársfundi þingsins í Edinborg og var nefndin skipuð á haustmánuðum í umboði forseta ÖSE-þingsins. Er ég einn af fjórum þingmönnum sem skipa nefndina. Hinir þrír eru frá Hollandi, Kanada og Slóveníu. Eru vonir bundnar við að þannig hljóti þjóðkjörnir þingmenn sem sitja á ÖSE-þinginu aukið hlutverk við að hafa eftirlit með hvernig skattfé þjóðanna er varið í samræmi við eftirlitsskyldu þeirra með fjármálum framkvæmdarvaldsins heima fyrir, svona svipað og fjárlaganefnd í *þinginu hér og annars staðar. Er starf nefndarinnar þegar* hafið og má greina mikinn metnað og kraft í því starfi sem þar fer fram. Starfshættir ráðherraráðsins, yfirstjórnar ÖSE, sem grundvallast á samstöðureglunni svonefndu eru það lokaðir í eðli sínu að ÖSE-þinginu hefur reynst örðugt að fá nægar upplýsingar til að draga eigin ályktanir af starfinu. Er það mál manna að rík nauðsyn sé til að ÖSE geri bragarbót á fjármálum sínum og að heildrænt eftirlit þjóðþinganna sé nauðsynlegt til að efla gagnsæi og góða stjórnsýslu stofnunarinnar.

Herra forseti. Íslandsdeild ÖSE-þingsins var þannig skipuð 2004 að aðalmenn voru hv. þm. Dagný Jónsdóttir, varaformaður, Jóhanna Sigurðardóttir og ég sem formaður. Varamenn voru hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, Hjálmar Árnason og Ásta R. Jóhannesdóttir. Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildarinnar.

Fulltrúar Íslandsdeildar sóttu auk ritara alla þrjá helstu fundi ÖSE-þingsins á árinu. Við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sóttum vetrarfundina í Vínarborg í febrúarmánuði og öll deildin sótti ársfundinn sem haldinn var í Edinborg að þessu sinni. Þá sótti ég fund stjórnarnefndarinnar á eynni Ródos.

Herra forseti. ÖSE-þingið hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 1992 er fyrsti ársfundurinn fór fram í Búkarest. Á þeim fundi var ákveðið að stofna skrifstofu ÖSE-þingsins sem staðsett er í Kaupmannahöfn. Samskipti ÖSE og ÖSE-þingsins eru helst í því formi að helstu forsvarsmenn ÖSE ávarpa þingfundi og nefndarfundi og svara spurningum þingmanna. Þá eru ályktanir ársfundar ÖSE-þingsins lagðar fyrir stofnunina og þeim svarað af hálfu framkvæmdarvaldsins. Nýlega var byrjað að leggja fjárhagsáætlun ÖSE fyrir ÖSE-þingið til að bæta samskiptin og auka gagnsæið. Með stofnun áðurnefndrar sérnefndar um fjármál ÖSE er búist við að eftirlitshlutverk ÖSE-þingsins og áhrif þess muni aukast. Það gæti falist í mati á fyrirhugaðum fjárveitingum til einstakra verkefna, framkvæmd ályktana ÖSE-þingsins, skýrari og auðskiljanlegri reikningsskilum og eftirliti með fjárveitingum sem þegar hefur verið ráðstafað. Þetta getur orðið mjög veigamikið verkefni því að við erum jú að tala um skattfé borgara allra landanna 55.

Í ársskýrslunni er greinargóð lýsing á uppbyggingu ÖSE og verður ekki farið nánar út í það hér en þó vil ég nefna mikilvægustu atriðin í starfi stofnunarinnar.

Mikilvægasti þátturinn í starfsemi ÖSE eru starfsstöðvar á vettvangi og hefur sá þáttur skilað miklum árangri, sérstaklega á síðustu fimm árum. Fulltrúar ÖSE á vettvangi starfa náið með valdhöfum í þeim ríkjum og héruðum þar sem starfið fer fram og liðsinna við að efla innviði lýðræðis og mannréttinda auk annarra þátta. Starfið á vettvangi er mjög viðamikið og starfa þar um 3 þús. manns að jafnaði. Þess ber að geta að aðeins fáir þessara fulltrúa eru kostaðir beint af ÖSE. Langflestir eru starfsmenn aðildarríkjanna sem sendir eru á vettvang og starfa í nafni ÖSE. Þannig hafa til að mynda fjölmargir Íslendingar starfað að uppbyggingu á fyrrum átakasvæðum.

Starfsstöðvar ÖSE á vettvangi eru 18 talsins og undanfarin ár hefur ÖSE einsett sér að styrkja störf stofnunarinnar á vettvangi og er það í takt við þær áherslur sem komið hafa ítrekað fram hjá ÖSE-þinginu.

Átökin á Balkanskaga á 10. áratug síðustu aldar urðu til þess að ÖSE fékk viðamikið hlutverk við uppbyggingarstarf. Vegur og virðing stofnunarinnar jókst í kjölfarið sem og umsvifin. Á síðustu árum hefur ÖSE lagt lóð sitt á vogarskálarnar til að slökkva þá ófriðarelda sem blossað hafa upp á svæðinu. Vegna breyttrar stöðu í alþjóðamálum hafa áherslur ÖSE þó beinst í auknum mæli í austurveg. Kákasuslýðveldin og Mið-Asíuríkin hafa átt gott samstarf við ÖSE á síðustu árum og er ljóst að mun meiri pólitísk vigt hefur verið lögð í að aðstoða ríkin á þessum landsvæðum. Þrátt fyrir það hefur ÖSE enn ríkar skuldbindingar í suðausturhluta Evrópu við framkvæmd Dayton-samkomulagsins í Bosníu og Hersegóvínu, friðargæsluverkefni í Kosovo-héraði, uppbyggingarverkefni í Serbíu og Svartfjallalandi, auk þróunarverkefna í öðrum ríkjum á svæðinu. Á þessum stöðum hefur stofnuninni verið falið að hafa umsjón með framkvæmd kosninga, fylgjast með mannréttindamálum, hindra mansal, byggja upp réttarkerfi og frjálsa fjölmiðlun og aðstoða við gerð samninga um traustvekjandi aðgerðir og takmörkun vígbúnaðar.

Kosningaeftirlit bar að venju hæst í starfi ÖSE á árinu,

t.d. forsetakosningarnar í Úkraínu og farsæl niðurstaða þeirra. Á þessum vettvangi hefur ÖSE-þingið látið æ meira til sín taka og er nú svo komið að kjölfestan í öllu kosningaeftirliti stofnunarinnar er þingmenn sem ÖSE-þingið lætur í té. Forsvarsmenn kosningaeftirlitsins á hverjum stað eru alla jafna úr röðum fulltrúa ÖSE-þingsins þar sem safnast hefur saman mikil þekking og reynsla á þessu sviði.

Alþjóðleg barátta gegn hryðjuverkastarfsemi hefur mótað nokkuð starf ÖSE á undanförnum árum enda fer mikilvæg alþjóðasamvinna á sviði til að mynda löggæslumála fram undir væng stofnunarinnar. Þá hefur ÖSE reynst afar mikilvægur samráðsvettvangur fyrir mörg málefni, m.a. baráttu gegn mansali og smygli á eiturlyfjum og vopnum. Helsti styrkur ÖSE felst í fjölda aðildarríkjanna, tengingunni yfir Atlantshafið og austur til Mið-Asíu. Er stofnunin því breiður samráðs- og samvinnuvettvangur ólíkra ríkja sem sett hafa sér sömu markmið.

ÖSE-þingið starfar aðallega í þremur nefndum sem fjalla um stjórnmál og öryggismál, efnahags- og umhverfismál og lýðræðis- og mannréttindamál. Þetta nefndastarf endurspeglar hinar þrjár víddir ÖSE. Að auki er ÖSE-þingið aflvaki fyrir breytingar á áherslum ÖSE og veitir einnig stofnuninni óformlegan pólitískan stuðning með ályktunum og því um líku.

Herra forseti. Fulltrúar ÖSE-þingsins, sem eru þjóðkjörnir fulltrúar þjóðþinganna, hafa verið ötulir talsmenn starfsemi stofnunarinnar heima fyrir og hefur sá stuðningur verið stofnuninni mikilvægur. Tengsl ÖSE-þingsins og ÖSE hafa þó þótt frekar fátækleg en núna virðist vera vilji til að bæta þessi tengsl þannig að ályktanir ÖSE-þingsins rati inn á borð ráðherraráðsins og fastaráðs ÖSE og hljóti þar umfjöllun.

Auk hefðbundinna nefndastarfa ÖSE-þingsins eru starfræktar ýmsar sérnefndir sem eru ráðgefandi í tilteknum málum sem varða stöðuna í Moldavíu, stjórnmálaástandið í Úkraínu, jafnréttismál og fjármál ÖSE svo að nokkur dæmi séu nefnd. Oftar en ekki hefur starf þessara sérnefnda skilað miklum árangri við að fá deiluaðila að samningsborðinu og við að upplýsa mál og kynna fyrir almenningi.

Að lokum þakka ég fulltrúum Íslandsdeildar fyrir gott samstarf á árinu.

[16:15]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka formanni ÖSE-nefndarinnar, hv. þm. Pétri Blöndal, fyrir skýrslu nefndarinnar. Einnig þakka ég hv. þingmanni fyrir að beita sér fyrir betri vinnubrögðum er varða fjárhagsáætlun ÖSE en um það atriði hafa orðið miklar umræður á ÖSE-þingunum. Mig langar til að vitna örstutt í skýrsluna sem liggur fyrir í þessari umræðu, með leyfi herra forseta, en þar stendur:

„[Hv. þm.] Pétur [Blöndal] lagði til að vinnuhópur yrði settur á laggirnar til að skoða sérstaklega fjárhagsáætlun ÖSE og leggja fram tillögur. Forsetinn sagði fjárhagsáætlun ÖSE mjög torskilið plagg upp á 1.300–1.600 síður. Einungis fáar landsdeildir tækju þátt í umræðunni. Hann viðurkenndi að þingið þyrfti að taka betur á þessu máli og fagnaði því að Íslandsdeildin ætlaði að leggja nokkuð af mörkum til þessarar vinnu.“

Eins og ég segi hefur framganga Íslandsdeildarinnar í þessu máli vakið mikla athygli á þinginu og vona ég að sjálfsögðu að það muni skila okkur miklu.

Svo var annað atriði sem ég vildi aðeins ræða. Eins og hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á áðan hefur ÖSE beitt sér varðandi mansal, kynlífsþrælkun og fleira og það er mjög ánægjulegt að íslensk stjórnvöld hafi ákveðið að veita 2 millj. kr. á vettvangi ÖSE til eflingar starfsemi ÖSE gegn mansali og kynlífsþrælkun kvenna og stúlkubarna í Bosníu-Hersegóvínu. Fjárframlag Íslands mun kosta áframhaldandi starfsemi innlends sérfræðings hjá sendinefnd ÖSE í Bosníu til eins árs. Starf sérfræðingsins er fólgið í aukinni fræðslu og eflingu vitundar almennings um mansal og ofbeldi gegn konum og börnum í Bosníu. Einnig sinnir sérfræðingurinn námskeiðahaldi, samskiptum við frjáls félagasamtök á þessu sviði, skipulagningu aðstoðar við fórnarlömb mansals auk ráðgjafar varðandi landsáætlun stjórnvalda í Bosníu gegn mansali. Enn fremur mun sérfræðingurinn veita ráðgjöf við skipulagningu sérstakrar neyðarsímalínu fyrir fórnarlömb mansals í Bosníu.

Fastanefnd ÖSE hefur lagt sérstaka áherslu á þennan málaflokk undanfarin þrjú ár og hefur framlag Íslands vakið verðskuldaða athygli á vettvangi ÖSE. Ég vil segja það hér að ég vona að ÖSE muni halda áfram að hlúa að þessum málaflokki, enda ekki vanþörf á. Margir hafa rætt það á ÖSE-þingunum að það sé töluvert á reiki hvert hlutverk ÖSE eigi að vera og ég held að þetta sé nákvæmlega málaflokkurinn sem ÖSE eigi að beita sér fyrir, ekki síst vegna þess fjölda ríkja sem á aðild að ÖSE.

VES-þingið 2004, ein umr.

Skýrsla VES, 545. mál. — Þskj. 824.

[16:18]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Ég fylgi eftir skýrslu Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 2004 sem formaður Íslandsdeildarinnar. VES-þingið kemur saman tvisvar á ári til reglulegs þingfundar. Á milli funda koma nefndir þingsins saman nokkrum sinnum á ári. Við höfum ekki tekið þátt í því nefndarstarfi en við höfum áheyrnaraðild að þinginu.

Ég mun í máli mínu fyrst og fremst styðjast við skýrsluna sem er nokkuð ítarleg um þær umræður og sjónarmið sem fram komu á þinginu, annars vegar dagana 2.–4. júní og síðan síðar á síðasta ári, þ.e. dagana 28. nóvember til 1. desember þegar seinni hluti 50. fundar VES-þingsins var haldinn. Hyggst ég stikla hér á stóru.

Eins og fyrr segir var fyrri hluti fundarins haldinn dagana 2.–4. júní. Þann fund sóttu af hálfu Íslandsdeildar Bjarni Benediktsson, Guðjón Hjörleifsson og Bryndís Hlöðversdóttir, auk Andra Lútherssonar ritara. Á þessu þingi voru umræður um sameiginlega öryggis- og varnarstefnu ESB í kjölfar stækkunar Evrópusambandsins áberandi sem og umræður um þinglegt eftirlit með öryggis- og varnarstefnu ESB og Evrópusamvinna um upplýsingagjöf til almennings um öryggis- og varnarmál álfunnar. Auk þess var rætt um skýrslu um stöðuna í öryggis- og varnar-

málum Eystrasaltsríkjanna þriggja og fjallað um hættur á árásum með kjarna-, efna- og lífefnavopnum.

Nokkuð bar á umræðum um stjórnarskrárdrög ESB og spurninguna um hvernig öryggis- og varnarmálaþátturinn yrði meðhöndlaður í sáttmálanum en eins og fram hefur komið fór þessi hluti þingsins fram í júnímánuði á síðasta ári.

Það sem ég vildi kannski helst minnast á sem markvert var á þinginu er að í upphafi þingfundar hélt Decker, forseti VES-þingsins, ræðu þar sem hann ítrekaði nauðsyn þess að komið yrði á fót alþjóðlegu þingmannasamstarfi innan ESB með það að markmiði að þinglegt eftirlit yrði haft með öryggis- og varnarmálastefnu ESB og þannig komið í veg fyrir það sem menn hafa kallað lýðræðishallann í þessum málaflokki. Það verður að segjast eins og er að þetta málefni hefur verið mjög fyrirferðarmikið á þeim VES-þingum sem ég hef sótt. Jafnframt verður að segjast eins og er að öll störf þingsins mótast dálítið af þeirri óvissu sem er um framtíð þingsins.

Decker hefur verið ötull talsmaður þess að þjóðþingum ESB-ríkjanna bæri að hafa eftirlit með öryggis- og varnarmálastefnu ESB. Hann hefur mælt fyrir því að komið yrði á fót slíkri samkundu og hefur talið í því samhengi að slík samkunda gæti verið að fyrirmynd VES-þingsins eða í ætt við það. Á þinginu flutti Peter Struck, varnarmálaráðherra Þýskalands, ávarp og aðspurður taldi hann að VES-þingið mundi starfa í 3–4 ár til viðbótar í núverandi mynd. Að þeim tíma liðnum, mátti heyra á máli hans, yrðu komnar fram breytingar á störfum þingsins.

Í skýrslunni sem hér liggur frammi er farið allítarlega yfir þær umræður sem fóru fram á þessum fyrri hluta VES-þingsins. Ég sé ekki ástæðu til að fara nákvæmlega yfir þær hér en ætla þó að minnast á það að á þessum fyrri hluta 50. fundarins var fjallað um málefni Íraks og í ályktun þingsins sem samþykkt var samhljóða voru ríkisstjórnir hvattar til að styðja almennar þingkosningar í landinu með það fyrir augum að valdaafsal til innlendra stjórnvalda gæti farið fram sem fyrst. Þá ályktaði þingið jafnframt í þá veru að ríkt nauðsyn væri á að tryggja áframhaldandi veru alþjóðlega friðargæsluliðsins í Írak og enn fremur að Sameinuðu þjóðirnar yrðu að gegna lykilhlutverki við hið pólitíska umbreytingaferli sem nú ætti sér stað í landinu.

Síðari hluti fundarins fór fram 29. nóvember til 1. desember og þann fund sóttu af hálfu Íslandsdeildar Bjarni Benediktsson, Guðjón Hjörleifsson og Helgi Hjörvar, í forföllum Bryndísar Hlöðversdóttur aðalmanns og Þórunnar Sveinbjarnardóttur varamanns, auk Andra Lútherssonar ritara. Helstu skýrslur sem fyrir þinginu lágu að þessu sinni fjölluðu um evrópsk öryggis- og varnarmál 50 árum eftir undirritun endurskoðaða Brussel-sáttmálans, samskipti Bandaríkjanna og Evrópu á sviði öryggis- og varnarmála, samvinnu Bandaríkjanna og Evrópu á sviði hergagnaframleiðslu, og stöðu mála í Úkraínu. Belgíski þingmaðurinn Stef Goris var kjörinn nýr forseti VES-þingsins en Lúxemborgarinn Marcel Glesener hafði gegnt embættinu eftir að Belginn Armand de Decker lét af þingmennsku í sumar og gerðist ráðherra í ríkisstjórn Belgíu.

Í upphafi þingfundar hélt fráfarandi starfandi forseti ræðu um starfsemi þingsins og helstu málefni sem fyrir því lægju. Í ræðunni ræddi Glesener um niðurstöður Evrópuþingskosninganna í maí sl. og nefndi að nú um stundir væru 10 ný ríki fullir þátttakendur í Evrópusamstarfi, þar með talið öryggis- og varnarsamstarfi Evrópusambandsins og stjórnmála- og öryggismálanefnd sambandsins, þar sem undirbúningur sameiginlegrar stefnu í öryggis- og varnarmálum færi fram. Á það bæri þó að minna að það væru enn þjóðþing aðildarríkjanna sem sinntu lýðræðislegu eftirliti með þeim ákvörðunum sem stjórnvöld tækju, ákvörðunum sem að mestu leyti væru háðar samstöðu allra ESB-ríkjanna. Í því ljósi væri nauðsyn á að árétta það að afar mikilvægt væri að fulltrúum þjóðþinganna sem á VES-þinginu sætu yrði gert auðveldara að fjalla um málefni Evrópustefnunnar í öryggis- og varnarmálum. Þess vegna hefði verið ákveðið að veita nýju aðildarríkjunum atkvæðisrétt á VES-þinginu, jafnvel þótt ráðherraráð VES hefði tekið þá ákvörðun að ekki væru ástæður fyrir þau að gerast fullir aðilar að VES. Þarna endurspeglast enn og aftur sú umræða um þennan umræðuvettvang fyrir lýðræðislega kjörna fulltrúa til að hafa eftirlit og veita þessum málaflokki aðhald.

Hinn nýkjörni forseti þingsins, Stef Goris, kom inn á þessi sömu mál í ræðu sinni og lagði áherslu á að menn ættu að gleðjast yfir því að nú væri kominn meiri stöðugleiki um tilvist þingsins í kjölfar undirritunar stjórnarskrárinnar og menn ættu að horfa til þess verkefnis til framtíðar að upplýsa ráðamenn í Evrópu um það mikilvæga starf sem fram færi undir merkjum VES-þingsins og að tilvist þess væri einkar mikilvæg fyrir lýðræðislega umræðu um öryggis- og varnarmál í álfunni.

Einn þeirra sem tók til máls á þessum síðari hluta þingsins var Luc Frieden, varnarmálaráðherra Lúxemborgar. Mér finnst rétt að minnast á að í ræðu sinni vék hann að þeim friðargæsluverkefnum sem ESB hefði tekið að sér á undanförnum árum og missirum, bæði á Balkanskaga, í Afríkuríkinu Kongó og nú síðast í Kákasusríkinu Georgíu. Hann færði íslenskum, norskum, búlgörskum, rúmenskum og tyrkneskum stjórnvöldum sérstakar þakkir fyrir framlag þeirra til þeirra verkefna sem enn væri unnið að.

Ég ætla að lokum að minnast á það að af þeim skýrslum og ályktunum sem ræddar voru á desemberþinginu kom fram í skýrslu gríska þingmannsins Elsu Papadimitriou um nýjar ógnir í öryggiskerfi Atlantshafsríkja að brýnt væri að Evrópuríkin og Bandaríkin ættu opinskáar viðræður á víðfeðmum vettvangi um stríðið í Írak, málefni Miðausturlanda, stöðu aðgerðanna í Afganistan, gereyðingarvopn í Íran og fleira. Það má segja að umræðan um samskiptin yfir Atlantshafið, framtíð þingsins og hvernig tryggja megi lýðræðislegt eftirlit með varnar- og öryggismálastefnu ESB, mikilvægi þess að Evrópuríkin eigi sér sameiginlegan umræðuvettvang til að koma saman og ræða þessi mál, hafi verið mjög áberandi á þinginu á síðasta ári. Þessi sama umræða hefur verið áberandi hingað til en það er vonandi rétt sem haldið var fram á fundinum og ég hef áður minnst á að framtíð VES-þingsins sé að skýrast betur en verið hefur og að heldur skýrari sýn komist á hlutverk þingsins til framtíðar litið.

Ég held að ég láti þetta nægja um skýrslu Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 2004.

Evrópuráðsþingið 2004, ein umr.

Skýrsla ÍÞER, 546. mál. — Þskj. 825.

[16:31]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Á þskj. 825 liggur fyrir skýrsla frá Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins fyrir árið 2004 og vil ég fylgja skýrslunni úr hlaði með nokkrum orðum.

Allt frá lokum kalda stríðsins hefur Evrópuráðið í Strassborg gegnt því veigamikla hlutverki að styðja við bakið á lýðræðisuppbyggingu í nýfrjálsum ríkjum Mið- og Austur-Evrópu, m.a. með efnahags-, laga-, stjórnsýslu- og tækniaðstoð og kosningaeftirliti. Aðildarríkjum ráðsins hefur fjölgað ört á þeim 15 árum sem liðin eru síðan Berlínarmúrinn féll og á árinu 2004 náði stofnunin þeim merka áfanga að aðildarríkin urðu fjörutíu og sex talsins þegar Mónakó hlaut formlega aðild. Segja má að ríki Evrópuráðsins myndi nú eina órofa pólitíska heild, að aðeins Hvíta-Rússlandi einu undanskildu, og með vaxandi verkefnum og skuldbindingum aðildarríkja og auknum umsvifum er óhætt að segja að vægi ráðsins hefur aukist verulega. Framtíð Evrópuráðsins sjálfs var mjög til umræðu á árinu enda hafði verið ákveðið að efna til þriðja leiðtogafundar Evrópuráðsins í Póllandi um mitt ár 2005. Efni fundarins var mjög í deiglunni og í lok árs var mikill samhljómur um að efni og ástæður væru til að helga fundinn framtíð Evrópuráðsins í nýrri stofnanaskipan Evrópu annars vegar og hins vegar hvernig efla mætti innra starf stofnunarinnar og veita henni skýra pólitíska framtíðarsýn.

Á sama tíma og Evrópuráðið hefur eflst hafa aðrar evrópskar fjölþjóðastofnanir gert hið sama og er þá einkum átt við Evrópusambandið og ÖSE, þ.e. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Að mörgu leyti starfa þessar þrjár stofnanir á svipuðum slóðum, ekki bara landfræðilega, heldur einnig ef litið er til málaflokkanna lýðræðis, mannréttinda og réttarríkisins. Í þessu samhengi hefur Evrópusambandið þó að sjálfsögðu nokkra sérstöðu enda um mun dýpra og víðtækara milliríkjasamstarf þar að ræða.

Evrópuráðið er hins vegar í raun eina samevrópska stofnunin sem hefur svo mörg Evrópuríki innanborðs frá vestri til austurs. Þessi staðreynd gerir það að verkum að Evrópuráðið er í ákjósanlegri stöðu til að ná árangri við framrás grundvallargilda sinna — lýðræðið, mannréttindi og réttarríkið — í gegnum sáttmálasafn stofnunarinnar og sérfræðistofnanir þess. Á það hefur einnig verið bent að Evrópuráðið sé hinn eðlilegi samstarfsaðili Evrópusambandsins og í því ljósi bæri ESB að nýta sérfræðiþekkingu og sérfræðistofnanir Evrópuráðsins mun betur en gert hefði verið til þessa.

Hæstv. forseti. Starfsemi Evrópuráðsþingsins var víðfeðm á árinu og málaflokkarnir sem til umræðu voru bæði á þinginu og í nefndum þess fjölmargir. Sem endranær voru það pólitísku málin, átök og milliríkjadeilur, sem mesta athygli fönguðu á þingfundum og af þeim málum má nefna t.d. aðdraganda stríðsins í Írak og uppbyggingarstarfið þar í landi, sambúð Bandaríkjanna og Evrópu, deilurnar fyrir botni Miðjarðarhafs, lýðræðisþróunina í Georgíu, forsetakosningar í Úkraínu, baráttuna gegn hryðjuverkastarfsemi og framtíðarhlutverk Sameinuðu þjóðanna. Er þetta þó aðeins brot af þeim málum sem mikla athygli hlutu á þingfundum Evrópuráðsins. Íslandsdeildin tók þátt í flestum þessara umræðna, auk margra annarra, og var afar virk í störfum þingsins.

Það má geta þess að nýr framkvæmdastjóri Evrópuráðsins var kjörinn á júnífundi þingsins og hlaut breski þingmaðurinn Terry Davis flest atkvæði og sigraði fráfarandi framkvæmdastjóra Austurríkismanninn Walter Schwimmer, og utanríkisráðherra Eistlands, Kristinu Ojuland. Þá tók nýr íslenskur dómari sæti í Mannréttindadómstól Evrópu en dómarar eru, líkt og framkvæmdastjórar stofnunarinnar, kosnir af Evrópuráðsþinginu.

Hæstv. forseti. Á þingfundum eru skýrslur málefnanefnda ræddar og ályktað á grundvelli þeirra. Ályktunum, tilmælum eða áliti er því næst vísað til ráðherranefndarinnar sem fjallar um þær og framkvæmir til samræmis við þær ef þurfa þykir, annaðhvort með beinum aðgerðum eða lagasetningum í þjóðþingum. Evrópuráðsþingið á því oft frumkvæði að samningu fjölþjóðlegra sáttmála sem eru lagalega bindandi fyrir aðildarríkin. Þá er Evrópuráðsþingið umræðuvettvangur fyrir stjórnmál, efnahagsmál, félagsmál, mannréttindamál, umhverfismál, menningar- og menntamál, og eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem þingmenn Vestur-, Mið- og Austur-Evrópu starfa saman á jafnréttisgrundvelli.

Sérstök áhersla er lögð á að ólíkt því sem tíðkast á Evrópuþinginu eru fulltrúar á Evrópuráðsþinginu þjóðkjörnir þingmenn og hafa störf þingsins því beina skírskotun til starfa þjóðþinganna sjálfra. Þingfundir Evrópuráðsþingsins, þar sem menn starfa saman á jafnræðisgrundvelli, bera saman bækur sínar og skiptast á hugmyndum, eru því afar mikilvægir. Er það samdóma álit að þetta farsæla samstarf hafi hraðað mjög þeirri öru lýðræðisþróun sem átt hefur sér stað í Mið- og Austur-Evrópu á undangengnum árum. Þá hefur reynslan sýnt að þjóðir sem hafa skýr markmið í störfum sínum innan þingsins og kappkosta við að ná þeim geta haft áhrif langt umfram stærð og pólitískt bolmagn. Sú staðreynd varpar skýru ljósi á mikilvægi, og ekki síður möguleika, Evrópuráðsþingsins fyrir íslenska hagsmuni, ekki síst í ljósi þess að Evrópuráðið og þingmannasamkunda þess er eina samevrópska fjölþjóðastofnunin þar sem Ísland nýtur fullrar aðildar.

Hæstv. forseti. Vil ég nú minnast stuttlega á skipan Íslandsdeildarinnar. Fram til 1. október 2004 voru aðalmenn Íslandsdeildar Sólveig Pétursdóttir, formaður, þingflokki Sjálfstæðisflokks, Kristinn H. Gunnarsson, varaformaður, þingflokki Framsóknarflokks, og Össur Skarphéðinsson, þingflokki Samfylkingarinnar. Varamenn voru Árni R. Árnason, þingflokki Sjálfstæðisflokks, en við andlát hans var Birgir Ármannsson skipaður í sætið, Birkir J. Jónsson, þingflokki Framsóknarflokks, og Margrét Frímannsdóttir, þingflokki Samfylkingarinnar. Við upphaf 131. löggjafarþings var kjörin ný Íslandsdeild. Þar kom Siv Friðleifsdóttir, þingflokki Framsóknarflokks, inn í stað Kristins H. Gunnarssonar og var kjörin varaformaður. Aðrar breytingar urðu ekki. Ritari Íslandsdeildarinnar var og er Andri Lúthersson.

Vil ég nota tækifærið og segja frá því að jafnréttisnefnd Evrópuráðsþingsins hefur þegið boð Íslandsdeildarinnar um

að halda fund sinn hér á landi næsta haust. Er ætlunin að nefndin skiptist á skoðunum við fulltrúa íslenskra stjórnvalda og félagasamtaka sem hafa jafnréttismál á sinni könnu. Er það í raun gleðiefni að svo mikill áhugi er hjá fulltrúum Evrópuráðsþingsins að koma hingað til lands og kynna sér þennan mikilvæga málaflokk og hvað áunnist hefur í jafnréttismálum hér á landi.

Hæstv. forseti. Ekki skal hér tíundað um einstaka fundi Evrópuráðsþingsins og er vísað til fyrirliggjandi ársskýrslu sem veitir greinargóða lýsingu á störfum þess og þátttöku Íslandsdeildar í mikilvægum málaflokkum. Vil ég hins vegar þakka Íslandsdeildarmönnum gott samstarf á þessum mikilvæga vettvangi sem og fastafulltrúa Íslands í Evrópuráðinu sem hefur verið þingmannanefndinni innan handar.

NATO-þingið 2004, ein umr.

Skýrsla ÍÞNAA, 571. mál. — Þskj. 859.

[16:40]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég mæli fyrir ársskýrslu Íslandsdeildar NATO-þingsins 2004 og vil fylgja henni úr hlaði með örfáum orðum.

Umræðan um sambúð Bandaríkjanna og Evrópuríkja í kjölfar Íraksstríðsins var nokkuð hávær á árinu 2004, eins og raunar árið þar á undan, og setti að vissu leyti mark sitt á samskipti aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins. Þó virtist sem andstæðir pólar í Íraksmálinu hafi þokast nær hver öðrum eftir því sem á árið leið og í lok árs var svo komið að mun meiri samhljóms gætti meðal aðildarríkjanna en verið hafði um nokkurt skeið. Í árslok árs lögðu flestöll aðildarríki NATO eitthvað af mörkum til uppbyggingarstarfsins í Írak og áþreifanlegur árangur hafði náðst í að sætta deilur vegna ólíkra sjónarmiða beggja vegna Atlantshafsins hvað Íraksmálið varðaði, og þá einkanlega innrásina 2003. Vissulega hafði það jákvæð áhrif að nýkjörnum Bandaríkjaforseta og stjórn hans virtist það metnaðarmál að ná að lygna þær öldur sem mynduðust í aðdraganda Íraksstríðsins. Á hitt er þó einnig að líta í þessu samhengi að þær Evrópuþjóðir sem hvað harðast gengu fram í gagnrýni sinni á framgöngu Bandaríkjanna og Breta hafa líka virst fúsar á síðustu mánuðum til að slétta úr þeim ágreiningsefnum sem risið höfðu.

Hvað Atlantshafsbandalagið sjálft varðar horfir NATO nú fram á veginn, tekst á við ógnir samtímans og stendur nú að mörgu leyti styrkara en áður. Þrátt fyrir ólík stefnumið og pólitísk átök einstakra aðildarríkja liggur nú rík pólitísk eining að baki mikilvægs hlutverks bandalagsins við að leitast við að tryggja frið og stöðugleika í Evrópu og á nærliggjandi svæðum. Atburðir undanfarinna mánaða og missira staðfesta að innan bandalagsins ríkir ekki ótti við orðræðuna, menn takast á um álitaefni og komast að niðurstöðu án þess að missa sjónar á megintilganginum. Nýliðinn óformlegur leiðtogafundur bandalagsins í Brussel í síðasta mánuði undirstrikar það.

Með breyttri heimsmynd hefur bandalagið skerpt áhersluna á svæði utan Evrópu og þá einkanlega á því landsvæði sem í daglegu tali hefur verið nefnt Stór-Miðausturlönd. Er þar til að mynda almennt álitið að málefni Miðausturlanda muni fyrr eða síðar lenda með beinum hætti inni á borði hjá bandalaginu, hvort sem um friðargæslu eða annað verði að ræða, og ber hér að fagna því að friðvænlegar horfir nú um stundir í deilu Ísraels- og Palestínumanna en verið hefur um langan tíma.

Á leiðtogafundi NATO-ríkja í Istanbúl í júnímánuði var ákveðið að hrinda í framkvæmd áætlun sem miðaði að því að auka mjög samskiptin við ríkin við Persaflóa, á grundvelli Miðjarðarhafsáætlunarinnar sem gefist hefur einkar vel í samskiptum bandalagsins við ríki norðanverðrar Afríku. Um afar mikilvægt verkefni er að ræða enda almennt álitið að þetta heimssvæði sé mesta uppspretta hryðjuverkaafla nú um stundir. Friðaraðgerðir bandalagsins í Afganistan hafa þegar skilað miklum árangri og á vettvangi þess ríkir nú full einurð um það hversu mikilvægt er að lýðræði nái að skjóta þar varanlegum rótum undir verndarvæng bandalagsins og bandamanna þess.

Áframhald hefur verið á mikilvægu friðargæsluverkefni bandalagsins í Kosovo-héraði á árinu og farsæl tilfærsla verkefna í Bosníu-Hersegóvínu og Makedóníu er nú til marks um góð samskipti NATO og Evrópusambandsins. Þótt NATO hafi ekki verið aðili að Íraksstríðinu er vert að minnast þess að um það hefur náðst samstaða að NATO komi að þjálfun írakskra öryggissveita og að bandalagið útvegi þeim búnað.

Hvað innviði NATO varðar hefur orðið mikil uppstokkun á herstjórnarkerfi bandalagsins á undanförnum missirum og býr það nú við mun meiri aðgerðagetu en áður hefur verið. Hafa þessar umfangsmiklu breytingar undirstrikað mátt bandalagsins og aðlögunarhæfni þess í breyttri heimsmynd og breyttu ógnarumhverfi sem og hæfni þess til að ráðast í aðgerðir af nýjum toga.

Aðildarríkjum NATO fjölgaði umtalsvert á árinu er fánar sjö nýrra ríkja voru dregnir að húni á vormánuðum við höfuðstöðvar bandalagsins í Brussel. Var það endahnúturinn á áralöngu aðlögunarferli ríkjanna og mikill styrkur fyrir bandalagið.

Herra forseti. Ekki er hægt að láta hjá líða að minna á að bandalagsríkin voru minnt óþyrmilega á það á árinu að hryðjuverkaógnin væri enn viðvarandi. Mannskæð óhæfuverk voru framin í Madríd og í Suður-Ossetíu og voru þau sorgleg áminning um að fjórum árum eftir hryðjuverkin mannskæðu í Bandaríkjunum og stóraukið milliríkjasamstarf í baráttunni gegn hryðjuverkum eru öfgaöfl síst á undanhaldi og virðist athæfi þeirra verða æ miskunnarlausara.

Sem fyrr tók starfsemi NATO-þingsins mið af tíðindum á vettvangi alþjóðamála. Málefni Íraks og Afganistans voru fyrirferðarmikil í störfum nefnda þingsins sem og Atlantshafsstrengurinn og samskiptin yfir hafið. Þá hefur starfsemi Miðjarðarhafshóps NATO-þingsins aukist mjög á undanförnum árum og er svo komið að sá vettvangur er að verða einn sá mikilvægasti innan þingsins. Málefni mansals og barnasölu voru veigamikil í störfum félagsmálanefndar en sá sem hér stendur var höfundur skýrslu þess efnis í félagsmálanefnd NATO-þingsins.

Árið 2004 tók Íslandsdeildin virkan þátt í febrúarfundunum í Brussel og fundi stjórnarnefndar sem haldinn var í

Ósló, vor og ársfundum þingsins í Bratislava og Feneyjum, auk fjölda nefndafunda utan þingfunda. Af öðru markverðu starfi Íslandsdeildar má nefna að á árinu hefur hún staðið að undirbúningi stjórnarnefndarfundar NATO-þingsins sem haldinn verður í Reykjavík um næstu mánaðamót. Einnig vil ég geta ársfundar þingsins, sem er stór og mikil samkunda og telur hátt á annað þúsund manns, sem verður haldinn í Reykjavík haustið 2007.

Þingmannasamtök NATO er nauðsynlegur umræðuvettvangur. Þar er tekist á og menn ræða hispurslaust um þau álitamál sem uppi eru. Það eru ekki aðeins fulltrúar NATO-ríkjanna sem eru þar á vettvangi. Fjöldi áheyrnarfulltrúa frá fjölmörgum þjóðlöndum í norðanverðri Afríku, austanverðri Evrópu og Asíu koma einnig að málum og það er á vettvangi Atlantshafsbandalagsins sem ósk um að fá að taka meiri og nánari þátt í starfsemi þingmannasamtakanna verður vart. Mikilvægi NATO er augljóst í hugum þessara þjóða og til þess veruleika verðum við að horfa.

Að lokum langar mig að minna stuttlega á skipan Íslandsdeildarinnar. Með fráfalli Árna R. Árnasonar var höggvið stórt skarð í okkar raðir. Í nefndinni sitja nú, auk þess sem hér stendur, Einar Oddur Kristjánsson og er varamaður hans Kjartan Ólafsson, Magnús Stefánsson kemur frá þingflokki Framsóknarflokks og er varamaður hans Dagný Jónsdóttir, varamaður minn er Ágúst Ólafur Ágústsson. Andri Lúthersson var ritari Íslandsdeildarinnar og hefur verið um langt árabil og fyrir hans frábæru störf er hér þakkað.

Í þessu stutta yfirliti gefst ekki tími til að fara yfir þau fjölmörgu mál og málaflokka sem sinnt hefur verið af NATO-þinginu heldur aðeins tæpt á helstu atriðum. Gleggri upplýsingar um starfsemi þingsins má finna í ársskýrslu deildarinnar.

Alþjóðaþingmannasambandið 2004, ein umr.

Skýrsla ÍAÞ, 576. mál. — Þskj. 864.

[16:48]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir skýrslu Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 2004. Íslandsdeildin var á síðasta ári skipuð þeim sem hér stendur frá þingflokki Sjálfstæðisflokksins, Kristjáni L. Möller frá þingflokki Samfylkingarinnar og Hjálmari Árnasyni frá þingflokki framsóknarmanna. Ég var formaður og hv. þm. Hjálmar Árnason varaformaður. Ritari deildarinnar var Belinda Theriault.

Íslandsdeildin hefur verið ákaflega virk í starfi sambandsins. Við höfum fyrst og fremst einbeitt okkur að starfinu á vettvangi IPU og þeim ráðstefnum sem samtökin hafa haldið tvisvar á ári auk annarra funda. Hv. þm. Hjálmar Árnason hefur sinnt friðar- og öryggismálanefnd, Kristján L. Möller hefur setið í nefndum um lýðræði og mannréttindamál og sá er hér stendur hefur verið formaður nefndar um sjálfbæra þróun, efnahags- og viðskiptamál, sem er ein af fjórum helstu nefndum Alþjóðaþingmannasambandsins.

Auk þeirra þinga sem ég nefndi áðan stendur sambandið fyrir nokkrum alþjóðlegum ráðstefnum og málstofum. Hv. þm. Hjálmar Árnason sótti ráðstefnu á vegum IPU um endurnýjanlega orkugjafa í Bonn. Sjálfur hafði ég ásamt skrifstofu IPU forustu um undirbúning sérstaks þingmannafundar í tengslum við UNCTAD ráðstefnuna í Sao Paulo í Brasilíu á sl. ári, enda féll efni hennar að starfi annarrar nefndar IPU sem ég er formaður fyrir. Auk þess að stjórna fundinum stýrði ég nefnd sem undirbjó ályktun fundarins. Á meðal helstu gestafyrirlesara á fundinum var hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, en þess má geta að hann var um tíma varaforseti IPU.

Íslandsdeildin hefur líka unnið í gegnum IPU að málefnum sem varða Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) og tekið hefur verið upp formlegt samstarf með það fyrir augum að halda utan um þingmannasamstarf á þeim vettvangi. Þetta er mjög til góða og gæti að mínu mati orðið mjög góð fyrirmynd að öðru slíku samstarfi á þinglegum vettvangi innan vébanda stórra slíkra stofnana. Það er engin ástæða fyrir okkur að búa til batterí í kringum hinar stóru alþjóðastofnanir eins og Alþjóðabankann eða Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eins og hefur sannarlega verið vísir að. Eðlilegra væri að nýta það sem fyrir er og alþjóðleg þingmannasamtök á borð við Alþjóðaþingmannasambandið (IPU) eru auðvitað mjög vel fallin til að halda utan um störf af því tagi.

Innan Alþjóðaþingmannasambandsins er til staðar mikil þekking, pólitísk þekking á álitamálum sem uppi eru eins og málum sem snúa að alþjóðlegum viðskiptum, þróunaraðstoð, alnæmisvandanum, upplýsingaskiptum milli þinga og þingmanna og almennri pólitískri stefnumótun. Það er líka ljóst að með þessu er hægt að auka tengsl þingsins og þingmanna við það sem verið er að gera á alþjóðlegum vettvangi eins og varðandi Alþjóðaviðskiptastofnunina. Þar er verið að taka ákvarðanir sem geta haft til lengri og skemmri tíma áhrif m.a. innan lands og þess vegna er mjög nauðsynlegt fyrir okkur að við sinnum þessu.

Alþjóðaþingmannasambandið hefur enn fremur verið að styrkja tengsl sín við Sameinuðu þjóðirnar og einmitt núna stendur yfir fundur þar sem verið er að minnast 10 ára afmælis Peking-fundarins varðandi kvennaráðstefnuna sem þar var haldin og fræg er. Frá okkar þingi sóttu allnokkrar þingkonur kvennaráðstefnuna í New York og þar fór fram dagsfundur á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins sem beinlínis var ætlaður til að kalla saman þingmenn sem á ráðstefnunni hafa verið.

Alþjóðaþingmannasambandið hefur áheyrnaraðild að Sameinuðu þjóðunum og hefur reynt að styrkja tengsl sín við þær. Þess vegna er mjög mikilvægt fyrir okkur að reyna að sinna því og Alþjóðaþingmannasambandið hefur m.a. efnt til sérstakra funda á haustin sem þingmenn sem sækja allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hafa átt þess kost að koma til.

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til að fara nánar út í efnisatriði þeirrar ítarlegu skýrslu sem við höfum undirbúið sem störfum innan Alþjóðaþingmannasambandsins. Þar getur hins vegar að líta mikinn fróðleik um það starf sem þar hefur verið unnið. Á því má sjá að það hefur verið komið mjög víða við enda er það eðli pólitískrar umræðu af þessu tagi að koma mjög víða að málum. Það er full ástæða fyrir okkur sem þing og þjóð að eiga vettvang eins og þenn-

an þar sem hinir pólitískt kjörnu fulltrúar geta tjáð skoðanir sínar millilíðalaust, litlar þjóðir jafnt sem stórar, og því er þetta að mínu mati ómetanlegur vettvangur til að láta rödd okkar heyrast á alþjóðlegum vettvangi.

Norðurskautsmál 2004, ein umr.

Skýrsla ÍNSM, 582. mál. — Þskj. 873.

[16:53]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Nú háttar svo til varðandi þetta mál að það er einungis nýverið sem ég tók sæti í Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál og sat minn fyrsta fund á þeim vettvangi fyrir fáeinum dögum og kom heim í morgun af þeim fundi. Ég get þess vegna ekki vísað til minnar eigin reynslu nema að mjög takmörkuðu leyti varðandi vinnuna en hins vegar er ljóst að hér er um gríðarlega þýðingarmikið verkefni að ræða sem við þurfum eðlilega að taka þátt í.

Sumir hafa velt því fyrir sér hvort þátttaka á afmörkuðum sviðum og afmörkuðum svæðum eins og þessum séu til einhvers fyrir þjóð eins og okkar, hvort þetta skili sér nokkuð vegna þess að hér er um að ræða svæði þar sem ekki býr mjög stór hluti af öllum heiminum. Þá vil ég vísa í því sambandi til ákaflega athyglisverðra viðræðna sem við hv. þingmenn Birgir Ármannsson, Rannveig Guðmundsdóttir og sá sem hér stendur áttum m.a. við nýjan bandarískan öldungadeildarþingmann, Lisu Murkowski, sem vakti einfaldlega athygli á því að allt sem gerist í heiminum hefur með einum eða öðrum hætti áhrif á okkur sem búum norðar á hnettinum. Loftslagið og hafstraumarnir eru þess eðlis að þeir skila inn á norðurskautssvæðið öllu því góða og því slæma sem gerist annars staðar í heiminum. Mengun og aðrir vágestir gera vart við sig. Þess vegna er afskaplega þýðingarmikið fyrir okkur að við reynum að taka þátt í samstarfinu til að geta með sameiginlegum hætti brugðist við og vakið athygli á þeim vanda sem við kunnum að standa frammi fyrir. Auðvitað eru þjóðirnar misjafnlega vel settar. Íslendingar eru forrík þjóð. Við vitum hins vegar að íbúar t.d. í norðurhluta Rússlands búa við allt önnur kjör og frumbyggjar á þessum slóðum búa við aðra sögulega og menningarlega arfleifð. Engu að síður eigum við við ýmis sameiginleg vandamál að glíma sem náttúran hefur skapað okkur og þess vegna er eðlilegt að við störfum á þessum vettvangi.

Við sjáum líka að mörg sú umræða sem hefur átt sér stað undanfarin ár og lýtur að hlýnun andrúmsloftsins er umræða sem beinlínis snertir okkar svæði. Menn hafa vakið athygli á því að hlýnun andrúmsloftsins kunni að hafa dramatískari áhrif á norðurslóðum en víða annars staðar og þess vegna er mikilvægt fyrir okkur að taka þátt í starfinu.

Við skulum heldur ekki gleyma því að Íslendingar hafa verið frumkvöðlar. Við höfðum mjög mikið um það að segja þegar stofnað var til samstarfsins og Íslendingar hafa leitt það samstarf í hluta þess tímabils og að mati þeirra sem hafa fylgst með gert það með mjög ábyrgum og skynsamlegum hætti, undirbúið skýrslur sem hafa vakið mikla athygli sem lúta að félagslegri, menningarlegri og efnahagslegri stöðu íbúa á norðurskautssvæðinu. Segja má að þarna hafi á vissan hátt verið að brjóta í blað með því að setja málefni norðurskautsins í það pólitíska og félagslega samhengi sem þarna var gert.

Einnig hafa verið haldnar ráðstefnur á okkar vettvangi sem ríkisstjórnir hafa komið að og við gerum okkur grein fyrir að samstarfið mun í eðli sínu eflast og styrkjast vegna þess að verkefnin eru af þeim toga. Við höfum líka byggt upp sérstaka þekkingu á þessum sviðum á Akureyri, bæði í tengslum við Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og í tengslum við Háskólann á Akureyri. Auðvitað er þýðingarmikið fyrir okkur að þekkingin verði ekki síst til hjá okkur þannig að við getum orðið mótendur og gerendur í málaflokknum á komandi árum.

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til að fara nánar yfir málið. Ég vil aðeins láta það koma fram að á þeim tíma sem skýrslan nær yfir voru fulltrúar í Íslandsdeildinni hv. þingmenn Sigríður A. Þórðardóttir formaður, Magnús Stefánsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir. Sá sem hér stendur var varamaður hv. þm. Sigríðar A. Þórðardóttur en þegar hún tók við starfi umhverfisráðherra tók ég við starfi hennar sem formaður Íslandsdeildarinnar. Ég er sannfærður um að við Íslendingar getum bundið miklar vonir við samstarfið og eigum að rækta það vel vegna eðlis þess, sérstöðu þess og vegna stöðu málsins í heiminum um þessar mundir.

Vestnorræna ráðið 2004, ein umr.

Skýrsla ÍVN, 567. mál. — Þskj. 855.

[16:58]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Ég mun gera grein fyrir skýrslu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins um störf ráðsins á árinu 2004 en skýrslan í heild sinni er lögð fram á þskj. 855, 567. mál.

Meginmarkmið Vestnorræna ráðsins er að starfa að hagsmunum þessara þriggja grannríkja, Færeyja, Grænlands og Íslands og er ráðinu ætlað að gæta auðlinda, velferðar og menningar þjóðanna á sem víðtækastan hátt. Í starfi sínu í Vestnorræna ráðinu leitast þingmenn við að ná fram markmiðum sínum með ályktunum og áskorunum til ríkisstjórna og landsstjórna og með virkri þátttöku í norrænu samstarfi og samstarfi við aðra aðila og samtök á Vestur-Norðurlöndum og skipulagningu á ráðstefnum og öðrum verkefnum. Vestnorræna ráðið rekur sérstaka skrifstofu í Reykjavík og hefur Ernst Olsen gegnt starfi framkvæmdastjóra sl. fjögur ár en lét af störfum þann 15. febrúar sl. Þá tók við starfinu Þórður Þórarinsson og er hann ráðinn til tveggja ára.

Í byrjun árs 2004 skipuðu Íslandsdeild eftirtaldir þingmenn: Birgir Ármannsson, formaður, Hjálmar Árnason, varaformaður, Guðrún Ögmundsdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Margrét Frímannsdóttir og Magnús Þór Hafsteinsson, sem aðalmenn. Varamenn voru Gunnar Birgisson, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Magnús Stefánsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Helgi Hjörvar og Sigurjón Þórðarson.

Við upphaf 131. þings hinn 1. október urðu þær breyt-

ingar á skipan Íslandsdeildar að Kjartan Ólafsson tók sæti aðalmanns í stað Einars Odds Kristjánssonar og Anna Kristín Gunnarsdóttir tók sæti aðalmanns í stað Margrétar Frímannsdóttur. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson tók sæti varamanns í stað Önnu Kristínar. Á fyrsta fundi Íslandsdeildar hinn 7. október var sá er hér stendur endurkjörinn formaður og Hjálmar Árnason varaformaður. Arna Gerður Bang, starfsmaður á alþjóðasviði Alþingis, gegndi starfi ritara Íslandsdeildar.

Fyrri hluta ársins 2004 bar hæst í starfi Íslandsdeildarinnar skipulagningu þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins um orkumál sem haldin var í Reykjavík og Svartsengi dagana 9.–10. júní. Íslandsdeildin tók virkan þátt í undirbúningi ráðstefnunnar og ræddi ýmsar tillögur að dagskrá, fyrirlesurum og erindum. Auk þess hafði deildin náið samráð við sérfræðinga iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins til að gera ráðstefnuna sem besta.

Eins og flestum er kunnugt fór Ísland með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2004, þar sem áhersla var m.a. á Vestur-Norðurlönd. Af því tilefni boðaði Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins til fundar með Páli Péturssyni, ráðgjafa frá Norðurlandaskrifstofu forsætisráðuneytisins og bauð Íslandsdeild Norðurlandaráðs að taka þátt í fundinum. Páll sagði fundarmönnum frá því sem til stæði á formennskuárinu og fóru fram góðar og gagnlegar umræður um árið og verkefni þess og þá viðburði sem skipulagðir voru.

Benedikte Thorsteinsson, formaður Kalak, vinafélags Íslands og Grænlands, var einnig gestur fundar Íslandsdeildar á árinu og ræddi m.a. um starfsemi félagsins og möguleika á frekari samvinnu milli vestnorrænu landanna, einkum með tilliti til samstarfs Íslendinga og Grænlendinga.

Eitt af stærstu verkefnum Vestnorræna ráðsins á árinu var ítarleg yfirferð yfir starfsreglur ráðsins, með það að markmiði að skerpa línurnar og gera reglurnar skýrari og skilvirkari. Mikil og góð vinna fór fram hjá Íslandsdeildinni sem lagði metnað sinn í að skila inn greinargóðum tillögum til breytinga. Hvatt var til þess í greinargerð Íslandsdeildar að forsætisnefnd mæti kosti þess og galla að lengja formennskutímabilið í ráðinu úr einu ári í tvö. Einnig lagði deildin áherslu á umræðu um það hvort nauðsynlegt væri að starf framkvæmdastjóra ráðsins væri fullt starf og skoða hvernig bæri að haga skrifstofurekstri ráðsins.

Skemmst er frá því að segja að á ársfundi ráðsins sem haldinn var í Narsarsuaq á Grænlandi í ágúst voru þessar hugmyndir og aðrar hugmyndir frá öðrum landsdeildum ræddar. Niðurstaðan varð sú að gera ekki tillögur um breytingar á þessum stóru dráttum í starfi ráðsins. Hins vegar fór fram viðamikil endurskoðun á vinnureglum sem lúta að innra starfi þess.

Eitt af stærri verkefnum ráðsins er veiting Barna- og unglingabókaverðlauna Vestnorræna ráðsins. Á fundi sérstakrar dómnefndar í Kaupmannahöfn í júlí 2004 var bókin Engill í Vesturbænum eftir Kristínu Steinsdóttur, myndskreytt af Höllu Sólveigu Þorgeirsdóttur, valin sem vinningsbók. Niðurstaðan var kunngerð á ársfundi ráðsins í Narsarsuaq. Verðlaunin voru svo afhent vinningshöfunum formlega í Skála Alþingis 2. september. Markmiðið með verðlaununum er að hvetja vestnorræna barna- og unglingabókahöfunda til dáða. Auk þess er vonast til að með verðlaununum verði ungmennum Vestur-Norðurlanda gert betur kleift að kynna sér vestnorrænar bókmenntir og menningu. Þær bækur sem hljóta tilnefningu eru á vegum menntamálaráðuneyta landanna þýddar á vestnorrænu málin og skandinavísku og gert er ráð fyrir því að bækurnar komi að gagni í skólastarfi í löndunum þremur. Ávallt er lögð áhersla á að fyrir liggi þýðing á einhverju skandinavísku tungumálanna til að unnt sé að kynna bækurnar annars staðar á Norðurlöndum. Verðlaunin voru veitt í annað skiptið árið 2004. En samningur var gerður milli menntamálaráðuneyta landanna árið 2002 um að verðlaunin yrðu veitt annað hvert ár. Þau verða því næst veitt árið 2006.

Eins og áður er getið fór fram þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins um orkumál í Reykjavík og Svartsengi í júní í fyrra. Á ráðstefnunni var sjónum beint að orkumálum Grænlands, Færeyja og Íslands og leitað var leiða til aukinnar samvinnu milli landanna á þessu mikilvæga sviði. Meginmarkmið ráðstefnunnar var að efla upplýsingaflæði landanna í milli í þessum málaflokki og finna fleti á frekara samstarfi. Þingmenn frá Grænlandi, Færeyjum og Íslandi báru saman bækur sínar um ástandið í orkumálum ríkjanna. Þess má geta að fjölmargir alþjóðlegir sérfræðingar fluttu erindi um margvíslegar hliðar orku- og umhverfismála. Þeir ráðherrar ríkjanna sem fara með orkumál sóttu ráðstefnuna, svo og fulltrúar Norðurlandaráðs, norrænu ráðherranefndarinnar og norska þingsins. Rætt var um mikilvægi þess að vestnorrænu löndin ynnu saman að þróun endurnýjanlegrar orku. Í vestnorrænu löndunum er til sérfræðiþekking og tækni í sambandi við umhverfisvæna endurnýjanlega orku og orkusparnað og er víðtækur vilji til að þróa þá tækni enn frekar

Löndin þrjú hafa að sameiginlegu markmiði að minnka notkun þessara orkugjafa sem ekki eru endurnýjanlegir og auka vægi endurnýjanlegra orkugjafa svo sem vatns- og vindorku, jarðvarma og vetnis. Orkumálaráðherrar landanna ítrekuðu stuðning sinn við frekari samvinnu og sögðu yfirvöld tilbúin að skoða nánara samstarf landanna þriggja á því sviði. Mikil þróun hefur orðið á þessum sviðum á undanförnum árum. Ljóst er að aukin samvinna getur veitt þjóðunum styrk og getu til að skoða frekar nýja möguleika og læra hver af annarri og var það von þátttakenda að umræður og fræðsla á ráðstefnunni yrði gott veganesti og styrkti samstarf vestnorrænu landanna í sviði orkumála.

Eins og áður er getið fór ársfundur Vestnorræna ráðsins fram dagana 20.–24. ágúst í Narsarsuaq á Grænlandi. Sá sem hér stendur var kosinn formaður ráðsins, Henrik Old frá Færeyjum varaformaður og Jonathan Motzfeldt frá Grænlandi annar varaformaður. Eins og kunnugt er er formennskutímabilið eitt ár og flyst milli landanna eftir ákveðnum reglum. Ákveðið var að þemaráðstefna starfsársins 2005 yrði tileinkuð sjávarútvegsmálum og haldin í Færeyjum.

Formaður gerði grein fyrir endurskoðun á starfsreglum ráðsins fyrir utan kafla sem fjallar um skrifstofurekstur og voru þær samþykktar einróma. Í framhaldinu áttu sér stað umræður innan landsdeildanna varðandi skrifstofurekstur og starfsmannamál og tekin var sameiginleg afstaða til

þeirra. Formenn landsdeilda lýstu yfir stuðningi við tillögu sem gekk út á ástand sem í meginatriðum er óbreytt, þ.e. að starf framkvæmdastjóra væri fullt stöðugildi og skrifstofureksturinn yrði til staðar í tengslum við alþjóðasvið Alþingis eins og verið hefur.

Þrjár ályktanir voru samþykktar á fundinum. Fyrst er að nefna ályktun um eflingu vestnorræns samstarfs í orkumálum. Þar er skorað á ríkis- og landsstjórnir landanna þriggja að efna til samstarfs um orkumál þjóðanna með áherslu á sjálfbæra nýtingu orkuauðlinda. Einnig var samþykkt ályktun um að auka samvinnu landanna þriggja í tengslum við vandamál í sjávarútvegi í sambandi við Evrópusambandið. Þriðja ályktunin leggur til að gerð verði verkáætlun um hvernig styrkja megi rannsóknir á loftslagsbreytingum með Norður-Atlantshaf sem rannsóknasvið. Ályktanir fundarins voru samþykktar samhljóða.

Herra forseti. Fjölbreytt verkefni bíða Vestnorræna ráðsins á árinu 2005. *Ársfundurinn verður, eins og áður* kom fram, haldinn á Íslandi í ágúst næstkomandi. Þemaráðstefna ráðsins verður í Þórshöfn í Færeyjum í júní. Íslandsdeild ráðsins hefur þegar hafið undirbúning þessara funda og eru viðræður við aðila sem lagt geta málefnunum lið hafnar, bæði við sérfræðinga og þau ráðuneyti sem málin varða. Það er því ljóst að margvísleg málefni eru á döfinni á næstu missirum hjá Vestnorræna ráðinu sem snerta auðlindir, velferð og menningu og er það von Íslandsdeildar að þessum málum verði áfram sýndur sá áhugi á Alþingi sem verið hefur.

Læt ég hér lokið máli mínu um störf Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins á árinu 2004.

Fríverslunarsamtök Evrópu 2004, ein umr.

Skýrsla ÞEFTA, 572. mál. — Þskj. 860.

[17:10]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Í ræðu minni kynni ég skýrslu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2004. Skýrslan í heild sinni er lögð fram á þskj. 860.

Ég vík nú, virðulegi forseti að skipan Íslandsdeildar á árinu. Í upphafi árs 2004 skipuðu Íslandsdeildina eftirfarandi þingmenn: Gunnar Birgisson, formaður, Össur Skarphéðinsson, Birkir J. Jónsson, varaformaður, Guðlaugur Þór Þórðarson og Lúðvík Bergvinsson. Hinn 5. febrúar 2004 tók Bryndís Hlöðversdóttir sæti aðalmanns í stað Össurar Skarphéðinssonar. Íslandsdeildin var endurkjörin í upphafi 131. þings hinn 1. október og voru formaður og varaformaður endurkjörnir á fyrsta fundi nefndarinnar. Ritari Íslandsdeildar var Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs.

Í upphafi árs 2004 skipuðu Íslandsdeildina eftirfarandi þingmenn: Gunnar Birgisson, formaður, Össur Skarphéðinsson, Birkir J. Jónsson, varaformaður, Guðlaugur Þór Þórðarson, og Lúðvík Bergvinsson.

Þann 5. febrúar 2004 tók Bryndís Hlöðversdóttir sæti aðalmanns í Íslandsdeildinni í stað Össurar Skarphéðinssonar. Íslandsdeildin var endurkjörin í upphafi 131. þings þann 1. október og voru formaður og varaformaður endurkjörnir á fyrsta fundi nefndarinnar. Ritari Íslandsdeildar var Belinda Theriault, forstöðumaður alþjóðasviðs.

Síðasta ár var mjög annasamt hjá þingmannanefnd EFTA og fór fram mikil og góð vinna hjá Íslandsdeildinni. Sem formaður þingmannanefndarinnar árið 2004 bar ég höfuðábyrgð á starfi nefndarinnar. Ég var jafnframt varaformaður þingmannanefndar EES en fulltrúi Evrópuþingsins fór með formennskuna á síðasta ári.

Stækkun ESB og EES settu vissulega svip sinn á starf nefndanna á árinu og voru mál þessu tengd nokkuð til umræðu, sérstaklega fyrri hluta árs. Þingmannanefndirnar fjölluðu töluvert um áætlun ESB um innri markaðinn 2003–2006, sérstaklega fyrirhugaða lagasetningu á einstökum sviðum áætlunarinnar. Nokkuð var fjallað um málefni þróunarsjóðs EFTA, en segja mætti að aðkoma að ákvarðanatöku og lýðræðisleg vinnubrögð hafi verið fyrirferðarmest í umræðum þingmannanefndar EES á árinu.

Samskipti við þriðju ríki voru ofarlega á baugi í starfi þingmannanefndar EFTA. Mikið var lagt upp úr umræðum um þau mál á fundum með ráðherrum á árinu. Þingmannanefndin lagði áherslu á gerð fríverslunarsamninga við Japan, Mercosur í Suður-Ameríku, Suður-Kóreu, Tæland og Bandaríkin. Jafnframt lagði nefndin áherslu á að ljúka samningum við Kanada og við lönd við Miðjarðarhaf, Túnis, Marokkó og Egyptaland.

Virðulegi forseti. Framkvæmdastjórn þingmannanefndar EFTA taldi mikilvægt að eiga fundi með fulltrúum þjóðþinga Eystrasaltsríkjanna vegna inngöngu þeirra í ESB og voru slíkir fundir haldnir í febrúar 2004. Framkvæmdastjórnin fór jafnframt til fundar við þingmenn í Búlgaríu og Rúmeníu til að kynna EES og ræða Evrópumál. Eru fundir af þessu tagi orðnir mikilvægur liður í starfi framkvæmdastjórnarinnar.

Að tillögu formanns var ákveðið að hefja umfjöllun um viðskipti með landbúnaðarvörur. Landbúnaðarmál eru orðin mikilvægur hluti af milliríkjasamningum á sviði viðskipta og vildi nefndin skoða þennan málaflokk með stefnumótunarvinnu í huga. Á síðasta fundi ársins, eftir ítarlega umfjöllun, samþykkti þingmannanefndin tímamótaályktun um landbúnaðarmál sem hún beindi til ráðherraráðsins. Beðið er nú viðbragða ráðherranna.

Í ályktuninni er viðurkennt að landbúnaður er pólitískt viðkvæmt mál í öllum EFTA-ríkjum, að EFTA-ríkin hafi ekki sameiginlega landbúnaðarstefnu og að landbúnaðarmál séu tekin upp í tvíhliða viðræðum í tengslum við gerð fríverslunarsamninga. Stuðningi er lýst við fríverslunarsamninga EFTA- ríkjanna og hvatt er til að enn meiri áhersla verði lögð á gerð fríverslunarsamninga. Þá er bent á að engar viðræður um fríverslun hafi siglt í strand vegna landbúnaðarmála þó að slík mál hafi valdið erfiðleikum í samningaviðræðum, og lýst er áhyggjum af því að varnarhagsmunir EFTA-ríkjanna kunni að valda frekari erfiðleikum í framtíðinni við að ná víðtækum fríverslunarsamningum. Því er farið fram á að EFTA-ríkin skoði landbúnaðarstefnu sína, kosti og galla þess að bjóða upp á aukin viðskipti með landbúnaðarvörur með tilliti til komandi fríverslunarsamningaviðræðna og hugsanlegs umfangs þeirra.

Þá er óskað eftir því að EFTA-ráðherrarnir íhugi hvort

mögulegt sé að taka upp fríverslun í landbúnaði innan EFTA þó að samningar við þriðju ríki verði áfram tvíhliða mál hvers ríkis fyrir sig.

Þingmannanefnd og ráðgjafarnefnd EFTA héldu sameiginlega ráðstefnu í Reykjavík 21. október sl. í tilefni af tíu ára afmæli EES-samningsins. Ráðstefnan var mjög fjölsótt. Á ráðstefnunni var fjallað um hlutverk EFTA og Evrópska efnahagssvæðisins í nýrri Evrópu. Ráðstefnan var haldin í kjölfar þess að tíu ný aðildarríki gengu í Evrópusambandið, nýtt Evrópuþing hafði verið kjörið og ný framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tilnefnd. Ráðstefnan gaf þátttakendum tækifæri til að kryfja til mergjar þær áskoranir sem EES-samstarfið stendur frammi fyrir og ræða um hvernig megi mæta þeim sem best.

Venja er að Íslandsdeildin haldi fund með Evrópunefnd þjóðþings þess ríkis sem næst tekur við forustu innan Evrópubandalagsins, en nýtt forusturíki tekur við á sex mánaða fresti. Á árinu hélt deildin fundi með fulltrúum Evrópunefndar hollenska þingsins. Á slíkum fundum kynnir Íslandsdeildin helstu þætti EES-samstarfsins. Sérstök áhersla er lögð á stöðu Íslands og þær skuldbindingar sem Evrópusambandið og EFTA/EES-ríkin hafa gagnvart hvert öðru auk þess sem farið er yfir helstu þætti Evrópuumræðunnar á Íslandi, sérstaklega afstöðu Íslendinga til sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins.

Virðulegi forseti. Fjórar skýrslur voru teknar til umfjöllunar á fundum þingmannanefndar EES og ályktanir samþykktar á grundvelli þeirra. Í fyrsta lagi var tekin til umræðu skýrsla um ársskýrslu hinnar sameiginlegu EES-nefndar fyrir árið 2003. Í öðru lagi skýrsla um hlutverk sveitarstjórna í Evrópubandalaginu og á Evrópska efnahagssvæðinu. Bryndís Hlöðversdóttir var meðhöfundur skýrslunnar en í fjarveru hennar kynnti Björgvin G. Sigurðsson skýrsluna.

Í ályktuninni sem samþykkt var á fundinum er m.a. harmað að ekki skuli vera gert ráð fyrir samstarfi sveitarstjórna á EES-svæðinu í EES-samningnum. Lagt er til að sveitarstjórnarnefnd verði sett á laggirnar innan EFTA og að praktísk lausn verði fundin til að koma á óformlegu samráði á milli sveitarstjórnarnefndar EFTA og sveitarstjórnarnefndar ESB.

Þriðja skýrslan fjallar um innri markaðsáætlun Evrópusambandsins 2003–2006 og EES. Í ályktuninni er tæpt á mörgum atriðum áætlunarinnar og m.a. hvatt til þess að áfram verði unnið að auknu frelsi í þjónustuviðskiptum en jafnframt með áherslu á verkalýðsmál og neytendavernd.

Fjórða skýrslan fjallar svo um mótun ákvarðana í EES: hlutverk þingmanna. Í ályktuninni eru EES/EFTA-ríkin og þing þeirra m.a. hvött til þess að auka þátttöku þingmanna í umfjöllun um EES-lagafrumvörp, þing EFTA-ríkjanna eru hvött til að auka samskipti sín við þjóðþing aðildarríkja Evrópusambandsins og þingmannanefnd EFTA er hvött til að taka aftur upp samband við COSAC með það fyrir augum að fá einhvers konar aðgang að því samstarfi, en COSAC er félag þingmanna Evrópusambandsins.

Virðulegi forseti. Ljóst er að margvísleg málefni eru á döfinni hjá þingmannanefnd EFTA og hefur ekki gefist tími til að gera þeim öllum skil í dag. Ég vísa til ársskýrslu Íslandsdeildarinnar til nánari upplýsinga. Að þeim orðum sögðum læt ég lokið máli mínu um störf Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 2004.

[17:19]

Útbýting:

Breyting á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna, 614. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 918.

Haf-, fiski-, og rækjurannsóknir í Arnarfirði, 609. mál, fsp. MÞH, þskj. 912.

Meðferðarúrræði í fangelsum, 612. mál, fsp. MF, þskj. 915.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa, 236. mál, nál. samgn., þskj. 908; brtt. samgn., þskj. 909.

Rannsóknir á áhrifum háspennulína á mannslíkamann, 603. mál, þáltill. DrH o.fl., þskj. 902.

Rækjuveiðar í Arnarfirði, 608. mál, fsp. MÞH, þskj. 911.

Sala grunnnets Landssímans, 607. mál, fsp. KLM, þskj. 910.

Sauðfjársláturhús, 610. mál, fsp. JBjarn, þskj. 913.

Sláturhúsið á Kirkjubæjarklaustri, 611. mál, fsp. JBjarn, þskj. 914.

Veiðarfæri í sjó, 613. mál, fsp. JGunn, þskj. 917.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 495. mál, nál. umhvn., þskj. 906; brtt. umhvn., þskj. 907.

Fundi slitið kl. 17:21.

---

84. FUNDUR

mánudaginn 7. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, stjfrv., 399. mál, þskj. 895. — 3. umr.
3. Einkaleyfi, stjfrv., 251. mál, þskj. 269. — 3. umr.
4. Umgengni um nytjastofna sjávar o.fl., frv., 215. mál, þskj. 217, nál. 869, brtt. 870. — 2. umr.
5. Sala kristfjárjarðarinnar Utanverðuness, stjfrv., 504. mál, þskj. 768, nál. 898, brtt. 899. — 2. umr.
6. Rannsóknarnefnd umferðarslysa, stjfrv., 236. mál, þskj. 242, nál. 908, brtt. 909. — 2. umr.
7. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, stjfrv., 495. mál, þskj. 757, nál. 906, brtt. 907 og 925. — 2. umr.
8. Almannatryggingar, stjfrv., 587. mál, þskj. 879. — 1. umr.
9. Þunglyndi meðal eldri borgara, þáltill., 71. mál, þskj. 71. — Fyrri umr.

10. Almenn hegningarlög, frv., 72. mál, þskj. 72. — 1. umr.

11. Sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, þáltill., 73. mál, þskj. 73. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Geir H. Haarde fjmrh., 1. þm. Reykv. s.

Fjarvistarleyfi:
Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá landsnefnd Lýðheilsustofnunar.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 8. þm. Reykv. n., Kolbrúnu Halldórsdóttur, dagsett 6. mars:

„Þar sem ég get ekki af persónulegum ástæðum sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að varamaður minn á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykv. n., Atli Gíslason lögmaður, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Atli Gíslason hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Tilkynning um dagskrá.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):

Klukkan 15.30 fer fram umræða utan dagskrár um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Málshefjandi er Halldór Blöndal en hæstv. samgönguráðherra Sturla Böðvarsson verður til andsvara.

[15:02]

Útbýting:

Framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins, 617. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 921.

Framleiðsla, verðlagning og sala á búvörum, 616. mál, frv. JBjarn, þskj. 920.

Jarðalög, 615. mál, frv. JBjarn, þskj. 919.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 495. mál, brtt. HBl, þskj. 925.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 925. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Upphæð ellilífeyris og skerðingarreglur.

[15:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra, m.a. í tilefni umræðu sem farið hefur fram að undanförnu um stöðu eldri borgara, hvort fjármálaráðherra telji eðlilegt og muni jafnvel samþykkja að grunnlífeyrir og tekjutrygging eldri borgara verði hækkuð til samræmis við þá þróun sem orðið hefur miðað við laun verkamanna frá 1991, frá þeirri viðmiðun, í þeim tilgangi að efla stöðu eldri borgara og gefa þeim betri tækifæri til framfærslu.

Ég vil einnig spyrja fjármálaráðherra hvort hann telji að það sé eðlileg frambúðarregla að bætur lífeyrisþega séu áfram skertar eftir hinni svokölluðu 45% reglu, þ.e. af hverjum 10 þús. kr. tapist 4.500 úr bótunum, hverjum 10 þús. kr. sem koma úr lífeyrissjóði eða tekjum, og hvort hann telji eðlilegt og sé ásættanleg útfærsla í svari sem ég fékk í dag varðandi stöðu eldri borgara að það séu aðeins 347 ellilífeyrisþegar af 25 þúsund sem fái óskerta tekjutryggingu. Er þessi regla sem beitt er ekki algerlega ósanngjörn?

[15:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst vekja athygli á því að málefnið sem hér er spurt um heyrir undir annan ráðherra en fyrirspurninni var beint til, (**GAK:** Þú ert ... landskassans.) heyrir undir annan ráðherra og önnur lög en þau sem heyra undir fjármálaráðherra. Eigi að síður er sjálfsagt að reyna að svara hv. þingmanni.

Ég tel að við höfum í lögum ágæta reglu hvað varðar hækkun bóta, þ.e. hún er bundin því að bætur hækki ýmist í samræmi við það sem almenn laun í landinu hækka eða það sem nemur verðlagsbreytingum, ef svo illa fer að verðlagsbreytingar verði meiri en launahækkanir og kaupmáttur þar af leiðandi rýrnandi. Ellilífeyrisþegar eru varðir fyrir slíkri þróun með þessu lagaákvæði. Ég tel að það sé í grunninn ágæt regla sem hér hefur verið við lýði í allnokkur ár eins og við þekkjum. Auðvitað geta menn svo alltaf deilt um hvort einstakar fjárhæðir í þessu sambandi séu viðunandi, fullnægjandi, nægilegar fyrir einstaka hópa eða einstaka einstaklinga. Einhverja reglu verða menn að miða við og ég tel eins og er í pottinn búið að það sé eðlileg regla sem við búum við hvað þetta varðar.

Varðandi skerðingarákvæði og þess háttar þá má alltaf deila um útfærslu þeirra og varðandi það að lítill hópur ellilífeyrisþega njóti allra þeirra bóta sem kerfið býður upp á þá er það í sjálfu sér kannski ekki það versta að fáir skuli vera í svo slæmri stöðu. Hins vegar er það þannig að nýjasti bótaflokkurinn, svokallaður tekjutryggingarauki, var hugsaður sérstaklega fyrir það fólk sem verst væri komið fyrir í þessum aldurshópi og ég veit ekki annað en útfærslan á því máli, þ.e. tekjutryggingaraukanum, hafi almennt þótt gefast vel.

[15:07]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fjármálaráðherra fyrir svörin. Ég tel að ég hafi fengið litlar undirtektir við það efni í spurningunum sem ég lagði fram, hvort ástæða væri til að líta til stöðu ellilífeyrisþega að þessu leyti, þar sem hæstv. fjármálaráðherra taldi í raun og veru bæði dæmin sem ég nefndi, varðandi lágmarksbæturnar annars vegar og skerðingarregluna hins vegar, eðlileg. Ég er algerlega ósammála hæstv. fjármálaráðherra um að þessi staða sé ásættanleg í framtíðinni og ég hygg að stjórnarandstaðan sé að langmestu leyti sammála mér um að staða eldri borga í landinu er óásættanleg og svör ráðherra valda þess vegna vonbrigðum.

[15:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvað hv. þingmaður er að fara með þessari umræðu á þessum vettvangi og undir þessum þingskapalið vegna þess að þetta er stórt mál sem er mikið rætt í þinginu við ýmis önnur tækifæri. Ég veit ekki betur en að t.d. einn samflokksþingmaður þingmannsins, hv. þm. Gunnar Örlygsson, hafi beðið um utandagskrárumræðu sem beint yrði til þess ráðherra sem fer með þessi mál, þ.e. heilbrigðisráðherra. Er ekki rétt að eftir því hafi verið óskað? Ég átta mig því ekki alveg á hvaða samkeppni er í gangi milli þingmanna Frjálslynda flokksins um að koma upp í ræðustólinn til að fjalla um þetta mál. Ég held að kannski þurfi að koma með einhverjar skýringar á því líka. Ég vil hins vegar ekki að draga úr því að málefni eldri borgara og lífeyrisþega eru auðvitað mjög mikilvæg en það hjálpar ekki mikilvægu málefni að draga það ofan í svaðið í umræðu sem missir marks með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

[15:09]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég harma ef það er afstaða fjármálaráðherra að ég hafi verið að draga umræðuna niður í svaðið með því að spyrja sérstaklega um afkomu ellilífeyrisþega og hins vegar þá skerðingarreglu sem á þá er beitt. Það segir meira um fjármálaráðherra en mig.

Upplýsingaskylda fjármálastofnana til skattstjóra.

[15:10]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra í tilefni af ummælum ríkisskattstjóra um helgina, en hann heldur því fram að meira yrði talið fram og minni hætta á skattsvikum ef bönkum og fjármálastofnunum yrði gert að gefa upplýsingar um fjármagnseign og viðskipti skattgreiðenda eins og gert er á annars staðar á Norðurlöndunum. Ríkisskattstjóri bendir á og haft er eftir honum í Morgunblaðinu um helgina að eftir að Svíar breyttu lögum sínum í þá veru að upplýsingar koma frá fjármálastofnunum sjálfkrafa um þessi efni þá hafi skattskil aukist um 20% þar í landi. Orðrétt segir ríkisskattstjóri, Indriði H. Þorláksson, með leyfi forseta:

„Það er engin efi á því að auðveldara yrði að fylgjast með skilunum og minni hætta á svikum. Ég vonast til að sett verði slík lög hér eins og víða hefur verið gert."

Fyrirspurn mín til hæstv. ráðherra er þessi: Kemur til greina að ríkisstjórnin og þá hæstv. fjármálaráðherra beiti sér fyrir lagasetningu af slíku tagi hér á landi?

[15:11]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Þetta málefni er margþættara en hv. þingmaður gefur til kynna. Skil á fjármagnstekjuskatti á Íslandi hvað einstaklinga varðar eru ekki vandamál vegna þess að bankastofnanir draga sjálfkrafa frá fjármagnstekjuskatt þegar árið er gert upp og standa skattyfirvöldum skil á þeim greiðslum. Hins vegar getur vel verið að eitthvað megi betur fara í þessum efnum og ég skal ekkert útiloka einhverjar breytingar hvað það varðar. Ég tel að við á Íslandi stöndum mjög framarlega í því að færa upplýsingar inn á skattframtal einstaklinga fyrir fram og ég hygg að ríkisskattstjóri hafi fyrst og fremst átt við að það mundi auðvelda einstaklingum ef búið væri að flytja fyrir fram inn á framtöl þeirra upplýsingar um peningalegar eignir í bönkum og ávöxtun þeirra og skattgreiðslu þar af. Það má vel vera að hægt sé að gera það með einhverjum hætti, hugsanlega þannig að þeir aðilar sem það vildu færu sjálfir fram á það eða gæfu heimild fyrir því að slíkt væri gert, þannig að hægt væri að nota tæknina í sem ríkustum mæli í þessu efni eins og verið hefur og einfalda fólki að ganga frá framtölum sínum með sem fyrirhafnarminnstum hætti. Ég skal ekki útiloka það. Ég er alveg viss um að um þetta mál er hægt að ná ágætri samstöðu, en við skulum ekki heldur gleyma því að mikilvægt er að viðhalda þeirri bankaleynd sem við höfum í bankakerfi okkar og sem bankamenn eru að sjálfsögðu bundnir af, eins og reyndar starfsmenn ríkisskattstjóra hvað varðar þær upplýsingar sem þeir hafa undir höndum.

[15:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg ástæðulaust að hafa miklar áhyggjur af fólki sem á miklar eignir í bönkum og að hjálpa því að pukrast með eignir sínar. Að sjálfsögðu á fólk að greiða skatt af þessum eignum.

Ég fagna hins vegar svari hæstv. ráðherra. Það er alveg rétt sem fram kemur í máli hans að eflaust er hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þessu marki. Ég hef trú á því að Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri sé mjög raunsær á þessi mál en hann er mjög afdráttarlaus í yfirlýsingum sínum og bendir á að í 20 af 30 ríkjum OECD, þar á meðal í Bandaríkjunum, fái yfirvöld þær upplýsingar sem hér er um að ræða sjálfkrafa. Indriði H. Þorláksson segir að sér finnist sjálfsagt að lögum verði breytt í þá veru hér á landi.

Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðherra og fagna því að þessi mál verði tekin til skoðunar. Það er fyrir öllu.

[15:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Auðvitað erum við öll í þessum sal, eins og margoft hefur komið fram, sammála um nauðsyn

þess að gera allt sem gera þarf til að koma í veg fyrir skattsvik í landinu. En það er ekki endilega bara þau sem hér er verið að berjast gegn eða eina málið sem þetta snýst um. Það eru önnur sjónarmið í þessu efni líka en ég held hins vegar að það sé mjög óeðlilegt að gera því skóna að núverandi ákvæði, eins og þau eru í lögunum, séu sérstaklega hugsuð til að koma í veg fyrir að þeir sem eiga aura í bönkunum komist undan því að greiða skatt. Það er ekki hugsunin og ekki meiningin en það er auðvitað, eins og ég hef margoft sagt í þessum ræðustól, sérstakt verkefni okkar að koma í veg fyrir skattsvik og draga þá til ábyrgðar sem þau stunda. Ég vek athygli á aðgerðum skattrannsóknarstjóra nú fyrir helgina hvað þetta varðar og lýsi ánægju minni með það sem þar var gert til þess að draga fram hverjir það eru sem standa ekki eðlilega að rekstri sínum og níðast þannig á þeim sem hafa allt sitt á hreinu í samkeppni við þá sem ekki gera það.

[15:16]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að hér er um geysilegt hagmunamál að ræða fyrir ríkissjóð. Fram kemur í greinargerð sem fylgir þingmáli þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um breytingar á fjármagnstekjuskattinum að langmestur hluti fjármagnstekjuskatts kæmi frá stóreignafólki ef farin yrði sú leið sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð leggur til, að hækka fjármagnstekjuskattinn en undanskilja smásparandann með hækkun skattleysismarka fyrir hann sérstaklega. Ég ítreka að hér er um stórmál að ræða og stórkostlegt hagsmunamál fyrir ríkissjóð að sjálfsögðu og ég fagna því að hæstv. fjármálaráðherra ætlar að taka þessi mál til skoðunar.

Starfshópur um viðbúnað vegna efna-, sýkla- og geislavopna.

[15:17]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra í því ljósi að ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum þann 21. október 2003 tillögu hæstv. dómsmálaráðherra um að mynda starfshóp sem hefði það verkefni að gera úttekt á varnarviðbúnaði vegna hugsanlegrar notkunar efna-, sýkla- og geislavopna hér á landi. Starfshópurinn var skipaður embættismönnum undir forustu ráðuneytisins en utanríkis-, heilbrigðis- og umhverfisráðuneyti munu enn fremur koma að myndun hópsins. Var hópnum jafnframt falið að gera tillögur til úrbóta með það að markmiði að viðbúnaður hér á landi verði fullnægjandi, eins og sagði þá í tilkynningu frá dómsmálaráðuneytinu.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að varnir gegn gereyðingarvopnum á borð við eiturefna-, sýkla- og geislavopn séu meðal helstu viðfangsefna vestrænna ríkisstjórna á líðandi stundu. Hættan á hermdar- og hryðjuverkum þar sem slíkum vopnum kynni að vera beitt er talin ein stærsta ógn fyrir borgara hins vestræna heims nú á tímum. Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í Prag í nóvember 2002 var ákveðið að grípa til sameiginlegra aðgerða á þessu sviði með þátttöku allra aðildarþjóða, þar á meðal Íslands, sagði jafnframt í áðurnefndri kynningu.

Morgunblaðið tók málið upp í leiðara sínum 24. október 2003 og, með leyfi forseta, sagði m.a. þar:

„Við Íslendingar erum ekki óhultir frekar en aðrar þjóðir og verðum því að grípa til viðeigandi ráðstafana. Þessari ógn er ekki hægt að ve[r]jast með hefðbundnum aðferðum heldur með samstilltu átaki löggæslu og nánu samstarfi við önnur ríki varðandi skipti á upplýsingum og reynslu. Þá verður að tryggja að íslenska heilbrigðiskerfið og viðbragðsaðilar séu í stakk búnir til að bregðast við ef eitthvað gerist ..."

Í þessu ljósi spyr ég hæstv. dómsmálaráðherra hvort starfshópurinn hafi skilað af sér, og ef svo er hverjar séu helstu niðurstöður og tillögur hópsins.

[15:19]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Já, þessi hópur hefur skilað af sér skýrslu. Ég hef farið yfir hana og það hefur verið rætt um hvað eigi að gera í framhaldi af skýrslunni. Á morgun verður m.a. málþing á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um þessi mál þar sem fjallað verður um almannavarnamál. Þar verður þetta rætt eins og önnur mál sem þarf að taka afstöðu til. Það er ljóst þegar litið er til þessara þátta hér á landi að hæst ber skort á nauðsynlegum búnaði, klæðum og varnarbúnaði fyrir þá menn sem mundu þurfa að láta að sér kveða ef til slíkra atburða kæmi hér á landi.

Þetta mál var einnig til umræðu á þingi Interpols í síðustu viku og lögreglan hefur fjallað um það. Það er ljóst að alls staðar í heiminum eru menn að gera ráðstafanir á þessu sviði og þess vegna var tímabært framtak að láta semja þessa skýrslu. Það hefur verið unnið að því að framkvæma þær hugmyndir sem er að finna í skýrslunni.

[15:20]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er fróðlegt að heyra að starfshópurinn hafi skilað af sér og að niðurstöður hans liggi fyrir. Þess vegna er erindi til að spyrja hæstv. ráðherra dómsmála hvenær niðurstöður skýrslunnar verði kynntar sérstaklega og af hverju það hafi ekki verið gert nú þegar fyrst svo langt er um liðið frá því að hópnum var a.m.k. ætlað að skila af sér, og þá hvenær hann skilaði að lokum af sér. Verður skýrslan kynnt sérstaklega, niðurstöður hópsins, og af hverju hefur verið svo hljótt um þær niðurstöður ef málið er svo brýnt sem ráða má af tilkynningu frá ráðuneytinu sjálfu? Þar kom fram að þetta væri meðal helstu viðfangsefna vestrænna ríkisstjórna nú um stundir.

Það er rúmlega eitt og hálft ár frá því að hópurinn var skipaður og lítið sem ekkert hefur gerst í því fram að þessari stundu nú. Því spyr ég hæstv. ráðherra af hverju niðurstöður skýrslunnar hafi ekki verið kynntar sérstaklega og þær aðgerðir sem hæstv. ráðherra og skýrsluhöfundar telja að grípa verði til þannig að þessu sé sinnt fullnægjandi hérlendis.

[15:21]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar fyrir

þeim aðilum sem sinna þessum verkefnum. Ég á von á því að við munum birta útdrátt úr skýrslunni opinberlega en ástæðan fyrir því að þetta mál hefur ekki verið rætt hér sérstaklega er sú að enginn hefur spurt um það fyrr en í dag.

[15:21]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er sérkennilegt að niðurstöður um svo merkilegt mál, svo mikilvægar niðurstöður úr svo áríðandi starfshópi, skuli hafa legið í þagnargildi uppi í dómsmálaráðuneyti einungis vegna þess að enginn hefur spurt um málið á Alþingi. Það vildi bara þannig til að ég rakst á frétt um þennan starfshóp og þótti þetta merkilegt mál, enda mikið lagt upp úr því í tilkynningunni frá ráðuneytinu þar sem, eins og ég sagði áðan, um sé að ræða eitt helsta viðfangsefni og verkefni vestrænna ríkisstjórna nú um stundir.

Þess vegna hljómar það mjög ankannalega og sérkennilega að taka þurfi málið sérstaklega upp hér á þingi til að ýta við því að hæstv. ráðherra dómsmála kynni niðurstöður skýrsluhöfunda. Ég skora á hann að gera það hið snarasta og kynna fyrir bæði þjóð og þingheimi þær væntanlega mikilvægu niðurstöður sem þarna er að finna í ljósi þess hve brýnt málið er samkvæmt tilkynningunni frá ráðuneytinu sjálfu og því erindisbréfi sem starfshópurinn fékk á sínum tíma.

[15:22]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Mér hefur ekki borið nein skylda til að kynna þessar niðurstöður sérstaklega í þinginu. Þetta var ekki nefnd sem var skipuð á grundvelli neinnar ályktunar Alþingis. Þetta var nefnd sem ég skipaði til að vinna ákveðið verk á vegum dómsmálaráðuneytisins og síðan í tengslum við þá öryggisgæslu sem þarf að hafa uppi í landinu. Engin skylda hvílir á mér að leggja slíka skýrslu fram á þingi.

Ég hef hins vegar látið vinna skýrslu sem liggur fyrir um björgunarstörf og slíka hluti sem var ályktað um. Sú skýrsla er til og verður lögð fram á þinginu en skýrslur sem ekki er beðið um sérstaklega af þinginu ber mér engin skylda til að leggja fram.

Eignarhald á Hótel Sögu og fleiri fyrirtækjum.

[15:23]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í gær flutti hæstv. landbúnaðarráðherra ávarp fyrir búnaðarþingi að Hótel Sögu. Nú vill svo til að Hótel Saga er reist fyrir fé bænda á seinni hluta síðustu aldar, upp úr 1960, og því vil ég spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra sem vill hag bænda sem bestan hvort hann hyggist breyta eignarhaldinu á Hótel Sögu og því sem því tengist — það eru fleiri hótel sem tengjast þessu — þannig að bændur eignist hlutabréf í þessu fyrirtæki og geti selt þau. Það veitir ekki af hjá sumum bændum, sérstaklega sauðfjárbændum.

Þá vildi ég líka spyrja hann hvort hann hygðist ekki gera það sama við aðrar stórar eignir sem bændur eiga sameiginlega en ekki hver um sig, t.d. Mjólkursamsöluna, Mjólkurbú Flóamanna og fleiri eignir sem eru með milljarða í sjóðum í eiginfé, og bændur hafa kostað, komið upp og reist en eiga ekki beint eignarhald að. Er ekki eðlilegt að breyta þessu í hlutafélag sem bændur eigi beint?

Tilefni þessarar fyrirspurnar er að bóndi hringdi í mig fyrir nokkrum árum — hann þurfti að lifa á 90 þús. kalli á mánuði, sagðist ekki kaupa pitsu — hann sagðist eiga í Hótel Sögu og honum veitti ekkert af því að drýgja þessar tekjur sem eru 90 þús. kall á mánuði með því að nota eignarhlut sinn í Hótel Sögu.

[15:25]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Stendur ekki upp hér í dag varðmaður eignarréttarins á Íslandi og ætlast til þess að landbúnaðarráðherra fálmi inn í fyrirtæki sem hann hefur ekkert með að gera. Hið glæsilega hótel, Hótel Saga, var byggt fyrir frumkvæði Búnaðarfélags Íslands. Þá var Þorsteinn Sigurðsson bændahöfðingi uppi á Vatnsleysu og þeir byggðu þetta myndarlega hótel og eignuðust síðan Hótel Ísland. Þetta er alfarið hlutafélag í eigu Bændasamtaka Íslands í dag. Landbúnaðarráðherra má ekki einu sinni hafa skoðun á því, af því að hann virðir svo þennan eignarrétt, hvað þeir eigi að gera við hann en ég hygg að þeir reki þessi fyrirtæki sín nú á ferðamannatímum fyrir talsvert mikinn arð sem nýtist þá bændum í heild sinni. Þeir verða að taka ákvörðun um það, bændur Íslands, í gegnum sinn félagsskap hvað þeir gera við þessar miklu eignir í borginni. Þær eru þeirra eign, þeirra ákvörðunarréttur og hann virði ég.

Svo gæti ég auðvitað haft alls konar skoðanir á því hvað ætti að gera við peninginn, en er ekki best að ég sleppi því í dag? (Gripið fram í.)

[15:26]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þetta er ekki alveg svona einfalt. Sumar þessar stofnanir sem ég nefndi, eins og Mjólkurbú Flóamanna og fleiri, eru reknar sem sjálfseignarstofnanir og þar eiga menn stofnfé eins og í sparisjóði. Þegar þeir svo falla frá ber dánarbúinu að innleysa stofnbréfið á nafnverði. Allur arðurinn, allur hagnaðurinn, arður margra ára sem byggist á því að mjólkurverð hefur verið of lágt til bænda situr eftir. Enginn á hann, ekki einu sinni bóndinn sem lagði hann til. Þessu þarf að breyta með lögum, það er ekki hægt öðruvísi, og ég reikna með að það sé svipað með Bændahöllina, að þar þurfi að breyta lögum til að fjármagnið geti farið aftur til bændanna sem lögðu það fram. Ég ber hagsmuni bænda fyrir brjósti. (**Gripið fram í:** ... þjóðnýta.)

[15:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Mjólkurbú Flóamanna og Mjólkursamsalan í Reykjavík eru ekki sjálfseignarstofnanir. Þetta eru fyrirtæki í eigu bænda samtíðarinnar og um þau hefur verið farið lögfræðilega þannig að þetta eru fyrirtæki í eign bændanna og eru samvinnufyrirtæki rekin undir þeim formerkjum og þeim lögum. Bændurnir eiga þessi fyrirtæki alfarið og ég vona að hv. þm. Pétur H. Blöndal sem virðir eignarréttinn og vill að menn séu ríkir öfundist ekki yfir því

þó að einhver fyrirtæki sem bændurnir eiga séu vel stæð. Þetta hafa verið mjög öflug fyrirtæki í þróun og markaðssetningu og í þjónustu við neytendur, þau hafa verið vel rekin og eru bændunum í dag mikilvægari en fyrr.

Þau hafa þjónað neytendum afar vel þannig að bændurnir fara einnig með þetta mál. Við skulum virða það.

Kynferði og eignarhald í atvinnurekstri og landbúnaði.

[15:29]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Nýlega kynnti hæstv. viðskiptaráðherra fimm landa skýrslu um kynferði og eignarhald í atvinnurekstri og landbúnaði. Þar kom m.a. fram að 20% fyrirtækja hérlendis eru í eigu kvenna en hér er eins og allir vita atvinnuþátttaka kvenna ein sú mesta sem þekkist. Samt hafa þessi 20% haldist óbreytt í sjö ár, þ.e. frá 1998.

Í fjölmiðlum hefur hæstv. viðskiptaráðherra lýst því yfir að bæta þurfi aðgengi kvenna að fjármögnun, auk þess sem stoðkerfi atvinnulífsins þarfnist endurskoðunar, eins og hún orðaði það. Þeim orðum ber að fagna en um leið er ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hún hyggist fylgja þeim eftir.

Annað þessu máli tengt, frú forseti. Það er líka tilefni til að inna hæstv. viðskiptaráðherra Valgerði Sverrisdóttur eftir afstöðu hennar til fjölgunar kvenna í stjórnum fyrirtækja, jafnt ríkisfyrirtækja sem hlutafélaga. Nýjustu tölur í þeim efnum hér á landi gefa atvinnu- og viðskiptalífi einfaldlega falleinkunn. Nordic 500 verkefnið sýndi okkur að konur eru aðeins 11% stjórnarmanna í stærstu fyrirtækjum hér á landi og hlutfallið í 32 fyrirtækjum skráðum hjá Kauphöllinni er 5%. Hér fara mikil þekking, miklir hæfileikar og framlag kvenna bókstaflega forgörðum í íslensku atvinnu- og viðskiptalífi. Ég leyfi mér því að inna hæstv. viðskiptaráðherra eftir því hvernig hún vilji taka hér á — ég trúi að hún vilji gera það og bæta stöðu kvenna — og hvernig hún hyggist gera það með beinum stjórnvaldsaðgerðum.

[15:31]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Þetta er alveg eins og ég hefði pantað þessa fyrirspurn vegna þess að ég er virkilega að beita mér í þeim málaflokki sem hér er nefndur, m.a. hvað það varðar að fjölga konum í stjórnum fyrirtækja. Þar hef ég skipað nefnd sem hefur látið til sín taka og mótað tillögur um hvernig best væri að beita sér í þessum efnum. Fundir hafa verið haldnir með stjórnendum fyrirtækja, bæði sérstakir kvennafundir, karlafundir og svo blandaðir fundir þar sem ýmislegt hefur borið á góma. Ég tel að umræðan skipti miklu máli. Síðan hef ég skrifað bréf til stjórnenda stærstu fyrirtækja á Íslandi sem ekki hafa staðið sig nægilega vel í þessum efnum. Það var ósköp kurteislegt bréf en engu að síður er þess farið á leit við þá aðila að þeir velti fyrir sér hvort þarna sé ekki um möguleika, ákveðinn auð og auðlind að ræða sem sé vannýtt og þá er ég að tala um konur sem vel menntaðar og hæfar í stjórnir fyrirtækja.

Mér finnst eins og þetta sé nú þegar farið að skila ákveðnum árangri miðað við þá fundi sem haldnir hafa verið nýlega í fyrirtækjum, þ.e. á aðalfundum, og sá tími er einmitt núna þegar þessir fundir eru haldnir. Ég hlakka til að sjá árangurinn þegar þeirri fundalotu lýkur. Ég trúi að árangur náist.

Hvað varðar hitt málið, fimm landa samstarf sem hefur verið í sambandi við konur í atvinnulífinu og í landbúnaði, kemur það fram eins og hv. þingmaður gat um að við stöndum okkur ekki sérstaklega vel í þessum efnum. Innan við 20% fyrirtækja eru í eigu kvenna. Það sem ég sagði í framhaldinu var að núna verður farið yfir það hvort það séu virkilega hindranir í sambandi við fjármálastofnanir og stoðkerfi á Íslandi gagnvart konum sem vilja stofna fyrirtæki. Nú þegar fer vinna í gang í þeim efnum og sömuleiðis verður það stoðkerfi sem við höfum þó í dag styrkt frekar.

[15:33]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherranum svörin sem hér hafa komið fram um það að hún hefur skipað nefnd og ritað bréf til stjórnenda stærstu fyrirtækja. En hefur hæstv. viðskiptaráðherra ekki hugleitt að fara norsku leiðina sem ég hygg að þingheimur kannist við og svínvirkaði í Noregi, ef ég má komast þannig að orði, þar sem sú hótun lá í loftinu að lög yrðu sett um hlutfall stjórnarmanna í fyrirtækjum? Það virkaði þannig að fyrirtækin tóku loksins við sér og fjölguðu konum í stjórnum, fyrst ríkisfyrirtækin og nú í raun liggur sú hótun í loftinu hvað varðar almenningshlutafélag þar í landi. Það sýnir sig, hæstv. forseti, að það þarf að beita aðgerðum. Bréf eru góðra gjalda verð, kurteislega orðuð, en það þarf að beita þrýstingi sem dugar á frammámenn íslenskra fyrirtækja og forráðamenn í íslensku atvinnulífi ef við ætlum ekki að vera með þetta 10% jafnrétti til eilífðarnóns í stjórnum íslenskra fyrirtækja.

[15:34]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér fellur frekar illa að beita hótunum og þess vegna hef ég ekki verið með það í huga í raun að beita mér fyrir lagasetningu til að ná þessu fram. Það er a.m.k. æskilegra ef hægt er að ná þessu fram án lagasetningar. Það tímabil stendur yfir nú sem ég vil nálgast málið á jákvæðum nótum og af kurteisi en engu að síður ákveðinni festu.

[15:35]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt að hæstv. viðskiptaráðherra vilji beita jákvæðni og festu og aðhaldi í þessum efnum. Ég er mjög hrædd um að það dugi ekki vegna þess að reynslan segir okkur annað, reynslan í íslensku viðskipta- og atvinnulífi segir okkur annað. Það er komið að því að við verðum að horfast í augu við þá reynslu og stöðu kvenna, bæði sem stjórnendur fyrirtækja og í stjórnum fyrirtækja hér á landi, að þessi hlutföll eru einfaldlega gjörsamlega óviðunandi. Það getur verið að einhverjum finnist það önugt að leita atbeina stjórnmálamanna til að breyta þessu en ég er mjög hrædd um að þeim forráðamönnum sem nú ráða, þeim frammámönnum íslenskra fyrirtækja sem nú ráða ríkjum, sé hreinlega ekki treystandi til að breyta þessu. Við getum vonað að aðalfundirnir í ár breyti

öllu saman og að allt verði með fínum glans, 40/60 að ári liðnu, en mjög fátt bendir til þess, frú forseti.

Umræður utan dagskrár.

Framtíð Reykjavíkurflugvallar.

[15:37]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Samkvæmt fréttum í Morgunblaðinu hefur náðst samkomulag milli ríkis og borgarinnar um að leggja niður suðvestur/norðaustur brautina. Raunar var gert samkomulag um það á þeim tíma sem ég var samgönguráðherra, áður en ráðist var í endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar, og var þá gert ráð fyrir að til þessa kæmi 5–7 árum eftir að endurbyggingu flugvallarins lyki. Þá var jafnframt lögð áhersla á það að samtímis yrði suðvestur/norðaustur brautin á Keflavíkurflugvelli tekin í notkun á nýjan leik af öryggisástæðum en hætt var að reka hana 1993 vegna þess að herinn vildi draga úr kostnaði við varnaraðgerðir hér á landi.

Það er sem sagt talið nauðsynlegt af öryggisástæðum að opna þá braut í staðinn. Nú er það svo að þessi suðvestur/norðaustur braut nýtist í útsynningi. Í sterkum útsynningi er hún nauðsynleg. Slíkur útsynningur var um daginn, 20–25 hnútar. Þá getum við áttað okkur á þýðingu brautarinnar. Á hinn bóginn hefur það komið fram að R-listinn í Reykjavík hefur lagt áherslu á að leggja niður norður/suður brautina. Um þá flugbraut fara um 60% umferðarinnar, hún er með öðrum orðum aðalflugbraut flugvallarins og af blaðafréttum að dæma er ljóst að Reykjavíkurborg hyggst halda þessari kröfu til streitu.

Ég vil af þeirri ástæðu beina þeirri fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra hvort hann muni ekki í þeim viðræðum sem fram undan eru halda fast við að norður/suður brautin verði ekki lögð niður. Það er augljóst að ekki er hægt að reka Reykjavíkurflugvöll með einni flugbraut, vestur/austur flugbraut. Það væri hið sama og að leggja flugbrautina niður og þýðir náttúrlega um leið að það dregur mjög úr öryggi í sambandi við slysavarnir og annað þvílíkt ef ekki er hægt að fljúga til Reykjavíkur. Þetta þekkjum við og vitum og nauðsynlegt er að fá svar hæstv. samgönguráðherra um það.

Á hinn bóginn getum við sem erum fulltrúar fólks úti á landi ekki horft fram hjá því að R-listinn er staðráðinn í því að leggja þessa flugbraut niður. Það kallar á það að stytta vegalengdir út á land og það kallar á það að byggja upp sterkara samgöngukerfi á landi. Ég hef ásamt ýmsum á Akureyri, m.a. bæjarstjóranum þar, lagt mikla áherslu á nauðsyn þess að stytta leiðina úr Borgarfirði til Skagafjarðar um Hallmundarhraun og Stórasand. Það yrði 40 km stytting. Ég vil af þessum ástæðum, vegna þeirrar óljósu stöðu sem Reykjavíkurflugvöllur er í ef við horfum fram í tímann, spyrja hæstv. samgönguráðherra þess hvort hann muni ekki leggja höfuðáherslu á að hraða og styrkja rannsóknir við lagningu Norðurvegar, vegarins um Hallmundarhraun og Stórasand. Ég held að við gerum okkur öll grein fyrir nauðsyn þess að tengja þessi tvö mestu þéttbýlissvæði landsins eins traustlega og unnt er, Reykjavík og Akureyri. Það er að sjálfsögðu mikið mál ef við horfum út frá umhverfislegu sjónarmiði til þess að draga úr loftmengun að hægt sé að stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur. Það er að sjálfsögðu einnig vegna ferðaþjónustunnar, ef til kemur að R-listinn fái sitt fram og Reykjavíkurflugvöllur verði lagður niður, einnig vegna hins venjulega borgara og af öllum ástæðum nauðsynlegt að stytta þessa leið.

Þetta fer því saman við nauðsyn þess að reyna að halda við Reykjavíkurflugvelli, að hann geti áfram verið hér, en ef sjónarmið R-listans sem ráða ríkjum verða ofan á þýðir ekki að vera með óskhyggju. Nauðsynlegt er að bregðast skjótt við, nauðsynlegt að sýna forsjá og fyrirhyggju og velta fyrir sér öðrum möguleikum til að stytta leiðina frá Reykjavík til staða úti á landi.

[15:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Eins og hv. málshefjandi þekkir afar vel er liðinn langur tími frá því að hafist var handa við að undirbúa endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar. Hv. þm. Halldór Blöndal var samgönguráðherra á þeim tíma þegar sú vinna hófst fyrir alvöru og allt það starf, að undirbúa endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar, var unnið í góðu samstarfi við borgaryfirvöld og aðra þá sem að þessu máli þurfa að koma, svo sem hagsmunaaðila í flugrekstri og ferðaþjónustu.

Það var síðan vorið 1999 sem gert var sérstakt samkomulag við borgaryfirvöld vegna endurbyggingar flugvallarins og með því samkomulagi hófust framkvæmdir. Framkvæmdaleyfi var veitt af til þess bærum aðilum, skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar fjölluðu um það, borgarráð og borgarstjórn, að heimila endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar á grundvelli þess skipulags sem þá var í gildi.

Ég tel að þetta hafi verið skynsamlegar ákvarðanir og í kjölfar þeirra var síðan samþykkt á Alþingi í maímánuði árið 2000 flugmálaáætlun sem gerði ráð fyrir fjármögnun þessara framkvæmda, fjármögnun framkvæmda við endurgerð Reykjavíkurflugvallar. Síðan þekkja menn, og hv. þingmenn, vel söguna, hvernig þetta hefur gengið fyrir sig. Því verki er lokið, að endurbyggja flugvöllinn, en síðan hefur verið í undirbúningi að bæta aðstöðu að öðru leyti, eins og að koma upp samgöngumiðstöð sem fjallað var um í samgönguáætlun sem afgreidd var hér í þinginu. Þessi vilji hefur verið afskaplega skýr í þinginu, um hvernig bæri að standa að því að tryggja miðstöð innanlandsflugs í Reykjavík frá Reykjavíkurflugvelli. Ég hef sem samgönguráðherra lagt á það mikla áherslu að fyllsta öryggis væri gætt og að uppbyggingin væri í samræmi við ýtrustu kröfur þannig að Reykjavíkurflugvöllur væri sem bestur.

Hvers vegna er svo verið að þessu? Jú, það er vegna þess að innanlandsflugið á Íslandi skiptir miklu máli. Það skiptir mjög miklu máli í okkar stóra og dreifbýla landi að við nýtum flugið fyrir íbúa landsins alls, jafnt höfuðborgar sem landsbyggðar, og að við nýtum flugið til að styrkja atvinnulífið, ferðaþjónustuna o.s.frv. Nú hefur þróunin í fluginu verið á þann veg að það hefur vaxið. Á milli áranna 2002 og 2003 var vöxtur eftir lægð sem varð upp úr 2000. Síðan hefur vöxtur orðið í innanlandsfluginu til áætlunar-

flugvallanna og á milli áranna 2003 og 2004 varð 8,9% aukning.

Það eru ríkar ástæður fyrir því að við höfum bætt aðstöðuna hér fyrir innanlandsflugið. Hv. málshefjandi spyr hvort ég geti fallist á að meginflugbrautin, norður/suður brautin, verði lögð af. Ég tel að það sé alveg ljóst að við verðum að standa þannig að rekstri flugvallarins að ýtrasta öryggis sé gætt og þá verða að sjálfsögðu að vera þær flugbrautir til staðar sem til þarf. Ég á mjög erfitt með að ímynda mér að hægt sé að reka Reykjavíkurflugvöll með einni braut.

Það liggur held ég nokkuð ljóst fyrir en hins vegar hef ég lagt áherslu á það að eiga gott samstarf við borgaryfirvöld um þessa hluti og gera athuganir og úttektir á því hvernig við getum dregið saman það svæði sem þarf að nýta fyrir flugstarfsemina. Umfram allt þurfum við að sjálfsögðu að tryggja að flugbrautirnar uppfylli allar þær ýtrustu kröfur sem við verðum að gera. Ég tek undir það með hv. málshefjanda að auðvitað þurfum við að stytta leiðir á milli landshluta en ég tel að besta og öruggasta leiðin til að tryggja samgöngurnar með landsamgöngunum um vegina sé að innanlandsflugið hafi öfluga miðstöð hér á Reykjavíkurflugvelli.

[15:47]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Sú óhjákvæmilega og sjálfsagða hagræðing sem felst í því að flytja innanlandsflugið til Keflavíkur mun leiða til þess að þriðjungs samdráttur verður í innanlandsflugi. Það þýðir að 200 farþegar hvora leið til Reykjavíkur þurfa að leita annarra leiða; þeir munu aka, sigla, fljúga á Bakka, hringja eða halda fjarfundi til að leysa erindi sín. Á móti kemur að nærfellt 20 þúsund manns fá tækifæri til að búa og starfa í miðborg Reykjavíkur á hverjum degi.

Í dag er lóð undir óbyggða íbúð í Norðlingaholti seld á 6–17 millj. kr. stykkið. Það lýsir þörfinni fyrir byggingarland í Reykjavík. Með því að opna Vatnsmýrina sem byggingarland fyrir ungu kynslóðina stóraukum við lóðaframboð og gefum unga fólkinu tækifæri til að búa þar sem best er á Íslandi, í Vatnsmýrinni.

Til sátta við landsbyggðina legg ég til að söluandvirði af landareignum ríkisins í Vatnsmýrinni, allt að 10 milljörðum kr., verði varið til að efla byggðarlögin á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Vestmannaeyjum (Gripið fram í.) eða nærfellt ein millj. kr. fyrir hvert heimili á þessum svæðum. Með því frumkvæði mundi Alþingi leitast við að mæta bæði sjónarmiðum og þörfum landsbyggðarinnar annars vegar og borgarinnar hins vegar, en ekki annars á kostnað hins.

Haldi menn áfram að hrekjast undan í varnarbaráttu fyrir flugvellinum í Vatnsmýrinni munu lögmál markaðarins og myllur sögunnar mylja hann undir sig, vegna þess að frá þessum degi mun þróunin aðeins verða sú að landverð í Vatnsmýri hækkar, samgöngur á landi og sjó við landsbyggðina batna, þörf fyrir ný atvinnuúrræði í Keflavík vaxa, þörf fyrir hagræðingu í flugvallarrekstri í landinu aukast og þrýstingurinn á land fyrir nýja byggð í miðborg Reykjavíkur mun vaxa og allt mun þetta samverka til þess að sú sjálfsagða hagræðingarleið verði farin að flytja innanlandsflugið til Keflavíkur þar sem það á heima.

[15:49]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér fer fram umræða um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Það er mál sem hefur verið rætt mikið á undanförnum missirum.

Mín skoðun er einfaldlega sú að það eigi ekki að færa innanlandsflugvöllinn frá Reykjavík. Það er mikilvægt og raunar grundvallaratriði að miðstöð innanlandsflugs og innanlandssamgangna almennt verði í höfuðborginni. Það þarf í raun og veru ekki að tíunda þau rök sem þar liggja að baki.

Höfuðborgin er eðli málsins samkvæmt miðstöð stjórnsýslu og viðskipta í landinu. Í því ljósi hlýtur að vera grundvallaratriði að aðstaða fyrir tryggar flugsamgöngur sé í höfuðborginni. Það hlýtur að vera kappsmál fyrir höfuðborgina sjálfa, stjórnsýsluna og þá fjölmörgu aðila sem veita almenna þjónustu að flugvöllurinn verði áfram rekinn í Reykjavík, að ekki sé talað um þá miklu atvinnustarfsemi sem tengist flugvellinum beint og fjölmargir einstaklingar búsettir á höfuðborgarsvæðinu hafa atvinnu af.

Herra forseti. Umræðan um þetta mál snýst fyrst og fremst um skipulagsmál í Reykjavík og það að margir telja nauðsynlegt að flugvallarsvæðið verði nýtt undir íbúabyggð og atvinnustarfsemi. Það er út af fyrir sig skiljanlegt sjónarmið. Án þess að fara nánar út í umræðu um skipulagsmál í Reykjavík er ljóst að á síðustu áratugum hefur framtíðarsýn í þeim efnum miðað að því að dreifa byggðinni sem mest og það hefur leitt til þess að nú eru menn komnir í ákveðinn vanda. Þess vegna þarf að losna við flugvöllinn.

Til þess að höfuðborgin standi undir nafni verður að tryggja að sem bestar samgöngur séu við hana af landinu öllu. Það verður ekki gert með því að leggja af Reykjavíkurflugvöll og þaðan af síður með því að flytja innanlandsflugið til Keflavíkur eins og sumir hafa hugmyndir um.

Það er mikilvægt, herra forseti, að botn fáist í þessi mál sem fyrst þannig að allir séu meðvitaðir um hver framtíðin er í þessum efnum. Í því sambandi bera höfuðborgin og stjórnvöld þá ábyrgð að hafa heildarhagsmuni landsmanna allra að leiðarljósi. Að mínu mati felast þeir í því að miðstöð innanlandsflugs verði í Reykjavík til framtíðar.

[15:51]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í þessari utandagskrárumræðu verður því ekki ráðið til lykta hver verða endanleg örlög Reykjavíkurflugvallar, enda hef ég grun um að málshefjandi veki ekki máls á þessu til að fá niðurstöðu í því máli heldur öðru eins og ég kem að síðar.

Þótt örlög Reykjavíkurflugvallar verði ekki ráðin í þessari umræðu gætum við tekið ákvörðun um að um að standa öðruvísi að skipulags- og samgöngumálum en við gerum, og þá þannig að eitt rekist ekki á annars horn. Flugvöllur í Reykjavík fjallar ekki einvörðungu um byggð í miðborginni, hann fjallar ekki aðeins um flugsamgöngur almennt, hann fjallar um samgöngur í landinu öllu. Þar er ég kominn að kjarna máls.

Þessi umræða fjallar ekki um Reykjavíkurflugvöll. Hún fjallar um uppbyggðan hálendisveg á milli Reykjavíkur og Akureyrar. Menn eiga að koma hreint fram og setja málin fram með þeim hætti. Ég hvet til þess að nú verði stofnað til umræðu í landinu um nákvæmlega þetta efni. Vilja Íslendingar byggja uppbyggðan hálendisveg á milli Reykjavíkur og Akureyrar? Um það fjallar þessi umræða.

[15:53]

Gunnar Örlygsson:

Hæstv. forseti. Nú liggur fyrir viljayfirlýsing milli R-listans í Reykjavíkurborg og Sjálfstæðisflokksins með Sturlu Böðvarsson í broddi fylkingar um að framtíð innanlandsflugs á Íslandi verði áfram best borgið í Vatnsmýrinni, einhverju albesta byggingarlandi borgarinnar. Að sama skapi hendir R-listinn frá sér möguleika á að hagnast um fleiri milljarða króna á sölu byggingarlands í Vatnsmýrinni, fé sem hefði sannarlega getað nýst til öflugra velferðarmála í borginni á komandi árum. Eftirsóttustu byggingarlönd hvar sem er í veröldinni eru oftast byggð einstaklingum sem eru efnameiri og tekjuhærri í hverju þjóðfélagi fyrir sig. Því má óhikað segja að dýrmætt byggingarland Vatnsmýrarinnar mundi nýtast þeim efnaminni á kostnað þeirra efnameiri ef rétt verður haldið á spilunum.

Eins og flest ykkar í virðulegum sölum Alþingis hef ég ferðast víða. Hvergi að mínu viti er að finna flugvöll í miðhluta borga, hvað þá höfuðborga. Það hlýtur að teljast eðlilegt að staðsetning flugvallar til nota innan lands sé í jaðri höfuðborgarinnar.

Með flutningi á starfsemi innanlandsflugs til Keflavíkur skapast í fyrsta lagi möguleiki á reynslutíma Keflavíkurflugvallar í því hlutverki. Í annan stað myndast möguleiki til mikilla sölutekna hjá Reykjavíkurborg. Í þriðja lagi skapast tími og ráð að skoða framtíðarstaðsetningu á innanlandsflugi ef Keflavíkurflugvöllur sem slíkur kostur yrði ekki góður. Í því sambandi má benda á land sunnan Hafnarfjarðar sem spennandi kost en fleiri möguleikar eru að sjálfsögðu í stöðunni. Það er að mínu mati skynsamleg leið og býður upp á þann augljósa kost að eyða ekki skattfé borgarbúa að óþörfu.

[15:55]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Það er ekki nýtt af nálinni að deilur um framtíð Reykjavíkurflugvallar blossi upp í þjóðfélaginu og rati inn í sali Alþingis. Til dæmis er þetta í annað skipti í nokkur ár sem þingmaður Sjálfstæðisflokksins spyr ráðherra Sjálfstæðisflokksins um framtíð flugvallarins og ber auðvitað að þakka fyrir það.

Ég sagði áðan að það eru deilur um þetta mál. Það eru deilur milli landsbyggðarfólks og höfuðborgarbúa. Það eru deilur milli íbúa Reykjavíkur um framtíð flugvallarins. Það eru deilur innan flokka, kannski sem betur fer, t.d. eru deilur innan hins fámenna borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins. Þar eru menn með flugvellinum, á móti og hlutlausir. Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins er þríklofinn í þessu máli, eins og kemur fram í bókun varðandi aðalskipulag. Það eru skiptar skoðanir innan allra flokka um þetta mál.

Virðulegi forseti. Ég lenti í því um daginn í þoku sem gerð hefur verið að umræðuefni að það tók mig eina og hálfa klukkustund frá því ég fór um borð í rútu á Reykjavíkurflugvelli þangað til ég var kominn um borð í viðkomandi flugvél á Keflavíkurflugvelli. Hefði ég verið að fara til Akureyrar í þessu tilviki, hefðu bæst við 45 mínútur í flugi og kannski 10–15 mínútur við að bíða eftir tösku. Upp undir þrjár og hálf klukkustund. Ég hefði verið fjóra tíma til Akureyrar akandi á löglegum hraða án þess að stoppa. Þetta er skýrt dæmi um það að innanlandsflug mundi leggjast af færi flugið frá Reykjavíkurflugvelli til Keflavíkur. Þar að auki ykist kostnaður einstaklinga mjög mikið. Það er augljóst mál, virðulegi forseti, að þetta mundi gerast.

Frú forseti. Ég segi aðeins að það er mjög mikilvægt að ná sátt um framtíð Reykjavíkurflugvallar milli þeirra deilenda sem ég hef gert að umtalsefni. Ég vona og treysti því að minnisblað eða samkomulag milli borgarstjóra og hæstv. samgönguráðherra sé leið í þá átt.

[15:57]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Miðað við þær tölur sem fram komu hjá hv. síðasta ræðumanni, þá veit ég ekki með hvernig rellum hann flýgur á milli landshluta, en ég dreg þessar tölur afskaplega mikið í efa.

Hér er hins vegar vakin upp undarleg umræða. Hún hefur sig til flugs á Reykjavíkurflugvelli, millilendir í Keflavík og mér heyrðist hv. þm. Ögmundur Jónasson brotlenda henni á Stórasandi í 800 m hæð og hvassviðri miklu.

Þetta er viðkvæmt þverpólitískt mál eins og hér hefur komið fram, milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis, innan flokka og þar fram eftir götunum. Mér finnst það hins vegar athyglisvert að öðrum þræði er talað um hinn gullna þríhyrning, Suðurnesin, Borgarnes og Árborg, sem eitt atvinnusvæði. Gott og vel. Ég get tekið undir það. Hins vegar þegar kemur að því að færa verkefni af einu svæði yfir á annað á þessu sameiginlega athafnasvæði, hvort heldur er landhelgisgæsla til Suðurnesja eða innanlandsflug til Keflavíkur, þá er þetta allt í einu ekki eitt atvinnusvæði. Þá sjá menn mikil vandamál.

Frú forseti. Það virðist margt stefna í að við þurfum að taka við rekstri Keflavíkurflugvallar sem kostar vel yfir einn milljarð kr. Þá þurfum við jafnframt að svara því hvort við ætlum sem þjóð að reka tvo alþjóðlega flugvelli og það eru einungis 50 km á milli þeirra. Það er ein af þeim spurningum sem við þurfum að sjálfsögðu að svara.

Við þurfum líka að skoða þetta, eins og hefur komið fram í umræðunni, út frá þéttingu byggðar. Hvaða áhrif hefur það á skipulagsmál Reykjavíkur? Hvaða áhrif hefur það að búa til enn eitt hverfið í mikilli fjarlægð og færa síðan íbúa einstakra hverfa fram og aftur um hverfin á hverjum degi? Hvaða efnahagsleg, þjóðhagsleg og umhverfisleg áhrif hefur það?

Frú forseti. Ég held að sé mjög tímabært, og tek undir það hjá hv. þm. Kristjáni Möller, að við setjumst yfir málið og skoðum hagkvæmni þess að hafa innanlandsflugið hér eða annars staðar og komast að einhverri sameiginlegri vitrænni niðurstöðu.

[16:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er staðreynd, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, að við Íslendingar, ekki fjölmennari þjóð en við erum, sitjum uppi með tvo alþjóðaflugvelli á sama landshorninu, hér á suðvesturhorninu, og tókum ákvörðun um að byggja hvorugan sjálf. Bretar byggðu Reykjavíkurflugvöll í Vatnsmýrinni og Bandaríkjamenn Keflavíkurflugvöll á Miðnesheiði. Þetta er ekki mjög praktískt fyrirkomulag en svona er þetta.

Það er alveg augljóst mál að það er hagkvæmt fyrir innanlandsflug landsmanna sjálfra, til og frá höfuðborgarsvæðinu, að það sé sem næst höfuðborgarsvæðinu. Það sparar tíma og styrkir væntanlega rekstrargrundvöll þess hluta innanlandsflugsins sem á ekkert erindi annað. Það er hins vegar löngu tímabært, og merkilegt að það skuli ekki hafa komist til framkvæmda, að færa allt annað flug burtu héðan en það sem er þá beint tengt erindum manna til og frá höfuðborgarsvæðinu. Ég vissi ekki betur en það væri löngu ákveðið að æfinga-, kennslu- og ferjuflug og annað slíkt flug færðist í burtu frá Reykjavíkurflugvelli. Hvað dvelur þá aðgerð?

Það er líka ljóst í mínum huga sem aldrei er talað um að það væri mikilvægt fyrir landsbyggðina að hafa einnig innanlandsflug til Keflavíkur. Það er t.d. augljóslega mikið hagsmunamál vegna uppbyggingar ferðaþjónustu á landsbyggðinni að það sé mögulegt að ferðamenn komist til og frá landsbyggðinni og beint í veg fyrir millilandaflugið, a.m.k. meðan ekkert gengur í að byggja upp beint millilandaflug frá stöðum eins og Akureyri og Egilsstöðum og fyrir þá landsmenn, íbúa landsbyggðarinnar, sem eiga ekki annað erindi um Reykjavík en að fara beint áfram til Keflavíkur og upp í vél sem er að fara til útlanda. Þetta finnst mér að eigi allt að taka inn í myndina þegar menn ræða þetta og vonandi með rökum og af viti en ekki tómri tilfinningasemi. Síðan standa málin þannig að það eru öll tilskilin leyfi til rekstrar Reykjavíkurflugvallar til 2016. (Forseti hringir.) Hver sér nákvæmlega fyrir í dag hvernig aðstæðurnar verða þá? Eigum við nú ekki bara að draga andann rólega? (Forseti hringir.) Himinn og jörð eru ekki að farast akkúrat þessa dagana í þessum efnum.

[16:02]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram get ég tekið undir það sem bent hefur verið á, að það væri full nauðsyn á að taka almennt umræðu um samgöngukerfið á landinu og velta fyrir sér hvernig það hefur þróast, annars vegar með stefnumótun stjórnvalda og hins vegar af sjálfu sér. Hver tók ákvörðun um að leggja af flug á Blönduós? Hver tók ákvörðun um að leggja af flug í Stykkishólm? Ég held að það hafi enginn gert nema bara rekstraraðilarnir, það stóð ekki undir sér.

Það er auðvitað þannig sem við verðum að skoða þetta mál: Mun flug til Reykjavíkur halda velli miðað við breytta samgöngumöguleika? Ég hygg að við hv. þm. Halldór Blöndal séum báðir áhugamenn um að stytta og bæta vegakerfið þó að ég vilji frekar vera á láglendinu en hann á hálendinu.

Ég held að menn verði að horfa á það að Reykjavíkurflugvöllur nýtist ákaflega vel þeim sem þurfa að ganga erinda hér í borginni og sækja hingað af landsbyggðinni. Hann er mikilvægur fyrir landsbyggðina. Það breytir hins vegar ekki því að menn þurfa að skoða samgöngukerfið í heild og fara yfir það hvað mun gerast með breyttum og bættum vegasamgöngum og styttingu vegalengda. Hvað mun gerast með betri akstursleiðum að borginni? Ég nefni Sundabraut. Við getum hæglega lent í því á ákveðnum köflum dagsins að vera 40 mínútur upp í Kollafjörð ef álagið er nógu mikið. (**Gripið fram í:** Jafnlengi og ... gengið ... austur.) Kílómetrar í vegalengdum segja ekki allt. Það er tíminn sem við erum iðulega að mæla. Eru ekki allir að hamast við að mæla tíma sinn og arðsemi? Ég hefði haldið það.

[16:04]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Þessi umræða hefur verið fróðleg. Það kom auðvitað ekki á óvart að hv. 9. þm. Reykv. n., Helgi Hjörvar, skyldi afdráttarlaust krefjast þess að flugvöllurinn yrði lagður niður. Auðvitað gleymir hann því í þeim útreikningum að 1.100–1.200 ársverk voru óbeint við flugvöllinn, að vísu fyrir átta árum, þ.e. meðan ég var samgönguráðherra. Þeim hefur sennilega fjölgað síðan. Veltan var þá á tólfta milljarð kr. svo það er töluvert í húfi fyrir Reykvíkinga að þessi atvinnustarfsemi geti haldið áfram ef menn horfa þannig á.

Mér þótti hins vegar gaman að sjá þennan gamla sósíalista og kommúnista, hv. þingmann, veifa peningapungnum og segja að ef við leggjum niður Reykjavíkurflugvöll muni allir íbúar á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði fá 1 millj. kr. Mér þótti merkilegt að hann skyldi leggja mál sitt upp með þeim hætti sem sýnir að hann er mjög efnahagslega sinnaður, hv. þingmaður, og hefur mikið vit á þeim málum þó að hann sé nú ekki jafningi frænda míns, Péturs H. Blöndals, í raunsæi í þeim.

Það vakti athygli mína hvernig hv. þingmenn tóku á þessu máli. Hv. þm. Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s., kom hvergi að málinu sjálfu. Ég heyrði á hv. 5. þm. Norðaust., Steingrími J. Sigfússyni, að hann vill anda rólega og treysta því að flugvöllurinn verði í það minnsta til 2016 svo að mér datt í hug að það yrði þá síðasta árið sem hann byði sig fram kannski og hann vildi við það miða. Ég hygg á hinn bóginn að ekkert sé öruggt í þessum efnum og tel að við eigum að vera undir það búin að mæta því að menn eins og hv. þm. Helgi Hjörvar nái sínu fram, a.m.k. tel ég óhjákvæmilegt að við stefnum að því að stytta leiðir innan lands.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson vill fara Arnkötludal en ekki með ströndinni í Strandasýslu. Ég vil líka fara stystu leiðina norður, eins og hann vill stytta sér leið til Ísafjarðar.

[16:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið gagnleg umræða og um margt fróðleg. Ég vona að það sem hér hefur verið sagt upplýsi bæði þingmenn og ekki síður þá sem fylgjast með umræðunni.

Ég fagna því að hv. þm. Kristján L. Möller hvetji til

þess að menn nái sáttum í þessu efni þrátt fyrir ræðu félaga hans Helga Hjörvars. Ég hvet hann mjög eindregið til þess að beina því til félaga sinna í Samfylkingunni. (**KLM:** ... sjálfstæðismenn í borgarstjórn.)

Ég tók eftir því að hv. þm. Gunnar Örlygsson hvatti til þess mjög eindregið að menn færu vel með skattfé borgaranna. Hann hvatti til þess jafnframt að byggja nýjan flugvöll fyrir sunnan Hafnarfjörð. Ég held að afskaplega illa væri farið með skattfé borgaranna ef við tækjum okkur nú upp, nýbúin að endurbyggja Reykjavíkurflugvöll, og byggðum nýjan flugvöll á milli Reykjavíkurflugvallar og Keflavíkurflugvallar. Ég held að þá væri þetta allt saman fullkomnað þannig að ég get ekki tekið undir þau sjónarmið.

Ég vek athygli á því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hér, það er gert ráð fyrir því samkvæmt því skipulagi sem var í gildi þegar ákvarðanir voru teknar um endurbyggingu flugvallarins að hann yrði til 2016. Ég lít svo til að til þess að hróflað verði við honum á þeim tímapunkti þurfi samkomulag milli borgaryfirvalda og samgönguyfirvalda. Ekki verður tekin einhliða ákvörðun — það held ég að sé mat allra sem þekkja til málsins — um að flugvöllurinn fari.

Hvað varðar rannsóknir á hálendinu vegna fyrirspurnar hv. málshefjanda (Forseti hringir.) eru í gangi veðurathuganir á hálendinu. Ég tel að þegar búið er að fara yfir þær verði að sjálfsögðu hægt að taka einhverjar ákvarðanir um hálendisvegi, aðra en þá sem (Forseti hringir.) eru á samgönguáætlun. Ég sé ekki fyrir mér að ákvarðanir (Forseti hringir.) um slíka vegagerð liggi fyrir á næstu missirum.

Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, 3. umr.

Stjfrv., 399. mál. — Þskj. 895.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkaleyfi, 3. umr.

Stjfrv., 251. mál (EES-reglur, einkaréttur lyfja). — Þskj. 269.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 2. umr.

Stjfrv., 495. mál (rjúpnaveiðar, sölubann og takmörkun veiða). — Þskj. 757, nál. 906, brtt. 907 og 925.

[16:10]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti umhverfisnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Málið er vel þekkt. Í júlí 2003 lagði umhverfisráðherra nokkuð umdeilt veiðibann á rjúpu en það hefur hins vegar komið í ljós að miðað við talningu árið 2004 hefur rjúpnastofninn tvöfaldast miðað við árið 2003 og stofninn er í mikilli uppsveiflu.

Þann 5. október 2004 skipaði umhverfisráðherra nefnd til að koma með tillögu um að styrkja stjórn rjúpnaveiða þar sem lagt var upp með mikilvægi þess að rjúpnaveiðar yrðu sjálfbærar og að ekki þyrfti að grípa til tímabundinnar friðunar.

Í nefndinni sátu fjölmargir helstu aðilar sem hafa fjallað um málið og helstu hagsmunaaðilar. Henni var sérstaklega falið að líta til eftirfarandi þátta:

a. Heimild til að banna sölu rjúpna og rjúpnaafurða.

b. Heimild til að kvótabinda rjúpnaveiðar.

c. Takmörkun á notkun farartækja.

d. Hugsanlegar breytingar á veiðitíma, þ.e. upphaf og endir hefðbundins veiðitíma.

Nefndinni var falið að skila tillögum um lagabreytingar til ráðuneytisins fyrir 15. nóvember 2004 og var jafnframt falið að haga störfum sínum þannig að nýtt stjórnkerfi rjúpnaveiða gæti verið fyrirmynd að stjórn veiða á öðrum fuglastofnum eftir því sem aðstæður krefðust. Gert er ráð fyrir því að nái frumvarpið fram að ganga og ekkert óvænt komi fram um ástand rjúpnastofnsins verði hægt að hefja rjúpnaveiðar samkvæmt breyttum lögum haustið 2005.

Það ánægjulega gerðist í þessu nefndarstarfi að mjög gott samkomulag náðist um niðurstöðuna milli Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Skotveiðifélags Íslands.

Frumvarpið sem var lagt fram af hálfu umhverfisráðherra og nefndin fjallaði um byggist í megindráttum á tillögum áðurnefndrar nefndar umhverfisráðuneytisins, að því frátöldu að ekki er hér að svo stöddu lagt til að heimilt verði að setja kvóta á fuglaveiðar eins og nefndin lagði til. Hins vegar er gert ráð fyrir því að takmarka veiðar með sölubanni og að það gildi um alla fuglastofna sem heimilt er að veiða. Á þann hátt er leitast við að tryggja veiðar á einstökum fuglastofnum sem jafnan eru stundaðar á sjálfbæran hátt.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Ingibjörgu Halldórsdóttur og Sigurð Þráinsson frá umhverfisráðuneyti, Jón Gunnar Ottósson, Kristin Hauk Skarphéðinsson og Ólaf Karl Nielsen frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Arnór Þóri Sigfússon frá Skotveiðifélagi Íslands. Málið var sent til umsagnar og bárust umsagnir frá Bændasamtökum Íslands, Arnóri Þóri Sigfússyni, Skotveiðifélagi Íslands,

Skotveiðifélagi Austurlands og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að þegar friðun einstakra fuglategunda er aflétt verði umhverfisráðherra heimilt að takmarka veiðar við ákveðna daga og ákveðinn tíma sólarhringsins. Enn fremur að umhverfisráðherra verði heimilt að banna sölu á fuglum sem undir lögin falla og á afurðum þeirra. Auk þess er lagt til að óheimilt verði að stunda veiðar á vélsleðum, fjórhjólum og öðrum torfærutækjum.

Nefndin ræddi m.a. hvort rétt væri að lögfesta frekari heimildir til takmörkunar en frumvarpið leggur til, svo sem heimild til að leggja á innflutningsbann samhliða sölubanni og heimild til kvótasetningar. Niðurstaða nefndarinnar var sú að þess gerðist ekki þörf að svo stöddu enda væri skynsamlegt að fá reynslu af þeim heimildum sem lagðar eru til í frumvarpinu áður en heimild yrði veitt til frekari takmarkana.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að efnismálslið 2. gr. frumvarpsins að undanskildum orðunum „enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan áðurnefndra tímamarka“ verði komið fyrir í nýrri málsgrein á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna. Það er mat nefndarinnar að umrætt ákvæði eigi betur heima þar. Þar að auki telur nefndin það vera viðtekinn skilning á lögunum að heimildin sé þegar til staðar í 1. mgr. 17. gr. laganna, þ.e. að ráðherra sé heimilt samkvæmt þeirri málsgrein að takmarka veiðar við ákveðna daga innan tímamarkanna, þar með talið að stytta veiðitímann í báða enda, eða ákveðinn tíma sólarhrings. Nefndin telur þó rétt að hnykkja á þessu í lagatextanum til að taka af öll tvímæli. Þá telur nefndin að orðin sem undanskilin eru séu óþörf enda er vísað til 7. gr. laganna í 1. mgr. 17. gr. og það ætti að vera nægileg viðmiðun í þessu sambandi.

2. Lagt er til að orðin „enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan leyfilegs veiðitímabils“ í 3. gr. verði breytt í „enda sé talið nauðsynlegt vegna ástands stofnsins að takmarka veiðar innan leyfilegs veiðitímabils.“ Telur nefndin síðarnefnda orðalagið markvissara og vísar til 3. og 4. gr. laganna í þessu sambandi. Þá er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 3. gr. sem kveður á um að sölubann sem ráðherra ákveður skv. 1. mgr. nái ekki til innfluttra fugla og fuglaafurða þeirra tegunda sem bannið tekur til. Nefndin telur rétt að það komi skýrt fram í lagatextanum. Jafnframt er lagt til að innflytjanda og seljanda beri að tryggja að innfluttar fuglategundir og afurðir þeirra séu þannig merktar að fram komi í hvaða landi þær eru upprunnar. Ákvæðið hefur það að markmiði að koma í veg fyrir að íslenskar fuglategundir og afurðir þeirra séu seldar sem innfluttar.

3. Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein, er verði 4. gr., sem kveði á um lengingu þess tíma þegar bannað er að leggja net í sjó nálægt friðlýstu æðarvarpi. Þessa breytingartillögu má rekja til frumvarps Einars K. Guðfinnssonar, 33. mál, sem hefur verið til meðferðar í nefndinni á yfirstandandi þingi. Samkvæmt núgildandi lögum er á tímabilinu frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert óheimilt án leyfis varpeiganda að leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 m frá stórstraumsfjöruborði en hér er lagt til að bannið gildi frá 1. apríl. Grásleppuveiðitímabilið hefst fyrr en áður en þetta getur aukið hættu á því að æðarfugl fari í net grásleppumanna og er markmið tillögunnar að stuðla gegn því. Nefndin sendi fyrrnefnt mál til umsagnar og bárust umsagnir frá fjölmörgum aðilum. Að teknu tilliti til umsagnanna var nefndin sammála um að fella umræddа breytingartillögu undir mál þetta og telur að breytingin sé til bóta.

4. Lagt er til að bæta við 4. gr. ákvæði sem feli í sér heimild til að sekta lögaðila fyrir brot gegn 17. gr. a. Nefndin telur rétt að setja slíkt ákvæði í lögin til að torvelda ólöglega sölu fugla og afurða þeirra í matvöruverslunum og á veitingahúsum. Í II. kafla A almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með síðari breytingum, er kveðið á um refsiábyrgð lögaðila. Skv. 19. gr. a þeirra verður lögaðila gerð sekt ef lög mæla svo fyrir. Skv. 19. gr. c sömu laga er refsiábyrgð lögaðila bundin því skilyrði, nema annað sé tekið fram í lögum, að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsinæman og ólögmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Verður lögaðila gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Ekki er talin þörf á að mæla á annan hátt fyrir í breytingartillögu þessari.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Sigurjón Þórðarson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Arnbjörg Sveinsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta skrifa Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Birgisson, með fyrirvara, Kjartan Ólafsson, Kristinn H. Gunnarsson, Mörður Árnason og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Nú hefur komið fram við afgreiðslu málsins breytingartillaga frá hv. þm. Halldóri Blöndal. Þar eru á ferðinni ný efnisatriði sem ekki eru í frumvarpinu. Nefndin mun taka þessar breytingartillögur til umfjöllunar á milli 2. og 3. umr.

Um málið sjálft má segja að hér er á ferðinni, eins og við þekkjum, mál sem hefur verið mikið í umræðunni og mikið verið deilt um bæði í þjóðfélaginu og á þingi. Það er mjög ánægjulegt að náðst hefur svo góð samstaða sem raun ber vitni á milli þeirra ólíku hagsmunaaðila sem um málið hafa fjallað og augljóst er að sú nefnd sem skipuð var af umhverfisráðherra hefur unnið gott starf. Það var sátt um það í nefndinni að frumvarpið sem byggðist á tillögum frá þeirri nefnd sé nokkuð sem menn vildu sjá sem lög frá Alþingi.

[16:20]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að í 20. gr. laganna þar sem fjallað er um nýtingu hlunninda segir svo, með leyfi forseta:

„Andaregg og heiðagæsaregg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.“

Hins vegar er látið duga þegar talað er um rjúpuna, með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja fugla og afurðir fugla sem ráðherra hefur bannað sölu á skv. 1. mgr."

Nú vil ég spyrja hv. þingmann: Hvers vegna gildir mismunandi regla um rjúpuna og um eggin? Það má ekki gefa eggin. En það má gefa rjúpuna. Ég skil ekki alveg. Það má hvorki gefa né þiggja egg sem tekin eru þar sem bændur hafa slík hlunnindi, eggjahlunnindi. Hvers vegna var ekki sama orðalag haft um rjúpuna?

[16:21]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*: Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir andsvarið.

Þau eru kannski ekki mikil að vöxtum þessi lög. Hins vegar er af mjög mörgu að taka og ég efast ekkert um að hægt væri að skoða margt þarna og sjálfsagt er að gera það og einmitt nákvæmlega þetta t.d. sem hv. þingmaður nefndi. Það var vilji okkar í umhverfisnefndinni að reyna að klára það mál afmarkað sem snýr að stjórn á veiðum á rjúpu. Þess vegna héldu menn því afmörkuðu í þetta skiptið, að því undanskildu að menn tóku þingmannafrumvarp sem var búið að liggja í nefndinni og var búið að fá þar áður efnislega umræðu og fara til umsagnar. Ég held ég fari rétt með, virðulegi forseti, að þetta sé annað frekar en þriðja þingið sem það lá inni hjá nefndinni.

Nefndin fór því ekki í fleiri efnisflokka en sem fram koma í frumvarpinu þó í sjálfu sér mætti ýmislegt endurskoða og skoða í því sambandi og sjálfsagt og eðlilegt er að gera það eins fljótt og mögulegt er.

[16:23]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Ég var fyrir mjög miklum vonbrigðum þegar ég sá nefndarálit umhverfisnefndar, raunar hissa á því að það skyldi vera einróma álit vegna þess að þetta mál er þannig vaxið að eðlilegt hefði verið ... (Gripið fram í.) Mér þykir gott að heyra það, hv. þingmaður. Eðlilegt hefði verið að þessi mál hefðu verið rædd á miklu breiðari grundvelli en framsögumaður nefndarinnar skýrði hér frá.

Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því að þegar frumvarp hæstv. ráðherra var lagt fram lá þegar fyrir Alþingi frumvarp sem ég hafði flutt á þingskjali 478 um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum þar sem ég legg til að veiðitímabil andaveiða verði stytt um þrjá mánuði. Ég er undrandi á því að nefndin skuli ekki hafa tekið það frumvarp til meðferðar um leið og fjallað var um það stjórnarfrumvarp sem hér liggur fyrir því þetta er auðvitað af sama meiði. Ástæðan fyrir því að rjúpnastofninn minnkaði svo mjög að óhjákvæmilegt var að banna allar rjúpnaveiðar í landinu var auðvitað sú að veiðitækni hefur fleygt fram og það er gengið miklu nær náttúru landsins en áður hafði verið gert.

Ýmsir hv. þingmenn eru að bera saman gamlan tíma og þann tíma sem við lifum á nú og þykir skemmtilegt að tala um að rjúpnaveiði sé nokkuð sem Íslendingar hafi vanist frá alda öðli og þess vegna sé undarlegt að leggja til að friðunartími rjúpna nái til þessa árs nú líka, að rjúpnaveiðar hefjist ekki á hausti komanda heldur kannski ári síðar þegar stofninn hefur aðeins stækkað. Þá er horft til fortíðarinnar.

Nú munum við það mjög vel, ég og hv. þingmaður, að Droplaugarsynir lögðu gildrur fyrir fugla, fyrir rjúpur á sínum tíma á Héraði og veiddu vel eins og fram kemur í þeirra sögu. Það væri fróðlegt að sjá þessa slyngu veiðimenn í dag veiða rjúpur í snörur. Ég hygg að eftirtekjan yrði lítil. Ég hygg að engum mundi detta það í hug. Ástæðan er einföld. Það eru miklu færri rjúpur hér á landi en áður var enda hefur óvinum rjúpunnar fjölgað og þeir eru búnir betri vopnum og betri tækjum en þeir Droplaugarsynir þó þeir þættu nú vaskir menn og knáir.

Það þarf ekki að fjölyrða um þau áhrif sem minkurinn hefur á fuglalíf. Ég er fullkomlega sammála hæstv. umhverfisráðherrum um að þörf er á því að herða verulega á minkaveiðum, verja til þess meira fé og er satt að segja undarlegt og hálfsorglegt að áhugaskotveiðimenn skuli ekki sýna þeim veiðum meiri athygli en raun ber vitni, minkaveiðunum. Sumir vilja halda því fram að mögulegt sé að útrýma mink á landinu, það kosti mikið fé, en þeir telja að það sé hægt. Aðrir eru tortryggnir. Ég kann ekki veiðitækni og skal ekki um það fullyrða. En hitt held ég að sé alveg ljóst að minkurinn gengur mjög nærri rjúpunni.

Við vitum að tófu hefur fjölgað, sérstaklega á Vestfjörðum og Suðurlandi ugglaust. Einu sinni var sú tíð meðan ég var blaðamaður á Morgunblaðinu að veiðistjóri fullvissaði mig um að búið væri að útrýma allri tófu í Gullbringu- og Kjósarsýslu, í landnámi Ingólfs Arnarsonar. Ekki veit ég hvort það er svo. En ég hef tvívegis mætt hér mink á förnum vegi og bauð góðan daginn í bæði skiptin. (**Gripið fram í:** Hvað sagði hann?) Minkurinn kinkaði kolli, ef hv. þingmaður er að spyrja um það. Þannig er nú þetta. Við höfum ekki lagt að mínu viti nægilega áherslu á að útrýma mink. Það má auðvitað halda því fram að ef menn stæðu betur að því þá væri kannski eitthvað hægt að rýmka um hjá skotveiðimönnum, fyrir þá sem áhuga hafa á slíku. Ég held að á meðan ekki er betur staðið að minkaveiðum á landinu öllu en nú er gert þá eigum við að hyggja betur að hinu þar sem við höfum betri tök á málum.

Ég er ekki í hópi þeirra þingmanna sem eru sannfærðir um að rjúpnastofninn hvarvetna á landinu þoli veiðar nú. Hv. þingmaður sagði að sérstaklega hefði verið farið yfir þá hluti í nefndinni. Ég hef kynnt mér þetta nokkuð nyrðra og ég þori að fullyrða að rjúpnastofninn er í algjöru lágmarki á Sléttu og í Kelduhverfi, eftir upplýsingum frá þeim mönnum sem þar hafa stundað fuglatalningu svo áratugum skiptir og eru náttúrubörn. Sumir vilja gera meira úr því að rjúpum hafi fjölgað og ágætur fuglavinur norður þar hefur svarað mér þannig að þeir sem ekki vilja leyfa rjúpnaveiðar gera minna úr fjölgun rjúpunnar en hinir sem vilja skjóta. Þetta skilur maður. En eftir sem áður ber öllum sögum saman um að rjúpnastofninn á því svæði þoli ekki skotveiðar á þessu ári nema eitthvað alveg óvænt og nýtt komi í ljós við rjúpnatalninguna nú í apríl.

Nú veit ég ekki hvort hv. þingmaður og nefndin hefur upplýsingar frá heimamönnum og útivistarmönnum á landinu. Ég þykist t.d. vita að í kjarrinu í Aðaldal sé eitthvað af rjúpu. Það er hins vegar dæmigert sem ágætur skíðagöngumaður sagði mér, að þegar hann gengur þar klukkutíma um hraunið þá geti hann vænst þess að sjá sex, átta eða kannski

tíu rjúpur. Það er ekki mikið á þessum tíma.

Þó svo að mikið af rjúpu hafi komið niður í byggðina þegar snjóana gerði um daginn og hún hafi gert meira vart við sig heima við bæi en ella mundi þá er það ekki mælikvarði í þessu sambandi. Svo hefur ævinlega verið þegar alsnjóa er, að rjúpan flögrar þangað sem helst er von á mat og má líka vera að rjúpan sé spakari nú en oft áður vegna þess að hún hefur ekki verið skotin í tvö ár. Má vera að hún sé farin að líta á manninn heldur mildara auga en áður og líti ekki á hann sem höfuðóvin sinn.

Svo má velta fyrir sér spurningunni: Hvernig viljum við takmarka rjúpnaveiði, ef við á annað borð erum þeirrar skoðunar að hana eigi að leyfa?

Ég geri mér grein fyrir því að hugmyndir mínar, ef ég fylgi þeim eftir til hins ýtrasta, ná ekki meiri hluta á Alþingi. Ég hef a.m.k. ekki trú á því. Ég hygg þó að við eigum öll að geta verið sammála um að hefja rjúpnaveiðina örlítið seinna, 1. nóvember í staðinn fyrir 15. október. Ef hugmyndin á að vera sú að hver og einn fái lítið, enginn megi selja, enginn kaupa og enginn flytja út, þá hlýtur það að vera nógur tími, að rjúpnatímabilið standi frá 1. nóvember. Ég get ekki skilið hvers vegna það þarf að standa lengur.

Ég vil biðja formann nefndarinnar að velta þessu svolítið fyrir sér milli 2. og 3. umr., líka vegna þess að mikið er lagt upp úr því að torfærubíla og snjósleða megi ekki brúka. Þó finnst mér rétt að hv. þingmaður velti því fyrir sér hvort tíminn sé ekki of langur. Ég hygg að menn séu flestir um það sammála sem um þetta hafa hugsað.

Ég vil spyrja hv. þingmann, framsögumann nefndarinnar, um annað. Þegar talað er um merkta vegslóða í 17. gr., er þá átt við kort sem Vegagerðin gefur út á hverju ári um þá vegi og viðurkennir sem slíka? Ég get tekið sem dæmi veginn yfir Hallmundarhraun, Tvídægru og niður í Miðfjörð. Má vera að það sé þetta kort sem hv. þingmaður hefur í huga þegar hann talar um merkta vegslóða. Eða hvers konar merkingar er verið að tala um? Eftir hverju á að fara? Ég er ekki viss um að það sé ljóst.

Ég hygg að ég verði að leggja áherslu á að ég treysti mér ekki til að greiða atkvæði með þessu frumvarpi ef niðurstaðan verður sú að veiðitímabil rjúpunnar eigi að hefjast 15. október. Ég tel óhjákvæmilegt að stytta veiðitímabilið og hef flutt breytingartillögu þar að lútandi. Mér finnst á hinn bóginn sjálfsagt, vegna ummæla hv. þingmanns um að hann ætli að skoða þessar breytingartillögur mínar á milli 2. og 3. umr., að draga þær til baka við 2. umr. til 3. umr. til að nefndinni gefist svigrúm til að fara yfir hvort ekki sé skynsamlegt að koma til móts við þá sem óttast um rjúpnastofninn með því að stytta veiðitímabilið. Ég er sannfærður um að því yrði vel tekið. Jafnsannfærður er ég um að þeir sem fara á rjúpnaveiðar eingöngu til að ná sér í matinn fyrir aðfangadag hafi nægan tíma til þess á þeim 45 dögum, eða hvað það er, sem eftir verða.

Í annan stað vil ég minnast á tillögur mínar um að stytta veiðitímabil andanna. Ég hafði orð á því við 1. umr. þessa máls að lindarsvæðin víðs vegar um landið eru afskaplega þröngt vetrarbúsvæði og viðkvæm fyrir skotveiði. Ég nefndi sérstaklega Laxá í Þingeyjarsýslu, Litluá í Kelduhverfi, Sogið og Úlfljótsvatn, Ölfusið, Veiðivötn, Apavatn, Rangárnar og Lindir undan Skaftárelda- og Landbrotshraunum, *sem ef til vill væri rétt að friða.*

Nú liggur það fyrir, sem ég ekki vissi við 1. umr. málsins og hafði ekki áttað mig á, að Umhverfisstofnun lítur svo á að í lagaheimildum um að friða tiltekin svæði sé ekki gert ráð fyrir að þau taki til eignarjarða. Öll þau svæði sem ég taldi upp eru hins vegar á láglendi þannig að umhverfisráðherra hefur ekki heimild til að friða þau, samkvæmt þeim skilningi sem Umhverfisstofnun gaf mér í morgun. Þetta þýðir að friðuð svæði, þær lagaheimildir sem þar eru, taka þá einungis til þjóðlendna. Þetta þykir mér nokkuð merkilegt. Ég vil óska eftir því að formaður nefndarinnar kynni sér þetta atriði sérstaklega milli 2. og 3. umr. í nefndinni. Auðvitað þarf ekki atbeina ráðherra til ef allir jarðeigendur ákveða að banna andaveiði. Þá þarf ekki atbeina ráðherra til. Það er augljóst. Mér þótti þetta því mjög athyglisverð túlkun hjá þeim sérfræðingi Umhverfisstofnunar sem ég talaði við í morgun.

Úr því að við getum ekki farið þá leið að friða þau viðkvæmu svæði sem ég hef gert grein fyrir þá er aðeins ein leið fær. Hún er að stytta veiðitímabilið, banna veiðarnar eða stytta veiðitímabilið með lögum. Reynslan hefur sýnt að ráðherrar hafa af einhverjum ástæðum ekki talið þörf á að stytta það veiðitímabil sem heimilt er að skjóta endur.

Ég fór í ræðu minni við 1. umr. nokkuð yfir ástand andastofnanna. Ég vakti athygli á því að mjög algengt er að veiðimenn geti ekki greint í sundur einstaka tegundir, þekki ekki muninn á gráandarkollum, húsandarkollum eða stórutoppandarkollum. Þeir hafa verið staðnir að því. Eins og ég rifjaði einnig upp hefur birst mynd á vefnum þar sem erlendir menn eru hvattir til að koma hingað til skotveiða. Myndin sýnir heldur upprifinn veiðimann með tvo straumandarsteggi í fanginu. Þannig var viðhorfið hjá þeim mönnum sem skipulögðu þær fuglaveiðar hér á landi, að þeir höfðu ekki hugmynd um að þetta væri straumönd eða að þeir höfðu ekki hugmynd um að straumöndin væri friðuð. Hefðu þeir vitað annað hvort hefðu þeir að sjálfsögðu ekki birt þessa mynd á vefnum þegar þeir hvöttu útlendinga til að koma til landsins til skotveiða.

Nú geta menn spurt: Hvernig í ósköpunum stendur á því að hv. þingmaður vill banna andaveiðar í janúar, febrúar og mars? Ástæðan er einföld. Ég tel að sá hluti andastofnsins sem nær að halda lífi fram yfir áramót sé líklegastur til að lifa af til vorsins og líklegur er til að para sig, verpa og viðhalda stofninum. Ef við horfum út núna og sjáum hvernig viðrar, hversu lengi bjart er á kvöldin, þá sjáum við hve auðvelt er að komast að vökunum og lindunum hvarvetna á landinu. Ef við höfum augun opin þá vitum við að það nær engri átt að leyfa mönnum að skjóta endur á þessum árstíma. Það nær engri átt.

Ég hef fundið það hjá mönnum, þann tíma sem liðinn er síðan ég lagði frumvarp mitt fram, að fjöldi manns áttaði sig ekki á *því að það væri yfirleitt heimilt að skjóta endur.* Ég átta mig líka á því að ýmsir þeir sem í öndverðu snerust gegn hugmyndum mínum hafa nú lýst yfir stuðningi sínum og skilningi. Þeir áttuðu sig á að ég er ekki að leggja til að andaveiðar verði með öllu bannaðar. Ég legg það einungis til að andaveiðar verði bannaðar eftir áramót en það megi eftir sem áður skjóta endur frá 11. september fram að áramótum. Ég skil satt að segja ekki að í þessum háa þingsal

skuli vera fólk sem leggst gegn svo sanngjarnri tillögu.

Allmörg okkar í þessu landi hlökkum til vorsins, hlökkum til að fara um og virða fyrir okkur fuglalífið þegar það vaknar úr vetrardrómanum. Við getum ekki skilið að sú skoðun þyki rétt, sanngjörn eða heiðarleg, að leyfa andaveiðar nær allan veturinn. Af hverju má ekki skjóta endur til 1. maí? Það má til 1. apríl, af hverju ekki til 1. maí? Af hverju ekki apríl líka? Af hverju ekki segja að skjóta megi endur fram að páskum? Af hverju hafa menn ákveðið að undanskilja apríl og maí? September, október, nóvember, desember, janúar, febrúar, mars; allan þennan tíma má skjóta andir hér við Ísland. Þegar maður kemur síðan niður að lindunum þá eru þær styggar vegna þess að þær eiga von á að sjá fjandmann sinn fyrir. Er þetta það sem menn telja sína hugsjón? Ristir hugsjónin ekki dýpra en þetta?

Guðmundur Sigurjónsson á Sandi hefur skrifað fallega um fugla og fuglalíf og Bjartmar sonur hans sömuleiðis. Ég man sérstaklega eftir mjög fallegri grein eftir Guðmund á Sandi, um stóru-toppandarhjónin sem höfðu orpið í hólma í Laxá. Þau voru skotin. Við vitum raunar líka að ýmsir hafa haldið því fram um toppendurnar að skynsamlegt væri að hafa þær réttdræpar þar sem þær ætu síli. Aðrir hafa bent á að nauðsynlegt sé að grisja vötnin. En hvað sem því líður, ætli þessi 300 pör af stóru-toppönd sem verpa á Íslandi sé nú svo mikið að mönnum ætti að óa við því?

Ég veit að stóra-toppönd var drepin nú fyrir tveimur árum, í misgripum var sagt, fyrir gráönd. Ég er ekki trúaður á að það sé rétt. Og þó, sennilega er það rétt. Þegar fer að rökkva, hversu margir skyldu það vera sem þekkja sundur kollurnar í rökkrinu? Hversu margir skyldu þeir vera? Formaður Skotveiðifélagsins, ætli hann þekki þær í sundur? Hverjir skyldu það vera? Ég þekki mikla fuglaskoðara, þeir segjast ekki vera öruggir og þeir segjast ekki þekkja þær í sundur. Fólk sem er alið upp við fuglaskoðun getur ekki áttað sig á andartakinu þegar endurnar fljúga upp eftir að fer að rökkva hver tegundin er, þó það séu steggir eða steggjar, eins og Guðmundur á Sandi sagði og Þorgeir í Grásíðu.

Ég legg á það áherslu að stytta veiðitímann. Í tillögum mínum er ég ekki með kröfu um að andaveiðar verði bannaðar og vænti þess að þingmenn horfi til málsins í því ljósi.

Að síðustu legg ég til að hin sama regla verði látin gilda um kjóa og skúm, að ætíð sé heimilt að skjóta kjóa og skúm nærri æðarvarpi. Þetta hygg ég að menn geti vel skilið. Skúminum hefur fjölgað nú mjög á síðustu árum og áratugum. Hann er auðvitað á söndunum sunnan lands og hann er kominn í Héraðsflóa. Skúmurinn er við ósa Jökulsár á Fjöllum. Skúmurinn er á söndunum milli Laxár og Skjálfandafljóts í þeirri miklu og fallegu anda- og kollubyggð sem þar er, þar sem mikið hefur verið lagt á sig til að styrkja æðarvarpið.

Ég sé á breytingartillögunum að tekið var tillit til þess sjónarmiðs sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson lagði fram, en ég ætla að leyfa mér að vona að formaður nefndarinnar íhugi það með jafnopnum huga hvort ekki sé rétt að láta sömu regluna gilda um þessa frændur, kjóann og skúminn. Ég veit ég þarf ekki að lýsa fyrir hv. þingmanni aðferðum skúmsins þegar hann drepur kolluna með því að slá hana með vængnum. Við getum raunar líka rifjað upp átakanlegar sögur eins og þegar Guðmundur á Sandi sá skúminn ráðast að rauðhöfða og flaug síðan burtu en rauðhöfðinn svona rétt bjargaðist að landi, þá var skúmurinn búinn að éta hnakkabitann úr fuglinum þannig að hann gat ekki haldið höfði en skildi hann þannig eftir, laflausan og auðnulausan og nær dauða en lífi. Þetta eru auðvitað ekki fallegar aðfarir. Yfirleitt er það auðvitað svo um ránfugla að aðfarir þeirra eru ekki fallegar en slíkur vargur er mikil ógnun við æðarvarpið og andarvarpið.

Þess vegna þykir mér sjálfsagt að hin sama regla verði látin gilda um kjóann og skúminn. Sumir hafa viljað halda því fram að skúmurinn sé svo merkilegur að hann sé hér í útrýmingarhættu. Það var sagt þegar ég var lítill, en það er mjög mikill misskilningur. Honum fjölgar og fjölgar og er þess vegna ekki af þeim sökum ástæða til að láta aðrar reglur gilda. Ef ég man rétt, formaður umhverfisnefndar getur leiðrétt mig ef ég fer rangt með, var kjóinn allsráðandi við Héraðsflóa fyrir nokkrum áratugum, en skúmurinn hefur blandað sér í þau yfirráð og er orðinn mjög áberandi á þeim slóðum nú.

Ég hef farið, frú forseti, yfir tillögur mínar. Stytting veiðitímabilsins á rjúpunni byggist á því að það er stefna hæstv. umhverfisráðherra að banna öll viðskipti með rjúpur, svo ekki þarf að horfa til þess. Þá hygg ég að því verði að fylgja eftir með því að stytta veiðitímann og sýna að alvara sé á bak við þá tillögu.

Ég legg til að stytta veiðitímann sem skjóta má endur vegna þess að þeim hefur nú fjölgað mjög sem leggja þær veiðar fyrir sig á þessum árstíma. Þeir eru með miklu fullkomnari veiðibúnað en áður var og ganga til þessa verks að skjóta endurnar með öðru hugarfari en áður var. Ég held að þetta sé alveg ljóst, a.m.k. eftir þeim lýsingum sem bændur hafa gefið mér og ég heyri frá þeim bæði sunnan- og norðanlands.

Það eru jafndægri nú í mars. Það er leyft að skjóta endurnar í september, þá er bjart. Það á skjóta þær núna í mars, í birtunni allri. Í vorbirtunni á að skjóta þær. Þegar maður sér sólina hækka á lofti frá degi til dags, maður hlakkar til að vakna af því sólin er fyrr komin upp. Á þeim tíma leggjum við mest upp úr andaveiðinni.

Að síðustu legg ég áherslu á eins og ég sagði að koma til móts við æðarbændur og friða landið, vernda andastofninn í leiðinni, með því að stöðva eða ekki stöðva, heldur standa aðeins á móti því að skúmurinn leggi fleiri sandstrendur undir sig.

[16:56]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einkum tvennt sem mig langar til að víkja að í máli hv. síðasta ræðumanns, hv. þm. Halldórs Blöndals. Það er í fyrsta lagi það sem hann sagði réttilega að rjúpan leitaði til byggða þegar snjóaði og sæist þá mikið. Ég hygg að það sé þá líka þannig að rjúpan leiti til fjalla þegar snjólétt er og haldi sig þá í meiri hæð. Það hlýtur því líka að vera þannig að við sjáum minna af rjúpu í snjóléttu ári nema þá að menn gangi hátt til fjalla. Ég veit þess vegna ekki hvort við getum lagt sérstaklega út af þessu.

Ég vil hins vegar beina þeirri spurningu til hv. þingmanns af því hann er með tillögu um að breyta veiðitíma

rjúpunnar til 1. nóvember, hvort hv. þingmaður hafi hugleitt að ef til vill ætti sá tími að vera breytilegur einmitt við þær forsendur sem ég vék að, þ.e. að ráðherra hafi það í hendi sér að ákveða miðað við snjóalög og aðrar aðstæður hvort hleypt sé af stað veiði 1. nóvember eða 15. október. Að þessu vildi ég nú spyrja.

Hins vegar hvað varðar það sem hv. þingmaður ræddi um, þ.e. veiðar á öndum, þá er ég nú farinn að hallast að því að hv. þingmaður hafi margt til síns máls í þeim málflutningi.

[16:58]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Skýringin á því að ég legg til að stytta rjúpnaveiðitímann er sú að fjöldi manns fyrir norðan á rjúpnasvæðunum þar, þeir sem eru vanir að skjóta rjúpu í matinn fyrir sjálfa sig hafa komið að máli við mig. Margir hafa viljað stytta veiðitímann og miða við 15. nóvember. Ég tel að rétt sé að gera þetta vegna þess að með því að stytta veiðitímann aukum við heldur friðun rjúpunnar. Menn þurfa að hafa meira fyrir því að ná í hana. Það eru höfuðrök mín að vegna þess að menn vilja horfa á rjúpnaveiðar sem sport, að menn hafi þá eitthvað fyrir því.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að auðvitað heldur rjúpan sig í móunum á meðan autt er en á síðustu árum hvarf hún upp til fjalla strax og veiðitímabilið hófst og menn fóru að skjóta hana. Það var auðvitað þannig. Allt er þetta álitamál. En ég vil koma til móts við þau sjónarmið að menn eigi ekki að ganga jafnnærri rjúpnastofninum og verið hefur og vil gera það með því að stytta veiðitímann.

[17:00]

Útbýting:

Greiðslur almannatrygginga til öryrkja og aldraðra, 618. mál, fsp. ÖJ, þskj. 926.

Opinber hlutafélög, 619. mál, fsp. MÁ, þskj. 927.

[17:01]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fagna frumvarpinu sem hér var lagt fram. Því miður gat ég ekki verið viðstaddur 1. umr. málsins og vil þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir að taka málið föstum tökum og skipa hina svokölluðu „rjúpnanefnd" og í framhaldi af því að leggja fram frumvarpið. Ég er ánægður með það að öllu leyti fyrir utan eitt atriði í 3. gr. frumvarpsins og kem inn á það síðar.

Það er rétt að fara yfir tilurð þessa ágæta veiðibanns, en það var í tíð hæstv. fyrrverandi umhverfisráðherra, Sivjar Friðleifsdóttur, og þá átti ég sæti í umhverfisnefnd. Okkur voru gefnir þeir úrslitakostir að annaðhvort mundum við samþykkja sölubann ellegar mundi verða sett veiðibann á stofninn. Með því fylgdi líka sú kvöð að það yrði ekki leyft að flytja rjúpu frá öðrum löndum. Við létum ekki bjóða okkur þá hótun og samþykktum ekki sölubann, sem ég hef miklar efasemdir um að gangi, og þá kom veiðibannið.

Við í nefndinni kölluðum til sérfræðinga í málinu, þá Arnþór Garðarsson, prófessor við Háskóla Íslands, og Arnór Sigfússon fuglafræðing. Niðurstaða þeirra beggja var að rjúpan, sem er þannig frá náttúrunnar hendi að náttúrulegar sveiflur eru miklar í stofninum á 10 ára fresti, hafi einmitt verið í lægð þá. Síðan hefur stofninn rétt við núna. Þeir vildu meina að skotveiði hafi afar lítil áhrif á sveifluna í stofninum, þvert á móti áliti sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar.

Hverjir eru kostir og gallar sölubanns? Auðvitað dregur það úr magnveiðunum því talað hefur verið um að 10% veiðimanna veiddu yfir 50% af rjúpunni. Galli sölubanns er hins vegar sá að það fara náttúrlega fram vöruskipti og við þekkjum þá stöðu sem oft vill verða á Íslandi að fuglinn verður aldrei betri á bragðið en þegar hann er bannaður. Einnig má segja að þetta rýri kost bænda þar sem þetta hafa verið hlunnindi fyrir þá, þó svo bændur geti kannski haft aðrar aðferðir og selt inn á lönd sín fyrir skotveiðimenn. Hæstv. umhverfisráðherra hefur svo möguleika á svæðisbundinni friðun og öðrum atriðum til að minnka ásóknina í stofninn. Hv. þm. Halldór Blöndal kom inn á það áðan að bannið gilti ekki á eignarjörðum. Ég held að það sé alveg laukrétt, en á stórum svæðum í eigu ríkisins og opinberra aðila gæti þetta dugað til.

Ég styð eðlilega frumvarpið og þær breytingartillögur sem hér eru. Ég hef fyrirvara við 3. gr. og ætla að vitna í hana, með leyfi forseta:

„Bann við sölu á veiðifangi.

Umhverfisráðherra er heimilt með reglugerð, þegar friðun einstakra fuglategunda er aflétt í samræmi við ákvæði 17. gr., að banna sölu á þeim fuglum og afurðum þeirra, enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan leyfilegs veiðitímabils."

Við erum eingöngu að tala um rjúpu en inn í þetta er allt í einu skellt „banna sölu á þeim fuglum", ekki íslenskri rjúpu. Það er sem sagt sölubann. Hæstv. ráðherra hefur það í hendi sér þegar lögin verða samþykkt að banna sölu á þeim fuglum sem hún hefur aflétt friðun á samkvæmt 17. gr. sem ég kem aðeins inn á í sambandi við breytingartillögu hv. þm. Halldórs Blöndals.

Ég er alveg klár á því að núverandi umhverfisráðherra mun ekki misnota þetta vald en aðrir geta komið á eftir sem eru ekki eins góðir og núverandi hæstv. ráðherra. Mér finnst þetta einhvern veginn vera þetta eilífðar tog framkvæmdarvaldsins, að toga allt til sín og minnka áhrif þingsins og það er einmitt tog í þessa átt sem ég hef fyrirvara á og bið hæstv. ráðherra að skoða þetta á milli 2. og 3. umr.

Sem betur fer virðist vera góður friður um málið. Menn geta veitt rjúpuna í sátt og samlyndi við allt og alla en það eru náttúrlega mörg önnur atriði sem koma að viðgangi rjúpnastofnsins, eins og t.d. minkurinn sem hefur verið ræddur í dag og refurinn, ég tala ekki um hann. Ég held að ef eitthvað eigi að gera eigi að herða sóknina í að fækka þeim vargi. Þá vænkast hagur rjúpunnar. Ef maður talar við refaskyttur lýsa þeir því hvað sé að finna nálægt t.d. grenjum hjá refum, mikið af rjúpnaungum og eggjum og öðru slíku. Það eru því margir óvinir sem leynast víða við blessaða rjúpuna.

Auðvitað mun ég greiða frumvarpinu atkvæði, en bið hæstv. ráðherra að skoða ákvæðið við 3. gr. varðandi þetta algjöra afsal yfir til ráðherrans frá þinginu.

Breytingartillaga hv. þm. Halldórs Blöndals er þríþætt. Hann vill banna skotveiði á endur frá 31. desember. Hv.

þingmaður hefur margt til síns máls og ég held að nefndin ætti að skoða þetta á milli 2. og 3. umr. Það er varla boðlegt að skjóta endur og gæsir til 31. mars þar sem orðið er mjög stutt í varp þegar að þeim tíma kemur. Í bændasamfélaginu í gamla daga var það talið að færa björg í bú þegar vorgæsin kom og hún var skotin og eins endurnar. Þetta er því alveg hárrétt hjá hv. þingmanni. En hvort banna eigi það 31. desember, 28. febrúar eða 31. janúar er matsatriði. Sem gamall veiðimaður á endur tel ég í lagi að þetta verði alla vega til loka janúar en upp úr því held ég að mætti stytta það um tíma og þörf á að ræða það.

Hvort veiðitíminn byrjar 15. október eða 1. nóvember er bitamunur en ekki fjár varðandi rjúpuna. Ég held að hæstv. ráðherra eigi að hafa tól og tæki til að geta dregið úr ágangi veiðimanna í rjúpuna. Ég var einn af þeim sem vildu setja kvóta á hverja veiðiferð, en síðan verða skotveiðimenn að koma upp ákveðnum vinnureglum í þessu sem þeir munu virða upp á það að þeir geti haldið áfram skotveiðum á fugl og ekki þessar massaveiðar sem var vitað að væri í hundruð og þúsunda vís, að einstakir veiðimenn væru að veiða það yfir tímabilið. Þetta er sportveiði þar sem menn ganga sér til heilsugöngu og skjóta í jólamatinn. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi öll tæki og tól til þess arna þótt kvótinn sé ekki fyrir hendi í málinu.

Enn og aftur vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa komið með málið fram og lent því með friði og að menn geti byrjað að skjóta aftur rjúpu í haust. Þetta hefur gerst án þess að mikill hávaði og óánægja hafi verið í samfélaginu og ber að þakka það. Það er ekki oft sem svo vel tekst til í viðkvæmum málum eins og í þessu tilviki.

Virðulegi forseti. Ég tel að við eigum að skoða breytingartillöguna frá hv. þm. Halldóri Blöndal, því að veiða endur og gæsir til 31. mars er eiginlega alveg út úr kortinu. Ég held við ættum að skoða það mjög alvarlega. En ég mun sem sagt styðja frumvarpið og óska okkur öllum til hamingju með það.

[17:12]

Mörður Árnason:

Forseti. Áður en ég tek til máls um frumvarpið langar mig að fara nokkrum orðum um breytingartillöguna sem liggur fyrir frá hv. þm. Halldóri Blöndal. Ég tek eftir að hún er, með einni undantekningu, samhljóða frumvarpi til laga sem sami þingmaður hefur flutt og er 386. mál á þinginu. Það hefur ekki komið til 1. umr. enn þá og er því ekki í umhverfisnefnd. Frumvarpið hefur heldur ekki verið afturkallað en hv. þingmaður hefur breytt því í breytingartillögu við allt annað frumvarp sem fjallar þó um sama lagabálk. Það er örugglega leyfilegt og ekkert formlega að því að finna.

Hins vegar er eðlilegra að ræða sérstaklega breytingar af þessu tagi sem varða allt annað en efni frumvarpsins sem breytingartillagan er sett fram við. Frumvarpið fjallar ekki um endur og ekki um skúm og kjóa heldur um rjúpnaveiðar og allt það mál með þeirri viðbót sem fram kom um æðarvarp og grásleppu sem var tekið úr máli sem lá hjá nefndinni og var reyndar endurflutt frá í fyrra, að mig minnir, ef ekki lengra aftur. Það var því eðlilegt að nefndin íhugaði að taka það fyrir, en ekki eins eðlilegt að taka þetta fyrir.

Mál af þessu tagi þarf náttúrlega almenna umræðu en fékk það ekki, þó nokkuð yrði um upphrópanir og ýmis tölvuskeyti þegar hv. þingmaður lagði það fram. Það þarf ákveðnar athuganir og meiri að mínu mati en hægt er að koma við á þeim tíma sem líður frá 2. til 3. umr., nema 3. umr. dragist mjög á langinn og það tel ég óheppilegt um þetta rjúpnamál.

Mér finnst efni frumvarpsins og breytingartillagnanna áhugavert og er tilbúinn til að skoða það og ræða og skora á hv. þingmann að flytja þetta aftur næsta vetur, nægilega snemma til að umhverfisnefndin geti kallað eftir almennilegum umsögnum og eftir umræðu meðal veiðimanna og annarra haghafa og alls almennings, sem þetta verðskuldar.

Ég verð að segja það þó um sérstaklega þriðja liðinn og raunar um breytingartillögurnar allar að hv. þingmaður og aðrir þeir sem hér hafa talað verða auðvitað að skilja grundvallarsjónarmiðin í þeim lögum sem hér er um að ræða. Þau breyttust vissulega fyrir ekki löngu síðan, breyttust mjög mikið, breyttust í grunninn á þann hátt að veiðar á þeim fuglum sem hér um ræðir eru bannaðar með lögum. Undantekning frá því banni er síðan heimiluð ráðherra en það er ekki þannig að ráðherrann sé bundinn við tímasetningarnar í þessum heimildarreglum, heldur getur hann hagað þessu eftir sinni vild innan ákveðinna takmarkana. Þess vegna er ekki um það að ræða að hér sé verið að ákveða í sjálfu sér veiðitíma, heldur er það ráðherra sem gerir það með þeim kostum og göllum sem fylgja. Þó að mér finnist framsal valda til ráðherra ekki heppilegt tel ég að enginn annar en ráðherra geti haft þessi völd vegna þess að oft þarf að bregðast við með ákaflega skömmum fyrirvara með rjúpuna og marga aðra af þessum fuglum og veiðidýrum á þeim tíma sem þingið er venjulega ekki að störfum, þ.e. að sumri eða hausti.

Ég tel að þriðji liðurinn í breytingartillögu hv. þingmanns sé ágætisábending til umhverfisráðherra að skoða en að hinir eigi að bíða og það sé ekki heppilegt að blanda þeim við þetta mál. Það er mín afstaða í þessu en auðvitað verð ég með í athugun á því í umhverfisnefndinni ef af henni verður.

Um málið sjálft vil ég segja að ég tek undir þakkir til ráðherra fyrir framgöngu hennar og tel að hún hafi lagt sitt fram til að leysa þá deilu og stilla þau átök sem höfðu orðið um þetta mál, að ósekju að ég hygg. Ég ætla ekki að fara frekar í það, það er búið að ræða það í löngu máli.

Í nefndinni náðist full samstaða um þetta efni og því ber að fagna. Sú samstaða á sér auðvitað grunn í þessum deilum og átökum, menn vildu leggja sig fram um að leysa málið líka af hálfu nefndarinnar eins og það hafði verið gert annars staðar, og eina athugasemdin sem fylgdi með í nefndaráliti var frá hv. þm. Gunnari Birgissyni. Grunnur hennar er líka sá að ekki sé eðlilegt að ráðherra fái meiri völd en hann þegar hefur. Þá er hins vegar aftur á það að líta að ráðherra hefur núna það vald að lögin banna veiðar á þessum fuglum og vald ráðherrans felst í því að aflétta því banni um ákveðinn tíma. Það verður hann að ákveða á hverju ári, hvort hann gerir það eða ekki, þannig að þegar nánar er að gáð felst ekki í frekari heimildum til ráðherra raunverulegt valdaafsal, heldur felst það í þeim heimildum að gefa ráðherranum fleiri verkfæri en þá ákvörðun eina hvort fylgja á ákvæðinu um bann eða hvort ráðherrann á að

nota heimildina.

Um það að hér séu allir fuglar settir undir einn hatt er það rétt, það er að sjálfsögðu efnisbreyting. Hún er að vísu ekki komin frá nefndinni, heldur beint úr áliti þeirrar nefndar hagsmunaaðila, sem svo verða að heita, og fræðimanna sem skipuð var og hefur starfað hér frá því í fyrrasumar. Þeir töldu eðlilegt að þessi deila um rjúpuna yrði fyrirmynd að lausn á þeim deilum sem upp gætu komið um aðrar veiðitegundir. Það er held ég rétt álit og síðan er auðvitað á það að líta að rjúpan er ekki frekar en aðrir fuglar alveg einangruð að veiðistjórn til vegna þess að eins og við vitum fýsir menn að veiða aðrar tegundir en þá hina einu sönnu þegar það er bannað eða takmarkað. Takmörkun á veiðum á einu dýri getur leitt til aukinnar sóknar í hið næsta og þess vegna erum við að setja í hendurnar á ráðherranum það vald að geta brugðist við strax þegar um einhverjar þær ákvarðanir er að ræða sem geta haft áhrif á fleiri tegundir en þá sem aðallega er rætt um. Ég skil fyrirvara hv. þm. Gunnars Birgissonar en ég held að í raun og veru saki ekki þó að við förum þá leið sem aðrir hafa sameinast um.

Það var töluvert rætt í nefndinni og ég spurði að því nokkuð hvers vegna ekki væru sett ákvæði um kvóta, einhver heimild um kvóta. Þá kemur auðvitað að því að menn töldu að það væri erfitt að setja slíkar heimildir. Menn þykjast ekki hafa góða reynslu af kvótasetningu á öðru sviði og óttast auðvitað mjög deilur um kvóta, að þær tækju sig upp sem hér hafa brunnið vegna kvótans í sjávarútvegi. Á það var reyndar bent að til væru ákaflega einfaldar fyrirmyndir að kvótasetningu á fuglaveiði sem væri hægt að taka hér upp en talið var, þannig að notað sé ráðuneytisorðalag, að þetta yrði of flókið og best væri að stíga færri skref í einu. Þingnefnd sem mætir slíkum svörum segir við sjálfa sig að ef ráðherrann og ráðuneyti hans vilja ekki slíkar heimildir sé kannski til lítils að láta þær í hendurnar á þeim.

Ég er hins vegar sammála því sjónarmiði sem kom fram í nefndinni frá að ég hygg Gunnari Birgissyni, sem ég vitnaði hér til áðan, hv. þingmanni, að í grunninn er kvótinn ákaflega æskileg leið til að koma í veg fyrir magnveiðina sem þetta frumvarp snýst fyrst og fremst um að koma í veg fyrir. Án kvótans er frumvarpið að ákveðnu leyti gallað.

Hins vegar held ég að það sé rétt að beina því til skotveiðimanna og félags þeirra, Skotvíss, að þeir athugi um óformlega kvótasetningu, hvort samstaða geti tekist meðal þeirra um það hvað er siðlegur kvóti í hverri veiðiferð á mann án þess að það sé regla sem sæti neinum refsingum, hvorki innan félags og auðvitað ekki í heildina. Ég held að með þeim hætti gætu menn kannski vanið sig á að takmarka veiðina eins og eðlilegt er með skotveiði sem stunduð er í sportskyni, í íþróttaskyni og náttúruupplifunarskyni.

Annað sem við ræddum var innflutningsbann, hvort ekki þyrfti, ef samþykkt yrði sölubann, innflutningsbann vegna þess að þó að sumir menn séu góðir í dýrafræði eru það ekki allir og það kann að vera snúið fyrir neytendur í stórmarkaði, hvað þá á veitingahúsi, að greina á milli rjúpu af íslenskri heiði eða skoskri eða frá Grænlandi eða jafnvel Rússíá eða hvaðan þær nú eru, þeir sem ekki eru þeim mun betur verseraðir í því máli. Þetta var líka talið flókið og erfitt að eiga við og því var þar að auki lofað að stofnanir landbúnaðarráðherra væru vanar að eiga við innflutning á kjöti og mundu ganga vel á eftir því að slíkur innflutningur væri merktur og hægt að rekja hann. Ég vona ósköp einfaldlega að svo verði því að við gáfumst upp við að setja það inn að sinni.

Það var líka ákveðið sjónarmið í nefndinni sem mig minnir að formaður hennar, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, hafi tekið fram um að hugsanlega væri heppilegast að beita ekki öllum aðferðum í einu þannig að betra færi gæfist á að kanna hvaða áhrif hver þeirra hefði. Þá höfum við auðvitað í huga hinar miklu deilur sem hér hafa geisað undanfarin missiri.

Ég vil segja það að gefnu tilefni — það er mikil tíska hjá ýmsum þingmönnum að þegar upp hefjast umræður um fugla hér á þinginu, af hvaða tagi sem er, sé farið í tófu og mink — að það er alveg rétt hjá hv. þingmönnum sem hér hafa talað og þeim sem fyrr hafa talað að tófa og minkur éta fugl. Tófa og minkur éta reyndar ýmislegt annað en fugl og fer það eftir framboði fæðu og þeim svæðum þar sem tófan og minkurinn þrífast. Það er sorglegt að með alla okkar tófna- og minkasögu liggi ákaflega fátæklegar rannsóknir fyrir um tófu og mink, hvað þessi dýr éta, hvar þau þrífast og hvernig hægt er að koma í veg fyrir að þau fjölgi sér eða sæki á önnur svæði. Satt að segja er niðurstaðan úr baráttu okkar við tófuna sem hefur staðið frá því að Ingólfur og Hjörleifur komu hér að landi seint á 9. öld, og við minkinn sem staðið hefur frá því á fyrri hluta síðustu aldar, eiginlega ósigur mannkynsins gegn þessum dýrum. Þau hafa lifað áfram góðu lífi og okkur hefur ekki tekist með þeim aðferðum sem við höfum beitt að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum að nokkru ráði. Það er auðvitað spurning hvort það er ekki ábyrgðarhluti að verja áfram miklu fé til að eiga við þessi dýr meðan ekkert er víst um það hverju féð skilar, öðru en auðvitað því að til eru þeir menn í landinu sem hafa gaman af því að stunda náttúruupplifun með þeim hætti að skjóta tófu og mink. Ég vil vara menn við því, nema þeir geti vísað í þeim mun traustari rannsóknir, að gera mikið úr áhrifum tófu og minks á einstaka fuglastofna. Ég held að ansi margir þættir komi við sögu, um hvaða fuglastofn eða dýrastofn sem rætt er, og það er nokkuð einföld og frekar billeg aðferð að skjóta ábyrgð á tófuna og minkinn þegar mönnum fer að líða illa með stofna dýra án þess að hafa neitt fyrir sér í því nema sögusagnir og getgátur. Hins vegar er alveg ljóst, þannig að ég ljúki þessu máli, að tófa étur fugl og minkur étur líka fugl þannig að sjálfsagt er að rannsaka þetta áfram, enda í gangi að ég hygg sérstök tófna- og minkanefnd hjá hæstv. umhverfisráðherra.

Það er tvennt merkilegt við þetta frumvarp, og það er í raun og veru stórmerkilegt. Í fyrsta lagi er það grunnur að sátt um veiðistjórn á rjúpu og öðrum tegundum fugla eftir harðar deilur. Þær settu menn í andstæðar fylkingar og skeyti voru látin fljúga á milli, fræðimanna annars vegar og reyndar tveggja deilda af fræðimönnum og hins vegar skotveiðimannanna. Síðan voru bændur á einum staðnum og fulltrúar héraða á landinu. Þetta voru sum sé mjög harðar deilur og átök, að ógleymdu auðvitað náttúruverndarfólki af ýmsu tagi. Nú hefur tekist að sættast á ákveðna leið sem farin verði út úr þessu stríði. Það er merkilegt og við skulum vona að sú sátt haldi.

Í öðru lagi, og það er eiginlega enn þá merkilegra, er það staðreynd að með frumvarpinu, ef samþykkt verður, verða rjúpnaveiðar hér eftir viðfangsefni sportveiðimanna. Það sem við erum að segja í þinginu með því að samþykkja frumvarpið er að veiðar á rjúpu eru fyrir þá íþróttamenn og náttúruunnendur sem við köllum gjarnan sportveiðimenn. Rjúpnaveiðar eru ekki lengur atvinnugrein í landinu, hvorki þeirra manna sem sérhæfa sig í rjúpnaveiðum á þessu ákveðna veiðiskeiði hvar sem þeir eru búsettir og við þekkjum sem atvinnuveiðimenn né bænda sem hafa haft af þeim mikil hlunnindi. Hlunnindi þeirra minnka verulega og þeir verða að mæta því að þetta er ekki lengur þáttur í búskap þeirra. Þessa staðreynd held ég að rétt sé að menn viðurkenni og hafi í huga þegar þeir greiða atkvæði um frumvarpið því það er nokkuð skýrt að það er þetta sem verður og er niðurstaðan úr þessari vinnu allri saman. Þess vegna hefði hugsanlega verið rökrétt að ganga alla leið eins og ég sagði áðan en þetta er sem sagt andi laganna. Rjúpnaveiðar eru íþrótt fyrir sportveiðimenn.

Hvernig á þetta að takast — því hér er auðvitað við ýmsa hagsmuni að eiga, ýmsar tilfinningar og erfiðleika? Þetta tekst ekki nema í bandalagi milli yfirvalda, umhverfisráðherra og hans manna og lögreglunnar að sjálfsögðu, bandalagi þeirra við sportveiðimenn, vísinda- og fræðimenn af ýmsu tagi og náttúruunnendur. Sérstakt er auðvitað hlutverk sportveiðimannanna í þessu. Þegar við samþykkjum frumvarpið ætlumst við til og vonumst til að skotveiðimenn taki fulla ábyrgð á þeirri sátt sem nú hefur verið gerð og tengist böndum við yfirvöld og náttúruverndarmenn í þessum efnum um að þetta fari á hinn besta veg.

Það er rétt sem sagt var hér í stólnum að oft hefur það verið svo á Íslandi að matur þykir aldrei betri en þegar hann er bannaður. Við könnumst við klauflaxinn frá fornum tímum og jafnvel æðurin, sem ég held að engum detti núna í hug að ráðast á þar sem hún fer um heimkynni sín, æðarveiðar voru á fyrri hluta síðari aldar hafðar í flimtingum og þótti kannski bara mannsbragur að því að taka eina og eina í veiðiferð. Enn þekkjum við þetta með hvalinn sem bannaðar eru veiðar á en fæst enn þá á ýmsum veitingastöðum og hafður er til matar á þorrablótum með þeim orðum að hann sé frá því fyrir tíma hvalveiðibannsins, og svo er hlegið svolítið á eftir. Þetta verðum við endilega að forðast með rjúpuna og aðra þá fugla sem veiðar eru takmarkaðar á og sett er á sölubann, sem líklegt er að verði strax næsta haust um rjúpuna. Þess vegna skiptir öllu að menn séu samtaka í þessum efnum.

Það er framlag mitt og samfylkingarmanna í umhverfisnefnd til þess að menn séu samtaka að standa heilir að baki þessu frumvarpi þótt auðvitað mætti gera við það ýmsar athugasemdir í smáatriðum og hafa ýmislegt öðruvísi. Ég legg að lokum áherslu á að þótt frumvarpið sé gott verður að halda áfram ýmiss konar rannsóknarvinnu við það, bæði hvað dýrafræðina sjálfa varðar og hvað varðar félagsfræði veiðimanna og neytenda svo að almennum hlutum séu gefin stór nöfn. Í því trausti legg ég til að við ljúkum þessu máli fljótt og tökum til við hina nýju tíma í rjúpna- og fuglaveiðum sem nú eru að renna upp.

[17:35]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er misskilningur hjá hv. þingmanni að stjórnarfrumvarpið fjalli ekki um andaveiði. Það gerir það svo sannarlega. Í stjórnarfrumvarpinu eins og það liggur fyrir er kveðið á um að ekki megi eiga viðskipti með endur, hvorki selja né kaupa, enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan áðurnefndra tímamarka. Þetta sama orðalag er bæði í 2. og 3. gr. og tekur því til andaveiði. Það er alveg augljóst. Við getum farið yfir þær ef hv. þingmaður óskar.

Það er athyglisvert í þessu sambandi að umhverfisnefnd hefur hert á þessum aðgerðum í orðalagi sínu. Þannig segir í breytingartillögu við 2. gr. frumvarpsins:

„Heimilt er að takmarka veiðar við ákveðna daga innan þeirra tímamarka sem fram koma í 1. mgr. og ákveðinn tíma sólarhrings."

Þarna er rýmkuð heimild ráðherrans til að takmarka veiðarnar. Ráðherra þarf ekki lengur að vera þeirrar skoðunar að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði heldur hefur ráðherra miklu víðtækari heimildir en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Í annan stað leggur nefndin til að í stað orðanna: „enda sé talin hætta á að viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan leyfilegs veiðitímabils" komi: enda sé talið nauðsynlegt vegna ástands stofnsins að takmarka veiðar innan leyfilegs veiðitímabils.

Þarna er með öðrum orðum kveðið mjög skýrt á um það, eins og ég skil textann, að það sé ekki heimilt að banna viðskipti með rjúpur ef ráðherra heimilar skotveiði allt veiðitímabil rjúpunnar frá 15. október fram í desember. Með þessum hætti hefur nefndin kveðið sterkar á um þessi atriði en frumvarpið en það er alveg ljóst hvort sem við lítum á tillögur nefndarinnar eða hæstv. ráðherra að öll viðskipti með endur eru bönnuð samkvæmt þessu frumvarpi.

[17:37]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni, ef ráðherrann kýs svo. Það er líka rétt hjá honum að við kusum í nefndinni að taka út þessa tilvísun til stofnsins þegar um er að ræða takmarkanir á veiðitímanum vegna þess að slík tilvísun væri í raun og veru fáránleg þegar þingið er að gefa ráðherranum heimild til að grípa til vægari aðgerða en þeirra sem ráðherrann hefur heimild til nú, þ.e. bannsins, og í bannákvæðinu er engin tilvísun til stofnsins. Þar gildir aðeins hið almenna að ráðherra verður að geta rökstutt ákvörðun sína. En hann þarf ekki að taka tillit til stofnstærðarinnar í lögunum eins og þau eru núna.

Í síðara tilvikinu var um sölubann að ræða og þá þótti okkur í nefndinni og ráðgjöfum okkar ráðlegt að taka þetta fram um stofninn vegna þess að þar væri beinlínis verið að grípa inn í viðskiptalífið og þá þyrfti sérstakar ástæður til þess. Það er ástæðan fyrir því að þetta var gert að þessu leyti.

Það er svo rétt hjá hv. þingmanni, forseti, að frumvarpið hefur áhrif á andaveiðar í landinu vegna þess að með því eru andaveiðarnar, eins og hv. þm. Gunnar Birgisson benti á, settar undir sama hatt og aðrar fuglaveiðar, þ.e. að ráð-

herra getur, ef hann kýs, beitt sömu heimild, sömu vægari aðgerðum gagnvart andaveiðunum og rjúpnaveiðunum, í staðinn fyrir hinar harðari aðgerðir sem er bara að banna þær. Að því leyti fjallar frumvarpið um endur en það fjallar auðvitað ekki um endur að neinu öðru leyti og það hefur ekki verið lagt neitt mat á það í vinnu nefndarinnar nú, enda nóg annað að gera við þetta frumvarp og í þessu rjúpnamáli, hvenær eigi að veiða endur og hvenær ekki og hvenær eigi að skjóta skúm og kjóa, en það er sjálfsagt að gera það síðar eins og kom fram í ræðu minni þar sem ég skoraði á hv. þingmann að flytja frumvarpið aftur næsta vetur.

[17:39]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þingsköp kveða á um það um hvað nefndir fjalla og undir hvaða skilyrðum og ef máli er vísað til nefndar þá fjallar nefndin um það. Ég held að óhjákvæmilegt sé að lesa þetta upp og ef breytingartillaga nefndarinnar verður samþykkt hljóðar þetta svo, bann við sölu á veiðifangi, með leyfi

„Umhverfisráðherra er heimilt með reglugerð, þegar friðun einstakra fuglategunda er aflétt í samræmi við ákvæði 17. gr., að banna sölu á þeim fuglum og afurðum þeirra, enda sé talið nauðsynlegt vegna ástands stofnsins að takmarka veiðar innan leyfilegs veiðitímabils."

Þetta er alveg afdráttarlaust. Nefndin leggur til að ekki sé hægt að grípa til þessa sölubanns, viðskiptabanns nema hæstv. ráðherra sjái ástæður til að beita heimildum sínum til að takmarka veiðarnar meira en kveðið er á um almennt í lögunum. Þetta er alveg augljóst.

Það er líka alveg augljóst ef við horfum á þá hugsun sem er í stjórnarfrumvarpinu að áætlaður varpstofn urtandar er 3.000–5.000 pör, sömuleiðis duggandar. Ef við tökum litlu-toppönd 2.000–4.000 pör. Í upphaflega frumvarpinu stendur að ef viðkomandi stofn þoli ekki ótakmarkaða veiði innan tímabilsins. Auðvitað á þetta við um þessar andir. Hafa hv. þingmenn í nefndinni ekki rætt sérstaklega hvernig þetta kemur við andaveiðarnar og t.d. hvort mögulegt sé að leyfa stokkandaveiðar en ekki urtandaveiðar og þar fram eftir götunum? Hv. þingmenn hljóta að hafa athugað þetta sérstaklega í nefndinni því að frumvarpið fjallar beinlínis um viðskipti með endur og um þær heimildir sem eru til andaveiða.

[17:41]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi annan skilning á þessu en ég og nefndin því það sem við gerðum í þessu tilviki var að við töldum að orðalagið sem kom frá flytjanda frumvarpsins, hæstv. umhverfisráðherra, væri órökrétt og þyrfti að laga það. Þar var talað um ótakmarkaða veiði á stofni innan tímabilsins en það þolir auðvitað enginn stofn ótakmarkaða veiði þannig að orðalagið passar ekki við meininguna. Það sem við settum í staðinn var að það mætti banna sölu ef ástæða væri til að takmarka veiðina. Takmörkunin í tilviki sölubanns fer fram með sölubanni. Það er sem sagt talin sjálfstæð gild aðferð til að takmarka veiði og þurfi ? (**HBl:** ... lesa textann.) Ég var að lesa textann. Hann er svona. Ég er að segja hv. þingmanni það, forseti, að þetta er meiningin með textanum. Það er hægt að takmarka veiðar á ýmsan hátt. Það er hægt að gera það svæðisbundið, það er hægt að gera það með því að stytta veiðitímann, það er hægt að gera það með því að takmarka veiði innan sólarhrings. Svo eru nokkrar aðferðir í viðbót og enn ein aðferð er að setja sölubann á fenginn, á aflann. Það er sú takmörkun sem hér er um að ræða. En það er sjálfsagt að rannsaka þetta betur ef málskilningur manna er þannig að sölubann sé því aðeins leyfilegt að einhver önnur takmörkun sé líka í spilinu. Það var ekki um það að ræða af okkar hálfu sem stöndum að þessu nefndaráliti.

[17:43]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði skilið þetta sölubann með svipuðum hætti og hv. þm. Halldór Blöndal, að innan veiðitímans væri ekki um sölubann að ræða, nema menn væru að beita því sem viðbótaraðgerð við einhverja frekari takmörkun. Ég held líka að það sé æskilegt þegar við tökum upp rjúpnaveiðar aftur eftir tveggja ára friðun að þær verði með sem líkustu lagi og þegar við hættum þeim þannig að við fáum mynd af því hvernig veiðarnar ganga fyrir sig.

Það er jú svo að rétt skráður afli, hvort sem hann er til sjós og lands, er miklu betri upplýsingar en rangt skráður afli, miklu áreiðanlegri. Ef við ætlum að hafa einhvern möguleika til að bera þetta saman við fyrri veiðar þá held ég að nauðsynlegt sé að menn vinni í megindráttum eftir þeirri reglu að menn fari til rjúpna og komi með feng sinn til baka sem sína veiði, hvort sem það eru 10, 20 eða 30 rjúpur eftir daginn. Ég held að það væri mjög óæskilegt almennt séð að setja kvóta á rjúpnaveiðarnar. Það yrði eingöngu til þess að þær mundu breytast í þá veru að mönnum fyndist þeir ekki menn með mönnum nema þeir næðu þessum blessaða kvóta og leituðust við að keppa sérstaklega að því fyrir utan það að auðvitað er hægt að skiptast á rjúpum hvar sem er til fjalla.

Þetta vildi ég sagt hafa, virðulegi forseti, og tel gott að byrja rjúpnaveiðarnar með sama lagi og við hættum þeim.

[17:45]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég tek eftir að hv. þingmaður er sömu skoðunar og meiri hluti nefndarinnar og ýmsir ráðgjafar sem við leituðum til að ekki sé ráð að setja lög um kvóta núna, ekki ráð að gefa ráðherranum þá heimild. Það var m.a. ráðherrann sjálfur sem taldi að það væri ekki rétt þannig að það verður ekki gert þótt mér hefði fundist það koma til greina eins og fleirum.

Ég var hins vegar að segja að ég tel að Skotvís, samband skotveiðimanna, eigi að íhuga hvort það eigi að taka upp einhvers konar viðmiðunarreglur um kvóta í veiðiferð til að gefa mönnum hugmynd um hvað teljist siðlegt og tækt í þeim efnum. En ég geri mér grein fyrir því að það verða aldrei allir sem fara eftir því og auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess. En það gæti gerst. Það hefur gerst t.d. í laxveiðum að þar hafa menn komið sér upp ákveðnum reglum, siðareglum má segja þó þær séu auðvitað ekki kallaðar það eða skráðar, sem hafa leitt til mikilla breytinga á laxveiðinni og gert hana að miklu meiri íþrótt en hún var.

Svo um sölubannið, þannig að það sé alveg skýrt, þá er það ekki meining okkar að það sé viðbótaraðgerð heldur að það sé aðgerð í sjálfu sér. Ef tveir hv. þingmenn skilja það öðruvísi og eru bæði reyndir menn innan þings og utan þá er sjálfsagt fyrir okkur að fara yfir það í nefndinni og ég beini því til formanns nefndarinnar, hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, að lesa þennan texta og bera hann undir lagakrókamenn og athuga hvort það þarf að breyta honum aftur. En það er alveg skýrt frá okkar hálfu að við lítum á sölubann sem sérstaka sjálfstæða aðgerð sem megi beita einni saman þó að auðvitað komi til greina að beita henni með öðrum. Betra væri þó að beita henni einni saman vegna þess að þá fengjum við meiri reynslu af henni. Ég tek undir það með hv. þingmanni.

[17:48]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef svo sem ekki miklu við það að bæta sem ég sagði fyrr en ég segi það bara hreint út að ég tel að veiðin eins og hún birtist manni réttust skráð segi okkur mikla sögu og veiðireynslan eftir hvern mann með sem líkustu sniði segi okkur sögu um það hvernig rjúpnadreifingin er um landið og hvernig veiðarnar gefa sig. Mín ráðlegging er sú að okkur sé meira virði að fá rétt skráða veiði heldur en margt annað sem menn sækjast eftir. Það aflar alla vega þeirra upplýsinga hvernig ástandið er á dreifingu rjúpunnar og hvernig veiðin fer fram eftir landsvæðum og gefur misjafnt. Ég held að það sé best að við byrjum að fá þær upplýsingar aftur með sama lagi eins og við yfirgáfum þær fyrir rjúpnaveiðibannið.

[17:49]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég skil nú betur hvað hv. þingmaður átti við og ég get alveg tekið undir með honum að það getur verið mikilvægt að fá þetta á sama hátt því vissulega geta veiðitölurnar frá rjúpnakörlunum einmitt gefið slíkar vísbendingar og er gott að hafa til samanburðar við fyrri tíma.

Eitt af því sem er mikilvægt við þá lausn sem núna virðist vera að nást í þessari deilu er að veiðikortakerfið virðist ætla að sleppa út úr henni nokkurn veginn heilt og óskaddað, en þó nokkuð mótt, því þessi deila leiddi til þess að veiðikortakerfið í raun hrundi. En það hafði reynst og getur reynst ákaflega mikilvægt fyrir rannsóknirnar fyrir utan þá fjáruppsprettu sem það er og það er ánægjulegt að veiðimenn skuli hafa virt það og gengið inn í það kerfi með þeim þrótti sem þeir gerðu. Það kerfi var sett á að ég hygg í tíð hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar í umhverfisráðuneytinu og ég held að eitt af því sem við þurfum að gera núna sé að tryggja öll saman það að veiðikortakerfið haldi áfram að virka þegar hinn nýi tími rennur upp í þessu því það sýnir betur en annað hvar veiðimenn taka rjúpuna og hefur orðið og verður vonandi áfram grundvöllur almennilegra rannsókna á þessu sviði. Ég tek undir með hv. þingmanni í þessu efni.

[17:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Frumvarp þetta um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, á sér þá forsögu eins og hv. þingmenn þekkja og ástæðulaust er að fara yfir að hæstv. fyrrverandi umhverfisráðherra greip til aðgerða vegna mjög alvarlegrar stöðu rjúpnastofnsins seint og um síðir, reyndar allt of seint að mínu mati, og ákvað þriggja ára veiðistopp.

Árin þar á undan hafði m.a. sá sem hér stendur árangurslaust reynt ein tvö ef ekki þrjú haust að fá tekið á þessu máli. Ég hafði lagt fram fyrirspurnir hér á þingi sem gjarnan var ekki svarað fyrr en eftir að veiðitíminn var hafinn og ég hafði flutt þingsályktunartillögur sem sömuleiðis fengust ekki teknar fyrir fyrr en eftir að veiðitíminn var hafinn og var þá jafnan notað sem rök að ekkert yrði aðhafst úr þessu á þessu hausti. Þannig dróst það, því miður, að tekið væri á þessu máli a.m.k. í tvö þrjú haust eftir að flestum mönnum var orðið ljóst að stefndi í hreint óefni.

Auðvitað er þetta mál búið að vera lengi umdeilt og menn hafa tekist á um það hvort veiðin hafi umtalsverð, lítil eða engin áhrif á stofninn. En eitt er víst og það er að óhrekjandi vísbendingar komu fram bæði úr talningum og ekki síður þó, sem ég tel að eigi að taka mark á, að það var algerlega samdóma álit allra staðkunnugra manna á þeim svæðum þar sem rjúpan hefur ekki síst átt sitt uppvaxtarvarp og uppvaxtarlönd eins og á Vestfjörðum og Norðausturlandi, þ.e. að leitun var að mönnum sem ekki bar saman um að ástand stofnsins fór mjög hratt versnandi á árunum fyrir og í kringum 2000. Það dróst því að mínu mati meira en góðu hófi gegnir að grípa til skynsamlegra ráðstafana sem hefðu þá væntanlega getað orðið vægari en síðar varð niðurstaðan, þ.e. ef fyrr hefði verið gripið til þeirra.

Það varð engu að síður niðurstaða hæstv. fyrrverandi umhverfisráðherra að leggja til algert veiðistopp í þrjú ár. Þar var farin málamiðlunarleið því ef ég man rétt lagði Náttúrufræðistofnun til fimm ára bann og hæstv. fyrrverandi ráðherra bar þá fyrir sig að ekki hefði tekist samstaða um aðgerðir á þingi, svo sem sölubann og annað því um líkt, sem hefði mátt grípa til þannig að önnur úrræði væru þar af leiðandi ekki tiltæk og í höndum ráðherrans en þau að nýta heimildir til algerrar friðunar.

Það sem ég hafði lagt til árinu á undan var að veiðitíminn yrði styttur og flestum þeim sem ég hef borið mig saman við eða hafði á þeim tíma bar saman um að vænlegasta aðgerðin væri að stytta veiðitímann og taka framan af honum. Fyrir því færðu menn sérstaklega tvenn mjög veigamikil rök, annars vegar að það væri til verndar rjúpnastofninum sem ég held að hljóti að teljast óumdeilt. Einhver áhrif hefur það nú að stytta veiðitímann. Hitt sem ekki síður vegur þungt í mínum huga er að orðið var alveg augljóst þeim sem fylgdust með málum, eins og ég geri mjög vel á mínum heimaslóðum á Norðausturlandi og þar sem ég hef gengið til veiða á meðan þær voru leyfðar eða ég hafði brjóst í mér til þess að ganga til rjúpna, að eins og tíðarfar var orðið flest haust áður en til stoppsins kom þá skapaði það stórfelld vandræði að hefja veiðina svo snemma sem 15. október. Það var alauð jörð haust eftir haust þegar þetta gerðist og miklar bleytur jafnvel allt upp í 300–400 metra hæð yfir sjó. Þetta bauð upp á utanvegaakstur. Þetta bauð upp á mikinn akstur á forblautum moldarvegum inn til landsins og rjúpan átti sér að sjálfsögðu ekki viðreisnar

von. Hún átti litla möguleika á alauðu landinu. Þetta er sú staða sem áfram blasir við ef tíðarfar verður svipað eða veðrátta eins og hún hefur verið flest undanfarin ár og fátt bendir til annars en að heldur sæki í hitt, að enn hlýni heldur en öfugt. Þá verða þessar sömu aðstæður uppi og þá er að mínu mati algerlega nauðsynlegt að hægt sé að stytta veiðitímann og þá á að gera það. Ég hefði því talið að það væri lágmark að ákveða strax sem reglu að veiðitíminn hæfist ekki fyrr en 1. nóvember og að jafnvel væru heimildir til að bæta þar frekar við hálfum mánuði í viðbót en hið gagnstæða. Svo eru líka þau rök sem, eins og ég segi, eru liður í því að stemma stigu við freistingum til að aka utan vega og ekki síður hitt að vegarslóðirnar sem notast er við þola auðvitað á engan hátt akstur ef enn eru bleytur og þýður og mætti segja af því margar sögur hvernig útreiðin var t.d. á norðausturhorninu, á moldarvegum þar á víðlendum móaheiðum og ásum inn til landsins í Norður-Þingeyjarsýslu, Norður-Múlasýslu og víðar. Það kvað jafnvel svo rammt að þessu að ónefndar björgunarsveitir voru nánast sólarhringum saman að bjarga mönnum sem festu bíla sína á blautum vegarslóðum og draga þá til byggða.

Auðvitað kæmi vel til greina að hafa í þessu sveigjanleika og að ráðherra hefði einfaldlega heimildir til að meta þetta eftir aðstæðum á hverju hausti. Gallinn er hins vegar sá að ýmislegt hangir á spýtunni og tilraunir bænda og ferðaþjónustuaðila til að gera það að útvegi að selja mönnum veiðileyfi, uppihald, leiðsögn og viðgjörning eru að sjálfsögðu talsvert háðar því að einhver festa sé í ákvörðun veiðitímans. Því held ég að betra sé að sá tími sem ákveðinn er og liggur fyrir haldi heldur en kannski hringla of mikið með hann. Það mælir frekar með því að þetta sé fest og þá reynt að taka mið af því hvað sé líklegt að henti og þá held ég að flest ef ekki allt mæli með því að færa tímann eitthvað aftur, t.d. um þessa 15 daga sem væru fólgnir í því að byrja 1. nóvember ár hvert.

Varðandi veiðistoppið sem nú hefur staðið í tvö haust af þremur sem ákveðin voru verð ég að segja alveg eins og er að það er með nokkurri eftirsjá að ég sé að hér er lagt til að menn ætla ekki að halda út þessi þrjú ár úr því sem komið var. Úr því að hæstv. fyrrverandi umhverfisráðherra tók á sig þá kollhríð sem því var samfara að ákveða þetta og stóð það af sér þá finnst mér að hæstv. núverandi umhverfisráðherra hefði alveg getað klárað þetta eina ár sem eftir var og staðið af sér þrýsting skotveiðimanna og slíkra aðila með þau veigamiklu og sterku rök að baki að þá héldu menn sig við það sem búið var að ákveða, kláruðu þessa tilraun og létu á það reyna til fulls hvort svona þriggja ára veiðistopp dygði til þess að rétta stofninn verulega við. Ég held að mun fleiri rök hefðu verið fyrir því heldur en hitt. Ég segi fyrir mig að mér finnst að okkur skotveiðimönnum, svo ég leyfi mér að taka þannig til orða, sé engin vorkunn í því að bíða þetta eina ár í viðbót.

Það eru sem betur fer gleðilegar vísbendingar um að stofninn hafi þegar tekið talsvert við sér, að þetta tveggja ára stopp hafi skipt máli. Það var nokkuð samdóma álit staðkunnugra manna og gangnamanna t.d. á heiðum í Þingeyjarsýslum að það hefði heldur brugðið til hins betra með viðgang stofnsins á því svæði og víðar um land þar sem maður fer um. Þó ekki sé lengra farið en hérna upp í Esjuhlíðarnar þá finnst manni bera talsvert meira á rjúpum en verið hefur að undanförnu. Þar kemur að vísu til að þar er um að ræða verndarsvæði sem hefur notið friðunar um nokkurt skeið eða a.m.k. Reykjanesskagi.

Ég held líka, vegna umræðna sem hér hafa verið um kvóta, sölubann og annað því um líkt, að eitt eru lög og reglur og boð og bönn sem menn reyna að innleiða í þessum efnum og annað það hugarfar, þau viðhorf og sá mórall sem menn reyna að innprenta og ala upp í sambandi við veiðarnar. Ég held að það sé mjög brýnt að ná magnveiðihugsuninni úr myndinni. Það væri vænlegast og best gert með því að reyna að innprenta mönnum þau viðhorf að það ætti að heyra til liðinni tíð. Nú eru allt aðrar aðstæður en voru á árum áður, fyrir áratugum svo maður segi ekki á öldum áður, þegar ákveðinn hópur manna hafði af veiðunum umtalsverðar tekjur og þær voru þeim lifibrauð, að stunda veiðar mánuðum saman á haustin, t.d. á þeim tíma sem rjúpan var verðmæt útflutningsvara.

Aldraðir menn sem ég kynntist á uppvaxtarárum mínum sögðu ævintýralegar sögur af því hversu miklar tekjur þeir gátu haft af veiðunum og hversu dýr skotin voru þannig að það þurfti að vanda hvert og eitt. Það kom t.d. ekki til greina, þegar menn höfðu bara 30 skot með sér, hlaðin að heiman að morgni að spandera þeim fyrr en vel bar saman.

Nú eru aðrir tímar og engin ástæða til þess að menn stundi magnveiðar til sölu. Ég held að sem auðlind sé rjúpan frekar til þess fallin að bændur og ferðaþjónusta á landinu geti haft af því einhverjar tekjur að veita mönnum leiðsögn og viðurgjörning í kringum veiðarnar, sem landeigendur þá eftir atvikum heimila mönnum í landi sínu. Ég tel það vænlegra en að horfa á tekjurnar af því að veiða þessa fugla í stórum stíl og selja þá. Það er a.m.k. mjög fjarri þankagangi mínum sem veiðimanns. Það hefur aldrei hvarflað að mér á minni lífsfæddri ævi, eins og maður segir, að selja villibráð sem ég hef veitt. Ég held að mikið mætti á ganga áður en ég yrði svo illa settur að ég gerði það. Hitt er annað að það getur verið gaman að gefa vinum sínum veiðina eða enn betra að leyfa þeim að njóta hennar með sér.

Hv. þm. Mörður Árnason nefndi að slíkt fyrirkomulag hefur verið innleitt í stangveiði með ágætum árangri. Ég hygg nú að við eigum ekki eftir að lesa í viðtölum við veiðimenn afrekssögur af því tagi að eitthvert holl hafi náð að landa á annað hundrað löxum á veiðidegi, eins og birtist á prenti fyrir ótrúlega fáum árum síðan. Ég held að það hugarfar sé svo hratt víkjandi, t.d. í heimi stangveiðanna, að menn mundu ekki vilja monta sig mikið af slíku í dag heldur upplifi veiðarnar á annan hátt. Það þarf að halda áfram að reyna að framkalla hugarfarsbreytingu af þessu tagi í sambandi við skotveiðina. Sjálfum finnst mér liggja gjörsamlega ljóst fyrir að það eru forréttindi, ef menn eru veiðimenn á annað borð, að eiga þess kost að ganga til veiða í landi eins og Íslandi og fá að veiða hófsamlega sér til matar, ánægju og yndisauka. Annað á það ekki að vera. Við eigum líka að bera fulla virðingu fyrir þeim, sem eru sjálfsagt vaxandi hluti þjóðarinnar, sem er þessi veiðimennska fjarlæg og jafnvel að menn hafi andúð á því að vera að veiða villt dýr þegar menn hafa enga þörf fyrir það til að komast af eins og áður var.

Við erum því að hluta til að miðla málum milli ólíkra menningarheima, ólíkra tíma og ólíkra viðhorfa. Það þarf að sýna tillitssemi og nærgætni í báðar áttir að mínu mati. Það er ekki alltaf gert í þessari umræðu og satt best að segja fer í taugarnar á mér þegar menn rótast í þessum málum með stóryrðum og af miklum tilfinningahita. Þá má oft ekki milli sjá, finnst mér, hverjir hafa verri hlutinn, veiðimenn eða aðrir. Með allra dónalegasta tölvupósti sem ég hef fengið — og köllum við þingmenn þó ekki allt ömmu okkar — eru hótunarbréf frá skotveiðimönnum. Þau hafa haft þau áhrif á mig að ég hef heldur harðnað í afstöðu gegn þeim sjónarmiðum sem þar hefur verið talað fyrir, svo að það sé alveg á hreinu. Ég verð ekki hrakinn undan með slíku þótt menn telji sig tala í umboði margra kjósenda eða hvað það nú er.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar að umhverfisnefnd þingsins eigi að skoða mjög vandlega að bæta við það frumvarp sem hér er ákvæðum um að stytta veiðitímann um hálfan mánuð. Þessar ráðstafanir, svo langt sem þær ná, eru góðra gjalda verðar. Það er út af fyrir sig rétt sem hér var bent á, að það sé mikilvægt að til betri friðar horfi um þessi mál en verið hefur. Mér er það alveg ljóst að nefndinni er nokkur vandi á höndum með hvar hún á að draga mörkin. En ég hefði þó gjarnan viljað sjá að menn festu veiðitímann frá og með 1. nóvember í stað 15. október. Reyndar er flutt um það breytingartillaga af hv. 2. þm. Norðaust., Halldóri Blöndal.

Svo vil ég segja að lokum, frú forseti, um aðrar breytingartillögur sem hann flytur og varða fyrst og fremst veiðitímabil á öndum, og reyndar öðrum fuglategundum, að ég er mjög hallur undir að sömuleiðis það verði skoðað rækilega, hvort ekki geti verið ástæða til að gera þar breytingar á. Ég tel að hv. þingmaður hafi talsvert til síns máls í því að ástæða sé til að endurmeta þá hluti. Þar hafa tímamörk staðið föst býsna lengi og kannski ekki tekið mið af ýmsum breytingum sem við höfum séð, þar á meðal breyttu tíðarfari sem haft hefur áhrif og eins hvernig einstakir stofnar hafa þróast undanfarin ár og jafnvel áratugi.

Reyndar heyrðist mér hv. þingmaður, formaður umhverfisnefndar, hafa um það góð orð að nefndin ætlaði að skoða þetta allt á milli 2. og 3. umr. Þá er spurning hvort flutningsmaður fer þá ekki þá leið að kalla þessar breytingartillögur, eða a.m.k. þennan hluta þeirra, til baka við 2. umr. þannig að menn þurfi ekki að greiða atkvæði um þær fyrr en umhverfisnefnd hefur farið rækilega yfir þær, úr því að hún hefur ekki gert það nú þegar vegna þess þingmáls sem legið hefur inni í nefndinni. (Gripið fram í.) — Er það ekki rétt að frumvarp hv. þingmanns hafi verið komið til umhverfisnefndar? Nú, það hefur alla vega legið frammi í þinginu um skeið og var komið fram fyrir jól. Hv. þingmaður óskaði reyndar eftir því að vísa því umræðulaust til nefndar, þóttist ég vita, en það mætti andstöðu þannig að kannski hefur það ekki komist til nefndarinnar enn.

Þá vil ég segja að lokum: Ég sé ekki að okkur liggi nokkurn skapaðan hlut á að afgreiða þetta mál núna. Það varðar meira og minna tímamörk sem taka gildi næsta haust. Ég held að veiðimönnum hljóti að gefast nægur tími til undirbúnings í sumar og haust hvort sem þetta yrði að lögum gert í mars og jafnvel ekki fyrr en rétt fyrir þinglok, í byrjun maí. Ég tel að nefndin eigi ósköp einfaldlega að fara aftur með málið inn í nefndina og skoða breytingartillögur hv. þm. Halldórs Blöndals og það frumvarp sem hér liggur fyrir, en efni þess er að hluta til það sama. Nefndin ætti að fara mjög vel yfir málið þannig að við fáum einhverja leiðsögn, eftir ítarlega umfjöllun í nefndinni og eftir að nefndin hefur kallað til sín helstu málsaðila, um hvort ekki sé ástæða til að fara yfir málið í heild og samræma þessi tímamörk. Ég lýsi því t.d. yfir af minni hálfu að ég væri nokkuð vanbúinn að fara að ganga til atkvæða nákvæmlega um þetta eins og það liggur fyrir núna. Maður hefði gjarnan viljað sjá um þetta fjallað í nefndaráliti og hafa aðgang að umsögnum fagstofnana til að geta endanlega gert upp hug sinn til einstakra þátta. Þá á ég sérstaklega við stafliði a og b í breytingartillögu hv. 2. þm. Norðaust. á þskj. 925.

Mér væri, eins og ég hef þegar lýst, ekkert að vanbúnaði að greiða atkvæði um c-liðinn, enda er hann einfaldur og það mál þaulkannað og rætt sem lýtur að veiðitímabili rjúpunnar. Það er algjörlega áfram óbreytt og bjargföst sannfæring mín að þar væri skynsamlegt að gera þá breytingu.

Frú forseti. Ég held að ég hafi þá komið flestu því til skila sem ég ætlaði mér að nefna við þessa umræðu.

[18:10]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni fyrir málefnalega umræðu. Margt ágætt hefur komið fram og ég held að það liggi fyrir að við þurfum að skoða hér breytingartillöguna, þ.e. tillögu nr. 2 við 3. gr. a. Ef hv. þingmenn misskilja textann — það hafa í það minnsta tveir þingmenn gert — þá er a.m.k. þess virði að skoða það því að hugmyndin var sú að þetta yrðu skýr lög.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni, að menn fóru í þetta og þessi breyting er til komin til að fjölga tækjunum sem ráðherra hefur þannig að ráðherra þurfi ekki að taka ákvörðun um jafnóttækar aðgerðir og algert veiðibann.

Aðalatriðið er, í stærra samhengi sem ég held að við hljótum að vera sammála um, að því fylgja mikil gæði að geta stundað skotveiðar. Menn hafa stundað fuglaveiðar á Íslandi frá landnámi. Það væri æskilegt að þannig yrði það um allan aldur. Sumt getum við sett í lögin en eins og kom fram hjá mörgum hv. þingmönnum þá liggur ábyrgðin líka hjá þeim sem stunda þessar veiðar. Menn verða að finna ábyrgðina hjá sjálfum sér, bæði sem einstaklingarnir og samtök þeirra. Það hafa menn sem betur fer gert, að gæta hófs í þessu. Það er svo einfalt og ég vona að það verði niðurstaðan í nútíð og framtíð.

En vegna þessarar umræðu verð ég að segja, sem hefur að vísu komið fram hjá sumum þingmönnum, að rjúpnaveiðar og andaveiðar, af því að þær hafa verið nefndar þótt það tengist ekki þessu frumvarpi, eru bannaðar. Þær veiðar eru bannaðar og það þarf heimild ráðherra til þess að leyfa þær. Við erum hins vegar að reyna að gera það kleift að stunda sjálfbærar veiðar og fá fleiri tæki til að hafa stjórn á veiðunum, sérstaklega til að minnka magnveiðina. Það liggur fyrir að þau eru af tvennum toga, í fyrsta lagi sölubann og hins vegar að taka af öll tvímæli um það að hægt

sé að stjórna veiðunum innan daga og tíma sólarhrings. Þetta nær til allra tegunda þrátt fyrir að mesta umræðan hafi verið um rjúpuna og frumvarpið snúist náttúrlega að langstærstum hluta um hana. Það væri mjög slæmt ef við þyrftum á hverju þingi að taka til við að ræða um einstakar fuglategundir. Ég tel eðlilegra að ráðherra hafi þau stjórntæki sem menn fara af stað með hér til að stýra veiðum, ekki bara veiðum á rjúpu heldur og öðrum villtum dýrum.

Ýmislegt hefur komið fram í umræðunni og ég er sammála mörgu af því sem hér hefur komið fram, að það þyrfti t.d. að taka sterkar á veiðum á mink og tófu. Ég vonast til að það verði gert. Einhver misskilningur virðist hafa komið fram, a.m.k. miðað við þær heimildir sem ég hef, varðandi það að ráðherra geti ekki friðað annað en þjóðlendur. Í það minnsta er það svo að allt landnám Ingólfs er friðað og fleiri svæði mætti nefna en einungis þjóðlendur.

Hér hafa menn rætt mikið um endur en svo því sé til haga haldið þá er, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér, veiðiálag á öndum mjög stöðugt. Það fer frekar minnkandi ef eitthvað er. Það er almenna reglan. Ef ég skil hins vegar hv. þingmann rétt, sem lagði fram breytingartillögur hvað þetta varðar, þá hefur hann kannski frekar áhyggjur af ákveðnum tegundum anda en andastofninum í heild. En miðað við tölur og þær upplýsingar sem við höfum bestar er ekki ástæða til að hafa áhyggjur af því. Hins vegar hefur ráðherra tæki til að koma á svæðisbundinni friðun eins og komið hefur fram.

Ég vona að þessi umræða sem verður væntanlega áfram — menn eru ekki búnir þótt búið verði að ganga frá þessu frumvarpi sem ég vonast til að sjálfsögðu að verði samþykkt því það er mjög mikilvægt að hafa sátt um þessi mál. Ég held að mörg önnur mikilvæg mál bíði þingmanna, mjög mikilvæg mál og kannski ekki æskilegt að við séum sífellt að ræða smáatriði hvað þetta varðar. Það eru ákvarðanir ráðherra sem skipta máli og samkvæmt stjórnsýslulögum þarf ráðherra að færa rök fyrir ákvörðunum sínum, að þær séu byggðar á vísindalegum rökum og að þau viðhorf sem hér eru höfð í frammi séu rædd út frá þeim bestu mögulegum upplýsingum sem við höfum. En þrátt fyrir að tilfinningarök séu svo sannarlega rök líka er ég ekki viss um að það sé gott fyrir umræðuna eða menn komist að góðri niðurstöðu ef menn byggja skoðun sína fyrst og fremst á slíkum rökum.

Aðalatriðið er að sátt verði um þessa hluti og við getum haldið áfram sjálfbærum veiðum. Ég er þess sannfærður að frumvarpið sem hér liggur fyrir — og ég tek undir þakkir til ráðherra með frumvarpið — sé liður í því að við getum náð því markmiði. Það liggur alveg hreint og klárt fyrir að við erum að fjölga þeim tækjum sem ráðherra hefur nú þegar til að stjórna veiðunum og það verður vonandi til þess að við sjáum hér á landi sjálfbærar veiðar um alla framtíð og ekki þurfi að koma til jafnróttækra aðgerða og veiðibanns.

[18:17]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þingmönnum ágætar umræður. Það er kannski til marks um hve sterkar skoðanir eru á málinu, sem ekki lætur mikið yfir sér, hversu margir hv. þingmenn hafa séð ástæðu til að taka þátt í umræðunni.

Mig langar einnig til að þakka þingnefndinni fyrir ágæta vinnu sem hún hefur lagt í málið. Þetta er lítið frumvarp en langveigamesta tillagan sem þar er færð í lagatexta er sölubann á rjúpur og afurðir þeirra og raunar er því sölubanni ætlað að geta gilt um veiðar á öðrum tegundum líka.

Með þessu er náð til þeirra sem hafa verið kallaðir magnveiðimenn. Ég tek undir með þingmönnum hvað það snertir að langmikilvægast er í þessum efnum að ná til þeirra vegna þess að magnveiðimenn hafa veitt helminginn af þeirri rjúpu sem veidd hefur verið árlega. Því til viðbótar eru frekari heimildir til takmörkunar á notkun vélknúinna ökutækja og takmarkanir á veiðitíma sem eiga þá við ákveðna daga og ákveðna tíma sólarhringsins.

Ég vil rifja upp hverjir það eru sem sömdu þetta frumvarp. Ég legg áherslu á að þar koma saman sérfræðingar á þessu sviði og einstaklingar sem tilnefndir eru af hagsmunasamtökum. Í nefndinni áttu sæti og eiga raunar sæti því hún starfar enn, svokölluð rjúpnanefnd, og á eftir að skila lokatillögum sínum sem væntanlega líta dagsins ljós í vor. Nefndin hefur verið að vinna að tillögum um rannsóknir og hefur unnið að stofnstærðarlíkani á rjúpu. Það er í vinnslu og lýkur núna á vordögum og erlendur sérfræðingur hefur verið fenginn til ráðgjafar við nefndina í þeirri vinnu. Talning síðasta vor sýndi svo sannarlega að stofninn er í mikilli uppsveiflu.

Ég ætla að telja upp þá sem sitja í rjúpnanefndinni. Það eru Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri hjá umhverfisráðuneytinu, formaður, Kristinn Haukur Skarphéðinsson fuglafræðingur, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Áki Ármann Jónsson forstöðumaður, tilnefndur af Umhverfisstofnun, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, tilnefndur af sambandinu, Ólafur Einarsson fuglafræðingur, tilnefndur af Fuglaverndarfélagi Íslands, Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélags Íslands, og Ari Teitsson, fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands, tilnefndur af samtökunum.

Það sem er svo mikilvægt í þessu sambandi er að þarna koma saman aðilar frá ólíkum samtökum, umhverfisráðuneyti og stofnunum þess og þeir ná sameiginlegri niðurstöðu eftir að hafa farið mjög vandlega ofan í þessi mál. Þess vegna legg ég áherslu á að það frumvarp sem hér liggur fyrir er afrakstur af þeirri vinnu og því að þessir aðilar hafa náð saman.

Síðan er auðvitað endalaust hægt að hafa skoðanir á því hvort veiðibannið hefði átt að gilda þau þrjú ár sem upphaflega var lagt af stað með. Sú tillaga sem liggur fyrir og þau áform sem sú sem hér stendur hefur uppi um að leyfa veiðar í haust er allt saman gert að mjög vel athuguðu máli. Þetta eru tillögur sem eru lagðar fram til sátta í málinu. Ég minni á að tvær stofnanir umhverfisráðuneytisins voru algerlega á öndverðum meiði í málinu fyrir tæpum tveimur árum þar sem Umhverfisstofnun lagði til að veiðar yrðu leyfðar áfram en Náttúrufræðistofnun lagði til alfriðun. Hins vegar hafa fulltrúar þeirra náð saman í þessari vinnu um að leggja til sölubannið og hafa lýst sig samþykka því að farið verði í veiðar í haust að því tilskildu að ekkert óvænt komi fram t.d. við talningu á rjúpu næsta vor. Mér finnst þetta mjög mikilvægt þegar þessi mál eru rædd.

Því til viðbótar hafa komið fram breytingartillögur sem

ég var að sjá í fyrsta skipti í morgun og ég veit að svo var um fleiri hér á Alþingi en hins vegar hafði hv. þm. Halldór Blöndal rætt þessi mál við 1. umr. Formaður umhverfisnefndar hefur lýst því yfir að nefndin muni ræða þessar tillögur á milli 2. og 3. umr. og kalla þá til sín sérfræðinga til að fara með nefndinni yfir málin. Ég tel að það sé mjög skynsamleg tillaga af hálfu formanns umhverfisnefndar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég legg áherslu á að ljúka þessu máli fljótt og vel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:23]

Útbýting:

Opinber verkefni og þjónusta á landsbyggðinni, 584. mál, svar forsrh., þskj. 924.

Umgengni um nytjastofna sjávar o.fl., 2. umr.

Frv. ÖHJ o.fl., 215. mál (refsiákvæði, breyting ýmissa laga). — Þskj. 217, nál. 869, brtt. 870.

[18:24]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um frumvarp um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lög um stjórn fiskveiða, lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi og lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Í frumvarpinu var m.a. lagt til að breytingar yrðu gerðar á öllum þessum lögum sem fela í sér að fella niður lágmarksrefsingu vegna brota á lögunum, reglum settum samkvæmt þeim, viðkomandi lögum eða leyfisbréfum sem varða nú lágmarkssektum að fjárhæð 400 þús. kr.

Töluverð umræða varð um málið í sjávarútvegsnefnd og þá sérstaklega ef um gáleysisbrot væri að ræða þar sem töluverður munur er á gáleysisbrotum og ásetningsbrotum. Nefndarmenn voru sammála því að erfitt sé að láta dómstóla standa frammi fyrir því að geta ekki dæmt lægri sekt en 400 þús. kr. ef um fyrsta brot er að ræða.

Með breytingum þessum erum við að skapa svigrúm fyrir dómstóla að taka ákvarðanir um sektir án þess að um lágmark sé að ræða við fyrsta brot. Einnig var umræða um hvort hámarkssekt eigi að vera og hvernig ætti að taka á ítrekuðum brotum en það eru einu breytingartillögur sjávarútvegsnefndar við frumvarpið. Einnig ber að geta þess að þegar átt er við að um ítrekuð brot sé að ræða er verið að ræða um ítrekað sambærilegt brot. Það er því mikilvægt að það komi fram. Breytingartillögur sem hér eru lagðar fram eru gerðar í góðri samvinnu og fullu samráði við 1. flutningsmann frumvarpsins, hv. þm. Örlyg Hnefil Jónsson.

Ég mæli nú fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Hafrannsóknastofnuninni, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi kvótabátaeigenda, ríkissaksóknara, Vélstjórafélagi Íslands, lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, Landssambandi smábátaeigenda og Lögmannafélagi Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að sektarlágmörk vegna brota á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða, lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands verði felld brott. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það sé skoðun flutningsmanna að viðurlög að lágmarki 400.000 kr. fyrir hvers kyns brot á tilgreindum lögum án tillits til þess hvort brot sé framið af ásetningi eða gáleysi takmarki svigrúm dómstóla um of til að dæma sektarrefsingu í samræmi við alvarleika brots. Er það tilgangur þeirra lagabreytinga sem frumvarpið mælir fyrir um „að koma í veg fyrir að smávægilegar yfirsjónir kosti viðkomandi 400.000 kr. heldur geti dómstólar litið á hvert mál fyrir sig og ákveðið viðurlög innan rýmri refsiramma en nú er heimilt".

Nefndin tekur undir að umrædd sektarlágmörk geti í einstökum tilvikum leitt til ósanngjarnar viðurlagaákvörðunar af hálfu dómstóla. Þó er það álit nefndarinnar að almennt sé réttmætt að mæla fyrir um tiltölulega þung viðurlög við brotum á fiskveiðilöggjöfinni, einkum þegar um ítrekað brot er að ræða. Byggist þessi skoðun nefndarinnar á því að almennt verður að telja að fjárhagslegur hvati til brota á fiskveiðilöggjöfinni sé mikill og brotaleiðir jafnframt margvíslegar og því mikilvægt að varnaðaráhrif viðurlagaákvæða séu skýr og öllum augljós. Þá verður almennt talið að reglur sem settar eru til að stýra sókn í takmarkaða auðlind, eins og ákvæði íslenskra laga um stjórnkerfi fiskveiða, séu sérlega viðkvæmar fyrir hvers kyns brotum gegn þeim. Eru skýr og ótvíræð viðurlög því mikilvægur þáttur í að tryggja virkni laganna og virðingu fyrir þeim.

Með vísan til þessara sjónarmiða leggur nefndin til breytingar á frumvarpinu sem fela í sér að einungis verði felld niður sektarlágmörk þegar um fyrsta brot á ákvæðum laganna er að ræða. Hins vegar verði með samræmdum hætti í þeim fjórum lagabálkum sem frumvarpið varðar mælt fyrir um 400.000 kr. lágmarkssekt ef um ítrekað brot er að ræða.

Nefndin lítur svo á að þessar breytingar gefi dómstólum almennt ekki tilefni til að beita lægri sektum vegna brota á lögunum en tíðkast hafa heldur er tilgangur breytinganna fyrst og fremst að tryggja að þeim sé unnt að gæta sanngirni þegar um fyrsta brot er að ræða og brot telst smávægilegt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Jón Bjarnason var viðstaddur afgreiðslu málsins sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Undir álitið rita Guðjón Hjörleifsson, Kristinn H. Gunnarsson, Jóhann Ársælsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Kristján L. Möller, Hjálmar Árnason, Jón Gunnarsson, Magnús Þór Hafsteinsson, með fyrirvara, og Guðrún Inga Ingvarsdóttir.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði málinu vísað til 3. umr.

Síðan eru breytingartillögurnar. Þar er verið að samræma texta við þessi fern lög þannig að það eru nýir liðir í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, en þar er núna hámarksrefsing 4 milljónir.

Breytingartillögurnar eru eftirfarandi:

1. Við 1. gr. Síðari málsliður efnismálsgreinar orðist svo: Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

2. Við 2. gr. Síðari málsliður efnismálsgreinar orðist svo: Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

3. Við 3. gr. Við bætist nýr málsliður sem orðist svo: Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

4. Við 4. gr. Við bætist nýr málsliður sem orðist svo: Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

[18:31]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Við ræðum í 2. umr. frumvarp til laga um breytingu á fernum lögum um stjórn fiskveiða og tengdum lögum. Hv. framsögumaður og formaður sjávarútvegsnefndar, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, fór vel yfir nefndarálitið sem er að mestu leyti samstaða um í nefndinni. Eins og hann fór yfir er tilgangur frumvarpsins að fella alveg niður lágmarkssektarákvæði úr þeim lögum sem um ræðir þannig að dómurum væri gefinn möguleiki á því við smávægileg brot eða brot framin af gáleysi að dæma menn í lægri sektir jafnvel þó að fyrir lægi að sekt væri sönnuð þannig að dómari sé ekki bundinn af því að verða við smávægilegt brot að dæma menn í 400 þús. kr. lágmarkssekt.

Þetta þóttu flutningsmanni frumvarpsins, hv. 1. varaþingmanni Samfylkingarinnar í Norðaust., Örlygi Hnefli Jónssyni, vera ólög. Kannski vegna þess að hann hafði rekist á það í starfi sínu að þrátt fyrir að saksóknari, verjandi og dómari væru allir sammála um að brot sem við blasti og verið væri að dæma í væri smávægilegt og oft og tíðum jafnvel framið af algjöru gáleysi var ekki um annað að ræða en að dæma sakborninginn í 400 þús. kr. sekt vegna þess hvernig lögin eru og hafa verið.

Nefndin fór yfir þetta allt saman, kallaði eftir umsögnum eins og venja er og kallaði menn á sinn fund til að ræða þetta. Í stuttu máli má segja að niðurstaða nefndarinnar hafi orðið sú að fella niður lágmarksrefsingar í fyrsta broti viðkomandi. Ef einhver bryti af sér smávægilega, jafnvel af gáleysi, í fyrsta skipti hefði dómari heimild til að ákvarða sekt fyrir það brot og yrði ekki að dæma 400 þús. kr. lágmarkssekt eins og þarf að gera í dag, heldur mundi dæma út frá eðli brotsins hver sektin ætti að vera, hvort hún ætti að vera 10 þús., 20 þús., 30 þús. eða eitthvað slíkt en dómarinn væri ekki bundinn af lágmarkssektarákvæði laga.

Menn voru jafnframt sammála um það, eftir að hafa farið í gegnum þetta og rætt fram og til baka, að það væri kannski ekki alveg rétt að fella niður lágmarkssektarákvæði fyrir annað brot, fyrir ítrekað sama brot og viðkomandi hefði kannski verið dæmdur fyrir í fyrsta skipti. Ég tek undir með hv. formanni nefndarinnar þegar hann ítrekaði að með sama broti eða ítrekuðu broti væri átt við sams konar brot en ekki annað brot á sömu lögum. Menn þurfa því að vera uppvísir að sama broti í annað skipti til að ítrekunarákvæði fari að virka.

Í dag er það þannig í lögunum að fyrsta brot er að lágmarki til 400 þús. kr. sekt og annað brot 800 þús. kr. sekt. Reyndar eru í tveimur af lagabálkunum ekki nein ákvæði um ítrekuð brot í dag heldur eingöngu lágmarkssekt upp á 400 þús. kr., en með breytingartillögu sjávarútvegsnefndar er lagt til að við samræmum öll lögin og engin lágmarkssekt verði fyrir fyrsta brot í þeim öllum en það verði lágmarkssekt að upphæð 400 þús. kr. fyrir ítrekað brot og þá eins í öllum lögunum.

Ég held að ef frumvarpið nái í gegn sé þetta talsvert mikil lagabót frá þeim lögum sem við höfum í dag. Ef við horfum á lögin er það stílbrot að mörgu leyti og óvenjulegt að lágmarkssektarákvæði skuli vera inni, vegna þess að það finnum við yfirleitt ekki í öðrum lögum nema um sé að ræða meiri háttar brot, að löggjafinn hafi talið að brotin væru það mikil að gefa yrði dómurum einhver fyrirmæli um hver lágmarksrefsing eða lágmarkssekt ætti að vera fyrir brotin og leggja þannig áherslu á að þetta séu verulega þung brot á lögum.

Umsagnir bárust okkur í nefndinni frá Landssambandi smábátaeigenda og þeir voru sammála ákvæði frumvarpsins að fella niður lágmarkssekt. Það sama gerðist með Vélstjórafélag Íslands. Ríkissaksóknari leyfði sér að benda á hvort ekki ætti að afnema hámarkssektarákvæði ef menn ætluðu að fara í að fella niður lágmarkssektarákvæði. Landssamband íslenskra útvegsmanna fagnaði framlagningu frumvarpsins og var sammála því sem þar kemur fram og stjórn Sýslumannafélags Íslands tekur undir þá breytingu sem frumvarpið boðar, að afnema lágmarkssektarfjárhæð. Að endingu sagði ríkislögreglustjóri, með leyfi forseta:

„Af hálfu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans er ekki gerð athugasemd við þá breytingu sem frumvarpið felur í sér. Á það skal bent að ákvæði ofannefndra laga um refsilágmark er undantekning sem á sér fá fordæmi í sérrefsilöggjöf.“

Það má því segja að þetta hafi nánast verið samhljóða umsagnir sem við fengum frá umsagnaraðilum og sýnir kannski betur en margt annað að það sem verið er að leggja til í frumvarpinu eru réttarbætur frá því sem nú er. Ég tek undir með hv. formanni sjávarútvegsnefndar að ég vonast til þess að eftir 2. umr. takist okkur að ljúka málinu og gera það að lögum nokkuð fljótlega.

Það er rétt sem fram kom í framsögunni að þegar nefndin var að ræða þetta fram og til baka og velta fyrir sér hvernig við afgreiddum þetta út vorum við í góðu sambandi við 1. flutningsmann frumvarpsins, hv. varaþingmann Örlyg Hnefil Jónsson. Ég held að ástæðan fyrir því að frum-

varp frá stjórnarandstöðuþingmanni sé komið þetta langt sé sú að margir flutningsmenn eru á frumvarpinu sem hv. þingmaður lagði fram, úr öllum flokkum og hefur náðst nokkuð þverpólitísk samstaða um að fara þessa leið. Ég held að það sýni enn og aftur hvað hér er um mikið réttlætismál að ræða að svo margir hv. þingmenn voru tilbúnir að setja nafn sitt á frumvarpið með hv. þm. Örlygi Hnefli Jónssyni.

Ég fagna því að málið sé komið þetta langt og vona að við náum saman um að gera frumvarpið að lögum á næstu dögum.

[18:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum um fjóra lagabálka sem hafa víðtæk réttaráhrif með margvíslegri framkvæmd. Ég tek undir það sem hv. formaður nefndarinnar og hv. þm. Jón Gunnarsson hafa sagt að málið er til bóta eins langt og það nær og tekur á því að ekki séu mörg hundruð þúsund króna sektir fyrir tiltölulega litlar yfirsjónir.

Ég vil hins vegar beina þeirri spurningu til hv. formanns nefndarinnar, Guðjóns Hjörleifssonar, hvort menn í nefndinni hafi tekið sér það fyrir hendur að skoða þær fjölmörgu reglugerðir sem byggja á lögunum og hafi farið yfir þær, því þar eru jú refsiákvæðin sem tengjast framkvæmd laganna, þ.e. settar eru á grundvelli laganna fjöldamargar reglugerðir, ég hef ekki tölu á því hve margar þær eru. (**Gripið fram í:** 311.) 311 er kallað fram í, ég get vel trúað því að það sé rétt. Þar að auki er í sumum laganna þó nokkuð mikið af bráðabirgðaákvæðum sem hafa dottið inn í gegnum árin, misjafnlega gáfuleg og vel eða illa útfærð eftir því hvernig menn líta á það. Sumt af þessu virkar dálítið tilviljanakennt að mínu viti og þess vegna hefði ég viljað fá upplýsingar um það hvort nefndarmenn hafi sest yfir reglugerðirnar, skoðað reglugerðabáknið sem fylgir hverri lagasetningu, hverjum lagakafla og farið yfir þau atriði sem þar er verið að tala um að varði brot o.s.frv.

Ég nefni einfaldar reglur eins og að veiðarfæri skuli merkt, fánar á baujum skuli merktir hvers skipið er, skrifað á belgi hvers skipið er o.s.frv. þannig að ávallt megi sjá hverra veiðarfærin eru. Nú getur margt borið fyrir á sjó eins og þið þekkið öll sem eruð í salnum, merkingar geta auðvitað farið fjandans til, ef hægt er að segja svo, og þó að það teljist ekki sektarákvæði við fyrsta brot mundi ég segja að viðurlögin væru ansi hörð þegar litið er til smávægilegra framkvæmdabrota eins og að annar endi á netatrossu eða línu sé ekki rétt merktur o.s.frv., ef menn vilja virkilega fara eftir reglugerðunum sem lögin byggja á. Þar erum við komin að vanda málsins.

Í öllum þeim fjölda reglugerða sem hanga á lögunum er auðvitað hægt að finna atriði sem menn geta orðið brotlegir við, bæði viljandi og óviljandi og jafnvel oft óviljandi. Þau geta orðið að dómsmáli þó að oft sé reynt að lenda þessu, en þau ættu raunverulega að fylgja brotunum ef þeim væri framfylgt. Maður hefur oft velt því fyrir sér hvort ásættanlegt sé að smávægilegt brot, þó brotið sé endurtekið tvisvar á sömu vertíð, geti sætt lágmarkssekt sem eigi er lægri en 400 þús. kr., og geri ég mér grein fyrir að í þessu máli er vissulega verið að laga ástandið frá því sem áður var.

Ég vil beina því til formanns nefndarinnar að nefndin fari fram á það við sjávarútvegsráðuneytið að greindar verði reglugerðirnar fyrir hvern lagabálk fyrir sig og að ráðuneytið fái Fiskistofu til að gera grein fyrir því hve oft refsiákvæðum hefur verið beitt á hver lög og hverja reglugerð. Ég held að það sé nauðsynlegt svo menn fái heildaryfirsýn yfir verkið. Ef í reynd er ekki verið að hengja sig mjög nákvæmlega í refsigleði á framkvæmdina og reglugerðirnar túlkaðar meira sem leiðbeinandi gæti lagasetningin hér verið algjörlega ásættanleg. En ef það er þannig í reynd að verið sé meira og minna að sækja að fólki sem starfar við atvinnugreinina vegna atriða sem menn eiga ekki mikla möguleika á að bregðast við af ýmsum ástæðum mælist ég til þess að nefndin skoði það betur. Embættismenn ráðuneytisins eða Fiskistofu hljóta að geta gefið upplýsingar um þetta sem hægt er að festa fingur á og ég mælist til þess að menn biðji um þær upplýsingar áður en við afgreiðum málið við 3. umr.

[18:45]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála því að þetta er ógrynni reglugerða og ótrúlegt að þegar farið er inn á vef Stjórnarráðsins á sviði laga og sjávarútvegslaga eru reglugerðirnar 311. Ég tel mjög eðlilegt að við tökum málið upp í nefndinni og óskum eftir að farið verði í gegnum þetta. En nefndin gerði ekki mikið meira næsta hálfa árið ef hún ætlaði sjálf að fara í gegnum allar reglugerðirnar. Það er betra að láta fagmennina um það. Málið verður tekið fyrir á fimmtudaginn og í framhaldinu sett í einhvern ákveðinn farveg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala kristfjárjarðarinnar Utanverðuness, 2. umr.

Stjfrv., 504. mál. — Þskj. 768, nál. 898, brtt. 899.

[18:46]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um sölu kristfjárjarðarinnar Utanverðuness í Sveitarfélaginu Skagafirði á þskj. 898, 504. mál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason frá félagsmálaráðuneyti. Jafnframt ræddi nefndin símleiðis við Ársæl Guðmundsson, sveitarstjóra í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Með frumvarpinu er lagt til að kristfjárjörðin Utanverðunes verði seld ábúanda. Andvirði jarðarinnar skal renna til Utanverðunesslegats sem er sjóður um eignina. Ráðstöfun eigna legatsins skal samræmast hinum forna tilgangi kristfjárjarða, en kristfjárjarðir voru hluti fátækraframfærslu fyrr á öldum. Jörðin Utanverðunes var gefin Rípurhreppi árið 1838 og skyldi gjöfinni varið til framfærslu munaðarlausra barna í hreppnum. Nefndin leggur til að sú breyting verði gerð á frumvarpinu að ráðstöfun eigna legatsins verði að hljóta samþykki félagsmálaráðuneytisins að fenginni umsögn sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindri breytingu sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa, 2. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 242, nál. 908, brtt. 909.

[18:48]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa af hálfu samgöngunefndar.

Nefndin hefur fengið fjölmarga aðila á sinn fund til að ræða málið.

Í frumvarpinu er lögð til heildstæð löggjöf um hlutverk og störf rannsóknarnefndar umferðarslysa. Ákvæði um rannsóknarnefnd umferðarslysa er nú að finna í 115. gr. a umferðarlaga, nr. 50/1987, auk þess sem í gildi er reglugerð um rannsóknarnefnd umferðarslysa, nr. 681/1998. Í gildandi lagaákvæði er mælt fyrir um heimild ráðherra til að skipa rannsóknarnefnd umferðarslysa en ákvæði um starfsemi og skyldur nefndarinnar er aðeins að finna í reglugerð.

Með setningu heildarlaga um rannsóknarnefnd umferðarslysa er starfsgrundvöllur nefndarinnar tryggður. Þá eru reglur um stjórnsýsluhætti nefndarinnar og skiptingu ábyrgðar á milli nefndarmanna og starfsmanna nefndarinnar gerðar skýrari. Önnur veigamikil atriði sem tekið er á í frumvarpinu eru samskipti nefndarinnar og lögreglu og meðferð og vernd persónuupplýsinga sem nefndin aflar.

Við gerð frumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af lögum er gilda um störf rannsóknarnefndar flugslysa og rannsóknarnefndar sjóslysa, sem og erlendri löggjöf á þessu sviði.

Við meðferð málsins í nefndinni vöknuðu upp spurningar um umfang skráningar umferðarslysa og hverjir það eru sem skrá og rannsaka slík slys hér á landi. Til að geta gert sér sæmilega mynd af þessu samþykkti nefndin að leita svara hjá nokkrum aðilum um þetta efni. Athugun nefndarinnar leiddi í ljós að skráning umferðarslysa fer fram hjá nokkrum aðilum en skráning annarra virðist ekki skarast á við störf rannsóknarnefndar umferðarslysa.

Þá kom til umræðu við meðferð málsins í nefndinni að athuga bæri hvort ekki mætti samtvinna að nokkru leyti störf rannsóknarnefnda á sviði samgangna í því tilliti að takmarka útgjöld. Sú umræða leiddi í ljós að sameining þessara nefnda getur verið vandasöm og varasamt að farið sé of geyst í þeim efnum. Því samþykkti nefndin að leggja til í tillögu til þingsályktunar að ráðherra verði falið að setja saman nefnd er kanni þá möguleika sem fyrir hendi eru varðandi sameiningu þessara nefnda og kosti þeirra og galla.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Þær eru eftirfarandi:

1. Að 1. mgr. 2. gr. verði breytt þannig að sá tilgangur rannsókna á umferðarslysum að draga úr afleiðingum þeirra falli betur að orðalagi ákvæðisins. Nefndarmenn telja rétt að í lögum sé kveðið á um þennan þátt þannig að rannsóknarnefnd umferðarslysa geti í skýrslum sínum bent á þætti sem takmarkað geti alvarlegar afleiðingar slysa, svo sem vegabætur eða boðun lögreglu og sjúkraliðs.

2. Að ákvæði um aðgang rannsóknarstjóra og rannsóknarnefndar umferðarslysa skv. 8. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að rannsóknarstjóri hafi óheftan aðgang, líkt og er í frumvarpinu, en rannsóknarnefndin hafi aðgang í samráði við lögreglu. Telur nefndin að með þessu sé rannsóknaraðstaða beggja tryggð en þess jafnframt gætt að lögregla hafi rúm til að tryggja öryggi á vettvangi og slíkt áður en fleiri aðilum er hleypt þar að. Nefndin sér ekki þörf fyrir að aðrir starfsmenn rannsóknarnefndarinnar hafi ámóta aðgang að vettvangi. Við meðferð málsins kom fram að gott samstarf hefur verið á milli þessara aðila, sem nefndin telur að skipti miklu máli.

3. Að 10. gr. verði breytt í þeim tilgangi að tryggja frekar heimild nefndarinnar til gagnaöflunar og vernd persónuupplýsinga. Eru þessar tillögur gerðar m.a. að teknu tilliti til umsagnar Persónuverndar um málið. Til umræðu kom að takmarka aðgang rannsóknarnefndarinnar að krufningarskýrslum, t.d. við ákveðna þætti hennar eða vottorð unnið upp úr þeirri skýrslu, en athugun leiddi í ljós að slíkt er talið óráðlegt og takmarka vinnu nefndarinnar um of. Þá fékk nefndin staðfest að rannsóknarnefnd umferðarslysa fylgir þegar ströngum verklagsreglum við meðferð persónupplýsinga og er að vinna í endurnýjun þeirra í samráði við Persónuvernd. Því leggur nefndin ekki til frekari breytingar en þessar hvað varðar aðgang að þessum upplýsingum.

4. Að starfshlutverk forstöðumanns verði gert tryggara með breytingu á 11. gr.

5. Að orðalagi 2. og 3. mgr. 12. gr. verði breytt. Tilgangur með breytingu á 3. mgr. er sá að gera það skýrara en er í frumvarpinu að rannsóknarnefndin geti ekki haft beint boðvald yfir framkvæmdaraðilum, ríki eða sveitarfélögum, þegar kemur að endurbótum á mannvirkjum til að draga úr slysum. Nefndinni ber samt sem áður að koma tilmælum á framfæri við þessa aðila um hvað má betur fara og getur fylgt slíkum tilmælum eftir að nokkru leyti með eftirgrennslan. Það má þó ljóst vera að þrír mánuðir eru skammur tími þegar kemur að endurbótum samgöngumannvirkja sem geta verið flóknar og krefjast vandaðrar hönnunar og mikils fjármagns. Því leggur nefndin til að sá tími sem þarf að líða frá því að nefndin hefur sent tilmæli til framkvæmdaraðila og þar til hún getur leitað eftir upplýsingum um hvernig hafi verið brugðist við þeim verði lengdur úr þremur mánuðum í sex.

6. Lagt er til að fellt verði brott úr frumvarpinu bann við að nota skýrslur nefndarinnar við meðferð einkamála en bann við notkun þeirra í opinberum málum verði óbreytt. Sönnunarstaða aðila og tilgangur einkamála er allt annar en í opinberum málum og ekki sama ástæða til að banna notkun þessara gagna í einkamálum. Er þessi breyting lögð til m.a. að teknu tilliti til umsagnar Lögmannafélags Íslands.

7. Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. september 2005. Framkvæmdarvaldinu gefst þá tími til undirbúnings og aðlögunar fram að þeim tíma hvað varðar mannaráðningar o.fl.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þingmenn Arnbjörg Sveinsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson og Magnús Stefánsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Guðmundur Hallvarðsson formaður, Hjálmar Árnason, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Guðjón A. Kristjánsson og Kristján L. Möller.

Virðulegi forseti. Við teljum að hér sé mikið þarfamál á ferðinni með tilliti til þess að við höfum fengið umsagnir frá fjölmörgum aðilum sem fagna þessu fram komna frumvarpi. Alvarleiki málsins er sá að dauðaslys og alvarleg slys í umferðinni eru nú um 120 á ári og því full ástæða til að alvarlega séð gefinn gaumur að umferðarslysum hér á landi og reynt að bæta þar um svo fækka megi slysum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði málinu vísað til 3. umr.

[18:55]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa ánægju með frumvarpið um rannsóknarnefnd umferðarslysa. Ég tel mikilvægt eins og fram hefur komið að nefndin hafi stoð í lögum en ekki einungis í reglugerð eins og er í dag og að allur rammi utan um vinnu nefndarinnar sé skýr og einnig öll ákvæði um persónuvernd. Alvarleg umferðarslys sem kalla á rannsókn rannsóknarnefndar eru viðkvæm. Þetta eru persónuleg mál og því mjög mikilvægt að meðferð persónuupplýsinga sé með mjög skýrum hætti.

Erindi mitt í ræðustól er eingöngu að lýsa ánægju minni með þá vinnu sem fram hefur farið. Komið hafa fram fjölmargar athugasemdir um frumvarpið og hefur verið tekið tillit til þeirra eftir því sem ég best þekki til. Mér sýnist á öllu að hv. nefndarmenn samgöngunefndar séu að leggja sig fram við að búa svo um hnútana að bæði rannsóknum og öllum ábendingum um hvað megi betur fara, bæði hvað varðar mannvirki og ýmis atvik í umferðinni verði hægt að koma til skila. Vonandi verða það meira en eingöngu ábendingar í framtíðinni og fjármagn verði tryggt til að framkvæma þær breytingar sem þarf að gera bæði á umferðarmannvirkjum og eins að koma reglum og lagabreytingum á aðra þætti sem lúta að öðru en umferðarmannvirkjum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þunglyndi meðal eldri borgara, fyrri umr.

Þáltill. ÁÓÁ o.fl., 71. mál. — Þskj. 71.

[18:58]

Flm. (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara. Tillagan hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa nefnd sem rannsaki þunglyndi meðal eldri borgara og meti umfang þess. Nefndin kanni sérstaklega tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna hjá eldri borgurum. Nefndin kanni einnig hvaða leiðir séu heppilegar til að koma í veg fyrir þunglyndi á meðal eldri borgara.

Nefndin verði skipuð níu einstaklingum. Ráðherra skipi formann án tilnefningar og landlæknir, Læknafélag Íslands, Félag hjúkrunarfræðinga, Öldrunarfræðafélag Íslands, Öldrunarráð Íslands, Félag íslenskra öldrunarlækna, Geðhjálp og Landssamband eldri borgara tilnefni einn fulltrúa hver. Nefndin skili niðurstöðum fyrir 1. desember 2005.

Þessi þingsályktunartillaga var lögð fram á síðasta þingi en varð ekki útrædd þá. Eldri borgurum hefur fjölgað mikið hérlendis og þótt umfjöllun um málefni þeirra sé mun meiri en áður er á margan hátt ekki komið nægilega til móts við hagsmuni þeirra. Sum svið sem skipta aldraða mjög miklu máli liggja í þagnargildi. Einn þessara málaflokka er þunglyndi meðal eldri borgara sem þessi þingsályktunartillaga fjallar um.

Samkvæmt skýrslum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er þunglyndi einn erfiðasti sjúkdómur mannkyns og getur verið lífshættulegur. Þunglyndi er hins vegar oft læknanlegt og ætíð er hægt að ráða einhverja bót á því. Sjúkdómurinn er einnig dýr m.a. vegna minni vinnugetu.

Á Íslandi er talið að um 12.000–15.000 manns þjáist af þunglyndi. Þetta er gríðarlegur fjöldi og þunglyndi eldri borgara er sérstakt vandamál. Vandamálið felst m.a. í því að það er að einhverju leyti falið og ógreint. Þunglyndi eldri borgara getur sömuleiðis haft margs konar sérstöðu sem ber að taka tillit til. Það getur í sumum tilfellum verið frábrugðið þunglyndi annarra aldurshópa þar sem missir maka eftir langt hjónaband, einmanaleiki og lífsleiði geta verið veigameiri orsök en hjá öðrum hópum sem og fjárhagsáhyggjur og kvíði vegna framtíðarinnar. Sjúklingarnir geta einnig átt til að léttast án þess að vitað sé af hverju, auk þess sem gjarnan fylgja líkamleg einkenni sem viðkomandi kvartar yfir í stað þess að átta sig á því eða viðurkenna að um þunglyndi sé að ræða.

Engin stofnun innan heilbrigðisgeirans hér á landi fæst á skipulagðan hátt við þunglyndi eldri borgara. Á geðlæknaþingi sem haldið var í Reykjavík sumarið 2003 kom fram hjá Ásgeiri Bragasyni, öldrunargeðlækni í Ósló og formanni öldrunardeildar norska geðlæknafélagsins, að síðustu 10 ár hafi uppbygging á öldrunargeðþjónustu í Noregi verið hröð og einungis tvö af 19 fylkjum Noregs bjóði ekki upp á slík úrræði nú. Að sögn Ásgeirs ætti að starfrækja tvær slíkar stofnanir hér á landi miðað við mannfjölda.

Gott starf hefur þó verið unnið hér á landi í tengslum við þunglyndi. Hjá landlæknisembættinu er sérstakt fræðslu- og forvarnaverkefni í gangi sem kallast Þjóð gegn þunglyndi og er það samvinnuverkefni fjölmargra aðila. Hjá Geðrækt, sem er samstarfsverkefni landlæknisembættisins, geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss, Heilsugæslunnar í Reykjavík og Geðhjálpar, hefur þunglyndi eldri borgara verið efni sérstaks þemamánaðar undir yfirskriftinni Geðheilsa eldri landsmanna – lyf eru ekki lausn við leiða.

Þunglyndi eldri borgara hefur þó ekki verið rannsakað sérstaklega hér á landi og á nefndin að bæta úr því, auk

þess að meta umfang þess og möguleg úrræði og forvarnir. Þó má minnast þess að Hallgrímur Magnússon læknir hefur verið að skoða málið. Með greiningu á þunglyndi eldri borgara má auka þekkingu á þunglyndi meðal þessa fólks í þeirri von að draga megi úr tíðni þess, gera meðferð skilvirkari og fækka sjálfsvígum.

Mikilvægt er að skoða tíðni sjálfsvíga og sjálfsvígstilrauna meðal eldri borgara en að sjálfsögðu ber að nálgast slíkt af mikilli varúð og nærgætni. Sjálfsvíg meðal eldri borgara hafa lengi verið feimnismál hér á landi eins og annars staðar. Hins vegar er nauðsynlegt að meta umfangið til að geta brugðist við og spornað gegn þessari vá. Lykilatriðið er að greina vandamálið svo að hægt sé að bregðast rétt við því.

Mögulegar úrlausnir vegna þunglyndis eldri borgara þurfa að vera sértækar og sérsniðnar að aldurshópnum. Nefndinni ber að skoða möguleika til að bregðast við þunglyndi eldri borgara, svo sem hvaða úrræði séu nú þegar til og hvað þurfi að bæta í slíkum málum. Forvarnir gegn þunglyndi eru einnig afar mikilvægar. Það má leiða líkur að því að sérstök úrræði þurfi í forvörnum þegar kemur að öldruðum. Þunglyndi, kvíði og einmanaleiki eiga ekki vera eðlilegir fylgifiskar efri áranna.

Í ljósi mikillar notkunar á geð- og þunglyndislyfjum hér á landi er nauðsynlegt að bregðast við þunglyndi með öllum tiltækum leiðum. Tilhneigingin hefur verið að leysa þennan vanda meðal eldri borgara með lyfjagjöf í stað annarrar meðferðar. Það er hins vegar nauðsynlegt að huga einnig að annars konar meðferð samhliða lyfjameðferð eða í staðinn fyrir hana, t.d. að auka félagslega ráðgjöf og auðvelda vitjanir til öldrunarlækna á heilsugæslustöðvum. Sömuleiðis getur aukin hreyfing verið skynsamleg leið til að sporna gegn þunglyndi og því mikilvægt að eldri borgarar hafi aðstöðu til slíkrar hreyfingar.

Eldri borgurum fjölgar sífellt. Til ársins 2010 mun landsmönnum 65 ára og eldri fjölga um 11% og landsmönnum 80 ára og eldri um tæp 30%. Hætt er við að þunglyndi meðal eldri borgara verði að meiri háttar heilbrigðisvandamáli ef ekki er brugðist hratt og rétt við. Skipun nefndar sem rannsaki þessi mál, eins og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, er því brýnt verkefni og ætti að mati flutningsmanna að hrinda í framkvæmd sem fyrst.

Að lokinni umræðu hér legg ég til að málinu verði vísað til hv. heilbrigðisnefndar og síðan til síðari umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Frv. ÁÓÁ o.fl., 72. mál (kynferðisbrot gegn börnum). — Þskj. 72.

[19:04]

Flm. (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem lýtur að því að afnema fyrningarfresti í kynferðisafbrotum gegn börnum.

Þetta lagafrumvarp var lagt fram á síðasta þingi en fékk ekki afgreiðslu í allsherjarnefnd. Frumvarpið var sent út til umsagnar og fékk vægast sagt góðar undirtektir.

Umboðsmaður barna lýsti m.a. yfir stuðningi við frumvarpið í umsögn sinni 30. mars 2004. Með þessu frumvarpi er því farið eftir tilmælum umboðsmanns barna. Barnaverndarstofa styður frumvarpið eindregið og barnaverndarnefnd Reykjavíkur fagnar því og telur nauðsynlegt að afnema fyrningarfresti vegna kynferðisafbrota gegn börnum. Stjórn Barnaheilla fagnar sömuleiðis frumvarpinu í sinni umsögn. Samtök um kvennaathvarf hvöttu til þess að frumvarpið yrði samþykkt og telur Femínistafélag Íslands einnig að afnema eigi þessa fyrningarfresti. Mannréttindaskrifstofa Íslands telur í umsögn sinni að sterkar röksemdir séu fyrir samþykkt þessa frumvarps.

Átakshópurinn Blátt áfram er verkefni unnið í samvinnu við Ungmennafélag Íslands og felst í að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi. Á heimasíðu þessa hóps, blattafram.is, er fólk hvatt til að senda ráðherrum og þingmönnum bréf með áskorun um að þeir samþykki frumvarpið.

Leiðarahöfundur Morgunblaðsins skrifaði 7. febrúar 2004 að frumvarpið væri, með leyfi forseta, „án efa mikilvægt skref í þá átt að koma lögum yfir sem flesta þeirra sem gerst hafa sekir um jafnalvarlegan og afdrifaríkan glæp og að beita börn kynferðisofbeldi". Þar var einnig sagt, með leyfi forseta:

„Fyrningarfrestir, eins og þeim er nú háttað, eru iðulega of skammir fyrir þennan viðkvæma hóp brotaþola, sem oft áttar sig ekki á brotinu eða treystir sér til að kæra það fyrr en langt er um liðið. Dómar þar sem einstaklingar hafa verið sýknaðir fyrir kynferðisafbrot gegn börnum, þrátt fyrir að sekt þeirra hafi verið sönnuð, eru staðfesting á því."

Kynferðisafbrot gegn börnum eru í eðli sínu ólík öðrum ofbeldisbrotum og er nauðsynlegt að viðurkenna þá sérstöðu þessara brota. Sakir sérstöðu slíkra brota vilja flutningsmenn afnema fyrningarfrest brota í 194.–202. gr. almennra hegningarlaga sem framin eru gegn einstaklingum yngri en 14 ára.

Aðstöðumunur geranda og þolanda er eðli máls samkvæmt gríðarlegur. Brotaþoli er hvorki í aðstöðu til að skynja að um lögbrot sé að ræða né þekkir hann leiðir til að losna undan oki gerandans. Þolandinn í þessum málum áttar sig e.t.v. ekki fyrr en mörgum árum síðar á því að brotið hafi verið gegn honum eða bælir minninguna um ofbeldið í langan tíma niður og telur sig jafnvel bera einhverja sök sjálfur. Þess vegna geta liðið mörg ár og jafnvel áratugir þar til kæra er lögð fram í slíkum málum. Gerandinn á ekki að hagnast á þeim mikla aðstöðumun sem er á honum og brotaþola. Oft koma þessi brot ekki fram í dagsljósið fyrr en mörgum árum eftir að þau voru framin og jafnvel ekki fyrr en brotaþolarnir hafa náð fullorðinsaldri. Þetta á ekki síst við þegar brotamaður er í fjölskyldutengslum við brotaþola.

Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2003 líður oft mjög langur tími frá því að brot gegn barni er framið þar til viðkomandi brotaþoli er reiðubúinn að ræða málið og leita sér aðstoðar. Tæplega 50% þeirra sem leituðu til Stígamóta höfðu orðið fyrir kynferðisbroti á aldrinum 0–10 ára en tæplega 70% voru á aldrinum 0–15 ára. Sé hins vegar

litið á hvenær fólk leitar sér aðstoðar hjá Stígamótum kemur í ljós að rúmlega 40% eru 30 ára eða eldri. Samkvæmt núverandi fyrningarreglum eru öll kynferðisafbrot gegn barni sem er 14 ára eða yngra fyrnd þegar viðkomandi fórnarlamb eða þolandi hefur náð 29 ára aldri.

Önnur 40% þeirra sem leita til Stígamóta eru á aldursbilinu 19–29 ára en sé um kynferðisbrot gegn barni að ræða eru sum slík brot fyrnd þar sem fyrningarfrestir vegna þeirra eru frá 5 árum til 15 ára og byrjar fresturinn að líða á 14 ára afmæli brotaþolans. Ljóst er því að fyrningarfrestir eru of skammir fyrir stóran hóp brotaþola. Dómar þar sem menn hafa verið sýknaðir fyrir kynferðisbrot gegn börnum, jafnvel þótt sekt hafi verið sönnuð, staðfesta þetta. Minnast má nýlegs dóms frá Hæstarétti þegar ljóst var að viðkomandi gerandi hafði játað mjög gróft brot en fékk sýknun vegna fyrningar.

Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta bárust einungis um 8% af þeim málum sem komu til kasta Stígamóta til opinberra aðila. Í skýrslunni er tekið fram að gildandi fyrningarreglur eru ein af ástæðunum fyrir því að svo fá mál komast til umfjöllunar opinberra aðila.

Flutningsmenn telja að rétt sé að miða við 14 ára aldur í ljósi þeirrar staðreyndar að skv. 202. gr. almennra hegningarlaga eru lögleg aldursmörk samræðis og annarra kynferðismaka miðuð við 14 ára aldur. Þær röksemdir sem eru að baki sérstöðu þessara brotaþola eiga sömuleiðis fyrst og fremst við einstaklinga undir 14 ára aldri fremur en brotaþola á aldursbilinu 14–18 ára. Þolendur á aldrinum 14–18 ára eru yfirleitt í mun betri aðstöðu til að skilja að um brot sé að ræða og jafnframt líklegri til að þekkja þau úrræði sem þolendum kynferðisbrota bjóðast en brotaþoli sem er yngri en 14 ára. Brotaþolar á aldrinum 14–18 ára njóta því áfram sömu fyrningarfresta og fullorðnir verði frumvarpið samþykkt óbreytt.

Í núverandi refsilöggjöf fer lengd fyrningarfrests eftir lengd hámarksrefsingar sem lögð er við viðkomandi broti. Aðeins þeir glæpir þar sem hámarksrefsing er ævilangt fangelsi fyrnast aldrei skv. IX. kafla almennra hegningarlaga. Þar má nefna landráð, brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum, hryðjuverk, manndráp, mannrán skv. 226. gr. og ítrekuð rán skv. 255. gr.

Eins og komið hefur fram fyrnast kynferðisbrot gegn börnum frá 5 árum til 15 ára og fer lengd fyrningarfrestsins eftir alvarleika brotsins. Í núgildandi ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga segir að fyrningarfrestur vegna brota samkvæmt ákvæðum 194.–202. gr. teljist ekki fyrr en frá þeim degi er brotaþoli nær 14 ára aldri. Fyrningarfrestur telst því frá þeim degi er refsiverðum verknaði lauk nema brotaþoli hafi ekki náð 14 ára aldri en þá telst fresturinn frá þeim degi er brotaþoli nær þeim aldri.

Þetta ákvæði var lögfest árið 1998 í kjölfar tillögu þingmanna jafnaðarmanna um að fyrningarfrestur brota á 200., 201. og 202. gr. laganna hæfist ekki fyrr en þolandi brots hefði náð sjálfræðisaldri. Þótt bót hafi orðið með lögfestingu þessa ákvæðis telja flutningsmenn að dómar og tölfræði um aldur brotaþola þegar hann leitar sér hjálpar sýni að ekki er nóg að gert. Því er lagt til í frumvarpi þessu að fyrning kynferðisbrota gegn börnum undir 14 ára aldri verði afnumin með öllu í ljósi sérstöðu þessara brota og hagsmuna barna á þessum aldri.

Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að löggjafinn hefur nú þegar tekið þá pólitísku ákvörðun að hafa sum afbrot ófyrnanleg, t.d. ítrekuð rán, mannrán og manndráp.

Í norrænum rétti hefur verið gengið út frá því að brot geti verið ófyrnanleg þegar um er ræða alvarlegustu brotin samkvæmt refsimati löggjafans. Flutningsmenn telja að kynferðisafbrot gegn börnum eigi heima í flokki alvarlegustu afbrota hvað varðar fyrningu. Hugtakið fyrning í refsirétti felur í sér að réttur ríkisvaldsins til að koma fram refsingu eða öðrum viðurlögum fellur niður að ákveðnum tíma liðnum. Fyrning getur verið af tvennum toga, fyrning sakar og fyrning refsingar. Til eru margs konar röksemdir fyrir reglum um fyrningu, svo sem hagkvæmnis- og sanngirnisrök, auk þess sem það liggur í hlutarins eðli að erfiðara verður að sanna brot eftir því sem lengri tími líður frá framningu þess.

Það getur hins vegar ekki talist vera sjálfstæð röksemd gegn afnámi fyrningarfrests vegna kynferðisafbrota gegn börnum undir 14 ára aldri að erfiðara verður að sanna brotið eftir því sem lengri tími líður. Sönnun í slíkum málum hefur hingað til verið erfið og verður erfið þrátt fyrir afnám fyrningarfrests. Sönnunarbyrðin verður eftir sem áður á ábyrgð hins opinbera ákæruvalds, sbr. 45. gr. laga um meðferð opinberra mála, sem metur hvort það sem fram er komið sé nægilegt eða líklegt til sakfellis, sbr. 112. gr. sömu laga. Hins vegar má telja að sú vitneskja að sönnun verði erfiðari eftir því sem lengri tími líður hvetji brotaþola til að leita úrræða sem fyrst en dragi það ekki í óþarflega langan tíma.

Jafnframt verður það að teljast hæpin röksemd gegn afnámi fyrningarfrests að slíkir frestir virki sem aðhald fyrir rannsóknaraðila og ákæruvald um hröð vinnubrögð. Brotaþoli undir 14 ára aldri á ekki að líða fyrir slíkt markmið fyrningarreglna. Sömuleiðis er nú þegar lagalegur áskilnaður um málshraða á rannsóknaraðilum og ákæruvaldinu.

Flutningsmenn telja að sérstaða kynferðisbrota gegn börnum undir 14 ára aldri og hagsmunir þeirra vegi einfaldlega þyngra en þau hagkvæmnis- og sanngirnisrök sem búa almennt að baki reglum um fyrningarfrest. Flutningsmenn álíta rangt að kynferðisbrot gegn börnum geti fyrnst. Vegna eðlis og sérstöðu þessara brota verður að telja að með fyrningarfresti á slíkum brotum sé börnum ekki tryggð nægjanleg réttarvernd og réttlæti samkvæmt lögum.

Eftir þessa umræðu legg ég til að þessu frumvarpi verði vísað til hv. allsherjarnefndar og þaðan til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, fyrri umr.

Þáltill. ÁÓÁ o.fl., 73. mál. — Þskj. 73.

[19:15]

Flm. (Ágúst Ólafur Ágústsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar

um sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára. Í þeirri tillögu stendur:

„Alþingi ályktar að í fyrirhuguðu fangelsi á Hólmsheiði við Nesjavallaveg verði sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18–24 ára þar sem samneyti þeirra við eldri fanga verði í algjöru lágmarki og aðeins ef brýna nauðsyn ber til.“

Þessi tillaga til þingsályktunar var lögð fram á síðasta þingi en komst ekki á dagskrá þingsins.

Í ljósi sérstöðu ungra fanga, á aldrinum 18–24 ára, telja flutningsmenn rétt að í fyrirhuguðu fangelsi á Hólmsheiði við Nesjavallaveg verði sérstök deild fyrir þann aldurshóp.

Bygging hins nýja fangelsis veitir einstakt tækifæri til að gera ráð fyrir sérstakri deild fyrir unga fanga. Í umræðum um hið nýja fangelsi hefur hins vegar komið fram að ekki hefur verið gert ráð fyrir slíkri sérdeild. Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun er bygging nýja fangelsisins nú í biðstöðu þar sem ekki er gert ráð fyrir fé til þess í fjárlagafrumvarpi. Það er því enn tækifæri til að gera ráð fyrir sérdeild fyrir unga fanga á aldrinum 18–24 ára. Ef ekki er hægt að gera ráð fyrir sérdeild fyrir unga fanga í nýja fangelsinu eða bygging þess frestast verulega telja flutningsmenn að breytingar á núverandi fangelsum séu nauðsynlegar í því skyni.

Þar sem meginröksemdin fyrir sérstöðu ungra fanga á aldrinum 18–24 ára eru hugsanleg slæm áhrif þeirra eldri á þá yngri þyrfti slík sérdeild að vera að mestu aðskilin frá öðrum deildum fangelsisins. Vitaskuld yrði unnt að samnýta ýmiss konar þjónustu fangelsins, svo sem aðstöðu fyrir heimsóknir, afþreyingu, vinnu, mötuneyti og fleira. Þess yrði hins vegar ævinlega að vera gætt að ungir fangar yrðu út af fyrir sig á þessum svæðum nema þar sem það er bundið miklum erfiðleikum t.d. við vinnu.

Það ber að taka fram að starfræksla sérdeildar fyrir unga fanga þarf ekki að koma í veg fyrir frekari deildarskiptingar innan fangelsisins t.d. fyrir fyrirmyndarfanga á öllum aldri. Sömuleiðis munu fangelsismálayfirvöld eftir sem áður hafa úrræði til að bregðast við hugsanlegum óæskilegum afleiðingum slíkrar deildarskiptingar, svo sem klíkumyndun eða einelti.

Fangar á aldursbilinu 18–24 ára hafa margs konar sérstöðu. Ungir fangar eru sérstaklega viðkvæmur hópur og ekki er æskilegt að þeir afpláni dóma í samneyti við eldri afbrotamenn að mati flutningsmanna. Líta ber svo á að við afplánun ungra fanga sé sérstaklega unnið að því að koma í veg fyrir frekari afbrot. Afplánun þeirra sé því liður í betrun, en þeirri betrun getur verið ókleift að ná fram með því að vista unga fanga í samneyti við eldri fanga, sem sumir hverjir eru síbrotamenn. Endurhæfing er líklegri til að skila betri árangri séu ungu fangarnir í eins jákvæðu og uppbyggilegu umhverfi og hugsast getur miðað við aðstæður. Sérdeild fyrir unga afbrotamenn býður einnig upp á margs konar sértæk úrræði fyrir þennan aldurshóp, t.d. á sviði vímu- og geðmeðferðar.

Ungir fangar hafa einnig þá sérstöðu að oft hafa þeir einungis gerst sekir um eitt eða fá afbrot sem jafnvel eru í sumum tilfellum fremur smávægileg. Margoft hefur verið sýnt fram á að samneyti ungra fanga við eldri, og jafnvel forhertari fanga, geri þeim yngri ekkert gott og geti í sumum tilvikum haft afar slæm áhrif. Slíkt samneyti getur beinlínis haft hvetjandi áhrif á unga afbrotamenn til frekari þátttöku í afbrotum, en þó ber að sjálfsögðu að forðast að alhæfa í þessum efnum.

Einhver aldursmörk verða að vera og þykir flutningsmönnum hóflegt að miða við 24 ára aldur þegar afplánun hefst. Það má leiða líkur að því að einstaklingar undir þeim aldri hafi ekki náð fullum félagslegum þroska og að þeim sé því hætta búin af samneyti og áhrifum frá eldri afbrotamönnum.

Sakhæfisaldur er samkvæmt almennum hegningarlögum 15 ár. Nú þegar er til heimild fyrir því að bjóða ungum afbrotamönnum á aldrinum 15–18 ára að taka út refsingu sína á meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu. Nái viðkomandi einstaklingur 18 ára aldri á meðan meðferð stendur getur þó meðferðartíminn eftir það ekki varað lengur en í 6 mánuði eftir að aldursmarkinu er náð.

Á árinu 2002 var enginn einstaklingur á meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu á þessum grundvelli. Hins vegar var þremur einstaklingum á þessu aldursbili boðið að afplána dóma sína á meðferðarheimilum en þeir höfnuðu því allir.

Með samkomulagi Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu er ungum föngum gert kleift að afplána refsingu utan fangelsa og vistast í meðferð með öðrum börnum. Þetta fyrirkomulag verður að teljast afar jákvætt, enda bendir margt til þess að ungir afbrotamenn hafi ekki hag af því að vera vistaðir innan um eldri fanga.

Í c-lið 37. gr. samnings um réttindi barnsins, sem var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989 og fullgiltur af Íslands hálfu 28. október 1992, kemur fram að halda skuli hverju því barni sem svipt er frjálsræði sínu aðskildu frá fullorðnum, nema ef talið er að því sé fyrir bestu að gera það ekki. Hér er átt við einstakling yngri en 18 ára. Við fullgildingu samningsins var enginn fyrirvari gerður af Íslands hálfu. Hins vegar var lögð fram yfirlýsing við c-lið 37. gr. þar sem kemur fram að í íslenskum lögum séu ekki ákvæði um að ungum föngum skuli halda aðskildum frá eldri föngum. En með hliðsjón af framangreindu samkomulagi Fangelsismálastofnunar og Barnaverndarstofu verður að telja að núverandi fyrirkomulag afplánunar ungra afbrotamanna á aldrinum 15–18 ára sé heppilegt.

Þrátt fyrir þessi úrræði fyrir afbrotamenn á aldrinum 15–18 ára er hins vegar rétt og nauðsynlegt að viðurkenna sérstöðu þeirra fanga sem eru eldri en 18 ára en eru ungir engu að síður. Slík sérstaða yrði viðurkennd með starfrækslu sérstakrar deildar innan fangelsis fyrir aldurshópinn 18–24 ára. Slík sérdeild fyrir unga fanga yrði að sjálfsögðu einnig opin þeim einstaklingum á aldursbilinu 15–18 ára sem kjósa að nýta ekki þá heimild að taka út sína refsingu á meðferðarheimilum á vegum Barnarverndarstofu.

Það er ljóst að sérdeild fyrir afbrotamenn á aldrinum 18–24 ára yrði ekki einungis ungum afbrotamönnum til hagsbóta heldur einnig samfélaginu í heild, þar sem líta má á þetta úrræði sem forvarnir.

Benda má á að að sjálfsögðu er aldur enginn algildur mælikvarði. Að sjálfsögðu er hægt að finna unga fanga og afbrotamenn sem eru forhertir og einnig má benda á að samneyti ungra fanga við hina eldri getur að sjálfsögðu

stundum leitt gott af sér og haft jákvæð áhrif á viðkomandi ungan einstakling. Hér er lagt til að þessi aðskilnaður verði meginregla með hins vegar þeim sveigjanleika sem þörf krefur eftir viðkomandi einstaklingi. Þessi þingsályktunartillaga kemur ekki í veg fyrir að tekið sé upp fyrirkomulag fyrirmyndarfanga eða fyrirmyndargangs.

Það er ágætt að rifja það upp að ítrekunartíðni er hærri á meðal yngri fanga en þeirra eldri, eins og kemur fram í riti Helga Gunnlaugssonar o.fl. um ítrekunartíðni afbrota á Íslandi. Þar stendur á bls. 43, með leyfi forseta:

„Um 44% þeirra sem eru 29 ára eða yngri þegar dómur fellur koma við sögu lögreglu innan fimm ára frá því að þeir ljúka afplánun í fangelsi samanborið við 30% þeirra sem eru 30 ára eða eldri þegar dómur fellur.“

Á öðrum stað stendur, með leyfi forseta: „Ítrekunartíðni á Íslandi er hærri meðal karla og yngra fólks.“

Á enn öðrum stað í þessu merka riti stendur, með leyfi forseta: „Ítrekunartíðni hefur tilhneigingu til að vera hæst meðal yngri einstaklinga.“

Þessi rannsókn eða úttekt Helga Gunnlaugssonar o.fl. sýnir að ítrekunartíðni, þ.e. sú tíðni sem lýtur að því að menn komast aftur í kast við lögin, er hærri eftir því sem viðkomandi einstaklingur er yngri. Þetta er vísbending um að við erum kannski ekki að ná þeirri betrun sem við þurfum að ná fram varðandi ungu fangana.

Ég tel að bygging hins nýja fangelsis sem hefur verið ákveðin en eftir er að tryggja fjármagn til, sé ákveðið tækifæri í þessa átt og bjóði einmitt upp á að við tökum upp þennan aðskilnað sem ég held að til lengri tíma sé skynsamlegur.

Hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason minntist á hugsanlegan aðskilnað ungra og eldri fanga í svari við fyrirspurn minni frá 24. nóvember sl., en í umræðu um þá fyrirspurn lét hv. þm. Drífa Hjartardóttir einnig falla þau orð falla, með leyfi forseta:

„Mér þótti líka mjög gott að heyra áherslu hæstv. dómsmálaráðherra á að villtir ungir afbrotamenn væru ekki með eldri föngum ...“ — eins og hv. þingmaður orðaði það.

Hugsanlega er hér að opnast einhvers konar þverpólitískur skilningur á því að aðskilja unga og eldri fanga með einhverjum hætti.

Það er mikilvægt að þessi málaflokkur komist aðeins meira upp á yfirborðið og fari meira inn í umræðuna, það er löngu tímabært. Núna er til umfjöllunar hjá allsherjarnefnd frumvarp um fullnustu refsinga þannig að þessi mál eru uppi á borðinu. Sömuleiðis liggur fyrir ákvörðun um að byggja nýtt fangelsi. Hér er því heilmikið tækifæri til að sníða helstu agnúa af því kerfi sem við höfum hvað varðar fanga.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þingsályktunartillögunni verði vísað til hv. allsherjarnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 19:26.

85. FUNDUR

þriðjudaginn 8. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, stjfrv., 399. mál, þskj. 895. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Einkaleyfi, stjfrv., 251. mál, þskj. 269. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Umgengni um nytjastofna sjávar o.fl., frv., 215. mál, þskj. 217, nál. 869, brtt. 870. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Sala kristfjárjarðarinnar Utanverðuness, stjfrv., 504. mál, þskj. 768, nál. 898, brtt. 899. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Rannsóknarnefnd umferðarslysa, stjfrv., 236. mál, þskj. 242, nál. 908, brtt. 909. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, stjfrv., 495. mál, þskj. 757, nál. 906, brtt. 907 og 925. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Þunglyndi meðal eldri borgara, þáltill., 71. mál, þskj. 71. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Almenn hegningarlög, frv., 72. mál, þskj. 72. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, þáltill., 73. mál, þskj. 73. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Samkeppnislög, stjfrv., 590. mál, þskj. 883. — 1. umr.
11. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, stjfrv., 591. mál, þskj. 884. — 1. umr.
12. Neytendastofa og talsmaður neytenda, stjfrv., 592. mál, þskj. 885. — 1. umr.
13. Miðlun vátrygginga, stjfrv., 551. mál, þskj. 832. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.

[13:31]

Útbýting:

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 620. mál, frv. AtlG o.fl., þskj. 930.

Kynjahlutföll, 621. mál, þáltill. AtlG, þskj. 931.

Sumarbústaðir í eigu ríkisins o.fl., 622. mál, fsp. ÁÓÁ, þskj. 932.

Athugasemdir um störf þingsins.

Sala Símans og einkavæðingarnefnd.

[13:31]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins í framhaldi af fundi í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis í morgun. Eins og alþjóð veit virðist ríkisstjórnin staðráðin í

að selja Símann úr eigu þjóðarinnar þvert á vilja hennar. Á þeirri sölu eru ýmsar hliðar, bæði sem lúta að þjónustu Símans við landsmenn en einnig fjárhagslegar hliðar. Síminn er geysilega verðmæt eign í eigu þjóðarinnar. Einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar hefur verið falið að annast söluna.

Nú gerist það að efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskar eftir því að einkavæðingarnefnd eða fulltrúar hennar komi á fund hennar til að skýra stöðu mála og fá að heyra þau sjónarmið sem kunna að vera uppi í nefndinni, með öðrum orðum að fá umræðu um þetta mál og upplýsingar um hvernig málið stendur.

Þá gerist sá fáheyrði atburður að okkur í nefndinni eru borin skilaboð frá einkavæðingarnefnd þar sem hún gefur Alþingi langt nef og neitar að mæta á fund nefndarinnar til að upplýsa nefndina um stöðu mála. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. forsætisráðherra hvort þetta sé gert samkvæmt hans skipun eða með hans vitneskju. Þetta er mjög alvarlegur hlutur vegna þess að hér er um að ræða opinbera nefnd og Alþingi ber skylda til að veita framkvæmdarvaldinu aðhald í þessu stóra máli. Okkur ber til þess lagaleg skylda en okkur er með þessu meinað um að sinna þeirri lagalegu skyldu sem á okkur hvílir.

[13:33]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Mér barst vitneskja um þetta mál rétt um hádegisbil. En eins og kunnugt er vinnur ríkisstjórnin að sölu Símans í samræmi við heimild Alþingis þar um og framkvæmdanefnd um einkavæðingu heyrir undir ráðherranefnd um einkavæðingu. Framkvæmdanefndin vinnur nú að tillögugerð í þessu máli ásamt fjármála- og ráðgjafarfyrirtækinu Morgan Stanley. Þeirri tillögugerð er ekki lokið og hvorki ráðherranefnd um einkavæðingu né ríkisstjórn hefur verið gerð grein fyrir stöðu mála. Þegar þessari vinnu er lokið og ráðherranefndin hefur verið upplýst um málið og fjallað um það verður að sjálfsögðu skýrt frá málinu opinberlega. En á meðan á tillögugerðinni stendur og henni ekki lokið er ekki eðlilegt að gera grein fyrir málinu opinberlega eða í þingnefnd.

Þetta veit ég að hv. þingmaður hlýtur að skilja, þegar um svona mál er að ræða. Það verður að fá að ganga sinn eðlilega gang með þeim hætti sem til er stofnað. Ég vænti þess að hann og aðrir nefndarmenn hafi fullan skilning á því.

[13:35]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég varð við tilmælum nokkurra nefndarmanna í efnahags- og viðskiptanefnd um að fjalla um þetta mál og bar fram óskir þeirra um að fá að heyra í einkavæðingarnefnd. Þar sem ég var boðberi þeirra tíðinda hlýt ég að vita best sjálfur hvað sagt var, þ.e. að þeir sáu ekki tilgang í að koma fyrir nefndina þar sem þeir gátu ekki svarað neinu. Þeir gátu ekki svarað neinu þar sem málið er enn þá í vinnslu og ekki fullmótað. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að þeir skýri fyrst þeim sem skipuðu þá frá niðurstöðum starfs síns og síðan taki ráðherrarnir pólitíska ákvörðun um hvort svokallað grunnnet verði selt með Símanum eða ekki. Þá fyrst geta menn spurt ráðherra og fengið upplýsingar um stöðu mála.

Það var ekki þannig að þeir neituðu að koma en ef þeir hefðu komið hefðu þeir ekki getað sagt frá neinu á fundi nefndarinnar. Það er enginn tilgangur í því, að því er mér sýnist, að þeir mæti á fund undir slíkum kringumstæðum.

Við fengum hins vegar mjög góðar upplýsingar frá forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar, afskaplega góðar og upplýsandi, t.d. að það er bannað að veita einkaleyfi á fjarskiptamarkaði samkvæmt EES-samningnum. Þar af leiðandi væri bannað að veita Grunnneti hf., eða hvað það heitir, einkaleyfi á grunnneti og daginn eftir að það yrði stofnað mundu spretta upp önnur grunnnet við hliðina á því, sérstaklega í péttbýlinu. Það er því ekki um það að ræða að stofna eitt grunnnet eins og sumir sjá fyrir sér.

[13:37]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég á sæti í efnahags- og viðskiptanefnd og það verður að segjast eins og er að okkur brá við þegar við fengum tíðindin, eins og hv. þm. Pétur Blöndal tók hér fram áðan, þess efnis að fulltrúar einkavæðingarnefndar sæju ekki tilgang í því að koma og hitta nefndina. Þeir sáu með öðrum orðum ekki tilgang í að koma og hitta lýðræðislega kjörna fulltrúa almennings á Alþingi til að upplýsa um stöðu mála í máli er lýtur að stærstu sölu sem ríkið hefur staðið að frá upphafi.

Okkur voru einnig borin þau tíðindi, ekki bara þau að þeir neituðu að mæta heldur vorum við upplýstir um það á þessum fundi í morgun, að hefðum við frekari áhuga á málinu gætum við skrifað þeim bréf og þannig fengið upplýsingar frá nefndinni, þá væntanlega þær upplýsingar sem þeir vilja láta okkur í té.

Það langt er síðan heimiluð var sala á hlutafé í Landssímanum að menn eru sennilega búnir að gleyma því að á þeim tíma var um það rætt að fyrst yrði seldur 49% hlutur í félaginu og seinna 51% hlutur í félaginu. Maður hefði talið mikilvægt á þessu stigi, þar sem um er að ræða tæplega fjögur ár síðan þessi heimild var veitt, að þingið yrði upplýst um stöðu mála og gert grein fyrir eins miklu og kostur væri en fengi ekki þau skilaboð að tilgangslaust sé að koma til fundar við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og hafi hún ekki áhuga á málinu geti hún ritað einkavæðingarnefnd bréf. Þetta er sú framkoma sem hinu háa Alþingi er sýnd nú árið 2005.

[13:39]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Þetta er furðulegt mál sem hér er verið að ræða um, að þingnefnd skuli haldið frá því að kalla menn til sín, í þessu tilfelli að kalla til sín einkavæðingarnefnd. Það sýnir náttúrlega bara hvers konar ráðslag er orðið hér á landi, ráðherraræði með tilskipunum sem jafnvel þingmenn stjórnarliðsins hafa ekkert um að segja nema að þegja.

Ég vildi gera athugasemd um sama mál, þ.e. það sem fram kom í máli forsætisráðherra á fimmtudaginn var þegar það var rætt að tilhlutan Jóns Bjarnasonar, og mótmæla því sem hæstv. forsætisráðherra sagði þá þar sem hann fór með

rangfærslur í sinni ræðu. Hann sagði m.a., með leyfi forseta:

„Fyrir liggur heimild Alþingis frá árinu 2001 til að selja fyrirtækið í einu lagi og sú ákvörðun grundvallaðist á áliti og niðurstöðu fjölda sérfræðinga“ — ég vek athygli á þessu — „að hvorki væri skynsamlegt né þörf á að aðskilja grunnnetið frá öðrum þjónustuþáttum fyrirtækisins.“

Þessu vil ég mótmæla, virðulegi forseti. Ég tel það mjög alvarlegt mál þegar hæstv. forsætisráðherra fer með slíkar rangfærslur vegna þess að í niðurstöðum skýrslu frá Samkeppnisstofnun, sérfræðingum á samkeppnissviði til einkavæðingarnefndar sem dagsett er 7. apríl 2000, varar Samkeppnisstofnun alvarlega við því að fyrirtækið sé selt í heilu lagi eða grunnnetið selt með. Þess vegna eru það beinlínis rangfærslur, það er rangt hjá forsætisráðherra að halda því fram að sérfræðingar hafi allir mælt með að salan fari svona fram. Það er rangt og ég hvet hæstv. forsætisráðherra til að leiðrétta það. Í áðurnefndri skýrslu vara sérfræðingar á samkeppnissviði mjög alvarlega við þessu og benda á tvær leiðir til þess að tryggja betri samkeppni á markaði eftir að Síminn hefur verið seldur, sem við getum ekki farið út í núna.

[13:42]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um sölu Símans eru með umdeildari ákvörðunum sem þjóðin stendur frammi fyrir. Yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar hefur ítrekað, nú síðast í skoðanakönnun með gríðarlega stóru úrtaki, lýst sig vera mjög andvígan þessari sölu og þeir teljast kannski á fingrum annarrar handar, framsóknarmennirnir sem styðja söluna. Samt á að keyra hana fram með þessum hætti. Menn setja undir sig hausinn og brjóta þingræðislegar reglur. Efnahags- og viðskiptanefnd er hunsuð og einkavæðingarnefnd sem starfar á ábyrgð forsætisráðherra telur ekki ástæðu til að hitta nefndina til að heyra sjónarmið hennar eða skiptast á skoðunum, vill ekki einu sinni til að heyra sjónarmið nefndarmanna.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. forseta: Er það ekki forseti þingsins, forseti allra þingmanna, sem á að grípa í taumana? Hér er traðkað á eðlilegum störfum og rétti þingsins til að koma að og fylgjast með málum í umdeildasta máli sem nú er í höndum ríkisstjórnarinnar, dapurlegrar ríkisstjórnar sem ætlar sér meira að segja að ganga þvert gegn vilja þjóðarinnar með því að selja Símann og fórna þeim þjóðarhagsmunum sem fjarskiptakerfið er. Er það ekki forseta þingsins að grípa í taumana og kalla eftir því að ráðherrar og nefndir á vegum ráðherra sem heyra undir þingið hlýði þinginu?

Ég krefst þess að forseti þingsins láti þetta mál til sín taka ef hæstv. forsætisráðherra hefur ekki getu eða vilja til að störf þingsins gangi eðlilega og þingið fái metinn lögvarinn rétt sinn til að hafa afskipti af þessu máli.

[13:44]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Í tilefni af orðum hv. þingmanns skal tekið fram að forseti þingsins þvingar ekki nefndir á vegum ráðuneyta til að koma fyrir þingnefndir. En þingmenn geta að sjálfsögðu beint orðum sínum til ráðherra eins og gert hefur verið í dag.

[13:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason sagði að ríkisstjórnin væri dapurleg. (**JBjarn:** ... og þjóðin er bara hreinskilin.) Meira? Ég veit ekki hvaða orð ætti þá að hafa um stjórnarandstöðuna og læt þingmönnum eftir að finna réttu orðin um hana. (**Gripið fram í:** Meira.) En það er alveg ljóst að stjórnarandstaðan notar hvert tækifæri til að gera úlfalda úr mýflugu til að reyna að gera málið, (**JBjarn:** Landssíminn er ekki mýfluga.) sölu Landssímans, tortryggilegt. Ég legg til að hv. þingmaður beini skemmtiatriðum sínum eitthvað annað og geri það við önnur tækifæri en í alvarlegri umræðu. Reynt er að gera allt tortryggilegt í málinu og það eru búin til gervitilefni, eins og t.d. það að nefnd sem er á vegum ríkisstjórnarinnar og er að vinna fyrir ráðherrana hafi ekki séð ástæðu til að mæta fyrir þingnefnd. Það vill nú þannig til að þingmenn hafa ráðherrana til að tala við um þessi mál og hefur ekkert skort upp á að menn væru krafðir sagna um þetta mál eða önnur að undanförnu í þingsölunum.

Starfsnefnd ríkisstjórnarinnar, einkavæðingarnefndin, fær ekki starfsfrið til að klára mál sitt áður en menn byrja að heimta að hún mæti í þingnefnd, áður en hún gerir tillögur sínar til ráðherranefndar um einkavæðingu.

Verið er að snúa öllu við eins og menn sjá og þetta er bara enn eitt gervitilefnið til að geta rokið upp í þingsalnum og til að geta slegið fram fullyrðingum um að það sé vitlaust og heimskulegt að selja Símann. Ég segi fyrir mig: Það er sjálfsagt mál að selja Símann, leysa úr læðingi þá milljarðatugi sem þjóðin á í Símanum og nota þá í þörf málefni í hennar þágu, peninga sem hafa verið bundnir þar árum og áratugum saman (Forseti hringir.) og taka þá til nýrra nota í þágu þjóðarinnar sem á þetta fé.

[13:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég verð að byrja á að taka fram að ég varð við óskum nokkurra hv. þingmanna í efnahags- og viðskiptanefnd um að ræða málið. Það er því allt ráðherraræðið. Ég bar það ekki undir einn eða neinn, ég tók þá ákvörðun sjálfur að fá upplýsingar um málið.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að þeir hefðu fengið tillögu um að senda bréf, en hann verður að geta þess að þetta er náttúrlega tveggja manna tal. Ég bar það undir hann að einkavæðingarnefnd teldi sig ekki geta tjáð sig og sæi þar af leiðandi ekki tilganginn í að mæta. Þá sagði hann: Ja, við gætum upplýst hana og komið sjónarmiðum okkar að.

Ég bar það undir einkavæðingarnefnd og þeir sögðu að menn gætu sent þeim bréf með hugmyndum og tillögum ef þeir vildu koma sjónarmiðum sínum að.

Hv. þm. Kristján L Möller talaði um ráðherraræði. Það er ekki meira en það að í þrígang hefur hv. efnahags- og viðskiptanefnd rætt sérstök mál sem eru athyglisverð og fengið upplýsingar um það sem ekki tengjast endilega beint einstökum þingmálum. Ég hélt að það væri til bóta og

styrkti stöðu þingsins og hefur ekkert með ráðherraræði að gera.

Málið var rætt í efnahags- og viðskiptanefnd í morgun, við fengum mjög góðar upplýsingar frá forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar og ég held að sá fundur hafi verið jákvæður.

[13:48]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég bað um orðið á nýjan leik eftir að hafa hlýtt á hæstv. fjármálaráðherra sem fór mikinn og sagði að þó þingmenn væru ósáttir við að opinberar nefndir neituðu að koma til fundar við þingnefndir og við tækjum það upp hér og vektum athygli á því að það gengi illa fyrir Alþingi að veita ríkisstjórninni það aðhald sem nauðsynlegt er vildi ég nefna það til upplýsingar fyrir hæstv. fjármálaráðherra að í morgun ræddum við þingmál sem laut að Landssímanum og vorum að kalla eftir upplýsingum. Við ræddum um tvö mál, annars vegar þingmál hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og hins vegar þingmál Vinstri grænna. Það voru því þingmál á dagskrá og við vorum að kalla eftir upplýsingum í tengslum við meðferð þeirra. Það er ekki vani að ráðherrar komi fyrir þingnefndir þó að það sé kannski full ástæða til að breyta því. Ég vildi bara upplýsa þetta.

Ég vil hæla hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir að hafa tekið þetta á dagskrá og fyrir að reyna að kalla til þá sem óskað var eftir og enginn að finna að formennsku hans í nefndinni, nema síður væri. Ég vil þó leiðrétta hv. þingmann því hann gerði þingnefndinni grein fyrir því í morgun að skilaboð hefðu komið frá einkavæðingarnefnd um að ef við vildum fá upplýsingar um málið gætum við ritað bréf og kallað eftir því, en hv. þingmaður sagði áðan að um tveggja manna tal hefði verið að ræða. Ég vildi aðeins leiðrétta þetta.

[13:50]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Segja má að það sé góðra gjalda vert að hæstv. fjármálaráðherra þenji sig svolítið yfir ágæti einkavæðingarinnar og öllum þeim milljörðum sem þar eru í húfi. Þetta er nú einu sinni mergurinn málsins, við erum að tala um margra milljarðatuga hagsmuni.

Fram hefur komið að einkavæðingarnefnd, sem hefur með höndum sölu á Símanum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, sér ekki tilgang í því að ræða við Alþingi. Hæstv. forsætisráðherra, sem er æðsti forsvarsmaður framkvæmdarvaldsins, tekur undir þau sjónarmið og segir að hann sjái ekki tilgang í því að málið sé rætt í Alþingi fyrr en niðurstöður liggja fyrir.

Nú spyr ég: Er það ekki þingsins að leggja mat á þetta? Og er það ekki okkar sem erum í stjórnarandstöðu að meta hvernig við viljum sinna því lögbundna hlutverki sem á okkur hvílir, að veita framkvæmdarvaldinu aðhald? Þetta er spurning um grundvallaratriði í störfum Alþingis og mér finnst ábyrgðarlaust að reyna að drepa málinu á dreif.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, segist hafa orðið við óskum nokkurra þingmanna. Hann varð við óskum stjórnarandstöðunnar á Alþingi sem er að reyna að rækja lögbundnar skyldur sínar. Ég tek undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni þegar hann beindi þeim tilmælum og óskum til okkar forsvarsmanna í þinginu að taka málin upp og skoða þau því við höfum ekki sett punktinn aftan við þessa umræðu.

[13:52]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef ekkert nema gott um það að segja að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar veiti framkvæmdarvaldinu eins mikið aðhald og þeir geta, enda tel ég að þeir séu að því nú og þeir hafa óskað eftir umræðum um málið skipti eftir skipti.

Hins vegar verð ég að segja að mér finnst mjög undarlegt hvað stjórnarandstaðan leggur mikla áherslu á að festa milljarðatugi í samkeppnisrekstri, stjórnarandstaða sem er ávallt að tala um hvað það séu mörg verkefni sem við höfum ekki leyst í samfélaginu en virðist ekki sjá neina leið til að leysa þau verkefni nema hækka skatta á landsmenn. Þetta undrar mig.

Hv. þm. Kristján L. Möller vitnaði í skýrslu sem ég vissi ekki að væri til fyrr en hann upplýsti það fyrir nokkrum dögum. Skýrslan er frá árinu 2000, algjörlega úrelt og gerð áður en fjarskiptalögunum var breytt og áður en ákvörðun var tekin um sölu Símans og samþykkt á Alþingi. Af hverju vitnar hv. þingmaður ekki í forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar sem kom á fund efnahags- og viðskiptanefndar í morgun, helsta sérfræðings í þessum málum? Mér er sagt að hann hafi verið með sérfræðiálit sem hentaði ekki stjórnarandstöðunni (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) og þess vegna dregur stjórnarandstaðan upp fimm ára gamalt plagg sem er algjörlega úrelt og hefur ekkert annað til að fjalla um.

Um fundarstjórn.

Mælendaskrá í athugasemdum um störf þingsins.

[13:55]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því misvægi sem er í aðstöðu manna á Alþingi. Hæstv. forsætisráðherra bað um orðið á undan mér en hann er hins vegar látinn ljúka umræðunni með pólitískum boðskap, með innleggi í umræðuna sem aðrir hefðu ella svarað. Þetta er því miður lýsandi dæmi um hvernig Alþingi vinnur í seinni tíð á forsendum meiri hlutans á Alþingi og á forsendum ráðherra í ríkisstjórn. Mér finnst þetta vera óeðlileg vinnubrögð. Við veitum framkvæmdarvaldinu aðhald og eigum að njóta jafnræðis, alla vega þegar kemur að umræðu í þinginu.

[13:56]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Að gefnu tilefni vill forseti taka fram að honum þótti eðlilegt að gefa hæstv. forsætisráðherra orðið síðast vegna þess að margar fyrirspurnir bárust hæstv. forsætisráðherra og búast mátti við að þær yrðu fleiri. Það var því eðlilegt að taka þær saman áður en hæstv. forsætisráðherra svaraði.

[13:56]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við eigum öll að vita hvernig við höfum verið að þróa dagskrárliðinn sem við köllum Um fundarstjórn eða Athugasemdir um störf þingsins. Fram kom í umræðunni fyrr í vikunni að menn hafa verið að þróa umræðuna með þeim hætti að opna möguleikann á því að hægt sé að taka upp mál sem efst er á baugi hverju sinni. Það hefur verið gert með þeim hætti að einhver hv. þingmaður vekur máls á tilteknu máli og beinir því gjarnan til fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Þess vegna er ekki óeðlilegt að umræðunni sé síðan lokið með þeim hætti að sá hv. þingmaður sem hefur umræðuna, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson í þessu tilviki, sé síðastur almennra þingmanna til að taka til máls og sá hæstv. ráðherra sem málinu er beinlínis beint til hafi tækifæri til að svara fyrir sig, bæði athugasemdum þeim sem hv. þingmaður hefur fram að færa og öðrum athugasemdum frá öðrum hv. þingmönnum.

Þetta hefur verið að þróast svona og við þurfum ekki að vera að hreykja okkur á einhverri hneykslunarhellu og tala um að þetta sé einhver ný aðferð. Þetta hefur einfaldlega verið að þróast svona og mér hefur fundist að um þetta ríkti prýðileg sátt, menn væru ágætlega sáttir við að hafa þetta fyrirkomulag.

Stundum hefur verið fundið að því að menn fari út um víðan völl í umræðum um störf þingsins og um fundarstjórn forseta. Ég hef hins vegar talið nauðsynlegt að til að menn gætu komið sjónarmiðum sínum á framfæri og veitt framkvæmdarvaldinu aðhald að þeir hefðu þetta tækifæri. Þess vegna undrar mig mjög að hv. þingmaður sem hefur m.a. verið nokkuð fyrirferðarmikill í því með sjálfsögðum og eðlilegum hætti að nýta sér þetta fundarform skuli nú vera að reyna að gera það tortryggilegt hvernig það hefur verið að byggjast upp í prýðilegri sátt bæði stjórnar og stjórnarandstöðu.

[13:58]

Mörður Árnason:

Forseti. Það hefur verið til siðs á þinginu að verja ráðherra, sérstaklega hæstv. forsætisráðherra, fyrir hugsanlegu áreiti úr þingsalnum. Er þess skemmst að minnast þegar hæstv. forsætisráðherra — eða var hann utanríkisráðherra þá? — talaði þrisvar í umræðu þar sem tekið er fram að menn megi aðeins tala tvisvar.

Hér er verið er að ræða um störf þingsins. Það er ekkert í þingsköpum sem tiltekur að ráðherra eigi að hafa síðasta orðið í þeirri umræðu þó að það sé svo í utandagskrárumræðum og fyrirspurnum. Það er því mjög eðlilegt að hv. þm. Ögmundur Jónasson geri athugasemd við þetta þegar þessi ráðherra og aðrir hafa þann hátt á að koma með ný efnisatriði í síðustu ræðunni sem þingmenn geta ekki svarað. Fyrir þessu verðum við aftur og aftur.

Hins vegar má segja að þetta sé kannski rökrétt því það bætir upp að ráðherrar eru ekki menn orðsins, þeir eru menn hins síðasta orðs.

[13:59]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég kem hingað aðeins til að vekja athygli þingheims á ansi merkilegri yfirlýsingu sem kom fram hjá hæstv. forsætisráðherra. Hann upplýsir okkur hér og nú um að hann viti ekki um skýrslu frá Samkeppnisstofnun til einkavæðingarnefndar sem dagsett er 7. apríl árið 2000 vegna sölu Landssíma Íslands hf. Í þessari skýrslu segir m.a., með leyfi forseta, í niðurstöðum:

„Að mati Samkeppnisstofnunar getur það haft alvarleg áhrif á samkeppni á fjarskiptamarkaðnum ef ekki er gripið til sérstakra hliðaraðgerða við sölu Landssímans."

Hverjar eru þær hliðaraðgerðir? Það er bent á tvær leiðir, aðskilja grunnnetið við sölu eða skikka Landssímann til að selja frá sér breiðbandið. Svo er vitnað í nýlegt mál ekki langt frá okkur, þ.e. samrunamál Telia og Telenor, þar sem framkvæmdastjórn ESB setti samrunanum ákveðin skilyrði.

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að þetta er mjög merkilegt mál og innlegg hæstv. forsætisráðherra í þessa umræðu. Að því leytinu til hefur hún verið mjög gagnleg, við höfum verið upplýst um að forsætisráðherra sjálfur veit ekki um tilurð þessarar skýrslu (**Gripið fram í:** Hvaða umræða er ...?) Ég veit ekki alveg hvaða umræða er í horninu en það er reyndar annar handleggur. Forsætisráðherra veit ekki um tilurð þessarar skýrslu, og má ég þá spyrja hæstv. forsætisráðherra: Voru þessi gögn ekki lögð fram t.d. á landsfundi Framsóknarflokksins?

[14:01]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill biðja hv. þingmenn að ræða undir þessum dagskrárlið um fundarstjórn forseta. Almennri umræðu um störf þingsins lauk fyrir nokkru síðan.

[14:01]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er kvartað undan því í þessari umræðu að sá ráðherra sem fyrirspurnum er beint til fái að tala mikið. Þingmönnum virðist þykja betra að ráðherrarnir sem verið er að spyrja út úr komist sem minnst að.

Nú kemur hv. þm. Kristján Möller með einhverjar nýjar spurningar, nýjar fullyrðingar, en ég ætla ekki að misnota aðstöðu mína hér og þingsköpin með því að fara út í þær. Ég tel að hv. þingmaður verði að fara út í þær síðar og þess vegna ætla ég ekki að svara þeim.

Mér finnst mjög merkilegt að þingmenn vilji að ráðherrar standi fyrir svörum, sem mér finnst sjálfsagt, en kvarta svo stöðugt undan því að viðkomandi ráðherrar tali of lengi og of oft. Svo kvarta þeir undan því að engu sé svarað. Þetta er alveg kostulegt, og dæmigert fyrir þann málflutning sem stjórnarandstaðan stendur fyrir á Alþingi.

[14:03]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er í annað skipti á örfáum dögum sem við ræðum um þennan lið sem er í þingsköpum, að þingmönnum gefist kostur á að ræða um störf þingsins. Það kemur í ljós sem kannski mátti vænta að reglurnar varðandi þennan lið eru þingmönnum, hæstv. forseta og hæstv. ráðherrum ekki nógu skýrar. Ég held að einboðið sé að þingflokksformenn hljóti að taka þetta upp og ræða það með forseta þingsins vegna þess að hæstv. forseti hefur ítrekað

sagt á fundum þingflokksformanna að þegar farið væri upp undir þessum lið um störf þingsins væri það alls ekkert gefið að málshefjandi og hæstv. ráðherrar sem hugsanlega væri verið að beina spurningum til kæmu upp aftur eða væru síðastir í pontu. Það hefur ítrekað komið fram að hæstv. forseti á hverjum tíma getur ákveðið hverjir ljúka umræðunni. Það er auðvitað ekki nógu gott að velkjast í vafa. Við þingflokksformenn þurfum að ræða þetta betur og taka þennan lið upp við forseta.

Ég vil svo aðeins segja, hæstv. forseti, að mér finnst eðlilegt að máli eins og því sem hér var tekið upp um störf þingsins, um það þegar nefndir framkvæmdarvaldsins neita að mæta og ræða við þingmenn í þingnefndum, sé beint til hæstv. forseta þingsins. Hann á að vernda rétt þingsins til að ná í upplýsingar. Fulltrúum í einkavæðingarnefnd eða öðrum nefndum sem boðaðar eru fyrir þingnefndir er þá í sjálfsvald sett þegar komið er til þingnefndarinnar að segja hvaða upplýsingar þeir geta látið í té og hverjar ekki. Það er hlutverk hæstv. forseta að standa með þingmönnum, þingnefndum, í því að við getum veitt framkvæmdarvaldinu það aðhald sem mögulegt er.

[14:05]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er vissulega rétt sem fram kom í máli hæstv. forsætisráðherra, iðulega vilja alþingismenn að ráðherrar svari þeim spurningum sem til þeirra er beint. Þetta er þó ekki einhlítt í þeirri umræðu sem stofnað er til hér á Alþingi. Stundum óska menn eftir svörum frá ríkisstjórninni og einstökum ráðherrum. Í öðrum tilvikum kunna menn að vilja koma eigin sjónarmiðum á framfæri.

Ég hafði t.d. heyrt afstöðu hæstv. forsætisráðherra til þessa máls. Ég var honum ósammála. Ég hafði fyrir mitt leyti t.d. ekki í hyggju að beina til hans frekari spurningum. Ég vildi hins vegar koma mínum eigin sjónarmiðum á framfæri. Stjórnarandstaðan hafði óskað eftir því og gerði það. En þetta er dæmigert fyrir viðhorf og afstöðu ráðherra. Ríkisstjórnin lítur svo á að hér séu annars vegar þeir sem valdið hafa og hins vegar hinir sem hafa ekkert annað til málanna að leggja en beina spurningum til valdamanna. Þannig á Alþingi ekki að starfa. Við eigum að vera hér jafnrétthá til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri.

Stofnun einkahlutafélags um Orkuveitu Húsavíkur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 399. mál. — Þskj. 895.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:08]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í örstuttu máli gera grein fyrir því að ég er að mörgu leyti sammála efnisatriðum þessa frumvarps að undanskilinni 1. gr. frumvarpsins sem opnar fyrir einkavæðingu raforkunnar. Því er ég algerlega andvígur og þess vegna greiði ég atkvæði gegn frumvarpinu. (**Gripið fram í:** Þetta eru þínir menn.)

Frv. samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HHj, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, StB, VS, ÞKG.

nei: ÖJ.

3 þm. (AtlG, JBjarn, ÞBack) greiddu ekki atkv.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMM, BjörgvS, BBj, DO, EOK, GAK, GÞÞ, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, JÁ, JóhS, JGunn, JBjart, KJúl, LB, MÞH, RG, SP, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 935)

Einkaleyfi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 251. mál (EES-reglur, einkaréttur lyfja). — Þskj. 269.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG, ÖS.

18 þm. (AKG, AtlG, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, HHj, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GAK, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, JÁ, JGunn, JBjart, KJúl, RG, SP, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 936)

Umgengni um nytjastofna sjávar o.fl., frh. 2. umr.

Frv. ÖHJ o.fl., 215. mál (refsiákvæði, breyting ýmissa laga). — Þskj. 217, nál. 869, brtt. 870.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:10]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Markmið þessa frumvarps var fyrst og fremst að rýmka refsilöggjöfina og gera sýnilegri gagnvart stærð brotanna. Frumvarpið var flutt af þingmönnum allra flokka og reyndar af meginþorra þeirra sem skipuðu þá samgöngunefnd um að minni háttar brot skyldu ekki vera bundin lágmarksrefsingu eins og var í fyrrgreindum lögum. (**Gripið fram í:** Sjávarútvegsnefnd.) Í sjávarútvegsnefnd. Þetta er í sjálfu sér ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill áminna þingmenn um að gefa hv. þm. Jóni Bjarnasyni tækifæri til að ljúka ræðu sinni.)

Maður veit aldrei hvaðan á sig stendur veðrið í þessum þingsal, eins og forsætisráðherra verður oft að mæta hér og rakti áðan.

Frumvarpið lýtur að því að breyta refsilagarammanum um brot á lögum um nytjastofna sjávar og því að fyrir minni háttar brot séu ekki lagðar á miklar refsingar. Ég styð þessar breytingar sem voru gerðar á frumvarpinu vegna þess að ég tel að það frumvarp sem nú er í gangi, eins og það kemur frá nefndinni, sé framför. Hins vegar vek ég athygli á því að í nefndinni var, að ég hélt, samstaða um að sett yrði í gang sú vinna að kanna refsiramma og refsingar gagnvart brotum á lögum sem lúta að sjávarútveginum, fiskveiðum, umgengni um nytjastofna sjávar, öðrum brotum í þjóðfélaginu, þannig að um nytjastofna sjávar giltu ekki einhver sérstök lög og harðari en gilda almennt í þjóðfélaginu. Þetta átti að samræma. Það er ekki eðlilegt að sjómenn verði frekar en aðrir dæmdir fyrir fram sem afbrotamenn eða harðar dæmdir en það væri þá í valdi dómarans að gera það. Ég tel mikilvægt að sjávarútvegsnefnd taki þetta mál til skoðunar á þennan hátt.

[14:12]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur ákveðið að vera samþykkur þessu frumvarpi, reyndar með fyrirvara. Hér er verið að setja ný ákvæði varðandi refsingu þegar um er að ræða brot á fiskveiðistjórnarlögunum. Við erum ekki fyllilega sammála þeirri lendingu sem náðst hefur í þessu máli.

Við höfum haft veður af því að fulltrúar bæði minni hlutans og meiri hlutans í sjávarútvegsnefnd hafi lagst í nokkurs konar samningaviðræður við fulltrúa frá framkvæmdarvaldinu um þessa lagasetningu. Hér er ég þá að tala um embættismenn í sjávarútvegsráðuneytinu. Ég tel þá þróun mjög varhugaverða þegar þingnefndir leggjast í samningaviðræður við embættismenn úti í bæ um það hvernig haga beri lagasetningum í landinu. Slík þróun verður einnig áberandi í ljósi þeirrar umræðu sem við tókum áðan um að ákveðin nefnd á vegum framkvæmdarvaldsins hefði ekki séð ástæðu til að mæta einu sinni fyrir þingnefnd.

Mig langaði til að vekja athygli á þessu og tel ekki vanþörf á.

Við hefðum gjarnan viljað sjá þær breytingar sem verið er að gera á þessum lögum ganga lengra vegna þess að hér er aðeins kveðið á um að ef um ítrekað brot sé að ræða, og þá jafnvel smávægilegt, litlar yfirsjónir, jafnvel fyrir slysni, skuli lágmarkssekt áfram verða 400 þús. kr. Þetta er allt of há upphæð, allt of strangt. Því miður hefur mjög margt í fiskveiðilöggjöfinni verið allt of strangt. Refsigleðin hefur ráðið þar ríkjum allt of lengi og það er fyllilega kominn tími til að þetta verði allt skoðað ofan í kjölinn. Á hitt ber þó að líta að þær umbætur sem hér eru gerðar eru það jákvæðar að við teljum rétt að vera með og segja já með þeim fyrirvara sem ég hef greint frá.

[14:15]

Margrét Frímannsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps er varaþingmaður Samfylkingarinnar, Örlygur Hnefill Jónsson og biður hann fyrir bestu kveðjur til þingsins og þakklæti fyrir góða vinnu í sjávarútvegsnefnd.

Það er skoðun okkar í þingflokki Samfylkingarinnar að þarna hafi samningaviðræður þingmanna og embættismanna borið góðan árangur og við erum auðvitað mjög hlynnt þessu frumvarpi. (Gripið fram í.)

[14:16]

Guðjón Hjörleifsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd sjávarútvegsnefndar þakka fyrir góðar kveðjur að norðan. Það er alltaf gaman þegar samstaða næst í nefndinni og það var mjög eðlilega að þessu staðið.

Mér var falið sem fulltrúa meiri hlutans og Jóni Gunnarssyni sem fulltrúa minni hlutans að fara yfir þessi mál. Þetta var unnið alfarið af okkur og ritara nefndarinnar og við lukum þessu farsællega.

Brtt. 870,1 samþ. með 42 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 870,2.–4. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–5. gr., svo breyttar, samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Sala kristfjárjarðarinnar Utanverðuness, frh. 2. umr.

Stjfrv., 504. mál. — Þskj. 768, nál. 898, brtt. 899.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]
Brtt. 899 samþ. með 41 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 242, nál. 908, brtt. 909.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 909,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
3.–7. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 909,2–7 samþ. með 42 shlj. atkv.
8.–17. gr., svo breyttar, samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 495. mál (rjúpnaveiðar, sölubann og takmörkun veiða). — Þskj. 757, nál. 906, brtt. 907 og 925.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 925 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 907,1 (ný 2. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JónK, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
19 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, BBj, DO, EOK, GAK, GÁS, GÖg, GÖrl, HBl, JÁ, JGunn, JBjart, KJúl, MÞH, RG, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:21]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Hér urðu nokkrar umræður um þessa breytingartillögu og ýmislegt fleira í gær í tengslum við þetta mál og þá kom í ljós að sumir þingmenn höfðu misskilið breytingartillöguna. Þess vegna ætlum við að gefnu tilefni að skoða það á milli umræðna í nefndinni og það er tilkynnt hér með þannig að það fari ekkert á milli mála hvað þarna er á ferðinni.

Brtt. 907,2 samþ. með 46 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 907,3 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 907,4 samþ. með 46 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Þunglyndi meðal eldri borgara, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁÓÁ o.fl., 71. mál. — Þskj. 71.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Frv. ÁÓÁ o.fl., 72. mál (kynferðisbrot gegn börnum). — Þskj. 72.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Sérdeild fyrir fanga á aldrinum 18 til 24 ára, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁÓÁ o.fl., 73. mál. — Þskj. 73.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Samkeppnislög, 1. umr.

Stjfrv., 590. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 883.

[14:27]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tveimur frumvörpum sem snúa að skipulagi þeirra stofnana sem sjá um framkvæmd samkeppnisreglna og neytendamála. Hér er um að ræða frumvarp til samkeppnislaga sem er 590. mál þingsins á þskj. 883 og frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins sem er 591. mál þingsins á þskj. 884.

Í þessum tveimur frumvörpum eru gerðar tillögur að breytingum á skipulagi þeirra stofnana sem sjá um framkvæmd samkeppnisreglna og neytendamála, en það varð niðurstaða nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis að nauðsynlegt væri að efla eftirlit með samkeppnishömlum á markaði. Taldi nefndin að þetta yrði best gert með því að gera störf samkeppnisyfirvalda skilvirkari og veita meira fjármagn til þerra með því að þau verkefni sem lúta að óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins yrðu ekki unnin í sömu stofnun og þau verkefni sem snúa sérstaklega að samkeppnismálum.

Hæstv. forseti. Ég mun fyrst fjalla um frumvarp til samkeppnislaga og því næst um frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Frumvarp til samkeppnislaga sem er 590. mál þingsins á þskj. 883 var samið með hliðsjón af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis en breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu eru þó ekki að öllu leyti í samræmi við tillögur nefndarinnar. Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar sem nauðsynlegt er að gera vegna innleiðingar tveggja reglugerða Evrópusambandsins, þ.e. annars vegar er um að ræða reglugerð nr. 1/2003, um

framkvæmd samkeppnisreglna, og hins vegar samrunareglugerð nr. 139/2004, um eftirlit með samfylkingum.

Í frumvarpinu eru ekki gerðar tillögur um heildarendurskoðun samkeppnislaga. Breytingarnar sem lagðar eru til snerta flest ákvæði samkeppnislaga auk þess sem lagt er til að þrír kaflar laganna verði felldir brott og settir í sérstök lög. Því var talið eðlilegt að leggja fram frumvarp til nýrra laga í stað þess að leggja til breytingar við gildandi lög.

Segja má að frumvarp til samkeppnislaga sé þríþætt. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á skipulagi samkeppnisyfirvalda sem miða að því að einfalda stjórnsýslu á sviði samkeppnismála. Nú eru liðin 11 ár frá gildistöku samkeppnislaga og hefur það sýnt sig að samkeppnisyfirvöld geta ekki við óbreyttar aðstæður sinnt nauðsynlegum verkefnum. Því er nauðsynlegt að gera breytingar á starfsemi og skipulagi þeirra annars vegar með því að að færa verkefni frá samkeppnisyfirvöldum og hins vegar með því að breyta skipulagi og þar með verklagi samkeppnisyfirvalda.

Tillögur um breytingar sem lúta að skipulagi og stjórnsýslu samkeppnisyfirvalda miða að því að einfalda stjórnsýsluna á sviði samkeppnismála. Nú annast samkeppnisráð, Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála daglega stjórnsýslu á því sviði sem samkeppnislögin taka til. Gegnir samkeppnisráð lykilhlutverki í stjórnsýslu samkeppnismála, en það er aðalúrskurðaraðilinn á neðra stjórnsýslustigi. Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar sæta kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Þykir þetta fyrirkomulag óþarflega flókið.

Lagt er til að sett verði á fót ný stofnun, Samkeppniseftirlitið, en henni er ætlað að taka við þeim verkefnum Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs er snúa að samkeppnismálum. Þá er lagt til að samkeppnisráð verði lagt niður en að Samkeppniseftirlitinu verði skipuð þriggja manna stjórn sem að nokkru leyti er ætlað að yfirtaka þau verkefni er nú heyra undir samkeppnisráð. Stjórninni er ætlað að móta áherslur í starfi Samkeppniseftirlitsins og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Þá er lagt til að áður en stofnunin tekur meiri háttar ákvarðanir skuli þær bornar undir stjórnina til samþykktar eða synjunar.

Þar sem sjálfstæði Samkeppniseftirlitsins gagnvart viðskiptaráðherra er mikilvægt er lagt til að forstjóri þess verði ráðinn af stjórn stofnunarinnar og að hann beri ábyrgð gagnvart henni.

Í öðru lagi er lagt til í frumvarpinu að lögfestar verði heimildir samkeppnisyfirvöldum til handa til þess að krefjast þess að fyrirtæki sem brotið hafa gegn ákvæðum samkeppnislaga breyti skipulagi sínu. Er þetta lagt til í samræmi við niðurstöðu meiri hluta nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis. Ákvæði gildandi samkeppnislaga eru ekki talin veita samkeppnisyfirvöldum nægilega skýrar heimildir til að krefjast skipulagsbreytinga en mikilvægt þykir að í samkeppnislögum sé skýr heimild til handa Samkeppniseftirlitinu til að krefjast þess að fyrirtæki breyti skipulagi sínu. Tillagan er í samræmi við breytingar sem nýlega voru gerðar á samkeppnisreglum Evrópusambandsins, sbr. reglugerð nr. 1/2003, og norskum samkeppnislögum og í samræmi við heimildir sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur að því er varðar brot á 53. og 54. gr. EES-samningsins. Sambærilegar heimildir er einnig að finna í fleiri löndum, m.a. Bretlandi, Írlandi og Bandaríkjunum, auk þess sem fyrir liggja tillögur um slíka löggjöf í Þýskalandi. Þá er tillagan einnig í samræmi við þær heimildir sem Samkeppnisstofnun hefur nú þegar skv. 14. gr. samkeppnislaga og hefur iðulega beitt til að krefjast skipulagsbreytinga hjá opinberum stofnunum sem stunda samkeppnisrekstur.

Lagt er til að Samkeppniseftirlitið geti beitt úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi í hlutfalli við það brot sem framið hefur verið og nauðsynlegt telst til að stöðva það í reynd. Þó er gert ráð fyrir að einungis verði heimilt að beita úrræðum til breytingar á skipulagi ef fullreynt þykir að ekki sé fyrir hendi jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli eða þar sem jafnárangursríkt úrræði til breytingar á atferli væri meira íþyngjandi fyrir hlutaðeigandi aðila en úrræði til breytingar á skipulagi. Jafnframt þessari breytingu er lagt til að c-liður 1. mgr. núgildandi 17. gr. samkeppnislaga falli brott, en þar er kveðið á um að samkeppnisráð geti gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

Í þriðja lagi felur frumvarpið í sér breytingar sem nauðsynlegt er að gera vegna innleiðingar á tveimur reglugerðum Evrópusambandsins sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn. Í fyrsta lagi er um að ræða reglugerð nr. 1/2003, um framkvæmd samkeppnisreglna, sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans. Í öðru lagi er um að ræða breytingar sem nauðsynlegt er að gera vegna innleiðingar reglugerðar nr. 139/2004, um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerðina). Innleiðing gerðanna hefur í för með sér efnislegar breytingar á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem nauðsynlegt er talið að lögfesta. Breytingarnar sem lagðar eru til vegna innleiðingar þessara gerða snúa einungis að ákvæðum í VII. kafla frumvarpsins, um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl., samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Frumvarp vegna innleiðingar reglugerðar Evrópusambandsins nr. 1/2003 var lagt fram á 130. löggjafarþingi en varð ekki útrætt og hafa ákvæði þess frumvarps verið felld inn í það frumvarp sem nú liggur fyrir þinginu með nokkrum breytingum.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið umfjöllun minni um frumvarp til samkeppnislaga. Miðað við það sem hér hefur komið fram, hæstv. forseti, þá skilst mér að einhver misskilningur hafi orðið í sambandi við hvaða frumvörp óskað var eftir að yrðu rædd saman og hvaða frumvarp yrði rætt sérstaklega. Það er því kannski rétt að ég láti hér staðar numið og taki þá framsögu þess máls sem ég ætlaði nú að mæla fyrir með frumvarpi um Neytendastofu sem ég mun mæla fyrir á eftir.

Ég vil að síðustu segja að í því frumvarpi sem ég hef nú mælt fyrir eru gerðar tillögur að breytingum á skipulagi þeirrar stofnunar sem sér um framkvæmd samkeppnisreglna og verði það óbreytt að lögum mun það hafa í för með sér öflugra eftirlit með samkeppnishömlum á markaði og gera störf samkeppnisyfirvalda skilvirkari en nú er. Fjárframlög til samkeppniseftirlits munu aukast um 60 millj. kr.

og hægt verður að fjölga sérfræðingum stofnunarinnar um sjö, þ.e. úr tíu í sautján.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frumvarp en ég mælist til þess að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[14:36]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að hlutverk stjórnar væri m.a. að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar. Það væri ágætt að fá nánari skýringu á því vegna þess að stjórnin er einmitt skipuð af ráðherranum sjálfum og það væri því fróðlegt að fá upplýst hvernig hún sjái það fyrir sér að stjórnin auki sjálfstæði stofnunarinnar. Mér er það ekki fyllilega ljóst. Einnig er það í ósamræmi að skipa sérstaka stjórn vegna þess að þróunin hefur verið sú að hætta með ákveðnar stjórnir yfir ríkisstofnunum. Hvers vegna er þessi stofnun tekin út úr og skipuð sérstök stjórn yfir hana? Það væri mjög fróðlegt að fá að heyra nánar um það atriði.

[14:37]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst taka það fram að þetta stjórnskipulag er í samræmi við skipulag Fjármálaeftirlitsins og það þykir hafa reynst mjög vel þar.

Eins og kom fram hjá hv. þingmanni mun ráðherra skipa þriggja manna stjórn og stjórnin mun ráða forstjóra. Það verður sem sagt ekki eins og er í dag að forstjóri heyri beint undir ráðherra. Það er ekki samband þarna á milli sem skiptir miklu máli. Lagt er til að það sé hlutverk stjórnar Samkeppniseftirlitsins að móta áherslur í starfi stofnunarinnar og fylgjast með starfsemi og rekstri hennar.

Einnig er lagt til að áður en Samkeppniseftirlitið tekur meiri háttar ákvarðanir skuli þær bornar undir stjórn. Með því er ætlunin að tryggja enn frekar að meðalhófs sé gætt í öllum aðgerðum stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að stjórn Samkeppniseftirlitsins móti á svipaðan hátt eigin reglur um störf sín og samskipti við stofnunina, forstjóra og starfsmenn hennar, og er hvað varðar Fjármálaeftirlitið og skilgreini þannig sjálf nánar hvers konar ákvarðanir skuli bera undir stjórn. Ekki er kveðið nákvæmlega á um það í lagatextanum.

[14:39]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn breyta ekki eingöngu til þess að breyta heldur hlýtur eitthvað að hafa verið að skipulaginu eins og það var. Ég tel að hæstv. ráðherra sé einmitt að fella þann dóm að ekki hafi verið gætt meðalhófs, það sé í raun gefið hér í skyn með orðunum. Mér finnst í rauninni tímabært að hæstv. ráðherra tali hreint út hvað það er nákvæmlega og hvaða ákvarðanir það eru sem bera þurfi undir ákveðna stjórn. Mér finnst það mjög mikilvægt.

Ég átta mig alls ekki á því að með þessu sé verið að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar, sérstaklega í ljósi þess að ráðherra skipar sjálf stjórnarmennina. Það er í rauninni fáheyrt að bera slíka vitleysu á borð fyrir fólk og almenning í landinu. Auðvitað trúir þessu enginn maður. Það er bara algjör della í hæstv. ráðherra að halda þessu fram. Það sjá allir í gegnum þetta.

Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti einmitt að taka þetta ákvæði til endurskoðunar eða þá að tala hreint út um hlutina og segja nákvæmlega frá því hvað var að í fyrra skipulagi stofnunarinnar.

[14:40]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú erfitt að rökræða við hv. þingmann þegar hann talar með þeim hætti sem hann gerir hér. Það fyrirkomulag sem hér er lagt til með þessu frumvarpi býður upp á einfaldari stjórnsýslu á sviði samkeppnismála (Gripið fram í.) því núverandi fyrirkomulag þykir óþarflega flókið og tímafrekt.

Af því að hv. þingmaður kallaði hér fram í og sagði að verið væri að bæta við nefnd, þá er það svo að í dag er starfandi samkeppnisráð sem vill svo til að viðskiptaráðherra skipar, viðskiptaráðherra skipar samkeppnisráð í dag. Hér er hins vegar verið að tala um stjórn í staðinn fyrir ráðið og stjórnin ræður forstjórann. Það er alveg með endemum ef hv. þingmaður getur ekki tekið undir að það auki sjálfstæði stofnunarinnar þegar forstjórinn heyrir ekki beint undir ráðherra heldur undir stjórnina. (**SigurjÞ:** Og þarf að bera allar meiri háttar ákvarðanir undir ...)

Það er kannski ekki gott að vera hér með tveggja manna tal, hæstv. forseti, ég held að hv. þingmaður fái tækifæri til að koma upp aftur ef hann sér ástæðu til. En það kemur mér ekkert á óvart að þessi málflutningur skuli vera hafður uppi hér vegna þess að hv. þingmaður hefur eflaust leitað lengi að því sem hann gæti helst fundið að þessu máli og þarna ber hann niður og er ekkert frekar um það segja. Ég hef sannfæringu fyrir því að það sem lagt er til í þessu frumvarpi sé til mikilla bóta.

[14:43]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til nýrra samkeppnislaga sem hæstv. ráðherra hefur mælt fyrir. Ég verð að segja að mér þótti óskaplega miður hve rýr ræða hæstv. ráðherra var og hve lítið hún reyndi að gera grein fyrir þeim breytingum sem ráðast á í og reyndi í engu að útskýra hvers vegna verið er að setja þessi nýju lög. Ef einhverjir ætla einhvern tíma í framtíðinni að reyna að nota þessa ræðu til skýringar á þeim reglum sem hugsanlega verða lögfestar þá verður hún til einskis nýt og það er afleitt í eins stóru máli og hér um ræðir að framsöguræður ráðherra séu af þeim toga sem við hlýddum hér á.

Almennt má rekja þessa lagabreytingu til mikillar umræðu í samfélaginu um vaxandi hringamyndun, ótta manna við að fáir sterkir aðilar væru að eignast hér flesta hluti eða eins og Morgunblaðið orðaði það stundum í baráttu sinni fyrir nýrri löggjöf, að það væru fáir sterkir aðilar að eignast Ísland. Það væri mikilvægt að setja ný lög sem tryggðu og kæmu í veg fyrir að slík þróun ætti sér stað. Um þetta varð mikil umræða, margar blaðagreinar birtust, m.a. eftir hæstv. þáverandi forsætisráðherra og núverandi utanríkisráðherra,

og hæstv. viðskiptaráðherra fjallaði um málið víða í samfélaginu.

Þá var ákveðið að setja á fót nefnd sem hefur gengið undir nafninu hringormanefndin og átti hún að skila tillögum til að ná þessu markmiði. Nefndin skilaði tillögum á síðasta ári og fannst mönnum ýmislegt um þær, ýmist að þær yrðu til bóta eða ekki. Því verður að segjast eins og er að þetta frumvarp hlýtur að vera mikið áfall fyrir þá sem hér töluðu lengi um nauðsyn þess að setja ný lög á samkeppnissviði með það að markmiði að koma í veg fyrir hringamyndun, óeðlileg eignatengsl í samfélaginu og markaðsráðandi stöðu. Lagt var upp með þau markmið og slík lög áttu að tryggja virka samkeppni í samfélaginu.

Þegar frumvarpið er skoðað, virðulegi forseti, verður fyrst á vegi manna að horfa á það hvernig eftirlitsstofnuninni sjálfri er skipt upp. Ég tel í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við þá hugmynd að skipta stofnuninni upp eins og fram kom hjá svokallaðri hringormanefnd og er stuðst við í þessu tilviki en það sem stingur í augu hvað það varðar er vitaskuld þessi sérstæða stjórn sem er sett yfir stofnunina, og að því er virðist henni til höfuðs. Eins og hæstv. ráðherra sagði áðan, og einnig kemur fram í greinargerð, hefur stjórnin það hlutverk að tryggja meðalhóf í ákvörðunum og starfsemi stofnunarinnar. Þá hljóta menn að spyrja: Hvar hefur stofnunin farið út fyrir mörkin? Hvar var þetta óhóf sem kallaði á það að setja þriggja manna herráð, pólitískt skipað herráð, yfir þessa stjórn? Hvernig leyfist hæstv. ráðherra að segja í umræðunni að þetta sé til þess fallið að efla sjálfstæði stofnunarinnar? Í mörgum ræðum á hinu háa Alþingi og víðar í samfélaginu hefur hæstv. viðskiptaráðherra sagt: Ég skipti mér ekki af og beiti mér ekki gagnvart þessum eftirlitsstofnunum. Ég hef ekki orðið var við að hæstv. ráðherra hafi gert það, enda hefur Samkeppnisstofnun oft og tíðum, og oftast, unnið mjög vel.

Hvar var þetta ósjálfstæði sem verið er að tryggja með því að skipa þriggja manna nefnd til að hafa eftirlit með því að það sé meðalhóf í ákvörðunum stofnunarinnar? Hvað er verið að fara? Í þessu ferli frá því að fyrstu drög voru kynnt er búið að taka út ákvæði þess efnis að þeir sem sitja í stjórninni skuli uppfylla ákveðin hæfisskilyrði sem þó eru í lögum um Fjármálaeftirlitið. Vel má vera að hér sé eitt af þessum gömlu trixum sem felast í að menn búa til vandamál til að geta leyst þau. Menn setja svo vitlausar hugmyndir fram að fólk sem hefur í raun og veru mikilla hagsmuna að gæta yrði sett í slíka stjórn. Ef lögin fara óbreytt í gegn gæti hæstv. ráðherra skipað forstjóra í tryggingafélögum, olíufélögum og matvörukeðjum sem stjórnarmenn í þessa stjórn til að gæta meðalhófs og tryggja að ekki verði farið út fyrir meðalhóf í starfsemi stofnunarinnar. Hvers konar dómadagsdella er þetta, virðulegi forseti? Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að hér sé aðeins ein af þessum æfingum þar sem sett er fram hugmyndafræði sem allir vita að gengur ekki upp og svo eftir einhvern tíma þegar menn eru búnir að búa til vandamálið kemur lausnin og hún er að setja þetta inn aftur, þ.e. gera ákveðin hæfisskilyrði á sama hátt og er í Fjármálaeftirlitinu og þá séu menn búnir að leysa slík vandamál. Ég lít svo á að hér sé slíkur bjálfagangur á ferðinni að það sé á mörkum þess að hægt sé að taka málið alvarlega.

Það sem er jákvætt við þetta, og verður að taka fram strax, er að samkvæmt frumvarpinu á að bæta 60 millj. kr. í samkeppniseftirlit. Því ber að fagna. Því ber að fagna að loksins á að setja meira fé í stofnunina eftir að hún hefur verið svelt í öll þessi ár. Einkanlega hefur Sjálfstæðisflokkurinn farið fremstur í flokki. Það er vissulega jákvætt að bæta eigi 60 millj. í stofnunina en þess ber þó að gæta að í þarfagreiningu hefur komið fram að a.m.k. 100 millj. þurfi, aðeins til að sinna þeim erindum sem stofnuninni berast. Það þarf að bæta við 100 millj. miðað við núverandi fjárlög til að geta sinnt þeim verkefnum sem stofnuninni berast þannig að þrátt fyrir þessar 60 millj. sem hér á að bæta við er ekki gert ráð fyrir því að stofnuninni takist að sinna þeim verkefnum sem henni eru ætluð. Engu að síður ber að fagna því að setja eigi meiri fjármuni í stofnunina.

Hið alvarlega í þessu máli er hins vegar að eftir alla þá umræðu sem fram hefur farið, alla þessa umræðu um hringamyndanir, alla umræðuna um að koma í veg fyrir að fáir sterkir aðilar kaupi upp Ísland, alla umræðuna sem var tilefni þess að menn eru að breyta þessum lögum, er niðurstaðan sú að hér liggur á borðinu frumvarp til laga sem, verði það óbreytt að lögum, er veikara en sú löggjöf sem nú er í gildi. Hringormanefnd vann skýrslu vegna þess að menn óttuðust þessa samþjöppun og hringamyndun en nú sjáum við fram á veikari löggjöf. Skýringin er í sjálfu sér mjög einföld. Fella á út heimild samkeppnisyfirvalda um að í tilvikum þar sem sú staða er uppi að eiginleg samkeppni getur ekki átt sér stað hefur stofnunin ekki lengur þau tæki á höndum sem hún hefur við núverandi fyrirkomulag. Það er athyglisvert vegna þess að í umræðunni hafa stjórnarliðar oft og tíðum talað mikið og farið mikinn um til að mynda þá samþjöppun sem átt hefur sér stað á matvörumarkaði.

Við skulum bara taka það dæmi. Samkvæmt gildandi lögum gæti Samkeppnisstofnun gripið inn í og skipt upp eða krafist skipulagsbreytinga á Baugi sem hefur oftast verið nefndur til sögunnar. Samkvæmt núgildandi lögum væri það hægt. Samkvæmt núgildandi lögum væri hægt að krefjast uppskiptingar á Baugi. Sennilega væri það sama hægt með Símann verði hann seldur með a.m.k. 70% markaðshlutdeild og eins getur þetta átt við um lyfjafyrirtæki. Eftir setningu þessara laga er það ekki hægt nema þau verði staðin að brotum. Við skulum gefa okkur lítið dæmi.

Það að ráða 70% af matvörumarkaðnum er alveg gríðarlega öflug staða og gefur mönnum óheyrilegt vald. Þeir sem vilja komast inn í búðir, inn á markað þar sem einstakur aðili hefur slíka yfirburðastöðu, þurfa að gefa gríðarlegan afslátt á vörum sínum til að komst inn í þessar verslanir. Það er afsláttur sem hann verður síðan að sækja annars staðar og hver maður sér í hendi sér að aldrei getur þróast eðlileg, skynsamleg og virk samkeppni við slíkar aðstæður. Það getur einfaldlega aldrei gerst vegna þess að það þarf að sækja þennan afslátt eða tap á þessum viðskiptum til einhverra annarra. Hér er samt ekki um að ræða nein brot. Hér er um að ræða ákveðna kröfu til viðskiptavina birgja fyrir því að þeir komist að. Svona vinnubrögð gera það þó að verkum að samkeppni getur aldrei þróast. Samkeppni fær ekki þróast á eðlilegan hátt við þessar aðstæður. Það tæki er tekið út. (**Gripið fram í:** Hefur því verið beitt?) Því hefur ekki verið beitt en hér er verið að taka það út. Því verður

a.m.k. ekki beitt ef það verður tekið út.

Mig langar, virðulegi forseti, til að vekja sérstaka athygli á einu vegna þess að það er eins og hér hafi verið samið út atriði eftir atriði án samhengis við önnur atriði. Ég held að full ástæða sé til að líta á 8. gr. d í þessu frumvarpi þar sem fjallað er um hlutverk samkeppniseftirlits. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja; skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni; stofnunin skal birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða ?“

Með því að taka út það ákvæði sem ég vísaði til hefur stofnunin engin tæki til að grípa til aðgerða, engin einustu tæki. Þannig er þá búið um hnútana að það frumvarp sem við hér fjöllum um, þær lagareglur, þau tæki sem á að setja og lögfesta í þessu samfélagi sem eiga að vera umgjörð og leikreglur um íslenskt viðskiptalíf, er veikara en það sem er við lýði. Það vantaði alveg skýringar í framsögu hæstv. ráðherra á því hvers vegna hæstv. ráðherra velur að fara þessa leið. Hvers vegna velur hæstv. ráðherra að veikja lögin frá því sem nú er? Það var lagt af stað með allt aðra hugmynd og ég verð að segja að sú niðurstaða sem hér liggur fyrir, þ.e. verði hún óbreytt að lögum, hlýtur að verða mikið áfall fyrir þá sem börðust hatrammri baráttu fyrir því að hér yrðu sett lög sem gætu tekið á hringamyndun, samþjöppun og eignatengslum í íslensku samfélagi.

Ég vildi nefna eitt vegna frammíkalls hv. þm. Péturs Blöndals áðan. Ekki er hægt að líta fram hjá því ákvæði sem ég vitnaði til að horft væri til í ákvörðun 21/1998, um breiðband Símans. Það er ekki rétt að aldrei hafi verið horft til þessa ákvæðis og í þeim úrskurði kemur einmitt fram að samkeppnisyfirvöld hafa talið sér heimilt að skipta upp fyrirtækjum hingað til. Það sem nú er verið að setja í lögin sem menn jafnvel kunna að segja að sé eitthvað nýtt er aðeins hluti sem kemur inn vegna EES hvort sem er þannig að það hefur enga breytingu í för með sér, enga. Það er engin viðbót við þau tæki sem samkeppnisyfirvöld hafa.

Það sem hér verður einnig að vekja athygli á samkvæmt því frumvarpi sem verið er að ræða er ætlunin að skipa nýjan forstjóra yfir þessari nýju stofnun, og það gerir þessi stjórn. Þessari stjórn sem ég nefndi áðan er ætlað að gera það og hún gæti verið þess vegna skipuð forstjórum tryggingafélaga, olíufélaga og ráðandi keðja á matvörumarkaði vegna þess, virðulegi forseti, (**Viðskrh.:** Þetta er fyndið.) að hæstv. ráðherra tók út úr drögum að frumvarpinu ákvæði þess efnis að gera ákveðin hæfisskilyrði. Hæstv. ráðherra kallar fram í að þetta sé óskaplega fyndið. Kannski er það trixið að búa fyrst til vandamál og leysa það svo og það þykir hæstv. ráðherra óskaplega fyndið. Ég vil taka undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni sem talaði hér áðan, það er algerlega ótækt að hæstv. ráðherra flytji þá framsöguræðu sem hún flutti um þetta tiltekna málefni, enda gerir það að verkum að hún verður algerlega ónothæf þegar kemur til þess að reyna að skýra þetta ákvæði.

Hæstv. ráðherra verður einnig að skýra það af hverju hún hefur ákveðið að fara þá leið að fylgja ekki tillögum hinnar svokölluðu hringormanefndar, sem ég hef leyft mér að kalla svo, um að heimilt verði að gera húsleit á heimilum og landsvæðum vegna þessara brota, þ.e. af hverju þessu er ekki fylgt eftir. Þar var um að ræða hreinar og klárar tillögur þessarar nefndar. Reyndar átti hið sama við um að þessi svokallaða 17. gr. eins og hún nú er í samkeppnislögum yrði áfram inni. Það hélst nú reyndar í hendur. Hæstv. ráðherra verður að skýra þetta.

Þá er einnig búið að taka út frá fyrstu drögum þessa frumvarps ákvæði sem ég tel vera mjög mikilvægt, þess efnis að samkeppnisyfirvöld geti einnig áfrýjað málum til dómstóla. Það er mjög mikilvægt þegar yfirvöld álykta sem svo að áfrýjunarnefnd hafi komist að niðurstöðu sem samræmist ekki hagsmunum almennings að geta látið á það reyna fyrir dómstólum, þ.e. ekki bara þeir sem eru taldir hafa gerst brotlegir við samkeppnislög, ekki bara þeir heldur einnig þeir sem hafa það hlutverk í íslensku samfélagi að gæta hagsmuna almennings, að gæta hagsmuna neytenda, að þeir geti farið með þessi mál fyrir dómstóla. Ég tel það, virðulegi forseti, afar mikilvægt og þar sem ég veit að þetta mál kemur til efnahags- og viðskiptanefndar þá mun ég tala fyrir því þar í nefndinni.

Svona rétt í lokin af því ég sé að tími minn er að verða útrunninn vil ég segja að samkeppnislög eru þannig í eðli sínu að þau hefta ákveðið athafnafrelsi í því skyni að reyna að tryggja samkeppni. Þetta verður því alltaf barátta á milli þess að hafa óheft athafnafrelsi og þess að reyna að tryggja samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur og almenning í landinu. Þess vegna er mjög athyglisvert í þessu samhengi að þeir einustu sem fagna þessu frumvarpi séu Samtök atvinnulífsins, þ.e. fulltrúar þeirra sem Samkeppniseftirlitinu er ætlað að hafa eftirlit með. Það, virðulegi forseti, segir nokkuð (Forseti hringir.) um efni þess frumvarps sem við hér ræðum og munum ræða áfram í dag.

[15:03]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess að við upphaf þessarar umræðu var gert ráð fyrir að 10. og 11. dagskrármálið yrðu rædd saman. Það voru mistök sem leiðréttast hér með. Við ræðum því nú 10. mál á dagskrá, samkeppnislög, en munum að lokinni þeirri umræðu taka saman til umræðu 11. og 12. dagskrármálið sem lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og Neytendastofu.

[15:04]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki brugðist við öllum þeim atriðum sem komu fram hjá hv. þingmanni sem vissulega voru mörg.

Í fyrsta lagi vil ég segja í sambandi við af hverju tekið var út ákvæðið um að stjórnarmenn megi ekki hafa beinna eða verulegra hagsmuna að gæta í atvinnustarfsemi, að þetta ákvæði þótti of takmarkandi því í raun má segja að þá væru bara embættismenn og fræðimenn hæfir til að sitja í stjórn. — Tíminn er svona óskaplega stuttur, já.

Síðan í sambandi við 17. gr. og c-liðinn þá verður þetta

ákvæði ekki í samræmi við samkeppnisreglur Evrópusambandsins ef það yrði haft óbreytt í lögunum. Þess vegna er það tekið út. Í raun má segja að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Eftirlitsstofnun EFTA og norsk samkeppnisyfirvöld hafa — nú, þetta var bara of stutt, hæstv. forseti. Ég stoppa hér.

[15:05]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað fyrra atriðið varðar og hæfisskilyrðið með setu í stjórn þá vil ég upplýsa og minna hæstv. ráðherra á að þau skilyrði sem voru í upphaflegu drögunum eru í lögunum um Fjármálaeftirlitið. Þau eru skilyrði þar til setu í stjórn Fjármálaeftirlitsins. Sú röksemdafærsla að þetta sé of takmarkandi eða að mjög fáir geti tekið sæti í stjórn er því vitaskuld alveg fráleit.

Í öðru lagi vildi ég nefna það af því hér kom til umræðu c-liður 17. gr. sem hér á að taka út að þetta er eina tækið til þess að bregðast við hringamyndun í viðskiptalífinu, einasta tækið til þess að bregðast við nema í tilvikum þar sem um afbrot er að ræða. Þetta er einasta tækið sem er til staðar. Nú á að taka það út. Það gengur þvert á þá hugmyndafræði sem lagt var upp með þegar farið var af stað í þessa vinnu. Því er ekki nema von, virðulegi forseti, að þeir sem eru (Forseti hringir.) að fara yfir þetta núna botni hvorki upp né niður í ferðalagi hæstv. viðskiptaráðherra.

[15:06]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Af því að Fjármálaeftirlitið var nefnt þá ætla ég að lesa upp 6. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórnarmenn skulu búa yfir þekkingu á fjármagnsmarkaði og hafa haldgóða menntun sem nýtist á þessu sviði. Gæta skal þess við skipun stjórnar að starfsreynsla og menntun stjórnarmanna sé sem fjölbreyttust."

Ég er að segja þetta hérna vegna þess að við erum að fara mjög svipaða leið hvað varðar Samkeppniseftirlitið og hvað varðar Fjármálaeftirlitið.

Svo er það annað sem ég var byrjuð á að tala um áðan þegar ég komst ekki lengra. Ef við hefðum haldið þessu ákvæði í 16. gr. þá hefði Samkeppniseftirlitið víðtækari heimildir til að krefjast skipulagsbreytinga en t.d. framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Eftirlitsstofnun EFTA og norsk samkeppnisyfirvöld, þar sem heimild til að krefjast skipulagsbreytinga yrði ekki takmörkuð við að fyrirtækið hefði brotið gegn lögum. Þetta finnst mér mjög mikilvægt atriði.

[15:07]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður vitaskuld mjög athyglisvert að sjá hvernig þingið mun bregðast við þeim hugmyndum sem hér liggja fyrir um að fella niður þennan svokallaða c-lið 17. gr. vegna þess að þetta ákvæði varð til í þinginu. Þetta ákvæði varð til í efnahags- og viðskiptanefnd. Þetta ákvæði varð til vegna þess að menn vildu bregðast við hringamyndun. Það er ástæðan. Það eru rökin fyrir því að þetta ákvæði varð til, kemur hér inn. Þetta ákvæði er búið að vera í lögum frá því á árinu 1993. Samkeppnislögum höfum við breytt a.m.k. í tvígang og aldrei hefur þetta þvælst fyrir.

Virðulegi forseti. Það vantar því öll rök til þess að hæstv. ráðherra geti talist trúverðug í því að tala nú um það í ljósi þeirra markmiða sem lagt var upp með við setningu nýrra samkeppnislaga að taka út núna einasta ákvæðið sem til er í íslenskri löggjöf til þess að bregðast við hringamyndun.

[15:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Burt séð frá orðalagi eins og því að hér sé bjálfagangur í gangi o.s.frv. þá vil ég gjarnan koma inn á það sem hv. þingmaður sagði um að stjórnin væri sett stofnuninni til höfuðs. Núna er það þannig að ráðherra skipar forstjórann og getur rekið hann og forstjórinn á allt sitt lífsviðurværi undir því að halda sínu starfi. Miðað við það fyrirkomulag sem hér er fyrirhugað þá er hins vegar þriggja manna stjórn sem er skipuð til fjögurra ára að sjálfsögðu miklu óháðari ráðherranum en forstjórinn núna því að tveir af þessum þremur þurfa að hlíta vilja ráðherrans eftir þessa breytingu. Ég tel því að þetta sé miklu óháðara fyrirkomulag en í dag.

Svo vil ég minna á að varla líður sá mánuður eða vika að hæstv. stjórnarandstaða hvetji ekki ráðherra til þess að hlutast til um málefni eftirlitsstofnana.

[15:10]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var dálítið skrítin ræða. Hæstv. ráðherra sagði í sínu máli og það kemur einnig fram í greinargerðinni að þessi stjórn er sett á laggirnar til þess að tryggja að stofnunin gæti ákveðins meðalhófs í sinni starfsemi. Með öðrum orðum er stjórnin sett stofnuninni til höfuðs til þess að tryggja að hún gæti meðalhófs í starfsemi sinni.

Þá vil ég einnig minna á af því að hæstv. ráðherra hefur verið óspar á yfirlýsingar þess efnis að hæstv. ráðherra skipti sér ekki af eftirlitsstofnunum (**Viðskrh.:** Sem er rétt.) og hefur ekki gert þannig ég skil ekki, virðulegi forseti, hvernig stofnunin getur orðið sjálfstæðari við það að hæstv. ráðherra skipi þriggja manna herráð, stjórn, til þess að gæta þess að stofnunin gæti meðalhófs í störfum sínum. (**Viðskrh.:** Gæti ekki komið annar ráðherra? Það er mögulegt.)

[15:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætlaði einmitt að nefna það að það getur komið verri ráðherra sem ekki er eins góður og núverandi ráðherra við þessar stofnanir og (Gripið fram í.) beitir sér ekki gagnvart stofnununum. Það getur nefnilega gerst.

Ég vil líka koma inn á það sem hv. þingmaður sagði um að löggjöfin væri veikari vegna þess að nú mætti ekki skipta upp fyrirtækjum nema sekt væri sönnuð. Ég spurði að því í frammíkalli hvort það hefði nokkurn tímann gerst? Nei, það hefur ekki gerst. Af hverju hefur það ekki gerst? Vegna þess að að margra mati brýtur það eignarréttar-

ákvæði stjórnarskrárinnar sem við höfum öll svarið eið að. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Ef skipta á upp fyrirtæki án sektar sem veldur eigandanum tjóni, þá þarf því að bæta honum tjónið. Ég er hræddur um að þá brygði nú ýmsum.

[15:12]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi það ræðu minni að verkefni Samkeppnisstofnunar eru þess eðlis að spurningar um eignarrétt koma alltaf upp. Þær koma alltaf upp. Starfsemi svona stofnunar er þess eðlis að hún jafnvel dregur úr athafnafrelsi manna með það að markmiði að tryggja samkeppni og hagsmuni neytenda. (Gripið fram í.) Þetta eru hagsmunir sem togast á enda fagna núna Samtök atvinnulífsins því sem aldrei fyrr að fá yfir sig svona veika löggjöf.

Þetta, þessi eignarréttarspurning, kemur alltaf upp. Hv. þingmaður veit það mætavel eins og sá er hér stendur að þetta frumvarp gerir ekki ráð fyrir breytingum á stjórnarskránni. Þetta frumvarp gerir ekki ráð fyrir breytingum á eignarréttarákvæðinu. Það verður áfram við lýði. Það verður áfram að virða stjórnarskrána. Ég bara næ því ekki alveg að ákvæði sem hefur verið í lögum frá 1993, hefur reyndar komið til skoðunar í eitt skipti, sé (Forseti hringir.) allt í uppnámi út af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þetta er náttúrlega bara ... (Gripið fram í.)

[15:13]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar til þess að gera athugasemd við nokkur atriði sem komu fram í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Hv. þingmaður nefndi að með þeirri breytingu sem gerð væri á lögunum með þessu frumvarpi væri verið að veikja núgildandi samkeppnislög, þ.e. með því að fella niður c-lið núgildandi 17. gr. laganna, og hann taldi að samkvæmt þeirri heimild núgildandi laga væri samkeppnisyfirvöldum heimilt að brjóta upp og skipta upp fyrirtækjum. Hann tók sem dæmi matvörumarkaðinn í því sambandi. Ég vil benda hv. þingmanni á að þetta er nú ekki alveg rétt vegna þess að árið 2001 kom út skýrsla Samkeppnisstofnunar um matvörumarkaðinn. Í þeirri skýrslu kom skýrt fram að Samkeppnisstofnun taldi sig einmitt ekki á grundvelli þessa ákvæðis heimilt að skipta upp fyrirtækjum á matvörumarkaði vegna eignasamþjöppunar sem þar hafði átt sér stað.

Ég hlýt í framhaldinu að spyrja hv. þingmann: Er hann almennt þeirrar skoðunar, frú forseti, að það sé eðlilegt (Forseti hringir.) að veita samkeppnisyfirvöldum heimildir til þess að skipta upp fyrirtækjum án þess að þau hafi brotið lög?

[15:15]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vísaði til þess í máli mínu að þegar samkeppnisráð fjallaði um breiðband Landssímans í ákvörðun nr. 21/1998 tók það þetta til skoðunar og taldi sér þetta heimilt. Miðað við þá tilvísun sem hv. þingmaður var með áðan er því alveg ljóst að Samkeppnisstofnun hefur að einhverju leyti breytt um kúrs og ég á nú eftir að sjá það. Hins vegar hefur þetta verið sá skilningur sem ég hef a.m.k. haft á lögunum.

Ég nefndi áðan að vegna markaðsráðandi stöðu, yfirburðarstöðu, geti sú staða komið upp að ekki sé mögulegt að koma á virkri samkeppni. Við þær aðstæður tel ég koma vel til skoðunar að skipta upp fyrirtæki ef markmiðið er að tryggja samkeppni. Ef markmiðið er að tryggja almannahagsmuni segi ég já, ég tel það koma vel til álita.

[15:16]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ítreka og minni á að hv. þingmaður tók matvörumarkaðinn sérstaklega sem dæmi í ræðu sinni um að á grundvelli núgildandi laga, c-liðar 17. gr. samkeppnislaga, væri samkeppnisyfirvöldum heimilt að grípa til aðgerða og skipta upp fyrirtækjum vegna aðstæðna sem kynnu að skerða samkeppni. Svo er ekki og kemur fram í skýrslunni frá árinu 2001 sem samkeppnisyfirvöld gerðu hvað varðar matvörumarkaðinn.

Ég vil líka benda hv. þingmanni á að það er alveg rétt að í svokölluðu breiðbandsmáli sem hann vísaði til var vikið að c-lið 17. gr. núgildandi laga. Þetta var sjónarmið sem haft var uppi í málinu en það reyndi ekki á það í því máli. Ég bið því hv. þingmann um að kynna sér þann úrskurð betur en hann hefur gert.

Yfirlýsing hv. þingmanns var athyglisverð um að hann telji eðlilegt að samkeppnisyfirvöld hafi heimildir til að skipta upp fyrirtækjum án þess að þau teljist hafa gerst brotleg við lög. Þetta er tímamótayfirlýsing og dálítið sérstök, að hv. þingmaður sé tilbúinn til að beita refsivendinum með svo rosalega afgerandi hætti án þess að um lögbrot sé að ræða.

[15:17]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert hvaða leið hv. þingmaður velur til að ræða það mál sem hér liggur fyrir. Ég vil beina athygli hv. þingmanns að niðurstöðu svokallaðrar hringormanefndar. Hverjar eru þær? Að leggja til að ákvæðið sé inni vegna þess að þær aðstæður kunni að skapast að það hafi skaðleg áhrif á samkeppni og við þær aðstæður breyti þær skipulagi sínu. Þetta er niðurstaða hringormanefndar sem hæstv. viðskiptaráðherra skipaði. Sú niðurstaða er í samræmi við að núverandi ákvæði 17. gr. sé áfram inni. Ég er sammála niðurstöðu hringormanefndar í málinu. (Gripið fram í.)

[15:18]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru nokkur atriði í málflutningi hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar sem ég tel rétt að gera athugasemdir við. Vegna síðustu ummæla hans er rétt að taka fram að það er ótvírætt í niðurstöðu nefndar viðskiptaráðherra um viðskiptalífið sem vísað hefur verið til, að forsenda fyrir því að hægt sé að beita skipulagsbreytingum er að um brot hafi verið að ræða. Við getum í nefndarstörfum

okkar í efnahags- og viðskiptanefnd farið í gegnum það, en þetta er alveg klárt.

Varðandi samanburð milli Fjármálaeftirlits og samkeppnisyfirvalda varðandi hæfisskilyrði er rétt að geta þess að í lögum um Fjármálaeftirlitið er getið mjög sérhæfðra atriða sem lúta sérstaklega að fjármálamarkaðnum þegar hæfisskilyrði eru tilgreind, þannig að það getur engan veginn verið algerlega sambærilegt. Það er nauðsynlegt að það komi fram að í frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarmenn og forstjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega."

Þetta er það sem máli skiptir og er í samræmi við almennar reglur í stjórnsýslurétti.

[15:20]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna sérstaklega tveimur síðustu hv. þingmönnum sem komu í pontu því nú er að koma fram kjarni umræðunnar. Nú er að koma fram hverjir eru helstu riddararnir í því að reyna að veikja samkeppnislögin. Nú er að koma fram hvernig baráttan hefur farið fram í þessum efnum, þ.e. Sjálfstæðisflokkurinn hefur knúið Framsóknarflokkinn til þessarar niðurstöðu, enda hefur Framsóknarflokkurinn lagst algerlega á flótta og dregið út úr upphaflegu drögunum flest það sem máli skiptir. Niðurstaðan er því sú að það er ekkert nýtt í frumvarpinu, engin ný heimild, ekkert nýtt tæki. Það er bara eitt tæki sem er tekið brott. Niðurstaðan er því sú að verið er að veikja samkeppnislögin.

Virðulegi forseti. Þó hv. þingmaður berji sér á brjóst yfir því að málsaðilar skuli ekki koma beint að þessu finnst mér það ekki vera athugasemd sem dýpkar þá umræðu sem hér fer fram.

[15:21]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það dýpki ekki umræðuna að standa í einkunnagjöf og sleggjudómum eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur gert í umræðunni, en ég held að ég og hv. þingmaður getum verið sammála um að við viljum nálgast málið út frá ákveðnum sjónarmiðum um jafnvægi eins og hann nefndi í ræðu sinni. Við vitum að samkeppnislögin hafa þann tilgang að finna ákveðið jafnvægi milli fullkomins viðskiptafrelsis þar sem engar reglur ríkja og þess hlutverks síns að vera með ákveðnar umferðarreglur til að tryggja að þeir aðilar sem starfa á markaði rekist ekki á, heldur að samkeppnin og starfsemin geti gengið nokkuð vel fyrir sig.

Ég vil nú lýsa mig algerlega ósammála þeim sjónarmiðum hv. þingmanns að heimild til að skipta upp fyrirtækjum hafi verið fyrir hendi í núgildandi lögum. Við vitum að þetta atriði hefur verið umdeilt meðal lögfræðinga. Það er ótvírætt að ákvæðinu hefur aldrei verið beitt með þessum hætti og einmitt í ljósi þess sem nefnd viðskiptaráðherra tók þetta upp og gerði að tillögu sinni að skipulagsbreytingarákvæðið yrði tekið upp í lögin. (Forseti hringir.) Ef um gildandi rétt væri að ræða hefði málið ekki verið nálgast með þessum hætti.

[15:22]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst hv. þingmaður koma að kjarna málsins í ræðu sinni. Það er vitaskuld affarasælast ef hér ríkir ákveðið jafnvægi, þ.e. að markaðurinn sé að einhverju leyti reglusettur en hefti ekki athafnafrelsið svo að til tjóns sé. Við erum að leita að þessu jafnvægi. Það skilar okkur mestu. Það skilar mestum arði fyrir samfélagið.

Ég er einmitt að benda á í umræðunni að það ríkir ekki jafnvægi, enda fagna engir frumvarpinu nema Samtök atvinnulífsins. Þau eru þau einu sem fagna frumvarpinu vegna þess að þau telja að þá verði athafnafrelsi þeirra ekki eins þröngur stakkur skorinn og í gildandi löggjöf. Þess vegna lýsa þau yfir sérstakri ánægju og Samtök atvinnulífsins hafa í gegnum tíðina unnið markvisst og hatrammt að því (Forseti hringir.) að reyna að veikja lögin og nú hafa þau náð fram því sem þau hafa stefnt að.

[15:24]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nokkuð ljóst að sú breyting sem á að gera á samkeppnislögunum hefur verið mikið hitamál á milli stjórnarflokkanna. Frumvarpið hefur nefnilega tekið verulegum breytingum frá þeim drögum að frumvarpi til samkeppnislaga sem hæstv. viðskiptaráðherra kynnti á heimasíðu ráðuneytisins í október 2004. Allar þær breytingar sem sjálfstæðismenn hafa náð í gegn hafa orðið til þess að veikja og draga mjög úr sjálfstæði stofnunarinnar, verði frumvarpið að lögum.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að hann skildi ekki hvers vegna hæstv. ráðherra væri að fara þessa leið. Hæstv. ráðherra hefur bara ekkert val í þessu efni, hún er knúin til þess af íhaldinu að draga verulega úr þeim ákvæðum sem voru í upphaflegu frumvarpsdrögunum og það er alvarlegt þegar verið er að skerða sjálfstæði þessarar mikilvægu stofnunar í þjóðfélaginu.

Hvað hefur raunverulega breyst í umhverfinu frá því í október þegar hæstv. ráðherra lagði fram drög sín að frumvarpinu og kynnti tillögur sínar og þar til nú t.d. í byrjun mars? Jú, Samkeppnisstofnun skilaði niðurstöðu sinni í rannsókninni í olíumálinu þar sem olíufélögin voru sökuð um að ávinningur þeirra af verðsamráði væri 6,5 milljarðar kr. Það er það sem gerðist í millitíðinni. Maður spyr: Var það ástæða til að veikja Samkeppnisstofnun og samkeppnislög í ljósi þeirrar niðurstöðu? Nei, auðvitað ekki. Þvert á móti sannaði Samkeppnisstofnun þar gildi sitt, en af einhverjum ástæðum telur íhaldið greinilega ástæðu til að veikja stofnunina og kippa þeim stoðum sem forstöðumenn hennar höfðu til að halda uppi árangursríku og virku eftirliti.

Ef við förum yfir þær breytingar sem gerðar voru í millitíðinni eftir að þingflokkur sjálfstæðismanna hafði haft frumvarpið til umfjöllunar frá því í nóvember og þar til nýlega, hafði það í gíslingu í tvo mánuði, er ástæða til að fara yfir hvernig frumvarpið var veikt í meðförum þingflokks sjálfstæðismanna. Mér sýnist nefnilega að þær breytingar sem á að gera á Samkeppnisstofnun þýði ekkert annað en að hægt verði að vera með pólitísk inngrip gegn hagsmunum neytenda þegar gerðir stofnunarinnar ganga gegn hags-

munum einhverra gæðinga stjórnarflokkanna, ef tillögurnar sem veikja stofnunina verða að veruleika.

Þegar verið er að veikja stofnun sem hefur staðið sig t.d. mjög vasklega í olíumálinu minnir það mann á þær aðgerðir sem stjórnarflokkarnir fóru í undir forustu hæstv. þáverandi forsætisráðherra þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður af því að hún var ekki nógu þæg við stjórnarflokkana og setti ýmislegt fram að því er varðar stöðu efnahagsmála og fleira sem var þeim ekki að skapi. Hér hefur Samkeppnisstofnun og forustumenn hennar farið í inngrip á markaðinn sem var nauðsynlegt og það hefur greinilega ekki verið stjórnarflokkunum að skapi.

Ef við förum yfir hverju var breytt t.d. í meðförum þingflokks sjálfstæðismanna er það í fyrsta lagi ákvæðið sem nefndin sem fór yfir málið fyrir ráðherra og skilaði skýrslu um íslenskt viðskiptaumhverfi lagði til, að heimiluð yrði húsleit hjá stjórnendum fyrirtækja. Þar vísaði hún í reglur Evrópusambandsins og líka t.d. í norsku samkeppnislögin sem höfð voru til hliðsjónar við gerð frumvarpsins. Húsleit hjá stjórnendum fyrirtækja er heimiluð í norskum lögum. Af því hefur verið góð reynsla og m.a. oft fundist samráðsgögn á heimilum forstjóra sem voru ekki vistuð í fyrirtækinu.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hún telji að hún geti komist hjá því — ég vænti þess að hæstv. ráðherra sé að hlusta — að setja inn ákvæðin með tilliti til reglugerðar Evrópusambandsins sem beinlínis kveður á um húsleitarheimildir á heimilum stjórnenda ef litið er til reglugerðarinnar sem fram kemur í fylgiskjölum með frumvarpinu.

Síðan það ákvæði sem hér hefur verið rætt um að fella brott ákvæði c-liðar í 17. gr. samkeppnislaga, sem er alveg með ólíkindum, um að Samkeppnisstofnun geti gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Efnahags- og viðskiptanefnd taldi nauðsynlegt að setja þessi ákvæði inn á árinu 1993.

Ákvæðin hafa vissulega mikil varnaðaráhrif og ég veit ekki betur en að túlkun samkeppnisráðs hingað til á ákvæði 17. gr. sé þess eðlis að það feli í sér að hægt sé að skipta upp fyrirtækjum. Af því að nú er verið að tala um að það séu einhver ný ákvæði og ný úrræði sem Samkeppnisstofnun sé að fá þá hefur verið litið á þetta þannig af hálfu samkeppnisráðs, að því ég best veit, að hún hafi þessa heimild þó ekki hafi verið gripið til hennar. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt.) Þetta er túlkun mín á málinu og hv. þingmaður getur komið fram með sjónarmið sín á eftir.

Hæfisskilyrðið vekur kannski hvað mesta tortryggni og kann að vera það alvarlegasta í málinu. Það er ekki hægt að líta fram hjá því að hér gæti verið um pólitískt möndl á milli stjórnarflokkanna að ræða. Í drögum ráðherra frá því í október tel ég að hafi verið inni ákvæði sem er í núgildandi lögum og kveður á um að stjórnarmenn megi ekki hafa beinna eða verulegra hagsmuna að gæta í atvinnustarfsemi. Það er í lögunum núna og það er óskiljanlegt að það ákvæði sé tekið út. Maður veltir því fyrir sér hvað liggi þar að baki.

Skipan þessarar þriggja manna stjórnar sem þarna á að skipa er líkt við skipan stjórnar Fjármálaeftirlitsins. Í þeim lögum eru ákveðin ákvæði varðandi hæfisskilyrði stjórnarmanna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn mega ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur, lögmenn eða tryggingastærðfræðingar eftirlitsskyldra aðila.“

Þar er það beinlínis tekið fram.

Mér finnast rökin sem hæstv. ráðherra setur fram fyrir því að fella þessi ákvæði brott óskiljanleg. Þetta býður náttúrlega upp á að valdir verði inn í þessa stjórn, sem ráðherrann á að skipa, ýmsa aðila sem hafa hagsmuna að gæta og eru í atvinnustarfsemi. Ég tel mjög brýnt að í meðferð efnahags- og viðskiptanefndar verði þetta ákvæði tekið upp og sett skilyrði um að ekki megi skipa þá í þessa stjórn sem hafa beinna eða verulegra hagsmuna að gæta í atvinnustarfsemi. Við það bætist að stjórnin fengi vald sem veikti þau úrræði sem forstöðumenn stofnunarinnar hafa, að bera þyrfti allar meiri háttar ákvarðanir undir þessa stjórn. Þar með vekur þetta enn þá meiri tortryggni en ella.

Allt er þetta sett fram undir því yfirskyni og vísað til þess að Samkeppnisstofnun og stjórn hennar eigi faglega að vera sjálfstæð gagnvart viðskiptaráðherra. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur stjórn stofnunarinnar ekki verið sjálfstæð gagnvart ráðherra? Hefur ráðherra verið með einhver afskipti af Samkeppnisstofnun með þeim hætti að ástæða sé til að breyta um eins og hér er verið að gera? Það er ástæða til þess að spyrja um þetta þegar litið er til þeirra raka sem sett eru fram um að ráðherra eigi að skipa stjórn þessa. Ég tel rökin sem tínd eru til um þetta í frumvarpinu afar furðuleg, virðulegi forseti. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þó að viðskiptaráðherra fari með yfirstjórn samkeppnismála er honum ekki ætlað að hafa bein afskipti af stjórn Samkeppniseftirlitsins og er því talið nauðsynlegt að sérstök stjórn fari með yfirstjórn stofnunarinnar og hafi eftirlit með starfseminni.“

Þarna er beinlínis, samkvæmt orðanna hljóðan, ýjað að því að hæstv. viðskiptaráðherra hafi haft pólitísk afskipti af stofnuninni og þess vegna sé ástæða til að breyta því og skipa sérstaka stjórn sem fari með yfirstjórn stofnunarinnar.

Það er hnykkt á þessu á bls. 23 þar sem fjallað er um 6. gr.:

„Í ljósi þess að Samkeppniseftirlitinu er ætlað að vera eini úrskurðaraðilinn á neðra stjórnsýslustigi er enn mikilvægara en áður að Samkeppniseftirlitið sé faglega sjálfstætt gagnvart viðskiptaráðherra.“

Það er eins og hæstv. viðskiptaráðherra hafi bara verið með puttana í starfi Samkeppnisstofnunar, gefið henni bein fyrirmæli og þess vegna sé ástæða til að setja sérstaka stjórn yfir stofnunina.

Síðan er mjög sérstakt að stjórn stofnunarinnar skipi forstjórann, þessi þriggja manna stjórn sem ekki er ólíklegt og er a.m.k. hægt að skipa pólitískum fulltrúum flokkanna. Að forstjórinn verði skipaður af stjórn stofnunarinnar og sé í beinu ráðningarsambandi við stjórn stofnunarinnar er afar óeðlilegt. Mér sýnist að hv. efnahags- og viðskiptanefnd eigi mikið verk fyrir höndum við að lagfæra þetta frumvarp.

Maður spyr líka, virðulegi forseti: Hvers vegna er verið að breyta ákvæðum samkeppnislaga? Hvaða forsendur gefur hæstv. ráðherra fyrir þessari breytingu? Voru breytingarnar byggðar á faglegu mati, t.d. stjórnsýsluúttekt? Ég veit ekki til þess að það hafi verið gert. Fór fram rannsókn eða úttekt sem gaf til kynna að æskilegt væri að breyta öllu

skipulagi stofnunarinnar eins og hér er verið að gera til að auka þá skilvirkni stofnunarinnar og gera henni kleift að halda uppi öflugu samkeppniseftirliti? Engin slík stjórnsýsluúttekt eða rannsókn liggur hér að baki.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Var t.d. haft samráð við samkeppnisráð, forstöðumenn stofnunarinnar, um þessar breytingar? Hvað höfðu þeir til málanna að leggja? Ég trúi ekki, þegar farið er út í svo mikilvægar breytingar, að ekki sé leitað til þeirra sem gerst til þekkja til að vita a.m.k. hvað þeir hafa til málanna að leggja. Mig grunar að ekki hafi verið leitað til þeirra aðila.

Það sem háð hefur þessari stofnun er ekki skipulagsleysi, virðulegi forseti. Það er fyrst og fremst peningaleysi og mannekla sem hefur háð þessari stofnun, ekki að breyta þurfi öllu skipulaginu í þeim eina tilgangi að veikja stofnunina, draga úr þrótti hennar og sjálfstæði hennar til að sinna verkefnum sínum.

Ég get t.d. vitnað í forstjóra stofnunarinnar í síðustu ársskýrslu. Þar fer hann mjög ítarlega yfir það hvernig fjársveltið hefur háð stofnuninni. Það hefur komið fram að mál þurfa stundum að bíða í 12–14 mánuði áður en hægt er að taka þau fyrir. Stofnunin þarf að forgangsraða mjög og málin þurfa því oft að bíða æðilengi. Við þekkjum það hvernig tryggingamarkaðurinn var til skoðunar í nokkur ár hjá stofnuninni og allur kraftur hennar fór í að rannsaka tryggingamarkaðinn. Hún hafði því ekki getu til að sinna öðrum málum og við vitum hvernig það fór, að sökin var fyrnd í þessu efni eins og við munum.

Ég minni á að ég átti orðaskipti við ráðherra fyrr í vetur um fjárþörf Samkeppnisstofnunar í tengslum við frumvarp sem ég flutti um að fram færi þarfa- og kostnaðargreining á því hve mikið fjármagn stofnunin þyrfti til að geta sinnt verkefnum sínum eðlilega. Þá lýsti hæstv. ráðherra því yfir að slík þarfa- og kostnaðargreining hefði farið fram. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að sú þarfagreining er ekki sem fylgiskjal með þessu frumvarpi til samkeppnislaga? Það væri mjög mikilvægt að við fengjum í hendur þessa þarfagreiningu sem hefur verið gerð, að mér skilst í samráði við stofnunina. Það hefur komið fram að 100 millj. kr. vanti til að stofnunin geti með eðlilegum hætti sinnt sínu hlutverki en hér á færa henni 60 millj. kr. Ef ég skil rétt þessa þarfagreiningu, sem við höfum lauslega farið yfir í efnahags- og viðskiptanefnd, þarf að vera þarna 21 sérfræðingur á samkeppnissviði, en þeir eru 11 í dag. Viðbótin sem ráðherrann ætlar að skila inn í stofnunina nægir því ekki til að hægt sé að fjölga starfsmönnum upp í 21 á samkeppnissviði eins og þarf að gera.

Hvers vegna fór ráðherrann út í þessar breytingar, hvert var meginmarkmið hennar og hvaða leiðir ætlar hún að fara að því markmiði? Það er fróðlegt að skoða það. Hæstv. ráðherra segir í greinargerð með frumvarpinu að einfalda þurfi stjórnsýsluna á sviði samkeppnismála, fyrirkomulagið sé þunglamalegt og flókið og ekki hafi verið að finna sérstakan rökstuðning fyrir skipulaginu í lögskýringargögnum við setningu samkeppnislaga. Er eitthvað verið að einfalda skipulagið, virðulegi forseti? Nei, það verður ekki einfaldara. Í stað samkeppnisráðs kemur bara þessi þriggja manna stjórn, sem mjög líklegt er að verði pólitískt skipuð, a.m.k. hafa stjórnarflokkarnir öll tök á því.

Auðvitað er hægt að taka undir það að eðlilegt sé að færa frá Samkeppnisstofnun eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, gagnsæi markaðarins o.s.frv. og að neytendaverndin verði annars staðar, eins og ráðherrann ætlar sér, en við ræðum um það undir öðrum dagskrárlið hér á eftir. Hins vegar er líka verið að veikja verulega neytendaverndina vegna þess að stofnun embættis talsmanns neytenda verður afar veikt. Það embætti verður sömu annmörkum háð, eins það á að vera gagnvart forstöðumönnum Samkeppnisstofnunar. Talsmann neytenda vantar allt sjálfstæði til að hann geti skilað því verki sem ætlast er til af talsmönnum neytenda.

Ljóst er að það er langt í frá að hægt sé að sjá að verið sé að styrkja eftirlit með samkeppni eða að tryggja aukna neytendavernd með tillögum ráðherra. Þetta er allt saman yfirvarp hjá hæstv. ráðherra. Þar þarf ekki annað en að auka fjármagn og mannskap. Þetta er yfirvarp í þeim auðsæja tilgangi að breyta skipulaginu, m.a. til að auðvelda stjórnarflokkunum að hafa taumhald á stofnuninni, t.d. með því að hafa meira um það að segja að koma þeim fyrir í stjórninni sem þeim eru þóknanlegir.

Orðalagið er ákaflega furðulegt, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson gerði að umræðuefni, að stjórnin væri sett inn til að gætt væri meðalhófs. Ég veit ekki til þess að nokkur hafi gagnrýnt það alvarlega að forstöðumenn hafi ekki gætt meðalhófs í ákvörðunum sínum. Maður spyr hvort þau ákvæði sem nú á að taka upp, t.d. varðandi skipan stjórnarinnar, séu sett til höfuðs núverandi forstjóra og hvort verið sé að búa í haginn til að reka núverandi forstjóra.

Maður getur tekið fyrir ýmis ákvæði í þessu frumvarpi, t.d. í 6. gr. frumvarpsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þá er lagt til að stjórn Samkeppniseftirlitsins ákveði starfskjör forstjóra hennar og er því litið svo á að forstjóri sé ekki embættismaður í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.“

Síðan er kveðið á um að það sé verið að leggja niður Samkeppnisstofnun. Maður spyr hvort hæstv. ráðherra ætli að skáka í því skjóli að verið sé að leggja niður Samkeppnisstofnun og þar með starf núverandi forstjóra og henni sé því greiður vegur að ráða nýjan forstjóra eftir þessa breytingu.

Ég vil í lokin, af því að ég sé að tíma mínum er að ljúka, virðulegi forseti, spyrja hæstv. ráðherra um það sem fram kemur í skýrslu þingnefndar sem gerði skýrslu um íslenskt viðskiptaumhverfi. Nefndin leggur ekki til að settar verði neinar frekari skorður við því með hvaða hætti fyrirtæki geti átt samstarf eða hvernig eignatengsl þeirra eða samstarf eigenda megi vera háttað umfram það sem þegar er í lögunum, eða þær sem lagðar eru til í 2. kafla og snúa að yfirtökuskyldu.

Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra og vona hún hlýði á mál mitt, virðulegi forseti, hvort hún telji, sem hefur nokkuð verið rætt ... — Það er voðalega erfitt að ræða við ráðherrann þegar hún er alltaf að ræða við aðstoðarmenn sína í hliðarsölum. — Ég vil spyrja ráðherrann um það sem ég vísaði til og hvort hún telji ekki ástæðu til að setja ákvæði sem komi í veg fyrir að t.d. fjármálafyrirtæki geti til langframa staðið í fjárfestingum. Það er kannski eðlilegt að þau geti það um tíma til að koma á umbreytingum á fyrirtækj-

um sem þau bjarga frá gjaldþroti og þess háttar. En er ráðherra ekki reiðubúin að skoða hvort setja eigi þak á þann tíma sem t.d. fjármálastofnanir geti verið virkar í rekstri fyrirtækja? Ég tel að það þurfi að skoða. Ég spyr um álit hæstv. ráðherra á því í tengslum við það álit nefndarinnar um íslenskt viðskiptaumhverfi að engin ástæða sé til að setja frekari ákvæði sem lúta að eignum og eignatengslum fyrirtækja.

[15:44]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður fer hér mikinn, talar m.a. um hæfisskilyrðin og lætur að því liggja að verið sé að draga úr. Í 7. gr. frumvarpsins kemur fram, með leyfi forseta:

„Stjórnarmenn skulu hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og menntun sem nýtist á þessu sviði."

Hvernig skyldi þetta vera í dag? Með leyfi forseta stendur í 6. gr.:

„Ráðherra skipar formann og varaformann ráðsins [þá er verið að tala um samkeppnisráð] og skal þess gætt að þeir hafi ekki beinna og verulegra hagsmuna að gæta í atvinnustarfsemi sem lögin taka til."

Í dag eru sem sagt bara gerðar hæfiskröfur til formanns og varaformanns samkeppnisráðs. Þegar hv. þingmaður talar eins og það sé bara augljóst að í stjórn samkeppniseftirlitsins verði skipaðir einhverjir flokksgæðingar, það er þannig sem talað er, held ég að hv. þingmaður ætti aðeins að velta því fyrir sér hverjir sitja í samkeppnisráði í dag. Það er ekki hægt að skilja hv. þingmann öðruvísi en að þar hafi verið raðað inn miklum flokkshestum stjórnarflokkanna.

Hv. þingmaður talar um að húsleitarákvæðið hafi verið tekið út. Það er rétt. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ef um slíkt yrði að ræða skyldi það vera undir umsjón lögreglu. Ekki fannst leið til að útfæra þessa tillögu nefndarinnar en þannig er að nefnd á vegum forsætisráðherra er að skoða samskipti lögreglu, samkeppnisyfirvalda og Fjármálaeftirlitsins í refsiréttarlegu tilliti og ekki er útilokað að ákvæði um þetta efni geti komið inn síðar. Ég vil líka geta þess að ESA má gera húsleit í heimahúsum, sbr. 22. gr. frumvarpsins, en það er ekki tilskipun frá Evrópusambandinu sem kallar á það að ákvæði það sem var í nefndarálitinu verði sett í lög.

[15:47]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrist hæstv. ráðherra smám saman vera að viðurkenna að verið sé að veikja þessi samkeppnislög. Það er búið að taka út þetta ákvæði um húsleitina sem er eins og ég nefndi áðan t.d. mjög mikilvægt í norskum lögum. Þetta frumvarp tekur nokkurt mið af norskum lögum sem hefur iðulega verið beitt og oft orðið til þess að samráðsgögn hafa fundist hjá forstjórum norskra fyrirtækja. Ég tel mjög brýnt að slíkt ákvæði sé hér til staðar. Hérna er það tekið út og gert þá í ... Var það ekki, virðulegi forseti, gert í meðförum þingflokks sjálfstæðismanna? Ég spyr af því að hæstv. ráðherra réttlætir þetta með því að nú sé nefnd starfandi á vegum forsætisráðherra, held ég að hún hafi nefnt, sem er að skoða samskipti lögreglu og samkeppnisyfirvalda, þá væntanlega til þess að hægt sé að koma með skýrari verkaskiptingu milli þessara aðila. Menn þekkja það frá því í olíusamráðinu að verkaskipting milli þessara stofnana eru mjög óljós.

Ég spyr: Hvenær á þetta að liggja fyrir? Hvenær mun niðurstaða liggja fyrir? Verður það t.d. áður en efnahags- og viðskiptanefnd afgreiðir málið frá sér? Það er mikilvægt að við fáum inn í þessa umræðu hvernig eigi að haga þessum málum.

Ég vil svo sannarlega ekki gefa upp alla von um að hægt verði að ná einhverju samkomulagi um það í efnahags- og viðskiptanefnd að koma aftur inn með þetta húsleitarákvæði.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra nefndi er náttúrlega alveg ljóst að í núverandi samkeppnislögum er ákvæði sem bannar þeim sem hafa hagsmuna að gæta af atvinnurekstri að sitja í samkeppnisráði, þ.e. formanni og varaformanni. Það er verið að taka þetta ákvæði út. Það eru ekki nokkur rök, virðulegi forseti, sem kalla á það brottfall. Ég mun reyna það sem ég get í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar að ná aftur inn þessu ákvæði sem er í núgildandi samkeppnislögum.

[15:49]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég var að segja var það að gerðar eru hæfiskröfur til stjórnarmanna í samkeppniseftirlitinu samkvæmt frumvarpinu en hins vegar eru bara gerðar slíkar kröfur til formanns og varaformanns í samkeppnisráði eins og lögin eru í dag. Ekki eru nokkrar kröfur til annarra stjórnarmanna. Hv. þingmaður kaus að tala ekki mikið um það hverjir sætu í samkeppnisráði, en hún um það.

Það er fjarstæðukennt af hálfu þingmannsins að tala um að verið sé að veikja samkeppnislögin eins og hún kemur inn á í sambandi við meðför í Sjálfstæðisflokknum. Það á ekki við rök að styðjast en ég fer ekki yfir það frekar núna.

Það sem mér finnst aðalatriðið í sambandi við þetta mál er að vegna ástandsins í viðskiptalífinu skipa ég nefnd sem skilar niðurstöðum, skilar góðri skýrslu. Í framhaldi af því eru samin þau frumvörp sem hér eru komin fram. Það er augljóst að hv. þingmaður er að leita að einhverju, nál í heystakki, til þess að finna eitthvað til að setja út á.

(**Forseti** (SP): Forseti beinir því til hv. þingmanna að þeir virði ræðutíma. Hann er styttri í seinni ræðum þar sem það eru þrír hv. þingmenn sem óska eftir að veita andsvar.)

[15:50]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra verður að gera sér ljóst og skoða í samhengi núverandi samkeppnisráð og hlutverk þess og síðan hlutverk þessarar þriggja manna stjórnar sem á að koma í stað samkeppnisráðs. Allar meiri háttar ákvarðanir þarf að bera undir þessa þriggja manna stjórn. Ég spyr: Hefði ekki þurft að bera undir þessa stjórn t.a.m. þegar Samkeppnisstofnun ákvað að fara í húsleit hjá olíufélögunum? Maður getur spurt sig hvort slík heimild

hefði fengist hjá þessari þriggja manna stjórn eða ekki. Samkeppnisráð vissi t.d. ekkert um að farið var í þessa húsleit eftir því sem ég best veit. Á þessu verður veruleg breyting þegar bera þarf allar meiri háttar ákvarðanir undir stjórnina.

Þetta verður þriggja manna stjórn, væntanlega formaður, varaformaður og síðan þriðji aðili. Ég minni á að t.d. fór sá sem sat lengi í samkeppnisráði, Brynjólfur Sigurðsson, forstjóri Happdrættis Háskóla Íslands, úr samkeppnisráði þegar hann fékk forstjórastarfið, (Forseti hringir.) m.a. út af þessu ákvæði sem er verið að fella brott.

[15:52]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nokkur atriði vöktu athygli mína í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Eitt var í sjálfu sér ekki nýtt af nálinni, fullyrðingar um að það sem samkeppnisyfirvöld skorti fyrst og fremst séu peningar og mannskapur. Hv. þingmaður lýsti því að stofnuninni hefði verið haldið í miklu fjársvelti og vildi kenna íhaldinu um að það hefði staðið fyrir því að halda stofnuninni í fjársvelti og veikja hana með því.

Ég bendi hv. þingmanni á það að frá 1998–2004 hafa fjárframlög til Samkeppnisstofnunar aukist um 87%. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 29%. Þetta eru verulegir fjármunir sem hafa runnið aukalega til Samkeppnisstofnunar á þessu tímabili. Nú, samkvæmt nýjustu fjárlögum, eru fjárframlög til Samkeppnisstofnunar aukin enn fremur, um ríflega 10 millj. til viðbótar. Fjárframlög til Samkeppnisstofnunar á þessu tímabili hafa aukist um tæplega 100 millj.

Það vekur hins vegar athygli að á sama tíma, og það kemur fram í svari viðskiptaráðherra við fyrirspurn hv. þm. Kristjáns L. Möllers, hefur starfsmannafjöldi Samkeppnisstofnunar ekki aukist nema um 0,1 stöðugildi. Þetta eru þær aðstæður sem hafa átt sér stað. Þetta er allt fjársveltið sem hér er til umræðu. Ég blæs á allt tal um fjársvelti stofnunarinnar.

Það vekur líka athygli út af fyrir sig að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir telur slæmt að samkeppniseftirlit og Samkeppnisstofnun skuli ekki fá heimildir til að gera rannsóknir á heimilum stjórnenda fyrirtækja. Mér finnst mjög athyglisvert að hv. þingmanni þyki slæmt (Forseti hringir.) að eftirlitsaðilar fái ekki heimildir til að rannsaka svefnherbergi og stofur saklauss fólks. Ég minni á að það eru líka konur og börn (Forseti hringir.) sem búa á þessum heimilum og óeðlilegt að veita eftirlitsaðilum heimildir til að rannsaka slíkan vettvang.

[15:54]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Mér kemur ekkert á óvart þó að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson geri athugasemdir við það og finnist allt í lagi að Samkeppnisstofnun búi við það fjársvelti sem ég fullyrði að hún hafi búið við á síðustu árum. Ég man ekki betur en að hv. þingmaður hafi sagt í tímariti laganema á árinu 2001 að hann vildi ekki hafa nein samkeppnislög og hann vildi engin viðurlög við samkeppnisbrotum. Það kemur manni ekkert á óvart að ef hann vill ekki hafa neina Samkeppnisstofnun vilji hann ekki setja neina peninga í hana.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef hefur fjármagn til Samkeppnisstofnunar frá 1999–2003 aukist um 30%. Ef við erum að tala yfir lengra tímabil sem hv. þingmaður nefnir gleymir hann að geta þess hvað allt viðskiptaumhverfið hefur breyst á þessum tíma, hvað verkefnin hafa verið aukin hjá Samkeppnisstofnun sem auðvitað kallar á það að hún fái meira fjármagn og mannafla til að geta sinnt hlutverkum sínum. Þó að við lítum bara á fjármálamarkaðinn sem slíkan hefur hann stækkað svo að umfangi að það hlýtur að kalla á það að Samkeppnisstofnun þurfi meira fjármagn til verkefna sinna. Ég hvet hv. þingmann til að lesa síðustu ársskýrslu Samkeppnisstofnunar þar sem forstjórinn fer mjög skilmerkilega yfir það hvað umfang stofnunarinnar hefur aukist á umliðnum árum. Það setur hann fram sem rökstuðning fyrir því að meira fjármagn þurfi inn í stofnunina.

Ég vek athygli á því þegar hv. þingmaður talar um að ekki þurfi meiri peninga inn í þessa stofnun, hún hafi nóga peninga, að ég kallaði eftir því við hæstv. viðskiptaráðherra að fá fram hjá henni þá þarfagreiningu sem hefur verið gerð. Það væri gott að fá hana inn í þessa umræðu þannig að menn töluðu um þessi mál út frá réttum forsendum. Sú þarfagreining var gerð í samráði við stofnunina.

[15:57]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er eitthvað verið að leggja mér orð í munn. Ég sagði það aldrei að ég teldi að Samkeppnisstofnun þyrfti ekki á meiri peningum að halda. Það er reyndar þannig að mér dettur ekki í hug nein ríkisstofnun eða neinn ríkisforstjóri sem telur sig ekki þurfa á meiri fjármunum að halda til að stunda starfsemi sína. Það væri ágætt ef hv. þingmaður gæti bent mér á stofnun sem ekki teldi sig þurfa meiri peninga.

Ég var ekkert að ræða þetta, hv. þingmaður. Ég nefndi það að Samkeppnisstofnun hefur ekki verið haldið í fjársvelti eins og hv. þingmaður telur. Hv. þingmaður hefur í rauninni verið eins og rispuð plata, ekki bara í þessari umræðu heldur í nokkur missiri. Hún talar endalaust um að Samkeppnisstofnun hafi verið haldið í fjársvelti. Ég nefni það að í þessu meinta fjársvelti á árunum 1998 til ársins 2004 hafa fjárframlög til Samkeppnisstofnunar aukist um 87% (**JóhS:** En verð ...?) á meðan vísitala neysluverðs hefur hækkað um 29%. (**JóhS:** En verð ...?) Þetta er nú allt fjársveltið. Ég vildi bara gera (Forseti hringir.) athugasemd við það vegna málflutnings hv. þingmanns.

[15:58]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Ég vil aftur hvetja hv. þingmann til að lesa þessa ársskýrslu Samkeppnisstofnunar, (**SKK:** Ég er búinn ...) þá sér hann hvað umsvif stofnunarinnar hafa vaxið í ljósi stækkunar á öllu hagkerfinu, fjármálamarkaðnum og öllu því. Hv. þingmaður hefur heldur ekki fylgst með þeim skýrslum og úttektum sem hafa komið fram í þessu máli og svörum sem hafa komið við fyrirspurnum á þinginu. Það hefur komið fram, t.d. hjá viðskiptaráðherra þegar hún svaraði fyrirspurn minni, að sumir sem leggja erindi sín inn til

Samkeppnisstofnunar þurfa að bíða allt að 14 mánuðum eftir niðurstöðu. Verkefnin hlaðast svo upp hjá Samkeppnisstofnun að hún hefur ekki við að vinna úr þeim. Það segir t.d. sína sögu hve langan tíma málefni tryggingafélaganna tók.

Ég tók líka eftir því að hv. þingmaður svaraði því ekki — þá liggur bara fyrir að hann hefur sagt það, að vísu áður en hann varð þingmaður, nú veit ég ekki hvort hann hefur breytt um skoðun, að hann vilji ekki hafa nein samkeppnislög og engin viðurlög við samkeppnisbrotum. Það skýrir auðvitað sjónarmið hv. þingmanns í umræðunni.

[15:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. stjórnarandstæðingar tala oft um það að þingflokkar stjórnarsinna séu eins konar afgreiðslustofnanir fyrir hæstv. ríkisstjórn. Þegar svo Sjálfstæðisflokkurinn tekur sér góðan tíma til að skoða ákvæði í þessu frumvarpi sem við ræðum hér, sérstaklega ákvæðið um að skipta megi fyrirtækjum án þess að sekt liggi fyrir, er það kallað að hann hafi málið í gíslingu. Þetta er dálítið mótsagnakennt, frú forseti.

Gefum okkur þrjú fyrirtæki sem stunda harðvítuga samkeppni, tvö þeirra liggja í valnum og halda ekki áfram rekstri, hætta, en eitt þeirra heldur áfram í krafti góðrar stjórnunar og góðs reksturs. Það stendur eftir og breytir engu í verðlagningu eða þóknunum eða öðru slíku. Þá mætti, samkvæmt gildandi lögum, skipta því upp. Til hvers? Hvað ætla menn að gera ef verðfall verður á hlutabréfum í þessu félagi í kjölfarið? Hvað ætla menn að gera með eignarréttinn sem tryggður er í 72. gr. stjórnarskrárinnar? Hann hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Það þarf sem sagt að bæta tjónið, frú forseti. Ég spyr: Til hvers á að kljúfa upp fyrirtæki sem misnotar ekki aðstöðu sína á neinn máta?

Varðandi hæfisskilyrði sem hv. þingmaður gerir að umræðuefni vil ég benda á það að Fjármálaeftirlitið fylgist bara með litlum hluta markaðarins, Samkeppnisstofnun fjallar hins vegar um allan markaðinn, meira að segja Háskóla Íslands sem er í samkeppni við aðra skóla. Það er eiginlega enginn Íslendingur sem lengur mætti vera í stjórn.

[16:01]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig kannski ekkert við það að athuga að þingflokkar taki sér góðan tíma til að skoða stjórnarfrumvörp. Oft eru þau þess eðlis að þingmenn stjórnarflokkanna ættu að taka sér enn lengri tíma en þeir stundum gera. Það sem ég gagnrýni er að þegar þingflokkur sjálfstæðismanna hefur haft frumvarpið til skoðunar frá því í nóvember og þar til núna í mars kemur það út frá sjálfstæðisþingmönnum með þannig ákvæði að veikja verulega samkeppniseftirlitið og allt sjálfstæði stofnunarinnar. Það er það sem ég er að gagnrýna og við höfum margfarið yfir það í þessari umræðu, ég og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson. Ég tel að það veiki stofnunina að fá ekki þá heimild sem nefnd hæstv. ráðherra lagði til um íslenskt viðskiptaumhverfi, húsleit hjá stjórnendum fyrirtækja. Það ákvæði er í norskum lögum og ég tel afar mikilvægt að fá það inn.

Ég ítreka það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði varðandi stjórnarskrána. Það er ekki verið að breyta henni neitt með þessu. Meira að segja hefur samkeppnisráð túlkað ákvæði 17. gr. í þá veru að hægt sé að skipta upp fyrirtækjum þó að á það hafi ekki reynt, að túlkunin á þessu ákvæði sem er í 17. gr. núgildandi samkeppnislaga sé í þá veru að það sé hægt, þetta ákvæði sem nú á að fella brott um að samkeppnisráð geti gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

Þegar verið er að fella út þetta ákvæði sem hefur haft slík varnaðaráhrif er verulega verið að veikja stofnunina.

Það er alveg furðulegt að hv. þingmaður skuli hafa stutt það — ef hann hefur þá gert það í þingflokknum sem ég hef ekki hugmynd um — að verið sé að draga úr hæfisskilyrðum stjórnenda, sérstaklega þegar það á að bera allar meiri háttar ákvarðanir undir þessa stjórnendur þrjá. Það er verið að taka út þetta ákvæði sem segir að þeir megi ekki hafa hagsmuna að gæta af atvinnustarfsemi. (Forseti hringir.) Þetta er náttúrlega mjög eðlilegt ákvæði. Furðulegt ef hv. þingmaður hefur stutt það í þingflokki sínum.

[16:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður kom ekki inn á það hvort þá ætti að bæta fyrirtækjum það tjón sem þau yrðu fyrir ef þeim yrði skipt upp án þess að hafa unnið neitt til saka. Ég spyr að því aftur.

Varðandi stjórnina er það þannig í dag að forstjórinn heyrir beint undir ráðherra, á allt sitt undir því að ráðherra reki hann ekki. Hann er í beinu ráðningarsambandi við ráðherra, einn ráðherra sem ræður.

Hv. þingmaður talaði um að forstjórinn væri núna í beinu ráðningarsambandi við þriggja manna stjórn sem er kosin til fjögurra ára. Stjórninni verður ekki sagt upp. Ráðherra hefur ekki áhrif á hana. Hún situr þarna í fjögur ár og það er miklu sjálfstæðari rekstur sem kemur út úr því þegar tveir af þessum þremur þurfa að segja forstjóranum upp á meðan ráðherra getur einn gert það í dag. Ég held að stofnunin sé miklu sjálfstæðari eftir en áður.

[16:05]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er náttúrlega furðuleg röksemd, þessi síðasta. Hv. þingmaður setur það hér fram að miðað við þær breytingar sem búið er að gera í þingflokki sjálfstæðismanna á lögunum um Samkeppnisstofnun séu stjórnin og Samkeppnisstofnun miklu sjálfstæðari en áður. Er hv. þingmaður virkilega að ýja að því að ráðherrann hafi verið með einhverjar pólitískar íhlutanir í þessari stofnun? (Gripið fram í.) Það mætti ætla það af því að hérna er það beinlínis sagt, með leyfi forseta:

„Þó að viðskiptaráðherra fari með yfirstjórn samkeppnismála er honum ekki ætlað að hafa bein afskipti af stjórn Samkeppniseftirlitsins og er því talið nauðsynlegt að sérstök stjórn fari með yfirstjórn stofnunarinnar ?"

Ég veit ekki til þess að hæstv. ráðherra hafi verið með neinar íhlutanir (Gripið fram í.) í sjálfstæði stofnunarinnar, þess vegna sé engin ástæða til að breyta skipulaginu (**Gripið fram í:** Spurðu forsætisráðherra.) út af því. Það er alvarlegt ef hv. þingmaður er að ýja að því að ráðherrann hafi misbeitt valdi sínu eins og mér fannst hann vera að gera.

[16:06]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að segja að ég tel mjög mikilvægt að samkeppnislög séu vel unnin og góð og samkeppniseftirlit eins gott og hugsast getur þótt ég verði að gera þá játningu hér í upphafi að ef hægt er tala um að menn séu samkeppnistrúar er ég ekki þeirrar trúar. Ég er eiginlega miklu fremur samvinnutrúar, svona eins og Framsóknarflokkurinn var einu sinni. Hann er náttúrlega löngu hættur því, enda allt í heiminum hverfult.

Það er óhætt að segja að við lifum við miklar breytingar. Það er allt breytilegt, og breytilegast af öllu eru áherslur og stefna ríkisstjórnarinnar. Við ræddum það t.d. í efnahags- og viðskiptanefnd í morgun að á sínum tíma þegar hafist var handa um að gera ríkisfyrirtæki að hlutafélögum var viðkvæðið jafnan það að nauðsynlegt væri að auðvelda stofnunum sem verið hefðu í ríkisrekstri að athafna sig á markaði, ráðast í fjárfestingar og þar fram eftir götunum í tengdum eða skyldum rekstri. Þegar þetta hefur síðan verið gert venda menn kvæði sínu í kross og nú þarf að búta allar þessar sömu stofnanir sundur til þess m.a. að standast samkeppnislög.

Eitt hefur náttúrlega ekki breyst hjá þessari ríkisstjórn, það er vilji hennar og ákafi að einkavæða og markaðsvæða þjónustu sem áður hafði verið á vegum hins opinbera. Í ljósi þess er mjög mikilvægt að hafa traust samkeppniseftirlit; annars vegar lögin og hins vegar þær stofnanir sem eiga að framfylgja því að lögunum sé fullnægt. Þegar einkavæðingarhrinan fór fyrir alvöru af stað í upphafi 10. áratugarins voru gerðar breytingar á þessu eftirlitskerfi. Verðlagsstofnun sem svo hét var lögð niður og til sögunnar kom Samkeppnisstofnun. Það mun hafa verið árið 1993.

Nú eru enn boðaðar breytingar með þessu frumvarpi og áform eru uppi um að kljúfa Samkeppnisstofnun niður, annars vegar til að sinna samkeppnissviði og hins vegar neytendasviði.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að fella neina endanlega dóma um ágæti slíkra breytinga, hvorki með né á móti. Þetta eru hlutir sem við þurfum einfaldlega að taka til rækilegrar skoðunar. Ég tel mjög mikilvægt að þinginu verði gefið gott ráðrúm til slíkrar skoðunar. Það er mjög óheppilegt þegar ráðist er í grundvallarbreytingar á stofnunum, og lögum ef því er að skipta, þegar vinnunni er hraðað um of. Við bíðum þess núna svo að dæmi sé tekið að inn í þingið komi frumvarp ríkisstjórnarinnar um ný útvarpslög. Þá skiptir öllu máli að mínu mati að þinginu verði skýrt frá því á fyrstu stigum að ekki komi til álita að keyra málið í gegn á þessu þingi, heldur gefist þinginu ráðrúm til að athuga það rækilega. Sama tel ég að eigi að gilda um þessi lög.

Þetta er í rauninni fyrsta áhersluatriði mitt um vinnubrögð við afgreiðslu þessara mála. Ég tel að við eigum ekki að fella neina endanlega dóma á þessu stigi, benda á það sem við teljum almennt til bóta, eða ókosti í frumvarpinu, og síðan þurfum við að fá mjög rækilega skoðun í nefndum þingsins áður en þær senda málið frá sér.

Örfá atriði vildi ég nefna en þó geta þess í tengslum við það sem ég hér sagði að málefni starfsmanna megum við ekki leiða hjá okkur. Það hefur stundum verið sagt að nauðsynlegt sé að hraða afgreiðslu laga af því tagi sem hér eru, sem varða breytingar á starfsumhverfi, vegna þess að nauðsynlegt sé að draga úr óvissu starfsmanna. Ég held hins vegar að það sé hægt að gera það með allt öðru móti, ræða við starfsmenn um það sem á döfinni er og síðan geta þeir mátað sig inn í þær breytingar sem hugsanlega verða uppi þegar þar að kemur. Þannig er þessu yfirleitt ekki háttað. Mönnum er stillt upp við vegg og síðan eru breytingarnar keyrðar í gegn. Ég tel það afar óheppilegt.

Varðandi stjórn þessarar stofnunar hef ég ákveðnar efasemdir um það sem hér er að gerast. Reyndar vil ég taka fram að mér finnst vera álitamál hvort stofnanir af þessu tagi eigi að heyra undir ráðherra eða ráðuneyti eða hvort fara eigi með þessar almennu eftirlitsstofnanir inn í annan farveg, t.d. að þær heyri undir Alþingi. Samkeppniseftirlitið á að lúta stjórn sem ráðherra skipar. Rækileg athygli hefur verið vakin á því hér við umræðurnar að þeim sem ráðherra skipar, þ.e. stjórnarmönnum, eru ekki sett af ráðherra nein skilyrði við skipan í stjórnina. Þannig væri eðlilegt að stjórnarmenn í Samkeppniseftirlitinu hefðu ekki neinna hagsmuna að gæta í viðskiptalífinu.

Ég spyr: Getur það verið vegna þess að eftir 10 ára valdasetu Framsóknarflokksins sem skúffu í skrifborði Sjálfstæðisflokksins fyrirfinnist ekki lengur framsóknarmaður sem ekki á einhverra hagsmuna að gæta í viðskiptalífinu? Er það skýringin?

Mér finnst þetta vera mjög óeðlilegt fyrirkomulag og það hefur verið vakin athygli á því, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson gerðu það, að hér er verið að draga úr skilyrðum frá núverandi lögum. Samkeppnisráð, þ.e. formaður og varaformaður þess mega ekki eiga slík viðskiptatengsl en samkvæmt þessum lögum eru engin slík skilyrði sett varðandi stjórnarsetu.

Einu velti ég fyrir mér. Ef nauðsynlegt er að hafa þennan hátt á við stjórn Samkeppnisstofnunar, að setja forstjórann undir stjórn, hvers vegna er það ekki gert með Neytendastofu? Hvers vegna er forstjórinn þar skipaður beint af ráðherra? Þurfum við ekki að fá skýringar á þessu? (**Gripið fram í:** Minna batterí.) Minna batterí. Minni ábyrgð hugsanlega, eða hvað? Afdrifaríkari ákvarðanir sem kunna að verða teknar? Þar staldra ég aftur við nýju lögin.

Ég staldra þar aftur við nýju lögin vegna þess að stjórnin á í rauninni að taka ákvarðanir eða veita grænt ljós á allar meiri háttar rannsóknir sem Samkeppniseftirlitið ræðst í. Og viti menn, við slíkar ákvarðanir er sérstaklega tekið fram í greinargerð með þessum lögum að stjórnin skuli sjá til þess að meðalhófs sé gætt. Hvað þýðir það? Var meðalhófs gætt í rannsókn á olíufélögunum? Á tryggingafélögunum? Er með öðrum orðum verið að þrengja verksvið Samkeppnisstofnunar að þessu leyti?

Við þurfum að fá svör vegna þess að spurningarnar gerast áleitnar. Og áleitin spurning er sú að þessum lögum sé stefnt gegn þeim sem nú stýra för í Samkeppnisstofnun, að

menn séu að losa sig við forstjórann og þá sem hafa stýrt Samkeppnisstofnun á undanförnum missirum og ráðist í verkefni sem hafa verið mjög umdeild en skilað almenningi árangri að því leyti að lokið hefur verið tekið af spillingarbrunni. Er það þetta sem menn eiga við þegar talað er um að hin nýja stjórn skuli gæta meðalhófs? Hvað þýðir það?

Ég velti því fyrir mér hvort það er heppilegt fyrirkomulag yfirleitt að ráðherra skipi stjórn í þessari stofnun sem síðan stýrir henni hvað þann pólitíska þátt snertir — ég er ekki að tala þar um flokkspólitík — í hvaða stórverkefni eigi að ráðast. Ég spyr: Gæti jafnvel verið heppilegra til þess að hin pólitísku tengsl verði skýrari að hafa sama hátt á og í Neytendastofu, að það verði bara ráðherra sem skipar forstjórann og síðan verði ráðherrann ábyrgur gagnvart þinginu? Ég hef ekki sjálfur komist að niðurstöðu í því efni.

Ég teldi hins vegar að heppilegasta fyrirkomulagið væri allstór stjórn sem skipuð væri af fleiri aðilum en einum, en það er ráðherrann einn sem á að skipa. Engin skilyrði eru sett, hvorki um tengsl stjórnarmanna við fyrirtæki Framsóknarflokksins né fyrirtæki almennt í þjóðfélaginu. Menn yggla sig nokkuð hér í salnum, sérstaklega framsóknarmenn, en þetta er bara staðreynd. Það er bara staðreynd sem taka þarf alvarlega í íslenskum stjórnmálum og viðskiptalífi að hinar miklu einkavæðingar undanfarinna ára hafa opnað leið fyrir flokksgæðinga að verðmætum eignum þjóðarinnar. Þetta eru bara staðreyndir. Við eigum að tala alveg opið og tæpitungulaust um þetta því svona er það.

Síðan var þetta með gíslinguna. Það fannst mér ansi gott hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Hann spurði með nokkurri hneykslan og jafnvel þjósti hvort mönnum fyndist það óeðlilegt að Sjálfstæðisflokkurinn gæfi sér góðan tíma til að skoða þessi lög. Það væri fullkomlega eðlilegt. Ég skrifa alveg upp á það, en ég skrifa líka upp á það að Vinstri hreyfingin – grænt framboð vilji fá tíma til að skoða málin. Og Samfylkingin og Frjálslyndi flokkurinn og síðast en ekki síst Alþingi allt og vinnunefndir þess. Ég á sæti í efnahags- og viðskiptanefnd þingsins og ég mun leggja áherslu á að við fáum mjög góðan og rúman tíma til að skoða þessi mál niður í kjölinn og að ekki verði reynt að hraða afgreiðslu þessara laga eins og því miður hefur viljað brenna við þegar ráðist er í grundvallarbreytingar í stjórnkerfinu.

Komið hafa fram mjög alvarlegar ásakanir vegna þessa frumvarps. Hverjar eru þær? Menn hafa sagt að verið sé að veikja samkeppnislögin. Við þurfum að skoða það. Mér hafa fundist koma fram mjög sannfærandi rök fyrir því. Menn hafa sagt að vegna þeirra kerfisbreytinga sem verið er að framkvæma með þessum lögum muni Samkeppnisstofnun veikjast. Er það rétt? Ef svo er þá þarf að gera breytingar á þessum frumvörpum.

Síðast en ekki síst og það finnst mér vera mjög alvarlegt mál: Getur verið að með þessu frumvarpi og þeim lögum sem menn ætla að koma hér í gegnum þingið sé verið að refsa stjórn Samkeppnisstofnunar? Við þurfum að ræða þetta opinskátt í þinginu vegna þess að ef svo er þá er það grafalvarlegt mál.

[16:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Við höfum rætt hér nokkuð um hæfi stjórnarmanna og hv. þingmaður taldi eðlilegt að stjórnarmenn hefðu ekki hagsmuna að gæta í viðskiptalífinu. Það er sjónarmið. — Ég vona að hv. þingmaður sé að hlýða. — Það er ákveðið sjónarmið en vandinn er sá að Samkeppniseftirlitið mun hafa eftirlit með öllu atvinnulífinu, mörgum opinberum stofnunum, meira að segja Háskóla Íslands þar sem flestir viskubrunnar á þessu sviði starfa. Hann er í samkeppni við aðra háskóla. Hann gæti lent í því að samkeppnisráð þyrfti að úrskurða þar á milli. Það er því orðið vandséð hverjir í atvinnulífinu, hvaða fólk, Íslendingar, eigi ekki einhverra hagsmuna að gæta í viðskiptalífinu, annaðhvort sem starfsmenn fyrirtækja eða sem forstjórar eða stjórnendur.

Það er þess vegna sem menn hafa tekið þá ákvörðun að hafa ekki eins þröng hæfisskilyrði og eru í Fjármálaeftirlitinu sem fjallar bara um mjög lítinn þátt atvinnulífsins, þ.e. fjármálafyrirtæki og tryggingafyrirtæki. Þar er því miklu meira úrval fyrir utan þann þátt atvinnulífsins.

Það er talað um að stjórnarmenn taki ekki þátt í ákvörðun sem varðar þá eða fyrirtæki þeirra. Þetta er venjulegt ákvæði og á að koma í veg fyrir að menn taki ákvörðun um eigin mál.

Menn hafa síðan rætt töluvert um að verið sé að veikja samkeppniseftirlitið. Mín skoðun er sú að þriggja manna stjórn sem kosin er til fjögurra ára — ráðherra getur ekki sagt henni upp — sé a.m.k. óháðari ráðherra en forstjóri sem heyrir beint undir hann og þiggur öll sín laun frá honum og er mjög háður því að „vondur" ráðherra gæti rekið hann, en að sjálfsögðu höfum við mjög góðan ráðherra núna.

[16:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. ráðherra. Ég ætla ekki að gefa núverandi ráðherra einkunn vegna þess að hún er fjarverandi í augnablikinu og getur ekki svarað fyrir sig af því að ég tel að hún hefði viljað gera það.

Varðandi skipan í samkeppnisráð eða nú stjórn Samkeppniseftirlitsins. Telur hv. þm. Pétur H. Blöndal að samkeppnisráð sem nú starfar sé vanhæft? Annað sem ég vil spyrja varðandi skipan í stjórn Samkeppniseftirlitsins og hugsanlega einhverjar takmarkandi reglur sem þar yrðu settar. Sem betur fer er ekki búið að koma öllu þjóðfélaginu út á markaðstorgið, það er enn þá hægt að finna fólk sem á ekki beinna persónulegra hagsmuna að gæta í fyrirtækjum og stofnunum. Væri ekki eðlilegt í þessu tilviki að leita inn á slíkar slóðir?

Það lá í orðum hv. þingmanns, eins og ég skildi þau, að hann vildi jafnvel útiloka háskóla vegna þess að þeir ættu í samkeppni núorðið. Er það ekki svolítið annað að kenna við háskóla, sem hugsanlega á í samkeppni við aðra skóla á einhverjum sviðum, en að eiga sjálfur persónulega beinna hagsmuna að gæta í fyrirtækinu eða fyrirtækjarekstri? Mér finnst ekki saman að jafna þarna.

Síðan tel ég að skoða mætti leiðir að auki sem Danir hafa farið. Danska forsætisráðuneytið skýrði frá því í gær, held ég að hafi verið, að á heimasíðu þess, og ég hef skoðað hana, væri að finna upplýsingar um hagsmunatengsl allra ráðherra í dönsku ríkisstjórninni. Þar er skilmerkilega gerð

grein fyrir þeim. Í dag lagði ég inn fyrirspurn (Forseti hringir.) og ég vænti þess að hæstv. forsætisráðherra muni svara um afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Það verður fróðlegt að hlusta á það svar.

[16:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að hryggja hv. þingmann með því að hið svokallaða markaðstorg sem hann talar um og óttast mikið stækkar sífellt. Meira að segja Háskóli Íslands er kominn í samkeppni við Háskólann í Reykjavík. Ef eitthvert mál kæmi upp þar væri stjórnarmaður sem er prófessor við Háskóla Íslands vanhæfur til að fjalla um það mál. Það getur því orðið mjög erfitt að finna einhvern Íslending sem ekki er í einhverjum tengslum við fyrirtæki sem í sívaxandi mæli taka þátt í samkeppnismarkaði.

Hv. þingmaður spurði líka af hverju stjórn væri yfir Samkeppniseftirlitinu en ekki yfir Neytendastofu? Ég held að það sé einfaldlega vegna þess að það eru ekki nema sex starfsmenn hjá Neytendastofunni og það er dálítið ankannalegt að hafa þriggja manna stjórn yfir sex manns og kannski ástæðulaust, en þetta má ræða. Ég er mjög ánægður með að hv. þingmaður veltir upp þessum flötum því þetta getum við allt saman rætt í nefndinni og fengið skýringar á því af hverju ekki er sambærilegt stjórnarfyrirkomulag á þessu miklu minna fyrirtæki eða stofnun, sem er Neytendastofa, og Samkeppniseftirlitinu. Auk þess sem ég held að þær ákvarðanir sem Neytendastofan tekur séu ekki eins dramatískar eða hafi ekki eins miklar afleiðingar og þær sem Samkeppniseftirlitið tekur.

Upplýsingar hv. þingmanns um dönsku ríkisstjórnina og ráðherrana eru mjög athyglisverðar. Það var einmitt verið að ræða hérna að það liggi fyrir Alþingi þingsályktunartillaga um siðareglur fyrir þingmenn. Það er mjög athyglisvert að skoða þetta og ég væri alveg til í að skoða það að tekin yrðu fram öll hagsmuna-, eigna- og alveg sérstaklega, frú forseti, skuldatengsl manna.

[16:29]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé nú ekki rétt að segja að ég óttist markaðstorgið en það má vel vera að ég óttist þá ríkisstjórn sem hér er einráð í landinu og virðist ekki ganga fyrir öðru en að koma öllu lifandi og dauðu út á þetta markaðstorg. Þegar þangað er komið tel ég hins vegar mjög brýnt að við höfum skýra löggjöf um hvernig aðilar skuli bera sig að á markaði. Þess vegna er þessi löggjöf mjög mikilvæg og það er mikilvægt að til hennar sér vandað.

Ég vil gjarnan enda á þeim jákvæðu nótum að ég vil taka hv. þm. Pétur H. Blöndal á orðinu og vona að alvara sé að baki þeirri yfirlýsingu hans að þessi mál fái mjög rækilega og ítarlega skoðun í efnahags- og viðskiptanefnd þingsins.

[16:30]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætla að leggja orð í belg varðandi frumvarpið sem hér er til umfjöllunar, þ.e. frumvarp til samkeppnislaga.

Fyrir það fyrsta vil ég taka fram að ég tel að þær kerfisbreytingar sem frumvarpið og önnur frumvörp sem verða til umræðu á eftir séu til bóta fyrir það umhverfi sem málið nær til. Ég held að kerfisbreytingar sem þar er gert ráð fyrir að gera séu skynsamlegar.

Mig langar í yfirferð minni einkum að víkja að fjórum atriðum sem koma fram í þessu frumvarpi. Þótt hæstv. viðskiptaráðherra sé ekki í húsinu núna fagna ég því að formaður hv. efnahags- og viðskiptanefndar skuli vera hér þar sem mig langar að biðja hv. þm. Pétur Blöndal og nefndina að taka til skoðunar fjögur atriði þessa frumvarps.

Í fyrsta lagi langar mig að víkja að ákvæðum 16. gr. frumvarpsins, sem varðar eftirlit með samkeppnishömlum. Þar segir að Samkeppniseftirlitið geti gripið til aðgerða við tilteknar aðstæður. Þar segir, með leyfi forseta:

„Aðgerðir Samkeppniseftirlitsins geta falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að stöðva brot gegn ákvæðum laganna eða bregðast við athöfnum opinberra aðila sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Samkeppniseftirlitið getur beitt úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi, í hlutfalli við það brot sem framið hefur verið og nauðsynlegt telst til að stöðva það í reynd."

Ég held að við þurfum ekkert að deila um að ef til þess kemur að þessu ákvæði verði beitt, sem ég tel reyndar mjög ólíklegt með hliðsjón af meðalhófsreglu og öðrum þeim ákvæðum sem stjórnvöldum ber að fara eftir við slíkar ákvarðanir, að um er að ræða mjög viðurhlutamikið inngrip í starfsemi fyrirtækja. Verði gripið til þessa úrræðis kann að vera að þeir sem í hlut eiga nýti sér þær kæruheimildir sem lögin gera ráð fyrir og eftir atvikum, telji þeir að á sér sé brotið, muni leita réttar síns fyrir dómstólum, fara með mál sín fyrir héraðsdóm og eftir atvikum Hæstarétt.

Í ákvæði 16. gr. þessa frumvarps er ekki gert ráð fyrir því að við slíkar aðstæður verði réttaráhrifum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins frestað. Með öðrum orðum: Taki Samkeppniseftirlitið ákvörðun á grundvelli 16. gr. frumvarpsins um að rétt sé að krefjast breytingar á skipulagi fyrirtækja þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að sú ákvörðun hafi áhrif þá þegar.

Ég hefði talið skynsamlegt að hv. efnahags- og viðskiptanefnd tæki til athugunar hvort ekki sé rétt að við þær aðstæður, þegar þeir aðilar sem í hlut eiga vilja leita réttar síns fyrir dómstólum, að réttaráhrifum ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins verði frestað þar til endanleg niðurstaða liggur fyrir. Þetta er fyrsta atriðið sem ég vildi víkja að varðandi þetta frumvarp.

Í annan stað vil ég nefna 17. gr. frumvarpsins en þar segir, með leyfi forseta:

„Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða, eins eða fleiri fyrirtækja, verði til eða slík staða styrkist getur stofnunin ógilt samruna ?"

Með öðrum orðum: Ákvæðið, sem er í raun óbreytt frá núgildandi samkeppnislögum, gerir ráð fyrir því að Samkeppniseftirlitinu verði veitt heimild til þess að ógilda samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja við tilteknar aðstæður. Í 2. mgr. 17. gr. er tekið fram að ákvæðið eigi einungis við um „samruna þar sem sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er 1 milljarður kr. eða meira." Þetta þýðir að ef

tvö fyrirtæki vilja renna saman á Íslandi og heildarvelta þeirra er einn milljarður eða meira þá þurfa þau að fá til þess heimild hjá samkeppnisyfirvöldum og tilkynna þann samruna Samkeppniseftirlitinu. Því er síðan gert skylt að gefa niðurstöðu sína innan 30 daga, ef ég man rétt, um það hvort þetta sé heimilað.

Frumvarpið er lagt fram m.a. með hliðsjón af tillögum nefndar hæstv. viðskiptaráðherra um íslenskt viðskiptaumhverfi. Megintilgangurinn með þeim kerfisbreytingum sem þetta frumvarp og önnur byggja á er að reyna að tryggja að málsmeðferð hjá samkeppnisyfirvöldum verði hraðari en verið hefur. Ákveðin verkefni eru færð frá Samkeppnisstofnun til þess að hún geti sinnt þeim málum sem teljast mikilvægari. Það er ljóst að miðað við 17. gr. frumvarpsins eru afar fá fyrirtæki, alvörufyrirtæki á markaðnum, sem mega renna saman án þess að Samkeppniseftirlitið þurfi að hafa afskipti af því.

Ég fór yfir lista Frjálsrar verslunar um stærstu fyrirtæki landsins og þar kemur fram að velta 153 fyrirtækja nemur einum milljarði eða meira og velta 220 fyrirtækja nemur 500 millj. kr. eða meira. Þessu ákvæði samkeppnislaganna hefur ekki verið breytt í langan tíma. Ég tel að ef menn vilja ná fram hraða í málsmeðferð hjá samkeppnisyfirvöldum væri rétt, og ég óska eftir því að hv. þm. Pétur H. Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, kanni hvort ekki sé rétt í meðförum nefndarinnar að hækka það veltuviðmið sem fram kemur í 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins. Það mundi létta mjög á stofnuninni og gera henni kleift að sinna verkefnum sem mikilvægari teljast á þessu sviði.

Í þriðja lagi, herra forseti, langar mig að víkja að ákvæði sem ég tel að kunni að vera nokkuð umdeilt. Það er 22. gr. frumvarpsins. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vék að því í ræðu sinni að henni þætti miður að þær húsleitarheimildir sem nefnd um íslenskt viðskiptaumhverfi lagði til að yrðu felldar inn í samkeppnislögin hefðu ekki ratað þar inn en ég verð að segja að ég tek ekki undir þær áhyggjur eða vonbrigði með hv. þingmanni. En í 22. gr. frumvarpsins er að finna sakleysislegt ákvæði sem er svohljóðandi, með leyfir forseta:

„Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framkvæma vettvangsskoðun hjá íslenskum aðilum enda sé fylgt þeim starfsreglum sem settar eru í bókun 3 og bókun 4 með samningnum ...“

Ákvæðið hljómar sakleysislega og leikmenn sem skoða þetta frumvarp gætu haldið að fulltrúar Eftirlitsstofnunar EFTA gætu bankað upp á í fyrirtækjum og kannað það hvernig starfsemin gengi fyrir sig og hvort þar færi ekki allt fram eftir eðlilegum reglum, yrði frumvarpið að lögum. Ekki kemur fram í þessu ákvæði frumvarpsins nákvæmlega um hvað er að ræða. En þegar menn lesa greinargerðina með frumvarpinu sést hvað er í rauninni á ferðinni. Ákvæðið felur nefnilega í sér að Eftirlitsstofnun EFTA verði heimilað að gera vettvangsrannsóknir á heimilum stjórnenda, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna að undangenginni heimild frá innlendum dómstólum. Þessi breyting á lögunum er réttlætt með því að nauðsynlegt sé fyrir Íslendinga að gera þessa breytingu vegna skuldbindinga okkar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Ég mundi vilja fá hv. efnahags- og viðskiptanefnd til að kanna hvort það sé virkilega nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að innleiða þessa reglu í íslenskan rétt, að innleiða þá meginreglu að Eftirlitsstofnun EFTA megi brjótast inn á heimili stjórnenda, framkvæmdastjóra og starfsmanna fyrirtækja við rannsókn mála. Ég vil að nefndin kanni hvort það sé nauðsynlegt vegna samningsskuldbindinga okkar að innleiða þá reglu.

Ég verð að taka fram að ég er á móti slíkum heimildum. Ég er á móti því að heimila eftirlitsaðilum að ráðast inn á heimili fólks nema í algjörum undantekningartilvikum. En verði niðurstaðan sú að nauðsynlegt sé að heimila þessa vettvangsrannsókn tel ég að nefndinni beri að skoða vel og vandlega hvort ekki sé ástæða til að fella þessar heimildir, eins og þær koma fram í greinargerðinni, inn í texta frumvarpsins, í ákvæðið sjálft. Það gengur náttúrlega ekki gagnvart borgurunum að ákvæðið segi einungis að Eftirlitsstofnun EFTA sé heimilt að gera vettvangsrannsókn og vísa bara til tveggja bókana, bókana 3 og 4 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, en ekki tekið fram hvað felst í þeim vettvangsrannsóknum. Ég tel að þegar um svo mikla íhlutun í friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er að ræða sé lágmarkið að það sé tekið sérstaklega og skýrt fram í lagatexta. Það er ágætlega útskýrt í greinargerð með frumvarpinu en ég tel að það nægi ekki að gera það þar heldur sé nauðsynlegt að það komi fram í lagatextanum sjálfum.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, og ligg ekkert á henni, að við ættum að forðast það í lengstu lög að heimila slíkum eftirlitsstofnunum að ráðast inn á heimili fólks til að rannsaka mál sem þessi. Ég tel að þeir sem eru fylgjandi slíkum úrræðum eftirlitsstofnana ættu að velta því fyrir sér hvort slík ákvæði hafi þau varnaðaráhrif sem þeir telja. Ef stjórnendur fyrirtækja vita að verði þeir uppvísir að brotum eða grunaðir þá kunni eftirlitsaðilar að koma inn á heimili þeirra þá geyma þeir hinir sömu gögn sín annars staðar. Menn komast alltaf undan svona löguðu en við verðum að hafa það í huga að það eru fleiri en bara stjórnendur þessara fyrirtækja sem búa á heimilunum. Þar eru líka saklaus börn, makar og aðrir sem koma rannsókn þessara mála ekkert við. Það er óumdeilt að við slíkar rannsóknir mundu þessi úrræði bitna á þeim einnig. Ég tel því skynsamlegast að fara varlega í þessu sambandi.

Ég ítreka hins vegar að ef ákvæðið telst nauðsynlegt samkvæmt skuldbindingum okkar á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þá er algjört skilyrði að þær heimildir séu niðurnjörvaðar og komi skýrt fram í 22. gr. lagafrumvarpsins.

Í fjórða lagi, og það er síðasta atriðið sem ég ætla að víkja að varðandi efni frumvarpsins, er ákvæði 27. gr. frumvarpsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar dómstóll fjallar um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrlausn hans ekki brjóta í bága við þá ákvörðun. Enn fremur skal hann forðast að leysa úr máli á annan veg en þann sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að gera í máli sem hún hefur til meðferðar.“

Með öðrum orðum er hér á ferðinni framsal dómsvalds til alþjóðastofnana. Ákvæðið er dálítið sérstakt að því leyti að íslenskum dómstóli er óheimilt að úrskurða í máli á ann-

an hátt en þann sem Eftirlitsstofnun eða dómstóll EFTA „kann" að úrskurða í máli sem ekki liggur fyrir úrskurður í. Þetta er dálítið sérstakt.

En varðandi þetta ákvæði og það sem ég fjallaði um áðan, 22. gr., tel ég þörf á að kanna hvort nauðsynlegt sé samkvæmt skuldbindingum okkar að taka ákvæði þessa efnis upp í íslensk lög. Ég bendi á að í álitsgerð sem Davíð Þór Björgvinsson prófessor skilaði vegna þessa ákvæðis segir hann að þess séu ekki dæmi að íslenskir dómstólar hafi áður verið bundnir af ákvörðunum alþjóðlegra stofnana við úrlausn mála sem þeir eiga annars lögsögu í, eins og ákvæðið kveður á um.

Ég velti því fyrir mér hvort lögfesting slíks ákvæðis sé nauðsynleg. Ég held að þetta sé atriði sem hv. efnahags- og viðskiptanefnd ætti að taka fyrir og kanna sérstaklega og ég velti því fyrir mér hvort nauðsynlegt sé að taka það fram í lögum að ætlunin sé af hálfu Íslands að standa við samningsskuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum sem lögfestar hafa verið í íslenskan rétt. Er nauðsynlegt að það sé tekið sérstaklega fram í sérlögum eins og samkeppnislögunum að menn ætli að fara að skuldbindingum sínum og þeim lögum sem gilda í landinu? Ég er ekki viss um það, það má vera að ég hafi rangt fyrir mér í því sambandi en ég beini því til nefndarinnar að þetta verði kannað.

Í því sambandi bendi ég á að samkvæmt 3. gr. EES-samningsins segir að samningsaðilar skuli gera allar viðeigandi, almennar og sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja að staðið sé við þær skuldbindingar sem af samningnum leiða og að með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni beri við framkvæmd og beitingu ákvæða samningsins að túlka þau í samræmi við úrskurði Evrópudómstólsins. Það eru því mjög skýr ákvæði í EES-samningnum um einsleitni varðandi túlkun ákvæðanna og túlka má EES-samninginn þannig að íslenskir dómstólar séu að sínu leyti skuldbundnir til að túlka EES-reglurnar í samræmi við þá réttarframkvæmd sem gildir á því svæði sem reglunum er ætlað að ná til.

Ég leyfi mér að sama skapi að vísa til þeirra ákvæða sem birtast okkur í 106., 107., 108. og 109. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Ég leyfi mér að efast um að tæknilega sé nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að tiltaka sérstaklega í lögum að við ætlum að fara eftir þeim þjóðréttarskuldbindingum sem við höfum þegar tekist á hendur.

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir þau fjögur meginatriði sem ég tel nauðsynlegt að könnuð verði við meðferð málsins hjá hv. efnahags- og viðskiptanefnd, þ.e. að í fyrsta lagi sé nauðsynlegt að kanna hvort ekki sé rétt að bæta inn í 16. gr. ákvæði um frestun réttaráhrifa telji menn að á sér sé réttur brotinn og vilji tæma kæruleiðir eða fara dómstólaleiðina með ágreiningsmál sín. Í öðru lagi hvort ekki sé rétt að hækka veltuviðmið við samrunatilkynningar í samkeppnismálum. Í þriðja lagi hvort nauðsynlegt sé að lögfesta heimildir Eftirlitsstofnunar EFTA til vettvangskannana á heimilum einstaklinga og stjórnenda fyrirtækja og í fjórða lagi það sem ég gat um síðast varðandi framsal dómsvalds til alþjóðastofnana.

Að svo búnu, herra forseti, lýk ég máli mínu um frumvarpið en ítreka að ég tel að þær kerfisbreytingar sem það kveður á um séu til bóta.

[16:50]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður var fyrsti hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins sem tók til máls og hélt ræðu og má segja að hún endurómi að einhverju leyti þær hugmyndir sem búa að baki því að Sjálfstæðisflokkurinn lagði frumvarpið fram.

Mig langar í örstuttu andsvari að taka undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þingmanni varðandi 22. gr., það er mjög mikilvægt hvað varðar friðhelgi heimilisins að allar heimildir sem eftirlitsstofnanir hafa séu mjög nákvæmlega skilgreindar í lögum, ég vil taka undir það sjónarmið.

Hv. þingmaður hafði orð á því í ræðu sinni að kerfisbreytingarnar væru til bóta. Mig langaði ekki að koma upp til annars en að spyrja hv. þingmann, af því að hann er fyrsti talsmaður Sjálfstæðisflokksins í umræðunni: Styður hv. þingmaður frumvarpið sem hér er til umræðu eða ekki?

[16:52]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór yfir það í ræðu minni að ég tel að gera þurfi breytingar á frumvarpinu eins og það er lagt fram. Ég þykist vita að hverju hv. þingmaður var að ýja með spurningu sinni, en ég geri ráð fyrir því að þegar gengið verður til atkvæða um frumvarpið muni skoðun mín koma í ljós og ég geri ráð fyrir að ég styðji það. Ég tel að frumvarpið sé til bóta miðað við gildandi rétt á sviði samkeppnismála, þrátt fyrir að ég vildi hugsanlega fara einhverjar aðrar leiðir á því sviði.

[16:52]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var rétt hjá hv. þingmanni að það var ekki að ástæðulausu sem ég spurði hann um afstöðu hans til málsins því að hv. þingmaður lýsti því yfir í viðtali árið 2002, með leyfi forseta:

„Þar sem ég er mótfallinn samkeppnislögum þá tel ég að viðurlög eigi engin að vera."

Hv. þingmaður lýsti því yfir að hann væri andvígur samkeppnislögum og teldi að þau ættu ekki að vera í gildi. Þess vegna er eðlilegt að menn spyrji hvort hann sé fylgjandi því frumvarpi sem hér er til umræðu.

Viðhorf hv. þingmanns sem fram kom áðan, að hann teldi kerfisbreytingarnar vera til bóta, vöktu sérstaka athygli. Það verður aðeins hægt að túlka það á einn hátt, að verið sé að veikja gildandi samkeppnislög og af þeim ástæðum telji hv. þingmaður þetta vera til bóta, vegna þess að hann er í hjarta sínu á móti samkeppnislögum og hefur lýst því yfir að hann sé andvígur þeim og að ekki eigi að beita neinum refsingum, (Forseti hringir.) en hv. þingmaður lýsti því yfir áður en hann var kominn á þing.

[16:54]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að biðja hv. þingmann um að vera ekki að gera mér upp skoðanir og kokka upp ástæður þess að ég tel frumvarpið vera til bóta umfram þann rétt sem nú er í gildi.

Það er alveg rétt sem hv. þingmaður vitnar til að ég hef tjáð mig mjög opinskátt um samkeppnislög og reyndar varðandi allt regluverk og reglusetningu hvað atvinnulífið varðar. Ég vil að reglur séu sem fæstar og hömlurnar séu sem minnstar á atvinnulífið — öfugt við hv. þingmann sem hefur lýst því yfir að hann sakni þess að Samkeppniseftirlitinu verði ekki veitt heimild til vettvangsrannsókna á heimili fólks og hefur lýst sig samþykkan því að rétt sé að brjóta upp fyrirtæki án þess að nokkur lög hafi verið brotin. Ég er bara ekki sammála slíkri framtíðarsýn og regluverki.

[16:55]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau fjögur atriði sem hv. þingmaður nefndi eru öll til bóta og öll til skoðunar og að mínu mati öll vel ígrunduð. Kanna þarf hvort réttaráhrifum skuli ekki frestað og hv. efnahags- og viðskiptanefnd þarf að sjálfsögðu að meta hvort skaðinn sé meiri eða minni fyrir hvorn aðilann sem er, atvinnulífið eða viðkomandi fyrirtæki.

Varðandi 1 milljarðinn, ég man eftir umræðu um þetta á sínum tíma að þetta var tekið sem 1/20 af hámarkinu í Danmörku. Að mínu mati er þetta allt of lágt, vegna þess að þetta er mjög hamlandi fyrir fyrirtæki til að sameinast því þau þurfa að fara í gegnum ákveðið ferli sem fælir starfsmenn frá og veldur mikilli óvissu. Ég mundi vilja skoða þetta og fá upplýsingar um það erlendis frá hver mörkin eru þar.

[16:56]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lýsa mig andsnúinn því sem fram kom í andsvari hv. þm. Péturs H. Blöndals, ég vil bara þakka fyrir að nefndin muni taka þessi atriði til skoðunar. Ég tel að þau séu mikilvæg fyrir atvinnulífið í landinu og ekki síður fyrir þá aðila sem frumvarpið gerir ráð fyrir að hafa eftirlit með. Ég tel að þetta skipti líka miklu máli fyrir réttaröryggi manna og sérstaklega þeirra sem telja að á sér sé brotinn réttur og ástæða til þess að réttaráhrifum sé frestað, sérstaklega þegar horft er til þess með hvaða hætti samkeppnisyfirvöld hafa farið fram gagnvart fyrirtækjum í landinu. Þegar við förum yfir þær sektarákvarðanir sem samkeppnisráð hefur lagt á fyrirtæki og skoðum svo endanlega niðurstöðu fyrir Hæstarétti sést að það hefur verið ástæða fyrir fyrirtæki að gera athugasemdir við þann málatilbúnað sem Samkeppnisstofnun hefur haft uppi í samkeppnismálum til þessa.

[16:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þriðja atriðið sem hv. þingmaður nefndi, að taka mjög nákvæmt ákvæði úr greinargerð og setja það í frumvarpið eða lögin finnst mér vera sjálfsagður hlutur því borgarinn á að geta lesið lögin og á ekki að þurfa að fara í greinargerð með frumvarpi sem kannski var samþykkt fyrir löngu. En það er dálítið athyglisvert að í greininni er Eftirlitsstofnun EFTA veittur sterkari réttur en Samkeppniseftirlitinu íslenska.

Hið sama á við um 27. gr. og ég er með dálítið óbragð í munninum — vegna þess að ég lít á Ísland sem fullvalda ríki — með bæði ákvæðin og samskiptin við EFTA. Mig langar að skoða hvort hægt sé að koma inn ákvæði sem getur um að á meðan samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið sé í gildi, þá gildi ákvæðið þannig að gefið sé í skyn að Íslendingar hafi fallist á ákvæðin á meðan þeir vilji vera aðilar að samningnum en um leið og þeir segi honum upp gildi þau ekki lengur.

[16:59]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal kom einmitt að kjarna málsins varðandi 22. gr. Það er nefnilega þannig að þegar eftirlitsaðilum, lögreglu eða yfirvöldum eru yfir höfuð veittar heimildir sem teljast íþyngjandi fyrir borgarana er mjög nauðsynlegt að menn geti kynnt sér þær reglur, viti hvað felist í þeim og hverjar takmarkanir þeirra eru í þeim lögum sem birt eru. Slíkt kemur ekki í ljós í frumvarpinu. Það er bara beitt svokallaðri tilvísunaraðferð þar sem vísað er til bókunar 3 og 4 og þeir sem lesa textann geta ekki áttað sig á því að þar eru víðtækar húsleitarheimildir inni á heimilum fólks sem eftir atvikum er saklaust og kemur þeirri rannsókn sem um ræðir ekkert við. Það er því mjög mikilvægt að á þessu verði tekið.

[17:00]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er með örstutta ábendingu, e.t.v. meira lögfræðilega en pólitíska. Ég hef skilið það þannig að ef innleiðing EB-tilskipunar tekst ekki að einhverju leyti taki tilskipunin ekki gildi að því er það varðar sem ekki er innleitt. Það leiðir hins vegar hugsanlega til skaðabótaskyldu íslenska ríkisins og það gæti hugsanlega orðið, en ólíklega, um þau úrræði sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gerði að umtalsefni, þ.e. um húsleit o.fl. Ef þau eru ekki beinlínis lögfest með þessum nýju samkeppnislögum getur maður ekki stuðst við EB-löggjöfina.

Til eru dæmi um ófullnægjandi innleiðingu EB-tilskipunarinnar, ég nefni lög um ríkisábyrgð á launum og nú síðast lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

[17:01]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Atla Gíslasyni ábendinguna. Mér er alveg kunnugt um það sjónarmið sem hann reifaði hér varðandi innleiðingu EES-gerða í íslenskan rétt.

Ástæðan fyrir því að ég vek máls á þessu er sú að mér hefur fundist hér í löggjafarstarfinu á hinu háa Alþingi sem menn trúi í rauninni öllu sem nýju neti sem frá Brussel kemur og telji nauðsynlegt að fella allt andmælalaust inn í íslenskan rétt sem þaðan kemur. Ég var einungis að beina því til hv. efnahags- og viðskiptanefndar að taka sérstaklega til athugunar hvort það væri nauðsynlegt. Hér er um verulega íþyngjandi ákvæði að ræða og ég hvatti nefndina til að kanna skuldbindingar okkar að þjóðarrétti, sérstaklega með hliðsjón af því hvað við þyrftum að innleiða í landsrétt okkar.

[17:02]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla bara að segja að ég hef ekki trú á öllu því sem kemur að utan.

[17:03]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Maður er svona að átta sig á því hvar hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson stendur í þessu máli. Það getur verið svolítið erfitt en ég minnist þess að hann hafi talað um að hann vildi ekki brjótast inn á heimili og ekki heldur brjóta upp fyrirtæki. Ég man samt ekki betur en að síðasta vor hafi hann staðið fremstur í flokki þeirra manna sem vildu einmitt brjóta upp ákveðið fyrirtæki, og gekk mjög hart fram í því. Ég átta mig oft ekki á þessum málflutningi, mér finnst þetta ekki alveg ríma.

Það er annað sem ég átta mig ekki heldur á hjá ungum sjálfstæðismönnum, þeir sjái ekki hvað samkeppnislög eru mikilvæg, einmitt fyrir þá sem eru að búa sér til leið inn á markaðinn og þurfa kannski að berjast við ofurefli. Þess vegna eru samkeppnislög mikilvæg fyrir viðskiptalífið og við eigum að tryggja það að þessum lögum sé framfylgt. Ja ...

[17:04]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þetta andsvar hv. þingmanns enda í takt við málflutning hans, það endaði á orðinu ja, og svo bara kom ekkert. Ég veit ekkert almennilega hver spurningin er.

Ég get sagt hv. þingmanni það að þrátt fyrir að hann hafi ofurtrú á samkeppnislögum og Samkeppnisstofnun hef ég verið að benda á það sjónarmið að menn eigi ekki að trúa um of á slíka lagasetningu. Ég hef bent mönnum á það að það var ekki eggið sem kom á undan hænunni, heldur öfugt.

Ég geri ráð fyrir að hv. þingmanni sé kunnugt um að það var samkeppni bæði á íslenskum markaði og á mörkuðum um allan heim áður en menn komu Samkeppnisstofnun á fót og settu samkeppnislög. Oftrú þessara manna á lagasetningu og valdboði er algjör, þar á meðal hv. þingmanns. Menn verða að hafa þetta í huga þegar þeir fjalla um samkeppnislög.

Það getur vel verið að margt í þessum samkeppnislögum sé ágætt. Ég er ekkert að mæla fyrir því að þeim sé ekki framfylgt en í guðanna bænum, þessari hreintrúarstefnu sem hv. þingmaður fer hér með hafna ég alveg.

[17:05]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég byrji ræðu mína eins og ég endaði þá síðustu: Ja, það er stórfurðulegt að verða vitni að þessum málflutningi. Er ekki ríkisstjórnin að setja þessi lög? Og hefur hann enga trú á þessari löggjöf? (Gripið fram í.)

Ég er alveg hissa á því að maðurinn sem gekk svo hart fram í því að brjóta niður eitt ákveðið fyrirtæki, Norðurljós, skuli allt í einu vera eins og heilagur maður og algerlega á móti allri lagasetningu — en segir að að vísu þurfi eitthvað að vera að bisa við þetta. Mér finnst þetta alveg stórundarlegt og engin samfella í þessum málflutningi. Ég hefði einmitt talið að ungir sjálfstæðismenn ættu að vera með okkur í Frjálslynda flokknum í að setja löggjöf og vera jákvæðir í garð þess að tekið sé á markaðsráðandi öflum þannig að ungir menn geti komið sér inn í atvinnulífið. Æ ofan í æ verðum við vitni að því að Sjálfstæðisflokkurinn hefur enga trú á því. Hann vill ekki hafa markaðslögmál hvað varðar t.d. fiskinn, það á enginn að komast þar inn, þar eiga bara að vera þeir sem eru þar fyrir.

[17:06]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að fjalla um frumvarp til samkeppnislaga. Það má segja að umræður hafi farið nokkuð um víðan völl hjá okkur í dag og það er kannski ekki óeðlilegt að miklar umræður skapist. Við verðum samt að gera okkur grein fyrir markmiðum lagasetningarinnar.

Mig langaði aðeins í byrjun til að fara örstutt í forsöguna. Eins og við vitum skipaði hæstv. viðskiptaráðherra nefnd fyrir um ári síðan um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis sem var m.a. ætlað að taka fyrir hvernig bregðast mætti við aukinni samþjöppun í íslensku viðskiptalífi og hvernig ætti að þróa reglur þannig að viðskiptalífið væri skilvirkt og traust.

Nefndin skilaði síðan af sér afar vandaðri skýrslu í fyrrahaust og þar má finna tillögur varðandi samkeppnismálin sem við erum að ræða hér. Með leyfi forseta segir m.a. í skýrslunni:

„Nefndin taldi æskilegra að fara svipaðar leiðir í samkeppnismálum og farnar hafa verið í nágrannalöndum okkar til að bregðast við vandamálum vegna fákeppni."

Nefndin telur „nauðsynlegt að skerpa eftirlit með samkeppni á markaði, m.a. með því að gera skipulag samkeppnisyfirvalda skilvirkara og veita meira fjármagni til þeirra ..."

Skýrar samkeppnisreglur og skilvirkt eftirlit gera fyrirtækjum kleift að keppa á eðlilegum viðskiptalegum forsendum. Sú samkeppni er besta trygging viðskiptavina þeirra."

Undir þessi sjónarmið tekur hæstv. viðskiptaráðherra og hefur því lagt fram þetta frumvarp.

Mikil umræða hefur verið í þjóðfélaginu um samkeppnismál og ekki síst eftir stórmál eins og t.d. olíumálið en í því unnu samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun gott starf. Það kemur auðvitað í ljós að almenningur vill hafa eftirlitsstofnanir virkar og vill að þær gæti hagsmuna okkar sem neytenda. Ég tel afar mikilvægt að vel takist til í slíkri löggjöf vegna þess að reglurnar þurfa að vera einfaldar, skilvirkar og njóta trausts.

Það er eðlilegt að slík löggjöf sé sífellt í endurskoðun. Við erum þó ekki hér að breyta efnisákvæðum samkeppnisreglnanna sem slíkra, heldur snúa breytingarnar að skipulagi Samkeppniseftirlits og viðbrögðum samkeppnisyfirvalda við tilteknum samkeppnisaðstæðum. Menn hafa í umræðunni í dag lagt þetta út á versta veg, þ.e. að það sé eitthvað mikið að núverandi samkeppnisyfirvöldum. Ég vil alls ekki líta á það þannig, heldur að við séum bara að horfa fram á við, við erum að þróast fram á við og dveljum ekkert

við fortíðina, enda tel ég að samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun hafi staðið sig ágætlega, t.d. í olíumálinu eins og ég sagði áðan.

Hér eru helst lagðar til tvær breytingar á starfsemi samkeppnisyfirvalda. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á skipulagi og stjórnsýslu samkeppnisyfirvalda og í öðru lagi er lagt til að þau verkefni er lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði færð frá samkeppnisyfirvöldum til stofnunar sem fer með neytendamál. Við munum ræða það atriði síðar. Meginmarkmiðið, eins og áður segir, er að einfalda stjórnsýsluna. Hæstv. viðskiptaráðherra fór ítarlega í þær breytingar áðan og er óþarfi að endurtaka það.

Við framsóknarmenn höfum nýlega haldið flokksþing okkar og þar var ályktað um íslenskt viðskiptaumhverfi. Mig langar að vitna í þær samþykktir, er lúta beint að þessu máli:

„Miklar breytingar hafa orðið á íslensku viðskiptaumhverfi á síðustu árum. Rekstrarumhverfi hér á landi er með því besta í alþjóðlegum samanburði og hefur það átt sinn þátt í útrás íslenskra fyrirtækja. Aukið frelsi til viðskipta en jafnframt öflugt eftirlit og lagaumhverfi sem byggir á evrópskum lagareglum hefur styrkt íslenskt viðskiptalíf. Áfram skal byggja á þeim grunni sem til staðar er og tryggja íslensku viðskiptalífi bestu mögulegu samkeppnisskilyrði. Jafnframt verði áfram lögð áhersla á öflugt eftirlit með viðskiptalífinu. ...

Í ljósi breyttra tíma skal hlutverk eftirlitsstofnana eflt og úrræði þeirra styrkt. Í því sambandi skal þó tryggja gott samstarf við atvinnulífið og samtök innan þess. Mikilvægt er að íslenskt viðskiptaumhverfi sé í senn einfalt og skilvirkt og auðvelt að stofna fyrirtæki. ...

Fagnað er áherslum í frumvörpum viðskiptaráðherra í kjölfar skýrslu um íslenskt viðskiptaumhverfi. Tillögur um öflugt samkeppniseftirlit eru nauðsynlegar í ljósi aukinnar samþjöppunar á mörkuðum. Auknar heimildir til handa samkeppnisyfirvöldum og aukning fjármuna eru skýr skilaboð stjórnvalda um áherslur á þessu sviði."

Virðulegi forseti. Í umræðunni hafa komið fram, eins og ég sagði áðan, ýmis sjónarmið varðandi frumvarpið. Eðlilega munum við í framhaldinu fara yfir þau í hv. efnahags- og viðskiptanefnd að lokinni 1. umr. Ég hef þá skoðun að við séum að stíga hér skref til að einfalda kerfið og jafnhliða styrkja það. Ég vona að þessar breytingar verði til þess að efla og treysta íslenskt viðskiptalíf neytendum til hagsbóta.

[17:12]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir fór hér yfir og lagði fram sjónarmið sín og væntanlega ástæður þess að hún styður það frumvarp sem hér er til meðferðar. Hv. þingmaður vísaði einnig til nefndar um íslenskt viðskiptalíf sem skilaði vandaðri skýrslu, eins og hv. þingmaður orðaði það, og lagði fram tillögur.

Það má segja sem svo að í þessari nefnd séu lagðar fram þrjár, fjórar beinar tillögur um það hvaða breytingar skuli ráðast í. Af þessum þremur beinu tillögum sem lagðar eru til um breytingar er aðeins ein sem á að lögfesta. Það á ekki að lögfesta að heimila vettvangsrannsóknir og húsleit eins og lagt er til. Það á heldur ekki að lögfesta eða viðhalda því ákvæði sem hér hefur verið talsvert til umræðu og hefur verið kallað 17. gr. c-liður í núgildandi lögum þar sem segir m.a.: „Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni ." Það er bara breyting á skipulagi stofnunarinnar sem manni virðist vera farið eftir þannig að aðeins í sáralitlu er fylgt tillögum þeirrar nefndar sem vísað er til og talið er upphaf þessa máls.

Þá er, virðulegi forseti, spurning mín til hv. þingmanns þessi: Hvers vegna er ekki farið að fleiri tillögum sem birtast í niðurstöðum þeirrar ágætu nefndar sem hv. þingmaður vitnaði til?

[17:15]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þær tillögur sem komu fram hjá nefndinni þá mig langar í upphafi að fjalla sérstaklega um húsleitarákvæðið sem hv. þingmaður kom inn á. Við vitum að sjálfsögðu að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða og það var gagnrýnt töluvert í umsagnarferlinu en staðan í því máli er sú að á vegum forsætisráðherra starfar nefnd sem er að skoða samskipti lögreglu, samkeppnisyfirvalda og Fjármálaeftirlitsins í refsiréttarlegu tilliti og það er alls ekki útilokað að ákvæðið verði tekið inn síðar. Ég held að við verðum að bíða og sjá hverju nefndin skilar af sér og ég bind vonir við það. Það hefur komið fram í umræðunni í dag að þetta ákvæði er mjög umdeilt og menn hafa skiptar skoðanir á því.

Í skýrslu nefndarinnar koma fram atriði varðandi stjórnsýslu Samkeppniseftirlits og við erum að fylgja því eftir. Einnig koma fram í skýrslunni ákvæði varðandi Neytendastofu sem verður til umræðu síðar í dag og við erum einnig að fylgja því eftir.

[17:16]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins í örstuttu andsvari vekja athygli á því að þær tillögur sem nefndin lagði til eru ekki margar og ekki mjög efnismiklar. Þess vegna er mjög auðvelt að fara yfir það hvaða tillögur hugmyndin er að lögfesta og hverjar ekki. Það gengur ekki heldur að skýla sér á bak við það að nú sé að störfum nefnd sem skoði hvernig verkaskipting skuli vera milli samkeppnisyfirvalda og lögregluyfirvalda. Það er fyrirsláttur. Kjarni málsins er í raun og veru sá að nefndin skilar tillögum sem í litlu sem engu er farið eftir að því undanskildu að samkeppniseftirlitinu sjálfu er breytt.

[17:17]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja hv. þingmanni að í þessu er heimild til að krefjast skipulagsbreytinga á fyrirtækjum og ég tel það mjög mikilvægt. Ég held að ekki sé ástæða til að gera lítið úr því þó að nefnd sé að störfum á vegum hæstv. forsætisráðherra sem skoða á þessi samskipti. Þetta er viðkvæmt mál hjá mörgum en ég tel það góð og vönduð vinnubrögð að kafað sé djúpt ofan í það mál og ítreka að

þegar niðurstaða úr þeirri vinnu kemur er ekki útilokað að við tökum ákvæðið inn.

[17:18]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þetta fremur villandi málflutningur um stöðu samkeppnismála. Það var að heyra á hv. þingmanni eins og allt væri í stakasta lagi og menn horfðu til framtíðar. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að upplýsa hv. þingmann ef hún trúir þessu í raun og veru að árið 2004 tók 16 mánuði að fá úrskurð frá Samkeppnisstofnun. Það tók jafnvel á annað ár að fá mál til efnislegrar meðferðar. Auðvitað er þetta ekki í lagi. Þessi málaflokkur hefur drabbast niður í tíð Framsóknarflokksins, því miður. Þetta er mjög mikilvægur málaflokkur og ég er viss um að hv. þingmaður er mér sammála hvað það varðar. Því miður hefur stöðugildum þar ekki fjölgað frá árinu 1995, það var upplýst hér við umræðuna. Það sýnir í rauninni forgangsröðunina hjá Framsóknarflokknum að á sama tíma fjölgaði flokkurinn sendiherrum í kringum 70%. Það er auðvitað með ólíkindum.

Annað sem ég áttaði mig ekki á í ræðu hv. þingmanns var þetta með einfaldleikann og skilvirknina. Það væri fróðlegt ef hv. þingmaður gæti útskýrt fyrir mér hvernig það einfaldi stjórnsýsluna og geri hana skilvirkari að skipa einhverja nefnd til að horfa yfir öxlina á forstjóranum. Það væri mjög fróðlegt því ég varð fyrir miklum vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra. Það var eins og hún ætti erfitt með að útskýra þetta. Ég tel í rauninni mjög erfitt að skýra þetta út með nokkrum hætti og þess vegna væri mjög fróðlegt að fá það fram hjá hv. þingmanni.

[17:20]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður gaf í skyn að það væri ekki allt í lagi með samkeppnisyfirvöld í dag. Ég kom inn á það í ræðu minni áðan, sökum þeirra ummæla sem hafa fallið hér í dag að við séum að fara út í þessar breytingar vegna þess að eitthvað stórkostlegt hafi verið að hjá núverandi samkeppnisyfirvöldum, og tiltók til að mynda olíumálin þar sem mér þóttu samkeppnisyfirvöld standa sig mjög vel í því að klára það mál.

Hv. þingmaður talar um að málaflokkurinn hafi drabbast niður og þetta sé ekki rétt forgangsröðun. Við erum einmitt að forgangsraða núna með þessu frumvarpi. Til að mynda get ég nefnt að í síðasta fjárlagafrumvarpi var lagt til að framlög til Samkeppnisstofnunar yrðu aukin um 20 millj. kr. og ef þetta frumvarp verður að lögum óbreytt er áætlað að kostnaður aukist um 60 millj. kr. sem koma þá aukalega og sérfræðingum verður fjölgað um sjö, úr tíu í sautján. Ég tel að þetta séu aldeilis góð tíðindi fyrir samkeppnisyfirvöld í landinu og ekki síst fyrir neytendur, og vona auðvitað að það verði til þess að hægt sé að hraða málum þar í gegn.

Varðandi stjórnsýsluna sjálfa, að verið sé að skipa nefnd til að horfa yfir öxlina á yfirvöldum, þá vil ég benda á að við erum að fara svipaða leið og er hjá Fjármálaeftirlitinu og enginn hefur sagt annað en að það kerfi sé mjög skilvirkt.

[17:22]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru fyrstu merki þess að maður heyri það á framsóknarmönnum að þeir séu að átta sig. Þeir eru að átta sig á því að það hafi verið röng forgangsröðun að fjölga sendiherrum um 70% á sama tíma og ekki var fjölgað starfsmönnum á stofnun sem ítrekað hafði verið lofað, m.a. þegar verið var að taka ákvörðun um sölu Símans. Mér finnst það mjög gott mál.

Ég áttaði mig ekki á þessum rökum þó svo að annars staðar sé eitthvert slíkt fyrirkomulag. Er eitthvað í starfsemi stofnunarinnar og hvernig forstjórinn hefur starfað sem kallaði á þá þörf að horfa yfir öxlina á honum? Bent er á meðalhófsreglu en það er einmitt þannig að allir embættismenn eiga að gæta meðalhófs. Var eitthvað þarna sérstaklega sem kallaði á þetta? Því þarf að svara en ekki hvernig þetta er annars staðar.

[17:23]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði ekki að röng forgangsröðun hefði verið í gangi heldur að nú væri röðin komin að Samkeppnisstofnun. Við höfum verið að gera marga góða hluti þar á undan og nú er röðin komin að þessum málaflokki. Ég vil bara halda því til haga. Ef fyrirkomulag virkar vel annars staðar af hverju ættum við þá ekki að taka það upp á fleiri stöðum? Mér finnst það vera rök í málinu.

Ég er þeirrar skoðunar að það væri mjög til bóta fyrir hinn nýja forstjóra að vera ekki skipaður af ráðherra.

[17:24]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú liggur fyrir að Samtök atvinnulífsins hafa lýst ánægju með það frumvarp sem við ræðum hér. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson hefur líka lýst ánægju með frumvarpið og hann styður það. Samt lýsti hann því yfir árið 2001 að hann væri á móti samkeppnislögum. Nú spyr ég hv. þingmann: Er þetta ekki alveg lýsandi dæmi um að Framsóknarflokkurinn hefur látið beygja sig í þessu máli? Eða er hv. þingmaður komin í hóp með Sigurði Kára Kristjánssyni sem vill ekki nein samkeppnislög og Samtökum atvinnulífsins sem hafa haft allt á hornum sér varðandi núgildandi samkeppnislög? Ég spyr hv. þingmann hvort fjallað hafi verið um málið í Framsóknarflokknum eftir að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hafði veikt frumvarpið verulega með því að fella brott húsleitarheimildir hjá forstöðumönnum fyrirtækja, eftir að hafa fellt brott og veikt hæfisskilyrði sem segja að þeir sem sitja í þessari þriggja manna stjórn megi ekki hafa neinna hagsmuna að gæta í atvinnulífinu og eftir að fellt var brott ákvæði 17. gr. sem hefur mikil varnaráhrif með því að samkeppnisráð geti gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Þetta eru þrjú mikilvæg atriði.

Ég spyr einnig hvort Framsóknarflokkurinn hafi fjallað um frumvarpið eftir að búið var að veikja það svona í meðförum sjálfstæðismanna eða hvort Framsóknarflokkurinn hafi þurft að láta málið yfir sig ganga án þess að fá tækifæri til að ræða það í flokknum og hann hafi bara séð frumvarpið með þessari veikingu hér í þinginu.

Það væri líka fróðlegt að spyrja hv. þingmann hvort hún telji að verið sé að einfalda stjórnsýsluna þegar sett er þriggja manna stjórn í stað samkeppnisráðs, það er allt og sumt sem verið er að einfalda þar, og hvort hún telji það til bóta að bera þurfi allar meiri háttar ákvarðanir undir þessa þriggja manna stjórn.

[17:26]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom inn á álit Samtaka atvinnulífsins og ákveðinna hv. þingmanna sem hafa talað í dag. Ég er mjög ánægð með að þeir aðilar skuli hafa skipt um skoðun og séu sammála okkur í því að efla samkeppnisyfirvöld í landinu og ég sé ekki að það sé mikið vandamál í þessu máli að þeir skuli vera með okkur í því.

Varðandi húsleitarheimildina var málsmeðferðin sú að hæstv. viðskiptaráðherra lagði sjálf til að það ákvæði yrði tekið út. Um það var fjallað í þingflokki Framsóknarflokksins til að upplýsa hv. þingmann um það sem fer fram þar innan dyra. En það er alveg ljóst að það kom í ljós að þetta ákvæði er ekki í samræmi við evrópskan samkeppnisrétt og er hálfgerður bastarður eins og sumir hafa orðað það og þess vegna var ákveðið að taka það út.

[17:27]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þekki hv. þingmann það vel að ég veit að hún talar gegn betri vitund þegar hún telur að Samtök atvinnulífsins og Sigurður Kári Kristjánsson séu allt í einu farin að breyta um skoðun og telja sig vera að efla samkeppnisyfirvöld. Þar talar hv. þingmaður gegn betri vitund vegna þess að hún veit vel að það er verið að veikja Samkeppnisstofnun og draga úr sjálfstæði stofnunarinnar með þeim leiðum sem fara á með þessu frumvarpi.

Ég spyr hvort það hafi virkilega verið samþykkt í þingflokki framsóknarmanna að draga úr hæfisskilyrðum frá því sem er í frumvarpinu núna, að það sé í lagi að þeir sem sitja í stjórn stofnunarinnar eigi hagsmuna að gæta í atvinnustarfsemi, þeir séu samt gjaldgengir í stjórnina. Hv. þingmaður svaraði því ekki hvort hún teldi eðlilegt að bera þyrfti allar meiri háttar ákvarðanir undir stjórn stofnunarinnar.

[17:28]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get fullvissað hv. þingmann um að ég tala ekki gegn betri vitund þegar ég tel að við séum að efla samkeppnisyfirvöld. Ég er þess fullviss, sérstaklega í ljósi þess að nú loks eru samkeppnisyfirvöld að fá aukið fjármagn. Þau geta ráðið sjö sérfræðinga í viðbót, það fjölgar úr tíu í sautján, það er engin smáræðis fjölgun, og vonandi munu mál geta gengið greiðar fyrir sig hjá þeim.

Varðandi það að draga úr sjálfstæði þá er ég ekki sammála því. Ég held að það sé mikill kostur að forstjóri sé til að mynda ekki ráðinn beint af ráðherra. Síðan var talað um meiri háttar ákvarðanir sem þurfi að bera undir stjórn. Auðvitað á eftir að móta allar þær reglur hvernig meiri háttar ákvarðanir verða skilgreindar. Það koma engin skilaboð fyrir fram um það frá Alþingi. Ég vil bara ítreka að ég tel þetta vera gott mál og við eigum að sjálfsögðu eftir að vinna það áfram í nefndinni.

[17:29]

Útbýting:

Fjárhagsleg og stjórnunarleg tengsl ráðherra, 623. mál, fsp. ÖJ, þskj. 934.

[17:30]

Atli Gíslason:

Virðulegi forseti. Í frumvarpi til samkeppnislaga sem hér er til umræðu í dag, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars, er markmiði og gildissviði laganna lýst í I. kafla. Það á að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna að hagkvæmni o.s.frv. og því er síðan lýst til hvers lögin taka en skilmerkilega undanþegið að lögin taki ekki til launa og annarra starfskjara. Það er enn fremur samhliða þessu frumvarpi mælt fyrir um sérstaka Neytendastofu sem er allrar athygli vert ef hún virkar.

Hæstv. viðskiptaráðherra sér ástæðu til að láta semja ítarlegt fjörutíu og fjögurra greina frumvarp með tuttugu og þriggja blaðsíðna greinargerð um samkeppnismál en undanskilur þar reyndar algjörlega mál sem snúa að samkeppnisstöðu kynjanna. Ég spyr: Af hverju er þetta frumvarp lagt fram? Það hefur komið fram að á því sé engin brýn þörf, núgildandi samkeppnislög eru ekki sá dragbítur á virkri samkeppni og eftirliti með henni heldur fjársvelti. Það vita allir sem koma nálægt þessu máli og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði því verulega góð skil í ræðu sinni hér á undan. Samkeppnisstofnun hefur þrátt fyrir fjársveltið afrekað ótrúlega mikið með faglegum og óháðum vinnubrögðum. Ég segi það hér og það er mín eindregna skoðun að Samkeppnisstofnun þarf að vera algjörlega óháð flokkspólitískum afskiptum eða ríkisstjórnarafskiptum og það gildir einu hvort sú ríkisstjórn sem hér er við völd nú á í hlut eða aðrar.

Ég bendi á að umboðsmaður Alþingis nýtur slíkrar stöðu. Hann sækir vald sitt til Alþingis ef svo má að orði komast. Sama gildir um Ríkisendurskoðun. Þessar stofnanir sinna eftirliti með hinu opinbera, með stjórnsýslu og öðru slíku, og með opinberum rekstri. Þó er allt lagaumhverfi opinbers reksturs með þeim hætti að það má fremur treysta honum heldur en einkarekstrinum. Það sem ég er að segja hér er að það verður að tryggja Samkeppnisstofnun, Samkeppniseftirliti, eins og það mun heita, sömu starfsskilyrði og Ríkisendurskoðun og umboðsmanni Alþingis við eftirlit með einkarekstri. Það eru í raun sterkari rök fyrir og meiri þörf á óháðum aðila sem sinnir slíku eftirliti en eftirliti með ríkinu. Nær væri að slíta öll tengsl Samkeppniseftirlits við framkvæmdarvaldið og tengja það fremur Alþingi og auka virðingu þess og auka það sem er grundvöllur lýðræðisins, þ.e. hið þrískipta ríkisvald, láta ekki framkvæmdarvaldið vera með puttana í eftirlitsstarfinu.

Ég segi að þetta frumvarp sé bakslag í þessum efnum. Það er afturhvarf að mínu viti frá því sem ég vil nefna gegnsætt eða gagnsætt lýðræði. Það er mælt fyrir slakara eftirliti með ríkisfyrirtækjum sem verða einkavædd heldur en nú er með þeim. Nefni ég þar Símann.

Ég hygg að hæstv. viðskiptaráðherra hefði fremur átt að huga að — það er mun brýnna — virkum stjórnvaldsaðgerðum og lögum til að tryggja samkeppnisstöðu kynjanna. Hæstv. viðskiptaráðherra veit fullkomlega að kynbundinn launamunur er talinn vera á bilinu 14–18% þegar borin eru saman laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Hún veit að kerfisbundinn launamunur hefur verið viðvarandi um árabil og engin teikn á lofti eru um breytingar. Hún veit líka að með kynbundnum launamun er brotið gegn jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar og það er gert á hverjum degi. Það er líka brotið gegn lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, og þessi mismunun sem er svo brýnt að taka á leiðir til annars misréttis og hindrar þátttöku kvenna á jafnréttisgrundvelli í stjórnmála-, efnahags-, félags- og menningarlífi.

Er ekki þörf á virku eftirliti sem beinist gegn stjórnarskrárbrotum? Átti ekki að huga að því þegar Samkeppniseftirlitið var sett á stofn og Neytendastofa að hugsa nú pínulítið um þann þátt og samþætta?

Hæstv. viðskiptaráðherra veit einnig að heildaratvinnutekjur kvenna eru að jafnaði 60% af atvinnutekjum karla — það er að vísu minni munur hjá opinberum starfsmönnum — og 20% af forstöðumönnum ráðuneyta eru konur. Þetta er allt undanskilið. Allir þessir mikilvægu grunnþættir í samfélaginu eru undanskildir í þessu samkeppnisfrumvarpi. Það er hugsað þröngt og hugsað um viðskiptalífið og að koma til móts við kröfur Samtaka atvinnulífsins og annarra í þessum efnum. Það er engin þörf á lagabreytingum og sá sem hér stendur vill fremur sjá lög þróast áfram fyrir atbeina dómstóla eða með öðrum hætti en sífellt að vera að krukka í löggjöf. Það gerir framkvæmd löggjafar ómarkvissa.

Það hefur ekkert eða lítið sem ekkert þokast í þjóðfélaginu til að jafna samkeppnisstöðu kynjanna á valdatíma ríkisstjórna Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar. Í stað þess að huga að þessum brýnu úrlausnarefnum, að bæta samkeppnisstöðu kynjanna, leggst hæstv. viðskiptaráðherra í víking til að gera Samkeppnisstofnun pólitískt háðari ríkisstjórnum á hverjum tíma.

Misjafnt hafast karlar og konur að á þessum alþjóðlega baráttudegi kvenna 8. mars. Ég vil vekja athygli á yfirlýsingu sem Noeleen Heyzer, framkvæmdastjóri UNIFEM, þróunarsjóðs kvenna hjá Sameinuðu þjóðunum, sendi frá sér í dag. Þar segir hún m.a. að víða sé unnið að lögfestingu réttinda kvenna til efnahagslegs öryggis hvað varðar mikilvæga málaflokka eins og eignar- og erfðarétt, mannsæmandi atvinnu og aðgang að lánum og mörkuðum. Hví er ekki hugað að þessu? Ég beini því til hæstv. viðskiptaráðherra að sýna pólitíska vilja og styrk og leggjast fremur í víking við að semja lög og beita sér fyrir virkum stjórnvaldsúrræðum til að jafna samkeppnisstöðu kynjanna. Jafnframt beini ég því til hæstv. ráðherra að draga þetta frumvarp til samkeppnislaga til baka eða fara sér afar hægt í þeim efnum og veita í stað þess verulega aukið fé til Samkeppnisstofnunar og byggja á núverandi grunni.

Það var á það bent hér fyrr í umræðunni að þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefði dregið að ræða þetta eða haft þetta frumvarp hjá sér til meðhöndlunar í nokkra mánuði, frá desember til dagsins í dag. Ég skil mætavel að menn vilji gaumgæfa þetta líka mjög vel. En ég vil benda á í því sambandi líka að það er mitt áhyggjuefni að starfsmenn Samkeppnisstofnunar eru í gíslingu. Þeir vita ekkert hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Það er ekki góð framkoma. Þeir hefðu þurft að fá að vita nákvæmlega um hvað þetta snerist, hvaða starfsmenn fengju störf áfram, hverjum ætti að segja upp og hverjum ekki, hvar þeim yrði skipað til húsa o.s.frv. Það er eðlileg framkoma við starfsmenn sem hafa unnið af kappi í þessum samkeppnisverkefnum sem eru afar erfið en jafnframt brýn.

Enn og aftur þetta: Það er brýnasta verkefni samtímans að leggjast á eitt til að jafna samkeppnisstöðu kynjanna og ég get fullkomlega séð fyrir mér stofnun, þess vegna innan Samkeppniseftirlits, eins og Neytendastofu, sem sinnir því hlutverki. Hér hefur verið útbýtt í dag frumvarpi sem gæti verið hæstv. ráðherra til leiðbeiningar um að setja á stofn jafnréttisstofu til hliðar við Neytendastofu.

Gerum eitthvað raunhæft. Leggjum fé til Samkeppnisstofnunar í dag og byggjum á þeim grunni sem þar er og hefur reynst nokkuð haldbær. Ég held að helstu agnúar hafi slípast af því starfi.

[17:40]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var nú mjög sérstakt sem hér kom fram. Hv. þingmaður var farinn að tala um jafnréttisstofu undir lokin eins og hann viti það ekki að starfandi er Jafnréttisstofa í landinu. Hún heyrir reyndar undir annan ráðherra þar sem sú sem stendur hér fer ekki með jafnréttismál. Honum tókst að sjá í þessu frumvarpi eitthvað kvenfjandsamlegt, heyrðist mér, sem ég átta mig bara ekki á enda snýst þetta mál ekki um jafnrétti kynjanna. Þetta er frumvarp til samkeppnislaga.

En ég get sagt hv. þingmanni að ég er nýkomin úr Norræna húsinu þar sem ég flutti einmitt ræðu í tilefni 8. mars sem fjallaði um jafnrétti. En það er annar handleggur.

Hv. þingmaður hlýtur að gera sér grein fyrir því þegar hann talar um fjársvelti að með þessu frumvarpi eða í tengslum við það er tekin ákvörðun um að hækka framlög til Samkeppniseftirlits um 60 millj. kr. á tveimur árum. Það er hægt að fjölga um sjö sérfræðinga. Það skiptir ekki litlu máli.

Þegar hann talar um pólitískt háða ríkisstofnun þá — ég er nú búin að fara svo oft yfir þetta í umræðunni að ég veit ekki hvort ég á að fara að endurtaka það einu sinni enn — þá er þetta bara klisja sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa fundið út að væri hugsanlega hægt að nota í þessari umræðu. Hugmyndaauðgin var nú ekki meiri en svo að þeir eru allir að klifa á þessu sama, að verið sé að búa til pólitíska stofnun, þegar sannleikurinn er sá að það er akkúrat farið í hina áttina (**Gripið fram í:** Kannski er eitthvað ...) með því að forstjórinn heyri ekki undir ráðherra (Gripið fram í.) heldur undir stjórn. Að sjálfsögðu eru settar kröfur um hæfi stjórnarmanna sem er reyndar ekki í sambandi við samkeppnisráð í dag nema hvað varðar formann og varaformann.

Hvað fær hv. þingmenn til þess að halda því fram að þarna eigi að setja í stjórn einhverja sérstaka forkólfa

stjórnarflokkanna? Það er bara út í hött.

[17:42]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit fullvel að Jafnréttisstofa er starfandi í landinu. Ég veit það manna best. Ég er að tala um að gefa henni virkari heimildir og ég var að tala um að það væri hugsanlegt að færa hana undir Samkeppniseftirlitið.

Ég orðaði aldrei nokkuð í þá veru að hæstv. ráðherra væri kvenfjandsamlegur. En e.t.v. hef ég hitt á veikan streng. (Gripið fram í.) Ég orðaði það aldrei. Kjarni jafnréttismála, hæstv. ráðherra, er samþætting á öllum sviðum. Það hefði hæstv. ráðherra átt að hafa í huga þegar hún lagðist í þennan víking, þ.e. að samþætta þessa löggjöf jafnréttissjónarmiðum.

Ef það er klisja að segja að stofnunin sé pólitískt háð þá verður svo bara að vera. En lýðræðishugsun mín byggir á mörgum fleiri þáttum. Einn þeirra þátta er að ríkisvaldið sé ekki með puttana í öllum sköpuðum hlutum. Ég vil sjá þrískiptingu ríkisvaldsins. Ég vil sjá veg Alþingis og dómstóla jafnmikinn og framkvæmdarvaldsins. Ég er satt best að segja orðinn hundleiður á yfirgangi ráðherra og framkvæmdarvaldsins gegn Alþingi og dómstólum.

[17:43]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemdir við tvö atriði í ræðu hv. þm. Atla Gíslasonar. Í fyrsta lagi var það sá samjöfnuður sem hann taldi vera milli Samkeppniseftirlitsins annars vegar og hins vegar umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar. Það eru afskaplega gildar ástæður fyrir því að umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun heyra undir Alþingi en ekki undir framkvæmdarvaldið. Hlutverk þessara stofnana, umboðsmanns og Ríkisendurskoðunar er einfaldlega að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Í því eðli liggur ástæðan fyrir því fyrirkomulagi.

Sömu rök gilda ekki um aðrar eftirlitsstofnanir í þjóðfélaginu sem eðli máls samkvæmt heyra undir framkvæmdarvaldið. Það á við um Samkeppniseftirlit alveg eins og fjölmargar aðrar stofnanir sem hafa mikilvægu eftirlitshlutverki að gegna, hvort sem um er að ræða eftirlitsstofnanir á sviði umhverfismála, vinnuverndarmála eða annarra slíkra þátta. Þar á er grundvallarmunur og er engin ástæða til að tengja störf þeirra við þær eftirlitsstofnanir sem sérstaklega eiga að fylgjast með framkvæmdarvaldinu sem geta því ekki með nokkrum rökrænum hætti heyrt undir þetta sama framkvæmdarvald.

Hitt atriðið sem ég vildi nefna tengist því sem áður hefur verið fjallað um í dag, að það sé verið að svipta Samkeppniseftirlitið sjálfstæði og færa undir hið pólitíska vald. Ég verð að segja að mér finnst sá málflutningur ekki halda vatni miðað við að fyrirkomulagið hefur fram að þessu verið þannig að ráðherraskipað samkeppnisráð tekur ákvarðanir um efnisatriði hvers einasta máls sem fer fyrir samkeppnisyfirvöld, a.m.k. um stærri málin. En hér gera menn forstjóra stofnunarinnar ábyrgan og búa til kæruleið til áfrýjunarnefndar en það er ekki verið að auka pólitísk afskipti.

[17:46]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þetta innlegg í málið og þessi andsvör. Ég geri mér grein fyrir því að það eru mismunandi rök á bak við umboðsmann Alþingis og Ríkisendurskoðun. En við erum samt að tala um hliðstæður. Þetta eru ekki sambærilegar stofnanir en við þurfum virkt eftirlit með einkarekstri og opinberum rekstri.

Ég les ekki málið út frá núverandi ríkisstjórn, núverandi hæstv. viðskiptaráðherra eða persónum og leikendum í þessu dæmi. Ég horfi á þetta heildstætt fram í tímann því að við erum að setja lög sem eiga að gilda til frambúðar. Ég óttast að með þessu sjáum við hugsanlegt pólitískt inngrip, pólitíska hönd eða pólitísk augu sem horfa yfir öxlina á Samkeppniseftirlitinu. Þá getum við lent á villigötum seinna. Ég veit fullkomlega hvernig Samkeppnisstofnun starfar í dag. Það eina sem ég segi í því sambandi er að ég vil rjúfa þessi tengsl. Ég veit að þau eru til staðar í dag og ég tel það neikvætt. Ég vil rjúfa þau og vísa til þeirra röksemda sem ég færði fram fyrr í máli mínu.

[17:47]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að það komi skýrt fram að með frumvarpinu er ákvörðunarvald í einstökum málum fært til forstjóra stofnunarinnar, Samkeppniseftirlitsins. Í dag liggur ákvörðunarvaldið hjá samkeppnisráði, sem er eins og ég gat um áður ráðherraskipað. Ef menn hafa áhyggjur af því að ráðherrar í landinu séu með puttana í því sem væntanleg stjórn Samkeppniseftirlitsins kemur til með að hafa með höndum þá ættu áhyggjur manna af pólitískum áhrifum á núverandi samkeppnisráð að vera jafnvel enn meiri. Samkeppnisráð er ákvörðunaraðili í gildandi lögum en samkvæmt frumvarpinu verður forstjórinn ákvörðunaraðili þannig að ákvörðunarvaldið fjarlægist hið pólitíska vald fremur en hitt.

[17:48]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér takast auðvitað á athyglisverð sjónarmið og ég þykist vita að við hv. þm. Birgir Ármannsson þyrftum lengri tíma til að ræða þetta og undir öðrum kringumstæðum. En aðalatriðið er að ég vil rjúfa þessi tengsl. Ég vil efla lýðræðið og það tel ég best gert með því að styrkja löggjafarvaldið og dómsvaldið og veikja framkvæmdarvaldið.

[17:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður kom með þá athyglisverðu hugmynd að láta Samkeppniseftirlitið heyra undir Alþingi, sem og aðrar eftirlitsstofnanir, Fjármálaeftirlitið, Vinnueftirlitið o.s.frv. Þær stofnanir tékka ekki af framkvæmdarvaldið, þær eru að tékka atvinnulífið. Ef þær heyrðu beint undir Alþingi, hver ætti þá að hafa eftirlit með þeim, ef þær brygðust?

Fyrir utan löggjafarvald og fjárveitingavald hefur Alþingi jafnframt eftirlitsskyldu gagnvart framkvæmdarvaldinu. Við þingmenn getum gert athugasemdir og spurst fyrir

um þessar eftirlitsstofnanir, hvort þær standi sig í stykkinu og séu vel reknar eða ekki. Það mundi hverfa ef þær heyrðu beint undir Alþingi. Ekki getur Alþingi farið að gagnrýna og hafa eftirlit með eigin gerðum.

Hv. þingmaður lagði auk þess til að ekki yrði miklu breytt eða hratt. Síðan lagði hann til slíka gjörbreytingu að allt yrði sett undir Alþingi. Það er því ekki alveg samræmi í þessu.

Hann talaði síðan mikið um samkeppnisstöðu kynjanna. Ég veit ekki almennilega hvað það er. Einu sinni var talað mikið um stéttabaráttu en minn flokkur talaði alltaf um að það væri stétt með stétt. Ég mundi vilja hafa það bara kyn með kyni en ekki einhverja baráttu á milli kynjanna. Ég sé ekki að það sé neinum til framdráttar. Ég held reyndar, og hef margoft sagt það, að inn í jafnréttið vanti meiri kröfu um arðsemi. Af hverju skyldi fyrirtæki eða stofnun ráða karlmann og borga honum hærri laun? Af hverju skyldi það gera það? Viðkomandi forstjóra hlýtur að vera alveg sama hvort hann græðir eða ekki.

Hv. þingmaður talaði um að starfsmenn Samkeppnisstofnunar væru í óvissu. Það er ljóst að eftir því sem við drögum málið lengur og vöndum okkur meira við lagasetninguna þeim mun lengur verða þeir í þeirri óvissu. Þetta stangast því allt dálítið á en ég held að þeir verði að bíða í óvissu meðan við vinnum faglega að þessu máli og gefum okkur tíma til að ígrunda öll þau atriði sem nefnd hafa verið í dag.

[17:51]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er verið að tékka af atvinnulífið en ekki ríkið og ekki opinberar stofnanir, sagði hv. þingmaður. Málið snýst um að hagsmunir almennings séu ekki fyrir borð bornir hvort sem ríkið á í hlut eða einkafyrirtæki. Við sjáum í dag einkafyrirtæki sem eru orðin svo ógnvænlega stór að veruleg þörf er á því að almenningur, einstaklingarnir í þjóðfélaginu njóti ýtrustu verndar. Þess vegna hef ég sagt og það er svar mitt til hv. þingmanns: Ég vil einkavæða stjórnsýslulögin og ég vil einkavæða upplýsingalögin.

[17:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjaldan hefur mér brugðið eins og nú. Ef það ætti að fara að einkavæða framkvæmdarvaldið þá hygg ég að mörgum mundi bregða við.

Hv. þingmaður svaraði ekki því hver ætti að tékka af þessar eftirlitsstofnanir, sjá til þess að þær færu að lögum, hver ætti að sjá til þess að þær sinntu sínu hlutverki ef þær heyrðu beint undir Alþingi, sem er með eftirlitshlutverk gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ekki getur Alþingi haft eftirlit með sjálfu sér.

[17:53]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú erum við komnir að grundvallarvandamáli sem hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda. Ég veit ekki hvort það var Cicero eða hver minntist á það, þ.e. spurninguna: Hver á að hafa eftirlit með eftirlitsmönnunum? Ég hef ekki svar við því að öðru leyti en að ég treysti Alþingi til að haga löggjöf þannig að það verði í lagi.

[17:53]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Síðustu orð hv. þm. Atla Gíslasonar í ræðustól voru kannski eins konar lokaorð fyrir þessa umræðu og segja kannski allt sem þarf að segja.

Ég vil í umfjöllun minni um nýtt frumvarp til samkeppnislaga fá að vísa til ágætrar umfjöllunar hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessari umræðu, hv. þingmanna Ögmundar Jónassonar og Atla Gíslasonar. Ég tek undir það sem þeir lögðu áherslu á, að farið verði hægt í að setja lög af því tagi sem hér eru til umræðu. Ég tek reyndar undir sjónarmið hv. þm. Atla Gíslasonar um að réttast væri að draga frumvarpið til baka. Það hefur komið hingað til kynningar og er ágætt að dreifa því sem kynningarplaggi en það fái síðan miklu ítarlegri umræðu án þrýstings á að það verði keyrt í gegn sem lög. Hv. þingmaður færði rök fyrir því. (**PHB:** Hvað með starfsmennina?) Já, já. Starfsmennirnir vinna gott verk og ef þeim væri sagt að þetta væri ekki að skella á hvað úr hverju mundi óvissunni létta. En ég kem aðeins að starfsmannamálunum seinna, herra forseti, vegna spurningar hv. þingmanns.

Þau atriði sem ég vildi gera að umtalsefni varða stjórnsýslulega stöðu stofnunarinnar sem ætlunin er að breyta. Ég vil vekja athygli á því að lagt er til að stofnunin verði áfram A-hluta stofnun. Ég vona að hæstv. ráðherra leiðrétti mig ef það er rangt. Hún á að vera A-hluta stofnun sem fær fjármuni sína beint af fjárlögum ríkisins. Þar um gilda ákveðin lög og siðvenjur um fjárhagslega ábyrgð forstöðumanna gagnvart ráðherra og Alþingi. Forstöðumenn A-hluta stofnana eru m.a. embættismenn og almennt hafa kjör þeirra verið ákveðin af kjaranefnd eða Kjaradómi, eftir því hvernig verkast vill. Þeir hafa því lotið hinum almennu lögum og reglum um forstöðumenn. Hér er gerð breyting á því þannig að stjórn sem ráðherra skipar fái það hlutverk að ráða og bera ráðningarlega ábyrgð á forstjóra. Ég leyfi mér að spyrja: Er þetta stjórnsýslulega rétt fyrir A-hluta stofnun? Þar hefur verið lögð áhersla á að ábyrgðin gagnvart framkvæmdarvaldinu sé einföld og skýr, með stuttum boðleiðum þannig að Alþingi geti líka sótt upplýsingar gegnum ráðherrann um viðkomandi A-hluta stofnun. Þannig hefur þetta verið og mikilvægt að svo verði áfram til að tryggja gagnsæja stjórnsýslu. En nú er gerð tillaga um að forstöðumaðurinn verði ráðinn af stjórn og beri ábyrgð gagnvart stjórninni, ekki gagnvart ráðherranum. Stjórnin ber ábyrgðina gagnvart ráðherranum.

Vegalengdin frá Alþingi til framkvæmdastjóra viðkomandi A-hluta stofnunar lengist og auk þess kemur upp stjórnsýslulegur vafi á því hver beri ábyrgðina ef eitthvað kemur til. Tökum til dæmis fjármálalega ábyrgð. Stjórnin ber ábyrgð á stofnuninni gagnvart ráðherranum þar sem hún ber ráðningarlega ábyrgð á forstjóranum. Fjármálaleg ábyrgð. Ja, við skulum segja að forstöðumaðurinn færi fram úr fjárlögum og þyrfti að veita honum áminningu eða spyrja um hvers vegna það hafi gerst. Þá er ekki við forstöðumanninn að eiga heldur stjórnina. (Gripið fram í.) Stjórnin, í hvaða röð á að reka stjórnina? Stjórnin ber

ábyrgð gagnvart ráðherranum og ráðherrann getur ekki kallað forstöðumanninn til sín. Hann getur kallað stjórnina til sín og stjórnin ber lagalega ábyrgð á gerðum forstöðumanna gagnvart ráðherra, að mínu mati. Ég mundi vilja fá þetta nákvæmlega útlistað, stjórnsýslulega ábyrgð hvers og eins. Yrði ekki að raða stjórnarmönnum í röð, að þessi væri númer eitt og yrði fyrst rekinn fyrir glappaskot eða fengi fyrst áminningu, þessi væri númer tvö og fengi næstu áminningu o.s.frv.?

Það er mjög erfitt að deila stjórnunarlegri ábyrgð með þeim hætti sem þarna er gert. Ég vil þess vegna spyrja ráðherrann: Hvernig er þessari stjórnsýslulegu ábyrgð hagað? Ég legg áherslu á það líka að þegar málið fer í nefnd verði kannað nákvæmlega hver stjórnsýsluleg staða forstöðumanns og stjórnar sé gagnvart starfsmannalögum, gagnvart lögum um fjárreiður ríkisins og öðrum þeim lögum sem snerta einmitt umgjörð A-hluta stofnunar. Það er allt annað ef stofnunin fær fjármagn í gegnum eigin rekstur og ber ábyrgð á sér þannig en hér er um A-hluta stofnun að ræða og ég tel mjög mikilvægt að bæði ríkislögmaður og þeir sem hafa með höndum að fylgjast með því hvort farið sé að lögum um starfsmenn ríkisins kanni þessa réttarstöðu.

Hvers vegna getur þessi forstjóri ekki tekið laun samkvæmt Kjaradómi eða kjaranefnd? Hvers vegna þarf að semja sérstaklega um ráðningarkjör hans? Hvers vegna? Þetta er nánast einsdæmi í A-hluta stofnun sem hér er verið að leggja til og ég velti fyrir mér: Hver er staða þessa forstjóra? Er hann embættismaður? Er hann embættismaður ríkisins og gilda um hann lög og reglur um embættisgengi ríkisstarfsmanna? Það er mjög mikilvægt að þetta sé skýrt og þá ábyrgð hvers og eins í þessu tilviki. Er tilgangurinn með þessari ráðningu sá að geta greitt hærri laun? Það geta svo sem verið rök að þessi forstjóri þurfi að fá að vera á öðrum ráðningarkjörum til að hægt sé að greiða honum önnur laun og aðrar sporslur en viðgengst innan embættismannakerfisins á grundvelli Kjaradóms og kjaranefndar. Er þessi ráðning óháð úrskurði Kjaradóms og kjaranefndar? Er það svo, og hvers vegna er þá verið að ráða forstjóra fyrir A-hluta stofnun með þeim hætti? Ég held að það sé nauðsynlegt að svar komi við því og þá einnig gagnvart öðrum forstöðumönnum A-hluta stofnana. Hvers eiga þeir að gjalda ef ætlunin er að greiða þarna hærri laun eða vera með önnur ráðningarkjör fyrir þessa aðila og ekki einhverja aðra? Er þetta þá í samræmi við meðalhófsreglur og að það sé jafnrétti á milli A-hluta stofnana í stjórnsýslulegri umgjörð? Kröfurnar eiga a.m.k. að vera mjög líkar.

Hér hefur verið rætt um þessa stjórnsýslulega stöðu og eins og nú er heyrir hún beint undir ráðherrann. Forstöðumaðurinn heyrir beint undir ráðherra og þannig kemst Alþingi beint að vinnu stofnunarinnar og ákvörðunum hennar, í gegnum ráðherrann vegna þess að hann ber ráðherralega ábyrgð á starfi hans þó að hann hafi ekki afskipti af daglegum störfum hans. Forstöðumaðurinn ber sjálfur ábyrgð á þeim á grundvelli ráðningarsamnings síns en Alþingi getur með beinum hætti átt aðgang að upplýsingum og öðru því um líku sem það vill fá að vita um þessa A-hluta stofnun í gegnum ráðherrann. Með breytingunum verður það miklu torveldara þannig að það er verið að fjarlægja stofnunina frá Alþingi. Alþingi á erfiðara með að sækja upplýsingar sem verða fyrst að fara í gegnum ráðherrann og síðan gegnum stjórn stofnunarinnar og svo til forstöðumanns. Bara þessi þáttur einn styður það sem hér hefur verið haldið fram um að þessi lög miði að því að veikja Samkeppnisstofnun og stöðu hennar gagnvart almenningi, færa hana frá almenningi, frá Alþingi. Að breyta aftur undirstrikar það.

Við höfum að vísu nokkuð tilsvarandi um Fjármálaeftirlitið þó að það hafi samt í raun markaðan tekjustofn frá fjármálalífinu. Engu að síður er það með nokkuð líkum hætti. Hefur það gefist vel? Nei, það hefur nefnilega ekki gefist vel.

Tökum umsögn Bjarna Ármannssonar á fundi sem haldinn var um gegnsæi Fjármálaeftirlitsins. Útdráttur úr því og umfjöllun birtist í Morgunblaðinu 11. janúar sl. Þar eru raktar ýmsar ástæður fyrir því að Fjármálaeftirlitið sé mjög veikt enda er það altalað. Morgunblaðið hefur eftir Bjarna Ármannssyni, með leyfi forseta:

„Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, minnti áheyrendur á að fjármálamarkaður á Íslandi ætti sér mun styttri sögu en sams konar markaðir erlendis. Þar af leiðandi væru ekki margar hefðir ekki fullmótaðar."

Hann leggur áherslu á að það verði að koma hefðir, það verði að koma viðskiptasiðferði svo að ég noti mitt orð. Síðan segir í viðtalinu við Bjarna:

„Nokkuð sem að hans mati ylli því að Fjármálaeftirlitið væri undir stöðugu álagi að halda í við hinn ört vaxandi fjármálamarkað. Í máli Bjarna kom fram að þetta gæti verið ástæða þess að Fjármálaeftirlitið nýtur ekki þeirrar virðingar sem því ber og að sumir markaðsaðilar færu oft inn á grá svæði, og það jafnvel viljandi."

Í orðum Bjarna Ármannssonar og reyndar fleiri í þessari umfjöllun var lögð áhersla á að hefðir þyrftu að skapast og að engin lög gætu komið í stað góðra viðskiptahefða. Staða Fjármálaeftirlitsins væri allt of veik. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum einmitt flutt þingsályktunartillögu um að sérstaklega verði skoðuð stjórnsýsluleg staða Fjármálaeftirlitsins með það að markmiði að efla sjálfstæði þess og stöðu og að skipuð verði sérstök nefnd til að fara yfir það. Þar ætti að skoða m.a. hvort ekki væri vert að flytja Fjármálaeftirlitið frá framkvæmdarvaldinu og undir Alþingi.

Hv. þm. Birgir Ármannsson talaði um að þetta gæti orkað tvímælis. Auðvitað getur það gert það. Þessi leið var þó valin með Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðun heyrði undir fjármálaráðherra, undir framkvæmdarvaldið alveg fram undir 1990 en þá var ákveðið að setja hana undir Alþingi. Ég held að allir þingmenn séu sammála um að það hafi verið heillaspor. Ég held að enginn þingmanna hér mundi leggja til að Ríkisendurskoðun yrði færð til baka undir einhvern ráðherrann, ekki einu sinni hv. þm. Birgir Ármannsson. Ég hef ekki trú á að hann mundi gera það. En hann hefði kannski með sömu rökum lagst hér gegn því að það ætti að skoða að Samkeppnisstofnun eða Fjármálaeftirlitið færi undir Alþingi. Það er ekkert ótrúlegt að sömu rökum hefði verið beitt á sínum tíma ef við stæðum nú frammi fyrir því að taka ákvörðun um það hvort Ríkisendurskoðun ætti að fara undir Alþingi.

Ég tel alveg fyllilega brýnt og réttmætt að nú verði farið ofan í stöðu þessara eftirlitsstofnana, Fjármálaeftirlitsins og

Samkeppnisstofnunar, Vinnueftirlitsins líka þó að það sé allt annað. Það lýtur að þessum mikla innflutningi á fólki, þó sérstaklega að því sem snýr að fjármála- og viðskiptalífinu. Það á að skoða þetta heildstætt, ekki stökkva á eitt og eitt út af því að stofnunin hafi gengið eitthvað langt í að grafa upp samráð meðal olíufélaganna og það þurfi að refsa henni svipað og gert var með Þjóðhagsstofnun sem gaf út stöðu efnahagsmála. Þess vegna var hún lögð niður. Eru þetta vinnubrögð sem við eigum að búa við? Mér finnst það miður. Það hefur komið fram í máli hv. þingmanna að þetta séu einu hugsanlegu rökin, enda hefur hæstv. ráðherra ekki borið á móti því, hún hefur ekki lagt fram þarfagreiningu fyrir því hvers vegna verið sé að ráðast í þessar breytingar. Hefur hún lagt hana fram? Hefur hún gert grein fyrir henni? Hefur hún gert grein fyrir því hvers vegna þarf að ráða þennan forstjóra allt öðruvísi en alla aðra forstöðumenn ríkisstofnana? Nei. Enga grein gert fyrir því. Einu rökin eru: Af því bara. (**LB:** Það er meðalhófið.) Já, meðalhófið já. (**LB:** Það er eitthvert óhóf sem hann hefur ...) Já. (**LB:** Hvort óhófið var innrás til olíufélaganna eða ekki, það er ekki gott að segja.) Nei. Þetta er alveg hárrétt, frú forseti, og án þess að maður megi fara að vitna í einhverjar vísur sem snúa að allt öðru málefni getur þetta samt verið alvarlegt. Einhvern tíma lærði ég vísu sem lýtur að meðalhófsreglunni. Hún getur verið hættuleg og vandmeðfarin eftir því hvernig hver skilur hana. Hún var svona, með leyfi forseta:

Hófdrykkjan er heldur flá,
henni er valt að þjóna.
Hún er bara byrjun á
að breyta manni í róna.

Þannig eru meðalhófsreglur í höndum ýmissa, það er ekki alveg ljóst hvar þær enda.

Frú forseti. Ég kom hér fyrst og fremst til að draga athyglina að hinni stjórnsýslulegu stöðu þessara stofnana sem hér er verið að ræða um, þetta er A-hluta stofnun sem hingað til hefur verið reynt að gæta að sé mjög sterkur og ákveðinn stjórnsýslulegur rammi utan um. Hún fer beinar boðleiðir milli Alþingis, ráðherra og stofnunar án þess að verið sé að gera því skóna að það sé einhver meiri hætta á að hafa áhrif á störf stofnunarinnar. Þetta snýr alls ekki að því enda er viðkomandi forstöðumaður ráðinn samkvæmt ráðningarsamningi.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram tillögu um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins. Mér finnst að þetta ætti að skoða heildstætt, þessar stóru eftirlitsstofnanir sem gegna mikilvægu hlutverki en við þurfum líka að gefa hefðum rúm, viðskiptasiðferðinu. Við höfum enn fremur lagt fram frumvarp um það að starfsleyfi banka, fjármálastofnana, fjármálafyrirtækja eigi að einskorðast við afmarkaða starfsemi en að eitt og sama fjármálafyrirtækið geti ekki með beinum eignatengslum og beinum ráðstöfunum rekið margháttaðan atvinnurekstur.

Kannski ætti að huga að svona lagasetningu til að styrkja viðskiptasiðferðið í landinu. Var ekki í fréttum um helgina að Landsbankinn væri kominn með eignarhald í KB-banka, KB-banki í Íslandsbanka, og hvernig var þetta, Einbjörn í Tvíbjörn, Tvíbjörn í Þríbjörn og Þríbjörn í Fjórbjörn? Hver átti svo hvað? Svo þóttust þessar stofnanir vera í samkeppni. Væri ekki nær að skoða þessi atriði og þessa lagaumgjörð heildstætt? Það eru hagsmunir almennings. Alþingi er vörsluaðili hagsmuna almennings og þessi lög eru á ábyrgð Alþingis sem og starfsemi þessara stofnana.

[18:14]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður lét að því liggja að Samkeppnisstofnun hefði gengið of langt í sambandi við olíufélögin og þess vegna væri verið, eftir því sem mér skildist, að ná sér niðri á stofnuninni. Málið átti að heita að snúast um það. Það er alveg fáránlegt að halda þessu fram og ég veit að hv. þingmaður trúir því ekki sjálfur þótt hann segi það hérna.

Síðan vildi ég aðeins koma inn á þessa meðalhófsreglu sem hefur verið til umfjöllunar. Hún er mikilvægt og lögbundið ákvæði í stjórnsýslulögum. Það er ekki bara að það sé góð stjórnsýsla, heldur ber stjórnsýslunni að beita meðalhófsreglu. Það er ekki rétt að gera lítið úr því.

Hvað varðar væntanlegan forstjóra Samkeppniseftirlitsins er hann ekki embættismaður eins og kemur fram í frumvarpinu og ekki meira um það að segja. Hann er þá óháður Kjaradómi.

Fleira var það sem hv. þingmaður nefndi. Um stofnunina sem slíka er sama skipulag viðhaft og hvað varðar Fjármálaeftirlitið. Ég hef ekki heyrt betur í þessum sal en að þingmenn séu mjög jákvæðir gagnvart Fjármálaeftirlitinu og telji það skipulag sem þar er viðhaft vera til fyrirmyndar. Síðan þegar gerð er tillaga um að fara sömu leið hvað varðar Samkeppniseftirlitið er eitthvað allt annað upp á teningnum og menn reyna að finna því allt til foráttu. Ég átta mig ekki alveg á þessu, mér finnst ekki vera samræmi í málflutningnum.

[18:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að þarna liggi einmitt hundurinn grafinn, að hæstv. ráðherra áttar sig ekki á þessu. Ég held að vandinn sé að hæstv. ráðherra átti sig ekki á þessu.

Í fyrsta lagi legg ég til að hæstv. ráðherra athugi stjórnsýslulega stöðu forstöðumannsins betur og stöðu hans sem vörsluaðila ríkishagsmuna. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra átti sig á því að um A-hluta stofnun er að ræða, það er engin breyting á því, sem hefur allt sitt fjármagn frá ríkisvaldinu og fjárlögum og lögð er þung áhersla á hina beinu línu frá Alþingi, í gegnum ráðherrann og til A-hluta stofnunar. Við þekkjum það sem vinnum að fjárlagagerð að við fáum og getum kallað til okkar forstöðumenn A-hluta stofnana til að fara yfir með þeim ýmislegt sem lýtur t.d. að rekstri. Vegurinn nú verður miklu flóknari og ekki alveg séð hvernig hann getur gengið fyrir sig og ég bið hæstv. ráðherra að skýra út hvernig tengslin verða á milli Alþingis, ráðherrans og stofnunarinnar við einstök atriði.

Varðandi Fjármálaeftirlitið sem hæstv. ráðherra kom inn á höfum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs lagt til að staða Fjármálaeftirlitsins verði endurskoðuð með það í huga að styrkja það og efla og ég vitnaði

áðan til ummæla þekkts bankastjóra þar sem lögð er áhersla á sama atriði.

[18:18]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Eftir umræður dagsins stendur þrennt eftir: Í fyrsta lagi er verið að skerða heimildir til að taka á samkeppnismálum. Í öðru lagi er verið að setja yfirfrakka á forstjóra stofnunarinnar og í þriðja lagi er verið að auka fjármuni til málaflokksins og tími til kominn að það sé gert.

Í allri umræðunni í dag hefur hæstv. ráðherra ekki tekist að útskýra hvers vegna er verið að þessu. Að vísu er skiljanlegt að auka þurfi fé í málaflokkinn. Það sjá allir. Það er með ólíkindum að stofnunin sé rekin þannig að það taki 16 mánuði að meðaltali að fá úrskurðinn. Það er ekki hægt að una við það og heldur ekki að það taki á annað ár að mál séu tekin til meðferðar. Þess vegna er nauðsynlegt að taka málaflokkinn í gegn og skoða hann en ég er alls ekki viss um að lausnin sé að skerða heimildir og setja einhvern yfirfrakka á forstjóra stofnunarinnar. En það er gert með þeim orðum að verið sé að einfalda stjórnsýsluna. Þetta eru alger öfugmæli og ekki í fyrsta skipti sem hæstv. ráðherra er með öfugmæli. Skemmst er að minnast þess þegar raforkulögin voru kynnt. Það átti að vera mikið hagræði að því en það virðast allir tapa og síðan voru það ekki hundrað krónu hækkanir eins og verið var að boða heldur tugþúsunda hækkanir sem raforkunotendur sem hita hús sín með raforku þurfa að greiða aukalega.

Fleiri mál má nefna eins og þegar hætt var að jafna sement. Þá var sagt að það yrði óveruleg hækkun en reyndist 70% hækkun sem ég hefði talið að væri veruleg hækkun. Það er mjög erfitt að ræða þessa hluti málefnalega við hæstv. ráðherra því þegar maður er í ræðustól og kemur með rök máli sínu til stuðnings er maður jafnvel sakaður um rangfærslur, rétt eins og í umræðunni um daginn um lýðræðið. Þá sakaði hæstv. ráðherra mig um að vera með rangfærslur. Ég óskaði ítrekað eftir því að hæstv. ráðherra skýrði út hvað ég hefði farið rangt með vegna þess að ég vil síst af öllu vera að endurtaka einhverjar rangfærslur og mér finnst það vera skylda hæstv. ráðherra að útskýra það fyrir hv. þingmönnum þegar hún telur að þeir fari með rangt mál.

Annað sem stendur uppi úr í umræðunni og er að mörgu leyti átakanlegt er afstaða Sjálfstæðisflokksins. Svo virðist sem margir sjálfstæðismenn telji að samkeppnislög séu einhver óþurftarlög, en ég tel að til að tryggja heilbrigt atvinnulíf og vöxt þess og að það verði einhver endurnýjun sé rétt að setja leikreglur og vanda sig við það. Sérstaklega ætti það að vera ungum sjálfstæðismönnum umhugað því ef þeir meina eitthvað með því sem þeir segja um að koma á auknum einkarekstri og eitt og annað þarf að hafa einhverjar reglur þannig að ungir menn geti jafnvel smeygt sér inn í atvinnurekstur. Það er einmitt það sem við í Frjálslynda flokknum höfum lagt mikla áherslu á og þess vegna teljum við málaflokkinn mjög mikilvægan. Þess vegna leggjum við einnig áherslu á ýmis önnur mál, eins og vera ekki að selja grunnnetið með Símanum því þá er verið að selja einokunaraðstöðu. Þetta tengist málinu vegna þess að þegar ákveðið var að selja Símann var einmitt talað um það í nefndaráliti meiri hlutans að nauðsynlegt væri að efla samkeppnisstofnanir sem hefðu eftirlit með því og fyrirtækin sem eiga í samkeppni við Símann, sem er ríkisrekinn, vilja einmitt að grunnnetið sé aðskilið. Það er eins og Sjálfstæðisflokkurinn sé ekki farinn að átta sig á þessu og oft á tíðum er jafnvel ómerkilegur málflutningur þar sem gefið er í skyn að Samkeppnisstofnun hafi fengið fúlgu fjár þegar staðreyndin er allt önnur. Það eru svipuð stöðugildi og voru fyrir áratug og allir sjá að málaflokknum hefur ekki verið sinnt í núverandi ríkisstjórnarsamstarfi.

Það er ákveðin afstaða sjálfstæðismanna til málaflokksins sem maður áttar sig ekki heldur á. Þegar sjálfstæðismenn eru spurðir á þingi hvort fyrirtæki í eigu almennings fari að samkeppnislögum er bara snúið út úr og engu svarað. Ég er með svar frá hæstv. fjármálaráðherra og er með ólíkindum að hann hafi ekki meiri metnað fyrir því að koma á samkeppni og svo er í hinu orðinu verið að tala um að flokkurinn sé flokkur frjálsrar samkeppni. Það eru alger öfugmæli. Ef flokkurinn meinti eitthvað með því mundi hann auðvitað beita áhrifum sínum til að koma á virkri samkeppni á fjarskiptamarkaði, mundi hann aðskilja grunnnetið frá samkeppnisrekstri og hefði metnað fyrir því að ríkisfyrirtækið Síminn færi að samkeppnislögum.

Fleiri mál má nefna. Það er mjög sérstakt að verða ítrekað vitni að því að hv. þingmenn Vinstri grænna virðast vera miklu meira fylgjandi því að heilbrigð samkeppni sé í atvinnulífinu á meðan Sjálfstæðisflokkurinn virðist bara vera að slá skjaldborg utan um ráðandi fyrirtæki og stærri fyrirtæki. Við horfum ítrekað á þetta. Við höfum rætt um aðskilnað veiða og vinnslu. Sjálfstæðismenn sáu því allt til foráttu að menn stæðu jafnir í samkeppni um hráefni og þá var það ekki hægt. Síðan er varla hægt að setja samkeppnislög með svipaðar heimildir og erlendis fyrir Sjálfstæðisflokknum vegna þess að menn þykjast svo heilagir hér að það megi ekki brjóta niður fyrirtæki, eins og þeir orða það, brjótast inn í hús þar sem eru konur og börn, eins og það er orðað. En fyrir nokkrum mánuðum fór flokkurinn hamförum við að brjóta niður eitt ákveðið fyrirtæki. Ég tel að skoða þurfi afstöðu flokkanna í heild, bæði það að Framsóknarflokkurinn hafi haldið Samkeppnisstofnun í fjársvelti og látið hana drabbast niður.

Ég er á því að endurskoða þurfi ýmislegt í skipulagi stofnunarinnar og rétt sé að skoða það. En að segja að verið sé að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar og auka það með því að setja þrjá menn yfir forstjórann skipaða af ráðherranum er bara vitleysa. Nær væri að forstjórinn byði sig fram og væri kosinn, rétt eins og í Ameríku. Þá hefði hann vald frá almenningi eða að hann heyrði undir Alþingi. Og það er alls ekki eitthvert fyrirmyndarfyrirkomulag hjá Fjármálaeftirlitinu, eins og fram hefur komið í umræðunni. Bent hefur verið á það, m.a. af erlendum fyrirlesara á góðri ráðstefnu, að það sé ekki hentugt að hún sé of tengd pólitískum öflum.

Ég tel umræðuna að mörgu leyti ágæta því hún afhjúpar stjórnarflokkana algerlega. Verið er að koma með einhver samkeppnislög sem eru varla fugl né fiskur og þegar frekar þyrfti að herða róðurinn í að ná utan um þessi mál koma einhver þokukennd frumvörp um að setja yfirfrakka á mann sem virðist þó hafa tekið til hendinni í olíumálinu og fleira. Það sem stendur upp úr í umræðunni er að allar útskýringar

hæstv. ráðherra eru mjög ótrúverðugar. Það verður að segjast eins og er.

[18:29]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Mig langar í lok umræðunnar að hlaupa á því sem fram hefur komið í dag, en byrja á því að taka undir með hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni þegar hann sagði að umræðan í dag hefði að mörgu leyti afhjúpað stjórnarflokkana. Það er kjarni málsins vegna þess að í umræðunni í dag hefur verið dregið fram að frumvarpið er hvorki fugl né fiskur og hæstv. viðskiptaráðherra skuldar þinginu skýringar á því af hverju verið er að hleypa upp þessari óvissu fyrir ekki nokkurn skapaðan hlut. Af hverju er verið að setja lagaframkvæmd í óvissu? Af hverju er verið að setja heila stofnun í óvissu? Af hverju er verið að setja starfsmenn í óvissu fyrir ekki neitt? Það eina sem verið er að gera er að veikja samkeppnislögin og að öllum líkindum veikja stofnunina vegna þess að uppskiptin á stofnuninni gera það að verkum að samlegðaráhrif, sem menn ella hafa með því að vera með fleiri starfsmenn, nýtast ekki. Það er því nánast sama hvar borið er niður, verið er að veikja samkeppniseftirlit í landinu og samkeppnislög sem tæki til að veita þetta aðhald.

Það þarf kannski ekki að koma á óvart að þetta sé niðurstaðan eftir umræðu dagsins því að ég held að hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sem talaði hér fyrr í dag, hafi lýst því yfir að hann sé andvígur því að í gildi séu samkeppnislög og vill ekki slík lög. Hann hefur lýst því yfir að hann sé fylgjandi þeim breytingum sem nú er verið að gera því að það sé til bóta á kerfinu.

Hvernig túlka menn orð hv. þingmanns sem fyrir fram er andvígur samkeppnislögum, telur ekki ástæðu til að beita refsingum, að hv. þingmaður er fylgjandi þessum breytingum? Þetta undirstrikar það enn og aftur að þeir sem fagna núna eru þeir sem vilja lögmál frumskógarins, þeir sem ekki vilja aðhald og almennar leikreglur á þessum markaði. Það eru frjálshyggjumenn, últra hægri menn, eins og hv. þingmaður Sigurður Kári Kristjánsson, þó að hann hafi hér sagst ætla að styðja þetta mál þótt hann sé á móti samkeppnislögum. En það þarf svo sem ekki að koma á óvart að menn falli í þá gryfju að vera svona með og á móti sjálfum sér eftir því hvernig vindar blása. En þetta er bara veruleiki lífsins.

Þegar við horfum á þá þróun sem hefur átt sér stað á þessu frumvarpi fór það af stað með a.m.k. þremur atriðum sem hér má telja upp, sem eru hæfisskilyrði, húsleitarheimild og áfrýjunarheimild fyrir samkeppnisyfirvöld að fara með, þ.e. að fara með mál til dómstóla ef þau telja að hagsmunum almennings sé ekki nægilega borgið eftir niðurstöðu áfrýjunarnefndar, þannig að bæði sá sem er sakhæfur og samkeppnisyfirvöld hafi þessa heimild.

Eftir að olíumálið kom upp hafa öll þessi atriði horfið. Það eru svona atriði eins og ég nefndi áðan, þ.e. tilgangsleysið með frumvarpinu sem er algert, sem kallar fram tortryggni, það gerir það. Þetta kallar fram tortryggni gagnvart því hvað menn eru hér raunverulega að fara.

Ég held að ástæða sé til á þessum tímapunkti að rifja aðeins upp ummæli fyrrverandi borgarstjóra, Þórólfs Árnasonar, þegar hann var spurður í viðtali hvers vegna hann hefði ekki sagt af sér fyrr en hann gerði og ætla ég að vitna í ummælin en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Sú spurning horfir öðruvísi við þegar horft er til baka heldur en þegar maður er á bólakafi í vinnunni sjálfur. Að hluta verður að skoða það í þessu pólitíska andrúmslofti. Ég hefði verið að segja öllu valdakerfi landsins stríð á hendur ef ég ætlaði að brjótast út úr olíuviðskiptunum."

„Ég hefði verið að segja öllu valdakerfi landsins stríð á hendur" — sagði fyrrverandi borgarstjóri — „ef ég ætlaði að brjótast út úr olíuviðskiptunum." (**Gripið fram í:** Þetta er bara rétt.) Þetta eru stór orð. Þar er hann að rifja upp hvers vegna hann hafi tekið þátt í þessu. Þetta er heiðarlega mælt. Kannski er þetta sá veruleiki sem við horfum framan í eftir umræðu dagsins að það er engin skýring á því af hverju er farið af stað með þessar breytingar sem gera ekkert gagn fyrir samkeppniseftirlitið, gera ekkert gagn fyrir samkeppnislögin nema veikja þau. Þau skapa mikla óvissu hjá starfsmönnum. Og til hvers er þá hlaupið? Því að þeir einustu sem fagna eru þeir sem engar reglur vilja hafa og trúa því að markaðurinn leiðrétti sig sjálfur.

Ég ætla að leyfa mér að virða þau sjónarmið og trúi því að þau séu sett fram í góðri meiningu, en það kemur náttúrlega mjög á óvart að t.d. Framsóknarflokkurinn sem hefur nú aldrei gefið sig út fyrir að lögmál frumskógarins eigi að gilda skuli ganga að þessu. Þess vegna vantar allar skýringar á þessu. Af hverju er verið að hleypa málum upp í loft fyrir ekki neitt?

Ég ætla að gera það að tillögu minni, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra dragi frumvarpið til baka, leggi þessar 60 milljónir í Samkeppnisstofnun og við förum betur yfir það á hvern hátt megi tryggja eftirlit, hvernig megi treysta og bæta samkeppniseftirlit og samkeppnisreglur í landinu. Ég held að það sé miklu skynsamlegra en að fara af stað á þennan hátt sem hér er gert, að hleypa öllu í uppnám án þess að nokkur skýring hafi komið fram á því hvernig á þessu stendur.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns hefur umræðan í dag fyrst og síðast afhjúpað stjórnarflokkana og kannski afhjúpað þá stöðu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur í stjórnarsamstarfinu, því að auðvitað eru þeir glaðir. Þeir telja sig hafa náð því fram sem þeir vildu ná fram. En Framsóknarflokkurinn á hinn bóginn kyngir því einu sem að honum er rétt. Ég sé að hæstv. viðskiptaráðherra kinkar kolli og væntanlega samþykkir þá þessi orð.

Menn hafa í umræðunni ítrekað spurt hæstv. ráðherra: Hvað gerir það að verkum að sett er pólitískt herráð fyrir forstjóra Samkeppniseftirlitsins? Hvernig gerir það þetta minna pólitískt en áður? Menn hafa spurt: Hefur hæstv. viðskiptaráðherra verið að skipta sér þannig af Samkeppnisstofnun að nauðsyn sé á að setja einhvern varnarmúr fyrir ráðherrann? Eða er það kannski það sem hæstv. ráðherra hefur gjammað hér fram í í vandræðum sínum þar sem hæstv. ráðherra hefur sagt: Það kemur kannski annar ráðherra á eftir mér sem hugsanlega kann að fara að skipta sér af þessu? Það hafa verið rökin fyrir þessu.

Nei, virðulegi forseti, það stendur ekki steinn yfir steini í því sem lagt var upp með, þ.e. að veitast að hringamyndun og misnotkun á markaðsráðandi stöðu í íslensku viðskipta-

lífi. Það var uppleggið. Þegar maður skoðar líka tillögurnar sem komu úr nefndinni þá er einungis ein tillaga sem farið er eftir, þ.e. að skipta Samkeppniseftirlitinu upp, af þeim tillögum sem dregnar eru saman.

Virðulegi forseti. Hér er um grundvallarlöggjöf að ræða og það er ekki við hæfi að um hana sé gengið eins og hér hefur verið gert af hálfu hæstv. ráðherra í dag og sú framsaga sem hæstv. ráðherra flutti er þess eðlis að hún mun ekki nýtast nokkrum einasta manni í því að reyna að skýra hvert hæstv. ráðherra er að fara. Hæstv. ráðherra hefur heldur ekki skýrt það: Hvað er það sem kallar á meðalhóf í aðgerðum Samkeppnisstofnunar? Virðulegur forseti, hvar liggur óhófið?

[18:39]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ræða hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar var allsérstæð, eins og reyndar sumar aðrar ræður sem hafa verið fluttar við umræðuna í dag. Mér fannst þegar ég hlustaði að verið væri að tala um eitthvert annað frumvarp en það sem hér liggur frammi vegna þess að það er einkennandi að verið er að snúa út úr og teygja og toga málin án þess að fyrir því séu færð skynsamleg rök. Það eru nokkur atriði sem ég vil nefna í því sambandi.

Í fyrsta lagi er eins og hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi sammælst um að reyna að gera þær breytingar sem eru fyrirhugaðar samkvæmt frumvarpinu á skipulagi samkeppnismála tortryggilegar á þeirri forsendu að verið sé að búa til einhverja pólitíska tengingu, að verið sé að færa Samkeppniseftirlitið undir pólitíska stjórn en ekkert í frumvarpinu gefur tilefni til þess. Það sem um er að ræða er að verið er að auka sjálfstæði stofnunarinnar, taka út samkeppnisráð sem ráðherra hefur skipað fram að þessu, setja í stað þess stjórn sem á að ráða forstjóra og hafa umsjón með meginstefnumörkun stofnunarinnar. Hins vegar er ábyrgð á málsmeðferð og ákvarðanatöku í þeim málum sem tekin eru til rannsóknar sett á ábyrgð þessa forstjóra sem á að sjálfsögðu að starfa sjálfstætt í staðinn fyrir að sú nefnd eða það ráð sem ráðherra skipar fari efnislega yfir mál og taki efnislega afstöðu eins og er í dag.

Ég fæ ekki séð með hvaða rökum hægt er að halda því fram að með þessu sé verið að auka á einhvern hátt pólitísk inngrip í starf stofnunarinnar. Ég átta mig engan veginn á því hvernig hv. þingmenn, þar á meðal hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, fær það út.

[18:41]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var nú einhver alskrýtnasta ræða sem hefur verið flutt í dag og hafa þær margar verið sérstakar.

Hv. þingmaður byrjaði á að tala um að menn væru að snúa út úr, teygja og toga, færði svo ekki ein einustu rök fyrir máli sínu. Hv. þingmaður gerði athugasemdir við það að við höfum verið að tala um það í dag að með því að koma upp pólitísku herráði væri verið að setja pólitík inn í Samkeppnisstofnun. Hv. þingmaður segir að svo sé ekki.

Þá spyr maður: Af hverju er verið að breyta, hver er nauðsyn á breytingunni? Eru í dag hin pólitísku afskipti, er það það sem hv. þingmaður er að segja? Hvað er hv. þingmaður að reyna að segja með þessu? Hann þarf nú að gera betur grein fyrir máli sínu.

Hv. þingmaður talaði um samkeppnisráð og stjórn. Hver er munurinn á þessu? Hver er einföldunin að undanskildu því að sú stjórn sem nú á að fara að skipa á að hafa dagleg afskipti af störfum stofnunarinnar? Hún á að samþykkja aðgerðir. Hefði slík stjórn sem á að tryggja meðalhófið samþykkt það að fara inn í olíufélögin? Það er spurning sem er mjög vert að hugleiða.

Síðan talaði hv. þingmaður um ábyrgð forstjóra í dag, ef ég skildi hv. þingmann rétt og hann verður þá að leiðrétta mig, ég vil meina að þetta sé einhver alskrýtnasta ræða sem flutt hefur verið í dag og endurspeglar kannski áhuga- og þekkingarleysi sem er greinilega grasserandi í stjórnarliðinu á þessum málaflokki, en hann sagði að samkeppnisráð bæri í dag sérstaka ábyrgð á forstjóranum og þeim ákvörðunum sem hann tæki. Mér heyrðist hv. þingmaður segja þetta og skildi hann þannig, hv. þingmaður leiðréttir mig þá hafi ég misskilið hann á einhvern hátt.

En ég hvet hv. þingmann til þess að kynna sér vandlega þennan málaflokk.

[18:43]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður Lúðvík Bergvinsson hefur greinilega skilið ræðu mína jafnilla og hann skilur frumvarpið. En það sem ég benti á var að ákvörðun í samkeppnismálum er í dag í höndum samkeppnisráðs, sem er ráðherraskipað.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni um að ég held að ráðherra hafi ekki verið með nein pólitísk afskipti af störfum þess ráðs. Ég hef ekki áhyggjur af því að (Gripið fram í.) það verði í framtíðinni og ég hef ekki heldur áhyggjur af því að ráðherra verði með pólitísk áhrif á störf stjórnar Samkeppniseftirlitsins.

Það sem skiptir máli í þessu sambandi, sem hefur farið dálítið forgörðum í þessari umræðu, er tilgangurinn með þessari breytingu, sem er m.a. að einfalda skipulagið. Í dag ber samkeppnisráð ábyrgð á ákvörðunum í samkeppnismálum. Samkeppnisstofnun vinnur málin, leggur þau upp í hendur á samkeppnisráði og tekur síðan ákvörðun. Síðan er áfrýjunarleið eins og menn þekkja.

Það sem breytist núna, ef frumvarpið nær fram að ganga, er að stofnunin sem slík eða forstjóri hennar tekur ákvarðanir sem síðan er hægt að áfrýja eða kæra. Með því er í raun tekinn út einn liður í málsmeðferðarkeðjunni, vonandi með það að markmiði, að því er stefnt með frumvarpinu, að stytta þann tíma sem það tekur málið að fara í gegnum kerfið, vonandi til að gera kerfið skilvirkara. Það er kannski kjarni málsins, sem hefur allt of lítið verið til umræðu í dag, að auðvitað er markmiðið með frumvarpinu — þvert ofan í það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson heldur fram — að gera stjórnsýsluna og eftirlitið á þessu sviði markvissara og skilvirkara en verið hefur.

[18:46]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þjónar kannski ekki miklum til-

gangi að skattyrðast við hv. þingmann. Ég verð þó að játa að með því að vilja slíta hin pólitísku tengsl, með því að setja upp þessa stjórn, hlýtur hv. þingmaður að meina að í dag séu pólitísk tengsl, annars þyrfti ekki að höggva á þau. Það verður ekki skilið öðruvísi. Það að stjórn komi í staðinn fyrir samkeppnisráð, hvaða einföldun er það?

Virðulegi forseti. Það er afar erfitt og hefur reyndar verið í allan dag, erfitt að reyna að draga fram kjarna málsins og tilganginn með því. Umræðan í dag hefur kannski bara afhjúpað að þetta eru einhvers konar viðbrögð við niðurstöðu nefndar sem skipuð var til að fara yfir íslenskt viðskiptalíf. Flokkarnir náðu ekki saman. Niðurstaðan varð sú að frjálshyggjuöflin í Sjálfstæðisflokknum urðu ofan á, að líklega væru lögmál frumskógarins besta leiðin sem hægt væri að fara, a.m.k. eru þeir einir um að fagna.

Því stendur eftir, sem hæstv. viðskiptaráðherra á eftir að svara: Á hvaða ferðalagi er hæstv. ráðherra? Hver er tilgangurinn með þessu? Hæstv. ráðherra svaraði því hvorki í framsöguræðu né í andsvörum. Hæstv. ráðherra skuldar þinginu upplýsingar um á hvaða ferðalagi hæstv. ráðherra er. Það verður að segjast eins og er að þingheimur bíður spenntur eftir skýringum.

[18:48]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég hafði satt að segja átt von á að í lok þessarar umræðu mundi ráðherra sýna þinginu og þeim þingmönnum sem hér eru þann sóma að svara þeim spurningum sem út af standa og fram hafa verið bornar til hæstv. ráðherra á þessum degi. En þar sem hæstv. ráðherra situr sem fastast er ég knúin aftur til umræðu um þetta mál. Ég ítreka þær fyrirspurnir sem ég hafði lagt fyrir hæstv. ráðherra.

Í fyrsta lagi hefur ráðherrann ekki svarað því er ég kallaði eftir þeim forsendum sem lægju að baki skipulagsbreytingunum og þeim breytingum sem er hér verið að gera á samkeppnislögum. Ég spurði hæstv. ráðherra hvort fyrir lægi rannsókn eða stjórnsýsluúttekt byggð á faglegu mati, að nauðsynlegt væri að grípa til þeirrar skipulagsbreytingar sem hér er verið að gera. Ég kallaði eftir því við hæstv. ráðherra hvort leitað hefði verið samráðs við samkeppnisráð eða forstöðumenn og forstjóra stofnunarinnar um þessar breytingar og heyra álit þeirra á því hvort þeir teldu að með þessari breytingu yrði allt samkeppniseftirlit skilvirkara og betra en það hefði verið hingað til. Ég spyr ráðherrann um það aftur, var leitað til þessara aðila um umsögn þeirra um þetta frumvarp? Lá fyrir einhvers konar úttekt á því, byggð á faglegu mati að það væri nauðsynlegt að fara í þessar breytingar? Þetta er nauðsynlegt að fá fram í þessari umræðu og mundi auðvelda okkur starfið í efnahags- og viðskiptanefnd ef við fengjum svör hjá hæstv. ráðherra.

Ég vil líka segja að það er ákaflega skynsamleg tillaga sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni, þ.e. að leggja þetta frumvarp til hliðar, vísa því frá og setja þá nauðsynlegu peninga sem þarf inn í Samkeppnisstofnun til að hún geti sinnt eftirliti sínu. Það er raunverulega hið eina sem þarf, aukinn mannskap, aukna peninga. Skipulagsbreytingum þurfum við ekki á að halda og við höfum margsýnt fram á að þær skipulagsbreytingar sem verið er að fara í munu einungis veikja stofnunina og draga úr sjálfstæði hennar.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra, í fyrsta lagi spurningar sem ég spurði hana í dag út af þeim fjármunum og fjárvöntun sem er hjá Samkeppnisstofnun: Hvers vegna er sú þarfagreining sem ráðherrann hefur þó upplýst þingið um ekki lögð fram sem fylgiskjal með þessu frumvarpi? Er hún leyndarmál? Mun efnahags- og viðskiptanefnd fá fram þá þarfagreiningu sem unnin var í samráði við Samkeppnisstofnun? Ég held að í þeirri þarfagreiningu komi fram að nauðsynlegt sé að fá fleiri sérhæfða aðila á samkeppnissviði inn í stofnunina en hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir í tillögum sínum. 40 millj. kr. ber á milli þess sem forstjórinn telur að þurfi inn í stofnunina til að þeir geti sinnt sínum verkefnum, þ.e. 100 milljónir, en ráðherrann er hér að tala um 60 milljónir. Við þurfum að glöggva okkur á þessu í efnahags- og viðskiptanefnd þannig að ég spyr hæstv. ráðherra um það.

Ég bæti því við að ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi kynnt sér það að í nýjustu ársskýrslu Samkeppnisstofnunar færir forstjóri stofnunarinnar glögg rök fyrir því að auka þurfi fjármuni inn í stofnunina.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvaða rök búi að baki því að álitið er nauðsynlegt að forstöðumenn eða forstjóri Samkeppnisstofnunar beri allar meiri háttar ákvarðanir undir stjórnina áður en þeim er hrundið í framkvæmd til samþykktar eða synjunar. Hver eru rökin á bak við að talið er nauðsynlegt að hafa þennan hátt á? Þetta er eitt af stærstu atriðunum í þessu frumvarpi. Við þurfum að átta okkur á því hvaða rök liggja að baki og það hlýtur að vera krafa okkar, virðulegi forseti, að ráðherrann geti upplýst þingið um af hverju hún telur nauðsynlegt að forstöðumenn Samkeppnisstofnunar beri allar meiri háttar ákvarðanir undir stjórnina.

Er ástæðan eitthvað í fortíðinni? Hefur stofnunin að mati ráðherra farið offari í ákvörðunum sínum og aðgerðum í samkeppnismálum? Eða hver eru rökin fyrir því? Ég get ekki fundið nein skynsamleg svör við því í þessu frumvarpi eða greinargerð, en ráðherrann hlýtur að hafa velt þessu fyrir sér. Ég óska eftir svari við því sem mundi greiða fyrir þessari umræðu, sem lýkur sennilega fljótlega, þannig að hægt sé að taka til við að ræða neytendaþáttinn í þessu máli.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra: Vakir það fyrir ráðherranum, við þær breytingar sem hér er verið að gera, að búa í haginn til að hægt sé að skipta um forstjóra hjá þessari stofnun? Það væri mjög gott ef hæstv. ráðherra gæti upplýst hvort það vaki fyrir henni að skipta um forstjóra og það sé verið að búa í haginn fyrir það með þeim breytingum sem hér eru lagðar til.

Hér segir um 44. gr. þessa frumvarps:

„Því er lagt til að lögin öðlist gildi á þeim degi“ — þ.e. 1. júlí 2005 — „og jafnframt að starfsemi Samkeppnisstofnunar verði lögð niður.“

Þá spyr ég: Getum við átt von á að það ákvæði sé til að búa í haginn fyrir að skipta um forstjóra? Það væri mjög gott ef ég fengi skýr svör við því.

Hér segir í ákvæði til bráðabirgða:

„Öllum starfsmönnum Samkeppnisstofnunar verða boð-

in störf hjá þeim stofnunum sem verkefni stofnunarinnar færast til, þ.e. annaðhvort hjá Samkeppniseftirlitinu eða Neytendastofu."

Þarna stendur „boðin störf", þarna stendur ekki „boðin sambærileg störf". Það stendur „boðin störf" og þess vegna svarar ákvæðið ekki spurningunni um hvort í myndinni sé að skipta um forstjóra eða ekki. Það er verið að tala um að öllum starfsmönnum verði boðin störf en ekki sambærileg störf. Þess vegna kallar þetta fram þessa spurningu.

Ég held að það sé mikilvægt að fá svör við þessum spurningum, virðulegi forseti, og læt máli mínu lokið í von um að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir hana.

[18:56]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er verið að einfalda stjórnsýsluna á sviði samkeppnismála. Það er tilgangur frumvarpsins og við höfum átt fundi með forsvarsmönnum stofnunarinnar um þau mál.

Meðalhóf í stjórnsýslunni, það er lögbundið. Eins og fram kemur í textanum eru meiri háttar mál borin undir stjórn. Það er óskilgreint í frumvarpinu hvað eru meiri háttar mál. Það eru hlutir sem stjórnin mun koma sér saman um þegar hún hefur verið skipuð. Þetta er með svipuðu sniði og hjá Fjármálaeftirlitinu sem hv. þingmaður hefur oft hælt í þessum þingsal og talið hina bestu stofnun.

Hvað varðar það að stjórnarmenn uppfylli hæfisskilyrði þá er það í frumvarpinu en hins vegar er tekið út ákvæði sem varðar það að þeir eigi ekki beinna eða verulegra hagsmuna að gæta í atvinnustarfsemi til að geta setið í stjórn Samkeppniseftirlitsins. Það kemur til af því að það er þrengjandi, mjög hamlandi, að hafa þetta ákvæði inni þar sem það þýðir í raun að þar gætu ekki aðrir setið í stjórn en embættismenn og fræðimenn.

Í sambandi við hringamyndun, sem hv. þingmaður eða aðrir nefndu fyrr, eru samkeppnislögin að hluta til lög gegn hringamyndun. Þarfagreiningin kemur í raun fram í umsögn fjármálaráðuneytisins þar sem fram kemur hversu mikið fjármagn þurfi. Unnið var með starfsmönnum Samkeppnisstofnunar að þeirri þarfagreiningu.

Þegar hv. þingmaður spyr um framtíð þess forstjóra sem nú situr þá get ég að sjálfsögðu ekki svarað til um það vegna þess að eins og augljóst er þá er það stjórn verðandi eftirlits sem ræður forstjóra.

[18:58]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er engu nær eftir svör hæstv. ráðherra. Hér liggur ekkert fyrir um hvort verið er að búa í haginn til að skipta um forstjóra. Það er bara vísað á þessa nýju stjórn sem væntanlega verður pólitískt skipuð. Það liggur ekkert fyrir um ástæðurnar fyrir því að nauðsynlegt sé að bera meiri háttar ákvarðanir undir stjórnina. Síðan er það upplýst að stjórnin sjálf á að skilgreina hvað eru meiri háttar ákvarðanir.

Ég spyr líka um kostnaðargreininguna. Ég óska eftir að fá þetta plagg. Er hæstv. ráðherra að segja að þessar 60 millj. kr. séu það sem Samkeppnisstofnun taldi nauðsynlegt? Var það í samræmi við álit hennar að 60 millj. kr. og sjö stöðugildi væru það sem þyrfti? Ég vil fá þessa úttekt inn í efnahags- og viðskiptanefnd. Ég spyr hvort hægt sé að fá hana inn í efnahags- og viðskiptanefnd og hvort hæstv. ráðherra haldi því fram að þetta sé sú niðurstaða sem forstöðumenn stofnunarinnar komust að, að nægjanlegt væri að setja í hana 60 millj. kr. (Gripið fram í.) þegar forstjórinn hefur upplýst nefnd þingsins um að 100 millj. kr. þurfi til að hún geti sinnt hlutverki sínu.

Hæstv. ráðherra segir að hún hafi átt fund með forráðamönnum stofnunarinnar. Ég spurði hvort haft hafi verið samráð við þá um þessar breytingar. Ég geri ráð fyrir að ráðherrann hafi átt fund með forráðamönnunum og sýnt þeim þessar niðurstöður, en var haft samráð við þá um þessar breytingar?

Síðan svaraði ráðherrann ekki því sem ég spurði um fyrr í dag, hvort hún teldi að setja ætti þak á þann tíma sem fjármálafyrirtæki geta verið virk í rekstri fyrirtækja. Það skiptir máli þegar rætt er um hringamyndanir og fleira sem tengist þessum lögum. Ég óska eftir svörum hæstv. ráðherra við því.

[19:00]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður veit ákaflega vel hvernig aðdragandi þessa máls er. Það var skipuð nefnd og hún skilaði niðurstöðum og í framhaldi af því eru unnin frumvörp. Það sem ég sagði áðan var að haft var samráð við og fundað með starfsmönnum Samkeppnisstofnunar (**JóhS:** Og eru þeir ...?) um þessi mál. Það þarf ekkert að greina nákvæmlega frá því hvað fer fram á lokuðum fundum. Við áttum að sjálfsögðu fundi með starfsmönnum Samkeppnisstofnunar. En hugmyndirnar koma úr nefndinni. Þar sat ekki Samkeppnisstofnun. Þetta veit hv. þingmaður allt saman eftir þessa umræðu. Það hefur í rauninni því miður ekkert svo margt nýtt komið fram í þessari umræðu. Það hefur nú dálítið verið staglast á því sama.

Hvað varðar nefndarstarfið þá munu starfsmenn viðskiptaráðuneytisins að sjálfsögðu koma á fundi efnahags- og viðskiptanefndar og ég veit ekki betur en að þeir hafi fram til þessa og munu líka hér eftir svara þeim spurningum sem þar eru bornar upp af samviskusemi. Það eina sem ég get sagt hér er að þeir munu leggja sig fram um að svara af samviskusemi þeim spurningum sem bornar eru upp og ég vona að það verði til þess að aðstoða efnahags- og viðskiptanefnd við að leysa úr málum og skila þessu máli (**JóhS:** Fáum við álitið um þarfagreininguna?) inn í þingið.

[19:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lýsi furðu minni á svörum hæstv. ráðherra. Það er raunverulega óþolandi fyrir okkur þingmenn sem reynum nú við 1. umr. málsins að fá upplýst svör frá ráðherranum til þess að greiða fyrir starfi nefndarinnar að fá nánast engin svör. Þetta eru engin svör sem við fáum hér. Þetta eru meira og minna útúrsnúningar og tal út í loftið og maður er engu nær hversu oft (Gripið fram í.) sem

maður kemur í pontu til þess að fá svör frá hæstv. ráðherra.

Af hverju getur hæstv. ráðherrann t.d. ekki svarað því hvort við fáum þá þarfagreiningu sem var gerð í samráði við stofnunina? Er þar eitthvað að fela? Ég mun ganga mjög hart eftir því í efnahags- og viðskiptanefnd að fá þessa þarfagreiningu vegna þess að ég held að hún sýni allt annað en þær 60 milljónir sem ráðherrann er hér að tala um.

Ráðherrann veit hreinlega ekki af hverju nauðsynlegt er að setja það inn að bera eigi allar meiri háttar aðgerðir og ákvarðanir undir stjórnina. Það eru engin rök, ekki nokkur einustu rök.

Það sem situr raunverulega eftir, virðulegi forseti, er að Framsóknarflokkurinn hefur verið beygður í þessu máli af Sjálfstæðisflokknum sem í þrem veigamiklum atriðum knúði ráðherrann og Framsóknarflokkinn til breytinga á þessu frumvarpi sem munu veikja verulega Samkeppnisstofnun og sjálfstæði hennar. Þar á ég ekki síst við húsleitarákvæðið. Ég á líka við hæfisskilyrðin sem eru náttúrlega alveg furðuleg og ef vísað er í Fjármálaeftirlitið þá eru allt önnur hæfisskilyrði þar varðandi stjórnina. Og síðan er tekið út eina ákvæðið sem getur hjálpað Samkeppnisstofnun við að taka á hringamyndun.

Þetta er nú uppskeran eftir að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið tvo, (Forseti hringir.) þrjá mánuði með málið í nefnd, þ.e. að Framsóknarflokkurinn hefur eina ferðina enn verið beygður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 1. umr.

Stjfrv., 591. mál. — Þskj. 884.

og

Neytendastofa og talsmaður neytenda, 1. umr.

Stjfrv., 592. mál. — Þskj. 885.

[19:05]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Málið er á þskj. 884 og er 591. mál þingsins. Ég mæli einnig fyrir frumvarpi til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda á þskj. 885, 592. mál þingsins.

Frumvörpin eru lögð fram samhliða frumvarpi til samkeppnislaga en það var samið með hliðsjón af niðurstöðu nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis. Nefndin taldi nauðsynlegt að efla eftirlit með samkeppnishömlum á markaði og lagði til að þetta yrði m.a. gert með því að skilja að eftirlit með samkeppnishömlum annars vegar og eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins hins vegar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ekki verði lengur unnið að þessum málaflokkum í Samkeppnisstofnun heldur falli þeir undir nýja stofnun, Neytendastofu, sem ætlað er að fara með neytendamál.

Nokkur eðlismunur er á eftirliti með samkeppnishömlum og neytendavernd. Þótt hagsmunir til afskipta af fyrirtækjum geti farið saman þá þykir fara betur á því að skipta starfsemi Samkeppnisstofnunar upp. Er þessi breyting í samræmi við það sem almennt gerist á Norðurlöndum. Með breytingunni er ætlunin að leggja meiri áherslu á neytendamál og efla starf að neytendavernd. Ákvæði frumvarpsins eru flest sambærileg ákvæðum VI. og VII. kafla núgildandi samkeppnislaga.

Ég mun þá gera grein fyrir frumvarpi til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda en frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til samkeppnislaga og frumvarpi því sem ég hef nú gert grein fyrir.

Frumvarpið er tvíþætt. Annars vegar felur það í sér tillögur um að sett verði á fót ný stofnun, Neytendastofa, sem taki við þeim verkefnum Samkeppnisstofnunar sem snúa að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og þeim verkefnum sem nú eru unnin hjá Löggildingarstofu. Hins vegar er lagt til í frumvarpinu að sett verði á stofn embætti talsmanns neytenda. Jafnframt er gert ráð fyrir að Samkeppnisstofnun og Löggildingarstofa verði lagðar niður. Í frumvarpinu eru einnig lagðar til nauðsynlegar breytingar á þeim lögum sem nú heyra undir Löggildingarstofu og Samkeppnisstofnun.

Helsta markmiðið með stofnun Neytendastofu er að efla starf að neytendamálum og þar með auka neytendavernd. Þau verkefni sem koma til með að heyra undir hina nýju stofnun snerta öll hagsmuni neytenda með einum eða öðrum hætti. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins auk opinberrar markaðsgæslu og eftirlits með öryggi vöru eru þeir málaflokkar sem augljóslega teljast til neytendamála, en mælifræði og málefni er varða rafmagnsöryggi varða einnig hagsmuni neytenda og eiga því vel heima í hinni nýju stofnun. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Neytendastofu verði einnig falin þau verkefni sem nú heyra undir Samkeppnisstofnun og Löggildingarstofu samkvæmt ákvæðum annarra laga en þeirra sem stofnunin fer með framkvæmd á.

Í frumvarpinu er lagt til að skipuð verði sérstök áfrýjunarnefnd neytendamála þangað sem hægt verði að skjóta stjórnvaldsákvörðunum sem teknar eru á grundvelli laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og annarra laga sem heyra undir Neytendastofu og hafa að geyma heimild til málskots. Tillagan er gerð í ljósi þess hve mikilvægt er að hægt sé að skjóta stjórnsýsluákvörðunum til æðra stjórnvalds, en sérstakar áfrýjunarnefndir hafa reynst vel og má þar t.d. nefna áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að skjóta ákvörðunum sem byggjast á ákvæðum samkeppnislaga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Hins vegar er ekki heimild í lögum nú til að skjóta ákvörðunum Löggildingarstofu um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu til æðra stjórnvalds.

Í frumvarpinu er lagt til það nýmæli að sett verði á stofn embætti talsmanns neytenda. Gert er ráð fyrir því að viðskiptaráðherra skipi talsmann neytenda til fimm ára í senn. Lengi hafa verið uppi raddir um að stofna skuli embætti

umboðsmanns neytenda hér á landi en slík embætti hafa starfað lengi á hinum Norðurlöndunum. Við vinnu þá sem farið hefur fram í kjölfar skýrslu nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis var fjallað um málið og ákveðið að stofna sérstakt embætti sem hefði það hlutverk að taka við erindum frá neytendum, gefa út álitsgerðir og hafa frumkvæði að úrbótum, sem sagt vera talsmaður neytenda.

Í ljósi þess að embættisheitið umboðsmaður hefur öðlast mjög ákveðna merkingu í hugum þjóðarinnar á þeim tíma sem liðinn er frá stofnun embættis umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna og þess að tillögur þess frumvarps sem hér er mælt fyrir falla ekki að öllu leyti að þeirri skilgreiningu sem yfirleitt er notuð um umboðsmann, er gerð tillaga um að embættisheitið talsmaður verði notað hér. Lagt er til að starfsemi talsmanns neytenda verði í tengslum við starfsemi Neytendastofu, þó þannig að sjálfstæði talsmanns neytenda sé að fullu tryggt. Þannig er ekki gert ráð fyrir að talsmaður neytenda hafi sérstaka starfsmenn á sínum vegum heldur að hann nýti starfsmenn Neytendastofu sér til aðstoðar við dagleg störf og undirbúning mála.

Rétt er að taka fram að embætti talsmanns neytenda er ekki ætlað að taka við verkefnum sem stjórnvöldum hefur verið falið að vinna samkvæmt lögum og verður það í verkahring Neytendastofu að taka stjórnvaldsákvarðanir á grundvelli þeirra laga sem henni er ætlað að sjá um framkvæmd á. Talsmanni neytenda er heldur ekki ætlað að fara inn á verksvið umboðsmanns Alþingis með því að láta í ljós álit á því hvort stjórnvöld hafi brotið gegn lögum eða góðum stjórnsýsluháttum við meðferð einstakra mála.

Hæstv. forseti. Með stofnun Neytendastofu og embættis talsmanns neytenda er stigið stórt skref í þágu neytenda. Talsmanni neytenda er ætlað að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd. Hlutverk hans mun m.a. felast í því að taka við erindum neytenda, bregðast við þegar hann telur brotið gegn réttindum og hagsmunum neytenda, gefa út rökstuddar álitsgerðir ásamt tillögum um úrbætur, setja fram tillögur um úrbætur á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er varða neytendur sérstaklega og kynna löggjöf og aðrar réttarreglur er varða neytendamál.

Neytendastofu er ætlað að vinna að stefnumótun á sviði neytendamála auk þess sem stofnunin skal beita sér fyrir því að gerðar verði rannsóknir á sviðinu. Þá mun Neytendastofa annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði neytendamála sem og önnur verkefni sem stofnuninni verða falin með lögun eða ákvörðun ráðherra. Neytendastofa mun einnig annast framkvæmd laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að þessum frumvörpum verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[19:13]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Þá er komið fram frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmanna neytenda sem hæstv. viðskiptaráðherra birti drög að á heimasíðu ráðuneytisins nú í haust er leið.

Liðin eru sex ár síðan hæstv. þáverandi viðskiptaráðherra stofnaði starfshóp sem skilaði áliti sumarið 1999 um hvernig ætti að forgangsraða og koma fyrir neytendavernd og neytendarétti hér á landi. Það verður því miður að segjast, herra forseti, að ekki hefur margt gerst í þeim efnum á þeim árum sem síðan hafa liðið. Hér er þó loksins komið fram frumvarp um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Við fyrstu sýn, herra forseti, vill maður að sjálfsögðu gleðjast yfir því að ráðuneyti viðskiptamála skuli hafa lagt þetta frumvarp fram og að hér skuli eiga að efla neytendavernd eins og hæstv. ráðherra tók fram í framsögu sinni. Svo þegar betur er að gætt vakna margar spurningar við lestur þessa frumvarps. Þeim mun kannski ekki öllum verða svarað hér við 1. umr. Væntanlega verður farið mjög vel yfir þessi mál í hv. efnahags- og viðskiptanefnd og málin tekin til rækilegrar umræðu við 2. umr. á hinu háa Alþingi. En það verður þó við þetta tækifæri að spyrja nokkurra spurninga og vænta þess að hæstv. ráðherra eigi við þeim svör.

Fyrir það fyrsta er meginhugmynd þessa frumvarps að taka það sem nú heitir Löggildingarstofa og gera að Neytendastofu, færa þau verkefni Samkeppnisstofnunar sem hingað til hafa verið undir einhvers konar neytendahatti undir nýja Neytendastofu og bræða saman við hana núverandi verkefni Löggildingarstofu.

Ég nem fyrst staðar við þetta atriði, herra forseti, af því ég hef ekki fulla sannfæringu fyrir því að mælifræðin og rafmagnsöryggismálin eigi endilega heima undir Neytendastofu eins og hér er lagt til. Það varðar kannski helst það, herra forseti, hvernig þeim málum verður háttað innan nýrrar Neytendastofu, hvað hefur forgang og í hvað þeir fjármunir fara sem Neytendastofa mun væntanlega fá á fjárlögum.

Hitt nýmælið hér er að skipa talsmann neytenda. Ég geri ekki ágreining við hæstv. ráðherra um heiti talsmanns eða umboðsmanns eins og sumir vilja kalla það embætti. Sjálf flutti ég þingsályktunartillögu fyrr í vetur ásamt öðrum þingmönnum Samfylkingarinnar um að setja á stofn embætti talsmanns neytenda, þó með nokkuð öðrum hætti en gert er ráð fyrir í frumvarpi ráðherra.

Það verður ekki séð, hæstv. forseti, að talsmaður þessi hafi það sjálfstæði, bæði fjárhagslegt og rekstrarlegt, sem talsmaður neytendamála verður að hafa eigi hann að geta sýnt það frumkvæði og verið sú rödd til varnar neytendum og talsmaður þeirra, eins og liggur í orðanna hljóðan, eins og við gerum væntanlega ráð fyrir. Það verður ekki betur séð en að talsmaður neytenda verði settur undir forstjóra Neytendastofu. Í frumvarpinu og greinargerðinni stendur að Neytendastofa vinni þau verkefni sem vinna þurfi fyrir talsmanninn. Það þýðir einfaldlega að talsmaðurinn hefur engin mannaforráð. Hann þarf að leita til forstjóra Neytendastofu til að fara í tiltekin verkefni. Það er augljóst að það getur hamlað starfi talsmannsins ef forstjórinn hefur t.d. mannskap sinn í öðrum málum eða af öðrum ástæðum og hann virðist heldur ekki eiga að hafa sjálfstæðan fjárhag.

Í nágrannalöndum okkar er það talið grundvallaratriði til þess að tryggja sjálfstæði talsmannsins að hann hafi þennan sjálfstæða fjárhag og sé í raun og veru einn á báti í kerfinu, ef þannig má að orði komast, þó svo þannig að hann hafi mannaforráð og þá stöðu í kerfinu að til hans sé litið og að

embættið hafi úr því fé að spila sem þörf krefur og þá stöðu í kerfinu sem þörf krefur.

Ég geri athugasemdir við það strax við 1. umr. að mér sýnist að hér hafi ráðuneyti viðskiptamála ekki tekist að búa þannig um hnútana að talsmaður neytenda verði sá sjálfstæði talsmaður neytenda sem hann þarf að vera. Það er eindregin skoðun okkar í Samfylkingunni að vitaskuld sé full þörf á þessu embætti en að sama skapi sé full þörf á því að það hafi það sjálfstæði til að bera sem gerir það að öflugum málsvara neytenda. Ekki veitir af, hæstv. forseti, ekki veitir af.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpstextanum frá því sem kunngert var á heimasíðu ráðuneytisins 30. september 2004. Það er ráð að spyrja hæstv. viðskiptaráðherra hvað veldur breytingunum. Sumt af þessu er kannski smámál, annað veigameira. Það er orðalagsbreyting í 6. gr. sem ég spyr um. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk talsmanns neytenda felst m.a. í því að:

a. taka við erindum neytenda."

Í drögunum stóð „að taka við kvörtunum". Ég vil ekki fara í orðhengilshátt en ég vil vita hvers vegna þessu var breytt.

Hvað varðar c-lið 6. gr. er hins vegar gerð breyting sem heldur áfram í frumvarpinu, það er talað um álitsgerðir. Í 10. gr. frumvarpsins er talað um „álit talsmanns neytenda" þar sem áður stóð „ákvarðanir". Því verður að spyrja, hæstv. forseti: Hvaða gildi eiga álitin að hafa? Hver er munurinn á því, að áliti hæstv. ráðherra, að gefnar séu út „álitsgerðir" en ekki „ákvarðanir" eins og við þekkjum t.d. frá Samkeppnisstofnun? Hvert er þá gildi álitsgerðarinnar? Er hægt eins og við þekkjum úr öðrum stofnunum, t.d. frá Jafnréttisstofu og öðrum slíkum, að gefa út álit, jafnvel álit kærunefndar eins og þekkist í jafnréttismálum sem hefur visst gildi en þó ekki þannig að það sé hægt að beita neinum viðurlögum þannig að fólk og fyrirtæki fari eftir því?

Síðan eru viðbætur í 8. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Talsmaður neytenda getur ekki krafist upplýsinga er varða öryggi ríkisins eða utanríkismál sem leynt skulu fara nema með leyfi ráðherra þess sem í hlut á."

Þetta tengist líka setningu í 9. gr., með leyfi forseta:

„Talsmanni neytenda er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem hann verður áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara."

Í sjálfu sér mjög skiljanleg setning en það er þetta með öryggi ríkisins og utanríkismálin, hvernig nákvæmlega heldur hæstv. viðskiptaráðherra að reyna muni á þessa grein? Er þetta öryggisventill eða hvað veldur því að þessu er bætt inn í frumvarpið?

Ég er þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að það sé mikil ástæða til þess og brýn að efla starf að neytendamálum hér á landi, að auka vitund almennings um rétt sinn sem neytenda, auka neytendavernd og ekki síst að auka fræðsluna. Hún getur að sjálfsögðu farið fram með ýmsum hætti, í samstarfi við aðrar stofnanir, í samstarfi við skóla landsins, bæði grunnskóla og framhaldsskóla, með auglýsingum og öðru því sem nær til almennings.

Í athugasemdum við lagafrumvarp þetta er talað um að helsta markmið þess að setja á fót Neytendastofu sé að efla starf að neytendamálum. Þegar hins vegar er flett alveg til enda má lesa í athugasemdum fjármálaráðuneytisins um kostnaðarauka ríkissjóðs vegna þessara breytinga, með því að færa sex starfsmenn frá Samkeppnisstofnun til núverandi Löggildingarstofu, nýta mannaflann þar og búa til Neytendastofu. Hér segir, með leyfi forseta:

„Verði frumvarpið að lögum mun kostnaður ríkissjóðs aukast um 16,5 millj. kr., þar af eru 14,5 millj. kr. varanlegur rekstrarkostnaður ?" — Það er sem sagt hinn aukni varanlegi rekstrarkostnaður við þessar breytingar. Og 2 millj. kr. vegna flutnings á starfseminni sem eðlilega kostar ákveðna upphæð.

Það er sem sagt gert ráð fyrir því að þessi nýja stofnun, þetta nýja batterí, krefjist aukins rekstrarfjár. Þá má í sjálfu sér búast við að eðlilegt sé að gera ráð fyrir því. Hins vegar sér þess hvergi stað í þessu frumvarpi að það eigi að auka fjárframlög og fjárveitingar til neytendamálanna almennt. Ég sé a.m.k. ekki í hendi mér, herra forseti, að aukinn rekstrarkostnaður fari beinlínis t.d. í það að auka fræðslu, búa til og gefa út auglýsingaefni, auglýsa í sjónvarpi eða annað slíkt sem nær með góðu móti til alls almennings og er náttúrlega eitthvað sem Neytendastofa, og ekki síst talsmaður neytenda, ætti að geta gert. Til þess þarf auðvitað fjárveitingar. Það kostar peninga eins og flest annað forvarnastarf í samfélaginu. Ég lít svo á að talsmaður neytenda sé ekki aðeins réttindagæslumaður, heldur hafi einnig með höndum ákveðnar forvarnir, ef þannig má að orði komast, sem ekki síst felst í því að fræða almenning um réttindi sín og auka réttarvitund hins almenna neytanda hér á landi.

Margt bendir til þess að sú vitund mætti vera miklu sterkari, herra forseti, og að hinn almenni íslenski neytandi mætti vera miklu meðvitaðri um bæði rétt sinn og stöðu á markaði og gagnvart öðrum aðilum á hinum opna, frjálsa markaði.

Því vil ég ítreka spurningar mínar um það hvort það sé rétt skilið eftir lestur þessa frumvarps að talsmaður neytenda heyri í raun undir forstjóra Neytendastofu. Heyrir hann undir forstjóra Neytendastofu og á í raun og veru, eins og hér segir, allt undir því að forstjóri Neytendastofu láti hann hafa þann mannskap sem þörf krefur fyrir hvert verkefni og í hvert skipti? Hvernig á þá að tryggja það, hæstv. forseti, að talsmaður neytenda verði t.d. ekki út undan í þessari stofu? Hvernig á að tryggja það að talsmaður neytenda sem á að hafa visst sjálfdæmi um verkefnaval sitt geti í raun farið í þau verkefni ef hann hefur ekki sjálfstæðan fjárhag?

Í athugasemdum við frumvarpið er gerð grein fyrir því hver sé aðalmunurinn á þeim hugmyndum sem hér eru lagðar fram og því hvernig útfærslan hefur verið í nágrannalöndum okkar um embætti umboðsmanns eða talsmanns neytenda. Í nágrannalöndum okkar heita þeir umboðsmenn. Hér segir, með leyfi forseta:

„Felst munurinn aðallega í því að talsmanni neytenda er hvorki ætlað að vinna að stefnumótun á sviði neytendamála eins og títt er með umboðsmenn né er lagt til að talsmaður neytenda vinni að því að gerðar verði rannsóknir á sviði neytendamála. Lagt er til að þessi verkefni verði falin Neytendastofu."

Með þessari tilhögun er verið að skerða mjög athafnafrelsi talsmannsins. Hann fær ekki það svigrúm til rann-

sókna, athafna og aðgerða sem starfsbræður hans og -systur á Norðurlöndunum hafa. Það er auðvitað ástæða fyrir því að þessu er svona fyrir komið í nágrannalöndum okkar. Það er vegna þess að fólk hefur séð gildi þess að umboðsmaður eða talsmaður neytenda sé sjálfstæður embættismaður, talsmaður fólksins, og hafi einnig með höndum vegna þeirrar reynslu sem hann aflar sér og vegna starfa sinna stefnumótun í þessum málum og hafi þá líka, svo að ég segi það enn og aftur, það fjármagn og þau mannaforráð sem til þarf.

Hér þarf ekki að vera um háar upphæðir að tefla, þó nokkrar en ekki háar ef borið er saman við þann árangur sem ná má með starfi sem þessu eins og við þekkjum dæmi um í kringum okkur. Ég get ekki séð að hæstv. viðskiptaráðherra tryggi sjálfstæði talsmanns neytenda með þessu frumvarpi. Því er þó haldið fram í frumvarpstextanum og í athugasemdunum að talsmaður neytenda sé sjálfstæður þrátt fyrir allt en þó er hann algjörlega kominn upp á náð og miskunn, vil ég segja, forstjóra Neytendastofu og það hvernig fjárhagsáætlun er gerð fyrir Neytendastofu ár hvert.

Þetta þarf að athuga mjög vel. Það þarf að fara vandlega yfir þetta í efnahags- og viðskiptanefnd og skoða frá öllum hliðum hvort megi ekki bæta þennan frumvarpstexta og bæta þetta frumvarp, gera þær breytingar á því sem skila okkur sjálfstæðum talsmanni neytenda sem getur með sanni uppfyllt hlutverk sitt og skyldur gagnvart neytendum.

Að sama skapi sé ég ekki að hægt sé að setja á fót Neytendastofu og þetta nýja embætti án þess að auka fjárframlög til þessa málaflokks, þá ekki bara í rekstrarkostnað, hæstv. forseti, heldur að auka framlögin sem fara beinlínis í það að upplýsa almenning um réttindi sín, að vekja athygli á því sem aflaga fer á markaði, að hafa þá stöðu í samfélaginu og á hinum frjálsa markaði að fullt tillit sé tekið til þess sem talsmaður neytenda hefur fram að færa, það sé ekki bara hinn almenni neytandi sem hlusti á talsmann neytenda, heldur líka fyrirtækin í landinu. Þau eru náttúrlega hinn aðilinn á hinum stóra, frjálsa markaði. Það verður að búa þannig um hnútana að þetta nýja embætti fari þannig af stað og hafi það í höndum að eitthvað geti orðið úr því.

Annars er ég mjög hrædd um að talsmaður neytenda verði — mér þykir leitt að segja það — eins og hver annar skrifstofumaður á Neytendastofu sem hafi hvorki þá stöðu né það umboð sem slíkur embættismaður á að hafa og þarf að hafa. Ég vil trúa því að flestir hv. þingmenn hafi metnað til að setja á fót slíkt embætti.

Þess vegna hef ég líka fulla trú á því að í umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar verði farið mjög vandlega ofan í saumana á þessu máli og þær breytingar gerðar sem bæta úr og efla sjálfstæði talsmannsins og að auki að við fjárlagagerð næsta árs verði það metnaðarmál hæstv. viðskiptaráðherra að auka framlög til neytendamála þannig að efla megi neytendavernd og vitund almennings um réttindi sín og fara hér fram með fræðslu sem er okkur öllum til sóma.

[19:31]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem upp eiginlega fyrst og fremst til þess að þakka hv. þingmanni fyrir málefnalega ræðu. Ég get bara tekið undir það með henni að ég vil að sjálfsögðu að það verði eitthvað úr þessu embætti talsmanns neytenda. Ég ber fulla virðingu fyrir því að hún beri fram spurningar og hafi jafnvel efasemdir vegna þess að þetta er dálítið nýstárleg leið sem þarna er farin. En þó á hún sér fordæmi. Við byggjum þetta á dönsku lögunum að verulegu leyti. Það er mjög mismunandi hvernig þessum málum er háttað hjá norrænum frændþjóðum okkar. En þetta er niðurstaðan, að fara þessa leið og auðvitað verður það rætt í hv. nefnd ítarlegar. Sjálfstæði hefur talsmaðurinn en hann mun þurfa að leita til starfsmanna Neytendastofu um aðstoð í daglegum rekstri. Hann er óháður fyrirmælum forstjóra Neytendastofu sem og öðrum. Hann þiggur laun eins og lög gera ráð fyrir en ég vil ekki meina að hann búi við skert athafnafrelsi heldur hafi hann það lögbundið.

Hvað varðar álitsgerðir sem hann leggur væntanlega fram og hvaða gildi þær hafa þá getur hann að sjálfsögðu komið með tillögur að úrbótum í slíkum álitsgerðum. Hann mun hins vegar ekki sinna hefðbundinni kvörtunarþjónustu. Það er augljóst. Við höfum samning við neytendastofnun um það mál.

Þetta er það sem ég vildi segja í 1. umr. En auðvitað er þetta dæmigert mál sem verður rætt frekar í nefnd.

[19:34]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. viðskiptaráðherra svörin svo langt sem þau náðu. Fyrirmyndin er eins og ráðherra segir dönsk, en þó kannski ekki að öllu leyti eins og þar er gert. Við erum náttúrlega að tala um hina íslensku útgáfu.

Ég held að það sé full ástæða fyrir bæði hæstv. ráðherra og auðvitað nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefnd að skoða það í fullri alvöru hvort hægt sé að halda því fram með góðum rökum að talsmaður neytenda sé sjálfstæður eins og hér er haldið fram. Ég held því fram að svo sé ekki. Vera má að hann sé óháður fyrirmælum forstjóra. En hvert er athafnafrelsi talsmanns neytenda sem ekki hefur mannaforráð og ekki hefur sjálfstæðan fjárhag? Í mínum huga er það lykilatriði, algjört grundvallaratriði til þess að embætti talsmanns neytenda geti fúnkerað, geti gert gagn og verði það embætti sem ég held að við viljum að það verði. Ég held að við höfum öll metnað til þess að þetta verði stöndugt og gott embætti sem þjóni hinum almenna neytanda og aðilum á frjálsum markaði vel.

Ég vildi gjarnan ítreka spurningar mínar til hæstv. ráðherra um hvort hún hyggist beita sér fyrir hærri framlögum til neytendamála verði þetta frumvarp að lögum. Hvernig svo sem hin endanlega útgáfa verður þá tel ég fulla þörf á því að hækka þau framlög og gera þessari nýju stofu kleift að sinna verkefnum sínum af sóma.

Svo er spurning sem skiptir kannski ekki öllu máli við 1. umr. Henni verður væntanlega svarað í nefnd ef ekki af ráðherra. Það varðar upplýsingar um neytendamál sem einhvern veginn gætu varðað öryggi ríkisins eða utanríkismál.

[19:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Nú er komið að seinna frumvarpinu getum við sagt. Eins og hér hefur komið fram er verið að

stokka upp eftirlit með markaðnum, annars vegar að færa hluta Samkeppnisstofnunar til Samkeppniseftirlits og annan hlutann, neytendaeftirlit, til Neytendastofu og sameina starf sem heyrt hefur undir Löggildingarstofu þeirri nýju stofnun.

Ég ætla ekki að fella neina dóma um þetta fyrirkomulag. Það kann að hafa ýmsa kosti að fara þessa leið. Þó minni ég á að eitt er að búa til fallega umgjörð og annað að láta verkefni ganga upp. Afrekaskrá Framsóknarflokksins í eftirlitsstarfsemi er nú ekki mjög falleg. Flokkurinn eyðilagði rafmagnseftirlitið fyrir fáeinum árum, braut það algerlega niður samkvæmt nýrri hugmyndafræði sem hljómaði mjög vel (**Viðskrh.:** Og virkar vel.) í stað þess ... Virkar ekki vel. Það er staðreynd. Könnun sem var gerð á meðal rafverktaka leiddi í ljós að meiri hluti þeirra var andvígur þessu nýja fyrirkomulagi og taldi það ekki hafa verið til góðs. Hugmyndafræðin þá var sú — hljómaði vel — að í stað þess að hafa eftirlit með hverju einustu íbúð og hverju einasta fyrirtæki og stofnun þá ætti að innræta mönnum, verktökum, góð vinnubrögð; kenna þeim vinnubrögð með því að gera úrtakskannanir sem væru undir eftirliti Löggildingarstofu en framkvæmdar af einkaaðilum og hræðslan við þetta úrtakseftirlit átti að hafa þau áhrif á verktakana að þeir vönduðu vel til verka. Síðan kemur á daginn að þetta úrtak er mjög lítið og í mörgum tilvikum hefur þetta leitt til þess að vinnubrögð eru ekki fullnægjandi og sums staðar stafar beinlínis hætta af. Þetta er nú bara staðreynd sem menn hafa oft farið yfir. Menn verða að færa ítarleg og rækileg rök fyrir sínu máli ef þeir ætla að halda hinu gagnstæða fram. Ég hef farið mjög vel í saumana á þessum málum. Vinnubrögðin af hálfu Framsóknarflokksins og af hálfu iðnaðarráðuneytisins voru eiginlega alveg forkastanleg. Það var reyndar forveri núverandi hæstv. ráðherra sem hafði forgöngu um breytingar á þessu sviði. Ég gæti haft um þetta langt mál sem ég ætla þó ekki að gera.

Hvers vegna að rifja þetta upp? Ég rifja þetta upp vegna þess að hér er verið að stofna til nýs embættis sem hljómar líka óskaplega vel: Talsmaður neytenda. Ég geri ráð fyrir að hann sé í fullu starfi. Það kemur ekkert fram um að þetta sé hlutastarf. En það er bara einn maður sem á að sinna þessu veigamikla hlutverki. Ég held að þegar þær hugmyndir voru orðaðar hér fyrr í vetur að setja á fót embætti af þessu tagi, talsmann, umboðsmann eða hvað hann átti að heita, þá höfðu menn í huga eða töldu að þarna ætti að koma á svipuðu fyrirkomulagi og þekkist á Norðurlöndunum, t.d. í Danmörku. Á þingi Neytendasamtakanna núna í haust sagði umboðsmaður neytenda frá starfi umboðsmanns embættisins í Danmörku. Það var mjög fróðlegt. En þetta er ekkert í líkingu við það embætti. Þetta er í rauninni ekkert annað en bara eggjaskurnin og enginn blómi innan í. Það er ekkert þarna.

Ég spyr: Er verið að færa verkefni sem hugsanlega eiga heima hjá Neytendasamtökunum og hafa verið fjársvelt á undanförnum árum inn í stofnun sem síðan mun ekki geta sinnt verkefnum sínum að nokkru marki vegna fjárskorts og þess hve lítið umfang verður í þessari starfsemi? Ég spyr: Eru Neytendasamtökin sátt við þetta nýja fyrirkomulag? Ég spyr. Ég mun leita eftir svari. Ég mun hlusta grannt eftir því sem Neytendasamtökin koma til með að segja þegar þetta mál kemur fyrir efnahags- og viðskiptanefnd þingsins. (**Gripið fram í:** Er Jóhannes í ...?) Neytendasamtökin hafa verið fjársvelt á undanförnum árum. Nú spyr ég hvort þetta sé að einhverju leyti sett þeim til höfuðs. Ég gæti alveg skrifað upp á þetta ef hér væri verið að koma á fót raunverulegu talsmanns- eða umboðsmannsembætti í stíl við það sem við þekkjum á Norðurlöndunum. Ég get alveg skrifað upp á það. Þá þyrftum við að kanna það. En það er ekki það sem verið er að búa til. Þetta er bara sýndarveruleiki sem er verið að setja hér á svið. Þetta er ekkert annað. Gott og vel. Við skulum íhuga þetta og hugleiða.

Ég ítreka það sem ég sagði fyrr í dag um fyrra frumvarpið, að það þarf að gefa þessu góðan tíma. Mér finnst allt of skammur tími að ætla að lögleiða þetta núna og láta koma til framkvæmda 1. júlí. Ég held að það eigi að láta þetta liggja í sumar og síðan þá lögfesta á næstu áramótum.

Síðan spyr ég um kröfu um menntun á háskólastigi. Eru þá menn að tala um forngrísku eða er það líffræðilisfræði eða guðfræði sem verið er að krefjast? Þetta er náttúrlega eins og bara hvert annað rugl og algerlega út í hött. Þetta er orðin tíska í frumvörpum og ég hef margoft fundið að þessu, að setja þennan fáránleika (Gripið fram í.) inn í lagafrumvarp. En ég ítreka að ég tel að þetta mál þurfi að fá rækilega umfjöllun. Ég ætla ekki að fella neina dóma um þessar breytingar á skipulaginu fyrr en ég er búinn að kynna mér það betur og heyra rök í málinu. Ég mun hlusta mjög grannt eftir því sem Neytendasamtökin segja í þessu máli og vona að við fáum góðan tíma í þinginu til þess að kanna þetta mál.

[19:43]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er rétt að segja það strax að á Norðurlöndum er þessu þannig varið að í Svíþjóð og Finnlandi er umboðsmaður neytenda jafnframt forstjóri einskonar neytendastofu. Í Noregi og Danmörku er það ekki svo. Þar er umboðsmaðurinn sjálfstæður. Í Danmörku nýtur hann fulls sjálfstæðis en nýtur að auki aðstoðar eins konar neytendastofu þar í landi. Þegar hæstv. ráðherra segir að þetta sé meira og minna sami maðurinn hér og í Danmörku, sá sem hún vill láta setja hingað inn, þá er það ekki rétt. Það er byggt á einhverjum misskilningi, vonandi, hjá ráðherranum. Hann hefur sitt eigið starfslið. Hann hefur sinn eigin fjárhag. En hann getur í stórum málum þegar mikið liggur við notið aðstoðar starfsmanna neytendastofu sem er er auðvitað ekki óeðlilegt.

Þegar t.d. hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir mælti fyrir frumvarpi sínu og fleiri samfylkingarmanna um talsmann neytenda fyrr í vetur sagði hún að vel kæmi til greina að vista embætti af þessu tagi með opinberum stofnunum en einnig frjálsum félagasamtökum. Það getur vel farið saman og slík vistun gæti verið þannig að báðir aðilar hefðu gagn af.

Enn fremur er um umboðsmanninn í Danmörku að segja, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði frá og kom hingað í haust leið að ég held, að hann hefur m.a. rétt til þess að höfða mál og eru þess vegna sett slík starfsskilyrði. Það er ekki hér þannig að samanburður hæstv. ráðherra, sem nú er gengin úr salnum og farin að tala í símann,

við ástandið í öðrum norrænum ríkjum er því miður út í hött.

Málið hefur auðvitað verið rakið af fyrri ræðumönnum, m.a. af hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir hönd okkar samfylkingarmanna og var vel gert. Hins vegar var spurningum auðvitað misjafnlega svarað þannig að ég hlýt að spyrja nokkurra þeirra aftur.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að það er skynsamlegt að skilja neytendaþáttinn í Samkeppnisstofnun frá og fara með hann annað. Það er ekki endilega samræmi á milli sjónarmiða samkeppniseftirlits og hagsmuna neytenda og þegar þetta tvennt fer saman í sama embættinu er hætt við, eins og hér hefur reyndar gerst, að málefni neytenda verði út undan, sérstaklega þegar stofnunin stendur í slíkum stórræðum í þessu undarlega hagkerfi og samfélagi okkar sem raunin hefur verið undanfarin ár, og ég þakka henni í leiðinni fyrir það.

Hins vegar að taka embætti sem er frekar vandræðalega hannað og fyrir komið, Löggildingarstofu, og gera þá stofu að Neytendastofu með því að slá neytendaþættinum úr Samkeppnisstofnun saman við hana er ákaflega furðuleg pólitík og undarleg stjórnsýsla. Þar með eru komin mál undir sama hatt sem eiga nánast ekkert sameiginlegt. Kannski er það til þess, og ég verð að spyrja ráðherra að því, að leysa einhver persónuleg embættisvandamál sem hæstv. ráðherra á við að glíma eða glíma þarf við í ráðuneytinu, því að aðrar skýringar eru ekki fyrir hendi á því hvers vegna verkefnum Löggildingarstofu er fleygt saman við neytendamálin. Það er ákaflega undarlegt.

Það er fernt, eins og áður hefur verið tekið fram, sem er að þeim talsmanni neytenda sem hér er lagður til. Og þá vil ég gera ágreining við samflokksmann minn og afar háttvirtan þingmann af minni hálfu, Þórunni Sveinbjarnardóttur. Þó að ég hafi flutt með henni frumvarp um þetta efni tel ég miklu heppilegra að maðurinn heiti umboðsmaður en talsmaður. Það sést strax á því að engum dytti í hug að búa til embætti talsmanns launamanna, því að þeir talsmenn eru auðvitað til. Einn af þeim var áðan í ræðustólnum, annar heitir Grétar Þorsteinsson og fleiri og fleiri eru slíkir til — eða talsmanns atvinnurekenda eða atvinnulífsins, eins og atvinnurekendur eru farnir að kalla sig núna, það þætti alveg fáránlegt ef það væri opinbert embætti. Umboðsmaður er því auðvitað orðið sem við ættum að nota í þessu.

En hvað sem við köllum hann þarf hinn opinberi málsvari neytenda að njóta fulls sjálfstæðis. Það gerist ekki með frumvarpinu þar sem honum virðist komið fyrir eins og hverjum öðrum hreppsómaga á skrifstofu hjá Löggildingarstofunni, sem reyndar fær nýtt nafn. Hann virðist eiga að vera einhvers konar kontóristi hjá Löggildingarstofunni og er ekki skýrt hér hvort boðvald yfirmanns Löggildingarstofunnar nær til talsmanns neytenda. Ráðherra getur kannski svarað því.

Það er alveg ljóst, og það er annað atriðið, að maður af þessu tagi verður að hafa sjálfstæðan fjárhag, hann verður að geta skipulagt fjárhagsáætlun sína, það er hann sem á að skipta eftir atvikum við ráðuneyti og Alþingi um það hvaða fjárhag hann hefur. Því er ekki til að dreifa hér, a.m.k. hefur hæstv. ráðherra ekki skýrt það út, því að fjárhagur málsvarans virðist vera sameiginlegur við Löggildingarstofuna hina nýju.

Málsvari af þessu tagi verður auðvitað líka að hafa mannaforráð. Hann verður að geta annast stefnumótun fyrir sig og sitt embætti og hann verður að hafa fulla verkstjórn á sínu sviði, en það er ekki hér því að kontóristinn á Löggildingarstofunni á að þurfa að fara til löggildingarforstjórans og sníkja af honum menn eins og þarf hverju sinni og jafnvel þann frummannskap sem felst í ritarastörfum og í ýmsum þeim einföldu verkefnum sem þarf að vinna á skrifstofunni á hann að sækja undir löggildingarforstjórann. Hvað þá ef málsvarinn ætlar að ráðast í stór verkefni, þá þarf hann að semja um það við löggildingarforstjórann þannig að löggildingarforstjórinn hefur það kverkatak á málsvaranum sem honum sýnist. Þetta eru ákaflega furðuleg vinnubrögð hjá hæstv. ráðherra að láta sér detta þetta í hug og ég vona bara að hún hafi ekki látið sér detta þetta í hug, er reyndar nokkuð viss um að það var ekki þannig — en að taka við því frá misvitrum embættismönnum eða hverjir það eru nú sem hafa lætt þessari flugu í koll ráðherranum.

Í fjórða lagi þarf málsvari neytenda af þessu tagi að hafa rétt til þess, eins og danski umboðsmaðurinn hefur, að höfða mál. Hann þarf að hafa viðurkennda lögfræðimenntun, þarf að vera lögmaður, og hann þarf helst, eins og menn af þessu tagi, að hafa hæfi dómara. Hefur þessi það? Nei, hann hefur það ekki. Hann á hins vegar að hafa háskólapróf. Þá spyr ég eins og síðasti hv. þingmaður: Á það að vera í kjarnorkueðlisfræði, á það að vera í forngrísku? Ja, það má vera í hverju sem er. Það er svo fráleitt að hafa þetta svona að þetta er eins og hver annar hortittur sem stendur út úr frumvarpinu.

Ef frumvarpið yrði samþykkt gæti sá sem hér talar þess vegna orðið talsmaður neytenda vegna þess að ég hef auðvitað kynnt mér þessi mál nokkuð og uppfylli því það ákvæði, en ekki sá hæstv. ráðherra sem mælir fyrir frumvarpinu þó að, ef allt væri eðlilegt, hæstv. ráðherra ætti að vera svona fimm sinnum hæfari en sá sem hér stendur. En ef við reyndum tvö að sækja um embættið mundi ég, ungur og óreyndur sem ég er, vera tekinn fram yfir ráðherrann vegna þessarar vitleysu um háskólapróf. (Gripið fram í.) Hinn þroskaða og reynda ráðherra, sagði ég.

Reyndin er sú að það eiga að vera starfsskilyrði og þau eiga að felast í lögfræðinni, þau eiga að felast í lögmennskunni, hæfileikanum og réttinum til að höfða mál.

Svo má spyrja að því, og ég vona að ef hæstv. ráðherra svarar því ekki verði farið yfir það í nefndinni, hvort einhver munur sé á þeim tveimur mönnum sem um er að ræða. Annar er — nú er ráðherra aftur farin í símann og eru tíð samskipti hennar við einhverja menn utan þingsins, forseti góður — annar þeirra er hinn frægi talsmaður neytenda, hann skal hafa háskólapróf stendur hér. Hinn er löggildingarforstjórinn, yfirmaður talsmanns neytenda, en hann skal hafa menntun á háskólastigi. Hvaða munur er á þessu? Hvað þýðir þessi munur? Er þetta bara vegna þess að menn hafa samið frumvarpið grein fyrir grein og ekki er í þeim neitt samhengi eða er einhver efnisleg meining með þessu hjá flutningsmanni frumvarpsins, hæstv. ráðherra? Þetta er það sem maður rekur sig á í frumvarpinu og gerir það ekki traustlegra en jafnvel var talið.

Það eru líka ýmsar spurningar sem mér finnst ekki hafa

verið svarað af hálfu ráðherrans sem ég vil endurtaka úr máli hv. þm. Þórunnar Sveinbjarnardóttur, t.d. það hvað þýðir að talsmaður neytenda eigi ekki að skýra frá þeim atriðum sem hann verður áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara? Hver skilgreinir þá leynd? Er það talsmaðurinn, löggildingarforstjórinn eða ráðherrann sem gerir það? Er leyndin í 9. gr. sama leyndin og talin er upp í 2. mgr. 8. gr. þar sem fjallað er um öryggi ríkisins og utanríkismál „sem leynt skulu fara", sama orðalagið? Eru það bara þau eða er það eitthvað annað? Þetta kann að sýnast lítið mál en það er eins og hér sé fiskur undir hverjum greinarsteini í frumvarpinu, annað getur maður ekki ályktað eða þá að það sé svo illa samið að ekki er hægt að lesa úr því af neinu viti.

Tvennt í viðbót. Annað er það að hlutverk talsmanns neytenda felst í því, með leyfi forseta að „taka við erindum neytenda". Hvers konar erindum? Hvaða erindi eru það? Upplýst hefur verið að það séu ekki þau erindi sem nú berast kvörtunar- og leiðbeiningaþjónustu Neytendasamtakanna, sem þau reka fyrir samfélagið og í samvinnu við ríkisvaldið, samvinnu sem er þannig að þetta kostar u.þ.b. 26 millj. kr. á ári en ríkisvaldið leggur þar af til tæpan þriðjung, 8,5 millj. held ég að það sé, og má þó þakka hæstv. ráðherra fyrir að sú upphæð hefur hækkað í tíð hennar, bæði að krónutölu og að hlutfalli. Í raun ætti ríkið að launa alla kvörtunar- og leiðbeiningaþjónustu Neytendasamtakanna því að hið almenna hlutverk hins opinbera er að sjá um þessa kvörtunar- og leiðbeiningaþjónustu.

Hvað um það. Ráðherra upplýsir að það séu ekki slík erindi sem þessi nýi talsmaður, undirmaður löggildingarforstjórans, á að taka við. Hvaða erindi eru það þá? Á hann kannski bara að gera ekki neitt þessi maður, nema mæta í vinnuna og sitja og brosa og bukka sig fyrir löggildingarforstjóranum og yfirmönnum hans?

Hitt er sérkennilegt að í 10. gr. er talað um, með leyfi forseta:

„Álitum talsmanns neytenda ... verður ekki skotið til annars stjórnvalds."

Hvaða álit eru það? Þarna stóð áður í frumvarpsdrögunum „ákvörðunum". En ákvarðanirnar virðast engar vera heldur aðeins álit og þeim verður ekki skotið til annars stjórnvalds. Heyr örlygi, hér er djarflega tekið á í lögum vegna þess að ef einn maður hefur álit má ekki skjóta því til annars. Það er ágætt, en er það ekki þannig að ef einn maður hefur álit er það álit hans og einskis annars, þannig að því verður ekki skotið neitt annað — nema þá að maðurinn sé beygður og sveigður til að láta af áliti sínu? Ég skil þetta ekki og eina skýring mín er sú að þetta séu hugsanlega leifar úr elstu gerð frumvarpsins sem hafi þá verið alvörufrumvarp og gert ráð fyrir einhverjum ákvörðunum sem talsmaður neytenda gæti tekið upp á eigin spýtur, ákvarðanir sem hann gæti þá fylgt eftir. Eða er kannski átt við að álitin í 10. gr. séu þau sömu og í 6. gr. c þar sem talsmaðurinn, undirmaður löggildingarforstjórans, á að gefa út rökstuddar álitsgerðir ásamt tillögum um úrbætur? En það að semja álitsgerð og að hún sé til með tillögu um úrbætur er ekki það sama og að þær úrbætur verði framkvæmdar og þýðir ekki að nokkur maður taki mark á álitsgerðinni eða a.m.k. ekki það mark að hann sé nauðbeygður til þess að fara eftir henni vegna þess að talsmaðurinn hefur ekkert vald. Hann getur gefið út álitsgerð, hann getur sagt álit sitt en síðan gengur það ekkert lengra.

Þá virðist seinni málsgreinin í 10. gr. enn þá vera algjör hortittur ef álit er sama og álitsgerð, því að auðvitað verður álitsgerð ekki skotið til annars stjórnvalds heldur. Eða ímyndaði sér einhver að það væri ein álitsgerð sem lýsti áliti manns á einhverju ásamt tillögu um úrbætur og svo kæmi eitthvert annað stjórnvald og afnæmi þá álitsgerð? Það er jafnfáránlegt og að einhver geti breytt áliti annars, því áliti sem þegar er fram komið og staðfest er. Ég skil þetta því ekki. Vera kann að hæstv. ráðherra finnist þetta hártogun af minni hálfu, en ég er nú bara einfaldur hvítur karlmaður um fimmtugt sem lærði að lesa í gamla daga og ég er bara að lesa, það er ekkert annað sem ég er að gera.

Það leitar á mann hvernig á því stendur að úr því verið var að búa til þessa Neytendastofu — sem við fyrstu sýn virðist mjög jákvætt og ég vona að það rætist úr henni og þetta verði í raun fyrsta skrefið með öllum þeim lagfæringum sem nefndin þarf að gera á frumvarpinu — að talsmaður neytenda eða umboðsmaður var þá ekki gerður að forstjóra Neytendastofu, vegna þess að það er málið í Svíþjóð og Finnlandi, sem er helmingurinn af því norræna landsvæði sem við berum okkur svo oft saman við og sem hæstv. ráðherra segir að sé fyrirmynd frumvarpsins, sem sé hinn danski hluti þess, sem að vísu hefur verið sýnt fram á að er misskilningur hjá ráðherranum. En það finnst mér koma til greina til að skapa sættir um þetta og reyna að gera þetta almennilega, vegna þess að við erum að vinna hérna mjög mikilvægt verk í þágu neytenda og í þágu atvinnulífsins, að gera hann þá að forstjóra Neytendastofunnar, slá saman þessum talsmanni og löggildingarforstjóranum þannig að þetta verði þá alvöru neytendastofnun og forstjóri hennar hefði þau völd, það sjálfstæði, þann mannafla og þann fjárhag sem þarf til þess að þetta verði af einhverju viti.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að lokum hvort hún líti á þetta sem einhvers konar skipulag til bráðabirgða. Er það þannig að ef þessi persónulegu embættisvandamál leysast nú í stofnunum viðskiptaráðuneytisins þá sé ráðherrann tilbúin að færa það í betra horf en það er núna? Af því að þetta frumvarp er í raun og veru hálfgerður umskiptingur eða bastarður eins og það er núna og þetta embætti eins og um það er vélað í frumvarpinu. Eða telur hæstv. viðskipta- og iðnaðarráðherra, sem einnig er ráðherra neytendamála, að þetta frumvarp sé til frambúðar, að þetta eigi bara að vera svona? Að hér sé komin sú mikla lausn sem gæti orðið 11. boðorðið í Mósebókunum, að hinn frábæri talsmaður neytenda sé skrifstofumaður hjá forstjóra Löggildingarstofu, að hann hafi ekki einu sinni ritara nema að leita til þessa forstjóra, að hann hafi ekki fjárhag, hann sé í raun og veru ekki persóna í kerfinu heldur undirmaður? Það er ákaflega undarlegt nema þá að þetta séu í raun og veru svona fegrunaraðgerð, þetta sé einhvers konar lýtalækningar „light" og þessum manni sé í raun ekki ætlað neitt hlutverk nema það að koma fyrir í tveimur setningum í þeirri afrekaskrá sem Framsóknarflokkurinn gefur út fyrir kosningarnar 2007.

[20:02]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður hefur fulla heimild til þess að hafa efasemdir um það sem hér er lagt til en hann verður samt að virða það að hér er verið að leggja sig fram um að auka neytendavernd í landinu. Nákvæmlega þessi aðferð er sennilega ekki til annars staðar en engu að síður er hún sett fram í fullri alvöru og hún er ekki sett fram til bráðabirgða heldur til framtíðar.

En hvers vegna Löggildingarstofa? Löggildingarstofa fæst við málefni sem snúa að neytendum og þar af leiðandi töldum við að hún væri upplögð í þessa neytendavernd með því að breyta nafninu í Neytendastofu.

Hv. þingmaður er ekki viss um að rétt sé að tala um talsmann og vill frekar hafa umboðsmann neytenda. En munurinn á þessu tvennu felst aðallega í því að talsmanni neytenda er hvorki ætlað að vinna að stefnumótun á sviði neytendamála, eins og títt er með umboðsmenn, né er lagt til að talsmaður neytenda vinni að því að gerðar verði rannsóknir á sviði neytendamála. Lagt er til að þessi verkefni verði falin Neytendastofu. Það er ekki rétt sem hv. þingmaður ýjar hér að að talsmaður heyri undir forstjóra Neytendastofu, hann er óháður honum. Hann hefur ekki það hlutverk að leysa úr einstökum deilumálum en hins vegar getur hann leiðbeint hvert skuli leitað.

Hvað varðar það skilyrði sem sett er um háskólapróf, þá er það ekkert einsdæmi að þetta sé orðað á þennan hátt í löggjöf að þess sé krafist að viðkomandi hafi háskólapróf. Hann þarf ekki að hafa lögfræðimenntun þar sem hann mun leita til starfsmanna Neytendastofu ef um slíkt er að ræða.

[20:04]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þetta var í raun og veru upplýsandi og ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir. Löggildingarstofa sér um ákveðin málefni sem telja má vera á málefnasviði neytenda. Það gerir Tryggingastofnun líka. Eigum við ekki bara að færa þetta í Tryggingastofnun? Ef einhver vandræði verða með mannskap þar og sú stofnun væri eitthvað á flæðiskeri stödd væri kannski upplagt að sameina það þar.

Það sem var kannski mest upplýsandi var tvennt. Það var að þetta er ekki til staðar annars staðar, þetta er ekki svona neins staðar annars staðar og það er fínt að ráðherrann hæstv. segi það vegna þess að hún hafði gefið annað í skyn hérna áðan þegar hún sagði að þetta væri eins og í Danmörku. (**Viðskrh.**: Nei, ég sagði það ekki.) Orðrétt tilvitnun: Eins og í Danmörku. Ef hún hefur ekki orðað þetta svo þá er það kannski meiningarlega rétt, ráðherrann sagði að *þetta væri danski umboðsmaðurinn holdi klæddur*, kominn í íslenskan þjóðbúning. Það mál hefur leyst í umræðunni, þetta er ekki eins og í Danmörku og þetta er ekki svona neins staðar annars staðar, þetta embætti er ekki til annars staðar.

Það var líka upplýsandi að þetta heyrir að vísu ekki undir löggildingarforstjórann, nei, það er gott. En bíðum nú við, talsmaðurinn hefur sem sé þetta formlega sjálfstæði sem væntanlega felst m.a. í því að löggildingarforstjórinn getur ekki tékkað á stimpilklukkunni hans og ræður ekki hvenær hann mætir í vinnuna. Það er væntanlega hið formlega sjálfstæði.

En sjálfstæðið að öðru leyti, sjálfstæðið í mannafla, verkstjórn, sjálfstæðið í fjárhag og sjálfstæðið um hvað þessi maður getur tekið sér fyrir hendur í raun og veru og ekki bara einn heldur með einhverju starfsliði, það er ekkert, því að það er komið undir löggildingarforstjóranum, forseti góður.

Það þriðja sem var merkilegt í þessu er að það upplýsist hér með að þessi talsmaður hefur ekki það hlutverk að leysa úr deilumálum heldur að leiðbeina um það hvar sú lausn sé fengin, þannig að starfsmaðurinn þarf ekki að hafa háskólapróf. *Hann getur verið 13 ára gamall í sumarvinnu og haft fyrir framan sig lista um það hvernig skipulagið er, skipurit um hver leysir hvaða vandamál og svarað því.* (Forseti hringir.) Eða enn þá betur, hann gæti bara verið símsvari, þessi ágæti talsmaður neytenda. Hér er símsvarinn: Talsmaður neytenda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Miðlun vátrygginga, 1. umr.

Stjfrv., 551. mál (EES-reglur). — Þskj. 832.

[20:07]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi um miðlun vátrygginga á þskj. 832, sem er 551. mál þingsins.

Með frumvarpinu er lagt til að innleidd verði tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/92/EB, um miðlun vátrygginga, frá 9. desember 2002, sem tekin var upp í EES-samningi með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í september 2003. Þá eru í frumvarpinu ýmis ákvæði er lúta að starfsemi þeirra er starfa við miðlun vátrygginga og nauðsynlegt þótti að kveða á um í nýrri heildarlöggjöf um miðlun vátrygginga.

Frumvarpið hefur að geyma almennar reglur um miðlun frum- og endurtrygginga. Reglurnar lúta annars vegar að því hverjir hafa heimild til að miðla vátryggingum og hvaða hæfiskröfur þeir þurfa að uppfylla. Hins vegar er fjallað um starfsemi, starfshætti og upplýsingagjöf til neytenda.

Frumvarpinu er í meginatriðum skipt í tvo hluta, annars vegar reglur er lúta að störfum og starfsháttum vátryggingamiðlara og hins vegar reglur er lúta að starfsemi vátryggingaumboðsmanna. Reglurnar eru að miklu leyti sambærilegar og spegla kaflarnir hvor annan.

Ein af meginbreytingum sem frumvarpið leggur til er ný skilgreining á hugtakinu miðlun vátrygginga. Er skilgreiningin mun víðtækari en í núgildandi lögum og fellur starfsemi fleiri aðila því undir gildissvið frumvarpsins, svo sem umsýsla banka og sparisjóða með vátryggingar. Er þannig leitast við að tryggja jafnræði milli allra þeirra aðila er koma að miðlun vátrygginga og verndun viðskiptamanna þeirra.

Lagðar eru til nýjar reglur er varða vátryggingaumboðsmenn. Samkvæmt núgildandi lögum og reglum er starfsemi

vátryggingaumboðsmanna ekki skráningar- eða leyfisskyld en þeir starfa á ábyrgð vátryggingafélaga. Í frumvarpinu er lagt til að starfsemi vátryggingaumboðsmanna verði háð skráningu vátryggingafélags og áður en vátryggingafélag skráir vátryggingaumboðsmann skuli gengið úr skugga um að vátryggingaumboðsmaður og starfsmenn hans hafi nægilega þekkingu til að bera til að miðla vátryggingum. Þá er gert að skilyrði að slíkir aðilar séu lögráða og hafi forræði á búi sínu.

Vátryggingamiðlarar munu samkvæmt frumvarpinu eftir sem áður þurfa að sækja um starfsleyfi áður en þeir geta hafið starfsemi. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið verði starfsleyfisveitandi en ekki viðskiptaráðherra eins og nú er. Slík skipan er í samræmi við starfsleyfisveitingar á sviði fjármagnsmarkaðar.

Í frumvarpinu er lagt er til að tekin verði upp reglan um eitt starfsleyfi sem felur í sér að á grundvelli starfsleyfis sem veitt er í heimaríki geti viðkomandi starfað í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins með stofnun útibús eða veitt þar þjónustu án starfsstöðvar. Þá er í frumvarpinu lagt til að gerðar verði auknar kröfur til þekkingar og hæfis stofnenda, stjórnenda, framkvæmdastjóra og vátryggingasölumanna. Er m.a. lagt til að einstaklingur sem sækir um leyfi til vátryggingamiðlunar og starfsmaður vátryggingamiðlara sem hefur umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við vátryggingamiðlun hafi staðist próf í vátryggingamiðlun.

Í frumvarpinu eru ítarleg ákvæði um starfshætti þeirra er miðla vátryggingum og um upplýsingagjöf við miðlun vátrygginga. Í frumvarpinu er lögð mikil áhersla á að vátryggingataki hafi nægilega vitneskju um þá vátryggingu sem hann hyggst taka. Meðal annars er gert ráð fyrir að vátryggingamiðlari og vátryggingaumboðsmaður greini aðila frá forsendum sem liggja að baki ráðgjöf þeirra um val á vátryggingum. Auk þess er áhersla lögð á upplýsingar um helstu atriði vátrygginga og atriði er varða vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmenn sjálfa séu upplýst áður en gengið er frá vátryggingasamningi, hann endurnýjaður eða honum breytt.

Lagt er til að frumvarpið öðlist gildi strax við samþykkt þess en þó er gert ráð fyrir í bráðabirgðaákvæði að starfandi vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn hafi frest til 1. júlí 2005 til að uppfylla ákvæði laganna. Auk þess er lagt til að veittur verði sex mánaða aðlögunartími er varðar hæfisskilyrði vátryggingasölumanna. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með starfseminni samkvæmt lögum líkt og nú er.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið umfjöllun minni um frumvarp til laga um miðlun vátrygginga og legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 20:13.

---

86. FUNDUR

miðvikudaginn 9. mars,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Urriðastofnar Þingvallavatns, fsp. MÞH, 346. mál, þskj. 392.
2. Ráðning aðstoðarmanna þingmanna, fsp. JBjarn, 466. mál, þskj. 718.
3. Stöðvun á söluferli Landssímans, fsp. JBjarn, 530. mál, þskj. 804.

Til iðnaðarráðherra:

4. Söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar, fsp. MÞH, 595. mál, þskj. 889.

Til samgönguráðherra:

5. Kostnaður við breikkun Suðurlandsvegar, fsp. BjörgvS, 574. mál, þskj. 862.

Til heilbrigðisráðherra:

6. Hjartaþræðingar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, fsp. KLM, 585. mál, þskj. 876.

Til dómsmálaráðherra:

7. Akstur undir áhrifum fíkniefna, fsp. ÁRJ, 598. mál, þskj. 892.

Til menntamálaráðherra:

8. Stúlkur og raungreinar, fsp. AKG, 371. mál, þskj. 435.
9. Háskóli á Ísafirði, fsp. KHG, 522. mál, þskj. 791.
10. Samningur um menningarmál, fsp. KLM, 541. mál, þskj. 820.

Til félagsmálaráðherra:

11. Miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði, fsp. JóhS, 488. mál, þskj. 744.

[12:00]

Útbýting:

Hegningarhúsið við Skólavörðustíg, 625. mál, fsp. MF, þskj. 943.

Konur sem afplána dóma, 626. mál, fsp. MF, þskj. 944.

Varnarviðbúnaður við eiturefnaárás, 624. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 942.

Urriðastofnar Þingvallavatns.

Fsp. MÞH, 346. mál. — Þskj. 392.

[12:00]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Fyrirspurnin sem ég legg fyrir hæstv. forsætisráðherra er að vísu orðin nokkuð gömul. Hún var fyrst lögð fram í maí á síðasta ári en þá vannst ekki tími til að afgreiða hana áður en þingi lauk. Ég lagði hana aftur fram þann 18. nóvember síðastliðinn og síðan hafa vikurnar og mánuðirnir liðið en nú er loks komið að því að þessari

fyrirspurn verði svarað. Þessi fyrirspurn hljóðar svo:

Hvað er að frétta af störfum nefndar sem Alþingi fól ríkisstjórninni 3. mars 1998 að skipa og gera átti tillögur um leiðir til að endurreisa urriðastofna Þingvallavatns?

Ástæðan fyrir því að ég ber fram þessa fyrirspurn er sú að ég hnaut um það í fyrra þegar ég var að lesa gömul þingskjöl að á sínum tíma hefði verið afgreidd þingsályktunartillaga með miklum glans sem hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur um leiðir til að endurreisa urriðastofna Þingvallavatns."

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu voru hv. þm. Guðni Ágústsson, sem þá var formaður landbúnaðarnefndar en er núna landbúnaðarráðherra, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Árni M. Mathiesen, sem nú er sjávarútvegsráðherra. Landbúnaðarnefnd samþykkti þessa tillögu einróma á sínum tíma og hún var síðan afgreidd í lokaatkvæðagreiðslu, samhljóða af þingmönnum sem þá voru á þingi.

Ástæðan fyrir því að Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að skipa þessa nefnd er sú að mörg undanfarin ár hafa farið fram miklar umræður um þennan merka fiskstofn, Þingvallaurriðann, bæði á Alþingi og líka í þjóðfélaginu. Fram hafa komið fyrirspurnir og þingsályktunartillögur, fyrirspurnir sem hefur verið svarað og síðan þingsályktunartillögur sem ekki höfðu fengið afgreiðslu árið 1992. Síðan var þessi ályktun afgreidd í mars árið 1998 og þá hefði mátt ætla að málið væri komið í góðan farveg. En mér hefur, þrátt fyrir mikla vinnu og yfirlegu í ýmsum gögnum og lestur góðra bóka, ekki tekist að koma auga á neitt varðandi störf þessarar nefndar sem Alþingi fól ríkisstjórninni að skipa. Því spyr ég réttilega hæstv. forsætisráðherra: Hvað er að frétta?

[12:04]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Að tilhlutan Landsvirkjunar og í samvinnu við Veiðifélag Þingvallavatns hefur verið unnið að því að skapa ný skilyrði til hrygningar og uppeldis fyrir urriða í útfalli Þingvallavatns. Þær aðgerðir hafa m.a. falið í sér að koma þar fyrir möl sem talin er henta til hrygningar fyrir urriða, hrognagreftri og sleppingum urriðaseiða. Markmiðið með þeim aðgerðum er að þar geti orðið sjálfbær urriðastofn.

Veiðimálastofnun hefur í umboði Landsvirkjunar komið að þessum aðgerðum og jafnframt stundað rannsóknir á árangri þeirra sem Landsvirkjun kostar ásamt rannsóknum á fiskstofnum vatnsins. Þar er megináherslan lögð á vöktun fiskstofnanna með tilliti til sleppinga. Samhliða aðgerðum sem Landsvirkjun stendur að hóf Veiðimálastofnun rannsóknir á fiskstofnum vatnsins. Rannsóknir hafa sýnt að allnokkur hrygning og uppeldi urriða er í Öxará sem virðist vera aðalhrygningarstaður urriðans.

Urriði til undaneldis var veiddur með ádrætti í Öxará haustið 1999–2003. Hrognum og seiðum frá þessum fiskum hefur verið sleppt í Þingvallavatn. Samtals var á þessum árum dreift um 100 þús. sumaröldum urriðaseiðum og 3.900 eins árs seiðum. Um 30 þús. þessara seiða hafa verið merkt. Reikna má með að sleppingar þessar komi til með að auka veiði á urriða í vatninu til muna.

Að auki hafa verið grafin um 10.150 hrogn við útfall Þingvallavatns og í Ölfusvatnsá. Hrognagröftur við útfallið virðist ekki hafa tekist sem skyldi en hins vegar benda rannsóknir til þess að hrognagröftur í Ölfusvatnsá hafi skilað árangri. Margt er þó enn óljóst varðandi lífshætti urriða í Þingvallavatni og er vonast til að rannsóknir Veiðimálastofnunar sem unnar eru fyrir Landsvirkjun muni auka þekkingu á lífshlaupi urriðans og samspili við aðra fiskstofna í vatninu.

Annað rannsóknarverkefni hófst árið 1999 og miðar að því að afla ítarlegrar þekkingar á lífsháttum urriðans í vatninu svo sem á aldri, vexti, kynþroskastærð, fæðuvali, farleiðum og stofnrannsóknum. Frá árinu 2003 hefur fyrirtækið Laxfiskar ehf. rannsakað Þingvallaurriðann með notkun rafeindafiskmerkja í samvinnu við rafeindafiskmerkjaframleiðandann Stjörnuodda og Hafrannsóknastofnun. Þessar rannsóknir á atferli og vistfræði Þingvallaurriðans eru vel á veg komnar og hafa niðurstöður þeirra nú þegar gefið mikilvæga innsýn í líf þessara fiska. Þegar rannsóknunum verður lokið og marktækni þeirra náð því stigi sem til er ætlast er þess vænst að notadrjúg þekking á lífsháttum Þingvallaurriðans verði tiltæk. Slík vitneskja er nauðsynleg því miklu skiptir að aðgerðir af mannavöldum á Þingvallasvæðinu taki mið af lífsháttum Þingvallaurriðans. Þannig verður best stuðlað að því að urriðinn í Þingvallavatni skipi áfram þann eðlilega sess sem hann hefur í merkri náttúru Þingvallavatns.

Á síðasta ári var unnin yfirgripsmikil stefnumörkun Þingvallanefndar fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum til ársins 2024. Þar kemur m.a. fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðgarðurinn leggur sitt af mörkum í viðhaldi og endurreisn lífríkis Þingvallavatns í samstarfi við aðra aðila, t.d. með verndun hrygningarstöðva í Öxará. Fjölbreytni og útbreiðsla tegunda hefur verið könnuð og kortlögð. Fylgst er með breytingum á vistkerfinu með skipulegum hætti og orsakir breytinga greindar."

Enn fremur segir, með leyfi forseta:

„Dregið hefur verið úr yfirborðssveiflum í Þingvallavatni til að vernda búsvæði kuðungableikju og urriða og sömuleiðis hefur urriðanum á ný opnast farvegur niður í Efra-Sog þar sem áður var náttúrulegt útfall Þingvallavatns."

Í ljósi þess hve vel margvíslegar rannsóknir eru á veg komnar, sem hafa það að markmiði að endurreisa urriðastofninn í Þingvallavatni, og hvaða árangri þeir hafa skilað nú þegar þá tel ég ekki sömu þörf á að skipa sérstaka nefnd og þegar umrædd þingsályktunartillaga var samþykkt á Alþingi fyrir tæpum sjö árum. Þá vekur ný stefnumörkun Þingvallanefndar og stuðningur nefndarinnar við rannsóknir á vistkerfi Þingvallavatns góðar vonir um að urriðastofninum sé borgið til lengri framtíðar.

[12:08]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Þetta svar var hreinlega ekki boðlegt. Ég spurði hæstv. forsætisráðherra hvað væri að frétta af störfum nefndarinnar. En þessi nefnd hefur samkvæmt

þessu aldrei verið skipuð. Alþingi mælti fyrir því fyrir sjö árum, eins og hæstv. forsætisráðherra benti á, að skipuð yrði slík nefnd. Í ljós kemur að þessi nefnd hefur aldrei verið sett á laggirnar. Vilji Alþingis hefur með öðrum orðum verið hunsaður af framkvæmdarvaldinu og það hlýtur að vera grafalvarlegt mál.

Að öðru leyti var svar hæstv. forsætisráðherra ekki annað en upplestur á staðreyndum sem ég hef sjálfur hér fyrir framan mig og er t.d. hægt að nálgast á heimasíðu Veiðimálastofnunar og líka á heimasíðu Landsvirkjunar. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið og aðgerðum til að reyna að endurreisa urriðastofninn. En ég þarf ekki að koma upp í ræðustól hins háa Alþingis til að fá þær upplýsingar sem hæstv. forsætisráðherra veitti okkur. Ég er læs og get aflað mér þeirra upplýsinga sjálfur. Ég hef þær allar fyrir framan mig þannig að þetta svar er hreinlega ekki boðlegt.

Það sem mér finnst alvarlegast í þessu máli er að ríkisstjórnin, sem hæstv. forsætisráðherra er í og var m.a. í þegar mælst var til að þessi nefnd yrði skipuð, hefur ekki sinnt hlutverki sínu í þessu máli. Hún hefur ekki skipað þessa nefnd og ég tel að það hafi leitt til þess að dýrmætur tími hafi farið til spillis. Menn hafa látið þessi mál í hendur Landsvirkjunar sem á náttúrlega augljóslega hagsmuna að gæta, m.a. þeirra að reyna að verja virkjun sem sett var upp við útfall Þingvallavatns, Steingrímsstöð. Það er hreinlega ekki boðlegt.

Mig langar því í framhaldi af þessu að spyrja hæstv. forsætisráðherra að því hvort hann hafi myndað sér skoðun á því hvort fjarlægja beri þá stíflu eða ekki.

[12:11]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég hélt að aðalmálið væri að endurreisa urriðastofninn en ég heyri á hv. þingmanni að hann telur aðalmálið að skipa sérstaka nefnd. Það getur vel verið að öllu sé borgið í nefndum. Ég hef ekki trú á því að það bjargist allt á Íslandi með því að skipa sem flestar nefndir (**MÞH:** Ykkur ber að fara að ályktunum Alþingis.) en hv. þingmaður virðist hafa ofurtrú á nefndum.

Ég tel ljóst að þarna hafi verið staðið mjög vel að málum á undanförnum árum. Það er aðalatriðið. Ef hv. þingmaður þarf ekki að spyrja um þetta þá er það hans að ákveða það. Ég get aðeins greint frá þeim staðreyndum sem liggja fyrir. Ég efast ekki um lestrarkunnáttu hv. þingmanns en hann lagði fram fyrirspurn. Ef það var óþarft að leggja fram fyrirspurnina þá er það hans mál.

Ég sé ekki að það sé tilefni til að skipa slíka nefnd sérstaklega úr því sem komið er. Ég sá ekki um það á sínum tíma í hvaða farveg þetta mál skyldi fara. Það fór í annan farveg. Það hefur mikið verið unnið að endurreisn urriðastofnsins og það finnst mér aðalmálið en ekki einhver nefnd sem hugsanlega hefði mátt skipa. En það liggur ljóst fyrir að mikið starf hefur verið unnið til að endurreisa þennan stofn og ég vænti þess að hv. þingmaður telji það aðalatriðið.

Ráðning aðstoðarmanna þingmanna.

Fsp. JBjarn, 466. mál. — Þskj. 718.

[12:13]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég beini eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra:

Hvenær og með hvaða hætti hyggst ráðherra beita sér fyrir því að til framkvæmda komi tillögur sérstakrar nefndar, sem forsætisráðherra skipaði þegar breytingar á kjördæmaskipan voru undirbúnar og lagðar fyrir þingið, um að þingmenn landsbyggðarkjördæma gætu ráðið til sín starfsmenn eftir ákveðnum reglum?

Í skýrslu kjördæmanefnda allra þingflokka frá 1998 sem undirbjó tillögur að breyttri kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis var lögð áhersla á bætta starfsaðstöðu þingmanna, þá sérstaklega í hinum landfræðilega stóru kjördæmum sem þá mynduðust. Sérstök nefnd á vegum forsætisráðherra skilaði ákveðnum tillögum um hvernig auka mætti aðstoð við þingmenn í hinum stóru kjördæmum og þar lagði hún m.a. til að þingmenn landsbyggðarkjördæma gætu ráðið til sín starfsmenn eftir ákveðnum reglum. Nefndin fór mjög ítarlega yfir það hvernig staðið væri að þessum málum í nágrannalöndum okkar. Tillögur hennar voru m.a. þær að þingmönnum í Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæmi væri lögð til vinnuaðstaða í kjördæmunum og þeir gætu ráðið til sín starfsmenn með eftirfarandi reglum:

„1. Fyrir einn þingmann hvers stjórnmálaflokks í kjördæmi komi einn starfsmaður.

2. Fyrir hvern þingmann umfram einn komi hálfur starfsmaður."

Nefndin gerði það að tillögu sinni að 1. liður kæmi til framkvæmda árið 2001 og 2. liður árið 2003. Síðan var útfært nánar hvernig þetta mundi eiga sér stað.

Í framsögu fyrir frumvarpi til stjórnarskipunarlaga til breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins, 10. júní 1999, komst þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, svo að orði, með leyfi forseta:

„Jöfnun atkvæðavægis milli landshluta leiðir óhjákvæmilega til þess að þingsæti færast frá landsbyggðinni til þéttbýlisins á suðvesturhorni landsins. Þegar slíkar breytingar eru í deiglunni er eðlilegt að umræða skapist um byggðamál og byggðastefnu í víðara samhengi. Í samræmi við tillögur nefndar þeirrar er undirbjó breytingar á kosningakerfinu skipaði ég aðra nefnd undir forustu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar til að fjalla um þá hlið málsins, m.a. með hliðsjón af þingsályktunartillögu. um stefnu í byggðamálum er þá lá fyrir Alþingi og var síðan samþykkt sem ályktun þess. Þeirri nefnd var jafnframt falið að fjalla um starfsaðstöðu þingmanna í hinum landfræðilega stærri kjördæmum."

Það nefndarálit lá fyrir og var hluti af fylgiskjali og greinargerð með stjórnarskipunarfrumvarpinu. Áfram segir hæstv. forsætisráðherra:

„Ekki er því ástæða til að víkja frekar að þeim hér og nú, heldur skal það aðeins áréttað eins og ég hef áður lýst yfir að tryggt megi telja að þær hljóti að öðru jöfnu brautar-

gengi innan þeirra tímamarka sem nefndin sjálf hefur sett þeim."

Frú forseti. Ég ítreka spurningar mínar til hæstv. forsætisráðherra. Hvenær koma þessar tillögur til framkvæmda, eins og þær voru lagðar fram á þinginu?

[12:16]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Í framhaldi af setningu laga um kosningar til Alþingis nr. 24 árið 2000 fól þáverandi forsætisráðherra sérstakri nefnd þingmanna að gera tillögur um hvernig mætti auka aðstoð við starf þingmanna í hinum nýju og stóru kjördæmum á landsbyggðinni. Nefndin skilaði, eins og hér hefur komið fram, niðurstöðum haustið 2000 og í framhaldinu varð það að samkomulagi milli forustumanna stjórnmálaflokkanna að leggja til við Alþingi að í fjárlögum ár hvert yrði tiltekin fjárhæð ætluð til stjórnmálaflokka með hliðsjón af nýrri kjördæmaskipan og breyttum aðstæðum þingmanna af þeim sökum.

Í fjárlögum ársins 2001 voru í fyrsta skipti veittar 25 millj. kr. í þessum tilgangi. Þessari fjárhæð var skipt til stjórnmálaflokkanna sem áttu kjörna fulltrúa á Alþingi í hlutfalli annars vegar við fjölda þingmanna í þessum kjördæmum og hins vegar fjölda atkvæða flokkanna í landsbyggðarkjördæmunum. Fjárhæð þessi var óbreytt í fjárlögum 2002 og hefur nú hækkað í 40 millj. í fjárlögum ársins 2004. Ég veit ekki betur en að ríkt hafi ágæt sátt um þessa tilhögun.

Það þing sem nú starfar er annað í röðinni eftir að landsbyggðarkjördæmunum fækkaði og þau voru stækkuð. Það má segja að það hafi verið í höndum stjórnmálaflokkanna hvernig þessum fjármunum hefur verið ráðstafað og ég hef talið eðlilegt að þeir hafi ráðstafað þeim í þágu starfs í þessum kjördæmum eins og tilefni er til, a.m.k. hefur það verið gert í mínum flokki og ég geri ráð fyrir að þannig hafi það verið í öðrum stjórnmálaflokkum. En ég tel sjálfsagt að forustumenn stjórnmálaflokkanna sem eiga sæti á Alþingi ræði fyrirkomulag þessara greiðslna í ljósi þeirrar reynslu sem hefur orðið af stækkun kjördæmanna og þeirri reynslu sem hefur fengist undanfarin tvö ár. Ég er fyrir mitt leyti tilbúinn til að beita mér fyrir slíkum viðræðum milli forustumanna flokkanna.

[12:19]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Á þessari mínútu sem ég hef er ekkert hægt að gera nema taka undir það sem hér hefur verið sagt um undirbúninginn, þ.e. nefndarskipunina. Ég meðal annarra átti sæti í henni og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem hér er. Það er rétt að þessi þverpólitíska nefnd kom sér saman um tillögu sem lögð var fram ekki bara í þessu efni heldur ýmsum öðrum. Auðvitað verður að harma að ekki hefur allt af því komið til framkvæmda eins og ætlað var. Við kölluðum þetta reyndar bráðaaðgerðir, bráðatillögur.

Ég tek undir með hæstv. forsætisráðherra og get sagt að í mínum flokki er þessari upphæð vegna landsbyggðarkjördæma skipt út til landsbyggðarkjördæmanna og flokkanna þar og nýtist að sjálfsögðu þar.

Þó er alvarlegt að þessi upphæð er engan veginn í takt við það sem lagt var til og hún er of lág þannig að ég fagna því líka sem hæstv. forsætisráðherra sagði í lokin, að hann mundi sem forsætisráðherra beita sér fyrir því og þá væntanlega við næstu fjárlagagerð að þessi upphæð hækkaði töluvert vegna þess að við erum á öðru ári í þessum nýju kjördæmum og okkur veitir ekki af að fara að fikra okkur nær því að geta (Forseti hringir.) tekið þetta aðstoðarmannakerfi upp eða á annan hátt eftir því hvernig flokkarnir vilja ...

[12:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni Jóni Bjarnasyni fyrir að hreyfa þessu máli hér. Hv. þingmaður gerði ítarlega grein fyrir forsögu málsins og ég get staðfest að það er allt rétt sem þar kom fram um tengsl þessara tillagna við kjördæmabreytinguna og reyndar ýmsar ráðstafanir í byggðamálum einnig sem áttu að fylgja með. Sumt má segja að komist hafi til framkvæmda og annað ekki.

Sú fjárveiting sem nú í nokkur ár hefur verið á lið forsætisráðuneytisins var eingöngu hugsuð sem bráðabirgðaráðstöfun til að hefja fjárveitingar í þessu skyni á meðan menn ynnu úr tillögunum og kæmu sér betur saman um útfærslu þeirra. Þann skilning hef ég a.m.k. alltaf lagt í það mál að menn hafi alls ekki horfið frá því að hrinda í framkvæmd tillögum á þeim grunni sem þarna var lagt upp með og það tel ég að eigi að gera. Ég skora á hæstv. forsætisráðherra að fylgja eftir yfirlýsingu sinni áðan um að hann hafi vilja til að skoða málið með því að láta nefnd þingmanna eða t.d. formenn þingflokka eða einhverja aðra fara sérstaklega yfir það hvort ekki er hægt að ná góðri samstöðu um að taka næstu skref í uppbyggingu þessa kerfis.

[12:21]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er rétt að fagna yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra um að hann sé reiðubúinn til að fara yfir þetta fyrirkomulag og beita sér fyrir því að formenn flokkanna eða aðrir skoði þetta nánar. Það er augljóst að hér hefur aðeins verið stigið skref í þá átt sem boðuð var við kjördæmabreytinguna. Það hefur ekki verið veitt í þetta nægilegt fjármagn til að það fyrirkomulag geti átt sér stað.

Til viðbótar er rétt að ítreka að það er auðvitað æskilegt þegar fjármunir fara með þessum hætti til stjórnmálaflokkanna að ákveðnar reglur gildi um það bæði hvernig upphæðin er fundin og einnig hvernig þessum fjármunum er ráðstafað.

Ég vil ítreka það sem kom fram hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller að í okkar flokki hefur þetta verið veitt til landsbyggðarkjördæmanna. Ég tel samt sem áður æskilegt að um þetta gildi ákveðnar gegnsæjar reglur þannig að fólk almennt viti hvernig með þessa fjármuni er farið.

[12:22]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég þakka þessa umræðu og þakka hæstv. forsætisráðherra undirtektirnar. Ég tek alveg heils hugar undir að það sé mjög tímabært að fulltrúar allra flokka á þingi fari yfir þessi mál og kanni í hvaða farveg verði best

að þau þróist.

Það er tvennt ólíkt hvort við erum að tala um fjárframlög til einstakra flokka og starfsemi þeirra eins og hæstv. forsætisráðherra gerði grein fyrir og hvernig síðan flokkarnir deila því í starf sitt út um land og svo hitt, að tillaga þessarar nefndar fjallaði á mjög ákveðinn hátt um hvernig skyldi byggja upp eða styðja við störf þingmanna á vegum þingsins úti í hinum einstöku kjördæmum. Ég man það frá umræðunni á þingi þegar þessi lög voru afgreidd um kjördæmabreytinguna — ég taldi hana ranga og tel það enn. En þetta er gert — að þá kom einmitt fram í máli allmargra þingmanna að þeir lögðu áherslu á þessi atriði, hvernig væri hægt að byggja upp og standa að störfum þingmanna m.a. úti í hinum stóru landsbyggðarkjördæmum og hefur það vafalaust getað haft áhrif á afgreiðslu málsins.

Í tillögum nefndarinnar sem ég vitnaði til er einmitt lagt til að það sé komið upp, og beinlínis af hálfu þingsins, starfsaðstöðu þingmanna úti í kjördæmunum og að þetta séu starfsmenn þingmanna og þingsins. Ég tel í ljósi yfirlýsingar hæstv. forsætisráðherra mjög mikilvægt að fara aftur yfir það hvernig þessu er fyrir komið í öðrum löndum, eins og nefndin gerði þá og byggði sínar tillögur á, því það er alveg ljóst að mikilvægt er að styrkja lýðræðið, styrkja þingræðið og styrkja störf þingmanna og tengsl þeirra og störf úti í kjördæmunum með því að bæta starfsaðstöðuna eins og mér heyrist allir vera sammála um. (Forseti hringir.) Ég tek heils hugar undir yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra.

[12:25]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki neinu við það að bæta sem ég áður sagði. Aðalatriðið er, með fullri virðingu fyrir tillögum nefndarinnar sem hér er vitnað til, að þessi skipan mála byggir á því samkomulagi sem varð milli forustumanna stjórnmálaflokkanna á sínum tíma um að tiltekinni fjárhæð yrði varið til þessara mála og á því hefur verið byggt síðan. Því er nauðsynlegt að aðilar komi sér saman um einhverja aðra skipan mála.

Mér finnst hins vegar eðlilegt að stjórnmálaflokkunum sé trúað fyrir því hvernig þetta verður framkvæmt. Við hljótum að hafa þá tiltrú á stjórnmálaflokkunum í landinu að þeir séu fullfærir um það.

Það er að sjálfsögðu rétt sem hér hefur komið fram að miklu máli skiptir um hvaða fjárhæð er hér að tefla. Hún hefur hækkað. En ég heyri á ummælum hv. þingmanna að þeim finnst hún vera allt of lág. Það er eins og margt annað í okkar ágætu fjárlögum að þar mætti margt vera hærra. Þetta er að sjálfsögðu atriði sem menn þurfa að fara betur yfir og ræða sín í milli og það eru einmitt slík atriði sem forustumenn stjórnmálaflokkanna verða að ræða um og athuga hvort hægt sé að ná einhverju nýju samkomulagi um tilhögun þessara mála. Það er mjög mikilvægt að um þetta ríki góð samstaða þannig að engar deilur verði milli manna. Þetta mál er þess eðlis að það hlýtur að byggja á samkomulagi milli allra stjórnmálaflokkanna.

Stöðvun á söluferli Landssímans.

Fsp. JBjarn, 530. mál. — Þskj. 804.

[12:27]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. forsætisráðherra sem fer með efnahagsmál og er yfirmaður einkavæðingarnefndar og verkstjóri í ríkisstjórninni hvort það komi til greina að undirbúningur að sölu Landssímans verði stöðvaður til að ráðrúm gefist til að kanna kosti þess að sameina aðila um rekstur á einu grunnneti fjarskipta og gagnaflutnings í landinu.

Við stöndum frammi fyrir því að verði Landssíminn seldur með grunnnetinu eins og nú horfir mun verða til í landinu tvöfalt að hluta til einkavætt gagnaflutningskerfi með gríðarlegum tilkostnaði og bætist þá við mikil offjárfesting og sóun í fákeppnisumhverfi sem einkavæðing Landssímans mun beinlínis stuðla að. Það verða engir aðrir en neytendur sem borga þann brúsa. Samkeppnin kemur þá til með að snúast fyrst og fremst um þéttbýlustu svæði landsins og veruleg hætta er á að fólk í öðrum byggðarlögum verði afskipt nema til komi sérstakur ríkisstuðningur og há notendagjöld til að knýja fram lágmarksþjónustu þegar fram í sækir.

Þess vegna tel ég miklu vænlegra að einkaaðilar geti keppt um að veita þjónustu á jafnræðisgrundvelli á grunnneti sem taki til landsins alls og tryggi landsmönnum öllum sambærilega fyrsta flokks þjónustu án tillits til búsetu. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum því gert kröfu um það á Alþingi að vinna við undirbúning að sölu Landssímans verði stöðvuð og kannaðir verði möguleikar á að sameina öll grunnnet fjarskipta í landinu í eitt öflugt gagnaflutningsnet. Mikilvægi fjarskipta netsins er eins og vegakerfisins. Það tengir landsmenn saman, skapar grundvöll fyrir hin fjölbreyttu samskipti sem eru grunnur jafnræðis í búsetu og atvinnurekstri um allt land. Væri vel hægt að hugsa sér hliðstæða skipan varðandi fjarskiptanetið, öflugt flutningskerfi í opinberri eigu sem allir gætu nýtt sér á jafnréttisgrunni. Vegagerðin fer t.d. með uppbyggingu, viðhald og þjónustu við vegakerfið ásamt sveitarfélögunum. Það væri tilvalið að koma á hliðstæðri skipan með fjarskiptin. Við markaðsvæðingu raforkukerfisins var t.d. valið að hafa eitt flutningsnet, Landsnet raforku og allir raforkuframleiðendur hafa aðgang að því.

Frú forseti. Grunnnet fjarskipta í landinu eru enn að langmestu leyti í eigu opinberra aðila, þ.e. í eigu Símans, Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar. Því er ríki og sveitarfélögum í lófa lagið að sameina þessi þjónustufyrirtæki í eitt öflugt fyrirtæki. Þessa dagana eru t.d. Orkuveita Reykjavíkur og Síminn að leggja ljósleiðara hvort fyrir sig hlið við hlið inn í hús í Reykjavík. Sér hver heilvita maður hvaða hagkvæmni er í því enda segir Eva Magnúsdóttir upplýsingafulltrúi Símans í Morgunblaðinu 13. febrúar síðastliðinn, með leyfi forseta:

„Það getur aldrei verið hagkvæmt að leggja tvö ljósleiðarakerfi hlið við hlið þegar neytandinn nýtir aldrei nema annað þeirra ...“

Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort

ekki sé rétt að staldra hér við og kanna hvort sameina megi þessi (Forseti hringir.) grunnnet, sem eru hvort eð er í opinberri eigu að langmestu leyti, í eitt öflugt landsnet.

[12:30]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Það er afskaplega mikilvægt þegar verið er að ræða um hið svokallaða grunnnet að menn hafi réttar forsendur í huga en búi sér ekki til ákveðnar forsendur. Það liggur fyrir, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að í lagaumhverfinu á Evrópska efnahagssvæðinu sem við erum bundin af, við tókum þá ákvörðun á Alþingi að taka þátt í samstarfinu á Evrópska efnahagssvæðinu, er gert ráð fyrir samkeppni í rekstri grunnneta í fjarskiptageiranum. Þetta er að sjálfsögðu lykilatriði sem er mikilvægt að hv. þingmenn gangi út frá í umræðum sínum um þessi mál.

Eins og við vitum starfrækja önnur fyrirtæki grunnnet. Nægir þar að nefna Orkuveitu Reykjavíkur, sem hv. þingmaður nefndi, Og fjarskipti og Fjarska. Ríkisrekið grunnnet sem hv. þingmaður er að tala fyrir væri í beinni samkeppni við aðra rekstraraðila og það er engan veginn hægt að tryggja viðskipti fjarskiptafyrirtækja við slíkt net, jafnvel ekki viðskipti Símans. Þessu er hins vegar allt öðruvísi farið í sambandi við raforkuumhverfið og þess vegna er ekki rétt að vera með tilvitnanir í það. Það er stundum nefnt í þessu sambandi sem möguleg fyrirmynd. Þar gerir evrópsk löggjöf einmitt ráð fyrir einkasölu í dreifingu raforku og þess vegna er allur samanburður í þessu sambandi bæði óhæfur og villandi.

Nú getur vel verið að hv. þingmaður hafi þá sýn að þetta ætti að vera allt öðruvísi en þannig eru ekki lögin. Það er ekki hægt að tryggja það nema breyta lögunum og þá nægir ekki að breyta lögunum eingöngu á Íslandi, það verður að breyta þeim á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta verða menn að hafa í huga þegar verið er að tala um grunnnet. Og að ætla sér að fara að aðskilja það við þessar aðstæður gengur ekki upp. Það liggur alveg ljóst fyrir enda hefur það hvergi verið gert á Evrópska efnahagssvæðinu. Af hverju skyldi það ekki hafa verið gert? Vegna þess að menn hafa að sjálfsögðu beygt sig fyrir þeim staðreyndum lífsins sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar virðast eiga erfitt með að gera, og að ætla sér nú að fara einhverja aðra leið er algerlega ómögulegt. Það hefur ekkert breyst í þessum efnum frá því að ákveðið var að fara út í sölu Símans árið 2001. Langflestir sérfræðingar sem fjalla um þessi mál mæla einmitt með því.

Það að ætla að fara út í einhverja ævintýramennsku á þessu sviði á Íslandi sem hvergi hefur verið gert annars staðar mundi stór rýra söluandvirði Símans, gera það fyrirtæki afskaplega verðlítið. Og hverjum til hags? Neytendum? Nei, það eru engar líkur til þess að það mundi verða neytendum til hags. En ég heyri að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar telja að engin ástæða sé til að leggja áherslu á að fá hátt verð fyrir Símann. Hvað tryggir hátt verð fyrir Símann? Það tryggir að menn geta notað það fjármagn til annarra hluta, til að styrkja stöðu ríkisins og jafnvel til annarrar uppbyggingar í landinu sem sömu þingmenn eru að tala um nánast á hverjum degi og ég er viss um að þeir eru mjög áhugasamir um. Ég dreg það ekki í efa. En svo virðist sem þeir sjái enga leið til að fara út í slíka hluti nema að hækka skattana. Það er eina úrlausnin sem þessir ágætu hv. þingmenn sjá og við erum á móti því í núverandi ríkisstjórn.

[12:36]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Við ræðum þetta nú daglega, kannski sem betur fer. Hæstv. forsætisráðherra viðurkenndi í gær að hafa ekki lesið minnisblað Samkeppnisstofnunar til einkavæðingarnefndar þegar verið var að undirbúa sölu Símans árið 2000. Það var sagt í gær og talað um að ég ætti ekki að vera að vitna í þetta úrelta plagg. Því vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra: Ef plaggið frá Samkeppnisstofnun til einkavæðingarnefndar er úrelt, getur þá verið að ákvörðun um sölu Símans sé jafnúrelt?

Hæstv. forsætisráðherra vitnaði í Evrópska efnahagssvæðið og allt það. Í niðurstöðu skýrslunnar segir m.a., eftir að talað hefur verið um að aðskilja grunnnetið eða skikka þá til að selja breiðbandið, með leyfi forseta:

„Burt séð frá því hvor framangreindra leiða er valin er mjög æskilegt að gerð verði sú krafa að samkeppnisstarfsemi Landssímans sé rekin í sjálfstæðum dótturfélögum."

Virðulegi forseti. Í Morgunblaðinu í dag er grein þar sem minnst er á samkeppnisaðila Símans, Og Vodafone, (Forseti hringir.) og því haldið fram að Landssíminn beiti samkeppnishindrunum gagnvart hinum litlu fyrirtækjum.

[12:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Nýjasta málsvörn hæstv. forsætisráðherra virðist vera að skjóta sér á bak við Evrópusambandið varðandi einkavæðingu Símans. Hingað til hefur hæstv. ráðherra notað sem aðalrök að löngu sé búið að ákveða þetta.

Staðreyndin er auðvitað sú að það er ekkert í evrópskum samkeppnisrétti sem kemur í veg fyrir að til verði stórt fyrirtæki sem bjóði grunnþjónustu á sviði fjarskipta og gagnaflutninga, ekki neitt. Eignarhaldið á því fyrirtæki getur verið hvernig sem er, hjá ríkinu, fjarskiptafyrirtækjunum, blandað eða hvað það nú er.

Eina ævintýramennskan í málinu er einkavæðing Símans. Það er ævintýramennskan og talandi um nauðsyn þess að fá sem mest verð fyrir Símann, halda menn að það verði neytendum til góðs að selja einkaaðila einokunaraðstöðuna? Um það snýst þetta og til þess þarf að hafa grunnnetið með. Auðvitað á hæstv. ríkisstjórn að endurskoða málið. Það eru allar ástæður til þess, áhyggjur manna út af fákeppni eða tvíkeppni, andstaða þjóðarinnar liggur fyrir, 60% eða 70% þjóðarinnar er á móti þessu, reynsla annarra er slæm og það er tvímælalaust óheppilegt við núverandi aðstæður í efnahagsmálum þjóðarinnar að auka á þenslu með því að selja Símann.

[12:38]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það var mjög aumt að hlýða á hæstv. forsætisráðherra. Hann vitnaði í því til staðfestingar að selja eigi grunnnetið að langflestir sérfræðingar mæli með þessu. Hverjir eru það?

Nær allir sem eru í samkeppni við Símann sjá því allt til fyrirstöðu að selja grunnnetið með Símanum. Það hefur ítrekað komið fram í umræðunni að ríkisstjórnin hefur takmarkaðan áhuga einmitt á samkeppni og það er áhyggjuefni. Til stendur að veikja samkeppnislögin og þegar spurt er að því á hinu háa Alþingi hvort Síminn, ríkisfyrirtækið sem ríkisstjórnin ber ábyrgð á, fari að samkeppnislögum fást engin svör. Mér finnst þetta alveg með ólíkindum.

Talað er um að stjórnarandstaðan vilji hækka skatta, en hver er raunin? Raunin er sú að hlutur hins opinbera í hlutfalli við þjóðartekjur hefur vaxið gríðarlega.

[12:40]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Í könnun Gallup árið 2002 voru yfir 60% af landsmönnum andvíg því að Síminn væri seldur og þær kannanir sem gerðar hafa verið undanfarið, bæði af Félagsvísindastofnun og Gallup, sýna að andstaðan fer vaxandi ef eitthvað er og nú síðast voru 76% í könnun Gallup andvíg sölu á fjarskiptakerfi Símans. Það er varla dæmi um jafnmikla andstöðu hjá þjóðinni um eitt mál eins og þetta í seinni tíð. Gildir það jafnt um félagshyggjufólk sem og þá sem aðhylltust fullt frelsi markaðarins.

Síminn er ekki einhver baggi á þjóðinni, síður en svo. Hann skilar um 3 milljörðum kr. í arð til eiganda síns, ríkisins, sem á yfir 99% í fyrirtækinu og gæti verið gott að eiga það inni til frambúðar. Alla vega mundi enginn bóndi sem væri talinn með bændum velja þann kost að selja bestu mjólkurkúna úr fjósinu og telja að það væri mjólkurframleiðslunni til framdráttar í búi sínu.

Staðreyndin er sú að við erum með fjarskiptanet hjá Orkuveitu Reykjavíkur sem tekur yfir á annað hundrað þúsund íbúa landsins, við erum með Landsvirkjun og við erum með Landssímann. Er ekki skynsamlegt, hæstv. forsætisráðherra, að staldra aðeins við, reka ekki hausinn á undan sér og taka upp viðræður við þessa aðila, eða eigum við að horfa á að byggt verði upp tvöfalt eða þrefalt fjarskiptakerfi á suðvesturhorninu á meðan aðrir landshlutar verða ekki aðnjótandi samkeppninnar. (Forseti hringir.) Það er dapurlegt ef menn þurfa að beygja sig fyrir því sem vitlaust er eins og hæstv. forsætisráðherra komst að orði.

[12:42]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég sagði aldrei að menn væru að beygja sig fyrir því sem vitlaust er. (Gripið fram í.) Það er undarlegt með suma hv. þingmenn að þeir geta aldrei haft rétt eftir. Það er a.m.k. mjög algengt í þessari umræðu að þingmenn hafa ekki rétt eftir það sem sagt er.

Ég er einfaldlega að segja að fara beri að lögum. Ég veit ekki betur en a.m.k. þingmenn Alþýðuflokksins á sínum tíma hafi staðið að því að stofna Evrópska efnahagssvæðið. Gleymdist það þegar þeir fóru í Samfylkinguna? Núna tala þeir eins og það sé ekki til í dæminu.

Síðan eru menn, t.d. hv. þm. Jón Bjarnason, með óljósar hugmyndir um samrekstur samkeppnisaðila á grunnneti. Ég held að þær séu algerlega óraunhæfar. Ég minni á að Póst- og fjarskiptastofnun reyndi að koma á samstarfi milli aðila fjarskiptamarkaðarins um uppbyggingu eins dreifikerfis fyrir stafrænt sjónvarp. Það var reynt og hvernig tókst það? Það mistókst þar sem aðilar á markaði töldu slíkt samstarf ekki þjóna hagsmunum sínum. Finnst mönnum líklegra að það takist þá um annað? Ég veit ekki betur en þeir aðilar sem eru að kvarta undan því að grunnnetið eigi ekki að seljast sérstaklega hafi einmitt hafnað því að taka upp slíkan samrekstur fyrir stafrænt sjónvarp.

Það liggur hins vegar ljóst fyrir að verið er að efla Samkeppnisstofnun. Það er líka verið að efla Póst- og fjarskiptastofnun. Búið er að breyta lögum um þá stofnun. Vissulega kemur líka til greina að fara út í frekari lagabreytingar, ef það er nauðsynlegt, til að tryggja jafnan aðgang allra að grunnþjónustunni. Það höfum við sagt í umræðunni.

Söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar.

Fsp. MÞH, 595. mál. — Þskj. 889.

[12:45]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Árið 2002 var samþykkt hér á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju. Í þessu frumvarpi var hæstv. iðnaðarráðherra heimilað að selja eignarhlut íslenska ríkisins í Steinullarverksmiðjunni. Í lagatextanum stendur svo, með leyfi forseta:

„Helmingur söluandvirðisins skal renna til samgöngubóta eða annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Steinullarverksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.“

Í svari frá hæstv. iðnaðarráðherra vegna fyrirspurnar sem ég lagði fram fyrr í vetur kom fram að þessi helmingur hefði verið 105 millj., ef ég man rétt, og þar kom fram að þessum peningum hefði verið varið í fiskeldi, fyrst í gjaldþrota fyrirtæki og síðan fiskeldisrannsóknir við Hólaskóla.

Þegar umræður á hinu háa Alþingi frá árinu 2002 eru skoðaðar, þegar verið var að ræða þetta frumvarp, kemur berlega í ljós að málið var markaðsfært, ef svo má segja, kokkað þannig ofan í þjóðina að hér ætti að losa um eignarhlut ríkisins í fyrirtæki á Sauðárkróki og að peningana ætti að nota til góðra verka, til atvinnuuppbyggingar og þá hugsanlega líka samgöngubóta. Hæstv. iðnaðarráðherra sagði þetta margoft í ræðum sem ég hef verið að lesa og hún hafði þar á orði að hér væri heldur betur búið að finna feitan sjóð sem mætti til að mynda nota í að byggja upp svokallaðan Þverárfjallsveg á milli Sauðárkróks og Skagastrandar. Það yrði aldeilis búhnykkur fyrir atvinnulíf í Skagafirði því að þetta mundi bæta samgöngur, m.a. við suðvesturhornið, og þetta yrði ekki síst þá Steinullarverksmiðjunni sjálfri til framdráttar. Heimamenn margir hverjir bentu hins vegar á að þetta væri mikil og góð mjólkurkýr og margir lögðust harðlega gegn því að bæði sveitarfélagið eða bæjarfélagið Sauðárkrókur og líka ríkið seldu eignarhlut sinn í þessari verksmiðju.

Við vitum hvað varð um peningana, þ.e. við vitum alveg hvað varð ekki um þá peninga sem fengust fyrir Steinullar-

verksmiðjuna á sínum tíma. Við vitum, og það er alveg á hreinu, að peningarnir fóru ekki í samgöngubætur.

Því spyr ég hæstv. ráðherrann:

Hvers vegna var engu af söluandvirði Steinullarverksmiðjunnar varið til samgöngubóta í sveitarfélögum sem áttu verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi verksmiðjunnar?

[12:48]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Við sölu Steinullarverkmiðjunnar var sú ákvörðun tekin, sbr. 1. gr. laga nr. 57/2002, um breytingu á lögum um steinullarverksmiðju, að verja skyldi helmingi söluandvirðisins til samgöngubóta eða annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem áttu verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi verksmiðjunnar.

Söluverð Steinullarverksmiðjunnar nam 210 millj. kr. og var ríkisstjórninni falið að taka ákvörðun um ráðstöfun helmings þeirrar fjárhæðar, 105 millj. kr. Upphaflegar tillögur um meðferð fjárins lutu að því að 70 millj. kr. yrðu nýttar til byggingar Þverárfjallsvegar en við afgreiðslu ríkisstjórnarinnar var ákveðið að nýta fjármuni af vegáætlun til byggingar vegarins. Fékk Vegagerðin 70 millj. kr. fjárveitingu á fjáraukalögum árið 2002 til verksins.

Vinnu við vesturhluta Þverárfjallsvegar er nú lokið og verður nánar greint frá framkvæmdum í skýrslu samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar fyrir árið 2004.

Fjárhæðin sem rann til iðnaðarráðuneytisins í fjáraukalögum ársins 2005, 105 millj. kr., var því að öllu leyti nýtt til atvinnuþróunarverkefna. Ég hef áður gert grein fyrir meðferð þess fjár á þskj. 686 á yfirstandandi þingi. Þetta eru staðreyndir málsins og ég geri mér bara ekki alveg grein fyrir því hvað það er sem hv. þingmaður er að fiska eftir eða hvað það er sem hann er að reyna að draga inn í umræðuna vegna þess að í rauninni endaði málið þannig að til þess atvinnusvæðis sem hér um ræðir fóru 105 millj. kr. plús 70 millj. kr. sem fóru í veginn. Þetta er nokkuð rausnarlegt miðað við það sem lagt var upp með.

Hv. þingmaður talar um að eitthvað hafi verið kokkað ofan í sjóðina. Ég minnist þess mjög vel að ég var ekki feimin að tala um að þarna færu 105 millj. til svæðisins og það skiptir verulega miklu máli. Ég er hrædd um að hv. þingmaður sé bara ekki í nógu góðu sambandi við Skagfirðinga ef hann áttar sig ekki á því að þetta var svæðinu til framdráttar.

[12:51]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég er í ágætu sambandi við Skagfirðinga enda bý ég á Sauðárkróki. Ég er á því og margir á Sauðárkróki að þessi ráðstöfun hæstv. ráðherra hafi jafnvel veikt atvinnulífið í Skagafirði og það er sorglegt. Steinullarverksmiðjan var skuldsett og veikt fyrirtæki og það var mjög undarleg ráðstöfun að setja 35 millj. í fyrirtækið Sægull. Þetta fyrirtæki var notað til þess að loka fiskeldisfyrirtækinu MÁKA og það er ákveðin spillingarlykt af málinu. 35 millj. sem áttu að fara til atvinnuuppbyggingar fóru í það að loka fyrirtækinu og síðan var Steinullarverksmiðjan skuldsett.

Þetta er algjörlega misheppnuð ráðstöfun hjá hæstv. ráðherra.

[12:52]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Sala á steinullinni og sala á Rafveitu Sauðárkróks eru einir dapurlegustu hlutir sem ríkisstjórnin og Framsóknarflokkurinn hafa knúið fram gagnvart Skagfirðingum. Þegar Steinullarverksmiðjan hafði verið höfð af þeim, fyrirtæki sem var stofnað af sveitarfélaginu, ríkinu og fjölda heimamanna, á annað hundrað að mig minnir, var gengið á þessa heimamenn, litlu hluthafana, og þeir knúnir til að fara út úr fyrirtækinu með sína hluti. Í stað þess hefði mátt nýta þetta fyrirtæki til að efla og byggja upp starfsemi í Skagafirði, nota styrk þess til þess en í staðinn var það skuldsett fyrir fleiri hundruð millj. kr. og er orðið mun veikara en ella. Sem betur fer starfar það þó enn og gerir vonandi áfram.

Ekki var síður með Rarik, Rafveitu Sauðárkróks, sem líka var höfð af Skagfirðingum með þessum hætti. Ef eitthvað er hægt að frábiðja sér eru það svona (Forseti hringir.) afskipti Framsóknarflokksins, afskipti ráðherra hans af málefnum Skagfirðinga.

(**Forseti** (JBjart)**:** Enn og aftur vill forseti beina því eindregið til þingmanna að þeir virði þennan þrönga tímaramma sem er í stuttum athugasemdum.)

[12:53]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Í framhaldi af svari hæstv. ráðherra áðan hvarflaði að manni að kannski væri ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra hvort vænta mætti að við sölu á öðrum fyrirtækjum ríkisins yrði farið eins með söluandvirðið og gert var við þessa sölu. Það eru ekki mörg fyrirtæki eftir í eigu ríkisins en þó kemur mér í hug fyrirtæki eins og Hitaveita Suðurnesja sem eingöngu hefur búið til efnahag sinn með viðskiptum við þá sem lifa og starfa á Suðurnesjum. Kemur til greina, ef ríkið ætlaði sér að selja hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja, að helmingi þess söluandvirðis yrði varið á sama hátt á Suðurnesjum eins og lögin um sölu Steinullarverksmiðjunnar kváðu á um að gert yrði í Skagafirði?

[12:54]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Mig langar aðeins að blanda mér í þessa umræðu og minna á það hér að á sínum tíma þegar undirbúningur hófst að byggingu steinullarverksmiðju hér á landi hafði verið tekin fyrsta skóflustunga að slíkri verksmiðju í Þorlákshöfn. Það var á sínum tíma pólitísk ákvörðun að flytja hana á Sauðárkrók.

Nú er sú ákvörðun tekin að selja verksmiðjuna og nýta fjármunina í því heimahéraði. (**Gripið fram í:** Loka fyrirtækinu.) Það er verið að auka á landflutninga með flutningi á þessum vörum til höfuðborgarsvæðisins, stærsta markaðssvæðisins. Við sjáum það a.m.k. í dag að það hefði verið skynsamlegra að byggja þessa verksmiðju í Þorlákshöfn.

Þar sem við erum að tala um sölu Landsvirkjunar, og margar slíkar stöðvar eru einmitt á Suðurlandi, má ætla að Sunnlendingar fái notið þeirrar miklu uppbyggingar og

orku sem er í því kjördæmi þegar þær eignabreytingar eiga sér stað.

[12:56]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég hafði lúmskt gaman af því þegar hæstv. iðnaðarráðherra kveinkaði sér undan þessari umræðu, kvartaði yfir því að hér væri verið að reyna að fiska eftir einhverju ótilgreindu. Málið er það að við erum í raun og veru að ræða um grafalvarleg prinsippmál, við erum hér að tala um atriði varðandi sölu á ríkiseignum, aðferðafræðina í kringum hana, og hvernig þeim fjármunum er síðan varið sem fást fyrir sölu ríkiseigna.

Þá má á margan hátt segja það, frú forseti, að salan á Steinullarverksmiðjunni hafi verið eins konar prófsteinn á það hvernig ríkisstjórninni tækist að höndla það verkefni að einkavæða ríkisfyrirtæki. Ég verð að segja að þegar maður skoðar ferlið á sölu Steinullarverksmiðjunnar vakna ýmsar spurningar.

Ég ætla alls ekki að gera lítið úr því að 70 millj. hafi síðan réttilega verið veittar í það að byggja upp veginn yfir Þverárfjall, það er að sjálfsögðu hið besta mál. En þarna lágu eftir 105 millj. á sínum tíma. Samkvæmt svari hæstv. ráðherra til mín um daginn fóru 70 af þeim í fiskeldisrannsóknir á vegum Hólaskóla og er það ekki nema hið besta mál. Hins vegar fóru 35 millj. í að loka gjaldþrota fyrirtæki. Það kemur fram í Fréttablaðinu þann 10. febrúar sl. að þarna hafi einhver allsherjarvitleysa verið á ferðinni. Þar er viðtal m.a. við hæstv. ráðherra þar sem hún segir svo, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðuneytið hafði ekki afskipti af því frekar" — þ.e. fénu — „en sannleikurinn er sá að við höfum ekki fengið nema fjórtán milljónir af þessum 35 til baka. Nýlega var ákveðið að þeim yrði endurráðstafað til fiskeldisrannsókna í Hólaskóla."

Þarna virðist hæstv. ráðherra sem sagt bera ábyrgð á því að glutrað var niður tugum milljóna króna í eitthvert ótilgreint verkefni sem enginn getur gert skil á í dag, a.m.k. fær maður ekki séð það. Einhverjum peningum átti að skila. Þeir hafa ekki komið fram enn þá og hér er bara spurning um það hvort ekki sé komið efni í dómsmál.

[12:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ekki ætla ég að segja til um það hvort hér sé efni í dómsmál, hins vegar er það þannig að við höfum tapað fjármunum í atvinnurekstri á Íslandi, og víða dálítið miklum fjármunum. Ég ítreka bara það sem hér hefur komið fram, og hv. þingmaður las upp úr Fréttablaðinu það sem haft er eftir mér, að ég er ekki að fela neitt í þessu máli.

Það var þannig að 35 millj. fóru til þess að bjarga verðmætum, eins og málið var kynnt fyrir mér. Þarna var um að ræða mikið af seiðum í stöðinni og hugmynd manna var sú að ala þau upp í sláturstærð og bjarga þannig verðmætum. Ég hafði síðan ekki meiri afskipti af þessu máli en niðurstaðan er sú að þarna töpuðust fjármunir þó að, guði sé lof, það hafi ekki verið allar 35 millj.

Nýsköpunarsjóður og sjávarútvegsráðuneyti, ef ég man rétt, komu fram með þessa tillögu á þeirri ögurstundu þegar þetta fyrirtæki verður gjaldþrota og mikil verðmæti eru til staðar. Og hvað á ríkið að gera þegar svona staða kemur upp? Vill ekki ríkið bjarga verðmætum? Í þessu tilfelli var það þannig. (Gripið fram í.)

Það er alltaf svo auðvelt að vera gáfaður eftir á, hv. þingmaður, það er ég viss um að hann hefur upplifað í lífinu oftar en einu sinni.

Hvað varðar þessa einkavæðingu held ég að hún hafi að öllu leyti gengið eðlilega fyrir sig. Það hlýtur að vera mikill fengur fyrir Skagfirðinga að hafa fengið þessa fjármuni inn í byggðarlagið og þar að auki veg yfir Þverárfjall sem skiptir miklu máli.

Hv. þm. Jón Bjarnason var náttúrlega alltaf á móti þessari sölu því að hann vill að verksmiðjur á Íslandi séu í ríkiseigu. Hann má alveg hafa þá skoðun en ég er bara ósammála honum um það. Ég tel ekki að verksmiðjur eigi í aðalatriðum að vera í ríkiseigu, (Gripið fram í.) heldur í eigu einstaklinga og þess vegna lagði ég mig fram um að selja þessa verksmiðju.

Hjartaþræðingar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Fsp. KLM, 585. mál. — Þskj. 876.

[13:00]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Upptökusvæði Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri nær frá Hvammstanga að Djúpavogi samkvæmt gamalli reglugerð sem þáverandi heilbrigðisráðherra Eggert G. Þorsteinsson gaf út. Mér telst til að það gætu verið í kringum 45 þúsund manns sem búa á þessu svæði. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri er skilgreint sem fyrsta varasjúkrahús landsins með tilliti til almannavarna.

Þeir sem stýra rekstri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eru mjög metnaðarfullir og góðir stjórnendur. Þeir hafa lagt fyrir okkur þingmenn framtíðarsýn sína þar sem efst á óskalistanum til að taka upp nú eru hjartaþræðingar. Samkvæmt lauslegri könnun minni reiknast mér til að hjartaþræðingar á þessu upptökusvæði geti verið í kringum 250 á ári og þar af eru sennilega rúmlega 50 sem eru bráðamál, þ.e. fólk sem flutt er með sjúkraflugvél til Reykjavíkur til að fara í hjartaþræðingu. Ekki er mér kunnugt um hve margar hjartaþræðingar eru þar á ári en heyrt hef ég þó töluna 2.000 þó að ég viti ekki nákvæmlega hvort hún er rétt.

Nútímalæknisfræði krefst þess að sjúklingar sem fá hjartaáföll eða kransæðastíflu komi sem allra fyrst í þræðingu, innan nokkurra tíma, áður en drep kemst í vöðvann. Það er auðvitað þetta m.a. sem er rökstuðningur stjórnenda Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri fyrir því að fá að taka upp hjartaþræðingar.

Það má geta þess að þeir Norðlendingar og Austfirðingar sem búa á upptökusvæði Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri þurfa að leggja í mikinn ferðakostnað, allt að 20 þús. kr. á mann, og auðvitað fer aldrei einn maður í hjartaþræðingu, það fer yfirleitt fylgdarmaður með. Auk þess er

vinnutap og annað slíkt þannig að heilsuhagfræðilegan kostnað sem fer í þetta má reikna allt að 100 þús. á hvern sjúkling fyrir utan að það eykur auðvitað álagið á Landspítalanum að flytja þurfi allt þetta fólk til Reykjavíkur í hjartaþræðingu.

Ekki alls fyrir löngu var tekið í notkun segulómtæki við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, í nóvember sl., sem var góður áfangi og ber að þakka fyrir jafnt hæstv. heilbrigðisráðherra sem öðrum. Það má segja að sú ákvörðun sé mjög þjóðhagslega hagkvæm vegna þess að það má auðveldlega reikna töluverðan sparnað sem í því felst.

Virðulegi forseti. Hjartaþræðingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri eru tilefni fyrirspurnar minnar nú til hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og hún hljóðar svo:

1. Eru áform um að hefja hjartaþræðingar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri?

2. Hver er stofnkostnaður við slíka starfsemi?

3. Hver yrði árlegur rekstrarkostnaður slíkrar starfsemi á FSA?

4. Hversu margir sjúklingar á starfssvæði FSA hafa þarfnast hjartaþræðingar undanfarin fimm ár?

[13:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristján L. Möller hefur beint til mín nokkrum spurningum um hjartaþræðingar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, m.a. um hugsanleg áform um að hefja slíkar þræðingar þar, hver yrði stofnkostnaður og árlegur rekstrarkostnaður sem og um fjölda sjúklinga sem þarfnast hafa slíkrar aðgerðar undanfarin fimm ár.

Um nokkurt skeið hafa átt sér stað lauslegar umræður um þann möguleika að taka upp hjartaþræðingar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Hjartaþræðingar og kransæðavíkkanir hafa orðið æ algengari aðgerðir og hafa að hluta til leyst af hólmi þær kransæðaaðgerðir sem áður voru framkvæmdar. Engu að síður er hér um mjög vandasamar aðgerðir að ræða sem krefjast mikillar þjálfunar og færni allra sem að slíkum verkum koma. Samkvæmt upplýsingum frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri er talið að stofnkostnaður gæti numið 125–130 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður gæti numið um 30 millj. kr.

Hv. fyrirspyrjandi spyr einnig um fjölda sjúklinga á starfssvæði FSA sem þarfnast hafa hjartaþræðinga undanfarin ár. Má í því sambandi geta þess að lausleg könnun á vegum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sýndi að árið 2002 voru 53 sjúklingar sendir frá Norðvesturlandi, 138 frá Akureyri og Norðausturlandi og 78 sjúklingar frá Austurlandi. Alls voru þetta um 237 sjúklingar frá Norður- og Austurlandi það ár.

Af hálfu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eru áform um að gera nákvæma heilsuhagfræðilega úttekt á möguleikum þess að taka upp hjartaþræðingar á sjúkrahúsinu með öllum þeim ráðstöfunum og varúðarráðstöfunum sem gera þarf í slíku tilviki og mun ráðuneytið fylgjast vel með þeirri vinnu og taka þátt í henni eftir atvikum. Hins vegar vil ég taka fram í tilefni af orðum hv. fyrirspyrjanda að efst á forgangslistanum hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri er að efla meðferð krabbameinssjúklinga. Við höfum tekið undir það markmið og viljum vinna að því sem forgangsmáli varðandi sjúkrahúsið auk þess að klára innréttingu sjúkrahússins sem ég vona að við getum haldið áfram með og klárað.

Ég vona að þessi svör upplýsi þingmanninn um stöðu þessa máls.

[13:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Mig langar aðeins að leggja það inn í þessa umræðu að álit mitt er að það eigi ekki að vera forgangsmál að hefja hjartaþræðingar á Akureyri. Heilbrigðiskerfið er orðið mjög dýrt og við þurfum að sérhæfa okkur og við eigum mjög góða hjartadeild á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Til þess að sinna hjartaaðgerðin þarf mikla þjálfun og það þarf að gera margar aðgerðir, á hverjum degi liggur við, a.m.k. mjög margar á hverju ári, og ég sé ekki ástæðu til að sett verði upp hjartadeild á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri vegna þess að 237 sjúklingar að norðan hafi þurft á hjartaþræðingu að halda. Það er mun hagkvæmara fyrir skattgreiðendur og okkur öll að þessar aðgerðir fari fram á Landspítala – háskólasjúkrahúsi þar sem við eigum mjög færa og vel þjálfaða lækna til að sinna þessu. Fólk vill láta þjálfað starfsfólk gera slíkar aðgerðir.

[13:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég verð að lýsa mig algerlega ósammála síðasta ræðumanni. Ég skil ekki þennan málflutning. Ég tel einmitt að tölurnar sýni að hér er ekki lengur um jafnsjaldgæfar og sérhæfðar aðgerðir að ræða og menn töldu kannski einu sinni vera. Þegar fjöldinn bara á upptökusvæði FSA er kominn hátt á þriðja hundrað þá gefur augaleið að það er meira en nóg til þess að halda starfsfólki þar í góðri þjálfun. Að sjálfsögðu kæmu menn bæði með reynslu og menntun til að gera þetta þegar þessi starfsemi færi þarna af stað.

Ég tel fyllilega tímabært að skoða þennan þátt í uppbyggingu og eflingu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eins og aðra. Spurningin er náttúrlega sú: Ætlum við að vera með tvö deildaskipt sérgreinasjúkrahús í landinu eða ekki? Sú ákvörðun liggur fyrir og þá er það bara enn eitt verkefni af mörgum sem á að skoða hvenær er tímabært og hagkvæmt að hefja þessa starfsemi einnig fyrir norðan. Það hefur mikla kosti fyrir íbúa svæðisins. Það er liður í því að efla sjúkrahúsið sem stofnun og styður við aðra starfsemi sem þarna er með alveg sama hætti og efling rannsóknardeilda og annað því um líkt hefur verið liður í uppbyggingu sjúkrahússins. Ég vona því að hv. þingmaður endurskoði hug sinn áður en hún heldur fleiri ræður um málið.

[13:09]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svör hans og sömuleiðis hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir þátttöku hans þó að ég geti ekki þakkað fleirum að þessu sinni. Ég held að það hafi sýnt sig nú þegar með segulómtækið, sem tók forustumenn Sjúkrahússins á Akureyri fimm ár að koma í gegn og er loksins komið eins og ég

hef áður sagt, að læknar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri eru fullfærir að sjá um þær aðgerðir og þjálfa sig upp til þess eins og annarra læknisverka. Það sýnir sig nú þegar að þörfin fyrir það tæki var mjög mikil og að það er töluvert mikill þjóðhagslegur sparnaður, sem er náttúrlega aðalatriðið, við að gera þetta fyrir norðan í stað þess að fólk komi hingað suður, missi vinnu o.s.frv. eins og við reiknum þetta út.

Ég hygg, virðulegi forseti, að slíkar niðurstöður mundu koma út ef farið væri vel í gegnum hjartaþræðingar og ég tala ekki um til að minnka álagið á Landspítalann af höfuðborgarsvæðinu og hann gæti þá kannski sinnt öðrum brýnni verkefnum í staðinn.

Þetta vil ég taka skýrt fram, virðulegi forseti, og jafnframt hvet ég hæstv. ráðherra til að láta þessa skoðun fara fram vegna þess að það hefur sýnt sig eins og ég hef áður sagt að bæði læknar og starfsfólk allt á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri er mjög metnaðarfullt og þar eru góðir stjórnendur. Dæmið sem ég tók um segulómtækið sýnir að það var full þörf á því tæki og þeirri þjónustu og ég hygg að það verði svipað með hjartaþræðingarnar þó að ekki séu allir sammála um það.

[13:11]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka undir það að á Akureyri eru mjög hæfir og góðir stjórnendur við sjúkrahúsið. Þeir hafa raðað málum sínum í forgangsröð og þetta mál er eitt af þeim sem þeir hafa skoðað en ég endurtek að efling krabbameinslækninga er númer eitt á forgangslista þeirra. Við höfum skoðað það með þeim og teljum að það mundi bæta þjónustuna mest á þessu svæði að efla þær.

Hér hefur verið til umræðu hvort þetta sé nægilega mikill fjöldi og hvort menn haldi sér í þjálfun með 237 aðgerðum á ári. Það er ljóst að þetta mundi nægja til þess, menn mundu ekki detta úr þjálfun. Hins vegar þarf að vera aðgangur strax í upphafi að lækni sem hefur farið í gegnum 5.000 þræðingar. Það þarf að vera aðgangur að slíkum manni strax ef hefja ætti þræðingar þarna því í þessu má ekkert mistakast. Þetta er það viðkvæm aðgerð að þarna þarf að vera mjög þjálfaður starfskraftur fyrir hendi strax í upphafi. Ég endurtek að forustumenn sjúkrahússins hafa verið að skoða hinn hagræna þátt í þessu en krabbameinslækningarnar eru í forgangi hjá okkur í augnablikinu og að ljúka innréttingu þeirra þriggja hæða sem eftir var að klára við spítalann og er nú þegar byrjað að vinna að því verki.

Akstur undir áhrifum fíkniefna.

Fsp. ÁRJ, 598. mál. — Þskj. 892.

[13:13]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. dómsmálaráðherra um akstur undir áhrifum fíkniefna. Í umferðarlögum er kveðið mjög ákveðið á um það í 44. gr. að enginn megi „stjórna eða reyna að stjórna ökutæki, ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega". Síðar í þeim sömu lögum, í 45. gr., er farið nákvæmlega yfir það hvernig eigi meta það að ökumaður sé undir áhrifum áfengis og það er útlistað nákvæmlega og hvernig það skuli reynt og hvernig það skuli mælt. Það eru ákveðin viðurlög og ef menn brjóta af sér og aka undir áhrifum áfengis missa menn ökuskírteini tímabundið eða ævilangt ef brotið er mjög alvarlegt.

Hið sama er ekki upp á teningnum þegar fíkniefni eru annars vegar og þar virðist manni vera pottur brotinn. Ég hef vitneskju um mjög alvarleg dæmi um afleitt ástand í þeim efnum og virðast menn ekki geta brugðist við á sama hátt við akstri undir áhrifum fíkniefna. Ég get nefnt dæmi um að lögreglan hefur stöðvað ökumann, í þessu tilviki ungmenni, vegna óeðlilegs aksturslags, hún sér að ökumaðurinn er í annarlegu ástandi og þegar í ljós kemur að hann er ekki undir áhrifum áfengis er ökumaðurinn keyrður heim. Það er ekkert gert og hann heldur ökuskírteini sínu. Svo endurtekur þetta sig og lögreglan virðist ekki hafa nein úrræði. Hún tekur þennan útúrdópaða ökumann jafnvel upp á lögreglustöð, kallar til lækni og það er undir lækninum komið hvort hann gerir eitthvað í málinu. Stundum er tekin blóðprufa eða þá að læknir er kallaður til til að horfa í augun á ökumanninum, mæling sem ég skil ekki alveg, og síðan gerist ekki neitt í framhaldinu.

Ég verð að segja að það er verulegt áhyggjuefni þegar maður heyrir af slíkum hlutum, að það skuli jafnvel vera útúrdópaðir ökumenn úti í umferðinni og að ekki sé hægt að taka á því á nokkurn hátt. Þess vegna langaði mig til að spyrja hæstv. dómsmálaráðherra eftirfarandi spurninga sem eru á fyrirspurnablaðinu og hvað lögreglan væri að gera í þessum málum:

1. Hversu oft stöðvaði lögregla ökumenn undir áhrifum fíkniefna á síðasta ári?

2. Hvernig er kannað hvort ökumaður er undir áhrifum fíkniefna ef hann er stöðvaður vegna óeðlilegs aksturslags og ekki er um ölvun að ræða? Hversu oft var það kannað á síðasta ári?

3. Hvernig bregst lögreglan við þegar ökumaður undir áhrifum fíkniefna veldur slysi eða öðru tjóni?

4. Hversu margir voru sviptir ökuréttindum vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna á síðasta ári?

Það væri fróðlegt að fá svör við þessu hjá hæstv. dómsmálaráðherra.

[13:17]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Í tilefni af fyrirspurn hv. þingmanns var aflað upplýsinga frá embætti ríkislögreglustjóra. Í svörum embættisins kemur fram að ef fyrir hendi er rökstuddur grunur um að ökumaður vélknúins ökutækis sé undir áhrifum örvandi eða deyfandi efna, sbr. 44. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, er hann handtekinn og færður til læknisskoðunar og töku á blóð- og þvagsýni eftir því sem ástæða þykir til. Læknir framkvæmir í kjölfarið hæfnispróf á ökumanni og gerir skýrslu þar um. Þá er fengin matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði.

Jafnframt er ítarlega skráð af lögreglu í frumskýrslu sú háttsemi eða atvik í fari ökumanns sem vöktu grunsemdir um áhrif fíkniefna eða lyfja við akstur. Í reglum ríkislögreglustjórans um töku öndunarsýna frá 15. september 2003 er þess getið að sýni niðurstaða öndunarprófs eða öndunarsýnis óeðlilega lága niðurstöðu miðað við ástand grunaðs eða hegðun hans kunni slíkt að vera vísbending um að hann sé undir áhrifum örvandi eða deyfandi efna og því sé ástæða til að færa viðkomandi til töku á blóð- og þvagsýni svo og til læknisrannsóknar þar sem mat er lagt á hæfni grunaðs til að stjórna vélknúnu ökutæki þegar um ætlað umferðarlagabrot er að ræða. Ekki eru fyrir hendi sömu möguleikar eða mælikvarðar til að meta hæfni ökumanns vegna aksturs undir áhrifum lyfja eða fíkniefna, sbr. 44. gr. umferðarlaga, og er varðandi ölvun við akstur, sbr. 45. gr. sömu laga, þar sem byggt er á ákveðnu áfengismagni í blóði ökumanns.

Árangur lögreglu í þessum málum virðist engu að síður góður. Má í því sambandi m.a. vísa til niðurstaðna athugunar Ástu Stefánsdóttur, fulltrúa sýslumannsins á Selfossi, en hún gerði athugun á þessu fyrir stuttu og kynnti niðurstöður sínar á fundi samstarfsnefndar lögreglu á Suðvesturlandi í desember á síðasta ári. Athugun hennar tók raunar til allra brota á 44. gr. umferðarlaga en þar er auk aksturs undir áhrifum lyfja og fíkniefna fjallað um önnur atriði sem áhrif geta haft á færni ökumanna til aksturs.

Samkvæmt upplýsingum frá ríkislögreglustjóra voru á síðasta ári 88 brot skráð í málaskrá þar sem grunur var um að ökumaður væri ekki fær um að stjórna ökutæki örugglega vegna örvandi eða deyfandi efna. Í 70 tilvikum var tekin blóð- og þvagprufa. Af þessum 88 málum eru 48 enn til meðferðar hjá lögreglu eða ákæruvaldi og í einu máli var rannsókn hætt. Af þeim 39 málum sem er lokið var í fjórum tilvikum ákært fyrir ölvunarakstur í stað lyfjaaksturs og sjö lauk með sýknu. 28 málum var lokið með sakfellingu og sviptingu ökuréttinda og er meðallengd sviptinga tæplega níu mánuðir. Mikill munur er þó á lengd sviptinga frá þremur mánuðum til 48 mánaða en flestir voru sviptir í 4–6 mánuði.

[13:20]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir þessi svör. Eins og kom fram hjá honum eru ekki fyrir hendi sömu möguleikar til að kanna ástand ökumanna. Hann telur í svari sínu að blóð- og þvagsýni séu að jafnaði tekin en ég þekki dæmi um að það hafi ekki verið gert. Ungmenni hefur verið sent heim og það haft áfram ökuskírteini þó að það hafi lent í vandræðum vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna. Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann að gera þurfi lagabreytingar til að bæta þetta ástand og setja ákveðin viðurlög varðandi þennan akstur? Þeir sem hafa haft samband við mig út af þessu segja að svör lögreglunnar séu þau að hún hafi ekki úrræði og það sé svo dýrt að senda viðkomandi alltaf í blóðprufu. Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann að það hindri að einhverju leyti rannsókn á þessum málum og það að ökumennirnir séu sviptir ökuréttindum í einhvern tíma að þarna séu dýr úrræði á ferðinni?

Einnig vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji 88 brot á síðasta ári vera eðlilegan fjölda. Telur hann kannski að fleiri séu á ferðinni þar sem ekki er tekið á málunum, þ.e. akandi undir áhrifum fíkniefna sem eru teknir en ekki sendir í blóðprufu, kærðir eða tekið á? Hversu há heldur hann að þessi tala sé í rauninni?

[13:22]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég get ekki svarað þessum spurningum þingmannsins um það hvað hugsanlega væri að gerast á þessu sviði frekar en öðrum. Ég get hins vegar svarað því að þetta hefur verið rannsakað, eins og ég sagði. Ég tel mun meira að marka rannsóknina en orðspor sem þingmaðurinn hefur heyrt um þetta. Það kemur fram í þessum rannsóknum að 88 brot voru skráð í málaskrá á síðasta ári og í 70 tilvikum var tekin blóð- eða þvagprufa o.s.frv. Þetta liggur alveg skýrt fyrir og vefst ekki fyrir mönnum hvernig eigi að taka á þessu þegar grunur er um brot af þessu tagi.

[Fundarhlé. — 13:23]

Um fundarstjórn.

Fundartími fyrirspurnafunda.

[15:01]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Í umræðum milli þingflokksformanna og forseta varð að samkomulagi að færa fyrirspurnatíma þingsins og byrja klukkan tólf en ekki hálftvö eins og venjan er vegna þess að fyrir lægju margar uppsafnaðar fyrirspurnir. En síðastliðna tvo miðvikudaga hefur það gengið þannig að við höfum byrjað klukkan tólf en síðan hafa verið gerð hlé á þingfundum og menn beðið eftir að þingfundur gæti hafist aftur, fáar fyrirspurnir hafa verið á dagskrá og við reiknuðum reyndar með utandagskrárumræðu í dag sem ekki varð af.

Ég óska eftir því, virðulegi forseti, að aftur verði tekið upp að byrja á þeim tíma sem venjan hefur verið, klukkan hálftvö, og dagskráin skipulögð þannig að þingmenn þurfi ekki að sitja og bíða jafnvel klukkutíma í þingfundahléi eftir því að fyrirspurnir þeirra komist á dagskrá. Það er eðlilegt og sanngjarnt að reikna með því að 12–15 fyrirspurnir séu á hverjum miðvikudegi, fleiri þurfa þær í raun ekki að vera miðað við þann fjölda sem liggur fyrir núna. Þessi vinnubrögð eru ekki góð og eru okkur til lítils sóma. Við þurfum að hafa það í huga að skipuleggja vinnu okkar betur en gert hefur verið undanfarið.

[15:02]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Af þessu tilefni vill forseti taka fram að um það hefur verið gott samkomulag, eins og hv. þingmaður nefndi, milli forseta þingsins og formanna þingflokka að reyna að greiða fyrir því að unnt yrði að svara fleiri fyrirspurnum í hverri viku en hægt var fyrri hluta vetrar. Það hefur, eins og kunnugt er, skilað þeim árangri að listi yfir fyrirliggjandi fyrirspurnir hefur styst. Hins vegar er, eins og hv. þingmanni er einnig kunnugt um, alltaf nokkuð snúið að skipuleggja fyr-

irspurnatímann þannig að henti bæði fyrirspyrjendum og ráðherrum, enda viðvera beggja nauðsynleg við slíka umræðu.

Sá forseti sem hér talar telur aftur á móti rétt að taka þetta að nýju til umræðu í ljósi þeirra aðstæðna sem upp hafa komið í dag og síðastliðinn miðvikudag með það að markmiði að finna lausn sem bæði tryggi að dagskrá fyrirspurnafundar geti gengið vel fyrir sig og eins að þeim fyrirspurnum sé svarað sem fram eru bornar.

[15:03]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt að hér þurfa að vera bæði þingmenn og ráðherrar til að hægt sé að spyrja og svara. En ég minni á að við höfum ákveðna viðveruskyldu. Leggi þingmaður fram fyrirspurn sem á að svara innan ákveðins tíma og sé ráðherra tilbúinn til að svara henni þá á það auðvitað að ganga þannig fyrir sig að hægt sé að taka málið á dagskrá nema sérstakar aðstæður hindri.

En ég ítreka bara að ég tel nauðsynlegt að við skipuleggjum vinnu okkur betur en gert hefur verið í tveimur síðustu fyrirspurnatímum.

[15:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég hef mikla samúð með hæstv. forseta í þessu sambandi. Það er ekki heiglum hent að skipuleggja fyrirspurnatímana svo vel sé. Reynsla mín er sú, ég vil nefna það að gefnu tilefni vegna athugasemda frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, að ég hef oftar en einu sinni lent í því að vera albúinn til að svara fyrirspurnum en þingmenn hafi þá ekki getað mætt. Þetta beinist því ekki eingöngu að því að ráðherrar séu ekki tilbúnir að svara heldur líka hinu, að þingmenn hafa ýmsum skyldum að gegna, t.d. í kjördæmum sínum, og geta þá ekki mætt. Ég held að það halli því ekki á ráðherra fremur en þingmenn hvað þetta varðar.

Aðalatriðið er auðvitað að taka eðlilegt tillit til fyrirspyrjanda og þeirra ráðherra sem um er að ræða hverju sinni. En ég hef mikla samúð með hæstv. forseta að þurfa að greiða úr þeirri flækju, þ.e. möguleikum þingmanna og ráðherra til að spyrja og svara á þessum tíma.

Kostnaður við breikkun Suðurlandsvegar.

Fsp. BjörgvS, 574. mál. — Þskj. 862.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í nýlegum tölum frá Vegagerðinni að aukning umferðar um Suðurlandsveg hefur verið mikil á undanförnum árum, heil 70% á rúmum áratug og í kringum 10% milli áranna 2002 og 2003. Vegurinn kallar því á úrbætur og til framtíðar litið er besta niðurstaðan að breikka veginn frá Rauðavatni til Selfoss, t.d. með þriggja akreina vegi, tveir plús einn eins og það er kallað og þekkt er í Svíþjóð, sem er álitinn hagkvæmur og góður kostur í vegagerð almennt.

Til að nefna fleiri töluleg dæmi um hve brýnar þessar framkvæmdir eru hefur meðalumferð um Hellisheiði á dag á síðustu 12 árum aukist um 70%. Árið 1992 var meðalumferðin á dag, heilsárstala með öllum toppum sínum og lægðum, rúmlega 3.200 bílar. Árið 2004 er fjöldi þeirra bíla sem fara yfir Hellisheiði hins vegar tæplega 5.640 bílar, aukningin um 70%. Í fyrra, milli áranna 2003 og 2004, var aukningin á þessari leið tæp 8% og tæp 12% á leiðinni milli Hveragerðis og Selfoss undir Ingólfsfjalli. Aukin umferð á svæðinu helst að sjálfsögðu í hendur við þá miklu íbúasprengingu sem hefur orðið þar, mikinn fjölda sumarhúsa og fleiri eigenda heilsárshúsa af höfuðborgarsvæðinu á Suðurlandsundirlendinu á síðustu árum auk þess sem ferðamönnum sem þangað sækja fjölgar á hverju ári.

Það er mikil samstaða um þetta mál meðal sunnlenskra stjórnmálamanna, þingmanna og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem hafa sett þetta mál efst á forgangslista sinn, þ.e. að vinna að þessum úrbótum og byggja þriggja akreina veg á þessari leið.

Tel ég forvitnilegt að fá það fram hjá hæstv. ráðherra hvaða kostnaður gæti hugsanlega legið að baki þessum framkvæmdum og spyr hann:

1. Hver er áætlaður kostnaður:

a. við að tvöfalda Suðurlandsveg frá Rauðavatni að Selfossi,

b. við að leggja þríbreiðan veg frá Rauðavatni að Selfossi,

c. við að lýsa Suðurlandsveg frá Rauðavatni að Selfossi?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að breikkun og lýsing Suðurlandsvegar verði tekin upp í samgönguáætlun?

[15:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hver er áætlaður kostnaður við að tvöfalda Suðurlandsveg frá Rauðavatni að Selfossi?

Svar mitt er þetta: Leiðin frá Rauðavatni að Selfossi er um 45 km löng. Miðað við reynslutölur Vegagerðarinnar frá Reykjanesbraut má áætla að kostnaðurinn við hvern kílómetra við tvöföldun sé a.m.k. 100 millj. kr. Heildarkostnaður yrði því um 4,5–5 milljarðar kr.

Ef farið verður í að tvöfalda veginn væri eðlilegt að gera þá kröfu að öll vegamót verði mislæg eins og á Reykjanesbrautinni. Einnig þyrfti þá að fækka vegamótum miðað við það sem nú er, sem mundi þá kalla á gerð einhverra hliðarvega. Gert er ráð fyrir að mislæg krossgatnamót kosti um 200–300 millj. kr. en mislæg T-gatnamót um 150–200 milljónir. Á leiðinni frá Rauðavatni að Hveragerði virðist í fljótu bragði þurfa að gera a.m.k. fimm mislæg T-gatnamót um 150–200 milljónir. Á leiðinni frá Rauðavatni að Hveragerði virðist í fljótu bragði þurfa að gera a.m.k. fimm mislæg T-gatnamót sem gætu kostað 750–1.000 millj. kr. Frá Hveragerði að Selfossi þyrftu sennilega að vera þrenn mislæg gatnamót og tvenn mislæg T-gatnamót sem gætu kostað 900–1.300 millj. kr. Samtals má því áætla að kostnaður við Suðurlandsveg frá Rauðavatni að Selfossi gæti orðið á bilinu 6–7 milljarðar kr.

Þá er spurt um kostnað við að leggja þríbreiðan veg frá Rauðavatni að Selfossi.

Svarið er svohljóðandi: Í áætlunum Vegagerðarinnar hefur verið gert ráð fyrir að tvöfalda þyrfti veginn frá Rauðavatni að Hafravatnsafleggjara en svokallaður tveir plús einn vegur mundi duga austan við Hafravatnsveg. Ekki væri þó óeðlilegt að gera ráð fyrir tvöföldun á veginum milli Hveragerðis og Selfoss í framtíðinni. Frá Rauðavatni að Hafravatnsvegi eru 3,4 km. Kostnaður við tvo plús tvo veg þar gæti verið um 400 millj. kr. Frá Hafravatnsvegi að Selfossi eru um 22 km, sem ekki eru með þremur akreinum nú þegar. Kostnaður við að breikka veginn um eina akrein hefur verið áætlaður um 750 millj. kr. og er þá ekki gert ráð fyrir miðjuvegriði en það er talið auka öryggi vegarins verulega. Talið er að kostnaður við miðjuvegrið sé um 10 millj. kr. á kílómetra eða um 400 millj. kr. alla leiðina. Þessu til viðbótar koma breytingar á ræsum og brúm sem gætu kostað um 200 millj. kr. Einnig þyrfti að gera ráð fyrir lagfæringum á þeim hluta vegarins sem í dag er þrjár akreinar, sem eru um 17 km. Fækka þyrfti vegamótum og lagfæra á leiðinni, annaðhvort með stefnugreiningu eða hringtorgum. Samtals gæti þurft að leggja 6–7 stefnugreind gatnamót og þrjú hringtorg. Kostnaðurinn við það gæti verið 250–300 millj. kr. Samtals gætu þær vegabætur því kostað um 2 milljarða kr.

Benda má á að á heimasíðu Vegagerðarinnar er að finna nýlega skýrslu um samanburð á arðsemi 2+1 og 2+2 vega, annars vegar milli Reykjavíkur og Selfoss og hins vegar milli Reykjavíkur og Borgarness.

Í c-lið spurningarinnar um kostnaðinn er spurt hvað kosti að lýsa Suðurlandsveg frá Rauðavatni að Selfossi?

Svar mitt er þetta: Eins og kom fram í fyrirspurn um sama efni, samanber þskj. 723, mál 471, var á árinu 2001 áætlaður kostnaður við veglýsingu meðfram hringveginum milli Breiðholtsbrautar og Hveragerðis um 360 millj. kr. á verðlagi desember 2001. Út frá því má álykta að kostnaður við að lýsa einnig upp veginn milli Hveragerðis og Selfoss sé um 100 millj. til viðbótar. Árlegur rekstrarkostnaður við lýsingu frá Rauðavatni að Selfossi gæti verið um 20 millj. kr. á ári.

Þá spyr hv. þingmaður: Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að breikkun og lýsing Suðurlandsvegar verði tekin upp í samgönguáætlun?

Svar mitt er þetta: Endurskoðun samgönguáætlunar er nú að mestu lokið. Mjög mörg verkefni bíða úrlausnar á sviði vegamála sem flest eru aðkallandi, ýmist út frá öryggissjónarmiðum, hagkvæmni, greiðari samgöngum eða umhverfissjónarmiðum. Við að ákveða í hvaða verkefni verður farið við næstu endurskoðun samgönguáætlunar verður tekið mið af öllum þessum sjónarmiðum en að sjálfsögðu er mikill vilji til þess að bæta úr. Við stöndum í miklum framkvæmdum og vegabótum vítt og breitt um landið. Vandi okkar er sá að velja og hafna og ráðast í þær framkvæmdir sem eru mikilvægar.

Í þessu sambandi minni ég á að við gerum ráð fyrir því að létta á umferð um Hellisheiði með uppbyggingu Suðurstrandarvegar og með uppbyggingu vegar um Gjábakka. Það dregur væntanlega úr umferðarþunga á Hellisheiðinni. Þannig er unnið að mörgum mikilvægum úrbótum á þessu svæði og nauðsynlegt að minna á það hér. En mér er jafnframt ljóst að við þurfum að tryggja sem best uppbyggingu vegarins yfir Hellisheiði í þágu umferðaröryggis.

[15:13]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá fyrirspurn sem hér var borin fram af hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni.

Ég bendi á að Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa unnið gríðarlega gott verk við forgangsröðun í samgöngumálum á þessu svæði. Í skýrslu þeirra varðandi þennan vegarkafla leggja þau afar mikla áherslu á að hann hafi forgang á svæðinu sem um ræðir. Það er mjög ánægjulegt og gott til þess að vita að sveitarstjórnarmenn hafi þar náð fullri samstöðu um þetta mál.

Ég tek undir þá skýrslu sem SASS hafa lagt fram í þessu máli. Jafnframt vil ég geta þess að þegar ég keyrði til höfuðborgarinnar í morgun voru komin tæki að hinum nýja kafla sem er verið að byrja á, frá Skíðaskálabrekku og niður fyrir Kaffistofu. Það er framkvæmd sem mun kosta tæpar 300 millj. kr. og mun skipta afar miklu máli.

[15:15]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi fór vel yfir umferðarþungann sem er á þessum vegi og hvernig hann hefur aukist undanfarin ár. Umferðarþunginn er eitt þegar við ræðum um vegaframkvæmdir og umferðaröryggismál eru annað. Það má segja að á undangengnum árum hafi verið unnið markvisst að því að eyða svokölluðum svörtum blettum í vegakerfinu og gengið nokkuð vel. Samgönguyfirvöld hafa verulega tekið til hendinni þegar kemur að umferðaröryggi.

Þegar við horfum á Suðurlandsveginn hljótum við að hafa þetta í huga og velta fyrir okkur þegar við sjáum þann þunga sem orðinn er á þeim vegi og þau slys sem einnig hafa orðið þar hvort ekki sé að því komið að bæta þennan veg verulega frá því sem nú er. Ég vona satt að segja að hæstv. samgönguráðherra sé mér sammála þegar hann fer í samgönguáætlun um að fáar framkvæmdir sé nauðsynlegri en sú sem hér um ræðir.

[15:16]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa tímabæru fyrirspurn. Ég vildi bara vekja athygli á því þar sem ég á mjög oft leið þarna um að á brautinni eru ákveðnir slysakaflar. Ef þetta verður ekki tekið inn á samgönguáætlun er afar brýnt að taka kaflann við Lækjarbotna, kaflann við Litlu kaffistofuna, Kambana og Skíðaskálabrekkurnar sem eru mjög sviptivindasamar og alvarlegar. Þar verða alvarlegu slysin. Fari þetta ekki inn á vegáætlun hygg ég að taka eigi þessa kafla sérstaklega í gegn og tvöfalda þá eða þrefalda og setja vegrið á milli akreina. Ég hef ekki tölur í höndunum en ég hef reynslu af að fara þarna, bæði að vetrarlagi og sumri, mörgum sinnum á ári og ég veit af þessum hættum sem þarna eru verulegar.

Ég vek athygli á því líka að sumarbústaðaeigendur fyrir austan fjall eru farnir að fara miklu meira að vetrarlagi í bústaði sína. Koma þar til hitaveituframkvæmdir o.fl.

[15:17]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin sem hér komu þó að ekki kæmi ótvírætt fram hjá honum að við mættum njóta þess að sjá þetta inni á samgönguáætlun. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði, bæði Gjábakkavegurinn og Suðurstrandarvegurinn munu létta á umferðinni. Engu að síður reiknar Orkuveitan, vegna framkvæmda sinna á Hellisheiði og Hellisheiðarvirkjun sem nú stendur fyrir dyrum, með því að fá í heimsókn 250–300 þús. manns á ári. Það er ekki lítil aukning. Þessi umferð mun ekki fara um Gjábakkaveg eða Suðurstrandarveg.

Auk þess má benda á það að stór hluti þeirra sem stunda atvinnu á Árborgarsvæðinu og svæðinu þarna í kring stundar atvinnu í Reykjavík og það fólk mun nota Hellisheiðina áfram, eins og reyndar þeir sem fara austur fyrir í Rangárvallasýsluna. Við leggjum mikla áherslu á það, þingmenn Suðurkjördæmis, að þessi framkvæmd fari inn á samgönguáætlun.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra greinargóð svör og hv. þingmönnum fyrir þátttöku í umræðunni, ekki síst hv. þm. Atla Gíslasyni sem ég held að sé sumar- eða heilsárshúseigandi á þessu svæði og þekkir þetta ágætlega af eigin raun. Það kom glöggt fram í umræðunum að mikil samstaða er um þessar framkvæmdir meðal sveitarstjórnarmanna og alþingismanna á þessu svæði og brýnt að framkvæmdirnar fari inn á samgönguáætlun þegar hún verður endurskoðuð. Umferðaröryggi og hagkvæmni ráði för, sagði hæstv. ráðherra, og ég tek eindregið undir það með honum. Enginn velkist í vafa um að hvort tveggja er til staðar þegar að þessum framkvæmdum kemur, þörf á auknu öryggi og mikil hagkvæmni af framkvæmdunum, þar sem umferð um þennan veg er svo mikil sem nú og áður hefur verið rakin.

Aukningin er líka mikil á milli ára þannig að þetta hlýtur að teljast til brýnustu framkvæmda í samgöngumálum okkar á næstu missirum. Það er ánægjulegt að sjálfsögðu að náðst hefur jafneindregin samstaða og náðst hefur meðal sveitarfélaga á Suðurlandi sem settu þetta í forgang á þingi sínu í fyrrahaust og samstaða órofa einnig um það meðal þingmanna kjördæmisins. Það ætti að vera hvati að því að málið fái byr og að við sjáum á næstu árum að úr verði bætt og verstu og hættulegustu kaflarnir á veginum verði lagfærðir þannig að vel þyki og vel verði úr bætt.

Ég þakka aftur hv. þingmönnum og hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Eftir liggur að áætlun um mögulegan kostnað liggur fyrir og þá sérstaklega hlýtur að standa eftir hvað varðar þriggja akreina veg, tveir plús einn, sem virðist vera mjög hóflegur kostnaður á bak við. Hann ætti að geta orðið sá kostur sem sameinast verður um.

[15:20]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Það fer auðvitað ekki á milli mála að þingmenn hafa mikinn áhuga á úrbótum í samgöngumálum og það er af hinu góða. Samgönguráðherra gleðst yfir því að eiga svo marga bandamenn.

Mér fannst hv. þingmenn tala eins og ekkert væri verið að gera, ekkert stæði til. Hv. þm. Kjartan Ólafsson vakti athygli á því að vinnuvélar eru á þessu svæði og að nýbúið er að bjóða út verkið frá Litlu kaffistofunni og upp í Skíðaskálabrekku þannig að það verður náttúrlega geysileg bragarbót og mikil viðbót. Mér fannst bæði fyrirspyrjandi og hv. þingmenn aðrir tala eins og ekkert stæði til og það þyrfti að berja samgönguráðherrann til að koma einhverju inn á vegáætlun. Ég bið þingmenn um að gleyma ekki því sem þeir hafa þegar samþykkt að gera.

Auðvitað hljóta menn að velta fyrir sér forgangsröðun í samgöngumálum. Ég hef beint fyrir framan mig hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sem leggur til að a.m.k. 15 jarðgöng verði grafin á næstunni, jafnvel 20, og þá sjá menn að af mörgu er að taka. Þess vegna verðum við að velja og hafna. Bent hefur verið á að þingmenn Suðurkjördæmis lögðu ofurkapp á Suðurstrandarveginn. Þá lá það fyrir að gera þyrfti úrbætur á Hellisheiðinni. Ég man ekki eftir því að á þeim tíma sem Suðurstrandarvegurinn var í umræðunni hafi þær hörðu kröfur verið uppi af hálfu þingmanna Suðurkjördæmis að meiri ástæða væri til þess kannski að fara í veginn um Hellisheiði á undan því að endurbyggja Suðurstrandarveginn. Við erum (Forseti hringir.) í óskaplega þröngri stöðu. Hv. þingmenn, (Forseti hringir.) m.a. hv. þingmenn Suðurkjördæmis, verða að muna eftir þessu.

Stúlkur og raungreinar.

Fsp. AKG, 371. mál. — Þskj. 435.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Það er staðreynd að í framhaldsskólum landsins stunda miklu færri nemendur nám á raungreinasviði en á öðrum sviðum og í hópi nemenda á raungreinasviði eru stúlkur mun færri en piltar. Það þarf að hvetja til fjölgunar almennt í raungreinanámi á framhaldsskólastigi, ekki síst í ljósi aukinnar áherslu á tæknifræði- og verkfræðinám á háskólastigi, og mín skoðun er að hvetja þurfi stúlkur sérstaklega. Reynsla hefur fengist af slíkum hvatningarverkefnum og má nefna sem dæmi að stúlkum fjölgaði í verkfræði við Háskóla Íslands eftir að sérstakt átak var gert í því fyrir nokkrum árum að kynna verkfræði og möguleika hennar í framhaldsskólum landsins. Átakið fólst m.a. í því að kvenkyns nemendur í verkfræði fóru í framhaldsskólann og kynntu verkfræðina sem starfsgrein.

Fyrir skemmstu átti ég orðastað við hæstv. menntamálaráðherra um aðlögun framhaldsskólans að aukinni áherslu á verkfræði- og tæknifræðimenntun á háskólastigi. Þá taldi hæstv. ráðherra, og vitnaði í tölur um fjölda nemenda á náttúrufræðibrautum, að nægur fjöldi nemenda stundaði raungreinanám á framhaldsskólastigi og að ekki þyrfti sérstaklega að leggja áherslu á að efla þær þótt aukin áhersla væri á háskólanám í verkfræði og tæknifræði. Ég benti á að það sem áður hét eðlisfræðideild væri í raun nauðsynlegur undirbúningur fyrir verkfræðinema en þar var krafist talsvert meiri stærðfræði- og eðlisfræðikunnáttu en á náttúru-

fræðibraut. Eðlisfræðibraut var talin erfiðasta brautin til stúdentsprófs og nemendur þar alla jafna fáir. Nú er búið að breyta um nafn á brautum í framhaldsskóla og breyta valfyrirkomulagi en ég tel þá staðreynd óbreytta að fáir velji sér þyngstu stærðfræði- og eðlisfræðiáfangana og að sérstaks átaks og hvatningar sé þörf í framhaldsskólum til að það breytist. Til að styðja þessa skoðun mína frekar ætla ég að vitna í umsögn Sigurðar Brynjólfssonar, deildarforseta verkfræðideildar Háskóla Íslands, sem hann veitti í tilefni fyrirhugaðrar sameiningar Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands. Sigurður Brynjólfsson segir, með leyfi forseta:

„Nemendur með stúdentspróf og hafa fullnægjandi undirbúning í stærðfræði og raunvísindum eru ekki nægjanlega margir til að standa undir verkfræðinámi í tveimur skólum á Íslandi."

Virðulegi forseti. Ég tel engan vafa á því að efna þurfi til sérstakrar hvatningar í framhaldsskólum landsins ef það markmið á að takast að fjölga verkfræði- og tæknifræðimenntuðu fólki á Íslandi. Sú hvatning ætti að mínum dómi ekki síst að beinast að stúlkum. Dæmin sanna að hægt er að ná árangri með því móti. Ég spyr því hæstv. menntamálaráðherra:

Telur ráðherra ástæðu til að hvetja stúlkur markvisst til náms í raungreinum á framhaldsskólastigi?

[15:26]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands fyrir árin 1994–2003 er lítill sem enginn kynjamunur í fjölda nemenda sem stundar nám í raungreinum í framhaldsskólum. Árið 2003 voru 18% stúlkna við nám í framhaldsskólum skráð í raungreinanám en 20% pilta. Árið 2000–2002 voru hlutföllin 18% stúlkna og 19% drengja.

Næstu sex árin þar á undan var þetta hlutfall á bilinu 15–17% og kynjamunurinn ýmist enginn eða 1–2%. Þegar litið er á hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi af raungreinabrautum sést að fleiri stúlkur en drengir hafa lokið þeim undanfarin sex skólaár. Í fyrra voru stúlkur 54% þeirra sem luku stúdentsprófum á raungreinabrautum og strákarnir voru 46%. Ég tel því, virðulegi forseti, að ástæða sé til að hækka hlutfall nemenda í raungreinum almennt í framhaldsskólum með því að glæða áhuga beggja kynja á þeim námsgreinum.

Um þessa þróun hefur vísinda- og tækniráð ályktað sérstaklega og ég hef nýlega skipað nefnd með fulltrúum menntastofnana og atvinnulífsins með það hlutverk að gera tillögur um leiðir til að glæða áhuga nemenda, bæði á grunn- og síðan framhaldsskólastiginu. Nefndin skilaði nýverið til mín fyrstu tillögum sem gera ráð fyrir aðgerðum til að auka hæfni og sjálfstraust kennara til að koma raunvísindalegu efni til skila til nemendanna og vekja áhuga þeirra. Þær tillögur snúa fyrst og fremst að raungreinakennslu í grunnskólum því að rannsóknir bæði hér á landi og erlendis sýna að byrja þarf auðvitað á byrjuninni.

Kennaranemar eru að stærstum hluta fólk úr mála- og félagsfræðibrautum framhaldsskólanna og mjög fáir þeirra velja raungreinakjörsvið í kennaramenntuninni. Kennurum er hins vegar ætlað að ráða við nær allar raungreinar grunnskólans á yngri skólastigum. Óöryggi kennara, segja nefndarmenn, við meðferð hugtaka og fyrirbæra úr raunvísindum smitar síðan mjög fljótt til nemenda og þessar greinar hafa ranglega fengið á sig orð fyrir að vera erfiðar og jafnvel leiðinlegar. Nemendur sem vaxa upp við þessa mynd á raungreinum forðast snertifleti við raunvísindi í menntun og starfsvali þegar fram í sækir, þar á meðal þeir sem leggja fyrir sig kennslu. Þannig lokast vítahringurinn sem nú er orðið brýnt að brjótast út úr.

Aðrar tillögur frá þessari ágætu nefnd fela m.a. í sér hugmyndir um tilraunaverkefni sem miða að því að endurmennta og þjálfa raungreinakennara í grunnskólum til að nýta betur verklega vinnu við kennsluna og skoða síðan aðferðir við kennslu grunnhugtaka í raungreinum.

Þá hef ég nýlega veitt Háskólanum í Reykjavík heimild til að bjóða upp á kennaramenntun. Það var gert með því skilyrði að námsframboð skólans beindist sérstaklega að menntun kennara á sviði stærðfræði og raunvísinda því að það er skortur á kennurum á þessu sviði, eins og margoft hefur komið fram.

Á 10 ára tímabili, 1994–2003, hefur nemendum sem velja raungreinar í framhaldsskólum fjölgað umtalsvert, þ.e. um tæp 55%, á meðan heildarfjöldi nemenda í framhaldsskólum hefur vaxið um tæp 30%. Það er athyglisvert að þegar að háskólanámi kemur er kynjaskipting raungreinanemenda með talsvert öðru sniði en í framhaldsskólum. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni fyrir árið 2003 voru aðeins 33% háskólanemenda í raungreinum konur en 67% karlar. Í heildina var kynjaskipting nemenda í háskólanum árið 2003 hins vegar þannig að konur voru um 61% nemenda en karlarnir 39%. Þetta er að sjálfsögðu umhugsunarvert og ákveðið áhyggjuefni.

Til þess að auka hlut stúlkna í raunvísindum ætti fyrst og fremst að beina athyglinni að námsvali á háskólastigi eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á í ræðu sinni og hvetja konur til náms í raungreinum en jafnframt huga að þáttum í atvinnulífinu sem síðan ákvarðar val þeirra. Hér skipta auðvitað góðar fyrirmyndir miklu máli.

Verkefnið Konur í vísindum er hluti jafnréttisáætlunar ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2005–2008 og hefur það hlutverk að fylgja eftir markmiðinu að vinna að aukinni þátttöku kvenna í vísindum og vera til ráðgjafar um stöðu kvenna í rannsókna- og vísindastarfi. Þar verður safnað nýjum tölulegum upplýsingum um hindranir sem standa í vegi fyrir jafnræði milli kynjanna.

Vísinda- og tækniráð ályktaði sérstaklega um mikilvægi þess að fylgjast vel með þróuninni á þessu sviði, þ.e. vísindasviðinu, og ég mun fylgja þeim hugmyndum eftir. Það er líka rétt að undirstrika að átak til að tryggja jafnrétti á þessu sviði vísinda og rannsókna snýst ekki eingöngu um að standa vörð um réttindi allra þegna óháð kynferði, heldur er það aðferð til að efla sjálf vísindin og fullnýta mannauð kvenna jafnt sem karla. Menntun og þekking kvenna virðist oft fara forgörðum við núverandi aðstæður. Áhrifaleysi kvenna í vísindum hefur þá í för með sér að samfélagið sjálft fer á mis við hugmyndir þeirra og fjárfesting skattgreiðenda í menntun kvenna skilar af þeim sökum e.t.v. ekki sambærilegum arði og menntun karla.

[15:31]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur fyrir að taka þetta upp. Það er sannarlega ástæða til að finna leiðir til að hvetja stúlkur sérstaklega til náms í raungreinum.

Hæstv. ráðherra sagði að góðar fyrirmyndir skiptu verulegu máli og ég er sannfærð um að góður árangur Rannveigar Rist hjá Ísal og nýráðinn forstjóri Flugleiða er góð hvatning til kvenna til að fara þessar leiðir þegar námsbraut er valin. Þær eru góðar fyrirmyndir.

[15:32]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspurnina og fyrir ágæt svör ráðherra. Til stendur að stytta nám til stúdentsprófs og ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt voru jafnvel taldar líkur á því að það væri pottur brotinn í menntun kennara að einhverju leyti til að ráða við alla kennsluna, einnig hvað varðar raungreinar. Við styttingu náms til stúdentsprófs mun raungreinanámið að einhverju leyti færast í auknum mæli í grunnskólann og þess vegna ber að hafa vissar áhyggjur af því.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Mér þótti gott að hún fór yfir allt sviðið frá grunnskóla til háskóla því að þetta tengist jú allt saman.

Ég vil benda hæstv. ráðherra á að samkvæmt PISA-könnuninni sem fram kom um daginn komu stúlkur betur út í grunnskóla en drengir. Staðreyndin er hins vegar sú, eftir því sem ég þekki best til, að á hinu víðfeðma raungreinasviði velja stúlkur síður þyngstu stærðfræði- og eðlisfræðiáfangana sem er einmitt æskilegur og nauðsynlegur undirbúningur fyrir nám í t.d. verkfræði, eins og Sigurður Brynjólfsson bendir á. Ég tel því að þó að nemendur séu margir þurfi að efla kynningarstarf og hvatningarstarf í framhaldsskólunum þannig að stúlkur fari frekar í verkfræði og tæknifræði en þær gera í dag.

Ég held að það sé líka rétt sem ráðherra sagði að þessar greinar hafa ýmsar það orð á sér að vera erfiðar og jafnvel leiðinlegar. Það er verkefni sem við þurfum að takast á við, að breyta þeirri mynd því að eins og fram kom m.a. hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur er nauðsynlegt fyrir samfélagið að eiga vel menntaðar konur á þessu sviði eins og öðrum og gaman að sjá þær góðu fyrirmyndir sem hún dró fram í máli sínu.

[15:35]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Örstutt um styttingu námstíma til stúdentsprófs. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni að það er algert lykilatriði til þess að stytting námstíma til stúdentsprófs komi til með að ganga upp að vel verði staðið að endurmenntun kennara, sérstaklega á sviði raungreina.

Mér heyrist að ég og hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir séum sammála í meginatriðum um þetta mikilvæga mál. Engu að síður ítreka ég að það er ekki eingöngu ástæða til þess að hvetja stúlkur til að fara í raungreinar og á þær brautir sem eru sérstaklega taldar erfiðar, þyngstu stærðfræðibrautirnar og náttúrufræðiáfangana, heldur líka drengina því það er alveg ljóst miðað við þær niðurstöður sem við fáum út úr PISA og þann fjölda sem við sjáum af drengjum og stúlkum í raungreinum að við þurfum að auka fjölda þeirra sem fara á raungreinabrautirnar, efla áhugann. Þess vegna bind ég miklar vonir við starfshópinn sem ég skipaði, sérstaklega með það í huga að efla áhuga unga fólksins okkar á raungreinum og að niðurstöður úr þeim hópi komi til með að skila okkur fjölda nemenda þegar fram í sækir í raungreinanámið.

Fleiri þættir spila auðvitað inn í eins og efling námsráðgjafar til þess að kynna þann heillandi heim sem raungreinaheimurinn er. Það er því af mörgu að taka og ég er sérstaklega ánægð yfir því að þingheimur skuli lýsa yfir eindregnum stuðningi við þær aðgerðir sem þegar hafa verið settar fram og er farið af stað með.

[15:37]

Útbýting:

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 434. mál, nál. utanrmn., þskj. 946.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, 437. mál, nál. utanrmn., þskj. 948.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, 436. mál, nál. utanrmn., þskj. 947.

Fatlaðar konur, 289. mál, svar félmrh., þskj. 922.

Sala kristfjárjarðarinnar Utanverðuness, 504. mál, þskj. 938.

Háskóli á Ísafirði.

Fsp. KHG, 522. mál. — Þskj. 791.

[15:37]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Fyrir liggja ákveðnar staðreyndir. Í fyrsta lagi að það er stefna ríkisstjórnarinnar að byggja upp byggðakjarna á Vestfjörðum og að Ísafjörður verði þar þungamiðja.

Í öðru lagi að störfum á Vestfjörðum hefur fækkað mjög mikið á síðustu árum, á árunum 1990–1997 fækkaði störfum um 19%.

Í þriðja lagi er fjöldi opinberra starfa á Vestfjörðum með því lægsta sem gerist á landinu og þyrfti að fjölga störfum á vegum hins opinbera um 130 á Vestfjörðum til þess að fjöldi þeirra næði sama hlutfalli og er á landinu í heild.

Í fjórða lagi liggur fyrir að menntunarstigið er lágt, sérstaklega þar sem ekki eru starfandi háskólar.

Í fimmta lagi liggur fyrir að hlutfall dagskólanemenda af Vestfjörðum er það lægsta á landinu og að óvíða eru fleiri fjarnemendur en einmitt þar, en talið er að um 160 manns sem búsettir eru á Vestfjörðum stundi háskólanám með fjarnámssniði.

Öll þessi atriði leiða okkur að því að stofnun háskóla á

Ísafirði mundi gagnast vel til að styrkja byggðina þar, efla Ísafjörð sem byggðakjarna, sem er stefna ríkisstjórnarinnar, og verða þjóðinni í heild til heilla þar með.

Síðastliðið sumar tók ungt fólk á Vestfjörðum sig saman um táknræna stofnun háskóla á Vestfjörðum og sýndi þar með hug sinn til málsins, en unga fólkið er afl komandi tíma og unga fólkið á Vestfjörðum gerir kröfu um háskóla á Ísafirði.

Morgunblaðið tók málið upp í leiðara síðasta sumar, þann 18. júlí, og þar segir, með leyfi forseta:

„Við athöfnina á Ísafirði voru flestir þingmenn Norðvesturkjördæmis staddir. Þeir eiga nú að taka höndum saman, taka unga fólkið á orðinu og vinna að stofnun Háskóla Vestfjarða."

„Nú verður horft til þingmanna þessa landshluta um að taka við því merki, sem vestfirskt æskufólk hefur hafið á loft og bera það fram til sigurs."

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram þá fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra um hvort hún muni beita sér fyrir stofnun háskóla á Ísafirði og slást í för með okkur sem viljum taka áskorun Morgunblaðsins.

[15:40]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Hv. þingmaður hefur lagt fyrir mig fyrirspurn þess efnis hvort ég muni beita mér fyrir stofnun háskóla á Vestfjörðum.

Til að svara þeirri spurningu er nauðsynlegt að líta til forsögu málsins sem er í stuttu máli sú að í maí 2004 kynnti ég í ríkisstjórn niðurstöðu vinnuhóps á vegum menntamálaráðuneytisins um uppbyggingu háskólanáms á Vestfjörðum. Niðurstaða vinnuhópsins varð sú að við uppbyggingu háskóla og rannsóknastarfsemi á Vestfjörðum væri ákjósanlegasta leiðin að stofna Þekkingarsetur Vestfjarða sem byggði á þeirri starfsemi í rannsóknum og háskólakennslu sem þegar væri fyrir hendi og áformuð væri á Vestfjörðum. Má segja að niðurstaða vinnuhópsins byggi á þeim hugmyndum sem heimamenn höfðu sett fram í gegnum tíðina og er svipað upp á teningnum austur á Egilsstöðum.

Nánar tiltekið gerðu tillögur nefndarinnar ráð fyrir að skapaður yrði sameiginlegur vettvangur fyrir rannsóknastofnanir, fjarkennslu og staðbundna kennslu á háskólastigi, símenntun og undirbúningsnám á einum stað í fjórðungnum. Með þessu fyrirkomulagi væri komið á æskilegum sveigjanleika í skipulagi og starfsháttum auk þess sem það gæfi kost á virku samstarfi við rannsóknastofnanir og háskóla í landinu við uppbyggingu þekkingarstarfsemi á Vestfjörðum.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í maí 2004 að taka undir tillögur vinnuhópsins um uppbyggingu Þekkingarseturs Vestfjarða jafnframt því sem ráðuneytið yrði þess hvetjandi að stuðla að eflingu rannsókna á Vestfjörðum og að háskólar og rannsóknastofnanir á þeirra vegum tækju upp samstarf við þekkingarsetrið.

Í framhaldi af þessu skipaði ég starfshóp til að undirbúa stofnun Þekkingarseturs á Vestfjörðum. Hópurinn fékk það verkefni að gera tillögur um það hvernig best yrði staðið að stofnun setursins, skipulagi og uppbyggingu á starfsemi þess. Gengið var út frá því að allt nám við setrið yrði á vegum og ábyrgð viðurkenndra háskóla og að þeir ættu jafnframt beina aðild að stjórn þekkingarsetursins. Starfshópurinn vann enn fremur tillögur að skipulagsskrá fyrir þekkingarsetrið sem nú liggur fyrir að muni hefja starfsemi sína í haust.

Í sl. viku kynnti ég tillögur nefndarinnar á ríkisstjórnarfundi og mælti með því að gengið yrði til þess að stofna Þekkingarsetur Vestfjarða með formlegum hætti. Málið hefur hlotið jákvæðar undirtektir í ríkisstjórn enda eru tillögurnar algjörlega í samræmi við þá umræðu sem fram hefur farið í vísinda- og tækniráði og rétt að geta þess að vísinda- og tækniráð er undir forustu forsætisráðherra. En í síðustu ályktun vísinda- og tækniráðs, þ.e. frá desember 2004, er sérstaklega vikið að stofnun þekkingarsetra á landsbyggðinni.

Þekkingarsetur á Vestfjörðum verður öflugur samstarfsvettvangur um háskólamenntun, símenntun og rannsóknir. Aðild að þekkingarsetrinu munu eiga háskólar sem bjóða þar fjarnám og staðbundið nám, rannsókna- og þjónustustofnanir, fyrirtæki og sveitarfélög á Vestfjörðum. Þekkingarsetrið verður sjálfseignarstofnun sem gerir samstarfssamninga við háskóla og rannsóknastofnanir innan lands og utan sem stuðla að auknu námsframboði á Vestfjörðum og rannsóknum sem byggja á sérstöðu Vestfjarða. Allir háskólar í landinu, rannsóknastofnanir með starfsemi á Vestfjörðum, sveitarfélög og aðrir aðilar fyrir vestan hafa samþykkt aðild að setrinu.

Meginmarkmið mitt með skipun starfshóps var að styrkja og efla háskólamenntun og rannsóknir á Vestfjörðum. Á Ísafirði hefur á undaförnum árum byggst upp mikilvæg kjarnastarfsemi um háskólamenntun og rannsóknir á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og rannsóknastofnana. Ég tel mikilvægt að byggja á þeim grunni sem fyrir er og skapa sveigjanleika fyrir starfsemi sem tengist háskólamenntun, rannsóknum, símenntun og þjónustu við atvinnulíf.

Til að geta boðið upp á fjölbreytt framboð af háskólanámi sem er viðurkennt í öðrum háskólum og alþjóðlega er nauðsynlegt að hafa virka aðild háskóla í landinu að starfseminni og tryggja námsframboð með fjarnámi. Með samstarfi við rannsóknastofnanir sem fyrir eru á svæðinu er stuðlað að því að tengja saman rannsóknir og háskólamenntun og skapa frjóan grundvöll fyrir virka þekkingarstarfsemi.

Ég tel, herra forseti, að með stofnun Þekkingarseturs á Vestfjörðum sé nauðsynlegur grunnur lagður að framsækinni háskólastarfsemi á Vestfjörðum. Það er einmitt markmið sem ríkisstjórn Íslands stefnir að.

[15:45]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég verð að segja að svör ráðherra hæstv. valda mér vonbrigðum. Ég veit að það er ekki eining um það á Vestfjörðum að fara þá leið sem hæstv. ráðherra lýsti. Vilji Vestfirðinga er að þeir fái sinn eigin háskóla og hafandi reynt hve mikilvægt það er fyrir byggðarlag að hafa háskólastarfsemi, eins og við höfum upplifað í Skagafirði með Hólaskóla, þá skil ég mætavel óskir Vestfirðinga og

styð þá eindregið í kröfum sínum og eindregnum óskum um að stofnaður verði sjálfstæður háskóli á Vestfjörðum. Það hefur sannast í starfsemi Hólaskóla að hægt er að reka fullkomlega góða rannsókna- og vísindastarfsemi í lítilli stofnun. Ráð lítilla skóla er einfaldlega það að taka upp samstarf við aðra skóla og stofnanir.

Ég ítreka að ég óska þess (Forseti hringir.) að hæstv. ráðherra hlusti á óskir heimamanna, (Forseti hringir.) ekki einungis þeirra sem sitja í nefndum fyrir hana.

[15:47]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hún var eftirminnileg, þverpólitísk samstaða ungs fólks á Vestfjörðum í fyrrasumar þegar ályktað var um stofnun háskóla á Ísafirði. Ég tek undir þá kröfu og styð heils hugar að stofnaður verði háskóli á Ísafirði sem hvíli á sérkennum og sérstöðu byggðarlagsins. Ég tel að stofnun þekkingarseturs sé allt of stutt skref, nema það sé fyrsta skref í átt að stofnun háskóla á Ísafirði.

Það er nauðsynlegt að ganga alla leið og stofna sérstakan háskóla. Einungis þannig næst markmiðið um að skapa samfélag í kringum það sem skilar sér til byggðarlagsins eins og að er stefnt. Stofnun háskóla á Ísafirði væri eitt af stærstu skrefunum sem hægt væri að taka til að efla varanlega og verulega byggð á Vestfjörðum. Það skref verður aldrei tekið með því að stofna þekkingarsetur. Það verður einungis tekið með því að stofna sérstakan háskóla á Ísafirði. Ég tek undir með þeim hv. þingmönnum sem talað hafa í þá veru og (Forseti hringir.) unga fólkinu á Vestfjörðum.

[15:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég hef barist með Vestfirðingum fyrir stofnun sjálfstæðs háskóla á Ísafirði. Þau áform sem hæstv. menntamálaráðherra kynnir núna hljóta að valda miklum vonbrigðum. Þar er ekki aðeins gengið á svig við þau loforð sem gefin hafa verið um stofnun háskóla á Ísafirði heldur er ætlunin einnig að stofna sjálfseignarstofnun. Ríkið þorir ekki einu sinni að axla eiginlega ábyrgð í stofnun þessa skóla. Hvar er samþykkt flokksþings Framsóknarflokksins sem dundi yfir okkur í fjölmiðlum þar sem meira að segja var vitnað í formanninn, að hann styddi það að stofnaður yrði háskóli á Vestfjörðum? Það kemur fram í fréttum að engu orði hafi verið vikið að stefnu Framsóknarflokksins í ríkisstjórn í síðustu viku þegar ráðherra kynnti þetta mál þar.

Herra forseti. (Forseti hringir.) Hér flæmast menn undan. Við heimtum sjálfstæðan háskóla.

[15:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það dyljist engum að Vestfirðingar vilja að stofnaður verði háskóli á Vestfjörðum sem staðsettur yrði á Ísafirði. Það er vilji íbúanna. Hvort ráðherra hafi tekist að fá ákveðinn hluta þeirra sem hún vinnur með til að fallast á að lendingin yrði þekkingarsetur, um það skal ég ekki dæma en það er alla vega kostur númer tvö í mínum huga. Ég átta mig ekki á því hvers vegna er ekki stefnt að stofnun háskóla og rektor ráðinn til að leiða stofnun skólans inn í framtíðina og þróun hans. Ég hefði talið að það væri vænsti kosturinn. Það er örugglega sá kostur sem heimamenn sækjast eftir í þessu máli.

[15:50]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Fyrirspurnin var einföld en svarið nokkuð langt og innihald þess í raun að það eigi ekki að stofna háskóla á Vestfjörðum heldur koma á samstarfi rannsóknastofnana við háskóla annars staðar. Það er náttúrlega þvert á það sem stendur í flokkssamþykkt Framsóknarflokksins. Það er tímanna tákn að hér mæta eingöngu til umræðunnar þingmenn stjórnarandstöðunnar og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Mér virðist það sýna hvernig þetta mál er í pottinn búið.

Í raun skulda þeir flokkar sem fara með völd núna Vestfirðingum störf. Það leikur enginn vafi á því. Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa komið á kvótakerfi og hrifsað störfin í burtu af Vestfjörðum. Það er kominn tími til að þeir skili einhverjum störfum vestur.

[15:51]

Helgi Hjörvar:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra skyldi taka þann kost að skapa sjálfseignarstofnun utan um þekkingarfyrirtækið sem hún hyggst setja á fót vestur á fjörðum. Það er ánægjuefni að ráðherranum skuli þykja það rekstrarform hentugt til að reka þekkingarstarfsemi af þessu tagi. Við höfum nýlega fengið að heyra nokkuð aðra sögu af því rekstrarformi, sjálfseignarstofnunum, varðandi starfsemi á háskólastigi.

Til að meta hugmyndir ráðherra vildi ég gjarnan að hún upplýsti hve myndarlega hún hyggst standa að þessu? Hversu mikið fé á að setja vestur til að gera þetta? Hve mörg stöðugildi á að setja í þessa nýju stofnun? Hvaða umfang á að vera á þessu? Maður þarf að geta áttað sig á því hvaða hugur fylgi hér máli. Þá tel ég mikilvægt að nefndar verði upphæðir og fjöldi nýrra starfa vestur á fjörðum, sem sannarlega hljóta að skipta máli, samanber ræðu hv. fyrirspyrjanda.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og hv. þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni fyrir innlegg þeirra.

Svör ráðherrans eru í raun eftirfarandi:

Það sem gera á er ekki háskóli.

Það sem gera á verður ekki með kennslu.

Það sem koma á á fót á að koma í veg fyrir samkeppni á háskólastigi vegna þess að aðrir háskólar eiga að stjórna því hvað verður gert.

Það sem gera á er Fræðslumiðstöð Vestfjarða í nýjum búningi, gamalt vín á nýjum belg, sem hefur tvö markmið. Fyrst og fremst á stofnunin að einbeita sér að þörfum þeirra sem afla sér menntunar á framhaldsskólastigi og í öðru lagi, eins og segir í viðskiptaáætlun sem kynnt var í gær, með leyfi forseta:

„Háskólasetrið mun keppast við að búa svo vel að nemendum háskólanna að það þyki betri kostur að stunda fjarnám heldur en að flytja búferlum til þess að sækja hefðbundið háskólanám. Metnaðurinn felst í því að styrkja fjarnámsmöguleika Vestfirðinga fyrst og fremst."

Þetta, virðulegi forseti, þótt ég voni að úr þessu muni rætast, er ekki grunnur að háskóla. Þetta er ekki grunnur að háskólastarfi heldur fyrst og fremst til að koma í veg fyrir að háskóli geti risið á Vestfjörðum, ætli menn að aka þessa braut áfram. Þessi vegur er háll sem áll og mjög auðvelt að enda ofan í fjöru, aki menn eftir þessum vegi eins og ætlað er. Vestfirðingar vilja háskóla. Það er alveg ljóst, virðulegi forseti.

[15:55]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur flutt þingsályktunartillögu, m.a. um stofnun háskóla Vestfjarða. Þar segir m.a.:

„Sérhæft námsframboð skólans mótist af sérstöðu svæðisins með tilliti til umhverfismála, ferðamála, sjávarútvegs og tónlistarlífs, en í upphafi verði lögð áhersla á almennar undirstöðugreinar, svo sem fræðileg vinnubrögð, sálfræði, siðfræði, félagsfræði, aðferðafræði og tölfræði."

Eins og þessi tillaga er sett fram, herra forseti, er í raun ekkert samhengi á milli þeirra undirstöðugreina sem lagt er til að skólinn hefji starfsemi með og þeirra sérhæfðu námsleiða sem kæmi til greina að skólinn tæki upp á sína arma síðar meir.

Síðan er rétt að vekja athygli á því, herra forseti, sem fram kemur í athugun Byggðarannsóknastofnunar Íslands, í skýrslu frá mars 2004. Þar segir um greiningu á þörf fólksins, einstaklinganna fyrir vestan, gagnvart háskólanámssetri á Vestfjörðum, að þátttakendur langaði fyrst og fremst að sækja í eftirfarandi nám: viðskiptagreinar, raungreinar og verkfræði, heimspekigreinar, iðngreinar, uppeldisgreinar, heilbrigðisgreinar, félagsvísindi og listgreinar.

Ég fæ ekki séð, herra forseti, að þessi upptalning á löngunum og þörfum Vestfirðinga gagnvart háskólanámi séu í nokkru samræmi við þær hugmyndir sem hv. þingmaður setti sjálfur fram í þingsályktunartillögu sinni. Það verður því miður að segjast eins og er, að það vantar samræmi á milli þeirrar tillögu sem hv. þingmaður bar fram á sínum tíma og þeirra þarfa og langana sem Vestfirðingar vilja uppfylla með námi á Vestfjörðum.

Ég held að sú leið sem við förum sé raunhæf leið til að efla og styrkja háskólastarfsemi á Vestfjörðum, koma upp staðbundnu námi á Vestfjörðum og efla fjarnámið sem hefur verið mjög giftudrjúgt fyrir Vestfirðinga, staðið vel fyrir sínu og fjölgað námsleiðum og tækifærum fyrir Vestfirðinga. Við stefnum að því að efla háskólastarfsemi á Vestfjörðum. Ég hefði frekar beðið um að hv. þingmenn færu nú héðan úr þingstóli, úr þessum svörtu fötum og litu björtum augum til framtíðar Vestfirðinga. Þetta getur verið fyrsta skrefið að stórum og öflugum háskóla síðar meir.

Samningur um menningarmál.

Fsp. KLM, 541. mál. — Þskj. 820.

[15:57]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Á aðalfundi Eyþings sem haldinn var í Mývatnssveit í ágúst 2002 voru menningarmál fyrirferðarmikil. Flutt voru nokkur framsöguerindi um menningarmál, þar á meðal á vegum Tómasar Inga Olrichs, þáverandi menntamálaráðherra, sem flutti erindi um landshlutasamninga um menningarmál. Það má eiginlega orða það svo, virðulegi forseti, að þáverandi menntamálaráðherra hafi gefið upp boltann og síðan hafi verið unnið eftir því. En því miður hefur ekki allt of mikið gerst í því máli, eins og ég ætla að reyna að fara yfir á þessum stutta tíma.

Í máli ráðherra var dregin upp jákvæð mynd af landshlutabundnum samningum þar sem verkefni og ábyrgð væru flutt frá ríki til sveitarfélaga. Allt var það mjög fallega sagt og á aðalfundinum var m.a. samþykkt að skipaður yrði starfshópur til að vinna að undirbúningi gerðar samnings við menntamálaráðuneytið um eflingu menningarstarfs á svæðinu. Þetta var í lok ágúst 2002.

Þá var skrifað bréf frá Eyþingi til menntamálaráðuneytis sem brást skjótt við á þeim tímapunkti, tók það aðeins einn eða tvo mánuði að senda ágætan fulltrúa, skrifstofustjóra úr menntamálaráðuneytinu, Karitas H. Gunnarsdóttur, til fundar sem haldinn var 14. apríl 2003, korteri fyrir kosningar ef svo má að orði komast, svona til þess að fólk átti sig á tímanum.

Það var ánægjulegur fundur. Þar var farið yfir þessi mál og fulltrúi ráðuneytisins kallaði m.a. eftir stefnumótun sveitarfélaga í menningarmálum, eftir því að þau sýndu frumkvæði og settu sér langtímaáætlanir. Hún hvatti eindregið til þess að öll sveitarfélög á svæði Eyþings ynnu saman að þessu verkefni.

Í bréfi frá ráðuneytinu sagði, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðuneytið er reiðubúið til viðræðna um samstarf við Eyþing á grundvelli sérstaks samnings sem byggist á sömu grundvallarsjónarmiðum og samningur ráðuneytisins við sveitarfélög á Austurlandi."

Í framhaldi af þeim fundi var skipuð fjögurra manna nefnd sem hefur unnið vel og skipulega að þessu starfi frá þeim tíma. Margt hefur gerst og málið var líka tekið upp á fundi Eyþings 2004. En það má segja að Eyþing og sú nefnd sem þar hefur verið kosin hafi náð algjörri samstöðu meðal sveitarfélaganna í Norðausturkjördæmi um niðurstöðu í málinu á svæði Eyþings. Sem er mjög gott mál.

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. menntamálaráðherra er einfaldlega þessi:

1. Hvað líður gerð samnings um menningarmál milli menntamálaráðuneytis og Eyþings?

2. Hvenær er áætlað að skrifa undir slíkan samning?

[16:00]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Þegar hugmyndir Eyþings, Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, voru kynntar í

menntamálaráðuneytinu var erindi þeirra svarað með sambærilegum hætti og annarra þeirra sveitarfélaga sem óskað hafa eftir menningarsamningi við ríkið. Ráðuneytið lýsti sig þá reiðubúið til viðræðna um samstarf sem byggðist á sömu grundvallarsjónarmiðum og samningur ráðuneytisins við sveitarfélög á Austurlandi sem hefur orðið einhvers konar fyrirmynd þeirra sveitarfélaga sem leitað hafa eftir slíku samstarfi.

Ráðuneytið óskaði jafnframt eftir upplýsingum um stefnu og markmið í menningarmálum á Eyjafjarðarsvæðinu, eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á. Þá áréttaði ráðuneytið að allar fjárveitingar úr ríkissjóði til samstarfs af þessu tagi væru háðar samþykkt Alþingis og það er rétt að menn hafi þetta vel í huga.

Þá taldi ráðuneytið nauðsynlegt að fyrir lægi afstaða Akureyrar um hvort þeir hygðust jafnframt vera aðilar að slíkum samningi. Í kjölfar þessa var einnig haldinn fundur fulltrúa sveitarfélaganna með fulltrúum ráðuneytisins um forsendur fyrir slíkum samningi í apríl 2003.

Í framhaldi af því var nefnd á vegum Eyþings skipuð sem skilaði formlega frá sér tillögum sínum með bréfi til mín dagsett 10. febrúar sl. með ósk um viðræður við mig um framhald þessa máls. Af þeim gögnum sem send voru í mánuðinum má ráða að þau hafi unnið vel saman að undirbúningi þessa máls og viðræðum við ríkið, m.a. aflað ýmissa tölfræðilegra upplýsinga og unnið að stefnumótun. Þá liggur fyrir að ekki sé talið skynsamlegt að menningarsamningur ráðuneytisins við Akureyri sem fjármagnar starfsemi atvinnulistastofnana þar falli inna ramma samstarfs við Eyþing.

Nefndin telur hins vegar að önnur menningarstarfsemi á Akureyri rúmist vel innan samstarfssamningsins. Þá hefur nefndin unnið drög að samningi, annars vegar samstarfssamningi sveitarfélaganna innan Eyþings og hins vegar samningi sveitarfélaganna við ríkið. Ég hef ekki haft tækifæri til þess að hitta fulltrúa Eyþings frá því að ég fékk þessi gögn í hendur en tel að af fundi okkar geti orðið fljótlega.

Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn því að hún gefur mér jafnframt tækifæri til þess að upplýsa hið háa Alþingi um stöðu mála í viðræðum ráðuneytisins við þau sveitarfélög sem gert hafa menningarsamning við ríkið. Í gildi er menningarsamningur við Akureyri sem rennur út í árslok 2006. Ráðuneytið hefur hins vegar að undanförnu átt í viðræðum við sveitarfélögin á Austurlandi um forsendur fyrir endurnýjun á menningarsamningi við landsfjórðunginn en fyrri samningur rann út um áramótin.

Á fjárlögum þessa árs eru ætlaðar 34 millj. kr. til samningsins auk 17 millj. kr. í stofnstyrki. Ég lít svo á að menningarsamningurinn við Austurland sem undirritaður var árið 2001 hafi verið tilraun en jafnframt fordæmi fyrir önnur sveitarfélög sem kjósa að óska eftir sambærilegu samstarfi við ríkið um menningarmál. Því skiptir nokkru hvernig slík tilraun er þróuð áfram til hagsbóta bæði fyrir sveitarfélögin og ríkisvaldið.

Ég vil að þeir samningar sem gerðir verða við sveitarfélögin verði í stöðugri þróun og umræðu til eflingar menningarmála þar sem allir samningsaðilar bera ábyrgð, bæði fjárhagslega og faglega. Því hef ég óskað eftir annars vegar að samgönguráðuneytið verði aðili þessara samninga ásamt menntamálaráðuneyti til að efla m.a. menningartengda ferðaþjónustu því að þar á milli eru oft mjög óljós skil eins og gefur að skilja. Hins vegar vil ég sjá sveitarfélögin koma með skýrari hætti með fjárframlög til verkefna sem samningurinn tekur til, þ.e. verkefnastyrkja, rekstrarstyrkja og starfsemi menningarráðanna. (Gripið fram í.)

Fyrir liggur í ráðuneytinu að ganga til viðræðna á ný við Vestlendinga sem lengi hafa beðið eftir slíkum samningi með ofangreindar forsendur ráðuneytisins í huga, rétt er að undirstrika það. Hið sama á við fulltrúa Eyþings en ég get ekki sagt til um á þessari stundu hvenær hægt verði að ganga frá slíkum samningum. Það mun síðan fara eftir viðbrögðum samningsaðila okkar við þeim nýju forsendum sem ráðuneytið leggur til grundvallar sem og — sem er náttúrlega ekki síður mikilvægt — fjárveitingum til þessara samninga, en eins og hv. fyrirspyrjandi veit manna best er það Alþingi sem hefur síðasta orðið í þeim efnum.

[16:05]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Það má hugsanlega finna til vorkunnar með hæstv. ráðherra fyrir að sitja uppi með kosningaloforð frá fyrirrennara sínum í embætti menntamálaráðherra, en eins og fram kom hér áður reið hann um héruð og lofaði menningarsamningum rétt fyrir síðustu kosningar. Meðal þeirra sem fengu slíkt loforð voru Vestlendingar og samningur við þá hefur verið tilbúinn æðilengi og vantar ekkert nema undirskrift hæstv. ráðherra.

Nú upplýsir hæstv. ráðherra að það eigi að taka upp samningaviðræður og ég ætla þá rétt að vona að þær viðræður verði ekki látnar taka allt of langan tíma þannig að komið verði fram yfir næstu kosningar þegar á ný verður hafist handa við að reyna að fá fram undirskrift.

En samningurinn við Vestlendinga er tilbúinn og búinn að vera það í langan tíma og ég veit að þeir telja sig sárt (Forseti hringir.) svikna í viðskiptum sínum við menntamálaráðuneytið.

[16:06]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir svar hennar og vafalaust góðan hug til þessa verkefnis eins og fram hefur komið, þó svo að mér finnist samt sem áður þetta taka allt of langan tíma. Ég held að ekki sé nú eingöngu um óþolinmæði að ræða því að í ágúst verða liðin þrjú ár eða 36 mánuðir frá því að Tómas Ingi Olrich, þáverandi menntamálaráðherra, gaf undir fótinn og vakti mikla bjartsýni hjá þeim sem hlustuðu á fundi Eyþings um menningarsamning.

Það var kannski því miður of mikið litað af þeim tíma sem fór í hönd. En ég vil trúa því að núverandi hæstv. menntamálaráðherra taki þetta kefli og framkvæmi þetta sem fyrst, að fulltrúar frá Eyþingi fái viðtal og komi til fundar í ráðuneytið til að halda áfram að reyna að koma þessum samningi í höfn.

Ég held að ekkert vanti frá Eyþingi, búið er að vinna heimavinnuna mjög vel og þeim sem vinna góða heimavinnu á að gefa góða einkunn, jafnvel í samræmdu prófi, og

ég hvet til þess að það verði gert. Það liggur náttúrlega í augum uppi, virðulegi forseti, eins og hæstv. ráðherra sagði, að þetta er háð fjárveitingavaldi Alþingis. Í gögnum Eyþings er m.a. fjallað svolítið um peningahliðina og um öll þau framlög frá menntamálaráðuneyti sem fara í ýmsar stofnanir menningarmála á höfuðborgarsvæðinu og eru það stórar og miklar tölur meðan maður sér litlar tölur úti á landsbyggðinni.

Það vekur líka athygli mína, virðulegi forseti, að þegar þessum tölum er skipt niður á gjöld á hvern íbúa sýnist mér höfuðborgarsveitarfélögin komast af með mjög lága tölu til menningarmála eða 5.300 kr. í Garðabæ (Forseti hringir.) miðað við árið 2002 meðan ég sé vini mína á Seyðisfirði með tæpar 17.000 kr.

[16:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Við getum verið sammála um það, ég og hv. þingmaður, að sumir hlutir geta vissulega tekið langan tíma en það sem skiptir auðvitað máli er að fara að lögum. Þau fjárlög sem eru samþykkt hér á þingi eru lög eins og önnur lög sem ber að fara eftir og við þurfum að starfa innan þess ramma sem þau setja okkur hverju sinni.

Ég held að málið sé í ágætum farvegi. Við sjáum fram á og ég bind vonir við það að geta farið í fleiri menningarsamninga. En við verðum líka að átta okkur á því hvað það er nákvæmlega sem við viljum fá út úr menningarsamningunum. Fyrsti menningarsamningurinn sem var gerður við Austfirðinga var ákveðin tilraun, eins og ég kom inn á áðan. Við eigum að halda áfram að þróa þær tilraunir því að ég vil meina og er sannfærð um að bestu byggðamálin og besta byggðastefnan sem rekin er hér á landi er að efla menningarstarfsemi og menntastarfsemi. Það er lykillinn að því að byggðin haldist og verði blómleg áfram um land allt. Að mínu mati á að forgangsraða peningunum í þá veru, svo við tölum nú alveg klárt.

[16:10]

Útbýting:

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 495. mál, þskj. 940.

Út af dagskrá var tekið 11. mál.

Fundi slitið kl. 16:10.

---

87. FUNDUR

fimmtudaginn 10. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Miðlun vátrygginga, stjfrv., 551. mál, þskj. 832. — Frh. 1. umr.
2. Samkeppnislög, stjfrv., 590. mál, þskj. 883. — Frh. 1. umr.
3. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, stjfrv., 591. mál, þskj. 884. — Frh. 1. umr.
4. Neytendastofa og talsmaður neytenda, stjfrv., 592. mál, þskj. 885. — Frh. 1. umr.
5. Rannsóknarnefnd umferðarslysa, stjfrv., 236. mál, þskj. 939. — 3. umr.
6. Sala kristfjárjarðarinnar Utanverðuness, stjfrv., 504. mál, þskj. 938. — 3. umr.
7. Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 604. mál, þskj. 903. — Fyrri umr.
8. Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 605. mál, þskj. 904. — Fyrri umr.
9. Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 606. mál, þskj. 905. — Fyrri umr.
10. Framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins, stjtill., 617. mál, þskj. 921. — Fyrri umr.
11. Breyting á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna, stjtill., 614. mál, þskj. 918. — Fyrri umr.
12. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 434. mál, þskj. 640, nál. 946. — Síðari umr.
13. Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 436. mál, þskj. 642, nál. 947. — Síðari umr.
14. Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 437. mál, þskj. 643, nál. 948. — Síðari umr.
15. Almannatryggingar, stjfrv., 587. mál, þskj. 879. — 1. umr.
16. Kosningar til Alþingis, frv., 70. mál, þskj. 70. — 1. umr.
17. Áfengislög, frv., 74. mál, þskj. 74. — 1. umr.
18. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 137. mál, þskj. 137. — 1. umr.
19. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 142. mál, þskj. 142. — 1. umr.
20. Atvinnuleysistryggingar, frv., 174. mál, þskj. 174. — 1. umr.
21. Íslenskun á ræðum æðstu embættismanna, þáltill., 175. mál, þskj. 175. — Fyrri umr.
22. Stjórnarskipunarlög, frv., 177. mál, þskj. 177. — 1. umr.
23. Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, þáltill., 182. mál, þskj. 182. — Fyrri umr.
24. Landsdómur og ráðherraábyrgð, þáltill., 203. mál, þskj. 203. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

[10:30]

Útbýting:
Rannsóknarnefnd umferðarslysa, 236. mál, þskj. 939.
Umgengni um nytjastofna sjávar o.fl., 215. mál, þskj. 937.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):
Klukkan 3.30 fer fram umræða utan dagskrár um framtíðaruppbyggingu bráðaþjónustu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Málshefjandi er hv. þm. Jón Gunnarsson. Hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson verður til andsvara.
Forseti vill tilkynna að atkvæðagreiðslur verða kl. 1.30.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ráðning fréttastjóra Ríkisútvarpsins.

[10:31]

Mörður Árnason:
Forseti. Útvarpsstjóri hefur farið að fyrirmælum Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks og tilkynnt að hann hafi ráðið þeirra mann í starf fréttastjóra útvarps. Sá maður er góðra gjalda verður en hann var ekki í hópi þeirra fimm umsækjenda sem forstöðumaður fréttasviðs mælti með, að höfðu samráði við starfsmannastjóra og ráðgjafa. Þeir hafa allir miklu meiri starfsreynslu og þekkingu á fréttavettvangi og allir hafa þeir þá stjórnunarreynslu og peningavit sem til þarf í þetta mikilvæga starf.
Fréttastofa útvarps er ein virtasta fréttastofa landsins, ef ekki sú allra virtasta. Hún er kjölfesta í íslenskri fréttamennsku og án undantekningar njóta starfsmenn hennar almennrar viðurkenningar fyrir störf sín. Útvarpsstjóri hefur því miður ekki treyst sér til að standa vörð um hagsmuni almannaútvarpsins, nú þegar þeir rekast á boð stjórnarflokkanna. Athyglisvert er þó að í sérstakri yfirlýsingu lýsir hann hvergi eiginlegum stuðningi við þann sem valinn var, heldur skýtur sér á bak við meiri hluta útvarpsráðs með þeirri skýringu að enginn annar hafi fengið atkvæði í ráðinu. Það er misskilningur hjá útvarpsstjóra því að aðrir útvarpsráðsmenn töldu að sjálfsögðu að útvarpsstjóri ætti að velja einn af umsækjendunum fimm sem hin faglegu rök stóðu með.
Forseti. Hæstv. menntamálaráðherra getur ekki verið hér í dag og svarað spurningum sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hugðist leggja fyrir hana. Mér skilst að sú umræða fari fram á mánudaginn. Staða málsins er þó þannig að það er ekki hægt að láta það liggja í þagnargildi hér í dag.
Ég harma að það skuli vera nauðsynlegt að mótmæla því á Alþingi að stjórnarflokkarnir misnoti með þessum hætti það vald sem þeir fara með á Ríkisútvarpinu í krafti úreltra stjórnarhátta. Ég bendi á það vantraust sem skapast hefur við þessa atburði hjá starfsmönnum gagnvart útvarpsráði og ríkisstjórnarmeirihlutanum, bendi á það uppnám sem nú er orðið í fyrirtækinu, bendi á hina alvarlegu samþykkt fréttamanna frá í gær og bendi á uppsögn eins af reyndustu og hæfustu stjórnendum á Ríkisútvarpinu, Jóhanns Haukssonar.
Í þágu Ríkisútvarpsins og almannahags fer ég fram á það úr þessum ræðustóli hér að sá maður sem brást í stöðu sinni sem þjónn almennings í landinu, útvarpsstjórinn Markús Örn Antonsson, endurskoði ákvörðun sína eða axli ábyrgð á mistökum sínum og undanslætti við flokksræðið á Ríkisútvarpinu og segi af sér störfum.

[10:33]

Ögmundur Jónasson:
Hæstv. forseti. Meiri hluti útvarpsráðs og útvarpsstjóri hafa ákveðið að virða að vettugi faglegt mat og eðlilegar óskir forsvarsmanna fréttadeildar Ríkisútvarpsins við ráðningu fréttastjóra útvarps. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur af þessu tilefni sent frá sér yfirlýsingu þar sem segir m.a., með leyfi forseta:
„Vinnubrögð útvarpsráðs og útvarpsstjóra eru Ríkisútvarpinu ósamboðin og grafa undan tiltrú á þessa mikilvægu stofnun í þjóðareigu. Þetta mál sýnir þjóðinni eina ferðina enn að Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hika ekki við að láta lýðræðisleg og fagleg vinnubrögð lönd og leið þegar meintir flokkshagsmunir og helmingaskipti þeirra í milli krefjast. Það verður að gera þá kröfu til pólitískt kjörinna fulltrúa að þeir rísi yfir þrönga flokkshagsmuni þegar þeim er falið að gæta almannahags."
Ég vil taka undir áskoranir sem hér hafa komið fram um að útvarpsstjóri endurskoði afstöðu sína.
Fyrir þinginu liggur beiðni frá mér fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að fram fari utandagskrárumræða um Ríkisútvarpið. Ég fór þess á leit við hæstv. menntamálaráðherra að þeirri umræðu yrði hraðað í ljósi þessara atburða og í morgun staðfesti hún að hún væri reiðubúin að láta umræðuna fara fram í byrjun næstu viku. Þá verða þessi mál að sjálfsögðu til umræðu.

[10:35]

Magnús Þór Hafsteinsson:
Virðulegi forseti. Ráðning í stöðu fréttastjóra útvarpsins í gær er skýrt dæmi um hið spillta valdaumhverfi sem skapast með íslensku fjórflokkaskipaninni. Þar leitast tveir stjórnmálaflokkar alltaf við að ná saman í stjórnarsamstarfi og deila síðan og drottna í krafti meiri hluta. Þá kemur upp hin svokallaða helmingaskiptaregla þar sem ýmsum gæðum og bitlingum sem í raun tilheyra þjóðinni er skipt á milli gæðinga þeirra stjórnmálaafla sem deila með sér völdum. Þetta býður síðan upp á misbeitingu valds og ýmiss konar

spillingu sem eykst í réttu hlutfalli við lengd valdasetu viðkomandi stjórnmálaafla.

Við í Frjálslynda flokknum viljum brjóta upp þetta fjórflokkakerfi til að lýðræðið verði virkara, að hér komi til sögunnar fleiri stjórnmálaöfl þannig að dragi úr hættu á að klíkuskapur, valdagræðgi og spilling ráði för, þvert á hagsmuni heildarinnar sem er þjóðin öll.

Það er búið að vera átakanlegt að horfa upp á hvernig Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hafa sýnt Ríkisútvarpinu okkar tómlæti í valdatíð sinni sem hefur nú spannað á fimmtánda ár, látið það drabbast niður með lélegum rekstri og dregið lappirnar með að marka því skýra stefnu til framtíðar. Nú þegar loksins sást vonarglæta með væntanlegu frumvarpi menntamálaráðherra, frumvarpi sem virðist geyma margar góðar tillögur um breytta og bætta skipan, gerir meiri hlutinn í útvarpsráði þetta. Gengið er fram hjá fjölmörgum af virtustu frétta- og útvarpsmönnum þjóðarinnar þegar ráða á í stöðu fréttastjóra einnar mikilvægustu fréttastofu landsins. Fréttstofurnar eru niðurlægðar og látið í veðri vaka að hér hafi ekki verið leitað eftir fréttastjóra sem slíkum, heldur eins konar yfirmanni fyrir reksturinn.

Þetta er fásinna. Ég hef sjálfur starfað á fréttastofu útvarpsins og veit um hvað þetta starf snýst. Þetta er lykilstaða á fréttastofunni og það er mikilvægt að í þessa stöðu veljist fólk sem þjóðin treystir, ekki einhver maður úti í bæ sem Framsóknarflokkurinn treystir.

[10:37]

Birgir Ármannsson:

Hæstv. forseti. Ég verð fyrst og fremst að lýsa ákveðinni undrun á því að þessi umræða skuli eiga sér stað í dag þegar fyrir liggur að forsendur eru til að ræða þetta eftir helgi þegar hæstv. menntamálaráðherra getur verið viðstödd. Eins og fram hefur komið í máli ræðumanna liggur fyrir að menntamálaráðherra var reiðubúin að ræða þetta í gær en vegna misskilnings milli manna gat ekki orðið af þeirri umræðu og varð þá niðurstaða hæstv. menntamálaráðherra og hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að umræðan yrði á mánudaginn. Síðan hefur það einnig gerst að þingflokkur Vinstri grænna hefur óskað eftir utandagskrárumræðu um málið (**ÖJ:** Það var gert áður.) og eins og kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar hefur menntamálaráðherra fallist á það og fallist á að flýta því. Ég held að það sé í sjálfu sér afskaplega óeðlilegt að fara út í mikla efnislega umræðu um þetta mál að menntamálaráðherra fjarstaddri. Eins og kunnugt er hefur menntamálaráðherra lögmætar fjarvistir í dag.

Ég vil hins vegar segja að mér finnst með ólíkindum hvernig stjórnarandstaðan reynir að gera þetta mál tortryggilegt og setja það í eitthvert pólitískt ljós (Gripið fram í.) þó að um það sé að ræða að mat manna á þeim eiginleikum sem fréttastjóri útvarpsins á að hafa sé mismunandi. Ég bendi á að þær dylgjur sem hafðar hafa verið í frammi um pólitík í þessu máli, meint pólitísk tengsl nýráðins fréttastjóra, hafa ekki verið studdar með neinum rökum. Það er bara fullyrt og fullyrt en ekki gerð nein tilraun til að renna stoðum undir þær fullyrðingar.

[10:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hvert er kjörorðið? Okkar fólk í fyrirrúmi. Er það ekki kjörorðið? Þannig er a.m.k. framkvæmdin hjá ríkisstjórnarflokkunum, jafnt í stórum sem smáum embættisveitingum. Þessi leiða venja stjórnarflokkanna er mjög svo niðurlægjandi fyrir fólkið í landinu, það er mitt mat. Það ber að hafna þessari pólitísku aðför sem núna er viðhöfð að hlutleysi Ríkisútvarpsins sem stjórnarflokkarnir eru með. Verklagið er spillt og gengur gegn lýðræðinu. Þessi pólitíska stýring vanvirðir störf og starfsreynslu fréttamanna og gerir lítið úr vinnubrögðum og faglegu mati á störfum þeirra.

Stjórnvöld hafa enn einu sinni orðið ber að flokkspólitískum forgangsráðningum þegar ráðið er í áhrifastöður sem þeim gætu gagnast í pólitískum átökum og skoðanamyndun. Framkoman og lítilsvirðingin gagnvart starfsreynslu og starfsheiðri fréttamanna á Ríkisútvarpinu er fáheyrð og reynsla þeirra og þekking á starfinu einskis metin. Það er með hreinum ólíkindum ef ákvörðunin verður ekki endurskoðuð. Það ber útvarpsstjóra að gera en ég er svo sem ekki hissa á því þó að sjálfstæðismönnum finnist þetta eðlileg vinnubrögð.

[10:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Það er full ástæða til að ræða þetta mál undir liðnum um störf þingsins því að það er komin upp mjög alvarleg staða í útvarpi okkar allra landsmanna. Félag fréttamanna hefur lýst vantrausti á útvarpsstjóra og hvatt hann til að segja af sér. Ef það er ekki ástæða til að ræða undir liðnum um störf þingsins, þegar sú staða er komin upp, veit ég ekki hvað við ættum að ræða hér.

Þessar aðferðir við ráðningu fréttastjóra útvarpsins minnir á löngu liðna tíma sem maður hélt að væru svo sannarlega liðnir, þessi helmingaskiptaregla stjórnarflokkanna sem tíðkaðist á síðustu öld. Eigum við að búa við þetta í dag? Þar sem komið hefur fram að það eigi að ræða þetta mál eftir helgina vil ég gjarnan að fyrir liggi ákveðnar upplýsingar þegar málið verður rætt á mánudaginn.

Það tók sex mánuði að ráða í þetta starf. Hvernig stóð á því að það tók svo langan tíma að ráða í þessa stöðu? Sérfræðiþjónusta var fengin, verktakafyrirtæki mat umsóknirnar. Hver var niðurstaða þess? Hverjir voru taldir hæfastir? Og var farið eftir því áliti? Ég vil að það liggi fyrir þegar við ræðum þetta mál.

Sömuleiðis óska ég eftir því að það verði upplýst á Alþingi hvað sú ráðgjafarþjónusta kostaði skattborgara. Ég óska eftir því að hæstv. menntamálaráðherra leggi þessar upplýsingar fyrir þingið, sérfræðiþjónustuna, niðurstöðuna, hverjir voru taldir hæfastir og hvað þetta kostaði.

[10:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er nú stungin tólg þegar Morgunblaðinu blöskrar svoleiðis pólitísk misbeiting stjórnarflokkanna á aðstöðu sinni í útvarpsráði að það spanderar á það hálfum leiðara. Auðvitað er dapurlegt að þjóðin skuli þurfa að horfa upp á það að þessi glæsilega stofnun okkar, Ríkisút-

varpið, sé stórlega löskuð eftir 14 ára valdatíma Sjálfstæðisflokksins í menntamálaráðuneytinu. Fjárhagslega er þannig búið að útvarpinu að það er að komast í þrot, eigið fé þess er horfið, en miklu verri eru þó hin pólitísku afskipti, hin pólitíska misnotkun, hið pólitíska einelti sem Sjálfstæðisflokkurinn og nú báðir stjórnarflokkarnir hafa lagt Ríkisútvarpið í. Ýmist er ekki ráðið í stöður mánuðum og missirum saman, og starfsmönnum þannig haldið í óvissu, eða það er staðið að ráðningum eins og raun ber vitni. Setji menn sig nú í spor þess ágæta fólks sem hefur unnið Ríkisútvarpinu árum og áratugum saman af metnaði og dugnaði og staðið sig vel. Það er engin sýnileg ástæða fyrir því að framgangi þess í starfi er hafnað önnur en pólitík. Það má nefna til vitnis innanhússbréf útvarpsstjórans og ummæli ýmissa forkólfa stjórnarflokkanna sem ekki þóknast að störf þeirra séu gagnrýnd eins og kunnugt er.

Það er þannig að flokksskírteini í Sjálfstæðisflokknum hefur verið nánast skilyrði til þess að menn fengju ráðningu í yfirmannastöður í útvarpinu. En nú er komið að Framsókn. Samkvæmt vægri útfærslu á helmingaskiptareglunni er nú komið að Framsókn. Hún vill líka eiga yfirmann einhvers staðar ofarlega í kerfinu til að koma sínu að. Það er með öllu ólíðandi að menn skuli hegða sér svona frammi fyrir opnum tjöldum. Þessar aðferðir við hinar pólitísku ráðningar, framkoma ríkisstjórnarinnar í garð stofnana sem hafa leyft sér að standa fyrir einhverri gagnrýni á verk þeirra er náttúrlega eins og við blasir hverjum manni, ýmist eru þær lagðar niður eða eyðilagðar innan frá.

[10:45]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er miður að leiðtogi ríkisstjórnarinnar, hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson, skuli hafa flúið héðan úr salnum þegar þessi umræða hófst og að hér séu ráðherrabekkirnir auðir. Það er Davíð Oddsson sem persónulega og pólitískt ber ábyrgð á Markúsi Erni Antonssyni og Gunnlaugi Sævari Gunnlaugssyni, útvarpsstjóra og formanni útvarpsráðs, og pólitískri misbeitingu þeirra á stofnuninni í þessu tilfelli.

Í 75 ár hefur Ríkisútvarpið mátt þola pólitíska misbeitingu en stundum hefur útvarpsstjóri haft dug í sér til að verja stofnunina mestu óhæfunni. Það hlýtur að vera með sorg í hjarta sem við tökum þessa umræðu hér í dag því að öllum almenningi blöskrar auðvitað þessi augljósa misbeiting valds. Hún vegur að grundvallarskyldum samfélagsins, að sjálfri lýðræðisvitund okkar því að þetta er kjarnastofnun lýðræðisins í samfélaginu, fréttastofa útvarpsins, og gildum okkar. Við hljótum að spyrja: Er það svona samfélag sem við viljum búa í þar sem gengið er fram hjá fjöldanum öllum af hæfu fólki? Trúnaður, hollusta, menntun, starfsreynsla, árangur — öllu er vikið til hliðar fyrir sérhagsmuni flokksgæðinganna. Við hljótum á hv. Alþingi að harma það og kalla eftir því að útvarpsstjórinn axli ábyrgð sína á málinu og um leið auðvitað að harma það að sá einstaklingur sem flokksgæðingarnir völdu til þessa starfs þurfi að ganga í gegnum þá raun sem þessir dagar hljóta að vera honum. Það hlýtur að vera mjög erfitt einum manni að vera tekinn fram fyrir jafnstóran hóp af hæfu fólki á jafnhæpnum forsendum.

[10:47]

Mörður Árnason:

Forseti. Það vekur athygli að aðeins einn stjórnarliði hefur talað hérna, Birgir Ármannsson, hv. þingmaður, um þingtæknileg efni. (**Gripið fram í:** Hvar er Framsókn?) Það er alveg rétt hér er enginn framsóknarmaður og hæstv. utanríkisráðherra er genginn úr salnum, formaður Sjálfstæðisflokksins. Það er alveg rétt hjá Birgi Ármannssyni að það er harmsefni að menntamálaráðherra skuli ekki vera hér. Hæstv. menntamálaráðherra ber ábyrgð á útvarpsstjóranum. Við hér á Alþingi berum hins vegar ábyrgð á útvarpsráði. Stjórnarþingmennirnir á Alþingi bera ábyrgð á stjórnarmeirihlutanum í útvarpsráði.

Það er að vísu rökrétt að ekki skuli vera hér stjórnarliðar og að Davíð Oddsson, hæstv. utanríkisráðherra, skuli ekki einu sinni hafa séð sér fært að vera við umræðuna fyrr en í lok hennar og í byrjun hennar. Það er einskis að vænta af ráðherrum, þingmönnum og spunameisturum stjórnarflokkanna í þessu máli og öðrum. Þeir svífast einskis, þeir hafa sýnt það, og þess vegna bið ég úr þessum ræðustól útvarpsstjórann að hugsa. Markús Örn, hugsaðu, taktu ábyrgð.

[10:49]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki að undra málflutning hv. þm. Marðar Árnasonar sem hér talaði á undan. Þessi málflutningur stjórnarandstöðunnar sem snýr að því að rakka niður hinn nýja fréttastjóra RÚV er alveg með ólíkindum. Ég ætla ekki að fara út í nákvæm málsatriði vegna þess að þau verða rædd hér eftir helgi, enda hafði hv. þm. Ögmundur Jónasson beðið um utandagskrárumræðu um málefni RÚV, fyrstur manna, og fer hún vonandi fram sem fyrst.

Nokkrir hv. þingmenn hafa rætt um flokkspólitíska hagsmuni og er sú umræða með ólíkindum. Hinn nýráðni fréttastjóri RÚV, sem ég hafði ekki heyrt um fyrr en í gær, er sagður tengjast Framsóknarflokknum. Ég lýsi furðu minni á þessum málflutningi. Ég ræddi við framkvæmdastjóra Framsóknarflokksins í morgun. Þessi maður hefur aldrei verið skráður í flokkinn. Ég hef starfað í flokknum frá árinu 1992 og hef aldrei séð þennan aðila, hvorki á fundum né í starfi flokksins. Málflutningur stjórnarandstöðunnar er órökstuddur varðandi tengsl fréttastjórans við Framsóknarflokkinn. Það er alveg með ólíkindum að hanga í einhverjum svona atriðum og reyna ekki að leita sér upplýsinga um málið.

Við munum vonandi taka málefnalega umræðu um RÚV eftir helgi og ég ítreka að ég vona að hún verði málefnalegri en þetta, að vilja rakka niður einstakan aðila, og menn reyni að leita að rökum fyrir þessum málflutningi.

[10:50]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. RÚV er eign ríkisins en ekki þjóðarinnar. Það er mikill munur þar á. Þjóðin uppgötvar það þegar hún þarf að borga skatta til ríkisins að þetta er ekki sami aðilinn.

Allt tal um það að menn eigi RÚV, það sé eign þjóðarinnar, er náttúrlega alveg út í hött. Ef menn eiga eitthvað geta þeir gert eitthvað við það, selt það eða veðsett. Það geta þeir ekki með Ríkisútvarpið. (Gripið fram í.) (**Gripið**

fram í: Er það Ríkisútvarpið sem á RÚV?) Þess vegna verður RÚV alltaf pólitískt. Það er pólitík sem stjórnar ríkinu og ríkið á RÚV. Umræðan sýnir að margir hv. þingmenn trúa því að fjölmiðlar geti mótað skoðanir fólks. Annars hefðu þeir engar áhyggjur af þessu. Hún sýnir hve mikilvægt er að setja lög um fjölmiðla sem eru kannski í eigu eins aðila. (Gripið fram í.)

Flokkarnir eiga fulltrúa í útvarpsráði, skilst mér, og þar eru tvær persónur sem eru eign Samfylkingarinnar. Þær persónur gerðu ekki neitt. (**Gripið fram í:** Jú.) Ekki skilst mér það. (**Gripið fram í:** Jú, jú.)

Svo er annað. Hvernig ætla menn að brjóta upp staðnað kerfi og láta ferska vinda blása um fyrirtækið ef aldrei má ráða fólk nema starfsmennirnir samþykki það, þeir sem eru inni í gamla kerfinu? (**Gripið fram í:** Nei.) Það er heldur illt. Ég hef lagt til að selja RÚV, þá hefði enginn maður áhyggjur af þessu. Ef fréttastofan yrði slæm eftir það og flytti bjagaðar fréttir hætti maður bara að hlusta á þær. Svo einfalt er það.

Svo hef ég auk þess grun um að hinn nýi fréttastjóri, án þess að ég viti nokkuð um það eða þekki manninn nokkuð, sé samfylkingarmaður.

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 604. mál (dreifing blóðs og blóðhluta). — Þskj. 903.

[10:52]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2004, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun nr. 2002/98/EB um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir. Í tilskipuninni er kveðið á um reglur er varða meðhöndlun á blóði og blóðhlutum á öllum stigum, allt frá blóðgjafa til blóðþega og til notkunar í lyfjum. Markmið tilskipunarinnar er að koma í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma við blóðgjöf og byggir hún á sjónarmiðum um almannaheilbrigði.

Í heilbrigðisráðuneytinu er nú unnið að innleiðingu tilskipunarinnar. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanríkismálanefndar.

[10:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Nú í upphafi þingfundar eru hér nokkrar tillögur til þingsályktunar á dagskrá sem varða reglugerðir, staðla og tilskipanir Evrópusambandsins. Sú sem fyrst er tekin á dagskrá, um starfsemi sem felst í söfnun blóðs og að hún þurfi leyfi eða viðurkenningu yfirvalda, er eflaust afar mikilvæg gerð eða regla sem nauðsynlegt er að setja lög um. Hins vegar er það efnislega ekki þessi tillaga til þingsályktunar sem ég kveð mér hljóðs til að fjalla um, heldur til að ræða hversu erfitt er að taka til umræðu þessar tillögur til þingsályktunar um ákvarðanir EES-nefndarinnar og hversu veik vinnan hjá okkur á Alþingi Íslendinga almennt er varðandi þessar gerðir.

Þessar tillögur detta eiginlega í fangið á okkur alþingismönnum meira og minna óundirbúið. Það er erfitt að skilja tillögurnar þegar maður les þær og reynir að átta sig á hvað felist pólitískt eða efnislega í því að setja lög samkvæmt viðkomandi tilskipun eða gerð.

Ég átti þess kost fyrir rúmu ári að sitja fund í Helsingfors með fulltrúum þingmanna allra þjóðþinganna þar sem fjallað var um með hvaða hætti tilskipanir og reglur Evrópusambandsins væru settar í lög og samþættaðar í vinnu þingsins. Það var afar áhugavert að kynnast því og fjalla um með hvaða hætti unnið er að þessum málum. Það var auðvitað áþreifanlega óþægilegt að uppgötva að aðkoma þinga Noregs og Íslands var allra minnst að vinnunni við þessar tilskipanir og gerðir.

Besta og faglegasta vinnan átti sér stað í finnska þinginu. Þar hafa menn ákveðið að hafa mjög mikla samþættingu í vinnu þingsins og viðkomandi ráðuneyta, og þá ekki síst utanríkisráðuneytisins, á vinnslutíma þessara gerða, enda er Finnland aðili að Evrópusambandinu og hefur tekið það mjög alvarlega að vera þátttakandi í tilskipunum og gerð þeirra.

Þar var ákveðið að þeirra svokallaða „grand committee" sæi um þetta verkefni og væri í raun sú nefnd sem bæri ábyrgð á vinnu þingsins. Það er sú nefnd þingsins sem varð til við að vinna stjórnarskrá Finna á sínum tíma og hefur eiginlega flokkun sem mesta og æðsta nefnd þingsins. Hún heldur utan um vinnuna og deilir henni jafnframt til viðkomandi fagnefnda. Það var að heyra að það væru 2–3 umferðir í nefndavinnu sem færu fram á hinum langa vinnslutíma við gerð tilskipana og gerða hjá Evrópusambandinu. Það var ekki laust við að maður væri svolítið öfundsjúkur að heyra hvað þeim hafði tekist að taka upp góð og öflug vinnubrögð um að þingið kæmi að einhverju leyti að vinnunni.

Auðvitað eigum við ekki kost á þessu. Við erum ekki aðilar að Evrópusambandinu og við gerum okkur alveg grein fyrir því að íslenskir embættismenn eiga undir högg að sækja með þátttöku í þeim nefndum hjá Evrópusambandinu sem eru á vinnslutíma að vinna að tilskipunum, gerðum og reglum.

Hins vegar getum við reynt að skoða hvað væri best að gera hér í þinginu varðandi vinnslu á þessum málum. Þá blasir við að hér gerist það ýmist að þingsályktun um ákvörðun EES-nefndarinnar kemur inn á undan frumvarpi og á meðan verið er að vinna frumvarp til lagasetningar í viðkomandi ráðuneyti. Þó hefur það gerst að frumvarpið til laga kemur á undan ályktuninni og ég minnist þess að í fyrra, á síðasta þingi, var nokkuð áhugaverð tillaga til umfjöllunar í þinginu sem reyndar var rædd áður en hún fór til nefndar og það gerðist þá að frumvarp var til meðhöndlunar í samgöngunefnd á sama tíma. Það merkilega var líka og algjör tilviljun — ég undirstrika það, virðulegi forseti, að

það var algjör tilviljun — að nefndarálit og afgreiðslu samgöngunefndar bar upp á sama dag og afgreiðslu utanríkismálanefndar, þ.e. þessi tvö nefndarálit, utanríkismálanefndar og samgöngunefndar, komu til afgreiðslu á sama degi í þinginu og tillögurnar voru ræddar hvor á eftir hinni. Hér fóru fram nokkur orðaskipti einmitt um þetta.

Síðast þegar við tókum nokkrar slíkar ákvarðanir til umfjöllunar í utanríkismálanefnd ræddum við einmitt þetta. Við veltum fyrir okkur hvort ekki ætti að leitast við í Stjórnarráðinu að ákvarðanir EES-nefndarinnar og þær þingsályktunartillögur sem kæmu á vegum utanríkisráðherra inn í þingið og frumvörpin sem viðkomandi fagráðherra flytti, þar sem þetta virðist vera svo oft samtíða, kæmu inn á sama tíma þannig að utanríkismálanefndarmenn gætu jafnframt hlustað á það á sama degi hvaða áhrif þessi gerð hefði til lagasetningar og að það væri einhver samfella í afgreiðslu utanríkismálanefndar á tilskipunum, gerðum eða reglum og þeirri vinnu sem fer fram í annarri nefnd í þinginu á lagasetningu byggðri á þessari sömu reglu.

Það er frekar óþægilegt að nefndarálit utanríkismálanefndar komi inn þegar fagnefndin sem vinnur með frumvarp byggt á reglunni er að ljúka vinnu sinni og setja lög eða gera tillögu um hvernig lögin skuli vera sem byggð er á þessari sömu reglu. Þetta vildi ég gjarnan nefna hér af því að ég held að við eigum saman að leitast við að finna leið til að gera þetta á sem bestan hátt.

[11:02]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Nokkur orð vegna þeirra mála sem hér eru á dagskrá. Hér eru fimm þingsályktunartillögur úr utanríkisráðuneytinu um innleiðingar gerða frá Evrópusambandinu vegna EES-samningsins og að auki eru á dagskrá þrjú nefndarálit frá hv. utanríkismálanefnd vegna mála er varða Evrópska efnahagssvæðið.

Ég vil gjarnan eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir nota þetta tækifæri til að brýna bæði hæstv. forseta og hæstv. utanríkisráðherra til að endurskoða það hvernig við vinnum þessi mál á hinu háa Alþingi. Eins og við vitum öll er oft um að ræða flókin tæknileg atriði og flókna reglugerðarsetningu og nú er það jafnvel þannig að reglugerðir eru teknar beint upp úr reglugerðarskrifum Evrópusambandsins og þýddar frá orði til orðs og verða þannig að reglugerð á Íslandi.

Það er margt í þessum málum, sumt auðvitað mikilvægara en annað, en margt sem varðar bæði viðtæka hagsmuni og annað sem löggjafinn þarf og á að hafa bæði góða yfirsýn yfir og þekkingu á. Við verðum að viðurkenna að það hefur auðvitað oft verið svo að við afgreiðslu þingsályktunartillagnanna hafa hv. þingmenn e.t.v. ekki vitað mjög vel hvað kæmi í framhaldinu, hvernig lagasmíðin eða reglugerðarsmíðin væri í framhaldinu, hvernig í raun og veru þær breytingar sem við tökum inn í gegnum Evrópska efnahagssamninginn innleiðast í íslenska löggjöf.

Nú er EES-samningurinn kominn á tólfta ár, hygg ég, og það er nokkuð sem er orðið brýnt að fara vel yfir í störfum hins háa Alþingis. Ég vil af því tilefni minna á að framkvæmdarvaldið hefur staðið sig vel og í raun alveg tekið yfir stýringuna á því hvernig þessi mál eru afgreidd hér á landi, gaf út handbók árið 2003 um það hvernig standa eigi að innleiðingum og allt er það hið besta mál. Það sem vantar upp á er að löggjafinn mæti framkvæmdarvaldinu við þessa vinnu og geri það þá jafn vel og faglega og framkvæmdarvaldið vissulega gerir. Ég geri engar athugasemdir við það, hins vegar er spurningin hvernig við hv. þingmenn viljum fara í gegnum þessi mikilvægu mál, uppfylla þau og innleiða á þann hátt að sómi sé að og til þess að koma í veg fyrir bæði mistök og misskilning og einhverjar ambögur í reglugerðar- og lagasetningu.

Að síðustu vil ég minna á það, frú forseti, að hv. varaþingkona Samfylkingarinnar, Kristrún Heimisdóttir, flutti í haust þingsályktunartillögu sem liggur fyrir þinginu um endurskoðun þinglegrar meðferðar EES-reglna. Þar er ályktað, með leyfi forseta: „að endurskoða meðferð þingsins á afleiddri löggjöf sem til verður á grundvelli EES-samningsins með það að markmiði að efla þátt Alþingis í mótun löggjafarinnar og mati á því hvernig EES-réttarlegar skyldur verði best uppfylltar að íslenskum rétti. Í þessu skyni skipi Alþingi nefnd fimm þingmanna og komi einn frá hverjum þingflokki.“ Sú nefnd mundi væntanlega skila áliti og tillögum til forsætisnefndar.

Ég beini því eindregið til hæstv. forseta að þetta mál fái afgreiðslu í vetur þannig að við getum staðið saman að því, af því að ég hygg að það sé í sjálfu sér ekki önnur pólitík í því máli en hin þverpólitíska samstaða um að afgreiða þessar reglur almennilega og hafa hina þinglegu meðferð í lagi. Að við tökum okkur til og förum yfir málið og samþykkjum að endurskoða meðferðina á hinu háa Alþingi þannig að við getum staðið betur bæði að afgreiðslu og innleiðingu EES-gerða og einnig í þeirri vissu að við í raun vitum hvað það er sem þeim fylgir.

[11:07]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Þetta var þörf og ágæt umfjöllun hjá hv. þingmönnum í upphafi þessarar umræðu um þau fimm mál sem hér eru á dagskrá. Ég held að það hafi verið hárrétt að taka einmitt þá umræðu sem snýr að forminu að nokkru leyti strax í upphafi fyrsta málsins. Margt af því sem hv. þingmenn sögðu var auðvitað heilmikið umhugsunarefni og góðar og þarfar ábendingar í hvívetna.

Þegar tilskipanir Evrópusambandsins koma til meðferðar í þingunum, hvaða þingi sem er, er svigrúmið til raunverulegrar umfjöllunar auðvitað takmarkað. Það leiðir af eðli málsins sem er það að menn eru að búa til samræmdar reglur á þessum markaði. Þar með getur ekki eitt einstakt þing af þingunum 25, getum við sagt, á Evrópska efnahagssvæðinu leyft sér þann munað að leggjast yfir mál og haga breytingum eftir eigin smekk og tilfinningu kannski með betri hætti en niðurstaðan varð um í samráðsferlinu hjá Evrópusambandinu. Ekki er því hægt að líta þannig til að menn hafi eitthvert veigamikið svigrúm til að fjalla um málið eins og við erum vön þegar fjallað er um löggjöf hér og svigrúmið er fyrir hendi. Þá erum við eingöngu bundin við íslensku stjórnarskrána og höfum þess vegna mjög fjölbreytt og mikið svigrúm til að ráða löggjöfinni sjálf en þegar reglurnar koma með póstinum frá Brussel, eins og það er stund-

um orðað og kannski ekki með nógu virðulegum blæ, þá er svigrúmið minna eðli málsins samkvæmt.

Í því sambandi hvort hægt sé að hafa meiri nálægð við þær breytingar sem síðar verða við þá ákvörðun sem til að mynda nú er tekin, um að veita stjórnvöldum heimild til að staðfesta að þjóðarrétti samþykktir á borð við þessar tilskipanir, þá er það auðvitað flókið vegna þess að röðin hlýtur að vera þessi: Fyrst fá menn heimild til að staðfesta tilskipanirnar og síðan er næsti leikur, ef sú heimild fæst og að staðfestingarferlinu loknu, að útfæra þær tillögur annaðhvort með lögum eða reglum eftir því sem efni standa til.

Hitt atriðið sem við gætum eðlilega velt fyrir okkur er hvers vegna menn ganga svo langt að hafa samræmdar reglur um hvaðeina. Það er enginn vafi á því í mínum huga að það sem hér er um að ræða er jákvætt innlegg í að tryggja öryggi í viðkvæmum málaflokki sem fólk verður að geta treyst í viðkomandi löndum, en það er ekki endilega þar með sagt að eina leiðin til þess sé samræmd regla. Ég hygg að betra væri upp á þróun Evrópusambandsins og meira til þess fallið að fólkið felldi sig við starfsemina þar að menn gættu hófs í þeim efnum að setja reglur sem giltu á öllu svæðinu og létu þjóðunum og þingunum eftir rýmra sjálfstæði en nú er gert. Eins og við vitum er svo komið á ýmsum sviðum að t.d. fylkin í Bandaríkjunum hafa nú rýmra sjálfstæði og meira svigrúm en ríkin í Evrópusambandinu. Ég hygg að það hafi aldrei verið meiningin en svona hefur þetta þróast og það er það sem margur hefur að mínu viti réttmætar áhyggjur af.

Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þessar ábendingar sem ég held að hafi komið alveg á réttum stað í þessari umræðu.

[11:11]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessi orð hæstv. utanríkisráðherra. Það væri áhugavert að nýr utanríkisráðherra endurskoðaði svolítið vinnubrögðin og væri sá sem tæki það upp hvernig haldið er á málum. Auðvitað er það svo að Alþingi t.d. er þungt í vöfum og þegar kemur að því að endurskoða vinnubrögð þá er mjög mikil tregða. Svo verðum við að horfast í augu við að við verðum líka gjarnan samdauna ákveðnum vinnubrögðum. Það hefur t.d. oft verið rætt hvort sérnefnd eigi að vera um Evrópumálin, hvort rétt sé að farið eða hvort við ættum að vinna öðruvísi en það gerist samt ekkert. Því er athyglisvert að það er varaþingmaður sem hefur þekkingu á þessum málum sem kemur með beina tillögu um breytingu á vinnubrögðum en ekki við sem erum alltaf að vinna í þessum málum í utanríkismálanefnd. Það er hollt að horfa á það.

Ég get ímyndað mér að þannig sé það líka í utanríkisráðuneytinu. Maður byrjar með einhver vinnubrögð sem gætu e.t.v. verið öðruvísi. Síðan kemur nýr utanríkisráðherra með mikla reynslu úr öðru ráðuneyti og örugglega aðra sýn og það væri mjög áhugavert að hann nýtti sér hana til þess að skoða hvernig hægt væri að gera þetta. Auðvitað höfum við nokkurt svigrúm, aðalmálið er að viðhafa fagleg vinnubrögð og tryggja fagleg vinnubrögð. Við höfum nokkurt svigrúm í lagasetningunni en við verðum að tryggja að það sé ekki einhver sjálfkrafa atburðarás sem rennur í gegnum þingið í þessum málum.

Að öðru leyti hyggst ég ekki taka til máls í þeim málum sem eru á dagskrá heldur munum við fara og við förum reyndar afskaplega vel í gegnum slík mál í utanríkismálanefnd og munum gera það líka með þessi mál.

[11:13]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að það er ákveðin tilhneiging til þess að menn falli í ákveðið far við meðferð þessara mála, ég held að ekki sé verið að ljóstra upp neinu leynarmáli þó að maður viðurkenni það. Til að mynda í ríkisstjórninni fá þessi mál, þ.e. tilskipanapakkinn frá Evrópu, allt aðra umfjöllun en önnur þau mál sem fyrir hana eru lögð. Það verður bara að upplýsa það hér, og ég hygg að það sé ekkert leyndarmál, að það eru kannski 10, 20 slíkar tilskipanir afgreiddar í ríkisstjórninni á 5–7 mínútum eða jafnvel skemmri tíma, sem segir okkur að það hefur engin yfirlega farið fram um þau mál þar. Það er vegna þess að sú tilfinning er fyrir hendi að menn standi frammi fyrir gerðum hlut, að það sé í rauninni ekki neitt sem ríkisstjórnin og svo síðar þingmeirihlutinn geti breytt. Það sem ríkisstjórnin og þingið verði aðallega að gæta að sé að menn gangi ekki lengra eða með öðrum hætti fram í tilefni af reglugerðum eða tilskipunum en efni standa til. Að öðru leyti er tilhneigingin sú að menn líti á þetta sem gerðan hlut og að eingöngu sé um formlega afgreiðslu að ræða.

Ég vil þó taka fram vegna orða hv. þingmanns að í utanríkisráðuneytinu fer núna fram krítísk athugun á hverju einasta máli. Ég er ekki að segja að það hafi ekki verið gert áður en það er a.m.k. gert núna með töluverðum þunga þannig að ég held að það sé vel að því staðið af hálfu ráðuneytisins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 605. mál (fjárhagslegar tryggingarráðstafanir). — Þskj. 904.

[11:15]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2004 um breytingu á XII. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn tilskipun 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Eins og með fyrri ákvörðun er gerð grein fyrir efni hennar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri tilskipun sem hér um ræðir.

Í tilskipuninni er kveðið á um samræmdar reglur um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir en slíkar ráðstafanir felast í tvíhliða samningum um veðsetningu og framsal verðbréfa og reiðufjár til tryggingar fjárhagslegum skuldbindingum. Tilskipuninni er ætlað að ryðja úr vegi hindrunum fyrir skilvirkri nýtingu fjárhagslegra tryggingarráðstafana á

fjármálamörkuðum í Evrópu.

Í dómsmálaráðuneytinu er unnið að gerð lagafrumvarps til innleiðingar tilskipunarinnar og er fyrirhugað að leggja frumvarpið fram á næstu vikum.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 606. mál (almenningsflug og Flugöryggisstofnun). — Þskj. 905.

[11:16]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Með þessari þingsályktunartillögu er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn og fella inn í samninginn reglugerð nr. 1592/2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu.

Eins og með fyrri ákvarðanir þá er gerð grein fyrir efni ákvörðunarinnar í tillögunni og er hún prentuð sem fylgiskjal með henni ásamt þeirri reglugerð sem hér um ræðir.

Í reglugerðinni er kveðið á um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og skilgreind þau verkefni sem stofnuninni eru falin. Stofnuninni er ætlað að vinna að auknu flugöryggi og tryggja samræmdar öryggiskröfur í flugi. Meðal verkefna hennar er að gefa út eða meta gildar tegundarviðurkenningar flugvéla og flugvélahluta. Stofnuninni er að hluta til ætlað að taka við hlutverki Flugöryggissamtaka Evrópu, JAA, sem Ísland er fullur aðili að. Unnið er að innleiðingu reglugerðarinnar í samgönguráðuneytinu.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins, fyrri umr.

Stjtill., 617. mál. — Þskj. 921.

og

Breyting á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna, fyrri umr.

Stjtill., 614. mál (eftirlitsstofnun og dómstóll EFTA). — Þskj. 918.

[11:18]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og samninga EFTA-ríkjanna um framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins en með henni er leitað eftir heimild Alþingis til að staðfesta ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130 og 178/2004 og samning frá 24. september 2004 og samning 3. desember sama ár um viðeigandi breytingar á bókun 4 við samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Eins og hæstv. forseti gat um mæli ég jafnframt fyrir annarri þingsályktunartillögu sem ég hef einnig lagt hér fram um heimild til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 og samning EFTA-ríkjanna frá 4. júní 2004 sem er einnig um breytingu á bókun 4 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Tilvitnaðar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar og samningar EFTA-ríkjanna miða allar að því að fella inn í regluverk EES-samningsins og fylgisamninga hans umfangsmiklar breytingar sem orðið hafa á framkvæmd samkeppnisreglna Evrópusambandsins að undanförnu eins og nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum við þingsályktunartillögurnar.

Hið almenna markmið þessara breytinga er að draga úr miðstýringu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á sviði samkeppnismála og auka hlutdeild samkeppnisyfirvalda og dómstóla í aðildarríkjunum í beitingu þeirra samkeppnisreglna sem hingað til hefur eingöngu verið á færi framkvæmdastjórnarinnar að beita. Til að tryggja fullt samræmi og einsleitni í framkvæmd þessara reglna verður framkvæmdastjórninni þó áfram heimilt að beita sjálf þessum sömu reglum og skulu úrlausnir hennar hafa ákveðinn forgang fram yfir úrlausnir samkeppnisyfirvalda og dómstóla í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Þegar þessi tilhögun er síðan spegluð yfir í EES-samninginn og samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls verður það til þess að fela verður Eftirlitsstofnun EFTA og eftir atvikum EFTA-dómstólnum sams konar valdheimildir gagnvart EES/EFTA-ríkjunum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gagnvart aðildarríkjum sínum. Af því leiðir að íslenskum stjórnvöldum og dómstólum getur í ákveðnum tilvikum verið skylt að taka mið af ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA og eftir atvikum EFTA-dómstólsins.

Þar eð slík takmörkun á valdheimildum dómstóla snertir í raun sams konar álitaefni og fjallað var um af fjórmenninganefndinni sem skipuð var í tengslum við lögfestingu EES-samningsins með lögum nr. 2/1993 fór ég þess á leit við Davíð Þór Björgvinsson, þáverandi prófessor í lögum, síðastliðið haust að hann léti mér í té álitsgerð um valdheimildir löggjafans með tilliti til þessara skuldbindinga og innleiðingar þeirra í íslenskan rétt. Álitsgerð hans er birt í heild sinni sem fylgiskjal með annarri af þeim þingsályktunartillögum sem ég mæli hér fyrir, en einnig voru niðurstöður hans birtar í athugasemdum við frumvarp til nýrra samkeppnislaga sem hæstv. viðskiptaráðherra mælti fyrir á þriðjudaginn var og miðar m.a. að því að gera á íslenskum lögum nauðsynlegar breytingar til að umræddar Evrópusambandsgerðir verði innleiddar hér.

Sá munur er á álitaefninu nú og þegar EES-samningurinn var lögfestur að ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins á sviði samkeppnismála hafa

verið fullnustuhæfar í aðildarríkjum samningsins og bindandi fyrir aðila þar án nokkurs atbeina innlendra dómstóla, þ.e. án þess að þeir hefðu lögsögu um þau. Framsal valds að þessu marki var á sínum tíma talið heimilt að áliti þeirra sérfræðinga sem þáverandi utanríkisráðherra kvaddi þá til.

Með þeim breytingum sem nú hafa verið gerðar á EES-samningnum og fylgisamningum hans er hins vegar gert ráð fyrir að íslenskir dómstólar fái lögsögu í slíkum málum, þ.e. málum sem þeir hafa áður ekki haft heimildir til að leysa úr. Að því leyti má segja að skemur sé gengið í valdaframsali en samkvæmt gildandi reglum. Á hinn bóginn er nú gert ráð fyrir að íslenskir dómstólar geti í þágu samræmis við úrlausn slíkra mála innan Evrópska efnahagssvæðisins verið bundnir af ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA og eftir atvikum EFTA-dómstóllinn hafa tekið í sama máli. Að þessu leyti er gengið lengra í takmörkun á valdheimildum dómstóla í málum sem þeir hafa annars lögsögu í og valdaframsali til alþjóðastofnunar en áður hefur séð stað í íslenskum rétti. Þess verður ekki jafnað til þess þegar erlendum úrlausnum, þar með talið úrlausnum alþjóðlegra stofnana, er veitt aðfararhæfi hér á landi né heldur verða þær taldar felast í þeim enda hafa slíkar fullnustuheimildir aldrei verið skýrðar svo að þær skerði sjálfstæði íslenskra dómstóla. Það gerir 27. gr. samkeppnislagafrumvarps hæstv. viðskiptaráðherra hins vegar óneitanlega þótt í takmörkuðum mæli sé og skerðir með beinum hætti sjálfstæði dómsvaldsins þar sem dómari verður þegar tiltekin skilyrði eru fyrir hendi bundinn af ákvörðunum annars aðila þegar hann kveður upp sinn dóm.

Í áliti nefndar þáverandi hæstv. utanríkisráðherra frá 1992 var sérstök áhersla lögð á að ákvæði EES-samningsins eða fylgisamninga hans hefðu ekki þessi eða sambærileg áhrif á sjálfstæði íslenskra dómstóla og voru það talin mikilvæg rök þegar komist var að þeirri niðurstöðu að lögfesta mætti EES-samninginn að óbreyttum stjórnlögum. Sú tegund framsals sem nýskipan samkeppnismála á Evrópska efnahagssvæðinu gerir kröfu til kallar því fram nýmæli í íslenskum lögum sem ég taldi ekki stætt á að leggja til án þess að fram færi vandað og yfirvegað mat á því hvort það rúmist innan þeirra valdheimilda sem löggjafanum eru dregnar í stjórnarskrá okkar og stjórnskipun að óbreyttu. Í því skyni leitaði ég sem fyrr segir til prófessors Davíðs Þórs Björgvinssonar sem nú er dómari við Mannréttindadómstól Evrópu og hefur ritað doktorsritgerð um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og íslenskan landsrétt. Álitsgerð hans er þannig uppbyggð að fyrst er gerð grein fyrir þeirri sérstöðu sem 27. gr. frumvarps hæstv. viðskiptaráðherra hefur í samanburði við þau ákvæði EES-samningsins sem talin hafa verið fela í sér framsal ríkisvalds og ég hef hér vikið að.

Þá er fjallað með nokkuð almennum hætti um fullveldishugtakið enda er það jafnan fyrirferðarmikið í umræðu um mögulegar heimildir löggjafans til að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana. Í framhaldi af því er fjallað um hin almennu lögfræðilegu og réttarpólitísku rök sem telja verður mikilvæg við úrlausn þess álitsefnis. Þá er gerð grein fyrir fræðikenningum og lagaframkvæmd á Íslandi um þetta efni og á þeim grundvelli færð fyrir því lögfræðileg og réttarpólitísk rök að í gildi sé að íslenskum rétti venjuhelguð regla sem felur það í sér að hinum almenna löggjafa sé að ákveðnum skilyrðum uppfylltum heimilt að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana án þess þó að slík regla sé orðuð í stjórnarskrá og ekki hafi með neinum beinum hætti reynt á gildi hennar fyrir íslenskum dómstólum.

Í niðurstöðum álitsgerðarinnar er síðan leitast við að meta hvort 27. gr. frumvarps viðskiptaráðherra rúmist innan þeirra heimilda sem löggjafinn er talinn hafa samkvæmt þessari reglu. Með þessu móti er í raun lagður sams konar mælikvarði á heimild til valdaframsals og áður hefur verið notaður bæði þegar EES-samningurinn var lögtekinn 1993 og reyndar einnig síðar við mat á heimildum til þátttöku í Schengen-samstarfinu 1999. Þannig er tryggt að ákveðið samræmi verði í mati löggjafans á inntaki valdheimilda sinna að þessu leyti.

Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að halda því til haga að niðurstaða álitsgerðarinnar er allt að einu undir því komin að til sé að íslenskum rétti regla af því tagi sem þar er lögð til grundvallar. Um þetta hefur hins vegar verið ágreiningur jafnt meðal stjórnmálamanna sem lögfræðinga auk þess sem inntak slíkrar reglu er óljóst og ytri mörk heimils framsals eru alls ekki skýr. Af þeim sökum felst ákveðin áhætta í því að byggja framsal ríkisvalds til alþjóðastofnana á þessari reglu.

Sé tekið mið af sjónarmiðum um breytilega skýringu stjórnarskrárinnar sem fela í sér allmikið svigrúm fyrir hinn almenna löggjafa til að skýra og beita stjórnarskránni í samræmi við ríkjandi viðhorf í stjórnmálum í víðum skilningi, almenna þjóðfélagsþróun og þróun alþjóðasamskipta, má færa fyrir því veigamikil rök að löggjafanum sé játuð heimild til framsals ríkisvalds innan þeirra marka sem þessi regla setur. Slíkt fyrirkomulag er auðvitað haganlegt og skynsamlegt ef tekið er mið af þróun mála í alþjóðasamskiptum og alþjóðaviðskiptum. Í því sambandi er mikilvægt að löggjafinn hafi möguleika á að tryggja réttarstöðu íslenskra þátttakenda í slíkum viðskiptum og tryggja þeim nauðsynlega réttarvernd á þeim vettvangi sem eðlilegastan má telja þegar eðli alþjóðlegra viðskipta er haft í huga.

Á hinn bóginn hefur í dómum Hæstaréttar Íslands síðastliðinn áratug eða svo gætt ákveðinnar tilhneigingar til að þrengja valdheimildir löggjafans umfram það sem ætla mætti að felist í hinum hefðbundnu sjónarmiðum, m.a. þegar löggjöf varðar efnahagsleg og félagsleg réttindi sem getið er í stjórnarskrá. Stundum hafa niðurstöður hans komið bæði stjórnmálamönnum og fræðimönnum í lögfræði nokkuð á óvart ef tekið er mið af hefðbundnum sjónarmiðum um skýringu stjórnarskrárinnar. Endurteknir árekstrar löggjafarvalds og dómsvalds af þessu tagi leiða til þess að ekki er mögulegt að spá með neinni vissu fyrir um það hver afstaða íslenskra dómstóla kann að verða til þess álitsefnis sem hér er tekist á við eins og réttilega er bent á af hálfu þess álitsgjafa sem leitað var til í þessu skyni.

Sá vafi sem uppi er um inntak valdheimilda löggjafans að þessu leyti sýnir okkur e.t.v. betur en annað fram á hversu brýnt er að fjallað sé um og leyst úr álitamálum um meðferð valdheimilda ríkisins í samskiptum við aðrar þjóðir og fjölþjóðlegar stofnanir í víðara samhengi. Ég bind því vonir við að nefnd sú sem hæstv. forsætisráðherra hefur

skipað til að endurskoða stjórnarskrána taki þetta atriði til umfjöllunar enda fellur einmitt það ákvæði stjórnarskrárinnar sem varðar samninga við önnur ríki innan þeirra marka sem umboð nefndarinnar var einkum bundið við.

Meðan ekki er tekin um það önnur ákvörðun hlýtur það hins vegar að vera Alþingis sem æðsta handhafa löggjafarvalds og valdamestu stofnunar ríkisins að áskilja sér svigrúm til að móta inntak þessara samskipta í framkvæmd og beita þeirri reglu sem hér hefur verið talin gilda á þann hátt að íslenska ríkið geti áfram verið virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi.

Með þessum orðum legg ég til, virðulegi forseti, að þingsályktunartillögum þessum verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. utanríkismálanefndar.

[11:30]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir þá greinargerð sem hann kynnti hér við fyrri umr. um þessar þingsályktunartillögur. Ég held að það sé afar mikilvægt að þegar verið er að stíga skref til að framselja vald íslenskra stofnana, ekki síst dómstóla, fari fram um það umræða á Alþingi, bæði þannig að þingmenn átti sig á því um hvaða valdaframsal er að ræða, hvort það sé nauðsynlegt og hversu langt eigi að ganga í þeim efnum. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt að fá fram umræðu um þá þætti hér við þinglega meðferð málsins. Því er ekki að leyna að framsal dómsvalds eins og gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunum og því frumvarpi sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur lagt fram hefur valdið mér og fleiri alþingismönnum nokkurri umhugsun. Þegar tillögur í þessa átt komu fyrst fram á síðasta þingi í frumvarpi frá hæstv. viðskiptaráðherra vildum við sem þá sátum í efnahags- og viðskiptanefnd staldra við og kanna málin betur.

Nú hefur utanríkisráðuneytið látið gera greinargerð um þessa þætti, fengið til þess virtan fræðimann á sviði lögfræði og það verður auðvitað afar mikilvægt innlegg í umræðuna og þá umfjöllun sem á eftir að eiga sér stað hér í þinginu. Fyrir það ber að þakka. Þau atriði að framselja ákveðinn hluta ríkisvaldsins til alþjóðlegra stofnana gengur auðvitað gegn ákveðnum prinsippum. Hins vegar kunna að vera praktísk og skynsamleg rök fyrir því að gera það í takmörkuðum mæli. Þessa þætti er sjálfsagt og mikilvægt að skoða.

[11:32]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli mínu þegar ég mælti fyrir málum þessum tveimur er það mat okkar sem berum málið fram að hinn endanlegi dómari í málinu meðan stjórnskipunarlög eru ekki tæmandi í þessu efni hljóti að verða þingið sjálft. Ráðuneytið taldi jafnframt að það væri skylda þess að auðvelda þinginu málsmeðferðina með því að vinna fyrir sig fram með þeim hætti að fá vandaða og ítarlega álitsgerð frá virtum lögfræðingi til þess að það viðhorf mætti liggja fyrir þegar málið kæmi til meðferðar þingsins.

Sjónarmið álitsgjafans liggja fyrir en þó er augljóst að hann vekur athygli á því að ekkert er endanlega fullljóst og ákveðið í þessum efnum meðan ekki liggur fyrir afstaða dómstólanna, sérstaklega þegar haft er í huga að Hæstiréttur hefur haft tilhneigingu til þess á síðustu missirum og árum að þrengja þær heimildir sem þingið hefur örugglega talið sig hafa haft þegar sjónarmið af þessu tagi hafa verið uppi. Ég hygg reyndar að þessi aðgerð ráðuneytisins sé í samræmi við það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir var að hvetja okkur til, að undirbúa og skapa skilyrði fyrir vandaðri málsmeðferð fyrir mál af þessu tagi á hv. Alþingi.

[11:34]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé mikilvægt sem fram kom í máli hæstv. utanríkisráðherra að mat í þessum efnum hlýtur að liggja hjá hv. Alþingi. Það er mikilvægt að Alþingi taki upplýsta ákvörðun í þessu efni eftir umræðu.

Eiginlega er um tvö atriði að ræða í þessu, annars vegar kannski það tiltekna mál sem hér um ræðir, þær tilteknu heimildir sem er verið að framselja, og þegar efnisatriði málsins eru skoðuð má velta fyrir sér hversu praktískt það er, þ.e. hversu mikið muni á þetta reyna í framkvæmd. Rök hafa verið færð fyrir því að þetta kunni að verða tiltölulega ópraktískt, þ.e. að lítið muni á það reyna. Hins vegar er prinsippið í málinu þess eðlis, spurningin um framsal fullveldis svo mikilvæg, að hjá því verður ekki komist að þær nefndir þingsins sem um málið fjalla fari gaumgæfilega ofan í efnisatriði þess.

[11:35]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta álitaefni er líka enn þá áhugaverðara fyrir þá sök að þó að við vitnum til fjórmenningarnefndarinnar sem í voru hinir virtustu lögfræðingur sem töldu EES-samninginn, undirritun hans og ákvörðun um hann ekki stangast á við stjórnskipun landsins voru aðrir lögfræðingar sem tilkallaðir voru, af þáverandi stjórnarandstöðu einkum og sér í lagi, virtir og ágætir, gagnstæðrar skoðunar. Það er reyndar oft eðli lögfræðinnar að menn tefla fram tveimur eða þremur sjónarmiðum.

Ég hef sjálfur lengi verið þeirrar skoðunar að þetta hafi verið takmarkað tilfelli og verið á mörkunum og svo hafi reyndar í þróun málsins komið á daginn að þetta hafi verið jafnvel nær þeim mörkum en ég átti von á á þeim tíma. En a.m.k. hingað til, allt frá 1992, hefur hæstiréttur landsins ekki kveðið upp neinn dóm í neinu máli sem lýtur að því að EES-samningurinn hafi brotið í bága við íslensku stjórnarskrána.

[11:36]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, það er alveg ljóst að þær ákvarðanir sem hér á að staðfesta eru bæði mikilvægar og stórpólitískar. Það er greinilegt að brugðist hefur verið við í utanríkisráðuneytinu eins og kemur fram í framsögu hæstv. utanríkisráðherra. Ég tek undir að mér finnast það góð vinnubrögð að kalla eftir greinargerðum frá fagfólki eins og hér var gert. Mér finnst líka athyglisvert að hæstv. utanríkisráðherra talar hér um að Alþingi verði að skoða það hvort það áskilji sér ákveðið svigrúm.

Varðandi það sem kom fram í máli hæstv. utanríkisráðherra um álit fjórmenninganna á sínum tíma, af því að ég var í utanríkismálanefnd á þeim tíma sem var verið að vinna við EES-samninginn og var í þeirri sumarlöngu vinnu sem þá fór fram, er ég þeirrar skoðunar að sá samningur sem er við lýði í dag og hefur orðið til hægt og sígandi á þessum árum sé nokkuð öðruvísi en sá samningur sem við skoðuðum þá. Það breytir því ekki að við verðum að viðhafa mjög fagleg vinnubrögð.

Hér vil ég vekja athygli á því að þegar er búið að mæla fyrir frumvarpi hæstv. viðskiptaráðherra og ég skil hæstv. utanríkisráðherra þannig að þau efnisatriði sem koma fram hér í þessari tillögu til þingsályktunar, þau sem eiga að fara í lög, sé að finna í því frumvarpi. Ég óska eftir að fá það staðfest af því að ég var ekki á Alþingi við þá umræðu. Ég var við skyldustörf á vegum Alþingis á vettvangi norræns samstarfs. Þarna höfum við a.m.k. möguleika á því að vinna þetta saman og mér finnst spurning hvort efnahags- og viðskiptanefnd og utanríkismálanefnd eigi að eiga sameiginlegan fund með þeim fræðingum sem ástæða er til að ræða við um þessi mál til að tryggja sem besta samfellu í vinnu þingsins.

[11:38]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er það ekki mitt að segja fyrir um það með hvaða hætti nefndir vinna að málinu, þær hafa allt það svigrúm sem þær hafa í því efni og mundu ekki taka því vel, hygg ég, ef þær fengju einhver fyrirmæli úr ráðuneyti um það efni. Sjálfstæði þingsins sér um þá þætti og ég treysti nefndunum fyllilega til að fjalla um þau atriði.

Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að þessi álitaefni koma mjög við sögu einmitt í því frumvarpi sem nú er til meðferðar og hæstv. viðskiptaráðherra hefur mælt fyrir. Þeim sjónarmiðum sem ég var að gera grein fyrir var fylgt eftir enda fylgdi greinargerðin einnig því máli til þingsins.

Út af fyrir sig hefði verið hugsanlegur kostur í málinu að Stjórnarráðið sem slíkt legði endanlegt mat á álitsgerð lögvísindamannsins, af eða á þegar ákvörðun er tekin um framlagningu mála. Ég hygg þó að það sé meira í samræmi við stjórnskipunarhefðir okkar að fela þinginu það vald en ekki Stjórnarráðinu, hins vegar koma öllum upplýsingum á framfæri við þingið þannig að það hafi alla burði til að fjalla faglega um efnið, eins og hv. þingmaður leggur áherslu á. Ég held að forsendur séu vel fyrir hendi til þess að gera það. Út af fyrir sig hefði þingið getað kallað eftir slíkum álitsgerðum en þá hefði það kallað á meiri tíma og annað þess háttar. Þess vegna var sjálfsagt að undirbúa það fyrir fram.

[11:40]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála því, það þarf að fara yfir það í utanríkismálanefnd hvernig þau ákvæði sem er að finna hér hafa skilað sér inn í frumvarp viðskiptaráðherra. Ég vil líka nefna það í tilefni af orðum mínum hér við umræðu fyrsta málsins að hér finnst mér spurning hvort bæði þessi mál hefðu átt að vera á dagskrá sama dag, fyrst tillagan sem hæstv. utanríkisráðherra mælir fyrir og síðan frumvarp viðskiptaráðherra. Ég held að það hefðu verið góð vinnubrögð.

Ég endurtek að mér finnst mjög gott að það var kallað eftir að fá álit en mér finnst líka alveg nauðsynlegt að nefndir þingsins kalli til aðra sérfræðinga út af þessu máli. Það er hárrétt að það er ekki hæstv. utanríkisráðherra eða Stjórnarráðsins að hafa skoðun á því hvernig Alþingi vinnur málið. Í þessari umræðu erum við þingmenn e.t.v. líka að koma skilaboðum til formanns utanríkismálanefndar sem situr hér á forsetastóli og fylgist með umræðum.

[11:41]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir að hafa farið yfir málið með þeim hætti sem hann gerði, ég held að það hafi verið ákaflega upplýsandi fyrir okkur sem á hlýddum og mikilvægt að fá þá leiðbeiningu. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, þau mál sem hér voru rædd varðandi samkeppnislög og óréttmæta viðskiptahætti tengjast því sem nú er rætt. Þess vegna er spurning mín sú hvort ekki sé eðlilegt í ljósi þess sem hæstv. utanríkisráðherra hefur farið yfir með þeim hætti sem hann gerði og þeirrar vinnu sem lögð hefur verið í skoðun á þessu máli að þessi mál séu krufin dálítið meira áður en við förum að setja ný samkeppnislög eða nýja lagagerð um þá þætti.

Þar af leiðandi kemst ég kannski frekar að þeirri niðurstöðu að það sé ástæða til að flýta sér hægt og klára alla umfjöllun um það sem geta verið vafaatriði eins og hæstv. utanríkisráðherra fór yfir málið. Það ber auðvitað að þakka að sú álitsgerð var unnin sem hann óskaði eftir og verður málunum vafalaust til framdráttar.

Þetta vildi ég sagt hafa í tilefni þessarar umræðu og tel að hér hafi verið vel að málum staðið til upplýsingar fyrir okkur, óbreytta þingmenn.

[11:43]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið opinberlega, ég hef ekki haft tækifæri til þess áður, og óska hv. þingmanni til hamingju með endurkjör sem formaður í flokki hans.

Jafnframt vil ég svara því játandi sem hv. þingmaður nefndi, það er full ástæða til þess við meðferð þessara mála núna í þinginu að þingmenn sökkvi sér niður í þessi stóru prinsippatriði. Þau geta átt við við aðrar aðstæður og þess vegna held ég að það sé hollt og gott að þingmenn ígrundi þessar spurningar mjög rækilega við meðferð málsins. Tilefnið er augljóst og liggur fyrir þannig að ég tek undir með hv. þingmanni að það er sjálfsagt að gera það. Ég skal ekki segja um hvort það þurfi að leiða til þess að málið fái ekki framgang á þessu þingi, það verður að vera mat þingsins, en við höfum fyrir okkar leyti reynt þó að stuðla að því að flýta þeirri umfjöllun með því að hafa til staðar grundvallarupplýsingar til að auðvelda þingmönnunum verk sitt.

[11:44]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Hér ræðum við mjög athyglisvert og mjög mikilvægt málefni sem er spurningin um framsal fullveldis

Íslands. Þetta var rætt ítarlega þegar EES-samningurinn var samþykktur á sínum tíma og þótti sumum þá gengið fram á ystu nöf. Við ræðum hér tvö mál, í fyrsta lagi þær þingsályktunartillögur sem við ræðum nú og síðan var frumvarp til samkeppnislaga rætt á þriðjudaginn. Þar var þetta líka rætt, þ.e. hvort við værum að framselja vald með ákveðnu ákvæði þar.

Mér líst mjög vel á hugmynd hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að þær tvær nefndir sem fjalla um þessi mál fundi saman um þetta, því þetta er það stórt mál. EES-samningurinn er uppsegjanlegur og utanríkisráðherra hæstv. á hverjum tíma getur með atbeina Alþingis sagt þeim samningi upp. Þar af leiðandi ef einhverjum finnst við ganga nærri fullveldinu, þá getum við sagt honum upp.

Það sem mig langar til að stinga upp á að verði athugað er hvort hægt sé að setja í þær greinar þar sem þetta er til umfjöllunar í lagasetningu einhverja samtengingu við samninginn og að þessi viðkomandi ákvæði falli niður ef samningnum verði sagt upp, þannig að það liggi fyrir að það sé alltaf heimilt að segja samningnum upp og þar með detti þetta ákvæði niður og Ísland fái þá óskorað fullveldi ef svo skyldi fara að einhver kæmist að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki.

[11:46]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef svo færi að EES-samningnum yrði sagt upp, sem ég mæli nú ekki með, er heldur stoltur af þessu verki margra okkar hér sem komu að málinu, en ef svo færi í framtíðinni að það yrði gert, þá standa þau lög engu að síður sem sett hafa verið á grundvelli samningsins. En þá hefði aftur sú aðstaða skapast að Alþingi gæti án þess að brjóta samninga við erlenda aðila breytt slíkum lögum. En lögin stæðu eftir sem áður og þau mundu ekki falla úr gildi og það er ekki hægt að setja neitt ákvæði að mínu viti í tengslum við lagasetningar sem væru þess eðlis að viðkomandi lög mundu falla úr gildi ef samningnum yrði síðar meir sagt upp. Það yrði þá bara verkefni þess þings sem þá sæti að vega það og meta hvort slík löggjöf ætti að standa eða ekki.

[11:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mörg þeirra laga sem sett hafa verið hafa verið til afskaplega mikilla bóta fyrir íslenskt atvinnulíf og íslenskt þjóðlíf á margan hátt. Hins vegar þar sem vísað er í ákveðnar stofnanir Evrópusambandsins þá mundi ég vilja skoða hvort ekki sé hægt lagatæknilega að hafa slíkt framsal eða slíka tilvísun tengda samningnum. Það er það sem ég átti við, að þar sem vísað er til stofnana Evrópusambandsins og þar sem þær hafa áhrif og beint vald inn á íslenskt atvinnusvæði og lögsögu, að þar sé sett inn ákvæði, skilyrt ákvæði, að það ákvæði laganna gildi á meðan samningurinn er í gildi. Þetta er náttúrlega spurning um lagatækni og ég varpa því fram hvort slíkt væri mögulegt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 434. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 640, nál. 946.

[11:49]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mun mæla fyrir nefndarálitum þriggja mála sem snúa einmitt að EES-samningnum. Ég vil byrja á að lýsa yfir ánægju minni með þær umræður sem áttu sér stað áðan og þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir þá vinnu sem hann hefur látið leggja í þessi mál og tel að við þurfum að halda slíkri umræðu við og skoða í hv. utanríkismálanefnd.

Ég byrja á að mæla fyrir nefndaráliti utanríkismálanefndar á þskj. 946. Þetta er mál 434, tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2004 og 103/2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2004 frá 23. apríl 2004 og 103/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2273/2003 frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar undanþágur fyrir endurkaupaáætlanir og verðjöfnun fjármálagerninga, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/125/EB frá 22. desember 2003 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar óhlutdræga kynningu ráðleggginga um fjárfestingu og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra.

Eins og hæstv. forseti heyrir geta þessi mál orðið býsna flókin og kemur það í ljós í þessu nefndaráliti frá hv. utanríkismálanefnd.

Nefndin fékk til fundar við sig þau Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Þóri Skarphéðinsson frá viðskiptaráðuneyti, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Pál Gunnar Pálsson frá Fjármálaeftirlitinu.

Tilskipunin miðar að því að samræma reglur er lúta að innri markaði á sviði fjármála í Evrópu og styrkja tiltrú fjárfesta á verðbréfamörkuðum, m.a. með því að mæla fyrir um bann við innherjasvikum og markaðsmisnotkun. Ítarlegri reglur munu tryggja meira samræmi milli markaða og umgjörðin á íslenskum fjármálamarkaði verður styrkt til muna. Meðal annars er gert ráð fyrir að heimildir eftirlitsaðila til að birta upplýsingar verði rýmkaðar. Innleiðing gerðanna kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur viðskiptaráðherra lagt fram lagafrumvarp þess efnis á Alþingi (þskj. 767, 503. mál) og er það til meðferðar í efnahags- og við-

skiptanefnd.

Hæstv. forseti. Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nefndarálit þetta skrifa hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Siv Friðleifsdóttir, Bjarni Benediktsson, Steingrímur J. Sigfússon, Birgir Ármannsson, Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

[11:53]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Formaður utanríkismálanefndar mælir hér fyrir nokkrum nefndarálitum í málum sem hafa verið tekin til umfjöllunar í utanríkismálanefnd þar sem ég á sæti. Ég vil taka fram þar sem ég var fjarri vinnslu þessara mála vegna starfa á vegum Alþingis, að ég styð þessi mál sem nú eru til afgreiðslu eins og aðrir fulltrúar Samfylkingarinnar í hæstv. utanríkismálanefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 436. mál (félagaréttur). — Þskj. 642, nál. 947.

[11:54]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanríkismálanefndar á þskj. 947. Þetta er mál 436, tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð.

Nefndin fékk til fundar við sig þau Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskiptaráðuneyti, Elmar Hallgrímsson frá fjármálaráðuneyti og Skúla Jónsson frá ríkisskattstjóra.

Með tilskipuninni er gerðar breytingar á fyrstu félagaréttartilskipuninni frá 1968 varðandi skráningu félaga þannig að skrá megi upplýsingar rafrænt en markmiðið er að auðvelda aðgang að upplýsingum um félög og einfalda formsatriði um birtingu upplýsinga.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og er lokafrestur til þess 1. janúar 2007.

Hæstv. forseti. Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nefndarálit þetta skrifa hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Siv Friðleifsdóttir, Bjarni Benediktsson, Steingrímur J. Sigfússon, Birgir Ármannsson, Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 437. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 643, nál. 948.

[11:56]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanríkismálanefndar á þskj. 948. Þetta er mál 437, tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 73/2004 frá 4. júní 2004, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB.

Nefndin fékk til fundar við sig þau Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Þóri Skarphéðinsson frá viðskiptaráðuneyti, Guðjón Rúnarsson frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Pál Gunnar Pálsson frá Fjármálaeftirlitinu.

Með innleiðingu tilskipunarinnar í íslensk lög verður öll rammalöggjöf um útboðs- og skráningarlýsingar gerð ítarlegri. Kveðið verður á um þær lágmarksupplýsingar sem fram þurfa að koma þegar fjármálagerningar eru boðnir í almennu útboði eða skráðir í kauphöll. Þá miðar tilskipunin að því að tryggja vernd fjárfesta, virkni fjármálamarkaðarins í Evrópu og gegnsæi. Samræmdar og áreiðanlegar upplýsingar munu þannig auðvelda fjárfestum að athafna sig á markaðnum og draga úr kostnaði. Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur viðskiptaráðherra þegar lagt fram frumvarp þess efnis á Alþingi (þskj. 767, 503. mál) og er það til meðferðar í efnahags- og viðskiptanefnd.

Hæstv. forseti. Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nefndarálit þetta skrifa hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Siv Friðleifsdóttir, Bjarni Benediktsson, Steingrímur J. Sigfússon, Birgir Ármannsson, Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 70. mál (þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 70.

[11:59]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Öllum er í fersku minni atburður síðasta sumars þegar hér urðu harðar deilur um fjölmiðlalög, um málskotsrétt forseta lýðveldisins og í kjölfarið með hvaða hætti ætti að standa að þjóðaratkvæðagreiðslu til synjunar eða staðfestingar lagafrumvarpi sem Alþingi hafði þá samþykkt með eins atkvæðis meiri hluta. Eins og menn muna stóðu deilur um hvort yfirleitt væri hægt að ráðast í slíka þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem ekki hefðu verið settar neinar sérstakar reglur af hálfu löggjafans um framkvæmd þeirra.

Ég og þeir sem þetta mál flytja, raunar stjórnarandstaðan öll, vorum alfarið þeirrar skoðunar að nægileg fyrirmæli væri að finna í stjórnarskránni um hvernig bæri að standa að slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu. Deilur stóðu um tíma. Við sem töldum að fyrirmælin væri að finna í stjórnarskránni vísuðum til 26. gr. þar sem segir efnislega að slík þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram svo fljótt sem auðið er.

Sömuleiðis vísuðum við til þeirrar staðreyndar að í 11. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem fjallað er um lausn forseta frá embætti samkvæmt ákvörðun Alþingis, væri talað um ákveðinn tímafrest sem menn hlytu að hafa til hliðsjónar við framkvæmd af þessu tagi. Sömuleiðis spunnust deilur um hvort unnt væri að setja einhvers konar reglur um lágmarksþátttöku eða aukinn meiri hluta.

Stjórnarandstaðan var því alfarið mótfallin. Það var hún með vísan til þess að í þeim greinum, sem ég hef drepið á í stjórnarskránni, koma líka fram ákveðin fyrirmæli, t.d. varðandi staðfestingu þjóðarinnar á ákvörðun Alþingis um breytingu á lögum um kirkjuskipan. Sömuleiðis eru þau ákvæði fortakslaus í þeirri grein stjórnarskrárinnar sem fjallar um lausn forseta. Þar er talað um einfaldan meiri hluta.

Herra forseti. Til að taka af öll tvímæli um þetta mál höfum við flutt sérstakt frumvarp til laga sem ég mæli hér fyrir. Það fjallar að meginefni til um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna samkvæmt stjórnarskrá. Þá er eingöngu vísað til þeirra þriggja greina stjórnarskrárinnar þar sem bókstaflega er talað um að í ákveðnum tilvikum skuli ráðist í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þeir sem þetta frumvarp flytja ásamt mér, formanni Samfylkingarinnar, eru hv. þingmenn, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, og jafnframt þingflokksformenn þessara þriggja flokka: hv. þm. Ögmundur Jónasson, Magnús Þór Hafsteinsson og Kristján L. Möller, sem í forföllum Margrétar Frímannsdóttur, þingflokksformanns Samfylkingarinnar, var einn af meðflytjendum málsins.

Eins og hv. þingmenn muna eftir úr rökræðum sumarsins eru það þrjár greinar sem fjalla sérstaklega um að við tilteknar aðstæður skuli gripið til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í fyrsta lagi, herra forseti, er fjallað um það í 11. gr. með hvaða hætti þjóðin skuli staðfesta ef forseti er leystur frá embætti áður en kjörtíma hans lýkur samkvæmt ákvörðun Alþingis. Þar er mælt fyrir að staðfestingin þurfi að hljóta samþykkt meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu. Sömuleiðis er þar fortakslaust kveðið á um að slík þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram innan tveggja mánaða.

Í 26. gr. stjórnarskrárinnar er það ákvæði sem deilurnar í tengslum við fjölmiðlalögin fjölluðu hvað mest um, málskotsréttarákvæðið. Þar segir efnislega, herra forseti, að ef forseti lýðveldisins synji staðfestingar lagafrumvarpi sem Alþingi hefur samþykkt þá fái það að vísu lagagildi en hins vegar er kveðið á um að frumvarpið skuli leggja, svo fljótt sem kostur er, undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar.

Þriðja ákvæðið sem tekur á þjóðaratkvæðagreiðslu er 79. gr. Þar segir að ef Alþingi samþykki breytingu á kirkjuskipan ríkisins skuli leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar.

Eins og fram kemur í efnislegri rakningu minni á þessum þremur ákvæðum má segja að ekki sé að finna skýr fyrirmæli um tímaramma og meiri hluta nema í 11. gr. Að mínu viti eru þau hins vegar ákaflega skýr. Í 26. gr. þar sem fjallað er um málskotsréttinn er einnig sagt að atkvæðagreiðslan skuli fara fram svo fljótt sem auðið er.

Okkur sem flytjum þetta frumvarp blandast ekki hugur um að með vísan í 11. gr. kemur fram hugur stjórnarskrárgjafans á sínum tíma. Við teljum að ekki hafi verið nein áhöld um með hvaða hætti hefði átt að taka á þessu máli á sínum tíma. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, og við sem málið flytjum, að það beri ekki að láta þær deilur og úfa sem þá risu meðal þjóðarinnar og inni á þingi um þessi tilteknu atriði hafa áhrif á meðferð þessa frumvarps. Hér er reynt að taka af tvímæli og því er meginefni þessa frumvarps í reynd um þjóðaratkvæðagreiðslur samkvæmt stjórnarskránni.

Í frumvarpinu er lagt til að lagaákvæði um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu, sem mælt er fyrir á þeim þremur stöðum í stjórnarskránni sem ég nefndi, verði felld inn í lög um kosningar til Alþingis. Um kosningarnar gildi almennt ákvæði laga um kosningar til Alþingis með þeim frávikum þó sem gerðar eru tillögur um í frumvarpinu. Frumvarpið gerir ekki tillögur um annað en það sem er algjörlega óhjákvæmilegt vegna þjóðaratkvæðagreiðslna, samkvæmt 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar, 26. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar. Flutningsmenn leggja til að þessi ákvæði verði öll í nýjum kafla sem bera skuli yfirskriftina Þjóðaratkvæðagreiðslur samkvæmt stjórnarskrá.

Eins og ég sagði, herra forseti, er óþarft að fara mörgum orðum um tilefni þess að frumvarpið er flutt. Það var samið og lagt fram í kjölfar atburða sumarsins. Hins vegar hafa alltaf af og til skotið upp kollinum hugmyndir um að setja ætti í lög ákvæði um hvernig skuli standa að kosningum ef reyndi á einhver þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem hafa sjálfkrafa í för með sér þjóðaratkvæðagreiðslu. Skemmst er að minnast þess að einn flutningsmanna, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, hefur a.m.k. tvisvar sinnum tekið þetta mál hér upp á hinu háa Alþingi. Ef mig brestur ekki minni þá spurði hann, a.m.k. í annað skiptið, þáverandi forsætisráðherra,

formann Sjálfstæðisflokksins, um hvort til stæði að slá framkvæmdina í gadda með beinni lagasetningu.

Ef við förum aftar í tímann þá er skemmtilegt að rifja upp að sá sem hefur á seinni tímum verið talinn einhver mesti fræðasjóður um stjórnlög á Íslandi, prófessor Ólafur Jóhannesson heitinn, sem jafnframt var forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, flutti sem ungur þingmaður þrisvar sinnum tillögu til þingsályktunar sem fól m.a. í sér að sett yrðu lög um framkvæmd slíkra kosninga. Þessi tillaga var, að ég hygg, samþykkt, að vísu ekki með hann sem 1. flutningsmann en sem einn af þremur flutningsmönnum, árið 1969. Úr þessu varð þó ekki.

Það er athyglisvert að í greinargerð Ólafs Jóhannessonar með þeirri þingsályktunartillögu kemur fram sá skilningur sem ég hef hér fyrir hönd stjórnarandstöðunnar lagt í hvernig túlka beri þessar greinar stjórnarskrárinnar. Síðar þegar umræddur stjórnmálamaður skrifaði merka bók um stjórnlög og túlkun þeirra þá glitti í annars konar skilning, eins og við munum eftir úr umræðunni á síðasta sumri. Þetta herðir á nauðsyn þess að tekin séu af tvímæli. Það hefur verið bent á það og verið notað sem rök gegn því, t.d. síðastliðið sumar, að það kæmi til greina að forseti beitti synjunarvaldi sínu eða málskotsréttinum skv. 26. gr., að það fyrirfyndust engar reglur um hvernig slík þjóðaratkvæðagreiðsla skyldi fara fram.

Megintilgangur okkar, flutningsmannanna sex, með þessu frumvarpi er að koma málinu á dagskrá Alþingis til skoðunar og umræðu. Það er nauðsynlegt að taka skýrt fram að þetta frumvarp miðast eingöngu við ákvæði gildandi stjórnarskrár. Það er að sjálfsögðu á engan hátt bindandi um afstöðu flutningsmanna eða flokka þeirra þegar kemur að þeirri endurskoðun stjórnarskrárinnar sem er sem betur fer hafin. Rétt er að greina frá því að að mínum dómi hefur sú vinna farið vel af stað undir farsælli forustu hæstv. heilbrigðisráðherra. Þó nokkuð hafi skorist í odda með okkur forustumönnum stjórnarandstöðunnar og hæstv. núverandi forsætisráðherra við upphaf þeirrar vinnu þá liggur ljóst fyrir, og rétt að það komi fram, að formaður stjórnarskrárnefndar hefur án tvímæla lýst þeirri skoðun sinni að við endurskoðun stjórnarskrárinnar skuli ekkert undan dregið og þar sé allt uppi á borðinu og ekkert skuli hafa forgang umfram annað. Það skiptir töluverðu máli.

Frumvarpið sem við flytjum skiptist í fjórar greinar.

Í 1. gr. er að finna allar tillögurnar um fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslunnar.

Í 2. gr. er tillaga um að við 123. gr. núgildandi laga skuli bætast ný málsgrein sem taki af öll tvímæli um að kostnaður vegna þjóðaratkvæðagreiðslna, samkvæmt þeim kafla sem hér er lagt til að bætist við lögin, skuli allur greiðast úr ríkissjóði.

Í 3. gr. er síðan lagt til að heiti laganna verði breytt, eins og áður segir, og verði: Lög um kosningar til Alþingis og þjóðaratkvæðagreiðslur samkvæmt stjórnarskrá.

Þá er lagt til í lokaákvæði frumvarpsins að lögin öðlist þá þegar gildi.

Um þessi mál hafa staðið deilur. Við flutningsmenn getum vísað til röksemda gildra fræðimanna á sviði stjórnlaga fyrir því að í stjórnarskránni sé ekki að finna heimild fyrir löggjafann til að setja í almenn lög sérstök skilyrði um lágmarksþátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslu eða skilyrði um að tiltekinn fjöldi eða hlutfall kjósenda greiði atkvæði með tilteknum hætti. Af þessu leiðir að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu ræðst óhjákvæmilega af því hvernig gild atkvæði meiri hluta kjósenda falla. Stjórnarskráin gerir því ráð fyrir að einfaldur meiri hluti þeirra sem taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu ráði úrslitum.

Það kann vel að vera að það þyki eðlilegt eða sanngjarnt að meiri hluti atkvæðisbærra manna sem taki þátt í atkvæðagreiðslu ráði ekki úrslitum máls sem greidd eru um atkvæði, ekki síst með hliðsjón af því að slíkur meiri hluti getur fellt úr gildi samþykkt Alþingis. Í lögum er almennt ekki gerð krafa um að meiri hluti alþingismanna samþykki lagafrumvarp til að það fái gildi. Frá þessu eru undantekningar. Það er rétt að minna á það þegar minnst er á það ákvæði stjórnarskrárinnar að í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslu kemur það fram að í einu tilviki er þess krafist að 75% allra alþingismanna samþykki ákveðinn gjörning, þ.e. að leysa forseta Íslands frá embætti. Það kemur hins vegar alveg skýrt fram í sömu stjórnarskrárgrein að það þarf ekki annað en meiri hluta almennra kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu til þess að fella slíka samþykkt úr gildi.

Þegar menn meta hvort Alþingi geti með almennum lögum sett sérstök gildisskilyrði um úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu án sérstakrar heimildar í stjórnarskrá ber að hafa ýmislegt í huga, þar á meðal eftirfarandi staðreyndir:

Í öllum tilvikum þjóðaratkvæðis fjalla atkvæðisbærir menn um gerðir Alþingis. Í öllum tilvikum er atkvæðisbærum mönnum heimilað að fella úr gildi samþykkt Alþingis. Þegar af þeirri ástæðu er órökrænt, óeðlilegt og ósanngjarnt að Alþingi sjálft, sem atkvæðagreiðslan beinist að, geti haft áhrif á hana með því að samþykkja gildisskilyrði sem eiga sér ekki stoð í stjórnarskránni.

Þetta er grundvallaratriði, herra forseti, að mati okkar sem stöndum að þessu frumvarpi.

Þátttaka í stjórn landsins telst til mannréttinda. Það er hægt að vísa í fjölmargar greinar, alþjóðlega sáttmála sem við höfum gerst aðilar að. Ég minni á 21. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 25. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og 3. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu. Mannréttindi eru fyrir borgarana og því ber að túlka allar takmarkanir eða skerðingar á mannréttindum ákaflega þröngt sem undantekningar. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að með ákvæðum 11. gr., 26. gr. og 79. gr. stjórnarskrárinnar, þessara þriggja ákvæða stjórnarskrárinnar sem beinlínis fjalla um þjóðaratkvæðagreiðslu, er atkvæðisbærum eða kosningarbærum mönnum tryggð þau réttindi í fyrsta lagi að skera úr um lausn forseta Íslands frá embætti, í öðru lagi að skera úr um gildi laga sem forseti Íslands hefur synjað staðfestingar og í þriðja lagi að skera úr um hvort breyta skuli kirkjuskipaninni.

Í þessum ákvæðum öllum felast ákaflega mikilvæg stjórnarskrárbundin mannréttindi sem verða ekki skert nema fyrir því sé skýr heimild í stjórnarskránni sjálfri eða jafnréttháerri réttarheimild.

Við teljum að það sé óhjákvæmilegt við túlkun 26. gr. og 79. gr. stjórnarskrárinnar að hafa í huga að í ákvæðum greinanna er fjallað um þau skýlausu mannréttindi borgar-

anna að taka ákvarðanir um mikilvæg málefni sem stjórnarskráin lætur þjóðinni eftir að taka lokaákvörðun um án tillits til vilja Alþingis. Mannréttindi eru fyrir borgarana og verða ekki takmörkuð eða skert nema með skýrum réttarreglum. Regla sem takmarkar mannréttindi verður því að hafa stöðu stjórnskipunarreglu. Sem fyrr segir er enga slíka reglu að finna í stjórnarskránni. Könnun á öðrum réttarheimildum og könnun á stjórnskipunarvenjum leiðir okkur til sömu niðurstöðu. Borgararnir verða því ekki sviptir þeim stjórnarskrárverndaða rétti sínum að taka þær ákvarðanir sem stjórnarskráin mælir fyrir um í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem einfaldur meiri hluti ræður úrslitum án tillits til þátttöku.

Þetta er grundvöllur, herra forseti, þess efnis sem er að finna í þessu frumvarpi.

Ég legg til að þegar þessari umræðu lýkur verði frumvarpinu vísað til hv. allsherjarnefndar. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að menn fjalli málefnalega um frumvarpið og án þess að láta þá harkalegu atburðarás sem yfði hér upp miklar öldur meðal þjóðarinnar og inni á þingi síðastliðið sumar hafa áhrif á dómgreind sína þegar þeir meta þetta mál og taka afstöðu. Ég held að mikilvægt sé að menn skoði rólega og yfirvegað þær röksemdir sem ég hef hér flutt og er flestar að finna í greinargerð með frumvarpinu. Þá er ég sannfærður um að menn komast að sömu niðurstöðu og við sem flytjum þetta frumvarp.

[12:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við ræðum hér merkilegt mál sem fjallar um þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég vil taka fram í byrjun að ég er hlynntur þeim en þó þannig að þjóðin sjálf geti sett slíka atkvæðagreiðslu í gang en ekki einn maður, þó að hann sé forseti Íslands.

Það sem ég vildi ræða sérstaklega í frumvarpinu er liður i. (131. gr.), 3. mgr. á síðu 3: „Hafi þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar“ — þ.e. um gildi laga sem Alþingi hefur sett — „og meiri hluti atkvæðisbærra manna synjar lagafrumvarpi gildi fellur lagafrumvarpið úr gildi frá samþykkt þess á þingi og réttaráhrif þess skulu gerð að engu.“

Nú getur maður hugsað sér dæmi um lagasetningu, t.d. lagasetningu um að heimilt sé að rífa Dómkirkjuna til að hún standi ekki í vegi fyrir hraðbraut sem borgarstjórn Reykjavíkur er búin að samþykkja og er komin að dyrum kirkjunnar og mikið liggur við að þær framkvæmdir stöðvist ekki. Maður getur líka hugsað sér dæmi um að samþykkt hafi verið á Alþingi að menn geti gengið yfir á rauðu ljósi í staðinn fyrir grænu og að bannað sé ganga yfir á grænu. Svo taka lögin gildi með fyrirvara um samþykkt þjóðaratkvæðagreiðslunnar og menn neyðast til að fara að lögunum og verða að gera það vegna tímaskorts eða annars. Síðan segir í frumvarpinu að þetta skuli vera ógilt, þ.e. menn eru settir í ómögulega stöðu. Þeir geta ekki farið að lögunum en verða kannski að gera það og síðan þegar þjóðaratkvæðagreiðslan fellir lögin úr gildi falla þau úr gildi frá upphafi, frá því þau voru sett og þeir verða sekir. Þarna lenda menn í mjög mikilli réttaróvissu. Á að rífa Dómkirkjuna eða á ekki að rífa hana o.s.frv.?

[12:22]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hugsanlegt að ég hafi ekki séð ljósið í myrkviðum ræðunnar sem hérna var flutt. Hafi ég skilið það rétt sem hv. þingmaður var að segja þá var hann að velta því fyrir sér að hugsanlega gæti það gerst að forseti lýðveldisins synjaði lagafrumvarpi sem Alþingi hefur samþykkt staðfestingar. Á tímanum frá samþykkt Alþingis og fram að því að alþingi þjóðarinnar, þ.e. þjóðin sjálf, tekur ákvörðun hefur lagafrumvarpið gildi. Á þeim tíma gætu orðið afleiðingar af samþykkt Alþingis á frumvarpinu.

Þetta er út af fyrir sig fræðilega rétt hjá hv. þingmanni. Hins vegar verða menn að sjálfsögðu að gæta hófs í málum sem þessum. Ef um væri að ræða ákvörðun Alþingis sem síðan hefði með þessum hætti verið synjað af hálfu forseta þá er alveg ljóst að það væri einungis við þær aðstæður að verið hefðu heiftarlegar deilur og mjög sterk rök borin á móti ákvörðun Alþingis.

Ég hlýt að álykta sem svo að framkvæmdarvaldið tæki nægilegt tillit til að sjá til þess að ekki væri ráðist í óhóflega framkvæmd laganna fyrr en þjóðin hefði skorið úr um gildi þeirra. Allt um það.

Við komum til móts við þetta sjónarmið og teljum reyndar að við girðum fyrir þetta með því að setja ákaflega þröngan tímaramma, þ.e. í tveimur tilvikum er talað um þrjár til fimm vikur. Ég tel, hafi ég skilið hv. þingmann rétt, að það sé því skotið byttu undir þann leka.

Að öðru leyti vil ég segja að ég er sammála hv. þingmönnum um að skapa eigi þjóðinni farveg til þess að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. En það kemur ekki í staðinn fyrir þann neyðarhemil sem málskotsrétturinn er, þó að það sé ekki endilega efni frumvarpsins.

[12:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Viðkomandi frumvarp getur verið þess eðlis að menn séu skyldaðir til að gera eitthvað alla daga sem verður svo ólöglegt ef frumvarpinu verður synjað í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þess vegna held ég að þetta verði að vera þannig að lögin gildi þann tíma frá því að Alþingi samþykkti þau og þau voru birt og þar til þjóðaratkvæðagreiðslan fellir þau úr gildi. Annars myndast ópolandi réttaróvissa.

Það er annað sem ég vildi koma inn á líka. Nú er það svo að frá og með atburðum sumarsins verða forsetar í framtíðinni væntanlega allir pólitískt kosnir. Þeir munu væntanlega fylgja þessu fordæmi og það gæti komið upp sú staða að forseti framtíðarinnar væri á öndverðum meiði við meiri hluta Alþingis og synjaði lagafrumvörpum staðfestingar í gríð og erg. Jafnvel lagafrumvörpum sem þjóðin hefur ekkert mikinn áhuga á. Ég minni t.d. á frumvarpið um tannsmiði. Forsetinn gæti verið fyrrverandi tannsmiður, sá forseti sem þá verður, og hann synjar því frumvarpi samþykktar og þjóðin hefur engan áhuga á því. Þá má segja að hann sé kominn með heilmikið vald því að hagsmunaaðilarnir munu smala í kosninguna og ná kannski 5% og 7% þjóðarinnar greiða atkvæði. Með þessum hætti gæti lítill meiri hluti hagsmunaaðila náð meiri hluta í þjóðaratkvæðagreiðslu um málefni sem þjóðin hefur lítinn áhuga á. Þá er forsetinn farinn að fá ansi mikið vald.

[12:27]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Með röksemdafærslu af þessu tagi finnst mér menn vera að seilast um hurð til lokunnar. Mér finnst eins og hv. þingmaður sé að reyna að tína til fjarstæðukennd dæmi til að varpa rýrð á málskotsréttinn. Ég er honum algerlega ósammála um að staða sem þessi gæti komið upp. Ég vísa til þess að þetta ákvæði hefur ekki verið notað nema einu sinni í allri sögu lýðveldisins. Og ég vísa t.d. til þess að það er að nokkru leyti sambærilegt, að það er svona ákvæði í Danmörku sem er þannig að minni hluti danska þingsins, þriðjungur þingmanna, getur vísað til þjóðaratkvæðagreiðslu lagafrumvarpi sem þingið hefur samþykkt innan fimm daga frá samþykkt þess. Ef hv. þingmaður skoðaði hvernig það hefur verið notað kæmist hann að raun um að það er ákaflega spart farið með rétt af þess tagi. Hvers vegna? Vegna þess að sá minni hluti á þingi sem færi ósparlega með slíkt dæmdi sig fljótt ótrúverðugan.

Forseti sem beitti, eins og hv. þingmaður orðaði það, málskotsrétti „í gríð og erg" mundi mjög fljótt missa trúverðugleika og traust og þegar í stað ef um væri að ræða einhver minni háttar mál sem þjóðin skiptir sér ekki af eða teldi í lagi eða teldi ekki skipta máli. Ég held að slíkur forseti ætti ekki langa eða farsæla daga fyrir höndum í forsetatíð sinni. Ég vísa til þess að þingið hefur samkvæmt stjórnarskrá ákveðinn rétt í þessu máli líka. Ég bendi hv. þingmanni á 11. gr. stjórnarskrárinnar þar sem talað er um að þrír fjórðu hlutar alþingismanna geti veitt lögkjörnum forseta lausn frá störfum áður en tími hans er útrunninn ef eitthvað gerist. Ég tel að við svona aðstæður hlyti slíkt að koma upp.

[12:29]

Útbýting:

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, 627. mál, fsp. DrH, þskj. 945.

[12:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þarf ekki miklu efnislega að bæta við prýðilega framsöguræðu 1. flutningsmanns, hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, fyrir þessu frumvarpi okkar formanna stjórnarandstöðuflokkanna og formanna þingflokka sömu flokka. Það eru aðeins nokkur atriði í kringum þetta mál sem ég vil koma hér lítillega inn á.

Í fyrsta lagi er það umhugsunarverð staðreynd að engin ákvæði hafa verið í lögum um framkvæmd kosninga, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna samkvæmt þeim þremur mismunandi ákvæðum stjórnarskrárinnar sem gera ráð fyrir því að slíkar þjóðaratkvæðagreiðslur geti farið fram í framhaldi af því í fyrsta lagi að Alþingi ákveði að víkja forseta frá störfum, í öðru lagi að forseti sjálfur beiti málskotsrétti sínum og synji lagafrumvarpi staðfestingar og í þriðja lagi ef Alþingi ákveður að gera breytingar á kirkjuskipaninni.

Ég hef nokkrum sinnum á umliðnum árum, eins og kom reyndar fram í ræðu framsögumanns minnt á þetta mál og innt eftir því hvort menn sæju ástæðu til að undirbúa ákvæði og setja í lög ákvæði sem væru til staðar í þessum efnum. Ég lagði m.a. fram fyrirspurnir og innti hæstv. þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, eftir þessu, að ég hygg, í tvígang á síðasta kjörtímabili. Ég hef ekki gert það vegna þess að ég teldi það sérstakt vandamál ef á það reyndi að setja reglur og framkvæma slíka kosningu og auðvitað er fráleitt að halda því fram að Alþingi á hverjum tíma væri ekki þeim vanda vaxið að koma þá saman og taka nauðsynlegar ákvarðanir um framkvæmd þeirrar kosningar. Ég hef fremur gert þetta vegna þess að það hefur af og til heyrst það sjónarmið og menn hafa af og til notað þau rök, kannski vegna skorts á öðrum frambærilegri, að benda á það að ekki væru til staðar þessi ákvæði um framkvæmd kosningarinnar til marks um að í reynd væri ekki reiknað með því að á þetta gæti reynt. Því er ég og hef alltaf verið ósammála. Fyrir mér hefur aldrei leikið neinn vafi á því að málskotsréttur forsetans samkvæmt 26. gr. er virkt ákvæði. Menn geta haft á því allar þær skoðanir og allt það mat sem þeir vilja, að menn hafi talið ólíklegt að þessu yrði beitt o.s.frv., en það er bara hvergi að finna því neina stoð í orðanna hljóðan sjálfri í stjórnarskránni né neinum lögskýringargögnum sem henni fylgja að þessi réttur hafi ekki frá byrjun verið hugsaður sem virkur og raunhæfur möguleiki.

Nákvæmlega sama gildir um ákvæðin um að víkja forseta frá embætti eða gera breytingar á kirkjuskipaninni. Dettur einhverjum heilvita manni í hug að sökum þess að út af fyrir sig hefur vantað kannski nákvæmari ákvæði um framkvæmd þeirrar kosningar að þar með hafi aldrei verið gert ráð fyrir því að það gæti komið til breytinga á kirkjuskipaninni? Nei, væntanlega ekki. Og ef það slys yrði nú sem við skulum vona að aldrei verði og hefur svo sannarlega ekki reynt á hingað til, að forseti lýðveldisins lenti þannig út af sporinu að meiri hluta Alþingis sýndist óhjákvæmilegt að víkja honum frá embætti, dettur þá einhverjum í hug að þá væri það ákvæði bara óvirkt af því að ekki stæði einhvers staðar í kosningalögum nákvæmlega hvernig sú kosning ætti síðan að fara fram? Auðvitað ekki, auðvitað hefur þessi málflutningur aldrei staðist þegar betur er að gáð. Ég hygg að miklu nær sé að líta svo á að menn hafi litið á það sem tiltölulega einfalt tæknilegt úrlausnarefni að taka þá nánari ákvörðun um framkvæmd þeirra kosninga rétt eins og menn gerðu t.d. þegar þeir stofnuðu lýðveldið og komu hér saman á þingi og voru ekki lengi að afgreiða ákaflega skýrar reglur um hvernig sú kosning færi fram og lögfestu meira að segja kjörseðilinn sjálfan um það hvort menn samþykktu eða samþykktu ekki stofnun lýðveldisins til nánari fyllingar á þeim lögum sem í gildi eru hvort eð er um kosningar til Alþingis, um kosningar til sveitarstjórna og í ljósi þess að almennar kosningavenjur eru tiltölulega sterkar og hefðarhelgaðar hefur það aldrei verið neitt vandamál að mínu mati að útfæra þessi ákvæði og gera þær ráðstafanir sem gera þyrfti þó að skyndilega kynni að reyna á einhvern af þessum þremur möguleikum sem stjórnarskráin býr yfir og kallað geta fram þjóðaratkvæðagreiðslur um annaðhvort ákvarðanir Alþingis sjálfs eða ákvörðun forseta lýðveldisins.

Frumvarp okkar er, eins og hér var farið ágætlega yfir áðan, skýrt og einfalt. Það lögfestir almennar kosningareglur, almennar hefðir sem framkvæmd þegar á einhver af þessum tilvikum reynir, sem sagt á 11., 26. eða 79. gr.

stjórnarskrárinnar.

Varðandi umræður sem hér spruttu upp á liðnu sumri, og voru fyrst og fremst sprottnar upp úr herbúðum ríkisstjórnarflokkanna í framhaldi af ákvörðun forsetans 2. júní síðastliðinn, um að rétt gæti verið að áskilja sérstaklega með ákvæðum um lágmarksþátttöku í kosningunni eða að tiltekinn lágmarksmeirihluti samþykkti afstöðu — það sem kallað er ýmist þröskuldar eða girðingar — má auðvitað margt segja. Í greinargerð með þessu frumvarpi og í framsöguræðu 1. flutningsmanns var farið mjög rækilega yfir það að ekki verða sótt í stjórnarskrána sjálfa né alþjóðasamninga grundvallarmannréttindaákvæði né neitt annað slíkt, í raun ekki nein stoð, fyrir því að gera slíkt. Spurningin er því eingöngu þessi: Er mögulegt að það sé heimilt að áskilja eitthvað slíkt? Það er hin rétta spurning hér því að svarið við hinni spurningunni liggur ljóst fyrir og þar er spurningin þessi: Er ekki hafið yfir vafa að það að lögfesta einfaldar, almennar kosningavenjur, sem sagt að meiri hluti greiddra atkvæða þeirra sem þátt taka í kosningunni ráði, er ekki hafið yfir vafa að það standist? Og svarið er jú. Það er hafið yfir allan vafa. Ekki mun finnast á byggðu bóli lögfræðingur sem vefengir það að ef Alþingi ákveður einfaldlega að láta einfaldan meiri hluta þeirra sem þátt taka í kosningunni ráða úrslitum þá stenst það. Það er framkvæmd sem er hafin yfir vafa. Menn geta haft þá skoðun, þá pólitísku skoðun að æskilegt væri að þetta væri öðruvísi af einhverjum ástæðum, t.d. með hliðsjón af mikilvægi málsins eða með hliðsjón af því að í tveimur tilvikum af þremur getur þetta snúist um að staðfesta eða synja ákvörðun Alþingis, réttkjörinnar löggjafarsamkomu í fulltrúalýðræðisfyrirkomulagi, að þess vegna væri ástæða til að áskilja þarna um tiltekna lágmarksþátttöku eða tiltekinn meiri hluta. En það er þá bara pólitísk skoðun sem menn hafa og má ábyggilega færa rök bæði með og á móti slíku og lagalega úrlausnaratriðið er hvort slíkt sé yfir höfuð heimilt. Ef menn vilja vera öruggir, ef menn vilja ekki taka áhættu þá er niðurstaðan skýr, þá er hún einfalda reglan sem er hafin yfir vafa og á því er byggt hér.

Þannig liggur þetta mál og þannig lá það í sumar augljóslega að allar tilraunir manna til að reyna að kynda upp umræðu um nauðsyn þess að setja þarna inn þröskulda og girðingar voru í raun tilraunir til að flækja málin, tilraunir til að skapa óvissu þegar einföld leið sem var hafin yfir vafa og án nokkurrar óvissu var í boði. Og hún er hér. Og þannig er nú venjan í lýðræðislegum stofnunum, lýðræðislegum samkundum nema eitthvað annað sé sérstaklega ákveðið og að það sé skýrt að heimilt sé að ákveða það. Þá ræður einfaldur meiri hluti þeirra sem taka þátt í kosningunni, þeirra sem vilja nýta rétt sinn til að kjósa og taka afstöðu. Þetta er grundvallarregla lýðræðisins í heiminum. Þetta er nú einu sinni grundvallarregla lýðræðisins í heiminum, þessa fyrirkomulags og menn verða að hafa ærið mikið nesti í malnum ef þeir ætla sér í það ferðalag að fara að tala sérstaklega fyrir einhverju öðru. Þetta vil ég nú segja um þennan þátt málsins.

Varðandi þá staðreynd að þetta frumvarp gengur eðli málsins samkvæmt út frá ákvæðum gildandi stjórnarskrár gætu menn sagt sem svo: „Já, en er ekki hafin endurskoðun á stjórnarskránni sem að hluta til tekur til ákvæða sem hér eiga undir, samanber orðalag í skipunarbréfi þeirrar nefndar að hún skuli einkum líta til ákvæða I., II., og V. kafla stjórnarskrárinnar, sem reyndar fjallar um dómstólana og þarf ekki að ræða um hér?“ Þetta er rétt. En það orðalag er nú svona, þ.e. einkum, og það liggur þegar fyrir í gegnum yfirlýsingar formanns stjórnarskrárnefndarinnar og þá fundi sem þar hafa þegar verið haldnir að út af fyrir sig er ekkert út af borðinu í því og þetta starf gæti tekið til hvaða ákvæða sem er í stjórnarskránni.

Einhverjir kynnu þá að segja: „Já, en er þá ekki rétt bara að bíða eftir því að slíku starfi ljúki?“ Um það vil ég segja að ég held að það geti aldrei verið nema af hinu góða að menn ljúki nú, þó seint sé, því verki að lögfesta í kosningalögum einföld og skýr ákvæði um það hvernig svona kosningar skuli fara fram ef á þetta reynir. Þau bíða þá þar og eru til staðar og verður eftir atvikum einfalt að breyta þeim ef til þess kemur og ef þess þarf því að nú er enginn sem segir að endurskoðun stjórnarskrárinnar — það starf sem þar er rétt nýhafið — leiði til þess að á þessu þyrfti að gera neinar breytingar. Það hefur t.d. ekki sérstaklega verið rætt um það að það starf tæki til þess að endurskoða ákvæði stjórnarskrárinnar um kirkjuskipunina. Segjum nú að þau standi óbreytt og segjum að ákvæðin a.m.k. um mögulega brottvikningu forseta úr embætti samkvæmt 11. grein standi óbreytt. Nú, þá eru þar til staðar kosningalög, skýr ákvæði, og Alþingi verður ekki lengur sakað um þá vanrækslu að hafa ekki sinnt þeirri skyldu sinni að fylla þarna inn í. Auðvitað verður að viðurkenna að það má alveg kalla það vanrækslu af hálfu Alþingis á liðnum árum og áratugum að hafa ekki fyllt inn í þessi ákvæði. En ég lít ekki á það sem neina alvarlega yfirsjón, alvarlega vanrækslu og ég lít ekki á og hef aldrei litið á að það væri neitt sérstakt vandamál þó að manna biði það, ef til þessa kæmi, að koma saman og taka nauðsynlegar ákvarðanir, einfaldar ákvarðanir um þetta mál. Annað eins gera menn.

Varðandi 26. greinina þá er það vissulega rétt og í raun eru bæði 11. og 26. gr. undir í þeim skilningi að þær tilheyra I. og II. kafla stjórnarskrárinnar og gætu auðvitað hugsanlega tekið breytingum. En mér finnst afar ólíklegt annað en að það kæmu þá í staðinn einhver sambærileg ákvæði sem kölluðu á skýran farveg í kosningalögum um hvernig svona kosningar færu fram. Menn skulu ekki útiloka þann möguleika að niðurstaðan verði fyrst og fremst viðbótarákvæði um möguleika þjóðarinnar sjálfrar til að kalla til sín mál og setja þau í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá yrði ákaflega einfalt að bæta við þennan nýja kafla kosningalaganna, þennan nýja XXIV. kafla um þjóðaratkvæðagreiðslur samkvæmt stjórnarskrá. Sennilega dygði ein málsgrein sem bætti inn í þjóðaratkvæðagreiðslu sem færi fram í kjölfar slíks, þ.e. að þjóðin sjálf, t.d. einhver sem væntanlega yrði þá einhver lágmarkshluti kosningabærra manna í landinu, gæti með undirskriftum sínum krafið mál í þjóðaratkvæði. Einnig í því tilviki mundi því svona vinna gagnast mönnum vel. Það varð alla vega niðurstaða okkar flutningsmanna þessa frumvarps að í ljósi nýliðinna atburða og með vísan almennt til stöðu þessara mála og þess að aldrei hefur verið gengið frá ákvæðum um svona kosningar, væri rétt að drífa í því. Ég segi nú ekki að drífa í því. Það er sjálfsagt mál að skoða þetta yfirvegað og rólega og þarf

ekki að vera með neinn asa í þeim efnum. En hér liggur þetta sem sagt fyrir í frumvarpsformi tiltölulega skýrt og ætti mönnum ekki að vera neitt sérstakt að vanbúnaði að ganga frá þessu.

Frú forseti. Ég held að ég sjái ekki ástæðu til að hafa um þetta mikið fleiri orð. Auðvitað má velta því fyrir sér hvernig best sé að Alþingi vinni að máli af þessu tagi. Oft hafa verið kosnar sérnefndir sem hafa tekið slík frumvörp, þó að ekki sé um stjórnarskrárbreytingu að ræða í þessu tilviki heldur kosningalagabreytingu þá hafa þær oft verið meðhöndlaðar á sérstakan hátt í meðförum þingsins og gæti vel komið til greina í þessu tilviki. Eins er að sjálfsögðu upplagt að Alþingi eða viðkomandi sérnefnd hafi samband við þá nefnd sem vinnur að endurskoðun stjórnarskrárinnar og beri sig saman við hana þó ekki sé um stjórnlagabreytingu að ræða, tillögu til slíks, heldur einfalda breytingu kosningalaga sem ekki kallar á endurtekið samþykki Alþingis, þjóðarinnar o.s.frv. Engu að síður tengist þetta enda verið að útfæra ákvæði sem snúa alfarið að kosningum sem framkallast á grundvelli mismunandi ákvæða stjórnarskrárinnar.

Ég bind því vonir við að menn taki á móti málinu af velvilja og með því hugarfari að ýta því ekki út af borðinu heldur skoða það vandlega og komast til botns í því, helst fyrir vorið, hvort ekki sé skynsamlegt að lögfesta ákvæðin. Þar með er a.m.k. sá hluti þrætunnar úr sögunni sem upp hefur komið í umræðum um þann möguleika að á slíkar kosningar gæti reynt og heldur betur og sannanlega í það eina skipti sem það hefur gerst, þ.e. í framhaldi af ákvörðun forsetans í júnímánuði sl.

Þá þurfa menn ekki að fara í þann þátt málsins að engar reglur séu til um hvernig eigi að gera þetta, þá lægi það fyrir. (**Gripið fram í:** Hver hélt því fram?) Því hefur iðulega verið haldið fram, hv. þingmaður. (**Gripið fram í:** Af hverjum?) Ja, það hefur iðulega verið sagt hér. Ég man t.d. að núverandi hæstv. forsætisráðherra, þáverandi hæstv. utanríkisráðherra margnotaði þetta sl. sumar, sérstaklega til marks um að mönnum hefði aldrei til hugar komið að á þetta mundi reyna. Til marks um að Alþingi hefði aldrei séð ástæðu til að setja reglur þar um — sem er auðvitað enginn málflutningur, engin rök. (Gripið fram í.) Nei, nei, það er til þessa sem ég var að vísa, að þá þurfa menn ekki að fara í þá umræðu, þá liggja reglurnar fyrir. Þær eru líka á sinn hátt viðurkenning á því og yfirlýsing um að Alþingi geri sér grein fyrir að ákvæðin eru virk, þau eru gild — nema hvað — þau standa í stjórnarskránni. Bíddu, halda menn að það geti verið að einhver hluti stjórnarskrárinnar sé bara dauður og ómerkur bókstafur? Það held ég ekki. (Gripið fram í.) Ekki þegar um raunverulegar heimildir af þessu tagi er að ræða, raunverulega atburði. (Gripið fram í.) Það er ekki sambærilegt, hv. þingmaður. Ég held að það verði ekki sagt um neitt af þessum tilvikum að neins staðar sé að finna stoð fyrir því að ákvæðin séu með einhverjum hætti ógild eða óvirk, dauður bókstafur, það er fráleitt. Allt þetta getur augljóslega gerst. Það er fræðilegur möguleiki og þar með getur það gerst. Þar með ber okkur að líta svo á að þetta séu gild, lifandi ákvæði sem varða forsetann og embætti hans, varða málskotsréttinn í 26. gr. og kirkjuskipanina í 79. gr.

[12:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Í 21. gr. stjórnarskrárinnar stendur: „Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki."

Ég man ekki til þess að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi dregið forseta lýðveldisins til ábyrgðar fyrir innrásina í Írak sem sett var í gang til að setja Saddam Hussein forseta af. Ef ákvæðið er gilt ætti að snúa sér til forseta Íslands með ábyrgðina. En ákvæðið er ekki gilt eins og fjöldamörg önnur ákvæði stjórnarskrárinnar sem varða forsetann. Þau eru öll tekin úr sambandi með því að forseti lætur ráðherra framkvæma vald sitt og margir töldu að 26. gr. væri líka tekin úr sambandi.

Það að menn skuli hafa vísað til þess að Alþingi hafi ekki séð ástæðu til að setja lög af því að 26. gr. væri tóm eins og 21. gr. stjórnarskrárinnar er allt annað en að segja að menn noti það sem rökstuðning að lögin hafi ekki verið sett, þess vegna gildi stjórnarskráin ekki. Það er allt annað. Stjórnarskráin er að sjálfsögðu miklu sterkari en lagasetning frá Alþingi og þó að Alþingi setji ekki lög í samræmi við ákvæði í stjórnarskránni gildir ákvæðið engu að síður. Að stjórnarskránni hafa þingmenn svarið eið.

Mig langar til að spyrja hv. þingmann: Ef forsetinn vinnur með minni hluta Alþingis og verður pólitískt kjörinn, frá og með atburðum sumarsins, og verður aldrei settur af getur hann hafnað lögum frá Alþingi í gríð og erg, trekk í trekk. Og þegar þjóðin er orðin leið á öllum þjóðaratkvæðagreiðslunum getur þátttakan farið niður í 10% og þá þarf ekki nema 6% þjóðarinnar til að fella lög úr gildi sem meiri hluti Alþingis — sem kosinn er af þjóðinni — hafði samþykkt, samkvæmt frumvarpinu. Þá er spurningin: Er það réttlátt?

[12:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Röksemdir hv. ræðumanns halda ekki því að við vitum alveg hvernig þetta er vaxið með orðalag stjórnarskrárinnar að forseti hafi valdið og láti ráðherra framkvæma það. (Gripið fram í.) Nei, nei, þar kemur að því. Síðan er það útfært í stjórnarskránni og liggur fyrir í formi mjög vandaðra lögskýringa sem ég held að séu hafnar yfir deilur, að í nánar skilgreindum tilvikum felur forseti ráðherrum að framkvæma framkvæmdarvald sitt. Hann er ábyrgðarlaus á þeim tilteknu stjórnarathöfnum en ekki öðrum þar sem hann hefur raunverulega valdið. Það er ákaflega langsótt lögskýring sem hrundi þegar farið var yfir þessa hluti í sumar, að blanda ætti 26. gr. saman við ákvæði af því tagi sem er að finna í 21. gr., að forseti geri samninga við önnur ríki og annað í þeim dúr. Það liggur algjörlega í hlutarins eðli því hverjum á forseti að fela það vald að ákveða hvort hann synji staðfestingar lagafrumvarpi? Það er út í hött, það sér hver maður. Það vald er hjá forsetanum að sjálfsögðu. Menn hættu að ræða það í sumar sem leið og það er búið.

Þegar menn segja að einn maður hafi þetta vald verða menn líka að muna að forsetinn er þó þjóðkjörinn einstaklingur sem þjóðin hefur treyst fyrir valdinu. Þjóðin veit hvernig stjórnarskráin er og hún kýs sér forseta til að starfa samkvæmt henni. Ég held að það sé ekki nokkur ástæða til

að hafa áhyggjur af því að við munum nokkurn tíma, að óbreyttri stjórnarskrá, sitja uppi með forseta sem fari að gera sér leik að því að nota málsskotsréttinn úr hófi. Sennilega yrði þjóðin leið á því og ætli þjóðin mundi ekki fljótlega taka í taumana — með atkvæði sínu. Þegar menn segja að 10%, einhver minni hluti gæti endalaust stöðvað (Forseti hringir.) meiri hluta Alþingis af gera menn ráð fyrir að þeir sem væru því andvígir sætu alltaf heima. Hefðu þeir ekki meiri skoðun en svo á málinu?

[12:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Síðastliðið sumar birtust a.m.k. þrjár mjög merkar lögfræðilegar útskýringar á 26. gr., allar mismunandi. Ég gat fallist á hverja og einustu því þær voru svo sannfærandi, svo rökréttar. Stjórnarskráin er ekki rökrétt, því miður, það er vandamálið.

Menn hættu að ræða gildi 26. gr. vegna þess að allt í einu var búið að taka ákvörðun, forseti Íslands tók ákvörðun um að ákvæðið væri gilt. Þangað til höfðu merkir lagaprófessorar og lögspekingar talið að það væri ekki gilt og væntanlega líka allir fyrrverandi forsetar því enginn þeirra beitti ákvæðinu. Ég man eftir mjög erfiðri stöðu þegar verið var að setja lög á verkfall flugfreyja á kvennafrídeginum, sem forseti Íslands varð að skrifa undir. Þá hefur hún örugglega hugleitt hvort hún gæti beitt ákvæðinu.

Það að menn geri sér að leik, nei, ég á ekki við það. Ég á við að menn noti þetta í pólitískum tilgangi, forseti Íslands verði héðan í frá kosinn pólitískt af því að hann hefur áhrif á lagasetningu. Ég fullyrði það. Segjum að hann nái fram kjöri í krafti þeirra flokka sem seinna verða stjórnarandstæðingar á þingi. Þá vinnur hann með þeim gegn stjórninni. Ég óttast að það verði niðurstaðan.

Menn tala um að þjóðin gæti öll mætt á kjörstað. Þetta getur verið málefni sem hún hefur engan áhuga á, t.d. varðandi tannsmíði. Hver hefur áhuga á því nema tannsmiðir og tannlæknar? Málin geta því verið þess eðlis að þau risti ekki það djúpt í hugum þjóðarinnar að hún nenni að ómaka sig á kjörstað og hætta við að fara upp í sumarbústað.

[12:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Í 2. gr. finnsku stjórnarskrárinnar stendur í lauslegri þýðingu minni að fullveldið sé hjá þjóðinni. Það er ákvæði sem við þurfum að taka upp í stjórnarskrá okkar til að taka af allan vafa um hvaðan valdið kemur í samfélaginu. Það kemur frá þjóðinni.

Þar með eiga menn að venja sig á að ræða aldrei um það sem vandamál að þjóðin ákveði hlutina með lýðræðislegum hætti. Stjórnvöld sem hafa lent í því að taka ákvarðanir sem þjóðin síðan hafnar eiga ekki að skammast út í þjóðina, þau eiga að líta í eigin barm. Ákvæðið felur ekkert annað í sér en málskotsrétt forsetans og því var aldrei hugsað að vera neitt annað en að gera honum kleift, hinum þjóðkjörna forseta, að vísa málum í dóm þjóðarinnar.

Fyrir mér hefur það aldrei verið neitt vafamál að ákvæðið væri virkt. Ég bendi á að bæði núverandi og fyrrverandi forsetar hafa litið svo á og boðið sig fram undir þeim formerkjum að þeir teldu málskotsréttarákvæðin samkvæmt 26. gr. virk. Það gerði frú Vigdís Finnbogadóttir, svo mikið man ég. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti, hefði ekki tekið sér umhugsunarfrest varðandi EES-samninginn ef hún hefði talið að hún hefði alls ekki það vald að vísa honum til þjóðarinnar. Það er sönnun þess að hún leit svo á að það kæmi til greina, enda man ég vel að það var skoðun hennar og hún rökstuddi það, ef ég man rétt, strax þegar hún var í fyrsta skipti í framboði og síðar.

Sama gildir um núverandi forseta. Þegar hann var fyrst kjörinn held ég að allir fjórir forsetaframbjóðendurnir í kosningunum hafi einmitt lýst því yfir (Forseti hringir.) að þeir væru sammála um að 26. gr. væri virk.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:58]

Miðlun vátrygginga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 551. mál (EES-reglur). — Þskj. 832.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samkeppnislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 590. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 883.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 591. mál. — Þskj. 884.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Neytendastofa og talsmaður neytenda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 592. mál. — Þskj. 885.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 604. mál (dreifing blóðs og blóðhluta). — Þskj. 903.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 605. mál (fjárhagslegar tryggingarráðstafanir). — Þskj. 904.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 606. mál (almenningsflug og Flugöryggisstofnun). — Þskj. 905.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins, frh. fyrri umr.

Stjtill., 617. mál. — Þskj. 921.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna, fyrri umr.

Stjtill., 614. mál (eftirlitsstofnun og dómstóll EFTA). — Þskj. 918.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 434. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 640, nál. 946.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BjarnB, DJ, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, ÞSveinb.
26 þm. (ArnbS, ÁMM, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GÁS, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, KHG, MF, MÁ, SAÞ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 954)

Breyting á XXII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 436. mál (félagaréttur). — Þskj. 642, nál. 947.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BjarnB, DJ, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, ÞSveinb.
26 þm. (ArnbS, ÁMM, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GÁS, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, KHG, MF, MÁ, SAÞ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 955)

Breyting á IX. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 437. mál (fjármálaþjónusta). — Þskj. 643, nál. 948.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BjarnB, DJ, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, ÞSveinb.

26 þm. (ArnbS, ÁMM, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GÁS, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, KHG, MF, MÁ, SAÞ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 956)

Rannsóknarnefnd umferðarslysa, 3. umr.

Stjfrv., 236. mál. — Þskj. 939.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BjarnB, DJ, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KLM, LB, MÞH, MS, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, ÞSveinb, ÖJ.

27 þm. (ArnbS, AtlG, ÁMM, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GÁS, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, KÓ, KHG, MF, MÁ, SAÞ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 957)

Sala kristfjárjarðarinnar Utanverðuness, 3. umr.

Stjfrv., 504. mál. — Þskj. 938.

[13:39]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Örstutt. Ég ætla ekki að tefja 3. umr. en í nefndaráliti frá hv. félagsmálanefnd segir svo, með leyfi forseta:

„Jörðin Utanverðunes var gefin Rípurhreppi árið 1838 og skyldi gjöfinni varið til framfærslu munaðarlausra barna í hreppnum.“

Þetta er ekki rétt að mínu mati því að í Íslandssögu Einars Laxness segir svo, með leyfi forseta:

„Kristfé: Fé, gefið Kristi til framfærslu „guðs fátækra“ eða þeim til styrktar með öðrum hætti, sem kirkjuvaldið hvatti menn til þegar um miðja þjóðveldisöld til að gefa sér til sáluhjálpar og guðsþakka, enda þurfti ekki að greiða tíund af slíkum gjöfum.“

Við erum sem sagt að ræða um gjöf sem gefin var Kristi en ekki hreppnum. Ég vildi hafa þetta á hreinu, vegna þess að ég hef dálítinn áhuga á eignarrétti, þannig að menn viti að við erum hér í umboði Krists að selja þessa jörð.

[13:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg alkunna að hv. þm. Pétur H. Blöndal er mjög áhugasamur um fjármuni og einkaeignarrétt og ekki efa ég það að hann hefur rétt fyrir sér þegar hann vitnar í heimildir og er ég reyndar sammála hv. þingmanni. Ég gef alltaf lært það svo að það væru þeir himnafeðgar sem ættu kristfjárjarðirnar.

En þá vil ég spyrja hv. þingmann af því að hann hatast mjög við það fyrirbæri sem hann kallar fé án hirðis hvernig hann sjái fyrir sér eignarréttarsambandið í þessu tilviki og hvernig hann hugsi sér að koma verðmætunum til skila ef jörðin verður seld.

[13:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Við því er séð þar sem við erum með legat sem hirðir arð af jörðinni og fær andvirðið og hér er væntanlega um það að ræða að söluverðið verður ekki undir verðmæti jarðarinnar. Það er ákveðið legat sem er skipað af sýslumönnum minnir mig og kirkjunni, (**Gripið fram í:** Próföstum.) próföstum, sem sér um þessar eignir Jesú Krists á jörðinni. Svo er alkunna að hann mun snúa aftur.

[13:42]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er með ólíkindum, það sem við erum að ræða. Við fórum yfir þetta mál í félagsmálanefnd og þetta sjónarmið kom nú ekki fram þar. Ég tek undir að það er ansi erfitt að hugsa sér að koma þessum verðmætum í réttar hendur ef það er þannig að Jesús Kristur á jörðina, sem ég efast um í þessu tilviki.

Það er alveg ljóst að viljinn sem stóð á bak við þessa gjöf á sínum tíma þegar þessi unga kona féll frá og gaf jörðina var sá að það átti að koma verðmætunum til fátækra barna. Núna erum við sem sagt að samþykkja að selja þessa jörð og Utanverðuneslegat mun koma fjármununum til fátækra barna í Skagafirði og það verður gert með samþykki félagsmálaráðuneytisins og í samráði við sveitarfélagið.

Ég vil líka benda á, af því að hér kom hv. þm. Pétur Blöndal upp og gerði athugasemd, að hv. þingmaður hefur áður samþykkt sölu af sama tagi og veitti þá atkvæði sitt fyrir því þannig að ég vænti þess að hann geri slíkt hið sama að þessu sinni. Það hefur ekkert breyst hvorki í sambandi okkar gagnvart þessum jörðum né í sambandi okkar gagnvart Jesú Kristi síðan.

[13:44]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér finnst umræðan snúast nokkuð um að þetta hafi verið einstakur atburður að jörð hafi verið gefin í tilteknu tilfelli og með tilætluðum ástæðum. En ég hlýt að geta þess að kristfjárjarðir finnast víða um land. Þannig vill til að fjölskylda mín, afkomendur afa míns og ömmu eiga jörð sem á sínum tíma var kristfjárjörð og meðan þau leigðu þá jörð áður en þau keyptu hana fylgdu jörðinni kvaðir. Kvaðir kristfjárjarðar voru að sjá um þann aumasta og minnsta sem á þyrfti að halda. Þeir sem bjuggu slíka jörð urðu alltaf að vera tilbúnir að taka að sér þann

sem á þurfti að halda í hreppnum, veita barni eða öðrum nauðþurftabúsetu og umönnun. Það voru skilyrði kristfjárjarðarinnar.

Ég er alveg sannfærð um að það var allt löglegt þegar afi minn og amma keyptu síðan þessa jörð. En þetta er ekki eitthvað sem gerist einu sinni að jörð er gefin með góðu hugarfari og heitir þá kristfjárjörð. Þetta er algengt og þær hafa verið til fleiri í landinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, AtlG, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BjarnB, DJ, EOK, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, LB, MS, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, ÞSveinb, ÖJ.

27 þm. (ArnbS, ÁMM, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GÁS, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, KHG, MÞH, MF, MÁ, SAÞ, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 958)

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 70. mál (þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 70.

[13:46]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég er einn af flutningsmönnum frumvarpsins sem kveður á um það eftir hvaða reglum framkvæma skuli kosningar þegar upp koma mál sem tengjast því að mál eigi til þjóðarinnar að ganga vegna ákvæða í stjórnarskrá, annars vegar ákvæði 11. gr. og ákvæði 26. gr., sem frægt var sérstaklega á sl. ári og haldið um sérstakt aukaþing á sl. sumri, og hins vegar 79. gr. stjórnarskrárinnar. Verið er að leggja til hvernig fyrirkomulag kosninga um slík mál eigi að vera og finna því farveg í lögunum um kosningar til Alþingis.

Málið er sjálfsagt til komið vegna þess hve harðar deilur urðu um það á sl. ári þegar forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, synjaði lögum staðfestingar og gerði með því gilt ákvæði 26. gr. um að mál skyldi ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu til synjunar eða samþykktar. Í kjölfarið spunnust miklar deilur um hvort við hefðum almennar reglur um hvernig framkvæma ætti þjóðaratkvæðagreiðslur og hversu fljótt þær skyldu fara fram eftir því hvort verið væri að tala um 11. gr., 26. gr. eða 79. gr. Það heyrðust raddir um að setja þyrfti einhver skilyrði um þjóðaratkvæðagreiðslur, jafnvel um að eitthvað lágmark kosningabærra manna tækju þátt í þjóðaratkvæðagreiðslum o.s.frv.

Þetta er mál sem íslenska þjóðin þekkir vel og sérstaklega þingmenn og þar af leiðandi þarf ég kannski ekki að hafa um þetta langt mál. Ég geri ráð fyrir að fyrri ræðumenn í málinu, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, 1. flutningsmaður málsins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hafi farið nokkuð vel yfir það efnislega. Ég var því miður fjarverandi úr þessum sal og sat fund með Strandamönnum um vegamál og heyrði þar af leiðandi ekki mál þeirra en ég geng út frá því að þeir hafi farið af miklum vísdómi og skilmerkilega yfir málið þannig að ég þurfi ekki að endurtaka það mjög mikið.

Það er fyllilega réttmætt og eðlilegt í ljósi þess sem gerðist á sl. ári að mál sem hér er lagt fram komi til umræðu í Alþingi og fái eðlilega málsmeðferð. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt. Ég tel einnig algerlega réttlætanlegt það sem sett er í frumvarpið að framkvæma skuli slíkar atkvæðagreiðslur svo fljótt sem verða má og því eru sett ákveðin tímamörk. Jafnframt er þess getið að ef fara skuli fram önnur atkvæðagreiðsla með þjóðinni, t.d. alþingiskosningar eða sveitarstjórnarkosningar, nálægt tímamörkunum sé hægt að lengja þann tíma sem má líða þar til mál yrðu tekin til atkvæðagreiðslu og framkvæma mætti atkvæðagreiðsluna samhliða öðrum kosningum til hægðarauka og sparnaðar í fjárhagslegum útlátum. Ég held að mjög eðlilegt sé að hafa slíkt ákvæði inni. Það er óþarfi að framkvæma kosningar með örfárra vikna millibili ef svo skyldi standa á.

Hægt er að velta sér lengi upp úr deilumálum sl. sumars og því sem þar kom fram og kom upp. Auðvitað vorum við ekki sérlega sáttir við það í stjórnarandstöðunni eftir að forseti hafði synjað lögunum staðfestingar að þjóðin skyldi ekki fá að segja meiningu sína á málinu með atkvæðagreiðslu. Svo var ekki og niðurstaðan varð sú að ríkisstjórnarflokkarnir og þingmenn þeirra í hv. Alþingi drógu málið í heild sinni til baka. Síðan var stofnað til sérstaks nefndarstarfs um að endurskoða stjórnarskrána, fara yfir mjög margt í efni stjórnarskrárinnar og þó ákveðinn leiðarvísir hafi verið gefinn í bréfi forsætisráðherra hefur það komið fram í störfum nefndarinnar að að sjálfsögðu verði ekki haldið sig við þá stífu túlkun að fara bara yfir I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar, enda er fjöldamargt í stjórnarskránni sem þarf athugunar við og við sem störfum á hv. Alþingi þurfum að ná sem mestri sátt um að lenda því máli.

Það hefur oft verið deilt og ekki bara á sl. sumri um hvernig fyrirkomulag eigi að vera á því að þjóðin fái aðkomu að málum. Flutt hafa verið um það frumvörp í hv. Alþingi löngu áður en deilan kom upp sl. sumar að tryggja þyrfti í stjórnarskránni ákvæði um að tiltekið hlutfall kosningarbærra manna ætti kröfu á því að mál gengi til þjóðaratkvæðagreiðslu. Í nefnd sem Gunnar Thoroddsen veitti forstöðu á sínum tíma var m.a. vikið að því og eins í því frumvarpi sem lagt var fram af fyrrverandi hv. þm. Gunnari Thoroddsen hvernig fara skyldi með mál til að veita þjóðinni þann rétt að geta krafist þess að umdeild mál færu til þjóðaratkvæðis. Oftast nær hafa menn nefnt á bilinu 20–25% kosningarbærra manna. Ég hallast að þeirri niðurstöðu að til viðbótar við það sem nú er í stjórnarskránni um að mál geti gengið til þjóðaratkvæðis þurfi til að koma sá réttur að kosningarbærir menn geti, hafi þeir til þess vilja og getu að safna saman ákveðnum fjölda kosningarbærra manna, átt rétt á að krefjast þess að mál gangi til þjóðaratkvæðis. Í því sambandi vil ég láta þá skoðun mína koma fram að ég tel að 20% kosningarbærra manna sé nægilega

há tala til að menn geti átt rétt á því að mál gangi til þjóðaratkvæðis.

Frumvarpið sem við ræðum snýr ekki að því heldur eingöngu að framkvæmd kosninga, framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt stjórnarskrá eins og hún er nú en þar sem við ræðum þessa hlið mála og þar sem allt málið er undir í stjórnarskrárnefnd tel ég sjálfsagt að láta það koma fram að til viðbótar við þau ákvæði sem nú þegar eru í stjórnarskrá hefði ég talið að þjóðin ætti líka að eiga rétt á að geta krafist atkvæðagreiðslu um einstök afmörkuð mál.

Vissulega þarf að hafa fyrir því að fá 20% kosningarbærra manna til að skrifa undir undirskriftalista um að mál gangi til þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er ekki hrist fram úr erminni og ég hygg að menn mundu ekki leggja oft á sig þá vinnu sem því fylgir nema um væri að ræða sérstaklega heit deilumál sem skiptu þjóðina geysimiklu máli. Þetta vildi ég sagt hafa svo ég hafi upplýst hvaða skoðun ég hef á því að marka þurfi í stjórnarskránni rétt kosningarbærra manna til að fá að taka afstöðu til mála í þjóðaratkvæði sem bæri að með öðrum hætti en nú er í stjórnarskránni.

Ég vil líka vekja athygli á því, af því að við ræðum breytingar á lögum um kosningar til Alþingis, að ég hefði talið eðlilegt að skoða gaumgæfilega nokkur atriði er varða framkvæmd alþingiskosninga, einkum er varðar meðferð utankjörfundaratkvæða og eftirfylgni með því að þau skili sér, því að það er réttur kjósenda samkvæmt venjum og hefðum að ævinlega skuli reyna að sjá til þess að vilji kjósandans komi í ljós og þegar verið er að úrskurða vafaatkvæði t.d. ræður það að ef hægt er að úrskurða um hvað kjósandinn vildi skuli atkvæði að jafnaði teljast gilt. Hins vegar hefur það í framkvæmd reynst vera svo varðandi utankjörfundaratkvæðin að viljinn, þó algerlega skýr sé af hálfu kjósandans, hefur ekki endilega fengið að ráða för. Menn hafa borið fyrir sig framkvæmd umboðsmanna sýslumanns eða sýslumanna ef það hefur vantað stimpil á viðkomandi umslag eða undirskrift embættismanns og þó að allt væri klárt með kjörseðilinn og upplýsingar um kjósendur teldist slíkt atkvæði ekki endilega gilt. Við sáum það við framkvæmd síðustu alþingiskosninga að ákaflega mikill munur var á úrskurði fjölda vafaatkvæða eftir kjördæmum. Ef ég man rétt voru langflest vafaatkvæði úrskurðuð ógild í Reykv. n., miklu fleiri en í Reykv. s. eða Suðvest. sem er fjölmennasta kjördæmið og skar Reykv. n. sig algerlega úr að þessu leyti.

Ég ætla heldur ekki að láta hjá líða að láta þá skoðun mína í ljós að við í Frjálslynda flokknum vorum afar óánægð með að fá ekki endurtalningu á atkvæðum við síðustu alþingiskosningar, einkum utankjörfundaratkvæðum og vafaatkvæðum, og teljum að farið hafi verið á svig við það sem okkur fannst eðlilegt í þeirri framkvæmd. Má til sanns vegar færa og nefna dæmi um að í Danmörku t.d. skirrast menn ekki við að endurtelja þegar munar mun meiru en munaði í alþingiskosningunum síðast á milli manna og flokka.

Þetta vildi ég láta koma fram vegna þess að ég held að það sé aldrei nógsamlega ítrekað að við gætum að því meginákvæði að vilji kjósenda hvort sem er í kosningum um þau þrjú atriði sem við nefnum í frumvarpinu, 11. gr., 26. og 79. gr., eða almennt í kosningum þá þurfi að véla um það með sambærilegum hætti hver réttur manna er varðandi atkvæði sitt.

Ég ætla að lokum að lýsa því yfir, hæstv. forseti, að ég tel að núverandi framkvæmd á því að koma utankjörfundaratkvæðum til skila sé algerlega aftan úr grárri forneskju, að sá sem greiðir atkvæði hjá umboðsmanni sýslumanns eða sýslumanni þurfi sjálfur að koma atkvæði sínu á flutningabíl, mjólkurbíl, flugvél eða hvaða farartæki sem er svo það komist til skila. Ég tel það vera algerlega úrelt fyrirkomulag og hlýtur að vera eðlilegt að gera kröfu til þess í breyttum kosningalögum að sýslumannsembættið taki utankjörfundaratkvæðið og annaðhvort komi því til skila eða það sé hreinlega talið hjá embættinu og niðurstaðan send þangað sem talið er úr viðkomandi kjördæmi. Engin ástæða er til að viðhalda þessari gömlu hefð í nútímatækniþjóðfélagi með þeim upplýsingahraðbrautum sem við höfum aðgang að og minni ég á að þremur dögum eftir alþingiskosningarnar síðustu fundust þrjú atkvæði í skúffu úti á flugvelli sem áttu að komast til skila á skrifstofu Frjálslynda flokksins.

Ég tel rétt að vekja athygli á þessu þar sem við erum að opna með frumvarpinu kosningalögin og minni á að við erum að endurskoða stjórnarskrána og þar er ýmislegt að skoða þrátt fyrir upptalninguna í skipunarbréfinu sem birtist á sínum tíma.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu og vona að það færi okkur fram á veginn í átt að auknu lýðræði í landinu.

[14:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Í i-lið 1. gr. frumvarpsins segir: „Hafi þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar og meiri hluti atkvæðisbærra manna synjar lagafrumvarpi gildi fellur lagafrumvarpið úr gildi frá samþykkt þess á þingi og réttaráhrif þess skulu gerð að engu".

Lagafrumvarpið tekur sem sagt gildi þegar forseti hefur synjað staðfestingar og síðan fellur það úr gildi frá upphafi. Spurning mín til hv. þingmanns er: Ég nefndi í andsvari fyrr í umræðunni að ef menn víxluðu á rauðu og grænu í umferðarlögunum, þ.e. bannað yrði að keyra yfir á grænu og leyft á rauðu að viðlagðri refsingu, hvernig kæmi það út ef það gilti frá og með synjun forseta á undirskrift og síðan gilti það öfugt fyrir sama tíma ef þjóðin felldi slíkt frumvarp úr gildi?

Annað dæmi sem hægt er að nefna, og ég vil taka fram að ég er ekki að leggja það til sem ég er að tala um: Ef eiturlyf yrðu lögleidd í landinu og læknum gert skylt að afhenda fíklum eiturlyf að kostnaðarlausu á kostnað ríkisins að viðlagðri refsingu og síðan neitaði forseti slíku frumvarpi undirskriftar og það yrði fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu stuttu seinna, þá væru læknar orðnir eiturlyfjasalar og miðlarar sem er refsivert samkvæmt lögunum sem voru í gildi áður og ættu að gilda allan tímann. Hvernig mundi hv. þingmaður að leysa þetta? — Ég vil taka fram að ég er ekki að taka afstöðu til þess hvort eiturlyf skuli leyfð eða bönnuð.

[14:04]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er andsvar mitt sennilega því marki brennt að ég var ekki hér þegar hv. þingmaður ræddi þetta mál fyrr og ég heyrði ekki þær skýringar sem þar komu fram, hvorki frá hans hendi né annarra. Ég tel að það sem við leggjum til sé eingöngu til að reyna að gera þau réttaráhrif sem e.t.v. hafa orðið sem minnst. Það er auðvitað ekki auðvelt að taka til baka ef eitthvað hefur verið framkvæmt á tímabilinu frá því að lög öðluðust gildi og þar til þjóðaratkvæðagreiðsla hefur fellt þau úr gildi. Ég veit að hv. þingmaður veit það jafn vel og ég. Ég held að ég geti ekki svarað þessu nánar.

[14:06]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að þetta ákvæði sé rökleysa og þurfi að breyta þannig að þau lög sem forseti hefur synjað undirskriftar haldi gildi sínu þangað til þjóðin hefur fellt þau úr gildi. Annað er ekki hægt og menn verða bara að taka afleiðingunum af því. En það er þá a.m.k. þannig að menn eru ekki gerðir refsiverðir fyrir eitthvað sem var leyft áður eða öfugt.

Hv. þingmaður talaði um þjóðaratkvæðagreiðslu en hann er ekki alveg sáttur við að einn maður geti ákveðið það og enginn annar, þ.e. forseti Íslands. Hann leggur til að þjóðin sjálf geti beðið um hana. Það er í samræmi við frumvarp sem ég hef flutt á Alþingi, um afnám forsetaembættisins, þar sem ég lagði reyndar til að 25% atkvæðisbærra manna gætu krafist þjóðaratkvæðagreiðslu og þannig væri þetta vald flutt til þjóðarinnar, enda sitja bæði forsetinn og Alþingi í umboði þjóðarinnar til fjögurra ára og getur hvor um sig brugðist trausti þjóðarinnar á þeim tíma og þjóðin á þá ekki kost á að gera neitt í málinu. Hins vegar getur forsetinn synjað lagafrumvarpi frá Alþingi undirskriftar trekk í trekk.

[14:07]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Þegar við ræddum fjölmiðlafrumvarpið fyrir ári síðan og fram á sumar kvörtuðu hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar um að þeir hefðu ekki nægan tíma til að ræða málið. Það var mikið kvartað undan því og samt liðu þrír mánuðir frá því að frumvarpið var lagt fram og þangað til það átti að afgreiðast. Mönnum þóttu þrír mánuðir ekki nægur tími fyrir stjórnarandstöðuna sem hefur atvinnu af því að taka afstöðu til mála. Það dugði ekki til að mynda sér skoðun á málinu og hlusta á alla sérfræðinga og annað slíkt.

Ég er að velta því fyrir mér hvernig við getum vænst þess að hinn einstaki kjósandi taki afstöðu í flóknum málum hafandi ekki aðstöðu til að hlusta og fá til sín sérfræðinga og spyrja þá í þaula. Hvernig getur hann tekið afstöðu í svona flóknum málum á eins stuttum tíma og þjóðaratkvæðagreiðslan gerir kannski ráð fyrir. Ég held nefnilega að þjóðin framselji fullveldið, sem ég er sammála hv. þingmanni Steingrími J. Sigfússyni um að liggur hjá þjóðinni, til Alþingis til þess að Alþingi geti sökkt sér ofan í mál og tekið afstöðu til þeirra á vitrænan hátt og svo svarar Alþingi fyrir þjóðina á fjögurra ára fresti a.m.k. Fullveldið er þannig uppbyggt að þjóðin hefur það og hún veitir Alþingi það og sem fulltrúi þjóðarinnar samþykkir Alþingi lög og reglur sem þjóðin fer svo eftir.

Alþingi er kosið til fjögurra ára og forseti Íslands er líka kosinn til fjögurra ára. Forsetinn getur rofið Alþingi skv. 24. gr. Reyndar er aftur spurning um hvort það ákvæði sé ekki tómt eins og 21. gr. Flest ákvæðin í stjórnarskránni sem gilda um forsetann eru nefnilega tóm, þau hafa ekkert gildi. Ég nefni sérstaklega, og nefndi í umræðunni í morgun, 21. gr. þar sem stendur, með leyfi forseta: „Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki."

Ég man ekki til þess að þeir sem gagnrýndu herförina í Írak til að setja Saddam Hussein af hafi gert forseta Íslands ábyrgan fyrir því. Mig minnir að menn hafi gert utanríkisráðherra ábyrgan fyrir því. Samt stendur í stjórnarskránni að forseti lýðveldisins geri samninga við önnur ríki. Þetta er sem sagt tómt ákvæði, gersamlega tómt, hefur ekkert að segja. Það er þannig með mörg ákvæði stjórnarskrárinnar varðandi forsetann að þau hafa ekkert að segja og lengi vel töldu menn að 26. gr. væri eins uppbyggð þar til núverandi forseti lýðveldisins tók af skarið og tók sér þetta vald gegn Alþingi, þ.e. einn aðili sem þjóðin hafði kosið til fjögurra ára tók sér vald gegn öðrum aðila sem þjóðin hafði líka framselt fullveldisvald sitt til fjögurra ára. Það er spurning hvort er betra að einn aðili geti synjað lögum staðfestingar eða að það þurfi a.m.k. 32 til að setja lög. Ég hallast að því að betra sé að minnst 32 setji lög í landinu en einn.

Frú forseti. Í mínum huga er nokkuð ljóst að forsetakosningar framtíðarinnar munu snúast um pólitík af því að núna er orðið ljóst sem ekki var áður í hugum flestra að forsetinn er virkur þátttakandi í lagasetningu. Hann getur ráðið úrslitum um hvort mikilvæg frumvörp taki gildi eða ekki og hann getur vísað því til þjóðarinnar eftir því sem honum sýnist. Þess vegna mun hann héðan í frá verða kosinn pólitískt — hann hefur ekki verið það hingað til — og ef við setjum upp þá stöðu að hann vinni með minni hlutanum, að það gerist eftir kosningar sem ekki eru á sama tíma að forseti lýðveldisins í framtíðinni vinni með minni hlutanum á Alþingi, sé teflt fram af þeim í forsetakosningum, þá getur hann í rauninni stöðvað alla lagasetningu frá Alþingi með því að vísa henni í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort sem þjóðin samþykkir það svo á eftir. Þetta teföi alla lagasetningu. Þegar mikið verður um slíkar kosningar minnkar áhugi þjóðarinnar og þá fara litlir hagsmunahópar að geta haft áhrif á þær, segjum að þátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslu fari niður í 10% vegna þess að búið er að kjósa aftur og aftur, þá dygðu 6% þjóðarinnar til að fella lög frá Alþingi sem samt er kjörið af meiri hluta þjóðarinnar. Þetta sé ég sem stóran vankant á þetta frumvarp.

Svo er náttúrlega mikill ókostur við frumvarpið að ekki er gert ráð fyrir því að breiður meiri hluti landsmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Það getur bara einn maður gert sem kosinn var af þjóðinni til fjögurra ára og situr í fjögur ár. Svo merkilegt sem það er geta einungis 75% þingmanna sett forsetann af og það næst ekki fram, ef hann er kjörinn pólitískt og vinnur með minni hlutanum, ef minni hlutinn hefur meira en 25%. Hins vegar getur forsetinn, skv. 24. gr. lýðveldisins, rofið Alþingi. Nú vita menn ekki

hvort það ákvæði er líka tómt, menn vita ekki hvort atbeina ráðherra þurfi til að rjúfa Alþingi. Það yrði væntanlega látið á það reyna hvort hann hafi það vald að rjúfa Alþingi. Hann gæti sem sagt rofið Alþingi aftur og aftur á þeim fjórum árum sem hann situr í valdastóli þannig að ef hugsað er dálítið lengra fram í tímann með forseta sem hafa miklar stjórnmálalegar skoðanir þá held ég að þetta frumvarp sé nokkuð hættulegt.

Nú er að störfum nefnd, frú forseti, sem fjallar um stjórnarskrána og ég ætla að vona að hún taki á þeim rökleysum sem eru í stjórnarskránni þar sem stendur eitt en gildir annað, eins og t.d. með samninga við erlend ríki, og hún taki líka á því þar sem stendur að forsetinn geti rofið þing og geri það ákvæði annaðhvort fullvirkt þannig að það sé vilji manna, sem ég er mjög andsnúinn, eða taki það út. Það er óþolandi að stjórnarskráin sé þannig uppbyggð, eins og t.d. með 26. gr., að það skuli koma fram þrjú mjög flókin lögfræðiálit, frú forseti. Ég las þau öll og ég gat fallist á þau öll. Ég gat fallist á rökstuðninginn í þeim öllum. Samt voru þau þvert á hvert annað, niðurstaðan varð þvert á hvert annað. Ég legg áherslu á að sú nefnd sem um þetta fjallar reyni að gera stjórnarskrána rökréttari, skýrari og einfaldari og þannig að venjulegt fólk geti lesið hana.

[14:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður endurtók að hluta til gagnrýni sem hann hefur haft uppi fyrr í umræðunni í andsvörum, þar á meðal hvað forsetinn hafi með höndum og geri og hvað hann láti ráðherra framkvæma í sínu umboði. Um slíka hluti snýst þetta frumvarp alls ekki. Frumvarpið snýst einfaldlega um að setja inn í kosningalög útfærslu á reglum um hvernig kosning fari fram samkvæmt gildandi ákvæðum stjórnarskrárinnar ef á það reynir í einhverju af þeim þremur tilvikum sem stjórnarskráin kveður á um að slíkar kosningar þurfi að fara fram. Ef Alþingi ákveður að víkja forseta úr embætti, ef forseti beitir synjunarvaldi eða málskotsrétti samkvæmt 26. gr. og ef Alþingi ákveður að gera breytingar á kirkjuskipaninni. Annað er ekki í frumvarpinu. Mér finnst það ekki vera réttmætt að gagnrýna frumvarpið fyrir hluti sem alls ekki eru í því og aldrei stóð til að yrðu í því, eins og einhver almenn þjóðaratkvæðagreiðsluákvæði sem væntanlega kæmu fyrst inn í stjórnarskrá og yrðu þá síðar útfærð í kosningalögum.

Varðandi það sem hv. þingmaður nefndi, þó að það sé sömuleiðis í rauninni utan við efni frumvarpsins, þ.e. þau ákvæði stjórnarskrárinnar þar sem fjallað er um þingrofsvaldið, forseti setji Alþingi og rjúfi Alþingi, þá hélt ég að hv. þingmaður vissi hver hefðin og reglan eru í þeim efnum, að það er forsætisráðherra sem í reynd fer með hið svokallaða þingrofsvald. Forsætisráðherra leggur til við forsetann að þing sé rofið og kemur með bréf frá honum um samþykki hans við því og gengur svo í ræðustólinn og slítur Alþingi, stundum fyrirvaralaust eins og sagan geymir. Það þarf því ekki að vera að reyna að búa til meiri óvissu um túlkun á ákvæðum stjórnarskrárinnar en efni standa til því að í þessu efni liggur fyrir þó nokkur saga, enda þingrof allmörg frá því að Alþingi var endurreist.

[14:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Auðvitað snýst frumvarpið um stjórnarskrána vegna þess að menn leggja frumvarpið fram með fullvissu sína um að 26. gr. stjórnarskrárinnar sé gildandi. En það eru bara ekki allir á þeirri skoðun og hv. þingmenn verða því miður að viðurkenna skoðanir annarra á því ákvæði. Fyrir liggja þrjú mismunandi lögfræðiálit um þetta og ég get tekið undir hvert þeirra um sig. Eitt segir að þetta sé gilt og annað segir að það sé ekki gilt og ég man ekki eftir því þriðja hvernig það var, hvort það væri hálfgildings gilt.

En það var mjög gott sem hv. þingmaður nefndi varðandi 24. gr. stjórnarskrárinnar, að hefðir og reglur hefðu skipað ákveðna forsögu. Það er mjög gott. Vegna þess að hefðir og reglur hafa sagt okkur að 26. gr. sé ekki gild. Hún hefur aldrei nokkurn tíma verið notuð fyrr en síðasta sumar, aldrei nokkurn tíma og hefur þó oft verið ærið tilefni til varðandi lagasetningu á verkföll og verkbönn, lagasetningu á verkfallsrétt verkalýðsfélaga og lagasetningu sem menn telja að brjóti stjórnarskrá og annað slíkt, mannréttindi og ég veit ekki hvað, þannig að öll þau 60 ár sem stjórnarskráin hefur verið í gildi og þetta ákvæði var óhreyft þá tel ég að hefðir og reglur hafi sagt okkur að þetta ákvæði væri ekki gilt.

[14:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er út af fyrir sig rétt að þetta frumvarp gengur út frá gildandi stjórnarskrá og skýrum ákvæðum hennar. Út frá hverju öðru ætti það að ganga? Það er skoðun okkar flutningsmanna og ég held vonandi sem flestra að þessi þrjú ákvæði stjórnarskrárinnar sem fjalla um sérstök tilvik þegar bera skal hluti undir þjóðaratkvæði séu öllsömul skýr og þau séu að sjálfsögðu öll virk. Það er alveg ljóst að Alþingi getur gripið til þess ráðs að víkja forseta úr embætti. Það hefur sem betur fer aldrei á það reynt, aldrei verið nokkur ástæða til þess. Það er ekki þar með sagt að þó að ákvæðið hafi staðið ónotað í 60 ár sé það ekki í gildi. Jú, auðvitað. Þannig er það með fjölmörg ákvæði bæði í stjórnarskrá og lögum að á mörg þeirra reynir ýmist sjaldan eða jafnvel aldrei en þau eru áfram í gildi. Það er ekki það sama og að gömul lagaákvæði verði dauður bókstafur vegna þess að réttarþróunin og önnur lagaákvæði og framkvæmd hefur fært þau til hliðar, ekki þegar um skýr grundvallarákvæði af þessu tagi er að ræða. Og þetta jarm um að 26. gr., málskotsréttur forsetans sé ekki gildur og virkur samkvæmt þeirri grein, ég hélt að það hefði dáið endanlega í sumar því það sjónarmið einfaldlega hljóðnaði og hvarf út úr umræðunni á nokkrum sólarhringum.

Það er að vísu alveg rétt að þáverandi hæstv. forsætisráðherra, Davíð Oddsson, og hæstv. þáverandi utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, reyndu þetta aðeins í einhverja sólarhringa, að tala eins og það væri jafnvel álitamál hvort þyrfti nokkuð að taka mark á synjun forsetans en svo hættu menn því og fóru að ræða um hvernig ætti að bregðast við að synjun forsetans væri staðreynd, að forsetinn hefði þetta vald og ég held ljóst sé að það er ríkjandi sjónarmið sem verður tæplega vefengt með neinum rökum og sama gildir

um hin tvö ákvæðin. Þetta frumvarp er því í fullkomnu samræmi við gildandi stjórnarskrá og skýr ákvæði hennar sem eru lifandi og virk.

[14:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Sagt er að göfugt sé og rétt að leita sannleikans en hættulegt að hafa fundið hann. Hv. þingmaður sagði: Samkvæmt gildandi ákvæðum og skýrum ákvæðum stjórnarskrárinnar, samkvæmt gildandi ákvæðum stjórnarskrárinnar og skýrum ákvæðum hennar, þetta er túlkun hans, þetta er skoðun hans. Hann er búinn að finna sannleikann. Ég er ekki viss um þetta og ég hugsa að mjög margir séu ekki vissir um þetta. Það hefur ekkert reynt á það. Hæstiréttur hefur ekki dæmt í þessu máli sem stjórnlagadómstóll.

Það eru fjöldamörg ákvæði í stjórnarskránni sem eru tóm. Það sem gerir þau tóm er ákvæði 13. gr., með leyfi frú forseta:

„Forsetinn lætur ráðherra framkvæma vald sitt.“ Og síðan 14. gr.: „Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum.“ Svo þurfa menn að túlka hvað er stjórnarframkvæmd og hvað er vald forsetans. Er þetta vald hans að gera þetta, er þetta ekki vald hans o.s.frv.? Svona ákvæði sem taka úr gildi fullt af öðrum ákvæðum eins og t.d. það að forseti geri samninga við önnur ríki, allir Íslendingar mundu lesa það þannig að hann geri samninga við önnur ríki en það er ekki svo. Allir Íslendingar mundu lesa eftirfarandi líka: Forseti lýðveldisins getur rofið Alþingi, eins og stendur í 24. gr. stjórnarskrárinnar. Þeir mundu skilja það þannig að hann gæti rofið Alþingi. Síðan kemur hv. þingmaður og segir að það sé ekki svo. Getur ekki verið að það gildi líka um 26. gr.? (**SJS:** Einhver þarf að ... inn á þing.) Það gæti verið forseti Alþingis þess vegna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 74. mál (auglýsingar). — Þskj. 74.

[14:24]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á áfengislögum og er það flutt af hálfu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Auk mín eru flm. hv. þm. Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Þuríður Backman.

Auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar hér á landi sem kunnugt er og hefur verið svo um langa hríð. Það hefur þó aukist að framleiðendur og dreifingaraðilar áfengra drykkja reyni að koma þeim á framfæri í auglýsingum með því að nota líkar umbúðir og nöfn á óáfenga drykki sem þeir svo auglýsa. Í gögnum frá lögreglu hefur komið fram að reynslan sýni að mál vegna áfengisauglýsinga hafi reynst ákæruvaldi nokkuð erfið. Talsvert hafi verið um að áfengisauglýsingamálum sem vísað hafi verið til dóms með ákæru hafi lokið með sýknu. Ástæður þessa eru taldar vera margar en eitt af því sem nefnt hefur verið eru óljós lög eða göt í lögunum.

Markmið okkar með frumvarpinu er að reyna að loka því gati sem virðist vera á löggjöfinni þannig að framleiðendur og dreifingaraðilar geti ekki farið í kringum bannið eins og að framan er lýst.

Sú breytingartillaga sem við gerum er á 20. gr. áfengislaganna en í þeirri grein er kveðið á um bann við áfengisauglýsingum. Í 1. mgr. 20. gr. segir á þá leið að hvers kyns auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum séu bannaðar. Í 2. mgr. er nánar kveðið á um þetta og skilgreint hvað átt er við með auglýsingum en hér segir, með leyfi forseta:

„Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.“

Í 3. mgr. er komið að þeim hluta laganna sem við viljum gera viðbót við en þar segir, með leyfi forseta:

„Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.“ — Hér kemur sú viðbót sem við leggjum til, með leyfi forseta: „eða hætta á ruglingi á milli áfengu framleiðslunnar og þeirrar sem verið er að auglýsa vegna nafns á vörunni, umbúða eða annarra einkenna.“

Í greinargerð með frumvarpinu er birt skýrsla sem kom út á árinu 2001 en hún var unnin á vegum ríkislögreglustjóra og fjallaði um áfengisauglýsingar. Þar kemur m.a. fram að í Noregi taki bann við áfengisauglýsingum einnig til auglýsinga á vörum með sömu merkjum eða einkennum. Í niðurstöðu nefndarinnar er að finna tillögu um að sú leið verði einnig farin hér á landi og vilji flutningsmanna er að svo verði gert, og að löggjöfin verði hert eins og segir í skýrslunni. Ég leyfi mér að vitna í skýrslu þá sem unnin var á vegum ríkislögreglustjóra á árinu 2001, með leyfi forseta:

„Það sem vekur sérstaka athygli við norsku löggjöfina er áherslan sem lögð er á að menn geti ekki komist fram hjá banninu með því að auglýsa vöru sem heimilt er að auglýsa, en með svo sterkri tilvísan til vöru sem ekki er heimilt að auglýsa að í raun er verið að auglýsa þá vöru. Með því að auglýsa tiltekna vöru sé í raun verið að auglýsa aðra vöru. Þá virðist löggjöfin skýr og nútímaleg.“

Þetta er mergurinn málsins. Við förum þá leið sem Norðmenn hafa farið í þessum efnum. Við viljum með því koma í veg fyrir að óprúttnir menn, framleiðendur og dreifingaraðilar áfengra drykkja, noti sér göt í löggjöfinni. Ég hef stundum undrast hve óábyrgir þeir aðilar eru, að reyna að fara, í gegnum og á bak við auglýsingar, gegn augljósum vilja löggjafans í stað þess að koma hreint til dyranna og berjast fyrir breytingu á lögunum. Ég mundi virða það sjónarmið fullkomlega. Ég er andvígur því sjálfur en það væru heiðarleg vinnubrögð. Þetta eru lúalegar aðfarir, að reyna

að pranga vöru inn á fólk þvert á vilja löggjafans og bókstaf laganna. Í raun er augljóst hvað lögin segja í þessum efnum en hins vegar hefur reynslan sýnt að menn komast á bak við lögin með því að nýta sér þessi göt. Ég hef oft undrast hve óábyrgir menn hafa verið í þeim efnum. Aðilar innan þingsins hafa jafnvel verið að mæra þá aðila fyrir að brjóta landslög, þau lög sem eru sett á þinginu. En ég endurtek að ég virði fullkomlega sjónarmið þeirra sem vilja hafa allt opið og þess vegna setja brennivín í allar mjólkurbúðir landsins. Það er sjónarmið. Ég er mjög andvígur því sjónarmiði og hef verið fylgjandi því fyrirkomulagi sem við búum við. Með því móti er stuðlað að því að markaðslögmálin leiki okkur ekki grátt í þessu efni. Ber það vott um vantrú á markaðinn eða markaðslögmál? Síður en svo. Það mætti meira að segja færa rök að því að ég hefði mikla trú á markaðnum, að hann yrði duglegri við að koma brennivíni ofan í þjóðina. Það er hægt að færa rök fyrir því.

Ástæðan fyrir því að menn hafa þennan hátt á dreifingu áfengis og banni við áfengisauglýsingum er sú að löggjafinn hefur viljað draga úr áfengisneyslu í þjóðfélaginu. Það er staðreynd. Hitt er síðan annað mál, ég er fylgjandi því og hef flutt um það þingmál, að ég vil að aðgengi að áfengi og þjónusta við þá sem neyta áfengis sé góð. Ég vil hins vegar að þetta sé á hófsömum nótum og reynt að halda auglýsingaskruminu frá okkur eftir því sem kostur er. Þetta er vandrötuð leið og hægt að deila um það hvernig línurnar og vegurinn eigi að liggja en þetta eru þau markmið sem löggjafinn hefur leitað eftir hér á landi.

Hæstv. forseti. Ég held að það þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta mál, vilji okkar flutningsmanna liggi nokkuð ljós fyrir. Ég vona að málið fái hraða og góða málefnalega umfjöllun í allsherjarnefnd Alþingis og legg til að því verði vísað þangað að lokinni þessari umræðu.

[14:33]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir margt sem fram kom í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, m.a. um mikilvægi þess að lög, hvort sem það eru þau lög sem hér eru til umfjöllunar eða önnur, séu skýr og það liggi fyrir hvaða reglur gilda á hverju sviði, hvort sem það eru áfengisauglýsingar eða eitthvað annað.

Ég verð að segja að fyrir mitt leyti þá er ég ekki hlynntur þeirri stefnu eða sýn sem fram kemur í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar. Ég hef verið frekar talsmaður þess að gera tilslakanir varðandi heimildir til að auglýsa áfengi. Ég minni á það í því sambandi að um er að ræða löglegar vörur sem ríkið, af öllum aðilum, hefur einkarétt á að selja. Þetta er lögleg neysluvara hvort sem mönnum líkar hún eða ekki.

En það er eitt vandamál við þessa löggjöf og það að herða það auglýsingabann sem nú er í lögum. Hvort sem þetta frumvarp verður samþykkt eða ekki, yrði að lögum eða ekki, þá breytir það því ekki að eftir sem áður verða áfengisauglýsingar heimilar. Það er nefnilega þannig að við leyfum innflutning á erlendum tímaritum til landsins, við leyfum endurvarp á erlendu sjónvarpsefni og heimilum fólki frjálsan aðgang að netinu. Á öllum þessum miðlum eru endalausar og óþrjótandi áfengisauglýsingar. Ég velti því fyrir mér hvort hv. þingmaður telji að þetta frumvarp nái fram tilgangi sínum þegar þær heimildir til auglýsinga eru nú þegar til staðar í lögum?

[14:35]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þetta sé hárrétt ábending hjá hv. þingmanni. Lögin ná ekki tilgangi sínum að öllu leyti, einmitt vegna þeirra atriða sem hv. þingmaður bendir á. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því. Hins vegar er tekist á um það í heiminum öllum inn í hvaða farveg við eigum að stefna þessum málum. Það á við um áfengi og tóbak og það eru átök um það, bæði varðandi auglýsingar og t.d. hvar eigi að leyfa reykingar. Sitt sýnist hverjum í þessu efni.

Ég held að framtíðin verði sú að meira verði reynt að draga úr auglýsingamætti í sambandi við áfengisneyslu eða áfengis- og tóbakssölu en nú er gert. Við eigum að leggja okkar af mörkum í þeim efnum þótt hitt sé alveg rétt hjá hv. þingmanni, að með innflutningi tímarita o.s.frv. verði þetta bann ekki einhlítt. Ég er hins vegar á því að við eigum að leggja okkar af mörkum í þessu efni.

[14:37]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og ég kom að í fyrra andsvari mínu þá er ég frekar talsmaður tilslakana á þessu sviði. Ég vil heimila frekari auglýsingar en núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir. Ég tel að það væri eðlileg regla í íslenskri löggjöf að mönnum ætti að vera heimilt að auglýsa þær vörur sem löglegar eru, allar löglegar neysluvörur. Ég tala ekki um vörur sem ríkið hefur einkasölurétt á, í stað þess að búa til flóknar reglur sem ekki er hægt að framfylgja.

Ég heyri að hv. þingmaður viðurkennir þetta vandamál sem ég benti á, þ.e. að þrátt fyrir að þetta frumvarp verði að lögum þá verður það eftir sem áður þannig að á Íslandi verða heimilaðar áfengisauglýsingar en einungis í fjölmiðlum sem koma frá útlöndum. Þá vaknar spurningin: Með því að hafa fyrirkomulagið með þeim hætti, er þá ekki verið að mismuna þeim aðilum sem reka og starfrækja fjölmiðla á Íslandi og eru náttúrlega háðir auglýsingum og auglýsingatekjum í rekstri sínum? Felur þetta frumvarp og núverandi stefna, að banna íslenskum fjölmiðlum að selja auglýsingar af þessu tagi, ekki í sér mismunun gagnvart þeim? Ég get ekki betur séð en að svo sé. Af þeim ástæðum, prinsippástæðum sem ég hef rakið, tel ég að við eigum að fara aðra leið en hv. þingmenn vilja fara og heimila meira frelsi á sviði auglýsinga, þótt ég virði það sjónarmið sem fram kemur hjá flutningsmönnum frumvarpsins. Ég er bara ósammála þeim.

[14:39]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eflaust má færa rök fyrir því að þetta mismuni auglýsendum að þessu leyti eins og hv. þm. Sigurður Kári nefnir. Hins vegar særir það ekki réttlætiskennd mína. Ég verð að viðurkenna það. Ég held að við eigum að forðast að sjá heiminn um of í svart/hvítu og hugsa í svart/hvítu. Það er ráð að reyna að rýma fyrir heilbrigðri skynsemi eftir því sem kostur er.

Nú er það svo með áfengi að ég er t.d. fylgjandi því að

leyfð sé sala á áfengum drykkjum. Ég vil, eins og ég gat um áðan, að aðgengi og þjónusta í þeim efnum sé góð. Hins vegar er ekki þar með sagt að ég vilji opna fyrir grófustu auglýsingamennsku við að koma þeirri vöru á framfæri. Þar legg ég til hófsemi, að farið sé bil beggja og við höldum markaðskröftunum í skefjum hvað þessa vöru snertir. Mér finnst það vera spurning um heilbrigða skynsemi.

[14:40]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er oft rætt um að ekki eigi að mismuna vörum í samfélagi okkar. Það er eins og jafnréttissjónarmið í lok 18. aldar, alla 19. öld og allt til okkar tíma að megi snúa gagnvart vörum vegna þess að þær hafi heilagan rétt á markaði. Vel má finna ýmislegt í því sjónarmiði, að það eigi ekki að mismuna vörum, en þá spyr maður líka: Hvað eru vörur og hvað eru ekki vörur? Hverjar vörur eru það sem eiga ekki heima á almennum markaði við hlið venjulegrar neysluvöru og hvernig stendur á því að m.a. íslenska löggjöfin mismunar, og er þó jafnrétti í heiðri haft a.m.k. í orði, milli vöru og vöru?

Það er ekki þannig að það sé bara áfengi sem bannað er að auglýsa heldur gilda líka takmarkanir um auglýsingar á tóbaki. Þær gilda einnig um ólögleg vímuefni. Þær gilda um spilliefni og eiturefni af ýmsu tagi — takmarkanir sagði ég, ekki bann endilega — þær gilda um ýmis lyf og þær gilda líka um skotvopn og fleiri tegundir vopna.

Löggjafinn og almenn skynsemi í landinu hefur talið að þessir hlutir, þó að þeir gangi kaupum og sölum, séu ekki vara í venjulegum skilningi þess orðs. Menn hafa talið að þar verði að koma til, menn geta kallað það forsjárhyggju ef þeir vilja, ákveðin neytendavernd og ákveðin samfélagskennd þar sem menn taka sig saman um að hefta markaðinn vegna þeirra verndarsjónarmiða sem uppi eru um hvern af þessum vöruflokkum.

Um áfengið og önnur vímuefni hefur oft verið sagt að hægt sé að skoða þau mál út frá fjórum pólum. Menn hafa talað um aðgengi, menn hafa talað um aldursmörk, menn hafa talað um verð og menn hafa talað um auglýsingar. Ef við förum yfir áfengismálin á síðustu 10–20 árum þá er alveg klárt að aðgengi að áfengi hefur aukist. Mér þykir það ekki slæmt. Mér þótti það ekki snjallt fyrir 20 árum, að ég segi ekki 30 árum, að hafa aðgengi að áfengi eins og það var þá, að stórir hlutar landsins væru áfengislausir í orði og menn þyrftu að fara langar leiðir eða panta sér vín í pósti o.s.frv. Það var heimskulegt kerfi. Við erum sem betur fer búin að breyta því. En við höfum aukið aðgengi að áfengi með fleiri sölustöðum, fjölgun vínveitingastaða o.s.frv. og við verðum að gera okkur grein fyrir því að það hefur áhrif.

Varðandi aldurinn þá er ég er einn af flutningsmönnum frumvarps um að færa áfengiskaupaaldurinn niður í 18 ár og tel að það eigi að fylgja sjálfræði. Ég geri mér líka grein fyrir því að það skref eykur hættu á ofneyslu áfengis og eykur hættu á þeim afleiðingum sem það hefur.

Verðið er hér allhátt og nú er einmitt komin af stað í samfélaginu ákveðin hreyfing um að reyna að lækka verðið, bæði vegna þess að það er eitt það hæsta í heimi og líka vegna þess að það hrekur frá ferðamenn sem við treystum alltaf meira og meira á og eigum að gera. Ég hef ákveðna samúð með því að reyna að lækka verð á áfengi, bæði þann hluta sem ríkið tekur til sín, sem er bróðurparturinn og líka álagninguna á áfengi á stöðunum í kringum okkur, sem er satt að segja ótrúleg þegar farið er að skoða það.

Þá er einn partur eftir af þessum fjórum, þ.e. auglýsingarnar, áfengisauglýsingar, sú kynning sem menn geta keypt sér fyrir fé. Auglýsingar eru að sjálfsögðu ekki slæmur hlutur í sjálfu sér en þær eru heldur ekki góður hlutur í sjálfu sér. Það er misskilningur sem menn vaða uppi með, ótrúlegustu menn, að auglýsingar séu sérstakur vottur um tjáningarfrelsi í landinu og séu í sjálfu sér algerlega hlutlausar og beri að hafa hag auglýsenda mjög fyrir brjósti í samfélagi okkar. Auglýsingar eru eins og hver annar hlutur. Þær eru tæki á markaði sem menn kaupa sér með peningum sínum sér til framdráttar. Það er ekkert að þeim frekar en öðrum tækjum sem menn beita á markaði en við verðum að horfa á þær sem slíkar.

Varðandi auglýsingarnar höfum við líka gefið eftir, ef maður vill nota það orðalag, eða aukið veg áfengisins, tekið þá áhættu að áfengisneysla aukist og afleiðingar hennar verði verri. Það hefur gerst með því að klausan í áfengislögunum, um að kynna megi vörumerki sem séu sameiginleg áfengri og óáfengri vöru, hefur verið gróflega misnotuð. Þessi misnotkun hefur leitt til augljósra áfengisauglýsinga, dulbúinna eða ekki, þvert á lögin. Ég segi að þær gangi þvert á lögin. Ég tel það ekki fylgja anda laganna að segja að um sé að ræða léttbjór með sjö punkta letri neðst í heilsíðuauglýsingu eða að eyða í það einni sekúndu í langri sjónvarpsauglýsingu, að í raun sé hér ekki verið að auglýsa bjórtegundina Heineken eða Egils Gull heldur er það sem sé léttbjórsútgáfan sem verið sé að auglýsa meðan öllum er ljóst að svo er ekki. Þetta er ekki heiðarlegt og þetta er lögbrot.

Það er sorglegt að meðal stjórnvalda skuli vera deyfð við að framfylgja þessum lögum, við að taka fyrir brot á mjög skýrri löggjöf sem hefur að vísu einn krók sem hægt er að komast fram hjá. Það er enn þá sorglegra að hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason, og reyndar fleiri hans líkar en sérstaklega hann, virðist láta sér þetta vel líka. Þeir svara hér í ræðustól með útúrsnúningi og skætingi þegar þeir eru spurðir um þetta og segja mönnum að taka sjálfa að sér störf lögreglumanna, saksóknara og dómara þegar spurt er um hvort ekki væri vegur að reyna að framfylgja þessum lögum. Það er ákaflega undarlegt að standa í þeim sporum að þau stjórnvöld sem eiga að sjá um að lög séu haldin haldi hlífiskildi yfir lögbrotum af þessu tagi. Það er enn þá skrýtnara vegna þess að þau lögbrot sem hér er um að ræða, áfengisauglýsingarnar, eru nú kannski saklausastar gagnvart þeim sem eru komnir nokkuð við aldur og hafa mótað sér einhverjar venjur í þessum efnum, en eru hættulegastar ungu fólki, fólki sem er rétt að komast á þroskaaldur og auglýsingarnar miðast greinilega að. Það geta menn kannað með því að líta á þessar auglýsingar en þær höfða fyrst og fremst til ungs fólks með því að reyna að tengja áfengistegundina við það sem ungu fólki þykir flott og töff og það sem er sexí og það sækist eftir á því aldursskeiði.

Það er athyglisvert að þessi klausa sem nú er misnotuð kom inn um leið og bjórinn, með bjórlögunum, ég held að ég fari rétt með, sem ég þarf ekki að segja að ég tel að hafi

verið jákvætt skref á sínum tíma. Ég tel að það hafi verið fullkomin della hve lengi það undarlega ástand varði að ekki var hægt að fá bjór á Íslandi. Látum það nú vera. En klausan kom inn vegna þrýstings frá innlendum framleiðendum sem töldu það ekki viðunandi að vörumerki þeirra, á þeim bjór sem þeir framleiddu, væru lítt þekkt í því samhengi meðan flestir Íslendingar könnuðust við algengustu vörumerki á bjórtegundum í Evrópu og Ameríku. Það var kannski aldrei sagt upphátt hver væri ástæðan fyrir þessu en þetta var þannig og það upplýsist hér með í þingtíðindum fyrir sagnfræðinga framtíðarinnar. Þessi klausa átti í raun að jafna kost hinna íslensku framleiðenda á við hina erlendu. Ef menn hefðu þorað að tala upphátt um það á þeim tíma þá hefði líka verið eðlilegt að binda hana í tíma þangað til menn vissu að hér væri framleiddur bjór hjá Agli Skallagrímssyni og hjá Víkingi og hvar sem hann var nú framleiddur og er framleiddur. En það er á þessari klausu, á þeirri sögulegu tilviljun, sem menn komust fram hjá lögunum og tóku upp það auglýsingaástand sem nú ríkir.

Ég segi fyrir mig að ég er hlynntur auglýsingabanni. Ég tel að áfengi sé ekki eins og hver annar varningur, áfengi er vímuefni og á þeirri staðreynd verður öll umræða um áfengi að byggjast. Það er vímuefni og í sjálfu sér ekkert öðruvísi, betra eða skárra en önnur vímuefni sem við höfum þó bannað. Það eina sem það hefur fram yfir þau eða er öðruvísi við það er að það á sér lengri sögu í menningarheimi okkar og í hefð okkar. Það er að vissu leyti hluti menningarinnar og að sumu leyti vildi maður ekki án þess vera. En okkur hefur samt gengið ansi illa með þann litla menningarhluta, hvort sem maður talar um Evrópu sem heild eða sérstaklega um Íslendinga sem eiga sér vægast sagt ákaflega skrautlega áfengissögu og þeim mun verri sem áfengið var sterkara. Ætli aldirnar 17., 18. og sú 19. séu nú ekki hvað frægastar í því en á 20. öld höfum við orðið vör við miklar afleiðingar þess og erum í raun að fjalla um þær á hverju einasta ári, hverju einasta hausti, í fjárlögunum, þar sem milljónatugum og hundruðum er varið í að fást við afleiðingar áfengisneyslunnar.

Ég er ekki maður til að mæla á móti áfengisneyslu og ætla ekki að gera það hér en við verðum að hafa það í huga að það er ekki bara grín og gaman, glens og hlátur sem við mætum í þessum efnum.

Í öllum grannlöndum okkar eru uppi takmarkanir eða bann við áfengisauglýsingum. Ég nefni dæmi, sem ég hef áður nefnt í þessum stól, Frakkland, hið mikla vínland Frakkland, þar sem drýpur af gullnum bikurum hið rauða blóð þrúgnanna. Þar var áður fullkomið frelsi í áfengisauglýsingum. Svo er ekki lengur heldur er áfengisauglýsingum þannig varið þar að þær eru leyfðar á ákveðnum stöðum. Þær eru t.d. ekki leyfðar í sjónvarpi — slíkar auglýsingar eru þó sýndar í sjónvarpi á Íslandi — og þær eru leyfðar með þeim skilyrðum að þar komi aðeins fram mynd af umbúðum, innihaldi og vörumerki. Þeim mega fylgja upplýsingar um framleiðslustað, áfengismagn o.s.frv. Menn kannast auðvitað við að framleiðslustaðurinn skiptir verulega miklu máli í þeirri tegund áfengis sem við erum að tala um þar, sem er léttvínin. Jafnframt á að vera skýr viðvörun á öllum áfengisauglýsingum í Frakklandi og þannig er það. Þegar maður fer niður í metró í París og sér auglýst þar rauðvín sem er að koma á markaðinn eða þykir sérlega fínt og gott þá fylgir því auglýsing um að alkóhólismi sé skæður sjúkdómur sem geti eyðilagt bæði líf manna og farið illa með líffæri þeirra, enda er skorpulifur Frakka víðfræg um heiminn.

En þessar frönsku reglur, sem ég hygg að séu u.þ.b. 15 ára gamlar, í þessu formi a.m.k., líta þannig út þegar maður kemur til Íslands og ber saman við ástandið hjá okkur að áfengisauglýsingar á Íslandi, þar sem þær eru bannaðar, eru mun hamslausari en í hinu mikla vínlandi Frakklandi þar sem þær eru leyfðar með þessum ákveðnum takmörkunum. Hér komast menn upp með alla hluti. Hæstv. dómsmálaráðherra vísar eitthvert annað og er bara að æfa lögreglukórinn þegar hann á gæta að því að lögum sé framfylgt í landinu.

Ég verð að segja fyrir mig að ég er reiðubúinn að setjast yfir endurskoðun á þessu auglýsingabanni ef menn vilja það, m.a. vegna aukinnar alþjóðlegrar tengingar sem hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson nefndi réttilega. En ég vek athygli á því að alls staðar í kringum okkur er í gangi baráttа. Menn glíma við þennan vanda sem fylgir áfenginu ekki síður en öðrum fíkniefnum, sem menn vilja ekki leyfa auglýsingar á, eða hvað? Og sem menn vilja ekki leyfa hér á landi, eða hvað? Þau eru þó mörg hver síst áhrifameiri en áfengið. Alls staðar er barist gegn þessu og alls staðar gilda auglýsingatakmarkanir eða auglýsingabann, auðvitað eftir hefðinni í hverju landi. Ég er reiðubúinn að ræða þau mál. En ég vil hins vegar að lög standi og mótmæli því að menn geri það í krafti peninga sinna, innflytjendur og þeir sem auglýsa, fjölmiðlar sem þurfa auðvitað virkilega á auglýsingapeningunum að halda, að brjóta lögin átölulaust. Þeir eiga auðvitað sinn rétt en það verður að fylgja lögunum. Almenningur á líka sinn rétt og það unga fólk sem þarf sérstakrar athygli okkar, fólk undir áfengiskaupaaldri eða rétt á mörkunum sem er að velja sér lífsbraut og er að þroskast og koma sér upp lífsvenjum, á líka sinn rétt. Það er okkar að verja þann rétt. Það er stjórnvalda að standa við þau lög sem hér eru sett til þess að verja þann rétt.

Ég vil segja það um frumvarpið sjálft að mér sýnist að þar sé tiltekin mjög góð leið. Við förum þar í kjölfar Norðmanna sem virðast nokkuð snjallir í þessum efnum. Ég styð þetta frumvarp. Ég vil benda þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs á það í fullum friði og vinsemd að mál af þessu tagi þarf ekki nauðsynlega að bera fram sem flokksmál. Ég hefði t.d. verið reiðubúinn að vera flutningsmaður þessa máls með þeim ef þeir hefðu viljað það en þeir geta nú kastað til baka í mitt glerhús í þeim efnum, ég viðurkenni það líka. Ég hvet til þess að í allsherjarnefnd verði farið yfir þetta mál í fullri alvöru og að það komi aftur til atkvæða í þinginu.

Ég skora á þá sem hér eru viðstaddir og þingheim allan að íhuga þetta og fylgja þessu máli. Ég vil sérstaklega skora á fjarstaddan hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson að sinna þessu vel hjá sínu fólki í allsherjarnefnd og í þingflokknum. En hann hefur, þrekmaður sem hann er, þurft að standa einn í þessu og bogna nokkuð í baráttumáli sínu, heilbrigðisráðherra á Norðurlöndum og gjörvallrar heimsbyggðarinnar, fyrir fálæti hins raunverulega yfirvalds í málinu sem er hæstv. áfengisauglýsingadómsmálaráðherra Björn Bjarnason.

[14:57]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að hlusta á ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar sem mér fannst tala í þá veru að engir færu á erlenda grund nema alþingismenn. En í restina kom hann inn á það mál sem sneri að áfengisauglýsingum í Frakklandi. Ég bara held að við hljótum að geta orðið sammála um að taka þá stefnu upp hvað auglýsingar á áfengi áhrærir.

Mikið hefur nú breyst frá því að fimmtíumenningarnir rituðu undir bréf um að banna sjónvarpssendingar frá Keflavíkurflugvelli fyrir það að þær hefðu svo slæm áhrif á íslenska tungu. Nú er öldin önnur, margir komnir með móttökudiska fyrir gervihnattaútsendingar og geta jafnvel haft aðgang að 100 erlendum sjónvarpsstöðvum. Flestir eru í áskrift að Stöð 2 þar sem eru allt að 10–24 stöðvar vel aðgengilegar og við sitjum oft með börnum eða barnabörnum okkar og horfum á spennandi knattspyrnuleiki í beinni útsendingu frá erlendri grund.

Hverjir styrkja þessar útsendingar og hvað kemur í miðjum klíðum, í hálfleik? Hvaða auglýsingar birtast þar? Bjórauglýsingar, þá birtast bjórauglýsingar. Ég hef ekki orðið var við að áfengisneysla ungmenna hafi nokkuð aukist, hvorki í íþróttahreyfingunni, þar sem mikið er fylgst með þessum leikjum eða annars staðar. Mér finnst út í hött að ætla að banna þessar sjónvarpsauglýsingar á Íslandi. Átta menn sig ekki á því að allar leiðir eru nú styttri en áður var? Íslendingar fara nú í tugþúsundavís á erlenda grund á hverju einasta ári og umgangast áfengi og sjá áfengisauglýsingar, verður strax vart við þær í blöðunum í flugvélunum. Mér finnst að menn fari langt aftur í gráa forneskju með því að vilja banna áfengisauglýsingar.

[14:59]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er kannski rétt að leiðrétta hv. þm. Guðmund Hallvarðsson um tvö atriði. Hið fyrra varðar það að Styrmir Gunnarsson og félagar hans risu upp snemma á 7. áratugnum og börðust gegn því að eina sjónvarpsstöðin sem væri með útsendingar á landinu væri hersjónvarp Bandaríkjamanna. Þetta var nokkrum árum áður en íslenska sjónvarpið varð að veruleika og er oft talið vera undanfari íslenska sjónvarpsins. Þeir voru ekki 50, þeir voru 60, voru kallaðir 60-menningarnir. Ég held að tími sé kominn til þess að á næsta afmæli þessa máls, ég hygg að það hafi verið 1963 án þess að þora að fara með það, ætli það verði þá ekki árið 2013, verði haldið sérstaklega upp á það enda eru þá kannski fáir eftir í hópnum, þó vonandi t.d. Styrmir Gunnarsson. Þetta var hugrekki af hans hálfu á sínum tíma og sýnir hvað sá ágæti ritstjóri er menningarlega sinnaður og vígdjarfur þegar hann nær vopnum sínum. Það hefur hann t.d. gert í leiðara Morgunblaðsins í dag sem er holl lesning fyrir þá stjórnarliða sem hér sitja.

Hitt atriðið er það að þetta mál fjallar ekki um það að banna áfengisauglýsingar, forseti. Hér er ekki verið að leggja til að áfengisauglýsingar verði bannaðar, það er misskilningur hjá Guðmundi Hallvarðssyni. Staðan er sú að áfengisauglýsingar eru bannaðar og ef hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson vill breyta því á hann að leggja fram frumvarp um að breyta því eða einhvers konar þinglega tillögu eða eitthvert mál þar að lútandi. Hér er einungis verið að laga frumvarpið, koma í veg fyrir holu sem menn hafa hlaupið með peningana sína í gegnum með þeim afleiðingum, einkum vegna þess að hæstv. dómsmálaráðherra heldur hlífiskildi yfir þeim, að hér eru auglýsingar á áfengi grimmari, meiri og hamslausari en sennilega í nokkru öðru landi í kringum okkur, norðan Alpafjalla og sennilega suður að Miðjarðarhafsströnd, að ég tali ekki um landið þar fyrir sunnan þar sem áfengi er bannað og þarf ekki að setja sérstakt auglýsingabann.

[15:01]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Það er athyglisvert, frú forseti, ef það er svo sem hv. þm. Mörður Árnason upplýsir, að hér séu áfengisauglýsingar hamslausari og meiri en gerist og þekkist í löndum í kringum okkur. Það má þá mikið vera, kannski er hluti af því máli að það má auglýsa áfengi sem er upp að 2,5% eins og pilsnerinn t.d. sem hefur nafngift þá sömu og sterkur bjór og er þá farið á bak við auglýsingarnar hvað það áhrærir.

Ekki má gleyma hinni stórkostlegu þróun, upplýsingatækni á internetinu, þar sem fólk getur farið út um allan heim og sótt sér þær upplýsingar sem það kærir sig um.

Ég held, virðulegi forseti, að það að kalla hæstv. dómsmálaráðherra einhvern sérstakan útsendara framleiðenda áfengis eða bjórs sé alveg út í hött og vísa ég því til föðurhúsanna. Það sem við hins vegar stöndum frammi fyrir er auðvitað nútíminn. Við stöndum frammi fyrir því að af einhverri hræsni er alltaf verið að búa til lög þar sem bannað er að hafa tóbak sýnilegt í stórmörkuðum en síðan þegar komið er að kassanum til að greiða hafa menn stillt þar upp sælgætisbunkum í miklu úrvali til að draga börnin að. Er kvartað mikið yfir að offita unglinga sé að sliga heilbrigðiskerfið okkar. Það er margt sem má auðvitað betur fara en að gera það að miklu máli hvernig ástand auglýsinga er orðið á Íslandi varðandi áfengismál er mjög sérstakt, og það á sama tíma og menn jafnvel láta að því liggja að þeir séu tilbúnir — einn hv. flutningsmaður þessa máls segir að hann sé á því að það sé eðlilegt að bjór og léttvín sé selt í matvöruverslunum.

[15:03]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég held því miður að við klárum ekki þessa umræðu hér, ég og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sem virðist ekki hafa litið á það þingmál sem hér er til umfjöllunar.

Ég fagna því auðvitað ef það er rétt hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að áfengi sé í raun og veru nánast skaðlaust. Vegna þess að nútíminn er orðinn þannig að við höfum færst nær öðrum löndum verðum við að taka nokkurt mið af því sem þar gerist, meira en áður sem betur fer. Þó er hv. þingmaður sennilega ekki á því að ganga t.d. í Evrópusambandið, sem við erum, alþjóðasinnar og nútímamenn aðrir. Það þýðir þá að áfengi sé þar með orðið eiginlega hættulaust og heilbrigt og gott fyrir hvern mann, á hvaða aldri sem hann er, ungabörn, stálpuð börn, unglinga,

gamalmenni og nánast bara alla. Hann virðist ekki hugleiða neitt að einhver vandi kunni að stafa af áfengisneyslunni. Hafi hann hlustað á mig fór ég ekki með annað en það sem er stafróf í fræðum forvarna og áfengismeðferðar, að einkum fjórir stjórnvaldsþættir hafa áhrif á áfengisneysluna. Ég rakti það að hinir þrír þættirnir hafa með góðu eða illu, að mörgu leyti á eðlilegan hátt, leitt til þess að mörkin lækka gagnvart áfengi og ég lýsi vilja mínum til að standa í lappirnar í fjórða málinu sem er það að takmarka verkfæri markaðarins í þessum efnum og halda auglýsingabanninu áfram.

Það er þó aðeins annar helmingurinn af málinu. Hinn helmingurinn er sá að lög í landinu gildi fyrir alla þá sem þau eiga að gilda um. Það er meginmálið sem við alþingismenn eigum að líta á og það er meginmálið fyrir hæstv. dómsmálaráðherra sem á að vera sérstakur vörður og verndari þessara laga í málaflokknum áfengismál.

[15:06]

Útbýting:

Réttur verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum, 628. mál, frv. AtlG o.fl., þskj. 949.

[15:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur verið mjög áhugavert að hlusta á þá umræðu sem hér hefur farið fram. Sjálf aðhyllist ég hófsemd í þeim málum sem hér hefur verið drepið á sem hafa verið fleiri en eingöngu það sem snýr að breytingu á áfengislögum varðandi auglýsingar. Ég er sammála síðasta ræðumanni, ef lög eru sett eiga þau að gilda og ég er sammála því að reglur eiga að vera skýrar. Þetta er einfalt, mér finnst að þannig eigi það að vera og ég styð það frumvarp sem hér er flutt.

Reyndar finnst mér það form sem viðgengst á Íslandi varðandi áfengismál vera eitthvað sem ég get alveg fellt mig við. Ég er algjörlega ósammála því sjónarmiði að það að gera miklar breytingar á áfengismálunum feli í sér að vera nútímalegur. Ég sé ekkert nútímalegt við það að slá slöku við í að vinna með áfengismálin. Áfengi er öðruvísi neysluvara. Ég hef hlustað á nokkra þingmenn segja um auglýsingarnar að þessi vara sé lögleg neysluvara og þess vegna eigi að leyfa að auglýsa hana og að það sé fráleitt að vera með auglýsingabann af því að það sé hægt að fara inn á netið og af því að hægt sé að kaupa hér erlend tímarit eða að aðrar reglur gildi í öðrum löndum. Mér finnst sjálfsagt að ólíkar reglur gildi í löndum og að hvert land marki sér t.d. stefnu í áfengismálum. Mér finnst ekki sjálfsagt að allt sem hægt er að komast í á netinu sé löglegt á Íslandi, engan veginn, og mér finnst grundvallarmunur á almennri neysluvöru og á vöru sem er vímugjafi og felur í sér ánetjun með tilheyrandi afleiðingum. Þetta á við um áfengi og tóbak. Það hefur í för með sér ánetjun. Neysla á hvoru tveggja er í reynd gífurlega dýrt fyrir samfélagið, og samfélagið og heilbrigðiskerfið takast á við afleiðingar þessa hvern einasta dag og með miklum tilkostnaði árið um kring. Mér finnst eðlilegt og sjálfsagt að stjórnvöld í hverju landi hafi skoðun á því með hvaða hætti þau fjalla um þessi mál og í hvaða samhengi lög eru sett varðandi neyslu á þeim.

Ég ætla að leyfa mér aðeins að nefna það, af því að bæði ég og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson vorum á síðasta þingi Norðurlandaráðs, að þar var m.a. fjallað um áfengisstefnu. Þar var fjallað um skattstefnu Evrópusambandsins varðandi áfengi. Þar kom fram að ríkisstjórnir Norðurlandanna hafa tekið upp samstarf til þess að leggja áherslu á vilja sinn til að afstýra áfengisvanda og því að bregðast við lágri skattlagningu og skattlagningarstefnu Evrópusambandsins á áfengi. Það skipti engu máli frá hvaða flokki viðkomandi forsætisráðherra var, þeir voru sammála um að bregðast við. Það var frekar áhugavert að við sáum þessi mál í gjörólíku ljósi, ég og hv. þm. Sigurður Kári. Meðan ég var feikilega ánægð með þessi viðbrögð forráðamanna ríkisstjórna Norðurlandanna átti það ekki við um kollega minn í þinginu. (Gripið fram í.) Honum fannst þetta allt annarrar tegundar. Þetta er bara eins og lífið allt. Þetta er eins og er í þessum sal þar sem við erum oftast að ræða mál út frá flokkslegum grunni og sjáum hlutina gífurlega ólíkt eftir því hvaða hugmyndafræði við aðhyllumst í flokkunum. Ég undirstrika það að þessi mál, áfengismálin, eru ekki flokkspólitísk og þess vegna er að finna almennt ólíka skoðun fólks á því hvernig þessi löggjöf eigi að vera og hvaða reglur eigi að gilda um þetta, óháð því í hvaða flokki það er.

Mér fannst mjög merkilegt á Norðurlandaþinginu að heyra forsætisráðherra Norðurlandanna tala opinskátt um það á svo fjölmennu þingi að þeir mundu leggja alla áherslu á að afstýra því að áfengisvandi Suður-Evrópulanda næði til Norðurlandanna. Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að endurtaka þetta: Þeir ætluðu sameiginlega að leggja áherslu á að afstýra því að áfengisvandi Suður-Evrópulanda næði til Norðurlandanna. Af hverju legg ég áherslu á þetta, virðulegi forseti? Vegna þess að undanfarin ár hefur á Íslandi verið lagt ofurkapp á þann málflutning að það sé betri neysla á áfengi í suðlægari löndum Evrópu en í Norður-Evrópu eða á Norðurlöndunum af því að þar sé svo vel farið með vín, þar séu notuð léttvín, það sé betra og faglegra. Svo segja forsætisráðherrar Norðurlandanna að þeir ætli að afstýra því að áfengisvandi Suður-Evrópulanda nái til Norðurlandanna og vísa í umfangsmiklar skýrslur máli sínu til stuðnings. Sjálf get ég alveg upplýst að mér fellur það ekki að 15 ára unglingur á Ítalíu geti sest inn á veitingastað og keypt sér áfengan bjór. Þannig er það í sumum löndum Suður-Evrópu og menn geta haft aðra skoðun á því. Mér finnst þetta ekki gott mál og vil ekki sjá það gerast hér.

Á Íslandi höfum við fjallað um ýmsar tillögur á Alþingi, m.a. um að lækka áfengiskaupaaldur og að leyfa sölu áfengra drykkja í matvörubúðum og vísum alltaf til einhvers konar samræmingar. Það er ekki endilega samræmdur aldur á sumum Norðurlandanna varðandi það að kaupa áfengi í verslunum og kaupa áfengi á veitingastöðum. Okkur mundi finnast það fráleitt en ég held að í Svíþjóð sé lægri áfengiskaupaaldur á veitingahúsum en í útsöluverslunum hjá þeirra ÁTVR sem heitir auðvitað sænsku nafni. Þingin og ríkisstjórnirnar setja ólíkar reglur til að stemma stigu við því sem þau vita að er gífurlegur vandi í þessum löndum.

Ég hlýt líka að nefna það, virðulegi forseti, varðandi umræðuna sem ég er að vísa til og fór fram í Norðurlanda-

ráði að fyrrverandi forseti Norðurlandaráðs sem talaði á þinginu hefur vísað til fjölmargra umfangsmikilla úttekta sem hafa verið gerðar í öllum löndum, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Hann fullyrðir það, maður sem áður en hann fór á þing var forstjóri Áfengisverslunar ríkisins í Svíþjóð og þekkir þessi mál feikilega vel, að í öllum þeim skýrslum sem finnist — og þær eru til í hundruða ef ekki þúsunda tali — komi fram sama niðurstaðan. Öll eftirgjöf og öll breyting til eftirgjafar í áfengismálum og að lina tökin í áfengismálum þar sem einhverjar reglur eru þýðir gífurlega neysluaukningu. Þetta eru ekki mín orð, ég er að vísa í yfirlýsingu og til orða manns sem hefur þekkingu á þessum málum, hefur unnið gífurlega mikið með þeim og þekkir þau. Mér finnst ástæða til að við stöldrum aðeins við. Við erum ekki bara að tala um einhverja löglega vöru sem er neysluvara, ergo: Það má bara auglýsa hana og við eigum að vera eins og allir aðrir, ekki hafa neinar reglur. Nei, við erum líka að tala um mál sem er gífurlega tengt heilbrigðismálum, menningarmálum, uppeldismálum og öllu öðru sem við fáumst við sem foreldrar eða afar og ömmur eða hvað það nú er.

Ég styð því þetta mál, virðulegi forseti. Ég vara við þeirri umræðu sem orðið hefur til um að gera þurfi tilveruna nútímalegri á Íslandi með alls kyns tilhliðrunum í áfengismálum. Þetta er vímugjafi, hann getur verið gleðigjafi en gífurleg sorg hefur oft fylgt því að neyta vímugjafans. Hófsemi getur því verið dyggð í þessum efnum og ég aðhyllist hana, bæði varðandi neysluna og ekki síst varðandi það að gefa allt laust og frjálst og láta eins og „hver maður fyrir sig". Við erum í samfélagi þar sem ekki er lifað eftir reglunni að „hver maður sjái um sig og taki afleiðingum gjörða sinna." Við erum samfélag með öllu sem því fylgir. Við tökum ábyrgð hvert á öðru, við tökum sameiginlegan þátt í að bregðast við sjúkdómum, kosta lækningu sjúkdóma, kosta lækningu á þeim sem lenda í erfiðleikum m.a. út af fíkniefna- og vímuefnamálum og við eigum að horfa á málið þannig. Þetta er alvarlegt mál. Verum bara hófsöm áfram.

[15:16]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir mjög góða umræðu um málið. Ég tek undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að hér er ekki á ferðinni annað en þverpólitískt mál. Fólk úr öllum stjórnmálaflokkum í þjóðfélaginu er fylgjandi þeim viðhorfum sem hér hefur verið talað fyrir. Ég vísa þar fyrst og fremst í ræður fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar því það vekur athygli mína að sú skipting er hér í umræðunni að annars vegar eru það við úr þeim ranni sem hvetjum til hófsemi og hins vegar eru það hægri mennirnir og frjálshyggjumennirnir sem vilja greiða götu markaðssjónarmiða á þessu sviði sem öðrum — og þar á ég ekki við hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, ég veit að við erum samstiga í málinu.

Ég vek athygli á því og ítreka það sem fram hefur komið við umræðuna að hér er ekki verið að innleiða bann við áfengisauglýsingum, það er við lýði, það er í landslögum eins og fram hefur komið. Hins vegar er verið að koma í veg fyrir að menn fari á bak við lögin með því að nánast svindla á þeim reglum sem löggjafinn hefur sett. Við viljum taka fyrir þetta með löggjöfinni.

Það er rangt sem fram kom hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að á meðal flutningsmanna séu menn sem vilja leyfa áfengissölu í almennum matvörubúðum, svo er ekki. Við sem stöndum að frumvarpinu erum fylgjandi því fyrirkomulagi sem við búum við núna, við teljum að það dragi úr eða hafi hemil á áfengisneyslu, alla vega sé hætt við því að grimm auglýsingamennska á þessu sviði eða aukið aðgengi frá því sem nú er væri til þess fallið að auka áfengisneyslu.

Ég held að öll sjónarmið sem þörf er að vekja athygli á við 1. umr. hafi komið fram. Ég tek þeirri ábendingu fagnandi sem fram kom m.a. hjá hv. þm. Merði Árnasyni, að tilefni hefði verið til að efna til víðtækari aðildar að frumvarpinu en ég ætla að vona að þess gerist ekki þörf á nýju þingi, ég ætla að vona að hv. allsherjarnefnd afgreiði málið aftur til þingsins þannig að við getum tekið afstöðu til þess. Ég held að fáir vilji hafa lögin eins óljós og þau eru þannig að menn komist upp með að brjóta landslög eins og gert hefur verið einvörðungu vegna þess að lögin eru ekki skýr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:21]

[15:30]

Útbýting:

Almenn hegningarlög, 409. mál, nál. allshn., þskj. 952.

Áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands, 630. mál, beiðni um skýrslu MÁ o.fl., þskj. 953.

Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns og sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 484. mál, nál. allshn., þskj. 951.

Umræður utan dagskrár.

Framtíðaruppbygging bráðaþjónustu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

[15:31]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár til að ræða framtíðaruppbyggingu bráðaþjónustu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Mikil vinna hefur verið lögð í að skilgreina og skoða hvert eigi að vera hlutverk Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í flóru heilbrigðisstofnana á landinu og hvaða þjónusta það er sem eðlilegt og sjálfsagt er að gera kröfu um að veitt sé í heimabyggð.

Upptökusvæði Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja er nú um 17 þús. íbúa byggð og til viðbótar millilandaflugvöllur okkar og allir sem þar starfa eða eiga erindi á völlinn vegna ferðalaga eða annars. Mikil og aukin umferð hefur verið um Keflavíkurflugvöll og því þarf að taka tillit til þess þegar fjallað er um fjölda þeirra sem Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þjónustar eða á að þjónusta.

Í mars 2003 skipaði hæstv. heilbrigðisráðherra nefnd til að vinna tillögur um framtíðarþróun og skipulag Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Þetta var m.a. gert í framhaldi af

mikilli óvissu sem skapaðist í kjölfar þess að heilsugæslulæknar stofnunarinnar hurfu frá störfum sínum í nóvember 2002 og algjörri nauðsyn þess að endurskipuleggja allt starf í kjölfarið. Starf nefndarinnar var tvíþætt og snerist annars vegar um að gera tillögur um framtíðarstarfsemi bæði heilsugæslu- og sjúkrahússviðs og einnig um uppbyggingu og not á húsnæði stofnunarinnar til framtíðar litið. Nefndin starfaði alltaf náið með ráðuneyti heilbrigðismála, enda sex af sjö nefndarmönnum beint eða óbeint á vegum ráðuneytisins. Ég hef haldið því fram að niðurstöður nefndarinnar séu ekki munaðarlausar, heldur skilgetið afkvæmi heilbrigðisráðuneytisins og á ábyrgð þess.

Nefndin skilaði tillögum sínum þann 18. nóvember 2003 til hæstv. heilbrigðisráðherra í formi skýrslu en helstu niðurstöður hennar höfðu áður verið kynntar sveitarstjórnarmönnum á Suðurnesjum á aðalfundi þeirra. Óhætt er að segja að góð sátt hafi skapast um tillögur nefndarinnar og heimamenn á Suðurnesjum séð þær sem grundvöll þess að byggð yrði upp heildstæð almenn sjúkrahúsþjónusta sem stæði til boða allan sólarhringinn, alltaf.

Nokkuð vel hefur tekist að byggja upp almenna sjúkrahúsþjónustu á svæðinu undanfarin missiri og er það ekki síst að þakka góðu starfsfólki sem leggur metnað sinn í að veita eins góða þjónustu og mögulegt er og telur nauðsynlegt að heilbrigðisstofnunin geti veitt íbúum á Suðurnesjum fullkomna bráðaþjónustu allan sólarhringinn.

Þrátt fyrir aukna þjónustu og góðan vilja stendur eftir sú staðreynd að ekki er enn til staðar samfelld og stöðug vaktþjónusta á skurðstofu. Það hlýtur þó að vera nauðsynlegt til að geta veitt fullkomna bráðaþjónustu, enda segir svo í helstu niðurstöðum skýrslu nefndarinnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samfelld vaktþjónusta á skurð- og svæfingarsviði sem og vaktþjónusta lyflækna eru meðal mikilvægra forsendna þess að unnt sé að efla starfsemina.“

Hluti af starfi nefndarinnar var að skilgreina einnig hvenær og hvernig þriðja hæð í svokallaðri D-álmu sjúkrahússins yrði komin í notkun en lengi hafa heimamenn beðið þess að starfsemi kæmi í alla viðbygginguna við sjúkrahúsið. Niðurstaða nefndarinnar var að þriðja hæðin yrði innréttuð fyrir tvær skurðstofur, speglunarherbergi og tólf rúma legudeild. Einnig að öll D-álma yrði komin í notkun strax á þessu ári.

Hæstv. ráðherra heilbrigðismála staðfesti það svo með yfirlýsingu sem hann skrifaði undir 1. júní 2004 að hann væri sama sinnis. Héldu menn þá að nú væri björninn unninn og bráðaþjónusta yrði eins góð og mögulegt væri í kjölfarið. Í yfirlýsingu hæstv. ráðherra segir, með leyfi forseta:

„Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur að undanförnu haft til skoðunar tillögu nefndar um framtíðaruppbyggingu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, þróun og skipulag 2004–2010. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra staðfestir hér með þá framtíðarsýn er fram kemur í tillögunum og lýsir því yfir að hún er í samræmi við stefnumörkun ráðuneytisins um heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum og þá stefnumörkun sem unnið er að á landsvísu.“

Ég spyr því ráðherra eftirfarandi spurninga í framhaldi af því að enn hefur þessi þjónusta ekki komist á:

Hver er talinn vera viðbótarkostnaður við núverandi kostnað við að reka samfellda vaktþjónustu á skurð- og svæfingarsviði allan sólarhringinn?

Telur ráðherra nauðsynlegt að á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja verði rekin samfelld vaktþjónusta á skurð- og svæfingarsviði?

Ef svo er, hvenær má þá vænta að slík þjónusta komist á?

[15:36]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Hv. 10. þm. Suðurk. hefur beint til mín þremur spurningum varðandi heilbrigðisstofnunina á Suðurnesjum. Þingmaðurinn spyr í fyrsta lagi um viðbótarkostnað vegna vaktþjónustu á skurð- og svæfingarsviði allan sólarhringinn og um afstöðu ráðherra til þess fyrirkomulags eða hvort og hvenær slíkri þjónustu verði komið á.

Svarið við fyrstu spurningunni er einfalt. Sólarhringsþjónusta á skurð- og svæfingarsviði þýddi viðbótarframlög til heilbrigðisstofnunarinnar sem svarar til a.m.k. 40 millj. kr. á ári. Fyrir liggur sérstök framtíðarsýn, eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á, um uppbyggingu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Þar koma fram metnaðarfull áform stjórnenda og starfsmanna og góður vilji okkar í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem tókum þátt í þessari vinnu til að byggja upp heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum. Sú framtíðarsýn eða stefnumótun er í samræmi við stefnumörkun ráðuneytisins um heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum og í landinu öllu, enda skrifaði ég undir hana eins og kom fram í framsöguræðu hv. fyrirspyrjanda.

Stefnumörkunin felur m.a. í sér uppbyggingu og endurnýjun á skurðstofum stofnunarinnar sem er að mínu mati forsenda fyrir framtíðarþróun spítalans og mun styrkja hann í sessi sem öflugan spítala. Það er hins vegar rétt að það hefur dregist lengur en ég hefði óskað að fullvinna kostnaðar- og framkvæmdaáætlun sem liggur í tillögunum. Hönnun er nú komin af stað og henni gæti lokið á miðju þessu ári. Það er forgangsverkefni hjá okkur að skapa svigrúm til útboðs og framkvæmda við heilbrigðisstofnunina.

Hv. þingmaður spyr hvort ráðherra vildi að sólarhringsþjónusta væri á skurðstofu spítalans á Suðurnesjum. Þegar ég svara þeirri spurningu velti ég fyrir mér hvers konar sólarhringsþjónusta það yrði. Því er auðvitað ekki að leyna að þjónusta sem menn fá á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, öflugasta spítala landsins — ég sé hvorki að Suðurnesjamönnum né öðrum landsmönnum utan höfuðborgarsvæðisins standi hún til boða í öllum atriðum í heimabyggð. Þannig er raunveruleikinn ekki og það er auðvitað staðreynd að Suðurnesin liggja mjög nálægt þessum spítala sem er fullkomnasti hátæknispítali landsins. Hins vegar höfum við sett okkur þessa stefnumörkun og svarið felst í henni, stefnan er að bæta þessa vaktþjónustu frá því sem nú er. Ég vísa til hennar hvað þetta varðar.

Ég tel að endurbætur á spítalanum og endurnýjun á skurðstofunum sé algjör forsenda fyrir því að efla þjónustuna eins og mögulegt væri. Forsendan fyrir því að fá fólk til starfa og til að setjast að í heimabyggð er að hafa góða starfsaðstöðu. Aukin þjónusta snýst um mannafla og fé til starfseminnar en það er rétt að hér komi fram að heildarframlög til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja voru 680 millj.

kr. árið 2001 en tæpar 1.100 millj. á þessu ári. Framlögin hafa aukist verulega umfram verðlagsbreytingar og erum við að tala um 58% aukningu framlaga frá árinu 2001.

Eins og ég hef komið að fyrr í svari mínu er það einlæg von mín að við getum ráðist í endurbætur á húsnæði og búnaði til að treysta gundvöllinn undir þjónustu stofnunarinnar til frambúðar og ráða til hennar það fólk sem til þarf og að það fólk sé þá búandi í heimabyggð.

[15:41]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrir að vekja máls á málefnum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Sitthvað jákvætt kom fram í máli hæstv. heilbrigðisráðherra um málefni þeirrar stofnunar svo sem að endurnýjun skuli fara fram á skurðstofu og öðrum búnaði.

Ég skal játa, hæstv. forseti, að ég hef ekki djúpa þekkingu á þessu málefni en hef þó kynnt mér það ferli sem stjórnvöld standa að við að marka Heilbrigðisstofnun Suðurnesja framtíð. Settur var niður vinnuhópur í mars árið 2003, hann skilaði af sér í nóvembermánuði 2004 og síðan var undirrituð viljayfirlýsing af hálfu forsvarsmanna stofnunarinnar og hæstv. ráðherra Jóns Kristjánssonar. Sú viljayfirlýsing er nokkuð afdráttarlaus. Þar er tekið undir þær tillögur sem fram koma í fyrrnefndri skýrslu þar sem m.a. er kveðið á um samfellda vaktþjónustu sem er kjarninn í því sem hv. þm. Jón Gunnarsson er að spyrja um, hvað líði framkvæmd þessa.

Hæstv. ráðherra upplýsir að þetta kosti umtalsverða fjármuni, nefndi 40 millj. kr. í því efni. Ég vil gjarnan minna þingheim á að þegar við erum að tala um heilbrigðisþjónustu fyrir mjög fjölmennt byggðarlag, 17 þús. manns í þessu tilviki, vaxa 40 millj. ríkisstjórn Íslands í augum. Þegar ákveðið er að veita 300 millj. til NATO þarf ekki einu sinni samþykki Alþingis, það gera menn bara með þumalsmelli.

[15:43]

Kjartan Ólafsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. þm. Jóni Gunnarssyni, fyrir þessa fyrirspurn og þá umræðu sem hér mun eiga sér stað varðandi Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Ég þakka jafnframt hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svör hans. Meginatriðið í þessu finnst mér vera það að í umdæmi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja búa eins og fram hefur komið 17 þús. manns. Þetta er stórt svæði, það eru margir íbúar og það eru margir notendur að þessari stofnun sem við þurfum að huga að. Auk þess, eins og reyndar kom fram í framsögu hér, þjónar þessi stofnun flugvellinum í Keflavík þar sem gríðarlega margir farþegar fara um og við eigum von á aukningu, bæði íbúafjölgun á svæðinu og aukningu ferðalanga um flugvöllinn. Þess vegna er stofnunin mjög mikilvæg á þessu landsvæði.

Meðal annars þess vegna þarf að huga að framtíðinni og það hefur verið gert, eins og hér hefur komið fram hjá hæstv. heilbrigðisráðherra, með þeirri skýrslu sem kynnt var í nóvember 2003. Þar eru gerðar klárar tillögur um framtíð stofnunarinnar og ég hygg að nú þurfum við að beita okkur fyrir því að sú skýrsla og þeir fjármunir sem til stofnunarinnar þurfi að koma fáist á fjárlögum. Það er verkefni þingsins til vors og til loka fjárlagagerðar fyrir næsta ár. Það er verkefni sem við þurfum að einhenda okkur í.

[15:45]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þegar litið er yfir málefni Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og sagan skoðuð í samhengi sér maður fljótt ástæðu til að undrast hvað hlutirnir í þessum málum gerast hægt. Það er eins og það hafi verið eilífur vandræðagangur í mörg undanfarin ár með Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þegar gagnasöfn yfir fréttir eru skoðuð, endalaus vandræðagangur. Ég verð að segja að það er ekki alltaf auðvelt að átta sig á því hvað eru orsakir og hvað afleiðingar í þessi ferli.

Sú umræða sem hér er fram komin er góðra gjalda verð og ég þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni, málshefjanda, fyrir að hafa vakið athygli á málinu. Ég fagna því sömuleiðis að ráðherra virðist hafa hér uppi góð og fögur orð um að úrbætur verði gerðar en ég kemst þó ekki hjá því að minnast svara hæstv. heilbrigðisráðherra í umræðu um fyrirspurn sem ég varpaði til hans um daginn, um málefni sjúkrahússins í Vestmannaeyjum. Þar einkenndist svarið ansi mikið af frösum á borð við „verið væri“, „verði hugsanlega tekið upp“ o.s.frv., allt í hálfgerðum véfréttastíl.

Ég vona svo sannarlega að þessi umræða verði þrátt fyrir allt til þess að hæstv. heilbrigðisráðherra taki sér tak, færi öll þessi mál af hraða snigilsins og að við fáum von bráðar að sjá varanlega lausn á vandamálum hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Það er gersamlega óþolandi að svo fjölmennt svæði eins og hv. þm. Jón Gunnarsson benti réttilega á, 17 þús. manns plús allir ferðamenn til og frá landinu, skuli búa við þetta ófremdarástand.

[15:47]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrir að taka þetta mál upp og ráðherra fyrir ágæt svör eða a.m.k. fyrir að lýsa ágætum vilja.

Fyrsta flokks bráðaþjónusta allan sólarhringinn er grundvallarmál þegar fólk velur sér búsetu. Þegar fólk velur sér búsetu til framtíðar er þetta meðal þeirrar grunnþjónustu sem verður að vera til staðar til að búsetuskilyrðin séu ásættanleg fyrir fjölda fólks. Þar fyrir utan ætti millilandaflugið eitt og sér, fyrir utan að þetta er 17 þús. manna byggðarlag, þó þetta langt frá Reykjavík, að réttlæta fyrsta flokks bráðaþjónustu allan sólarhringinn. Kostnaðurinn er smávægilegur og menn geta tekið ýmsan samanburð í því samhengi. Bruðl ríkisstjórna hægri flokkanna er t.d. með ólíkindum í utanríkisþjónustunni. Þegar maður talar um 40 millj., að 40 millj. standi í veginum fyrir því að fyrsta flokks bráðaþjónusta sé til staðar á sjúkrahúsinu á Suðurnesjum allan sólarhringinn, er það ákaflega undarlegur samanburður miðað við bruðlið og ruglið víða í ríkiskerfinu, að ekki sé talað um utanríkisþjónustuna sem er hneyksli út af fyrir sig.

Bráðaþjónusta er meginforsenda fyrir búsetuskilyrðum í dag og hana á að sjálfsögðu að veita. Án hennar skortir festu og fullnægjandi þjónustu í grunngerð samfélagsins,

hún veldur óöryggi og vantrú á getu og gæði heilbrigðisþjónustunnar á svæðinu og það er kominn tími til að því uppnámi linni sem ríkisstjórnir hægri flokkanna hafa árum saman valdið í heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum. Festa og öryggi verða að komast á og fyrsta flokks bráðaþjónusta allan sólarhringinn verður að vera veitt á Suðurnesjunum. Smávægilegur kostnaður sem tíndur var hér til má ekki vera notaður sem fyrirstaða í þeirri uppbyggingu.

[15:49]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Krafan um uppbyggingu og rekstur bráðaþjónustu á Suðurnesjum byggir á því að öryggi íbúanna sé sem best tryggt ef slys ber að höndum eða fæðingu sem krefst keisaraskurðar. Þessi þjónusta krefst annars vegar skurðstofu og annars búnaðar og tækja sem svara kröfum tímans en sú aðstaða þarf vitaskuld líka að svara kröfum tímans vegna þjónustu og verka sem eru unnin á sjúkrahúsinu á dagvinnutíma. Hins vegar krefst bráðaþjónusta skurðstofuvaktar utan hefðbundins dagvinnutíma allan ársins hring. Lágmarksáhöfn á skurðstofu er svæfingarlæknir og svæfingarhjúkrunarfræðingur, skurðlæknir og einn eða tveir skurðhjúkrunarfræðingar auk fæðingarlæknis. Allur þessi hópur er á bakvakt og ef þessi hópur allur eða hluti hans er búsettur utan þjónustusvæðis stofnunarinnar og jafnvel í höfuðborginni eða annars staðar á höfuðborgarsvæðinu er ekki hægt að halda því fram að öryggi íbúa Suðurnesja sé best tryggt með rekstri bráðaþjónustu við heilbrigðisstofnunina. Það tekur jafnlangan tíma ef ekki lengri fyrir bakvaktarstarfsmann að keyra til Keflavíkur úr Reykjavík en fyrir sjúkraflutningabifreið að aka þaðan og til Reykjavíkur.

Að mati margra er nú orðið tímabært, m.a. vegna mikilla samgöngubóta sem við höfum ráðist í, að skilgreina nágrannasveitarfélögin Akranes, Borgarfjörð, Árborg og Suðurnesin með höfuðborgarsvæðinu sem eitt íbúa-, atvinnu- og þjónustusvæði og þar með talið bráðaheilbrigðisþjónustusvæði og láta öryggi íbúanna og hagkvæmni ráða því hvar bráðaþjónusta er veitt frekar en sveitarfélagamörkin.

Ég velti því fyrir mér, frú forseti, og það eru aðeins vangaveltur mínar, hvort öryggi íbúa þessara svæða væri ekki betur tryggt og jafnframt hagkvæmara til lengri tíma litið með rekstri þyrlu sem þjónustaði þessi svæði en að halda úti bráðaþjónustu á bakvöktum meðan það eru einungis starfsmenn utan þjónustusvæðis þessarar stofnunar sem geta sinnt henni.

[15:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þegar hæstv. ríkisstjórn tróð í gegnum þingið skattalækkunarpakka sínum upp á milljarða og tugi milljarða króna í desembermánuði sl. var ekki að heyra á ráðherrum í ríkisstjórn eða stuðningsmönnum stjórnarinnar að það væru nein vandamál því samfara að reka áfram velferðarþjónustuna í landinu. Hér virðast þó standa í mönnum, miðað við núverandi tekjur ríkissjóðs og fyrir kúfinn af þessum skattalækkunum, 40 millj. kr. til að unnt sé að halda uppi og veita fullnægjandi sólarhringsþjónustu, bráðaþjónustu við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, á hátt í 20 þús. manna upptökusvæði og þar sem hátt í 2 millj. farþega fara um helsta millilandaflugvöll þjóðarinnar árlega.

Ef þessi þjónusta er ekki í boði á Suðurnesjum þarf að veita hana einhvers staðar annars staðar. Þörfin gufar ekki upp. Er það hagkvæmt, er það sanngjarnt gagnvart íbúum viðkomandi svæðis, er það praktískt að láta alla íbúana af þessu svæði keyra í staðinn til höfuðborgarinnar?

Varðandi það sem hv. þm. Jónína Bjartmarz sagði er ég ekki viss um að málið sé svo einfalt að taka bara umferðartímann þegar færðin er með besta móti og segja að þetta sé ekkert vandamál að allir sem þurfi skyndilega á aðstoð að halda komi keyrandi frá Suðurnesjum, Selfossi eða Akranesi eða hvar það nú er. (**JBjart:** Ég sagði það ekki.) Ja, hvað var þá hv. þingmaður og formaður heilbrigðisnefndar að segja?

Ég held að menn þurfi að skoða hug sinn vel áður en þeir taka ákvarðanir um að þjappa þannig saman allri þessari þjónustu og í raun og veru gelda þær stofnanir sem verið er að reyna að halda úti og að bjóði upp á fullnægjandi þjónustu af þessu tagi í heimabyggð. Ég er ekki sammála því að það sé endilega hagkvæm, praktísk lausn eða að öryggi manna sé betur borgið í þeim efnum. Ég held að menn eigi að fara mjög varlega í að tala um að öryggi sé ekki sinnt með sómasamlegum hætti þó að mönnunarmál séu leyst með ýmsum þeim aðferðum (Forseti hringir.) eins og við þekkjum því að það er náttúrlega langur vegur frá því og að hinu að það sé ekki hægt að gera þetta eins og það hefur verið gert, að ég hélt ágætlega, ef fjármunir væru til staðar.

[15:54]

Guðjón Hjörleifsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrir að taka þetta mál upp á Alþingi og vil gjarnan þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svör hans.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þjónar um 17 þús. íbúum á Suðurnesjum og því er nauðsynlegt að tryggja rekstur stofnunarinnar og greiða úr þeim aðkallandi verkefnum sem bíða úrlausnar. Til þess að hægt sé að tryggja bráðaþjónustu allan sólarhringinn alla daga vikunnar þarf að útvega fjármagn til að klára skurðstofu á þriðju hæð D-álmunnar í samræmi við samþykkta framtíðarsýn stofnunarinnar. Um mitt ár verða teikningar og útboðsgögn tilbúin og það má ekki undir neinum kringumstæðum láta það ferli stöðvast sem nú þegar er í gangi. Þetta er nauðsynlegt til að hægt sé að fá hæft starfsfólk til starfa en það er ekki hægt að bjóða upp á þá aðstöðu sem fyrir er í dag.

Það er gríðarlega mikið öryggisatriði að þessi þjónusta sé til reiðu heima í héraði þegar bráðatilfelli koma upp. Einnig er það mikill sparnaður og hagræðing að bjóða upp á þessa þjónustu á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í stað þess að reiða sig á stóru sjúkrahúsin í Reykjavík sem þegar eru ofhlaðin.

Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur verið jákvæður í þessu máli og staðfest tillögur er fram komu í fyrstu fimm köflum framtíðarsýnarinnar. Þá hefur verið unnið að því að fullvinna kostnaðar- og framkvæmdaáætlun. Það er mikilvægt að koma þessum tillögum í framkvæmd og að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hefji undirbúning samhliða þessu sem tryggi það að hæstv. heilbrigðisráðherra

geti gert bindandi samning um framtíðaruppbyggingu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Sóknarfærin eru mikil á Suðurnesjum. Þetta er öflug stofnun með margt hæft starfsfólk sem er metnaðarfullt fyrir hönd stofnunarinnar og samfélagsins. Mikil þörf hefur verið á framkvæmdum utan húss og hefur því verki verið áfangaskipt og þarf einnig að tryggja fjárveitingu til að ljúka því.

Hæstv. forseti. Mikið og gott starf hefur verið unnið á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja á síðustu árum og allt miðar að því að veita betri og víðtækari þjónustu fyrir íbúa Suðurnesja. Það er mjög mikilvægt að heilbrigðisráðuneytið og fjárveitingavaldið beini augum sínum að þessu svæði til áframhaldandi uppbyggingar.

[15:56]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim þingmönnum sem þátt hafa tekið í umræðunni fyrir innlegg þeirra.

Ég verð þó að segja að svör hæstv. ráðherra voru afar óljós svo ekki sé meira sagt. Ef ég reyni að taka þau saman er niðurstaðan sú að hér sé á ferðinni góður vilji en engir fjármunir. Ráðherra svaraði í raun ekki nema einni spurningu af þeim þremur sem ég lagði fyrir hann, fyrstu spurningunni um viðbótarkostnaðinn við að reka þessa þjónustu allan sólarhringinn allt árið. Hann er um 40 millj. kr. á ári.

Við spurningu tvö, um hvort hæstv. ráðherra telji nauðsynlegt að reka samfellda vaktþjónustu á skurð- og svæfingarsviði allan sólarhringinn, og spurningu þrjú, um ef svo væri, ef hann teldi það nauðsynlegt, hvenær mætti vænta að slík þjónusta kæmist á, heyrði ég ekki svar.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að Suðurnes liggi nálægt Landspítalanum þegar verið er að tala um málefni Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Ég verð að segja eins og er að þegar maður hlustar á umræður á Alþingi um að það sé afar langt frá Reykjavík til Keflavíkur fyrir fullfrískt fólk að keyra í flug er ankannalegt að heyra þá þau rök að það sé afar stutt frá Keflavík til Reykjavíkur þegar keyra þarf dauðveikt fólk á spítala. Þessi rök halda að mínu viti ekki og geta ekki verið gild í málinu.

Heimamenn á Suðurnesjum héldu, þegar hæstv. ráðherra skrifaði undir yfirlýsingu í júní 2004, að nú væri björninn unninn, menn héldu að þetta þýddi að verið væri að staðfesta þá framtíðarsýn sem fram kemur í skýrslu starfshópsins sem hér hefur verið talað um og nú mundi hún komast til framkvæmda. Eftir að hafa hlýtt á hv. formann heilbrigðisnefndar, Jónínu Bjartmarz, get ég ekki sagt að vonir mínar hafi vaknað um það að við þetta yrði staðið. Ég treysti þó á hæstv. heilbrigðisráðherra, að hann standi við þá undirskrift sem hér er talað um og að þetta verði að raunveruleika.

[15:58]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram um málefni Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Ég tek jafnframt fram og vil láta það koma fram úr þessum ræðustól að starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja hefur unnið mjög gott starf. Málefnin þar eru í framþróun og þjónustan hefur aukist síðustu árin.

Til að fyrirbyggja allan misskilning varðandi kostnaðartölur vil ég undirstrika að það sem við erum að tala um í raun er um hálfur milljarður í framkvæmdir við að færa skurðstofurnar og gera það sem gera þarf á stofnuninni og 40 millj. ef tryggja ætti vaktir um helgar. Núna eru vaktir í miðri viku.

Ég vil taka það fram að ég svaraði því hvort ég teldi þessar vaktir nauðsynlegar. Ég hef svarað því með því að skrifa undir þá framtíðarsýn sem fyrirspyrjandi gat um í upphafi. Hins vegar er ekki búið að tryggja fjármuni til framkvæmda þarna enn þá, eins og hefur réttilega komið fram í umræðunni, og við erum að vinna að því.

Svo vil ég endurtaka það að Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er ekki svelt fjárhagslega, við höfum lagt fram mikla fjármuni til rekstrar og stofnunin er í sókn þrátt fyrir að þar hafi ýmislegt á gengið í gegnum tíðina. Ekki ætla ég að neita því, en stofnunin er í sókn.

Varðandi svo samstarf spítalanna á þessu svæði — ég ætla ekki að fara að munnhöggvast um flugvöllinn — finnst mér að þessi spítali hér í kraganum þurfi að hafa gott samstarf og sérhæfa sig (Forseti hringir.) og það er ekki verið að tala um að gelda þá, heldur að þeir hafi gott samstarf um þá þjónustu sem þeim ber að veita.

Að öðru leyti þakka ég málshefjanda fyrir þessa umræðu.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 587. mál (tannlæknakostnaður aldraða, öryrkja og barna). — Þskj. 879.

[16:01]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Frumvarp þetta breytir ákvæðum almannatryggingalaga um þátttöku ríkisins í greiðslum vegna tannlækninga.

Alþingi samþykkti 20. maí 2001 heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Meðal forgangsverkefna í áætluninni var bætt tannheilsa landsmanna. Skýr markmið voru sett fyrir ungmenni og eldri borgara. Þau voru annars vegar að lækka tíðni tanntaps í eldri borgurum og það markmið sett að meira en helmingur fólks 65 ára og eldra hafi a.m.k. 20 tennur í biti.

Tryggingastofnun ríkisins er aðeins heimilt að endurgreiða tannlæknakostnað við laus tanngervi en ekki föst. Ákvæði almannatryggingalaga um þátttöku ríkisins í greiðslum vegna tannlækninga veita því ekki svigrúm til að koma til móts við markmið heilbrigðisáætlunar um tannheilsu eldri borgara og samræmast ekki breyttum aðstæðum. Frumvarpið miðar að því að koma til móts við breyttar aðstæður eldri borgara. Þróunin hefur verið sú að þeim eldri borgurum fjölgar sem halda eigin tönnum fram á síðustu æviár og er frumvarpinu ætlað að koma til móts við þarfir þeirra.

Með frumvarpi þessu eru ákvæði almannatryggingalaga gerð sveigjanlegri og ráðherra auðveldað að framfylgja stefnumörkun sinni í tannverndarmálum þar sem áhersla er lögð á að gera eldri borgurum kleift að viðhalda heilbrigði munnhols eins lengi og kostur er. Í samræmi við það er gert ráð fyrir að ákvæði um greiðsluþátttöku verði í reglugerð. Með því er ekki gert ráð fyrir að takmarka rétt sjúklinga til endurgreiðslu vegna tannlækninga.

Með frumvarpinu fylgja drög að nýrri reglugerð um kostnaðarþátttöku ríkisins fyrir tannlæknaþjónustu. Reglugerðin er að mestu samhljóða núgildandi reglugerð nr. 815/2002 en breytingar hafa verið feitletraðar. Rétt er að benda á að heimilt er að taka þátt í kostnaði við gullfyllingar, krónur og brýr fyrir börn og unglinga undir 18 ára aldri vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma. Greiðsluþátttakan í þeim tilvikum byggir á 33. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, en ekki er lagt til í frumvarpinu að þeirri grein laganna verði breytt.

Tryggingastofnun ríkisins hefur metið það svo að fjárveiting ársins 2005 til greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna tannlækninga dugi til að taka þátt í greiðslu samkvæmt þeim reglum sem settar eru með reglugerðinni hjá allt að eitt þúsund sjúklingum. Telur stofnunin að eftir 4% hækkun á gjaldskrá vegna tannlækninga fyrir árið 2005 séu 45 millj. kr. eftir til að koma til móts við breytingar sem frumvarpið felur í sér.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta frumvarp sé mikilvægt skref til að bæta þjónustu við eldri borgara á sviði tannlækninga. Breytingar eru nauðsynlegar til að koma til móts við breyttar aðstæður meðal eldra fólks sem heldur í auknum mæli eigin tönnum fram á síðustu æviár. Heilbrigði munnhols hefur m.a. áhrif á tal, næringu og almenna vellíðan og er því mikilvægur hluti af almennu heilbrigði fólks.

Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbrigðis- og tryggingaefndar og til 2. umr.

[16:05]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég á það erindi öðru fremur í ræðustól að fagna því að þetta frumvarp skuli fram komið. Með frumvarpinu er fellt úr gildi ákvæðið bann sem hefur verið í almannatryggingalögunum, í ákvæðunum um sjúkratryggingar, í langan tíma þar sem kveðið er á um að sjúkratryggingum sé óheimilt að greiða fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr elli- og örorkulífeyrisþega.

Nú hefur tannlækningum eins og öðrum lækningum fleygt fram á síðustu árum. Tannheilsa ellilífeyrisþega eins og annarra er almennt orðin betri og það sem var hlálegt við þetta ákvæði, eða bannið eins og það var, var að við höfum heilbrigðisáætlun sem gerir ráð fyrir því sem markmiði að tryggja að fólk á tilteknu aldursbili, aldraðir, haldi tilteknum tönnum í biti. Ákvæðið eins og það var, um að bannað væri að taka þátt í kostnaði vegna krónu eða við að smíða brú í elli- og örorkulífeyrisþega, hefur á ákveðinn hátt unnið gegn því markmiði heilbrigðisáætlunarinnar.

Aðalerindi mitt hingað er að fagna frumvarpinu. Það er ljóst að forsendur frumvarpsins eru þær að aðeins tiltekinn fjöldi ellilífeyrisþega, þeir sem eiga rétt til greiðsluþátttöku samkvæmt frumvarpinu, láti á þann rétt reyna og hafi þörf fyrir þá greiðsluþátttöku á næstunni. En eins og bent er á í greinargerð með frumvarpinu, eins og þegar reglum ráðuneytisins um hjálpartæki var breytt, getur verið að orðið hafi til uppsöfnuð þörf. Því hefði verið gaman að sjá gert ráð fyrir því að meira fjármagn væri veitt til þessa. Við verðum a.m.k. að vona að allir þeir sem láta á reyna fái sjúkratryggingarnar til að taka þátt í kostnaði sínum vegna þessa.

Við höfum lengi beðið eftir þessu frumvarpi og vonast eftir því. Með því verður mikil framför í þjónustu við þá ellilífeyrisþega sem þurfa á þjónustunni að halda. Það er einnig sérstaklega ánægjulegt að þetta fellur að markmiðum sem Alþingi hefur sett með samþykki heilbrigðisáætlunar að því er varðar tannheilsu aldraðra.

[16:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að fjalla um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Ég vil byrja á að fagna því að hér séu gerðar breytingar á reglum um endurgreiðslu vegna tannlækninga sem voru fyrir löngu orðnar úreltar. Þeim endurgreiðslureglum hefur ekki verið breytt í áratug eða tvo, þetta voru orðin mjög gömul ákvæði í almannatryggingunum og löngu tímabært að breyta þeim. Ég fagna því að loksins skuli þeim reglum breytt.

Gömlu reglurnar eru barn síns tíma, frá því að tíðkaðist að draga tennur úr fólki, jafnvel um fermingu, eins og maður þekkir. Þetta er löngu liðin tíð og eldra fólk heldur tönnum sínum. Það hefur verið bagalegt að reglurnar hafi verið þannig að ekki hafi verið greitt fyrir gullfyllingar, krónur og brýr. Það hefur verið mjög bagalegt og liggur við að það hafi borgað sig fyrir fólk sem hefur verið illa statt að láta rífa úr sér allar tennurnar og fá sér falskar til að laga ástandið í munni sínum, sem er fráránlegt, að reglurnar í almannatryggingunum ýti fólki út í slíkt.

Við höfum sett okkur markmið í heilbrigðisáætlun um bætta tannheilsu og þær reglur sem hér á að breyta eru mikilvægt skref í þá átt, geysilega mikilvægt bæði fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem þurfa á tannlækningum að halda. Ég fagna þessu sannarlega.

Hæstv. ráðherra er líka að breyta endurgreiðslum, greiða upp til 18 ára aldurs, sem er af hinu góða. Mig langar til að spyrja um tannréttingar og endurgreiðslu vegna tannréttinga. Þetta er stöðugt umkvörtunarefni fólks sem á mörg börn sem þurfa á tannréttingum að halda, hve mikill baggi það er á heimilisfjárhagnum þegar greiða þarf fyrir tannréttingar barna. Oft eru það fleiri börn en eitt og oft er það ættgengt að börn þurfi að fara í tannréttingar. En það flokkast ekki undir alvarlega meðfædda galla, eins og endurgreiðslurnar varðandi tannréttingarnar kveða á um. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það sé ekki á döfinni að taka á þessum þætti. Þarna er ekkert inni sem jafnar hlut þeirra sem eiga börn og jafnvel mörg börn sem þurfa að fara í tannréttingar. Þetta er rosalega dýrt og getur numið mörgum hundruðum þúsunda króna sem slík heimili þurfa að bera vegna tannréttinga.

Mér hafa fundist reglurnar of strangar, að binda sig við alvarlega meðfædda galla eða slys. Af því að hæstv. ráð-

herra hefur tekið svo skörulega á varðandi lífeyrisþega og er að breyta verulega áherslum, sem er löngu tímabært, þá tel ég ekki síður vert að taka á tannréttingum gagnvart barnafjölskyldum, fjölskyldum með mörg börn sem þurfa á tannréttingum að halda. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um hvort eitthvað er á döfinni þar til úrbóta fyrir þennan hóp.

Ef þörf verður á að skoða eitthvað nánar í frumvarpinu þá á ég sæti í hv. heilbrigðis- og trygginganefnd og mun fara yfir þetta mál þar. En þetta er mikilvægt mál, mikilvægt til að við náum markmiðum í heilbrigðisáætlunum og geysilega mikilvægt fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, að geta fengið endurgreiddar tannviðgerðir og tannaðgerðir sem áður var ekki greitt fyrir. Þetta er tímabær breyting á almannatryggingalögunum.

[16:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Um frumvarp þetta ætla ég ekki að hafa mörg orð að sinni. Það á eftir að fara til umfjöllunar í heilbrigðis- og trygginganefnd þingsins og fær vonandi skjóta afgreiðslu þar. Ég tel að hér sé stigið framfaraspor, aukin þjónusta og stuðningur við aldraða sem þurfa þjónustu tannlækna. Hingað til hefur ekki verið heimild fyrir því að niðurgreiða eða styðja aldrað fólk sem þarf á brúarsmíð eða öðru af því tagi að halda. Slík heimild hefur verið fyrir hendi heimild gagnvart unglingum. Hún mun ekki hafa verið nýtt en hún er til staðar í lögunum.

Ég tel með öðrum orðum að hér sé á ferðinni framfaramál, skref fram á við, en vek athygli á frumvarpi til laga sem flutt er af hv. þm. Þuríði Backman ásamt mér. Hún er 1. flutningsmaður þess máls. Á undanförnum árum höfum við á hverju ári haft uppi málflutning í þinginu fyrir því að bæta tannheilsu og auka stuðning hins opinbera við unglinga og fullorðið fólk hvað það snertir. Við höfum flutt um það fjölmörg þingmál og reynt að halda uppi þrýstingi í þá veru.

Í frumvarpi til laga sem hv. þm. Þuríður Backman er 1. flutningsmaður að og ég vék hér að er gert ráð fyrir sömu breytingum og stjórnarfrumvarpið kveður á um. Þó er vilji hér til að ganga umtalsvert lengra en ríkisstjórnin er reiðubúin að gera. Þannig leggjum við til í okkar frumvarpi varðandi greiðslur sjúkratrygginga fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna að aldurstakmarksviðmiðið verði hækkað úr 18 ára, eins og nú er, í 20 ár. Við viljum að tannlæknakostnaður þess hóps verði greiddur að fullu en núna er 75% kostnaðar greiddur af hinu opinbera.

Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar viljum við að 100% verði greitt, að kostnaðurinn verði greiddur að fullu. Það er 75% núna. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta ekki tekjutryggingar viljum við færa mörkin upp í 75%. Þau eru er 50% núna. Gerð er grein fyrir þessum tillögum okkar í ítarlegu máli í greinargerð með frumvarpinu og verður að sjálfsögðu tíundað nánar þegar frumvarpið kemur til afgreiðslu.

Hæstv. forseti. Ég tel mjög mikilvægt þegar fram koma frumvörp sem eru sama eðlis, kveða á um breytingar á sömu lögum, fást við sömu viðfangsefni, að þá séu þau rædd samhliða og send til umsagnar samhliða og fái samhliða afgreiðslu.

Ég ítreka það að ég er ekki með þessu að gera lítið úr því sem hér er verið að gera. Mér finnst þetta vera mjög mikilvægt og ég fagna því skrefi sem verið er að stíga fram á við með þessu frumvarpi. En ég vek athygli á frumvarpi okkar hv. þm. Þuríðar Backman sem gerir ráð fyrir enn meiri umbótum en þó er kveðið á um í þessu frumvarpi.

[16:17]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil líka fagna því frumvarpi sem hér er til umræðu. Það kemur fram í frumvarpinu og í greinargerðinni að verið er að leggja til breytingar á 37. gr. laga um almannatryggingar sem kveður á um að sjúkratryggingar greiði ekki fyrir gullfyllingar, krónu eða brýr elli- og örorkulífeyrisþega. Eins og komið hefur fram í umræðunni höfum við sett okkur ákveðin forgangsverkefni í heilbrigðisáætlun sem Alþingi samþykkti árið 2001. Þau markmið sem þar eru sett eru m.a. að lækka á tíðni tannskemmda tólf ára barna og það á líka að vinna að því að meira en helmingur fólks 65 ára og eldra hafi a.m.k. 20 tennur í biti. Það er alveg ljóst að eins og 37. gr. núgildandi almannatryggingalaga er þá samræmist hún ekki þessum markmiðum heilbrigðisáætlunar af því að í dag er einungis heimilt að endurgreiða tannlæknakostnað við laus tanngervi en ekki föst. Þetta mál er því mjög til bóta. Hér fylgir reglugerð með til að sýna fram á hvernig hún muni líta út. Ég tel mjög mikilvægt að við sem munum fjalla um þetta mál í heilbrigðis- og trygginganefnd fáum að sjá þessa reglugerð af því að það skýrir málið mjög vel að hafa reglugerðina með.

Varðandi endurgreiðslurnar þá eru ákveðin skilyrði sett fyrir því að fá endurgreiðslu. Það er alveg ljóst að ekki má oftar en á tíu ára millibili fá endurgreiðslu á sömu tönn eða tannstæði nema sérstakar ástæður liggi til grundvallar. Þá er hægt að skoða undanþágu samkvæmt reglugerðinni. Þessi endurgreiðsla á að miðast að hámarki við 80 þús. kr. á hverju almanaksári. Svo eru hóparnir flokkaðir niður miðað við hvað þeir eiga að fá mikið endurgreitt. Það kemur fram í reglugerðinni að sjúkratryggingar greiða 100% af gjaldskrá vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum eða hjúkrunarheimilum, 75% vegna elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar og 50% vegna elli- og lífeyrisþega sem njóta ekki tekjutryggingar.

Mjög athyglisverðar tölur eru í þingskjalinu. Það kemur fram að rúmlega 40 þúsund einstaklingar eigi rétt á að sækja um greiðsluþátttöku þessarar þjónustu og hvert prósent sem mundi gera það gæti aukið útgjöld ríkissjóðs um 20–24 millj. kr. miðað við hámarksendurgreiðslu þannig að ef 10% einstaklinga leita eftir greiðsluþátttöku sjúkratrygginga með þessum hætti mundu útgjöld ríkissjóðs nema um 200–240 millj. kr. á ári. Það er svo sem erfitt að meta hve margir leita eftir þjónustunni en það er alveg ljóst, eins og hér kemur fram, að útgjöld ríkissjóðs geta aukist verulega við þessar breytingar.

Í heilbrigðis- og tryggingaþjónustu okkar erum við að auka útgjöld ár frá ári og á yfirstandandi fjárlagaári er verið að auka útgjöldin um í kringum 4%. Það er sem sagt

raunaukning. Auðvitað er eðlilegt að gera allt sem hægt er til þess að hemja útgjöldin en veita samt góða þjónustu. Þrátt fyrir að hér sé um útgjaldaaukningu að ræða tel ég þetta mál mjög gott og það fellur að þeim markmiðum sem Alþingi hefur sett sér og heilbrigðisyfirvöld varðandi tannheilsu eldri borgara.

Aldraðir telja stundum að ekki sé nógu vel gert við þá en þetta mál er nú einmitt af þeim toga að ég held að aldraðir hljóti að vera afar ánægðir með það að fá nú möguleika á endurgreiðslum vegna fastra tanngerva sem þeir hafa ekki átt möguleika á að fá greidd fram að þessu nema þeir hafi einhverja meðfædda galla, sérstaka sjúkdóma eða hafi lent í slysum. Það er verið að víkka mjög mikið þennan endurgreiðslumöguleika.

Þar sem ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra tali hér að lokum hef ég áhuga á að heyra aðeins um kostnaðinn við þetta eða útgjöld ríkisins. Hér segir að um 45 millj. kr. séu eftirstandandi vegna gjaldskrár fyrir árið 2005. Eftir hækkun á gjaldskrá vegna tannlækninga fyrir árið 2005 standa líklega 45 millj. kr. eftir. Ég skil það sem svo að þessar milljónir eigi að fara í þennan lið, þessar endurgreiðslur. En ef svo fer, sem er kannski erfitt að giska á núna, að þetta verði hærri upphæð þá gæti það verið til skýringar hér ef hæstv. ráðherrann mundi vilja koma inn á það hvort þá megi búast við því að beðið verði um fjáraukalagaheimild fyrir þeirri upphæð sem þá á vantar, þ.e. ef kostnaðurinn fer fram úr þessu.

Ég vil líka koma því á framfæri að líklega munu færri og færri þurfa á þessari endurgreiðslu að halda í framtíðinni, væntanlega ekki í náinni framtíð en í lengri framtíð þar sem tannheilsa almennings er mjög batnandi. Það er auðvitað vegna allrar þessarar forvarnastarfsemi sem við sjáum í heilbrigðiskerfinu bæði á vegum tannlækna og í skólakerfinu almennt. Fólk er miklu meðvitaðra núna um hvernig eigi að halda tannheilsu bæði barna og fullorðinna.

Ég vil gjarnan inna ráðherrann eftir svörum: Ef kostnaðurinn fer fram úr 45 milljónum, má áætla að það verði sett inn á fjáraukalög? Væntanlega er heilbrigðisráðuneytið að undirbúa núna tölur varðandi það hvað eigi að fara á fjárlög næsta árs í þennan lið, af því að þetta er útgjaldaaukning eins og fram kemur hér.

[16:24]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð annarra hv. þingmanna sem hafa talað í þessu máli og fagna þeim skrefum sem hér er verið að stíga í að auka rétt fólks til greiðslna úr almannatryggingum vegna tannviðgerða eða annarra atriða sem lúta að bættri tannheilsu.

Ég vil í upphafi vísa til þess, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði, til frumvarps til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar sem liggur fyrir þinginu á þingskjali 235. Þetta er mál nr. 229 og flutningsmenn eru hv. þingmenn Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson og lýtur það að sömu atriðum og hæstv. ráðherra er að flytja hér frumvarp um.

Tannvernd og tannheilsa hafa verið mikið áhugamál og baráttumál þingmanna Vinstri grænna. Nefni ég í því sambandi sérstaklega hv. þm. Þuríði Backman sem flutti á síðasta þingi tillögu til þingsályktunar um tannvernd barna og unglinga sem fól í sér að fela heilbrigðisráðherra að sjá til þess að tannvernd barna og unglinga til 18 ára aldurs verði efld. Þessi tillaga fór til nefndar þó að hún væri ekki afgreidd þaðan og fékk mjög góðar og ákveðnar umsagnir. Því er í sjálfu sér fagnaðarefni að umræða og tillöguflutningur hv. þingmanna Þuríðar Backman og Ögmundar Jónassonar skuli hafa m.a. stuðlað að því að þetta mál er komið á rekspöl og hefði verið æskilegt að ræða frumvarp þeirra til laga sem hér er um getið um leið og þetta frumvarp. Nóg um það. Gott er að málið skuli vera í þessum farvegi.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um örfá atriði bara til að hafa þau á hreinu. Hér er eingöngu talað um börn að 18 ára aldri en hin lægri mörk aldurs eru ekki tilgreind. Ég sá það alla vega ekki á þeirri hraðferð sem ég hef farið yfir texta lagafrumvarpsins. Ég sé hvergi hin lægri mörk tilgreind í aldri. Á ég að skilja það svo að það sé niður í núll? Þá hefði mér fundist rétt, herra forseti, að það kæmi hreinlega fram því hér er t.d. sagt að börn skuli hafa eins konar trúnaðartannlækni sem fylgist reglulega með þeim, kallar þau inn og því um líkt. Ég þekki til þess að skipulagt tanneftirlit á börnum hefur verið eftir að þau eru komin upp í svokallaðan grunnskóla, fimm til sex ára og eldri. En yngri börn hafa ekki verið kölluð inn reglulega hvað það varðar. Sé markmiðið að þetta gildi frá fæðingu til 18 ára aldurs þá hefði ég viljað sjá það koma fram í lögunum til að taka af öll tvímæli um að þau tækju til þess.

Í annan stað vil ég líka spyrja um tannréttingarnar. Það er mikilvægt að tennur séu sem réttastar og ýmislegt getur haft áhrif á það, t.d. það sem nefnt er í frumvarpinu, að tryggingar taki til tannréttinga vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma. Þarna er komið mjög erfitt matsatriði sem lýtur að að alvarlegum afleiðingum meðfæddra galla. Er þá bara verið að tala um hreina afskræmingu og að hinir meðfæddu gallar séu það sem hindri eðlilegt tal eða það að geta borðað eða beitt munninum eðlilega eða nær þetta til nauðsynlegra tannréttinga að mati tannlæknis, þ.e. að þær séu nauðsynlegar bæði vegna þess sem ég nefndi áðan og einnig vegna framtíðartannhirðu, tannverndar og tannstöðu og líka til þess að jafna út lýti sem geta verið bæði líkamlega og sálrænt til baga hjá börnum og unglingum.

Ég vil því inna hæstv. ráðherra eftir nánari skilgreiningu á því hvað átt sé við með alvarlegum afleiðingum meðfæddra galla. Ég hefði viljað sjá þarna standa bara að Tryggingastofnun nái til tannréttinga sem tannlæknar eða aðrir slíkir sérfræðingar eru ásáttir um að telja nauðsynlegar að gerðar séu á börnum. Ég vil þess vegna heyra áréttingu hæstv. ráðherra um að þetta verði ekki skilið eftir eins og hér er raunin.

Ég vildi til viðbótar nefna eitt atriði sem mér hefur verið hugleikið. Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra, þótt það komi ekki beint inn á efnisþætti frumvarpsins að öðru leyti en því að það lýtur að almennri tannvernd og tannheilsu, en það er stjórnsýsluleg staða þeirra efna sem notuð eru við tannviðgerðir og tannvernd. Þau efni sem notuð eru við tannviðgerðir, þ.e. sem notuð eru til að grípa inn í heilbrigði og líffeðlisfræðilega þætti mannsins, eru eftir því sem mér hefur skilist flokkuð sem hráiðnaðarvara. Eftirlit með gæðum eða

öðru varðandi þau efni lýtur því sérstökum kröfum um eftirlit með iðnaðarvörum en er ekki flokkað með heilbrigðisvörum, lyfjum eða öðru slíku sem lýtur ströngum kröfum um eftirlit, ákveðin gæði o.s.frv. Þarna er bara um hráiðnaðarvöru að ræða og þess vegna allt annað eftirlit með því. Ef svo er finnst mér að það þurfi að skoða vandlega.

Efni sem notuð eru til tannviðgerða eru sett inn í líkamann og geta haft áhrif á vefi og aðra starfsemi líkamans. Þess vegna er mikilvægt að þau lúti skýrum reglum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um hvernig eftirliti með þeim er háttað. Það hefur verið nefnt á þingi og úti í samfélaginu, verið rætt um notkun amalgams sem margar þjóðir leyfa ekki lengur notkun á vegna kvikasilfursmengunar sem af því getur stafað. Ég veit um lönd þar sem það hefur verið tekið af notkunarlista og er ekki leyft lengur. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvaða eftirlit er með notkun efna og hvaða kröfur eru gerðar til tannviðgerðarefna og annars sem lýtur að tannvernd á Íslandi.

Herra forseti. Í frumvarpi til laga sem hv. þingmenn Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson fluttu er lagt til að ganga nokkru lengra í að Tryggingastofnun ríkisins komi til móts við greiðslu kostnaðar barna, ungmenna og einnig líka fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. En mér þætti við hæfi varðandi það frumvarp, sem liggur fyrir þinginu en hefur ekki verið mælt fyrir, að mælt yrði fyrir því sem allra fyrst þannig að það geti farið til nefndar og verið meðhöndlað samtímis þessu frumvarpi hæstv. heilbrigðisráðherra, sem ég ítreka að er spor í framfaraátt og hægt að fagna því sem slíku.

[16:34]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna frumvarpinu sem við ræðum um, um breytingu á lögum um almannatryggingar. Hér er stigið gott skref í átt að því að bæta tannlæknaþjónustu, einkum við eldri borgara. Með þeim breytingum sem hér gert ráð fyrir er tekið mið af nútímatannlækningum. Það gekk auðvitað ekki að ekki mætti greiða fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr eldri borgara og örorkulífeyrisþega. Það er full ástæða til að fagna þessari tillögu hæstv. heilbrigðisráðherra og sömuleiðis því að aldursviðmið í greiðsluþátttöku sjúkratrygginga fyrir tannlæknaþjónustu barna skuli fært upp og miðist við börn yngri en 18 ára. Allt eru þetta skref í rétta átt til að bæta þjónustu við landsmenn.

Ég rifja það upp að á síðasta þingi beindi ég fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um tannheilsu barna og lífeyrisþega, m.a. um hvort rýmka ætti þær reglur sem gilda um greiðsluþátttöku í tannlæknakostnaði lífeyrisþega. Þá nefndi hæstv. ráðherra að hann hefði einmitt hugað að því að fara þá leið sem við ræðum í dag. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hafi staðið við það og að þetta sé að verða að veruleika.

Öðru máli gildir um tannheilsu barna. Ég vil rifja upp að þegar við ræddum málið á síðasta þingi hafði það komið fram að barnalæknar og sérfræðingur í samfélagstannlækningum sagði að hópur íslenskra barna byggi við tannskemmdir, sársauka og sýkingar, sökum þess að foreldrar þeirra hefðu ekki efni á að fara með þau til tannlæknis og því stefndi í tvískipt tannheilbrigðiskerfi í landinu. Á þeim tíma kom einnig fram að formaður tannverndarráðs lét koma fram að 30% 16 og 17 ára unglinga færu ekki til tannlæknis og 50% þriggja ára barna færu heldur ekki til tannlæknis. Sömuleiðis hafði komið fram að tryggingayfirtannlæknir taldi að greiða ætti tannlæknakostnað barna að fullu.

Hæstv. ráðherra bar því þá fyrir sig að hann teldi að fara þyrfti fram rannsókn á tannheilsu barna áður en ákveðið yrði hvort úrbóta væri þörf eða ekki. Hann boðaði slíka rannsókn og ég vil að gefnu tilefni spyrja hæstv. ráðherra hvort fyrir liggi niðurstöður úr þeirri rannsókn. Ég tel afar brýnt, virðulegi forseti, að gengið verði í að bæta tannlæknisþjónustu við börn og unglinga. Þær voru vissulega sláandi tölurnar, sem fram komu á síðasta þingi, um tannskemmdir 16 og 17 ára unglinga, sem eru alveg furðulega miklar. Og þó kannski ekki, þegar við hugum að því hve dýrar tannlækningar eru. Kannski var töluvert til í því hjá þeim sem héldu því fram að hér stefndi í tvískipt tannheilbrigðiskerfi.

Ég tek heils hugar undir með tryggingayfirtannlækni. Það á að greiða tannlæknakostnað barna að fullu og gera foreldrum, hvernig svo sem efnahagur þeirra er, fært að fara með börn sín með eðlilegu millibili til tannlæknis til forvarna og til að tannheilsa allra barna, alveg óháð efnahag, sé í lagi.

Ég tek einnig undir það sem fram kom hjá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur, sem hefur verið iðin við að nefna tannréttingarnar og hve brýnt er að fara út í að greiða fyrir tannréttingar. Tannréttingar sem foreldrar þurfa oft og tíðum að kaupa fyrir börn sín sem á þurfa að halda eru óheyrilega dýrar og það er ófært, virðulegi forseti, að hér á landi sé einungis greitt þegar um alvarlega fæðingargalla er að ræða. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort honum sé kunnugt um það hvernig þetta er t.d. á hinum Norðurlöndunum. Er þjónusta hins opinbera varðandi tannréttingar, t.d. barna, betri þar? Ég veit ekki hvernig því er háttað en mér finnst mjög lítill stuðningur við fjölskyldur sem lenda í miklum útgjöldum vegna tannréttinga barna. Fólk verður oft að fara í slíkar aðgerðir, alveg óháð efnahag, taka til þess dýr lán o.s.frv. Fólk þarf iðulega að greiða hundruð þúsunda fyrir þetta. Nefndar hafa verið tölur eins og ein milljón, t.d. ef um fleiri börn en eitt er að ræða.

Ég vænti þess að ráðherra hafi lagt það niður fyrir sér hvernig hann vill standa að þeim málum, annars vegar varðandi tannréttingarnar og þá komi skýrar fram hvað hann vill gera í því efni og ekki síður að fara að tillögu tryggingayfirlæknis, um að tannlæknakostnaður barna verði endurgreiddur að fullu. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því hver fyrirstaðan er eins og staðan er núna.

Ég vil líka nota tækifærið til að spyrja: Hver er staðan varðandi endurgreiðslur á tannlækningum? Það hafa verið í gangi, eins og við þekkjum, tvær gjaldskrár, gjaldskrár tannlækna sem eru miklu hærri en endurgreiðslugjaldskrá sem Tryggingastofnun greiðir eftir. Gjaldskrá tannlækna hefur farið verulega fram úr endurgreiðslugjaldskránni, sem hefur bitnað harkalega á þeim sem þurfa að sækja sér tannlæknaþjónustu.

Ég ætla ekki að endurtaka þessar spurningar. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi náð niður því sem ég spurði

um, sem ég tel að væri gott að fá svör við, sem innlegg inn í 1. umr. um þetta ágæta mál ráðherrans.

[16:41]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það er löngum svo, þegar menn fjalla um góð mál og góð réttindi, að þá fagna allir sem einn kór. Það er eins og enginn eigi að borga. Það er sennilega guð almáttugur sem borgar eins og oft.

Þetta er furðuleg umræða. Að sjálfsögðu er þetta borgað. Þetta er borgað með sköttum allra landsmanna. Þetta er borgað með sköttum einstæðra mæðra, með sköttum þeirra sem eiga að vinna uppi á Kárahnjúkum eða annars staðar. Þetta er borgað af fólkinu í landinu. Þessu geta menn ekki bara fagnað einróma eins og enginn borgi.

Hér er tekið upp það nýmæli að greiða tannviðgerðir, auka við það sem greitt er, vegna þess að tannheilsa þjóðarinnar hefur batnað. Það er í sjálfu sér ágætt. En ég spyr: Á ekki fólkið eignir og tekjur til að greiða þetta? Nú er það svo að staða aldraðra er afskaplega misjöfn. Það kemur fram í könnunum að þeir eiga miklar eignir. Ef maður skoðar æviferil mannsins byrjar hann yfirleitt með tvær hendur tómar en kaupir íbúð og safnar alla ævina upp ákveðnum eignum. Þegar hann kemst á eftirlaun er hann yfirleitt kominn með skuldlausa eign. Sumir erfa, en hverjir erfa í landinu? Hvaða fólk er það sem deyr? Það er fólk á aldrinum 80–90 ára gamalt að öllu jöfnu. Hverjir erfa það? Þeir sem eru 50–60 ára. Það er ekki unga fólkið sem erfir. Það er eldra fólkið sem erfir, þeir sem eru að fara á eftirlaun. Það fólk eldist og fer með eignina til efri ára þannig að eignir þjóðarinnar rúlla um hærri aldursflokka í gegnum erfðir.

Nú er búið að lækka erfðafjárskattinn þannig að arfur mun í auknum mæli safnast í eldri aldursflokkum og þangað koma alltaf nýjar eignir úr vinnuævi allra landsmanna. Staða aldraðra er því alls ekki slæm, þ.e. ekki allra. Hún er tiltölulega góð og ég geri ráð fyrir því að margur aldraður sem vill fá bætur hér hafi það betra en þeir sem borga bæturnar með sköttum sínum, t.d. einstæðar mæður, einstæðir foreldrar og aðrir sem standa illa. Venjulegt fólk sem borgar mikla skatta, með barnahjörð og ómegð, er oft og tíðum verr sett þótt það hafi háar tekjur. Ég ætla því ekki að taka undir þennan gleðikór sem sér ekkert annað en gleði í að auka útgjöld ríkisins. Þar fyrir utan er þetta mjög opið. Annars vegar er talað um að þetta kosti 40 millj. kr., að sú fjárveiting sé til staðar og svo stendur í umsögn fjármálaráðuneytisins að ef 10% einstaklingar óski eftir greiðsluþátttöku, þá geti þetta orðið 200–240 millj. kr.

Hvað ætla menn svo að gera þegar fjárveitingin er búin? Ég spyr að því. Ætla menn þá að skerða bæturnar? Hvað segir jafnræðisreglan þá ef sumir fá bætur af því að þeir voru nógu snemma á ferðinni og aðrir fá engar eða skertar bætur? (**Gripið fram í:** Þá koma fjáraukalögin.) Þá koma fjáraukalögin. Þá á sem sagt að láta Gunnu og Jón í frystihúsinu borga meira. Þetta er nefnilega akkúrat það sem gerist. Þetta er galopinn peningakrani og ég vara við þessu þó að ég geti alveg tekið undir góða málið. Þetta er að sjálfsögðu gott mál.

Ég mundi þó vilja að menn færu varlega í þetta og ég skora á hv. heilbrigðisnefnd sem fær frumvarpið væntanlega til skoðunar að hún skoði vel kostnaðaraukann og setji undir þann leka ef það skyldu fara að renna út miklir peningar til jafnvel fólks sem á miklar eignir og er sumt hvert með góðan lífeyri. Það eru ekki allir með lélegan lífeyri. Menn tala alltaf bara um lífeyri almannatrygginga en sem betur fer erum við með lífeyrissjóði í landinu og þeir borga annað eins í lífeyri og almannatryggingarnar. Einhvers staðar kemur það fram. Það er aldrei rætt um það í umræðunni, aldrei, menn tala alltaf um lágmarkslífeyri almannatrygginga, það lágmark sem menn geta haft. Margir eru með mjög góðan lífeyri, bæði örorkulífeyri og ellilífeyri, sem betur fer, bara vel tryggðir. Menn eru með 100–200 þús. kr. í lífeyri frá lífeyrissjóði plús svo frá almannatryggingum, sem betur fer. Ég spyr: Er rétt að skattleggja þá sem eru jafnvel með lægri laun og meiri ómegð til að borga fyrir þá sem hafa bæði miklar eignir og góðar tekjur?

Auðvitað er staða aldraðra misjöfn. Það er til fólk sem á engar eignir eftir allt ævistarfið vegna einhverra mistaka í fjárfestingum eða slíku og hefur líka lítil réttindi í lífeyrissjóði þó að lífeyrissjóðirnir séu búnir að starfa frá 1974. Síðan þá er búin að vera lagaskylda að borga í lífeyrissjóð. Auðvitað eru alltaf einhverjir sem ekki eru með réttindi þrátt fyrir það og það er rétt að taka tillit til þeirra.

Ég er samt ekki alveg eins fagnandi og aðrir þingmenn yfir þessum útgjöldum sem lögð eru á ríkissjóð.

[16:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki hægt að segja annað en að ferskir vindar leiki um sali þegar hv. þm. Pétur Blöndal fer að ræða um almannatryggingar. (Gripið fram í.) Ja, kannski daunillur, ég veit það ekki, við skulum bara vega það og meta.

Það er alveg furðulegt að maður skuli alltaf þurfa að minna hv. þingmann á það að skattkerfið er hér sem jöfnunartæki. Inni í reglunum sem við erum að fjalla hér um er jöfnunartæki vegna þess að það er endurgreitt miðað við hvaða tekjur fólk er með. Þeir sem eru mjög tekjulágir eru með fullar greiðslur frá almannatryggingunum og fá þar af leiðandi lítið greitt annars staðar frá og sumir ekki neitt, þeir fá meiri greiðslur. Síðan minnka endurgreiðslurnar á tannlæknakostnaðinum hjá elli- og örorkulífeyrisþegum eftir því sem þeir hafa meiri tekjur.

Það er sátt um það í samfélaginu að nota skattkerfið sem jöfnunartæki. Við greiðum skatta af tekjum okkar til þess síðan að njóta þess þegar við þurfum á því að halda, þegar við erum gömul eða veik og getum ekki staðið straum af ýmsum kostnaði eins og tannlækningum. Ég nefni fólk sem er t.d. á hjúkrunarheimilum og fær 100% endurgreitt, það fólk hefur mjög litlar tekjur, margt hvert, og er kannski aðeins með vasapeninga sem eru mjög lágir. Hér er sem sagt komið til móts við þessa hópa.

Hv. þingmaður minntist á tannréttingarnar. Það er mjög mikill baggi á barnafjölskyldum þar sem eru ættgengar tannskekkjur að þurfa að standa straum af tannréttingum margra barna. Það hleypur á hundruðum þúsunda, fer jafnvel yfir milljón og milljónir.

[16:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að margir hv. þingmenn líta á skattkerfið sem jöfnunartæki. Ég geri það ekki. Ég tel skattkerfið eiga að afla ríkissjóði tekna til þess að borga velferðarkerfið, (**ÁRJ:** Það er það ...) og ég mundi ekki leggja aðaláherslu á það að jafna tekjurnar á kostnað þess að fá inn tekjur til ríkissjóðs.

Það hefur einmitt sýnt sig að þegar menn hætta að líta á skattkerfið sem tekjujöfnun fer það að skila ríkissjóði miklum tekjum, þegar hætt er undanþágum og öðru slíku í kerfinu fer það að skila miklu meiri tekjum og kakan stækkar og stækkar, eins og hún hefur gert undanfarinn áratug eftir að Sjálfstæðisflokkurinn tók við og eitthvert vit fór að komast í þessi mál.

Varðandi að þetta sé tekjujöfnun, hvað ætlar hv. þingmaður að segja um það ef manneskja sem á einbýlishús upp á 50 millj. fær bætur frá manni sem á ekki neitt og borgar skatta af tekjunum sínum? Sá sem á stóra húsið getur verið algjörlega skattfrjáls vegna þess að hann hefur engar tekjur. Hvað ætlar hv. þingmaður að segja, er þetta tekjujöfnun? Er þetta réttlátt? Er þetta sanngjarnt? Það finnst mér ekki.

Það vill oft þannig til að þegar menn nota svona kerfi til að „jafna tekjur" skjóta þeir sig í fótinn og gera akkúrat það öfuga, auk þess sem allir fá a.m.k. 50% samkvæmt þessum reglum sem hér eru settar upp. Þannig verður engin tekjujöfnun í því nema mjög veik.

[16:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara minna á það að aldraður í stóru húsi hefur kannski ekki miklar tekjur af húsi sínu og ef hann hefur tekjur af því skerðast bætur hans og þá fær hann minna endurgreitt.

Nú man ég ekki einu sinni hvað hv. þingmaður var að segja sem ég ætlaði að svara honum en það ber allt að sama brunni alltaf með þessi mál, almannatryggingarnar og velferðarkerfið hjá honum. Almannatryggingarnar eru öryggisnet sem grípur inn í þegar fólk þarf á því virkilega að halda og reglurnar eru gerðar þannig. Það eru miklir jaðarskattar í kerfinu sem er þannig að enginn græðir á því. Almenningur er ekki að græða á því heldur er verið að koma til móts við þá sem þurfa á því að halda þegar illa árar og þegar það missir heilsuna, þegar maður þarf aðstoð og hefur ekki nema takmarkaðar tekjur.

Af því að við erum að tala hér um aldraða og öryrkja í þessum efnum er það svo sannarlega þannig að menn fá ekki einhverjar formúur úr kerfinu. Ég minni á það að þegar verið er að endurgreiða — aldrei minna en 50% sagði hv. þingmaður — það er það virkilega minna en 50% vegna þess að gjaldskrá tannlækna er mun hærri en endurgreiðslugjaldskráin sem Tryggingastofnun miðar við. Fólk fær minna en 50% þó að það standi 50% í reglugerðinni vegna þess að endurgreiðslan miðar við gjaldskrá Tryggingastofnunar en ekki raunverulega gjaldskrá tannlækna sem er yfirleitt mun hærri en gjaldskrá Tryggingastofnunar.

[16:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan er staða aldraðra mjög mismunandi innbyrðis, bæði varðandi eignir og tekjur. Margir öryrkjar og ellilífeyrisþegar hafa mörg hundruð þúsund í tekjur á mánuði og þeir fá 50% af útgjöldum endurgreidd samkvæmt frumvarpinu. Maður sem hins vegar fellur ekki í þennan flokk, er vinnandi, skal borga þetta með sköttunum sínum en hann fær ekki þessar bætur. Hann getur verið með miklu lægri laun, ég minni á það að fólk sem fær borgað samkvæmt taxta Eflingar er með 120 þús. kr. á mánuði í hæsta taxta. (**ÁRJ:** Við þurfum kannski að koma til móts við það.) Það er verið að borga út laun sem eru langt undir því sem sumir eru með í lífeyri þannig að ég er nú hræddur um að tekjujöfnunarhlutinn blikni þegar menn fara að skoða málið nákvæmlega. (Gripið fram í.)

Ég legg til að hv. heilbrigðisnefnd skoði þetta mál mjög varlega og verði ekki svona yfir sig hrifin af auknum útgjöldum ríkissjóðs.

[16:55]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afar athyglisvert að heyra málflutning og röksemdir fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í velferðarmálum, hv. þm. Péturs H. Blöndals. Ég vil minna á það, herra forseti, að hv. þingmaður er einn af helstu talsmönnum Sjálfstæðisflokksins, er í forsvari fyrir flokkinn og mál hans á Alþingi og í nefndum. Þess vegna hlýtur maður að verða að taka alvarlega þann boðskap sem hann flytur fyrir hönd síns flokks. Þegar hér er lagst gegn eða talað niður til velferðarkerfisins, eins og hv. þingmaður gerði áðan, hlýtur maður að verða að tala það alvarlega.

Íslenska þjóðin hefur verið stolt af þeirri samábyrgð sem hefur verið byggð upp hér á landi, að það sé ákveðin grunnþjónusta, samfélagsþjónusta sem allir eigi aðgang að og allir njóti án tillits til efnahags eða annarra ytri skilyrða. Þetta hefur verið stolt okkar. Nú heyrum við frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins hér á þingi, hv. þm. Pétri H. Blöndal, að hann varar okkur við að fylgja þessu eftir.

Ég minnist þess þegar hv. þingmaður talaði um það sem mesta gleðidag í lífi sínu þegar boðaðar skattalækkanir ríkisstjórnarinnar voru samþykktar hér á Alþingi, ég minnist þess. Þetta er í sjálfu sér í samræmi við þann boðskap. (Forseti hringir.) Engu að síður er það alvarlegt.

[16:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt 48. gr. stjórnarskrárinnar eru alþingismenn eingöngu bundnir af sannfæringu sinni og ég er hér aðallega fulltrúi sjálfs mín og þeirra sem kusu mig. Ég er fulltrúi skattgreiðenda, ég er fulltrúi þess fólks sem er að basla við að koma sér upp húsnæði, koma upp börnunum sínum með ærnum kostnaði og borga heljarháa skatta. Ég er fulltrúi þeirra og þess vegna gleðst ég þegar skattar eru lækkaðir, dregið úr áþján þessa fólks og það hefur meira til ráðstöfunar sjálft. Ég er varkár í því að gleðjast yfir auknum útgjöldum ríkissjóðs.

Það er ekki rétt að ég tali niður til velferðarkerfisins. Ég hef margoft bent á það að velferðarkerfið er óskaplega mik-

ilvægt fyrir atvinnulífið, launþegana og þjóðina í heild. En það þarf að vera skilvirkt og réttlátt og það má ekki skattleggja einhvern sem er með 150 þús. kr. á mánuði, segjum, til að veita einhverjum öðrum sem er með 400 þús. kr. á mánuði bætur. Það er grundvallaratriði. Við megum ekki skattleggja þann sem er með lágar tekjur til þess að einhver annar sem er með hærri tekjur fái bætur — sem sá skattlagði fær ekki. Ef sá sem er með Eflingartaxtann lendir í því tjóni að vera með einhverjar tannskemmdir fær hann ekki þessar bætur því að þær eru takmarkaðar við elli- og örorkulífeyrisþega.

[16:59]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það er himinn og haf á milli skoðana þeirra sem aðhyllast félagshyggju og samhjálp og hinna sem aðhyllast hið óhefta markaðskerfi og að hver fái veitta heilbrigðisþjónustu eftir efnum og ástæðum.

Ég geri mér grein fyrir því. Ég er hins vegar ekki sammála hv. þingmanni í því að hann sé fulltrúi skattgreiðenda. Það erum við öll og við öflum skatta til þess m.a. að standa undir öflugu og góðu velferðarkerfi. Ég er alveg sammála því að við eigum ekki að innheimta skatta til þess að stunda hernaðarrekstur og stríð í öðrum löndum. Það er mjög hættulegt að innheimta skatta til þátta sem ekki koma þessu velferðarkerfi við. En þeir skattar sem við innheimtum til að standa að sameiginlegu velferðarkerfi, öflugu eins og hér er verið að tala um, tannvernd og tannheilsu sem allir eiga aðgang að óháð efnahag og stærð og breidd og hæð og lengd, er nokkuð sem gerir okkur að virtu samfélagi.

Þess vegna er mjög alvarlegt mál þegar einn helsti talsmaður stærsta stjórnmálaflokks landsins eða einn af þeim stærri, a.m.k. til skamms tíma, opinberar stefnu flokks síns með þeim hætti sem hér er gert. Þó að hann tali í nafni sjálfs sín er hann kosinn í framboð af flokksbundnum sjálfstæðismönnum og einnig kosinn á þing væntanlega af fólki sem styður Sjálfstæðisflokkinn vegna þeirra skoðana sem hv. þingmaður er talsmaður fyrir sem eru þær að tala niður til velferðarkerfisins (Forseti hringir.) og að það eigi að vera aðeins aðgengilegt fólki eftir efnum.

[17:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður er væntanlega svo vanur því að hlíta flokksaga að hann getur ekki ímyndað sér að einhver hafi sjálfstæðar skoðanir. Ég hef mínar skoðanir. Þær fara yfirleitt saman við skoðanir Sjálfstæðisflokksins, það er satt, en ég hef mína skoðun og ég er fulltrúi sjálfs mín. Þegar hv. þingmaður segir að ég sé ekki fulltrúi skattgreiðenda en samt séum við það öll hlýt ég að vera það líka, eða hvað?

Það var mjög ánægjulegt að heyra það hjá hv. þingmanni að allir hv. þingmenn séu fulltrúar skattgreiðenda. Það er þá orðin mikil breyting á og verður mjög ánægjulegt að upplifa það í heilbrigðis- og tryggingaefnd þegar menn skoða útgjöld ríkissjóðs af varkárni sem eru greidd af skattgreiðendum. Það verður mjög gaman að upplifa það að menn passi sig á því að auka ekki útgjöldin meira en nauðsynlegt er til þess að gera velferðarkerfið skilvirkt og réttlátt og gæti sín á því að vera ekki að skattleggja fólk sem er með lágar tekjur og litlar eignir til að borga bætur fyrir annað fólk sem er með miklu hærri tekjur og miklu meiri eignir. Það verður ánægjulegt þegar ég verð kominn með samherja í því að gæta hagsmuna skattgreiðenda. Ég ætla að vona að það verði almennur stuðningur, enda fullyrti hv. þingmaður og mælti fyrir munn allra þingmanna að við séum öll fulltrúar skattgreiðenda og er nú aldeilis farið að fjölga í hópnum. (**ÖJ:** Er þetta Kárahnjúkamaðurinn sem talar?)

[17:03]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og góðar undirtektir við frumvarpið. Ég vil halda mig við nokkrar fyrirspurnir sem beint hefur verið til mín í umræðunni.

Sú fyrsta var um endurgreiðslur vegna tannréttinga. Við höfum látið það vera forgangsverkefni að endurgreiða vegna klofins góms. Þar er endurgreiðslan 95% og var síðasta breytingin sem gerð var á því sviði, en mér hefur verið tjáð að sem betur fer sé samkeppni mjög að aukast varðandi þessa tegund tannlækninga og verðið fari lækkandi. Það eru góð tíðindi þó að við höfum ekki farið í frekari niðurgreiðslur á því sviði.

Komið hefur verið inn á útgjaldaþáttinn í frumvarpinu, hvað þetta þýðir mikil útgjöld. Eins og bent er á í frumvarpinu eru útgjöldin byggð á varfærnu mati Tryggingastofnunar ríkisins um að um þúsund manns muni sækja þjónustuna árlega. Heimildir sem við höfum eru, eins og fram kemur, 45 millj. Hins vegar er svigrúm upp á 20 millj. í viðbót vegna þess að við reiknum með því að þeir sem hafa sótt sér þjónustu og fengið laus tanngervi hingað til muni breyta áherslum sínum. Auðvitað verður að fylgjast með útgjaldaþróuninni og þær heimildir sem við höfum eru í frumvarpinu. Það hefur verið farið yfir það en við þurfum að fylgjast með því hvernig þetta reynist. Að sjálfsögðu tek ég undir að mál fara til nefndar til að skoða þau og sjálfsagt að heilbrigðis- og tryggingaefnd fari yfir áætlanirnar sem liggja til grundvallar.

Varðandi börn að 18 ára aldri eru þau tryggð í 33. gr. laganna. Þau voru þar inni og eru þar inni þannig að það er ekki breyting á nema varðandi aldurinn. Ég var einnig spurður eftir því með hvaða hætti eftirlit væri með efni til tannviðgerða. Eftirlitið fer eftir norrænum gæðastaðli sem við notum í þessu sambandi og er ítarlegra eftirlit en gildir um iðnaðarvörur. Aðferðin við eftirlitið þarf auðvitað að vera í lagi, ég tek undir það með hv. 8. þm. Norðvest.

Varðandi tannheilsu barna sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði eftir er það rétt að ég svaraði því að við þyrftum að sjá niðurstöður rannsókna varðandi tannheilsu barna. Þeirri rannsókn er ekki lokið, hún stendur yfir, þannig að við bíðum eftir þeim niðurstöðum.

Spurt var um þjónustu hins opinbera á Norðurlöndum varðandi tannheilsu. Greiðsla hins opinbera er svipuð á Norðurlöndum en reikningarnir eru miklu hærri hér. Varðandi greiðsluhlutfallið og taxta tannlækna er álagning tannlækna frjáls og þess vegna er greiðsluhlutfall Tryggingastofnunar í tannlækningum misjafnt.

Ég ætla ekki að blanda mér í almenna skattaumræðu í málinu. Það hefur verið bærilegt samkomulag um að heilbrigðiskerfið sé borgað af skatttekjum. Hvort það kemur réttlátt niður eða ekki er mjög stórt mál sem ég ætla ekki að leiða til lykta í umræðunni en í þessu máli tel ég að verið sé að stíga gott skref. Við erum að færa greiðsluþátttöku í tannlækningum sem þegar er fyrir hendi til nútímahorfs og mér finnst ekki ástæða til þess að greiða niður versta fyrirkomulagið í tannviðgerðum aldraða og greiða ekki niður nútímalækningar á þessu sviði. Frumvarpið er því lagfæring að þessu leyti og líka mikilvæg réttarbót. Ég endurtek að það er auðvitað sjálfsagt að heilbrigðis- og tryggingaefnd skoði málið og fari ofan í forsendur þess. En ég vona að málið nái fram að ganga og verði afgreitt á þessu vorþingi.

[17:10]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna, kom fyrst og fremst upp til að víkja fáeinum orðum að hv. þm. Pétri H. Blöndal, talsmanni Sjálfstæðisflokksins í skattamálum og almannatryggingum. Ég veit að þeir eru fleiri um hituna þar en hann hefur látið mjög að sér kveða fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins í þeim málum.

Ég ítreka það sem fram kom í máli mínu fyrr í dag að við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði lítum á stjórnarfrumvarpið sem spor fram á við. Ríkisstjórnin hefur verið að þoka þessum málum áleiðis mjög hægt, kannski nær að tala um að hún drattist áfram, en stórstíg er hún ekki.

Við höfum vakið athygli á frumvörpum þeim sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur flutt og að öllum ólöstuðum hefur hv. þm. Þuríður Backman verið flestum ef ekki öllum þingmönnum iðnari við að halda málaflokknum, tannvernd og tannheilsumálum almennt, að þinginu og þrýsta á um úrbætur. Höfum við vísað í tillögu til þingsályktunar sem flutt var á síðasta þingi um tannvernd barna og unglinga en við tillögunni bárust mjög jákvæðar umsagnir víðs vegar að úr samfélaginu og er vísað til þeirra í frumvarpi til laga sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs báru fram á yfirstandandi þingi.

Að öðru leyti hef ég gert grein fyrir áherslum okkar og sagt að það sem verið er að gera með stjórnarfrumvarpinu er í áttina að þeim tillögum sem við höfum lagt til. Það er ekki gengið næstum því eins langt og við hefðum kosið en að sjálfsögðu fögnum við öllum skrefum fram á við og teljum að þetta sé mjög mikilvægt skref þó að það sé ekki ýkja stórt.

Þá er komið að hv. þm. Pétri H. Blöndal sem flutti mjög andheita ræðu áðan um velferðarþjónustuna, skattheimtu o.s.frv. Ég verð að játa að ég hef alltaf svolítið gaman af því þegar hv. þingmaður opnar sig að þessu leyti og hugleiði þá þá hróplegu mótsögn sem er á milli orða annars vegar og athafna hins vegar, því að þessi hv. þingmaður hefur stutt stórkostlegustu fjárfestingar á vegum opinberra aðila í sögu íslensku þjóðarinnar. Þá er ég að vísa til lántöku við Kárahnjúkavirkjun því að það er fjárfesting sem íslenska ríkið réðst í með samþykki hv. þm. Péturs H. Blöndals og annarra (Gripið fram í.) aðila sem ég gæti vísað til.

Hann kallar fram í að R-listinn hafi samþykkt þetta, það er ekki alls kostar rétt vegna þess að þar voru mismunandi áherslur. (Gripið fram í.) Þáverandi borgarstjóri, hv. varaþingmaður Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, samþykkti ráðagjörðina en fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í meirihlutasamstarfinu í Reykjavík voru þessu andvígir. (**Gripið fram í:** Hann klofnaði.) Þetta hélt ég að hv. þingmaður hefði vitað. Listinn klofnaði í málinu, það er alveg rétt. Það gerist stundum þegar fólk fylgir sannfæringu sinni að það lætur brjóta á málum sem það telur vera nokkurs virði.

Ég hlustaði á mjög athyglisverðan fyrirlestur í Norræna húsinu í gær sem fram fór að tilhlutan Norðurlandaráðs, að því er ég held, a.m.k. var þar byggt á starfi á vegum Norðurlandaráðs. Þar voru flutt erindi sem voru alveg geysilega fróðleg. Þar kom fram m.a. í erindi sem Stefán Ólafsson, prófessor í félagsvísindadeild Háskóla Íslands, flutti að ýmsar veigamiklar stoðir velferðarþjónustunnar á Íslandi hafi verið að veikjast ef við lítum aftur til samanburðar til ársins 1990 eða til byrjunar tíunda áratugarins. Hann fór mjög rækilega yfir hvernig þetta hefði verið að gerast. Hann setti upp á skjá samanburðartölur um skattlagningu víðs vegar í heiminum, á Norðurlöndum og einnig í engilsaxnesku löndunum í Suður-Evrópu. Þar kemur fram að hið margumtalaða skandinavíska módel sem byggir á talsvert mikilli skattheimtu og mikilli samneyslu hafi fætt af sér samfélag þar sem tiltölulega mikill jöfnuður ríkir. Samfélag á borð við hið bandaríska, og einhver önnur voru nefnd í þeirri spyrðu, byggir hins vegar á lítilli skattheimtu en í þeim þjóðfélögum er mikil misskipting auðsins. En það sem mér þótti merkilegt í þeim samanburðarfræðum var að þegar millitekjufólkið í Bandaríkjunum var skoðað og útgjöldin tínd saman eða sett saman í eina spyrðu sem fólk hafði vegna velferðarmála, heilsugæslu, heilbrigðisþjónustu af ýmsu tagi og öðru sem fólk sækir til sem við köllum velferðarþjónustu, skóla, heilbrigðismála, tryggingа og þar fram eftir götunum, ef við tökum þessi útgjöld og bætum þeim við skatta, þá kom á daginn að útgjöldin voru ekki ósvipuð á Norðurlöndunum annars vegar og Bandaríkjunum hins vegar. Það voru svipaðar upphæðir sem menn greiddu en í öðru formi, annars vegar í samneyslufarvegi og hins vegar í einkaneyslu.

Þá er að hyggja að afleiðingunum og þær eru sem ég gat um áðan, samfélag misskiptingar annars vegar, mikillar misskiptingar og ójafnvægis og hins vegar samfélag jafnaðar. Þegar dæmið er gert upp og menn skoða hverjar eru félagslegar og fjárhagslegar afleiðingar misskiptingar, afleiðingar fátæktar því hún er mjög dýr fyrir samfélagið, ekki bara í erfiðu hlutskipti þeirra sem eru fátækir eða búa undir fátæktarmörkum heldur kostar hún líka skattborgarann, hinn rómaða skattborgara hv. þm. Péturs H. Blöndals, umtalsverða fjármuni, þá er þetta dýrt samfélag að reka.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, hæstv. forseti, í tilefni orða hv. þm. Péturs H. Blöndals þar sem hann talaði niður til velferðarkerfisins, til velferðarþjóðfélagsins sem smíðað hefur verið á Íslandi og Norðurlöndum á undanförnum áratugum.

[17:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér leiðist að segja

hér aftur og aftur að í Sjálfstæðisflokknum ríkir ekki það flokksræði sem hv. þingmaður og hv. þingmenn Vinstri grænna virðast vera vanir, að einn tali fyrir alla og allir fyrir einn eins og þeir séu samtengdir heilar. Þannig er ekki í Sjálfstæðisflokknum. Ég er talsmaður aðallega sjálfs míns.

Hv. þingmaður gat þess að nokkur frumvörp sem þeir hefðu flutt hefðu fengið jákvæðar umsagnir. Auðvitað fær það jákvæðar umsagnir þegar á að fara að bæta kjör einhverra því það vantar einn stóran aðila í þjóðfélaginu sem ætti að veita umsögn sem væri félag skattgreiðenda. Það vantar. Það er af einhverjum ástæðum ekki til. Slík félög eru til víða um Evrópu í flestum löndum og þau fá frumvörp til umsagnar, ræða málin frá sjónarhóli skattgreiðandans, þess sem á að greiða.

Hv. þingmaður klykkti svo út með því að segja að ég tali niður til velferðarkerfisins. Ég hef margoft sagt að velferðarkerfið er afskaplega mikilvægt. Það er hluti af kjörum manna og ég gæti ekki hugsað þá hugsun til enda ef ekkert velferðarkerfi væri til. En ég geri kröfu til að það sé skilvirkt og réttlátt, það sé ekki að taka skatta af lágtekjufólki og láta hátekjufólkið fá þá sem bætur. Það finnst mér alveg ótækt.

Svo talaði hv. þingmaður um Kárahnjúka. Ég gat ómögulega skilið hvað það kæmi þessu máli við. Það er framkvæmd sem virðist ætla að verða óskaplega arðbær vegna þess að álverð hækkar sem enginn átti von á og auðvitað mun það hækka frekar ef menn hafa einhverja trú á koldíoxíðmenguninni.

[17:21]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Maður þarf að vera nokkuð hraðvirkur til að svara hv. þm. Pétri H. Blöndal að fullu. Í fyrsta lagi um Kárahnjúka. Það eru mikil áhöld um hvort ekki verður bókhaldslegt tap á þeirri framkvæmd. Menn óttast að svo verði, enda sögðu forsvarsmenn Landsvirkjunar að þeir hefðu aldrei ráðist í þá framkvæmd ef þeir væru fyrirtæki á markaði. Það þurfti hins vegar menn á borð við hv. þm. Pétur H. Blöndal til að samþykkja þetta nánast með bundið fyrir augun. Þá samþykktu þeir þessar fjárfestingar fyrir hönd íslenskra skattborgara.

Félag skattgreiðenda. Er það ekki bara almennt íslenska þjóðin? Nú vill svo til að gerðar hafa verið skoðanakannanir aftur og ítrekað um afstöðu Íslendinga til velferðarþjónustunnar og hvernig þeir vilji greiða fyrir hana. Þar hefur verið spurt hvort menn vilji greiða fyrir þjónustuna beint eða hvort þeir vilji borga inn í samtryggingarkerfi og fjármagna hana með sköttum. Yfirgnæfandi meiri hluti í slíkum könnunum hefur verið fylgjandi því að fjármagna velferðarþjónustuna með sköttum. Með öðrum orðum að greiða fyrir þjónustuna meðan maður er frískur og hefur atvinnu en ekki þegar maður hefur misst heilsuna og misst hugsanlega atvinnuna einnig. Þetta er afstaða Íslendinga sem betur fer til velferðarþjónustunnar og hún rímar ekki við þau viðhorf sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur boðað.

Varðandi Sjálfstæðisflokkinn og flokksagann þar hef ég ekki gert annað en að fylgjast með atkvæðagreiðslum í þinginu, þar á meðal atkvæðagreiðslum hv. þm. Péturs H. Blöndals.

[17:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst aðeins um Kárahnjúka þó að það komi þessu máli ekkert við en hv. þingmaður fór inn á það mál. Á Austurlandi var mikil ördeyða og mikið vonleysi ríkjandi áður en þessi virkjun kom. Mér er sagt að það sé allt öðruvísi í dag, allt öðruvísi. Þar er glimrandi góð staða og ég óska Austfirðingum til hamingju og nota tækifærið til þess.

Hv. þingmaður segir að ég hafi samþykkt með bundið fyrir augun. Það er ekki rétt. Ég sat nefnilega í iðnaðarnefnd á þeim tíma og við fengum mjög góða og frábæra útlistun á því, í trúnaði að sjálfsögðu, hvernig arðsemisútreikningar fóru fram. Ég var mjög ánægður með það módel. Það byggði á Monte Carlo-aðferð, tölfræðiaðferð sem er viðurkennd og sýndi nokkuð góðan hagnað. En þeir gáfu sér eina forsendu sem ég var ekki alveg sáttur við. 0,4% lækkun á álverði á hverju einasta ári næstu 30 ár. Ég spurði: Getur það verið að álverð muni lækka svona stöðugt þegar vitað er að verið er að byggja núna álver sem nota rafmagn sem framleitt er með kolum, þar sem á að brenna heilu fjöllin af kolum? Getur verið að það verði látið viðgangast? Auðvitað verður það bannað ef menn trúa á koldíoxíðmengun, þá verður bannað að framleiða rafmagn með kolum til framleiðslu á áli sem þýðir að framboð á áli mun minnka, eftirspurnin mun vaxa og verðið þar með. Ég get ekki séð annað en að verð á áli muni hækka og hækka, þ.e. ef einhver glóra er í þessum koldíoxíðkenningum sem hv. þingmaður og hans flokkur skilst mér sé mjög áfram um. Afleiðingin af því ef kenningin um koldíoxíðmengunina er gild er sú að menn hætta að brenna kol til þess að framleiða rafmagn. Það þýðir að loka þarf einhverjum álverum eða ný verða ekki byggð sem þýðir það að verðið mun hækka því eftirspurnin vex vegna þess að ál er mikilvægt til að lækka einmitt eldsneytisnotkun bíla.

[17:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitthvað rifjast þessi umræða öll upp og gott ef ég minnist þess ekki að hv. þm. Pétur H. Blöndal væri hrifinn af Monte Carlo-aðferðinni.

Hvers vegna blandast Kárahnjúkar inn í þessa umræðu? Það er vegna þess að við erum að tala um skattborgara og hagsmuni skattborgara og það var hv. þm. Pétur H. Blöndal sem vakti máls á því samhengi. Staðreyndin er sú þegar litið er til Kárahnjúka að hver einasta króna sem þar hefur farið í framkvæmdir hingað til er tekin að láni og hún er á ábyrgð íslenskra skattborgara. (**PHB:** Nema hvað?) Nema hvað, segir hv. þingmaður. Þetta er staðreyndin. Þetta er það fjárhættuspil samkvæmt Monte Carlo-módelinu sem hv. þm. Pétur H. Blöndal vill leika á kostnað íslenskra skattborgara.

En að lokum, hæstv. forseti, hér er senn að ljúka umræðu um frumvarp ríkisstjórnarinnar um almannatryggingar. Þar er komið til móts við þarfir eldri borgara. Ég tel frumvarpið vera jákvætt. Það er skref í rétta átt. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði hefðum viljað ganga lengra. Við höfum lagt fram ítarleg þingmál með tillögum um það efni en þær bíða síns tíma. Ég vona að þær

fái afgreiðslu í heilbrigðis- og tryggingaefnd samhliða þeim tillögum sem komið hafa frá ríkisstjórninni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:27]

Útbýting:

Eignarhald á bújörðum, 485. mál, svar landbrh., þskj. 941.

Lífeyrissjóður bænda, 459. mál, svar fjmrh., þskj. 929.

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 629. mál, frv. allshn., þskj. 950.

Tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum, 586. mál, svar fjmrh., þskj. 928.

Út af dagskrá voru tekin 18.–24. mál.

Fundi slitið kl. 17:28.

88. FUNDUR

mánudaginn 14. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Almannatryggingar, stjfrv., 587. mál, þskj. 879. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Kosningar til Alþingis, frv., 70. mál, þskj. 70. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Áfengislög, frv., 74. mál, þskj. 74. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands, beiðni um skýrslu, 630. mál, þskj. 953. *Hvort leyfð skuli.*
5. Lokafjárlög 2002, stjfrv., 440. mál, þskj. 660. — 1. umr.
6. Lokafjárlög 2003, stjfrv., 441. mál, þskj. 663. — 1. umr.
7. Almenn hegningarlög, stjfrv., 409. mál, þskj. 520, nál. 952. — 2. umr.
8. Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns og sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, stjfrv., 484. mál, þskj. 740, nál. 951. — 2. umr.
9. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 137. mál, þskj. 137. — 1. umr.
10. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 142. mál, þskj. 142. — 1. umr.
11. Atvinnuleysistryggingar, frv., 174. mál, þskj. 174. — 1. umr.
12. Íslenskun á ræðum æðstu embættismanna, þáltill., 175. mál, þskj. 175. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Helgi Hjörvar, 9. þm. Reykv. n.,
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá hv. 10. þm. Reykv. s., Ágústi Ólafi Ágústssyni, dagsett 11. mars 2005:

„Þar sem ég fer í fæðingarorlof frá og með næsta mánudegi, 14. mars, sbr. 12. gr. laga um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingum, og sæki ekki þingfundi næstu vikur óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varaþingmaður Samfylkingarinnar í Reykv. s., Einar Karl Haraldsson ráðgjafi, Reykjavík, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.“

Einar Karl Haraldsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Tilkynning um dagskrá.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að loknum atkvæðagreiðslum fer fram utandagskrárumræða um málefni Ríkisútvarpsins. Málshefjandi er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður K. Gunnarsdóttir verður til andsvara.

[15:03]

Útbýting:

Læknismeðferð barna erlendis, 555. mál, svar heilbrrh., þskj. 933.

Varðveisla sjónvarpsefnis, 460. mál, svar menntmrh., þskj. 923.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 587. mál (tannlæknakostnaður aldraðra, öryrkja og barna). — Þskj. 879.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað heilbr.- og trn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. ÖS o.fl., 70. mál (þjóðaratkvæðagreiðslur). — Þskj. 70.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað allshn. án atkvgr.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 74. mál (auglýsingar). — Þskj. 74.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað allshn. án atkvgr.

Áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands.

Beiðni MÁ o.fl. um skýrslu, 630. mál. — Þskj. 953.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Vegna skýrslubeiðninnar vil ég taka fram að fyrir það fyrsta tel ég eðlilegt að sú beiðni verði samþykkt en vil geta þess að áður hafði ámóta beiðni komið fram og unnið hafði verið allverulega í að svara henni. Því var ekki lokið enda kom í ljós að í upphaflegri beiðni var farið fram á töluvert umfangsmikla rannsókn. Síðan varð það samkomulag milli mín og þess sem óskaði eftir skýrslunni að dregið yrði úr úttektinni og í ljósi þess var haldið áfram að vinna skýrsluna, sem er að mestu lokið. Ég tel því að það muni ekki taka langan tíma að verða við því að leggja fram þá skýrslu sem óskað er eftir að verði tekin saman.

[15:06]

Mörður Árnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Forseti. Hér er fyrst og fremst um tæknilega beiðni að ræða þar sem hæstv. samgönguráðherra hefur lýst sig reiðubúinn að svara með skýrslu þeirri beiðni sem var sett fram fyrir nærfellt einu og hálfu ári og ég fagna því að skýrslan sé loksins tilbúin.

Það er að vísu misskilningur hæstv. ráðherra að farið hafi verið fram á viðamikla rannsókn á málinu. Að vísu var farið fram á rannsókn á sviði almannatengsla og félagsfræði sem samgönguráðuneytið hefur kannski ekki mikið vald á, en það hafa aðrir í samfélaginu og ætti að vera auðvelt fyrir hæstv. samgönguráðherra og starfsmenn hans að afla sér þeirra hæfileika og þekkingar eða kaupa hana hjá vel kunnum stofum sem á þessu sviði starfa.

Ég fagna því að skýrslan sé loksins á leiðinni og ég fagna því líka að hæstv. samgönguráðherra skuli hafa treyst sér til að láta vinna skýrsluna fyrir minni upphæð en þær 22 millj. kr. sem Davíð Oddsson, núverandi hæstv. utanríkisráðherra, taldi að skýrslan mundi kosta í sérstöku svari sínu við fyrirspurn á Alþingi í fyrra, sem enn þá er oft vitnað til vegna þess að þetta væri þá ein dýrasta skýrsla sem flutt hefur verið á Alþingi. Ég endurtek því hrós mitt í garð hæstv. samgönguráðherra fyrir að geta svarað skýrslunni með minni kostnaði en Davíð Oddsson, hæstv. ráðherra, taldi þurfa.

Beiðni leyfð til samgrh. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, DJ, DrH, EKG, EKH, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁS, GÁ, GÖg, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SigurjÞ, SF, SJS, StB, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.

19 þm. (ÁMagn, ÁRJ, BBj, BH, DO, EOK, GÞÞ, GunnB, GÖrl, HHj, JÁ, KJúl, KÓ, MÞH, SAÞ, SKK, SP, ÞSveinb, ÞBack) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:08]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég samþykki að sjálfsögðu fyrirliggjandi skýrslubeiðni en vil hins vegar halda því til haga í þessu samhengi að það er eftirspurn eftir fréttum af hinni löngu útrás hæstv. sjávarútvegsráðherra í kynningarstarfi á málstað okkar Íslendinga í hvalveiðimálum almennt. Hvort það spili inn í skýrslu hæstv. samgönguráðherra skal ég ekkert segja um en það er eftirspurn eftir því að heyra frá hæstv. sjávarútvegsráðherra hvernig hið viðamikla útbreiðslustarf á málstað okkar gangi. (**Gripið fram í:** ... fyrirspurn.)

Umræður utan dagskrár.

Málefni Ríkisútvarpsins.

[15:09]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Stjórnarandstaðan á Alþingi er sammála um mikilvægi þess að fram fari ítarleg umræða um málefni Ríkisútvarpsins enda má heita að neyðarástand ríki á þeirri stofnun. Það er dapurlegt til þess að vita að stjórnarmeirihlutinn á Alþingi treystir sér ekki til að taka ítarlega umræðu um málið og að við verðum að binda okkur við hálfa klukkustund.

Tvær ástæður lágu að baki þeirri miklu umræðu sem fram fór í þjóðfélaginu um málefni Ríkisútvarpsins þar til sú þriðja kom til sögunnar, þ.e. fréttastjóramálið, hin makalausa valdníðsla að ganga þvert á fagleg og eðlileg vinnubrögð við ráðningu fréttastjóra og þess í stað troða í starfið einstaklingi sem lagsmenn forsætisráðherra töldu sig vera í kallfæri við. Þetta skrifast á ábyrgð stjórnarflokkanna, sérstaklega Framsóknarflokksins í þessu tiltekna máli, Framsóknarflokksins sem beitir fulltrúum sínum í útvarpsráði í hagsmunagæslu fyrir Framsóknarflokkinn. Þessi vinnubrögð eru tilræði við Ríkisútvarpið auk þess sem nagað er í stoðir lýðræðisins.

Enda þótt hin almenna regla eigi að vera sú að hinu pólitíska valdi sé ekki beitt í Ríkisútvarpinu er sú tenging sem er á milli Alþingis og framkvæmdarvaldsins annars vegar og Ríkisútvarpsins, útvarps í eigu allra landsmanna, hins vegar til þess fallin að hafa áhrif ef um það er sátt og markmið manna að laga það sem úrskeiðis hefur farið. Það er sitthvað að beita áhrifum sínum sér til hagsbóta og annað að koma í veg fyrir misbeitingu valds. Nú er það menntamálaráðherra að beita sér í málinu og lýsa því yfir að á Alþingi sé um það þverpólitísk samstaða að útvarpsstjóri endurskoði fyrri ákvörðun. Ef hæstv. menntamálaráðherra heykist á þessu er hún að bregðast trausti og er að fullu samábyrg spunamönnum Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. forsætisráðherra, en svo eru nefndir áróðursfulltrúar hans sem starfa á kostnað framsóknarmanna og íslenskra skattborgara.

Ég nefndi tvær aðrar ástæður fyrir umræðunni um RÚV og ég ætla að víkja að þeim áður en ég kem aftur að fréttastjóramálinu. Í fyrsta lagi er það fjárhagsvandi Ríkisútvarpsins. Skyldu menn almennt gera sér grein fyrir því að Ríkisútvarpið hefur til ráðstöfunar 15–20% minna fjármagn að raungildi en fyrir tíu árum. Stofnunin hefur brugðist við

með þeim hætti að fækka í starfsliði og hefur því verið fækkað um 15% síðan 1996 eða um tæplega 60 manns og fækkunin er ekki í toppinn, hún er í grunninn.

Önnur ástæða fyrir umræðu um RÚV er fyrirhugað frumvarp ríkisstjórnarinnar. Vitað er um vilja Sjálfstæðisflokksins, að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi, en Framsókn er andvíg þótt hún sé í véfréttastíl í þessu máli eins og svo mörgum öðrum. Oft hef ég furðað mig á hve margir eru andvaralausir þegar þeir taka undir söng frjálshyggjumanna um breytingar á RÚV, að sjá ekki klaufirnar og halann á meintum velgerðamönnum úr þessari átt. Sjálfstæðisflokkurinn vill hlutafélagsvæða til að skerða lífeyrisréttindin og síðan selja stofnunina.

Til marks um afstöðu sjálfstæðismanna í Ríkisútvarpinu til þeirrar stofnunar og margra opinberra stofnana og fyrirtækja er að þeir ráða iðulega þar til forustu og setja í stjórnir svarna andstæðinga opinbers reksturs, menn sem oft og tíðum eru á kafi í fyrirtækjabransa. Á það t.d. við um núverandi formann útvarpsráðs, Gunnlaug Sævar Gunnlaugsson, sem er umsvifamikill og aðgangsharður í átökum fjárfesta um völdin og alla milljarðatugina sem nú er bitist um á Íslandi. Þetta segir sitt um sjálfsvirðingu þessara manna og að taka að sér verkefni sem þeir segjast vera andvígir, jafnvel fyrirlíta. Einnig er það til marks um afstöðu Sjálfstæðisflokksins og maður spyr sig stundum hvort þetta sé gert til höfuðs stofnununum og í þessu tilviki Ríkisútvarpinu.

Skoðun okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er sú að vandi Ríkisútvarpsins sé fjárhagslegs eðlis og stjórnsýslulegs. Þannig viljum við breyta stjórnsýslunni og höggva á þann fáránleika að meiri hluti útvarpsráðs sé í samræmi við stjórnarmeirihluta á þingi.

Við höfum sett fram tillögur og meira um það síðar þegar tilvonandi frumvarp ríkisstjórnarinnar kemur fram. En á eitt vil ég leggja áherslu. Við viljum ekki höggva á tengslin á milli Alþingis og Ríkisútvarpsins. Það er nefnilega hægt að vera málefnalegur og sanngjarn þótt menn séu kjörnir sem fulltrúar pólitískra flokka. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins hafa hins vegar sýnt að þeim er ekki treystandi fyrir þeirri ábyrgð sem þeim hefur verið falin. Þess vegna er umræðan á Alþingi núna.

Spurningarnar þrjár til hæstv. ráðherra eru eftirfarandi:

1. Hvað á að gera varðandi fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins? (Forseti hringir.)

2. Hver er tímaáætlun ráðherra ríkisstjórnar varðandi væntanlegt frumvarp?

3. Mun menntamálaráðherra flytja útvarpsstjóra þau skilaboð frá Alþingi sem hér hafa komið fram, að menn telji ráðningu fréttastjóra ekki standast (Forseti hringir.) hlutleysi og kröfu um fagleg og sanngjörn vinnubrögð og í ljósi þess sé eðlilegt (Forseti hringir.) að hann endurskoði afstöðu sína?

(**Forseti** (HBl)**:** Forseti vill vekja hv. þingmanns á því að hann hefur fimm mínútur til umráða og þess vegna er ekki þinglegt að geyma sér að leggja fram spurningar þangað til ræðutíma er lokið og vil ég biðja hv. þingmann að íhuga það eftirleiðis.)

[15:15]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þingmanni fyrir þetta tækifæri til að ræða mikilvæg málefni Ríkisútvarpsins þótt við munum vonandi fá aftur tækifæri til þess síðar í vikunni. Það er rétt að geta þess að báðir stjórnarflokkarnir samþykktu áðan frumvarp til breytinga á lögum um Ríkisútvarpið og geri ég mér því vonir um að við getum rætt það síðar í vikunni á hinu háa Alþingi.

En þar sem frumvarpið hefur ekki enn verið lagt fram formlega tel ég eðlilegt að geyma efnislega umræðu um það til 1. umr. um frumvarpið sjálft, enda ekki skynsamlegt að byggja umræðu um mál sem þessi með tilvísunum í vangaveltur í fjölmiðlum sem ekki gefa alfarið rétta mynd af efnisatriðum frumvarpsins. Harma ég slíka umfjöllun enda ekki málinu til framdráttar að umræða um það byggist á öðru en því sjálfu í þeirri endanlegu mynd sem það verður lagt síðan fram í á Alþingi.

Hins vegar er mikilvægt að ræða málefni Ríkisútvarpsins á opinskáan og hreinskilinn hátt. Meginástæða þess að ég setti af stað endurskoðun á lögum um Ríkisútvarpið skömmu eftir að ég tók við embætti menntamálaráðherra er einmitt sú að verulegra breytinga er þörf. Það lagaumhverfi sem Ríkisútvarpið býr við í dag hamlar starfsemi Ríkisútvarpsins að mörgu leyti og dregur úr möguleikum þess til að takast á við þær miklu kröfur sem þjóðin gerir til þessarar mikilvægu stofnunar.

Almenn sátt ríkir um það í þjóðfélaginu að hér skuli starfrækt öflugt og vandað ríkisútvarp. Fyrir því er rík hefð, rétt eins og í nær öllum öðrum Evrópuríkjum, og RÚV hefur fyrir löngu markað sér sess sem ein af helstu menningarstofnunum landsins. Ríkisútvarp verður hins vegar að taka breytingum með breyttum tímum, breyttum kröfum og breyttum aðstæðum. Það form sem upphaflega var valið kann að henta illa í dag. Að sama skapi verður stöðugt að ræða hlutverk Ríkisútvarpsins og þær kröfur sem við gerum til þess.

Ég hef alla tíð nálgast hlutverk Ríkisútvarpsins út frá þeirri forsendu að það eigi að vera miðill sem stendur öðru fremur vörð um íslenska menningu, jafnt tungu okkar og menningararf sem grósku og nýsköpun í menningunni og samfélaginu. RÚV á að vera miðill sem leggur ríka áherslu á innlenda dagskrárgerð, innlenda sköpun og íslenskt samfélag.

Þegar ráðist er í breytingar á Ríkisútvarpinu, sér í lagi á þessum sviðum sem leggja ber áherslu á, á að gera það með því hugarfari að það efli Ríkisútvarpið og geri því betur kleift að sinna skyldum sínum í íslensku samfélagi. Þannig hef ég nálgast málið frá upphafi og um þessi meginsjónarmið hefur ríkt breið samstaða meðal stjórnarflokkanna og að ég tel einnig á milli allra flokka hér á Alþingi.

Undanfarna daga hafa staðið harðar deilur í samfélaginu vegna ráðningar nýs fréttastjóra á fréttastofu útvarps. Að sjálfsögðu geta menn haft mismunandi skoðanir á því hvernig best sé að manna einstakar stöður innan Ríkisútvarpsins. Hins vegar liggur jafnframt fyrir að sá einstaklingur sem varð fyrir valinu var talinn hæfur af framkvæmdastjóra fréttasviðs, hann var eini einstaklingurinn

sem fékk atkvæði í útvarpsráði og hann var ráðinn af útvarpsstjóra sem er sá aðili sem hvað best þekkir stofnunina og þær þarfir sem hún hefur hverju sinni.

Farið var í einu og öllu eftir þeim leikreglum, eftir þeim lögum og hefðum sem gilda um ráðningar við Ríkisútvarpið. Vissulega má deila um hvort pólitískir aðilar í útvarpsráði eigi að hafa skoðanir á því hverjir séu ráðnir til starfa í einstakar stöður. Það er vissulega umdeilanlegt en hins vegar er það samkvæmt núgildandi lögum lögboðið hlutverk fulltrúa í útvarpsráði að nálgast mál með þessum hætti og samkvæmt því hljóta menn að starfa meðan núverandi lög eru í gildi.

Ég vek einnig athygli á því að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í útvarpsráði véku sér í þetta sinn undan því að taka afstöðu til þess með hverjum skyldi mæla í stöðu fréttastjóra og fullnægðu þar af leiðandi ekki sinni lögboðnu skyldu. Það er vandséð hvaða úrræði útvarpsstjóri hafði önnur þegar einungis einn umsækjenda af 10 fær stuðning frá útvarpsráði.

Það er svo annað mál að núverandi fyrirkomulag við mannaráðningar hefur að mínu mati gengið sér til húðar. Það er von mín að á næstunni munum við í sameiningu takast á við það verkefni að endurnýja lög um Ríkisútvarpið því sjálfu til heilla. Þar ber að leggja áherslu á að þótt Ríkisútvarpið heiti svo samkvæmt gamalli hefð er það útvarp sem er rekið í almannaþágu, það sem kallað er á ensku „public service broadcasting". Við eigum að miða að því að tryggja Ríkisútvarpinu eðlilegan starfsramma og öruggar tekjur. Þá skiptir jafnframt miklu að menn láti ekki útúrsnúninga og skammtímahagsmuni ráða ferð, heldur ræði málefni Ríkisútvarpsins af heilindum og að sjálfsögðu með hagsmuni þess að leiðarljósi.

[15:20]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það var afar athyglisvert að hlýða hér á ungan hæstv. menntamálaráðherra fara yfir málefni nýráðins fréttastjóra á þann hátt sem hún gerði. Það liggur fyrir hvað ráðningu hins nýja fréttastjóra varðar að ófagleg sjónarmið réðu för. Ekki nokkur einustu rök hafa menn getað fundið í þessu máli sem styðja þá leið sem farin var. Menn hljóta að velta því fyrir sér í þessu ljósi að hæstv. menntamálaráðherra sem er ungur og efnilegur stjórnmálamaður stígur inn á þetta svið aðeins með eitt að leiðarljósi, þ.e. að varðveita hið hefðbundna helmingaskiptakerfi sem hér hefur ríkt og ganga þannig inn í valdakerfið. Ekki er reynt að breyta gömlum úreltum hefðum, þess í stað leggja menn lykkju á leið sína til að verja gömul helmingaskiptakerfi sem hafa því miður reynst okkur afar illa.

Ég taldi að á árinu 2005 yrðum við farin að leita að nýjum leiðum í þessum efnum og viðurkenna að við búum við allt annað samfélag í dag en við gerðum áður og það taldi ég víst að mundi endurspeglast í vinnubrögðum hæstv. menntamálaráðherra. Hún hefur hins vegar farið í sama far. Við hljótum að spyrja: Hvernig ætlar hæstv. menntamálaráðherra að bera ábyrgð á því upplausnarástandi sem nú ríkir í almannaútvarpi Íslendinga? Ætlar hún að vera sá menntamálaráðherra sem átti stærstan þátt í að grafa undan trausti Ríkisútvarpsins? Er það sá minnisvarði sem hæstv. ráðherra ætlar að reisa sjálfri sér eða ætlar hún að einhverju leyti að bera pólitíska ábyrgð? Á endanum ber hæstv. menntamálaráðherra pólitíska ábyrgð á því ástandi sem nú er við lýði í Ríkisútvarpinu, (Forseti hringir.) útvarpi sem allir landsmenn bera mikið traust til og (Forseti hringir.) margoft hefur komið fram í skoðanakönnunum.

[15:22]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Grundvallaratriði sem þarf að svara á hv. Alþingi er þetta: Hafa einhver lög verið brotin? (Gripið fram í.) Ég hef engan heyrt segja það, engan, enda er ekki svo. Staða fréttastjóra var auglýst eins og lög mæla fyrir. Nokkrir umsækjendur sendu inn umsókn og eins og lög mæla fyrir sendu nokkrir umsagnaraðilar umsagnir sínar til útvarpsstjóra. (Gripið fram í.) Yfirmaður fréttasviðs, Bogi Ágústsson, gerir það, leggur sitt persónulega mat á og leggur fyrir útvarpsstjóra eins og lög gera ráð fyrir. Hið sama gerir útvarpsráð, eins og lög gera ráð fyrir, nema að þessu sinni kusu fulltrúar Samfylkingarinnar að taka ekki þátt í því og segjast ekki eiga að taka þátt í mannaráðningum sem þeir hafa þó ítrekað gert, þessir sömu aðilar, í störfum sínum hjá útvarpsráði. Meiri hluti útvarpsráðs leggur mat sitt fyrir útvarpsstjóra, eins og lög mæla fyrir um. (**Gripið fram í:** ... lögfræði ...) Hið sama gildir um starfsmannastjóra útvarpsins sem leggur sitt mat fyrir útvarpsstjóra og hið sama gerir ráðningarfyrirtæki sem tók alla umsækjendur í ýmiss konar próf og lagði þær niðurstöður fyrir útvarpsstjóra. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Þessar upplýsingar allar hefur útvarpsstjóri eins og lög gera ráð fyrir. Á þeim grundvelli tekur útvarpsstjóri ákvörðun sína eins og lög gera ráð fyrir. (Gripið fram í.)

Ef einhver efast um það, að gefnu tilefni, skal það upplýst hér, virðulegi forseti, að útvarpsstjóri Markús Örn Antonsson er eftir bestu vitund minni ekki í dag og hefur aldrei verið skráður í Framsóknarflokkinn (Gripið fram í.) svo að það sé á hreinu.

[15:24]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er mikil ólga í samfélaginu vegna ráðningar fréttastjóra á fréttastofu útvarpsins. Fagleg rök hafa verið hundsuð og ekki valið úr hópi þeirra fimm umsækjenda sem forstöðumaður fréttasviðs mælti með eftir faglegt samráð við starfsmannastjóra og ráðgjafa.

Í öllum atvinnugreinum er lögð megináhersla á menntun, reynslu og þekkingu starfsfólksins. Miklu meiri starfsreynsla og þekking á fréttavettvangi var í þessu tilfelli hundsuð. „Okkar fólk í fyrirrúmi" — svona er framkvæmdin hjá ríkisstjórnarflokkunum, jafnt í stórum sem smáum embættisveitingum. Venja stjórnarflokkanna í embættisveitingum er niðurlægjandi fyrir starfsfólk Ríkisútvarpsins. Það ber að hafna þessari pólitísku aðför að hlutleysi þess. Verklag stjórnarflokkanna er spillt og gengur gegn lýðræði. Þessi pólitíska stýring vanvirðir starfsreynslu fréttamanna og faglegt mat á störfum þeirra. Ákvörðunina á að endurskoða. Það ber útvarpsstjóra að gera strax.

Stjórnvöld hafa oft orðið ber að flokkspólitískum ráðn-

ingum í áhrifastöður sem gætu gagnast í pólitískum áróðri og skoðanamyndun. Sjálfstæðis- og framsóknarmönnum finnst þetta eðlileg vinnubrögð. Hér á Alþingi var því mótmælt í síðustu viku að stjórnarflokkarnir misnotuðu það vald sem þeir hafa farið með í Ríkisútvarpinu í krafti úreltra stjórnarhátta. Starfsmenn vantreysta útvarpsstjóra, útvarpsráði og stjórnarflokkunum. Ríkisútvarpið er í uppnámi.

Við í Frjálslynda flokknum höfum nokkrum sinnum lagt fram á Alþingi þingsályktun um breytt fyrirkomulag á rekstri Ríkisútvarpsins og breytt útvarpsráð. Það er óhætt að segja að sporin hræði í þeirri stefnu sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa iðulega lýst að þeir vilji fara, þ.e. að einkavæða Ríkisútvarpið, taka upp hlutafélagaformið.

Lýðræðisþróuninni í landinu er hætta búin þegar frjálsræði Ríkisútvarpsins verður afnumið.

[15:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hún er gagnmerk, lögmætiskenning Hjálmars Árnasonar, formanns þingflokks framsóknarmanna, að það sé sem sagt alveg nákvæmlega sama hvernig framsóknarmenn og stjórnarflokkarnir misfara með vald, hversu siðlaust og ófaglega þeir standa að málum, svo lengi sem þeir brjóta ekki bókstaflega lög sé það í lagi. Það er lögmætis- eða siðabótarkenning Hjálmars Árnasonar — og verði honum að góðu.

Það er mikilvægt að menn hafi í huga að þessi síðustu afrek stjórnarflokkanna í málefnum Ríkisútvarpsins eru ekki einangrað fyrirbæri. Það er ágætlega rakið í yfirlitsgrein í einu dagblaðanna um helgina hvernig 14 ára valdaferill Sjálfstæðisflokksins í menntamálaráðuneytinu og samstarf núverandi stjórnarflokka í níu ár hefur leikið Ríkisútvarpið, hvernig pólitískar mannaráðningar, sérstaklega í yfirmannastöður, hafa verið reglan. Og nú er komið að Framsókn, spunarokkarnir í Framsókn komu snældu sinni inn í útvarpsráð og í þetta skiptið hjálpaði Sjálfstæðisflokkurinn til. Það er nefnilega komið að Framsókn núna. Framsókn taldi sig eiga stöðuna og fréttastofa útvarpsins hefur ekki verið nógu þæg.

Það liggur fyrir að vikapiltar Halldórs Ásgrímssonar hafa skrifað hótunarbréf og sent yfirmönnum í útvarpinu. Það gengur á með hringingum þar sem uppteknir mennirnir, hæstv. ráðherrar, mega vera að því að liggja í yfirmönnum á fjölmiðlum og kvarta undan því eða hótast yfir því að t.d. umfjöllun þeirra um afstöðu ríkisstjórnarinnar og framgöngu í Íraksmálinu hefði alls ekki verið nógu vinsamleg.

Svona er þjóðfélagið sem við búum í. Þetta er hugarfarið sem gegnsýrir framgöngu stjórnarflokkanna, og sérstaklega forkólfa þeirra, Halldórs Ásgrímssonar og Davíðs Oddssonar. Það er mál að linni, það er ekki í Ríkisútvarpinu sem þarf að moka út, það er í Stjórnarráðinu sem þarf að moka út og setja á sterkar viftur til að losna við framsóknar-sjálfstæðisódauninn sem er að gera ólíft í þeim híbýlum.

[15:29]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Sú umræða sem hér á sér stað endurspeglar að mínu mati þann vanda sem Ríkisútvarpið á við að etja. Því er haldið fram að ráðning nýs fréttastjóra hafi verið pólitísk en hins vegar eru ekki bornar brigður á að löglega hafi verið staðið að ráðningunni, enda í samræmi við þau lög sem útvarpsráði er ætlað að vinna eftir og fulltrúar allra stjórnmálaflokka í ráðinu hafa gert í áratugi, líka fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hér á þingi.

Að sínu leyti má taka undir það að ráðningin sé pólitísk í þeim skilningi að í stöðu fréttastjóra var ráðinn maður sem pólitískir fulltrúar í útvarpsráði mæltu með og fulltrúar stjórnarandstöðunnar lögðu, a.m.k. þegjandi, blessun sína yfir enda greiddu þeir hvorki atkvæði á móti henni né lögðu til að annar umsækjandi yrði tilnefndur. Ég fæ hins vegar ekki séð að ráðningin hafi verið pólitísk í þeim skilningi að fulltrúar stjórnarflokkanna í útvarpsráði hafi verið að koma sínum manni í stól fréttastjóra útvarpsins eins og haldið hefur verið fram. Ekki er maðurinn sjálfstæðismaður, það er alveg á hreinu, og eftir því sem ég best veit er hann heldur ekki framsóknarmaður.

Vandi Ríkisútvarpsins er sá að meðan það er í eigu ríkisins og pólitískt skipað útvarpsráð hefur með höndum mannaráðningar innan stofnunarinnar verða slíkar ráðningar alltaf pólitískar í þeim skilningi sem ég hef hér rakið. Þá skiptir engu máli hver er ráðinn. Hefði einhver hinna fimm umsækjenda sem menn telja að gengið hafi verið fram hjá í þetta skiptið verið ráðinn í hlutverk fréttastjóra hefði slík ráðning einnig verið pólitísk. Það helgast einfaldlega af því lagaumhverfi sem stjórnendum stofnunarinnar er gert að vinna eftir.

Herra forseti. Að mínu mati hefur rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins, eignarhald þess og stjórnskipulag gjörsamlega gengið sér til húðar. Það er barn síns tíma sem verður að breyta. Sjálfur hef ég verið talsmaður þess að gerðar yrðu róttækar breytingar á Ríkisútvarpinu og mælt fyrir frumvarpi þess efnis. Ég hlýt að fagna því að á næstu dögum muni hæstv. menntamálaráðherra leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um Ríkisútvarpið sem ætti að leiða til þess að umræður eins og þær sem hér eiga sér stað í dag muni heyra sögunni til.

[15:31]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er fróðlegt að heyra í þingmönnum á borð við þá hv. þm. Hjálmar Árnason og Sigurð Kára Kristjánsson. Ef maður slær þeim saman er þetta nokkurn veginn svona: Ríkið á útvarpið, við eigum ríkið, lög segja að við getum ráðið því sem við viljum, þess vegna gerum við það — og hvað eruð þið að röfla? Hvaða læti eru þetta? Ef okkur, sem eigum ríkið, sýnist svo að fimm hæfustu fagmennirnir sem sóttu um séu settir út á guð og gaddinn gerum við það — og bara þegið þið. Ef okkur sýnist svo að taka þann af öllum umsækjendunum sem síst er hæfur og gera hann að fréttastjóra vegna þess að okkur sýnist svo þá bara sýnist okkur svo. Þetta er sem sagt kjarni lýðræðisins í augsýn Sigurðar Kára Kristjánssonar og Péturs Blöndals, hv. þingmanna, og þetta er úrskurður hins lögfróða Hjálmars Árnasonar, hv. þingmanns.

Það er fróðlegt að menntamálaráðherra sjálf leggur blessun sína yfir það sem hér hefur gerst, að gengið sé fram hjá fimm hæfum fagmönnum og tekinn sá síst hæfi. Það er auðvitað fróðlegt vegna þess að menntamálaráðherra er

tvöfaldur ábyrgðarmaður í þessu máli. Annars vegar vinnur útvarpsstjóri í beinu valdi menntamálaráðherra, er að vísu ekki skipaður af núverandi hæstv. menntamálaráðherra heldur af forverum hennar, og hins vegar leggur Sjálfstæðisflokkurinn til þrjá menn í útvarpsráð og menntamálaráðherra skal skipa formann þess. Formaður útvarpsráðs er þess vegna persónulegur trúnaðarmaður menntamálaráðherra í útvarpsráði. Sá sem nú situr í stóli menntamálaráðherra, hæstv. ráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, losnar ekki undan þeirri ábyrgð. Hún getur ekki skotið sér undan því að eitthvað hafi gengið sér til húðar vegna þess að það sem nú hefur gerst er ákaflega slæmur forboði um þá vinnu sem hér á að fara fram um Ríkisútvarpið sem virðist eiga að ráðherravæða enn þá meira en orðið undir stjórn hæstv. menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur.

[15:33]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Skammtímaminnið er mikið og það sannaðist í orðum hv. þingmanns sem talaði á undan mér. Ég veit ekki betur en að hann hafi ítrekað tekið sjálfur þátt í pólitískum ráðningum Ríkisútvarpsins. Það er greinilega búið og gert og annar kafli hafinn. (**Gripið fram í:** ... faglegar ...)

Fyrirsögn umræðunnar er Málefni Ríkisútvarpsins og að sjálfsögðu komumst við ekki hjá því að ræða um fréttastjóramálið. Málið snýst um það að farið var að lögum og útvarpsstjóri ber ábyrgð á ráðningunni. Gildandi lög segja til um það að útvarpsráð eigi að veita umsagnir um umsækjendur og það gerði ráðið. Málflutningur Samfylkingarinnar er ótrúverðugur þar sem samfylkingarmenn hafa tekið þátt í ráðningum. Menn eru afar fljótir að gleyma.

Varðandi Ríkisútvarpið munum við sjá frumvarp á næstu dögum þar sem á að breyta lögum um stofnunina. Mér þykir verra að nánast er búið að fjalla um frumvarpið í fjölmiðlum áður en það kemur til kasta Alþingis. (**MÁ:** Menntamálaráðherra ...) Slík vinnubrögð eru ekki til fyrirmyndar. Markmið laganna verður að efla rekstur og hlutverk RÚV og það er virkilega tími til kominn, enda eru lögin um RÚV að mínu mati úrelt. Ég veit ekki til þess að Ríkisútvarpið sé til sölu og verð með þeim fréttum að hryggja hv. þm. Ögmund Jónasson. Ég vil að lokum vitna örstutt, með leyfi herra forseta, í ályktun okkar framsóknarmanna þar sem segir:

„Mikilvægt er að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareigu og sjálfstæði þess eflt. Hraða ber endurskoðun laga um Ríkisútvarpið þar sem m.a. stjórnskipulag stofnunarinnar verður endurskilgreint og mið tekið af nýju fjölmiðlaumhverfi."

Umfram allt verðum við að tryggja rekstur og hlutverk Ríkisútvarpsins og, eins og ég segi, meðan þessi lög gilda eiga menn að starfa samkvæmt þeim en við erum að vinna að því að breyta þeim.

[15:35]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason spurði hvort lög hefðu verið brotin. Raunar hefur enginn spurt hann þeirrar spurningar því að enginn hefur sakað stjórnarflokkana um að hafa brotið lög. Þeir hafa gert sig seka um aðra hluti. Þeir hafa lítilsvirt umsækjendur um þetta starf og það er sorglegt að sjá hvernig stjórnarflokkarnir hegða sér og hve aumir útúrsnúningar flokkanna eru í þessu máli. Það sýnir hve aum staða Framsóknarflokksins er, flokkurinn á í miklum vanda og ætlar að bregðast við honum með því að stýra fréttum Ríkisútvarpsins. Það er greinilegt að við flutning hans á mölina — sem var staðfestur þegar formaður flokksins treysti sér ekki lengur til að vera í framboði á landsbyggðinni — virðist hann hafa misst allt jarðsamband (Gripið fram í.) og, hv. þm. Birkir J. Jónsson, það er vandi flokksins, það þarf að stýra fréttaflutningnum.

Ég tel að Framsóknarflokkurinn ætti frekar að líta til verka sinna og skoða þau. Fólk sættir sig ekki við þetta. Sjálfur hæstv. forsætisráðherra er flæktur í kvótakerfi sem hann bjó til handa sjálfum sér. S-hópurinn sem er tengdur Framsóknarflokknum fékk Búnaðarbankann fyrir lítið. Það er þetta, sjálf stjórnarstefnan sem er erfið en ekki fréttaflutningurinn. Auðvitað verða fjölmiðlar að segja fréttir og það er ekki hægt að kenna fréttamönnum um spillingarárunum sem liggur yfir Framsóknarflokknum. Menn verða að líta í eigin barm.

Auðvitað þurfa aumingja sjálfstæðismennirnir að verja þessa gjörð og það sést best hvað það er erfitt þegar meira að segja vanur maður eins og útvarpsstjóri treystir sér ekki í fjölmiðla, (**Gripið fram í:** Fastur í lyftu.) já, fastur í lyftu og hann treystir sér ekki (Forseti hringir.) í fjölmiðla til að verja þetta, enda er þetta (Forseti hringir.) algerlega óverjandi.

[15:38]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntamálaráðherra vék sér undan því að svara þeirri gagnrýni sem hér hefur komið fram. Þetta er allt kerfinu að kenna, segir hæstv. ráðherra, kerfið hefur gengið sér til húðar og því þarf að breyta.

Hér hefur verið sýnt fram á að vandi Ríkisútvarpsins er tvíþættur. Hann er fjárhagslegs eðlis og hann lýtur að stjórnsýslu, misbeitingu á valdi. Hvort tveggja er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og hæstv. menntamálaráðherra og hvoru tveggja er hægt að breyta.

Síðan er komið að Framsóknarflokknum og meintu lögmæti spillingar framsóknarmanna. Það var makalaust að hlusta á yfirlýsingarnar sem komu frá hv. þingmönnum Framsóknarflokksins. Ég trúi því vel að sá einstaklingur sem í hlut á og var ráðinn sem fréttastjóri sé ekki flokksbundinn framsóknarmaður og sé hinn besti einstaklingur. Um það er ekki verið að ræða.

Það er heldur ekki um það að ræða að menn telji að ákvörðun hafi verið tekin á þingflokksfundi Framsóknarflokksins um þessi mál. Það sem um er að ræða er Framsóknarflokkurinn í undirdjúpum, áróðursmeistarar hæstv. forsætisráðherra Halldórs Ásgrímssonar, spunamennirnir svokölluðu því að það vita allir sem vilja vita að nú hvín í spunarokkunum.

Hæstv. menntamálaráðherra segir: Menn geta haft sína skoðun á þessari ráðningu. Er það svo í alvöru? Meinar hæstv. ráðherra þetta? Það er auglýst eftir fréttastjóra. 10 manns sækja. Það eru ráðnir ráðgjafar forstöðumanni frétta-

sviðs til aðstoðar. Þeir komast að niðurstöðu. Það er rætt við alla einstaklingana og menn komast að þeirri niðurstöðu að fimm einstaklingar standi öðrum framar. Enginn þeirra er valinn, heldur sá (Forseti hringir.) sem hefur minnsta reynslu. Finnst ráðherra þetta í einlægni (Forseti hringir.) vera heilbrigt?

[15:40]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Í ljósi þeirra orða sem hafa fallið í þessari utandagskrárumræðu er rétt að taka það fram að Sjálfstæðisflokkurinn hefur aldrei ályktað í þá veru að það eigi að selja Ríkisútvarpið, miklu frekar í þá veru að fara leiðir sem eru til þess fallnar að styrkja það (Gripið fram í.) og gera því kleift að standa í þeirri samkeppni sem það er í núna og standa undir þeim kröfum sem við gerum alla jafna til þessarar mikilvægu stofnunar.

En eitt er alveg ljóst, sú umræða sem við höfum tekið í dag, þessi utandagskrárumræða, endurspeglar að mínu mati og undirstrikar að það þarf að breyta lögunum um Ríkisútvarpið. Við erum, þingmenn úr öllum flokkum og þá sérstaklega stjórnarandstaðan, að ræða í rauninni málefni Ríkisútvarpsins út og suður. Stundum á að fara að lögum, stundum ekki. Stundum á að fara eftir ályktun útvarpsráðs, stundum. Þegar hv. þm. Merði Árnasyni datt í hug að vera í útvarpsráði og mæla með var það náttúrlega faglegt og átti að fara eftir því en þegar meiri hluti útvarpsráðs mælir samkvæmt lögum með einum ákveðnum umsækjanda er það allt í einu, bingó, ekki faglegt. Þá á ekki að fara eftir lögum. Þessi umræða er út og suður. Stundum á að gera þetta svona og stundum hinsegin, allt eftir því hvernig vindar blása hjá Samfylkingunni og félögum í stjórnarandstöðunni.

Það sem skiptir auðvitað mestu máli í þessu öllu saman, herra forseti, er að undirstrika það að við þurfum að ræða málefni Ríkisútvarpsins af yfirvegun. Við þurfum að eyða tortryggni í garð stofnunarinnar og ég sé fram á það að við fáum tækifæri til þess síðar í vikunni. Þá verður á dagskrá frumvarp sem verður til þess fallið að efla og styrkja Ríkisútvarpið með það í huga að það standi undir því hlutverki, því almannaþjónustuhlutverki, sem því ber skylda til að standa undir.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 137. mál (birting skattskrár). — Þskj. 137.

[15:45]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Það gerir í stuttu máli ráð fyrir því að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum, einkum í 98. gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt, að sé lögmæt og að fyrirkomulagið sé með þeim hætti. Ásamt mér flytja þetta frumvarp hv. þm. Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Birgisson, Guðjón Hjörleifsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Pétur H. Blöndal, Drífa Hjartardóttir og Guðjón Guðmundsson.

Eins og áður segir gerir þetta frumvarp ráð fyrir því að opinber birting og framlagning á álagningar- og skattskrám landsmanna þar sem fram koma upplýsingar um skattgreiðslur einstaklinganna verði lögð af. Ákvæði um birtingu slíkra skráa er að finna í 98. gr. núgildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skulu þeir semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir samkvæmt lögum þessum."

Í 2. mgr. 98. gr. núgildandi laga segir:

„Þegar lokið er álagningu skatta og kærumeðferð, sbr. 99. gr., skulu skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina álagðan tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skattskrá liggur frammi. Heimil er opinber birting á þeim upplýsingum um álagða skatta, sem fram koma í skattskrá, svo og útgáfa þeirra upplýsinga í heild eða að hluta."

Eins og sjá má af þessum ákvæðum er sú skylda lögð á skattyfirvöld að leggja þessar tilteknu upplýsingar fram og gerir frumvarpið ráð fyrir því að sú skylda verði lögð af.

Herra forseti. Áður en ég kem að þeim helstu röksemdum sem liggja að baki frumvarpinu langar mig að fara aðeins yfir forsögu þess að álagningar- og skattskrár eru birtar samkvæmt núgildandi lögum. Réttarsagan í þessu máli segir okkur ýmislegt um grundvöll birtingarinnar. Það er nefnilega þannig að skattyfirvöldum hefur um áratuga skeið verið skylt að lögum að leggja skattskrár einstaklinga fram til birtingar og að auglýsa framlagningu þeirra sérstaklega. Af orðalagi eldri laga um tekjuskatt og eignarskatt er ljóst að tilgangurinn með framlagningu skattskráa hefur verið sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins en jafnframt að tryggja gjaldendum heimild til að fá upplýst hjá skattyfirvöldum um grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimildir vegna slíkra ákvarðana. Enn fremur tryggðu ákvæði eldri laga sérhverjum gjaldanda kæruheimild vegna ákvörðunar skattyfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatts, þ.e. eldri lög tryggðu einstaklingum heimild til að kæra framtal nágranna síns. Með öðrum orðum var því tilgangur laganna í öndverðu sá að gefa almenningi tækifæri til að kynna sér álagningu á samborgara sína enda var slíkt talið nauðsynlegt til að tryggja að mögulegt væri að ganga úr skugga um að allir skattborgarar landsins greiddu þá skatta sem þeim bæri í samræmi við greiðslugetu og að skattálagning annarra gengi ekki gegn hagsmunum almennings. Voru almenningi því heimilaðar svokallað-

ar samanburðarkærur ef grunsemdir voru um að tekjur og eignir tiltekinna einstaklinga væru of lágt taldar eða eftir atvikum ótaldar fram.

Þessi regla kom m.a. fram í 35. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 74/1921. Í 36. gr. þeirra laga var að finna kæruheimild sem gerði ráð fyrir því að viðkomandi aðili, borgarinn, gæti kært samborgara sinn ef hann teldi að sá hinn sami teldi fram of litlar eignir og lágar tekjur eða gerði það yfir höfuð ekki. Í þessu ákvæði laganna um tekjuskatt og eignarskatt frá 1921 segir m.a.:

„Ef einhver er óánægður með ákvörðun skattanefndar um tekjur hans og eign, skal hann bera upp kæru sína brjeflega fyrir formanni skattanefndar fyrir 15. dag aprílmánaðar. Innan sama tíma er hverjum gjaldanda heimilt að kæra yfir því, að skattskyldum manni sje slept eða tekjur og eign einhvers sje of lágt ákveðin, svo og að bera upp aðfinningar um hvert það atriði í skattskránni, sem að einhverju leyti getur snert hagsmuni hans."

Sambærilegt ákvæði gömlu laganna um tekjuskatt og eignarskatt frá 1921 var síðan að finna í 36. og 37. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt frá 1935 og einnig í slíkum lögum frá 1954.

Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 70/1962 var gerð veigamikil breyting á þessum fyrrgreindu ákvæðum sem ég hef hér farið yfir. Samkvæmt ákvæðum 39. og 40. gr. þeirra laga var skattstjórum eftir sem áður gert að leggja skattskrár fram í umdæmum sínum. Hins vegar var felld niður sú kæruheimild sem gjaldendur höfðu vegna ákvörðunar skatta á tekjur og eignir þriðja manns. Í greinargerð með frumvarpi til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem varð að lögum nr. 70/1962 kemur fram rökstuðningur fyrir breytingunni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fellt er niður ákvæði 2. málsl. 38. gr. núgildandi laga um heimild gjaldenda til þess að kæra út af því, að tekjur og eign annarra gjaldenda sé of lágt ákveðin o.s.frv. Þessu ákvæði mun sjaldan eða aldrei hafa verið beitt, og verður því að teljast óþarft. Auðvitað getur hver gjaldþegn eftir sem áður komið á framfæri við skattstjóra eða umboðsmann hans hverjum þeim upplýsingum og ábendingum, sem hann telur ástæðu til."

Fram til ársins 1979 lögðu skattyfirvöld einungis fram skattskrár, meðal annars samkvæmt þeim ákvæðum sem ég vék að áðan. Fram að þeim tíma var ekki gerður lagalegur munur á skattskrám annars vegar og álagningarskrám hins vegar. Með setningu laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981 var gerður slíkur greinarmunur og skattstjórum gert skylt að leggja bæði álagningar- og skattskrár fram árlega, samkvæmt ákvæðum 98. gr. laganna. Með 8. gr. laga nr. 7/1984 var opinber birting og útgáfa álagningar- og skattskráa síðan heimiluð og hefur verið það síðan. Í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis sem fylgdi lagabreytingunni árið 1984 kom fram það álit meiri hluta nefndarinnar að ótvírætt væri að birting upplýsinga úr skattskrá og útgáfa hennar væri í heild til þess fallin að skapa bæði gjaldendum og skattyfirvöldum virkt aðhald og að slík birting gegndi að mörgu leyti sama tilgangi og framlagning skattskráa. Framlagning álagningar- og skattskráa væri þannig hugsuð sem þáttur í virku skatteftirliti og ætlað að koma í veg fyrir undanskot frá skatti.

Frá því að síðastnefndu breytingarnar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt voru gerðar hefur framkvæmd laganna verið sú að skattstjórar hafa árlega lagt fram álagningar- og skattskrár í hverju umdæmi og jafnframt hafa efni þeirra verið gerð ítarleg skil í fjölmiðlum. Með frumvarpi þessu sem ég mæli hér fyrir er lagt til að breyting verði gerð þar á.

Áður en lengra er haldið, herra forseti, er rétt að víkja að því hvernig sambærilegri löggjöf er hagað á Norðurlöndum. Reglur um birtingu upplýsinga um skattgreiðslur einstaklinga eru þar ekki samræmdar. Ákvæði norskra laga munu vera sambærileg núgildandi ákvæðum íslenskra laga um tekjuskatt og eignarskatt hvað varðar birtingu upplýsinga úr skattskrám. Hins vegar hef ég fyrir fram mig útprentun af frétt sem birtist í Morgunblaðinu 26. október 2003 þar sem fram kemur — þetta er eftirskrift af frétt sem birtist í Aftonbladet — að Norðmenn hyggist leggja fram frumvarp á norska þinginu sem takmarkar þann aðgang sem a.m.k. þá var veittur að skattskrám einstaklinga. Það er ekki síst af fréttinni að dæma að breytingin stafi af því að skattskrár á netinu voru, a.m.k. þá, taldar auka einelti, þar á meðal gagnvart börnum. Margir höfðu haft samband við umboðsmann barna og norska fjármálaráðuneytið og sagt frá því að þessar upplýsingar úr skattskrám væru gjarnan notaðar sem eins konar skemmti- og stríðnisefni gagnvart ungum, norskum börnum. Þetta var útúrdúr.

Samkvæmt sænskum lögum hafa þarlend skattyfirvöld haft víðtækar heimildir til að birta upplýsingar um skattgreiðslur einstaklinga. Í dönskum lögum er hins vegar kveðið á um algjöra leynd um skattgreiðslur einstaklinga.

Ég vil taka það fram áður en lengra er haldið að eftir því sem ég best veit verður ekki séð og ekki hefur verið sýnt fram á að skattsvik séu umfangsmeiri í þeim löndum þar sem skattskrár eru ekki birtar en í þeim löndum þar sem þær eru birtar. Mér er ekki kunnugt um það og hef ekki séð neinar tölur þess efnis að skattsvik í Danmörku séu umfangsmeiri en í Noregi og Svíþjóð þrátt fyrir að reglur um birtingu þessara upplýsinga séu ekki samræmdar og gangi í rauninni hver gegn annarri eftir því hvaða land á í hlut.

Herra forseti. Ef við víkjum þá aftur að núgildandi löggjöf eins og hún er á Íslandi er ljóst að nefna má ýmsa annmarka á henni hvað varðar álagningar- og skattskrár einstaklinga. Tölvutæknin gerir það að verkum að álagningar- og skattskrár eru unnar á tölvutæku formi. Með afhendingu skránna kunna að rísa fjölmörg álitamál. Þannig má nefna að með samtengingu slíkra skráa við aðrar skrár er hægt að kalla fram nákvæmar persónuupplýsingar um alla landsmenn. Slíkar upplýsingar má náttúrlega nota í ýmsu skyni og sú hætta er fyrir hendi að þær kunni að verða notaðar í annarlegum tilgangi eins og reynslan hefur sýnt okkur frá Noregi þar sem börn hafa orðið fyrir einelti og menn þurft að leita til norska fjármálaráðuneytisins og umboðsmanns barna vegna tekna foreldra þeirra sem hafa verið gerðar opinberar.

Núgildandi löggjöf leysir þennan vanda ekki að öllu leyti. Samkvæmt lögum ber að leggja álagningarskrár fram síðsumars en endanleg skattskrá er ekki lögð fram fyrr en í janúarmánuði. Ólík ákvæði gilda reyndar um birtingu skránna. Þannig er ótvírætt tekið fram að skattskrá megi

birta og gefa út í heild eða að hluta. Um álagningarskrána segir einvörðungu að hún skuli liggja frammi til sýnis í tiltekinn tíma. Ekki er hins vegar kveðið á um í núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt hvort afhenda megi skrárnar á tölvutæku formi eða hvort vinna megi úr þeim líkt og tíðkast í fjölmiðlum þó að vera kunni að lög um meðferð persónuupplýsinga kunni að setja slíkri meðferð einhverjar skorður.

Herra forseti. Ég vík þá að helstu rökum fyrir frumvarpinu og þeirri breytingu sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Eins og áður segir, og ég hef farið yfir, er ljóst að tilgangurinn með því að skylda skattyfirvöld að lögum til að leggja fram skattskrár einstaklinga var í fyrsta lagi sá að upplýsa gjaldendur um álagðan skatt á tekjur og eignir hvers og eins og grundvöll viðmiðunar tekna og eigna til myndunar skattstofns og kæruheimild vegna slíkra ákvarðana. Í öðru lagi var tilgangurinn sá að tryggja almenningi kæruheimild vegna ákvörðunar skattyfirvalda um skattstofn þriðja manns til tekjuskatts og eignarskatts. Af orðalagi eldri lagaákvæða má ljóst vera að forsenda þess að gjaldendur gætu neytt kæruheimildar sinnar gagnvart þriðja manni var sú að skattskrárnar lægju frammi. Að öðrum kosti hefði almenningi verið ómögulegt að beita kæruheimild sinni. Menn sjá það í hendi sér. Það er alveg ljóst að menn hefðu ekki getað kært nágranna sinn fyrir að svíkja undan skatti nema þeir vissu hvaða tekjur og eignir viðkomandi hefði talið fram. Þegar lögfest var breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með lögunum frá 1962, sem ég vék að áðan, var þessi kæruheimild gjaldenda vegna skattákvörðunar þriðja manns felld niður. Með því að fella hana niður brustu náttúrlega þær forsendur sem lágu að baki framlagningu skattskráa einstaklinga. Tilgangurinn með því að leggja skattskrárnar fram var ekki sá númer eitt, tvö og þrjú að upplýsa menn um hvaða tekjur allir einstaklingar hefðu, heldur sá að veita þeim kæruheimild og rétt til að beita henni við tilteknar aðstæður.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum 98. gr. laga nr. 90/2003 hvílir á skattstjórum sú skylda að senda hverjum gjaldanda sérstaka tilkynningu eða álagningarseðla með upplýsingum um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir á viðkomandi skattári. Í slíkum tilkynningum koma fram sömu upplýsingar og birtar eru í framlögðum álagningar- og skattskrám. Frumvarp þetta gerir ekki ráð fyrir að breyting verði gerð á þeirri framkvæmd. Í ljósi hennar verður hins vegar ekki séð að framlagning álagningar- og skattskráa samkvæmt núgildandi löggjöf feli í sér annan tilgang en að gefa almenningi kost á að kynna sér fjárhagsleg málefni náungans.

Veigamestu rökin að baki frumvarpinu eru þau, herra forseti, að telja verði að birting álagningar- og skattskráa samkvæmt ákvæðum núgildandi laga brjóti gegn rétti einstaklinga til friðhelgi einkalífs. Fjárhagsmálefni einstaklinga eru meðal viðkvæmustu persónuupplýsinga í nútímasamfélagi sem flutningsmenn telja eðlilegt og sanngjarnt að fari leynt. Ljóst má vera að með framlagningu álagningar- og skattskráa fer fram birting á upplýsingum sem gefa glögga mynd af tekjum nafngreindra einstaklinga. Færa má rök fyrir því að notkun upplýsinganna hafi breyst verulega frá því að tryggja kærurétt gjaldenda gagnvart samborgurum sínum til þess að vera orðnar að þaulskipulagðri markaðsvöru. Í framkvæmd hefur þróunin orðið sú á síðustu árum að framlagning álagningar- og skattskráa hefur orðið uppspretta frétta um fjárhagsleg málefni einstaklinga. Það er orðinn árlegur viðburður að fjölmiðlar vinni upplýsingar upp úr álagningar- og skattskrám um tekjur manna. Birtir eru listar yfir tekjuhæstu einstaklingana í hverri starfsgrein, gjarnan með samanburði frá ári til árs. Leiða má líkur að því, virðulegi forseti, að fjölmiðlaumræða af slíku tagi feli í sér hættu á að einstaklingar verði fyrir óverðskuldaðri áreitni vegna tekna sinna, ýmist vegna þess að þær þyki of háar eða of lágar.

Framlagning þessara skráa getur haft fleiri ókosti í för með sér. Birting upplýsinga um tekjur einstaklinga er til þess fallin að grafa undan því trúnaðarsambandi sem viðgengist hefur á vinnumarkaði um launakjör í frjálsum vinnusamningum. Á flestum vinnustöðum eru launakjör starfsmanna trúnaðarmál launþega og vinnuveitanda. Með því að skylda skattstjóra til að leggja álagningar- og skattskrár fram gerir ríkisvaldið þennan trúnað að engu.

Allt frá því að lögfest voru lagaákvæði um framlagningu álagningar- og skattskráa fyrir áratugum síðan hafa gríðarlegar umbætur átt sér stað hvað varðar réttarstöðu einstaklinga gagnvart ríkisvaldinu. Og ekki verður annað sagt — og ég hygg að mönnum í hvaða stjórnmálaflokki sem er hvort sem þeir eru stjórnarliðar eða teljast til stjórnarandstöðu sé það alveg ljóst — en að réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs hafi verið bættur verulega á síðustu árum og áratugum. Í því sambandi má nefna setningu laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, lög um skráningu og meðferð persónupplýsinga, stjórnsýslulög og upplýsingalög. Þá hefur í íslenskri löggjöf verið lögð aukin áhersla á vernd mannréttinda, meðal annars með lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu og með endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar 1995 og 1997. Á sama tíma hefur réttarvitund almennings tekið breytingum og ætla má að almennir borgarar geri sér betur grein fyrir réttindum sínum en áður og þeim takmörkunum sem ríkisvaldinu eru sett gagnvart þeim, þar á meðal hvað varðar meðferð ríkisvaldsins og annarra aðila á viðkvæmum persónuupplýsingum. Nægir þar að nefna þær umræður sem sköpuðust á hinu háa Alþingi um meðferð heilsufarsupplýsinga einstaklinga í aðdraganda setningar laga um gagnagrunn á heilbrigðissviði.

Víða í íslenskri löggjöf er réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs tryggður og hömlur settar við meðferð, birtingu eða opinberun á viðkvæmum persónuupplýsingum einstaklinga. Í því sambandi má nefna 71. gr. stjórnarskrárinnar þar sem friðhelgi einkalífs einstaklinga er vernduð. Sambærilega reglu er að finna í 8. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig má nefna að í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er kveðið á um friðhelgi einkalífs en skv. 1. gr. laganna er þeim meðal annars ætlað að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs.

Þá er víða í löggjöfinni, og það er dálítið athyglisvert, kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna um einkahagi einstaklinga, svo sem um fjárhagsmálefni þeirra. Þannig er

skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því sem þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Hið sama gildir um þá sem veita áðurnefndum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl. Það er dálítið sérstakt að þessum starfsmönnum sé bannað að viðlagðri ábyrgð samkvæmt almennum hegningarlögum að tjá sig opinberlega um þessar upplýsingar.

Í 22. gr. lögreglulaga er lögð þagnarskylda á lögreglumenn og annað starfslið lögreglu um atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara. Þar er m.a. tekið fram að þagnarskyldan nái til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari.

Í lögum um fjármálafyrirtæki er ákvæði um bankaleynd fjármálafyrirtækja. Þar er mælt fyrir um að stjórnarmenn fjármálafyrirtækja, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu slíkra fyrirtækja séu bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og varða viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þeirra, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þá má nefna að í fleiri lögum svo sem í lögum um endurskoðun og í lögum um lögmenn er lögð rík þagnarskylda á hendur þeim starfsstéttum vegna þeirra upplýsinga sem þeir fá í tengslum við störf sín og varða þessi atriði, þar á meðal fjárhagsleg málefni einstaklinga.

Í ljósi allra þessara lagaákvæða og gildandi réttar verður að telja að ákvæði núgildandi 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, um framlagningu álagningar- og skattskráa séu í verulegu ósamræmi við þessi ákvæði og þær meginreglur sem lögfestar hafa verið í sérlögum um þagnarskyldu um upplýsingar sem varða fjárhagsleg málefni einstaklinga. Auk þess verður að telja að slík framlagning brjóti í bága við þær meginreglur sem 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi einkalífs byggja á. Þessi framlagning er ekki í nokkru samræmi við þau meginsjónarmið sem þessi ákvæði fjalla um.

Flutningsmenn frumvarps þessa telja að gildar ástæður þurfi að liggja til grundvallar löggjöf sem mælir fyrir um svo yfirgripsmikla röskun á friðhelgi einkalífs einstaklinga sem núgildandi löggjöf kveður á um. Með vísan til þess sem ég hef hér rakið verður ekki annað séð en að slíkar ástæður séu fyrir hendi og því nauðsynlegt að gera þær breytingar sem hér er mælt fyrir um og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Að lokum er rétt að geta þess, herra forseti, og það er mjög mikilvægt að það komi skýrt fram, að frumvarp þetta felur það ekki í sér að neinu leyti að dregið verði úr þeim úrræðum sem skattyfirvöldum er veitt í núgildandi löggjöf til að sinna virku skatteftirliti, bregðast við undanskotum frá skatti eða til að beita öðrum þeim heimildum sem núgildandi löggjöf kveður á um. Alls ekki. Það er ekkert í frumvarpinu sem gerir ráð fyrir því að vígtennurnar verði dregnar úr skattyfirvöldum sem eiga að hafa eftirlit með því að menn greiði skatta sína, enda hygg ég að allir flutningsmenn þessa frumvarps séu þeirrar skoðunar að mönnum beri að greiða þá skatta sem þeim ber. Það kann síðan að vera að menn séu ósammála um hvernig skattheimtunni er háttað. Við flutningsmenn erum engu að síður þeirrar skoðunar að ef við höfum skattareglur beri mönnum að fara að þeim. Gerir frumvarpið því ráð fyrir að núverandi eftirlit verði eftir sem áður í höndum skattyfirvalda. Verði frumvarpið að lögum lýkur einkaskattrannsóknum borgaranna hver á öðrum. Það sem manni finnst dálítið ógeðfellt og ósmekklegt við núverandi kerfi er að það elur á öfund og eftirliti borgaranna hver gagnvart öðrum. Slíkar persónunjósnir og persónurannsóknir einstaklinga eru okkur ekki að skapi. Við teljum nægilegt að fela skattyfirvöldum skatteftirlitið og það eftirlit eigi að vera í höndum þeirra en ekki einstaklinga.

Við leggjum því til að 98. gr. um tekjuskatt og eignarskatt verði breytt þannig að opinber birting álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af. Verði frumvarpið að lögum verður einungis lögð sú skylda á skattstjóra landsins að senda hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir þegar skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila. Jafnframt verði lögð sú skylda á skattstjóra að auglýsa rækilega, m.a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið. Verður skattstjórum síðan gert skylt að senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda, en þeim verður ekki gert skylt og verður í raun óheimilt að leggja skattskrárnar fram til sýningar eins og verið hefur a.m.k. frá árinu 1921, eins og ég hef hér rakið.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og meðferðar í hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

[16:15]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. flutningsmanni Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir prýðilega framsögu. Ég ætla að spyrja hann nokkurra spurninga.

Ég get tekið undir það að ákveðin rök eru fyrir því að endurskoða reglur um birtingu skattskráa. Það má t.d. velta því upp hvort það ætti að þrengja að því þannig að það þyrfti að óska sérstaklega eftir skattupplýsingunum þannig að einhverjir sem hafa með málið að gera, t.d. félagsmálayfirvöld, sveitarfélög og fleiri, þyrftu að óska sérstaklega eftir upplýsingunum á málefnalegum forsendum öðrum en hreinni forvitni. Það má vissulega velta því upp hvort hægt sé að endurskoða reglurnar þannig að þetta verði geðfelldara í framkvæmd en nú. Ég hef ákveðna samúð með því viðhorfi og er tilbúinn til að ræða það á málefnalegum forsendum hvernig og hvort við eigum að breyta þessum reglum af því að það er vissulega engum til sóma þegar fólk er að velta sér upp úr tekjum náunga síns einungis til að svala forvitni sinni með frekar ógeðfelldum hætti.

Á móti kemur að maður spyr sig spurninga og ég ætla að leggja þær fyrir hv. þingmann. Mun aukin leynd eða algjör leynd yfir skattskránum ekki í fyrsta lagi auka á ójöfnuð þar sem erfiðara yrði að fylgjast með tekjuþróun í samfélaginu og í öðru lagi auka skattsvik þar sem erfiðara yrði að fylgjast með tekjum einstaklinga og fyrirtækja? Hið

þriðja er kannski alvarlegasta og stærsta spursmálið. Mundi algjör launaleynd eða skattaleynd ekki auka á launamun kynjanna? Hægt er að fullyrða að ein alvarlegasta meinsemd í samfélaginu núna sé þegar verið er að mismuna kynjum eftir launum þegar um er að ræða tvo jafnhæfa einstaklinga í sömu stöðu. Mundi ekki leyndin auka verulega á launamisrétti kynjanna og hvernig væri hægt að koma í veg fyrir það ef þessar reglur yrðu þrengdar?

[16:17]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni fyrir málefnalegar spurningar um þetta frumvarp. Hv. þingmaður spyr hvort það væri ekki hætta á því ef birting þessara skattskráa yrði lögð af að slíkt mundi hafa í för með sér aukin skattsvik.

Eins og ég rakti í ræðu minni er löggjöf á Norðurlöndunum ekki samræmd hvað birtingu þessara upplýsinga varðar. Ég nefndi að í norskum lögum eru sambærileg ákvæði okkar lagaákvæðum. Það eru víðtækar heimildir í sænskum lögum fyrir skattyfirvöld til þess að birta þessar upplýsingar. En í dönskum lögum er kveðið á um algjöra leynd um þessi málefni. Samkvæmt rannsóknum bendir ekkert til þess að skattsvik séu umfangsmeiri í Danmörku þar sem leynd ríkir yfir þessum upplýsingum en í Noregi þar sem allt er opið eða þá á Íslandi. Ef menn bera saman Norðurlöndin a.m.k. þá virðist ekki vera samhengi milli birtingarinnar annars vegar og skattsvika hins vegar. Ég hef því ekki áhyggjur af því að skattsvik aukist.

Varðandi síðan hina spurninguna um ójöfnuð og launamun kynjanna vil ég nú benda á að í opinberri umræðu eru laun tiltölulega fárra einstaklinga birt og upplýsingar um laun og launamun kynjanna munu eftir sem áður liggja fyrir hjá stéttarfélögunum og hjá viðsemjendunum sem munu þá geta gert rannsóknir á launaþróun sem kann að vera kynjabundin. Ég held að það eftirlit geti eftir (Forseti hringir.) sem áður haldið áfram þrátt fyrir að við leggjum ekki fram tekjur og (Forseti hringir.) skatta hvers og eins einstaklings.

[16:19]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að ítreka áhyggjur mínar af því að ef aðgengi af skattskránum yrði takmarkað verulega eða lokað fyrir það þá mundi launamunur kynjanna aukast og erfitt yrði að fylgjast með því hver raunveruleg laun kynjanna eru. Upplýsingar hjá stéttarfélögum um samningsbundin laun o.s.frv. gefa ekki nema ákveðna mynd af stöðunni og það hefur komið í ljós að jafnþokkalega og okkur hefur miðað í jafnréttismálum á sumum sviðum á síðustu árum og áratugum þá hefur það einhvern veginn staðið eftir að launamunur kynjanna er verulegur. Uppi hafa verið hugmyndir um róttækar aðgerðir, heimildir til að fara í fyrirtæki og kanna þessa hluti. En ég kalla eftir einhvers konar mótvægisaðgerðum, ef svo má segja, þ.e. ef við færum þá leið að þrengja aðgengi að skattskránum þannig að erfiðara yrði að nálgast þær. En ég held að það sé ótækt að banna það alveg. Við þurfum að hafa aðrar leikreglur þá til að nálgast upplýsingar eins og þessar um laun kynjanna þannig að það liggi fyrir hver þau séu og að karlar og konur njóti sanngirni í því máli og fái almennt sömu laun fyrir sömu störf. Það er algjörlega óþolandi óréttlæti ef svo er, og sem er reyndin, að launamunur kynjanna skipti tugum prósenta. Það er eiginlega lyginni líkast og er eins og margir hafa sagt eitt af alvarlegustu meinum samfélagsins í dag og í þessum þætti jafnréttismála hefur lítið þokast á undanförnum árum. Ég held því að það þurfi að skoða þetta og koma með sannfærandi rök fyrir því hvernig sé hægt að vinna gegn launamun kynjanna þannig að hann mundi ekki aukast ef skattskráraðgangurinn mundi takmarkast eða hverfa.

[16:22]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að við hv. þingmaður séum sammála um að draga beri úr launamun kynjanna. Ég held að það sé sameiginlegt markmið okkar að menn eigi að fá jafnhá laun fyrir sambærileg störf burt séð frá því hvort viðkomandi er karl eða kona. En ég hef aldrei heyrt það áður að birting skattskráa og álagningarskráa einstaklinga hafi nokkuð með þennan launamun að gera. Þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri það.

Ég tek undir það með hv. þingmanni að ég er tilbúinn til þess að setjast yfir hugmyndir með honum til þess að skoða hvort hægt sé að fara aðrar leiðir og nýjar til þess að jafna þennan launamun en þær sem hafa verið farnar á síðustu árum og áratugum. En ég held að birting skattskráa hafi ekkert með þetta að gera. Ég bendi á að þegar þessar skattskrár eru lagðar fram þá er nú ekki eins og múgur og margmenni keyri niður á Skattstofu til þess að renna í gegnum skattgreiðslur einstaklinga. Það er ekki þannig. Við vitum alveg hvernig þessar skattskrár eru notaðar. Þær eru notaðar til þess að birta lista í fjölmiðlum yfir tekjur nafngreindra einstaklinga, yfirleitt toppanna í íslensku atvinnulífi og hinna og þessara. Síðan er gefið út tiltekið blað í Reykjavík um tekjur svona 3.600 Íslendinga. Að öðru leyti held ég að þessar upplýsingar séu ekki notaðar í kjararannsóknir eða rannsóknir á ástæðum þess að launamunur kynjanna sé til staðar. Ég hygg að allt aðrar ástæður liggi þeim mismun að baki og að skattskrárnar hafi ekkert með það að gera.

[16:24]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að því marki sem íslenskt þjóðfélag er upplýst og opið þá mundi þetta frumvarp, ef að lögum yrði, heldur loka því. Það væri verið að loka einum glugganum, mikilvægum glugga í upplýsingasamfélagi og draga fyrir öll tjöld. Sannast sagna hef ég alltaf furðað mig á því hvers vegna sjálfstæðismenn og einkum Samband ungra sjálfstæðismanna hefur lagt slíkt ofurkapp á þessa stefnu að hlífa sérstaklega stóreignafólki og hátekjufólki við því að upplýst verði um kjör þess.

Staðreyndin er sú að þegar skattskýrslur eru birtar skapast umræða um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Ég tel að það sé mjög gott og fjarri því að þetta sé ógeðfellt á einhvern hátt eða óviðeigandi að fjalla um tekjur manna. Það er fullkomlega viðeigandi.

En gagnvart hverjum miðar síðan aðhaldið? Í rauninni ekki gagnvart þeim sem eru með miklar tekjur og telja þær

fram heldur hinum sem hafa háar tekjur sem allir vita um en telja ekki fram nema örlítinn hluta. Það er talað stundum um vinnukonuútsvar í því efni. Þetta er aðhald á skattsvikarana, á stóru skattsvikarana í samfélaginu.

Ég spyr hv. þingmann hvers vegna það sé slíkt kappsmál ungum sjálfstæðismönnum og sjálfstæðismönnum almennt — eða er þetta almennt viðhorf þar? — að stuðla að launaleynd og skattaleynd svo að hátekjumenn geti pukrast með sínar eignir?

[16:26]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við sem stöndum að þessu frumvarpi erum ekki að ganga erinda stóreignafólksins og þeirra tekjuháu. Það kemur fram í skýrri greinargerð með þessu frumvarpi að verið er að standa vörð um friðhelgi einkalífsins. Það er verið að tryggja að ekki séu bornar á torg viðkvæmar persónuupplýsingar sem viðurkennt er í allri löggjöf á öllum sviðum að séu viðkvæmar og hafa verið notaðar í annarlegum tilgangi — það vita menn — ekki bara hér á landi heldur líka annars staðar.

Við höfum nú verið þeirrar skoðunar að þjóðfélagið eigi frekar að vera opið og gegnsætt, hvort sem það er á þessum sviðum eða öðrum. En það má hins vegar ekki gera það á kostnað þeirrar friðhelgi sem lög tryggja einstaklingum og einstaklingsfrelsinu. Það er grundvöllurinn fyrir því að þetta frumvarp er lagt fram. Við viljum standa vörð um þessi réttindi, standa vörð um það að menn fái að hafa þessi viðkvæmu persónulegu málefni í friði fyrir sig en að þau séu ekki borin á torg fyrir aðra, málefni sem koma öðrum ekki við.

En úr því að hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að hann væri frekar hlynntur því að þjóðfélagið yrði opið og þessar upplýsingar birtar hlýt ég að spyrja hann: Ef hann er hlynntur því að upplýsingar eins og þessar séu lagðar fram, álagning á skattskrám, mundi hann þá ekki vilja ganga alla leið og birta upplýsingar um það hversu háar fjárhæðir einstaklingar fá í gengum styrkjakerfi ríkisins, bótakerfið, í gegnum Fæðingarorlofssjóð o.s.frv.?

[16:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég legg sannast sagna ekki að jöfnu styrki eða stuðning sem sjúkt fólk fær vegna sjúkdóma sinna og tekna sem fullfrískt fólk aflar sér með vinnu sinni eða hefur sem arð af fjármagni eða eignum, ég legg þetta alls ekki að jöfnu. Að tala um upplýsingar af því tagi sem viðkvæmar persónulegar upplýsingar eða viðkvæm persónuleg málefni minnir mig svolítið á viðtal sem birtist við bankastjóra Landsbankans þegar Landsbankinn var að færa út kvíarnar á Ermarsundi í einni af skattaparadísunum þar. Þá sagði hann í viðtali við Morgunblaðið, mér er þetta minnisstætt, að skiljanlegt væri að stóreignafólk vildi hafa sum sinna stærri mála utan kastljósa fjölmiðla og almennrar umræðu. Það er þetta sem ég er að ræða um.

Ég er líka að ræða um þá einstaklinga sem hafa hagnast gríðarlega mikið í íslensku samfélagi á undanförnum árum en vilja fara með þetta í felur. Auk þess hafa margir orðið uppvísir að því að skjóta eignum og tekjum sínum undan skatti. Þarna hefur komið mikið aðhald frá samfélaginu vegna þess að það er opið, vegna þess að almenningi eru upplýsingarnar aðgengilegar hafi aðilarnir verið að heykjast á því að fara sínu fram. Þetta eru bara staðreyndir. Gagnstætt því að reyna að loka samfélaginu og draga fyrir alla glugga vil ég skora á sjálfstæðismenn að stuðla að opnu og upplýstu samfélagi. Eða hvað hafa menn annars að fela? Hvers vegna er það svo persónulega viðkvæmt að birta upplýsingar um tekjur manna?

[16:31]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo ég svari síðustu spurningunni, þá kemur hv. þm. Ögmundi Jónassyni og mér bara ekkert við hvað almennur borgari út í bæ hefur í laun. Það kemur okkur tveimur ekkert við. Við höfum engan rétt á því að vera að grafast fyrir um það í einhverjum skattskrám hvað náunginn í sama stigahúsi og við er með í laun.

Hv. þingmaður leggur ekki að jöfnu styrki og bætur sem menn fá greidda úr ríkissjóði, en ég tel að ef menn ætla að vera samkvæmir sjálfum sér og eru almennt þeirrar skoðunar að leggja eigi á borð allar upplýsingar um fjárhag sem og málefni einstaklinga eigi ekki að einskorða það við tekjur eða venjuleg vinnulaun, heldur hljótum við að taka aðrar greiðslur til þeirra inn í dæmið ef menn ætla að vera samkvæmir sjálfum sér, þar á meðal greiðslur úr fæðingarorlofssjóði. Ég mundi telja að það væri mjög athyglisvert að fá upplýsingar um það hvernig þeim er háttað. Mér finnst það hins vegar frekar ógeðfellt.

Ég vil benda hv. þm. Ögmundi Jónassyni á að þær upplýsingar sem við tölum um koma sér held ég miklu verr fyrir þá sem eru tekjulágir en þá sem eru tekjuháir. Ég veit ekki betur en tekjuhæstu einstaklingarnir á Íslandi síðustu áratugi hafi verið stoltir af þeim sköttum sem þeir hafa greitt, samanber yfirlýsingar Björgólfs Guðmundssonar í blöðunum, svo ég tali ekki um Þorvald í Síld og fisk í gamla daga.

Eins og ég benti á áðan í ræðu minni er það þannig í Noregi og birtist um það grein þann 26. október 2003 þar sem segir að mörg börn og foreldrar barna hafi þurft að leita til umboðsmanns barna og fjármálaráðuneytisins vegna þessara upplýsinga. Ekki vegna þess að börnin hafi skammast sín vegna hárra skatttekna foreldra sinna, heldur lágra.

[16:33]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir ágæta yfirferð yfir málið en vil samt bæta nokkru við.

Eins og hann gat réttilega um var skatteftirlit og skattrannsóknir mjög fátæklegar í öndverðu og ekki til stofnanir í þjóðfélaginu til að reka þau erindi. Þá var lausn löggjafans fólgin í því að láta hinn almenna borgara stunda skattrannsóknir og skatteftirlit með öðrum borgurum. Frekar ógeðfelld aðferð en hún var nothæf á þeim tíma í staðinn fyrir að stofnanir sinntu þessu. Síðan höfum við tekið upp stofnanir sem gera það að verkum að borgarinn þarf ekki lengur og gerir ekki lengur skattrannsóknir eða hefur eftirlit með samborgurum sínum. Þess vegna er frumvarpið lagt fram því að

ákvæðið er löngu orðið úrelt.

Ákvæðið hefur engan annan tilgang í dag en að leyfa fólki að hnýsast í eignir og tekjur meðborgaranna, sá fræjum öfundar og óvildar í þjóðfélaginu. Það brýtur auk þess persónuvernd og þá vernd sem fólk þarf fyrir vinum sínum, ættingjum og börnum sem ekki kunna að fara eins vel með peninga og skattborgarinn og mundu ásælast eignir foreldra sinna eða frænda ef þau vissu að þær væru til. Og líka til að vernda fólk fyrir viðskiptavinum sínum. Það er alveg óþarfi að þeir viti hvort menn eigi miklar eignir eða litlar og hvort þær hafi aukist eða minnkað. Auk þess byggir skattskráin eins og hún er lögð fram að einhverju leyti á áætlunum skattstjóra fyrir þá aðila sem ekki hafa talið fram og er þar af leiðandi mjög röng hvað þá varðar og allt of há yfirleitt.

Svo er náttúrlega hinn sígildi brandari á hverju hausti, frú forseti, sem maður nær ekki, að einhverjar upplýsingar megi hafa gildi í þrjár vikur og megi vera á prenti í þrjár vikur, en ekki eftir það. Ég hefði gaman af því að vita hvort Frjáls verslun fáist á bókasöfnum og hvort skoða megi hana á Landsbókasafninu þar sem er skylda að afhenda hvert einasta prentað rit. Það er dálítið merkileg mótsögn sem kemur þar í ljós, að skila verði inn gögnum og Landsbókasafnið eigi að hafa öll tímarit og dagblöð, en það megi ekki sýna það. Þetta er náttúrlega mjög skrýtið ákvæði og gefur tilefni til mikilla brandara.

Menn hafa talað um vinnukonuútsvar og rétt er að margir aðilar telja fram svo lágar tekjur að mönnum finnst það vera mjög lítið. En er það ekki hlutverk skattrannsóknarstjóra að fara í gegnum það hverjir eru með vinnukonuútsvar í staðinn fyrir að básúna það í fjölmiðlum að þessi og hinn sé með vinnukonuútsvar án þess að geta kynnt sér málið? Er það ekki skattrannsóknarstjóri sem hefur samband við viðkomandi aðila og segir: „Heyrðu, ertu ekki með hærri tekjur?“ Ég mundi telja það. Sá vandi er því að sjálfsögðu leystur í dag. Þó fjölmiðlar og einstaklingar býsnist yfir lágum tekjum einhverra meðborgara sinna gera þeir ekkert með málið. Það er skattrannsóknarstjóri sem getur gert eitthvað í málinu.

Ef maður lítur á fjárhagsleg samskipti borgaranna við ríkið eru menn annars vegar að borga skatta sem þeir innheimta fyrir ríkið og skatta sem þeir borga af eigin tekjum og eigin eignum, þ.e. hluta af eignum og tekjum sem ríkið ásælist frá borgaranum. Hins vegar taka menn bætur frá ríkinu, taka bætur úr hinum sameiginlega sjóði allra landsmanna og ég verð að segja eins og er að mér finnst skipta meira máli að upplýst sé um það sem menn fá úr kassanum, hinum sameiginlega sjóði, en það sem þeir eru neyddir til að borga af eigin tekjum og eignum til ríkisins. Mér finnst það skipta meira máli. Ef þær eru sanngjarnar og eðlilegar er allt í lagi að birta þær. Ég sé því ekkert að því að birta bótaskrá og ætti frekar að birta hana en skattskrána.

Ég legg til, frú forseti, að menn hugleiði hvort ekki megi birta skrá yfir allar bætur í landinu, því að sjálfsögðu eru þær allar réttmætar og skiljanlegar og allir hafa skilning á því að þær séu svona og svona háar, hvort sem það eru fæðingarorlofsbætur, örorkubætur, bætur vegna barna o.s.frv.

Áðan var rætt um upplýsingaþjóðfélag, lokað þjóðfélag o.s.frv. og að undarlegt væri að ungir sjálfstæðismenn, ég er reyndar á listanum líka og er mér heiður að teljast í hópi þeirra, væru að berjast fyrir því að loka á upplýsingar. Ég tel að veita eigi upplýsingar sem skipta aðila máli eins og t.d. hluthafa, á hluthafafundum. Upplýsa á um málefni sem skiptir annað fólk einhverju máli. Það á ekki að upplýsa bara til að upplýsa, það finnst mér ástæðulaust. Allar tölfræðilegar upplýsingar sem til eru um tekjudreifingu og allt slíkt heldur að sjálfsögðu allt áfram, en ekki undir nafni. Upplýsingar til skattstjóra og annað slíkt er óbreytt. Það verður því engin skerðing á skatteftirliti eða skattrannsóknum.

Frú forseti. Við erum búin að fella niður eignarskattinn, og ég þarf alltaf að segja það aftur og aftur svo ég trúi því, en ef okkur auðnaðist að taka upp flatan tekjuskatt, segjum einhverja fasta prósentu, t.d. 22%, af öllum tekjum í útsvar og tekjuskatt gætum við fellt niður framtalið.

Íslendingar horfa fram á næstu helgi og þarnæstu helgi með ótta í augum og kvíða. Við gætum sleppt því að búa til þennan kvíða á þessum árstíma, á hverju einasta ári fer einn dagur á ári í þá vitleysu að telja fram til skatts, ef okkur bæri gæfa til að fella niður eignarskattinn og taka upp flatan tekjuskatt og taka upp staðgreiðslu af honum, bara nákvæmlega eins og við borgum virðisaukaskattinn. Það er ekki talið fram þegar ég kaupi mér smjör eða sykur eða hvað það nú er og borga af því virðisaukaskatt. Ég þarf ekki að telja það fram. Það er bara tekinn af flatur skattur og svo er það gleymt. Nákvæmlega sama ætti að gera með launin; launin væru borguð út, tekin 22% í skatt og svo mætti maður eiga restina. Það væru aldeilis dýrðardagar ef það væri tekið upp.

Frú forseti. Ég er mjög hlynntur frumvarpinu. Ég tel að framlagning skattskráa séu leifar frá gamalli tíð þegar borgararnir voru látnir njósna hver um annan til að stunda skatteftirlit og skattrannsóknir. Til þess höfum við mjög öflugar stofnanir í dag og þær sinna hlutverki sínu fullkomlega og birtingin á þessum upplýsingum hefur ekkert gildi.

[16:41]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Hér er enn á ferðinni hefðbundin hagsmunagæsla sjálfstæðismanna og forgangsmál ungra sjálfstæðismanna sem virðist brenna mest á þeim í þjóðfélaginu í dag, þ.e. að standa dyggan og öruggan vörð um auðmenn landsins. Nú vilja þeir fela ójöfnuðinn í þjóðfélaginu enn betur. Það er auðvitað ekki að ástæðulausu því sl. 13 ríkisstjórnarár Sjálfstæðisflokksins hafa verið feit ár auðmanna og mögur ár launamanna. Ójöfnuðurinn hefur vaxið svo hröðum skrefum að hann þolir ekki lengur dagsins ljós. Það er svo einfalt. Það verður að fela hann. Hinn raunverulegi tilgangur frumvarpsins er að fela ójöfnuðinn, fela það að atvinnuleysisbætur eru undir fátæktarmörkum og sumir auðmenn landsins hafa tuttugufaldar atvinnuleysisbætur á mánuði, fela það að láglaunafólk, sérstaklega konur í ummönnunarstörfum hafa upp til hópa tuttugufalt lægri tekjur en auðmennirnir. Fela það að það er gríðarlegur munur á heildartekjum karla og kvenna og það sem verst er kannski, eins og minnst hefur verið á, fela hinn kynbundna launamun. Leyndin þar er gróðrarstía kynbundins launamunar og kynbundinn launamunur er stjórnarskrárbrot.

Auðvitað þarf að fela það að hinir nýríku auðmenn

landsins þéna milljónir á mánuði í tekjur. Auk þess þarf að fela það, sem er reyndar gert, að þeir borga ekki nema 10% af fjármagnstekjunum. Okkur er mismunað. Staðan hefur orðið þannig síðastliðin ár með uppkaupum fyrirtækja og einokun í öllum rekstri að auður hefur safnast með óheyrilegum hætti á fáa menn. Nú hafa hinir sömu auðmenn tæmt möguleika sína hér á landi og horfa til annarra landa. Við heyrðum síðast fréttir um uppkaup í Danmörku þar sem bankastofnun fer í kjölfarið og kannar eignastöðu fyrirtækja innan frá og fer svo í að kaupa. Nákvæmlega eins og var gert hér með óeðlilegum viðskiptaháttum. Svo er þetta kallað útrás, því fallega nafni útrás, þegar farið er með ránsfenginn til útlanda. Maður spyr sig: Af hverju fjárfesta auðmennirnir ekki í íslensku atvinnulífi? Þegar þeir eru búnir að safna sér nægilegum auði hér flytja þeir meira að segja úr landi og búa ekki hér, eru ekki með lögheimili hér. Við náum því ekki einu sinni 22% tekjuskatti af þeim, verði hugmyndir hv. þm. Péturs H. Blöndals að veruleika.

Hér í eina tíð voru menn stoltir af því að hafa háar tekjur, voru stoltir af því að hafa komist til álna. Það virðist vera búið, sá tími er liðinn ef undanskildir eru nokkrir auðmenn. Ef til vill voru þeir stoltir vegna þess að það fé var vel fengið.

Það er einkennilegt í þessu samhengi þegar maður les þessa tillögu að nú nýlega birti bandaríska tímaritið Forbes upplýsingar um milljarðamæringa þar sem einn Íslendingur komst á lista. Það er einkennilegt að Bandaríkjamenn sem telja sig varðveita fjöregg lýðræðisins, hvorki meira né minna, skuli ekki sjá ástæðu til að banna slíkar birtingar, ég velti því fyrir mér.

Ég bendi líka á, af því að hv. framsögumaður hefur gert það mjög að umtalsefni að hér sé um að ræða lögbrot, brot á lögum, hvort ekki sé frekar nær að fara með málið fyrir dómstóla en að vera að hreyfa því á Alþingi með frumvarpsgerð. Svona hefur þetta verið hér um áratugi og það hefur aldrei nokkur maður leitað til dómstóla út af þessu og það er almenn fullvissa í þjóðfélaginu um að þetta standist lög, ella hefði fyrir löngu verið búið að koma í veg fyrir birtingu skattskrár.

Ég vil líka minna á í þessu samhengi að eitt stærsta skattsvikamál sem er til meðferðar nú í þjóðfélaginu á rætur sínar að rekja til upplýsinga sem komu eftir birtingu skattskrár. Það er af því að skattrannsóknarstjóri og skattyfirvöld eru ekki alsjáandi, betur sjá augu en auga í þessum efnum.

Það er ýmis ójöfnuður sem brennur á almenningi hér í landi, ójöfnuður sem hefur vaxið hröðum skrefum eins og ég hef nefnt. Þetta frumvarp er ekki til þess fallið að bæta lífskjör eða koma í veg fyrir ójöfnuð. Þvert á móti, frumvarpinu er ætlað að fela ójöfnuðinn og það eru auðmenn landsins sem hafa áhyggjur af skattskrám en ekki almenningur, ekki venjulegt fólk, millitekjufólk eða lágtekjufólk, það hefur engar áhyggjur af þessum málum.

Ég spyr að lokum: Eigum við ekki frekar að einhenda okkur í það, og þá sérstaklega hinir yngri og upprennandi þingmenn, að vinna gegn stjórnarskrárbrotum sem viðgangast hér á hverjum degi og hverri klukkustund gegn konum? Þá á ég aftur við hinn kynbundna launamun. Er það ekki forgangsverkefni okkar? Það er almennt viðurkennt í þjóðfélaginu að þar sé um stjórnarskrárbrot að ræða. Vilja ekki hv. flutningsmenn frumvarpsins taka höndum saman við mig, flokk minn og aðra sem sinna þessu málefni í Samfylkingunni og Frjálslynda flokknum og vinna gegn þeim stjórnarskrárbrotum? Ég skora á þá hv. þingmenn að taka það upp sem forgangsmál því þetta er óþolandi. Það vill Vinstri hreyfingin – grænt framboð og hún leggst gegn þessu frumvarpi.

[16:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður gat þess að framlagning skattskrár hefði minnkað kynbundinn launamun. Nú er búið að birta þessar upplýsingar síðan 1929 skilst mér, þessi kynbundni launamunur ætti þá að vera horfinn á svona löngum tíma.

Ég held því fram að framlagning skattskrár breyti engu um kynbundinn launamun, ekki nokkrum sköpuðum hlut. Það sem kemur upp um kynbundinn launamun eru t.d. launaupplýsingar sem VR, Verslunarfélag Reykjavíkur kannar og birtir ópersónubundið. Það eru miklu meiri upplýsingar og miklu betri.

Og að mögur ár launamanna hafi verið undanfarin ár. Jesús minn, launin hafa hvergi hækkað jafnmikið og á Íslandi síðustu 10–15 árin. Það er leitun að landi þar sem launin hafa hækkað annað eins þannig að það hafa nú ekki aldeilis verið mögur ár launamanna. Launamunurinn verður ekkert falinn þó að ekki séu birtar persónubundnar upplýsingar úr skattskrám, það veit hv. þingmaður mætavel. Þær upplýsingar munu koma fram áfram sem betur fer og hvetja fólk og alla til þess að minnka launamuninn. Ég held því reyndar fram að hann sé ekki stjórnarskrárbrot vegna þess að það getur hver og einn ráðið hvern sem er á launum sem báðir eru sammála um.

Hv. þingmaður sagði að menn hefðu verið stoltir af því hér áður fyrr að hafa komist til álna. Það var áður en skatturinn varð svo mikill að menn komast ekki lengur til álna.

[16:50]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Frú forseti. Kynbundinn launamunur, þetta breytir engu, sagði hv. þingmaður. Vissulega gerir það það. Útkoma skattskrár er ekkert úrslitaatriði í þeim efnum og það er ekki besta tækið sem ég sé fyrir mér varðandi það að berjast gegn kynbundnum launamun, en það er eitt tækið sem tekið er í burtu. Önnur eru vissulega betur til þess fallin.

Ég vil þá nefna dæmi sem allir þekkja, að konur sem sitja og vinna við hlið karla á stórum vinnustöðum við sömu störf reka sig stöðugt upp undir þetta glerþak launamunar, komast ekkert áfram, hafa ef til vill lengri starfsaldur en fá ekki framgang í stöðum, störfum eða launum. Þetta vita allir. Þess vegna er þessi kynbundni launamunur allt upp í 18% og það er stjórnarskrárbrot. Það er brot á 65. gr. stjórnarskrárinnar. Allt sem er til þess fallið að taka burt vopn gegn kynbundna launamuninum er til þess fallið að viðhalda honum.

[16:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fellst ekki á að birting upplýsinga í skattskrá breyti neinu um kynbundinn launamun. Það er líka búið að birta þær svo lengi að hann ætti fyrir löngu að vera horfinn ef það hefði einhver áhrif.

Síðan vil ég nefna að stærstu mál sem hafa uppgötvast, af því að hv. þingmaður nefndi í ræðu sinni að 10% fjármagnstekjuskattur væri afskaplega lágur skattur, eru þau að menn flýja þennan lága skatt. Það er svo merkilegt. Hann virðist vera of hár ef eitthvað er. Nú er ég ekki þar með að segja að menn eigi að flýja skatta, að sjálfsögðu ekki, menn eiga að borga sína skatta og engar refjar með það og ekki að svíkja undan.

Svo gat hv. þingmaður þess að menn ynnu hlið við hlið, karlar og konur, með mismunandi laun, 18% launamun. Hvernig stendur á því að atvinnurekandi borgar karlmönnunum hærri laun? Vill hann ekki græða? Af hverju ræður hann ekki fleiri konur og borgar þeim lægri laun? Það skyldi þó ekki einmitt vera skorturinn á því að menn vilji græða sem geri það að verkum að launamunurinn er eins og hann er? Það virðist nú helst vera hjá opinberu fyrirtækjunum þar sem ætti að vera hvað mestur launajöfnuðurinn sem launamunurinn er ekki hvað sístur. Það er einmitt að gerast núna í atvinnulífinu þegar menn fara að gera kröfur um arðsemi að menn eru farnir að ráða fólk eftir hæfileikum, mjög hæfileikaríkt fólk og jafnvel mjög ungt fólk og jafnvel konur, sem betur fer.

[16:53]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Frú forseti. Samanburður á launum fyrir sambærileg störf í skattskrá getur beinlínis leitt í ljós að um er að ræða kynbundinn launamun fyrir sambærileg störf.

Svo kom þessi gamli söngur: Vill ekki atvinnurekandinn græða, vill hann ekki ráða hæft fólk og þar fram eftir götunum? Er virkilega verið að halda því fram í okkar þjóðfélagi, vitandi betur, að konur hafi bara lítinn hluta af hæfileikum karla? (**PHB:** Að sjálfsögðu ekki.) Það er það sem raunveruleikinn sýnir og það blasir við. (**PHB:** ... hins vegar.) Konur eru ekki valdar og þær eru ekki metnar að verðleikum. Það er eitthvað annað en gróðavon sem rekur menn áfram í þeim efnum en sú staðreynd að konur standa jafnfætis karlmönnum að verðleikum. Það er eitthvað allt annað sem liggur þar á bak við.

[16:54]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þá umræðu sem hefur átt sér stað um frumvarpið. Hún hefur reyndar verið dálítið sérstök að mínu mati. Hún hefur ekki nema að litlu leyti snúist um þau prinsipp sem frumvarpið er um, þ.e. friðhelgi einkalífsins og það að menn fái að hafa sín viðkvæmustu málefni í friði fyrir sig en að þau séu ekki borin á torg, heldur hefur umræðan kannski frekar snúist um hinn meinta ójöfnuð í þjóðfélaginu, kynbundinn launamun og stöðu kvenna á vinnumarkaði. Ég bjóst við ýmsu áður en ég fór í umræðuna og mælti fyrir frumvarpinu en ekki þessu atriði.

Mig langar til að víkja að örfáum atriðum sem fram hafa komið í umræðunni og skipta líka miklu fyrir það mál sem er til umfjöllunar. Eins og segir í greinargerð með frumvarpinu gerir það ráð fyrir að ekki verði dregið að neinu marki úr þeim úrræðum sem skattyfirvöldum er leyft og veitt í núgildandi löggjöf til að sinna virku skatteftirliti eða til að bregðast við undanskotum frá skatti og til að beita öðrum þeim heimildum sem núgildandi löggjöf kveður á um til að uppræta slíkt framferði. Flutningsmenn frumvarpsins eru á móti skattsvikum, flutningsmenn þess vilja að menn fari eftir þeim lögum sem í gildi eru varðandi skattskyldu og skattgreiðslur, það er alveg klárt.

Flutningsmenn frumvarpsins eru hins vegar á þeirri skoðun að slíkt eftirlit eigi að vera í höndum skattyfirvalda en ekki annarra. Við flutningsmenn erum þeirrar skoðunar að leggja beri af einkaskattrannsóknir borgaranna hvers á öðrum. Við teljum að slíkt rannsóknarhlutverk eigi að vera í höndum skattyfirvalda, skatteftirlitsins en ekki annarra. Við teljum að núverandi kerfi sé þannig að það brjóti gegn stjórnarskrárvörðum réttindum borgaranna, það brjóti gegn friðhelgi einkalífs borgaranna.

Mér þykir mjög furðulegt að hv. þm. Atli Gíslason, sem talar um að stjórnarskráin sé brotin á hverjum degi, að farið sé á svig við jafnræðisregluna á hverjum einasta degi og málflutningur hans miðar fyrst og fremst að því að vernda þurfi stjórnarskrárbundinn rétt einstaklinga, skuli ekki taka undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu. Þau miða öll að því að vernda rétt einstaklinganna til að fá að vera í friði, til að fá að vera í friði frá ríkisvaldinu og ýmsum aðilum í þjóðfélaginu sem hafa eftirlit með einstaklingum sem ekkert hafa brotið af sér.

Einnig vekur furðu að þeir hv. þingmenn sem mæla gegn frumvarpinu eru ekki samkvæmir sjálfum sér. Eins og ég fór yfir í ræðu minni er nánast í öllum lögum, þar sem fjárhagsleg málefni einstaklinga koma til umfjöllunar að einhverju leyti, kveðið á um þagnarskyldu þeirra sem með slíkar upplýsingar fara. Það er gert í lögum um tekju- og eignarskatt. Eins og ég fór yfir mega skattstjórar og umboðsmenn þeirra, ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri eða yfirskattanefnd, ekki að viðlagðri ábyrgð samkvæmt almennum hegningarlögum segja til um neitt sem þeir verða áskynja í störfum sínum. Hægt er að kæra menn fyrir brot í opinberu starfi samkvæmt almennum hegningarlögum ef þeir brjóta gegn þessum fyrirmælum.

Í sömu lögum er kveðið á um að þessir tilteknu aðilar eigi að leggja fram skattskrár, um skattgreiðslur allra einstaklinga á Íslandi. Ég fór yfir þær reglur sem gilda samkvæmt lögreglulögum, lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um endurskoðendur og, sem hv. þm. Atli Gíslason þekkir, einnig í lögum um lögmenn. Þar eru reistar skorður við því að lögmenn geti upplýst um persónuleg málefni einstaklinga, þar á meðal um fjárhagsleg málefni. Af hverju skyldi það vera? Það er af því að við höfum komið okkur saman um að fjárhagsleg málefni einstaklinga séu viðkvæmar persónuupplýsingar sem eigi að fara leynt. Ef menn væru samkvæmir sjálfum sér mundu þeir tala gegn þeirri leynd sem öll önnur lög kveða á um varðandi mál eins og þessi.

Við flutningsmenn frumvarpsins erum þeirrar skoðunar að skatteftirlitið eigi eftir sem áður að vera hið sama. Ef

það væri til að veita þessu máli einhvern forgang væri ég tilbúinn til að tala fyrir því að skattyfirvöld fengju í hendur aukið fjármagn, mannskap eða úrræði til að sinna skatteftirliti. En það væri gegn því að einkaskattrannsóknum hvers borgara gagnvart öðrum mundi ljúka.

Hv. þm. Atli Gíslason nefndi í ræðu sinni að með frumvarpinu ætluðu flutningsmenn þess að fela ójöfnuðinn í þjóðfélaginu. Ég skildi ekki hv. þingmann betur en svo að ég og aðrir flutningsmenn værum fylgjandi kynbundnum launamun eða ýttum undir hann. Ef það er ekki misskilningur þá lýsi ég því aftur yfir, sem ég gerði í fyrri ræðu minni, að ég er á móti kynbundnum launamun. Ég er á móti launamun sem byggist á ómálefnalegum forsendum eins og því hvers kyns launamenn eru eða hvernig þeir eru á litinn. Það skiptir mig engu máli.

Þegar við sem aðhyllumst sömu stjórnmálaskoðun förum í bakarí, hv. þingmaður, þá spyrjum við hvort brauðið sé gott og hvað það kosti en ekki hvernig bakarinn er á litinn eða hvers kyns hann er. Þetta er bara grundvöllur þeirrar frjálshyggju sem við boðum. Við teljum að kynbundinn launamunur sé jafnmikið mein og hv. þingmaður telur. Þetta frumvarp er hins vegar ekki til þess fallið að ýta undir kynbundinn launamun.

Ég bendi hv. þingmanni á að í 2. mgr. 98. gr. núgildandi laga, sem lagt er til að verði breytt, er gert ráð fyrir að skattskrár, sem hér um ræðir, séu lagðar fram til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Ef röksemdir hv. þingmanns ganga upp mætti ætla að allar kjararannsóknir færu fram á þeim tveimur vikum. Auðvitað er það ekki svo. Ég veit ekki betur en að kjararannsóknarnefnd starfi allt árið, á grundvelli upplýsinga sem hún hefur hvaðan sem þær koma. Auðvitað mun kjararannsóknarnefnd gera það áfram. Starf kjararannsóknarnefndar byggir ekki einungis á upplýsingum sem birtar eru í þjóðfélaginu á tveimur vikum — tveimur vikum af 52. Auðvitað er það ekki svo. Þessi málflutningur er algjör fyrirsláttur. Kjararannsóknir og rannsóknir á launamun kynjanna munu eftir sem áður geta átt sér stað, þrátt fyrir að menn hætti að leggja þar fram skattgreiðslur allra einstaklinga á landinu í tvær vikur á ári.

Ég get sagt það við hv. þingmann að ég er tilbúinn að taka þátt í því með honum að reyna að útrýma kynbundnum launamun. Ég er ekki viss um að við viljum fara sömu leiðirnar í því sambandi en ég tel að markmið okkar beggja sé hið sama.

Frú forseti. Að lokum ítreka ég þakkir mínar til þeirra sem tekið hafa þátt í umræðunni. Það mál sem hér er fjallað um skiptir einstaklinga miklu máli. Það er náttúrlega gamalkunnugt trikk að reyna að slá ryki í augu fólks með því að segja að sá sem hér stendur og flutningsmenn frumvarpsins gæti einungis hagsmuna auðvaldsins í þjóðfélaginu. Það er auðvitað ekki svo. Þetta snýst um að menn fái að hafa einkamálefni sín, sem eru viðkvæm, í friði fyrir öðrum, líka einkareknum skattrannsóknum samborgaranna. Þær eru ógeðfelldar og eru okkur flutningsmönnunum ekki að skapi. Þær eru óeðlilegar og ekki í samræmi við þau meginprinsipp sem önnur ákvæði um sambærileg málefni byggja á.

[17:05]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Frú forseti. Samþætting og aftur samþætting er eitt virkasta úrræðið í jafnréttisbaráttunni. Það er lykilorð. Með því að nota þá aðferð, samþættingu, getur maður varpað ljósi á öll þingmál og skoðað í því samhengi, samhengi jafnréttisbaráttunnar. Það var ég að gera, varpa ljósi jafnréttis á frumvarpið, bregða því undir það ljós og athuga hvort það gagnaðist jafnréttisbaráttunni eða ekki. Niðurstaða mín var sú að svo væri ekki vegna þess að þá væri eitt vopnið til að vinna gegn kynbundnum launamun tekið burt. Ég sagði ekki að það væri mikilvægasta vopnið en ég sagði að það væri eitt vopnið í því vopnabúri.

Ég vil líka ítreka, vegna fullyrðinga sem fram hafa komið um að það ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt sem hér er til umræðu sé brot á stjórnarskránni, að svo hefur ekki verið talið, ella væri löngu búið að nema það úr lögum. Hins vegar heimilar ekkert í lögum kynbundinn launamun og ekkert í mínum orðum mátti skilja á þann veg að ég teldi hv. þm. fylgjandi kynbundnum launamun. Ég eggjaði hann hins vegar til dáða í þeirri baráttu og taldi að hann ætti fremur að gera það að forgangsmáli og áhersluatriði en að fylgja þessu máli eftir. Hv. þingmaður lýsti því yfir að hann væri tilbúinn til þess og ég fagna því.

Svo vil ég gera athugasemd við það sem hv. þingmaður sagði um kjararannsóknarnefnd. Hún finnur mun á, þ.e. rannsakar heildartekjur kynja og þar fram eftir götunum, gerir meðaltalsrannsóknir en skoðar ekki einstaklings- og kynbundinn launamun.

[17:08]

Flm. (Sigurður Kári Kristjánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það má vera að hv. þingmaður þekki rannsóknir kjararannsóknarnefndar betur en ég en ég trúi því ekki að hv. þingmaður telji að kjararannsóknir á íslenskum launamarkaði standi og falli með því hvort skattskrár liggi frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Það getur ekki verið. Við vitum að sambærilegar rannsóknir fara fram hjá stéttarfélögum og öðrum aðilum sem rannsaka kynbundinn launamun og þær rannsóknir hafa ekkert með þá framlagningu að gera.

Varðandi flutningsmenn frumvarpsins og kynbundinn launamun þá er það þannig að hv. þingmaður hóf ræðu sína á því að upplýsa okkur um þá skoðun sína að með frumvarpinu hygðust flutningsmenn fela ójöfnuðinn í þjóðfélaginu, þar á meðal var væntanlega hinn kynbundni launamunur. Ekki satt, hv. þingmaður? Þess vegna er eðlilegt að maður dragi þá ályktun að hann telji að flutningsmenn frumvarpsins séu hlynntir kynbundnum launamun fyrst þeir vilja fela hann. En svo er ekki, það er á hreinu.

Varðandi það hvort ákvæði 98. gr. skattalaga, um birtingu skattskrár, brjóti gegn stjórnarskránni þá held ég að ég og hv. þingmaður getum verið sammála um að hún brjóti a.m.k. gegn öllum þeim prinsippum sem þau ákvæði sem ég hef farið yfir byggja á varðandi friðhelgi einkalífsins. Hins vegar hygg ég að það hafi aldrei reynt á túlkun þessa ákvæðis, a.m.k. ekki fyrir Hæstarétti enn sem komið er. Því liggur ekki fyrir endanlegt mat og túlkun á inntaki greinarinnar, hygg ég. (Forseti hringir.)

[17:10]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það voru ekki mín orð að kjararannsóknir stæðu og féllu með skattskrám. Ég held að það sé misskilningur. Hafi ég misst það út úr mér þá er það beinlínis rangt. Ég held því samt enn fram að baktilgangur þessa frumvarps, hvort sem hann er meðvitaður eða dulinn, sé hagsmunagæsla fyrir auðmenn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 409. mál (vararefsing fésektar). — Þskj. 520, nál. 952.

[17:11]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Málið fjallar um vararefsingu fésektar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Ásgerði Ragnarsdóttur frá dómsmálaráðuneyti. Þá bárust umsagnir frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Sýslumannafélagi Íslands, ríkissaksóknara og Fangelsismálastofnun.

Með frumvarpinu er lagt til að lögboðin vararefsing fésekta nái til sekta allt að 300.000 kr. í stað 100.000 kr. eins og nú er og að hærri fjárhæð standi að baki hverjum afplánunardegi vararefsingar. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns og sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 2. umr.

Stjfrv., 484. mál (EES-reglur). — Þskj. 740, nál. 951.

[17:12]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns og lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál, fengið á sinn fund fulltrúa úr dómsmálaráðuneytinu og jafnframt voru boðaðir á fund nefndarinnar ýmsir umsagnaraðilar.

Með frumvarpinu er ætlunin að samræma ákvæði laga um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns og laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA þykja núgildandi ákvæði um skilyrði um lögheimili til að mega stunda atvinnurekstur fela í sér höft og óbeina mismunun sem ekki fái án réttlætingar samrýmst 31. gr. samningsins um staðfesturétt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.

Frv. BjörgvS o.fl., 142. mál (fyrirframgreiðsla lána, ábyrgðarmenn o.fl). — Þskj. 142.

[17:14]

Flm. (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Flutningsmenn eru nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar.

Ég óskaði sérstaklega eftir því að hv. formaður menntamálanefndar, Gunnar I. Birgisson, yrði viðstaddur umræðuna þar sem hann er ekki aðeins formaður menntamálanefndar heldur einnig formaður stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Honum er málið mjög skylt og ekki síst í ljósi þess að segja má að á undanförnum vikum hafi Lánasjóður íslenskra námsmanna fengið nýtt hlutverk án þess að um það hafi farið fram nokkur umræða.

Eftir breytingar á fyrirkomulagi tiltekinnar háskólamenntunar og stofnunar einkarekins háskóla utan um tæknigreinar er sjóðnum ætlað að standa undir stærri hluta reksturs skóla en áður í gegnum námslán til nemenda, í formi lána fyrir skólagjöldum. Það er þróun sem virðist hafin í íslenskum menntamálum á vegum hæstv. menntamálaráðherra án þess að hún hafi beitt sér fyrir því að fram færi umræða um það á vettvangi stjórnmálanna, á Alþingi, um hvort skólagjaldavæða skuli menntakerfið í auknum mæli og að hve miklu leyti.

Hvað leyfist okkur t.d. að taka margar námsgreinar út úr hinum opinberu skólum eins og gert var þegar Tækniháskóli Íslands var lagður saman við Háskólann í Reykjavík? Sú staða er núna uppi að ekki er hægt að læra tæknifræði, grunnnám á háskólastigi, nema í hinum einkarekna skóla gegn skólagjöldum.

Það má vel vera að það verði að einhverju leyti niðurstaða hinnar pólitísku umræðu að skólagjöld eigi að standa undir auknum hluta háskólastigsins. Menn hafa bent á að háskólamenntun hafi aukist gífurlega, endurskoða þurfi fjármögnun háskólastigsins o.s.frv. Það er allt gott og blessað. Ég og félagar mínir sem flytja með mér þetta frumvarp til laga um lánasjóðinn höfum ítrekað kallað eftir því að hæstv. menntamálaráðherra og forusta yfirvalda í menntamálum beiti sér og taki þá upp almenna og víðtæka umræðu um fjármögnun háskólastigsins, skólagjöld, lán fyrir skólagjöldum eða ekki lán — allt eftir atvikum. Hvernig ætla menn að tryggja jafnrétti til náms ef skólagjöld verða í auknum mæli lögð á háskólanám? Allt er þetta undir og allt er þetta til umræðu. Á liðnum mánuðum höfum við horft upp á það að skólagjöld eða innritunargjöld eru hækkuð í opinberu skólunum. Skólagjöld eru tekin upp í fleiri greinum eins og raunin er með tæknigreinarnar án þess að, eins og ég segi, umræða hafi farið fram um það hvort skólagjöld skuli standa undir auknum hluta námsins.

Nú ætla ég ekkert að fortaka fyrir það og hef svo sem

sagt það áður að að sjálfsögðu komi vel til greina að til að mynda tiltekið framhaldsnám á háskólastigi sé fjármagnað að einhverjum hluta með skólagjöldum. Ekkert er útilokað í því en umræðan verður að eiga sér stað og skólagjaldavæðing í skjóli myrkurs án umræðu um málið er forkastanleg, má ekki eiga sér stað og á ekki rétt á sér.

Þetta rifjast upp í því samhengi að við erum að ræða um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Hann hefur stórpólitískt hlutverk í samfélaginu. Hann er félagslegur jöfnunarsjóður til að veita öllum aðgengi að háskólanámi og framhaldsskólanámi að hluta, verknámi að hluta, án tillits til efnalegs bakgrunns viðkomandi eða bakhjarla hans í lífinu. Lánasjóðurinn hefur að mörgu leyti gegnt þessu hlutverki farsællega. Hann er ein af lykilstofnununum í samfélaginu að mínu mati. Hann er þáttur í grunngerð samfélagsins sem stendur undir velferð og tilteknum jöfnuði og hlutverk hans er stórt í þeirri umræðu allri.

Nú er það svo að sjóðnum þarf að breyta að nokkru leyti til að hann geti staðið undir því hlutverki að vera félagslegur jöfnunarsjóður sem tryggir jafnrétti til náms. Þar þarf sérstaklega að breyta því, eins og við leggjum til í frumvarpinu, að ekki skuli krafist annars ábyrgðarmanns á námslán en sjálfskuldarábyrgðar námsmannsins sjálfs. Sé krafist ábyrgðarmanns á lánin er sjálfkrafa verið að mismuna fólki eftir efnalegum bakgrunni af því að sumir, og margir að sjálfsögðu, hafa aðgengi að ágætlega stæðum eða gjaldgengum bakhjörlum í lánastofnununum til að skrifa upp á lánin sín en aðrir hafa það einfaldlega ekki. Til eru margar sögur af því að námsmenn hafi hreinlega horfið frá námi af því að þeir hafi misst bakhjarlinn frá láninu. Þar með er Lánasjóður íslenskra námsmanna hættur að gegna því hlutverki að vera félagslegur jöfnunarsjóður sem tryggir jafnrétti, jöfnuð og velferð í þjóðfélaginu. Það er þó ein af lykilskyldum hans sem hann rækir að mörgu leyti vel en það að krafist sé ábyrgðarmanns á lánin er ákveðin aðför að því hlutverki.

Þá leggjum við sérstaklega til að ef námsmaður lýkur lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla breytist 30% af upphæð námslánsins í styrk. Styrkurinn yrði skattfrjáls og óháður tekjum viðkomandi námsmanna. Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla og geti hann ekki framvísað vottorðum um lögmæt forföll verður ekki um styrkveitingu að ræða. Stjórn sjóðsins sker úr um í vafatilvikum hvort námsmaður telst hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.

Ég held að þessi grein, að hluti námslána breytist í styrk að námi loknu hafi námi verið lokið á tilskildum tíma, sé einnig mjög mikilvæg réttlætisbót í námslánakerfi okkar.

Ef við tökum opinberu háskólana, t.d. Háskóla Íslands, er oft haft á orði að þar sé tiltekinn hluti nokkuð lengi að ljúka námi sínu og hefur að sjálfsögðu hinar fjölbreyttustu ástæður fyrir því. Sumir geta ekki stundað háskólanám nema á tilteknum tíma og með miklu hægari yfirferð en aðrir vegna aðstæðna sinna, fjölskylduaðstæðna og atvinnu. Aðrir kjósa það af öðrum ástæðum en það er skoðun mín og okkar flutningsmanna að breyttist hluti námslána í styrk að námi loknu mundu margir koma hlutunum þannig fyrir að þeir yrðu miklu fljótari með nám sitt. Mikil hagkvæmni er fólgin í því og sparnaður fyrir skólakerfið. Innbyrðis og samantekið er ekki um að ræða að mati okkar mikil aukin útgjöld, ef nokkur yfirleitt, vegna þess hve margir mundu ljúka námi fyrr en nú er. Það munum við óska eftir að verði reiknað sérstaklega út á vegum menntamálanefndar þegar málið verður komið þangað.

Þá leggjum við til að námslán verði veitt fyrir fram fyrir hvern mánuð, ekki að þau séu greidd eftir á þannig að námsmönnum sé att út í það að taka yfirdráttarlán í bönkum með nokkurs konar veði í væntanlegu námsláni, yfirdráttarlán á okurvöxtum af því að eins og allir vita þá tíðkast okurvextir í íslensku bankakerfi að miklu leyti og sérstaklega þegar kemur að neyslulánum og yfirdráttarlánum til þeirra sem hafa minnst fjárráðin og fæsta möguleikana.

Þetta mál tekur á ýmsum hlutum, ýmsum mikilvægum réttlætisbreytingum sem við flutningsmenn teljum að verði að eiga sér stað á Lánasjóði íslenskra námsmanna eigi hann að geta staðið undir því hlutverki sem ég nefndi áðan, sérstaklega í ljósi þess að nú hefur sjóðurinn fengið aukið hlutverk í íslensku menntakerfi, eins og ég segi, án þess að um það hafi farið fram nokkur sérstök pólitísk umræða. Honum er ætlað aukið hlutverk, nú eftir afnám laga um Tækniháskóla Íslands og niðurlagningu þess skóla og sameiningu við annan. Hann á að standa undir auknum rekstri þess nýja skóla. Hann á að veita nemendunum lán fyrir skólagjöldunum.

Námslánin eru eins og fram hefur komið niðurgreidd að stórum hluta, þ.e. yfir 50%, þannig að í leiðinni eykur ríkið útgjöld sín til hins nýja skóla í formi niðurgreiddra námslána. Þess vegna hef ég kallað eftir og bent á mikilvægi þess að allt verði tekið undir og staða lánasjóðsins og hlutverk rætt um leið og stjórnmálamenn ræða það hvort skólagjaldavæða eigi íslenskt háskólanám að verulegu leyti eða í meira mæli.

Þess vegna óskaði ég eftir því að hv. formaður menntamálanefndar væri við en hann er staddur erlendis, því miður, þannig að ég mun óska eftir því að hann komi að 2. umr. málsins þegar og ef svo skringilega vildi til að málið yrði afgreitt út úr nefnd og kæmi til 2. umr. Það gerist þó eiginlega aldrei með þingmannamál og hvað þá þingmannamál frá stjórnarandstöðunni. Þau eru sveið í nefnd, sama hversu mikilvæg og áríðandi þau eru eins og þetta mál sem við ræðum hér. Hv. varaformaður menntamálanefndar Dagný Jónsdóttir varð góðfúslega við þeirri ósk minni að vera við umræðuna sem fulltrúi meiri hlutans í nefndinni og fulltrúi hv. formanns Gunnars Birgissonar sem er því miður erlendis en hefði sjálfsagt verið við umræðuna ef hann hefði getað.

Í greinargerð með frumvarpinu segir:

Með þessu frumvarpi eru settar fram grundvallarbreytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lagt er til að námslán verði ávallt greidd fyrir fram fyrir hvern mánuð. Þá er lagt til að krafa um ábyrgðarmenn á lánum verði felld brott úr lögunum enda samræmist hún ekki ákvæðum laganna um jafnrétti til náms. Vitað er um mörg dæmi þess að ungt fólk hefur orðið að hverfa frá áætlunum um frekara nám vegna þess að það hefur ekki getað framvísað ábyrgðarmönnum sem lánasjóðurinn tekur gilda. Hver námsmaður á sjálfur að vera ábyrgur fyrir endur-

greiðslu síns námsláns og á að undirrita skuldabréf þess efnis. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum lántakandi þarf að fullnægja.

Þetta er gamalt baráttumál ýmissa félagslega þenkjandi stjórnmálamanna í gegnum tíðina, kannski það mikilvægasta í þessu lagafrumvarpi okkar þingmanna Samfylkingarinnar sem það flytjum, þ.e. að afnema kröfuna um ábyrgðarmenn á námslán. Hún er ranglát og fyrir henni eru engin sérstök rök. Ég mun sérstaklega óska eftir því í umsögnum um málið þegar menntamálanefnd sendir það út að það verði metið hvert fjárhagslegt vægi þessarar ábyrgðarmannakröfu er. Ég held að það sé eiginlega ekki neitt og engin ástæða er til að ætla að vanskil á námslánum aukist ef námsmaðurinn sjálfur ber ábyrgð á skuldum sínum. Námsmenn eru að sjálfsögðu upp til hópa ábyrgt fólk sem vill standa í skilum og leggur sig fram um að skuldbindingar þess lendi ekki í fanginu á einhverjum bakhjörlum þess, eða ábyrgðarmanni, foreldri, félaga eða vini. Ég er sannfærður um að vanskil mundu ekki aukast þótt við afnæmum þessa fáránlegu og ranglátu kröfu sem gerir ekkert annað en að torvelda efnalitlu fólki, sem hefur hvorki bakgrunn né efnafólk að sækja í, að stunda nám, háskólanám eða verknám.

Ekki síður er það mikilvægt í verknáminu, fyrir þá sem hafa lokið grunndeildum í iðnnáminu eins og þær eru og voru, að geta fengið námslán til að taka seinni hluta námsins, ef svo má segja. Það er oft mjög mikilvægt. Forsendur þess að ungir verknemar geti þreytt nám sitt og lokið er að þeir hafi aðgang að námslánum án þess að þurfa að ganga jafnvel á milli hinna og þessara, stundum svo að niðurlægjandi er, og óska eftir því að skrifað sé upp á námslán þeirra þannig að þeir geti stundað nám. Það væri gaman og fróðlegt að láta gera úttekt á því, meta út frá reynslu annarra þjóða o.s.frv. hvort vanskil mundu aukast sem nokkru næmi ef þessi ábyrgðarmannakrafa yrði felld brott úr lögunum.

Þá er hin meginbreytingin sem við leggjum til og ég held að sé mjög mikið atriði að verði eitt af stóru skrefunum í íslenskri skólapólitík, þ.e. að hluti af námslánum breytist í námsstyrki. Annars staðar á Norðurlöndunum eru námsstyrkir ekki einu sinni bundnir við að námsmenn ljúki formlegu námi en hér leggjum við til að það verði skilyrði fyrir styrkveitingu, enda held ég að það yrði jákvæður hvati þess að þeir sem hafa nokkurn kost á því ljúki námi sínu hraðar en ella, sleppi því þá kannski að vinna með náminu og taki námslán af því að þeir vita að takist þeim að ljúka námi sínu á tilskildum tíma breytist hluti þess í styrk að náminu loknu. Mikið réttlætismál, jákvætt mál, hvati til að fara í nám. Við vitum öll að nám er ákaflega arðbært fyrir samfélagið og hver króna sem við setjum í menntakerfið, hvort sem er í gegnum lánasjóðinn, beint inn í skólastofnanir eða öðruvísi, kemur margföld til baka. Þess vegna er skólagjaldavæðing Sjálfstæðisflokksins í íslensku menntakerfi æ dularfyllri og undarlegri og vinnur bókstaflega gegn uppgangi og viðgangi þess að þekkingarsamfélag skjóti almennilega rótum á Íslandi og í íslensku atvinnulífi.

Það er alveg sérumræða hvernig ráðherrar Sjálfstæðisflokksins í menntamálum síðustu 14 árin hafa gengið fram, bæði þjóðinni og flokknum almennt til skammar og lítillækkunar, þar sem menntakerfið hefur verið svelt til vetulegs tjóns. Á því sér og undan hefur gefið ef við miðum við hvernig aðrar þjóðir, hinar Norðurlandaþjóðirnar og vestrænar þjóðir almennt, standa að menntamálum sínum. Þess má geta að með OECD-mælingunni kemur fram í framlögum okkar til menntamála hvað við erum eiginlega ótrúlegir eftirbátar annarra þjóða. Við verjum minna en einu prósenti, 0,9% af þjóðartekjum til menntamála, á meðan Finnar, Svíar og aðrar Norðurlandaþjóðir eru langt fyrir ofan okkur, á bilinu 3–4% og Bandaríkjamenn eru með 5,2% af sínum þjóðartekjum.

Það er til skammar hvernig stjórnvöld standa að íslensku menntakerfi. Það hvernig gengið er fram nú orðið virðist miða að því einu að gengisfella stúdentsprófið með því að skerða það einhliða til að spara peninga og þannig námið stæði verr á eftir. Hitt er svo hvernig á að skólagjaldaværða hluta af háskólastiginu.

En hérna er lagt til, eins og segir í greinargerð, með leyfi forseta:

„Aðrar breytingar eru þær helstar að lagt er til að þegar námsmaður hefur lokið lokaprófum á tilskildum tíma eða framvísað vottorði um lögmætar tafir á námi breytist 30% af upphæðinni sem hann hefur tekið að láni í óendurkræfan styrk. Styrkurinn yrði hvorki tekjutengdur né skattlagður. Breytingar þær sem hér eru lagðar til taka mið af reglum annars staðar á Norðurlöndum. Í Svíþjóð eru 34,5% af þeirri upphæð sem námsmaður fær til ráðstöfunar á námstíma hreinn styrkur sé miðað við fullt nám en það eru u.þ.b. 7.200 sænskar kr. Annars staðar á Norðurlöndum eru námsstyrkir ekki bundnir við að námsmaður ljúki formlegu námi en hér er lagt til að það verði skilyrði fyrir styrkveitingu."

Þá teljum við nauðsynlegt að það verði alla vega skoðað að hluti af endurgreiðslum námslána verði frádráttarbær frá skatti og þarf að athuga þann þátt sérstaklega. Við leggjum einnig til að endurgreiðsluhlutfall námslána lækki. Það hefur að hluta verið gert hér fyrr í vetur og var það hið ágætasta framtak og ber að fagna því sérstaklega. Það er kjarabót fyrir þá sem hafa lokið námi, eru með mikil námslán á bakinu, eru að borga upp undir ein mánaðarlaun á ári af námslánum sínum. Þeir standa nú betur að vígi eftir og er það ágætt og ber að fagna því sem vel er gert.

Í einstökum athugasemdum við greinarnar kemur fram t.d. um 2. gr. frumvarpsins að við leggjum til ýmsar breytingar, með leyfi forseta:

„Lagðar eru til ýmsar breytingar á 6. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að námslán verði veitt fyrir fram fyrir hvern mánuð. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir þá fjárhagserfiðleika sem nemendur lenda í við upphaf háskólanáms. Verði námsframvinda ekki með eðlilegum hætti samkvæmt reglum viðkomandi skóla stöðvast greiðslur námslána, sbr. 4. mgr. 6. gr. laganna. Í öðru lagi er lögð til frekari skilgreining á því hvað sé eðlileg námsframvinda og miðast ákvörðun þess við reglur skóla þar sem nám er stundað. Að lokum eru lagðar til breytingar á reglum um ábyrgðarmenn. Skv. 1. gr. laganna er það hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna að tryggja þeim sem falla undir lögin tækifæri til náms án tillits til efnahags. Námslán eiga þannig að tryggja jafnrétti til náms. Ekki getur verið um slíkt að ræða meðan krafist er ábyrgðarmanna fyrir námslán. Því er lagt til að hver námsmaður beri sjálfur ábyrgð á

sínu námsláni.“

Þetta er meginatriði og upphaflegi meginhvatinn að þessu frumvarpi sem var í fyrstu gerð flutt af þáverandi hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur. Við fluttum það síðan í nýrri og breyttri mynd á liðnu þingi en það komst aldrei til umræðu í þingsal. Það var síðan endurflutt núna og er nú í fyrsta sinn mælt fyrir þessu máli í sölum Alþingis. Það verður að fróðlegt að fá inn umsagnir um málið og mat á kostnaðaráhrifum þess. Í því felast hagsbætur fyrir samfélagið allt að breyta sjóðnum þannig að hann hvetji í auknum mæli til náms með því að hluti námslána breytist í styrk og eins að ekki verði farið fram á ábyrgðarmenn fyrir lánin og einnig verður fróðlegt að sjá hvort það verði metið svo að vanskil námslána mundu aukast ef ábyrgðarmannakrafan verður felld brott. Ég er sannfærður um að svo sé ekki og er viss um að þegar að því kemur að við breytum lánasjóðnum með þessum hætti þá komi glöggt í ljós að það muni engu máli skipta hvað vanskil varðar.

Svo segir um 3. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Lögð er til grundvallarbreyting á lögunum með því að kveða á um í nýrri grein, 6. gr. a, að 30% af upphæð námsláns verði styrkur ljúki námsmaður lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla. Lagt er til að styrkurinn verði hvorki tekjutengdur né skattskyldur. Ljúki námsmaður ekki lokaprófum á tilskildum tíma samkvæmt reglum viðkomandi skóla og geti hann ekki framvísað vottorði um lögmæt forföll verður ekki um styrkveitingu að ræða og námsmaður þarf þá að endurgreiða lán sitt að fullu. Að lokum er lagt til að stjórn sjóðsins skeri í vafatilvikum úr um hvort námsmaður teljist hafa lokið lokaprófum á tilskildum tíma.“

Það má að sjálfsögðu ræða það hvort þörf sé á því að skilyrða það að hluti af lánum, 30% eins og við leggjum hér til, breytist í styrk að námi loknu við námslok eða ekki. Auðvitað yrði það til hagsbóta fyrir enn þá fleiri ef hluti af lánum breyttist í námsstyrki eins og þekkist svo víða á Norðurlöndunum. En mín skoðun er sú að til að byrja með sé skynsamlegt að tengja þetta við námslok af því að það er ákveðinn hvati til að líka fylgjast með því hver áhrifin verða og stíga síðan næsta skref þegar ákveðin reynsla verður komin á það hvernig þetta reynist og hve mikill hvati þetta verður fólki til að ljúka námi á því sem er kallað eðlilegur hraði.

Á það hefur verið bent að þeir sem stunda nám í Háskóla Íslands t.d. útskrifist almennt eftir mun lengri námstíma en þeir sem stunda nám í hinum einkareknu skólum og skýrist það að sjálfsögðu af því að þar greiða menn tiltölulega há skólagjöld fyrir hverja önn og það gefur auga leið að það er hvati fyrir fólk til að ljúka náminu á tilsettum tíma en um leið er það hindrun og fyrirstaða fyrir marga að stunda nám almennt ef um er að ræða há skólagjöld og sérstaklega af því að mjög margir hafa ekki aðstæður til að stunda nám á því sem kallað er eðlilegur hraði, þurfa að stunda námið á kannski þriðjungshraða eða hálfum hraða og miklu lengri tíma en ná samt á nokkrum árum að ljúka sínu námi og eru þá miklu betur staddir í samfélaginu.

Ég benti sérstaklega á það í upphafi umræðunnar að Lánasjóður íslenskra námsmanna hefur bæði nýtt og aukið hlutverk í samfélaginu. Mér þykir miður að sjóðnum hafi verið fengið það hlutverk án þess að skólapólitísk umræða færi fram um það á vettvangi Alþingis og annars staðar hvort við ættum að fjármagna háskólanámið að auknum hluta í gegnum lánasjóðinn. Um það bil helmingur námslána er niðurgreiddur þannig að í raun er verið að fara ákveðna baktjaldaleið að því að auka útgjöld ríkisins til viðkomandi skóla en samt er því einnig velt yfir á námsmanninn. Því er undarlegt að þessi umræða skuli ekki hafa verið tekin á réttum forsendum, að mínu mati, og mun ég sérstaklega kalla eftir því við formann menntamálanefndar sem einnig er formaður stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna að það verði skýrt rækilega út fyrir okkur hvaða pólitísku forsendur liggi að baki þessu aukna og nýja hlutverki sjóðsins og hvort tekin hafi verið um þetta meðvituð ákvörðun. Var það t.d. rætt í stjórn lánasjóðsins að þetta nýja hlutverk biði sjóðsins og hvernig vilja menn bregðast við því? Hvað þýðir þetta í auknum útgjöldum fyrir sjóðinn o.s.frv.?

Ég spurði hv. formann menntamálanefndar ítrekað að þessu við 1. umr. um afnám laga um Tækniháskóla Íslands og einnig aðeins við 2. eða 3. umr., 2. umr. tel ég. En því svaraði hv. þingmaður ekki í smáatriðum eða neitt sérstaklega þannig að sú umræða bíður betri tíma. Mun ég sérstaklega kalla eftir þeim upplýsingum í menntamálanefnd þegar við förum yfir og ræðum þetta mál að það verði skýrt sérstaklega út hver aðkoma stjórnar sjóðsins var að þessu. Eða var það einhliða ákvörðun hæstv. menntamálaráðherra að velta sjóðnum með þessum hætti inn í það að taka þennan aukna þátt í kostnaði við tilteknar greinar á háskólastigi og við tiltekna skóla á háskólastigi? Hvernig á að jafna það gagnvart öðrum skólum, þ.e. ef það á að gera, o.s.frv.? Þetta kallar á margar spurningar sem skipta heilmiklu máli, skipta meginmáli þegar framtíð sjóðsins er rædd.

En þetta frumvarp miðar að því að sjóðurinn geti staðið undir því að teljast félagslegur jöfnunarsjóður sem tryggir jafnrétti til náms og vona ég að þetta mál fái þannig framgang í þinginu að nefndin afgreiði það og það komi fyrir þingið aftur.

[17:39]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka flutningsmanni frumvarpsins, hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni, fyrir hans mál. Hann kom inn á margt varðandi Lánasjóð íslenskra námsmanna og ég held nú að við séum svona sammála í meginatriðum um hlutverk hans og þá hugsun að varðveita þann félagslega jöfnunarsjóð sem námsmönnum stendur til boða.

Það var mjög ánægjulegt að taka þátt í starfi nefndar sem ég sat í í fyrra sem vann að því að endurskoða lög lánasjóðsins með það að markmiði að lækka endurgreiðslubyrði námslána. Framsóknarflokkurinn var með það á kosningastefnuskrá sinni fyrir síðustu kosningar að endurgreiðsla LÍN yrði lækkuð til samræmis við eldri lánaflokk og það var einnig kveðið á um það í stjórnarsáttmála. Þar stendur eftirfarandi, með leyfi herra forseta:

„Lánasjóður íslenskra námsmanna gegni áfram því meginhlutverki að tryggja öllum tækifæri til náms. Hugað verði að lækkun endurgreiðslubyrði námslána og lög um sjóðinn verði endurskoðuð.“

Þetta var gert og niðurstaðan var sú, eins og ég sagði áðan, að endurgreiðslan fór niður í 3,75% og tek ég undir með hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni að það er ánægjulegt. Ef ég nefni dæmi um nýútskrifaðan háskólastúdent með t.d. 250 þús. kr. í laun á mánuði þá munar þetta um 30 þús. kr. á ári. Munar nú um minna. Það er því búið að koma endurgreiðslu námslána í fyrra horf, eins og það var áður en það rauk upp úr öllu valdi og er það vel.

Hv. þingmaður talaði um ábyrgðarmannakerfið. Það hefur lengi verið til umræðu. Ég man eftir því að hafa upplifað það í fyrrverandi starfi mínu sem framkvæmdastjóri stúdentaráðs að standa frammi fyrir námsmönnum sem ekki gátu leitað til neinna aðstandenda um ábyrgð og gátu þar af leiðandi ekki stundað nám. Við höfðum þessi dæmi. Þess vegna er ég mjög ánægð með þá lendingu sem lánasjóðurinn náði í vetur. Ég held að vert sé að gefa því aðeins tækifæri til að virka, en það varðar það að bankarnir ábyrgjast lánin gegn hóflegri greiðslu. Við vorum nú með þessa hugmynd. Það var samþykkt á flokksþingi okkar framsóknarmanna, man ég, fyrir kosningarnar síðustu að lánasjóðurinn mundi leita annarra leiða til að ábyrgjast lán. Þá vorum við að velta fyrir okkur hugmyndum um það taka þetta í gegnum tryggingafélögin eða reyna að leita einhverra leiða til að landa þessu máli vegna þess að við töldum að það væri ekki kannski fullkominn vilji fyrir því að hætta alveg við ábyrgðarmannakerfið vegna þess að við höfum heyrt að það muni hafa töluverð áhrif á sjóðinn. En það liggja ekki fyrir útreikningar á því.

Þetta er sem sagt komið í þennan farveg. Mig minnir að Landsbankinn hafi riðið á vaðið með þetta og stúdentar lýstu yfir mikilli ánægju með þetta. Nemendur greiða þá í þetta gjald sem sagt ákveðið prósentuhlutfall af láninu og mér skilst að þetta séu nokkrir þúsundkallar. Þetta eru ekki háar upphæðir. Ég hef heyrt af foreldrum sem eru gríðarlega ánægðir með þetta og greiða þetta gjald með glöðu geði til að losna við að skrifa upp á lánin. Aðrir bankar hafa fylgt í kjölfarið. Ég held því, eins og ég segi, að þetta sé komið í ákveðinn farveg og vona að þetta haldi áfram að þróast. Það sem ég er mest ánægð með er að nú fá allir þetta tækifæri því að 4 eða 5 þús. kr. verða nú ekki kannski til þess að stoppa námsmann af í þessu.

Í þessu frumvarpi er líka komið inn á styrktarkerfið, þ.e. að ákveðinn hluti af námsláninu breytist í styrk ef viðkomandi lýkur lokaprófum á tilskildum tíma. Ég held að það sé nú reyndar ágætt að stuðla að því að fólk fari skilvirkt í gegnum skólakerfið. Það er til hagsbóta. Ég vil þó taka fram að það var einmitt rætt um þetta í þessari nefnd þar sem við unnum að lækkun endurgreiðslubyrðar á námslánum og í áliti nefndarinnar sem var sent til hæstv. menntamálaráðherra var einmitt sagt að sérstök athugun mundi fara fram á kostum og göllum þess að gera frekari greinarmun en nú er gerður á lánaþætti og styrkjaþætti námsaðstoðarinnar. Að mínu mati er mjög mikilvægt að við förum í þessa vinnu, förum í að skilgreina þetta.

Við vitum, eins og hv. þm. Björgvin Sigurðsson vitnaði í áðan, að þetta hefur tíðkast á Norðurlöndum með ýmsum aðferðum. En síðan heyrir maður af því núna að einhver lönd vilja fara úr styrkjakerfinu og aftur í lánakerfið. Þess vegna held ég að mikilvægt sé fyrir okkur að fá einhverjar greinargerðir frá þessum löndum um hvernig fyrirkomulagið hefur virkað og hver ástæðan sé fyrir því að þau vilja hverfa til baka, væntanlega út af miklum kostnaði býst ég við.

Kveðið var á um þetta í nefndarálitinu sem barst hæstv. menntamálaráðherra og munum við að sjálfsögðu fylgja því eftir að farið verði í þessa vinnu og eðlilegt að lánasjóðurinn haldi utan hana. Ég get ekki ímyndað mér að þetta sé óyfirstíganlegt.

Það er ýmislegt í frumvarpinu sem ég tel vera komið í ákveðinn farveg, annað ekki og verður fróðlegt að sjá þær umsagnir sem berast um þau atriði sem út af standa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 174. mál (desemberuppbót). — Þskj. 174.

[17:47]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum, sem ég flyt ásamt hv. þingmönnum Helga Hjörvar og Katrínu Júlíusdóttur.

Með frumvarpinu er ætlunin að stíga það skref að lögfest verði ákvæði um sérstaka desemberuppbót til þeirra einstaklinga sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Markmið frumvarpsins er að bæta að þessu leyti stöðu þeirra einstaklinga sem heyra undir lög um atvinnuleysistryggingar.

Þeir sem eru á vinnumarkaðnum, auk elli- og örorkulífeyrisþega, eiga rétt á sérstakri desemberuppbót og reyndar einnig orlofsuppbót. Elli- og örorkulífeyrisþegar eiga jafnan rétt á 30% uppbót í desember á fjárhæðir tekjutryggingar og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og á fjárhæð heimilisuppbótar einnig. Hið sama gildir um þá sem starfa á almennum vinnumarkaði en þeir eiga almennt rétt á uppbót á laun sín í desembermánuði.

Verði frumvarpið að lögum munu þeir sem eiga bótarétt samkvæmt ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar og fá greiddar bætur í desembermánuði eiga rétt á greiðslu sem svarar til 30% af þeirri fjárhæð sem þeir eiga rétt á samkvæmt ákvæðum laganna. Gera má ráð fyrir að kostnaður við þessa breytingu verði tæpar 150 millj. kr. og fer það auðvitað eftir fjölda atvinnulausra á atvinnuleysisskrá í desember hverju sinni. En sú fjárhæð, 150 millj., miðast við fjölda atvinnulausra og greiddar atvinnuleysisbætur í desembermánuði árið 2003.

Virðulegi forseti. Það að greiða atvinnulausum sérstaka desemberuppbót þarfnast ekki mikilla skýringa eða rökstuðnings. Allir vita að atvinnulausir er sá hópur sem hefur minnst úr að spila sér til framfærslu og maður skilur reyndar ekki rökin fyrir því að þetta sé eini hópurinn sem skilinn er eftir í þjóðfélaginu og ekki fær sérstaka uppbót greidda.

Við þekkjum það sem höfum fylgst með þessum málum að í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur ekki verið farið sérlega

vel með atvinnulausa. Það skipti auðvitað sköpum um framfærslu og kjör atvinnulausra árið 1996 þegar kippt var úr sambandi af þeirri ríkisstjórn sem þá sat, sem er sú sama og situr nú, því viðmiði sem atvinnuleysisbætur voru greiddar eftir sem var sérstakur taxti í fiskvinnslu ef ég man rétt.

Við fórum yfir það rétt fyrir síðustu kosningar og ég spurði hæstv. þáverandi félagsmálaráðherra að því hvað atvinnuleysisbætur hefðu orðið háar á árinu 2002 ef þær hefðu fylgt því viðmiði sem þær höfðu á árinu 1996. Þá kom í ljós sem svar við þeirri fyrirspurn minni að atvinnuleysisbætur hefðu þá, á árinu 2002, verið 15 þús. kr. hærri á mánuði en þær voru ef ekki hefði verið klippt á þau tengsl sem atvinnuleysisbæturnar tóku mið af. Þarna voru því atvinnuleysisbæturnar skertar verulega eða um 180 þús. kr. á ári. Það var svo ekki fyrr en fyrir tilstilli verkalýðshreyfingarinnar að atvinnuleysisbætur voru hækkaðar ekki alls fyrir löngu, kannski fyrir einu til einu og hálfu ári. Núverandi ríkisstjórn var því knúin til þess að bæta aðeins kjör tekjulægstu hópanna í þjóðfélaginu, sem eru atvinnulausir.

Gerð hefur verið tilraun til þess að fá núverandi ríkisstjórn til þess að greiða atvinnulausum desemberuppbót eins og öllum öðrum. Það var gert við síðustu fjárlagaafgreiðslu en því miður náði sú tillaga ekki fram að ganga. Samt erum við ekki að tala um háa fjárhæð, einungis um 150 millj. kr.

Það er ástæða til þess í tengslum við málið að vekja athygli á því að fram kom nýlega í Morgunblaðinu að rúmlega 3 þús. heimili í borginni fá fjárhagsaðstoð. Einnig kom fram að stærsti einstaki hópurinn sem fær fjárhagsaðstoð frá Félagsþjónustunni í Reykjavíkurborg eru atvinnulausir, eða 42%. Þeim hefur fjölgað hlutfallslega sem eru atvinnulausir og fá atvinnuleysisbætur frá árinu 2001, en þá voru þeir um 36%, en eru orðnir 42%. Við erum því að tala um töluvert stóran hóp.

Þetta sem ég var að vitna í kom fram í erindi Sigríðar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra þróunarsviðs hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík, og sagðist Sigríður hafa miklar áhyggjur af hinum atvinnulausu í hópi þeirra einstaklinga sem fengu fjárhagsaðstoð þó þeim hefði fækkað tölulega frá árinu 2003. Ekki síst hafði hún áhyggjur af vaxandi fjölda kvenna í hópi öryrkja sem fengu fjárhagsaðstoð.

Allt þetta kemur heim og saman við það sem við höfum séð hjá þeim sem lægstar hafa tekjurnar og ekki síst atvinnulausra, að þeir hafa þurft að leita í verulegum mæli á umliðnum árum eftir fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg og hefur framlagið sem fer til fjárhagsaðstoðar aukist gífurlega mikið á umliðnum árum.

Það er líka athyglisvert þegar við skoðum stöðu atvinnulausra að í skýrslu forsætisráðherra um fátækt, sem lögð var fram fyrir sennilega réttu ári, kom fram að tekjur þeirra sem eru í lægstu tekjuhópunum, og í þeim hópi eru atvinnulausir, hafa hækkað hlutfallslega mun minna en hjá þeim efnameiri. Tekjur þeirra lægstlaunuðu hækkuðu á tímabilinu 1995–2002, þ.e. það tímabil sem núverandi ríkisstjórn hefur setið, um 17%, á meðan hækkunin var 45% meðal hinna tekjuhæstu. Það staðfestir það sem við höfum verið að halda fram að bilið milli ríkra og fátækra fer vaxandi í þjóðfélaginu.

Við höfum farið í gegnum það og því skal haldið til haga við umræðuna þegar verið er að kalla eftir því réttlætismáli að atvinnulausir fái desemberuppbót líkt og aðrir í þjóðfélaginu, að atvinnulausir þurfa einnig að greiða skatta af þeirri litlu fjárhæð sem þeir fá í atvinnuleysisbætur. Ég hef kallað eftir því, t.d. við hæstv. félagsmálaráðherra, hvort hann telji ekki eðlilegt að þeir sem fái fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum, vegna þess að þeir eru svo illa settir að þeir eigi ekki fyrir framfærslu frá degi til dags, að þeir þurfi ekki að greiða skatta af fjárhagsaðstoð. Hæstv. ráðherra taldi enga ástæðu til að hafa eitthvert skattfrelsi varðandi fjárhagsaðstoðina. Samt þurfa þeir sem fá fjárhagsaðstoð oft og iðulega að fá fjárhagsaðstoð til þess að geta greitt skattana til hæstv. fjármálaráðherra.

Fjárhagsaðstoðin hefur verið að þyngjast verulega hjá sveitarfélögunum m.a. vegna þess að það hefur verið kippt úr sambandi því viðmiði sem ég nefndi sem atvinnuleysisbæturnar höfðu við laun og sömuleiðis að því er varðar grunnlífeyri og tekjutryggingu elli- og örorkulífeyrisþega. Það hefur orðið til þess að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga hefur vaxið mjög.

Af því ég nefndi skattgreiðslur lágtekjuhópanna er það svo að í dag greiðir fólk með 110 þús. kr. í mánaðartekjur tæplega 14% skatt, en greiddi 2–3% af samsvarandi tekjum árið 1995. Skattgreiðslur þess hafa því aukist verulega.

Ég vil nefna í þessu sambandi, af því ég er að tala um tekjulægsta fólkið í þjóðfélaginu, að ég hef látið skoða það fyrir mig hvað ríkið hafi sparað sér mikið á því frá árinu 1995 þangað til í desember 2004 með því að klippa á tengsl lífeyris og launa eins og gert var á árinu 1996, að ef grunnlífeyrir og tekjutrygging væri hlutfallslega sú sama eins og hún var á árinu 1995 og ekki hefði verið farið í hinar miklu skerðingar sem ríkisstjórnin hefur farið í hefðu elli- og örorkulífeyrisþegar fengið tæplega 4,6 milljarða meira í sinn hlut á tímabilinu frá árinu 1995–2004. Ríkisvaldið hefur með öðrum orðum haft af elli- og örorkulífeyrisþegum tæpa 4,6 milljarða með skerðingu á grunnlífeyri og tekjutryggingu á þessu tímabili miðað við að hafa ekki klippt á þau tengsl sem voru og þær viðmiðanir sem grunnlífeyrir og tekjutrygging tók mið af.

Ég vil einnig benda á að tölur hafa komið fram sem sýna, t.d. hjá ASÍ sem hefur skoðað mjög kjör þeirra lægstlaunuðu í þjóðfélaginu, að hlutfall fátækra skattframteljenda hefur hækkað verulega frá 1995–2001 þegar það viðmið var skoðað, eða úr 8,8% í 13,2%. Þá erum við að tala um 18–20 þús. manns. Sá hópur er reyndar stærri sem er með tekjur verulega innan þeirrar lágmarksframfærslu sem félagsmálaráðuneytið hefur skilgreint sem lágmarksframfærslu fólks, sem ætti að vera um 140 þús. á mánuði, og vantar t.d. um 35 þús. kr. upp á að þeir sem eru með lægstu samsettu bætur almannatrygginga, sem nú eru um 105 þús. kr. ef ég man rétt, hafi sér til framfærslu það lágmarksframfærsluviðmið sem félagsmálaráðuneytið hefur sett fram sem leiðbeiningu um lágmarksframfærslu.

Ástæða er til að halda þessu til haga, virðulegi forseti, þegar við ræðum þetta mál, frumvarp um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, til að tryggja örlítið betur stöðu atvinnulausra í þjóðfélaginu í desembermánuði þegar framfærslubyrði heimilanna er þyngst.

Ég vil einnig minna á að við höfum rætt á þessu þingi að langtímaatvinnuleysi er orðið ískyggilega mikið og nokkrir hópar virðast vera að festast í langtímaatvinnuleysi. Atvinnuleysi hefur líka vaxið mjög hjá ungu fólki og fram hefur komið að helmingur allra atvinnulausra sé undir 35 ára aldri. Það sem við sjáum líka þegar við skoðum stöðu atvinnulausra er að af þriðjungi þeirra sem eru atvinnulausir eru langtímaatvinnulausir og það fólk hefur verið atvinnulaust í sex mánuði eða lengur. Þegar við skoðum þróunina á langtímaatvinnuleysi er athyglisvert að hlutfall langtímaatvinnulausra hefur hækkað úr 19% af öllum atvinnulausum árið 2002 í 26,4% árið 2003 og þegar ég skoðaði ágúst 2004 hafði hlutfall langtímaatvinnulausra aukist úr 19% árið 2002 í hvorki meira né minna en 34% í ágúst sl. Við erum því að tala um að stór hópur þeirra 5–6 þúsund einstaklinga sem er atvinnulaus, að um þriðjungur þeirra er atvinnulaus og hefur verið langtímaatvinnulaus í sex mánuði eða lengur.

Það segir sig sjálft að fólk, ekki síst fjölskyldufólk, þegar fyrirvinnan er kannski atvinnulaus, getur ekki framfleytt sér, hvað þá börnum sínum, miðað við það að hafa einungis 85 eða 90 þús. kr. í atvinnuleysisbætur á mánuði, hvað þá heldur í langan tíma eins og sex mánuði. Þar að auki, virðulegi forseti, er nú verið að taka af þessum nánasarskap í ríkiskassann til fjármálaráðherra. Það er ekki hægt einu sinni að láta þennan hóp, virðulegi forseti, í friði, þ.e. að það þurfi ekki að greiða í okkar sameiginlega sjóð, fólk sem hálfsveltur og á ekki fyrir framfærslu sinni. Enda er það svo og við höfum farið í gegnum það, virðulegi forseti, að fólk sem er með innan við 100 þús. kr. sér til framfærslu er stór hópur, mig minnir að það sé tæplega 30 þúsund manns og sem greiðir til samfélagsins um 2 milljarða eins og dæmið leit út á síðasta ári.

Ég vil líka minna á og það er sjálfsagt að halda því til haga að atvinnuleysi hjá konum hefur verið gífurlega mikið á undanförnum mánuðum. Í janúar 2005 var atvinnuleysi alls 3,1% og þar af t.d. á höfuðborgarsvæðinu voru konur 3,5% og karlar 2,7% og þegar landið í heild er skoðað allt saman eru atvinnulausar konur á landinu öllu 3,7% en karlar 2,5%. Við sjáum því að þetta bitnar að verulegu leyti á konum og ungu fólki.

Virðulegi forseti. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að ræða þetta mál neitt frekar. Satt að segja geri ég mér ekki miklar vonir um að hæstv. ríkisstjórn snúist hugur og vilji fara að skoða af sanngirni stöðu fátæks fólks og þar með talið atvinnulausra hér á landi. Kallað var eftir aðgerðum fyrir þessa hópa við síðustu kosningar árið 2003. Þar mættu forustumenn allra flokka til að ræða t.d. velferðarskýrslu ASÍ sem vildi taka sérstaklega á og koma á bráðaaðgerðum til að bæta stöðu atvinnulausra og fátæks fólks í þjóðfélaginu. Ekki vantaði að bunan stæði út úr forustumönnum stjórnarflokkanna um að það þyrfti nú að bæta stöðu þessara hópa en lítið hefur verið gert í því máli eins og við þekkjum.

Engu að síður er enn einu sinni gerð tilraun til þess að fá ríkisstjórnina inn á þá braut að gera eitthvað í málefnum þeirra verst settu í þjóðfélaginu. Það er auðvitað til skammar og við höfum ekki enn rætt þá skýrslu sem ríkisstjórnin lagði fram fyrir um ári, rétt áður en þingið lauk störfum þannig að ekki gafst tími til að ræða skýrslu forsætisráðherra um stöðu fátækra sem ég nefndi áðan í máli mínu. Þar kom fram að stjórnarflokkarnir skiluðu auðu í því efni. Þeir höfðu engar tillögur fram að færa til að bæta stöðu atvinnulausra eða fátæks fólks hér á landi. Þeir vísuðu á sveitarfélögin og kölluðu eftir því að sveitarfélögin lækkuðu gjaldtöku í leikskólum, sem er auðvitað hið besta mál og ríkið og sveitarfélög eiga vissulega að taka höndum saman um að gera það, en það þýðir ekki að ýta þessu bara á sveitarfélögin og að ríkisstjórnin sé stikkfrí í þessu máli. Ekki veit ég hvort sú opnun sem fram kom á síðasta landsfundi framsóknarmanna verði til þess að stjórnarflokkarnir komi til móts við sveitarfélögin í þessu efni og stígi skref í átt til þeirra þannig að hægt sé að stíga frekari skref í þá átt að leikskólinn verði gjaldfrjáls en það var eina tillagan sem stjórnarflokkarnir höfðu fram að færa um að bæta stöðu fátækra hér á landi.

Ég vil halda líka til haga að ég ræddi atvinnuleysi við hæstv. félagsmálaráðherra fyrr á þessu þingi, mig minnir að það hafi verið í október- eða nóvembermánuði. Þá svaraði hæstv. ráðherra því til að nefnd væri að störfum við að fara yfir lögin um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir og tilgangurinn væri að byggja upp skilvirkara og betra stuðningskerfi við atvinnulausa. Við höfum ekkert heyrt af því starfi síðan og hefði verið æskilegt að hæstv. félagsmálaráðherra hefði verið viðstaddur umræðuna og svarað því til hvað hann vildi gera í málefnum þessa hóps og hvort vænta væri niðurstöðu af starfi þeirrar nefndar sem er að vinna að því bæta stuðningskerfi við atvinnulausa.

Ég minnist þess einnig að hæstv. félagsmálaráðherra, á fyrstu mánuðum sínum í stóli félagsmálaráðherra, nefndi það líka að hann vildi skoða það hvort ekki væri ástæða til að tekjutengja bætur atvinnulausra með líkum hætti og er sums staðar í nágrannalöndum okkar þannig að atvinnuleysisbætur tækju mið eða væru sem ákveðið hlutfall af tekjum atvinnulausra eins og þeir höfðu tekjurnar þegar þeir voru á vinnumarkaðnum. En það hefur lítið heyrst, virðulegi forseti, frá hæstv. ráðherra um það mál frá því að hann settist í stól ráðherra með þetta loforð á vörunum. En eftir því verður sannarlega gengið.

Hér er á ferðinni lítið mál en stórt fyrir þá sem þess munu njóta ef þingið ber gæfu til að samþykkja það. Ég kalla auðvitað eftir rökum ríkisstjórnarinnar og stjórnarliða hvaða ástæða er til þess og hvaða rökum þeir tefla fram fyrir því að atvinnulausir, þeir verst stöddu í þjóðfélaginu sem eiga ekki fyrir framfærslu nema kannski fyrstu tvær vikur mánaðarins eftir að þeir fá atvinnuleysisbæturnar, séu einu hópurinn í þjóðfélaginu sem ekki fái það sem aðrir fá og þar með talið elli- og örorkulífeyrisþegar, sem er uppbót í desember á atvinnuleysisbætur sem mundi um muna í þeim mánuði sem er hvað erfiðastur fyrir fjölskyldurnar í landinu, ef þeir fengju t.d. 30% uppbót á atvinnuleysisbætur í þeim mánuði. Hér er ekki verið að kalla eftir orlofsuppbót eins og margir hafa gert, einungis að stigið sé þó það skref í átt til atvinnulausra að þeir fái sérstaka uppbót í desembermánuði.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[18:10]

Atli Gíslason:

Frú forseti. Ég tek heils hugar undir frumvarpið og þann rökstuðning sem fram hefur verið færður af hv. flutningsmanni og þann hug sem þar liggur að baki. Enn fremur var farið með mjög fróðlegar tölur sem við höfum heyrt og maður blygðast sín í hvert skipti sem maður heyrir þær eða sér á blaði. Staðreyndin er sú að atvinnuleysisbætur eru og hafa verið um nokkra hríð undir lágmarkslaunum samkvæmt kjarasamningum og undir fátæktarmörkum. Það er af sem áður var þegar það var kappsmál verkalýðshreyfingarinnar að tengja atvinnuleysisbæturnar lágmarkslaunum, þær skyldu aldrei fara neðar. Það get ég gagnrýnt og sú gagnrýni beinist víðar en að ríkisstjórninni. Það er miður að mínu mati að við gerð síðustu kjarasamninga í viðræðum Alþýðusambandsins við ríkisstjórnina skyldi þetta ekki vera tryggt.

Sá munur sem er á atvinnuleysisbótum og lágmarkslaunum verður auðvitað verulegri fyrir þær sakir að atvinnulausir njóta ekki kjarsamningsbundinna uppbóta sem þar tengjast og þetta mál lýtur að því að koma desemberuppbót inn í atvinnuleysisbæturnar. Hv. flutningsmaður nefndi einnig orlofsuppbótina og ég verð að segja að tillagan er hógvær. Ég hefði kosið að sjá orlofsuppbótina tekna þar inn og beini því til hv. flutningsmanns að láta skoða það við meðferð málsins í nefnd.

Frumvarpið er til þess fallið að færa atvinnuleysisbætur nær lágmarkslaunum og það styður Vinstri hreyfingin – grænt framboð eindregið. Ég get ekki annað en sagt að það væri að mínu mati mun verðugra verkefni fyrir unga sjálfstæðismenn en skattskrártillagan sem við ræddum í dag og ég verð alltaf jafnundrandi þegar ég sit á þingi hvernig sá flokkur raðar verkefnum sínum, hver forgangsröðun þeirra er, vitandi af ástandi atvinnulausra í landinu.

Það er gjörsamlega óþolandi að atvinnuleysisbætur séu undir fátæktarmörkum. Það vita svo sem allir að fólk lifir ekki af tekjum sem eru undir 110–120 þús. kr. á mánuði. Og það er jafnóþolandi, gjörsamlega óþolandi, og fyrir það blygðast maður sín líka, að skattleysismörkin skuli vera langt undir lágmarkstekjum til framfærslu eða tæpar 80 þús. kr. Allt þetta tók hv. flutningsmaður fram og rökstuddi svo ágætlega að frekari orð eru óþörf og ég styð frumvarpið heils hugar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:14]

Útbýting:

Flutningur launaútreikninga heilbrigðisstofnana frá landsbyggðinni, 631. mál, fsp. KLM, þskj. 961.

Greiðslur til ríkisins frá Landssímanum, 633. mál, fsp. SJS, þskj. 963.

Heimasala afurða bænda, 636. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 966.

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, 599. mál, svar viðskrh., þskj. 959.

Kynning á íslenska kvótakerfinu, 635. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 965.

Söfn og listaverk í eigu Símans, 632. mál, fsp. SJS, þskj. 962.

Veiðikortasjóður, 634. mál, fsp. JBjarn, þskj. 964.

Viðbrögð við faraldri, 637. mál, fsp. GÞÞ, þskj. 967.

Íslenskun á ræðum æðstu embættismanna, fyrri umr.

Þáltill. SigurjÞ, 175. mál. — Þskj. 175.

[18:15]

Flm. (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu sem hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á þeirri almennu reglu að ræður sem forseti Íslands og ráðherrar flytja á erlendu tungumáli í embættis nafni verði íslenskaðar ef þess er óskað.

Ástæðan fyrir því að ég legg fram þessa tillögu er sú að þann 21. nóvember 2003 hafnaði skrifstofa forseta Íslands að þýða ræðu sem forsetinn hafði flutt í Columbia-háskólanum í New York en það gerði hann þann 12. nóvember sama ár. Forsetaembættið skýrði synjunina með því að vísa til einhverrar vinnureglu, sagði að það væri vinnuregla opinberra aðila, svo sem ráðherra, að þýða ekki þessar ræður. Þingsályktunartillaga mín felur það í sér að breyta þessari vinnureglu. Það er algerlega óskiljanlegt að æðstu embættismenn þjóðarinnar neiti að þýða ræður yfir á íslensku sem þeir flytja í nafni þjóðarinnar.

Það vekur ákveðna furðu að menn skuli neita þessu. Ég hélt að það ætti að vera eitt af forgangsverkefnum bæði forsetans og hæstv. ráðherra að skýra út fyrir þjóðinni hvaða mál þeir flytja fyrir hönd þjóðarinnar. Forsetanum og ráðherrum ætti þess vegna miklu frekar að vera kappsmál að láta þýða ræður sínar. Varla er kostnaðurinn svo mikill, forsetinn flutti á árinu 2002 36 ræður, þ.e. ræður og rit sem hefði þurft að þýða á íslensku. Ég tel þetta það mikið forgangsverkefni fyrir stjórnvöld að ef kostnaður er vandamálið ætti að spara á öðrum sviðum. Til embættisins varði forsetinn 156 millj. kr. Það er ekki það mikill kostnaður við að þýða nokkrar ræður eða nokkra tugi ræðna yfir á móðurmálið að það ætti að standa í veginum, ætti frekar að vera forgangsverkefni æðstu embættismanna þjóðarinnar.

Stjórnvöld hafa ýmsa tyllidaga, svo sem 16. nóvember, fæðingardag Jónasar Hallgrímssonar, dag íslenskrar tungu. Stjórnvöldum sem óska eftir því að við vöndum mál okkar ætti að vera kappsmál að þýða einmitt ræður af þessu tagi yfir á móðurmálið.

Einnig verður að líta til þess að margt eldra fólk í þjóðfélaginu er ekkert sérstaklega vel að sér í ensku, og svo sem ýmsir aðrir líka. Þessi ræða sem ég fékk ekki þýdda hjá embætti forsetans á íslensku er á mjög flókinni ensku. Þó að ég sé þokkalegur í ensku eru ýmis orð sem vefjast fyrir mér sem ég á erfitt með að átta mig á. Þessi ræða er að mörgu leyti sérstök vegna þess að í henni er fluttur boðskapur hvað varðar t.d. fiskveiðistjórn. Ræðan fjallar um sjálfbærar fiskveiðar. Ég tel að forsetinn hafi dregið upp mjög óraunhæfa mynd upp af íslenska kvótakerfinu og einnig hafi forsetinn dregið upp óraunhæfa mynd af stöðu heilbrigðismála víða á landsbyggðinni. Þess vegna væri

nauðsynlegt að ræðan yrði þýdd á íslensku svo að þeir sem ræðan fjallar um gætu tjáð sig um hana. Þannig yrði ákveðið flæði í þjóðfélaginu.

Í ræðunni kemur forsetinn inn á ástandið þar sem hann er alinn upp. Hann segist vera alinn upp í litlu sjávarþorpi og ég tel hann vera að tala um Þingeyri. Í ræðunni er sagt frá því að allir, hvar sem þeir búa á landinu, búi við sömu aðstöðu og hafi m.a. jafngreiðan aðgang að heilbrigðisþjónustunni. Nú er það óvart svo að á árinu 2003 var einmitt ekki starfandi hjúkrunarkona á Þingeyri. Mér skilst að þjónusta hjúkrunarkonunnar nú sé líka nokkuð stopul. Ég tel að miklu betur færi á ákveðnu flæði milli forsetans og þjóðarinnar, hann flytti ekki eitthvert mál á útlensku, færi jafnvel með eitthvað sem kannski á ekki alveg við rök að styðjast.

Einnig eru dregnar upp mjög óraunsannar, og villandi vil ég segja, upplýsingar um hve sjálfbært fiskveiðistjórnarkerfið okkar er. Við verðum þó að sætta okkur við annað, staðreyndirnar frá Hafrannsóknastofnun sýna að bæði eru fiskstofnarnir lakari en fyrir daga þessa kerfis sem forsetinn var að mæra í útlöndum og í ofanálag er aflinn helmingi minni. Síðan má bæta við að kerfið hefur einmitt leikið þorp eins og Þingeyri mjög grátt. Því verður ekki á móti mælt.

Öll umræða um þýðingar á ræðum æðstu embættismanna er svolítið sérstök í ljósi þess að lagaskylda hvílir á enska boltanum, að hann sé þýddur á íslensku. Æðstu ráðamenn geta hins vegar flutt ræður, mjög miklar ræður, í útlöndum á ensku og enginn fær þær þýddar. Þess vegna ætti það miklu fremur að vera forgangsverkefni að þýða ræður æðstu embættismanna en enska boltann. Mér finnst það liggja í augum uppi.

Þetta mál tel ég vera augljóst og snerta líka annað mál sem var rætt hér á síðasta þingi, réttarstöðu íslenskrar tungu, þar sem menn fóru yfir réttarstöðu móðurmálsins. Það ætti að vera sjálfsagt að breyta þessari vinnureglu og ég hef fulla trú á því að þessi þingsályktunartillaga verði samþykkt.

[18:23]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tel, hvað sem líður fiskveiðistjórnarkerfinu og einstökum ummælum ráðamanna, að hér flytji hv. þingmaður gott mál og það sé í raun og veru sjálfsagt að Íslendingar geti lesið á íslensku ræður helstu forustumanna sinna sem þeir flytja erlendis á öðrum tungum.

Í raun og veru ætti ekki að þurfa að flytja sérstakar tillögur um það, eins sjálfsagt og það er. Þau samskipti sem fara þannig fram eru okkur afar mikilvæg, utanríkispólitík sem fram fer með þeim hætti. Það verður að gera þá kröfu að íslenskir borgarar geti nálgast á móðurtungu sinni allt efni sem embættismenn og stjórnmálamenn bera á borð. Vissulega verður að vera hóf í hverjum hlut og það er ekki víst að þýða þurfi nákvæmlega hvert orð af því sem þessir miklu snillingar láta út úr sér þegar komið er út fyrir landsteinana — og reyndar hér innan lands líka því að menn lenda auðvitað í því að þurfa að tala útlensku hér við erlenda gesti. Þá þurfum við ósköp einfaldlega eitthvert flokkunarkerfi sem gerir ráð fyrir því að hinar opinberu ræður sem samdar eru fyrir fram og menn hafa fyrir að lesa og birta á netsíðum sínum, þeir sem þær hafa, séu þýddar og annað efni sé þá kannski þannig að hægt sé að fá aðstoð eða túlkun við að komast að meiningunni í því.

Mér finnst þetta í raun og veru alveg sjálfsagt þó að ég geri mér grein fyrir að það verður að hafa eitthvert hóf í þessu. Ég held að ef menn færa fjárhagsástæður fyrir því að geta ekki orðið við beiðnum af þessu tagi verði þingið að koma til móts við hvert embætti fyrir sig og reikna með því að það kosti ákveðið að halda uppi hinni íslensku tungu.

Hv. flutningsmaður Sigurjón Þórðarson minntist að lokum á að þetta væri tengt máli sem flutt var hér í fyrra, og við fluttum reyndar saman ásamt þeim Kolbrúnu Halldórsdóttur, Guðmundi Hallvarðssyni og Hjálmari Árnasyni, hv. þingmönnum, ef ég man rétt, um einmitt réttarstöðu íslenskrar tungu. Ég held að þetta sýni hvað með öðru, enska boltanum, því máli sem hér var illu heilli samþykkt um daginn um Evrópumálin, að heimilt væri að hafa tilskipanir óþýddar í ákveðnum tilvikum, og fjölda annarra dæma sem eru að koma upp, að taka þarf þetta mál föstum tökum. Það þarf að skilgreina réttarstöðu tungunnar.

Að mínu viti ætti að setja í stjórnarskrá klausu um það að íslenska sé opinbert tungumál á Íslandi, ásamt svo táknmáli heyrnarlausra — ég held að það yrði eins og ég hef áður rakið hér í salnum heyrnarlausum mjög að gagni ef það yrði gert. Út frá slíku stjórnarskrárákvæði ætti síðan að útbúa lög sem taka eðlilega á þessum málum, gefa íslenskunni allan þann rétt sem hún á skilið en gera jafnframt grein fyrir því hvernig við afgreiðum mál sem liggja á þessum gráu svæðum, á milli móðurtungu okkar og annarra mála, annars vegar alþjóðamálanna, fyrst og fremst ensku, en hins vegar líka annarra mála sem koma okkur við, t.d. mála íbúa eða innflytjenda sem auðvitað eru með nokkrum hætti mál Íslendinga þótt þau séu kannski ekki opinbert mál þeirra.

Ég tek undir með flutningsmanni og vil sýna honum stuðning. Ég held að dropinn holi að lokum steininn og við fáum kannski á næstu missirum eða árum það samþykkt að fara í þetta verk, að skilgreina réttarstöðu íslenskrar tungu. Þá er það einn liðurinn að skilgreina líka þann rétt sem íslenskir borgarar hafa til þess að lesa mál forustumanna sinna á erlendum vettvangi án þess að vera miklir málamenn.

[18:28]

Atli Gíslason *(andsvar)*:

Frú forseti. Örstutt. Ég heyrði þau tíðindi nýverið að eitt fyrsta erindið sem barst inn á borð stjórnarskrárnefndar hafi verið frá Íslenskri málnefnd um að íslenskan yrði ríkismál, þess yrði sérstaklega getið í hinum væntanlegu stjórnarskrárbreytingum.

Ég tek sjálfur undir þá tillögu að þingsályktun sem hér er til umræðu. Við eigum að sýna eins mikinn metnað fyrir íslenskri tungu og okkur er framast unnt.

[18:29]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þó að í þessu andsvari hafi ekki falist mikil andúð fagna ég upplýsingunum. Ég hef ekki heyrt þetta sjálfur. Kannski er þá styttra í að menn stigi hið fyrsta skref í málinu sem ég hygg að sé rökrétt, það að setja þetta

ákvæði í stjórnarskrána, ásamt reyndar, að ég tel, þessu um táknmál heyrnarlausra. Út frá því væri svo hægt að halda áfram starfi sem ég skil ekki í öðru en að allir geti sameinast um því að ég held, hvað sem mönnum finnst um enska boltann hér og Evrópugerðirnar þar, að menn séu allir farnir að finna fyrir þessum vanda. Ef við ætlum að standa í stykkinu gagnvart forfeðrunum, gagnvart fólki hér á landi sem talar erlend mál ekki vel og enginn getur ætlast til þess að tali erlend mál vel, gagnvart niðjum okkar sem eiga rétt á því að fá íslenska tungu í arf, verðum við að fara að bretta upp ermar í þessu efni.

[18:30]

Flm. (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég þakka góðar undirtektir hv. þm. Marðar Árnasonar og Atla Gíslasonar, enda er hér um sjálfsagt mál að ræða í sjálfu sér en samt ekki sjálfsagðara en svo að því hefur verið hafnað.

Það er rétt sem kom fram í máli hv. þm. Marðar Árnasonar að það er sjálfsagt að skoða þessa hluti. Þetta varðar þýðingu á heimasíðum þingmanna og fleiri texta. Í afsvari forsetans kemur fram ábending frá forsetaembættinu til þess sem hér stendur að það sé einmitt ræða á xf.is á ensku sem Sigurjón Þórðarson, sá sem hér stendur, hafi skrifað. Ég brást auðvitað við með því að íslenska ræðuna. Mér fannst það eðlilegt. Ég þakka forsetaembættinu fyrir ábendinguna því að eflaust hafa margir farið á mis við efni ræðunnar vegna þess að hún var á ensku.

Að sama skapi hefði forsetaembættið átt að taka ábendingum mínum vel, íslenska ræðuna og gera það að vinnureglu. Kannski gerir forsetaembættið það að vinnureglu á næsta fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar. Það væri góð regla og ágætt að nota það tækifæri.

Að lokinni umræðunni vil ég vísa málinu til menntamálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–6. mál.

Fundi slitið kl. 18:33.

---

89. FUNDUR

þriðjudaginn 15. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Almenn hegningarlög, stjfrv., 409. mál, þskj. 520, nál. 952. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns og sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, stjfrv., 484. mál, þskj. 740, nál. 951. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 137. mál, þskj. 137. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 142. mál, þskj. 142. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Atvinnuleysistryggingar, frv., 174. mál, þskj. 174. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Íslenskun á ræðum æðstu embættismanna, þáltill., 175. mál, þskj. 175. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Umgengni um nytjastofna sjávar o.fl., frv., 215. mál, þskj. 937. — 3. umr.
8. Lokafjárlög 2002, stjfrv., 440. mál, þskj. 660. — 1. umr.
9. Lokafjárlög 2003, stjfrv., 441. mál, þskj. 663. — 1. umr.
10. Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, þáltill., 182. mál, þskj. 182. — Fyrri umr.
11. Nýtt tækifæri til náms, þáltill., 144. mál, þskj. 144. — Fyrri umr.
12. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 194. mál, þskj. 194. — 1. umr.
13. Fjármálafyrirtæki, frv., 197. mál, þskj. 197. — 1. umr.
14. Landsdómur og ráðherraábyrgð, þáltill., 203. mál, þskj. 203. — Fyrri umr.
15. Skilgreining á háskólastigi, þáltill., 214. mál, þskj. 216. — Fyrri umr.
16. Útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl, þáltill., 217. mál, þskj. 220. — Fyrri umr.
17. Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, þáltill., 146. mál, þskj. 146. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[13:30]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Að loknum atkvæðagreiðslum fer fram umræða utan dagskrár um Evrópumál og störf Evrópustefnunefndar. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson verður til andsvara.

[13:30]

Útbýting:

Láglendisvegir, 638. mál, þáltill. GAK o.fl., þskj. 968.

Athugasemdir um störf þingsins.

Utandagskrárumræða um viðgerð á varðskipum.

[13:30]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég sé mig tilknúinn til að kveðja mér hljóðs undir þessum dagskrárlið til að óska eftir úrskurði hæstv. forseta þingsins í ákveðnu máli. Þegar ljóst varð að ákveðið var að taka tilboði pólskrar skipasmíðastöðvar í viðgerð á tveimur varðskipum kom í ljós á mánudag að þrír hv. þingmenn höfðu óskað eftir að ræða þetta mál á hinu háa Alþingi utan dagskrár, þ.e. hv. þm. Birkir Jón Jónsson við fjármálaráðherra, hv. þm. Jón Bjarnason við iðnaðarráðherra og sá sem hér stendur við hæstv. dómsmálaráðherra.

Á fundi forseta þingsins með formönnum þingflokka í gær var það úrskurður forseta að þetta mál ætti að ræðast við hæstv. iðnaðarráðherra. Nú hefur það hins vegar komið í ljós, virðulegi forseti, að hæstv. iðnaðarráðherra harðneitar að ræða þetta mál og segir það ekki á sínu sviði. Þess vegna óska ég eftir úrskurði hæstv. forseta um það hvort þetta mál eigi að ræðast við hæstv. fjármálaráðherra eða dómsmálaráðherra. Ég tel nauðsynlegt að fá úr því skorið svo að þetta sé ekki fast í þingtæknilegu þrasi milli ráðuneyta eða ráðherra.

Virðulegi forseti. Það er auðvitað eðlilegt að þetta sé rætt á hinu háa Alþingi. Það kemur í ljós að tilboðið er 44% hærra en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á. Það kemur líka í ljós að það á að vinna þetta á háannatíma þannig að það er kannski eðlilegt að há tilboð berist.

Vegna þess að hæstv. dómsmálaráðherra er hér langar mig að nota þetta tækifæri til að þakka honum fyrir að berjast vel. Hann hefur komið með góðar tillögur um uppbyggingu Landhelgisgæslunnar í ríkisstjórn. Fyrir það ber auðvitað að þakka og hygg ég að allir þingmenn séu þakklátir fyrir það og sammála því verki. Þá vil ég nota tækifærið og spyrja hæstv. dómsmálaráðherra hvort málið sé komið á lokastig, hvort Landhelgisgæslan sé virkilega búin að skrifa undir tilboð við hina pólsku skipasmíðastöð.

[13:33]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég get svarað því á þann veg að eins og fram hefur komið í fréttum hefur verið skrifað undir þennan samning af hálfu Ríkiskaupa með aðild Landhelgisgæslunnar. Landhelgisgæslan hefur komið að þessu sem verkkaupandi og Ríkiskaup hafa síðan séð um þessi útboð og viðræður við þá sem gerðu tilboð. Landhelgisgæslan setti skilyrði varðandi ISO-gæðastaðal þegar verkið fór af stað og taldi að með því væri verið að gera eðlilegar varúðarráðstafanir í alþjóðlegum útboðum af þessu tagi. Síðan varð niðurstaðan sú að þessi krafa yrði ekki til að útiloka neinn, heldur væri tekið til hennar í sérstöku valmódeli sem var lagt fyrir sérfræðinga og féllust þeir á það.

Ég tel að öllum réttum aðferðum hafi verið beitt í þessu máli og þegar niðurstaða fékkst lá ljóst fyrir að vitaskuld yrði skrifað undir samninga af hálfu Landhelgisgæslunnar. Hún á mikið undir að ráðist verði í endurnýjun á þessum varðskipum. Það hefur lengi staðið til og Landhelgisgæslan hefur litið þannig á að hún gæti treyst á það í samskiptum sínum við Ríkiskaup og aðra sem að þessu máli hafa komið að allt stæðist sem þar væri gert. Ef svo er ekki hafa menn náttúrlega tækifæri til að andmæla því og finna að því. Landhelgisgæslunni sem verkkaupanda er að sjálfsögðu kappsmál að fá þetta verk unnið.

[13:34]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess í ljósi ummæla hv. þm. Kristjáns L. Möllers að forseti telur eðlilegast að utandagskrárumræða um þetta efni verði tekin upp á fundi með formönnum þingflokka síðar í dag.

[13:35]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til að frábiðja einhvern úrskurð frá forseta um þetta málefni núna. Tildrögin eru þau að hv. þm. Jón Bjarnason óskaði eftir utandagskrárumræðu um málið og vildi beina fyrirspurn sinni til hæstv. iðnaðarráðherra sem auk þess hefur tjáð sig um þetta mál í fjölmiðlum. Það er eðlilegt. Þetta heyrir undir verksvið hæstv. ráðherra sem auk þess er byggðamálaráðherra landsins. Síðar komu fram óskir frá öðrum þingmönnum, hv. þm. Kristjáni Möller og Birki Jónssyni, til annarra ráðherra. Á fundi formanna þingflokkanna í gær hafði hæstv. forseti þingsins tekið vel í það að umræðan sem hv. þm. Jón Bjarnason hafði óskað eftir færi fram á miðvikudag, á morgun, en jafnframt kom í ljós að hæstv. iðnaðarráðherra hefði efasemdir um að málið heyrði undir sig.

Við vildum hins vegar, og viljum, að þessi umræða fari fram, hvort sem hæstv. iðnaðarráðherra treystir sér til að vera við hana eða ekki. Þetta mál heyrir undir iðnaðarráðuneytið, undir það ráðuneyti sem fer með iðnaðar- og byggðamál, og það er mjög óeðlilegt að stefna því samstarfi sem er innan þingsins um utandagskrárumræður og um þingsköpin almennt í tvísýnu og uppnám eins og hér er verið að gera. Ég lýsi því furðu á þessum vinnubrögðum.

[13:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Af því að hv. síðasti ræðumaður tók þannig til orða, hvort sem iðnaðarráðherra treysti sér til að vera við þá umræðu eða ekki, vildi ég bara að hér kæmi fram að vegna þess að hér á að ræða þá ákvörðun að semja við pólska skipasmíðastöð í stað íslenskrar er það mál sem heyrir ekki undir mig. Ég kom ekki að þeirri vinnu. Ég er hins vegar iðnaðarráðherra og fer með málefni skipasmíðaiðnaðarins sem slíks og er tilbúin hvenær sem er að ræða framtíð hans. Þetta er þó afmarkað mál, ég hef ekki komið að ákvarðanatökunni og þar að auki hef ég gagnrýnt hana harðlega og þess vegna er ekki rétt að ég sé til svara fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands í þessu máli.

[13:38]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er eiginlega að vonum að það skuli vera rætt um þrjá ráðherra til svara þegar á að ræða mál skipasmíðaiðnaðarins í landinu. Svoleiðis hefur það alltaf

verið. Það hefur aldrei verið neinn raunverulegur málsvari þessa iðnaðar og þess vegna hefur hann drabbast niður. Engin ríkisstjórn hefur staðið við bakið á honum, og iðnaður sem ætti að vera stóriðja á okkar mælikvarða er þess vegna hvorki fugl né fiskur. Ábyrgðin liggur í sölum Alþingis því að tækifærin til þess að þessi iðnaður í landinu sé mikill og mikils virði eru nóg og hafa alla tíð verið.

Vantrúin hefur verið slík á getu þessa iðnaðar til að þjóna landsmönnum að forráðamenn þjóðarinnar hafa ekki viljað leggja honum lið. Forráðamenn útgerðar í landinu hafa t.d. unnið gegn honum. Þannig hefur þetta verið í gegnum tíðina. Það þarf eitthvað meira en mótmæli hæstv. iðnaðarráðherra, þó að ég verði að segja eins og er að mér finnst út af fyrir sig gott ef iðnaðarráðherra ætlar loksins að stíga fram og fara að gera eitthvað. Ég man ekki betur en að svona yfirlýsingar hafi verið gefnar 2001 þegar tvö varðskip fóru til Póllands til endurbóta. Þá átti einmitt að fara í það að taka öðruvísi á málum til að svona verkefni færu ekki úr landi.

Við erum í sömu sporum núna. Nú er búið að taka tilboði en það virðist ekki vera samstaða í ríkisstjórninni um að láta það fara til útlanda. Kannski veit það á að menn ætli að breyta til.

[13:40]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég óskaði eftir umræðu utan dagskrár um málefni skipasmíðaiðnaðarins í ljósi þess sem var að gerast á Akureyri, að tilboði Slippstöðvarinnar hafi verið hafnað og samið við pólska verktaka. Ég óskaði eftir því að hæstv. iðnaðarráðherra sem fer með iðnaðarmálin, hvort sem okkur líkar betur eða verr, ráðherrann sem fer með samkeppnismálin líka í landinu, hvort sem okkur líkar betur eða verr, ráðherrann sem fer með byggðamálin í þessu landi, hvort sem okkur líkar betur eða verr, yrði hér til svara.

Hundrað manns vinna í Slippstöðinni á Akureyri og þetta snertir samkeppnisstöðu skipasmíðaiðnaðarins, ekki síst af því að hæstv. iðnaðarráðherra hafði gert samkomulag við Samtök iðnaðarins árið 2002 um að tekið yrði upp formlegt samráð á milli Samtaka iðnaðarins og ráðherranna um útboð, framkvæmd á nýsmíði og annað sem lýtur að þjónustu skipasmíðaiðnaðarins. Eins og segir í fréttabréfi Samtaka iðnaðarins virðist þetta samkomulag gersamlega hafa verið virt að vettugi, verið bara pappírsgagn eitt. Þetta samkomulag var þó gert milli hæstv. iðnaðarráðherra og Samtaka iðnaðarins.

Það er kannski ekkert skrýtið að enginn ráðherra vilji svara fyrir þá aðgerð sem þarna er á ferðinni þegar verið er að flytja verkefni úr landi á grundvelli þess að það er hægt að sækja þangað í láglaunastörf. Er það kannski í takt við stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar að ryðja burt þeim iðnaði sem hefur þróast og stendur vel í landinu til að koma stóriðjunni fyrir? Það er sjálfsagt vilji hæstv. iðnaðarráðherra. Af einhverjum ástæðum treystir ráðherrann sér ekki til að taka þessa umræðu hér og enginn af ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Ég vek athygli á því.

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ákaflega sérkennileg þróun í túlkun og framkvæmd þingskapa ef utandagskrárumræður sem beðið hefur verið um með formlegum hætti komast ekki að en menn breyta hins vegar umræðum um þennan lið, Athugasemdum um störf þingsins, í eins konar utandagskrárumræður sem stinga sér þá fram fyrir í röðinni á því formi að bera upp í þeim spurningar til hæstvirtra ráðherra.

Hv. þm. Jón Bjarnason bað fyrstur um umræðu utan dagskrár um þetta mál, um málefni skipasmíðaiðnaðarins vegna þeirra atburða sem þar hafa verið að gerast. Rísi deila um það hvaða ráðherra eigi að vera til svara á að leysa úr henni. Það er auðvitað eðlilegt, eins og hér hefur verið rækilega rökstutt, að hæstv. iðnaðarráðherra svari fyrir þetta mál, iðnaðar- og byggðamálaráðherra. Hefur ekki hæstv. ráðherra verið að tjá sig í fjölmiðlum? Heyrði ég ekki hæstv. ráðherrann í viðtali sennilega norður á Akureyri lýsa því að hún hefði hug á því að reyna að kanna hvort hægt væri að fá þessum samningi rift og verkefnið flutt til Akureyrar? Var það misheyrn? Þá kom hæstv. ráðherra þetta mál við. Hvaða óskaplega fælni er þetta við ræðustólinn nú hjá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra?

Síðan, virðulegur forseti, er mjög mikilvægt að menn hafi eitt í huga og þá kemur að forsetum, ekki síður en þingmönnum. Það er ekki í valdi ráðherra að stjórna því hvort og þá hvenær umræður utan dagskrár fara fram. Ráðherrar hafa ekki neitunarvald um það hvort þær fara fram. Þá væri illa komið því að þær yrðu fáar, a.m.k. ef núverandi ríkisstjórn hefði slíkt vald í höndum sínum. Það stendur skýrt í 50. gr. að það sé réttur þingmanna að fá tekið fyrir mál utan dagskrár, hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Þess vegna er það fullgilt að hv. þm. Jón Bjarnason haldi til streitu kröfu sinni um að á morgun fari fram umræða utan dagskrár um málefni skipasmíðaiðnaðarins. Það má þá verða hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra til háðungar og skammar ef hún þorir ekki að vera hér til svara.

[13:44]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að það sé erfitt að halda því fram að ég fælist þennan ræðustól. Ég stíg a.m.k. býsna oft í hann. Það sem ég er að segja er — ég skil það a.m.k. þannig — að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar og eflaust fleiri vilja gagnrýna það að þessi skip, Ægir og Týr, fari til viðgerða í Póllandi. Ef það á að gagnrýna ríkisstjórnina fyrir það er ég ekki sá ráðherra sem á að svara fyrir það. Ég óttast ekki að fara í umræðu um framtíð skipasmíðaiðnaðar á Íslandi. Reyndar liggja fyrir tillögur um það hvernig rétt sé að taka á samkeppnisstöðu iðnaðarins gagnvart öðrum þjóðum og það varðar endurgreiðslu aðstöðugjalds. En ég ber ekki ábyrgð á þessari ákvörðun. Ég er tilbúin að fara í umræðu um skipasmíðaiðnaðinn en ég mun þá gagnrýna þessa ákvörðun alveg jafnt og aðrir í þingsalnum. Svo mikið er víst.

[13:46]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Í febrúar 2001 ræddum við á hinu háa Alþingi mál er varðaði varðskip sem voru send til Póllands í viðgerð. Hver var niðurstaðan í því máli? Tilboðsverkið fór 12% fram úr áætlun þannig að innlenda tilboðið sem gert var í Hafnarfirði varð að lokum hagstæðara. Samningsupphæðin við Pólverjana var 60 millj. og þegar búið var að reikna inn hækkunina vegna tilboða og aukaverk var upphæðin orðin 105 millj. Það var allur sparnaðurinn.

Við þá umræðu sagði hæstv. iðnaðarráðherra m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Ég vil fyrst og fremst segja það miðað við þetta allt saman og hvernig þetta mál er vaxið að það er von mín að a.m.k. þetta mál verði til þess að það verði betur og á annan hátt staðið að málum í framtíðinni hvað varðar viðgerðir á varðskipunum og ýmis önnur mál sem snúa að útboðum af hálfu ríkisins. Ég hef þá tilfinningu að hægt sé að ganga lengra í því að vinna verk hér á Íslandi en er í dag."

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að niðurstaðan frá 2001, í miklu minna verki en verið er að tala um núna, var þessi: 12% fram úr áætlun vegna gengisbreytinga, 45 millj. þegar öll aukaverk voru komin til. Er þetta sýn hæstv. iðnaðarráðherra á íslenskum iðnaði í samræmi við framansagt? Ég spyr hæstv. iðnaðarráðherra: Hefur hæstv. iðnaðarráðherra og ríkisstjórnin ekkert lært af málinu og þeirri niðurstöðu sem kom út úr útboðinu 2001? Hvað á þetta að ganga lengi svona?

[13:48]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er með ólíkindum að við lendum í því aftur og aftur að missa verk úr landi á sviði skipaiðnaðar og viðhalds sem er augljóslega hagkvæmt að vinna innan lands. Það er náttúrlega enn þá undarlegra þegar um er að ræða skip í eigu ríkisins þar sem auðveldlega ætti að vera hægt að leggja mat á það fyrir ríkið hvað fylgir margfeldisáhrifum varðandi unnin verk hér á landi annars vegar og hins vegar þegar farið er með verkefnin úr landi, fyrir utan þá reynslu sem minnst hefur verið á af því sem oftast nær er kallað aukaverk eða viðbótarsamningar um verkhluta. Þessi reynsla af samningum um skipasmíði erlendis er vel þekkt við hver einustu verk sem unnin hafa verið erlendis og ætti ekki að koma neinum á óvart og allra síst stofnun sem á að sjá um útboð eins og Ríkiskaup.

Ég verð að segja að ég furða mig á því að við skulum vera að missa verkið úr landi miðað við þá reynslu sem áður hefur verið uppi varðandi skip Landhelgisgæslunnar og það er með ólíkindum að við skulum standa frammi fyrir því að málum sé svona fyrir komið.

Ég hygg að ekki sé hugsað vel um þennan iðnað hér á landi. Alla vega er það svo að þegar talað er um þetta við ríkisstjórnina vísar hver málinu frá sér. Þetta er dapurlegt.

[13:50]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hef fullan skilning á því að þeir þrír hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar sem að málinu koma fælist umræðuna og vilji hvergi koma nærri henni. Hæstv. fjármálaráðherra, sem ber ábyrgð á Ríkiskaupum, hæstv. dómsmálaráðherra, sem er „bara verkkaupi" eins og hann sagði áðan í ræðustóli og hæstv. iðnaðarráðherra sem er á móti málinu en samt með því. Ég hef allan skilning á því að þeir séu ekki áfjáðir í að taka utandagskrárumræðu vegna þess klúðurs sem uppi er þegar sérfræðingar hafa lýst því yfir að þó að sjálfsögðu hefði átt að fara að lögum og EES-reglum um að bjóða þetta út á svæðinu hefði mátt reikna það þannig að unnt hefði verið að taka tilboði Íslendinga og það orðið hið lægsta þegar allt var með talið. Ég hef því algeran skilning á fælni ráðherrana.

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað, herra forseti, um hver þeirra þori, geti og vilji standa í þessum ræðustól og taka til varna í málinu legg ég til að þeir verði allir viðstaddir utandagskrárumræðu um málið sem yrði í lengra lagi, að þeir standi allir þrír í ræðustól og lýsi viðhorfum sínum á efnisatriðum til málsins. Ef hæstv. ráðherrar deila um hverjir eigi að vera fremstir í þeirri röð gæti starfsaldur til að mynda ráðið, en hér skulu þeir allir vera. Við skulum því ekki, ágætu þingmenn, gleyma okkur í deilu um það hver var fyrstur að hringja í hæstv. forseta, heldur hitt að ráðherrar standi fyrir máli sínu hér. Það er kjarni málsins.

[13:52]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þegar þingflokksformenn hittu hæstv. forseta að máli í hádeginu í gær lá fyrir að þrír þingmenn úr þremur stjórnmálaflokkum höfðu óskað eftir utandagskrárumræðu við þrjá ráðherra um þrjú umræðuefni sem öll snertu þó skipasmíðaiðnaðinn. Niðurstaða hæstv. forseta var að gera það sem ævinlega hefur verið gert við slíkar aðstæður, að leggja til að sú umræða færi fram á grundvelli þeirrar umræðubeiðni sem fyrst kom fram.

Nú er hins vegar komin upp ný staða og þegar hún lá fyrir lagði hæstv. forseti það til, sem var auðvitað það skynsamlega í málinu, að þingmenn mundu aðeins hægja á sér og að formenn þingflokka mundu setjast aftur niður með forseta og reyna að komast til botns í málinu. Það veldur miklum vonbrigðum að enginn þeirra þingmanna sem hlut eiga að málum þessara umræðubeiðna skyldi taka afstöðu til beiðni hæstv. forseta.

Ber að skilja það þannig að þeir þingmenn sem hér hafa talað séu með þögn sinni varðandi beiðni hæstv. forseta að hafna henni? Ég hvet mjög til þess að við reynum að komast til botns í málinu með því að setjast niður og fara yfir það eins og þingflokksformenn hafa gert og komast að einhverri niðurstöðu. Þess í stað kusu hv. þingmenn að gera hvað? Að hefja efnislega umræðu um þessi þrjú mál sem fyrir lágu í gær. Mér finnst að þar með sé málið orðið nokkuð vandasamara en það var kl. hálftvö því nú erum við komin af stað í efnislega utandagskrárumræðu de facto um skipasmíðamálin. Þess vegna þurfum við að velta því fyrir okkur hvort við eigum að taka upp það sem mér sýnist vera utandagskrárumræða með tilhlaupi þar sem menn koma fyrst til að skapa sér pínulítið svigrúm og pínulitla vígstöðu og fara í efnislega umræðu og hefja síðan utandagskrárumræðu einhverjum dögum seinna. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég hvet til þess að við tökum undir beiðni hæstv. forseta.

[13:54]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson fór nokkuð vel af stað þegar hann lýsti því sem rétt var að á fundi okkar þingflokksformanna með forseta í gær lágu fyrir þrjár beiðnir um umræðu utan dagskrár um sama mál en hver með sínu heitinu og aðeins ólíkum formerkjum. Niðurstaða forseta var sú að umræðan yrði tekin við hæstv. iðnaðarráðherra og að hv. þm. Jón Bjarnason fengi umræðuna.

Hins vegar lá fyrir í morgun að hæstv. iðnaðarráðherra var ekki tilbúin til að taka umræðuna. Þá stendur eftir að enn eru inni þrjár beiðnir. Ekki hefur verið rætt um hvaða ráðherra tekur að sér að ræða þetta fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við þingmenn og það sem við förum fram á, og ég tek undir þá beiðni sem fram kom hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller, er að fá úrskurð forseta um með hvaða hætti þetta verði tekið fyrir. Úrskurðað hefur verið að hv. þm. Jón Bjarnason er með umræðuna. Hins vegar á eftir að úrskurða um hvaða ráðherra verður til svara og við verðum að fá úr því skorið.

Hæstv. forseti hafði samband við mig í morgun og tilkynnti mér að hæstv. iðnaðarráðherra gæti ekki og mundi ekki taka umræðuna. Það virði ég og fannst eðlilegt að við fengjum þann úrskurð. Herra forseti sagði rétt áðan að við mundum funda í dag um málið og mér finnst það góð niðurstaða.

Um fundarstjórn.

Utandagskrárumræða um viðgerð á varðskipum.

[13:56]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hljóðs undir liðnum Um fundarstjórn er að ég tel mikilvægt að því verði komið á framfæri við forseta þingsins hverjar staðreyndir málsins eru. Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, formanni þingflokks Samfylkingarinnar, um fund þingflokksformanna frá því í gær og um niðurstöðu þess fundar. Ég tek undir hvert orð hennar.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sættum okkur hins vegar ekki við að neitun hæstv. iðnaðarráðherra verði til þess að umræðan falli niður og að við getum ekki efnt til umræðu gagnvart ráðuneyti hennar, ráðuneyti iðnaðar- og byggðamála. Við viljum standa fast á því og vísum þar í þingskapalög. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon las upp úr þingskapalögum sem kveða skýrt á um rétt þingmanna til að efna til utandagskrárumræðu, hvort sem ráðherra er viðstaddur eður ei. Og þótt hæstv. iðnaðarráðherra heykist á því að svara fyrir málaflokkinn og verða til svara í þeirri umræðu sem ég hvet til að fari fram á morgun, þá tel ég að þingið eigi að sameinast um að svo verði.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 409. mál (vararefsing fésektar). — Þskj. 520, nál. 952.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns og sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 484. mál (EES-reglur). — Þskj. 740, nál. 951.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. SKK o.fl., 137. mál (birting skattskrár). — Þskj. 137.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Frv. BjörgvS o.fl., 142. mál (fyrirframgreiðsla lána, ábyrgðarmenn o.fl.). — Þskj. 142.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað menntmn. án atkvgr.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 174. mál (desemberuppbót). — Þskj. 174.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað félmn. án atkvgr.

Íslenskun á ræðum æðstu embættismanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. SigurjÞ, 175. mál. — Þskj. 175.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað menntmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Evrópumál og störf Evrópustefnunefndar.

[14:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það vakti óneitanlega athygli þegar af því fréttist að formlegur starfshópur sem hafði með höndum undirbúning ályktunar um Evrópumál fyrir flokksþing framsóknarmanna á dögunum legði til að, með leyfi forseta, „stefnt skuli að því að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið á kjörtímabilinu og niðurstöður þeirra bornar undir þjóðaratkvæði í næstu alþingiskosningum", hvorki meira né minna. Slík tillaga og kannski ekki síður slík vinnubrögð voru auðvitað alveg sérstaklega athyglisverð í ljósi þess að Framsóknarflokkurinn er í stjórnarsamstarfi þar sem byggt er á allt annarri stefnu samkvæmt stjórnarsáttmála. Sem sagt, formaður Framsóknarflokksins er forsætisráðherra í ríkisstjórn með allt aðra stefnu, en formlegur undirbúningshópur í hans eigin flokki leggur engu að síður fram slíka ályktun.

Vandi manna er sá í svona tilvikum og alveg sérstaklega þegar Framsóknarflokkurinn á í hlut að menn vita ekki hvort þeir eiga að taka hlutina alvarlega. Hvað er í alvöru frá þessum flokki og hvað er frá auglýsingastofunni? Var þessi Evrópulopi beint af spunarokkum vikapiltanna í kringum forsætisráðherra og til þess ætlaður fyrst og fremst að draga athyglina frá valdabaráttu og innanflokksátökum og tryggja að ekki yrði rætt of mikið um óþægileg mál eins og Írak eða einkavæðingu Landssímans á flokksþinginu — eða hvað? Á hverju á að taka mark? Samstarfsflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, valdi greinilega a.m.k. á yfirborðinu hvað sem menn hugsa með sjálfum sér þar á bænum, þann kost að líta á þetta sem grín, ekki sem slit á trúlofun eða tilkynningu fyrir fram um að trúlofuninni verði slitið eftir tvö ár.

Utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, ákvað að treysta á lestrarkunnáttuna og fannst lítið til koma. Nú fór það að vísu svo að hvorki meira né minna en einar fimm útgáfur þurfti til að koma útþynntri ályktun saman. Fimmta útgáfan tengdist því að ýmist var talað um hugsanlegar viðræður eða hugsanlegan undirbúning viðræðna eða eitthvað því um líkt, sem sagt lausnarorðið mikla „hugsanlega" var á einhverju flakki í textanum. En engu að síður kom hæstv. forsætisráðherra rogginn af flokksþinginu sínu með þennan Evrópubútung sinn útvatnaðan og talaði um tímamót.

Forsætisráðherra hefur einnig verið drjúgur yfir þeirri athygli sem þetta Evrópuútspil hefur vakið í nágrannalöndunum. Bondevik hefur legið í símanum og Anders Fogh viljað um fátt annað tala. Reyndar er merkilegt hvernig stanslaust er reynt að tala eins og Evrópumálin standi einhvern veginn allt öðruvísi í Noregi en þau gera í reynd. Staðreyndin er sú að grundvöllur núverandi stjórnarsamstarfs þar er eins og allir vita að Norðmenn hreyfi sig ekki í málinu og í samstarfsgrundvelli stjórnarandstöðuflokkanna, þ.e. sósíalíska Vinstri flokksins og Verkamannaflokksins sem hafa fullan hug á því að fella ríkisstjórnina og taka við er ljóst að aðildarumsókn er ekki inni í myndinni. Það er því ekkert sem bendir til þess að hreyfing verði á þessum málum í Noregi á næsta kjörtímabili hvernig sem stjórnarmynstur verður þvert á það sem framsóknarmenn og reyndar fleiri reyna iðulega að halda fram.

Ég held að það sé ekki að ófyrirsynju að hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, skýri fyrir Alþingi stöðu þessara mála í ríkisstjórn sinni og flokki og ég hef því lagt fyrir hann eftirfarandi spurningar:

1. Ef tímamót voru fólgin í samþykkt nýlega afstaðins flokksþings Framsóknarflokksins um Evrópumál, í hverju fólust þau tímamót og hvaða áhrif hefur atburðurinn á stöðu Evrópumála í núverandi stjórnarsamstarfi? Ég meina, annaðhvort er þetta eitthvað eða ekki.

2. Með hvaða hætti hefur forsætisráðherra kynnt erlendum starfsbræðrum sínum, t.d. í Noregi og Danmörku, þessi tímamót ef hann telur svo vera?

3. Hvaða viðhorf hefur forsætisráðherra til starfa Evrópustefnunefndar sem forveri hans skipaði og hvenær telur hann æskilegt að nefndin ljúki störfum eða skili áfangaskýrslu?

4. Munu fulltrúar Framsóknarflokksins í Evrópustefnunefnd tala þar fyrir því í kjölfar ályktunar flokksþingsins að umsókn um aðild að Evrópusambandinu verði lögð inn þegar á næsta kjörtímabili? Svar við þessari spurningu verður upplýsandi gagnvart þeim vanda okkar að reyna að átta okkur á því: Gerðist eitthvað þarna eða ekki?

[14:07]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Stjórnarsáttmáli núverandi ríkisstjórnar er afskaplega skýr. Þar kemur fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Samskiptin við Evrópusambandið verði áfram treyst á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og annarra samninga sem Ísland á aðild að. Fylgst verði grannt með samrunaferlinu í Evrópu og áhrifum þess á íslenska hagsmuni."

Í framhaldi af þessu hefur verið skipuð nefnd allra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á Alþingi um Evrópumál. Það starf gengur afskaplega vel og er mjög merkilegt undir forustu hæstv. dómsmálaráðherra, Björns Bjarnasonar. Þar hafa mörg mál verið rædd á níu fundum nefndarinnar og fram undan eru fundir þar sem mörg önnur mál verða rædd, m.a. hugmyndir um uppsögn EES-samningsins, áhrif inngöngu Noregs í ESB á EES-samninginn, hugsanlega inngöngu Noregs. Þannig er verið að fjalla um málið og fara vel ofan í það og ætti hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ekki að þurfa að spyrja um það vegna þess að fulltrúi frá stjórnmálaflokki hans á aðild að nefndinni.

Hins vegar hlýtur það að vera mjög eðlilegt að hver og einn stjórnmálaflokkur fjalli um þetta mál á sínum vett-

vangi. Framsóknarflokkurinn telur það skyldu sína að fjalla um mál sem varða framtíðina miklu eins og samskiptin við Evrópusambandið og við gerum það alveg án tillits til þess þó að Vinstri grænir telji enga ástæðu til þess frekar en mörg önnur viðkvæm mál sem varða framtíðina. Við skiptum okkur ekkert af því. Það er hins vegar afar þakkarvert hvað flokkur Vinstri grænna hefur afskaplega mikinn áhuga á störfum Framsóknarflokksins. Sérstaklega virðast þeir hafa áhuga á störfum okkar á þeim sviðum sem þeir vilja helst ekki fjalla um, sérstaklega að því er varðar ýmis mál er varða framtíðina.

Hv. þingmaður spyr: Hver eru þessi tímamót? Ég skal gjarnan svara því. Það hefði verið óhugsandi fyrir nokkrum árum í mínum flokki, Framsóknarflokknum, að þar hefði verið fjallað um Evrópumál með þeim hætti sem var gert á flokksþingi okkar. Þar kom margt ungt fólk sem vildi ræða þessi mál og gerir þá kröfu að þau séu rædd opin í flokknum. Er eitthvað óeðlilegt við það?

Í ályktun flokksins kemur fram að hugsanlegar aðildarviðræður við Evrópusambandið verði undirbúnar. Þar er minnst á aðild að Evrópusambandinu. Það er í fyrsta skipti sem það er gert á vettvangi flokksins. Það liggur sem sagt ljóst fyrir að flokkurinn sem slíkur útilokar það ekki að til aðildar geti komið í framtíðinni án þess að það hafi verið tímasett. Ég veit að Vinstri grænir útiloka það algerlega og ég held að þeir séu einir íslenskra stjórnmálaflokka sem útiloka það og þurfa þess vegna ekki að ræða málið. Ég veit ekki til þess að neinn annar íslenskur stjórnmálaflokkur útiloki það. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon verður að hafa þolinmæði gagnvart öðrum flokkum, að þeir ræði þessi mál á sínum vettvangi vegna þess að þeir flokkar telja það vera skyldu sína.

Ég átti hins vegar alls ekki von á því að hv. þingmaður sæi ástæðu til að koma hér upp til að gera flokksþing framsóknarmanna að sérstöku umræðuefni. En ég get glatt hann með því að flokksþing framsóknarmanna er ekki á dagskrá þegar ég ræði við starfsbræður mína á Norðurlöndunum. Það er aldrei dagskrárliður. Ég get fullvissað hann um það. En hitt er svo annað mál að ágætur vinur minn til langs tíma, Kjell Magne Bondevik, forsætisráðherra Noregs, hringdi í mig vegna þessara mála og ég upplýsti hann um þau eins og mér bar að sjálfsögðu skylda til.

Ég hef rætt þessi mál jafnframt við forsætisráðherra Danmerkur, ekki á grundvelli flokksþings framsóknarmanna heldur á grundvelli þess umboðs sem ég hef sem forsætisráðherra í þeirri ríkisstjórn sem ég er í. En auðvitað er það svo og ég veit að hv. þingmaður veit það að þessi mál koma til tals með margvíslegum hætti í spjalli manna. Og það er út í hött hjá hv. þingmanni að koma með þá túlkun að þessi mál séu ekki á dagskrá í Noregi og þess vegna eigi þau ekki að vera á dagskrá á Íslandi. Það var nánast það sem hann sagði áðan. Auðvitað eru þessi mál á dagskrá í Noregi hvort sem þingmönnum líkar það betur eða verr og ef það er afsökun Vinstri grænna fyrir því að taka þau ekki á dagskrá sína er það mikill misskilningur.

[14:13]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Umræðu hefur skort um kosti og galla Evrópusambandsaðildar fyrir Ísland og þess vegna eru væntingar bundnar við Evrópustefnunefndina sem opnar vonandi umræðu um þessi mál. Við höfum meðtekið yfir 4.000 ESB-gerðir á Alþingi. Þær voru 1.500 þegar við urðum aðilar að EES. Er betra að leiða tilskipanir gagnrýnislaust í lög en að fá aðild og fulla þátttöku í vinnuferli ESB-tilskipana? Sú spurning er aldrei rædd af alvöru á Alþingi.

Tilskipanir ESB eru forsögn og þær á ekki að taka upp í lög frá orði til orðs. Valkostir eru gefnir en við innleiðum þá jafnvel alla og dæmi eru um að gengið hafi verið of langt í innleiðingu tilskipana í lög. Ríkisstjórninni hafa reyndar verið kynnt þau mál. Alþingi er háð þekkingu ráðuneyta og stjórnsýslan er hvað hreyknust þegar tekst að vinna allt hratt og vel á meðan stóru ríkin taka sér tíma og tryggja vandlega skoðun mála með aðkomu þjóðþinganna. Alþingi á að vita að tækifæri felast í því hvernig tilskipun er innleidd. Þjóðþingin geta orðið hornsteinar í samrunaferlinu í Evrópu því þar eru sett allt öðruvísi lög sem miða öll að framtíðarmarkmiðum og því hvernig innri markaðurinn á að þróast. Þróun hans er mikilvægasta atvinnumál okkar Íslendinga og snýst ekki bara um stórfyrirtæki. Hún hefur mikla þýðingu fyrir litlu fyrirtækin í landinu. Íslenskur vinnumarkaður hefur blómstrað undanfarinn áratug af því Íslendingar nýttu sér tækifærin í EES-samningnum. Og Samfylkingin hefur valið upplýsta faglega umræðu um Evrópusambandsaðild sem flokkurinn allur hefur átt kost á þátttöku í og Samfylkingin hefur ákveðið að leggja hugsanlegan samning fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu.

[14:15]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þetta tækifæri til að ræða málefni nefndar um Evrópumál sem forsætisráðherra skipaði 14. júlí sl. Nefndin tók til starfa 28. júlí og hefur haldið níu fundi. Í nefndinni sitja fulltrúar frá öllum þingflokkum. Ég tel að nefndarstarfið hafi gengið ákaflega vel og þau markmið nefndarmanna hafi náðst að þar geti farið fram umræður um málefni sem tengjast Evrópusambandinu og hagsmunum okkar Íslendinga á þann veg að sem gleggstra upplýsinga sé aflað. Gert er ráð fyrir að halda tíu til tólf fundi í nefndinni á þessu ári og hafinn er undirbúningur að ferð hennar til stofnana Evrópusambandsins og EFTA í Brussel.

Nefndin starfar samkvæmt verkefnaáætlun sem hún samþykkti og hún byggist m.a. á skipunarbréfi nefndarinnar. Nefndin hefur nú þegar fjallað um framkvæmd EES-samningsins, Ísland og sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, hvort og þá hvers konar undanþágur væru veittar í aðildarsamningum að Evrópusambandinu og hvað aðild mundi kosta ríkissjóð til lengri og skemmri tíma litið. Einnig hefur verið fjallað um hverjir séu kostir og gallar evrunnar fyrir Ísland.

Á fundi nefndarinnar hafa komið fulltrúar og sérfræðingar, m.a. frá utanríkisráðuneytinu og Seðlabankanum, til þess að svara spurningum nefndarmanna. Nefndin hefur ekki tekið ákvörðun um hvort það sé á hennar vegum að semja skýrslur um einstök mál en hún mun að sjálfsögðu gera það ef nauðsyn krefst. Það er markmið nefndarinnar að starfa á þessu kjörtímabili. Enginn tímarammi er settur í skipunarbréfi nefndarinnar en hún hefur mörg málefni enn

til úrlausnar og umræðu og mun að sjálfsögðu kynna störf sín þegar þar að kemur með skýrslum eða álitsgerðum.

Ég vil ítreka það að starf nefndarinnar gengur ákaflega vel og ég tel að hún sé mjög heppilegur vettvangur fyrir stjórnmálaflokkana til að ræða þessi mikilvægu málefni.

[14:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er víða verið að skoða mál er varða hugsanlega aðild einhvern tíma í náinni framtíð að Evrópusambandinu. Á vegum forsætisráðherra var skipuð sérstök Evrópunefnd eins og hér hefur verið gerð grein fyrir. Í skipunarbréfi þeirrar nefndar var m.a. lagt upp með að skoða hver yrðu áhrif hugsanlegrar aðildar Íslands að Evrópusambandinu og áhrif evrunnar á Íslandi svo eitthvað sé nefnt, auk þess sem hæstv. dómsmálaráðherra vék hér að um störf nefndarinnar.

Vonandi verður starf nefndarinnar markvisst og árangursríkt og áhugavert og fróðlegt það sem hún kemur til með að láta frá sér.

Þetta er hin opinbera stefna sem ríkisstjórnin vinnur með hér á landi. Það liggur hins vegar fyrir að Framsóknarflokkurinn hefur tekið málefni Evrópusambandsins sérstaklega til umfjöllunar og hugsar sér að skoða þau mál mjög náið í framtíðinni. Það hefur verið upplýst hér af hæstv. forsætisráðherra að sú stefnumótun hefði engin áhrif á stefnumótun ríkisstjórnarinnar og væri m.a. ekki rædd við erlenda sendimenn sem hann ætti viðræður við.

Frjálslyndi flokkurinn ítrekaði nýlega afstöðu sína um Evrópusambandið á landsþingi sínu og við ályktuðum um að aðild væri engan veginn tímabær. Við töldum að EES-samningurinn dygði Íslendingum vel og þar eigum við sameiginlega hagsmuni með Noregi. Við sögðum einnig að eftir inngöngu tíu nýrra aðildarríkja í Evrópusambandið væri skynsamlegt að sjá hver þróunin yrði. Á meðan samstaða er um samninginn með Norðmönnum og Íslendingum er ákvörðun um umsókn að Evrópusambandinu (Forseti hringir.) ástæðulaus að okkar mati.

[14:19]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að efast um að nokkur stjórnmálaflokkur hér á þingi hafi farið eins rækilega í saumana á Evrópumálum og Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur gert. — Nú hlæja menn.

Þegar raforkutilskipunin kom til umræðu hér voru það þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem stóðu vaktina, hinir voru allir sofandi og tóku ekki einu sinni til máls í umræðunni. Það var löngu síðar sem þeir vildu þá Lilju kveðið hafa og snerust á sveif með okkur, m.a. varaformaður Samfylkingarinnar, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. (Gripið fram í.) Þetta er bara staðreynd. Ég spyr: Hve margir þingmenn hafa lagst yfir þjónustutilskipun Evrópusambandsins sem nú er í smíðum? Við höfum gert það mjög rækilega og þannig gæti ég nefnt fjölmörg önnur dæmi. — Ég held að menn ættu að spara þennan hlátur.

Eðlilegt að Evrópumálin séu á dagskrá, segir hæstv. forsætisráðherra. Það er alveg rétt, en menn verða þá að tala þannig að skiljist hvað þeir meina, að ekki þurfi pólitíska djúpsálarfræðinga til að lesa í yfirlýsingar þeirra. Sú er raunin með það sem kemur frá Framsóknarflokknum nú um stundir, mjög mótsagnakenndar yfirlýsingar þótt allir finni að hæstv. forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins vilji helst halda sem fyrst til Brussel. Hann veit hins vegar að kjósendur Framsóknarflokksins munu ekki fylgja honum þangað og þess vegna er þessi loðmulla í boði.

Menn hafa tvær nálganir. Annars vegar hina statistísku eins og Samfylkingin, sem telur bara tilskipanirnar og segir: Það eru 4.000 tilskipanir og þess vegna hljótum við að fara til Brussel og hafa áhrif. Þetta er tittlingaskítur sem menn sameinast um, embættismenn semja um og engar deilur eru um. Málin snúast hins vegar um hin stóru lýðræðislegu spursmál, hvernig við eigum að skipuleggja samfélag okkar. Þá er spurningin ekki bara sú: Eigum við að fara í Evrópusambandið eða standa fyrir utan? Við þurfum að skoða (Forseti hringir.) EES-samninginn líka og íhuga rækilega (Gripið fram í.) hvort segja eigi honum upp, t.d. ef þjónustutilskipunin nær óbreytt fram að ganga.

[14:22]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Við heyrðum hér sjálfskipaðan djúpsálarfræðing þingsins ljúka ræðu sinni. Það var sögulegt upphaf að utandagskrárumræðu sem hófst hér með fleiri „efum“ og „mundi“ og „skyldi“ en ég hef nokkru sinni heyrt áður í utandagskrárumræðu á Alþingi eins og kom fram hér hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Ef öll þessi ef og kannski og skyldi og einlægur, mér liggur við að segja sjúklegur, áhugi hans á Framsóknarflokknum væri tekið burt úr ræðunni ímynda ég mér að hún fjalli eitthvað um Evrópusambandið, hvort við viljum ganga inn í það eða hvort við viljum ekki ganga inn í það.

Að sjálfsögðu getur enginn hér inni svarað þessari spurningu afdráttarlaust, eins og hér hefur komið fram, einfaldlega vegna þess að við höfum ekki svörin á reiðum höndum. Það eru ýmsar grundvallarspurningar sem menn velta fyrir sér. Hvað þýðir það fyrir langtímahagsmuni okkar sem þjóðar, hvað með EES-samninginn, hverju töpum við af fullveldinu, hvað er fullveldi á tímum alþjóðavæðingar, hvað um sjávarútveg, landbúnað o.s.frv.?

Þessi vinna hefur ekki farið fram nema að litlu leyti. Málið er einfaldlega ekki orðið nógu þroskað til að menn geti tekið eindregna afstöðu. Þess vegna er mjög mikilvægt að halda áfram vinnunni sem er í gangi í þeirri nefnd sem hér hefur komið til tals með langtímahagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi. Um það fjallar þessi nefnd og þar hefur margt verið gert og enn fleira á eftir að gera. Í þessari umræðu er það auðvitað skylda okkar að vera gagnrýnin en jafnframt opin fyrir kostum þess og göllum. Það er skylda okkar að hafa þetta mál á dagskrá.

Forpokuð afstaða Vinstri grænna í þessu máli, eins og ávallt þegar alþjóðamál ber á góma, kemur að sjálfsögðu ekki á óvart. Þeir minna mig stundum í alþjóðaumræðu á blinda dráttarjálka sem ekkert vilja (Forseti hringir.) sjá og þaðan af síður heyra og heimurinn siglir fram hjá þeim.

[14:24]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hygg að það hafi verið full ástæða til þess að taka þessa umræðu upp og inna hæstv. forsætisráðherra eftir því hvort eitthvað hafi gerst á flokksþingi Framsóknarflokksins á dögunum. Mér er skapi næst að halda að það svar hafi ekki enn þá komið. Það liggur að vísu fyrir hér skrifaður texti um hugsanlegt þetta og hugsanlegt hitt. Það liggur jafnframt fyrir að varaformaður flokksins, sem er núna flúinn úr salnum, sló þetta allt saman kalt strax að kvöldi síðasta dags flokksþingsins. Það liggur líka fyrir að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, sem var hér líka áðan, tók upp þykkjuna fyrir formann sinn og skammaðist út í Davíð Oddsson utanríkisráðherra, formann hins stjórnarflokksins, þegar hann vefengdi að um tímamót væri að ræða í sögu þessarar umræðu. Þar er þögnin hrópandi.

Eftir stendur því spurningin: Fæddist lítil mús eða gerðist eitthvað sem tímamót mætti telja hvað varðar afstöðu Framsóknarflokksins til Evrópumála?

Það er alveg kýrskýrt að stefna Samfylkingarinnar liggur fyrir og um hana þarf enginn að velkjast í vafa. Við höfum spurt flokksmenn okkar svo þúsundum skiptir í beinni kosningu hvaða leið þeir vilja fara og þeir hafa sagt það að stórum meiri hluta að þeir vilji sækja um aðild en hafa hins vegar klár markmið í farteskinu. Ef viðunandi samningar nást ekki þá er það svo, ef þeir nást mun þjóðin taka endanlegu afstöðu. Þetta eru bara klár og kvitt skipti.

Ég kalla eftir því: Er nokkur von til þess að svör á borð við þessi fáist hjá Framsóknarflokknum? Að ég tali nú ekki um Sjálfstæðisflokkinn, sem er vanur því að lúta forsjá okkar jafnaðarmanna í utanríkismálum þegar til stykkisins kemur, samanber EES-samninginn.

[14:26]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Gagnstætt því sem haldið hefur verið fram hafa fá mál verið jafnmikið rædd hér á landi eins og staða Íslands í Evrópusamstarfinu. Þetta kom í rauninni mjög vel fram þegar Evrópustefnunefndin, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, fór yfir þá vinnu sem unnin hefur verið á þessum vettvangi. Þá kom í ljós að búnar höfðu verið til ótölulegar skýrslur, m.a. af hálfu hins opinbera, um marga þætti sem lutu að þessu máli. Það hefur með öðrum orðum verið reynt mjög markvisst að varpa ljósi á þetta mál og á Alþingi hafa farið fram ótal umræður um það.

Við vitum líka að gerð var alvarleg tilraun til þess að gera Evrópumálin að einu aðalkosningamálinu fyrir síðustu kosningar. Það mistókst vegna þess að kjósendur höfðu einfaldlega ekki áhuga á málinu. Þetta mál er með öðrum orðum í prýðilegum farvegi. Afstaða ríkisstjórnarinnar í þessum efnum er alveg ljós. Við byggjum á þessu samstarfi, eins og hæstv. forsætisráðherra sagði, á vettvangi hin Evrópska efnahagssvæðis sem hefur dugað okkur vel og er í fullu gildi.

Það liggur líka fyrir að núna er fyrir frumkvæði ríkisstjórnarinnar verið að vinna að þessu máli áfram í góðu samstarfi fulltrúa allra stjórnmálaflokka og þar er verið að varpa betra ljósi á málið og þess vegna er það að mínu mati í prýðilegum farvegi.

Því er oft haldið fram að við höfum ekki aðgang að ákvarðanaferlinu innan Evrópusambandsins. Það er einfaldlega rangt. Við sjáum að við höfum margvíslegan aðgang í þeim efnum. Því er líka haldið fram að við séum bundin á klafa Evrópusambandsins vegna þess að við þurfum að taka sjálfvirkt yfir allar gerðir sambandsins. Búið er að sýna fram á að það er líka rangt.

Hægt að sýna fram á að þetta er meira og minna hræðsluáróður. Hér á landi er haldið fram einhvers konar grýluumræðu að nú sé það að bresta á að Noregur fari inn í Evrópusambandið og þá verðum við skilin eftir fyrir utan. Það liggur fyrir að það er rangt. Í Noregi er því haldið fram að nú séu Íslendingar alveg að detta inn í Evrópusambandið og þá þurfi Norðmenn að fara að hugsa sinn gang. Við vitum að svo er ekki. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Þessi mál eru í góðum farvegi og það er engin ástæða til neins upphlaups í þessum efnum.

[14:28]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Það er full þörf á því að ræða Evrópumálin fordómalaust. Frjálslyndi flokkurinn hefur allan vara á sér við aðild að Evrópusambandinu. Margir, sumir a.m.k., virðast standa í þeirri trú að hér verði sæluríki við það eitt að ganga í Evrópusambandið og jafnvel jól alla daga, og ef minnst er á ýmis vandkvæði, svo sem sameiginlega fiskveiðistjórn, þá er viðkvæðið: Það er hægt að fá undanþágu frá þessu eða hinu. Staðreyndin er sú að í viðræðum við embættismenn Evrópusambandsins hefur ítrekað komið í ljós að það verður erfitt að fá undanþágu og jafnvel ómögulegt. Það er staðreyndin sem blasir við.

Ýmsir ungir framsóknarmenn, sem hæstv. forsætisráðherra hefur vitnað til, segja einfaldlega að þetta skipti engu máli. Fiskimiðin séu hvort eð er komin á hendur örfárra fyrirtækja — um þetta má lesa á heimasíðu Framsóknarflokksins — og hvers vegna ekki að gera þau bara að sölu vöru fyrir Evrópuþjóðirnar? Þetta er viðhorf ungra framsóknarmanna.

Við í Frjálslynda flokknum teljum að hægt sé að fara aðra leið en að fá undanþágur. Það er einfaldlega að breyta fiskveiðistjórninni þannig að eignarréttur inn á auðlindinni verði færður, þetta verði nýtingarréttur sem tengdur verði sjávarbyggðunum. Stjórn á fiskimiðunum muni þá skipta æ minna máli og þá verði mögulega hægt að skoða aðildarviðræður af einhverri alvöru.

[14:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu og ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra, Birni Bjarnasyni, formanni Evrópustefnunefndar, fyrir málefnalegar og greinargóðar upplýsingar um störf nefndarinnar. Hitt verð ég að segja að ósköp finnst mér dapurlegt að hæstv. forsætisráðherra skuli ekki eiga rismeira erindi í ræðustól á Alþingi til að ræða hugðarefni sín, Evrópumálin, en að fara þar fyrst og fremst með gamlar klisjur og ónotast út í Vinstri hreyfinguna – grænt framboð og fara enn með gömlu plötuna um að við séum algerlega á móti umræðum um þessi mál og viljum hana ekki.

Hvað er ég að gera hér, herra forseti? Er ég ekki að beita mér fyrir umfjöllun um Evrópumál? Er ég ekki að bjóða hæstv. forsætisráðherra upp á tækifæri til að skýra áherslur sínar, tala fyrir hönd ríkisstjórnar og flokks síns? Hvernig notar hæstv. forsætisráðherra ræðu sína? Að uppistöðu til í þessi gömlu ónot en svarar nánast í engu beinum spurningum sem fyrir hann eru lagðar. Það er mjög dapurlegt. Það er ekki aðferðin til þess að glæða þessa umræðu lífi, hafa hana uppbyggilega og málefnalega að nota ræðutíma sinn eins og hæstv. forsætisráðherra gerði áðan.

Varðandi Noreg sagði ég ekki að Evrópumál væru þar ekki á dagskrá eða til umræðu. Auðvitað eru þau það eins og þau eru hér. Ég fylgist mætavel með stjórnmálaumræðu í Noregi gegnum aðild mína að Norðurlandaráði, gegnum sambönd mín við systurflokka okkar í Noregi o.s.frv. Hitt sagði ég og við það stend ég að aðstæður í norskum stjórnmálum eru þannig að það er ekki líklegt að skipta máli hvor blokkin verður ofan á í kosningunum í haust; núverandi ríkisstjórnarblokk eða stjórnarandstaðan. Það eru yfirgnæfandi líkur á því að á næsta kjörtímabili verður óbreytt ástand, að Evrópumálin eða aðild eða umsókn verði ekki í stefnu þeirrar stjórnar sem þar situr.

Þess vegna finnst mér líka að menn eigi að láta af þeim ósið að reyna að toga umræðuna áfram í löndunum á víxl með því að segja okkur ýkjusögur af því að nú séu Norðmenn alveg að fara inn í Evrópusambandið eða öfugt.

[14:32]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kvartar yfir því að honum sé svarað á vettvangi Alþingis. Hann kemur hér upp til að tala um starf Framsóknarflokksins, lýðræðislegt starf innan flokksins með niðrandi hætti, sakar mig svo um það að fara með einhverjar háðsglósur um Vinstri hreyfinguna – grænt framboð. Ég gerði það ekki. Ég sagði það sem rétt er að svo virtist vera að þetta væri ekkert vandamál hjá stjórnmálaflokki hans. Þeir teldu að þetta væri allt saman ljóst.

Ein yfirlýsing var afskaplega merkileg í þessari umræðu og langmerkilegasta yfirlýsingin sem gefin var. Það var hv. þm. Ögmundur Jónasson sem það gerði. Ég heyrði ekki betur en hann segði að rétt væri að segja EES-samningnum upp ef tiltekin tilskipun yrði innleidd.

Nú vill svo til að deilur eru um þá tilskipun en við verðum hins vegar að búa okkur undir að niðurstaða komi einhvern tíma um þá tilskipun, ekki endilega í því formi sem hún er í dag og þá er það stefna eins stjórnmálaflokks á Alþingi að segja samningnum upp. Og ég heyrði ekki betur en hann hefði viljað segja samningnum upp út af raforkutilskipuninni. Að vísu er því haldið fram skipti eftir skipti á Alþingi að það hefði ... (**Gripið fram í:** Það er misskilningur.) Þá er að misskilningur, ég tek það þá til baka, en því er haldið fram skipti eftir skipti á Alþingi að það hefði verið hægt að fara fram hjá þeirri tilskipun. Það er rangt og það er ljótur leikur að halda því fram í sambandi við raforkumálin á Íslandi en þetta gerir Vinstri hreyfingin – grænt framboð skipti eftir skipti að þeir halda slíku fram sem stenst ekki því miður og það er ljótur leikur að halda því fram á almennum fundum að við hefðum getað náð einhverri allt annarri niðurstöðu en við fengum í því máli.

Umgengni um nytjastofna sjávar o.fl., 3. umr.

Frv. ÖHJ o.fl., 215. mál (refsiákvæði, breyting ýmissa laga). — Þskj. 937.

[14:35]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. þessa máls tók ég sérstaklega til umræðu hinar fjöldamörgu reglugerðir sem byggja á þeim lagabálkum sem verið er að breyta en þetta eru grundvallarlögin að því er stjórn varðar, umgengni og nytjar fiskveiðilögsögunnar og líka reyndar einnig utan lögsögunnar. Þetta eru lagabálkarnir um umgengni um nytjastofna sjávar, lagabálkurinn um stjórn fiskveiða, lögin um veiðar utan lögsögu og lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, allt lagabálkar sem kveða á um hvernig við högum veiðum, nýtingu fiskstofna, hvernig við friðum svæði, lokum þeim eða opnum eða skömmtum aðgang að veiðum með veiðarfærum, merkingar veiðarfæra, notkun þeirra o.s.frv.

Á þessum fjórum lagabálkum byggja yfir 300 reglugerðir. Útfærslan í reglugerðunum hefur stuðning af lögunum og framkvæmdin eftir því. Þess vegna varpaði ég þeirri spurningu fram í 2. umr. hvort ekki væri ástæða til að fá unna þá vinnu af t.d. Fiskistofu sem hefur mikið með framkvæmdina að gera og Landhelgisgæslan og sjávarútvegsráðuneytið fylgja einnig þessum lagabálkum eftir, og fá það fram alþingismönnum til upplýsingar þar sem við erum að breyta sektarákvæðum til lagfæringar, hvernig mál hafa gengið á grundvelli þessara laga og 314 reglugerða, hvernig þau hafa gengið fyrir sig í kerfinu, hvaða mál hefðu oftast komið upp, hvort um miklar endurtekningar væri að ræða á málstilvikum, hvort verið væri að hengja menn aftur og aftur fyrir að vera með ómerktan belg eða hafa misst flagg af bauju eða eitthvað slíkt sem tilheyrir merkingu veiðarfæra eða hvernig framkvæmdin væri yfirleitt á grundvelli þessara fjögurra lagabálka og fjölmörgu reglugerða sem á þeim byggja.

Þetta er í sjálfu sér mikil vinna og ég skil vel að hún hafi ekki verið hrist fram úr erminni á þeim dögum sem liðnir eru frá því að við ræddum málið við 2. umr. Vegna þess að hv. formaður nefndarinnar tók vel undir að þessi mál yrðu skoðuð vil ég áður en 3. umr. lýkur um málið fá upplýsingar um það hjá hv. formanni nefndarinnar, hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni, hvernig hann hyggist afla þeirra upplýsinga sem ég óskaði eftir og hann tók vel undir að yrði aflað og hvernig hann hyggist koma þeim á framfæri þannig að við þingmenn séum upplýstir um það í reynd hver virkni laganna er á grundvelli allra þessara ákvæða.

[14:39]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu og fyrirspurnina frá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni. Við tókum hér umræðu um þessi reglugerðarmál við 2. umr. Það er alveg ljóst að mjög margar reglugerðir eru í gildi, um 311 reglugerðir varðandi þau lög sem við erum að breyta í dag.

Ég tel eðlilegt að sjávarútvegsnefnd kalli til sín fulltrúa sjávarútvegsráðuneytisins og Fiskistofu. Þar förum við í gegnum þessi reglugerðarmál, hvort þurfi að samræma eða breyta og síðan munum við meta framhald málsins í kjölfar þess.

Að öðru leyti vil ég þakka sjávarútvegsnefndarmönnum fyrir góða vinnu og góða samstöðu um að breyta frumvarpinu. Þetta var sérstaklega unnið í góðri sátt við 1. flutningsmann, hv. varaþingmann Örlyg Hnefil Jónsson. Hann er mjög sáttur við þetta og ég líka og við fengum góðar kveðjur að norðan við 2. umr.

[14:40]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka formanni sjávarútvegsnefndar, hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni, fyrir að svara skýrt því sem hér var spurt um og einnig þakka ég hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir að spyrja um eða út í þessar reglugerðir því þetta er mikill fjöldi reglugerða sem byggir á þeim fjórum lagabálkum sem verið er að breyta og full ástæða til að fara yfir með hvaða hætti þessar reglugerðir eru settar og hvernig þær eru brúkaðar þannig að allir fulltrúar í sjávarútvegsnefnd og ég tala ekki um þeir sem starfa eiga eftir þessum reglugerðum viti það og skilji.

Eftir sem áður er full þörf á að mínu viti að flýta eins og hægt er afgreiðslu þess frumvarps sem hér liggur fyrir. 1. flutningsmaður þess, Örlygur Hnefill Jónsson, kom með það inn þegar hann kom sem varaþingmaður, byggði það á reynslu sinni sem lögmaður, að full nauðsyn væri til að gera breytingar á þessum lögum og af því leiddi veruleg réttarbót. Ég held að við ættum eins og við getum að flýta afgreiðslu þessa máls þannig að sú réttarbót sem frumvarpið felur í sér komist á sem fyrst.

[14:42]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka umræðuna. Ég tel nauðsynlegt að við vinnum reglugerðamál og við þurfum að láta embættismenn taka þetta saman og vinna þetta mál fyrir okkur því að annars fara störf nefndarinnar eingöngu í að endurskoða reglugerðir.

En einnig er gott að taka það sérstaklega fram varðandi þá umræðu sem verið hefur að þegar verið er að tala um annað brot eða fyrsta brot þá eru það sambærileg brot sem þurfa að vera áður en kemur að öðru broti. Það kom fram í 2. umr. og var oft sérstaklega óskað eftir að það kæmi fram.

[14:42]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka formanni nefndarinnar fyrir skýr svör og vænti þess að þær upplýsingar sem fást við skoðun á framkvæmd þessara laga og reglugerðarákvæða byggða á þeim verði bæði sjávarútvegsnefndarmönnum og öðrum sem áhuga hafa aðgengilegar og auðvelt verði að nálgast þær til þess að við getum byggt reynslu okkar á því hvernig framkvæmdin hefur verið og menn megi þá öðlast meiri þekkingu á því hvernig notkun á lagabálkunum og reglugerðarákvæðunum byggðum á þeim hafi verið á undanförnum árum.

Ég þakka góð viðbrögð formanns nefndarinnar.

[14:43]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka góð orð og tel mjög eðlilegt að áður en við fáum þessa menn á fund hjá okkur, þ.e. frá sjávarútvegsráðuneyti og Fiskistofu, að nefndarmenn fái aðeins að leggja fram spurningar og útskýra hvað þeim liggur mest á hjarta varðandi þetta mál þannig að menn komi svolítið undirbúnir á fundinn því þetta er það mikið mál að fjalla um og ég á von á því að það muni taka einn til tvo fundi í sjávarútvegsnefnd að ræða það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 2002, 1. umr.

Stjfrv., 440. mál. — Þskj. 660.

og

Lokafjárlög 2003, 1. umr.

Stjfrv., 441. mál. — Þskj. 663.

[14:44]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvörpum til lokafjárlaga fyrir árin 2002 og 2003. Frumvarpið fyrir árið 2002 var lagt fram á Alþingi á síðasta þingi og var þá vísað til fjárlaganefndar eftir 1. umr. en ekki náðist að afgreiða málið. Var það lagt fram að nýju í desembermánuði sl. á þskj. 660.

Frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2003 var einnig lagt fram fyrir áramótin, á þskj. 663, en hefur hins vegar verið prentað upp og gerðar á því ýmsar breytingar sem ég mun víkja nánar að innan tíðar.

Vík ég þá að efni lokafjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2002. Framsetning á talnaefni þess er í samræmi við fjárlög og fjáraukalög þess árs og niðurstöður ríkisreiknings fyrir sama ár og er frumvarpið með sama sniði og fyrri lokafjárlagafrumvörp. Við samningu frumvarpsins var stuðst við sömu vinnureglur um uppgjör og ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok og verið hefur. Frumvarpið er lagt fram í samræmi við lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, til staðfestingar á ríkisreikningi fyrir árið 2002.

Samkvæmt 45. gr. fjárreiðulaganna skal í frumvarpi til lokafjárlaga leita heimilda til uppgjörs á gjöldum umfram fjárheimildir og ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Jafnframt skal leggja fram sérstaka skrá yfir geymdar afgangsfjárheimildir og um þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins.

Í 37. gr. laganna er heimild til að geyma ónotaðar fjárveitingar í lok reikningsárs til næsta árs og með sama hætti að draga umframútgjöld fyrra árs frá fjárveitingum ársins. Samkvæmt lögunum skal einnig gera grein fyrir ónýttum lántökuheimildum liðins árs.

Efnisatriði frumvarpsins eru í stórum dráttum á þá leið að í 1. gr. er leitað heimilda til að breyta fjárveitingum í

sama mæli og reikningsfærðar ríkistekjur til fjármögnunar á verkefnum hafa vikið frá áætlunum fjárlaga. Þar er þá um það að ræða að stofnanir eða verkefni sem fjármögnuð eru með hlutdeild í ríkistekjum fái meiri eða minni heimildir til ráðstöfunar á tekjunum eftir því hvort þær hafa reynst vera meiri eða minni en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til niðurfellingar á stöðu fjárheimilda í árslok, einkum vegna verkefna þar sem útgjöld ráðast af skuldbindingum samkvæmt öðrum lögum en fjárlögum eins og á við um almannatryggingar, vaxtagjöld og lífeyrisskuldbindingar. Þar er þá um að ræða afgangsheimildir eða umframgjöld sem ekki flytjast milli ára og koma þar með ekki til breytinga á fjárheimildum ársins á eftir.

Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu er birt yfirlit yfir stöðu fjárheimilda í árslok, ónotaðar fjárveitingar og umframgjöld sem færast til næsta árs. Í fylgiskjali 2 er birt yfirlit yfir talnagrundvöll frumvarpsins í heild. Yfirlitið sýnir uppruna allra fjárheimilda ársins 2002 fyrir ríkissjóð í heild og einstök viðfangsefni. Í yfirlitinu koma einnig fram gjaldfærð útgjöld í reikningi og staðan í árslok, þ.e. mismunur fjárheimildanna og reikningsfærðra útgjalda.

Eins og áður er komið fram eru í 1. gr. frumvarpsins lagðar til breytingar á fjárheimildum ráðuneyta vegna frávika í mörkuðum tekjum og öðrum rekstrartekjum miðað við fjárlög en nánari skipting á stofnanir og verkefni er sýnd í sundurliðun 1. Um er að ræða breytingar í samræmi við reikningsniðurstöður ársins 2002 þar sem almennt er gert ráð fyrir að útgjaldaheimild hækki hafi lögboðnar ríkistekjur til fjármögnunar á viðkomandi verkefni reynst vera vanáætlaðar í fjárlögum, en lækki hafi tekjurnar verið ofáætlaðar. Með öðrum orðum fær þá viðkomandi verkefni fjárheimild til ráðstöfunar í samræmi við endanlegt uppgjör á tekjunum sem það er fjármagnað með.

Sem dæmi um þetta má nefna markaðsgjald sem færist á tekjuhlið ríkissjóðs en er ráðstafað til Útflutningsráðs. Hins vegar er í ýmsum tilvikum gert ráð fyrir að fjárheimildir verkefna haldist óbreyttar frá því sem ákveðið hefur verið í fjárlögum og fjáraukalögum þótt tekjur hafi vikið frá áætlun. Þetta á t.d. við um rekstur stofnana þar sem umfang starfseminnar breytist lítið eða ekkert þótt tímabundnar sveiflur verði á mörkuðum tekjum af eftirlits- eða skráningargjöldum og öðru slíku.

Í 2. gr. frumvarpsins er sótt um heimildir til uppgjörs á ónotuðum fjárveitingum og umframgjöldum ráðuneyta sem falla niður og flytjast því ekki til næsta árs. Nánari skipting á því er sýnd í sundurliðun 2. Sú afgreiðsla er hefðbundin og hefur verið með svipuðum hætti um langt árabil. Meginviðmiðunin er sú að felld er niður staða fjárheimilda á þeim liðum þar sem útgjöld ráðast fremur af lögum en fjármálastjórn tiltekins stjórnsýsluaðila svo sem lögboðnar greiðslur velferðarkerfisins eða þá að útgjöld liðarins ráðast af hagrænum og kerfislægum þáttum, eins og t.d. lífeyrisskuldbindingar. Eins falla niður fjárheimildastöður verkefna sem er lokið.

Ég hef nú farið nokkrum orðum um lokafjárlagafrumvarp fyrir árið 2002 og hlutverk þess í tengslum við lögin um fjárreiður ríkisins. Með frumvarpinu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður ríkissjóðs árið 2002 og vísa ég í því sambandi til greinargerðar í fjáraukalögum og ríkisreikningi ársins um meginatriðin í framvindu ríkisfjármálanna og helstu frávik á tekjum og gjöldum. Ég tel ekki ástæðu til að fara yfir einstök atriði í frumvarpinu sem varða uppgjör samkvæmt fyrirliggjandi reikningi en sný mér nú að frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2003.

Ég gat þess áðan að frumvarpið hefði verið prentað upp og gerðar á því ýmsar breytingar. Þessar breytingar eru í samræmi við skoðun vinnuhóps sem farið hefur yfir mismunandi framsetningu á stöðu liða í lokafjárlögum og reikningi. Í kjölfar breytinga sem gerðar voru á framsetningu fjárreiðna ríkissjóðs árið 1998 reyndist vera nokkrum erfiðleikum bundið að setja fram ríkisreikning og lokafjárlög samhliða með nýjum hætti. Ríkisreikningur hefur verið lagður fram með tölum um fluttar heimildastöður frá fyrra ári og breytingum fjárheimilda vegna ríkistekna áður en þær hafa verið endanlega ákvarðaðar með afgreiðslu á frumvarpi til lokafjárlaga. Á þessu tímabili, þ.e. frá 1998 til og með 2002, hefur endanlegt uppgjör lokafjárlaga í ýmsum tilvikum orðið annað en gert var ráð fyrir í reikningi og þannig myndast mismunur á fjárheimildum sem ákvarðaðar eru með lögunum og fjárheimildum sem birtar hafa verið áður í yfirlitum ríkisreiknings.

Með breytingum sem gerðar hafa verið á því frumvarpi sem ég mæli nú fyrir og gerðar verða í næsta ríkisreikningi er gert ráð fyrir að komið verði á samræmi á milli fluttrar stöðu fjárheimilda til ársins 2004 og upphafsstöðu höfuðstóls í efnahagsreikningi stofnana það ár. Uppbygging þessa frumvarps er að öðru leyti svipuð og verið hefur undanfarin ár og uppgjör og ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok byggist á sömu vinnureglum og áður og ég hef rakið fyrr í ræðu minni.

Í fylgiskjali 2 með frumvarpinu er birt yfirlit yfir talnagrundvöll frumvarpsins í heild. Yfirlitið sýnir uppruna allra fjárheimilda ársins 2003 fyrir ríkissjóð í heild og einstök viðfangsefni, þ.e. flutta stöðu fjárheimilda frá fyrra ári, fjárveitingar í fjárlögum og fjáraukalögum, millifærðar heimildir innan ársins og loks breytingar á fjárheimildum vegna frávika ríkistekna og sérstakar breytingar vegna samræmingar við ríkisreikning samkvæmt þessu frumvarpi til lokafjárlaga. Í yfirlitinu koma einnig fram gjaldfærð útgjöld í reikningi og staðan í árslok, þ.e. mismunur fjárheimildanna og reikningsfærðra útgjalda.

Heildarfjárheimildir ársins 2003 námu 284,5 milljörðum kr. en útgjöld samkvæmt reikningi urðu tæpir 280,4 milljarðar kr. Fjárheimildastaða í árslok var því jákvæð um 4,1 milljarð kr. nettó. Í frumvarpinu er að vanda lagt til að staða fjárheimilda í árslok verði annaðhvort felld niður, eins og kemur fram í 2. gr., eða flutt til næsta árs, eins og kemur fram í fylgiskjali 1.

Í 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á fjárheimildum stofnana og verkefna vegna frávika á ríkistekjum þeirra frá áætlun fjár- og fjáraukalaga samanber skiptingu í sundurliðun 1. Nánar tiltekið er hér leitað eftir heimild Alþingis fyrir breyttum fjárheimildum til ráðstöfunar á mörkuðum skatttekjum og öðrum rekstrartekjum stofnana og verkefna, ýmist í samræmi við það hverjar tekjurnar urðu samkvæmt uppgjöri eða hver fjárþörfin reyndist vera. Almennt er gert ráð fyrir að útgjaldaheimild hækki hafi lög-

boðnar ríkistekjur til fjármögnunar á viðkomandi verkefni reynst vera vanáætlaðar í fjárlögum, en lækki hafi tekjurnar verið ofáætlaðar. Hins vegar er gert ráð fyrir að fjárheimildir fjárlaga og fjáraukalaga haldist óbreyttar í tilvikum þar sem ekki er beint samband milli útgjalda stofnunar eða verkefnis og fjármögnunar á þann hátt að sveiflur í tekjum hafi beinlínis áhrif á kostnað.

Í 1. gr. er lagt til að fjárheimildir hækki um liðlega 8 milljarða kr. nettó samkvæmt þessu uppgjöri á fjármögnun verkefna með ríkistekjum. Sú fjárhæð innifelur einnig nokkrar leiðréttingar á útreikningi fjárheimilda vegna ríkisteknafrávika í lokafjárlögum áranna 2000, 2001 og 2002, eins og nánar er tilgreint í greinargerð frumvarpsins.

Í 2. gr. frumvarpsins er sótt um heimildir til uppgjörs á ónotuðum fjárveitingum og umframgjöldum ráðuneyta sem falla niður og flytjast því ekki til næsta árs. Nánari skipting á niðurfelldum stöðum fjárheimilda er sýnd í sundurliðun 2. Í 2. gr. er sótt um niðurfellingu á 5.746,5 millj. kr. útgjöldum umfram fjárheimildir á rekstrargrunni en á greiðslugrunni nemur niðurfellingin 2.109,7 millj. kr. Þessi mikli munur milli rekstrargrunns og greiðslugrunns stafar að stærstum hluta af niðurfellingu 5.393,5 millj. kr. gjöldum umfram áætlun á liðnum Afskriftir skattkrafna og 1.159,6 millj. kr. afgangi á liðnum Lífeyrisskuldbindingar umfram áætlanir, en í hvorugu tilvikinu hefur það áhrif á útgreiðslur.

Í þessu frumvarpi er ein lagagrein til viðbótar, 3. gr., ásamt nánari skiptingu í sundurliðun 3 sem ekki hefur verið í fyrri frumvörpum og ætti ekki að þurfa að vera í frumvörpum framtíðarinnar. Þar eru á ferðinni sérstakar einskiptisbreytingar á fjárheimildum til að samræma stöðuna í frumvarpinu og ríkisreikningi.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða ákvörðun ríkisreikningsnefndar um að uppsafnaður endurmatsreikningur vegna verð- og gengisbreytinga á peningalegum eignum, skammtímakröfum og skuldum fyrri ára yrði færður í rekstrarreikning frá og með ríkisreikningi 2002. Tilgangurinn með því var að færa reikningsskil stofnana nær því sem tíðkast hjá fyrirtækjum á almennum markaði. Á móti þurfa þá að koma samsvarandi breytingar á fjárheimildum viðkomandi stofnana.

Í öðru lagi er í greininni lagt til að fjárheimildum tveggja stofnana sem fluttar voru úr B- og C-hluta í A-hluta verði breytt til samræmis við stöðu höfuðstóls sem þær fluttu með sér yfir í A-hlutann.

Í þriðja lagi eru í þessari grein aðrar einsskiptisbreytingar af ýmsum toga sem miða að því að samræma stöður í lokafjárlögum á ríkisreikningi. Samtals nema þessar breytingar liðlega 960 millj. kr. á rekstrargrunni. Þær koma að stærstum hluta fram í fjármögnun sem viðskiptahreyfingar gagnvart ríkissjóði þar sem greiðsluheimildir breytast með þessu einungis um rúmlega 370 millj. kr.

Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu er í samræmi við ákvæði 37. og 45. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, birt yfirlit yfir stöðu fjárheimilda í lok ársins 2003, ónotaðar fjárheimildir og umframgjöld sem færast til ársins 2004. Gert er ráð fyrir að í heildina flytjist um 9,8 milljarðar kr. jákvæð fjárheimildastaða milli áranna. Ráðstafanir á stöðu fjárheimilda í árslok byggja á viðmiðunarreglum þar sem einkum er litið til þess hvort útgjöldin eru bundin, t.d. af lagaákvæðum, eða eru frekar á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila. Í sumum tilvikum kann að vera álitamál hvort eðlilegt sé að fella niður stöður einstakra fjárlagaliða eða flytja þær til næsta árs og við gerð sérhvers lokafjárlagafrumvarps eru þessi tilvik metin sjálfstætt. Niðurstaðan ræðst m.a. af því hvort talið sé að viðhafa megi einhverja stýringu á útgjöldum liðarins þrátt fyrir að tilefni útgjaldanna séu þess eðlis að þau teljist lögbundin. Tilgangurinn með yfirfærslum á stöðunni milli ára er einkum sá að hvetja ráðuneyti og stofnanir til aðhalds og styrkari fjármálastjórnar til lengri tíma litið. Það er því áformað að leitast við að fækka þeim liðum þar sem staðan er felld niður að jafnaði, a.m.k. í þeim tilfellum þar sem mögulegt er talið að gera ráðstafanir til að bregðast við frávikum í útgjöldum. Gera verður ráð fyrir að þessi mál séu stöðugt til skoðunar.

Ég hef nú, herra forseti, farið yfir helstu þætti þessa frumvarps. Með frumvarpinu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöður ríkissjóðs fyrir árið 2003 og, eins og varðandi hið fyrra frumvarp, vísa ég í því sambandi til greinargerðar í fjáraukalögum á ríkisreikningi ársins um meginatriðin í framvindu ríkisfjármálanna og helstu frávik á tekjum og gjöldum. Þá hefur Ríkisendurskoðun einnig lagt fyrir Alþingi skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir bæði árin 2002 og 2003 og um þær skýrslur hefur verið fjallað í fjárlaganefnd. Ég tel því hvorki ástæðu til að fara frekar yfir einstök atriði þessa frumvarps né hins fyrra og legg til að báðum frumvörpunum verði vísað til 2. umr. og hv. fjárlaganefndar þingsins.

[14:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir framlagningu frumvarps til lokafjárlaga fyrir árið 2003 vegna þess að það er á mjög góðum tíma, enekki fyrir frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2002 þar sem nokkuð langt er um liðið.

Þó er sá kostur við það að fá þetta í einu að menn geta borið fjárlögin saman. Ég rak augun í það að staða í árslok 2002 stemmdi ekki við „flutt frá fyrra ári" í 2003. Eftir smásamanburð og svolítinn lestur sá ég að 1. og 3. gr. eru teknar með í stöðunni 2003 en ekki 2. gr.; niðurfelling fjárheimilda. Það skýrir þennan mun. Í framtíðinni væri skemmtilegra að hafa þetta samanburðarhæft þannig að menn sæju það hvort fyrir sig.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. fjármálaráðherra fyrir lokafjárlögin 2003. Það er mjög ánægjulegt að menn séu komnir með þennan aga á ríkisfjármálum að vera komnir með ríkisfjárlögin strax núna.

[15:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka þingmanninum fyrir þessar þakkir. En þannig er nú, eins og ég gat um, að lokafjárlagafrumvarp fyrir árið 2002 var lagt fram á fyrra þingi eins og ætlast er til. En það náðist ekki að afgreiða það. Í því efni er ekki við undirritaðan að sakast og reyndar engan mann því aðstæður voru þannig að það var ekki unnt að ljúka því máli.

Það er hins vegar rétt að núna með þessum tveimur frumvörpum, ef tekst að afgreiða þau fyrir vorið, er búið að koma þessum málum loksins á réttan kjöl miðað við það sem gert er ráð fyrir í lögunum um fjárreiður ríkisins frá 1997. Það hefur tekið þennan tíma vegna þess að menn hafa verið að fóta sig í nýju umhverfi. En næsta haust á að vera hægt að leggja fram lokafjárlagafrumvarp síðasta árs. Þannig verður það vonandi í framtíðinni að á haustin í kjölfar framlagningar fjárlagafrumvarps fyrir komandi ár, fjáraukalagafrumvarps fyrir yfirstandandi ár, komi jafnframt lokafjárlagafrumvarp sem geri upp árið þar á undan. Þá verðum við komin með þetta allt saman í réttan farveg hvað tímasetningar varðar og er ég að sjálfsögðu mjög ánægður með það.

[15:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri mjög ánægjulegt ef menn gætu séð í fyrsta lagi á einni síðu fjárlögin eins og þau eru lögð fram og síðan breytingar sem Alþingi gerir á þeim fjárlögum, sem sagt frumvarp til fjárlaga, breytinguna sem Alþingi gerir á fjárlögunum og fjárlögin sjálf þar í kjölfarið, síðan fjáraukalög og millifærslur og lokafjárlög og að þetta stemmi og menn geti séð á einu blaði hvernig til hefur tekist við gerð fjárlagafrumvarpsins sem er jú alltaf áætlun. Menn þurfa að hafa það alltaf í huga. Menn eru að spá. Þetta er spádómur. Auðvitað er það metnaður sérhvers fjármálaráðherra og ég veit að hæstv. fjármálaráðherra alveg sérstaklega hefur mikinn metnað í því að reyna að spá rétt. Mér finnst að menn ættu að geta séð á einu blaði hvernig til hefur tekist þegar lokafjárlög eru afgreidd.

[15:03]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Við ræðum nú saman frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2002 og 2003. Því miður er ekki hægt að taka undir með hv. þm. Pétri Blöndal að það sé rétt að óska hæstv. fjármálaráðherra sérstaklega til hamingju með að við séum nú að ræða frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2003. Eins og hæstv. fjármálaráðherra benti á sjálfur í andsvari hefur verið stefnt að því mjög lengi að lokafjárlög næstliðins árs séu lögð fram að hausti. Í raun hefðum við átt að ræða lokafjárlög fyrir árið 2003 í haust samhliða fjárlögum fyrir árið 2005 og fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 2004. Þannig er óskastaðan. Ég veit að hæstv. fjármálaráðherra, eins og fram kom, stefnir að því að svo verði næsta haust.

Ég tek undir með hæstv. ráðherra að það er afar æskilegt að því skikki verði á komið og mér sýnist flest benda til þess að það eigi að vera hægt. Ég held því að sé rétt að óska hæstv. fjármálaráðherra til hamingju með það að nú er sannarlega möguleiki á því að þessi taktur verði tekinn upp í haust. Það eru meiri líkur á því nú heldur en nokkurn tímann áður — það held ég að mér sé óhætt að fullyrða — þrátt fyrir að í nokkur ár, skulum við hafa það, hafi nú gjarnan það verið orðað svo að vonandi verði hægt að gera þetta næsta haust eins og við stefnum enn einu sinni að að verði á hausti komanda.

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. fjármálaráðherra að við ræddum hér í vor, nánar tiltekið 15. apríl, lokafjárlagafrumvarp fyrir árið 2002. Þar með var lokið 1. umr. um frumvarpið og það var sent til fjárlaganefndar en kom aldrei þaðan út af ýmsum ástæðum sem ég ætla ekki að lengja umræðuna með að fara yfir. Það var sem sagt þá, fimmta árið í röð frá því ný lög um fjárreiður ríkisins tóku gildi, sem verið var að fjalla um lokafjárlög og þau voru þá á svipuðu róli og við erum núna með lokafjárlög fyrir árið 2003. Ég held að rétt sé að taka undir það að nauðsynlegt er að ræða þessi lokafjárlagafrumvörp saman og eins það að lokafjárlög 2002 biðu í raun eftir lokafjárlögum fyrir 2003. Ég vísa til þess sem hæstv. fjármálaráðherra sagði m.a. um þá vinnu sem fram hefur farið og kemur fram m.a. í 3. gr. lokafjárlaga fyrir árið 2003 sem væntanlega þarf ekki að endurtaka.

Við eigum sem sagt von á þessu næsta haust og ég trúi ekki öðru en fjárlaganefnd nái að ljúka störfum varðandi það að fara yfir þessi frumvörp til lokafjárlaga bara fyrir árin 2002 og 2003 fyrir vorið þannig að hægt verði á hausti komanda að fjalla hér um lokafjárlög fyrir árið 2004. Ríkisreikningur hefur verið í nokkuð góðum takti. Honum hefur verið dreift á Alþingi nokkurn veginn á réttum tíma þó ætíð megi deila um hvort hugsanlega megi færa það örlítið framar þannig að meira svigrúm skapist til þess að ganga frá lokafjárlögum því strembið er að ljúka þeim fyrr en reikningurinn liggur fyrir.

Ástæða er til þess, herra forseti, að vekja athygli á orðalagi í 45. gr. laga um fjárreiður ríkisins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með ríkisreikningi sem lagður er fram á Alþingi, sbr. 7. gr., skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar."

Það er það sem við erum að fjalla um núna. Við erum raunverulega að staðfesta ríkisreikninginn þá bæði fyrir árið 2002 og 2003.

Það er hins vegar spurning um þetta orðalag og það er kannski fleira í þessum annars ágætu lögum sem við þyrftum að gefa okkur tíma til þess hugsanlega að endurskoða og velta fyrir okkur vegna þess að mér sýnist ljóst að ríkisreikninginn megi leggja fram fyrr á Alþingi en lokafjárlögin þannig að það þurfi ekki endilega að gerast samhliða, enda hefur það aldrei gerst frá því þessi lög komu til. Það er spurning hvort þetta orðalag megi ekki lagfæra örlítið þannig að menn séu ekki með það svona stíft niður neglt að frumvarp til lokafjárlaga skuli fylgja ríkisreikningnum. Þannig hefur það ekki verið og ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til þess að þannig sé það. Hins vegar er augljóst að við þurfum að staðfesta ríkisreikninginn með því að samþykkja lokafjárlögin.

Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra þá hefur Ríkisendurskoðun lagt fram skýrslur um endurskoðun ríkisreikninga beggja þessara ára. Það er mikið efni í þeim skýrslum falið eins og í ríkisreikningunum og frumvarpinu til lokafjárlaga. En meginhluti þess alls er að sjálfsögðu þess eðlis að farið verður yfir það nákvæmlega í fjárlaganefnd og hlutir skoðaðir og af eðli máls leiðir að um þau mál er ekki hægt að fjalla hér í miklum smáatriðum vegna þess að hér er auðvitað um sögu að ræða, þ.e. þetta er allt saman liðið og þessu verður ekki breytt. En í þessu efni eins og svo mörgu öðru má oft af sögunni ýmislegt læra.

Hv. þm. Pétur Blöndal rifjaði það upp fyrir okkur að fjárlögin eru að sjálfsögðu áætlun eða spádómur um framtíðina. Það er eðlileg krafa af hans hálfu að frumvarpi til lokafjárlaga fylgi tafla eða yfirlit yfir hvernig til hefur tekist og hvar ákvarðanir hafa verið teknar í ferlinu. Þetta höfum við nú fengið og fáum væntanlega í fjárlaganefndinni þannig að hugsanlegt er að það megi líka fylgja nefndaráliti þegar það kemur til þingsins í 2. umr. Það væri ekkert óeðlilegt við það þannig að hægt væri að fara yfir þetta. En það er einmitt þessi hluti sem er eðlilegt að við horfum til til þess að læra af, til að geta bætt hugsanlega áætlunargerðina. Við höfum nokkuð oft í umræðum um fjárlög hvers árs bent einmitt á að verulega megi taka til varðandi margt í áætlunargerðinni. Þar blasir fyrst við, og við sjáum það þegar við skoðum þessa pappíra, hvort sem það er ríkisreikningurinn eða frumvarpið til lokafjárlaga, að ansi mikið er um margs konar færslur fram og til baka. Það hlýtur að vera eðlilegt að við veltum fyrir okkur því hvort þarna megi ekki vanda betur til þannig að fækka megi eitthvað, mér liggur við að segja og segi hreinlega að það megi fækka blaðsíðunum því það er ekki eins og þetta sé á einstaka liðum heldur er fer fjöldi blaðsíðna í þessum pappírum okkar í þetta.

Ef við horfum til ársins 2003 sjáum við t.d. að frumvarpinu fylgir yfirlit yfir flutning á fjárheimildum á milli ára, þ.e. bæði skuldum og inneignum. Flutningur milli ára er tæplega 36 milljarðar kr. þegar lagt er saman, þ.e. þegar lagt er saman bæði inn og út, þ.e. þegar við erum að tala um bæði það sem flutt er á milli ára vegna þess að menn hafa farið fram yfir eða vegna inneigna sem menn hafa átt.

Hins vegar hefðu auðvitað ýmsar af þessum upplýsingum átt að liggja fyrir og það hefði hugsanlega mátt vera nær raunveruleikanum en þarna er. Um það má alltaf deila en ég held við hljótum að horfa til þeirra liða sem þarna eru stærstir þegar kemur að fjárlögum næsta árs. Þarna eru stærstir liðir t.d. lífeyrisskuldbindingar sem við höfum nú tekið hér nokkrum sinnum umræðu um að eigi að stærstum hluta til að vera fyrirsjáanlegir og það eigi að vera hægt að áætla fyrir þeim eins og flestum öðrum liðum í fjárlögum. Það kemur hins vegar fyrir einstaka sinnum að ekki er allt séð fyrir.

Gleggsta dæmið um þetta eru líklega kjarasamningar grunnskólakennara, en vegna samnings sem gerður var á milli ríkisins og sveitarfélaganna eru raunverulega teknar ákvarðanir um það í kjarasamningum grunnskólakennara og launanefndar sveitarfélaga hversu miklar lífeyrisskuldbindingar fylgja þeim pakka á ríkissjóð. Því er erfitt út af fyrir sig fyrir ríkissjóð að sjá það fyrir. En oft og tíðum eru nú þessir samningar gerðir á þeim árstíma að það ætti nú að vera hægt að koma þeim að, eigum við að segja, fyrr en verið hefur.

Afskriftir skattkrafna eru líka árlegur liður og eitthvað af því ætti að vera fyrir séð eða að það mætti taka upp önnur vinnubrögð varðandi skattkröfurnar. Þarna virðast ár eftir ár vera settar inn tölur sem nær allir ef ekki allir vita að eru víðs fjarri raunveruleikanum.

Árið 2003 voru umframgjöld tæplega 13 milljarðar kr. en afgangsheimildir tæplega 23 milljarðar kr. Þegar þetta er saman lagt þá eru þetta um 36 milljarðar kr. Þetta er auðvitað kannski í hnotskurn vandinn sem við sjáum líka þegar við veltum fyrir okkur því hvernig haldið er utan um ríkisfjármálin. Þessar tölur segja okkur að ekki er tekið á fjárhagsvanda fjölmargra stofnana. Þetta er keimlík umræða því sem við höfum verið með hér við fjárlagagerðina, þ.e. vandi þessara stofnana er óleystur ár eftir ár.

Hins vegar viljum við meina að þetta sé ekki í anda fjárreiðulaganna þar sem beinlínis er gert ráð fyrir því að þessi flutningur tengist flutningi einstakra verkefna milli ára en ekki hallarekstri sem byggist oft og tíðum á röngum grunni. Kannski er meginmálið í þessu að það þarf að skoða stofnanir sem ár eftir ár telja sig sinna lögbundnum verkefnum, telja sig leggja sig fram við að viðhalda sparnaði og sýna það í verki með ýmsum aðgerðum. En þrátt fyrir það eru stofnanir reknar með halla ár eftir ár. Svo kemur að því að þær eru skoðaðar svona ein og ein og þá yfirleitt er þetta leiðrétt. Að bjóða stofnunum upp á slíkar vinnuaðstæður er ekki gott og ekki til fyrirmyndar af þeirri einföldu ástæðu að stofnanirnar eiga að búa við eðlilegt fjárhagslegt umhverfi. Það er ekki hægt að segja að þær geri þegar svona er að verki staðið.

Við viljum meina að andi fjárreiðulaganna segi að á þessum vanda eigi að taka í fjárlögum og það á að upplýsa þar ástæður hallarekstrarins þannig að hægt sé að grípa inn í. Þar verður náttúrlega t.d. að skoða rekstrargrunninn sérstaklega og meta hvort hann sé vanáætlaður.

Við megum heldur ekki gleyma hinni hliðinni, þ.e. uppsöfnuðum fjárheimildum. Það eru nokkur dæmi um að stofnanir hafi skilað afgangi ár eftir ár og þar virðist vera sjálfvirk færsla á milli ára. Hæstv. ráðherra kom reyndar inn á það í ræðu sinni, og ég tek undir það, að það eigi að skoða sjálfstætt hverju sinni. Í þeim tilfellum á það ekki að ganga sjálfvirkt heldur hlýtur að þurfa að grandskoða það. Það má hins vegar ekki vera svo stíft að ekkert megi færa á milli ára því að vitanlega á að verðlauna stofnanir fyrir það þegar þær standa sig vel. Verkefnin líka staðið þannig að eðlilegt sé að færa afganginn á milli ára. Ég ítreka að þetta þarf að skoða vandlega og ég tel ekki ganga, eins og virðist blasa við, að ákveðnar stofnanir séu aðþrengdar á meðan aðrar virðast hafa rúmar fjárheimildir ár eftir ár.

Herra forseti. Hér er ekki hægt að fara í nákvæmar efnislegar umræður vegna þess að eðli málsins er þannig. Þó eru ýmsar athugasemdir úr skýrslu Ríkisendurskoðunar sem rétt er að vekja örlitla athygli á. Ég ætla að stikla á stóru því að tíminn líður hratt og ekki mikið eftir af ræðutíma mínum. Í athugasemdum Ríkisendurskoðunar varðandi endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2003 er m.a. á bls. 61 fjallað um fjárhagslega stöðu nokkurra háskólastofnana. Þar koma fram nokkuð sláandi tölur sem hljóta að vekja athygli og verða sérstaklega skoðaðar í fjárlaganefnd, ekki síst þegar við getum tengt þetta saman við ríkisreikning og frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2004 við undirbúning fjárlaga, þ.e. í fjárlagavinnunni fyrir næsta ár. En hér segir, með leyfi forseta:

„Fjárhagsstaða nokkurra háskólastofnana var slæm í árslok 2003. Tekjuhalli Háskólans á Akureyri nam 134 millj. kr. á árinu og var eigið fé skólans neikvætt um 127 millj. kr. í árslok. Tekjuhalli af rekstri Tækniháskóla Íslands nam 65 millj. kr. og var eigið fé neikvætt um 127 millj. kr. í árs-

lok. Tekjuhalli af rekstri Raunvísindastofnunar Háskólans nam 21 millj. kr. og var eigið fé neikvætt um 25 millj. kr. í árslok.“

Því miður, herra forseti, held ég að lítil breyting hafi á orðið varðandi flestar eða a.m.k. tvær þessara stofnana. Hins vegar vitum við að Tækniháskóli Íslands hefur nú verið afhentur öðrum aðilum. Við gerum ráð fyrir því að sá hali sem þar hefur myndast verði klipptur af, það hefur komið fram í máli hæstv. menntamálaráðherra. Við munum væntanlega sjá það framkvæmt í fjáraukalögum fyrir yfirstandandi ár.

Í sömu skýrslu er einnig rætt um framhaldsskólana og þar segir, með leyfi forseta:

„Fjárhagsstaða margra framhaldsskóla var slæm í árslok 2003. Neikvætt eigið fé Menntaskólans á Akureyri nam 39 millj. kr., Menntaskólans í Kópavogi 133 millj. kr., Fjölbrautaskólans í Breiðholti 74 millj. kr., Fjölbrautaskólans í Ármúla 69 millj. kr., Flensborgarskóla 56 millj. kr.“ — Þannig má áfram telja en ég nefni hér aðeins helstu tölurnar. — „Verkmenntaskólans á Akureyri 97 millj. kr. ... Menntaskólans að Laugarvatni 34 millj. kr.“

Þetta, herra forseti, nefni ég til að rökstyðja það sem ég nefndi áðan með að því miður virtust ákveðnar stofnanir ár eftir ár búa við sömu þrengingar. Hér nefni ég bæði háskólana og framhaldsskólana og umræðan um þessa skóla er öllum kunn. Hún hefur verið árleg og því miður virðist ekki mikið gerast í því máli, þrátt fyrir að ýmsar nefndir séu settar niður til að skoða grunn þessara stofnana og reyni að finna leiðir til úrbóta.

Frá Ríkisendurskoðun kemur einnig mjög athyglisverð athugasemd varðandi utanríkisráðuneytið, réttara sagt um sendiráðin sem hafa nú hafa öll verið sett undir einn fjárlagalið sem heitir Sendiráð Íslands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun hefur komið þeim sjónarmiðum á framfæri við ráðuneytið að framangreind breyting dragi úr gegnsæi upplýsinga og að líklegt sé að ábyrgð forstöðumanna minnki.“

Herra forseti. Þessi athugasemd er býsna merkileg í ljósi þess að yfirlýst stefna stjórnvalda er sú að gegnsæið eigi að vera sem allra mest og ábyrgð forstöðumannanna eigi að aukast. En þarna er þveröfug niðurstaða og eðlilegt að við veltum því fyrir okkur í þeirri vinnu sem fram fer í fjárlaganefnd.

Það vakti sérstaka athygli mína sem fram kemur á bls. 68, þar sem fjallað er um Suðurlandsskóga, nokkuð sem ég hélt að væri löngu liðið. Við þekkjum að það var nokkuð stundað á árum áður, vegna þess að þá voru þrengingar sumra ríkisstofnana með þeim hætti að ein aðferð þeirra til að fjármagna halla sinn eða hluta rekstrarins var yfirdráttur á bankareikningi. Ég hélt, herra forseti, að það væri liðin tíð. Ríkisendurskoðun bendir hins vegar á að því miður hafi þetta gerst hjá Suðurlandsskógum á árinu 2003. Það er nokkuð sem við hljótum að velta fyrir okkur.

Það vakti ekki síður athygli mína sem sagt er á bls. 69 varðandi Hólaskóla. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við endurskoðun á ársreikningi Hólaskóla gerði Ríkisendurskoðun fyrirvara í áritun vegna þess að í bókhaldi skólans er færð inneign vegna virðisaukaskatts að fjárhæð liðlega 14 millj. kr. en um er að ræða rangfærslur frá árunum 2002 og fyrr og ítrekar Ríkisendurskoðun að leysa þarf upp reikninginn. Þá hafa ríkisskattstjóri eða skólinn ekkert aðhafst vegna gjaldabreytinga að fjárhæð 13,7 millj. kr. sem Ríkisskattstjóraembættið boðaði á árinu 2001 á uppgjöri skólans á virðisaukaskatti vegna áranna 1998 og 1999. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að niðurstaða fáist í þetta mál sem fyrst. Einnig er ekki ennþá lokið afstemmingu nokkurra af eldri viðskiptastöðum og sjóðstöðu frá fyrri tíma. Unnið er að þessu hjá skólanum.“

Herra forseti. Þarna er um að ræða skuldbindingar frá árunum 1998 og 1999, nú þegar fjallað er um árið 2003 sem við gerum að vísu ekki fyrr en árið 2005. Þetta bendir okkur hins vegar á að það bíður okkar greinilega töluverð vinna í fjárlaganefnd við að fara yfir þau frumvörp sem hér eru til umræðu, frumvörp til lokafjárlaga fyrir árin 2002 og 2003.

[15:23]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru athyglisverðar upplýsingar sem fram komu hjá hv. þingmanni um Suðurlandsskóga, sem hafa tekið lán á yfirdrætti.

Nú segir í 40. gr. stjórnarskrárinnar, 2. mgr.:

„Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.“

Þetta er sem sagt óheimilt samkvæmt stjórnarskrá, ekki bara lögum. Samkvæmt stjórnarskrá er óheimilt að skuldbinda ríkissjóð með því að taka lán á yfirdrætti eða með öðrum hætti. Ég vildi gjarnan heyra frá hv. þingmanni hvort þetta sé algengt.

[15:24]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki í aðstöðu til að fullyrða um eitt eða neitt í þeim efnum en ég nefndi þetta vegna þess að það vakti athygli mína. Ég trúi ekki öðru en að þetta sé einsdæmi og að þar hljóti að vera einhver skýring á. Eins og hv. þingmaður bendir á er það brot á öllum reglum, getur maður sagt, að hlutirnir séu framkvæmdir með þessum hætti.

Ég tel sjálfgefið að við munum í fjárlaganefnd óska skýringa á þessu. Ég trúi ekki öðru, eins og ég sagði áðan, en að þetta sé einsdæmi og á þessu sé einhver skýring sem réttlæti þetta á einhvern hátt. En eins og ég nefndi í ræðu minni þá hélt ég, og býst við að hv. þingmaður hafi líka staðið í þeirri trú, að þetta væri ekki lengur til staðar. En fyrir nokkrum árum var þetta því miður algengara en það hefði átt að vera. Þetta er auðvitað brot á öllu og þannig á ekki að reka ríkisstofnanir. Fyrir slíku þarf auðvitað heimildir.

Þetta er kannski hluti af því sem við höfum oft bent á, að það þarf að auka virðingu allra fyrir fjárlögum. En til þess að við náum því þarf áætlunargerðin að vera þannig að menn treysti henni og að áætlunin sé í samræmi við það sem stofnunum er ætlað að gera.

En ég tek undir það með hv. þingmanni að þetta er alvarlegt mál. Það var þess vegna sem ég vakti athygli á þessu. Þetta vakti sérstaka athygli mína af því að ég hafði

staðið í þeirri trú að þetta væri löngu liðin tíð.

[15:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður sagði að meira hefði verið um þetta í eina tíð og það má vel vera. Stundum heyrir maður fréttir af því að sveitarfélög, verktakar og aðrir bjóðist til að lána ríkissjóði, Vegagerðinni og öðrum, til að fara út í framkvæmdir sem þá langar til að fara í og skuldbinda þar með ríkissjóð. Ég vil að menn taki mjög fast á slíkum hugmyndum vegna þess að þeim fylgir ekkert annað en aukið agaleysi. Það kemur í veg fyrir að menn fylgi þeim aga sem fjárlögin eiga að veita.

[15:26]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Við ræðum nú um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2002 og eins fyrir árið 2003. Hæstv. fjármálaráðherra gerði ágætis grein fyrir því í framsögu sinni af hverju þau frumvörp eru bæði til umræðu á sama tíma. Eins fór hv. þm. Einar Már Sigurðarson yfir það í ræðu sinni og sé ég ekki ástæðu til að dvelja við það.

Ég var ekki kominn til þings þegar fjárlagafrumvörp fyrir árin 2002 og 2003 voru samþykkt. Ég er því ekki gagnkunnugur þeim umræðum sem fram fóru um þau í fjárlaganefnd á þeim tíma. Ég verð þó að segja að við það að lesa í gegnum frumvörp til lokafjárlaga, bæði fyrir árið 2002 og eins fyrir árið 2003, er ég nú ekki frá því að ég hafi rekist á nokkra kunningja frá því í fjárlagagerð fyrir árin 2004 og 2005, sem ég vann að sem fulltrúi í fjárlaganefnd.

Við það að skoða frumvörpin, eins og þau liggja fyrir, virðist mér sem vinnubrögð við gerð fjárlaga hafi lítið breyst frá því á árinu 2002 og 2003 til dagsins í dag. Það er rétt, eins og fram kom í máli hv. þm. Péturs Blöndals, að fjárlög eru alltaf áætlun, eins nákvæm áætlun og menn telja sig geta gert á þeim tíma er hún er lögð fram. Ég hef verið talsmaður þess í fjárlaganefnd að við skoðuðum möguleikann á að breyta talsvert vinnubrögðunum við að gera þá áætlun sem fjárlögin eru.

Ég hef velt upp ýmsum spurningum og hugmyndum um hvort ekki væri hægt að beita aðferðum við áætlunargerð fjárlaga í ætt við það sem stærri fyrirtæki og jafnvel sveitarfélög í landinu eru farin að temja sér. Þar reyna menn að læra af því hve vel tekst að áætla þann raunveruleika sem síðan verður en halda ekki inni nánast innbyggðum skekkjum í áætlunum sínum, sem mér virðist því miður oft á tíðum bera við í fjárlagafrumvörpum frá einu ári til annars. En menn hljóta að reyna, við áætlunargerð eins og fjárlagagerðina, að áætla sem réttast á alla fjárlagaliði og fara þar sem næst raunveruleikanum.

Ég veit að forstöðumenn ríkisstofnana reyna árlega að leggja fram eins vandaðar áætlanir og þeir treysta sér til að gera og byggja oft og tíðum á þeim grunni sem þeir hafa frá árinu áður og reynslu sinni frá árunum þar á undan. Ég get alveg skilið forstöðumennina þegar þeir sjá kannski ár eftir ár tölur í fjárlagafrumvörpunum sem eru kannski ekki í miklum dúr við það sem þeir hafa lagt fram byggt á reynslu fyrri ára, að þá hljóta vinnubrögð við áætlunargerð að slakna frá því sem áður var og menn fara að slugsa meira við áætlunargerðina en annars hefði verið.

Ef við skoðum aðeins hvernig til hefur tekist við að áætla á einstaka liði í fjárlögum, bæði árið 2002 og 2003, af því að við ræðum þessi ár saman, eru í báðum frumvörpunum töflur um hvernig staða fjárheimilda í árslok skiptist annars vegar í afgangsheimildir og hins vegar í umframgjöld eftir ráðuneytum. Ef vel tekst til við áætlanir ættu afgangsheimildir ekki að vera svo afskaplega miklar og umframgjöldin heldur ekki svo afskaplega mikil frá þeirri áætlun sem menn leggja fram. En á árinu 2002 voru samtals afgangsheimildir allra ráðuneyta tæpir 23 milljarðar kr. Þá veltir maður fyrir sér: Hvernig gekk að áætla gjöldin? Samtals umframgjöld á sama ári voru 33 milljarðar kr. Staðan í árslok var því neikvæð miðað við það sem áætlað hafði verið tæplega 10,5 milljarðar kr.

Þetta gerðist á árinu 2002. Maður hlýtur því að ætla að menn reyni að læra af þessu og skoði hvað var áætlað vitlaust og hvernig menn geti breytt vinnubrögðum sínum. En sama tafla fyrir árið 2003, og það er að mörgu leyti gott að ræða þetta saman til að geta einmitt farið í þennan samanburð, segir okkur að samtals afgangsheimildir það ár eru 32 milljarðar kr., voru 23 árið áður. Umframgjöldin eru tæplega 28 milljarðar kr. en höfðu verið 33 milljarðar kr. Þarna er því alveg auðséð þegar við berum þetta saman að áætlunargerðin breytist ekki mikið frá ári til árs, menn eru ekki að skila sér fram frá einu ári til annars.

Ef maður skoðar einstaka liði og einstök ráðuneyti í þessum tveimur töflum, nánast af handahófi, voru umframgjöld á árinu 2002 hjá menntamálaráðuneytinu 2.929 millj. kr., tæpir 3 milljarðar kr. Árið eftir eru umframgjöldin hjá menntamálaráðuneytinu 2.929 millj. kr. Ef ég ætla að vera nákvæmur var það fyrra árið 2.929,1 en 2.929,5 árið eftir. Umframgjöldin hjá ráðuneytinu árin 2002 og 2003 eru því nákvæmlega sama talan.

Ef við tökum viðskiptaráðuneytið sem dæmi voru á árinu 2002 afgangsheimildir þar 181,9 millj. Árið 2003 187,5 millj. Ef við skoðum umframgjöld í sama ráðuneyti á árinu 2002 voru þau 39,9 millj. en 38,9 millj. árið eftir. Þetta segir manni að það gæti verið að verið sé að nota sömu forsendur nánast frá ári til árs, jafnvel þó menn nái ekki að áætla nægilega nákvæmt miðað við þann raunveruleika sem við blasir.

Eitt af því sem við höfum gagnrýnt í fjárlagaumræðunni er sú staðreynd að hvort sem stofnanir hafa verið með halla ár eftir ár eða afgangsheimildir ár eftir ár, eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson fór yfir í ræðu sinni, virðist vera afskaplega seint við brugðið. Afgangsheimildir safnast upp frá ári til árs og halli í öðrum stofnunum einnig án þess að verulega sé í það rýnt og reynt að bregðast við. Í báðum frumvörpunum til lokafjárlaga segir um þetta efni, undir kaflanum Ráðstöfun á stöðu fjárheimilda í árslok, með leyfi forseta:

„Tilgangurinn með yfirfærslum á stöðu heimilda milli ára er einkum að hvetja ráðuneyti og stofnanir til aðhalds og styrkari fjármálastjórnar til lengri tíma litið. Gerist það með því móti að útgjöld umfram fjárveitingar eru ekki hvort tveggja í senn heimiluð og felld niður við áramót," — eins og áður tíðkaðist — „heldur koma umframgjöld almennt til lækkunar á fjárveitingum næsta árs. Hafi t.d.

meiru verið ráðstafað til rekstrarumsvifa stofnunar en ákveðið var með fjárlögum losnar stofnunin ekki undan þeirri fjárhagsstöðu við áramót, heldur verður hún að vinna hana upp af framlögum komandi ára. Á sama hátt er afgangur á framlögum vegna tafa á framkvæmd verkefna eða hagræðingar í rekstri ekki felldur niður í árslok, heldur nýtist sú fjárheimild til verkefna stofnunar árið eftir."

Þarna segir með mjög skýrum orðum að stofnanir sem hafa rekið sig með halla draga þann halla með sér yfir áramót og ekkert óeðlilegt við að það gerist. Ég skil alveg að menn losni ekki undan halla á rekstri bara við að það komi áramót. En þegar þetta gerist ár eftir ár og jafnvel svipaðar tölur í halla á hverju ári hljóta menn að fara að skoða rekstur stofnananna og velta fyrir sér: Er reksturinn og umfang hans of mikill miðað við þær fjárveitingar sem viðkomandi stofnun fær? Ef svo er, er reksturinn sá sem við viljum sjá eða getum við skorið hann niður þannig að fjárveitingar dugi fyrir þeim rekstri sem við viljum sjá? Ef niðurstaðan er sú að reksturinn er eins og hann á að vera samkvæmt lögum og eins og við viljum sjá hann verða menn að skoða það með jákvæðu hugarfari hvort ekki þurfi að bæta við fjárheimildum til að halda uppi þeim rekstri sem við viljum sjá.

Ég ætla aðeins að bera saman úr fylgiskjali 2 í báðum frumvörpunum. Þar er farið yfir stofnanir og fjárlagaliði og hver staða þeirra var í upphafi árs 2002 og hver hún var í lok árs 2002. Og af því að við erum með bæði lokafjárlögin hér erum við með upphafsstöðu árið 2003 og lokastöðu árið 2003 þá blasir við að hallinn flyst nánast óbreyttur milli ára.

Ég tók nokkur fjárlaganúmer, nokkra liði, til að bera saman og byrjaði í æðstu stjórninni og skoðaði embætti forseta Íslands. Í upphafi árs 2002 var halli á því embætti 5,1 millj. Hann hafði aukist í 19,5 millj. í lok ársins 2002 og í lok árs 2003 hafði hann aukist í 37 millj. kr. Fjárveitingar beggja ára voru mjög keimlíkar og ekki brugðist við á neinn hátt við hallarekstrinum, heldur heldur hann áfram og síðan geta menn skoðað hvernig þetta þróast á árinu 2004.

Ef við skoðum framhaldsskólana og tökum nánast af handahófi Menntaskólann á Akureyri, þá var hann í halla upp á 54 millj. í upphafi árs 2002. Hann var kominn í halla upp á 60 millj. í lok árs sem var þá upphafsstaða næsta árs og í lok árs 2003 í halla upp á 104 millj. kr. Hallinn eykst því um u.þ.b. 50 millj. á hverju ári og lítið við því brugðist.

Fjárveitingar ársins 2002 voru 274 millj. í almennan rekstur þessara skóla, en á árinu 2003 var eingöngu ætlað 267 millj. í almennan rekstur, eða talsvert lægri upphæð þrátt fyrir hinn mikla hallarekstur.

Menntaskólinn á Laugarvatni var með upphafsstöðu upp á 40 millj. í mínus í almennan rekstur. Staðan í lok árs 2002 var 60 millj. í mínus og nánast sama tala í árslok 2003. Sá skóli fékk mjög svipaðar fjárveitingar bæði árin, munaði 2 millj. kr. Þannig er hægt að lesa sig í gegnum framhaldsskólana sem við höfum oft og iðulega talað um að við verðum að fara að velta því fyrir okkur með hvaða hætti við ætlum fjármuni til framhaldsskóla. Einnig er hægt að fara yfir heilbrigðisstofnanirnar í landinu sem er annar pakki sem við höfum oft talað um úr þessum ræðustól. Það er mjög svipað upp á teningnum þar. Af því að málið er mér skylt í mínu kjördæmi skoðaði ég þrjár heilbrigðisstofnanir í Suðurkjördæmi.

Heilbrigðisstofnunin í Vestmannaeyjum byrjaði árið 2002 með 8 millj. í halla. Í lok árs 2002 var hún komin með 50 millj. í halla og í lok árs 2003 62 millj.

Heilbrigðisstofnunin á Selfossi byrjar aftur á móti í plús. Hún á inni og byrjar í plús á árinu 2002 upp á tæpar 11 millj. Hún er komin í halla í lok árs upp á 2,6 millj. og í lok árs 2003 halla upp á 25 millj.

Við sjáum því með því að bera saman þessar tölur að það er ekki verið að bregðast við annaðhvort með því að breyta umfangi rekstrar til að rekstur sé meira í dúr við þær fjárveitingar sem fyrir hendi eru eða að breyta fjárveitingum til að sá rekstur sem menn vilja sjá geti farið fram. Þegar þetta gerist ár eftir ár hlýtur maður að spyrja hvort við verðum ekki með einhverju móti að fara að taka okkur tak og segja: Við munum og verðum að skoða ákveðnar stofnanir sem þannig háttar til um eftir ákveðinn tíma, ekki að þetta geti gengið í tvö til fimm ár og síðan veit enginn neitt og enginn ræður við neitt þegar upp er staðið.

Þegar ég rúllaði í gegnum þetta þá skoðaði ég til gamans liði sem maður áttar sig kannski ekki alveg á. Einn af þeim liðum er undir landbúnaðarráðuneyti og heitir Niðurgreiðslur á ull. Hvernig skyldi sá fjárlagaliður líta út frá ári til árs? Maður hefði kannski haldið, miðað við að við vitum hve margar kindur eru í landinu og um það bil hver ullin á þeim er, að auðvelt væri að áætla í þennan lið. En niðurgreiðslur á ull í upphafi árs 2002 var í mínus upp á 61,4 millj. kr. Í árslok hafði hallinn aukist í 65 millj., sem var þá upphafsstaða ársins 2003 og í lok árs 2003 var liðurinn neikvæður upp á 70 millj. kr.

Hvað er að fara í þennan lið? Hver er skekkjan? Á árinu 2002 voru fjárveitingar til niðurgreiðslu á ull tæpar 247 millj., 255 millj. árið 2003. Þarna fyndist mér, af því þetta er tiltölulega einfalt dæmi og ekki ýkja flókinn rekstur á bak við áætlanirnar, heldur tiltölulega einfalt að áætla, að menn ættu taka sér tak og velta fyrir sér af hverju þetta sé svona og spyrja: Erum við að áætla of mikið? Erum við að áætla of lítið, eða hvernig stendur liðurinn? Í stað þess að láta liðinn danka frá ári til árs þannig að hallinn eykst stöðugt á fjárlaganúmer eða fjárlagalið.

Annað sem ég hef rætt við fjárlagagerð áranna 2004 og 2005 eru hinar endalausu afskriftir skattkrafna og hef oft tekið umræðu um það hvort þetta væru raunverulegar skattkröfur sem verið væri að afskrifa af því enginn vildi borga þær, en það er ekki svo, heldur áætla þeir áætlanir skattstjóra á gjaldendur sem ekki hafa skilað t.d. virðisaukaskattsskýrslum eða skattskýrslum. Við sem höfum aðstoðað fólk við að telja fram og annað þviumlíkt vitum að áætlanirnar eru oft út úr öllu korti og í engum takt við raunveruleikann.

Hvernig áætla menn afskriftirnar á skattkröfum? Gert var ráð fyrir að afskrifa þyrfti 4 milljarða af skattkröfum árið 2002, en reyndin varð sú að afskrifaðar skattkröfur eru 9,8 milljarðar. Það munar tæplega 6 milljörðum kr. á þessum eina lið. Þá hefði maður haldið miðað við það sem ég sagði áðan að menn ætluðu sér að læra af þessu, annaðhvort með því að taka á áætlununum og segja: „Við áætlum ekki með þessum hætti. Þetta er rangt. Við verðum að breyta

vinnubrögðum okkar.“ Eða menn settu í fjárlög næsta árs: „Jæja, við gerum ráð fyrir að við þurfum að afskrifa einhverjar 8–10 milljarða kr. af hinum vitlausu áætlunum sem settar eru fram.“ En hvað gerist? Afskriftir skattkrafna í fjárlögum ársins 2003 eru 4 milljarðar kr. Nákvæmlega sama tala og árið áður. Hver er raunin samkvæmt frumvarpinu til lokafjárlaga? Jú, reikningurinn sýnir 9.394 millj., nánast sömu tölu og árið áður. Mismunur upp á 5,4 milljarða kr. Aftur erum við að gera þetta. Ég man eftir því að ég tók einmitt þessa sömu umræðu við fjárlög ársins 2004.

Því lýsi ég eftir því, herra forseti, að menn í fjárlaganefnd í fullri samvinnu og sátt við embættismenn fjármálaráðuneytisins og hæstv. fjármálaráðherra reyni að fara í dæmi sem eru alveg hrópandi og liggja skýr fyrir og velti fyrir sér hvort þar sé verið að áætla með einhverjum vitrænum hætti eða ekki.

Það er ekki við því að búast og verður aldrei við því að búast að þeir sem eiga að starfa eftir fjárlögum, sem eru lög eins og öll önnur lög í landinu, ef þau eru ekki eins nákvæm og rétt eins og hægt er á hverjum tíma er ekki við því að búast að menn virði þau, enda sjáum við þegar við skoðum umframútgjöld að menn virða ekki fjárlögin sem við setjum á hverju ári og kannski skiljanlegt í ljósi þess sem ég hef farið yfir og sagt hér.

Við í fjárlaganefnd eigum að sjálfsögðu eftir að taka þessi tvö frumvörp til umfjöllunar. Hér er eingöngu 1. umr. Ég verð að segja að ég hlakka til að grafa ofan í lokafjárlögin því þar er mikið af skemmtilegu efni til að skoða.

[15:46]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég veit ekki alveg hvort ég get tekið undir það síðasta sem hv. þingmaður sagði, að þetta sé allt hið skemmtilegasta, en sumt af því er það vissulega. Við lok umræðunnar vil ég hins vegar eingöngu þakka þeim tveimur þingmönnum sem hér hafa talað fyrir alveg ágætar ábendingar um þessi mál. Þetta er nákvæmlega umræða af því tagi sem ég tel að hér eigi að fara fram, gagnrýnin en gagnleg um vinnubrögð og um það hvernig best sé að haga þessum málum framvegis.

Það má auðvitað segja að það ferli sem hófst með breyttri framsetningu og öðru í fjárlögum 1998 sé enn í gangi, þ.e. við erum ekki alveg búin að fóta okkur á öllu því sem þá var ákveðið en menn eru sem óðast að komast til botns í flestum atriðum. Ég vona að fjárlaganefndin muni taka þessi mál núna, þessi tvö frumvörp, til athugunar og afgreiðslu og jafnframt fara vel yfir þær ábendingar sem hv. þingmenn komu hér með. Ég heiti fyrir mitt leyti fullum stuðningi starfsmanna minna og ráðuneytisins við þá yfirferð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 182. mál. — Þskj. 182.

[15:49]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum sem flutt er sem 182. mál á þskj. 182. Við flutningsmenn þessa frumvarps erum 12 hv. þingmenn Samfylkingarinnar. Hún var áður flutt á 128. og 130. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga.

Eins og við þekkjum hefur verðtrygging verið á inn- og útlánum á Íslandi í rúmlega 30 ár en meginforsendan fyrir verðtryggingunni var að hindra að sparifé landsmanna brynni upp í mikilli verðbólgu eins og raunin hafði verið á sjötta og sjöunda áratugnum. Jafnframt hafði verðtrygging verulega þýðingu til að jafna út greiðslubyrði lántakenda á tímum mikilla hagsveiflna. Verðtryggingu hefur aldrei verið beitt í útlánum lánastofnana til heimila í ríkjum OECD, að Íslandi undanskildu, heldur hefur notkun hennar einskorðast við ríkisskuldabréf.

Vissulega eru rök bæði með og á móti verðtryggingu. Þar má nefna að verulegum hluta áhættunnar vegna veðskulda og lánasamninga er komið yfir á skuldara. Sömuleiðis kemur misvægi í þróun launa og verðlags illa við fjárhag skuldarans, skekkir allar fjárhagsáætlanir heimilanna og hækkar oft verulega með sjálfvirkum hætti höfuðstól lána. Þekkt er líka að ýmsir þættir sem við höfðum engin áhrif á, eins og verðhækkanir erlendis, geta keyrt upp vísitöluna. Nefna má enn fremur að verðtrygging er oft tortryggileg í augum erlendra fjárfesta og getur torveldað og jafnvel komið í veg fyrir fjárfestingar erlendra aðila hér á landi sem ekki þekkja til notkunar verðtrygginga á fjárskuldbindingum. Trú á viðvarandi stöðugleika er líka forsenda þess að hægt sé að stíga stórt skref í afnámi verðtryggingar því að ella er hætta á að lánveitendur vilji áskilja sér verulega hátt áhættuálag sem kemur fram í hærri vöxtum. Afnám verðtryggingar gæti líka leitt til styttri lánstíma og hærri raunvaxta ef ekki er farið varlega í sakirnar.

Það er einmitt gert í þingsályktunartillögunni en hún felur í sér að viðskiptaráðherra skipi nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Nefndin meti til lengri og skemmri tíma áhrifin á fjármálamarkaðinn og fjárskuldbindingar heimila og atvinnulífs og setji m.a. fram áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur Seðlabankans um verðbólguspá. Það er lagt til að skoðaðir verði kostir þess og gallar að afnema verðtrygginguna á inn- og útlánum í áföngum sem og að lántakendur hafi val um lánskjör með og án verðtryggingar.

Nefndina á að skipa með aðild aðila vinnumarkaðarins, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka og Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.

Nú má ætla, virðulegi forseti, að fyrir þessari þingsályktunartillögu sé meirihlutastuðningur á Alþingi í ljósi þess að þrír flokkar hafa ályktað um afnám verðtryggingar. Mér er ekki kunnugt um afstöðu sjálfstæðismanna en Samfylkingin, Framsóknarflokkurinn og Frjálslyndir hafa

ályktað í þessa veru og Vinstri grænir eru með tillögu líka hér í þinginu um að þetta mál verði skoðað út frá samsetningu á breytilegum vöxtum og verðtryggingu.

Ég fagna því að hæstv. viðskiptaráðherra er viðstödd þessa umræðu vegna þess að það bar til tíðinda á nýafstöðnu flokksþingi framsóknarmanna að einmitt var ályktað í þessa veru. Þar kom fram og það bara mjög afdráttarlaust, án nokkurra skilyrða eða skoðunar á málinu, að afnema eigi verðtrygginguna. Með leyfi forseta segir í ályktun: „Afnema ber verðtryggingu lána." Hérna var ég að vitna beint í flokksþingssamþykkt framsóknarmanna og það kom fram í fjölmiðlum, sem mér fannst athyglisvert, að upphaflega snerist tillagan um að afnema verðtryggingu lána til skemmri tíma en 20 ára en í meðförum flokksþings framsóknarmanna var síðari liðurinn felldur út. Eftir stóð sú ályktun að bannað verði að verðtryggja lán á Íslandi í framtíðinni. Þetta var ályktunin hjá framsóknarmönnum og það er nauðsynlegt að heyra hvernig viðskiptaráðherra ætlar að framfylgja þessari ályktun flokks síns, hvort hún sé sömu skoðunar og flokksþingið um það að afnema beri verðtrygginguna, og þá spyr ég hvernig hæstv. ráðherra vill standa að afnáminu.

Frjálslyndi flokkurinn ályktaði líka á landsþingi sínu, með leyfi forseta:

„Frjálslyndi flokkurinn ályktar að verðtrygging verði með öllu afnumin."

Síðan er ályktun frá síðasta landsfundi Samfylkingarinnar í þá veru að afnema beri verðtryggingu á húsnæðislánum.

Eins og ég segi, virðulegi forseti, sé ég ástæðu til að ætla að það sé verulegur stuðningur við þetta mál á þingi. Hér er vissulega farið miklu varlegar í sakirnar en kveðið er á um í ályktun þeirra þriggja stjórnmálaflokka sem ég nefndi. Með tillögunni er einungis lagt til að skipuð verði nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum og afar mikilvægt er að kostir og gallar þess séu metnir af fyllstu varfærni en ljóst er að verðtrygging fjárskuldbindinga snertir mikla hagsmuni. Það er lagt til að nefndin meti áhrifin til lengri og skemmri tíma á fjármálamarkaðinn og fjárskuldbindingar heimila, atvinnulífs og hins opinbera.

Þótt verðtrygging fjárskuldbindinga hafi sína kosti hefur hún líka sætt mikilli gagnrýni sem hefur iðulega komið fram hér í sölum Alþingis. Menn hafa tekið málið upp og talið að afnema eigi verðtrygginguna en mótbárurnar hafa yfirleitt verið þær gegnum tíðina að það þurfi að vera viðvarandi stöðugleiki í einhvern tíma til þess að menn treysti sér út í það að afnema verðtrygginguna. Nú má segja að með fáeinum undantekningum hafi stöðugleikinn verið nokkuð viðvarandi og þá ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að afnema verðtrygginguna.

Ég hef verið að skoða þá þróun undanfarið hvernig verðtryggingin hefur komið út miðað við óverðtryggða vexti og verðtryggða vexti og það má segja að á síðustu tveim árum hafi verðtryggðir vextir yfirleitt verið hagstæðari en óverðtryggðir, með nokkrum undantekningum þó. Núna í janúar 2005 kemur t.d. í ljós að þegar búið er að taka inn verðtryggingu á lánum munar 2% sem verðtryggðir vextir eru hagstæðari lántakendum en almennir vextir óverðtryggðra lána. Það er því ýmislegt sem þarf að horfa til í þessu sambandi en það er mjög athyglisvert hvað hæstu óverðtryggðu vextir eru háir í dag. Lægstu óverðtryggðu vextir eru í dag tæplega 10% en hæstu óverðtryggðu vextir eru 16,3% sem er auðvitað gífurlega hátt. Lægstu verðtryggðu vextir eru 4,15% og hæstu verðtryggðu vextir 10,8% fyrir utan verðtrygginguna.

Það sem maður hefur líka áhyggjur af fyrir utan þessa verðtryggingu — og vil ég nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra um það — eru þessir gífurlega háu dráttarvextir sem eru 20% núna og þeir eru ákvarðaðir af Seðlabankanum. Samkvæmt nánari leiðbeiningum í lögum er ákvarðað hvernig þeir skuli fundnir út. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki ástæðu til þess, þegar við höfum verið lengi í verðbólgu á bilinu 2–3%, þó að hún sé hærri þessa stundina, að fara að huga að því að lækka dráttarvextina. Hverjir lenda í þeim? Oft og tíðum skuldugir einstaklingar sem eiga í erfiðleikum með að gera upp lánin sín og eru í vanskilum. Mér finnst alveg ótækt að ekki sé hugað að lækkun dráttarvaxtanna, sérstaklega þegar Seðlabankinn ákveður þá. Sömuleiðis bera yfirdráttarlán mjög háa vexti, þ.e. um 16% sem er þá í hæsta flokki óverðtryggðra vaxta. Ég tel mikilvægt að fá fram hjá hæstv. ráðherra hvort hún hafi skoðað þetta.

Það er alveg ljóst eins og ég nefndi, virðulegi forseti, að efnahagslegar aðstæður eru hér allt aðrar en þær sem kölluðu á verðtryggingu undir lok 8. áratugarins þegar verðbólgan varð mjög sveiflukennd og sparifé landsmanna brann hratt upp á verðbólgubálinu. Það hafa orðið miklar og verulegar breytingar á fjármálamarkaðnum. Vextir hafa lækkað töluvert, þó að enn séu þeir talsvert miklu hærri en í löndunum sem við berum okkur saman við þar sem vextirnir eru mun lægri og þar sem ekki þekkjast t.d. þau stimpilgjöld sem við höfum oft rætt í þingsölum. Er það orðinn hálfgerður óskapnaður í fjármálalífinu hér að þeim skuli vera viðhaldið. Vil ég spyrja hæstv. ráðherra um afstöðu hennar til stimpilgjalda.

Fram kom t.d. í blaði í dag að ríkið græði 3 milljarða á nýjum fasteignalánum og að í fjárlögum 2004 hafi verið gert ráð fyrir að tekjur vegna stimpilgjalda yrðu 3,6 milljarðar en þegar fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2005 var samið var gert ráð fyrir að þær yrðu 4,5 milljarðar í ár. Ef reynsla mánaðanna í september til janúar er framreiknuð yfir á yfirstandandi ár stefnir gróði ríkisins í 10 milljarða kr. en á fjárlögum var áætlað að ríkið hefði 3,4 milljarða af stimpilgjöldum. Hér kemur fram að tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum hafi margfaldast frá því að bankarnir fóru að bjóða almenningi fasteignalán í september síðastliðnum og að ríkið græddi 6,5 milljarða kr. af stimpilgjöldum í fyrra en gert var ráð fyrir að tekjurnar yrðu um helmingi lægri. Er ekki orðin full ástæða til þess, virðulegi forseti, að skoða þennan óréttláta skatt? Hann er ekki einungis óréttlátur gagnvart einstaklingum heldur líka gagnvart viðskiptalífinu sem hefur margkallað eftir því að þetta verði skoðað. (Gripið fram í.) Ég er að tala um stimpilgjöld og ég er að tala um dráttarvexti. Ég er að tala um það sem almennt hefur áhrif á skuldir og skuldabyrði heimila. Þar eru stimpilgjöld ekki síst.

Hv. þm. Pétur Blöndal er auðvitað órólegur þegar farið

er að tala um stimpilgjöldin vegna þess að flokkur hans hefur ekki staðið við það sem hann lofaði í þessu efni, að standa að því að afnema stimpilgjöldin. Það er full ástæða til að taka þau inn í umræðu núna.

Bankarnir hafa þó sýnt viðleitni á undanförnum árum í að draga aðeins úr lántökugjöldum en ríkið hefur ekkert gert í þessu efni og hreyfir sig ekkert í því að lækka þau óréttlátu gjöld sem stimpilgjöldin eru.

Vissulega hafa verið stigin skref í átt til þess að draga úr verðtryggingu á skammtímaskuldbindingum. Á árinu 1995 var ákveðið að minnka verðtryggingu í áföngum. Síðasta skrefið var stigið 1998, en þá var gert óheimilt að verðtryggja styttri innlán en þriggja ára og styttri útlán en fimm ára. Menn ætluðu sér lengra en það, sem var þó aldrei gert, þ.e. að afnema verðtryggingu alfarið af innlánum. Þrátt fyrir að þessi skref hafi verið stigin hafa þau ekki haft veruleg áhrif og lítið hefur dregið úr verðtryggingu fjárskuldbindinga og er verðtrygging enn á flestöllum lengri skuldbindingum.

Ég hef nefnt hér að verðtryggingu er ekki beitt á útlán lánastofnana til heimila í ríkjum OECD, að verðtryggingu ríkisskuldabréfa er að finna í átta OECD-ríkjum og að hlutfall verðtryggingar af ríkisskuldabréfum er hæst hér á landi eða um 86%, í Bretlandi er hún um 18%, í Svíþjóð rúm 7%, í Ástralíu um 4%, en lægra annars staðar.

Það er full ástæða til þess að við förum að huga að þessu máli, hvort ekki sé ástæða til að stíga stærri skref en stigin hafa verið í átt til þess að afnema verðtrygginguna. Ég ítreka fyrirspurn mína til hæstv. viðskiptaráðherra um hvernig hún sjái fyrir sér að við stígum það skref að skoða kosti og galla þess að afnema verðtrygginguna og hvernig hún muni standa að því að uppfylla þau loforð sem gefin voru á landsfundi hennar um að verðtrygging verði að fullu afnumin.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og síðari umr.

[16:05]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa ágætu ræðu og í raun ágætu tillögu. Mér heyrist að hún vilji fara frekar varlega í sakirnar en engu að síður sé málið það að fikra sig áfram í sambandi við afnám verðtryggingar.

Ég tek undir margt af því sem hún sagði, mér finnst ástæða til að fara að huga að slíkum breytingum. Eins og kom fram í ræðu hennar var gerð samþykkt á flokksþingi okkar framsóknarmanna nýlega þar sem þetta er gert að markmiði. Í framhaldi af því tók ég ákvörðun um að fara í vinnu í því sambandi sem ekki er ólík því sem hv. þingmaður leggur til í tillögu sinni. Það yrði að sjálfsögðu undir forustu Seðlabankans. Ég hef fram að þessu verið frekar treg, ég skal viðurkenna það, til að stíga þessi skref, sérstaklega vegna þess, eins og kom fram í máli hv. þingmanns, að raunvextir eru lægri á verðtryggðum lánum en óverðtryggðum. Þannig hefur það verið og hefur oft munað þó nokkru í þeim efnum og þess vegna hef ég verið treg til að stíga þetta skref. Mér finnst þó að svo margt hafi breyst hvað varðar efnahagslegar aðstæður og ástandið á markaðnum að nú sé kominn tími til að fara yfir þetta aftur. Því hef ég ákveðið að setja þarna í gang ákveðna vinnu og mun þingið að sjálfsögðu geta fylgst með henni.

Hv. þingmaður talaði um háa dráttarvexti. Það er rétt, þeir eru háir. Það vill svo til að ég á fund með Seðlabankanum einmitt í þessari viku og þar verður að sjálfsögðu rætt um þetta atriði. Síðan nefnir hv. þingmaður stimpilgjöldin. Þau eru eilíft umræðuefni og er kannski enginn sérstaklega ánægður með það gjald. Engu að síður er það eitt af því sem aflar ríkissjóði þó nokkuð mikilla tekna og er þess vegna ekki alveg einfalt að afnema það í svipinn. Það hefur líka verið rætt milli stjórnarflokkanna að þetta sé ekki æskileg gjaldtaka til framtíðar. Eins og hv. þingmaður veit fer fjármálaráðherra með þau málefni sem varða þessi gjöld.

Ég vildi fyrst og fremst koma hér upp til þess að segja hv. þingmanni að ég hugsa þetta dálítið svipað og hún vill en ég vil fara varlega. Mér heyrist að það sé nú í raun það sem hún vill líka.

[16:08]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og fagna því sem fram kom í máli hennar að hæstv. ráðherra hefur sett af stað vinnu til að skoða þetta mál, hvort ekki sé rétt og eðlilegt að stíga frekari skref í því að afnema verðtryggingu á fjárskuldbindingum. Ég hefði viljað fá fram hjá hæstv. ráðherra að hún lýsti því nokkuð nánar í hverju sú vinna sem hún hefur sett af stað er fólgin og hverjir það eru sem eru að skoða þetta á hennar vegum. Er það einungis Seðlabankinn sem skoðar þetta mál? Hefur hæstv. ráðherra skipað nefnd til þess að fara yfir málið kannski með líkum hætti og lýst er í tillögunni? Hvaða markmið hefur þeim aðilum verið sett og hvaða verklýsingu hafa þeir fengið sem skoða þetta mál fyrir hæstv. ráðherra? Ég held að það sé afar mikilvægt þegar þrír stjórnmálaflokkar hafa ályktað um málið og tveir nýverið og málið er til skoðunar í þinginu að við fáum nánar fram hjá hæstv. ráðherra hvað hún hefur hugsað sér með þessari vinnu, hvaða markmið menn leggja upp með og hvenær eigi að ljúka þeirri vinnu, vegna þess að tillagan fer nú til efnahags- og viðskiptanefndar og því mikilvægt að við fáum þetta fram.

Ég býst við að það væri verulegur stuðningur fyrir hæstv. ráðherra að fá þessa tillögu samþykkta og hafa þingið á bak við sig í þeirri vinnu sem hún er að fara út í. Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort ekki væri fengur í því að þingið samþykkti tillöguna til að það stæði á bak við hana í þeirri vinnu sem er fram undan.

Síðan fagna ég því að hæstv. ráðherra er að láta skoða dráttarvextina og heyri að hún deilir þá áhyggjum með mér að dráttarvextir séu orðnir allt of háir eða um 20%. Ég tel að hún geti haft full tök á málinu þar sem um er að ræða ákvarðanir Seðlabanka byggðar á lagaheimild, og breytt lagaheimildinni í þá veru að við getum séð fram á lækkun á dráttarvöxtum.

[16:11]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Markmiðið er að kanna hvort ástæða sé

til að afnema verðtryggingu á fjárskuldbindingum, að fá upplýsingar sem mundu þá hjálpa til við þá ákvarðanatöku hvort það skuli gert eður ei. Eins og ég sagði áðan tel ég ástæðu til þess að Seðlabankinn sé þarna í forustu, ég hef ekki skipað nefnd, en eins og ég nefndi áðan á ég fund með Seðlabankanum í þessari viku þar sem við munum m.a. fara yfir þetta mál.

Varðandi það hvort það skipti máli að þessi tillaga verði samþykkt af hv. Alþingi eða ekki þá er það náttúrlega mál þingsins en ég tel að ráðuneytið og þeir aðrir sem koma til með að vinna að málinu geti í sjálfu sér unnið að því án þess að fyrir liggi ályktun frá Alþingi. Eins og ég segi þá er það náttúrlega ákvörðun þingsins. Ég mun a.m.k. sjá til þess að þingnefndin verði upplýst um það hvernig mál standa þegar þetta mál verður til umfjöllunar þar.

[16:12]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði vænst þess af hæstv. ráðherra að hún gerði meira með ályktanir þingsins en lýsti sér í orðum hæstv. ráðherra og teldi að hún hefði stuðning af því ef hún hefði þingið með sér í þessari skoðun og hvaða leiðir þingið vill fara í því efni, vegna þess að þingið mundi þá setja fram ákveðnar leiðbeiningar um það hvernig það vildi að farið yrði í þessa vinnu. Ég heyri að það er einungis Seðlabankinn sem er með málið í skoðun a.m.k. að sinni og hefði talið eðlilegt að aðilar vinnumarkaðarins kæmu að því eins og hæstv. ráðherra nefndi. — Ég ætlast nú til þess að hæstv. ráðherra hlaupi ekki úr salnum á meðan ég er að tala við hana. — Ég spyr hvort hæstv. ráðherra telji ekki rétt að aðilar vinnumarkaðarins komi að þessu máli eins og hér er lagt til.

Hæstv. ráðherra nefndi ekki heldur dráttarvextina sérstaklega í andsvari sínu áðan, hvort hún telji að fara eigi einhverjar leiðir til þess að lækka þá. Hæstv. ráðherra gerði það ekki. Hæstv. ráðherra nefnir stimpilgjöldin og það má jú heyra á máli ráðherrans að hún telji að þetta sé óæskilegt gjald sem beri að afnema en talar um leið að þetta sé gjald sem afli tekna fyrir ríkissjóð, en þá verður hún að hafa í huga að við erum að tala um tekjur sem eru helmingi hærri en áætlaðar voru á fjárlögum. Í því ljósi hlýtur hæstv. ráðherra að vera mér sammála að þetta séu óréttlát gjöld sem beri að afnema, ekki síst þegar ríkið hefur raunverulega tekjur af sömu lánum þó að þau einungis flytjist á milli lánastofnana ef fólk skuldbreytir lánunum. Þetta er afar óeðlilegt og ég vænti liðsinnis hæstv. ráðherra í að breyta því.

Mér væri í mun að heyra hvort hæstv. ráðherra telji ekki að fara eigi fram formleg nefndaskipan í þessu sambandi með aðild aðila vinnumarkaðarins og að ekki sé nægjanlegt að hafa Seðlabankann einan í þessu máli.

[16:14]

Útbýting:

Ríkisútvarpið sf., 643. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 974.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, 644. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 975.

Sveitarstjórnarlög, 639. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 969.

Viðskipti fjármálaráðuneytisins og stofnana þess við ráðningarstofur, 579. mál, svar fjmrh., þskj. 960.

[16:15]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegur forseti. Undanfarið hefur mér verið hugleikið hvernig hægt væri að lækka fjármagnskostnað heimilanna í landinu og ná því sjálfsagða markmiði að vextir íbúðalána á Íslandi verði sambærilegir við það sem best gerist í nágrannalöndunum.

Við Íslendingar viljum oft aðeins það besta og teljum okkur framarlega í veröldinni þegar kemur að lífsgæðum og auðæfum okkar ríku þjóðar. Það hlýtur því að teljast eðlilegur metnaður fyrir íslenska stjórnmálamenn að berjast fyrir góðum lánakjörum fyrir umbjóðendur sína, fólkið í landinu, a.m.k. lánakjörum á við það sem best gerist í nágrannalöndum okkar. Margir hafa talið að eina færa leiðin til að lækka fjármagnskostnað heimilanna sé að innleiða erlenda samkeppni en hvort eða hvenær sú erlenda samkeppni kemur er aftur á móti óskrifað blað.

Nýlega var samþykkt frumvarp um breytingar á lögum um Íbúðalánasjóð þar sem lán sjóðsins voru m.a. hækkuð í 90% af brunabótamati íbúða. Vegna þessa og nokkurra annarra atriða sem varða fjármál heimilanna á Íslandi langar mig, virðulegur forseti, að koma með eftirfarandi innlegg í umræðuna.

Í fyrsta lagi vil ég nefna samanburð á lánakjörum BN-bank í Noregi við lánakjör á Íslandi. Nýlega festi Íslandsbanki kaup á BN-bank í Noregi. BN-bank er þekktastur fyrir þjónustu sína og fjármögnun á íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Því er athyglisvert að bera saman þau kjör sem BN-bank, í eigu Íslendinga, býður Norðmönnum í Noregi í samanburði við þau kjör sem bjóðast Íslendingum á Íslandi. Á vefsíðu BN-bank sem er, með leyfi forseta, bnbank.no má sjá hvaða kjör þeir bjóða viðskiptavinum sínum. BN-bank býður 2,95% breytilega vexti af 20 ára láni og 3,21% breytilega vexti af 25 ára láni. Á þessum lánum er engin verðtrygging, eins og það kallast, og meira til. Þar er ekkert uppgreiðslugjald, ekkert lántökugjald, ekkert stimpilgjald og engar kvaðir um frekari viðskipti við bankann.

Nú er rétt að staldra aðeins við og skoða hvað þetta raunverulega þýðir. Norsku kjörin kalla á 26 milljarða kr. vexti á ári af 850 milljörðum kr., sem fyrir skömmu voru skuldir íslenskra heimila. Íslensku kjörin kalla hins vegar á 79 milljarða kr. vexti og verðtryggingu, ef hún er reiknuð 4% eins og hún hefur að jafnaði verið undanfarin ár. Þarna munar 53 milljörðum kr. á ári, sem er eingöngu umframvaxtabyrði eða fjármagnsbyrði íslenskra heimila miðað við kjörin sem norskar fjölskyldur búa við. Í raun má óhikað segja, virðulegur forseti, að hver fjölskylda í landinu þurfi að afla aukalega 100 þús. kr. tekjum á mánuði til þess eins að standa straum af umframfjármagnsbyrðina, miðað við kjörin sem norskur banki í eigu Íslendinga býður frændum okkar í Noregi.

Ef svo fer sem spáð er, að gengisfall verði hér 5–15% á næstu missirum, en greiningardeildir allra banka hafa spáð svo þótt skilji á milli hvenær það nákvæmlega verði, má ætla að þegar það verður staðreynd bíði það lántakenda að verðtrygging lána muni hækka um helminginn af þeirri

upphæð. Ef gengisfall verður 15% mun verðtrygging lána hækka um 7,5% og það bara vegna gengisfellingar.

Það er brýnt að almenningur taki því ekki sem heilögum sannleik þegar spádómum og fullyrðingum frá bönkunum er varpað fram. Til að mynda sagði Björn Ingi Rúnarsson, hagfræðingur greiningardeildar Landsbankans, í Fréttablaðinu þann 3. september 2004 að til þess að óverðtryggð lán yrðu tekin upp í einhverjum mæli þyrftu menn að trúa á að stöðugleiki ríkti hér um langa hríð.

Virðulegur forseti. Gömul og úrelt rök eins og að íslenska krónan sé of lítill gjaldmiðill, að íslenskir bankar séu of smáir og að íslensku bankarnir fái ekki nógu góð lánakjör erlendis eru ekkert annað en firra. Það á ekki við nokkur rök að styðjast í dag. Fyrir það fyrsta er íslenskur banki orðinn einn sá stærsti á Norðurlöndunum. Í annan stað hafa íslenskir bankar afar gott lánstraust og í raun forskot á fjölmarga smábanka víða í hinum vestræna heimi, sem bjóða engu að síður lægri vexti og að sama skapi lán án verðtryggingar og virðast komast bærilega af. Það er engin tilviljun, virðulegur forseti, að bankarnir græddu 40 milljarða kr. árið 2004.

Ég minni á að hæstv. ráðherrar Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson hafa tönnlast á orðinu „stöðugleiki" í rúman áratug þegar talið hefur borist að efnahagsmálum. Ísland hefur það forskot, í skjóli mikilla náttúruauðlinda, öflugs menntakerfis, fjölbreytilegri viðskipta en áður og mikils mannauðs, að geta tryggt stöðugleika í efnahagsmálum um ókomna tíð.

Björn Ingi Rúnarsson frá Landsbankanum sagði í sömu grein, með leyfi forseta, að verðtrygging væri að „verða vinsælli erlendis". Ég átta mig ekki á hvað maðurinn er þar að tala um. Hvergi, svo ég viti til, er verið að taka upp verðtryggingu.

Þann 10. desember síðastliðinn birtust ummæli Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns KB-banka, í lesendabréfi Morgunblaðsins. Sigurður lýsti þeirri skoðun sinni, með leyfi forseta, að veikja þyrfti krónuna sem fyrst. Hann sagði að gengi krónunnar mundi lækka og það fyrr en talið hefði verið. Sigurður sagði að fólk ætti að varast að taka gengisbundin lán.

Þessi spádómur Sigurðar hefur enn ekki ræst og samkvæmt nýjustu fréttum er ekkert útlit fyrir annað en svartnætti í verðbólguspám Seðlabankans og Hagstofunnar. Fyrir hverja, virðulegur forseti, halda menn almennt að forstjórar bankanna tali þegar þeir koma fram opinberlega? Að sjálfsögðu tala þeir fyrir sig sjálfa og hina stóru vini sína, fyrst og fremst fyrir hluthafa í viðkomandi bönkum. Það er brýnt að íslenskur almenningur geri sér grein fyrir þeim kjörum sem bjóðast í nágrannalöndunum og taki afstöðu með því stjórnmálaafli sem er tilbúið að breyta þessum málum almenningi til hagsbóta um ókomna tíð.

Hæstv. forsætisráðherra tók undir með Sigurði Einarssyni í KB-banka í Morgunblaðinu þann 11. desember í fyrra. Hann taldi óráð fyrir heimilin að taka gengisbundin lán. Halldór sagði að tekjur heimilanna væru í krónum og ekkert væri því eðlilegra fyrir heimilin en að taka lán í íslenskum krónum. Hann sagði stöðugleika fram undan og taldi Seðlabankann hafa haft heilmikil áhrif á málin með hækkun stýrivaxta. Virðulegur forseti. Ekkert hefur breyst síðan nema kannski til hins verra.

Endurskoðandinn Halldór Ásgrímsson, hæstv. forsætisráðherra, las stöðuna ekki rétt og mun þurfa að gjalda þess á næstu missirum sem æðsti maður ríkisstjórnarinnar. Ef fram fer sem horfir munu fjöldauppsagnir og gjaldþrot framleiðslu- og útflutningsfyrirtækja aukast á þessu ári. Þó keyrði nú um þverbak á síðasta ári eins og flestir ættu að muna.

Í Fréttablaðinu þann 15. nóvember 2004 kemur fram að uppgreiðslugjald hjá Landsbankanum sé tæp 8% af 40 ára láni. Reyndar lækkar gjaldið um 0,2% á ári eftir því sem nær dregur samningslokum. NB-bank í Noregi býður lán með engu uppgreiðslugjaldi. Sami neytandi sem tekur lán, hvort sem um er að ræða hjá bönkum eða Íbúðalánasjóði, stendur einnig frammi fyrir því hróplega óréttlæti að greiða fyrir stimpilgjald, sem að mínu mati eru ótrúlegir fjötrar fyrir almenning sem eiga ekkert erindi við nútímann þar sem rafrænar skráningar hafa leyst af hólmi eldra snið sem varla nema elstu menn muna.

Ég held áfram máli mínu í seinni ræðu minni á eftir, virðulegur forseti.

[16:23]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum. Við erum ekki að ræða um stimpilgjöld, við erum ekki að ræða samkeppni á matvörumarkaði, við erum ekki að ræða um hækkun á húsnæði eða skattkerfið almennt, við erum að ræða um verðtryggingu á fjárskuldbindingum og ég ætla að halda mig við það.

Í greinargerð með frumvarpinu stendur að verðtryggingin sé oft tortryggileg í augum erlendra fjárfesta. Hún er greinilega ekki bara tortryggileg í augum þeirra heldur líka margra innlendra aðila líka, sem alltaf hafa haft horn í síðu verðtryggingarinnar af ýmsum ástæðum.

Verðtryggingin tekur áhættuna bæði af lánveitanda og skuldara. Í greinargerðinni stendur að hún taki eingöngu áhættu af lánveitanda en það er ekki svo vegna þess að laun hafa yfirleitt hækkað eins og verðlag, sem betur fer. Ef það gerðist ekki þá yrði ýmislegt fleira en bara greiðslur af lánum þungbært fyrir fjölskylduna, öll framfærslan yrði líka dýrari því að hún sem mundi hækka umfram laun. Við vonum að þeir tímar komi ekki. Þeir hafa ekki komið síðan núverandi ríkisstjórn tók við völdum. (**Gripið fram í:** Nei, aðeins fyrr.) Reyndar er það svo. Frá því að samstarf framsóknarmanna og sjálfstæðismanna tók við hafa launin alltaf hækkað meira en verðlag sem betur fer.

Hverjir eiga flestar verðtryggðar kröfur? Það eru aðallega lífeyrissjóðir landsmanna. Og hverjir skulda? Það er almenningur í landinu. Það er dálítið merkilegt, ef við tökum dæmi um íbúð sem kostaði 15 millj. kr. fyrir ári síðan þá kostar hún 17,5 milljónir í dag. Ef viðkomandi aðili hefði skuldað 10 millj. kr. fyrir ári síðan, sem er ósköp venjuleg skuld, 66% af eigninni en hún er að meðaltali 60%, þá skuldaði hann tæplega 10,5 milljónir í dag. Eignin hefur sem sagt hækkað um tvær milljónir umfram skuldirnar.

Allt tal um að verðtryggingin sé þungbær fyrir skuldara

er því út í hött, alla vega þegar meginhluti verðbólgunnar er vegna hækkunar á húsnæði. Ég vona að ég þurfi ekki að heyra það enn einu sinni, sem ég hef fengið að heyra undanfarin ár, að hækkun lána sé svo og svo mikil þegar hún er aðallega vegna hækkunar á húsnæði, sem stendur að baki lánunum.

Hér hefur komið fram að menn geti ekki tekið lán í erlendri mynt. Ég veit ekki betur en að Íslandsbanki bjóði slík lán. Ég man reyndar ekki hverjir vextirnir eru en þeir eru mjög lágir og þeir eru óverðtryggðir. Þeir eru bara í þeirri mynt. En auðvitað taka menn gengisáhættu og ég veit ekki betur en að menn geti tekið óverðtryggð lán ef þeir kæra sig um. Það er ekkert sem bannar það. Það er ekkert sem bannar að veita og taka óverðtryggð lán, það er valkvætt. Menn geta tekið lán óverðtryggt, menn geta tekið gengistryggt lán og menn geta tekið verðtryggt lán.

Varðandi það að hagnaður bankanna sé vegna vaxtamunar þá er það alls ekki svo. Hagnaður bankanna, þessi gífurlegi hagnaður, er vegna sölu á hlutabréfum að mestum hluta. Vaxtamunurinn hefur varið hratt lækkandi.

Séu ársskýrslur Seðlabankans skoðaðar sést, eins og kom fram í máli flutningsmanns, að verðtryggð lán hafa löngum, yfirleitt alltaf, verið ódýrari fyrir skuldara en óverðtryggð lán. Raunvextir af verðtryggðum lánum eru lægri enda er það eðlilegt þar sem verðtryggingin tekur áhættu, bæði af lánveitanda og lántakanda. Þess vegna er þessi tillaga mjög undarleg. Hún er mjög undarleg í ljósi þess, sérstaklega af því að menn eru ekki að tala um hvort eigi að afnema verðtrygginguna heldur að það eigi að afnema hana, tillagan gengur út á það. Greinargerðinni lýkur með þeim orðum, með leyfi herra forseta:

„Einnig er lögð áhersla á að skoðað verði að heimila að lántakendur hafi val um lánskjör með og án verðtryggingar." Þetta er til í dag en þeir vilja taka verðtrygginguna af.

Það getur vel verið að einhverjum líki ekki að lántakendur komist í ódýr lán. Það getur vel verið að einhverjum sé illa við skuldara og vilji að þeir borgi hærri vexti. En ég er ekki í þeim hópi. Ég vil halda verðtryggingunni áfram á meðan hún skaðar engan og hún gerir það ekki. Hún tekur áhættu af lífeyrissjóðunum þannig að ég sé ekki af hverju menn ættu að afnema hana, sérstaklega af því að hún skiptir sífellt minna máli, þegar verðbólgan er jafnlítil og hún er í dag.

Það væri spurning, herra forseti, hvort ekki ætti að umorða þessa tillögu og segja: Tillaga til þingsályktunar um hvort afnema eigi verðtryggingu á fjárskuldbindingar. Þá getur vel verið að ég vildi skoða það, kosti og galla. Ég er nærri viss um að kostirnir yrðu umtalsvert meiri við verðtryggingu, sérstaklega fyrir skuldara sem sumir þykjast bera umhyggju fyrir.

[16:29]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gleðst yfir ummælum hv. þm. Péturs Blöndals, sem kemur frá Sjálfstæðisflokki, að honum þyki nú vert að skoða kosti þess og galla hvort afnema eigi verðtryggingu á Íslandi eða ekki. Hitt er annað, það stendur klárlega í þessari tillögu að það á einmitt að skoða kosti þess og galla hvort afnema eigi verðtrygginguna. Ef hv. þingmaður skoðar málið frekar kemur í ljós að hér er um nefndarskipan að ræða, tillögu til nefndarskipanar sem á að skoða þessi mál til hlítar.

Spurningin sem ég vil leggja fyrir hv. þm. Pétur Blöndal er þessi:

Ég kom inn á það í ræðu minni áðan að af 850 milljörðum er vaxtabyrði norskra fjölskyldna miðað við kjör sem BN-banki í Noregi býður, sem er í eigu Íslendinga, Íslandsbanka, um 26 milljarða kr. Vextirnir eru breytilegir, án verðtryggingar, stimpilgjalda o.s.frv. Þeir eru frá 2,85% upp í 3,21% eftir lánstíma. Ef við heimfærum aftur á móti þessa sömu tölu, virðulegi forseti, 850 milljarða miðað við þau kjör sem bjóðast Íslendingum í dag bæði hjá fjármálastofnunum á markaði sem og Íbúðalánasjóði ásamt þeirri meðalprósentu sem hefur verið hér á verðtryggingu undanfarin ár, sem eru 4%, þá kemur í ljós að fjármagnsbyrði íslenskra heimila af sömu tölu eru 79 milljarðar. Þarna munar 53 milljörðum ísl. kr. Þetta eru tölur sem ég hef undir höndum, herra forseti, og set óhikað fram.

Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. Pétur Blöndal:

Hver er helsta ástæðan fyrir þessari þungu fjármagnsbyrði íslenskra heimila umfram það sem þekkist til að mynda hjá frændum okkar í Noregi?

[16:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þingmanni að vextir eru almennt séð mjög lágir í heiminum í dag, en þeir eru hins vegar breytilegir. Þeir miðast yfirleitt við Libor eða Reibor eða hvað það nú er, sem eru grunnvextir á hverju markaðssvæði. Þeir vextir geta hækkað. Og þeir hafa hækkað. Þá hækkar að sjálfsögðu skuldabyrði heimilanna líka. Þar kemur því inn í ákveðin verðtrygging, herra forseti.

Að sjálfsögðu hafa vextir hér á landi löngum verið miklu hærri en erlendis, miklu hærri, vegna þess að við erum með mikla eftirspurn eftir lánsfé og hingað til hefur verið takmarkað framboð. Það var fyrst sl. sumar sem við upplifðum það að vextir lækkuðu umtalsvert og ekki er séð fyrir endann á þeirri vaxtalækkun. Auk þess sem þeir sem vilja geta tekið núna gengistryggð lán í evrum eða norskum krónum jafnvel ef þeir kæra sig um, með vöxtum sem eru ekki miklu hærri en það sem hv. þingmaður nefndi. Þá að sjálfsögðu taka þeir gengisáhættu. Það er spurning hvort menn vilja það. Ég mundi ekki ráðleggja neinum manni að gera það nema í litlum mæli, kannski 25% af heildarlánveitingum.

Vextir hafa verið miklu hærri hér á landi vegna þess hvað fjármagnskerfið er einangrað og hvað eftirspurn er mikil og hvað eyðslugleði manna er mikil og sparnaðarvilji er lítill. Það er vonandi að breytast, a.m.k. hefur komið mikið framboð af lánsfé og vextir fara hratt lækkandi.

[16:33]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal ágæt svör. Þó er ég ekki fullkomlega sáttur þar sem hann talar um Ísland sem einangrað fyrirbæri í efnahagslífinu. Reyndar sagði hann í lokin, herra forseti, að þetta væri nú allt saman að breytast og finnst mér sem hv. þingmaður sé kominn á

þá braut að vilja skoða þessi mál til hlítar og vona ég að félagar hans úr Sjálfstæðisflokknum taki hann til fyrirmyndar í þeim efnum því að greinilega er um aukna fjármagnsbyrði íslenskra heimila að ræða miðað við það sem gerist í nágrannalöndunum.

Við erum sammála í því, ég og hv. þingmaður, að efnahagslífið er að breytast. Fjölbreyttari iðnaður er staðreynd á Íslandi í dag miðað við það sem áður þekktist þar sem sjávarútvegur var þorrinn af útflutningstekjum okkar. Í dag er möguleiki á því að ná fram stöðugleika sökum þessa.

Í Noregi aftur á móti, úr því það var umræðuefni hér áðan, hefur stöðugleiki ríkt að undanförnu. Sökum mikilla náttúruauðlinda og fjölbreytileika í hagkerfi Noregs geta menn tekið lán án verðtryggingar á lágum vöxtum, þó breytilegum, án þess að tefla sjálfum sér í voða.

Því leyfi ég mér aftur að spyrja hv. þingmann: Er ekki möguleiki, herra forseti, að það sé íslenskum fjölskyldum til farnaðar í ljósi þess að stöðugleiki sé að komast á í íslensku efnahagslífi, að taka ógengistryggð lán á breytilegum vöxtum með þá trú sem þó stjórnarliðar vilja hafa á efnahagslífinu í farteskinu?

[16:34]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að vextir um allan heim séu mjög lágir nú sem stendur og Libor-vextir séu mjög lágir man ég þá tíð að þeir fóru upp í 7–8%. Þá held ég að mundi nú kveða við annan tón hjá sumum sem væru kannski með 2% vaxtaálag ofan á þá vexti, að fara að borga 10% af upphæðinni, af allri lánsupphæðinni á hverju ári. Þá færi að hvína í sumum. Þau lán sem veitt eru erlendis eru nefnilega með dulinni verðtryggingu að þessu leyti.

Svo vil ég undirstrika að verðtryggð lán á Íslandi hafa ætíð — ætíð — verið ódýrari en óverðtryggð fyrir skuldarann. Ef frá eru talin örfá verðbólguskot sem hafa komið undanfarið í stuttan tíma þá hafa þessir vextir ætíð verið lægri. Ef menn hugsa um hag skuldaranna ættu menn að viðhalda verðtryggingunni.

Varðandi það að þetta fjalli um kosti og galla verðtryggingar, þá stendur síðast í greinargerðinni, með leyfi herra forseta:

„Flutningsmenn telja að fyrsta skrefið sé að gera þá úttekt sem hér er lögð til og áður hefur verið lýst og að gerðar verði áætlanir til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur Seðlabankans um verðbólguspá."

Þetta er sem sagt tillaga eins og stendur í fyrirsögninni: Tillaga til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum. Þetta er ekki spurning um neitt annað. Menn eru ekkert að skoða kosti og galla. Ég væri til í að skoða tillöguna ef hún héti: Tillaga til þingsályktunar um hvort afnema eigi verðtryggingu á fjárskuldbindingum, þá getum við rætt kosti og galla og jafnvel hætt við ef það skyldi nú koma í ljós, sem ég er nærri viss um, að verðtryggingin sé skuldurum hagstæðari. Svo getur vel verið að einhverjum sé illa við skuldara.

[16:36]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist af viðbrögðum hv. þm. Péturs Blöndals að ekki vanti mikið upp á að allir flokkar á Alþingi séu orðnir sammála um þá tillögu sem ég mælti fyrir. Ef það hjálpar hv. þingmanni eitthvað að setja inn í fyrirsögnina að skoða kosti og galla afnáms verðtryggingar á fjárskuldbindingum er mér það alveg að meinalausu vegna þess að tillagan felur það í sér. Hún segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að skipa nefnd sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum. Nefndin meti áhrifin til lengri og skemmri tíma á fjármálamarkaðinn og fjárskuldbindingar heimila og atvinnulífs og setji m.a. fram áætlun til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur Seðlabankans um verðbólguspá."

Ég trúi því að hv. þingmaður vilji nú hafa hönd í bagga með hvernig farið verður í þá endurskoðun sem viðskiptaráðherra boðaði og að leiðsögn komi frá þinginu um hvernig fara eigi í málið frekar en að gefa viðskiptaráðherra alveg sjálfdæmi um hvernig ráðherrann vill fara í það. Ég tala ekki um þegar hún er með Seðlabankann í þessu máli sem hefur verið tregur í taumi að breyta nokkru í þessu efni.

Ég vil líka leiðrétta það sem fram kom hjá hv. þingmanni að verðtryggð lán hafi ætíð verið hagstæðari, eins og hann nefndi fyrir utan fáein verðbólguskot, frekar en óverðtryggð lán. Ég er hérna með fyrir framan mig árið 2004 og þar kemur fram að fjórum sinnum á því ári voru óverðtryggð lán hagstæðari en þau verðtryggðu, í júní þar sem óverðtryggð lán voru 1,3% hagstæðari, ágúst þar sem þau voru 1% hagstæðari, september 0,6% og síðan í janúar 0,3%. Þetta er því ekki altækt og of mikil fullyrðing hjá hv. þingmanni að svo sé. Það er því full ástæða til að skoða þetta mál.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann telji eðlilegt að hafa bæði verðtryggingu á lánum og breytilega vexti þannig að bankarnir séu tryggðir í bak og fyrir með belti og axlabönd eins og sagt hefur verið, hvort ekki ætti að nægja að hafa verðtrygginguna en þeir þurfi ekki líka að hafa breytilega vexti.

[16:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef löngum verið sammála því að óeðlilegt sé að hafa breytilega vexti og verðtryggingu. En þetta eru ekki bankarnir. Það eru ekki bankarnir sem eru að græða á þessu, það eru lífeyrissjóðirnir sem eiga stærstan hluta af verðtryggðum eignum þjóðarinnar. Það getur vel verið að menn vilji að þeir græði ekki nógu mikið, að einhver slík hugsun sé að baki. Bankarnir taka vaxtamun og vaxtamunur á Íslandi hefur farið hratt lækkandi, mjög hratt lækkandi á síðustu árum í kjölfar samkeppninnar. Það er mjög jákvætt. Vaxtamunurinn er það sem bankarnir taka af lánum umfram það sem þeir greiða sparifjáreigendum.

Það er nú nokkuð langt gengið hjá hv. þingmanni að fara að tala um einstaka mánuði, að verðtryggingin hafi verið dýrari einstaka mánuði. Við erum að tala um langtímaáhrif, langtímalán. Það er bara fáránlegt og útúrsnúningur að fara að tala um að þetta sé dýrara einstaka mánuði

og ótrúlegt að hv. þingmaður skuli leyfa sér það.

Ef tillaga til þingsályktunar héti um hvort afnema eigi verðtryggingu og að nefndin ætti að leggja mat á það hvort eigi að afnema verðtryggingu eða ekki og kosti þess og galla, þá gæti vel verið að ég væri til í að skoða það, en ég vil líka fyrst fá mat á því hvað slík nefnd mundi kosta og hvað slíkt starf mundi kosta, því það er alltaf gott að fá meiri upplýsingar og slær kannski á þá tortryggni innlendra aðila á verðtrygginguna sem hefur nýst skuldurum mjög vel.

[16:40]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er með tveggja ára tímabil. Í tólf skipti eða í um helming af þeim tíma á þessum tveimur árum hafa óverðtryggðir vextir verið hagstæðari. Þetta er vissulega ekki langt tímabil en það gefur ákveðna vísbendingu um að fullyrðingar hv. þingmanns séu allt of miklar í þessu efni um það að segja að verðtryggð lán séu ávallt hagstæðari að undanskildum ákveðnum verðbólguskotum.

Ég fagna því vissulega að hv. þingmaður er þeirrar skoðunar að ekki eigi að vera bæði breytilegir vextir og verðtrygging. Ég vil nefna að Seðlabankinn sem hefur skoðað þessi mál segir hreinlega í úttekt sem hann gerði á þessu máli fyrir ekki alls löngu, árið 2003, í 2. hefti Peningamála, hann talar einmitt um hvað þetta sé hagstætt fyrir bankana að hafa bæði breytilega vexti og verðtryggingu og segir, með leyfi forseta:

„Vegna uppsegjanleika innlána er sennilega heppilegra fyrir lánastofnanir frá sjónarhóli áhættu og fjárstýringar að hafa breytilega vexti á verðtryggðum útlánum, einkum ef þau eru fjármögnuð með verðtryggðum innlánum."

Síðan segir í úttekt bankans, með leyfi forseta:

„Ekki er kveðið á um fasta eða breytilega vexti, enda hefur Seðlabankinn ekki beitt þeirri heimild í 1. mgr. 15. gr. laganna að ákveða, að fengnu samþykki ráðherra, að vextir verðtryggðra samninga skuli vera fastir."

Þeir gætu gert það með vísan í ákvæði núgildandi laga að ákveða það. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Það er mat Seðlabankans að ekki sé tilefni til að breyta þessum reglum nú, hvorki með því að innleiða nýjar hömlur né afnema þær sem fyrir eru."

Þetta segir okkur, af því við erum bæði sammála um það, ég og hv. þingmaður, að fara eigi í að skoða kosti og galla, að ekki sé ráð að láta þetta mál bara vera í höndunum á Seðlabanka eins og mér heyrist á viðskiptaráðherra. Þess vegna er ástæða til að samþykkja þessa tillögu þannig að fleiri aðilar komi að málinu, t.d. aðilar vinnumarkaðarins, Fjármálaeftirlitið og fulltrúar Samtaka og verðbréfafyrirtækja og að við hér á Alþingi setjum leiðsögn um hvernig eigi að ganga í þessa skoðun sem tillagan kveður á um.

[16:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Búið er að flytja æðimörg þingmál um afnám verðtryggingar í gegnum tíðina. Ég man fyrst eftir umræðu um mál af þessu tagi einhvern tímann á árinu 1992–1993. Þá voru nú ekki ómerkari flytjendur á því máli en Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi ráðherra og formaður Framsóknarflokksins. Síðan hafa komið fram þingmál hér, örugglega nokkuð oft.

Ég hef þá afstöðu til þessa máls og vil koma henni hér til skila sem er svona prinsippafstaða, að verðtrygging á fjárskuldbindingum sé óeðlileg. Í markaðsþjóðfélagi eins og við lifum í taka allir hlutir verð. Það er mjög óeðlilegt að taka fjármunina þar út úr með alveg sérstökum hætti eins og hér hefur verið gert. Það var út af fyrir sig skiljanlegt á þeim tíma er allir fjármunir hefðu brunnið upp og menn fundu ekki leiðir til að skapa verðmætunum pláss í viðskiptunum, en sá tími er löngu liðinn. Nú stjórna menn því ekki lengur hvaða verðmæti eru í umferð með sama hætti og gert var þá. Verðmætin sem eru í umferð eru kannski meira orðin til vegna væntinga en af því að það séu raunveruleg verðmæti sem haldi endilega gildi sínu. Þess vegna verður það svolítið undarlegt þegar menn finna og halda við leið sem færir upp skuldir hjá fólki í takt við verðbólguna. Aukið er á verðbólguskrúfuna með því að hækka skuldir fólks vegna þess að verðbólgan er við lýði.

Þetta er auðvitað ekki skynsamlegt. Það segir sig sjálft að bara það að taka verðtrygginguna af mun ganga í lið með okkur í glímu við verðbólguna í framtíðinni. Ég held að það sé ekki ofmetið að þar séu á ferðinni hlutir sem skipta virkilega máli.

En það verður nú að segjast eins og er að mér finnst horfa skár með það að menn taki á þessu máli núna en hefur áður verið úr því að a.m.k. þrír flokkar hafa sérstaklega ályktað um þetta. Ég met það svo að Vinstri grænir muni ekki þykja ólíklegir til þess að vilja að þessi verðskrúfa verði af tekin. Ráðherra hefur sett af stað skoðun á þessu máli og úr því að þetta mál sem hér er til umræðu núna er á leiðinni til meðferðar í þingnefnd þá hljóta að fara fram umræður og þar að verða kallað eftir upplýsingum um það sem er að gerast á vegum ráðherrans eða þeirrar nefndar sem ráðherrann ætlar að eða er búinn að setja af stað í þessu máli.

Ég held þess vegna að ástæða sé til þess að vera svolítið bjartsýnni á það núna en áður að það verði eitthvað úr því að endurskoða þetta. Ég tek undir það að Alþingi þarf að veita hér ákveðna leiðsögn og sú leiðsögn ætti að felast í því að klára þetta mál, sem hér er til umfjöllunar í nefnd og koma því áfram til seinni umræðu í sölum Alþingis.

Það er í sjálfu sér ekki svo mikið fleira sem ég vildi segja um þetta. Ég tel að hið agnarlitla hagkerfi sem við höfum hér sé mjög vandmeðfarið. Við þurfum að sæta því að búast við því að íslenska krónan skoppi upp og niður eftir dyntum þeirra sem hamast hér á mörkuðunum. Við getum ekki treyst því til framtíðar að hér verði stöðugt verðlag, einfaldlega vegna þess að sá gjaldmiðill sem við hér treystum á hefur ekki burði til þess. Það er nokkuð sem við höfum valið okkur og ég geri ekki ráð fyrir að það breytist á næstunni. En ég tel að full ástæða sé til þess að muna eftir því og það er fyrirkvíðanlegt eftir þá miklu viðbótarskuldsetningu heimilanna sem hefur orðið núna á undanförnum missirum eftir að var farið að lána meira út á fasteignir en áður, að vita af því að næsta stóra verðbólguskot mun skila sér í mjög auknum skuldum heimilanna, kannski meira en bara nokkru sinni áður vegna þessara auknu skulda.

Það er ekki eðlilegt að hlutirnir gerist með þessum hætti

og að þeir sem eiga eignir í samfélaginu skuli ekki sitja við sama borð gagnvart verðbólgunni sem geisar í þjóðfélaginu. Mér finnst þess vegna, þó ekki sé nema af prinsippástæðum, ástæða til þess að afnema verðtrygginguna þannig að hún verði ekki framkvæmd eins og nú. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir að aðilar geri samninga sín á milli um lánskjör. En það er ekki ástæða til þess að ríkið beiti sér fyrir verðtryggingu eins og raunverulega hefur verið gert í þessu samfélagi. Ég held að full ástæða sé þess vegna til þess að samþykkja þessa tillögu sem hér er til umfjöllunar og að farið verði í það núna að skoða þessi mál til enda, gera það vel og þá trúi ég því að niðurstaðan verði sú að menn vilji draga verulega úr eða hætta alveg þeirri verðtryggingu sem hefur verið hér við líði á undanförnum árum.

[16:50]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það sem er til umræðu hér, verðtryggingin á fjárskuldbindingum, hefur lengi verið á dagskrá. Menn hafa rætt um það allar götur frá því að þeir sáu fram á að verðbólgan gæti hjaðnað hér, við kæmumst út úr þeim voða sem vorum í, að það ætti að afnema hana.

Ég er einn af þeim sem hafa verið þeirrar skoðunar að æskilegt sé að afnema verðtrygginguna ef þess er kostur. Í þessari þingsályktunartillögu er lagt til að skipuð verði nefnd Fjármálaeftirlitsins, Seðlabankans, Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og aðila vinnumarkaðarins og þeir verði látnir athuga þetta.

Ég tel að allt sem er lagt til hér um að skoða og athuga liggi nú þegar fyrir. Til eru mjög margar lærðar ritgerðir um þetta fram og til baka og það liggur alveg fyrir hvaða álit þeir muni hafa sem eiga að skoða þetta, þ.e. fyrst og fremst Seðlabankinn og Samtök banka verðbréfafyrirtækja. Þeir munu koma með niðurstöðu sem mun vera á einn veg. Þrátt fyrir ýmsa kosti sem því eru fylgjandi að afnema þetta þá leggja þeir til að það verði ekki gert. Vitnisburður allra þessara aðila liggur alveg fyrir. Þeir telja það of áhættusamt og það mun verða niðurstaða nefndar eins og þeirrar sem hér er lagt til að verði skipuð. Það er alveg vitað mál.

Ef menn ætla í alvöru, herra forseti, að afnema eða reyna að afnema verðtryggingar og fara í það af alvöru eða a.m.k. minnka þær verulega þá er það gert með því að láta reyna á hvort pólitískur vilji sé til þess á Alþingi. Mér er nær að halda að hann sé nú óðum að skapast. Ég er ekki frá því að það geti myndast nokkuð þverpólitísk samstaða um að stefna í þau markmið, a.m.k. þannig að verðtryggingin væri þá einkaréttur ríkisins á ríkisskuldabréfum þannig að ríkið hefði þá þann kost umfram aðra.

Eins og ég sagði áður, herra forseti, hef ég verið þeirrar skoðunar að við ættum ekki að halda því áfram og líta á það sem náttúrulögmál að vera með verðtryggingarnar vegna þess að verðtryggingin var á sínum tíma sett til þess að við gætum lifað með verðbólgu— sá var tilgangurinn — alveg eins og við settum lög um verðbólguuppgjörin í fyrirtækjunum. Það var bara aðferð til að fyrirtækin gætu lifað við verðbólgu. Við erum búin að afnema uppgjörin og ég tel að það væri mjög hollt efnahagslífinu ef þessi verðtrygging minnkaði verulega. Ef hún væri í mjög miklu minni mæli en hún er þá mundu menn haga sér allt öðruvísi en þeir gera. Það sem mundi gerast fyrst og fremst er — það vitum við — að þá mundu lán styttast og vextirnir mundu bíta. Vextirnir virka ekki í mikilli verðtryggingu. Þeir hafa lítil áhrif. Þeir mundu hafa mikil áhrif um leið og við tækjum verðtrygginguna út.

Þrátt fyrir þetta vil ég segja, herra forseti, að ég tel nú brýnna í dag að taka annan vinkil á þessa umræðu um verðtrygginguna en þennan, þ.e. fyrst og fremst að reyna að átta okkur á því hvernig við mælum þessa verðtryggingu. Ég tel það mjög brýnt að skoða hvaða mælistiku við setjum á hana, þ.e. hvernig við förum að þessu. Nú stöndum við frammi fyrir ímyndaðri verðbólgu Seðlabankans sem fyrst og fremst stafar af verðbólgu í eignum, ekki í almennu verðlagi. Þetta er allt að elta skottið á sjálfu sér.

Ef menn vilja og trúa því að húsnæðisliðurinn eigi að vera í þessari mælingu þá ættu þeir með sömu rökum að hafa hlutabréfamarkaðinn og verð á hlutabréfum í þessum mælingum líka. En um leið og menn hugsa það veit ég að fáum eða engum mundi hugnast slíkt. Því er mjög brýnt að menn horfist í augu við hvað þeir eru að gera og að við förum í það nú þegar og það með lagabreytingum að hætta að mæla þetta þann veg sem við gerum. Það er stórhættulegt sem við erum að gera og þetta er meginorsökin fyrir því að peningastjórnin í landinu er núna stödd í þeim hafvillum sem menn mega gera sér grein fyrir.

Seðlabankinn hækkar stýrivexti vegna þess að hann metur það svo að verðþensla sé í landinu. Verðþenslan er eingöngu í eignum og þeir hækka aftur stýrivextina koll af kolli þannig að gengið hækkar og hækkar. Það er núna komið í, að ég held, 107. Ég held að það hafi verið 107 árið 2000 þegar þetta hrundi nú síðast. Við erum því að stefna hér í mjög miklar ógöngur einmitt vegna þess hvernig við mælum þetta. Ef við höldum svona áfram þá stafar efnahagslífinu mjög mikil hætta af þessu.

En það er hollt fyrir bankana, verðbréfafyrirtækin, að átta sig á því að með verðtryggingunni — og þess vegna vilja þau öll hafa verðtryggingu — eru þau í skjóli. Þau þurfa ekki að taka áhættu eins og þau yrðu að gera ef dregið yrði verulega úr þessu sem ég held að sé rétt. En þau vilja það ekki. Þau munu koma með rök gegn því aftur og aftur og mæla gegn því og Seðlabankinn mun verða þar fremstur í flokki. Þetta megum við vita.

Við höfum gengið mjög hart fram í því að afnema verðtryggingar á ýmsum öðrum þáttum eins og í launamálum. Það er algjörlega bannað að verðtryggja laun. Vegna hvers? Vegna þess að það eltir sjálft sig. Það eltir skottið á sjálfu sér og stóð einmitt fyrir þeirri spennu og þeirri verðmyndun sem leiddi okkur á glapstigu í efnahagsmálum. Eins hefur þetta sömu áhrif. Þetta er eins og gormur. Seðlabankinn er núna að elta skottið á sjálfum sér, upp, upp, upp, eins og gormur. Þannig mun það halda áfram þar til gengið hrynur. Það eina sem ekki má koma fyrir í íslenskum efnahagsmálum er það að það komi raungengi. En Seðlabankinn — ég tek það fram, herra forseti, að ég geri mér grein fyrir því að ríkisstjórnin ber ábyrgð á stefnu hans — er einmitt að framkvæma þetta. Það er mjög brýnt, herra forseti, að átta sig á því að seðlabankar Evrópu eru einmitt þessa mánuðina og missirin að gera sér grein fyrir því að það er mjög óeðlilegt að hafa eingöngu verðlagsmálin sem mælikvarða. Seðla-

bankar Evrópu eru allir að átta sig á því að það er bandaríska fyrirmyndin sem þeir eiga að fara eftir, þ.e. að hafa alla þættina inni í og horfa til hagvaxtarins í samfélaginu. Það mundi borga sig best. Þannig tryggjum við best stöðugleika, stöðugleika sem allir, fjármagnseigendur, launamenn og atvinnufyrirtæki, allir hefðu sama hag af því allir hefðu það sama markmið að reyna að standa vörð um raunhæft og stöðugt verðlag þessarar krónu, þessa gjaldmiðils sem við byggjum allt á.

[16:59]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa yfir sérstakri ánægju minni með þessa ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem mælti hér af talsverðu viti og enn þá meiri reynslu því að þess er skemmst að minnast að hv. þingmaður, þáverandi formaður Samtaka atvinnulífsins, varð þess valdandi með öðru góðu fólki, einkanlega frá verkalýðshreyfingunni og með atbeina þáverandi ríkisstjórnar Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Framsóknarflokks, að þjóðarsátt komst á og lagður var grunnur að því framfaraskeiði sem hefur mestan part staðið síðan. Eitt meginatriði þeirrar þjóðarsáttar var einmitt að fá fólk til að trúa því að sú verðbólguóáran sem stóð allan níunda áratuginn væri ekki eitthvert náttúrulögmál sem Íslendingar þyrftu að búa við um aldur og ævi. Það tókst að verulegu leyti. En eftir sem áður, eins og hv. þingmaður rakti skilmerkilega, eru angar þessarar fyrrum efnahagsstjórnar enn til staðar í efnahagskerfi okkar, þar á meðal verðtryggingin. Eins og hann rakti og benti réttilega á er hún eingöngu til staðar í tilteknum þáttum efnahagskerfis okkar og þá einkanlega hvað varðar verðtryggingu á lánsskuldbindingar einstaklinga. Þess vegna fagna ég því alveg sérstaklega að þessi sérfræðingur Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum skuli tala jafnafdráttarlaust og hann hefur gert hér og styðja þessa tillögu. Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að mér sýnist af einfaldri talningu og án allrar verðtryggingar að um það bil 70% þingheims styðji tillöguna og séu áfram um það að við gerum efnahagskerfi okkar Íslendinga sambærilegt því sem gerist og gengur í nágrannalöndum okkar, en við tölum ekki bara þannig á hátíðisdögum.

[17:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég tók fram sé ég enga ástæðu til annars en að styðja í sjálfu sér þingsályktunartillöguna. Ég benti hins vegar á að hún væri ákaflega lin að því leyti að það ætti að skipa þarna nefnd Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og bankanna til að komast að niðurstöðu sem við vitum fyrir fram hver er. Þeir eru á móti vegna þess að þeir munu aldrei þora þessu.

Ég brýndi fyrir öllum í ræðu minni að verkefni Alþingis væri að láta reyna á hvort meiri hluti væri fyrir því að afnema raunhæft þessa verðtryggingu í áföngum þannig að hún væri ekki stærri hluti hér en gengur og gerist í öðrum löndum og þá fyrst og fremst með því að ríkið hefði kannski einkaleyfi á henni. Ég tel ákaflega brýnt og nauðsynlegt að menn hugsi þá hugsun og geri sér grein fyrir því að tímar hennar gætu verið taldir. Ég held að það sé ákaflega brýnt, herra forseti, að bæði fjármagnseigendur og þeir sem meðhöndla fjármagn, þ.e. verðbréfafyrirtækin og bankarnir, átti sig á því að um það er að ræða að menn verða allir að hafa sömu hagsmuni af því að standa vörð um gjaldmiðilinn íslenska. Allir hafa sömu hagsmuni og geta velt fyrir sér í hvaða farveg við munum þá fara. Menn munu segja: Það hlaupa allir yfir í erlendan gjaldmiðil, lánin verða þá þannig. Það getur vel verið að menn geri það um tíma en ég er sannfærður um að heildarhagsmunir efnahagslífsins verði hinir, að allir standi vörð um hina íslensku krónu. Þannig getur hún vonandi orðið nothæf mynt, mynt sem við getum verið stolt af og treyst öll sem eitt.

[17:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna fyrri hluta andsvars hv. þingmanns sem var í þá veru að hann hvatti þingheim til að bæta í og gera þessa tillögu enn afdráttarlausari og skýrari en hún er. Ég held að það séu öll tök á því máli í þeirri nefnd sem um það mun fjalla, væntanlega efnahags- og viðskiptanefnd. Ef það er eins vaxið og ég var að gefa mér áðan, og hef ekki ástæðu til að ætla annað, að stór meiri hluti þingheims styðji þessa meginhugsun, get ég ekki ímyndað mér að það standi á nefndinni og síðan hinu háa Alþingi að afgreiða málið fljótt og vel fyrir vorið og þá með skýrari og afdráttarlausari hætti, með hreinum fyrirmælum til þeirrar nefndar sem um ræðir, um hvernig haga beri vinnunni.

Ég neita að trúa öðru en því að hv. þingmaður, sérfræðingur Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum, tali fyrir hönd meiri hluta þingflokks síns, ekki síst vegna þess að hv. þm. Pétur H. Blöndal talaði áðan í eilítið aðra veru. Hann er vanur því að vera alltaf á ská og skjön við þingflokk sinn og þá finnst mér það liggja í augum uppi að meiri hluti þingflokks Sjálfstæðisflokksins sé á sömu skoðun og þingflokkar annarra stjórnmálaflokka á hinu háa Alþingi. Það styttist í að þessu markmiði verði náð.

Ég tek undir það að mest er um vert að hugarfarið nái að festa rætur, að menn trúi á það að stöðugleikinn og sambærileg lögmál og sambærileg ytri og innri skilyrði ríki á Íslandi og annars staðar.

Hvað varðar síðari hluta ræðu hv. þingmanns um gengismálin þarf ég lengri tíma en hálfa mínútu til að fara yfir þau mál. Ég held að ýmsar leiðir séu færar í þeim efnum og ég vildi gjarnan, sem tengist þessu ekki beint, að menn skoðuðu til að mynda upptöku evrunnar í því sambandi sem líka mun auka á þennan stöðugleika.

[17:05]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu alrangt hjá hv. þingmanni að ég tali fyrir hönd þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Ég er að tala á mínum eigin forsendum. Þessar skoðanir mínar um að við megum ekki festast í verðtryggingunni og verðum að nota íslensku myntina eins og aðrir eru skoðanir sem ég hef haft alla tíð, hef sagt þær opinberlega í á annan áratug, hélt því fram strax 1990 og 1991 að við ættum að stefna að því að komast út úr þessu um leið og verðbólgukófið væri farið. Þetta eru bara einkaskoðanir mínar sem ég hef látið í ljósi mjög oft bæði í ræðu og riti.

Ég gat þess líka áðan, herra forseti, að ég teldi þó miklu meira um vert að við skoðuðum í dag hvernig verðtryggingin er reiknuð. Þar er mjög alvarleg villa á ferðinni sem mun afvegaleiða hagstjórnina og er nú þegar farin að afvegaleiða hana. Ég er þeirrar skoðunar að Seðlabankinn þurfi að snúa við blaðinu, nú þegar þurfi að lækka vexti og reyna að komast í jafnvægisstöðu þannig að vextir á Íslandi verði mjög svipaðir og í Evrópulöndunum. Það getur verið rétt hjá Seðlabankanum að stefna að því að binda okkur að einhverju leyti við evruna, líkt og Danir gera, það getur verið leið, a.m.k. þessi missirin og þessi árin. Að verða hluti af evrunni gerist aldrei vegna þess að það kostar fyrst og fremst að við göngum í Evrópusambandið og það ætlum við aldrei að gera. Þótt við ætluðum að gera það tæki það ein átta ár, að ég ætla, þannig að það eru ekki viðbrögð við vandamálum dagsins að benda á slíkt.

[17:07]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka innlegg hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar í þetta mál. Ég tel það mikilvægt og það kemur mér mjög skemmtilega á óvart hve mikill stuðningur kemur fram í þingsölum við það að stíga skref í að afnema verðtryggingu á fjárskuldbindingum. Ég bjóst satt að segja ekki við því að þingmenn Sjálfstæðisflokksins tækju undir það. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er einn helsti sérfræðingur Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum og talar yfirleitt fyrir varfærni þegar efnahagsmálin og verðbólguþróunin eru annars vegar og því er mikilvægt að fá innlegg hans í þetta mál.

Okkur er auðvitað nokkur vandi á höndum um hvernig eigi að samræma skoðanir manna í þessu efni ef þeir vilja ná saman um tillöguna sem ég held að sé hægt. Ég held að það eigi að skoða það sem hér liggur fyrir um hvaða leiðir við eigum að fara í þessu efni. Ekki liggur fyrir allt það sem lagt er til í þessari tillögu um að settar verði fram áætlanir til nokkurra ára um afnám verðtryggingar miðað við mismunandi verðbólgustig og forsendur. Í það þurfum við að fara.

Ég vil líka taka undir hitt með hv. þingmanni að það er áhyggjuefni hvernig staðið er að mælingu verðbólgunnar. Það er ekki bara húsnæðisliðurinn eins og hv. þingmaður nefndi, heldur getum við nefnt nýleg dæmi eins og bensínhækkunina sem stóð í fjóra eða fimm daga um síðustu mánaðamót. Hún mældist verulega inni í vísitölunni en þeir drógu hana til baka, Essó-menn og þeir sem stóðu að þessari hækkun — var það ekki Shell líka? Ég held reyndar að það hafi verið allir aðrir en Atlantsolía. Hækkunin var svo dregin til baka eftir 4–5 daga en hafði samt þessi áhrif á vísitöluna þannig að ég tek undir með hv. þingmönnum að það þurfi að skoða.

Ég spyr hv. þingmann: Hver er skoðun hans á því að bæði séu í gangi breytilegir vextir og verðtrygging? Er það ekki eitthvað sem hv. þingmaður er ósammála og telur að þurfi að breyta?

[17:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Því er auðsvarað. Það að vera bæði með verðtryggingu og breytilega vexti er eins og maður sem notar belti og axlabönd og vill hafa snærisspotta líka. Það er mikil oftrygging í því, náttúrlega hreinn dónaskapur og bara kjánalegt að láta það viðgangast. Það er seðlabankasök að ekki sé búið að koma í veg fyrir slíkt.

Aðalatriðið að mínum dómi er að menn átti sig á því hversu brýnt er að komast út úr þessu og þá held ég að aðferðafræðin við að reikna verðið og verðþensluna hljóti að koma mjög fljótlega til skoðunar. Við sjáum dæmið núna, hvernig það virkar að vera með húsnæðisliðinn inni. Aðrar þjóðir í Evrópu eru yfirleitt ekki með húsnæðisliðinn inni og það er einfaldlega vegna þess að allir eru sammála um að það orki tvímælis hvernig það skuli gert. Þess vegna vilja menn ekki vera með þetta. Það er þess vegna sem enginn er með þetta og þess vegna ætti að vera tiltölulega auðvelt fyrir íslensk stjórnvöld að standa fyrir þeim lagabreytingum sem þarf að gera svo að við höfum þetta ekki svona.

Við ofmælum þetta og við ofmetum hvaða þensla er í gangi. Það er verðþensla í eignum, gríðarleg verðþensla í eignum á sama tíma og verðlagið er mjög kyrrt. Þær litlu verðlagsbreytingar sem eiga sér stað í viðskiptalöndum okkar munu hvort sem er alltaf koma til Íslands. Það þýðir ekkert að búa til múra í kringum Ísland og segja: Við ætlum ekki að taka inn verðlagsbreytingar frá útlöndum. Þær munu alltaf hafa áhrif. Aðalatriðið fyrir okkur er að verðlagsbreytingarnar séu svipaðar hér og erlendis þannig að við séum nokkurn veginn á sama róli og þar. Þá er samkeppnishæfni framleiðslu okkar svipuð og í kringum okkur.

[17:11]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, þetta með hvernig við eigum að mæla verðbólguna og að hún sé ofmæld og afvegaleiði hagstjórnina — við höfum farið yfir þetta í efnahags- og viðskiptanefnd, m.a. með forustumönnum á Hagstofunni, um hvort eðlilegt sé að húsnæðisliðurinn sé þarna inni eins og hv. þingmaður nefndi. Forustumenn Hagstofunnar fundu því allt til foráttu að taka húsnæðisliðinn út þannig að mér finnst að hv. þingmaður eigi að eiga tal við hagstofustjóra og fólk hans í því sambandi. Þeir fundu málinu allt til foráttu.

Ég fagna því sem hv. þingmaður sagði um að það sé óeðlilegt að saman fari breytilegir vextir og verðtrygging. Ég er honum hjartanlega sammála um að hér er um oftryggingu að ræða. Hreinlega er verið að svína á skuldurum með þessu móti og það hefur komið fram hjá fleiri þingmönnum í dag að þeir telja óeðlilegt að þetta geti farið saman.

Það er samt svo að Seðlabankinn hefur gefið út álit sitt í þessu efni, telur þetta eðlilegt og að engu þurfi að breyta.

Ég spyr hv. þingmann líka um það sem ég tel afar óeðlilegt og menn þurfa einhvern veginn að ná saman um, þessa háu dráttarvexti í verðbólgu sem er þó ekki meiri en við höfum haft að undanförnu. Við búum við 20% dráttarvexti. Þeir sem eru skuldugir og geta ekki staðið við skuldbindingar sínar þurfa að greiða 20% dráttarvexti og það er Seðlabankinn sem ákveður þá. Ég hefði haft mjög gaman af því að heyra álit hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar hvað það varðar. Ég held að við þurfum að sammælast um leið til að lækka dráttarvextina.

Ég held að það sé alveg grundvöllur fyrir því, virðulegi forseti, að þessi tillaga verði samþykkt. Ég held að þingmenn allra flokka og efnahags- og viðskiptanefnd eigi að leggjast yfir það hvernig við viljum hafa tillöguna og hvaða leiðbeiningar þingið vill gera í þeirri endurskoðun sem ég held að hér sé meiri hluti fyrir að fari fram (Forseti hringir.) að því er varðar almennar verðtryggingar á fjárskuldbindingum.

[17:14]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hagstofa Íslands er sú stofnun íslenskra stjórnvalda sem kannski nýtur hvað mestrar virðingar langt fyrir utan landsteinana. Þar er gríðarlega fært fólk, hún stendur á gömlum merg og öll vinna hennar þykir mjög til fyrirmyndar, samanber íslensku þjóðskrána. Eigi að síður eru það ekki starfsmenn Hagstofunnar sem eiga að ráða því hver aðferðafræðin er við þessar mælingar. Það er fyrst og fremst hinn pólitíski vilji sem segir það. Við höfum rökin, þau liggja alveg fyrir. Aðrar þjóðir mæla þetta ekki vegna óvissunnar sem það veldur. Það er hægt að mæla þetta á marga vegu og orkar svo mjög tvímælis þannig að við höfum öll rök til þess að fara fram með skoðanir okkar og meiningar.

Ég vil líka segja, herra forseti, að löngum hefur það verið þannig að þegar ég hef rætt um þann góða banka Seðlabankann og gagnrýnt hann hefur það oftast nær verið talið hálfgert guðlast, það væri ekki við hæfi að sá banki væri gagnrýndur á Alþingi. Ég tel hins vegar full rök fyrir því að löggjafarþingið ræði störf Seðlabankans, viðhorf hans og sjónarmið og hafi fullan rétt til að deila á það sem gert er og setja fram önnur sjónarmið. Sú vaxtastefna Íslands sem hefur lengi verið hér er okkur til töluverðrar minnkunar. Þetta er ofmat á því hvaða áhrif þetta hefur, þetta er rangt og við ofmetum í öllu tilliti hvað við getum stjórnað þessu landi með vöxtum. Það hefur margsannað sig, það er mjög mikið ofmat á því. Það væri gríðarlega æskilegt fyrir alla efnahagsþróunina að við tækjum lögin um Seðlabankann til endurskoðunar og tækjum þá fleiri markmið inn en núna eru í lögunum.

[17:16]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti Vegna þeirrar stefnu sem umræðan hefur tekið finnst mér ég þurfa að taka aftur til máls. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að hann væri á móti verðtryggingu. Ég skil þau sjónarmið fullkomlega því lánin mundu styttast og vextirnir bíta ef ekki væri verðtrygging. Ég er ekki viss um að þeir sem tala fyrir þingsályktunartillögunni sjái þann flöt fyrir sér. Mér sýnist þeir aðallega tala fram og til baka um hagsmuni skuldaranna og vilji þeim allt hið besta. Ég sé ekki að það séu hagsmunir skuldaranna ef lánin styttast verulega og vextirnir bíta, en ég get alveg tekið undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að það sé skynsamlegt fyrir hagstjórnina. Ég er nú einu sinni þannig gerður að ég hugsa um hag skuldaranna líka og þess vegna vil ég hafa óbreytt kerfi.

Í mörgum löndum þar sem er ekki verðtrygging er gerviverðtrygging í því formi að menn eru með breytilega vexti sem byggja á Libor- eða Reibor-vöxtum hér á landi, þ.e. menn nota markaðsvexti í þjóðfélaginu sem grunn undir þá vexti sem teknir eru á óverðtryggðum lánum. Þetta er ekkert annað en verðtrygging, reyndar stundum svona og stundum hinsegin. Markaðsvextir fara yfirleitt nokkurn veginn eftir verðbólgu og eru eilítið þar fyrir ofan, að sjálfsögðu. Þar er því komin inn verðtrygging og hún er um allan heim. Og vegna þess hve verðbólga er lítil og mikið framboð af peningum um allan heim eru vextir núna lágir, Libor-vextirnir eru mjög lágir en þeir hafa hækkað og hafa verið hærri áður og munu hækka einhvern tíma.

Frummælandi málsins, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, talaði um að dráttarvextir væru mjög háir. Þeir eru að sjálfsögðu mjög háir en ég bendi á að dráttarvextir eru á vanskil og vanskil eru ekki eðlilegt ástand. Menn eiga ekki að lenda í vanskilum. Þegar menn taka lán lofa þeir að borga ákveðna upphæð í hverjum mánuði og það eiga menn að gera. Þeir eiga að standa við samninginn sem þeir gerðu. Sem betur fer eru vanskil að minnka og þar með dráttarvextir og ég vona að það heyri að jafnaði sögunni til.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði um hvernig verðbólgan er mæld og þó að það sé kannski ekki alveg tengt málinu er það samt nokkuð tengt því, því hún er grundvöllur verðtryggingar. Ég vildi gjarnan ræða það enn einu sinni af því að ég hef sömu áhyggjur og hann af því hvernig verðbólgan er mæld og hef sagt það áður í ræðustól.

Síðastliðið sumar bauð KB-banki skyndilega miklu lægri vexti á lán til íbúðakaupa. Þetta þróaðist út í að það er lánað 100% og miklu lægri vextir sem ég hefði talið í einfeldni minni að væru til hagsbóta fyrir íbúðareigendur og mundi lækka húsnæðiskostnað. Það gerist ekki. Þetta er metið sem stórhækkun á húsnæðiskostnaði vegna þess að í kjölfarið hækkar íbúðaverð, sem hafði reyndar hækkað áður, þ.e. hækkunin á íbúðaverði hélt áfram.

Hv. efnahags- og viðskiptanefnd hélt sérstakan fund um þetta og fékk fulltrúa Seðlabankans og Hagstofunnar á fund sinn. Þar var farið ítarlega í gegnum hvernig hagsbótin til heimilanna komi fram sem hækkun á húsnæðiskostnaði í vísitölunni. Ég verð að segja eins og er að ég er ekki alveg fullkomlega sáttur og sannfærður við þær aðferðir sem Hagstofan notar til að meta hvernig heimilin í landinu hafa tapað eða grætt á breytingunni. Ég tel að húsnæðiskostnaðurinn sé ofmetinn í verðbólgunni, hann hafi lækkað vegna lækkandi vaxta, meira en Hagstofan gerir ráð fyrir.

Fram kom líka á fundinum að Seðlabankinn telur sér ekki heimilt að gera neinar athugasemdir við hvernig Hagstofan reiknar út vísitölu sína. Honum kemur það ekkert við, hann á ekki að hafa á því skoðun og hann tekur þær tölur hráar sem þaðan koma, þannig að þegar Seðlabankinn sér að verðbólgan er 4,5% með húsnæðiskostnaði og 2,3% án húsnæðiskostnaðar tekur hann 4,5%, en ekki 2,3%, sem væri mjög vel innan þeirra marka sem hann hefur sett um verðbólgu. Hann hækkar vextina á grunninum frá Hagstofunni og það veldur stórhækkun á gengi krónunnar og stórlækkun á gengi erlendra mynta og hefur valdið atvinnulífinu í landinu ómældum vandræðum.

Ég vil enn einu sinni beina því til Hagstofunnar að hún yfirfari reikninga sína og athugi hvort raunverulega sé verið

að meta þá hagkvæmni sem heimilin í landinu fengu af lækkandi vöxtum sl. sumar og hvort það geti verið að húsnæðiskostnaðurinn hafi vaxið þegar heimilin fengu slíka kjarabót sem er umtalsverð. Ég hef farið í gegnum það. Um 85% af heimilum taka ekki lán. Einhverjir hafa skuldbreytt sér til mikilla hagsbóta og sá húsnæðiskostnaður sem hefur lækkað er ekki tekinn inn í myndina þegar menn skuldbreyta lánum og geta jafnvel keypt bíl fyrir mismuninn. Það er ekki tekið inn í dæmið að vextir hafi lækkað nema að litlu leyti og mjög seigfljótandi og það er ekki tekið mið af því að fólk getur ekki lengur ávaxtað eigið fé sem bundið er í íbúðunum með sama hætti og áður, þ.e. þeir vextir á eigið fé hafa lækkað en þeir eru alltaf fastir í útreikningum Hagstofunnar.

Ég vil að hagstofumenn skoði nákvæmlega hvernig þeir reikna vísitöluna vegna þeirra geigvænlegu áhrifa sem það hefur á ákvörðun Seðlabankans um hækkun á vöxtum. Einhvern tíma mun væntanlega íbúðarverð lækka, þá lækkar verðbólgan mjög hratt og þá þarf Seðlabankinn væntanlega að lækka vexti og verður gaman að vita hvað gerist þá.

[17:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ræðu hv. þingmanns vil ég taka fram þannig að ekki fari á milli mála að meiningar mínar um að þörf væri á því og hollt væri að reyna að komast út úr verðtryggingunum eru ekki vegna hagsmuna skuldara heldur vegna þess að ég er sannfærður um að verðtryggingin gefur þjóðfélaginu falskt öryggi. Ef við hefðum hana í miklu minna mæli en við höfum mundu menn haga sér öðruvísi og af meiri ábyrgð.

Við tryggjum hagsmuni skuldaranna best með því, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur margsinnis tekið fram, ef við gætum minnkað þörfina fyrir að eyða peningum. Við erum þjóðin sem safnar dótinu. Við erum hin mikla dótaþjóð, eins og einhver sagði, og sá vinnur sem á mest dót þegar hann deyr. Þetta er viðhorfið sem víða er, því miður. Ef við ættum minni bíla og færri, byggjum í minni húsum og ættum minna dót liði okkur miklu betur. Það er hin mikla eyðsla samfélagsins, þessi ofboðslega eyðsla sem er að sliga samfélagið þannig að öll barátta fyrir því að menn eyði minni peningum er sú barátta sem mun hjálpa skuldurunum.

Við þurfum mjög á því að halda í þessu mjög svo timbraða samfélagi. Skuldararnir hafa sömu hagsmuni og allir aðrir. Allt þjóðfélagið þarf að geta lifað í heilbrigðu efnahagslífi. Ég er sannfærður um að ef við afnemum verðtrygginguna haga bankarnir sér öðruvísi, peningastofnanir og einstaklingarnir einmitt vegna þess að þá eru vextirnir miklu hvassari og bíta miklu meira.

[17:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki alveg sammála hv. þingmanni um áhrif þess að afnema verðtrygginguna á dótagleði Íslendinga. Ég held því nefnilega fram að fleiri en útlendingar séu tortryggnir á verðtrygginguna og þar á meðal, sem betur fer, margir skuldarar þannig að þeir eru varkárir í að taka verðtryggð lán. (**Gripið fram í:** Hvað vill Sjálfstæðisflokkurinn?) Það vill svo til að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki samtengda skoðun og samtengdan heila eins og margir aðrir flokkar sem tala alltaf í nafni flokks síns eins og þeir hafi enga eigin sannfæringu. (**Gripið fram í:** ... skot.) Þetta var skot á þá flokka sem segja: Við samfylkingarmenn.

Ég held að verðtryggingin sé nefnilega það skjól sem sparifjáreigendur, sem eru því miður allt of fáir en fer vonandi fjölgandi, hafa leitað til og treyst á. Jafnvel þegar verðbólgan er að miklu leyti farin treystir fjöldi fólks enn þá á verðtrygginguna og mér finnst allt í lagi að bjóða þann kost ef menn eru tilbúnir til að spara vegna þess.

Ég vil líka benda á að allir kostir eru til í myndinni. Menn geta haft verðtryggingu, menn geta tekið lán sem eru óverðtryggð og menn geta tekið lán í erlendri mynt. Það er því mikið af kostum í dag og ég sé enga ástæðu til að takmarka þá kosti sem í boði eru.

[17:27]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að hlutirnir geta orkað tvímælis. Auðvitað eru þau rök sem hafa verið lögð fyrir og hafa verið lengi að við mættum ekki fara út úr verðtryggingunni þrátt fyrir allar pólitískar yfirlýsingar um að við ætluðum að gera það um leið og verðbólgan væri farin, auðvitað eru það rök að menn vilja ekki taka áhættuna. Sérstaklega eru það rök þegar menn segja að það mundu allir verða svo hræddir. Það ræður úrslitum. Menn mundu ekki þora að treysta íslenska gjaldmiðlinum.

Þess vegna, herra forseti, er svo brýnt fyrir okkur að allir aðilar í samfélaginu, jafnt atvinnurekendur, sem launþegar, sem skuldarar og sem fjármagnseigendur hafi sams konar hagsmuni og muni standa vörð um gjaldmiðilinn eins og gert er í öðrum löndum, ekki síst hið opinbera. Sveitarfélög og ríki hafa þar ábyrgð að standa vörð um gjaldmiðilinn. Það finnst mér vega þyngst þó ég viti alveg að það er voða gott líf að lifa í því skjóli sem verðtryggingin er. Þá þarf ég ekki að taka áhættu, hugsa menn. En það verða allir að taka áhættu í þessu lífi og ég er sannfærður um að við vinnum íslenskri hagstjórn mest gagn með því að stefna ótrauð í að hér verði tiltölulega lítil verðtrygging í gangi, eins og ég hef sagt áður, helst að bara ríkisskuldabréfin hefðu þann forgang að vera þannig.

[17:29]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður hafa íslenskir sparifjáreigendur ekki góða reynslu af því að treysta því að hafa sameiginlega hagsmuni með öðrum. Allar götur frá síðari heimsstyrjöld fram til 1970–1980 var hér á landi verðbólga og neikvæðir vextir og sparifé rýrnaði. Fyrst mjög hægt þannig að menn tóku varla eftir því, en svo rýrnaði það mjög hratt upp úr 1970 og fram til 1980. Það er allur sameiginlegi hagurinn sem menn höfðu af því að viðhalda verðgildi sparifjár. Þess vegna var verðtryggingin neyðarúrræði til að búa til traust sparifjáreigenda á því að spara og það tókst, þeir fóru að spara, Íslendingar. Þetta traust er enn þá í lamasessi eftir 40–50 ára reynslu af því að hafa neikvæða vexti og ég held að við þurfum að taka tillit til þess að fólkið sem fékk svona slæma reynslu í áratugi geti treyst á verðtrygginguna

áfram sérstaklega, sem skiptir sífellt minna og minna máli, vegna þess hvað efnahagsstjórnin er orðin góð.

Auðvitað eiga menn að hafa sameiginlega hagsmuni af myntinni og ég fellst alveg á að eðlilegt væri að hafa ekki verðtryggingu. En vegna hins mikla vantrausts sem íslenskir sparifjáreigendur hafa lent í á síðustu öld og búa, að ég held, enn að verðum að hafa verðtrygginguna áfram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:31]

Útbýting:

Kvartanir og kærur sjúklinga, 640. mál, fsp. MF og RG, þskj. 970.

Umboðsmenn sjúklinga, 641. mál, fsp. MF og RG, þskj. 971.

Viðgerðir á varðskipunum Ægi og Týr, 642. mál, fsp. KLM, þskj. 972.

Nýtt tækifæri til náms, fyrri umr.

Þáltill. EMS o.fl., 144. mál. — Þskj. 144.

[17:32]

Flm. (Einar Már Sigurðarson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um nýtt tækifæri til náms á þskj. 144. Flutningsmenn eru auk mín hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson, Katrín Júlíusdóttir, Mörður Árnason og Össur Skarphéðinsson.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi áætlun um átak í menntun þeirra sem ekki hafa lokið námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmiðið er að hækka menntunarstig þjóðarinnar og skapa nýtt tækifæri til náms og auðvelda fólki að taka aftur upp þráðinn í náminu þar sem frá var horfið. Við undirbúning og framkvæmd verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins, samtök sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, Atvinnuleysistryggingasjóð og menntastofnanir. Áætlunin verði lögð fyrir Alþingi eigi síðar en 1. mars 2005."

Herra forseti. Það sýnir bjartsýni þeirra sem að þessari tillögu standa að setja þessa dagsetningu í tillöguna. Nú þegar fyrir tillögunni er mælt er sá dagur að baki. Það þýðir auðvitað að menntamálanefnd verður a.m.k. að gera þá breytingu á tillögunni að breyta dagsetningunni þannig að betur henti.

Þessi tillaga hefur áður verið lögð fram, bæði á 128. og 130. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga.

Nýtt tækifæri til náms fyrir þá sem ekki hafa lokið grunn- eða framhaldsskólanámi er eitt brýnasta verkefni í menntamálum samtímans. Samfélaginu ber skylda til að skapa þeim nýtt tækifæri sem horfið hafa frá námi, t.d. vegna takmarkaðrar þjónustu menntakerfisins eða persónulegra erfiðleika. Þekkingu á ýmsum námsörðugleikum hefur fleygt fram og nú er t.d. hægt að greina bæði lestrar- og stærðfræðierfiðleika með viðeigandi greiningartækjum. Margir hurfu frá námi af félagslegum ástæðum og þurfa nú aðeins hvatningu, upplýsingar eða ráðgjöf til að hefja nám á ný. Með sérstöku átaki innan menntakerfisins opnast þessum hópi ný leið til menntunar.

Nýtt tækifæri til náms á að byggjast á aðgengilegu grunn-, framhalds- eða starfsnámi auk sérstakra námstilboða fyrir þá sem vilja bæta við fyrri menntun eða hasla sér völl á nýjum sviðum. Þannig má jafna tækifæri til náms, stuðla markvisst að því að allir nýti tækifæri sín og virkja þann auð sem hvað mestu skiptir, þ.e. mannauðinn. Samkvæmt vinnumarkaðsrannsóknum Hagstofunnar síðastliðin ár eru um 30% þeirra sem eru á vinnumarkaði með grunnskólapróf eða minni menntun. Þetta er markhópur umrædds átaks. Hluti þessa hóps er hinn svokallaði „brottfallshópur" framhaldsskólans sem talinn er vera allt að 33% af árgangi. Það bendir til þess að þörf sé á nýju tækifæri til náms, auk hins formlega framhaldsskólanáms. Þá er þessi hópur hlutfallslega stærstur meðal atvinnulausra og fellur fyrst út af vinnumarkaði þegar að þrengir. Til dæmis var atvinnuleysi á landinu á árinu 2002 3,3% en 6,5% í hópi þeirra sem minnsta hafa menntunina.

Átak um nýtt tækifæri til náms hefur einnig mikið gildi litið til framtíðar því að rannsóknir sýna tengsl milli háskólanáms og menntunar foreldra, samanber t.d. sænska rannsókn sem sýnir að 9% barna verkafólks sækir háskóla en um 85% barna háskólamenntaðra. Stéttaskipting framtíðarinnar gæti markast af því hverjir hefðu aðgang og tækifæri til menntunar og hverjir ekki og tekur verkefnið sem hér er gerð tillaga um mið af þessu. Annað markmið tillögunnar er að koma í veg fyrir að til verði tvær þjóðir í landinu, þ.e. sú sem hefur tækifæri til að afla sér þekkingar og hin sem ekki fær tækifæri til þekkingaröflunar.

Mikil áhersla hefur verið lögð á sí- og endurmenntun undanfarin ár og margt gott verið gert í þeim efnum. Líkt og víða erlendis hefur það hins vegar komið í ljós hérlendis að sá hópur sem minnstrar menntunar hefur notið nýtir sér slík námstækifæri síður en aðrir. Er það mat flutningsmanna að ríkisvaldið, atvinnulífið, sveitarfélög og samtök launafólks þurfi að taka höndum saman um átak í þessum tilgangi. Er það sjálfsögð skylda samfélagsins að tryggja öllum jöfn tækifæri til náms.

Skýringar á því hvers vegna þeir sem hafa styttri skólagöngu nýta sér síður tækifæri til sí- og endurmenntunar geta verið margar en þessar eru taldar helstar:

a. slæm reynsla og neikvæðar minningar frá fyrri skólagöngu,

b. langur tími liðinn frá því að nám var stundað,

c. lítil námshvatning úr umhverfinu,

d. lág laun og minni skilningur á gildi náms,

e. fá tækifæri til náms.

Margar nágrannaþjóðir okkar hafa skipulagt sams konar átak til að hækka menntunarstigið. Má þar m.a. nefna Svía, Dani, Norðmenn, Finna og Skota, sem hafa skipulagt sérstakt átak til að gefa þeim sem stysta skólagöngu hafa nýtt námstækifæri. Þess má geta að í Evrópu eru starfrækt samtök svokallaðra „annars tækifæris skóla", þ.e. skóla sem sérstaklega hafa það markmið að gefa fólki annað tækifæri til náms.

Átakið sem hér er gerð tillaga um byggist á þeim grunni að örar tæknibreytingar og alþjóðavæðing geri kröfur um aukna hæfni. Hugmyndafræðin er m.a. byggð á því að:

a. mannauðurinn sé mikilvægasta auðlindin og hana megi ekki vannýta,

b. auka megi hæfni þjóðarinnar með því að leggja áherslu á nám fyrir þann hóp sem hefur stysta skólagöngu,

c. tryggja jafnan rétt allra til náms,

d. sí- og endurmenntun auki hæfni einstaklinga í atvinnulífinu til að mæta sem best kröfum morgundagsins.

Mikilvægt er að tekið verði fullt tillit til þeirrar reynslu sem einstaklingar hafa aflað sér utan hins hefðbundna skólakerfis og hún verði metin sem hluti af námi. Byggt verði upp formlegt matskerfi sem mæli hæfni einstaklings umfram formlega skólamenntun. Slíkt er bæði hvatning til að bæta við þekkingu og til að nýta sér ný námstækifæri. Byggð verði upp ráðgjöf sem sniðin er að þörfum þeirra sem ekki hafa lokið formlegri menntun til að meta og aðstoða við skipulagningu námsins. Venjan er sú að meta menntun út frá formlegu námi en á tímum símenntunar þegar þekkingar er aflað eftir ýmsum leiðum, bæði formlega og óformlega, er afar brýnt að slík þekking verði metin á viðeigandi hátt

Því átaki sem hér er gerð tillaga um má skipta upp eftir hópum, t.d. eftir:

1. þeim sem ekki hafa lokið grunnskólanámi,

2. þeim sem lokið hafa grunnskólanámi en þurfa styrkingar og upprifjunar við,

3. þeim sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og eru án grunnmenntunar.

Mikilvægt er að allir eigi kost á raunverulegri náms- og starfsráðgjöf, en nú er nánast ekkert slíkt fyrir hendi. Í ráðgjöfinni fælist hvatning og stuðningur til náms og mat á þörfum fólks. Enn fremur þarf að veita upplýsingar um námsframboð og leiðbeiningar um vinnubrögð í námi.

Herra forseti. Til að átak sem þetta heppnist er nauðsynlegt að tryggja eins konar þjóðarsátt milli stjórnvalda, samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingar um hækkun menntunarstigs þjóðarinnar. Í því felst að skipta þarf kostnaði milli aðila þar sem allt samfélagið mun hagnast til lengri tíma litið. Í raun er fórnarkostnaður lítill þar sem átakið mun skila hagnaði til allra. Átakið þarf að taka mið af þörfum þeirra sem minnsta menntun hafa og skapa þeim jafnframt aðgengileg tækifæri til náms. Þarfir einstaklingsins þurfa að hafa forgang, námstilboðin þurfa að vera opnari og sveigjanlegri en þau sem boðið hefur verið upp á hingað til og fjölbreytni þarf að vera sem mest. Tengja þarf saman nám og vinnustaði, meta þá reynslu sem fæst með vinnu og auka tengsl fræðslustofnana og atvinnulífs. Þá þarf átakið að tryggja að einstaklingarnir hverfi ekki af vinnumarkaði þótt þeir afli sér viðbótarmenntunar.

Með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins var stigið mikilvægt skref í sömu átt og markmið tillögunnar gerir ráð fyrir. Mikilvægt er að sú reynsla sem þar hefur fengist nýtist sem best en ljóst er að þjónustusamningur menntamálaráðuneytisins við fræðslumiðstöðina dugar ekki til að ná þeim árangri sem nauðsynlegur er fyrir markhóp tillögunnar.

Herra forseti. Nýlega vann Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skýrslu fyrir Eflingu, Verslunarmannafélag Reykjavíkur og starfsmenntaráð um menntareikninga. Í skýrslunni koma fram ýmsar upplýsingar og rökstuðningur sem tengjast þessari tillögu til þingsályktunar. Í upphafskafla skýrslunnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Almennt er talið að menntun auki hagvöxt og framleiðni og bæti lífskjör fólks, enda er eitt helsta hlutverk ríkisins að tryggja jafnrétti til náms. Kröfur um menntun og starfsþekkingu hafa enn fremur vaxið á síðustu árum í atvinnulífinu og tekjubilið milli faglærðra og ófaglærðra breikkað. Þessa þróun má að einhverju leyti rekja til aukinna tækniframfara og alþjóðaviðskipta en hennar gætir um allan hinn vestræna heim. Íslendingar standa að sumu leyti vel í samanburði við aðrar þjóðir hvað menntun áhrærir, einkum hvað varðar fjölda háskólamenntaðs fólks. Hins vegar er ekki sömu sögu að segja um lægri skólastig, en vegna mikils brottfalls úr framhaldsskólum er framhaldsskólamenntun ekki jafnalmenn hérlendis og meðal annarra vestrænna ríkja. Á mynd sem fylgir skýrslunni má sjá að hlutfall þeirra sem hafa lokið framhaldsskólanámi á Íslandi er mun lægra en annars staðar á Norðurlöndunum."

Á þeirri mynd sem um ræðir kemur m.a. fram mjög sláandi munur á Íslandi og Noregi en Ísland er langlægst hinna norrænu þjóða þegar borin eru sama hlutföll þeirra sem hafa lokið framhaldsskólanámi á aldrinum 25–31 árs árið 2001. Þá hefur 61% Íslendinga á þessum aldri lokið framhaldsskólanámi á meðan hlutfallið í Noregi er 93%. Síðan eru Svíar með 91%, Finnland með 87% og Danmörk með 86%.

Hér er svo sláandi munur á ferðinni að okkur er nauðsyn að íhuga hvað gera beri til að við aukum hlut okkar og hærra hlutfall landsmanna ljúki námi í framhaldsskóla. Átakið er einmitt ætlað til þess að við lagfærum þá stöðu meðal þjóðarinnar.

En áfram segir í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans, með leyfi forseta:

„Þetta hlýtur að teljast áhyggjuefni fyrir íslenskt samfélag þar sem möguleikar og hæfileikar margra einstaklinga eru ekki nýttir sem skyldi vegna skorts á menntun og fagþjálfun. Af þeim sökum má færa rök fyrir því að nauðsyn sé á nýjum úrræðum í menntamálum sem ná til þeirra sem hafa hætt námi eftir grunnskóla en vildu gjarnan bæta við sig þekkingu. Í þessari skýrslu er stungið upp á sérstökum sparnaðarreikningum — svokölluðum menntareikningum — sem nýrri leið að þessu markmiði.

Grunnhugmyndin um menntareikninga byggist á því að tekið er fast hlutfall af launum hvers starfsmanns sem er síðan ávaxtað í séreignasjóði með skattfríðindum þar til viðkomandi launþegi ákveður að nýta sér innstæðuna til að sækja sér menntun eða þjálfun. Til viðbótar gæti komið framlag atvinnurekenda sem væri einnig fast hlutfall af launum starfsmanns. Ef launþegi hefur ekki nýtt sparnaðinn þegar hann fer af vinnumarkaði getur hann nýtt hann sem lífeyrissparnað. Þetta fyrirkomulag er ekki svo ólíkt fyrirkomulagi viðbótarlífeyrissjóða á Íslandi þótt þar sé um mun hærri upphæðir að ræða. Hægt væri að byggja reikningana á því söfnunarkerfi sem nú þegar er til staðar, en það hefur þótt reynast vel og hafa aðilar á vinnumarkaði fengið traust á því.

Þegar kemur að menntun er lykilatriði að þeir einstaklingar sem ljúka menntun, hvort sem hún er starfstengd eða ekki, hljóti einhverja staðfestingu á áunninni færni. Þar

kemur fram nauðsyn þess að samræma skráningu menntunar hjá stofnunum sem bjóða upp á menntun og starfsþjálfun þannig að atvinnurekendur og aðrir geti gengið að því vísu hvaða menntun einstaklingur hefur að loknu námskeiði. Norðmenn hafa verið í fararbroddi hvað varðar sameiginlegt skráningarkerfi, svokallað raunfærnikerfi, þar sem frammistaða einstaklinga í námi og þjálfun og færni í vinnu er metin að verðleikum. Markmiðið er að setja upp kerfi sem skráir og metur hæfni, getu, reynslu og þekkingu einstaklinga sem hægt er að nýta á vinnumarkaði og í skólakerfinu. Raunfærni tekur til allrar menntunar og skipulags náms, sjálfsnáms og þekkingar sem aflað er í vinnu, félagsstörfum, námskeiðum og með almennri þátttöku í samfélaginu. Kerfinu er ætlað að vega upp á móti síbreytilegum þörfum vinnumarkaðarins og auka samkeppnishæfni fyrirtækja.

Íslendingar standa höllum fæti hvað varðar menntun á framhaldsskólastigi. Í stað þess að halda uppi ósveigjanlegum reglum skólakerfisins væri hægt að koma til móts við þá sem vilja mennta sig frekar. Ljóst er að aðilar á vinnumarkaði eru í fararbroddi þegar kemur að símenntun og ýmiss konar fullorðinsfræðslu á Íslandi, þar sem félagsmönnum er þá boðið upp á möguleika til að bæta við sig þekkingu og auka hæfni í gegnum hina ýmsu starfsmennta- og fræðslusjóði. Stigið hefur verið skref í þá átt að þróa heilsteypt kerfi símenntunar á Íslandi með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í desember 2002 sem er samstarfsverkefni ASÍ og SA, en eitt af markmiðum hennar er að vinna skipulega að því að meta og votta óformlegt nám og starfsþjálfun í samstarfi við fræðsluaðila og atvinnulífið."

Skömmu síðar í skýrslunni segir síðan, með leyfi forseta:

„Í könnun um símenntun, sem IBM gerði fyrir menntamálaráðuneytið í febrúar 2003, kom fram að um 49,3% aðspurðra höfðu stundað eitthvert nám á síðustu 12 mánuðum sem er svipað hlutfall og var árið 1998. Niðurstöðurnar Félagsvísindastofnunar sýndu fram á að einkenni þeirra sem sóttu ekki símenntun voru að vera eldri en 45 ára, hafa stutta skólagöngu að baki og vinna sérhæfð störf. ... Það kom fram að þeir sem hafa stutta skólagöngu að baki og gætu haft mestan ábata af símenntun sækja hana þó aðeins í litlum mæli. Sá hópur ætti hins vegar að vera eins konar forgangshópur hvað varðar símenntun á Íslandi ef hún á að einhverju leyti að koma til móts við þá sem hafa ekki sótt framhaldsskólanám."

Herra forseti. Ég legg til að máli þessu verði vísað til menntamálanefndar til frekari skoðunar og vinnslu og vænti þess að þar verði unnið á jákvæðan hátt að framgangi málsins.

[17:47]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni fyrir að gera grein fyrir þingsályktunartillögu um ný tækifæri til náms. Ég held að flestallir séu á því að hugsunin á bak við tillöguna sé góð. Þó verður að halda því til haga að margt gott hefur verið gert og þá sérstaklega það átak sem þar er í gangi núna til að efla starfsnám og þar af leiðandi starfsmenntabrautir en um það er fjallað í lögum um framhaldsskóla, að þar þurfi vinnumarkaðurinn að koma betur að málinu með skólunum til að efla starfsnámið enn frekar.

Nefna mætti sem dæmi að þjónusta er ein mannfrekasta atvinnugrein þjóðfélagsins. Við sjáum þess ekki merki í skólakerfinu en það er metnaður til að breyta því. Ég held að það væri til bóta að víkka námið enn frekar út, eins og við erum alltaf að gera. Maður sér það þegar maður heimsækir framhaldsskóla landsins að þar er stöðugt reynt að koma betur til móts við nemendur sem vilja kannski ekki alveg fylgja norminu í námi sínu.

Það er afar mikilvægt að skólakerfið sé sveigjanlegt og opið fyrir þá sem vilja koma aftur til náms líkt og hv. þingmaður rakti áðan. Þetta hefur tekist ágætlega í mörgum skólum. Þar má nefna sem dæmi frumgreinadeild Tækniháskóla Íslands sem svo sannarlega hefur staðið fyrir sínu. Þar hafa margir fundið sér vettvang. Ég man eftir því úr umræðunni um Tækniháskóla Íslands. Ég fór og hitti nemendur þar upp frá og sem sögðu margir hverjir að þeir hefðu eflaust ekki farið aftur í nám hefði sú deild ekki verið til staðar. Ég held að það sé mikilvægt að við höldum þeirri vinnu áfram, að standa vörð um nákvæmlega þessar stoðir. Það passa ekki allir nákvæmlega inn í kerfið eins og það er og þess vegna þarf að hlúa að því fólki.

Hv. þingmaður kom áðan inn á skýringar á því hvers vegna þeir sem detta út úr skóla komi ekki til náms aftur. Hann taldi upp nokkur atriði, til að mynda að liðinn sé langur tími frá því að nám hafi verið stundað. Ég held að oft og tíðum ráði hreinlega minnimáttarkennd þeirra nemenda. Þeir treysta sér ekki alveg inn í skólann aftur. Eitt atriði sem spilar þar inn í er t.d. bara tækniframfarir. Fólk sem ekki upplifði fartölvuvæðinguna sér skyndilega að tölvur eru orðnar allsráðandi í skólakerfinu. Ýmislegt af því tagi ýtir undir mikilvægi þess að fólk sæki sér endurmenntun og símenntun.

Ég vildi aðeins leggja örfá orð í belg. Við munum að sjálfsögðu senda þetta mál til umsagnar og það verður fróðlegt að sjá þær umsagnir sem berast.

[17:50]

Flm. (Einar Már Sigurðarson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir jákvæðar undirtektir við tillögunni og vænti þess að hv. þingmaður sem er varaformaður menntamálanefndar sjái til að þar verði hratt unnið, málið fari til umsagnar og síðar verði hægt að koma því í gegnum þingið.

Það er hárrétt hjá hv. þingmanni að margt gott er gert í skólakerfinu og einnig utan þess, í hinu óformlega menntunarkerfi. En hér er fyrst og fremst lögð áhersla á að gert verði sérstakt átak gagnvart þeim hópi sem m.a. hv. þingmaður minntist á, t.d. þeim sem hættu námi fyrir frekar löngu síðan og hafa ekki tileinkað sér nýjustu tækni, t.d. tölvutækni. Við leggjum áherslu á að sérstakt menntunartilboð þurfi fyrir þann hóp og sérstaka hvatningu til að fá það fólk aftur til náms. Ég tel reyndar að samfélagið skuldi stórum hluta af þessu fólki það að gefa því nýtt tækifæri til náms. Margir hættu námi, m.a. vegna þess að þeir áttu við lestrarörðugleika eða stærðfræðiörðugleika að etja sem nú

eru ýmis ráð komin við en voru ekki til staðar þegar viðkomandi voru í skóla. Auk þess voru kannski félagslegar aðstæður þannig að fólk hætti námi. Þetta fólk hefur sem því varla fengið tækifæri til að koma inn í skólann nema þá að fara í hefðbundið nám, sem hv. þingmaður lýsti ágætlega. Það býður kannski ekki upp á þær aðstæður sem henta viðkomandi. Ég held að um sé að ræða sérstakan hóp sem þurfi að skoða sérstaklega hvernig hægt er að sinna á sem bestan hátt. Eins og fram kom í máli mínu áðan er ég sannfærður um að það mun skila sér þannig að samfélagið í heild, auk viðkomandi einstaklinga, muni hagnast.

[17:52]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni að vissulega þarf að koma til móts við þetta fólk. Það er nauðsynlegt vegna þess að það er hagkvæmt fyrir alla, ekki bara þessa einstaklinga heldur bara þjóðfélagið í heild, að fólk skili sér í gegnum skólakerfið. En við skulum ekki gleyma því samt að auðvitað fá allir tækifæri til náms. Fólk verður líka að sækja það svolítið sjálft.

Ég tel einnig mikilvægt í þessu tilliti að það skili sér í umræðunni hve mörg úrræði eru til staðar. Það þarf líka að kynna þau svolítið betur. Það er erfitt að ná til akkúrat þessa hóps vegna þess að slíkar kynningar fara fram í skólunum. Það þyrfti frekar að fara út á vinnustaðina, út í þjóðfélagið og kynna þessar leiðir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landsdómur og ráðherraábyrgð, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 203. mál. — Þskj. 203.

[17:54]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar, sem flutt er af öllum þingmönnum Samfylkingarinnar, um að fram fari heildarendurskoðun á lögum um landsdóm og lögum um ráðherraábyrgð.

Ég hef áður mælt fyrir slíkum málum. Þau voru flutt á 127. og 128. löggjafarþingi en náðu þá ekki fram að ganga. Þá voru þessar tillögur fluttar sem tvö sérstök mál, annars vegar um heildarendurskoðun á lögum um landsdóm og hins vegar um endurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð. Á síðasta þingi lagði ég til að þær yrðu sameinaðar í eina þar sem um náskyld mál er að ræða. Tillagan er því endurflutt eins og hún var lögð fram á síðasta þingi.

Ég get því út af fyrir sig, virðulegi forseti, haft stutta framsögu um málið en eins og fram kemur í heiti tillögunnar er lagt til að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laga um landsdóm með það að markmiði að einfalda framkvæmd laganna sem orðin eru úrelt og hafa ekki fylgt eftir þeirri þróun sem orðið hefur á dóms- og réttarkerfinu. Jafnframt er lagt til að fram fari heildarendurskoðun á ákvæðum laga nr. 4/1963, um ráðherraábyrgð, með það að markmiði að styrkja eftirlit og aðhald löggjafarþingsins með framkvæmdarvaldinu og í því skyni verði höfð hliðsjón af ráðherraábyrgðarlögum í öðrum löndum. Þar sem hér er um nátengd mál að ræða er rétt að heildarendurskoðun verði gerð samtímis á lögunum sem eru orðin rúmlega 40 ára gömul.

Ég vil lýsa í stuttu máli þeim breytingum sem gert er ráð fyrir eða þeim hugmyndum sem við höfum um breytingar á lögum um landsdóm og lögum um ráðherraábyrgð.

Samkvæmt lögum um landsdóm fer landsdómur með og dæmir þau mál er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra en eins og kunnugt er hefur landsdómur aldrei verið kallaður saman hérlendis til að höfða slík mál.

Í landsdómi eiga sæti 15 dómendur, þ.e. hæstaréttardómarar, dómstjórinn í Reykjavík og prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Síðan eru átta kosnir af Alþingi. Forseti Hæstaréttar er sjálfkjörinn forseti landsdóms. Í 13. gr. laga nr. 3/1963 kemur fram að ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra skuli gerð með þingsályktun, og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda er sókn málsins bundin við þau. Alþingi kýs jafnframt mann til að sækja málið af sinni hendi. Enn fremur kýs Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar. Síðan tekur við langt, þunglamalegt og flókið dómsferli sem lýst er í yfir fimmtíu greinum í lögunum.

Eins og fram kom í máli mínu hefur ákvæðum laga um landsdóm aldrei verið beitt. Ríkar og alvarlegar ásakanir á hendur ráðherra þurfa að koma til til að svo verði. Það sem fyrst og fremst gefur tilefni til þessarar endurskoðunar eru úrelt ákvæði laganna og því rétt að sníða þau að því dómskerfi sem við búum við.

Gildandi lög um landsdóm hafa staðið óbreytt frá setningu þeirra árið 1905 og eru því 100 ára gömul. Í raun má segja að þau séu orðin úrelt og ekki í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á dóms- og réttarkerfinu þar sem stefnan hefur verið að fækka sérdómstólum. Samkvæmt lögunum fer landsdómur með mál er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra og dæmir í þeim.

Flutningsmenn telja einnig að rétt sé að kanna hvort ekki væri eðlilegt að tryggja betur rétt minni hlutans á þingi til málshöfðunar. Ástæða þess er einkum sú hefð sem hér er fyrir meirihlutastjórnum og því nauðsynlegt að réttur minni hlutans verði betur tryggður. Það styrkir lýðræðið og veitir um leið stjórnarmeirihlutanum hverju sinni meira aðhald. Í því sambandi er rétt að benda á 39. gr. stjórnarskrárinnar um skipan rannsóknarnefndar sem er, að mínu mati, algjörlega óvirk. Ástæða þess er að tillögur um skipan rannsóknarnefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar hafa allar verið felldar utan ein er að málefni eða málsástæður ályktunarinnar beinast oft að sitjandi ráðherra eða málaflokki hans sem stjórnarmeirihlutinn ver. Í skjóli meiri hlutans hafa því 50–60 tillögur um skipan rannsóknarnefndar með stoð í 39. gr. stjórnarskrár sem fluttar hafa verið síðastliðin 40 ár, eða allar utan ein, verið felldar.

Ég vil þá víkja að endurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð. Ástæða þess að gerð er tillaga um endurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð er sú að telja verður að ýmis

ákvæði laganna séu ófullkomin og óskýr og má þá t.d. nefna ákvæði 6. og 7. gr. um ábyrgð ráðherra vegna athafna undirmanna og er rík þörf á að þau verði tekin sérstaklega til skoðunar. Má t.d. benda á að í Danmörku geta ráðherrar orðið ábyrgir vegna athafna undirmanna á grundvelli skorts á eftirliti og leiðbeinandi fyrirmælum. Einnig má nefna að engin ákvæði er að finna varðandi ábyrgð ráðherra ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu við meðferð máls á Alþingi. Slík ákvæði er t.d. að finna í lögum um ábyrgð ráðherra bæði í Danmörku og Noregi eins og nánar er lýst í greinargerð með tillögunni.

Ljóst er að æðstu embættismenn framkvæmdarvaldsins fara með vandmeðfarið vald og nauðsynlegt er að samhliða slíku valdi fari rík ábyrgð, enda bera ráðherrar ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum samkvæmt lögunum og stjórnarskrá. Því er nauðsynlegt að styrkja lög um ráðherraábyrgð og veita með því ráðherrum nauðsynlegt aðhald, ekki síst þar sem lögin eru óljós núna og matskennd á köflum og inn í þau vantar mikilvægt ákvæði sem t.d. er að finna í norskum og dönskum lögum um ráðherraábyrgð, t.d. að ráðherra er ábyrgur samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu við meðferð máls á Alþingi. Varla þarf um það að deila að mikilvægt er að hægt sé að treysta upplýsingum sem ráðherrar gefa Alþingi. Það er grundvallaratriði til að styrkja þingræðið í landinu og eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Því er nauðsynlegt að lög um ráðherraábyrgð taki til tilvika eins og þeirra ef ráðherrar veita röng eða villandi svör við fyrirspurnum frá alþingismönnum eða við meðferð mála á Alþingi, svo og gagna og upplýsinga sem ráðherrar eða ráðuneytin gefa Alþingi eða einstökum þingnefndum við umfjöllun stjórnarfrumvarpa eða annarra mála sem fyrir liggja. Það hefur of oft komið fyrir að ráðherrar hafa legið undir ámæli fyrir að veita Alþingi rangar eða villandi upplýsingar, og slíkt getur auðvitað leitt til trúnaðarbrests milli þingsins og ráðherra og nauðsynlegt að hafa skýr ákvæði um að það varði við lög um ráðherraábyrgð ef slíkt kemur fram.

Ég tel ekki ástæðu til að fara nánar út í tillöguna. Lagt er til að forsætisnefnd Alþingis hafi frumkvæði að því að ráðist verði í vinnu við að einfalda framkvæmd og jafnvel gera grundvallarbreytingar á lögum um landsdóm þannig að hann verði lagður niður og ráðherrar sæti ábyrgð fyrir almennum dómstólum. Eins og komið hefur fram þyrfti til þess stjórnarskrárbreytingu og jafnframt mætti halda því fyrirkomulagi sem felst í lögum um landsdóm að Alþingi komi að skipan dómsins, t.d. með því að Alþingi tilnefni sérstaka meðdómendur er tækju sæti í dómi kæmi til þess að höfðað yrði mál á hendur ráðherra. Er lagt til að kostir og gallar þess verði kannaðir. Með framangreindum tillögum þarf ekki að afnema málshöfðunarrétt þingmanna, en skoða mætti hvort tryggja ætti betur rétt minni hlutans á þingi í því efni.

Síðan er lögð til endurskoðun á lögum um ráðherraábyrgð til að styrkja þingræðið og eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Það er mikilvægt, virðulegi forseti, í mínum huga að færa ráðherraábyrgð til sambærilegs horfs og þekkist í nágrannalöndum okkar.

Mér er nokkur vandi á höndum, virðulegi forseti. Eins og fram kemur í tillögunni er lagt til að forsætisnefnd tilnefni þrjá fulltrúa og skal einn þeirra vera formaður nefndar, Hæstiréttur Íslands tilnefni einn fulltrúa og lagadeild Háskóla Íslands einn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Eins og ég nefndi þyrfti að gera stjórnarskrárbreytingu ef fallist yrði á þær leiðir sem hér eru lagðar til. Þetta er að vísu einföld tillaga til þingsályktunar um að þessi heildarendurskoðun fari fram. Ég velti fyrir mér hvort tillagan eigi að fara í sérstaka nefnd, samkvæmt ákvæðum þingskapa, sem nú er að störfum í þinginu og til hefur verið vísað málum sem falla undir breytingar á stjórnarskránni eða hvort tillagan í þeim búningi sem hún er núna eigi að fara til allsherjarnefndar. Mín skoðun er sú, virðulegi forseti, að þar sem þetta mundi kalla á breytingar á stjórnarskránni, ef af þessu yrði, og það er nefnd sem er að endurskoða núna stjórnarskrána — ég geri ráð fyrir að sú nefnd sem er hér í þinginu starfandi um þau mál sem þingmenn hafa flutt og fjalla um breytingar á stjórnarskránni hljóti með einum eða öðrum hætti á þessu þingi að vísa þeim málum sem hafa komið til nefndarinnar til þeirrar nefndar sem nú er starfandi á vegum forsætisráðherra um stjórnarskrárbreytingar, þá má vera, virðulegi forseti, og ég segi, það má vera að eðlilegra sé að vísa þessu máli til þeirrar sérstöku nefndar sem nú er starfandi í þinginu um stjórnarskrárbreytingar. En ég læt hæstv. forseta eftir að skoða það á milli funda þar til tillagan verður tekin til atkvæðagreiðslu og vísað til nefndar og seinni umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skilgreining á háskólastigi, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og DJ, 214. mál. — Þskj. 216.

[18:06]

Flm. (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um skilgreiningu á háskólastigi. Fyrsti flutningsmaður er hv. þm. Hjálmar Árnason sem flytur þetta mál ásamt mér.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að skilgreina stöðu og hlutverk skóla á háskólastigi. Nefndin fjalli um hlutverk skólanna út frá kennsluhlutverki, rannsóknarskyldu, stjórnun, samþættingu, verkaskiptingu og öðrum þáttum er máli skipta. Niðurstöður nefndarinnar verði kynntar Alþingi fyrir 1. apríl 2005. Nefndin verði skipuð þremur fulltrúum, tilnefndum af menntamálaráðherra. Nefndin leiti álits og samráðs starfandi háskóla, rannsóknarstofnana, samtaka námsmanna og annarra er máli kunna að skipta.“

Virðulegi forseti. Það gefur augaleið að nokkur bjartsýni ríkti hjá flutningsmönnum tillögunnar þegar hún var lögð fram og gefur að skilja að dagsetningin í tillögunni er orðin úrelt en hv. menntamálanefnd mun þá taka á því.

Sú ánægjulega þróun hefur átt sér stað á síðustu árum að

nemendum á háskólastigi hefur fjölgað um yfir 50% frá árinu 2000. Markviss menntastefna virðist skila árangri og má ætla að hækkað menntastig þjóðarinnar skili framförum á flestum sviðum mannlífs á komandi árum. Þá hefur skólum á háskólastigi fjölgað á allra síðustu árum og munu nú vera níu talsins. Af umræðunni má ráða að nokkuð sé á reiki hvernig skólar á háskólastigi séu skilgreindir og hvert hlutverk þeirra sé talið. Þannig er á stundum gerður greinarmunur á háskóla í merkingunni kennslu- og rannsóknarstofnun og háskóla með áherslu á kennslu til hagnýtra starfa. Markmið tillögunnar er að láta skoða þessar skilgreiningar og draga fram tillögur til breytinga, sé þeirra talin þörf. Mikilsvert er að menntastefna þjóðarinnar á þessu sviði sé skýr og skilvirk þannig að hver skóli þjóni þeim markmiðum sem honum er ætlað. Þá gerir tillagan jafnframt ráð fyrir því að skoðað verði hvort auka megi verkaskiptingu, samþættingu eða jafnvel sameiginlega stjórn eins eða fleiri skóla á háskólastigi þannig að starf skólanna, fjármögnun og stjórnun verði sem skilvirkust og fjármunum til háskólastigsins sé varið á sem skynsamlegastan hátt. Mikilvægt er í þessari vinnu að líta til og virða sem mest sjálfstæði einstakra skóla.

Lagt er til að menntamálaráðherra skipi þriggja manna nefnd án tilnefningar til að gera fyrrgreinda úttekt og leggi niðurstöður þeirrar nefndar fyrir Alþingi fyrir 1. apríl 2005. Eins og ég kom inn á áðan mun þeirri dagsetningu að sjálfsögðu verða breytt. Lögð er áhersla á að nefndin leiti eftir umsögnum og áliti sem flestra er tengjast háskólastarfi þannig að sem gleggst mynd fáist af stöðunni.

Virðulegi forseti. Með þessu er hugsunin sú að skilgreina háskólastigið enn betur og ég held að það sé ákveðin þörf á því. Við höfum búið við góða menntastefnu, enda sýnir árangurinn það að fjöldi nemenda hefur aukist. Ef við lítum á tölur hefur fjöldi háskólastúdenta rúmlega tvöfaldast frá haustinu 1994 til haustsins 2003. Þetta er gríðarlegur fjöldi og ríkið er að verja auknum fjármunum sem betur fer til háskólastigsins, til að mynda hafa framlög til kennslu aukist um 2 milljarða og 40% til rannsókna. Við erum því að fjalla um gríðarlega fjármuni og eðlilegt að hér fari fram umræða um hvernig háskólastigið skilgreinir sig.

Ég legg til að að umræðu lokinni verði málinu vísað til hv. menntamálanefndar og það sent út til umsagnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 217. mál. — Þskj. 220.

[18:10]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl. Auk mín eru flytjendur að þingsályktunartillögunni hv. þm. Halldór Blöndal, Drífa Hjartardóttir, Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Árnason, Birkir J. Jónsson, Kjartan Ólafsson, Bjarni Benediktsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Mörður Árnason, Jón Gunnarsson, Jón Bjarnason og Guðjón Guðmundsson.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera á vegum Ríkisútvarpsins áætlun um árlegan kostnað við að senda dagskrár hljóðvarps og sjónvarps um gervitungl, svo og kostnað við búnað til að taka á móti þessum sendingum. Einnig komi fram áætlaður stofnkostnaður jarðstöðvar til að senda dagskrár til gervitungls og árlegur rekstrarkostnaður hennar."

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta mál er flutt á Alþingi. Þess vegna mun ég stikla aðeins á stóru í þeirri greinargerð sem fylgt hefur og fylgdi málum þegar þau voru flutt áður á fyrri þingum.

Í greinargerð segir m.a.:

Mörg þúsund Íslendingar búa við þau skilyrði að hafa lélegan eða engan aðgang að útsendingum Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps. Það á við um fólk í dreifðum byggðum víða um land, þar sem móttökuskilyrði eru slæm, og Íslendinga erlendis, en stærsti hópurinn er sjómenn á farskipum og fiskiskipum. Dreifikerfi Ríkisútvarpsins hefur verið byggt upp til að ná til byggða bóla, til fólks með fasta búsetu árið um kring, og með lágmarkstilkostnaði. Talið er að á um 70 sveitabæjum séu léleg eða engin skilyrði til móttöku sjónvarpsins.

Kunnugt er að Ríkisútvarpið hefur undanfarin ár átt í viðræðum við innlend og erlend fyrirtæki um sjónvarps- og útvarpssendingar um gervitungl. Einnig hefur Ríkisútvarpið staðið fyrir tilraunasendingum um gervitungl. Fyrstu tilraunasendingarnar hófust í október 2002 með efni frá kynningarmyndbandi en beinar sendingar fóru fram í tengslum við alþingiskosningarnar í maí 2003. Tilraunasendingarnar voru opnar en reglubundnar útsendingar á dagskrá sjónvarpsins þurfa að vera lokaðar af rétthafaástæðum og mun þá þurfa lykilkort til opnunar, auk heföbundins búnaðar til móttöku gervitunglasendinga. Tilraunasendingarnar sýndu að tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að senda dagskrá sjónvarps (og þar með útvarps) um gervitungl og ná þar með til hópa Íslendinga sem eru utan dreifikerfisins á Íslandi. Þó er ljóst að ekki nást þær sendingar alls staðar á landinu þar sem gervitunglin eru á jarðstöðubraut í um 36 þúsund km hæð yfir miðbaug og eru því ekki hátt á lofti séð frá Íslandi. Sjónlínu þarf frá móttökustað í gervitunglið og hæðir, fjöll og byggingar geta því skyggt á.

Í greinargerðinni kemur fram að viðbrögð við tilraunasendingunum voru skjót, jákvæð og gríðarmikil og svo aftur vonbrigði með að ekki væri um reglubundnar útsendingar að ræða. Talið er að hundruð sjómanna hafi fylgst með útsendingunum og að fjöldi Íslendinga erlendis hafi skipt þúsundum. Einnig heyrðist frá fólki á Íslandi sem hefur gervitungladisk en býr utan þess svæðis sem dreifikerfið nær til. Dagskrá tengd alþingiskosningunum ýtti verulega undir áhuga á tilraunasendingunum.

Af framansögðu er ljóst að gervitunglasendingar munu stórauka og bæta dreifingu Ríkisútvarpsins og ná til flestra þeirra sem nú fá lélega eða enga þjónustu. Þar má nefna íbúa afskekktra býla, sjómenn á hafi úti, sumarbústaðaeigendur og Íslendinga erlendis.

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um áðan hefur í fram-

haldi af sendingum frá alþingiskosningunum 2003 mikill áhugi vaxið bæði meðal sjómanna og Íslendinga búsettra erlendis um að þessu máli verði ýtt í framkvæmd. En það sem gerist fyrst og fremst með þessari þingsályktunartillögu er að menntamálaráðherra láti gera á vegum Ríkisútvarpsins áætlun um árlegan kostnað við að senda dagskrá um gervitungl. Það er það sem flutningsmenn vonast til og að málið nái fram að ganga.

Virðulegi forseti. Ég legg til að málinu verði vísað að lokinni umræðu til hv. menntamálanefndar og síðari umr.

[18:15]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég er meðflutningsmaður að þeirri tillögu til þingsályktunar um útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur mælt fyrir. Ég tel efni hennar afar brýnt. Það er samfélagsleg skylda okkar að sjá til þess að útsendingar á vegum Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps, nái til allra landsmanna. Það er mikilvægt til að tengja okkur vel saman, hefur mikla þýðingu í menningarlegu tilliti og í öryggistilliti líka.

Einnig er mikilvægt að þessar útsendingar nái til sjómanna meðfram ströndum landsins og ekki hvað síst líka er ástæða til að huga að hinum fjölmörgu Íslendingum og öðrum sem vilja fylgjast með því sem er að gerast hér, bæði í fréttum, menningarlífi og öðru, hvar sem þeir eru í heiminum. Við höfum á vissan hátt sameiginlegar skyldur gagnvart þessu fólki þegar tæknin er líka komin til þess að hægt sé að láta það verða að raunveruleika. Þess vegna ber okkur að axla þá ábyrgð að sjá til þess að útsendingar á sjónvarpi og hljóðvarpi Ríkisútvarpsins okkar nái til sem flestra landsmanna hvar sem þeir eru búsettir í heiminum. Það er alveg sjálfsagt og réttmætt að þessi krafa, ósk og skylda fylgi Ríkisútvarpinu, útvarpi allra landsmanna.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, frú forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur ítarlega mælt fyrir málinu og rakið efni þess. Það er brýnt mál og gott, þetta er hluti af því að tengja okkur saman sem eina þjóð hvar sem við annars erum niður komin, inn til dala, út til stranda, á hafi úti eða í fjarlægum löndum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12.–13. og 17. mál.

Fundi slitið kl. 18:19.

---

90. FUNDUR

miðvikudaginn 16. mars,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til menntamálaráðherra:

1. Námskrá grunnskóla, fsp. BjörgvS, 472. mál, þskj. 724.
2. Símenntunarmiðstöðvar, fsp. MF, 573. mál, þskj. 861.

Til félagsmálaráðherra:

3. Miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði, fsp. JóhS, 488. mál, þskj. 744.
4. Þjónustusamningur við Sólheima, fsp. RG, 596. mál, þskj. 890.

Til iðnaðarráðherra:

5. Þrífösun rafmagns, fsp. BjörgvS, 575. mál, þskj. 863.

Til viðskiptaráðherra:

6. Opinber hlutafélög, fsp. MÁ, 619. mál, þskj. 927.

Til umhverfisráðherra:

7. Þvingunarúrræði og dagsektir umhverfisstofnana, fsp. SigurjÞ, 556. mál, þskj. 843.

Til fjármálaráðherra:

8. Lækkun veggjalds í Hvalfjarðargöngum, fsp. JÁ, 548. mál, þskj. 827.
9. Greiðslur almannatrygginga til öryrkja og aldraða, fsp. ÖJ, 618. mál, þskj. 926.

Varamaður tekur þingsæti.

[12:00]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá hv. 5. þm. Norðvest., Guðjóni A. Kristjánssyni, dagsett 15. mars 2005:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi frá 16. mars fram til 4. apríl, sumpart af einkaástæðum og sumpart út af dvöl erlendis, óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa að 1. varamaður á lista Frjálslynda flokksins í Norðvest., Steinunn Pétursdóttir fulltrúi, Akranesi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Steinunn Pétursdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Tilkynning um dagskrá.

[12:01]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Klukkan 3.30 fer fram umræða utan dagskrár um fjárhagsstöðu ellilífeyrisþega. Málshefjandi er hv. þm. Gunnar Örlygsson. Hæstv. heilbrigðisráðherra Jón Kristjánsson verður til andsvara.

[12:01]

Útbýting:
Sægull ehf., 594. mál, svar iðnrh., þskj. 973.

Námskrá grunnskóla.

Fsp. BjörgvS, 472. mál. — Þskj. 724.

[12:01]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. menntamálaráðherra hvort til standi að endurskoða námskrá grunnskóla og ef svo er, með hvaða hætti.

Staða grunnskólans hefur verið mikið í umræðunni á síðustu mánuðum, fyrst vegna kennaraverkfallsins, afleiðinga þess og áhrifa á skólann, óviðunandi stöðu kennara innan grunnskólans og fjármálalegri getu sveitarfélaganna til að reka grunnskólann af þeim metnaði sem þau svo sannarlega gera, enda hefur grunnskólinn tekið stakkaskiptum hvað gæði varðar eftir að hann var fluttur frá ríki til sveitarfélaga.

Framúrskarandi grunnskóli á að vera eitt helsta markmið okkar og það eru margar leiðir að því, en grundvallaratriðið er náttúrlega að ríkið geri upp við sveitarfélögin þannig að þeim sé gert mögulegt að bæta stöðu kennara, án þess er tómt mál að tala um betri grunnskólamenntun. Við eigum að sjálfsögðu að stefna að betri grunnskólamenntun og stefna hærra en við erum stödd núna. PISA-rannsóknin í lok síðasta árs sýndi að því fer fjarri að staðan sé nógu góð þó hún sé ágæt á sumum sviðum, hafi batnað á sumum stöðum en um leið versnað á öðrum.

Við þingmenn Samfylkingarinnar höfum heimsótt einn og einn grunnskóla síðustu mánuði til að fá yfirlit yfir stöðu mála og hvernig hægt sé að ná samstöðu um að leggja meira til skólamála, búa til enn þá betri grunnskóla. Í þeim heimsóknum hefur ýmislegt athyglisvert komið upp, svo sem spurningar sem vakna um námskrár grunnskólanna í því ljósi að í umræðunni um styttingu námstíma til stúdentsprófs hafa komið upp sterkar raddir um það innan skólasamfélagsins að vænlegra sé að stytta grunnskólann um eitt ár en að stytta framhaldsskólann. Það sé eðlilegri leið, sérstaklega þar sem grunnskólinn hefur á tilteknu árabili lengst um tvö ár.

Ég vil taka undir það. Ég held að skoða eigi hvort stytta eigi grunnskólann fremur en framhaldsskólann og hvort sú leið sé færari og betri, en í öllu þessu eigum við að tryggja að hverfisskólarnir vaxi og dafni. Um leið og gott er að tryggja valfrelsi og fjölbreytni á grunnskólastigi er nauðsynlegt að efla hverfisskólann sem grunneiningu í skólasamfélagi okkar. Hann þarf að efla með margvíslegum hætti og til að mynda held ég að nauðsynlegt sé að endurskoða námskrá skólanna með það að markmiði að hún verði sveigjanlegri og vægi verk- og listnáms verði meira og valfrelsi nemenda þegar kemur upp í efri bekkina aukist verulega þannig að skólarnir búi yfir meiri sveigjanleika og námskráin verði ekki eins miðstýrð hvað skólana varðar og raun ber vitni.

Ég tel brýnt að endurskoða námskrána með þetta að markmiði og beini því áðurnefndri fyrirspurn til hæstv. ráðherra, hvort til standi endurskoðun á námskrá grunnskólanna og ef svo er, með hvaða hætti.

[12:04]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Hv. 7. þm. Suðurk., Björgvin G. Sigurðsson, spyr hvort til standi að endurskoða námskrá grunnskóla og ef svo er, með hvaða hætti. Með stofnun námskrárdeildar menntamálaráðuneytisins árið 2000 var staðfest að endurskoðun námskráa leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla væri viðvarandi verkefni og stöðugt þyrfti að fylgjast með framkvæmd námskráa. Er það gert með söfnun gagna úr skólum og með öflun ábendinga og tillagna frá samtökum kennara, starfsgreinaráði, félögum, stofnunum og einstaklingum sem hafa þekkingu á viðkomandi námsgreinum. Aðalnámskrá grunnskóla sem nú er í gildi var gefin út árið 1999.

Áætlun um breytta námsskipan til stúdentsprófs og aukna samfellu í skólastarfi var kynnt í skýrslu sérstakrar verkefnisstjórnar í ágúst 2004. Í samræmi við þá áætlun verður gert sérstakt átak í endurskoðun allra aðalnámskráa á þessu ári, þ.e. 2005. Meðal þess sem hin nýja skipan náms til stúdentsprófs felur í sér er að viðfangsefni byrjunaráfanga sem nú er á framhaldsskólastigi í ensku, dönsku, íslensku og stærðfræði verði að hluta eða öllu leyti færð niður á grunnskólastig. Námskröfur í þeim greinum verða ekki minni en í núverandi námsskipan frá grunnskóla til loka kjarnaáfanga í framhaldsskóla. Þá er stefnt að því að samfella í skólagöngu frá leikskóla til framhaldsskóla verði sem mest og endurtekningar verði sem minnstar milli skólastiga, án þess þó að það komi til með að ógna möguleikum þeirra einstaklinga sem þurfa á hægferðum að halda innan kerfisins. Verið er að reyna að koma til móts við mismunandi þarfir hinna mismunandi einstaklinga innan skólakerfisins.

Endurskoðun aðalnámskrár í grunnskóla verður unnin í nánu samhengi við endurskoðun aðalnámskrár framhaldsskóla og aðalnámskrár leikskóla. Þetta er allt í tengslum við þá sýn að við eigum að skoða skólakerfið og skólagönguna sem eina heild og reyna að auka samfelluna á milli leikskóla og grunnskóla og grunnskóla og framhaldsskóla.

Sérstök verkefnisstjórn sem starfar í menntamálaráðuneytinu hefur verið sett á laggirnar og verkefnastjóri hefur verið ráðinn til að stýra starfinu í samráði við námskrárdeild ráðuneytisins. Einnig hafa verið stofnaðir vinnuhópar til að endurrita námskrár á hverju námssviði með hliðsjón af tillögum verkefnisstjórnar. Í hverjum vinnuhópi eru 3–5 fagmenn. Ráðuneytið velur formann vinnuhópanna en aðrir eru valdir í samráði við fagfélög kennara á grunnskólastigi og framhaldsskólastigi.

Fyrstu hóparnir hófust handa í lok janúar sl. og er gert ráð fyrir að fleiri hópar komi til starfa á næstu vikum, t.d. undirhópar á einstökum námsgreinasviðum svo sem í tungumálum, náttúrufræði og listgreinum. Þá verður settur upp starfshópur um skil leikskóla og grunnskóla og hópar um þverfagleg málefni, svo sem um sérkennslu, fjölmenningu, nýbúafræðslu og fleira. Vinnuhóparnir munu skila til-

lögum til verkefnastjórnar fyrir 15. júlí næstkomandi en stefnt er að útgáfu nýrrar aðalnámskrár fyrir grunnskóla í byrjun árs 2006. Að því er stefnt. Þá fer í hönd kynning nýrrar námskrár, endurskoðun námsgagna og endurmenntun kennara samkvæmt tillögum verkefnisstjórnar, en það eru lykilþættir til þess að hin nýja og breytta námsskipan til stúdentsprófs komi til með að ganga upp og við komum til með að meta hvernig það ferli er á veg komið þegar þar að kemur.

Vinnuhóparnir hafa fengið starfslýsingar sem sérsniðnar eru fyrir hverja námsgrein og/eða greinasvið. Staða námsgreina er mismunandi í skólunum og ábendingar sem borist hafa eru oft og tíðum afar ólíkar eftir greinum. Allir munu vinnuhóparnir þó fyrst og fremst huga að samfellu námsþátta í skólakerfinu.

Ekki er gert ráð fyrir meginbreytingu á þeirri menntastefnu sem fylgt hefur verið síðustu ár, heldur er þetta þróun og ákveðið ferli sem er í gangi og sjálfsagt að taka næstu skref. Í ferlinu verður hins vegar haldið áfram að safna ábendingum og tillögum sem nýtast við frekari stefnumörkun í ráðuneytinu.

Virðulegi forseti. Ég hef í svari mínu gert grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem höfð eru að leiðarljósi og þeirri vinnutilhögun sem notuð er við endurskoðun námskrár grunnskóla í tengslum við breytingar á námsskipan til stúdentsprófs. Umfangsmikið og vel skipulagt starf er í fullum gangi á vegum ráðuneytisins vegna þessa. Hver nákvæm efnisleg niðurstaða undirskoðunarinnar verður er vitanlega ekki hægt að svara á þessari stundu. Verkið er í höndum fagmanna og afstaða verður tekin þegar tillögur þeirra liggja fyrir.

[12:09]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég heyri að hæstv. ráðherra hefur í hyggju að færa verulegt nám frá framhaldsskólastiginu yfir á grunnskólastigið í framtíðinni. Ég get verið sammála því að hægt sé að auka við námið í grunnskólunum frá því sem verið hefur en slík aukning mun að sjálfsögðu hafa mikil áhrif á starf grunnskólanna, starf kennaranna og ekki síst kostnað sveitarfélaganna við að reka grunnskólana. Við breytingarnar þarf að sjálfsögðu að hafa gott samstarf við sveitarfélögin og verður ekki við það unað af hálfu sveitarfélaganna að enn og aftur verði færð til þeirra starfsemi og kostnaður án þess að þau hafi fjármuni á móti þeim nýja kostnaði sem þannig verður til.

Ég vona því að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því að samstarf og samvinna við sveitarfélögin við breytinguna verði með þeim hætti að vel verði við unað.

[12:10]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Því ber að fagna að endurskoðun námskráa standi stöðugt yfir en til að það markmið náist að aukin samfella verði á milli skólastiga og þetta verði meiri heild en nú er þarf að skýra betur hvernig standa eigi að endurmenntun kennara. Það mál hefur ekki verið til lykta leitt að því er virðist né, eins og hv. þm. Jón Gunnarsson nefndi, hvernig kostnaðarhlutdeildin skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga í málinu.

Ég ítreka að ég tel vænlegan kost sem skoða eigi nú þegar vinna er að hefjast við styttingu á námstíma til stúdentsprófs hvort ekki sé verið að gera mistök með því að fara þá leið að stytta framhaldsskólann um eitt ár og hvort ekki sé miklu meira svigrúm innan grunnskólans til styttingarinnar en í framhaldsskólunum þar sem hætta er á því að stúdentsprófið verði gengisfellt mjög hressilega og fjölbreytileiki framhaldsskólanna hverfi að verulegu leyti þannig að svigrúmið sé miklu meira innan grunnskólanna. Nú þegar verið er að endurskoða námskrár og tilflutning á fögum á milli skólastiga er spurning hvort ekki sé miklu einfaldara og farsælla að fara þá leið að stytta grunnskólann eins og ég hef nefnt og sannfærandi raddir úr skólasamfélaginu hafa bent á á síðustu vikum og mánuðum.

Að lokum vil ég aftur ítreka mikilvægi þess að endurskoða námskrána í heild með það að markmiði að auka valfrelsi nemenda og vægi verk- og listgreina. Það er mjög mikilvægt og kemur fram í máli þeirra sem best til þekkja innan skólanna. Ég held að þeir sem hafa það með höndum að endurskoða námskrána ættu að hafa það að leiðarljósi að auka vægi þeirra greina og valfrelsi og sveigju skólanna til að standa að málum með sínum hætti.

[12:12]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Það er rétt að það komi strax fram að Samband íslenskra sveitarfélaga kom að sjálfsögðu að verkefninu sem lýtur að því að stytta námstíma til stúdentsprófs og fulltrúi þeirra sagði skýrt og skorinort að hægt væri að rúma þetta innan grunnskólans án þess að það hefði kostnað í för með sér, því grunnskólinn hefur einfaldlega lengst það mikið. Svigrúm hefur skapast til að þétta námsefnið og taka við auknu námsefni í grunnskólann.

Einnig er rétt að undirstrika og taka undir með hv. þingmanni og fyrirspyrjanda að auðvitað eigum við að stefna hærra. Niðurstöður úr PISA-könnuninni hafa verið ágætar, þokkalegar en við eigum að sjálfsögðu að stefna hærra og það markmið setjum við okkur við mótun menntastefnu til framtíðar, að sjálfsögðu.

Hins vegar er athyglisvert þetta jákvæða og góða tal m.a. hv. fyrirspyrjanda um valfrelsið. Ég fagna sérstaklega þeirri víðsýnu skoðun hv. þingmanns og vil hvetja hann sérstaklega til dáða að hann reyni að breiða út þetta fagnaðarerindi og boði m.a. til fundar meðal fulltrúa hans í R-listanum þar sem það er greinilegur skoðanamunur meðal talsmanna Samfylkingarinnar í menntamálum annars vegar á landsvísu og hins vegar á sveitarstjórnarstigi. Það er kannski það athyglisverðasta sem kom út úr fyrirspurninni í dag að það er greinilegur skoðanamunur og ég hvet hv. þingmann til dáða að breiða út fagnaðarerindið og opna augu ráðamanna hér í borg að reyna að ýta undir valfrelsi í grunnskólamálum á svæðinu.

Símenntunarmiðstöðvar.

Fsp. MF, 573. mál. — Þskj. 861.

[12:14]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ein besta aðgerð í þágu landsbyggðarinnar sem farið hefur verið í á síðustu árum er uppbygging símenntunarmiðstöðva á nokkrum stöðum á landinu. Tillaga um framlög til þessarar starfsemi kom frá fjárlaganefnd Alþingis en ekki að frumkvæði menntamálaráðuneytis og þannig hefur það verið síðan. Starfsemi símenntunarmiðstöðva hefur fyrir löngu sannað gildi sitt. Fjöldi þess fólks sem stundar þar nám fer vaxandi, hvort sem um er að ræða námskeið, framhaldsnám eða nám á háskólastigi.

Það má fullyrða að stærsti hluti þeirra sem stundað hefur nám hjá símenntunarmiðstöðvum hefði ekki átt þess kost að stunda nám ef þær væru ekki til staðar. Fræðslunet Suðurlands er ein af þessum stöðvum. Á vegum þess stunduðu 313 einstaklingar nám á haustönn 2004, þar af 86 háskólanám. 99 nemendur við háskóla og framhaldsskóla tóku próf á vegum fræðslunetsins. Fræðslunetið á Suðurlandi hefur nú verið rekið með halla undanfarin tvö ár og ef ekki verða breytingar á verður að leggja niður ákveðna þætti starfseminnar, þar með talið háskólanámið.

Á Suðurnesjum hefur þróunin verið sú að 2.639 einstaklingar sóttu námskeið eða nám fyrir utan fjarkennslu á háskólastigi á árinu 2004 á móti 1.303 árið 2000. 86 stunduðu háskólanám á vor- og haustönn 2001 en 135 á vor- og haustönn 2004. Þessi gífurlega aukning sýnir glöggt þörfina sem er fyrir þessa starfsemi fyrir utan þá staðreynd að á Suðurnesjum er eitt lægsta menntunarstig á landinu. Mikilvægi þess að styrkja símenntunarmiðstöðina þar er augljóst.

Hallinn á rekstri miðstöðvarinnar á Suðurnesjum á árinu 2003 var 4 millj. og það getur ekki gengið. Verulegt misræmi er í framlögum til símenntunarmiðstöðva, þannig fá miðstöðvar á Vestfjörðum og Austfjörðum u.þ.b. helmingi hærra framlag frá ríkinu þótt starfsemin þar sé á engan hátt frábrugðin starfseminni á Suðurlandi og Reykjanesi. Það er ekkert samræmi í framlögum til símenntunarmiðstöðva og þess mikilvæga hlutverks sem þær gegna.

Eins og fram kemur í fyrirspurn sem hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir lagði fram fyrr á þessu þingi var stofnuð nefnd í fyrra um fjarkennslumál sem er auðvitað stór hluti af starfsemi símenntunarmiðstöðva. Ekki veit ég hvað kom út úr vinnu þeirrar nefndar því að fyrirspurn þingmannsins hefur ekki enn verið svarað.

Það er ljóst að eigi starfsemi þessara mikilvægu miðstöðva menntunar að lifa og halda áfram að þróast verður að ganga frá samningi um framlög til þeirra, ekki út frá því hvar þær eru staðsettar á landinu heldur í takt við þá starfsemi sem þær reka. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur verið gengið frá samningum um starfsemi símenntunarmiðstöðva? Ef svo er, hvað felst í þeim samningum? Ef ekki, hvenær má vænta þess að frá þeim verði gengið?

[12:17]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi og þingmaður Margrét Frímannsdóttir spyr mig spurninganna:

„Hefur verið gengið frá samningum um starfsemi símenntunarmiðstöðva? Ef svo er, hvað felst í þeim samningum? Ef ekki, hvenær má vænta þess að frá þeim verði gengið?“

Það er rétt að fara yfir það að fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni eru níu talsins: Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskóli Norðurlands vestra – miðstöð um símenntun, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Fræðslumiðstöð Þingeyinga, Fræðslunet Austurlands, Fræðslunet Suðurlands, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.

Miðstöðvarnar eru sjálfseignarstofnanir eins og hefur komið fram og voru stofnaðar á árabilinu 1998–2003. Stofnaðilar miðstöðvanna eru sveitarfélög, fræðsluaðilar, stéttarfélög, ýmis félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki. Við hverja þeirra starfa 2–3 starfsmenn sem sinna verkefnum samkvæmt skipulagsskrá, þ.e. að veita ráðgjöf, upplýsingar og miðla menntun í samvinnu við félagasamtök, fræðsluaðila og atvinnulíf.

Meginmarkmið þeirra allra er að sinna sí- og endurmenntun fyrir einstaklinga og atvinnulíf hver á sínu svæði. Það má alveg taka undir með hv. fyrirspyrjanda að starfsemi þeirra hefur skipt miklu fyrir það að styðja og efla byggð og búsetu um allt land. Þá er efling náms á framhalds- og háskólastigi mikilvægur tilgangur með miðstöðvunum og er sá þáttur ört vaxandi.

Í janúar ár hvert gerir menntamálaráðuneytið skriflegan samning við hverja hinna níu símenntunarmiðstöðva sem starfa á landsbyggðinni. Á fjárlögum 2005 fær hver símenntunarmiðstöð 9,5 millj. kr. Við undirritun samnings greiðir ráðuneytið viðkomandi símenntunarmiðstöð fyrri helming framlagsins en seinni helminginn 1. ágúst ár hvert. Fyrri hluti framlagsins hefur verið greiddur öllum stöðvunum. Gildistími þessara samninga er síðan sjálft almanaksárið.

Miðað er við að af framlaginu greiðist fyrir starfsmannahald u.þ.b. 5 millj., fyrir aðstöðu u.þ.b. 2,5 millj. og til sérverkefna um 2 millj. Þá er rétt að draga líka fram að ráðuneytið styrkir símenntunarmiðstöðvarnar vegna reksturs internetstenginga þeirra og út af hinu svokallaða FS-neti upp á samtals 11,2 millj. á ári hverju. Seint verður undirstrikað mikilvægi þessara símenntunarmiðstöðva og það er líka rétt að draga fram að á síðasta ári skipaði ég starfshóp með fulltrúum símenntunarmiðstöðvanna til að fara yfir hlutverk þeirra til framtíðar. Eins og kom fram hjá mér áðan hafa símenntunarmiðstöðvarnar verið að koma til skjalanna frá árinu 1998 og alveg til ársins 2003 og þannig er þetta enn þá í þróun að mínu mati. Við eigum að halda áfram að reyna að hlúa að þeim til framtíðar en ég bíð eftir niðurstöðum starfshópsins og geri mér vonir um að þá komum við til með að sjá endanlega mótaða stefnu varðandi hlutverk símenntunarmiðstöðva til framtíðar.

[12:20]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Það er alveg til skammar hvernig stutt er við bakið á flestum þessara símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Fjárlaganefnd úthlutar árlega sömu upphæð til hverrar þessara stöðva, síðan bætir ráðuneytið í hjá stöðvunum fyrir austan og á Vestfjörðum. Aðrar stöðvar sitja uppi með það framlag sem kemur beint frá fjárlaganefnd og ráðuneytið kemur þar hvergi nærri, virðist vera. Ég fullyrði að þetta er langhagkvæmasti kosturinn sem við getum boðið upp á til sí- og endurmenntunar þeirra sem á þurfa að halda. Það er í raun alveg ótrúlegt að framlög til þessara stöðva séu á engan hátt háð umfangi þeirra, fjölda nemenda, þeirri starfsemi sem þar fer fram, heldur er eingöngu ein upphæð, ein krónutala, á hverja stöð á ári.

Það er hæstv. menntamálaráðherra algjörlega til vansa hve langan tíma hefur tekið að taka á málefnum þessara stöðva og að ekki skuli vera búið að gera samninga við stöðvarnar sem háðir eru umfangi og þeirri starfsemi sem þar fer fram.

[12:21]

Björgvin G. Sigurðsson:

Herra forseti. Staða símenntunarmiðstöðvanna er á margan hátt fráleit, eins og fram kemur í málflutningi hv. þingmanna í dag, málshefjanda og þess sem mælti á undan mér. Það vantar allt samræmi í stöðu þeirra og þær búa ekki við neitt jafnræði. Það versta er að þar sem aukningin hefur verið hvað mest í fjarnámi í háskólagreinunum innan símenntunarmiðstöðvanna er það að verða þeim baggi af því að þær fá ekki greitt fyrir háskólanámið. Nú er svo komið að sumar símenntunarmiðstöðvarnar hafa boðað að verði ekki breyting þar á muni þær hætta að bjóða upp á fjarnám á háskólastigi og yrði það mikið áfall fyrir starfsemi og uppgang stöðvanna. Það er hægt að fullyrða að hlutverk þeirra, uppgangur og umfang hefur verið að mörgu leyti byltingarkennt fyrir byggðirnar. Hlutverk þeirra er það stórt og þær koma með svo mikilvægan þátt inn í byggðirnar. Það verður að búa þannig um að þær njóti jafnræðis og búi við skýran ramma.

[12:22]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég held að það sé fulldjúpt í árinni tekið að halda því fram að algjört svartnætti ríki um símenntunarmiðstöðvar í landinu. Sem betur fer hefur orðið algjör sprenging á því sviði og má segja að það skólastig sé ekki síður mikilvægt orðið en önnur skólastig, allt frá leikskóla- og upp á háskólastig og allt þar á milli. Enginn getur sagt að viðkomandi hafi lokið námi, svo fjölbreytilegt sem samfélagið er orðið. Þessi sprenging hefur auðvitað orðið vegna þess að aðstaða er til staðar sem varð upphaflega fyrir frumkvæði fjárlaganefndar þingsins. Svo yfirtók menntamálaráðuneytið hugmyndina.

Ekki stunduðu svo margir nám símenntunarmiðstöðva nema af því að þar eru skilyrði fyrir hendi, þótt þau mættu sannarlega vera betri. Ég treysti því sem hæstv. ráðherra sagði, að sú nefnd sem var skipuð og vilji ráðuneytisins verði einmitt til þess að styrkja stöðvarnar enn frekar því að þetta er stóriðja okkar og að henni eigum við að stuðla.

[12:24]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og þeim þingmönnum sem tóku til máls þótt ég harmi um leið að ekki sé búið að styrkja grundvöll símenntunarmiðstöðvanna. Það er rétt sem hér kom fram hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni, að sprenging hefur orðið í starfsemi símenntunarmiðstöðvanna en samt er útlit fyrir það að draga verði saman á þeim svæðum þar sem þær eru kannski hvað best nýttar, eins og á Suðurnesjum og Suðurlandi.

Það er staðreynd að báðar þær símenntunarmiðstöðvar eru reknar með verulegum halla og að við ákvörðun framlaga til þessarar starfsemi, til þessara níu fræðslumiðstöðva, er meira hugsað um landfræðilega staðsetningu en það hlutverk sem þær gegna. Þannig hafa miðstöðvarnar á Vestfjörðum og Austurlandi fengið verulega miklu hærra framlag en aðrar miðstöðvar. Símenntunarmiðstöð Eyfirðinga, SÍMEY, fær sama framlag og Suðurnesin og Suðurland þó að þar fari ekki fram nein miðlun háskólanáms. Það sem skiptir verulegu máli núna og fyrir upphaf næsta námsárs hjá símenntunarmiðstöðvunum er að gengið verði frá þessum samningum í hlutfalli við þau verkefni sem miðstöðvarnar hafa en ekki landfræðilega legu þeirra og þann fjölda sem sækir nám á hverjum stað. Þetta er, eins og ég sagði áðan, einhver besta byggðaráðstöfun sem gerð hefur verið og hún er að frumkvæði Alþingis og fjárlaganefndar. Það er líka vegna þess að þingmenn sem hér eru, sérstaklega kannski þeir sem eru af landsbyggðinni, skilja þörfina fyrir öfluga starfsemi símenntunarmiðstöðva.

[12:26]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Mér finnst bjart yfir símenntunarmálum þjóðarinnar. Það er fyrst og fremst til komið vegna símenntunarmiðstöðvanna. Við eigum að vera svolítið bjartari þegar við ræðum tilvist og starfsemi símenntunarmiðstöðvanna sem hafa staðið sig feikilega vel um land allt.

Það sem hefur gerst og er afar jákvætt að mínu mati er að símenntunarmiðstöðvarnar hafa sprottið úr ákveðnum jarðvegi. Þær eru tiltölulega nýjar af nálinni og það sem hefur gerst er að þær hafa fetað sig áfram hver á sínu sviði. Vissulega sjá þær allar um símenntun og endurmenntun, tengjast háskólamenntuninni, en hafa hver á sínu svæði mótað sér sérstöðu og reynt að átta sig á hvernig hægt er að höfða til þeirra sem eru á hverju svæði fyrir sig í þessum níu símenntunarmiðstöðvum.

Nú er komið að því, og það er meðal annars hlutverk nefndarinnar, að fá ákveðið samræmi í starfsemi og hlutverk símenntunarmiðstöðvanna. Ég ítreka að ég geri mér vonir um að sú nefnd komi til með að skila tillögum til mín innan tíðar. Þessi hópur var skipaður með það í huga að reyna að treysta undirstöðu símenntunarmiðstöðva, undirstrika mikilvægi þeirra. Ég held að við eigum frekar að bíða og sjá en að vera með eitthvert svartnættistal (Gripið fram í.) í þingstól.

Miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði.

Fsp. JóhS, 488. mál. — Þskj. 744.

[12:28]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Þann 15. mars 2003 samþykkt Alþingi þingsályktun um að spornað yrði við uppsögnum og mismunun í starfi vegna aldurs. Þingsályktunartillagan var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna á hvern hátt unnt er með lagasetningu að sporna við því að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi. Skipuð verði nefnd þar sem fulltrúar samtaka launafólks eigi aðild auk fulltrúa stjórnmálaflokka á þingi og skili nefndin áliti innan eins árs."

Nefndin var skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka með aðild aðila vinnumarkaðarins. Skemmst er frá því að segja að full samstaða náðist í nefndinni um að ráðist yrði í fimm ára verkefni til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði, m.a. að skipuð yrði sjö manna verkefnisstjórn fyrir verkefnið til að fylgja átakinu eftir. Átti sú verkefnisstjórn að vera með aðild fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins. Í þessu átaki fólst m.a. að ráðinn yrði starfsmaður í a.m.k. 20% stöðuhlutfall og að lögð yrði fyrir félagsmálaráðherra aðgerðar- og kostnaðaráætlun til fimm ára. Átaksverkefnið miðar m.a. að því að stuðla að auknu fræðslustarfi, rannsóknum, áætlunum um hvernig markvisst væri hægt að hafa áhrif á það að breyta viðhorfi til miðaldra fólks á vinnumarkaði, áherslu á starfsmenntun, sí- og endurmenntun og leggja átti sérstakt fjármagn til starfsmenntasjóðs sem rynni í átak í starfs- og endurmenntunarmálum miðaldra og eldri starfsmanna á vinnumarkaði.

Nefndin klofnaði þó í afstöðu sinni til þess hvort setja ætti lög eða ekki. Skiptist nefndin þannig að fulltrúar fjármálaráðuneytisins og vinnuveitenda lögðust gegn því að sett yrðu nokkur lög eða innleidd yrði í íslensk lög tilskipun Evrópusambandsins nr. 278 um jafna meðhöndlun í atvinnu og starfi. Fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni studdu að innleidd yrði í íslensk lög sú tilskipun Evrópusambandsins sem ég nefndi áðan en vildu ekki almenna lagasetningu um efnið. Fulltrúi Samfylkingarinnar í nefndinni, sú sem hér stendur, og fulltrúi Vinstri grænna ásamt BSRB og ASÍ lögðu til að sett yrði löggjöf um efnið.

Ég spyr því m.a. ráðherra, og hef ekki tíma til að fara yfir fjóra liði fyrirspurnarinnar, hvort ráðherra sé reiðubúinn að beita sér fyrir rammalöggjöf gegn mismunun í starfi og á vinnumarkaði vegna aldurs, eins og við, fulltrúar Samfylkingar, Vinstri grænna, ASÍ og BSRB, lögðum til. Hversu miklu fjármagni verður varið til þessa verkefnis?

[12:31]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur lagt fyrir mig fyrirspurn í fjórum liðum um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði. Fyrsta og önnur spurning hv. þingmanns eru nátengdar þannig að það er eðlilegt að þeim sé svarað hér sameiginlega.

Fyrst vil ég árétta að fyrirspurnin vísar til skýrslu nefndar sem var skipuð í febrúar 2004 á grundvelli þingsályktunar Alþingis. Nefndinni var falið að fjalla um hvernig sporna mætti við því að fólk væri látið gjalda aldurs á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi.

Þingflokkar og helstu samtök á vinnumarkaði áttu fulltrúa í nefndinni. Hún vann mjög vel að verkefni sínu og skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra seinni hluta nóvember sl. Nefndin hafði frumkvæði að því að unnin var könnun á viðhorfum til stöðu miðaldra fólks á vinnumarkaði. Könnunin var unnin í samvinnu við IMG Gallup og kostuð af félagsmálaráðuneytinu. Þá voru spurningar í viðhorfskönnun Samtaka atvinnulífsins samdar í samráði við nefndina.

Í maí 2004 var haldin ráðstefna um málefni miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Að henni stóðu, auk félagsmálaráðuneytisins, Vinnumálastofnun, Áhugahópur um atvinnumál miðaldra fólks, Samtök atvinnulífsins, BSRB, VR, Félag bókagerðarmanna, Efling – stéttarfélag, Samband íslenskra bankamanna, Rafiðnaðarsambandið og Landssamtök lífeyrissjóða ásamt framangreindri nefnd.

Í skýrslu nefndarinnar koma fram m.a. mismunandi sjónarmið varðandi það hvort þörf sé á aðgerðum og þá hvers konar aðgerðum. Hins vegar varð hún sammála um, eins og fram kom í máli hv. þingmanns, að leggja til að stjórnvöld hefji nú þegar sérstakt fimm ára verkefni til að styrkja stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Tryggt verði að málefnum þessa hóps verði sinnt sérstaklega á komandi árum ásamt því að vekja athygli á málefninu. Verkefninu verði ætlað að skapa jákvæða umræðu um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði, bæta ímynd þess og stuðla að viðhorfsbreytingu meðal aðila vinnumarkaðarins og í þjóðfélaginu í heild gagnvart þessum hópi. Verkefnið verði og unnið í nánu samstarfi við þá aðila sem helst tengjast málefninu.

Ég hef þegar brugðist við þessari tillögu nefndarinnar. Í janúar sl. sendi ég bréf með ósk um tilnefningu í verkefnisstjórn til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins, fjármálaráðuneytis, Alþýðusambandsins og Vinnumálastofnunar. Einnig var þess óskað að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna og Kennarasamband Íslands tilnefndu sameiginlega einn fulltrúa. Gert er ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi einn fulltrúa án tilnefningar og verði hann jafnframt formaður verkefnisstjórnar.

Í bréfinu er þess óskað að tilnefningar berist fyrir 20. febrúar sl. en ekki hafa enn borist tilnefningar frá öllum aðilum. Verkefnisstjórnin verður skipuð þegar þær hafa borist. Ég geri ráð fyrir að verkefnisstjórnin hafi hliðsjón af framangreindri skýrslu þegar hún útfærir hlutverk sitt og leggur drög að næstu skrefum í þessu máli en mér finnst ekki ástæða til að setja henni skorður með sérstöku erindisbréfi á þessu stigi, hvað sem síðar verður.

Hv. þingmaður spyr í þriðja lagi um innleiðingu tilskipunar Evrópusambandsins um almennan ramma gegn mismunun í starfi og á vinnumarkaði. Þessari spurningu hefur, hæstv. forseti, áður verið svarað hér á Alþingi. Stjórnvöld hafa lýst yfir vilja sínum til að endurspegla efni tilskipunarinnar hér á landi. Engin ákvörðun hefur verið tekin um það með hvaða hætti það verður nákvæmlega gert, en það verð-

ur gert. Rætt hefur verið um að þetta verði gert eftir því sem tækifæri gefast við endurskoðun á gildandi lögum, þetta verður eitt af því sem væntanlega verður til umfjöllunar í verkefnisstjórninni. Ég er opinn fyrir öllum góðum tillögum um þetta efni en eins og fram kom í máli hv. þingmanns eru mjög skiptar skoðanir um það í samfélaginu.

Fjórða spurning hv. þingmanns snertir fjármagn til verkefnisins. Á þessu stigi er óljóst hvert umfang þess verði. Eins og gefur að skilja er ekki gert ráð fyrir fjármagni til verkefnisins á gildandi fjárlögum fyrir árið 2005. Hins vegar eru ýmsir kostir til að afla fjármagns til einstakra viðfangsefna en það fer eftir eðli þeirra og markmiði hvar borið verður niður. Hér gæti starfsmenntasjóður félagsmálaráðuneytisins orðið að liði sem og starfsmenntasjóðir atvinnulífsins og ég geri einnig fastlega ráð fyrir að fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sýni þessu mikilvæga viðfangsefni áhuga og séu reiðubúin að leggja því lið eftir efnum og ástæðum.

[12:35]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda, ég held að það sé rík ástæða til að innleiða umrædda tilskipun Evrópusambandsins og rammalöggjöf sem er sett gegn mismunun í starfi á vinnumarkaði vegna aldurs. Það er hægt að fullyrða að aðgerða er þörf. Flestir þekkja dæmi um grófa mismunun á vinnumarkaði vegna aldurs og það er alveg klárlega ástæða til að innleiða sérstaka löggjöf og umrædda tilskipun til að vinna gegn þessu misrétti sem má fullyrða að hafi aukist mjög verulega á fáum árum. Ég held að full ástæða sé til að sporna gegn því, vinna gegn þessari meinsemd og þessu óréttlæti af því að fólk er látið gjalda aldurs síns í æ ríkara mæli. Það er nauðsynlegt að setja utan um þetta löggjöf sem vinnur gegn mismununinni.

[12:36]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Það gerist æ algengara að miðaldra og eldra fólki með langan starfsaldur sé sagt upp og yngra starfsfólk ráðið í staðinn, öllu heldur má segja að það haldi fremur störfum sínum. Að baki þessu liggja uppsagnarreglur á Íslandi þar sem leyndin ein ríkir yfir öllu.

Hér hefur verið lagt fram frumvarp af hálfu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs um breytingar á lögum um uppsagnarfrest, hæstv. félagsmálaráðherra kallaði eftir hugmyndum þar að lútandi. Þar er kveðið á um það að uppsögn skuli vera skrifleg, rökstudd og málefnaleg og miðast við mánaðamót. Verði þetta frumvarp að lögum mun það taka á þeim vanda þegar fólki er mismunað vegna aldurs eða annarra ástæðna. Þar sem hæstv. ráðherra taldi sig opinn fyrir hugmyndum varpa ég fram þeirri spurningu hvaða afstöðu hann mundi taka til skriflegra rökstuddra uppsagna sem hvarvetna tíðkast í löndum sem við berum okkur saman við, Norðurlöndum og alls staðar. Eingöngu hér á Íslandi er svo ekki.

[12:37]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka málið hér á dagskrá. Ég lýsi yfir óánægju minni með svör hæstv. félagsmálaráðherra hvað varðar innleiðingu á þeirri tilskipun sem hér hefur verið nefnd. Ég ræddi við ráðherrann, trúi ég fyrir um ári síðan, og mér sýnist ráðherrann ekki vera kominn neitt lengra í því máli en þá var. Það er þó brýnt, og einkennilegt að stjórnvöld skuli sérstaklega hafa lagst gegn því að innleiða þessa tilskipun gegn mismunun á grundvelli aldurs, fötlunar og fleiri þátta.

Ég spyr ráðherrann hvort ekki sé einboðið að fara einfaldlega sömu leið og Norðmenn eru löngu farnir og lögleiða þetta í íslenskan landsrétt. Hvers vegna er hæstv. félagsmálaráðherra svona miklu lengur að hugsa en Norðmenn og hvers vegna ætli hann sé svona miklu seinni að framkvæma en Norðmenn? Má ekki vænta þess að ráðherrann bretti upp ermarnar og fari að vinna að því að verja fólk hér gegn því að vera mismunað á grundvelli aldurs á vinnumarkaði?

[12:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég legg áherslu á það hér hvað það er mikilvægt að innleidd verði í íslensk lög tilskipun Evrópusambandsins og sett verði rammalöggjöf gegn mismunun í starfi á vinnumarkaði vegna aldurs. Ég bendi á það hve afdrifaríkar uppsagnir eldra fólks geta verið, uppsagnir sem tíðkast mjög mikið hér á vinnumarkaði. Ég veit um fjölda dæma þess að fólk missir heilsuna í kjölfarið og það verður íþyngjandi bæði fyrir almannatryggingakerfið og heilbrigðisþjónustuna í heild. Þetta er mjög mikill kostnaðarauki fyrir hvort tveggja fyrir utan það hvaða áhrif þetta hefur á lífsgæði þeirra sem vilja sinna störfum sínum á vinnumarkaði fram að ellilífeyrisaldri.

Ég hvet hæstv. ráðherra til að beita sér fyrir þessu.

[12:40]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. ráðherra svaraði ekki fyrirspurn minni um það hvort hann ætlaði að beita sér fyrir rammalöggjöf gegn mismunun í starfi og á vinnumarkaði vegna aldurs eins og m.a. fulltrúar ASÍ, BSRB, Vinstri grænna og Samfylkingarinnar lögðu til í þessari nefnd. Um það þríklofnaði nefndin. Þess vegna er nauðsynlegt að fá fram afstöðu ráðherra til þessa, ekki einungis hvort hann ætli að innleiða þessa tilskipun Evrópusambandsins um jafna meðhöndlun í atvinnu og starfi, heldur einnig hvort hann vilji beita sér fyrir rammalöggjöf gegn mismunun í starfi.

Tilgangurinn, eins og við settum hann fram í nefndinni, var að setja almenna rammalöggjöf sem miðar að því að koma í veg fyrir mismunun vegna aldurs og fleiri þátta með það að markmiði að tryggja jafnan rétt á vinnumarkaði. Við skilgreindum m.a. hvað ætti að vera í þessari löggjöf, hvernig aðgerðir ættu að vera um eftirfylgni, hvaða nauðsynlegar heimildir þyrfti að setja í lög til að fylgja markmiðum laganna eftir, hvernig málsmeðferð og sönnun ætti að vera fyrir komið í slíkum röðum, hvernig samráði stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtaka ætti að vera fyrir komið og að kveðið yrði í þeirri löggjöf á um skyldur atvinnurekenda til að gera nauðsynlegar og eðlileg-

ar ráðstafanir til að tryggja að markmið laganna um jafnrétti á vinnumarkaði og í starfi náist, og einnig að kveða á um skyldur stjórnvalda eins og ég nefndi.

Það er mikilvægt að fá fram afstöðu ráðherrans til þessa. Það er líka mikilvægt að fá fram afstöðu ráðherrans til þess hvort hann muni setja aukið fjármagn í starfsmenntasjóð til að fylgja því eftir að hægt sé að gera sérstakt átak í starfsmenntun aldraðra. Það er alveg ljóst að aldraðir, miðaldra fólk, búa við mismunun á vinnumarkaði. Ég þekki margar sögur um það að ef fólk sem hefur sótt um starf er yfir fimmtugt — litið er á kennitölurnar sem sýna að fólk er yfir fimmtugt — er umsóknum þess bara fleygt til hliðar og ekki einu sinni litið á þær. Þetta er nauðsynlegt að fyrirbyggja og það gerum við með því að innleiða tilskipunina, eins og við hér nefndum, og með því að setja rammalöggjöf um efnið. Um það spyr ég hæstv. ráðherra.

[12:42]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu, þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa málinu og þá vinnu sem hún lagði á sig í þeirri nefnd sem hér hefur komið til umfjöllunar.

Hér hefur innleiðing tilskipunar Evrópusambandsins gegn mismunun í starfi verið gerð að mesta umfjöllunarefninu. Eins og ég sagði áðan koma ýmsar leiðir til greina í því efni. Eins og hv. þingmaður hefur ítrekað bent á þríklofnaði þó ekki stærri nefnd í afstöðu sinni til þessa viðfangsefnis. Ég hef ekkert útilokað í því efni með hvaða hætti við gerum þetta og ég hef áður lýst því yfir úr þessum ræðustól að mér finnst ástæða til að taka upp mörg meginefni tilskipunarinnar í íslensk lög. Hvort við gerum það með rammalöggjöf eða með endurskoðun gildandi laga veit ég ekki enn. Í mínum huga kemur hvort tveggja til greina og eins og ég sagði áðan finnst mér alls ekki útilokað að verkefnisstjórnin setji einmitt fram hugmyndir í því efni með hvaða hætti best er að koma þessu við.

Það sem mér finnst, hæstv. forseti, skipta hér mestu máli er að við erum farin að vinna gegn þessum vágesti í íslensku atvinnulífi sem er slök staða eldra fólks á vinnumarkaði. Um það erum við sammála hér. Ég held að við getum líka verið sammála um að það er ástæða til að taka á í þeim efnum. Til þess þarf nokkurt fjármagn eins og hv. þingmaður hefur bent á. Starfsmenntasjóður félagsmálaráðuneytisins getur komið þar að og fleiri slíkir sjóðir. Og ég vil ekki útiloka að í fjárlögum næsta árs sjáist þess merki að við ætlum að taka hér á.

Þjónustusamningur við Sólheima.

Fsp. RG, 596. mál. — Þskj. 890.

[12:44]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Í skýrslu sinni frá því í maí 2002, sem vísað er jafnframt til í skýrslu í apríl 2003, bendir Ríkisendurskoðun á að framlögum ríkisins til Sólheima hafi verið ráðstafað með nokkuð öðrum hætti en samningar kváðu á um. Framlög ríkisins til Sólheima voru á sínum tíma byggð á niðurstöðu þjónustumats, samanber lög um málefni fatlaðra.

Í skýrslunni segir að bæta þurfi verulega mönnun og fagstarf og nauðsynlegt sé að þjónusta við fatlaða á Sólheimum lúti betur lögum og reglugerðum um málefni fatlaðra og tengist með markvissari hætti annarri þjónustu við fatlaðra á landsvísu.

Á síðasta ári var gerður nýr þjónustusamningur við Sólheima. Ég spyr hvernig þessi mál hafi verið tryggð í samningnum, m.a. að opinbert fé renni til þjónustu við fatlaða þar sem hækkunin á samningnum virðist nema um 30 millj. kr. á ársgrundvelli, a.m.k. virðist hann vera 181 millj. á árinu 2005 en var 150 millj. áður.

Ríkisendurskoðun bendir á að samkvæmt þjónustumati hafi verið reiknað með umönnun, búsetustuðningi og heimiliseiningum sem jafngiltu 34 stöðugildum starfsmanna á meðan stöðugildi við þennan þjónustuþátt hafi á árunum 2000–2001 verið helmingur af því sem fólst í samningi. Í skýrslunni er talið að um 73% framlaga hafi farið til fatlaðra. Það sem umfram var af greiðslum hafi farið í annað, að á árunum 1996–2001 hafi um 158 millj. samtals farið í annað. Þeim fjármunum sem hafi sparast hafi verið ráðstafað til mun umfangsmeiri atvinnurekstrar og viðhalds og stofnkostnaðar húsnæðis en samningur var um. Á sama tíma er þess getið að skortur sé á fagfólki, þroskaþjálfum og öðru sérhæfðu starfsfólki.

Í þjónustusamningnum sem gerður var fyrir tíu mánuðum eru ákvæði sem leitt geta til tortryggni. Meðal annars er í lið 2.2 fjallað um ráðningu starfsfólks en ekki hve margir skuli ráðnir, hvers konar menntunar sé þörf eða fjallað um kröfur eða kvaðir. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvað er gengið út frá mörgum starfsmönnum í samningnum?

Ekki virðist nægilega frá því gengið að unnt sé að draga úr þjónustu og nýta fjármagn í annað. Til dæmis er stjórn sjóðsins heimilt að nýta rekstrarafgang til myndunar varasjóðs allt að 4% og miðað við 173 millj. eru það allt að 7 millj. sem nota má til framkvæmda samkvæmt skipulagsskrá Sólheima. Hvað þýðir þetta?

[12:47]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Þegar sá sem hér stendur kom að málefnum Sólheima í félagsmálaráðuneytinu vorið 2003 var ljóst að höggva þyrfti á þann hnút sem skapast hafði í samskiptum ráðuneytisins og Sólheima. Sjálfseignarstofnunin Sólheimar hefur annast þjónustu við fatlaða frá árinu 1930. Var þar um að ræða upphaf þjónustu við fatlað fólk á Íslandi. Þar var unnið einstakt brautryðjendastarf á sínum tíma sem að sjálfsögðu hefur þróast og mun þróast enn frekar í framtíðinni. Það er mat mitt að fjölbreytni í þjónustu við fatlaða sé mikilvæg og til þess fallin að tryggja sem flestum þjónustu við hæfi. Ljóst er að Sólheimar eru hluti af þeirri fjölbreyttu flóru.

Sá þjónustusamningur sem undirritaður var 8. maí sl. var gerður á grundvelli heimildar í 14. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, og 30. gr. laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Vert er að undirstrika að hér er um heimildarákvæði að ræða til gerðar þjónustusamnings. Gerð samn-

ingsins við Sólheima hafði það að markmiði að tryggja enn frekar þá þjónustu við fatlaða sem kveðið er á um í lögum nr. 59/1992. Auk þess er með honum tryggð fjölbreytni í þjónustu við fatlaða og samskipti ráðuneytisins og Sólheima færð til betri vegar. Þjónustusamningurinn kveður á um þjónustu við 40 fatlaða einstaklinga.

Við gerð nýs samnings tók ráðuneytið m.a. tillit til þeirra leiðbeininga Ríkisendurskoðunar sem við áttu og var þjónustusamningurinn staðfestur af fjármálaráðuneyti. Ríkisendurskoðun bendir m.a. á að nauðsynlegt sé að þjónustumat verði framkvæmt eins og kveðið er á um í 47. gr. laga um málefni fatlaðra. Í aðdraganda umræddds þjónustusamnings við Sólheima framkvæmdi svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Suðurlandi í samráði við starfsfólk Sólheima og íbúa, mat á þjónustuþörf íbúanna og liggur það til grundvallar greiðslum til Sólheima eins og kemur fram í núgildandi samningi. Hér er um veigamikið atriði að ræða fyrir þá fötluðu einstaklinga sem búa á Sólheimum þar sem í samningnum er hnykkt á því ákvæði laga um málefni fatlaðra að viðkomandi svæðisskrifstofa framkvæmi reglulega á mat á þörf þeirra fyrir þjónustu. Svæðisráði er sömuleiðis falið eftirlit með framkvæmd samningsins.

Í öðru lagi má nefna að í núgildandi samningi er skilgreint hvernig þeirri fjárhæð sem þjónustusamningurinn kveður á um skuli ráðstafað. Skilgreind eru skýr meginmarkmið með samningnum, hvaða þjónustu Sólheimum er skylt að veita, hvernig skuli farið með þjónustumat og hvernig fjármunum skuli varið í þágu ákveðinna þjónustuþátta, þar með talið hlutfall launakostnaðar og annars kostnaðar, af heildarframlagi ríkisins.

Í athugasemdum Ríkisendurskoðunar er í þriðja lagi bent á að skortur á starfsfólki, einkum með fagmenntun á sviði þroskahömlunar, hái starfseminni. Í þjónustusamningi félagsmálaráðuneytisins við Sólheima er gerð sú krafa að Sólheimar leitist við að ráða til starfa fólk með víðtæka reynslu, menntun og þekkingu sem nýtist við störf í þágu fatlaðra. Einnig er samningurinn uppsegjanlegur með tólf mánaða fyrirvara miðað við áramót sé það mat samningsaðila að af einhverjum ástæðum geti þeir ekki staðið við skuldbindingar sínar og það leiði til verulegrar röskunar á þjónustu á Sólheimum. Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að félagsmálaráðuneytið hefur ekki aðstöðu eða heimild til að krefjast þess lögum samkvæmt að samsetning starfsfólks á vinnustað eins og Sólheimum sé með tilteknum hætti.

Hin almenna hugmyndafræði á Íslandi og sú hugmyndafræði sem nágrannaþjóðir okkar vinna eftir byggir á grunnreglum sem Sameinuðu þjóðirnar hafa sett um þátttöku fatlaðra og þeim skuli tryggt aðgengi að samfélaginu. Innan þeirra hugmynda geti rúmast fjölbreytileg lífsform svo lengi sem grundvallarhugmyndir um mannréttindi og virðingu séu í heiðri hafðar í hvívetna. Félagsmálaráðuneytið hefur í hyggju að styrkja það trúnaðarmannakerfi sem starfrækt er í málaflokki fatlaðra með það að markmiði að tryggja að ávallt séu virt almenn mannréttindi til handa fötluðum. Hér er um almenna aðgerð að ræða í þjónustu við fatlaða og munu íbúar á Sólheimum að sjálfsögðu njóta afraksturs þess starfs eins og aðrir fatlaðir á landsvísu.

Hæstv. forseti. Það er vilji minn að sífellt sé unnið að því að auka lífsgæði fatlaðra íbúa á Sólheimum sem og annarra fatlaðra á landsvísu og vissulega má alltaf bæta hlutina. Það vitum við öll. Ég hef sem félagsmálaráðherra lagt mikla áherslu á málaflokk fatlaðra og ber mikla virðingu fyrir þeim hópi og þeim sem starfa fyrir fatlaða og með þeim. Það er sannfæring mín að gott starf hafi verið unnið að Sólheimum og það er vissulega mitt hlutverk að tryggja að svo verði í framtíðinni og undan þeirri ábyrgð mun ég ekki skorast.

[12:51]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég get tekið undir með hæstv. ráðherra að mjög mikilvægt er að það sé fjölbreytni í þjónustu við fatlaða. En ég velti því fyrir mér hvers vegna alltaf hafi verið stríð um Sólheima. Ég sat á annan áratug í fulltrúaráði Sólheima að beiðni aðstandenda og foreldra vistmanna á staðnum og ég verð að segja að því miður virtist mér oft hinir fötluðu ekki vera í fyrirrúmi hjá þeim voru þar við stjórnvölinn. Oft var meiri áhersla lögð á umhverfismál, á alls konar gæluverkefni eins og byggingar, t.d. kirkjubyggingu þótt fjöldi kirkna sé í nágrenninu sem hægt væri að sækja og væri tilbreyting fyrir íbúana á Sólheimum að fara þangað og sækja guðsþjónustur þar. Sömuleiðis tek ég undir að grundvallarmannréttindi skuli virt og tek undir með þeim sem gagnrýna það að fatlaðir á Sólheimum þurfi að sækja alla þjónustu í byggðakjarnanum eins og t.d. verslun. Þeir eru skyldaðir til að skipta við eina bankastofnun o.s.frv.

[12:53]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Allt frá því að hin mikla baráttukona frú Sesselja kom frá Þýskalandi fyrir um 80 árum með þá merkilegu hugmyndafræði sem Sólheimar standa fyrir má segja að ávallt hafi staðið miklar deilur um starfsemina sem þar fer fram og er þetta ekki í fyrsta sinn sem málið kemur til umræðu á Alþingi. Í 80 ára sögu þessa samfélags hafa deilur um hugmyndafræðina að baki Sólheimum staðið yfir. Það er hugmyndafræðin að leggja eingöngu áherslu á hina fötluðu, sem hljóta auðvitað alltaf að vera í forgrunni, og það er líka hugmyndafræði vistfræðinnar. Það er samfélagið í heild sinni á Sólheimum sem hugmyndafræði frú Sesselju byggir á. Um það hafa verið deilur. Ég fagna því að sú harka sem hlaupin var í málið virðist hafa losnað fyrir frumkvæði núverandi félagsmálaráðherra en vitaskuld þarf að hafa eftirlit með því hvernig fjármunum er varið, hvernig fé er nýtt en ekki síst að horfa á hagsmuni skjólstæðinganna, íbúanna í samfélaginu.

[12:54]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Oft hafa einkennileg mál sprottið upp í kringum Sólheima og þá ekki síst fyrir nokkrum árum þegar Ríkisendurskoðun komst að þeirri niðurstöðu að verulegir fjármunir sem ætlaðir voru í þjónustu við fatlaða hefðu ekki runnið í það sem ætlað var. Er einkennilegt að heyra hæstv. félagsmálaráðherra lýsa því yfir að það sé gott starf þegar ríkissjóður veitir fjármuni í þágu fatlaðra og þá séu þeir þvert gegn ætluninni notaðir til annarra hluta.

Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra þegar við sjáum nú að

verið er að reisa alls kyns byggingar og aðra slíka hluti sem ekki beinlínis snúa að þjónustu við fatlaða á Sólheimum, hvort hann sé tilbúinn til þess að láta Ríkisendurskoðun fara aftur yfir það með hvaða hætti þessir fjármunir séu nýttir því að óneitanlega brá manni nokkuð í brún að sjá fyrir nokkrum árum fjármálaráðherra beita sér fyrir fjárveitingum til Sólheima í algerri andstöðu við vilja þáverandi hæstv. félagsmálaráðherra. Maður spyr auðvitað hvaða hvatir það voru sem lágu að baki þeim fjárveitingum.

[12:55]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að taka þetta mál upp hér. Það er vissulega rétt að deilur hafa staðið um þessa stofnun frá upphafi. Deilan er ekki lengur jafnmikil um hugmyndafræðina sem liggur að baki rekstrinum heldur fyrst og fremst um ráðstöfun fjármuna. Það er auðvitað okkar hlutverk að fylgja eftir þeim skýrslum sem Ríkisendurskoðun gerir um úttektir á starfsemi sem ríkið leggur fjármuni sína í. Um þessa starfsemi, sem er á margan hátt mjög góð, þarf að ríkja friður. Það sem vantar þarna inn í er hið virka eftirlit með sjálfseignarstofnunum, það að ráðuneytið geti með afgerandi hætti gengið inn og skoðað reksturinn, samsetningu starfsfólks sem og annað, og tryggt að þarna sé fyrst og fremst verið að vinna í þágu fatlaðra.

[12:56]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Þetta var einstaklega lélegt svar hjá hæstv. ráðherra. Við höfum búið við það árum eða áratugum saman að málefni Sólheima hafa verið í hnút og það er ekki vegna hugmyndafræði, það er ekki út af því hvort fötluðum einstaklingum líður vel að búa í þorpi eins og þarna er, heldur vegna þess að gerðar hafa verið ósanngjarnar kröfur af hálfu ráðamanna á Sólheimum til ríkisins. Fyrirrennari hæstv. ráðherra, Páll Pétursson, bjó við sama hnútinn og hafði fullan vilja til að leysa hann. Hann var þungorður opinberlega yfir kröfum ráðamanna á Sólheimum og hvað gerist svo? Eftir að Ríkisendurskoðun hefur sent frá sér tvær alvarlegar skýrslur um að veitt hafi verið óhemjufé í þennan eina stað samanborið við það sem gert er annars staðar í öðrum samningum hins opinbera við stofnanir sem sinna fötluðum og gert alvarlegar athugasemdir við það, þá er gerður þjónustusamningur og orðið við öllum kröfum. Svo er því bara svarað að þarna sé tryggð fjölbreytni, þarna séu 40 fatlaðir og gert verði þjónustumat.

Ég er búin að lesa þennan samning, ég er búin að liggja yfir honum. Ég er líka búin að lesa skýrslurnar og þessi hnútur var á sínum tíma. Af hverju var hnúturinn? Ekki af því að vilji væri ekki til þess að gera vel á Sólheimum heldur vegna ofboðslega ósanngjarnra krafna eins manns. Það er óhugsandi að hæstv. ráðherra komi hingað og svari því ekki af hverju framlagið hækkar um 30 millj. Hann svarar því ekki hvað hafi orðið um þær 158 millj. sem Ríkisendurskoðun gagnrýnir. Hann svarar því ekki af hverju ekki eru gerðar kröfur um menntað starfsfólk með auknum greiðslum og hann svarar því ekki af hverju verið er að heimila Sólheimum að nota allt að 7 millj. í annað en þjónustu við fatlaða samkvæmt skipulagsskrá.

Ég mun, virðulegi forseti, bera fram skriflega fyrirspurn til að reyna að (Forseti hringir.) knýja fram svör við þessum spurningum.

[12:59]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Nýting fjármuna í fortíðinni hefur verið hér til nokkurrar umræðu og vegna hennar vil ég upplýsa að þegar ég hóf undirbúning að gerð þjónustusamnings við Sólheima kynnti ég mér vel skýrslu Ríkisendurskoðunar. Við þá yfirferð fannst mér brýnt að fá úr því skorið hvort þjónustusamningurinn frá 1996 væri enn í gildi en um það voru málsaðilar, félagsmálaráðuneytið og Sólheimar, ekki sammála. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar, (Gripið fram í.) hlustaðu nú, hv. þingmaður, frá 2002 kom einnig fram að ekki væri yfir allan vafa hafið að þjónustusamningurinn frá 1996 væri fallinn úr gildi. Niðurstöður skýrslu Ríkisendurskoðunar eru að miklu leyti reistar á því að umræddur samningur teldist enn í gildi og því lykilatriði í mínum huga að fá úr því skorið. Til að eyða réttaróvissu varðandi ofangreidd atriði óskaði ég eftir því í ágúst 2003 að ríkislögmaður skilaði mér áliti á því hvort samskipti félagsmálaráðuneytisins og Sólheima frá og með febrúar 1997 og önnur atvik málsins gæfu til kynna að þjónustusamningur hafi verið í gildi og honum hafi þurft að segja sérstaklega upp af hálfu annars samningsaðila.

Í svari ríkislögmanns kemur fram að þjónustusamningur á grundvelli 14. gr. laga nr. 59/1992 hafi ekki verið í gildi allt frá ársbyrjun 1997 þótt fjárveitingar hafi verið grundvallaðar á þeim forsendum sem lagðar voru upp í eldri samningi. Þar sem samningurinn var ekki í gildi hefði sjálfgefið álitamál um uppsögn enga raunhæfa þýðingu. Með hliðsjón af lögum um málefni fatlaðra var eðlilegt að félagsmálaráðuneytið markaði fjárveitingu til Sólheima nýjan farveg, annaðhvort með lögformlegri gerð nýs samnings eða að fjárveitingar færu með öðrum hætti og þeim hætti sem nú hefur verið ákvarðaður með þjónustusamningi.

Í núgildandi samningi liggur það skýrt fyrir til hverra hluta fjármunum ríkisins skuli varið. Eftirlit með starfseminni er í höndum svæðisráðs um málefni fatlaðra og ég tel mikilvægt að Sólheimar fái starfsfrið innan þess ramma sem starfseminni hefur verið mótaður.

[13:01]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir) *(ber af sér sakir)*:

Virðulegi forseti. Ég nota þennan möguleika sem heitir að bera af sér sakir til þess að bregðast við. Það er ekki ásættanlegt að ráðherrann komi í seinna svari sínu og segi þá að þjónustusamningurinn hafi verið útrunninn. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Ég á engan ...

(Forseti (BÁ)**:** Forseti verður að gera athugasemdir við þetta vegna þess að þessi heimild til að bera af sér sakir varðar sakir en er ekki til þess að halda áfram efnislegri umræðu um málið. Það er alveg skýrt.)

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki í efnislega umræðu. Ég ætla bara að tilkynna forseta það ... (Gripið fram í.) Ég ætla bara að tilkynna forseta það að það sem kom fram í seinni

ræðu ráðherrans er mjög ósæmilegt að koma með þegar viðkomandi þingmaður getur ekki svarað, virðulegi forseti.

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill árétta að þá heimild sem þingsköp gefa til hv. þingmanna til þess að bera af sér sakir á ekki að nota til að halda áfram efnislegri umræðu um mál.)

Þrífösun rafmagns.

Fsp. BjörgvS, 575. mál. — Þskj. 863.

[13:02]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrr í vetur beindi ég skriflegri fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra um þrífösun. Þá spurði ég, með leyfi forseta:

„Hvar á landinu er þrífösun rafmagns ekki lokið og hvar er hún fyrirhuguð á næstunni?"

Þetta er mikilvægt málefni fyrir hinar dreifðu byggðir sem ekki búa við þrífösun rafmagns. Það kemur í veg fyrir ýmiss konar atvinnuuppbyggingu og búrekstur að búa ekki að slíku. Í framhaldi af því spyr ég hæstv. iðnaðarráðherra núna hvort hafin sé vinna við þá kostnaðar- og framkvæmdaáætlun fyrir þrífösun rafmagns sem sögð var á döfinni í svari ráðherra við fyrirspurn þeirri sem ég nefndi áðan.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Rafdreifikerfi landsins til sveita var að stórum hluta byggt upp sem einfasa kerfi í byrjun og enn eru um 4.800 km af 11 og 19 kV línum í dreifbýli einfasa eða tæp 60% af þessum línum í dreifikerfi Rariks og Orkubús Vestfjarða. Einfasa línur eru um allt land en lengstu línurnar eru þó á fremur strjálbýlum svæðum.

Ekki er unnið sérstaklega að þrífösun á ákveðnum svæðum heldur er hún samfara endurnýjun kerfisins."

Síðar í svarinu segir, með leyfi forseta:

„Hjá fyrirtækjunum hafa styrking og endurbætur veikustu hluta aðveitu- og dreifikerfisins haft forgang, því næst hafa komið þeir hlutar kerfisins þar sem mest tap er í kerfinu. Af þessari ástæðu hefur uppbygging þriggja fasa kerfis ekki gengið hraðar fyrir sig en raun ber vitni. Raunar felst í endurnýjun dreifikerfisins þrífösun þess og aðgangur notenda að þriggja fasa rafmagni hefur batnað verulega en aðeins hluti þeirra hefur eigi að síður kosið að taka þriggja fasa rafmagn."

Hér er um að ræða mjög hægfara þróun og segir í lok svars, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðuneytið óskaði nýlega eftir því við Rafmagnsveitur ríkisins að gerð yrði kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um brýnustu þörf fyrir þrífösun dreifikerfisins, sem byggðist á fyrrgreindri skýrslu um það efni og reynslu af notkun rafhrúta við þrífösun hjá einstökum notendum á síðustu tveimur árum."

Þetta er mjög mikilvægt atvinnumál fyrir dreifbýlið og nauðsynlegt er að umbætur og endurbætur gangi eins hratt fyrir sig og kostur er og að unnið sé eftir afgerandi áætlun um það og að þeir sem ekki búa að þessu viti hvar þeir standa, sérstaklega í ljósi þeirrar markaðsvæðingar raforkumarkaðarins sem nú stendur yfir og breytir að mörgu leyti stöðu núverandi raforkufyrirtækja sem mörg hver kannski munu breyta um eðli og eignarhald á næstu árum. Þess vegna er mjög áríðandi að þrífösun rafmagns verði lokið áður en frekari breytingar eða afskipti hins opinbera af rekstri þessara félaga á sér stað. Hér er um að ræða mikilsvert hagsmunamál byggða og atvinnulífs. Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. iðnaðarráðherra sem hér er nefnd.

[13:05]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í febrúar árið 2002 kom út skýrsla um mat á þörf á þrífasa rafmagni á vegum iðnaðarráðuneytisins sem byggðist á starfi sérstakrar nefndar er falið var af iðnaðarráðherra að gera úttekt á þörf fyrir þriggja fasa rafmagn hér á landi og meta kostnað við nauðsynlegar endurbætur á dreifikerfi landsins í því skyni.

Nefndin óskaði m.a. eftir upplýsingum frá öllum sveitarfélögum í dreifbýli um þörf fyrir þrífösun rafmagns og hvar þörfin væri mest í viðkomandi sveitarfélagi. Í niðurstöðum nefndarinnar kemur fram að kostnaður við þrífösun raforkukerfisins miðað við brýna forgangsflokka samkvæmt röðun sveitarstjórna mundi kosta um 1.200 millj. kr. í fjárfestingum eða um 13% heildarkostnaðar við þrífösun landsins. Lausleg forgangsröðun framkvæmda samkvæmt óskum sveitarstjórna eftir kostnaði leiðir í ljós að heildarfjárhæð við þrífösun umfram þessa upphæð mundi skila nánast engum auknum ávinningi fyrir notendur miðað við fram komnar óskir þeirra.

Í niðurstöðum skýrslunnar er bent á að með því að gera átak á t.d. fimm ára tímabili við þrífösun dreifikerfis vegna þessara notenda sem kosta mundi 1.200 millj. kr. væri nánast unnt að fullnægja þörf allra notenda er brýna þörf hafa fyrir þriggja fasa rafmagn.

Á síðastliðnum þremur árum eða frá því að skýrslan kom út má áætla að unnið hafi verið fyrir um 600 millj. kr. við endurbætur dreifikerfisins og þar af er aðeins hluti þeirrar upphæðar beint vegna þrífösunar. Því má áætla að enn eigi eftir að endurbyggja dreifikerfið vegna þrífösunar fyrir um það bil 1 milljarð kr.

Rarik hefur á undanförnum mánuðum unnið að þeirri áætlun sem getið er um í fyrrgreindri skýrslu og í drögum að framkvæmdaáætlun Rariks fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir að auka allmjög það fjármagn sem síðustu ár hefur verið varið til styrkingar og endurnýjunar dreifikerfa í dreifbýli. Í fyrirliggjandi drögum að framkvæmdaáætlun er áformað að verja allt að 650 millj. kr. til endurbóta á dreifikerfi Rariks sem er ríflega tvöföldun á því fjármagni sem varið hefur verið til þessara verkefna undanfarin ár. Framkvæmdaáætlunin tekur til brýnustu verkefna vegna afhendingargæða raforkunnar og rekstraröryggis kerfisins og einnig nær hún til einstakra verkefna við þrífösun dreifikerfisins. Reiknað er með að þessari vinnu ljúki innan skamms eða fyrir lok marsmánaðar.

Ég vil því segja, hæstv. forseti, að ég tel að það séu mjög ánægjulegar fréttir að þarna skuli eiga að verja svona miklu fjármagni til þess að bæta dreifikerfið m.a. með þrífösun. Eins og kom fram hér áður er það sem sagt um það

bil tvöföldun frá því sem hefur verið síðustu ár.

[13:09]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa við þessu eilífðarmáli sem hér er til umræðu og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það efast enginn um gildi og mikilvægi þrífösunar fyrir hinar dreifðu byggðir. Það er tækifæri til uppbyggingar á atvinnulífi.

Það liggur fyrir að forgangsröðunin er tilbúin, eins og hæstv. ráðherra greindi hér frá, og það liggur líka fyrir að það eru ekki allir staðir í hinum dreifðari byggðum sem þurfa á þrífösun að halda og þess vegna auðvitað mikilvægt að líta til þeirra þar sem þörfin er mest, eins og stærri kúabúa, þeirra sem eru í ferðaþjónustunni og í smærri iðnaði sem víða er að spretta upp. Þetta er grundvöllur í rauninni að byggðastefnu.

Stefnumörkunin liggur fyrir og því ber að fagna. Það er dapurlegt kannski að ekki skuli hafa gengið hraðar en raun ber vitni og því ber að fagna þeim drögum sem hér voru kynnt frá Rarik um að það eigi að leggja 650 millj. kr. í þetta og ganga þá (Forseti hringir.) nokkuð rösklega í það að byggja upp þrífösunina mikilvægu í dreifðum byggðum.

[13:10]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er engin ástæða til að lengja mikið umræðuna hér með því að ræða um þá miklu þörf sem er á því að þrífösun verði í sveitum landsins þar sem atvinnurekstur er stundaður. En úr því að til er orðin þessi forgangsröðun og menn vita hvert á að stefna í þessu er hins vegar ástæða til þess að kvarta yfir því að engin áætlun er orðin til.

Ég verð því miður að skilja orð hæstv. ráðherra öðruvísi en hv. síðasti ræðumaður. Þessar 650 milljónir sem ráðherrann nefndi voru í endurbætur á kerfinu, meðal annars með þrífösun í huga, og það kom ekkert fram um það hve stór hluti af þessu væri að fara í þrífösun. Þess vegna er ástæða til að hér liggi fyrir, ekki síst með tilliti til þess að menn stefna til breytinga í þessu raforkukerfi, fastmótuð áætlun um það hvernig eigi að koma til móts við þarfir atvinnulífs í sveitum hvað varðar þrífösun rafmagns.

[13:11]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt þá var óskað upplýsinga frá sveitarfélögunum í landinu um hvar væri brýn þörf fyrir þrífösun á rafmagni og að út úr því hefði komið að það mundi kosta um 1.200 milljónir að ráðast í þær brýnu endurbætur.

En hæstv. ráðherra sagði síðar í ræðu sinni að þær 1.200 milljónir mundu engu skila þó að þær yrðu settar í framkvæmdir og ég skil ekki hvernig í ósköpunum þetta getur snúist svona.

Þær 650 milljónir í endurbætur á dreifikerfi Rariks segja ekkert um hvað eigi að fara í þrífösun á rafmagni og ég ítreka þá spurningu sem hér kom fram: Hve mikið af þeim fjármunum á að fara í þrífösun?

Eins og hæstv. ráðherra talaði hér virðist mér að núna sé hægt þá að óska eftir upplýsingum frá Rarik um hvaða framkvæmdir í þrífösun séu næstar, hvar þær eigi að verða, í hvaða tímaröð verði síðan framkvæmdir við þrífösun og hvaða tímarammi gildi. Ég gat ekki skilið hæstv. ráðherra öðruvísi en að þetta lægi orðið fyrir hjá Rarik og hægt væri að óska eftir þeim upplýsingum. Ég óska eftir að hæstv. ráðherra svari þessu: Er það svo?

[13:12]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 7. þm. Suðurkjördæmis, Björgvini G. Sigurðssyni, fyrir að hreyfa þessu máli enn einu sinni eins og hér hefur verið vitnað til. Hann spurði um þetta hér munnlega vegna skriflegrar fyrirspurnar sem hann hefur fengið svar við, þ.e. um hvar sé þörf á þessu.

Ég tek undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að ég held að hv. þm. Hjálmar Árnason hafi misskilið svar ráðherrans. En ég vildi að satt væri að 650 milljónir væru að fara í átak í þrífösuninni. En svo er ekki. Þetta er viðhaldsverkefni Rariks og einhver lítill hluti af því er í þrífösun.

Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að mér finnst það lýsa frekar miklu metnaðarleysi hæstv. iðnaðarráðherra og iðnaðarráðuneytisins að ekki skuli vera gerð áætlun sem fólk sem vantar þessa gerð rafmagns getur unnið eftir. Má ég minna á það líka að það fólk sem býr svolítið við þetta er nú heldur betur að fá kaldar kveðjur frá hæstv. ríkisstjórn út af rafhitunarkostnaðinum, allt að 40% eða 50% hækkun miðað við þær breytingar sem urðu núna um áramótin.

[13:13]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir ágætar umræður um málið og hæstv. ráðherra fyrir svarið þó að það hafi valdið ákveðnum vonbrigðum að ekki liggi skýrar fyrir hvernig ráðast eigi í þetta, hvernig sú kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um brýnustu þörf eigi að líta út og getið var um fyrr í vetur að fyrir ætti að liggja.

Það þarf 1.200 millj. til að mæta þörfinni að fullu og 650 millj. eru áætlaðar í endurbætur á raforkukerfinu. Það er gleðilegt að tvöfalda eigi það fjármagn sem áætlað er til endurbóta á kerfi Rariks en það er alls ekki nóg. Það verður að fara hraðar og stíga fastar til jarðar þannig að þeir sem ekki búa við þriggja fasa rafmagn núna horfi fram á það á næstu árum því þetta stendur þeim byggðum verulega fyrir þrifum, það stendur nýsköpun í atvinnulífi fyrir þrifum þar sem ekki er um að ræða þriggja fasa rafmagn. Þetta telst til grundvallarþjónustu sem við eigum að veita. Það stendur upp á orkufyrirtækin að skila þjónustunni og oft og tíðum er um svæði að ræða sem eru steinsnar frá virkjununum þar sem rafmagnið er framleitt og engin leið að færa rök fyrir því að byggðirnar séu afskiptar að þessu leyti og njóti ekki þess jafnræðis sem í þessu felst. Það er verið að setja byggðirnar niður, það er verið að setja þær hjá í ákveðinni nýsköpun og í ákveðnum tækifærum og tómt mál að tala um raunverulega byggðastefnu á þessum svæðum ef ekki á að veita þessa þjónustu á næstu missirum. Þess vegna er ástæða til að skora á hæstv. ráðherra að auka enn við fjármagnið sem á að setja í endurbætur á raforkukerfinu og

mæta þörfinni að fullu á næstu missirum.

[13:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að full ástæða sé til að segja að verið er að gera átak í þessum efnum hjá Rarik og ég lýsi mikilli ánægju með það. Til að enginn misskilningur sé á ferðinni sagði ég að það sem færi í þrífösun umfram það sem sérstaklega var lögð áhersla á af hálfu sveitarfélaganna, sem var talað um að mundi kosta um 1.200 millj., að það mundi skila litlu, það sem færi umfram það. Þetta var mjög mikilvæg vinna sem fram fór fyrir nokkrum árum til að átta sig á hvar þörfin væri mest og hvar við værum að nota peningana skynsamlega en fram að þeim tíma hafði ekki farið fram nein úttekt á því.

Á síðustu árum hefur, eins og hv. þingmenn vita, verið lagt fjármagn í þrífösun sem hefur vissulega ekki verið mikið en engu að síður hafa verið teknir ákveðnir áfangar. Þó er mat manna að það geti verið um milljarður sem enn þurfi til að fullnægja þessu þannig að við getum verið bærilega sátt. Nú fer helmingi meira fjármagn í dreifikerfið og m.a. í þrífösunina en síðustu ár og ég lýsi ánægju með að þarna er greinilega verið að leggja sig fram um að bæta þjónustuna. Ef við getum staðið okkur ámóta vel á næstu árum held ég að eftir tiltölulega fá ár verðum við komin að þeim mörkum að við getum verið allsátt. Ég tel að það skipti verulega miklu máli því þetta er eitt af því sem allur smáiðnaður þarf á að halda, stærri kúabú o.s.frv.

Við vitum það öll sem erum þingmenn landsbyggðarkjördæma að gríðarleg áhersla er lögð á að þrífasa og ég mun ekki liggja á liði mínu hvað það varðar. Hins vegar verðum við að hafa í huga að það hafa orðið breytingar í raforkugeiranum þannig að klippt hefur verið á naflastrenginn á milli ríkisins og Rariks.

Opinber hlutafélög.

Fsp. MÁ, 619. mál. — Þskj. 927.

[13:18]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Tildrög fyrirspurnarinnar eru þau að við vorum saman á fundi í Reykjavíkurakademíunni þarsíðasta laugardag, ég, hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og hv. varaþingmaður Álfheiður Ingadóttir, en hún er flutningsmaður þingsályktunartillögu um opinber hlutafélög sem hér liggur fyrir. Ráðherra var spurður um þetta á fundinum og svaraði ekki mörgu til og kannski ekki vettvangur til þess en sagði að þetta hefði ekki verið mikið rætt á þinginu. Ég lofaði að bæta úr því og er þess vegna með fyrirspurn um það hvort á vegum ráðherra eða stofnana sem falla undir ráðuneyti hennar hafi verið kannað hvort fýsilegt sé að gera ráð fyrir opinberum hlutafélögum í íslenskri löggjöf og hver sé afstaða ráðherrans til þess. Vísa ég sérstaklega til dönsku og norsku hlutafélagalaganna.

Í þeim lögum og kannski víðar, ég hef ekki kannað það en vísa sérstaklega til þingsályktunartillögu Álfheiðar Ingadóttur sem er ágætt plagg og merkilegt fylgiskjal þar frá starfshópi á vegum Reykjavíkurborgar. Í þeim hlutafélagalögum er gert ráð fyrir sérstöku félagsformi sem eru opinberu hlutafélögin. Það sem er m.a. merkilegt við það félagsform er að þar er gert ráð fyrir að, það er reyndar ríkishlutafélag, ég nefni það hér opinbert vegna þess að ég geri ráð fyrir að hægt sé líka að búa til sveitarfélagshlutafélag eða sveitarfélagahlutafélag. Mér finnst eðlilegt að gera ráð fyrir því. Þar eru ríkishlutafélögin þannig að ríkið getur stofnað sérstakt hlutafélag. Það getur auðvitað sett því ýmis skilyrði, annaðhvort haft það þannig að hægt sé að selja það smátt og smátt ef þannig víkur við eða að ríkið sé eitt um það og ákvæði sé um að þingsamþykkt þurfti til. En hlutafélagið virkar eins og önnur hlutafélög á flestan hátt, þó er það t.d. undir upplýsingalögum og stjórnsýslulögum sem þau félög sem verið er að stofna á hinu háa Alþingi og í hinum háu ráðuneytum eru alla jafna ekki og hefur mjög verið kvartað yfir.

Þá má nefna það sérstaklega um norsku ríkishlutafélögin að þar eru ákvæði um þátttöku kvenna í stjórn, það er nokkuð hart ákvæði og hefur konum í stjórnum í Noregi fjölgað mjög mikið, þar sem þær öðlast reynslu og verða jafnframt fyrirmynd í öðrum félögum eða fyrirtækjum á markaði. Ég held að þetta sé hlutur sem við þurfum að íhuga vel hér og kannski hratt, og minni á að á morgun verður væntanlega umræða um félagsstofnun þar sem um er að ræða sjálft Ríkisútvarpið. Niðurstaða stjórnarflokkanna og málamiðlanir þeirra eru ákaflega vandræðalegar í því efni þar sem þeir hafa stofnað sameignarfélag með einum eiganda í staðinn fyrir t.d. að búa til lög sem gætu fallið undir ríkishlutafélag, sem væri a.m.k. eðlilegra.

[13:21]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Því er til að svara varðandi fyrirspurn um opinber hlutafélög að ekki hefur á mínum vegum sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra eða stofnana sem tengjast mér verið kannað hvort setja þurfi almenn lög um svokölluð opinber hlutafélög eða ríkishlutafélög.

Í lögum um hlutafélög er að finna almennar leikreglur, m.a. ákvæði um að hluthafar séu minnst tveir og hlutafé minnst 4 millj. kr. Hins vegar hafa ýmis sérlög eða sérlagaákvæði verið sett sem snerta opinber hlutafélög og hafa reynst vel, t.d. um viðskiptabanka á sínum tíma. Hafa þau lög m.a. falið í sér undanþágu frá almennum reglum hlutafélagalaganna. Nefna má sem dæmi sérlög um hlutafélög með ríkisaðild á sviði iðnaðar. Hefur þá iðulega verið sett heimild eða jafnvel gefin fyrirmæli til handa iðnaðarráðherra til að stofna slík hlutafélög. Sem dæmi má nefna lög um kísilgúrverksmiðju, járnblendiverksmiðju, sjóefnavinnslu og steinullarverksmiðju. Einnig má nefna lög um Sementsverksmiðjuna og um stofnun Landsnets hf. á sviði raforkuflutninga. Hefur verið talin þörf á að festa í framangreind sérlög ýmis ákvæði um hin nafngreindu félög en þau hafa mörg hver verið stór í sniðum. Nefna má og að ríkið hefur gjarnan selt eignarhlut sinn í tímans rás, t.d. 100% hlut í Sementsverksmiðjunni hf.

Nefna má að nýlega hafa verið sett lög um stofnun einkahlutafélags, ekki hlutafélags, um Orkuveitu Húsavíkur.

Að því er varðar danska og norska löggjöf sem minnst var á í fyrirspurninni má segja um hana í stuttu máli að ekki hafi verið sett almenn lög um opinber hlutafélög í Danmörku og Noregi. Í dönsku lögunum um hlutafélög er þannig aðeins fjallað um skilgreiningu á ríkishlutafélagi og setningu reglna um tilkynningu eignaraðildar til félagaskrár í sérstökum tilvikum, þ.e. tilkynna félagaskránni um 2% eignarhlut í félögunum og breytingar á eignarhlut sem því nemur. Í ríkishlutafélögum skulu fréttamenn hafa aðgang að aðalfundi. Samsvarandi ákvæði er ekki að finna í dönsku lögunum um einkahlutafélög.

Í dönsku lögunum um ársreikninga er hins vegar að finna nokkur dreifð ákvæði um félögin, m.a. um efni ársreikninga, gerð hálfsársuppgjörs og sendingu þess til félagaskrár, afhendingu ársskýrslu til fréttamanna og tveggja endurskoðenda.

Í XII. kafla eru viss ákvæði um upplýsingagjöf. Þannig þarf að greina í ársskýrslu frá eignaraðild eða atkvæðisrétti upp á minnst 5%, segja frá þóknun til stjórnarmanna og gefa upplýsingar um stjórnunarstörf í öðrum hlutafélögum. Ráðherra hefur heimild til að gera undantekningar frá sérstökum reglum um félögin ef nauðsynlegt er til að tryggja jafnræði þeirra sem hafa skráð hlutabréf í kauphöll. Hér á landi eru lög um ársreikninga á valdi fjármálaráðherra.

Í Noregi gilda lög um hlutafélög og lög um einkahlutafélög almennt um ríkishlutafélög og ríkiseinkahlutafélög. Í báðum lögum er þó að finna vissar sérreglur fyrir ríkisfélögin en ekki margar. Ákvæði er um sérstaka eftirlitsstjórn en slíkt fyrirbrigði tíðkast ekki í reynd hér á landi þó heimild sé til að hafa fulltrúanefnd í íslenskum hlutafélögum.

Sérákvæði eru um það í norsku löggjöfinni að minnst 40% stjórnarmanna í stjórn félaganna skuli vera konur. Sérákvæði er um hluthafafundi. Loks eru ákvæði um að ríkisendurskoðun í Noregi endurskoði ársreikninga félaganna. Svipuð ákvæði eru í íslenskum lögum um Ríkisendurskoðun varðandi hlutafélög sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í og getur hún jafnframt framkvæmt rannsókn og stjórnsýsluendurskoðun hjá félögunum.

Samkvæmt framansögðu hafa ekki verið sett hér á landi almenn lög um opinber hlutafélög enda hefur ekki verið sýnt fram á að sérstök þörf sé á slíkri löggjöf. Hins vegar hafa verið sett eftir þörfum sérlög um ýmis stærri félög, m.a. stóriðjufyrirtæki eða sérákvæði í lög m.a. um hlutafélagabanka í ríkiseigu eða endurskoðun slíkra félaga. Verði færð fullnægjandi rök að nauðsyn fleiri lagaákvæða, m.a. um einstök atriði að norrænni fyrirmynd, verða þau skoðuð með opnum huga.

[13:26]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Vegna fyrirspurnarinnar vil ég minna á, eins og fram hefur komið, að fyrir þinginu liggur tillaga að þingsályktun um setningu laga um opinber hlutafélög sem ekki hefur komist á dagskrá og flutningsmaður er Álfheiður Ingadóttir, varaþingmaður VG. Þar er ályktað að fela viðskiptaráðherra að undirbúa að sett verði í lög almenn ákvæði um opinber hlutafélög. Markmiðið er að tryggja réttindi starfsmanna að stjórnsýslu- og upplýsingalögum og öðrum. Mér fannst fátt um svör við fyrirspurninni og ítreka: Er hæstv. viðskiptaráðherra tilbúin að veita þingsályktunartillögunni brautargengi? Það veitir ekki af, því með einkavæðingu ríkisfyrirtækja hefur ábyrgð gagnvart starfsfólki og réttindi þeirra ekki verið einkavædd. Það er svo einfalt og spurt er hvort hæstv. ráðherra sé tilbúin að veita því brautargengi. Er hæstv. ráðherra tilbúin að tryggja núverandi starfsmönnum Ríkisútvarpsins sömu réttindi og skyldur og þeir hafa í dag hjá Ríkisútvarpinu sf.?

[13:27]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 7. þm. Reykv. s., Merði Árnasyni, fyrir að leggja fram fyrirspurn um þetta áhugaverða mál á þinginu. Ég vil hvetja hæstv. iðnaðarráðherra til að setja í gang nefndarvinnu til að skoða þennan kost vegna þess að mér finnst hann mjög áhugaverður. Ef ég tek dæmi þá er pósturinn 100% í eigu ríkisins og er hlutafélag. Mér þætti mjög gott ef þar væri ákvæði um ríkishlutafélag, um að í stjórn þess fyrirtækis, svo ég tæki bara eitt dæmi, yrðu a.m.k. 40% konur. Það þyrfti að gera það á þann veg núna því ég held að það séu næstum allt saman karlar þar.

Ég vil líka nefna að þetta er áhugaverður kostur fyrir sveitarfélög ef sveitarfélög gætu t.d. búið til hlutafélög og sett áhaldahúsrekstur sinn undir slíka starfsemi. Ég kvarta yfir því, virðulegi forseti, að þegar búið er að háeffa ríkisfyrirtæki getur Alþingi ekkert spurt út í viðkomandi félag eftir það og það er slæmt.

[13:28]

Helgi Hjörvar:

Virðulegi forseti. Ég hef ásamt og undir forustu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar flutt frumvörp til breytingar á lögum sem lúta að því að opinber félög þurfi að sæta upplýsingaskyldu. Þau frumvörp hef ég flutt og hvet hæstv. ráðherra að huga að lagasetningu í þessu efni því sem stjórnarmaður í Landsvirkjun, sem stjórnarformaður Faxaflóahafna og hafandi langa reynslu af setu í opinberum félögum fullyrði ég að þetta form, félagsform í opinberum rekstri, er viðrini, er bastarður því að þau njóta ekki hins eðlilega aðhalds eigenda á hluthafa- eða sameignarfélagafundum og þau njóta ekki þess eðlilega aðhalds opinberra aðila með því að þurfa að hlíta upplýsingaskyldum og opna bækur sínar og ákvarðanir gagnvart almenningi. Við þær aðstæður skortir einfaldlega því miður óþarflega og óhóflega á aðhald með rekstri af þessu tagi og það er brýnt að hæstv. viðskiptaráðherra beiti sér fyrir úrbótum á því.

[13:30]

Fyrirspyrjandi (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka fyrir svörin og fyrir þessa umræðu sem mér finnst hafa sýnt að það er brýn þörf á að huga að þessu máli. Hér hafa verið umkvartanir um að rekstrarform séu ekki nægilega þjál og ekki nægilega mörg til að hægt sé að búa til millistig á milli þess sem er ríkisstofnun annars vegar, eða stofnun sveitarfélags, og hins vegar hlutafélag sem er bara venjulegt bisnessfyrirtæki á markaði sem er auðvitað prýðilegt form fyrir sinn hatt.

Það kemur líka í ljós að þetta hefur ekkert verið kannað í ráðuneyti hæstv. ráðherra. Þó varð þessi fyrirspurn til þess

að ráðherra fletti upp í norsku og dönsku löggjöfinni. Hún gerir sér þá væntanlega, og starfsmenn hennar, betur grein fyrir því um hvað er að ræða núna en áður. Ég held að þau dæmi sem hér hafa verið nefnd, ýmis, sýni að það er mikil þörf á að búa til almennan ramma um þetta. Það er kannski rétt að nefna það líka að víðar þarf auðvitað betri skilgreiningu á rekstrarformum, t.d. voru það ein rök þeirra sem fengu gefins Tækniháskólann um daginn að sjálfseignarstofnunarformið eða önnur form sem þeir litu á fullnægðu ekki þeim kröfum sem þeir gerðu til rekstrar síns og þess vegna var gert hlutafélag úr þeim háskóla. Það er einstakt í veröldinni.

Ég verð að segja að mér þykir það heldur þunnt svar við spurningunni: „Hver er afstaða ráðherrans til þessara mála?“ þegar hún segir að ekki hafi verið færð rök fyrir því að þörf sé á slíkri löggjöf. Það var gert í þessari umræðu og það er gert í ágætri tillögu Álfheiðar Ingadóttur hér á þinginu. Það er líka gert í þeim þingmálum sem Guðmundur Árni Stefánsson og Helgi Hjörvar hafa staðið að, sem eru held ég tvö frekar en eitt. Ég held að ráðherra ætti að íhuga þetta betur og í raun og veru ættum við að koma þessu máli varaþingmannsins hér í umræðu og í skoðun í nefnd.

Ég vil þakka ráðherranum þó fyrir það sem hún hefur gert en hvet hana til að taka þessu ekki eins neikvætt og þurrlega og raun bar vitni áðan.

[13:32]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í svari mínu hef ég alls enga fordóma gagnvart því fyrirkomulagi sem hér er stungið upp á. Þvert á móti sagði ég að ég hefði ekki orðið vör við sérstaka þörf. Ég stend við þau orð en er hins vegar alveg opin fyrir því ef sýnt verður fram á þörfina fyrir að þetta verði skoðað frekar í ráðuneytinu. Við höfum leyst málin á annan hátt með sérlögum um sérstakan rekstur eða sérstakar verksmiðjur, banka og annað þegar á hefur þurft að halda.

Eins og kom fram í máli mínu áðan hvað varðar danska og norska löggjöf hafa ekki verið sett almenn lög þar um opinber hlutafélög. (Gripið fram í.) Það eru ekki almenn lög um opinber hlutafélög í Danmörku og Noregi. (Gripið fram í.) Þegar hér kemur fram eins og það sé bara sjálfkrafa inni í lögunum að það þurfi að vera 40% hlutfall kvenna í stjórnum verð ég að leiðrétta það, það er sérstök ákvörðun sem tekin er af hálfu norska þingsins að setja það ákvæði inn í lögin. Þann möguleika (**MÁ:** ... í lögunum?) hafa ... já, en það er ekki eins og það gerist af sjálfu sér, það er sett í lögin. Það gerist ekki af sjálfu sér þó að menn taki upp ákvæði um ríkishlutafélög.

Mér skilst að fyrir liggi þingsályktunartillaga eða frumvarp, a.m.k. þingmál sem ég mun kynna mér frekar. Eins og ég segi hef ég enga ástæðu til að vera neitt sérstaklega á móti þessu formi en hef hins vegar ekki alveg séð ástæðuna fyrir því að taka það upp.

Það var talað um upplýsingaskyldu. Nú liggur líka fyrir þinginu frumvarp til laga um ársreikninga. Mér finnst ekki ólíklegt, þó að það heyri ekki undir mig sem viðskiptaráðherra, heldur fjármálaráðherra, að eitthvað verði tekið á upplýsingaskyldu í því.

Þvingunarúrræði og dagsektir umhverfisstofnana.

Fsp. SigurjÞ, 556. mál. — Þskj. 843.

[13:35]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég tel vert að þakka hæstv. ráðherra fyrir að koma og svara fyrirspurn sem ég er með til hennar en það er meira en sumir aðrir ráðherrar treysta sér til að gera. Ég er með fyrirspurn til hæstv. utanríkisráðherra frá 16. nóvember — nokkurra mánaða gamla — þannig að ég vil þakka það sérstaklega að umhverfisráðherra mæti hér. Af því að hæstv. fjármálaráðherra situr hér einnig ber að nefna að hann treystir sér ekki til að svara sumum fyrirspurnum sem beint er til hans og ber við ýmsum undanbrögðum, sérstaklega ef í hlut eiga einhverjar viðkvæmar upplýsingar.

Sú fyrirspurn sem ég hef beint til hæstv. umhverfisráðherra er eftirfarandi:

1. Hversu oft hafa stofnanir sem heyra undir umhverfisráðuneytið lagt á dagsektir til að þvinga fram úrbætur?

2. Hversu oft hafa þessar stofnanir fengið dagsektir greiddar?

3. Hversu háar dagsektir hafa innheimst ár hvert frá árinu 2000?

Fyrirspurnin nær yfir fimm ára tímabil. Ástæða þess að ég spyr hæstv. umhverfisráðherra þessara spurninga er sú að í fyrra starfi mínu sem framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra varð ég áþreifanlega var við það að dagsektir virkuðu mjög illa vegna þess að í lögum um aðför segir, frú forseti, að ef það er framkvæmt sem farið er fram á falla dagsektir niður. Þetta leiðir til þess að ef viðkomandi sem er beittur dagsektum dregur það endalaust að framkvæma eða fara að lögum eru lagðar á dagsektir. Að lokum þegar á að fara að innheimta þær framkvæmir hann loksins. Við það falla allar dagsektir niður. Þetta er alveg fáheyrt.

Síðan byrjar kannski sami leikurinn á ný og viðkomandi brýtur áfram af sér. Ég vil taka það fram að ég er ekki talsmaður harðra reglna, alls ekki, en reglurnar sem gilda verða að ná jafnt yfir alla. Þetta er ákveðið samkeppnismál vegna þess að þeir rekstraraðilar sem fara að lögum og reglugerðum með ærnum kostnaði verða að geta treyst því að aðrir sem eru í svipuðum rekstri þurfi einnig að fara eftir reglunum og að það sé enginn undansláttur með það. Ég tel að fara þurfi yfir þessi þvingunarúrræði stjórnsýslunnar, sérstaklega umhverfisráðuneytisins.

Fyrr hefur komið hér fram í svari við skriflegri fyrirspurn að eldvarnaeftirlitið hafi krafið 10 sinnum um dagsektir en að ekki ein einasta króna hefur innheimst í þessi 10 skipti sem eldvarnaeftirlit sveitarfélaganna krafðist dagsekta.

[13:38]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Tvær stofnanir á vegum umhverfisráðuneytisins og starfsemi sem þeim tengist, annars vegar Brunamálastofnun og Eldvarnaeftirlit sveitarfélaganna og hins vegar Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, starfa samkvæmt lögum sem veita heimild til beitingar dag-

sekta sem þvingunarúrræðis. Svar þetta nær ekki til stjórnsýslu Brunamálstofnunar og Eldvarnaeftirlits sveitarfélaga þar sem ég hef nýverið svarað skriflegri fyrirspurn fyrirspyrjanda þar að lútandi, sbr. þskj. 467, 382. mál, og er vísað til þess hér hvað þann þáttinn varðar.

Ráðuneytið leitaði upplýsinga hjá Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga en landinu er skipt í 10 svæði heilbrigðiseftirlits. Dagsektum hefur verið beitt um 30 sinnum á þessu tímabili til að þvinga fram úrbætur. Nokkur svæði hafa ekki notað dagsektir og það á við um Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

Hjá Umhverfisstofnun hefur í þremur tilvikum á þessu ári verið tekin ákvörðun um að beita dagsektum vegna vanrækslu á að skila endurskoðaðri skýrslu um grænt bókhald. Í öllum tilvikum var endurskoðaðri skýrslu skilað til stofnunarinnar í framhaldi af því og reyndi því ekki á innheimtu dagsektanna. Stofnunin tók ákvörðun þann 1. nóvember sl. um dagsektir á grundvelli 73. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, en ekki hefur reynt á innheimtu í því tilviki.

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur í tvígang lagt á dagsektir í þeim tilgangi að þvinga fram úrbætur, sbr. heimild í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í öðru tilvikinu fóru lagfæringar fram áður en kom til innheimtu dagsekta. Í hinu tilvikinu var ákvörðun um álagningu þeirra og innheimtu kærð til úrskurðarnefndar hollustuhátta og mengunarvarna sem úrskurðaði að álagning dagsekta hefði verið réttmæt en álagningin jafnframt felld úr gildi þar sem frestur sem gefinn var til andmæla var of stuttur að mati nefndarinnar.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra lagði tvisvar á dagsektir á árinu 2001. Úrbætur höfðu verið gerðar þegar til innheimtu kom.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og heilbrigðisnefnd Vesturlands hafa hvor um sig einu sinni beitt dagsektum til að knýja á um úrbætur.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis hefur um 20 sinnum lagt á dagsektir frá árinu 2000. Aldrei hefur komið til þess að þær hafi verið innheimtar því að í öllum tilvikum voru úrbætur gerðar. Að mati Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis eru dagsektir eitt helsta þvingunarúrræði eftirlitsins.

Þær stofnanir sem hér um ræðir og heyra undir ráðuneytið hafa eins og að framansögðu má sjá aldrei fengið dagsektir greiddar, enda eru þær þvingunarúrræði sem beitt er til að fá fyrirtæki eða einstaklinga til að framkvæma ákveðið verk. Þegar verkið er unnið og úrbætur hafa þar með verið gerðar falla dagsektir niður þar sem markmiði þeirra er náð.

[13:42]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þykist skilja aðaltilgang dagsekta og mér finnast þau sjónarmið sem hv. fyrirspyrjandi setti hér fram líka skiljanleg. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra hvort hún telji ekki koma til greina að sett verði sú regla að dagsektum verði ekki að fullu aflétt, heldur verði hluti þeirra eftir sem sekt vegna brotanna. Auðvitað kostar mikið að fylgja eftir með þessum hætti. Það er líka ákveðinn vandi vegna þess að menn spara sér auðvitað í rekstri með því að draga að gera svona úrbætur og samkeppnisaðilum er það þá fjötur um fót í samkeppni við viðkomandi aðila.

Mér finnst þess vegna skoðandi að hluti af dagsektunum yrði látinn halda sér þó að meiri hluti þeirra yrði felldur niður þegar menn hafa orðið við þeim kröfum sem gerðar hafa verið.

[13:44]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr svör og tek undir það sjónarmið sem kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, það er nauðsynlegt að þeir sem eru beittir dagsektum þurfi að greiða a.m.k. einhvern hluta þeirra þó svo að þeir láti að lokum tilleiðast og framkvæmi það sem ætlast er til í lögum. Auðvitað ættu þeir að greiða allan þáttinn í því.

Mjög merkilegur hlutur kom fram hjá hæstv. ráðherra, þ.e. að aldrei hefur innheimst ein króna af dagsektum. Það er mjög sérstakt. Þetta er erfitt fyrir heilbrigðiseftirlitin og Eldavarnaeftirlitið sem eiga að fylgja eftir reglum. Ég þekki löggjöfina er varðar heilbrigðiseftirlitið mjög vel, úrræði þess eru áminningar, dagsektir sem aldrei innheimtast og síðan að loka fyrirtækjum. Sum starfsemi sem heilbrigðiseftirlitin hafa eftirlit með er þess eðlis að það er ekki hægt að loka fyrirtækjunum. Ég vil nefna t.d. fráveitur, menn loka ekki fráveitum, og vatnsbólin. Þess vegna er nauðsynlegt að dagsektirnar verði raunverulegt úrræði.

Þetta svar og þessi umræða hér ætti að verða til þess að umhverfisráðuneytið og hæstv. umhverfisráðherra taki á í þessum málum og skerpi á þeim. Ég tel það nauðsynlegt. Þetta er jafnræðissjónarmið fyrir atvinnurekstur í landinu, bæði fyrir þá sem ætla sér og vilja framfylgja lögum og reglum með ærnum tilkostnaði og síðan eru því miður, reyndar mjög mikill minni hluti, fyrirtæki sem ætla sér það alls ekki og reyna að fara eins langt og mögulegt er. (Forseti hringir.) Því miður eru dæmi um ríkisfyrirtæki sem hafa verið staðin að þvílíkum verkum.

[13:46]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég vil taka skýrt fram að þvingunarúrræðin eru samkvæmt lögunum ekki hugsuð sem refsing heldur úrræði til að knýja fram úrbætur á því sem er ábótavant. (Gripið fram í.) Það er meginkjarni málsins.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson tók undir málflutning hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar og taldi að til greina kæmi að dagsektir sætu að einhverju leyti eftir sem sektir en ljóst er að þannig er úrræðið ekki hugsað. Ég hef ekki skoðað málin frá því sjónarhorni að þessu bæri að breyta. Mér finnst líka að það hafi komið mjög skýrt fram í svari mínu áðan að dagsektirnar eru þegar öllu er á botninn hvolft mjög virkt úrræði til að knýja fram úrbætur vegna þess að í nánast öllum þeim tilvikum sem ég tilgreindi náðust fram úrbætur. Það tel ég að sé meginmálið í þessu öllu saman.

Lækkun veggjalds í Hvalfjarðargöngum.

Fsp. JÁ, 548. mál. — Þskj. 827.

[13:48]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Það er alkunna að Hvalfjarðargöng hafa algjöra sérstöðu meðal samgöngumannvirkja á landinu. Þau eru byggð upp með einkafjármagni og borguð af notendunum. Ríkið á að fá þau afhent skuldlaus eftir 20 ára rekstur. Samt er það svo að ríkið innheimtir virðisaukaskatt af notkun ganganna.

Nú er verið að byggja sambærileg mannvirki á Austurlandi. Ekki er meiningin að innheimta nein veggjöld af þeim göngum svo vitað sé. Það á að fara að breikka Reykjanesbrautina og halda því áfram, ekki er meiningin að innheimta nein gjöld þar.

Gjald þetta stendur í vegi fyrir eðlilegri byggðaþróun, það mismunar fólki og það torveldar eðlilega atvinnusókn á milli svæða. Spölur, sem rekur Hvalfjarðargöngin, hefur unnið að því að ná fram lækkunum á gjaldinu með því að endursemja um lán sín, greiða upp og fá nýja fjármögnun og sú endurskoðun er komin á lokastig. Það mun líklegast vera blanda af lækkun vaxta og lengingu lána sem skilar einhverri lækkun en sú lækkun mun ekki skipta sköpum fyrir þá sem nota göngin, það verður ekki um svo verulega lækkun að ræða sem raunverulega þörf er á. En ljóst er að Spölur er að gera það sem hann mögulega getur í málinu.

Ríkið er líka aðili að þessu máli. Það innheimtir virðisaukaskatt og það stendur svo á núna að ríkið er nokkurn veginn að ná um þessar mundir inn öllum þeim skatti sem gefinn var eftir við uppbyggingu þessa mannvirkis á sínum tíma.

Hvað ætla menn þá að gera? Hvað eftir annað hafa verið yfirlýsingar ráðamanna, m.a. hæstv. samgönguráðherra, um að fella eigi niður virðisaukaskatt af umræddu mannvirki og þrýst hefur verið frá hendi ráðamanna á Spöl að veggjaldið verði endurskoðað eins og mögulegt er frá Spalar hendi. Nú er það komið á lokastig. Hér hafa legið fyrir tillögur, t.d. frá samflokksmanni hæstv. fjármálaráðherra, um að fella þetta gjald niður. Er ekkert að marka það sem hér er á ferðinni?

Ég hlýt að spyrja og ég óska eftir skýrum svörum frá hæstv. fjármálaráðherra: Hvað telur hæstv. ráðherra að ríkið eigi að gera til að taka þátt í lækkun veggjalda í Hvalfjarðargöngum? Mér finnst kominn tími til að ráðamenn ríkisstjórnarinnar svari því.

[13:51]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem fram kemur hjá hv. þingmanni að þetta mikla mannvirki, Hvalfjarðargöngin, hefur mikla sérstöðu í samgöngumálum í landinu. Það er alveg ljóst að umrætt mannvirki hefði ekki komið þegar það kom og ekki í fyrirsjáanlegri framtíð ef ekki hefði verið farið í þá fjármögnun sem gert var og er einsdæmi hér á landi. Það er mjög mikilvægt að skilja ekki við þetta mál þannig að þessi fjármögnunarmöguleiki sem hefur gefist svo vel eyðileggist gagnvart öðrum hugsanlega sambærilegum samgöngubótum í framtíðinni. Þess vegna verða menn að halda sig við það sem ákveðið var í upphafi í þessu efni.

Ljóst er að göngin munu standa undir sér og geta greitt kostnaðinn sem fylgdi því að gera þau og umferð hefur verið þarna meiri en gert var ráð fyrir, tekjurnar af göngunum þar af leiðandi meiri. Það er alrangt að gjaldið í göngunum eins og það er núna torveldi eðlilega atvinnusókn á milli svæða, eins og hv. þingmaður hélt fram. Ég leyfi mér að fullyrða að það sé alrangt. Þvert á móti sýna allar rannsóknir að göngin hafa haft stórkostleg áhrif, ekki bara á Vesturlandi, heldur miklu víðar þar sem áhrifa þeirra nýtur við eftir að þau komust í gagnið.

Mikið er kvartað undan því að veggjaldið sé hátt. Almenna veggjaldið er 1 þús. kr., hefur verið óbreytt frá upphafi og hefur þar af leiðandi lækkað töluvert að raungildi. Með hámarksafslætti er gjaldið sem menn greiða að sjálfsögðu miklu minna, 400 eða 440 kr. fyrir hverja ferð. Það verða menn að bera saman við það sem kostar að keyra gömlu leiðina, menn verða að bera veggjaldið saman við það sem kostar að keyra gömlu leiðina, eldri leiðina, í bensíni, í tíma, sliti á bílum o.s.frv. En lykilatriðið í málinu er auðvitað það að hægt er að aka aðra leið eftir góðum vegi ef menn vilja ekki greiða veggjaldið. Þann valkost eiga allir sem þarna fara um, sem er ólíkt því sem hv. þingmaður nefndi varðandi önnur mannvirki sem nú eru í byggingu. Ekki er hægt að bera það saman að keyra göngin milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar annars vegar við Hvalfjarðargöngin, að ætla að bera saman leiðina fyrir Hvalfjörð og leiðina fyrir Vattarnes sem er handónýtur vegur og hættulegur og væri gott að losna við úr almennri umferð. (Gripið fram í.)

Það sem hins vegar liggur fyrir er að sjálfsögðu að reyna að lækka veggjaldið. Rekið er hlutafélag með sérstakri stjórn sem hefur það verkefni að gæta hagsmuna þess. Vextir í heiminum hafa lækkað mikið að undanförnu. Ég tel að stjórnin hefði eflaust getað gripið inn í þetta mál eitthvað fyrr en mér er kunnugt um, eins og þingmaðurinn sagði, að stjórn félagsins hefur að undanförnu unnið að því hörðum höndum að kanna endurfjármögnun á þeim lánum sem á göngunum hvíla og ég er sannfærður um að út úr því getur komið hagstæðari fjármögnun sem að sjálfsögðu þýðir lægra veggjald.

Spurt hefur verið að því fyrir hönd félagsins með hvaða hætti ríkissjóður kæmi að því máli. Ég hef lýst því yfir skriflega til forsvarsmanna félagsins að ég muni vilja beita mér fyrir því að stimpilgjöld af endurfjármögnuninni falli niður eins og gert var þegar upphaflegu göngin voru fjármögnuð. Ég hef sagt í sama bréfi til félagsins að við munum fallast á að lán ríkisins verði greitt upp og það þá endurfjármagnað með hagstæðara láni ef félagið á kost á því. En ég hef hins vegar skrifað félaginu alveg skýrt um það að ég telji ekki koma til greina að fella niður eða lækka sérstaklega virðisaukaskattinn á veggjaldinu.

Ég tel ekki að það sé rétt eftir haft að samgönguráðherra hafi sagt að hann sæi fyrir sér að það yrði fellt niður. Hins vegar höfum við báðir sagt, og það er stefna ríkisstjórnarinnar, að þegar tekst að lækka lægra þrepið í virðisaukaskatti, þar sem veggjaldið er ásamt öðrum liðum, þá lækkar skatturinn að sjálfsögðu á því eins og öðru sem þar er að

finna. Þetta er framlag ríkissjóðs í þessu máli, virðulegi forseti.

[13:56]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Fram kom hjá hæstv. ráðherra að það væri alrangt að gangagjaldið torveldaði atvinnusókn. Ég er sannfærður um að flestir ef ekki allir Akurnesingar eru þessum orðum algjörlega ósammála og mjög undarlegt í rauninni að heyra varaformann Sjálfstæðisflokksins halda þessu fram. Síðan eru þingmenn kjördæmisins, bæði ráðherra og varaþingmaður kjördæmisins, einmitt að tala um allt annað.

Að heyra að verið sé að vinna hörðum höndum í málinu, mér finnst sú vinna vera farin að dragast ansi mikið á langinn og vera kominn tími til að menn sjái í rauninni sóknarfæri í að auka umferð um göngin, vegna þess að þá er hægt að byggja upp atvinnu og ná fram meiri arðsemi og horfa á það með þeim hætti í staðinn fyrir að horfa endalaust á skattheimtuna af göngunum, því að ef meiri umferð er þá er meiri arðsemi af göngunum, ég tel það augljóst.

[13:58]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég verð að segja eins og er að ekki er annað hægt en að lýsa yfir miklum vonbrigðum með það ef niðurstaðan á verða sú að ríkisvaldið komi ekki með myndarlegri hætti en þetta til móts við Spöl til að lækka veggjaldið í Hvalfjarðargöng með lækkun á stimpilgjöldum sem er eitthvert lítilræði, kannski 20–30 milljónir, ég veit það ekki, það getur ekki verið mikið meira. Og að það sé eitthvert sérstakt framlag, einhver fórn af hálfu ríkisins að fallast á að þessi lán verði greidd upp sem eru hjá ríkinu þegar ríkið hefur gert kröfu um að þarna verði látið reyna á endurfjármögnun.

Að virðisaukaskattinum hafi ekki verið lofað, það hefur verið rætt hvað eftir annað í Alþingi. Hvað stóð þá upp úr mönnum? Það stóð til að gerð yrði breyting á virðisaukaskattinum. Nú liggur ekkert fyrir hvenær það verður og það frestast örugglega eitthvað langt inn í framtíðina. Og þá á bara að bíða eftir því í staðinn fyrir að auðvitað stendur sú krafa núna á ríkissjóð að hann komi til liðs við Spöl til að lækka gjöldin í göngin núna.

Ég held því fram að ekki sé vafi á því að þetta gjald torveldar atvinnusókn. Það nýjasta sem ég get fært fram því til stuðnings er að t.d. á síðasta ári fjölgaði á Árborgarsvæðinu um yfir 500 manns, sem er álíka stórt atvinnusvæði og það sem er fyrir ofan Hvalfjörðinn, en t.d. á Akranesi fjölgaði um 60–70 manns.

Auðvitað er þungt fyrir fólk sem ætlar að stunda vinnu öðru hvorum megin þessa svæðis að þurfa að borga kannski milli 200 og 300 þúsund á ári eða hátt í 300 þúsund á ári fyrir að keyra bílinn sinn í gegnum göngin.

Mér finnst að ríkið þurfi að gera mun betur en þetta og þá kröfu að ríkið hætti að innheimta virðisaukaskattinn hljóti að eiga að gera til ríkisins hvað þetta málefni varðar.

[14:00]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður gefur lítið fyrir það sem að ríkinu snýr í þessu máli. Auðvitað er ríkið ekki aðalgerandinn í málinu. Þetta er hlutafélag og yfir því stjórn sem hefur það verkefni að vinna að þessu máli. Að því hefur verið unnið að undanförnu eins og ég gat um og þingmaðurinn reyndar líka.

Ég tel nauðsynlegt að ítreka að ég tel brýnt að menn klári málið á þeim forsendum sem lagt var upp með. Hér var reyndar gerð sú meginbreyting, vorið 1998, að ákveðið var að flytja virðisaukaskattinn af veggjaldi úr almenna þrepinu niður í lægra þrepið, þ.e. úr 24,5% niður í 14%. Það þýðir að af gjaldinu sem greitt er renna 10% í ríkissjóð, þ.e. af gjaldinu sjálfu eins og alltaf er þegar skatturinn er reiknaður til baka.

Ég er ekki alveg viss um að allir geri sér grein fyrir því að þar liggja ekki hinar stóru fjárhæðir í þessu máli. Ég er ekki á því að við getum leyft okkur að hverfa frá þessari forsendu í málinu, frekar en því að gefa eftir lán ríkissjóðs eða annað sem snýr að ríkisvaldinu í þessu máli, umfram það sem ég hef þegar getið um. Við munum vinna að því að lækka almenna þrepið, þ.e. lægra þrepið í virðisaukaskattinum. Þá mun veggjaldið njóta góðs af því en það verða að sjálfsögðu ekki nema einhver prósentustig af veggjaldinu sjálfu sem um er að tefla. Skatturinn er ekki nema 10 af hundraði í sjálfu gjaldinu.

Greiðslur almannatrygginga til öryrkja og aldraða.

Fsp. ÖJ, 618. mál. — Þskj. 926.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Um miðjan 10. áratuginn rauf ríkisstjórnin sambandið milli lágmarkslauna og bótagreiðslna úr almannatryggingum gegn háværum mótmælum samtaka öryrkja og eldri borgara, auk verkalýðshreyfingarinnar. Menn töldu þetta óeðlilegt enda stóðu þá fyrir dyrum kjarasamningar sem gerðu ráð fyrir umtalsverðri hækkun lægstu launataxta. Mönnum fannst þetta undarleg ráðstöfun, að svipta lífeyrisþega og öryrkja kjarabótum sem voru fyrirhugaðar og í sjónmáli. Þótt ekki væri fallist á að koma þeim tengslum á að nýju þá fékkst engu að síður í gegn árið 1997 að lögfest var ákvæði, sem er að finna í 65. gr. almannatryggingalaga, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Bætur almannatrygginga ? skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs."

Nú hef ég lagst í nokkra útreikninga vegna þessa. Ég get ekki komist að annarri niðurstöðu en að hér séu brotin lög. Það er sama hvernig þetta mál er reiknað. Ég hef stillt því upp á þrjá vegu. Ég hef skoðað hækkun frá desember 2003 til desember 2004, en þá hækkuðu almannatryggingabætur um 3%. Þá var vísitala neysluverðs 3,9% og vísitala launa 6%. Samkvæmt þessum útreikningi hefði átt að hækka bæturnar um 6%.

Ef við lítum hins vegar á aðra reikniaðferð og skoðum janúar 2004 til janúar 2005, þá nam hækkun bóta almanna-

trygginga 3,5% en vísitala neysluverðs 4% og vísitala launa 6,6%. Ef við skoðum hins vegar ársmeðaltalið, einu tölur sem til eru frá árinu 2003, þá var hækkun bóta 3%, vísitala neysluverðs 3,2% og vísitala launa 4,6%. Þarna hefðu bæturnar átt að hækka um 4,6% í stað þriggja prósenta.

Þess vegna set ég fram eftirfarandi spurningu og beini henni til hæstv. fjármálaráðherra:

Hverju sætir að greiðslur almannatrygginga til öryrkja og aldraðra hafa ekki fylgt launaþróun eins og kveðið er á um í almannatryggingalögum?

[14:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Í fyrirspurninni er forsenda sem ég tel að standist ekki. Þar er fullyrt að greiðslur almannatrygginga til öryrkja og aldraðra hafi ekki fylgt launaþróun eins og kveðið er á um í almannatryggingalögum. Ég hafna því. Ég tel að það hafi verið farið eftir því ákvæði sem hv. þingmaður vitnaði til, 65. gr. almannatryggingalaganna, í einu og öllu. Menn hafa lagt sig eftir því að framfylgja þessu ákvæði.

Ég náði ekki nákvæmlega þeim tölum sem hv. þingmaður vitnaði til en viðmiðunin hefur verið sú að bæturnar hækki um það sem nemur kjarasamningsbundnum hækkunum hjá almennu verkalýðsfélögunum. Það er ekki miðað við vísitölu launa eða launavísitöluna sem hv. þingmaður notaði í þessum samanburði.

Síðan hafa bótaþegarnir þá tryggingu, sem aðrir í þjóðfélaginu hafa ekki, að ef verðlag hækkar, samkvæmt vísitölu neysluverðs, meira en sem nemur launahækkunum þá beri að hækka bæturnar sem því nemur, þ.e. kaupmáttur bótanna skerðist aldrei eins og gerst getur hjá almennu launafólki. Ákvæðið segir að annaðhvort sé launaþróuninni fylgt eða vísitölu neysluverðs.

Frá því að þetta ákvæði kom í lög 1997 hefur aðeins einu sinni reynt á það vegna þess að sem betur fer fer kaupmátturinn á Íslandi vaxandi frá ári til árs. Árið 2001 voru bætur bættar upp sérstaklega með viðbótarhækkun ofan á almennu launahækkunina frá 1. janúar 2002. Það gerist ef í ljós kemur að bæturnar hafa verið lægri heldur en nemur vísitölu neysluverðs. Þá er ekki annað ráð við því en að bæta það upp eftir á.

Hins vegar vil ég taka fram að þó svo við höfum í þessum efnum miðað við almennar kjarasamningsbundnar launahækkanir á vinnumarkaðnum þá er niðurstaðan sú, ef maður tekur nokkurra ára tímabil, allnokkur ár, að þessar bætur og kaupmáttur þeirra hefur hækkað meira en sem nemur launavísitölunni. Ef maður tekur t.d. raungreiðslur, hve mikið þær hafa hækkað frá árunum 2002–2004, raunverulegar greiðslur að meðaltali til ellilífeyrisþega, þá hafa þær hækkað um 15,3%, á meðan launavísitalan hækkaði um 10,6%. Þetta eru raunverulegar útborgaðar greiðslur. Þar kemur við sögu að það hefur líka verið dregið úr tengingum og skerðingum vegna tekna milli maka o.s.frv. Það kemur fólki til góða.

Ef maður horfir lengra aftur í tímann, t.d. á 10 ára tímabil, þá kemur í ljós að grunnlífeyrir hefur á árunum 1995–2004, hjá hjónum sem bæði eru lífeyrisþegar, hækkað um 84%, á meðan launavísitalan hækkaði um 78,6%. Þannig mætti taka ýmis dæmi. Það er auðvitað ekki tóm til þess í svona fyrirspurn að rekja slík dæmi en sem betur fer hefur tekist að tryggja að kaupmáttur þessara hópa, ellilífeyrisþega og öryrkja, hafi aukist, a.m.k. í takt við það sem almennt gerist og í mörgum tilvikum meira en almennar hækkanir. Þar kemur til skjalanna samkomulag við eldri borgarana og fleiri slíkir þættir, ýmsar greiðslur umfram það sem ákvæði laganna segja beint til um.

Ég tel því að fullyrðingar þingmannsins eigi ekki við rök að styðjast. Ég kann ekki að fara með þær tölur sem hann nefndi máli sínu til stuðnings. Það þyrfti að skoða þær sérstaklega ef eitthvað er hæft í því sem þar kom fram.

[14:11]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Svar hæstv. fjármálaráðherra var illskiljanlegt. Það er því miður staðreynd að aldraðir hafa dregist aftur úr í almennri launaþróun. Það eru ekki bara við í stjórnarandstöðunni sem höldum því fram heldur einnig Landssamband eldri borgara. Skattbyrðin hefur auk þess færst í auknum mæli á þá sem hafa lægri tekjur. Þar skal enn bæta í. Núna á að lækka skattprósentuna í stað þess að hækka skattleysismörk.

Hæstv. fjármálaráðherra hefur sjálfur staðfest það í svörum sínum á Alþingi að ójöfnuður hafi aukist í samfélaginu. Er ekki rétt bara að gangast við því og vera stoltur af verkum sínum? Ef þetta er stjórnarstefnan, er þá ekki eðlilegast að gangast einfaldlega við því í stað þess að þvæla hér fram og aftur? Það var mjög erfitt að skilja tölur hæstv. ráðherra, því miður.

[14:12]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er nú ekki nema von að hæstv. fjármálaráðherra þurfi að nota alls kyns hugtök og mikið af tölum og aðeins prósentutölur til að reyna að breiða yfir feril sinn þegar lífeyrisþegar eru annars vegar. Það vita auðvitað allir að tekin var pólitísk ákvörðun um að skilja á milli lægstu launa á Íslandi og lífeyrisgreiðslna. Þær krónutölur sem hæstv. fjármálaráðherra nefndi hér ekki eru lífeyrisgreiðslurnar sjálfar. Fyrir alla nema yngstu öryrkjana eru þær einfaldlega undir 100 þús. kr.

Það er ekki nema von að hæstv. fjármálaráðherra treysti sér ekki til að nefna þá krónutölu, heldur tali bara um prósentur. Hann veit auðvitað að það er langt því frá að vera boðlegt. Hann veit líka að fyrir ekki mörgum árum síðan héngu þessar bætur í lægstu launum í landinu. En núna, vegna þess að slitið var á milli og lífeyrisþegarnir skildir eftir á botninum, eru þessar greiðslur undir lægstu launum sem greiddar eru í landinu. Fátækt þessa hóps og misrétti miðað við aðra hópa í samfélaginu er því orðið meira en við höfum áður þekkt.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ef upphæðir grunnlífeyris almannatrygginga og tekjutryggingar, sem eru aðaltryggingabætur almannatrygginga, ættu að ná sama hlutfalli við lágmarkslaun og þær voru í 1991, þegar skerðingar hófust að marki,

þyrfti grunnlífeyrir að hækka úr 21.993 kr. í 26.699 kr. á mánuði og tekjutryggingin með eingreiðslum úr 44.909 kr. á mánuði í 52.195 kr. á mánuði. Samkvæmt þessu þyrfti hækkun þessara tryggingabóta að nema 11.900 kr. á mánuði til þess að halda hlutfallinu frá árinu 1991.

Hér vísa ég í svar sem ég fékk við skriflegu erindi til Landssambands eldri borgara sem undirritað er af formanni samtakanna, Benedikt Davíðssyni.

Um svar hæstv. ráðherra vil ég segja þetta:

Í fyrsta lagi þá fagna ég þeirri yfirlýsingu sem frá honum kom, að hann vilji skoða þær tölur sem ég reiddi fram. Hann hafnaði staðhæfingum mínum en sagðist reiðubúinn að skoða þessar tölur.

Ég tel að samkvæmt lagatextanum beri að taka mið af almennri launaþróun. Það er ekki kveðið á um launataxta hjá neinum tilteknum verkalýðsfélögum en það verður að taka mið af almennri launaþróun að mínum dómi til að lögunum verði fullnægt.

Í öðru lagi vísar hæstv. ráðherra í samkomulag sem gert var við Landssamband eldri borgara. Kveðið var á um í því samkomulagi að þær hækkanir, þær eingreiðslur sem þar var samið um skyldu standa utan við hinar lögbundnu hækkanir sem kveðið er á um.

Ég hef nefnt hér tölur með mismunandi reikniaðferðum, mismunandi aðkomu, en í öllum tilvikum er niðurstaðan sú að lög séu brotin á öryrkjum og lífeyrisþegum. Ég hvet hæstv. ráðherra til að taka þessi mál til skoðunar.

[14:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn spurði mig ákveðinnar spurningar. Ég svaraði henni. Í spurningunni er ákveðin fullyrðing sem ég tel að sé röng og tel mig hafa hrakið. Aðrir þingmenn hafa síðan farið að tala um aðra hluti og það gerði þingmaðurinn sjálfur í upphafi því að hann fór að tala um að bæturnar hefðu ekki fylgt lægstu launum. Um það er ekki spurt í þessari fyrirspurn. Þar er heldur ekki spurt um krónutöluhækkanir eða krónutölu, heldur hvort hlutfallshækkanir bótanna hafi hækkað með sama hætti og tiltekin þróun annarra stærða. (**ÖJ:** Ég sýndi fram á ...) Um það er spurningin, en ég er í og með að svara öðrum þingmönnum sem hér tóku til máls.

Ég tel mig hafa sýnt fram á það, hv. þingmaður, að þessi staðhæfing þingmannsins á ekki við rök að styðjast. Ég er að vísu ekki með upplýsingar fyrir síðustu mánuði sem þingmaðurinn er með, en ég get fullyrt það að ef það er svo að bæturnar hafa hækkað minna á þessu ári eða síðasta ári en sem nemur vísitölu neysluverðs þá ber samkvæmt lagabókstafnum að bæta það upp og það verður að sjálfsögðu gert. Þá er ég að tala um hækkun bótanna annars vegar og vísitöluhækkunina hins vegar, þ.e. vísitölu neysluverðs.

Hins vegar er greinilega ágreiningur um það okkar á milli hvort hækkun bótanna eigi að vera sú sama og almennar umsamdar kauphækkanir eða launavísitalan þar sem tekið er með í reikninginn alls kyns launaskrið sem verður úti á markaðnum, sem ekki er eðlilegt að taka með inn í þetta, og sveiflast fram og til baka milli ára og engin leið er að henda reiður á fyrir fram hver getur orðið. En ég tel að við höfum staðið í einu og öllu við lagaákvæðið alveg frá 1997.

Fundi slitið kl. 14:18.

---

91. FUNDUR

miðvikudaginn 16. mars,
að loknum 90. fundi.

Dagskrá:

1. Umgengni um nytjastofna sjávar o.fl., frv., 215. mál, þskj. 937. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Lokafjárlög 2002, stjfrv., 440. mál, þskj. 660. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lokafjárlög 2003, stjfrv., 441. mál, þskj. 663. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, þáltill., 182. mál, þskj. 182. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Nýtt tækifæri til náms, þáltill., 144. mál, þskj. 144. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Landsdómur og ráðherraábyrgð, þáltill., 203. mál, þskj. 203. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Skilgreining á háskólastigi, þáltill., 214. mál, þskj. 216. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl, þáltill., 217. mál, þskj. 220. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Almenn hegningarlög, stjfrv., 409. mál, þskj. 520. — 3. umr.
10. Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns og sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, stjfrv., 484. mál, þskj. 740. — 3. umr.
11. Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, þáltill., 146. mál, þskj. 146. — Fyrri umr.
12. Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, þáltill., 226. mál, þskj. 230. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 409. mál (vararefsing fésektar). — Þskj. 520.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns og sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 3. umr.

Stjfrv., 484. mál (EES-reglur). — Þskj. 740.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, fyrri umr.

Þáltill. BJJ o.fl., 146. mál. — Þskj. 146.

[14:20]

Flm. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra undirbúning að stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Haft verði að markmiði að bjóða upp á nám til stúdentsprófs auk þess sem skólinn sérhæfi sig í sjávarútvegsmenntun.

Ráðherra skipi undirbúningshóp sem í sitji fulltrúi menntamálaráðherra, sem veiti hópnum forustu, fulltrúi ráðherra byggðamála, fulltrúi sjávarútvegsráðherra, fulltrúi Dalvíkurbyggðar, fulltrúi Ólafsfjarðarbæjar og fulltrúi Siglufjarðarkaupstaðar."

Undirbúningshópurinn skal vera ráðherra til ráðgjafar við stofnun skólans.

Flutningsmenn sem standa að þingsályktunartillögunni ásamt mér eru hv. þingmenn Halldór Blöndal, Kristján L. Möller, Steingrímur J. Sigfússon, Sigurjón Þórðarson, Dagný Jónsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Þuríður Backman.

Hæstv. forseti. Í sveitarfélögunum við utanverðan Eyjafjörð, sem eru Dalvíkurbyggð, Ólafsfjarðarbær og Siglufjarðarkaupstaður, búa rúmlega 4.300 manns. Á þessu landsvæði er því miður ekki boðið upp á menntun á framhaldsskólastigi. Í þessum þremur sveitarfélögum hefur þó verið mjög rík hefð fyrir framhaldsskólamenntun og hafa svokallaðar framhaldsbrautir verið starfræktar um áratuga skeið í sveitarfélögunum sem hafa boðið upp á allt að tveggja ára framhaldsnám sem ungt fólk gat stundað í heimabyggð sinni. Því miður lagðist þetta framhaldsnám af fyrir nokkrum árum og það er ekkert launungarmál að það varð mjög mikil blóðtaka fyrir þessi byggðarlög þegar framhaldsdeildirnar lögðust af og unga fólkið þurfti að flytjast búferlum burt úr bæjarfélögum sínum til þess að stunda framhaldsnám. Þá var sjálfræðisaldurinn 16 ár en er 18 ár í dag þannig að samkvæmt lagabókstafnum eru 16 og 17 ára unglingar börn í skilningi laganna og eru á ábyrgð og framfæri foreldra sinna.

Umræða um stofnun framhaldsskóla er ekki ný af nálinni. Mjög mikil umræða var um stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð á síðasta kjörtímabili og haldnir voru nokkuð margir fundir um það mál, m.a. með þingmönnum kjördæmisins. Málið náði hins vegar ekki inn í sali hv. Alþingis en ljóst var á þeim tíma að ráðuneyti menntamála var því ekkert sérstaklega fylgjandi að stofnaður yrði framhaldsskóli á svæðinu. Mikill áhugi hefur verið hjá okkur mörgum hv. þingmönnum að ýta þessu máli úr vör, enda eru flutningsmenn tillögunnar úr öllum flokkum sem eiga sæti á Alþingi, þar á meðal allir þingmenn Norðausturkjördæmis sem ekki gegna ráðherraembætti. Þessi þingsályktunartillaga á því ákveðinn stuðning innan allra þingflokka á Alþingi sem er mjög mikilvægt að mínu mati.

Hæstv. forseti. Ég byggði þingsályktunartillögu mína að nokkru leyti á skýrslu sem Hermann Tómasson gerði árið 2001 þar sem ljóst var að yfirgnæfandi meiri hluti íbúa við utanverðan Eyjafjörð væru stuðningsmenn þess að starfræktur yrði framhaldsskóli á svæðinu. Áhugi nemenda á framhaldsmenntun á svæðinu var einnig kannaður og lýsti meiri hluti nemenda sig viljugan til þess að stunda nám í heimabyggð sinni. Jafnframt kom fram í þeirri könnun, sem er mjög alvarleg staðreynd og alvarlegt mál sem yfirvöld menntamála þurfa að líta á, að brottfall nemenda sem koma af landsvæðinu við utanverðan Eyjafjörð er meira en gengur og gerist hjá öðrum nemendum hér á landi. Þá voru einnig teknir með þeir nemendur sem sóttu nám til Akureyrar og í ljós kom að brottfall nemenda af þessu svæði var meira en gengur og gerist af öðrum landshlutasvæðum.

Eins og ég sagði áðan er sjálfræðisaldurinn nú 18 ár. Í áðurgreindum þremur sveitarfélögum, Dalvíkurbyggð, Ólafsfjarðarbæ og Siglufjarðarkaupstað, eru 235 einstaklingar á aldursbilinu frá 16–18 ára samkvæmt tölum Hagstofunnar frá 1. desember sl. 235 einstaklingar sem samkvæmt lagabókstaf eru skilgreindir sem börn, eru á framfæri foreldra sinna og þurfa að byggja alla framfærslu sína á þeim. Það segir sig sjálft, hæstv. forseti, að 16 ára unglingar eru náttúrlega misjafnlega undir það búnir að takast á við það að flytja að heiman og hefja nám fjarri sínum nánustu. Það er aðkallandi verkefni í dag að mínu mati, og ég hef heyrt að margir þingmenn eru sammála því að gera þessum aldurshópi, krökkum á aldrinum 16–18 ára, kleift að stunda framhaldsskólanám í heimabyggð sinni. Það eiga að vera sjálfsögð réttindi ungmenna á Íslandi í dag.

Við lifum í þjóðfélagi þar sem freistingarnar eru mjög margar og því skiptir stuðningur fjölskyldunnar þetta unga fólk, ósjálfráða fólk, mjög miklu máli og getur oftar en ekki skipt sköpum á þessu skeiði viðkomandi einstaklings. Við getum sagt okkur það sjálf, hv. þingmenn á hinu háa Alþingi, að þeir 235 einstaklingar sem ég nefndi og eru á aldursbilinu 16–18 ára og búa í þessum þremur sveitarfélögum eru ekki allir reiðubúnir til þess að flytjast að heiman og standa á eigin fótum.

Hæstv. forseti. Það voru margar efasemdarraddir á Alþingi þegar rætt var um stofnun framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Skólinn hóf starfsemi sína síðastliðið haust og efuðust margir um að margt ungt fólk mundi vilja hefja nám við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Staðreyndin er hins vegar sú að Fjölbrautaskóli Snæfellinga er kominn til að vera. 115 nemendur, flestir af Snæfellsnesi, hafa ákveðið að stunda nám við þennan nýja skóla. Þessi skóli mun að sjálfsögðu styðja verulega við byggðina á Snæfellsnesi og aðrar byggðir þar í kring. Það er þó staðreynd að íbúar á Snæfellsnesi eru færri en íbúar sveitarfélaganna við utanverðan Eyjafjörð.

Við getum einnig horft til mjög blómlegs skólastarfs í Þingeyjarsýslum. Þar eru starfandi tveir glæsilegir skólar á framhaldsskólastigi, annars vegar framhaldsskólinn á Húsavík og hins vegar framhaldsskólinn á Laugum. Og ef við horfum til íbúafjölda í Þingeyjarsýslum er hann álíka mikill og í byggðunum við utanverðan Eyjafjörð. Þó eru reknar þar tvær glæsilegar stofnanir á framhaldsskólastigi. Ég vil ekki hugsa þá hugsun til enda hver væri staða mála í Þingeyjarsýslum ef Þingeyingar byggju ekki við þessar tvær glæsilegu menntastofnanir. Það er því einboðið, hæstv. forseti, og fyrirmyndirnar eru skýrar, að öflugur framhaldsskóli mun geta blómstrað við utanverðan Eyjafjörð.

Nú halda einhverjir því fram að stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð geti í einhverjum tilfellum bitnað hart til að mynda á menntastofnunum á Akureyri og yfir höfuð á skólabænum Akureyri. Því er ég ósammála og tala þar af nokkurri reynslu þar sem ég bý á Siglufirði, eða í einu af þessum þremur sveitarfélögum. Það er staðreynd að ungt fólk við utanverðan Eyjafjörð, fólk sem ég þekki mætavel, fer oftar en ekki þegar að framhaldsnámi kemur suður yfir heiðar til þess að stunda framhaldsnám.

Oftar en ekki festir þetta sama unga fólk rætur hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem það stundar nám. Hvert er svo framhaldið þegar það hefur fest rætur á höfuðborgarsvæðinu? Það fer margt í framhaldsnám og þá verða gjarnan háskólastofnanir hér fyrir valinu vegna þess að þetta unga fólk sem er á blómaskeiði í lífi sínu, frá 16 ára aldri til tvítugs eða rúmlega það, hefur fest rætur á höfuðborgarsvæðinu.

Mörg dæmi um framhaldið eru skýr og blasa við mér sem íbúa í þessu sveitarfélagi. Í mörgum tilfellum flytur svo fjölskyldan á eftir námsmanninum því ekki dekkar dreifbýlisstyrkurinn námskostnað þessara einstaklinga. Fjölskyldunum er oft nauðugur sá kostur að flytja í byggðarlag sem býður upp á framhaldsmenntun. Því er það staðreynd að margt fólk flytur frá Norðurlandi vegna þessa.

Ef af stofnun skólans verður mun margt ungt fólk stunda nám sitt í heimabyggð. Ég efa ekki að í framhaldinu yrði Háskólinn á Akureyri fyrir valinu frekar en aðrar ágætar háskólastofnanir í landinu. Hér er því um að ræða mikið hagsmunamál fyrir Eyjafjarðarsvæðið í heild sinni og samrýmist áherslum sem lagðar eru til í byggðaáætlun.

Samhliða stofnun skólans sem mun bjóða upp á nám til stúdentsprófs verður stofnsett sérstök sjávarútvegsdeild. Við vitum að mikil hefð er fyrir sjávarútvegsnámi á svæðinu, enda er Eyjafjarðarsvæðið vagga útgerðar og fiskvinnslu í landinu. Það var mjög miður þegar Stýrimannaskólinn og Fiskvinnsluskólinn lagðist af á Dalvík. Það er því ekki spurning að slík sjávarútvegsbraut mundi styðja verulega við umræddan framhaldsskóla, auk þess sem framhaldsskólarnir sinna í sífellt meira mæli sí- og endurmenntun fyrir atvinnulífið í viðkomandi byggðarlögum. Þessir þættir munu því hafa samverkandi áhrif og stuðla að öflugri menntastofnun á svæðinu.

Ég held að við hv. þingmenn ættum heldur ekki að hafa áhyggjur af því að framhaldsskólarnir í landinu séu of margir, enda er það ekkert sérstakt áhyggjuefni. Það er staðreynd að framhaldsskólastigið átti mjög erfitt með að taka á móti þeim fjölda nemenda sem sóttist eftir veru í framhaldsskólum síðasta haust. Það er því þörf að efla framhaldsskólastigið enn frekar.

Hæstv. forseti. Ég dreg enga dul á það heldur að stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð er mikið byggðamál ásamt þeim jákvæðu samfélagslegu áhrifum sem stofnun skólans mundi hafa og styrkja þannig innviði samfélagsins. Við ræðum hér, hv. þingmenn, mikið um byggðastefnu. Við höfum falleg orð um byggðastefnu við hátíðleg tækifæri. Það er alveg ljóst, hæstv. forseti, að við munum ekki byggja þetta land nema með því að leggja aukna áherslu á menntun og þekkingu í hinum dreifðu byggðum. Það er framtíðin.

Þau byggðarlög sem ég hef gert að umfjöllunarefni hér og tengjast stofnun framhaldsskólans hafa háð mikla varnarbaráttu á undanförnum árum. Þessi byggðarlög hafa nær alfarið byggt afkomu sína á sjávarútvegi. Störfum við sjávarútveginn okkar hefur fækkað gríðarlega á umliðnum árum sem er eðlileg þróun þar sem tækninni fleygir fram og það er ljóst að tækniframfarir eiga eftir að verða enn meiri í framtíðinni. Framtíð þessara byggðarlaga getur því ekki byggst á sjávarútveginum einum þó að hann muni áfram skipa stóran sess í atvinnulífinu. Við þurfum að fjölga undirstöðunum og stoðunum undir sjávarbyggðunum.

Það er kveðið á um það í stjórnarsáttmálanum að leitast verði við að veiðigjaldið sem er sérstakur og ósanngjarn skattur á eina atvinnugrein, undirstöðuatvinnugrein landsbyggðarinnar, muni renna til uppbyggingar í sjávarbyggðum landsins. Það er mjög mikilvægt að við sem erum hér í stjórnarmeirihluta og stjórnarminnihluta berjumst fyrir því að þessir fjármunir skili sér til þessara byggða í uppbyggingu atvinnulífsins.

Hæstv. forseti. Okkur ber að stefna að því að stofna framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Það er ekkert launungarmál að slík stofnun mun styrkja innviði þeirra byggða þar sem hafa átt í vök að verjast.

Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því að þingsályktunartillagan verði send hv. menntamálanefnd og vonandi mun nefndin beita sér fyrir því að tillagan verði afgreidd á þessu þingi þannig að framhaldsskóli verði starfræktur við utanverðan Eyjafjörð innan fárra ára landinu og Eyjafjarðarsvæðinu til heilla.

[14:35]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get tekið undir mjög margt í ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar. Ég tel að þetta mál sé mikið framfaramál fyrir byggðirnar við utanverðan Eyjafjörð. Við

í Frjálslynda flokknum, sem er umhugað um sjávarbyggðirnar og höfum fulla trú á sjávarútveginum, að hann megi efla og að hann verði byggðunum á ný mikill styrkur, tökum heils hugar undir þetta mál.

Hv. þingmaður nefndi Fiskvinnsluskólann. Ég er einmitt mikill áhugamaður um að efla menntun á sviði fiskvinnslutækni. Í framhaldi af því að við erum að ræða hér menntamál við utanverðan Eyjafjörð væri fróðlegt að fá skoðanir hv. þingmanns á þeirri ráðstöfun að þetta nám var lagt niður. Voru það ekki í raun mikil mistök hjá stjórnvöldum? Þess vegna ber einmitt að huga að því að taka upp þetta nám að nýju, jafnvel á Dalvík, og það gæti þá hugsanlega tvinnast saman við framhaldsskólann og orðið Dalvík og byggðunum þar í kring til heilla.

[14:37]

Flm. (Birkir J. Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek nú undir orð hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar sem er kannski ekki á hverjum degi, þ.e. að við deilum sömu skoðunum. Við erum báðir flutningsmenn að þessari tillögu til þingsályktunar sem hljóðar akkúrat á þann veg að umræddur framhaldsskóli muni leggja sérstaka áherslu á sjávarútvegsnám og vísa ég þar í þá forsögu að í Dalvíkurbyggð var mjög öflugur fiskvinnsluskóli. Því miður skilst mér að aðsóknin að umræddum skóla hafi verið orðin dræm. Hann var reyndar lagður niður fyrir mína tíð hér á Alþingi þannig að ég þekki þá forsögu ekki nákvæmlega en veit það af samtölum við forustumenn Dalvíkurbyggðar að niðurlagning skólans var mikið áfall fyrir Dalvíkurbyggð.

Þess vegna held ég að fiskvinnslu- og stýrimannanám við umræddan skóla muni styrkja verulega starfsemi þessa skóla. Eins og ég fór yfir er fjöldi íbúa við utanverðan Eyjafjörð síst minni en á öðrum sambærilegum stöðum á landinu þar sem blómlegir framhaldsskólar hafa risið og eru starfandi í dag. Því held ég að við gætum horft fram á það að öflugur framhaldsskóli geti risið við utanverðan Eyjafjörð. Við hv. þingmaður erum sammála um það.

[14:38]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Birki J. Jónssyni fyrir framsöguna. Ég er ein af meðflutningsmönnum þessarar tillögu og finnst einmitt mjög mikilvægt eins og fram kom hjá hv. þingmanni að samstaða ríki meðal þingmanna allra flokka um þetta mál. Ég held að það sé afar mikilvægt þegar um slík mál er að ræða.

Hv. þingmaður fór yfir flestalla þætti málsins og óþarfi að endurtaka það. Mér finnst þó rétt að ítreka í þessu að reynslan frá Snæfellsnesi sýnir okkur að þetta er vel hægt. Ég skoðaði starfsemina í þessum nýjasta framhaldsskóla okkar í haust og verð að segja að hún er afar blómleg. Skólinn hóf starfsemi í haust og þar eru, eins og fram kom, 115 nemendur. Góður andi ríkti meðal krakkanna sem ég hitti þar og þau voru að sjálfsögðu afar ánægð með að geta stundað nám þarna, ekki fjarri heimabyggð. Sú er einmitt fyrst og fremst hugsunin á bak við þessa tillögu, að gera nemendum kleift að stunda nám sem næst heimabyggð. Við sem höfum upplifað það að hafa þurft að fara fjarri heimilum okkar til að stunda nám þekkjum erfiðleikana. Það er spurning hvort maður hafi verið tilbúinn 16 ára gamall til að fara að heiman til Reykjavíkur og í skóla en ekki treysta sér allir í það. Það sem við verðum líka að muna er að ekki hafa allir möguleika á því. Fólk hefur ekki allt efni á því að senda börnin sín í framhaldsskóla, ekki síst ef þau eru mörg á framhaldsskólaaldri. Þá er að sjálfsögðu mikill kostnaður samfara því að halda uppi nemendum, jafnvel á heimavistum, sem þurfa að vera í fæði annars staðar.

Varðandi þetta mál held ég líka að það sé mjög mikilvægt að huga að því að tilvist lítilla framhaldsskóla er mikilvæg. Við sjáum það þegar við förum í þessa skóla að mikil nálægð er meðal starfsmanna og nemenda og nemendurnir eru ánægðir sem er auðvitað fyrir mestu. Stórir skólar henta sumum og litlir öðrum. Þess vegna er mjög mikilvægt að öll flóran sé til staðar. Við sjáum t.d. í Framhaldsskólanum á Laugum og á fleiri stöðum að virkilega gaman er að koma þangað og fylgjast með því starfi sem þar fer fram.

Hv. þingmaður kom einnig inn á þetta með skólabæinn Akureyri. Við höfum orðið vör við ákveðna gagnrýni þar en það er mikilvægt að huga að því að þar eru gríðarlega öflugir og sterkir skólar sem ég held að þurfi ekki að hafa áhyggjur af því þó að rísi lítill framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð. Eins og er fara nemendur burtu af svæðinu, þ.e. þeir sem fara í nám. Við skulum samt ekki gleyma því að þar er fullt af fólki, krökkum, sem ekki fer í nám. Ég held að ef þessi tillaga yrði til þess að mun fleiri færu í nám og lykju því væri tilganginum algjörlega náð. Eins og kom fram hér áðan er brottfall meðal þessara nemenda í skólum meira en gerist og gengur.

Ég held að þegar til langs tíma er litið muni enn fleiri nemendur skila sér í gegnum framhaldsskólakerfið og þar af leiðandi í frekara nám, hvort sem það er háskólanám, iðnnám eða enn annað, og það mun að sjálfsögðu efla Akureyri fyrst og fremst vegna þess að fólk mun vonandi leita þangað.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekkert að fara nánar í þetta. Ég vildi bara lýsa ánægju minni með þetta mál, enda tel ég að þetta sé mikilvægt fyrir framhaldsskólaflóruna. Við skulum muna að aðdragandinn er langur og ég vona innilega að málið nái fram að ganga.

[14:43]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta má alveg falla undir andsvar til þess að stytta tímann enn frekar en ég fagna því fyrst og fremst að svona tillögur eru fluttar. Uppbygging framhaldsskólanna á landsbyggðinni skiptir svo miklu máli félagslega eins og komið hefur fram, bæði hjá framsögumanni og hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur sem talaði hér á undan. Andsvar mitt er í raun og veru alls ekkert neikvætt. Það er jákvætt í þetta sinn. Ég held að sá málflutningur sem kemur hér fram frá tillögumönnum, hv. þingmönnum, sýni það og sanni enn frekar að við þurfum að byggja upp öflugt framhaldsskólakerfi vítt og breitt um landið.

(**Forseti** (JóhS): Forseti vill taka fram að það er mikilvægt að þegar beðið er um andsvar sé það andsvar við ræðu þess þingmanns sem hefur talað þar á undan.)

[14:44]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir. Ég held að þetta sé nákvæmlega punkturinn, það eru gríðarlega jákvæð samfélagsáhrif sem fylgja framhaldsskóla, ekki síst fyrir atvinnulífið. Samfélag menntaðs fólks á svæðinu mun eflast og gera það byggilegra. Svona stofnanir geta séð um símenntun og endurmenntun þannig að það er rétt sem kemur fram hjá hv. þingmanni, við eigum að halda áfram á þessari braut. Eins og ég segi vona ég að það verði gert.

[14:44]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Þessi þingsályktunartillaga er þörf. Hér er hreyft brýnu máli. Það háir mjög þeim byggðarlögum þar sem ekki er framhaldsskóli hversu deyfðarlegt lífið verður á þeim slóðum. Það brýtur auðvitað líka í bága við þá gagnkvæmu löngun sem bæði foreldrar og börn hafa til að vera saman og í nánum tengslum á þeim viðkvæma aldri sem börn í framhaldsskóla eru á. Þar fyrir utan verður yfirbragð byggðar þar sem framhaldsskóli er allt annað, bjartara, yngra og ferskara. Því er varla nokkur byggðaaðgerð áhrifameiri eða árangursríkari en sú að efna til framhaldsskóla sem víðast, auðvitað að því tilskildu að vel sé að framhaldsskólanum staðið, hann sé nægilega öflugur og stór til að kennarar valdi því hlutverki sem þeim er falið í mismunandi greinum og til að framhaldsskólanemendur hafi nægilegt félagslíf til að una vel við. Þeim sækist námið vel þegar vel fer um þá, í víðum skilningi þeirra orða.

Ég man eftir því að á sínum tíma þegar við sjálfstæðismenn börðumst fyrir framhaldsskólanum á Húsavík, þá var það nokkuð hörð lota en hún vannst. Ég hygg að engum manni detti í hug í dag að rétt hefði verið að hopa frá þeirri ákvörðun að framhaldsskóli skyldi vera á Húsavík þótt ágreiningur hafi verið um það í Þingeyjarsýslum. Þar eru nú tveir framhaldsskólar, annar á Laugum og hinn á Húsavík, og báðir styrkja þeir byggðirnar mikið.

Það má auðvitað velta því fyrir sér hvort tímabært sé að efna til framhaldsskólanáms á Eyjafirði utanverðum áður en gerð ganga verður lokið milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, Héðinsfjarðarganga eða hvað við köllum þau. Ég geng út frá því sem gefnu að hafist verði handa við gangagerðina á miðju næsta ári eða um það bil, a.m.k. um sumarið 2006. Mér finnst fara vel á því að efnt verði til fyrsta bekkjar í framhaldsskóla nú á vetri komanda til að undirbúa það að framhaldsskólinn geti tekið til starfa af fullum krafti um leið og göngin opnast. Þetta hlýtur að vera það mark sem byggðirnar þar setja sér og jafnframt það mark sem við þingmenn Norðausturkjördæmis setjum okkur.

Auðvitað er mér kunnugt um að nokkrar deilur hafa verið uppi um hvar slíkur framhaldsskóli skuli vera. Ég hygg að heimamenn hljóti að leysa það mál en vil hins vegar í því sambandi benda á að fjarnám hefur gefið góða raun. Ég vil líka benda á þá góðu reynslu sem orðið hefur af framhaldsskólanum í Grundarfirði.

Við vitum að byggðirnar út með Eyjafirði standa að sumu leyti höllum fæti, sem er uggvænlegt, líka í breiðu byggðalegu samhengi vegna þess styrks sem Eyjafjarðarsvæðið hefur. Það er hitaveita á öllum þessum stöðum, innri uppbygging allra þessara kaupstaða hefur verið sterk og þar ætti því að vera auðvelt að snúa þróuninni við svo að menn fyllist á ný bjartsýni, afli og kjarki til að sækja fram í þessum byggðarlögum. Einn þátturinn í því er framhaldsskólinn.

Ég hygg að á þessu svæði, þegar Héðinsfjarðargöng eru komin, verði um 4.500 manns, eitthvað svoleiðis. Við getum búist við því að á Siglufirði og Ólafsfirði séu ríflega 3.000 manns og ef horft er til reynslunnar á Húsavík, reynslunnar á Laugum og á ýmsum öðrum stöðum, þá er það nægilegur fjöldi til þess að hefja megi rekstur framhaldsskóla með góðum árangri.

En ég vil, frú forseti, um leið og ég segi þetta leggja áherslu á að það er grundvallaratriði að vel sé að kennslunni staðið, að nemendur finni sig í skólanum, líði þar vel og að byggðarlögin standi saman um þá uppbyggingu. Ég vænti þess, frú forseti, að menntamálanefnd, þegar hún fær málið til meðferðar, muni senda það til umsagnar í kaupstöðunum þremur, Siglufirði, Ólafsfirði og Dalvík. Ég vænti þess, frú forseti, að nefndinni takist að ljúka störfum í vor svo að málið komist til kasta Alþingis.

[14:51]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Það er athyglisvert að þessi góða tillaga til þingsályktunar, sem hv. þm. Birkir J. Jónsson er 1. flutningsmaður að, er fyrst og fremst flutt af þingmönnum kjördæmisins. Það er eins og gefur að skilja eðlilegur hlutur. Ég vil samt sem áður koma upp, sem fulltrúi þéttbýlisins, þótt ég líti náttúrlega á mig sem fulltrúa allra landsmanna eins og þingmenn eiga að gera, og lýsa sérstökum stuðningi við þessa tillögu.

Ég hef á mörgum fundum á þessu svæði orðið þess áskynja að hugur heimamanna stendur ákaflega til þess að stofna framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Ég tel sömuleiðis að það skipti afskaplega miklu máli fyrir styrkingu byggðar í landinu, sérstaklega þar sem hún hefur ekki verið nægilega traust fyrir, að efla menntastigið. Þegar við skoðum hvað veldur því að fólk flyst af landsbyggðinni þá er það ýmislegt en eitt af því er launastigið. Ágætar skýrslur sem hafa verið gerðar, t.d. af rannsóknarfólki við Háskólann á Akureyri, sýna að launastigið fylgir menntastiginu. Takist að hækka menntastigið þá hækkar launastigið og þá dregur úr líkum á því að fólk flytjist í burtu.

Auðvitað er margt annað sem veldur því að fólk flytur af landsbyggðinni. Eins og hv. þm. Kristján L. Möller hefur mörgum sinnum bent á er hátt vöruverð stór hluti af því og skattastefna ríkisstjórnarinnar varðandi flutningsskatta hefur leitt til þess að vöruverð er hærra en það þyrfti að vera. En það er hægt að grípa til margra ráða til að styrkja byggð og þetta er eitt af þeim ráðum.

Ég sagði áðan að hækkun menntastigs leiddi til hækkunar launastigs í héraði og treysti rætur fólksins sem þar býr. En fleira kemur til. Ég tala hér sem foreldri ungra dætra sem væntanlega eiga eftir að fara í framhaldsskóla. Á þeim tímum sem við lifum er það einfaldlega þannig að ekki eru allir reiðubúnir að sjá á eftir ungum börnum sínum fara úr heimabyggð til náms á höfuðborgarsvæðinu eða annars

staðar. Það leiðir oft til þess að foreldrarnir fara með. Með því að skapa möguleika fyrir ungt fólk til að verða sér úti um framhaldsmenntun í heimabyggð þá dregur um leið úr líkum á því að foreldrar barna á framhaldsskólaaldri flytjist með þeim.

Stjórnvöld og Alþingi hafa tekið höndum saman um að gera margvíslegar góðar tilraunir sem hafa sýnt mjög jákvæðan árangur. Ég vil sérstaklega nefna að fyrir nokkrum árum fluttu alþingismenn Samfylkingarinnar þingmál, um það að stofna framhaldsskóla með fjarkennslu, t.d. á Grundarfirði. Það var vegna þess að hjá heimamönnum hafði komið fram ríkur vilji til þess. Framsýnir heimamenn réðust í að kynna þá hugmynd fyrir þingmönnum og þingflokkum og ríkisstjórn. Það leiddi til þess að nú er þar kominn framhaldsskóli. Það skiptir sköpum fyrir það byggðarlag.

Það skiptir sköpum fyrir sérhvert byggðarlag að þar séu áfram rótfastir kannski 100–200 unglingar á framhaldsskólaaldri sem ella hefðu farið annað. Það skiptir líka miklu máli fyrir foreldrana að ungarnir séu orðnir fiðraðir og fleygir þegar þeir fara úr hreiðrinu og þau þurfi þá ekki að fljúga með þeim. (Gripið fram í.) Þetta veit ég að hv. þm. Ögmundur Jónasson skilur. Ég sé það á svipbrigðum hans að hann deilir þessari skoðun með mér.

Þetta framtak sem hér liggur fyrir í gervi þingsályktunartillögu frá þeim hv. þingmönnum sem tengjast kjördæminu og Norðurlandi er því vegna mjög jákvætt framlag. Ég þakka þeim ágætu þingmönnum fyrir að hafa drifið í þessu. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé eitt af því sem eigi að gera og ekki bara þarna heldur víðar. Ég tel að með nútímalegri tækni og reynslu, sem Norðlendingar hafa umfram aðra þróað og eru frumkvöðlar að, sé auðveldara að ráðast í að stofna framhaldsskóla þar sem ekki er stórt upptökusvæði nemenda. Þar skiptir máli að sú reynsla sem Eyfirðingar hafa heyjað okkur Íslendingum með frumkvæði sínu á sviði fjarmenntunar sé nýtt til þess að gera þetta.

Eins og ég gat um fyrr í ræðu minni hafa menn gert hið sama annars staðar á landinu, t.d. á Grundarfirði og reyndar líka í þeim hluta Austurlands sem fluttist yfir kjördæmamörkin, þ.e. á Höfn í Hornafirði. Ég minnist þess að ég kom í 100 manna framhaldsskóla á Höfn í Hornafirði og var þar viðstaddur kennslustund þar sem fyrirlestri kennarans var varpað til tveggja annarra staða á Austurlandi, þ.e. framhaldsskólans í Neskaupstað og á Egilsstöðum. Þar fengu menn líka að nema sömu fræðslu. Mér fannst stórkostlegt að sjá hvernig þrír skólar gátu þannig sameinast um að halda uppi traustum námskjarna með framboði á upplýsingum og kennslu frá þremur mismunandi stöðum. Þetta er framtíðin, frú forseti, og eitt af því sem ég tel að hljóti að koma vel til skoðunar þegar menn ráðast í það, sem ég efa ekki að verði að veruleika, að stofna framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð.

Þetta tengist líka, frú forseti, hugmyndum um sameiningu sveitarfélaga. Ég vil að það komi skýrt fram að ég er einn þeirra sem telja ákaflega nauðsynlegt að stækka sveitarfélögin duglega. Ég tel að sveitarfélög á landinu eigi helst ekki að vera fleiri en 12–14. Um leið og sveitarfélögin verða stærri munu þau reiðubúnari og færari til að takast á hendur öflugri, erfiðari og flóknari viðfangsefni.

Eitt af því sem ég tel, og hv. flutningsmenn kunna að vera mér sammála um, er að í framtíðinni eigi að stefna að því að flytja framhaldsskólann til sveitarfélaganna. Ég geri mér mætavel grein fyrir því, frú forseti, að flutningur grunnskólans tókst þannig til fjárhagslega að sveitarfélögin telja — þau telja kannski ekki að þeim hafi verið reistur fjárhagslegur hurðarás um öxl — eigi að síður að þau hafi fengið á sig töluvert meiri bagga en þau gerðu ráð fyrir í upphafi. Þegar við höfum til að mynda rætt um þessi mál í okkar flokki, í Samfylkingunni, þá gjalda menn varhuga við þessum hugmyndum. Ég segi hins vegar: Við eigum að vera framsýn. Við eigum að horfa til framtíðar og byggja á þeirri reynslu sem við urðum okkur úti um með flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna þegar við gerum tillögur um flutning framhaldsskólans til þeirra. Sú reynsla sýnir okkur að það verður að tryggja sveitarfélögunum tekjustofna. Það er eitt af því sem ýmsir ágætir flutningsmenn þessarar tillögu gætu unnið betur að gagnvart þeim mönnum sem ráða landinu í dag, en vonandi ekki allt of lengi.

Að lokum, frú forseti, vil ég segja, sem þingmaður Reykvíkinga, að mér hugnast þessi tillaga vel. Ég er ánægður með þann hug og framfaradug sem að baki býr og lýsi yfir stuðningi mínum við hana.

[14:59]

Útbýting:

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 648. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 980.

[14:59]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Þá þingsályktunartillögu sem hér er verið að ræða flytja þingmenn Norðausturkjördæmis, fyrir utan þá sem gegna ráðherraembætti. Því má eiginlega segja að þetta sé kjördæmamál sem er mjög eðlilegt að sé fært hingað inn, þ.e. að Alþingi álykti að fela menntamálaráðherra undirbúning að stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Þetta er tillaga sem þverpólitískur stuðningur er við frá þingmönnum kjördæmisins og annarra eins og þess hv. þingmanns sem talaði hér síðast.

Eiginlega má segja að þetta sé nútímaleg byggðastefna. Þetta er það sem allir ráðamenn þjóðarinnar tala um á tyllidögum, að efla menntun og gera mönnum kleift að sækja skóla ekki um of langan veg frá heimili sínu.

Eins og fram kom áðan er Akureyri náttúrlega vagga framhaldsnáms á landsbyggðinni ef svo má að orði komast, þar er verkmenntaskóli, menntaskóli og háskóli. Þess vegna held ég að þetta komi ekkert við þar vegna þess að það mikil ásókn er í þá skóla að svona skóli mundi ekkert draga úr gildi þeirra nema síður væri.

Hér er líka fjallað um að skólinn sérhæfi sig í sjávarútvegsmenntun og er kannski ekki vanþörf á, þar sem sjávarútvegsbrautin á Dalvík lagðist niður, eins og kom fram áðan. Við getum farið í skólana í höfuðborginni sem veita vélstjórnar- og stýrimannamenntun, það er hryggilegt að sjá hve nemendum fækkar þar sem leita slíkrar menntunar, en það er annar þáttur sem ég ætla ekki að ræða um nú.

Rætt er um stofnun skólans við utanverðan Eyjafjörð og mikill stuðningur er við það hjá byggðarlögunum Dalvík,

Siglufirði og Ólafsfirði, og ef til vill fleirum, Hrísey er nú ekki langt frá, perla Eyjafjarðar. Eins og fram kom áðan er rétt að taka fram að við ákveðnar samgöngubætur, sem fara vonandi að fara í gang, þ.e. Héðinsfjarðargöng, verður vegalengdin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar rétt um 12 km og til Dalvíkur um 35 km. Þetta er því ekki stórt svæði. Ég hika ekki við að halda því fram, virðulegi forseti, að tvö ef ekki þrjú sveitarfélög sem ég hef nefnt hygg ég að munu taka þátt í sameiningu innan skamms um leið og menn sjá fyrir endann á að framkvæmdir hefjist við Héðinsfjarðargöng. Þá munu íbúar þessara sveitarfélaga setjast niður og sameina þau sveitarfélög sem lið í heildarsameiningu Eyjafjarðar, sem ég sé alveg fyrir mér innan einhverra ára.

Ég er einn af flutningsmönnum tillögunnar og hvet auðvitað til þess að tillagan verði send út á vegum menntamálanefndar og leitað umsagnar. Ég geri mér grein fyrir að töluverðan tíma tekur að koma svona máli í gegn, að vinna því brautargengi.

Þess vegna má spyrja, virðulegi forseti, hv. 1. flutningsmann þingsályktunartillögunnar sem tilheyrir ríkisstjórnarliðinu hvort hún sé flutt með stuðningi hæstv. menntamálaráðherra og hvort hæstv. iðnaðarráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem báðir eru þingmenn þessa kjördæmis, þessa svæðis, muni styðja þetta, vegna þess að ekkert verður úr þessu nema fjárveitingavaldið, ríkisstjórn og aðrir styðji málið.

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi í byrjun snýst þetta um að ekki sé um allt of langan veg að fara fyrir nemendur að sækja sér menntun. Ber þess glöggt vitni glæsileg stofnun skólans á Snæfellsnesi og mikil aðsókn í hann. En af því að hv. 1. flutningsmaður nefndi áðan jöfnun námskostnaðar, þó svo það sé allt saman gott og blessað, þá dekkar sú upphæð sem fæst út á hvern nemanda sem fer frá heimabyggð sinni til að sækja sér framhaldsskólanám í skóla sem ríkið rekur á öðru svæði og borga kennurum kaup, ekki nema lítinn hluta af kostnaði foreldra við að senda unglinginn í framhaldsskóla. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál, vegna þess að ég held að 80–90% Íslendinga séu nú jafnaðarmenn að eðlisfari og telji að jafna eigi þennan kostnað. Samþykkt Alþingis fyrir jöfnun námskostnaðar er náttúrlega staðfesting á því þó svo ég hafi margoft sagt að þessi upphæð sé of lág.

Ég gæti vel ímyndað mér, virðulegi forseti, að það kosti 300–500 þús. kr. að lágmarki að senda ungling frá heimili sínu í framhaldsskóla og heimavist. Viðkomandi unglingur aflar ef til vill eitthvað af þeim peningaupphæðum sem þarf upp í þann kostnað, en ég er líka viss um og þekki það að foreldrar þurfa að leggja töluvert mikinn pening með. Til að hafa kannski 200 þús. kr. afgangs til að borga fyrir skólagöngu fjarri heimili sínu þarf að hafa upp undir 400–500 þús. kr. í launatekjur í slíkan kostnað, sem ekki er eins hár á þeim stöðum þar sem unglingar geta nánast gengið yfir götuna í framhaldsskólann.

Virðulegi forseti. Vafalaust telja menn þetta vera kjördæmapot, sem það kannski er. Þetta er kjördæmamál eins og ég sagði áðan, flutt af átta þingmönnum kjördæmisins, auk Sigurjóns Þórðarsonar úr Norðvesturkjördæmi. Ég tek skýrt fram að þetta er góð tillaga, enda erum við alþingismenn Samfylkingarinnar úr þessu kjördæmi á tillögunni.

Ég get sagt það svona rétt í lokin að á framboðsfundum og í undirbúningi fyrir síðustu alþingiskosningar, vegna þess að ég kom nýr inn í þetta kjördæmi og hv. þm. Einar Már Sigurðarson kom í rauninni nýr inn þar líka, kom okkur mjög á óvart hvað stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð var mikilvægt mál á öllum kosningafundum, á öllum fundum sem maður fór á og í vinnustaðaheimsóknum, vegna þess að þá fann maður hvað þetta brennur svakalega á fólki, þessi kostnaður m.a. sem ég nefndi og það sjónarmið líka að halda og gefa þessum hópi unglinga möguleika á að vera í heimabyggð sinni áfram og efla þar með bæjarbraginn ef svo má að orði komast.

Virðulegi forseti. Að lokum fagna ég því enn og aftur að okkur hafi tekist að flytja þessa tillögu og hún sé komin á dagskrá Alþingis og fái þinglega meðferð í menntamálanefnd og svo skulum við sjá hvort ekki takist að vinna þessu máli brautargengi.

[15:07]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 1. flutningsmanni, Birki J. Jónssyni, fyrir að hafa forgöngu um að hrinda þessu máli inn í þingsali. Eins og fram hefur komið, nú síðast hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller, er þverpólitísk samstaða um það. Menn hafa gert ágætlega grein fyrir málinu sem gengur út á að stofnaður verði framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, skóli sem sérhæfi sig í sjávarútvegsmenntun og færð eru ágæt rök fyrir því í þingsályktunartillögunni hvers vegna ástæða sé til að setja niður skóla á þessum slóðum, sem beini sjónum sínum að sjávarútveginum fyrst og fremst og liggur í rauninni í augum uppi miðað við allar landfræðilegar og atvinnulegar forsendur.

Menn hafa bent á að þetta snúist um byggðapólitík. Þetta snýst um réttlæti. Ef við ætlum að treysta byggð í landinu þarf að bjóða fólki á framhaldsskólaaldri menntun í heimabyggð sinni, það segir sig sjálft. Að öðru leyti vísa ég í þann rökstuðning sem hefur komið fram við málið.

Það er rétt sem komið hefur fram í umræðunni að flutningsmenn þingsályktunartillögunnar koma allir úr Norðausturkjördæmi nema einn, þar á meðal eru tveir þingmenn úr Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Þuríður Backman. Enda þótt flutningsmenn séu allir úr Norðausturkjördæmi fer því fjarri að ég skilgreini þetta sem einhvers konar pot kjördæmisins eða í slíkum anda. Ég tel að víðtækur stuðningur sé fyrir þessu framfaramáli hér á þinginu hjá þingmönnum hvaðanæva að af landinu.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en vek athygli á því að þverpólitískur stuðningur er við málið og í heimabyggð er einnig mikill stuðningur við að það nái fram að ganga.

[15:10]

Flm. (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég vil við lok umræðunnar þakka þeim hv. þingmönnum sem tóku til máls um tillöguna fyrir stuðninginn við að stofna framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Þingmenn frá öllum þingflokkum sem eiga sæti á Alþingi hafa tekið þátt í umræðunni sem sýnir að það er

vilji innan allra þingflokka til þess að setja á fót framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Enda ef það er grandskoðað finnast óvíða jafnfjölmennar byggðir og við utanverðan Eyjafjörð sem ekki hafa aðgang að framhaldsskólamenntun.

Ég rifjaði það upp í fyrri ræðu minni að íbúar við utanverðan Eyjafjörð eru um 4.500 talsins. Það er mun meiri fjöldi en til að mynda á Snæfellsnesi þar sem heppnaðist mjög vel að stofna á síðasta hausti framhaldsskóla, Framhaldsskóla Snæfellinga, sem fékk mjög góða aðsókn og gengur allt í haginn það að ég best veit. Það er líka staðreynd að í Þingeyjarsýslum eru tveir glæsilegir framhaldsskólar. Þar býr ámóta fjöldi íbúa og við utanverðan Eyjafjörð. Það er því mjög óvíða á landinu þar sem við finnum jafneinangruð sveitarfélög og byggðirnar eru við utanverðan Eyjafjörð, sveitarfélög sem munu með fyrirhuguðum jarðgöngum um Héðinsfjörð tengjast miklum böndum og hafa mikið samstarf í framtíðinni, að það er hreinlega einboðið að við hefjumst handa við að stofna framhaldsskóla á þessu svæði.

Ég tek undir með hv. þm. Kristjáni Möller að það getur ekki verið þjóðhagslega hagkvæmt að flytja 400 einstaklinga á aldrinum 16–20 ára til að hefja nám á framhaldsskólastigi fjarri heimabyggð sinni. Það getur ekki verið þjóðhagslega hagkvæmt. Við vitum líka hvaða áhrif þetta hefur á viðkomandi byggðarlög. Þetta dregur allan kraft úr viðkomandi byggðarlögum þegar þetta unga og glæsilega fólk fer úr bæjarfélögunum, þá breytist yfirbragð bæjarins.

Ég tek undir með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni þegar hann talaði um að hærra menntunarstig tryggði hærri laun. Við skulum tala hreint út um hlutina. Samkvæmt öllum opinberum gögnum er það svo að því miður hefur launaþróun á landsbyggðinni ekki haldið í við þá kjaraþróun sem hefur átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Þetta sýna öll opinber gögn. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur stjórnmálamennina að jafna lífskjör í landinu. Það gerum við með því m.a. að samþykkja þessa þingsályktunartillögu og auka aðgengi ungs fólks að umræddu námi.

Við hljótum að fagna því sérstaklega að hér hafa fulltrúar úr flestöllum kjördæmum landsins tekið til máls og lýst yfir stuðningi sínum við málið. Því vil ég fagna sérstaklega og tek undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að þetta er ekkert sérstakt kjördæmamál. Þetta er mál sem er þjóðhagslega hagkvæmt fyrir þjóðarbúið og það er þjóðhagslega hagkvæmt að byggja landið. Það er ekki þjóðhagslega hagkvæmt að allir flytjist á suðvesturhorn landsins. Ég held við séum öll sammála um það. Því er mjög mikilvægt að stuðla að því að viðhalda öflugri byggð við utanverðan Eyjafjörð.

Við horfum á það hvaða áhrif stofnun framhaldsskóla, m.a. á Húsavík, og hv. þm. Halldór Blöndal fór ágætlega yfir það í máli sínu áðan, hafði á sínum tíma. Við sjáum líka hvaða áhrif framhaldsskólinn í Reykjadalnum hefur á það litla samfélag sem þar er, er algjör burðarás í atvinnulífinu á viðkomandi stað og við horfum á mikla uppbyggingu og uppgang í Grundarfirði.

Við ætlum að horfa á viðlíka þróun eiga sér stað við utanverðan Eyjafjörð. Því fagna ég sérstaklega þeim undirtektum sem hér hafa verið í salnum í dag. Ég vil einnig ítreka að ég held að það muni skýrast varðandi framgang tillögunnar á Alþingi og það muni endurspeglast í afgreiðslu tillögunnar hvort stjórnvöld séu reiðubúin að byggja áfram upp þekkingu og menntun á landsbyggðinni, sem er grundvallaratriði í framtíð þessara byggðarlaga. Það getur vel verið að slæmt sé að segja það, en staðreynd er að störfum í fiskvinnslu mun halda áfram að fækka. Það er eðlileg þróun vegna þess að tæknin verður sífellt meiri í þeim atvinnugreinum og við þurfum færri hendur til að vinna verkin. Þetta er staðreyndin.

Því þurfum við að fjölga undirstöðuþáttunum í byggðunum. Ég segi: Meiri þekking og meiri menntun. Við skulum horfa til Íranna sem hófu mikla baráttu í byggðamálum á sínum tíma fyrir nokkrum árum. Nú er það þannig að mörg þekkingarfyrirtæki sjá sér hag í því að setjast að á landsbyggðinni á Írlandi. Þar hafa Írar byggt mjög myndarlega upp á því sviði.

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir umræðuna og vil enda á því að svara hv. þm. Kristjáni Möller. Hann spurði mig hvort þingsályktunartillagan nyti ekki stuðning hæstv. ráðherra iðnaðar og viðskipta, Valgerðar Sverrisdóttur og hæstv. heilbrigðisráðherra. Ég veit um mjög góðan hug þeirra til málsins, enda er þeim málið skylt. Við skyldum ætla það að miðað við þær undirtektir sem þetta málefni hefur hlotið á hinu háa Alþingi sé mjög víðtækur stuðningur við það. Ég hef sjálfur ekki innt hæstv. menntamálaráðherra persónulega eftir því hvort stuðningur sé við þetta málefni í ráðuneytinu en við vitum að þreifingar voru á árinu 2001 um að stofna þarna framhaldsskóla. Mér finnst það einboðið í ljósi þess að þetta er trúlega eitt fjölmennasta svæði á landinu í dag sem ekki hefur aðgang að framhaldsmenntun.

Ég ítreka að ég tel að við séum að hreyfa máli sem er þjóðahagslega hagkvæmt því það getur ekki verið hagkvæmt að flytja 400–500 unga nemendur úr umræddum byggðarlögum suður á land eða hvert sem er til að stunda framhaldsnám. Það getur ekki verið þjóðhagslega hagkvæmt.

[15:17]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að bæta við það sem ég sagði í minni fyrri ræðu þar sem ég ræddi um kostnað fólks við að senda unglinginn sinn eða unglingana að heiman í framhaldsskóla.

Ýmislegt geta menn reiknað út í tölvum og fengið útkomu um hvaðeina. En auðvitað eru alltaf bestu dæmin þegar fólk getur sýnt svart á hvítu hvað þetta hafi kostað. Virðulegi forseti. Þegar þessi umræða fer fram hér er greinilega fylgst með henni víða um land og það er dálítið athyglisvert að maður skuli fá boð frá foreldri sem býr á stað þar sem framhaldsskóli er ekki, þar sem það er sagt að við það að senda fyrir þremur árum einn ungling í framhaldsskólanám, í þessu tilfelli á Laugarvatn, á þann ágæta fallega stað, hafi kostnaður verið rétt um 500 þús. kr. á hvert barn, á hvern ungling. Svo geta reiknimeistarar reiknað út, eins og ég nefndi áðan, hvað fjölskylda þurfi miklar tekjur til að eiga 500 þús. kr. eftir skattgreiðslur og annan fastan kostnað af rekstri heimilisins.

Ég vil taka það skýrt fram, virðulegi forseti, að ég hygg að jöfnunarsjóður námskostnaðar, sem ég vil kalla svo, en er stundum uppnefndur dreifbýlisstyrkur, hefur væntanlega greitt vegna skólagöngu þessa unglings um 180 þús. kr. á ári. Eftir standa því 320 þúsund. Fyrir utan það þá þekkja þeir sem hafa lent í þessu að kostnaður við að reka heimilið er ekki þannig að hann deilist niður og minnki sem svarar þeim unglingi sem fer að heiman því ýmis fastur kostnaður fellur áfram á heimilið.

Þetta vildi ég láta koma fram, virðulegi forseti. Einnig vil ég nefna að hér er fjallað um að skólinn eigi að sérhæfa sig í sjávarútvegsmenntun. Á þessu svæði, eins og hér hefur komið fram, eru náttúrlega mörg af öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og einmitt við Háskólann á Akureyri er rekin braut sem heitir auðlindabraut og hefur hún sérhæft sig m.a. í sjávarútvegsfræðum. Ég held að það sé góð stefna að hafa framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð sem leggur áherslu á sjávarútvegsfræði. Leiðin liggur svo inn á Akureyri í háskólann þar. Ég held að þetta sé góð stefna og að þetta eigi að geta unnið mjög vel saman, þ.e. framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð og Háskólinn á Akureyri báðir með áherslu á sjávarútvegsfræði. Út úr því geta komið mjög þarfir námsmenn, mjög góðir námsmenn sem nýtast sjávarútvegi Íslendinga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 226. mál. — Þskj. 230.

[15:21]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er ekki langur tími til stefnu þar til við eigum að hefja hér áður boðaða utandagskrárumræðu. En ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Hjálmar Árnason, Lúðvík Bergvinsson, Kjartan Ólafsson, Björgvin G. Sigurðsson, Böðvar Jónsson, Magnús Þór Hafsteinsson og Jón Gunnarsson. Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson sem var utan þings þegar tillagan var lögð fram hefur áður verið flutningsmaður að henni en hún hefur verið flutt einum fimm sinnum.

Í tillögugreininni segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn og úttekt á ástandi eigna á öllum helstu jarðskjálftasvæðum á Íslandi. Rannsóknin fari fram á næstu tíu árum og markmið hennar verði að efla varnir og viðbúnað gegn jarðskjálftum þar sem meginhersla verði lögð á að fyrirbyggja manntjón og draga úr slysum, sem og að lágmarka skemmdir á byggingum, tæknikerfum og innanstokksmunum. Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkinu. Strax að lokinni úttekt á fyrsta svæði sem rannsakað verður skulu niðurstöður birtar og ákveðið hvernig staðið verði að því að bæta eða kaupa þær eignir sem teljast varhugaverðar með tilliti til mögulegs tjóns af völdum jarðskjálfta. Kostnaður við verkið greiðist úr ríkissjóði."

Virðulegi forseti. Það er óþarfi að fara yfir greinargerðina frá orði til orðs. Þessi tillaga hefur verið flutt fjórum eða fimm sinnum áður og hefur þá verið farið ítarlega yfir greinargerðina og það mikla verk sem Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði er að vinna á Selfossi. En alveg frá því að jarðskjálftarnir urðu 17. og 21. júní árið 2000 þegar verulegar skemmdir urðu á eignum á stóru svæði á Suðurlandi hefur þessi stofnun fylgst með ekki bara því sem skemmdist og talið var skemmt fyrstu vikur og mánuði eftir jarðskjálftana heldur einnig þeirri þróun sem hefur orðið síðan þá.

Það urðu verulegar skemmdir á húsnæði í jarðskjálftunum og margar hverjar hafa verið bættar. Engu að síður hefur komið í ljós í rannsókn frá árinu 2000–2004, þ.e. síðastliðið haust, að sífellt voru að uppgötvast nýjar og nýjar skemmdir á húsum fyrstu mánuðina og árin eftir Suðurlandsskjálftana 2000 og enn á haustmánuðum nú 2004 er verið að skrá og greina upplýsingar eða heimildir um slíkar síðmyndaðar eða síðuppgötvaðar skemmdir á meginháhrifasvæðum Suðurlandsskjálftanna 2000. Algeng dæmi um svona skemmdir sem jafnframt var ekki vitað um fyrir Suðurlandsskjálftana eru nýjar sprungur eða breytingar á eldri sprungum í steinsteyptum gólfplötum og veggjum, kúptar eða dældaðar steinsteyptar gólfplötur, þ.e. gólfplötur sem eru oft sprungnar í gegn og misgengnar um sprungurnar, vatnsleki, köld gólf, slagi í gólfplötum, dragsúgur og merkjanlegur halli á húsum í heild sem oft er eins og kúptar gólfplötur einnig marktæk vísbending um að hús hafi hnikast á undirstöðu sinni, sem er þá jafnframt marktæk vísbending um mjög alvarlega og varanlega röskun eða skemmd á jarðvegsundirstöðu. Margar þessara eigna hafa þegar verið og eru löngu metnar og hafa verið greiddar út bætur vegna þeirra en jarðskjálftamiðstöðin hefur haldið áfram þessum rannsóknum sem eru að leiða í ljós samkvæmt skýrslum sem þeir skiluðu í haust að verulega alvarlegar skemmdir eru á mörgum stöðum á Suðurlandi eftir jarðskjálftana sem ekki höfðu komið í ljós þegar skoðunarmenn viðlagatrygginga eða tryggingafélaga luku sinni athugun.

Nú eru að verða fimm ár síðan jarðskjálftarnir voru eða fjögur og hálft ár og það er mjög alvarlegt að enn skuli vera að koma fram verulegar skemmdir á þessum svæðum. Það segir okkur að þessi tillaga sem gerir ráð fyrir að gerð verði heildarúttekt á mannvirkjum á öllum þekktum jarðskjálftasvæðum á landinu þar sem búast má við stökum jarðskjálftum með það að markmiði að niðurstöður slíkrar úttektar yrðu nýttar til að fyrirbyggja manntjón, draga úr slysum og lágmarka skemmdir á byggingum, innanstokksmunum og tæknikerfum, þ.e. það segir okkur að slíkar rannsóknir eru mjög nauðsynlegar því að Suðurland er ekki eina þekkta jarðskjálftasvæðið á landinu. Við flutningsmenn þessarar tillögu, allir hv. þingmenn Suðurkjördæmis, leggjum til að Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði á Selfossi hafi yfirumsjón með verkefninu en að kostnaður þess verði greiddur úr ríkissjóði. Við byggjum þá niðurstöðu okkar að þessar rannsóknir skuli fara fram af hálfu þessarar rannsóknarmiðstöðvar á því að vinna hennar á

undanförnum árum hefur sýnt og sannað mikilvægi verkefnisins og að þar sinna því afar hæfir starfsmenn. Rannsóknarmiðstöðin býr yfir mikilli þekkingu á ástandi jarðskjálftasvæðisins á Suðurlandi og afleiðingum jarðskjálftanna þar og enn eru að koma fram dæmi um það m.a. að húsnæði er jafnvel illa íbúðarhæft sem áður hafði verið talið í lagi vegna þess að skemmdir eru enn að koma fram.

Virðulegi forseti. Ég legg mikið upp úr því að menn haldi tímamörk þannig að ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til allsherjarnefndar og vona að nú sjái þingið sér fært að afgreiða hana eða í það minnsta að skoða þær umsagnir sem hafa borist — þær eru margar hverjar jákvæðar og flestar reyndar — og að mikilvægi þessa verkefnis, þ.e. að gera heildarúttekt á öllum jarðskjálftasvæðum á landinu og því að jarðskjálftamiðstöðinni verði falið það verkefni, verði metið að verðleikum af Alþingi. Ég vona þingnefndin sjái sér nú loks fært eftir fimm ára vinnu að afgreiða tillöguna.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Fjárhagsstaða ellilífeyrisþega.

[15:27]

Gunnar Örlygsson:

Hæstv. forseti. Samanburður á annars vegar greiðslum almannatrygginga og svo hins vegar staðtölum kjararannsóknarnefndar leiðir í ljós að upphæðir grunnlífeyris almannatrygginga og tekjutryggingar hafa á undanförnum 10 árum lækkað verulega sem hlutfall af launum. Er þá sama hvort miðað er við lágmarkslaun, meðallaun verkafólks eða launavísitölu Hagstofu Íslands.

Fram til þessa hafa stjórnarliðar einatt borið fyrir sig að áðurnefndum skerðingum hafi verið mætt með nýjum bótaflokkum, svo sem með tekjutryggingarauka og heimilisuppbót. Þessi rök stjórnarliða eru alröng enda hvor hinna nýju bótaflokka um sig háður mjög þröngum skilyrðum.

Sem dæmi má nefna að samkvæmt staðtölum almannatrygginga voru það einungis 314 einstaklingar af tæpum 27 þús. lífeyrisþegum sem fengu greiddan óskertan tekjutryggingarauka á árinu 2003. Það er bæði óheiðarlegt og rangt gagnvart eldri borgurum í okkar ríka landi að halda því fram að kjaraþróun eldri borgara hafi verið eðlileg og réttlát á umliðnum árum.

Ríkisstjórn Íslands á að mæta bágri fjárhagsstöðu eldri borgara með þeim hætti að grunnlífeyririnn og tekjutryggingin nái sama hlutfalli af meðaldagvinnulaunum verkamanna í fyrsta áfanga breytinga eins og þeir höfðu árið 1991 þegar skerðingarnar hófust fyrir alvöru. Til þess að það megi nást þarf grunnlífeyririnn og tekjutryggingin með eingreiðslum að hækka samtals um rúmar 13 þús. kr. á mánuði — til þess eins að halda sama hlutfalli og var árið 1991. Engu að síður hefur kakan verið að stækka á umliðnum árum, eins og margoft hefur komið fram í máli stjórnarliða. Til staðfestingar á máli mínu er rétt að minna á að hlutfall grunnlífeyris og tekjutryggingar af lágmarkslaunum verkafólks var árið 1995 tæp 75% og nú, tæpum 10 árum síðar, þ.e. samkvæmt áætlun fyrir árið 2004, var hlutfallið komið niður í tæp 62%.

Þegar tali mínu víkur að afkomuskerðingum eldri borgara blasir einnig við ófögur sýn, hæstv. forseti. Kjör einstakra embættismanna þjóðarinnar hafa verið til umræðu að undanförnu. Styðst ég m.a. við nýlegar fréttir af kjörum sendiherra þjóðarinnar. Þó svo að laun sendiherra séu hartnær 1 millj. kr. á mánuði fá þeir margir hverjir engu að síður greiddan fullan lífeyri samhliða störfum sínum. Ekki skiptir nokkru hver pólitískur bakgrunnur embættismannanna er en sumir hafa um áratuga skeið starfað með stjórnmálaflokkum sem vilja kenna sig við jöfnuð og réttlæti.

Til eru þúsundir Íslendinga í landinu, fólks sem byggði stíflur, lagði vegi, stundaði sjómennsku, fiskvinnslu og fleiri störf, í raun fólk sem lagði sitt af mörkum með erfiði sínu við að mynda brú milli gamla fátæka bændasamfélagsins og svo nútímans eins og við þekkjum hann í dag. Hvernig má það vera að þessum þúsundum einstaklinga, stoltu og fullorðnu fólki í íslensku samfélagi, sé boðið upp á annað eins óréttlæti? Þetta sama fólk þarf að horfast í augu við þann veruleika að u.þ.b. 75% af aukatekjum þess komi til skerðingar vegna tekjutengingar við greiðslu samþykktra bóta og hárrar tekjuskattsbyrði.

Vegna yfirlýstrar stefnu ríkisstjórnarinnar um að hækka ekki skattleysismörk þannig að þau haldi raungildi sínu eins og þau voru við upphaf staðgreiðslu árið 1988 koma ekki einungis fram skiljanlegar kröfur um hækkun á grunnlífeyri og tekjutryggingu heldur einnig sú krafa að skerðingarmörk greiðsluflokka almannatrygginga hækki þannig að dregið verði verulega úr áhrifum jaðarskatta. Auk þessara augljósu skerðinga tryggingargreiðslna má einnig benda á stórhækkuð fasteignagjöld undanfarinna ára, hækkun sem munar mörgum tugum þúsunda króna hjá flestum ellilífeyrisþegum vegna hækkaðs fasteignamats eigin íbúða. Keyrir um þverbak á þessu ári.

Ríkisstjórn Íslands verður að marka heildarstefnu í málefnum aldraða. Sú heildarstefna verður að byggja á hugmyndafræði um jafnrétti og mannréttindi, svo að ekki sé minnst á reisn og göfuglyndi ríkrar þjóðar til þeirra sem skilað hafa af sér miklu verki á langri ævi. Uppstokkun og endurskipulagning þar sem ný og heilbrigð hugmyndafræði ræður ríkjum verður að koma til á fjölmörgum sviðum sem snúa að eldri borgurum.

Búsetumál eldri borgara þarf að endurskoða en fleiri valkostum sem samrýmst geta óskum og þörfum eldri borgara þarf að mæta með einum eða öðrum hætti. Skortur á hjúkrunarrýmum er mikill vandi á höfuðborgarsvæðinu. Huga þarf að næringu og fjölbreyttu matarvali til handa öldruðum sjúklingum ásamt fjölmörgum öðrum málum, enda hefur málaflokkurinn verið í alvarlegri kreppu hjá ríkisstjórn landsins um langt árabil.

Virðulegur forseti. Í ljósi þessa legg ég fram eftirfarandi spurningar til hæstv. tryggingamálaráðherra:

Hefur ráðherrann í hyggju að beita sér fyrir umtalsverðri hækkun á greiðslum almannatrygginga til eldri borgara?

Hefur ráðherrann í hyggju að beita sér fyrir því að skerðingarmörk greiðsluflokka almannatrygginga hækki þannig að dregið verði verulega úr áhrifum jaðarskatta?

Hefur ríkisstjórnin ákveðið að grípa til sértækra aðgerða

til að mæta bágri fjárhagsstöðu rúmlega 10 þús. eldri borgara sem voru síðast með um eða undir 110 þús. kr. brúttó í tekjur á mánuði?

[15:33]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegur forseti. Hv. 10. þm. Suðvest. og málshefjandi hér í dag spyr þriggja spurninga sem varða bótagreiðslur til aldraðra. Mér er bæði ljúft og skylt að svara spurningunum sem hv. þingmaður beinir til mín. Hann spyr fyrst hvort ráðherrann hafi í hyggju að beita sér fyrir umtalsverðri hækkun á greiðslum almannatrygginga til eldri borgara.

Það er auðvitað teygjanlegt hvað umtalsverð hækkun á greiðslum almannatrygginga felur í sér en eins og fram kemur í fjárlögum ársins er ekki gert ráð fyrir stökkbreytingum í greiðslum almannatrygginga á árinu 2005. Það er hins vegar rétt að halda því til haga að samkvæmt fjárlögum hækka framlög til ellilífeyrisþega á árinu um tæpa 2 milljarða kr. Sú breyting er vegna hækkunar bóta og fjölgunar ellilífeyrisþega. Hækkunina má einnig rekja til umtalsverðra breytinga á hag lífeyrisþega í kjölfar merkilegs samkomulags sem gert var við samtök aldraðra á árinu 2002 og nú hefur verið hrint í framkvæmd.

Bætur Tryggingastofnunar ríkisins breyttust t.d. samkvæmt þessu samkomulagi þannig að fjárhæð tekjutryggingar og tekjutryggingarauka frá Tryggingastofnun ríkisins hækkaði 1. janúar 2003. Frá sama tíma var ákvæðum almannatrygginga um tekjutengingu breytt þannig að skerðingarhlutfall tekna gagnvart tekjutryggingarauka lækkaði úr 67% í 45%. Með aðgerðinni var hagur aldraðra bættur umtalsvert og framlög ársins 2003 hækkuð um 1.600 millj. kr. vegna þessara breytinga.

Fyrir utan þennan þátt samkomulagsins við aldraða var samið um að tekjutrygging og tekjutryggingarauki hækkuðu um 2 þús. kr. hvort um sig þann 1. janúar í fyrra. Hafði þetta það í för með sér að framlögin það ár hækkuðu um tæpar 1.100 millj. kr. Hér erum við að tala um að samkomulagið hafi skilað öldruðum 2,7 milljörðum kr.

Virðulegi forseti. Þetta er tekið fram til að ítreka í senn þann árangur sem samstarfið við aldraða skilaði og viljann sem ríkisstjórnin hefur sýnt í málaflokknum. Fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa nú ákveðið í samráði við Landssamband eldri borgara á fundi í síðustu viku að starfshópur haldi áfram því samstarfi sem tókst svo vel fyrir skemmstu og það er hugsanlegt — ég undirstrika hugsanlegt — að þar verði t.d. tekinn til umfjöllunar jaðarskattavandinn, sem svo er nefndur, ásamt öðrum málum sem hv. málshefjandi hefur rætt um. Árangurinn verður svo að koma í ljós þegar starfinu hefur miðað fram.

Það er einnig spurt hvort ríkisstjórnin hyggist grípa til sérstakra aðgerða vegna þess hóps sem er með 110 þús. kr. heildartekjur á mánuði. Í því sambandi er rétt að taka fram að allar götur frá árinu 1995 hefur verið leitast við að bæta stöðu þess hóps aldraðra sem lægstar hefur haft ráðstöfunartekjurnar. Samkvæmt fjárlögum ársins stendur ekki til að fara í sérstakar aðgerðir af því tagi sem spurt er um á þessu ári. Hins vegar er rétt að fram komi að kaupmáttur hópsins hefur á umliðnum árum aukist meira en kaupmáttur almennra launa. Þannig hækkuðu t.d. meðaltekjur ellilífeyrisþega á mánuði um rúmlega 80% á árunum 1995–2003 samkvæmt gögnum frá ríkisskattstjóra. Á sama tíma hækkaði almenn launavísitala um 72% og verðlagsvísitalan um 31%. Kaupmáttur ellilífeyrisþega jókst því umtalsvert á kjörtímabilinu.

Þegar tekinn er sá þriðjungur ellilífeyrisþega sem lægstar hafði tekjur samkvæmt skrám ríkisskattstjóra hækkuðu þær svipað hlutfallslega. Kaupmáttur tekna þessa hóps jókst um rúmlega 35% á árunum 1995–2003 á meðan kaupmáttur almennra launa jókst um rúmlega 31%. Á þessu sést að hagur aldraðra almennt og þess þriðjungs sem lægstar hefur tekjur hefur vænkast.

Ég vona að þessi atriði svari eða varpi ljósi á það sem hv. 10. þm. Suðvest. tók hér upp. Eldri borgarar eiga sér baráttumál og þannig mun það ávallt verða. Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli á að samkomulagið sem gert var við samtök aldraðra fyrir rúmum tveimur árum og við höfum verið að hrinda í framkvæmd skilaði miklum árangri. Það er von til að við getum með sama sniði komið okkur saman, samtökin og stjórnvöld, um markmið og leiðir næstu tvö árin til að bæta hag þeirra sem höllum fæti standa í þessum þjóðfélagshópi.

[15:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Örlygssyni fyrir að hefja þessa umræðu um fjárhagsstöðu ellilífeyrisþega. Samkvæmt skattframtölum var þriðjungur ellilífeyrisþega, um 10 þús. manns, þ.e. einn af hverjum þremur, með um eða undir 110 þús. kr. tekjur á mánuði með eingreiðslu og síðan var greiddur skattur af þessari upphæð. Samkvæmt útreikningum hagfræðings Félags eldri borgara mun kaupmáttur ráðstöfunartekna þessa hóps að öllum líkindum hækka um 9,8% frá 1995–2007, á sama tíma og ríkisstjórnin staðhæfir að kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings hafi hækkað um 40%, þ.e. frá 1995, og muni hækka um 55% frá sama tíma til ársins 2007 eftir að boðaðar lækkanir tekjuskatts koma til framkvæmda.

Þetta er auðvitað hróplegt misrétti og misræmi. Ef þessir lífeyrisþegar eiga að sitja við sama borð og almennir launþegar þarf að hækka grunnlífeyri og tekjutryggingu 100% fyrir árið 2007, úr 67 þús. kr. sem þær eru í dag í 140 þús. kr.

Hækkanirnar sem hæstv. ráðherra nefndi áðan eru aðallega vegna þess að það fjölgar í hópi ellilífeyrisþega og einnig vegna lögbundinna ákveðinna vísitöluhækkana. Skerðingarreglur lífeyrisgreiðslna þarfnast gagngerrar endurskoðunar, jaðarskattarnir eru svo miklir að þessi hópur lendir í fátæktargildru sem lýsir sér í því að þrátt fyrir auknar tekjur hækka ráðstöfunartekjur til hins aldraða nánast ekki neitt. Maður getur borið lífeyrisþega sem hefur ekkert úr lífeyrissjóði saman við annan lífeyrisþega með 140 þús. kr. úr lífeyrissjóði sem hann er búinn að safna með sparnaði — sá hefur aðeins 34 þús. kr. hærri ráðstöfunartekjur en sá sem engu hefur safnað. Það er náttúrlega alls ekki viðunandi.

Síðan þarf að skoða skattgreiðslurnar og huga að því hvort ekki eigi að taka skatt af lífeyrisgreiðslum og hafa

hann sem fjármagnstekjuskatt (Forseti hringir.) eins og margir hafa kallað eftir.

[15:40]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Í umræðum um fjárhagsstöðu ellilífeyrisþega er ánægjulegt að ekki er deilt um hvort kjör þeirra hafi batnað undanfarin ár heldur hve mikið þau hafa batnað. Að sama skapi er það mjög ánægjulegt þegar litið er til framtíðar að við erum að búa í haginn fyrir betri fjárhagsstöðu eldri borgara en áður með öflugu lífeyrissjóðakerfi sem við Íslendingar erum öfunduð af. Kaupmáttur hjóna sem bæði eru lífeyrisþegar og fá óskertar mánaðargreiðslur auk tekjutryggingarauka hefur vaxið um 66% frá árinu 1995, sem er langt umfram vöxt kaupmáttar launa.

Það er að vísu rétt sem málshefjandi tók hér fram að það er tiltölulega lítill hópur sem fær óskertar bætur en hlutfallslega hefur aukningin verið umtalsvert meiri en vöxtur kaupmáttar lægstu launa þegar horft er yfir það tímabil sem hér er átt við. Um þetta má svo sem vísa beint til svars hæstv. fjármálaráðherra sem fram kom við fyrirspurn hv. þm. Ögmundar Jónassonar hér fyrr í dag.

Þegar rætt er um kjör eldri borgara verður ekki hjá því komist að geta um niðurfellingu eignarskattsins sem ákveðinn var á þessu þingi. Afnám eignarskattsins hefur lengi verið baráttumál aldraðra en því miður hefur tiltölulega lítið farið fyrir því að forustumenn eldri borgara hafi tekið þessari breytingu fagnandi. Það kemur mjög á óvart vegna þess að í kringum 10 þús. eldri borgarar sem hafa árlegar tekjur innan við 1,5 millj. hafa verið að greiða eignarskatt en munu ekki gera það frá og með þessu skattári. Alls hafa 17 þús. einstaklingar yfir sjötugu greitt eignarskatt en þeir sem eru 66 ára og eldri hafa greitt 33% allra eignarskatta. Í þessu felst verulega mikil kjarabót fyrir þá einstaklinga (Forseti hringir.) sem hér hefur verið vísað til í umræðunni, þá 10 þús. sem eru með minna (Forseti hringir.) en 110 þús. á mánuði, að fá eignarskattinn felldan niður.

[15:43]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Gunnari Örlygssyni fyrir að taka þetta mikilvæga mál upp hér á þinginu.

Aldurssamsetning þjóðarinnar er að breytast og hlutfall aldraðra eykst á hverju ári. Þrátt fyrir að þeim fjölgi árlega sem fá greiðslur úr lífeyrissjóðum stéttarfélaga eru lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins einu tekjurnar sem mjög margir aldraðir hafa til framfærslu. Því er mikilvægt að upphæð grunnlífeyris og tekjutryggingar fylgi kjaraþróun, skattleysismörk fylgi verðlagi og skerðingarmörkin verði hækkuð. Þessir mikilvægu þættir hafa setið eftir, eins og margoft hefur verið bent á af Landssambandi eldri borgara. Skattleysismörkin hafa ekki hækkað í takt við þróun verðlags. Þetta kemur sérstaklega illa við ellilífeyrisþega, öryrkja og aðra láglaunahópa.

Efnahagur og tekjur hafa áhrif á heilsufar fólks. Fátækt hefur mjög neikvæð áhrif og það á ekki síður við þegar aldurinn færist yfir. Ekki hefur verið gerð sérstök könnun á framfærslukostnaði aldraðra en það er ljóst að bágur efnahagur hvetur til umsóknar á dvalar- eða hjúkrunarheimilum til að tryggja öryggi í búsetu og næringu, þó svo að fjárhagslegt sjálfstæði sé þá stórlega takmarkað á þessum stofnunum.

Þessi staða er þjóðfélaginu dýr, biðlistar eftir dvalarheimilisplássum eða öðrum stofnanatengdum úrlausnum eru langir og á meðan líða aldraðir og fjölskyldur þeirra þar sem aðrar úrlausnir eru ekki til staðar. Í stað þess að lækka tekjuskatt, sem kemur efnuðum helst til góða, ætti að vera forgangsverkefni að hækka skattleysismörk til jafns við framfærslukostnað og hækka lífeyri í takt við launaþróun. Sveitarfélögin verða að fá fleiri tekjustofna eða hærri útsvarsprósentu til að geta veitt þá félagsþjónustu í heimahúsum sem nauðsynleg er í dag en ekki síður til að koma til móts við vaxandi fjölda aldraðra. Félagsþjónusta heimila er eina lausnin til að draga úr (Forseti hringir.) ótímabærri dvöl á öldrunarstofnunum og hærri raungreiðslur lífeyris ein leið til að koma fjölmörgum (Forseti hringir.) öldruðum úr fátæktargildru og óviðunandi aðstæðum.

[15:45]

Steinunn K. Pétursdóttir:

Virðulegur forseti. Í desember sl. gafst ríkisstjórn landsins tækifæri til að rétta hlut eldri borgara í hinu ríka landi okkar með því að hækka persónuafsláttinn. Ríkisstjórnin ákvað hins vegar að fara aðra leið. Flöt lækkun á tekjuskattsprósentunni var dagskipunin, aðferð sem mun afar lítið eða jafnvel ekkert gagnast þeim rúmlega 10 þús. eldri borgurum sem í dag búa við þau kjör að hafa bruttótekjur undir 110 þús. kr. á mánuði.

Á örfáum áratugum hefur landið okkar tekið miklum breytingum, svo miklum að um fádæmi er að ræða. Þjóðin hefur risið úr því að vera fátækt bændasamfélag í að vera tæknivætt nútímaþjóðfélag sem samkvæmt alþjóðlegum mælikvörðum er eitt það ríkasta í heimi. Hverjum ber að þakka þessar framfarir, virðulegi forseti? Fyrst og fremst þeim einstaklingum sem hér eru til umræðu, fyrst og fremst eldri kynslóð þjóðarinnar sem býr þó við það að allt of margir einstaklingar þeirrar kynslóðar lifa í dag undir fátæktarmörkum. Er þetta sá virðingarvottur sem þeim ber? Okkur ber skylda til að sýna stoltu og fullorðnu fólki þá virðingu í verki að tryggja því mannsæmandi kjör.

Hv. málshefjandi Gunnar Örlygsson hefur vel rökstutt þá fullyrðingu að hækka beri greiðslur almannatrygginga. Í máli þingmannsins kom skýrt í ljós að greiðslur grunnlífeyris og tekjutryggingar hafa alls ekki verið í takt við þróun launavísitölu síðustu ára. Ég hvet því ríkisstjórn Íslands að mæta bágri fjárhagsstöðu þúsunda eldri borgara af ákveðni og með réttmætum hætti.

[15:47]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda þessarar umræðu og eins hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Ég vil í þessu samhengi minna á að árið 2002 var gert samkomulag við eldri borgara í níu liðum um þau forgangsmál sem Landssamtök eldri borgara vildu hrinda í framkvæmd. Þetta samkomulag var unnið í góðu samstarfi eldri borgara og ráðuneytisins. Nú þegar er búið að efna átta af níu liðum þessa samkomu-

lags. Meðal þeirra áætlana sem Landssamband eldri borgara lagði fram í þessari vinnu og kemur fram í samkomulaginu var hækkun fjárhæðar tekjutryggingar og tekjutryggingarauka frá Tryggingastofnun ríkisins sem tók gildi 1. janúar 2003. Frá sama tíma lækkaði líka skerðingarhlutfall tekna gagnvart tekjutryggingaraukanum, úr 67% í 45%.

Önnur kjarabót til aldraðra er að samkvæmt samkomulaginu varð 2 þús. kr. hækkun bæði á tekjutryggingu og tekjutryggingarauka á árinu 2004. Þær tvær framkvæmdir skiluðu öldruðum tæpum 3 milljörðum.

Málshefjandi nefndi áðan — ég vil aftur taka upp þetta samkomulag — hjúkrunarrými fyrir aldraða og í því samhengi vil ég geta þess að samkomulagið gekk líka út á hjúkrunarrými og fjölgun þeirra. Á árunum 2003–2004 hefur þeim verið fjölgað um ein 200 og hvað varðar Stór-Reykjavíkursvæðið eru núna áform um að hefja framkvæmd við rúmlega 100 hjúkrunarrými til viðbótar þessum 200.

Hæstv. ráðherra fór hér áðan yfir hvað meðaltekjur ellilífeyrisþega hafa hækkað á árunum 1995–2003, um rúm 80%, og eins að kaupmáttur þessa hóps hefur aukist umfram almennan kaupmátt.

Það sem ég vil fá að segja, herra forseti, að lokum er að ég tel einsýnt að við eigum að einbeita okkur að því að bæta kjör þeirra ellilífeyrisþega sem hafa þau bágust. Það eru þeir sem einungis hafa lífeyri frá almannatryggingum úr að spila og ég tel (Forseti hringir.) sjálfsagt að þetta sé unnið í góðu samkomulagi við samtök eldri borgara og forgangsröðunina á þessu sviði.

[15:49]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Stjórnarflokkarnir hafa skert svo kjör aldraða að það þyrfti að hækka grunnlífeyri og tekjutrygginguna um heila 4,6 milljarða kr. í dag til að þessi framfærslueyrir aldraðra héldi raungildi sínu nú miðað við grunnlífeyri og tekjutryggingu eins og þessar lífeyrisgreiðslur voru árið 1995 þegar Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn tóku við stjórnartaumunum. Þetta er samkvæmt útreikningum sem Samfylkingin hefur látið gera. Hefðu stjórnarflokkarnir ekki hirt þessa 4,6 milljarða í ríkissjóð væru grunnlífeyrir og full tekjutrygging 12 þús. kr. hærri en ella á mánuði, þ.e. tæplega 150 þús. kr. á ári.

Stjórnarflokkarnir eiga að sjá sóma sinn í því að skila þessum fjármunum aftur til aldraðra ásamt því að lögfesta að grunnlífeyrir aldraðra, svo breyttur, haldi raungildi sínu í framtíðinni en sé ekki háður geðþóttaákvörðunum stjórnvalda hverju sinni eins og gerst hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar. Stjórnarflokkarnir hafa margsýnt að þeir muna bara eftir lífeyrisþegum rétt fyrir kosningar á fjögurra ára fresti þegar þeir þurfa á atkvæðum þeirra að halda. Neysluútgjöld einstaklinga samkvæmt upplýsingum Hagstofu voru á síðasta ári 170 þús. kr. 10 þús. ellilífeyrisþegum er nú gert að lifa af 110 þús. kr. á mánuði, hafa þannig 60 þús. kr. minna sér til framfærslu en neysluútgjöld einstaklinga sýna og 30 þús. kr. minni framfærslueyri en félagsmálaráðuneytið segir nauðsynlegan til allra brýnustu framfærslu þeirra. Samt greiða þessir 10 þús. ellilífeyrisþegar 14% af tekjum sínum í skatt en greiddu 2–3% af samsvarandi tekjum fyrir 10 árum þegar stjórnarflokkarnir tóku við, auk verulegrar hækkunar á lyfjum og lækniskostnaði. Allt þetta er staðfesting á því að ríkisstjórnarflokkarnir hafa staðið fyrir samfelldri aðför að kjörum aldraðra í 10 ára valdasetu sinni.

Hæstv. forseti. Er ekki mál að linni?

[15:52]

Guðmundur Hallvarðsson:

Frú forseti. Það er ósköp eðlilegt að baráttuhópur aldraðra láti heyra í sér og veki athygli á stöðu sinni. Hitt er annað og rétt að benda á að á tekjuárinu 2003 greiddi rúmlega helmingur allra ellilífeyrisþega eignarskatt sem gerir samtals um 475 millj. kr. Með breytingunum sem þegar eru orðnar á eignarsköttum og koma til framkvæmda á næsta ári verður umtalsverð breyting á högum þeirra og mun þetta skila sér í vasa ellilífeyrisþega.

Það er dálítið merkilegt þegar rætt er um kjör ellilífeyrisþega að enginn hv. stjórnarandstæðingur kemur inn á þá staðreynd að á sama tíma og ríkisstjórnarflokkarnir hafa lækkað eignarskattinn eykur R-listinn í Reykjavík skattálögur á þá eldri í formi fasteignagjalda. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Hér hefur verið komið inn á mál sem varðar almannatryggingar og eins og segir, með leyfi forseta, í 65. gr. skulu bætur almannatrygginga, svo og greiðslur, breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Þetta var gott ákvæði sem kom inn og hefur tryggt þeim öldruðu talsvert. Á árunum 2002–2004 hækkuðu t.d. meðalgreiðslur til ellilífeyrisþega um 15,3% en launavísitala hækkaði á sama tíma um 10,6%. Það má sjá að þarna hefur verið stigið gott spor í þessa átt.

Hins vegar má alltaf deila um fortíðina og ég ætla ekki að blanda henni inn í svo stuttan tíma sem ég hef til að flytja mál mitt. Það var aðeins komið inn á hjúkrunarheimili og rætt um að þar væri mikill skortur. En það er rétt eins og hv. þm. Jónína Bjartmarz kom inn á áðan að á þremur árum hefur verið veitt nokkur úrlausn í því, þ.e. um 200 hjúkrunarrými hafa verið byggð hér, og þar af eru um 180 á höfuðborgarsvæðinu.

[15:54]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv forseti. Ég þakka hv. málshefjanda Gunnari Örlygssyni fyrir ágætar spurningar sem hann bar fram, m.a. hvort hæstv. ráðherra hygðist beita sér fyrir verulegum kjarabótum til handa öryrkjum og ellilífeyrisþegum. Ég vil bæta einni spurningu við: Hyggst hæstv. ráðherra fara að lögum? Eins og hér var vísað í var það fest í landslög árið 1997 að almannatryggingar skyldu taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækkuðu aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. (**Gripið fram í:** Það er gott ákvæði.) Það er ágætt ákvæði, svo langt sem það nær, en þá er það náttúrlega forsenda að því sé hlítt, farið sé að ákvæðinu.

Menn líta til eins árs. Ég hef skoðað þessar hækkanir út frá nokkrum reikniformúlum. Hækkun bótanna frá desember 2003 til desember 2004 er 3%, vísitala neysluverðs

3,9% og vísitala launa 6%. Jafnvel þó að við höldum okkur við vísitölu neysluverðs sem afdráttarlaust er kveðið á um í lögunum, því að menn hafa deilt um útreikninga á launavísitölunni, er verið að brjóta lög á öryrkjum og ellilífeyrisþegum. Ef við skoðum janúar 2004 til janúar 2005 er hækkun bóta 3,5%, vísitala neysluverðs 4,01%, vísitala launa 6,6%. Hér er einnig verið að brjóta lög á lífeyrisþegum og öryrkjum samkvæmt þessari formúlu. Ef við skoðum ársmeðaltölin frá 2003–2004 er hækkun bóta 3%, vísitala neysluverðs 3,2%, vísitala launa 4,6%. Hér er óumdeilanlega verið að brjóta landslög á öryrkjum og lífeyrisþegum. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Ætlar ríkisstjórnin að fara að lögum?

[15:56]

Gunnar Örlygsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og hv. þingmönnum sem hér hafa talað. Ég verð þó að lýsa yfir miklum vonbrigðum með þau viðbrögð sem ég hef fengið af hálfu stjórnarliða í þessari umræðu í dag. Fyrir það fyrsta var hæstv. ráðherra því miður alvarlega fastur í fortíðinni í tali sínu þrátt fyrir að spurningar mínar heyrðu til framtíðar.

Í annan stað töluðu hv. þingmenn stjórnarliða um eignarskattinn, hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Það kom fram í máli hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar að helmingur lífeyrisþega í þessu landi fái í sinn hlut 475 millj. sökum eignarskattsbreytinga frá því í desember. Ég vil minna hv. þingmenn á að þetta mun ekki koma í buddu lífeyrisþega á þessu ári. Ég vil líka minna hv. þingmenn á að fasteignaskatturinn er að hækka gífurlega hjá fólki um allt land. **(Gripið fram í:** Það eruð ...) Eitt ár er mjög langur tími hjá eldri borgurum, mjög dýrmætur tími.

Hvað um hin 15 þúsundin, virðulegur forseti, sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson minntist ekki á? Hvað um hin 15 þúsundin sem fá ekki þessar 475 millj. í sinn hlut út frá eignarskattsbreytingunum? Þetta eru einmitt sömu einstaklingarnir og eru í hópi þeirra 10 þús. lífeyrisþega í landinu sem búa svo til undir fátæktarmörkum, ef ekki allir. Menn verða að horfast í augu við sannleikann og stöðuna eins og hún ríkir í dag á Íslandi og mæta með reisn og göfuglyndi þessum vanda í okkar ríka landi. Ég hvet ráðherra til að koma með eitthvað annað til mín en starfshóp eða starfsnefnd.

Það mun ekki leiða til verkloka í þessu máli, heldur ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um það hvort eigi að bregðast við þessu með göfuglyndi og reisn eins og þarf að vera.

[15:58]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur farið hér fram. Ég þakka málshefjanda fyrir að brydda upp á henni. Ég verð að endurtaka, þrátt fyrir hin miklu umbrot hans í ræðustól, að ég ætla að vinna áfram að málinu með eldri borgurum. Við erum búin að setja það mál í farveg.

Varðandi fyrirspurn hv. 9. þm. Reykv. s., um hvort ríkisstjórnin ætli að fara að lögum — að sjálfsögðu ætlar hún það. Það er eitt hlutverk þess starfshóps sem nú er að fara af stað að fara yfir alla þá útreikninga sem dynja yfir varðandi kjör aldraðra og að sjálfsögðu verður farið yfir þær tölur sem hv. þingmaður fór með. Við viljum vinna þetta í samkomulagi.

Þetta mál vinnst ekkert með upphrópunum úr ræðustóli á Alþingi. Fyrir tveimur árum gerðum við mjög merkilegt samkomulag við aldraða sem við höfum verið að framkvæma, og þar á meðal er í því samkomulagi komið inn á hjúkrunarrými sem hér hefur verið rætt um. Það er nauðsynlegt að halda því áfram og það er nauðsynlegt vegna þess að kröfurnar um það rými hafa aukist og við erum staðráðin í því að fara líka yfir þau mál.

Lífskjör aldraðra ráðast ekki eingöngu af bótum. Þau ráðast af eignum, af lífeyrisréttindum og atvinnu á efri árum. Íslendingar standa mjög vel að þessu leyti. Aldraðir eru ekki einsleitur hópur og ég vil einbeita mér að því að bæta kjör þeirra sem lifa af bótum almannatrygginga eingöngu.

Umgengni um nytjastofna sjávar o.fl., frh. 3. umr.

Frv. ÖHJ o.fl., 215. mál (refsiákvæði, breyting ýmissa laga). — Þskj. 937.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, DJ, EKG, EKH, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁS, GÖg, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

26 þm. (AKG, ÁMagn, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, GÞÞ, GÁ, GunnB, HÁs, HHj, JóhS, JBjarn, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SP, SJS, StP, ÞKG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 982)

Lokafjárlög 2002, frh. 1. umr.

Stjfrv., 440. mál. — Þskj. 660.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, DJ, EKG, EKH, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁS, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, StB, ÞSveinb, ÖS.

2 þm. (AtlG*, ÞBack*) greiddu ekki atkv.

28 þm. (AKG, ÁMagn, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, JóhS, JBjarn, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SP, SJS, StP, VS, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Lokafjárlög 2003, frh. 1. umr.

Stjfrv., 441. mál. — Þskj. 663.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað fjárln. án atkvgr.

Afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 182. mál. — Þskj. 182.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað efh.- og viðskn. án atkvgr.

Nýtt tækifæri til náms, frh. fyrri umr.

Þáltill. EMS o.fl., 144. mál. — Þskj. 144.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað menntmn. án atkvgr.

Landsdómur og ráðherraábyrgð, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 203. mál. — Þskj. 203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað allshn. án atkvgr.

Skilgreining á háskólastigi, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ og DJ, 214. mál. — Þskj. 216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað menntmn. án atkvgr.

Útsendingar sjónvarps og hljóðvarps um gervitungl, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 217. mál. — Þskj. 220.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað menntmn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 409. mál (vararefsing fésektar). — Þskj. 520.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AtlG, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, DJ, EKG, EKH, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁS, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
24 þm. (AKG, ÁMagn, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, GÞÞ, GÁ, GunnB, HÁs, JBjarn, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SP, SJS, StP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 983)

Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjótjóns og sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 484. mál (EES-reglur). — Þskj. 740.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AtlG, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, DJ, EKG, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁS, GÖg, GÖrl, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
26 þm. (AKG, ÁMagn, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKH, EOK, GÞÞ, GÁ, GunnB, HÁs, JBjarn, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, SigurjÞ, SP, SJS, StP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 984)

Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð, frh. fyrri umr.

Þáltill. BJJ o.fl., 146. mál. — Þskj. 146.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað menntmn. án atkvgr.

Úttekt á ástandi eigna á jarðskjálftasvæðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 226. mál. — Þskj. 230.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, DJ, EKG, EKH, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁS, GÖg, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (HBl) greiddi ekki atkv.

24 þm. (AKG, ÁMagn, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, GÞÞ, GÁ, GunnB, HÁs, JBjarn, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, SigurjÞ, SP, SJS, StP, ÖJ) fjarstaddir.

Till. vísað allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:09.

---

92. FUNDUR

fimmtudaginn 17. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 639. mál, þskj. 969. — 1. umr.
2. Stjórnarskipunarlög, frv., 177. mál, þskj. 177. — 1. umr.
3. Fjármálafyrirtæki, frv., 197. mál, þskj. 197. — 1. umr.
4. Greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 207. mál, þskj. 207. — 1. umr.
5. Almannatryggingar, frv., 229. mál, þskj. 235. — 1. umr.
6. Staðbundnir fjölmiðlar, þáltill., 234. mál, þskj. 240. — Fyrri umr.
7. Stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ, þáltill., 238. mál, þskj. 248. — Fyrri umr.
8. Stjórn fiskveiða, frv., 239. mál, þskj. 250. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.

[10:30]

Útbýting:

Atvinnuleysistryggingar, 646. mál, frv. MF, þskj. 978.

Lyfjalög og heilbrigðisþjónusta, 649. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 981.

Samgönguminjar, 650. mál, þáltill. ÞBack, þskj. 985.

Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda, 651. mál, frv. AtlG o.fl., þskj. 986.

Yfirtaka Íslendinga á rekstri Keflavíkurflugvallar, 647. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 979.

Tilkynning um dagskrá.

[10:31]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Klukkan 1.30 fer fram umræða utan dagskrár um stöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar. Málshefjandi er hv. þm. Jón Bjarnason. Hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Stjfrv., 639. mál (kjördagur, sameining sveitarfélaga). — Þskj. 969.

[10:31]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hinn 27. maí 2004 var samþykkt á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum. Þar var m.a. kveðið á um að atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga víða um land skyldu fara fram vorið 2005 á grundvelli tillagna sameiningarnefndar sem skipuð var haustið 2003.

Það frumvarp sem ég mæli nú fyrir felur í sér að atkvæðagreiðslur um sameiningu sveitarfélaga fari fram laugardaginn 8. október 2005 í stað 23. apríl næstkomandi, eins og gert er ráð fyrir í framangreindum lögum. Frumvarpið er samið samkvæmt tillögu sameiningarnefndar og að höfðu samráði við sveitarstjórnarmenn víða um land.

Ástæðan fyrir því að færa þarf kjördag til haustsins er tvíþætt: Annars vegar tók lengri tíma en gert var ráð fyrir að ná samkomulagi í tekjustofnanefnd um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og því hefur dregist að sameiningarnefnd gæti lagt fram endanlegar tillögur sínar. Er nú ljóst að ekki er nægur tími til stefnu til að tillögurnar geti hlotið nauðsynlega kynningu og umfjöllun í viðkomandi

sveitarfélögum fyrir kjördag. Hins vegar er ástæðan sú að undirbúningur atkvæðagreiðslu um tillögur sameiningarnefndar er kominn misjafnlega vel á veg á einstökum svæðum.

Þótt í frumvarpinu sé gert ráð fyrir því sem meginreglu að atkvæðagreiðsla fari fram 8. október næstkomandi er lagt til að samstarfsnefnd á hverju svæði verði heimilt að láta atkvæðagreiðsluna fara fram fyrr ef það er mat nefndarinnar að sameiningartillaga muni hljóta næga kynningu meðal íbúa fyrir kjördaginn. Skal samstarfsnefndin kynna félagsmálaráðuneytinu þá ákvörðun sína svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 20. maí 2005 þannig að ráðuneytið geti gert ráðstafanir til að láta utankjörfundaatkvæðagreiðslu hefjast tímanlega fyrir kjördag. Gert er ráð fyrir að slík ákvörðun þurfi samþykki aukins meiri hluta nefndarmanna og að samráð verði haft við félagsmálaráðuneytið áður en tillaga þess efnis verði borin upp til atkvæða.

Kjördagur sá sem lagður er til í frumvarpinu er valinn með hliðsjón af því að upphaflegar tillögur sameiningarnefndar voru kynntar í lok september 2004 og síðan þá hefur átt sér stað mikil umræða um tillögurnar. Verður að ætla að sveitarstjórnum sé með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu veittur nægur tími til að kynna tillögur nefndarinnar og undirbúa atkvæðagreiðslu um þær.

Í frumvarpinu er lagt til að heimiluð verði ein undantekning frá framangreindri frestun, þ.e. að atkvæðagreiðsla um sameiningu Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps, Kolbeinsstaðahrepps og Skorradalshrepps fari fram þann dag sem samstarfsnefnd kjörin af sveitarstjórnum þessara sveitarfélaga hefur þegar ákveðið. Markvisst hefur verið unnið að undirbúningi sameiningar þessara sveitarfélaga allt frá árinu 2003 og er ekki talin ástæða til að fresta atkvæðagreiðslu um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna þrátt fyrir ákvæði 1. gr. frumvarpsins. Er því lagt til að íbúar hinna fimm sveitarfélaga gangi að kjörborðinu hinn 23. apríl næstkomandi til að greiða atkvæði um sameiningu þeirra.

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að nota þetta tækifæri til að gera Alþingi grein fyrir gangi átaks um eflingu sveitarstjórnarstigsins en atkvæðagreiðslur um tillögur um sameiningu sveitarfélaga sem frumvarpið fjallar um eru þáttur í því verkefni. Eins og kunnugt er er um samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga að ræða sem hófst að frumkvæði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Vinna við átakið sem hefur staðið frá því á haustmánuðum 2003 er nú vel á veg komin. Tekjustofnanefnd komst í vikunni að niðurstöðum og leggur fram tillögur um umtalsverðar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga. Sameiningarnefnd hefur einnig lokið gerð tillagna um breytingar á sveitarfélagaskipan og verður fjallað um þær á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga á morgun.

Verkefnisstjórn átaks um eflingu sveitarstjórnarstigsins kynnti hugmyndir um tilfærslu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga í apríl 2004. Frá þeim tíma hefur verið unnið að athugun á kostum og göllum þess að flytja verkefni á sviði velferðarmála frá ríki til sveitarfélaga en ákvörðun um það hvort af slíkum flutningi verður á einu eða öðru sviði liggur ekki fyrir á þessari stundu frekar en gert var ráð fyrir í upphafi.

Í upphafi var gert ráð fyrir að ákvörðun um hugsanlegan verkefnaflutning lægi fyrir haustið 2005 þannig að þau mál eru í eðlilegum farvegi.

Síðastliðið haust var kynnt áfangaskýrsla um flutning heilbrigðis- og öldrunarþjónustu til sveitarfélaganna og ítarleg vinna við stöðumat og þjónustu við fatlaða stendur nú yfir í félagsmálaráðuneytinu.

Tillögur tekjustofnanefndar verða nánar útfærðar fyrir lok aprílmánaðar næstkomandi í yfirlýsingu um breytingar á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Stefnt er að því að endurskoðun á samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga verði lokið fyrir sama tíma. Auk tillagna um breytingar á tekjustofnum leggur nefndin til ýmsar breytingar á samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Má þar nefna tillögu um að öll lagafrumvörp og reglugerðir sem varða sveitarfélögin verði kostnaðarmetin og reglur þar um taki gildi strax á næsta ári. Þarna er að mínu mati um mikilvæga og varanlega aðgerð að ræða sem mikilvægt er að fylgt verði vel eftir.

Einnig er lagt til að skipaður verði starfshópur sem er ætlað að kanna hvort lög og reglur sem settar hafa verið á undanförnum árum hafi að geyma of strangar og kostnaðarsamar kröfur gagnvart sveitarfélögunum og gera tillögur um breytingar þar sem við á. Það er að mínu viti einnig mikilvægt.

Loks er lagt til að hafin verði vinna við endurskoðun sveitarstjórnarlaga sem miða að því að tryggja vandaða fjárstjórn sveitarfélaganna og er gert ráð fyrir að sérstaklega verði litið til reynslu Norðurlandanna af eftirliti með sveitarfélögum í því sambandi.

Tekjustofnanefnd leggur til eftirfarandi breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga, en ég tek fram að þær eru kynntar með þeim fyrirvara að þær hljóti samþykki ríkisstjórnar og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:

1. Viðbótarframlag komi í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á árunum 2006–2008. Tillagan skilar sveitarfélögunum 700 millj. kr. ár hvert eða alls 2,1 milljarði kr. á árunum 2006–2008. Settar verða reglur um úthlutun þessara fjármuna og mun félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga eiga samvinnu um efni þeirra. Framlaginu er ætlað að jafna aðstöðumun þeirra sveitarfélaga sem talin eru í mestri þörf m.a. vegna erfiðra ytri aðstæðna.

2. Undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts, samanber 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, verði afnumdar frá og með 1. janúar 2006 í samræmi við tillögur nefndar frá desember 2001. Álagning fasteignaskatts komi til framkvæmda í áföngum á árunum 2006–2008. Tillagan skilar sveitarfélögunum 200 millj. kr. árið 2006, 400 millj. kr. árið 2007 og 600 millj. kr. í árlegar tekjur frá og með árinu 2008. Samtals gerir þetta 1,2 milljarða kr. árin 2006–2008 en varanlega 600 millj. kr. á ári frá þeim tíma.

Tekið skal fram að ofangreindar fjárhæðir miðast við fasteignamat ársins 2005. Árleg hækkun fasteignamats og fjölgun fasteigna ríkissjóðs leiðir til hækkunar á þessum fjárhæðum en álagningarprósentan mun ekki lækka að sama skapi. Eftir er að reikna út hver álagningarprósentan þarf nákvæmlega að vera. Um er að ræða nýjan álagningarflokk, C-flokk. Áfram er gert ráð fyrir að kirkjur og safnaðarheimili, safnahús og hús erlendra ríkja verði undanþegin

fasteignaskatti. Í tillögunni er ekki tekin afstaða til hugsanlegra breytinga á álagningu fasteignaskatts af virkjanamannvirkjum.

3. Varasjóði húsnæðismála verði heimilað að auka rekstrar- og söluframlög vegna félagslegra íbúða í eigu sveitarfélaga og aðstoða við úreldingu þeirra. Framlögin koma til greiðslu á árunum 2005, 2006 og 2007. Tillagan skilar sveitarfélögunum 280 millj. kr. á ári eða samtals 840 millj. kr. á árunum 2005–2007. Starfshópur er að störfum sem mun útfæra nánar ráðstöfun þessara fjármuna. Með úreldingu húsnæðis sem stendur autt eða er óíbúðarhæft er unnt að draga úr áframhaldandi þörf sveitarfélaga fyrir rekstrarframlög til félagslega húsnæðiskerfisins. Fjármögnun mun koma af höfuðstól varasjóðs viðbótarlána. Rétt er að taka fram að ráðstöfunin kemur til viðbótar framlögum til félagslega húsnæðiskerfisins samkvæmt gildandi samkomulagi um varasjóð húsnæðismála en gert er ráð fyrir að það samkomulag verði framlengt um þrjú ár.

4. Gildandi lög um fjárhagslegan stuðning við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga verði framlengd til ársins 2008. Sameiginlega verði farið gagnrýnið yfir kröfur um fráveituframkvæmdir sveitarfélaga og kannaðar leiðir til að draga úr kostnaði. Tillagan skilar sveitarfélögunum 200 millj. kr. á ári eða samtals 600 millj. kr. á árunum 2006–2008. Framlögin koma til greiðslu í hlutfalli við fráveituframkvæmdir sveitarfélaganna á árunum 2006–2008 og eru þau liður í að ljúka átaki í fráveitumálum sveitarfélaga. Jafnhliða verður farið yfir hvort unnt sé að finna leiðir fyrir fámenn sveitarfélög og byggðarkjarna til að koma fráveitumálum í viðunandi horf án óheyrilegs kostnaðar.

5. Lög um skráningu og mat fasteigna á tekjustofnum sveitarfélaga verði breytt þannig að greiðsla fasteignaskatts hefjist frá næstu mánaðamótum eftir að eign er fyrst metin fasteignamati. Jafnframt verði unnið að endurskoðun á fasteignamati landa og jarða og lagaákvæðum er það varðar. Tillagan skilar sveitarfélögum allt að 200 millj. kr. í varanlegan tekjuauka á ári, samtals 600 millj. kr. á árunum 2006–2008. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp á vorþingi með það að markmiði að ákvæði um upphaf greiðslu fasteignaskatts taki gildi sem fyrst. Fasteignamat landa og jarða verði tekið til endurskoðunar af Fasteignamati ríkisins og því verki lokið eins fljótt og auðið er.

6. Skipuð verði nefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga einkum með tilliti til breytinga á sveitarfélagaskipan. Nefndin taki mið af sjónarmiðum sem fram hafa komið við vinnu sameiningarnefndar og tekjustofnanefndar. Stefnt er að því að nefndin ljúki störfum fyrir 1. október á þessu ári.

Tillagan hefur á þessu stigi ekki bein fjárhagsleg áhrif fyrir sveitarfélögin. Það er hins vegar ljóst að endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með tilliti til breytinga á sveitarfélagaskipan er forsenda þess að unnt sé að leggja fram vitrænar tillögur um varanlegar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga. Vinna tekjustofnanefndar hefur leitt í ljós að aðstöðumunur sveitarfélaga er mjög mikill og breytingar á ráðstöfun fjármuna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skipta illa stödd sveitarfélög meira máli en almennar breytingar á tekjustofnum á borð við hækkun útsvarsprósentu. Í fylgiskjali leggur tekjustofnanefnd til ákveðnar forsendur sem hún telur að eigi að hafa að leiðarljósi í endurskoðunarvinnunni.

Hæstv. forseti. Viðræður um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga hafa verið langar og strangar. Niðurstaðan sem nú hefur náðst er að mínu mati vel ásættanleg fyrir sveitarfélögin. Þegar tillögurnar eru skoðaðar í heild tel ég óhætt að fullyrða að komið hafi verið til móts við sjónarmið bæði þéttbýlissveitarfélaga og dreifbýlissveitarfélaga en áherslan í starfi nefndarinnar var þó ótvírætt á að jafna aðstöðumun sveitarfélaga til tekjuöflunar. Sérstakt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og aðgerðir til að taka á rekstrarvanda félagslega húsnæðiskerfisins skipta þau sveitarfélög mestu máli. Stærri sveitarfélögin munu aftur á móti fá varanlega tekjuaukningu vegna fækkunar undanþágna frá fasteignaskatti.

Heildaráhrifum tillagnanna er best að lýsa með því að ræða annars vegar varanleg áhrif þeirra og hins vegar tímabundin áhrif, þ.e. tekjuauka og önnur fjárhagsáhrif fyrir sveitarfélögin á því tímabili sem um er að ræða eða 2005–2008. Ef við tölum fyrst um varanlegu áhrifin er gert ráð fyrir að tekjuauki sveitarfélaga af fasteignaskatti verði í kringum millj. kr. á ári, þ.e. 600 millj. kr. vegna fækkunar undanþágna á fasteignum ríkisins og 200 millj. vegna annarra lagabreytinga. Tímabundin áhrif eru hins vegar mun meiri eða um 4,7 milljarðar kr. á framangreindu tímabili.

Ráðstafanir sem miða sérstaklega að því að taka á aðstöðumun sveitarfélaga, t.d. vegna fólksfækkunar og tekjusamdráttar sem henni fylgir eru árlegt 700 millj. viðbótarframlag í jöfnunarsjóði í þrjú ár og heimildir til að taka á vanda félagslega húsnæðiskerfisins. Við þetta verður svo að bæta að fyrir dyrum stendur endurskoðun á reglum jöfnunarsjóðs og vænti ég þess að þar muni sérstaklega verða tekið á aðstöðumun sveitarfélaga, t.d. sameinaðra sveitarfélaga með marga byggðakjarna og sveitarfélaga sem glíma við neikvæð áhrif byggðaþróunar. Ég tel að vinna tekjustofnanefndar hafi leitt í ljós að slíkar breytingar á jöfnunarkerfinu séu sú aðgerð sem mestum árangri muni skila til að taka varanlega á málefnum sveitarfélaga sem eiga í fjárhagsvanda, miklu fremur en hugsanleg heimild til að hækka útsvarið eins og stundum hefur verið rætt.

Auk hinna eiginlegu tillagna tekjustofnanefndar, hæstv. forseti, er í fylgiskjali með tillögum nefndarinnar raktar ýmsar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem orðið hafa vegna lagabreytinga og annarra ástæðna á undanförnum mánuðum. Þær helstu eru eftirfarandi:

1. Samkomulag sem fram kemur í viljayfirlýsingu frá 17. september 2004 um að allt að 2,4 millj. kr. skuli varið til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

2. Brottfall á skyldu sveitarfélaga til að greiða framlag í varasjóð viðbótarlána sem felur í sér sparnað um 300 millj. kr. á ári fyrir sveitarfélögin.

3. Heimild varasjóðs húsnæðismála til að ráðstafa raunvöxtum af höfuðstól sjóðsins til að bæta tekjutap af sölu sveitarfélaga á félagslegum íbúðum. Þessi ráðstöfun skilar sveitarfélögunum um það bil 60 millj. kr. á ári.

4. Brottfall framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Lánasjóðs sveitarfélaga og til stofnframkvæmda sveitarfélaga með færri en 2.000 íbúa. Þessar breytingar gera jöfn-

unarsjóðnum mögulegt að færa um það bil 460 millj. kr. á ári til annarra verkefna.

Varanleg heildaráhrif framangreindra breytinga eru um 750 millj. kr. á ári en tímabundin áhrif á árunum 2005–2008 meira en 4 milljarðar kr.

Hæstv. forseti. Eins og ég hef rakið er ljóst að tímabundin áhrif tillagna tekjustofnanefndar og annarra breytinga á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga eru mjög mikil. Varanleg áhrif í formi tekjuauka og útgjaldasparnaðar fyrir sveitarfélögin eru rúmlega 1,5 milljarðar kr. á ári og tímabundin áhrif eru tæpir 9 milljarðar kr. á því tímabili sem um ræðir, 2005–2008. Að vísu ber að hafa í huga að ekki er í öllum tilfellum um fjármuni úr ríkissjóði að ræða heldur er einnig um að ræða heimildir til ráðstöfunar eiginfjársjóða í eigu sveitarfélaganna og tilfærslu fjármuna milli verkefna.

Margar þessara tillagna kalla á lagabreytingar og vænti ég þess að ekki muni reynast fyrirstaða hér á Alþingi við að færa sveitarfélögunum aukna fjármuni miðað við yfirlýsingar stjórnarandstöðunnar á undanförnum mánuðum. En ég endurtek og ítreka að þær tillögur sem eru kynntar fyrir Alþingi í dag gera samtals ráð fyrir tæplega 9 milljarða kr. tekjuauka fyrir sveitarfélögin.

Hæstv. forseti. Í tillögum sameiningarnefndar er gert ráð fyrir því að flest sveitarfélög í landinu myndi heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði og verði nægilega öflug til að sinna helstu lögbundnu og venjubundnu verkefnum sveitarfélaganna. Nefndin leggur áherslu á að sem flestir íbúar landsins fái tækifæri til að taka afstöðu til hugsanlegra sameininga á sínu svæði og ef allar tillögur nefndarinnar ganga eftir mun meiri hluti sveitarfélaga hafa fleiri en þúsund íbúa og í aðeins níu sveitarfélögum yrðu íbúar færri en 500 í stað 51 sveitarfélags í dag. Tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir að í landinu verði 46 sveitarfélög frá og með sveitarstjórnarkosningunum 2006 en þau eru nú 101 talsins.

Mikilvægt er að sveitarstjórnir sem ekki hafa enn tilnefnt fulltrúa í samstarfsnefnd í samræmi við tillögur sameiningarnefndar geri það hið fyrsta til að samstarfsnefnd geti tekið ákvörðun um kjördag. Rétt er hins vegar að undirstrika, hæstv. forseti, að í frumvarpi því sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir að 8. október sé sá kjördagur sem miða ber við ef ekki er tekin ákvörðun um að kosning fari fram fyrr. Hvorki samstarfsnefndin né félagsmálaráðuneyti geta þannig tekið ákvörðun um að kosning um tillögur sameiningarnefndar fari fram eftir þann dag sem fram kemur í lagagreininni.

Um önnur atriði en þau sem hér hafa sérstaklega verið tíunduð vísa ég til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félagsmálanefndar.

[10:47]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Skiljanlega var ekki hátt risið á hæstv. félagsmálaráðherra þegar hann gerði grein fyrir stöðu mála hvað varðar átak í eflingu sveitarstjórnarstigsins. Í fyrsta lagi er sameiningarkosningum frestað til haustsins, í öðru lagi liggur ekkert fyrir um áform um verkefnatilfærslu og í þriðja lagi fæddist nákvæmlega ekki nokkur skapaður hrærandi hlutur í tekjustofnanefndinni svokölluðu.

Hæstv. ráðherra hælir sér af því að nota peninga sveitarfélaganna sjálfra í varasjóði íbúðalána, sér til tekna. Hann hælir sér af því að endurgreiða virðisaukaskatt af framkvæmdum vegna fráveituframkvæmda sem hafa staðið í heil 10 ár, telur sér það til tekna. Hann hælir sér af því að ríkissjóður ætli loksins að fara að greiða skatta af íbúðarhúsnæði í sveitarfélögum sínum — en ekki samkvæmt almennum reglum, nei, samkvæmt sérreglum ríkissjóðs. Hann hælir sér af því að nú eigi að fara að kostnaðarmeta áhrif laga, frumvarpa og reglugerða sem snerta sveitarfélög beint eða óbeint. Ákvörðun um þetta lá fyrir árið 2000, herra forseti, í þeirri tekjustofnanefnd sem þá starfaði en ekkert hefur gerst í tíð forvera hæstv. félagsmálaráðherra né hans sjálfs. Nú á að nota þetta loforð enn og aftur.

Herra forseti. Þetta er satt að segja dapurleg niðurstaða og ég hef allan skilning á því að hæstv. ráðherra — sem kemur fyrir þingheim eftir tveggja ára setu á ráðherrastóli og skilar þessu — tali hvorki hátt né mikið.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er enn þá lykilatriði. Það er einasta leiðin sem menn finna til að nálgast þetta, að bæta í sjóðinn tímabundið, þennan sjóð sem núna telur í kringum 10 milljarða kr. Enn og aftur á að leggja til atlögu við það að endurmeta og laga til regluverk sjóðsins sem ég þori að fullyrða að aðeins kannski 5 eða 10 einstaklingar kunna skil á. Slík er flækjan þar á bæ.

Nei, herra forseti, ég vorkenni hæstv. félagsmálaráðherra (Forseti hringir.) vegna þessarar niðurstöðu.

[10:49]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég frábið mér vorkunnsemi hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Það er ekki lágt risið á þeim sem hér stendur. Ég er satt best að segja þvert á móti mjög ánægður með þá niðurstöðu sem náðst hefur. Ég tel að það skipti verulega miklu máli fyrir sveitarfélögin að hafa úr að spila á næstu þremur árum 9,5 milljörðum kr. meira en þau hafa haft. Er það ekki allnokkur árangur, hv. þingmaður? Ætli það skipti ekki sveitarfélögin töluverðu máli að hafa úr þessum fjármunum að spila?

Ætli það skipti þau ekki líka töluverðu máli að hafa varanlega, þegar þessu tímabili lýkur, úr 1,5 milljörðum meira að spila en þau hafa haft? Ég hefði haldið það. Og ég hefði haldið að það skipti þau sveitarfélög mestu máli sem hafa það hvað verst að verið er að auka framlög í jöfnunarsjóð, það er verið að létta álögum af sveitarfélögunum, koma stórkostlega til móts við þau við rekstur félagslega íbúðakerfisins. Þetta eru atriðin sem þung áhersla var lögð á af hálfu sveitarstjórnarmanna.

Það er auðvitað þannig að það næst ekki saman um öll atriði, ýtrustu kröfur, þegar menn leggja upp í vinnu sem þessa. En ég er ánægður, hæstv. forseti, ég tel þetta góða niðurstöðu, það er hátt á mér risið og það er engin ástæða til að vorkenna þeim sem hér stendur.

[10:50]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði nú reiknað með því að hæstv.

ráðherra sem hefur setið á Alþingi í tvö ár og er hátt á risið, að eigin sögn, hefði þó samvisku til að fara hér satt og rétt með. Auðvitað eru hin varanlegu áhrif af kerfisbreytingum eingöngu þau að ríkið ætlar að fara að borga fasteignaskatta sem verða 600 millj. kr. og að hér á að gera lagabreytingar sem gera sveitarfélögum kleift að innheimta fasteignaskatta af íbúðum sínum í samræmi við eðlilegar leikreglur. Það eru hinar varanlegu breytingar.

Kerfisbreytingar á tekjustofnum sveitarfélaga eru engar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, og ég vona að hann svari af heiðarleika: Telur hann þessar breytingar vera góðan grunn til þess að fara í raunverulega verkefnatilfærslu? Trúir hann því sjálfur og getur hann horft hér framan í okkur og sagt: „Já"? Ég bíð spenntur.

[10:51]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég trúi því að hér sé lagður varanlegur og góður grunnur að áframhaldandi samstarfi ríkis og sveitarfélaga og vonandi verkefnatilfærslu.

Ég vil benda hv. þingmanni á að stór hluti þeirrar kaupmáttaraukningar sem almenningur í landinu hefur fengið á undanförnum árum er fólginn í skattalækkunum, ekki endilega kauphækkunum, heldur skattalækkunum. Hvað þýðir það? Það þýðir auknar ráðstöfunartekjur. Það er það sem málið snýst fyrst og fremst um. Hversu mikið eykst ráðstöfunarfé sveitarfélaganna á því tímabili sem um ræðir? 9,5 milljarða kr. Það er það sem mestu máli skiptir, hæstv. forseti.

[10:52]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var erfitt hjá hæstv. ráðherra að standa hér og þurfa að viðurkenna fyrir þingheimi að staðan í sameiningarmálum sveitarfélaga sé sú sem hann hér lýsti.

Verkaskiptanefnd, engar tillögur. Samt var lögð á það veruleg áhersla þegar þetta fór af stað að það ætti að efla sveitarstjórnarstigið, það ætti að byrja á því að ákveða hvaða verkefni ætti að færa, svo mundu menn velta fyrir sér hvað sveitarfélögin þyrftu að vera stór til þess að geta sinnt þeim og hvaða tekjur þau þyrftu að hafa til að geta sinnt þeim verkefnum sem mundu flytjast frá ríki til sveitarfélaga.

Nú eru engar tillögur uppi um neinn flutning á verkum frá ríki til sveitarfélaga. Samt á að fara að sameina sveitarfélögin, bara til að sameina þau, og tillögur sem lesnar voru hér upp í belg og biðu frá tekjustofnanefnd eru afskaplega rýrar í roðinu þegar maður rýnir í þær betur en hér var gert.

Níu milljarðar, segir hæstv. ráðherra og hreykir sér af því. Af hverju notaði ekki hæstv. ráðherra 10 ár eða 20 til að margfalda þessa hungurlús sem hann er hér að tilkynna um til þess að þetta yrðu einhverjir tugir milljarða sem hann gæti tilkynnt til þingheims? Hér er verið að reyna að leggja saman margra ára hugsanleg framlög miðað við þær tillögur sem fyrir liggja.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Er sátt um þær tillögur sem hann var að lýsa? Er tekjustofnanefndin sammála um að leggja þessar tillögur svona fram? Er full sátt milli ríkis og sveitarfélaga um að svona verði þetta og ekki öðruvísi?

Síðan las hæstv. ráðherra upp úr greinargerð að mikilvægt væri að sveitarstjórnir sem ekki hafa enn tilnefnt fulltrúa í samstarfsnefnd í samræmi við tillögur sameiningarnefndar geri það hið fyrsta. Hvaða tillögur sameiningarnefndar? Ég veit ekki um neinar tillögur sameiningarnefndar eins og á Suðurnesjum þaðan sem ég kem. Hvernig í ósköpunum eiga sveitarstjórnir að geta tilnefnt fulltrúa í samstarfsnefndir þegar ekki koma fram neinar tillögur? Þetta er allt eins hjá hæstv. ráðherra eins og hann fór yfir þetta hér og alveg til skammar.

[10:54]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Bara rétt til að upplýsa hv. þingmann, sem raunar er einnig sveitarstjórnarmaður, að þá stóð ekki til að endanlegar tillögur um verkefnatilfærslur milli ríkis og sveitarfélaga lægju fyrir fyrr en í haust. Það hefur alla tíð legið fyrir, undirskrifað af fulltrúum bæði ríkis og sveitarfélaga, aldrei staðið annað til. Hins vegar komu fram ákveðnar hugmyndir frá verkefnisstjórn verkefnisins, og kom fram í ræðu minni áðan, sem hafa verið til sérstakrar umfjöllunar, ekki síst í heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytum. En tillögur verkefnisstjórnar lutu ekki síst að því að færa ákveðin verkefni á sviði velferðarmála frá ríki til sveitarfélaga.

Hins vegar hefur líka legið fyrir að það er alveg sérstakt verkefni og því þurfa að fylgja tekjustofnar. Því hef ég marglýst yfir bæði hér á Alþingi, hæstv. forseti, og annars staðar á opinberum vettvangi.

Hv. þingmaður spyr af hverju ég hafi ekki margfaldað með 20 eða 30. Það sem við erum hér að ræða og ég var að kynna eru tvíþættar áherslur, annars vegar varanlegur tekjuauki fyrir sveitarfélögin, sem verður 1,5 milljarðar kr. á ári að liðnum þessum þremur árum, hins vegar sérstök átaksverkefni, m.a. með sérstakri innspýtingu í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga upp á 700 millj. kr. á ári. Það samkomulag tekur til þriggja ára. Þess vegna er margfaldað, hæstv. forseti, með þremur en ekki 20 eða 30.

Hv. þingmaður spurði einnig hvort full sátt væri í tekjustofnanefnd um þessa niðurstöðu. Hv. þingmanni er fullljóst að svo er ekki. Einn fulltrúi sveitarfélaganna í tekjustofnanefndinni skilaði séráliti og við því er í sjálfu sér ekkert að segja. Það er ágæt sátt um niðurstöðuna.

Ég tel, hæstv. forseti, að auðvitað liggi alveg fyrir að hvorugur aðila sé fullkomlega ánægður enda er það yfirleitt ekki þannig þegar tekist er á um hlutina. Menn ná ákveðinni niðurstöðu sem ég tel ásættanlega og raunar mjög góða fyrir sveitarfélögin.

[10:57]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sé að hæstv. ráðherra er að tala við hv. þm. Hjálmar Árnason. Hann ætti kannski að spyrja hann meðan hann er að tala við hann þarna í dyrunum hvort það hafi ekki verið kynnt þannig á Suðurnesjum á kynningarfundi sem verkefnisstjórn stóð fyrir, sem hv. þm. Hjálmar Árnason er formaður fyrir, að fyrst yrði farið í að ákveða hvaða verk ætti að flytja, síðan mundu menn velta fyrir sér hvaða stærð þyrfti að vera á sveitarfélögum til að taka við

þeim verkefnum og svo í síðasta lagi hvaða fjármunir þyrftu að fylgja til að sveitarfélögin gætu sinnt þeim.

Það var svardagi af hálfu formanns verkefnisstjórnar að svona yrði farið í málið og ekki öðruvísi, og rétt væri hjá hæstv. ráðherra að spyrja þingmanninn um það.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji þær tillögur sem hann var að kynna okkur að tekjuskiptum eða auknum tekjum sveitarfélaga nægja sveitarfélögunum til að komast út úr þeim hallarekstri sem þau hafa verið í. Ég veit ekki betur en að á árinu 2003 hafi hallarekstur sveitarfélaga verið yfir 3 milljarðar kr. og það sem hér er verið að kynna eru 1,5 milljarðar í besta falli á næsta ári upp í þann halla.

[10:58]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru mér ákveðin vonbrigði að hv. þingmaður skuli ekki fylgjast betur með í þessu máli og þessu verkefni en raun ber vitni. Eins og ég sagði áðan hefur alla tíð legið fyrir að endanlegar tillögur um verkefnatilflutning frá ríki til sveitarfélaga ættu ekki að liggja fyrir fyrr en næsta haust. Hins vegar eru komnar fram fyrir sennilega einu og hálfu ári, eða a.m.k. ári, hugmyndir frá verkefnisstjórn þessa verkefnis um vænleg verkefni til að færa á milli ríkis og sveitarfélaga. Þar er um að ræða ákveðna þætti í heilbrigðisþjónustunni, öldrunarþjónustunni, málefnum fatlaðra o.fl. (Gripið fram í.) Það er unnið að útfærslu þessa, hversu miklar tekjur þurfi þá til og fleira í þeim dúr.

Ég bið hv. þingmann um að fylgjast betur með (**JGunn:** Þið gáfuð ...) til að geta tekið þátt í þessari umræðu af einhverju viti.

[10:58]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má segja að fjallið hafi tekið jóðsótt og lítil mús fæðst, sennilega bara andvana. Það er ansi kyndugt að horfa á ráðherrann kynna þessa tillögu sem er ekki neitt neitt. Hér stendur formaður verkefnisstjórnar, hv. þm. Hjálmar Árnason, (Gripið fram í.) hér sitja meðreiðarsveinar hæstv. félagsmálaráðherra sem hafa farið um landið til að kynna hinar stóru og miklu tillögur. Hjá Framsóknarflokknum hefur verið talað um Kasper, Jesper og Jónatan sem meðreiðarsveina hæstv. forsætisráðherra. Mér sýnast Rip, Rap og Rup vera hér nú sem hafa farið með þessar miklu tillögur sem eru svo ekki neitt neitt.

Hér er komið nokkrum dögum fyrir sameiningarkosningar og boðað að þeim skuli frestað til 8. október. Það er talað um tekjustofnana, þar átti heldur betur að taka til hendinni en ekkert er gert af neinu viti. Ég hvet hæstv. félagsmálaráðherra til að nota þá aðferð sem hv. þm. Jón Gunnarsson hvatti hann til áðan. Nota frekar 20 ár til að margfalda hvað þetta er mikið hagsmunamál fyrir sveitarfélögin í landinu, jafnvel 30 ár. Þá eru þetta stórkostlegar tölur. Þá kemur ekki berrassaður félagsmálaráðherra í ræðustól til að segja hvað er verið að lagfæra.

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvaða orð á að nota yfir þetta en mig langar að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra miðað við það sem hér er verið að gera, fresta þessu fram á haustið, þessum stórkostlegu tillögum sem hafa verið boðaðar um allt land: Er þetta nokkuð annað en klúður?

[11:00]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykja rök Samfylkingarinnar orðin harla þunn þegar það helsta sem hv. þm. Kristján Möller getur fundið sér til að ræða í ræðustól er að tala niður til embættismanna félagsmálaráðuneytisins. Lítið lagðist fyrir kappann. Ef ég ætti að leggja mat á vinnu þeirra þá mundi ég ekki kalla þá Rip, Rap og Rup heldur vitna í heilaga ritningu og kalla þá vitringana þrjá, hv. þingmaður. Mér þykir lítið leggjast fyrir kappann að finna þau helstu í rök í þessu máli að tala niður til starfsmanna félagsmálaráðuneytisins. (**Gripið fram í:** En hvað með klúðrið?)

Það sem hér er um að ræða, hæstv. forseti, er að fresta sameiningarkosningu til að gera sveitarfélögunum kleift að undirbúa kosninguna með þeim hætti sem nauðsynlegt er. Það var lagt upp með að þessi kosning færi fram á vordögum. Það var líka lagt upp með að samstaða tækist í tekjustofnanefnd fyrr en varð. Það tókst hins vegar ekki. Hv. þingmaður getur kallað það klúður mín vegna. Það skiptir mig ekki nokkru máli. Það sem skiptir mig máli er að það fáist niðurstaða í þetta mál, niðurstaða í takt við það sem lagt var upp með. Ég vonast til að það geti orðið og vonast til að sveitarfélögin haldi áfram að stækka og eflast, haldi áfram að taka sér fleiri, öflugri og verðugri verkefni. Ég er sannfærður um að það er leiðin til að viðhalda byggð í landinu og eins og ég hef áður sagt tel ég að þetta sé eitthvert almesta byggðaverkefni sem við höfum lagt upp í.

[11:02]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það lagðist lítið fyrir kappann, hæstv. félagsmálaráðherra í þessari ræðu. Ekki bætti hann úr.

Má ég minna á það, virðulegi forseti, að hæstv. félagsmálaráðherra er fyrrverandi. varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga sem bæjarfulltrúi í Hveragerði. Hæstv. félagsmálaráðherra talaði, meðan hann var ekki þingmaður og ekki félagsmálaráðherra, sem varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga um að sveitarfélögin í landinu hefðu verið hlunnfarin um 1,5 milljarða á ári vegna breytinga á skattkerfi þegar mönnum var gert kleift að breyta rekstri sínum úr einkarekstri yfir í einkahlutafélög. Þetta voru orð hæstv. félagsmálaráðherra meðan hann var í hinum fötunum.

Nú er hann hins vegar kominn í ríkisstjórn þar sem hann þarf m.a. að semja við hæstv. fjármálaráðherra og þá leggst lítið fyrir kappann. Hæstv. félagsmálaráðherra kemur hingað berrassaður með nánast ekkert til að redda sér frá því klúðri sem þessi frestun er.

[11:03]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka fram að ég klæddi mig í morgun rétt eins og alla aðra daga áður en ég fór í vinnuna þannig að þetta líkingamál hv. þingmanns finnst mér harla hallærislegt, satt best að segja.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að sá sem hér stendur var

áður sveitarstjórnarmaður og m.a. varaformaður Sambands ísl. sveitarfélaga. Það er kannski ekki síst í því ljósi, í ljósi þeirrar forsögu sem ég hef lagt mikla áherslu á að þetta verkefni fengi framgang. Ég hef skilning á því að efla þarf sveitarfélögin og þau þurfa að stækka, þurfa að sameinast, til að geta tekist á við þau verkefni sem þeim eru ætluð, ég tala nú ekki um frekari verkefni. (**Gripið fram í:** ... tekjustofna fyrst og fremst.)

Tekjustofnar sveitarfélaganna aukast stórkostlega með því samkomulagi sem ég hef hér kynnt. Það er niðurstaða málsins og það sem skiptir mestu máli.

[11:04]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum. Það má segja að innihald frumvarpsins sé ekki ýkja mikið en það tengist býsna stóru máli. Hér er fyrst og fremst lagt til að sú dagsetning sem ákveðin var í lögum sem samþykkt voru fyrir tæpum tveimur árum um það að sameiningarkosning ætti að fara fram 23. apríl 2003 fari þess í stað fram 8. október árið 2005.

Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra er ástæðunnar fyrir þessari seinkun er ekki að leita í störfum sameiningarnefndar sem hefur fjallað um sameiningu sveitarfélaga heldur í þeirri vinnu sem fram hefur farið í svokallaðri tekjustofnanefnd sem hefur tekið mun lengri tíma en áætlað var. Í raun má segja að sameiningarnefnd hafi verið búin að ljúka störfum sínum innan þess tímaramma sem gefinn var. Sá sem hér stendur, sem hefur tekið nokkurn þátt í því starfi, getur staðfest að þar hefur verið nokkuð góð samstaða um öll mál og vinnuferlið verið hið eðlilegasta, enda má segja að samsetning þeirrar nefndar sé til mikillar fyrirmyndar og hópurinn náð vel saman.

Vandinn í tekjustofnanefndinni hefur verið sá að þar var samsetningin allt önnur. Þar voru eðlilega aðilar frá sveitarfélögum en hins vegar fulltrúar ríkisvaldsins, eingöngu embættismenn sem væntanlega hafa þurft að bera flestallt undir þá sem þeir hafa umboðið frá. Ég hygg að það skýri mjög hve illa starfið hefur gengið í þeirri mikilvægu nefnd. Það liggur ljóst fyrir að sameining sveitarfélaga hlýtur að taka mið af niðurstöðu tekjustofnanefndar. Sagan segir okkur að meginvandamálið í samskiptum ríkis og sveitarfélaga hefur tengst tekjustofnunum. Það var miður að tekjustofnanefndin skyldi samansett eins og raun ber vitni. Þar hefðu þurft að vera fulltrúar pólitískra afla, þ.e. sækja eftir tilnefningum frá þingflokkum eins og gert var í sameiningarnefndinni. Ég er sannfærður um að þá hefði starf nefndarinnar gengið betur fyrir sig og niðurstaða samninganna orðið stærri og tryggari til framtíðar en við fáum að heyra í ræðu hæstv. ráðherra nú.

Því miður verður að benda á að tekjustofnanefnd hefur starfað, að vísu misjafnlega vel þann tíma, í á annað ár. Það er sama hversu mikið hæstv. ráðherra reynir að gera úr niðurstöðum nefndarinnar, auðvitað er niðurstaðan vonbrigði. Þau vonbrigði spretta ekki af því að aðeins sé tekið á bráðavanda og aðeins áfangi í rétta átt heldur vegna þess að tíminn var ekki nýttur til að skoða tekjustofnana frá grunni, endurskoða grundvöll tekjustofna sveitarfélaganna. Ég er sannfærður um að ef svo hefði verið gætum við stigið miklu stærra skref núna til að tryggja það mikilvægasta í þessu öllu, þ.e. traust á milli ríkisvaldsins og sveitarfélaga. Sá grundvöllur er nauðsynlegur ef við ætlum að ná árangri í sameiningu sveitarfélaga. Það er t.d. ljóst að þegar þetta traust er ekki til staðar verða tillögur um sameiningu sveitarfélaga ekki stærri en raun ber vitni. Auðvitað hefði þurft að stíga miklu stærra skref en tillögur sameiningarnefndar taka mið af stöðu mála í dag og hvað raunhæft geti talist miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi.

Tekjustofnanefnd hefur að sjálfsögðu ráðið mestu um þetta. Það er engin tilviljun að það þurfti á haustdögum að semja sérstaka viljayfirlýsingu um starfið í nefndinni til að koma henni af stað aftur. Hún var raunverulega komin í strand. Ég hef oft sagt það í þessum ræðustól að ég er sannfærður um að metnaður hæstv. ráðherra er mikill í þessum efnum. Núna er það að vísu ekki eins og það var um daginn, að hæstv. ráðherra sat einn á ráðherrabekkjunum. Hér er annar hæstv. ráðherra líka. En ég held því miður að hæstv. ráðherra hafi verið býsna einangraður í ríkisstjórninni við þetta mikilvæga verkefni og skort hafi skilning í ríkisstjórninni á því hve mikilvægt verkefnið er. Þess vegna eru tillögur tekjustofnanefndar ekki stórfenglegri en þetta.

Auðvitað er hægt að segja að tillögurnar séu ákveðinn áfangi en fleira jákvætt verður vart sagt um þessar tillögur. Þær eru því miður enn einu sinni smáskammtalækningar. Þar er tekið á bráðavanda sem safnast hefur upp vegna þess að menn hafa ekki tekið á honum jafnharðan eins og menn hefðu átt að gera. Það á að taka nokkur ár í að leysa bráðavandann, gera sérstakt átak núna á árunum 2005–2008 til að taka á bráðavandanum. En varanlega lausnin á þessu máli er ekki til staðar. Þar er eingöngu talað um að árlegur ábati sveitarfélaganna verði um 1,5 milljarður kr. Það er auðvitað ekki viðsættanlegt til framtíðar. Ég óttast, frú forseti, að tillögur tekjustofnanefndar tryggi ekki þá sátt sem nauðsynleg er til að við náum þeim mikilvæga áfanga í að efla sveitarstjórnarstigið að sveitarfélögin verði stærri og öflugri. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðherra að það er vissulega er einn angi af byggðamálunum. Og líklega væri það eitt stærsta byggðamálið og raunhæfasta til að efla byggðirnar og styrkja landsbyggðina. En þá þurfum við að tryggja traust milli sveitarstjórnarstigsins og ríkisvaldsins. Ég óttast að þessar tillögur nái ekki að byggja upp slíkt traust. Við munum því ekki ná eins stórum og miklum áfanga í sameiningu sveitarfélaga og við þyrftum að gera.

Það er einnig nauðsynlegt að velta aðeins fyrir sér verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og þeirri ágætu verkefnisstjórn sem hafði umsjón með því verki. Vissulega er það rétt hjá hæstv. ráðherra að nokkrir málaflokkar hafa verið ræddir og ýmislegt verið reifað í þeim efnum. Jafnframt höfðu allir þann skilning á því máli að einhverjar áfangaskýrslur mundu koma áður en endanleg niðurstaða fengist í málið. Þær áfangaskýrslur hafa hins vegar ekki komið. Það hefur ekki náðst neitt samkomulag um neitt annað en að láta málið bíða. Þetta er grundvöllur þess að við getum skapað sveitarstjórnarstiginu viðunandi stöðu, þ.e. að það liggi fyrir hvaða verkefni við ætlum að flytja. Hvaða tekjur þurfa að fylgja með og hve stór þurfa sveitarfélögin þá að vera? Við vitum, þrátt fyrir að við ætlum,

miðað við tillögur sameiningarnefndar, að fækka sveitarfélögum úr 101 í 46, að áfram verða til staðar lítil sveitarfélög sem ekki hafa burði til að taka við frekari verkefnum. Sum hver þeirra eiga nóg með það sem þau hafa nú.

Frú forseti. Hægt væri að hafa langt mál um svo mikilvægt efni, eflingu sveitarstjórnarstigsins. Vissulega væri full ástæða til að taka það fyrir lið fyrir lið. En vegna þess að hæstv. félagsmálaráðherra valdi þá leið að kynna í fyrsta skipti niðurstöður tekjustofnanefndar, þ.e. samkomulag sem þar virðist hafa orðið án þess að full samstaða sé um það, þá er auðvitað nauðsynlegt að ræða það nánar. Það sem ég gerði áðan er ég lýsti yfir vonbrigðum mínum með að tíminn, á annað ár, skuli ekki hafa verið nýttur til að stokka upp tekjustofnana. Mér skilst að öllum tillögum frá fulltrúum sveitarfélaganna um grundvallarbreytingar á því hafi í raun og veru verið hafnað af fulltrúum ríkisvaldsins. Fróðlegt væri ef hæstv. félagsmálaráðherra gæti fært rök fyrir því að fulltrúar ríkisvaldsins hafi hafnað öllum slíkum breytingum. Það hlýtur að vera nauðsynlegt, ef við ætlum að skapa frið til framtíðar, að annað form sé á þessu en er í dag.

Það er einnig óviðunandi að engin leið önnur skuli finnast en sú sem allt of oft hefur verið farin áður, að láta fjármuni eingöngu renna inn í jöfnunarsjóð. Því miður verður að taka undir það sem hér hefur komið fram, að reglur þar eru orðnar svo flóknar að það finnast ekki margir á landinu sem skilja þær til hlítar. Þeir virðast örfáir, ef þeir eru þá til, sem skilja þær algerlega til hlítar. Það er óviðunandi fyrir sveitarfélög, sem þurfa eins og aðrir aðilar að gera rekstraráætlanir fram í tímann, að búa við það ár eftir ár að geta ekki áætlað tekjur sínar úr jöfnunarsjóði og þar af leiðandi ekki gengið almennilega frá fjárhagsáætlunum sínum.

Það er þó eitt sem ekki má gleymast í umræðunni að það er augljóst mál, og það hafa allir fulltrúar samþykkt í tekjustofnanefndinni, að fjárhagslegur vandi er til staðar hjá sveitarfélögum, ella hefði nefndin ekki starfað og ella hefði nefndin ekki komist að þeim niðurstöðum sem hún hefur þó komist að.

Það er athyglisvert sem hæstv. ráðherra byrjaði á að vekja athygli á og eins og fram kom í andsvari áðan er það býsna gamalt mál, þ.e. að öll lagafrumvörp eigi að vera kostnaðarmetin. Hæstv. ráðherra hefði frekar átt að gera okkur grein fyrir því hvernig á því standi að það hefur ekki verið svo undanfarin ár. Ég er sannfærður um að ef þannig hefði verið að verki staðið hefði vinnan í tekjustofnanefndinni verið miklu léttari vegna þess að þá hefði verið hægt að koma til móts við sveitarfélögin jafnóðum, m.a. þegar ýmis skattalagafrumvörp voru í vinnslu í þinginu.

Annað sem hæstv. ráðherra fjallaði reyndar ekki mikið um en ég tel vera nokkuð mikilvægt varðar endurskoðun sveitarstjórnarlaga. Fróðlegt væri ef hæstv. ráðherra gæti farið nánar út í hverju er verið að velta fyrir sér þar. Er verið að velta fyrir sér að sveitarstjórnarlögin verði endurskoðuð með það fyrir augum að efla sveitarfélögin, að stækka sveitarfélögin, að skapa einhvern grunn í lögunum til þess, auka t.d. hvata til að sveitarfélögin verði stærri eða er verið að velta fyrir sér heildarpakkanum um hvernig við viljum sjá sveitarfélögin eftir einhvern ákveðinn árafjölda?

Ég sagði áðan að það væri sorglegt að menn fyndu ekki aðra boðlega leið en þá að auka ætíð fjármuni í jöfnunarsjóð. Þess vegna er nauðsynlegt þegar verið er að ákveða að bæta 700 millj. kr. á ári í sjóðinn að heyra frá hæstv. ráðherra hvort farið hafi verið nokkuð nánar í það hvernig úthluta eigi peningunum. Það er afar sérkennilegt og við höfum séð það því miður allt of oft að ákveðin upphæð er send í jöfnunarsjóðinn en svo er eins og enginn viti hvernig hún var fundin og hvernig eigi að fara með hana. Það er auðvitað eðlilegra að fyrst sé ákveðið hvað eigi að gera og síðan sé upphæðin fundin sem þarf til að framkvæma það sem menn vilja. En þannig hefur það ekki verið og væri fróðlegt að vita hvort hæstv. ráðherra geti upplýst okkur um það hvort nákvæmlega sé ákveðið hvernig 700 millj. skuli skipt á milli sveitarfélaganna, eða hvort þetta sé hin hefðbundna aðferð við að bæta fjármunum í jöfnunarsjóð, að einhver upphæð er fundin í reikningsdæmi og svo þurfa menn að finna út úr því hvernig henni verður dreift.

Einnig er athyglisvert með fasteignaskattinn að þar skuli þetta eiga að gerast í þremur áföngum og byrjað með 200 millj., svo 400 millj. og síðan 600 millj. sem síðan eigi að halda áfram. Hvaða reglur gilda um þetta? Liggur fyrir nákvæmlega á hverju ári á hverju eigi að byrja og hvernig þetta eigi að þróast og hvað skuli nákvæmlega undanskilið? Hæstv. ráðherra nefndi virkjanir. Það vekur auðvitað undrun mína að þrátt fyrir hina miklu vinnu á annað ár skuli menn ekki hafa fundið neina niðurstöðu í þeim efnum. Eins og við vitum hafa sveitarfélögin gert mjög háværar kröfur um að ekki sé gert upp á milli framkvæmda við virkjanir. Við vitum að greidd eru gjöld af ákveðnum hluta, þ.e. stöðvarhúsunum, meðan virkjanir gera það ekki. Við höfum mjög gott dæmi um þetta austur á landi þegar gömlu sveitarfélagamörkin voru. En þrátt fyrir hin nýju sveitarfélagamörk fær aðeins eitt sveitarfélag tekjur af virkjuninni þar sem stöðvarhúsið er, en það sveitarfélag sem leggur til allt vatnið, leggur til grunninn að öllu saman, fær ekkert fyrir mannvirkið sem þar er. Þetta er afar ankannalegt og það er sérkennilegt þegar menn á annað borð eru að taka á þessu að ekkert skref hafi verið stigið varðandi þetta.

Segja má að það sé fastur liður þegar eitthvað er gert í tekjustofnum sveitarfélaga að tekið sé á hinum félagslegu íbúðum og auðvitað ekkert nema gott um það að segja en eins og við vitum eru fjármunirnir komnir frá sveitarfélögunum þannig að þetta er ákveðin hringekja sem þarna á sér stað. Hins vegar er gleðilegt í þessu að settar séu reglur varðandi hinar nýju fasteignir því að þær reglur sem hafa gilt eru algerlega úreltar og væntanlega verið að stíga skref þar. En þrátt fyrir að ákveðin jákvæð skref séu stigin er heildarniðurstaðan sú að allt of stutt skref er stigið, hér er fyrst og fremst um bráðabirgðaráðstafanir að ræða sem koma því miður ekki nægjanlega til móts við sveitarfélögin, því að eins og fram hefur komið og við vitum voru þau rekin með um 3 milljarða halla árið 2003 og jafnvel með meiri halla árið 2004. Hér er hins vegar eingöngu talað um 1,5 milljarða til varanlegra bóta í fjárhagsstöðu sveitarfélaganna og það er einfaldlega allt of lítið skref.

Frú forseti. Rétt að lokum vil ég aftur nálgast málið út frá því lagafrumvarpi sem hér liggur fyrir. Verið er að fresta hinni mikilvægu kosningu um sameiningu sveitarfélaga. Með þeim tillögum sem hæstv. ráðherra kynnti, en ég

vil hafa þann fyrirvara á að ég hef ekki séð þær í endanlegum búningi og eingöngu hlýtt á hæstv. ráðherra og þess vegna ekki náð öllum tillögunum í smáatriðum, en því miður sýnist mér að þær tillögur séu ekki til að auka líkur á því að við náum að stíga nægilega stórt skref í sameiningu sveitarfélaga.

Eins og ég sagði áðan hefur samstarfið og vinnan í sameiningarnefndinni verið mjög gott. Tillögur sameiningarnefndar taka mið af því ástandi sem er í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og hvernig verkefnum um eflingu sveitarstjórnarstigsins hefur miðað. Mér finnst þeim hafa miðað of hægt, þ.e. á öðrum vígstöðvum en í sameiningarnefndinni. Það sem ég óttast fyrst og fremst er að þrátt fyrir að tillögur sameiningarnefndarinnar geti ekki talist mjög róttækar þó gerð sé tillaga um að menn fækki sveitarfélögunum um helming óttast ég að tillögur tekjustofnanefndar, ef ekki verða gerðar einhverjar verulegar breytingar á þeim á næsta stigi sem mér skilst að eigi að vera í lok aprílmánaðar, muni tillögurnar því miður jafnvel setja ýmsar tillögur sameiningarnefndar í loft upp. Það er ótti sem mér finnst að hæstv. ráðherra eigi að taka alvarlega og eigi að beita áhrifum sínum til að nota það svigrúm sem þó er til loka aprílmánaðar, til að reyna að stíga stærra skref, vegna þess að ég er sannfærður um og hef sagt það áður í umræðum um þessi mál að efling sveitarstjórnarstigsins er eitt af stærstu málum í íslensku samfélagi í dag og það má ekki stíga feilspor á þeirri leið. Þess vegna verða allir að leggjast á eitt við að reyna að bæta þær tillögur sem hér liggja fyrir. Ef það er hægt þegar samstarfssáttmáli ríkis og sveitarfélaga verður endurskoðaður og þegar gerð verður ný yfirlýsing um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga er það tækifæri sem verður að nota, vegna þess að það er þá það eina sem eftir er til að tryggja að sveitarstjórnarmennirnir komi með okkur. Og þannig verður það að vera, enda er þetta samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisvaldsins og algerlega nauðsynlegt ef við ætlum að ná árangri í sameiningu sveitarfélaga að þeir tveir aðilar standi saman og vinni saman að verkinu. Þess vegna verður að nota þann stutta tíma sem þó er eftir til að byggja upp þetta mikilvæga traust á milli ríkisvaldsins og sveitarstjórnanna svo við getum tryggt að sveitarstjórnarmennirnir nái árangri. En sveitarstjórnarmennirnir verða að vera með í för og bera fyrst og fremst fram tillögurnar um sameiningu sveitarfélaga. Ef ekki er ég hræddur um að verkefnið hafi mistekist.

Ég vil endurtaka að ég er sannfærður um að hæstv. félagsmálaráðherra hefur haft fullan hug á því að láta verkefnið takast. Ég held því miður að meðreiðarsveinar hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni hafi ekki veitt honum nægan stuðning til verksins. En ég veit, frú forseti, að ýmsir aðilar í öðrum flokkum eru reiðubúnir til að standa við bakið á hæstv. ráðherra við allar góðar tillögur við að efla sveitarstjórnarstigið. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að leita þar sem stuðninginn er að finna en ekki berja hausnum við steininn þar sem menn hafa greinilega engan áhuga á verkefninu.

[11:25]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Við ræðum nýtt frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum. Frumvarpið lýtur að mjög ákveðnu máli, þ.e. að fresta kjördegi varðandi sameiningu sveitarfélaga, en eins og þingmenn heyra af umræðunni snýst aðalumræðan um allt annað mál, sem er mjög eðlilegt, eða um tekjustofna ríkis og sveitarfélaga.

Aðdragandinn er sá að ákveðið var að gera átak til að efla sveitarstjórnarstigið í landinu og eins og hér hefur margoft komið fram var það gert að frumkvæði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sett var því í gang umfangsmikil vinna um átakið vegna óska Sambands íslenskra sveitarfélaga, þ.e. sveitarstjórnarmannanna, um að efla sveitarstjórnarstigið. Settar voru upp dagsetningar og ákveðinn taktur var í vinnunni, nefndarskipanir og annað en nú hefur komið í ljós að fresta þarf ákveðnum hlutum af mjög eðlilegum ástæðum. Ég tel að frumvarpið hljóti að fá víðtæka samstöðu í þinginu af því að það leiðir af sjálfu sér að fresta þarf dagsetningum á sameiningarkosningum sökum þess hvað komið er nálægt þeim í tíma í augnablikinu. Í dag stendur í bráðabirgðaákvæði III í núgildandi lögum að kjósa eigi 23. apríl 2005 og það er of skammur tími til stefnu, eins og fram hefur komið.

Ástæðurnar eru auðvitað þær að það tók lengri tíma en gert var ráð fyrir að ná saman í tekjustofnanefndinni um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og af þeim sökum hefur dregist að sameiningarnefnd kynni endanlegar tillögur sínar. Það er því mjög eðlilegt að fresta þurfi kosningum og ég á von á því að menn geti náð saman um það. Það er brýnt að ná lögunum í gegn á tiltölulega skömmum tíma svo menn geti farið að undirbúa að setja samninganefndirnar af stað og auglýsa þá dagsetningu sem menn velja á hverju svæði fyrir sig varðandi kosningar um sameiningu sveitarfélaga. Það má því segja að því fyrr sem við náum málinu í gegn í þinginu því betra.

Frumvarpið er alls ekki stórt í sniðum heldur einungis þrjár greinar og skýrir sig að mestu leyti sjálft.

Á morgun mun sameiningarnefnd kynna tillögur að breyttri sveitarfélagaskipan á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga og ég bíð mjög spennt eftir að fá að sjá þær tillögur. Fyrir nokkrum árum þegar sú er hér stendur var í sveitarstjórn voru sveitarfélögin á Íslandi í kringum 200 og á þeim tíma voru sveitarfélögin t.d. í Færeyjum um 50 talsins, að mig minnir, og maður hló að því að það væru 50 sveitarfélög í Færeyjum. En það er alveg jafnmikið hlátursefni að það voru 200 sveitarfélög á Íslandi á þeim tíma. Það eru auðvitað allt of mörg sveitarfélög. Í dag eru sveitarfélögin í kringum 100. Það eru líka allt of mörg sveitarfélög og samstaða um að fækka þeim. Menn hafa nefnt ýmsar tölur í því sambandi. Ég vil sérstaklega vekja athygli á yfirlýsingu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar en mér skilst að hann hafi séð fyrir sér að sveitarfélögin á Íslandi gætu verið 12–14. Ég held að það sé nokkuð langt gengið og ímynda mér að ef það yrði niðurstaða yrði líklega um að ræða þrjú stjórnsýslustig á Íslandi, þ.e. það yrði einhver neðri stjórnsýsla fyrir neðan þessi 12–14 sveitarfélög sem yrðu svo geysilega stór. Ég á því ekki von á því að við sjáum 12–14 sveitarfélög á Íslandi í nánustu framtíð, en þetta kom alla vega fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir stuttu í umræðum einhvers staðar opinberlega.

Í haust voru kynntar tillögur að 39 sveitarfélögum frá sameiningarnefnd. Ég fór á kynningarfundinn og leist vel á þær tillögur en mér skilst að á morgun verði kynntar tillögur sem sýna 46 sveitarfélög. Þau eru því orðin aðeins fleiri en það er auðvitað stórkostlegur árangur ef það næst í gegn í kosningum að ná sveitarfélögunum úr um það bil 100 niður í 46. Það er helmingsfækkun þannig að þá erum við komin mjög langt á leið með að ná fram ásættanlegri stærð af sveitarfélögum miðað við nútímann.

Í vinnu sameiningarnefndar var það skoðað á sínum tíma hvað sveitarfélögin þyrftu að vera stór til þess að vera sæmilega lífvænleg. Auðvitað er mjög erfitt að slá einhverri tölu á það. Það voru færð viss rök fyrir því að íbúatalan 1.500 væri nægileg til að geta borið þau verkefni sem sveitarfélögin sinna í dag, og var þá sérstaklega tilgreint að íbúatalan 1.500 gæti t.d. staðið ágætlega að barnaverndarmálum, félagsþjónustu o.s.frv.

Það er mjög mikilvægt að sameiningaráformin geti komist til framkvæmda sem fyrst og því er mikilvægt að við samþykkjum þetta frumvarp sem fyrst svo hægt sé að fara að auglýsa útlínur að nýjum sveitarfélögum og leyfa fólkinu síðan að taka upplýsta ákvörðun í framhaldi af því.

Menn spyrja af hverju verkefninu hafi seinkað og það er ósköp eðlilegt. Ef við horfum til baka þá er alveg ljóst að það að færa verkefni á milli ríkis og sveitarfélaga er mjög flókið mál og það á að vera flókið mál. Eðli málsins samkvæmt hlýtur það að vera flókið. Við höfum ákveðna reynslu af því og ég vil nefna hér sérstaklega reynsluna af færslu grunnskólans frá ríkinu til sveitarfélaga sem menn voru sammála um að fara í. Þá var samið um tilfærslu á tekjustofnum og á þeim tíma var þokkaleg sátt um að þeir tekjustofnar sem fóru yfir væru eðlilegir og réttlátir. Auðvitað voru einhverjar raddir uppi um að þetta væru allt of litlir peningar, það koma alltaf einhverjar slíkar raddir upp, en alla vega náðust samningar.

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og sveitarfélögin hafa að mörgu leyti borið sig illa undan því hvað grunnskólinn hefur kostað þau mikið. Þau hafa líka mjög mörg verið að setja miklu meira fjármagn í grunnskólann en lög gera ráð fyrir, þannig að hluti af ástæðunni fyrir umkvörtunarefni sveitarfélaganna er að vissu leyti þeim sjálfum að kenna. Til dæmis er ljóst að sveitarfélög í nágrenni höfuðborgarinnar sem maður hefur heimsótt sem þingmaður á því svæði eru að setja mun meira fjármagn í grunnskólann en lög gera ráð fyrir og krafist er af þeim. Þau gera það af fúsum og frjálsum vilja af því að þau vilja keppa um íbúa sín á milli og bjóða þar af leiðandi upp á glæsilegt skólastarf. Þetta er mjög vandmeðfarið.

Það var líka mjög mikil vinna í gangi í tíð fyrrverandi félagsmálaráðherra, Páls Péturssonar, og þá munaði litlu að málefni fatlaðra yrðu færð yfir til sveitarfélaganna. Búið var að vinna mjög mikið í því máli en það strandaði að lokum einmitt á fjármagni. Þetta er því mjög flókið. Kannski má segja að fyrstu plön varðandi taktinn í því að efla sveitarfélögin núna í því átaki sem hér er til umræðu hafi að mörgu leyti verið bjartsýn, þannig að mér finnst ekki skrýtið að það þurfi að fresta þessu aðeins. Aðalatriðið er að verkefnið haldi áfram og leiði til góðrar niðurstöðu. Ef tekst að fækka sveitarfélögunum um helming þá er strax geysilega miklum árangri náð þar, hvað þá ef tekst að færa til verkefni líka og bæta tekjustofnana.

Það eru mörg mál sem hafa komið hér til umræðu og ég ætla að minnast í örfáum orðum á nokkur þeirra. Komið hefur fram að öll lagafrumvörp og reglugerðir sem snúa að sveitarfélögunum verði kostnaðarmetin og það á að gerast strax á næsta ári. Búið er að gera tilraunir í þessu sambandi bæði hjá umhverfisráðuneytinu og félagsmálaráðuneytinu. Þetta er nokkuð flókið, ég verð að viðurkenna það, og á sínum tíma fundum við fyrir því í umhverfisráðuneytinu að það er mjög erfitt að nálgast þetta verkefni af því að það er svo erfitt að meta kostnaðinn þegar maður veit ekki hvaða lausnir sveitarfélögin sjálf ætla að fara í. Það er mjög erfitt að meta kostnaðinn af því vegna þess að sveitarfélögin hafa að vissu leyti fengið frjálsar hendur um hvernig þau leysa verkefnin. En ég tel eðlilegt að þetta verði gert og menn verða þá bara að sjá kostnaðarmatið hlaupa á einhverju bili til að reyna að nálgast sannleikann varðandi það.

Það var líka athyglisvert að koma á upp starfshóp sem á að athuga hvort gerðar hafi verið of kostnaðarsamar kröfur til sveitarfélaganna og ég tel eðlilegt að það verði gert. Einnig á að endurskoða lögin um sveitarfélögin til þess að tryggja vandaða fjárstjórn. Það er mjög eðlilegt að það sé gert af því að við vitum að þó að sveitarfélögin reyni að standa sig vel þá er mjög brýnt að reglur varðandi fjárstjórn séu mjög góðar. Það er eðlilegt að menn líti til Norðurlandanna í því sambandi eins og komið hefur fram að gert verði. Ég styð það alveg eindregið.

Ég vil líka nefna hér aðeins vinnu tekjustofnanefndar. Það hefur komið fram að sú vinna hefur sýnt fram á að það er mjög mikill aðstöðumunur á milli sveitarfélaga, þau eru mjög ólík í eðli sínu. Sú sem hér stendur býr í sveitarfélaginu Seltjarnarnesbæ sem er minnsta sveitarfélag í landinu, 2 ferkílómetrar, og þar er bara uppselt. Þar er búið að byggja nánast alls staðar sem hægt er að byggja, fyrsta sveitarfélagið sem lendir í landþröng. Þar búa í kringum 4.500 íbúar en þar eru afar fá atvinnutækifæri. Það er mjög eðlisólíkt mörgum öðrum sveitarfélögum í landinu og maður skilur auðvitað að það gilda allt önnur lögmál um tekjustofna í slíku sveitarfélagi heldur en í mörgum öðrum sveitarfélögum.

Á sínum tíma þegar aðstöðugjaldið, sem tekið var af fyrirtækjum, var fellt niður og útsvarið var hækkað — það var sett gólf á útsvarið á sínum tíma — þá stórgræddi Seltjarnarnesbær. Það var vegna þess að það tapaðist svo lítið þegar aðstöðugjöldin voru felld niður, aðstöðugjöldin voru svo lítil af því að þar voru svo fá fyrirtæki. Á sama hátt hækkuðu tekjurnar, þær jukust svo mikið af því að útsvarið var hækkað og það býr frekar tekjuhátt fólk í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið græddi — og ég vil leyfa mér að nota orðið græddi — af því að tekjurnar jukust um 10% bara við þetta. Á hverju ári fékk Seltjarnarnesbær 10% í kassann út af þessari breytingu á meðan flest sveitarfélög fóru hugsanlega mun verr út úr þessu þótt ekkert þeirra tapaði kannski beint á breytingunni. En vegna eðlismunar sveitarfélaganna er auðvitað mjög mikilvægt að skoða tekjustofnana sem geta að einhverju leyti verið sveigjanlegir og þess vegna kemur jöfnunarsjóðurinn inn. (Gripið fram í.) Ég heyri að sumir hafa mikið horn í síðu jöfnunarsjóðsins en auðvitað

er hann réttlætanlegur af því að það er svo mikill eðlismunur á sveitarfélögunum.

Hæstv. félagsmálaráðherra hefur farið hér í greinargóðu máli yfir þær tekjur sem nú munu færast bæði á milli ríkis og sveitarfélaga og innan sveitarfélaganna. Upphæðin hleypur á u.þ.b. 9 milljörðum samtals og stjórnarandstaðan hefur talað um að þetta sé hungurlús. Ég mótmæli því, ég tel ekki að þetta sé hungurlús, að ekki sé hægt að tala um upphæð sem hleypur á milljörðum sem einhverja hungurlús. Menn verða að muna að það fjármagn sem fer frá ríki til sveitarfélaga er ekki fjármagn sem verður til í einhverju ráðuneyti eða dettur af himnum ofan, þetta eru auðvitað skattpeningar borgaranna. Okkur ber skylda til að fara vel með þetta fjármagn og nota það á skynsamlegan hátt.

Miðað við þær tillögur sem liggja fyrir sé ég ekki annað en að þetta séu skynsamlegar tillögur og það sé vel hægt að líta á þær sem mjög gott skref inn í það átak sem við erum að vinna í, þ.e. að efla sveitarfélögin. Þetta er mjög gott skref. Ég sé í sérálitі Lúðvíks Geirssonar, bæjarstjóra í Hafnarfirði, að hann talar um að þetta sé áfangi ? (Gripið fram í.) Nú, ég hélt að búið væri að birta það. Þá er best að vitna ekki í það ef svo er ekki, en alla vega skilst mér að sérálitið sé nokkuð á þeim nótum sem þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa talað hér þannig að það fer alveg saman. En ég skal ekki vitna í það ef það er ekki orðið opinbert enn þá.

Það er skiljanlegt að mörgum þingmönnum sé heitt í hamsi og það er vegna þess að þeir eru margir sveitarstjórnarmenn sjálfir og þekkja þetta mál mjög vel og hafa margoft farið í gegnum þessa umræðu. Auðvitað vilja allir sveitarstjórnarmenn hafa góða tekjustofna, að sjálfsögðu. (Gripið fram í.) — Er þetta orðið opinbert? Það er nú gott. Þá er best að ég vitni í hið opinbera sérálit Lúðvíks Geirssonar. Í því sérálіti segir hann að þetta sé ákveðinn áfangi, þ.e. þessi niðurstaða tekjustofnanefndar, en er ekki ánægður með niðurstöðuna samt og hefði viljað sjá miklu meira o.s.frv. Þetta er á svipuðum nótum og þingmenn hafa talað hér. Ég tel að þetta sé mjög góður áfangi og okkur ber skylda til þess að nýta fjármagnið skynsamlega, þetta eru skattpeningar borgaranna. Við vitum að það eru mörg verkefni sem þarf að leysa í samfélaginu, svo sem í vegamálum, í heilbrigðismálunum, í menntakerfinu o.s.frv. Við gætum nýtt þessar krónur margoft ef allir fengju það sem þeir vildu en þannig er nú ekki raunveruleikinn. Ég tel að þær upphæðir sem hér hefur verið sagt frá og kynntar séu ásættanleg niðurstaða.

Ég tel að við getum skoðað þetta mál nokkuð hratt í félagsmálanefnd vegna þess að frumvarpið er ekki umfangsmikið. Það er reyndar mjög skýrt og einfalt í sniðum. Þó að menn séu mjög ósáttir við niðurstöðu í öðrum málum sem snúa að þessu eins og í tekjustofnamálunum, ég heyri að stjórnarandstaðan er ekki sátt við það, þá tel ég að það eigi ekki að hafa áhrif á vinnslu málsins í félagsmálanefnd af því að allir sanngjarnir menn hljóta að sjá að það þarf að fresta kosningunum og það er öllum í hag, líka þeim sem ósáttir eru við niðurstöðu tekjustofnanefndar.

Það er eitt atriði í frumvarpinu sem ég mun láta skoða sérstaklega í félagsmálanefnd og það kemur fram hér í b-lið 1. gr., en þar segir:

„Við málsgreinina bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. þessarar málsgreinar getur samstarfsnefnd, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II í lögunum, ákveðið með auknum meiri hluta atkvæða og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið að atkvæðagreiðsla fari fram fyrir þann tíma, enda sé það mat nefndarinnar að tillaga um sameiningu viðkomandi sveitarfélaga fái næga kynningu meðal íbúa fyrir kjördag.“

Það kemur fram hér að hægt sé með auknum meiri hluta atkvæða að ákveða kjördag fyrir 8. október, þ.e. að flýta kjördegi, og það getur vel verið að einhverjir vilji gera það. Mér finnst mjög gott að það hafi orðið niðurstaða í lagasmíðinni að binda hann ekki algjörlega við einn dag, 8. október, heldur gefa þetta svigrúm. Þetta er mikið valfrelsi eins og einhver sagði og bætti svo við að orðið „valfrelsi“ væri ómögulegt orð, það væri mikið val eða mikið frelsi en ekki valfrelsi. En það sem ég var að velta fyrir mér eru orðin „með auknum meiri hluta“ af því að í athugasemdum við frumvarpið stendur:

„Skal nefndin hafa samráð við félagsmálaráðuneytið um þá ákvörðun og skilyrði er að slík samþykkt hljóti stuðning aukins meiri hluta nefndarmanna, þ.e. tvo þriðju hluta greiddra atkvæða.“

Ég hef velt því fyrir mér hvort nægjanlegt sé að orða þetta svona í lagagreininni „með auknum meiri hluta“ eða hvort þar þurfi að standa með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða. Ég mun láta skoða það sérstaklega í félagsmálanefnd en það má vera að þetta sé almennt gert svona í öðrum lögum þar sem þarf aukinn meiri hluta þó að það sé afar sjaldgæft að þess þurfi. En mun ég láta skoða þetta sérstaklega.

Það er vilji minn að ná þessu máli í gegn helst fyrir páska. Það væri auðvitað mjög æskilegt ef hægt væri að koma því til nefndar sem fyrst, á mánudaginn eða á hefðbundnum tíma á þriðjudaginn, fá þangað gesti, taka málið til skoðunar og afgreiða það strax út úr nefnd þannig að hægt væri að gera það að lögum jafnvel fyrir páska eða strax á fyrsta degi eftir páska. Ég byggi þá skoðun mína á því að það er mjög mikilvægt fyrir alla aðila að þeir fari sem fyrst að undirbúa þessar kosningar og að hægt sé að senda bréf til sveitarfélaganna, til þeirra nefnda sem eiga að sjá um kosningarnar. Það er mjög brýnt að skapað verði rými til að senda þetta sem allra fyrst. Ég beini því til stjórnarandstöðunnar að íhuga það hvort hún sé ekki sammála því mati að æskilegt sé að klára þetta sem fyrst af því að ég tel að það séu ekki pólitískar átakalínur um frestunina. Það eru pólitískar átakalínur um allt annað sem snýr ekki að þessu frumvarpi.

[11:45]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að það er engin ástæða út af fyrir sig til þess að tefja þetta mál hér í þinginu. Málið sem slíkt er afskaplega einfalt, og eðlilegt að reynt verði að hraða því í gegn eins og kostur er.

Mér fannst hins vegar, og það vakti athygli mína, ekki koma fram í máli hv. þingmanns nægilegur metnaður varðandi eflingu sveitarstjórnarstigsins. Hv. þingmaður vitnaði til orða, í viðtal væntanlega sem haft var við hv. þm. Össur

Skarphéðinsson, varðandi þá framtíðarsýn hans að við gætum séð á landinu 12–14 sveitarfélög. Ég held að það sé nákvæmlega sú framtíðarsýn sem við eigum að horfa til, að fækka sveitarfélögunum svo mikið, en vissulega þarf þá að gera ýmsar breytingar. Þá yrði eðlilegt að horfa til þess að settar yrðu — ja, menn hafa leikið sér með alls konar orð á því — hreppsstjórnir, þorpsstjórnir, hverfastjórnir, eða hreppsnefndir sem er hið gamla heiti sem við gætum þá endurlífgað, um ákveðna málaflokka á ákveðnum svæðum.

Það eru ýmsar leiðir til þess ef við viljum í raun og veru efla sveitarfélögin. Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að það kom fram að þegar hv. þingmaður var sveitarstjórnarmaður hefðu sveitarfélögin verið rúmlega 200. Ef tillögur sameiningarnefndar ganga fram erum við búin að fækka þeim niður fyrir 50. Ef við náum því fram er ekkert voðalega langt í að við getum farið í 12–14. Það er kannski ekkert lengri tími en liðinn er frá því að hv. þingmaður var í sveitarstjórn, það er álíka hlutfall þarna á milli.

Ég held, og ég held að það hafi komið fram í máli hv. þingmanns, að með því að taka þessi litlu hænufet sem við höfum verið að gera allt of oft á undanförnum árum, bæði varðandi sameiningu sveitarfélaga og síðan þegar við lendum í tekjustofnunum, lendum við í vanda. Hv. þingmaður tók ágætt dæmi um það að við lendum alltaf í slíkum vanda eins og var með aðstöðugjaldið. Aðstæður sveitarfélaganna eru svo mismunandi, og ef við ætlum okkur í raun og veru að leysa þennan vanda með tekjustofnana til framtíðar þurfum við að horfa til þess að fækka sveitarfélögunum í 12–14, 10–15. Það er tala af þeirri stærðargráðu sem ég held að við þurfum að stefna að ef við ætlum okkur að leysa þetta flókna mál sem hárrétt er hjá hv. þingmanni að er mjög flókið, sérstaklega þegar við tökum skrefin svona lítil og smá.

[11:47]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að hér sé mjög mikill metnaður á ferðinni og það að ná sveitarfélögunum ofan í u.þ.b. 50 er geysilega öflugt og mikið skref. Ég tel ekki hægt að segja sem svo að það sé línuleg nálgun í málinu, þ.e. að á ákveðnu árabili fækki sveitarfélögunum bara um helming, þ.e. úr 200 í 100, úr 100 í 50, úr 50 í 25, og svo í hvað? (Gripið fram í.) Já, nákvæmlega. Ég sé ekki hlutina í þessu einfalda ljósi.

Ef við mundum fækka sveitarfélögunum ofan í 12–14 án þess að við sæjum verulegar breytingar í búsetu á Íslandi tel ég að með svo fáum sveitarfélögum, 12–14 á Íslandi, værum við komin með þriðja stjórnsýslustigið. Ég er ekki talsmaður þess og ég hef ekki heyrt frá Samfylkingunni að hún vilji þriðja stjórnsýslustigið.

Það eru þrjú stjórnsýslustig í nágrannalöndum okkar, það eru lén í Noregi, fylki í Svíþjóð og ömt í Danmörku. Ef við höfum 12–14 sveitarfélög, og þá höfum við þessar þorpsstjórnir eða hreppsstjórnir sem hv. þingmaður Einar Már Sigurðarson lýsti hérna áðan, erum við komin með svona þrjú stjórnsýslustig. Ég er sem sagt ekki fylgjandi því. Það eru einhver takmörk fyrir því hvað við getum farið neðarlega í fjölda sveitarfélaga miðað við núverandi íbúamynstur og það íbúamynstur sem við sjáum fyrir okkur næstu — ja, ég þori varla að segja áratugina, maður veit ekki hvað hlutirnir breytast hratt, en næstu árin. Ég tel óraunhæft að tala um svona fá sveitarfélög, 12–14, það er bara óraunhæft. Þá lendum við í stökustu vandræðum með stjórnsýsluna þannig að ég tel ekki réttlætanlegt að gera það.

Ef það gengur hins vegar mjög illa að sameina sveitarfélögin þurfa menn auðvitað að fara að skoða hvort eigi að fara að setja lög. Ég vona að sveitarfélögin samþykki þær góðu tillögur sem verða sýndar á morgun.

[11:49]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum með það hvað hv. þingmaður horfir skammt og virðist ekki komast út úr því sem er í dag. Það er töluvert ferli að geta komið sér út úr nákvæmlega því sem er að gerast í dag og horfa svolítið vel til framtíðar um það hvernig við viljum hafa hana. (**SF:** Hvaða ár?) Það er ekkert vandamál, við getum verið að tala um 10 ár þess vegna, eitthvað svoleiðis, sem við erum að spekúlera í fram í tímann, en ekki á morgun, ég er alveg sannfærður um að þetta þarf að gerast á lengri tíma. Við þurfum samt að byrja á því að stefna að hlutunum og það er það sem ég er að tala um.

Ég tek ekki undir með hv. þingmanni að það sé eitthvert vandamál að vera með það fyrirkomulag í því munstri sem við höfum því að það eru ýmsar leiðir í því að auka íbúalýðræðið. Ég sé þetta í tengslum við það að færa stórlega verkefnin frá ríkisvaldinu til sveitarfélaganna. Um það snýst málið. Við getum tekið dæmi úr grunnskólanum, hv. þingmaður nefndi hann, það er algjörlega borðleggjandi í dag að framhaldsskólinn á að vera hjá sveitarfélögunum. Framhaldsskólinn er í dag orðinn raunverulega svipaður því sem grunnskólinn var fyrir ekkert mjög löngu. Þetta er nærþjónusta sem á heima hjá sveitarfélögunum (Forseti hringir.) en það er ekki hægt að færa hann til sveitarfélaganna af því að sveitarfélögin eru allt of lítil til að taka við honum.

[11:50]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel bara að þetta skapi þrjú stjórnsýslustig. Hv. þingmaður nefndi 12–14 sveitarfélög eftir 10 ár. Ég tel að það sé algjörlega óraunhæft.

Ef verkefni eru færð til sveitarfélaga, sem stefnt er að, til þessara fáu, 12–14, mundu þorpsstjórnirnar eða hreppsstjórnirnar sem hv. þingmaður bendir á, vilja fá eitthvert vald til sín. Annars væri valdið svo langt frá fólkinu og þá erum við komin með þrjú stjórnsýslustig sem ég tel mjög óæskilegt í okkar landi. Ég sé ekki slíka framtíð fyrir mér.

Ég vil nota tækifærið hérna og þakka hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni fyrir að hafa lýst því yfir að stjórnarandstaðan, a.m.k. Samfylkingin, sem talsmaður hennar, sjái ekki ástæðu til að tefja þetta mál hér í vinnslu þingsins, það sé bara sjálfsagt að flýta því í gegn. Ég vænti þess þá að við getum sameinast um það og gert þetta að lögum, helst fyrir páska eða strax eftir þá.

[11:52]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér talaði hv. þingmaður sem hefur reynslu af því að vera í sveitarstjórn og reka sveitarfélag og ég verð að segja að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með þá ræðu sem hér var flutt.

Í fyrsta lagi fjallaði hv. þingmaður um tillögur tekjustofnanefndar sem við heyrðum hér í fyrsta skipti í morgun, og sá ástæðu til að segja okkur hér í þingheimi að peningar yxu ekki í ráðuneytum. Ég held að flestir geri sér grein fyrir því að það gera þeir ekki. Hv. þingmaður sagði að það yrði að nýta fjármuni ríkisins skynsamlega, við yrðum að gera okkur grein fyrir því að þetta væru skattpeningar borgaranna, og ég gat helst skilið á hv. þingmanni að það væri ekki skynsamleg ráðstöfun að sveitarfélögin fengju tekjur úr hinum sameiginlega sjóði til að standa undir þeim lögboðnu verkefnum sem þau eiga að sinna. Verð ég að segja að ég var ansi hissa á að heyra svona fornaldarlegt sjónarmið en það er sjónarmið sem hefur kannski talsvert verið uppi í tekjustofnanefndinni hjá fulltrúum ríkisins, að þeir séu að verja einhverja fjármuni sem ríkið eigi fyrir þessum sveitarfélögum sem endilega vilja komast yfir peningana.

Hv. þingmanni varð tíðrætt um nauðsyn þess að efla sveitarstjórnarstigið og allir eru sammála um það. Hv. þingmaður fellur í þá gryfju að halda að efling sveitarstjórnarstigsins snúist eingöngu um að fækka sveitarfélögum. Ég get alls ekki verið sammála hv. þingmanni um það. Ég held að efling sveitarstjórnarstigsins hljóti að snúast um það að færa verkefni til sveitarfélaganna og fjármuni sem duga til þess að reka þau verkefni þannig að sveitarfélögin verði sterkari heildir og sterkari rekstrareiningar en þau eru í dag. Ég veit engin dæmi þess að ef sameinuð eru tvö eða fleiri veik sveitarfélög sem eru rekin með halla á stóru landsvæði verði þau eitthvað sterkari eða öflugri bara við það að sameinast. Ég þekki engin slík dæmi.

[11:54]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég heyri að Jón Gunnarsson hefur eitthvað misskilið ræðu mína eða snýr út úr viljandi. Þegar ég segi að ekki sé einhver stór pottur fullur af peningum sem hægt er að nota eins og maður vill án þess að hugsa um þá sem skattpeninga borgaranna er ég ekki þar með að segja að það sé ekki skynsamlegt að sveitarfélögin fái fjármagn. Ég bara átta mig ekki á því hvernig hv. þingmaður gat heyrt það út úr orðum mínum. Ég sagði einmitt að ég fagnaði tillögum hæstv. félagsmálaráðherra sem fela í sér margra milljarða útgjöld fyrir ríkissjóð. Ég fagnaði því þannig að ég er alls ekki á móti því að sveitarfélögin fái aukið fjármagn. Ég átta mig ekki á hvernig hv. þingmaður gat heyrt það út úr ræðu minni, alls ekki.

Menn þurfa hins vegar að semja og það er það sem verið er að gera. Það er auðvitað eðlilegt að sveitarfélögin sæki á ríkið og það er eðlilegt að ríkið verjist líka. Menn verða að mætast einhvers staðar á miðri leið og það er það sem er verið að reyna. Nú er komin lausn varðandi þessa tekjustofna og ýmis lagafrumvörp eiga eftir að fara í gegn sem snúa að þessu samkomulagi.

Ég hef heldur aldrei sagt, mér dettur ekki í hug að segja það, að efling sveitarstjórnarstigsins felist bara í því að fækka sveitarfélögum. Það er alls ekki þannig, það er miklu meira. Það felst líka í því að færa verkefni og tekjustofna á milli. Það er verið að skoða það einmitt í þessari verkaskiptanefnd.

Þetta eru alls ekki einföld mál. Hins vegar er ég alveg viss um að með því að fækka sveitarfélögum á Íslandi eflast þau. Það er samt ekki þannig að það sé bara það, það þarf miklu meira til. Ég er algjörlega sammála hv. þingmanni um að það að sameina tvö mjög veik sveitarfélög hefur ekkert upp á sig. Það þarf að skoða verkefnin og tekjustofnana en við erum með of mörg sveitarfélög í dag og ég veit að Samfylkingin er sammála því.

[11:56]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sé að ég og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir verðum bara að setjast niður yfir ræðu hennar þegar búið verður að skrifa hana upp og fara yfir hvað ég hef misskilið í henni. Ég kannast ekki við að ég hafi í sjálfu sér misskilið þá ræðu og mér fannst hv. þingmaður staðfesta það í andsvari sínu þegar hún talaði um að hér væri um að ræða milljarða útgjöld fyrir ríkissjóð. Ég lít ekki á þetta sem milljarða útgjöld fyrir ríkissjóð. Ég lít á þetta sem tekjur fyrir sveitarfélögin og þarna held ég að skilningur okkar á því sem um er að ræða kristallist kannski, þ.e. í orðanotkun í sambandi við tekjur til sveitarfélaga og skiptingu opinberra tekna milli ríkis og sveitarfélaga.

Ég sat fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í haust og þar komu fram mjög sterkar kröfur um hvað þyrfti til til að sveitarfélögin yrðu rekstrarhæfar einingar. Þær tillögur sem hér liggja fyrir eru í engum dúr við þær sjálfsögðu óskir og kröfur sem komu fram á fjármálaráðstefnunni og ég verð afskaplega hissa ef einhverjir fulltrúar sveitarfélaganna sem þar töluðu og voru í þessari nefnd ætla að styðja þessar tillögur, og spyr hv. þingmann: Telur hún nægjanlega að gert nú?

[11:57]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef hv. þm. Jóni Gunnarssyni líður betur með það að ég segi að þetta séu milljarða útgjöld fyrir ríkissjóð og á sama tíma milljarða tekjur fyrir sveitarstjórnir get ég alveg gert það. Mér finnst það bara ekki skipta öllu máli.

Hv. þingmaður spurði hvort mér þættu þessar tillögur ásættanlegar eða gæti lifað við þær, og ég segi já. Mér finnst þessar tillögur góðar. Það er mjög erfitt að breyta tekjustofnum, við vitum það, og það hefur gengið mjög illa að gera það vegna eðlis sveitarfélaga. Ég lýsti hérna hvernig Seltjarnarnes fékk 40 millj. kr. aukreitis í vasann þegar aðstöðugjaldinu var breytt, 40 millj. á ári á meðan önnur fóru allt öðruvísi út úr því.

Niðurstaðan sem var fengin núna er sú að þéttbýlu sveitarfélögin fá ákveðna hluti í gegnum fasteignaskattana en dreifbýlu sveitarfélögin fá fjármuni í gegnum jöfnunarsjóðinn og húsnæðiskerfið. Það var reynt að finna leið þannig að allir fengju eitthvað.

[11:59]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Frumvarpið sem er til umfjöllunar ætti ekki að þurfa að valda miklum deilum og sjálfsagt er að það hljóti afgreiðslu hið allra fyrsta. Það fjallar í raun ekki um annað en að slá á frest kosningu um sameiningu sveitarfélaga. Ástæðan er að hluta til sleifarlag ríkisstjórnarinnar við sameiningarvinnuna og undirbúningsvinnuna, enda segir í greinargerð m.a., með leyfi forseta:

„Ástæðan fyrir því að færa þarf kosningadag fram til haustsins 2005 er tvíþætt: Annars vegar tók lengri tíma en gert var ráð fyrir að ná samkomulagi í tekjustofnanefnd um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og því dróst að sameiningarnefnd kynnti endanlegar tillögur sínar."

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar er ástæðan sú að undirbúningur atkvæðagreiðslu um tillögur sameiningarnefndar er kominn misjafnlega vel á veg á einstökum svæðum."

Við þessu er ekkert að segja. Þetta eru staðreyndir máls og að sjálfsögðu er eðlilegt að menn samþykki þessar breytingar á sveitarstjórnarlögum þar sem gert er ráð fyrir að fresta þessari kosningu. Um það ætti ekki að þurfa að hafa mörg orð.

Menn hafa hins vegar haft nokkuð mörg orð í tengslum við þessa umræðu og ástæðan er að sjálfsögðu sú að þetta er hluti af mun stærra máli. Allar götur frá því í ágúst árið 2003 hefur í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar verið unnið að sameiningu sveitarfélaganna í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga sem einnig hefur sett sér það markmið að stuðla að slíkri sameiningu. Því miður verður að segjast eins og er að aðkoma ríkisstjórnarinnar að sameiningarferlinu hefur ekki verið sem skyldi. Að sjálfsögðu hefur þar sumt verið ágætlega gert en í öðrum efnum illa og sumt er mjög ámælisvert.

Það er tvennt sem ég vildi vekja máls á í sambandi við þá umræðu og má sameina það undir heitinu reglustikuaðferðin. Menn hugsa þessi sameiningarmál mjög í svart/hvítu. Það er annaðhvort eða. Menn sjá ekki möguleika á millistigum. Ég ætla að taka dæmi. Það er rætt um að sameina nánast allt Snæfellsnesið í eitt sveitarfélagi. Það er nokkuð sem ég hef ákveðnar efasemdir um. Ég hef hlustað á sveitarstjórnarmenn á Snæfellsnesi setja fram rökstuddar efasemdir hvað þetta snertir. Þá spyr maður sjálfan sig: Hvers vegna eru ekki skoðaðar millileiðir, vegna þess að það gefur augaleið að í sumum tilvikum getur það verið til hagsbóta fyrir sveitarfélögin að sameinast um tiltekin rekstrarverkefni, hugsanlega sem lúta að sorphirðu svo maður taki dæmi héðan af höfuðborgarsvæðinu eða almenningssamgöngum? Hér hafa menn myndað byggðasamlög um slík verkefni og spurning er hvort slíkt væri ekki hægt á Snæfellsnesi svo annað dæmi sé tekið þannig að við stillum fólki ekki upp gagnvart valkostinum annaðhvort eða. Reyndar tel ég að byggðasamlagsrekstrarformið sé að mörgu leyti gallað og það ætti að vera úrlausnarefni fyrir Alþingi að finna fyrirtæki eða rekstrarfyrirkomulag sem sameinaði í eitt kosti hlutafélagsins og kosti ríkisreksturs. Byggðasamlagið gerir það ekki að öllu leyti.

Það áhersluatriði sem ég vildi setja fram hér er þetta: Við eigum ekki að stilla fólki upp gagnvart valkostinum annaðhvort eða. Það er hægt að fara ýmsar millileiðir. Í þessu samstarfi hefur sú hugsun hins vegar ekki fengið að njóta sín. Menn hugsa þetta allt samkvæmt reglustiku og stundum og í allt of ríkum mæli úr fjarlægð, því miður.

Hitt atriðið sem fellur undir reglustikuaðferðina er sýnu verra. Það er sú valdstjórnarárátta sem er augljós í öllu þessu ferli, að slá á puttana á fólki með reglustiku. Þetta er augljóst í öllu þessu ferli. Hvernig gerist það? Í fyrsta lagi er sameiningarnefndinni sem hefur undirbúning að sameiningu sveitarfélaga með höndum og undirbúning að kosningum með höndum fært mjög mikið og lögbundið vald í hendur. Hún stillir upp valkostum sem fólk síðan stendur frammi fyrir. Ef fólkið ekki kýs í samræmi við þær niðurstöður sem sameiningarnefndin vill fá þá eru höfð uppi sömu vinnubrögð og tíðkast í Evrópusambandinu gagnvart kjósendum, að það er bara kosið þangað til rétt niðurstaða er fengin.

Í lögum um sveitarstjórnarmál segir, með leyfi forseta:

„Sameiningarnefnd getur ákveðið að leggja fram nýja tillögu um sameiningu sveitarfélaga ef tillaga nefndarinnar er felld í atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðsla um þá tillögu skal fara fram á tímabilinu október 2005 til janúar 2006 og skal gera nýja kjörskrá ..."

Með öðrum orðum, ef fólkið kýs ekki í samræmi við það sem sameiningarnefndin ákveður þá er bara gert hið sama og laxveiðimaður gagnvart laxinum. Hann þreytir hann þangað til hann er öruggur um að ná honum á land. Þetta er hugsunin. Því miður hef ég orðið var við það einnig innan stjórnsýslunnar og innan stjórnmálanna að þeir sem ekki makka rétt fá að gjalda þess. Þeir fá að gjalda þess í framkvæmdum á vegum ríkisins á því svæði sem um er að ræða. Þetta er því miður staðreynd, nokkuð sem fram hefur komið þegar félagsmálanefnd Alþingis hefur verið kynnt þessi mál. Þetta er valdstjórnarhlið þessa máls sem ég tel afar vafasama.

Síðan er hitt. Ég gat um það áðan að átaksverkefni ríkisstjórnarinnar sem nú stendur yfir og hófst í ágústmánuði árið 2003, því fyrr hefur verið reynt að sameina sveitarfélög, byggði því miður á mjög vafasömum vinnubrögðum. Það var tekin ákvörðun um það, pólitísk ákvörðun um að halda tveimur þingflokkum utan þeirrar vinnu, þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokknum. Þeir áttu að vísu að fá að sitja á áhorfendabekkjunum, í áhorfendastúkunni. Þeir máttu fylgjast með. En þeir áttu ekki að koma að nefndarvinnunni á jafnræðisgrunni. Um þetta fóru fram bréfaskriftir á milli þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs annars vegar og ríkisstjórnarinnar og sérstaklega hæstv. félagsmálaráðherra hins vegar. Hæstv. ráðherra hafnaði aðkomu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eða þingflokks hennar að þessari vinnu á jafnræðisgrundvelli. Hún mátt fylgjast með, en svona á svipuðum nótum og við erum að fá að fylgjast með því sem nú er að gerast, þ.e. að menn dreifa hér gögnum nánast um leið og Alþingi er skýrt frá málinu. Þar vísa ég í gögn sem koma frá tekjustofnanefnd.

Hins vegar verð ég að segja að mér finnst það miklum mun betra að hæstv. félagsmálaráðherra skuli þó hafa þann hátt á, og það finnst mér gott, að kynna Alþingi þessar tillögur áður en hann mætir til leiks hjá Sambandi íslenskra

sveitarfélaga og leggur þær þar á borðið. Þetta er að sjálfsögðu sú röð sem á að hafa á hlutunum, að kynna fyrst á Alþingi það sem heyrir Alþingi til.

Það er svo önnur saga og annað mál hvernig til hefur tekist í þessu starfi, hve óhönduglega hefur tekist til í öllu þessu starfi og hve miklum sjónhverfingum og blekkingum er beitt þegar ríkisstjórnin er að kynna sínar tillögur. Ég hef ekki mikla áhyggjur af því sannast sagna hvernig sú orðræða fer fram hér og nú vegna þess að við erum að tala um hluti sem snerta hag sveitarfélaganna og þeirra sem búa víðs vegar um landið svo mikið að fólk mun finna á eigin skrokki hver alvara er að baki þeim hástemmdu yfirlýsingum sem hér komu úr munni hæstv. félagsmálaráðherra um bættan hag sveitarfélaganna. Ég hef því miður miklar efasemdir um að það sem hér er verið að færa fram skipti sköpum. Ég vísa m.a. í varnaðarorð sem komið hafa frá gagnrýnum aðilum innan tekjustofnanefndar.

Við erum hér með sérálit bæjarstjórans í Hafnarfirði, Lúðvíks Geirssonar, þar sem kemur fram mjög hörð gagnrýni, mjög hörð málefnaleg gagnrýni á þær hugmyndir sem tekjustofnanefnd hefur sent frá sér. Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Mikill einhugur hefur ríkt meðal sveitarstjórnarmanna um að afar brýnt sé að ná fram sanngjarnri leiðréttingu á tekjuskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaganna þannig að fjárhagsstaða sveitarfélaganna sé bætt og þeim tryggður aukinn og traustur tekjugrundvöllur."

Þetta er rétt. Um þetta eru sveitarfélögin í landinu öll sammála. Við fengum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga á ráðstefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs þegar þessi vinna var að hefjast. Þá voru reistar kröfur af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem eru ekki í nokkru einasta samræmi við það sem við erum að sjá núna koma frá ríkisstjórninni. Þetta er staðreynd. Þess vegna furða ég mig á þeim linkulegu viðbrögðum sem koma víða úr þeim ranni nú. En sem betur fer eru til menn sem standa vel í lappirnar og ég er að vitna hér í álitsgerð frá Lúðvíki Geirssyni og geri það enn, með leyfi forseta:

„Það samkomulag sem nú liggur fyrir er ákveðinn áfangi en hann er langt í frá ásættanleg lausn og fullnægir engan veginn réttmætum og sanngjörnum kröfum sveitarfélaganna í landinu um leiðréttingu og jöfnuð. Enn er langt í land að tekið sé af alvöru á þeim víðtæka vanda og þröngu fjárhagsstöðu sem sveitarfélögin búa almennt við, m.a. vegna tekjuskerðingar af skattkerfisbreytingum og margvíslegum kostnaðarauka á síðustu árum, í mörgum tilfellum vegna einhliða ákvarðana ríkisvaldsins. Í þessum tillögum er engin grundvallarbreyting sem máli skiptir til að tryggja tekjugrundvöll sveitarfélaganna til framtíðar. Rétt er í því sambandi að vekja athygli á því að fulltrúar ríkisins taka það sérstaklega fram að þessar tillögur séu það ýtrasta sem hægt er að ganga á því tímabili sem um er að ræða. Þetta er skýr yfirlýsing um að hér er enn og aftur um skammtímalausnir að ræða."

Ég er að vitna í greinargerð frá bæjarstjóranum í Hafnarfirði þar sem hann gagnrýnir harðlega vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og að hér sé einvörðungu verið í rauninni að pissa í skóinn sin. Hann segir að þetta séu skammtímalausnir, hér sé ekki hugað að framtíðarlausnum.

Hann heldur áfram, með leyfi forseta:

„Að mati undirritaðs geta sveitarfélögin ekki gengið frá þessu samningaborði nema tryggð sé árleg föst tekjuaukning fyrir utan aðrar leiðréttingar og tímabundnar aðgerðir sem þetta samkomulag felur í sér. Aðeins með þeim hætti er tryggð lágmarksleiðrétting á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga."

Síðan er vitnað í hvernig samningaviðræðurnar hafi staðið með hléum í ríflega ár og að nánast allar tillögur um úrlausnir af hálfu ríkisvaldsins hafi byggst á skammtímalausnum í stað þess að af sanngirni sé tekið og heildstætt á almennum tekjugrunni sveitarfélaganna og horft um leið til framtíðarskipunar sveitarstjórnarmála í landinu.

Ég vitna enn í bæjarstjórann, með leyfi forseta:

„Þetta er ekki niðurstaða sem sveitarstjórnir munu sætta sig við heldur enn ein bráðabirgðalausnin sem því miður mun ekki koma samskiptum ríkis og sveitarfélaga í það eðlilega og réttláta horf sem nauðsynlegt er. Má búast við í kjölfar þessa að sveitarfélögin endurmeti afstöðu sína til að taka við frekari verkefnum af ríkinu við svo búið. Með vísan til þessa get ég ekki samþykkt eða skrifað upp á þessar tillögur."

Hér vitnaði ég í greinargerð bæjarstjórans í Hafnarfirði sem gagnrýnir mjög harðlega það sem frá ríkisstjórninni er að koma.

Í athugasemdum með frumvarpi ríkisstjórnarinnar er vísað í samningaferlið og átak hennar til að sameina sveitarfélögin. Þar segir, með leyfi forseta:

„Átakið felur einkum í sér þrennt: Að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga," — þetta þekkjum við — „að fækka fámennum sveitarfélögum með sameiningu sveitarfélaga" — þetta þekkjum við — „og aðlaga tekjustofna sveitarfélaga breyttum verkefnum og breyttri sveitarfélagaskipan." Þetta þekkjum við einnig.

Hvernig er eðlilegt að forgangsröðin verði í þessu efni? Að sjálfsögðu þarf að byrja á því að skilgreina hvað menn vilja að verði hjá sveitarfélögunum, að skilgreina og kanna fjárþörf sveitarfélaganna. Það þekkjum við. Við þekkjum þá þörf. Síðan þarf á varanlegan hátt að tryggja þeim tekjustofna.

Hverjir skyldu hafa lagt fram tillögur í því efni? Hverjir skyldu hafa gert annað og meira en að standa hér í ræðustól og gagnrýna aðra? Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Við höfum margoft sett fram tillögur um hvernig við viljum standa að þessum málum. Við fluttum nú síðast frumvarp sem gerði ráð fyrir því að styrkja sérstaklega tekjustofna sveitarfélaganna til frambúðar. Þegar ríkisstjórnin ákvað að lækka tekjuskattshlutfallið um 2 prósentustig lögðum við fram tillögu um að heimildir sveitarstjórna til hækkunar útsvars yrðu rýmkaðar sem þessu næmi og þannig yrðu færðar frá ríki til sveitarfélaga tekjur sem kæmu til móts við þær þarfir sem sveitarfélögin hafa.

Þetta er ein tillaga af mörgum sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur sett fram, raunhæfum tillögum til að treysta fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Við teljum að ríkisstjórnin hafi staðið að verki á óábyrgan hátt. Það eru miklar sjónhverfingar, mikil leiktjöld, en þegar til kastanna kemur er innihaldið afar rýrt. Auk þess leyfi ég mér að ítreka að valdstjórnarleg aðkoma ríkisvaldsins að sameiningu sveit-

arfélaga er ekki til þess fallin að skapa það andrúmsloft sem leiðir til þess að fólk leiti hagkvæmustu lausnanna. Ég held ekki.

Ég held líka að við höfum í of ríkum mæli, þá beini ég því til okkar allra, hugsað þessi mál í svart/hvítum lausnum. Það eru til millilendingar, millilausnir. Sveitarfélög geta haft samstarf og samráð sín í milli um tiltekna þætti þótt þau gangi ekki í einu og öllu í sömu sængina. Þar vísa ég til samstarfsverkefna sem m.a. hefur verið stofnað til hér á höfuðborgarsvæðinu og víða um landið. Ég spyr: Hvers vegna reyna menn ekki slíkar lausnir annars staðar — ég nefndi áðan Snæfellsnesið — í stað þess að þröngva mönnum öllum í sama mótið?

[12:18]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. þingmaður sagði, vinstri grænir hafa lagt fram tillögur varðandi tekjustofna sveitarfélaga. Ef allt hefði verið eðlilegt og okkur hefði tekist að ræða þau mál, vegna þess að það mál var á dagskrá, hefðum við getað gert það í fyrradag.

Frumvarp vinstri grænna er mjög skýrt. Þar kemur fram hinn pólitíski vilji vinstri grænna um það hvernig eigi að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna. Hér er gert ráð fyrir því að taka aftur skattalækkunina sem almenningur í landinu fær með aðgerðum ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Hugmynd vinstri grænna er einfaldlega sú að hækka útsvarið um 1 prósentustig. Hvaða áhrif ætli það mundi hafa? Með þeirri aðgerð væri verið að auka muninn á milli stöðu sveitarfélaganna í landinu. Þetta er aðferð til þess að búa til auknar tekjur fyrir stóru sveitarfélögin en þetta mundi engu skipta fyrir þau litlu.

Þetta er þess vegna algjör gervitillaga, tillaga sem er hins vegar mjög í anda hugmyndafræði vinstri grænna um aukna skattheimtu. Það er eina leiðin sem þeir sjá. Þeir hafa ekki þá pólitísku sýn að horfa til þess að vandi sveitarfélaganna í landinu er mismunandi. Þeir horfðu auðvitað út frá sjónarhóli sínum héðan af höfuðborgarsvæðinu. Þetta hefði verið mjög fín tillaga til að auka tekjur stóru sveitarfélaganna með hærri tekjurnar en það er alveg deginum ljósara að þetta hefði engu breytt fyrir minni sveitarfélögin, hefði hins vegar haft það í för með sér að svigrúmið til að koma til móts við sjónarmið minni sveitarfélaganna hefði verið minna vegna þess að auðvitað er ekki hægt að ganga þannig frá málum að skattbyrði almennings í landinu sé endalaust aukin né heldur að ganga þannig frá málum að endalaust sé gengið í ríkissjóð. Vinstri grænir voru með þessu fyrst og fremst að reyna að slá ryki í augu fólks með því að þau létu í veðri vaka að þau væru einhverjir sérstakir talsmenn sveitarfélaga. Það eru þau ekki, þau voru talsmenn sumra sveitarfélaga en alls ekki allra.

[12:20]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á því að gera eina játningu. Hún er þessi: Ég skil hugaræsing hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar. Ég skil þennan hugaræsing vegna þess að ég veit að við höfum komið við mjög snöggan blett. Hv. þingmaður er landsbyggðarþingmaður. Hann veit að mörg sveitarfélög á landsbyggðinni búa við mjög þröngan kost. Ríkisvaldið hefur neitað að koma til móts við þau. Hann veit það líka að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram fjölmargar tillögur um hvernig megi gera þetta. Hann nefnir eina, og ég nefndi hana áðan líka, sem er að beina tekjuskattslækkuninni inn í útsvarshækkun hjá sveitarfélögunum. Ástæðan fyrir því að við vorum andvíg þessari skattalækkun var tvíþætt: Annars vegar töldum við ekki rétt við þær aðstæður sem við búum við núna að ráðast í skattalækkanir og hins vegar töldum við að samneyslan mætti ekki við því. Ef skattalækkun verður til þess að menn þurfa að draga úr samneyslu, rekstri heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa, skóla o.s.frv., bitnar það á íbúunum. og einkum þeim tekjulægstu.

Við höfum sett fram aðrar tillögur um hlutdeild sveitarfélaganna í föstum tekjustofnum. Við höfum nefnt þá í tillögusmíði okkar og þingmálum. Ég skil, hæstv. forseti, að hér skuli maður þenja sig mjög upp því að við höfum komið við snöggan blett. Það væri óskandi ef hægt væri að virkja þennan hugaræsing inn í jákvæðan tillöguflutning af hálfu hv. þingmanns í stað þess að agnúast út í okkur.

[12:22]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni, tillaga vinstri grænna kom við snöggan blett hjá mér vegna þess að ég hafði satt að segja í mikilli einlægni minni trúað því að þegar vinstri grænir kæmu fram með tillögur til lausnar vanda sveitarfélaganna væru þau að horfa til þess vanda sem sárastur væri í þjóðfélaginu, þ.e. vanda minni sveitarfélaganna sem hafa mátt búa við minnkandi tekjur. Það sýnir kannski best hversu bláeygur maður er, þrátt fyrir að ég hafi marga fjöruna sopið í íslenskum stjórnmálum er ég enn svo bláeygur.

Ég átti satt að segja ekki von á því að það yrðu vinstri grænir sem fyrstir manna kysu að leggja fram tillögu sem fyrst og fremst kæmi að gagni þeim sveitarfélögum sem hafa fengið stórauknar tekjur á síðustu árum og búa auðvitað ekki við nokkurn einasta vanda. Lengi má hins vegar manninn reyna. Hér liggur það fyrir að gjörvallur þingflokkur vinstri grænna hefur sameinast um tillögu um að auka ójafnræðið (Forseti hringir.) milli sveitarfélaganna í landinu. Þá höfum við það. Þá vitum við það (Forseti hringir.) og hana nú.

[12:23]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, og hann veit náttúrlega betur. Hann veit að Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur staðið að tillögusmíði á Alþingi sem miðar að því að koma til móts við þau sveitarfélög sem standa sérstaklega illa. Við erum flokkur tekjujöfnunar og ekki aðeins þegar litið er á einstaklingana í samfélaginu, heldur einnig byggðafélögin, sveitarfélögin í landinu. Við erum flokkur raunhæfrar byggðastefnu. Okkur hefur einmitt verið legið á hálsi fyrir að vilja standa fyrir skattheimtu til að skjóta inn í samneysluna til jöfnunar í samfélaginu. Við höfum verið gagnrýnd fyrir það, fyrir að vera skattaflokkur.

Nú segja menn skyndilega: Ja, þið viljið ekkert gera fyrir þá sem standa höllum fæti. Hver er eiginlega (Forseti hringir.) brúin í málflutningi Sjálfstæðisflokksins og hv. þm. (Forseti hringir.) Einars K. Guðfinnssonar? Ég kem ekki auga á hana. (Gripið fram í.) Hún er ekki heyrð.

[12:24]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að tillögur vinstri grænna um hækkun útsvars koma einmitt stærri sveitarfélögum til góða en alls ekki þeim minni. Þess vegna skýtur skökku við að hv. þingmaður skuli tala um Vinstri hreyfinguna – grænt framboð sem einhvern mikinn jöfnunarflokk.

Í ræðu hv. þingmanns áðan var mikið svartnættið um þessa stöðu, um eflingu sveitarstjórnarstigsins og sameiningu sveitarfélaga. Hv. þingmaður sá í rauninni aðeins einn jákvæðan punkt, þá staðreynd að hæstv. ráðherra skuli kynna tillögurnar á hv. Alþingi áður en þær fara formlega fyrir sveitarfélögin.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson notaði þau orð að ríkisstjórnin misbeitti valdi, notaði eiginlega svívirðilega valdníðslu við sameininguna, þessar sameiningarhugmyndir. Ég á dálítið erfitt með að koma því heim og saman, m.a. vegna þess hvernig staðið hefur verið að sameiningarhugmyndum þar sem fjölmenn nefnd hefur farið um allt land, átt mjög náið og gott samstarf og samráð við sveitarstjórnarmenn af öllu landinu og byggir tillögur sínar á því, upphaflegar tillögur sínar. Þær voru sendar sveitarfélögunum. Það komu viðbrögð við þeim og sameiningarnefnd tók tillit til þeirra. Þetta er hin lýðræðislega leið, öfugt við það sem t.d. er gert í Danmörku og kemur fram í frumvarpi frá Samfylkingunni um að ákveða þetta bara með einu pennastriki hér. Mér finnst þetta ekki ganga upp hjá honum.

Þegar hv. þingmaður segir að það sé lítið í þeim tillögum sem hér eru til umræðu, finnst honum þá 9,5 milljarðar til sveitarfélaga vera lítið?

[12:26]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst um skattahugmyndir Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem stjórnarsinnar eru að gera lítið úr og snúa út úr. Í greinargerð með þeirri tilteknu tillögu okkar segir, með leyfi forseta:

„Því fer fjarri að flutningsmenn telji þá ráðstöfun sem frumvarpið gengur út á einhverja allsherjarlausn. Æskilegast væri að breytingar af þessu tagi væru liður í heildarendurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem nauðsynlega þarf að fara fram og er forsenda þess að hægt sé í framhaldinu að ráðast í áfanga til eflingar sveitarstjórnarstiginu.“

Síðan gerum við grein fyrir þeim hugmyndum sem við viljum að séu teknar til skoðunar á því, ekki bara varðandi útsvarið, en ég legg áherslu á að hugmyndir okkar um að beina heimild til útsvarshækkunar til sveitarfélaganna voru settar fram eftir að ljóst var að ríkisstjórnin ætlaði að hrinda í framkvæmd hugmyndum sínum um tekjuskattslækkun. Hugmyndir okkar hafa hins vegar byggt á öðrum þáttum sem við höfum gert rækilega grein fyrir, föstum tekjustofnum sem við viljum að sveitarfélögin fái aðkomu að.

Varðandi valdstjórnina vísaði ég í fyrsta lagi í skipan nefndarinnar þar sem tveimur tilteknum þingflokkum var haldið fyrir utan starfið, máttu ekki koma inn á jafnræðisgrunni, máttu bara sitja í áhorfendastúkunni.

Í öðru lagi vísaði ég í sveitarstjórnarlög um heimildir nefndarinnar til að láta fara fram atkvæðagreiðslu þangað til „rétt“ niðurstaða væri fengin.

Í þriðja lagi sagði ég að látið hefði verið að því liggja í mín eyru af hálfu stjórnsýslunnar að þau sveitarfélög sem ekki mökkuðu rétt væru látin gjalda þess í framkvæmdum á vegum hins opinbera. Ef þetta er ekki valdníðsla og ef það er ekki slíkur andi sem hér svífur yfir vötnunum veit ég ekki hvað á að kalla það.

[12:28]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Einhver kjaftagangur sem hv. þingmaður heyrir einhvers staðar úti í bæ getur ekki talist valdníðsla af hálfu ríkisstjórnar. Það sem skiptir mestu máli er að í fáum málum hefur verið unnið jafnlýðræðislega og í þessu. Það eru fulltrúar frá sveitarfélögum og frá pólitískum flokkum, að vísu ekki Vinstri grænum en það gefur hv. þingmanni tæpast tilefni til að álykta sem svo að hér sé um valdníðslu af hálfu ríkisstjórnar að ræða. Hvergi og líklega ekki í nokkru máli hefur verið haft jafnmikið samráð við sveitarstjórnarfólk og í þessu máli, enda er tillaga sameiningarnefndar mjög einróma.

Hvað varðar tekjuskiptinganefndina hefur það tekið langan tíma af því menn hafa verið að semja. Menn hafa komist að samkomulagi eins og er hægt að ná í þessu. Það er að vísu einn úr tekjuskiptinganefndinni sem skilar séráliti en í þessu mikla deilumáli um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga er það (Forseti hringir.) í rauninni mesta furða að menn skuli hafa náð svona (Forseti hringir.) mikilli sátt.

[12:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Einn eða fleiri. Við hljótum að sjálfsögðu að meta þau rök sem fram eru sett. Ég var að vísa í röksemdir, ég var að vísa í málefnalega afstöðu sem þarna kemur fram. Ég tel að Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, færi mjög góð rök fyrir máli sínu og ástæðulaust að menn geri lítið úr málflutningi hans. Menn geta verið ósammála rökum hans. Það er allt annar handleggur.

Síðan frábið ég mér þetta orðalag, kjaftháttur úti í bæ. Ég er að vísa í það sem fram kom á fundi félagsmálanefndar Alþingis af hálfu aðila úr stjórnsýslunni. Ég er að vísa í anda sem svífur yfir vötnum í þessari sameiningarvinnu. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að nefndin hefur rætt við sveitarstjórnarmenn. Að sjálfsögðu er hún að leita eftir lausnum til að ná fram sínu fyrir fram gefna markmiði. Ég hef hins vegar efasemdir um (Forseti hringir.) vinnubrögðin og lýðræðislega aðkomu og valdstjórn þessarar nefndar og löggjafar.

[12:31]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stakk mig töluvert að heyra hv. þm.

Ögmund Jónasson tala um valdstjórnaraðferðir við sameiningu sveitarfélaga. Ég hef tekið þátt í störfum sameiningarnefndar og þekki alveg hvernig þau störf voru unnin þar. Þar var haft náið samstarf við sveitarstjórnarmenn um allt land, haldnir fjölmargir fundir til þess að fá fram afstöðu manna í þessu máli. Síðan munu íbúar viðkomandi sveitarfélaga einfaldlega taka afstöðu til þeirra tillagna sem lagðar verða fram. Ég vil líka minna á að lögð hefur verið mikil áhersla á það af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga nú um nokkurn tíma, í nokkur ár, að fækka sveitarfélögum með sameiningu. Menn hafa jafnvel gengið svo langt, sumir á þeim bænum, að lýsa því yfir að gera ætti það með lögum. Hér er verið að gera þetta eins lýðræðislega og mögulegt er með því að leggja fram þessar tillögur. Meira að segja er það svo að sum sveitarfélög hafa óskað eftir því á síðari stigum að koma inn í tillögur sem verið er að vinna með og við því hefur verið orðið.

Við þekkjum það, eins og hér hefur komið fram, að t.d. í Danmörku hafa menn farið þá leið að setja lög um sameiningu sveitarfélaga. Hér hefur ekki verið vilji til þess að fara slíka leið, að vísu hefur Samfylkingin lagt fram tillögur um að fara þá leið. Ég vil meina að slíkar aðferðir væru frekar valdstjórnaraðferðir en sú aðferð sem farin er hér.

Ég skil ekki alveg hvað hv. þingmaður á við þegar hann segir að þreyta eigi menn til niðurstöðu þar til að rétt niðurstaða fáist. Ég óska eftir því að hv. þingmann útskýri hvað hann á við og hvað sé rétt niðurstaða og af hálfu hverra. Vegna þess að ég get alls ekki séð, miðað við hvernig þessi mál eru unnin, að þetta eigi við nokkur rök að styðjast. Mér þætti vænt um að heyra frekari rök hjá hv. þingmanni fyrir þessum fullyrðingum, annars vegar með valdstjórnaraðferð og hins vegar hvað hann á við með réttri niðurstöðu.

[12:33]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hin rétta niðurstaða er tillaga sameiningarnefndar. Ég er að vísa í lagatextann. Ég er að vísa í sveitarstjórnarlögin, ákvæði sem fest voru í lög í fyrravor þess efnis að sameiningarnefndin hefur lögum samkvæmt mjög víðtækt umboð til að skipa málum. Hún leitar hugmynda hjá sveitarstjórnarmönnum, það er hinn lýðræðislegi þáttur málsins, gott og vel, en hún hefur það vald lögum samkvæmt að ákveða hvert ferlið er. Ef sú niðurstaða fæst ekki í kosningum sem hún vill ná fram hefur hún lögbundið vald til að efna til kosninga að nýju. Það er þetta sem ég er að vísa í.

Varðandi valdstjórnina er ég líka að vísa til hins nánast ósagða opinberlega en þess sem látið er liggja að, andans sem svífur yfir vötnum, að þeir sem ekki makka rétt verði látnir gjalda þess í framkvæmdum á svæðinu.

Ég vil gjarnan taka það fram að ég er persónulega almennt fylgjandi því að stækka og efla einingar á sveitarstjórnarstiginu. Mér finnst hins vegar ekkert einhlítt í því efni. Mér finnst ekkert einhlítt í því að Grundarfjörður, svo dæmi sé tekið, sé sameinaður Ólafsvík. Mér finnst það ekki liggja í augum uppi. Þegar ég heyri íbúa, t.d. þaðan, færa rök fyrir því að heppilegra fyrirkomulag væri samvinna og samstarf á vissum sviðum um tiltekin verkefni þá finnst mér þetta vera málefnaleg og sannfærandi aðkoma að málinu. Við eigum ekki að hugsa þessi mál með reglustiku um of, eða í svart/hvítu og annaðhvort eða. Það kunna að vera ýmsar millilausnir til og varasamt er að reyna að keyra málin í gegn með valdi.

[12:35]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn talar hv. þingmaður um vald, lögboðið vald. Ég vil bara ítreka það enn og aftur hvernig málið hefur verið unnið og að mínu mati með fullkomlega lýðræðislegum hætti. Hv. þingmaður talar um að sameiningarnefnd hafi mikið vald og geti gert frekari tillögur ef tillögur verða felldar í fyrstu umferð og það er rétt, en ég fullyrði að slíkar tillögur, ef til þess kæmi, yrðu unnar með sama hætti og verið hefur.

Ég ítreka að hér er um lýðræðislega leið að ræða. Það eru íbúarnir í viðkomandi sveitarfélögum sem ráða þessu en ekki sameiningarnefndin, hlutverk hennar er að koma með tillögur. Hún hefur gert það með eins góðum hætti og mögulegt hefur verið, en það eru íbúarnir sem ráða. Við vitum að í ýmsum sveitarfélögum eru skiptar skoðanir um þetta. En svona er þessu farið.

Síðan talaði hv. þingmaður um að menn eigi að makka rétt. Ég veit að hann getur útskýrt frekar hvað hann á við með því. Mér finnst það hanga svolítið í lausu lofti hvað hann á við og hann (Forseti hringir.) þarf að færa frekari rök fyrir þessari fullyrðingu sinni.

[12:36]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að makka rétt þýðir, í málflutningi mínum núna, að fara að vilja sameiningarnefndar og greiða atkvæði í samræmi við þær tillögur sem hún leggur fyrir íbúana. Þegar það hefur verið sagt í mín eyru í félagsmálanefnd, af aðilum innan stjórnsýslunnar, að þau byggðarlög sem ekki greiða atkvæði í þá veru kunni að gjalda þess í opinberum framkvæmdum, þá finnst mér það vera valdstjórn. Mér finnst það vera andinn sem svífur yfir vötnunum sem ekki er lýðræðislegur og ekki ásættanlegur. Tala ég nógu skýrt? Þarf að skýra þetta eitthvað frekar? Ég held að þeir sem á hlýða eða þeir sem koma til með að sjá þessi orð, viti nákvæmlega hvað ég á við.

[12:38]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Í rauninni er verið að fjalla hér um afskaplega lítið mál, þ.e. frumvarpið snýr einungis að því að fresta atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga sem lögum samkvæmt á að fara fram 23. apríl. Af ástæðum sem raktar hafa verið í umræðunni í dag er talið skynsamlegt, og það byggir á tillögu sameiningarnefndar, að láta þá atkvæðagreiðslu fara fram 8. október en heimila þó þeim sveitarfélögum sem það kunna að vilja að efna til sameiningarkosningar fyrr. Flóknara er frumvarpið ekki.

Eins og vænta mátti hleypur umræðan um þetta einfalda frumvarp út um víðan völl, enda er um stórmál að ræða. Ég tel þó nauðsynlegt enn einu sinni til upprifjunar að minna á hver verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er í dag. Eins og margsinnis hefur komið fram eru 70% opinberra stjórnsýsluverkefna í höndum ríkisins og um 30% í höndum sveitarfélaganna. Þetta er öfugt hlutfall við það sem við sjá-

um í öðrum ríkjum, nágrannaríkjum okkar, og þá hljótum við að spyrja hvaða áhrif það hafi á samfélagið hjá okkur. Segja má að það hafi þau áhrif m.a. að lýðræðisleg ákvarðanataka er minni hérlendis en í nágrannaríkjum okkar vegna þess að ákvarðanatakan er miðstýrðari hér þar sem um 70% verkefnanna eru í höndum ríkisins. Er það líklega ein ástæða þess að stjórnsýslan hefur vaxið svo mikið í kringum höfuðborgina sem raun ber vitni þar sem höfuðstöðvar ríkisins eru þar. Því fylgja störf og þar fram eftir götunum. Valddreifing hér er því í rauninni miklu minni en menn eiga að venjast í nágrannaríkjum okkar og hefur þar af leiðandi mikil áhrif á alla þjónustu.

Á sama tíma hafa kröfur samtímans um almannaþjónustu farið mjög vaxandi sem betur fer. Sveitarfélögin vilja bregðast við kröfum samtímans og vilja hækka þjónustustigið hjá sér og sækjast jafnvel eftir verkefnum til ríkisins til þess að geta sinnt þessari þjónustu o.s.frv. Það er líklega í ljósi þess sem farið er af stað með átak um að efla sveitarstjórnarstigið með það í huga að draga úr þessu hlutfalli, 70:30, og færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Það er líklega af þessum ástæðum sem menn velta upp hugmyndinni um að stækka sveitarfélög til þess að gera minnstu sveitarfélögin betur í stakk búin til að taka við verkefnum. Sveitarfélag með um 40 íbúa er ekki mjög burðugt til að taka við stórum verkefnum og bæta þjónustu íbúa sinna. Það liggur í augum uppi.

Það er væntanlega með það í huga að auka tekjur sveitarfélaga með verkefnum sem Samband íslenskra sveitarfélaga tekur frumkvæðið. Það er rétt að árétta það að að frumkvæði Sambands íslenskra sveitarfélaga er lagt upp í þessa för, upphaflega til að sameina sveitarfélög af þeim ástæðum sem ég hef nefnt hér, og það er sambandið sem leitar til félagsmálaráðuneytisins um að fara í þetta átak. Síðan fer það átak af stað eins og hér hefur komið fram.

Það er jafnframt ákveðið að fara þá lýðræðislegu leið að skipa sérstaka sameiningarnefnd, skipa sérstaka tekjuskiptingarnefnd og verkefnisstjórn til þess að vinna þetta á sem lýðræðislegastan hátt. Ég segi það enn og aftur að fá mál hafa líklega fengið jafnlýðræðislega umfjöllun og þau mál sem sameiningarnefndin hefur unnið. Haldnir hafa verið fundir sem líklega skipta hundruðum með fulltrúum allra sveitarstjórnarmanna í landinu þar sem sameiningarnefnd hlustaði á hljóðið í sveitarstjórnarmönnum, heyrði óskir þeirra og byggði tillögur sínar á því. Lengra er gengið, sveitarstjórnarmönnum er gefinn kostur á því að bregðast við þeim hugmyndum og sameiningarnefnd tekur tillit til ýmissa ábendinga um fyrstu hugmyndirnar.

Þess vegna er alrangt að halda því fram eins og hér hefur verið gert að um einhverja misbeitingu valds eða ofríki af hálfu ríkisvaldsins sé að ræða. Það er beinlínis rangt því að líklega hafa fá mál fengið jafnlýðræðislega umfjöllun og meðferð eins og sameiningarmálið.

Núna heyrist manni hins vegar á ýmsum hv. þingmönnum sem hér hafa talað í morgun að öllu sé ruglað saman, og a.m.k. tveir ef ekki þrír fulltrúar Samfylkingarinnar sem hér töluðu virðast vera að drekkja sér í því að blanda öllu hugsanlegu saman og reyna að búa til einhverjar deilur. Ég skil það hins vegar svo að talsmaður Samfylkingarinnar í þessu máli, hv. þm. Einar Már Sigurðarson, tali á öðrum nótum, enda hefur hann fylgt þessu máli frá upphafi og þekkir það betur.

Það liggur alveg ljóst fyrir að deilur á milli ríkis og sveitarfélaga hafa staðið í áratugi og þær munu halda áfram, deilur um hvernig skipta eigi kökunni, hvernig skipta eigi skattpeningunum á milli ríkis og sveitarfélaga vegna verkefna sem þessi tvö stjórnsýslustig framkvæma. Þær deilur verða aldrei settar niður í eitt skipti fyrir öll. Þess vegna á það ekki að koma neinum á óvart að mál tekjustofnanefndar hafi dregist. Það hefur dregist vegna þess að þetta er stórt mál og þetta er viðkvæmt mál. Það eru skiptar skoðanir milli ríkis og sveitarfélaga um það hvernig deila eigi kökunni, það er ekkert nýtt. Sú deila mun halda áfram.

Því er það alveg með ólíkindum að hér hafi a.m.k. tveir hv. þingmenn Samfylkingarinnar komið upp og haldið því fram að það sé ekkert í þeirri niðurstöðu sem fékkst hjá tekjustofnanefndinni. Hún er ekki sammála. Það hefur komið fram. Einn nefndarmanna, bæjarstjórinn í Hafnarfirði, Lúðvík Geirsson, Haukamaður með meiru, skilar séráliti. Hann er ekki sammála því sem aðrir skrifa undir.

Það er beinlínis rangt og beinlínis fölsun að halda því fram, eins og hv. þm. Kristján L. Möller gerði, að í tillögunum sé ekkert sem snertir fjármuni. Fyrir liggur að á þremur árum þýðir þetta tilfærslur fjármuna til sveitarfélaga, viðbót upp á 9,5 milljarða. Menn geta farið í alls konar leikfimiæfingar og margföldunaræfingar en þetta eru þær tölur sem liggja á borðinu, 9,5 milljarðar. Og það sem meira er, það eru 1,5 milljarðar varanlega eftir þetta þriggja ára tímabil. Þess vegna er beinlínis rangt að koma í ræðustól og segja að í tillögunum sé ekkert.

Það eru auðvitað engir alveg sáttir um þetta, hvorki ríki, sveitarfélög né sveitarfélögin innbyrðis. Þetta er samt verulegur árangur sem hlýtur að verða horft á jákvæðum augum í því skrefi að efla sveitarstjórnarstigið.

Jafnframt liggja fyrir mjög skýrar tillögur um með hvaða hætti sameiningarnefnd telur skynsamlegast að láta atkvæðagreiðslu meðal fólksins fara fram um sameiningarnar. Enn komum við að rangindum sem flutt hafa verið í þessum ræðustól í umræðunni í dag, um að verið sé að beita valdi gagnvart þegnum landsins. Ég hef nefnt hvernig sameiningarnefndin vann og út á hvað ganga tillögur hennar? Þær ganga út á að láta fólkið í sveitarfélögunum taka hina endanlegu ákvörðun. Þannig var lagt upp með verkefnið og þannig verður því lokið. Það er lýðræðislegasta leiðin sem til er, að íbúarnir fái að kjósa um með hvaða hætti þeir vilja skipa sveitarfélögum sínum.

Grundvallarspurningin sem menn verða að svara er hvort menn vilji horfa á það sem Samband íslenskra sveitarfélaga lagði af stað með í upphafi ferðarinnar, sem var einungis að sameina sveitarfélög. Inn í það dróst að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga og inn í það kom líka að færa tekjur frá ríki til sveitarfélaga. Ef menn ætla hins vegar að standa hér áfram og blanda þessu öllu saman og beina athyglinni frá því sem er kjarni málsins tel ég að menn séu beinlínis að vinna gegn einni stærstu stjórnsýslubreytingu sem Alþingi hefur rætt um og farið í gegnum, þá eru menn að vinna gegn því að efla sveitarstjórnarstigið. Þá eru menn að vinna gegn því að hækka þjónustustig og vinna gegn því

að auka lýðræði í landinu með því að færa sveitarfélögunum aukin verkefni og þar með að lyfta þjónustustiginu.

Ég hvet því til þess í umræðunni, sem mun örugglega standa fram eftir degi, að menn horfi á upphaf verkefnisins og horfi á það sem blasir við, það sem liggur á borðinu en fari ekki að rugla saman óskyldum hlutum eins og borið hefur á í umræðunni.

[12:49]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var svolítið skrýtin ræða hjá hv. þingmanni. Hann byrjaði á að segja að málið sé lítið sem við fjöllum um, einungis væri verið að fresta sameiningarkosningu sveitarfélaga frá því í apríl fram í október og að þetta þyrfti ekki að taka langan tíma. Mér virtist helst á hv. þingmanni að ekki mætti ræða hvað lægi að baki því að við stöndum hér og þurfum að fresta atkvæðagreiðslunni sem átti að fara fram 23. apríl.

Sannleikurinn er sá að vandræðagangurinn við að koma sameiningarátakinu á hefur verið slíkur að það hefur alls ekki tekist undir verkstjórn hv. þm. Hjálmars Árnasonar að koma mönnum þannig saman að hægt sé að kjósa í apríl eins og um var talað.

Hv. þingmaður talaði mikið um lýðræðislega umfjöllun og að mikið hefði verið fundað með sveitarstjórnarmönnum og á þá hlustað. Menn hefðu hlerað hljóðið í þeim og byggt tillögur sínar á því. Síðan fengju sveitarfélögin að gefa álit á þeim tillögum og þetta væri eins lýðræðislegt og vera mætti og fullt tillit tekið til þess sem sveitarfélögin væru að tala um.

Það er oft gott þegar maður heyrir slíkar fullyrðingar að setja andlit á bak við það sem verið er að gera. Ég þekki náttúrlega best til á Suðurnesjum og hv. þingmaður líka. Á hvaða hljóði frá hvaða sveitarstjórnum var byggt í upphafi að leggja til að öll sveitarfélög á Suðurnesjum sameinuðust í eitt sveitarfélag? Og eftir að sú tillaga kom fram og sveitarfélögin höfðu gefið álit sitt á henni, hver verður niðurstaðan? Verður niðurstaðan eitthvað í dúr við það sem sveitarfélögin hafa verið að tala um, að Sandgerðingar vilja ekki sameiningarkosningu, Garðurinn vill ekki sameiningarkosningu, Grindavík vill ekki sameiningarkosningu og Vatnsleysustrandarhreppur vill sameiningarkosningu við Hafnarfjörð? Nú höfum við ekki tillögurnar í höndunum og getum þar af leiðandi lítið rætt um þær, en gott væri ef verkefnisstjórinn gæti sagt okkur hverjar tillögurnar eru varðandi Suðurnes.

[12:51]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er leitt að heyra að það er eins og hv. þingmaður hafi ekki enn skilið út á hvað málin ganga og er hann þó hvort tveggja í sveitarstjórn og alþingismaður.

Hv. þingmaður spurði um hvaða tillögur væru uppi varðandi sameiningu á Suðurnesjum. Fyrir liggur samkvæmt skoðanakönnun sem gerð hefur verið að um 70% þjóðarinnar er almennt hlynnt sameiningu og stækkun sveitarfélaga. Minnstur stuðningur er við það á Suðurnesjum. Hins vegar verður tillaga sameiningarnefndar lögð fram og um hana munu íbúar í þeim sveitarfélögum sem hér hafa verið nefnd taka hina endanlegu ákvörðun. Það er lýðræðisleg leið.

Af því hv. þingmaður ber við fákunnáttu um hvað standi í sameiningartillögunum hlýtur maður að spyrja hvort samgangur á milli einstakra þingmanna Samfylkingarinnar sé lítill, því að a.m.k. tveir þingmenn Samfylkingarinnar hafa tekið virkan þátt í störfum sameiningarnefndar og það er á tillögum þeirra eins og nefndarinnar allrar sem tillögurnar eru birtar. Ég hvet því hv. þingmann til að snúa sér til félaga sinna í Samfylkingunni sem örugglega munu glaðlega upplýsa hann hvernig sameiningarnefndin hefur unnið, á hverja hún hefur hlustað og hverjar tillögur hennar eru.

Hv. þingmaður gerir mikið úr vandræðagangi. Ég er ekki sammála því að þetta sé vandræðagangur. Það eru miklir fjármunir í húfi í skiptingu tekna milli ríkis og sveitarfélaga. Menn hafa einfaldlega verið að semja um það milli ríkis og sveitarfélaga. Það hefur tekið lengri tíma en ætlað var, en þó liggur ákveðin niðurstaða fyrir núna þó ekki allir séu sammála um hana. Það er mikill áfangasigur og 9,5 milljarðar til sveitarfélaga hlýtur að teljast áfangasigur.

[12:53]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir því sem ég best veit hefur sameiningarnefndin ekki skilað neinum tillögum enn þá og fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni hafa ekki upplýst um hvaða tillögur verða fram settar, því mér skilst að þeir séu bundnir trúnaði um tillögurnar þangað til þær eru lagðar fram.

Fram kom í ræðu hv. þingmanns að verið væri að fara í að sameina sveitarfélög að frumkvæði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Það er alveg rétt, eins og fram kom hjá hv. þingmanni, að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur verið áhugasamt um að efla sveitarstjórnarstigið og stækka sveitarfélögin. En að eingöngu hafi komið fram ósk um það frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga að sameina sveitarfélög og það sé ástæðan fyrir því að við séum að fara af stað með sameiningarátakið, ég er fákunnandi ef eingöngu hefur verið beðið um það af hálfu Sambandi íslenskra sveitarfélaga á Íslandi að sameina sveitarfélög. Ef ekkert hefur verið minnst á að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga og ekkert verið kvartað yfir þeirri tekjuskiptingu sem nú ríkir verð ég að segja eins og er að fulltrúar okkar í Sambandi íslenskra sveitarfélaga í viðræðum við ríkið standa sig ekki ef þeir koma ekki fram þeirri óánægju sem er í grasrótinni með tekjuskiptinguna og ef þeir koma ekki fram þeirri óánægju sem er í grasrótinni með verkaskiptinguna.

Hv. þingmaður sagði að 70% af verkefnum væri hjá ríki og 30% hjá sveitarfélögum og menn yrðu að gera átak í að breyta því. Ég hélt að það væri það sem menn ætluðu að gera í átakinu, því það eitt að stækka sveitarfélög sem eru í rekstrarlegum vanda, eiga ekki tekjur, hafa ekki tekjur fyrir gjöldum og safna halla frá ári til árs, það að sameina þau í stærra sveitarfélag að öllu óbreyttu eflir ekki sveitarstjórnarstigið. Það getur ekki eflt sveitarstjórnarstigið að steypa saman skuldugum og veikum sveitarfélögum án þess að nokkuð sé gert í tekjuskiptingu og án þess að nokkuð sé gert í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þessu hlýtur hv. þingmaður að vera mér sammála um.

[12:55]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú hefur það margoft komið fram í umræðunni, en samt rétt að nefna það einu sinni enn, að tekjustofnanefnd tók sér góðan tíma. Hvers vegna tók hún sér góðan tíma? Vegna þess að menn voru að ræða um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar voru skiptar skoðanir en enginn hefur haldið því fram að sveitarfélögin séu ofhaldin af stöðu sinni. Þess vegna tók það langan tíma. Þess vegna liggur fyrir að sveitarfélögin fá 9,5 milljarða innspýtingu á næstu þremur árum og það sem meira er, á hverju ári eftir það 1,5 milljarða til viðbótar. Það er ákveðin niðurstaða sem er fengin með þessu þó auðvitað hafi sveitarstjórnarmenn viljað sjá meira. Þetta er þó sú niðurstaða sem blasir við og er mjög merkilegur áfangi.

Hvað varðar tillögur sameiningarnefndar hefur verið margfarið yfir það að þær voru unnar afskaplega lýðræðislega. Það verður því miður að segja að of margir sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum létu hjá líða að svara sameiningarnefnd og láta hana vita af afstöðu sinni. Hins vegar verða tillögurnar kynntar. Meginatriðið í þessu er auðvitað að íbúar sveitarfélaganna fá að segja skoðun sína, væntanlega að lokinni ítarlegri kynningu á kostum og göllum sameiningarinnar. Íbúarnir eiga að taka þá ákvörðun en ekki einstakir sveitarstjórnarmenn sem kunna að horfa á málið öðrum augum en hinn almenni íbúi í sveitarfélögunum.

Menn verða hins vegar að horfa á heildarmyndina. Verkefnið heitir: Að efla sveitarstjórnarstigið. Færa verkefni frá ríki til sveitarstjórna (Forseti hringir.) og gera sveitarstjórnarstigið öflugra.

[12:57]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í Suðurnesjaumræður, þær eru of viðkvæmar til þess að ég fari að skipta mér af þeim. En ákveðinn þáttur í ræðu hv. þingmanns vakti sérstaka athygli mína er varðaði áherslur hans á það hvernig verkefni skiptast á milli ríkis og sveitarfélaga. Þar er hárrétt áhersla og einnig sú ábending hv. þingmanns að ákvarðanir hér væru miðstýrðari en víða annars staðar og valddreifing þar af leiðandi minni.

Þetta er kjarni málsins. Þetta er hið stóra verkefni og það sem við þurfum að horfa á til framtíðar. Þess vegna vil ég vekja sérstaka athygli á þessu því mér fannst áherslur í ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, samflokksmanns hv. þingmanns, vera nokkuð aðrar þar sem hv. þingmaður var miklu fastari í nútímanum en horfði ekki með sama hætti til framtíðar og hversu mikilvægt það væri einmitt að snúa hlutföllunum við.

Ég vil því spyrja hv. þingmann hvort það sé ekki rétt mat að til þess að við náum þeim markmiðum fram þurfum við að stíga miklu stærri skref. Nú er ég auðvitað að reyna að leiða umræðuna svolítið inn í framtíðina, en ég vil að við stígum miklu stærri skref en við raunverulega náum að gera tillögur um í þessum áfanga þannig að við getum snúið hlutföllunum við og fært stór og mikil verkefni til sveitarfélaganna, stækkum þau um leið og breytum í grundvallaratriðum tekjustofnum þeirra. Ég held að þetta leysist ekki öðruvísi og spyr hvort hv. þingmaður sé ekki sammála mér um að þetta sé sú framtíðarsýn sem við eigum að hafa gagnvart þessum málum og spyr hv. þingmann jafnframt að því hvort hann sé ekki líka sammála mér um að full ástæða sé til þess, þó það sé ekki nema í þingflokki framsóknarmanna, að ræða þessi mál svolítið nánar.

[12:59]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta hefur verið og mun verða rætt í þingflokki framsóknarmanna eins og hjá Samfylkingunni. Ég tek undir þau framtíðarsjónarmið sem talsmaður Samfylkingarinnar nefndi. Það er akkúrat framtíðin sem við eigum að horfa á, horfa á eflingu sveitarstjórnarstigsins með því að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Til þess að það sé hægt verðum við að stækka sveitarfélög eins og margsinnis hefur komið fram. Til þess að það sé hægt þarf líka að finna réttan verðmiða á þau verkefni sem fara frá ríki til sveitarfélaga.

Nú hefur komið fram í máli stjórnarmanna hjá Sambandi sveitarfélaga að tekjuskiptingin, í kjölfar þess að grunnskólinn fór yfir, hafi verið rétt þótt ýmsir hafi fullyrt að svo væri ekki. Talsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga fullyrða að svo hafi verið þegar upp var staðið. Til þess að verkefnin geti farið yfir þá þurfa sveitarfélögin að vera af þeirri stærðargráðu að þau ráði við verkefnin. Tekjuskiptingin þarf að vera óumdeild og að því hafa menn unnið.

Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra liggja fyrir hjá ríkisstjórninni tillögur verkefnisstjórnar, sem m.a. formaður Sambands sveitarfélaga situr í, um hvaða verkefni mætti flytja frá ríki til sveitarfélaga. Ég tel að nái þau að verða að veruleika og færast yfir til sveitarfélaganna eins og gerast á í náinni framtíð samkvæmt upphaflegu plani þá sé um mikla byggðaaðgerð að ræða. Við erum að tala um að efla sveitarstjórnarstigið og auka þjónustustig innan sveitarfélaganna með þessu. Þeirri skoðun deili ég með hv. þingmanni.

[13:01]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fagnaðarefni að hv. þingmaður hafi svipaða framtíðarsýn og ég varðandi framtíð sveitarfélaganna og verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga. Það er líka að hluta til þess vegna held ég sem menn settu upp það ferli sem við ræðum um núna, þ.e. að horfa á þetta heildstætt: sameiningu sveitarfélaga, tekjustofna og verkefnaflutning. Það er auðvitað ekki hægt að neita því að það veldur vonbrigðum að hinir þættirnir, þ.e. tekjustofnarnir og verkefnaflutningurinn, skuli ekki vera kominn lengra og hafi ekki náð vissum áfanga sem settur sé fram í skýrslu eða öðru slíku þannig að menn gætu skoðað myndina í heild sinni.

Hv. þingmaður sagði í ræðu sinni að menn blönduðu hér öllu saman en það er eðlilegt að menn blandi þessu saman vegna þess að þetta sameiginlega hlýtur að vera það sem byggir upp traustið á milli aðilanna, eins og ég reyndi að sýna fram á í ræðu minni að væri grundvöllurinn að því að ná þessum markmiðum.

Ég sagðist óttast og hafa áhyggjur af því að þær tillögur sem nú liggja fyrir séu því miður enn einu sinni bráða-

birgðaredding og að þar sé tekið lítið skref til framtíðarinnar varðandi tekjustofnana. Ég óttast að það hafi áhrif á sameiningarferlið og á þær tillögur sem sameiningarnefndin leggur fram. Ef við náum ekki sveitarstjórnarmönnunum með þá er borin von að við náum því markmiði sem sett er í þeim tillögum.

Ég leyfi mér að spyrja hv. þingmann hvort hann sé ekki sammála mér um að eðlilegt sé að nýta þann tíma sem fram undan er til að endurskoða og skapa vonandi nýjan grundvöll í lok apríl. Væri ekki eðlilegt að við horfðum til að þar yrðu stigin einhver skref þannig að við næðum a.m.k. að tryggja samstöðu um að láta þær tillögur sem sameiningarnefndin hefur lagt fram fylgja með þannig að við fáum sveitarstjórnirnar í lið með okkur við að berjast fyrir þeim?

[13:04]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að ég geti deilt þeirri skoðun með hv. þingmanni að það er mikilvægt að vanda sig í þessu. Þess vegna hefur verkefnið tekið lengri tíma en ætlað var, af því að menn vanda sig.

Það hefur komið mér á óvart, og örugglega líka hv. þingmanni, að hin formlegu samskipti ríkis og sveitarfélaga í gegnum tíðina, í áratugi, hafa ekki verið mjög formleg og ekki sem skyldi. Eitt af því sem fram kemur í tillögunum er að menn eru staðráðnir í að koma því á með formlegri hætti, bæta þessi samskipti til að byggja upp traustið. Þegar það traust hefur verið skapað eru samskiptin orðin eðlilegri og meiri sveigjanleiki í samskiptum milli ríkis og sveitarfélaga.

Varðandi verkefnatilflutninginn þá liggja tillögur verkefnisstjórnar á borði ríkisstjórnarinnar. Það var aldrei gert ráð fyrir því að þau kæmust strax á, fyrst yrðu sveitarfélögin stækkuð og síðan yrðu verðmiðarnir fundnir. Hins vegar er unnið að því sérstaklega í heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti að undirbúa flutning á þessum velferðarpakka sem er gífurlega stór með það í huga að færa hann frá ríkinu og yfir til sveitarfélaga. Sérstök nefnd innan heilbrigðisráðuneytisins skoðar þann þátt og sérstakur verkefnisstjóri innan félagsmálaráðuneytisins skoðar þeirra þátt. Sú vinna er öll í fullum gangi. Ég trúi því að þegar sameiningarferlinu lýkur, ég trúi ekki öðru heldur en tekjuskiptingardeilurnar þær verði settar niður þótt þær haldi áfram, fari menn á fullu í að færa verkefnin yfir. Þar með styrkjum við byggðir landsins, einstök sveitarfélög og hækkum þjónustustig við almenning í landinu.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:06]

Umræður utan dagskrár.

Staða íslensks skipasmíðaiðnaðar.

[13:31]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég ætla að ræða stöðu skipasmíðaiðnaðarins. Hæstv. iðnaðarráðherra er mætt en ég hefði gjarnan viljað að bæði hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. dómsmálaráðherra hefðu verið viðstaddir til að geta skýrt sína hlið í umræðunni.

Skipasmíðar og þjónusta við skip eiga sér langa sögu hér á landi og á köflum hefur blómlegur iðnaður dafnað á þessu sviði sem hefur skapað þúsundir starfa í landinu og verið þjóðhagslega mjög ábatasöm atvinnugrein. Nú um langt árabil hefur skipasmíðaiðnaðurinn hins vegar átt í erfiðleikum og nýsmíði stærri skipa að langmestu farið úr landi. Er staðan varðandi meiri háttar viðhald og endurbætur litlu skárri.

Við þingmenn Vinstri grænna höfum á undanförnum þingum vakið athygli á stöðu skipasmíðaiðnaðarins og flutt tillögur um hvernig mætti efla hann og styrkja. Í framhaldi af umræðum í þinginu og úti í samfélaginu var árið 2002 efnt til samstarfsverkefnis iðnaðarráðuneytisins og Samtaka iðnaðarins um að kanna raunveruleg starfsskilyrði skipasmíðaiðnaðarins og úttekt á stöðu greinarinnar og þá voru gerðar tillögur til úrbóta. 2003 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að kanna samkeppnisstöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar gagnvart öðrum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu. Skýrsla kom út nú í febrúar. Þar er bent á ýmis atriði sem mismuna íslenskum iðnaði, svo sem í endurgreiðslum aðflutningsgjalda og óbeinum niðurgreiðslum í formi þróunarkostnaðar við hátækniiðnað svo að nokkuð sé nefnt. Ekki hefur skort á nefndirnar til að kanna þessi mál og gera tillögur. En hver er svo veruleikinn?

Nýverið bauð Landhelgisgæslan út viðgerð á tveim varðskipum, óskaverkefni fyrir íslenska iðnaðarmenn, rafvirkja og trésmiði. Tilboð bárust m.a. frá tveim íslenskum skipasmíðastöðvum og frá einni pólskri sem bauð 275 millj. kr. í verkið. Slippstöðin á Akureyri var með 13 millj. kr. hærra boð. Ríkiskaup ákváðu að hafna öllum boðunum en gengu til samninga við pólsku skipasmíðastöðina. Kunnugir fullyrða að sá munur, þessar 13 millj., sé bara brot af ferðakostnaðinum við að fara með skipin út. Ekkert var rætt við Slippstöðina þó svo að öllum tilboðum hefði verið hafnað. Áhöld eru um hvort það hafi nokkuð verið skylt að bjóða þetta verkefni út á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nú virðist hafa verið samið við pólsku skipasmíðastöðina. Auðvitað vekur þetta hörð viðbrögð. Þetta vekur hörð viðbrögð Samtaka iðnaðarins og landsbyggðarinnar, Akureyrar, þar sem íslenska skipasmíðastöðin, Slippstöðin, er staðsett. Þetta vekur hörð viðbrögð alls staðar í samfélaginu. Og menn velta fyrir sér: Er það t.d. satt að kostnaðaráætlun íslenskra stjórnvalda á þessu verki hafi einungis numið 60–70% af lægsta boði? Getur það verið að íslensk stjórnvöld reikni með launum eins og þau gerast verst við Kárahnjúka og það sé viðmiðunin í launakostnaðinum þegar verið er að áætla hann? Ég krefst þess að birt verði sundurliðun á upphaflegri kostnaðaráætlun Ríkiskaupa og þar með talinn heildarvinnustundafjöldi og áætlaður launakostnaður við verkið til að við sjáum í hverju þessi munur felst. Eða eru það kannski kaup og kjör Kárahnjúkaflokkanna sem nú á að pína inn í íslenskan skipasmíðaiðnað?

Ég geri mér grein fyrir því að útboð nú á viðgerðum á Týr og Ægi snerta beint þrjá ráðherra, hæstv. dómsmálaráðherra sem yfirmann Landhelgisgæslunnar og verkkaupa, hæstv. fjármálaráðherra, yfirmann Ríkiskaupa, og svo hæstv. iðnaðarráðherra sem fer með málefni skipasmíða-

iðnaðarins, samkeppnismál og byggðamál. Það væri því æskilegt að þau kæmu hér, hvert og eitt, og svöruðu fyrir sinn þátt í þessu máli, framgang skipasmíðaiðnaðar í landinu og aðkomu þar að.

Eftir klúðrið á viðgerð varðskipanna Ægi og Týr árið 2001 gengu iðnaðarráðuneytið og Samtök iðnaðarins frá sameiginlegri stefnu varðandi opinber innkaup á þessu sviði og ákvæði um að komið skyldi á formlegu samráði skipasmíðaiðnaðarins og viðkomandi stjórnvalda um framkvæmd opinberra útboða. Manni er spurn: Hvað hefur orðið af þessu samráði? Hvernig birtist það við framkvæmd útboðs á þeim skipum sem nú er verið að semja um viðgerð á erlendis? Hvar er það samráð sem þarna var samþykkt af hálfu stjórnvalda og Samtaka iðnaðarins? Maður veltir fyrir sér hvort ráðherra muni beita sér fyrir því að kanna hvort og þá hvers vegna (Forseti hringir.) hagsmunir íslensks skipasmíðaiðnaðar og þar með þjóðarinnar allrar hafi vísvitandi eða af gáleysi (Forseti hringir.) verið fyrir borð bornir í síðustu samningum.

[13:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Umræðuefnið hér er samkeppnisstaða skipaiðnaðarins. Vil ég því byrja á að fara stuttlega yfir þróunina hvað varðar skipaiðnaðinn, bæði hér á landi sem og innan ESB og Evrópska efnahagssvæðisins.

Skipasmíðaiðnaður hér á landi hefur dregist saman nokkur undanfarin ár. Sé litið aftur til ársins 2000 voru um 850 manns starfandi í innlendum skipasmíðaiðnaði en í fyrra var talan komin niður í um 560 manns. Hefur þessi þróun m.a. orðið vegna breytinga á samsetningu íslenska fiskiskipaflotans auk annarra utanaðkomandi þátta. Innan ESB voru leyfðir ríkisstyrkir í skipasmíðaiðnaði allt til ársloka 2000 þegar svokallaðir rekstrarstyrkir til skipasmíða voru felldir niður í aðildarlöndum ESB og þar með á Evrópska efnahagssvæðinu. Þó var leyfð aðlögun að banni við ríkisstyrkjum sem leiddi til þess að hægt var að fá slíka styrki greidda út allt til ársins 2003. Þessi niðurfelling framleiðslutengdra ríkisstyrkja til skipaiðnaðarins innan ESB opnaði fyrir nýjan möguleika fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað og sýndi í raun fram á samkeppnishæfni hans, þ.e. ef alþjóðleg samkeppni er stunduð á grunni jafnræðis. Nokkurrar bjartsýni gætti því hjá innlendum aðilum á þessum tíma allt þar til fréttir tóku að berast frá ESB um nýjar leikreglur fyrir skipaiðnaðinn.

Í árslok 2003 staðfesti framkvæmdastjórn ESB nýjan starfsramma fyrir skipasmíða- og skipaviðgerðaiðnaðinn undir fyrirsögninni „LeaderSHIP 2015“. Það var ákveðið að skilgreina skipaiðnað á EES-svæðinu sem hátækniiðnað og því verður heimilt að greiða niður allt að 20% af þróunarkostnaði viðkomandi skips. Evrópskir samkeppnisaðilar virðast nú þegar hafa nýtt sér þessar heimildir með þeim afleiðingum að þeir bjóða lægra verð. Þetta kann að gera samkeppnisstöðu íslenskra skipasmíðastöðva erfiðari. Því tel ég mikilvægt að íslensk stjórnvöld fylgist vel með áframhaldandi þróun og vinni frekari úttektir á þessu máli.

Hæstv. forseti. Um mitt ár 2003 skipaði ég nefnd sem átti m.a. að kanna breytingar á starfsskilyrðum skipasmíðaiðnaðarins hér á landi þar sem áhersla væri lögð á að greina gæti keppt við erlenda keppinauta á grunni jafnræðis. Nefndin var skipuð fulltrúum frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Samtökum iðnaðarins og skipaiðnaðinum. Skýrslu nefndarinnar var skilað til mín í febrúar 2005. Helstu niðurstöður voru:

1. Endurgreiðslur aðflutningsgjalda verði 6% í stað 4,5%, eins og þær eru nú.

2. Umrædd endurgreiðsluprósenta verði leiðrétt afturvirkt þannig að í stað 4,5% endurgreiðslu gildi 6% frá og með árinu 2002.

3. Lagagrunnur verði treystur.

4. Stjórnvöld taki afstöðu til þess á grunni frekari úttekta hvort farin verði hér á landi sú leið sem gert er ráð fyrir í LeaderSHIP 2015 og leiðbeinandi reglum ESB.

5. Tryggt verði að alþjóðlegar viðgerðar- og viðhaldskröfur verði uppfylltar.

Þessar niðurstöður nefndarinnar hef ég kynnt fyrir ríkisstjórn og mun fylgja því fast eftir að farið verði eftir meginniðurstöðum nefndarinnar hvað endurgreiðsluhlutfall aðflutningsgjalda varðar.

Hæstv. forseti. Íslenskur skipasmíðaiðnaður veitir fjölda manns atvinnu. Mikill iðnaður dafnar enn fremur við hlið skipasmíðaiðnaðarins. Því er ekki eingöngu um að ræða skipaiðnað í þrengstu merkingu, heldur ekki síður um grundvöll og framtíð annarrar tækni- og veiðarfæraframleiðslu sem honum tengist. Íslenskur skipaiðnaður hefur sýnt það hin síðustu ár að hann er fyllilega samkeppnishæfur við erlenda keppinauta hvað verð og gæði varðar. Dæmin sanna að það bil sem var milli innlendra og erlendra aðila í þessum iðnaði er nær horfið og má vitna til orða forsvarsmanna meðal bæði íslenskra útvegsmanna og íslenskra skipasmíðastöðva sem taka undir þá fullyrðingu. Er sú þróun einkar ánægjuleg.

Markmið mitt sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra er að búa iðnaðinum þau starfsskilyrði að samkeppni við erlenda keppinauta fari fram á grunni jafnræðis. Því markmiði mun ég leitast við að fylgja eftir með úrbótum (Forseti hringir.) sem byggja á fyrrgreindu nefndaráliti.

[13:42]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra var að tala um að ársverk í skipaiðnaði væru ef ég heyrði rétt fimm hundruð og eitthvað. Ársverk í skipaiðnaði voru á árunum frá 1977–1987 rétt innan við og yfir þúsund á ári. Síðan hefur þessum iðnaði hrakað með þeim ósköpum sem við höfum séð. Hvers vegna er það? Það er vegna þess að menn hafa látið aðrar þjóðir sem keppa við okkur á þessum markaði hafa af okkur verkefnin. Þau hefðu verið til staðar á Íslandi ef við hefðum verið samkeppnisfær með verð — og af hverju erum við það ekki? 1993 komst nefnd á vegum stjórnvalda að þeirri niðurstöðu að Norðmenn greiddu niður skipasmíðaiðnaðinn hjá sér sem svaraði 33% í samkeppni milli landanna um þennan iðnað. Við létum hlutina gerast svona. Hér sögðu menn að við hefðum ekki efni á þessari samkeppni. Halda menn virkilega að Norðmenn séu svo vitlausir að þeir viti ekki hvað þeir eru að gera?

Það var reiknað út á þessum árum að u.þ.b. 40% niðurgreiðslna væru bókstaflega í hag vegna afleiddra starfa og

annars slíks sem fylgdi þessum iðnaði. Auðvitað er þetta grunnundirstöðuiðnaður, hátækniiðnaður hér. Stjórnvöld hafa allan tímann brugðist í því að styðja hann. Hann hefur verið á hausnum. Stöðvarnar eru lokaðar. Menn smíða sumarbústaði í þessum stöðvum sem eru í gangi og aðrar hafa farið á höfuðið og eru ekkert í skipasmíði. Það eru örfá (Forseti hringir.) störf í gangi víðast hvar.

[13:44]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er gleðilegt að íslenskur skipasmíðaiðnaður er orðinn samkeppnishæfur við þann pólska en hann hefur verið helsta samkeppnisógnin á þessum markaði. Sá litli munur sem var á tilboðum Slippstöðvarinnar á Akureyri og pólskrar skipasmíðastöðvar er skýrt dæmi um þetta. Eins hafa íslenskir útgerðarmenn valið að semja við íslenskar skipasmíðastöðvar frekar en þær pólsku. Það segir einmitt stóra sögu um hvernig einkamarkaðurinn hagar sér í samkeppnisumhverfi. Það eru þó ákveðin vonbrigði að ekki var fylgt eftir þeim tillögum sem urðu til í samvinnu Samtaka iðnaðarins og iðnaðarráðuneytisins haustið 2002 eftir að málið kom upp 2001.

Hæstv. forseti. Ég legg til, til þess að við höfum stöðuna fyrir framan okkur, að ef það verður endanlegt að varðskipin fari til Póllands í viðgerð að þessu sinni (Gripið fram í.) verði Ríkisendurskoðun falið að fylgjast með endurbótum á varðskipunum í Póllandi og það verði kannað ofan í kjölinn hver verði endanlegur kostnaður fyrir íslenska ríkið. Það kæmi mér í það minnsta mjög á óvart ef það verður niðurstaðan þegar öll kurl koma til grafar að það tilboð sem við höfum nú á borðinu sýni réttan kostnað. Ríkisendurskoðun ætti að vera fullfær um til að skoða hvað er rétt í þessu efni. Það vita allir sem farið hafa með skip utan í slipp að það kostar mikið og fáir trúa því þeim tölum sem Ríkiskaup hafa nefnt í því sambandi. Ég tek undir það með forsvarsmönnum Slippstöðvarinnar að jákvæðni hafi vantað í þetta mál.

Hæstv. forseti. Það skiptir þjóðarbúið miklu máli að íslenskur iðnaður sé samkeppnisfær, ekki síst þegar horft er til viðhalds og smíði skipa. Auðvitað verður eyþjóð eins og við erum að horfa til þess. Ég fagna því að (Forseti hringir.) iðnaðarráðherra hefur því ákveðið að fylgja eftir þeim tillögum nefndarinnar sem hún hefur nú í höndum.

[13:47]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Tilefni þessarar umræðu er að við erum að verða vitni að því að íslensk stjórnvöld eru að senda stórt verk úr landi. Satt best að segja er ég hissa á því að hæstv. dómsmálaráðherra skuli ekki sjá sóma sinn í því að vera hér viðstaddur og skýra út hvernig standi á því að við erum að senda þetta stóra verk úr landi.

Við erum að ræða um tilboð í verk sem hefði farið fram norður á Akureyri því tilboð þeirra er einungis nokkrum milljónum króna dýrara en tilboðið sem kom frá Póllandi. En þegar öllu er á botninn hvolft og allur kostnaður skoðaður eru allar líkur á því að það hefði verið hagstæðara fyrir þjóðarhag og einnig fyrir Landhelgisgæsluna að taka tilboði íslensku skipasmíðastöðvarinnar.

Þetta er mjög sérstök ákvörðun, sérstaklega í ljósi þess að það finnast einungis nokkurra ára gömul dæmi um að verk sem Landhelgisgæslan sendi úr landi fór langt fram úr kostnaðaráætlun, annars vegar 60% fram úr kostnaðaráætlun og hins vegar, hitt skipið, 90%. Ef stjórnvöld hefðu lært eitthvað hefðu þau kappkostað að hafa verkið heima.

Þetta sýnir okkur að íslensk stjórnvöld læra ekki af reynslunni og það er mjög alvarlegt. Ef við horfum eingöngu á þjóðarhag, á það ef allir þeir fjármunir sem við erum núna að sturta út úr hagkerfinu alla leið til Póllands hefðu runnið hingað til iðnaðarmanna á Íslandi og hringlað hér í hagkerfinu, hefði íslenskt þjóðfélag staðið mun betur eftir og þjóðarhag verið mun betur borgið.

[13:49]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að taka upp þetta mikilvæga mál. Íslenskur skipaiðnaður á í harðri samkeppni við erlendar skipasmíðastöðvar og það hljóta að teljast alvarleg ámæli fyrir ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutann að standa þannig að útboði á löngu tímabærum viðgerðum á varðskipunum Ægi og Týr að við missum þær úr landi.

Til að kóróna verknaðinn má harðlega deila um hvort besta eða lægsta útboðinu hafi verið tekið ef tillit er tekið til álags og kostnaðar við að láta viðgerðirnar fara fram erlendis í stað þess að taka tilboði Slippstöðvarinnar á Akureyri og hafa framkvæmdirnar hér á landi. Hvar er byggðapólitík ríkisstjórnarinnar? Er skipaiðnaðurinn ekki nægilega stór fyrir hæstv. byggðamálaráðherra? Dugar ekkert minna en stóriðjustefna og álver til að ná athygli ríkisstjórnarinnar? Hvar er stuðningurinn við innlendan iðnað?

Þótt ótrúlegt sé stendur íslenskur skipaiðnaður faglega vel að vígi. Ótrúlegt, segi ég, þar sem iðnnám hefur staðið höllum fæti hér um langan tíma. Og þótt ótrúlegt sé stenst íslenskur skipaiðnaður samanburð við erlend tilboð frá löndum sem hafa aðgang að ódýru vinnuafli, eins og tilboð Slippstöðvarinnar sýnir. Vandamálið við útboðið og þá ákvörðun að taka ekki samanburðarhæfu tilboði Slippstöðvarinnar í stað þess pólska er að enginn þeirra þriggja ráðherra sem málið varðar telur sig bera ábyrgð á verknaðinum.

Hæstv. forseti. Ég hélt að við hefðum lært af mistökunum við útboð á viðgerðum varðskipanna fyrir þremur árum. Var sameiginleg stefnumótun iðnaðarráðuneytis og Samtaka iðnaðarins í framhaldi af því eingöngu til að friðþægja og veita íslenskum skipaiðnaði falskt öryggi? Ég spyr hæstv. byggðamálaráðherra hvort tekið hafi verið tillit til þess sem hún (Forseti hringir.) tilkynnti hér áðan um þá niðurstöðu að endurgreiða (Forseti hringir.) aðflutningsgjald og það yrði afturvirkt til 2002 (Forseti hringir.) ... þetta tilboð?

[13:51]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða almennt um stöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar enda er yfirskrift þessarar umræðu á þann veg. Því miður hefur það borið við í umræðunni að nær allir þingmenn sem hér hafa tekið til máls hafa

ákveðið að ræða sérstaklega um útboð Ríkiskaupa fyrir hönd Landhelgisgæslunnar varðandi varðskipin Týr og Ægi. Það mál snertir ekki hæstv. iðnaðarráðherra. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Ríkiskaup heyra ekki undir hæstv. iðnaðarráðherra. (Gripið fram í.) Málefni Landhelgisgæslunnar heyra ekki sérstaklega undir hæstv. iðnaðarráðherra. (**Gripið fram í:** Skipasmíða...) Hví beina hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar og fleiri þá máli sínu til hæstv. iðnaðarráðherra í þessari umræðu? Slíkt er firra og stjórnskipulega rangt, enda hef ég óskað eftir umræðum utan dagskrár um þetta málefni við hæstv. fjármálaráðherra sem er yfirmaður Ríkiskaupa (Gripið fram í.) sem fór með þetta mál.

Hæstv. forseti. Almennt um skipasmíðaiðnaðinn í þessu landi. Ég fagna yfirlýsingum hæstv. iðnaðarráðherra um að nú stendur fyrir dyrum að bæta starfsumhverfi iðnaðarins. Við hljótum að fagna því. Ég hélt að þessi umræða snerist um það málefni. Það er nauðsynlegt að bæta umhverfi skipasmíðaiðnaðarins hér á landi og ég fagna því að byggja eigi á vinnu nefndar sem hagsmunaaðilar skipuðu og skilaði af sér í febrúar síðastliðnum og styð hæstv. ráðherra í því.

Ég vil segja að lokum, hæstv. forseti, að það er einkennilegt í ljósi stefnu Vinstri grænna í iðnaðarmálum að hv. þingmenn þess flokks hafi sérstakar áhyggjur af iðnaðinum í landinu. (**ÞBack:** Ha?) Það stjórnmálaafl hefur sett sig algjörlega upp á móti framkvæmdum sem snúa að iðnaðaruppbyggingu á Austurlandi og hvert er það fyrirtæki sem hefur notið hvað mest góðs af því? Ég sé að hv. þm. Þuríður Backman (Forseti hringir.) hlær hér. Það er Slippstöðin á Akureyri sem er með tugi manna (Forseti hringir.) í vinnu á Akureyri við uppbyggingu iðnaðar (Forseti hringir.) á Austurlandi. Það er sárgrætilegt, hæstv. forseti, (Forseti hringir.) að hv. þingmaður skuli hlæja að þessu.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti verður að áminna hv. þingmenn um að virða þann ræðutíma sem ákveðinn er í þessari umræðu.)

[13:54]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Íslenskur skipasmíðaiðnaður situr ekki við sama borð og erlendur skipasmíðaiðnaður. Það er enn þá skekkja upp á 4–5% þrátt fyrir skýrsluna sem iðnaðarráðherra er loksins komin með í hendurnar en ekkert hefur verið gert með síðustu þrjú árin. Opinberir skattar á Íslandi af þessari atvinnustarfsemi skekkja samkeppnishæfni. Eigum við að taka eitt dæmi, stimpilgjöldin? Segjum sem svo að íslensk skipasmíðastöð þyrfti að taka t.d. 200 millj. kr. að láni til að framkvæma svona verk. Þá eru 3 millj. í stimpilgjöld til ríkissjóðs. Flutningsskattarnir á efni og aðföngum í slíka vinnu, sama hvort það er frá Evrópu til Íslands eða frá Reykjavík til Akureyrar, eru svimandi háir. Ríkissjóður tekur því til sín skatt af þessari starfsemi á einn eða annan hátt sem skekkir samkeppnishæfnina.

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að varðskipin komi inn í þessa umræðu, slík er reiði og hneykslun manna á því sem hér hefur gerst. Ég verð því miður að gagnrýna mjög vinnubrögð Landhelgisgæslunnar og ráðgjafa hennar við þetta mál, þ.e. að gera kostnaðaráætlun upp á rúmar 190 millj. og fá tilboð í verkið upp á 274 með eldgömlum útboðsgögnum og segja svo um að það sé vegna hækkunar á stáli. Stál er sáralítill þáttur í þessu verkefni. Ég er því mjög undrandi á þessum vinnubrögðum Landhelgisgæslunnar. Má ég minna á það, virðulegi forseti, að verkefnið sem var unnið 2001 fór 12% fram úr áætlun og hellingur af aukaverkum kom þar inn sem var ekki í útboðsgögnum sem ég leyfi mér að ætla að hafi öll verið fyrirsjáanleg. Af hverju var það ekki í útboðsgögnum?

Ég tek undir með hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur og ég vil segja það líka að mér finnst full ástæða til að athuga hvort ekki sé eðlilegt að láta Ríkisendurskoðun fara í gegnum vinnulag Landhelgisgæslunnar, vinnuferla (Forseti hringir.) í þessu máli. Ég tel fulla ástæðu til þess.

[13:56]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég tek undir það að hörmulegt var að þetta verk skyldi ekki vera unnið á Akureyri, viðhald og endurbætur á varðskipunum, eins og við höfðum öll vonast eftir. Þetta er orðið langt stríð fyrir Slippstöðina á Akureyri og skipasmíðaiðnaðinn í heild sinni. Auðvitað hefur hann orðið fyrir mjög þungum áföllum vegna þess að hann hefur keppt við iðnað niðurgreiddan í öðrum löndum.

Mér þótti það athyglisvert sem fram kom í ræðu hæstv. iðnaðarráðherra að hún skuli telja að ekki sé allt með felldu um samkeppnisstöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar og skipasmíðaiðnaðar á hinu Evrópska efnahagssvæði. Hið sama hefur raunar komið fram hjá Samtökum iðnaðarins. Þannig skildist mér á hæstv. ráðherra að á ný hefðu verið teknir upp styrkir til skipasmíðaiðnaðar á Evrópska efnahagssvæðinu, að vísu afmarkaðir styrkir, og til þróunarstarfsemi, skildist mér, í nýsmíði skipa. En jafnframt virtist mér á hæstv. iðnaðarráðherra að svo virtist sem þetta nýja styrkjakerfi nýttist í óeðlilegri samkeppni, m.a. varðandi það verk sem nú var boðið út fyrir Landhelgisgæsluna þannig að styrkirnir nýtist í sambandi við eðlilegt viðhald eða endurbætur á skipum. Ég tel óhjákvæmilegt af þessum sökum að kanna til þrautar hvort brögð séu í tafli, hvort hin pólska skipasmíðastöð hafi gengið á svig við reglur Evrópusambandsins og hvort við séum enn að berjast við Evrópusambandið á óeðlilegum grundvelli vegna þess að aðrar þjóðir standa ekki að samkeppnisreglunum með sömu festu og við. Undir því er framtíð íslensks skipasmíðaiðnaðar komin að við höldum betur á okkar málum næst og gefum skipasmíðaiðnaðinum (Forseti hringir.) tækifæri til að þroskast og þróast.

[13:58]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það fór eins og mig grunaði að þegar við áttum að ræða um skipasmíðaiðnaðinn á Íslandi í stóru samhengi þá fóru menn að rífast um varðskip Landhelgisgæslunnar, skipasmíðastöð í Póllandi, og síðan að skamma hver annan eftir gömlum og áður þekktum nótum.

Það er að sjálfsögðu sorgarsaga hvernig íslenskum skipasmíðaiðnaði hefur hnignað á mörgum undanförnum árum. Hv. þm. Jóhann Ársælsson fór yfir þetta áðan. Á árunum 1977–1987 hefur ársverkum fækkað um á að giska þúsund hafi ég tekið rétt eftir. Núna vinna aðeins um 500

manns við þennan iðnað og sennilega er sú tala ofmat.

Ég hygg að vandi íslenskra skipasmíðastöðva sé ekki fólginn í því að þær séu ekki samkeppnishæfar við erlendan iðnað. Ég tel að þær séu fyllilega samkeppnishæfar, kannski á vissan hátt samkeppnishæfari en skipasmíðastöðvar í Evrópu því að skipasmíðastöðvar á Íslandi njóta jú eins, sem er mikill kostur að ég tel vera, þ.e. nálægðarinnar við viðskiptamennina sem eru að sjálfsögðu útgerðir á Íslandi.

Hins vegar megum við ekki gleyma því að íslenski fiskiskipaflotinn hefur breyst gríðarlega á mjög mörgum undanförnum árum. Kunnugir þurfa ekki annað en að skoða Sjómannaalmanakið til sjá hvernig íslenski skipaflotinn lítur út í dag og hugsa síðan til baka, 10–25 ár og rifja upp hvernig flotinn leit út þá. Á þessu árabili hefur fækkað gríðarlega í hinum svokallaða vertíðarflota. Þar hefur skipum fækkað mjög. Þetta eru þau skip sem voru algengustu viðskiptavinir í íslenskum skipasmíðastöðvum á árum áður. Þessi skip eru nánast horfin. Það hefur leitt af sér mikinn samdrátt og komið okkur inn í ákveðinn vítahring. Verk hafa dregist saman, tækifærunum hefur fækkað og ég hygg að verkkunnátta hér í landi sé núna í stórhættu þegar (Forseti hringir.) skipasmíðaiðnaður er annars vegar og það er grafalvarlegt mál. En hér hafa stjórnvöld ekki (Forseti hringir.) staðið sína plikt.

[14:00]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka umræðuna. Hún sýnir fram á að enn er pottur brotinn í að tryggja réttarstöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar gagnvart samkeppni við skipasmíðar í öðrum löndum.

Ég vil í upphafi orða minna benda á þau góðu vinnubrögð sem hæstv. ráðherra hefur viðhaft í því að beita sér fyrir samráði við Samtök iðnaðarins árið 2002 og vinna tillögur til að fara eftir og eru til úrbóta og sömuleiðis að vinna þá skýrslu sem birtist í byrjun mars um atriði sem lutu að samkeppnisstöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar og er áfátt miðað við það sem er erlendis. Mér finnst þetta hafa verið góð vinnubrögð en það vantar að fylgja þeim eftir. Þar virðist potturinn vera fullkomlega brotinn, eða eins og segir í ályktun frá Samtökum iðnaðarins sem birtist í gær, með leyfi forseta:

„Því miður er eins og allur þessi ásetningur yfirvalda hafi gufað upp þar sem bæði útboðsgögn, samningsferlið og útreikningur í verki þessu“ — sem við vorum að ræða áðan — „eru sama marki brennd og fyrr.“

Enn fremur benda Samtök iðnaðarins á að það vanti vilja stjórnvalda til að taka á málinu. Það er ekki nóg að setja reglur og lög og benda á tillögur til úrbóta, ef ekkert er gert. Ég gagnrýni að ekkert skuli vera með samkomulagið gert. Ég styð þá hugmynd sem hv. þm. Halldór Blöndal nefndi að kannað verði hvort útboðið sem gert var á Akureyri sé löglegt, hvort iðnaður erlendis njóti þar niðurgreiðslna sem skekki samkeppnisstöðuna þannig að það útboð verði lægra. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Þetta er (Forseti hringir.) alla vega nauðsynleg umræða og vonandi kemst íslenskur skipasmíðaiðnaður betur frá þessu næst.

[14:03]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hlýt að lýsa ánægju með þann mikla áhuga á íslenskum skipasmíðaiðnaði sem fram kom hjá hv. þingmönnum og skiptir vissulega miklu máli. En auðvitað fór það eins og mig grunaði að umræðan mundi snúast meira og minna um viðgerðir á Týr og Ægi þó hún hafi ekki átt að vera um það afmarkaða málefni þar sem það heyrir ekki undir mig sem iðnaðarráðherra og ég hef margtekið fram að ég komi ekki að þeirri ákvörðun. Ég geri mér fulla grein fyrir að hv. þingmenn Vinstri grænna hafa einhverja sérstaka ánægju af því að skamma mig og ég kvarta ekkert undan því, ég tel mig alveg fullbúna til að takast á við þá í ræðustóli.

Fyrst við erum farin að tala um það mál tel ég að við verðum að sjá til þess að svona lagað gerist ekki aftur. Aðalatriðið í þeim tillögum sem nú liggja fyrir og mér voru afhentar fyrir örfáum vikum af hálfu nefndar sem ég skipaði til að fara yfir það hver samkeppnisstaða íslensks skipasmíðaiðnaðar væri er að hækka endurgreiðsluhlutfallið úr 4,5% upp í 6% af aðstöðugjaldi. Það skiptir verulega miklu máli. Það ánægjulega í þessu er að við sjáum ekki betur en íslenskur skipasmíðaiðnaður sé alveg u.þ.b. samkeppnishæfur, en fylgjast þarf með því sem gerist núna í tengslum við hina nýju ákvörðun innan Evrópusambandsins að hafa heimild til að styrkja verulega það starf sem getur kallast þróunarstarf í tengslum við nýsmíðar vegna þess að hættan er sú að svigrúm skapist og möguleikar á að misnota það ákvæði.

Hæstv. forseti. Í næstu viku verður áfram talað um þetta mikilvæga mál, (Forseti hringir.) en ég þakka fyrir umræðuna.

[14:05]

Útbýting:

Hegningarhúsið við Skólavörðustíg, 625. mál, svar dómsmrh., þskj. 977.

Mat á fasteignum og álagningarstofn fasteignaskatts, 652. mál, þáltill. AtlG o.fl., þskj. 988.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 639. mál (kjördagur, sameining sveitarfélaga). — Þskj. 969.

[14:05]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram ágæt umræða í allan morgun um það frumvarp sem nú er til umræðu, um breytingu á sveitarstjórnarlögum, og fjallar í meginatriðum um að breyta þeim kjördegi sem gert var ráð fyrir til að kjósa um sameiningu sveitarfélaga. Ákveðið hafði verið að kjördagur yrði 23. apríl í fyrri samþykkt okkar á Alþingi en nú er lagt til að kjördagurinn verði færður aftur til 8. október, að því undanskildu að sveitarfélögin sem hafa unnið að sameiningarhugmyndum mjög ákveðið og með fullum þunga, Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Skorradalshreppur kjósi um

sameiningu sína þann 23. apríl.

Sameiningarnefndin hefur starfað í átakinu til eflingar sveitarstjórnarstigsins og full samstaða var um það í nefndinni að fara fram á að færa kjördaginn. Ástæðan var tvíþætt, annars vegar tók það lengri tíma en gert hafði verið ráð fyrir að ná samkomulagi í tekjustofnanefnd um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og því dróst að sameiningarnefnd kynnti endanlegar tillögur sínar. Hin ástæðan var sú að undirbúningur atkvæðagreiðslu um tillögur sameiningarnefndar er kominn mjög misjafnlega á veg. Gert er ráð fyrir því í tillögunni að samstarfsnefndirnar sem álíta að þær muni verða komnar betur af stað með tillögur sínar og gera ráð fyrir að geta kosið um sameiningu fyrir 8. október, að leyft verði að fara í gang með það ferli og ég tel það mjög heppilegt.

Við sem höfum starfað í átakinu um að efla sveitarstjórnarstigið hefðum viljað að verkefnið í heild gengi hraðar, ekki síst með tilliti til þess að sveitarstjórnarkosningar eru vorið 2006. Það er mikið álag á sveitarstjórnarmenn sem vinna að sameiningarmálum og því vildum við að undirbúningsferlinu væri lokið á góðum tíma fyrir sveitarstjórnarkosningar því eðlilega tekur undirbúningur væntanlegra kosninga mikinn tíma frá kjörnum fulltrúum.

Við skulum muna að þetta var niðurstaða fulltrúa úr sameiningarnefnd þar sem allir flokkar eiga fulltrúa sína innan borðs og fulltrúar sveitarfélaganna eru mjög öflugir í þeirri nefnd. Um þetta er því mjög góð samstaða, en meginmálið er að unnið verði áfram að verkefninu og að sem best samstaða náist meðal íbúa landsins um að sameina sveitarfélög. Eftir alla vinnuna við tillögugerð taka íbúar einstakra sveitarfélaga afstöðu til þeirra tillagna sem á endanum koma fram hjá sameiningarnefnd og verða væntanlega kynntar á morgun á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Átakið um eflingu sveitarstjórnarstigsins felur einkum í sér að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Að fækka fámennum sveitarfélögum með sameiningu sveitarfélaga og aðlaga tekjustofna sveitarfélaga að breyttum verkefnum og breyttri sveitarfélagaskipan. Ef tillögur sameiningarnefndar verða samþykktar hefur náðst verulegur áfangi í eflingu sveitarstjórnarstigsins og þá er hægt að snúa sér að því að flytja aukin verkefni til sveitarfélaganna.

Það hefur lengi legið í augum uppi að velferðarverkefni ýmiss konar ættu betur heima hjá sveitarfélögunum í nærumhverfi notendanna en hjá ríkinu. Ég nefni sérstaklega málefni fatlaðra þar sem búið var að vinna mjög öfluga vinnu við að flytja til sveitarfélaganna en náðist ekki samstaða um á lokastigum þess sem var búið að undirbúa fyrir tveimur til þremur árum, en nú skapast vonandi skilyrði til þess að sá málaflokkur verði fluttur til sveitarfélaganna. Einnig hafa fleiri málaflokkar verið ræddir, eins og fram hefur komið í umræðunni, sem eiga betur heima hjá sveitarfélögunum.

Hæstv. félagsmálaráðherra kynnti í morgun þær tillögur tekjustofnanefndar sem nú liggja fyrir. Ég tel að með þeirri niðurstöðu sem náðist í tekjustofnanefndinni séu komnar fram mjög góðar tillögur um að efla fjárhag sveitarfélaganna, sérstaklega þeirra sveitarfélaga þar sem sárast brennur. Auðvitað skiptir máli að sveitarstjórnarstigið í heild sé sem öflugast, ekki eingöngu stóru sveitarfélögin sem hafa það mikla tekjustofna að þau telja sig ekki þurfa að nýta þá til fulls. Þess vegna hefur vinnan að undanförnu hjá tekjustofnanefndinni snúið að því að koma með tillögur sem snúa að sveitarfélögum þar sem hefur verið rekstrarvandi og tekjuhalli sem á sér ýmiss konar uppruna og með verkefnið hefur verið unnið af fullum heilindum hjá tekjustofnanefndinni, sérstaklega á síðustu mánuðum. Nú eru því komnar mjög góðar tillögur sem hæstv. félagsmálaráðherra fór mjög vel yfir í morgun og ég ætla ekki að endurtaka það allt saman.

Hæstv. forseti. 9 milljarða ávinningur fyrir sveitarfélögin skiptir auðvitað gífurlega miklu máli. Það skiptir mjög miklu máli fyrir öll sveitarfélögin, en sérstaklega fyrir þau sem hvað höllustum fæti standa. Eins og einnig hefur komið fram í umræðunni eru varanleg áhrif af tillögunum 1,5 milljarðar á ári hverju og skiptir stóru og miklu máli fyrir sveitarfélögin.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður áfram mikið. Á meðan sveitarfélögin eru svo misjöfn að stærð og gerð og flatarmáli og ýmislegt annað sem ber á milli þegar borið er saman sveitarfélag og sveitarfélag, þá verður jöfnunarsjóðurinn að vera til staðar. Menn hafa gjarnan gagnrýnt það í umræðu á þinginu að jöfnunarsjóðurinn stækki og stækki og gegni sífellt meira hlutverki. En við því verður ekkert gert meðan sveitarstjórnarstigið og sveitarfélögin í landinu eru svo ólík sem raun ber vitni.

Menn hafa gjarnan tekið ýmis dæmi því til rökstuðnings. Ef við berum saman Raufarhöfn og Reykjavík eða Kópasker og Kópavog erum við auðvitað ekki að tala um sams konar sveitarfélög. Til þess þurfum við auðvitað að hafa jöfnunarsjóðinn til að takast á við það verkefni að jafna á milli sveitarfélaganna.

Jöfnunarsjóður hefur margþætt hlutverk. Eitt þeirra er að veita fólksfækkunarframlög. Á síðasta ári fengu 38 sveitarfélög fólksfækkunarframlög, sem segir þá sögu að vandi sveitarfélaganna er ekki síst af byggðalegum toga. Sá tilflutningur fólks í landinu sem orðið hefur gerir það að verkum, þegar íbúum sveitarfélaga sem byggt hafa upp ákveðna þjónustu fækkar, að færri eru eftir til að standa undir þeirri þjónustu sem sveitarfélögin eiga að veita.

Í umræðunni um tekjustofna sveitarfélaga var á tímabili talað um að hugsanlega ætti að hækka útsvarsheimildir sveitarfélaga. Reyndin er sú að 30 sveitarfélög hafa ekki fullnýtt útsvarsheimildir sínar. Það segir auðvitað nokkra sögu að þar eru stærstu og öflugustu sveitarfélögin. Hæstv. forseti, af því má sjá að almenn hækkun á útsvari hefði ekki skilað þeim sveitarfélögum sem eiga við fólksfækkun og tekjusamdrátt að stríða neinum árangri. Slíkar aðgerðir, eins og vinna tekjustofnanefndar þróaðist, hefði ekki haft þau áhrif sem til var ætlast var til.

Þegar menn glíma við fjárhagsvanda, m.a. vegna fólksfækkunar og af öðrum orsökum verður ekki við það ráðið með slíkum almennum aðgerðum. Þar fyrir utan höfum við stefnt að því að lækka frekar skatta heldur en hitt, í því góða efnahagsástandi sem ríkt hefur í landinu. Verulegt átak hefur verið gert í því eins og fram hefur komið á undanförnum mánuðum. Á Alþingi voru afgreiddar miklar og ánægjulegar breytingar á skattkerfinu fyrir áramót. Þess

vegna kom mjög á óvart tillaga frá þingflokki Vinstri grænna um að hækka útsvarsprósentuna um 1%, sérstaklega þegar litið er til þess að þau sveitarfélög sem átt hafa í vanda hefðu í raun ekki hagnast að neinu marki við slíka breytingu. Það að einmitt þetta skyldi vera lausn þingflokks Vinstri grænna á fjárhagsvanda sveitarfélaga kom mjög á óvart. En tillögur stjórnarandstöðunnar hafa fremur verið í þá áttina, ekki verið ábyrgar og ólíklegt að þær mundu skila verulegum árangri. Það er því ánægjuefni að nú skuli komin niðurstaða af nefndarstörfum fulltrúa sveitarfélaganna og ríkisvaldsins um hvernig verði leyst úr fjárhagsvandanum.

Þegar það kemur síðan að því að flytja verkefni — vonandi eflum sveitarstjórnarstigið svo að það verði hægt að flytja ákveðin verkefni yfir til sveitarfélaganna — þá fylgja auðvitað þeir tekjustofnar með sem til þarf og verður samið þá samhliða. Ég endurtek að sumir málaflokkar eiga mun betur heima hjá sveitarfélögunum en hjá ríkinu. Ég nefni enn og aftur málefni fatlaðra í því samhengi, þau verkefni er hægt að samþætta vel félagsþjónustu sveitarfélaga og eiga vel heima þar.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar. Menn hafa farið vel yfir þær tillögur sem lagðar hafa verið fram og þær munu kynntar á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga á morgun. Við vonum að öll sú vinna sem í hefur verið ráðist verði til að efla sveitarstjórnarstigið og ég trúi því að það verði niðurstaðan á endanum.

[14:21]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sá ástæðu til að lýsa yfir sérstakri ánægju með þá niðurstöðu sem hér liggur fyrir frá hluta tekjustofnanefndar. Mér þykir það svolítið undarlegt þar sem ég held að fáir séu ánægðir með niðurstöðuna, hvort sem um er að ræða fulltrúa ríkis eða sveitarfélaganna.

Hv. þingmaður er annað hjólið undir verkefnisstjórnarvagninum sem stýrir þessu átaki til að sameina sveitarfélög og efla þau, með hv. þm. Hjálmari Árnasyni og formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga, Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni. Þess vegna hélt ég að hv. þingmaður hefði fylgst með því hvernig þessir hlutir hafa gengið fyrir sig og vissi betur en svo að standa í ræðustóli Alþingis og lýsa yfir sérstakri ánægju eða fögnuði með niðurstöðuna.

Hinn 16. febrúar héldu félags- og fjármálaráðherra fund með verkefnisstjórn, sem hv. þingmaður er í, um eflingu sveitarstjórnarstigsins þar sem þeir greindu frá því að fulltrúum ríkisins í tekjustofnanefnd væri veitt umboð til að leggja fram nýjar tillögur. Jafnframt kom fram af hálfu ráðherranna að ekki væri mögulegt að koma frekar til móts við sjónarmið fulltrúa sveitarfélaganna í tekjustofnanefnd. Með öðrum orðum, hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. félagsmálaráðherra funduðu með verkefnastjórn og gerðu henni grein fyrir því að nú skyldi stilla fulltrúum sveitarfélaga upp við vegg og segja: Hingað og ekki lengra. Takið þetta eða þið fáið ekki neitt. Eftir alla þá mánuði sem reynt hafði verið að ná vitrænu samkomulagi í nefndinni er þetta niðurstaðan, eftir fund hæstv. ráðherra með verkefnisstjórn þessa sérstaka verkefnis.

Mér þykir undarlegt að hv. þingmaður tali eins og um sé að ræða frjálst samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga, samkomulag sem aðilar beggja megin borðs séu ánægðir með. Fulltrúar sveitarfélaganna lýsa því yfir að þeir líti eingöngu á þetta sem áfanga í rétta átt. Fulltrúar ríkisins líta svo á að tímabundið sé vandinn leystur en hins vegar þurfi að gera meira. Því spyr ég hv. þingmann: Er hún sammála því að hér sé eingöngu um lítið skref í rétta átt að ræða?

[14:23]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi niðurstaða náðist. Það er þannig þegar menn taka til við nefndarstörf og fjalla um ákveðna málaflokka að þá ræða menn saman. Þetta varð niðurstaðan eftir langar umræður. Það hefur komið fram að nefndin starfaði talsvert lengi og margar tillögur komu fram og menn urðu ásáttir um nákvæmlega þessar tillögur.

Ég held að þetta hafi verið rétt skref. Mér finnst þetta ekkert smáskref. Mér finnst það mjög stórt skref. Þarna eru ýmis mál sem ríki og sveitarfélög hafa rætt um nokkuð lengi. Við getum nefnt undanþágu frá fasteignagjöldum sem nú er felld niður og fleiri mál sem þar eru varanlega komin til hafnar og það skiptir stóru máli. Menn gera lítið úr verulegum ávinningi sem náðst hefur fyrir sveitarfélögin, fyrir sveitarstjórnarstigið í heild, 9 milljarðar kr. á þremur árum, varanlega 1,5 milljarðar eftir það. Þetta er ekkert smáskref, hv. þm. Jón Gunnarsson. Það á ekki að gera lítið úr þeirri vinnu sem nefndin skilaði. Auðvitað eru tillögur sveitarstjórnarmanna þar á bak við, nákvæmlega eins og tillögur fulltrúa ríkisins. Þetta er eðlileg niðurstaða úr slíku nefndarstarfi.

[14:25]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar tveir aðilar ræða saman á sanngirnisgrunni, báðir jafnréttháir og komast að niðurstöðu, þá kallast það samkomulag. Þegar tveir aðilar setjast niður og ræða saman en annar er stærri og sterkari og þvingar hinn til að fallast á sín sjónarmið þá er það ekki samkomulag í minni orðabók heldur heitir það nauðasamningur, sem mér virðist að hluti af fulltrúum sveitarfélaganna ætli að taka. Reyndar á eftir að fara í þessa umræðu á landsþingi sveitarfélaganna á morgun og ég trúi því ekki, miðað við þann anda sem var á fjármálaráðstefnunni síðasta haust, að fulltrúar sveitarfélaganna mæti á landsþing, kokgleypi allt sem sagt var á fjármálaráðstefnunni og fallist á nauðasamninginn sem hér er lagður fram.

1,5 milljarðar til frambúðar sagði hv. þingmaður, á sama tíma og sveitarfélögin eru rekin með 3–4 milljarða kr. halla á hverju ári. Þetta er geysilega stórt skref og til mikillar aðstoðar fyrir þau sveitarfélög sem eru í miklum fjárhagsvanda eða hitt þó heldur.

[14:26]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er vert að rifja upp hvernig var farið af stað í þetta verkefni um eflingu sveitarstjórnarstigsins og þróun vinnu tekjustofnanefndar. Ég tel reyndar ekki sérstaka ástæðu til að fara yfir það hér. Það hefur verið gert

við önnur tækifæri. En þetta varð niðurstaðan í þessum áfanga. Auðvitað þarf að vinna betur að því síðar og koma með tillögur þegar ákveðið verður hvaða verkefni færast yfir til sveitarfélaganna. Þetta er sá áfangi sem náðist núna. Sumt eru réttlátar og ágætar breytingar en sumt er hrein viðbót við tekjustofna sveitarfélaga sem skiptir miklu máli. Það að gera lítið úr því er fáránlegt.

Auðvitað komu fram tillögur, t.d. um útsvarshækkanir og aðrar tillögur sem er ekki hægt að fallast á þegar staðan er sú að stór hluti sveitarfélaganna nýtir sér ekki þær heimildir sem hann hefur til útsvarshækkana.

[14:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir var mjög leitandi í málflutningi sínum, undrandi og forviða yfir tillögum sem fram höfðu komið frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í skattamálum. Hún sagðist ekki skilja þær. Mig langar að reyna að varpa ljósi á afstöðu okkar.

Þegar ríkisstjórnin bar fram þá hugmynd og gerði að lögum á endanum að lækka skattprósentuna þá lögðum við til að sú lækkun næði ekki fram að ganga. Þegar sýnt var að þetta yrði keyrt í gegn vildum við að skatttekjur ríkissjóðs vegna þessa yrðu færðar yfir til sveitarfélaganna í auknum heimildum þeirra til álagningar útsvars. Þannig mundum við styrkja stöðu þeirra.

Við sögðum þó alla tíð, sem kemur greinilega fram í greinargerð með þingmálum okkar, að við litum ekki á þetta sem neina heildar- eða allsherjarlausn. Við lögðum áherslu á, svo að ég vitni í greinargerð þingmálsins, með leyfi forseta, að þessu „yrði fylgt eftir með breytingum á úthlutunarreglum jöfnunarsjóðs, þannig að framlög sjóðsins nýtist til enn frekari tekjujöfnunar og jöfnunar á aðstöðu sveitarfélaganna, þá gæti það orðið til umtalsverðra bóta."

En hin almenna skoðun okkar er sú að það þurfi að styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélaga og það til frambúðar með föstum framlögum í stað skammtímalausna sem hér hefur verið boðið upp á í of ríkum mæli.

[14:29]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum vissulega ólík pólitísk viðhorf, Vinstri grænir og Sjálfstæðisflokkurinn. En við höfum oft á tíðum sýnt að við vildum sinna þeim sem minna mega sín í þjóðfélaginu, báðir þessir flokkar.

Maður getur skilið það að Vinstri grænir vilji vera skattpíningarflokkur en maður skilur ekki að þetta skuli vera tillagan, þegar svo mörg sveitarfélög sem raun ber vitni nýta sér ekki þær útsvarsheimildir sem þau hafa. Hefði ekki frekar verið ástæða fyrir Vinstri græna að snúa sér frekar að veikum sveitarfélögunum, þeim sem fullnýta útvarsheimildir sínar og þurfa önnur ráð en þau að hækka útsvarið? Ég hefði frekar reiknað með því að slíkar tillögur kæmu frá Vinstri grænum en ekki að hækka útsvarið heilt yfir og færa útsvarsheimildir til sveitarfélaga sem ekki þurfa á því að halda. Okkur er fullkomlega heimilt að hafa andstæðar skoðanir á þessu en það kom mér á óvart að Vinstri grænir skyldu ekki verja orku sinni í markvissari aðgerðir.

[14:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykja það heldur kaldar kveðjur til Framsóknarflokksins að segja að Sjálfstæðisflokkurinn taki þá helst að sér sem minna mega sín.

Hvað varðar tillögur okkar í skattamálum þá höfum við lagt fram tillögur sem ganga einmitt út á að jafna aðstöðumun sveitarfélaganna, um eflingu jöfnunarsjóðs og um breytt fyrirkomulag, breyttar reglur sem þar eigi að vinna samkvæmt og ég var að vísa í skírskotun í það. Við höfum bent á að almennt sé vandi sveitarfélaganna að aukast. Skuldastaða þeirra versnar um 3–5 milljarða á hverju ári. Hún hefur hlaðist upp í 35 milljarða á síðustu 11 árum. Þetta er vandi sem við þurfum að horfast í augu við og við höfum gert það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við höfum sett fram tillögur til úrbóta, ekki bara varðandi útsvarshækkun, síður en svo — (Forseti hringir.) það er gert í samhengi við tekjuskattsbreytingarnar — heldur á ýmsum öðrum sviðum.

[14:32]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þau ánægjulegu tíðindi hafa borist að útlitið er að lagast hjá sveitarfélögunum og miðað við fjárhagsáætlun þeirra núna er gert ráð fyrir 1,5 milljörðum í tekjuafgang eins og staðan er nú. Auðvitað skiptir máli að sveitarfélögin eru að upplifa breytta stöðu og bætta stöðu með bættum rekstri væntanlega, vegna aðgerða sem komið hafa frá hendi okkar á Alþingi og ríkisstjórnarinnar til að bæta hag sveitarfélaganna. Við hljótum að fagna því sameiginlega, hv. þm. Ögmundur Jónasson og ég.

[14:33]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er á því að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir sé haldin ákveðinni blekkingu rétt eins og margir sjálfstæðismenn, en þeir virðast lifa í þeirri blekkingu að Sjálfstæðisflokkurinn sé flokkur lítilla útgjalda hins opinbera. Það er alrangt. Í þessari umræðu eru þeir sífellt að benda á stjórnarandstöðuflokkana eins og Vinstri græna rétt áðan. Skoði maður upplýsingar sem koma frá hæstv. fjármálaráðherra kemur fram að það hefur orðið gríðarlegur vöxtur á hlut hins opinbera sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, heil 10%, og þetta hlutfall er orðið nálægt helmingur. Það er áhyggjuefni og sérstaklega hlýtur það að vera áhyggjuefni fyrir stjórnmálaflokk sem trúir því eða heldur því a.m.k. stundum fram að hann sé flokkur lítilla útgjalda hins opinbera. Það er áhyggjuefni, sérstaklega fyrir okkur landsbyggðarþingmenn, að þessi vöxtur fer að miklu leyti fram á höfuðborgarsvæðinu og fróðlegt væri að fá að heyra hjá hv. þingmanni hverju það sætir.

[14:35]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gott að heyra að við höfum öflugan fulltrúa í því að reyna að draga úr vexti útgjalda hins opinbera, við getum þá væntanlega sameinast í baráttu okkar í því málefni. En ég hlýt að spyrja þingmanninn af þessu tilefni hvort hann sé þá á móti þeim tillögum sem nú eru uppi

um að styrkja og efla mjög fjárhag sveitarfélagana. Skiptir það ekki nokkru máli að fjárhagur sveitarfélaganna styrkist um 9,5 milljarða á næstu þremur árum og síðan varanlega um 1,5 milljarða eða má kannski skilja orð þingmannsins svo að hann sé hreinlega á móti því að efla sveitarfélögin? Eru það skilaboðin sem hann kom með í andsvari sínu?

[14:36]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að ræða um hvort ég væri á móti þessum tillögum. Ég var að ræða um að hlutur hins opinbera hefur vaxið og það á að vera áhyggjuefni, og það sem verra er fyrir Sjálfstæðisflokkinn, hann virðist þenja ríkisbáknið út á kostnað þeirra sem hafa lágu launin. Við sjáum það t.d. í nýjustu skattatillögunum sem boðaðar voru fyrir áramótin að þá var verið að lækka skattprósentuna. Það er sífellt verið að auka skattpíningu eldri borgara og þeirra sem hafa lágu launin. Við í Frjálslynda flokknum erum ósammála þessu og viljum að gætt sé að útgjöldum ríkisins. Auðvitað verður að horfa á verkefnatilflutning. Það er síðan annað mál og ég vona að hv. þingmaður geri sér grein fyrir því.

[14:37]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gat ekki skilið svar hv. þingmanns öðruvísi en svo hann sé á móti því að hlutur hins opinbera vaxi og við getum verið sammála um það. Við höfum einmitt haldið því fram í þessari umræðu að ekki væri ástæða til að skattpína almenning meira og þess vegna höfum við lagst gegn því að farið væri t.d. í útsvarshækkun til þess að það kæmi ekki fram sem skattahækkun.

Ég heyri á hv. þingmanni að hann hlýtur að vera sammála okkur um þetta fyrst hann er svona á móti því að auka hlut hins opinbera. Við höfum lagt til að þarna yrði tilflutningur af tekjum ríkisins yfir til sveitarfélaganna og tillögurnar sem nú eru til umræðu fela það einmitt í sér.

[14:39]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Hæstv. félagsmálaráðherra hefur gert tekjustofna sveitarfélaga að umtalsefni í framsögu um það frumvarp sem hér er til umfjöllunar. Það gefur mér tilefni til að ræða vandamál sem blasa við og tengjast reglum um mat á fasteignum og um álagningarstofn fasteignaskatts. Það eru vandamál sem snúa að tekjulágum einstaklingum og tekjulágum sveitarfélögum.

Um aldamótin hófst Fasteignamat ríkisins handa við endurmat á öllu íbúðarhúsnæði í landinu. Það endurmat leiddi til verulegra hækkana árið 2001 á áður gildandi fasteignamati íbúðarhúsnæðis. Bæði ríkisstjórnin og sveitarstjórnir lýstu því yfir að endurmatið mundi ekki leiða til hækkana á eignarskatti og fasteignaskatti. Raunin varð allt önnur.

Við álagningu gjaldárið 2002 greiddu framteljendur sem áttu ekki aðrar eignir en skuldlausar tveggja til fjögurra herbergja íbúðir eignarskatt í fyrsta skipti á ævinni. Fasteignaskattar hafa einnig hækkað vegna endurmatsins og enn frekar á grundvelli verulegra hækkana á markaðsverði íbúðarhúsnæðis, en skv. 27. gr. laga nr. 6/2001 skal matsverð fasteignar vera gangverð hennar umreiknað til staðgreiðslu.

Íbúðaverð hækkaði á öllu landinu milli áranna 2003 og 2004 að Vestfjörðum undanskildum. Verð á íbúðarhúsnæði á Austurlandi hækkaði mest eða um 35%, í Reykjavík nam hækkunin tæpum 14%, á Norðurlandi vestra 12,1% og á Norðurlandi eystra 10,6%. Í öðrum landshlutum nam hækkunin 9–10% nema á Vestfjörðum eins og áður sagði, en þar lækkaði íbúðaverð, hæstv. félagsmálaráðherra, um 1,7%. Þær tölur sem ég fór með byggi ég á frétt úr Fréttablaðinu nýlega.

Almennt má segja að hækkun íbúðaverðs á milli áranna 2003 og 2004 hafi numið að meðaltali 10% umfram almennar verðlagshækkanir samkvæmt vísitölu neysluverðs og hefur haft í för með sér sambærilega hækkun fasteignaskatta. Allt bendir til þess að matsverð fasteigna muni hækka verulega umfram almennt verðlag á þessu ári vegna mikillar eignaverðbólgu sem hófst á síðasta ári. Eignaverð hækkaði til að mynda um 4,1% að raunvirði í janúar og um 25% að raunvirði síðustu tólf mánuði. Allir vita að þessa eignaverðbólgu má að miklu leyti rekja til verulega aukins framboðs lánsfjár til íbúðakaupa fyrir tilstilli banka sem ekki vita aura sinna tal og eru í vandræðum með að velta og fjárfesta stórgróða sinn og auð.

Ég vek athygli á því að fasteignaskattar eru í eðli sínu gjöld sem ætlað er að mæta kostnaði sveitarfélaga við að þjónusta fasteignaeigendur og þessi gjöld eru álögð óháð tekjum. Útsvar er hins vegar lagt á sem hlutfall af tekjum, sem hlutfall af tekjuskattsstofni. Veruleg hækkun á markaðsverði íbúðarhúsnæðis síðustu mánuði og, hæstv. félagsmálaráðherra, fyrirsjáanleg hækkun á þessu ári umfram almennar verðlagshækkanir ætti ekki að mínu mati að hafa áhrif á stofn til álagningar fasteignaskatts. Kostnaður sveitarfélaga af þjónustu við íbúðareigendur eykst ekki í réttu hlutfalli við hækkun á markaðsverði íbúða. Það vita allir. Þessi eignaverðbólga, sem ég kalla svo, hefur bitnað og mun bitna harðast á þeim sem lægstar hafa tekjurnar, svo sem eldri borgurum og einstæðum foreldrum. Og vel að merkja, það má halda því fram með gildum rökum að viðmiðun fasteignaverðs við gangverð, við markaðsverð, mismuni einnig sveitarfélögum. Er þannig ljóst að sveitarfélög á Vestfjörðum standa höllum fæti og er fjárhagsstaða þeirra þó nógu slæm fyrir vegna fólksfækkunar. Brýnt er að setja nýjar reglur um álagningarstofn fasteignaskatts og styrkja tekjustofna sveitarfélaga með öðrum hætti en síhækkandi fasteignasköttum sem á eru lagðir óháð tekjum, öflun tekna til sveitarfélaga verður að miða við tekjur einstaklinganna sem þar búa. Það er brýnt að álagningargrundvelli fasteignaskatts verði breytt fyrir álagningu 2006 svo að íbúðareigendur þurfi ekki að sæta stórfelldum álögum umfram almennar verðlagshækkanir og svo að sveitarfélögum verði á árinu 2006 ekki mismunað aftur.

Útbýtt var á þinginu í dag þingsályktunartillögu frá þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um mat á fasteignum og um álagningargrundvöll fasteignaskatts. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra sameiginlega að skipa nefnd til að gera tillögur um

breytingar á reglum um ákvörðun matsverðs íbúðarhúsnæðis samkvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, og á reglum um álagningarstofn og álagningu fasteignaskatts samkvæmt lögum nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Skal nefndin leita leiða til að finna nýjan álagningargrundvöll fasteignaskatts þannig að álagning endurspegli kostnað sveitarfélaga af þjónustu við íbúðareigendur, enn fremur að rofin verði tengsl álagningarstofns við skyndilegar breytingar á markaðsverði íbúða og álagning fasteignaskatts taki fremur breytingum í takt við almennar verðlagshækkanir."

Það er grundvallaratriði í mínum augum í þessu sambandi að skatturinn er lagður á óháð tekjum og sú aðferð mismunar sveitarfélögum. Hún gerir það í „det lange løb". Þetta er jafnframt að mínu mati verðugt og brýnt verkefni fyrir tekjustofnanefnd sveitarfélaganna og hún verður ávallt að hafa það a.m.k. að leiðarljósi að sveitarfélög sitji við sama borð. Ég spyr því hæstv. félagsmálaráðherra um afstöðu hans til málsins, til þeirra fasteignaskattahækkana sem þegar hafa orðið vegna eignaverðbólgu og þeirra hækkana sem blasa við vegna þeirra hækkana sem ég veit að hæstv. ráðherra gerþekkir og byrjuðu haustið 2004. Hvað ætlar hæstv. félagsmálaráðherra að gera í málinu? Hvað leggur hæstv. félagsmálaráðherra til? Vill hann aftengja þessa tímasprengju hækkana fasteignaskatta á næsta ári?

Þingflokkur Vinstri grænna hefur þungar áhyggjur af stöðu mála og við höfum lagt fram ábyrgar tillögur í þeim efnum og þingsályktunartillaga þessi er í þeim málefnalega og ábyrga anda.

[14:47]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er full ástæða til að hefja mál sitt á því að taka undir með síðasta ræðumanni, hv. þm. Atla Gíslasyni, og fagna fram kominni þingsályktunartillögu þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vegna þess að því er auðvitað ekki að neita að fasteignaskatturinn er sannarlega einhver ósanngjarnasti skattur sem á er lagður, einkanlega nú þegar hann hefur verið að þyngjast með hækkandi fasteignaverði og leggst á fólk óháð tekjum þess eða efnahag og fylgir aðeins þeirri miklu þenslu sem verið hefur á fasteignamarkaðnum undanfarið. Verður spennandi að heyra viðbrögð hæstv. félagsmálaráðherra við því.

Þingsályktunartillagan er náttúrlega ekki til umfjöllunar heldur tiltölulega lítið frumvarp um að flytja dagsetningu á sameiningarkosningum til haustsins. Um þá litlu breytingu hafa spunnist talsverðar umræður en hún er því miður til vitnis um að hæstv. félagsmálaráðherra hefur í aðalatriðum lekið niður í þeim metnaðarfullu áformum sem hann lagði upp með í upphafi starfs síns sem félagsmálaráðherra, um að efla mjög sveitarstjórnarstigið og standa fyrir stórfelldri sameiningu sveitarfélaga og vinna að úrbótum í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga og taka á þeim vanda sem þar var. Það reynist einfaldlega á útmánuðum þessa vetrar svo að félagsmálaráðherra hefur ekki haft afl til að fylgja eftir erindi sínu, ekki náð að velta steininum upp brekkuna heldur veltur bara niður hana með steininn í fanginu og biður um að fá lengt í ólinni sem hann sneið sér til að efna yfirlýsingarnar með atkvæðagreiðslum nú í apríl sem á að fresta fram í október og verða trúlega miklu umfangsminni en hann hugði í upphafi.

Ég veit hins vegar ekki hvort vert er að elta mikið ólar við félagsmálaráðherra um þetta því ég trúi að hann hafi haft vilja til að bæta úr þeirri slæmu stöðu sem sveitarfélögin eru í. Ég hygg að hæstv. ráðherra sé fullkomlega meðvitaður um þá erfiðu stöðu sem er víða um land í sveitarfélögunum, en það er kunnara en frá þurfi að segja að forustumenn Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórninni hafa staðið mjög fast gegn almennum úrbótum fyrir sveitarfélögin í fjárhagsefnum. Hæstv. félagsmálaráðherra virðist bara hafa fengið að naga þröskuldinn í fjármálaráðuneytinu í því efni og hvorki komist lönd né strönd með umkvartanir um stöðu sveitarfélaganna og komi þess vegna með jafnlítið úr leiðangri sínum og raun ber vitni, þ.e. með óverulegar leiðréttingar. Að vísu er ástæða til að fagna því að ríkið ætli að fara að borga fasteignaskatt af eignum sínum. Það er 600 millj. kr. aðgerð og síðan eru kannski 200–300 millj. í varanlegum árlegum ávinningi umfram það sem ástæða er til að þakka ráðherranum fyrir að koma inn með en er auðvitað bara brot af því sem sveitarfélögin vantar, trúlega ¼ af því sem þyrfti ef það ætti að leysa að einhverju leyti úr stöðu þeirra og skapa aðstöðu til að flytja þjónustuverkefni frá ríki til sveitarfélaga, stuðla að uppbyggingu og eflingu sveitarstjórnarstigsins, stuðla að aukinni valddreifingu og ýmsum metnaðarfullum hugmyndum sem ég veit að blunda í brjósti hæstv. félagsmálaráðherra eins og margra annarra þingmanna í þessum sal en geta auðvitað ekki orðið að veruleika við núverandi fjárhagsaðstæður sveitarfélaganna.

Ég vil hins vegar lýsa því sem minni skoðun að sú umræða sem hér fer fram í dag og ítrekað um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga sé algerlega á misskilningi byggð, einfaldlega á þeim grundvallarmisskilningi að alþingismenn og ráðherrar eigi að fjalla um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, eins og þeir eigi að vera einhverjir niðurjöfnunarmenn á rekstraróhagræði ólíkra sveitarfélaga og eins og það eigi að vera verkefni Alþingis og ríkisstjórnarinnar að búa til eitthvert ríkismeðaltalsútsvar fyrir landið allt sem öll sveitarfélögin skuli fara eftir. Það er náttúrlega endileysan og ógöngurnar sem málið er í, sú viðleitni að búa til eina landsmeðaltalsútsvarsprósentu sem allir skuli fara eftir vegna þess að það er einfaldlega ekki hægt. Sveitarfélög eru ólík, verkefni þeirra eru ólík, þarfir íbúa eru ólíkar og kostnaður er ólíkur. Það er ekkert eðlilegra en að tekjur sveitarfélaga endurspegli það og að útsvar sé breytilegt frá einu sveitarfélagi til annars. Þetta er reynt að leiðrétta með hverjum plástrinum á fætur öðrum og uppi sitja menn með sístækkandi millifærslusjóði sem við vitum af langri reynslu að eru sannarlega ekki til farsældar fallnir. Millifærslusjóðirnir stækka og stækka af því að menn eru að reyna að gera hið ómögulega, að búa til hið eina sanna ríkisútsvar sem öll sveitarfélögin skuli innheimta.

Alþingi og ríkisstjórn eiga auðvitað ekki að ákveða útsvar sveitarfélaga. Sveitarstjórnirnar eiga náttúrlega að ákveða útsvar sitt sjálfar því það eru ekki alþingismennirnir í þessum sal eða ráðherrarnir á þessum bekkjum sem borga útsvarið í hverju og einu sveitarfélagi. Það eru íbúarnir í sveitarfélögunum og starfandi sveitarstjórnir í landinu sem

eiga að ákveða útsvarsprósentuna hver fyrir sig og eiga það við íbúa sína hvort hún er hæfileg eða ekki. Ef þær ganga of langt í því að innheimta útsvar skipta íbúarnir um sveitarstjórn í kosningum og eiga það beint og milliliðalaust við sína sveitarstjórn. En þetta mál er ekki eilíf þrætubók á Alþingi þar sem alþingismenn og ráðherrar skammta sveitarfélögunum úr hnefa hvað þeim sýnist vera hæfilegt landsmeðaltal til framfærslu fyrir sveitarfélögin. Útsvarstekjur sínar eiga sveitarfélögin einfaldlega að geta ákveðið sjálf.

Það getur verið sjónarmið að þau þurfi að hafa ríkulegt aðhald í því að fara ekki offari. Það sjónarmið ber auðvitað að virða því varlega skal fara í skattheimtu. En ef rík nauðsyn er á því að veita þeim aðhald í þessu efni held ég að miklu nær sé að gera eins og við þekkjum frá ýmsum nágrannaríkjum okkar, að láta það aðhald koma frá íbúunum í sveitarfélaginu en ekki frá Alþingi eða ríkisstjórn, t.d. þannig að sveitarfélag geti því aðeins hækkað útsvarsprósentu að það fái það samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu af íbúunum sem greiða eiga skattinn. Um það eru auðvitað mýmörg dæmi um heim allan og ég held að það sé miklu farsælla að íbúarnir í hverju og einu sveitarfélagi eigi það beint við sveitarstjórn sína hvert útsvarið er og menn hafi frelsi til þess í sveitarfélögunum að ráða því verkefni og afla til þeirra fjármuna ef fyrir því er meirihlutavilji í hverju og einu sveitarfélagi.

Ef sveitarfélögin nytu þess sjálfsagða frelsis að fá að eiga það við íbúa sína hver útsvarsprósentan ætti að vera að réttu lagi og standa og falla í kosningum með þeirri ákvörðun þyrfti einfaldlega ekki þessar löngu og leiðinlegu umræður á Alþingi um það hvort sveitarfélögin eigi að fá milljarði meira eða minna, af því að Alþingi á ekki að vera neinn milliliður á milli íbúanna í sveitarfélögunum og sveitarstjórnanna heldur eiga samskiptin að vera bein og milliliðalaus í hverju sveitarfélagi fyrir sig vegna þess að hvert sveitarfélag í landinu er einstakt og sérstakt og þar eru aðstæður og verkefni einstök og sérstök og þau mál þarf að ræða í því sveitarfélagi milli þeirra sem þar búa og stjórna, en ekki að ákveða á Alþingi Íslendinga eitthvert eitt allsherjarríkislandsmeðaltal um það hvað menn megi hafa í tekjur og hvað ekki. Það er einfaldlega ástæðan fyrir þeim ógöngum sem menn eru komnir út í. Til hvers leiðir það? Það er ekki hægt að reka öll sveitarfélög í landinu á sömu útsvarsprósentum og þá byggja menn upp Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem vex og vex, milljarðar á milljarða ofan hrúgast þar inn af skattpeningum og er úthlutað til sveitarfélaganna eftir æ flóknari reglum. Þær reglur verða flóknari og flóknari með hverju árinu. Því var lengi haldið fram að það væru aðeins tveir menn í landinu sem skildu þær reglur til fulls og ég efast um að sú fullyrðing standist enn þann dag í dag. Ég held að það sé aðeins einn maður í landinu sem skilur þær til fulls. (**Gripið fram í:** Hver?) Sá maður er undir handarjaðri hæstv. félagsmálaráðherra og ráðherrann býr auðvitað að því.

Þegar sveitarfélögin koma á haustin fyrir fjárlaganefnd hvert á fætur öðru, hringinn í kringum landið, ströndina alla þá skilja þau ekkert í þessum reglum. Þau átta sig á því að þau fá minni peninga í ár en þau fengu í fyrra og þau gera sér grein fyrir því að eitthvað hefur breyst í reglunum sem gerir það að verkum að þau fá miklu minni pening en síðast. En jafnvel sveitarfélög sem eiga allt sitt undir jöfnunarsjóðnum átta sig ekki fyllilega á því hvers vegna svo sé komið vegna þess að menn átta sig ekki fyllilega á þeim reglum sem þar eru í gangi og sú verður alltaf raunin með millifærslusjóði sem eiga að reyna að plástra öll sár og lappa upp á alla galla. Slíkir sjóðir eiga auðvitað að einhverju leyti rétt á sér og auðvitað eru þeir þættir í dreifðu og litlu landi eins og Íslandi þar sem óhjákvæmilega eru til fámenn sveitarfélög og dreifð þar sem sérstaklega þarf að veita fjárstuðning til. En það er ákaflega óheppilegt eins og í okkar tilfelli þar sem millifærslusjóðir vaxa ár frá ári og bólgna og belgjast út og eru orðnir að forsendu fyrir framfærslu hjá fjölda sveitarfélaga hringinn í kringum landið.

Við verðum að reyna að komast út úr þessum ógöngum og þessum eilífu umræðum um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga þar sem verið er að togast á eins og í einhverju hagsmunastríði yfir sömu kökunni og skapa sveitarfélögunum einfaldlega það sjálfsforræði sem sjálfsagt er til að leggja á það útsvar sem sveitarfélögin þurfa og leyfa síðan sveitarstjórnunum einfaldlega að eiga það við íbúa sína og útsvarsgreiðendur sína hvort þeir eru tilbúnir til að greiða það útsvar sem upp er sett. Og ef þeir eru ekki tilbúnir til þess skipta þeir bara um sveitarstjórn, því þessum málum á ekki að miðstýra héðan. Sjálfsforræði og sjálfstæði sveitarfélaga hefur reynst okkur farsælt í uppbyggingu sveitarfélaganna, valddreifing hefur reynst nágrönnum okkar og okkur sjálfum í þessu efni farsæl og við eigum að taka fleiri skref í þá átt og við eigum með þeim hætti að flytja ákvörðunarvaldið og útsvarsstofninn frá þinginu og út í sveitarfélögin.

[15:01]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það fari ekki illa á því að efna til einhvers konar eldhúsdags um málefni sveitarfélaganna eins og í rauninni er verið að gera í dag með þeirri umræðu sem fram fer um stöðu sveitarfélaganna, bæði með hliðsjón af framtíðarskipulagi þeirra og eins hinni fjárhagslegu stöðu. Tilefnið er þetta litla frumvarp sem hér liggur fyrir um að fresta gildistökuákvæði um hvenær eigi að greiða atkvæði um sameiningarátak sem fyrirhugað er. Ég er alveg sammála því að það er sjálfsagður hlutur að fresta þeirri atkvæðagreiðslu og ég tel að um það mál geti tekist prýðileg sátt meðal allra þingmanna. Vonandi verður hægt að ljúka afgreiðslu þess sem fyrst þannig að þau mál liggi einfaldlega klárlega fyrir.

Þetta mál hefur hins vegar þróast þannig sem er mjög gott að núna fer fram ágætisumræða um hina margslungnu stöðu sveitarfélaganna og við skiptumst á skoðunum um þessi mál. Líka vegna þess að það er komin niðurstaða í langvinnar viðræður sveitarfélaganna og ríkisins um fjárhagsstöðu og fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga sem vissulega skilar verulegum árangri. Sérstaklega er það athyglisvert að næstu þrjú árin verður veitt verulegt fjármagn til hinna minni sveitarfélaga í landinu þar sem vandinn hefur eingöngu verið til staðar. Sannleikurinn er nefnilega sá að það þarf að ræða þessi mál með tvenns konar hætti, annars vegar að fjalla um fjárhagsstöðu sveitarfélaganna og síðan hitt, sem er auðvitað undirliggjandi þessu

frumvarpi, spurningarnar sem lúta að sameiningunni og hvernig menn vilja fara í þau mál.

Það er einfaldlega rangt sem haldið hefur verið fram að sveitarfélög í landinu glími við almennan fjárhagslegan vanda. Það er rangt t.d. sem kemur fram í bókun Lúðvíks Geirssonar, bæjarstjóra í Hafnarfirði, um þetta. Það er ekki þannig. Sveitarfélög eru ekki að glíma við almennan fjárhagslegan vanda. Mörg þeirra, a.m.k. ýmis, eru hins vegar að glíma við mikinn fjárhagslegan vanda. Þegar við skoðum þessi mál í heild sinni blasir það við að sveitarfélög hafa verið í vanda, þau voru rekin með 6,5 milljarða halla árið 2003. Það er talið að sá halli muni hafa verið miklu minni á síðasta ári, um 3 milljarðar, og um 1,5 milljarðar kr. á þessu ári áður en gripið er til þeirra aðgerða sem hér er verið að tala um og mæla fyrir um. Þetta byggi ég á þjóðhagsspánni sem lögð var fram þann 15. janúar og er auðvitað það gagn sem við helst getum stuðst við í þessu sambandi.

Engu að síður höfum við fréttir af því að staða ýmissa sveitarfélaga sé mjög alvarleg. Þegar við fáum tölur um hana segir það okkur að staða sveitarfélaganna sé að skána að þessu leytinu eins og ég rakti. Á sama tíma og við vitum að ýmis sveitarfélög búa við gríðarlegan vanda blasir það við og er auðvitað fyrst og fremst það sem við lesum út úr þessu að bilið milli þeirra sveitarfélaga sem búa við bærilegan fjárhag og hinna sem búa við slæman fjárhag eykst. Vandinn er með öðrum orðum alls ekki almennur. Þetta er sértækur vandi tiltekinna sveitarfélaga við tilteknar aðstæður. Það er þetta, virðulegi forseti, sem við verðum þess vegna að beina sjónum okkar að, hvernig við ætlum að greiða úr vanda sveitarfélaga sem sannarlega hafa búið við tekjubrest sem í langflestum tilvikum stafar af vanda og erfiðleikum í atvinnugreinum viðkomandi sveitarfélaga og því að sveitarfélögin búa við fólksfækkun. Það er fólksfækkunin auðvitað og hinn efnahagslegi samdráttur í slíkum sveitarfélögum sem veldur því að sveitarfélögin rata í vandræði.

Margvíslegar tölur liggja fyrir um þetta. Mér er t.d. kunnugt um að í aðdraganda þeirrar vinnu sem hérna er verið að byggja á hafi komið fram að sum sveitarfélög, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, hafa upplifað gífurlega tekjuaukningu á tilteknu árabili á meðan önnur sveitarfélög hafa verið í þeirri stöðu að tekjur þeirra hafa staðið í stað eða jafnvel minnkað á sama tíma og verðlagsþróunin hefur verið þeim óhagstæð. Það þýðir að meira ber í milli þess að þau ná endum saman en áður. Þetta er auðvitað vandinn.

Við þurfum ekki annað en að velta fyrir okkur fréttum síðustu daga. Hafa menn ekki tekið eftir því t.d. að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa verið að bjóða út lóðir og mokgræða? Það er svo komið að verðlag á íbúðarlóðum á höfuðborgarsvæðinu er á fermetra orðið hærra eða a.m.k. jafnhátt og íbúðarverð í fermetrum á einstökum íbúðum úti á landsbyggðinni. Sú er staðan. Og halda menn að það sé þá ekki munur á aðstöðu slíkra sveitarfélaga sem geta mokað til sín tekjunum með því að bjóða út lóðir og hinum sem búa við það að íbúunum fækkar og tekjur þeirra minnka af þessum ástæðum?

Hafa menn kannski ekki tekið eftir því að fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur rokið upp úr öllu valdi? Vita menn ekki að það þýðir að fasteignaskattarnir hafa hækkað samfara þessu jafnvel þó að menn hafi ekki hækkað skattprósenturnar, jafnvel þó að menn hafi í ýmsum tilvikum lækkað þessar prósentur?

Í Viðskiptablaðinu 15. janúar sl. er ákaflega greinargott yfirlit þar sem þetta kemur mjög greinilega fram. Ef sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu á síðustu þremur árum eru skoðuð sést að frá 2001–2004 hafa fasteignaskattar þessara sveitarfélaga hækkað úr 26% upp í 71%. Tvö sveitarfélög eru með 61% og 71% hækkun. Þetta er engin smáviðbót sem kemur þarna í kassa sveitarfélaganna. Svo voga menn sér það, eins og bæjarstjórinn í Hafnarfirði sem fær 71% hækkun á fasteignasköttum á þessum árum, að tala um einhvern almennan vanda sveitarfélaganna. Þetta er enginn almennur vandi. Það er sértækur vandi sem við erum að horfa til, og það er alveg lágmarkskrafa þegar við ræðum þessi mál að menn a.m.k. setji sig í þær stellingar að reyna að greina vandann rétt. Ef menn greina þennan vanda út í loftið verða tillögurnar út í loftið, alveg eins og maður hefur orðið var við í dag. Menn tala um að það sé sérstakt bjargræði fyrir sveitarfélög í landinu að hækka útsvar þó að allir viti að það kæmi ekki neitt að notum fyrir þau sveitarfélög sem hafa það verst í landinu í dag. (Gripið fram í.) Það er ekkert sem máli skiptir. Ég er hissa á þessu frammíkalli frá hv. þingmanni Samfylkingarinnar. Ég hélt að hann myndi eftir því að hann væri ekki lengur í Alþýðubandalaginu með þessum gömlu jöxlum úr Vinstri grænum, hann er kominn í Samfylkinguna, þessi maður, og þarf ekki að vera að verja tillögur úr alþýðubandalagsvinstri-grænni átt með frammíköllum sínum.

Það eru þessi litlu sveitarfélög, minni sveitarfélög sem hafa búið við versnandi tekjuþróun sem þarf fyrst og fremst að horfa til. Það er auðvitað verið að gera það með þessum tillögum. Við sjáum það þegar við skoðum tillögurnar að verið er að leggja til 2,1 milljarð á þremur árum í sérstakt viðbótarframlag til jöfnunarsjóðs, það er verið að gera ráðstafanir varðandi varasjóð húsnæðismála sem kemur sérstaklega þeim sveitarfélögum til góða þar sem menn búa við það að íbúum hefur fækkað svo að menn standa uppi með tómar íbúðir í félagslegu húsnæði. Svo eru líka ýmsar aðrar aðgerðir í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Menn verða auðvitað að átta sig á hver vandinn er þegar verið er að tala um þessa hluti en ekki blaðra eitthvað út í loftið um einhvern almennan vanda sem er ekki til staðar. Það á fyrst og fremst að reyna að koma til móts við hagsmuni þessara sveitarfélaga og það er auðvitað ákveðið áhyggjuefni hvernig sú umræða fer fram. Hún er ekki umræða eingöngu þar sem hagsmunir ríkis og sveitarfélaga takast á. Það er auðvitað ljóst mál að hér takast líka á ólíkir hagsmunir sveitarfélaganna sjálfra. Þess vegna er mjög mikilvægt að halda á lofti þeim sjónarmiðum sem ég er að rekja.

Mig langar aðeins að koma að því sem menn hafa verið að ræða um og ætti auðvitað að vera hið stóra tilefni umræðunnar vegna frumvarpsins sjálfs, þessar sameiningarhugmyndir sem uppi eru. Ég vil lýsa viðhorfum mínum í þessum efnum. Ég er þeirrar skoðunar að það sé sjálfsagður hlutur og við eigum að reyna að stækka þessar stjórnsýslueiningar. Það er mikilvægt að nærþjónusta íbúanna sé sem

öflugust og það þarf þess vegna að stuðla að því að sveitarfélögin séu sem öflugust. Það er öllum mönnum ljóst að ef sveitarfélögin eru veik, of smá, geta þau ekki ráðið við nema tiltekna þjónustu. Þess vegna gefur það augaleið og þarf í sjálfu sér ekki að hafa mjög mörg orð um það að nauðsynlegt er að þau sveitarfélög stækki.

Menn verða að hafa eitt í huga, að sameining sveitarfélaga hefur orðið gífurleg á síðustu árum. Mér reiknast svo til að á síðustu 15 árum hafi sveitarfélögum fækkað um meira en helming. Þau eru komin niður fyrir 100 ef við tökum með þær sameiningar sem búið er að ákveða þó að þær taki ekki gildi fyrr en á árinu 2006. Það er alveg ljóst mál að við erum að ná í þessum efnum gífurlegum árangri. Við erum að gjörbreyta og höfum gjörbreytt landslagi sveitarfélaganna. Þess vegna segi ég: Liggur eitthvað meira á? Þurfum við eitthvað að keyra þessi trippi óskaplega hratt? Er ekki langsamlega eðlilegast að við vinnum þessi mál þannig að sameining sveitarfélaganna fari fram á forsendum íbúanna og að það séu íbúarnir sjálfir sem taki um það ákvörðun hvort þeir telji skynsamlegt fyrir sína hagsmuni að sameining eigi sér stað? Auðvitað þarf að leggja öll spil á borðið. Auðvitað þarf að gera mönnum grein fyrir því hvaða möguleikar geta falist í sameiningunni. En það verður að vera þannig að íbúarnir sjálfir geti tekið þessar ákvarðanir.

Ég hef dálítinn beyg af því eins og málin hafa verið kynnt oft og tíðum, og þá er ég ekki sérstaklega að tala um það sem lýtur að ríkisvaldinu heldur einfaldlega í umræðunni almennt, að menn hafi verið að horfa á málið þannig að þessi sameining verði að fara fram, nánast sama hvað tautar og raular. Ég vil segja að menn verða að tryggja það að sameining sveitarfélaganna sé ekki knúin þannig fram að menn séu með svipuna á sveitarfélögunum og segi: Ef þið ekki gangið inn í sameininguna verður tekjustofnunum breytt ykkur í óhag.

Íbúar sveitarfélaganna horfa á þessi mál út frá hagsmunum sínum og þeir spyrja: Til hvers mun sameiningin leiða? Mun hún t.d. leiða til þess að störfum muni fækka á okkar svæði? Þannig er það í ýmsum tilvikum þar sem ég þekki til. Sameining sveitarfélaga mun leiða til þess að opinberum störfum muni fækka. Er það ekki ábyrgðarhluti af hálfu t.d. sveitarstjórnarmanna við slíkar aðstæður að mæla með sameiningu sem gæti leitt til þess að opinberum störfum fækkaði á svæðum þar sem opinber störf vantar, þar sem vantar fleiri störf? Auðvitað er það ábyrgðarhluti.

Menn horfa líka til þess hvort landfræðilegar forsendur séu til sameiningar, samgöngulegar forsendur, er hægt að komast greiðlega á milli ýmissa kjarna og hluta hins nýja sveitarfélags? Þessu þarf að svara. Þetta þarf að liggja fyrir og menn hafa heldur vonda reynslu af því frá gamalli tíð þegar fyrrverandi hæstv. félagsmálaráðherra bjó til alls konar bókanir sem kenndar voru við virðulegan hæstv. þáverandi félagsmálaráðherra um alls konar hluti sem ætti að stefna að og kanna og hanna ef menn vildu vera svo góðir að fara út í sameininguna. Þegar upp var síðan staðið var auðvitað ekki til staðar innstæða fyrir slíku. Því fór sem fór að margir urðu mjög ósáttir við þetta og þetta er eitt af því sem tefur núna fyrir sameiningarferlinu. Menn óttast það að menn fari út í sameiningar á forsendum einhvers sem er óljóst og þess vegna er eitt af því sem þarf að liggja fyrir að þetta sé samgöngulega samfellt svæði sem um er að ræða þannig að menn geti sameinast og unnið sem einn maður innan síns sveitarfélags.

Þess vegna er það ákaflega mikilvægt að þegar menn fara í sameininguna liggi allir þessir hlutir fyrir, menn sjái algjörlega myndina fyrir sér, mönnum sé ekki stillt upp fyrir tveimur vondum kostum, annars vegar þeim að sameinast, missa frá sér opinber störf, hafa ekki möguleika á því að búa samgöngulega á einu svæði og hins vegar ef menn ekki sameinast verði það til þess til lengri tíma vegna breytinga á jöfnunarsjóðsreglum að þeir missi frá sér tekjur. Þetta eru ekki þeir kostir sem við eigum að búa sveitarfélögum. Við eigum þvert á móti að reyna að stilla þessi mál þannig af að við getum í góðri samvinnu við íbúana tryggt það að sveitarstjórnarstigið verði öflugt þannig að menn geti tekist á við ný verkefni en það sé gert þannig að það leiði ekki til neikvæðra afleiðinga.

Virðulegi forseti. Þess vegna segi ég: Ég tel að þessi sameiningarmál hafi verið á prýðilegum rekspöl. Gífurlega mikið er búið að gerast í þessum efnum. Hins vegar er heilmikið verk óunnið en við megum ekki líta á sameiningu sem trúaratriði. Við eigum að líta á sameiningu sem tæki til að styrkja og efla þessar byggðir og það gerum við ekki ef það leiðir til þess að sameiningin í sjálfu sér, þ.e. sameining eða ekki sameining, hafi áhrif á tekjumöguleika viðkomandi sveitarfélaga. Við getum einfaldlega ekki gengið þannig fram gagnvart sveitarfélögunum að segja við þau: Ef þið sameinist fáið þið þetta, ef þið ekki sameinist fáið þið ekki þetta. Við verðum að hafa þetta hlutlaust að þessu leytinu og við verðum að búa þannig um hnúta að sveitarfélögin sjálf og íbúar þeirra sjái hagsmuni sína í því að reyna að stuðla að styrkingu sveitarstjórnarstigsins sjálfs til lengri tíma. Það gengur einfaldlega ekki að gera það þannig að segja að við þurfum að stækka sveitarfélögin af því að þau eiga að takast á við stærri verkefni og síðan hafi það einhverjar hliðarafleiðingar, aðrar afleiðingar sem við ætlumst ekki til og veiki síðan það landsvæði í sjálfu sér byggðalega.

Virðulegi forseti. Það gengur á tímann í þessum efnum og sjálfsagður hlutur í sjálfu sér að vera ekki að orðlengja allt of mikið um þetta. Ég hef farið yfir það hvernig vandinn í sveitarstjórnarstiginu er ekki almenns eðlis, heldur sérstaks eðlis. Það þarf fyrst og fremst að horfa til þess að menn reyni að leysa þennan vanda, ekki með gervilausnum eins og var verið að tala um í morgun varðandi hækkun útsvarsins, heldur með lausnum sem miðast að því að færa fjármagnið inn í þau sveitarfélög sem virkilega þurfa á þessu fjármagni að halda. Það eru tiltekin sveitarfélög, tiltekin landsvæði sem þurfa á því að halda öðrum fremur. Menn eiga ekki að vera að setja sig í þá blekkingu að það sé hægt að gera allt fyrir alla og það sé enginn vandi að gubba peningum út úr ríkissjóði inn í sveitarsjóðina sem í mörgum tilvikum hafa fengið stórauknar tekjur á síðustu árum af ástæðum sem ég hef verið að fara yfir. Það þarf líka að búa þannig um hnútana að þessi sveitarfélög og þróun þeirra fari fram í góðri samvinnu og sátt við íbúana sjálfa og það sé gert með þeim hætti að byggðirnar styrkist en veikist ekki, leiði ekki til þess að opinberum störfum fækki

og leiði ekki til þess að sveitarfélögin verði þannig samansett að íbúarnir sjálfir, allir, geti ekki haft sambærilegan aðgang að þeirri þjónustu sem óhjákvæmilega mun auðvitað safnast saman þar sem stjórnsýslan er, stjórnsýslan verður og er öflugust. Þar verður alltaf meginbyggðarkjarninn í hverju sveitarfélagi. Það er ákaflega mikilvægt að við stöndum þannig að þessu máli, og ég trúi því og treysti að hæstv. félagsmálaráðherra vilji og muni gera það. Hann hefur talað þannig gagnvart sveitarfélögunum að ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að hæstv. félagsmálaráðherra hafi góðan skilning á því máli.

Virðulegi forseti. Rétt áður en ég lýk máli mínu langar mig að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra tveggja spurninga sem ég hef ekki áttað mig á og væri gott að fá svar við, annaðhvort núna eða þá síðar ef þau svör liggja ekki fyrir.

Fyrri spurningin sem mig langar að bera upp við hæstv. félagsmálaráðherra lýtur að þeim fyrirhuguðu breytingum á greiðslu fasteignaskatta sem eiga að verða til þess að styrkja fjárhagsstöðu sveitarfélaganna um 600 millj. kr. þegar allt er talið, þegar allt verður komið í kring svo að ég vitni í sálmaskáldið. Gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin fái greidda fasteignaskatta af opinberum byggingum eins og ég hef skilið þetta mál og það er gert ráð fyrir því að þetta verði 600 millj. kr. Liggur fyrir á þessari stundu hvernig þessi skipting verður milli sveitarfélaga?

Á sínum tíma freistaði ég þess að fá upplýsingar um þetta þegar ég var ungur varaþingmaður. Hæstv. þáverandi fjármálaráðherra sem nú er kominn til Bessastaða taldi sig ekki geta svarað þeirri spurningu en þegar kominn var öflugur og góður fjármálaráðherra síðar, hæstv. fjármálaráðherra Friðrik Sophusson, var hægt að svara þessum spurningum. Þannig eru framfarirnar í landinu. Þær upplýsingar eru því til frá eldri tíma en nú vildi ég spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort af þessu tilefni hafi verið farið út í það að skoða þetta með nýrri tölum. Mínar tölur og hæstv. fjármálaráðherra Friðriks Sophussonar eru eitthvað eldri og ég vildi gjarnan heyra hvernig þessi skipting verður. Ég geri ráð fyrir því, út frá þumalputtaaðferðinni, að skiptingin sé nokkuð misjöfn milli sveitarfélaganna. Minni sveitarfélögin hafa því miður fæst mikið af opinberum byggingum, fyrir utan þessar kirkjur og jafnvel heilsugæslustöð, en mörg önnur sveitarfélög hafa miklu meiri opinberar byggingar og sem betur fer ýmis sveitarfélög á landsbyggðinni.

Í öðru lagi langar mig að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra um það sem hér er í 5. tölulið af tillögunum. Talað er um að lögum um skráningu og mat fasteigna og tekjustofna sveitarfélaga verði breytt þannig að greiðsla fasteignaskatts hefjist frá næstu mánaðamótum eftir að eign er fyrst fasteignametin. Ég verð að játa að ég er ekki gamall sveitarstjórnarmaður eins og mér sýnist helftin hér vera, eða meira en það, meiri hluti hv. þingmanna sem hér eru inni, já — við erum bara tveir, virðulegi forseti, sem erum ekki gamlir sveitarstjórnarmenn hér inni, þrír, þannig að mér er ekki alveg kunnugt um ... (**HBl:** ... er nú bjartara yfir okkur.) Virðulegi forseti. Mig langar til að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra sem er gamalreyndur sveitarstjórnarmaður og fyrrverandi varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hvað þetta þýðir nákvæmlega. Eins og ég hef skilið þetta mundi þetta væntanlega þýða að þar sem verið er að byggja hús og fjölga þeim muni þetta fyrst og fremst gagnast. Þetta eru þá 200 millj. sem eru einhvers konar stuðningur við þessi sveitarfélög og væntanlega hugsað til að mæta þeim mikla herkostnaði sem felst í því að taka við viðbótaríbúafjölda. Við þekkjum það frá gamalli tíð. Fyrir fáeinum árum var talið að kostnaðurinn við að búa til aðstöðu í nýju sveitarfélagi væri um það bil 5 millj. á nýjan íbúa þannig að þetta er auðvitað heilmikill kostnaður, en síðan stórgræða sveitarfélögin. Þau fara að moka inn peningum með fasteignasköttunum sínum og nýju útsvarstekjunum þannig að ég vorkenni svo sem ekki þessum sveitarfélögum. Það er hins vegar þannig, virðulegi forseti, að þarna virðist mér komið til móts við þessi sveitarfélög og væri fróðlegt að átta sig á því hvort eitthvað liggi fyrir um einhverja skiptingu á þessum tekjum milli sveitarfélaganna.

[15:21]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var um margt fróðlegt að hlýða á ræðu hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar og kemur ekki á óvart, enda hv. þingmaður búinn að lofa því að hann mundi skapa nokkra þörf fyrir andsvör. Við það stóð hv. þingmaður. Ég tel að hann hafi einnig staðfest það sem ég sagði m.a. í ræðu minni, að hluti af þeim vanda sem við ættum við að glíma varðandi eflingu sveitarstjórnarstigsins væri að það væri ekki alveg taktur í stjórnarliðinu. Ég held að ræða hv. þingmanns hafi sýnt okkur vel fram á að það er ekki mikill taktur í því. Hér voru farnir nokkrir hringir til að tala gegn því að almennilega yrði tekið á því að efla sveitarstjórnarstigið, að sameina sveitarfélög, og ýmsar kúnstir leiknar til að benda á að það væri ekki hægt og að það ætti að gerast á forsendum íbúanna. Að sjálfsögðu á að gera það á forsendum íbúanna eins og lög gera ráð fyrir en það er hægt með ýmsum stjórnvaldsaðgerðum að hafa áhrif á hvernig það er gert.

Hv. þingmaður segir að með tillögunum sem nú liggja fyrir sé fyrst og fremst verið að færa til hinna minni sveitarfélaga vegna þess að vandinn sé sértækur hjá þeim og það sé verið að koma til móts við þau. Það er kannski einmitt hluti af þessum vanda að það er verið að nota jöfnunarsjóðinn of mikið til að halda lífi í hinum minni sveitarfélögum. Ég get fullyrt það við hv. þingmann að sveitarfélögin hin stærri og meðalstóru og stærri en þau minnstu munu ekki líða öllu lengur að þetta verði gert svona því að þetta stendur þróun sveitarstjórnarstigsins fyrir þrifum.

Það er rangt hjá hv. þingmanni að hér sé eingöngu um sértækan vanda að ræða hjá sveitarfélögunum. Hann er bæði sértækur og almennur. Vandinn er m.a. sá í byggðamálunum — hv. þingmaður setti þetta svolítið í þann farveg og þá held ég að hv. þingmaður muni ekki ná miklum árangri ef hann ætlar að halda sig við það að færa ekki verkefni til sveitarfélaganna. Við getum engin verkefni fært áfram til sveitarfélaganna ef draumur hv. þingmanns á að rætast um að engin sveitarfélög megi sameina fyrr en hraðbrautir eru búnar að tengja saman alla byggða bæi í þeim.

[15:24]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður sagði að ekki hefði

verið mikill taktur í því sem ég sagði áðan. Mér fannst takturinn vera bæði hraður og góður og jafn, en hins vegar fannst mér ýmislegt ákaflega fróðlegt sem hv. þingmaður var að tala um, eins og t.d. þegar hann sagði að jöfnunarsjóðurinn væri notaður of mikið til að halda lífi í minni sveitarfélögum. Hvað er hv. þingmaður að segja? Hann er að segja okkur að litlu sveitarfélögin úti á landi hafi það svo ofboðslega gott eins og þau hafa það í dag að þau sjái í hendi sér að hagur þeirra muni versna við það að sameinast. Það er það sem hv. þingmaður var að segja. Og ég held að ýmsir af hans góðu flokksmönnum — ég þekki t.d. nokkra sem yrðu dálítið undrandi að heyra þann boðskap úr ræðu hv. þingmanns að staða litlu sveitarfélaganna sé rosalega góð, þau hafi það svo fínt í svo góðu skjóli vegna þess að jöfnunarsjóðurinn moki alltaf í þau peningum að þau geti bara setið sæl og róleg og hafi engan áhuga á því að sameinast.

Ég var að segja, virðulegur forseti, að ég vildi gjarnan að sameining sveitarfélaga ætti sér stað til að þau yrðu öflugri. En það verður auðvitað að setja þessa hluti í byggðalegt samhengi og það sem ég var að leggja áherslu á er það að þegar sameiningin á sér stað hljóta sveitarstjórnarmenn alveg sérstaklega, vegna þess að þeir bera ábyrgð, ekki síst gagnvart íbúum sínum, að gera sér grein fyrir því hvort þessi sameining leiði til þess að byggðasvæði þeirra verði öflugra. Ef það er niðurstaða þeirra að svo verði ekki, t.d. að sameining sveitarfélaga leiði til fækkunar opinberra starfa eða að sameining sveitarfélaganna muni ekki tryggja það að íbúarnir hafi bærilegan aðgang að sinni eigin stjórnsýslu, hljóta þessir sömu sveitarstjórnarmenn auðvitað að hafa mikla fyrirvara. Það er ekki þar með sagt að þeir séu að tala um hraðbrautir heim á hvern bæ. Ég veit að hv. þingmaður kemur úr kjördæmi þar sem verið er að búa til fín jarðgöng núna en ég er einfaldlega að tala um það, virðulegi forseti, að það verði að tryggja að menn hafi bærilegan aðgang að þessari stjórnsýslu sinni. Það er ákveðin forsenda sem þarf að leggja og það er þetta sem ég var að árétta vegna þess að forsendan fyrir því að hægt verði að sameina er að íbúarnir sjálfir vilji það og sjái hagsmunum sínum þannig betur borgið.

[15:26]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt, menn verða að hafa forsendur til að styðja sameininguna en til þess þarf einmitt ríkisvaldið að koma til skjalanna. Þar komum við nákvæmlega að meginþunga málsins, þ.e. að það sé einhver vilji á þeim bæ til að flytja verkefnin til sveitarfélaganna. Sveitarfélögin þurfa þá auðvitað að vera í stakk búin til að taka við þeim.

Það sem ég átti við þegar ég var að tala um jöfnunarsjóðinn var að hinum minnstu sveitarfélögum sem allir vita að eru mörg hver allt of lítil í dag þyrfti að skapa aðstæður til að þau mundu sameinast. Hv. þingmaður getur ekki falið byggðavandann eingöngu í þessu. Hann ætti að líta sér örlítið nær og inn á stjórnarheimilið. Ég vona að hv. þingmaður hafi m.a. kynnt sér fróðlega skýrslu sem nýkomin er út og fjallað er um í þessu ágæta blaði sem Rannís gaf út fyrir stuttu: Landsbyggðin blæðir, Reykjavík græðir. Og hvað skyldi vera sagt þar? Jú, þar segir Vífill Karlsson m.a., með leyfi forseta:

„Samkvæmt fyrstu niðurstöðum mínum eru 75% af öllum umsvifum hins opinbera í Reykjavík einni. Það fær þó ekki nema 42% af skatttekjum sínum frá borginni."

Þarna er kannski hluti af vandanum kominn fram, hv. þingmaður, þegar við erum að tala um byggðavandamálin. Ef við værum tilbúin í það að flytja verkefnin til sveitarfélaganna og flytja þessa þjónustu út á land væri kannski hægt að (Forseti hringir.) snúa sér við, annars ekki.

[15:28]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þingmaður komist ekki fram hjá þessu máli með því að skauta á ógnarhraða.

Það er alveg rétt, ég þekki vel þessa skýrslu sem Vífill Karlsson á Bifröst samdi og hv. þm. Sigurjón Þórðarson vill fá að ræða utan dagskrár. Við tökum þá umræðu seinna. Ég þekki hana miklu betur en af einhverjum óljósum blaðafregnum sem hv. þingmaður er að vitna til. (Gripið fram í.)

Það er alveg rétt að við vitum að það er mikið ójafnræði varðandi opinber störf. Úti á landsbyggðinni krefjast menn þess að hlutur landsbyggðarinnar í opinberum störfum vaxi. Það sem ég var að segja var auðvitað mjög uppbyggileg gagnrýni, eða uppbyggileg ábending öllu heldur, að ef menn vilja ná alvöruárangri í sameiningu sveitarfélaga — og það vil ég — er ein forsendan sú að við tryggjum að sú sameining leiði ekki í neinum tilvikum til þess að opinberum störfum á landsbyggðinni fækki. Ég þekki víða mjög vel til á landsbyggðinni. Ég hef verið þingmaður lengi og er þingmaður stórs kjördæmis. Mér er alveg ljóst að í ýmsum tilvikum mundi sameining sveitarfélaga leiða í sjálfu sér til fækkunar opinberra starfa og það er það sem ég vara við og það er þetta sem ég er að segja að við verðum að hafa í huga, hinar byggðalegu forsendur, hið byggðalega samhengi og við verðum að gæta þess að sameining sveitarfélaganna leiði fremur til fjölgunar opinberra starfa en fækkunar.

[15:29]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir ýmislegt í ræðu hv. þingmanns. Þá á ég við að þegar við erum að ræða vanda sveitarfélaganna á þetta oft við. Þetta er sérstakur vandi, þetta er oft vandi sjávarbyggðanna. Ég tel löngu tímabært að sjálfstæðismenn, svo sem hv. þm. Einar Guðfinnsson, ræði það hvers vegna sjávarbyggðunum hafi vegnað svona illa í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins. Það er mikið áhyggjuefni. Ég verð að segja að maður verður líka var við að í stjórnartíð þeirra flokka sem ráða nú er svo mikið afskiptaleysi af sjávarbyggðunum og af landsbyggðinni. Við horfum á mál koma upp t.d. í Bolungarvík og það er ekkert rætt hér. Fólkið er bara látið flytja í burtu. Það er fólksfækkun, það kemur upp atvinnubrestur mögulega á Stöðvarfirði og það má ekki ræða einu sinni vanda einstakra byggðarlaga vegna nýrrar reglu í þinginu. Þegar á að ræða t.d. atvinnuástand á Siglufirði spretta jafnvel upp þingmenn frá Siglufirði sjálfum og vilja ekki ræða þessa hluti.

Ég tel þetta einmitt vera meginþungann í umræðu um

hvers vegna sjávarbyggðirnar standi svona illa. Ég teldi mjög áhugavert ef hv. þingmaður ræddi það nú og tæki svolítið á þeim vanda hvers vegna Sjálfstæðisflokknum hafi ekki tekist betur upp en raun ber vitni. Ef við tökum aftur Bolungarvík er þar gífurleg fólksfækkun. Þetta er sorglegt og það er orðið löngu tímabært að hv. stjórnarliðar ræði þessa hluti.

[15:31]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvað hv. þingmaður á við þegar hann segir að menn vilji ekki ræða vanda landsbyggðarinnar. Hvað vorum við að gera klukkan hálftvö í dag? Þá fór fram utandagskrárumræða um vanda tiltekinnar atvinnugreinar vegna ástands sem skapaðist norður á Akureyri. Það vorum við að ræða. Erum við þá ekki að taka fyrir sérstakan vanda sem uppi er á því landsvæði, vanda sem snertir þar með skipasmíðaiðnaðinn sem m.a. starfar á landsbyggðinni? Ætli við höfum ekki einhvern tíma borið við að ræða málefni sjávarútvegsins úr þessum ræðustóli? Ég hef ekki tölu á því hversu oft ég hef átt erindi upp í þennan stól til að fjalla um þessi mál.

Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að vandi sjávarbyggðanna er mjög alvarlegur og fyrir því eru mjög margar ástæður. Ein er auðvitað sú sem hv. þingmaður nefnir, að það hefur orðið samþjöppun aflaheimilda. Sú samþjöppun aflaheimilda hefði getað orðið í aflamarkskerfi. Hún hefði líka getað orðið í sóknarmarkskerfi þar sem við værum með framseljanlegan veiðirétt. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir þessu.

Við vitum líka að jafnvel þó að aflaheimildir hafi verið til staðar á ákveðnum stöðum þá hefur það ekki dugað þessum sjávarbyggðum til að standa í ístaðinu gagnvart þeirri miklu samkeppni sem birtist annars staðar í landinu. Þess vegna hafa menn verið að reyna að horfa til annarra hluta. Sá sem hér stendur hefur t.d. verið óþreytandi allan sinn feril að reyna að vekja athygli á mikilvægi þess að færa til opinber störf út á landsbyggðina. Að mínu mati felast langsamlega mestu sóknarfærin í því að fjölga störfum á landsbyggðinni, að færa slík störf út á land.

Í þeim vaxtarsamningi sem nýlega var undirritaður varðandi Vestfirði er t.d. vakin athygli á því að til þess að snúa íbúaþróuninni þar við þannig að íbúum fjölgi um hálft prósent á ári sem væri heilmikið þá þarf ekki að fjölga störfum á Vestfjörðum nema um 25. Af því að hv. þingmaður nefndi Bolungarvík sérstaklega þá sýnist mér að þetta þýði að þar þyrfti að fjölga þar störfum um þrjú á ári, að nettófjölgun þyrfti að vera þrjú á ári til að snúa þar við íbúaþróun.

Við sjáum af þessu hver vandinn er og þess vegna, virðulegi forseti, var ég að reyna að hamra á því sem ég veit ekki hvort hv. þingmaður heyrði því hann kom með þvílíkum heljarstökkum í þingsalinn, en ég var einfaldlega að vekja athygli á því að þessi sameiningarhrina mætti ekki leiða til þess að opinberum störfum á landsbyggðinni fækkaði og hafi hv. þingmaður ekki heyrt þetta þá vona ég að hann sé sammála mér.

[15:33]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála ýmsu í máli hv. þingmanns. En það sem skilur á milli er að hv. þingmaður vill ekki ræða raunverulegan vanda byggðanna. Hann vill ekki ræða t.d. kvótakerfið. Það er of heilagt og það má þess vegna rústa stöðum, jafnvel heimabæ hans, Bolungarvík. Hann þorir ekki að horfast í augu við þá staðreynd að ef hér væri sóknarmarkskerfi þá vegnaði sjávarbyggðunum miklum mun betur. Þetta eru staðreyndir sem blasa við öllum. Þetta kerfi er svo heilagt í augum hv. þingmanns að hann neitar að horfast í augu við þá augljósu staðreynd að það hefur skilað helmingi minni afla á land en fyrir daga kerfisins. Hvers vegna eru menn að halda í kerfi sem hefur rústað heimabyggð þeirra? Ég spyr og ég fæ örugglega ekki svar hér.

[15:34]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður veit að ég mun svara þessari spurningu á einni mínútu og hann veit einnig að svarið hlýtur að verða mjög stuttaralegt. Hann veit það líka jafn vel og ég að ég hef haldið margar ræður um fiskveiðistjórnarmál og mínar skoðanir eru ekkert leyndarmál og ég hef margoft lýst þeim.

Hv. þingmaður nefndi sérstaklega heimabyggð mína. Það er alveg rétt að mín heimabyggð fór skelfilega út úr því þegar aflaheimildir voru seldar þaðan. En sem betur fer ... (Gripið fram í.) Virðulegi forseti. Samt sem áður er það þannig — hv. þingmaður ætti að vita það því hann er líka þingmaður þessa svæðis — að hann ætti að vita að sú þróun hefur sem betur fer orðið á síðustu missirum í Bolungarvík að þar hafa aflaheimildir stóraukist og eru núna að verða álíka í hlutfalli og þær voru þegar skást var. Þetta er auðvitað vegna þess að við eigum framtakssama og duglega menn sem menn hafa trú á og þeir hafa verið að byggja upp þetta atvinnulíf. Hv. þingmaður hristir auðvitað hausinn yfir þessu. Þetta passar ekki inn í heimsmynd hans. Þetta passar ekki inn í kenningarnar hans því að hv. þingmaður talar (**SigurjÞ:** Það er helmingi minni afli en ...) um sjávarútvegsmál eins og trúarbrögð. Hann talar aldrei um þetta eins og staðreyndir. Hann talar um þetta eins og trúarbrögð og hann snýr hlutunum alltaf sjálfum sér í hag. Þetta er gömul aðferð sem menn nýttu sér í gamla daga fyrir 500 árum. Ég hélt, (Forseti hringir.) hv. þingmaður, að menn hefðu hætt þessu.

[15:36]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmanni tókst að tala bæði með og á móti sameiningu sveitarfélaga í ræðu sinni — það er út af fyrir sig svolítið afrek — því að hann taldi brýnast að útvega fjármagn til að styðja við litlu og veikburða sveitarfélögin og svo hélt hann því fram að sameiningu sveitarfélaga þyrfti að fylgja fjölgun opinberra starfa í viðkomandi sveitarfélögum. Nú hlýtur að verða að tryggja það öðruvísi en með sameiningu sveitarfélaga. Það hlýtur að tengjast öðrum málum en beinlínis sameiningunni því að auðvitað munu sameiningu sveitarfélaga fylgja fækkun opinberra starfa.

Það liggur í hlutarins eðli. Ef menn ætla að fjölga störfum þá verða þeir að gera það á annan hátt. Það þýðir ekkert annað en að segja hlutina eins og þeir eru. En hv. þingmaður kallaði það gervilausn að tala um að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna með hækkun á útsvarinu sem mér finnst óbilgjarnt að gera vegna þess að fyrir liggur að sveitarfélögin í landinu hafa gjörnýtt útsvarið til tekjuöflunar.

Ég fékk svar frá hæstv. félagsmálaráðherra í vetur um hvernig sveitarfélögin hefðu nýtt sér útsvarið til tekjuöflunar og það kom í ljós að einungis fimm sveitarfélög hafa ekki nýtt sér það nánast til botns og þau eru öll á höfuðborgarsvæðinu. Tvö af þeim hafa núna tekið ákvarðanir um að nýta líka í botn þannig að raunverulega er verið að fullnýta þennan tekjustofn. Þess vegna hlýtur maður að spyrja sig: Er einhver gervilausn fólgin í því að gefa sveitarfélögunum möguleika á því almennt að hafa hærri tekjur af útsvari?

[15:38]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gat ekki skilið hv. þingmann öðruvísi en svo að hann væri að taka undir sveltistefnu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar varðandi sveitarfélögin. Hann var með öðrum orðum að kyrja það stef að þetta fyrirkomulag núna væri ekki nógu örvandi fyrir sveitarfélögin, það þyrfti að beita þau enn frekar hörðu til að fá þau til að sameinast.

Hv. þingmaður gerði síðan útsvarið að umtalsefni. Það er rétt að ég fari aðeins betur yfir það ef það hefur ekki alveg skilist það sem ég var að segja. Nú vita allir að útsvar er tekjustofn sem lagður er á tekjur einstaklinga og það gefur augaleið að í stórum sveitarfélögum munar meira um útsvarshækkanir en í hinum minni. Það er líka þannig eins og við höfum séð að með uppbyggingu hinna nýju atvinnugreina á höfuðborgarsvæðinu, bankakerfis, fjármálakerfis ýmissa vísinda- og tæknigreina, hafa orðið til hátekjustörf. Það liggur fyrir, og ekki þarf mikinn talnaspeking til að sjá það, að hækkun á útsvari um t.d. 1%, eins hinir gömlu flokksbræður hv. þingmanns sem eru núna í Vinstri grænum lögðu til, mundi breyta ákaflega litlu fyrir t.d. langflest sveitarfélög í kjördæmi okkar. Auðvitað eru til undantekningar. Stærri sveitarfélögin mundu að sjálfsögðu græða eitthvað á þessu og það mundi muna um fyrir þau. Höfuðborgina mundi muna gríðarlega mikið um þetta. Því geri ég mér alveg grein fyrir enda er örugglega útsvarshugmyndin sett fram til að höfða til sveitarstjórnarmanna á því svæði. En hv. þingmaður hlýtur að gera sér grein fyrir því sem gamall sveitarstjórnarmaður að fyrir minni sveitarfélög, t.d. á norðanverðum Vestfjörðum, í Skagafirði, Húnavatnssýslu, Snæfellsnesi svo ég taki dæmi, mundi 1% útsvarshækkun bara ekki breyta nokkrum sköpuðum hlut eða hálfs prósents eins og menn ræddu á fyrri stigum í þessari umræðu. Menn sjá í hendi sér að ef laga á stöðu sveitarfélaganna sem er veik eins og við vitum núna þá verður að gera það með sértækum hætti í þeim anda sem verið er að reyna að gera núna með þessum tillögum.

[15:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar er verið að veita 10 milljarða eða meira í gegnum jöfnunarsjóðinn og það hlýtur að vera ástæða til að setja spurningarmerki við það hvort menn séu ekki komnir á undarlegar brautir þegar t.d. stór hluti af þessum fjármunum er kannski notaður til að keyra börn, svo ég taki beint dæmi sem er hér nærtækt, safna þeim saman í Innri-Akraneshreppi og keyra þau í gegnum Akranes og upp í Leirársveit í skóla. Þetta borgar jöfnunarsjóðurinn. Erum við ekki komnir á undarlegar brautir þegar við erum farnir að nota sameiginleg samskot til að vinna með þessum hætti gegn hagkvæmum lausnum? Ég held að það sé full ástæða til að menn skoði þessi mál svolítið vandlega og að lengra verði ekki farið á þessum brautum. Ef ég nefni aftur dæmi af sambærilegum sveitarfélögum, Stykkishólmi og Grundarfirði, þá liggur það þannig að áður en jöfnunarsjóður kemur til á síðustu árum þá hefur Stykkishólmur verið með hærri tekjur á íbúa en Grundarfjörður. En þegar búið er að taka tillit til jöfnunarsjóðsins eru tekjurnar orðnar hærri í Grundarfirði á íbúa. Þarna eru menn farnir að ganga lengra en skynsamlegt er í jöfnun og einhverjir verða að segja það upphátt. Það kann vel að vera að það sé ekki vinsælt alls staðar að segja hlutina eins og þeir eru. En svona er þetta.

Hv. þingmaður er hér á fullri ferð í því að heimta að jöfnun verði enn þá meiri en hún hefur verið. En samt er hún komin í ógöngur.

[15:42]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega ekki tilefni hjá hv. þingmanni þótt hann finni eitt dæmi um að jöfnunarsjóður virki ekki eins og hann á að virka að fella svona harðan dóm yfir sjónum. Ég get fundið líka ýmis dæmi um jöfnunarsjóðinn sem ég mundi vilja hafa allt öðruvísi en nú.

Ég var ekkert að leggja það til, virðulegi forseti, að jöfnunarsjóðurinn ætti að ganga lengra í jöfnunarátt en hann gerir núna. Ég er einfaldlega að segja að það er verið er að bjóða upp á ósanngjörn býtti ef það er gert með þeim hætti og ég segi, ef það væri gert með þeim hætti. Hægt væri að segja sem svo að annaðhvort sameinist þið og það mun leiða til þess að jöfnunarsjóðnum verður beitt ykkur í hag en ef þið ekki sameinist þá fáið þið lakari tekjur. En síðan á hinn bóginn standa menn frammi fyrir því að ef þeir sameinast þá leiðir það til þess að störfunum fækkar á svæðinu þeirra, byggðasvæðinu. Þetta eru kostir sem er ekki hægt að stilla mönnum upp gagnvart. Ég er einfaldlega að segja það sem áhugamaður um sameiningu sveitarfélaga að mér finnst að þannig þurfi að búa um hnútana að sveitarfélög standi ekki frammi fyrir tveimur slæmum kostum. Það á auðvitað að reyna að gera á þann hátt að það hafi ekki í för með sér að það fækki opinberum störfum sem við á landsbyggðinni horfum til sem sóknarfæris, m.a. vegna þess að búið er að benda á að ójafnræði er í skiptingu opinberra starfa í landinu. Því megum við ekki sem stjórnvald eða áhugamenn um sameiningu sveitarfélaga ganga svo hart fram í því að sameina sveitarfélög að það hafi síðan einhverjar aðrar neikvæðar afleiðingar. Það er þetta, virðulegi

forseti, sem ég var einfaldlega að reyna að árétta. Ég held að hv. þingmaður ætti ekkert að reyna að snúa út úr þeim orðum mínum. Ég hélt því fram og ég er áhugamaður um að stækka og efla sveitarfélög. En það þarf að gera á skynsamlegum forsendum þannig að það leiði til þess að byggðirnar eflist. Ekki getur það verið markmið að sameina sveitarfélög til að veikja byggðarlög eða er það þannig? Er trúaratriðið orðið svo mikið? Er trúarjátningin orðin svo mikil hjá hv. þingmönnum í þessum efnum, t.d. hv. þingmanni Jóhanni Ársælssyni að hann vilji allt til vinna, jafnvel veikja byggðirnar, til þess að hann megi bara horfa á stærri sveitarfélög?

[15:44]

Guðjón Hjörleifsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir greinargóða framsögu hans fyrr í dag. Ég átti þess kost að starfa í sameiningarnefnd sem hafði það markmið að efla sveitarstjórnarstigið. Það var skemmtilegt verkefni, mikil samvinna og góð samstaða hefur verið í nefndinni.

Nefndin telur nauðsynlegt að færa kosningar um sameiningu til 8. október. Nefndin var tilbúin með tillögur sínar *á eðlilegum tíma en ákvað að bíða með að skila lokatillögum*. Mörg sveitarfélög höfðu óskað eftir að fresta því að kjósa um sameiningarmál þar til tekjustofnanefnd lyki störfum. Nú er þeirri vinnu lokið. Þá liggur fyrir að ekki er nægur tími til stefnu til að tillögur geti hlotið næga kynningu og umfjöllun í viðkomandi sveitarfélagi fyrir kjördag.

Það er einnig rétt, eins og fram kom hjá hæstv. félagsmálaráðherra, að undirbúningur atkvæðagreiðslu um tillögur sameiningarnefndar er kominn misvel á veg. Það var lykilatriði í þessu ferli að tekjustofnanefnd næði lendingu í þessu máli. Þegar líða tók á kom greinilega í ljós hjá sveitarstjórnarmönnum að þeir lögðu alla áherslu á að vita hvað væri í pakkanum frá tekjustofnanefnd þannig að umræða um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga varð út undan. Lykilatriði að góðu samstarfi nefndarinnar var að hafa mikið og gott samráð við sveitarstjórnarmenn við vinnslu tillagna, m.a. með heimsóknum. Ég ætla ekki að fara mikið í það sem gerðist í sameiningarnefnd en sný mér að tillögum tekjustofnanefndar, sem hæstv. félagsmálaráðherra hefur kynnt mjög vel. Við erum að tala um 2,1 milljarð á næstu þremur árum í jöfnunarsjóðinn. Við erum að ræða um undanþágu ríkissjóðs frá greiðslu fasteignaskatts af eignum sínum, að undanþágan falli niður og álagning komi til framkvæmda á næstu þremur árum. Þetta er varanleg tekjuaukning um 600 millj. kr. á ári til sveitarfélaga í auknar tekjur.

Ég vil sérstaklega fagna því að varasjóði húsnæðislána verði heimilað að auka rekstrar- og sölufræmlög vegna félagslegra íbúða í eigu sveitarfélaga og aðstoða við úreldingu þeirra. Þetta er mjög mikilvægt en félagslega íbúðakerfið hefur verið mikil baggi á mörgum sveitarfélögum. Það þarf samt sem áður að vanda þetta vel. Þegar félagslegar íbúðir fara á almennan markað getur það haft mikil áhrif á húsnæðisverð úti á landi. Það er viðbúið að verð á minni íbúðum lækki verulega. Það er því nauðsynlegt að þær íbúðir komi inn á markaðinn í áföngum. Það er líka mjög ánægjulegt að skylda sveitarfélaganna til greiðslu í varasjóð skuli afnumin.

Það er jákvætt að gefa frest til fráveituframkvæmda í sveitarfélögum til ársins 2008. Það gefur svigrúm til að leita ódýrari lausna í fráveitumálum. Þess hefur verið krafist af sveitarfélögum að þau fari í miklar framkvæmdir, bæði samkvæmt lögum um einsetningu grunnskóla og fráveituframkvæmdir.

Breytingin á lögum um skráningu og mat fasteigna og tekjustofna sveitarfélaga er eðlileg og byggist á jafnræði. Það er ekki hægt að miða eingöngu við álagningu næstu áramóta á eftir ef fasteignamat fer fram á árinu. Það ríkir ekki jafnræði milli aðila sem fær fasteign metna í janúar og aðila sem fær fasteign metna í desember séu álagðir frá sama tíma.

Það er mjög eðlilegt að fara yfir hlutverk og reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þegar fyrir liggur hvernig sameiningarkosningar hafa farið. Þegar við ræddum við sveitarstjórnarmenn um sameiningarmál var töluvert rætt um hvernig jöfnunarsjóðsframlögum yrði háttað, sérstaklega hjá minni sveitarfélögum. Þau töldu sig hafa styrk til sameiningar ef tekjur héldu sér áfram. En það er komið til móts við sveitarfélögin. Andvirði samningsins er rúmir 9 milljarðar kr. til ársins 2008 og því ber að fagna.

Þegar tveir aðilar deila þá fara menn með væntingar inn í samningsgerðina. Sumir setja fram miklar kröfur og aðrir ætla að leika varnarleik. Það gerist alltaf þegar tveir aðilar deila. Þetta þekkjum við líka úr karphúsinu. En báðir aðilar þurfa að slaka til, eins og þeir hafa gert. Í bókun tekjustofnanefndar segir m.a. að ekki sé í sjónmáli önnur sameiginleg niðurstaða tekjustofnanefndar en sú er byggist á nýjum tillögum fulltrúa ríkisins.

„Umræddar tillögur ganga lengra en þær tillögur sem fulltrúar ríkisins hafa áður lagt fram en skemmra en tillögur fulltrúa sveitarfélaganna. Fulltrúar sveitarfélaganna líta á þessar tillögur sem áfanga í áttina að frekari eflingu tekjustofna sveitarfélaga. Fulltrúar ríkisins líta á tillögurnar sem það ýtrasta sem hægt sé að ganga á því tímabili sem um er að ræða og því mikilvægt að ríki og sveitarfélög leiti sameiginlegra leiða til að auka aðhald í rekstri hins opinbera."

Einnig fylgir mikilvægt skjal sem fylgir áliti tekjustofnanefndar. Ég ætla að fá að lesa það, með leyfi forseta:

„Það eru önnur atriði sem samkomulag er um að verði nánar útfærð í yfirlýsingu um breytt fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Sameiginlega verði unnið að því að efla samráð ríkis og sveitarfélaga um langtímamarkmið í fjármálum hins opinbera, m.a. við endurnýjun samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga.

Sameiginlega verði unnið að því að öll lagafrumvörp og reglugerðir er varða sveitarfélögin á beinan og/eða verulegan hátt verði kostnaðarmetin af viðkomandi ráðuneyti. Reglur þar um taki gildi 1. janúar 2006.

Sameiginlega verði unnið að því að skipa starfshóp til að kanna hvort lög og reglugerðir sem settar hafa verið á undanförnum árum, m.a. til innleiðingar á Evróputilskipunum, hafi að geyma of strangar og kostnaðarsamar kröfur gagnvart sveitarfélögum.

Starfshópurinn leggi fram tillögur um breytingar þar sem við á.

Sameiginlega verði unnið að breytingum á sveitarstjórn-

arlögum sem miði að því að tryggja vandaða fjárstjórn sveitarfélaga og málsmeðferð varðandi einstakar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarstjórna svo og ákvarðanir sveitarstjórnarlaga um hlutverk og skipan eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Í því sambandi verði sérstaklega litið til reynslu Norðurlandanna af eftirliti með sveitarfélögunum."

Virðulegi forseti. Við erum að ræða um 9,1 milljarð kr. á þremur árum. Við erum að ræða um 1.560 millj. kr. varanlega. Sem landsbyggðarmaður staldra ég við undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts, samanber 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga varðandi eignir ríkissjóðs. Við erum að tala um 200 millj. kr. árið 2006, 400 millj. kr. árið 2007 og 600 millj. kr. 2008 og 600 millj. kr. á hverju ári.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef voru 60% af fasteignasköttum á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavíkurborg fær 50%, sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu fá önnur 10% og landsbyggðin 40%. Höfuðborgarsvæðið fær 360 millj. en landsbyggðin 240 millj. Ég hefði viljað staldra við og endurskoða þetta mál. Ég tel eðlilegt að mikil ríkisumsvif og flestar stofnanir séu í Reykjavíkurborg en ég tel ekki eðlilegt að hún fái þorrann af þessum tekjum. Fjárhagslegur vandi sveitarfélaganna er ekki á höfuðborgarsvæðinu. Hann er á landsbyggðinni og við þurfum að bregðast við því. Ég er mjög sáttur við allt annað í málinu en þetta finnst mér stóra málið. Við eigum að skoða það og ég mun örugglega koma að því í félagsmálanefnd þar sem formaður er hv. þm. Siv Friðleifsdóttir.

Hér eru mikil tímamót. Það var mikil samstaða í sameiningarnefnd um tillögur sveitarfélaga og almennt er gott hljóð í sveitarstjórnarmönnum um þessi mál. Allir fulltrúar að undanskildum einum ná niðurstöðu í tekjustofnanefndinni en það er ljóst að ekki eru allir sveitarstjórnarmenn sammála. Það er ágreiningur í sveitarstjórnum og misjöfn staða sveitarfélaga. Það eru til lítil sveitarfélög sem eru sterkari en stóra sveitarfélagið sem á að sameinast. Þar telja menn sig vera í góðum gír með reksturinn og allt í lagi með það. Ég tel, miðað við það sem hefur verið rætt í sameiningarnefndinni, að við verðum að virða íbúalýðræðið. Við verðum að láta reyna á að fólkið sem býr á þessum stöðum kjósi um hvort það vilji sameiningu eða ekki og það verður að una þeirri niðurstöðu.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort það sé ekki eðlilegt að þetta sem ég ræddi um varðandi fasteignaskattinn verði endurskoðað þannig að ígildi fasteignagjaldsins, 600 millj. kr. sem koma sannarlega frá ríkinu, verði sett beint inn í jöfnunarsjóð í stað þess að höfuðborgarsvæðið fái 60% af fasteignasköttunum samkvæmt þessum tillögum.

[15:53]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er oft þannig þegar hv. þm. Guðjón Hjörleifsson kemur í pontu að hann segir opinskátt frá hlutum sem aðrir hvorki nefna né leyfa sér að hugsa. Hv. þingmaður endaði ræðu sína á því að segja að Reykjavík stæði nógu vel og þyrfti ekki neina fjármuni. Sérstaklega boðaði hann að hann mundi koma fram með tillögur um að Reykjavíkurborg mundi einskis njóta í að ríkið færi að greiða fasteignaskatta, eins og tillögur tekjustofnanefndar gera ráð fyrir. Þetta er akkúrat það sem við höfum heyrt þegar við ræðum við sjálfstæðismenn fyrir utan þingsali. Þeim finnst einmitt að Reykjavíkurborg hafi nægar tekjur og það eigi ekki að koma hlutum þannig fyrir að höfuðborgarsvæðið eða Reykjavík fái frekari tekjur. Þar séu víst nógir peningar.

Það er skrýtið með þingmenn stjórnarliða, þegar maður hlustar á þá í þingsal, gamla sveitarstjórnarmenn, að það er eins og þeir hafi verið teknir og heilaþvegnir áður en þeir koma í þingsal, skipt um heila eða forrit í þeim. Það er ótrúlegt að hlusta á gamla sveitarstjórnarmenn halda því fram að tillögur tekjustofnanefndarinnar séu góðar. Ég skil ekki hvernig menn sem þekkja til í rekstri sveitarfélaga geta leyft sér að koma í ræðustól og halda því fram að hér sé um góðar tillögur að ræða sem muni nýtast sveitarfélögunum vel, t.d. að ætla að fjármagna vanda félagslega íbúðakerfisins með því að ganga á varasjóð viðbótarlána sem sveitarfélögin sjálf hafa greitt í. Hvað þá með sveitarfélög sem greitt hafa í þann sjóð og eru ekki í neinum vandræðum með félagslegar íbúðir? Hvers eiga slík sveitarfélög að gjalda, búin að greiða inn í varasjóð viðbótarlána en fá ekki krónu þaðan? Ég óska eftir því að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson útlisti fyrir okkur hvar heilaþvottastöðin er sem stjórnarþingmenn ganga í gegnum?

[15:56]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson talar fyrst um hve opinskár ég sé og að ég tali hreinskilnislega um stöðuna. Svo segir hann að ég sé forritaður í seinna orðinu, sem gengur ekki alveg upp. Ég sagði að ég teldi að höfuðborgin og nágrannasveitarfélögin stæðu vel og sagðist ætla að taka málið upp í félagsmálanefnd á þeim forsendum sem ég var að ræða.

Góðar tillögur. Ég er að tala um góðar tillögur. Við erum að tala um 9 milljarða kr. innspýtingu á næstu þremur árum. Ég tel það mjög gott. En mér finnst þessar varanlegu tölur, 1.500 millj. kr., þar sem við erum að tala um að 360 millj. kr. fari beint á höfuðborgarsvæðið þar sem ekki er fjárhagsvandi, að það eigi að endurskoða þann lið sérstaklega. En hafa ber í huga að hluti af þessu kemur frá ríkissjóði en að öðru leyti er skapað svigrúm fyrir sveitarfélögin, frestun framkvæmda, breytingar og annað sem er mjög gott.

Ég er mjög sáttur við breytingarnar varðandi varasjóðinn. Varasjóðurinn hefur verið sveltur fjárhagslega. Ég þekki það sjálfur sem bæjarstjóri í Vestmannaeyjum til langs tíma. Það hefur verið mjög erfitt að fá peninga til að bregðast við varðandi breytingar á íbúðum eða jafnvel niðurrifi á húsum. Á þessu hafa hvílt skuldir og viðhaldi ekki hefur verið sinnt nógu vel af því að þetta hafa verið tómar íbúðir. Þróunin er þannig og þannig er það líka t.d. á Vestfjörðum. Ég held t.d. varðandi þær tillögur að Vestfirðir og Vestmannaeyjar komi mjög vel út úr breytingu á varasjóðnum.

[15:57]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í heilaþvottastöð íhaldsins hefur gleymst að skola einlægnina úr þeim hv. þingmanni sem hér var að tala. Það er gott því að kannski eru allt of fáir slíkir á þingi, sem segja hlutina eins og þeir eru.

Af því að hv. þingmaður á sæti í sameiningarnefnd, sem kemur til með að kynna á morgun tillögur um hvaða sveitarfélög eigi að kjósa um sameiningu sín á milli þá langar mig að forvitnast um hvort hægt sé að fá upplýsingar um, fyrst við komum báðir úr Suðurkjördæmi, hvaða tillögur komið hafa fram um sameiningu sveitarfélaga. Það hefur verið að kvisast á göngunum að lagt verði til að Garður og Sandgerði sameinist Reykjanesbæ og kosið verði um slíka sameiningu. Eins hefur kvisast að Ásahreppur muni ekki kjósa um sameiningu við önnur sveitarfélög. Þeir sem til þekkja vita að Ásahreppur hefur miklar tekjur af fasteignagjöldum af virkjunum og stendur ákaflega vel. Þar sagði sveitarstjórnin: Nei, við viljum ekki sameinast neinu öðru sveitarfélagi. En eins og hv. þingmaður veit sögðu sveitarstjórnir í Garði og Sandgerði nákvæmlega hið sama: Nei, við viljum ekki kjósa um sameiningu við önnur sveitarfélög. Við teljum okkur standa betur ein og sér. Þá fer maður að velta fyrir sér hvaða reglur gilda þegar sameiningarnefndin kemur með tillögur.

Þarna eru þrjár sveitarstjórnir sem allar hafa skilað sams konar umsögn til sameiningarnefndar og sagt: Nei, við teljum ekki rétt að við kjósum um sameiningu að þessu sinni. Svo fer sameiningarnefndin yfir og hún kemst að þeirri niðurstöðu að taka mark á einni sveitarstjórn en hunsa tvær. Mig langar að vita hvort það er rétt sem hefur kvisast á göngunum, að svona verði tillögurnar og hvaða reglur gildi um hvaða sveitarstjórnir skuli hunsa og á hvaða sveitarstjórnum skuli taka mark.

[15:59]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var samkomulag í sameiningarnefnd að tillögur nefndarinnar yrðu kynntar á landsþinginu á morgun. Smári Geirsson mun kynna þær og ég hvet ... (**Gripið fram í:** Leyndó?) Það er leyndó. (Gripið fram í.) Það er meira að segja leyndó með Vogana. Ég veit að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er mjög spenntur að athuga hvort Vogarnir muni koma yfir til Hafnarfjarðar, en ég hef tekið eftir því að hv. þm. Jón Gunnarsson horfir til Hafnarfjarðar því hann er alveg hættur að segja Hafnarfjarðarbrandara frammi í sal eins og oft áður.

Varðandi Ásahrepp eru málin þannig að það var nýbúið að sameina á Hvolsvelli og á Hellu og beðið var um frest meðan þau sameiningarmál voru að ganga í gegn. Menn þurftu meiri aðlögun og það var út af því sem það mál frestaðist. En önnur leyndarmál verða ekki upplýstrú hér.

[16:01]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér heyrðist hv. þm. Guðjón Hjörleifsson vera að tala sig upp í að um einhver tímamót væri að ræða í átaki til eflingar sveitarstjórnarstigsins. Mig langar að biðja hann um að útskýra það eilítið nánar. Eru þau tímamót fólgin í því að skilað er auðu hvað verkefnatilflutning frá ríki til sveitarfélaga varðar og enginn veit neitt og jafnvel minna nú en fyrir fimm árum? Eru tímamótin fólgin í því að jöfnunarsjóður, sjóður allra tíma í huga hv. þingmanns sem öllu á að bjarga og allt á að gera, er núna á annan tug milljarða króna og ég heyri ekki betur en að hv. þingmaður vilji enn þá bæta þar í? Kannski hann lýsi hugmyndum sínum í þá veru hvernig ýtrustu óskir hans væru um stærð og umfang Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í sveitarfélagaflórunni. Vill hann einfaldlega að jöfnunarsjóður hafi helming af öllum tekjum sveitarfélaga, 50 milljarða, þannig að við látum bara félagsmálaráðuneytið um að skammta úr hnefa til sveitarfélaganna? Er það draumsýn hans á sterkum og öflugum sameinuðum sveitarfélögum? Sér hann þessi tímamót þannig? Eða eru tímamótin kannski fólgin í þeirri draumsýn sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson lýsti áðan þar sem hann fann því allt til foráttu að verið væri að fjargviðrast til og frá með sameiningarmálin, af hverju fólk gæti ekki bara fengið að vera í friði heima í sínu héraði, í örbirgð ef ekki vildi betur og gætu þá sótt suður í ráðuneytið endrum og sinnum og fengið tékkann sinn úr hendi Húnboga og hinna ágætu embættismanna í félagsmálaráðuneytinu? Er það sú draumsýn sem hv. þingmaður var að reyna að lýsa áðan?

[16:03]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég talaði líka um að það væru tímamót að við skyldum ná niðurstöðu varðandi sameininguna um sveitarfélagið sem er mjög stórt mál í sveitarstjórnarstiginu, sameiningarnefndin. Ég tel ákveðin tímamót að þorri þeirra manna sem voru í tekjustofnanefnd hafi náð lendingu og niðurstöðu. Mér finnst það tímamót að koma með 9 milljarða innspýtingu á þremur árum. Ég sagði að ég væri ekki alveg sáttur við skiptinguna í framhaldinu. Það var það sem ég var að ræða um.

Tillögur að verkefnatilflutningi verða tilbúnar í haust. Sveitarstjórnarmenn voru ekki að ræða um verkefnatilflutning. Það minnkaði með hverjum einasta fundi sem við vorum á. Það var bara spurt: Hver er niðurstaðan úr tekjustofnanefnd?

Það sem er að breytast hjá sveitarstjórnarmönnum er að menn eru orðnir hræddir við að taka til sín verkefni vegna reynslunnar af rekstri grunnskólanna. Það kemur meiri krafa á nærþjónustu. Menn fara að veita meiri þjónustu en er lögbundin. Þetta er bara staðreynd. Þetta þekkjum við í grunnskólanum. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga segir enn þann dag í dag: Sveitarfélögin fá peninga í grunnskólana til að sinna lögbundnum verkefnum. Viðbótin sem þeir hafa ákveðið, þ.e. að auka þjónustuna enn meira, er að rugla rekstur sveitarfélaganna.

Jöfnunarsjóður hefur náttúrlega styrkt minni sveitarfélögin. Þess vegna viljum við sjá stærri einingar. Ég held að hann þurfi líka að hjálpa til við sameininguna, við að koma ákveðnum málum af stað. Ég tel að það eigi að nýta jöfnunarsjóð betur í það. Það má alveg deila um stærð eininga. Ég vildi oft sjá öflugri og stærri sveitarfélög, en ég tel að tillögur sameiningarnefndar séu mjög skynsamlegar og þið verðið að mæta á morgun þegar leyndarmálinu verður upplýstrað.

[16:05]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni heiðarleg svör. Þá liggur alveg ljóst fyrir að í hans huga er ekki um það að ræða að reyna að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga þegar kollegar hans á sveitarstjórnarstiginu eru hræddir við það. Ég undrast það ekki nokkurn skapaðan hlut að almennur ótti hafi gripið um sig meðal sveitarstjórnarmanna sem þurfa að eiga viðskipti við ríkisvaldið. Það gefur augaleið að reynsla þeirra af samskiptum við sitjandi ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er með þeim hætti að þeir koma örugglega ekkert hlaupandi til þeirra viðræðna um að reyna að skapa nýjum verkefnum viðunandi framlag frá ríki þegar tilflutningur verður. Hræðslan er því skiljanleg í þeirra röðum.

Eins og hv. þingmaður sagði af fullri hreinskilni eru menn hættir að þora að tala um þetta. Ég held að þeir séu steinhættir að þora að tala um þetta í kjölfar þeirrar merku „niðurstöðu" sem hér er að finna fyrir framan okkur. Ég undrast satt að segja að hv. þingmaður, sveitarstjórnarmaður í Vestmannaeyjum og fyrrum bæjarstjóri þar til margra ára og farsæll að mörgu, skuli taka undir þetta falska viðlag að um 9 milljarða tilflutning sé að ræða. Hann veit betur, að stór hluti fjármagnsins eru fjármunir sem sveitarfélögin eiga sjálf og er í þeirra eigin sjóðum en eru með lögum bundnir í ráðstöfunarvald ríkisins. Það er því alrangt og hann veit að á þremur árum eru ekkert nýir milljarðar að koma í hólf sveitarfélaganna.

Ég hef vanist því í samskiptum mínum við hv. þingmann og ágætan vin minn að hann tali hreint úr pokanum og hann hefur gert það sumpart hér, en ég held að hann eigi að taka skrefið til fulls og viðurkenna að tillögur tekjustofnanefndar eru hvorki fugl né fiskur. Það veit hann að kollegar hans á sveitarstjórnarstiginu eru sammála um í hjarta sér þó sumir þeirra kunni að tala tungum tveimur.

[16:07]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði áðan að 9 milljarðarnir væru ekki allir frá ríkinu komnir. Ég sagði að þetta væru líka tilfærslur, slakanir og verið að koma til móts við aðila, þannig að þetta eru bein og óbein framlög.

Ég sagði að sveitarstjórnarmenn væru mjög skeptískir á að fá fleiri verkefni til sín. Það hefur ágerst með hverjum tíma og ég held að það sé m.a. reynslan af flutningi grunnskólanna. Ég tel það ekki um alla sveitarstjórnarmenn. Ef ég væri í sveitarstjórn mundi ég hika við að taka við heilbrigðismálum sveitarfélaga því það er ekki mikið eftir þegar 77%–80% er orðinn launakostnaður og annar rekstrarkostnaður lyf og fleira. Menn hafa því ekki svigrúm innan þeirra tekjuramma að auka þjónustuna. Ef menn þurfa að skera niður eru menn að fækka störfum heima í héraði. Ég mundi vera mjög hræddur við það. Ég skal vera mjög hreinskilinn í því.

Svo eru önnur verkefni sem er mjög spennandi að færa yfir til sveitarfélaga. Ég hef reynslu af því varðandi t.d. málefni fatlaðra. Við erum reynslusveitarfélag þar, Vestmannaeyjar. Það hefur gengið mjög vel. Það má ræða um löggæsluna. Það má ræða um aðkomu Vegagerðarinnar og samvinnu um verklegar framkvæmdir. Það er því ýmislegt sem kemur til greina í þessum málum.

Ég tel að það sé mjög gott sem er að gerast varðandi tekjustofnamálin en ég hefði viljað sjá breytingar á fasteignasköttum til framtíðar, að sjá þá renna í annan sjóð en að 60% færu á höfuðborgarsvæðið.

[16:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Við höfum rætt lengi dags svonefnt átak til stóreflingar á sveitarstjórnarstiginu eins og það hefur verið kallað í félagsmálaráðuneytinu. Þetta litla frumvarp hæstv. félagsmálaráðherra sem er hér til afgreiðslu og lýtur eingöngu að því að reka flóttann, fresta sameiningarkosningu frá því í apríl fram í október er enn eitt dæmið um hvílíka andhverfu þetta stórátak nýs félagsmálaráðherra til að stórefla sveitarstjórnarstigið birtist í. Ég sá það á heimasíðu ráðuneytisins að enn reynir hæstv. ráðherra og fólk hans að halda haus og tilkynnir um frestunina á sameiningarkosningum, þessa hungurlús sem er hvorki fugl né fiskur í niðurstöðu tekjustofnanefndar, þessu auða blaði hvað varðar verkefnatilflutning, allt undir heitinu Stórefling sveitarstjórnarstigsins, átakið stóra og mikla. Mikill er máttur minn, en mér er skapi næst að halda að menn hefðu betur gert þetta með hófstilltari hætti.

Mér finnst margir hv. stjórnarliðar nálgast viðfangsefnið með býsna sérkennilegum hætti svo ekki sé meira sagt. Margir þeirra sitja í sveitarstjórnum enn þann dag í dag og fjölmargir hafa verið sveitarstjórnarmenn á árum áður og ættu því að þekkja innviði í rekstri sveitarfélaga. Þeir nálgast þetta eins og um samningaviðræður sveitarstjórnarinnar annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar um kaup og kjör sé að ræða, eins og aðilar vinnumarkaðarins, bara að annar aðilinn er miklu sterkari en hinn og getur með einhliða ákvörðun þegar þreytist á karpinu tekið um það ákvörðun að svona skuli það vera en öðruvísi ekki. Með öðrum orðum sé þetta bara togstreita um krónur og aura, togstreita sem ég endurtek að er með þeim hætti að þegar menn þreytast á karpinu eins og gerðist núna er formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga einfaldlega kallaður á fund fjármálaráðherra og hæstv. félagsmálaráðherra fær að sitja við hlið. Þar er tilkynnt einhliða að svona sé þetta og lengra verði ekki komist. Þetta eru auðvitað ekki samningar frjálsborinna aðila. En þetta er kannski ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er: Hvar liggur hinn pólitíski vilji ríkisstjórnarflokkanna í málefnum sveitarfélaganna? Hver er tilgangur átaksins þegar allt kemur til alls? Var hann ekki sá, eins og stendur í yfirskrift enn þann dag í dag, að stórefla sveitarstjórnarstigið, að taka skref sem um munaði til að færa völdin, færa þjónustuna frá miðstýrðu ríkisvaldi heim í hérað? Ég spyr: Hvar er sú sýn til staðar enn þann dag í dag?

Það dugir ekki í umræðunni þegar menn ætla að smokra sér fram hjá grundvallar pólitískri umræðu að vísa til þess að kannski sameinist einhver sveitarfélög í haust. Þá þurfi aftur að setjast niður og semja upp á nýtt um breytta tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga og ef mönnum dettur í hug að færa öldrunarþjónustuna, færa málefni fatlaðra eða hvaðeina byrji nýr kapítuli. Við erum alltaf í sömu sporum.

Frú forseti. Hér held ég á bók sem gefin var út árið 2000. Hvað heitir hún? Hún er skýrsla tekjustofnanefndar sem þá var á sett og skilaði niðurstöðum. Sá sem hér stendur var í þeirri nefnd. Það er eins og ég sé kominn í umhverfi fimm ár aftur í tímann því það hefur ekki nokkur skapaður hrærandi hlutur gerst á heilum fimm árum í tíð núverandi ríkisstjórnar þegar kemur að samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Það er algjörlega status quo.

Það er ekki nóg með að ekkert hafi gerst, heldur hitt að menn eru svo harðvítugir að þeir leyfa sér nánast með beinum hætti að endurtaka upp á punkt og prik, nánast án þess að breyta um orðalag, fyrirheit sem gefin voru í október árið 2000 og ætla að endurtaka og gjörnýta loforðið aftur í mars 2005. Ég ætla að gefa frú forseta lítið dæmi þar um.

Í þessum nýju fyrirheitum tekjustofnanefndar, meiri hluta hennar, er talað um að nú eigi að kostnaðarmeta áhrif laga og reglugerða sem hér eru sett á þjónustuumfang sveitarfélaga. Í nefndinni í október 2000 segir: „Nefndin leggur til að það verði með formlegum hætti lagt mat á fjárhagslegar afleiðingar nýrra lagasetninga fyrir sveitarfélögin.“ Ég spyr hæstv. félagsmálaráðherra: Hvað hefur hann verið að gera umliðin tvö ár? Hann getur auðvitað ekki svarað fyrir flokksbróður sinn, hæstv. fyrrum félagsmálaráðherra, Pál Pétursson. En að leyfa sér að koma með þessi sömu áform aftur fimm árum síðar og reyna að selja þau úr þessum ræðustóli sem einhver tímamót í samskiptum ríkis og sveitarfélaga er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Það er bara ekki mönnum bjóðandi. Ég bið hæstv. ráðherra að svara því hvers vegna þetta var ekki komið í framkvæmd fyrir löngu. Þetta er lítið dæmi.

Annað dæmi: Til að hafa það á hreinu var sá sem hér stendur auðvitað andvígur þeim plástrunaraðferðum sem gripið var til í tekjustofnanefndinni árið 2000, síðustu lotunni. Það voru smáskammtalækningar sem engu björguðu og allir vissu að engu mundu bjarga, enda færðist allt í sama farið tveimur árum síðar og viðvarandi hallarekstur sveitarfélaganna vítt og breitt um landið hófst og er ekki séð fyrir endann á því. Hver var lausnin þá? Hvað halda menn? Jú, jú, 700 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Þetta var í október árið 2000. Þekkja menn töluna? Þekkja menn aðferðina? Já, þetta er nákvæmlega sama tala, nákvæmlega sama aðferðafræði og lagt er upp með núna. Hvað átti að fylgja? Jú, það átti að endurskoða aðeins úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þekkja menn það líka? Halda menn að þessi aðferð hafi leitt til þess að orðið hafi gjörbreyting á og tímamót í samskiptum ríkis og sveitarfélaga þannig að menn gætu farið að taka markviss skref sem á tyllidögum er talað fyrir um að efla sveitarstjórnarstigið til dáða þannig að það geti tekið á móti þeim verkefnum sem við tölum líka um á tyllidögum að mikilvægt sé að færa heim í hérað? Nei, aldeilis ekki. Það hefur ekki hrærandi hlutur gerst. Ekki nokkur skapaður hrærandi hlutur í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Í heil tíu ár hefur verið status quo ástand og það sem verra er, sennilega erum við lent í bakkgírnum. Þá segja menn: Jú, jú, það er búið að flytja grunnskólann. En hvar var sú ákvörðun tekin? Hún var auðvitað tekin í tíð Viðeyjarstjórnarinnar 1994.

Menn geta sett á langar ræður um þann tilflutning og það kemst örugglega aldrei nein endanleg niðurstaða í það hvernig þau kaup gerðust á eyrinni upp á krónur og aura. Ég er þeirrar skoðunar og hef verið lengi að þar hafi verið vitlaust gefið, einkum og sér í lagi vegna þess að ríkissjóður sem langvarandi rekstraraðili grunnskólanna hafði drepið þá í dróma, hafði svelt þá um langt árabil sem gerði það að verkum að kröfur íbúa stórjukust þegar grunnskólinn kom í hendur sveitarfélaga og það er ekki nokkur maður, a.m.k. sem ég þekki og ég kalla þá eftir honum, sem reynir að halda því fram að grunnskólinn í dag undir stjórn sveitarfélaga sé slakari en grunnskólinn var undir stjórn ríkisins áður en til flutnings kom. Þar er auðvitað himinn og haf á milli og að minni hyggju gott dæmi um hvernig þjónusta batnar og verður gagnvirkari í höndum sveitarstjórnarstigsins en ríkisins.

Ég hef því alla tíð verið heitur talsmaður þess, bæði þegar ég var í sveitarstjórnarpólitík sjálfur og ekki síður eftir að ég settist inn á þing, að við verðum að hafa sýn og vilja, raunverulegan pólitískan vilja til að ljúka þessum málum en ekki spóla í sama farinu með einhverjum reddingum, mismunandi ódýrum, úr einni tekjustofnanefndinni á eftir annarri. Það er nákvæmlega það sem er að gerast þessa dagana í þessum lélegu tillögum tekjustofnanefndarinnar sem eru auðvitað ekki tillögur tekjustofnanefndar. Við skulum ekki vera að blekkja nokkurn mann hér með því. Þetta er einhliða ákvörðun hæstv. ráðherra og hæstv. fjármálaráðherra um að svona skuli þetta vera og ekki öðruvísi.

Hverjum dettur í hug að ágætir sveitarstjórnarmenn á borð við Halldór Halldórsson, sem hefur haft uppi svardaga í hópi sveitarstjórnarmanna, eða sveitungi forseta þingsins, Halldórs Blöndals, Kristján Þór Júlíusson, séu ánægðir með þessa niðurstöðu þó að þeir láti þetta yfir sig ganga og þora yfirleitt ekki öðru, vegna rammpólitískrar, flokkspólitískrar stöðu þeirra? Við skulum bara segja hlutina eins og þeir eru. Þessir tveir menn til að mynda, sem ég ber mikla virðingu fyrir, hafa talað af miklum tilfinningahita fyrir sveitarfélög sín og sveitarfélagastigið á landinu. Dettur nokkrum í hug að halda því fram að þessir menn séu ánægðir? Auðvitað vildu þeir báðir vera á bókun bæjarstjórans í Hafnarfirði, Lúðvíks Geirssonar, sem sagði auðvitað sannleikann, að þetta er ekki neitt neitt. Þetta er ekki nokkur hrærandi skapaður hlutur. Þetta er í besta falli plástrun til örfárra mánaða, missira, hugsanlega ára, þó að ég stórefi það. Menn eru því sem næst í sama farinu.

Þannig er hinn pólitíski veruleiki hér. Menn skulu ekki fara að setja hér á einhverja leikþætti um eitthvað annað.

Ég nefndi áðan, frú forseti, að tilvísunin til niðurstöðunnar árið 2000 birtist ekki bara hér í skriflegum gögnum, það var eins og ég hefði endurlifað ræðu eins hv. þingmanns, Arnbjargar Sveinsdóttur, fyrr í dag. Hún sat í gömlu tekjustofnanefndinni. Hún sagði sömu hlutina. Hún sagði: „Þetta er að vísu ekki fullnægjandi, en þetta er skref í rétta átt. Við gerum þetta betur næst.“ Hún sagði þetta líka fyrir fimm árum. En fimm árum síðar gerist bara ekki neitt betra. Það er allt við það sama.

Ég hef stundum staldrað eilítið og oft og tíðum raunar við jöfnunarsjóðinn, er nú jafnaðarmaður, en ég er löngu hættur að skilja tilganginn í því þegar einn tíundi hluti allra

tekna sveitarfélaga, heildartekna þeirra, þarf að vera í höndum félagsmálaráðuneytisins samkvæmt reglum sem það ráðuneyti setur, sem hér var sagt áðan með réttu, svo flóknum og svo þvælingslegum að það er tæplega á færi nokkurs einasta manns að botna í þeim. Við erum búin að setja lög um þann ágæta sjóð hér. Ég minnist þess að hafa tekið þátt í umræðum um slíka lagasetningu. Ég sat líka í endurskoðunarnefnd fyrir margt löngu, fyrir einum tíu árum síðan, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem var þá miklu, miklu minni í sniðum. Það var ekki heiglum hent að botna upp eða niður í því sem þar var að gerast, átti ég þó að vera sérfræðingur í málinu, ég ætla bara að vera algerlega hreinskilinn með það. Ég þori að fullyrða það og hæstv. ráðherra leiðréttir mig þá, að hann væri ekki tilbúinn til að standa til svara hér í ræðustól eða einhverjum öðrum ræðustól og svara einstökum praktískum spurningum um aðferðafræði og úthlutanir úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ég held að hann sé nákvæmlega sama marki brenndur sá ágæti maður, hæstv. ráðherra. Bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög, jöfnun tekjutaps vegna fasteignaskatts, húsaleigubætur, jöfnunarframlög til grunnskóla, stofnkostnaðarframlög, framlög til vatnsveitna á lögbýlum. Bara smádæmi. Það hefur enginn heildaryfirsýn yfir þetta. Ekki nokkur maður.

Hér var sagt áðan og ég ætla að endurtaka það. Gefið var til kynna af einum ágætum hv. alþingismanni að það væru til sveitarfélög á landinu sem gerðu út á jöfnunarsjóðinn. Það er bara einfaldlega þannig. Það eru til smá sveitarfélög, örsmá sveitarfélög í landinu sem ekki hafa nokkurn áhuga á því að sameinast, eingöngu vegna þess að þá fá þau ekki tékkann úr jöfnunarsjóði. Það er auðvitað grafalvarlegt mál og er öfugmæli á þessu markmiði sem við öll viljum þó stefna að, a.m.k. í orði kveðnu.

Gleymum því ekki, frú forseti, að jöfnunarsjóðurinn er auðvitað ekki peningar sem koma úr ráðuneytum eða peningar sem detta af himnum ofan. Það eru heldur ekki skatttekjur ríkissjóðs. Nei, það eru að þriðjungi skatttekjur sveitarfélaganna sjálfra. Það eru sveitarfélögin sjálf sem halda úti dreifðum byggðum á landinu. Þá á ég við að það eru stóru sveitarfélögin þar sem 170 þús. manns búa sem að stærstum hluta til skaffa jöfnunarsjóðnum 3,4 milljarða. Það kann vel að vera að það sé ekkert að því en það er hins vegar rétt að halda því mjög ákveðið til haga að það er ekki ríkissjóður sem tryggir þetta jöfnunarhlutverk, það eru sveitarfélögin sjálf að verulegu marki.

Það er hins vegar algjört grundvallaratriði að menn fari að gíra sig niður úr þessu kerfi og hugsa málið þannig að um leið og við ætlum að stækka sveitarfélögin til að efla þau fjárhagslega, fjölga íbúum og gera þau í stakk búin til að geta staðið undir eigin skuldbindingum eins og sakir standa og líka í framtíðinni, séum við ekki að framkvæma í öfuga átt með því að stækka jöfnunarsjóðinn von úr viti. Það er ekki bara svo að hæstv. ráðherra fari þar á undan, nei, nei, það eru einstakir hv. þingmenn, menn á borð við Guðjón Hjörleifsson, fyrrum bæjarstjóra í Vestmannaeyjabæ og núverandi hv. þingmann, sem tala hreinskilnislega um það að til að mynda þær nýju 700 millj. kr. sem greiða á, hvað þrisvar sinnum, eigi allar að fara samkvæmt einhverju sértæku regluverki til sveitarfélaga sem ég kann ekki skil á.

Það var ekki eingöngu það. Nei, afsakið, og ég leiðrétti mig, frú forseti, hann var að tala um að nýju fasteignaskattarnir ættu líka að renna inn í jöfnunarsjóðinn og stækka hann aðeins meira. Á hvaða ferðalagi eru menn? (Gripið fram í.) Bara Reykjavík, er hér gripið fram í, (Gripið fram í.) og ekki Seltjarnarnesið kannski? Á hvaða ferðalagi eru menn hér í sveitarstjórnarmálum? Hvað er ríkisstjórnin að fara? Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson vill enga sameiningu, hæstv. ráðherra stamar hér í þá veruna að jú, jú, hann vilji það en ætli aðeins að fresta því. Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, ég veit ekki hvað hann vill í þessum sameiningarmálum, jú, jú, það var mikil og almenn ánægja í nefndinni hjá honum, en samt vill hann stækka jöfnunarsjóðinn. Bíðum við, frú forseti, ég botna ekkert í þessu. Ég verð að segja nákvæmlega eins og er.

Er að furða þó að maður láti í sér hvína stundum því að þessi málatilbúnaður er með þeim hætti að tæplega er hægt að taka hann alvarlega.

Ég sagði áðan og gæti auðvitað talað hér, ef tími gæfist, langt mál um allar þær þverstæður sem í þessum samskiptum eru og það dulmál sem menn tala hér og vita um leið, eins og hæstv. ráðherra og fylgismenn hans í þinginu, að menn reyna að gera einhvern mat úr því að halda eigi áfram að endurgreiða virðisaukaskatt af framkvæmdum vegna útrása. — Þá er hv. þm. Siv Friðleifsdóttir farin, hæstv. umhverfisráðherra sem var búin að lofa þessu út um borg og bí árum saman. — Þetta tímabil rann út árið 2005. Það var tekið upp í tíð Viðeyjarstjórnar af þáverandi umhverfisráðherra Össuri Skarphéðinssyni og var gott framtak og allir vissu auðvitað að það mundi enginn hætta við það átak í miðju kafi og að samkomulagið sem gert var yrði einfaldlega framlengt. Það er ekkert nýtt í þessu, það veit hæstv. ráðherra. Það eru engin nýir peningar þarna. Menn í öngstræti eiga ekki að grípa til jafnódýrra ráða við vandamálum sínum.

Ég vil ljúka ræðu minni á eilítið bjartsýnum nótum og undirstrika það að mér er full alvara þegar ég tala um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Ég er ekki bara að blaðra af því að það passar hverju sinni. Ég vil sjá að við gerum raunverulega uppstokkun á þessum samskiptum, á tekjustofnum sveitarfélaga, að sveitarfélögin fái hlutdeild í bifreiðasköttum, fái hlutdeild í veltusköttum, þeim verði gert kleift að taka við málefnum eins og málefnum fatlaðra, eins og heilsugæslunni, öldrunarmálunum og að við gerum áætlun í þessu og látum verkin tala, en spólum ekki í sama farinu í heilan áratug eins og núverandi ríkisstjórn.

[16:30]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég held að þarfar umræður hafi farið fram hér í dag. Ríkisstjórnin hefur boðað mikið átak til að efla sveitarstjórnarstigið í landinu og nú ættu menn að vera farnir að sjá í hvað stefnir með árangur af þessu átaki. Þess vegna er ágætt að fá málið hér til umræðu.

Niðurstaða ríkisstjórnarinnar er sú að ekki sé hægt að fara fram með málið eins og til var stofnað, það þurfi lengri tíma, og þess vegna eigi að fresta kosningum um sameiningu sveitarfélaga fram á haustið, væntanlega til þess að tryggja árangurinn. Átakið felur í sér þrennt samkvæmt yf-

irskriftunum: Að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga, að fækka fámennum sveitarfélögum með sameiningu þeirra og aðlaga tekjustofna sveitarfélaga breyttum verkefnum og breyttri sveitarfélagaskipan.

Þess vegna er ástæða til að spyrja: Er það gert með þeim viðbótartillögum sem eru hér? Er ástæða til að halda að frekar takist að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga með þessum tillögum? Því held ég að sé hægt að svara beint út: Það er ekki ástæða til að líta þannig á að þessi niðurstaða hvetji til þess að forsvarsmenn sveitarfélaganna vilji bæta nýjum verkefnum við sveitarfélögin. Hér hjakka menn í nákvæmlega sama farinu og þeir hafa gert vegna vanda sveitarfélaganna hvað varðar fjárhagsstöðu.

Að fækka fámennum sveitarfélögum með sameiningu — er þetta framlag til þeirra verkefna, þeirra fyrirætlana? Ég held ekki.

Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu en ég vil gjarnan, hæstv. forseti, að hæstv. félagsmálaráðherra hlýði á mál mitt að hluta til. Hann hefur nú gengið úr salnum þannig að ég veit ekki hvort hann heyrir. Ég ætla að halda áfram máli mínu en ég óska eftir því að honum sé gert viðvart með það að mig langi til þess að bera fram við hann spurningu.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill þá upplýsa að hæstv. félagsmálaráðherra brá sér frá örstutta stund og er væntanlegur í salinn eftir andartak.)

Það mætti líkja því sem hér er að gerast við það að ausa lekan bát, að útgerðarmaður sem hefði tekið þá ákvörðun að nú ætlaði hann að gera við skipið sitt héldi áfram að ausa til þess að reyna að halda skipinu á floti. Það er það sem hér er að gerast. Sveitarfélögin eiga í miklum fjárhagsvanda, hann á að leysa til skamms tíma með þessum ráðstöfunum. Framtíðarlausn á vanda sveitarfélaganna er þess vegna ekki fólgin í því sem hér er að gerast.

Ég tek undir það sem hv. þm. Helgi Hjörvar sagði hér fyrr í dag, eitthvað á þá leið að auðvitað eiga menn að viðurkenna sjálfstæði sveitarfélaga og þeirra sem fara með völdin fyrir hönd fólksins sem býr í þeim. Það þarf auðvitað að vera þannig svigrúm til tekjuöflunar hjá sveitarfélögunum að þar sé hægt að reka þá starfsemi sem nauðsynleg er, a.m.k. þá starfsemi sem ætlast er til að sveitarfélögin reki. Það verður svo að vera íbúanna sjálfra hvort þeim finnst að þeir sem hafa fengið völdin í hendur við kosningar hafi staðið sig sem skyldi. Ef þeir fara að beita skattlagningarvaldinu fram yfir það sem eðlilegt er vænti ég þess að þeir sitji ekki mjög lengi í sveitarstjórnum.

Ég tel að það svigrúm sem sveitarfélög hafa haft fram að þessu til að ákveða tekjustofna sína sé uppurið fyrir þó nokkuð löngu síðan. Það var dálítið svigrúm í útsvarinu hér áður og sveitarfélögin gátu þess vegna gripið til þess að hækka útsvarið, t.d. tímabundið ef menn voru í miklum framkvæmdum eða ef eitthvað bjátaði á af einhverjum ástæðum. Það svigrúm er ekki til staðar lengur.

Ég vil nefna í því sambandi að ég fékk svar frá hæstv. félagsmálaráðherra í vetur við því hvernig sveitarfélögin í landinu hefðu nýtt sér þessa tekjustofna, þ.e. annars vegar útsvarið og hins vegar fasteignaskatta. Niðurstaðan af þeim svörum er sú að sveitarfélögin í landinu hafa gjörnýtt útsvarið til tekjuöflunar nema sveitarfélögin hér á höfuðborgarsvæðinu, örfá. Þar fyrir utan er um að ræða litla hreppa sem hafa miklar tekjur en vega ekki neitt í raun og veru í þessu sambandi.

Ég get upplýst að þessar tölur segja um árið 2003 að þar hafi u.þ.b. 1.100 millj. gengið af hvað varðar fullnýtingu á útsvarstekjunum, en þessi sveitarfélög sem ég var að nefna hafi í raun og veru átt yfir milljarð af þessum 1.100 millj. Ég skal svo sem telja þau upp: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Seltjarnarnes, Garðabær og Reykjanesbær. Tvö af þessum fimm sveitarfélögum eru núna búin að taka ákvörðun um að fullnýta þessa tekjustofna. Eftir sitja þá, að því er ég best veit, þrjú en kannski ekki nema tvö sveitarfélög. Ég gat ekki séð að Reykjanesbær hefði efni á því að nýta ekki útsvarið miðað við þá stöðu sem það sveitarfélag er í og ég ímynda mér að þar þurfi menn að taka til sín þá tekjustofna sem við á.

Sem sagt, niðurstaðan er bara þessi: Útsvarið er að fullu nýtt af hálfu sveitarfélaganna og þá eru engir tekjustofnar að marki sem sveitarfélögin geta nýtt sér til viðbótar.

Úr því að hæstv. félagsmálaráðherra er kominn í gættina langar mig til að segja við hann fáein orð. Í fyrsta lagi finnst mér hann einum of oft hafa sagt það sem vörn í þessum málum að sveitarfélögin hafi ekki nýtt sér tekjustofna sína. Ég var að fara yfir það hér að fimm sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nýttu ekki tekjustofna sína nánast til fulls á árinu 2003. Af 1.100 millj. sem ekki var nýtt af öllum sveitarfélögum samanlagt samkvæmt svari hæstv. ráðherra sjálfs voru fimm sveitarfélög með eitthvað í kringum milljarð af þessum 1.100 millj. Það voru einungis 100 millj. eftir sem einhver sveitarfélög hefðu getað nýtt sér.

Nú eru tvö af þessum fimm sveitarfélögum búin að gjörnýta þessa tekjustofna. Hæstv. ráðherra hefur gefið býsna ódýr svör þegar hann hefur verið spurður um þessi efni og hefur vísað til þess að sveitarfélögin hafi ekki nýtt útsvarið.

Fasteignaskattarnir hafa verið nýttir með svipuðum hætti þó að auðvitað sé það allt öðruvísi tekjustofn og miklu erfiðari fyrir sveitarfélögin að nýta. Þar eru það sömu sveitarfélögin sem höfðu ekki nýtt sér hann nánast að fullu, sem var reyndar á árinu 2003, vantaði 3,6 milljarða upp á að þar nýttu menn alla tekjumöguleika í botn. En 2,7 eða 2,8 milljarðar af þessari upphæð voru einmitt sömu sveitarfélaganna og ég nefndi áðan. Svo vita þingmenn örugglega að það að ætla að nýta fullkomlega fasteignaskattana til tekjuöflunar er ómöguleiki fyrir mörg sveitarfélög. Til þess þurfa menn að fara að leggja á húsnæði sem er ekki notað úti um sveitir og hvaðeina sem vitað er að ekki er nokkur möguleiki að nýta að fullu til tekjuöflunar fyrir sveitarfélögin.

Ég segi bara eins og er að mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að svara þeirri spurningu hér í dag hvort hann trúi því í einlægni að átak ríkisstjórnarinnar til eflingar sveitarfélaganna sé að takast hjá honum. Ég er á þeirri skoðun að það geti engan veginn tekist með þessu. Þá er hér sérstaklega að nefna til þá fyrirætlan að fækka fámennum sveitarfélögum með sameiningu. Er það leiðin til þess að spýta meiru í jöfnunarsjóðinn, er það leiðin til þess að fækka þessum sveitarfélögum? Er það leiðin að fara að borga meira fyrir flutning á, við skulum segja, skólabörnum í gegnum eitt sveitarfélag yfir í annað til að fara í skólann, eins og ég nefndi hér sem dæmi í dag í andsvari? Er það leiðin, er

skynsemi fólgin í því að nota jöfnunarsjóð með þeim hætti að sveitarfélög séu farin að hafa hærri tekjur eftir að jöfnunarsjóður kemur til en sambærileg sveitarfélög áður en jöfnunarsjóður kemur til? Er hæstv. ráðherra sannfærður um að þarna sé skynsamlega að málum staðið?

Ég vil náttúrlega í leiðinni mótmæla harðlega — og ég undrast satt að segja alveg sérstaklega að fyrrverandi sveitarstjórnarmenn, t.d. hv. þm. Guðjón Hjörleifsson hér áðan sem leggur til að það eigi að hætta við að veita fjármuni sem búið er að nefna að eigi loksins að koma úr ríkissjóði til að borga með eðlilegum hætti fyrir fasteignir í sveitarfélögum — vegna þjónustu sveitarfélaganna, hvað eru fasteignagjöld annað? — og í staðinn eigi peningarnir að fara í þennan jöfnunarsjóð í viðbót. Á hvaða ferðalagi eru menn eiginlega þegar svo er komið? Ég vissi ekki betur en að það væri sameiginleg barátta sveitarstjórnarmanna til margra ára að láta ríkið borga eðlilega fyrir fasteignir sínar í sveitarfélögunum. Þá stóð aldrei til að sum sveitarfélög ættu að fá þá peninga en önnur ekki. Þetta er gjörsamlega fáránleg umræða sem hv. þingmaður var hér með. Þegar hið opinbera er loksins að fallast á kröfuna koma menn sem hafa sjálfir barist fyrir henni og bjóða upp á þá leið að kippa þessu bara til baka og setja smávegis í jöfnunarsjóðinn í staðinn.

Ég ætla að nefna það að ég tel að enn þá sé einn möguleiki opinn til þess að láta þessa sameiningu takast með einhverjum hætti, þetta sameiningarátak. Hann er sá að nú verði íbúalágmarkið hækkað, því verði bætt inn í þessa tillögu sem hér er til umræðu að hækka íbúalágmarkið þannig að eftir þrjú ár þurfi minni sveitarfélög að hafa sameinast einhverjum öðrum, menn komi sér saman um það hver sú tala eigi að vera. Ekki trúi ég því að hér í sölum Alþingis séu allir á þeirri skoðun að íbúalágmark í íslenskum sveitarfélögum eigi að vera 50, eða hvað? Það finnst mér ekki passa við ræðurnar sem hafa verið haldnar hér. En það er það sem stendur í lögunum og hér á Alþingi bera menn ábyrgð á þeim. Vilja menn bera ábyrgð áfram á því að íbúalágmarkið sé 50 íbúar? Ekki vil ég það.

Ég tel að ef þessu væri bætt inn í tillöguna væri enn þá hægt að bjarga þessu átaki ríkisstjórnarinnar í horn og fá fram a.m.k. þá breytingu sem mjög nauðsynlegt er að verði, þ.e. að að mestum hluta til komumst við út úr þeim vanda sem er fólginn í því að hér eru býsna mörg pínulítil sveitarfélög sem eru þrándar í götu þess að hægt sé að flytja verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna. Á meðan menn ráða ekki við það verkefni að fullu verður ekki hægt að taka þá stóru ákvörðun sem er fólgin í því að flytja veigamikil verkefni til sveitarfélaganna. Þetta finnst mér að hv. nefnd þurfi að fjalla um í fullri alvöru, að hækka þetta íbúalágmark, og ef það yrði gert er ég sannfærður um að niðurstaðan yrði allt öðruvísi. Ég tel reyndar að full ástæða væri til að bæta þessu inn í og um leið að gefa jafnvel lengra svigrúm til ákvarðananna vegna þess að auðvitað yrðu menn að gefa þessum sveitarfélögum a.m.k. þriggja ára tíma til að taka þessar ákvarðanir. Sveitarfélög sem þyrftu að taka þátt í sameiningu, vegna þess að íbúalágmarkið hefði verið hækkað, fengju allt það svigrúm.

Ég ætlast ekki til þess að svona ákvörðun sé tekin með það stuttum fyrirvara sem er fólginn í því ferli sem hér er í gangi. Þetta er að mínu viti það sem hefði þurft að fylgja þeim tillögum sem menn hafa svo sem verið með í þessu átaki. Ef í þeim hefði líka verið fólgin sú ákvörðun að hækka íbúalágmarkið hefði verið tryggt að þetta átak hefði tekist að stórum hluta til.

Ég ætla að láta hér staðar numið, hæstv. forseti. Ég tek bara undir umfjöllunina um tekjustofnamálið. Það er bara skammtímaplástur, bara verið að halda áfram að ausa lekan bát, en það er ekki ráðist í að gera við hann eins og menn höfðu þó ætlað. Það er engan veginn verið að ganga þannig frá málum að þetta átak sem hæstv. ríkisstjórn hefur farið af stað með takist með þeim brag sem eðlilegt hefði verið að stefna að.

[16:48]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Gott er að heyra umhyggju hv. þingmanns fyrir fjárhagsstöðu sveitarfélaga, ekki síst þeirra minni og þeirra sem veikustum og höllustum fæti standa. Hv. þingmanni verður nokkuð tíðrætt um hver fjárhagsstaða sveitarfélaganna er og segist bera mikla umhyggju fyrir þeim og dreg ég það ekki í efa.

En svo vill til að hv. þingmaður var á 128. löggjafarþingi 1. flutningsmaður að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum þar sem sameining sveitarfélaga er tekin með allt öðrum hætti en gert er í því ferli sem hér hefur verið til umræðu í dag, þ.e. hér hefur verið valið hið lýðræðislega ferli þar sem hlustað er á sveitarstjórnarmenn og þar fram eftir götunum og íbúum sveitarfélaganna ætlað að greiða atkvæði um það hvernig þeir vilja skipa sínum málum.

Í frumvarpi hv. þingmanns sem ég nefndi frá 128. löggjafarþingi fer nú lítið fyrir áhyggjum af fjárhagsstöðu sveitarfélaga eða yfirleitt þessari lýðræðislegu nálgun því þar á bara Alþingi með einu pennastriki að ákveða — eins og reyndar hv. þingmaður vék að í síðari hluta ræðu sinnar — að í stað tölunnar 50 komi talan 1.000. Þar á sem sagt Alþingi einhliða að taka þessa ákvörðun hvort sem íbúum minni sveitarfélaga, við skulum segja 800 manna sveitarfélaga, líkar betur eða ver.

Því spyr ég hv. þingmann hvað valdi þessum sinnaskiptum, af hverju áhyggjur hans hafi kviknað allt í einu núna sem ekki virtust vera til staðar þegar hann flutti þetta frumvarp.

[16:50]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé nokkuð ljóst að stærri sveitarfélög eru betur fær um að sinna fjármálum sinna umbjóðenda en þau litlu. Þess vegna held ég að þetta frumvarp, sem ég hef flutt reyndar oftar en einu sinni hafi í raun verið skynsamlegt að því leyti.

Ég spyr aftur á móti hv. þingmann. Hann telur að þessi tillaga mín hafi ekki verið góð en heldur sig við að styðja það sem er í sveitarstjórnarlögum. Lögþvingun er í sveitarstjórnarlögum og sú lögþvingun hefur oft verið notuð. Sveitarfélög sem hafa verið lengur en þrjú ár með færri íbúa en 50 verða að sameinast samkvæmt sveitarstjórnarlögum. Spurningin er þess vegna ekki um lögþvingunina,

þ.e. hvort hún er, heldur hvaða íbúafjöldi eigi að vera á bak við hana. Nú spyr ég hv. þingmann: Hvaða íbúafjölda vill hann hafa á bak við þessa lögþvingun? Hvenær á lýðræðið að gilda og hvenær á lögþvingunin að gilda? Eru einhver sérstök rök fyrir því að það eigi að vera við 50 íbúa markið?

Ég tel að svo sé ekki og ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst að á Alþingi hafi menn vikið sér allt of lengi undan því að taka afstöðu til þeirrar ábyrgðar sem þeir bera á því 50 íbúa lágmarki sem þarna er til staðar. Er hv. þingmaður sannfærður um að þetta sé akkúrat íbúafjöldinn sem eigi að vera lágmarkið?

[16:53]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tók ekki afstöðu til efnis þess frumvarps sem hv. þingmaður flutti fyrir tveimur árum þar sem átti að færa íbúatöluna úr 50 upp í 1.000 með einhliða ákvörðun Alþingis. Ég var á engan hátt að taka afstöðu til þess. Ég hef sjálfur ekki myndað mér skoðun á því hver draumastaðan er í því hver lágmarksfjöldi íbúa í sveitarfélagi eigi að vera. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að því eigi íbúarnir sjálfir að ráða. Það er sú lýðræðislega leið sem var valin í þeirri aðferð sem hér er farin því að niðurstaðan er alltaf sú, hv. þingmaður, að í lýðræðinu er það fólkið sjálft sem fær að greiða atkvæði um það. Það er sú aðferð sem farin er í átaki hæstv. félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Það er hin lýðræðislega leið. En hv. þingmaður fer í frumvarpi sínu nefnilega ekki hina lýðræðislegu leið því það á að ákveða það algjörlega einhliða án nokkurs samráðs við íbúana sjálfa, Alþingi á að skipa þessum málum einhliða. Það tel ég ekki lýðræðislega leið. Hún kemst a.m.k. ekki nálægt þeirri lýðræðislegu leið sem hér er valin þar sem íbúar sjálfir fá að greiða atkvæði um hvernig þeir vilja skipa sínum málum. Nær lýðræðinu verður ekki komist.

Þarna greinir okkur á um aðferðafræði og kannski um skilgreiningu á lýðræði. Þar að auki, af því að hér hefur umræðan um fjárhagsstöðu sveitarfélaga verið kannski meginþemað í umræðunni í dag og hv. þingmaður vék að því, er í því frumvarpi sem hv. þingmaður flutti fyrir tveimur árum ekki minnst einu orði á fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Þar átti Alþingi einungis að taka þessa ákvörðun. Hvort sem íbúum minnstu sveitarfélaganna líkaði betur eða verr þá skyldu þeir sameinast hvað sem tautaði og raulaði, hvort sem fjárhagur þeirra var góður eða slæmur. Það er aðferðafræði sem mér hugnast ekki. Þess vegna m.a. hef ég tekið þátt í þessari lýðræðislegu leið sem nú er farin. Þar greinir okkur greinilega á og það er gott að það skuli þó vera komin hér einhver málefnalegur ágreiningur fram í umræðunni.

[16:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel það lýðræðislega niðurstöðu ef Alþingi kæmist að henni hér, að breyta þessu íbúalágmarki úr 50 í eitthvað annað. Ég lagði til að það yrði 1.000. Mér fannst það hins vegar ekki vera nein endanleg tala. En eitthvað varð auðvitað að hafa það. Ég tel hins vegar fráleitt að íbúalágmark eigi að vera 50. Mér finnst það undarleg skilgreining á lýðræðinu að lýðræðið eigi að ná niður að 50. Á það þá ekki að gilda fyrir neðan 50? Eru menn í raun að tala með þeim hætti? Ég vil ekki skilja það þannig. Ég vil hins vegar skilja það þannig að á Alþingi eigi menn að taka ábyrga afstöðu til þess hver sé eðlilegur lágmarksfjöldi íbúa í sveitarfélögum og menn eigi að bera ábyrgð á þeirri ákvarðanatöku í sölum Alþingis. Á meðan lögin eru eins og þau eru núna, þ.e. að íbúafjöldinn sé 50, þá bera þingmenn í sölum Alþingis ábyrgð á þeirri tölu, bera ábyrgð á því að sveitarfélög þurfi ekki að vera fjölmennari en sem svarar 50 íbúum.

Ég tel fáránlegt að fyrirkomulagið á Íslandi í dag sé svona. Það þarf ekki nema einn fatlaðan mann í slíku sveitarfélagi til þess að fjárhagur þess sé í rústum. Og hver hefur niðurstaðan verið í þessum fámennu sveitarfélögum? Þar hafa menn komið t.d. félagslegum vandamálum af sér á önnur sveitarfélög, sótt þjónustu í önnur sveitarfélög og ýtt fólkinu í burtu frá sér sem þeir hafa ekki efni á að standa við bakið á.

[16:56]

Útbýting:

Áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands, 630. mál, skýrsla samgrh., þskj. 997.

Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks, 658. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 1002.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna ellilífeyrisþega, 653. mál, fsp. RG og ÁRJ, þskj. 993.

Leigulóðaréttindi sumarhúsaeigenda, 645. mál, fsp. GHall, þskj. 976.

Listaverkakaup Listasafns Íslands, 458. mál, svar menntmrh., þskj. 998.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 659. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1003.

Ríkisútvarpið, 657. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 1001.

Skoðun tölvuleikja, 655. mál, fsp. StP, þskj. 995.

Stjórn fiskveiða, 362. mál, nál. sjútvn., þskj. 989; brtt. sjútvn., þskj. 990.

Tannlækningar, 656. mál, frv. JGunn o.fl., þskj. 996.

Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, 654. mál, fsp. RG, þskj. 994.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 387. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 991.

[16:58]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Í tengslum við það litla frumvarp sem við erum að fjalla um hafa önnur atriði verið rædd og gert það að verkum að umræðan hefur orðið svo löng og hörð, þ.e. tekjustofnar sveitarfélaga, hvernig við tryggjum sveitarfélögunum best tekjur til komandi ára. Þetta litla frumvarp er eingöngu um að breyta dagsetningu á hugsanlegum sameiningarkosningum frá 23. apríl næstkomandi, eftir um það bil 35 eða 37 daga, til 8. október 2005. Ég sagði hér í morgun, virðulegi forseti, að mér kæmi þetta frumvarp ekki á óvart, þ.e. að það þyrfti að breyta þessari dagsetningu og kallaði það klúður. Ég vil gera það enn einu sinni og segi: Þetta er auðvitað klúður. Þetta er klúður hæstv. ríkisstjórnar vegna þess að tekjustofnanefndin náði aldrei neinum árangri. Auðvitað hlýtur tekjustofnanefndin að þurfa að koma með

álitlegan, góðan pakka þar sem unnið yrði fyrst og fremst á bráðavanda sveitarfélaganna, eins og tekjustofnanefndin ætlaði sér, og í öðru lagi tekið á tekjustofnum til framtíðar fyrir sveitarfélögin.

Á fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem var haldin á Nordica-hótelinu í haust var skipst á skoðunum um þessi mál og mér er mjög minnisstætt, virðulegi forseti, þegar einn af nefndarmönnum í tekjustofnanefnd, Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri og sjálfstæðismaður, lýsti því hvernig fundirnir gengju í tekjustofnanefnd þar sem fulltrúar sveitarfélaganna kæmu til fundar við algjörlega umboðslausa embættismenn ríkisstjórnarinnar í tekjustofnanefnd. Þetta væru ekkert annað en hugguleg ir kaffifundir þar sem væri spjallað um málið, farið í kringum hlutina — og engin niðurstaða. Þetta voru orð Kristjáns Þórs Júlíussonar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, lýsti því líka hvernig samráðsfundir sambandsins og ríkisstjórnar færu fram. Þetta væru hugguleg ir fundir þar sem ráðherrar kæmu til funda, það væri tæpt á málum og rætt lítils háttar um málefni sveitarfélaganna, þessi sameiginlegu mál. Síðan væri boðið í hádegisverð í ráðherrabústaðnum og að honum loknum væri fundi slitið.

Virðulegi forseti. Má ég líka minnast þess að formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur. Þetta er lýsing tveggja sjálfstæðismanna á samskiptum, vinnulagi, milli ríkisins og sveitarfélaganna í landinu. Er nema von, miðað við lýsingu þeirra, að hér þurfi að koma með þetta frumvarp á síðustu stundu til að breyta dagsetningum og fresta þessu ferli, sameiningarkosningunum, ánægjulegu verkefni sem var búið til og að mér fannst vera á ágætri leið? Því er klúðrað með þessari niðurstöðu í tekjustofnanefndinni.

Það kemur líka fram í gögnum sem hæstv. félagsmálaráðherra dreifði hér í morgun um niðurstöður og tillögur tekjustofnanefndar hvernig þetta var. Nefndin hóf störf 17. mars 2003. Störf lágu niðri vegna ágreinings frá 19. apríl til 17. september 2004 og síðan hófust viðræður 13. október eftir að formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga var búinn að undirrita einhverja viljayfirlýsingu við fjármálaráðherra og félagsmálaráðherra um áframhaldandi vinnu.

Virðulegi forseti. Ég vil taka það skýrt fram að ég er hlynntur sameiningu sveitarfélaga, ég er hlynntur kosningu um sameiningu sveitarfélaga. Ég er hlynntur því að sveitarfélögin fái betri tekjustofna. En ég verð að segja alveg eins og er að sú niðurstaða sem hér er verið að kynna og hæstv. félagsmálaráðherra er að stæra sig af að séu 9,5 milljarðar á þremur árum — ég kem vonandi að þeirri upphæð síðar — er ekki neitt neitt. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, og mér þykir leitt að þurfa að segja það, það eru stór orð, en ég lýsi vanþóknun minni á störfum formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga og tel að hann sé á góðri leið með að skipta sveitarfélögunum upp í tvær andstæðar fylkingar, þ.e. stóru sveitarfélögin gegn þeim litlu. Ég tel það hluta af vandamálinu við að komast að vitrænni niðurstöðu um tekjustofna sveitarfélaga að Sjálfstæðisflokkurinn geti ekki hugsað sér, og allra síst formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í minni hluta borgarstjórnar Reykjavíkur, að ef sveitarfélögin fái að hækka tekjustofna sína eða Reykjavíkurborg fái á annan hátt allt of mikið sé Reykjavíkurborg stjórnað af R-listanum. Þetta eru stór orð, virðulegi forseti, en þau verð ég að segja.

Það er mikill munur á því hvernig sveitarfélögin hafa það, ef svo má að orði komast. Stóru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa það miklu betra en litlu sveitarfélögin úti um landið. Og það batnar ekkert með því að taka tvö févana sveitarfélög og sameina þau. Það þarf að styrkja tekjustofnana og þar er himinn og haf á milli þess hvort við erum að tala um stóru sveitarfélögin eða þau litlu. Mér sýnast litlu sveitarfélögin ekki eiga sér marga málsvara hjá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, því miður.

Á því blaði sem hér hefur verið dreift eru sex reitir settir niður um auknar tekjur sveitarfélaga og ég spyr t.d.: Hvað mun það gefa litlum sveitarfélögum — og skiptir mig þá ekki máli þó að búið verði að sameina 5, 6 eða 7 lítil sveitarfélög — í auknar tekjur út á 5. lið þar sem talað er um að breyta lögum um skráningu og mat fasteigna og tekjustofna sveitarfélaga þannig að greiðsla fasteignaskatts hefjist frá næstu mánaðamótum eftir að eign er fyrst metin í fasteignamat? Hvað mun þetta gefa þeim sveitarfélögum í tekjur þar sem ekkert er verið að byggja? Ekki neitt.

Hvað mun það gefa sveitarfélögum í aukna tekjustofna þó að einhver sveitarfélög fari í það að vinna að fráveitumálum viðkomandi sveitarfélaga og að þau fái endurgreiddan áfram greiddan virðisaukaskatt af framkvæmdinni, þ.e. 20%? Hvað mun það gefa þeim sveitarfélögum sem ekki hafa efni á því í dag að fara í fráveituframkvæmdir? Ekki krónu. Hvað mun það gefa og hvernig mun sú upphæð skiptast sem hér er talin 1.200 millj. á árunum 2006, 2007 og 2008 þar sem ríkisstofnanir eiga loksins að fara að greiða fasteignagjöld til sveitarfélagsins eins og hver annar? Hvernig skiptist þetta niður, virðulegi forseti, eftir sveitarfélögum á landinu? Það væri gaman að sjá hvernig ríkiseignir skiptast eftir sveitarfélögum landsins og það hlýtur þá að vera auðvelt fyrir reiknimeistara félagsmálaráðuneytisins að sýna okkur fram á það hvernig þessar 1.200 millj. skiptast. Getur það kannski verið að 800 eða 1.000 millj. af þessu lendi á höfuðborgarsvæðinu? Ætli það sé ekki eitthvað í þá veru?

Sveitarfélögin á landsbyggðinni, sem mörg hver berjast í bökkum, og sveitarstjórnir sem eru á fleygiferð við að skera niður sjálfsagða þjónustu viðkomandi sveitarfélaga hafa ekki mikinn fjárhagslegan ávinning af þeirri hungurlús sem hér er verið að tala um. Og enn heldur áfram að — ég fæ hér skilaboð um að ekkert flug verði meira í dag þannig að ég held áfram. Enn er verið að draga á milli sveitarfélaga, litlu og stóru sveitarfélaganna. Á mbl.is birtist í dag frétt frá hinum góða meiri hluta Reykjavíkurborgar, R-listanum: „Öll reykvísk leikskólabörn njóti 7 stunda gjaldfrjálsrar vistar á dag.“ Hinn ágæti borgarstjóri lýsir áformum borgaryfirvalda um hvernig öll reykvísk leikskólabörn skuli njóta þessarar gjaldfrjálsu leikskólavistar í áföngum á næstu árum.

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari ákvörðun borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík, R-listans. Þetta er fínt, það er stórkostlegt að Reykjavíkurborg skuli geta boðið upp

á þetta. Auðvitað er það hlutverk R-listans að koma þessu fram, ekki mundu sjálfstæðismennirnir gera það. En ætli ýmis sveitarfélög úti á landi geti fylgt í farið á Reykjavíkurborg og boðið sams konar þjónustu, sveitarfélög sem eru að skera niður, jafnvel loka og stytta tímann á leikskólum eins og það er í dag, hafa ekki tekjustofna til að taka þátt í því og fá litla ávexti af þessari hungurlús sem ég kalla hér tillögu frá tekjustofnanefnd? Nei, það mun halda áfram í þeim sama farvegi að íbúar stóru sveitarfélaganna geta fengið þessa þjónustu eins og R-listinn er að bjóða hér upp á en íbúar litlu sveitarfélaganna úti á landi fá hana ekki. Er það einhver sanngirni, eiga þeir íbúar að vera 2. eða 3. flokks þegnar í þessu landi? Nei, það er nefnilega sífellt að renna meira á milli í þessum efnum.

Mér finnst lítill bragur á þeirri breytingu sem hér er verið að gera, virðulegi forseti, og ég batt miklu meiri vonir við fyrrverandi bæjarfulltrúa í Hveragerði, fyrrverandi varaformann Sambands íslenskra sveitarfélaga, að hann kæmi með betri og ásættanlegri niðurstöðu til að leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna sem er mikill, bæði bráðavandann og eins langtímavandann. Það er hins vegar ekki gert. Hér er öllu skotið á frest, þetta er með öðrum orðum ekki neitt neitt. Áform sem eru svo hér sett á blað um einhverja frekari yfirlýsingu fyrir lok apríl — þetta er allt saman gamalkunnugt og verður sennilega eitthvað svipað.

Getur verið að hæstv. félagsmálaráðherra hafi lagt af stað upp í þessa vegferð með meiri vonir um að breyta tekjustofnum sveitarfélaga? Ég held nefnilega að svo hafi verið en að hæstv. félagsmálaráðherra hafi fljótlega rekið sig á vegg. Sá veggur er ráðherrar Sjálfstæðisflokksins, e.t.v. út af því sem ég nefndi áðan, að þá fengi R-listinn í Reykjavíkurborg allt of miklar tekjur úr að spila. Þá virðist það vera enn þá einu sinni, virðulegi forseti, sem Framsóknarflokkurinn, þessi B-deild Sjálfstæðisflokksins, hafi þurft að lúffa fyrir Sjálfstæðisflokknum.

Ég vil svo hér í lokin spyrja hæstv. félagsmálaráðherra út í tölur. Ég hef reynt að fara í gegnum þetta blað, m.a. með fulltrúum félagsmálaráðuneytisins sem hér eru í hliðarherbergi, til að finna út þá 9,5 milljarða sem út úr þessu eiga að koma. Ég sé að það ljósrit er væntanlega komið þannig að vonandi sé ég það þá betur á eftir en ég vildi fá að sjá hvernig það væri. Ég óttast það — það er gamalt spakmæli eitthvað á þá leið að í hvert skipti sem tveir hafa sest niður og gert eitthvert samkomulag sé ljóst að annar hafi verið plataður — að menn hafi verið plataðir í þessu tilfelli og að það sé verið að plata sveitarfélögin.

Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan, virðulegi forseti, ég varð fyrir verulegum vonbrigðum með að sjá þetta plagg. Þetta er ekki neitt neitt, hér er málum skotið á frest og sveitarfélögin í landinu þurfa enn þá að skera niður lögbundna og sjálfsagða þjónustu. Það mun enn þá skilja á milli íbúa litlu sveitarfélaganna úti um landið, sama þó að þau verði sameinuð í haust, og á milli stóru sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Það er óþolandi misrétti, virðulegi forseti, að svoleiðis skuli þurfa að ganga áfram.

[17:14]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum lítið frumvarp um breytingu á sveitarstjórnarlögum sem felur í sér að breyta ákvæðum um væntanlegan kjördag vegna sameiningarkosninga frá 23. apríl til 8. október. Ég held að full rök hafi komið fram í umræðunni fyrir því að frumvarpið sé komið fram og verði afgreitt frá Alþingi sem lög. Farið hefur verið yfir það í umræðunni, sem ég ætla ekki að endurtaka, hvernig það verkefni hefur gengið fyrir sig sem snýr að eflingu sveitarstjórnarstigsins. Sú breyting sem hér er lögð til er fyrst og fremst til að gefa samstarfsnefndum sveitarfélaganna sem tillögurnar varða góðan tíma til starfa sinna því að á þeim hvílir mikilvægt verkefni, að kynna fyrir íbúum sínum það sem um er að ræða í málinu og að samstarfsnefndir geti beitt sér eins og þeim ber í málinu.

Hins vegar kemur fram í frumvarpinu að gert er ráð fyrir því að þann 23. apríl verði kosið um sameiningu sveitarfélaga í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Kolbeinsstaðahreppi. Þar hefur alllengi verið vinna í gangi við að undirbúa málið og liggur því fyrir niðurstaða í því og ekki eftir neinu að bíða með að láta kosningu fara fram.

Umræðan hefur að mestu leyti farið fram um sveitarstjórnarstigið almennt, tekjustofna, sameiningu o.s.frv. Það verkefni sem hér er um að ræða og fór af stað 2003 byggir að mínu mati fyrst og fremst á ákveðnu frumkvæði sem Samband íslenskra sveitarfélaga tók varðandi eflingu sveitarstjórnarstigsins, stækkun sveitarfélaganna með sameiningu o.s.frv. Hér er því um að ræða samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga og verður að halda þeirri áherslu sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur haft varðandi stækkun sveitarfélaga og fækkun þeirra til haga í umræðunni. Lögð hefur verið mikil áhersla á þau mál síðustu ár og jafnvel svo að menn hafa talað um að fara þyrfti í lögþvingun varðandi sameiningu sveitarfélaga. Hins vegar hefur ekki verið vilji til þess á vettvangi Alþingis og ég er sammála því að það sé vænlegra að fara þá leið sem nú hefur verið farin, þ.e. að gefa íbúunum kost á að ákveða hvernig þeir vilja haga málum sínum.

Ég hef tekið þátt í störfum sameiningarnefndar sem mun leggja fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga og tillögur um hvar kjósa skuli um sameiningu síðar á þessu ári og vil nota tækifærið og lýsa því að mér hefur fundist það starf hafa gengið mjög vel. Í nefndinni hafa verið fulltrúar frá sveitarfélögunum, fulltrúar félagsmálaráðherra og frá þingflokkum á Alþingi. Það hefur verið unnið mjög markvisst og mikil samstaða verið í því starfi og ég sé ástæðu til að hrósa samnefndarmönnum fyrir það. Það hefur allt saman gengið mjög vel og nefndin hefur lagt mikla áherslu á að eiga góð samskipti við sveitarstjórnarmenn úti um allt land þar sem fjallað hefur verið um þessi mál og tillögur sem nefndin mun kynna byggja m.a. á áliti frá sveitarstjórnarmönnum. Það er líka rétt að segja frá því að nefndin hefur einnig stuðst við skoðanakannanir sem gerðar hafa verið á einstökum svæðum þar sem álit íbúanna hefur komið fram varðandi sameiningu sveitarfélaga almennt.

Samkvæmt lögum sem samþykkt voru á sl. ári er nefndinni falið að gera tillögurnar og grundvallaratriði að íbúarnir ákveði sjálfir niðurstöðuna og hlutist þannig til um eigin mál.

Ég vonast til þess, virðulegur forseti, að Samband íslenskra sveitarfélaga muni fylgja þessu öllu saman eftir í

samræmi við þær áherslur sem sambandið hefur lagt á að fækka í sveitarfélögum og stækka þau sem leið til að efla sveitarstjórnarstigið. Ég geri ráð fyrir að Samband íslenskra sveitarfélaga muni gera það og hef ekki ástæðu til að ætla annað.

Í umræðunni hefur kannski mest farið fyrir umræðu um tekjustofna sveitarfélaga. Það er alveg ljóst að fjárhagslegar aðstæður sveitarfélaganna eru mjög mismunandi eftir stærð þeirra og staðsetningu og því erfitt að ræða tekjustofnamál sveitarfélaga sem eitthvert einhlítt fyrirbæri því að þar eru ýmsar útfærslur í gangi. En þær tillögur sem fyrir liggja og hæstv. félagsmálaráðherra kynnti í upphafi umræðunnar gera ráð fyrir ýmsum leiðum sem eiga að mæta mismunandi aðstæðum sveitarfélaga og ég tel að þær niðurstöður séu að mörgu leyti ágætar. Þróun tekjustofna hefur alltaf verið í gangi og mun eflaust verða í gangi til framtíðar því að ég held að menn geti ekki litið svo á að þó svo að einhver niðurstaða liggi fyrir einhverju sinni sé hún endanleg varðandi tekjustofna sveitarfélaga. Ég held því að fullyrða megi að hér eftir sem hingað til muni þau mál vera til umfjöllunar og í þróun.

Það liggur líka fyrir að ýmis sveitarfélög fullnýta ekki tekjustofna sína, væntanlega vegna þess að þau sveitarfélög eru betur sett en önnur, og þarf að taka það með í reikninginn líka í umræðunni. Fyrir mitt leyti gerði ég mér ekki vonir um, hver sem niðurstaða yrði úr tekjustofnanefndinni, að allir yrðu himinlifandi yfir henni, fyrst og fremst vegna þess sem ég hef áður farið yfir, að aðstæður eru mismunandi. Ég held að það sé nánast sama hvaða niðurstaða hefði fengist að komið hefðu fram gagnrýnisraddir á einhverja þætti þess, þannig er málum háttað.

Í tengslum við tekjustofnana ræða menn um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og alveg ljóst að jöfnunarsjóður er mjög mikilvægur mörgum sveitarfélögum þó svo hann sé þyrnir í augum ýmissa aðila, sérstaklega kannski í þeim stærstu. Ég hef heyrt ýmsa ræða um jöfnunarsjóðinn með mjög neikvæðum formerkjum sem ég tel mjög ómaklegt vegna þess að jöfnunarsjóðurinn er ákveðið tæki til jöfnunar. Þegar mönnum finnst Jöfnunarsjóður sveitarfélaga á Íslandi vera orðinn hálfgert skrímsli, eins og sumir hafa orðað það, er rétt í því sambandi að bera hann saman við jöfnunarsjóði sem sveitarfélög annars staðar á Norðurlöndum notast við. Þá er jöfnunarsjóðurinn á Íslandi bara peð miðað við stærðir sjóðanna á Norðurlöndum.

Hins vegar er rétt sem fram hefur komið og við þekkjum að reglur jöfnunarsjóðsins eru mjög flóknar og segja má að það sé eðli málsins samkvæmt. En í þeim tillögum sem liggja fyrir frá tekjustofnanefnd er gerð tillaga um að farið verði í endurskoðun á reglum jöfnunarsjóðs og ég held að allir hljóti að vera sammála um að leita þurfi leiða til að einfalda þær. Ég veit að menn hafa reynt að leita leiða til þess í fyrri verkefnum sem hafa lotið að því að endurskoða reglur um jöfnunarsjóð, þannig að þetta er auðvitað mál sem menn þurfa að vinna áfram. En ég vil leggja áherslu á að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skiptir gríðarlega miklu máli fyrir mörg sveitarfélög og ég tel full efni til að efla hann frekar en hitt.

Hér hefur farið fram umræða í allan dag um þetta mál og ég hef veitt því athygli hve sumir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar virðast vera eitthvað pirraðir út af málinu og umræðu um málið. Til dæmis við upphaf umræðunnar fyrr í dag fannst mér mjög athyglisvert hve hv. þingmenn Samfylkingarinnar voru haldnir mikilli ólund í málinu, svo að ég orði það bara þannig, og vert að velta fyrir sér af hverju það stafar. Að sjálfsögðu hafa menn fært rök fyrir skoðunum sínum varðandi niðurstöður tekjustofnanefndar eins og eðlilegt er. En ég velti því fyrir mér, sem ég veit að ýmsir aðrir gera, hvort Samfylkingin sé með ólund yfir því að nú sé að nálgast niðurstaða í málinu og þeir hafi gjarnan viljað að málið mundi ekki ná fram að ganga og málefni sveitarfélaganna væru í hálfgerðu uppnámi við næstu sveitarstjórnarkosningar.

Ég ætla ekkert að fullyrða um þetta en ég hef heyrt ýmsa velta þessu fyrir sér og væri gaman að heyra frá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar einhverja skýringu á þessu. Ég þykist náttúrlega vita að þeir muni ekki taka undir þetta. En svona er umræðan og við þekkjum það í þessum málum sem öðrum og er svo sem ekkert meira um það að segja.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mjög mikið en vil í lokin leggja áherslu á að þróun sveitarstjórnarstigsins á sér mjög langa sögu, hvort sem við lítum til þess hvernig sveitarfélögin eru skipuð í landinu, hvort sem við lítum til verkefna þeirra eða tekjustofna. Þannig hefur það alltaf verið og þannig mun það verða í framtíðinni. Ég hef ekki búist við því að það sem út úr verkefninu kæmi, sérstaklega varðandi tekjustofnana og verkefnin, væri eitthvað sem væri endanleg niðurstaða um aldur og ævi. Þetta er mál sem er alltaf í brennidepli og ríki og sveitarfélög fjalla um sín í milli og mun því náttúrlega alltaf halda áfram að þróast. Ég lít því svo á að við séum að fjalla um áfanga á langri leið, hvernig sem á málið er litið, og ber þá von í brjósti að sú niðurstaða sem mun fást úr verkefninu sem nú er í gangi verði til þess að efla sveitarfélögin í landinu því ljóst er að sveitarfélögin skipta gríðarlega miklu máli fyrir samfélag okkar, ekki bara sem byggðamál eins og sumir hafa lagt málið upp heldur almennt fyrir samfélag okkar. Ég veit að við vonumst öll til þess að sú niðurstaða sem fæst út úr verkefninu verði sveitarfélögunum og íbúum landsins til hagsbóta til framtíðar. Það er auðvitað aðalmálið.

[17:26]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Magnús Stefánsson hélt ágætisræðu og var lítið pirraður og hófstilltur að vanda. Mig langar að spyrja hv. þingmann, sem jafnframt er formaður fjárlaganefndar, hvort hann muni svo langt þegar við sátum sl. haust og tókum á móti fulltrúum sveitarfélaganna hverjum á fætur öðrum hvað þeir sögðu okkur í fjárlaganefnd. Ég man það langt að allir þeir fulltrúar meira og minna sem komu á okkar fund voru með í farteski sínu kvartanir yfir því hvernig gengi að reka sveitarfélögin sem þeir voru fulltrúar fyrir. Það var nánast samdóma álit allra þeirra fulltrúa sveitarfélaganna sem komu á fund fjárlaganefndar að sjaldan hefði verið eins erfitt að láta enda ná saman hjá sveitarfélögunum og nú.

Við spurðum í fjárlaganefnd hvort það gæti verið, og

gerðum það kerfisbundið við alla sem komu og kvörtuðu yfir þessu, að einhver uppáfallandi óvænt atvik væru að valda því að fjárhagur þeirra væri lakari en áður og því svöruðu allir meira og minna að svo væri ekki. Almenn skilyrði til tekjuöflunar og kröfur um þjónustu væru orðin með þeim hætti að það næðist alls ekki að láta enda ná saman hjá sveitarfélögunum og við höfum séð það í ársreikningum sveitarfélaga ár eftir ár. Þess vegna finnst mér hálfundarlegt þegar hv. þingmaður segir að tillögurnar frá tekjuskiptanefnd séu ágætar því þær ná mun skemur en þarf til að sveitarfélögin nái að reka sig með skikkanlegum hætti frá ári til árs.

Ég þarf eiginlega að spyrja hv. þingmann hvað sé skikkanlegt eða ágætt í tillögunum því að ég kem satt að segja ekki auga á það. Ég held að hv. þingmaður hafi líka verið á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga þar sem sveitarstjórnarmenn lýstu því yfir hvað þyrfti til, hvaða kröfur þeir gerðu í samningunum við ríkið. Ef hann hefur verið þar og hlýtt á þá menn hlýtur hann að átta sig á því af hverju einhver pirringur er í málinu núna af okkar hálfu.

[17:28]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og hv. þingmaður fór yfir sat ég í fjárlaganefnd í haust þar sem fulltrúar sveitarfélaganna komu og hittu fjárlaganefnd út af ýmsum málum. Þar kom fram það sem ég a.m.k. vissi, að hjá mörgum sveitarfélögum hefur gengið mjög illa að reka sveitarsjóðina. Ég kom einmitt inn á það í máli mínu að aðstæður sveitarfélaga eru mjög mismunandi og hjá mörgum er mjög erfitt að ná endum saman. Það liggur alveg fyrir, það þarf ekkert að fara í einhvern spurningaleik út af því máli.

Ég tel hins vegar, án þess að ég ætli að fara út í það í smáatriðum, að tillögurnar sem liggja fyrir frá tekjustofnanefnd geri í heild sinni ráð fyrir töluvert miklum fjárhagslegum bata fyrir sveitarfélögin, það liggur alveg fyrir. Menn geta hins vegar alltaf deilt um hvað er nóg og hvað er ekki nóg. Það er alveg hugsanlegt, ég ætla ekkert að taka fyrir það, að þetta dugi ekki til hjá sumum sveitarfélögum það sem kemur út úr þessu en hjá öðrum sveitarfélögum dugi það mætavel. Það er bara lýsandi fyrir stöðuna, en í það heila tekið tel ég að tillögurnar sem fyrir liggja séu í heild sinni ágætar fyrir sveitarfélögin og ég vonast auðvitað til þess að þær nýtist sem flestum og vonandi öllum sveitarfélögunum til að standa undir rekstri sínum.

Svo er líka spurning: Með hvaða hætti eru sveitarfélögin rekin? Ég ætla ekki að halda því fram að menn séu ekki að sinna verkefnum sínum með sóma í að reka sveitarfélögin, en ég held að menn þurfi að fara ofan í það og það á náttúrlega við um sveitarfélögin, ríkið, heimilin og fyrirtækin, að veldur hver á heldur. Menn þurfa því að vera, ef ég má orða það þannig, á tánum í þeim rekstri eins og í öllu öðru.

[17:30]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við hv. þingmaður sátum sömu megin borðs og tókum á móti sveitarstjórnarmönnum þegar þeir komu. Ég verð að segja alveg eins og er að mér þykir hann draga svona heldur úr því sem sveitarstjórnarmennirnir voru að segja okkur því það var alveg algjörlega augljóst hverjum sem heyra vildi og sjá að fulltrúar sveitarfélaganna sem komu til okkar báru sig afskaplega illa yfir stöðu sveitarfélaganna og mun verr en t.d. árið áður þegar ég sat á sama stað og tók á móti fulltrúum sveitarfélaganna eins og hv. þm. Magnús Stefánsson hefur gert í nokkuð mörg ár.

Tillögur tekjustofnanefndar fyrir sveitarfélag þar sem ekki hefur orðið fækkun íbúa, þar sem tekjur hafa ekki dregist saman, þar sem ekki eru vandræði með félagslegt húsnæði og þar sem ekki eru ríkisstofnanir til að greiða fasteignaskatt, eru afskaplega rýrar. Slík sveitarfélög eru mörg í landinu, sérstaklega kannski úti á landi þar sem tekjur hafa nokkurn veginn haldist í horfinu, íbúum hefur ekki fækkað mikið, lítið er af opinberum stofnunum og félagslegar íbúðir ekki til vandræða. Ef menn horfa á tillögurnar þessum augum, með þessum gleraugum, er afskaplega lítið í þeim fyrir þau sveitarfélög þó þau séu alveg eins og önnur í vanda við að veita þá þjónustu sem lögin leggja á þau og íbúar krefjast.

Hv. þingmaður fór aðeins í gegnum jöfnunarsjóðinn. Það er alveg rétt að sjóðurinn er flókinn. Hann er ógegnsær og hann er orðinn ansi stór og fáir skilja reglur jöfnunarsjóðs. Gárungarnir segja að tveir starfsmenn í félagsmálaráðuneytinu skilji sjóðinn og til þess að þeir geri það þá þurfi þeir báðir að vera í sama herbergi á sama tíma því hvor þekkir aðeins lítinn hluta af reglunum fyrir sig. Það er þessi afneitun á vandanum sem ég er mest hissa á.

[17:32]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek einfaldlega ekki lokaorð hv. þingmanns um afneitun til mín. Það er bara ekkert þannig því ég þekki ágætlega til sveitarstjórnarstigsins. Ég hef starfað þar og tekið þátt í ýmsum verkefnum sem lúta að sveitarstjórnarstiginu. Ég geri mér alveg grein fyrir því að hjá sumum sveitarfélögum gengur illa að reka sveitarsjóðina, standa undir þeim verkefnum sem þeim ber. Ég tek alla vega ekki til mín að vera að afneita einhverju ástandi á þessu sviði.

Varðandi jöfnunarsjóðinn þá er það þannig og ég tek undir það og hef sagt það oft áður að reglur jöfnunarsjóðs eru flóknar og ég tel að út af fyrir sig sé það eðli málsins samkvæmt að einhverju leyti, því ekki er um að ræða mjög einföld mál sem jöfnunarsjóðurinn þarf að ná utan um. Í því starfi sem fram undan er við endurskoðun á jöfnunarsjóðnum þá hljóta menn því, og ég veit að þeir munu gera það, að leita leiða til þess að einfalda reglurnar eins og menn hafa gert áður við endurskoðun á reglum jöfnunarsjóðs. Við verðum bara að vona að fleiri en tveir skilji þessar reglur þegar upp er staðið. Ég þykist fullviss að svo muni verða.

[17:34]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður sagði að samfylkingarmenn hefðu verið pirraðir í upphafi umræðunnar og taldi skýringuna vera þá að þeir hefðu vonast til þess að sameining sveitarfélaganna yrði öll í uppnámi, þetta átak ríkisstjórnarinnar. Ekki ættu samfylkingarmenn að vera pirraðir þá vegna þess að þetta er nú greinilega allt í uppnámi og verður áfram. Engin ástæða er til þess að halda að þetta

bjargist með þessari frestun, þ.e. að sú niðurstaða náist sem menn stefndu að. Eða meintu menn ekkert með því sem þeir sögðu þegar þeir sögðust stefna að miklum breytingum á sveitarstjórnarstiginu og að litlum sveitarfélögum mundi fækka mikið og sveitarstjórnarstigið yrði allt saman öflugra eftir? Því miður óttast ég að þetta muni ekki takast eins og til var stofnað.

Hvað varðar þessar tillögur um tekjustofna sveitarfélaganna þá hef ég lýst því hér áður að þetta er eins og að ausa lekan bát sem menn hafa lýst yfir að þeir ætli að gera við, hætta svo við viðgerðina og halda áfram að ausa. Ekki nema í hæsta lagi helmingurinn af hallarekstri sveitarfélaganna til framtíðar er þarna er á ferðinni miðað við þann hallarekstur sem hefur verið undanfarin ár og það er ekki nálægt því nóg til þess að skynsamlega sé að málum staðið.

Svo er annað. Ekki eru mörg ár síðan svoleiðis hagaði til hjá sveitarfélögunum að borð var fyrir báru fyrir sveitarstjórnarmenn að taka ákvarðanir um útsvarsprósentuna. Þar höfðu menn það annars vegar í huga að reyna að vera á sama róli og sambærileg sveitarfélög en geta samt veitt þeim þörfum fullnægingu sem sveitarfélögin eiga að standa undir. Á fáeinum undanförnum árum hefur það svo gerst að þetta svigrúm er allt saman horfið. Það þarf að skapa að nýju það svigrúm sem sveitarstjórnarmenn þurfa að hafa til þess að geta ákveðið tekjur sveitarfélaganna.

[17:36]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þetta með Samfylkinguna blessaða. Ég var svo sem ekkert að finna upp neina kenningu sjálfur. Ég nefndi það hér að maður hefði svona heyrt þetta. Þegar hv. þingmenn Samfylkingarinnar koma stundum hér í ræðustól og eru með alls konar kenningar, samsæriskenningar sem snúa að hinum ýmsu flokkum, þá eru menn með alls konar kenningar í þjóðfélaginu og sjálfsagt að ræða það. Ég veit að Samfylkingunni finnst mjög gaman að ræða t.d. alls konar samsæriskenningar sem snúa að Framsóknarflokknum. Þeir hljóta því að skilja þetta.

Hv. þingmaður var að velta fyrir sér hvort menn hafi ekkert meint með áformum um breytingar og niðurstöðu í þessu verkefni. Ég þarf svo sem ekkert að eyða orðum í að svara því. Menn hafa meint allt sem þeir hafa sagt í þessu og það mikla starf sem hefur verið í gangi í þessu verkefni sýnir það. Auðvitað sjá menn ekki alltaf fyrir niðurstöðuna, en þeir leggja sig fram við að ná settu markmiði. Það hefur sannarlega verið gert í þessu starfi. Það verður síðan bara að koma í ljós hvernig til hefur tekist.

Það er síðan þetta með útsvarið. Út af fyrir sig er það rétt að á einhverju tímabili höfðu sveitarfélögin ákveðið svigrúm til að ákveða útsvarsprósentuna hvert fyrir sig. Hv. þingmaður saknar þess að svo sé ekki enn og út af fyrir sig má alveg taka undir það á sinn hátt. Við vitum hins vegar að sveitarfélögin hafa verið að efla sína þjónustu, að vísu svolítið mismunandi eftir sveitarfélögum. Þess vegna finnst mér að menn þyrftu líka að spyrja sig að því án þess að hafa nokkra niðurstöðu fyrir fram gefna hvort hugsanlega hafi einhver sveitarfélög spennt bogann of hátt í þjónustustigi sínu, framkvæmdum o.s.frv. Þetta mál nær yfir vítt svið og það er ekkert einfalt í því.

[17:38]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hv. þingmaður er sammála mér um að ástæða sé til þess að sveitarfélögin hafi svigrúm til þess að ákveða tekjustofna sína. Ég er á þeirri skoðun að sveitarstjórnarmönnum sé fyllilega treystandi til þess og að auðvitað muni kjósendur veita sveitarstjórnarmönnunum sínum aðhald sem til þarf þannig að menn fari ekki með þetta vald þannig að þar sé keyrt fram úr öllum eðlilegum viðmiðunum. Ég man bara eftir því að þegar ég var í sveitarstjórn á sínum tíma var þetta svigrúm ekki notað til fulls og menn vönduðu sig mjög og báru sig býsna mikið saman við önnur sveitarfélög til þess að ekki væri hægt að benda á að verið væri að ganga lengra en þörf væri á í álagningu gjalda í þessu sveitarfélagi miðað við önnur. Þannig mun það auðvitað vera áfram. Það verður alltaf glíma milli sveitarstjórnarmanna og þeirra sem fela þeim völdin í kosningum um hvað langt eigi að ganga í þjónustunni. Vel kann að vera að einhvers staðar hafi menn gengið of langt. Ég ætla ekki að dæma svo sem um það. Það verður hver og einn kjósandi að gera í sínu sveitarfélagi.

Ég er á þeirri skoðun að í sölum Alþingis eigi menn ekki að ganga þannig fram að ekkert svigrúm sé til staðar fyrir sveitarstjórnarmennina til að taka ákvarðanir og bera ábyrgð á álagningu gjalda í sínu sveitarfélagi. Þá eru menn komnir fram úr sjálfum sér. Ef deila á öllu hér út með einhvers konar skerfum í jöfnunarsjóð og öðru því um líku, alls konar framlögum, stýra öllu héðan með þessum miðstýrða hætti sem orðin er niðurstaðan núna en láta sveitarstjórnarmönnunum ekkert annað eftir en að taka allt sem að þeim kemur, þá finnst mér menn ekki vera á réttum leiðum.

[17:40]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að sveitarstjórnarmönnum er fyllilega treystandi til að ráðstafa skatttekjum sveitarfélaganna og reka þau. Það hefur aldrei hvarflað annað að mér. Við getum því verið sammála um það. Ég get líka tekið undir það að það er bara nokkuð sem við vitum að sveitarstjórnarmenn fara að öllu jöfnu mjög gætilega í fjármál sveitarfélaga þannig að við þurfum ekkert í sjálfu sér að rökræða það. Við þekkjum það báðir.

Auðvitað eru tekjustofnar sveitarfélaga mikilvægir og skipta máli. En í því sambandi skiptir líka máli hvernig atvinnuástand er. Það er kannski grundvallaratriðið hvernig atvinnuástand er í sveitarfélögunum því sveitarfélög fá tekjur sínar mikið til vegna atvinnu sem fram fer í viðkomandi sveitarfélögum. Það er mál sem við skulum nú kannski ekki taka tíma núna í að ræða. Það er umræðuefni út af fyrir sig og skiptir auðvitað verulegu máli í þessu. Því miður þá vitum við að sums staðar á landinu er vandi sveitarfélaganna til kominn vegna þess að ekki hefur gengið nógu vel í atvinnulífinu og menn hafa orðið fyrir áföllum o.s.frv. Það er margt sem spilar inn í þetta.

Við hv. þingmaður erum sammála um að við treystum sveitarstjórnarmönnunum fyllilega.

[17:42]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Við erum að ræða lítið frumvarp um breytingu á sveitarstjórnarlögunum sem snýr að því að fresta sameiningarkosningum í sveitarfélögum sem til stendur að sameina og tel ég að það eigi að gerast og ég mun án efa styðja þetta mál. En umræðan hefur farið út og suður og ætla ég að taka þátt í henni, m.a. hefur umræðan snúist um landsbyggðina, stöðu sveitarfélaganna og eitt og annað.

Ég ætla að byrja ræðu mína á að gera athugasemd við hvernig nefnd sú var skipuð sem fjallaði um þessa breytingu varðandi sameiningu sveitarfélaganna. Það gerðist mjög ólýðræðislega. Tveir flokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi fengu ekki að vera með. Mér finnst með ólíkindum að sjálfur hæstv. félagsmálaráðherra skuli standa þannig að málum, sérstaklega í ljósi þess að samstarfsráðherra Norðurlanda kom síðan hérna upp fyrir skömmu og kynnti einhverja lýðræðisskýrslu. Ég tel einmitt að Framsóknarflokkurinn ætti að skoða þessa þætti, þ.e. hvernig eigi að standa heiðarlega að lýðræðinu. En þetta kom nú kannski ekki alveg á óvart, vegna þess að flokkurinn hefur hvað eftir annað orðið uppvís að mjög ólýðræðislegum vinnubrögðum. Maður veltir fyrir sér ýmsu í framhaldi af þessu máli. Það má nefna hvernig þeir leyna því hverjir greiða í kosningasjóði flokksins, en grunur leikur á því að þeir rétti þeim jafnvel ríkisfyrirtæki sem greiða í sjóði flokksins. Það er með ólíkindum. Það hefur verið staðfest hér af hæstv. viðskiptaráðherra að hún hafi rétt S-hópnum fyrirtæki fyrir mjög lítið verð. Í þessum ræðustóli staðfesti hún það.

Ég er sammála því sem fram kom hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, að vandi sveitarfélaganna er sértækur vandi. Þetta er að megninu til vandi minni sveitarfélaganna og ekki síst vandi sjávarbyggða. Ég hef tekið eftir því að þegar stjórnarþingmenn, ég nefni sem dæmi hv. þm. Einar Kristin Guðfinnsson, þurfa að gera upp við sig hvort þeir standi með heimabyggð sinni, Bolungarvík, eða flokknum sínum, Sjálfstæðisflokknum, í aðför að heimabyggð þeirra standa þeir hvað eftir annað með flokknum. Síðasta dæmið um það var þegar hann tók upp á að styðja, þrátt fyrir það að hafa gengið undir borða sem á stóð „Orð skulu standa“ á Ísafirði, að afleggja sóknardagakerfið sem kemur Bolungarvík mjög illa. Það er mjög sérstakt að verða hvað eftir annað vitni að því að þingmenn Sjálfstæðisflokksins, landsbyggðarþingmenn, skuli í raun ganga gegn hagsmunum byggða sinna.

Oft er erfitt að fá um þetta umræðu á þinginu og ræða málin. Ég vil nefna, vegna þess að hæstv. forseti er í stólnum, að hér var bönnuð umræða hér í þinginu, bannað að ræða utan dagskrár um atvinnuástand á Siglufirði. Og það var ekki hv. þm. Halldór Blöndal sem stóð hvað mest á móti því. Nei, það voru þingmenn Siglfirðinga sjálfir sem stóðu á móti þeirri umræðu, hv. þingmenn Kristján L. Möller og Birkir Jón Jónsson. Þeir vildu ekki ræða þetta og það finnst manni voðalega sérstakt.

Vandi landsbyggðarinnar er m.a. að kjörnir þingmenn standa ekki með fólkinu. Víða er slæmt atvinnuástand, t.d. á Bolungarvík. Það kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær að tíu fjölskyldur hygðust flytja þaðan í burtu og 5% af útsvarstekjunum hyrfu þar með úr sveitarsjóði. Þarna er einmitt vandi sveitarfélaganna. Atvinnutækifærin dragast saman og flokkarnir sem bera ábyrgð á því eru stjórnarflokkarnir, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkur. Því verður ekki á móti mælt.

Atvinnutækifærum hefur fækkað. Ég þekki það vel af Norðurlandi vestra að fólk vill gjarnan búa úti á landi. En því miður gefast ekki fjölbreytileg störf og störfin eru lægra launuð en á höfuðborgarsvæðinu. Fleira hefur gerst. Flokkurinn sem gefur sig út fyrir að vilja minnka umsvif hins opinbera, Sjálfstæðisflokkurinn, hefur gert þveröfugt undanfarin ár. Hann hefur þanið þau út, alveg gífurlega, um heil 10% sem hlutfall af landsframleiðslu á örfáum árum. Það er með ólíkindum að flokkurinn skuli síðan ganga undir þeim merkjum að vilja báknið burt.

Útþenslan hefur aðallega orðið á höfuðborgarsvæðinu. Það kom m.a. fram í skýrslu, sem vonandi verður rædd hér von bráðar. Hún var gefin út í Háskólanum að Bifröst og Vífill Karlsson samdi hana. Það er verulegt fjárstreymi af landsbyggðinni og inn á höfuðborgarsvæðið. Þetta er einmitt vandi sveitarfélaganna og sá halli sem hér er um að ræða.

Ég get tekið undir það að ekki sé endilega rétt leið að laga stöðu sveitarfélaga á landsbyggðinni með því að stækka endalaust jöfnunarsjóð og vera að færa peninga á milli sveitarfélaga. Ég held að það verði að horfa á rót vandans, þ.e. hvers vegna störfunum er að fækka á landsbyggðinni. Við ættum að reyna að snúa þeirri þróun við. Ég hefði talið það eðlilegt. Við í Frjálslynda flokknum höfum nefnd fiskveiðistjórnarkerfið enda er augljóst að það skilar ekki nokkrum árangri. Fiskveiðar eru aðalatvinnuvegur landsbyggðarinnar en þorskaflinn er helmingi minni nú en fyrir daga þessa kerfis. Hlutur hins opinbera eykst hins vegar og enn meira af skattfé landsbyggðarinnar rennur suður. Það er einmitt það sem við eigum að horfa á hér, hver er rót vandans. Við þurfum að reyna að ráðast að henni í staðinn fyrir að færa endalaust peninga á milli sveitarfélaganna og búa til flókna jöfnunarsjóði sem tveir menn í landinu skilja, eða var það einn?

En það þarf að svara annarri spurningu, þ.e.: Hvað eiga sveitarfélögin að vera stór? Ég tel það mikilvæga spurningu. Hvaða verkefnum eiga þau að sinna? Ég ferðast mikið um kjördæmið og ég verð ekki var við að sveitarstjórnarmenn sækist eftir auknum verkefnum. Ég verð heldur ekki var við það að sveitarstjórnarmenn sæki mjög í sameiningu sveitarfélaga sem standa illa. Ég átta mig í raun ekki á því hvað breytist t.d. á Ströndum við að sameina Drangsnes og Hólmavík. Hvaða grundvallarbreyting verður þar? Ég sé það ekki.

En það væri grundvallarbreyting ef breyting yrði á fiskveiðistjórnarkerfinu, ef þorp og bæir fengju útræðisrétt og að sama skapi mundi lifna yfir Breiðdalsvík og Stöðvarfirði ef þau þorp fengju að njóta fiskimiðanna. Ég held að þar sé rót vandans en ekki að sameina einhver sveitarfélög. Þótt það sé eflaust góðra gjalda vert þá er það engin allsherjarlausn.

Ég tel að umræðan um sameiningu sveitarfélaga sé ákveðin flóttaleið fyrir ýmsa þingmenn landsbyggðarinnar, ekki síst hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar-

flokksins. Þeir ræða sífellt um sameiningu sveitarfélaga til að komast hjá því að ræða um raunverulegan vanda landsbyggðarinnar. Ef maður skoðar raunveruleg dæmi eins og Drangsnes og Hólmavík, hvað breytist þar? Hvaða verkefni eiga menn að taka að sér þar?

Ég var einmitt á ágætum fundi á Drangsnesi ekki fyrir svo löngu. Þá var ekki mikill áhugi á að taka fleiri verkefni að sér. Hvað breytist t.d. á Tálknafirði við að sameinast Vesturbyggð? Það væri fróðlegt að fá það fram í umræðunni hjá hæstv. félagsmálaráðherra. Hvað breytist til batnaðar? Ég sé það ekki. En í Vesturbyggð og Tálknafirði mundi margt batna ef þau þorp og bæir fengju að róa til fiskjar.

Eins kemur upp spurningin um hve stór sveitarfélög eigi að vera. Ég þekki það úr Skagafirði að þar er t.d. útdeilt gæðum, byggðakvóta. Í ekki stærra sveitarfélagi var enginn fulltrúi frá Hofsósi við að útdeila þessum gæðum. Það fórst svo illa úr hendi sveitarstjórnarinnar að byggðakvótinn fór allur í allt annað sveitarfélag, megnið af honum suður á land. Það sýnir að sveitarfélög mega ekki verða of stór. Þá fara menn að fjalla um málaflokka og svæði sem þeir þekkja lítið til. Enda hafa menn stofnað hverfasamtök eða svæðissamtök í Skagafirði sem eflaust vilja fá eitthvert vald og fá að ráða málum sínum, kannski skipulagsmálum eða einu og öðru, þannig að ef að líkum lætur verða menn kannski komnir með þrjú stjórnsýslustig, ríkið, hverfi og síðan stór sveitarfélög.

Nú er til umræðu á Norðurlandi vestra að sameina allt gamla Norðvesturkjördæmið. Þá verður hlutverk íbúasamtaka og hverfasamtaka meira og þau munu þá eflaust vilja fá að ráða einhverju. Þá verður kannski komin þriðja stjórnsýslueiningin.

Við megum ekki gleyma því að í nýsameinuðum sveitarfélögum, t.d. í Snæfellsbæ, hefur í raun, þar sem sveitarfélögum í kringum jökulinn var slegið í eitt sveitarfélag, sameiningin ekki farið fram að fullu. Nú í vetur var skólakerfið á Hellissandi og Ólafsvík samtvinnað. Segja má það sama t.d. um Dalvíkurbyggð.

Enn er unnið úr sameiningu sem varð fyrir nokkrum árum. Þetta sjáum við einnig í Norðausturkjördæminu, á Dalvík þótt sameiningin sjálf hafi átt sér stað fyrir löngu. Ég tel að menn verði að fara yfir þá sameiningu sem orðið hefur og sjá hvort búið er að vinna úr henni. Mér verður t.d. hugsað vestur á Snæfellsnes. Nú eru Ólsarar og íbúar á Hellissandi nýbúnir að vinna úr skólasameiningu þar. Eiga þeir síðan að fara aftur í enn eina sameininguna? Það er eitthvað sem Grundfirðingum hugnast ekki.

Eitt mál sem ég vil nefna að lokum og sem mér finnst til algerrar skammar fyrir hæstv. félagsmálaráðherra. Það er mjög öfugsnúið. Nemendur í sameinuðum stórum sveitarfélögum, svo sem í Skagafirði og Ísafirði, búa við skertar húsaleigubætur í samanburði nemendur sem koma úr öðrum sveitarfélögum en þar sem skólinn er staðsettur. Þetta sést ef maður skoðar nemendur frá Bolungarvík og Þingeyri. Þótt þeir búi nær skólanum er réttur bolvíska nemenda til húsaleigubóta sem nemenda Menntaskólans á Ísafirði meiri en þeirra sem eiga lögheimili á Þingeyri. Þetta er öfugsnúið. Félagsmálaráðherra hefur margoft verið bent á þetta. Ég furða mig á því að hann skuli ekki kippa þessu í liðinn. Það væri fróðlegt að vita hvort félagsmálaráðherra hafi gengið frá þessu. Þetta á að vera tæknilegt mál og ætti að vera forgangsverkefni að leysa það áður en menn láta t.d. íbúa Bolungarvíkur greiða atkvæði um málið. (**Gripið fram í:** Hann heyrir þetta ekki.) Ráðherra heyrir þetta ekki. Hann er frammi að spjalla og eflaust að gera eitthvað merkilegra en að hlýða á háttvirta þingmenn.

En það væri fróðlegt ef hæstv. félagsmálaráðherra greindi okkur frá því hvort hann hafi gengið frá því að nemendur í sameinuðum stórum sveitarfélögum — af því að hæstv. félagsmálaráðherra er kominn hér í salinn — í Skagafirði og Ísafirði, búi við jafnan rétt og þeir sem búa utan sveitarfélaganna en jafnvel nær viðkomandi skólastofnun.

Ég vara einnig við því að umræða um sameiningu sveitarfélaga sé lausn fyrir byggðavandann. Byggðavandinn verður leystur um leið og ríkisstjórnin fer frá völdum og áherslur, t.d. Frjálslynda flokksins, ná fram að ganga í fikveiðistjórn og raunverulegur vilji verður til að leysa byggðavandann.

Það er mjög átakanlegt að vera var við, t.d. síðustu helgi á Ísafirði, að eftir að menn höfðu lofað háskóla á Ísafirði kom eitthvað þangað sem er hvorki er fugl né fiskur. Blásið var til opnunarhátíðar á einhverju sem lítið sem ekkert var. Flugvélar voru fylltar af fyrirmönnum að sunnan. Telja menn að þetta sé leiðin til að leysa byggðavandann? Ég hefði talið að það væri nær fyrir Framsóknarflokkinn að reyna að standa t.d. við þau orð hæstv. forsætisráðherra að nú væri komið að Norðvesturkjördæminu. Svo er ekki.

Á Ísafjörð kom eitthvað sem kallast háskólasetur. Hvers vegna ganga menn ekki alla leið og setja í það örfáar milljónir? Ég veit ekki hvort það fór jafnhá upphæð í að fljúga öllu þessu fína liði að sunnan til að skála fyrir því sem ekkert er.

Ég ætla að láta máli mínu lokið nú. Ég vonast til að menn fari að átta sig á því bæði í Framsóknar- og Sjálfstæðisflokknum að byggðastefna þeirra gangi ekki lengur, að menn ræði raunverulegan vanda sveitarfélaganna og taki á atvinnumálum landsbyggðarinnar en séu ekki með plástra og tilfærslur á fé á milli sveitarfélaga í gegnum jöfnunarsjóði sem enginn skilur hvorki upp né niður í, nema e.t.v. tveir menn.

[18:01]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Við ræðum hér lítið frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Efni þess er ekki þess eðlis að hér hefði þurft að standa umræða í heilan dag því að hér er nánast eingöngu um það að ræða að verið er að fresta kosningu um sameiningu sveitarfélaga frá 23. apríl á þessu ári til 8. október. Þessi seinkun á sameiningarkosningunum er í sjálfu sér nauðsynleg og er algjörlega nauðsynlegt að frumvarp þetta verði að lögum og það fyrr en seinna því að í dag er lagaskylda á sveitarfélögunum að þau kjósi um sameiningu sveitarfélaga þann 23. apríl samkvæmt þeim lögum sem áður voru sett. Öllum er nú orðið ljóst að sú dagsetning stenst ekki og menn ná ekki að kjósa um sameiningu sveitarfélaga 23. apríl eins og til stóð og eins og hæstv. ráðherra gerði ráð fyrir þegar hann mælti

fyrir breytingu á sveitarstjórnarlögunum þess efnis að sveitarfélög færu í sameiningarkosningu þann 23. apríl.

Meginefni umræðunnar hér er hvers vegna þetta hafi tekið svona langan tíma. Hvað er það sem veldur því að við þurfum að fresta kosningu um sameiningu sveitarfélaga þetta lengi? Menn hafa talað um hvort starfið hafi verið nægilega skilvirkt. Menn hafa talað um hvort tekist hafi að ná samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um hin ýmsu sameiginlegu málefni og velt því fram og til baka. Ég held að partur af því hvað þetta hefur allt saman tekið langan tíma og hve illa hefur gengið sé að starfið hafi ekki farið nægjanlega vel af stað strax í upphafi.

Í ágúst 2003 ákvað ríkisstjórnin að hefja samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga um átak til að efla sveitarstjórnarstigið hér á landi. Þá fóru menn að velta fyrir sér hvað fælist í því að efla sveitarstjórnarstigið. Menn ræddu það fram og til baka og niðurstaða flestra var sú að við mundum efla sveitarstjórnarstigið með því að flytja aukin verkefni frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna, fela sveitarfélögunum að reka ýmis verkefni sem ríkið rekur í dag. Með því mundum við gera þau öflugri og til að þau gætu tekið þessi nýju verkefni yrðu þau að verða stærri og þess vegna þyrfti að fara í kosningu um sameiningu. Svona var mér sem sveitarstjórnarmanni kynnt þetta á sínum tíma og svona var þetta kynnt t.d. á fundi sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum, fyrsta fundi þar sem þetta nýja átak var kynnt.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið sem nú er lagt fram og eins og það frumvarp til laga sem samþykkt var á síðasta þingi um sameiningu sveitarfélaga segir, með leyfi forseta:

„Átakið felur einkum í sér þrennt: Að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga, að fækka fámennum sveitarfélögum með sameiningu sveitarfélaga og aðlaga tekjustofna sveitarfélaga breyttum verkefnum og breyttri sveitarfélagaskipan."

Þegar við horfum á þessa þrjá áherslupunkta í athugasemdunum, í fyrsta lagi að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga, verður að segjast alveg eins og er, burt séð frá svari hæstv. félagsmálaráðherra við andsvari mínu í upphafi fundar um að ekki hefði staðið til að menn vissu á þessum tímapunkti hvaða verkefni ætti að færa, að það var kynnt svo í upphafi að við sveitarstjórnarmenn mundum vita hvaða verkefni verið væri að tala um að flytja áður en við þyrftum að taka afstöðu til þess að kjósa um sameiningu sveitarfélaga, og við mundum líka vita hvaða fjármunir ættu að fylgja þeim verkefnum sem flyttust frá ríkinu til sveitarfélaganna. Enda stendur þetta alveg klárt og kvitt í athugasemdum við núverandi frumvarp til laga, og er reyndar tekið orðrétt upp úr athugasemdum við fyrra frumvarpið sem flutt var á síðasta þingi, að meiningin var að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna og styrkja þannig sveitarfélögin, að fækka fámennum sveitarfélögum og að semja upp á nýtt um breytta tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og þá aðallega, eins og segir hér í textanum, hvaða fjármunir ættu að fylgja þeim nýju verkefnum sem sveitarfélögin tækju að sér frá ríkinu.

Það var nokkuð fljótlega ljóst að verkefnastjórnin mundi heykjast á því að fara langt með hugmyndir um verkaskiptinguna. Jú, menn listuðu upp á blað hvaða verkefni gætu hugsanlega flust frá ríkinu til sveitarfélaganna og einnig að það væru einhver verkefni sem gætu flust frá sveitarfélögum yfir til ríkisins, en þegar kom að því að taka málið aðeins lengra og taka það upp í tekjustofnanefndinni stóð allt fast. Þá stóð allt fast vegna þess að menn gátu ómögulega komið sér niður á hvernig ætti að byrja að ræða hvaða fjármunir ættu að fylgja hvaða verkefnum, hvort ætti að koma fyrst, eggið eða hænan, og hvernig menn ætluðu að gera þetta.

Tekjustofnanefndin sem skipuð var fulltrúum ríkis og sveitarfélaga hóf störf 17. desember árið 2003 en vegna ágreinings um hlutverk og verkefni nefndarinnar fór það svo að störf hennar lögðust niður 19. apríl. Menn gátu ekki einu sinni komið sér niður á hvað þessi nefnd ætti að gera og störf hennar lögðust niður.

Blásið var lífi í hana aftur með því að undirrita sameiginlega viljayfirlýsingu hæstv. félagsmálaráðherra, hæstv. fjármálaráðherra og formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga 17. september 2004 og tók nefndin aftur til starfa 13. október. Ég held að allir sem velta þessum dagsetningum fyrir sér og skoða starf nefndarinnar geri sér alveg grein fyrir hve óhönduglega tókst til strax í upphafi þegar tekjustofnanefndin ætlaði að velta því upp hvaða tekjur ættu að fylgja hvaða verkefnum. Menn frusu bara fastir í því feni og komust hvorki áfram né aftur á bak þangað til formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga virðist hafa rölt upp í ráðuneyti og menn handsöluðu þar, þrír, hvað það væri sem gera þyrfti til að koma starfinu af stað aftur.

Þrátt fyrir að tekjustofnanefndin héldi áfram að funda gerðist ósköp lítið. Hún tók aftur til starfa, eins og ég sagði, 13. október 2004. Það er síðan 16. febrúar sem ráðherrarnir tveir, hæstv. félagsmálaráðherra og hæstv. fjármálaráðherra, héldu fund með verkefnisstjórninni um eflingu sveitarstjórnarstigsins þar sem þeir greindu frá því að fulltrúum ríkisins í tekjustofnanefnd væri veitt umboð til að leggja fram nýjar tillögur, en létu það jafnframt fylgja alveg skýrt, og það kom skýrt fram af hálfu hæstvirtra ráðherra, að ekki væri á nokkurn hátt mögulegt að koma frekar til móts við sjónarmið sveitarstjórnarfulltrúanna í tekjustofnanefnd.

Þarna var, eins og ég sagði fyrr í dag í andsvari, komin upp sú staða að það var á engan hátt hægt að ná samkomulagi í tekjustofnanefndinni þrátt fyrir að menn væru bara að tala um núverandi verkefni sveitarfélaga, engin ný verkefni, bara núverandi verkefni. Sveitarstjórnarfulltrúarnir lögðu mikla áherslu á að reyna að fá eitthvað til baka af þeim mikla halla sem sveitarfélögin hafa orðið fyrir á undanförnum árum við að reka þá lögbundnu þjónustu sem þau hafa þurft að reka. Það kom lokatilboð frá ríkinu: Annaðhvort þetta eða að það átak sem sveitarstjórnarmenn og Samtök íslenskra sveitarfélaga höfðu að hluta til haft forgöngu um að fór af stað yrði að engu, mundi koðna niður, og menn hættu að tala saman og mundu jafnvel láta hlutina bara liggja.

Þegar maður horfir á þessa stöðu er ekkert undarlegt við það að einhverjir fulltrúar sveitarfélaganna í umræddri nefnd velti því fyrir sér hvort betra sé að taka það sem boðið er en að láta starfið falla niður. Ég verð að segja alveg eins og er að lítið leggst fyrir kappana, sveitarstjórnarkappana í tekjustofnanefndinni að samþykkja þetta lokatilboð ríkisins eftir þær yfirlýsingar sem þeir höfðu gefið öllum

þorra sveitarstjórnarmanna á fjármálaráðstefnu síðastliðið haust þar sem þeir fullyrtu, þeir sóru fyrir fullum sal af sveitarstjórnarmönnum að það kæmi ekki til greina, það kæmi aldrei til greina að semja um tekjuskiptingu við ríkið sem væri í einhverjum dúr við það sem við sjáum hér.

Það er því öllum ljóst sem fylgst hafa með þessu máli á einhvern hátt að hér er um nauðasamning að ræða, nauðasamning sem ríkið býður sveitarfélögunum og hluti af sveitarstjórnarfulltrúunum telur sig þurfa að gleypa.

Þetta leiðir okkur kannski aftur að því að velta fyrir okkur hvaða form er á samskiptum ríkisins og sveitarfélaganna. Hvernig er hið formlega samstarf milli þessara tveggja stjórnsýslustiga? Er það nægjanlega skilvirkt? Er það nægilega markvisst og vita menn hvernig komast á út úr einmitt slíkri stöðu eins og þarna var uppi þar sem algjör pattstaða var og ekkert gerðist? Nei, það eru í sjálfu sér engar reglur um það, menn vita ekki hvernig þeir eiga að komast út úr slíkri stöðu. Það er ekkert sem heitir að ef ekki næst samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga sé hægt að skjóta því til einhverrar óvilhallrar úrskurðarnefndar sem úrskurði í málinu með hvaða hætti það deilumál sem uppi er á milli þessara tveggja stjórnsýslustiga skuli til lykta leitt. Það er ekkert slíkt form.

Það þýðir einfaldlega það, herra forseti, að þegar ríkið og sveitarfélögin setjast niður og fara að ræða einhver málefni sem sveitarfélögin leggja áherslu á að þurfi að ganga til betri vegar þá hefur ríkið algjöra yfirburðastöðu við það borð og hagar sér þar eins og foreldri gagnvart óvitabörnum. Það byrjar að ræða fram og til baka hvað hugsanlega væri hægt að gera og hvað þau vilji fá í vasapeninga, sveitarfélögin, á næstu missirum. Og þegar ríkinu blöskrar það sem upp er sett er bara þumbast við og ekkert gerist þangað til allir eru orðnir það illa settir að eitthvað verður að gerast. Þá er komið með einhverja hungurlús, hún lögð á borðið og sagt: Þið getið fengið þetta en þá verðið þið að taka það strax. Við vitum að þið eruð orðin svöng og þið getið fengið þetta fóður hér en þið fáið ekkert að borða ef þið takið það ekki.

Ég sá það í fylgiskjali II við tillögur tekjustofnanefndar, sem hæstv. ráðherra var svo góður að dreifa hér eftir ræðu sína af því að við vorum að heyra þessar tölur og tillögur nefndarinnar í fyrsta skipti, að þar er gert ráð fyrir að sameiginlega verði unnið að því að efla samráð ríkis og sveitarfélaga um langtímamarkmið í fjármálum hins opinbera, m.a. við endurnýjun á samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga. Þetta er göfugt markmið og nauðsynlegt og kannski í dúr við það sem ég sagði, að menn verði með einhverjum hætti að formfesta þessi samskipti milli ríkis og sveitarfélaga betur í framtíðinni en verið hefur hingað til.

Það er annað atriði í þessu fylgiskjali II sem vekur athygli mína, herra forseti, og það er punktur nr. 2. Þar virðast aðilar sammála um að sameiginlega verði unnið að því að öll lagafrumvörp og reglugerðir er varða sveitarfélögin á beinan og/eða verulegan hátt verði kostnaðarmetin af viðkomandi ráðuneyti. Reglur þar um taki gildi 1. janúar 2006. Loksins virðist vera, eins og þegar fara á að setja reglur eða lög á hinu háa Alþingi sem snerta sveitarfélögin, að menn ætli að fara að velta því fyrir sér: Kostar þetta sveitarfélögin einhverja fjármuni? Ef svo er ætla menn sér væntanlega að bæta það upp með einhverjum hætti þannig að sveitarfélögin geti náð í tekjur fyrir þeim aukna kostnaði sem þar yrði.

En það eru ekki allir hæstv. ráðherrar inni á þeirri línu sem þarna kemur fram. Ég vek athygli á því að í gær átti ég stutta athugasemd hér við hæstv. menntamálaráðherra um námskrá grunnskóla. Þar var hæstv. ráðherra spurð að því hvort hún væri að endurskoða námskrá grunnskóla með það í huga að stytta ætti framhaldsskólann. Hugmyndir höfðu heyrst um það og það kom fram í svari hæstv. ráðherra að hún hefði í hyggju að flytja talsvert mikið nám úr framhaldsskólanum niður í grunnskólann. Eftir að ég heyrði hæstv. ráðherrann halda þessu fram í svari sínu spurði ég bara beint hvort þá væru einhverjar viðræður við sveitarfélögin um það, því að a.m.k. miðað við mína reynslu af rekstri grunnskóla yrðu sveitarfélögin fyrir talsvert miklum kostnaði ef það ætti að fara að auka kennslumagnið og fara lengra í grunnskólanum en gert er í dag.

Þá svaraði hæstv. menntamálaráðherra þannig, og ég leyfi mér að lesa það beint upp, með leyfi forseta:

„Það er rétt að það komi strax fram að Samband íslenskra sveitarfélaga kom að sjálfsögðu að verkefninu sem lýtur að því að stytta námstíma til stúdentsprófs og fulltrúi þeirra sagði skýrt og skorinort að hægt væri að rúma þetta innan grunnskólans án þess að það hefði kostnað í för með sér, því grunnskólinn hefur einfaldlega lengst það mikið. Svigrúm hefur skapast til að þétta námsefnið og taka við auknu námsefni í grunnskólann.“

Með öðrum orðum hafði hæstv. menntamálaráðherra talað við einhvern fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem ég veit ekki enn hver er, og sá fulltrúi átti að hafa sagt hæstv. ráðherra að það væri allt í lagi að demba svolitlu af námsefni niður í grunnskólann, það skipti engu máli fyrir sveitarfélögin kostnaðarlega. Ég verð bara að segja að ef hæstv. ráðherra fer þarna með rétt mál er þessi umræddi fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga ekki með hagsmuni sveitarfélaganna í huga, einfaldlega vegna þess að allir gera sér grein fyrir því að ef flytja á fyrstu áfanga í framhaldsskóla niður í grunnskólann mun það hafa verulegan kostnað í för með sér fyrir sveitarfélögin, bæði í formi þess að kennarar þurfa að fara að einhverju leyti í endurmenntun, það þarf að ráða kennara kannski með öðruvísi menntun og allt umfang kennslu kostar, alveg burt séð frá því hverju menn halda fram eða vilja halda fram.

Aftur að tekjustofnanefndinni vegna þess að hún er meginmálið sem við höfum verið að ræða hér í dag og hún er meginástæðan fyrir þessu litla frumvarpi sem sjálfsagt er að flýta fyrir að verði að lögum vegna þess að það er nauðsynlegt að létta þeirri lagaskyldu af sveitarfélögunum að þurfa að kjósa núna strax í apríl. Meginástæðan fyrir þeim langa tíma sem við höfum tekið hér á hinu háa Alþingi til að ræða þetta er einmitt þessar tillögur tekjustofnanefndarinnar. Það hefur komið fram hér í dag, bæði hjá hæstv. ráðherra og öðrum hv. ræðumönnum, að einn fulltrúi sveitarfélaganna skilar bókun og er andvígur því að sveitarfélögin samþykki þær tillögur sem ég hef leyft mér að kalla nauðasamning ríkisins til sveitarfélaganna.

Eftir að hafa lesið í gegnum þá bókun eða sérálit sem þessi fulltrúi hefur í nefndinni, Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, sem situr þar fyrir sveitarfélögin, sýnist mér

sem í því felist ekkert annað en áréttíng um einmitt það sem fulltrúar sveitarfélaganna sögðu á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í haust, akkúrat það sem þar kom fram, einmitt það sem allir sveitarstjórnarmenn, sem munu væntanlega verða á þessu landsþingi á morgun, voru einhuga um að væru kröfur og óskir sveitarfélaganna til ríkisins varðandi tekjuskiptingu. Ég get ekki séð hvernig sveitarfélögin eiga að geta fallist á þær tillögur sem koma frá tekjustofnanefndinni á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga á morgun. Það er þó eitthvað sem sveitarstjórnarfulltrúar þurfa að sjálfsögðu að ræða á þingi sínu og hljóta að gera á morgun og við fréttum af því.

Það sem ég óttast er að það hve óhönduglega hefur tekist til í tekjustofnanefndinni og hve óhönduglega hefur tekist til varðandi það að reyna að skilgreina verkefni sem flyttust frá ríkinu til sveitarfélaga, og hvaða kostnaður gæti fylgt þeim og hvaða tekjur kæmu á móti, geti orðið til þess að eyðileggja annars gott mál, það mál að efla sveitarstjórnarstigið. Ekki nokkur maður getur verið á móti því að efla sveitarstjórnarstigið í landinu. Eins og búið er að vinna málið og eins og búið er að undirbúa það af hálfu hæstv. félagsmálaráðherra er það í uppnámi. Svo gæti farið að við gætum þess vegna þurft aftur á hinu háa Alþingi að taka fyrir svona lítið frumvarp, sem er lítið mál, þar sem fresta þurfi sameiningarkosningu enn og aftur ef viðbrögð sveitarstjórnarmanna verða slík að ekki sé hægt að fallast á þessa tekjuskiptingu eins og hér er verið að leggja til.

Þetta gæti sem sagt orðið til þess að kosningar um sameiningu sveitarfélaga sem fram áttu að fara 23. apríl — og ég held að langflestir sveitarstjórnarmenn hafi verið tilbúnir til að vinna að af fullum heilindum og fullum krafti við að reyna að efla sveitarstjórnarstigið — en fara í staðinn fram þann 8. október verði margar, fullt af sameiningarkosningum, en lítið um sameiningar. Það getur orðið ósköp lítið um sameiningar vegna þess að undirbúningurinn sem hefur verið á málinu af hálfu hæstv. félagsmálaráðherra er slíkur að við erum farin að heyra íbúa í sveitarfélögunum sem voru mjög jákvæðir fyrir sameiningu segja nú: Þetta er ekki hægt, það er ekki hægt að samþykkja sameiningu vegna þess að þetta mál er allt í uppnámi.

Sú er bara, því miður, herra forseti, staða málsins í dag.

[18:21]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þá mestan part málefnalegu umræðu sem farið hefur fram hér í dag um þetta mál. Það er augljóst og hefur komið fram í máli flestra þeirra sem hér hafa talað að of mörg sveitarfélög eru örsmá og eiga erfitt með að uppfylla kröfur löggjafans og íbúanna um þjónustu og framkvæmd verkefna. Það eru dæmi um að sveitarfélögin sinni nánast öllum sínum verkefnum í samvinnu við önnur og verji til þeirra meginhluta tekna sinna.

Rannsóknir gefa vísbendingar um að ákveðinn lýðræðishalli sé í smáum sveitarfélögum, kosningaþátttaka er minnst í fámennustu sveitarfélögunum þar sem kosið er óbundinni kosningu og konur virðast eiga erfitt uppdráttar í kosningum til sveitarstjórna í þeim sveitarfélögum. Meiri fjarlægð skapast fyrir íbúa við ákvarðanatöku þar sem ákvarðanir eru teknar á vettvangi byggðasamlaga og héraðsnefnda en ekki sveitarstjórna. Mikill munur er á stærð sveitarfélaga sem skapar vandamál og stendur í vegi fyrir áformum um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Þetta eru aðeins nokkur atriði meðal hvata þess að ráðist var í það verkefni sem hér hefur verið til umræðu.

Hæstv. forseti. Útsvarsheimildir sveitarfélaganna hafa komið nokkuð til umfjöllunar. Í því ljósi vil ég nefna nokkur atriði. Það er ljóst að staða sveitarfélaganna er mjög mismunandi, mörg þeirra hafa einhverra hluta vegna ekki séð ástæðu til að fullnýta tekjustofna sína þrátt fyrir hallarekstur. Á árinu 2004 nýttu einungis 67 af 101 sveitarfélagi sér hámarksálagningarprósentu útsvars. Miðað við álagningarstofn útsvars ársins 2002 eru vannýttar útsvarstekjur sveitarfélaganna um 1.100 millj. kr. Í ár eru það um 30 sveitarfélög sem ekki nýta sér heimild til hámarksálagningar útsvars.

Vannýttir tekjumöguleikar sveitarfélaganna vegna fasteignaskatts eru síðan enn meiri, nærri 4 milljarðar, þar af um 1 milljarður utan höfuðborgarsvæðisins.

Það er líka ástæða til, hæstv. forseti, að nefna hér að rekstrarafgangur er ekki óþekkt fyrirbæri hjá sveitarfélögunum sem betur fer. Sem dæmi er Akureyrarbær rekinn með um 240 millj. kr. afgangi á nýliðnu ári. Staðan er hins vegar afar misjöfn í sveitarfélögunum eins og margoft hefur komið fram hér í dag og tillögur tekjustofnanefndar taka einmitt mið af því.

Nú liggja fyrir fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna vegna ársins í ár, og samkvæmt þeim verður samanlagður afgangur af rekstri sveitarfélaganna um 1,4 milljarðar kr. á árinu en auðvitað með þeim fyrirvara, hæstv. forseti, eins og áður að þessum tekjum er misskipt milli sveitarfélaganna.

Ég ætla að verja nokkrum tíma í að svara því sem til mín hefur verið beint í dag. Ég er sammála þeirri grundvallarhugsun sem birtist í máli hv. þm. Helga Hjörvars um lýðræðið. Við búum við fulltrúalýðræði, þess vegna göngum við til kosninga á fjögurra ára fresti. Sveitarfélögin hafa svigrúm til ákvörðunar útsvarsins með ákveðnu hámarki og lágmarki. Ég tel hins vegar alls ekki að hækkun útsvarsprósentunnar nú mundi bjarga fjárhag sveitarfélaganna almennt. Minni sveitarfélögin og þau verst settu hefðu lítið sem ekkert út úr slíkri aðgerð, hún væri fyrst og fremst skattur á landsbyggðina því að stærstu sveitarfélögin nýta ekki einu sinni núgildandi heimildir, eins og áður hefur komið fram í máli mínu.

Hv. þm. Einar Már Sigurðarson beindi nokkrum spurningum til mín, í fyrsta lagi hvað fælist í hugmyndum um endurskoðun sveitarstjórnarlaganna. Í fylgiskjali merktu fskj. II með tillögum tekjustofnanefndar kemur fram í 4. lið að sameiginlega verði unnið að endurskoðun á sveitarstjórnarlögum sem miði að því að tryggja vandaða fjárstjórn sveitarfélaganna og málsmeðferð varðandi einstakar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarstjórna svo og ákvæði sveitarstjórnarlaga um hlutverk og skipan eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Þetta er eitt dæmi um það hvar tekjustofnanefndin telur að ástæða sé til að taka sveitarstjórnarlög til endurskoðunar og í því sambandi verði sérstaklega litið til reynslu Norðurlandanna af eftirliti með sveitarfélögunum og samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga

um fjármál þeirra.

Hv. þingmaður spyr einnig hvernig eigi að úthluta aukaframlagi úr jöfnunarsjóði. Eins og fram kom í fyrri ræðu minni í dag er gert ráð fyrir að því framlagi verði úthlutað samkvæmt reglum sem samdar verði í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Útfærsla á þeim liggur að sjálfsögðu ekki fyrir.

Í þriðja lagi spyr þingmaðurinn hvers vegna lög og reglugerðir hafi ekki verið kostnaðarmetin út frá hagsmunum sveitarfélaga og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kom reyndar að því sama hér í dag. Lög og reglugerðir hafa verið metin í sérstöku tilraunaverkefni með þátttöku tveggja ráðuneyta lengst af, umhverfisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, frá árinu 2003 og hið þriðja bættist við í fyrra, menntamálaráðuneyti. Tillaga tekjustofnanefndar gerir ráð fyrir að þetta verklag verði fest í sessi til framtíðar og taki til allra ráðuneyta. Þetta er afar mikilvægt atriði, hæstv. forseti, og getur skipt sköpum um rekstur sveitarfélaganna til framtíðar litið sem og hvað varðar fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Í fjórða lagi spurði hv. þm. Einar Már Sigurðarson hvort fyrir lægju reglur um fasteignaskattinn og álagningu hans. Um fækkun undanþágna við álagningu fasteignaskatts liggja ekki fyrir endanlegar reglur. Hins vegar liggur fyrir að þegar til fullra framkvæmda er komið felur ákvörðunin í sér um 600 millj. kr. árlegan tekjuauka fyrir sveitarfélögin. Um verður að ræða nýjan álagningarflokk, C-flokk, eins og fram kom í máli mínu fyrr í dag.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson gerði að umtalsefni ójafna stöðu nemenda í framhaldsskólum á landsbyggðinni með tilliti til húsaleigubóta. Lýsing þingmannsins á stöðunni á sér stoð í raunveruleikanum og er til umfjöllunar í sérstakri samráðsnefnd um húsaleigubætur. Ég hef sagt það áður hér, hæstv. forseti, og get ítrekað það að ég útiloka ekki að gerðar verði breytingar á viðeigandi reglum til að koma til móts við þá nemendur sem búa fjærst skóla í sveitarfélagi sínu komist nefndin að slíkri niðurstöðu.

Nálgun þingmannsins Sigurjóns Þórðarsonar, talsmanns Frjálslynda flokksins, að málinu í heild sinni var athyglisverð. Í andsvörum hans í dag kom ítrekað fram að óásættanlegt væri að auka útgjöld ríkisins. Það er engin leið að skilja afstöðu Frjálslynda flokksins til málsins öðruvísi en svo að hann sé þá á móti þeirri leiðréttingu í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem hér hefur ítrekað komið til tals. Þetta er athyglisverð afstaða, raunar óskiljanleg, hæstv. forseti, en ágætt að hún liggi fyrir.

Hv. þm. Atli Gíslason gerði fasteignaverðshækkanir að umtalsefni og spurði hvað sá er hér stendur ætlaði að gera í því máli, hvort ég vildi standa að aftengingu tímasprengju eins og hv. þingmaður orðaði það. Hækkandi fasteignaverð á sér ekki eingöngu þá hlið að skattheimta á fasteignaeigendum aukist, hún á sér auðvitað einnig þær hliðar að eignir fólksins í landinu aukast, verðmæti húsnæðis vex svo um munar. Hún á sér einnig þá hlið að tekjur sveitarfélaganna aukast af skattheimtunni, gjaldstofninn breikkar vegna aukinna verðmæta eigna fólksins í landinu. Hér er um skattlagningu að ræða, hæstv. forseti, sem lýtur þeim lögmálum sem henni eru sniðin, og að grípa inn í eðli hennar og uppbyggingu nú er mér ekki að skapi.

Hv. þingmenn Guðjón Hjörleifsson og Einar K. Guðfinnsson spurðu hvort fyrir lægi með hvaða hætti tekjur af fasteignaskatti skiptust milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Ég hef ekki við höndina nýjustu upplýsingar um skiptingu þessara tekna. Hins vegar kemur fram í skýrslu nefndar um undanþágu frá fasteignaskatti frá í desember 2001 að um 51% teknanna var þá innheimt í Reykjavík, um 10% í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og þá um 40% í sveitarfélögum á landsbyggðinni. Þetta eru vissulega þriggja ára gamlar tölur en ég hygg að þær hafi ekki breyst að ráði á þeim tíma sem liðinn er.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson spurði enn fremur um áhrif þess að lögum um skráningu og mat fasteigna yrði breytt þannig að álagningin fari fram um næstu mánaðamót en ekki áramót eftir að tilteknu byggingarstigi væri náð. Þetta hefur það í för með sér að álagningunni er sem sé flýtt sem vitanlega verður til tekjuauka fyrir sveitarfélögin, nálægt 200 millj. kr. á ári.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson hélt því fram við umræðuna að ríkisstjórnin beitti valdníðslu við sameiningarvinnuna. Fullyrðingin er alröng. Þvert á móti liggja mjög lýðræðisleg vinnubrögð að baki þeim tillögum um sameiningu sveitarfélaga sem hér er um rætt. Tillögurnar byggja á samkomulagi í sameiningarnefnd, einróma samkomulagi fulltrúa ríkis og sveitarfélaga eftir víðtækt samráð og samvinnu við fulltrúa sveitarstjórna hvaðanæva að af landinu. Aðferðin er allt önnur en tíðkuð hefur verið víða í nágrannalöndum þar sem sameining sveitarfélaga hefur víðast verið framkvæmd með lögboði og því mun lýðræðislegri hér.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson gerði þetta að umtalsefni. Hann talar um að það verkefni sem hér er rætt um sé í stórkostlegri hættu og gerir að tillögu sinni að með lögum verði ákveðið að lágmarksfjöldi íbúa í sveitarfélagi verði aukinn úr 50 mönnum í t.d. 1.000. Þarna er um gamalkunna tillögu hv. þingmanns að ræða, hann vill með öðrum orðum ekki viðhafa þá lýðræðislegu aðferð sem beitt hefur verið við undirbúning þeirra sameiningarkosninga sem hér er um rætt að fari fram á komandi hausti. Ég er ósammála aðferðafræði hv. þingmanns. Ég tel, eins og hann, að sveitarfélögin þurfi að stækka og þeim þar með að fækka. Ég tel hins vegar afar mikilvægt að það gerist með frjálsri aðferð eins og hér er lagt upp með. Það kann vel að vera að svo verði komið að einhverjum árum liðnum að rétt verði að hækka hámarkstöluna með lögum. Það er hins vegar ekki lýðræðisleg aðferð og því tel ég hana ekki koma til greina að svo komnu máli, ekki nema um einhvers konar neyðarbrauð verði að ræða.

Hv. þm. Kristján L. Möller bað um nánari útlistun á því og sundurgreiningu á þeim framlögum sem ég gerði að umtalsefni í fyrri ræðu minni. Ágætri töflu um það mál hefur verið dreift í þingsalnum og ég tel að hún skýri málið ágætlega og ég sé að hv. þingmaður kinkar kolli. En þarna er annars vegar um að ræða varanleg áhrif frá og með árinu 2009 upp á ríflega 1.500 milljónir og hins vegar samantekin áhrif áranna 2005–2008 upp á ríflega 9,5 milljarða.

Hæstv. forseti. Ég tel að ég hafi í máli mínu drepið á flest þau atriði sem til mín var beint í þessari ágætu umræðu í dag. Ég vil nota tækifærið og greina þingheimi frá því að á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur IMG Gallup

spurt um það undanfarna þrjá mánuði hvort fólk sé hlynnt eða andvígt þeim áformum sem uppi eru í sveitarfélagi viðkomandi varðandi sameiningu sveitarfélaganna. Um er að ræða þriggja mánaða uppsafnaða niðurstöðu sem byggir á svörum ríflega 1.700 manna alls staðar að af landinu annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaðan er mjög athyglisverð. Í ljós kemur að ríflega 66% eru mjög eða frekar hlynnt þeim hugmyndum sem uppi eru í viðkomandi sveitarfélögum, en einungis rúm 22% á móti. Fylgnin er alls staðar marktæk. Einungis á Vestfjörðum er munurinn óhagstæður getum við sagt, þar sem 47% eru hlynnt, 43% andvíg og 9% hvorki né. Það er því eina svæðið þar sem ekki er um meiri hluta fólks sem er sammála þeim hugmyndum sem uppi eru, að öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjunum undanskildum, þ.e. öðrum sveitarfélögum en Reykjanesbæ. Það hefur ítrekað komið fram í máli hv. þm. Jóns Gunnarssonar í dag, sveitarstjórnarmanns á Suðurnesjum, að þar eru mjög skiptar skoðanir, það er rétt hjá hv. þingmanni. Mikill meirihlutavilji er til þess í Reykjanesbæ að gengið verði fram með þeim hætti sem upphaflegar tillögur sameiningarnefndar gerðu ráð fyrir en minni ánægja, svo vægt sé til orða tekið, með það í öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum. Nú eiga endanlegar tillögur sameiningarnefndar eftir að koma fram og við sjáum þá hver viðbrögð við þeim verða.

Mér þótti rétt að greina frá þessu hér því að ég tel að þetta skipti afar miklu máli. Fram hefur komið í umræðum á Alþingi í dag, og ég tel að það sé rétt metið hjá mér, að það er mikill meirihlutavilji þingmanna að sveitarfélögin haldi áfram að eflast og stækka og með því fækki þeim og greinilega sama skoðun sem fram kemur hjá landsmönnum almennt í gegnum kannanirnar.

Hæstv. forseti. Það verkefni sem lagt var upp með á árinu 2003, um eflingu sveitarfélaganna, stækkun þeirra og fækkun og verkefnatilflutning stendur á ákveðnum tímamótum. Gangan hefur verið nokkuð löng og á köflum ströng. Ég tel hins vegar að ekki hafi verið við öðru að búast í jafnviðamiklu verkefni og hér um ræðir. Nú liggur fyrir ásættanleg niðurstaða í tekjustofnanefnd að mínu mati og flestra þeirra sem í nefndinni sátu. Einnig liggur fyrir niðurstaða í sameiningarnefnd sem gerir ráð fyrir verulegri fækkun og stækkun sveitarfélaga, úr ríflega 100 í 46. Það er einlæg von mín að nú geti menn horft til framtíðar og hafist handa við eflingu sveitarfélaganna, stækkun þeirra og fækkun svo þau megi taka að sér meiri, stærri og viðameiri verkefni í framtíðinni. Til þess er leikurinn gerður.

[18:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann treysti ekki sveitarstjórnarmönnum fyrir svigrúmi til að ákveða gjöld, t.d. útsvar á umbjóðendur sína. Hvað eftir annað hefur hæstv. ráðherra haft þau orð uppi að sveitarstjórnarmenn hafi ekki nýtt svigrúm sitt til að nýta tekjustofnana.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst mikið vanta upp á að það sé í lagi með tekjustofna sveitarfélaganna ef sveitarfélögin fara að nýta þá að fullu, því þarna þarf auðvitað að vera einhver möguleiki til staðar til að taka ákvarðanir um nýtingu tekjustofna.

Þegar sveitarfélögin í landinu eru farin að nýta tekjustofnana þannig, eins og á árinu 2003, að það voru einungis 1.100 milljónir eftir og fimm af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu áttu 1.000 af þeim 1.100 milljónum sem hægt hefði verið að bæta við er farið að nýta tekjustofnana miklu lengra en skynsamlegt er. Þá hlýtur að vera æðihart um tekjur hjá ýmsum sveitarfélögum sem hlut eiga að máli. Þarna vantar upp á og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann geti ekki verið mér sammála um að nauðsynlegt sé að þarna sé svigrúm til staðar fyrir sveitarfélögin til þess að beita.

Hæstv. ráðherra sagði líka að það kynni vel að vera að menn þyrftu að koma að því að lokum að lögþvinga sveitarfélögin. Ég tel að stefnan sem menn tóku á hv. Alþingi, að stækka sveitarfélögin, hafi þurft að vera grundvölluð á einhverjum niðurstöðum að lokum. Þær niðurstöður tel ég vera að sveitarfélögin þurfi að ná ákveðinni stærð og þess vegna verði að horfast í augu við það að vegferðin leiðir til þess (Forseti hringir.) að menn verða að klára gönguna.

[18:38]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka fram vegna ummæla hv. þingmanns að ég treysti sveitarstjórnarmönnum í landinu afar vel og tel að þeir séu upp til hópa að vinna sína vinnu með virkum hætti. Það að ákveða að sveitarstjórnir hafi frjálst val um hver skattlagningin er og þar með álagningarprósenta útsvars finnst mér vera heldur langsótt. Ég tel afar mikilvægt að skattlagningarheimildir séu á hverjum tíma mjög skýrar. Eins og fram kom í máli mínu áðan er ákveðið svigrúm í álagningu útsvars eins og það er í dag og ég tel að það svigrúm sé nægjanlegt. Ég vil ekkert útiloka um aldur og ævi í þeim efnum en þetta er afstaða mín og ég undirstrika að ég tel afar mikilvægt að skattlagningarheimildir á hverjum tíma séu mjög skýrar.

Hv. þingmaður gerði enn og aftur að umtalsefni tekjuafgang eða tekjutap sveitarfélaganna á hverjum tíma. Eins og fram kom í máli mínu áðan er samkvæmt fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið í ár gert ráð fyrir að samanlagður tekjuafgangur þeirra verði um 1,4 milljarðar. Við höfum talað um það í dag að á næstu þremur árum aukist tekjur sveitarfélaganna um ríflega 3 milljarða að meðaltali á ári og 1,5 milljarða á ári í framhaldi af því. Tillögur tekjustofnanefndar verða til umfjöllunar í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og sambandsþingi á morgun og í ríkisstjórn og nái þær fram að ganga hefur náðst mjög mikilvægur áfangi í þessum efnum að mínu mati.

[18:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Frjálst val langsótt, sagði hæstv. ráðherra. Ég vil halda því fram að svigrúm forráðamanna sveitarfélaganna til að ákveða tekjur sveitarfélaga sinna hafi minnkað gríðarlega mikið frá því sem áður var.

Einungis lítill hluti sveitarfélaganna þurfti að ganga alla leið í tekjuöfluninni fyrir nokkrum árum. Nú þurfa langflest sveitarfélög að ganga alla leið. Hvernig þetta var áður er að mínu viti sönnun þess að hægt er að treysta sveitarstjórnarmönnum fyrir því að geta ákveðið hversu langt á að ganga

hvað þessi málefni varðar. Þarna vantar upp á að mínu viti og búa þarf til svigrúm að nýju þannig að sveitarstjórnarmenn eigi möguleika á því að ganga nógu langt til að uppfylla þær skyldur sem þeim ber hvað sveitarfélög þeirra varðar.

Hæstv. ráðherra sagði í fyrra andsvari sínu að hann vildi fara lýðræðislegri leiðir en ég hef lagt til að væru farnar. Ég vil mótmæla þessu. Ég tel að tillögur mínar um að hækka íbúalágmarkið í sveitarfélögunum séu fullkomlega lýðræðislegar, nákvæmlega jafnlýðræðislegar og ákvæðið í sveitarstjórnarlögunum sem segir að hvergi megi vera sveitarfélag með minna en 50 íbúa að lágmarki. Ég tel þess vegna að hér beri menn fyrst og fremst ábyrgð á því hvert lágmarkið er og á hverjum tíma þurfi alþingismenn að taka afstöðu til þess hvert lágmarkið eigi að vera. Ef hæstv. ráðherra finnst að íbúalágmarkið eigi að vera 50 er eðlilegt að hann hafi þá afstöðu sem hann lýsti. En ef honum finnst það ekki tel ég ekki að hægt sé að tala um það sem einhvers konar skort á lýðræðisvitund að vilja hafa annað íbúalágmark en 50.

[18:42]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur í hlutarins eðli að ef Alþingi mundi ákveða að færa yrði í lög að lágmarksfjöldi íbúa í sveitarfélagi væri 1.000 en ekki 50 felur það í sér klára þvingun af hálfu löggjafans í garð sveitarfélaganna um sameiningu, um stækkun sveitarfélaganna og um breytingu á mörkum þeirra. Það liggur alveg fyrir að það er ekki eins lýðræðisleg leið og sú sem valin hefur verið og fylgt hefur verið um ráðaraðir, a.m.k. eitthvað á annan áratug frá því í tíð fyrrum hæstv. félagsmálaráðherra og flokkssystur hv. þingmanns, Jóhönnu Sigurðardóttur.

Ég hef talið og tel, eins og fram hefur komið í máli mínu í dag, að mikilvægt sé að við látum á þessa aðferð reyna til fullnustu og að við gefum sveitarfélögunum og íbúum þeirra tækifæri til þess í haust að kjósa um tillögur sameiningarnefndar. Hvað gerist í framtíðinni er ekki mitt að spá fyrir um.

Ég get, eins og líka hefur komið fram í máli mínu í dag, tekið undir með hv. þingmanni að sveitarfélögin þurfa að stækka, eflast og til þess sameinast. Þetta 50 íbúa lágmark er að mínu viti of lágt, ég get alveg sagt það hér. En sú aðferð sem við höfum valið að fara við að stækka sveitarfélögin og efla þau er mun lýðræðislegri en sú sem hv. þingmaður vill fara, þ.e. að ákveða með lögum að hækka lágmarksfjöldann t.d. úr 50 í 1.000 og þvinga þannig sveitarfélögin til sameiningar.

[18:44]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekkert undarlegt að hæstv. félagsmálaráðherra reyni að bera sig vel þegar hann kemur fram með frumvarp um að fresta þurfi kosningu um sameiningu sveitarfélaga frá því í apríl og fram í október á þessu ári. Hæstv. ráðherra kemur að þessu máli undan og ofan og allt um kring því að sem varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga kemur hæstv. ráðherra þeim megin að því að hreyfa þessu við ríkisvaldið og tekur svo málið í fangið þegar hann er orðinn félagsmálaráðherra. Það er ekki undarlegt þó að hann reyni að bera sig vel þó að hér sé verið að leggja fram frumvarp sem seinkar mjög þeirri kosningu sem talað var um að fara í. Fréttatilkynning frá félagsmálaráðuneytinu í dag segir kannski sína sögu um hvað hæstv. ráðherra reynir að bera sig vel. Í fréttatilkynningunni um eflingu sveitarstjórnarstigsins segir, með leyfi forseta:

„Vinna við átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins, sem staðið hefur frá því á haustmánuðum 2003, er nú komin vel á veg."

Ef það er ekki ákveðin bjartsýni að túlka stöðu mála með þeim hætti sem fram kemur í þessari setningu veit ég ekki alveg hvað bjartsýni er.

Það voru áhugaverðar upplýsingar sem fram komu hjá hæstv. ráðherra varðandi Gallup-könnun sem gerð hefur verið hjá kjósendum vítt og breitt um landið. Hæstv. ráðherra las upp tölur úr Gallup-könnuninni á Vestfjörðum, með og á móti, og tók ekki afstöðu en vænt þætti mér um ef hann hefði tölur utan Reykjanesbæjar á Suðurnesjum til að lesa upp með sama hætti og gert var um Vestfirði þannig að við vissum þá hverjir hefðu verið með, hverjir á móti og hverjir tækju ekki afstöðu. Það getur vel verið að sá sem hér stendur sé eitthvað litaður af umræðunni eins og hún er og hefur verið á Suðurnesjum því þar býr ég jú, en ég hef orðið var við meiri andstöðu við sameiningartillögum síðustu vikur en áður.

[18:46]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að verða við þeim óskum hv. þm. Jóns Gunnarssonar að upplýsa hér hvernig staðan samkvæmt þessari könnun er á Suðurnesjum. Þar kemur fram og ég ítreka það sem ég sagði áðan að hér byggir á þriggja mánaða uppsöfnuðum svörum ríflega 1.700 manna.

Í Reykjanesbæ eru 78,6% hlynnt þeim áformum sem uppi eru í því sveitarfélagi varðandi sameiningu sveitarfélaga, 12% andvíg, 9,4% taka ekki afstöðu eða svara hvorki né. Staðan er, eins og ég sagði áðan, allnokkuð önnur í öðrum sveitarfélögum á Suðurnesjum. Ég held að það kunni að vera rétt hjá hv. þingmanni að það liti kannski eitthvað afstöðu hans. Þar eru 29,3% hlynnt þeim hugmyndum sem uppi eru, 63,8% andvíg og 6,9% svara hvorki né. Þetta er staðan á Suðurnesjum, hæstv. forseti, og ég tek fram að þarna er fólk að svara til um þær hugmyndir sem uppi hafa verið. Endanlegar tillögur sameiningarnefndar verða kynntar á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga á morgun og þar verða nokkrar breytingar gerðar eins og kemur fram í því að upphaflegar tillögur gerðu ráð fyrir að sveitarfélögunum fækkaði í 39 en tillögur nefndarinnar nú gera ráð fyrir að þeim fækki heldur minna, þ.e. í 46.

[18:48]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra greið svör við spurningum úr Gallup-könnun. Það má segja að niðurstaða hennar kalli fram aðra spurningu og hún er sú hvort hæstv. ráðherrann geti upplýst hvaða reglur gilda þá eða giltu í sameiningarnefndinni þegar hún var að taka saman tillögur

sínar um það hvort tekið verði tillit til álits sveitarstjórna varðandi það hvort þær teldu að það þýddi að kjósa um sameiningu nú eða ekki. Hvaða reglur giltu um það hvort tekið væri tillit til slíkra radda og voru þá sambærilegar reglur fyrir öll sveitarfélög? Með öðrum orðum, eru ekki lagðar til neinar sameiningar í þeim sveitarfélögum sem sögðu: „Nei, við viljum ekki sameiningarkosningu"? Það væri þá bara skýrt hvort um væri að ræða einhvers konar eina jafnræðisreglu fyrst verið var að biðja sveitarstjórnirnar að gefa út álit. Ef álitið hefur verið alveg skýrt og ótvírætt nei, tók þá sameiningarnefndin tillit til þess? Er þá niðurstaða sameiningarnefndar að þau sveitarfélög munu ekki kjósa um sameiningu núna?

Þegar maður sér tæp 64% segja nei í sveitarfélögunum utan Reykjanesbæjar á Suðurnesjum veltir maður þessu fyrir sér.

Loksins fæst það í gegn að ríkið fari að greiða fasteignaskatta af eigum sínum í sveitarfélögum. Ber að fagna því í sjálfu sér. Ég velti samt fyrir mér hvaða nýi álagningarflokkur þetta verði. Hvaða hlutfall ætlar ríkið að fara að greiða í fasteignaskatt? Getur verið að ríkið ætli að greiða t.d. lægri fasteignaskatt af fasteignum sínum í sveitarfélögunum en eldri borgarar margir hverjir gera sem fá þó fullan afslátt hjá sveitarfélagi sínu á fasteignagjöldum? Getur verið að ástand ríkisins sé slíkt að ríkið geti ekki greitt full fasteignagjöld og þurfi að greiða þau lægri en aðrir gera?

[18:50]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr um aðferðafræði sameiningarnefndar við endanlegar tillögur sínar. Það er ekki svo að þar hafi verið lögð stöðluð mælistika á endanlegar tillögur, heldur er fyrst og fremst stuðst við upphaflegar tillögur nefndarinnar en síðan tekið mikið tillit til rökstuddra athugasemda sveitarfélaganna og fulltrúa þeirra við endanlega tillögugerð. Það sést best á því að nefndin hefur breytt tillögum sínum allnokkuð. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin verði 46 en ekki 39 eins og upphaflega var áætlað, eins og fram kom í máli mínu hér fyrr. Ég ítreka að tekið hefur verið ríkt tillit til rökstuddra athugasemda og álita sveitarstjórnanna.

Hvað varðar spurningu um fasteignaskattinn sem fram kom í máli hv. þingmanns, um það með hvaða hætti þessi álagning fari fram, liggur fyrir með því samkomulagi sem náðst hefur í tekjustofnanefnd að þar er áætlað að tekjur sveitarfélaganna vegna álagningar fasteignaskatta á hluta af opinberum byggingum nemi um 600 millj. kr. í upphafi. Eins og ég hef sagt áður og ítrekað í dag verður þarna um nýjan gjaldflokk að ræða, og nákvæm útfærsla hans og álagningarprósentan liggja ekki fyrir. Áætlaðar tekjur vegna þessa í upphafi liggja fyrir og þær eru 600 millj. kr. á ári, hæstv. forseti, þegar til fullra framkvæmda verður komið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:52]

Útbýting:

Íslenska og íslensk fræði erlendis, 448. mál, svar menntmrh., þskj. 999.

Út af dagskrá voru tekin 2.–8. mál.

Fundi slitið kl. 18:53.

---

93. FUNDUR

mánudaginn 21. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 639. mál, þskj. 969. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frv., 629. mál, þskj. 950. — 1. umr.
4. Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, stjfrv., 583. mál, þskj. 874. — 1. umr.
5. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 648. mál, þskj. 980. — 1. umr.
6. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 659. mál, þskj. 1003. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 2. þm. Reykv. s.,
Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Jón Kristjánsson heilbrrh., 4. þm. Norðaust.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.,
Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Tilkynning um dagskrá.

[15:04]

Forseti (Halldór Blöndal):

Klukkan 3.30 fer fram umræða utan dagskrár um útboðsreglur ríkisins. Málshefjandi er hv. þingmaður Birkir J.

Jónsson. Hæstv. fjármálaráðherra Geir H. Haarde verður til andsvara.

[15:04]

Útbýting:

Veiting ríkisborgararéttar, 663. mál, frv. allshn., þskj. 1007.

Þjónustusamningur við Sólheima, 662. mál, fsp. RG, þskj. 1006.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Staða efnahagsmála og stóriðjustefna.

[15:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra út í viðhorf hans og ríkisstjórnar hans til stöðu efnahagsmála og sérstaklega stóriðjustefnunnar í því sambandi. Það er óþarfi að fjölyrða um þau hættumerki sem við blasa alls staðar í efnahagslífi okkar og í hagstjórnarlegu tilliti um þessar mundir og lýsa sér einkum í verðbólgu, viðskiptahalla og óviðunandi afkomu útflutnings- og samkeppnisgreina.

Stóriðjustefnan á þar stóran hlut að máli. Um það eru velflestir ef ekki allir hagfræðingar sammála. Í þeim efnum hefur verið opið hús. Það hefur verið opinn faðmur og menn hafa aldrei verið glaðari en þá daga sem sendinefndirnar eru fleiri en færri sem fara um landið og skoða kosti þess í því skyni.

Hæstv. iðnaðarráðherra fagnaði því sérstaklega að svo mikill væri áhugi erlendra fjárfesta að fimm eða sex aðilar væru nú að sýna því áhuga að byggja hér eða stækka álver og mikil ósköp, það er ekki nema von. Útsölur eru alltaf vinsæl fyrirbæri í samfélaginu og fjölmennar samkomur. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur einnig farið um Norðurland og þar eru menn á mörgum stöðum að slást um hituna.

Hins vegar ber nú svo við að það virðist votta fyrir efasemdum í hæstv. ríkisstjórn um að kannski sé að verða nóg komið. Að vísu á að fara upp í 1 millj. tonna í framleiðslu en þó eru hugsanlega einhverjar efasemdir farnar að læðast að ríkisstjórninni um ruðningsáhrifin sem stefnan hefur í för með sér. En þar duga ekki hálfkveðnar vísur. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra: Kemur til greina að opinber yfirlýsing verði gefin út um breyttar áherslur í þessum efnum, að nóg sé komið í bili? Ég vísa í því sambandi sérstaklega til þingsályktunartillögu okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um að einmitt þetta verði gert sem liður í því að reyna að endurheimta efnahagslegan stöðugleika.

[15:07]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er stundum þannig í lífinu að það sem einum finnst neikvætt finnst öðrum jákvætt. Okkur í ríkisstjórninni finnst afar jákvætt að ýmsir aðilar hafi áhuga á því að fjárfesta á Íslandi og sem betur fer hafa erlendir aðilar og erlendir fjárfestar miklu meiri áhuga fyrir Íslandi sem fjárfestingarkosti en áður var. Þar er fyrst og fremst um að þakka því hagstæða umhverfi sem hér er í efnahagslegu tilliti, góðu umhverfi að því er varðar skattlagningu og fleira mætti tína til.

Það hlýtur að vera jákvætt að ýmsir aðilar hafi m.a. áhuga á því að fjárfesta í stóriðju. Hv. þingmaður talar um útsölu. Það dettur engum í hug að hafa útsölu í því sambandi og eftir því sem fleiri eru áhugasamir um slíkar fjárfestingar þeim mun líklegra er að það takist að ná góðum samningum í því sambandi.

Auðvitað eru líka ákveðin mörk sem við þurfum að líta til. Gert er ráð fyrir að álver á Austurlandi taki til starfa árið 2007. Það væri ekki hagkvæmt að vera með mjög margar slíkar stórfjárfestingar í gangi á sama tíma en það kemur mjög til álita að farið verði í sambærilega fjárfestingu eftir þann tíma. Því hefur verið haldið opnu í ríkisstjórninni og hæstv. iðnaðarráðherra hefur talað fyrir því í nafni ríkisstjórnarinnar.

[15:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er því miður ekki nema hálf sagan að ýmsir aðilar hafi áhuga á að fjárfesta almennt í atvinnulífi okkar. Því miður er það ekki svo. Það eru fyrst og fremst þeir aðilar sem eru á höttum eftir ódýrri orku sem hafa verið að skoða og eru að skoða Ísland. Áhugi Íslendinga er ekki á því að fjárfesta í landinu heldur í útlöndum, eins og kunnugt er.

Það er vissulega gott að menn átti sig á því að einhvers staðar þarf að setja mörkin, en það sem hæstv. forsætisráðherra er að boða er sú óbreytta stefna að til greina komi að hella nýjum stórfjárfestingum af þessu tagi í hagkerfið í beinu framhaldi af þeim sem standa yfir. Með öðrum orðum á ekki að gefa hagkerfinu neinn tíma til að jafna sig, það á ekki að kæla það niður, það á ekki að leyfa öðru atvinnulífi að sjá neins staðar ljós við enda ganganna. Eða hvað mun það þýða ef sambærilegar stórframkvæmdir og við Kárahnjúka fara af stað í beinu framhaldi, t.d. á árinu 2007? Það þýðir að sjávarútvegur, ferðaþjónusta, iðnaður, útflutnings- og samkeppnisgreinar þurfa að búa við þetta, ekki bara næstu tvö árin heldur kannski næstu fjögur, fimm eða sex ár. Er það stefnan sem gildir í ríkisstjórninni?

[15:10]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég bið hv. þingmann að sjá ekki allt svart í þessu sambandi. Við þurfum að sjálfsögðu að huga að því á mörgum sviðum að fjölga störfum hér landi, bæði að því er varðar iðnað og á ýmsum öðrum sviðum.

Það fer ekki á milli mála að uppbygging í stóriðju hefur skipt sköpum sem hreyfiafl í efnahagslífi okkar og ég veit að ég og hv. þingmaður erum ósammála um það. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að líta til allra tækifæra en útiloka ekki einhver ákveðin tækifæri, eins og ég veit að hv. þingmaður vill. Hann er á móti stóriðju og telur að það eigi ekki að beisla þá orku. Þar erum við ósammála og það er líka allt í lagi. Hv. þingmaður veit að ríkisstjórnin hefur allt aðra stefnu í þessum málum en flokkur hans hefur haft í langan tíma.

[15:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég sé ekki allt svart í þessum efnum, en ég sé heldur ekki allt hvítt eins og mér virðist því miður hæstv. forsætisráðherra gera áfram og fer þá að verða lítið hafandi með efasemdir hæstv. iðnaðarráðherra eða nýju stefnuna sem boðuð var á iðnþinginu.

Vandi minn er sá að ég deili áhyggjum með forsvarsmönnum iðnaðarins, sjávarútvegsins, ferðaþjónustunnar, nýsköpunar- og sprotafyrirtækjanna sem búa nú við óviðunandi skilyrði vegna þess að það er ójafnvægi í íslensku hagkerfi, m.a. og alveg sérstaklega af völdum stóriðjustefnunnar og skattalækkunarstefnunnar sem ríkisstjórnin hefur keyrt inn með handafli í hagkerfið. Það þarf að hætta handaflinu sem heldur uppi gengi krónunnar, skapar bullandi viðskiptahalla, erlenda skuldasöfnun og er að gera starfsskilyrði almenns atvinnulífs gersamlega óbærileg. Því miður hafa allir, nema einn mikilvægur aðili, áttað sig á þessu og það er ríkisstjórnin undir forustu hæstv. forsætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, sem er alveg meðvitundarlaus í þessum efnum eins og við heyrum af svörum hans eða svaraleysi hér.

[15:13]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er mikill misskilningur að það eina sem er að gerast í íslensku efnahagslífi sé uppbygging áliðnaðar á Austurlandi og stækkun álversins á Grundartanga. Það er margt annað. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að það er mikið innstreymi erlends fjármagns í íslenskt efnahagslíf og það sem hér um ræðir er aðeins hluti af því innstreymi.

Ég deili áhyggjum hv. þingmanns út af afkomu atvinnuveganna, en hins vegar er nauðsynlegt að líta til þess jákvæða sem er í íslensku efnahagslífi og þar er flestallt jákvætt. Því miður virðist hv. þingmaður ekki deila þeim skoðunum sem koma ekki aðeins fram hjá ríkisstjórninni heldur koma skýrt fram hjá þeim matsfyrirtækjum sem hafa fjallað um Ísland og þeim alþjóðlegu stofnunum sem hafa fjallað um Ísland.

Tillögur tekjustofnanefndar.

[15:14]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Síðastliðinn fimmtudag ræddum við í hv. Alþingi tillögur tekjustofnanefndar um breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga. Þær breytingar gera ráð fyrir 9,5 milljarða kr. aukningu á ráðstöfunarfé sveitarfélaganna á næstu árum og 1,5 milljarða í varanlegri breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga. Í þann mund sem við ræddum tillögur tekjustofnanefndar boðaði borgarstjóri til blaðamannafundar og tilkynnti gjaldfrjálsan leikskóla í Reykjavíkurborg. Að vísu á fyrsti hluti þeirra breytinga ekki að taka gildi fyrr en ný borgarstjórn er tekin við, haustið 2006. Borgarstjóri hefur sagt að kostnaður við áætlun hennar um gjaldfrjálsan leikskóla sé rétt tæpur milljarður en þegar búið er að fella niður systkinaafslátt og inn koma auknar tekjur af aukastundum verði útgjaldaaukning Reykjavíkurborgar um 850 millj. kr.

Borgarstjóri vísar ítrekað í það í fréttum að hún reikni með því að ríkið komi að því að greiða niður gjaldfrjálsan leikskóla. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. fjármálaráðherra hvort eitthvert samkomulag hafi verið gert við Reykjavíkurborg um að ríkið greiði fyrir gjaldfrjálsan leikskóla í Reykjavíkurborg. Eða hefur Reykjavíkurborg metið það svo að niðurstaða tekjustofnanefndar væri svo hagstæð fyrir sveitarfélögin að þau gætu bætt við sig viðbótarkostnaðinum?

[15:16]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Þetta er vægast sagt hið furðulegasta mál sem hér er fitjað upp á. Við ræddum í þinginu á fimmtudag að frumkvæði hæstv. félagsmálaráðherra þær tillögur sem fyrir liggja og samkomulag er um milli ríkis og sveitarfélaga hvað varðar tekjuskiptingu þessara aðila. Þar er um að ræða fullkomlega einhliða tilfærslu mikils fjármagns frá ríkinu til sveitarfélaganna þar sem ekki er um að ræða að verkefni fylgi með eða aðrir tekjustofnar komi á móti, þetta er fullkomlega einhliða afsal fjármuna frá ríki til sveitarfélaga í mjög stórum stíl, eins og hæstv. félagsmálaráðherra rakti í síðustu viku.

Hugmyndin var að sjálfsögðu sú og forsendan af hálfu okkar í ríkisstjórninni að peningarnir rynnu fyrst og fremst til þess að koma til móts við þau sveitarfélög sem höllum fæti standa. Er það ekki það sem hefur verið vandamálið, þau sveitarfélög sem hafa átt undir högg að sækja í landinu? Það var a.m.k. skoðun okkar.

Ef menn skoða hins vegar heildarmyndina hjá sveitarfélögunum — það þarf ekki annað en að fara inn á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga og sjá hver spáin er um afkomu sveitarfélaga í ár og hver útgjaldaþróunin er, tekjur annars vegar og útgjöld hins vegar — þá er ekki að sjá að sveitarfélögin sem heild séu á neinu sérstöku flæðiskeri stödd.

Hins vegar gat borgarstjórinn í Reykjavík ekki á sér setið og var byrjuð að eyða peningunum um leið og búið var að tilkynna samkomulagið, þ.e. þeim hluta fjármagnsins sem á að renna til Reykjavíkurborgar. Mér er spurn: Er þetta hugmyndin sem var á bak við samkomulagið og kröfur sveitarfélaganna?

Ég vil segja: Það er illa komið í bakið á okkur í ríkisstjórninni með þessu máli og ég vil svara spurningu þingmannsins alveg skýrt. Það stendur ekki til af hálfu ríkisins að koma neitt inn í málið. Leikskólinn er málefni sveitarfélaganna. Ef þau hafa efni á því að gera hann gjaldfrjálsan er það að sjálfsögðu þeirra mál, gott ef svo er, en það er ekki málefni ríkisins.

Svo verð ég að bæta því við, virðulegi forseti, að það er engu líkara en Vinstri grænir hafi tekið að sér fjármálin í borginni.

[15:18]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir svörin. Það er reyndar svo að komið hafa viðbrögð frá forsvarsmönnum annarra sveitarfélaga um þetta útspil borgar-

stjórans og þau eru afskaplega misánægð með það. Reyndar sagði borgarstjóri í fréttum Ríkisútvarpsins að yfirlýsingar annarra forsvarsmanna sveitarfélaga væru hysterískar. Ekkert skal ég segja um það en auðvitað þurfa menn að ræða svona hluti í samhengi.

Ég tek undir með hæstv. fjármálaráðherra að það sem rætt var í aðdraganda þess að samkomulag náðist um tekjustofna ríkis og sveitarfélaga var einmitt að komið væri að fjárhag þeirra sveitarfélaga sem höllum fæti standa og þurfa virkilega á því að halda að fá hjálp. Ég held að það hafi nákvæmlega sýnt sig núna, (Forseti hringir.) að Reykjavíkurborg þurfti ekki á auknum fjármunum að halda.

[15:19]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Þetta er auðvitað margþætt mál, spurningin um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og búið að togast á um þetta mjög lengi. Það fékkst um málið niðurstaða sem ég taldi viðunandi, þó að hún byggðist á einhliða tilfærslu og tekjurýrnun ríkissjóðs með mjög stórfelldum hætti á næstu árum, vegna þess að ég sá í hendi mér að það var eðlilegt og hægt að færa fyrir því rök að viss sveitarfélög stæðu það höllum fæti að þau þyrftu meira fjármagn frá ríkinu. Það er það sem við höfum verið að reyna að ná samkomulagi um. Síðan kemur á daginn að vegna þess að í pakkanum er stórfelldur flutningur fjármuna vegna greiðslu fasteignaskatta af eigum ríkisins er engu líkara en að borgin hafi af þeim sökum talið sig hafa svigrúm sem ekki var fyrir hendi nokkrum dögum áður.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst þetta ekki trúverðugt og mér finnst þetta því miður ekki til marks um það góða samstarf sem á að ríkja milli ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum. Þetta er ekki (Forseti hringir.) til marks um það.

[15:21]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að það hafi verið mjög nauðsynlegt að fá þetta fram því við heyrðum það á forsvarsmönnum annarra sveitarfélaga að hugsanlega væri eitthvað verið að fara á bak við þau. En ljóst er að þrátt fyrir yfirlýsingar borgarstjórans í Reykjavík um að ríkið ætli að koma inn í að greiða niður gjaldfrjálsan leikskóla er það ekki svo.

Ég held að við getum jafnframt verið mjög ánægð með það samkomulag sem náðist á milli ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu fjármuna til veikari sveitarfélaganna, en maður fer sannarlega að efast um að ástæða hafi verið til þess að fjármunir flyttust til Reykjavíkur þar sem fjárhagur Reykjavíkurborgar er með þessum hætti, yfirlýsingar um að hann sé svo góður að hún geti bætt á sig nýjum kostnaði.

[15:22]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur tekið öll völd í Reykjavíkurlistanum, það er alveg ljóst. En aðalatriðið í þessu er kannski að með þeirri ákvörðun sem búið er að tilkynna af hálfu Reykjavíkurborgar er verið að setja pressu á öll hin sveitarfélögin, þau sem minna mega sín, og klessa þeim upp að vegg þegar búið er að láta þau hafa alla þessa peninga til að reyna að bjarga sér — í það minnsta var okkur talin trú um að hin nýju framlög gætu orðið til þess að sveitarfélögin gætu frekar bjargað sér. Nú er búið að setja þau upp við vegg með þessum hætti og gera þar með kröfu innan raða sveitarfélaganna um stóraukin útgjöld á þessu sviði. Ég tel þetta ekki vel að verki staðið.

Héðinsfjarðargöng.

[15:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil bjóða hæstv. samgönguráðherra velkominn heim frá Siglufirði. Um leið vil ég nota tækifærið og óska Siglfirðingum og Eyfirðingum öðrum til hamingju með þær framkvæmdir í samgöngu- og byggðamálum sem þar er að stefnt með Héðinsfjarðargöngum.

Ég vil spyrja hæstv. samgönguráðherra og óska skýrra svara: Ber að líta á þá ákvörðun sem hæstv. ráðherra kynnti á Siglufirði, að bjóða út göng frá Ólafsfirði til Siglufjarðar, þannig að á miðju næsta ári verði sérstökum niðurskurði í vegamálum vegna þenslu á vinnumarkaði lokið? Ég tel mjög mikilvægt að fá svör við þessu.

Ég spyr vegna þess að sú forgangsröðun sem ríkisstjórnin hefur uppi í samgöngumálum og þar með byggðamálum er umdeild. Nú standa yfir mestu framkvæmdir Íslandssögunnar í orku- og iðnaðarmálum í Austurlandskjördæmi ásamt mestu framkvæmdum síðustu ára í samgöngumálum og með þeirri ákvörðun kostnaðarsamasta ákvörðun í byggðamálum sem nokkurn tíma hefur verið tekin í landinu. Þess vegna er nauðsynlegt að fá það á hreint hvort að með þeirri ákvörðun frestist fyrirhugaðar framkvæmdir á vegáætlun áfram eða hvort þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um niðurskurð muni ganga til baka um sama leyti og fjárveitingar til þessa stóra verkefnis hefjast.

Fyrirhuguð göng uppfylla öll skilyrði sem nefnd hafa verið til sögunnar um mannvirki sem innheimta megi veggjöld af og því er ástæða til að spyrja líka um það hvort hæstv. ráðherra stefni að því að innheimt verði gjald fyrir akstur um göngin.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji að þrátt fyrir þessa ákvörðun sé svigrúm fyrir ákvörðun í samgöngu- og byggðamálum í Norðvesturkjördæmi þar sem 43% vega landsins liggja, t.d. veg um Arnkötludal á þessu kjörtímabili, sérstaklega með tilliti til yfirlýsinga hæstv. forsætisráðherra (Forseti hringir.) um að nú væri komið að því (Forseti hringir.) kjördæmi hvað byggðastuðning varðar.

[15:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Þegar tekin var ákvörðun um að fresta framkvæmdum við Héðinsfjarðargöng var jafnframt tilkynnt um að það verk yrði boðið út haustið 2005 og framkvæmdir hæfust svo á árinu 2006. Það á því ekkert að koma hv. þingmanni á óvart um þessi efni. Tilkynnt var sumarið 2003 hvernig að þessu yrði staðið og því ekki um neina nýja hluti að ræða hvað þetta varðar.

Við gerðum ráð fyrir því í langtímaáætlun um ríkisfjármál að hægt yrði á framkvæmdum og dregið úr framlögum

til samgöngumála á þessu og næsta ári. Engu að síður eru áformin um framkvæmdir og ákvarðanir í fullkomnu samræmi við það sem rætt var m.a. við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið í ár og þau áform sem eru um ríkisfjármálin á næsta ári.

Hvað varðar gjaldtöku vegna einstakra framkvæmda, eins og jarðganga, liggur ekkert fyrir um það. Greint hefur verið frá því að starfandi var nefnd sem gerði tillögur um gjaldtöku og einkaframkvæmd í samgöngumálum. Þær tillögur liggja fyrir, það hefur ekki verið tekin afstaða til þeirra en væntanlega verður fjallað um þær í tengslum við afgreiðslu samgönguáætlunar þegar þar að kemur.

Hvað varðar svigrúm til framkvæmda í Norðvesturkjördæmi sérstaklega, sem ég gleðst yfir að hv. þingmaður skuli hafa áhuga á, hefur það svigrúm verið býsna gott á undanförnum árum og það verður nýtt áfram.

[15:27]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Kannski er ástæðan fyrir því að ekki hefur gengið jafnvel og skyldi í Norðvesturkjördæmi hvað varðar framkvæmdir sem tengjast byggðamálum sú hvað hæstv. ráðherra er ánægður með sig. Ég veit ekki til þess að þar hafi verið í gangi neitt sérstakt átak í þeim efnum og hæstv. ráðherra forðaðist að svara spurningu minni um það hvort svigrúm væri til þess að fara í eitthvert átak sem hlyti að vera tengt vegamálum ef það ætti að vera einhver veigur í því fyrir þetta svæði. Ég fer fram á að hæstv. ráðherra svari því skýrar á eftir hvort hann ætli að beita sér fyrir því og hvort ekki eigi að ganga eftir því að staðið verði við þær yfirlýsingar sem hæstv. forsætisráðherra gaf hvað þessi málefni varðar.

[15:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Það á ekki að koma hv. þingmanni á óvart að auðvitað er það vilji forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar að standa vel að verki hvað varðar uppbyggingu í því kjördæmi sem hv. þingmaður nefndi sérstaklega. Við vitum að úti um allt land eru miklar væntingar um uppbyggingu samgöngumannvirkja og það er mikill vilji til þess. En við höfum tekið ákvarðanir um að hægja á ferðinni í þeirri uppbyggingu á þessu ári vegna efnahagsmála og það er að sjálfsögðu afar mikilvægt að það standist allt saman.

Það eru miklar framkvæmdir í gangi um land allt í samgöngumálum og hv. þingmaður styður vonandi þau áform sem verið er að undirbúa í samgönguáætlun í Norðvesturkjördæmi ekki síður en annars staðar.

[15:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er erfitt að svara því hvort maður styður einhverjar hugmyndir í samgönguáætlun, ekki höfum við séð hana í Alþingi enn þá þennan veturinn.

Ég verð að segja að mér finnst hæstv. ráðherra býsna borubrattur vegna þess að í byggðamálum hefur hæstv. ráðherra sem 1. þm. Norðvest. setið eftir með Svarta-Pétur allt síðasta kjörtímabil og það sem af er þessu. Mér finnst vera kominn tími til að hann rétti aðeins úr kútnum og sjái til þess að farið verði í einhverjar veigamiklar framkvæmdir sem skipta máli fyrir byggðir í Norðvesturkjördæmi. Þar nefndi ég til Arnkötludalinn sérstaklega áðan og mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að fara að geta komið sér úr sporum og svarað því til hvort hann vilji beita sér fyrir einhverju slíku átaki í Norðvesturkjördæmi þar sem hann á auðvitað að bera ábyrgð sem 1. þingmaður kjördæmisins og hefur að auki áhrif í ríkisstjórn.

[15:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson veit það, held ég, ágætlega að ég er áhugamaður um að lagður verði vegur um Arnkötludal eins og fleiri hv. þingmenn í því kjördæmi. Talandi um áherslur í byggðamálum finnst mér hv. þingmaður tala úr miklu glerhúsi. Vil ég minna hv. þingmann á að ekki hefur farið mjög mikið fyrir stuðningi hv. þingmanna Samfylkingarinnar þegar kemur að mikilvægum byggðamálum, eins og háskólamálefnum á Vestfjörðum svo ég taki eitt dæmi þar sem hv. þingmenn hafa haft allt á hornum sér. Þegar staðið hefur verið í góðri samvinnu við heimamenn á Vestfjörðum að því að styrkja háskólastarfsemi á Vestfjörðum hafa þeir snúist algerlega gegn því. Það er þess vegna afskaplega merkilegt að hv. þingmaður skuli koma hingað upp, breiða úr sér og væna aðra um lítinn áhuga fyrir uppbyggingu og eflingu byggðanna á því svæði.

Húsnæðislán sparisjóðanna.

[15:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Nýlega auglýstu sparisjóðirnir lánveitingar í samstarfi við Íbúðalánasjóð með 4,15% vöxtum, allt að 40 ára lánstíma og 25 millj. kr. hámarki. Fyrirspurn mín til hæstv. félagsmálaráðherra er þessi: Hvernig er þessum samningum milli Íbúðalánasjóðs og sparisjóðanna háttað? Koma aðrar lánastofnanir inn í þá? Getur verið að Íbúðalánasjóður kaupi lánveitingar sem lánaðar eru á 2. veðrétti, þ.e. það sem er umfram hámark Íbúðalánasjóðs á 1. veðrétti þannig að hámarkið sé í raun komið upp í 25 millj. kr.?

[15:32]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Eins og hv. fyrirspyrjanda Pétri H. Blöndal er kunnugt samþykktum við á Alþingi fyrir um hálfu ári ný lög um húsnæðismál og þar með um starfsemi Íbúðalánasjóðs. Með þeim lögum er sjóðnum gert að ástunda virka fjárstýringu og áhættufjárstýringu þar með. Ég kannast ekki við dæmi þess sem þingmaðurinn nefndi, að Íbúðalánasjóður tæki þátt í að lána umfram þau mörk sem honum eru sett með lögum og reglugerð. Þvert á móti er alveg skýrt hvert hámark lána Íbúðalánasjóðs er. Sjóðurinn hefur heimild til að lána með allt að 90% lánshlutfalli allt að 14,9 millj. kr. og við það hefur sjóðurinn að sjálfsögðu staðið.

Með breyttum lögum lýtur starfsemi Íbúðalánasjóðs líka fyllilega eftirliti Fjármálaeftirlitsins og eftir því sem ég best

veit, hæstv. forseti, hafa engar athugasemdir komið af hálfu þess við fjárstýringu sjóðsins.

[15:34]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir svörin. Eins og hann kom inn á er ekki um það að ræða að Íbúðalánasjóður kaupi veðbréf sem eru á 2. veðrétti í þeim íbúðum þar sem hann er jafnframt með lán á 1. veðrétti. Þá spyr maður sig náttúrlega: Hver kaupir þau lán? Þau eru að sjálfsögðu miklu áhættusamari en þau lán sem eru á 1. veðrétti.

Ég þakka aftur fyrir svörin og það róar mig að menn skuli ekki hafa farið þessa leið.

Um fundarstjórn.

Mælendaskrá og umræðuefni í fyrirspurnum.

[15:35]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Mér finnst æðiundarlegt ef einn þingflokkur, Frjálslyndi flokkurinn, fær ekki að koma að fyrirspurn. Mér finnst það algjörlega óþolandi, sérstaklega í ljósi þess að fyrirspurnir til ráðherra eru mjög mikilvægar til að veita framkvæmdarvaldinu aðhald. Hér koma samflokksmenn ráðherra Sjálfstæðisflokksins og spyrja hann út úr og gefa honum sviðið. Í rauninni er þetta mjög mikilvægur vettvangur til að veita framkvæmdarvaldinu aðhald og þetta er ekki í fyrsta skipti sem okkur í Frjálslynda flokknum er misboðið af hæstv. forseta.

Á eftir erum við að fara að ræða hér sama mál og var rætt í síðustu viku, þ.e. varðandi skipasmíðastöðina á Akureyri, og það er alveg furðulegt að á sama tíma eru mál stjórnarandstöðunnar látin dragast úr hömlu, fá ekki umræðu, og jafnvel hafa sumir stjórnarþingmenn komið í veg fyrir að ákveðin mál yrðu tekin á dagskrá.

Í öðru lagi hefur maður orðið vitni að því að hæstv. utanríkisráðherra hefur dregið að svara fyrirspurnum svo mánuðum skiptir. Ég held að hún sé orðin fjögurra mánaða, fyrirspurn um kostnað til framboðs í öryggisráðið. Þetta er auðvitað óþolandi og ég tel að hæstv. forseti verði að gefa einhverja skýringu á þessu, á störfum þingsins.

Utandagskrárumræða um skattamál hefur verið sett til hliðar. Það var beðið um utandagskrárumræðu um að skattfé landsbyggðarinnar rynni í stærri mæli til höfuðborgarsvæðisins og væri notað þar. Hún var sett til hliðar. Síðan fer hv. þm. Birkir Jónsson að ræða á ný sama mál og var í síðustu viku. Það er eitthvað að forgangsröðun þingsins þegar farið er fram með þessum hætti.

Fyrirspurnin sem ég ætlaði að beina hér til hæstv. viðskiptaráðherra er mikilsvert mál, mál sem varðar lífeyrissjóðina í landinu.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þingmaður beinir ekki fyrirspurn til viðskiptaráðherra nú.)

Nei, en ég var að útskýra hvað átti að ræða hér. Ég vona að hæstv. forseti þingsins virði málfrelsi mitt hér. Fyrirspurnin sem ég ætlaði að beina til viðskiptaráðherra varðaði lífeyrissjóðina í landinu. Hún er ekki tekin á dagskrá en mál eru tekin á dagskrá þar sem í rauninni er verið að þjónka fjármálaráðherra og gefa honum sviðið til að skíta út R-listann í Reykjavíkurborg. Ég hélt að sá maður hefði frekari tækifæri til þess en að standa hér í fyrirspurnatíma þingsins. Mér finnst þetta mjög undarlegt og ég tel þessa framkomu forseta þingsins við að stjórna þingfundum mjög ámælisverða.

[15:38]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil fyrst biðja hv. þingmann að gæta velsæmis. Í öðru lagi vil ég benda hv. þingmanni á að það er erfitt að gefa mönnum orðið sem ekki hafa beðið um það. (**SigurjÞ:** Ég var búinn ...) Gera svo vel og þegja. Það barst engin beiðni til mín frá neinum þingmanni Frjálslynda flokksins um að fá að taka til máls um óundirbúnar fyrirspurnir.

Í öðru lagi, það sem hv. þingmaður sagði um vinnubrögð á fundum formanna þingflokka og forseta mun ég ræða á þeim fundum sérstaklega, þær athugasemdir sem koma fram frá hv. þingmanni, en ég vil biðja hv. þingmenn að gæta hófs í því að veitast að fundarstjórn forseta ef þeir hafa annað í huga.

[15:39]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta eins og síðasti hv. ræðumaður. Ég átti, og vona að forseti geti staðfest það, óundirbúna fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra. Það er út af fyrir sig ekki í fyrsta sinn sem ég legg fram óundirbúna fyrirspurn til ráðherra sem ekki fæst tekin á dagskrá sökum tímaskorts. Það er eflaust reynsla þingmanna almennt og vel hægt að skilja að forseti Alþingis hafi úr nokkuð vöndu að ráða að þurfa að velja hvaða fyrirspurnir eiga að komast að og hverjar ekki þegar fyrirspurnir eru fleiri en tíminn sem til ráðstöfunar er. Ég hef þess vegna aldrei gert athugasemdir við val forseta fyrr. Ég verð þó að segja að mér þykir nokkuð einkennilegt þegar þingfundurinn hér er farinn að verða einhvers konar framhald á þingflokksfundum Sjálfstæðisflokksins og ég verð að beina þeim almennu tilmælum til forseta Alþingis að þingflokksfundi Sjálfstæðisflokksins ljúki kl. þrjú og hér hefjist fundur á Alþingi eftir það.

Ég lagði fram fyrirspurn um gjaldfrjálsan leikskóla sem var fyrirspurn til þingmanns úr öðrum flokki, hæstv. ráðherra Framsóknarflokksins, Árna Magnússonar. Þegar forseti þarf að velja úr fyrirspurnum sem eru fleiri en hægt er að koma að velur hann fyrirspurn frá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur, Sjálfstæðisflokki, til hæstv. fjármálaráðherra, Geirs Haardes, úr Sjálfstæðisflokki, sem þá fær tækifæri til að ganga í ræðustólinn og reyta hár sitt og skegg yfir því að ósanngjörnustu skattar á Íslandi, leikskólagjöldin á barnafjölskyldurnar í landinu, heyri sögunni til. (Forseti hringir.) Og hér þurfum við að horfa upp á eitthvert

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þingmann ...)

innanflokksleikrit í Sjálfstæðisflokknum í staðinn fyrir að fá að hlýða á málefnalegar fyrirspurnir frá þingmönnum til ráðherra sem standi fyrir máli sínu.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þingmaður.)

Ég vil biðjast undan svona innanflokksleikritum Sjálf-

stæðisflokksins í ræðustól á Alþingi, (Forseti hringir.) að við fáum tækifæri til að beina fyrirspurnum til ráðherra og láta þá standa fyrir máli sínu, virðulegi forseti.

[15:41]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil biðja hv. þingmann að beina orðum sínum til forseta ef hann hefur yfir einhverju að kvarta en vera ekki með persónulegar aðfinningar að öðrum hv. þingmönnum. Það er ekki viðeigandi þegar verið er að ræða um fundarstjórn forseta.

Í annan stað vil ég segja að ég get látið gera samantekt á því hvort óeðlileg brögð séu að því að ég gefi þingmönnum Sjálfstæðisflokksins orðið undir þessum lið, fyrirspurnum til ráðherra, og er sjálfsagt að hún verði lögð fram á fundi með þingflokksformönnum næst þegar þingflokksformenn hittast. Getur þá hver sem er gengið úr skugga um hvort ég hafi í stjórn þingsins hyglað flokksmönnum mínum undir þessum dagskrárlið.

[15:42]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þetta er dálítið sérkennileg umræða. Nú er búið að snúa við þingsköpum Alþingis. Nú er verið að tala þannig að þetta eigi að vera óundirbúnar fyrirspurnir til ráðherra sem megi bara koma frá stjórnarandstöðuþingmönnum. (Gripið fram í.) Það er í rauninni það sem hérna var haldið fram, af báðum hv. þingmönnum, Helga Hjörvar og Sigurjóni Þórðarsyni.

Nú gerist það að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir tekur upp mál sem var mjög mikið rætt á fundi sveitarstjórnarmanna og forseta í mars, vakti mikla furðu og mikla gagnrýni og það var mjög eðlilegt að undir þessum dagskrárlið kæmi þetta mál fram vegna þess að það snerti líka umræðu sem hér fór fram á fimmtudaginn var. Ætlar einhver hv. þingmaður að halda því fram að það hafi verið óeðlilegt að mál af þessu tagi yrði borið inn í Alþingi eða er það þannig að hér eigi að fara fram eins konar ritstýring af hálfu stjórnarandstöðunnar um það hvað megi taka fyrir, hvenær stjórnarliðar megi taka til máls?

Ég ætla að koma því á framfæri við hæstv. forseta að á lestrarsal Alþingis verði lagt fram yfirlit um það nákvæmlega hvaða fulltrúar hvaða flokks hafa tekið til máls undir þessum dagskrárlið í vetur þannig að það komi algjörlega fram hvernig það skiptist milli þingflokkanna. Ég geri ráð fyrir því að þá komi glögglega fram að a.m.k. hafi fulltrúar Sjálfstæðisflokksins ekki verið mjög fyrirferðarmiklir í þeirri umræðu. Kannski stafar það af því að hæstv. forseti hafi ekki gefið mönnum orðið, það veit ég ekkert um, en a.m.k. þarf þetta að koma fram. Þetta er undarleg umræða, að taka hana svona upp og gera það tortryggilegt þegar hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, stærsta þingflokksins, taka til máls undir þessum dagskrárlið, bera fram mjög eðlilegar fyrirspurnir um mál sem verið er að ræða í þjóðfélaginu og kalla á miklar tilfinningar af hálfu stjórnarandstöðunnar, enda er greinilega verið að koma við kaunin á undarlegu máli sem bar að með sérstökum hætti.

Í annan stað er hitt að það er auðvitað fullkominn réttur stjórnarliða að taka upp mál af þessu taginu. Þess vegna er umræðan bæði fráleit, undarleg og tilefni hennar algjörlega út í loftið.

[15:44]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Mér finnst það eiginlega ekki virðingu Alþingis samboðið hvernig hv. þm. Sigurjón Þórðarson hefur vaknað greinilega stúrinn nokkuð í morgun og skeytir skapi sínu á virðulegum forseta með mjög ómaklegum ásökunum. Það sem hefur gerst er að forseti hefur farið eftir því vinnulagi sem hér hefur tíðkast áratugum saman. Virðulegur forseti tekur við beiðnum frá þingmönnum og skiptir þá ekki máli hvort það eru stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar. Það ætla ég að biðja hv. þingmann að hafa í huga að stjórnarsinnar hafa fullt leyfi til að bera fram óundirbúnar fyrirspurnir alveg eins og stjórnarandstæðingar. Það er síðan hæstv. forseti sem vinnur úr þeim eins og gert hefur verið í áratugi.

Það að gera athugasemdir við það með hvaða hætti utandagskrárumræða er hér sett á dagskrá er fráleitt og ég bið hv. þingmann að skeyta skapi sínu á þingflokksformanni sínum því að ákvarðanir um utandagskrárumræður eru ávallt teknar á fundi formanna þingflokka með virðulegum forseta. Um það er samkomulag þannig að ég bið hv. þingmann að beina úrillsku sinni og skapvonsku að sínum eigin mönnum en hlífa þingheimi við því.

[15:46]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Herra forseti gerði það að umtalsefni að hann hefði ekki fengið fyrirspurnina og það kemur mér æðimikið á óvart vegna þess að ég hafði komið boðum til skrifstofustjóra þingsins um að ég hygðist ræða þessi starfslokamál og viðbrögð hæstv. viðskiptaráðherra við þeim.

Svo virðist vera að eitthvert sambandsleysi sé þar á milli sem ég tel að við þurfum að fara yfir í þinginu, þ.e. ef menn ná ekki saman með þessi atriði og að þessi liður sé í rauninni að breytast. Við verðum að skoða hvort sá liður sem við ræðum hér sé að breytast, þ.e. hvort óundirbúnu fyrirspurnirnar séu í rauninni að breytast í það að vera undirbúnar fyrirspurnar, (Forseti hringir.) undirbúnar fyrirspurnir stjórnarliða að spyrja sína eigin ráðherra. Hvað er að gerast?

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil benda hv. þingmanni á að skrifstofustjóra, skrifstofu Alþingis og forseta barst engin beiðni frá hv. þingmanni um að hann hygðist taka til máls undir þessum dagskrárlið á þessum fundi í dag. Engin.)

Herra forseti. Við getum farið yfir það seinna. Ekki ætla ég að þrátta við hann en ég er sannfærður um að hafa sent ágætum skrifstofustjóra þau boð.

Hvað varðar stjórnina á þinginu almennt og það að einhver vakni illa — mér finnst mjög undarlegt þegar menn taka frá tíma í þinginu til að fara yfir sama mál tvisvar. Ég bið þjóðina að skoða þá umræðu sem fer fram hér á eftir. Nú erum við að fara að ræða skipasmíðaiðnaðinn á Akureyri, sem er þarft mál, og aðkomu Ríkiskaupa að því máli. Það er með ólíkindum og sýnir kannski ástandið á stjórnarheimilinu þegar framsóknarmenn og sjálfstæðismenn eru farnir að varpa frá sér ábyrgð á því að taka á ákveðnu máli.

Í stað þess að taka á því og leysa það koma þeir hér upp, taka frá tíma í þinginu og eyða honum í að varpa frá sér ábyrgð. Mér finnst það vera stórundarlegt háttalag í staðinn fyrir að leysa málið.

[15:48]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni vil ég taka fram að formaður þingflokks Frjálslynda flokksins, hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, hv. 9. þm. Suðurk., var á þeim fundi með forseta þar sem þessi utandagskrárumræða var ákveðin. Ég spurði hann sérstaklega að því hvort hann hefði við það að athuga, sem hann ekki hafði.

Ég vil jafnframt segja það að ég hef spurt skrifstofustjóra Alþingis að því hvort honum hafi borist beiðni frá þingmanninum. Það þarf að berast skrifleg beiðni til þess að menn geti fengið orðið undir þeim dagskrárlið sem hér var ræddur, fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa. Hann segir mér að honum hafi ekki borist skrifleg beiðni um það frá hv. þingmanni að hann óskaði eftir því að taka til máls á þessum fundi.

Af þeim ástæðum er það ljóst að mér var ómögulegt að gefa hv. þingmanni orðið, enda renndi mig ekki í grun að hann langaði til að taka til máls og átti ekki von á því.

Umræður utan dagskrár.

Útboðsreglur ríkisins.

[15:49]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár er útboð Ríkiskaupa fyrir hönd Landhelgisgæslunnar á viðgerð á varðskipunum Ægi og Týr. Einungis 13 millj. kr. munur var á tilboði Slippstöðvarinnar á Akureyri og pólskrar skipasmíðastöðvar. Spurningar vakna hvort hagkvæmara hefði verið að taka tilboði Slippstöðvarinnar þar sem mikill kostnaður er því samfara að flytja varðskipin til Póllands og hafa þar eftirlit með framkvæmdinni. Ég tel ljóst að Ríkiskaup hafi vanmetið kostnaðinn sem felst í því að verkið sé unnið í Póllandi og ég hef undir höndum áætlun einkaaðila um að það mundi kosta hann 5,8 millj. kr. að flytja eitt skip til Póllands og hafa þar í slipp í þrjár vikur. Í tilfelli Landhelgisgæslunnar er um að ræða tvö skip sem munu vera úti í fjóra mánuði en einungis er reiknað með að það muni kosta svipaða upphæð, þ.e. tæpar 6 millj. kr.

Hér er því um hróplegt ósamræmi að ræða en kannski er munurinn á þessum áætlunum sá að útgerðarmaðurinn þarf að greiða kostnaðinn úr eigin vasa en skattgreiðendur í hinu tilvikinu. Þessi atburðarás leiðir því hugann óneitanlega að því hvernig við Íslendingar meðhöndlum útboð hér innan lands sem við þurfum jafnframt að auglýsa á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Ég spyr hæstv. fjármálaráðherra hvort hann sé ekki jákvæður gagnvart hugmyndum sem komu fram í tillögum Samtaka iðnaðarins og iðnaðarráðuneytisins haustið 2002 varðandi opinber innkaup. Þar var lögð áhersla á að koma á formlegu samráði skipaiðnaðarins og viðkomandi stjórnvalda um framkvæmd opinberra útboða vegna kaupa á nýsmíði og/eða þjónustu. Þessi tillaga er einn liður í því að bæta samkeppnisstöðu íslensks skipaiðnaðar gagnvart erlendum keppinautum, og ekki veitir af því.

Enn fremur hefur vinna staðið yfir undir forustu Samtaka iðnaðarins með opinberum innkaupaaðilum um að vinna að sameiginlegum markmiðum um gæðamál og hvaða kröfur verði gerðar til verktaka í framtíðinni. Aðilar að þessu verkefni eru auk Samtaka iðnaðarins Ríkiskaup, Vegagerðin, Landsvirkjun, Framkvæmdasýsla ríkisins og fleiri opinberir aðilar. Vinna við þessi gæðamál stendur yfir en meðal þeirra atriða sem rætt hefur verið sérstaklega um á þessum vettvangi er að verkkaupar munu innan fárra ára gera auknar kröfur er byggjast á svonefndum ISO-staðli 9001:2000. Þó er þess sérstaklega getið að um langtímaverkefni er að ræða í þessu samstarfi og að innleiðing gæðakerfa og kröfur um vottun verði að haldast í hendur hjá aðilum markaðarins.

Þrátt fyrir þessi sameiginlegu markmið og þá ágætu vinnu sem m.a. Ríkiskaup hafa átt með Samtökum iðnaðarins henda forsvarsmenn Ríkiskaupa þessum ISO-staðli inn í umrætt útboð, sem hefur 20% vægi í því, vitandi það að íslenskur skipasmíðaiðnaður hefur ekki innleitt þennan staðal. Ég fullyrði að með því að gefa áðurnefndum ISO-staðli 20% vægi í útboðinu var í raun að mínum dómi ákveðið að þetta verkefni skyldi ekki unnið hér innan lands. Útboð Ríkiskaupa er því ekki í þeim anda sem einkennt hefur það samstarf sem ég hef að framan greint frá.

Það er jafnframt mikilvægt að íslensk stjórnvöld séu vakandi fyrir því hvort skipasmíðaiðnaður sé ríkisstyrktur í Evrópu. Það hefur hvorki verið sannað né afsannað og mikilvægt að komast til botns í því. Íslenskur skipasmíðaiðnaður er ekki að biðja um ríkisstyrki, heldur að iðnaðurinn geti stundað samkeppni við erlenda keppinauta á grunni jafnræðis og að þeir fái sanngjarna og jákvæða meðferð hjá íslenskum stjórnvöldum. Þá hljótum við að spyrja okkur hvort það sé pólitískur vilji fyrir því að halda verkefnum eins og viðgerðum á varðskipunum innan lands.

Ég fullyrði að pólitískur vilji er til staðar í þeim efnum. Ég vitna til ummæla nokkurra hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar í því samhengi. Ríkiskaup ákváðu að hafna öllum tilboðum í viðgerðirnar á varðskipunum, lokuðu sig inni með Pólverjunum og sömdu við þá án þess að tala eitt orð við forsvarsmenn Slippstöðvarinnar á Akureyri. Því miður var ekki vilji til þess hjá forsvarsmönnum Ríkiskaupa en það er ljóst að pólitískur vilji er fyrir því að vinna slík verk hér innan lands.

Hæstv. forseti. Er nema von að spurt sé: Hver ræður hér för?

[15:54]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Vissulega er mjög miður að viðgerðir á varðskipunum tveimur skyldu ekki lenda á Akureyri heldur í Póllandi samkvæmt því útboði sem fram fór. Það er þó ánægjulegt að svo litlu skyldi hafa munað í kostnaðartölum eða útboðsfjárhæðum eins og raun ber vitni. Það er til marks um að íslenskur skipasmíðaiðnaður er þrátt fyrir allt orðinn býsna samkeppnisfær við það sem gerist í löndum eins og Póllandi sem greinilega er ekki lengur það lág-

launaland sem áður var.

Á Íslandi búum við við ákveðnar reglur í sambandi við opinber innkaup. Hér í landi gilda lög frá 2001 um það efni sem við í þessum sal samþykktum. Þessum lögum ber að fara eftir. Þau eru eins og við þekkjum vel byggð á leikreglunum á Evrópska efnahagssvæðinu og eiga fyrirmynd sína í þeim reglum sem þar gilda.

Þess vegna er hálfhjákátlegt, svo ekki sé meira sagt, og reyndar furðulegt á köflum þegar þeir gagnrýna það að farið skuli eftir þessum reglum sem gera í hina röndina kröfur um að við sökkvum okkur enn dýpra ofan í hið evrópska reglugerðafargan með því að ganga í Evrópusambandið eða eru að gæla við hugmyndir í þá átt. Það skýtur nokkuð skökku við, virðulegi forseti.

Um þetta mál gilda lög. Það var alveg ljóst að það gat ekki annað en farið fram útboð um þetta verkefni. Ég tel að þeir sem að því stóðu hafi unnið það verk samviskusamlega og í samræmi við það sem fyrir er lagt í gildandi reglum. Ríkiskaup annast í umboði stofnana ríkisins hundruð útboða á ári hverju án pólitískra afskipta af minni hálfu eða annarra ráðherra. Það tíðkast ekki lengur að ráðherrar séu með pólitísk inngrip í útboð af þessu tagi. Kannski er það það sem menn eru að kvarta undan að hafi vantað í þetta mál.

Málið var til lykta leitt samkvæmt þeim reglum sem um slík mál gilda. Ríkiskaup eru eins og kunnugt er sérhæfður þjónustuaðili við ríkisstofnanir á þessu sviði og jafnframt eins konar regluvörður gagnvart því að farið sé að settum reglum um þessi mál og að leikreglunum sem um þetta gilda. Auðvitað er það öllum fyrir bestu að það sé jafnan gert.

Ef upp kemur ágreiningur milli kaupanda tiltekinnar þjónustu eða vöru sem Ríkiskaup annast milligöngu um, milli þeirrar stofnunar og Ríkiskaupa, er unnt að skjóta þeim ágreiningi til fjármálaráðuneytisins. Fyrr kemur mál ekki til kasta ráðuneytisins. Það var ekki gert í þessu máli. Það var ekki ágreiningur milli kaupandans og Ríkiskaupa. Þar af leiðandi kom þetta mál aldrei inn á borð þess sem hér stendur.

Hins vegar tek ég undir margt af því sem fram kom í máli hv. þingmanns. Sérstaklega hafa tvö atriði valdið mér umhugsun í þessu máli, annars vegar spurningin um það hvers vegna Landhelgisgæslan og Ríkiskaup, hvort í sínu lagi eða saman, gera kröfu um þessa ISO-vottun þegar vitað er að íslensku stöðvarnar eru ekki með hana. Það er fyrra atriðið. Hitt atriðið er svo: Hvers vegna er þessari vottun gefið 20% vægi? Með því er raunverulega verið að gefa hinum erlendu skipasmíðastöðvum 20% forskot áður en gengið er til útboðs. (**JÁ:** Getur þú ekki svarað þessu?) Mér er spurn: Hvers vegna er þessi krafa gerð? Ég hef ekki svar við því. Ég legg til að þeir þingmenn sem vilja afla sér svara við því kalli fyrir sig í þingnefnd aðilana sem fóru yfir þetta mál, forustumenn Gæslunnar, og spyrji hvers vegna þeir vildu hafa þessa ISO-vottun, spyrji Ríkiskaup af hverju þau hafi gefið henni 20% vægi í þessu máli. (**Gripið fram í:** ... ráðherrann.) Síðan geta menn sest yfir málið og komist að niðurstöðu um hvort það kalli á einhverjar breytingar á vinnubrögðum okkar í þessu efni.

Við vitum vel að íslensku skipasmíðastöðvarnar eru ekki með þessa vottun. Það má vel vera að með því að gera kröfu um hana hafi verið bægt frá einhverjum stöðvum, undirboðsstöðvum austar í álfunni, það er ekki ólíklegt að það hafi verið gert. Mér finnst þetta umhugsunarefni og ég tel rétt að t.d. iðnaðarnefnd þingsins afli sér upplýsinga um þetta tiltekna atriði.

Varðandi hins vegar kostnaðarútreikning og annað þess háttar er að sjálfsögðu byggt á reynslutölum. Landhelgisgæslan hefur reynslu af því að skipta við þessa pólsku skipasmíðastöð, veit hvað það kostar. Þær tölur voru lagðar til grundvallar. Kjarni málsins er ekki sá, heldur hitt að jafnvel þó að tilboð Slippstöðvarinnar hefði verið lægra hefði þessi krafa um ISO-vottun gert það að verkum að stöðin hefði ekki náð þessum viðskiptum. Það er það sem (Forseti hringir.) mér finnst hið alvarlega.

[16:00]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Okkur sem tökum þátt í þessari umræðu er nokkur vandi á höndum. Þetta mál er rætt a.m.k. í annað sinn á hinu háa Alþingi og gengur almennt út á það að enginn vill bera á því ábyrgð. Í síðustu viku var rætt við hæstv. viðskiptaráðherra sem hafnaði því að bera ábyrgð á þessu tiltekna máli og nú held ég að hæstv. fjármálaráðherra hafi slegið flest met sem hægt er að slá í einni slíkri umræðu. Þegar leið á umræðuna hjá hinum sagði hann að Evrópusinnar bæru væntanlega einhverja ábyrgð á þessu því að þeir vildu sökkva þjóðinni í reglugerðafarganið í Evrópu. Þegar lengra var haldið í ræðunni voru það Ríkiskaup og síðan Landhelgisgæslan og síðan skyldi bara kalla þessa aðila fyrir sig. Þetta var nokkurn veginn ræða hæstv. ráðherra og minnir um margt á söguna um litlu, gulu hænuna sem á endanum vildi þó taka einhverja ábyrgð sem verður þó ekki sagt um hæstv. fjármálaráðherra.

Okkur er nokkur vandi á höndum og hér hefur verið dregið fram með mjög skýrum hætti það ástand sem virðist vera á ríkisstjórnarheimilinu, að enginn vilji bera á þessu ábyrgð. Kjarni málsins er hins vegar þessi: Hér er um að ræða sömu skip og rætt var um árið 2001. Hér er um að ræða sömu vandamál og þá voru uppi og hér er um að ræða svipaðan mun og þá var. Það hefur verið full ástæða til að leysa úr þessu. Ef veruleikinn er sá sem kom fram hjá hv. málshefjanda, að við erum að tala um 13 millj. kr. mismun í viðgerðarkostnaði, vantar svar við vissri spurningu, og þeirri spurningu svarar enginn nema hæstv. fjármálaráðherra: Af hverju voru ekki teknar upp viðræður við Slippstöðina á Akureyri í ljósi þeirra staðreynda sem lágu fyrir? Það er það sem við erum að kalla eftir í utandagskrárumræðu númer tvö (Forseti hringir.) um þetta sama tiltekna mál, virðulegi forseti.

[16:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Dauðyflisháttur ríkisstjórnarinnar þegar kemur að málefnum skipaiðnaðarins er og hefur verið með endemum mörg undanfarin ár. Það er dapurlegt að heyra hæstv. ráðherra og stjórnarliða vera á harðahlaupum við að varpa ábyrgðinni hver á annan, og af sjálfum sér og niður á embættismenn.

Hv. málshefjandi fullyrti að í landinu væri pólitískur vilji til að halda þessum verkefnum í landinu. Er það? Í hverju birtist hann? Eru þetta bara vondir embættismenn sem ganga sjálfala? Er þetta allt saman Landhelgisgæslunni og Ríkiskaupum að kenna sem bara ganga sjálfala? (**Gripið fram í:** Evróputilskipun.) Heyrir þetta ekki undir einhverja ráðherra, hvernig er það?

Sami atburður gerðist fyrir 3–4 árum. Þá var lofað bót og betrun og talað um alls konar samráð, gerðar skýrslur og guð má vita hvað. Nú endurtekur sagan sig alveg gjörsamlega nákvæmlega.

Það er augljóst mál að það er óhagstætt fyrir Landhelgisgæsluna að taka ekki tilboði Slippstöðvarinnar. Það er furðulegt að það skuli ekki vera gert. Það er furðulegt að verkið skuli ekki beinlínis vera undirbúið og áfangaskipt þannig að það greiði götu þess að það verði unnið á Íslandi. Allar líkur eru á að það yrði ódýrara fyrir Gæsluna sem slíka og miklu ódýrara fyrir ríkissjóð og þjóðarbúið þegar margfeldisáhrifin af því að setja verðmætin í umferð hér eru tekin með í reikninginn.

Skulum við ekki muna eftir því líka að ætli Landhelgisgæslunni þyki ekki gott að hafa Slippstöðina á Akureyri til að skríða þangað inn ef hún þarf að öxuldraga allt í einu um hávetur? Þá á að vera til skipasmíðaiðnaður til að þjóna mönnum þegar þeir komast ekki annað. Það er svo mikil skammsýni og barnaskapur að standa svona að málum að það er þyngra en tárum taki.

Við höfum ár eftir ár flutt tillögu um að endurreisa íslenska skipaiðnaðinn. Það er mannanna verk að hann skuli hafa verið látinn koðna svona niður. Hæstv. ríkisstjórn, og ég tala nú ekki um ríkisstjórn sem er búin að sitja í hátt á annan áratug, getur ekki skriðið í felur (Forseti hringir.) eða kennt hér öðrum um þegar svona atburðir verða.

[16:04]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Nú erum við að ræða sama málið aftur og var rætt í síðustu viku í utandagskrárumræðu. Það stafar af því að enginn vill taka ábyrgð. Það er svo sérkennilegt að ekki einu sinni forseti þingsins, það kom fram fyrr í umræðunni, vill taka ábyrgð á þessari umræðu. Hann kenndi þingflokksformanni Frjálslynda flokksins, hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni, um að þetta mál væri hér á dagskrá.

Það er sérstaklega aumt að verða vitni að því að hv. þm. Birkir Jón Jónsson komi hér upp og kenni embættismönnum um hvernig komið er og líti ekki í eigin barm. Hver ber ábyrgð á skipasmíðum í landinu? Er það ekki hæstv. iðnaðarráðherra? Ég hefði haldið það. Hér koma samt stjórnarliðar og leyfa sér að tala niður til embættismanna sinna, þeir hafi lokað sig inni með Pólverjum og eitthvað í þá áttina. Auðvitað verða menn að horfast í augu við þá ábyrgð sem þeir bera á eigin verkum.

Ég verð að taka undir það sem hefur komið fram í máli allra hér, það er fáheyrt að þetta mál sé komið úr landi vegna 13 millj. kr. Það eru allar líkur til þess að miklum mun hagkvæmara hefði orðið að vinna verkið á Íslandi. Það er óskiljanlegt að við skulum standa í þessum sporum. Í rauninni væri miklu karlmannlegra fyrir stjórnarliða að axla ábyrgð og koma hér fram með einhverjar tillögur til framtíðar í staðinn fyrir að kenna embættismönnum um út og suður.

Að lokum ætla ég að taka undir með hæstv. fjármálaráðherra, það er e.t.v. rétt að kalla þá sem eiga aðild að þessu máli til allsherjarnefndar þingsins og fara yfir það. Það er greinilegt að hæstv. ráðherrar þessarar ríkisstjórnar eru algjörlega ófærir um að sinna verkum sínum.

[16:06]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Mér finnst hálfraunaleg óhamingja hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar á þessum fallega degi en ég þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir að hefja umræðuna hér. Tilefnið er ærið, það lýtur ekki einungis að útboði á viðgerðum þessara tveggja skipa núna, heldur einnig árið 2001, eins og hér hefur komið fram. Í rauninni lýtur þetta mál ekki bara að framtíð íslensks skipaiðnaðar, heldur almennum leikreglum við útboð á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þar af leiðandi er mikilvægt að velta upp nokkrum grundvallarspurningum í tengslum við það. Málið er ærið.

Hér hefur komið fram, og má taka undir það, spurningin um af hverju þessum nýja ISO-staðli hafi verið bætt inn í útboðið að ástæðulausu og í rauninni þvert gegn því samráði sem verið hefur í gangi við aðila vinnumarkaðarins og hagsmunaaðila. Við hljótum líka að spyrja hvort við séum kaþólskari en páfinn í að túlka þær leikreglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Við hljótum enn fremur að spyrja um samráð Ríkiskaupa við þau fyrirtæki og Samtök atvinnulífsins sem þetta mál snertir, og snertir í rauninni íslenskan vinnumarkað almennt. Við hljótum líka að spyrja okkur hvort verið geti að erlendar skipasmíðastöðvar eða almennt erlend fyrirtæki sem eru að reyna að seilast inn á þennan markað okkar, íslenska markaðinn, séu að misnota opinbera styrki og þar með að skekkja samkeppnisstöðuna. Með öðrum orðum, eru leikreglur almennt nógu skýrar?

Yfir þetta þarf að fara og ég trúi því að hæstv. ráðherra sem og hinn virðulegi formaður iðnaðarnefndar muni skoða þetta eins og fram hefur komið hér í umræðunni. Það er full ástæða til þess því að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja er í húfi.

[16:09]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Hér eru til umfjöllunar opinber innkaup og útboðsreglur ríkisins. Ég vil í upphafi máls míns leggja áherslu á að menn fari rétt með þær reglur sem um þessi efni gilda.

Í þeirri umræðu sem fram hefur farið hér um þetta tiltekna mál, þ.e. viðhald varðskipanna Ægis og Týs, hafa menn verið svolítið að hlaupa eins og kettir í kringum heitan graut með það hvort reglurnar hafi verið brotnar eða ekki. Ég held að það sé mjög mikilvægt þegar menn taka þátt í umræðunni að þeir segi bara hreint út ef þeir telja að ekki hafi verið farið eftir reglum. Við vitum auðvitað öll að ef svo er höfum við úrræði fyrir bjóðendur til að leita réttar síns, til að mynda um það að lægsta tilboðinu hafi ekki verið tekið þegar allt er tekið með. Þá er auðvitað langeinfaldast fyrir bjóðendur að láta reyna á þá skoðun sína. Engin ástæða er til þess að blanda hæstv. fjármálaráðherra í það

mál sérstaklega enda hefur hann, eins og fram hefur komið, enga beina aðkomu haft að þessu máli. Að því leytinu til er dálítið einkennilegt að sjá hv. þm. Birki J. Jónsson fjalla um þátt hæstv. fjármálaráðherra vegna þess að hann var hér í mínum sporum fyrir nokkrum dögum að vekja athygli þingmanna á því að hæstv. iðnaðarráðherra hefði enga aðkomu haft að málinu. Það er alveg sama staðan uppi með hæstv. fjármálaráðherra, hann hefur enga beina aðkomu haft að afgreiðslu þessa máls.

Aðeins varðandi ISO-vottunina sem gerð var krafa um. Skoðun mín er að það sé fullkominn óþarfi að gera skilyrði í útboðinu sem íþyngja innlendum iðnaði sérstaklega og alveg óskiljanlegt ef svo er og mikið umhugsunarefni fyrir Ríkiskaup ef þau hafa gerst sek um að setja skilyrði sem setja íslenska þátttakendur í útboðinu í þrengri stöðu gagnvart öðrum bjóðendum en ástæða er til.

[16:11]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það er vissulega karlmannlegt að axla ábyrgð eins og hefur verið sagt í þessum ræðustóli. En það getur líka verið karlmannlegt í stjórnmálum að tileinka sér hagfræði hinnar hagsýnu húsmóður. Hefðu menn gert það á öllum stigum þessa máls hefðu þeir náttúrlega gert sér grein fyrir því að hagstæðasta tilboðið þarf ekki endilega að vera það lægsta. Það segir sig sjálft að það þarf ekki að vera hagstæðasta tilboðið vegna þess að þá hafa menn í huga ákveðin pólitísk og samfélagsleg markmið í þessum efnum.

Hér hefur verið minnst bæði á áfangaskiptingu verkefna og margfeldisáhrifin, að sjálfsögðu, og ég hygg að ef allt þetta hefði verið tekið inn frá upphafi, á öllum stigum þessa máls, hefði legið fyrir hvar hagkvæmast væri að láta fara fram viðhald á varðskipunum Ægi og Týr.

Hvað 20% forskotið varðar sem hæstv. fjármálaráðherra gerði að sérstöku umtalsefni stendur hnífurinn þar í kúnni. Hæstv. fjármálaráðherra og hæstv. dómsmálaráðherra geta að sjálfsögðu ekki skotið sér undan þeirri ábyrgð sem þeir báðir bera, annars vegar á Ríkiskaupum og hins vegar á Landhelgisgæslunni. Það kom hér fram að það hefði verið ákvörðun þessara tveggja aðila að notast við ISO-staðalinn svokallaða. Það segir sig því sjálft hverjir eiga að axla ábyrgð í málinu.

Síðan þessi einkennilega krókaleið inn í EES-samninginn. Eins og fram kom í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar virðast Íslendingar vera kaþólskari en páfinn þegar kemur að því að túlka reglurnar á hinu Evrópska efnahagssvæði. Ég hygg að margt væri hér með öðru horfi og svigrúmið meira ef menn legðu á sig þá vinnu að fara almennilega yfir það hvað þarf að gera og hvað þarf ekki að gera innan ramma hins Evrópska efnahagssvæðis.

[16:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta er svolítið skemmtileg umræða að mörgu leyti, sérstaklega fyrir áhugamenn um pólitíska landafræði, að fylgjast með skeytasendingum á milli stjórnarflokkanna og innbyrðis í flokkunum.

Hæstv. fjármálaráðherra vísaði réttilega í EES-reglurnar því að EES-samningurinn setur vissulega á okkur ákveðnar hömlur, hömlur sem við mörg hver vöruðum við á sínum tíma þegar við undirgengumst EES-kvaðirnar. Það er nú bara staðreynd að sjónarmið hinnar hagsýnu húsmóður eiga ekki alltaf upp á pallborðið í því samhengi. Þetta eru staðreyndir sem við verðum að horfast í augu við.

Hitt er svo annað mál, og það er ámælisvert, ef við höfum ekki hannað þessi útboð með íslenska hagsmuni í huga. Mér heyrist það vera hið rétta í málinu. Það kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda og ég heyrði ekki betur en að hæstv. ráðherra tæki undir það, og hann spyr: Hvers vegna kallar viðeigandi nefnd ekki viðeigandi aðila til fundar við sig?

Þá spyr ég: Hverjir eru þeir? Hverjir eru forsvarsmenn Landhelgisgæslunnar sem ráðherrann nefndi réttilega? Ég man ekki betur en að sá maður heiti Björn Bjarnason og sé hæstv. dómsmálaráðherra landsins. Þegar allt kemur til alls þyrftum við kannski að fá þriðju umræðuna og ræða málið við hæstv. dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason.

Að lokum vil ég minna á þingmál sem við fluttum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um aðgerðir til endurreisnar íslenskum skipaiðnaði þar sem við tíundum ýmis atriði sem við teljum mikilvægt að tekið verði á.

[16:15]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu og þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir svörin.

Ég vil í fyrsta lagi bregðast við því sem hv. þm. Bjarni Benediktsson sagði áðan. Ég er honum sammála um það að okkur beri að virða reglur og ég legg áherslu á að ég tel ekki að neinar reglur hafi verið brotnar í þessu útboði. Leikreglurnar sem Ríkiskaup settu sér í þessu tiltekna verkefni varða ISO-staðalinn þannig að hann skyldi vega 20% í þessu útboði, vitandi það að íslenskur skipasmíðaiðnaður hefur ekki þennan ISO-staðal til að bera. Til útskýringar endurspeglar umræddur ISO-staðall einungis ákveðin vinnubrögð og verkferla við ákveðin verkefni. Hann segir ekkert til um gæði verksins enda mun Siglingastofnun eða viðkomandi flokkunarfélag þurfa að fylgjast með framvindu verksins í Póllandi á verktímanum.

Það er vert að geta þess í þessu samhengi að þó að Slippstöðin á Akureyri hafi ekki umræddan ISO-staðal hefur stöðin verið rómuð fyrir mjög gott verklag í gegnum tíðina og staðist ströngustu alþjóðlegu kröfur um verkstaðla. Sá er akkúrat kjarni málsins, ég tel að hér hafi engar alþjóðlegar EES-reglur verið brotnar, það er einungis spurning um það hvaða kröfur Ríkiskaup gerðu í útboði sínu og þær voru að fyrirtæki hefðu þennan ISO-staðal sem Ríkiskaup vita að íslenskur skipasmíðaiðnaður hefur ekki.

Ég legg áherslu á að mér er fullkunnugt um að hæstv. fjármálaráðherra hafði enga beina aðkomu að þessu máli. Ég spyr hins vegar hv. þingmenn: Hvert á maður að beina fyrirspurnum sínum hér ef ekki til yfirmanns viðkomandi stofnunar?

[16:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er kannski ekki miklu við þetta mál að bæta. Auðvitað er eins og ég sagði áðan mjög miður að þetta útboð skyldi hafa farið á þann veg sem það gerði.

Það er rétt sem menn hafa sagt hér, engar reglur voru brotnar í þessu máli. Það var farið í einu og öllu eftir útboðsreglunum sem hér gilda og þarna var byggt upp ákveðið valmódel, sem svo er kallað, þar sem verðinu er gefið ákveðið vægi, ISO-vottuninni er gefið ákveðið vægi, 20%, og síðan líka reynslu af sambærilegum verkum, 10%. Vegið saman er niðurstaðan sú að pólska stöðin fær langhæsta einkunn og reyndar það háa að jafnvel þó að ISO-vottuninni væri sleppt væri niðurstaðan sú sama. Þar munar þeim milljónum í verðinu sjálfu sem menn hafa gert að umtalsefni.

Ég tel rétt að fá þau atriði upplýst sem ég gat um í fyrri ræðu minni upp á framtíðina að gera. Það verður ekki snúið til baka í þessu máli, það er búið að gera bindandi samning og honum verður ekki rift nema gegn greiðslu hárra skaðabóta. Það liggur alveg fyrir. Upp á framtíðina að gera er nauðsynlegt að við komumst til botns í því hvort við erum kaþólskari en páfinn, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason orðaði það, hvort við nýtum okkur ekki allt það svigrúm sem reglurnar gefa í þágu okkar eigin atvinnuvega og hvort við setjum óþarfakvaðir á okkar eigin fyrirtæki sem aðrar þjóðir gera ekki. Þar er auðvitað stærsta málið þessi ISO-vottun og ef í ljós kemur að sú krafa er ómálefnaleg með einhverjum hætti, eins og hæstv. dómsmálaráðherra sagði hér um daginn, eiga menn auðvitað ákveðinn kærurétt sem þeir geta nýtt sér en sem ekki hefur komið fram að menn hyggist gera. Þannig stendur nú þetta, virðulegi forseti.

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 1. umr.

Frv. allshn., 629. mál (eignarhald á fasteignasölu). — Þskj. 950.

[16:20]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa sem lagt er fram af allsherjarnefnd.

Ég leyfi mér að vísa til þskj. 950 um efnisatriði frumvarpsins en hér er um það að ræða að með bráðabirgðaákvæði verði bætt við lögin sérstöku gildistökuákvæði sem varði þá aðila sem hafa nú þegar skráð sig á námskeið til löggildingar sem fasteignasalar. Þannig háttar til að lögin sem sett voru á Alþingi á síðasta ári hafa gildistöku gagnvart þessum aðilum 1. apríl en þeir hafa frá því að lögin voru sett ekki haft svigrúm til að uppfylla ný skilyrði laganna sem eigendur að fasteignasölum. Þess vegna er nauðsynlegt að þingið setji þau lög sem hér er gerð tillaga um í frumvarpinu og veiti þeim aðilum sem þegar hafa skráð sig á námskeiðið og með því gert það sem í þeirra valdi stendur til að standa undir nýjum skilyrðum laganna kleift að uppfylla skilyrðin áður en lögin taka að fullu gildi gagnvart þeim.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð en er tilbúinn til þess að eiga orðaskipti við menn ef frekari skýringa á málinu er þörf. Ég tel þó að það sé tiltölulega einfalt og auðskilið. Ég mælist til að málið fari ekki til nefndarinnar þar sem það stafar frá henni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:23]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 639. mál (kjördagur, sameining sveitarfélaga). — Þskj. 969.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:23]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Frv. vísað félmn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 16:25]

[16:45]

Útbýting:

Börn og unglingar með átröskun, 661. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1005.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 660. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1004.

Sveitarstjórnarlög, 639. mál, nál. félmn., þskj. 1011.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 387. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1009.

Út af dagskrá voru tekin 3.–6. mál.

Fundi slitið kl. 16:45.

---

94. FUNDUR

mánudaginn 21. mars,
að loknum 93. fundi.

Dagskrá:

1. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 639. mál, þskj. 969, nál. 1011. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frv., 629. mál, þskj. 950. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

3. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 663. mál, þskj. 1007. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:46]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1.–2. dagskrármáls og útbýtingu þskj. 1007 og 1011. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Stjfrv., 639. mál (kjördagur, sameining sveitarfélaga). — Þskj. 969, nál. 1011.

[16:48]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðjón Bragason og Róbert Ragnarsson frá félagsmálaráðuneyti, Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Benedikt Guðmundsson frá Hafnarfjarðarbæ.

Frumvarpið er lagt fram til að breyta kjördegi samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III í lögunum. Lengri tíma hefur tekið að ná samkomulagi um breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga en gert var ráð fyrir. Því hefur dregist að sameiningarnefnd hafi getað kynnt endanlegar tillögur sínar og ljóst er að ekki er nægur tími til stefnu til að kynna tillögurnar nægjanlega og fjalla um þær í sveitarfélögunum fyrir kjördag. Þá er undirbúningur atkvæðagreiðslu um tillögur sameiningarnefndar kominn misjafnlega vel á veg á einstökum stöðum.

Í frumvarpinu er lagt til að atkvæðagreiðsla um einstakar sameiningartillögur fari fram laugardaginn 8. október nk. í stað 23. apríl nk., þó þannig að samstarfsnefnd á hverjum stað verði heimilað að ákveða að atkvæðagreiðsla fari fyrr fram ef það er mat nefndarinnar að sameiningartillaga muni hljóta nægu kynningu meðal íbúa fyrir kjördag. Slík ákvörðun verður ekki tekin nema með stuðningi aukins meiri hluta nefndarmanna.

Nefndin bendir á að frumvarpið kemur þó ekki í veg fyrir að þau sveitarfélög sem lengst eru á veg komin með undirbúning atkvæðagreiðslu um tillögur sameiningarnefndar geti kosið fyrr. Þannig er t.d. gert ráð fyrir að kosið verði um sameiningu Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðuhrepps, Skorradalshrepps og Kolbeinsstaðahrepps 23. apríl nk.

Nefndin fjallaði sérstaklega um það ákvæði frumvarpsins að aukinn meiri hluta nefndarmanna þyrfti til að taka ákvörðun um kosningu fyrir 8. október. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að átt sé við tvo þriðju hluta greiddra atkvæða. Nefndin telur rétt að þetta komi fram í lagatextanum sjálfum og gerir því tillögu um að honum verði breytt á þann veg.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svohljóðandi breytingu:

Í stað orðanna „með auknum meiri hluta atkvæða“ í fyrri efnismálslið b-liðar 1. gr. komi: með að lágmarki tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða.

Umræðu frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 663. mál. — Þskj. 1007.

[16:51]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem stafar frá allsherjarnefnd.

Samkvæmt frumvarpinu leggur allsherjarnefnd til að Robert James Fischer fái íslenskan ríkisborgararétt en skv. 6. gr. laga um ríkisborgararétt, nr. 100/1952, veitir Alþingi ríkisborgararétt með lögum.

Forseti Alþingis framvísaði til nefndarinnar umræddri beiðni með bréfi frá 24. janúar. Nefndin tók beiðnina fyrst til umfjöllunar á fundi sínum 27. janúar og hefur nú komist að þeirri niðurstöðu einróma að fallast beri á umsóknina.

[16:53]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil aðeins í örstuttri ræðu lýsa því yfir að ég fagna þessari niðurstöðu í allsherjarnefnd. Ég vil sérstaklega þakka hv. þm. Bjarna Benediktssyni, formanni allsherjarnefndar, fyrir vönduð vinnubrögð í þessu máli. Ég tel að við séum að stíga þarna ákaflega jákvætt skref.

Ég tel að Bobby Fischer hafi skrifað sig inn í skáksögu Íslands með þeim hætti að það séu sérstök tengsl milli hans og íslensku þjóðarinnar. Ég tel að sú ákvörðun sem hér er tekin sé rökrétt framhald af því skrefi sem hæstv. utanríkisráðherra steig. Ég fagna þessari niðurstöðu og ég tel ekki að hér sé verið að veita nein sérstök fordæmi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:55]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 16:56.

---

95. FUNDUR

mánudaginn 21. mars,
að loknum 94. fundi.

Dagskrá:

Veiting ríkisborgararéttar, frv., 663. mál, þskj. 1007. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:58]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 663. mál. — Þskj. 1007.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:59]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DO, DrH, EKG, EKH, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StP, StB, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

2 þm. (BJJ, DJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, BH, EOK, GÁS, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SKK, VS, ÞKG, ÞBack) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DO, DrH, EKG, EKH, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StP, StB, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

2 þm. (BJJ, DJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, BH, EOK, GÁS, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SKK, VS, ÞKG, ÞBack) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 17:00.

---

96. FUNDUR

mánudaginn 21. mars,
að loknum 95. fundi.

Dagskrá:

1. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 663. mál, þskj. 1007. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 639. mál, þskj. 969, nál. 1011. — Frh. 2. umr.

3. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frv., 629. mál, þskj. 950. — 2. umr.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 663. mál. — Þskj. 1007.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:02]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:04]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, AtlG, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DO, DrH, EKG, EKH, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, SAÞ, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StP, StB, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.

2 þm. (BJJ, DJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, BH, EOK, GÁS, GÖg, GÖrl, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SKK, VS, ÞKG, ÞBack) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1012).

Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 639. mál (kjördagur, sameining sveitarfélaga). — Þskj. 969, nál. 1011.

[17:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Hér erum við að fjalla um stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um sveitarstjórnir sem hefur borist frá hæstv. félagsmálaráðherra. Efni þess er í sjálfu sér einfalt. Það er að heimila að fresta þeim kjördegi sem settur hafði verið inn í lög og átti að vera nú 23. apríl næstkomandi varðandi átak í sameiningu sveitarfélaga.

Nú er það í sjálfu sér ekki tilefni langra ræðuhalda að horfast í augu við veruleikann. Þessi dagsetning er auðvitað gersamlega óraunhæf eins og allt er í pottinn búið. Þó er ekki hægt að láta það fara alveg umræðulaust, a.m.k. ekki af minni hálfu, í gegnum þingið hvernig að þessu máli hefur verið staðið og hvernig ýmislegt í kringum það hefur verið rekið af hæstv. ríkisstjórn. Mér þætti ákaflega vænt um ef hæstv. forseti gerði hæstv. fjármálaráðherra viðvart um það að hann á alveg erindi hingað í þingsalinn, m.a. í kjölfar orða sinna í óundirbúnum fyrirspurnatíma fyrr í dag þar sem hann var að blanda sér nokkuð sérkennilega í þessi mál og senda sveitarfélaginu Reykjavík kveðjurnar eða hitt þó heldur. Ég sé að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir heiðrar okkur með nærveru sinni þannig að helmingurinn af þeim orðaskiptum er þá til staðar í salnum. En það væri ánægjulegt ef hæstv. fjármálaráðherra væri hérna til að styðja við bakið á félagsmálaráðherra sínum eða kannski hitt þó heldur því stundum læðist að manni sá grunur að hæstv. ríkisstjórn sé ekki tiltakanlega samstillt í þessum málum frekar en ýmsum fleirum. Ég vil a.m.k. ekki trúa því að hæstv. fé-

lagsmálaráðherra sé ánægður með uppskeruna, að geðleysi hans og metnaðarleysi fyrir hönd sveitarfélaganna sé því um líkt að hann geri orð hæstv. fjármálaráðherra að sínum, að bærilega sé boðið af hálfu ríkisvaldsins í þessum samskiptum. Ef svo er held ég að hæstv. félagsmálaráðherra ætti að hugleiða að biðja formann sinn um að fá sér eitthvert annað ráðuneyti því að ég held að sveitarfélögin þurfi á meiru að halda en hagsmunagæslumanni sem væri sáttur í félagsmálaráðuneytinu við það sem komið hefur út úr þessum viðræðum eða í stefnir nú.

Það þarf náttúrlega ekki að fara mörgum orðum um fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Hún liggur fyrir. Þær staðreyndir geta menn kynnt sér. Þær hafa iðulega verið dregnar fram í dagsljósið á Alþingi á undanförnum missirum og árum og eru í hnotskurn þær að sveitarfélögin hafa verið rekin með tapi um 15 ára skeið, samfellt 12–14 ár a.m.k., kannski með þeirri einu undantekningu að eins og á einu ári hafa þau náð nokkurn veginn endum saman, verið rekin á núllinu. En viðvarandi hallarekstur sveitarfélaganna er staðreynd og skuldasöfnun af stærðargráðunni 2 og 3 til 4 og 5 milljarðar á ári. Þetta er einfaldlega veruleikinn hvernig sem menn belgja sig út um eitthvað annað og hvað sem stendur í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar eða hvað sem menn segja hér úr ræðustól jafnvel þó að þeir séu hæstv. fjármálaráðherrar, þá liggur þetta fyrir, þetta eru staðreyndir. Þær er hægt að sækja inn á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Það liggur fyrir í ársskýrslum o.s.frv.

Gætt hefur alveg ótrúlegrar tregðu af hálfu ríkisvaldsins til þess að skapa hinu stjórnsýslustiginu í landinu, sveitarstjórnarstiginu, lífvænleg og viðeigandi starfsskilyrði, viðeigandi í þeim skilningi að í raun sé hægt að ætlast til þess að einhverjir gefi sig að því að vera í forsvari fyrir sveitarfélög. Það er ekki tekið út með sældinni að axla ábyrgð af því að reyna að reka svona meðaltalssveitarfélag, venjulegt sveitarfélag, t.d. sjávarútvegssveitarfélag á landsbyggðinni, við þessar aðstæður þegar róðurinn þyngist ár frá ári og menn eru í sífellt meiri björgunarneyðaraðgerðum til þess að lifa af, seljandi frá sér eignir, skerandi niður þjónustuna og geta hvorki hreyft hönd né fót til uppbyggingar nema slá það allt að láni. Þannig eru aðstæðurnar og það á bara að ræða um þá hluti eins og þeir eru.

Þess vegna vakti það mikla undrun satt best að segja að einmitt á sama tíma og ríkisstjórn taldi sig geta lagt hér fyrir þingið tillögur um hátt í 30 milljarða skattalækkun á þremur árum, hátt í 30 milljarða afsal á tekjum af hálfu ríkisins, þá var ekki nokkur leið að koma til móts við sveitarfélögin svo neinu næmi í varanlegum tekjustofnum eða varanlegri úrlausn á stöðu þeirra. Það var að vísu vissulega boðið dálítið í tímabundnar reddingar og gulrætur ef menn vildu fara að þeim óskum ríkisstjórnarinnar að fara í stórfellda sameiningu sveitarfélaga og taka í framhaldinu við útgjaldafrekum verkefnum. Þá var eitthvað svolítið í boði en ekki til þess að bæta úr þeim hallarekstri sem sveitarfélögin búa við og er staðreynd og er af þessari stærðargráðu og ekki er tiltölulega mikið um deilt að er þessi, þ.e. að lágmarki um 3–4 milljarðar í varanlegum tekjum á ársgrundvelli miðað við núverandi verkefni. Engu slíku var til að dreifa.

Hvað er boðið af hálfu ríkisins í þessu samkomulagi? Jú, menn leggja þetta allt saman, sameiningargulræturnar og tímabundnar ráðstafanir, m.a. framlengingu á greiðslum vegna málaflokka eins og fráveitumála sem hafa dregist og þar sem mikið verk er óunnið. Þeir telja sér þetta allt saman til tekna, sem einhverja úrlausn í sambandi við fjárhagsstöðu sveitarfélaganna vegna rekstrarins í núinu. En auðvitað er það ekki þannig. Það eru útgjöld á móti í þessum fráveitumálum sem sveitarfélögin þurfa þá að ráðast í, ekki satt? Þetta reikniverk er því allt saman með endemum og það sér hver einasti maður strax í gegnum þetta.

Hvað er varanlegt í þessum pakka sem ríkisstjórnin er að bjóða upp á, hæstv. fjármálaráðherra af rausn sinni sem telur ríkissjóð svona vel staddan að hann geti misst af 30 milljörðum frá og með árinu 2007 á ársgrundvelli? Jú, það eru 600 eða 800 millj. kr. eftir því hvernig það er reiknað og eru fyrst og fremst fólgnar í því að ríkið ætlar að greiða fasteignagjöld af eignum sínum í ríkari mæli en gert er. Hverjir fá þær tekjur? Að uppistöðu til Reykjavík. Að sjálfsögðu, hér er obbinn af hinu stóra opinbera húsnæði. Er það í samræmi við málflutning hæstv. fjármálaráðherra hér fyrr í dag sem sagði að menn hefðu sérstaklega ætlað í þessar ráðstafanir til að styrkja stöðu verst settu sveitarfélaganna? Er þá aðferðin sú að ríkið fari að borga svolítil fasteignagjöld af eignum sínum sem eru fyrst og fremst staðsettar í nokkrum stærstu sveitarfélögum landsins þar sem eru miðstöðvar hinnar opinberu þjónustu, þar af auðvitað langmest í Reykjavík?

Ég tel að hæstv. fjármálaráðherra eigi að koma hér upp og standa fyrir máli sínu og reyna ekki að bera á borð fyrir Alþingi þvætting af þessu tagi og biðjast afsökunar á árásum sínum á Reykjavík og Reykjavíkurlistann hér áðan. Auðvitað er þetta alveg furðulegt, virðulegur forseti. Forsetar leyfa sér stundum að setja ofan í við þingmenn ef þeir fara út af sporinu og fara í umræður um alveg óskyld málefni. En aldrei hafa svo ég viti til verið gerðar neinar athugasemdir við að Sjálfstæðisflokkurinn setji hér á leikrit til þess að bera nöldrið úr minni hlutanum í Reykjavíkurborg inn í sali Alþingis. Duglegastir við það eru auðvitað borgarfulltrúarnir sjálfir sem eiga hér jafnframt sæti, hæstv. ráðherra Björn Bjarnason og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson. En þetta er orðin bara allsherjarlína í flokknum þannig að jafnvel þingmenn úr öðrum sóknum eins og hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir koma hér upp sem leikendur í leikritinu svo að hæstv. fjármálaráðherra geti komið hér með ónotin í garð R-listans.

Var málefnalegt að ráðast sérstaklega á Reykjavíkurlistann eða Reykjavíkurborg fyrir það að kynna áform sín um að halda áfram þegar markaðri stefnu um að taka skref í áttina að gjaldfrjálsum leikskóla sem er þegar í framkvæmd? Fyrsti áfangi hófst frá og með síðastliðnu hausti og liggur fyrir í samþykktri fjárhagsáætlun þessa árs o.s.frv. Þetta voru ekki nýjar fréttir. Hv. þingmenn hafa þá fylgst illa með. Borgarfulltrúarnir í minni hlutanum í Reykjavík hafa verið fulllengi að hringja í félaga sína á þingi og láta þá vita af þessu. Það er að verða ársgömul frétt (**Gripið fram í:** ... málefnalegt.) að Reykjavíkurborg hefur mótað þá stefnu að taka skref í áttina að gjaldfrjálsum leikskóla sem við að sjálfsögðu fögnum. Ég geri það a.m.k. og minn flokkur enda höfum við barist sérstaklega fyrir því, flutt þingmál

um það sem reyndar liggur fyrir þessu þingi.

Ég hélt að Reykjavíkurborg væri fjárráða og mótaði stefnu um það hvernig hún ráðstafaði tekjum sínum. Að reyna að tengja þetta svona ómálefnalega við það að þessi harmkvælaniðurstaða, ef niðurstöðu skyldi kalla, bar upp á um svipað leyti eftir þessar óskaplegu meðgönguhríðir og fæðingarhríðir, nær ekki nokkurri átt. Það bara kemur málinu ekkert við. Reykjavík ráðstafar sínum tekjum og tekur um það sjálfstæðar ákvarðanir, hélt ég. Menn ættu ekki að þurfa að láta sér koma það á óvart að þar væru félagslegar áherslur við lýði, eða hvað? Hafa menn ekki áttað sig á því hvernig meiri hlutinn er samansettur hér í borginni? Ég veit að það er sárt fyrir Sjálfstæðisflokkinn og örvænting þeirra virðist vaxa með hverjum deginum sem líður eins og við sjáum af þeim leikritum sem hér eru sett upp hvað eftir annað, þar sem hvert minnsta tilefni er notað til þess að reyna að leita höggstaðar á Reykjavíkurlistanum.

Það er stundum nefnt hið fornkveðna að menn séu að reyna að hefna þess í héraði sem hallaðist á Alþingi. Ég held að þetta snúi þannig. Hér þarf kannski að snúa því við, að menn eru að reyna að hefna þess á Alþingi sem hallaðist á þeim í héraði, þ.e. minni hlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur er svo slappur og aumur að gervallur þingflokkur Sjálfstæðisflokksins þarf að reyna að ganga í lið með honum og nota til þess ræðustólinn á Alþingi, að sarga á Reykjavíkurlistanum og meiri hlutanum í borgarstjórn Reykjavíkur. Það er reisn yfir því, eða hitt þó heldur.

Það væri gaman ef við þingmenn í landinu tækjum almennt upp þessa stöðu, að menn færu að gera ræðustólinn á Alþingi að sérstökum vígvelli skoðanaskipta um málefni sveitarfélaga sinna og rífast um þau. Hér eru tveir þingmenn úr Vestmannaeyjum sem hefðu t.d. getað leikið þann leik og víðar að eru auðvitað þingmenn sem gætu gert þetta að málstofu fyrir sjónarmið meiri hluta og minni hluta, sérstaklega kannski minni hluta í þeim sveitarfélögum þar sem þeir væru grátt leiknir og stæðu sig illa í málflutningi. Það er ekki hægt annað en ræða þetta því þetta keyrir um þverbak hvernig sjálfstæðismenn láta í þessum efnum, m.a. úr ræðustóli á Alþingi.

Reykjavíkurborg er sem betur fer nokkuð aflögufær sem sveitarfélag, enda er það ekki skrýtið þar sem um er að ræða langstærsta og langtekjuhæsta sveitarfélag landsins. Reykjavíkurborg reynir að ráðstafa þeim tekjum í ýmis góð félagsleg uppbyggingarverkefni, mætti gera meira af því mín vegna, en þó er virkilega ánægjulegt að sjá það sem vel er gert og er í rétta átt, eins og það átak sem hér hefur verið gert á sl. áratug í dagvistunarmálum. Við lítum á það að gera leikskólann gjaldfrjálsan sem hluta af því og tilheyrir þeim málaflokki.

Það er líka mjög gleðilegt hvernig pólitískur stuðningur við þá stefnu hefur vaxið ört undanfarna mánuði, meira að segja er svo komið að þau gleðitíðindi bárust af flokksþingi framsóknarmanna. Má ég ekki nefna það, forseti, mér er legið á hálsi fyrir að vera of upptekinn af því en ég vona að framsóknarmenn gleðjist þegar ég ætla að hrósa þeim, að það var ein pínulítil ljósglæta á þinginu hjá þeim þegar Framsóknarflokkurinn gekk í lið með okkur hinum sem vill berjast fyrir gjaldfrjálsum leikskóla. Á þeim forsendum sem auðvitað blasa við, að þetta hlýtur að gerast sem samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Þarna er um að ræða útgjöld sem nema um 2,5 milljörðum kr. sem sveitarfélögin þyrftu að taka á sig ef þau felldu með öllu niður leikskólagjöld af u.þ.b. 11 milljarða kostnaði við málaflokkinn. Þetta liggur allt saman fyrir í fylgiskjölum með þingsályktunartillögu okkar um samstarfsverkefni um gjaldfrjálsan leikskóla, þannig að gögnin eru til staðar. Upplýsingarnar eru fyrir hendi. Við vitum u.þ.b. hvað þetta mundi kosta sveitarfélögin ef þau gerðu þetta öll. Auðvitað vilja þau þetta öll, nema kannski einhver örfá helblá sveitarfélög þar sem íhaldið ræður ríkjum. Það kann vel að vera að menn séu þar svo forstokkaðir, þó efast ég um það, því ég sé ekki einu sinni að þetta sé endilega að fara í mikið flokksgreinarálit, nema þá helst að minni hlutinn í Reykjavík sé í fýlu út af þessu eins og flestu öðru.

Ég setti í greinargerð með tillögu okkar í haust að tvö sveitarfélög í landinu væru komin af stað með þetta. Það gerði ég vegna þess að ég hafði þá ekki upplýsingar um meira en að það væru Reykjavíkurborg og sveitarfélagið Fjarðabyggð, sem var þá í undirbúningi að fjárhagsáætlun sinni að leggja sama til. Síðan var ég í heimsókn vestur á fjörðum og mér til mikillar ánægju þegar við heimsóttum sveitarfélagið Súðavík gátu menn þar á bæ upplýst okkur um það og voru stoltir af að þeir hefðu líka tekið fyrsta skrefið í þessa átt, að fimm ára börn væru þar að verulegu leyti gjaldfrjáls í leikskólanum. (**Gripið fram í:** En Akureyri?) Þau eru svo fleiri. Já já, ég veit að þetta er komið af stað á Akureyri og menn eru að endurskoða gjaldskrárnar víðar veit ég og ég tek fagnandi við öllum upplýsingum um að fleiri séu að bætast í hópinn. Það breytir því ekki að þetta þarf að koma upp á borðið í hinum tekjulegu samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Og að heyra málflutning af því tagi sem hæstv. fjármálaráðherra var með fannst mér dapurlegt. Ef það verður niðurstaðan að móta stefnuna í landinu, ef það er þingmeirihluti fyrir henni, ætlum við væntanlega ekki að láta sjálfstæðismenn koma í veg fyrir að viljinn nái fram að ganga út af andúð sinni og fýlu á núverandi meiri hluta í sveitarfélaginu Reykjavík. Það gengur ekki. Við skulum líka láta sjálfstæðismenn standa frammi fyrir því. Eða er samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn ánægður með undirtektir hæstv. fjármálaráðherra við ályktun landsþings framsóknarmanna um að stefna beri að gjaldfrjálsum leikskóla sem samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga? Það er þá kannski fleira en skipasmíðaiðnaðurinn og þannig mál sem eru farin að verða svolítið út og suður í stjórnarsamstarfinu. Það skyldi ekki vera en það væri orðið erfitt í fleiri málaflokkum?

Það sem ég vil segja að lokum, virðulegur forseti, um fjárhagsmálin almennt, fjárhagsleg samskiptamál ríkis og sveitarfélaga og stöðuna sem þar er nú þegar þessi dapurlega niðurstaða, ef niðurstöðu skyldi kalla, er uppi á borðum í framhaldi af nefndarstarfinu er að hvernig sem þessu reiðir af nákvæmlega núna er eitt ljóst, að hér hafa ekki litið dagsins ljós neinar varanlegar tillögur sem duga sem grundvöllur þessara samskipta til einhverra ára. Það er viðurkennt af öllum nema ríkisstjórninni. Ég vísa í afgreiðslu málsins á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem sérálit bæjarstjórans í Hafnarfirði, Lúðvíks Geirssonar, fær verulegar undirtektir og erfitt að komast hjá því að

álykta að það hafi verið sá andi sem sveif yfir vötnunum á þinginu þegar maður les bókun stjórnarinnar og samþykkt 19. landsþings sambandsins frá 18. mars. Þar er beinlínis sagt það sama og segir í bókun minni hlutans í tekjustofnanefndinni, að hér séu eingöngu tímabundnar aðgerðir á ferðinni. Því er vísað frá að þarna hafi náðst niðurstaða sem sé varanleg í nokkrum skilningi.

Það er alveg ljóst að það er ákaflega fátæklegur stuðningur við það sem meirihlutafulltrúarnir í tekjustofnanefnd létu sig hafa að skrifa undir eftir allt þófið sem þeir hafa staðið í við ríkisstjórnina og skilar þessari ákaflega mögru niðurstöðu. Ótrúlegri satt best að segja. Það eitt kemur út úr því að ríkið fær að borga svolítil fasteignagjöld af eignum sínum sem dreifist mjög sérkennilega í ljósi þess hvaða sveitarfélög eiga í hlut o.s.frv.

Verklagið í ferlinu vekur líka ýmsar spurningar. Hversu tilgangslaust það er að hafa þessa hluti í þeim farvegi sem þeir hafa verið. Ég sé ekki annað en taka verði verkefnið af framkvæmdarvaldinu. Það er ekki fært um að eiga samskipti við sveitarfélögin í landinu með eðlilegum hætti. Það er ljóst. Ég held að Alþingi ætti að sjá sóma sinn í því að taka málið í sínar hendur og leysa það með þeim hætti að einhver mannsbragur væri að. Stokka upp hin fjármálalegu samskipti þannig að sæmilegt jafnræði væri með stjórnsýslustigunum hvað afkomu snertir. Ég veit ekki betur en við séum skuldbundin til þess. Við erum aðilar að Evrópusáttmála um sjálfstæði sveitarfélaga og þar hvílir á okkur sú skylda að sjá sveitarstjórnarstiginu fyrir skynsamlegum og fullnægjandi starfsskilyrðum, sanngjörnum starfsskilyrðum og fullnægjandi tekjustofnum til að inna verk sín af hendi. Þannig er það ekki í dag. Það þýðir ekki að koma endalaust og segja að vegna þess að aðstaða sveitarfélaganna sé misjöfn þurfi ekkert að gera, skýla sér á bak við einhver endalaus meðaltöl og segja að þess vegna sé þetta ekki okkar mál. Ekki gerum við það gagnvart vanda þeirra hópa í samfélaginu sem eiga erfitt og þurfa á stuðningi að halda. Við notum það ekki sem afsökun fyrir því, alla vega ekki þeir sem taka sjálfa sig alvarlega, að gera ekki neitt í málefnum tekjulægstu hópa samfélagsins að meðaltekjur í landinu séu sæmilegar. Það væri þá nýtt.

En það er í raun það sem menn eru að segja í sambandi við sveitarfélögin. Er það þó ekki einu sinni sambærilegt að því leyti til að meðalsveitarfélagið er svo sannarlega ekki í lagi hér. Menn skjóta sér á bak við það að lítill minni hluti sveitarfélaganna sem teljandi eru, ef ekki á fingrum annarrar handar þá a.m.k. samtals á fingrum þeirra beggja, nær endum saman og býr við þolanlega afkomu, en þeim fer ört fækkandi, samanber t.d. hversu mörg sveitarfélög bættust í hópinn um síðustu áramót sem fullnýta nú tekjustofna sína. Ástæðan fyrir því að nokkur í viðbót gera það ekki er sú að menn hafa viljað taka slíkar hækkanir í áföngum. Menn hafa ekki viljað skella á einu bretti of harkalegum hækkunum á af skiljanlegum ástæðum. Þeim mun undarlegri verður því niðurstaðan og þeim mun meiri athugasemdir er óhjákvæmilegt að gera við verklagið.

Það er gott að menn horfast í augu við raunveruleikann og átta sig á því að kosningar 23. apríl almennt í sveitarfélögunum hefðu verið eins og hver annar barnaskapur við þessar aðstæður. Mönnum á að sjálfsögðu að vera frjálst og menn að meiri ef þeir sjá að sér í slíkum efnum. Það er því sjálfsagt að greiða götu þess að kosningunum verði frestað. En það má spyrja hvort eitthvað sérstakt bendi til þess að staðan breytist mikið ef ríkisstjórnin eða fjármálaráðherra heldur því til streitu að gera ekki neitt í viðbót við það sem komið er og ef málin skýrast ekki á einn eða neinn hátt hvað varðar þann grundvöll sem sveitarfélögin hafa inn í framtíðina, varanlegan grundvöll til að sinna verkefnum sínum. Verður óvissan eitthvað mikið minni í haust? Ég er ekki viss um það. Þá og því aðeins tel ég að sá tími sem er til stefnu þangað til gagnist mönnum eitthvað og nýtist að menn setjist yfir þessa hluti aftur og komist að einhverri sanngjarnri niðurstöðu. Hún er ekki í höfn. Hún er ekki í sjónmáli. Hún er úti í hafsauga í því tilboði eða þeim afarkostum ríkisvaldsins sem að vísu meiri hluti tekjustofnanefndar lét sig hafa að skrifa undir af hvaða ástæðum sem það var, ég skal ekki hafa uppi neinar getgátur um það.

Það virðist þó því miður vera svo að á einhvern hátt bresti þá samstöðu sem manni hefði fundist að hefði átt að vera auðvelt að byggja upp meðal sveitarfélaganna í landinu um að láta ekki bjóða sér þetta lengur. Ég verð að segja það hér, eins og ég hef oft hugsað það, að mig undrar langlundargeð og þolinmæði forustumanna sveitarfélaganna í landinu holt og bolt og þeirra sem þar eru sérstaklega í forsvari, að draga stanslaust stutta stráið í samskiptum við ríkið, að láta hlunnfara sig og hafa af sér í hverjum málaflokknum á fætur öðrum. Það vantar ekki listana þegar þau mál ber á góma, en vera svo alltaf tilbúin til að gera einn samninginn enn á sömu nótum þar sem ekkert er í hendi um að verið sé að taka varanlega á málum. Við heyrum kvartanir yfir því hvernig skattkerfisbreytingar án nokkurs samráðs við sveitarfélögin hafi af þeim stórfelldar tekjur. Við heyrum um allar nýju reglugerðirnar og tilskipanirnar sem í gegnum löggjafann og ríkisvaldið lenda á sveitarfélögunum og þau standa uppi varnarlaus gagnvart og verða að taka á sig útgjöldin. Við heyrum klögumálin út af því hvernig ríkið kemur ekki með sinn hluta fjármunanna í sameiginlega málaflokka, eins og húsaleigubætur, eyðingu refa og minka eða fastakostnaðarhlutdeild í uppbyggingu t.d. í framhaldsskólum.

Í öllum tilvikum líðst ríkisvaldinu, framkvæmdarvaldinu, í skjóli meiri hluta síns á Alþingi að láta halla á sveitarfélögin í slíkum samskiptum, því miður. Menn eru uppi með útreikninga um milljarðana sem þarna eigi í hlut. En samt finnst manni eins og að menn ætli enn einu sinni að kyssa vöndinn og ganga til samkomulags um hluti sem eru alls ekki forsvaranlegir og standast ekki þær kröfur sem við ættum að gera til þess að samskipti stjórnsýslustiganna í landinu, löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins annars vegar og sveitarstjórnarstigsins hins vegar uppfylli skilyrði um að vera sanngjörn og réttlát og búa báðum aðilum viðunandi og sambærileg kjör.

Það getur ekki verið sanngjarnt eða réttlátt að haga þessu þannig að á löngum, löngum árabilum sé annar aðilinn að greiða niður skuldir, hreykja sér af því að geta lækkað álögur en hinn aðilinn sé settur í þá stöðu að verða að gera hið gagnstæða; safna skuldum og hækka álögur.

Það ætti þá að færa hlutina þarna til eins og við höfum reyndar lagt til og ég minni á að fyrir þinginu liggur frum-

varp til laga um breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga þar sem lagt er til að sú prósenta í tekjuskatti sem lækkaði um síðustu áramót færist yfir til sveitarfélaganna sem heimild til frekari útsvarshækkana. Nú er það að vísu ljóst að sveitarfélögin hafa verið uppi með tillögur og hugmyndir um að málið yrði leyst með þeim hætti að þau fengju hlutdeild í stærri, breiðari og varanlegri tekjustofnum en í tillögum ríkisins eða í boði ríkisins er öllum hugmyndum sveitarfélaganna um aukinn hlut í föstum tekjustofnum vísað frá. Meginkröfu sveitarfélaganna í þessum viðræðum var einfaldlega vísað frá og ríkið var ekkert til viðtals um hana.

Það væri þá a.m.k. skref í áttina að þau fengju að nýta í ríkari mæli þennan helsta tekjustofn sinn, þ.e. útsvarið, þau sveitarfélög sem þurfa þá á því að halda. Staðan sýnir að væntanlega yrði það yfirgnæfandi meiri hluti sveitarfélaganna sem mundi strax frá byrjun reyna að nota sér það, þurfa á því að halda og gera það. Síðan mætti þá með tekjujöfnun í gegnum Jöfnunarsjóð bæta því sem á vantaði við þau sveitarfélög sem lakast standa að vígi vegna lágra meðaltekna.

Þetta er sjálfsagt ekki, herra forseti, í síðasta sinn sem við tökumst á um þessi mál því að ætli þessi frestun leiði nú annað yfir okkur en að þurfa að koma að málinu aftur strax næsta haust með einum eða öðrum hætti, eins og bóndinn hérna handan Skerjafjarðar mundi segja, hvernig sem kosningunum reiðir af, ef þær verða, 28. október eða hvenær það nú er. Þá er allt hitt eftir sem lýtur að því að skoða framhaldið. Ég endurtek að lokum þá eindregnu hvatningu mína að menn noti tímann í vor og sumar til að komast eitthvað áleiðis í þessu. Varla getur það verið þannig að hæstv. félagsmálaráðherra og ríkisstjórn langi til að koma hér með allt niður um sig á nokkurra mánaða fresti og verða að hrökklast undan og biðja um fresti og viðurkenna að þeir hafi ekki getað unnið verkið sem til stóð, heldur koma þessum hlutum þannig fyrir að kominn væri einhver grundvöllur til þess að hafa þessa kosningu og ræða svo eða skoða framhaldið um verkaskiptingu.

[17:33]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var eins og við var að búast, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór vítt og breitt með stóryrðum um það samkomulag sem nú hefur verið gert á milli ríkis og sveitarfélaga um tekjustofna sveitarfélaga. Það er eiginlega alveg ótrúlegt af því að hér tók hv. þingmaður það upp í ræðu sinni að ég hefði spurt hæstv. fjármálaráðherra út í hvort hann hefði gert eitthvert sérsamkomulag við borgarstjórann í Reykjavík út af gjaldfrjálsum leikskóla.

Það er alveg ótrúlegt hvað hv. þingmaður er viðkvæmur út af þessu atriði. Ætli það sé vegna þess að honum finnist að Samfylkingin sé búin að stela þessu góða málefni frá Vinstri grænum? Af því að borgarstjórinn í Reykjavík tilheyrir samfylkingararminum í R-listanum, þá sé svo komið að búið sé að stela góðu málefnunum frá Vinstri grænum? Eða hvað skyldi liggja þarna á bak við?

Ég einfaldlega spurði hæstv. fjármálaráðherra sem vörslumann ríkissjóðs hvort þarna væri eitthvert samkomulag við borgarstjóra. Af hverju skyldi ég hafa spurt að því? Af því að fram hefur komið í mörgum viðtölum við borgarstjórann að ríkið mundi koma að því að greiða niður gjaldfrjálsan leikskóla. Og í ljósi þess að við ræddum þetta samkomulag hér fyrir helgi — þá var ekki minnst einu orði á að ríkið ætlaði að fara að borga gjaldfrjálsan leikskóla — fannst mér full ástæða til að vita hvort þetta samkomulag hefði verið gert og engin ástæða til annars en að ræða það í þinginu. Menn hafa stundum og minni hlutinn hér í þinginu, stjórnarandstaðan, viljað spyrja að minni atriðum og af minna tilefni. (Forseti hringir.) Þetta er því alveg ótrúleg viðkvæmni hjá Vinstri grænum.

[17:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er aldeilis ekki viðkvæmur fyrir umræðum um þetta og vil gjarnan ræða þetta sem mest. Ég óskaði eftir hæstv. fjármálaráðherra hingað líka til að geta haldið þessari umræðu áfram af því að ég er mjög spenntur fyrir henni satt best að segja.

Ég vil í fyrsta lagi leiðrétta að ég held að það sé ekki rétt orðanotkun að tala um samkomulag, fullt samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaganna um þessi mál, það er bara einfaldlega ekki þannig. Tekjustofnanefndin klofnaði og ályktun aukalandsfundar landsþings sveitarfélaganna ber það bersýnilega með sér að megn óánægja er þar með þessa niðurstöðu og mjög skiptar skoðanir um hana. Sú óánægja og sá ágreiningur fer auðvitað áfram inn í málið ef svo heldur sem horfir. Þess vegna m.a. er ég að hvetja menn til þess að reyna að nota tímann og gera betur.

Varðandi gjaldfrjálsa leikskólann fögnum við að sjálfsögðu hverjum liðsmanni sem bætist í þann hóp, sem fer sem betur fer ört vaxandi. Menn eru að kveikja á því að það er löngu tímabært skref í áframhaldandi uppbyggingu okkar velferðarsamfélags að taka þetta fyrsta skólastig og meðhöndla það með sama hætti og grunnskólann, að þetta verði óaðskiljanlegur hluti af þeirri umönnunar-, uppeldis- og fræðslustarfsemi sem öllum standi til boða á jafnræðisgrundvelli þangað til skyldunámi lýkur a.m.k. og auðvitað áfram. Við fögnum því að þessi skref hafi verið tekin í hvaða sveitarfélagi sem er og af hvaða stjórnmálamönnum sem er. Ég er ekkert hræddur um að þessu máli verði stolið af Vinstri grænum enda eigum við auðvitað engan einkarétt á því frekar en neinn annar á góðum málum þó að það sé staðreynd sem ekki verður afmáð að við vorum sá flokkur sem fyrst tók þetta upp sem baráttumál á landsvísu og gerðum það að baráttumál í kosningum fyrir tvennum kosningum síðan eins og kunnugt er.

Að mínu mati þarf ekki að spyrja að því hvort fjármálaráðherra hafi gert samkomulag við Reykjavíkurborg, (Forseti hringir.) það liggur fyrir. Það vita menn að er ekki. (Forseti hringir.) Hitt er ljóst að menn hafa séð þetta fyrir sér (Forseti hringir.) sem nauðsynlegt samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga ef það á að komast til framkvæmda til fulls.

[17:37]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom auðvitað í ljós að það var ekkert samkomulag en í ljós kom að borgarstjórinn í Reykjavík hafði bara ekki meira á bak við sig í þessum yfirlýsingum sínum en þetta.

En það voru ekki allir ánægðir með þetta útspil borgarstjórans í Reykjavík. Má lesa í fréttum að Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, var ekki sérstaklega ánægður með þetta og lýsti því yfir að þetta væri verkefni sem væri ekki rætt á milli sveitarfélaganna og ekki við ríkið heldur og það þyrfti þá að gera áður en slík skref yrðu stigin. Og af því að Lúðvík Geirsson var með sérálit varðandi niðurstöðu tekjustofnanefndar vakti þetta athygli mína, að þarna væri mjög undarlega staðið að verki.

Hæstv. forseti. Þetta sýnir bara að menn eru alls ekki einhuga í þessu máli. Það er alveg rétt eins og hv. þingmaður sagði, það eru misjafnar skoðanir. En þeir sveitarstjórnarmenn sem ég heyrði í á landsþinginu voru býsna ánægðir með niðurstöðuna. Aldrei er það svo að fullkomin sátt sé um þetta og það þarf enginn að segja mér sem gömlum sveitarstjórnarmanni að ekki sé endalaust hægt að nota meiri peninga í góð verkefni hjá sveitarfélögunum. Það eru metnaðarfullir sveitarstjórnarmenn sem þannig hugsa og vilja auðvitað hafa meira ráðstöfunarfé til þess að veita góða þjónustu. En það þýðir ekki að mjög skynsamlegt sé að fara þá leið og að menn hafi þá fulla stjórn (Forseti hringir.) á fjármálum sveitarfélaganna, en það (Forseti hringir.) þarf að hafa mjög góða akt á því eins og hjá ríkinu.

[17:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ekki góð aðferðafræði að reyna að svelta sveitarfélögin til hlýðni eða svelta þau til ábyrgðar eins og mér finnst stundum liggja í þeim málflutningi þegar fjárhagsvanda sveitarfélaganna ber á góma, þá koma strax ræðurnar um nauðsyn þess að veita þar aðhald o.s.frv. og jafnvel bent á einstök sveitarfélög þar sem mönnum hafi kannski verið eitthvað mislagðar hendur tímabundið við fjármálastjórn eins og gengur og gerist. En ég held að ríkið megi líka líta í sinn eigin barm í þeim efnum og ætli menn séu þá ekki stundum að kasta steinum úr glerhúsi, það skyldi nú ekki vera?

Það liggur alveg fyrir að þessi málaflokkur, ef fella á niður leikskólagjöldin í heild fyrir allan leikskólann, þá verði útgjöld miðað við núverandi stöðu upp á um 2,5–3 milljarða kr. og síðan þarf vissulega að sjá fyrir sér þróunina og þær breytingar sem í framhaldinu geta orðið. Þetta getur kostað meira þegar fram líða stundir þegar allir væru farnir að nýta sér þetta. En þá eru menn líka að fá mikið í staðinn og þetta eru ekki útgjöld af þeirri stærðargráðu að við þurfum að hrökkva eitthvað undan með það, ekki a.m.k. þegar þau eru sett í samhengi við skattalækkunaráform upp á 30 milljarða. Þá er greinilega talsvert svigrúm til staðar í þjóðfélaginu.

Ég hef hvergi heyrt borgarstjórann í Reykjavík halda því fram, það kann að hafa farið fram hjá mér í þeirri umræðu, að gert hafi verið neitt samkomulag við ríkið um þetta. Hitt er annað mál að það liggur alveg ljóst fyrir að erfitt verður fyrir sveitarfélögin að hrinda þessu í framkvæmd að óbreyttum tekjulegum samskiptum. Þau hafa ákaflega lítil efni á því og raunar engin. Þess vegna hafa flestir sett þetta upp og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði frá byrjun sem samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaganna. Þannig hljóti þetta að þurfa að gerast og koma inn í endurskoðun á tekjulegum samskiptum þeirra.

En að lokum stendur eftir ein spurning og henni er ósvarað: Hver er afstaða Sjálfstæðisflokksins í þessu máli? Eru ónot fjármálaráðherra í dag í garð áforma (Forseti hringir.) um gjaldfrjálsan leikskóla stefna Sjálfstæðisflokksins?

[17:42]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi máls míns inna eftir því hvort hæstv. fjármálaráðherra sé staddur í húsinu fyrst hann er ekki staddur á fundinum.

(**Forseti** (BÁ): Hæstv. fjármálaráðherra er ekki staddur í húsinu samkvæmt þeim upplýsingum sem forseti hefur.)

Þá óska ég eindregið eftir því við hæstv. forseta að þeirri hvatningu verði komið á framfæri við hæstv. fjármálaráðherra að hann komi í húsið og verði við umræðuna. (Gripið fram í.) Það er meiri manndómsbragur að því þegar menn nota sér ræðustólinn á Alþingi til að vega að borgarstjóranum í Reykjavík fjarstöddum að þeir séu þá hér staddir við umræðu um tekjustofna sveitarfélaga og séu til svara fyrir stefnu sína þar. Ég vil láta af því vita að í ræðu minni hef ég í hyggju að fara nokkrum orðum um fjölskyldustefnu hæstv. fjármálaráðherra og mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að hann hafi kost á því að vera hér til andsvara. En ég veit og treysti því að hæstv. forseti kemur þessu vel og skikkanlega á framfæri við hæstv. ráðherra og vonast til að hann sjái sóma sinn í því að vera við umræðuna, því að í óundirbúnum fyrirspurnum þar sem hann nýtti tækifærið til að ráðast á borgarstjórann í Reykjavík getur enginn annar blandað sér í umræðuna en sá þingmaður sem spyr, í því tilfelli úr Sjálfstæðisflokknum, og hins vegar hæstv. ráðherrann sjálfur.

Við ræddum það frumvarp sem hér liggur nánast óbreytt á fimmtudaginn var og í sjálfu sér engin efni til annars en að styðja frumvarpið enda styðja fulltrúar Samfylkingarinnar í félagsmálanefnd þessa afgreiðslu málsins og finnst í raun sjálfsagt að veita hæstv. félagsmálaráðherra þetta svigrúm með sameiningarkosningarnar fram á haustið, því að það sem hér er til afgreiðslu er í sjálfu sér ekki annað en það að áður ákveðin dagsetning um kosningar til sameiningar sveitarfélaga, sá frestur verði lengdur fram á haustið án þess þó að varna því að menn geti kosið nú ef þeir svo kjósa og einhver sveitarfélög munu nýta sér það.

Ástæðan fyrir því að frumvarp þetta er fram komið er tiltölulega einföld. Hún er sú að stórhuga og metnaðarfull áform hæstv. félagsmálaráðherra um að efla sveitarstjórnarstigið, standa þar fyrir verulegum sameiningum, verkefnatilflutningi og öðru slíku, öll þau miklu áform eru nú strönduð með öllu og nokkuð einsýnt að þetta kjörtímabil mun nýtast illa til að efla sveitarfélögin í landinu. Ég held að í því efni sé síst við hæstv. félagsmálaráðherra að sakast. Ég held að metnaður hans hafi staðið til þess að ná einhverju fram í þessu. Það er greinilegt að Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið mjög fastur fyrir og neitað algerlega að veita sveitarfélögunum í landinu nokkra úrlausn að heitið geti í hinum fjárhagslegu samskiptum eins og kallað er. Það verður þess valdandi að ekki er hægt að fara í þær sameiningar sem þó er þörf á, sameiningar á sveitarfélögum í stór-

ar og öflugar einingar þannig að þær geti tekið við verkefnum frá ríkisvaldinu. Það er til að mynda niðurstaðan í nefnd hæstv. heilbrigðisráðherra um verkefnatilflutning til sveitarfélaganna að efla þurfi sveitarfélögin langt umfram það sem nú er og umtalsvert umfram tillögur sameiningarnefndar til þess að þau verði nægilega stór og burðug til að taka við frekari verkefnum.

Það er hins vegar þjóðþrifamál að flytja margvíslega þjónustu frá ríki til sveitarfélaganna. Ég nefni þar málefni fatlaðra, ég nefni þar sérstaklega heilsugæsluna og heimahjúkrunina, nærþjónustu af þessu tagi sem varðar íbúa í hverju sveitarfélagi miklu og við höfum góða reynslu af að sveitarfélögunum er vel treystandi fyrir og þau veita sannarlega þannig að sómi er að. Við höfum reynsluna af því í grunnskólanum og við höfum líka reynsluna af leikskólanum, en hér hefur einmitt í dag farið fram nokkur umræða um hversu mikil metnaður og stórhugur er í sveitarfélögunum að veita fyrsta flokks þjónustu á þessum tveimur skólastigum og ætti auðvitað líka við ýmis verkefni sem ríkið mætti sannarlega sinna betur en gerði best með því að efla sveitarstjórnarstigið og flytja verkefnin til þess.

Það er sannarlega miður að nú líði heil fjögur ár án þess að menn nái nokkrum áföngum í þessu. Á Íslandi er ríkið með tvo þriðju hluta verkefnanna en sveitarfélögin aðeins með þriðjung. Þessu er algjörlega öfugt farið í nágrannalöndum okkar þar sem sveitarfélögin annast um tvo þriðju hluta þjónustunnar en ríkið aðeins um þriðjung. Hefur það sannarlega reynst farsælt og líka til þess fallið að dreifa valdi og gera það að verkum að þjónustan lagi sig betur að þörfunum á hverjum stað og í hverju sveitarfélagi.

Því er full ástæða til að harma það að öll þessi áform hafi strandað í tekjustofnanefndinni eins og raunin er. Þó að ég vilji ekki álasa hæstv. félagsmálaráðherra fyrir það verð ég að segja að mér hefur kannski ekki þótt hann vera sá öflugi málsvari sveitarstjórnarstigsins í þessari umræðu sem maður hefði gjarnan óskað sér. Ég eggja hæstv. ráðherra til að láta til sín taka í umræðunni og lýsa skoðun sinni á þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, m.a. um leikskólastigið og á þeim yfirlýsingum sem hæstv. fjármálaráðherra var með um hin fjárhagslegu samskipti, hvernig sveitarstjórnirnar ætli að eyða og spenna þeim peningum sem verið er að fá þeim. Ég held að það sé a.m.k. sú lágmarkskrafa sem maður verði að gera til hæstv. ráðherra að hann svari fyrir sveitarstjórnarstigið af þeim myndugleika sem hægt er að ætlast til af einum félagsmálaráðherra en sitji ekki þegjandi hér undir svívirðingum hæstv. fjármálaráðherra Geirs Haardes um samflokksmenn sína, m.a. borgarfulltrúana Alfreð Þorsteinsson og Önnu Kristinsdóttur í borgarstjórn Reykjavíkur.

Ég hef lýst þeirri skoðun áður og geri það enn að ég tel að þessar deilur um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga séu algerlega á misskilningi byggðar. Þær eru byggðar á þeim grundvallarmisskilningi að Geir Haarde hæstv. fjármálaráðherra eigi að ráða því hvert skattstigið og þjónustustigið er í hverju og einu sveitarfélagi á Íslandi, að hæstv. fjármálaráðherra eigi að ákveða hvað útsvarið megi vera í sveitarfélögunum og hvað ekki. Sú miðstýringarárátta ríkisins að vilja búa til eitt landsútsvar, eina meðaltalsprósentu sem öll sveitarfélög í landinu skuli laga sig að, hið eina sanna meðaltalsríkisútsvar, hefur leitt alla umfjöllun um sveitarstjórnarstigið í þær ógöngur sem það núna er. Hún hefur varnað því að hér gæti orðið sú nauðsynlega þróun á sveitarstjórnarstiginu sem við þurfum að sjá. Auðvitað varðar hæstv. fjármálaráðherra, Geir Haarde, ekkert um hvert útsvarið er í hverju og einu sveitarfélagi. Það er bara ekki málefni hæstv. fjármálaráðherra eða hins háa Alþingis. Útsvar í einu sveitarfélagi stendur á milli íbúa þess sveitarfélags og viðkomandi sveitarstjórnar. Hver og ein sveitarstjórn á að mínu viti að vera frjáls að því að leggja á það útsvar sem hún telur þurfa til að standa undir þeirri þjónustu sem veitt er í sveitarfélaginu. Íbúarnir í því sveitarfélagi segja skoðun sína á þeim ákvörðunum sveitarstjórnarinnar í almennum kosningum til sveitarstjórna og fella sveitarstjórnir ef þær ganga óhóflega langt í skattheimtu.

Ég tel þó að til greina gæti komið að sveitarstjórnirnar fengju aðhald eins og við þekkjum t.d. vestan hafs, þannig að þær gætu ekki hækkað útsvar nema fá fyrir því samþykki í almennri allsherjaratkvæðagreiðslu. Ég vek t.d. athygli á hugmyndum sem ritstjórn Morgunblaðsins hefur talað fyrir um að sveitarfélögin hefðu svigrúm til að fara í allsherjaratkvæðagreiðslur um að hækka útsvarsgreiðslur til að efla grunnskólann og aðstöðuna í grunnskólanum. Það væri þá ákvörðunaratriði manna í hverju sveitarfélagi fyrir sig hversu mikið skattgreiðendurnir eru tilbúnir til að láta renna til skólans, hversu öflugan þeir vilji hafa hann.

Með því að fá sveitarfélögunum það frelsi, þann sjálfsákvörðunarrétt og í raun og veru þann sjálfsagða sjálfsákvörðunarrétt að ráða sjálf tekjustofnum sínum en þurfa að eiga samráð um það við íbúa sína gefst okkur miklu betra tækifæri til að þróa og bæta þjónustuna í landinu. Auðvitað eiga það að vera íbúarnir í sveitarfélaginu sem t.d. geta tekið ákvörðun um hvort þeir séu tilbúnir til að greiða hærra útsvar gegn því að hætt verði að innheimta skólagjöld á leikskólastiginu. Það er einföld pólitísk spurning sem snýr að útsvarsgreiðendunum í því sveitarfélagi og þeirri sveitarstjórn sem þar er og þeir aðilar eiga að geta leyst sín í milli. Hæstv. fjármálaráðherra á ekki að ákveða það hér í þröngsýni sinni á Alþingi hvort veita megi þá þjónustu í hinu eða þessu sveitarfélaginu. Þau eiga einfaldlega að vera frjáls að því í samráði við íbúa sína að taka slíkar ákvarðanir.

Ræða hæstv. fjármálaráðherra í dag um yfirlýsingar Reykjavíkurlistans frá því í síðustu viku eru náttúrlega algerlega dæmalausar. Hið farsæla samstarf Framsóknarflokksins, VG og Samfylkingarinnar í borgarstjórn Reykjavíkur bar í síðustu viku enn einn ríkulega ávöxtinn í skóla- og leikskólamálum í borginni. Í haust var tekin sú ákvörðun og það hafið að veita ókeypis leikskólaþjónustu í þrjár stundir á dag fyrir fimm ára börn og því lýst yfir að því yrði fylgt eftir með frekari skrefum. Á fimmtudaginn var lýsti borgarstjórinn í Reykjavík því yfir með hvaða hætti það yrði gert og leiðtogi Framsóknarflokksins í Reykjavík, Alfreð Þorsteinsson borgarfulltrúi, gerir síðan ágætlega grein fyrir því góða máli í Morgunblaðinu í dag.

Viðbrögð Sjálfstæðisflokksins við þessum yfirlýsingum hljóta að vekja nokkra athygli því að hæstv. fjármálaráðherra, Geir Haarde, rýkur hér upp. Ég sagði í dag að hann hefði rifið hár sitt og skegg yfir því að nú ætti að fara að létta þessum skólagjöldum, þessum ósanngjarnasta skatti í

landinu, leikskólagjöldunum, af barnafjölskyldum í borginni. Það var ekki maklega sagt, því að ég held að hæstv. fjármálaráðherra hafi aðeins getað rifið hár sitt yfir þessu. Hann fór hér mikinn gegn þessum hugmyndum og fjallaði um það hversu ábyrgðarlaus meðferð á fjármunum þetta væri. Verið væri að stilla öðrum sveitarfélögum í landinu upp við vegg og neyða þau til þess að auka útgjöld sín.

Virðulegur forseti. Hér talaði sá hæstv. fjármálaráðherra sem fannst ekkert mál fyrir nokkrum mánuðum að létta af nærri 30 milljörðum í sköttum aðallega auðvitað á hátekjufólki og stóreignamönnum, en sér núna gríðarlegum ofsjónum yfir því að verja eigi um 1 milljarði króna til þess að létta af barnafjölskyldum í borginni ósanngjarnasta skatti á Íslandi, leikskólagjöldunum, skólagjöldunum á fyrsta skólastiginu í opinberri þjónustu. Hvar er nú fjölskyldustefna Sjálfstæðisflokksins? Hvar eru nú hástemmdu ræðurnar Sjálfstæðisflokksins um aðbúnað barnafjölskyldna í landinu og um að efla og treysta hjónabandið sem stofnun? Hvar eru nú ræðurnar um fjölskyldugildin? Þær voru a.m.k. ekki haldnar hér í dag heldur bara bölsótast yfir því af hæstv. fjármálaráðherra að barnafjölskyldur í Reykjavík fái þessa miklu búbót sem getur numið á þriðja hundrað þús. kr. fyrir eina fjölskyldu með eitt barn og enn hærri upphæðum þar sem fleiri en eitt barn eru á leikskóla í sömu fjölskyldu.

Það sætir auðvitað furðu að hæstv. fjármálaráðherra sem nýbúinn er að létta hér af erfðasköttum, eignarsköttum, hátekjusköttum og tekjusköttum upp á nærri 30 milljarða kr. skuli telja að þetta verði til að raska stöðugleikanum þegar aðeins brot af þeirri upphæð er tekið og nýtt til þess að skapa hér ókeypis leikskóla í sjö stundir á dag fyrir börnin í Reykjavík.

Ég auglýsi eftir sjónarmiðum hæstv. félagsmálaráðherra, Árna Magnússonar, til þessa máls. Hvort þingmaður Reykv. n., hæstv. félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, fagnar þeim skrefum sem verið er að stíga í Reykjavík eða hvort hann andmælir þeim og tekur jafnvel undir með hæstv. fjármálaráðherra um að þetta setji samkomulagið sem kallað er eða þennan áfanga í tekjuskiptingu sveitarfélaganna í eitthvert uppnám.

Ég vil líka spyrja hæstv. félagsmálaráðherra af þessu tilefni, vegna þess að þessi dagur hefur verið, öllum að óvörum, helgaður leikskólanum, hvort hann deili ekki þeim áhyggjum sem fram komu á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga um að það kunni að vera svo að ekki séu öll sveitarfélög í stakk búin til að veita ókeypis þjónustu af þessu tagi. Hvort hæstv. félagsmálaráðherra telji það ekki áhyggjuefni ef svo er. Hvort við séum ekki sammála um að sú mikilvæga grunnþjónusta, ókeypis leikskóli, sé þess eðlis að það sé þjónusta sem verði að vera í boði í öllum sveitarfélögum á Íslandi. Hvort hæstv. félagsmálaráðherra sjái fyrir sér að það geti gengið þannig til frambúðar að slík þjónusta sé boðin í Reykjavík en hún sé ekki í boði annars staðar á landinu vegna erfiðra aðstæðna. Hvort hæstv. félagsmálaráðherra telji þá ekki að þetta atriði verði að taka upp í viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga og í kringum verkaskiptamálin til að tryggja megi að þessi grunnþjónusta við yngstu börnin í skólakerfinu verði örugglega veitt á a.m.k. svipuðum forsendum um land allt.

Um leið og maður hlýtur að samgleðjast barnafjölskyldum og leikskólabörnum í Reykjavík að þessi metnaðarfullu áform eru fram komin, og auðvitað að hluta til komin til framkvæmda frá síðasta hausti, hlýtur maður auðvitað að hafa áhyggjur af því ef það er rétt sem fram kom á landsþingi sveitarfélaga að þessum gæðum verði misskipt um landið og að fjárhagur sumra sveitarfélaga sé með þeim hætti að slíka þjónustu sé ekki hægt að veita þar.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort hann teldi ekki að um slíka grundvallarþjónustu væri réttast að setja almenn lög á Alþingi og að það gilti nokkuð jafnt þjónustustig fyrir sveitarfélögin öll í þessu efni.

Að síðustu fagna ég því enn einu sinni að hin þröngsýnu sjónarmið Sjálfstæðisflokksins, um að ekki komi til greina að verja fjármunum til að létta af ósanngjörnustu sköttum á Íslandi, leikskólagjöldunum á yngstu börnin, skuli hafa orðið undir. Að í Reykjavík hafi menn þrátt fyrir þröngan fjárhag sveitarfélaganna haft þann kjark, það frumkvæði og pólitíska þor sem þarf til að taka þá grundvallarafstöðu að fyrsta skólastigið eigi að vera gjaldfrjálst og að öll börn eigi að njóta leikskólans með svipuðum hætti og grunnskólans, því að það frábæra starf sem fram fer í leikskólanum er sannarlega grundvöllur að farsæld hvers einstaklings og getur verið honum ómetanlegt veganesti út í lífið og mikilvægt að allir njóti þess óháð efnahag.

[18:01]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Ekki er þörf á því að endurtaka það sem fram fór hér við 1. umr. en þá hélt ég nokkuð viðamikla ræðu og fór yfir flest efnissvið málsins. Það sem fyrst og fremst verður til þess að ég kem hér upp er að hæstv. fjármálaráðherra átti orðastað við hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur og má segja að afar sérkennilegur leikþáttur hafi farið hér fram varðandi það mál sem verið er að ræða. Það er mjög sérstakt að þegar fyrir lágu margar óundirbúnar fyrirspurnir til hæstvirtra ráðherra skyldi hæstv. forseti velja eina fyrirspurn sem tengist því máli sem hér er á dagskrá. Þá lá fyrir að þetta mál yrði rætt, þannig að það er með ólíkindum að það form væri valið á þá umræðu að aðeins tveir þingmenn gætu rætt saman án þess að nokkrir aðrir gætu skipt sér af þeirri umræðu.

Ótal spurningar kviknuðu undir umræðunni, m.a. spurning sem væri eðlilegast að hæstv. fjármálaráðherra svaraði sjálfur. Hæstv. ráðherra er ekki viðstaddur hér, eingöngu hæstv. félagsmálaráðherra, og það er svo sem ekki í fyrsta skipti sem við ræðum þennan málaflokk og hæstv. félagsmálaráðherra einn á hlýðir. Það segir okkur hluta af þeirri sögu hvernig þessi mál standa milli flokkanna í ríkisstjórninni.

Hæstv. fjármálaráðherra gaf fyllilega í skyn að það samkomulag sem náðst hefði í tekjustofnanefnd væri í uppnámi. Hæstv. ráðherra talaði um að komið hefði verið í bakið á sér með ýmsa þætti. Það er nauðsynlegt að hæstv. félagsmálaráðherra segi okkur það hér í umræðunni hvort ekki sé rétt skilið að þetta samkomulag hafi verið samþykkt í ríkisstjórninni. Liggur ekki fyrir að ríkisstjórnin muni standa við þær niðurstöður sem þó fengust í tekjustofnanefndinni?

Það er hins vegar líka athyglisvert að velta fyrir sér hvort hæstv. fjármálaráðherra ætlar þá ekki að standa við þann hluta samkomulagsins sem kallar á lagabreytingu, þ.e. þegar breyta þarf 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, þeirri sem tengist breytingum á tekjusköttum eða undanþágu á greiðslu tekjuskatta. Hæstv. ráðherra talaði á þeim nótum að það hefði verið eitthvað allt annað en samið hefði verið um, að sveitarfélögin fengju að halda sjálfsákvörðunarrétti sínum um það hvernig þau færu með tekjur sínar. Ég vona að hæstv. félagsmálaráðherra geti upplýst okkur eitthvað um það hvernig þessi mál standa í ríkisstjórninni og hvort þetta mál sé jafnvel í hreinu uppnámi á milli flokkanna. Nú liggur fyrir að Framsóknarflokkurinn stendur að því samkomulagi sem orðið hefur í Reykjavíkurborg, innan R-listans, um það hvernig menn ætla að standa að því að lækka gjöld í leikskólum.

Það er greinilegt að þetta hefur farið afskaplega illa í Sjálfstæðisflokkinn og það vekur út af fyrir sig enga undrun að Sjálfstæðisflokkurinn reyni að snúa þessu máli í eitthvað allt annað en það snýst um. Það er eðlilegt ef við lesum t.d. niðurstöðu 19. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem var samþykkt svohljóðandi, með leyfi forseta:

„19. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið 18. mars 2005, tekur undir bókun stjórnar sambandsins um þá niðurstöðu tekjustofnanefndar að hér sé fyrst og fremst um tímabundna ráðstöfun að ræða sem leiði ekki nema að takmörkuðu leyti til varanlegrar styrkingar á tekjustofnum sveitarfélaga."

Lokaorð þessarar ályktunar eru, með leyfi forseta:

„Enn fremur verði því markmiði náð sem stefnt var að, að treysta fastan tekjugrunn sveitarfélaga til framtíðar og um leið að leiðrétta þá tekjuskerðingu og útgjaldaaukningu sem sveitarfélögin hafa orðið fyrir á umliðnum árum."

Þar með lýkur þeirri ályktun. Það er augljóst mál að innihald þessarar ályktunar er í engu samræmi við málflutning hæstv. fjármálaráðherra og málflutning ýmissa hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins sem komið hafa trekk í trekk fram og sagt að ekkert væri að í tekjustofnum sveitarfélaga, þar þyrfti raunverulega ekkert að gera. Það er ekkert skrýtið þó að þingmenn Sjálfstæðisflokksins setji upp svona leiksýningu eins og var í byrjun þingfundar í dag þar sem enn á ný var sagt að ekkert væri að tekjustofnum sveitarfélaga. Hæstv. fjármálaráðherra segir að komið hafi verið í bakið á sér með yfirlýsingu Reykjavíkurborgar.

Það hlýtur að vekja upp þá spurningu sem hæstv. félagsmálaráðherra getur hugsanlega svarað, hvort fulltrúar hæstv. fjármálaráðherra í samninganefndinni eða tekjustofnanefndinni hafi ekki vitað hvað þeir voru að gera eða hafi ekki flutt hæstv. fjármálaráðherra allar þær upplýsingar sem þar komu fram. Það er auðvitað augljóst mál að með bara skipun nefndarinnar var viðurkennt að vandi væri í fjármálum sveitarfélaganna. Í öðru lagi er líka viðurkennt með niðurstöðunni, þó að hún sé ekki nema áfangi á þessari leið, að þarna hefði verið vandi til staðar. Þess vegna er afar sérkennilegt þegar hæstv. fjármálaráðherra fullyrðir að komið hafi verið í bakið á sér og að greinilega væri ekki sá vandi fyrir hendi sem honum hefði verið sagt að væri til staðar.

Það hlýtur að vekja þá spurningu hvort samningamenn ríkisins eða fulltrúar fjármálaráðuneytisins í samningunum hafi ekki vitað hvað þeir voru að gera. Það kallar upp í huga minningar um það að fulltrúar fjármálaráðuneytisins hafa verið að gera ýmsa aðra samninga. Við höfum séð það við gerð fjárlaga að menn hafa oft og tíðum áætlað að kjarasamningar kostuðu ákveðna fjármuni. Niðurstaðan hefur yfirleitt verið allt önnur. Maður hlýtur að velta fyrir sér hvernig sé reiknað í fjármálaráðuneytinu. Ef þetta er enn eitt dæmið um það að menn viti ekki hvað verið er að gera þegar þeir ganga frá samningum er það mjög alvarlegt mál.

Ég vænti þess, herra forseti, að hæstv. félagsmálaráðherra geri okkur grein fyrir því í lok umræðunnar hvernig þessum málum er háttað í ríkisstjórninni. Ef maður á að taka fullt mark á því sem hæstv. fjármálaráðherra sagði er það grafalvarlegt mál því að ekki var hægt að skilja orð hans öðruvísi en svo að í raun og veru væri niðurstaða tekjustofnanefndar í uppnámi eftir yfirlýsingu frá Reykjavíkurborg.

[18:08]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegur forseti. Það hefur verið fróðlegt að hlýða á þá umræðu sem hér hefur farið fram. Þrátt fyrir að það frumvarp sem hér liggur fyrir lúti fyrst og fremst að því að gefa upp fleiri valkosti hvað varðar dagsetningar á kosningum vegna hugsanlegrar sameiningar sveitarfélaga verður ekki undan því vikist að ræða það sem kannski mestu máli skiptir hér nú um stundir, þ.e. niðurstöður og tillögur tekjustofnanefndar.

Ég vil eins og fleiri nefna þá sérstæðu stöðu sem hér kom upp í dagskrárlið í þinginu sem heitir óundirbúnar fyrirspurnir. Þá er gengið út frá þeirri hugmynd að um raunverulega óundirbúnar fyrirspurnir sé að ræða. Hæstv. fjármálaráðherra átti sorglega innkomu í þá umræðu þar sem hann lýsti því yfir að yfirlýsing borgarstjóra um áframhaldandi vinnu að því markmiði að tryggja sjö tíma gjaldfrjálsan leikskóla væri að einhverju leyti yfirlýsing sem kæmi í bakið á ríkisstjórninni. Það þótti a.m.k. okkur í stjórnarandstöðunni afar sérstæð yfirlýsing, þá einkum í ljósi þess að sveitarfélögin eru sjálfstæð og geta ráðstafað fjármunum sínum í samræmi við eigin niðurstöður og ákvarðanir sem þar eru teknar.

Ef skilja mátti yfirlýsingu hæstv. fjármálaráðherra svo að ríkið hefði aldrei gengið til samninga við sveitarfélögin á þeim nótum sem það gerði hefði það vitað að þessi yfirlýsing væri yfirvofandi er það sérstætt og algerlega nýtt að ríkisvaldið skuli koma að fjármálum sveitarfélaganna á þann hátt sem hæstv. fjármálaráðherra gerði hér í dag. Ég verð að lýsa mikilli vanþóknun og hneykslan á því sem þar átti sér stað.

Hins vegar hefur það verið dregið fram og kannski einkennt þessa umræðu, því miður, að afstaða ríkisins til sveitarfélaganna virðist vera sú að hér sé ekki um að ræða tvo aðila sem hafa með framkvæmd opinberrar þjónustu að gera hvor um sig, þ.e. ríkið annars vegar og sveitarfélögin hins vegar. Bæði fara þó með verkefni sem lúta að þjónustu við almenning í landinu, þ.e. framkvæma opinbera þjónustu, hafa tiltekin verkefni á sinni könnu o.s.frv. Mér hefur

fundist í þessari umræðu sem fulltrúar — ef hægt er að kalla þá svo — ríkisvaldsins sem hér hafa tjáð sig líti svo á að þetta sé alveg yfirdrifið nóg fyrir sveitarfélögin. Þeir nálgast þetta verkefni fyrst og fremst þannig að það eigi að skammta sveitarfélögunum úr hnefa, ríkisvaldið sé á einhvern hátt æðra og hlutverk þess sé að skammta. Það eru viðhorf og sjónarmið sem mér finnast vera algerlega fráleit vegna þess að ríkið og sveitarfélögin hafa einfaldlega mismunandi verkefni á sínum herðum og verkefni sem að stórum hluta eru ákveðin hér á hinu háa Alþingi. Að því leytinu til hefur mér þótt heldur dapurlegt hvernig sumir hv. þingmenn stjórnarliðsins, og þá einkanlega Sjálfstæðisflokksins, hafa tjáð sig í þessari umræðu. Þeir segja að þetta sé ærið og þetta sé að einhverju leyti nóg og tryggi aukna fjármuni til sveitarfélaganna o.s.frv.

Kjarni málsins er hins vegar sá, eins og hér kemur skýrt fram bæði hjá meiri og minni hluta fulltrúa sveitarfélaganna í tekjustofnanefndinni, að um skammtímalækningu er að ræða fyrst og fremst og ekki er gert ráð fyrir því að leysa úr þeim vandamálum sem eru uppi á nokkurn hátt til lengri tíma. Það liggur fyrir í þessari umræðu að hér er um skammtímalækningu að ræða.

Mig langar einnig að gera að umtalsefni þá yfirlýsingu eða stefnumörkun sem væntanlega Sjálfstæðisflokkurinn hefur í þessu máli. Má ekki túlka hana á þann hátt að hann sé lítt fylgjandi því að um gjaldfrjálsan leikskóla verði að ræða? Það verður ekki hægt að túlka orð hæstv. fjármálaráðherra á annan veg en þann að flokkurinn sé ekki mjög hrifinn af því að að því markmiði skuli stefnt. Ég held að full ástæða sé til að ræða þetta með opnum hug og kannski líka í því ljósi að menn eru almennt sammála um að ekki skuli stefnt að upptöku gjalda í háskóla, slíkt vinni gegn jafnrétti til náms. Það er það grundvallarsjónarmið sem hér hefur ríkt og flestir flokkar hafa tekið undir þau sjónarmið til þess að tryggja jafnrétti til náms, að nám og möguleikar til náms byggist ekki á fjárhagslegri stöðu fjölskyldna eða einstaklinga heldur að flestir hafi þessi tækifæri. Menn hljóta að velta fyrir sér þessari hugmyndafræði í því samhengi að mönnum þyki það, a.m.k. sumum hverjum, ekkert tiltökumál að fjölskyldur séu rukkaðar um allt að 30 þús. kr. á mánuði fyrir leikskólavist eins barns. Það hlýtur að vera umhugsunarefni í þessu samhengi hvað mönnum þyki sjálfsagt að menn greiði há gjöld í leikskólann en séu algjörlega andvígir því að taka upp einhvers konar gjöld við háskólana. Menn hljóta að ræða þetta í þessu samhengi. Því hljóta held ég flestir sem eru félagslega þenkjandi og styðja sjónarmið um jafnrétti til náms að taka undir þau sjónarmið að stefnt skuli að gjaldfrjálsum leikskóla þegar til lengri tíma er litið. Þess vegna þótti mér miður sú yfirlýsing sem hæstv. fjármálaráðherra gaf hér í dag, að ríkisvaldið hefði engan hug á því að koma að og styðja við bakið á þeim sveitarfélögum sem hygðust stefna að því að ná því markmiði.

Í umræðunni hefur einnig komið skýrt fram að staða sveitarfélaga er mjög misjöfn. Það hefur komið fram að staða sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er betri en víðast hvar um landið. Það þarf í sjálfu sér ekki að koma á óvart í ljósi mikillar hagræðingar sem átt hefur sér stað í sjávarútvegi, sem hefur einkanlega falist í að fækka störfum í sjávarbyggðum, sem um leið hefur lækkað tekjustofna sveitarfélaganna. Það er alveg ljóst að sveitarfélög eru misvel í stakk búin til að takast á við þau verkefni sem ég tel að sveitarfélög eigi að stefna að, þ.e. að tryggja gjaldfrjálsan leikskóla. Þau eru misvel í stakk búin og því er alvarlegt, ætli menn að ráðast í þetta verkefni á landsvísu, að fulltrúar ríkisvaldsins gefi þá yfirlýsingu á hinu háa Alþingi að ríkið sé ekki tilbúið að koma að þeirri vinnu.

Hæstv. félagsmálaráðherra tjáði mér hins vegar áðan að hann ætlaði að skýra sjónarmið sín og þá væntanlega hluta ríkisstjórnarinnar gagnvart þessu máli. Hæstv. félagsmálaráðherra er í flokki sem er þátttakandi í R-lista samstarfinu, sem hefur gefið þessa yfirlýsingu. Það er því ljóst að vík er á milli stjórnarflokkanna í þessum efnum hvað varðar stefnu þeirra í málefnum leikskólanna.

Ég vona að hæstv. félagsmálaráðherra geti tekið undir að það sé framtíðarmarkmið að tryggja gjaldfrjálsan leikskóla. Á sama hátt og menn eru ekki tilbúnir að taka upp gjöld við háskóla þá ætti hið sama að gilda um leikskólann. Auðvitað eru leikskólinn, grunnskólinn, framhaldsskólinn og háskólinn allt saman liður í að skapa hér öflugt samfélag. Hvorki sveitarfélög né ríkisvald geta skorast undan því verkefni að tryggja það.

Virðulegi forseti. Ég vildi draga fram þessi sjónarmið og sérstaklega það að ríkið er ekki af góðseminni einni að skammta sveitarfélögum fjármuni. Þannig er málið ekki vaxið. Sveitarfélög og ríkið hafa mismunandi hlutverki að sinna og halda utan um opinbera þjónustu við almenning í landinu. Ég frábið mér slíkt tal og frábið mér einnig að ríkinu sé gert svo hátt undir höfði að það hafi þessa stöðu.

Um leið og við vinnum bug á þessum hugmyndum, þessum sjónarmiðum og sveitarfélög og ríki fara að umgangast hvort annað sem jafningja, er ég sannfærður um að þessi málefni fari að komast í betra horf.

[18:18]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka formanni félagsmálanefndar, hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, fyrir markviss og góð vinnubrögð við þetta frumvarp.

Félagsmálanefnd hefur tekið umrætt frumvarp til umsagnar. Samstaða varð um frumvarpið með þeim breytingum sem hv. formaður félagsmálanefndar hefur kynnt. Það er nauðsynlegt að færa kosninguna um sameiningu til 8. október vegna þess að mörg sveitarfélög höfðu óskað eftir fresti til að fara í kosningar um sameiningarmál þar til tekjustofnanefnd lyki störfum. Hins vegar er ekki nægur tími til stefnu til að tillögur sameiningarnefndar geti hlotið nægilega kynningu og umfjöllun í viðkomandi sveitarfélögum fyrir kjördag. Einnig er undirbúningur atkvæðagreiðslu um tillögu sameiningarnefndar kominn misjafnlega vel á veg.

Það kom fljótlega í ljós í sameiningarumræðunni hjá sveitarstjórnarmönnum að þeir lögðu alla áherslu á að vita hvað væri í pakkanum frá tekjustofnanefnd áður en sameiningarnefnd skilaði af sér. Þetta var almenn ósk. Umræða um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga fór minnkandi eftir því sem á leið. Tekjustofnanefnd hefur lokið störfum og skilað af sér. Ég fagna því sérstaklega. Samkomulagið er

um rúmlega 9 milljarða kr. á næstu þremur árum, annars vegar með beinu framlagi ríkissjóðs og hins vegar teljast ýmsar hliðranir fyrir sveitarfélögin ígildi peninga.

Það sem ég hef gagnrýnt varðandi tillögur tekjustofnanefndar tengist því er við skoðum framtíðartekjur sveitarfélaga. Samkvæmt tillögum tekjustofnanefndar, þ.e. eftir árið 2008, kemur inn álagning fasteignaskatta á ríkisstofnanir. Varanleg tekjuaukning eftir árið 2008 fyrir sveitarfélögin eru rúmar 1.500 millj. kr. Þar af eru 600 milljónir, eða 20%, lagðar á ríkisstofnanir í formi fasteignaskatta sem ekki voru greiddir áður. Reykjavíkurborg fær rúmar 300 millj. kr. af þessum 600 millj. kr. Hafnarfjörður og Kópavogur tæpar 60 millj. kr., þannig að landsbyggðin fær 250 millj. kr. af 600. Af þeim 240 milljónum fær Akureyrarbær 45 millj. kr. Þá standa eftir 195 milljónir til annarra sveitarfélaga.

Fjárhagsvandi sveitarfélaga er ekki á höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgar íbúum og þar með skattgreiðendum á kostnað landsbyggðarinnar. Með fækkun íbúa á landsbyggðinni fækkar skattgreiðendum, en þeir þurfa samt sem áður að sinna lögbundinni þjónustu.

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að í höfuðborg landsins sé töluvert af ríkisstofnunum, þótt hluti þeirra gæti að mínu mati verið annars staðar á landinu með ákveðna starfsemi. Höfuðborgin nýtir einnig skatta flestra þessara starfsmanna ríkisins. Ég hefði viljað sjá ígildi álagðra fasteignaskatta á ríkisstofnanir, þ.e. 600 milljónir, fara sem jöfnun til landsbyggðar í stað þess að rúm 60% þeirra endi á höfuðborgarsvæðinu.

Ég fjallaði um mál þetta í sal Alþingis á fimmtudaginn var og í þeim töluðu orðum tilkynnti Reykjavíkurborg að hún ætlaði sér að taka upp gjaldfrjálsan leikskóla. Það er ljóst að fyrst borgin hefur efni á því þá þarf hún ekki á viðbótartekjum að halda þegar rætt er um fjárhagsvanda sveitarfélaga. Dæmið lítur þannig út fyrir mér að niðurgreiðsla Reykjavíkurborgar til að gera leikskóla gjaldfrjálsa komi m.a. til vegna tekjuaukningar á fasteignasköttum af ríkisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu.

Virðulegi forseti. Þetta er aðalástæða gagnrýni minnar. Það er ekki félagsmálanefndar að breyta þessu enda hefur hún ekki heimild til þess. Það er eðlilegast að taka þetta mál upp á vegum fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í samráði fulltrúa í tekjustofnanefnd og ég vona að það verði gert.

Ég vil einnig geta þess að samkomulag tekjustofnanefndar segir ekki löggjafanum hvernig þessum fjármunum skuli varið.

Ég styð frumvarpið heilshugar, hæstv. forseti, en sé ástæðu til að gera grein fyrir óánægju minni með einn lið í tillögu tekjustofnanefndar. Ég er tiltölulega sáttur við annað sem þar kemur fram.

[18:22]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég deili ekki sjónarmiðum hv. þingmanns um hlut Reykjavíkur í þessari tekjuskiptingu en ég ætla að láta það liggja á milli hluta. Ég fagna því að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, sem fer fyrir Sjálfstæðisflokknum í þessum umræðum um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, skuli taka þátt í umræðunni.

Ég vildi beina þeirri einföldu spurningu til hv. þingmanns, í framhaldi af þeim umræðum sem hér hafa verið: Lítur Sjálfstæðisflokkurinn ekki á það sem forgangsmál í fjármálum sveitarfélaganna að veita leikskólabörnum gjaldfrjálsa dvöl í leikskóla í allt að sjö stundir á dag, fyrstu skólaárin í leikskólanum? Eða styður Sjálfstæðisflokkurinn yfir höfuð ekki að fjármunum sé í verulegum mæli varið til þessa þarfa og góða verkefnis?

Gæti hv. þingmaður skýrt afstöðu Sjálfstæðisflokksins til þessa mikilvæga atriðis í verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga?

[18:23]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Félagsmálanefnd fékk umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga til sín varðandi gjaldfrjálsa leikskóla. Þar kom fram að ef sinna ætti þeirri þjónustu þá vantaði 57 þús. fermetra rými í leikskólum landsins. Þar erum við að ræða um að sveitarfélögin þurfi að taka lán fyrir 11,5 milljörðum kr. í viðbót til að sinna þessari þjónustu. Við ræðum hér um fjármál sveitarfélaga en þessir peningar eru ekki til hjá sveitarfélögunum.

Í viðbót við þetta kostar þetta rekstur sveitarfélaganna í viðbót 7,5 milljarða kr. Ég sé því ekki að forsendur séu fyrir því að fara með þeim hætti í málið miðað við fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

[18:24]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka oddvita Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu, hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni, fyrir að taka af öll tvímæli um að Sjálfstæðisflokkurinn er andvígur því að börnum verði veitt gjaldfrjáls dvöl á leikskólum. Hann sér ekki að við núverandi aðstæður í fjármálum sveitarfélaganna sé nokkur kostur á að verja þeim fjármunum sem til þarf í slík verkefni. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hafa talað alveg heiðarlega og skýrt um þetta efni. Þetta var í anda þess sem hæstv. fjármálaráðherra sagði fyrr í ólundarræðu sinni í dag. Það er auðséð að Sjálfstæðisflokknum er mikið keppikefli að halda áfram þessum skatti á barnafjölskyldurnar í landinu.

Ég spyr hv. þm. Guðjón Hjörleifsson: Hvernig samræmist þetta því að hann er á sama þingi nýbúinn að létta nærri 30 milljörðum kr. af hátekju- og eignafólki sem ella hefðu verið tekjur fyrir hið opinbera? Fyndist honum ekki nær að nota eitthvað af því svigrúmi til að létta af þessum ósanngjörnu gjöldum, skólagjöldunum á leikskólana, af íbúum sveitarfélaganna, m.a. heima í Vestmannaeyjum? Ég veit að hv. þingmanni hlýtur að vera annt um leikskólabörnin í Vestmannaeyjum og vilja hag þeirra sem mestan, efla starfsemina þar og raunar í öllu kjördæmi hans. Hvernig getur hv. þingmaður hafnað því að gera þetta að forgangsmáli þegar hann hefur efni á skattalækkunum til hægri og vinstri fyrir nær alla hópa í samfélaginu? Það verður hv. þingmaður að útskýra betur fyrir mér.

[18:26]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er annt um leikskólabörnin og þá

miklu og góðu starfsemi sem fram fer í leikskólum.

Það kom fram í bókun tekjustofnanefndar að menn ætluðu að endurskoða og fara yfir frumvörp og reglugerðir sem hér fara í gegn þannig að á þeim væri verðmiði. Það er jafnábyrgðarlaust að leggja fram frumvarp um gjaldfrjálsan leikskóla og að leggja það á sveitarfélögin að byggja upp fyrir 11,5 milljarða kr. Ég bendi á að þetta var rætt í félagsmálanefnd. Við erum líka að ræða um 7,5 milljarða kr. í viðbótarrekstrarkostnað vegna þessara breytinga og stækkunar á leikskólum.

Ég segi að það séu ekki forsendur fyrir þessu og þetta mál þurfi þá að taka upp í heild sinni, fremur en að skoða þetta eingöngu út frá því að leikskólinn verði gjaldfrjáls. Sveitarfélögin ráða ekki við þessa uppbyggingu og viðbótarrekstrarkostnað miðað við stöðu þeirra í dag.

[18:27]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við sem störfum í stjórnmálum og pólitík sitjum uppi með að þurfa að forgangsraða. Hugmyndir okkar um pólitík skipta okkur í stjórnmálaflokka. Það fer eftir því hvernig við sjáum samfélaginu best borgið og hvaða atriði og áherslur við teljum eiga að ráða í samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson hefur birst í umræðunni sem oddviti og forustumaður Sjálfstæðisflokksins í málinu. Hann sagði í stuttri ræðu sinni að sú ákvörðun borgarstjóra og borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík að stefna að sjö klukkustunda gjaldfrjálsum leikskóla, staðfesti aðeins að Reykjavíkurborg þurfi ekki á tekjuaukningu að halda. Ákvörðun þeirra um að stefna að gjaldfrjálsum leikskóla var því ákvörðun um að ráðstafa fjármagni í óþarfa. Þetta verður ekki skilið á annan hátt og um leið er hv. þingmaður, sem oddviti Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu, að segja að sjálfstæðismenn séu andvígir gjaldfrjálsum leikskóla.

Ég lít svo á að það að stefna að gjaldfrjálsum leikskóla sé samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga og geti aldrei orðið á annan hátt. Mér þykir mjög miður ef Sjálfstæðisflokkurinn, annar tveggja flokka í ríkisstjórn, er ekki tilbúinn að koma í samstarf við sveitarfélögin um að stefna að því markmiði hringinn í kringum landið að tryggja gjaldfrjálsan leikskóla. (Forseti hringir.) Ég verð að segja, virðulegi forseti, að um leið og ég þakka hv. þingmanni fyrir skýran málflutning vil ég lýsa (Forseti hringir.) því yfir að mér þykir hann mjög miður.

[18:29]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til lengri tíma litið eru 1.500 milljónir í þessum potti frá tekjustofnanefnd til sveitarfélaganna. Ég var að segja að Reykjavíkurborg fær 50% og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu fá 10% af fasteignasköttum, þ.e. 60% sem eru 360 milljónir. Akureyrarbær fær 45 milljónir. Eftir standa 195 milljónir til annarra sveitarfélaga.

Á höfuðborgarsvæðinu eru ríkisstofnanir sem sinna allri landsbyggðinni. Mér finnst óeðlilegt að þessir fasteignaskattar fari allir í þennan pott og ég segi að fyrst það er ákvörðun Reykjavíkurborgar að bjóða upp á gjaldfrjálsan leikskóla þá hafa þeir bara tekjur í það. Ég tel að það sé meiri þörf fyrir að fasteignaskattarnir fari til jöfnunar í sjóði fyrir landsbyggðina.

[18:31]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski er ekki miklu við þetta að bæta. Hv. þingmaður staðfesti einfaldlega ákveðin pólitísk viðhorf, ákveðin pólitísk sjónarmið, ákveðna forgangsröðun, þ.e. að Sjálfstæðisflokkurinn telur það ekki forgangsmál að tryggja leikskólabörnum gjaldfrjálsa vist og telur annað vera forgangsmál.

Hann svaraði ekki hv. þm. Helga Hjörvar þegar hann spurði hvort það væri meira forgangsverkefni að lækka skatta á þá sem meiri tekjur hafa en að tryggja þetta. Ég held að orð hans verði ekki túlkuð á annan hátt en svo að hann telji það ekki vera.

Virðulegi forseti. Ég vil því þakka hv. þingmanni fyrir greinargóð svör sem fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu um að flokkurinn telji ekki forgangsverkefni að tryggja leikskólabörnum gjaldfrjálsan aðgang að leikskólum.

[18:32]

Guðjón Hjörleifsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ræddi um gjaldfrjálsan leikskóla áðan og forsendurnar sem þurfa að liggja fyrir þegar farið er í slíkar framkvæmdir og slíkar ákvarðanir. Þetta er mín persónulega skoðun á þessu máli. Ég hef verið sveitarstjórnarmaður í 13 ár og nú er ég þingmaður landsbyggðarinnar þannig að ég tel að þessi umræða eigi rétt á sér og við eigum að vera fleiri landsbyggðarþingmenn sem þorum að fara í pontu á hinu háa Alþingi og taka umræðu með þessum hætti.

[18:32]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla að lýsa yfir stuðningi við þetta frumvarp sem við erum að ræða hér og taka undir með ýmsum ræðumönnum sem hafa sagt að hér sé um sérstakan vanda að ræða, að vandamál sveitarfélaganna séu einmitt vandamál sveitarfélaganna og sjávarbyggðanna og landsbyggðarinnar. Það er vissulega vel þess virði að ræða hvers vegna þessum byggðarlögum hefur vegnað svona illa í stjórnartíð Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins. Ég fór aðeins yfir það í ræðu minni við 1. umr. og þá brást hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson mjög illa við þegar ég benti honum á að það kerfi sem hann hefur stutt hefur leikið heimabyggð hans mjög grátt. Auðvitað skilur maður það að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Þegar stjórnarþingmenn halda frekar með flokkum sínum í verkum gegn sínum heimabyggðum þá er það óskiljanlegt og er í raun óafsakanlegt. Ég tel að sagan muni dæma þessa ágætu þingmenn mjög hart. Það er mjög undarlegt að menn skuli hafa látið þetta yfir sig ganga.

Nefnd var hagræðing í þessari atvinnugrein. Það er engin hagræðing þegar aflinn er helmingi minni en fyrir daga kerfisins. Getur hver maður séð að það gengur ekki upp. Fleiri aðgerðir kvótaflokkanna má nefna sem hafa leikið

byggðirnar mjög grátt. Nefna má Búðardal. Vegna þess að hæstv. landbúnaðarráðherra var í salnum finnst mér rétt að minnast á að mér finnst níðingsverk gagnvart atvinnustarfsemi þar að loka sláturhúsinu og bera við einhverjum Evrópureglum. Þar fór hann algerlega yfir strikið.

Aðalástæðan fyrir því að ég tek til máls er ræða hæstv. félagsmálaráðherra við 1. umr. Hann sagði, með leyfi herra forseta:

„Það er engin leið að skilja afstöðu Frjálslynda flokksins til málsins öðruvísi en svo að hann sé þá á móti þeirri leiðréttingu í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem hér hefur ítrekað komið til tals. Þetta er athyglisverð afstaða, raunar óskiljanleg ...“

Ég verð þá að grípa til þess að skýra út fyrir hæstv. félagsmálaráðherra hvað ég var að ræða. Ég var að ræða um vöxt hins opinbera. Hið opinbera samanstendur af annars vegar ríkinu og hins vegar sveitarfélögunum. Ég tel það mjög mikið áhyggjuefni að hlutfall hins opinbera sé orðið helmingur af þjóðarframleiðslu. Það hefur vaxið gríðarlega í stjórnartíð Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins, flokksins sem þykist alltaf ætla að draga úr bákninu. Í raun er það áhyggjuefni að sjálfur hæstv. félagsmálaráðherra áttar sig ekki á að þetta er alvarlegt og það ber að stríða á móti þessu.

En ef maður skoðar verk Framsóknarflokksins í að þenja út ríkisbatteríið, svo sem eins og að fjölga sendiherrum um 70% á örfáum árum þá er það áhyggjuefni. Ég vona að ágætir framsóknarmenn fari nú að opna augun fyrir því að þetta gengur ekki svona áfram. Mér virtist mega skilja það á hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur að henni þætti vera eitthvað undarlegt við þessa forgangsröðun þegar við ræddum um að sami fjöldi hefði verið hjá Samkeppnisstofnun í árarаðir og engin hreyfing þó að stór mál væru til umræðu en Framsóknarflokkurinn hefði fjölgað sendiherrum um 70%. Ég vona að Framsóknarflokkurinn átti sig á því að þetta er ekki rétt forgangsröðun.

Sama má segja um fleiri mál þar sem Framsóknarflokkurinn er á villigötum í að þenja út eitthvað sem engum er til gagns og jafnvel þjóðinni til ógagns svo sem að fara í öryggisráðið. Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn ætla að verja 800–1.000 milljónum í það. Þetta er það sem ég er að tala um, að vera ekki að þenja út hið opinbera. Ég var ekki að tala um hvernig verkaskiptingin ætti að vera milli hins opinbera, þ.e. annars vegar ríkis og sveitarfélaga. Það er allt annar handleggur.

Svo vill til að í fleiri málum er ýmis sérfræðikostnaður að þenjast út. Ég vil nefna t.d. að þegar Framsóknarflokkurinn þarf að réttlæta gjörðir sínar er bara keypt einhver sérfræðivinna, til dæmis alla leið upp í Háskóla og Eiríkur Tómasson, ágætur flokksmaður Framsóknarflokksins og prófessor, er beðinn um álit. Af því að ég vil gæta þess að útgjöld ríkisins fari ekki fram úr hófi hef ég spurt á hinu háa Alþingi um kostnaðinn við þetta, bæði við framboðið í öryggisráðið og um kostnaðinn sem hlaust af kattarþvotti Eiríks Tómassonar. Þetta virðist vera svo viðkvæmt mál hjá Framsóknarflokknum að maður fær engin svör og maður botnar í raun ekkert í því að ekki sé svarað svo einföldum spurningum. Auðvitað ætti það að liggja fyrir áður en menn sækja um aðild að öryggisráðinu hvað það kosti. Eru það 800 eða 1.000 milljónir, 2.000 milljónir? Það er eðlilegt að menn spyrji um þetta. Öryggisráðið virðist vera svo viðkvæmt hjá hæstv. utanríkisráðherra að hann hefur ekki séð sér fært að svara og það eru komnir fjórir mánuðir. Mér finnst það með ólíkindum og það eru fleiri á þessari skoðun.

Í tengslum við þessa umræðu má nefna að hinar dreifðu byggðir standa illa og þær koma jafnvel illa út úr útþenslu ríkisins. Ágæt skýrsla kom frá Vífli Karlssyni, dósent á Bifröst, sem sýndi fram á að skatttekjur hins opinbera af landsbyggðinni fyrir utan skattumdæmi Reykjavíkur og Reykjaness eru um 30%. En einungis helmingi af skatttekjum er varið þannig að það er beint fjárstreymi af landsbyggðinni suður til Reykjavíkur. Þetta skiptir máli. Þess vegna höfum við þingmenn landsbyggðarinnar áhyggjur af útþenslustefnu Framsóknarflokksins sem virðist öll fara fram á Reykjavíkursvæðinu og er þá öfug byggðastefna. Ef maður skoðar byggðaþróun hefur hún líka bara verið einhliða.

Annað er að verið er að ræða um að sameina sveitarfélög. Það er í raun ekki lausn á byggðavandanum. Það er ekki hægt að líta til þess að sameiningin ein og sér skipti öllu máli og það að búa til einhvern jöfnunarsjóð sem flytur fjármuni milli sveitarfélaga. Byggðavandinn snýst um atvinnumál og að kvótaflokkarnir hafa bundið atvinnuvegi bæði til sjávar og sveita í mikil höft. Það er áhyggjuefni.

Að lokum ætla ég að nefna eitt mál sem ég spurði hæstv. félagsmálaráðherra um, þ.e. að nemendur í stórum sameinuðum sveitarfélögum eiga ekki rétt á húsaleigubótum á meðan sveitarfélög sem hafa staðið utan við eiga rétt á bótunum. Hann svaraði að mögulega stæði til að kippa þessu í liðinn. Ég tel að hæstv. félagsmálaráðherra ætti að vera löngu búinn að kippa þessu í liðinn. Það er varla hægt að ætlast til þess að fólk sem verður af húsaleigubótum, t.d. í Akrahreppi í Skagafirði, eigi að kjósa um sameiningu. Mér finnst sjálfgefið að kippa þessu í liðinn.

Að lokum er rétt að ítreka að sjálf sameiningin mun ekki leysa byggðavandann. Ég óttast að þetta sé einmitt umræða sem menn taka til að forðast raunverulegan vanda byggðanna.

[18:43]

Útbýting:

Fasteignir í eigu viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, 549. mál, svar viðskrh., þskj. 1000.

Friðlýsing Arnarvatnsheiðar og Tvídægru, 664. mál, þáltill. HHj o.fl., þskj. 1010.

[18:43]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram í dag um þetta mál sem kannski að stærstum hluta og mörgu leyti hefur verið endurtekning á umræðu okkar við 1. umr. um málið sem við áttum á fimmtudaginn var.

Ég vil bregðast við nokkrum atriðum sem hér hafa komið fram, í fyrsta lagi við athugasemdum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að hér væri um að ræða — og vísa þá til þess hluta málsins sem lýtur að skiptingu tekna á milli ríkis og sveitarfélaga — eins og þingmaðurinn orðaði það, gulrót

af hálfu ríkisins gagnvart sveitarfélögunum ef menn færu að vilja ríkisstjórnarinnar um sameiningu sveitarfélaga. Rétt er að árétta það, hæstv. forseti, að hér er um samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga að ræða sem er ráðist í fyrir frumkvæði og forgöngu sveitarfélaganna að undangengnum margítrekuðum samþykktum á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hér er því ekki um að ræða verkefni sem ríkið keyrir eitt og sjálft, allt að því í andstöðu við sveitarfélögin, eins og mátti skilja hv. þingmann, heldur samvinnuverkefni þar sem menn hafa tekið höndum saman um að efla, stækka og sameina sveitarfélögin og eru sammála um að brýn þörf sé á því.

Hér hefur mönnum sömuleiðis orðið tíðrætt um útspil borgarstjórans í Reykjavík á fimmtudaginn, um leikskólamál, um gjaldfrjálsan leikskóla, og ítrekað verið spurt um afstöðu félagsmálaráðherra til þeirrar grundvallarhugsunar sem í því útspili borgarstjórans felst.

Hæstv. forseti. Það er skemmst frá því að segja að Framsóknarflokkurinn hefur ályktað um þetta mál, ekki einu sinni og ekki tvisvar, heldur að ég hygg oftar, síðast á flokksþingi sínu nú sem nýliðið er. Það liggur alveg fyrir að það er eitt af áherslumálum flokks míns að til þessa geti komið í framtíðinni. Það er hins vegar ekki sérstaklega á dagskrá núverandi ríkisstjórnar. Það liggur sömuleiðis fyrir.

Ég fagna sem þingmaður Reykvíkinga þeim hugmyndum að hér verði boðið upp á gjaldfrjálsan leikskóla. Vegna þess við hvaða aðstæður þetta mál er rætt er auðvitað nauðsynlegt að minna á og rifja upp að á 19. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga á föstudaginn gagnrýndu sveitarstjórnarmenn fulltrúa Reykjavíkur allnokkuð og bentu á að þetta útspil borgarinnar mundi skapa þrýsting á önnur sveitarfélög í landinu til að gera slíkt hið sama. Eins og fram hefur komið í umræðunni hér í dag eru þau auðvitað mjög misjafnlega í stakk búin til að bregðast við því. Ég hygg að við sem hér erum séum öll sammála um það. Það er kannski ekki síst það sem málið snýst um þegar við ræðum tekjustofna sveitarfélaganna og fjárhagslega stöðu þeirra að staðan er ákaflega misjöfn, allt frá því að vera mjög góð yfir í það að vera verulega slæm.

Þær tillögur sem tekjustofnanefnd kom sér saman um að undanskildum einum fulltrúa í henni lúta að tvennu eins og kom fram hér á fimmtudaginn, annars vegar að því að bregðast við til skamms tíma og hins vegar lengri tíma, annars vegar að bregðast við stöðu verst settu sveitarfélaganna sem eru á landsbyggðinni og hins vegar er komið nokkuð til móts við hin sveitarfélögin, þar á meðal Reykjavík, með breytingum á innheimtu fasteignaskatts.

Það má auðvitað spyrja sig, hæstv. forseti, hvort yfirleitt sé ástæða til að taka upp einhverjar sérstakar viðræður um greiðsluþátttöku ríkisins í gjaldfrjálsum leikskóla eins og hefur gjarnan verið til umræðu hér á Alþingi. Tillaga Vinstri grænna gengur m.a. út á það og ef ég veit rétt er hún til umfjöllunar í hv. félagsmálanefnd. Er yfirleitt ástæða til að ræða slíkar hugmyndir ef sveitarfélögin treysta sér til að ganga í þetta verkefni ein og óstudd eins og Reykjavíkurborg hefur nú ákveðið að gera? Ég ítreka, hæstv. forseti, að það er út af fyrir sig fagnaðarefni.

Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. fjármálaráðherra í dag að það liggur ekkert samkomulag fyrir milli ríkis og sveitarfélaga um þetta mál, hreint ekki. Mér vitanlega hafa engar viðræður farið fram um það. Það er engin ástæða til að gera meira úr þeim orðum finnst mér en ég hygg að hafi verið stofnað til. Einfaldlega engar viðræður hafa átt sér stað um málið milli ríkis og sveitarfélaga eftir því sem ég best veit.

Ég hygg að ég hafi svarað nægilega skýrt hvað þetta varðar. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson spurði hvort tekjustofnamálið væri í uppnámi í heild sinni af þessum sökum. Ég tel svo alls ekki vera. Við höfum náð niðurstöðu í þessu máli eftir langar og strangar viðræður. Sú niðurstaða stendur. Eins og kom fram í máli mínu hér á fimmtudaginn á hins vegar eftir að útfæra nákvæmlega með hvaða hætti verður unnið úr niðurstöðunni. Niðurstaðan hvað þetta varðar er þó sú að til þessa verður varið 600 milljónum af hálfu ríkisins. Við það verður að sjálfsögðu staðið. Lengra er það ekki komið eins og ítrekað kom fram í umræðum á fimmtudaginn var.

Hæstv. forseti. Að lokum vildi ég aðeins nefna það sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson kom inn á í máli sínu. Hann nefndi til kafla úr ræðu minni frá því á fimmtudaginn þar sem ég áttaði mig ekki almennilega á því hver afstaða Frjálslynda flokksins væri til tillagnanna um breytta tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að þrátt fyrir ræðu hv. þingmanns hér áðan er ég engu nær. Ég átta mig á því að hv. þingmaður hefur áhyggjur af útgjaldaþenslu hins opinbera (**SigurjÞ:** Þú ættir að hafa þær líka.) en það liggur ekkert fyrir eftir ræðu hv. þingmanns áðan hver afstaða hans til þessa máls er. Ég veit hver afstaða hans er til sjávarútvegsmála. Hún kemur fram hér við hvert einasta mál sem rætt er í þinginu, hvort sem það er gjaldfrjáls leikskóli eða sameining sveitarfélaga, en ég er engu nær um það hvort þingmaðurinn er með eða á móti þeirri niðurstöðu sem náðist í tekjustofnanefnd. Það væri ágætt að hv. þingmaður gerði grein fyrir afstöðu sinni.

Hv. þingmaður ítrekaði líka spurningu sína, sem ég raunar svaraði hér á fimmtudaginn, um stöðu mála varðandi nemendur í stórum sveitarfélögum sem sækja þurfa framhaldsskóla um langan veg. Það kom fram í máli mínu sl. fimmtudag og hefur komið fram í máli mínu í þinginu áður að ég tel fulla ástæðu til að fara yfir það mál. Það er verið að því í samráðsnefnd um húsaleigubætur. Það er nú þannig, og það er rétt að hv. þingmaður átti sig á því, að við breytum ekki reglum um húsaleigubætur nema um það liggi fyrir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga. Ríki og sveitarfélög verða að koma sér saman um það. Þetta yrði til útgjaldaauka og menn þurfa þá að ná saman um það hvernig eigi að brúa það bil.

[18:51]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félagsmálaráðherra talaði mjög skýrt um afstöðu sína og flokks síns til gjaldfrjáls leikskóla, og er auðvitað fagnaðarefni að þar er ekki verið að bakka nokkurn skapaðan hlut í þeirri stefnumörkun sem Framsóknarflokkurinn hefur gagnvart hinum gjaldfrjálsa leikskóla.

Það sem vekur hins vegar athygli er þegar hæstv. félagsmálaráðherra reynir að milda orðalag hæstv. fjármálaráð-

herra sem talaði býsna skýrt í leikþættinum sem hér átti sér stað í byrjun þingfundar í dag og fullyrðir að hæstv. fjármálaráðherra hafi ekki sagt neitt meira en að hann teldi þetta hafa valdið ólgu. Hæstv. ráðherra sagði hins vegar að þetta hefði komið í bakið á sér.

Ég spyr því hæstv. félagsmálaráðherra, vegna þess að hæstv. ráðherra nefnir að eftir séu útfærslur: Er það hugsanlegt að einhvern veginn öðruvísi verði staðið að breytingum á 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga en skilja má af niðurstöðum tekjustofnanefndarinnar, þ.e. að lögunum verði breytt? Vissulega er útfærslan flókin gagnvart 2006 og 2007, er hugsanlegt að þeirri útfærslu verði á einhvern hátt breytt miðað við niðurstöðu nefndarinnar?

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti mismælti sig áðan og vill taka fram að aðeins er ein mínúta til ráðstöfunar í hverju andsvari og svari.)

[18:52]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil engu um það spá með hvaða hætti þetta verkefni verður útfært, ekkert frekar en ég treysti mér til að gera á fimmtudaginn var og þá var þetta útspil borgarstjórans í Reykjavík ekki fram komið. Ég tók það fram í umræðum á fimmtudaginn að nú ætti eftir að útfæra þetta mál, fyrir lægi samkomulag um að ríkið mundi greiða fasteignaskatta af tilteknum eignum sínum, fyrir lægi hvert það fjármagn yrði, 600 milljónir á ári þegar til fullra framkvæmda væri komið, en hins vegar lægi ekki fyrir með hvaða hætti þetta yrði útfært. Það hefur ekkert breyst og afstaða mín til málsins ekki heldur.

[18:53]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það er augljóst mál að ekki er tekinn af allur vafi um það að hér geti einhverjar breytingar átt sér stað. Ég vek sérstaka athygli á því að þessi breyting á lögunum um tekjustofna sveitarfélaga er verkefni hæstv. fjármálaráðherra. Miðað við þau orð sem hæstv. ráðherra lét falla hér í dag hljótum við að velta því fyrir okkur mjög alvarlega hvort þetta samkomulag sé ekki í ákveðnu uppnámi. Ég heyrði hins vegar að hæstv. félagsmálaráðherra sagði að það væri frágengið. Ég skil það þá þannig að ríkisstjórnin hafi samþykkt það og það sé frágengið af hennar hálfu. Þetta hlýtur engu að síður að vekja upp þá spurningu hvort hér sé ekki a.m.k. einhver óvissa komin upp gagnvart þessum lið.

Ég spyr enn og aftur hæstv. félagsmálaráðherra: Er hugsanlegt að á einhvern hátt verði breytt þeirri útfærslu sem er kynnt í tillögum tekjustofnanefndar og þá á þann veg að það verði hugsanlega greitt á einhvern annan hátt til sveitarfélaganna en hér er gefið til kynna?

[18:54]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það er rétt skilið hjá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni að fyrir liggur núna staðfesting þeirra aðila sem að þessu samkomulagi standa, þ.e. í fyrsta lagi ríkisstjórnar sem hefur fjallað um málið á fundi sínum og í öðru lagi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem sömuleiðis hefur gert það.

Ég get ekkert kveðið öðruvísi að orði í mínu seinna andsvari en í hinu fyrra. Ég vil ekkert útiloka né heldur slá nokkru föstu um útfærslu málsins, ekkert frekar í dag en í gær né þá heldur á morgun.

[18:55]

Helgi Hjörvar *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Þó að hæstv. félagsmálaráðherra vilji fáu slá föstu var á honum að skilja að hann teldi fjárhag margra sveitarfélaga þannig að þau gætu ekki boðið íbúum sínum upp á gjaldfrjálsan leikskóla.

Við hljótum þess vegna að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort hann telji það viðunandi að aðeins börn í Reykjavík og betur stæðum sveitarfélögum muni njóta gjaldfrjáls leikskóla. Eða vill hann sem félagsmálaráðherra gefa út þá yfirlýsingu að hann muni beita sér fyrir því að í sameiginlegu átaki ríkis og sveitarfélaga verði öllum sveitarfélögum gert kleift að veita börnunum slíka þjónustu?

[18:56]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr hvort sá er hér stendur sé tilbúinn til að gefa yfirlýsingu um það að rétt sé að öll börn njóti þessa. Ég lýsti því yfir áðan hver stefna flokks míns er. Ég lýsti því líka yfir að sú stefna er ekkert sérstaklega tiltekin í stjórnarsáttmála. Ég hefði talið heppilegra, hæstv. forseti, að ríki og sveitarfélög tækju upp viðræður um þetta mál og kæmust að einhverri niðurstöðu um það. Nú hefur hins vegar Reykjavíkurborg tekið af skarið og ég fagna því fyrir hönd foreldra í Reykjavík en það breytir ekki hinu að afar mörg sveitarfélög í landinu eru ekki í stakk búin fjárhagslega til að taka þetta verkefni upp hjá sjálfum sér og standa ein straum af því.

Það verður auðvitað bara að koma í ljós, hæstv. forseti, hvernig sveitarfélögin spila úr þessu. Það liggur líka fyrir að það er ekkert vilyrði af hálfu ríkisins hvað þetta mál varðar.

[18:57]

Helgi Hjörvar *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég fagna eindregnum stuðningi Framsóknarflokksins við gjaldfrjálsan leikskóla. Það er ástæða til þess eftir ólundarræðu hæstv. fjármálaráðherra hér fyrr í dag. En fyrst hæstv. félagsmálaráðherra telur að best væri að ríki og sveitarfélög ættu í viðræðum um það hvernig þessari þjónustu yrði komið á vil ég hvetja hæstv. félagsmálaráðherra til að fylgja þeirri sannfæringu sinni eftir gagnvart a.m.k. öðrum sveitarfélögum en Reykjavík. Þó að þetta hafi verið tryggt í Reykjavík búa þar ekki nema 40% barnanna í landinu.

Fyrst það er sannfæring hæstv. félagsmálaráðherra að mörg önnur sveitarfélög muni ekki geta boðið þessa þjónustu hvet ég hæstv. félagsmálaráðherra til að beita sér fyrir því af krafti sem ráðherra sveitarstjórnarmála að viðræður verði teknar upp milli ríkisins, eftir atvikum menntamálaráðuneytisins líka, við Samband íslenskra sveitarfélaga um það hvernig tryggja megi jafnræði um þessa þjónustu um land allt. Ég held að það sé ekki bara mikilvægt að innleiða

þessa þjónustu (Forseti hringir.) í Reykjavík, heldur um land allt.

[18:58]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum á Alþingi er að því stefnt að á komandi hausti liggi fyrir endanlegar tillögur um það með hvaða hætti færa megi verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Ég hygg að það verði kannski þunginn í viðræðum sem eiga munu sér stað milli ríkis og sveitarfélaga á næstu mánuðum að fara yfir það mál og komast þá að einhverri niðurstöðu um það. Fyrir liggja tillögur verkefnisstjórnar um ákveðin verkefni á því sviði sem fyrst og fremst lúta að heilbrigðis- og félagsmálum þannig að ég á síður von á því að viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um þetta verkefni sérstaklega verði teknar upp á næstu vikum.

[18:59]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram hefur dregið mjög skýrt fram að það er ólíklegt að núverandi ríkisstjórn muni beita sér fyrir því að koma á gjaldfrjálsum leikskóla hringinn í kringum landið, ekki vegna þess að hæstv. félagsmálaráðherra hafi ekki áhuga á málinu, það er einfaldlega ágreiningur milli ríkisstjórnarflokkanna um það. Meðan þessir flokkar eru saman í ríkisstjórn er ljóst að ríkisstjórnin mun ekki beita sér fyrir þessu.

Ástæðan fyrir því að ég bað um andsvar við hæstv. ráðherra var kannski til að leiðrétta hann. Það er rétt að sumir gagnrýndu borgarstjórann í Reykjavík fyrir að koma fram með þá hugmynd sem hún gerði á fimmtudaginn en aðrir tóku einmitt undir og sögðu: Það er svo mikilvægt að hér er um ákveðna stefnumarkandi ákvörðun að ræða sem önnur sveitarfélög munu þurfa að fylgja. Það er ljóst að sveitarfélögin í landinu eru ekki öll tilbúin til að takast á herðar þetta verkefni. Því er alveg ljóst og það er alveg rétt hjá hæstv. félagsmálaráðherra að ríkisstjórnin mun örugglega þurfa að taka þátt í þeirri stefnumótun sem (Forseti hringir.) borgarstjórinn í Reykjavík hefur markað um gjaldfrjálsan (Forseti hringir.) leikskóla hringinn í kringum landið.

[19:00]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málið snýst fjarri lagi fyrst og fremst um að einhver áherslumunur kunni að vera milli stjórnarflokkanna. Málið snýst fyrst og fremst um það í því samhengi sem við ræðum það hér, að eitt sveitarfélaganna, Reykjavíkurborg, hefur ákveðið upp á sitt eindæmi að bjóða gjaldfrjálsan leikskóla. Við því er ekkert að segja, en viðkomandi sveitarfélag stendur þá bara undir því. Það er kjarni málsins.

[19:01]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski alveg ástæðulaust að munnhöggvast við hæstv. félagsmálaráðherra sem hefur sömu sýn á málið og sá er hér stendur. Hins vegar ber að þakka meiri hlutanum og R-listanum í borgarstjórn fyrir að marka stefnuna, stefnu sem hefur verið mörkuð og tekin ákvörðun um að hefja vinnu að. Auðvitað mun stefnan leiða til þess að ríkisstjórnin verður dregin nauðug viljug að því að tryggja gjaldfrjálsan leikskóla hringinn í kringum landið. Að sumu leyti skil ég hæstv. fjármálaráðherra vel að vera ósáttur við að vera dreginn inn í verkefnið en þannig er bara veruleikinn.

Borgarstjórinn í Reykjavík hefur ýtt af stað bolta sem mun klárlega leiða til þess að ríkisstjórnin mun neyðast til að taka upp viðræður við sveitarfélögin til að tryggja að ekki verði mismunun á leikskólum og háskólum, verið er að tryggja öllum jafnrétti í þessum efnum og ástæðulaust að rukka leikskólabörn (Forseti hringir.) um háa gjaldtöku meðan enginn er tilbúinn til (Forseti hringir.) að leggja á gjöld í háskóla.

[19:02]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni fyrir ræðu hans. Ég gef mér og ætla að setja það fram sem fullyrðingu, þar sem hv. þingmaður á þess ekki kost að svara fyrir sig, að hann sem sveitarstjórnarmaður í Vestmannaeyjum muni beita sér fyrir því með oddi og egg að leikskólabörn þar hafi gjaldfrjálsan leikskóla.

[19:03]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst gæta ákveðinnar viðkvæmni þegar ég minntist á sjávarútveg og ég skil það, enda hefur Framsóknarflokkurinn mjög vondan málstað að verja. En ástæðan fyrir því að ég dró sjávarútveginn inn var að ég vildi ræða rót vandans, atvinnuástandið á landsbyggðinni. Sumir ágætir framsóknarmenn hafa áttað sig á því en það er eins og það hafi gleymst hjá núverandi ríkisstjórn. Ég vil t.d. minnast á fyrrum ráðherra, Pál Pétursson, hann fór með störf út á land. En það er ekki hægt að segja um þá ríkisstjórn sem nú er við völd, heldur hefur hún bara dregið störf suður til Reykjavíkur. Það er náttúrlega óþolandi og rót vandans.

Ég held að það sé ekki leiðin til að rétta hlut sjávarbyggðanna að fara að róta með peninga og stækka jöfnunarsjóð, ég lít ekki á það sem verkefni til framtíðar og ég held að hver maður sjái það.

[19:04]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég velti aðeins fyrir mér hvort ég ætti að taka sérstaklega upp málefnið Staða ullariðnaðarins undir þessum lið, en ég ætla að láta það hjá líða.

En ég kalla eftir skýrri afstöðu Frjálslynda flokksins til þeirra hugmynda um breytta tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem liggur fyrir í málinu. Er Frjálslyndi flokkurinn á móti því að færa 9,5 milljarða frá ríki til sveitarfélaga næstu þrjú ár?

[19:04]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög erfitt að verða vitni að því að þegar ræða á rót vandans fara framsóknarmenn alltaf í þau

spor að rótera peningum fram og aftur og búa til einhverja sjóði, t.d. jöfnunarsjóð sem tveir menn skilja. Ég hefði talið miklu vænlegra fyrir Framsóknarflokkinn ef hann áttaði sig á því að laga þarf atvinnumálin á landsbyggðinni en ekki að stækka sjóði. Það er löngu orðið tímabært að núverandi ríkisstjórn fari að átta sig á því.

Auðvitað þarf að minnka hlut hins opinbera en það er ekki þar með sagt að skiptingin á milli ríkis og sveitarfélaga — ég og við í Frjálslynda flokknum teljum miklu eðlilegra að sú kaka sem verður hjá sveitarfélögunum verði mun stærri. Ég vona að hæstv. félagsmálaráðherra sé okkur sammála hvað það varðar.

[19:05]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurjón Þórðarson fór eins og köttur í kringum heitan graut eins og fyrri daginn þegar hann er spurður þessarar spurningar beint út. Ég get ekki lesið það öðruvísi en með nákvæmlega sama hætti og sl. fimmtudag, að Frjálslyndi flokkurinn er á móti tekjutilfærslunni milli ríkis og sveitarfélaga. Og það er gott — eins og fyrir fjórum dögum — að það liggur fyrir.

[19:06]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég var minntur á að samkomulag væri um að ljúka þingstörfum og hver þingflokkur ætti að halda sig við hálftíma og ég mun standa við það. Ég reyni að standa við orð mín.

Mér fannst það vera skylda mín að bregðast við þar sem hæstv. félagsmálaráðherra var að túlka stefnu Frjálslynda flokksins varðandi tekjuskiptingu og afstöðu okkar til einhvers samkomulags sem er ekki einu sinni til umræðu hér. Við ræðum sameiningu sveitarfélaga en umræðan hefur farið út í hver rót vandans sé.

Ég tel hollt fyrir Framsóknarflokkinn að hann fari að átta sig á byggðavandanum. Það er ekki leið sem Framsóknarflokkurinn er að fara, að rótera peningum á milli sveitarfélaga, heldur verður að líta á hvernig atvinnan er í sveitarfélögunum. Það er miklu nær í staðinn fyrir að ætla að stækka einhverja sjóði sem tveir menn skilja. Ég held að allir ættu að vera sammála um að það er ekki leiðin og ég vona svo sannarlega að hæstv. félagsmálaráðherra átti sig einnig á því.

Fyrst við ræðum um sameiningu sveitarfélaga finnst mér rétt að fara yfir það mál. Það er mjög sérstakt að verða vitni að því að Framsóknarflokkurinn vill alltaf fara út á land að sameina sveitarfélög. Sum sveitarfélög eru orðin æðistór, t.d. sveitarfélagið sem ég bý í, Skagafjörður. Það er jafnvel orðið það stórt að búa þarf til hverfafélög og eitt og annað. Miklu nær væri, ef maður liti á þjóðarhag, að skoða höfuðborgarsvæðið. Hér er tækifæri til sameiningar, t.d. á Seltjarnarnesi. Eru einhver rök að það sé sérsveitarfélag? Hvers vegna einblínir Framsóknarflokkurinn ekki á það? Ég hefði talið að þar væri einmitt tækifæri þar sem hægt er að ná fram hagræðingu. Nei, það er ekki svo.

Ég hefði einnig talið sjálfgefið að ef fara á í verkefnatilflutning í sveitarfélögum, svo sem á Ströndum, að menn ræði það í tengslum við ýmis önnur verkefni eins og samgöngumál. Fyrir liggur að skynsamlegt væri að sameina yfir í Reykhólahrepp og þá þarf auðvitað að fara að byggja upp samgöngumannvirki.

Hæstv. forsætisráðherra hefur sagt að komið sé að Norðvesturkjördæmi og mér finnst löngu orðið tímabært að það verði tekið fyrir. Í tengslum við það væri mjög fróðlegt að fá fram afstöðu hæstv. félagsmálaráðherra til sameiningar Reykhólahrepps og Hólmavíkur. Þar væri mögulega hægt að fá einhver samlegðaráhrif. En að ætla sér að fá eitthvað út úr sameiningu t.d. Drangsness og Hólmavíkur og flytja einhver verkefni þangað, ég sé ekki að það sé mikill akkur í því fyrir sveitarfélögin. Ég hefði talið að ef menn vildu efla hag þeirra sveitarfélaga væri miklu nær að horfa á atvinnuástandið, horfa t.d. á útræðisrétt, að tryggja að fólk geti komist í vinnuna. En Framsóknarflokkurinn virðist halda svo í þetta kerfi þó svo að það hafi ekki skilað neinum árangri að það má ekki færa það í tal. Þá verða menn reiðir og koma og segja að þessi maður, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, sé að ræða um sjávarútvegsmál þegar við eigum að tala um einhverja merkilega hluti, sameiningu sveitarfélaga, og það megi ekki spilla þeirri umræðu með sjávarútvegsmálum. Auðvitað skilur maður það, þegar það er viðkvæmt hjá framsóknarmönnum að ræða atvinnumál, en þetta eru atvinnumál og það er það sem þetta snýst um, staða sveitarfélaganna. Ekki að menn séu að leggja saman einhver tiltölulega lítil sveitarfélög eins og fram kom á ágætum fundi hjá Frjálslynda flokknum á Drangsnesi, að menn hefðu vissar efasemdir um að ef lagðir yrðu saman tveir hálfgerðir ræflar hvort menn fengju eitthvert rosalega fínt sveitarfélag sem gæti tekið að sér hin og þessi verkefni.

Auðvitað verða menn að ræða þetta, hv. þm. Birkir J. Jónsson. (Gripið fram í.) Þetta er það sem skiptir máli en ekki að ræða um einhverjar mögulegar og ómögulegar sameiningar.

Ég var að velta fyrir mér, vegna þess að hæstv. félagsmálaráðherra sneri út úr varðandi að hlutur hins opinbera væri að stækka og vöxturinn færi fram á suðvesturhorninu, að þetta virðist vera mjög viðkvæmt mál, því ég hef reynt að færa þetta í tal í utandagskrárumræðum. Formaður flokksins, sem var þingmaður af landsbyggðinni en virðist vera flúinn suður og virðist endanlega staðfesta flutning flokksins á mölina, hefur færst undan að ræða þetta. Á meðan hafa framsóknarmenn jafnvel tekið upp á því að ræða sömu mál tvisvar. Svo er verið að kvarta yfir því að ég ræði um sjávarútvegsmál. Það er alveg með ólíkindum þegar menn ræða margsinnis í utandagskrárumræðum um sama málið með nokkurra daga millibili. Þetta er alveg með ólíkindum.

Að lokum, fyrst hæstv. dómsmálaráðherra er hér og er örugglega stoltur af ríkisútgjöldunum sem hann hefur þanið út, er rétt að minna á að hlutur hins opinbera hefur vaxið gríðarlega í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins. Samt kennir flokkurinn sig við það að minnka báknið. Það er náttúrlega mjög einkennilegt en hæstv. ráðherra getur eflaust skýrt hvernig menn geta minnkað báknið og aukið útgjöld hins opinbera. Ég skil það a.m.k. ekki.

Þetta er mitt hjartans mál, landsbyggðarmálið, og ég óttast að menn séu að drepa umræðunni á dreif með því að tala ætíð um sameiningu sveitarfélaga, sem á svo sannar-

lega rétt á sér víða, í stað þess að tala um atvinnumál á landsbyggðinni þar sem skórinn virkilega kreppir.

[19:17]

Útbýting:

Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, 667. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1015.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:18]

Brtt. í nál. 1011 samþ. með 32 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 2. umr.

Frv. allshn., 629. mál (eignarhald á fasteignasölu). — Þskj. 950.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:19]

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 19:20.

---

97. FUNDUR

mánudaginn 21. mars,
að loknum 96. fundi.

Dagskrá:

1. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 639. mál, þskj. 969 (með áorðn. breyt. á þskj. 1011). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, frv., 629. mál, þskj. 950. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 648. mál, þskj. 980. — 1. umr.
4. Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, stjfrv., 583. mál, þskj. 874. — 1. umr.
5. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 659. mál, þskj. 1003. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:21]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1.–2. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Stjfrv., 639. mál (kjördagur, sameining sveitarfélaga). — Þskj. 1016.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:21]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, KÓ, KLM, LB, MS, SAÞ, SigurjÞ, SF, SJS, VS, ÖJ.

30 þm. (AtlG, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KHG, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SKK, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1017).

Sala fasteigna, fyrirtækja og skipa, 3. umr.

Frv. allshn., 629. mál (eignarhald á fasteignasölu). — Þskj. 950.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:22]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, KÓ, KLM, LB, MS, SAÞ, SigurjÞ, SF, SJS, VS, ÖJ.

30 þm. (AtlG, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KHG, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SKK, SP, StP, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1018).

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 1. umr.

Stjfrv., 648. mál (eftirlitskerfi samningsins). — Þskj. 980.

[19:27]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994.

Með frumvarpinu er lagt til að 14. viðauki við mannréttindasáttmálann sem ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti þann 13. maí 2004 verði lögfestur. Viðauki þessi felur aðallega í sér breytingar á eftirlitskerfi sáttmálans, einkum hvað varðar meðferð kæru á fyrstu stigum og fullnustu dóma Mannréttindadómstólsins. Helsta markmið viðaukans er að auka skilvirkni Mannréttindadómstóls Evrópu svo að markmiðum sáttmálans um að vernd mannréttinda verði náð, en á síðustu árum hefur málafjöldi fyrir dómstólnum margfaldast og hefur dómstóllinn ekki getað sinnt auknum kærufjölda með fullnægjandi hætti. Dómstólnum bárust 40.943 kærur á árinu 2004 og er það 16% aukning miðað við árið áður. Til samanburðar má geta þess að dómstólnum bárust 30.069 kærur árið 2000 og 11.236 kærur árið 1995. Þá dregur það úr skilvirkni dómstólsins að meira en 90% kærumála uppfylla ekki kæruskilyrði mannréttindasáttmálans og er af þeim sökum vísað frá. Við núverandi kerfi og aðstæður hafa mál safnast upp hjá Mannréttindadómstólnum og til marks um það biðu alls 65.000 mál afgreiðslu í lok árs 2003.

Helsta ástæða fjölgunar kærumála hjá Mannréttindadómstólnum er fjölgun aðildarríkja að Evrópuráðinu og mannréttindasáttmálanum. Frá því að 11. viðauki við sáttmálann var samþykktur árið 1994, sem fól í sér mikilvægar skipulagsbreytingar á Mannréttindadómstólnum, hafa 14 ríki bæst við hóp aðildarríkja og þar með 240 milljón nýir einstaklingar sem sáttmálinn tekur til. Önnur ástæða fjölgunar kærumála hjá dómstólnum er að þekking einstaklinga á efni og kæruheimild mannréttindasáttmálans hefur aukist.

Viðaukanum er einkum ætlað að auka skilvirkni Mannréttindadómstólsins með þrennum hætti. Í fyrsta lagi miðar viðaukinn að því að gera dómstólinn betur í stakk búinn til að takast á við þann mikla fjölda kæra sem reynast ótækar til efnismeðferðar og er af þeim sökum vísað frá. Þannig mun í vissum tilvikum einn dómari, í stað þriggja dómara nefndar áður, geta vísað kærum frá. Í öðru lagi er með viðaukanum bætt við nýju skilyrði fyrir því að kæra teljist tæk til efnismeðferðar. Í því felst að kæru verður vísað frá ef ekki verður séð að kærandi hafi orðið fyrir umtalsverðu óhagræði. Í þriðja lagi verður hægt að afgreiða svokölluð „endurtekin mál", þ.e. mál þar sem dómstóllinn hefur þegar leyst úr sambærilegum álitaefnum, með skilvirkari hætti en áður. Samkvæmt viðaukanum munu þriggja dómara nefndir hafa heimild til að dæma í slíkum málum í stað sjö dómara deildar eins og málum er háttað núna. Þá verður unnt að ljúka máli með sátt á öllum stigum málsmeðferðar en samkvæmt núgildandi skipan verður aðeins málum sem eru tæk til efnismeðferðar lokið með sátt.

Viðaukinn felur einnig í sér breytingar á öðrum þáttum mannréttindasáttmálans. Sem dæmi má nefna að sjálfstæði dómara er aukið þar sem þeir skulu kosnir til níu ára í stað sex ára samkvæmt núgildandi reglum og án möguleika á endurkjöri. Þá var ráðherranefndinni veitt ný úrræði varðandi eftirlit með fullnustu dóma og Mannréttindadómstólnum falið hlutverk varðandi fullnustu þeirra. Jafnframt verður Evrópusambandinu heimilt að gerast aðili að mannréttindasáttmálanum. Um nánari efni viðaukans vísast til athugasemda V. við frumvarpið.

Herra forseti. Íslensk stjórnvöld hafa staðfest þessa breytingu á mannréttindasáttmálanum og þar sem ákveðið var á sínum tíma að lögfesta sáttmálann hér liggur það fyrir okkur á Alþingi að færa þennan texta einnig í lög til þess að við stöndum þannig að verki sem Alþingi hefur þegar ákveðið. Um leið og ég legg frumvarpið fram vek ég athygli hv. þingmanna á því að umræður eru vaxandi um það í aðildarlöndum Evrópuráðsins að hlutur dómstólsins sé e.t.v. orðinn of mikill og e.t.v. þurfi að líta til fleiri þátta en þessara þegar fjallað er um málefni Mannréttindadómstólsins. Ég hef sjálfur flutt um það ræður og kynnt það sjónarmið mitt að líta eigi til þess hvernig þróunin hefur verið hjá Mannréttindadómstólnum varðandi ýmsa dóma sem fallið hafa þar og áhrif þeirra og túlkun, og spurning sé hvort dómstólnum hafi verið afhent of mikið pólitískt vald með þeirri skipan sem nú ríkir.

Miklar umræður hafa verið um þetta í Danmörku upp á síðkastið. Danski dómsmálaráðherrann hefur hreyft svipuðum sjónarmiðum og ég gerði í ræðu sem ég flutti árið 2003. Síðan ritaði prófessor í lögum við Kaupmannahafnarháskóla, Mads Bryde Andersen, grein um það í Berlingske tidene sunnudaginn fyrir viku síðan að menn ættu að velta því fyrir sér í alvöru hvort danska þingið eigi að taka ákvörðun um að afnema lögfestingu á mannréttindasáttmála Evrópu í Danmörku.

Það eru því mjög róttækar hugmyndir sem fram koma í ýmsum löndum þegar litið er til þróunar á þessu sviði, en ég er ekki að mæla með því að þetta sé gert. Ég vek hins vegar athygli á þessu við upphaf umræðu um frumvarpið til þess að menn átti sig á hverjir straumarnir eru í einstökum löndum. Þau sjónarmið hafa einnig komið fram í Bretlandi sem eru í þá átt að e.t.v. þurfi að skoða verksvið dómstólsins og setja honum skýrari reglur og breyta samþykktum hans og öðrum ákvæðum sem hann starfar eftir til þess að þau falli betur að rétti einstakra landa.

Herra forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[19:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég skal ekki hafa langt mál enda hefur fundur staðið lengur en ég hélt að til stæði í kvöld. En vegna þess að hæstv. dómsmálaráðherra hreyfði aðeins almennum atriðum sem lúta að stöðu Mannréttindadómstólsins og hlutverki finnst mér ástæða til að mæla í móti hugmyndum, sem vel að merkja hæstv. dómsmálaráðherra var ekki endilega að gera að sínum en sá ástæðu til að geta. Vissulega hefur maður fylgst með umræðunni um að menn mundu jafnvel stíga skref til baka frá því hlutverki sem Mannréttindadómstóllinn hefur haft. Maður mundi a.m.k. hvetja til þess að slíkt yrði skoðað af mikilli yfirvegun áður

en lagst yrði á þá sveif, þótt gagnmerkir spekingar sem skrifi um það í Berlingske tidende og danski dómsmálaráðherrann hafi e.t.v. einhver slík sjónarmið uppi.

Má ég minna á að Mannréttindadómstóllinn hefur nú aldeilis komið við sögu í réttarfarsmálum hér á landi og ýtt við og knúið fram umbætur. Ég held að flestir séu sammála um þær umbætur í réttarkerfi okkar. Þetta hefur ekki síst átt við málsmeðferðarreglur en það hefur kannski ekki síður verið þar sem Íslendingar hafa oft á tíðum þurft að taka sig á og fengið verðmæta leiðsögn frá Mannréttindadómstólnum. Ég held að það sé útbreidd skoðun, ekki síst hér á landi, að borgararnir eigi ákaflega dýrmætan rétt til að fá óháð álit á fyrirkomulagi hlutanna á Íslandi og á því hvort uppbygging réttarkerfisins, málsmeðferðarreglur, undirbúningur mála, rannsókn og úrlausn séu í öllum tilvikum þannig að fullnægjandi og ásættanlegt sé. Mál sem jafnvel einstaklingar hafa lagt fyrir Mannréttindadómstólinn, oft út af viðfangsefnum sem ekki gátu talist stórvægileg í sjálfu sér, hvort sem það eru málefni sprottin af ágreiningi reiðhjólamanna eða hvað það nú er. Slík mál hafa dregið heilmikinn dilk á eftir sér, ýtt undir það og orðið til þess að Íslendingar tækju á hlutum sem við höfðum ekki gert. Við höfðum í raun ekki fylgt þróuninni og sátum uppi með gamalt fyrirkomulag sem ekki samrýmdist nútímalegum viðhorfum til aðskilnaðar valdþátta í samfélaginu, meðferðar mála o.s.frv.

Ég tel góðra gjalda vert að taka upp 14. viðauka sem samkvæmt upplýsingum í greinargerð og framsöguræðu ráðherra er fyrst og fremst til að auka skilvirkni dómsins og endurskipuleggja starfið þar þannig að hann ráði betur við þann mikla málafjölda sem til hans er vísað. Þær mundu kannski einfalda úrlausn mála í vissum tilvikum, skýrar reglur sem gilda um hvenær mál eru tæk til dóms o.s.frv. og auðvelda jafnvel sáttaleiðir í málum. En þetta bendir ekki til þess og sá mikli fjöldi mála sem þar er til meðferðar bendir ekki til að undan dómstólnum fjari í þeim skilningi að hann hafi ekki næg verkefni og ekki sé tiltrú á honum og að borgarar og samtök í Evrópu treysti ekki á hann og setji ekki mál þangað til skoðunar. Þvert á móti virðist hið gagnstæða leiða til þeirrar breytingar sem taka á upp.

Það er enginn vafi á því að Mannréttindadómstóllinn er eitt það allra merkasta og jákvæðasta sem gerðist á síðustu öld í uppbyggingu mála í Evrópu. Þar eru nánast öll Evrópuríki þátttakendur. Mannréttindadómstóllinn og Evróparáðið eru þar lykilstofnanirnar og njóta almennt mikillar viðurkenningar og virðingar. Ég held að Evrópubúar almennt, burt séð frá því síðan hvaða leið menn hafa valið sér í ýmsu evrópsku samstarfi að öðru leyti, standi saman um þessar stóru samevrópsku stofnanir.

Við höfum átt þar góðan hlut að málum, Íslendingar. Við höfum átt því láni að fagna að merkir fulltrúar okkar hafa verið þarna við störf, skilað góðu starfi og eru virtir fyrir sitt framlag. Við þurfum því að huga vel að málum þegar þessi ágæta stofnun á í hlut. Þetta vildi ég láta koma fram að gefnu tilefni vegna hugleiðinga hæstv. dómsmálaráðherra í framsöguræðu hans.

[19:36]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni frumvarp til laga sem sjálfsagt er að hljóti góða og vandaða meðferð í nefnd en kannski er nauðsynlegt að fylgja því úr ræðustól með nokkrum orðum, sérstaklega í tilefni af ummælum hæstv. dómsmálaráðherra áðan, varðandi álitamál og umræður sem upp eru komin, sérstaklega úr vopnabúri hægrisinnaðra stjórnmálamanna og fræðinga ýmiss konar í Evrópu.

Ég held að við hljótum að skoða það þannig að fjöldi mála og kærutilefna sem koma til Mannréttindadómstólsins og byggja á mannréttindasáttmálanum séu til vitnis um að þekking á sáttmálanum og þeim úrræðum sem hann býður upp hafi aukist mikið. Jafnframt hefur aðildarlöndunum fjölgað og því er mikil nauðsyn á að þessi leið sé notuð til að leita réttar síns og fá úr því skorið hvort eðlileg viðmið séu notuð í mannréttindamálum í hverju landi fyrir sig. Það er greinilegt að kæruefnin og tilefni til umkvörtunar eru mörg. En auðvitað er það áhyggjuefni þegar 90% uppfylla ekki skilmálana til slíkra umkvartana. Því er nauðsynlegt að dómstóllinn verði skilvirkari og stjórnkerfi hans og skipulag sé tekið til endurskoðunar líkt og í ýmsum öðrum alþjóðastofnunum og í umgjörð ýmissa alþjóðasamninga í dag.

Mér hefur skilist að umræðurnar í Danmörku snúist einkum um að dómstóllinn hafi í ríkari mæli en áður tekið til greina ýmiss konar efnahagsleg og félagsleg réttindi og talið að þau ættu að heyra undir mannréttindaákvæði sáttmálans. Ýmsar ríkisstjórnir hafa talið að þar væri vegið að sjálfstæði þjóðþinga og rétti ríkisstjórna til að ákveða um félagsleg og efnahagsleg mál án þess að komi til afskipta alþjóðlegra samninga eða dómstóla. Skilningurinn er þá væntanlega sá að slík mannréttindi eigi eingöngu að ná til svokallaðra frelsisréttinda en ekki til félagslegra málefna.

Þarna er verulegur pólitískur ágreiningur sem fróðlegt er að ræða. Hann snertir kannski ekki þetta frumvarp sérstaklega en verður eflaust tilefni til að ræða frekar hér á hinu háa Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, 1. umr.

Stjfrv., 583. mál (verksvið Veruþróunar- og markaðssjóðs). — Þskj. 874.

[19:40]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 43/1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.

Með 9. gr. laga nr. 43/1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins, var stofnaður sérstakur sjóður, Veruþróunar- og markaðssjóður síldarútvegsins, og hljóðar greinin þannig, með leyfi forseta:

„Stofna skal sérstakan sjóð sem hefur þann tilgang að

efla vöruþróun síldarafurða og afla nýrra markaða fyrir síldarafurðir. Sjóðurinn skal vera sjálfseignarstofnun. Stofnfé sjóðsins skal vera 80 millj. kr. af eigin fé síldarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsráðherra skal annast gerð skipulagsskrár fyrir stofnunina sem skal staðfest af dómsmálaráðuneyti, sbr. lög nr. 19/1988."

Sjóðurinn var stofnaður í ágúst 1998 með staðfestri skipulagsskrá og í samræmi við hana tilnefndu félög síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi fjóra menn í stjórn sjóðsins. Sjóðurinn lýtur alfarið stjórn síldarútvegsmanna, enda er hann byggður upp fyrir það fé sem þeir greiddu til síldarútvegsnefndar af verðmæti útfluttra síldarafurða á sínum tíma.

Stjórn sjóðsins telur að hagsmunir síldarútvegsmanna liggi í fleiru en vöruþróun og öflun nýrra markaða fyrir síldarafurðir. Þá hafa tiltölulega fáir aðilar sótt um styrki úr sjóðnum frá stofnun hans. Því hefur stjórnin lagt til við sjávarútvegsráðuneytið að verksvið sjóðsins verði víkkað. Er hér lagt til að nýjum málslið verði bætt inn í ákvæðið þannig að stjórn sjóðsins verði almennt heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi. Er það í samræmi við vilja stjórnar sjóðsins.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði frumvarpinu vísað til hv. sjávarútvegsnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 19:43.

---

98. FUNDUR

þriðjudaginn 22. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 659. mál, þskj. 1003. — 1. umr.
2. Lyfjalög og heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 649. mál, þskj. 981. — 1. umr.
3. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 362. mál, þskj. 415, nál. 989, brtt. 990. — 2. umr.
4. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 387. mál, þskj. 481, nál. 991 og 1009. — 2. umr.
5. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 194. mál, þskj. 194. — 1. umr.
6. Staðbundnir fjölmiðlar, þáltill., 234. mál, þskj. 240. — Fyrri umr.
7. Búvöruframleiðslan og stuðningur við byggð í sveitum, þáltill., 240. mál, þskj. 251. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Jóhann Ársælsson, 2. þm. Norðvest.,
Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.,
Jón Kristjánsson heilbrrh., 4. þm. Norðaust.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.,
Mörður Árnason, 7. þm. Reykv. s.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

[13:31]

Útbýting:

Framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, 578. mál, svar utanrrh., þskj. 987.

Gæðamat á æðardúni, 670. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1022.

Helgidagafriður, 481. mál, nál. allshn., þskj. 1019.

Sameining rannsóknarnefnda á sviði samgangna, 668. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 1020.

Stjórnsýsludómstóll, 669. mál, þáltill. AtlG og SigurjÞ, þskj. 1021.

Sveitarstjórnarlög, 639. mál, þskj. 1016.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svör við fyrirspurnum.

[13:31]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fyrir nokkru síðan beindi ég fyrirspurn til hæstv. viðskiptaráðherra þar sem ég óskaði eftir upplýsingum um hve margar fasteignir, þ.e. íbúðir annars vegar og lóðir hins vegar, væru skráðar í veðmálabækur sem eign viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem starfa eftir lögum um fjármálafyrirtæki. Ég óskaði eftir því að þessar upplýsingar yrðu sundurgreindar með tilteknum hætti.

Nú hefur borist svar, eða öllu heldur svarleysi, frá ráðuneytinu þar sem segir að ráðuneytið ráði ekki yfir þessum upplýsingum, það hafi leitað til Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og í gögnum sem mér hafa verið send kemur fram að þau samtök telji þetta ekki eiga að vera opinberar upplýsingar, framangreind fyrirspurn beinist að einkamálefnum viðkomandi félaga. Er þá væntanlega átt við banka og verðbréfafyrirtæki.

Tildrög þess að ég beindi þessari fyrirspurn til ráðuneytisins eru þau að í opinberri umræðu hefur því verið haldið fram að bankarnir keyptu lóðir og fasteignir, hefðu jafnvel byggingarverktaka á sínum snærum eða í sínum greipum og væru þannig óbeint orðnir áhrifavaldar í eignaverðssprengingunni. Inn í þessar umræður fléttuðust einnig kjör verkamanna í byggingarbransanum, kjör fólks sem hefur verið flutt hingað til landsins svo langt utan við lög og rétt.

Samkvæmt lögum sem gilda í landinu um fjármálafyrirtæki er viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum óheimilt að stunda hliðarstarfsemi nema hún sé í beinu samhengi við bankastarfsemi. Nú spyr ég þar sem hæstv. viðskiptaráðherra er stödd á þingi hvort ráðuneytið ætli að láta hér við sitja eða hvort það komi til með að beina fyrirspurn til Fjármálaeftirlitsins sem hefur þá skyldu að sjá til þess að landslögum sé sinnt (Forseti hringir.) að þessu leyti.

[13:34]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Viðskiptaráðuneytið hefur ekki undir höndum upplýsingar úr eða aðgengi að veðmálabókum. Fyrirspurn hv. þm. Ögmundar Jónassonar lýtur beint að upplýsingum úr veðmálabókum. Fyrirspurnin lýtur ekki að eftirliti Fjármálaeftirlitsins með starfsemi banka og annarra fjármálafyrirtækja jafnvel þótt hv. þingmaður, fyrirspyrjandi, reyni að láta í það skína á heimasíðu sinni.

Þótt ljóst megi vera samkvæmt álitsgerð þeirri sem Stefán Már Stefánsson lagaprófessor vann fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi að málefni einstakra fyrirtækja séu einkamálefni en ekki opinber málefni er lúti stjórnvaldi einstakra ráðuneyta ákvað ráðuneytið engu að síður að leita eftir því við FBV að samtökin tækju saman svar við fyrirspurninni. Svarið var síðan í samræmi við álit lagaprófessorsins. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi á fjármagnsmarkaði og ég sem ráðherra sem fer með bankamál lít ekki á það sem mitt hlutverk að segja Fjármálaeftirlitinu fyrir verkum í einstökum málum eða segja til um það hvernig það eigi að haga eftirliti sínu frá degi til dags. Þetta er ég búin að segja alloft á hv. Alþingi.

Hv. þingmanni til hugarhægðar er hægt að benda á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins sem öllum er aðgengileg og það sem kemur fram í umræðuskjali, að eftirlitið ætli sér að leggja aukna áherslu á eftirlit með áhættuþáttum sem tengjast auknum lánveitingum til íbúðakaupa. Ég hef fulla trú á því að Fjármálaeftirlitið ræki eftirlitshlutverk sitt á þessu sviði sem og öðrum.

[13:36]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla að færa hér í tal atvik sem átti sér stað í gær undir liðnum um störf þingsins. Þar hljóp forseti þingsins algerlega á sig þegar hann meinaði Frjálslynda flokknum að beina fyrirspurn til hæstvirtra ráðherra og bar því við að engin fyrirspurn hefði borist frá Frjálslynda flokknum. Það er alrangt. Það má sjá afrit af tölvuskeyti sem ég sendi skrifstofustjóra þingsins, Helga Bernódussyni, á heimasíðu minni, sigurjon.is, og þá sér maður að þetta er einfaldlega rangt. Ég trúði því að prúðmennið Halldór Blöndal, hæstv. forseti þingsins, mundi nota tækifærið í upphafi þingfundar og biðja mig afsökunar á þessum misskilningi. Mér finnst ég eiga heimtingu á því að hann leiðrétti þetta, segi einfaldlega frá því að hér hafi orðið mistök og sjái svo til þess að sú fyrirspurn sem ég ætlaði að beina til hæstv. ráðherra komist sem fyrst á dagskrá. Ég hefði talið það í raun hið eina rétta í stöðunni.

Hvað varðar svör og ekki svör get ég tekið undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að ég tel að hæstv. ráðherrar eigi að vanda svör sín. Ég hef tekið eftir því að hæstv. iðnaðarráðherra lætur svo lítið að svara. Það eru aðrir sem sjá ekki einu sinni sóma sinn í því að svara erindum. Ég nefni hæstv. utanríkisráðherra. Fyrirspurn frá mér til hans hefur legið fyrir í heila fjóra mánuði og hann sér ekki sóma sinn í að svara. Mér finnst það með ólíkindum. Þess vegna þakka ég fyrir þó að svörin séu ekki ætíð merkileg hjá hæstv. iðnaðarráðherra að hún sjái þó sóma sinn í því að svara þeim fyrirspurnum sem beint er til hennar.

[13:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég held að það sé orðið alveg óhjákvæmilegt að taka til sérstakrar skoðunar á Alþingi hvernig er farið með stöðu Alþingis, rétt til að krefja um upplýsingar og veita m.a. með því framkvæmdarvaldinu það aðhald sem Alþingi er ætlað að gera Það gerist æ oftar að það þyki sjálfsagður hlutur að hafa að engu beiðnir sem koma frá Alþingi í formi fyrirspurna varðandi upplýsingar um almenn málefni. Það er ekki reynt að rökstyðja það með að ekki sé þörf fyrir eða gagnlegt að fá viðkomandi upplýsingar fram í dagsljósið. Nei, menn nálgast slíkar beiðnir orðið með því hugarfari að ef þeim sé ekki beinlínis skylt að veita þær eða hægt sé að knýja þá til þess veiti þeir þær ekki. Menn túlka orðið upplýsingalög í veigamiklum mæli ekki sem upplýsingalög heldur sem leyndarlög, þeir gagnálykta af þeim að allt sem ekki er beinlínis skylt að upplýsa og hægt er að draga menn fyrir dómstóla til að gera eigi að fara leynt. Hver eru rök fjármálafyrirtækjanna og hver eru rök viðskiptaráðuneytisins fyrir því að þessar upplýsingar eigi ekki og þurfi ekki að koma fram í dagsljósið? Engin. Hér er ekki verið að biðja um nafngreindar upplýsingar, ekki um eignir einstaklinga eða viðkomandi fyrirtækja, heldur eingöngu að þessar almennu upplýsingar um fjölda fasteigna flokkaðar eftir mikilvægustu fjármálastofnunum líti dagsins ljós.

Það eru veigamikil rök að baki. Menn vilja átta sig á því hvað þarna er að gerast og hversu langt inn í þennan geira fjármálafyrirtækin eru komin til að höndla með fasteignir eða lóðir. Það er algerlega óásættanlegt að ráðuneytið skuli þá ekki a.m.k. beita þessar stofnanir þrýstingi, beina þangað eindregnum tilmælum o.s.frv. í krafti (Forseti hringir.) upplýsingaskyldunnar til Alþingis.

[13:41]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér geta hæstv. ráðherrar fundið sér leið hverju sinni til að þurfa ekki að svara fyrirspurnum, jafnvel þannig að þeir geta borið fyrir sig álit, lög eða hvaðeina sem þeir vilja. Kannski er þó kjarninn í því að ráðherrar útskýri hvers vegna og með hvaða rökum þeir hafni því að koma fram með svör eða skýringar.

Það mál sem við ræðum hérna er vitaskuld stórmál, þ.e. verðmyndun á fasteignum. Það hefur verið veruleg umræða undanfarnar vikur um það hvort þessi verðmyndun sé eðlileg eða ekki, hvort menn séu að móta þessa verðmyndun, hvort bankarnir taki þátt í henni o.s.frv. Ýmsir stjórnarþingmenn hafa haft á þessu skoðanir og m.a. hefur hv. þingflokksformaður Framsóknarflokksins hlaupið fram á sviðið og lýst því yfir að einhverjir fasteignaheildsalar séu að

móta markaðinn. Þetta er umræða sem vissulega er ástæða til að taka og ekkert óeðlilegt við það að við tækifæri eins og þetta taki hæstv. viðskiptaráðherra einhverja ábyrgð á sínum málaflokki og setji inn í umræðuna einhver sjónarmið sem skipta máli. Þess í stað kemur hæstv. viðskiptaráðherra inn með einhvern formalisma og segir: Ég þarf ekki að svara. Mér er ekki skylt að svara. Hæstv. ráðherra notar ekki tækifærið til að taka á í umræðunni og koma fram með sjónarmið sem skipta máli sem kannski rétta markaðinn, sem kannski skýra eitthvað. Nei, það er engin ábyrgð tekin, það er engin ábyrgð, það er engin festa, aðeins notuð lagaleg staða til að þurfa ekki að svara. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að mér finnst það létt í vasa að fara þessa leið og hvað þá að beina hv. þingmönnum sem eru með eðlilegar og skynsamlegar fyrirspurnir inn á heimasíður ríkisstofnana til að finna upplýsingar um þau málefni sem þeir hafa áhuga á.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, eins og er að sá valdhroki sem hér birtist æ ofan í æ á hinu háa Alþingi er alveg fyrir neðan allar hellur.

[13:43]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Settar hafa verið fram rökstuddar efasemdir um að bankar og fjármálastofnanir hlíti landslögum, staðhæft að þessar stofnanir séu orðnar gerendur á fasteignamarkaði þvert á það sem lögin heimila. Ég stíg þá það skref að óska eftir upplýsingum um þetta efni en fæ þau svör frá ráðuneytinu og hæstv. bankamálaráðherra að engar slíkar upplýsingar sé að hafa. Hæstv. ráðherra ber fyrir sig svar frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja þar sem segir nánast að þetta sé einkamál sem eigi ekkert erindi út í dagsljósið.

Hæstv. ráðherra segir að ég ýi síðan að því á heimasíðu minni að ég hafi beint fyrirspurnum til Fjármálaeftirlitsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ástæða er til að spyrja hvort það sé virkilega svo að upplýsingar um þessi efni séu einkamál. Eins og hér hefur komið fram er ekki krafist nafngreindra upplýsinga heldur aðeins almenns eðlis og einvörðungu í því augnamiði að fá úr því skorið hvort farið sé að lögum í landinu. Í fréttum Ríkisútvarpsins fyrir fáeinum vikum kom fram að Fjármálaeftirlitið væri að skoða þessi mál.

Nú verður gengið eftir því á Alþingi við bankamálaráðherra hvort viðskiptaráðuneytið hafi leitað upplýsinga hjá Fjármálaeftirlitinu um athuganir á þess vegum. Það er ráðuneytis og að sjálfsögðu Alþingis að fylgjast með því að eftirlitsstofnanir sinni eftirlitsskyldu sinni og að landslögum sé framfylgt."

Þetta er mjög skýrt. Hér er ekki verið að ýja að einu eða neinu. Hér er verið að beina mjög skýrum rökstuddum fyrirspurnum til hæstv. ráðherra og það er óskað eftir skýrum svörum. Svo einfalt er það mál.

[13:45]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi óskar eftir skýrum svörum. En málið er, eins og ég tók fram áðan, að ég hef ekki aðgang að veðmálabókum og þess vegna lýtur fyrirspurnin ekki að eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Verið er að óska eftir upplýsingum um fyrirtæki, meira að segja eftir embættum, og eins og ég tók fram áðan liggur fyrir álitsgerð frá lagaprófessor um að málefni einstakra fyrirtækja séu einkamálefni.

Vinstri grænir eru alltaf að flytja tillögur á hv. Alþingi eins og eðlilegt er. Ein þeirra gengur út á að til þess að Fjármálaeftirlitið sé örugglega óháð stjórnvöldum, ríkisstjórn og ráðherra skuli það heyra beint undir Alþingi. Nú er hins vegar hv. þm. Ögmundur Jónasson í þeim stellingum að ég eigi að fara að beina einhverju til Fjármálaeftirlitsins, (Gripið fram í.) þannig að hann er að biðja mig að stjórna yfir Fjármálaeftirlitinu. En flokkur hv. þingmanns krefst þess að Fjármálaeftirlitið sé svo sjálfstætt að það megi ekki einu sinni heyra undir viðskiptaráðherra. Það er því mikið ósamræmi í þessum málflutningi.

Að síðustu vil ég segja að hv. þingmenn Vinstri grænna verða bara að viðurkenna og átta sig á að fyrirtækin í landinu hafa ákveðið svigrúm til starfsemi án þess að um það sé rætt á hv. Alþingi. (**Gripið fram í:** Óháð lögum.) Það er þannig. Það er að öllu leyti farið að lögum í sambandi við það svar sem ég gaf og ég leitaði til Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja sem mér bar ekki skylda til en ég gerði engu að síður og svar þeirra fylgir með svarinu.

[13:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hvar Fjármálaeftirlitið er vistað í stjórnkerfinu, hvort það heyrir undir viðskiptaráðuneytið eða starfar í skjóli Alþingis mundi ekki breyta því að Fjármálaeftirlitið ætti að sinna hlutverki sínu, það ætti að starfa samkvæmt lögum. Í báðum tilvikum væri að sjálfsögðu þannig frá hnútum gengið að réttur farvegur yrði sá að beina tilmælum til stofnunarinnar um störf hennar. Það hefur engu breytt þó að Ríkisendurskoðun heyri undir Alþingi að menn geta komið málum til Ríkisendurskoðunar og óskað eftir því að hún skoði hluti sem eru á verksviði hennar. Þannig yrði það að sjálfsögðu áfram um Fjármálaeftirlitið. Sá hluti ræðu hæstv. viðskiptaráðherra var því náttúrlega hreinn útúrsnúningur.

Hæstv. ráðherra virðist forðast að ræða efnið sjálft. Er ekki ærin ástæða til að fá upplýsingarnar fram í dagsljósið í stað þess að skjóta sér á bak við einhvern formalisma? Ef réttur alþingismanna og Alþingis til að krefja upplýsinga um mikilvæg mál, þó að þau séu úti í samfélaginu, þó að þau séu úti í atvinnulífinu, er ítrekað að engu hafður og sú tilhneiging ágerist sífellt, þá verður að grípa til annarra úrræða. Það er ekki þolandi að Alþingi sé algerlega máttlaust gagnvart því að fylgjast með framvindu mikilvægra málaflokka eins og fjármálaþjónustu í landinu eða því hvort menn séu farnir yfir landamæri sem eiga að vera á milli verksviðs fjármálastofnana annars vegar og annarra aðila hins vegar.

Bankar og lánastofnanir eiga að starfa eftir lögum og það eru stíf ákvæði um að þau haldi sig við verksvið sitt. Þegar grunur kemur upp um að eitthvað annað geti verið á dagskrá er harla sérkennilegt ef Alþingi, sem setur lögin, hefur engin úrræði til að fylgjast með því hvort svo sé og ef

ráðherrar hafa að engu þá skyldu sína að reyna að upplýsa Alþingi um mikilvæg opinber mál.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 1. umr.

Stjfrv., 659. mál (afnám tryggingardeildar útflutningslána). — Þskj. 1003.

[13:50]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins Málið er á þskj. 1003 og er 659. mál þingsins.

Í frumvarpinu er lagt til að Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins verði ekki lengur skylt að starfrækja tryggingardeild útflutningslána og að ríkissjóður skuli ekki bera ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Þó munu ákvæði frumvarpsins, ef það verður að lögum, ekki eiga við um tryggingar eða ábyrgðir sem veittar hafa verið af tryggingardeild útflutningslána í samræmi við II. kafla núgildandi laga um Nýsköpunarsjóðinn.

Tryggingardeild útflutningslána var komið á fót með lögum nr. 60/1970, um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð. Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána skyldi annars vegar vera að tryggja lán er lánastofnanir veittu útflytjendum vöru eða þjónustu til þess að þeir gætu fjármagnað útflutningslán til handa erlendum kaupendum og hins vegar að tryggja kröfu útflytjenda á hendur erlendum kaupendum. Frá árinu 1997 hefur deildin verið rekin sem hluti af starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Fyrri hluta árs 2002 var ákveðið að stofna til samstarfsverkefnis vegna tryggingardeildar útflutningslána til þriggja ára. Þátttakendur í samstarfsverkefninu voru iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, vöruþróunar- og markaðsdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Samningur um samstarfsverkefnið tók gildi hinn 15. apríl 2002 og rennur út 15. apríl 2005. Samkvæmt samningnum var 8 millj. kr. varið árlega til að efla og kynna starfsemi deildarinnar. Var m.a. ráðinn starfsmaður í fullt starf til Nýsköpunarsjóðs til að sinna starfsemi tryggingardeildarinnar.

Þrátt fyrir að haldnir hafi verið margir kynningarfundir um tryggingardeild útflutningslána, deildin kynnt í einstökum fyrirtækjum og athygli vakin á starfseminni í fjölmiðlum hefur ekki verið mikill áhugi meðal útflutningsfyrirtækja á því að nýta sér þjónustuna. Rekstur deildarinnar hefur ekki gengið sem skyldi, hafa tekjur tryggingardeildarinnar verið litlar og afkoma slæm. Þá hafa miklar ábyrgðir fallið á tryggingardeild útflutningslána á undanförnum missirum sem ríkissjóður hefur þurft að greiða.

Fyrir liggur að þeir sem lögðu fram fjármuni til samstarfsverkefnisins eru ekki tilbúnir til að halda því áfram. Því er ekki talið réttlætanlegt að viðhalda rekstri tryggingardeildarinnar og lagt til að starfsemi deildarinnar verði lögð niður og lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins breytt til samræmis. Gert er ráð fyrir að Ríkisábyrgðasjóður taki að sér umsýslu á þeim tryggingum og ábyrgðum sem eru útistandandi.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[13:53]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þó að hér sé kannski ekki um stórt mál að ræða eru alla vega á því nokkrar merkilegar hliðar sem vert er að hugleiða og fara vandlega yfir. Þar sem málið mun koma til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og væntanlega fá þar vandlega umfjöllun munu málin ef til vill skýrast eitthvað betur áður en málið verður endanlega afgreitt á hinu háa Alþingi.

Ætlunin er að leggja niður svokallaða tryggingardeild Nýsköpunarsjóðs sem hefur gengist í ábyrgðir og tryggingar fyrir íslensk fyrirtæki sem hafa verið að flytja út vörur til útlanda og kannski fyrst og fremst til landa þar sem efnahagslegur eða pólitískur stöðugleiki er ekki sem skyldi. Þá hefur verið möguleiki á að kaupa eða tryggja sér einhverja ábyrgð á útflutningi á þeim vörum. Þetta hefur því fyrst og fremst verið og er hugsað sem stuðningur við fyrirtæki sem eru að flytja út vörur. Reyndar er ekkert nýtt undir sólinni í þeim efnum, þ.e. svipuð starfsemi er rekin annars staðar. Við erum því ekki með neitt í höndunum sem er einstakt eða sérislenskt fyrirbæri. Hér er um svipaðan eða sambærilegan ríkisstuðning að ræða, ef svo má að orði komast, og samkeppnisaðilar svipaðra eða sambærilegra fyrirtækja hafa a.m.k. á Norðurlöndum og víðar.

Þess vegna vaknar spurningin: Er ástæða til að leggja niður aðstoðina við fyrirtæki sem eru hugsanlega að vinna nýja markaði þar sem nauðsynlegt er að kaupa sér einhverjar ábyrgðir vegna óstöðugleika á mörkuðunum? Þó að það hafi ekki komið skýrt fram í framsöguræðu hæstv. viðskiptaráðherra held ég að starfsemin hafi verið stunduð meira og minna frá 1970, kannski ekki á sama hátt og undanfarin þrjú ár. Sumir vilja orða það þannig að það hafi verið meira og minna tilviljanakennd pólitísk afskipti af þessum málum fram undir 2002 þar til sá samstarfssamningur var gerður sem hæstv. viðskiptaráðherra vísaði til og fólk hefur fullyrt að eftir það hafi verið tekin upp vönduð og fagleg vinnubrögð og því megi segja að ekki sé komin full reynsla á það hvort þetta geti orðið sú aðstoð sem skipt gæti verulegu máli til lengri tíma litið.

Ég veit að deildin hefur unnið í samstarfi við sambærilega deild í Svíþjóð og sú deild hefur smám saman safnað upp eigin fé. Ég held að sænska deildin hafi starfað frá 1933 og að eigið fé þeirrar deildar sé nú u.þ.b. 3,1 milljarður sænskra kr. Þetta hefur því verið tekjuskapandi fyrir Svíana auk þess að vera stuðningur við útflytjendur. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef hefur reyndar sænska fyrirtækið Ericsson verið helsti viðskiptavinur deildarinnar í Svíþjóð. Það er því ekki hægt að segja að deildin hafi einungis verið að styðja veik eða lítil fyrirtæki, heldur tekið þátt í miklu meiri og stærri uppbyggingu.

Það er því full ástæða fyrir okkur að skoða þetta í þessu ljósi og velta því fyrir okkur hvort við séum með niðurlagningu sjóðsins að skaða samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja til að vinna nýja markaði á sínu sviði. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það en ég held að þetta verði eitt af því

sem verði mjög vandlega skoðað í hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Einnig hefur komið fram að það tap sem vísað er til í fylgiskjali frá fjármálaskrifstofu með því frumvarpi sem við ræðum eigi kannski rót sína að rekja til þess tíma þegar fagleg og vönduð vinnubrögð voru ekki eins og þau eru í dag, þ.e. þegar meira var um pólitísk afskipti og því harður dómur að kveða upp úr um það nú að hægt sé að vísa til þeirra raka og þeirra ástæðna að leggja starfsemina niður. Langstærsta tapið þar, ef ég man þetta rétt, er vegna rússneskra togara sem gera átti upp í Slippstöðinni á Akureyri og víðar á síðasta áratug og að til þess tíma megi rekja það mikla tap sem vísað er til sem er á fjórða hundrað milljónir. Ég held að hið mikla tjón sé frá árinu 1997.

Einnig er vert að nefna að hér er um mörg merk íslensk fyrirtæki að ræða sem hafa leitað eða kunna að leita eftir aðstoð þessarar deildar, t.d. Össur, Flaga, Sæplast o.fl. Ég vil a.m.k. ekki kveða upp úr um það núna án þess að hafa skoðað þetta frekar hvaða afstöðu við höfum til þessa máls. En ég held að það sé alveg ljóst að með frumvarpinu er verið að vega að samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja borið saman við þá aðstöðu sem svipuð eða sambærileg fyrirtæki hafa erlendis.

Samkvæmt upplýsingum mínum, eftir hið nýja skipulag sem stundum er kallað hin faglegu vinnubrögð sem tekin voru upp árið 2002 í kjölfar þess samstarfssamnings sem hæstv. ráðherra vitnaði til áðan, hefur TRÚ, en það er sú skammstöfun sem deildin gengur undir, veitt ábyrgðir vegna vörusölu íslenskra fyrirtækja fyrir um 1,1 milljarð og fullyrt er að það sé ólíklegt að til þeirra samninga hefði verið stofnað ef þessi deild hefði ekki verið til staðar. Því er ljóst að hér er um mikla hagsmuni fyrir íslenskt samfélag að ræða ef hægt er að koma á viðskiptum og viðskiptasamningum jafnvel við svæði þar sem bæði pólitískur og efnahagslegur stöðugleiki er ekki sem skyldi, ef menn eru tilbúnir að láta á það reyna hvort þar sé hægt að vinna markaði. Það er einnig ljóst að ef vel tekst til mun sjóðurinn smám saman byggja upp eigið fé á sama hátt og gerst hefur til að mynda í Svíþjóð, en ég veit að þessi deild hefur átt gott samstarf við Svía og þeir hafa m.a. tekið að sér áhættumat í þeim tilvikum þar sem umsóknir hafa borist í þennan sjóð.

Virðulegi forseti. Þó að ég hafi sagt áðan að ég sé kannski ekki með fullmótaða afstöðu til málsins á þessu stigi þá hallast ég að því að ástæðulaust sé að gefast upp strax þegar fyrir liggur að það er þó þessi árangur af starfinu, þ.e. búið að koma á viðskiptasamningum hjá íslenskum fyrirtækjum fyrir á annan milljarð króna á árunum 2003 og 2004, sem hugsanlega hefðu ella ekki komist á. Það er einnig ljóst að íslensk fyrirtæki kunna að sjá sér hag í því að flytja fyrirtæki sín eða starfsstöðvar til landa sem hafa upp á svona möguleika að bjóða. Ég held að við verðum að gæta þess að fara ekki of hratt í að leggja deildina niður því það er einu sinni svo að það skiptir okkur öllu að tryggja sölu á þeim afurðum sem við flytjum út og að skapa okkur nýja markaði.

Það er skoðun mín og innlegg í þessa umræðu að það verði að skoða niðurlagningu þessarar deildar mjög vandlega. Þó ég hafi ekki skýra afstöðu til málsins eru fyrstu viðbrögð mín þau að miðað við þá reynslu sem komin er af þeim tveimur árum þar sem hin faglegu vinnubrögð hafa ráðið för þá sé a.m.k. einhver sjáanlegur árangur. Ég held að við eigum að fara okkur hægt í að leggja þetta starf niður í einu vetfangi. Vel má vera að finna megi annan flöt á því. Vel má vera að færa megi þessa deild frá Nýsköpunarsjóði og að hægt sé að vinna þessa vinnu í hlutastarfi annars staðar, en ég held að ekki sé ástæða til að rjúka upp til handa og fóta af ekki meira tilefni en hér liggur fyrir.

[14:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég get tekið undir það með síðasta ræðumanni að ég held að ekki þurfi að viðhafa neinn asa hér. Það er ekki hundrað í hættunni þó að menn taki sér tíma til að skoða þessi mál og fara yfir þau. Sé svo að það sé að draga úr þörfinni fyrir þessa þjónustu þá er varla hundrað í hættunni þó að þeim þörfum, sem þó eru til staðar enn og lýsa sér í allnokkrum umsóknum á ári hverju, sé þó sinnt á meðan menn skoða það vandlega hvort viðbrögðin við núverandi aðstæðum eigi að vera þau að slá þetta einfaldlega af án þess að nokkuð komi í staðinn.

Ég hefði reyndar fyrr átt von á því að efnisinnihald frumvarps frá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem kæmi fyrir þetta þing yrði annað, að efnisinnihald þess yrði um fjármuni til Nýsköpunarsjóðs til að sinna sínu almenna hlutverki. En það bólar ekkert á því að hæstv. iðnaðarráðherra ætli á nokkurn hátt að koma til móts við þá stöðu sem nú er orðin uppi í Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins, þessu helsta flaggskipi sem átti að vera hvað varðar fjármagn til uppbyggingar í nýjum atvinnugreinum eða nýjum fyrirtækjum þar sem ástæða væri til að opinberir aðilar stæðu á bak við eða tryggðu að til staðar væri eitthvert laust fé til uppbyggingar og hlutafjárkaupa í nýsköpun í atvinnulífinu og þá meira en eitthvert tannfé til rannsókna og stofnunar fyrirtækja, þ.e. í sumum tilvikum um allumtalsverðar fjárhæðir sem gætu runnið sem hlutafjárþátttaka í uppbyggingu fyrirtækja.

Staðan er sú eins og kunnugt er að Nýsköpunarsjóður er fullfjárfestur og hann gerir ekki betur en að halda sjó um þessar mundir og hefur ekkert til ráðstöfunar í ný verkefni nema þá það takmarkaða fé sem í einhverjum tilvikum skapast með því að hann selji eign sína í fyrirtækjum sem hann hefur áður fjárfest í. Það er hins vegar í fæstum tilvikum tímabært og niðurstaðan er auðvitað sú að Nýsköpunarsjóður er í raun og veru bundinn og óvirkur þátttakandi á markaðnum um þessar mundir.

Við höfum lagt fram frumvarp, frú forseti, um það að Nýsköpunarsjóður fái 1 milljarð kr. á ári næstu þrjú árin til að hann geti sinnt hlutverki sínu af einhverjum myndugleik. Það er tilfinnanlegur skortur á fé á þessum hluta nýsköpunarmarkaðarins ef svo má að orði komast — fagmennirnir kalla það „fjárfestingargat“ — og það er í raun og veru þeim mun tilfinnanlegra sem það blasir við hverjum manni að orka og áhugi innlendra fjárfesta beinist öll að útlöndum um þessar mundir af ýmsum ástæðum. Það virðist fyrir það fyrsta vera mikil tískubylgja en svo er auðvitað augljóst mál að hátt gengi krónunnar ýtir undir það að menn kaupi frekar fyrirtæki í útlöndum en á Íslandi. Það má segja að

þau séu á sama útsöluverðinu sem þetta gengi býr til eins og bara bílar eru ódýrir í innflutningi o.s.frv. Þetta kann auðvitað að breytast einhvern tímann á næstu missirum ef gengi krónunnar breytist en svona er staðan í dag og ekkert í svipinn sem bendir til að á því sé að verða breyting.

Nei, það er ekki slíkt frumvarp sem kemur frá hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra og byggðamálaráðherra heldur frumvarp um að leggja niður tryggingardeild útflutningslána sem starfrækt hefur verið, var komið þarna fyrir eða fylgdi með í gössinu inn í Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Sambærileg starfsemi er víða starfrækt á einhverju formi í löndunum í kringum okkur. Ég hef svo sem litlar forsendur til að fullyrða það en mér er þó nær að halda að það sé frekar regla en undantekning að einhvers konar fyrirkomulag í formi útflutningslánasjóða, einhvers konar „export credit" sjóða eða tryggingardeilda sé við lýði, þ.e. menn geti með einhverjum hætti leitað sér að slíkri aðstoð eða slíkri fyrirgreiðslu þegar þeir glíma við aðstæður af því tagi að á þetta reynir, að á þetta er kallað. Það er þá væntanlega vegna þess að þeir eru að reyna fyrir sér í viðskiptum á mörkuðum þar sem þörf er fyrir þetta eða að eðli starfseminnar eða sú grein sem þeir eru starfandi í er þannig að á þetta reynir. Þetta er að sjálfsögðu mismunandi eftir greinum og mörkuðum o.s.frv. Svo mikið er víst t.d. að á það hefur reynt og það hefur sannarlega háð íslenskum skipaiðnaði í tilraunum til útflutnings sem merkilegt nokk eru aðeins til staðar. Það hefur verið mjög erfitt að tryggja fjármögnun slíks væntanlegs útflutnings á smíðatíma og tryggja yfirfærsluna yfir í það að kaupandinn taki við skipinu, skrái það erlendis ef um smíði á skipi er að ræða, fái á það skipaskrárnúmer sem yfirleitt er forsenda þess síðan að veð sé tækt í viðkomandi skipi. Sem sagt, skrokkur sem er í smíðum og safnar á sig miklum kostnaði, hefur ekki fengið skipaskrárnúmer og er ekki kominn á skrá, eins og sagt er, er þar af leiðandi ekki tækur sem veð. Þannig hafa reglurnar verið. Hvernig leysa menn þetta erlendis? Jú, menn leysa það t.d. með einhvers konar útflutningskreditsjóðum eða tryggingarsjóðum.

Ég held að fara eigi mjög vel yfir það í viðkomandi þingnefnd hvort það séu réttu viðbrögðin af hálfu hv. Alþingis sem hæstv. ráðherra leggur hér til að slá einfaldlega þessa starfsemi af. Þó að orðið hafi áföll í starfrækslu deildarinnar á undanförnum árum eru það auðvitað engin rök í sjálfu sér heldur er það eitthvað sem menn þurfa að taka á og reyna að ráða bót á með vandaðri vinnubrögðum. Auðvitað er það svo, eðli málsins samkvæmt, að menn verða að reikna með því að í sumum tilfellum geti orðið einhver afföll. Ef engin minnsta hætta væri á því væri væntanlega engin þörf fyrir starfsemi af þessu tagi. Það er vegna þess að menn eru að glíma við ... (Gripið fram í.) Já, menn eru að glíma við aðstæður þar sem slíkt getur auðvitað hent. Sú röksemdafærsla er því frekar fátækleg, finnst mér, að segja einfaldlega: „Því er ekki talið réttlætanlegt að viðhalda rekstri tryggingardeildarinnar." Þrátt fyrir að menn hafi ætlað sér að endurskipuleggja starfsemina fyrir ekki lengri tíma en tveimur eða þremur árum síðan og undirrita samninga þar um og hvaðeina og greining á þessari stöðu fyrir akkúrat jafnlöngum tíma leiddi til þess að menn töldu að þörf væri fyrir áframhaldandi starfsemi tryggingardeildar útflutningslána eða einhvers sambærilegs fyrirkomulags.

Hvernig gat það verið að svo seint sem á árinu 2001 og 2002 væri það niðurstaða af því að skoða málið að þörf væri fyrir þetta áfram og að styrkja þyrfti þessa starfsemi? En nú er allt í einu eins og blaðið hafi snúist algerlega við og það á bara a slá hana af af því að menn hafa lent í einhverjum erfiðleikum þarna.

Hver yrði t.d. þörfin eða hvernig mundu menn nýta sér þetta ef reglunum yrði breytt, ef skoðað yrði að fara að einhverju leyti aðrar leiðir í þessum efnum? Kæmi þá kannski allt í einu í ljós að það gæti blómstrað ýmis starfsemi sem á erfitt uppdráttar í dag af því að fyrirgreiðsla af þessu tagi er ekki fyrir hendi? Ég held að þetta sé upplagt verkefni fyrir hv. þingnefnd að fara rækilega í gegnum því það getur ekki verið neitt sérstakt sem kallar á flýtimeðferð þessa máls.

[14:14]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ýmsar upplýsingar hafa komið fram í máli hv. þingmanna en mig langar að bæta örfáum atriðum við.

Hæstv. viðskiptaráðherra sagði í framsögu sinni að lítill áhugi væri á sjóðnum þrátt fyrir mikla kynningu og jafnframt að miklar ábyrgðir hefðu fallið á sjóðinn á síðustu árum. Eins og fram kom í máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar er nýlega búið að endurskipuleggja sjóðinn og hann hefur í raun aðeins starfað í tvö og hálft ár eftir nýju skipulagi. Þetta nýja skipulag felur m.a. í sér að allar umsóknir sem til sjóðsins berast eru áhættumetnar af sænskum sambærilegum lánasjóði og gilda fullkomlega sömu reglur um íslensku umsóknirnar eins og væru þær sænskar. Þær ábyrgðir sem fallið hafa á sjóðinn, tvær stórar, eru báðar frá því fyrir þessi breyttu vinnubrögð hjá sjóðnum. Þær umsóknir hefðu væntanlega ekki fengið fyrirgreiðslu hefðu þær gengið undir sambærilegt áhættumat og nú er viðhaft. Það er jafnframt mat annars staðar í Evrópu, og þess ber að geta að sambærilegir sjóðir eru alls staðar reknir í kringum okkur, í viðmiðunarlöndum okkar. Það er líka búið að koma upp sambærilegum sjóðum í austantjaldslöndunum þannig að það er skýrt vitni um að slíkir sjóðir, slík fyrirgreiðsla við atvinnulífið, eru taldir nauðsynlegir. Í nágrannalöndum okkar er talið að 6–7 ár þurfi til að vinna slíkum sjóðum markað og kynningu. Mér sýnist því rangt mat hjá hæstv. viðskiptaráðherra að það dragi úr þörfinni eða áhuganum á sjóðnum. Eins og allir vita er langt ferli að kynna nýja vöru og vinna henni markað en eitt af því sem íslensk fyrirtæki hafa verið að gera undanfarið er að kynna þennan sjóð og möguleikann sem hann felur í sér fyrir hugsanlegum viðskiptavinum erlendis.

Þess má geta að m.a. Marel hefur nýtt sér þessa þjónustu, og ekki til viðskipta við þróunarlönd eða lönd sem teldust hugsanlega vafasöm, heldur á Bandaríkjamarkaði. Það er mjög líklegt að ef þessi fyrirgreiðsla verður lögð af á Íslandi flytji fyrirtæki, t.d. eins og Marel sem hefur dótturfyrirtæki erlendis þar sem þessi þjónusta er fyrir hendi, þjónustu sína þangað. Þar með sjáum við hvernig við stöndum hér í atvinnumálum á Íslandi.

Meðal fyrirtækja sem nýta sér þessa þjónustu eða hafa hugsað sér að nýta hana eru 3X-Stál á Ísafirði, Marel, Össur

og fleiri fyrirtæki sem við viljum gjarnan hrósa okkur af. Ég tel það mikið feilspor sem hæstv. ráðherra stígur með þessu frumvarpi. Ég tel reyndar mjög líklegt að umsagnir komi úr atvinnulífinu sem staðfesti þá skoðun okkar sem höfum talið að hér sé verið að stíga rangt spor.

[14:19]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og þann áhuga sem hv. þingmenn sýna þessari starfsemi og reyndar skil ég mjög vel að svo sé. Ég get alveg upplýst hér að það var ekki fyrr en að mjög yfirveguðu ráði sem ég tók þá ákvörðun að leggja fram þetta frumvarp. Í raun sé ég svolítið eftir þessum möguleika og þeirri starfsemi sem boðið er upp á með þessum lögum, ekki þessu frumvarpi heldur lögunum eins og þau eru í dag.

Það er hins vegar þannig, eins og hv. þingmenn þekkja, að það er búið að gera þarna ákveðna tilraun. Eftirspurnin hefur ekki verið mikil, ég held að það sé óhætt að segja það. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa hér aðeins upp úr greinargerðinni. Þar stendur:

„Þannig bárust tryggingardeildinni sex formlegar umsóknir á árinu 2002, þar af var ein dregin til baka og fimm samþykktar. Á árinu 2003 bárust tryggingardeild útflutningslána níu umsóknir, tvær þeirra voru dregnar til baka, fjórum var hafnað og þrjár samþykktar. Á árinu 2004 bárust tryggingardeildinni fjórar umsóknir og voru þrjár þeirra samþykktar. Á árinu 2002 var ein ábyrgð gefin út, sex ábyrgðir voru gefnar út á árinu 2003 og þrjár á árinu 2004. Varð allnokkurt tap af fjárfestingarverkefnum deildarinnar á árunum 2000, 2001 og 2002 en smávægilegur hagnaður á árinu 2003. Tekjur tryggingardeildarinnar af þessum verkefnum hafa því verið litlar sem engar og ekki staðið undir starfsemi deildarinnar."

Þetta er sannleikurinn sem við stöndum frammi fyrir um þessa starfsemi og samstarfsaðilar okkar frá árinu 2002 hafa metið málið þannig að ekki sé ástæða til að halda áfram með starfsemina og eru ekki tilbúnir að leggja fjármagn í það, enda hafa þeir lagt fjármagn í tryggingarsjóð útflutningsgreina á móti ríkinu eins og hér hefur komið fram.

Þess vegna er þetta mál fram komið. Að sjálfsögðu verður fjallað um það í nefnd en niðurstaða ráðuneytisins varð sú að það væri ekki um annað að ræða en bara að hætta þessu. Það mál var að sjálfsögðu rætt í ríkisstjórn. Fleiri ráðuneyti koma að þessu, m.a. utanríkisráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti, og þetta var sem sagt sameiginleg niðurstaða.

[14:22]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má kannski segja sem svo að hæstv. viðskiptaráðherra hafi ekki bætt miklu við í röksemdapúkkið í þessari seinni ræðu sinni. Þó dró hæstv. ráðherra það fram að tekjur deildarinnar hefðu ekki verið miklar undanfarið, árin 2003 og 2004 væntanlega einhver hagnaður þó, tap 2002 og einhver ár þar á undan.

Ég eiginlega nálgast þetta mál frekar út frá því að hér sé um að ræða einhvers konar aðstoð við útflutningsfyrirtæki til þess að vinna sér nýja markaði, jafnvel að fara inn á markaði þar sem pólitískur eða efnahagslegur stöðugleiki er ekki mikill en það sé þó a.m.k. vel þess virði að reyna að sækja fram á nýjum mörkuðum. Þess vegna er þetta fyrst og fremst hagnaður samfélagsins en ekki þessarar tilteknu tryggingardeildar.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið ábyrgðist deildin útflutning upp á 1,1 milljarð kr. samanlagt á árunum 2003 og 2004, þ.e. útflutningsverðmæti upp á 1,1 milljarð kr. Það eru feikilegir hagsmunir. Það er einnig sagt að þessir samningar hefðu sennilega ekki komist á ef ekki hefði verið fyrir tilstilli þessarar deildar. Þess vegna vil ég a.m.k. setja það inn í þessa umræðu að við horfum ekki á tekjur tryggingardeildarinnar, heldur fyrst og fremst hagsmuni samfélagsins. Það er það sem við verðum að skoða mjög vandlega og ekki kannski síst þá í því ljósi að vinnubrögð hafi ekki verið sem skyldi fram undir árið 2003. Við þurfum þá að gefa þessu einhvern tíma.

Ég gat ekki heyrt betur en að hæstv. viðskiptaráðherra hefði í þessu máli einhverja eftirsjá, a.m.k. skynjaði ég það í ræðu hennar og gat ekki skýrt hana öðruvísi en svo. (Forseti hringir.) Ég vildi því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) hvort þessi 1,1 milljarður 2003 og 2004 skipti ekki verulegu máli, virðulegi forseti.

[14:24]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu held ég því ekki fram að þetta hafi ekki skipt neinu máli. Það sem ég er að segja er það að umfangið er mjög lítið og áhugi a.m.k. ekki mikill í þjóðfélaginu fyrir því að þessi starfsemi sé rekin áfram. Það er ástæða þess að frumvarpið er lagt fram. Það er lagt fram núna vegna þess að það samkomulag sem tekið var upp 2002 er að renna út og það verður að grípa til einhverra ráðstafana. Við höfum margrætt þetta og farið mjög gaumgæfilega yfir málið og niðurstaðan varð einfaldlega þessi.

Ég endurtek að ég batt miklar vonir við þessa starfsemi þegar hún var tekin upp með nýjum formerkjum árið 2002 í samstarfi við mikilvæga aðila í samfélaginu. Ég hef mikinn áhuga á atvinnulífinu almennt og taldi að þetta væri ein leið til að styrkja það. En auðvitað verðum við líka að horfa á það að við lifum á breyttum tímum og að gríðarlega miklir möguleikar eru í lánamálum sem ekki voru áður. Kannski er bara liðinn sá tími sem það er virkileg þörf fyrir svona starfsemi. Ég er þó þeirrar skoðunar að hún sé enn þá viðhöfð hjá nágrannaþjóðum okkar, annars staðar á Norðurlöndunum, og kannski gengur hún betur þar vegna stærðarmunar og stærðar þeirra samfélaga.

[14:26]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má kannski til sanns vegar færa þegar verið er að tala um lítið umfang að umsóknir sem ekki ná tveggja stafa tölu séu ekki margar. En það verður líka að líta til þess að eftir því sem ég best veit er ekki nema um einn starfsmann að ræða og að þetta séu framlög fjögurra samstarfsaðila upp á tvær millj. kr. á ári hvers. Þessi eini starfsmaður, starfsemi hans og tilvist sjóðsins virðist

hafa tryggt útflutningsverðmæti upp á 1,1 milljarð á þessum tveimur árum, 2003 og 2004. Mér finnst það bara vera veruleg réttlæting fyrir því að viðhalda svona starfsemi ef sá er árangur undanfarinna tveggja ára, þ.e. frá því að faglegri vinnubrögð voru tekin upp. Mér finnast rök hæstv. ráðherra ekki mikil. Ég er sannfærður um að við færum létt með það að finna einhver störf hjá ríkinu sem mætti skera af sem skiluðu ekki jafnmiklum eða sambærilegum árangri, og ekki einu sinni í líkingu við það sem þetta skilar.

Ég er smám saman, virðulegi forseti, að komast frekar á það að við eigum að gefa þessari starfsemi meiri tíma. Að minnsta kosti vantar miklu betri rök frá hæstv. ráðherra til að sannfæra þann sem hér stendur.

Hvað síðan varðar aðra möguleika, þ.e. á lánastarfsemi og lánafyrirgreiðslu, er hér um allt öðruvísi fyrirbæri að ræða. Hér erum við að tala um rekstur á tryggingardeild vegna útflutnings til svæða sem kannski skortir pólitíska og efnahagslegan stöðugleika til að skapa nýja markaði. Ég tel að við þurfum að skoða þetta mál mjög vandlega og kalla fyrir efnahags- og viðskiptanefnd forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem hafa nýtt þessa deild (Forseti hringir.) og fara mjög vandlega yfir það með þeim hvort þeir telji ástæðu til að leggja hana niður.

[14:28]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef setið í salnum og hlustað á þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þær en eftir að hafa heyrt hæstv. ráðherra fara hér með svör við þeim spurningum sem upp voru bornar í umræðunum get ég eiginlega ekki annað. Ég las þetta frumvarp til laga um tryggingardeild útflutningslána og velti fyrir mér hver væri raunveruleg ástæða fyrir því að verið væri að leggja til að þessi sjóður yrði lagður niður. Ég taldi að við mundum fá að heyra það mjög skýrt frá ráðherra hér við umræðuna. Ég gat ekki lesið meginástæðuna út úr frumvarpinu en ég get ekki heldur séð að ráðherra hafi svarað þeim spurningum sem hér voru bornar upp.

Hæstv. ráðherra segist hafa gert þetta að mjög yfirveguðu ráði, sér eftir þessu, það sé búið að gera tilraun en eftirspurnin hafi ekki verið mikil. Ég hafði skilið það af lestri greinargerðar með frumvarpinu að meginástæðan fyrir því að verið væri að hætta þessu væri e.t.v. að talsvert mikið tap hefði orðið og að reksturinn undanfarin ár hefði ekki staðið undir rekstrarkostnaði.

Þá hlýtur maður að velta fyrir sér: Er ekki kostur í stöðunni að reyna að efla þetta starf frekar en að leggja það niður? Ef önnur Norðurlönd telja sig þurfa að hafa svona sjóði til að styðja við sinn útflutning, hvernig stendur á því að Íslendingar þurfa það ekki líka? Maður veltir fyrir sér hver ástæðan sé fyrir því að eftirspurnin sé þá ekki meiri en svo, á sama tíma og hér er mikil sprotastarfsemi í gangi og mörg fyrirtæki að hefja starf og útflutning. Getur það verið vegna þess að fyrirtækjunum hafi ekki verið nægilega vel tekið eða þau ekki talið sig eiga þarna innkomu vegna þess að kynningin hafi ekki verið nægilega mikil á þessu starfi?

Mér finnst hæstv. ráðherra skulda þingheimi svör við þessum spurningum: Hver er meginástæðan fyrir því að leggja sjóðinn niður? Er hún sú að eftirspurnin sé lítil eða að tapið á sjóðnum sé mikið?

[14:30]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eftirspurnin er lítil, það er tap og samstarfsaðilar okkar vilja hætta. Samtök iðnaðarins bera hag umbjóðenda sinna mjög fyrir brjósti, ég hef ekki orðið vör við annað, þannig að þetta eru meginástæður þess að við leggjum fram frumvarpið og teljum að mjög lítil þörf sé fyrir starfsemina. Hún getur verið einhver en hún sé það lítil að ekki sé ástæða til að halda henni áfram.

[14:31]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftirspurnin var lítil, starfsemin kostar peninga, það var tap á henni og þess vegna hættum við. Maður hugsar nokkur ár aftur í tímann og veltir fyrir sér vinnunni við að reyna að fá stóriðjufyrirtæki til Íslands. Þeim störfum sem í því voru, þeim kostnaði sem því fylgdi, hve eftirspurnin var lítil og hve tapið var mikið á þeirri starfsemi meðan ekkert gerðist. Er ekki möguleiki fyrir okkur að læra einmitt svolítið af því, að það gæti þurft þolgæði, það gæti þurft þolinmæði í slíku starfi vegna þess að það þurfi ekki að gerast svo ýkja stórir eða miklir hlutir til að slíkur rekstur fari að bera sig og til að slíkur rekstur fari að skila verulega miklum samfélagslegum ávinningi.

Mér finnst hæstv. ráðherra gefast allt of snemma upp. Ef kostnaðurinn við að reka þetta innan Nýsköpunarsjóðs eru örfáar milljónir á ári og hægt er að tryggja faglegt starf og faglegt mat á þeim sem sækja þar um og reyna að stýra áhættu eins og best þekkist í dag get ég ekki skilið ástæðu þess að leggja tryggingardeild útflutningslána af og þá aðstoð sem nýjum fyrirtækjum eða eldri fyrirtækjum á markaði stendur til boða. Kostnaðurinn við þetta hleypur ekki á stórum tölum og það þarf, eins og ég sagði áður, ekki mikið að gerast í útflutningi til nýrra markaða eða til nýrra viðskiptavina, sem geta svo staðið í mörg ár þar á eftir, til að greiða þann kostnað. Ég neita að trúa því að eina leiðin sé að leggja þetta niður vegna þess að tímabundið gangi þetta ekki nægjanlega vel.

Megintapið, eins og fram kemur í greinargerðinni, átti sér stað áður en farið var að beita nútímalegum faglegum áhættustýringarreglum við að samþykkja ábyrgðir. Eftir að byrjað var á því horfa menn ekki fram á mikið tap á þessu. Ég hefði því talið að það væri allt í lagi fyrir ríkissjóð að bera ákveðna ábyrgð áfram og styðja við fyrirtæki í útflutningi því það er full þörf á því að gera það en ekki bara við stóriðju.

[14:33]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er gjarnan þannig með stjórnarandstöðuna að það er ríkissjóður þetta og ríkissjóður hitt og ríkissjóður allt. En mér fannst hv. þingmaður nokkuð djarfur þegar hann fór að tala um það tímabil þegar kratar fóru með stóriðjumál á Íslandi og ekkert gekk. (Gripið fram í.) Ég er alveg tilbúin til að taka þá umræðu en það vill hins

vegar svo vel til að Framsóknarflokkurinn kom í iðnaðarráðuneytið og þá fóru hlutirnir að ganga miklu betur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög og heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 649. mál (EES-reglur, blóðbanki, lyfjaeftirlitsgjald o.fl.). — Þskj. 981.

[14:34]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum einnig.

Þær breytingar sem frumvarp þetta felur í sér eru tvíþættar: Í fyrsta lagi er um að ræða nokkrar breytingar á ákvæðum núgildandi lyfjalaga sem unnar hafa verið í nánu samstarfi við Lyfjastofnun vegna innleiðingar Evróputilskipana á sviði lyfjamála. Ekki þótti fært að bíða þeirrar heildarendurskoðunar sem nú fer fram á lyfjalögunum þar sem gert er ráð fyrir að hún taki um tvö ár.

Í frumvarpinu er lagt til að Lyfjastofnun verði falið það hlutverk að hafa eftirlit með starfsemi blóðbanka hvað varðar meðferð, geymslu og meðhöndlun blóðs og blóðafurða en landlæknir fari jafnframt með eftirlit með starfseminni samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Samhliða þessu er lagt til að það verði orðað sérstaklega í lögum um heilbrigðisþjónustu að Landspítali – háskólasjúkrahús starfræki blóðbanka sem hafi með höndum blóðbankaþjónustu á landsvísu. Lagt er til að ráðherra verði veitt heimild til nánari útfærslu þessara ákvæða í reglugerð.

Þá er lögð til ný skilgreining á lyfjahugtakinu og bætt við ákvæði um gildistíma, endurnýjun og niðurfellingu markaðsleyfa. Úrræði Lyfjastofnunar vegna markaðsleyfa eru skýrar orðuð, þ.e. að Lyfjastofnun geti ekki bara afturkallað markaðsleyfi heldur einnig ógilt það, fellt það niður tímabundið eða breytt því. Einnig er lagt til að Lyfjastofnun geti heimilað tímabundna dreifingu lyfs án markaðsleyfis t.d. til varnar vegna sýkla eða eiturefna.

Samkvæmt frumvarpinu mun nú sú skylda hvíla á aðila sem flytur inn samhliða innflutt lyf að tilkynna markaðsleyfishafa lyfsins og Lyfjastofnun um fyrirhugaðan innflutning. Áskilið er að Lyfjastofnun veiti leyfi til samhliða innflutnings lyfsins en gefi ekki út eiginlegt markaðsleyfi eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Lagt er til að þetta verði einnig útfært í reglugerðum samhliða innflutningi lyfja.

Einnig er í frumvarpinu lögð til sú breyting á álagningu lyfjaeftirlitsgjalda að gjaldið miðist við heildarsölu lyfja hér á landi en taki ekki til sölu erlendis. Breytingin er gerð til að koma til móts við sjónarmið innlendra lyfjaframleiðenda þess efnis að gjaldtaka þessi sé orðin úr hófi vegna mikillar starfsemi þessara aðila erlendis. Einnig er lagt til að Lyfjastofnun verði heimilt að taka gjald fyrir útgáfu vottorða fyrir lyfjafyrirtæki og vegna sérfræðilegrar ráðgjafar sem er umfram leiðbeiningarskyldu stofnunarinnar samkvæmt stjórnsýslulögum. Með þessu er að hluta til komið til móts við það tekjutap sem breytingarnar fela í sér fyrir Lyfjastofnun.

Breytingarnar eru afrakstur vinnu starfshóps sem falið var að fara yfir álagningu lyfjaeftirlitsgjalda. Auk starfsmanna heilbrigðisráðuneytisins voru í starfshópnum fulltrúi Lyfjastofnunar, fjármálaráðuneytisins og fulltrúi Samtaka iðnaðarins. Loks er lagt til að skilgreint verði nánar hvað átt sé við með framleiðslu lyfja og að ákvæði laganna um áminningu verði skýrara.

Hæstv. forseti. Í ræðu minni hef ég farið yfir helstu efnisþætti frumvarps til laga um breytingu á lyfjalögum og lögum um heilbrigðisþjónustu. Þær breytingar sem frumvarpið felur í sér eru annars vegar nauðsynlegar breytingar vegna innleiðingar Evróputilskipana á sviði lyfjamála og hins vegar breytingar er lúta að álagningu lyfjaeftirlitsgjalda.

Hæstv. forseti. Ég tel mikilvægt að frumvarp þetta nái fram að ganga á þessu þingi og leyfi mér því að leggja til að því verði vísað til hv. heilbrigðis- og trygginganefndar og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 362. mál (sóknardagar, meðafli, áframeldi o.fl.). — Þskj. 415, nál. 989, brtt. 990.

[14:38]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um frumvarp hæstv. sjávarútvegsráðherra um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða sem kemur í eðlilegu framhaldi af því að búið er að leggja sóknardagakerfið af og sameina það krókaaflamarkskerfinu. Hér er aðallega um lagfæringar í lagatexta að ræða í kjölfar framangreindra breytinga.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilhjálm Egilsson frá sjávarútvegsráðuneytinu, Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Byggðastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssambandi fiskeldisstöðva.

Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem felast einkum í lagfæringum á lagatexta vegna niðurlagningar sóknardagakerfisins. Jafnframt er lagt til að ákvæði um heimild skipstjóra, samanber bráðabirgðaákvæði XXIX í lögunum, til að ákveða að hluti af afla fiskiskips teljist ekki til aflamarks þess verði færð til almenns ákvæðis í lögunum og þar með gert ótímabundið. Loks er lagt til að heimild sem ráðherra hefur til að úthluta aflaheimildum til tilrauna með áframeldi á þorski sem að óbreyttu rennur út á þessu fiskveiðiári verði framlengd til fiskveiðiársins 2009/2010.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að veiðileyfi séu gefin út til eins árs í senn eins og verið hefur. Í

áfangaskýrslu nefndar, sem skipuð var af sjávarútvegsráðherra til að fjalla um starfsumhverfi sjávarútvegsins, sem var gefin út í febrúar sl. er hins vegar lagt til að veiðileyfi verði almennt ótímabundin og hefur sjávarútvegsráðherra jafnframt lýst yfir stuðningi við slíka breytingu. Þá hafa hagsmunaaðilar í umsögnum um frumvarpið mælt með því að útgefin veiðileyfi samkvæmt lögunum verði ótímabundin. Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til að 1. gr. frumvarpsins verði breytt í þá veru enda verður ekki annað séð en breytingin leiði til hagræðingar og einföldunar bæði hjá veiðileyfishöfum og í stjórnsýslunni. Samkvæmt tillögu nefndarinnar falla ótímabundin veiðileyfi niður hafi fiskiskipi ekki verið haldið til fiskveiða í atvinnuskyni í tólf mánuði eða þegar fiskiskip er tekið af skrá hjá Siglingastofnun Íslands eða eigendur eða útgerðir þess fullnægja ekki skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í a-lið 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að 1. mgr. 11. gr. laganna falli brott. Í öðrum málslið þeirrar málsgreinar er mælt fyrir um að farist skip hafi útgerð þess tólf mánaða svigrúm til að flytja aflaheimildir sem skráðar voru á skipið á nýtt skip. Telur nefndin rétt að ákvæði þessa efnis verði áfram í lögunum og leggur hún til breytingu þess efnis.

Loks leggur nefndin til að fyrsti gjalddagi veiðigjalds verði 1. október í stað 15. september eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Að öðru leyti er nefndin fylgjandi efni frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Hv. þingmenn Jóhann Ársælsson og Jón Gunnarsson skrifa undir álitið með fyrirvara. Hv. þingmenn Kristján L. Möller og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álitið skrifa hv. þingmenn Guðjón Hjörleifsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðmundur Hallvarðsson, Magnús Stefánsson og Birkir J. Jónsson.

Breytingartillögurnar eru svohljóðandi:

1. Í stað síðari efnismálsliðar 1. gr. komi þrír nýir málsliðir sem orðist svo: Á sama fiskveiðiári getur skip aðeins haft eina gerð veiðileyfis. Veiðileyfi í atvinnuskyni fellur niður hafi fiskiskipi ekki verið haldið til fiskveiða í atvinnuskyni í tólf mánuði. Þá fellur veiðileyfi niður ef fiskiskip er tekið af skrá hjá Siglingastofnun Íslands og ef eigendur eða útgerðir þeirra fullnægja ekki skilyrðum 2. málsl. 5. gr.

2. Við 7. gr.

a. A-liður orðist svo: 1. mgr. orðast svo:

Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki þess við úthlutun í upphafi næsta fiskveiðiárs eða veiðitímabils þar á eftir, enda hafi aflahlutdeild þess ekki verið flutt til annars fiskiskips.

b. B-liður falli brott.

3. Í stað orðanna „15. september“ í 9. gr. komi: 1. október.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði málinu vísað til 3. umr.

[14:42]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Hv. formaður sjávarútvegsnefndar fór yfir nefndarálit nefndarinnar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 38 frá 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Eins og fram kom í máli hv. framsögumanns erum við fulltrúar Samfylkingarinnar á nefndarálitinu með fyrirvara og ætla ég að gera grein fyrir því í hverju þeir fyrirvarar felast.

Það er rétt sem fram kemur í nefndarálitinu að hér er að mestu leyti verið að breyta þremur atriðum. Í fyrsta lagi eru breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem felast einkum í lagfæringum á lagatexta vegna niðurlagningar á sóknardagakerfinu. Í öðru lagi er lagt til ákvæði um heimild skipstjóra samanber bráðabirgðaákvæði í lögum til að ákveða að hluti af afla fiskiskips teljist ekki til aflamarks og í þriðja lagi er lagt til að heimild sem ráðherra hefur til að úthluta aflaheimild til tilrauna með áframeldi á þorski renni ekki út núna eins og hún á að gera, heldur verði hún framlengd til fiskveiðiársins 2009–2010.

Um þetta er enginn ágreiningur í nefndinni, en við bentum á það á nefndarfundum og við umfjöllun málsins að rétt væri að taka fleiri atriði í lögunum til skoðunar fyrst verið væri á annað borð að taka þau upp og fara í hreingerningar eins og fram kom í máli hv. framsögumanns og einnig í greinargerð með frumvarpinu að hér væri að mestu leyti um hreingerningu á lögunum að ræða.

Það vill þannig til að búið er að breyta lögunum um stjórn fiskveiða ansi oft frá því að þau voru sett. Ég tók saman hvaða breytingar væri búið að gera á lögunum frá 1992 og þá kemur í ljós að sú breyting sem hér er verið að leggja til er breyting nr. 34. Það er því búið að breyta lögunum 34 sinnum á 13 árum um stjórn fiskveiða. Talsmenn kvótakerfisins hafa komið hver á fætur öðrum og sagt að það sem mestu máli skipti í greininni sé stöðugleikinn og þeir séu sífellt að tryggja stöðugleika, en þegar málið er skoðað betur kemur í ljós að oftar en tvisvar að meðaltali á hverju ári frá því að lögin voru sett hefur þeim verið breytt. Þannig er búið að vera að klastra í kerfið alveg frá upphafi, leyfi ég mér að segja, og aldrei tekið á þeim vanda sem við blasir í kerfinu. Verið er að gera við götin á kerfinu með eins litlum bótum og hægt er og ég held að menn þurfi að taka sér tak einhvern tíma á næstunni fyrst þeir eru ekki tilbúnir til að gera það núna og fara í stærri hreingerningar á lögunum en verið er að gera nú.

Við nefndum nokkur atriði í sjávarútvegsnefnd sem við vildum láta skoða betur og fengum lítinn tíma til að ræða þau eða skoða. Það var alveg ljóst að meiri hluti nefndarinnar hafði ekki mikinn áhuga á að sökkva sér niður í önnur atriði en akkúrat þessi fáu atriði sem komu fram í frumvarpi frá ráðherra.

Ég sakna þess reyndar stundum í þingnefndum að þær leyfi sér að taka meira frumkvæði en þær gera yfirleitt. Þegar verið er að opna fyrir breytingu á ákveðnum lögum ættu menn að leyfa sér að skoða með opnum huga hvort ástæða sé til að breyta einhverjum öðrum atriðum en akkúrat þeim sem ráðherrann leggur til. Oft geta menn lært af reynslunni og eiga þá að gera það og breyta ákvæðum í

lögum sem auðsjáanlega hafa ekki gengið upp eða skilað tilgangi sínum.

Eitt sem við óskuðum eftir að yrði skoðað þegar verið væri að hreingera þessi lög eða breyta þeim var spurningin um hvort rétt væri núna að skoða möguleikann á því að breyta fiskveiðiárinu þannig að það væri ekki frá 1. september til 31. ágúst, heldur yrði fiskveiðiárið það sama og almanaksárið. Hugmyndin á bak við það var að stór fyrirtæki í rekstri gera upp, flest hver, öll jafnvel, miðað við almanaksárið og því væri í raun uppgjör þessara fyrirtækja mun hreinna ef kvótaárið væri það sama og almanaksárið. Flestir reyndu að vera búnir að nýta kvóta sinn þá í lok kvótaársins og það væri þá ekki verið að meta stöðu aflaheimilda eins og þær standa um áramót inn í bækur þessara félaga, heldur væru það raunverulegar tekjur vegna heimildanna. Hvort sem þær hefðu verið leigðar frá fyrirtækinu eða fyrirtækið fiskað þessar heimildir sjálft væri það komið í ljós og menn gætu fært það í uppgjör fyrirtækisins.

Við fengum þau svör í sjávarútvegsráðuneytinu að þetta hefði einhvern tíma verið skoðað. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Hugmynd kom fram um þetta fyrir tveimur til þremur árum síðan, að miða við almanaksár. Henni var þá hafnað."

Síðan segir:

„Ef gera ætti slíkar breytingar þyrfti að fara í gegnum ítarlega úttekt og taka tillit til ýmissa flókinna álitamála, auk þess sem breyta þyrfti mörgum greinum laganna."

Það kemur okkur náttúrlega ekkert á óvart að ef menn ætluðu að breyta þessu þyrfti að breyta mörgum greinum laganna en ekkert í þessu svari frá embættismönnum ráðuneytisins geymir í sér nein rök fyrir því að ekki væri rétt að skoða þetta og sjá hvert við kæmumst með því.

Við vildum einnig skoða framkvæmd ákvæðis um línuívilnun í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur. Í dag er ekki um línuívilnun að ræða nema línan sé beitt í landi og að bátur komi í sömu höfn og hann tók línuna innan 24 tíma frá því að róður hófst. Þetta ákvæði um sömu höfn er eitthvað sem virðist vera mjög stíft túlkunaratriði af hálfu yfirvalda því að jafnvel þó að bátur komi í aðra höfn í sama sveitarfélagi gildir það ekki. Nú hafa sveitarfélög verið sameinuð í stórum stíl og það eru kannski margar hafnir innan sama sveitarfélags í einu hafnasamlagi eða undir einni hafnarstjórn. Bátur sem fer út á Reyðarfirði og kemur í land á Eskifirði nýtur þá ekki línuívilnunar miðað við hörðustu túlkun þessa ákvæðis. Sama með bát sem fer á sjó og tekur línuna í Grindavík og leggur út af Garðskaga, ef veður versnar og hann vill komast í land í Sandgerði gerist það ekki nema hann sé tilbúinn til þess að missa þá línuívilnun sem hann annars fengi.

Það var skoðun okkar í minni hlutanum að þetta væru allt of þröngar túlkanir. Við vildum að menn skoðuðu það að skýra lagatextann þannig að það væri nægjanlegt að stunda dagróðra, það væri nægjanlegt að koma í höfn innan 24 tíma frá því að lagt var úr annarri höfn Við vildum líka skoða betur en gert hefur verið þann möguleika að þeir bátar sem beita með svokallaðri beitningatrekt um borð og stokka línuna upp í landi mundu njóta þessarar línuívilnunar líka. Öllum er orðið ljóst sem skoða framkvæmd þessa ákvæðis, hvort sem menn voru með línuívilnun á sínum tíma eða ekki, að það er algjör mismunun að aðeins þeir bátar sem stinga beitunni á krókinn í landi fái að nýta línuívilnunina.

Það var ekki tími til að skoða þetta af neinu viti og ekki náðist í gegnum meiri hlutann að skoða slíkar breytingar á lögunum.

Eitt sem nefnt var og við vildum skoða aðeins betur var hvort rétt væri að leyfa gildruveiðar í krókaaflamarki. Litlu krókabátarnir í þessu krókaaflamarki mega einungis veiða á línu og færi. Það er áhugi hjá sumum þeirra að skoða möguleikann á gildruveiðum, sem eru afskaplega vistvænar veiðar og hafa lítinn kostnað oft og tíðum í för með sér. Reynslan erlendis frá sýnir það en reglurnar eru þannig að þeir verða að gjöra svo vel að taka sinn fisk á krók, þeir mega ekki taka hann í gildru, og við vildum skoða það að breyta því þannig að þeim sem vildu prófa gildruveiðar gæfist færi á að gera það. Við eigum að ýta undir ný veiðarfæri sem hafa sýnt sig annars staðar vera vistvæn og í góðu lagi en ekki að vera með svo forstokkað kerfi að nýjungar séu nánast bannaðar.

Eitt sem menn vildu ræða líka í minni hlutanum og gekk lítið að fá meiri hlutann til að ræða við okkur um var að skoða möguleikann á því að þrengja hvar mætti taka fisk sem tekinn er í kvíaeldi og þá með hvaða veiðarfærum. Ekki reyndist áhugi fyrir því.

Samstaða var í nefndinni um Hafró-aflann svokallaða, 0,5% í uppsjávarfiski og 5% í öðrum fiski, að það séu þau mörk sem við viljum sjá. Einnig voru menn sammála um að gera þetta ákvæði varanlegt í lögunum en ekki hafa það sem bráðabirgðaákvæði eins og áður hefur verið. Með fiskeldiskvótann það sama, að framlengja heimildina til að úthluta kvóta til kvíaeldis til fiskveiðiársins 2009–2010, um það var enginn ágreiningur.

Að endingu kemur fram í umsögn Hafrannsóknastofnunar að þar sem framlengja eigi fiskeldiskvóta og vegna orðalags í lögum varðandi þann kvóta telji þeir sig þurfa að ráða sérfræðing í hálft eða heilt starf til að fylgja eftir þeim lagatexta sem þar er og sinna þeirri rannsóknarskyldu sem á þá er lögð. Þeir telja og benda á að það verði af þessu aukinn kostnaður þannig að það stangast á við umsögn fjármálaráðuneytisins sem segir að verði þetta frumvarp að lögum fylgi því enginn kostnaður.

Herra forseti. Ég hef farið aðeins yfir þá fyrirvara sem við þingmenn Samfylkingarinnar í sjávarútvegsnefnd höfum við afgreiðslu þessa máls og ástæðuna fyrir því að við erum með fyrirvara á nefndarálitinu. Skoðun okkar er sú að þegar menn standa í tiltektum sé nauðsynlegt af og til að fara í stórhreingerningu og að ekki sé nægjanlegt alltaf að moppa bara í kringum hluti og þá staði sem mest eru áberandi, heldur þurfi menn að taka almennilega til endrum og eins. Ég held að það að við séum búin að breyta þessum lögum um stjórn fiskveiða 34 sinnum frá árinu 1992 — í skattalögum gætu verið til svipuð dæmi um svona miklar breytingar á lögum á eins skömmum tíma — en í lögum sem heil atvinnugrein starfar eftir, eins og sjávarútvegurinn, er í raun algjört öfugmæli að tala um stöðugleika í greininni á sama tíma og lögum er breytt eins oft og raun ber vitni.

Það er vilji okkar í minni hluta sjávarútvegsnefndar að gefa okkur góðan tíma til að fara yfir lögin um stjórn fisk-

veiða, velta því fyrir okkur í alvöru hvort ekki sé hægt að gera þau manneskjulegri, sanngjarnari og réttlátari en þau eru í dag og taka kannski meira mið af reynslu manna við rekstur í þessari grein en okkur finnst lögin gera í dag. Til þess þurfa þá meirihlutamenn í nefndinni að vera tilbúnir líka og vonum við að þeir vitkist.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 387. mál (gildistími laganna). — Þskj. 481, nál. 991 og 1009.

[14:55]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um frumvarp um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem miðar að því að lög um hann skuli lögð af frá 1. október nk. samanber breytingartillögu sjávarútvegsnefndar. Er það stytting á gildistíma laganna en þau áttu að gilda til 31. desember 2009.

Því ber einnig að fagna að eignum sjóðsins skuli ráðstafað til verkefna sjávarútvegsins. Andvirði þeirra átti í upphafi að verja til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar en sjávarútvegsnefnd samþykkti að taka út textann „á vegum Hafrannsóknastofnunar" og taldi eðlilegt að stjórn verkefnasjóðs hefði ákvörðunarvald með ráðstöfun á andvirði Þróunarsjóðs.

Á Alþingi og í sjávarútvegnefnd hefur mikið verið rætt um hafrannsóknir og hve mikilvægt sé að hafa fjármagn til enn frekari rannsókna. Því er ráðstöfun eigna sjóðsins mjög mikilvæg fyrir frekari rannsóknir en reikna má með að eigið fé sjóðsins verði í kringum 500 millj. Sú upphæð getur þó breyst eitthvað þar sem ekki er komið lokauppgjör hjá sjóðnum.

Sjávarútvegsnefnd fékk til sín fulltrúa sjávarútvegsráðuneytisins, Arndísi Steinþórsdóttur, þar sem hún gerði okkur grein fyrir eignum sjóðsins miðað við síðasta uppgjör og ég ætla aðeins að gera grein fyrir þeim upplýsingum sem þar komu fram. Það eru 800 millj. í sjóði, útlán eru 1.400 millj., þar af 900 millj. óverðtryggð lán með 6% vöxtum og 500 millj. dollara- og/eða evrulán með 1% álag á Libor. Sjóðurinn á sex fasteignir og þær eru metnar á 130 millj. Skuldir sjóðsins eru um 1.700–1.800 millj.

Hafrannsóknir eru grunnurinn að því að byggja upp þekkingu um hafið og lífríki þess, sérstaklega til þess að geta metið hvernig hagkvæmast er og skynsamlegast að nýta auðlindir hafsins. Það er mikilvægt að fá viðbótarfjármagn í rannsóknarstarfsemina. Hlutverk Þróunarsjóðsins var að veita styrki til úreldingar fiskiskipa sem og að kaupa eignir sem nýttar voru til fiskvinnslu og framleiðslufyrirtæki sem þeim fylgdu en sjóðurinn hefur starfað í rúm 10 ár. Sjóðurinn hafði einnig heimild til þess að vinna með lánastofnunum við fjárhagslega og rekstrarlega endurskipulagningu sjávarútvegsfyrirtækja, enda um samræmdar aðgerðir að ræða. Síðan var sjóðnum falið að fjármagna að stórum hluta kaup á nýju rannsóknarskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina.

Fjármögnun á starfsemi Þróunarsjóðs byggðist á gjöldum sem lögð voru á eigendur fiskiskipa og um tíma eigendur fiskvinnsluhúsa. Þær 500 millj. sem komu úr Þróunarsjóðnum til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins munu nýtast til enn frekari hafrannsókna og vonandi skila sér til þeirra er buðu upp á þennan sjóð með greiðslu gjalda í hann.

Ég ætla að kynna nefndarálitið og breytingartillögur frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar: Þetta er nefndarálit um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 152 27. desember 1996, um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Vilhjálm Egilsson frá sjávarútvegsráðuneytinu, Friðrik Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Byggðastofnun, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Landssambandi fiskeldisstöðva og Hafrannsóknastofnuninni.

Með frumvarpinu er lagt til að gildistími laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins verði styttur þannig að lögin falli úr gildi 1. júlí á þessu ári. Er frumvarpið lagt fram í kjölfar þess að skylda til greiðslu í sjóðinn var felld niður samhliða upptöku veiðigjalds, sbr. lög nr. 51/2004. Gerir frumvarpið ráð fyrir að eignir sjóðsins umfram skuldir renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra verði varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Meiri hluti nefndarinnar er fylgjandi efni frumvarpsins en telur þó ástæðulaust að áskilja í lögunum að andvirði sjóðsins skuli varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar heldur verði jafnframt heimilt að ráðstafa því til hafrannsókna á vegum annarra aðila í samræmi við almennar reglur um ráðstöfun fjármuna úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Þá leggur meiri hlutinn til að lögin falli úr gildi 1. október 2005 í stað 1. júlí til að tryggt sé að nægilegur tími gefist til að ljúka uppgjöri sjóðsins.

Í samræmi við framangreint leggur meiri hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Efnismálsliðir 1. gr. orðist svo: Lögin gilda til 1. október 2005. Skulu eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsókna.

Undir álitið rita Guðjón Hjörleifsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðmundur Hallvarðsson, Magnús Stefánsson og Birkir J. Jónsson.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði málinu vísað til 3. umr.

[15:00]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta sjávarútvegsnefndar. Ekki náðist samkomulag í nefndinni um að skila einu nefndaráliti í þessu máli og strandaði þar á einu atriði. Verð ég að lýsa furðu minni á að á því atriði skyldi stranda miðað við þá forsögu sem það mál hefur í sölum Alþingis. Ég fer betur yfir það á eftir en sný mér að

nefndarálitinu.

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir að gildistími laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins verði styttur þannig að lögin falli úr gildi 1. júlí nk. Frumvarpið er angi af þeim breytingum sem gerðar hafa verið samhliða upptöku veiðigjalds og tilfærslu gjalda í því sambandi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að eignir sjóðsins umfram skuldir renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og að andvirði þeirra verði varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar.

Á 125. löggjafarþingi, 1999–2000, samþykkti Alþingi með 49 samhljóða atkvæðum tillögu til þingsályktunar (þskj. 1186) sem flutt var af sjávarútvegsnefnd um varðveislu báta og skipa. Með þingsályktuninni var ríkisstjórninni falið að undirbúa tillögur um hvernig staðið skyldi að varðveislu gamalla skipa og báta og móta í því sambandi reglur um fjármögnun sem Þróunarsjóður sjávarútvegsins tæki m.a. þátt í. Í ljósi þess hve Alþingi hefur með skýrum hætti látið í ljós vilja sinn til að ráðstafa a.m.k. hluta af fjármunum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til þessara verkefna telur minni hlutinn einsýnt að Alþingi hrindi þeim vilja sínum í framkvæmd við afgreiðslu þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar. Er það í raun ámælisvert hvernig ríkisstjórnin hefur með aðgerðaleysi sínu frá því að framangreind þingsályktunartillaga var samþykkt kosið að virða vilja Alþingis að vettugi í þessu máli. Er framlagning þessa frumvarps nú enn fremur staðfesting á því að aldrei hefur staðið til af hálfu ríkisstjórnarinnar og sjávarútvegsráðherra að virða vilja Alþingis í málinu. Hvað sem því líður liggur nú beint við að Alþingi árétti og staðfesti vilja sinn með skýrum og skuldbindandi hætti. Gerir minni hlutinn það því að tillögu sinni að hluti eigna Þróunarsjóðsins renni til varðveislu gamalla báta og skipa.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins hafði m.a. það hlutverk að úrelda gömul fiskiskip og er alveg óhætt að fullyrða að hann hafi þannig flýtt fyrir förgun margra gamalla skipa sem ella hefði verið talin ástæða til að vernda. Reglur um úreldingarframlag úr Þróunarsjóði gerðu skýrar kröfur um að bátum sem fengu úreldingargreiðslur skyldi fargað á þann hátt að ekki væri hægt að draga þá á flot að nýju. Bátarnir voru því annaðhvort bútaðir niður eða þeir brenndir. Er því vel við hæfi að hluti fjármuna sjóðsins verði nú notaðir til varðveislu gamalla báta og skipa. Minni hlutinn gerir þó eftir sem áður ráð fyrir að meginhluti andvirðis eigna sjóðsins renni til hafrannsókna enda eru mörg brýn verkefni á því sviði sem bíða úrlausnar. Í því sambandi er minni hlutinn sammála því áliti meiri hluta nefndarinnar að ástæðulaust sé að áskilja í lögunum að andvirði sjóðsins skuli varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar heldur verði jafnframt heimilt að ráðstafa því til hafrannsókna á vegum annarra aðila í samræmi við almennar reglur um ráðstöfun fjármuna úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Þá er minni hlutinn samþykkur breytingartillögu meiri hlutans um að lögin falli úr gildi 1. október 2005 í stað 1. júlí til að tryggt sé að nægilegur tími gefist til að ljúka uppgjöri sjóðsins.

Ekki liggur fyrir á þessari stundu hversu miklir fjármunir munu standa eftir þegar sjóðurinn verður gerður upp, en í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið kom fram að áætlað markaðsvirði eigna Þróunarsjóðs sé um 300–400 millj. kr. Nú er hins vegar talið að markaðsvirðið gæti orðið nokkru hærra eða allt að 500–600 millj. kr. vegna ýmissa ytri skilyrða sem hafa breyst frá því að ráðuneytið lagði mat á virði sjóðsins og því gerir minni hlutinn það að tillögu sinni að kveðið verði á um að 400 millj. kr. af virði Þróunarsjóðsins renni til hafrannsókna en það sem eftir standi við endanlegt uppgjör renni í ríkissjóð og Alþingi og fjárlaganefnd þingsins verði falið við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2006 að gera tillögur um úthlutun þessara fjármuna til verkefna sem tengjast varðveislu gamalla báta og skipa. Í samræmi við framangreint leggur minni hlutinn til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Efnismálsliðir 1. gr. orðist svo: Lögin gilda til 1. október 2005. Skulu 400 millj. kr. af eignum sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsókna. Andvirði eigna sjóðsins sem eru umfram 400 millj. kr. skal renna í ríkissjóð og því ráðstafað til varðveislu gamalla báta og skipa.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Jón Gunnarsson og Jóhann Ársælsson.

Hv. þm. Kristján L. Möller var fjarstaddur þegar málið var tekið út úr nefndinni en er samþykkur efni þessa álits.

Herra forseti. Til viðbótar við álitið eins og það liggur fyrir langar mig aðeins að fara yfir hvernig það getur gerst að Alþingi Íslendinga ályktí um einhvern ákveðinn hlut — sú ályktun er borin upp af þingnefnd, sjávarútvegsnefnd í þessu tilviki, og samþykkt mótatkvæðalaust á Alþingi með 49 greiddum atkvæðum — en að slík ályktun komist ekki til framkvæmda, að ráðherra hunsi í raun vilja Alþingis. Þegar hæstv. sjávarútvegsráðherra leggur fram frumvarp um að leggja niður Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sem þingsályktunin gerði ráð fyrir að nýttur yrði að hluta til að varðveita gömul skip og báta, hunsar hæstv. ráðherra algjörlega þann skýra vilja Alþingis að þessi sjóður eigi að taka þátt í því verkefni.

Í sjávarútvegsnefnd á 125. þingi áttu sæti talsvert margir hv. þingmenn sem nú sitja á Alþingi. Ég skoðaði það, virðulegi forseti, hvernig atkvæðagreiðslan um þingsályktunartillöguna fór fram og mig langar í stuttu máli að gera aðeins grein fyrir því.

Eins og ég sagði áðan sögðu 49 hv. þingmenn já. 15 þeirra eru hættir á Alþingi. Kosningar hafa síðan farið fram og menn hafa hætt af eigin hvötum. Eftir eru 34 hv. þingmenn sem sögðu já við þingsályktunartillögu um að Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í að fjármagna varðveislu báta og skipa og sitja enn á Alþingi.

Á þessari stundu ætla ég ekki að lesa upp nöfn þeirra hv. þingmanna sem samþykktu þessa þingsályktun. Þeir vita sjálfir hverjir það eru og hverjir ekki, en enginn greiddi atkvæði á móti tillögunni. Vilji Alþingis var því algjörlega skýr. Það var óumdeildur vilji Alþingis að hluti af fjármunum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins færi í það verkefni að varðveita gamla báta og gömul skip.

Það er ekkert undarlegt í ljósi þess að þróunarsjóðurinn tók á sínum tíma þátt í að úrelda og eyðileggja 459 skip á árunum 1994–1997. Þessir bátar voru afskráðir fyrir atbeina þróunarsjóðsins. Samtals voru þessi skip 7.800 brúttótonn

eða um 7% af þáverandi fiskiskipaflota landsins. Hvarflar það að nokkrum manni að menn hafi farið að úrelda nýjustu skipin? Nei, það voru gamlir fiskibátar, að mestu leyti vertíðarbátar og aðrir slíkir, sem farið var í að úrelda og bátar sem annars hefðu örugglega komið upp hugmyndir um að varðveita til að sýna nýjum kynslóðum hvernig þessir bátar voru fyrr á tímum. Sem betur fer og fyrir framsýni margra hist og her um landið eru enn þá til bátar sem full ástæða er til að varðveita. Við getum nefnt Sigurfara á Akranesi. Við getum nefnt bátana sem standa uppi í Síldarminjasafninu á Siglufirði og fleiri slík skip.

Það rignir inn beiðnum til fjárlaganefndar Alþingis um styrki til þess að gera upp gamla báta sem mönnum er umhugað um að glatist ekki og týnist ekki. Fjárlaganefnd hefur haft afskaplega litla fjármuni til að veita með beinum hætti í það að varðveita þessa báta. En Alþingi var búið að taka afstöðu. Alþingi sagði: Við skulum gera átak í því að varðveita þessa báta og þessi skip, og Alþingi benti á hvar fjármunirnir voru. Það hefði nú verið betra að hæstv. sjávarútvegsráðherra væri hér til að útlista fyrir okkur alþingismönnum hvernig á því stendur að framkvæmdarvaldið hunsar vilja Alþingis með þeim hætti sem hér er augljóslega gert. Vegna þess að það getur ekki verið nein önnur skýring á því að leggja fram frumvarp um að leggja niður Þróunarsjóð og að andvirðið renni í allt annað en að varðveita báta og skip en sú að hæstv. sjávarútvegsráðherra ætli sér að hunsa með öllu vilja Alþingis.

Ég heiti á þessa 34 þingmenn, af þeim eru sjö núverandi hæstv. ráðherrar, að þegar að því kemur að greiða atkvæði um breytingartillögu minni hluta sjávarútvegsnefndar í sölum Alþingis, standi þeir við það sem þeir greiddu atkvæði um þegar lögð var fram þingsályktunartillaga á 125. löggjafarþingi með mjög skýrum texta sem segir nákvæmlega hvað það er sem menn samþykktu þar. Það getur enginn borið því við að hann hafi ekki áttað sig á hvað hann var að samþykkja. Þetta er algjörlega skýrt. Að þeir sömu hv. þingmenn greiði nú atkvæði með sama hætti og tryggi að hluti af fjármunum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins renni til þessa verkefnis sem Alþingi er með skýrum hætti búið að lýsa vilja sínum til.

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem hér til að taka undir álit minni hluta sjávarútvegsnefndar. Ég hafði ekki áttað mig á því að þetta mál væri eins vaxið og raun ber vitni og hér kemur fram og hefur verið gerð vel grein fyrir, að ekkert hefur verið gert með þann vilja Alþingis sem samþykktur var samhljóða á 125. löggjafarþingi, að menn reyndu að bæta fyrir syndir sínar sem orðnar voru. Í raun og veru hafði átt sér stað skelfilegt menningarsögulegt slys í þeim efnum að menn höfðu sökum einhverrar sjúklegrar tortryggni í garð fiskiskipa sem fengu að vera til áfram, jafnvel uppi á þurru landi, komið því inn í hausinn á sér að það væri nauðsynlegt til áframhaldandi þróunar eða til að festa enn betur í sessi kvótakerfi við stjórn fiskveiða að farga skipum sem ekki væru með veiðiheimildir. Svo mikið var offorsið í þessum efnum að gullfalleg og menningarlega verðmæt skip voru brennd á báli, söguð í sundur eða fargað með einhverjum hætti. Þetta jaðraði við að vera hálfgerðar bókabrennur í nútímanum sem þarna fóru fram, auðvitað í tómu tilgangsleysi því að sjálfsögðu var hægt að ganga tryggilega frá því með ýmsum öðrum hætti að viðkomandi skip, sem hefðu verið úrelt sem fiskiskip, mættu vera til áfram og til annarra nota og gengið rækilega frá því, t.d. með svipuðum hætti og þegar fasteignir uppi á landi hafa verið úreldar, sláturhús eða fiskvinnslustöðvar, að þinglýst sé á þeim kvöðum að þau megi þá ekki sinna þeim verkefnum áfram.

Slík var tortryggnin í þessu tilviki hvað varðaði fiskiskipin að svona var að málum staðið um langt árabil. Afleiðingin var sú að við töpuðum í stórum stíl stórmerkilegum hluta af sjávarútvegs- og atvinnusögu okkar, máttum þó síst við því vegna þess að staðreyndin er sú að Íslendingar hafa staðið sig illa í því að varðveita skip frá fyrri tíð. Frændur okkar Færeyingar eiga t.d. tvær ef ekki þrjár siglingafærar skútur frá skútuöldinni. Hér tekst varla að verja það skemmdum sem er uppi á þurru landi þar sem er Sigurfari.

Við höfum t.d. ekki borið gæfu til þess að varðveita í upprunalegri mynd sinni nýsköpunartogara eða einhvern af stóru síðutogurunumsem ollu byltingu í atvinnusögu þjóðarinnar og svo mætti áfram telja. Sárgrætilegast er þó að sjá að tréskipin hafa farið þessa leið í stórum stíl, báta og minni trébáta sem hafa að geyma bæði svæðisbundna menningarlega áherslu hvað varðar bátalag og annað því um líkt og bera vitni um handbragð og iðnað sem var á sinni tíð í fjölmörgum byggðum landsins.

Sem betur fer má segja einstöku hetjusögur af því að menn hafa með útsjónarsemi og dugnaði og ýmsum ráðum bjargað heilmiklu. Það má t.d. nefna það afrek sem hvalaskoðunarfyrirtækið Norðursigling á Húsavík hefur unnið með því að bjarga einum fjórum, fimm fallegum eikarbátum, sem ella hefðu sjálfsagt allir tapast, og gera úr því arðsama atvinnugrein í leiðinni þannig að það verður ekki á betra kosið.

Einstöku menn, m.a. sá sem hér talar, eru ekki alveg saklausir af því að hafa hjálpað til í þeim efnum. Við völdum þá leið að bjarga merkilegum bátum með því að selja þá til útlanda, a.m.k. á pappírnum. Þannig var ágætur plankabyggður eikarbátur á ónefndum stað á landsbyggðinni skyndilega skráður sem Dúna II í Málmey og sigldi undir því nafni og ber það sennilega enn, einfaldlega vegna þess að það var eina leiðin til að bjarga skipinu undan söginni eða bálinu en mega áfram nota það og hafa það á sjó og sýna því sóma.

Ef maður héldi enn lengra áfram, virðulegi forseti, sem ég veit að væri gaman af því að við höfum nógan tíma þær hræður sem eftir erum við þingstörf á þessum síðasta degi fyrir páska, þá mætti náttúrlega tengja þetta við þann sorgaratburð þegar bátasafn Þjóðminjasafnsins brann. Það er því ekki aldeilis þannig að þessi saga hjá okkur Íslendingum hafi verið áfallalaus. Hún er satt best að segja alveg hörmuleg á köflum þegar allt er lagt saman. Við höfum orðið fyrir stóráföllum af því tagi að Þjóðminjasafnið missti stóran hluta af verðmætu safni sínu á þessu sviði. Þar fóru náttúrlega róðrabátar og enn smærri skip kannski en við erum aðallega að tala um hér og eldri, þannig að það eru stór skörð í þá sögu. Þess þá heldur að reyna að halda utan um

það sem eftir er og það er stórkostlega ámælisvert að menn skuli standa frammi fyrir því einum fimm árum síðar að bókstaflega ekkert sé gert með afdráttarlausa samþykkt Alþingis í þessum efnum.

Ég fer fram á það, virðulegur forseti, að áður en umræðunni ljúki verði hæstv. sjávarútvegsráðherra inntur eftir því eða svari til um það, hafi hann ekki gert það við 1. umr. málsins sem ég veit ekki hvort var, hvort það sé virkilega ætlunin að hafa algerlega að engu vilja Alþingis.

Þá finnst mér líka að það eigi að bera þannig að að hæstv. sjávarútvegsráðherra leggi fyrir Alþingi tillögu um að breyta fyrri afstöðu sinni en ekki að fara þessa aumingjalegu fjallabaksleið að gera ekkert og koma svo allt í einu og leggja til að öllum fjármunum verði ráðstafað þannig að þetta sé búið og gert og ekki um neitt að fást í þeim efnum.

Eins og hér kom ágætlega fram í máli ræðumanns á undan mér, hv. þm. Jóns Gunnarssonar, er fiskveiðistjórnarkerfið og sjávarútvegsbatteríið svo sekt í málinu að mér finnst að menn ættu að sjá sóma sinn í að reyna að bæta ráð sitt þó í litlu sé og sýna einhver merki iðrunar og að menn hafi séð að sér og séð hversu óskynsamlegt eða a.m.k. óheppilegt þetta var.

Allir eru náttúrlega sammála um að það er engin einasta ástæða fyrir þessu lengur, enda kerfið sem slíkt ekki við lýði og engum dettur í hug í dag að amast við því þó að skip séu á skrá án þess að þau hafi fiskveiðileyfi eða veiðiheimildir. Sem betur fer er búið að endurskoða þá hluti alla og nú breytir það ekki neinu heldur eru veiðiréttindin sjálfstæð í þessu tilviki og geta eins og kunnugt er færst á milli skipa og þau má kaupa á skip ef þau á annað borð eru haffær. Allar úreldingarreglur og öll sú della sem mætti margt um segja er því fyrir bí og farið hefur fé betra.

Ein enn hörmungarvitleysan sem menn gerðu í kerfinu var þegar menn stóðu í þessu úreldingarstímabraki um árabil, bjuggu til viðbótarverðmæti eða viðbótarþröskuld í formi þess að rúmmetrar í skipum voru söluvara. Síðan var kerfið allt í einu afnumið eiginlega án nokkurrar aðlögunar þannig að útgerðir sem höfðu lent í skipakaupum árin eða mánuðina þar á undan urðu fyrir stórfelldu fjárhagstjóni og töpuðu fyrir dómstólum málum þar sem þær voru að reyna að leita réttar síns í þeim efnum að þau fengju einhverja lágmarksaðlögun. Ég þekki mætavel slík mál bæði í Vestmannaeyjum og á Þórshöfn þar sem útgerðir höfðu keypt stór skip og úreldingin ein eða rúmmetrarnir einir í skipunum, til viðbótar verðmætinu sem í tækinu voru fólgin og veiðiheimildum, skiptu hundruðum milljóna. Það var einfaldlega þannig að í stórum þúsund brúttórúmlesta skipum eða þaðan af stærri var úreldingin svokallaða ein og sér heilmikið verðmæti.

Öll þessi steypa er nú þannig, herra forseti, að ég held að flestir ættu að vera því fegnastir að þurfa ekki að vera að rifja hana upp, en reyna þá að gera gott úr hlutunum eftir því sem kostur er og liður í því fyndist mér vera að menn stæðu myndarlegar að málum en hér er lagt til.

Ef hæstv. sjávarútvegsráðherra getur ekki verið við umræðuna áður en henni lýkur óska ég a.m.k. eindregið eftir því að 3. umr. fari ekki fram fyrr en að viðstöddum sjávarútvegsráðherra. Að vísu yrði þá búið að reyna á lyktir þeirrar breytingartillögu sem hér er flutt, sem mér finnst full hógvær ef eitthvað er, ég hefði helst viljað taka meira af peningunum í varanlegan sjóð til að styðja við bakið á góðum málefnum af þessu tagi. Ég held að það hafi ekki bara menningar- og sjávarútvegssögulegt gildi heldur hefur það sýnt sig að slíkt getur verið undirstaða hinnar bestu atvinnustarfsemi. Það er einfaldlega þannig að gömul skip eru vinsæl í ferðaþjónustu til hvalaskoðunar, veitingarekstrar á sjó o.s.frv. Þjóðirnar í kringum okkur eru að bjarga og varðveita stóran hlut af gamla skipakosti sínum af þessu tagi einmitt með því að nýta hann sem tæki í nýjum atvinnugreinum. Á Óslófirðinum skipta t.d. gamlir bátar, skútur og seglskip tugum sem eru í blómlegum rekstri í ferðaþjónustu þar og eins og t.d. dæmið sem ég nefndi frá Húsavík er ekkert því til fyrirstöðu að slíkt geti gerst hér. Það gæti verið hvati og hjálpað til í þeim efnum ef menn gætu sótt styrki í einhvern sjóð til að komast af stað við að bjarga gömlum skipum.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill upplýsa að hæstv. sjávarútvegsráðherra er ekki í húsinu en forseti mun koma þeim skilaboðum áleiðis að hv. 5. þm. Norðaust. vilji eiga við hann orðastað í 3. umr.)

[15:23]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þátt í umræðunni. Þetta var töluvert rætt í sjávarútvegsnefnd þegar málið kom þangað í upphafi og það er alveg rétt að árið 2000 var málinu vísað til ríkisstjórnarinnar að peningar færu í uppbyggingu gamalla skipa.

Við höfum tekist mikið á um hafrannsóknir og fjárvöntun í rannsóknir hér í þingsölum. Ég tel eðlilegt að við notum alla þá peninga sem við fáum úr þróunarsjóði í þær rannsóknir. Ég vil líta á þetta sem sjálfstætt mál, sem þarf að fara fyrir ríkisstjórn eða fjárlaganefnd, að menn sæki um pening í að stofna slíka sjóði en ég held að það veiti ekkert af fjármununum til hafrannsókna. Ég veit ekki hvað það eru búnar að vera margar utandagskrárumræður einmitt um rannsóknir og vöntun á fé til rannsókna. Mér fannst því eðlilegra að taka þetta með þeim hætti að þessu yrði öllu varið til rannsókna og svo væri hitt sjálfstætt mál sem ríkisstjórnin mundi fjalla áfram um.

[15:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við erum sammála um að mikil þörf er fyrir fjármagn í hafrannsóknir og árlegar umræður hér um það mál og í orði kveðnu mikil samstaða, en þegar á hólminn er komið er naumt skammtað í fjárlögunum eins og kunnugt er og á köflum hafa menn varla getað haldið úti skipakostinum sem tiltækur er til þeirra rannsókna.

Vandinn er sá í þessu tilviki að Alþingi er búið að móta stefnu. Þó að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson geti vel haft þá skoðun að betra sé að reyna að vinna því máli brautargengi með öðrum hætti, þ.e. að sækja á fjárlög eftir fjármunum í varðveislu skipa, þá var þessi stefna mótuð. Það er uppeldislegt atriði að láta stjórnvöld ekki komast upp með að hafa vilja Alþingis algerlega að engu eins og hér hefur bersýnilega verið gert samfellt í ein fimm ár. Mér finnst að menn

eigi að taka upp þykkjuna fyrir hönd Alþingis í slíkum tilvikum og í öllu falli sleppa ekki hendinni af fjármununum, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, fyrr en menn væru búnir að sýna lit í þeim efnum eða vilja í verki að setja fjárveitingar t.d. á næstu fjárlögum í hitt verkefnið.

Mér fyndist ekkert að því að áfram væru atvinnuvegatengsl við málaflokkinn. Það færi vel á því t.d. að ákveðnum árlegum fjármunum væri ráðstafað úr sjóði til að styrkja slík verkefni þannig að menn sýndu í því efni hug sinn til málsins úr atvinnugreininni líka.

Ég held að ráðlegast væri að fresta afgreiðslu málsins eða depónera sjóðnum, skulum við segja, og láta á það reyna við afgreiðslu fjárlaga næsta haust hvort eitthvað yrði gert sem manndómsbragur væri að í þessum efnum. Og ef mönnum sýndist svo að þeim málum væri vel fyrir komið að láta þetta þá renna sína leið til hafrannsókna.

Svo er auðvitað á það að að líta að hér er um að ræða ráðstöfun fjármuna í eitt skipti. Hafrannsóknir eru jú árlegt viðfangsefni þannig að þegar frá líður munar engin ósköp um þessa fjármuni (Forseti hringir.) í þá miklu púllíu.

[15:27]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér skilst að árið 2000 hafi menn rætt um það í þingsölum hvort sjávarútvegsráðherra eða menntamálaráðherra ætti að sjá um málið, varðveislu gamalla skipa. Þetta er náttúrlega líka menningarmál.

Það er alveg rétt að það eru ekki miklir fjármunir á ári hverju sem verið er að veita í endurbyggingu gamalla skipa, þetta eru 20 millj. á ári sem er mjög lítið. Ég held að þegar við ræðum um stórar tölur eins og með kútter Sigurfara, það kostar um 70–80 millj. að gera hann upp, þá verður þetta bara að vera sjálfstætt mál og sjálfstætt verkefni sem yrði kannski að dreifa á þrjú, fjögur ár.

Hv. þm. Jón Gunnarsson sagði að 49 aðilar á hinu háa Alþingi hafi samþykkt að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar. Af þeim eru 34 eftir á þingi og það þarf ekki nema 32 til að mynda meiri hluta þannig að það á kannski eftir að reyna á þetta við atkvæðagreiðslu við 3. umr. og ég reikna með að umræðan verði tekin þá.

[15:28]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson):

Hæstv. forseti. Eftir andsvar hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar sá ég mig neyddan til að koma aftur upp og fara aðeins betur yfir málið, því ég verð að segja að ég er svolítið undrandi á því að hv. þingmaður vísi því til ráðherra hvort hann eigi að fara eftir því sem Alþingi hefur samþykkt eða ekki og telur eðlilegt að við á Alþingi beygjum okkur undir það ef ráðherra vill hunsa vilja Alþingis og gera eitthvað annað en samþykkt hefur verið. Þá eigum við bara að beygja okkur undir bununa eins og sagt er.

Ég vil byrja á að taka undir kröfu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að hæstv. sjávarútvegsráðherra taki þátt í umræðunni áður en yfir lýkur og held að nægjanlegt væri að hann gerði það við 3. umr. og færi aðeins yfir af hverju hann hefur ekki aðhafst neitt í sambandi við þá þingsályktunartillögu sem hér var samþykkt.

Ég ætla aðeins að fara yfir feril málsins. Fyrst var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og flutningsmenn voru hv. þingmenn Guðjón A. Kristjánsson, Jóhann Ársælsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Steinar Jóhannsson og Hjálmar Árnason. Ljóst er að það var nokkurn veginn þverpólitískur stuðningur við að breyta lögum um þróunarsjóð þannig að honum beri að gera það sem segir í 1. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal veita byggðasöfnum og sjóminjasöfnum styrki til varðveislu skipa. Fjárhæð styrks skal nema 50.000 kr. á hverja rúmlest skips sem tekið er til varðveislu eftir 1. janúar 1990."

Þarna er sem sagt lagt fram frumvarp til laga á Alþingi. Það fer til 1. umr. og er afgreitt til hv. sjávarútvegsnefndar eins og venjan er með svona frumvörp. Sjávarútvegsnefnd fer yfir málið og ræðir það á fundum sínum. Út úr því kemur einhverra hluta vegna að frumvarpinu sem slíku er ekki hleypt hér til 2. umr., heldur verður sátt um það í sjávarútvegsnefnd að breyta því í þingsályktunartillögu. Öll sjávarútvegsnefnd þingsins leggur þingsályktunartillöguna sameiginlega fram, tekur ákvörðun um að breyta frumvarpi til laga og koma með það hér inn til Alþingis í formi þingsályktunartillögu og væntanlega með það í huga að eitthvað verði með hana gert.

Í sjávarútvegsnefnd á þeim tíma sátu hv. þm. Árni R. Árnason, Árni Steinar Jóhannsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón A. Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Jóhann Ársælsson, Kristinn H. Gunnarsson, Svanfríður Jónasdóttir og Vilhjálmur Egilsson. Talsvert af þessum þingmönnum situr enn þá á þingi og muna þeir þingmenn væntanlega eftir þessari umræðu og hvað þarna fór fram, enda alveg ljóst að þegar málið kemur inn til þingsins verður ekki um það mikil umræða og meira að segja mælt með því að málið verði í raun og veru ekki sent til nefndarinnar aftur, það sé búið að hljóta nefndarlega afgreiðslu og menn vilji bara afgreiða málið fljótt og vel því að um það sé mikil sátt innan allra flokka.

Þegar greidd eru atkvæði um tillöguna til þingsályktunar liggur alveg fyrir að nánast allir hv. þingmenn sem í salnum voru greiddu atkvæði með henni og sögðu já. Einn hv. þingmaður, Pétur H. Blöndal, greiddi ekki atkvæði og nokkrir þingmenn voru fjarstaddir. Ég held að ég eyði ekkert tíma hv. þingmanna í að lesa upp nöfn þeirra þingmanna sem sögðu já því að ég hef ekki trú á öðru en að þeir muni eftir því sjálfir og muni halda sig við þá afstöðu sem þeir lýstu til þessa máls.

Ég lít á það sem hrein svik við þá sem standa að því að vernda gömul skip og báta að drepa málinu á dreif með þeim hætti sem búið er að gera frá því að þessi tillaga var samþykkt á árinu 2000 og sérstaklega það að ætla síðan að hunsa hana alveg með því að koma með lög um að leggja niður Þróunarsjóð sjávarútvegsins án þess að partur af þeim fjármunum sem þar eru inni gangi til þessa málefnis sem Alþingi hefur án nokkurs vafa með mjög auknum meiri hluta tekið ákvörðun um að skuli fara fram með þeim hætti sem áður er lýst. Ég trúi því ekki að alþingismenn séu þær lyddur að þeir láti það yfir sig ganga að framkvæmdarvald-

ið komi svona fram. Ef það er hægt nægir framkvæmdarvaldinu, þegar fram koma þingsályktunartillögur sem Alþingi samþykkir og beinir til ríkisstjórnar um að framkvæma ákveðna hluti, að bíða í 2–3 ár, 4–5 ár, gera ekki neitt og treysta því síðan að staðfesta þeirra sem sögðu já á þeim tíma sé þrotin og að þeir muni segja nei eftir svona langan tíma. Þannig komast hæstv. ráðherrarnir þá upp með það sem þeir vilja gera en ekki það sem Alþingi leggur þeim fyrir að gera. Þá er illa komið fyrir Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:33]

Útbýting:

Aðgerðir til að tryggja efnahagslegan stöðugleika, 666. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 1014.

Haf-, fiski-, og rækjurannsóknir í Arnarfirði, 609. mál, svar sjútvrh., þskj. 1023.

Lyfjanotkun barna, 671. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1024.

Sala grunnnets Landssímans, 607. mál, svar forsrh., þskj. 992.

Uppbygging héraðsvega, 665. mál, þáltill. JBjarn o.fl., þskj. 1013.

Uppbygging Landspítala – háskólasjúkrahúss, 558. mál, svar heilbrrh., þskj. 1008.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 194. mál (álagning útsvars). — Þskj. 194.

[15:34]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Það er ánægjulegt hvað okkur miðar þrátt fyrir allt í þingstörfunum. Hér gefst loksins tækifæri til að mæla fyrir þessu frumvarpi um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem er 194. mál og var lagt hér fram á haustönninni í ákveðnum skyldleika við skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar. Efni frumvarpsins er í einfaldleika sínum það að heimildir sveitarfélaganna til að leggja á útsvar aukist að sama skapi og ríkið ákvað í desembermánuði sl. að lækka tekjuskattsálagningu sína, þ.e. að í stað þess að hámarksútsvarsálagning geti numið 13,03% megi hún fara í 14,03% þannig að heildarhámarksskattbyrðin haldist þá óbreytt og það svigrúm sem skapast með lækkun ríkisvaldsins færist yfir til sveitarfélaganna.

Flutningsmenn að þessu frumvarpi eru ásamt mér hv. þm. Jón Bjarnason, Kolbrún Halldórsdóttir, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson.

Þetta frumvarp er í fullu gildi og ekki síst nú þegar hillir undir niðurstöðu eða svokallaða niðurstöðu í tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga í þeim skilningi að starfshópur eða nefnd, tekjustofnanefnd, hefur nú skilað áliti, klofin að vísu, þar sem lögð er til lítils háttar breyting á tekjulegum málefnum sveitarfélaganna, varanleg úrlausn upp á 600–800 millj. inn í framtíðina en síðan tímabundnar sporslur sem menn leika sér að að reikna allt upp í 9 milljarða kr. á 3–4 árum. Það eru þó falsreikningar því að þar er að hluta til um að ræða áframhaldandi þátttöku ríkisins í kostnaði við sameiginleg átaksverkefni hverjum fylgja auðvitað útgjöld á móti, svo sem eins og að halda áfram að reyna að koma frárennslismálum í landinu í viðunandi horf.

Það er algerlega fráleitt að setja dæmið þannig upp að með slíku sé verið að færa sveitarfélögunum nettótekjur sem þau fái til ráðstöfunar í sinn almenna rekstur. Þar er um að ræða að ríkið haldi áfram að taka þátt í kostnaði við mjög útgjaldasamar framkvæmdir. Og hvar skyldu menn enn eiga eftir að koma þessum frárennslismálum í viðunandi horf? Jú, ætli það sé ekki einmitt þar sem það er dýrast að leysa úr vandanum. Það er alveg ótrúlegt hvað menn ganga langt í því að reyna að reikna sér slíkt til tekna.

Staðreyndin er sú að um 65% af tekjum sveitarfélaganna eða nálægt því hlutfalli, ég man það ekki nákvæmlega, koma frá útsvarinu. Útsvarið er langstærsti einstaki tekjustofn sveitarfélaganna. Af því leiðir að það er erfitt að gera mikið miðað við óbreytta tekjumöguleika sveitarfélaga sem á að muna um að einhverju ráði nema að notast þá við útsvarið, a.m.k. að hluta til. Ef ekki er vilji til þess að sveitarfélögin fái hlutdeild í nýjum tekjustofnum, í breiðari tekjustofnum en þau hafa í dag, sem eru fyrst og fremst útsvarið og síðan þjónustugjöld til að mæta kostnaði af þeirri starfsemi, þeirri þjónustu sem sveitarfélögin veita, ja, þá er fátt hægt að gera nema hreyfa útsvarinu. Útsvarið er hinn eiginlegi skattstofn sveitarfélaganna sem skilar að uppistöðu til þeim tekjum sem sveitarfélögin hafa til sjálfstæðrar ráðstöfunar. Það má ekki rugla saman síðan þeim þjónustugjöldum sem lögð eru á vegna skilgreindrar veittrar þjónustu og er óheimilt að hafa hærri en sem nemur kostnaðinum við þjónustuna. Það er að sjálfsögðu ekki eiginlegur skattstofn í þeim skilningi að sveitarfélögin hafi þá fjármálalegt sjálfstæði í krafti hans. Þeim mun mikilvægara er útsvarið sem þetta er veruleikinn.

Heildarálagningarhlutfall mundi samkvæmt þessu frumvarpi, ef það yrði lögfest og sveitarfélögin fengju þessa viðbótarheimild, halda áfram að vera 38,78%. Það yrði því ekki um neina skattahækkun að ræða. Skattalækkun í þeim mæli sem sveitarfélögin nýttu sér ekki eða ekki til fulls, það aukna svigrúm til útsvarsálagningar, kæmi á móti lækkun tekjuskatts ríkissjóðs.

Herra forseti. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um afkomu sveitarfélaganna og þann vanda sem þar er við að glíma. Þau hafa sannanlega verið rekin með halla í nærfellt einn og hálfan áratug. Afkoma þeirra er vissulega mismunandi en að meðaltali er hún óviðunandi og hjá langstærstum hluta sveitarfélaganna er ástandið óviðunandi og versnandi. Menn skjóta sér hins vegar gjarnan á bak við þau örfáu sveitarfélög í landinu sem eru sæmilega aflögufær. Það væru nú meiri ósköpin ef ekki háttaði einhvers staðar þannig til að menn kæmust sæmilega af en þeim fer því miður fækkandi, eins og t.d. kom glöggt í ljós um síðustu áramót þegar allmörg sveitarfélög bættust í hóp þeirra sem fullnýta alla sína tekjumöguleika, eru komin með alla tekjuöflunarmöguleika í botn. Sjálfsagt eru nokkur fleiri í áföngum að þoka þeim upp undir þakið, eins og t.d. sveitarfélagið Reykjavík sem hefur verið að færa sig upp að þakinu ef það er ekki bara komið í það. Ég man ekki nákvæmlega hvort það náði því um áramótin, a.m.k. var þar einhver hækkun.

Þetta er auðvitað mjög bagaleg staða út frá því mikilvæga hlutverki sem sveitarfélögin hafa með höndum nú þegar. Þau fara með mjög viðamikla málaflokka sem tilheyra velferðarmálasviðinu, eins og málefni grunn- og leikskólans, þau fara með geysilega mikilvæg og vaxandi verkefni á sviði umhverfismála og ýmiss konar nærþjónustu við íbúa sína sem eru stór hluti af því daglega umhverfi og því samfélagi sem við finnum okkur í. Það gefur augaleið að það er niðurdrepandi fyrir bæði forsvarsmenn sveitarfélaganna og auðvitað íbúana ef ástandið er þannig til lengdar að sveitarfélögin séu algerlega að kikna undan verkefnum sínum. Kröfurnar um þjónustu vaxa og þau sveitarfélög sem ekki geta uppfyllt þær eða eru á góðri leið með að setja sig á hausinn vegna þess að þau eru að berjast við að gera það verða náttúrlega þegar frá líður ekki samkeppnisfær um þjónustu við íbúa sína og lenda í þeim vítahring að af því geti leitt að breyttu breytanda ásamt með öðru fólksfækkun, minni tekjur o.s.frv.

En þetta er líka óviðunandi staða, herra forseti, vegna þess að sveitarfélögin þurfa eins og aðrir aðilar að geta þróast. Sveitarfélögin þurfa að geta sótt fram, byggt upp og bætt þjónustu sína. Það eru þau fæst í færum með að gera í dag, samanber rifrildi hér um möguleika sveitarfélaganna til að taka skref í áttina að gjaldfrjálsum leikskóla. Það var kostulegur málflutningur sem hér var uppi hjá Sjálfstæðisflokknum t.d. í gær sem fór hamförum í geðvonsku sinni yfir því að sveitarfélagið Reykjavík ætlaði að taka næstu skref í þá átt eða boðaði þá stefnumörkun. Í staðinn fyrir að fagna og gleðjast yfir því að það væru þó a.m.k. einhver sveitarfélög sem teldu sig geta eitthvað gert í þessum efnum höfðu menn allt á hornum sér og litu á það alveg eins og sérstakt vandamál ef einhver sveitarfélög í landinu ætluðu að ríða á vaðið. Menn töluðu um að þetta setti pressu á önnur sveitarfélög o.s.frv. Menn hafa ekki jafnmiklar áhyggjur af því að það setji pressu á önnur sveitarfélög þegar ýmis ónefnd rík sveitarfélög, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, slá um sig með því að þau þurfi ekki að leggja á jafnhátt útsvar og aðrir. Setur það þá ekki pressu á hin sveitarfélögin um að lækka líka útsvarið? Nei. Ef Reykjavíkurborg ætlar hins vegar að vera í fararbroddi í þeirri þróun að innleiða í áföngum gjaldfrjálsan leikskóla þykir það alveg óþolandi.

Það er einmitt dæmi um uppbyggingarverkefni, um áframhaldandi þróun velferðarsamfélagsins, sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum sérstaklega sett á oddinn og er til að undirstrika mikilvægi þess að sveitarfélögin geti þróast og ráðist í ný verkefni. Eða vilja menn hafa það þannig að þau séu rekin svoleiðis gjörsamlega á kúpunni, á felgunni, að þau geti ekkert gert nema lifað dag frá degi?

Kemur hér formaður fjárlaganefndar gleiðbrosandi í salinn. Við fögnum honum alveg sérstaklega á þessum drottins degi. Það er gott að hafa slíka forustumenn hér til skrafs og ráðagerða um þessi mál, fjármál sveitarfélaganna.

Það sjá allir heilvita menn að það er lamandi að sveitarfélögin í landinu búi til langframa, ár og áratugi, við þannig afkomu að þau geri ekkert nema safna skuldum og sökkva dýpra og dýpra í þær, eiga orðið í stórum stíl alls ekki fyrir rekstri málaflokka, hvað þá einhverjum fjárfestingum eða nýjum verkefnum og nýjum hlutum í sambandi við þróun sjálfra sín og þeirrar þjónustu sem þau veita.

Aðeins nánar síðan að efnislegum áhrifum þessa frumvarps. Það er í sem allra fæstum orðum þannig að tekjutap ríkissjóðs vegna þeirrar lækkunar tekjuskatts sem ákveðin var hér um áramótin var áætlað um 6 milljarðar kr., þ.e. eins prósentustigs lækkun tekjuskatts, nei um 5 milljarðar kr. var það víst brúttó. Ríkið kemur að vísu betur út úr því dæmi vegna þess að það fær talsvert til baka. Nettótekjutapið er því minna, kannski 4 milljarðar. Þetta mundi sem sagt þá gefa sveitarfélögunum svigrúm til hækkunar útsvars af sömu stærðargráðu, að fara úr 13,03 í 14,03. Í fylgiskjali I með þessari tillögu kemur fram að ef notaður er útsvarsstofn vegna launa ársins 2003 sem var tæpir 490 milljarðar þá gaf álagning upp á 12,80% sem var sem sagt meðaltalsálagning sveitarfélaganna 62,7 milljarða kr. tekjur. Hefðu sveitarfélögin nýtt möguleika sína til fulls, þ.e. öll farið í 13,03%, hefði það gefið 63,8 milljarða. Munurinn er þarna rúmar 1.100 milljónir. Þetta leiðir til þess að ef álagningin væri 14,3% þá mundi nýting til fulls gefa 68,7 milljarða, sem væri um 6 milljarða tekjuauki hjá sveitarfélögunum miðað við þáverandi álagningu upp á 12,8%. Ef notuð er hins vegar hækkunin úr 13,03 í 14,03, þ.e. miðað við að sveitarfélögin væru að fullnýta heimildir sínar þá er þessi tala eðlilega nokkuð lægri eða 4,9 milljarðar tæpir. Það er sem sagt um það bil tekjusvigrúmið sem þarna skapast eftir því hvernig menn kjósa að skoða það miðað við raunálagningu eða heimildir til álagningar sem er nokkuð hærri.

Þetta er ekki tilfinnanlegt tekjutap fyrir ríkissjóð. Jafnvel þó að svona heimild væri bætt sérstaklega við og bara tekin út úr samhenginu við skattalækkunaráform stjórnarinnar þá skulum við hafa í huga að þau eru upp á um 30 milljarða kr. þegar það verður að fullu komið til framkvæmda á árinu 2007 eða ef það kemur einhvern tímann til framkvæmda þá verður þar orðið um að ræða um 30 milljarða kr. tekjutap ríkissjóðs. Ráðstafanir af þessu tagi mundu bæta stöðu sveitarfélaganna um segjum 5 milljarða sem er lágmark að okkar dómi. Þær eru ekki sú óskaplega stærð í þessu samhengi að það sé mönnum ofviða á nokkurn hátt. Reyndar tökum við flutningsmenn það skýrt fram að við teljum það alls ekki vera svo að þessi ráðstöfun sé einhver allsherjarlausn í fjármálum sveitarfélaganna og ein og sér dugi til frambúðar. Auðvitað ætti þetta aðeins að vera hluti af heildarendurskoðun á tekjulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem er löngu, löngu tímabær og að mínu mati er einhver alvarlegasta vanrækslusynd núverandi ríkisstjórnar — er þá mjög mikið sagt — að hafa haldið sveitarfélögunum í þessari úlfakreppu sem raun ber vitni núna um langt árabil. Ég hef að vísu þá kenningu, og er ekkert feiminn við að setja hana fram, að þar sé um að ræða bara hreina pólitík, það sé bara beinharður pólitískur ásetningur að halda sveitarfélögunum í þessari fjárhagslegu spennitreyju. Í gegnum það þjónar einkavæðingar- og frjálshyggjuliðið lund sinni og þrýstir sveitarfélögunum út í ráðstafanir, mörgum hverjum alveg gegn vilja sínum, sem þeim er að skapi, þ.e. að selja eignir, að einkavæða rekstur málaflokka, að fjármagna nýframkvæmdir með einkafjármögnun o.s.frv. Þetta er gert í pólitísku skyni, ekki vegna þess að það sé hagkvæmara eða betra heldur þvert á móti. Það liggja allar upplýsingar fyrir sem þarf til þess að menn

geti áttað sig á því að þegar upp er staðið þá eru slíkar aðferðir dýrari fyrir sveitarfélögin. Það var a.m.k. niðurstaða hv. þm. Gunnars Birgissonar í Kópavogi að Kópavogsbúar væru ekki svo vitlausir að þeir létu plata sig þannig þegar þeir fóru að líta á það hvort það væri gáfuleg ráðstöfun í því sveitarfélagi t.d. að fara að byggja skólamannvirki eða íþróttahús eða hvað það nú var í einkaframkvæmd.

Ég sá reikninga hjá sveitarfélagi norður í landi þar sem endurskoðunarfyrirtæki hafði verið fengið til þess að líta á það hvernig það dæmi kæmi út að selja íþróttahús staðarins og gera samning um endurleigu á því aftur til 25 ára. Það dæmi kom þannig út að það var fjárhagslega léttara fyrir sveitarfélagið fyrstu sjö árin. Á áttunda ári var dæmið á núlli. En hin árin sautján sem eftir voru tapaði sveitarfélagið samfellt og dæmið versnaði og versnaði. Þegar upp var staðið hefði rekstrarkostnaður þessa íþróttamannvirkis orðið sveitarfélaginu um 15–18% dýrari yfir tímabilið í heild ef það hefði farið hina glæsilegu leið einkaframkvæmdar.

Þannig koma þessi dæmi nú yfirleitt út þegar þau eru reiknuð, þannig að það er gegn betri vitund sem menn halda því fram að verið sé að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélaganna eða að það sé liður í einhverri skynsamlegri fjármálastjórn að neyða þau út í slíkar aðgerðir. En það er því miður afleiðingin af þessu ástandi sveitarfélaganna og hún er pólitísk. Hún er pólitík. Hún er púra pólitík. Með því eru framkallaðar eða knúnar fram breytingar sem menn myndu alls ekki sjá fyrir að yrðu ella. Ef sveitarfélögin hefðu fjárhagslega burði og fjárhagslegt bolmagn til að velja sér þær leiðir sem þau helst vildu þá mundu þau yfirleitt ekki fara út á þessa braut. Reynslan bæði innan lands svo maður nefni nú t.d. skólaæfingarnar í Hafnarfirði eða í sveitarfélögum sums staðar í nágrannalöndunum er nú ekki beint glæsileg. Ég hef sagt við menn að þeim ætti að nægja að fara til Farum, sveitarfélagsins í Danmörku, og kynna sér æfingarnar þar sem Brixstofte og félagar stóðu þar fyrir. Þeir fóru langt með að setja það sveitarfélag á hausinn. Menn hafa síðan mátt glíma þar við gríðarlega erfiðleika eftir þá nýfrjálshyggjueinkavæðingartilraun sem gerð var í Farum kommune á valdatíma nýfrjálshyggjumanna þar. Því sveitarfélagi var mjög hampað af boðberum þessarar hugmyndafræði hér. Ég man nú ekki hvort það var beinlínis sömu dagana og spilaborgin hrundi, alla vega var það ekki löngu áður, sem einhverjir íslenskir sveitarstjórnarmenn voru svo seinheppnir að vera í kynnisferð einmitt í Farum og ætluðu að læra snilldina sem þar var praktíseruð.

Þetta eru allt saman samhangandi hlutir, herra forseti. Það er erfitt að aðskilja annars vegar fjárhagsgrundvöll sveitarfélaganna eins og hann er og hefur verið og svo hins vegar þjónustuna sem þau veita, verkefnin sem þau eiga að sinna og pólitíkina sem á bak við er eða ætti að liggja til grundvallar ákvörðunum forsvarsmanna sveitarfélaga vítt og breitt í landinu. Við getum væntanlega sjálf flest verið sammála um að við viljum að sveitarfélögin séu sjálfstæð og ráði því sjálf hvaða braut þau marka sér í þessum efnum. Þannig virkar nú lýðræðið að menn kjósa sveitarstjórnir og hafa þar einhverjar stefnuskrár. Íbúarnir eiga að sjálfsögðu að ráða því og velja þá sem þeir treysta best eða þær áherslur sem þeir vilja sjá í uppbyggingu sveitarfélagsins. En þá er heldur ekki lýðræðislegt að í reynd sé hið fjármálalega vald og sjálfstæði tekið af kjörnum sveitarstjórnarfulltrúum vítt og breitt í landinu í gegnum það að menn geta sig hvergi hreyft. Það er einn veikleiki lýðræðisins eins og hann birtist okkur í dag að í raun hafa menn sáralítið sjálfstætt ákvörðunarvald og sjálfstæði til þess að koma sínum áherslum fram þegar þeir setjast niður við það borð að reyna að reka illa stætt sveitarfélag. Ætli við þekkjum ekki öll sem hér erum í salnum reynslusögur sem sveitarstjórnarfólk hefur sagt okkur af vonbrigðum sínum þegar það kemur inn í sveitarstjórn fullt af áhuga og spennt að takast á við ný verkefni og verður svo að tæma þann beiska kaleik að reynslan kennir þeim að það er sáralítið hægt að gera. Þetta eru björgunaraðgerðir og reddingar. Menn eru að reyna að halda sér á floti ár frá ári með niðurskurði og alls konar æfingum. Það er auðvitað óskaplega dapurlegt að menn skuli þurfa að vera settir í slíkar aðstæður og hefur síðan aftur þau áhrif, eins og við þekkjum líka, að það gengur líka víða orðið býsna erfiðlega að fá einfaldlega fólk til að gefa sig í þessi verkefni. Það þarf bókstaflega að leita á köflum logandi ljósi að fólki sem hefur þá þegnskylduhugsun eða fórnarlund til að bera að það gefi sig yfir höfuð í að koma nálægt rekstri sveitarfélaganna vegna þess að verkefnið er svo erfitt og lítt spennandi eins og allt er í pottinn búið.

Herra forseti. Ég held ég láti þetta nægja og legg til að að lokinni þessari umræðu verði þessu máli vísað til nefndar sem mundi væntanlega vera félagsmálanefnd, nema það sé efnahags- og viðskiptanefnd. Nú man ég ekki alveg undir hvern lög um tekjustofna sveitarfélaga heyra. Þau hljóta að heyra undir félagsmálaráðherra, held ég, þannig að ég ætla að hafa það tillögu mína þangað til ég verð þá sannfærður um að eitthvað annað sé gáfulegra.

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti telur að eðlilegast sé að vísa þessu máli til hv. félagsmálanefndar.)

[15:56]

Atli Gíslason:

Herra forseti. Þetta mál gefur mér tilefni til að fjalla um það sem ég lít á sem brýna nauðsyn, þ.e. að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga í grunninn.

Ég hef vakið athygli á því og vil gera það aftur að hér hefur geisað eignaverðbólga frá hausti að því er varðar íbúðaverð sem rekja má til auðs og stórgróða bankanna sem þeir hafa verið í erfiðleikum með að fjárfesta. Það hefur leitt til þess að fasteignaverð, álagningarstofn til fasteignaskatta hefur hækkað að meðaltali á landinu um 10% umfram neysluvísitölu á síðasta ári. Þetta er hins vegar afar mismunandi eftir sveitarfélögum. Þannig hefur fasteignamatsverð lækkað á Vestfjörðum um 1,7% og gjalda sveitarfélög á Vestfjörðum þess. Hins vegar hefur fasteignamatsverð hækkað á Austfjörðum um 30%. Í Reykjavík um 14%. Álagningargrundvöllurinn mismunar því sveitarfélögum. Um almenna hækkun fasteignagjalda 2005 vil ég segja að ég held að allir íbúðareigendur á landinu eða flestir hafi fundið það í pyngjunni — þeir eru núna að fá gíróseðla sex mánuði þessa árs eða sjö — vegna þess að hækkunin er 10% umfram neysluvísitöluna. Þó er verra að í pípunum er 15–35% meðalhækkun á árinu 2006 umfram raunvirði. Þetta hefur bitnað á þessu ári og mun bitna á næsta ári verst og þyngst á eldri borgunum á lífeyrislaunum, á einstæðum

foreldrum og á láglaunafólki almennt. Hæstv. félagsmálaráðherra veit af þessu vandamáli en lýsti því yfir hér í ræðustóli í síðustu viku að hann hygðist ekki bregðast við, hann hygðist ekkert gera. Hann ætlaði ekki að breyta eðli álagningarstofns fasteignagjalda. Það er að mínu mati óeðlilegt vegna þess að fasteignaskattarnir eru þjónustugjöld og þjónusta við fasteign á Suðureyri er svipuð og í Reykjavík við fasteign af sömu stærð og annað slíkt.

Það skekkir líka þessa mynd enn frekar og kallar á uppstokkun á tekjustofnum sveitarfélaga að lögaðilar greiða enga skatta sem ég vil kalla til sveitarfélagsins ef frá eru talin þessi þjónustugjöld, þ.e. fasteignagjöldin. Það er búið að afnema aðstöðugjaldið sem þau greiddu til sveitarfélaga. Þau greiða ekki útsvör. Síðan hefur það gerst líka að fjölgun einkahlutafélaga hefur leitt af sér lægri tekjur til sveitarfélaga. Hér er um að ræða mismunun bæði gagnvart einstaklingum og gagnvart sveitarfélögum. Sveitarfélögunum er mismunað, einstaklingum er mismunað og félagsforminu er mismunað.

Mér er tjáð af sveitarstjórnarmönnum að þeim þyki ekkert sérlega fýsilegt, eins og tekjur af lögaðilum og atvinnurekstri eru í dag, að fá lögaðila til lögheimilis og reksturs innan síns sveitarfélags. Það þykir bara ekki fýsilegt, sér í lagi í minni sveitarfélögum þar sem þarf að kosta töluverðu til til að skapa rekstraraðstöðu fyrir viðkomandi lögaðila eða atvinnurekanda. Þeir borga sem sagt ekkert aðstöðugjald, ekkert útsvar og ekkert fyrir að starfa í þessu sveitarfélagi nema gjöld af sínum fasteignum. Þær fasteignir kunna að vera fátæklegar þó umfang rekstursins og afnot af sveitarfélaginu séu veruleg.

Þessi atriði kalla á endurskoðun, á uppstokkun á tekjustofnum sveitarfélaga og þau kalla á að það verði ekki látið reka á reiðanum eins og hæstv. félagsmálaráðherra boðar, algjörlega hugmyndasnauður í þeim efnum.

Það verður geymt en ekki gleymt í janúar á næsta ári þegar nýjar álögur dynja yfir, langt umfram raunvirði og neysluvísitölu, hver viðbrögð hæstv. félagsmálaráðherra voru í svörum hér á þingi í síðustu viku, þegar þessar hækkanir munu skella á láglaunafólki og eldri borgurum með fullum þunga.

Það er algjört grundvallaratriði og ég átta mig ekki á því að flokkar eins og Framsóknarflokkurinn, sem kennir sig við félagshyggju og hefur gert í mörg ár, skuli ekki taka undir það að leggja skatta á í þessu þjóðfélagi eftir tekjum og efnahag. Fasteignaskattar eru álagðir óháð tekjum, þar borgar fátæka ekkjan jafnmikið og Björgúlfarnir af sínum eignum, þ.e. stökum eignum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:01]

Útbýting:

Hellisheiði og Suðurstrandarvegur, 672. mál, fsp. KÓ, þskj. 1025.

Staðbundnir fjölmiðlar, fyrri umr.

Þáltill. DJ o.fl., 234. mál. — Þskj. 240.

[16:02]

Flm. (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Birkir J. Jónsson, Björgvin G. Sigurðsson, Drífa Hjartardóttir, Gunnar Birgisson, Hjálmar Árnason, Magnús Stefánsson, Sigurjón Þórðarson og Þuríður Backman.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd er athugi stöðu staðbundinna fjölmiðla og rekstrarumhverfi þeirra og skili skýrslu. Í skýrslunni verði gerð grein fyrir þróun markaðarins undanfarin ár og, ef þurfa þykir, komið með tillögur um beinar eða óbeinar aðgerðir sem ríkisstjórn og Alþingi gætu gripið til í því skyni að efla rekstrargrundvöll staðbundinna fjölmiðla. “

Virðulegi forseti. Markmið þessarar þingsályktunartillögu er að gerð verði úttekt á þeirri stöðu sem nú er á markaði svæðisbundinna fjölmiðla en slík úttekt getur lagt grundvöll að umræðum um aðgerðir til að efla þessa gerð fjölmiðlunar. Svæðisbundnir fjölmiðlar gegna nú þegar og munu í framtíðinni gegna vaxandi hlutverki fyrir lýðræðislega umræðu.

Í skýrslu sem nefnd menntamálaráðherra um eignarhald á fjölmiðlum á Íslandi skilaði í apríl sl. kom fram að sú skylda hvílir á íslenska ríkinu að stuðla að fjölbreytni í fjölmiðlun. Skýrslan fjallaði nær eingöngu um málefni þeirra fjölmiðla sem hafa útbreiðslu um land allt en að litlu leyti um staðbundna fjölmiðla. Þótt finna megi dæmi um öflugan fjölmiðlarekstur utan höfuðborgarsvæðisins hafa staðbundnir fjölmiðlar átt undir högg að sækja hér á landi. Nauðsynlegt er að gera sérstaka úttekt á stöðu þessara miðla svo að ræða megi hvort sérstakra aðgerða er þörf til að efla stöðu þeirra.

Í skýrslu fjölmiðlanefndar kemur fram að ríkisstyrkir séu ein þeirra leiða sem til greina komi til að standa vörð um fjölbreytni í fjölmiðlun í landinu. Er þar vísað til tilmæla Evrópuráðsins um að ríki hugi að því hvort ástæða sé til að veita prentmiðlum og útvarpsmiðlum sérstakan fjárstuðning, einkum svæðisbundnum miðlum. Að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða skuli miðað við að stuðningur af þessu tagi sé byggður á hlutlægum sjónarmiðum, á grundvelli gegnsærra reglna og málsmeðferðar sem sæti ytra eftirliti. Ákvarðanir af þessum toga sæti jafnframt reglubundinni endurskoðun til að komast hjá því að þær ýti undir samþjöppun eða óeðlilegan ábata þeirra sem njóta opinbers stuðnings. Nefndin gerði þó ekki tillögu um að þessi leið yrði farin.

Virðulegi forseti. Sameining sveitarfélaga leiðir til þess að þörf íbúanna eykst fyrir staðbundna fjölmiðlun sem í senn veitir upplýsingar um verkefni stjórnvalda og er vettvangur opinberrar umræðu um málefni hvers sveitarfélags. Í greinargerðinni er gert er ráð fyrir að nefndin skili skýrslu eigi síðar en 1. mars 2005 og má segja að ákveðin bjartsýni hafi ríkt hjá flutningsmönnum tillögunnar um að hún kæmist fyrr á dagskrá. Eðlilega raskast þessi dagsetning eitthvað en mikilvægt er þó að hún verði sem fyrst og það verði

unnið hratt í þessum málum, ekki síst í samvinnu við þau frumvörp sem verða rædd hér, til að mynda um Ríkisútvarpið o.fl., að við getum haft þessa tillögu með í umræðunni.

Það er mjög ánægjulegt að á þessari tillögu eru flutningsmenn úr öllum flokkum og þakka ég sérstaklega hv. þingmönnum fyrir að hafa tekið vel í þetta mál. Það má segja að það sé nokkuð þverpólitískt og við gerum okkur grein fyrir mikilvægi þess, ekki síst fyrir landsbyggðina. Það eru margir staðbundnir fjölmiðlar í landinu og við höfum orðið vitni að því að það hefur verið erfitt hjá þeim sem vinna að þeim, oftar en ekki í miklu hugsjónastarfi, og því er ekki að neita að einn þáttur í því er til að mynda mjög há póstburðargjöld. Það er dýrt að senda út blöð og þessi blöð eru kannski ekki það öflug að þau séu með eigið fólk í því að dreifa þeim eins og t.d. stóru dagblöðin. Þetta er einn liður í því að gera þeim erfitt fyrir en ég er ekki í vafa um að það eigi að vera hluti af byggðastefnu að efla þessa staðbundnu fjölmiðla. Eins og ég kom inn á áðan erum við að sameina sveitarfélög og það eru uppi miklar áætlanir um að fækka þeim verulega í landinu. Svæðin verða stærri og stærri og þess vegna er mikilvægt að upplýsingaflæðið sé gott.

Við vitum það líka þegar við hlustum á svæðisútvörpin að þar er auðvitað unnt að sinna málefnum svæðanna betur, ýmsu sem mundi aldrei komast að í landsfjölmiðlum, og enginn efast um mikilvægi þess.

Virðulegi forseti. Það væri svo sem hægt að koma inn á margt en ég vil bara ítreka mikilvægi þessa máls. Ég hef fengið góð viðbrögð við því og vil að málinu verði vísað til hv. menntamálanefndar þegar þessari umræðu lýkur. Ég vonast eftir skjótri afgreiðslu þar. Þetta er kannski ekki mjög viðamikið mál og ætti ekki að vera dýrt í framkvæmd en ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur að fá það inn í umræðuna, sérstaklega af því að við vitum að á næstunni verður hér töluverð umræða um fjölmiðla í landinu. Þetta þarf að koma þar inn í og verða kortlagt.

Ég vonast því eftir góðum umræðum hér og þakka fyrir.

[16:08]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mikilvægt og gagnmerkt mál sem ég er einn flutningsmanna að, enda er ég sannfærður um mikilvægi þess að gera úttekt á stöðu svæðisbundinna miðla eða svæðisfjölmiðlanna svokölluðu, sérstaklega þá prentmiðlanna eins og hér um ræðir.

Þeir eru fjöldamargir um allt land. Í fyrsta lagi þarf að kortleggja stöðu þeirra nú, skilgreina með hvaða hætti væri hægt að koma að stuðningi við rekstur þeirra því að ég er sannfærður um að hann þarf að vera til staðar. Ég held að við þurfum að styrkja útgáfu þessara miðla með einhverjum sanngjörnum og gagnsæjum hætti eins og tillagan tekur sérstaklega til og að sjálfsögðu þarf að skilgreina hvaða miðlar eigi kost á slíkum styrkjum og hverjir ekki. Prentmiðlarnir úti um allt land eru mjög fjölbreyttir og margbreytilegir. Það eru áskriftarblöð eins og Sunnlenska fréttablaðið, það eru blöð sem fara í aldreifingar á hvert heimili í ákveðnum fjórðungi eins og Glugginn, á Suðurlandi líka. Svo eru kannski hefðbundnari dagskrárblöð eða auglýsingablöð sem gera út á það að þeim er dreift á litlu svæði, margar auglýsingar frá viðkomandi stað, en leggja minna upp úr fréttum og samfélagslegu efni öðru. Það þarf að skilgreina hve stór hluti efnis blaðsins skuli vera fréttir og almenns efnis annars en auglýsinga til að miðillinn eigi rétt á einhvers konar ríkisstyrk, t.d. 50:50 eða 60:40, hvernig sem sú lína liggur. Það mundum við sjá þegar sú nefnd sem hér um ræðir væri búin að kortleggja og gera mjög greinargóða úttekt á umfangi, stöðu og fjölbreytileika hinna svæðisbundnu miðla.

Hv. 1. flutningsmaður nefndi í framsöguræðu sinni mikilvægi þessara miðla, ekki síst í ljósi þess að nú eru sveitarfélög að sameinast og samsetning byggðanna að breytast. Ég er sannfærður um það sem þátttakandi í pólitískri umræðu á heimasvæði mínu síðustu árin að þessir miðlar hafa mjög mikið vægi. Þeir hafa einnig mjög aukið vægi. Eftir því sem umhverfi miðlanna á landsvísu hefur breyst hefur vægi prentmiðlanna úti um hinar dreifðu byggðir aukist mjög verulega. Þar fer fram að verulegu leyti hin samfélagslega umræða viðkomandi svæðis, um stöðu sveitarfélaganna, helstu og brýnustu hagsmunamál byggðanna málefni sem eðli málsins samkvæmt fá litla eða enga athygli í landsmiðlunum. Það er ekki pláss fyrir þau þar en í svæðisbundnu miðlunum geisar sú umræða sem skiptir kannski hvað mestu máli fyrir hin einstöku svæði.

Þessir miðlar fræða, miðla og skemmta, hver með sínum hætti og eru, eins og ég upplifi svæðismiðlana, ríkur þáttur í lími hvers samfélags. Þetta er menningarleg miðja fyrir mörg svæði, það eru sterkir svæðismiðlar víða um land, missterkir auðvitað. Sunnlenska fréttablaðið er gefið út sem áskriftar- og sölublað og selt, mjög metnaðarfullt og skemmtilegt fréttablað sem hefur verið gefið út núna í um tvo áratugi á Suðurlandi, ábyggilega oft við mjög erfiðar aðstæður af því að blaðið er, eins og ég sagði áðan, m.a. selt í áskrift og keppir við aðra miðla, landsmiðlana og þá miðla sem er dreift í aldreifingu. Hækkun póstburðargjaldanna á síðustu árum vó mjög að grundvelli þessarar tegundar af svæðismiðlum sem eru kannski að mörgu leyti metnaðarfyllstu og innihaldsríkustu miðlarnir, fréttablöð sem eru annaðhvort seld eða send inn á hvert heimili. Það er orðið ódýrara hlutfallslega að senda núna í svokallaðri aldreifingu en að senda í áskrift. Það þarf að jafna stöðu þessara miðla. Það þarf að gera þeim sem reka svæðisbundnu prentmiðlana kleift að halda þeim gangandi, sérstaklega með tilliti til mjög hárra póstburðargjalda sem settu stórt strik í reikninginn og rekstur þessara blaða.

Flóra svæðisbundnu miðlanna er mjög fjölbreytt og mjög ólík eftir landshlutum. Það væri mjög fróðlegt að gera úttekt á henni og gagnlegt til hliðar við og inn í þá miklu umræðu sem má segja að ríki núna á Íslandi um stöðu fjölmiðlanna, fárið í kringum fjölmiðlalögin og ekki-fjölmiðlalögin í fyrrasumar, Ríkisútvarpsfrumvarpið sem leit dagsins ljós og bíður umræðu hér á Alþingi og væntanlega niðurstöðu fjölmiðlanefndarinnar. Svæðisbundnu og staðbundnu miðlarnir hafa orðið út undan í þessari úttekt og umræðu um framtíð íslenskrar fjölmiðlunar og fyrirkomulag hennar, lagaumgjörð, stöðu ríkismiðlanna þar innan o.s.frv. Það er mjög mikilvægt að staðbundnu miðlarnir séu ræddir í þessu samhengi.

Þess vegna er fagnaðarefni að þessi tillaga skuli loksins vera komin á dagskrá og að við getum afgreitt hana til nefndar. Eins og hv. 1. flutningsmaður nefndi áðan munum við vonandi hafa hraðar hendur og afgreiða hana fljótt út úr nefndinni og aftur til Alþingis þannig að hún geti fengið hér afgreiðslu í vor og verið send ríkisstjórn sem ályktun frá Alþingi í maí. Stór hluti menntamálanefndar er meðal flutningsmanna tillögunnar þannig að framgangur hennar ætti að geta orðið ágætur í nefndinni.

Ég er sannfærður um að við eigum að styðja með einhverjum hætti við bakið á staðbundnu miðlunum, finna réttlátu leiðirnar til þess og þörfina fyrir miðlana í hinu pólitíska samhengi þar sem stjórnmálaumræðan hefur breyst, hún er mun minni í miðlunum en var, samsetning frétta hefur breyst mikið, það er meira einblínt á viðskiptalíf og slíka hluti og það sem gerist á suðvesturhorninu. Mikilvægi miðlanna verður seint til fullnustu haldið fram á sínum svæðum til að berjast fyrir hagsmunum viðkomandi byggða, til að upplýsa fólkið sem þar býr um stöðu mála og hvert stefnir og eins til að líma samfélögin saman og vera hin menningarlega kjölfesta hvers svæðis. Það er því mjög mikilvægt að kortleggja þetta og finna leið til að standa við bakið og efla rekstrargrundvöll staðbundinna miðla.

Ekki síst verður fróðlegt að taka umræðuna í ljósi þess að það frumvarp sem er nýkomið fram um Ríkisútvarpið og er að mínu mati meingallað og tekur alls ekki á því sem það á að taka. En sú umræða bíður betri tíma. Þar til hliðar er áríðandi að hafa stöðu staðbundnu miðlanna að leiðarljósi og hvernig við getum fundið leiðir til að skjóta styrkari stoðum undir þá og gera stöðu þeirra réttlátari og samkeppnishæfari í því fjölmiðlaumhverfi sem nú er uppi, því ég held að aldrei hafi verið meiri þörf fyrir tilvist og útgáfu þeirra miðla en einmitt nú í því gjörbreytta fjölmiðlaumhverfi sem við búum við miðað við fyrir örfáum árum þegar flokksblöðin tröllriðu prentmarkaðnum. Nú eru gjörbreyttir tímar og mikilvægi svæðisbundinna miðla hefur aukist að mínu mati og við þurfum að finna leið til að tryggja rekstrargrundvöll þeirra.

[16:16]

Útbýting:

Bílastæðamál fatlaðra, 674. mál, fsp. BJJ, þskj. 1027.

Lækkun skatta á eftirlaun og ellilífeyri, 673. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 1026.

[16:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að halda eina af mínum frægu stuttu ræðum. Ég kem hingað fyrst og fremst til þess að taka undir þingsályktunartillöguna. Ég held að það sé hið þarfasta mál að kortleggja þennan hluta fjölmiðlaakursins. Það má ef eitthvað er helst gagnrýna að þetta skyldi ekki haft með frá byrjun í þeirri skoðun á lagaumhverfi fjölmiðla og ýmsum hlutum sem hafa verið í gangi þar að undanförnu og mætti margt um það segja en verður ekki gert hér. Staðreyndin er auðvitað sú að þennan þátt má ekki vanrækja, þ.e. það sem lýtur að staðbundnum miðlum eða sérhæfðari miðlum sem hefur mikilvægu hlutverki að gegna í þeirri flóru allri saman. Þar er við mjög erfið rekstrarskilyrði að glíma í mörgum tilvikum og ýmislegt í þróun undanfarinna ára hefur orðið slíkri fjölmiðlun mótdrægt, t.d. hafa póstburðargjöld hækkað mikið og margt fleira gert það að verkum að erfiðara er en áður að stunda slíka fjölmiðlun. Hún er jafnnauðsynleg eftir sem áður og stór hluti af því í mörgum byggðarlögum landsins að skapa samkennd og gefa íbúum þá tilfinningu að þeir tilheyri heild á einhvern hátt að eiga sér sína staðbundnu fjölmiðla og tengiliði, hvort sem það eru staðbundnar útvarpsstöðvar, sjónvarpsstöðvar, rekstur vikublaða, tímarita eða hvað það nú er.

Ég held þar af leiðandi að full ástæða sé til að hvetja til þess að þetta verði skoðað og unnið sem hluta af viðleitni til að ná utan um fjölmiðlastarfsemina í heild sinni. Það má hugsa sér að gera það með ýmsum hætti. Ein leið væri sú að einfaldlega endurskipuleggja þá fjölmiðlanefnd sem hefur verið að störfum og láta hana halda áfram og hafa þetta sem næsta verkefni. Ástæða kynni að vera til að breyta eitthvað samsetningu hennar, þannig að menn með þekkingu á aðstæðum sem við er að glíma í fjölmiðlun vítt og breitt um landið væru þar til staðar í ríkari mæli en er í núverandi nefnd. Hins vegar hefði það þá kosti að ákveðin samfella væri í verkinu og þetta væri frá byrjun hluti af þeirri heild sem þetta auðvitað á og þarf að vera. Við erum miklir eftirbátar ýmissa nágrannaríkja þar sem stutt er myndarlega við bakið á slíkri starfsemi af ríkinu, fylkjum eða sveitarstjórnum og full ástæða til að þetta sé skoðað hér eins og annars staðar.

Þar af leiðandi tek ég undir hugsunina og megintilgang þingsályktunartillögunnar og vona að það verði skoðað af alvöru í þingnefnd að afgreiða hana, hvort sem upphafleg tillaga verður óbreytt, að skipa sérstaka nefnd, eða með einhverjum hætti að tengja það við það starf sem er í gangi og unnið hefur verið að undanförnu. Mætti bæði vísa til frumvarpa sem hér liggja fyrir um Ríkisútvarpið, sem er líka hluti af svæðisbundinni fjölmiðlun í gegnum svæðisútvörpin og stöðvar Ríkisútvarpsins úti um landið, eða til fjölmiðlanefndarinnar sem hefur verið að kortleggja landslag fjölmiðla almennt og er í þann veginn að ljúka störfum eða skila áfangaskýrslu einmitt á þessum dögum.

[16:20]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Mig langar að leggja nokkur orð inn í umræðuna um tillögu til þingsályktunar um staðbundna fjölmiðla sem er flutt af þingmönnum allra flokka. Hér er á ferðinni mikilvægt mál að mínu mati, vegna þess að verið er að fjalla um að gera úttekt á stöðu svæðisbundinna fjölmiðla í landinu og leita leiða til að styrkja grundvöll þeirra. Það vita allir sem í landinu búa að staðbundnu fjölmiðlarnir sem við þekkjum eru gríðarlega mikilvægir, hver á sínu svæði, í hvaða formi sem er. Um er að ræða blöð, útvarpsstöðvar, sjónvarpsstöðvar eða hverju nafni sem þau nefnast. Við vitum að þeir fjölmiðlar sem starfa á landsvísu sinna ekki mikið staðbundnum málum sem þeir fjölmiðlar sem við fjöllum um taka að sér að fjalla um. Það er sama hvort um er að ræða fréttir af viðkomandi svæðum, menningarmál, íþróttamál, umfjöllun um sveitarstjórnarmál eða hvað sem er. Þetta eru einmitt þeir fjölmiðlar sem taka þetta að

sér, stærri landsdekkandi fjölmiðlarnir gera það í miklu minna mæli og sumir varla nokkurn skapaðan hlut.

Eins og við vitum eru fjölmiðlarnir sem dekka landið oft fljótir til þegar eitthvað neikvætt gerist úti um landið og eru mættir á svæðið til að fjalla um þau mál, í staðinn fyrir að veita meiri athygli öllu því jákvæða sem á sér stað um allt land. Þetta er auðvitað umræða sem hefur oft komið upp í þessu sambandi.

Ég vil nota tækifærið í umræðunni til að ræða ekki beint um svæðisbundna fjölmiðla, heldur anga af fjölmiðlunum úr Ríkisútvarpinu. Ríkisútvarpið rekur landshlutastöðvar víða um land, á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum og Suðurlandi. Mér hefur löngum þótt skjóta skökku við hversu Ríkisútvarpið hefur dregið fæturna í því að koma upp landshlutafréttastofu á Vesturlandi. Þar hefur reyndar í seinni tíð verið starfandi mjög öflugur fréttamaður sem hefur sinnt því svæði mjög vel, en ég held að það sé algjört forgangsatriði að Ríkisútvarpið komi upp formlegri starfsemi á Vesturlandi til að fjalla um fjölmargt sem þar á sér stað, því við vitum að umfjöllun um einstaka landshluta í landsdekkandi fjölmiðlunum getur skipt verulega miklu máli, t.d. varðandi ímynd svæða o.s.frv. Ég vildi því nota tækifærið og nefna þetta í þessu sambandi.

Fram hefur komið að rekstrarskilyrði svæðisbundnu blaðanna hafa verið mörgum mjög erfið og mörg dæmi um slíka fjölmiðla sem hafa lagt upp laupana þar sem menn hafa ekki getað haldið þeim gangandi. Við þekkjum líka að starfsemi margra þessara blaða, svo við tölum sérstaklega um þau, eru rekin meira af hugsjón en af rekstrarlegum grundvelli. Það er virðingarvert að líta til þess hversu margir aðilar hafa gert þetta í gegnum tíðina og eru að því núna. Við getum nefnt dæmi um það. Það er því allur gangur á því hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig.

Sú þingsályktunartillaga sem hér liggur fyrir er, eins og ég sagði í upphafi máls míns, mjög góð og ég tel mjög mikilvægt að Alþingi afgreiði hana með einhverjum hætti þar sem farið verður í að gera úttekt á stöðu hinna staðbundnu fjölmiðla, skoða rekstrarumhverfi þeirra o.s.frv., því þetta eru fjölmiðlarnir sem ég tel að hafi að miklu leyti verið settir til hliðar í þeirri umfjöllun sem fram hefur farið um fjölmiðlamál á Íslandi. Ábendingar hafa komið fram í umræðunni um að þessi mál ættu jafnvel að fara til umfjöllunar í fjölmiðlanefnd svokallaðri. Ég held að það sé mjög góð hugmynd sem vert er að ræða. Auðvitað eru hinir staðbundnu fjölmiðlar hluti af íslenskri fjölmiðlaflóru og þess vegna eiga málefni þeirra fyllilega heima í þeirri umfjöllun.

Varðandi fjárhagslegan og rekstrarlegan grundvöll hafa menn rætt um að þessir fjölmiðlar ættu að fá einhvern opinberan stuðning. Ég ætla ekki að fjalla sérstaklega um það hér, en ég tel að hluti af þeirri vinnu sem hér er gerð tillaga um, að auðvitað eigi að fjalla um það. Við skulum ekki útiloka að í framhaldinu komi til þess að þeir fjölmiðlar fái einhvern opinberan stuðning til starfsemi sinnar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra en tek undir og fagna tillögunni og tel einsýnt að þingið ætti að leggja sig fram um að afgreiða hana með einhverjum hætti fyrir vorið.

[16:25]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft við mjög þörfu máli og ég vil þakka hv. frummælanda, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, fyrir að flytja hér ágætt mál. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða eins og hv. þingmaður kom inn á í máli sínu. Við vitum að hlutverk staðbundinna fjölmiðla skiptir oftar en ekki mjög miklu máli fyrir viðkomandi byggðarlög, í hverslags mynd sem sú starfsemi er, hvort sem um er að ræða útvarpsrekstur, sjónvarpsrekstur eða dagblöð.

Í þessari tillögu til þingsályktunar er lagt til að hæstv. menntamálaráðherra verði falið að skipa nefnd sem eigi að athuga sérstaklega stöðu þessara fjölmiðla og rekstrarumhverfi þeirra og skila skýrslu í framhaldi af því. Jafnframt á nefndin að koma með tillögur um beinar eða óbeinar aðgerðir sem ríkisstjórn og Alþingi gætu gripið til í því skyni að efla rekstrargrundvöll þeirra fjölmiðla.

Hæstv. forseti. Ég vil segja að mér finnst mjög brýnt að stjórnvöld komi með beinum aðgerðum að rekstri þessara fjölmiðla með því að styrkja starfsemina og vil færa rök fyrir því hér.

Ef við tökum hina staðbundnu fjölmiðla sem dæmi, einkum ritmiðlana, hafa þeir fjölmiðlar gríðarlegt hlutverk. Þeir efla sjálfsmynd íbúa viðkomandi byggðarlaga og byggðarlaganna í heild sinni og varpa oftar en ekki skýru ljósi á þau mál sem hæst ber á góma í viðkomandi byggðarlagi. Þannig efla fjölmiðlarnir samfélagsvitund fólksins, fólkið gerir sér betur grein fyrir því umhverfi sem það býr við og þeim málum sem brenna hvað helst á viðkomandi byggðarlagi. Við könnumst margir hv. þingmenn við það, sérstaklega þingmenn af landsbyggðinni, að þeir fjölmiðlar veita okkur aðhald í störfum okkar með því að benda á mál sem þarfnast úrbóta. Ég get nefnt sem dæmi í því samhengi að fréttablöð eins og Vikudagur eða Skarpur hafa verið mjög dugleg að benda okkur á mál sem við getum ýtt áfram m.a. í þingsölum Alþingis og veitir ekki af, enda höfum við hv. þm. Dagný Jónsdóttir reynt að sinna þeim fjölmiðlum sérstaklega vel.

Hæstv. forseti. Hinir staðbundnu fjölmiðlar búa oftar en ekki við mjög lítinn markað, lítinn auglýsingamarkað og tiltölulega fáa áskrifendur. Há póstburðargjöld lögðust sérstaklega á héraðsfréttablöðin fyrir tveimur eða þremur árum og urðu mjög íþyngjandi í rekstri þeirra fjölmiðla. Það hefur verið mjög erfitt fyrir þá fjölmiðla að hafa rekstur sinn réttum megin við núllið og það er náttúrlega mikið áhyggjuefni ef há póstburðargjöld og annað í rekstrarumhverfi hinna staðbundnu fjölmiðla leiðir til þess að þeir verða að hætta starfsemi sinni. Það mun bitna mjög hart á viðkomandi byggðarlögum og alveg ljóst að innri strúktúr viðkomandi byggðarlags mundi veikjast verulega við slíkt.

Hæstv. forseti. Ég talaði um það áðan að mér fyndist vert að stjórnvöld kæmu með beinum aðgerðum að því að styrkja rekstrargrundvöll þeirra staðbundnu fjölmiðla sem ég hef á undan rekið. Við höfum fyrirmyndina í þeim efnum. Við verjum nú 2.500 millj. kr. til að halda utan um Ríkisútvarp í landinu, Ríkisútvarp sem reyndar rekur svæðisstöðvar líka, þannig að fyrirmyndirnar eru fyrir hendi. Ég held að ekki þyrfti svo háa fjárhæð til að styðja við starfsemi þeirra fjölmiðla sem hér um ræðir.

Ég vil gera það að sérstöku umræðuefni að mér finnst að Byggðastofnun hefði átt að vera búin að móta sér stefnu um þessa fjölmiðla fyrir löngu vegna þess að hér er um gríðarlegt byggðamál að ræða. Ég held að ég hafi ágætar heimildir fyrir því að forsvarsmenn Byggðastofnunar séu búnir að átta sig á því. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða og Byggðastofnun á að hafa fjármuni og ætti að vera búin að móta stefnu um að styðja við rekstur þessara fjölmiðla.

Hæstv. forseti. Síðastliðið vor fórum við í gegnum mikla fjölmiðlaumræðu og hér ætlaði allt að fara af hjörunum við að ræða um framtíð íslenskrar fjölmiðlunar. Því miður bar ekki mikið á því í þeirri umræðu að rætt væri um hlutverk og framtíð staðbundinnar fjölmiðlunar. Mig minnir að einn hv. þingmaður hafi nefnt staðbundna fjölmiðla á nafn í ræðu og það var hv. þm. Dagný Jónsdóttir og fyrir það ber að sjálfsögðu að þakka. Þetta er mjög mikilvægt mál og í raun og veru er undarlegt að í þeirri miklu umræðu sem fór hér fram sólarhringum saman skyldi ekkert vera minnst á þessa mikilvægu starfsemi. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir landsbyggðina, hefur mjög mikil áhrif á viðkomandi byggðarlög þar sem þessir miðlar eru starfræktir og ég vil minna á að það er ekki einungis í þágu íbúa á viðkomandi svæðum heldur er stærstur hluti áskrifenda að þessum fjölmiðlum oftar en ekki brottfluttir einstaklingar sem hafa flutt úr sveitarfélagi sínu annaðhvort til náms eða varanlega en vilja fylgjast með framvindu mála í heimabyggð sinni.

Hæstv. forseti. Ég held að við ættum að reyna að þrýsta á hv. menntamálanefnd að drífa í því að afgreiða málið frá sér og senda það til umsagnar þannig að við getum afgreitt það sem þingsályktun frá Alþingi í haust. Ég fagna yfirlýsingu formanns fjárlaganefndar áðan þar sem hann tók vel í það að tekið verði tillit til umhverfis hinna staðbundnu fjölmiðla við fjárlagagerðina í haust. Það er mikilvægt að við skoðum það mjög gaumgæfilega og ég held að það sé pólitískur vilji fyrir því á Alþingi að við hugum nánar að starfsemi þessara fjölmiðla.

[16:33]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir flest af því sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson nefndi í ræðu sinni, sérstaklega það að héraðsfréttablöðin gegna verulega miklu hlutverki á landsbyggðinni, ekki síst í ljósi þess að þau flytja upplýsingar til íbúa þar og auka þar með og styrkja sjálfsmynd þessara svæða.

Hv. þingmaður hreyfði því að hann teldi vel koma til greina að ríkið legði fram fjármuni til þess að styrkja rekstur slíkra fjölmiðla. Hann nafngreindi einungis tvo slíka fjölmiðla sem, ef ég skildi hv. þingmann rétt, eru gefnir út við Eyjafjörð. Á hv. þingmaður við að ríkisstyrkur sé takmarkaður við Norðurland þegar hann talar um þetta á almennum nótum og hvernig vill hv. þingmaður þá gera upp á milli fjölmiðla á sömu svæðum, þ.e. ef fleiri en einn héraðsfjölmiðill er gefinn út í sama héraði á þá að gera upp á milli þeirra eða eiga allir að fá slíka styrki?

[16:34]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu fór ég almennt í þetta mál. Við eigum að koma mjög almennt að staðbundnum fjölmiðlum að mínu mati, en hv. þingmaður tók eftir því í ræðu minni að ég tók tvö dæmi, annars vegar Skarp sem er gefinn út á Húsavík og hins vegar Vikudag á Akureyri. Þar var ég einungis að taka tvö glæsileg dæmi um slíkan rekstur og hvaða áhrif slíkir fjölmiðlar geta haft á nánasta umhverfi sitt og eflt sitt byggðarlag. Að sjálfsögðu munum við fara í það að styrkja öflugustu héraðsfréttamiðla landsins. Ég tel að það sé hlutverk þeirrar nefndar, sem við höfum lagt fram þingsályktunartillögu um að menntamálaráðherra skipi, að móta hvernig og hvaða fjölmiðlar verði styrktir, en að sjálfsögðu verður það gert á almennum nótum. Þótt það væri náttúrlega ágætt að styrkja sérstaklega staðbundna fjölmiðla í Þingeyjarsýslum og Eyjafjarðarsýslu þá held ég að það gangi ekki heilt yfir séð og ég verð ekki stuðningsmaður þess að við förum í svo sértækar aðgerðir. (Gripið fram í.) Hugsanlega var hv. þm. Hjálmar Árnason að gefa það í skyn að hann væri reiðubúinn að styrkja sérstaklega þessa tvo fjölmiðla en ég mun ekki styðja hann í þeim málflutningi. Ég vil að farið verði í almennar umræður. Og af því að hv. þm. Ögmundur Jónasson kallaði hér fram í þá sagði ég áðan um Ríkisútvarpið að fyrst við getum styrkt ríkisútvarp í landinu um 2.500 millj. kr. á ársgrundvelli, hljóta stjórnvöld að geta styrkt starfsemi þessara staðbundnu fjölmiðla með sama hætti en náttúrlega ekki í eins miklum mæli.

[16:36]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson er oft og tíðum mjög hvatvís maður í umræðunni og er það út af fyrir sig gott mál. Hann vitnaði til þess að ég hefði gefið einhver fyrirheit um það í ræðu minni að staðbundnir fjölmiðlar fengju framlög á fjárlögum til að styrkja rekstur þeirra. Ég bið hv. þingmann að hlusta betur næst vegna þess að ég sagði að það kæmi auðvitað til greina að slíkt gæti gerst en ég er hins vegar mjög varkár í að gefa yfirlýsingar um ríkisútgjöld og í þessu máli gildir hið sama. Ég bið því hv. þingmann að oftúlka ekki orð mín en auðvitað skil ég hug hans því að hann vill auðvitað að grundvöllur þessara fjölmiðla verði styrkur og það er ágætt mál. Hv. þingmaður á sæti í fjárlaganefnd ásamt mér þannig að þetta er viðkvæmt mál í þeirri flóru sem þar er til umfjöllunar. Ég vildi bara sérstaklega koma hér og árétta það við hv. þingmann.

[16:37]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki á hverjum degi sem maður lendir í því að fá andsvör frá tveimur félögum sínum úr eigin þingflokki en það er staðreyndin í dag rétt fyrir páska. Ég taldi að hv. þingmaður hefði haft uppi góð orð um þessa starfsemi og þessa staðbundnu fjölmiðla. Vitaskuld munum við, ég og hv. þm. Magnús Stefánsson, taka umræðu í haust um framtíð þessara miðla samhliða fjárlagagerð án þess að nokkru hafi verið lofað hér af hv. formanni fjárlaganefndar þingsins. Að sjálfsögðu skiptir miklu máli, sérstaklega í þessari umræðu, að formaður fjárlaganefndar þingsins hafi

góðan hug til þessarar þingsályktunartillögu, enda er hann einn af flutningsmönnum hennar, og ég tek fram að flutningsmenn að tillögunni eru þingmenn úr öllum þingflokkum sem sæti eiga á Alþingi. Því vonast ég til þess ásamt hv. þingmanni að þingsályktunartillagan eigi greiða leið í gegnum þingið.

[16:38]

Flm. (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil í lok umræðunnar þakka fyrir afar góða, málefnalega og skemmtilega umræðu. Það er greinilega smágalsi í hópnum nú rétt fyrir páskafrí. En það sem komið hefur fram í umræðunni sýnir að þó að málið sjálft sé í rauninni ekki stórt skiptir það gríðarlegu máli og mér finnast mörg rök hafa bæst við og margt komið fram. Ég vil sérstaklega taka fram að mér finnst það góð hugmynd sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom inn á og einnig hv. þm. Magnús Stefánsson að tengja þessa tillögu starfi fjölmiðlanefndarinnar. Ég held að það væri jákvætt skref, sérstaklega vegna þess að þar er fólk sem búið er að leggja í mikla vinnu varðandi fjölmiðlaumhverfið Íslandi. Þar er komin mikil þekking og reynsla og ætti því ekki að þurfa að leggja í mikla grunnvinnu við það og ég held að það væri mjög álitlegt fyrir okkur í hv. menntamálanefnd að skoða það.

Eins og ég sagði vil ég þakka fyrir þessa umræðu og vona og treysti að hv. menntamálanefnd afgreiði málið hratt og vel. Við erum með hv. formann menntamálanefndar sem einn af flutningsmönnum tillögunnar og efast ég ekki um að hann taki vel í málið. — Nú heyri ég það úr hliðarsölum að hlaupinn er verulega mikill galsi í þingmenn vegna páskaleyfis. — Það er skemmtilegt að vera við umræðu þar sem eintómir framsóknarmenn sitja í salnum en eins og við vitum eru hv. þingmenn allra flokka á þessu máli og margir hafa tekið þátt og vil ég þakka fyrir það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 7. mál.

Fundi slitið kl. 16:41.

99. FUNDUR

miðvikudaginn 30. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til ráðherra Hagstofu Íslands:

1. Skráning nafna í þjóðskrá, fsp. KJúl, 204. mál, þskj. 204.

Til iðnaðarráðherra:

2. Atvinnubrestur á Stöðvarfirði, fsp. SigurjÞ, 496. mál, þskj. 758.

Til sjávarútvegsráðherra:

3. Dragnótaveiðar í Eyjafirði, fsp. DJ, 597. mál, þskj. 891.

4. Hvalveiðar í vísindaskyni, fsp. KolH, 600. mál, þskj. 894.

5. Rækjuveiðar í Arnarfirði, fsp. MÞH, 608. mál, þskj. 911.

Til dómsmálaráðherra:

6. Meðferðarúrræði í fangelsum, fsp. MF, 612. mál, þskj. 915.

7. Varnarviðbúnaður við eiturefnaárás, fsp. BjörgvS, 624. mál, þskj. 942.

8. Konur sem afplána dóma, fsp. MF, 626. mál, þskj. 944.

Til félagsmálaráðherra:

9. Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, fsp. DrH, 627. mál, þskj. 945.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Jóni Kristjánssyni, 4. þm. Norðaust., dagsett 29. mars 2005:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa og þess að 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Norðaust. er forfallaður, að 2. varamaður listans, Katrín Ásgrímsdóttir, garðyrkjubóndi, Kaldá, Austur-Héraði, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Þá hefur borist bréf frá 1. varaþingmanni Framsóknarflokksins í Norðaust., Þórarni Sveinssyni, þar sem hann tilkynnir um forföll sín.

Kjörbréf Katrínar Ásgrímsdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Katrín Ásgrímsdóttir, 4. þm. Norðaust., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Katrín Ásgrímsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa.

[13:33]

Útbýting:

Áfengislög, 676. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1029.

Ferðamál, 678. mál, stjtill. samgrh., þskj. 1032.

Happdrætti, 675. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1028.

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, 677. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1030.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fundur forseta með formönnum þingflokka – skuldastaða heimilanna.

[13:34]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel mig knúinn til að ræða um störf þingsins vegna framgöngu forseta þingsins á fundi í morgun með formönnum þingflokka, sem ég sat í forföllum formanns þingflokks Frjálslynda flokksins, hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar. Á fundinum meinaði hæstv. forseti mér að taka til máls og meinaði mér í raun að fá upplýsingar um gang mála. Ég tel það mjög alvarlegt mál. Hæstv. forseti gengur gegn lýðræðinu með þessum hætti, að meina einum þingflokki að fá upplýsingar um gang mála. Það er óþolandi og algerlega ólíðandi að forseti geri slíkt.

Ég tel mig því knúinn til að fara fram á að hæstv. forseti ræði framgöngu sína við formann Frjálslynda flokksins. Ég hef rætt við formann Frjálslynda flokksins, hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson. Við vorum sammála um að þetta væri ólíðandi. Það verður að taka þetta mál upp. Ég mælist til þess að forseti komi til fundar við formann Frjálslynda flokksins á mánudagsmorgun og ræði þessa framgöngu sína. Það gengur ekki að troða æ ofan í æ á þingflokki Frjálslynda flokksins.

Þær upplýsingar sem ég óskaði eftir en fékk ekki voru t.d. hvað orðið hefði um utandagskrárumræðu við hæstv. forsætisráðherra sem óskað hefur verið eftir. Það hafa ekki fengist nein svör við því og fékkst ekki einu sinni tækifæri til að bera fram þá spurningu. Hver er staða mála hvað varðar þá umræðu?

Einnig hugðist ég spyrja hæstv. forseta (Forseti hringir.) varðandi

(**Forseti** (HBl): Hv. þingmaður tíminn er búinn.)

fyrirspurn. (Forseti hringir.)

[13:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fréttir sem berast úr bankakerfinu hljóta að vekja ríkisstjórnina og reyndar okkur öll til umhugsunar. Í morgun var sagt frá því í fréttum að yfirdráttarlán heimilanna hefðu aukist um 1.500 millj. kr. í febrúar og væri þetta

annar mánuðurinn í röð sem yfirdráttarlán heimilanna hækkuðu ógnvænlega. Fram kom að fyrstu tvo mánuði hækkuðu yfirdráttarlán um 4,1 milljarða kr. og standa núna í röskum 58 milljörðum kr.

Einkum er umhugsunarvert við þetta að á tímabilinu ágúst til desember á síðasta ári drógust yfirdráttarlánin saman. Á því tímabili sáu margir sér hag í að endurfjármagna yfirdráttarlán með hagstæðari íbúðalánum til lengri tíma sem þá voru í boði frá fjármálakerfinu, frá bankakerfinu. Áður en þessi endurfjármögnun hófst námu yfirdráttarlánin 60,5 milljörðum kr. en nú stefnir í að sama marki verði náð að nýju. Það þýðir að fólk sem nú er búið að veðsetja sig í botn með veði í húsnæði, sem oft er á yfirsprengdu verði, til að ná utan um fjármál sín er aftur komið í þrot. Við slíkar aðstæður má ekkert út af bera.

Af þessu tilefni vil ég vekja athygli á þingmáli sem þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs setti fram, um aðgerðir til að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Þar lögðum við m.a. til að Fjármálaeftirlitið hugaði vandlega að áhættumati í bankakerfinu, svo sem hvað varðar áhrif af snöggri gengislækkun krónunnar eða lækkun fasteignaverðs. Markmiðið verði að hraður vöxtur útlána að undanförnu skapi ekki hættu fyrir efnahagslífið og farið veri yfir eiginfjárlágmörk og áhættugrunn fjármálastofnana í því ljósi. Á þessu vil ég vekja sérstaka athygli í ljósi frétta sem berast innan úr fjármálakerfinu.

[13:38]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar um þá alvarlegu stöðu sem blasir við í efnahagsmálum þjóðarinnar, verði ekki á þeim tekið.

Skuldir heimilanna vaxa mjög hratt. Við glöddumst á vissan hátt yfir þeim breytingum sem urðu seint í fyrra og í byrjun þessa árs, möguleikum fólks til að létta greiðslubyrði lána sinna með hagstæðari lánum hjá bönkunum. Maður hélt að með því yrði greiðslubyrðinni létt af heimilunum. En nú virðist annað koma á daginn. Það er ekki aðeins að hús og íbúðir hafi verið skuldsettar í topp heldur hækka yfirdráttarlán, tímabundin yfirdráttarlán hjá bönkunum. Vextir af þessum lánum eru ekki hagstæðir, herra forseti. Ætli það séu ekki eitthvað á milli 14 og 20%?

Þetta gerir það að einstaklingarnir og samfélagið allt verður afar viðkvæmt fyrir breytingum í efnahagslífinu. Þegar boginn er svo þaninn má ekkert út af bera. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum lagt fram tillögur um bráðaaðgerðir til að stuðla að efnahagslegum stöðugleika, þar á meðal að hvetja til að eftirlit sé haft með bönkunum og þeir hvattir til að huga vel að eiginfjárstöðu sinni og lánastefnu. Lítils háttar breyting í gengi eða lítils háttar breyting í útflutningi eða verðbólgu skapaði þannig ekki miklar holskeflur.

[13:41]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég beindi spurningu til hæstv. forseta fyrr í umræðunni um hvort hægt væri að verða við því að fá fund með formanni Frjálslynda flokksins á mánudagsmorgun um framgöngu hæstv. forseta á fundum. Ég óska eftir því að hæstv. forseti geri grein fyrir afstöðu sinni til bónar minnar. Eru engin viðbrögð við henni?

Þessi framkoma hæstv. forseta gengur ekki upp. Hann verður að huga að því að hann er í lýðræðislegu þjóðþingi og á að gæta réttar þingmanna. Þetta er með ólíkindum. Hann á ekki þetta þing. Hann virðist líta svo á að hann eigi það og þurfi ekki að svara einu né neinu þegar er beint að honum spurningum. Mér finnst þetta vera með ólíkindum og í rauninni dónaleg framkoma.

Ég ætlaði að beina fyrirspurn fyrr í dag til forseta um fyrirspurnir til hæstv. utanríkisráðherra. Það hefur tekið hæstv. utanríkisráðherra meira en fjóra mánuði að koma því í verk að svara einfaldri fyrirspurn.

Í öðru lagi ætlaði ég að spyrja um hvers vegna fyrirspurn sem ég beindi að hæstv. forsætisráðherra varðandi það hvað forsætisráðuneytið greiddi fyrir lögfræðiálit Eiríks Tómassonar. Eru þetta svona stórir karlar að þeir geti ekki svarað? Hæstv. forseti getur ekki svarað því hvort hann verði við óskum um fundi með formanni flokksins.

[13:43]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það gengur mjög á þær fyrirspurnir sem hafa af ýmsum ástæðum hlaðist upp hjá mér. Ég hygg að þetta sé sú eina sem eftir er og henni verður svarað fljótlega.

Hins vegar þóttu mér það mikil tíðindi þegar hér kom þingmaður og lýsti því yfir að forseti væri boðaður á teppið hjá formanni Frjálslynda flokksins vegna framgöngu hans. Ég hef hvergi í veröldinni séð þetta áður. Ég vona að þetta hafi verið tekið upp á mynd, þetta var svo athyglisvert og skemmtilegt. En forseti sýndi þingmanni þá kurteisi að svara ekki þeirri vitleysu sem þar var á ferðinni.

[13:44]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Ögmundi Jónassyni að sú aukning sem orðið hefur á yfirdráttarlánum er mikið áhyggjuefni. Það var vissulega jákvætt þegar bankarnir komu inn með lán fyrir einstaklinga með verulega lægri vöxtum. Fólk gat farið út í miklar skuldbreytingar og nýtti sér það. Ég átti ekki von á því að frá áramótum hefðu yfirdráttarlán aukist um 4 milljarða kr. og séu nú um 58 milljarðar kr. Það sem er áhyggjuefnið í þessu eru þeir miklu vextir sem fólk þarf að greiða af yfirdráttarlánum, 17–18% vextir.

Ég spyr hæstv. viðskiptaráðherra sem hér er stödd hvort hún telji ekki ástæðu til að bregðast við þessu. Yfirdráttarlán heimilanna jafngilda nú 280 þús. kr á hvern einstakling á aldrinum 18–80 ára. Miðað við að vextir af yfirdráttarlánum séu 17–18% eru árlegar vaxtagreiðslur af 280 þús. kr., sem jafna má við skuldir allra einstaklinga 18–80 ára, 50 þús. kr. á ári.

Á þessu þarf auðvitað að taka, að í 4% verðbólgu séu yfirdráttarlánavextir um 17–18%. Skuldir einstaklinga við bankana hafa aukist frá því í ágústmánuði, úr 197 milljörðum kr. í 345 milljarða kr., sem er veruleg aukning, um 75%. Þess vegna veldur það vonbrigðum og undrun að yfirdráttarlánin hafi aukist svona gríðarlega. Maður veltir fyrir

sér hvort heimilin séu mörg hver að komast í þrot þrátt fyrir að hagstæð lán hafi boðist til skuldbreytinga.

Ég spyr hæstv. viðskiptaráðherra hvort hún telji ekki ástæðu til að bregðast við og beita sér fyrir því að yfirdráttarvextir, sem eru núna 17–18%, verði lækkaðir.

[13:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst alveg ástæða til þess að hæstv. forseti geri grein fyrir þessum ágreiningsefnum milli sín og hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar og geri grein fyrir því hvers vegna hann hefur ekki svarað því sem hv. þingmaður spyr um. Mér finnst lágmark að hæstv. forseti sýni þingmönnum þokkalega virðingu í þingsölum. Því miður hefur brunnið við með hæstv. forseta að gera það ekki og kannski að vonum þegar hæstv. forsætisráðherra ómakar sig í ræðustólinn til að mæla vitleysuna upp í hæstv. forseta. Það var hæstv. utanríkisráðherra sem gerði það hér áðan — ég bið afsökunar á mismæli mínu.

Mér finnst að hæstv. forseti, af því að það er nú á allra vitorði að hann á ekki langt eftir í þessu embætti, ætti að nota þá daga sem eftir eru til að bæta ráð sitt og fara með skárri áru úr því en hann hefur um þessar mundir.

[13:47]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vona að ég leggi réttan skilning í þau orð hv. þingmanns að ég eigi ekki langt eftir.

[13:47]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég er svolítið hissa á því ef hæstv. bankamálaráðherra landsins ætlar ekki að bregðast við þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og þeim fréttum sem landsmönnum bárust í morgun. Það er staðreynd að skuldir heimilanna standa núna í 340 milljörðum kr. Yfirdráttarlánin eru að nálgast 60 milljarða kr. og eru komin í svipaðar hæðir og þau voru í síðasta haust en þá óaði alla við því hvernig komið væri.

Menn fögnuðu því að fólk færi að endurskipuleggja fjármál sín þegar bankarnir buðu lán á lægri vöxtum, og Íbúðalánasjóður einnig, en nú virðist stefna í sama óefni og áður. Að mínum dómi og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er mikilvægt að þjóðfélagið allt horfi í sameiningu á þessi mál af raunsæi og ábyrgð. Þess vegna ber okkur að ræða þau. Ég var að vekja athygli á tillögu sem við höfum sett fram í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði um að beina því til Fjármálaeftirlitsins að áhættumat fari fram hjá bönkunum, og endurmat. Að sjálfsögðu hefur slík vinna farið fram og fer stöðugt fram en nú þarf að endurmeta þær forsendur sem unnið er samkvæmt, í ljósi þeirra upplýsinga sem okkur eru að berast.

Það er staðreynd að þegar búið er að spenna bogann á þann hátt sem nú hefur verið gert má ekkert út af bera. Þegar tiltekinn hópur fólks eða fyrirtækja getur ekki risið lengur undir skuldbindingum sínum er hætta á því að keðjuverkun verði í samfélaginu. Þetta hefur gerst í þjóðfélögum í kringum okkur, í kringum 1990, í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Kanada og víðar. Við eigum að horfa á þessi mál af raunsæi og beina varnaðarorðum til þeirra sem utan um þau halda.

[13:50]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. málshefjanda hér að það er ástæða til að hafa uppi aðvörunarorð. Það er vissulega áhyggjuefni að skuldir heimila hafi hækkað mjög mikið en við verðum að hafa í huga að eignir heimilanna hafa líka hækkað mjög mikið. Það er mikilvægt atriði í þessu sambandi.

Spurt hefur verið: Mun ekki ríkisstjórnin beita sér í málinu? Það er mjög einfalt að spyrja svona en hv. þingmenn eru ekki með miklar tillögur um hvað skuli gera (**ÖJ:** Jú, jú, jú, jú.) og hvaða tillögur ættu helst að koma fram í þessu sambandi. Við búum við frjálst flæði fjármagns, ekki bara innan lands heldur líka í Evrópu, og við höfum lýst yfir ánægju með það, flest, að vextir hafa verið að lækka. Þegar hv. þingmenn eru í rauninni að tala með því að yfirdráttarvextir lækki hlýtur að felast í því sá hvati að taka frekari lán á þeim kjörum. Þetta er allt saman dálítið snúið.

Eins finnst mér að erindi hv. þingmanna Vinstri grænna í ræðustól hér í dag hafi m.a. verið það að vekja athygli á tillögu sem þeir hafa lagt fram. Ég mun að sjálfsögðu kynna mér hana. En ég gleðst yfir einu og það er það að hv. þingmenn Vinstri grænna hafa loksins áttað sig á því að ég stjórna ekki Fjármálaeftirlitinu. Það voru ekki óskir um það í þessari umræðu að ég ætti að beina einu eða öðru til Fjármálaeftirlitsins, og það er mikil framför. Fjármálaeftirlitið er sjálft fullbært til þess að taka ákvarðanir, það hefur faglega þekkingu til þess og hefur tekið eigin ákvarðanir. Jafnframt fylgist það með markaðnum frá degi til dags. Það er mjög mikilvægt.

[13:52]

Forseti (Halldór Blöndal):

Að gefnu tilefni frá hv. 2. þm. Norðvest., Jóhanni Ársælssyni, vil ég skýra frá því að ég tók það fram á fundi með formönnum þingflokka, að gefnu tilefni, að ekki er hægt að gefa þingmanni orðið nema hann hafi áður beðið um það.

Skráning nafna í þjóðskrá.

Fsp. KJúl, 204. mál. — Þskj. 204.

[13:52]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til ráðherra Hagstofu Íslands um skráningu nafna í þjóðskrá. Ástæðan fyrir því að þessi fyrirspurn er lögð fram er sú að í dag er staðan þannig að þúsundir Íslendinga fá ekki fullt nafn sitt skráð í þjóðskrána hjá Hagstofu Íslands. Þetta hefur verið mörgum til mikils ama.

Í svari hagstofuráðherra við fyrirspurn hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar frá 127. löggjafarþingi um skráningu í þjóðskrá kemur fram að skráningar nafna í þjóðskrá byggjast á starfsreglum Hagstofu Íslands frá því að þjóðskráin

varð til árið 1953. Svæðið sem nú gefst til skráningar nafna er einungis 31 stafabil.

Virðulegi forseti. Ég gerði örlitla stikkprufu á nokkrum klassískum íslenskum nöfnum í þjóðskrá og það var býsna fróðleg yfirferð. Þar sá ég t.d. glögglega að um 11,4% allra kvenna sem bera hið rammíslenska nafn Sigríður sem fyrsta nafn fá ekki fullt nafn sitt skráð í þjóðskrá. Þetta er töluvert há tala þar sem rúmlega 4 þús. konur eða stúlkubörn bera nafnið Sigríður á Íslandi.

Hið sama má segja um nafnið Þorgerður, um 10,1% þeirra kvenna og stúlkubarna sem bera það sem fyrsta nafn fá nafnið sitt ekki fullskráð og heil 9% þeirra sem bera karlmannsnafnið Þorvaldur sem fyrsta nafn fá nafnið sitt ekki fullskráð.

Virðulegi forseti. Mér þykja þetta þannig tölur að ég tel mikilvægt að málið verði grandskoðað og því hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. hagstofuráðherra sem hljóðar svo:

1. Stendur til að breyta skráningu nafna í þjóðskrá þannig að allir geti skráð fullt nafn sitt án þeirra takmarkana sem eru nú á heildarlengd nafna?

2. Hefur kostnaður við slíka breytingu á skráningu verið kannaður og ef svo er, hversu mikill yrði hann?

3. Hefur verið kannað hversu langan tíma tæki að gera slíka breytingu?

4. Hversu margir einstaklingar hafa ekki fengið fullt nafn skráð í þjóðskrá?

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan hefur álíka fyrirspurn frá hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni verið svarað. Hins vegar eru fjögur ár síðan og ég tel mikilvægt að halda þessu máli vakandi vegna þeirrar gríðarlegu tæknibyltingar sem hefur átt sér stað. Fyrirtæki uppfæra tölvukerfi sín reglulega þannig að ég sé ekkert því að vanbúnaði að við gætum samþykkt að gera slíkar breytingar.

[13:56]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tala hér sem hagstofuráðherra.

Spurt er hvort til standi að breyta skráningu nafna í þjóðskrá þannig að allir geti skráð fullt nafn sitt án þeirra takmarkana sem nú eru á heildarlengd nafna. Við athugun þessa máls er rétt að hafa í huga að þjóðskráin er í reynd gagnasafn fyrir öll þau atriði sem skrá þarf um einstaklinga samkvæmt gildandi löggjöf, svo sem lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, lögheimilislögum, barnalögum, hjúskaparlögum, lögum um ríkisfang o.fl. Úr þessu gagnasafni eru síðan myndaðar skrár til ýmissa nota. Af notum hins opinbera má nefna áritun skattframtala og álagningarseðla, launaseðla o.fl., útgáfu vottorða og vegabréfa og gerð kjörskrárstofna svo og dreifingu á opinberum pósti. Einkaaðilar hagnýta sér þjóðskrá í margvíslegum tilgangi til að lagfæra eigin skrár um viðskiptamenn, félagsmenn eða skjólstæðinga, til áritunar á eyðublöð eða bréf til dreifingar í pósti.

Við núverandi tæknistig er ekki ástæða til að beita sérstökum takmörkunum við færslur í gagnasöfn. Rými þeirra, geymslugeta og afköst eru orðin svo mikil að kostnaður er tiltölulega lítill. Hins vegar hefur allt fram undir þennan dag þótt nauðsynlegt að taka tillit til þess að mjög mörg tölvukerfi, bæði hins opinbera og einkaaðila, hafa haft sömu takmarkanir á lengd nafna og þjóðskrá. Lengd glugga á umslögum svarar nokkurn veginn til nafnasvæðis þjóðskrár og rými á eyðublöðum er takmarkað. Hagstofan hefur verið hikandi við að láta mjög löng nöfn koma fram í dreifingar- og áritunarskrám þjóðskrár vegna þess að nokkuð yrði um það að nöfn mundu brenglast við yfirfærslu í önnur tölvukerfi og við áritun á póst, opinber gögn, eyðublöð o.fl. Blasað hefur við að klippt yrði aftan af löngum nöfnum við þess háttar yfirfærslur.

Stækkun á nafnasvæði í tölvukerfi þjóðskrár er ekki meiri háttar aðgerð. Ákvörðun um að hverfa frá takmörkunum á lengd nafna í útsendingu á áritunarskrám kann hins vegar að þvinga ýmsa aðila aðra, bæði opinbera og einkaaðila, til að breyta tölvukerfum sínum til samræmis. Þó er líklegt að breyting af þessu tagi valdi minni röskun eftir því sem lengra líður á. Enn fremur er ljóst að högun tölvukerfa í þjóðfélaginu stendur miklu síður í vegi fyrir breytingu á nafnasvæði þjóðskrár en áður var. Nýleg tölvukerfi eru flest mun sveigjanlegri en hin eldri hvað varðar lengd á nafnasvæði eða breytingu á því og samkvæmt eftirgrennslan Hagstofunnar gera sum kerfi beinlínis ráð fyrir lengri nöfnum en nú eru í dreifingarskrám þjóðskrár.

Hagstofan vinnur því nú að undirbúningi breytingar af þessu tagi. Sú tilhögun sem stefnt er að er að þjóðskráin skrái öll nöfn fullum fetum og að þau séu varðveitt þannig í gagnasafni hennar. Hins vegar yrði fólki áfram gefið færi á að stytta nöfn sín eins og mjög margir vilja enn þann dag og þau rituð þannig í skrám til almennrar dreifingar og notkunar í þjóðfélaginu. Með öðrum orðum yrðu þær skrár látnar endurspegla full nöfn í gagnasafninu nákvæmlega nema fólk óskaði sérstaklega eftir styttingu á nöfnunum. Þetta hefur í för með sér að einstaklingar sem bera mjög löng nöfn verða sjálfir að ákveða hvort þeir vilji taka þá áhættu sem þessu fylgir, um að klippt kunni að verða aftan af nöfnum þeirra í öðrum tölvukerfum eða við áritun á eyðublöð, límmiða og þess háttar.

Í öðru lagi er spurt:

„Hefur kostnaður við slíka breytingu á skráningu verið kannaður og ef svo er, hversu mikill yrði hann?“

Sem fyrr segir mun breyting á nafnasvæði þjóðskrár hafa áhrif á breytingu margra tölvukerfa en í mismiklum mæli og á mislöngum tíma. Hjá þjóðskránni sjálfri yrði kostnaðurinn ekki verulegur eða um 1–2 millj. kr. Hins vegar þyrfti að breyta ýmsum kerfum hins opinbera til samræmis og er kostnaður af því mjög óviss. Sama gildir um kostnað einkaaðila. Um hvort tveggja gildir að líklegt er að kostnaður sé því minni sem kerfin eru nýrri. Jafnframt má gera ráð fyrir því að í ýmsum tilvikum megi breyta tölvukerfum eftir því sem endurnýjunarþörf þeirra gefur tilefni til.

Þá er spurt af hv. þingmanni:

„Hefur verið kannað hversu langan tíma tæki að gera slíka breytingu?“

Sjálf breytingin á nafnasvæði dreifingarskrár þjóðskrár þarf ekki að taka langan tíma, e.t.v. nokkrar vikur. Hins vegar þarf að líða nokkur tími frá því að ákvörðun um breytingu er tekin þar til hún kemur til framkvæmda. Ef ákveðið yrði nú á næstunni að gera slíka breytingu má áætla að hún gæti komið til framkvæmda um mitt næsta ár. Skýringin á þessum mismun er sú að það tekur lítinn tíma

að breyta tölvukerfi þjóðskrárinnar, aðeins nokkrar vikur, en það er eðlilegt að gefa viðskiptavinum Hagstofunnar aðeins lengri tíma til að laga sig að þeim breytingum.

„Hversu margir einstaklingar hafa ekki fengið fullt nafn skráð í þjóðskrá?"

Svar við því frá Hagstofunni er þetta: Frá ársbyrjun 1997 til ársloka 2004 hafa verið gerðar 58.820 breytingar á nafnaritun í þjóðskrá. Hagstofan hefur ekki haldið sérstaklega utan um fjölda þeirra sem óskað hafa eftir að fullt nafn verði birt í tölvukerfi þjóðskrár en fjöldi þeirra mála er vart meiri en 300–400. Í nær öllum tilvikum hefur náðst sátt við fólk um styttingu fulls nafns í tölvukerfinu. Sú þjóðskrá sem er sýnileg til almennra nota, hvort sem það er á pappír eða í tölvum, hefur aldrei borið með sér fullt nafn viðkomandi nema það rúmist innan nafnasvæðis þjóðskrár og viðkomandi hafi viljað sýna nafnið fullum fetum. Margir kjósa af ýmsum ástæðum að birta ekki fullt nafn sitt og hefur svo verið áratugum saman. Það er því ógerningur að svara þessari spurningu frekar. Þó má bæta við að enginn sjálfráður maður er nafnlaus í þjóðskrá.

Núverandi lög um mannanöfn tóku gildi 1. janúar 1997. Frá þeim tíma til ársloka 2004 hafa fæðst 33.366 börn hér á landi. Þegar Hagstofunni berast fæðingartilkynningar eru börn skráð strax í þjóðskrá sem stúlka eða drengur með kenningu til móður eða föður eftir því sem við á. Eiginnöfn barna eru síðan skráð jafnóðum og þjóðskránni berast tilkynningar um nafngjafir. Þau tilvik sem forsvarsmenn barna hafa ekki sætt sig við styttingu á fullu nafni á þessu tímabili eru teljandi á fingrum annarrar handar.

[14:01]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég flutti þingsályktunartillögu á þessu þingi sem varðar það að taka á að skrá löngu nöfnin í þjóðskrá. Þingmenn úr þremur flokkum lýstu stuðningi við málið enda er það sjálfsagt réttlætismál sem ber að taka á. Það vakti sérstaka athygli mína þegar ég fór yfir það hverjir hefðu sent inn erindi varðandi það þingmál sem liggur hjá hv. menntamálanefnd að umsögn vantar einmitt frá Hagstofu Íslands. Það væri mjög ágætt ef hæstv. hagstofuráðherra gæti ýtt á eftir þeim að senda inn umsögn um þingmálið sem liggur þegar fyrir þinginu.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra Hagstofu Íslands kærlega fyrir þessi svör sem voru afar jákvæð. Mér heyrist á öllu að þarna sé einhver vinna komin í gang við það að laga þjóðskrána að þeirri framtíðarmúsík í þeim efnum að auka stafabil þannig að fólk geti skráð lengri nöfn. Það er auðvitað ekki hægt að vera með endalaus stafabil skráð í þjóðskrá. Eins og kom fram gera t.d. gluggaumslög ekki ráð fyrir því. Hins vegar snertir þetta augljóslega, eins og ég kom inn á í fyrri ræðu minni, þúsundir Íslendinga í dag og augljóslega má hækka markið. Það er ekki nema 31 stafabil í dag. Ég er búin að vera að skoða líka gluggaumslög undanfarið eftir að ég las svar hæstv. hagstofuráðherra til hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar á sínum tíma og búin að mæla þetta dálítið út. Ég sé að við megum fjölga bilunum upp í 45–60 stafabil. Röksemdina um að þetta sé erfiðleikum bundið vegna gluggaumslaga tel ég heldur léttvæga.

Eins og kom þó fram í máli hæstv. ráðherra eru tölvukerfi í dag orðin miklum mun sveigjanlegri en þau voru þannig að ég sé ekki að það ætti að vera erfiðleikum bundið fyrir fyrirtæki samhliða eðlilegum uppfærslum á hugbúnaði sínum að keyra inn breytingar eins og að auka stafafjöldann.

Enn og aftur fagna ég þessu svari hæstv. ráðherra og vona að þetta komi til framkvæmda sem fyrst.

[14:04]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og ég sagði í inngangssvari mínu munu nöfn framvegis, þegar þessi breyting hefur verið gerð, verða skráð fullum fetum hjá Hagstofunni í þeirri lengd sem fólk óskar. Það getur a.m.k. um einhverja hríð orðið til þess að nöfn verði stytt hjá öðrum aðilum sem nota þjóðskrána. Þá verður það að ráðast og auðvitað vonum við að það verði í sem minnstum mæli og valdi sem minnstri ánauð.

Vegna þess sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson nefndi áðan tel ég að það sé meira virði að fá þessa niðurstöðu Hagstofunnar sem leysir málið en að fá einhverja umsögn sem kann að vanta í málinu.

Atvinnubrestur á Stöðvarfirði.

Fsp. SigurjÞ, 496. mál. — Þskj. 758.

[14:05]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Það er ótrúlegt að verða vitni að því hvernig ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks hefur grafið undan byggðum í landinu. Byggðirnar á sunnanverðum Austfjörðum hafa verið leiknar grátt og það sýna m.a. tölur frá Hagstofunni.

Framsóknarflokkurinn hefur ekki látið sér nægja það kvótakerfi sem hefur grafið undan byggðunum og er algerlega árangurslaust. Það skilar nú helmingi minni þorskafla á land en fyrir daga þess. Nei, Framsóknarflokkurinn hefur látið til sín taka á fleiri sviðum. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur t..d sett svo strangar reglur um slátrun búfjár að þær leiddu til lokunar sláturhússins á Breiðdalsvík. Hæstv. landbúnaðarráðherra treystir sér hins vegar ekki til að standa við þær reglur sjálfur heldur hefur kennt Evrópusambandinu um sem eru hrein og klár ósannindi.

Hæstv. iðnaðarráðherra hækkaði nýlega rafmagnsreikninginn á þeim sem hita hús sín með raforku og ég veit ekki hvað verður næst hjá Framsóknarflokknum. Ég spyr.

Nú verður Stöðvarfjörður fyrir barðinu á óréttlátu og lélegu fiskveiðistjórnarkerfi. Í framhaldinu er rétt að spyrja frú byggðamálaráðherra hæstvirta hver viðbrögð hennar séu við þeim válegu tíðindum. Ég var á formlegum fundi, sögulegum, fyrir hádegi og þá var að heyra á hæstv. forseta Halldóri Blöndal að honum fyndist þessi fyrirspurn léttvæg. Hann leiðréttir mig ef ég fer rangt með. Ég var staddur á

Stöðvarfirði í síðustu viku og ræddi bæði við sveitarstjóra og starfsfólk í frystihúsinu þar. Á því fólki var annað að heyra en að ástandið væri léttvægt. Fólk hefur verulegar áhyggjur af atvinnumálum á Stöðvarfirði og þess vegna væri mjög fróðlegt að fá að heyra afstöðu stjórnarflokkanna. Andvaraleysi þeirra er algert í málinu.

Hæstv. byggðamálaráðherra ritaði á heimasíðu sína þá skoðun að hvorki væri forsvaranlegt né hagkvæmt að róa frá hverju byggðarlagi. Það væri verið að föndra við byggðirnar með slíku háttalagi. Því erum við í Frjálslynda flokknum algerlega ósammála vegna þess að við trúum því að það séu bæði líffræðileg og síðan ýmis hagræn rök fyrir því einmitt að róa frá stöðum eins og Stöðvarfirði í stað þess að vera með eyðibyggðastefnu Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í fiskveiðistjórn.

Stjórnvöld bjuggu til kerfi sem leikur þessar byggðir illa. Þessi sömu stjórnvöld skulda íbúunum einhver svör og aðgerðir til að bregðast við þeim vanda sem uppi er.

[14:08]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ljóst er að áform Samherja um að hætta fiskvinnslu á Stöðvarfirði eru áfall fyrir heimamenn, enda 35 stöðugildi í húfi. Greinilegt er hins vegar að heimamenn ætla að snúa vörn í sókn og er m.a. hafin vinna við verkefni sem kallað er Þróunarverkefni á Stöðvarfirði en það er samvinnuverkefni Austurbyggðar, Þróunarstofu Austurlands og Samherja hf. Verkefnið felst í því að fara yfir samsetningu byggðar og meta þau atvinnutækifæri og sóknarfæri sem kunna að leynast á Stöðvarfirði. Kynntu forsvarsmenn Austurbyggðar þessa vinnu á fundi sem haldinn var með þingmönnum Norðausturkjördæmis í síðustu viku en á þeim fundi var farið yfir stöðu atvinnumála á Stöðvarfirði. Ekki lágu fyrir neinar lausnir eftir fundinn, enda var hann fyrst og fremst hugsaður til upplýsinga og undirbúningsvinnu við að fjölga þar atvinnutækifærum. Hefur starfshópurinn þegar hafið greiningarvinnu og áformað er að taka viðtöl við alla starfsmenn Samherja á Stöðvarfirði, alla þá sem eru í atvinnurekstri á Stöðvarfirði og alla þá sem hafa komið fram með viðskiptahugmyndir sem nýst gætu staðnum. Er áformað að finna með þessari greiningarvinnu hvar sóknarfæri Stöðfirðinga liggja. Hugmyndir að margvíslegum atvinnurekstri eru þegar komnar fram og mun starfshópurinn vinna að því að veita góðum hugmyndum brautargengi.

Iðnaðarráðuneytið mun fylgjast grannt með þeirri vinnu sem unnin er í samstarfshópnum og hef ég boðið fram beina þátttöku ráðuneytisins í starfinu. Áætlað er að hópurinn skili tillögum strax á næstu mánuðum.

Það er sérlega ánægjulegt að Þróunarstofa Austurlands kemur öflug að verkefninu. Stoðkerfi núverandi byggðaáætlunar byggist m.a. á öflugum frumkvöðlastuðningi á landsbyggðinni. Við framkvæmd byggðaáætlunar er mikil áhersla lögð á að ýta undir nýsköpun sem hefur skilað sér í mörgum spennandi verkefnum og skapað ný atvinnutækifæri í heimabyggð.

Þá ber að fagna því að Samherji hf. skuli ætla að axla samfélagslega ábyrgð á ástandinu. Viðræður hafa farið fram milli forsvarsmanna Samherja og heimamanna um mögulega þátttöku fyrirtækisins í atvinnuuppbyggingu á staðnum. Þar má nefna atriði eins og að halda áfram vinnslu í samstarfi við heimamenn, byggja upp aðra atvinnustarfsemi á Stöðvarfirði, greiða fyrir samgöngum í önnur byggðarlög, t.d. með almenningssamgöngum, tryggja endurmenntun starfsmanna til að auðvelda aðkomu þeirra að nýjum störfum o.s.frv. Ljóst er að mikill metnaður er til staðar á staðnum til að ná árangri í þeirri vinnu sem nú er hafin. Stöðvarfjörður er á atvinnusvæði þar sem framtíðarhorfur eru að mörgu leyti bjartar. Með tilkomu jarðganga á næstu mánuðum mun fjarlægðin frá Stöðvarfirði til Reyðarfjarðar verða svipuð og fjarlægðin frá Reyðarfirði til Egilsstaða og frá Reyðarfirði til Norðfjarðar. Með byggingu og rekstri Fjarðaáls munu tækifæri til atvinnu- og nýsköpunar aukast til muna og sú þróun mun gagnast Stöðfirðingum.

Þótt ekki líti vel út með atvinnumál á Stöðvarfirði sem stendur er sóknarhugur í heimamönnum og ég bind miklar vonir við að gott samstarf skapist milli Samherja og heimamanna um aðgerðir til að snúa ástandinu við og mun iðnaðarráðuneytið verða tilbúið til að koma að þeirri vinnu. Nú er leitað leiða til að finna fleiri tækifæri til atvinnuuppbyggingar og er ljóst að sú mikla samheldni og jákvæðni sem einkennir þá vinnu mun að öllum líkindum skila sóknarfærum og nýjum störfum.

Ég tel að sú vinna sé til mikillar fyrirmyndar og vonast til að hún skili nýjum störfum á Stöðvarfjörð.

[14:12]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er augljóst að brýn þörf er á víðtæku og samstilltu átaki í atvinnumálum í Austurbyggð eins og nú stendur. Heimamenn hafa líka sannarlega tekið sér fyrir hendur að vinna saman, sveitarstjórn, Þróunarstofa Austurlands og það fyrirtæki sem nú kemur til með að loka fiskvinnslu sinni á Stöðvarfirði, þ.e. Samherji. Þessir aðilar hafa unnið saman að því að finna ný tækifæri og hafa sýnt alveg ótrúlega góða vinnu, unnið mjög vel saman og það kemur fram í erindi sveitarstjórnar Austurbyggðar til okkar þingmanna að menn líta að mörgu leyti mjög björtum augum til framtíðar.

Jarðgöng á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar koma í not í haust og þá mun þetta atvinnusvæði stækka og eflast sem er mjög til hagsbóta fyrir alla suðurfirði.

[14:14]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Fyrirspurn hv. þingmanns beinir í fyrsta lagi sjónum okkar að stöðu sjávarbyggða og óöryggi vegna núverandi fiskveiðistjórnar, þ.e. með frjálsri sölu og leigu á kvóta. Engin sjávarbyggð getur verið örugg með að halda löndun og vinnslu í núverandi kerfi, þ.e. vinnu við fiskvinnslu.

Í öðru lagi beinir hún sjónum okkar að mikilvægi þess að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi og forðast að öryggi heilla byggðarlaga byggi á einni eða einhæfri atvinnugrein eins og verið hefur í mörgum sjávarbyggðum.

Í þriðja lagi að mikilvægi menntunar sem hægt er að stunda frá heimabyggð og því að jaðarsvæði stóriðju geta orðið illa úti og ekki notið jákvæðrar þróunar. Það beinir

augum einnig að mikilvægi góðra samgangna til að stækka atvinnusvæði.

Ég beini þeim óskum (Forseti hringir.) til Austurbyggðar og þeirra verkefna sem fram undan eru að þau gangi eftir og að sveitarfélagið fái góðan stuðning til að vinna að málum sínum.

[14:15]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Fulltrúar allra flokka er eiga þingmenn í kjördæminu funduðu með sveitarstjórn Austurbyggðar, fulltrúa frá Þróunarstofu Austurlands og Samherja og var sá fundur málefnalegur og góður. Það er til mikillar fyrirmyndar hvernig þessir aðilar hafa haldið á málum og eru allir tilbúnir að axla samfélagslega ábyrgð í þessu erfiða máli. Ég geri ekki lítið úr því sem hv. þm. Sigurjón Þórðarson kom inn á áðan, eðlilega hefur fólk miklar áhyggjur af framtíð sinni þar sem fyrirhugað er að fyrirtæki loki.

Það kemur samt ekki á óvart að það skuli vera hv. þingmaður Frjálslynda flokksins sem fer offari í málinu og ég mótmæli orðum hv. þingmanns um andvaraleysi hæstv. ráðherra. Verið er að vinna faglega í málinu og vonandi næst farsæl lausn. Málin leysast ekki með upphrópunum, heldur með samvinnu allra aðila.

[14:16]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir hún afskaplega ömurleg og snautleg, sú vörn sem þingmenn Framsóknarflokksins og hæstv. byggðamálaráðherra viðhafa í þessu máli, dyggilega studd af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Það er ekki boðlegt að koma hingað og lýsa því yfir að verið sé að vinna einhverja áætlun varðandi einhvers konar nýsköpun fyrir þorp eins og Stöðvarfjörð.

Hvers vegna byggðist Stöðvarfjörður upp? Jú, hann byggðist upp á fiskveiðum og því ætti hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir að geta gert sér grein fyrir. Framtíð Stöðvarfjarðar mun áfram byggjast á fiskveiðum en framtíð Stöðvarfjarðar mun ekki verða tryggð nema íbúum Stöðvarfjarðar verði veittur sjálfsagður réttur til nýtingar á sinni fremstu auðlind sem er jú fiskurinn í sjónum.

Það hlýtur að vekja undrun að hæstv. byggðamálaráðherra sem sjálf er frá Grenivík, sjávarþorpi við Eyjafjörð, skuli ekki gera sér grein fyrir jafneðlilegri og sjálfsagðri staðreynd.

[14:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra sagði áðan að Stöðfirðingar ætluðu að fara úr vörn í sókn með Samherja og var mjög ánægð með það. Það er Samherji sem er að leggja niður þarna starfsemi. Með því að einkavæða aðganginn að auðlindinni hefur fólki verið fyrirmunað í þessum litlu sjávarþorpum að hefja útgerð og grundvellinum undir þeim byggðum sem um er að ræða hefur raunverulega verið kippt burt.

Það er þetta sem hefur auðvitað gerst og það er á því sem þarf að taka, það þarf aftur að verða til einhvers konar atvinnufrelsi fyrir fólkið í þessum sjávarbyggðum. Annars munu þær aldrei rétta úr kútnum — nema þeim verði breytt í eitthvað allt annað en þær eru. En er það skynsamlegt? Ég tel ekki. Ég tel að það sé full ástæða til þess að það séu sjávarbyggðir allt í kringum landið eins og hafa verið.

[14:19]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Þingmenn kjördæmisins áttu fyrir tæpum hálfum mánuði ágætan fund með fulltrúum frá Þróunarstofu Austurlands, sveitarstjórn Austurbyggðar og fulltrúum Samherja um atvinnuástandið á Stöðvarfirði þar sem farið var yfir sviðið og þau nýju viðhorf sem eru nú að verða til á Austurlandi með jarðgöngum og stóriðju við Reyðarfjörð.

Mér þótti athyglisvert að hv. þm. Jóhann Ársælsson skyldi hafna því að sjávarbyggð gæti breyst og byggt sig upp með öðrum hætti. Akranes er dæmigerð sjávarbyggð sem nú blómstrar vegna hinnar miklu iðnaðaruppbyggingar sem þar hefur verið, sementsverksmiðju, járnblendiverksmiðju, álverksmiðju. Hið sama verður auðvitað upp á teningnum á Miðausturlandi, álverið þar mun setja svip sinn á atvinnulífið.

Það sem ég hafði hins vegar orð á í morgun, til þess að það valdi ekki misskilningi, er að það sé athyglisvert að sjá hér fyrirspurn um (Forseti hringir.) atvinnubrest á Stöðvarfirði vegna þeirrar uppbyggingar sem þar er. (Forseti hringir.) Þá verður manni hugsað til annarra sjávarbyggða um landið en ég veit að hv. þm. Sigurjón Þórðarson skilur ekki mælt mál.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Herra forseti. Á þingmönnum hv. stjórnarliðsins er að heyra að allt sé til fyrirmyndar, bæði framganga Samherja og síðan þessi verkefni sem eru í gangi hjá Þróunarstofu Austurlands. Það er verið að kanna samsetningu byggðar, það er verið að leita eftir sóknarfærum. En ég fór austur og ég sá að byggðin var í kringum 250 manns. Ég sá hvaða sóknarfæri eru á einmitt þessum stað, og það er sjávarútvegur. Það þarf auðvitað að veita þessum byggðum á ný atvinnuréttindi. Það þarf ekki að búa til einhver „dúblídúbl"-verkefni sem ekkert innihald er í. Við höfum séð það, því miður, hv. þm. Dagný Jónsdóttir, því að hér hafa verið sett niður verkefni af ekki ómerkari mönnum en sjálfum hæstv. forsætisráðherra. Hann hleypti af stokkunum verkefni á vegum Íslenskrar miðlunar og lofaði þar, að sögn heimamanna sem ég heimsótti í síðustu viku, miklum verkefnum frá ríkinu. Hverjar voru efndirnar? Það var allt svikið, því miður.

Þess vegna er orðið tímabært að stjórnarliðar svari því hvað eigi í rauninni að gera. Á að koma með einhver verkefni til að drepa málum á dreif, eins og Íslensk miðlun var, og lofa jafnvel einhverju og einhverju sem síðan er svikið, eins og verkefnum frá ríkinu, eða á eitthvað raunverulegt að koma? Það stendur óvart í flokkssamþykktum Framsóknarflokksins að það ætti að tryggja byggð í sjávarbyggðunum, og því var fólkinu lofað fyrir síðustu kosningar. Síðan er það allt gleymt eftir kosningar og hæstv. byggðamálaráðherra segir á heimasíðu sinni að það sé af og frá, það sé

bara verið að föndra við byggðir þegar talað er um að tryggja sjávarbyggðunum atvinnuréttindi. Við erum (Forseti hringir.) algerlega ósammála þessu í Frjálslynda flokknum, hæstv. forseti.

[14:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þingmenn Frjálslynda flokksins eiga mikið ólært í pólitík. Hér kom annar þingmaður flokksins og sagði að ekki væri boðlegt að segja að verið væri að vinna að málum. (Gripið fram í.) Ég hefði haldið að einmitt aðferðin til þess að ná niðurstöðu væri að vinna í málum, og það er verið að gera í þessu tilfelli.

Það sem er gott er að horft er með jákvæðu hugarfari fram á veginn af íbúum Stöðvarfjarðar og þannig er það yfirleitt sem mál leysast. Það sagði forsvarsmaður sveitarfélagsins, að mál leysist frekar með jákvæðu hugarfari en neikvæðu.

Hv. þingmaður básúnar hér að Framsóknarflokkurinn sé að eyðileggja allt með sjávarútvegsstefnunni og hann sé að eyðileggja allt með því að leggja niður sláturhús (Gripið fram í.) og sé að hækka raforkureikningana — en hvað með álverið? Hv. þingmaður nefndi ekki álverið þar sem Framsóknarflokkurinn var vissulega í forustu. Það er verið að byggja álver á Austurlandi ef hv. þingmaður skyldi ekki vita það, og það vill svo til að Framsóknarflokkurinn var þar í forustu. Það vill svo til að Frjálslyndi flokkurinn studdi hvorki Kárahnjúkavirkjun né álversuppbygginguna. Þetta er nú flokkurinn sem þykist öllu geta bjargað. Ég held að hv. þingmaður ætti aðeins að hugsa sig tvisvar um áður en hann kemur hér upp í stólinn með stóru orðin sín.

Svo talar hann um það að Framsóknarflokkurinn reki eyðibyggðastefnu. (**SigurjÞ:** Já.) Það er ég sem hef orðið hérna. Vegna þess sem ég skrifaði á heimasíðu mína — ég er stolt af því sem ég skrifa þar, og hv. þingmaður vitnar æðioft í það — vil ég segja að ég hef haldið því fram að það sé ekki aðferðin að skipta kvótanum niður á byggðarlögin og síðan eigi þau að vinna úr honum. (Gripið fram í.) Við verðum að reka sjávarútveginn sem alvöruatvinnustarfsemi og það erum við að gera í dag. Það er gott mál að Samherji, það fyrirtæki sem hv. þingmaður sjálfsagt hefur ekki mikið álit á, er að vinna með heimamönnum að lausn mála. Það er reyndar nýjung að svo sé og ég er mjög ánægð með það sem verið er að vinna að (Forseti hringir.) en mun halda áfram að fylgjast með.

Dragnótaveiðar í Eyjafirði.

Fsp. DJ, 597. mál. — Þskj. 891.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil hér í upphafi þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir að verða við því að svara fyrirspurn minni um dragnótaveiðar í Eyjafirði. Þó að málinu sé að vissu leyti lokið finnst mér samt ástæða til að taka það upp hér.

Forsaga málsins er sú að í febrúar fréttist af því að sjávarútvegsráðuneytið hefði veitt leyfi til dragnótaveiða í Eyjafirði innan þeirra marka sem gilda um dragnótaveiðar. Þessi mörk eru lína sem dregin er réttvísandi austur-vestur um Hríseyjarvita. Þessi leyfisveiting vakti nokkuð hörð viðbrögð hjá mörgum og þá sérstaklega félagsmönnum í svæðisfélaginu Kletti sem er félag smábátaeigenda frá Ólafsfirði að Tjörnesi. Félagið gagnrýndi leyfisveitinguna og að ekkert samráð skyldi hafa verið haft við t.d. útgerðaraðila á svæðinu. Klettur hefur lengi ályktað um dragnótaveiðar og hafa þær ályktanir verið á þá leið að færa veiðarnar utar í firðinum og jafnframt hefur félagið mótmælt öllum undanþágum.

Nú eru að sjálfsögðu mjög skiptar skoðanir um dragnótaveiðar og tvær hliðar á öllum málum. Í mörgum tilfellum eru dragnótaveiðar í góðu lagi ef þær eru notaðar á réttum botni. Mér skilst að fyrirtækinu sem fékk leyfið hafi gengið það til að stunda tilraunaveiðar innan þessarar línu til að afla þorsks í tilraunaeldi. Tilraunaveiðar af þessu tagi eru liður í rannsóknum og þróunarstarfi á sviði þorskeldisrannsókna.

Ég skil þessi rök en finnst að þegar slíkar undanþágur eru veittar sé mikilvægt að hafa samráð við viðeigandi aðila og að passað sé upp á að gera það í sem mestri sátt við heimamenn. Í þessu tilfelli átti óánægjan ekki að koma á óvart af því að slík undanþága var einnig veitt árið 2002. Það má geta þess að sumir halda því reyndar fram að veiðarnar hefðu vel getað verið stundaðar fyrir utan línuna en ég legg ekki mat á það, ég læt fagmönnum það eftir.

Það er þó eitt atriði sem ég vil einnig koma inn á en það eru hverastrýturnar sem eru alveg ótrúlegt náttúruundur og á heimsmælikvarða. Þær er að finna innan þessara marka og verð ég að segja að mér var nokkuð brugðið þegar ég heyrði af veiðunum, ekki síst vegna þeirra. Það er höfuðatriði í þessu tilliti að allir hlutaðeigandi aðilar viti af því að til standi að gefa út slíkt leyfi. Í tilfelli strýtnanna eru svæðin friðuð en ekki eru allir sem vita af þeim og geta eyðilagt þær óviljandi. Hvorki Fiskistofa né Hafró gátu brugðist við og gefið út leiðbeiningar til handa leyfishafanum til að forðast þessi svæði. Sem betur fer fór þó ekki illa.

Svæðisfélagið Klettur fékk fljótt fund bæði með hæstv. sjávarútvegsráðherra sem og hv. sjávarútvegsnefnd og ber að þakka það. Mér skilst að umræður sem fóru þar fram hafi verið góðar en áður en þeir fundir komu til lagði ég fram fyrirspurn mína sem við ræðum hér, en hún hljóðar svo:

Hvaða rökstuðningur liggur að baki ákvörðun sjávarútvegsráðherra um að leyfa dragnótaveiðar í Eyjafirði?

[14:28]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka fyrirspurnina. Í svarinu er gert ráð fyrir að fyrirspyrjandi eigi við svæðið innan línu sem dregin er réttvísandi austur-vestur um Hríseyjarvita en innan þeirrar línu eru dragnótaveiðar að öllu jöfnu bannaðar.

Hinn 8. febrúar 2005 veitti ráðuneytið mb. Sólborgu EA 270 tímabundið leyfi til dragnótaveiða innan ofangreindrar línu í því skyni að fanga lifandi fisk til áframeldis í sjókvíum hjá Brim – fiskeldi og eru veiðarnar þáttur í eldistilraunum fyrirtækisins. Leyfi bátsins gildir til 8. apríl. Bátur-

inn hætti hins vegar veiðum á þessu svæði 21. febrúar og stundar nú veiðar á öðrum svæðum fyrir Norðurlandi. Samtals stundaði báturinn veiðar á svæðinu í sjö daga og landaði að frádregnum afföllum 9.601 fiski í kvína eða 9.323 kílóum.

Í vaxandi mæli er farið að stunda veiðar til áframeldis umhverfis landið og hefur sérstök úthlutun á kvóta til aðila í fiskeldi orðið hvati til þess. Veiðar til eldis eru stundaðar með dragnót, vörpu, línu og handfærum. Miklu skiptir að veiðarnar séu stundaðar með þeim hætti að fiskurinn verði fyrir sem minnstu hnjaski og að afföll séu í lágmarki.

Línu- og handfæraveiðar eru heimilar á fjörðum og flóum og geta því bátar sem þær veiðar stunda veitt fisk til eldis án þess að þurfa til þess sérstök leyfi önnur en almennt leyfi til veiða í atvinnuskyni. Hins vegar eru togveiðar bannaðar inni á fjörðum, og víðast hvar dragnótaveiðar. Þar sem vörpur og dragnætur virðast henta vel við föngun á lifandi fiski til áframeldis hefur ráðuneytið fallist á að veita sérstök tímabundin tilraunaleyfi til báta sem nota þau veiðarfæri inni á fjörðum og flóum, þar með talið til ofangreindrar Sólborgar.

Til að komast hjá óþarfahnjaski við meðhöndlun á lifandi fiski er æskilegt að stunda veiðarnar sem næst þeim kvíum sem flytja á fiskinn í. Enn fremur skiptir miklu máli að fiskurinn sé veiddur í sem grynnstu vatni þannig að þrýstingsmunurinn verði sem minnstur þegar hann er híféður upp. Rétt er að fram komi að sjaldan er um mikið magn af fiski að ræða sem veiddur er með þessum veiðarfærum og hafa smábátasjómenn á þeim stöðum þar sem veiðarnar eru stundaðar sýnt þessum nýjungum í atvinnurekstri skilning ef undan er skilið Eyjafjarðarsvæðið þar sem hefur komið fram hörð gagnrýni af hálfu eigenda minni báta.

[14:30]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda Dagnýju Jónsdóttur fyrir að leggja þessa fyrirspurn fram. Það er rétt sem fram kom að búið er að ræða þetta mál í sjávarútvegsnefnd þingsins og það sem mér fannst standa eftir þá umræðu var að ekki virðist vera neitt ákveðið ferli í sjávarútvegsráðuneytinu sem slíkar beiðnir fara í. Við gátum ómögulega fengið skýr svör við því hvernig tekið væri á svona beiðnum innan ráðuneytisins, í hvaða farveg þær færu, hvort leitað væri umsagna sérfræðinga eða heimamanna. Það virtist nánast vera þannig að ef fram kæmi beiðni um undanþágu til að veiða með dragnót, jafnvel á stóru skipi eins og Sólborgu, innan marka sem slíkt hefur ekki verið leyft áður, þá gæti einhver ákveðinn embættismaður eða aðili innan ráðuneytisins veitt það leyfi án þess að beiðnin færi í formlegt ferli. Væri gott að heyra frá hæstv. ráðherra hvort þetta sé réttur skilningur, hvort það geti verið að slík beiðni fari ekki í formlegt ferli innan ráðuneytisins.

[14:31]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér þann óvenjulega munað að hrósa hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir ágætt svar. Málið er að dragnótin virkar þannig, og það eiga þeir að vita sem á annað borð kynna sér hvernig veiðarfæri virka, að hún er í raun og veru eina veiðarfærið sem hægt er að nota til að fanga smáfisk á grunnslóð ef nota á hann í áframeldi. Það er bara þannig. Það er miklu vænlegra að nota dragnót til þessara verka en til að mynda að beita botnvörpu, dragnótin er miklu léttara veiðarfæri, fer miklu betur með botninn og veldur minna umhverfistjóni.

Mig langar við þetta tækifæri til að benda á ágæta grein sem vinur minn og frændi vestur á fjörðum, góðvinur okkar hæstv. sjávarútvegsráðherra, Níels Adolf Ársælsson, útgerðarmaður og skipstjóri, skrifaði í Bæjarins besta fyrir nokkru síðan. Greinin heitir Dragnótaveiðar við Ísland. Þar er virkni þessara veiðarfæra útskýrð mjög vel og við lestur greinarinnar ættu allir að geta sannfærst um að hér var í raun og veru ekki neinn voðalegur skaði á ferðum heldur voru menn að vinna að góðum málum.

[14:33]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta mál upp hér og tek undir þau varnaðarorð sem fram komu í ræðu hennar, sérstaklega hvað það varðar að hleypa dragnótinni inn á viðkvæmt svæði þar sem eru sérstök náttúrufyrirbrigði eins og hverastrýturnar. Þó að það sé vissulega rétt sem hér hefur komið fram að lífríkinu stafar minni hætta af dragnótinni en botnvörpunni þá er alveg ljóst að á svæðum eins og þarna er um að ræða, sem eru mjög sérstök og þarfnast friðunar og jafnvel algerrar verndunar, er mjög hæpið að hleypa dragnótinni inn.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Dagný Jónsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra svörin og þakka einnig fyrir umræðuna. Ég vona að í framtíðinni verði haft meira samráð um slíkar undanþágur við alla hlutaðeigandi aðila og tek undir með hv. þm. Jóni Gunnarssyni að kannski ætti ferlið að vera skýrara, en hæstv. ráðherra getur kannski komið betur inn á það á eftir.

Það er reyndar skoðun mín að kannski ættum við að veita sem fæstar undanþágur í slíkum tilfellum og ekki síst út af þeirri viðkvæmu náttúru sem í Eyjafirðinum er. Hæstv. sjávarútvegsráðherra minntist á lítinn skilning á Eyjafjarðarsvæðinu gagnvart dragnótinni. Þrátt fyrir að ég hafi ekki setið lengi á hv. Alþingi þá verð ég að segja að því er eins farið víðar. Þetta er ekki bara bundið við Eyjafjarðarsvæðið, ég man eftir því fyrir austan að þegar slíkur bátur var að nálgast firðina risu þar upp mikil mótmæli líka.

[14:35]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að dragnótin og dragnótaveiðar eru umdeildar mjög víða og þess vegna hafa verið settar takmarkanir við þeim veiðum. Það er hins vegar líka rétt sem kom fram hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni með tilvitnun í Níels Ársælsson að dragnótin er það veiðarfæri sem sennilegast hentar best til tilraunaveiða í þessum tilgangi.

Ég átta mig hins vegar ekki alveg á hvað hv. þm. Jón Gunnarsson á við þegar hann talar um að það sé ekkert

formlegt ferli. Búið er að veita leyfi í þessum tilgangi í fimm frekar en fjögur ár, ef ég man rétt, og þar af held ég öll árin í Eyjafirðinum með einni undantekningu. Þetta er í fyrsta skipti sem ég hef orðið var við einhverjar deilur um það. Þegar ákvörðun var tekin um það upphaflega að leyfa undanþágur í þessum tilgangi var auðvitað farið yfir um hvers konar veiðarfæri væri að ræða og hvort það væri réttlætanlegt með tilliti til þess tilgangs sem veiðunum var ætlað að þjóna. Síðan hefur verið farið eftir því vinnulagi sem ákvarðað var í upphafi. Ég sé engan sérstakan tilgang í því þegar verið er að framkvæma verk ár eftir ár á sama hátt að senda út til umsagnar til einhvers hóps aðila ákvarðanir sem í sjálfu sér er sáraeinfalt að taka. Það skapar meira bírókratí, herra forseti, að haga málum þannig. Þarna er um einfalda ákvörðun að ræða sem mörkuð er í tíma og tilgangi. Síðan tel ég víst að hverastrýturnar séu markaðar á sjókort þannig að menn kunni að varast þær.

Hvalveiðar í vísindaskyni.

Fsp. KolH, 600. mál. — Þskj. 894.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra um hvalveiðar í vísindaskyni. Eins og kunnugt er hafa Íslendingar ekki stundað hvalveiðar frá 1986 vegna hvalveiðibanns Alþjóðahvalveiðiráðsins þangað til fyrir tveimur árum að stjórnvöld tóku ákvörðun um að hefja svokallaðar hvalveiðar í vísindaskyni. Hafa nú að öllum líkindum verið veiddar um 60 hrefnur síðastliðin tvö sumur og uppi eru áform um að halda þessum veiðum áfram.

Þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar hafa mætt mikilli andstöðu ekki síst þeirra sem starfa innan ferðaþjónustunnar. Sérstaklega hafa forsvarsmenn hvalaskoðunarfyrirtækja verið harðorðir í garð stjórnvalda vegna þessarar þróunar mála.

Nú eru margar hliðar á þessu máli og ein þeirra lýtur að kostnaði þeim sem af vísindaveiðunum hlýst. Þó að hvalveiðar hafi á árum áður verið ábatasöm atvinnugrein er það liðin tíð, ekki síst vegna þess að ekki eru lengur til staðar neinir útflutningsmarkaðir fyrir hvalaafurðir. Þetta verður að hafa í huga þegar ákvarðanir eru teknar um áframhald vísindaveiða og spurning hvort fyrirsjáanlegar veiðar eigi eftir að valda okkur meiri skaða en ávinningi, a.m.k. í þjóðhagslegu tilliti.

Ljóst er að við höfum eytt talsverðum fjármunum í að kynna málstað okkar á erlendri grundu og vil ég í því sambandi nefna svar frá hæstv. sjávarútvegsráðherra sem mér barst við fyrirspurn á síðasta löggjafarþingi þar að lútandi. Svarið er á þskj. 1658 og er mál nr. 57. Þar kemur í ljós að á árunum 2000–2003 eyddum við á annað hundrað milljónum króna í að kynna málstað okkar í hvalveiðimálum á erlendri grundu. Nú er ljóst að við höfum verið að auka við þessi fjárútlát, m.a. með vísindaveiðunum sjálfum. Spurningar mínar til hæstv. ráðherra lúta að kostnaði við áframhaldandi vísindaveiðar og að því hversu miklir fjármunir hafa verið settir í þær veiðar. Annars vegar beint af fjárlagalið Hafrannsóknastofnunar og hins vegar með sérstökum fjárframlögum úr ríkissjóði. Einnig leikur mér hugur á að vita hve mikið af hvalkjöti hafi verið tekið á land þau tvö ár sem um er að ræða, þ.e. 2003 og 2004, og hversu mikið af því kjöti liggi enn einhvers staðar óselt.

Loks langar mig að heyra frá hæstv. ráðherra hver greiði kostnaðinn við geymslu á þessu óselda kjöti og hversu hár sá kostnaðarliður er orðinn frá 2003. Það kemur síðan fram í athyglisverðri frétt í Morgunblaðinu í morgun sem fjallar um verslun með hvalaafurðir að Íslendingar virðast vera í sjálfheldu að þessu leyti þar sem staðfest er að hrefnan sem er á válista númer eitt, þ.e. er í mestri hættu samkvæmt CITES-samningnum, er núna viðurkennd sem tegund í útrýmingarhættu (Forseti hringir.) og afurðir af henni þar af leiðandi bannaðar í millilandasölu.

[14:40]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka fyrirspurnina. Fyrst er spurt hver sé áætlaður kostnaður við áframhaldandi vísindaveiðar á árunum 2005 og 2006. Svarið við því er á þann veg að ekki hefur verið ákveðið hversu margar hrefnur verða veiddar á árunum 2005 og 2006. Við eigum enn þá í samningaviðræðum við Félag hrefnuveiðimanna og þeim viðræðum er ekki lokið og því óvíst hver kostnaðurinn verður. Hafrannsóknastofnun hefur áætlað að kostnaður hennar á árinu verði 58,6 millj. kr. og þar er meðtalin 11,1 millj. kr. vegna flugtalningar á hvölum.

Í öðru lagi er spurt hver kostnaður við vísindaveiðar á hrefnu árin 2003 og 2004 hafi verið. Kostnaður Hafrannsóknastofnunar var 20,7 millj. kr. árið 2003 og kostnaður vegna veiða Félags hrefnuveiðimanna var 8,5 millj. kr., samtals 29,2 millj. kr. Árið 2004 var kostnaður Hafrannsóknastofnunar 41,8 millj. kr., þar af 10,3 millj. kr. vegna flugtalningar og vegna samnings við Félag hrefnuveiðimanna var kostnaðurinn 15,1 millj. kr., samtals 56,9 millj. kr.

Í þriðja lagi er spurt hve mikið hvalkjöt hafi verið tekið á land á árunum 2003 og 2004 og hve mikið af því sé enn óselt. Á árinu 2003 voru 25 hrefnur veiddar og 36 á árinu 2004. Samkvæmt samningi við Félag hrefnuveiðimanna annaðist félagið vinnslu, markaðssetningu og sölu á afurðunum. Allar ákvarðanir varðandi þau málefni eru í höndum Félags hrefnuveiðimanna og kostnaður samfara starfseminni á þeirra herðum. Upplýsingar um birgðastöðu liggja því ekki fyrir.

Í fjórða lagi er spurt hver greiði kostnað við geymslu á hinu óselda kjöti og hversu hár sá kostnaður sé orðinn síðan 2003. Markaðssetning og sölukostnaður, þar með talinn geymslukostnaður, er í höndum Félags hrefnuveiðimanna og sjávarútvegsráðuneytinu og Hafrannsóknastofnuninni óviðkomandi.

Varðandi inngang hv. þingmanns kannast ég ekki við mikla andstöðu við vísindaveiðar á hrefnu, sérstaklega ekki innan lands, þó að þær raddir hafi heyrst en þær hafa verið mjög fáar. Ég kannast ekki heldur við að vísindaveiðarnar hafi valdið nokkrum skaða sem teljandi er og á ekki von á að þær muni gera það í framtíðinni.

Ég vil síðan benda hv. þingmanni á að kynningin sem

hún nefndi í inngangi sínum á málstað okkar erlendis er samkvæmt ákvörðun Alþingis með þingsályktun frá árinu 1999. Ég verð hins vegar líka að lýsa undrun minni á ókunnugleika hv. þingmanns þegar hún vitnar í frétt í Morgunblaðinu um CITES-listun á hrefnunni. Við erum með fyrirvara við þá listun ásamt fleiri þjóðum, þar á meðal Norðmönnum og Japönum. Það hafa þráfaldlega farið fram atkvæðagreiðslur innan CITES um að færa hrefnuna neðar á listann og meiri hluti var fyrir því innan CITES að gera það í síðustu atkvæðagreiðslu en hins vegar þarf aukinn meiri hluta til að breyta listun hjá stofnuninni sem gengur undir nafninu CITES. Vegna fyrirvara okkar og fyrirvara Norðmanna og Japana er heimilt að stunda viðskipti með hvalaafurðir á milli þessara þjóða. Það er því ekki rétt sem hv. þingmaður ýjaði að að við hefðum enga markaðsmöguleika fyrir afurðir okkar.

[14:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Svör hæstv. ráðherra við fyrirspurninni vekja frekar spurningar en að hann svari henni. Ég held að ástæða sé til að hæstv. ráðherra útskýri fyrir okkur hvers vegna ekki hafa komist á samningar við hrefnuveiðimenn og félag þeirra um veiðar og líka hvers vegna hæstv. ráðherra telur ekki ástæðu til að fylgjast með því hvernig gengur að selja kjötið. Það hlýtur að vera hluti af því að taka ákvörðun um hve mikið eigi að veiða að vita hvort einhverjir sölumöguleikar séu fyrir hendi og hvernig það gengur. Það var auk þess upplýst í fyrra, í fyrirspurn sem hæstv. ráðherra svaraði, hvað hefði selst af kjötinu þá. Ég geri ráð fyrir að þær upplýsingar séu til staðar og full ástæða til að afla þeirra upplýsinga í viðbót sem hv. þingmaður spurði um.

[14:45]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Svör hæstv. sjávarútvegsráðherra vöktu athygli mína og vöktu upp ansi margar spurningar til viðbótar við þær spurningar sem hv. fyrirspyrjandi, Kolbrún Halldórsdóttir, lagði fram um hrefnuveiðar.

Gott væri ef hæstv. ráðherra gæti sagt okkur á hverju stendur með samninga við Félag hrefnuveiðimanna. Eru einhverjar blikur á lofti með það að ekki verði ráðist í vísindaveiðar á hrefnu á þessu sumri? Nú hafa mun færri dýr verið veidd en áætlun gerði ráð fyrir á sínum tíma innan þeirra ára sem hún átti að taka yfir og maður veltir fyrir sér hvaða áhrif það hefur á niðurstöður þegar dýrum fækkar svona frá því sem lagt var af stað með í tilraunina. Því væri gott ef hæstv. ráðherra gæti sagt okkur hvort hægt verði að veiða jafnmargar hrefnur á þessu árabili og ráð var fyrir gert í upprunalegum tillögum.

[14:46]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Vísindaveiðar á hvölum hér við land eru bráðnauðsynlegar til að fylla út í þá heildarmynd sem við þurfum svo sannarlega á að halda hvað varðar vistkerfið í hafinu í kringum Ísland. Það er mjög erfitt að rannsaka hvali á viðunandi hátt, til að mynda fæðunám, án þess að þurfa að aflífa þá, veiða þá.

Ég hygg að við ættum í rauninni að ganga mun lengra en við höfum gert hvað þetta varðar. Ég tel að við ættum líka að stunda vísindaveiðar á smáhvölum, tannhvölum, og jafnvel íhuga að fara út í veiðar á öðrum hvölum, þ.e. stærri hvölum en hrefnum. Ég held að allir hljóti að skilja það, líka þeir sem eru hallir undir náttúruvernd, að til að geta stundað sjálfbæra nýtingu bæði á hvalastofnum og fiskstofnum þurfum við að hafa fyrir hendi ákveðnar grundvallarupplýsingar. Þeirra upplýsinga vona ég svo sannarlega að verði aflað (Forseti hringir.) með þessum vísindaveiðum, en ég verð þó að segja að kostnaðurinn er nokkuð hár.

[14:48]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Mér finnst mjög sérkennilegt að heyra að hrefnan skuli vera á lista yfir dýr í útrýmingarhættu. Það er í rauninni ekki traustvekjandi fyrir þá sem telja að dýr séu í útrýmingarhættu þegar stofninn er svo gríðarlega stór sem raun ber vitni. Í skýrslum Hafrannsóknastofnunar kemur fram samkvæmt flugtalningu að um 43 þúsund dýr séu hér við land. Það er mjög sérstakt og í rauninni tel ég að samtök sem segja dýr í útrýmingarhættu, sem svona mikið er af, skerði trúverðugleika sinn með því að halda þessu fram. 36 dýr sem tekin eru, eða hvað það er, munu ekki skaða stofninn að neinu marki. Ég tel einmitt að það sé mjög jákvætt fyrir náttúruverndarsamtök að rannsóknir séu stundaðar og dýr séu tekin (Forseti hringir.) og þeirra upplýsinga aflað sem nauðsynlegt er.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir svörin svo langt sem þau náðu. Mér þykir það ámælisvert að hæstv. ráðherra skyldi ekki hafa séð ástæðu til að afla þeirra upplýsinga sem beðið er um í spurningum mínum þegar hann veit að hægt er að afla þeirra hjá Félagi hrefnuveiðimanna. Ætlast hæstv. ráðherra til að ég sem alþingismaður óski eftir þessum upplýsingum við félagið? Ég veit að hæstv. ráðherra á greiðari aðgang að þeim upplýsingum en ég, en ég get svo sem alveg hringt í strákana hjá hrefnuveiðifélaginu. Hins vegar finnst mér það vera í verkahring ráðherrans að svara þeim spurningum sem fyrir hann eru lagðar.

Við vitum að það er meginstefna íslenskra stjórnvalda í þessum málum að nýta eigi hvali með sjálfbærum hætti. En ég spyr: Hvers vegna eigum við að veiða hvali til þess eins að skera þá upp og sjá hvað er í maganum á þeim þegar við í fyrsta lagi vitum að hægt er að rannsaka hvali og neysluvenjur þeirra og lífsvenjur án þess að drepa þá og þegar við í öðru lagi eigum enga möguleika á að selja afurðirnar? Við sitjum uppi með þær í frystigámum — hæstv. sjávarútvegsráðherra veit kannski hvar — og við vitum að sama saga er að gerast í Noregi. Norðmenn sitja líka uppi með óseldar afurðir af hrefnu vegna þess að það eru engir markaðir.

Kunnátta mín á reglum CITES er alveg nægilega mikil fyrir mig og hæstv. ráðherra þarf ekkert að snupra mig fyrir það að ég viti ekki hvernig CITES-viðaukarnir hljóða. Ég veit að hrefnan er í I. viðauka og ég veit að þeir sem hafa

gert athugasemd eða fyrirvara við það geta selt þessar afurðir með ákveðnum leyfum. En hvernig fór með leyfin sem átti að afla hjá umhverfisráðuneytinu fyrir sölu á afurðum, hrefnuafurðum í fyrra eða hittiðfyrra til Kína? Þau leyfi voru ekki veitt vegna þess að Kína hafi ekki gert fyrirvara.

Ég veit því allt um það að þessar vörur verða ekki seldar. Japanar eru sjálfum sér nógir, Norðmenn geta ekki selt afurðirnar, Íslendingar geta það ekki heldur (Forseti hringir.) og ég spyr: Hver er þá ávinningurinn?

[14:51]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það var svo sem ekki ætlunin að snupra hv. þingmann fyrir ókunnugleikann heldur fór hún ekki rétt með. Ég treysti því þá að hún þekki þetta nægjanlega vel.

Hins vegar er alveg greinilegt að hún þekkir ekki nógu vel hvernig þarf að rannsaka fæðuval og meltingu hjá dýrum. Þær aðferðir sem hún er að tala um eru ekki einu sinni stundaðar á landdýrum. Hvernig í ósköpunum á þá að vera hægt að stunda þær á dýrum sem eru í hafinu?

Mér fannst hv. þm. Sigurjón Þórðarson komast ákaflega vel að orði þegar hann sagði að það væri sérkennilegt að tegund sem er til í eins miklum fjölda og hrefnan skuli vera á lista hjá CITES.

Það er rétt hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að það væri mjög áhugavert að rannsaka frekar hvalastofna í kringum landið. Þó held ég að stórhvelin væru áhugaverðari en smáhvelin eða tannhvalirnir þó að þeir séu vissulega hluti af lífkerfinu líka sem við þurfum að hafa afskipti af.

Ég veit ekki alveg af hverju svörin hafa vakið svona mikla athygli hv. þingmanna Samfylkingarinnar og vakið svona margar spurningar hjá þeim. Mér fannst þau vera tiltölulega skýr. En það er einfaldlega þannig að þessar vísindaveiðar snúast ekki um afurðir og afurðirnar eru ekki á forræði ráðuneytisins, það eru aðrir sem fara með þær og ég held að skynsamlegt sé að hafa það þannig.

Þó að ekki sé búið að ganga frá samningum við hrefnuveiðimennina held ég að hv. þingmenn þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur af því að einhver sérstök vandamál séu þar uppi eða að ekki náist niðurstöður í tæka tíð til að þær veiðar sem ákveðnar verða að fari fram á þessu ári geti hafist.

Rækjuveiðar í Arnarfirði.

Fsp. MÞH, 608. mál. — Þskj. 911.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að bera fram litla spurningu til hæstv. sjávarútvegsráðherra sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

Hver eru fiskifræðileg rök fyrir því að rækjuveiðar voru ekki leyfðar í Arnarfirði síðastliðið haust?

Fréttir bárust um að sennilega yrði ekki leyft að veiða rækju á þessum áður mjög svo gjöfulu rækjumiðum vestur á fjörðum. Mig minnir að fréttir af þessu hafi fyrst komið í Morgunblaðinu í október og þær voru vægast sagt ískyggilegar, alla vega samkvæmt textans hljóðan.

Ef skýrsla Hafrannsóknastofnunar er skoðuð fyrir aflahorfur fiskveiðiárið 2004/2005 segir þar, með leyfi forseta, um rækjustofninn í Arnarfirði:

„Samkvæmt stofnmati er rækjustofninn í Arnarfirði nærri sögulegu hámarki. Um 750 tonn veiddust á þessu svæði veturinn 2003/2004. Kvendýravísitalan var í meðallagi. Tveggja og fjögurra ára rækja var mest áberandi og mun veiðin fiskveiðiárið 2004/2005 að stórum hluta byggjast á þessum árgöngum. Lagt er til að upphafsafli verði 500 tonn."

Samkvæmt þessu hefði allt í raun og veru átt að vera í lukkunnar velstandi en eitthvað gerðist. Það hallaði mjög fljótt undan fæti og þegar gögn eru skoðuð, a.m.k. þau gögn sem ég hef komist yfir í gegnum krókaleiðir, rallgögn frá Hafrannsóknastofnun, kemur afskaplega margt í ljós sem mér þykir á vissan hátt mjög forvitnilegt og merkilegt. Gögn Hafrannsóknastofnunar sýna að rækjustofninn í Arnarfirði er búinn að þétta sig saman innst í nyrðri armi fjarðakerfisins, ef svo má segja — og nú geta þeir sem þekkja vel til fyrir vestan séð fyrir sér hvernig Arnarfjörður er í laginu. Þarna var rækjan þegar rallið svokallaða fór fram í febrúar og rétt fyrir utan var síðan mjög mikið af smáþorski og töluvert líka af smáýsu. Uppi eru kenningar um að rækjan hafi hrakist þarna inn eftir undan fiskinum sem hafi stundað afrán á henni. Ef það er rétt er komin upp afskaplega merkileg staða út frá vistfræðilegu og fiskifræðilegu sjónarmiði, staða sem gæti kennt okkur marga athyglisverða lexíu varðandi fiskveiðistjórn til framtíðar.

Mig langar því enn og aftur, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra: Hver voru rök fyrir því að banna veiðar? Þau hafa hvergi komið fram.

[14:57]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka fyrirspurnina.

Haustkönnun Hafrannsóknastofnunar fór fram 29. september til 2. október 2004 í Arnarfirði. Stofnvísitala rækju hvað snertir heildarvísitölu og kvendýravísitölu var töluvert fyrir neðan meðallag. Nýliðun rækju var þó nokkuð góð og var tveggja ára rækja áberandi. Þorskur, ýsa og lýsa var um allan fjörð nema innst í Arnarfirði, í svokölluðum Borgarfirði. Fjöldi þorsks eins árs og eldri var margfalt meiri en nokkru sinni áður og sama gilti um ýsuna. Rækjan stóð þétt á mjög takmörkuðu svæði og aðþrengd vegna þorsks í næsta nágrenni. Taldar voru líkur á að veiðar á rækjunni mundu dreifa henni og gera hana þannig aðgengilegri fyrir þorsk og annan fisk.

Í ljósi þessa og þróunar annarra innfjarðarrækjustofna á undanförnum árum lagði Hafrannsóknastofnun til að rækjuveiðar yrðu ekki heimilaðar að sinni í Arnarfirði og var farið að tillögu stofnunarinnar.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Þetta var nú frekar þunnt fannst mér og stuttaralegt svar hjá hæstv. ráðherra. Ég virði þó viljann fyrir verkið.

Mig langar samt sem áður til að spyrja hvort þau gögn

sem lágu fyrir úr þessum rannsóknarleiðangri hafi ekki einmitt vakið upp spurningar í sjávarútvegsráðuneytinu og jafnvel hjá Hafrannsóknastofnun um hvort rétt væri staðið að nýtingu þessa vistkerfis, þ.e. vistkerfisins í Arnarfirði vestur. Hvort hefði ekki verið ráð að reyna að gera eitthvað, finna upp á einhverju merkilegu, sniðugu, athyglisverðu, tilraunakenndri fiskveiðistjórn, ef svo má segja, og notfæra sér einmitt þá einstöku stöðu sem var komin upp í þessu vistkerfi. Til að mynda að athuga hvað mundi gerast ef við t.d. í staðinn fyrir að veiða þá rækju sem var öll í einum haug inni í litlum firði hefðum kannski athugað að reyna að veiða þá upp eitthvað af þeim smáþorski og þeirri smáýsu sem var utar í firðinum og virtist einmitt vera að éta upp alla rækjuna, alla vega var rækjustofninn kominn í mikla varnarstöðu og var innikróaður innst í firðinum. Það væri athyglisvert ef sjávarútvegsráðherra gæti sagt okkur eitthvað um þetta.

[15:00]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þetta voru hin fiskifræðilegu rök sem ég flutti áðan í svari mínu. Hins vegar hefur þetta vakið upp ýmsar spurningar um vistkerfið í Arnarfirði og tengsl rækjunnar og bolfisksstofnanna og hvort nokkuð sé hægt að gera þegar málum er komið eins og þarna, að rækjan er mjög aðþrengd vegna hugsanlega tímabundinnar aukinnar gengdar yngri árganga bolfisksstofna á svæðinu. Upp hafa komið hugmyndir, sem síðast þegar ég vissi var verið að undirbúa með heimamönnum, um að setja út eins konar fiskeldiskvíar og fóðra í þær. Kvíarnar yrðu hins vegar ekki með botni í nótinni þannig að þegar væri búið að venja fiskinn á að sækja fóðrið inn í kvína væri hægt að snurpa fyrir botninn og ná þannig þorski á tiltölulega einfaldan og auðveldan hátt í áframeldi á svipaðan hátt og við vorum að ræða fyrr í dag í þarsíðustu fyrirspurn á undan.

Þetta hefur vakið menn til umhugsunar og þeir eru að reyna að gera eitthvað. Menn hafa látið sér detta sitthvað í hug. Hversu sniðugt það síðan reynist verður tíminn að leiða í ljós.

Meðferðarúrræði í fangelsum.

Fsp. MF, 612. mál. — Þskj. 915.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fangelsismálastofnun hefur sett fram markmið stofnunarinnar í fangelsismálum og hugmyndir um framtíðaruppbyggingu fangelsa. Þar er fjallað um ástandið eins og það er í dag og þörf á úrbótum. Fangelsismálastofnun telur mikilvægt að sett verði þau markmið að föngum verði tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að fyrir hendi séu aðstæður og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við vandamál sín.

Það er staðreynd að sífellt fleiri einstaklingar sem koma til afplánunar í fangelsum eru háðir fíkniefnum. Eiturlyfjaneysla hefur aukist verulega á síðustu árum og áratugum og afbrotum tengdum eiturlyfjaneyslu hefur fjölgað í takt við það. Margir fangar er við komu í fangelsi í harðri neyslu eða eiga við verulegt áfengisvandamál að stríða. Eiturlyfjaneyslu fylgja síðan oftar en ekki ýmiss konar geðræn vandamál og fangar geta sótt tíma hjá sálfræðingi og þeim gefst kostur á að ljúka síðustu sex vikum afplánunar í vímuefnameðferð.

Í samantekt Fangelsismálastofnunar er bent á að á þessu séu þó annmarkar þar sem sálfræðingar anni vart eftirspurn eftir viðtölum og að vímuefnameðferðir sem bjóðast föngum séu oft og tíðum stuttar og settar fram á röngum tímapunkti, þ.e. í lok afplánunar, en fangar eiga margir við langvarandi vímuefnavanda að stríða við komu í fangelsið.

Í síðustu úttekt Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingum sem gerð var hér kom fram að skortur væri á vímuefnalausri deild í fangelsum. Árið 2000 var áformað að byggja upp slíka deild í fangelsinu á Litla-Hrauni og hafist handa við að þjálfa og mennta fangaverði til starfa, en engin fjárveiting hefur enn fengist í verkefnið þannig að síðan þá hefur ekkert gerst.

Það virkar hálf öfugsnúið að boðið sé upp á meðferð við vímuefnaneyslu við lok afplánunar en ekki strax í upphafi. Það segir sig sjálft að ef boðið væri upp á öfluga meðferð strax og fangi kemur inn og eftirfylgni á meðan á afplánun stendur skilaði meðferðin betri árangri. Þá er einnig ljóst að verulega dragi úr hvatanum til að smygla eiturlyfjum inn í fangelsið þar sem þörfin yrði minni. Síðast en ekki síst yrði þetta til þess að auka möguleikana á að fangar nýttu dvölina til að byggja sig upp til framtíðarþátttöku í þjóðfélaginu. Þetta hefur verið baráttumál Fangelsismálastofnunar en ekki síður aðstandenda fanga.

Ég spyr því hæstv. dómsmálaráðherra:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fangar eigi kost á meðferð við fíkniefnaneyslu strax í upphafi afplánunar?

[15:04]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn. Eins og hv. fyrirspyrjanda er kunnugt fá allir fangar sem óska eftir vímuefnameðferð við upphaf afplánunar slíka meðferð sem felst í afeitrun undir umsjá læknis. Frekari meðferð og aðstoð fagaðila fer síðan eftir stöðu og vilja hvers og eins fanga og möguleikum til að koma við meðferð. Fangelsismálastofnun er t.d. með í undirbúningi að gera samning við vímuefnaráðgjafa sem kæmi reglulega í fangelsi til að vega og meta þörf fyrir áframhaldandi meðferð auk þess sem verið er að kanna hvað unnt er að gera á Litla-Hrauni til að aðstoða þá enn frekar sem eiga við vímuefnavanda að stríða. Rétt er að hafa í huga að haldnir eru reglulegir AA-fundir í fangelsunum auk þess sem nú þegar hafa tólf fangar á þessu ári verið sendir í vímuefnameðferð á meðferðarstofnunum.

Eins og hv. fyrirspyrjanda er einnig vel kunnugt er nú til meðferðar á Alþingi frumvarp til laga um fullnustu refsinga þar sem gert er ráð fyrir að útbúin sé sérstök meðferðar- og vistunaráætlun fyrir fanga við upphaf refsivistar. Raunar hef ég þegar svarað skriflegri fyrirspurn frá hv. þingmanni um það efni. Fangelsismálastofnun hefur þegar hafið undirbúning að gerð slíkra áætlana eins og gert er ráð fyrir í

frumvarpinu. Í slíkri áætlun er m.a. fólgið að metin er staða og þörf fyrir meðferð hjá þeim sem á við vímuefnavanda að etja.

Fangelsismálastofnun er í náinni samvinnu við heilbrigðisyfirvöld við að leggja mat á þörfina fyrir þjónustu geðlækna og sálfræðinga í fangelsunum og kanna nýjar leiðir í þeim efnum eins og auknar hópmeðferðir. Rétt er að hafa í huga í þessu samhengi að samkvæmt gildandi lögum um fangelsi og fangavist sér heilbrigðisráðuneytið um og ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun. Umboðsmaður Alþingis sá nýlega ástæðu til að árétta að þessi ábyrgð liggur hjá heilbrigðisráðuneytinu í bréfi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Það er ljóst af framansögðu að margt er reynt til að aðstoða þá sem eiga við vímuefnavanda að etja og þeir eiga kost á viðeigandi meðferð við upphaf afplánunar. Þetta atriði mun hins vegar styrkjast enn frekar verði frumvarp um fullnustu refsinga að lögum þar sem kveðið er á um meðferðar- og vistunaráætlun í upphafi afplánunar. Fangelsismálastofnun hefur unnið skýrslu um markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbyggingu fangelsanna eins og greint er frá í áðurnefndu frumvarpi. Þar hefur að sjálfsögðu verið hugað að þessum atriðum og hvernig best er hægt að tryggja fullnægjandi þjónustu á þessu sviði til framtíðar litið.

[15:07]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það var gott að fá staðfestingu hér á því í svari hæstv. ráðherra að föngum standi til boða meðferð við fíkniefnaneyslu eða áfengisneyslu strax við komu í fangelsi. Ég hélt satt að segja að lítil áhersla væri lögð á það núna heldur frekar á meðferð í lok afplánunar og gott er til þess að vita ef ég hef misskilið það hvernig þetta fer fram í fangelsum landsins eins og á Litla-Hrauni.

Fyrir um það bil viku, ég held síðasta miðvikudag, svaraði hæstv. ráðherra spurningu um hvernig tekist væri á við fíkniefnaneyslu fanga í fangelsum. Þá lagði hæstv. ráðherra verulega áherslu á að verið væri að auka leit að fíkniefnum og herða refsingar fyndust fíkniefni. En nú heyri ég að það kveður við annan tón hjá hæstv. ráðherra og hann leggur á það áherslu að fangar komist í meðferð strax við byrjun afplánunar og er það vel ef orðið hefur áherslubreyting.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og tek undir það að mér finnst mikið framfaraspor að Fangelsismálastofnun ríkisins hefur sett fram mjög skilmerkileg markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbyggingu fangelsanna. Einmitt í því plaggi kemur mjög greinilega fram af þeirra hálfu að þeir telja að sú meðferð sem boðið er upp á við komu í fangelsið sé alls ekki fullnægjandi. Þeir segja m.a., með leyfi forseta, að: „... vímuefnameðferðir þær sem bjóðast föngum eru oft og tíðum stuttar og settar fram á röngum tímapunkti fyrir þessa einstaklinga en þeir eiga margir við langvarandi vímuefnavanda að stríða.

Þróunin hefur verið sú sama hér á landi og víðast hvar erlendis, að föngum með alvarlegan fíkniefnavanda hefur fjölgað, svo og óskilorðsbundnum dómum fyrir fíkniefnabrot."

Jafnframt segir, með leyfi forseta, að stofnunin: „... telur mikilvægt að boðið verði upp á afeitrun, sem er viðurkennd læknis- og hjúkrunarmeðferð og sem hæfist um leið og fangi kemur til afplánunar, svo og skipulagða og árangursmælda vímuefnameðferð sem sé viðhaldið á vímuefnalausri deild í fangelsi."

Þetta hefur, eins og ég sagði áðan, lengi verið baráttumál þeirra sem þekkja vel til fangelsismála og ekkert síður hefur það verið baráttumál starfsmanna Fangelsismálastofnunar og fangelsanna og svo aðstandenda að koma á þessari skipulögðu meðferð strax við upphaf afplánunar. Ég tel, virðulegi forseti, að stór hluti af því að nýta veruna í fangelsinu sem betrunarvist sé að hjálpa þeim sem möguleiki er á að hjálpa til þess að standa sig betur þegar þeir koma aftur út í lífið og minni á að árið 2000 var hafinn undirbúningur að vímuefnalausri deild á Litla-Hrauni og þjálfun starfsmanna. Síðan stöðvaðist það því miður vegna fjárskorts og segja má að það sé jafnt á ábyrgð Alþingis og ráðuneytis.

Varnarviðbúnaður við eiturefnaárás.

Fsp. BjörgvS, 624. mál. — Þskj. 942.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkru beindi ég fyrirspurn til ráðherra í fyrirspurnatíma í þinginu vegna þess að ríkisstjórnin samþykkti á sínum tíma, þann 21. október 2003, tillögu hæstv. dómsmálaráðherra um að mynda starfshóp sem hefði það verkefni að gera úttekt á varnarviðbúnaði vegna hugsanlegrar notkunar efna-, sýkla- og geislavopna hér á landi. Starfshópurinn var skipaður embættismönnum undir forustu ráðuneytisins en utanríkis-, heilbrigðis- og umhverfisráðuneyti komu enn fremur að myndun hópsins. Var hópnum jafnframt falið að gera tillögur til úrbóta með það að markmiði að viðbúnaður hér á landi yrði fullnægjandi, eins og sagði í tilkynningu frá dómsmálaráðuneytinu.

Í greinargerð með tillögunni kom fram að varnir gegn gereyðingarvopnum á borð við eiturefna-, sýkla- og geislavopn væru á meðal helstu viðfangsefna ríkisstjórna eins og staðan væri í heiminum nú og að hættan á hermdar- og hryðjuverkum og þar með að slíkum vopnum kynni að verða beitt væri talin ein stærsta ógn fyrir borgara hins vestræna heims nú á tímum. Þetta var undirstrikað mjög rækilega í þessari tilkynningu og undir þetta tók Morgunblaðið í leiðara sínum 24. október þar sem sagði m.a., með leyfi forseta:

„Við Íslendingar erum ekki óhultir frekar en aðrar þjóðir og verðum því að grípa til viðeigandi ráðstafana."

Hæstv. dómsmálaráðherra svaraði því þannig til að þessi starfshópur hefði skilað af sér skýrslu, hann hefði farið yfir hana og um hana verið rætt og hvað ætti að gera í framhaldinu. Í frekara svari sínu sagði hann hins vegar að honum bæri ekki nein skylda til að kynna niðurstöðurnar sérstak-

lega í þinginu og kom ekki fram í svari hans neitt frekar um efni skýrslunnar eða til hvaða ráðstafana ætti að grípa.

Hér er um að ræða mjög brýnt almannahagsmunamál og er sjálfsagt að almenningi sé kynnt til hvaða ráðstafana eigi að grípa verði annaðhvort slys sem hefði þessar afleiðingar eða hryðjuverk einhvers konar í nálægð við landið, í hafinu eða á landi.

Þess vegna spyr ég hæstv. dómsmálaráðherra:

1. Hverjar eru niðurstöður skýrslu starfshóps embættismanna á vegum þriggja ráðuneyta, sem fjallaði um varnarviðbúnað vegna hugsanlegrar notkunar eiturefna-, sýkla- og geislavopna hér á landi?

2. Hvenær lágu niðurstöðurnar fyrir?

3. Af hverju hafa niðurstöðurnar ekki verið kynntar almenningi?

Ég tel mjög áríðandi, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra kynni rækilega hverjar niðurstöður þessa starfshóps voru. Þær eru að verða tveggja ára gamlar. Hér er um að ræða mjög brýnt almannahagsmunamál og sjálfsagt að fyrir liggi til hvaða ráða sé best að grípa verði slys eða einhvers konar rask af þessum völdum hér á landi.

[15:14]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni áhuga hans á þessu máli. Eins og fram kom lýsti hann áhuga sínum á málinu í óundirbúinni fyrirspurn fyrir nokkrum vikum. Hann gerir það nú að nýju með þessum þremur spurningum. Fréttastofa sjónvarpsins hefur einnig fengið áhuga á málin en mikilvægur þáttur í varnarviðbúnaði vegna hugsanlegrar notkunar eiturefna-, sýkla- og geislavopna er einmitt að vekja almenning til umhugsunar um málið til að hann átti sig á því að hættan er fyrir hendi.

Hinn 25. nóvember 2003 sendi dóms- og kirkjumálaráðuneytið frá sér fréttatilkynningu um að ég hefði skipað starfshóp embættismanna til að gera úttekt á varnarviðbúnaði vegna hugsanlegrar notkunar eiturefna-, sýkla- og geislavopna hér á landi og í framhaldinu að leggja fram tillögu til úrbóta með það að markmiði að viðbúnaður verði fullnægjandi. Verkefni starfshópsins var m.a. að huga að þörfinni hér á landi fyrir hlífðarföt, mælitæki, hreinsibúnað, lyf og læknisaðstoð.

Skýrsla hópsins var afhent mér í mars árið 2004. Hefur hún að geyma þá úttekt sem óskað var eftir og tillögur til úrbóta. Var það álit hópsins og ráðuneytisins að skýrslan yrði trúnaðarmál vegna atriða í henni. Um hana hefur verið fjallað í almannavarnaráði og einnig hefur hún verið rædd á málþingi sem dómsmálaráðuneytið efndi til 8. mars síðastliðinn um nýskipan almannavarnamála. Í stuttu máli þarf að gera viðbragðsáætlun sem yrði virkjuð ef ráðist yrði á okkur með sýkla-, efna- eða geislavopnum. Áætlunin næði til fræðslu, þjálfunar, öflunar á hlífðar- og hreinsibúnaði, auk þess sem ákveðið yrði hver bæri ábyrgð á þessu sérstaka verkefni.

Við Íslendingar erum í raun í svipuðum sporum og margar aðrar þjóðir og alþjóðastofnanir sem rætt hafa um ráðstafanir gegn þessari vá. Tillögur starfshópsins eru af sama toga og niðurstaðan af fyrstu alþjóðaráðstefnu Interpol um líftæknihryðjuverk sem haldin var fyrr í þessum mánuði, það yrði að vekja athygli á hættunni, að þjálfa menn til að takast á við hættuna. Það yrði að efla samstarf ólíkra stofnana og hafa til reiðu nauðsynlegan tækjabúnað.

Ég er þeirrar skoðunar að samstarf lögreglu, slökkviliðs og heilbrigðisstofnana ráði úrslitum um að árangur náist í vörnum gegn þessum vágesti. Viðbrögð á vettvangi ráðast einkum af tækjakosti slökkviliðs en þau starfa á vegum sveitarfélaga eins og kunnugt er. Ég tel æskilegt að samstarf verði milli þeirra og ríkisins um fjárfestingu í nauðsynlegum búnaði. Mér þykir eðlilegt að á nánari útfærslu á niðurstöðum starfshópsins verði tekið við gerð nýrra laga um almannavarnir.

[15:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér þóttu svör hæstv. ráðherra varðandi það hvað hann hygðist fyrir í málinu dálítið þokukennd. Nú er liðið ár frá því skýrslan lá fyrir og hæstv. ráðherra var ekki að hampa henni nokkurn hlut þann tíma. Nú virðist vanta verulega upp á að hæstv. ráðherra hafi gert sér grein fyrir því í hvaða feril málið eigi að fara. Hann slær því fram að samstarf þurfi milli þessara og hinna aðilanna, sem er ósköp eðlilegt. En það er greinilegt að hæstv. ráðherra er ekki búinn að gera upp hug sinn í málinu og hefur ekki tekið ákvörðun um að setja af stað tiltekið ferli til að vinna að þessum mikilvægu atriðum. Ég vil hvet hæstv. ráðherra til að gera það, koma sér úr þessum sporum og yfir í að til verði einhvers konar áætlun um það sem ákveðið verður að gera. Mér finnst ekki upp á það bjóðandi mikið lengur að menn hafi ekki einhverjar áætlanir af þessu tagi.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir gagnrýni hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, að það er í sjálfu sér undarlegt að einmitt nú, ári frá því að skýrslan lá fyrir í þessu mikilvæga almannahagsmunamáli þar sem tillögur eru fram komnar um hvernig eigi að bregðast við hættum vegna hugsanlegrar notkunar á sýkla-, efna- eða geislavopnum, skuli ekki komnar fram greinargóðar tillögur um hvernig eigi að bregðast við og í hvaða ferli slíkt mál eigi að fara. Sú töf er gagnrýnisverð og undarlegt að efni skýrslunnar skyldi ekki kynnt með afgerandi hætti á sínum tíma.

Af hverju þarf nánast að toga það út úr ráðherranum í fyrirspurnatíma á þinginu hver grundvallarniðurstaða skýrslunnar var? Því fer auðvitað fjarri að tæmandi úttekt á niðurstöðum hennar hafi komið fram í svari ráðherra. Það er ástæða til að skora á hann að spretta úr spori í þessu máli, aflétta þögninni yfir þessari skýrslu. Það er sjálfsagt mál að fyrir liggi hvernig stjórnvöld hyggjast bregðast við og hvaða ferli stjórnvöld ætla að koma upp við slíkar aðstæður. Hvernig yrði viðbragðsáætlun virkjuð? Hvernig á að standa að þjálfun manna og samstarfi stofnana? Hvernig tækjabúnaður þarf að vera til staðar hjá slökkviliðum landsins og öðrum almannavarnastofnunum? Hvernig á almenningur almennt að líta á þetta mál? Það er mikilvægt að eftir þessa löngu bið komi vel ígrundað ferli fyrir slíkar viðbragðsáætlanir.

En það er ánægjulegt að ráðherra hafi þó upplýst um

grundvallaratriði skýrslunnar sem verða tekin fyrir á næstunni við endurskoðun á almannavarnalögum.

[15:20]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég get fullvissað hv. þingmann um að málið er í eðlilegum farvegi. Í því er ekkert óeðlilegt að gerast. Þvert á móti tel ég að það hafi verið haldið rétt á málinu með því að kalla til sérfræðinga til að leggja mat á stöðu málsins og setja það í þann farveg sem ég hef gert, með því að almannavarnaráð hefur fjallað um það og þeir aðilar sem að þessum málum koma. Hluti af þeim umræðum sem þurfa að fara fram um þessi mál er að menn verða að gæta þess að tala ekki óvarlega um þau, eins og hér sé yfirvofandi hætta. Fyrir liggur að það er nauðsynlegt að gera ráðstafanir. Það er nauðsynlegt að búa sig undir að slík hætta geti verið fyrir hendi. Það er það sem við höfum verið að gera. Að láta eins og það hefði þurft að skýra frá þessu með einhverjum hamagangi, eins og hætta væri yfirvofandi á þessu sviði, hefði gefið alranga mynd af málinu. Það er hins vegar nauðsynlegt, eins og ég hef látið vinna að, að búa sig undir að þessir atburðir geti orðið hér eins og annars staðar.

Ég tel að við stöndum í svipuðum sporum og aðrar þjóðir sem hafa þurft að leggja mat á þessa hluti. Í þessu efni er nauðsynlegt að eiga mjög víðtækt og gott alþjóðlegt samstarf, m.a. við lögregluyfirvöld, enda voru fulltrúar frá Íslandi þátttakendur í ráðstefnunni um líftæknihryðjuverkin, sem var haldin á vegum Interpol á dögunum. Við fylgjumst náið með þessu. Við höfum líka gert breytingar, eins og menn vita, á skipan almannavarnamála. Þar eru samtvinnuð störf lögreglu og almannavarnayfirvalda. Við stöndum því vel að vígi við framkvæmd allra slíkra áætlana, auk þess sem slökkviliðin í landinu hafa búnað og hafa þjálfað menn til þess að vinna að þessu. Það sem við þurfum að gera er að samhæfa kraftana og taka á því ef menn telja að um veika hlekki sé að ræða.

Konur sem afplána dóma.

Fsp. MF, 626. mál. — Þskj. 944.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum árum voru samþykkt lög frá Alþingi sem heimiluðu að hluti þeirra sem brotið hefðu af sér og hlotið tiltölulega stutta dóma ættu kost á að afplána með samfélagsþjónustu. Það var stórt skref og með þeim fyrstu í átt að því að fjölga og breyta refsiúrræðum, gera þau opnari en verið hafði. Að fjölga refsivistarúrræðunum er skref í þá átt að búa þá sem gerast brotlegir við lögin betur undir þátttöku í samfélaginu að nýju.

Lög um fangelsi og fangavist kveða á um réttindi fanga, um aðbúnað þeirra og möguleika til vinnu, til náms, útivistar, samveru við fjölskyldu, læknishjálp og fleira. Þar eiga að gilda sömu reglur um hvað varðar konur og karla en því miður er það ekki svo. Í fangelsinu í Kópavogi var ætlað að vista konur sem brotið hefðu af sér. Upphaflega var það eingöngu ætlað konum en þróunin varð sú að þar hafa einnig verið karlar, yfirleitt með stutta dóma.

Í skýrslu Fangelsismálastofnunar um markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbyggingu fangelsanna kemur fram að fangelsið í Kópavogi henti illa til afplánunar langtímadóma vegna þrengsla, aðstæður eru slakar og skortur á aðbúnaði, engin íþróttaaðstaða, möguleikar til útivistar litlir og vinnuframboð af skornum skammti. Þá segir að aðstaða kvennanna í fangelsum sé ekki sambærileg við stöðu karlfanga, einkum vegna þess að þær eigi enga möguleika á að vistast í opnara fangelsi, t.d. á Kvíabryggju. Þá eru engar aðstæður í fangelsinu í Kópavogi til að vista fanga með geðraskanir. Það hefur þó verið gert en getur vart kallast mannúðleg aðferð.

Nýlega var kvenfangi fluttur til vistunar að Litla-Hrauni. Hverjar sem ástæðurnar eru þá hlýtur að vera óverjandi að Fangelsismálastofnun hafi ekki önnur úrræði en þau, jafnvel þegar um er að ræða veika einstaklinga. Má vera að í framtíðinni verði hægt að vista bæði karla og konur að Litla-Hrauni en þær aðstæður eru vart fyrir hendi í dag.

Við hljótum að taka undir ábendingar Fangelsismálastofnunar um að brýnt sé að veita kvenföngum sömu vistunarmöguleika og karlföngum. Fangelsismálastofnun hefur sett sér þau markmið að föngum verði tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að aðstæður og umhverfi hvetji fangann til að takast á við vandamál sín. Núverandi aðstæður í fangelsum landsins bjóða ekki upp á möguleika á að ná þessum markmiðum. Nægir þar að nefna fangelsið við Skólavörðustíg og fangelsið á Akureyri sem verstu dæmin. En í fangelsinu í Kópavogi eru ekki heldur aðstæður til að ná slíkum markmiðum. Það sem verra er er að þótt karlfangar sem afplána langa dóma búi oft við lakar aðstæður þá eru þær jafnvel enn verri hjá kvenföngum í langtímaafplánun.

Því spyr ég hæstv. dómsmálaráðherra:

1. Hversu margir sem hljóta dóm á ári hverju afplána nú með samfélagsþjónustu og hversu margar konur eru í þeim hópi?

2. Á hvern hátt hyggst ráðherra beita sér fyrir því að staða og möguleikar kvenna í fangelsi séu sambærileg stöðu og möguleikum karlfanga?

[15:26]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Aflað var upplýsinga frá Fangelsismálastofnun ríkisins í tilefni af fyrirspurn hv. þingmanns. Í upplýsingum stofnunarinnar kemur fram að samfélagsþjónustan skiptist annars vegar í úrræði sem kemur í stað allt að sex mánaða óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar og hins vegar úrræði sem kemur í stað vararefsingar fésektar, sem tekur ekki einungis til dóma heldur líka sektarákvarðana.

Að mati Fangelsismálastofnunar er erfitt að miða fjölda þeirra sem gegna samfélagsþjónustu út frá fjölda þeirra sem hljóta dóma þar sem sú tala getur verið mjög villandi, m.a. vegna þess að sumir eru í samfélagsþjónustu á fleiri en einum dómi, dómar berast milli ára o.s.frv. Heppilegra þykir að taka mið af þeim fjölda sem veitt er samfélagsþjónusta

og bera þá saman við fjölda innkoma í fangelsi á hverjum tíma.

Fjöldi þeirra sem hefja samfélagsþjónustu í stað óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar hefur haldist nokkuð stöðugur milli ára. Á tímabilinu 2000–2004, svo dæmi sé tekið, hófu 392 samfélagsþjónustu eða að meðaltali um 78,4 einstaklingar á ári. Þar af voru 23 konur eða að meðaltali um 7% á ári hverju. Á sama tímabili hófu 700 einstaklingar afplánun í fangelsi, að meðaltali 180 einstaklingar á hverju ári. Þetta þýðir að um 30% óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga voru fullnustuð með samfélagsþjónustu á þessu tímabili.

Fjöldi þeirra sem hóf samfélagsþjónustu í stað vararefsingar á tímabilinu 2000–2004 var 633 einstaklingar, þar af voru 109 konur eða að meðal tali um 16% á ári hverju. Hlutfall kvenna jókst verulega á síðasta ári og var tæplega 22%. Á móti hófu 504 einstaklingar vararefsingu í fangelsum landsins eða að meðaltali 100,8 einstaklingar á hverju ári. Þetta þýðir að um 56% allra vararefsinga, þ.e. fésektir, sem ekki tekst að innheimta og lögreglustjórar óska eftir að afplánun skuli hefjast, eru fullnustaðar með samfélagsþjónustu en 44% í fangelsum landsins.

Vegna síðari spurningar hv. þingmanns skal tekið fram að í dag eiga bæði kynin möguleika á vinnu, útivist og því að stunda nám á framhaldsskólastigi meðan á afplánun refsingar stendur. Hins vegar hefur skort á að konur hafi jafnfjölbreytta möguleika til að stunda vinnu, útivist og tómstundir og karlar hafa núna í fangelsum landsins. Að þessu hefur verið hugað í tengslum við framtíðaruppbyggingu fangelsanna og miðað að því að unnt verði að vista konur í fleiri fangelsum og tryggja þeim fjölbreyttari vistunarúrræði en nú er unnt.

[15:29]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Þær tölur sem hæstv. ráðherra fór með varðandi samfélagsþjónustuna sýna svo ekki verður um villst að þetta refsiúrræði hefur sannað sig frá því lögin tóku gildi. Því hefur reyndar verið breytt síðan og sá rammi verið víkkaður sem gefur fleirum möguleika á að sækja um samfélagsþjónustu.

Það er vissulega rétt að í markmiðslýsingum fyrir framtíðaruppbyggingu fangelsanna í skýrslu frá Fangelsismálastofnun ríkisins kemur fram að stefna skuli að því að byggja nýtt fangelsi þar sem úrræði fyrir konur verði bætt frá því sem nú er í Kópavogsfangelsinu. Það sjást hins vegar engin merki þess að hefja eigi byggingu nýs fangelsis. Það er ekki á fjárlögum þessa árs og þess vegna er langt þangað til þær munu búa við svipaðar aðstæður og karlfangar sem afplána langtímadóma. Það er staðreynd að í fangelsinu í Kópavogi búa konur við verri aðstæður og minni möguleika en karlar sem dæmdir hafa verið til að sitja langan tíma í fangelsi. Það þarf að bæta úr og auka möguleika þeirra til að dvelja í opnari vistun en verið hefur.

Ég vil t.d. spyrja hæstv. ráðherra, þar eð núna er fangi í afplánun á Sólheimum í Grímsnesi, hvort komið hafi til tals að finna slík sérúrræði fyrir konur.

[15:31]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Það hefur ekki verið rætt við mig að slíkt úrræði yrði notað sérstaklega fyrir konur eða að konum stæði það til boða. Það þýðir þó ekki að ekki hafi verið hugað að því. En það hefur ekki verið rætt sérstaklega við mig, ef fyrirspyrjandi vísar til þess. Ég veit ekki hvað Fangelsismálastofnun ætlar sér í því efni.

Út af dagskrá var tekið 9. mál.

Fundi slitið kl. 15:32.

---

100. FUNDUR

fimmtudaginn 31. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 362. mál, þskj. 415, nál. 989, brtt. 990. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 387. mál, þskj. 481, nál. 991 og 1009. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, stjfrv., 583. mál, þskj. 874. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 648. mál, þskj. 980. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Lyfjalög og heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 649. mál, þskj. 981. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 659. mál, þskj. 1003. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Tekjustofnar sveitarfélaga, frv., 194. mál, þskj. 194. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Staðbundnir fjölmiðlar, þáltill., 234. mál, þskj. 240. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Gæðamat á æðardúni, stjfrv., 670. mál, þskj. 1022. — 1. umr.
10. Helgidagafriður, stjfrv., 481. mál, þskj. 735, nál. 1019. — 2. umr.
11. Stjórnarskipunarlög, frv., 177. mál, þskj. 177. — 1. umr.
12. Fjármálafyrirtæki, frv., 197. mál, þskj. 197. — 1. umr.
13. Almannatryggingar, frv., 229. mál, þskj. 235. — 1. umr.
14. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 230. mál, þskj. 236. — Fyrri umr.
15. Stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ, þáltill., 238.

mál, þskj. 248. — Fyrri umr.

16. Stjórn fiskveiða, frv., 239. mál, þskj. 250. — 1. umr.

17. Búvöruframleiðslan og stuðningur við byggð í sveitum, þáltill., 240. mál, þskj. 251. — Fyrri umr.

18. Sala áfengis og tóbaks, frv., 241. mál, þskj. 252. — 1. umr.

19. Ríkisendurskoðun, frv., 242. mál, þskj. 253. — 1. umr.

20. Aukatekjur ríkissjóðs, frv., 243. mál, þskj. 254. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 4. þm. Norðvest., Einari K. Guðfinnssyni, dagsett 30. mars 2005:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í erindum Alþingis og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varaþingmaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvest., Guðjón Guðmundsson, Akranesi, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Guðjón Guðmundsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[10:33]

Útbýting:

Lánatryggingasjóður kvenna, 679. mál, fsp. AKG, þskj. 1033.

Vaxtarsamningur fyrir Norðurland vestra, 680. mál, fsp. AKG, þskj. 1034.

Tilkynning um dagskrá.

[10:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Atkvæðagreiðsla verður kl. hálftvö.

Helgidagafriður, 2. umr.

Stjfrv., 481. mál (afgreiðslutími matvöruverslana). — Þskj. 735, nál. 1019.

[10:35]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég fylgi hér eftir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum um helgidagafrið.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund ýmsa aðila, m.a. fulltrúa dómsmálaráðuneytisins og umsagnaraðila frá Samtökum verslunar og þjónustu og Landssambandi íslenskra verslunarmanna. Umsagnir bárust einnig frá fleiri aðilum og var í störfum nefndarinnar jafnframt tekið tillit til þeirra.

Í frumvarpinu er lagt til að starfsemi matvöruverslana sem uppfylla ákveðin skilyrði, þ.e. að verslunarrými sé undir 600 fermetrum og a.m.k. 2/3 hlutar veltunnar séu sala á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki, verði heimiluð föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag. Þetta helgast einkum af jafnræðissjónarmiðum, en á landsbyggðinni tíðkast það nokkuð að margar tegundir verslunarstarfsemi sameinist undir einu þaki, svo sem bensínstöð, matvöruverslun, söluturn og myndbandaleiga. Í þéttbýli er þessu síður fyrir að fara en þó þekkjast að sjálfsögðu nokkur dæmi þess. Því ríkir ekki jafnræði í aðstöðu ferðamanna jafnt sem heimamanna til að nálgast matvæli á þeim helgidögum sem frumvarpið tekur til.

Nefndin ræddi hvort frumvarpið skerti með einhverjum hætti rétt verslunarfólks til frítíma, en telur að kjarasamningar verndi þann rétt með afgerandi hætti. Hvað rýmkun á afgreiðslutíma ákveðinna verslana á tilteknum helgidögum varðar hafa öll sjónarmið verið vegin og metin og ákveðið að fara leið sem komi til móts við þá þróun í verslun sem átt hefur sér stað undanfarin ár, sem og þarfir ferðaþjónustunnar. Um leið var horft til fordæma frá öðrum ríkjum. Með hliðsjón af þeim takmörkunum sem frumvarpið gengur út frá og ákvæðum kjarasamninga um frítíma verslunarfólks telur nefndin að sú leið sem farin er í frumvarpinu sé heppileg.

Nefndarálit þetta stafar frá allsherjarnefndinni allri, en þó með þeirri undantekningu að hv. þm. Atli Gíslason, sem sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi, var ekki samþykkur álitinu.

Nokkuð var rætt um það í nefndinni hvort ástæða væri til að gera efnisbreytingar á frumvarpinu en ég tel að eftir nokkuð vandlega yfirferð hafi nefndin komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að frumvarpið sé þannig úr garði gert að tekið hafi verið hæfilegt tillit til þeirra sjónarmiða sem eru að takast á um málið og því leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

[10:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mjög þægilegt að geta farið út í búð allan sólarhringinn, á kvöldin, nóttunni, föstudaginn langa og þess vegna á jólunum til að kaupa ost, mjólk, Orafiskibollur og það sem hefur gleymst að kaupa. En það er önnur hlið á málinu. Það eru hagsmunir og óskir þess fólks sem starfar í verslunum. Ég vil spyrja hv. framsögumann, hv. þm. Bjarna Benediktsson, nánar um afstöðu samtaka verslunarfólks. Ég heyrði ekki betur í fréttum en samtök verslunarmanna væru algerlega andvíg breytingunum og ég óska eftir því að hann upplýsi þingið um afstöðu starfsfólksins í verslunum.

[10:39]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig hafa vikið að því í máli mínu áðan að gagnstæð sjónarmið eru að takast á. Það er alveg rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson vék að að það eru að takast á sjónarmið starfsmanna í verslunum annars vegar

og hagsmunir verslunareigenda og ferðaþjónustunnar hins vegar, sem og jafnræðissjónarmiðin sem ég vék að áðan. Þess vegna þarf að stíga varlega til jarðar. Sett eru þröng skilyrði fyrir útvíkkuninni en ég vek athygli á því, eins og frumvarpið greinir frá, að þá tilteknu daga sem verið er að opna fyrir aukna þjónustu á er nú þegar heimild fyrir starfsemi t.d. lyfjabúða, bensínstöðva, bifreiðastöðva, verslana á flugvöllum og fríhafnarsvæðum, blómaverslana, söluturna og myndbandaleiga, skiptistarfsemi og tengda þjónustu. Frumvarpið er lagt fram vegna þess ójafnræðis sem kom upp í kjölfarið á þeirri þróun sem átt hefur sér stað hjá þessum aðilum, m.a. til að fullkomið jafnvægi sé á milli þeirra aðila sem eru í hinni tengdu þjónustu sem hefur skotið upp kollinum hjá þessum aðilum og hitt, að tryggja aðgang ferðamanna sem koma hingað á þessum dögum að ákveðinni nauðsynjavöru.

En svo ég svari þeirri spurningu sem til mín var beint ákveðið eru Landssamband íslenskra verslunarmanna og Verslunarmannafélag Reykjavíkur andvíg málinu, en nefndin komst hins vegar að sameiginlegri niðurstöðu um að hagsmunir þeirra væru varðir í kjarasamningum.

[10:41]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. allsherjarnefnd komst að þeirri niðurstöðu að hagsmunum starfsmanna væri borgið. Landssamband verslunarmanna og Verslunarmannafélag Reykjavíkur eru á öðru máli. Ég vil hlusta á þá aðila og tel að þingið hefði betur gert það og eigi að gera það.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson segir að frumvarpið sé til þess fallið að draga úr ójafnræði innan verslunargeirans. En hann segir jafnframt að ólíkir hagsmunir takist á, annars vegar hagsmunir verslunareigenda og hins vegar hagsmunir starfsfólksins. Þótt meiri hluti nefndarinnar hafi komist að þessari niðurstöðu vil ég vekja athygli á því að hv. þm. Atli Gíslason sat fundi allsherjarnefndar sem áheyrnarfulltrúi fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð þegar hún fjallaði um málið og það kemur fram í nefndarálitinu að hann er þessu andvígur.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð tekur afstöðu í málinu. Við tökum afstöðu með starfsfólkinu og samtökum þess með Landssambandi verslunarmanna og Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og við munum greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

[10:43]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka að það eru ekki hagsmunir verslunareigenda sem hafðir eru að leiðarljósi heldur hagsmunir neytendanna, einkum þeirra sem helst þurfa á þjónustunni að halda þá umræddu daga sem frumvarpið tekur til. Ég held að það sé vel ljóst, bæði af frumvarpinu eins og það liggur fyrir og nefndarálitinu, að það eru ekki hagsmunir verslunareigenda sem eru í fyrirrúmi hér heldur er verið að reyna að koma á jafnræði milli þeirra aðila sem bjóða sambærilega þjónustu á ólíkum stöðum og tryggja sambærilegt aðgengi þeirra sem njóta þjónustunnar. Er einkum vísað til ferðamanna í því samhengi. Þeir geta sótt þjónustuna í ýmsum byggðakjörnum þar sem þjónustan er öll undir einu þaki en í þéttbýlinu þar sem reksturinn fer fram með sérhæfðari hætti stendur þjónustan þeim ekki til boða.

[10:44]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta þingmál. Í rauninni erum við að takast á um nokkuð stórt mál, grundvallarmál, hvernig við skipuleggjum samfélag okkar og hvort við gerum það með það að leiðarljósi að þjóna duttlungum og stundarhagsmunum okkar í einu og öllu eða hvort við viljum hafa fjölskylduna og fjölskyldulíf í fyrirrúmi, hvort við viljum hafa einhverjar hátíðir sem fjölskyldan á sameiginlega. Þannig hefur það verið um jól og páska og þá höfum við vikið stundarhagsmunum til hliðar fyrir þessu meginsjónarmiði. Eins og ég gat um áðan er það að sjálfsögðu svo að það er mjög þægilegt að geta farið út í verslun hvenær sem er, á kvöldin þegar eitthvað hefur gleymst eða þess vegna um hátíðar. Auðvitað er það þægilegt.

Hin hliðin á málinu er hagsmunir starfsfólksins. Það er að biðja okkur um það og samtök þeirra að við gerum þetta ekki vegna þess að það er þannig að þótt takist að manna verslanir á löngum vöktum mun þetta leiða til þess að fólk verður þvingað til starfa á þessum tímum. Þetta eru staðreyndir sem samtök verslunarmanna hafa bent okkur á. Þar fyrir utan erum við að ala upp í okkur ákveðna vesalmennsku með þessu, fyrirhyggjuleysi. Verið er að ýta undir það að fólk geti ekki skipulagt sig þannig að það kaupi það sem það þarf til heimilis eða til neyslu á tímum sem koma sér vel fyrir verslunarfólkið einnig.

Þetta er þess vegna ekkert smámál. Þetta er stórmál en verst af öllu finnst mér að Alþingi ætli að virða að vettugi óskir sem fram hafa komið frá samtökum verslunarmanna. Það finnst mér ekki góður hlutur.

[10:46]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Hér er bryddað á gömlu álitamáli og gömlu deilumáli verslunarmanna, stjórnvalda og kaupmanna, eins og við vitum báðir, ég og hv. 9. þm. Reykv. s., og er auðvitað spurningin sú hversu langt eigi að ganga í því að tryggja með lögum að einstakar stéttir eigi frí á ákveðnum dögum.

Ég held að þetta mál sé mjög flókið og að raunar gildi ekki hið sama um eðli þess hvar sem er á landinu. Sums staðar er óhjákvæmilegt að halda verslun eins og þessari opinni lengur en annars staðar vegna þess að ekki er annarra kosta völ. Ef við á hinn bóginn tökum Reykjavík sem dæmi vitum við að litlar matvöruverslanir eru í vaxandi mæli komnar inn á bensínstaðina og þá er heimilt að selja matvöru á slíkum stöðum. Ég get á hinn bóginn bent á staði úti á landi þar sem bensínsalan og matvöruverslunin eru reknar af sama aðila en í mismunandi húsakynnum. Á slíkum stöðum getur verið nauðsynlegt að hægt sé að veita ferðamönnum ákveðna þjónustu og lipurð. Ég get tekið sem dæmi Skútustaði í Mývatnssveit og ýmsa aðra þvílíka staði.

Ég held þess vegna að nauðsynlegt sé að rýmka helgidagalöggjöfina eins og hér er gert en ég er fullkomlega

sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að það er líka óhjákvæmilegt að verslunarmenn haldi vel utan um það svigrúm sem gefið er í kjarasamningum við atvinnurekendur til þess að það verði ekki misnotað þannig að sú regla komist á að allar verslanir eigi að vera opnar á páskum eða föstudaginn langa.

Ég man eftir því hér á árum áður að t.d. á Akureyri var óheimilt að hafa búð opna eftir sex á kvöldin nema það væri lúga. Undir öðrum kringumstæðum voru ástæður þannig að ef kaupmaðurinn stóð sjálfur í búðinni mátti hún vera opin en ekki ef það var launafólk og þar fram eftir götunum. Síðan vitum við líka að á vissum stöðum er óhjákvæmilegt að þjónusta ferðafólk.

Við getum tekið dæmi af versluninni í Ásbyrgi. Þar er nú svo komið að bensínsalan er öll með kortum. Eigum við að skilja það svo að þau hjón sem reka þá verslun — er það vilji hv. þingmanns að slíkir aðilar hafi þá ekki möguleika til að þjónusta um hvítasunnu þann mikla fjölda ferðamanna sem sækir heim Ásbyrgi? Við erum að tala um flóknn hlut. Meðan ég var aktífur í félagi verslunar- og skrifstofufólks var ég mjög harðvítugur á þeim sjónarmiðum sem hv. þingmaður er að lýsa hér og skil þess vegna mjög vel hvað á bak við liggur.

Ég hlýt líka að vekja athygli á því að málið er ekki eins einfalt og þá var. Verslunarhættir hafa breyst. Mér þótti vænt um frammíkall hv. 5. þm. Norðaust. hér áðan, Steingríms J. Sigfússonar, þegar hann sagði að við frændurnir bærum sérstaklega fyrir brjósti hagsmuni Baugs. Það er auðvitað alveg rétt, við berum fyrir brjósti hagsmuni allra fyrirtækja í landinu og fólksins auðvitað um leið. Þetta mál snýr samt ekki að Baugi. Það snýr að því að hægt sé að halda uppi eðlilegri þjónustu við ferðamenn á þeim miklu umferðarhelgum sem páskar og hvítasunnan eru.

Ég var í Mývatnssveit nú um páskana. Þar var mikill fjöldi ferðamanna og gott veður, endur syntu þar á Laxá og Kálfastrandarvogunum. Ég sá þar ýmsa fallega fugla en þar var líka nauðsynlegt annað veifið að opna verslunardyrnar fyrir fólk sem á slíkri þjónustu þurfti að halda. Ég held því að reynsla verði að koma á þetta mál og við verðum að reyna aðeins að opna dyrnar til að ferðaþjónustan geti gengið fyrir sig með eðlilegum hætti. Ég er þó fullkomlega sammála hv. þingmanni um að það yrði mikið slys ef það yrði að almennri reglu að verslunarfólk yrði að vinna á páskum og á föstudeginum langa og hér í Reykjavík t.d. get ég ekki séð að nein nauðsyn sé á því.

[10:53]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þingmaður hafi misskilið ákveðin atriði í þessu máli. Hér er ekki um það að ræða að ferðamenn fái ekki þjónustu, t.d. þekkjum við að bensínstöðvar sem hafa heimildir nú þegar til að vera með opið á þeim tímum sem hér um ræðir hafa í auknum mæli verið að færa sig inn á matvörumarkað. Þær hafa tekið inn smávöru og ýmsa matvöru sem þær einmitt þjónusta ferðamenn með á þessum dögum. Breytingin sem hér er verið að fjalla um lýtur hins vegar að því að aðrir verslunareigendur fái sama rétt og þær greiðasölur sem nú þegar geta þjónustað ferðafólk með þessar vörur. Ég held að hér gæti ákveðins misskilnings í málinu hjá hv. þingmanni, hér er verið að tala um rýmkun sem er meira að segja talsvert meiri en óskir vinnuveitenda varðandi þetta efni hafa verið. Það kemur fram í umsögnum, bæði Verslunarmannafélags Reykjavíkur og eins Landssambands ísl. verslunarmanna, að þetta frumvarp gangi lengra en verslunareigendur hafi óskað eftir.

Óskir verslunarmanna hafa fyrst og fremst lotið að hvítasunnudegi en hér er verið að fara enn lengra en þær hafa óskir hafa verið. Það er það sem kannski er fyrst og fremst gagnrýnivert að hér er verið að ganga mun lengra en verslunareigendur og hagsmunaaðilar hafa óskað eftir. Það er ósanngjarnt að Alþingi Íslendinga skuli ganga fram fyrir skjöldu og taka frá verslunarmönnum þá litlu möguleika sem þeir enn eiga á einhverjum frídögum.

[10:54]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér skilst að vísu, af því að ég tók Ásbyrgi sem dæmi, að það hafi verið misskilningur hjá mér að bensínsalan þar sé alls ekki rekin af verslunareigandanum, en það er sama, hér er verið að tala um þjónustu við ferðamenn, að þeir geti keypt sér matvæli úti á landi. Um það snýst þetta mál eins og ég skil það. Það er alls ekki svo ef við tökum bensínsölur úti á landi að þar sé seld matvara, heldur er oft enginn nálægur til að afgreiða bensínið, þar er einungis kortaafgreiðsla. Það er allt önnur aðstaða þar en í Reykjavík þar sem matvörur eru seldar inni á bensínstöðvunum. Ég vona að hv. þingmaður geri sér það ljóst.

[10:55]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að undantekningin í lögunum, sem er að finna í 1. mgr. 5. gr., heimilar starfsemi „lyfjabúða, bensínstöðva, bifreiðastöðva, verslana á flugvöllum og fríhafnarsvæðum, blómaverslana, söluturna og myndbandaleiga“, svo og gististarfsemi og tengda þjónustu. Undantekningin í lögunum er nú þegar talsvert víð. Hér er hins vegar verið að fara fram á mun meiri rýmkun og samtök verslunarmanna mótmæla þeirri rýmkun með góðum rökum og mér finnst hv. þingmaður ekki hafa svarað þeim röksemdafærslum verslunarmanna sem koma fram í umsögnunum. Ég tel alveg ljóst að verslunarmenn hafi mjög mikið til síns máls og það er eðlilegt að Alþingi Íslendinga taki mið af þeim umsögnum og skoði meginsjónarmið þeirra þegar sú rýmkun sem við fjöllum hér um er til umræðu.

[10:56]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram hjá hv. þingmanni að þau séu sammála um það, bæði félag verslunar- og skrifstofufólks og atvinnurekendur, að ekki þurfi allir á þessari heimild að halda. Þá er einfalt að semja um það. Aðalatriðið er, eins og ég sé það, að nauðsynlegt er á þeim stöðum þar sem mest er um ferðamenn að hægt sé að kaupa matvörur. Ég hef að vísu ekki séð þann lista sem tekur yfir þá staði sem nú hafa undanþágu frá lögunum til að selja matvæli þannig að ég er að því leyti óviðbúinn þessari umræðu. Mín almennu viðhorf eru þau að ferðaþjónusta um páska og hvíta-

sunnu er orðin það ríkur þáttur í atvinnulífi á ýmsum fámennum stöðum að nauðsynlegt er að koma til móts við þá breytingu.

[10:58]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég tel mig alveg skilja forsendur þess að farið er fram með beiðni um að rýmka möguleika á sölu matvæla undir formerkjum jafnræðissjónarmiða um allt þannig að hægt sé að versla með matvöru um allt land á þeim helgidögum sem hér eru taldir til, á föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag. Að vísu hefur komið fram að það var eingöngu óskað eftir því af verslunareigendum að hvítasunnudeginum yrði bætt við þá daga sem heimilað er að selja matvörur eða hafa aðgengi að matvörum á fleiri stöðum en nú er.

Ég vil í því sambandi segja að ég held að ástæða sé til að staldra aðeins við og horfa til þess á hvaða braut við erum. Hér er sérstaklega vísað til ferðamanna en auðvitað notfæra sér það allir landsmenn að hafa aðgengi að verslunum og þjónustu á hvaða tíma og hvaða degi sem er. Þetta er ekki eingöngu fyrir ferðamenn en ferðamenn eru oftast notaðir sem ástæða þess að rýmka þurfi afgreiðslutíma svo þeir komist til að kaupa sér matvöru.

Ef við lítum í kringum okkur sjáum við að það er ekkert sjálfgefið að við sem ferðamenn í nálægum löndum komumst í búðir á þessum helgustu dögum kristinnar kirkju, að það sé opið á þessum dögum. Sem ferðamaður kynnir maður sér hvort það er opið eða lokað á föstudaginn langa og ef maður veit að maður kemst ekki í að kaupa sér matvæli gerir maður ráðstafanir fyrir fram. Eins er með okkur Íslendinga, þegar lokað er á föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag gerum við ráðstafanir. Þannig er bara lífið og ég tel fulla ástæðu til að við hinkrum aðeins og horfum á það hvernig afgreiðslutími verslana er orðinn í dag og aðgengi að matvöruverslunum. Þessi langi afgreiðslutími kemur auðvitað út í verðlagið, hann getur ekki gert annað. Ef við horfum auk þess til starfsmannanna er vinnuskyldan orðin mikil og binding fyrir það starfsfólk sem vinnur við þessi störf.

Ég hef heyrt í mjög mörgum sem telja að núverandi afgreiðslutími, að það sé hægt að fara í matvöruverslanir á laugardögum og sunnudögum, sé í raun og veru alveg óþarfi. Það hafi ekki verið neinir erfiðleikar að skipuleggja sig þannig að maður verslaði fyrir helgina sem venjulegur Íslendingur, vitaskuld sé þetta þægilegt en í rauninni ástæðulaust eins og þetta er í dag, til þæginda en engin brýn nauðsyn. Þetta bitnar á mjög mörgum fjölskyldum og það er mikið álag á þá sem sinna þessum störfum. Ég held að við ættum að feta okkur hægt í meiri þjónustu en nú er. Undantekningarnar eru margar. Eins og lögin eru í dag er mjög víða hægt að fá þjónustu um helgar og þróunin hvað varðar þjónustu bensínstöðva hefur verið í þá átt að hafa til sölu nauðsynjavöru eins og mjólk og brauð og það allra nauðsynlegasta. Víða um land er hægt að kaupa þessar brýnustu nauðsynjavörur þannig að ég tel að forsendurnar sem menn gefa sér, sérstaklega hvað varðar föstudaginn langa og páskadag, þörfin á því að hafa opið á þessum dögum sé ofmetin. Það hefur líka komið fram að það var eingöngu verið að óska eftir hvítasunnudegi sem er almenn ferðahelgi hjá Íslendingum. Samtök verslunarmanna hafa mótmælt og ég tel að við þurfum að horfa mjög til þeirra mótmæla, taka tillit til þeirra og eins sé ástæðulaust að við séum eitthvað viðkvæm fyrir því að halda helgustu dögum kristinnar kirkju til haga sem frídögum fyrir fjölskylduna og vera ekki svo viðkvæm fyrir því að einhvers staðar úti í heimi sé opið á þessum dögum því að mjög víða er líka lokað. Ég tel að sú niðurstaða sem þingmenn allsherjarnefndar hafa komist að sé ekki rétt og að hér sé fulllangt gengið.

[11:04]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt í tilefni af ummælum hv. 10. þm. Norðaust. Ég hygg að óvíða séu meiri takmarkanir fyrir hendi varðandi verslun á þeim dögum sem hér um ræðir en hér á landi. Bæði varðar það þær tegundir verslunar sem eru opnar og eins þann fjölda daga sem um er að ræða þannig að ég hygg að ef litið væri til þeirra landa sem við berum okkur helst saman við mundum við óvíða, hugsanlega í Noregi, hugsanlega í Danmörku en óvíða annars staðar, held ég, finna meiri takmarkanir en eru hér á landi.

Ég vildi líka segja í tilefni af ummælum hv. þingmanns að íslensk ferðaþjónusta hefur á undanförnum árum lagt mikið af mörkum til að reyna að lengja ferðamannatímabilið, m.a. fram á vorið. Páskarnir eru t.d. að verða mjög mikilvægur tími fyrir íslenska ferðaþjónustu og ég verð að segja að það er ekki góður þáttur í þeirri sókn að segja við ferðamennina: Ja, þið getið að vísu keypt ykkur pulsu og kók í sjoppum og á bensínstöðvum en annað er lokað. Ég held að það sé ekki rétta nálgunin að segja að menn geti bara skipulagt sig.

Varðandi ummæli hv. þingmanns um að fjölskyldurnar eigi að skipuleggja sig betur get ég alveg fallist á að fjölskyldur geta alveg skipulagt sig betur en ég held hins vegar að vilji hv. þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til að skipuleggja fjölskyldulíf fólks eigi ekki að koma í veg fyrir að verslunareigendur geti haft opið ef þeir svo kjósa.

[11:06]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi ferðaþjónustuna og það að við séum að reyna að lengja þann tíma sem ferðamenn koma til landsins, ekki bara yfir blásumarið heldur fram á vor og haust, er ekki síður mikil áhersla lögð á það að fá ferðamenn hingað um hávetur til að kynnast íslenskri náttúru og stórhríð. Eigum við þá að hafa opið á aðfangadagskvöld, jóladag? Hvar eru mörkin? Er ekkert orðið heilagt?

Hvað varðar vísan til annarra þjóða og að alls staðar annars staðar sé opið, eða víðast annars staðar, þá er það ekki rétt. Mér fyndist persónulega ekkert gera til þó að við hefðum ákveðna sérstöðu og héldum í okkar allra heilögustu helgidaga og virtum það að starfsfólk þessara verslana hefði frí á þessum dögum. Ég skil það sjónarmið sem verið er að leggja fram, að gæta skuli jafnræðis milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis, en þá vil ég segja: Höfum við ekki gengið of langt hvað varðar möguleika á þjónustu í verslun um helgar hér á landi?

[11:08]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Almennt er ég þeirrar skoðunar að við höfum ekki gengið of langt varðandi afgreiðslutíma verslana og annarra þjónustufyrirtækja um helgidaga. Ég hygg raunar að við höfum gengið of skammt. Sú opnun sem felst í þessu frumvarpi felur í sér ákveðna rýmkun en persónulega væri ég alveg tilbúinn að skoða það að ganga enn þá lengra. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vera hlutverk þeirra sem reka fyrirtækin og þeirra sem starfa hjá þeim að semja um það hvernig þeir vilji haga þessum málum en ég er ekki á þeirri skoðun að þetta eigi að vera bundið í lög. Ég held að löggjafinn eigi ekki að ákveða að allir eigi að halda helgidagafrið á tilteknum dögum. Ég held að það eigi að vera samkomulagsatriði milli atvinnurekenda og launþega á viðkomandi sviðum og ég held að sú reynsla sem við höfum af opnun og rýmkun á afgreiðslutíma, bæði verslana og annarra þjónustufyrirtækja á þessum dögum, hafi verið góð og falið í sér framfarir fyrir okkur.

Ég segi að ég væri alveg tilbúinn að skoða það að ganga lengra þó að ég virði það hins vegar að ef atvinnurekendur og launþegar á þessum sviðum koma sér saman um annað geta þeir að sjálfsögðu samið um að hafa lokað ef þeir svo kjósa. Ég vil bara ekki að löggjafinn taki samningafrelsið af mönnum eða taki frelsið til að reka þá starfsemi sem þeir hafa með höndum.

[11:10]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður sagði í sínu fyrra andsvari að það væri ekki okkar, þingmanna eða löggjafans, að skipuleggja fjölskyldulíf fólks. Vissulega en samt ekki að ástæðulausu að með löggjöfinni er verið að takmarka afgreiðslutíma verslana eins og gert hefur verið. Það er ekki síður til að vernda starfsmenn þessara fyrirtækja því að það sem verslunarmenn óttast nú er að þeir muni ekki hafa neitt val í samningum, að þeim verði ekki boðið upp á neitt annað en að vinna á þessum dögum sem hér er verið að bæta við undanþágu frá lokun, þ.e. föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag, að þeir muni ekki standa frammi fyrir neinu vali, þeir muni þurfa að vinna á þessum dögum, það verði ekki samkomulag um annað.

Það er mikill þrýstingur ef opnað verður fyrir þetta, hvort sem verslunareigendur óskuðu eftir því eða ekki, ef það verður heimilt að hafa opið á þessum dögum verður mikill þrýstingur á að gera það. Starfsmenn eru þá bundnir af því að vinna og oft langan vinnudag og það eru þeir og fjölskyldulíf þeirra sem við erum þá ekki síður að standa vörð um.

[11:11]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Hér eiga sér stað gagnlegar umræður um þetta mál. Ég sakna þess þó að menn komi nær kjarna þess máls sem hér er til umfjöllunar.

Þetta frumvarp er fyrst og fremst lagt fram til að jafna ákveðinn aðstöðumun, aðstöðumun á milli annars vegar þeirra sem bjóða fram matvöru og hins vegar þeirra sem vilja kaupa þessa tilteknu matvöru. Þetta frumvarp snýr eingöngu að þeim aðilum sem eru í verslunarrekstri með matvöru og nánar tiltekin skilyrði í þessu frumvarpi þrengja það þannig að það tekur eingöngu til þeirra sem eru með tvo þriðju hluta veltu sinnar í matvöru og eru með verslunarrými sem er undir 600 fermetrum.

Staðan er nefnilega þannig í dag að víða um land þar sem eru þjónustumiðstöðvar fer fram sala á matvörum og þar geta menn sótt í matvæli vegna þess að á sama stað er boðin fram þjónusta sem hefur leyfi til að hafa opið þessa tilteknu daga. Til að mynda eru bensínstöðvar reknar undir sama þaki og þar með er hægt að hafa opið, og undir sama rekstri geta menn síðan sótt matvöru og selt. Vegna þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað í þessum efnum hefur orðið til ákveðinn aðstöðumunur, aðstöðumunur annars vegar þeirra sem geta á grundvelli þessara þjónustumiðstöðva sem hafa byggst upp víða um landið selt matvöru á þessum helgidögum og hins vegar þeirra sem vilja sækja sér matvöru þessa tilteknu daga. Þeir sem eru í þéttbýlinu eiga t.d. ekki sömu möguleika á að sækja sér matvöruna vegna þess að sambærilegir þjónustukjarnar eru ekki til staðar á höfuðborgarsvæðinu.

Í þeirri umræðu sem hér fer fram koma menn ekkert við þennan aðstöðumun. Kjarninn í þessu frumvarpi er að jafna hann. Eins og fjallað er um í frumvarpinu er hægt að gera það með þrennu móti. Það er í fyrsta lagi hægt að fara þá leið að banna hreinlega sölu matvöru á föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag. Það væri ein leið til að koma jafnvægi aftur á þennan aðstöðumun sem ég er að fjalla um.

Önnur leið sem nefnd er í frumvarpinu væri að segja: Gott og vel, við skulum heimila alla verslunarstarfsemi á þessum dögum. Þar með væri útrýmt öllum aðstöðumun milli landsbyggðar og þéttbýliskjarnanna og þeirra aðila sem vilja bjóða fram þjónustu og kaupa matvöruna þessa daga.

Þriðja leiðin, og það er leiðin sem valin er í þessu frumvarpi, er sú að heimila verslunum sem uppfylla tiltekin skilyrði að selja matvöru án tillits til þess hvar þær eru á landinu. Í frumvarpinu er eingöngu verið að rýmka skilyrðin þannig að aðstaðan á milli þeirra sem vilja kaupa eða selja matvöru sé sambærileg hvar á landinu sem þeir eru. Ég ítreka það sem fram kemur í frumvarpinu og nefndarmenn voru allir sammála um að væri afar mikilvægt og það er að ekki er verið að draga úr helgi hvítasunnudags eða setja hann í 2. flokk samkvæmt helgidagalöggjöfinni. Á engan hátt er verið að gera lítið úr helgi þeirra daga sem hér er fjallað um enda hefur kirkjuþing fjallað um frumvarpið og ekki gert neinar athugasemdir við það.

Þegar menn ræða frumvarpið sakna ég þess að menn taki þá til umfjöllunar þann aðstöðumun sem er milli þeirra sem bjóða fram þjónustuna, þ.e. matvöru úti á landsbyggðinni, og hinna sem ekki geta gert það hérna í þéttbýlinu og síðan hins vegar það vandamál sem vaknar við það að ferðamenn geta sótt sér tiltekna þjónustu af þessum sökum úti á landi en eiga erfiðara með að gera það í þéttbýliskjörnunum.

Hvernig vilja menn bregðast við þessu? Þetta frumvarp er svar við þeirri spurningu. Ef menn hafa einhver önnur svör ættu þau að koma fram í umræðunni en mér finnst umræðan sem hér fer fram benda til þess að mönnum sé alveg

sama um þennan aðstöðumun og hafi ekkert við hann að athuga, þyki bara fullkomlega eðlilegt að menn geti keypt sér mjólk og brauð í þjónustukjörnunum úti á landi en eigi á sama tíma mjög erfitt með að gera það í þéttbýlinu. Að menn geti boðið fram ákveðnar vörur, í þessu tilviki matvöruna, vegna þess að þeir eru með bensínstöð undir sama þaki á landsbyggðinni, en þeir sem hafa sömu vöruna í hillunum hjá sér í bænum geti ekki gert það vegna þess að þeir eru ekki með aðra starfsemi undir sínu þaki sem tiltekin er í lögum. Þetta er vandamálið sem er til staðar og þetta er vandamálið sem frumvarpið er að reyna að taka á.

Ég virði það að menn hafi ólík sjónarmið í þessu en mér finnst að umræðan hafi ekki komið beint að þessum kjarna málsins. Af þeim þremur leiðum sem nefndar eru í frumvarpinu sem eru tækar til að taka á málinu heyrist mér til að mynda á hv. þingmönnum Vinstri grænna að þeir vilji ef til vill fara fyrstu leiðina, þ.e. bara banna alla þjónustu á þessum dögum. Ef ekki, hvert er þá svarið við þeim aðstöðumun sem lögin skapa eins og þau eru í dag vegna þess hvernig þjónustan hefur verið að þróast á undanförnum árum?

Auðvitað verð ég að lýsa mig fullkomlega ósammála því sem hv. þm. Þuríður Backman hefur komið að í umræðunni, að það hafi verið mikil afturför að heimila verslun með matvörur um helgar, í raun og veru ættu fjölskyldurnar að klára matarinnkaup sín áður en kæmi að helginni og þetta hafi í sjálfu sér allt saman verið óþarfi. Þessu verð ég að lýsa mig mjög ósammála. Ég tel að þetta sé skynsamlegt skref, þetta er hógvært skref, vel rökstutt og nauðsynlegt til að jafna þann aðstöðumun sem við höfum séð og ágætlega hefur verið lýst í frumvarpinu.

[11:18]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þar sem vísað er til jafnræðisreglunnar og til þjónustukjarna úti á landi sem geta veitt þá þjónustu sem verslanir á höfuðborgarsvæðinu geta ekki vil ég segja að sumar bensínstöðvar á höfuðborgarsvæðinu eru þannig að þær slá við hinum ýmsu þjónustukjörnum úti á landi hvað varðar vöruúrval, matvæli og aðra nauðsynjavöru. Bensínstöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu, eins og þær eru orðnar í dag, hafa tekið við þessu hlutverki. Væri ég ferðamaður eða þyrfti á mjólk að halda á umræddum helgidögum væru ekki nokkur einustu vandræði að nálgast hana hér á bensínstöðvunum, mörgum hverjum sem eru eins og litlir matvörumarkaðir og samsvara allt að því þeim þjónustukjörnum sem finnast úti á landi.

Af því að þetta er vegna jafnræðisreglunnar, að sagt er, eru aðstæður mjög mismunandi úti um land og hér á höfuðborgarsvæðinu líka. Á höfuðborgarsvæðinu er hægt að komast í mjög góða og almenna þjónustu og ekki nokkurt einasta vandamál.

Hvað varðar það sem hv. þm. Bjarni Benediktsson sagði um að ég vildi taka allt til baka, þennan afgreiðslutíma um helgar, þá er það ekki svo. Ég sagði að margir litu til þess, og ég geri það líka, hvort við hefðum ekki gengið skrefi of langt. Erum við ekki með afgreiðslutíma dagvöruverslunar, 10–11, 11–11, eða hvað þær nú heita, of langan yfir alla vikuna? Er ástæða til að hafa opið alla sunnudaga? Þetta er svona umhugsunarefni.

[11:20]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í máli hv. þm. Þuríðar Backman kom fram að hún teldi að þeirri þjónustu sem hér er verið að fjalla um væri ágætlega sinnt á bensínstöðvunum. Ég get ekki tekið undir það að öllu leyti. Ég sótti sjálfur þjónustu um páskahelgina úti á landi og sú þjónusta sem ég fékk þar var mun umfangsmeiri og betri en almennt tíðkast á bensínstöðvunum á höfuðborgarsvæðinu. Í þessu felast auðvitað ákveðin öfugmæli. Með því að benda á bensínstöðvarnar sem dæmi um þá staði sem veita þjónustuna er í raun verið að segja: Já, það er gott að hægt er að sækja matvöruna á þessum stöðum. Viljum við marka hina pólitísku stefnu þannig að beina mönnum inn á bensínstöðvarnar? Er það þangað sem við viljum að menn sæki þjónustuna?

Mér finnst öfugmælin birtast í því að menn segja að ekki sé þörf á þessu en um leið lýsa þeir yfir ánægju sinni eða benda á staðina þar sem þó er hægt að sækja þjónustuna. Einhver pólitísk stefnumörkun verður að vera í þessu og við getum ekki verið með þau skilaboð til þeirra sem bjóða fram matvöruna að þeir þurfi að vera með rekstrarleyfi fyrir bensínstöð til að geta komið matvöru sinni á framfæri. Það er verið að reyna að jafna þennan aðstöðumun, bæði innan þéttbýlisins og eins líka milli landsbyggðarinnar og þéttbýliskjarnanna.

Sú leið sem frumvarpið gengur út frá er sú að miða við 600 fermetra og að meginhluti veltunnar, þ.e. tveir þriðju, sé í matvöru, drykkjarvöru og tóbaki. Ég held að það sé hófleg leið. Aðrar þjóðir hafa valið að setja þrengri skilyrði, til að mynda í Noregi hygg ég að það séu 100 fermetrar eins og kemur fram í frumvarpinu en það væri að mínu áliti of langt gengið.

[11:23]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel ekki rétt að beina hinni almennu matvöruverslun inn á bensínstöðvarnar en það er sú þróun sem hefur verið. Bensínstöðvar, sérstaklega höfuðborgarsvæðinu, eru margar hverjar orðnar eins og litlar matvöruverslanir.

Ég sagði þetta út frá þeirri skoðun sem hér hefur komið fram að við þurfum að sjá til þess að ferðamenn sem sækja okkur heim hafi möguleika á að fá nauðsynjavöru og matvöru á helgidögum. Ég segi að þeir geta það, þeir eru ekki útilokaðir frá því. Þeir geta keypt nauðsynjavörur bæði úti á landi og á höfuðborgarsvæðinu á þessum dögum. Ég var eingöngu að benda á það að þeir munu ekki svelta á þessum dögum á höfuðborgarsvæðinu, heldur hafa þeir aðgengi að vörunum þótt það sé á bensínstöðvunum sem eru orðnar eins og litlar matvöruverslanir. Hvort það er svo eðlileg þróun að bensínstöðvarnar séu að verða eins og litlar matvöruverslanir er síðan annar kapítuli. En það er enginn ferðamaður sem sveltur á þessum dögum því að hann kemst í allra brýnustu nauðsynjar.

[11:24]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt þetta sem ég reyndi að vekja athygli á í fyrra máli mínu, þ.e. að hvergi í lögunum er að finna viðurkenningu á því að mikilvægt sé fyrir ferðamenn að geta nálgast slíka nauðsynjavöru. Það er í sjálfu sér bara tilviljun að bensínstöðvarnar hafa þróast með þeim hætti að matvaran er í auknum mæli á boðstólum þar. Hvar í löggjöfinni birtist viðurkenningin á nauðsyn þess að ferðamenn geti keypt sér nauðsynjavöru á borð við matvöruna á þessum tilteknu dögum?

Það er gott og blessað að vísa til þess að verslunin hafi þróast þannig að bensínstöðvarnar bjóði mjólk og brauð í vöruúrvali sínu en að mínu áliti er miklu skynsamlegra að stíga það skref sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir og segja: Matvöruverslanir sem eru með tiltekið lágmarksverslunarrými — og ég held að skynsamleg leið hafi verið valin í frumvarpinu, að miða við 600 fermetra — mega hafa opið alveg eins og aðrir mikilvægir þjónustustaðir þessa tilteknu daga.

[11:25]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Bjarni Benediktsson segir að við skulum halda þessari umræðu á þeim stað sem snertir kjarna málsins. Ég er hjartanlega sammála honum í því.

Kjarni málsins er auðvitað sá að hér er um þrjá helgidaga að ræða, ekki er um fleiri að ræða en þessa þrjá helgidaga. Hér er um að ræða ákveðna jafnræðisreglu, það er rétt sem hv. þingmaður segir, en hitt er rangt sem hann segir, að það sé tilviljun að málin hafi þróast þannig að bensínstöðvar hafi farið að bjóða upp á matvöru. Það var engin tilviljun. Það gerðist með lagabreytingu frá Alþingi Íslendinga 1997 þegar leitt var í lög að á þessum dögum fengi gististarfsemi og tengd þjónusta, starfsemi lyfjabúða, bensínstöðva, bifreiðastöðva, verslana á flugvöllum og fríhafnarsvæðum, blómaverslana, söluturna og myndbandaleiga að vera með þjónustu í boði. Það varð til þess að bensínstöðvar sáu sér leik á borði, af því að matvöruverslanir voru ekki með opið á þessum dögum, að fara að bjóða upp á matvöru. Þess vegna, út af lagabreytingunni frá 1997, hefur þessi þróun orðið. Þetta er alls ekki tilviljun.

Kjarni málsins út frá sjónarhóli Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs lýtur hins vegar að réttindum verslunarfólks. Verslunareigendur voru með þrýsting 1997 um að þetta yrði rýmkað. Alþingi lét undan þeim þrýstingi og það varð rýmkun. Samtök verslunar og þjónustu halda áfram að þrýsta á um rýmkun og aftur ætlar Alþingi Íslendinga að verða við beiðni Samtaka verslunar og þjónustu og rýmka afgreiðslutímann. Það er þetta sem við erum að reyna að segja, sú rýmkun sem Alþingi Íslendinga leggur hér til eina ferðina enn gengur á rétt verslunarfólks. Réttur verslunarfólks hefur verið sá að það á ákveðna lögvarða frídaga sem verða með þessum breytingum teknir af því. Þetta er kjarni málsins í hugum þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs. Ekki fór mikil umræða fram um þetta við 1. umr. og því er eðlilegt að þingmenn hafi þörf fyrir að tjá hug sinn um málið núna þegar frumvarpið er komið úr nefnd. Ekki er hægt að skilja svo við umræðuna að fara ekki aðeins yfir umsögn Verslunarmannafélags Reykjavíkur sem er greinilega ekki á sama máli og hv. þm. Birgir Ármannsson sem gerir ráð fyrir að hér sé bara eitthvert atriði sem verslunareigendur og verslunarfólk geti samið um. Það er greinilegt að verslunarfólk telur þrýstinginn frá eigendum verslananna það mikinn að þetta verði aldrei neitt samningsatriði. Ef sú krafa er frá verslunareigandanum að fólkið vinni vinnur það. Verslunarfólk óskar bara eftir því að Alþingi Íslendinga tryggi þessa lögboðnu þrjá frídaga sem það á í dag.

Í umsögn Verslunarmannafélags Reykjavíkur er þess meira að segja getið að farið sé lengra í frumvarpinu en óskir vinnuveitenda gangi út á varðandi þetta efni. Þar hafi óskir verslunareigenda fyrst og fremst lotið að hvítasunnudegi en hér sé bætt inn páskadegi og föstudeginum langa, ef ég man rétt. Ég verð að viðurkenna að þó að ég sé í allsherjarnefnd var ég ekki viðstödd umfjöllun málsins í nefndinni heldur varaþingmaður minn, Atli Gíslason, sem fram hefur komið í umræðunni að er ekki samþykkur áliti þessu frekar en aðrir þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs.

Ég vil fá að vitna í umsögn Verslunarmannafélags Reykjavíkur þar sem segir, með leyfi forseta:

„Athugasemd er því gerð við þá tillögu að rýmka opnunartíma á helgidögum umfram óskir hagsmunaaðila verslana og fækka þar með þeim dögum þar sem launþegum í verslunarstörfum er tryggður frídagur samkvæmt lögum.

Við þetta má bæta að afgreiðslutími verslana hérlendis er nú þegar orðinn með þeim hætti að vart er á bætandi. Verslunarkjarnar og stórmarkaðir eru opnir 7 daga vikunnar, sólarhringsopnun matvöruverslana er að ryðja sér til rúms, auk þess sem núgildandi ákvæði um starfsemi á helgidögum er nýtt til fullnustu. Í dag er opnunartími verslana einna frjálsastur hér á landi af löndum hins vestræna heims og verður því ekki séð að sérstök þörf sé fyrir enn frekari rýmkun á þessu sviði.“

Hér koma verslunarmenn með öndvert sjónarmið við það sem hv. þm. Birgir Ármannsson talaði fyrir í ræðu sinni áðan þar sem hann vildi meina að við værum aftarlega á merinni hvað þetta varðar. Verslunarmenn eru á öndverðum meiði og segja að við séum með frjálsasta opnunartíma á Vesturlöndum. Nú standa þar orð gegn orði og ekki skal ég fullyrða hvað rétt er í þeim efnum. Hitt er alveg ljóst að verslunarmenn eru andvígir breytingunni út af þeim rökum sem þeir hafa tilgreint hér, þeir óttast um þá lögboðnu frídaga sem þeir eiga í dag.

Varðandi jafnræðisregluna, þ.e. eins og hv. þm. Bjarni Benediktsson hefur vikið að, að ósanngjarnt sé að heimila ákveðnum verslunareigendum að versla með matvörur á þeim hátíðisdögum sem um getur en ekki öðrum, þá vil ég bara segja að við erum ekki að tryggja jafnræði með þessari breytingu því að við erum að setja hér takmörk við ákveðinn fermetrafjölda þannig að verslunarrými sem má að vera opið á þessum dögum má ekki vera stærra en 600 fermetrar. Nágrannalönd okkar hafa farið þessa leið og þar standa eilífar deilur um þennan fermetrafjölda. Þar búa eigendur stórverslana til skilrúm og loka af það rými verslunarinnar sem nemur 600 fermetrum, eða hvaða tala sem í gildi er þar, sem þýðir að þeir fara í kringum lögin, þeir fara á svig

við lögin og opna ákveðin svæði í búðinni. Það eru eilíf þrætumál og eilífar deilur í nágrannalöndum okkar út af þeim reglum sem löggjöf af þessu tagi leiðir af sér. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs viljum standa vörð um þessa lögboðnu frídaga verslunarmanna og teljum vera nóg gengið á rétt þeirra miðað við þá löggjöf sem er. Við erum ekki að fara fram á að hér verði eitthvað bakkað með því að banna opnun á öllum helgidögum, eins og hv. þm. Bjarni Benediktssonýjaði að. Við viljum bara halda þessum þremur frídögum á þeim nótum sem þeir eru núna þannig að verslunarmenn geti tryggt að þeir eigi þann rétt samkvæmt lögum og verslunareigendur geti ekki tekið þann rétt af þeim.

[11:32]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem mér finnst athyglisvert við þetta mál er að farið var vel og rækilega yfir það í allsherjarnefnd og eftir að rök og umsagnir allra sem kallaðir voru fyrir nefndina höfðu verið vegin og metin komust fulltrúar allra stjórnmálaflokka í hv. allsherjarnefnd að þeirri niðurstöðu að rétt væri að haga málum eins og nefndarálitið og frumvarpið gera ráð fyrir nema fulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Þeir eru eini stjórnmálaflokkurinn sem hefur lýst yfir andstöðu við málið og það vekur náttúrlega furðu.

Ég gat hvorki heyrt á máli hv. þm. Þuríðar Backman né hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur að þessir hv. þingmenn teldu nauðsynlegt að gera breytingar á fyrirkomulaginu eins og það er núna, þ.e. að heimila olíufélögunum að stunda þá starfsemi sem starfrækt er um þessar mundir þessa tilteknu frídaga, þ.e. að leyfa starfsmönnum olíufélaganna að afgreiða mjólk, ost, brauð og aðrar nauðsynjar. Maður skilur ekki ef menn taka þá prinsippafstöðu, eins og fram kom í máli hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur, að það sé rétt að standa vörð um réttindi verslunarmanna, af hverju í ósköpunum þessir hv. þingmenn vilja ekki standa sama vörð um réttindi þeirra sem afgreiða sömu vörurnar en eru starfsmenn olíufélaga. Það er dálítið sérstakt að þessir hv. þingmenn vilji að olíufélögin af öllum sitji ein að kjötkötlunum þegar kemur að verslun þessa tilteknu daga. Ég hefði talið miklu hreinlegra hjá hv. þingmönnum að berjast þá fyrir því að það væri algerlega lokað þessa tilteknu daga, þannig að menn gætu ekki stundað þá verslun og þjónustu sem hér er lagt til að heimiluð verði.

[11:34]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs þurfa engar sérstakar ráðleggingar frá hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni um það hvernig við heyjum baráttu okkar í þingsalnum og hvernig við heyjum þessa baráttu hér núna — það er að vísu ekki nein barátta — við erum bara að leggja áherslu á ákveðin sjónarmið sem við teljum vera mikilvægt að komi fram í þessari umræðu, enda koma þau sjónarmið fram í mótmælum Verslunarmannafélags Íslands í þessu máli við þeim breytingum sem hér eru í vændum. Við erum ekki að ganga lengra en raun ber vitni og ræður okkar í þingsalnum núna gefa til kynna.

Varðandi hins vegar þær ákúrur hv. þingmanns að við viljum frekar standa vörð um rétt verslunarfólks en rétt starfsfólks olíufélaganna þá flokkast það í mínum huga undir orðhengilshátt og útúrsnúninga og ég tel ekki neina sérstaka ástæðu til að svara orðhengilshætti og útúrsnúningum. Við erum að tala um prinsippmál sem verslunarmenn hafa hreyft í umsögnum til allsherjarnefndar og við höfum verið að tala fyrir því sjónarmiði í þessari umræðu og engu öðru.

[11:36]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt að vita að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs skuli afþakka ráðleggingar frá mér varðandi baráttumál sín í þinginu. Ég ætlaði svo sem ekki að ráðleggja þeim eitt eða neitt en ég get þó bent þeim á að ég kæri mig enn síður um ráðleggingar úr þeirri átt hvað stjórnmálabaráttu mína varðar.

Það er hins vegar fráleitt að kalla það orðhengilshátt og útúrsnúninga að benda á þann tvískinnung sem felst í málflutningi Vinstri grænna sem gengur út á það í öðru orðinu að standa svokallaðan vörð um réttindi verslunarmanna þegar um er að ræða starfsmenn tiltekinna fyrirtækja en ekki um rétt annarra starfsmanna sem sinna nákvæmlega sömu þjónustu og hinir fyrrnefndu. Þetta er ekki orðhengilsháttur eða útúrsnúningur. Eðli málsins samkvæmt er þetta rökrétt niðurstaða. Maður skilur því ekki, og það var það sem ég var að benda á, að úr því að afstaða Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í málinu er sú sem fram hefur komið af hverju í ósköpunum hv. þingmenn ganga þá ekki alla leið og leggja til að verslun á þessum dögum, hvort sem hún fer fram á bensínstöðvum, í lyfjaverslunum eða annars staðar, verði bönnuð. Það er sjónarmið en ég er ekki sammála því sjónarmiði. Það vekur náttúrlega sérstaka athygli að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs skuli ekki treysta sér til þess að stíga það skref til fulls og ganga þess í stað ef svo má segja erinda olíufélaganna og vilja leyfa þeim að sitja ein að kjötkötlunum hvað varðar verslun og þjónustu þessa tilteknu daga. Auðvitað vekur það verulega furðu og það verður gaman að heyra viðbrögð hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur við því.

[11:38]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, hv. þm. Sigurður Kári er furðu lostinn og hann verður þá bara að vera það því að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs hafa alveg getað búið við löggjöfina frá 1997. Ég var ekki í þingsal þá og þurfti þess vegna ekki að greiða atkvæði, hvorki með né á móti þeirri breytingu sem þá fór í gegn. Auðvitað verða þingmenn og þjóðin öll að búa við þá löggjöf sem hér er samþykkt og við höfum búið við þessa löggjöf í ákveðinn tíma, þ.e. þá breytingu sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Það hefur gengið ágætlega. Verslunareigendur hafa séð sér ákveðinn leik á borði, þeir hafa þróað verslunarrekstur sinn, bæði olíufélögin og aðrir verslunareigendur hafa þróað verslunarrekstur sinn út frá þeirri lagabreytingu sem þá var gerð. Það sama kemur til með að verða uppi á teningnum núna við þessa breytingu. Menn koma til með að þróa

áfram verslunarrekstur sinn út frá þeirri breytingu og setja eins og ég sagði skilrúm í verslanir sínar til að standa við 600 fermetra hámarkið. Þá komum við að öðrum vandamálum sem eru því samfara að fara í slíkar víkkanir og draga einhvers staðar skörp skil. Okkur hefur ekki tekist að draga þau skörpu skil hingað til og kemur ekki til með að takast það heldur með þeirri breytingu sem hér er verið að ræða um. Við sitjum áfram uppi með yfirvofandi enn frekari þrýsting frá verslunareigendum um enn frekari rýmkun. Í málflutningi Vinstri grænna í þessari umræðu koma fram efasemdir um þá leið sem hér er farin vegna þess að leiðin sem farin var 1997 skilaði ekki því sem til var ætlast.

[11:40]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er örstutt athugasemd. Í máli mínu áðan vék ég að því að það hefði verið viss tilviljun, a.m.k. ekki pólitísk stefnumörkun, sem lá því að baki að bensínstöðvarnar hófu sölu á matvörum allt árið um kring. Mér finnst það ótengt því að við opnuðum fyrir það að þær gætu boðið þá þjónustu þessa þrjá tilteknu daga með lagabreytingu á sínum tíma vegna þess að tæplega hafa bensínstöðvarnar ákveðið að bjóða upp á matvöru 365 daga á ári til að ná sölunni þá þrjá daga sem hinir gátu ekki boðið upp á þá þjónustu. Það er þetta sem ég átti við í máli mínu og mér finnst enn skorta dálítið á það hjá þeim sem eru andvígir þessu frumvarpi að þeir greini frá því hvernig við eigum að bregðast við þeim aðstöðumun sem vissulega er til staðar. Menn geta haft þá skoðun að hann sé ekki til staðar, eins og mér finnst jafnvel mega lesa úr máli sumra, en því er ég algerlega ósammála. En séu menn þeirrar skoðunar að hann sé til staðar þarf að greina frá því hvernig á að bregðast við þeirri stöðu vegna þess að það er það sem frumvarpið snýst um fyrst og síðast.

[11:41]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Lausnin á þessu máli er fólgin í umsögn Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Verslunarmannafélag Reykjavíkur óskar eftir því að þær athugasemdir sem þeir eru með við málið verði teknar upp og að nefndin sem í raun og veru semur þetta frumvarp verði kölluð aftur saman og ræði við verslunarmenn og Verslunarmannafélagið um athugasemdirnar þannig að hægt sé að endurskoða breytingartillögurnar með samþykki verslunarfólks eða út frá þeim sjónarmiðum sem verslunarfólk vill standa vörð um. Mér finnst það mjög skynsamleg leið. Verslunarmenn hafa ekki verið hafðir nægilega vel með í ráðum. Það virðist vera að þeir hafi aðrar hugmyndir og hafa mögulega einhverjar lausnir þarna sem við höfum ekki komið auga á. Hér er því einhver skortur á samvinnu sem gerir það að verkum að við erum að fara fram með breytingu sem er í hróplegu ósamræmi við vilja stéttarinnar sem kemur til með að þurfa að vinna þessi störf.

[11:43]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil það þá þannig að hér sé vandamál til staðar sem bregðast þurfi við. Þá er það komið sem viss útgangspunktur í umræðu um málið að það er einhver staða uppi sem þarf að bregðast við. Þetta frumvarp bendir á leiðir, það tiltekur þrjár mögulegar leiðir í stöðunni. Hérna er verið að gefa undir fótinn með að það kunni að vera einhver fjórða leið en án þess að bent sé á hana. Verslunarmenn hafa hreyft andmælum við þessu máli, ekki vegna þess að þeir hafi uppi beinar hugmyndir um einhverja fjórðu leið eða einhverja aðra leið en farin er í frumvarpinu, heldur fyrst og fremst á þeirri forsendu að þeir eru hreinlega á móti málinu. Þeir eru á móti því að verið sé að auka vinnuskyldu þeirra sem eru innan þeirra vébanda á þessum tilteknu dögum. Það eru andmælin sem þeir hafa við málið. Þeir eru bara ósammála þessu í prinsippinu og þess vegna held ég að ekki sé skynsamlegt að ætla að það náist einhver niðurstaða með frekari viðræðum við þá.

[11:44]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Verslunarmenn starfa undir verulega miklu vinnuálagi nú um stundir. Það álag er m.a. komið til vegna lagabreytinga sem gerðar hafa verið í tímans rás. Ég held að það væri vel þess virði í þessari umræðu að kannað yrði það vinnuálag sem stéttin þarf að þola og sú aukning sem orðið hefur á vinnuálagi stéttarinnar á síðasta áratug. Ég held að það væri mjög hollt í þessu sambandi að ræða vinnuálag stéttarinnar í heild.

Við vitum öll að málefni fjölskyldunnar eru í brennidepli. Ég geri ráð fyrir að þessi málefni komi til með að koma inn á borð nefndar á vegum forsætisráðherra sem er að störfum núna um málefni fjölskyldunnar og þá kemur kannski til með að verða enn ljósari sú röksemd sem verslunarmenn tíunda hér því þetta er ekki bara prinsippmál hjá þeim. Röksemdin er sú að teknir verði af þeim þeir þrír lögvörðu frídagar sem þeir eiga í dag. Þeir hafa greinilega ástæðu til að ætla að ekki verði hægt að semja um þetta við verslunareigendur. Ótti þeirra felst í því að rétturinn til þessara þriggja lögvörðu frídaga verði tekinn af þeim. Ég held að í ljósi þessarar umræðu sé tilefni til að skoða vinnuálag á stéttinni í heild og vinnuálag almennt á íslenskum fjölskyldum. Þetta er auðvitað angi af því stóra máli.

[11:46]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í því máli sem hér er til umfjöllunar togast á að mínu mati fjögur sjónarmið. Í fyrsta lagi það sem formaður allsherjarnefndar, hv. þm. Bjarni Benediktsson, hefur ítrekað nefnt í ræðupúlti, þ.e. um jafnræði og jafna aðstöðu. Eins og fram hefur komið var á árinu 1997 opnað fyrir það að á þessum dögum geta t.d. bensínstöðvar, lyfjabúðir og fleiri aðilar haft opið og selt t.d. matvöru í bensínstöðvum.

Í annan stað er það sjónarmið varðandi ferðamannaiðnaðinn, sem vissulega er gott og gilt, og síðan það sjónarmið sem var mikið fjallað um á árinu 1997 og snertir friðhelgi heimila og helgidag jólanna. Að lokum er það sjónarmið sem ég horfi sérstaklega til í þessu efni sem snýr að rétti fólks sem vinnur í matvöruverslunum, en við þekkjum það að á umliðnum árum er sífellt verið að þrengja að rétti þessa fólks til frídaga.

Ég átti sæti í hv. allsherjarnefnd sem fjallaði um málið á árinu 1997. Þar komu helst fram þau sjónarmið að leitast yrði við að tryggja friðhelgi heimila og helgihald jólanna eins og frekast væri unnt en að hafa víðtækar heimildir fyrir ýmiss konar starfsemi um páska, en það væri sá tími sem algengt er að fjölskyldur nýti til ferðalaga og afþreyinga.

Með frumvarpinu er náttúrlega verið að þrengja verulega að þegar fara á að heimila að hafa verslanir innan tiltekinna stærðarmarka opnar á föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag og gengið gegn þeim sjónarmiðum sem sett voru fram á árinu 1997 af hv. allsherjarnefnd og fram komu í nefndaráliti.

Virðulegi forseti. Ég vil einkum staldra við það sjónarmið sem snýr að verslunarmönnum. Ég tek undir að það er afar sérstakt að verið sé að ganga miklu lengra í að rýmka opnunartíma á helgidögum umfram þær óskir sem fram hafa komið hjá hagsmunaaðilum verslana, en umræðan, eins og fram kemur í umsögn Verslunarmannafélags Reykjavíkur, snerist aðallega um afgreiðslutíma verslana á hvítasunnudegi. Hér er gengið miklu lengra í að rýmka opnunartímann á helgidögum og farið þá leið að hafa verslanir opnar á föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag.

Misvísandi sjónarmið hafa komið fram um það hvernig opnunartími verslana er hér á landi samanborið við annars staðar. Orðrétt segir í umsögn Verslunarmannafélags Reykjavíkur, og reyndar Landssambands verslunarmanna einnig, með leyfi forseta:

„Í dag er opnunartími verslana einna frjálsastur hér á landi af löndum hins vestræna heims og verður því ekki séð að sérstök þörf sé fyrir enn frekari rýmkun á þessu sviði."

Það væri auðvitað mjög fróðlegt að fá fram hvað er rétt og satt í málinu, hvort að opnunartími okkar sé frjálsastur og hvort það sé þá rétt, eðlilegt og nauðsynlegt að rýmka þetta enn frekar að því er varðar föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag.

Í rökum þeirra sem mæla með samþykkt frumvarpsins heyrist mér jöfnunar- og jafnræðissjónarmiðin vega þyngst, þau sjónarmið að jafna aðstöðumun milli þeirra sem stunda verslunarrekstur. Það eru sjónarmið sem ég tel fullgild, en mér finnst minna hafa farið fyrir því að skoða málin út frá sjónarmiðum verslunarfólks. Mér finnst reyndar, eins og að málinu er staðið, að ef ganga átti svona langt í því að rýmka opnunartíma verslunar á frídögum hefði frekar átt að skoða það í tengslum við kjarasamninga. Það er verulega langur opnunartími hjá verslunum. Þær eru opnar sjö daga vikunnar allan ársins hring og þeim verslunum sem hafa opið allan sólarhringinn er sífellt að fjölga. Þetta kemur auðvitað verulega niður á vinnutíma verslunarfólks sem er oft mjög langur, sérstaklega yfir hátíðarnar, jólahátíðir og páskahátíðir, og það er enn verið að þrengja rétt fólks til þess að hafa frí eins og aðrir í þjóðfélaginu.

Nú er sagt að í kjarasamningum séu ákvæðin með þeim hætti að fólk geti valið um það hvort það vinni á stórhátíðum eða ekki, eins og þá væntanlega föstudeginum langa, páskadegi, hvítasunnudegi og öðrum helgidögum sem opið er á. En eins og við þekkjum er málið ekki svo einfalt, að fólk hafi þetta val. Fólki er iðulega stillt upp við vegg og það krafið um vinnu hvort sem það vill eða ekki á þessum dögum. Ég hefði talið rétt að menn hefðu aðeins hinkrað með þetta mál og að aðilar vinnumarkaðarins hefðu haft tækifæri til að semja um málið í kjarasamningum vegna þess að vel má vera að verslunarmenn hafi viljað semja um þetta, t.d. með því að fá í staðinn fleiri orlofsdaga, aukið stórhátíðarálag o.s.frv. En þegar búið er að gera þetta að lögum er verra fyrir verslunarmenn að semja um það í kjarasamningum að fá í staðinn aukna orlofsdaga eða aukið stórhátíðarálag þegar Alþingi er búið að fara þá leið að gera það að lögum að verslanir innan tiltekinna starfa megi vera opnar á föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag. Það eru athugasemdir mínar við frumvarpið sem ég hefði viljað að menn skoðuðu nánar.

Virðulegi forseti. Ég er alls ekki að mótmæla því að þessi leið verði farin, m.a. út frá þeim jafnræðissjónarmiðum sem teflt hefur verið fram, en mér finnst réttur verslunarfólks í málinu vera fyrir borð borinn og ekki nægjanlega vel hlustað á sjónarmið þeirra. Í fyrsta lagi út frá því að hagsmunaaðilar voru ekki að krefjast þess, samkvæmt því sem fram kemur í umsögn verslunarmanna. Í annan stað hefði ég talið að eðlilegt væri að gefa verslunarmönnum svigrúm og tækifæri til að taka málið upp í kjarasamningum og semja um í stað þeirrar rýmkunar sem hér er verið að gera, að fólk gæti fengið lengra orlof, aukið stórhátíðarálag o.s.frv. Verið er að draga úr þeim möguleikum að það náist fram þegar Alþingi er búið að lögfesta málið með þessum hætti og það eru þær athugasemdir sem ég hef við frumvarpið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. SF o.fl., 177. mál (þingseta ráðherra). — Þskj. 177.

[11:54]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Meðflutningsmenn eru hv. þingmenn Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Pétur H. Blöndal og Gunnar Örlygsson. Í 1. gr. frumvarpsins segir svo, með leyfi forseta:

„Síðari málsliður 51. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Sé þingmaður skipaður ráðherra skal hann víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherradómi og tekur varamaður hans sætið á meðan."

Frumvarp sama eðlis flutti sú er hér stendur á 123. löggjafarþingi, 1998–1999. Það frumvarp var ekki nákvæmlega eins orðað en innifól sömu breytingar.

Virðulegi forseti. Ég vil líka koma því á framfæri að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson flutti einnig mál af sama toga á 130. löggjafarþingi, 2003–2004, en þar sagði í 2. gr.:

„2. málsliður 55. gr. stjórnarskrárinnar orðast svo: Ráðherra má ekki vera alþingismaður."

Menn geta spurt sig að því: Af hverju er þetta mál fram komið? Eru einhver vandkvæði á því skipulagi sem við búum við í dag? Já, að mínu mati er það svo. Í dag má segja

að við búum við mikið ráðherraræði, þ.e. ráðherrarnir hafa meiri völd en eðlilegt getur talist, sérstaklega á löggjafarsamkomunni.

Íslenskt réttarríki byggist á hugmyndum franskra umbótasinna á 18. öld um greiningu ríkisvaldsins í þrjá þætti, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þessi þríþætta skipting valds er mörgum kunn af því að hún er kennd í flestum skólum landsins. Hugsunin með slíkri skiptingu var að hver valdhafi um sig takmarkaði vald hinna, en hver hluti ríkisvaldsins fyrir sig átti þó að vera sem sjálfstæðastur. Þó að stjórnarskrá okkar byggist á þessum hugmyndum gerir hún samt ráð fyrir að ráðherrar geti jafnframt verið alþingismenn, þ.e. að þeir sem eru í framkvæmdarvaldinu séu líka í löggjafarvaldinu. Þeir sitja því báðum megin borðsins má segja. Hér er því ekki um aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds að ræða, alls ekki eins mikill aðskilnaður og 2. gr. stjórnarskrárinnar gefur til kynna. Menn geta spurt sig af þessu tilefni: Af hverju eru ekki alveg eins dómarar í þinginu? Af hverju er ekki bara Hæstiréttur hér? Menn geta spurt sig að því á sama hátt.

Á sínum tíma var tekið á svipuðu máli í þinginu þar sem um aðskilnað dómsvalds og framkvæmdarvalds var að ræða en þar var tekið á sýslumönnum. Þá var dómsvaldið fært frá þeim þannig að þá var ekki lengur dómsvaldið og framkvæmdarvaldið á sömu hendi. Í nágrannalöndum okkar er þessum málum ekki háttað eins og hér í mörgum tilvikum. Ég vil draga það fram að í Noregi og Svíþjóð verða þingmenn að víkja af þingi á meðan þeir gegna ráðherradómi. Þar er skýr aðskilnaður á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Þetta kemur skýrt fram bæði í 9. gr. sænsku stjórnarskrárinnar og 74. gr. norsku stjórnarskrárinnar.

Umræðan um aðskilnað milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds hefur líka verið talsverð í Danmörku en þar hefur umræðan að einhverju leyti snúist um þetta mál vegna þess að þar eru litlir flokkar sem hafa átt ráðherra í ríkisstjórnum og þeir hafa ekki náð að anna bæði ráðherraembættum og störfum þingmanna í hinum litlu flokkum.

Sumir hafa haldið því fram í sambandi við umræðuna um að ráðherrar eigi ekki að gegna þingmennsku á sama tíma, að embættismannakerfið eða flokkarnir fái meiri völd ef aðskilnaðurinn verður. Það er fátt sem bendir til þess. Í Svíþjóð þar sem þessi regla hefur verið viðhöfð í áratugi hefur t.d. þróunin ekki verið sú að fleiri ráðherrar hafi komið utan frá flokkakerfinu, þ.e. úr embættismannakerfinu. Það hefur heldur ekki styrkt völd flokkanna að hafa aðskilnað á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það má einmitt segja að vegna þess hve ráðherraræðið er sterkt á Íslandi stjórna forsvarsmenn flokkanna, sem yfirleitt eru ráðherrarnir, óeðlilega miklu í þingflokkum sínum. Það má líka draga fram að trúlega eru aðstæður á Íslandi enn viðkvæmari gagnvart ráðherraræðinu af því að við erum fámenn þjóð. Af þeim orsökum hafa ráðherrarnir sem eru í framkvæmdarvaldinu mikil áhrif bæði á þinginu og annars staðar.

Það er líka eðlilegt að dæmi sé tekið í umræðunni af stöðu sem getur komið upp og hefur komið upp t.d. á Alþingi. Á sínum tíma var t.d. Alþýðuflokkurinn í stjórn með Sjálfstæðisflokknum og þá hafði Alþýðuflokkurinn tíu þingmenn og af þeim voru fimm ráðherrar. Það má því segja að þegar þeir voru búnir að komast að einhverri niðurstöðu í ríkisstjórn voru hæg heimatökin að fara með þá niðurstöðu í þingflokkinn og fá hana samþykkta þar einnig. Það var mjög erfitt fyrir þingflokkinn að stöðva mál vegna þess að ráðherrarnir fimm sem voru í ríkisstjórninni og höfðu samþykkt mál þar sátu líka við borðið í þingflokknum og voru þar með sinn atkvæðisrétt. Síðan sátu ráðherrarnir að sjálfsögðu í þingsalnum og greiddu þá atkvæði með ríkisstjórnarfrumvörpunum.

Nærtækasta dæmið er staðan sem uppi er núna, þ.e. ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Um tíma voru sex ráðherrar frá Framsóknarflokknum í núverandi ríkisstjórn en eru núna fimm. Má því segja að sama staðan hafi verið uppi í þingflokki okkar, þ.e. það voru sex ráðherrar og tólf þingmenn þannig að helmingur þingflokksins var ráðherrar sem tóku þátt í að komast að niðurstöðu í ríkisstjórn og höfðu þá tilhneigingu til að halda sig við hana sem eðlilegt er í gegnum ferlið í þingflokknum líka. Þannig birtist þetta ráðherraræði og það sýnir mjög vel hve sterkt það getur orðið og að mínu mati óeðlilega sterkt.

Sagt er að stærsti hluti hinnar eiginlegu vinnu í þinginu fari fram í þingnefndum og það er rétt. Vinnan þar er mjög mikil og vönduð og sú hefð hefur skapast að ráðherrar eiga ekki sæti í nefndum þingsins, enda geta þeir það varla vegna vinnuálags. Núverandi fyrirkomulag leiðir því til þess að sjötti hluti þingheims er ekki nema að litlu leyti virkur í þingstarfinu. Þetta eru einnig rök fyrir því að ráðherrarnir eigi að víkja af þingi.

Það getur t.d. komið upp erfið staða fyrir okkur þingmenn sem missum þingmenn okkar í ráðherrastóla, ef ég má orða það svo, því þá þurfum við sem eftir erum að sinna öllum þingnefndunum sem gefast. Í dag eru t.d. margir þingmenn á Alþingi í 3–4 nefndum hver. Það er að mínu mati mjög mikil vinnuálag sem fylgir því og ég hef stundum efast um að þetta sé eðlilegt fyrirkomulag. Í þjóðþingunum í kringum okkur, t.d. í Noregi, eru þingmenn yfirleitt í einni þingnefnd og geta þá væntanlega sinnt henni almennilega á meðan við hlaupum á milli margra nefnda. Þetta er erfitt, sérstaklega fyrir litla flokka, sem þurfa að sinna mörgum nefndum og líka erfitt fyrir þá þingmenn sem búa við það að stór hluti þingmanna þeirra er ráðherrar og eru því óvirkir í nefndastarfinu í þinginu.

Virðulegi forseti. Margir gætu spurt sig í tilefni af þessu máli: Af hverju gera ráðherrarnir þetta ekki strax, segja af sér þingmennsku og taka inn varamenn og þá er þessi aðskilnaður kominn? Sú er hér stendur var líka spurð að því á sínum tíma, sitjandi í ráðherrastól, en það er nú svo að það væri óeðlilegt að gera þá kröfu til ráðherra í dag vegna þess að það er ekki skylda og ekki líklegt að allir ráðherrarnir afsöluðu sér þingmennsku nema það yrði skylda og væri þá skrýtið ef þetta gengi ekki jafnt yfir alla. Það er líka þannig að ef ráðherra segir af sér þingmennsku í dag og ríkisstjórnin fellur eða ráðherrann þarf af einhverjum orsökum að yfirgefa ráðherraembætti sitt þá kemst hann ekki inn í þingið aftur ef varamaður hefur tekið sæti. Hann yrði þá útilokaður frá þinginu og það er auðvitað mjög óeðlilegt. Við núverandi aðstæður hafa ráðherrar því ekki um góða kosti að velja í þessu sambandi nema auðvitað ef frumvarp þetta

verður að lögum.

Mig langar líka að draga fram aðra hlið á þessu máli. Þegar hugað er að afleiðingum þess frumvarps sem við ræðum nú má sjá í hendi sér að færu ráðherrarnir tólf af þingi og tækju varamenn sína inn í staðinn fjölgaði störfum í stjórnsýslunni um tólf því þá kæmu inn til viðbótar tólf varamenn sem yrðu aðalmenn. Af þessu hlytist auðvitað talsverður aukakostnaður. Í greinargerð með frumvarpinu, virðulegur forseti, er því lagt til að skoðað verði hvort rétt sé að fækka þingmönnum á móti til þess að aukakostnaður skapist ekki. Ég set hins vegar ekki þá hugmynd inn í frumvarpið sjálft vegna þess að ég hef vissar efasemdir um að rétt sé að fækka þingmönnum þó að ég viti að ýmsir flutningsmenn telji eðlilegt að gera það, aðrir telja það ekki, og því er þessari hugmynd komið á framfæri í greinargerðinni. En eftir að hafa starfað í þinginu síðastliðin tíu ár veit ég hvað starfið er erilsamt og ég er alls ekki viss um að það sé til bóta að fækka þingmönnum. Við tökum þátt í mjög miklu erlendu samstarfi sem er afar æskilegt að vera í og væri óeðlilegt að við værum ekki í sem tiltölulega fámenn þjóð. Þess vegna er ekki sett inn í frumvarpið að fækka eigi þingmönnum á móti heldur er það einungis sett í greinargerðina til umhugsunar.

Varðandi aukakostnaðinn hefur líka komið fram gagnrýni frá sumum um að vald stjórnarflokkanna yrði óeðlilega mikið með þessari breytingu, þ.e. að ráðherrarnir komi frá stjórnarflokkunum og síðan komi inn aukafloti þingmanna líka frá stjórnarflokkunum, þ.e. varamennirnir. Það er auðvitað rétt, þetta styrkir að því leyti til stöðu stjórnarflokkanna á þeim tíma sem þeir sitja í ríkisstjórn. Til að koma til móts við þetta er hugmynd sem ég vildi gjarnan deila með þingheimi sem ég teldi vert að skoða. Hún er sú hvort hægt sé að styðja stjórnarandstöðuna á móti á sambærilegan hátt gagnvart þessu með því að stjórnarandstaðan byggi við betri aðstæður varðandi sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka sína. Að stjórnarandstöðuflokkar á hverjum tíma fengju aukafjármagn til að geta sinnt betur störfum sínum í þingflokknum á móti þeim aukna mannskap sem kæmi inn hjá stjórnarflokkunum af því að þeir væru bæði með ráðherrana og svo kæmu nýir menn inn í þingið. Þetta er eitthvað sem ég tel að þurfi að skoða en þessi hugmynd kemur ekki fram í greinargerðinni, virðulegur forseti.

Ég vildi líka fá að grípa niður í röksemdafærslu sem fylgdi með frumvarpi hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þegar hann flutti sambærilegt eða svipað mál á 130. löggjafarþingi, þskj. 315, en þar segir í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Undanfarna áratugi hefur greinilega verið sú þróun í löggjöf að þáttur alþingismanna innan framkvæmdarvaldsins hefur farið mjög minnkandi og hlutur og áhrif ráðherra vaxið að sama skapi. Nú er meginreglan að ráðherrar skipa stjórnir og ráð sem falla undir ráðuneyti þeirra eða stofnanir sem heyra undir ráðuneytið. Enn fremur hafa veigamiklar ákvarðanir verið fluttar frá Alþingi til ráðherra og má þar nefna sem dæmi að virkjanaleyfi eru nú í höndum iðnaðarráðherra en áður veitti Alþingi sjálft þau flest með sérstökum lögum hverju sinni. Breytingar á lögum um ríkisstofnanir og um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafa styrkt stöðu framkvæmdastjóra ríkisstofnana. Stjórnir einstakra stofnana hafa ýmist verið lagðar niður eða heyra að öllu leyti beint undir ráðherra og hlutverki þeirra verið breytt. Þessi skýra stefna um aðskilnað löggjafarvalds frá framkvæmdarvaldi er studd mörgum veigamiklum rökum og hefur eflt framkvæmdarvaldið. Eðlilegast er að framfylgja þessari stefnu með sama hætti innan löggjafarvaldsins og taka fyrir setu ráðherra á Alþingi."

Það eru því mörg rök sem hníga í þá átt að frumvarp það sem hér er gerð grein fyrir ætti að verða að lögum.

Á sínum tíma þegar sú er hér stendur flutti þetta mál fyrst kom fram talsverð andstaða við það. Að mínu mati hefur sú andstaða eitthvað hjaðnað upp á síðkastið. Ég vil draga það sérstaklega fram að bæði var Samband ungra framsóknarmanna mjög öflugt í því að hafa áhrif á Framsóknarflokkinn gagnvart þeirri hugmyndafræði að ráðherrar ættu ekki að sitja á Alþingi og að Framsóknarflokkurinn samþykkti á flokksþingi sínu fyrir tveimur árum ályktun í tengslum við umfjöllun um stjórnsýslu ríkisins og hún hljóðar svo, virðulegur forseti:

„Auka þarf þrískiptingu ríkisvaldsins. Í því skyni skal stefnt að því að ráðherrar ríkisstjórnar afsali sér þingmennsku."

Í stefnuskrá Framsóknarflokksins 2003 fyrir síðustu alþingiskosningar segir enn fremur í kaflanum um skilvirka og réttláta stjórnsýslu, með leyfi forseta:

„Skilja verður að fullu á milli framkvæmdar- og löggjafarvalds og mun það auka lýðræði og aðhald innan stjórnsýslunnar. Ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmannsstarfi."

Þess ber einnig að geta að í stjórnmálaályktun landsfundar Samfylkingarinnar 2003 um lýðræðismál segir, virðulegi forseti:

„Ráðherrar eiga að segja af sér þingmennsku á meðan þeir þjóna sem framkvæmdarvaldshafar og gera á landið að einu kjördæmi."

Ég deili reyndar einnig þeirri hugmyndafræði með Samfylkingunni að gera eigi landið að einu kjördæmi en það er önnur saga.

Virðulegi forseti. Tveir stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa því nú þegar mjög skýra stefnu í þessu máli. Flokksþing Framsóknarflokksins er nýafstaðið. Það var haldið í lok febrúar á þessu ári og þar var einnig tekið á þessu máli aftur og ályktað um það og í ályktun um stjórnskipun og stjórnsýslu segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Framsóknarflokkurinn vill að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmannsstarfi. Slíkt fyrirkomulag er heppilegt til að auka skilin á milli framkvæmdar- og löggjafarvalds í samræmi við meginregluna um þrígreiningu ríkisvaldsins. Stefnt skal að því að þessi breyting verði gerð á yfirstandandi kjörtímabili."

Nú gætu margir spurt sig: Eru ekki hæg heimatökin? Að störfum er nefnd um breytingar á stjórnarskránni og þar er formaður enginn annar en hæstv. heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, og nú hefur Framsóknarflokkurinn ályktað um það nýlega að gera eigi þessar breytingar, taka ráðherrana af þingi á yfirstandandi kjörtímabili og breyta lögum. Það verður erfitt af því að breytingar á stjórnarskrá taka nokkurn tíma þannig að það er líklega mjög bratt að tala um yfirstandandi kjörtímabil, en a.m.k. sýnist mér tals-

verð von í því að þetta mál geti orðið að lögum, að við getum breytt lögum þannig að ráðherrar verði ekki einnig þingmenn á sama tíma. Og núna þegar við höfum mjög skýra stefnu bæði hjá Framsóknarflokknum og Samfylkingunni og unnið er að því að breyta stjórnarskránni er ég mun bjartsýnni en ég hef verið í langan tíma um að þetta mál fái farsælan endi.

Ég tel það líka mjög umhugsunarvert sem kom fram í umræðunni þegar þetta mál var flutt hér síðast af þeirri sem hér stendur. Þá tóku margir þingmenn þátt í umræðunni og einn þeirra, Ólafur Hannibalsson, hélt afar góða ræðu þar sem hann sagði nokkrar setningar sem hafa eiginlega fylgt málinu síðan. Það voru vangaveltur hans um að við ættum að vera með þingbundna stjórn. Hugmyndafræði okkar væri þingbundin stjórn en raunveruleikinn væri líklega sá að við værum með stjórnbundið þing þannig að hér væri öllu snúið á hvolf. Ég held, virðulegi forseti, að það sé mikið sannleikskorn í þessum orðum.

Ég vona að tíminn vinni með málinu og við munum sjá sömu þróun hér og t.d. í Noregi og Svíþjóð, að skýrari aðskilnaður verði á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og að við tryggjum að ráðherrarnir verði ekki þingmenn á sama tíma og þeir gegna ráðherradómi. Tel ég mig hafa nokkuð góða reynslu af því að vinna bæði sem þingmaður og sem ráðherra og eftir þá reynslu að hafa verið á ráðherrastóli í rúm fimm ár, fimm og hálft ár, er ég enn þá sannfærðari um að brýnt er að gera þessa breytingu. Það er brýnt að efla hlutverk og vald þingsins á sama tíma og mikilvægt er að ráðherrar haldi sig við framkvæmdarvaldið en leiki ekki hér í tveimur hlutverkum, bæði í framkvæmdarvaldinu og löggjafarvaldinu.

[12:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef miklar efasemdir um það mál sem hér er til umræðu og breytir það engu þó landsfundur Samfylkingarinnar hafi ályktað í þessa veru. Ég sé ekki að þetta breyti nokkru um ráðherraræði eins og þingmaðurinn nefndi. Ef markmiðið er að skerpa þrískiptingu ríkisvaldsins sem ég er mikill talsmaður fyrir og hef talað fyrir gegnum árin þá eru aðrar leiðir miklu heppilegri til þess. Ég nefni t.d. að skerpa lög um ráðherraábyrgð sem eru afar veik. Ráðherrarnir geta komist upp með hvað sem er án þess að vera brotlegir gegn lögum um ráðherraábyrgð. Ég nefni það að koma á rannsóknarnefndum þingsins sem eru miklu vænlegri leiðir. Hvað þýðir þetta í raun og sanni? Hér er verið að fjölga um tólf þingmenn þannig að ef þetta frumvarp yrði að lögum í dag þá ættu sæti hér núna 75 manns. Þeir kæmust nú varla fyrir í þessum þingsal. Þetta mundi styrkja stjórnarliðið fyrst og fremst en ekki stjórnarandstöðuna. Þetta mundi sennilega veikja stjórnarandstöðuna og styrkja stjórnarliðið þar sem í raðir þess bættust tólf þingmenn. Ég spyr hv. þingmann: Hefur hún hugað að því hvað þetta kostar? Ég geri ráð fyrir að það kosti ekki undir 100 milljónum að bæta við tólf þingmönnum. Síðan þarf að stækka þennan ágæta þingsal eða breyta um húsrými. Ég held að mjög margt sé við þetta mál að athuga.

Við ættum frekar að nýta þá peninga sem í þetta færu, ef þeir væru á annað borð til, til að styrkja stöðu þingsins og þingnefnda, koma á hagdeild í þinginu eins og ég hef margsinnis kallað eftir. En ég held að þetta sé ekki leiðin til þess að breyta neinu um ráðherraræðið eins og þingmaðurinn er að kalla eftir.

Ég spyr hv. þingmann: Hvað kostar að gera þessa breytingar? Er hún ekki sammála mér um að margar heppilegri leiðir en sú sem hér er lögð til finnist til að vekja ráðherraræði?

[12:17]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að þetta mál skipti ekki máli. Ég held einmitt að mjög brýnt sé að taka á aðskilnaði löggjafarvalds og framkvæmdarvalds með því að ráðherrarnir séu ekki hér að greiða atkvæði og hafa áhrif á þingið með þeim hætti. Þeir hafa líka áhrif í þingflokkunum þó það sé auðvitað önnur saga hvort þingflokkar vilji hafa ráðherrana þar til borðs alla daga eða ekki og sjálfstæð ákvörðun. Ég deili hins vegar þeirri skoðun með hv. þingmanni að ýmislegt annað getur eflt þingið og veikt ráðherraræðið sem hér var talið fram. Það er alveg rétt. Þetta frumvarp er eitt af því. Ég tel það mjög mikilvægt og það hefur sýnt sig að það hefur gengið afar vel í öðrum ríkjum eins og í Noregi og Svíþjóð.

Það er rétt að þetta kostar fé. Þetta eru útgjöld, nema menn fækki þingmönnum á móti sem ég hef efasemdir um, eins og fram kom í ræðu minni. Ef þingmönnum verður ekki fækkað þá verða aukin útgjöld. Útgjöldin yrðu ekki bara vegna varamannanna sem kæmu inn heldur fælust líka auðvitað útgjöld í þeirri leið sem ég var að stinga upp á að yrði skoðuð um að stjórnarandstaðan yrði styrkt sérstaklega til móts við það að hér komi inn varamenn frá stjórnarflokkunum. Það er alveg rétt að þetta eru útgjöld.

Ég held bara að málið sé svo mikilvægt að þó þetta kosti útgjöld þá sé brýnt að fara í þennan aðskilnað. Ég tel það vera mjög brýnt. Eins og hv. þingmaður kom á framfæri þá er þetta líka stefna Samfylkingarinnar, stefna sem Framsóknarflokkurinn deilir með Samfylkingunni þó einhverjir hjá okkur séu ekki sammála því eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir.

[12:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú rökin harla léttvæg. Því er t.d. teflt fram að ráðherra muni ekki greiða atkvæði í þinginu. Þeir munu ráða ferðinni eftir sem áður. Hér má engu breyta og ekkert gera nema spyrja ráðherrana. Hér má ekki samþykkja þingmál eða gera nokkurn skapaðan hlut án þess að spyrja ráðherrana áður. Það má ekki breyta stjórnarfrumvarpi nema samþykki ráðherranna liggi fyrir. Það mun því engu breyta þó atkvæðisrétturinn sé tekinn af ráðherrunum. Það eru bara staðreynd máls.

Hv. þingmaður hefur ekki teflt fram neinum gildum rökum um að þetta dragi úr ráðherraræði. Þvert á móti finnst mér að ef við höfum á annað borð fjármagn til þess að gera þetta þá getum við farið allt aðrar leiðir til þess að draga úr ráðherraræðinu og styrkja þingræði sem þarf virkilega að gera og skerpa á þrískiptingu valdsins. En það verður ekki

gert með þessari leið. Ef hv. þingmaður væri t.d. tilbúin til þess að ljá máls á því að fækka þingmönnum að sama skapi þá mætti kannski skoða þessa leið. En hún mun ekki ná því markmiði að styrkja þingræðið. Það er alveg ljóst.

Ég veit að Framsóknarflokkurinn hefur lent í vandræðum sem lítill þingflokkur þar sem helmingurinn af þingmönnum eru ráðherrar. Þeir hafa lent í vandræðum í þingnefndum við að geta fullmannað þingnefndir og sinnt með eðlilegum hætti þingskyldum sínum þegar svo er uppi. En það eru ekki rök fyrir því að fara þessa leið.

Ef þetta væri núna í gildi þá væru 46 stjórnarliðar í salnum og 29 stjórnarandstæðingar. Það er bara ekki eðlilegt að fara þessa leið. Ég spái því að fleiri en ég séu þeirrar skoðunar að við eigum að fara allt aðra leið til þess að styrkja stöðu þingsins og þingnefnda eins og er mjög mikilvægt að gera og hefur verið kallað eftir því hér í tvo til þrjá áratugi án þess að nokkuð hafi verið gert. Önnur mál eru því miklu brýnni til að styrkja þingræðið en það sem hv. þingmaður talar fyrir.

[12:21]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það yrðu nú ekki 46 frá stjórnarliðinu í salnum. Það er bara alls ekki þannig af því ráðherrarnir væru ekki í salnum. Þeir væru ekki hluti af þingheimi. (**JóhS:** Þeir eiga að svara fyrirspurnum og taka þátt í ...) Já, já, þeir kæmu hingað til þess að láta þingheim yfirheyra sig og spyrja sig út í atriði til sjá hvað þeir væru að gera og veita þeim aðhald og eftirlit. En þeir væru ekki hluti af löggjafarsamkomunni og væru ekki hér að greiða atkvæði. Ég tel því að umtalsvert mundi draga úr ráðherravaldi við þessa breytingu. En auðvitað geta önnur atriði líka komið til greina og eitt útilokar ekki annað í því sambandi.

Ég vil ekki taka undir það að Framsóknarflokkurinn sérstaklega sé í einhverjum vandræðum hérna út af því að við séum með marga ráðherra. En ég tel að álagið sé mjög mikið á þingmönnum okkar vegna þessarar stöðu og álag er reyndar mjög mikið á þingmönnum almennt þó í flokkum þeirra sé enginn ráðherra. Það er einmitt það sem ég átti við, að ráðherrarnir eru óvirkir í þeim hluta þingstarfa sem skapa eitt mesta álagið, þ.e. í nefndunum.

Virðulegur forseti. Ég tel mjög brýnt að tækifærið verði notað núna þegar við endurskoðum stjórnarskrána. Það er nú ekki gert á hverjum degi að endurskoða hana. Núna er lag til að breyta þessu. Við höfum alltaf hælt okkur af því Íslendingar að hér sé vagga lýðræðis og svo mikið lýðræði og svo mikil hefð fyrir því. Núna eigum við að standa undir nafni og skilja á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, taka atkvæðisréttinn af ráðherrunum í þinginu og minnka þannig afskipti þeirra af þingstörfum á þann hátt sem unnt er.

[12:23]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir að hreyfa þessu máli enn og aftur. Ég hef ævinlega verið skotinn í þessari hugmynd. Hún er að sönnu ekki ný af nálinni. Mig rekur minni til þess að ein tuttugu ár ef ekki lengra aftur í tímann var þessari hugmynd sem hluti af stærri stjórnkerfisbreytingu hreyft í röðum okkar alþýðuflokksmanna og tilgangurinn var sá hinn sami og tilgangur flutningsmanns, að skýra línur og gera glöggan greinarmun á þrískiptingu ríkisvaldsins.

Það var einkar athyglisvert að heyra hv. þingmann lýsa eigin reynslu af ráðherrastörfum í ein rúm sex ár ef ég man rétt, hvernig þetta ráðherraræði í ríkisstjórninni virkaði. Það er auðvitað ekkert skrifað inn í stjórnarskrá. Það er langur vegur frá og segir þetta meira en mörg orð um það ástand sem fer snarversnandi í samskiptum framkvæmdarvalds og löggjafarvalds, hvernig núverandi ríkisstjórn sem hefur setið í tíu ár hefur stig af stigi gengið á rétt þingsins. Því miður er það að þannig að þrátt fyrir góðar tilraunir hv. þingmanns nú og áður en hún varð ráðherra þá sé ég engan stóran mun á starfsháttum hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur sem umhverfisráðherra og annarra ráðherra í þeirri ríkisstjórn. Hún virtist falla vel inn í það plan allt saman og þar á meðal má nefna viðveru hæstvirtra ráðherra sem hefur farið snarversnandi ár frá ári.

Mig langaði fyrst og síðast að spyrja hv. þingmann — hún kom raunar ærlega inn á það — hvort hún hafi ekki alvarlega hugsað um það sjálf að iðka það sem hún boðar og segja af sér þingmennsku í upphafi árs eða um mitt ár 1999 þegar hún tók við ráðherradómi. Mannsbragur hefði verið á því. Ég er sannfærður um að talsverð dómínóáhrif hefðu orðið þar af og þrýstingur á aðra ráðherra að gera slíkt hið sama. Það hefði verið mannsbragur á því.

[12:25]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Jú, ég nefndi það í ræðu minni að ég var einmitt spurð að þessu hér á sínum tíma sem ráðherra, af hverju ég segði bara ekki af mér og tæki inn varamann af því þá væri ég að uppfylla það sem felst í frumvarpinu. En eins og ég sagði þá er staðan núna sú að það er hægt að segja af sér þingmennsku og láta varamann koma inn í staðinn. En það er mjög ólíklegt að ráðherra geri slíkt að öllu óbreyttu því ef hann missir ráðherraembætti sitt þá á hann ekki afturkvæmt aftur í þingmennskuna fyrr en að afloknum kosningum, þ.e. ef hann nær kjöri. Það er því ekki góður kostur í dag. Ef ég hefði gert þetta þá stæði ég ekki hér í dag af því þá hefði þurft að kjósa fyrst og maður hefði þurft að ná endurkjöri. (Gripið fram í.) Því var eiginlega fráleitt að gera þetta. Út á það gengur breytingin líka að ráðherrarnir taki inn varamenn. Ef þeir missa svo ráðherradóm sinn af einhverjum orsökum þá gætu þeir komið inn í þingið aftur. Í dag er fyrirkomulagið svo óheppilegt.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson var að skjóta á þá er hér stendur varðandi það að hún hefði hagað sér á einhvern hátt til að falla inn í ráðherrahópinn o.s.frv. Ég vil sérstaklega koma því á framfæri hér út af þessu að ég lagði mig mjög mikið fram sem ráðherra við að kynna ekki mál opinberlega fyrr en búið var að fara með þau í gegnum stjórnarflokkana. En það hefur gerst trekk ofan í trekk, því miður, að ráðherrar hafi kynnt mál opinberlega áður en þau koma til þingflokka stjórnarflokkana. Það gerðist ekki þegar sú er hér stendur var ráðherra. Það gerðist einu sinni og það var ekki að mínum völdum. Það var af völdum annarra. Ég tek þessa gagnrýni því ekki til mín.

[12:27]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka fram að ég er ekki að gagnrýna hv. þingmann sérstaklega fyrir það að hún hafi sem ráðherra hagað sér verr eða betur en aðrir ráðherrar. En tilhneigingin er þessi. Þróunin er sú að ráðherraræði er að vaxa og virðing ráðherrana fyrir þinginu hefur farið minnkandi. Um það er engum blöðum að fletta.

Ég átti svo sem von á þessu svari hv. þingmanns við minni beinu spurningu þess efnis hvort hún hafi ekki hugleitt það alvarlega að iðka það sem hún boðar og segja af sér ráðherradómi. Hún svarar því til sem oft hefur heyrst, að það sé engin trygging fyrir viðkomandi einstakling að geta snúið til baka ef svo illa færi að viðkomandi ríkisstjórn mundi falla og önnur tæki við. Hver er nú sú hætta? (Gripið fram í.) Já, ég ætla nú að koma að því á eftir. Hver er sú hætta? Mér telst til að ég geti a.m.k. farið aftur til 1950 eða þar um bil og það hefur einu sinni gerst — það var 1988 — að ríkisstjórn hætti á miðju kjörtímabili og önnur tók við, án kosninga. Það gerðist einu sinni á 50 ára tímabili. Hættan andar því ekki niður um hálsmálið á manni, ekki beinlínis.

Hvað varðar sérstöðu hv. þingmanns, það sem gerðist í upphafi þessa kjörtímabils þegar það óvenjulega gerðist í þessari núverandi ríkisstjórn að innáskipti og útafskipti voru svo hröð og ör að enginn áttaði sig á einu eða neinu og það var þessi inn og annar út, þá er það líka mjög abnormalt. Ég minnist þess ekki í seinni tíð í íslenskri pólitík að það hafi gerst. Það breytir ekki því að eftir sem áður er auðvitað alltaf mestur mannsbragur á því að menn iðki það sem þeir boða.

Ég vil hins vegar undirstrika að ég er spenntur fyrir þessu og tel þetta geta með ýmsum öðrum breytingum fallið að því að efla þrígreiningu ríkisvaldsins. Ég vil skjóta því inn hér að til er líka millileið í málinu og beinlínis í texta hv. þingmanns sem gerðir þetta valkvætt, þ.e. ef það stæði einfaldlega: Víki þingmaður sæti meðan hann gegnir ráðherrastörfum skal varamaður taka sæti á meðan.

[12:30]

Flm. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þótt það hafi ekki oft komið upp að þær aðstæður hafi skapast, að ráðherrar fari úr ráðherraembætti, þá kemur það upp eins og hér kom fram og maður er sjálfur lifandi dæmi um. Maður veit aldrei hvernig svona þróast. Að mínu mati er ekki hægt að gera þær kröfur til sitjandi ráðherra, miðað við kerfið eins og það er í dag, að þeir afsali sér þingmennsku upp á von og óvon. Þótt það sé ekki mjög algengt þá gerist það öðru hverju. Þetta starf, að vera þingmaður, fara í gegnum kosningar og vera kosinn sem þingmaður og eftir atvikum að verða ráðherra, er auðvitað mjög áhættusamt starf og óöruggt. Það er kosið á fjögurra ára fresti og maður hefur enga tryggingu fyrir því að halda starfinu. Næg er óvissan samt þótt maður fari nú ekki að kalla meiri óvissu yfir ráðherrana sem eru sitjandi, að þeir afsali sér þingmennsku upp á von og óvon.

Ég deili hins vegar þeirri skoðun hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að ráðherraræðið hafi vaxið, það er a.m.k. tilfinning mín á þeim tíma sem ég hef verið á þingi, í um 10 ár. Þó hefur ráðherraræðið líklega verið ansi sterkt í gamla daga þegar fáir ráðherrar réðu sjálfsagt öllu og þingið var líklega frekar veikt, þótt maður hafi ekki upplifað þann tíma.

Maður hefur á tilfinningunni að ráðherraræðið sé að vaxa en það getur líka verið vegna þess að sömu stjórnarflokkar hafa verið lengi við völd. Þá kann að vera eðlilegt að tilhneigingin sé sú að ráðherrarnir taki meira til sín út af því. Ráðherrarnir sjálfir segja það jafnvel, maður hefur heyrt það úr herbúðum þeirra, að þeir þurfi ekki að hafa samráð við þingmenn af því þeir eru hluti af framkvæmdarvaldinu, sem er mjög skrýtið, að vilja stundum vera í þinginu með þau réttindi sem þar skapast og stundum ekki.

[12:32]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að blanda mér í umræður um áhættu sem einstaklingar taka í ráðherrastarfi með því að afsala sér þingmennsku, enda fjallar málið ekki um einstaklinga heldur um kerfið sem við viljum smíða okkur. Ég held að þegar litið er á meginmarkmiðin sem sett eru fram sem rökstuðningur með þessu frumvarpi þá sé um þau all góð þverpólitísk samstaða, þ.e. að efla þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu og gera aðskilnað löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins greinilegri. Síðan hefur verið talað um að draga úr ráðherraræði o.s.frv. Umræðan er ekki ný af nálinni og hefur farið fram með hléum í langan tíma.

Ég held að við séum sammála um meginmarkmiðin sem þarna eru sett fram. Þá er spurningin: Er þetta rétta leiðin til að ná þessum markmiðum?

Ég ætla að staðnæmast við þrjú atriði. Í fyrsta lagi tel ég mikilvægt að styrkja þingið, ekki með það fyrir augum að styrkja það gagnvart framkvæmdarvaldinu sérstaklega heldur sem sjálfstæðan aðila. Þetta hefur gerst í seinni tíð jafnt og þétt. Nefndasvið þingsins hefur eflst stórlega á undanförnum árum og ég held að fara eigi lengra út á þá braut. Menn deila svolítið um það hvort beina eigi stuðningi til stjórnmálaflokkanna, þingflokkanna, í ríkari mæli en verið hefur í stað þess að efla nefndasviðið almennt. Ég er þeirrar skoðunar að efla eigi nefndasviðið, leggja höfuðáherslu á það. Þetta er ein leiðin til að efla þingið, efla sérfræðiþjónustu sem þingmönnum og þingflokkum er veitt.

Þá kemur að spurningunni um að styrkja stjórnarandstöðuna. Ég tel það mjög mikilvægt. Þegar allt kemur til alls þá er það stjórnarandstaðan sem veitir framkvæmdarvaldinu mest aðhald, þótt ég geri mér grein fyrir því að sú hugsun sem hér er boðuð byggir á því að þingið geri þetta í ríkari mæli, bæði þeir sem styðja stjórnina og stjórnarandstaðan. Ég held að þetta sé engu að síður raunsæi, að líta svo á að stjórnarandstaðan verði meginuppistaðan í aðhaldinu gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Þá vaknar spurningin um innri afstöðu manna. Ég held að það sé ekki alveg rétta nálgunin að tala um ráðherraræði. Ég held að við ættum líka að tala um undirgefni, undirgefni þingmanna og þings gagnvart framkvæmdarvaldinu og pólitískum verkstjórum sem sitja á ráðherrastólum. Það er nokkuð sem við eigum hvert og eitt að taka til okkar. Það reynir meira á þetta hjá þingmönnum í ríkisstjórn vegna þess að þeim er stöðugt stillt upp við vegg, að þeir þurfi að

styðja sitt fólk við að koma málum fram. Stjórnarandstaðan er í annarri stöðu að þessu leyti. Ég tel að ríkisstjórnarflokkar á undanförnum árum hafi iðulega gengið of langt í að berja menn til hlýðni. Í breska þinginu er talað um „whip", svipuna, og þann sem á henni heldur, að hann hafi mikil áhrif í breska þinginu þegar menn eru barðir til verka. Ég held að þetta hafi verið að færast í vöxt í seinni tíð þótt ég vilji ekki dæma um hvort það hafi færst í vöxt í seinni tíð en það er svona mín tilfinning.

Það hefur verið grátlegt að horfa upp á þingmenn, sérstaklega þingmenn sem koma nýir inn með hugsjónaeldinn í hjörtum sínum, sé beinlínis þröngvað til að samþykkja mál sem eru þeim mjög á móti skapi. Ég held að hægt sé að fara mjög illa með fólk með því að brjóta það niður á þennan hátt og tel það mjög varasamt. Ég held það skipti miklu máli upp á lýðræðið að menn beri virðingu fyrir hugsjónum annarra, einnig þeirra sem eru í þeirra eigin röðum. Við erum að búa til mjög harðneskjulega pólitík með þessum hætti. Það þarf mjög sterk bein, þau eru til en það eru undantekningar. Til eru þingmenn sem fara á móti straumnum. Hér er hv. þm. Pétur H. Blöndal sem oft hefur gert það en það reynir á menn. Við eigum að búa til aðra hugsun hvað þetta snertir í pólitísku lífi okkar. Ég tel það mikilvægt. Hér er ég að tala um innri afstöðu manna. Við eigum ekki bara að líta á þetta sem ráðherraræði, heldur líka undirgefni sem mönnum er innrætt með þessum vinnubrögðum. Vissulega eru til dæmi um að fólk reyni að fara gegn straumnum en þá er reynt að setja á það alls kyns stimpla, um að eitthvað annarlegt vaki fyrir því og það sé ekki af eðlilegum orsökum sem það fylgi sannfæringu sinni. Þetta tel ég skipta miklu máli ef við ætlum að ná þeim markmiðum að efla þingið og löggjafarvaldið gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Mátum þessar hugmyndir inn í þau þrjú atriði sem ég nefndi varðandi styrkingu þingsins. Ef við hefðum ótakmarkaða peninga kynni dæmið að horfa öðruvísi við en í þeirri stöðu sem við búum við núna, að peningarnir eru takmarkaðir og við þurfum að fara vel með þá. En ég tel að þeim sé betur varið með því að styrkja innra starf þingsins, nefndasvið og annað slíkt, en með því að fjölga einstaklingum sem koma hér við sögu.

Varðandi stjórnarandstöðuna, sem ég tel að þurfi að huga að, þá mundi þetta hlutfallslega draga úr vægi hennar. Hennar hlutur yrði að mörgu leyti erfiðari. Ef við gefum okkur til dæmis að eftir næstu kosningar fengi — við skulum bara vera hófsöm í væntingum — Vinstri hreyfingin – grænt framboð tólf þingmenn og myndaði stjórn með Samfylkingu og Frjálslynda flokknum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð fengi þetta fjóra til sex ráðherra og við værum þá í raun orðin átján. Gefum okkur að í kosningum fengi Framsóknarflokkurinn fjóra þingmenn og engan ráðherra: Fyndist mönnum það sanngjarnt? Ég hugsa að þjóðinni fyndist það sanngjarnt af því að nóg væri komið af Framsóknarflokknum yfirleitt, eftir tíu ár á valdastólum. Ég er ekki viss um að þetta yrði til þess að styrkja þingið. Þetta mundi tvímælalaust veikja stjórnarandstöðuna hlutfallslega í hinni pólitísku umræðu.

Rétt er að það getur verið erfitt fyrir litla flokka að sinna öllum skyldum sínum, t.d. sitja nefndarfundi, eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi áðan. En það er bara veruleikinn. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum bara fimm og við fengum ekki meiri styrk frá kjósendum en það. Við verðum einfaldlega að taka því og laga okkur að þeim aðstæðum. Við viljum hins vegar að þingið komi til móts við okkur með því að auðvelda okkur vinnu með sérfræðiaðstoð og með öðrum hætti. En ég get alveg upplýst að litlir flokkar eru ekki óduglegri að sækja nefndarfundi en stórir flokkar, meira að segja mjög stórir flokkar. Það er önnur saga sem ég ætla ekki að fara nánar út í hér.

Ég tel að þetta væri ekki skynsamleg leið. Ég held hins vegar að við eigum að reyna að ná þeim markmiðum sem talað er fyrir í málinu. Við eigum að reyna að efla þingið. Við eigum að reyna að gera skilin á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds skýrari en það gerum við ekki með þessum hætti. Ég vil nota peningana á annan hátt. Ég tel reyndar að þegar menn setja svona þingmál fram, sem er góðra gjalda vert, til að fá um það umræðu og fylgja sannfæringu sinni, að sjálfsögðu, væri æskilegt að fara nánar í fjárhagslegar hliðar málsins. Við erum að velta fyrir okkur valkostum til að ná markmiðum sem ég held að við séum, þegar allt kemur til alls, flest sammála um.

[12:43]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem gengur út á að ráðherrar skuli ekki jafnframt vera þingmenn.

Í þessu sambandi vil ég nefna frumvarp sem ég flutti um afnám forsetaembættisins þar sem ítarlega var komið inn á þrískiptingu valdsins og ég ætla að leyfa mér að lesa úr því, með leyfi forseta:

„Misjafnt er hversu langt einstök ríki og stjórnarskrár þeirra ganga í greiningu ríkisvaldsins í löggjafarvald, dómsvald og framkvæmdarvald. Hvað sem því líður er ljóst að slík greining er til þess fallin að auka réttaröryggi borgaranna. Í íslenskri stjórnskipun eru ýmsar undantekningar frá kenningunni um þrígreiningu valdsins eins og hún birtist í sinni hreinustu mynd. Mikilvægasta undantekning frá þrígreiningunni í íslenskri stjórnskipun er vafalítið þingræðisfyrirkomulagið sem gerir það að verkum að ríkisstjórnir sitja í skjóli meiri hluta Alþingis. Önnur undantekning frá skýrri skiptingu valdsins milli löggjafar- og framkvæmdarvalds er að ráðherrar skuli jafnframt vera þingmenn. Þriðja undantekningin er tilvist embættis forseta Íslands, en samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár telst forseti æðsti handhafi framkvæmdarvalds og einnig löggjafarvalds ásamt Alþingi." — Hann er sem sagt báðum megin.

Enn fremur má nefna frumkvæði að lagasetningu sem liggur að mestu utan Alþingis og inngrip Alþingis í framkvæmdir eru breytingar á fjárlögum. Alþingi er sem sagt stöðugt að ákveða framkvæmdir. Það er því ýmislegt að í aðgreiningu og þrískiptingu ríkisvaldsins.

Framkvæmdarvaldið hefur sett á laggirnar nefnd til að endurskoða stjórnarskrána og er hún að störfum núna. Þetta frumvarp sem og frumvarpið um afnám forsetaembættisins koma eiginlega á mjög góðum tíma til að sú nefnd geti tekið það með í starf sitt og hún mun að sjálfsögðu, reikna ég með, taka með þau sjónarmið sem hér eru rædd og fara í gegnum þau þegar hún vinnur sitt starf.

Þetta mál sem við ræðum nú, um fjölda þingmanna, var nokkuð rætt í framsöguerindi 1. flutningsmanns. Mér fannst gæta ákveðins misskilnings þar. Í dag er það svo að 51 þingmaður rekur í rauninni Alþingi, þ.e. 51 þingmaður sem situr í þingnefndum og sinnir alþjóðastarfi og það mundi ekkert breytast þótt við fækkuðum þingmönnum niður í 51. Ráðherrarnir sætu hérna á bekkjunum og hefðu ekki atkvæðisrétt. Það mundi ekkert breytast að öðru leyti og enginn kostnaður kæmi til heldur, það væri bara nákvæmlega hið sama. Eina sem gerðist væri það að hlutföllin milli flokkanna yrðu óbreytt, nema að því leyti að ráðherrarnir, sem ekki hafa atkvæðisrétt, væru úr einhverjum flokkum. Þeir þurfa ekki endilega að vera í flokkunum, þeir geta náttúrlega verið utan flokka.

Ég sé ekki að neitt breytist í sjálfu sér. Það mætti meira að segja fækka um akkúrat einn í hverju kjördæmi. Svo einfalt er nú það. Það skemmtilega er að þessi salur hérna, sem ég er mjög hrifinn af og hef bundið miklu ástfóstri við vegna þess að hann takmarkar fjölgun þingmanna. Af því að ég er nú alltaf að gæta hagsmuna ríkiskassans sé ég þennan sal sem hemil á útgjöldum ríkisins til fjölgunar þingmanna. Það er ekki hægt að bæta við fleiri þingmönnum. Það yrði því ekki hægt að bæta við tólf, ég sé ekki hvar ætti að koma þeim fyrir, nema þá að stækka salinn og það kostar þá enn þá meira.

Ég sé ekki annað en að þetta verði mjög einfalt, að fækka þingmönnum niður í 51 og hafa allt að öðru leyti óbreytt.

Hér hefur nokkuð verið rætt um þingræðið og flokksræðið og 1. flutningsmaður kom inn ráðherraræðið. Hluti af því, eða það sem við heyrum allt of oft í þingsal þar sem þingmenn segja: Við vinstri grænir. Þeir tala einni röddu. Við samfylkingarmenn. Það er eins og þeir séu samtengdir heilar og allir með sömu skoðun. Þetta sýnir flokksræði. Þetta ýtir undir ráðherraræði hjá stjórnarflokkunum.

Ég hef stundum, einstaka sinnum, dansað út úr röðinni við stuðning við stjórnarfrumvörp. Þá hefur það valdið mestu uppnámi, ekki hjá stjórnarflokkunum, nei, það veldur mestu uppnámi hjá hv. stjórnarandstæðingum sem býsnast þá yfir hvernig í ósköpunum standi á því, stórtíðindi séu að gerast, stjórnin sé að springa, og ég veit ekki hvað, af því að einn þingmaður fylgir sannfæringu sinni. Stjórnarandstaðan virðist vera duglegust í því að reka stjórnarþingmenn saman í þingflokkana, undir ráðherraræðið.

Menn töluðu áðan um að menn séu barðir til verka. Ég held að það gerist ekki. Ég hef a.m.k. aldrei verið barinn til verka. Menn hafa ekki reynt það. Það sem ég geri þegar ég styð frumvörp sem ég er ekki endilega hlynntur er að ég met meiri hagsmuni fyrir minni. Ég fórna minni hagsmunum til að ná fram meiri hagsmunum. Ég styð ómerkileg stjórnarfrumvörp að mínu mati, sem eru ómerkileg í einhverjum skilningi, gegn því að hafa mjög góða ríkisstjórn sem kemur mjög góðum hlutum í gegn. Þá er ég tilbúinn til að víkja minni hagsmunum fyrir meiri. Þetta held ég að allir þingmenn þurfi að gera reglulega og fólk almennt.

Það er eitt í þessu máli sem ekki hefur komið fram. Ég vara við að þetta frumvarp verði samþykkt vegna þess að það þýðir þingrof, nema menn vilji það.

[12:49]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Það frumvarp sem er til umræðu um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins hefur vakið talsverða umræðu sem hefur verið fróðlegt að hlýða á og er ekki í fyrsta skiptið sem vakin er athygli á þessu máli á þingi.

Ég verð að segja það sem mína skoðun og það er líka skoðun landsfundar Samfylkingarinnar að hér er um afar athyglisvert mál að ræða og mál sem Samfylkingin fylgir. Í mínum huga er þetta ekki svo mikil spurning um að hvaða leyti það minnkar eða eykur ráðherraræði eða þess háttar heldur er það viðurkenning á því að við lifum í sífellt fjölbreyttara og flóknara þjóðfélagi og það verður æ brýnna að skýr aðgreining sé milli valdþáttanna. Við sem höfum fylgst með á undanförnum árum höfum upplifað miklar breytingar á dómskerfinu sem flestar ef ekki allar hafa verið til mikilla bóta og hefur verið kallað á vegna þátttöku okkar í alþjóðasamstarfi. Þar hefur aðgreiningin milli löggjafar- og framkvæmdarvalds og dómsvalds verið gerð mun skýrari en áður var. Ég tel að sú breyting sem hér er gert ráð fyrir sé af sama meiði, að ráðherrar séu ekki að taka þátt í störfum löggjafarvaldsins með eins beinum og samþættum hætti og þeir gera í dag. Það er angi af sama meiði að vilja hafa skýrari aðgreiningu þarna á milli.

Ég gef ekki mikið fyrir kostnaðarrökin í þessu samhengi vegna þess að hér er um grundvallaratriði að ræða. Það eru ýmsar leiðir til þess að taka á kostnaðarmálunum ef farið er út í það. Þegar Samfylkingin hefur verið að ræða þetta hefur breytingin verið rædd sem hluti af víðtækum breytingum á stjórnkerfinu og á Stjórnarráðinu og jafnframt á lýðræðisskipulagi landsins. Við höfum t.d. sett fram tillögur um landið sem eitt kjördæmi, sem mér heyrðist að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir væri fylgjandi eins og við. Ég tel að í tengslum við slíka breytingu mætti alveg skoða að fækka eitthvað þingmönnum. Eins finnst mér að í tengslum við breytingar á Stjórnarráðinu, stækkun og fækkun ráðuneyta, kæmi einnig til greina að fækka ráðherrum. Sú fjölgun sem hefur orðið á ráðherrum á undanförnum áratugum hefur kannski meira markast af þörfum stjórnarliða fyrir að koma mönnum í ráðherrastóla en beinlínis að verkefnin í Stjórnarráðinu hafi kallað á þá. Það eru því ýmsar leiðir til að koma fram kostnaðaraðhaldi í sambandi við þessa breytingu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hélt því fram að aðrar leiðir væru betri til að tryggja aðhald þingsins að framkvæmdarvaldinu heldur en þessi aðgreining sem fælist í því að ráðherrar gegndu ekki þingmennsku. Hún nefndi lög um ráðherraábyrgð og rannsóknarnefndir þingsins. Ég sé ekki að þarna sé nein andstæða. Þótt sú breyting yrði að ráðherrarnir gegndu ekki lengur þingmennsku er engu að síður þörf á því að skýra lög um ráðherraábyrgð og að heimila skipan rannsóknarnefnda þingsins. Ég sé ekki að þetta stangist á með neinu móti.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði talsvert úr því að á ýmsan hátt væri hægt að styrkja þingið til að ná fram skýrari stöðu löggjafarvaldsins, styrkja starf stjórnarandstöðunnar og fleira af því tagi. Auðvitað er slík aðstoð, slík efling á þingstörfum að sjálfsögðu af hinu góða ef möguleiki er á því, en ég tel að það sem skipti máli í grundvallaratriðum er að fylgja þeirri meginreglu að greina að löggjafar-

vald og framkvæmdarvald. Það sem kallar á það eru fyrst og fremst breyttir þjóðfélagshættir, þróaðra samfélag og hugmyndir manna um hvernig eigi að skipa málum á þessu þróunarstigi samfélagsins, þegar við viljum að hlutirnir séu skýrir og aðgreindir. Það skiptir meginmáli í þessu. En það er ekkert gefið að það leiði endilega til bættra stjórnarhátta í sjálfu sér þó að við breytum forminu. Þar fer náttúrlega mikið eftir því hvernig menn haga störfum sínum hvernig framkvæmdin verður í reynd. Ég get tekið undir að hjá núverandi ríkisstjórn sem setið hefur lengi hafa þróast ýmsir ósiðir í samskiptum þings og ríkisstjórnar og fram hjá því munum við sjálfsagt aldrei komast að framkvæmdin verður oft öðruvísi en tilætlunin. Það verður eflaust ætíð gagnrýnis- og umræðuefni á Alþingi.

[12:56]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég biðst afsökunar á því að hafa ekki náð að fylgjast betur með umræðunni, en í tilefni af orðum hv. þm. Einars Karls Haraldssonar að lokum ræðu sinnar um það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði um að styrkja þingið, þá vil ég spyrja hann og tek fram að ég er meðmæltur tillögu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, hef lengi verið áhugamaður um þær hugmyndir sem þar koma fram, en ég spyr: Er ekki þörf á því þegar þetta er gert að styrkja þingið og sérstaklega styrkja stjórnarandstöðuna á þinginu jafnframt? Því það sem við horfum fram á í þessum heimi hér, sem er ekki bestur allra heima en sá heimur sem við verðum ósköp einfaldlega að búa við, er að núna er þetta þannig að stjórnarandstaða sem fær segjum 31 mann á þingið, hún er með þennan 31 mann en hinir eru með 32, þessir 32 fá að auki aðstoðarmenn í ráðuneytunum, þannig að þar bætist við. Ef ráðherrar eru ekki inni á þinginu koma í núverandi stöðu 12 þingmenn inn á það í viðbót, þannig að þessi tæpi meiri hluti sem er fræðilega mögulegur, allt í einu fjölgar hann sér og fjölgar í opinberum stöðum þar sem menn eru meira og minna í pólitískum störfum líka, því aðstoðarmenn eru það auðvitað alla jafna þó á því séu undantekningar.

Þess vegna hef ég alltaf hugsað þetta þannig að samhliða þessari breytingu, ég tek undir að hún er gerð fyrst og fremst til að greina að framkvæmdarvald og löggjafarvald, en samhliða slíkri breytingu verði líka að styrkja þingið og ekki síst stjórnarandstöðuna, þannig að niðurstaðan verði ekki sú að auka enn á vald meiri hlutans á þinginu og raunverulega vald ríkisstjórnarinnar sem situr.

[12:58]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ræða hv. þm. Marðar Árnasonar helgaðist dálítið af því að hann hafði ekki hlýtt á þær umræður sem hér voru áður, því þar var einmitt af ýmsum hv. ræðumönnum sem tóku þátt í henni vikið að þessu, að ef ráðherrar tækju ekki þátt í og væru sviptir atkvæðisrétti á þingi og aðrir kæmu í þeirra stað, þá hallaði á stjórnarandstöðu. Það þyrfti að finna leiðir til að styrkja stjórnarandstöðuna í slíkri stöðu og þingmenn ræddu ýmsar leiðir til þess. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki skoðað það svo gjörla enda ekki þingreyndur maður og kannski aðrir færari um að gera þar skynsamlegri tillögur en ég.

[12:59]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það fór eins og mig átti kannski að gruna að maður á ekki að taka þátt í umræðum nema hafa hlustað á þær sjálfur. Ég vil samt þakka hv. þingmanni fyrir að endursegja mér þennan þátt í umræðunni því ég tel að hann skipti máli og þegar þetta verður gert verði jafnframt að finna leiðir til að styrkja stjórnarandstöðuna og þingið sjálft sem gæti auðvitað farið fram samhliða þeim breytingum sem eru nauðsynlegar á þingsköpum og á öðru háttalagi þingsins og hefur mjög sýnt sig undanfarin ár að þarf að gera. Þá er fyrst og fremst verið að tala um að möguleikar þingmanna séu auknir til þess að sinna störfum sínum. Maður finnur fyrir því sérstaklega sem nýliði á þinginu sem þarf að setja sig inn í mörg mál og ná einhverjum tökum á málasviði sínu, að til þess eru möguleikar af nokkuð skornum skammti og það væri gott að geta fengið einhverja aðstoð við það t.d. með aukinni sérfræðivinnu eða almennum pólitískum starfskrafti sem væri til ráðstöfunar umfram það sem nú er. Það yrði þá að vera á þingsins vegum því stjórnmálaflokkarnir eru nokkuð grimmir með að taka slíkan stuðning beint til sín og nota hann í sína þágu sem stjórnmálaflokka, en kannski ekki sem þingmanna, svo maður fari nú að opna hér hug sinn um málefni sem ekki ber oft á góma.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:02]

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 362. mál (sóknardagar, meðafli, áframeldi o.fl.). — Þskj. 415, nál. 989, brtt. 990.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Brtt. 990,1 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, BÁ, BjarnB, BH, DJ, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KÁs, KÓ, KHG, MS, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SJS, StB, VS.

2 þm. (SigurjÞ, StP) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, EKH, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, JóhS, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, RG, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, BÁ, BjarnB, BH, DJ, DO, DrH, EKH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JBjart, KÁs, KÓ, KolH, KHG, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SJS, StB, ÞBack.

4 þm. (GÖrl, MÞH, SigurjÞ, StP) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, GÖg, GunnB, HBl, JóhS, KJúl, KLM, LB, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, BÁ, BjarnB, BH, DJ, DO, DrH, EKH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÁs, KÓ, KolH, KHG, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SJS, StB.
5 þm. (GÖrl, MÞH, SigurjÞ, StP, ÞBack) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, GÖg, GunnB, HHj, KJúl, KLM, LB, SP, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 990,2 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, BÁ, BjarnB, BH, DJ, DO, DrH, EKH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÁs, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞBack.
4 þm. (GÖrl, MÞH, SigurjÞ, StP) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, GÖg, GunnB, KJúl, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, BÁ, BjarnB, BH, DJ, DO, DrH, EKH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÁs, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞBack.
4 þm. (GÖrl, MÞH, SigurjÞ, StP) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, GÖg, GunnB, KJúl, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, BÁ, BjarnB, BH, DJ, DO, DrH, EKH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÁs, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞBack.
4 þm. (GÖrl, MÞH, SigurjÞ, StP) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, GÖg, GunnB, KJúl, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 990,3 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, BÁ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EKH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÁs, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞBack.
4 þm. (GÖrl, MÞH, SigurjÞ, StP) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, DO, GÖg, GunnB, HBl, KJúl, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, BÁ, BjarnB, BH, DJ, DO, DrH, EKH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÁs, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞBack.
4 þm. (GÖrl, MÞH, SigurjÞ, StP) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, GÖg, GunnB, KJúl, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

10.–11. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, BÁ, BjarnB, BH, DJ, DO, DrH, EKH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÁs, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SJS, StB, VS, ÞBack.
4 þm. (GÖrl, MÞH, SigurjÞ, StP) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, GÖg, GunnB, KJúl, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 387. mál (gildistími laganna). — Þskj. 481, nál. 991 og 1009.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:35]

Jón Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér á að fara að leggja niður Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Á 125. löggjafarþingi, á árunum 1999–2000, samþykkti Alþingi með 49 samhljóða atkvæðum tillögu til þingsályktunar sem flutt var af sjávarútvegsnefnd í heild sinni um varðveislu báta og skipa. Með þingsályktunartillögunni var ríkisstjórninni falið að undirbúa tillögur um hvernig staðið skyldi að varðveislu gamalla skipa og báta og móta í því sambandi reglur um fjármögnun sem Þróunarsjóður sjávarútvegsins tæki m.a. þátt í.

Í ljósi þess hve Alþingi hefur með skýrum hætti látið í ljós vilja sinn til að ráðstafa a.m.k. hluta af fjármunum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til þessara verkefna telur minni hluti sjávarútvegsnefndar einsýnt að Alþingi hrindi þeim vilja sínum í framkvæmd við afgreiðslu frumvarpsins sem hér er til umfjöllunar. Það er að okkar áliti ámælisvert hvernig ríkisstjórnin hefur með aðgerðaleysi sínu frá því að framangreind þingsályktunartillaga var samþykkt kosið að virða vilja Alþingis að vettugi í málinu.

Framlagning frumvarpsins nú er enn fremur staðfesting á því að aldrei hefur staðið til af hálfu ríkisstjórnar eða hæstv. sjávarútvegsráðherra að virða vilja Alþingis í málinu. Ekki tókst í 2. umr. að eiga orðastað við hæstv. sjávarútvegsráðherra um þetta atriði vegna þess að hann var ekki viðstaddur þá umræðu.

Hvað sem því líður liggur nú beint við að Alþingi árétti og staðfesti vilja sinn með skýrum og skuldbindandi hætti. Minni hlutinn gerir það að tillögu sinni að hluti af eigum

þróunarsjóðsins renni til varðveislu gamalla skipa og báta. Það liggur ekki fyrir á þessari stundu hversu miklir fjármunir muni standa eftir þegar sjóðurinn verður gerður upp en í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið kom fram að áætlað markaðsvirði eigna þróunarsjóðs sé milli 300 og 400 millj. kr. Nú er hins vegar talið að markaðsvirðið geti orðið nokkru hærra eða allt að 500–600 millj. kr. vegna þess að ýmis ytri skilyrði hafa breyst.

Minni hluti sjávarútvegsnefndar hefur lagt fram breytingartillögu sem gerir ráð fyrir að vilji Alþingis verði virtur. 400 millj. kr. af virði þróunarsjóðsins renni til hafrannsókna en það sem eftir standi renni í það verkefni sem Alþingi hefur samþykkt, að þeir fjármunir renni til þess að varðveita gömul skip og gamla báta. Í ljósi þess að ekki hefur tekist að mínu viti að ræða þetta að fullu við hæstv. ráðherra eða í sjávarútvegsnefnd köllum við flutningsmenn þeirrar breytingartillögu sem um ræðir hana aftur til 3. umr. og treystum því að hæstv. ráðherra verði viðstaddur þá umræðu þannig að við getum átt um þetta orðastað. Ég minni á að 49 þingmenn greiddu þessari þingsályktunartillögu atkvæði sitt, 34 af þeim sitja enn þá á þingi eða meiri hluti Alþingis, þannig að þeir þurfa að breyta afstöðu sinni ef samþykkja á frumvarpið eins og það liggur fyrir núna óbreytt.

[13:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(ber af sér sakir)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður hefur borið á mig tvennar ásakanir í umræðu um atkvæðagreiðsluna. Annars vegar þá að ég hafi ekkert gert í því að sinna þingsályktunartillögunni. Það vill hins vegar þannig til að þingsályktunartillögunni var vísað til hæstv. menntamálaráðherra, ekki til sjávarútvegsráðherra. Það er því ekki á starfssviði sjávarútvegsráðherra að sinna málinu enda er varðveisla gamalla skipa ekki á verksviði sjávarútvegsráðuneytisins.

Í öðru lagi bar hv. þingmaður á mig þær sakir að hann hefði ekki getað rætt þessi mál við mig við umræðu í þinginu, en við 1. umr. var einmitt umræða um hvernig ætti að ráðstafa þessu. Þar svaraði ég þeim spurningum sem fram komu um þetta atriði og kom sjónarmiðum mínum á framfæri. Þar kom m.a. fram hjá mér að ég var mjög hissa á málflutningi margra þingmanna sem hafa lagt á það gríðarlega mikla áherslu í umræðu á síðustu missirum á Alþingi hvað bæta þyrfti miklum fjármunum til hafrannsókna ef þeir vildu núna klípa af þeim fjármunum sem núgildandi lög segja til um að eigi að renna til hafrannsókna. Þá verð ég að segja eins og er, herra forseti, að þá er um tvískinnung að ræða, tvískinnung þeirra sem hafa haldið því fram (Gripið fram í.) á hv. Alþingi að þeir vilji auka ... (Gripið fram í.)

(**Forseti** (BÁ)**:** Forseti vill minna hæstv. ráðherra á að fara ekki mikið út í efnislega umræðu um málið þegar hann er að bera af sér sakir.)

Það er sjálfsagt, herra forseti, en í ásökuninni var fólgið að ekki hefði verið hægt að ræða málið við mig og þá verð ég að svara því hér. Í umræðunum kom fram gríðarlegur tvískinnungur hjá hv. þingmönnum sem hafa talað um að auka þyrfti þá fjármuni sem (Gripið fram í.) rynnu til hafrannsókna. (**Gripið fram í:** Áminna hann.)

Brtt. í nál. 1009 kölluð aftur.

Brtt. í nál. 991 (ný 1. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÁs, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, VS.

20 þm. (AKG, EKH, EMS, GÁS, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, StP, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, DO, GÖg, GunnB, HHj, KJúl, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:40]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem örstutt upp í ræðustól til að segja frá því að Frjálslyndi flokkurinn er sammála nefndaráliti minni hluta sjávarútvegsnefndar. Ég sé að einhver mistök hafa átt sér stað. Ég er fulltrúi flokksins í sjávarútvegsnefnd og við erum ekki meðal þeirra sem undirrita nefndarálitið. Það hafa því sennilega orðið einhver mistök. Ég hef verið staddur erlendis og hér hefur málið einhvern veginn dottið á milli stóla. En enn og aftur, virðulegi forseti, kem ég aðeins upp til að lýsa því yfir að við erum sammála minnihlutaálitinu og við munum sitja hjá.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÁs, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, VS.

21 þm. (AKG, BH, EKH, EMS, GÁS, GÖrl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, StP, ÞBack) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, DO, GÖg, GunnB, HHj, KJúl, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, frh. 1. umr.

Stjfrv., 583. mál (verksvið Veruþróunar- og markaðssjóðs). — Þskj. 874.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.

Frv. vísað sjútvn. án atkvgr.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 648. mál (eftirlitskerfi samningsins). — Þskj. 980.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað allshn. án atkvgr.

Lyfjalög og heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 649. mál (EES-reglur, blóðbanki, lyfjaeftirlitsgjald o.fl.). — Þskj. 981.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað heilbr.- og trn. án atkvgr.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 659. mál (afnám tryggingardeildar útflutningslána). — Þskj. 1003.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 194. mál (álagning útsvars). — Þskj. 194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, BÁ, BjarnB, BH, DJ, DrH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÁs, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SJS, StP, StB, VS, ÞBack.
1 þm. (EKH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, DO, GÖg, GunnB, HBl, HHj, KJúl, KHG, LB, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað félmn. án atkvgr.

Staðbundnir fjölmiðlar, frh. fyrri umr.

Þáltill. DJ o.fl., 234. mál. — Þskj. 240.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað menntmn. án atkvgr.

Helgidagafriður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 481. mál (afgreiðslutími matvöruverslana). — Þskj. 735, nál. 1019.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
1. gr. samþ. með 30:4 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKH, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JBjart, KÁs, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, StP, StB, VS.
nei: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.
8 þm. (AKG, BH, EMS, JóhS, JGunn, MF, MÁ, RG) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, DO, GHH, GuðjG, GÁ, GÖg, GunnB, HBl, HHj, KJúl, KLM, LB, SP, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 31:4 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BÁ, BjarnB, DJ, DrH, EKH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HÁs, HjÁ, JÁ, JBjart, KÁs, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, StB, VS.
nei: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.
8 þm. (BH, EMS, JóhS, JGunn, LB, MF, MÁ, RG) greiddu ekki atkv.
20 þm. (AKG, ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BBj, DO, GuðjG, GÖg, GunnB, HBl, HHj, KJúl, KLM, SP, StP, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Gæðamat á æðardúni, 1. umr.

Stjfrv., 670. mál (heildarlög). — Þskj. 1022.

[13:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi á þskj. 1022 sem er mál nr. 670. Um er að ræða frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni. Frumvarp þetta er samið af nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði sl. haust til að endurskoða núgildandi lög nr. 39/1970, um gæðamat á æðardúni.

Með frumvarpinu er kveðið skýrt á um að sömu reglur gildi um dreifingu á æðardúni á innlendan og erlendan

markað. Lagt er til að ákvæði eldri laga haldist óbreytt að því leyti að ekki verði heimilt að flytja úr landi nema fullhreinsaðan æðardún.

Árið 2004 var skipuð nefnd af hálfu landbúnaðarráðherra til að endurskoða lög nr. 39/1970, um gæðamat á æðardún. Í nefndinni sátu: Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir, lögfræðingur í landbúnaðarráðuneytinu, formaður, Árni Snæbjörnsson hlunnindaráðunautur, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, Jónas Helgason, bóndi í Æðey, tilnefndur af Æðarræktarfélagi Íslands, og Sigtryggur R. Eyþórsson, forstjóri XCO ehf., tilnefndur af Félagi íslenskra stórkaupmanna.

Nefndin hélt sex fundi og fór yfir öll gögn máls sem hefur verið til meðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) vegna meintrar mismununar á kröfum til gæða æðardúns annars vegar til sölu innan lands og hins vegar til útflutnings. Í frumvarpinu er tekinn af allur vafi um að það sama gildir um dreifingu innan lands og erlendis.

Niðurstaða nefndarinnar var að endurskoðun laganna væri mikilvæg fyrir þessa atvinnugrein. Í frumvarpinu er lagt til að landbúnaðarráðuneytið gefi út starfsleyfi til handa dúnmatsmönnum en í gildandi lögum hefur skipan matsmanna verið í höndum lögreglustjóraembætta. Eðlilegra þykir að landbúnaðarráðuneytið, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna, veiti dúnmatsmönnum leyfi til starfa. Lagt er til að kostnaður af störfum dúnmatsmanna greiðist af matsbeiðanda samkvæmt gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra gefur út.

Hæstv. forseti. Fleira er ekki um málið að segja á þessu stigi. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frumvarpinu vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

[13:50]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við lestur frumvarpsins finnst mér ekki koma fram hvert markmið þess er. Hvaða upphæðir er verið að verja? Hvaða almannahagsmuni er verið að verja með frumvarpinu? Maður áttar sig ekki á því hvað liggur að baki. Ég tel einnig að menn verði að velta fyrir sér að verið er að tala um innanlandsmarkað. Við erum á Evrópska efnahagssvæðinu. Hefur sú hlið á málinu verið skoðuð hvort við getum gert einhverjar sérstakar kröfur? Hvaða almannahagsmuni er verið að verja með því að fara í þessa löggjöf?

[13:51]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Æðarbændur eru líklega hátt í 400. Þetta er sérstök vara sem er framleidd á Íslandi undir ströngu eftirliti og fer inn á heimsmarkað, er mikið seld til Þýskalands og Japans. Þeir sem kaupa vöruna gera miklar kröfur um öruggt gæðamat, þannig að þaðan hefur sú krafa komið.

Ég fór vel yfir það í minni stuttu ræðu að komið hefði athugasemd frá ESA vegna þess að ekki væri jafnræði á milli markaðarins innan lands og þess sem væri selt á erlendan markað. Farið hefur verið vel yfir þetta í nefndinni sem var ekki bara skipuð hagsmunaaðilum heldur kom Félag íslenskra stórkaupmanna einnig að málinu. Það hefur verið vel farið yfir það sem hv. þingmaður spurði um. Við breytinguna stenst málið alla þá samninga sem við höfum gert á Evrópska efnahagssvæðinu. Æðardúnsbændur hafa því rétt á að skipa málum sínum með þessum hætti ef þingið styður þá í löggjöfinni.

[13:53]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom ekki fram hjá hæstv. landbúnaðarráðherra um hvaða upphæðir er að tefla og mér finnst að það þurfi að koma fram áður en farið er í þessa löggjöf. Einnig hafa verið brögð að því að óhreinsaður æðardúnn sem hefur verið sendur þannig úr landi, sem er verið að koma í veg fyrir með frumvarpinu, hafi kastað rýrð á þann æðardún sem hefur verið hreinsaður innan lands. Ég tel mjög mikilvægt að það komi fram.

[13:54]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við ræðum stutt frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni, lagt fram af hæstv. landbúnaðarráðherra. Mér sýnist að frumvarpið ætti frekar að heita Frumvarp til laga um dúnmatsmenn því í hinum stutta lagatexta eru dúnmatsmenn nefndir að ég tel fimm sinnum en aðeins er minnst tvisvar sinnum á æðardún.

Talað er um að æðardúnn eigi að standast gæðamat dúnmatsmanna með vottorði. Þá langar mig að spyrja: Hvaða skilyrði eiga að fylgja gæðamatinu? Talað er um að gefa út leyfi til handa dúnmatsmönnum. Þá spyr ég: Hvaða kröfur verða gerðar til dúnmatsmanna til að mynda varðandi menntun? Hvaða hæfniskröfur verða gerðar til þeirra? Hvað felst í starfinu? Mér finnst það hvergi koma fram í frumvarpinu, hvorki í lagatextanum né skýringum með frumvarpinu.

Einnig langar mig til að spyrja nokkurra spurninga varðandi kostnað. Í 3. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Kostnaður af störfum þeirra“ — þ.e. dúnmatsmanna — „greiðist af matsbeiðanda í samræmi við gjaldskrá sem ráðuneytið staðfestir.“

Mig langar að heyra eitthvað frá hæstv. ráðherra um hvort hann hafi hugleitt hversu mikill sá kostnaður eigi að vera og hvernig gjaldskráin eigi að líta út.

Í 3. gr. stendur líka, með leyfi forseta: „Dúnmatsmenn skulu undirrita eiðstaf áður en þeir taka til starfa.“ Því langar mig að lokum að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig hljóðar eiðstafurinn?

Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa hugsað fyrir öllum þessum þáttum áður en hann settist niður og skrifaði þetta ágæta frumvarp þó að það sé reyndar bæði stutt og frekar þunnt, alla vega við fyrstu augnasýn.

[13:56]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað eiðstafinn varðar er það þekkt á þessu sviði að það er nokkurs konar drengskaparheit sem menn gefa sem taka þessi störf að sér um að vinna þau með ákveðnum hætti og eru bundnir ákveðnum trúnaði hvað málið varðar.

Mér finnst sjálfsagður hlutur að menn fari yfir þau atriði sem snúa að framkvæmd málsins í landbúnaðarnefnd þar

sem málið verður til umfjöllunar. Ég kann þau ekki öll hér og nú og vil ekki fara að rekja þau en ég held að mjög mikilvægt sé að landbúnaðarnefnd fari yfir þau með landbúnaðarráðuneytinu, forsvarsmönnum æðardúnsbænda og öðrum þeim sem nefndarmenn vilja hitta og fara yfir málið með.

[13:57]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra svaraði í nánast engu spurningum mínum. Það vekur að sjálfsögðu viss vonbrigði. En það er alveg rétt sem hæstv. landbúnaðarráðherra benti á að frumvarpið fer í landbúnaðarnefnd. Ég sit þar sem áheyrnarfulltrúi og ég efast ekki um að nefndin muni skoða frumvarpið mjög vandlega. Æðarræktun er afskaplega skemmtileg, spennandi og merkileg atvinnugrein og ég hygg að við verðum að vanda mjög vel til verka þegar við setjum þeirri grein reglur.

Það má alls ekki skilja orð mín sem svo að ég sé á móti því að eftirlit sé með þeirri lúxusvöru sem æðardúnninn er, langt í frá, en fyrst hæstv. ráðherra gat ekki svarað spurningum mínum hér og nú hljóta sömu spurningar að vakna þegar málið kemur til meðferðar hjá landbúnaðarnefnd.

[13:58]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. þingmaður segir að þetta er sérstök vara og mjög dýr heimsmarkaðsvara. Ég hygg að það sem hinir 300 til 400 æðardúnsbændur séu að hugsa um sé að halda samstöðu sinni og stunda búskap sinn, hirða um æðarvarpið og hafa út úr því tekjur. Þetta skiptir landbúnaðinn miklu máli og margar jarðir í landinu. Ég hygg að kílóverð á æðardún sé eða hafi verið 71 þús. kr. Þetta skilar því verulegum arði.

Þeir tala auðvitað mjög fyrir því að þetta sé íslensk atvinnugrein frá a til ö og seld sem slík, gæðametin sem slík og að þannig nái þeir best inn á heimsmarkaðinn og séu trúverðugastir að þetta sé í þessu formi. Ég þakka þetta andsvar.

[13:59]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort fyrir liggi einhver nauð, einhver þekking, einhver reynsla sem sýnir okkur að við þurfum að hafa sérlög um þessa afurð. Ég held að það yrði mjög skrýtið lagaumhverfi ef við færum að setja sérlög um hvaða afurð sem væri og segja að það mætti ekkert flytja út af henni nema hún væri fullunnin. Hvers konar umhverfi yrði það? Ég held að það yrði alveg skelfilegt. Ég get ekki með nokkru móti skilið að markaðssetning á einni vöru sé einhvern veginn öðruvísi en á annarri. Menn dæma um það sjálfir og reyna að reikna það út sjálfir hvað er þeim hagkvæmast, hvenær þeir selja og hvar þeir selja, á hvaða markaði og hvaða kostnað þeir leggja í, hvenær og á hvaða stundu. Ég held að markaðurinn geti aldrei verið öðruvísi.

Ég skil því ekki, herra forseti, til hvers við erum að þessu. Ef við ætlum að hafa einhverja löggjöf um þetta hefði ég talið að best væri að hún væri eingöngu um það ef menn vildu hafa opinbert gæðamat. Það er sjálfsagt mál að hafa það ef það er ósk framleiðendanna og rétt að löggilda slíka hæfileikamenn. En að öðru leyti á ég mjög erfitt með að skilja hvað löggjöfin á að skipta sér af þessu.

[14:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvelt er að taka undir þá skoðun með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að þetta sé sérstakt mál og öðruvísi en mörg önnur. Tilfellið er að þetta er dálítið öðruvísi mál og dálítið öðruvísi markaður en venjulegur markaður. Ég veit t.d. að æðarbændur hafa verið sakaðir um að þeir drepi fuglinn og reiti hann. Sá áróður hefur verið rekinn gegn þessari atvinnugrein úti í heimi en eins og allir hér þekkja verður æðardúnninn auðvitað til í hreiðrum æðarfuglsins, er safnað saman og hann nýttur. Þetta er ein baráttan sem þeir standa frammi fyrir, eitt áróðursatriðið á heimsmarkaði. Þess vegna er mikilvægt, eins og þeir leggja til og mikil samstaða er um hjá þeim, að búa við trúverðugt kerfi til að selja æðardún á heimsmarkaði. Þeim hefur gengið mjög vel við það undir þessum formerkjum því að það hafa þeir gert alla tíð. Eins og hv. þingmaður sagði er málið því dálítið sérstakt og ólíkt öðrum.

Þannig er lífið og ég hef farið yfir það að þrátt fyrir hina flóknu EES-samninga, blessað Evrópusambandið og allt það þá mun ESA líklega viðurkenna málið, að með því sé gætt jafnræðis hvað sölu og markað varðar hér heima og erlendis ef við gerum það með þessum hætti.

Ég legg málið í hendur þingsins og landbúnaðarnefndar, komið í þennan búning, og tel atvinnugrein landbúnaðarins mikilvægt að fá það sett sem lög.

[14:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er vel kunnugt um að það er fullt af skrýtnu fólki sem notar náttúruvernd sem yfirvarp fyrir alls konar skrýtin sjónarmið og meiningar. En ég sé ekki að það komi þessu máli neitt við. Ég sé ekki heldur að EES komi þessu máli neitt við.

Ég spurði bara: Hvers vegna þarf slíka löggjöf? Hvaða nauð rekur okkur til þess? Hví ættu þessir framleiðendur ekki, eins og allir aðrir framleiðendur, að meta og vega hvað sé þeim hagkvæmast á hverjum tíma í hvert skipti?

[14:03]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alltaf gaman að heyra hv. þm. Einar Odd Kristjánsson tala og segja að honum komi EES ekkert við og EES komi þetta ekkert við. En sannleikurinn er sá, eins og ég rakti í upphafsræðu minni, að það hefur fjallað um þetta mál og sent hingað athugasemdir varðandi fyrirkomulagið síðustu árin og áratugina og hefur krafist breytinga á því. Hér er orðið við þeim breytingum. Þessar breytingar eru viðbrögð vegna, hv. þingmaður, athugasemda frá ESA og málið sett í þann búning.

Fyrst og fremst telur atvinnugreinin sjálf að þetta sé henni hagkvæmara, að þannig sé staðið að málum þeirra til þess að þeir geti haldið utan um þessa atvinnugrein. Ég hygg að þeir muni skýra frá því í landbúnaðarnefnd að þeir telji að ef ekki verði staðið með þessum hætti að atvinnu-

greininni verði hún lítils virði.

[14:05]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Frumvarp þetta er eftir því sem mér sýnist sett fram til að bregðast við athugasemdum frá ESA. Þær eru til komnar vegna mismunandi krafna sem gerðar voru til gæðamats á æðardúni bæði fyrir innanlandsmarkað og markaði erlendis. Bornar voru brigður á að sömu kröfur væru gerðar til mismunandi markaða.

Íslenskur æðardúnn er einstök náttúruafurð. Dúnninn verður ekki til í hreiðrum kollunnar heldur reitir kollan sig niður í hreiðrin til að einangra eggin fyrir kuldanum í umhverfinu. Síðan er dúnninn hirtur og er eitthvert albesta einangrunarefni sem fyrirfinnst.

Íslenskur æðardúnn er um 70–80% af æðardúni á heimsmarkaði. Mér þykir mjög gott að í frumvarpinu sem fyrir liggur skuli gerðar ákveðnar kröfur, þ.e. gert ráð fyrir því að ákveðnar kröfur verði gerðar til matsmanna sem eiga að meta dúninn áður en til útflutnings kemur eða til markaðssetningar á Íslandi. Það hefur hugsanlega eitthvað skort á að gerðar væru nægjanlegar kröfur til þeirra og væri a.m.k. ágætt að kröfurnar yrðu samræmdar og ljósar.

Æðarbændur á Íslandi hafa fengið um það bil 50 þús. kr. fyrir kílóið af dúni á undanförnum árum. Hins vegar hafa æðardúnssængur sem saumaðar hafa verið og fylltar með íslenskum æðardúni verið seldar á Japansmarkaði fyrir 500 þús. kr. til 1 milljón kr. stykkið. Þar er um einhverja mestu verðmætaaukningu að ræða sem maður heyrir um. Það er satt að segja synd og skömm að sá virðisauki skuli ekki eiga sér stað á Íslandi en þessar sængur eru framleiddar erlendis. Eins og ég sagði áðan eru sængur þessar mest seldar í Japan en einnig er dúnninn talsvert notaður í úlpur og annan skjólfatnað.

Fyrir nokkrum árum, fyrir tíu árum nánar tiltekið, var gerð skýrsla fyrir Útflutningsráð Íslands um hugsanlega breytingu á markaðssetningu æðardúns erlendis. Þá virtust mörg ljón í veginum, eftir því sem mér er sagt, m.a. erfiðleikar í að markaðssetja fullunna vöru í Japan. Síðan þetta gerðist hefur Ísland opnað sendiráð í Japan. Það vill svo skemmtilega til að sá einstaklingur sem vann skýrsluna fyrir Útflutningsráð er einmitt starfandi hjá sendiráði Íslands í Japan. Það ber því vel í veiði, ef ég má orða það svo. Gera mætti átak í að fullvinna vöruna á Íslandi og reyna að markaðssetja hana erlendis.

Ég álít að jafnframt því sem við tökum þetta mál til umræðu, þ.e. gæðamat á æðardúni, og reynum að halda atvinnugreininni innan lands þá eigum við að stefna að því að fullvinna vöruna heima og halda virðisaukanum hér. Ég held að það sé hægt, sérstaklega með þeim breyttu aðstæðum sem ég nefndi áðan, sendiráðinu í Japan og áðurnefndum einstaklingi sem vinnur þar.

Ég vonast því til þess að við getum búið þannig um hnútana að æðarbændum og iðnrekendum sem hafa hugsanlega áhuga á að vinna með íslenskan æðardún á Íslandi bjóðist stuðningur til þeirra starfa. Ég tel að þetta sé ekki einfalt mál en til mikils að vinna eins og ég benti á í ræðu minni áðan þegar litið er til hinnar geysilegu verðmætaaukningar sem verður á æðardúninum frá því að hann fer frá bóndanum og þar til hann er kominn á markað í Japan.

Með því að færa vinnsluna meira til Íslands en verið hefur gefst væntanlega færi á að launa betur þau undirstöðustörf við æðardún á Íslandi, þ.e. hreinsunina sjálfa. Eins og er eru þau störf illa launuð. Þau þarf auðvitað að launa betur og til þess þurfum við að finna ráð.

[14:10]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur farið yfir og kynnt frumvarp sitt um gæðamat á æðardúni. Það má til sanns vegar færa, eins og kom raunar fram fyrr í þessari umræðu, að þetta frumvarp snúist helst um lögskipaða dúnmatsnefnd. Lítið er í lagatextanum fjallað um matið sjálft og hvaða viðmið skuli höfð uppi í þeim efnum.

Ég hafði svo sem ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu. En frumvörpum af þessum toga fer fjölgandi í þessum sölum, þ.e. að við bætum við eftirlitsiðnaðinn og jafnan er viðlagið hið sama, að hæstv. ráðherrar bera því við að kröfur um slíkt komi frá Brussel, séu vegna ákvæða í EES-samningi. Stundum göngum við skrefinu of langt og gerum meira en þær kröfur gefa tilefni til. Ég hef það eilítið á tilfinningunni að svo sé í þessu máli. Ég fæ ekki séð í fljótu bragði að þessi orðaskipti og bréfaviðskipti við ESA lúti beinlínis að því að okkur sé fyrir lagt að taka upp lögskipaða dúnmatsmenn, enn einn eftirlitsiðnaðinn, heldur hitt að menn gæti þess að samsvarandi kröfur séu uppi hafðar á innanlandsmarkaði og erlendis.

Að vísu er mér sagt að innanlandsmarkaður sé hverfandi í þessum iðnaði, þeim landbúnaði sem æðarræktin er. Ég hef ekki á reiðum höndum hve stórt hlutfall hann er en væntanlega getur hæstv. ráðherra upplýst um það. Það er hinn erlendi markaður sem skiptir sköpum varðandi þessa starfsgrein. Svo ég leyfi mér, herra forseti, að hugsa upphátt þá er auðvitað ekki loku fyrir það skotið í þessu frumvarpi, og engum íslenskum lögum svo mér sé kunnugt um, að þessum varningi megi skipa í fyrsta, annan eða þriðja flokk. Það er gert með dilkakjöti og ýmsan varning annan þannig að við getum vel fallið undir þessi tilmæli ESA án þess að gera hámarkskröfur í öllum tilfellum. Það var um þennan þátt málsins.

Hitt atriðið sem þetta frumvarp lýtur að snertir hina lögskipuðu dúnmatsnefnd. Ég hlustaði eftir því áðan að þegar hæstv. ráðherra var spurður um hve mikið umfang hann sæi fyrir sér í þessum efnum. Ég heyrði ekki svar hans, hafi það komið. Þaðan af síður finnst mér að það sé ljóst hvað þetta kemur til með að kosta þótt fjármálaráðuneytið hafi reynt að skjóta á það.

Mér finnst það líka eilítið villandi í frumvarpstextanum að tala um það í 2. gr. að öllum sé gert að fara undir mælistiku lögskipaðra dúnmatsmanna en síðan sé í 3. gr. talað um matsbeiðendur. Hverjir eru matsbeiðendur í þessu samhengi? Er það ekki þá löggjafinn eða ráðuneytið? Í 2. gr. er ekkert gefinn valkostur, það er ekkert val, þannig að sumir vilji fá hina lögskipuðu dúnmatsnefnd yfir sig og aðrir ekki. Það er því ekki rétt að tala um matsbeiðendur, sem þýðir samkvæmt orðanna hljóðan æðarræktendur.

Ég get ekki látið hjá líða í þessu samhengi að fara aðeins nokkrum orðum um það, herra forseti, af því að mér er

um það kunnugt eftir viðræður við marga sem í þessum bransa eru að skilaverð til bænda hefur nánast staðið í stað um langt árabil og það er að verða því miður nákvæmlega sama þróun í þessum geira landbúnaðarins og frumatvinnugreinunum í þeim sama atvinnuvegi að það er framleiðandinn sjálfur sem situr eftir með sárt ennið og virðisaukinn fer eitthvert allt annað.

En til að halda því til haga því sem nauðsynlegt er í þessu samhengi er auðvitað ekki rétt að menn telji sér trú um það hér að þessi varningur fari úr landi án þess að hann sé veginn og metinn. Þeir aðilar sem hafa sölu með höndum á erlendan markað hafa sína matsmenn en mér er ekki kunnugt um það og vonandi verð ég þá leiðréttur ef ég fer rangt með að gerðar hafi verið mjög alvarlegar athugasemdir við gæði þessarar vöru á erlendum mörkuðum á hinum síðari árum. Ég held þvert á móti að gæðin hafi verið býsna góð og eftir því sem ég best veit hafa ekki komið fram neinar athugasemdir eða neinir vankantar komið upp í þeim efnum þannig að af þeim ástæðum einum saman er ekki þörf á að setja á lögskipaða matsmenn. Greinin sjálf hefur séð um þetta. (**Landbrh.:** Lestu frumvarpið.) Það er auðvitað meginatriði málsins.

Ég vil hins vegar í þessu samhengi, af því að hæstv. ráðherra biður mig að lesa frumvarpið, segja honum líka frá því að það er eftirspurn eftir kannski öðru en þessu í þessari mikilvægu atvinnugrein. Það er að hið opinbera undir forustu hæstv. landbúnaðarráðherra og landbúnaðarráðuneytisins fari til að mynda fram með ítarlega rannsókn á því hvernig náttúran gerir sig í þessum efnum. — Nú kemur hæstv. sjávarútvegsráðherra í salinn og hann þarf að hlusta líka því að þessar jarðir eru náttúrlega sjávarjarðir að stærstum hluta til þannig að það er mikilvægt að hann hlusti vel og læri örlítið. — Það er nefnilega þörf á að rannsaka ástæður þeirra sveiflna sem hafa átt sér stað í náttúrunni því að það hafa orðið feit ár og mögur ár í þessu eins og annars staðar en lítið vitað hvers vegna. Ég hvet því hæstv. ráðherra sem nærri standa, hæstv. landbúnaðarráðherra og hæstv. sjávarútvegsráðherra, að þeir hugleiði það að taka höndum saman við framleiðendur og aðra hagsmunaaðila um að gera á því athugun og vísindalega rannsókn hvernig á þessu standi og hvort hægt sé að bregðast við á einhvern hátt. Þetta held ég að væri þarft verk.

Fram hefur komið að Japan er mikilvægur útflutningsmarkaður í þessum efnum og raunar er sumt af því sem fer til Japans einnig selt í gegnum Þýskaland. En það væri til að mynda mannsbragur að því af hálfu hæstv. ráðherra og hans liðs að hjálpa til við — og nú bið ég hæstv. ráðherra að leggja við hlustir, það er afar mikilvægt sem ég ætla að segja núna og mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra hlýði á ábendingar mínar í þessum efnum — að gera t.d. Bandaríkjamönnum grein fyrir því um hversu góðan varning er að ræða. Hæstv. sjávarútvegsráðherra gæti verið honum innan handar í því af því að hann er vanur kynningarstörfum í Bandaríkjunum þegar hvalurinn er annars vegar. En ég er að segja þetta í fullri alvöru því að svo miklar ranghugmyndir eru í gangi í henni Ameríku að þar hefur gengið illa að markaðssetja dúninn vegna þess að Bandaríkjamenn margir hverjir halda að hann sé reyttur beint af fuglinum. Og bara það ef hæstv. ráðherra gerði sér leið til Ameríku og leiðrétti þennan misskilning væri auðvitað stórt skref tekið til að opna nýja markaði því að auðvitað er þörf á því og þannig er það einfaldlega að bestu verðin gefast gjarnan í Bandaríkjunum.

Ég held því að í mörg horn sé að líta í þessu samhengi og ég verð að segja eins og er að tilfinning mín er sú, án þess að ég ætli að fara að setja mig þvert fyrir þær hugsanir sem í frumvarpinu liggja, að það eru kannski önnur atriði sem eru ofar og framar á þessum forgangslista en það eitt að setja opinbera dúnmatsmenn. Ég hafði a.m.k. ímyndað mér að ýmis verkefni væru brýnni í landbúnaðarráðuneytinu og þá ekki síst á þeim vettvangi landbúnaðarmála sem æðardúnninn er.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra, sem mér fannst óvenjuhófstilltur í kynningu sinni á þessu máli og ég hafði satt að segja á tilfinningunni að hann hefði ekki fullkomlega sannfæringu fyrir því en við þekkjum það hv. þingmenn, herra forseti, að þegar ráðherranum er heitt í hamsi og talar á sínum sérstöku nótum þá er það yfirleitt vegna þess að hann trúir á það sem hann er að segja. Því var ekki að heilsa í inngangsræðu hans einhverra hluta vegna.

[14:20]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að ekki fannst mér hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sannfærandi en það sem mér kannski sárnaði í ræðu hans var að hann reyndi að blekkja. Það kann ég aldrei við. Hv. þingmaður veit vel að það hafa verið opinberir dúnmatsmenn allt frá 1970. Hér er verið að endurskoða lög frá 1970. Opinberir dúnmatsmenn hafa verið á Íslandi allt frá 1970. Það er ekki nýtt fyrirbæri. Það er ekki verið að búa til neinn nýjan eftirlitsiðnað. Verið er að setja þetta í það form að ESA sætti sig við að jafnræði sé innan lands og erlendis. Þessir menn hafa verið starfandi hér á landi. Þeir eru ekki fjölmennir og æðardúnsbændur þekkja þá allir sjálfsagt af störfum þeirra. Um fimm menn hafa verið að störfum. Það er búið að vera í gangi sennilega lífstíð hv. þingmanns, ekkert nýtt og engin nýr eftirlitsiðnaður að koma, heldur telur atvinnugreinin, sem er mjög sérstök, mjög mikilvægt að halda þessu í þessu formi til að geta staðið vel að sínum málum. Ég vil að það komi alveg skýrt fram að ekki er verið að setja þessari grein eitthvað sem hún ekki þekkir. Lögreglustjórinn hættir að skipa mennina. Landbúnaðarráðherra gerir það héðan í frá ef þetta verður að lögum. Það er breyting hvað það varðar. Þessir menn hafa því verið að störfum hér. Við skulum hafa það alveg á hreinu, hv. þingmaður, að við erum ekki að búa til neitt kerfi eða neinar flækjur. En það er atvinnugreinin sjálf sem hefur búið við þetta áratugum saman sem telur vegna sérstæðu sinnar á heimsmarkaði — enda er dúnninn seldur á hæsta verði út um heim og bændurnir fá auðvitað misjafnt verð. Stundum er það hátt og stundum fellur það. En eins og hér kom fram í ágætri ræðu hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur erum við stórir á þessum markaði, heimsmarkaði, líklega með ein 80% á markaðnum þannig að við þekkjum hann vel.

En ég vil taka það alveg skýrt fram að menn verða að lesa frumvarpið til að fjalla um það.

[14:22]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá sem hér stendur reyndi ekki að blekkja einn eða neinn og það er alveg ástæðulaust fyrir hæstv. ráðherra að lesa mér pistilinn af þeim ástæðum. Ég vil hins vegar gagnspyrja — vissulega hafa verið í gildi lög frá 1970 er varða eftirlit og mat á æðardúni. En þá spyr ég: Til hvers er þetta frumvarp undir þessum formerkjum? Það svarar ekki nema að litlu leyti athugasemdum ESA. Það mátti svara þeim á annan hátt. Það liggur alveg ljóst fyrir án þess að fara að njörva niður dúneftirlitsmenn. Það liggur algerlega í augum uppi. Ég hef efasemdir um nálgun þessa máls. Látum það vera.

Ég saknaði þess í andsvari ráðherrans að hann setti í gírinn og setti sig í spor þeirra framleiðenda sem þarna eiga hlut að máli, þeirra bænda sem margir eru á sjávarjörðum og færi aðeins yfir það hvort hann deildi ekki þeim áhyggjum mínum af því að staða þeirra væri að verða svipuð og annarra bænda, að þeir sæju minnst af virðisaukanum. Það er rétt að verðið er sveiflukennt í þessum efnum og ekki á vísan að róa þegar kemur að verðlagningu. En hins vegar hefur verðið verið þokkalegt um talsvert árabil, í dálitlum sveiflum þó, en skilaverð til bændanna sjálfra hefur nánast verið óbreytt um langt árabil. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann hafi farið ofan í þessa verðmyndun og kannað hvort hann gæti aðstoðað og komið þar að frekar en hnykkja á og styrkja enn frekar eftirlitsiðnaðinn í þessum efnum.

[14:24]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil einnig taka fram vegna spurningar hv. þingmanns áðan um 1., 2. og 3. flokk sem hann ræddi dálítið um, að menn gætu fengið þetta, að matið snýst heldur ekki um að meta æðardúninn í 1., 2. eða 3. flokk. Það snýst í rauninni ekki um flokkun. Annaðhvort er æðardúnninn hæfur til sölu eða ekki og það er skýrt tekið fram í frumvarpinu að æðardúnsmennirnir verða að þekkja til æðarfuglsins o.s.frv.

Ég er orðinn dálítið þreyttur á þeirri umræðu sem oft fer fram að allir bændur séu fátækir með hor í nefi. Það er ekki þannig. Þeir eru misefnaðir eins og þessi þjóð. Sumir eru efnaðir, margir hafa það ágætt. Í mörgum atvinnugreinum hefur orðið samdráttur og umbreytingar miklar en þetta er fólk sem margt hefur, sem betur fer ekki síst út af dugnaði sínum eða framsýni prýðileg lífskjör þó að þau hafi dálítið breyst á seinni árum hvað meðaltal varðar og sumar atvinnugreinar hafi lent í erfiðleikum á ákveðnum tíma. Ég nefni loðdýrarækt sem hefur tekið sókn upp á við á nýjan leik þrátt fyrir dollarann, ég nefni sauðfjárrækt sem nú er í sókn og ég hygg að æðardúnsbændur hafi verið mjög hyggnir með sinn æðardún. Þeir vita hvað heimsmarkaðsverðið er. Stundum geyma þeir æðardúninn og bíða þess tíma að verðið hækki. Þeir hafa því verið klókir bændur, æðardúnsmenn, og varir um atvinnuveg sinn.

Ég hygg að hér sé mál sem fullnægi þeirri athugasemd sem ESA hefur gert um stöðu málsins. Greinin sjálf, allir þessir æðardúnsbændur sem ekki síst búa á sjávarjörðum eins og komið hefur fram telja þetta mikilvægt til að verja lífskjör sín. Það skilur hv. þingmaður kannski betur en annað.

[14:26]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að framlengja þennan dialóg okkar um hvort þetta frumvarp sé eina rétta leiðin til að nálgast ábendingar ESA. Ég treysti landbúnaðarnefnd fullkomlega til að fara nákvæmlega ofan í þá sauma og leysa úr því viðfangsefni þó að ég endurtaki áhyggjur mínar og efasemdir hvað það varðar að menn þurfi að fara þessa leið og hvort hún sé sú rétta í þeim efnum. Ég skal ekki um það segja.

En ég frábið mér hins vegar það hjá hæstv. landbúnaðarráðherra að hann beri á menn þær sakir að verið sé að ljúga fátækt upp á íslenska bændur. Hverjir hafa verið að því? Ég veit ekki betur en fram hafi farið í sölum Alþingis árum og áratugum saman heiðarleg og málefnaleg umræða um staðreyndir mála í þeim efnum sem hafa birst okkur á þann veg að allt of margir bændur í frumatvinnugreinunum, kvikfjárræktinni ekki síst, búa við sultarmörk. Það sýna einfaldlega opinberar tölur. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að reyna að tala sig frá því og bera sakir á hv. þingmenn um að þeir séu að ljúga því upp á íslenska bændur. Auðvitað vita menn að bændur hafa það misjafnt. Sumir hafa það ágætt sem betur fer, aðrir standa illa að vígi, en veruleikinn er eftir sem áður sá sem opinberar tölur segja okkur. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að neita því heldur að skilaverðið til bændanna sjálfra, frumframleiðendanna, er auðvitað stundum í engu samræmi við hið endanlega markaðsverð. Þar liggur hundurinn grafinn. Um það höfum við jafnaðarmenn verið að tala árum og áratugum saman að reyna að koma málum þannig fyrir, skera á þessa milliliði, að meira verði eftir í vösum bænda. Tæpast getur hæstv. landbúnaðarráðherra verið á móti því eða hvað? (**Landbrh.:** Nei, nei.) Um það erum við þó sammála. (**Landbrh.:** Við erum sammála um það.)

[14:29]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni undirstrikar í rauninni þá sérstöðu sem nýting og hirðing æðardúns hefur. Þessi lög eru í sjálfu sér ákveðin endurskoðun á þeim lögum sem nú þegar gilda um mat á æðardúni.

Ég held að mjög mikilvægt sé að menn átti sig á því að hirðing á æðardúni er afar sérstök sem búskapur ef má kalla það svo því þarna er verið að nýta náttúrulega afurð af dýrum, í þessu tilviki fuglum, sem lifa villt í náttúrunni. Þessi afurð á að vera hirt án þess að valda æðarfuglinum nokkru tjóni og alls ekki, frekar hitt að þetta sé m.a. liður í því að hlúa að æðarfuglinum og tilvist hans í vistkerfinu.

Þetta er því ákaflega ólíkt því að framleiða vöru sem er algjörlega í okkar umsjá, t.d. dilkakjöt þar sem kindur eru inni og afmarkaður bás, mjólk og því um líkt. Þá eru allir þættir framleiðslunnar í okkar höndum og þetta er búrekstur. Hér er hins vegar verið að nýta afurð af fuglum sem eiga að lifa og hrærast í náttúrunni án þess að inngrip okkar hafi áhrif á þá. Því er mjög eðlilegt að til þessa búskapar,

þessarar starfsemi séu gerðar sérstæðar kröfur, ekki aðeins varðandi lífríkið sjálft sem á í hlut heldur einnig gagnvart vörunni sem verið er að taka. Eins er ekki hvað síst mikilvægt að geta sannað fyrir umheiminum að umrædd vara sé hirt á sjálfbæran hátt og án þess að valda neinu tjóni í lífkerfinu sem verið er að nýta. Hvort sem okkur finnst það sanngjarnt eða ósanngjarnt þá getur sú umræða reynt að hafa áhrif á okkur hvað þennan atvinnuveg varðar hvenær sem er. Við þurfum því ávallt að vera reiðubúin að mæta því sem þar getur komið fram hvort sem okkur finnst það sanngjarnt eða ósanngjarnt. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að í þessu tilviki séu settar sérstakar kröfur um rekjanleika, um meðferð og um gæði til þess að tryggja stöðluð gæði vörunnar á markaði og til þess að sanna heiminum að þarna sé unnið að hirðingu dúns án þess að valda lífríkinu tjóni. Ég vil bara undirstrika hér að þetta hefur algera sérstöðu og á ekki hliðstæðu við iðnrekstur eða annað slíkt sem er háð allt öðrum lögmálum. Svo er það líka að heimsmarkaður á dúni er ekki stór og þess vegna er ástæða til að um hann sé haldið. Okkur er trúað fyrir þeim náttúrulegu verðmætum sem felast í því að hirða æðarfuglinn og við verðum að geta gert það á trúverðugan og sannan hátt og geta sannað það fyrir umheiminum hvenær sem er.

Ég sé þetta sem ein stærstu rök fyrir því að um þetta séu sett lög. Vel má vera að draga þurfi fleiri þætti inn í lagaumgjörð æðarbúskapar, t.d. rannsóknir eins og hér hefur verið nefnt, þ.e. að fylgja þessum búskap eftir með auknum rannsóknum. Deilt er um stöðu þessa fugls gagnvart veiðum, gagnvart grásleppuveiðum t.d. Vel gæti því verið ástæða til að setja um þennan búskap sérstök lög sem taki til hinna ýmsu þátta. Mér finnst þess vegna alveg verjanlegt og rétt að setja lög um rekjanleika og gæðamat á æðardúni og jafnframt nauðsynlegt að það sé markmið í sjálfu sér að nýta hann og vinna eins og kostur er á innan lands í hágæðavöru til útflutnings.

[14:35]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur verið nokkuð til umræðu hér á þingi og mun nú koma fyrir hv. landbúnaðarnefnd þar sem ég á sæti. En ég hlýt að spyrja hv. síðasta ræðumann. Hann talar um mikilvægi þessarar landbúnaðarafurðar, sem svo má kalla, eða hirðingu og að þetta falli undir búrekstur. Því hlýtur eftirfarandi spurning að vakna vegna þessa lagabálks sem settur er og snýr mest að matsnefnd: Hverjir hreinsa þennan dún? Hverjir starfa við það? Eru það bændur eða er þetta aðkeypt vinna? Það hefur komið fram áður þegar landbúnaðarnefnd hefur rætt þessi mál að þessi störf væru unnin af fólki sem væri flutt til landsins. Er það rétt? Hvað segir hv. þm. Jón Bjarnason um það, svo fagmannlega sem hann talaði um þetta mál? Hvað erum við að tala þarna um mörg störf?

Hér kom fram í ræðu áðan að íslenskir æðardúnsbændur væru að fá 50 þús. kr. fyrir kílóið en það væri grátlegt að vita til þess að sængur væru seldar til Japans á verðmæti 400–500 þús. kr. Má ætla að það sé um ... Hvað? — (**Gripið fram í:** 500 ...) 500 þúsund til milljón. Þá hækkar heldur talan. Má ætla að kannski séu tvö til tvö og hálft kíló í sæng eða svo? (**Gripið fram í:** Eitt.) Eitt kíló í sæng. Hvers vegna er þá málum snúið í þennan farveg að leggja aðaláhersluna á matsmenn æðardúnsins en ekki á þetta stóra mál, að fá út úr afurðinni það mesta og besta sem hægt er? Nei, hér skal bara kerfið (**Gripið fram í:** Rangt.) styrkt en sölumöguleikarnir og það að fá fullt verð fyrir afurðina (Gripið fram í.) er eitthvert aukaatriði. (**Landbrh.:** Þú veist ekkert hvað þú ert að tala um.)

[14:37]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get í sjálfu sér deilt áhyggjum hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar um hvað sé að gerast á íslenskum vinnumarkaði. Með háu gengi íslensku krónunnar og lágu gengi dollarans verður æ erfiðara að stunda arðbærar útflutningsgreinar hér á landi. Nýjasta dæmið, eins og við heyrðum í fréttum nýverið, er t.d. að Hampiðjan sagði að vatnaskil hefðu orðið í rekstri sínum til mikilla bóta þar sem hún væri komin með alla starfsemi sína sem krefðist vinnuafls úr landi og að þetta væri einhver happafengur fyrir rekstur Hampiðjunnar. Ég kalla það ekki happafeng að svo sé komið að hver iðngreinin á fætur annarri fari úr landi vegna þess að þangað sé hægt að sækja ódýrara vinnuafl. Það kalla ég ekki happafeng Ég tel að við hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson eigum að einbeita okkur að því að styrkja samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar gagnvart erlendum þannig að hægt sé að greiða innlendu fólki, hvort sem það eru íslenskir ríkisborgarar eða einstaklingar sem koma hingað til starfa tímabundið erlendis frá, góð laun, þ.e. að þeir fái líka góð laun eins og Íslendingar.

Það er samkeppnisstaðan sem skiptir máli, tel ég, hvort sem hún lýtur að hreinsun dúns eða vinnu í Hampiðjunni eða hvað það er. Það er hún sem skiptir máli og það er hún sem er að skekkjast. Og þá fer fleira úr landi en Hampiðjan, dúnhreinsunin, skipasmíðaiðnaðurinn o.s.frv. Það verkefni, hv. þingmaður, sem ég held að við þurfum að takast á við er að snúa samkeppnisumgerð íslensks iðnaðar íslensku launafólki í hag. (**PHB:** Lækka launin?) Hækka launin.

[14:39]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er náttúrlega um tvennt ólíkt að ræða. Annars vegar talaði hv. þm. Jón Bjarnason um Hampiðjuna og fleiri önnur fyrirtæki. Hins vegar er svo þetta lagafrumvarp um æðardúninn þar sem er verið að borga 50 þús. kr. fyrir kílóið unnið hér. En þegar þetta er komið í form sængur þá er verið að selja þetta á 500 þúsund til eina milljón. Svo ætla menn að fara að blanda þessu saman og ýta þeim staðreyndum frá að verið er að selja dúninn frá Íslandi á allt of lágu verði og engin markaðssetning fylgir því.

Engin markaðssetning fylgir þessu frumvarpi. Allt skal vera óbreytt áfram. Það á að efla og styrkja kerfið, efla og styrkja eftirlitskerfið og gera mönnum í raun erfiðara að komast að kjarna málsins sem er sá að styrkja þennan æðardúnsrekstur, ef svo má segja, og koma því þannig á koppinn að menn fái almennilegt verð fyrir æðardúninn. (**Gripið fram í:** Þetta snýst um það.)

[14:40]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek bara undir með hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að frumvarpið snýst um að hér sé unnin og seld toppgæðavara á sem hæstu verði í sátt við náttúruna sem í þessu tilviki er æðarfuglinn.

Vel má vera að skerpa þurfi á fleiri atriðum en því matskerfi sem hér er til umræðu. Ég tel eðlilegt að hv. landbúnaðarnefnd skoði fleiri þætti sem gætu orðið til þess að styrkja og efla stöðu æðardúnsbænda og æðardúnsiðnaðar. Ég tel alveg sjálfsagt að skoða fleiri þætti en þann sem hér er verið að tala um, þ.e. þessa matsmenn.

Ég ítreka að það er einstakt að þarna erum við að nýta afurð af dýrum, æðarfugli í þessu tilviki, þar sem gert er ráð fyrir að fuglinn lifi og tímgist og verði til og að dúntekjan sem slík hafi ekki áhrif á það heldur á hinn veginn þveröfugt við það sem gildir um annan iðnrekstur. Því er eðlilegt að um þetta gildi svolítið önnur ákvæði en annars.

Ég tek bara síðan undir með hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni um að þetta er búskapur sem við erum stolt af að geta eflt og styrkt og við viljum gera allt sem hægt er til að svo megi verða. (Gripið fram í.)

[14:43]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég hef fylgst með umræðum hér um þetta litla frumvarp af áhuga og eftir því sem líður á umræðurnar verð ég að segja að efasemdir mínar um frumvarpið vaxa í raun í réttu hlutfalli við ræðutímann. Mér finnst svo margt í þessu frumvarpi svo óskýrt að maður hlýtur að setja spurningarmerki við texta þess.

Ég veit ekki hvort hæstv. landbúnaðarráðherra getur svarað nokkrum spurningum mínum. Hann gat ekki svarað neinum spurningum mínum áðan þegar ég var í andsvari við hann. Samt vil ég nota tækifærið nú við 1. umr. til að velta aðeins vöngum yfir þessu.

Getur verið að þetta frumvarp, nái það fram að ganga í óbreyttri mynd, komi í veg fyrir útflutning á ósunnum æðardúni? Er verið að skilyrða að æðardúnn skuli eingöngu hreinsaður hér á landi? Er það rétt? Hér verðum við að fá algjörlega afdráttarlaus og skýr svör.

Þessi grein er stunduð af fáum aðilum í atvinnuskyni svo heitið geti. Getur verið að að samningu frumvarpsins hafi komið a.m.k. tveir aðilar — þá er ég að tala um nefndina sem samdi frumvarp — sem vinna við þessa grein, annars vegar við framleiðslu á dúni og hins vegar við hreinsun og útflutning? Ég spyr sem sagt hvort það geti verið að augljósir hagsmunaaðilar hafi haft mikið að segja við samningu þessa frumvarps eins og það lítur út núna þegar það kemur fyrir hið háa Alþingi frá landbúnaðarráðuneytinu.

Mig langar líka til að velta aðeins fyrir mér frumvarpinu út frá hinum svokölluðu dúnmatsmönnum. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra hefur bent á að hér er í raun gerð gangskör að því að breyta eldri lögum, sem hafa verið í gildi frá 1970, í 35 ár. Þar er einnig talað um dúnmatsmenn. Ég hef gamla lagatextann fyrir framan mig og þar segir að lögreglustjóri skuli skipa dúnmatsmenn á þeim stöðum er landbúnaðarráðuneytið telur þörf á, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands.

Í nýja textanum stendur í 3. gr., með leyfi forseta:

„Landbúnaðarráðuneytið gefur út leyfi til handa dúnmatsmönnum til starfa á þeim stöðum sem það telur þörf á að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna.“

Maður hlýtur að spyrja: Hvað á að felast í starfi dúnmatsmanna? Hljótum við ekki að verða að gera kröfur um hæfni, menntun og um hlutleysi dúnmatsmanna? Þá er ég að tala um skrifuð orð á pappír en ekki eitthvert huglægt mat embættismanna í landbúnaðarráðuneytinu, starfsmanna Bændasamtaka Íslands eða Félags íslenskra stórkaupmanna.

Við hljótum líka að spyrja hvort, ef þetta mat á að fara fram hér á landi af löggiltum dúnmatsmönnum, ekki þurfi að búa til staðla yfir það hvað sé góður æðardúnn og hvað sé lélegur æðardúnn. Eru þessir staðlar til? leyfi ég mér að spyrja. Ég fæ ekki séð neins staðar í þessum texta, á þessum tveimur og hálfri síðu sem þetta frumvarp er með skýringum, að þar sé bent á að fyrir hendi séu staðlar um hvernig góður æðardúnn eigi að vera.

Mér finnst það réttmætt þegar bent er á það að fyrirtæki á Íslandi, m.a. vegna hárra launa, flytji starfsemi sína utan. Maður hlýtur að spyrja sig hvort banna eigi framleiðendum æðardúns að flytja út dún til hreinsunar erlendis, telji þeir að slíkt geti skapað hagræði, til að mynda að slíkt geti skapað betri afkomu hjá framleiðendum, þ.e. æðarbændum. Við lestur þessa frumvarps hlýtur að þurfa að velta slíkum spurningum fyrir sér. Við vitum að hreinsun á æðardúni hefur verið talin frekar leiðinleg vinna og kannski sóðaleg. Ég veit það ekki, sennilega er hún illa borguð eins og slík handavinna við iðnvarning yfirleitt er. Það væru nýmæli og tíðindi ef það væri hálaunastarf að sitja og hreinsa æðardún.

Ég hlýt líka að spyrja: Hver kallar eftir þessu gæðamati? Hver kallar eftir því að fyrir hendi séu einhverjir lögskipaðir dúnmatsmenn? Er það markaðurinn? (**Landbrh.:** Hvort tveggja.) Eru það kaupendur æðardúns? Höfum við eitthvað fast í hendi um að kaupendur æðardúns geri kröfu um að sérstakir matsmenn séu látnir meta hvað sé góður dúnn og hvað sé lélegur dúnn? Er ekki eðlilegra, ég leyfi mér að velta þeirri spurningu upp, að kaupendurnir sjálfir ákveði hvað sé góð og léleg vara? Er það ekki eðlilegt í heilbrigðu markaðssamfélagi að neytandinn fái að ráða?

Við hljótum virðulegi forseti, að velta svona spurningum fyrir okkur þegar við fjöllum um frumvarp sem á að leysa af hendi 35 ára gömul lög sem voru samin við allt aðrar aðstæður, allt aðra heimsmynd, hugsanlega við allt aðrar markaðsaðstæður en nú eru. Núna rúmum þremur áratugum síðar er heimurinn gerbreyttur, heimurinn hefur minnkað, allar leiðir hvað varðar aðflutning og þess háttar hafa gerbreyst. Hugtök, t.d. atvinnusvæði, eru gerbreytt frá því sem áður var og þykir ekkert tiltökumál að hráefni sem aflað er hér á landi sé fullunnið í öðrum löndum þar sem vinnuafl er ódýrara.

Það kann að vera að einhverjum þyki ósvífið að velta þessum spurningum upp. Ég tel að fyrst að við erum á annað borð að íhuga að setja lög varðandi starfsumhverfi þessarar merkilegu greinar, framleiðslu á æðardúni, þá værum ekki að sinna störfum okkar ef við leyfðum okkur ekki að hugsa upphátt um þessa hluti, velta því fyrir okkur hver til-

gangurinn er með þessari lagasetningu og ekki síður, eins og einn hv. þingmaður minntist á áðan, að velta fyrir okkur: Hvert er markmiðið með því að setja sérstök lög um gæðamat á æðardúni? Lög sem mér reyndar virðast, eins og textinn er núna og ég benti á hér áðan í andsvari, snúast meira um að búa til stöður dúnmatsmanna.

[14:51]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er klár á því að það verður hægt að færa sitthvað til betri vegar í þessu frumvarpi í meðförum landbúnaðarnefndar eftir að við höfum hlýtt á athugasemdir þeirra gesta sem við væntanlega fáum.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson ræddi um hvað teldist góður æðardúnn og hvort til væru staðlar. Ég hygg að hið sama gildi um æðardún og aðrar vörur, að það eru neytendur eða nýtendur vörunnar sem ákveða hvað er góð vara. Varðandi æðardúninn þá er sá dúnn góður sem er laus við fjaðurstafi, strá eða annað rusl sem kemur í hreiðrin við eðlilegar aðstæður, hreinn dúnn og óklesstur. Í tilfelli Japananna er það dúnn sem er laus við lykt, þ.e. Japanir gera þær kröfur umfram aðra að dúnninn sé þveginn. Það er því tvímælalaust neytandinn sem setur okkur kröfurnar og þær kröfur þekkja Íslendingar. Þess vegna m.a. viljum við Íslendingar halda matsferlinu hjá okkur.

Ekki má gleyma því að um er að ræða hráefni sem, eins og ég benti á áðan, felur í sér svo mikinn virðisauka að varan sem við framleiðum endanlega á að geta borið hin háu laun á íslenskum vinnumarkaði. Mér finnst sjálfsagt að við reynum að nýta okkur kostina við þessa dýru vöru en til þess þarf væntanlega stuðning opinberra aðila við að koma vöruþróun og markaðssetningu í það horf sem vera þarf til að við getum sjálf fullunnið vöruna og komið henni á framfæri.

[14:53]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir benti einmitt á það sem ég var að segja, að það eru neytendur sjálfir sem ákveða hver gæði vörunnar eigi að vera, það eru þeir sem koma með kröfurnar.

Þá spyr maður hvort ekki sé óþarfi að hafa sérstaka matsmenn. Ef sjálfur kaupandinn gerir skýrar kröfur um hvernig varan skuli vera frá seljanda, framleiðanda, æðarbændum, útflytjendum og þeim sem hreinsa dúninn, þá sé ég ekki þörf á að lögskipa sérstaka dúnmatsmenn. Menn mega ekki búa til óþarfa millilið, óþarfa kostnað í framleiðsluferlinu með þeim afleiðingum að skilaverð til bænda lækki. Ég tel það einna mikilvægast í þessu sambandi að bændur fá gott skilaverð fyrir vöru sína. Ég vil endilega sjá veg þessa atvinnuvegar sem mestan. Mér þykir hann svo skemmtilegur, spennandi og merkilegur.

Ég held að menn hljóti að verða að spyrja sig hvort við séum að flækja málin um of og hvort betra væri að leyfa greininni að blómstra eins og hún hefur gert frá örófi alda, ef svo má segja, án þess að löggjafinn geri fólki erfitt með eftirlitsiðnaði sem kann að vera alger óþarfi. Nóg er nú samt í þjóðfélaginu.

[14:55]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég deili með hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni voninni um að kjör bænda batni, verði sem allra best og jafnframt annarra sem vinna við hreinsun á æðardúni eða aðra umsýslu. Hins vegar held ég að hv. þm. hljóti að gera sér grein fyrir því, þrátt fyrir það hvernig hann talar, að það er ekki öðruvísi farið með æðardún en aðrar vörur sem við Íslendingar flytjum út. Við gerum ákveðnar kröfur um gæði, þ.e. að varan komi til móts við gæðakröfur á markaði hjá kaupendum eins og hægt er.

Ég bendi hv. þingmanni á það, af því að hann talar mikið um fiskveiðar og fiskvinnslu, að við vinnslu sjávarafurða eru gerðar miklar körfur um gæðaeftirlit. Ég bið hann að hugsa aðeins um hvernig umhorfs væri í íslenskri fiskvinnslu ef ekki væru eftirlitsmenn á hverju strái, svo gott sem, til að fylgjast með því hvernig unnið er að þeim málum. Það er ekkert öðruvísi með vinnslu á æðardúni.

[14:56]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Talandi um eftirlitsiðnaðinn í sjávarútvegi þá er þar um að ræða skelfilega ófreskju sem ég vildi að væri miklu minni en hún er í dag. Þar hefur miklu trölli verið leyft að lifa allt of lengi, vaxa og stækka langt fram yfir eðlileg mörk. Forsvarsmenn sjávarútvegsins hafa margoft bent á það enda er þeim farinn að ofbjóða sá mikli kostnaður sem af því hlýst.

Talandi um kostnað þá kemur einmitt skýrt fram í þessu frumvarpi að kostnaður af störfum dúnmatsmanna skuli greiðast af matsbeiðanda í samræmi við gjaldskrá sem landbúnaðarráðuneytið á að fastsetja. Hverjir eru matsbeiðendur í þessu tilviki? Við, sagði hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Hver erum „við" í þessu tilfelli? Eru það yfirvöld eða við í þingsalnum eða hverjir biðja um þetta mat?

Ég skil orðanna hljóðan þannig að matsbeiðendur verði annaðhvort framleiðendur, þ.e. æðarbændur, eða útflytjendur. Þeir eiga að bera kostnaðinn af þessu en ekki kaupendur. Það hljóta samt að vera kaupendur sem ráða og skera úr um hvað sé góð vara eða slæm. Það hefur líka komið fram.

Svo ég hugsi svolítið upphátt þá má vel vera að ég hafi rangt fyrir mér, ég veit það ekki, en við eigum eftir að fara vel yfir þetta mál í landbúnaðarnefnd. Mér er það ljóst eftir þessar umræður. Hér vakna svo margar spurningar að þetta verður rætt í þaula. Ég vona að sem flestir hagsmunaaðilar verði kallaðir á fund nefndarinnar til að ræða þetta. En ég fæ ekki betur séð en að ætlunin sé að búa til óþarfa millilið sem skapi aukinn kostnað og leiði til þess að afkoma bændanna verði verri.

[14:58]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur ekki komið nógu skýrt fram í umræðunni að mínu mati hver þörfin er á þessu eftirliti. Ég sé ekki að sú þörf eða markmiðið með þessu frumvarpi séu ljós, því miður. Það hefur komið fram að kílóið af æðardún kostar 71 þús. kr. Ég fékk síðan þær upplýsingar að það þyrfti eitt kíló í eina sæng. En það vantar upplýsingar um hvað vinnst með því að setja þessi lög og ég tel að það þurfi

að koma betur fram.

Einnig þarf að koma fram að ein afleiðing frumvarpsins virðist sú að með því sé komið í veg fyrir að æðardúnn sé fluttur óunninn úr landi. Þá er rétt að spyrja sig: Hver er ávinningurinn af því? Ég spurði hæstv. ráðherra fyrr í umræðunni hvort aðrir framleiðendur hafi beðið skaða af því að æðardúnn hafi verið fluttur út óunninn. Því hefur ekki verið svarað og ég sakna þess.

Ef það hefur orðið, ef aðrir framleiðendur hafa beðið skaða, er réttlætanlegt að setja þessa löggjöf, að koma í veg fyrir að óunninn æðardúnn sé fluttur út. Ef það fæst hins vegar ekki upp á borðið að svo sé er kannski ekki rétt að setja þessa löggjöf. Maður sér það a.m.k. ekki.

Það er rétt að taka fram í þessari umræðu að til eru lög um opinberar eftirlitsreglur. Þau eru frá árinu 1999, nr. 27 og þar segir í 3. gr.:

„Þegar stjórnarfrumvarp sem felur í sér ákvæði um eftirlit er lagt fyrir ríkisstjórn skal leggja fram greinargerð um mat skv. 1. mgr.“ — Samkvæmt henni skal í fyrsta lagi meta þörfina fyrir eftirlitið, og ég sé það ekki í þessu frumvarpi, því miður, og svo gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Ég sakna þess að þessir tveir þættir komi ekki fram í þessu litla frumvarpi. Síðan heldur áfram:

„Slíkt mat getur m.a. falist í áhættumati, mati á alþjóðlegum skuldbindingum um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga, mati á hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits.“

Mér finnst rétt að fá það upp í umræðunni hvort farið hafi verið að þessum lögum, lögum um opinberar eftirlitsreglur, við samningu þessa frumvarps. Ég sé að margir mætir menn hafa komið þar að og má nefna Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur lögfræðing, Árna Snæbjörnsson hlunnindaráðunaut, Jónas Helgason, bónda í Æðey, og Sigtrygg Eyþórsson. Ég tel að uppfylla þurfi þessi lög, að þau séu nauðsynleg, lögin um opinberar eftirlitsreglur. Hefur það verið gert? Ef ekki, á þá ráðherra að draga frumvarpið til baka? Eru menn kannski farnir að leggja þessi lög um opinberar eftirlitsreglur algerlega til hliðar, taka ekkert mark á þeim? Þá er alveg eins gott að nema þau úr gildi, ef þau hafa hvort eð er ekkert gildi lengur. Mér finnst vert að hæstv. ráðherra svari því hér. Hann átti erfitt með að svara spurningu um markmið laganna og þýðingu þeirra í umræðunni þegar hann var spurður beint út. (**Landbrh.:** Nei, nei.) Það kom ekki skýrt fram og ekki fylgir nein tilhlýðileg greinargerð þessu frumvarpi um gæðamat á æðardúni eins og þó frumvarpinu ber samkvæmt lögum um opinberar eftirlitsreglur.

Það er því miður svo að þótt hæstv. ráðherra segi ætíð að hann beri hag bænda fyrir brjósti er sú ekki raunin, alls ekki — ég sé það eftir að hafa fylgst mjög náið með störfum hans á síðustu tveimur árum. Skemmst er að minnast þess að Framsóknarflokkurinn hefur komið mjög illa fram við bændur, t.d. tók hann upp á því núna að hækka rafmagnsverð ... (Gripið fram í.) Þetta eru staðreyndir, hæstv. ráðherra, því miður. (Gripið fram í.) Þetta eru staðreyndir og fólk finnur fyrir því víða á landsbyggðinni að kostnaður til húshitunar með rafmagni eykst. Það er náttúrlega sorglegt. (**Landbrh.:** Þetta er spurning um ...) Við erum að ræða um þetta. Síðan er annað sem snertir — vegna þess að hæstv. ráðherra virðist kippa sér upp við þessa umræðu sem snýst þó bara um staðreyndir um verk Framsóknarflokksins — æðarbændur beint, verk Framsóknarflokksins, og það er að ríkið hefur skert framlög til refaveiða og minkaveiða til að halda þessum vargi í skefjum.

Síðan má einnig nefna — sem eru líka staðreyndir — að hæstv. ráðherra brást illa við þegar verið var að ræða um útræðisrétt strandjarða sem kemur æðarbændum mjög við. Það er enn eitt sorgardæmið um það hve mjög Framsóknarflokkurinn hefur villst af leið.

Að lokum spyr ég hæstv. ráðherra þeirrar einföldu spurningar hvort farið hafi verið að lögum um opinberar eftirlitsreglur.

[15:05]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svo sem ekkert við því að gera þótt hv. þm. Sigurjón Þórðarson verði sér nánast til skammar upp á hvern einasta dag með málflutningi sínum, persónulegum svívirðingum um einstaklinga og flokka. Ég tek það ekki einu sinni nærri mér. Ég hef hlustað á þennan mann upp á nánast hvern einasta dag, þennan hv. þingmann, og undrast málflutning hans. Ég hélt kannski að JC ætlaði að taka hann í læri í félagsvísindum.

Ég get fullvissað hv. þingmann um að hér er farið að lögum því að í lögum um eftirlitsreglur er ekki kveðið á um staði þar sem eftirlit er þegar til staðar eins og í þessu tilfelli. Hér hefur eftirlit verið í áratugi með þessum hætti og þess vegna er ekki verið að breyta til og það getur verið áfram með sama hætti og verið hefur. Það er alveg skýrt og var vel yfir það farið í nefndinni.

Ég get ósköp vel skilið að hv. þingmaður sem virðist lítið þekkja til landbúnaðarins tali eins og hann gerir í flestum málum. Þó kemur hann úr þessu stóra landbúnaðarhéraði, hv. þingmaður, þar sem hann ætti auðveldlega að geta hitt bændur á bæði þessu sviði og öðrum og farið yfir málefni þeirra. Ég ætla ekki að elta ólar við ræður hans hér sem mér finnst (**Gripið fram í:** Var þetta ekki andsvar?) á margan hátt ekki svara verðar.

[15:07]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afar sérstætt að vera sakaður af hæstv. ráðherra, sem ég ber virðingu fyrir, ýmist um persónulegar svívirðingar eða dónaskap og síðan þegar maður spyr hvað hann eigi við verður fátt um svör. Ég ætla ekki að gera það að umtalsefni heldur vil ég halda mig við kjarna málsins (Gripið fram í.) sem er hvort farið hafi verið að reglunum. Hann segist fullvissa mig um það. Ég er samt ekki fullvissaður um það þó að hæstv. ráðherra segi það hér. Ef lögin eru lesin kemur þetta fram í 3. gr.: „Þegar stjórnarfrumvarp sem felur í sér ákvæði um eftirlit er lagt fyrir ríkisstjórn skal leggja fram greinargerð um mat skv. 1. mgr.“ — Svo las ég þessa 1. mgr. áðan fyrir hæstv. ráðherra og það verður ekki annað séð en að ég hafi rétt fyrir mér í þessu máli og hæstv. ráðherra alrangt. Mér finnst að það þurfi að skera úr um það, að við séum ekki að deila um það í þessum ræðustól. Mér finnst vera kominn tími á það.

Það er afar sérstætt þegar menn fara að ræða, og jafnvel hæstv. ráðherrar, hvað einhverjir viti og viti ekki um ákveðið málefni. Hvað veit hann um hvað ég veit eða hvað ég veit ekki? Mér finnst það vera mjög sérstakt og í rauninni ekki hæstv. ráðherra til framdráttar að vera að fullyrða svona út í loftið.

[15:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað menn vita, það verður maður auðvitað að leggja mat á en ég er búinn að hlusta á málflutning hv. þingmanns í svo mörgum málum. Hann kemur mjög einkennilega að málum og hefur gert það í hverju málinu á fætur öðru. Það er það mat sem ég legg á og met út frá. Ég efast ekki um að hv. þingmaður sé sérfróður á einhverjum sviðum og viti sínu viti en ég held að hann kjósi að koma hér alltaf upp með dylgjur og svívirðingar um Framsóknarflokkinn og framsóknarmenn og hafi numið það í föðurhúsunum hjá Sverri Hermannssyni, þar séu þær kvöldæfingar sungnar, þeir kvöldsöngvar, og finnst mér hann flytja það æðivel frá læriföðurnum. Ég ætla ekkert að láta það fara í taugarnar á mér.

Ég þakka þessa ágætu umræðu. Ég hef farið yfir það hér og kynnti mér það áður að hér er farið að öllum lögum um eftirlitsreglur. Ég bið þá hv. landbúnaðarnefnd að fara yfir það þegar málið kemur til hennar og skoða það mjög vandlega. Hér hefur hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson lýst því yfir að hann hafi áheyrnarrétt í landbúnaðarnefnd og mun þar auðvitað fylgja því eftir.

Hér er sem sé þessi sérstæða atvinnugrein sem telur hagsmunum sínum mjög mikilvægt að þessum málum verði vörðuð leið með sama hætti og verið hefur í 35 ár þó að við tökum tillit til þeirra ábendinga sem ESA gerði á sínum tíma.

Ég vil svo að lokum þakka málefnalegar umræður og bið hv. landbúnaðarnefnd að fara vel yfir þetta mál.

[15:11]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Það er haldið áfram, herra forseti, að segja að ég sé með svívirðingar og dónaskap í garð framsóknarmanna, Framsóknarflokksins og hæstv. ráðherra. Ég hafna því algerlega. Ég fjallaði bara í stuttu máli um slæm verk Framsóknarflokksins og það var með góðum hug þannig að flokkurinn geti sveigt af rangri braut til réttrar stefnu. Þessi stefna hefur ekki verið til hagsbóta fyrir landsbyggðina eins og sést á því að Framsóknarflokkurinn hefur t.d. gengið fram fyrir skjöldu með að svipta sjávarbændur og þar með æðarbændur útræðisrétti. Þetta er alveg hræðilegt. (Gripið fram í.) Síðan hækkar hann rafmagnsverðið á landsbyggðinni. Er dónaskapur að segja þetta, hæstv. ráðherra? (**Landbrh.:** ... hækka tífalt.) Ég spyr, ég sé ekki að þetta sé dónaskapur. (**Landbrh.:** Kynntu þér málið.) Og síðan eru skorin niður framlög til refa- og minkaveiða. Ég bara minnist á stjórnarathafnir flokksins. Er það dónaskapur? (**Landbrh.:** Farðu rétt með hlutina.) Ég geri það. Ég fer rétt með. Því miður er þetta sorgarsaga og það sést best þegar opinberar tölur eru skoðaðar, þá sést að íbúaþróun hefur verið óhagstæð landsbyggðinni og það sem verra er, þó að hæstv. ráðherra hafi fullyrt eitthvað annað í umræðunni, eru kjör bænda lök. Því miður, og það sést bara á framtalsgögnum úr mínu góða kjördæmi, Norðvesturkjördæminu. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur einfaldlega ekki staðið sig.

[15:13]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Hér er mikið búið að ræða í dag um æðarrækt og æðardúnsbændur og má segja að þetta sé að verða eitt aðalmálefni vetrarins, a.m.k. hjá hv. landbúnaðarnefnd. Til upplýsingar má geta þess að á árinu 2001 voru flutt út 3.044 kg af fullhreinsuðum æðardún og var heildarútflutningsverðmæti þessa magns 187,6 millj. kr. Á árinu 2002 var magnið 2,9 tonn og útflutningsverðið 197 millj. kr. Árið 2003 var magnið 2,2 tonn og útflutningsverðið 139 millj. Á síðasta ári voru flutt út 2.160 kg og var útflutningsverðið tæpar 160 millj. kr. Á árinu 2004 var útflutningsverðmæti æðardúns í kringum 73 þús. kr. kg. Þetta eru þær opinberu tölur sem eru gefnar upp.

Það fer ekkert á milli mála að aðalmarkmið þessa frumvarps er að æðardúnn verði ekki fluttur út óhreinsaður. Um það snýst málið. Það hefur komið fram í umræðum í hv. landbúnaðarnefnd hvað það skiptir miklu máli að það sé gott mat á dúninum þegar hann fer úr landi og að ávallt sé hægt að stimpla þessa vöru sem íslenska hágæðavöru. Löggilding dúnmatsmanna hefur verið frá árinu 1970 og það er ekki verið að breyta því, það er verið að tryggja að svo verði áfram.

Verðið á dúninum var í fyrra 73 þús. kr. kg og það sorglega í þessu er, eins og fram hefur komið fyrr í dag, að virðisaukinn sem er upp í hálf til ein millj. kr. skuli ekki verða hér á Íslandi. Auðvitað er það áhyggjuefni okkar allra að það skuli ekki vera þannig. Við sjáum t.d. hvernig það hefur farið með ullariðnaðinn. Hann er á brauðfótum hjá okkur og þetta er nokkuð sem við höfum áhyggjur af og það er vegna þess að vinnukostnaðurinn er svo hár hér á landi að iðnaðurinn ræður ekki við hann, ræður ekki við að keppa við Eystrasaltslöndin, Kína eða Indland. Þetta sjá öll ríki í kringum okkur, þessa útvistun á verkefnum. Við þessu þurfum við að bregðast og reyna að finna tækifærin sem þó felast í þessu á móti. Það hljóta alltaf að vera einhver tækifæri líka.

Landbúnaðarnefnd mun fara mjög vel yfir þessi mál. Margir verða kallaðir til og erindið sent mörgum aðilum til umsagnar. Auðvitað eru margir hliðar á hverju máli og allir þurfa að fá að koma sinni skoðun að á þessum málum. Líklegast stunda um 400 bændur æðarrækt í landinu en fimm stærstu aðilarnir sem eru í útflutningi eru Íslenskur æðardúnn og Zófonías Þorvaldsson, Læk í Dýrafirði, XCO heildverslun og Jónas Helgason frá Æðey, Jón Sveinsson iðnrekandi, Himinn sf., þ.e. Hilmar Kristinsson og Þórunn Hilmarsdóttir, Skarði, Skarðsströnd, Jóhann Steinsson heildsali, Pétur Guðmundsson Ófeigsfriði og Friðgeir Snæbjörnsson frá Stað Reykjanesi. Þetta eru stærstu aðilarnir og að sjálfsögðu munu þeir fá að koma að athugasemdum við þetta frumvarp. Eins munum við leita til annarra sem við þekkjum til og nefndarmenn vilja að fái að láta álit sitt í ljósi. Bændasamtökin verða kölluð til o.fl. og ég sé fram á mjög skemmtilegar umræður í landbúnaðarnefnd. Ég held

að það sé mjög mikilvægt að við reynum að finna sátt í málinu þannig að við eyðum þeirri tortryggni sem er í garð þessa máls og landbúnaðarnefnd mun örugglega vinna þetta vel eins og hún hefur ávallt gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. SF o.fl., 177. mál (þingseta ráðherra). — Þskj. 177.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ÞBack og ÖJ, 229. mál (tannlækningar barna og ellilífeyrisþega). — Þskj. 235.

[15:19]

Flm. (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Frumvarpið er stutt. Þetta er breyting á 37. gr. laga um almannatryggingar og hljóðar 1. gr. þess svo:

„1. gr. 37. gr. laganna orðist svo:

Fyrir almenna tannlæknaþjónustu greiðir Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt samningum, sbr. 39. gr. Takist ekki samningar skv. 39. gr. er ráðherra heimilt að setja gjaldskrá. Gjaldskráin gildir bæði um tannlækningar sem starfræktar eru á vegum hins opinbera og annarra. Greiðslur sjúkratrygginga skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna, 20 ára og yngri., 100% kostnaðar.

2. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 100% kostnaðar.

3. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta ekki tekjutryggingar, 75% kostnaðar. Fyrir gullfyllingar, krónur, brýr og tannplanta gilda sérstakar reglur sem ráðherra setur. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega í allt að 100% eftir reglum sem ráðherra setur.“

2. gr. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Hæstv. forseti. Í greinargerðinni kemur fram að í frumvarpinu sé gerð sú breyting á 1. mgr. 37. gr. laga um almannatryggingar að felld er niður tilvísun í tannréttingar. Í stað þess er vísað til almennra tannlækninga, en það hugtak skýrir sig að nokkru leyti sjálft. Hér er um að ræða forvarnir, almennar viðgerðir og tannréttingar aðrar en þær sem gerðar eru með föstum tækjum en um slíkar tannréttingar, svo og gullfyllingar, krónu- og brúargerð, gilda reglur sem vísað er til í 33. gr. almannatryggingalaga og eiga aðallega við um börn og unglinga.

Í frumvarpinu er lagt til Tryggingastofnun ríkisins greiði fyrir almennar tannlækningar barna og ungmenna 20 ára og yngri, svo og fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Kveðið verði á um form reikninga fyrir tannlæknaþjónustu í samningum við tannlækna eða gjaldskrá.

Hæstv. forseti. Frumvarp þetta var lagt fram á hv. Alþingi 25. október sl. og var unnið með tilliti til þess að ljóst hefur verið um nokkurt skeið að breytinga hefur verið þörf á þessum lið almannatrygginga. Nýverið flutti hæstv. heilbrigðisráðherra frumvarp á Alþingi sem lýtur að sömu grein laganna og í því frumvarpi, sem nú liggur hjá hv. heilbrigðisnefnd til afgreiðslu, er gert ráð fyrir að reglur um greiðsluskiptingu og þátttöku almannatrygginga verði settar í reglugerð. Í því frumvarpi sem hér er lagt fram og ég mæli fyrir er farin sama leið og er í núverandi lögum að segja nákvæmlega til um hvernig endurgreiðsla kostnaðar skuli vera.

Þó að frumvarpið sé búið að liggja nokkurn tíma á þinginu án þess að komast á dagskrá, samanber að þingskjalsnúmerið er það lágt eða 235 og hefur fylgt afgreiðslu á þingskjölum, er lítið við því að segja þó að mælt hafi verið fyrir frumvarpi hæstv. ráðherra með litlum fyrirvara og það liggi nú hjá heilbrigðis- og trygginganefnd. Þessi tvö frumvörp munu því að öllum líkindum fara út samhliða til umsagnar og er það von mín og ósk að litið verði á þau samhliða við afgreiðslu í heilbrigðis- og trygginganefnd og tekið tillit til þeirra umsagna sem fram koma. Vissulega er gert ráð fyrir því í stjórnarfrumvarpinu að kynnt sé í reglugerð þátttaka Tryggingastofnunar í kostnaði við tannlækningar og vissulega eru þar tillögur sem eru til bóta frá núverandi fyrirkomulagi og því ber að fagna. Ég tel að ganga þurfi lengra en þar er kynnt og ekki síður að gæta þess í framtíðinni að gjaldskrá tannlækna fylgi verðlagi svo að endurgreiðsluhlutfall almannatrygginga, sjúkratrygginga, sé í réttu hlutfalli við raunverulegan kostnað sem þeir einstaklingar verða fyrir sem eiga rétt á endurgreiðslu en sé ekki hlutfall af ákveðinni gjaldskrá sem er eins langt fjarri raunveruleikanum og er í dag. Það er ósk mín og von að hægt verði að ganga til samninga við tannlækna um gjaldskrá og að gengið verði þannig frá henni að hún hækki með eðlilegum hætti og fylgi verðlagi. Þess má geta að föst gjaldskrá hækkaði um 4% fyrir áramótin en það er ekki nærri nóg til þess að núverandi gjaldskrá ráðherra lýsi raunverulegri gjaldskrá tannlækna.

Við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum áður lagt fram frumvörp um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar en frá því að fyrri frumvörp voru lögð fram hefur greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins aukist og er það vissulega mikilvægt eins og ég sagði áðan.

Á 130. löggjafarþingi lögðu flutningsmenn þessa frumvarps fram tillögu til þingsályktunar um tannvernd barna og unglinga. Í henni var lagt til að tannvernd barna og unglinga til 18 ára aldurs yrði efld og sérstök tannvernd ákveðinna aldurshópa yrði hluti ungbarnaverndar og skólaheilsugæslu. Einnig var lagt var til í þeirri þingsályktunartillögu að greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almennar tannlækningar barna og unglinga að 18 ára aldri

yrði 90%.

Þingsályktunartillögunni var vísað til umfjöllunar í heilbrigðis- og tryggingaefnd. Umsagnir um tillöguna voru í heild mjög jákvæðar. Í þeim kom fram að nauðsyn væri talin á að bæta tannheilbrigðiskerfið og auka greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins en hins vegar þótti sú skipan sem tillagan gerði ráð fyrir nokkuð flókin í framkvæmd. Með hliðsjón af þeirri athugasemd er hér lögð til einfaldari útfærsla og að Tryggingastofnun ríkisins greiði að fullu almennar tannlækningar fyrir 20 ára og yngri.

Það er ekki að ástæðulausu sem talin er þörf á því að bæta mjög þjónustu til að auka tannheilbrigði barna og unglinga. Árið 1986 voru skemmdar, tapaðar eða viðgerðar tennur hjá 12 ára börnum að meðaltali 6,6, þeim fækkaði í 3,4 tennur árið 1991 og voru komnar niður í 1,5 árið 1996 þegar síðasta könnun á tíðni tannskemmda meðal barna og unglinga var gerð. Helstu ástæður þessa árangurs eru taldar vera bætt efnahagsleg staða fólks, góð tannlæknaþjónusta, notkun flúortannkrems, flúormeðferð, bætt munnhirða og hugarfarsbreyting almennings í tannheilsumálum.

Árið 1986 var hlutfall 12 ára barna án tannskemmda 3,6% en árið 1996, 10 árum síðar, hafði þetta hlutfall hækkað í 47,5. Af þessum sökum hafa margir talið að tannheilbrigði barna og unglinga færi stöðugt batnandi en að mati margra tannlækna hefur ástandið breyst til hins verra á undanförnum árum, bæði hvað varðar tannskemmdir og glerungseyðingu. Ástæður þessa eru óljósar en dregið hefur úr markvissum forvarnaaðgerðum heilbrigðisyfirvalda auk þess sem það er staðreynd að greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í tannvernd og tannviðgerðum barna og unglinga hefur ekki fylgt verðlagsþróun eins og ég gat um áðan.

Þetta kom m.a. fram á málþingi um tannheilsu barna sem haldið var á Grand Hótel í Reykjavík 27. mars 2004. Því er nauðsynlegt að fá hið fyrsta niðurstöður úr nýrri könnun á sömu þáttum og endurtaka slíkar kannanir með reglubundnum hætti svo bregðast megi við breytingum á almennu heilsufari á þessu sviði. Það er ánægjulegt til þess að vitað að nú stendur könnun fyrir dyrum á munnheilsu Íslendinga sem Munnís mun standa fyrir og verður áhugavert að sjá niðurstöður þeirrar könnunar og vonandi að slíkar kannanir verði áfram reglubundnar og ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

Það er ekki bara að huga þurfi að börnum og unglingum heldur þarf einnig að huga að öldruðum hvað varðar endurgreiðslu og tannheilbrigði. Í nýrri skýrslu eru birtar niðurstöður fjórða áfanga könnunar á breytingum á tannheilsu Íslendinga 1985–2000 en hann nær til landsmanna 65 ára og eldri. Að gerð skýrslunnar stóðu Guðjón Axelsson, Tannlækningastofnun Háskóla Íslands, og Sigrún Helgadóttir. Þær umfangsmiklu upplýsingar sem aflað hefur verið um tannheilsu Íslendinga undirstrika mikilvægi þess að slíkum rannsóknum verði haldið áfram með reglulegu millibili í framtíðinni. Nauðsynlegt er að meta reglulega árangur af starfinu sem unnið er á þessu sviði heilsugæslu og greina í tíma breytingar sem verða á tannheilsu landsmanna þannig að bregðast megi við þeim. Í skýrslunni kemur fram að hlutfall þeirra sem eru tannlausir fer stöðugt lækkandi. Af þeim sem svöruðu voru 54,6% tannlausir í báðum gómum eða 17.599 manns og hafði fækkað um 22,4 prósentustig frá 1985.

Mjög sterk tengsl voru á milli tannleysis og aldurs, kynferðis, menntunar, tíma frá síðustu tannlæknisheimsókn og tíðni tannlæknisheimsókna. Einnig komu fram nokkuð sterk tengsl milli búsetu og tannleysis. Í könnuninni kom einnig fram að marktækur kynbundinn munur var á tannleysi, það er algengara meðal kvenna en karla.

Íslensk heilbrigðisáætlun til ársins 2010 tekur mið af markmiðum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og Alþjóðasamtaka tannlækna. Í þeirri áætlun kemur fram að mikilvægustu verkefni næstu ára hvað aldraða varðar er að vinna að því að fullorðnir hafi a.m.k. 20 tennur í biti, draga úr tannleysi aldraðra og tryggja aðgengi allra þjóðfélagshópa að tannlækningum. Enn fremur verði að koma betra skipulagi á til þess að fylgjast með tannheilsu þjóðarinnar.

Tannheilsa aldraðra hefur batnað og fólk er betur meðvitað um tannheilsu og útlit. Betra aðgengi að tannheilbrigðisþjónustu og bættur fjárhagur fjölmargra aldraðra hefur haft afgerandi áhrif. Ný vandamál í munnholi koma upp með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar og í staðinn fyrir tannskemmdir er tanneyðing orðin töluvert vandamál. Sjúkdómar í tannholdi fylgja hækkandi aldri og breyttum lífsstíl.

Tanndráttur og falskar tennur var viðurkennd meðferð við lélegri tannheilsu fram á seinni hluta síðustu aldar en ætti að heyra fortíðinni til þegar hægt er að byggja upp bit með öðrum hætti. Tannlæknisfræðin þróast hratt með nýrri tækni og efnum svo möguleikar skapast til að stuðla að betra tann- og tannholdsheilbrigði, betra biti og minna tannleysi. Í dag vilja flestir halda sínum tönnum og bæta tannleysi með öðrum ráðum en að láta rífa tennur fyrir heilgóma. Það er því miður of algeng lausn, þar sem hún er í mörgum tilfellum ódýrust fyrir aldraða einstaklinga.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja að miðað við stöðu mála þurfi verulegt átak til að koma tann- og munnholsheilsu ungmenna í betra horf. Greiðsluþátttaka Tryggingastofnunar ríkisins vegur þyngst ef veita á börnum og unglingum tannheilbrigðisþjónustu óháð efnahag foreldra. Í könnun á hlutfalli barna sem ekki skila sér í eftirlit til tannlækna á Íslandi og birt var í 1. tbl. Tannlæknablaðsins 2002 kom fram að fjöldi barna sem engrar tannlækningaþjónustu nýtur hefur aukist. Í rannsókninni var ekki hægt að greina hvaða hópur barna það er sem ekki skilar sér en talið líklegt að þau börn sem tilheyra þeim hópi þjóðfélagsins sem illa er staddur bæði fjárhagslega og félagslega tilheyri einnig þessum hópi. Tannheilbrigðisþjónusta aldraðra og öryrkja fellur undir það sama, faglegt mat á viðhaldi bits og tanna á ekki að vera háð efnahag hvers og eins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að draga úr tannlæknakostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við tannlækningar en þess eru mörg dæmi að efnalítið fullorðið fólk og öryrkjar hafi ekki getað leitað sér lækninga af fjárhagsástæðum. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til yrði dregið verulega úr jaðaráhrifum innan almannatryggingakerfisins á elli- og örorkulífeyrisþega.

Greiðsluhlutdeild hins opinbera í tannlæknakostnaði hefur tekið miklum breytingum á undanförnum áratugum. Árið 1974 hófust greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins til

tannlækna. Á áttunda og níunda áratugnum var kostnaðarhlutdeild Tryggingastofnunar í útgjöldum heimilanna aukin jafnt og þétt á meðan samningur tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins var í gildi en eftir það hefur kostnaðarhlutdeild barna, aldraðra og öryrkja verið aukin. Hún hefur verið að breytast ár frá ári en í heildina stöndum við svo í dag að dregið hefur úr greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins eða sjúkratryggingasjóðs. Því er athyglisvert að skoða kostnaðarskiptingu Tryggingastofnunar og sjúklinga og breytingar á henni á liðnum árum. Þar kemur fram að þegar dregið var úr stuðningi hins opinbera á árunum 1992–93 jókst greiðslubyrði heimilanna að sama skapi eða úr 62% af heildarútgjöldum í 75%, samanber skýrslu Hagsýslu ríkisins, Tannlækningar, skipulag og stjórnsýsla, sem gefin var út í júlí 1997. Árið 1996 var kostnaðarhlutdeild ríkisins 856 millj. kr., þar af 620,8 millj. kr. vegna þessara þátta, tannlækninganna, en útgjöld heimilanna voru 2.412 millj. kr. Ljóst er að þessar breytingar höfðu það jafnframt í för með sér að samanlögð útgjöld heimila og ríkisins vegna tannlæknaþjónustu drógust saman. Þar sem hvorki var um það að ræða að verð á tannlækningum hefði lækkað né að tannheilsan hefði batnað má draga þá ályktun að þessar breytingar hafi haft það í för með sér að fólk veigri sér við því að leita lækninga eða fyrirbyggjandi ráðstafana, enda staðhæfir fólk að svo sé, samkvæmt skýrslu landlæknis sem vísað var til að framan. Forsenda þess að draga úr útgjöldum heimilanna vegna tannlæknaþjónustu sjúkratryggðra er að í gildi sé gjaldskrársamningur tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins vegna sjúkratryggðra og greiðsluþátttaka hins opinbera verði aukin.

Til að halda útgjöldum við tannlækningar niðri er því mikilvægt að halda uppi stöðugri fræðslu, efla tannheilsugæslu og virkja þátt ábyrgðatannlækna svo nokkur dæmi séu nefnd. Það er mikilvægt að sátt náist um opinbera stefnu í tannheilbrigðisþjónustu svo áherslan beinist að þeim hópum sem mest þurfa á því að halda. Komið hefur fram það sjónarmið að breyta megi áherslum og forvörnum í tannheilsuvernd barna og unglinga og leggja meiri áherslu á ákveðna áhættuhópa, en draga jafnframt úr forvarnaaðgerðum meðal barna og unglinga sem hafa góða tannhirðu og heilbrigðar tennur.

Þetta tel ég að megi skoða með tilliti til þess að innan tannlæknastéttarinnar er hægt með góðu og markvissu eftirliti að beina eftirliti og öllum aðgerðum enn frekar að þeim sem meira þurfa á því að halda en forsenda þess er sú að vel sé haldið utan um alla einstaklinga og sérstaklega börn og unglinga fram að 20 ára aldri þannig að hægt sé að kalla hvern og einn inn til skoðunar og til viðgerða og að tilmælum læknis sé fylgt eftir svo kostnaðurinn dragi ekki úr því að foreldrar sendi börn sín til tannlæknis.

Hæstv. forseti. Fyrr í vetur var töluverð umræða og skrif í blöðum um tannheilbrigði og tannheilsu eldri borgara. Það er von því að tækninni fleygir mjög fram hvað varðar möguleika á að bæta tannheilsuna og bit með öðrum aðferðum en að rífa úr tennur og setja heilgóma. Hægt er með aðgerðum að koma fyrir föstum pinnum og festa tennur, festa parta og setja á krónur sem í dag er ekki greitt fyrir en vitaskuld vilja aldraðir hafa bæði fallegt útlit og gott bit og það er líka forsenda fyrir góðri almennri heilsu og meltingu að geta á þessu fyrsta stigi meltingarinnar tuggið matinn vel. Því er mikilvægt að eldri borgurum sé vísað á þá möguleika sem nú eru til staðar en ekki síður að kostnaðurinn sé ekki eins óheyrilegur og hann er í dag fyrir marga. Ekki er óalgengt að ein föst tönn komin upp í munn sé á bilinu 200–300 þús. kr. Þessu hef ég heyrt fleygt án þess að hafa nokkra gjaldskrá fyrir framan mig en þetta eru þær tölur sem ég heyri frá þeim einstaklingum sem hafa fengið setta upp fasta tönn.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem hefur verið dreift og kynnt og er komið til heilbrigðisnefndar er, eins og ég les þetta, gert ráð fyrir að hámarksendurgreiðsla á slíkum viðgerðum verði 80 þús. kr. og geti farið niður í 40 þús. kr. hjá ákveðnum hópum þannig að þarna ber enn mikið í milli. Ég tel mikilvægt að skoða þetta í samhengi, þ.e. verðskrá tannlækna og endurgreiðslur og hvernig eigi að hvetja fólk, börn og fullorðna, til að hirða tennur sínar þannig að það þurfi síður að koma til þess að missa tennurnar á fullorðinsárum.

Hæstv. forseti. Ég ætla að láta tölu minni lokið og vonast til að frumvarpið verði sent út til umsagnar ásamt því frumvarpi sem nýlega er búið að vísa til heilbrigðisnefndar og að það verði afgreitt í vor.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálafyrirtæki, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 197. mál (stofnfjáraukning í sparisjóði). — Þskj. 197.

[15:46]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi sem við flytjum níu þingmenn Samfylkingarinnar. Það lýtur að endurbótum á fyrirkomulagi, ekki vil ég segja eignarhalds, öllu heldur ábyrgðarmanna eða stofnfjáreigenda í sparisjóðum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að fyrir réttu ári greip Alþingi inn í löggjöf um sparisjóðina þegar fréttir af því bárust að til stæði hjá tilteknum sparisjóði að brjóta upp sparisjóðaformið eins og við höfum þekkt það um langt árabil og færa það beint og óbeint inn í hið hefðbundna viðskiptabankakerfi. Það var vilji þingsins þá, og ég hygg að hann sé óbreyttur, að sparisjóðafyrirkomulagið eigi vel heima í íslensku fjármálaumhverfi í þessu stóra en fámenna landi sem við byggjum, enda hafa þeir sannað gildi sitt margir hverjir svo um munar.

Í þeirri orðræðu sem þá átti sér stað í febrúar 2004 voru fjöldamargir þættir þessara mála ræddir og reifaðir. Einn var sá er lýtur að því frumvarpi sem ég nú mæli fyrir. Í efnahags- og viðskiptanefnd sem ég sat í þegar þessi fyrrgreindu mál voru þar til umfjöllunar og afgreiðslu var komið mjög inn á þau efnisatriði sem er að finna í því frumvarpi sem hér er til umræðu. Einnig flutti ég breytingartillögu við þá afgreiðslu máls. Ég lagði til að í samþykktum sparisjóða verði kveðið á um rétt viðskiptavina sparisjóðanna til að taka þátt í útboði á nýju stofnfé. Sú tillaga var að vísu felld

af meiri hluta alþingismanna. Það er rétt að halda því til haga að varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar og talsmaður ríkisstjórnarflokkanna í því máli, því formaður efnahags- og viðskiptanefndar hv. þm. Pétur Blöndal var á ská og skjön við afstöðu stórs meiri hluta Alþingis í þessu efni, gaf til kynna í atkvæðaskýringu að efnahags- og viðskiptanefnd mundi sérstaklega skoða í framtíðinni þennan þátt. Þessi þáttur lýtur að, ég vil segja, umráðahaldi yfir sparisjóðunum sem er að sumu leyti dálítið ólíkt því sem gerist og gengur almennt í atvinnulífinu og er eðlisólíkt því fyrirkomulagi hlutafjár og hlutafjáreignar sem við þekkjum kannski best þar sem hlutabréf eru á markaði og ganga kaupum og sölum.

Rétt er að fara aðeins yfir sögu þessara mála. Þegar sparisjóðirnir stigu sín fyrstu skref voru til kallaðir svokallaðir ábyrgðarmenn sem ábyrgðust að hluta til skuldbindingar sparisjóðanna með því að leggja til eða skuldbinda sig til að vera í ábyrgð fyrir tilteknu fé. Það voru yfirleitt mjög litlar upphæðir sem viðkomandi lögðu fram ef einhverjar. Þeir voru engu að síður í ábyrgðum og komu að stjórn mála hjá viðkomandi sparisjóði, samþykktum, kusu stjórnarmenn, skipuðu þá og stjórnir síðan æðstu yfirmenn viðkomandi sparisjóða. Í tímans rás breyttist þetta hugtak ábyrgðarmenn yfir í stofnfjáreigendur og þá var vísað til stofnfjár sparisjóðanna. Enn og aftur voru þessar upphæðir afskaplega litlar og í engu samræmi við eigið fé sparisjóðanna enda liggur það fyrir sem ég mun gera nánar grein fyrir á eftir að stofnfé allra stærstu sparisjóðanna í landinu eru í engu samræmi við eigið fé þeirra og yfirleitt „nómínalt".

Síðan gerðist það rétt um eða eftir aldamótin að hæstv. viðskiptaráðherra lagði hér fram lögfræðiálit þar sem því var haldið fram að það stangaðist á við stjórnarskrá að leggja hömlur á meðferð og viðskipti með þessa stofnfjárhluta. Ég vil láta það koma fram, frú forseti, að ég hef miklar efasemdir um þetta lögfræðiálit og tel að fara þurfi yfir það mál aftur, ekki síst í ljósi þess aðdraganda sem ég gat um fyrr í ræðu minni, að eigendur þessa stofnfjárhluta, áður fyrr ábyrgðarmenn, voru ekki í raun og sanni að kaupa sér verðmæti sem þeir gerðu ráð fyrir eða nokkur reiknaði með að yrðu endurgreidd með vöxtum og vaxtavöxtum og fylgdu markaðsvirði viðkomandi stofnunar. Þeir voru með öðrum orðum ekki eigendur sparisjóðanna eins og við þekkjum. En þetta lögfræðiálit setti Alþingi hins vegar dálitlar skorður á nýrri öld. Menn þorðu ekki að ganga gegn því og töldu að allar hömlur á viðskipti með þessa stofnfjárhluti gætu hugsanlega gengið á svig við stjórnarskrá. Ég ætlaði svo sem ekki í þessu frumvarpi að takast á við það álitamál sérstaklega en reyna hins vegar að draga úr áhrifum þess því að nú er málum svo komið að það er enginn raunverulegur munur á meðferð stofnfjárhluta og venjulegra hlutabréfa. Nýjasta dæmið, glænýtt dæmið í þá veru, er að finna í einum stærsta sparisjóðnum ef ekki þeim stærsta, Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, sem núna rétt um áramótin tók um það ákvörðun að auka stofnfé sjóðsins og að sú stofnfjáraukning eigi að skila nálægt 1,3 milljörðum kr. í nýtt eigið fé inn í sparisjóðinn. Hvernig var síðan farið að því og hvernig er hugsunin hjá þessum stærsta sparisjóði landsins að gera þetta? Það er gert ráð fyrir því að þeim stofnfjáreigendum í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis sem fyrir eru verði gefinn kostur á því að kaupa tvo hluti fyrir hvern einn sem þeir eiga nú þegar. Með öðrum orðum þá á þetta enn að halda áfram í þessari fjölskyldu stofnfjáreigenda.

Þar með er auðvitað ekki öll sagan sögð því að einnig liggur fyrir samþykkt í þá veru að þeir stofnfjáreigendur sem til staðar eru í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis sem miðað við tölfræði árið 2000, í október 2000 — í fylgiskjali með þessu frumvarpi er að finna yfirlit yfir fjölda stofnfjáreigenda, stöðu sparisjóðanna almennt eins og hún var, eins og ég segi, í október árið 2000. Þar kemur fram að 908 stofnfjáreigendur eru að Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Það hefur vafalaust breyst mjög verulega á síðustu fjórum, fimm árum. Hvað sem því líður þá var það einnig ákveðið á stofnfjáreigendafundi í SPRON að þessir stofnfjáreigendur ættu þess kost með öðrum orðum að kaupa tvo hluti fyrir hvern einn sem þeir eiga og á ákveðnu föstu verði. Framreiknað verði nafnverð hvers stofnfjárhluta sem seldur verður nálægt 44 þús. kr. Þeir stofnfjáreigendur sem fyrir eru geta með öðrum orðum keypt hvern hlut á 44 þúsund en, frú forseti, markaðsvirði þessara hluta er sjöfalt hærra.

Það kemur einnig fram í fréttum að á þessum sama fundi var upplýst um verðmæti þessara hluta. Við skulum segja að viðkomandi eigi 20 hluta stofnfjár í SPRON að uppreiknuðu nafnvirði, í kringum 700 þús. kr. Það selst núna í opnum eða lokuðum viðskiptum upp á 5,6 millj. kr. Það er með öðrum orðum áttföldun á verði stofnfjárbréfanna. Maður veltir fyrir sér hvort réttlátt sé og eðlilegt að þröngur valinn, handvalinn að miklu leyti, hópur einstaklinga sem á einhverju stigi máls á einhverjum tímapunkti var kallaður til með tiltölulega litla upphæð njóti þess að löggjafinn, að aðgerðir löggjafans eða aðgerðaleysi löggjafans eftir efnum og ástæðum geri það að verkum að menn hafi raunverulega fengið happdrættisvinning.

Ég hef hér staldrað kannski fyrst og síðast við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis sem er kannski ekkert mjög réttlátt því það er þó þannig að í þeim sparisjóði voru stofnfjáreigendurnir langflestir að tölu til, rétt í kringum þúsund. Til eru aðrir mjög stórir sparisjóðir, einn í mínum heimabæ, þar sem fjöldi stofnfjáreigenda er 45. Ég segi og skrifa 45. Þar er stofnfé aðeins 5,1 millj. kr. Það eru með öðrum orðum mjög lágar fjárhæðir sem hver stofnfjáreigandi hefur innt af hendi til þess að gerast stofnfjáreigandi, enda langflestir áður ábyrgðarmenn og um fjölgun er að ræða innan frá. Það eru fundir stofnfjáreigenda raunverulega sem samþykkja nýja félaga í klúbbinn. En eigið fé í þessum öfluga sparisjóði er — og nú segi ég enn og aftur í október árið 2000 — 1.782 millj. kr. Nú hefur það auðvitað hækkað verulega. Ég get ímyndað mér að það hafi a.m.k. tvöfaldast þannig að stofnfjáreigendur sem hafa greitt í formi óbeins hlutafjár upp á 5 millj. kr. eru nú handhafar fjár upp á 3 milljarða kr., 48 talsins. Maður getur rétt ímyndað sér það, ef aftur er vísað til þessarar hliðstæðu við SPRON, hvaða fjárhæðir er í raun um að tefla ef sama nálgun yrði viðhöfð í þessum sparisjóði og í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, ef þessir hlutir yrðu settir á markað. Við værum raunverulega að tala um tugi milljóna kr. sem væru í höndum hvers einstaklings í þessum viðkomandi sparisjóði. Ég hef

staldrað hérna við tvo sparisjóði sérstaklega og gæti farið víðar yfir sögu. Ég gæti farið suður með sjó þar sem er að finna einnig öflugan sparisjóð. Ég gæti farið í Sparisjóð vélstjóra þar sem í þeim tveimur sparisjóðum eru um 500 stofnfjáreigendur. Allt ber þetta að sama brunni og maður getur ekki látið hjá líða að líkja þessu eilítið saman við kvótakerfið okkar „góða" þar sem ákvörðun á hinu háa Alþingi á sínum tíma býr til andlag verðmæta sem í sumum tilfellum — í sumum tilfellum, undirstrika ég — viðkomandi hafði ekki unnið fyrir og vegna þess að á tilteknu tímabili í sögu sjávarútvegs á Íslandi var einhver tiltekinn hópur manna sem átti skip og báta og var við veiðar. Við þekkjum hvað hefur gerst í kjölfarið þar sem þessi grundvallarverðmæti þjóðarinnar hafa gengið kaupum og sölum og sumir hafa orðið vellauðugir af því að versla með þessi grundvallargildi.

Það er af þessum ástæðum að ég legg til að Alþingi Íslendinga mæti þessu óréttlæti á þann hátt að sparisjóðunum verði gert, þegar þeir grípa til þess ráðs sem ég hygg að þeir muni margir gera í vaxandi mæli samanber ákvörðun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis vegna þess að stofnfé langflestra þeirra er mjög lágt, samanborið við eigið fé, að auglýsa það og gera öllum viðskiptamönnum sparisjóðsins á ákvörðunardegi um stofnfjárréttindi kleift að verða stofnfjáreigandi og allir sitji við sama borð í þeim efnum. Þannig yrði ekki áfram lyft undir þá sem einhverra hluta vegna voru dregnir út á sínum tíma eða handvaldir af ótilgreindum aðilum heldur verði öllum viðskiptamönnum gefinn kostur á að koma þar að sama borði með viðunandi verði og á sömu kjörum. Það var aldrei tilgangur löggjafans, hvorki með aðgerðum hans né aðgerðaleysi, að búa til andleg verðmæti svo hundruðum milljóna, ég vil segja milljörðum skipti, og færa í aðra hönd ábyrgðarmönnum, sem lögðu lítið til þótt þeir legðu til ábyrgð sína, milljónir eða tugmilljónir króna.

Ég vænti þess, frú forseti, að málið sé þannig vaxið að hv. þingmenn skynji og skilji að svona geti þetta ekki verið og að taka þurfi á þessu máli. Ég geng þó ekki lengra í frumvarpstexta en að tala um að öllum viðskiptamönnum skuli boðin þátttaka í stofnfjáraukningunni að hluta. Það ætti auðvitað að vera að öllu leyti en ég vænti þess að efnahags- og viðskiptanefnd, sem ég vona að taki málið til umfjöllunar, kalli eftir athugasemdum og afgreiði fljótt og vel, skoði það og gaumgæfi. Ég geri það ekki að neinu úrslitaatriði.

Kjarni málsins er ákveðin afskræming á almennum venjubundnum réttlátum viðskiptaháttum eins og við þekkjum þá. Ég er ekki að ráðast að einum eða neinum í því samhengi. Sumir þessara sparisjóða eru börn síns tíma og hafa af einhverjum ástæðum ekki náð að þróast eðlilega. Á hinn bóginn er því ekki að leyna að sumir sparisjóðsmenn — einn þeirra er hér í þessum sal að öllu jöfnu, hv. þm. Pétur Blöndal — hafa ekkert dregið úr því hver tilgangurinn er. Hv. þm. Pétur H. Blöndal var til skamms tíma, til síðustu áramóta, stjórnarformaður í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Hann segir berum orðum í viðtali við viðskiptablað Morgunblaðsins, þar les ég, með leyfi forseta:

„Pétur sagði verkefninu sem lagt var upp með nú lokið, þ.e. að nú gætu stofnfjáreigendur, sem það vildu, selt stofnfé sitt á viðunandi verði."

Það er á áttföldu, tíföldu, tuttuguföldu, þrjátíuföldu upphaflegu verði, raunvirði, því ég reikna vísitölu þar inn í. Ég les þá áfram:

„Upplýsti hann á fundinum að sjálfur hefði hann selt stofnbréf sín í SPRON."

Sennilega hefur það ferðalag skilað honum einhverju. Ég er geri ekki athugasemdir við að menn reyni að hámarka hagnað sinn, það er auðvitað eðli hvers manns. Hins vegar er það lágmarkskrafa að minni hyggju að Alþingi bregðist við og geri skipan mála hjá sparisjóðnum þannig úr garði að hún verði gagnsæ og þannig að viðskiptamenn njóti ávallt bestu kjara og sökum sérstöðunnar sem sparisjóðirnir búa við eigi þeir möguleika á að gerast ábyrgðarmenn eða stofnfjáraðilar, með beinum hætti kjósi þeir svo.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:05]

Útbýting:

Alþjóðaumhverfissjóðurinn, 683. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 1041.

Íslenska friðargæslan, 684. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 1042.

Samþætting kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi, 685. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 1043.

Skaðabótalög, 681. mál, frv. allshn., þskj. 1037.

Stjórn fiskveiða, 362. mál, þskj. 1038.

Úrvinnslugjald, 686. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1044.

Útgjöld til jafnréttismála, 682. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 1040.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 387. mál, þskj. 1039.

Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, fyrri umr.

Þáltill. SJS, 230. mál. — Þskj. 236.

[16:06]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála. Hér er um að ræða endurflutta þingsályktunartillögu sem ég hef nokkrum sinnum flutt áður en Alþingi aldrei séð sér fært að afgreiða hana, enda stórt, flókið og viðamikið mál á ferð. Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort færa skuli undir eitt ráðuneyti málefni lífeyrissjóða og lífeyrissparnaðar, almannatrygginga, félagslegrar framfærslu og vinnumarkaðsmála, a.m.k. það sem lýtur að atvinnuleysisbótum og málefnum atvinnulausra. Sérstaklega verði hugað að kostum þess og göllum að gera slíka breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins með hliðsjón af þörfum fyrir samræmingu á þessu sviði."

Einu sinni sem oftar hefur orðið nokkur umræða um þörfina á endurskoðun verkaskiptingar innan Stjórnarráðsins. Því þótti mér rétt að flytja þessa litlu tillögu eina ferðina enn og leggja hana í púkkið þannig að þau sjónarmið

sem hún stendur fyrir fengju að fljóta með ef Alþingi skyldi taka á sig rögg og afgreiða einhverja leiðsögn handa framkvæmdarvaldinu í þessum efnum. Það er vitanlega á hendi framkvæmdarvaldsins að hlutast til um þetta í einstökum atriðum og verkaskipting innan Stjórnarráðsins byggir á reglugerð sem forsætisráðherra setur í grunninn en að sjálfsögðu getur Alþingi haft á því þær skoðanir sem það vill og komið vilja sínum fram með lagabreytingum, tilmælum eða fyrirmælum til stjórnvalda, t.d. ef mönnum sýndist skynsamlegt að huga að þeim kosti sem hér er lagður til.

Nefna má aðrar hugmyndir sem hafa að undanförnu verið á kreiki um breytingu á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þannig hefur Samfylkingin verið með hugmyndir og gott ef ekki þingmál um atvinnuvegaráðuneyti, að sameina þau ráðuneyti sem fara með málefni atvinnuveganna í eitt, að sameina sjávarútvegs-, landbúnaðar- og jafnvel iðnaðarráðuneyti. Eins bar það til tíðinda á landsþingi framsóknarmanna að þar var gerð ályktun um fækkun ráðuneyta, gott ef ekki allt að helmings fækkun ráðuneyta. Sú fækkun átti þó, vel að merkja, ekki að koma til framkvæmda fyrr en á næsta kjörtímabili. Glöggir menn hafa þóst sjá í því einhverja skýrustu vísbendingu sem enn hefur komið fram um að Framsóknarflokkurinn reikni ekki með því að verða í ríkisstjórn á næsta kjörtímabili. Á þeim bæ hefur ekki farið sérstaklega mikið fyrir áhuga á að fækka ráðuneytum meðan þau eru unnvörpum skipuð framsóknarmönnum. Hins vegar hefur Framsókn mikinn hug á því að fækka ráðuneytunum á næsta kjörtímabili hvað sem lesa má út úr því.

Auðvitað mætti nefna fleiri hugmyndir um breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Sá sem hér talar er ekki endilega þeirrar skoðunar að það sé rauðhæft eða æskilegt markmið að stefna á stórfellda fækkun. Verkefnin sem unnin eru í ráðuneytunum í dag hverfa ekki þótt þau séu sameinuð. Ráðuneytin stækka einfaldlega og verða meira bákn og það þarf t.d. alls ekki að vera heppilegt. Ég held að flestir séu þeirrar skoðunar að heilbrigðisráðuneytið sé meira en nógu stórt eins og það er. Í greinargerð með þingsályktunartillögu minni um að færa almannatryggingaþáttinn frá heilbrigðisráðuneytinu eru færð tvíþætt sjálfstæð rök. Annars vegar er heilbrigðisráðuneytið mjög stórt og fyrirferðarmikið og tekur til sín geysilega stóran hluta allra opinberra fjárveitinga. Það munaði verulega um það ef almannatryggingaþátturinn væri annars staðar. Síðan má færa fyrir því ýmis rök, fagleg rök, að það sé ekki endilega heppilegt að sama ráðuneyti og fer með heilbrigðismál og rekstur hins opinbera á því sviði, mótar stefnuna og rekur opinberar heilbrigðisstofnanir, fari jafnframt með tryggingaþáttinn. Það er þá í gegnum tryggingakerfið að greiða sjálfu sér.

Kannski eru veigamestu rökin fyrir því að stokka þessi mál upp að samræma samspil lífeyristrygginga, almannatrygginga og stuðning við atvinnulausa, framfærslu sveitarfélaga, framfærslustuðning sveitarfélaga o.s.frv. Samspil allra þessara þátta hvers við annan og tekjutenging bótaliða bæði innan og utan skattkerfisins er geysilega flókið og margþætt. Þetta er í hnotskurn það sem markar t.d. stöðu og lífskjör eftirlaunafólks, þ.e. hvernig kerfin eru látin spila saman. Lífeyristryggingarnar, greiðslur til þeirra sem hafa hafið töku lífeyris úr lífeyrissjóðum annars vegar, sá grunnur sem almannatryggingakerfið býr mönnum hins vegar og svo tekjutenging bótaliða, skerðingarmörk, lífskjör tugþúsunda eftirlaunamanna á Íslandi á komandi árum og áratugum koma fyrst og fremst til með að ráðast af þessu samspili.

Þess vegna er ekki lítið í húfi, að þarna sé um skilvirka stjórnsýslu að ræða og þessir þættir samræmdir. Það stendur mönnum fyrir þrifum að málaflokkurinn er í dag dreifður á þrjú, fjögur ráðuneyti. Þetta er að hluta til málefni fjármálaráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins, félagsmálaráðuneytisins og jafnvel fleiri aðila.

Hvað kemur þá til greina að gera? Jú, í greinargerð er vikið að því að sá möguleiki hljóti að koma til skoðunar að stofna einfaldlega tryggingamálaráðuneyti; ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála. Að sumu leyti mætti kalla það einhvers konar innanríkisráðuneyti. Hinn kosturinn væri að sameina þennan málaflokk og færa hann undir eitt af starfandi ráðuneytunum sem væntanlega væri heppilegast að yrði félagsmálaráðuneytið en ekki heilbrigðisráðuneytið af þeim rökum sem ég hef áður nefnt, að það er nú þegar nógu fyrirferðarmikið og ekki að öllu leyti heppilegt að hafa almannatryggingar þar.

Málaflokkurinn færi tæplega undir fjármálaráðuneytið, að hluta til með sömu rökum. Ætli menn hafi ekki nóg að sýsla þar á bæ og ekki endilega heppilegt að fjármálaráðuneyti sé fagráðuneyti fyrir málaflokk af þessu tagi, eins og það er að hluta til í dag þar sem lífeyristryggingar og málefni lífeyrissjóða heyra þar undir. Þá stendur eftir félagsmálaráðuneytið sem væri að mörgu leyti prýðilega sett til að taka við þessu verkefni. Það má líka nefna, ef ætlunin er að færa yfir til sveitarfélaganna viðameiri þætti á sviði velferðarþjónustu á komandi árum, að það er ekki óeðlilegt að félagsmálaráðuneytið taki jafnframt til sín stærri hluta þeirra mála. Það mundi gerast ef lífeyristryggingar og almannatryggingar færðust þangað og sameinuðust þeim málefnum sem fyrir eru hjá félagsmálaráðuneytinu, þ.e. málefnum vinnumarkaðarins, stuðningi við atvinnulausa og framfærslumálefnum sem heyra til sveitarfélaganna.

Þetta er efni þessarar litlu tillögu, frú forseti. Ég held ég þurfi ekki að eyða meiri tíma í að mæla fyrir henni. Hún er tiltölulega einföld og skýrir sig sjálf. Satt best að segja er það nokkurt undrunarefni að svo hafi vafist fyrir Alþingi að afgreiða einfalt og lítið mál af þessu tagi. Ég á erfitt með að sjá að menn geti haft svo mikið á móti því að tillaga af þessu tagi sé samþykkt. Hún felur einfaldlega í sér könnun á þessum möguleika, könnun á þessum kosti. Því er alls ekki slegið föstu fyrir fram að þetta eigi að gera og það af síður hvernig. Ég held að það séu býsna veigamikil rök fyrir því að fara yfir þetta, að málið sé skoðað og þetta kannað. Það hefur margoft komið fram á fundum og ráðstefnum þar sem ég hef tekið þátt í umræðum um þessi mál á umliðnum árum, mér liggur við að segja áratugum, hve bagalegt væri að hafa þessa margskiptingu málaflokksins í Stjórnarráðinu eins og er í dag. Það stendur mönnum fyrir þrifum og háir þeim í að móta eina heildstæða, samræmda stefnu.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umr. Þá er vandinn að vita hvaða nefnd væri best að því komin að skoða þetta. Að mörgu

leyti væri eðlilegt að allsherjarnefnd tæki það til skoðunar en það gæti auðvitað líka farið til félagsmálanefndar með vísan til þess að mögulega yrði málið vistað hjá sveitarfélögunum. Ég hygg að best sé að vísa málinu til þeirrar nefndar sem hefur fengið það til umfjöllunar á undanförnum þingum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ, fyrri umr.

Þáltill. JBjarn og KolH, 238. mál. — Þskj. 248.

[16:17]

Flm. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég flyt hér tillögu til þingsályktunar um stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ. Flutningsmaður auk mín er hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja viðræður við bæjarstjórn Mosfellsbæjar um stofnun framhaldsskóla í sveitarfélaginu með það að markmiði að skólinn taki til starfa haustið 2006.“

Með tillögugerðinni fylgir svohljóðandi greinargerð:

Á síðustu árum hefur fjöldi framhaldsskólanemenda á höfuðborgarsvæðinu aukist mjög líkt og víðast hvar annars staðar á landinu. Á árunum 2000–2003 fjölgaði nemendum í framhaldsskólum á Íslandi úr 20.332 í 21.901 eða um rúm 7,7% samkvæmt hagtölum frá Hagstofu Íslands. Fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu að Reykjavík undanskilinni var rétt 11,8% á sama tímabili eða úr 4.593 í 5.135 nemendur. Þessi aukna sókn í menntun er mikið fagnaðarefni en hún leggur stjórnvöldum jafnframt skyldur á herðar í uppbyggingu framhaldsskóla. Skemmst er að minnast þess hve tæpt stóð að allir nýir umsækjendur fengju inni í framhaldsskóla á nýliðnu hausti.

Mosfellsbær er tiltölulega ungt en vaxandi bæjarfélag með hátt í 6.700 íbúa og hlutfall ungs fólks í þeim hópi er hátt. Nú eru þar um 100 manns í hverjum árgangi á framhaldsskólaaldri og margir stærri árgangar á grunnskólaaldri. Engum blöðum er um það að fletta að Mosfellsbær er langstærsta sveitarfélag landsins sem ekki hefur eigin framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að íbúafjöldinn nái 8.000 á næstu fimm árum og verði um 10.000 árið 2012.

Án efa er það nálægðin við Reykjavík sem mestu veldur um það að Mosfellsbær hefur setið eftir í uppbyggingu framhaldsskólakerfisins á undanförnum áratugum. Mosfellsbær fer með um 12% af áætluðum kostnaði við Borgarholtsskóla sem er sá framhaldsskóli í Reykjavík sem er næstur sveitarfélaginu. Almenningssamgöngur milli Mosfellsbæjar og Borgarholts eru hins vegar ekki nógu góðar til að gera Borgarholtsskóla að ákjósanlegum kosti fyrir framhaldsskólanema í Mosfellsbæ, umfram aðra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Það gefur augaleið að sú staðreynd ýtir undir einkabílanotkun þeirra sem þaðan þurfa að sækja framhaldsskóla til nágrannasveitarfélaganna og eykur umferð um Vesturlandsveg á álagstímum og er hann þá engan veginn greiðfær að morgni dags þegar skólar eru að hefjast. Það er svo kapítuli út af fyrir sig hversu mjög er brýnt að bæta samgöngur og umferð í gegnum Mosfellsbæ.

Jafnframt er Borgarholtsskóli, sem var þegar með um 1.000 nemendur skólaárið 2002– 2003, að mörgu leyti sérskóli þótt þar séu almennar bóknámsbrautir í boði. Borgarholtsskóli státar til dæmis af fjölmenntabraut, félagsþjónustubraut, námsbrautum í margmiðlunarhönnun, bílgreinum, málmiðnum og verslunarþjónustu auk þess að sjá um nám fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum Reykjavíkur. Þetta fjölbreytta námsframboð á tvímælalaust sinn þátt í mikilli aðsókn að skólanum og hefur að öllum líkindum laðað marga til framhaldsnáms sem ella hefðu ekki fundið nám við sitt hæfi.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur nú um nokkurt skeið haft hug á að taka upp viðræður við ríkisvaldið um stofnun framhaldsskóla í bænum eins og fulltrúar hennar greindu frá á fundi með fjárlaganefnd haustið 2002 og aftur 2003. Gert er ráð fyrir framhaldsskóla á aðalskipulagi bæjarins og slíkur skóli mundi vafalaust styrkja innviði sveitarfélagsins verulega.

Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk frá bæjarstjóra Mosfellsbæjar í morgun er sveitarfélagið reiðubúið að úthluta landi undir framhaldsskóla. Hefur m.a. verið rætt um svæði í Blikastaðalandi sem næst mörkum við Reykjavíkurborg þannig að hægt væri að bjóða nemendum af nærliggjandi svæðum Reykjavíkur skólavist ef út í það væri farið.

Blómlegt félags- og tómstundastarf byggist jafnan upp í kringum starf einstakra framhaldsskóla sem gefa hverju byggðarlagi um sig tækifæri til að styrkja sérstöðu sína með samstarfi við skólana. Framhaldsskóli í Mosfellsbæ gæti því hæglega þjónað fleirum en heimamönnum ef þar byggðist upp sérhæft nám að einhverju leyti, t.d. á sviði heilsueflingar og ferðaþjónustu sem nú þegar standa sterkum fótum í bæjarfélaginu. Má þar nefna starfsemina á Reykjalundi sem er stóröflug starfsemi og starfar á landsvísu og allar vonir standa til að muni styrkjast og eflast ef eitthvað er. Enn fremur yrði hentugt fyrir íbúa í Grundarhverfi, á Kjalarnesi, á Álfsnesi, í Kjós og nýju hverfi við Úlfarsfell að sækja slíkan skóla vegna nálægðarinnar.

Allt þetta þarf að hafa í huga, en eins og staðan er nú eru þessar byggðir mjög illa settar hvað varðar framhaldsskóla. Það er langt til Reykjavíkur og ekki skipulagðar almenningssamgöngur með þeim hætti að hægt sé að nýta þær á viðhlítandi hátt til að sækja skóla. Einnig er óeðlilegt að nemendur frá Kjalarnesi, Mosfellsbæ og nærliggjandi byggðum fari í heimavistarskóla þegar þeir búa svo nálægt hinum mestu skólahverfum landsins á suðvesturhorninu.

Ef við lítum á mikilvægi skólanna og horfum til þess hver staðan er, þá er t.d. mikið brottfall úr framhaldsskólum á Íslandi sem er mikið áhyggjuefni. Tölur sýna að nálega helmingur fólks á framhaldsskólaaldri lýkur ekki því skólastigi á eðlilegum tíma þrátt fyrir að það hefji þá nám. Eitt af því sem taka verður á til að sporna gegn brottfalli er að unglingum bjóðist sem víðast samfellt nám í heimabyggð a.m.k. til 18 ára aldurs, eða út framhaldsskólatímann eins og hér er gert ráð fyrir.

Við flutningsmenn þingsályktunartillögunnar, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir og sá sem hér stendur, teljum einboðið að Alþingi feli menntamálaráðherra að hefjast nú

þegar handa um uppbyggingu framhaldsskóla í svo stóru og vaxandi sveitarfélagi sem Mosfellsbær er með það að markmiði að sá skóli taki til starfa eigi síðar en innan tveggja ára.

Frú forseti. Framhaldsskólinn er á ábyrgð ríkisins og frumkvæðið að byggingu skóla ætti að koma þaðan. Engu að síður er líka ástæða til þess að hvetja heimamenn, sem ég veit að hafa óskað eftir viðræðum um byggingu framhaldsskóla við ríkið, til að ýta á eftir því máli. Þingsályktunartillagan er flutt til að hvetja til þess að menntamálaráðherra hefji nú þegar viðræður við bæjarstjórn Mosfellsbæjar um stofnun framhaldsskóla í því sveitarfélagi.

Það ætti ekki að þurfa að rekja mikilvægi skóla í hverju samfélagi fyrir sig. Til að byggja upp samfélag sem myndar eina einingu er lykilatriði að þar séu skólar hluti af samfélaginu. Það er mjög mikilvægt að skólaganga ungs fólks á aldrinum 16–19 sé sem aðgengilegust, að það geti sótt nám með eðlilegum hætti heiman frá sér og að skólinn sé hluti af hinu almenna og daglega lífi og samfélagi viðkomandi íbúa. Ég tel að þetta sé eitt brýnasta mál fyrir samfélagið í Mosfellsbæ að koma á framhaldsskóla sem allra, allra fyrst í byggðarlaginu. Það treystir samfélagið. Það skapar einingu og eina heild. Samfélag sem ekki hefur skóla a.m.k. út sjálfræðisaldurinn til 18–19 ára er ekki fullkomið samfélag. Þess vegna legg ég þunga áherslu á þetta mál.

Ég ber menntamál ungs fólks mjög fyrir brjósti og að það geti sótt nám heiman að frá sér sem allra lengst. Það ætti að vera markmið. Eitt fyrsta þingmálið sem ég flutti eftir að ég kom á þing var um stofnun framhaldsskóla á Grundarfirði fyrir Snæfellsnes. Um það tókst öflug samstaða á þingi þannig að sl. haust tók til starfa þar framhaldsskóli sem fer í gang nú af miklu meiri krafti en bjartsýnustu aðilar þorðu að vona og hefur gjörbreytt þar viðhorfi, aðstæðum og möguleikum fólks til þess að búa þar með sínu unga fólki á eðlilegan hátt.

Ég bar líka fram fyrirspurn um stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð fyrir einum þremur árum. Nú hefur sá gleðilegi atburður gerst að fyrir þinginu liggur þingsályktunartillaga um stofnun framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð. Það er því ljóst að Alþingi er að sýna þessum málum aukinn skilning og er að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að ungt fólk geti sótt sem lengst nám í heimabyggð, að samfélagið geti styrkst með því að hafa framhaldsskóla innan vébanda sinna. Fyrir vaxandi bæjarfélag eins og Mosfellsbæ sem ríður á að mynda sterka samfélagslega einingu einmitt til að byggja sig þannig upp er að mínu viti og okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar grænsframboðs eitt mikilvægasta málið fyrir íbúa Mosfellsbæjar að þar komi framhaldsskóli. Ríkisvaldið á ekki að vera að heykjast á því að ganga nú þegar til viðræðna um að þetta mál, stofnun framhaldsskóla, geti orðið að raunveruleika og skólinn taki til starfa ekki seinna en haustið 2006.

Frú forseti. Ég tel að ég hafi flutt svo sterk rök fyrir málinu að öllum á þingi ætti að vera ljóst hversu brýnt málið er. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því að málinu verði vísað til hv. menntamálanefndar og treysti því að hún afgreiði málið bæði fljótt og vel aftur inn til þingsins þannig að samþykkt verði þingsályktunartillaga fyrir þinglok og hægt verði á grundvelli hennar að hefja undirbúning að stofnun framhaldsskóla fyrir Mosfellsbæ eins og hér er lagt til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 239. mál (vistvæn veiðarfæri). — Þskj. 250.

[16:31]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Flutningsmenn þessa frumvarps eru auk mín Össur Skarphéðinsson, Jón Gunnarsson, Kristján L. Möller, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Mörður Árnason. Þetta eru fulltrúar Samfylkingarinnar í sjávarútvegsnefnd og umhverfisnefnd þingsins.

1. gr. frumvarpsins er svohljóðandi:

„Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Við úthlutun veiðiheimilda og stjórn veiða skal á hverjum tíma taka mið af bestu þekkingu sem til er um afrakstursgetu veiðistofna, áhrif veiða á einstökum tegundum á viðkomu annarra tegunda og á vistkerfi hafsins í heild og mismunandi áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsins og viðkomu fiskstofna. Jafnframt skal við úthlutun veiðiheimilda og stjórn veiða taka mið af þjóðhagslegri hagkvæmni af nýtingu einstakra veiðistofna.“

2. gr.:

„Á eftir 5. mgr. 10. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið í samræmi við markmið laganna skv. 1. gr. ákveðið að afli sem veiddur er með tilteknum veiðarfærum, úr tilteknum fiskstofnum eða á tilteknum veiðisvæðum skuli reiknaður með álagi allt að 10% þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni.“

3. gr. er svohljóðandi:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Lífríki hafsins og fiskstofnarnir sem þar þrífast eru mesta auðsuppspretta Íslendinga. Nýting þessara auðlinda í sem mestri sátt við lífríkið með mesta þjóðhagslegan ávinning að leiðarljósi ætti að vera hafin yfir deilur í landinu. Er ákvæði 1. gr. laganna sniðið að þessu en þar segir m.a. að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

Íslensk stjórnvöld hafa undanfarin ár rekið þá stefnu að úthluta skuli veiðirétti til útgerða eingöngu á grundvelli aflahlutdeildar. Ekkert tillit er tekið til mismunandi áhrifa veiðiaðferða á viðkomandi nytjastofna og á lífríki hafsins að öðru leyti. Því síður er við úthlutun á veiðirétti tekið mið af þjóðhagslegri hagkvæmni við nýtingu stofna.

Þessi stefna stjórnvalda stríðir í eðli sínu gegn framangreindu markmiði 1. gr. laganna þar sem kveðið er á um verndun og hagkvæma nýtingu. Öllum ætti að vera ljóst að það er mögulegt að gera betur að þessu leyti. Þrátt fyrir

framangreinda galla taldi sjávarútvegsráðherra sérstaka ástæðu til að árétta ríkjandi stefnu stjórnvalda á síðasta aðalfundi Landssambands smábátaeigenda en þar kom fram í máli hans að ekki stæði til að mismuna útgerðaraðilum eftir veiðiaðferðum hér við land. Má ætla að þessi yfirlýsing ráðherra hafi verið sett fram til að sefa ótta áhrifamanna í sjávarútvegi við að þeir gætu misst spón úr aski sínum við slíkar breytingar.

Var út af fyrir sig athyglisvert að hæstv. ráðherra skyldi leggja þennan krók á leið sína til að koma þessari yfirlýsingu á framfæri, en hann hefur talið ástæðu til þess af einhverjum ástæðum.

Með frumvarpinu vilja flutningsmenn leita atbeina Alþingis til að beina stjórnvöldum inn á skynsamlegri brautir við úthlutun fiskveiðiheimilda og stjórn veiða. Eðlilegt hlýtur að teljast að þeim sé umbunað sem veiða með vistvænum veiðarfærum, ganga vel um fiskimiðin og hafa minnst óæskileg áhrif á nytjastofnana og vistkerfi hafsins. Til að fylgja slíkri stefnu fram til fulls þurfa að fara fram margvíslegar rannsóknir á áhrifum veiðarfæra og umgengni við lífríki hafsins á nytjastofna sem og þjóðhagsleg áhrif mismunandi nýtingar og veiðiaðferða. Mikið vantar á að slíkar rannsóknir hafi verið gerðar. Fjármunir til rannsókna á áhrifum veiðarfæra og áhrifum mismunandi nýtingar einstakra stofna hafa verið skornir við nögl og möguleikar Hafrannsóknastofnunarinnar til að takast á við verkefni af þessu tagi hafa engan veginn verið nýttir eins og skyldi. Ástæður þessa háskalega sinnuleysis stjórnvalda við að afla slíkra upplýsinga verður að skoða í ljósi þeirrar stefnu sem þau hafa fylgt.

Þó að mikið vanti á að nægilegar rannsóknir hafi verið gerðar sem nýst gætu til að meta hvernig unnt sé að ná fram bestri nýtingu fiskstofna eru engu að síður til upplýsingar sem unnt er að styðjast við til bráðabirgða þegar áhrif veiðarfæra og mismunandi nýtingaraðferða eru metnar. Má ætla að unnt sé að byggja úthlutun veiðiheimilda og stjórnun veiða á þeim grundvelli að nokkru á meðan frekari rannsóknir eru gerðar. Við slíka ákvarðanatöku verður þó ávallt að leggja áherslu á að nytjastofnarnir og vistkerfi hafsins fái að njóta vafans þar sem slíkur vafi er á annað borð uppi.

Það er eðli stjórnunaraðferða af því tagi sem hér um ræðir að vera í sífelldri þróun, einkum vegna breytileika í lífkerfinu, þróunar veiðarfæra og breytinga sem orðið geta á hagkvæmni nýtingar einstakra stofna vegna verðþróunar á mörkuðum. Flutningsmenn leggja áherslu á að varlega verði farið við upptöku þessara stjórnunaraðferða þó að markvisst skuli stefnt að því að eðlilegri mismunun milli veiðarfæra á grundvelli bestu þekkingar á hverjum tíma verði komið á.

Við sem flytjum þetta frumvarp teljum að fyrir löngu sé kominn tími til þess að beina stjórn fiskveiða í farveg eins og þennan. Það er auðvitað fullkomlega ljóst öllum sem hafa fylgst með sjávarútvegi að það er hægt að beina veiðum í þær áttir sem menn kjósa ef viljinn er fyrir hendi til að stjórna því að auka veiðar með einhverri tiltekinni veiðiaðferð eða minnka veiðar á einhverju tilteknu veiðisvæði.

Auðvitað er hægt að gera það en til þess þurfa að vera rök. Rökin sem við færum hér fram fyrir því hvernig eigi að standa að þessum málum eru þau sem ég taldi hér upp áðan, fyrst og fremst þjóðhagsleg hagkvæmni og það að láta lífríkið njóta vafans ef einhver er. Við gerum okkur öll t.d. grein fyrir því að það er gríðarlegur munur á áhrifum á lífríkið eftir því hvort menn veiða með botnlægum veiðarfærum dregnum eða hvort menn veiða með línu, krók eða í gildrur. Það er auðvelt að sjá fyrir sér að það sé rétt að gera mismun á milli þess hvernig þessum veiðiaðferðum er beitt og að gefa þeim sem ganga best um lífríkið einhvern bónus fyrir það, og hinum þá einhvern mínus á móti. Þetta ætti að vera eðlilegur hluti af því að stjórna veiðum við Ísland.

Í gegnum tíðina hafa forsvarsmenn sjávarútvegsins í landinu risið öndverðir gegn slíkum hugmyndum þegar svona aðferðir hafa verið nefndar. Það má segja að þær ívilnanir sem hafa verið notaðar hafi ekki heldur byggst á því sem hér er lagt til að menn leggi til grundvallar. Línuívilnun er auðvitað ívilnun af svipuðu tagi og hér er lagt til. Hún er ekki hluti af kerfi þar sem ívilnunum yrði beitt með það að markmiði að fá sem besta afrakstursgetu úr einstökum stofnum og þjóðhagslega hagkvæmasta nýtingu stofnanna. Það finnst okkur sem þetta frumvarp flytjum vanta og okkur finnst tíminn vera kominn til þess fyrir langalöngu að inn á þessa braut verði farið. Þess vegna er þetta frumvarp flutt.

[16:41]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á að taka undir það með 1. flutningsmanni þessa frumvarps að meginástæðan fyrir því að það er flutt hér er að flutningsmenn vilja vekja athygli á því að það vanti upp á í stjórn fiskveiða að menn velti fyrir sér af alvöru hvort ekki væri rétt að stjórna fiskveiðum að einhverju leyti með veiðarfærastýringu eða annarri stýringu en nú er uppi og eingöngu er notuð.

Í 1. gr. segir að við „úthlutun veiðiheimilda og stjórn veiða skal á hverjum tíma taka mið af bestu þekkingu sem til er um afrakstursgetu veiðistofna". Þessu getur ekki nokkur maður verið ósammála okkur sem flytjum þetta frumvarp, við hljótum að þurfa að miða við þá bestu þekkingu sem við höfum á hverjum tíma um afrakstursgetu veiðistofnanna til að ákvarða með hvaða hætti við ætlum að halda áfram að nýta þá. Það hefur ekki tekist svo björgulega til frá 1983 að byggja upp fiskstofnana við landið með því kvótakerfi sem nú er við lýði og menn hljóta að fara að velta fyrir sér og spyrja spurninga í því sambandi hvernig í ósköpunum standi á því. Hvernig í ósköpunum stendur á því að í yfir 20 ár hefur okkur ekki tekist sem skyldi að byggja upp stofna eins og þorskstofninn og ekki náð að nýta úr honum nema, ja, minna á hverju ári en við gerðum í tugi ára þar á undan? Það sést þegar við lítum á meðalafla áranna þar á undan og jafnvel tuga ára þar á undan. Þrátt fyrir mjög stífa stýringu sem byggir á aflamarkskerfi gengur okkur ekki að byggja stofnana upp. Mér hefur alltaf þótt vanta talsvert á það að við spyrðum okkur gagnrýninna spurninga í því sambandi og segðum: Af hverju gengur þetta svona illa?

Við vitum að það hefur orðið mikil breyting á samsetningu flotans, og hinum heföbundnu vertíðarbátum svokölluðu hefur fækkað talsvert frá því sem áður var. Ég reikna með að togskipum eða stórum togurum eða skipum sem

veiða með botnvörpu eða botnlægum veiðarfærum hafi fjölgað talsvert mikið frá því sem áður var.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að á vertíðum í gamla daga var tekinn góður hluti af ársaflanum af vertíðarbátum sem stunduðu dagróðra út frá ákveðnum svæðum á landinu. Svona gekk það fyrir sig ár eftir ár. Þó að auðvitað kæmu fiskileysisár, eins og kallað var, komu önnur ár fljótlega þar á eftir þar sem mikil fiskgengd var og mikil umfram það sem áður hafði verið. Eftir að kvótakerfinu var komið á og þeirri stýringu sem við notum nú virðist okkur ekki ætla að auðnast að byggja upp stofnana eins og var kannski ein af meginástæðunum fyrir því að menn töldu nauðsynlegt að fara í þetta kvótakerfi.

Í 1. gr. segir líka að skoða þurfi „áhrif veiða á einstökum tegundum á viðkomu annarra tegunda", ekki sé hægt að ákvarða veiði úr einum stofni án þess að taka tillit til hvaða áhrif það hefur á aðra stofna. Það má kannski segja að við höfum á undanförnum árum verið að gera meira af þessu en áður var, en þó kannski ekki nægjanlega því að við heyrum það hjá þeim sem vit telja sig hafa á að menn hafa áhyggjur af loðnuveiðinni þegar við horfum á þorskstofninn og aðra botnlæga stofna, hvort loðnuveiðin gæti verið orðin of mikil. Þar höfum við breytt um veiðarfæri. Í staðinn fyrir að loðnan sé tekin eingöngu í nót eins og áður var taka menn hana nú í flottroll og það þýðir að veiðigeta flotans á loðnu er miklu meiri en hún áður var og menn eru að taka loðnuna allt annars staðar og á allt öðruvísi hátt en áður var gert. Það þýðir að getan til að veiða loðnu hefur aukist verulega og ekki við því að búast að jafnmikið af henni verði eftir í vistkerfinu og áður var, áður en leyft var að veiða hana í flottroll, og hún nýtist þar af leiðandi ekki þessum dýrari stofnum okkar eins og þorskstofninum.

Annað sem við vitum að gerst hefur á þessum tíma og með þessari miklu breytingu á veiðimunstrinu er að veiðislóðir sem áður voru illfærar trollskipum eða togurum eru núna orðnar greiðfærar, getum við sagt, nánast eins og breiðgata í stórborg. Þar sem menn þurftu áður að fara með gát og gátu jafnvel ekki stundað togveiðar eða trollveiðar hefur þeim tekist að jafna botninn, eins og við getum orðað það, með þeim hætti að þar renna menn trollinu yfir nú án þess að hafa nokkrar áhyggjur af festum eða öðru slíku. Þetta veiðarfæri er þó að hafa mikil áhrif á vistkerfið, á botninn og það umhverfi sem fiskurinn hefur verið í. Ég trúi því, og það hljóta allir aðrir að trúa því líka, að slíkar breytingar á umhverfi stofna hljóta að hafa áhrif á viðkomu þeirra, alla vega áhrif á hvar þeir halda sig og hvernig unnt er að veiða þá.

Hér segir einnig að skoða þurfi mismunandi áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsins og viðkomu fiskstofna. Við flutningsmenn þessa frumvarps teljum að það hafi í allt of litlum mæli verið gert. Við hljótum að þurfa að reyna að nýta þessa auðlind okkar í eins mikilli sátt við lífríkið og vistkerfi sjávarins og nokkur möguleiki er á. Það þarf ekkert að vera fiskifræðingur eða vísindamaður á sviði hafvísinda, botnvísinda eða einhvers slíks til að gera sér grein fyrir því að hin mikla umferð stórra fisktrolla eins og nú er orðin á veiðislóð hlýtur að hafa mikil áhrif á hana. Getum við leyft okkur að tala um sjálfbæra nýtingu á fiskstofnum þegar við erum að taka kannski uppistöðuna af því sem við erum að veiða í veiðarfæri sem gjörbreyta vistkerfinu sem fiskurinn lifir í? Mér er það til efs að við getum í raun talað þannig. Það er ekki svo að flutningsmenn þessa frumvarps séu að tala um að nú þurfi að fara að banna troll eða eitthvað slíkt til veiða á þorski, það er langt því frá, heldur viljum við með þessu frumvarpi beina því til þeirra sem með hafa að gera að ástæða sé til þess að horfa til fleiri þátta en gert sé nú og að einn af þeim þáttum sé að stýra fiskveiðum í auknum mæli með tilliti til veiðarfæra, með tilliti til þeirra áhrifa sem veiðarfærin hafa á viðkomandi fiskstofn og með tilliti til þeirra áhrifa sem veiðarfærið hefur á botninn og botnflóru.

Nú fer eingöngu fram 1. umr. um þetta frumvarp og að sjálfsögðu reikna ég með því að það fari til sjávarútvegsnefndar fljótlega til umræðu þannig að hægt sé að senda það út til umsagnar. Það á ekkert að vefjast fyrir sjávarútvegsnefndarmönnum að breyta lögum um stjórn fiskveiða. Þetta yrði þá þrítugasta og fimmta breytingin síðan 1992 ef mér telst rétt til. Við erum vanir því að taka við frumvörpum eða fara í gegnum frumvörp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða svona tvisvar til þrisvar á ári hverju þannig að ég held að það muni ekkert vefjast fyrir okkur nefndarmönnum í sjávarútvegsnefnd að taka þetta frumvarp fyrir og afgreiða það.

Full ástæða er til þess að leggja fram svona frumvarp, vekja spurningar um það hvort við séum á réttri leið og fá hagsmunaaðila í sjávarútvegi til að velta þeim spurningum fyrir sér með okkur flutningsmönnum frumvarpsins og sjávarútvegsnefndarmönnum.

[16:49]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Nú er rædd breyting á lögum um stjórn fiskveiða. Við erum alltaf að líma endalausar skóbætur á þessi blessuðu lög nr. 38 frá árinu 1990. Hér er á ferðinni enn ein skóbótin eða enn ein viðbótin sem gerir þennan lagabálk enn flóknari en orðið er og þykir nú mörgum nóg um.

1. gr. I. kafla laganna, almenn ákvæði, hljóðar svo nú, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Hér vilja menn sem sagt bæta við, með leyfi forseta:

„Við úthlutun veiðiheimilda og stjórn veiða skal á hverjum tíma taka mið af bestu þekkingu sem til er um afrakstursgetu veiðistofna, áhrif veiða á einstökum tegundum á viðkomu annarra tegunda og á vistkerfi hafsins í heild og mismunandi áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsins og viðkomu fiskstofna. Jafnframt skal við úthlutun veiðiheimilda og stjórn veiða taka mið af þjóðhagslegri hagkvæmni af nýtingu einstakra veiðistofna."

Hér verð ég að segja að ekki skortir nú á metnaðinn hjá flutningsmönnum þessa frumvarps því hér er í raun og veru, finnst mér alla vega, verið að ganga út frá því að við búum yfir vitneskju almættisins um veiðistofna, áhrif veiða

og annað þess háttar. Ég fæ ekki betur séð, virðulegi forseti, þegar ég les greinargerðina með þessu frumvarpi eða réttara sagt þegar ég les 2. gr. þar sem talað er um að það eigi að setja álag allt að 10% á tiltekin veiðarfæri sem einnig er mjög illa skilgreint hér, að mér þykir — þ.e. þegar ég les greinargerðina fæ ég ekki betur séð en að flutningsmenn frumvarpsins mæti á vissan hátt sjálfum sér í dyrunum því þeir viðurkenna það hreinlega berum orðum að við búum yfir afskaplega lítilli vitneskju um þá hluti sem við í raun ætlum okkur að taka á með þessu frumvarpi. Þeir tala til að mynda um að við búum yfir mjög lítilli vitneskju um veiðarfæri og að rannsóknum þar hafi hvergi verið nægilega vel sinnt fram til þessa. Samt sem áður koma þeir með þetta frumvarp þar sem ætlunin er einmitt að fara að stunda þessa veiðarfærastýringu.

Mér hefði nú þótt nær að menn hefðu fyrst gert gangskör í því að taka á þessum málum, þ.e. útvega okkur betri þekkingu um veiðarfæri, um vistkerfi hafsins og þar fram eftir götunum áður en við færum að setja svona lög, þannig að við vissum meira um hvað við værum að fara að gera.

Það er að sjálfsögðu alveg hárrétt að það er okkur Íslendingum til háborinnar skammar hversu lítið við höfum sinnt almennilegum grundvallarhafrannsóknum og veiðarfærarannsóknum marga undanfarna áratugi. Veiðarfærarannsóknir hafa nánast legið hér niðri, nánast segi ég, ekki alveg en nánast um margra ára skeið og orðið okkur til stórtjóns. Enginn vafi leikur því.

Ég lýsi mig andvígan þessu frumvarpi, ekki vegna þess að ég sé andvígur því að við eigum að stunda veiðarfærastýringu. Hins vegar tel ég að frumvarpið sé í eðli sínu slíkt að það sé ekkert annað en framhald á þeim vitleysisgangi sem kvótakerfið er í eðli sínu. Eins og hv. þm. Jón Gunnarsson benti hér á réttilega áðan þá hafa ótal breytingar verið gerðar á lögum um stjórn fiskveiða frá því að þau voru sett árið 1990. Það er alltaf verið að gera breytingar. Margar á hverju ári. Þetta frumvarp er í raun bara framhald á þeirri vitleysu sem mér finnst að sé löngu kominn tími til að stöðva.

Lokaorð hv. þm. Jóns Gunnarssonar fengu mig reyndar til að efast um hvort þetta frumvarp væri sett fram í fullri alvöru, þ.e. til að breyta þessum lögum því mér heyrðist svona á honum, alla vega svona á tóninum, að hann væri öðrum þræði að meina að menn væru að leggja þetta frumvarp fram til að skapa umræðu, til að fá menn til að hugsa sinn gang og velta hlutunum fyrir sér, bæði okkur stjórnmálamönnum og hagsmunaaðilum í sjávarútvegi. Það er í sjálfu sér ekki nema gott eitt um það að segja. Ég tel að eitt af því sem Alþingis getur gert til að sýna aðhald sé einmitt að hvetja til þess að fram fari málefnaleg og upplýst umræða um þjóðfélagsmál á hverjum tíma. Ég vona svo sannarlega að við séum að gera það með störfum okkar á þingi. En þá hefði kannski frekar átt að leggja þetta mál fram sem þingsályktunartillögu en ekki sem frumvarp.

Það er alveg rétt að hægt er að ræða vel og lengi um sjávarútvegsmál, stjórn fiskveiða og annað þess háttar. Við erum svo sem að gera það oft og títt í þessum sal. Veiðarfærastýring, já, það er alveg rétt að sum veiðarfæri eru vistvænni en önnur. Það er líka alveg rétt að dregin veiðarfæri eins og t.d. troll geta valdið tjóni. Þungir toghlerar geta líka valdið tjóni. Það er enginn vafi á því. Þetta höfum við vitað í marga áratugi. (Gripið fram í.) Við höfum vitað þetta í marga áratugi. Hins vegar er það líka þannig að þessi veiðarfæri — ég sagði að þau geti valdið tjóni en þau þurfa ekki að valda tjóni. Það fer að sjálfsögðu eftir botngerð og lífríki á botninum á hverjum tíma hversu mikið umhverfistjón verður þegar þessi veiðarfæri eru notuð. Þar skiptir líka máli spurning um þekkingu. Hvar henta þessi veiðarfæri og hvar henta þau ekki? Við hvaða aðstæður getum við leyft okkur að nota þau og við hvaða aðstæður er síðan vafasamt að nota þau?

Ef við ætlum að fara út í veiðarfærastýringu með þessum hætti þá tel ég ekki rétt að beita svona álagi, 10% álagi, og segja svo: „Allt í lagi, þið megið nota þessi veiðarfæri. En þið verðið þá bara að sætta ykkur við að það verður dregið af ykkur 10% meira af kvótanum heldur en ef þið notuðuð eitthvað annað.“ Svo færu menn að draga þessi veiðarfæri undir þessum skilyrðum, 10% álagi, á svæðum sem væru viðkvæm fyrir togveiðum, til að mynda á kóralsvæðum. Skaðinn væri skeður. Það getur vel verið að fiskiríið á svona slóðum væri það gott að það réttlætti bæði veiðarfæratap og líka 10% álag á kvótann, menn mundu samt láta sig hafa það að fara á þessi svæði og eyðileggja lífríkið.

Ég hygg að það væri miklu vænlegri leið að beita svæðatakmörkunum á ákveðnar veiðarfæragerðir, að ákveðnum svæðum væri hreinlega lokað t.d. fyrir togveiðum. Ef menn eru að hugsa um botndýralíf og botngerð þá væri miklu gáfulegra að loka slíkum svæðum alfarið fyrir dregnum veiðarfærum en leyfa mönnum þó áfram að nota kyrrstæð veiðarfæri. Frændur okkar Norðmenn hafa gert þetta, t.d. á kóralsvæðunum við Noreg mörg undanfarin ár. Þeir hafa lokað þeim hreinlega fyrir dregnum veiðarfærum, þ.e. botnvörpu, en leyfa áfram notkun á kyrrstæðum veiðarfærum og þá einkum og sér í lagi línu sem veldur litlum eða engum skaða á lífríki botnsins.

Færeyingar hafa beitt svipuðum aðgerðum. Þeir banna allar togveiðar fyrir innan 12 mílur, ganga bara hreinlega til verks. Ég tel að mörgu leyti að það sé einnig til fyrirmyndar. Það virðist ganga mjög vel hjá þeim. Ég heyri og sé ekki annað þegar ég lít til Færeyja en að sátt ríki um það og að þar séu allir á því að þetta hafi verið mjög skynsamleg ákvörðun á sínum tíma. Togveiðar eru einungis leyfðar í ákveðnum fyrir fram skilgreindum hólfum og annars staðar ekki fyrir utan 12 mílurnar. Ég fæ ekki betur séð en að það sé líka sátt um þetta.

Svo við tölum áfram um Færeyinga þá er þar líka mjög útbreitt að menn noti í staðinn fyrir einn togara sem togar og þarf því á toghlerum að halda til að halda skveringu — þ.e. til þess að trollið haldist opið á meðan það er í drætti — þá er töluvert algengt þar að menn noti tvö skip til að toga eitt troll í staðinn fyrir eitt. Þar með losna þeir við að nota toghlera. Það dregur að sjálfsögðu úr áníðslu á botninum. Toghlerar dagsins í dag um borð í skuttogurum geta verið mjög stórir, gríðarlegir hlemmar, þungir og miklir, sem dröslað er á eftir þessum skipum sem búa yfir mjög miklu vélarafli. Trollin eru að sama skapi mjög stór og útbúin svokölluðum grjóthoppurum sem eru sívalir gúmmíhlunkar á fótreipi eða við fótreipi botnvörpunnar. Þetta get-

ur að sjálfsögðu valdið töluvert miklu raski á botni, til að mynda hörðum botni og hefur án efa orðið til skaða fyrir lífríkið. Maður hefur í raun séð það af neðansjávarmyndum sem hafa verið teknar af þessum veiðarfærum, að sjálfsögðu ekki af okkur því við erum náttúrlega bölvaðir skussar í öllum veiðarfærarannsóknum og höfum verið um margra áratuga skeið eins og ég hef bent á og er það okkur til háborinnar skammar. En frændur okkar Skotar t.d. hafa myndað svona veiðarfæri þar sem þau hafa farið eftir botninum. Þeir gerðu það fyrir mörgum áratugum. Þær myndir eru ekkert sérstaklega falleg sjón. Það verður að segja það alveg eins og er.

Virðulegi forseti. Heilt á litið segi ég enn og aftur að mér hugnast þetta frumvarp ekki, einfaldlega vegna þess að mér finnst það vera enn ein skóbótin á kvótakerfið og ég er á móti kvótakerfinu, það er ekkert flóknara en það. Því hygg ég, án þess að hafa rætt það neitt sérstaklega við félaga mína í þingflokki Frjálslynda flokksins, að okkur hugnist frumvarpið ekki þó við séum að sjálfsögðu hallir undir veiðarfærastýringar, en að við beitum þeim samhliða svæðastýringum ef svo má segja með þeim hætti að tiltekin veiðarfæri, sérstaklega dregin veiðarfæri eins og botnvarpa, séu eingöngu leyfð á þeim svæðum þar sem við teljum að botngerðin, botndýralífið þoli slíka áníðslu. Þá er ég einkum og sér í lagi að tala um botn, mjúkan botn, sandbotn, leirbotn og þannig lagaða botngerð.

Það á að vera tiltölulega auðvelt í dag að kanna botngerð. Hafrannsóknarskipið okkar nýja, Árni Friðriksson, sem reyndar er bundið við bryggju stærstan hluta ársins vegna þess að við tímum ekki að gera það út, er búið fullkomnum fjölgeislamæli sem getur kannað botngerð að því er ég best veit. Sé sá mælir ekki hentugur til þess einn og sér er hægt að beita öðrum ráðum til að rannsaka botngerð. Ég minni líka á að nýlega gaf Landssamband íslenskra útvegsmanna fullkomna myndavél til rannsóknaraðila hér á landi. Hafi þeir bestu þökk fyrir það. Það var mjög þarft og gott framtak sem og að sjálfsögðu rannsóknarskipið, en veglegar gjafir eins og þessar gera náttúrlega kröfu um að stjórnvöld í landinu, framkvæmdarvaldið, sjái sóma sinn í því að útvega fjármagn svo hægt sé að nýta tækin þjóðinni til heilla og framfara þannig að við vitum meira um hvernig við eigum að gera hlutina og tryggjum að við séum að gera þá rétt.

[17:03]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Frumvarpið getur fullkomlega staðið hvort sem menn eru með kvótakerfi eða aðra stýringu á veiðum. Ég verð að segja alveg eins og er að ég átta mig ekki alveg á því hvað hv. þingmaður er að fara þegar hann talar um að allar þær rannsóknir sem hér eru nefndar þurfi að fara fram áður en menn beita stýringunni sem hér er nefnd til. Hún er reyndar stýring til viðbótar við aðrar stýringar. Mesta stýring í fiskveiðum hefur verið fólgin í svæðalokunum og öðrum slíkum veiðarfæratakmörkunum og aðferðum á undanförnum mörgum árum. Við erum ekki að tala um að breyta því eða draga úr því. Við erum að tala um að gera upp á milli veiðarfæra eftir þeirri þekkingu sem nú liggur fyrir og mun liggja fyrir og ætlumst til þess að þeirrar þekkingar sé aflað kerfisbundið og alltaf til að bæta stýringuna. Það er hugmyndin á bak við það sem við setjum fram.

Ég skil ekki almennilega það sem hv. þingmaður var að tala um. Hann lýsti áhrifum veiðarfæra sem hann hefur séð, fylgst með í myndavélum o.s.frv. og lýsti þeim prýðilega áðan. Hann gerir sér greinilega fulla grein fyrir því að gríðarlegur munur er á áhrifum veiðarfæra eftir því hver þau eru, en er ekki tilbúinn til þess að skrifa undir að þeir sem nota vistvænustu veiðarfærin eigi að fá að njóta þess; að tonn eða dagar til að veiða eigi bara að gilda en ekkert eigi að koma til móts við menn eftir því hvernig þeir ganga um veiðisvæðið eða lífríkið. Það er það sem leggjum til að verði gert.

[17:05]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvaða vitneskju ætla menn að leggja til grundvallar til að leggja á allt að 10% álag á mismunandi veiðarfæri? Á hvað ætla menn að horfa? Ætla menn að horfa á einhvers konar mat á því tjóni sem verður á botndýralífi, á botngerð þegar veiðarfærin eru notuð? Ætla menn að horfa á aðra umhverfisþætti eins og til að mynda olíunotkun? Við vitum náttúrlega að skip sem draga veiðarfæri brenna meiri olíu en skip sem stunda kyrrstæðar veiðar, t.d. netaveiðar og línuveiðar. Hvaða mælistiku ætla menn að leggja á þetta?

Við lestur greinargerðarinnar með frumvarpinu vakna spurningar um hvort menn hafi hugsað þetta alveg til enda, þó ég efist ekki um að meiningin á bak við þetta sé einlæg og góð, en þetta velkist svolítið fyrir mér.

Ég held að hv. þm. Jóhann Ársælsson hafi kannski misskilið mig svolítið, því ég talaði um að hægt væri að beita takmörkunum á veiðarfæri en að við ættum að gera það meira með þeim hætti að við hreinlega beittum svæðalokunum. Það er alveg rétt að álagið sem hér er talað um, allt að 10%, getur gilt hvort sem menn veiða í einhvers konar sóknarstýrðu kerfi eða eftir kvótakerfi en ég hygg að það væri miklu vænlegri leið að við gengjum hreint til verks og bönnuðum notkun á dregnum veiðarfærum á þeim svæðum þar sem við teljum að náttúran sé svo viðkvæm á botninum að hún beri tjón af. Það væri miklu betri kostur.

[17:07]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki sammála því að um sé að ræða annað tveggja, heldur hvort tveggja. Auðvitað eigum við áfram að nota svæðalokanir og veiðibönn og sjálfsagt má beita þeim meira en gert hefur verið fram að þessu, en við þurfum líka að hafa áhrif á heildarálagið og við hljótum að eiga að koma til móts við útgerðarmenn eftir því hvernig þeir ganga um lífríkið, hvað þeir gera.

Hv. þingmaður spurði hvaða vitneskju ætti að nota. Auðvitað notum við þá vitneskju sem við höfum á hverjum tíma. Við gerum okkur fullkomlega grein fyrir því að það er betra fyrir lífríkið að nota t.d. gildrur eða línu en dregin veiðarfæri. Við gerum okkur fullkomlega grein fyrir því að sá sem veiðir humar í gildru gengur betur um lífríkið en sá sem veiðir humar í troll. Við gerum samt ekki upp á milli

þessara veiðarfæra. Þessi þekking er til staðar í dag. Hvers vegna ekki að nota hana?

Auðvitað eigum við líka að taka tillit til þess hvað menn nota mikla orku, hvað menn sóa mikilli orku, olíu og hvernig menn fara með botninn. Allt þetta eiga menn að nýta sér. En auðvitað verður þeirri vitneskju safnað áfram í gegnum tíðina. Það þýðir ekki að bíða eftir því að hún verði öll til staðar. Það á að nota þá vitneskju sem er til staðar núna til að hafa áhrif á framtíðina og safna viðbótarvitneskju til þess að geta stjórnað þessum hlutum betur.

Þó talað sé um 10% álag, þá er það 10% hámarksálag vegna þess að við viljum fara varlega af stað. Þeir sem meta hve álagið á að vera mikið eiga auðvitað að raða því niður eftir bestu vitneskju á hverjum tíma. Það er ekkert sem segir að það eigi endilega að nota 10% álag. Það er bara hámarkið samkvæmt frumvarpinu.

[17:09]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Besta vitneskja á hverjum tíma. Í 1. gr. stendur, með leyfi forseta: „Við úthlutun veiðiheimilda og stjórn veiða skal á hverjum tíma taka mið af bestu þekkingu sem til er um afrakstursgetu veiðistofna.“ Gott og vel. Við ætlum að nota bestu vitneskju sem við höfum á hverjum tíma til að setja álag á ákveðin veiðarfæri og setja á allt að 10% álag.

Lítum á þetta þannig að ef við ætlum að stjórna veiðum með þeim hætti að fara í þessa aðferðafræði, tökum til að mynda humarveiðar sem hv. þingmaður nefndi áðan; gildruveiðar eða dregnar veiðar. Af hverju væri ekki miklu betra að ganga hreint til verks og segja sem svo að humarveiðar skuli bara stundaðar í gildrur? Væri ekki miklu hreinlegra að banna alfarið togveiðar á humri ef menn hafa áhyggjur af því að verið sé að skemma umhverfið með dregnum veiðarfærum við humarveiðar? Það mætti alveg líta á það þannig. Hugsanlega væri það skynsamlegt, hver veit? Við Skotland veiða menn humar í gildrur. Hér gera menn það ekki. Humarinn er mjög háður botngerð. Við vitum að dregin veiðarfæri eyðileggja sennilega búsvæði humarsins. Hvers vegna skyldum við þá ekki gera þetta svona með hreinum hætti?

Ég tel, eins og ég sagði áðan, að miklu vænlegra væri að banna dregin veiðarfæri á ákveðnum svæðum en að setja á svona álag.

[17:11]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var eiginlega hálfundrandi á því hvað hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson var neikvæður gagnvart því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Ég veit ekki hvort hann hafi lesið það alveg í gegn og velt fyrir sér meiningunni á bak við þau orð sem þar standa. Eftir sem áður lýsti hann sig mótfallinn efni frumvarpsins. Það er náttúrlega yfirlýsing sem hann gefur og við flutningsmenn frumvarpsins verðum bara að hrista okkur eins og hundar á sundi með það að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson er ekki sammála því sem við leggjum fram.

Það hvarflar ekki að okkur flutningsmönnum að við búum yfir vitneskju almættisins eins og hv. þingmaður orðaði það og heldur ekki að þrátt fyrir auknar rannsóknir og betri rannsóknir á lífríki hafsins að við komum nokkurn tímann til með að búa yfir slíkri vitneskju. En ég heyrði ekki betur en hv. þingmaður væri sammála okkur um að nauðsynlegt væri að rannsaka betur áhrif veiðarfæra á bæði fiskstofna og vistsvæði hafsins og gott að hann sér einhverja ljósa punkta í frumvarpi okkar innan um hina.

Varðandi það að slæmt sé að bæta endalaust vont kerfi vil ég lýsa því yfir að ég tel betra að við bætum vont kerfi ef við getum, á meðan við höfum það, alla vega á meðan við bíðum eftir stóru byltingunni sem Frjálslyndi flokkurinn hefur boðað í sjávarútvegsmálum. Ég tel að við eigum að reyna að lappa upp á það kerfi sem við höfum og nota það á meðan.

Ég held að hv. þingmaður hafi ekki lesið frumvarpið í gegn vegna þess að verið er að tala um mismunandi áhrif veiðarfæra á vistkerfi hafsins t.d. Þá komum við inn á svæðalokanir sem mér virtist þingmaðurinn fagna að þyrfti að vera og í meira mæli en nú er. Vonandi les hann þetta betur í gegn í sjávarútvegsnefnd og afstaða hans breytist þá til málsins.

[17:14]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það skal ekki standa á mér að lesa frumvarpið fram og til baka. Ég taldi mig reyndar vera búinn að því og fór í gegnum það og lýsti því efnislega áðan hvers vegna ég væri á móti hugsunarhættinum á bak við frumvarpið. Ég tel einfaldlega að það væri miklu skárra að beita veiðarfærastýringum og er fylgjandi því að við beitum þeim. Ein af þeim breytum sem við getum notað til að stunda skynsamlega fiskveiðistjórnun er að beita veiðarfærastýringum, þ.e. að ákveða hvaða veiðarfæri megi nota og á hvaða svæðum. Ég tel einfaldlega að það sé miklu, miklu vænlegra til árangurs til að koma í veg fyrir umhverfistjón af völdum til að mynda dreginna veiðarfæra. Ef við vitum um svæði þar sem botn er viðkvæmur bönnum við einfaldlega togveiðar á þeim svæðum. Það er ekkert flóknara en það.

Það er eiginlega fyrst núna sem við vitum eitthvað um þessi svæði. Rannsóknir við Ísland eru rétt nýhafnar á því hvar kórall er. Hafrannsóknastofnun er rétt nýbyrjuð að rannsaka þetta og það var bara núna í vetur sem fyrstu neðansjávarmyndirnar voru sýndar af veiðisvæðum þar sem menn höfðu fundið kóralsvæði og þær myndir voru mjög sláandi. Ég man eftir myndum af Öræfagrunni þar sem búið var að rústa öllum kóral og einungis molar voru eftir, en svo eru líka enn til svæði þar sem kórall var heill og menn gátu sýnt og sannað það með myndum. Á slíkum svæðum á skilyrðislaust að banna togveiðar og gera það strax.

Sjómenn hafa líka látið Hafrannsóknastofnun í té upplýsingar um bleyður þar sem þeir vita að kórall hefur verið og búið er að setja þær bleyður á kort. Það kort fylgir m.a. ágætu máli sem þingflokkur Vinstri grænna hefur mælt fyrir á þingi, þingsályktunartillögu sem liggur hjá sjávarútvegsnefnd og ég hvet hv. þm. Jón Gunnarsson til að kynna sér það, reyndar reikna ég með að hann hafi gert það.

[17:16]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sagði í ræðu minni í upphafi að einn tilgangurinn með því að setja fram frumvarp eins og þetta væri að vekja umræðu um efni þess og reyna að setja fram áleitnar spurningar um hvernig okkur hefði tekist til og hvort ástæða væri til að velta fyrir sér öðrum leiðum en við höfum farið. Í ræðu sinni sagði hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson að hann hefði skilið mig þannig að það væri eini tilgangur frumvarpsins, það er nú alls ekki.

En hv. þingmaður veit eins og ég að fyrir stjórnarandstöðuþingmenn að leggja fram frumvarp til laga á Alþingi eins og stjórnarmeirihlutinn fer með slík frumvörp sem koma frá stjórnarandstöðunni, þá gerist oft ekki mikið meira með slík frumvörp en að þau eru rædd í 1. umr. og síðan fara þau til umsagnar og þannig til umræðu í sjávarútvegsnefnd. Ég vona að vegur þessa frumvarps geti orðið með einhverjum öðrum hætti en reynslan hefur kennt mér á þeim stutta tíma sem ég hef verið á þingi og væntanlega hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni einnig að þetta vilja nú oft verða örlög þingmála sem við í stjórnarandstöðu leggjum fram.

Í gær spurði hv. þingmaður hæstv. sjávarútvegsráðherra um innfjarðarrækjustofn í Arnarfirði og hafði áhyggjur af því hvernig komið væri fyrir innfjarðarrækjustofninum þar sem hann væri orðinn samanþjappaður inni í nyrsta hluta Arnarfjarðar, ef ég tók rétt eftir, og mikið af smáfiski þar fyrir utan sem héldi rækjustofninum í herkví. Ef þetta frumvarp væri orðið að lögum mætti vega og meta þetta og heimila veiðar á þessum smáa fiski til að vernda rækjustofninn, vegna þess að hér er gert ráð fyrir að við veltum fyrir okkur áhrifum veiða á einum stofni á annan. Bara t.d. það að menn gætu velt slíku fyrir sér í svona tilvikum hlýtur að vera til bóta frá núverandi kerfi þar sem ekki má veiða fisk burt séð frá því hvernig staðan er á svæðinu.

[17:18]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að innan 1. gr. þessa frumvarps geti rúmast heimild til að fara út í einhvers konar tilraunaveiðar miðað við þær aðstæður sem ríktu í Arnarfirði vestur fyrir ekki mörgum mánuðum síðan, ég skal ekki segja til um það. Ég hygg þó reyndar að sjávarútvegsráðherra ráði yfir heimildum í dag til að geta farið út í slíkar æfingar án þess að þetta frumvarp þurfi að koma þar við sögu.

Hins vegar er það alveg rétt sem hv. þm. Jón Gunnarsson bendir á að sennilega verða örlög þessa frumvarps að fara til sjávarútvegsnefndar og síðan út til umsagnar og svo ekki söguna meir. Það er að sjálfsögðu vont mál og ekki til fyrirmyndar.

Fyrst við erum að ræða frumvarpið hlýt ég náttúrlega að lýsa eftir hæstv. sjávarútvegsráðherra, sem ekki er viðstaddur, og líka eftir formanni sjávarútvegsnefndar, sem er heldur ekki viðstaddur þessar umræður, og vekja athygli á því að það er að sjálfsögðu afar slæmt að hvorugur þessara ágætu herramanna skuli sjá sér fært að vera viðstaddir umræðu þegar talað er um mál sem eiga að fara til sjávarútvegsnefndar til umfjöllunar þar.

Það verður sömuleiðis mjög fróðlegt að sjá þær umsagnir sem munu berast við frumvarpið frá hagsmunaaðilum, hvernig þeir bregðast við og hvaða rök þeir koma með, bæði með og sennilega einnig á móti frumvarpinu. En enn og aftur hlýtur það að teljast bagalegt að þeir sem ráða förinni í sjávarútvegsnefnd skuli ekki vera hér, að einum herramanni undanskildum reyndar, hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni, sem hefur fylgst með umræðunum og á hann að sjálfsögðu bæði hrós og þakkir skilið.

[17:21]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Örfá orð í lokin. Þetta mál hefur ekki áður verið flutt en það hefur oft verið talað um það hér í þinginu, í sjávarútvegsnefnd og milli aðila í sjávarútvegi hvort eðlilegt sé að allir fái veiðirétti úthlutað miðað við tonn, alveg sama hvaða fisk þeir veiða, hvort hann er stór eða smár, hvar þeir veiða hann, með hvaða veiðarfærum eða hvaða áhrif veiðarnar sem slíkar hafa á aðra fiskstofna eða lífríkið að öðru leyti í heild.

Það hlýtur að mínu viti að liggja í augum uppi að við eigum auðvitað að taka tillit til allra þessara þátta þegar við erum að stjórna fiskveiðum. En það hefur verið eins og eitur í beinum þeirra sem ráðið hafa ferðinni í sjávarútvegsmálum á undanförnum árum að ræða ívilnanir af nokkru tagi. Við höfum séð hvernig menn hafa brugðist við umræðunum um línuívilnun, sem hefur að vísu aðrar tilvísanir, meira byggðatengdar og annað slíkt en það sem hér er á ferðinni. Hér erum við eingöngu að tala um að menn taki afstöðu út frá áhrifunum sem talað er um í 1. gr. frumvarpsins. Ég tel fulla ástæðu til og vil benda á að ef lög af þessu tagi hefðu verið í gildi þann tíma sem kvótakerfið hefur verið í gangi hefði verið hægt að hafa veruleg áhrif á í hvaða átt veiðunum hefði verið beint, álaginu á hin ýmsu veiðarfæri, á stofna og á svæði.

Ég vil koma því að í lokin að alls ekki er um það að ræða að við séum með þessu sem hér er sett fram að leggjast gegn því að veiðarfæri séu notuð, það er af og frá. Við erum bara að halda því fram að taka eigi tillit til áhrifa veiðarfæranna þegar að úthlutun veiðiheimilda kemur og það sé ekki sama og eigi alls ekki að vera sama með hvaða hætti menn veiði fisk. Það eigi að umbuna þeim sem að öllum líkindum eru að veiða sem hagkvæmast gagnvart lífríkinu og gagnvart mengun og öllu því sem ætti auðvitað að taka tillit til og ég hef ekki tíma til að fara yfir og ætla ekki að reyna í þessari síðari ræðu minni.

Við viljum að farið verði varlega af stað. Við erum að tala um að hámarkið verði 10%, við erum að tala um að menn mundu nýta hámarkið gagnvart veiðum þar sem menn telja að upplýsingar liggi fyrir um að mestur skaði sé af gagnvart öðrum fiskstofnum eða lífríkinu, þar noti menn kannski hámarkið. En þeir sem tækju ákvarðanir um hve hátt hlutfall væri notað mundu horfa á heildarmyndina og raða niður veiðarfærunum í þá röð sem kemur út þegar menn bera saman þá þekkingu sem þeir hafa um áhrif veiðarfæranna. Þetta er í sjálfu sér ekki flókið mál að gera. Hins vegar er alveg augljóst að sú þekking getur aldrei orðið fullkomin og menn verða að feta sig áfram eftir þeim brautum sem fyrir hendi eru á hverjum tíma þegar þeir raða nið-

ur veiðarfærunum hvað varðar það álag sem á að vera á úthlutunina gagnvart einstökum veiðarfærum.

Það er ekki flókin framkvæmd sem þarna yrði á ferðinni. Margt hefur verið gert í sjávarútvegi sem er miklu flóknara en það sem hér er verið að tala um. En fyrst og fremst teljum við að þarna séu á ferðinni möguleikar, og það er einn partur af þessu máli sem væri kannski ástæða til að skoða alveg sérstaklega, það er hver ávinningurinn af svona stjórn gæti orðið. Ég er fyrir mitt leyti sannfærður um að ávinningurinn af því að stjórna veiðum með þeim hætti að sem mest af veiðunum fari fram með hinum hagkvæmustu veiðarfærum og með sem minnstum áhrifum á lífríkið í hafinu gæti orðið gríðarlegur. Við vitum í sjálfu sér því miður ekki hvað við höfum verið að skemma mikið í lífríkinu á undanförnum árum en við vitum að við höfum verið að skemma lífríkið. Sú skemmd hefur auðvitað komið niður á þeim afrakstri sem við hefðum getað haft af fiskstofnunum.

Erum við þá eitthvað að gera til þess að koma í veg fyrir það? Já, við erum auðvitað að gera ýmislegt. Það eru fjölmargar aðferðir notaðar til að stýra fiskveiðum á Íslandi og þær eru langflestar fólgnar í svæðalokunum, veiðarfærastýringum og öðru því um líku. En ef við kæmum til viðbótar með þær aðferðir sem verið er að tala um í frumvarpinu tel ég að okkur mundi miða miklu hraðar áfram en okkur hefur gert fram að þessu. Þetta yrði keyri á stjórnvöld til að rannsaka og setja fjármuni í rannsóknir á þeim þáttum sem upplýsingar þurfa að liggja fyrir um til að eðlilegt tillit sé tekið til þess hvernig menn ganga um veiðislóðina.

Það eru ekki rök í málinu sem hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson var með áðan, að hin leiðin sé bara sú að banna veiðarfæri, að ekki megi halda áfram að veiða humar í troll af því að það væri hugsanlega hagkvæmara að nýta gildrur. Nú er ég ekki að halda því fram að ekki geti komið að því að menn tækju þá ákvörðun að banna hreinlega veiðar á humri í troll. En á meðan við erum ekki komin lengra en við erum nú þegar komin finnst mér að nóg væri að menn hefðu áhrif á það með því að álagið á trollveiðarnar væru þá þessi 10% eða hluti af þeirri prósentu og að þeir sem vildu veiðar í gildrur fengju þá umbun fyrir það. Það hefði verið hægt að koma á gildruveiðum á undanförnum árum með því hreinlega að koma til móts við þá sem mundu leggja í þann kostnað af því að þeir fengju umbun fyrir það.

Í dag er engin hvatning til þess að hætta veiðum í troll. Það út af fyrir sig, held ég, segir sína sögu um hvað mikil þörf er á að stjórnkerfið sjálft umbuni þeim sem ganga vel um veiðislóðina. Annars halda menn bara áfram að nýta með þeim hætti sem fyrir er af því að þeir hafa aðeins sinn kvóta og þeir sækja hann með þeirri aðferð sem tiltækust er, búið. Þeim er ekki gert það auðveldara ef þeir leggja í kostnað við að nota veiðarfæri sem eru vistvæn og það eru fjölmörg veiðarfæri notuð hér sem er í raun og veru gjörsamlega ótækt að séu notaðar við veiðar.

Ég nefndi trollveiðar á humri. Hvernig halda menn að veiðar með þessum skúffum eða toggræjum sem notaðar eru við veiðar á hörpudiski fari með slóðina? Hvernig halda menn að veiðarnar á ígulkerjum hafi farið með þá slóð sem þau hafa verið veidd á á undanförnum árum? Allt eru þetta einhvers konar skurðgröfutæki sem eru notuð á botninum.

Ef einhver vildi eyða fjármunum í að veiða í veiðarfæri sem væru vistvænni og þó að það kostaði eitthvað meiri fjárútlát, bæði í tilraunum og hreinlegri veiðum, þá er það ekki hægt vegna þess að ekki er hægt að koma til móts við viðkomandi og hann fær ekki að njóta þess að minna verður ónýtt af því sem hann er að veiða. Það er t.d. viðurkennt að henda má öllum ónýtum ígulkerjum. Ef einhver væri að vinna með miklu betri veiðarfærum og skemmdi engin ígulker, af hverju ætti hann ekki að fá að njóta þess?

Þetta er að mínu viti málefni sem hefur verið látið liggja allt of lengi í láginni og er kominn tími til að taka á því. Ég ætla sannarlega að vona að það verði gert. Ég á sæti í sjávarútvegsnefnd og vonast til að fá tækifæri til þess að fjalla um þetta mál þar. En ég ætla að vona, og það skulu vera mín lokaorð, að þó að umsagnir hagsmunaaðila sem tíðkast hefur að láta gefa álit sitt á tillögum eins og þessum verði ekki endilega jákvæðar, þá verði þær skoðaðar í ljósi þeirra hagsmuna sem þeir eru að verja sem eru tonnin sem þeir fá úthlutað en ekki hvernig lífríkið í heild fer út úr þeirri nýtingu sem er á hverjum tíma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala áfengis og tóbaks, 1. umr.

Frv. GÞÞ o.fl., 241. mál (sala léttvíns og bjórs). — Þskj. 252.

[17:32]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Mál þetta er endurflutt, það var lagt fram á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Í stuttu máli er hér um að ræða að lagt er til að einkasala Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins með annað áfengi en sterkt áfengi verði aflögð en með sterku áfengi er yfirleitt átt við áfengi með meiri vínandastyrk en 22%.

Eins og við þekkjum er hér ekki um róttækt mál að ræða þar sem fleiri aðilar en ÁTVR eru í raun farnir að versla með allt áfengi, ekki bara létt áfengi og bjór, en það er þó fremur bundið við landsvæði og kem ég að því á eftir.

Skoðum aðeins hver er helsta röksemdin fyrir ríkiseinkasölu. Við vitum að ríkið og sveitarfélögin hafa verið að draga sig út úr atvinnurekstri, sérstaklega verslunarrekstri, á undanförnum árum og er það algjör undantekning ef ríkið eða sveitarfélög stunda verslunarrekstur. Á það ekki bara við á Íslandi heldur í þeim löndum sem við berum okkur saman við alla jafna. Í ársskýrslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins segir þegar verið er að reifa helstu röksemdir: „Forvarnahlutverk ÁTVR felst nú fyrst og fremst í því að fylgja eftir lagaákvæðum um lágmarksaldur þeirra sem kaupa áfengi". Þá segir í sömu skýrslu að stefnan sé að nýta áhrifamátt fyrirtækisins til þess að, eins og það er orðað, með leyfi forseta: „hlúa að vínmenningu í landinu og miðla upplýsingum um afleiðingar á misnotkun áfengis".

Það verður að segjast eins og er að þetta eru afskaplega haldlítil rök til að viðhalda ríkiseinkasölu með vörur. Á það skal bent að nú er einkaaðilum treyst til að framfylgja reglum um lágmarksaldur til að kaupa tóbak. Er stíft eftirlit

með því eins og umræða var hér um fyrir nokkrum missirum og ég veit ekki betur en að prýðilega hafi gengið að koma í veg fyrir að fólk undir aldri væri að kaupa sér tóbak. Einnig er það svo að á veitingahúsum er einkaaðilum treyst til að selja áfengi og viðhalda reglum um lágmarksaldur.

Ef við förum aðeins í rökin með því að breyta þessum lagaákvæðum og færa þetta í nútímahorf þá má í fyrsta lagi nefna að einkaaðilar sinna þessum verslunarrekstri víðs vegar um landið. Það má í rauninni segja að það sé bara á höfuðborgarsvæðinu sem ríkið er algjörlega með þessa verslun, ef undan er skilin ein verslun í Kópavogi sem rekin er af einkaaðila. Ef menn ferðast um landið komast þeir að því að áfengiseinkasölur eru víðs vegar í hinum og þessum verslunum, m.a. bensínstöðum og söluturnum, matvöruverslunum og hinum ýmsu verslunum sem ÁTVR hefur samið við. Í rauninni er það afskaplega lítil breyting ef frumvarpið næði fram að ganga. Það eina sem breyttist er að það væri samræmi á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar ef svo má að orði komast.

Í öðru lagi er það svo að þó að þjónusta ÁTVR hafi batnað mjög mikið á undanförnum árum, sölustöðum hafi fjölgað og ekki séu sömu slagsmál og voru fyrir nokkrum árum þegar verslunarmiðstöðvar toguðust á um þessa þjónustu og sömuleiðis byggðarlög, þá er samt sem áður enn þá mismunun á milli þessara aðila, þ.e. að það er að sjálfsögðu mismunur á milli verslanamiðstöðva eða byggðarlaga hvort þessi vara er þar á boðstólum. Við þekkjum það að byggðarlög sem eru t.d. að reyna að stíla inn á þjónustu við ferðamenn hafa eðli málsins samkvæmt sótt það mjög stíft að fá áfengissölu því hún er einn af þeim þáttum sem menn þurfa að bjóða upp á ef þeir ætla að standast samkeppni um verslun við ferðamenn og ég þarf ekki að fara yfir mikilvægi ferðamennsku fyrir landið allt og sérstaklega landsbyggðina.

Í þriðja lagi má nefna kostnaðinn af versluninni. Það er ekkert sem bendir til annars en að einkaaðilar geti gert þetta, a.m.k. ekki verr en ríkið og er ég þá ekki að kasta neinni rýrð á það ágæta fólk sem starfar hjá ÁTVR, síður en svo, ég veit til þess að það veitir góða þjónustu og hefur fengið viðurkenningar fyrir góða starfsemi.

Ekki er hægt að horfa fram hjá því að eignir þessarar ríkisverslunar eru núna alls 3,2 milljarðar miðað við ársreikning árið 2002. Það er því talsvert mikið fé bundið í þeirri verslun. Ég vil þó taka fram að ekki er verið að leggja til að leggja niður ÁTVR með þessu máli en það væri augljóst að ef af því yrði þyrfti ÁTVR kannski ekki að vera á jafnmörgum stöðum og vera bundið í eins miklum verslunum og staðan er núna.

Þessu máli hefur oft verið hreyft hér á þinginu. Ég var 1. flutningsmaður þingsályktunartillögu um afnám einokunar ríkisins á smásölu áfengis á 123. löggjafarþingi og Vilhjálmur Egilsson lagði ítrekað fram lagafrumvarp um breytingu á einkasölu ríkisins á áfengi en það náði ekki fram að ganga.

Það er fróðlegt að skoða þetta með tilliti til sögunnar því að Áfengisverslun ríkisins, fyrirrennari Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, var sett á laggirnar árið 1922 þegar bannlögunum var aflétt, og tóbakseinkasalan var stofnuð í byrjun fjórða áratugarins þegar menn voru gjarnir á að setja einokunarlög og hin ýmsu höft í íslenskri löggjöf. Má þar t.d. nefna einkaleyfi á síldarsölu, einkasölu á viðtækjum, einkarétt til útvarpsreksturs og seinna komu ýmis lög og höft eins og einokun á sölu bifreiða, símtækja og annars slíks. Fyrir einungis 15 árum var ríkið með einokun á því að flytja inn eldspýtur. Þessu hefur sem betur fer öllu verið aflétt en við sitjum enn þá eftir með ríkiseinkasölu á þessari vöru.

Rétt er að taka fram að með þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir geti veitt einstaklingum og lögaðilum leyfi til smásöluverslunar með léttvín og bjór. Samkvæmt gildandi lögum veita sveitarstjórnir á hverjum stað smásöluleyfi fyrir áfengi og verður það fyrirkomulag í sjálfu sér óbreytt þrátt fyrir að fleiri endurseljendur komi nú til greina.

Síðan eru hins vegar ákveðnar takmarkanir, sem ég ætla ekki að rekja hér, fyrir veitingu smásöluleyfis. Það er því alls ekki svo að hér sé öllum verslunum leyft að selja þessa vöru ef málið nær fram að ganga. Hér er einkum miðað við það að verslanir eins og söluturnar, myndbandaleigur og söluvagnar geti ekki selt áfengi í smásölu.

Í greinargerð með frumvarpinu er líka farið yfir að það sé skoðun flutningsmanna að skoða eigi áfengisgjald og hvort ekki væri rétt að lækka það í þremur áföngum allt að 50% til ársins 2007 og er þar samanburður á milli landa hvað þetta varðar. Við erum með mjög hátt áfengisgjald miðað við þau lönd sem við berum okkur saman við, við erum með lítillega lægra gjald en Noregur, en mun hærra en önnur lönd sem við berum okkur saman við. Ef við lækkuðum þetta gjald um 50% værum við samt sem áður á svipuðu róli og Svíar og mælir nú sá sem hér stendur ekki með því að við færum okkur í mörgum málum í átt til Svíþjóðar. Ég held þó að í þessu máli sé það undantekningin sem sannar regluna, en málið sem slíkt fjallar ekki um það.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa langa framsögu um þetta einfalda mál en vil endurtaka að hér er ekki um róttæka breytingu að ræða. Ég ber fulla virðingu fyrir því fólki sem almennt hefur áhyggjur og vill berjast gegn áfengisbölinu sem svo er kallað, ég tala nú ekki um vímuefnavandanum. Ég tel að við eigum að gera það með öllum tiltækum ráðum. Ég tel hins vegar að þetta mál snúist fyrst og fremst um það að færa verslun með þessa vöru í nútímalegt horf í samræmi við það sem gerist annars staðar. Það er enginn vafi í mínum huga að þetta er eitthvað sem mun gerast á Íslandi eins og í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það eru engin rök fyrir því að við höfum þetta með allt öðrum hætti en önnur lönd sem við heimsækjum reglulega, ferðumst um og förum í nám og annað slík. Það eru engar slíkar aðstæður á Íslandi sem bjóða upp á að við höfum þetta með allt öðrum hætti.

Sem betur fer er það svo að meðferð fólks með áfengi hefur lagast á undanförnum árum og í rauninni með ákveðnu frjálsræði, bæði með því að hér var leyfður bjór og síðan hefur verið farið út í það að fjölga sölustöðum ÁTVR og bæta þá þjónustu sem fyrirtækið hefur upp á að bjóða. Það er að mestu leyti liðin tíð þó svo að við sjáum það því miður enn þá að menn neyti áfengis einungis með það að markmiði að finna áhrif og noti þá sterk vín sem þeir neyta fyrst og fremst um helgar. Sem betur fer og allar tölur sýna

það hefur neyslan farið meira út í það að fólk drekki léttvín og bjór og er farið að njóta þess með góðum mat. Við sjáum líka í ýmsum blöðum og fjölmiðlum að verið er að fjalla um þetta efni faglega og með góðum hætti. Það er bara í samræmi við það sem gerist annars staðar og er góð þróun sem við skulum ekki tala gegn þó svo að sá sem hér stendur og ég held við öll viðurkennum að við sjáum líka slæmar afleiðingar áfengisneyslu og við skulum ekki vanmeta það heldur berjast gegn því með oddi og egg.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að frumvarpinu verði vísað til allsherjarnefndar.

[17:44]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka 1. flutningsmanni þessa frumvarps, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, fyrir ágæta ræðu þegar hann mælti fyrir frumvarpinu og kom inn á öll helstu sjónarmið sem styðja þetta mál. Málið er svo sem ekki nýtt af nálinni eins og hv. þingmaður nefndi. Það hefur lengi verið til umræðu á hinu háa Alþingi og sömuleiðis úti í þjóðfélaginu að heimila einkaaðilum að selja léttvín og bjór í verslunum. Þetta er eitt af þeim málum sem skoðanakannanir sýna að hafi verulegan meðbyr, að auka frelsi í slíkum viðskiptum.

Ég tek undir það með hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni að þetta frumvarp og þær reglur sem það felur í sér getur ekki talist róttækt mál. Það má segja að í frumvarpinu felist ákveðin málamiðlun við þau sjónarmið sem fram hafa komið fyrir málinu og sömuleiðis sjónarmið þeirra sem hafa haft efasemdir um að rétt sé að fela einkaaðilum verslun með þessar vörur. Hin róttæka leið hefði verið að leggja til að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins yrði einkavædd og að einkaaðilar hefðu alfarið og eingöngu með höndum sölu á víni, bjór og sterku áfengi. Þetta frumvarp gengur ekki út á neitt slíkt. Verði frumvarpið að lögum þá er ekkert sem segir að ÁTVR geti ekki starfað í óbreyttri mynd og boðið upp á óbreytt vöruúrval. Það er ekkert í frumvarpinu sem kemur í veg fyrir það. Frumvarpið gengur einfaldlega út á að heimila einkaaðilum jafnframt að versla með léttvín og bjór, en eftir sem áður verður einkaleyfi á sölu á sterku áfengi enn í höndum hins opinbera.

Það er rétt sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson vék að í ræðu sinni, að verði frumvarpið að lögum mun það væntanlega leiða til þess að hið opinbera geti dregið úr þeirri þjónustu sem það veitir, þ.e. með því að fækka sölustöðum þegar einkaaðilar koma til sögunnar.

Eins og fram kemur í frumvarpinu, sem ég styð og er einn af flutningsmönnum að, sinna einkaaðilar þessari verslun nú þegar. Hv. þingmaður vék að því áðan að einkaaðilum væri víða treyst fyrir því að selja þessar vörur. Ég tel að sú reynsla sem fengist hefur af þeirri verslun ætti að vera lóð á vogarskálar okkar sem flytjum þetta frumvarp. Reynslan hefur sýnt að þeim aðilum hefur verið fullkomlega treystandi fyrir rekstrinum og á því ætti ekki að verða nein breyting. Ég sé ekki að aukið frelsi hvað þetta varðar ætti að leiða til hættu hvað varðar þessar vörur. Enda gerir frumvarpið ekki ráð fyrir því að menn slái slöku við í að bregðast við þeim vandamálum sem skapast af ofneyslu áfengis. Í þessu frumvarpi er ekkert sem mælir fyrir um að ungmenni eða börn geti nálgast þessar vörur fremur en núna. Flutningsmenn frumvarpsins virða öll þau sjónarmið sem fram hafa komið hvað þau atriði varðar.

Ég vil líka benda á að í þessu frumvarpi felast sóknarfæri fyrir svokallaða smákaupmenn, kaupmanninn á horninu sem rekur litla verslun og hefur átt undir högg að sækja á síðustu árum þegar stóru viðskiptablokkirnar í viðskiptalífinu hafa sölsað undir sig stærri og stærri hluta markaðarins. Þessir aðilar hafa barist í bökkum í íslenskri verslun á síðustu árum vegna þess að þeir hafa átt undir högg að sækja í samkeppni við hina stóru og sterku. Með því að heimila þeim að selja léttvín og bjór skyldi maður ætla að samkeppnisstaða þeirra verði styrkari. Ég hef heyrt það í samtölum mínum við aðila sem reka slíkar verslanir að þeir líti löngunaraugum til þessa frumvarps. Þeir telja að verði það að lögum þá muni það styrkja starfsemi þeirra og verslun. Ég tel að þetta frumvarp feli í sér sóknarfæri fyrir kaupmanninn á horninu og smáverslun á Íslandi og er það vel.

Við Íslendingar höfum verið afskaplega aftarlega á merinni í verslun með léttvín og bjór. Við sem höfum búið erlendis við vitum að í flestum löndunum í kringum okkur, með fáeinum undantekningum, er verslunarmönnum heimilað að selja léttvín og bjór og reyndar sums staðar einnig sterkt vín. Það verður ekki séð að það frelsi sem þeir verslunareigendur njóta hafi lagt heilu þjóðirnar að velli eða að Íslendingar sem hafa flust búferlum til útlanda, hvort sem það er til að stunda nám eða atvinnu, hafi gengið af göflunum vegna þess að framboðið á þeim vörum væri meira en á Íslandi. Síður en svo. Það verður bara til annars konar menning í tengslum við þessar vörur, sem ég tel eftirsóknarverðari heldur en þá sem var á Íslandi þegar hömlurnar voru sem mestar. Þetta er eitt af þeim atriðum sem maður vill sjá breytast hvað varðar neysluvenjur Íslendinga á þessum vörum en vissulega hefur orðið mikil breyting á þeim á síðustu árum.

Verði þetta frumvarp að lögum verður allt umhverfi í sölu og verslun á þessum vörum í betri takti við það sem gerist í þeim löndum sem við kjósum að bera okkur saman við.

Að lokum vil ég segja, frú forseti, að það er athyglisvert og afar jákvætt að sjá, þegar maður lítur yfir listann yfir flutningsmenn frumvarpsins, að flutningsmenn koma úr öllum flokkum að Vinstri hreyfingunni – grænu framboði undanskildu. Því má segja að ákveðin pólitísk samstaða ríki innan veggja Alþingis um að gera þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Það gerist ekki á hverjum degi að þingmenn úr nánast öllum flokkum og fjölmargir þingmenn, úr nánast öllum stjórnmálaflokkum, sameinist um mál eins og þetta. Ég tel að umræðan um þetta mál á Alþingi sýni eða ætti að sýna að það er a.m.k. ekki veruleg andstaða við málið. Ekki ber á henni héðan úr ræðustól.

Ég er bjartsýnn á að umræðan á þinginu og hin mikla og breiða samstaða sem birtist í mismunandi flutningsmönnum frumvarpsins ætti að geta leitt til að þetta mál verði loksins afgreitt sem lög frá Alþingi.

Ég bendi jafnframt á að nýverið þá birtist könnun frá Gallup, gott ef það var ekki síðasta könnun þaðan, sem leiddi í ljós að 59% þjóðarinnar, ef ég man rétt, væru fylgjandi því að það skref sem lagt er til í frumvarpinu yrði stig-

ið. Þannig má segja, eins og sumir stjórnmálamenn gera gjarnan, að þjóðin vilji að frumvarpið verði að lögum, a.m.k. miðað við þær kannanir sem fram hafa komið.

Allt þetta, sú samstaða sem hefur myndast meðal flutningsmanna nánast allra flokka á þinginu, umræðan um málið og vilji þjóðarinnar samkvæmt könnunum sem hafa verið gerðar, vekur vonir um að meðferð málsins á þinginu verði hröð og jákvæð. Þetta mál er ekki nýtt af nálinni og þarfnast ekki mjög nákvæmrar yfirlegu þeirra aðila sem munu veita umsagnir um málið þótt rétt sé að veita þeim heimildir til að tjá sig um það. En ég bind miklar vonir við að málið fái jákvæða og hraða afgreiðslu á þingi.

[17:54]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir góða ræðu. Hann fór yfir ansi marga þætti sem skipta máli og ég þakka honum fyrir stuðninginn sem kemur að vísu ekki á óvart þar sem hann er einn af flutningsmönnum frumvarpsins og kom að því að undirbúa þetta mál.

Hins vegar fannst mér hann koma inn á mörg athyglisverð atriði. Eitt sem hann nefndi, virðulegi forseti, var smáverslanirnar. Ég gengst alveg við því að ég er mikill áhugamaður um að hér verði gott framboð af gæðavínum. En ég vona að við munum ekki sjá þá þróun, hvort sem þetta frumvarp verður samþykkt eða ekki, að hér yrði einungis um aukið magn að ræða, ódýrar tegundir sem hægt væri að selja í miklu magni í verslunum heldur vildi ég að til yrðu sérverslanir með gott úrval og þar sem meira yrði lagt upp úr gæðum en magni. En ég vil nota tækifærið og þakka þingmanninum fyrir að velta þessum þætti upp sem er mjög mikilvægt.

Hv. þingmaður nefndi einnig skoðanakannanir. Þær sýna líka að því yngra sem fólkið er, og ég held að þar sé bein tenging við að fólk hafi kynnst fyrirkomulaginu annars staðar, því meira fylgi er við þetta mál. Það vekur líka athygli, þegar maður skoðar flutningsmenn frumvarpsins, að af 15 flutningsmönnum þess eru 10 sem ég held að ég geti skilgreint sem unga þingmenn, ef við skilgreinum þá unga sem eru yngri en fertugir. Síðan eru þar fimm að auki sem eru ungir í anda og er það vel.

[17:57]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir hlý orð í minn garð án þess að ég ætli að mynda skjallbandalag við hv. þingmann héðan úr ræðustólnum. En ég held að það sé rétt sem hann segir, að þetta mál er þess eðlis, og maður hefur fundið það, að við það er verulegur stuðningur hjá ungu fólki. Hins vegar er mjög ánægjulegt að sjá að meðal flutningsmanna frumvarpsins eru þingmenn sem hafa setið á þingi býsna lengi og hafa marga fjöruna sopið en eru ungir í anda og styðja málið. Ég hygg að þeir séu enn fleiri en fram koma á frumvarpinu.

Ég held að það sé líka alveg rétt sem hv. þingmaður veltir upp varðandi það að auðvitað viljum við flutningsmenn frumvarpsins tryggja að nægt framboð verði á góðum vörum, góðum vínum, í þeim búðum sem selja munu þessar vörur og markaðurinn verði ekki þannig að frekar verði lögð áhersla á magn en gæði. Ég spái því að verði frumvarpið að lögum þá fáum við hvort tveggja, annars vegar verslanir sem bjóða upp á tiltölulega ódýra vöru í miklu magni og hins vegar sérverslanir sem bjóða upp á meiri gæðavöru. Þetta gefur verslunum eins og t.d. Ostabúðinni uppi á Skólavörðustíg tækifæri til þess að versla í senn með gæðaosta, pylsur og fleira, ásamt gæða rauðvíni og hvítvíni. Slíkar vörur fara gjarnan saman eins og glöggt má sjá í Frakklandi, Belgíu og víðar. En ég held að verði frumvarpið að lögum þá fáum við alla þessa flóru.

[17:59]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil ekkert í hv. þingmanni Sigurði Kára Kristjánssyni að vilja ekki mynda skjallbandalag í þingsal. Ég er algjörlega til í það og reiðubúinn til þess verks. Mér finnst þetta með betri umræðum sem verið hafa í þingsalnum lengi og spurningin hve lengi við eigum að halda áfram. Það er augljóslega góð sátt í þingsalnum um málið og menn ræða það út frá réttum forsendum.

Í þinginu tala menn oft um allt það sem farið hafi á verri veg en vert er að benda á að við höfum séð mjög jákvæða þróun — ég held að menn geti ekki haldið öðru fram — í matarmenningu Íslendinga. Við sjáum á Íslandi frábæra veitingastaði sem jafnast á við það besta sem gerist, hvað sem við berum okkur saman við. Ég hef margreynt það á eigin skinni þar sem ég hef talsvert ferðast um heiminn og hef endrum og eins haft tækifæri til að fara á þá veitingastaði sem hér eru, þá sérstaklega í höfuðborginni þótt að sjálfsögðu séu til mjög góðir staðir annars staðar.

Hv. þingmaður nefndi einmitt þessar litlu verslanir og m.a. eina af uppáhaldsverslunum mínum á Skólavörðustígnum, Ostabúðina, sem er dæmi um verslun með mikil gæði. Menn hafa t.d. talað um Skólavörðustíginn sem ákveðna sælkeragötu. Eins og hv. þingmaður nefndi fara menn í slíkar verslanir, fá sér hágæðamatvöru og fá síðan leiðbeiningar og þurfa síðan að keyra borgarhluta á milli til að loka máltíðinni. Ég vona sannarlega og er reyndar sannfærður um það, að þegar þetta mál nær fram að ganga þurfi menn ekki að standa í slíku og því eru komin umhverfisrök fyrir málinu ofan á allt annað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisendurskoðun, 1. umr.

Frv. GÞÞ o.fl., 242. mál (útboð endurskoðunar). — Þskj. 253.

[18:01]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun. Er ég 1. flutningsmaður og meðflutningsmenn eru hv. alþingismenn Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson og Sigurður Kári Kristjánsson.

Það er engin ástæða til að orðlengja um þetta mál. Hér er verið að ræða hina merku stofnun, Ríkisendurskoðun, sem að mínu áliti, og ég veit að það eru margir fleiri á þeirri skoðun, hefur unnið afskaplega gott starf í gegnum tíðina. Margt hefur breyst til batnaðar í ríkisrekstrinum með tilkomu hennar. Verð ég að segja eins og er að ég sakna þess sárlega af þeim öðrum vettvangi sem ég starfa á, í borgarmálum, að sjá að viðhöfð séu sömu vinnubrögð og hér er gert hjá ríkisvaldinu þar sem Ríkisendurskoðun er sjálfstæð, óháð stofnun sem hefur eftirlit með hinum ýmsum þáttum ríkisrekstrarins. Ég er þess sannfærður að við sæjum t.d. hjá Reykjavíkurborg margt mun betur ef menn hefðu skynsemi, þrek og þor til að fara sambærilegar leiðir þar.

Frumvarpið fjallar hins vegar um það að skilja frá ákveðna þætti sem í rauninni að mínu áliti og flutningsmanna eiga ekki heima hjá Ríkisendurskoðun. Þá erum við bara að tala um hefðbundna endurskoðun á fyrirtækjum hins opinbera sem er á færi og er unnið alla jafna af venjulegum löggiltum endurskoðendum, ef svo má segja. Hér er um það að ræða að skilgreina betur hlutverk Ríkisendurskoðunar, að hún sé þessi innri endurskoðun, ef þannig má að orði komast og er almennt notað þegar menn ræða mál sem þessi, sem hefur eftirlit og gerir úttektir og gerir þessa hluti sem við þekkjum og gerir það mjög vel. Ef eitthvað er finnst mér að það eigi að styrkja þann þáttinn og ég ítreka enn og aftur ánægju mína með þessa stofnun.

Það sem á hins vegar heima á einkamarkaðnum er hin almenna endurskoðun, að hún verði á höndum einkaaðila hvað þetta varðar, hjá endurskoðunarfyrirtækjum, löggiltum endurskoðendum sem við þekkjum hér á landi og sem sömuleiðis hafa unnið mjög gott starf. Í rauninni er málið einfalt, að Ríkisendurskoðun sinni innri endurskoðun en önnur endurskoðun verði á hinum almenna markaði hjá einkaaðilum, hjá starfandi endurskoðunarfyrirtækjum.

Ég legg til að þessu máli verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Frv. GÞÞ o.fl., 243. mál. — Þskj. 254.

[18:05]

Flm. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með síðari breytingum. Hér eru sömu meðflutningsmenn mínir, hv. þingmenn sem voru meðflutningsmenn mínir á frumvarpinu sem ég kynnti áðan um Ríkisendurskoðun.

Þetta mál er sömuleiðis einfalt og engin ástæða til að hafa mörg orð um það. Með frumvarpinu er lagt til að gjöld fyrir skráningu félaga verði lækkuð, sem og gjald fyrir skráningu loftfars til atvinnuflugs. Lækkunin yrði mismikil eftir tegund þeirra félaga sem um ræðir en mest yrði hún fyrir skráningu hlutafélaga og samvinnufélaga. Þar mundi gjaldið lækka úr 150 þús. kr. í 40 þús. kr. Lækkun gjalda fyrir skráningu annarra félaga yrði minni. Skráningargjöld félaga eftir breytinguna yrðu þó aldrei hærri en 40 þús. kr. Þá mundi skráningargjald fyrir loftfar til atvinnuflugs lækka úr 60 þús. kr. í 40 þús. kr.

Alþjóðabankinn gefur út samanburð á því hversu mikla fyrirhöfn og fjármuni þarf til að stofna fyrirtæki eftir löndum. Þegar bornar eru saman aðstæður til stofnunar fyrirtækja í ýmsum nágranna- og samkeppnislöndum Íslands kemur í ljós að hér á landi er framkvæmdin nokkuð skilvirk og einföld, og er það mjög ánægjulegt. Hins vegar liggur fyrir að kostnaðurinn er hér hár í samanburði við þessi lönd. Nemur kostnaður við stofnun einkahlutafélags hér á landi um 3,7% af vergri landsframleiðslu á mann en er enginn í Danmörku, svo að dæmi sé tekið. Í Finnlandi telst kostnaðurinn vera 1,1%, í Svíþjóð 0,7% og 0,6% í Bandaríkjunum.

Fyrir skráningu hlutafélags og samvinnufélags hefur verið tekið gjald sem nemur nú 150 þús. kr. Fyrir skráningu einkahlutafélags er þessi fjárhæð 75 þús. kr. Gjald fyrir aðrar skráningar hefur verið allt að 75 þús. kr. Þá hefur umskráning einkahlutafélags í hlutafélag kostað 75 þús. kr.

Framangreind gjöld eru bein skattheimta og varða ekki sjálfa skráninguna. Kostnaði af skráningum fyrirtækja er mætt með skráningargjaldi sem kveðið er á um í reglugerð nr. 474/2003, um útgáfu kennitölu við skráningu í fyrirtækjaskrá, með stoð í lögum nr. 17/2003, um fyrirtækjaskrá.

Hár kostnaður við stofnun fyrirtækja er hindrun við uppbyggingu atvinnulífs og kemur mest niður á nýsköpun. Ekki er óvarlegt að ætla að svo há gjöld sem nefnd hafa verið hér hafi fælt einhverja frá stofnun t.d. einkahlutafélags. Það er bagalegt því að hlutafélagaformið er tvímælalaust æskilegra í atvinnurekstri en t.d. rekstur manns í eigin nafni. Með frumvarpinu er leitast við að ryðja úr vegi þessari hindrun og búa þannig betur í haginn fyrir væntanlegt athafnafólk og nýsköpunarstarf.

Nú er sá sem hér stendur alls ekki að tala um að ástandið hvað þetta varðar sé alvarlegt eða erfitt. Við þekkjum öll að við höfum náð gríðarlegum árangri í efnahagsmálum Íslendinga og við höfum gert það með markvissum hætti, þ.e. með því að losa tök ríkisins á efnahagslífinu, selja fyrirtæki og lækka skatta á hinum ýmsu sviðum. Það hlýtur hins vegar alltaf að vera markmið að gera enn betur, og þetta frumvarp er þess vegna til komið, til að gera fólki enn auðveldara en nú er að fara út í nýsköpun og atvinnurekstur, en eins og allir þekkja, virðulegi forseti, erum við með eitt hæsta, ef ekki hæsta, hlutfall fólks sem fer út í slíka frumkvöðlastarfsemi í heiminum. En við eigum alltaf að halda vöku okkar hvað það varðar og við verðum að hafa það í huga að það sem knýr áfram atvinnu í landinu er fyrst og fremst krafturinn í fólkinu. Sú samneysla sem við höfum er byggð á atvinnulífinu. Þess vegna eigum við aldrei að hætta að hugsa út leiðir til að efla nýsköpun, efla frjálst framtak og atvinnulífið hér í landinu.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri en legg til að málinu verði vísað til efnahags- og viðskiptanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 17. mál.

Fundi slitið kl. 18:11.

---

101. FUNDUR

föstudaginn 1. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, stjfrv., 667. mál, þskj. 1015. — 1. umr.
2. Happdrætti, stjfrv., 675. mál, þskj. 1028. — 1. umr.
3. Áfengislög, stjfrv., 676. mál, þskj. 1029. — 1. umr.
4. Ferðamál, stjtill., 678. mál, þskj. 1032. — Fyrri umr.
5. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 677. mál, þskj. 1030. — 1. umr.
6. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 362. mál, þskj. 1038. — 3. umr.
7. Helgidagafriður, stjfrv., 481. mál, þskj. 735. — 3. umr.
8. Heiðurslaun listamanna, þáltill., 145. mál, þskj. 145. — Fyrri umr.
9. Búvöruframleiðslan og stuðningur við byggð í sveitum, þáltill., 240. mál, þskj. 251. — Fyrri umr.
10. Stjórnmálaþátttaka, áhrif og völd kvenna, þáltill., 244. mál, þskj. 255. — Fyrri umr.
11. Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, þáltill., 245. mál, þskj. 256. — Fyrri umr.
12. Starfslok og taka lífeyris, þáltill., 247. mál, þskj. 263. — Fyrri umr.
13. Stuðningur stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn, þáltill., 248. mál, þskj. 266. — Fyrri umr.
14. Rannsóknarmiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu, þáltill., 250. mál, þskj. 268. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðrún Ögmundsdóttir, 5. þm. Reykv. n.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.,
Þuríður Backman, 10. þm. Norðaust.

Varamenn taka þingsæti.

[10:31]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá hv. 6. þm. Suðurk., Hjálmari Árnasyni, dagsett 31. mars 2005:

„Ég er á förum til útlanda í erindum Alþingis og get því ekki sótt þingfundi á næstunni. Óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Suðurk., Ísólfur Gylfi Pálmason sveitarstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Einnig hefur borist svohljóðandi bréf frá 3. þm. Norðaust., Kristjáni L. Möller, dagsett 31. mars 2005:

„Ég er á förum til útlanda í erindum Alþingis og get því ekki sótt þingfundi á næstunni. Óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Norðaust., Lára Stefánsdóttir framkvæmdastjóri, Akureyri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Ísólfur Gylfi Pálmason og Lára Stefánsdóttir hafa áður tekið sæti á Alþingi og eru þau boðin velkomin til starfa á nýjan leik.

[10:32]

Útbýting:

Greiðslur fyrir fjarnám, 690. mál, fsp. MF, þskj. 1048.
Innheimta meðlaga, 689. mál, fsp. MF, þskj. 1047.
Sveigjanleg starfslok, 691. mál, fsp. GHall, þskj. 1049.

Athugasemdir um störf þingsins.

Ráðning fréttastjóra Ríkisútvarpsins.

[10:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil upplýsa það að seint í gærkvöldi óskaði ég eftir að fram færi utandagskrárumræða um málefni Ríkisútvarpsins og þá stöðu sem þar er upp komin. Af ýmsum ástæðum gat hæstv. forseti Alþingis ekki orðið við þeirri beiðni minni. Engu að síður óska ég eftir því að fá að ræða undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins um málefni og þá alvarlegu stöðu sem komin er upp innan Ríkisútvarpsins í kjölfar ráðningar fréttastjóra á fréttastofu útvarpsins. Staðan er svo alvarleg að ekki verður við það unað.

Í ljósi þess að tæplega 200 starfsmenn Ríkisútvarpsins lýstu í gær á starfsmannafundi vantrausti á störf útvarpsstjóra tel ég ástæðu til að þingmenn skiptist á skoðunum um þá alvarlegu stöðu.

Við ráðningu fréttastjórans, sem hefur verið deiluefni upp á síðkastið, hefur stofnunin orðið að þola pólitíska kúgun af því tagi sem hvergi þekkist í vestrænum lýðræðisríkjum nú til dags. Á tíma þegar viðamikil umræða fer fram um trúverðugleika fjölmiðla og nauðsyn þess að fréttastofur séu sjálfstæðar, óháðar eigendum eða öðrum hagsmunaaðilum eins og stjórnmálaöflum eða auglýsendum er ömurlegt að sjá það sem er að gerast innan Ríkisútvarpsins. Umræðan sem fram fer um gildi fjölmiðla og lýðræði hugsjónarinnar á sér ekki bara stað hér á landi. Hún á sér stað úti um allan heim.

Í ljósi þessa er hin pólitíska íhlutun í málefni fréttastofu Ríkisútvarpsins enn ósvífnari. Hún er algerlega á skjön við þær reglur sem þjóðir leggja sig fram um að ástunda. Ríkisútvarpið er almannaútvarp í þjóðareigu sem gegnir lögum samkvæmt því mikilvæga hlutverki að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þær hafa verið þverbrotnar af

þeim sem fara með vald innan stofnunarinnar og það er nauðsynlegt að ná tökum á því ástandi sem nú er að skapast og sjá til þess að ekki hljótist af því óbærilegt tjón. Hverjir eiga að taka ábyrgð á þessu? Það eru ráðherrar ríkisstjórnarinnar, sem eru yfirmenn útvarpsstjóra, menntamálaráðherra og forsætisráðherra sem þurfa að láta málið taka til sín.

[10:35]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég vil að fram komi að það er rétt hjá hv. þingmanni að hún sendi mér tölvupóst seint í gærkvöldi, þ.e. hún sagði mér það, ég skoða ekki reglulega tölvupóst, en mér barst beiðnin í hendur í morgun. En gærkvöldinu eyddi ég í góðum félagsskap forustumanna Sjálfstæðisflokksins á Akureyri.

[10:35]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Nýr fréttastjóri mætti til starfa á Ríkisútvarpinu í morgun. Hann hóf störf með því að halda fund með starfsmönnum og lýsa því yfir að hann væri kominn til starfa. Hann sagði líka að hann mundi ræða við hvern og einn starfsmann og taka til þess komandi vikur og þeir sem vilji geti hætt.

Það sem er merkilegt við fundinn er að hinn nýi fréttastjóri staðfesti orðróm eða fréttir sem höfðu borist um að hann hefði heimild til að ráða með sér starfsmenn inn á Ríkisútvarpið við komuna þangað. Þá vaknar spurningin: Hver heimilar að nýr fréttastjóri fái að ráða með sér fólk til að gera honum þetta auðveldara? Er þetta eins konar yfirtaka á fréttastofunni? Hver heimilar? Er það hæstv. menntamálaráðherra? Er það Framsóknarflokkurinn? Um þetta verðum við að fá upplýsingar vegna þess að þetta eru staðfestar fréttir sem við munum væntanlega fá að heyra meira um á þessum morgni.

Málið allt hefur haft undarlegan aðdraganda en það sem er að gerast í dag er ef til vill það versta af öllu.

[10:37]

Mörður Árnason:

Forseti. Alþjóðasamband blaðamanna er fyrirbæri sem er ekki mikið í fréttum. Það kýs því aðeins að vera í fréttum að vegið sé að ritfrelsi eða þá að lífi eða limum blaðamanna um heiminn, og þá helst þar sem þeir eru við hættuleg störf, í styrjaldarástandi, í uppreisnarástandi í ríkjum eða í einræðisríkjum þar sem mikil hætta er á ferðum. Þá mótmælir Alþjóðasamband blaðamanna. Þess vegna er afar sérstætt og afar athyglisvert að Alþjóðasamband blaðamanna hefur mótmælt ráðningu nýs fréttastjóra á fréttastofu útvarps.

Þegar það er tengt þeirri atkvæðagreiðslu sem fram fór í gær á Ríkisútvarpinu þar sem um það bil 95% starfsmanna Ríkisútvarpsins lýstu vantrausti á útvarpsstjóra vegna þess gernings sem hann var knúinn til af stjórnarflokkunum á þinginu í gegnum fulltrúa sína í útvarpsráði, þegar þetta er tengt saman hefur dregist upp alvarlegri mynd af pólitískri valdbeitingu á því sviði þar sem hún á síst heima en áður hefur komið upp á fullveldis- og lýðræðistímum í Íslandssögunni. Ég óska eftir því að þeir taki ábyrgð sem eiga að taka hana. Ég óska eftir því að stjórnarflokkarnir snúi við í þessu dæmi og ég óska eftir því að Markús Örn Antonsson verði látinn skilja það úr þessum stól að hann hefur aðeins tvo kosti í stöðunni: Að breyta ákvörðun sinni eða víkja.

[10:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það blasir við að Ríkisútvarpið, mikilvægasta menningarstofnun og mikilvægasti fjölmiðill landsins, er óstarfhæft vegna misnotkunar stjórnarflokkanna á valdi sínu. Það er ekki hægt að kalla það neitt annað en skemmdarverk á þessari mikilvægu stofnun sem stjórnarflokkarnir með sínum dæmalausu embættaveitingum hafa þarna ástundað og bætist það við það sem á undan er gengið. Það er auðvitað dapurlegt að margar af máttarstoðum samfélagsins eru stórskaddaðar og í uppnámi vegna sambærilegrar misnotkunar á embættaveitingavaldi. Nægir þar að nefna Hæstarétt til viðbótar við Ríkisútvarpið.

Ísland er að lenda á lista yfir þau lönd þar sem fjölmiðlar fá ekki að starfa frjálst. Það er vondur félagsskapur. Hafa menn gaman af því að vera spyrtir saman við þau lönd sem virða ekki sjálfstæði og hlutverk fjölmiðla? Það er lítið skárri félagsskapur en sá að vera með löndunum sem studdu hið ólögmæta árásarstríð gegn Írak.

Alþjóðasamband blaðamanna er komið með Ísland undir smásjána og hvað gerir hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni sem ber ábyrgð á þessu? Felur sig í útlöndum. Hæstv. menntamálaráðherra felur sig í útlöndum á meðan Ríkisútvarpið logar stafnanna á milli vegna framgöngu stjórnarflokkanna í málinu. Útvarpsstjóri er trausti rúinn og bersýnilega ekki lengur fær um að gegna starfi sínu. Má þá kannski segja að oft veltir lítil þúfa þungu hlassi ef sölumaðurinn sem ríkisstjórnarflokkarnir ákváðu að gera að fréttastjóra á útvarpinu kostar útvarpsstjóra, Markús Örn Antonsson, embættið.

[10:41]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Íslendingar spyrja sig í dag hvers þeir eigi að gjalda. Hvers á íslenska þjóðin að gjalda að hafa kallað yfir sig ákvarðanir og valdbeitingu með þeim hætti sem nú hefur verið gert? Hvers á fólk að gjalda? Hvernig stendur á því að við stöndum hér í dag og spyrjum okkur: Í hvaða kompaní erum við eiginlega komin? Menn reyna að finna samlíkingar og finna þær helst hjá spilltustu stjórnkerfum heims hvort sem þau eru austan eða vestan hafs eða sunnan miðbaugs. Allt ber þetta að sama brunni.

Búið er að varpa fagmennskunni fyrir róða, búið er að varpa virðingunni fyrir starfsreynslu fólks fyrir róða og búið er að varpa fyrir róða þeim aðferðum og þeirri hefð sem byggð hefur verið upp á 70 árum á Ríkisútvarpinu, bestu fréttastofu landsins. Allt þetta skiptir það fólk sem stóð að ráðningu nýs fréttastjóra engu máli, vegna þess að það eina sem skiptir það máli er að hafa pólitíska stjórn á fréttastofu Ríkisútvarpsins, að hafa sína menn góða og sjá til þess að hægt sé að hafa tangarhald á Ríkisútvarpinu þannig að það sé ekki lengur frjálst almannaútvarp heldur eins og hver önnur upplýsingaveita þeirra sem völdin hafa í landinu.

[10:43]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Í umræðunni hlýtur að vakna spurning um hvers vegna nauðsynlegt er að brjóta niður fréttastofu Ríkisútvarpsins, virtustu fréttastofu landsins. Hvers vegna telja hinir pólitísku valdhafar nauðsynlegt að veitast á þennan hátt að virtustu fréttastofu landsins sem hefur markað leiðina undanfarin 70 ár? Hvernig má það vera að stjórnmálaflokkur sem hugsanlega mælist með 5%–10% fylgi telur sig eiga fréttastjórastöðu á slíkri stofnun? Hvernig má það vera? Hvernig má það vera að flokkur með þennan litla stuðning í samfélaginu skuli hegða sér á þann hátt sem raun ber vitni? Í hvers konar samfélagi búum við orðið? Samfélag sem vill kenna sig við lýðræði, sem vill kenna sig við frelsi og tjáningarfrelsi. Hvað í veröldinni er að gerast? Og er það rétt sem hér hefur verið sagt að sá fréttastjóri sem nú er mættur til starfa hafi umboð og heimildir frá stjórnvöldum til að taka fólk með sér inn svo yfirtakan takist? Hvers konar hugmyndir eru að fá brautargengi í samfélaginu okkar?

Virðulegi forseti. Þetta er með hreinum ólíkindum og ég vonast til þess að eitthvað af því sem hér hefur verið sagt eigi ekki við rök að styðjast, því svo alvarlegt er ástandið ef rétt reynist að við munum eiga í miklum erfiðleikum með að réttlæta það á alþjóðavettvangi í hvers konar samfélagi við búum.

[10:45]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða ef verið er að yfirtaka Ríkisútvarpið, fréttastofu þess, með þeim hætti sem hér er verið að gera grein fyrir.

Það miður er það svo þegar valdasjúk stjórnvöld sitja of lengi þá hætta þau að gera greinarmun á hvað er þeirra og hvað er samfélagsins. Ef satt er sem hér er sagt að væntanlegur, hugsanlegur ný fréttastjóri við útvarpið megi ráða með sér fólk, taka með sér hóp inn, þá dettur manni í hug samlíking. Það standa yfir kosningar í Zimbabwe, þar er hæstráðandi Mugabe. Til þess að tryggja örugglega stöðu sína hefur hann heimild til að taka með sér 30 manns inn á þing. Það skiptir engu máli hvernig kosningin fer, hann hefur alltaf heimild til að taka með sér 30 manns og ráða þinginu.

Er það slíkt stjórnkerfi sem við erum að innleiða hér inn í íslenskar stofnanir, inn í íslenskan veruleika, inn í íslenskt samfélag, að hæstv. ráðherra, hvort sem hann er forsætisráðherra úr Framsóknarflokknum eða formaður Sjálfstæðisflokksins og utanríkisráðherra, megi taka með sér eins og handfylli til þess að allt sé undir kontról, taka upp stjórnunarhætti Mugabes í Zimbabwe? Er verið að leiða það inn í Ríkisútvarpið?

Þetta er grafalvarlegt mál og þingið verður að taka í taumana og stöðva þennan yfirgang á lýðræðinu, að breyta okkur í Mugabe í Zimbabwe.

[10:47]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þá er runninn upp 1. apríl. Ég vonaði satt best að segja í lengstu lög að ekki kæmi til þess að við þyrftum að fara upp í ræðustól á hinu háa Alþingi til að tala enn eina ferðina um hina makalausu ráðningu á nýjum fréttastjóra Ríkisútvarpsins. Það er náttúrlega svo vitlaus aðgerð að engu tali tekur og ég hélt satt best að segja að ríkisstjórnarliðar mundu sjá að sér og draga sig út úr þessari vitleysu og hætta við þetta. Ég sé alls ekki, og er mikið búinn að brjóta heilann um þetta mál, tilganginn með þessu og geri mér enga grein fyrir því í raun og veru hvað vakir fyrir mönnum með því að gera þetta.

Á að reyna að hreinsa til á virtustu fréttastofu landsins, ef svo má segja, er það ætlunarverkið? Halda menn virkilega að þeir komist upp með svona vinnubrögð? Haldi þeir það hafa þeir vanmetið stöðuna allhrikalega og ekki í fyrsta sinn. Þeir gerðu það líka í fyrra þegar þeir reyndu að setja lög á fjölmiðla hér á landi.

Ég er búinn að vera á fundi fjölmiðlanefndar í allan morgun og heyrði ekki af því fyrr en hér og nú að fréttastjórinn hefði mætt í vinnuna klukkan níu og ég harma það. Þessum manni, sem eflaust er ágætismaður, er engan veginn sætt í sinni stöðu. Hann verður að fara frá. Útvarpsstjóri verður líka að fara frá. Honum er heldur ekki sætt í sinni stöðu eftir það sem á undan er gengið.

Ég lýsi hér eftir því að stjórnarliðar komi upp í pontu og taki til máls. Hér er hæstv. dómsmálaráðherra, einn ráðherra ríkisstjórnarinnar sem hefur hlustað á okkur. Hann ber að hluta til ábyrgð á þessu ástandi sem fyrrverandi menntamálaráðherra. Hann skipaði á sínum tíma, að því er ég man best, núverandi formann útvarpsráðs, Gunnlaug Sævar Gunnlaugsson, sem hlýtur að hafa verið arkitektinn á bak við þessa makalausu uppákomu. Ég hlýt enn og aftur að lýsa eftir því að stjórnarliðar komi hér upp og útskýri ... (Gripið fram í.) Nei, standi fyrir máli sínu fyrir þjóðinni (Forseti hringir.) því að þjóðin er að fylgjast með.

[10:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Hornsteinn lýðræðislegrar umræðu hér á landi, fréttastofa Ríkisútvarpsins, hefur orðið fyrir árás. Þessari árás er stýrt af öflum sem ættu frekar að gera sér grein fyrir þýðingu öflugra og sjálfstæðra fjölmiðla, þ.e. henni er stýrt af stjórnmálamönnum sem með gjörðum sínum hafa komið óorði á stjórnmál. Menntamálaráðherra, sem æðsti yfirmaður stofnunarinnar, verður að setjast yfir málið strax og leiða það til lykta. Menntamálaráðherra verður að gera það upp við sig á hvern hátt hag þessarar stofnunar verður best borgið og hvernig því hlutverki sem Alþingi Íslendinga, fulltrúar íslensku þjóðarinnar, hefur falið starfsfólki hennar að annast verði best sinnt.

Hæstv. forseti. Fréttastofa Ríkisútvarpsins verður ekki hornsteinn lýðræðislegrar umræðu í landinu meðan fyrir stofnuninni fer útvarpsstjóri sem gerist handbendi valdasjúkra stjórnvalda. Það er alveg á hreinu. Útvarpsstjóri verður að víkja. Menntamálaráðherra verður að ógilda ráðningu hins nýja fréttastjóra. Það er þetta tvennt sem verður að gerast. Þjóðin á heimtingu á því og lýðræðið krefst þess.

[10:51]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hverjir ráða og reka yfirmenn í venjulegum fyrirtækjum? Það eru eigendurnir. Nú hafa starfsmenn RÚV samþykkt vantraust á útvarpsstjóra, vilja reka hann. Þeir telja sig eiga RÚV. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki ríkisstjórnarútvarp.) Starfsmennirnir telja sig hafa umboð til að samþykkja vantraust á yfirmanninn, þeir telja sig eiga RÚV. (Gripið fram í.) Þetta er algjörlega í samræmi við tillögu sem ég hef flutt um að einkavæða RÚV og selja það og að starfsmennirnir hafi forkaupsrétt á lægra verði. Starfsmennirnir ættu að samþykkja þá tillögu.

Fréttaflutningur RÚV undanfarnar vikur sýnir mér að draumurinn um óháða fréttamennsku er bara draumur. Skoðanir starfsmanna menga allar fréttir og þarf ekki nema horfa á Kastljósið í gær til að sjá það. Þannig blasa þessi atburðir við mér.

Án þess að ég þekki nýráðinn fréttastjóra nokkurn skapaðan hlut þá vil ég eins og aðrir giska á að hann sé í Samfylkingunni.

[10:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki flokksskrána hér hjá mér þannig að ég get ekki staðfest það sem hv. þingmaður sagði hér um hvar nýráðinn fréttastjóri er í pólitík. Málið snýst ekki um þann mann. Það er orðið greinilegt núna um hvað málið snýst og það snýst ekki bara um það að Framsóknarflokkurinn eigi fréttastjórann. Það snýst um það að breyta á fréttastofunni í eitthvað annað en hún hefur verið. Það snýst um það að þrátt fyrir að þessi fréttastofa hafi verið talin af landsmönnum sú besta í landinu þá hefur fréttaflutningurinn ekki geðjast stjórnvöldum í landinu og það er komið í ljós hvernig menn ætla sér að breyta því.

Það hefur ekki dugað Sjálfstæðisflokknum að hafa yfirráð yfir þessari stofnun í 15 ár og raða þar inn fólki af því að fram á þennan dag hafa menn beygt sig fyrir því að hafa þyrfti hæfi til hliðsjónar þegar verið væri að velja í stöður. Núna er það líka látið lönd og leið. Ekki er nóg sú krafa sem menn gerðu að menn væru í flokknum en þeir væru líka hæfir. Henni hefur verið breytt í það að menn séu tilbúnir að fara bara fyrir flokkinn í starfið sem um er að ræða og að ekki þurfi að bera hæfi þeirra saman við aðra.

Nú liggur fyrir að þessi nýráðni fréttastjóri eigi að fá til liðs við sig fólk inn á fréttastofuna til þess að hægt sé að hreinsa út óæskilegar fréttir, hreinsa út óæskilega fréttamenn, að þeir hætti, að við taki einhvers konar fréttaflutningur sem þjóðin hefur a.m.k. fram að þessu ekki óskað eftir.

Um fundarstjórn.

Umræða um málefni Ríkisútvarpsins.

[10:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að forseti upplýsi okkur eitthvað um það hvenær búast megi við því að sú umræða utan dagskrár um málefni Ríkisútvarpsins sem óskað hefur verið eftir og rædd var á fundi formanna þingflokka með forseta í morgun, geti farið fram. Það er algerlega óviðunandi ástand sem upp er komið í málefnum Ríkisútvarpsins og það þolir enga bið að fá það rætt hér og að til svara verði af hálfu ríkisstjórnarinnar einhverjir þeir ráðherrar sem svarað geta fyrir málið eins og það stendur núna. Landið er væntanlega ekki menntamálaráðherralaust, þó að menntamálaráðherra feli sig í útlöndum gegnir einhver starfi hennar hér heima. Auk þess má segja að það stæði hæstv. forsætisráðherra næst að svara fyrir þessa óhæfu því að ekki er annað betur vitað en að forsætisráðherra sé forsætisráðherra í ríkisstjórninni og beri ábyrgð á málefnum hennar svona yfir höfuð.

Það er upplýst að fréttastjóri getur ekki gegnt starfi sínu. Það er þegar búið að gera ráðstafanir inni á útvarpi til þess að yfirmaður fréttasviðs gegni starfinu fyrst um sinn (Forseti hringir.) þó að fréttastjóri sé kominn til starfa.

(**Forseti** (GÁS)**:** Ég bið hv. þingmann að halda sig við umræðuefnið, um fundarstjórn forseta, en ekki efnisatriði máls.)

Ég er nákvæmlega að gera það, forseti.

(**Forseti** (GÁS)**:** Nei.)

Ég er að rökstyðja hvers vegna það er óhjákvæmilegt að fá þessa umræðu án tafar. Það er vegna þess að það er ófremdarástand á Ríkisútvarpinu. Það þolir ekki bið að taka það mál til umfjöllunar á Alþingi og fá við því svör frá framkvæmdarvaldinu hvað menn hyggjast gera. Við trúum því ekki að óreyndu að það sé ætlunin að hafa Ríkisútvarpið óstarfhæft og logandi stafnanna á milli. Eins og ég segi þá liggur það þegar fyrir að starfsemi útvarpsins getur ekki farið fram með eðlilegum hætti eins og í pottinn er búið. Fréttastjórinn kann ekki til verka, hann ratar varla um húsið, sölumaðurinn, og þess vegna hefur verið ákveðið að yfirmaður fréttasviðs gegni starfinu tímabundið. Áður hafði verið reynt að láta einn af umsækjendunum sem hafnað var vera fréttastjóra fyrst um sinn.

(**Forseti** (GÁS)**:** Ég vil enn og aftur áminna hv. þingmann um það að hann er að ræða hér um fundarstjórn forseta en ekki ástandið á Ríkisútvarpinu.)

Já, já, ég er nákvæmlega að ræða það. Ég er að rökstyðja það að forseti þarf að láta okkur fá einhverjar upplýsingar um það hér hvenær þessi umræða getur farið fram. Getur hæstv. forsætisráðherra eða hæstv. starfandi menntamálaráðherra komið hér til fundar eftir hádegið og getum við þá haft þessa umræðu? Það er þannig samkvæmt þingsköpum, virðulegi forseti, að það er ekki í valdi ráðherra að koma í veg fyrir að umræður utan dagskrár fari hér fram. Það er réttur þingmanna til þess að taka hér upp mál og það er algerlega ólíðandi ef forsetar ætla ítrekað að túlka þessi ákvæði þingskapanna svo að valdið liggi úti í bæ hjá ráðherrunum og með því að fela sig í útlöndum eða neita að mæta hér og sinna þingskyldum þá komi ráðherrarnir í veg fyrir að þingmönnum nýtist þessi réttur sinn sem er ótvíræður í þingsköpum. Það er m.a. um þetta sem ég er að ræða, virðulegur forseti, og þetta er vissulega um störf þingsins og um fundarstjórn forseta.

[10:58]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Þetta var umræða um fundarstjórn forseta. Umræða um störf þingsins fór hér fram áðan um málefni Ríkisútvarpsins og tók 23 mínútur. Forseti vill geta þess að fyrir liggur að menntamálaráðherra hefur fjarvistarleyfi, er erlendis, þannig að því verður ekki við komið í dag að hún taki umræðu um ... (Gripið fram í.) Það verður ekki tekin hér umræða utan dagskrár við menntamálaráðherra í dag, það liggur fyrir. Hins vegar liggur fyrir vilji forseta þingsins um að þessari utandagskrárumræðu verði fundinn tími og staður eins fljótt og kostur er. Meira er ekki hægt að segja á þessari stundu.

[10:58]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þau orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að það er nauðsynlegt að þessi umræða fari fram og ég lýsi ánægju með það sem hæstv. forseti sagði hér rétt áðan, að forseti líti svo á að þessi beiðni sé virk og það verði orðið við henni svo fljótt sem auðið er.

Ég vil benda fólki á að í þingskapalögum er gert ráð fyrir því að hægt sé að taka umræður um mikilvæg og aðkallandi mál á dagskrá fyrirvaralítið eða fyrirvaralaust. Um það vitnar 2. mgr. 50. gr. Sömuleiðis segir í 1. mgr. 50. gr., sem gefur til kynna hvernig þingskapalögin eru hugsuð að þessu leyti, með leyfi forseta:

„Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár, hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en þingfundur hefst. Í upphafi þingfundar skal forseti tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að taka til umræðu utan dagskrár."

Það er því greinilegt að þingskapalögin eru hugsuð um fyrirvaralitla eða fyrirvaralausa umræðu. Hér eru alvarleg mál á ferðinni þar sem einn af máttarstólpum lýðræðislegrar umræðu í landinu er undir árás. Við verðum að fá þessa umræðu, ef ekki við hæstv. menntamálaráðherra sem búið er að tilkynna að sé erlendis þá við starfandi menntamálaráðherra sem er hæstv. sjávarútvegsráðherra, Árni Mathiesen. Ég krefst þess að þessi umræða fari fram síðar í dag.

Ef hæstv. starfandi menntamálaráðherra treystir sér ekki til að taka umræðuna er eðlilegt að hæstv. forsætisráðherra taki hana. Ég skal geta þess hér, af því að ég hef getið um það að ég óskaði eftir þessari umræðu í gærkvöldi, að ég sendi öllum þessum ráðherrum þá beiðni mína sem fór til forseta Alþingis. Hún var send hæstv. menntamálaráðherra, starfandi menntamálaráðherra og forsætisráðherra, öllum þingflokksformönnum, svo að menn hafa haft nægan tíma til að búa sig undir hana. Það er alveg óhjákvæmilegt að þessi umræða fari fram svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en í dag.

[11:00]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég er mjög undrandi á því að hv. 5. þm. Norðvest. skuli koma hér upp með þeim æsingi sem hann kom hér upp með áðan, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Hefði verið viðkunnanlegra að hann hefði rætt við fulltrúa sinn á fundi formanna þingflokka áður en hann stóð hér upp. (**LB:** ... fundarstjórn ...) Ég er sem forseti Alþingis að svara því sem hér hefur komið fram um beiðni um utandagskrárumræðu. Það er rétt hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að skemmtilegra hefði verið að þessi umræða hefði verið tekin upp undir liðnum um störf þingsins áðan en að þrengja henni undir umræður um fundarstjórn forseta sem ég skil að sé gert til þess að halda þessari umræðu áfram.

Á þeim fundi sem ég átti með formönnum þingflokka, og þar sat hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, kom fram í fyrsta lagi að ég hafði ekki lesið tölvupóst í gærkvöldi og af þeim sökum var mér ókunnugt um að þessi beiðni lægi fyrir. Ég benti hins vegar hv. þingmanni á að það hafi komið fyrir ef þingmönnum hefur legið á að þeir hafi hringt heim til mín og það meira að segja árla morguns ef svo hefur borið við. Í þessu tilviki var ekki talin þörf á því.

Ég vil í annan stað að það komi fram að tveir af þingflokksformönnum höfðu ekki hugmynd um að þessi beiðni hefði komið fram.

Í þriðja lagi vil ég segja þingheimi og hv. þingmanni að ég boðaði að nýju fund með formönnum þingflokka síðar í dag, klukkan 1.15, sem staðfestir að þessar upphrópanir hér, m.a. frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, voru með öllu óþarfar. Var ástæðulaust fyrir hv. þingmann að setja það á svið hér að fagna því sérstaklega að á beiðni hennar um utandagskrárumræðu væri hlustað þegar ég hafði brugðist við þegar á fundinum í morgun með formönnum þingflokka.

Það er auðvitað svo að upp hefur komið umræða um það hvort rétt sé að umræður um fundarstjórn forseta skuli hafa það mikið vægi í umræðum hér ef misnotað er það svigrúm sem þingsköp gefa til þess arna. En ég vil leggja áherslu á það vegna þess sem fram kom hér fyrr í dag að hornsteinn frjálsrar umræðu í landinu er Alþingi en ekki stofnanir úti í bæ og það er á þessum stað hér sem við skiptumst á skoðunum.

Við skulum þá líka sýna hvert öðru þann drengskap að fara rétt með og sýna sanngirni. Ég vil segja við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon að ef honum liggur mikið við hefur það komið fyrir áður að hann hafi hringt í mig heim til mín (Forseti hringir.) og þarf ekki að láta einhvern annan senda mér tölvupóst.

[11:04]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég tel bæði sjálfsagt og eðlilegt að við tökum umræðu utan dagskrár um þetta mál þegar þingfundur hefst aftur klukkan hálftvö. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Halldór Blöndal benti á í ræðu sinni áðan, forseti Alþingis, að við ræddum þetta mál áðan á fundi þingflokksformanna og urðum sammála um að við mundum koma saman aftur korter yfir eitt, að því er ég best skildi m.a. til að ræða þann möguleika. Þetta yrði þá til að mynda glæsilegt tækifæri fyrir þingmenn Framsóknarflokksins, sem þögðu þunnu hljóði hér áðan, til að tjá sig um þetta mál. Ég tel eðlilegt, fyrst að hæstv. menntamálaráðherra er stödd er-

lendis, að staðgengill hennar kæmi í þingsal til að sitja fyrir svörum, verja mál sitt, nú, eða þá að hæstv. forætisráðherra, sem einnig er formaður Framsóknarflokksins og hlýtur að bera þunga ábyrgð á því hvernig málum er nú komið hjá Ríkisútvarpinu, sjái sóma sinn í að koma sjálfur í eigin persónu og standa fyrir máli sínu.

Hér er á ferðinni svo alvarlegt mál að við hljótum að kalla á umræðu, við hljótum að kalla á svör. Það er að sjálfsögðu meðal hlutverka okkar hér á Alþingi að taka til umræðu mál sem eru efst á baugi í þjóðfélaginu hverju sinni og þar verður að sýna bæði snerpu og sveigjanleika. Hvorki þingmönnum né ráðherrum ætti að vera nokkur vorkunn að því að mæta í slíkar umræður, jafnvel þótt með skömmum fyrirvara sé, því að þetta er jú fólk sem öðrum þræði hefur lifibrauð sitt af því að tala, tala um þjóðfélagsmál, standa hér í pontu, standa fyrir máli sínu og sýna þann dug og það þor sem krafist er af þeim, af kjósendum þessarar þjóðar, að sýna þann manndóm að geta a.m.k. varið umdeildar ákvarðanir þótt óafsakanlegar séu oft og tíðum.

[11:06]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill að gefnu tilefni árétta það sem hann sagði áðan að það er fullur vilji forseta til að finna þessari umræðu það svigrúm sem hún gefur tilefni til, og henni stund og stað hér í dagskrá þingsins, þ.e. utan hinnar hefðbundnu dagskrár, eins og fundarhöld forseta með formönnum þingflokka hafa gefið til kynna bæði í morgun og nú strax eftir hádegi.

[11:06]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina því til hæstv. forseta að mér þykir afar eðlilegt að þessi umræða fari fram við hæstv. forsætisráðherra. Hér er um alvarlegt mál að ræða, árás á einn af hornsteinum lýðræðislegrar umræðu eins og hér á sér stað með árás á fréttastofu Ríkisútvarpsins, og þá er eðlilegt að hæstv. forsætisráðherra sitji hér fyrir svörum.

Ég vil aðeins nefna það vegna orða hæstv. forseta þingsins áðan að ég tek undir það að vissulega er Alþingi einn af hornsteinum lýðræðislegrar umræðu hér á landi. Það er þó ekki þar með sagt að lýðræðisleg umræða sé bundin við þann stað einan. Það er ekki þar með sagt að það megi koma fram við aðrar stofnanir hvernig sem er af því að hér fer fram tiltekin umræða.

Virðulegi forseti. Ég ítreka það og legg til að umræða eins og hér hefur verið beðið um fari fram við hæstv. forsætisráðherra. Hann ber ábyrgð á og er oddviti ríkisstjórnarinnar. Hér er um stórt mál að ræða, mál sem lýtur að lýðræðinu sjálfu hér í þessu landi og því er eðlilegt að hann sé til svara í því.

(**Forseti** (GÁS): Forseti áréttar að hér er verið að ræða fundarstjórn forseta.)

[11:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Já, virðulegur forseti, þú ert nú búinn að árétta það nokkrum sinnum við mig. Ég tel að það hafi verið fullkomlega eðlilegt að ég færi hér upp og ræddi um fundarstjórn forseta og spyrði hæstv. forseta nánar út í það hvenær þessi umræða gæti farið fram. Forseti sá sem á stóli situr hafði ekkert tjáð sig um það og þess vegna var eðlilegt að við fengjum einhverjar upplýsingar um það mál áður en við hyrfum alveg frá umræðunni. Eins og ég sagði var ég fyrst og fremst að rökstyðja nauðsyn þess að þessi umræða gæti farið fram í dag — hún þolir ekki bið — að fá hér fulltrúa framkvæmdarvaldsins til þess að standa fyrir máli sínu í þessum efnum.

Ég get tekið undir að það er að mörgu leyti eðlilegt að við þessar aðstæður beri hæstv. forsætisráðherra, formaður Framsóknarflokksins, nú ábyrgð á spunadoktorunum sem hér koma mjög við sögu, að sögn.

Það er rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal að ég kann heimasímann hans og hef stundum hringt í hann. En nú var það bara ekki ég sem var umræðubeiðandi í þessu tilviki, heldur hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Það er líka gott að hv. þm. Halldór Blöndal átti sig á því þótt seint sé að tölvupóstur og innanhússpóstur eru að verða algengustu samskiptin hér á þingi og hafa m.a. þann kost að þar er um skrifleg og tímasett samskipti að ræða. En það er að vísu nauðsynlegt að menn lesi póstinn sinn til þess að þetta komi að gagni og kunni á tölvur, það er alveg ljóst.

Það er eins og ég segi líka, virðulegi forseti, algerlega óþolandi og það má ekki verða svo að hæstv. ráðherrar geti haft það í valdi sínu með fjarveru sinni að hindra að umræður um mikilvæg mál fari fram á þingi. Ef hæstv. menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir kýs að fela sig í útlöndum verður að hafa það en það á vera starfandi einhver menntamálaráðherra í landinu, ekki trúum við öðru, auk þess sem að mörgu leyti er eðlilegast að hæstv. forsætisráðherra komi þá til skjalanna.

Það er m.a. hlutverk ráðherra í svona tilvikum að tryggja starfsfrið í þeim stofnunum sem undir þá heyra. En hvað hefur gerst hér? Algerlega hið gagnstæða. Ráðherrar og ríkisstjórnarflokkarnir hafa með misbeitingu valdsins rofið grið og sett allt í uppnám í þessari mikilvægu stofnun. Þetta ber allan keim af því að verið sé að skipuleggja innrás í Ríkisútvarpið, óvinveitta yfirtöku eins og það heitir í viðskiptalífinu, þegar menn ryðjast með afli inn í fyrirtæki og leggja þau undir sig. Fjandsamleg yfirtaka, innrás, hvað eigum við að kalla þetta, herra forseti?

Eitt er víst og það er að svona getur þetta ekki gengið áfram. Menntamálaráðherra og ríkisstjórnin bera hér höfuðábyrgð, útvarpsstjóri er trausti rúinn og verður auðvitað að víkja ef hann sér ekki að sér, það er deginum ljósara, og það þolir ekki bið að fá niðurstöðu í þetta mál.

[11:11]

Mörður Árnason:

Forseti. Í þessum umræðum um fundarstjórn forseta er vert að vekja athygli á því að forseti Alþingis, sá sem kjörinn var til þeirra starfa, kom í stólinn áðan þeirra eðlilegu erinda að ræða þátttöku sína í þeim málum sem hér er verið að ræða. En hann lét það ekki nægja heldur hafði honum ekki geðjast að stíl eða sniði þeirrar umræðu sem hér fór fram um fundarstjórn forseta og greip þess vegna til þess að hóta því að hann mundi beita sér fyrir breytingum á því umræðuformi sem við erum hér í. Í sömu ræðu, og ég held í

næstu setningu, tók hann hins vegar fram að Alþingi væri grunnsteinn lýðræðislegrar umræðu á Íslandi.

Skyldi það vera svo, forseti, — og nú er sá sem kjörinn var forseti Alþingis genginn úr salnum sem hans er vandi þegar hann er búinn að taka þátt í umræðum fyrir sitt leyti — að þau mál sem hér eru tvenn í gangi séu af sömu rót? Að sá lýðræðisskilningur forseta Alþingis sem birtist í því að þegar menn taka til máls á þann hátt sem honum geðjast ekki að þykir honum eðlilegt í grunnsteini lýðræðislegrar umræðu á Íslandi að afnema það umræðuform þar sem menn hafa tjáð sig, að það hangi svo saman við það að menn vilji hafa þá fréttastjóra á fréttastofu útvarps sem geta ráðið þeirri umræðu sem þar er, þeim fréttum sem þar eru, þannig að mönnum geðjist betur að þeim, Halldóri Blöndal, hv. þingmanni og núverandi forseta Alþingis, og félögum hans í ríkisstjórninni og þeim sem hafa þann lýðræðisskilning til að bera sem raun ber vitni? Að þeir séu hér að taka fréttastofuna og leggja hana undir sig á svipaðan hátt og Halldór Blöndal, hv. þingmaður, hefur hvað eftir annað misnotað vald sitt hér á Alþingi?

[11:13]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal gefur mér tilefni til að koma hingað aftur og segja fullum fetum að ég sækist ekki eftir því að etja kappi við hæstv. forseta eða efna til illdeilna við forseta eða hv. þm. Halldór Blöndal. Það gerði ég ekki á þingflokksformannafundinum í morgun, það fór vel á með okkur. Ég sýndi því skilning að hv. þingmaður, hæstv. forseti, hafði ekki lesið tölvupóstinn sinn en ég vildi í máli mínu hér áðan ítreka það að þingskapalög gera ráð fyrir því að hér sé hægt að koma á fyrirvaralausum umræðum. Ég þakkaði hæstv. forseta fyrir það að hann hafði sýnt því sjónarmiði mínu skilning.

Ég lít enn svo á að þessi beiðni mín sé opin og að hæstv. forseti Halldór Blöndal hafi líka tekið vel í það að hugleiða að hún gæti farið fram síðar í dag vegna þess að hann ákvað að efna til nýs fundar með þingflokksformönnum klukkan korter yfir eitt. Ég sé því ekki að hér þurfi að munnhöggvast meira um þetta mál. Ég lít svo á að þessi beiðni sé vakandi, allir þingmenn og þingflokksformenn vita af henni og það er nauðsynlegt að þessi beiðni verði formlega tekin fyrir á þeim fundi sem til stendur klukkan korter yfir eitt. Þar af leiðandi lít ég svo á að þessi umræða, með viðstöddum ráðherra eða ráðherrum, geti farið fram hér í eftirmiðdaginn í dag.

Þau ummæli hv. þm. Halldórs Blöndals sem hann lét falla áðan, að þessi stóll hér væri hornsteinn lýðræðislegrar umræðu í landinu, vil ég taka undir. Það er auðvitað rétt. En það er annar hornsteinn þessarar lýðræðislegu umræðu. Hann höfum við, alþingismenn, löggjafinn, þjóðkjörnir fulltrúar, ákveðið með lögum að sé einn af hornsteinum lýðræðislegrar umræðu. Sá hornsteinn er fréttastofa Ríkisútvarpsins, og það er fréttastofa Ríkisútvarpsins sem núna situr undir árás frá valdasjúkum stjórnvöldum. Það er ekki hægt að láta það viðgangast. Um það verður að vera hægt að taka öfluga málefnalega umræðu við þá sem hana eiga að taka, ráðherra í ríkisstjórn Íslands.

[11:15]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill taka undir með hv. þingmanni að það er hárrétt niðurstaða hennar að beiðni þingmannsins er glaðvakandi og verður tekin fyrir á nýjan leik á fundi formanna þingflokka með forseta þingsins klukkan 1.15. Skýrari getur því staðan ekki verið að minni hyggju.

[11:16]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Á fundi þingflokksformanna nokkrum mínútum áður en þingfundurinn hófst klukkan hálfellefu kom fram sú ósk frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að fram færi utandagskrárumræða um málefni Ríkisútvarpsins. Það var í fyrsta skipti sem ég heyrði af þessu. Ég las tölvupóstinn minn klukkan tíu, áður en ég kom til fundarins, og þar var engin beiðni og engin viðvörun um það til mín sem þingflokksformanns.

Jafnframt kom fram á fundinum að hv. þingflokksformaður, Magnús Stefánsson, hafði ekki heldur heyrt af beiðni hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur. En grunnurinn að því að við getum átt hér lýðræðislega umræðu um þessi mál og vel undirbúna og ígrundaða er að búið sé að tilkynna það til allra hlutaðeigandi aðila.

Vísað hefur verið til þess að ráðherrar eigi að koma til umræðunnar og það er auðvitað skilyrði að tryggt sé að þeir viti af því að búið sé að biðja um utandagskrárumræðu. Þær hefðir hafa skapast í þinginu að öllum sé ljóst að slík umræða fari fram, ekki síst ráðherrum og þingflokksformönnum, þannig að umræðan geti orðið skilvirk og ég tel mjög mikilsvert að menn haldi í þær hefðir.

Hins vegar hefur liðurinn Athugasemdir um störf þingsins, verið notaður í sama tilgangi í upphafi þingfunda. Það var gert nú og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerði grein fyrir því að hún mundi ræða þessi mál undir þeim lið og ég hef ekkert við það að athuga.

En, hæstv. forseti, að halda umræðunni síðan gangandi undir liðnum Um fundarstjórn forseta er komið dálítið á skjön við lýðræðislega umræðu í þinginu, ef menn vilja kalla það svo. (**Gripið fram í:** Þú ert að því.) Ég ræði hér fundarstjórn forseta og hvað hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni hefur liðist í umræðum um þann lið er náttúrlega til vansa fyrir okkur öll. Nú er ósk um umræðu komin fram. Það verður þingflokksformannafundur á eftir, eins og fram hefur komið, og þá verða ræddar þær óskir um utandagskrárumræður sem borist hafa. En að setja upp leikrit af þessu tagi er okkur ekki til framdráttar í þeirri lýðræðislegu umræðu sem við viljum hafa í (**KolH:** En ef við ... til baka.) þingsal. Við vitum auðvitað að hv. þingmaður er góður leikstjóri og (Forseti hringir.) á auðvitað að hafa þann hátt á í leikhúsum sínum en ekki hér. (**Gripið fram í:** Þetta er grafalvarlegt mál.)

[11:19]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseta er nokkur vandi á höndum. Hann telur sig hafa svarað fram komnum athugasemdum í hans garð hvað varðar fundarstjórn á þessum fundi eins vel og hann getur. Hann biður því hv. þingmenn að stilla máli sínu í hóf ef

ekki er um ný efnisatriði að ræða hvað varðar stjórn fundarins.

[11:20]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Forseti dregur réttilega athygli á ábyrgð sinni við stjórn fundarins. Forseti er ábyrgur fyrir framvindu dagskrárinnar í dag.

Borin hefur verið fram krafa um að tekin verði tafarlaust eða með lágmarksfyrirvara á dagskrá umræða um þá alvarlegu stöðu sem upp er komin hjá Ríkisútvarpinu. Sú beiðni var send í gærkvöldi og var að ég best veit send á alla þingflokksformenn, á a.m.k. þrjá ráðherra og alla vega einhverjir þeirra ættu að kunna á tölvur. Það er því engin afsökun að beiðnin hafi ekki verið send út. Það hafa meira að segja komið fram tilmæli um að þingmenn sendi beiðnir í tölvupósti þannig að hægt sé að sjá tímasetninguna.

Staða málsins er svo grafalvarleg að hún þolir ekki bið og þess vegna stendur sú beiðni á forseta að hann svari því áður en næsta mál verður tekið á dagskrá hvort umræðan geti farið fram eftir hádegi eins og beðið er um, hvort sem ráðherra verði við eða ekki. Við krefjumst svara áður en næsta mál er tekið á dagskrá. Forseti er ábyrgur fyrir dagskránni og ef hann getur ekki svarað því á stundinni gerir hann bara hlé, ef ég má gefa forseta ráð til þess að komast fram úr fundarstjórninni, og að tímasetning fyrir umræðuna verði ákveðin í dag, herra forseti.

[11:21]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna orða hv. þingmanns vona ég satt að segja að hann hafi lagt við hlustir í umræðunni um fundarstjórn forseta. Það hefur ítrekað komið fram að það er vilji forseta að finna svigrúm í dagskrá dagsins, það hefur legið fyrir í allan morgun, vegna beiðninnar sem fram komin er.

Ég vil enn fremur rifja það upp vegna orða hv. þingmanns þess efnis að umræðan fari fram hvort sem atbeini ráðherra verði til staðar eður ei, að í upphafi þingfundar fór fram 23 mínútna umræða um það málefni sem hér um ræðir, þ.e. málefni Ríkisútvarpsins, að vísu án atbeina framkvæmdarvaldsins.

Það er líka rétt að minna á það að sú umræða sem fram hefur farið um fundarstjórn forseta á auðvitað samkvæmt þingsköpum að fara fram undir heitinu Athugasemdir um störf þingsins því hér er verið að fjalla um störf þingsins. Hins vegar hefur það verið að ráði og í góðu samkomulagi forseta, þingflokksformanna og þingheims alls, að ég hygg, að víkka út þá þröngu skilgreiningu sem er að finna í þingsköpum, í ákvæðinu um störf þingsins, og gefa þar tóm og ráðrúm til að taka upp pólitísk dægurmál dagsins. Það var gert svikalaust í morgun.

Enn og aftur áréttar forseti að það er fullur vilji til þess að reyna að koma til móts við þá beiðni sem komin er fram. Þess vegna verður haldinn fundur, sem margnefndur hefur verið, klukkan 1.15 í dag.

[11:23]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi fá að nota tækifærið til að koma upp öðru sinni til að vitna um það sem gerst hefur í málinu því að ég hef orðið vitni að atburðarásinni sem einn af þingflokksformönnum. Ég vil staðfesta, fyrst menn voru að ræða áðan um tölvupóst, að það barst beiðni frá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur í tölvupósti um að hún mundi óska eftir þessari umræðu í dag og ég fékk ekki betur séð en hann hafi verið sendur á alla þingflokksformenn. Beiðnin barst um kvöldmatarleytið í gær, á milli hálfsjö og hálfátta, ef ég man rétt. Þetta voru tveir tölvupóstar, sá seinni ítrekaði hinn fyrri, þannig að þarna var talað með mjög skýrum hætti.

Það hlýtur að vera ábyrgðarhluti þingflokksformanna stjórnarflokkanna ef þeir hafa ekki komið skilaboðunum áleiðis til varamanna sinna sem mættu á fund þingflokksformanna í morgun. Það er ómögulega hægt að sakast við neina aðra en þá í þessu efni. Þeir hljóta að bera ábyrgð á að skila þessu af sér áfram til réttra aðila ef þeir geta ekki sjálfir mætt á fund þingflokksformanna.

Þetta atvik hlýtur hins vegar að verða til þess að við þingflokksformenn tökum upp umræður við tækifæri um nýjar verklagsreglur hvað varðar svona lagað, að fest verði frekar í sessi með hvaða hætti óskað sé eftir slíkum umræðum. Tölvupóstsformið hugnast mér vel. Það er skriflegt og tímasett eins og sagt var áðan og það getur haft úrslitaþýðingu, því þegar verið er að skera úr um hvaða umræða eigi rétt á sér hefur tíminn oft verið látinn ráða. Sá sem fyrri hefur verið til hefur haft rétt fram yfir hinn. Ég lenti í því núna nýverið þar sem ég hafði reyndar vinninginn, einmitt vegna þess að ég gat vitnað í tímasetningu.

Einnig að ef skipaðir þingflokksformenn geta ekki mætt á fundi með forseta Alþingis að þeir sjái til þess að þeim skilaboðum sem þeir hafa hugsanlega í skilaboðaskjóðum sínum verði komið áfram til varamanna þeirra þannig að við sleppum við að þurfa að standa í óþarfa pexi, ef svo má segja, út af einhverjum formgöllum sem orðið hafa vegna þess að boðleiðir virðast ekki virka innan ákveðinna stjórnmálaflokka.

Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, 1. umr.

Stjfrv., 667. mál (EES-reglur). — Þskj. 1015.

[11:26]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Frumvarpið var samið í samráði og samvinnu við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Samtök banka og verðbréfafyrirtækja og Seðlabanka Íslands. Er markmið þess að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Er nú til umfjöllunar í utanríkismálanefnd þingsályktunartillaga um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2004 frá 9. júlí 2004 um breytingu á XII. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og fella inn í samninginn fyrrgreinda tilskipun. Í tilskipuninni er kveðið á um sam-

ræmdar reglur um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir en slíkar ráðstafanir felast í tvíhliða samningum um veðsetningu og framsal verðbréfa og reiðufjár til tryggingar fjárhagslegum skuldbindingum. Tilskipuninni er ætlað að ryðja úr vegi hindrunum fyrir skilvirkri nýtingu fjárhagslegra tryggingarráðstafana á fjármálamörkuðum í Evrópu.

Í greinargerð með frumvarpinu er gerð ítarleg grein fyrir efni tilskipunarinnar. Sama gildir um athugasemdir með einstökum greinum frumvarpsins. Mun ég því láta nægja að tæpa á helstu atriðum frumvarpsins.

Í frumvarpinu er í samræmi við efnisákvæði tilskipunarinnar gert ráð fyrir sérreglum um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Gert er ráð fyrir að aðilar að slíkum samningum séu einkum stofnanir á fjármálamarkaði. Þó geti aðrir lögaðilar átt aðild að slíkum samningum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sbr. 6. tölulið 1. gr. frumvarpsins. Sérreglurnar lúta einkum að formi þessara samninga og aðferðum við fullnustu samningsskuldbindinganna. Settar verði sérreglur í gjaldþrotarétti sem veita samningunum sérstaka réttarvernd hvað varðar greiðslustöðvun, nauðasamninga, samningsumleitanir og gjaldþrotaskipti, nánar tiltekið sérreglur um áhrif upphafs skuldaskila eða upphafsdags ýmissa aðgerða til að koma fram nýskipan fjármála, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Er þá kröfum samkvæmt samningi um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir í ákveðnum tilvikum haldið utan við fyrrnefndar ráðstafanir til endurskipulagningar fjárhags og slitameðferð.

Hvað varðar form samninganna er gert ráð fyrir í 4. gr. frumvarpsins að samningur um fjárhagslega tryggingarráðstöfun skuli gerður skriflega eða með rafrænum hætti þannig að sanna megi stofnun tryggingarráðstöfunarinnar með lögformlegum hætti. Einnig skuli tilgreina til hvaða skuldbindinga og fjárhagslegra trygginga samningurinn nái. Í athugasemdum með ákvæðinu eru þessi atriði útskýrð nánar.

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega benda á athugasemdir við 4. og 6. gr. frumvarpsins, þ.e. að gert ráð fyrir því að í samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir verði jafnan vísað til laga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Um þetta atriði hafa eftir samningu frumvarpsins spunnist nokkrar umræður milli þeirra aðila sem komu að gerð þess. Hafa Samtök banka og verðbréfafyrirtækja bent á að óheimilt sé að gera þá formkröfu til þessara samninga að í þeim sé vísað til íslenskra laga um þá. Þetta skiptir t.d. máli þegar gerðir eru samningar við erlendar fjármálastofnanir.

Virðulegi forseti. Öllum þingmönnum er ljóst að ummæli í greinargerð koma ekki í stað settra laga og gera ákvæði frumvarpsins ekki þá formkröfu til samninga um fjárhagslegar ráðstafanir að í þeim sé vísað til laganna. Vissulega er æskilegt að vísað sé til laganna, sé á annað borð ætlunin að byggja rétt á þeim, en ljóst er að það getur verið vandkvæðum bundið, svo sem þegar annar samningsaðila er erlendur. Samningur heldur vissulega gildi sínu þótt ekki sé vísað til íslenskra laga í honum, hann nýtur sérreglna laga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir svo lengi sem hann uppfyllir skilyrði laganna. Samningur verður virtur á grundvelli laganna þótt ekki sé vísað til þeirra. Sama gildir um samning sem gerður er yfir landamæri þar sem vísað er til erlendra laga sem ætlað er að innleiða tilskipunina.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til allsherjarnefndar og 2. umr. Ég treysti því að nefndin fari ítarlega yfir þetta mál og kynni sér öll gögn þess. Hér er um nýmæli að ræða sem sjálfsagt er að ræða nákvæmlega þannig að menn átti sig á því hvað felst í þeim lagaákvæðum sem hér eru kynnt.

[11:31]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. dómsmálaráðherra fór yfir efni frumvarpsins sem hér liggur fyrir, sem fjallar um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir og er byggt á tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Markmið tilskipunarinnar er að stuðla að opnari og hagkvæmari fjármagnsmörkuðum og stöðugleika fjármálakerfisins og efla þannig frelsi í þjónustu og fjármagnsflutningum á sameiginlega markaðnum fyrir fjármálaþjónustu. Tilskipuninni er jafnframt ætlað að greiða fyrir framkvæmd sameiginlegrar peningamálastefnu innan ramma efnahags- og myntbandalagsins með því að stuðla að skilvirkni í starfsemi evrópska seðlabankakerfisins yfir landamæri og auknum sveigjanleika í lausafjárstýringu á peningamarkaði.

Í athugasemdum með frumvarpinu er tekið fram að mismunandi kröfur einstakra ríkja um form samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir séu taldar hafa staðið í vegi fyrir skilvirkri nýtingu slíkra ráðstafana milli landa og hafi þannig hindrað samþættingu fjármagnsmarkaða innan ESB.

Tilskipuninni er ætlað að ryðja úr vegi slíkum hindrunum fyrir skilvirkri nýtingu fjárhagslegra tryggingarráðstafana á opnum og sameiginlegum fjármálamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins. Slíkar hindranir felast einkum, að því er segir í athugasemdum með frumvarpinu, í óþarflega íþyngjandi kröfum í landsrétti aðildarríkjanna um form, efni og fullnustu slíkra samninga og í ósamræmi í landsrétti einstakra ríkja á þessu sviði.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég hef ákveðinn skilning á markmiði tilskipunarinnar og þar með talið frumvarpsins. En á þessu stigi vakna hjá mér nokkrar spurningar um það hvað þetta þýðir. Ég ætlast ekki til þess að þeim sé svarað hér og nú. Ég geri ráð fyrir því að hv. allsherjarnefnd muni fara ítarlega yfir efni þessa frumvarps. En það eins og ég rakti áðan hafa mismunandi kröfur einstakra ríkja um form samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir staðið í vegi fyrir skilvirkri nýtingu slíkra ráðstafana milli landa og hindrað þar af leiðandi samþættingu fjármálamarkaðanna innan ESB. Í tilskipuninni er ekki farin sú leið að búa til sameiginlegar formkröfur heldur er dregið úr slíkum kröfum og þannig treyst á gagnkvæma viðurkenningu aðildarríkjanna á gildi slíkra samninga. Með því er aðildarríkjunum meinað að gera sérstakar formkröfur, m.a. um stofnun, gildi og fullnustu slíkra samninga. Frelsi til slíkrar samningsgerðar er því aukið en um leið er aðildarríkjunum lögð sú skylda á herðar að veita réttarvernd á grundvelli slíkra samninga.

Ég staldra svolítið við þetta atriði, þ.e. hvernig menn sjá fyrir sér að unnt sé að gera hvort tveggja. Mun ekki aukið

samningsfrelsi og krafa um að aðildarríkin veiti slíka réttarvernd leiða til enn meiri réttaróvissu en ætlunin er að greiða úr? Þetta eru spurning sem vaknar við lestur þessa frumvarps og ég vonast til að við fáum einhver svör við henni í allsherjarnefndinni.

Í athugasemdum með frumvarpinu er reyndar tekið fram að þessi leið kunni auka nokkuð á vanda við túlkun og efndir slíkra samninga. Eitthvað segir mér að það hljóti að gerast og þá veltir maður fyrir sér hvort við sitjum ekki uppi með ákveðna réttaróvissu og mikinn fjölda slíkra mála sem skylt verður að kveða upp úr með.

Ég velti því fyrir mér hvort ekki hefði verið unnt að fara þá leið, þótt ekki væru settar sameiginlegar formreglur um efnið, og hvort ekki hafi komið til álita að setja t.d. einhvers konar leiðbeinandi reglur þannig að einhverjir staðlar séu til um hvaða kröfur um form slíkir samningar þurfi að uppfylla. En eins og ég segi þá ætlast ég ekki til að fá svör við þessum spurningum hér. Þetta er flókið mál og vekur margar spurningar um hvernig skuli fara með ágreiningsmál í framhaldinu. Þó að maður skilji vel markmiðið sem menn stefna að með tilskipuninni og frumvarpinu þá vakna, a.m.k. í huga mínum, margar spurningar um hvort við aukum ekki réttaróvissuna verulega og hvort ekki sé of langt gengið með því að leggja svo mikið í hendur samningsaðila að taka ákvarðanir um þessi mál. Ég held því að við hljótum að þurfa að skoða þetta örlítið betur.

Ég vildi jafnframt gera örlitla athugasemd við að ekki skuli látin fylgja með þýðing á tilskipuninni með frumvarpinu. Mér skilst að slík þýðing liggi alltaf fyrir með þingsályktunartillögunni, sem kemur í raun í gegnum utanríkismálanefnd þingsins. Það væri til mikils hægðarauka að hafa þýðingu hennar í fylgiskjali. Margt í frumvarpinu, ekki bara í þessu heldur á það almennt við um tilskipanir sem við innleiðum í íslensk lög, gerir það mikilvægt að hafa tilskipunina þýdda þar sem vísað er til hennar. Þegar ég las frumvarpið yfir í morgun þá kom í ljós að varðandi skilgreiningar, grundvallarskilgreiningar á hugtökum og annað, var vísað í tilskipunina sjálfa og ekkert útskýrt nánar. Þar segir: eins og það hugtak er skilgreint í viðkomandi tilskipun.

Það væri til mikils hægðarauka að þessar þýðingar fylgdu. Þær eiga að liggja fyrir þegar málin koma fyrir þingið og mættu gjarnan fylgja í fylgiskjali. Kannski væri vert hafa þá vinnureglu að þær séu í fylgiskjali, sérstaklega þegar um er að ræða flókin mál á borð við þetta þar sem maður þarf að skoða tilskipunina til þess hreinlega að átta sig á málinu.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri að sinni og geri ráð fyrir því að við munum fá svör við þeim fjölmörgu spurningum sem vakna við lestur frumvarpsins í allsherjarnefnd.

[11:38]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég biðst afsökunar á að þreyta forseta með hinum sífelldu umræðum um fundarstjórn en ekki verður við öllu gert. Það hefur nú gerst í því máli sem við ræddum áðan að hingað hafa komið í eigin persónu flestallir fréttamenn Ríkisútvarpsins og afhent forseta Alþingis og öðrum alþingismönnum plagg. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill geta þess að við ræðum hér fyrsta dagskrármálið. Hvað er það í fundarstjórn forseta sem hv. þingmaður gerir athugasemdir við í því sambandi?)

Ég skal gera þá athugasemd. Ég tel að forseti eigi nú strax að gera hlé á fundinum og beita sér fyrir því að sá fundur með þingflokksformönnum verði haldinn sem áður var rætt um. Ég tel að þetta plagg, sem ég óska eftir að fá að lesa á eftir, með leyfi forseta, sé þess eðlis að það geri það mál miklu alvarlegra sem við ræddum um áðan. Og vegna þess að forsætisráðherra sjálfur hæstv. situr frammi á kaffistofu og hefur gert í allan morgun þá er upplagt að fá hann til að vera til andsvara við þeirri beiðni og því ákalli (Forseti hringir.) til alþingismanna — ég bið forseta að vera rólegan eitt augnablik — (Forseti hringir.) sem er þannig, með leyfi forseta:

(**Forseti** (GÁS): Forseti er alveg sallarólegur en vill minna hv. þingmann á að hann er ræða fundarstjórn forseta undir fyrsta dagskrármálinu og endurtekur spurningu sína: Hvað er það í fundarstjórn forseta sem hv. þingmaður gerir athugasemdir við í því sambandi? Forseti hefur hlýtt á umræður um það málefni sem hv. þingmaður ræðir hér og það liggur fyrir að fundað verður um það mál klukkan eitt, eftir einn klukkutíma og korter. Þannig er það mál og engin breyting á því.)

Forseti. Ég óska ósköp einfaldlega eftir því, í tilefni af þessum umræðum um fundarstjórn forseta og það sem á eftir að gerast hér í dag í þeim efnum, um fundarstjórn forseta og störf þingsins almennt undir hans handleiðslu, að fá að lesa þennan texta sem ég tel að breyti málinu verulega og geri það jafnvel miklu alvarlegra en áður var talið. Ég óska ósköp einfaldlega eftir að fá að lesa það og væri ánægður með ef ég fengi að gera það. Þetta er stuttur texti.

(**Forseti** (GÁS): Forseti ætlar að hér sé farið mjög á svig við þingsköp, að koma upp undir liðnum um fundarstjórn forseta, við fyrsta lið á dagskrá fundarins og ræða fundarstjórn forseta um alls óskylt mál. Ég vil biðja hv. þingmann að taka mið af því.)

Forseti. Ég hlíti að sjálfsögðu og hef alltaf gert því sem forseti ákveður í þessu efni. En ég bið forseta þá hér með að reyna að flýta fundi eins og hægt er því að það erindi sem okkur hefur borist frá fréttamönnum Ríkisútvarpsins er þess eðlis að ég tel að við eigum að taka það til umræðu á þinginu eins fljótt og verða má og við eigum að einbeita okkur að því máli í dag, þennan undarlega 1. apríl, sem aldrei þessu vant varðar hinar sönnu fréttir af málefnum dagsins. Ég bið forseta að beita sér fyrir því að þetta sé hægt að gera og fresta því máli sem hér er til umræðu.

(**Forseti** (GÁS): Forseti hefur hlýtt á hv. þingmann og mun taka mið af hans beiðni í því sambandi.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti, 1. umr.

Stjfrv., 675. mál (heildarlög). — Þskj. 1028.

[11:42]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um happdrætti. Það felur í sér heildarendurskoðun á reglum um leyfisveitingu til starfrækslu almennra happdrætta en núgildandi lög um það efni eru nr. 6/1926.

Markmið frumvarpsins að setja almenna lagaumgjörð um happdrætti. Fjallað verði um leyfisveitingarnar, hverjir geti sótt um leyfi, skilyrði fyrir þeim, undanþágur, leyfisgjöld og þær skyldur er hvíla á leyfishöfum. Núgildandi lög eru hljóð um þessi atriði og er það mjög til baga. Einnig hefur frumvarpið að geyma ákvæði sem hafa það að markmiði að vinna gegn spilafíkn. Vek ég í því sambandi athygli á 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Happdrættisleyfi er heimilt að binda því skilyrði að útgjöld til auglýsinga verði ekki umfram ákveðið mark og einnig að leyfishafi leggi fé af mörkum til rannsókna og aðgerða sem miða að því að sporna gegn spilafíkn og afleiðingum hennar.“

Endurskoðun happdrættislaganna frá 1926 hefur lengi verið á döfinni enda má segja að fyrir löngu hefðu menn átt að búa þessari starfsemi nútímalegri lagaumgjörð. Í skýrslu nefndar um framtíðarskipan happdrættismála á Íslandi frá 1999 kom fram að brýnt væri að endurskoða og setja ný lög um happdrættismálefni. Það sem knýr á um þessa breytingu núna er þó ekki síst áralangur þrýstingur frá Eftirlitsstofnun EFTA. Stofnunin telur að aðild Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið kalli á endurskoðun laganna frá 1926 en í 2. gr. þeirra gömlu laga þykir ekki gætt að þeim skyldum sem okkur ber að gæta samkvæmt þeirri aðild.

Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Það er bannað mönnum á Íslandi að versla þar með eða selja hluti fyrir erlend happdrætti eða önnur þvílík happspil, eða að hafa þar á hendi nokkur störf, er að þessu lúta.“

Fyrir skömmu sat ég fund með starfsmönnum Eftirlitsstofnunar EFTA í Brussel um þessi mál. Um leið og komið er til móts við sjónarmið stofnunarinnar með því ákvæði í 3. gr. frumvarpsins sem lýtur að réttinum til að stofna hér til happdrættis er einnig áréttað í þessu frumvarpi að ágóði af slíkri starfsemi skuli renna til ákveðinna málefna hér á landi eða til alþjóðlegs starfs á borð við það sem unnið er í nafni Rauða krossins eða kirkjulegra hjálparstofnana.

Í 1. mgr. 3. gr. segir, með leyfi forseta:

„Leyfi til að reka happdrætti eða hlutaveltu, sbr. 1. mgr. 2. gr., má einungis veita félagi, samtökum eða stofnun sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, í þeim tilgangi að afla fjár til almannaheilla hér á landi, svo sem til þjóðfélags-, líknar-, menningar-, íþrótta- eða góðgerðarmála, svo og til alþjóðlegs mannúðarstarfs. Óheimilt er að veita leyfi til aðila er hyggjast reka happdrætti í öðru skyni.“

Ég tel að ákvæði í þessa veru um ráðstöfun á þeim fjármunum sem aflað er á þennan veg sé eðlilegt og nauðsynlegt til að ná þeim tilgangi sem felst í því að leyfisbinda þessa starfsemi. Hvarvetna í Evrópu leggja ríkisstjórnir kapp á að búa þannig um hnúta að með afskiptum frá Brussel sé fjárhagslegum stoðum ekki kippt undan starfi að þjóðþrifamálum sem unnið hefur verið fyrir happdrættisfé. Evrópusambandið hefur ekki mótað sér neina stefnu að þessu leyti og síðastliðið haust hvarf framkvæmdastjórnin frá tilraunum sínum til að steypa þetta í evrópskt mót vegna háværra mótmæla öflugra hagsmunasamtaka.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að dvelja við aðrar greinar frumvarpsins en vísa þess í stað til athugasemda við þær í frumvarpinu.

Ég vil nefna sérstaklega hér að við endurskoðun happdrættislaganna frá 1926 hefur ekki verið hróflað við sérlögum um peningahappdrætti og vöruhappdrætti, þ.e. um Happdrætti Háskóla Íslands, Happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna, Happdrætti Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, um Íslenskar getraunir, Íslenska getspá og um Íslenska söfnunarkassa. Gert er ráð fyrir að áfram verði mælt fyrir um þessi happdrætti í sérstökum lögum samanber 2. mgr. 2. gr. þessa frumvarps, enda lúta þessi happdrætti um margt öðrum lögmálum en almenn happdrætti. Þó er gert ráð fyrir að ýmis ákvæði þessa frumvarps, ef það verður að lögum, gildi jafnframt um peningahappdrætti sem fá leyfi til starfrækslu samkvæmt sérstakri lagaheimild.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu er verið að undirbúa breytingar á sérlögum um peningahappdrætti. Ég hef hug á að flytja hér næsta vetur tillögur um breytingar á þessum sérlögum þar sem einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands til að reka peningahappdrætti verður afnumið og þar með einnig fellt niður einkaleyfisgjaldið á happdrættinu. Ég tel eðlilegt að ríkissjóði verði bætt tekjutap vegna þess með því að leggja gjald á þá sem fá leyfi til að starfrækja peningahappdrætti og annað sem fellur undir leyfilegt fjárhættuspil.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[11:48]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess til upplýsingar að ráð er fyrir því gert að hlé verði gert á fundinum klukkan tólf — þá eru áformaðir þingflokksfundir — og framhald fundarins verði síðan hálftvö.

[11:48]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Ég vil koma inn á örfá atriði þess frumvarps sem nú er til umræðu um happdrætti á Íslandi. Ég þakka hæstv. dómsmálaráðherra fyrir það hvað hann kom hér skeleggt inn á það sem í vændum er með þessu frumvarpi svo og það sem mun gerast aftur á haustdögum.

Rétt er að nefna í örstuttu máli að áður hafði Samkeppnisstofnun fellt þann úrskurð að einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands stangaðist á við samkeppnislög og það hefur legið fyrir núna í á þriðja ár.

Ég vil þá víkja orðum mínum til hæstv. dómsmálaráðherra því vert er að gefa gaum að því sem segir í 5. gr. um

skilyrði til leyfisveitinga, með leyfi forseta:

„Happdrættisleyfi er heimilt að binda því skilyrði að útgjöld til auglýsinga verði ekki umfram ákveðið mark“ — það er vissulega vel — „og einnig að leyfishafi leggi fé af mörkum til rannsókna og aðgerða sem miða að því að sporna gegn spilafíkn og afleiðingum hennar.“

Nú hefur það legið ljóst fyrir að spilafíknin hefur fyrst og fremst myndast vegna spilakassanna. Happdrætti Háskóla Íslands er bæði með flokkahappdrætti og spilakassa. Þarna eru skil á milli, virðulegi ráðherra. Það liggur alveg ljóst fyrir. Væri þess vegna óeðlilegt ef flokkahappdrættin ættu að fara að greiða sérstakt gjald vegna spilafíknar.

Aðeins til upprifjunar: Þegar SÁÁ t.d., Landsbjörg o.fl. hófu rekstur spilakassa var búið að ganga frá sérstökum samningi við SÁÁ um að þar væri til affíklunarleið spilafíkla og sú braut var sett upp. Það er eðlilegt að þeir sem reka spilakassa og það sem tengist spilafíkn greiði í þennan sjóð. Það er bara eðlilegt og sjálfsagt og vel hér meint sem kemur fram í 5. gr.

Í 6. gr. er talað um lágmarksaldur. Þó nokkrir aðilar afla fjár með t.d. skafmiðum og bingói. Þetta þýddi einfaldlega að í því sem stundum hefur þó verið fjölskylduskemmtun tæki ekki þátt yngra fólk en 18 ára. Ég nefni t.d. bingó. Nú fyrir páska var t.d. þó nokkuð um það að starfsmannafélög væru með bingó og í vinninga voru páskaegg. Er verið að bregðast við þessu?

Í annan stað vildi ég benda á 7. gr., með leyfi forseta:

„Í reglugerð skal kveðið á um hlutfall verðmætis vinninga ... Skal hlutfallið þó vera að lágmarki 35%.“

Nú er ljóst að vinningshlutfall er 20% í skafmiðum og í bingóum. Þetta þýðir því fyrir þessar tvær tegundir happdrættis, bingó og skafmiða, að þessi framkvæmd mun leggjast af.

Í 9. gr. er talað um skyldur leyfishafa. Þar segir m.a. í síðari setningunni, með leyfi forseta:

„Skal hann skila skýrslum eða reikningum um rekstur sinn ...“

Ég ætla að þarna sé átt við að aðilar skili ársreikningum sínum.

Ég vil líka koma að 10. gr. um eftirlit og spyrja hvort ekki sé um að ræða óbreytta eftirlitsskyldu ráðuneytisins, að áfram verði fylgst með útdráttum, eins og mörg happdrættisráð hafa nú í starfsemi sinni, þ.e. þessi þrjú happdrætti sem hæstv. dómsmálaráðherra nefndi áðan. Verður það eftirlit með útdráttum óbreytt áfram?

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri, virðulegi forseti. Ég tek tillit til þess sem forseti sagði um tímasetningar á starfsháttum þingsins fram að hádegi.

[11:53]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða frumvarp til laga um happdrætti og þarfa endurskoðun á þeim málum og löngu tímabæra. Þar sem hér er stuttur tími fram að hléi vil ég nota þetta tækifæri til þess að koma ýmsum spurningum á framfæri.

Í fyrsta lagi væri fróðlegt að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort ekki hafi verið ástæða til að ná yfir allt þetta svið með einum heildarlögum í stað þess, eins og ætlunin virðist vera, að halda áfram sérlögum um ýmis happdrætti og endurskoða þau sérstaklega. Ég hefði talið það kost að til væru heildarlög um happdrætti í landinu og sé enga ástæðu til að viðhalda sérlögum um einstök happdrætti.

Hér er um að ræða samræmingu við það sem gildir í Evrópu almennt án þess þó að mótuð hafi verið nein Evrópustefna í þessum málum. Þess vegna finnst mér mjög skynsamlegt að leyfi til reksturs alþjóðlegra happdrætta hér sé áfram háð leyfisveitingu ráðherra og hvet ekki til þess að þar hrapi menn að neinu heldur fari varlega í þeim efnum.

Það er ljóst að fyrir ýmis samtök sem starfa að þjóðþrifamálum eru happdrætti mjög mikilvægur tekjuliður. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga þó að menn reki hér lottó, bingó, flokkahappdrætti og annað þess háttar. En ég set hins vegar verulegt spurningarmerki við að stofnanir eins og Háskóli Íslands og Rauði krossinn skuli reka spilakassa þar sem fyrir liggur að margir ánetjast þeim og fara út úr því afar illa fjárhagslega. Við þekkjum mörg dæmi um hrikalegar afleiðingar af slíkri spilafíkn. Auðvitað er sjálfsagt meðan þetta er við lýði að þeir sem telja sómasamlegt að stunda slíka starfsemi kosti aðgerðir til þess að bæta úr skaða sem þeir valda með henni. Ég get því tekið undir með hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að það er dálítið langt seilst að þeim sem stunda happdrætti af annarri tegund sem varla er hægt að segja að skapi alvarlega spilafíkn sé líka gert að greiða gjald til þess að hamla gegn slíkri fíkn.

Ég vildi leggja spurningu fyrir hæstv. ráðherra. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að stuðst hafi verið við skýrslu nefndar sem starfaði 1999 til að endurskoða þessi mál. Spurning mín er hvort tillögurnar sem hér liggja fyrir séu mótaðar af niðurstöðum þessarar nefndar eða að hvaða leyti séu farnar aðrar leiðir en þar eru lagðar til. Fróðlegt væri að fá það fram.

Um 3. gr. er fjallað nokkuð. Þar er getið um þá sem eiga að fá ágóða af happdrættum og það skilgreint nánar. Talað er m.a. um þá sem stunda alþjóðlegt mannúðarstarf, t.d. Rauða krossinn og Hjálparstofnun kirkjunnar. Rétt er að taka það fram að það heitir Hjálparstarf kirkjunnar. En það skiptir ekki aðalmáli hér heldur hitt að þarna mætti halda af textanum að hjálparstarf kirkjunnar nyti ágóða af happdrættisstarfsemi eða svipaðri starfsemi og Rauði krossinn hefur með spilakössum. Það er ekki rétt. Hjálparstarf kirkjunnar byggir algjörlega á frjálsum framlögum einstaklinga og félagasamtaka og nýtur engra fastra opinberra styrkja. Kannski ber að skilja þetta þannig að ráðherra sé að hvetja til þess að Hjálparstarf kirkjunnar sækist eftir því að stofna til happdrættis. Fróðlegt væri að heyra um þetta.

Hins vegar vekur þetta upp — það skulu vera mín lokaorð — spurningar um það hvort æskilegt sé að fjármagna starfsemi af þessu tagi með happdrætti og annarri slíkri fjáröflun. Til dæmis veit ég að samtök eins og Rauði krossinn og hjálparstarf kirkjunnar annars staðar á Norðurlöndum eru fjármögnuð að verulegu leyti af opinberu þróunarfé. Þá velja menn það frekar í staðinn fyrir að halda uppi stofnun sem sér um þróunarstörf á vegum ríkisins að reka það eins og banka sem síðan deilir út fé til skilgreindra verkefna, til frjálsra hjálparsamtaka sem annast síðan framkvæmd verkefnanna og þá eru gjarnan sett þau skilyrði að þau samtök starfi í samræmi við reglur sem Sameinuðu

þjóðirnar hafa mótað um hjálparstarf.

Í umræðum um happdrættismál verðum við því líka að taka til umræðu að hvaða leyti eðlilegt er að stofnanir sem stunda ýmis þjóðþrifamál á alþjóðavettvangi og innlendum vettvangi séu fjármagnaðar í eins ríkum mæli og hér er af happdrættisfé.

Hæstv. ráðherra nefndi að í samræmi við úrskurð Samkeppnisstofnunar og tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA stæði til að einkaleyfi Háskóla Íslands til happdrættisreksturs yrði afnumið og nefndi að tekjutap ríkissjóðs yrði þar bætt með sérstökum hætti. Því vil ég að lokum spyrja hæstv. ráðherra að hvaða leyti tekjutap Háskóla Íslands yrði bætt vegna þeirrar breytingar og hvort metið hafi verið að hvaða leyti Happdrætti Háskóla Íslands yrði fyrir tekjutapi og hvort hæstv. ráðherra hafi hugmynd um hvernig það yrði bætt.

[12:01]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég skal fara hratt yfir sögu varðandi þær athugasemdir sem fram komu í máli síðasta hv. ræðumanns. Tillögurnar frá nefndinni 1999 voru hafðar til hliðsjónar en frumvarpið er ekki byggt á þeim tillögum öðruvísi en þeim viðhorfum þar að nauðsynlegt sé að endurskoða lögin frá 1926. Með þessu er ekki verið að leggja til að Hjálparstarf kirkjunnar sé fjármagnað með happdrætti. Þvert á móti er verið að rökstyðja að aðilar sem sinna alþjóðlegu hjálparstarfi geti fengið leyfi samkvæmt lögum, en það er ekki verið að taka afstöðu til þess hvort slíkir aðilar sæki um leyfið eða ekki.

Varðandi það hvernig lögin eru úr garði gerð, hvort skynsamlegt hefði verið að taka öll sérlögin í heildarlöggjöfina er það álitamál, en niðurstaða okkar að vel ígrunduðu máli var sú að fara þá leið sem hér er. Ég tel að það sé skynsamlegt því með þessu er ákveðinn heildarrammi skapaður. Þetta minnir á löggjöf t.d. um háskóla eða aðra slíka starfsemi þar sem menn setja almennar leikreglur í lögum eins og þessum og síðan sérlög um einstaka aðila, því hið sama á kannski ekki við um hvern og einn þegar að því kemur. Það er úrlausnarefni sem ég held að sé ekki óskynsamlegt fyrir þingið svo það geti tekið afstöðu til málsins á fleiri en einu stigi.

Varðandi tekjutap Háskóla Íslands mundi ég ekki tala um þetta sem neitt tekjutap fyrir Háskóla Íslands því einkaleyfisgjaldið hefur verið notað til þess að leggja fram fé í ákveðna rannsóknasjóði og engin trygging fyrir því að Háskóli Íslands fái það fé. Hins vegar, ef frumvarpið nær fram að ganga, mun einkaleyfisgjaldið falla niður og Happdrætti Háskóla Íslands greiða leyfisgjald eins og önnur happdrætti, væntanlega miðað við veltu sína og afkomu. Að mínu mati mun þetta því frekar rýmka fjárhagsstöðu Happdrættis Háskóla Íslands en hitt um leið og það missir þá sérstöðu sem það hefur haft í krafti einkaleyfisins. Þetta eru þau atriði sem hv. þingmaður nefndi og ég staldraði sérstaklega við.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson vék einnig að ýmsum atriðum. Ég vil aðeins vegna orða hans minna á að hér er verið að fjalla um leyfisskyld happdrætti eða hlutaveltur, en einnig er tekið fram að það getur verið að á árshátíðum, skemmtunum og fjölskylduhátíðum einhvers konar komi menn saman og efni til einhverra skemmtihappdrætta eða reka bingó sem ekki eru leyfisskyld samkvæmt lögum. Menn geta að sjálfsögðu gert slíkt innan þeirra marka sem eðlilegt er. Þetta er leyfisskyld starfsemi sem þarna er um að ræða. Einnig þegar hann minnist á skafmiðana er það peningahappdrætti en ekki happdrætti í þeim skilningi sem við fjöllum endilega um hér, því við fjöllum ekki um peningahappdrættin, við fjöllum um leyfisskyldar hlutaveltur og happdrætti í þrengri skilningi en þegar við lítum á alla flóruna, peningahappdrættin og þær skyldur sem verða settar á þau.

Menn verða því aðeins að líta til þess þegar um málið er fjallað og líka þegar talað er um lægri en 18 ár. Það fer eftir því hvers lags starfsemi þetta er. Ef þetta er á einhverjum vinnustað þar sem menn efna til happdrættis eða fara í bingó sér til skemmtunar í hópnum er ekki leyfisskylda, þá þarf ekki að leita leyfis til dómsmálaráðherra til að fara út í slíka starfsemi. Það er því nauðsynlegt að líta á það að hér er ekki verið að hlutast til um staðbundna starfsemi, bundin við eitt kvöld eða annað slíkt, það er ekki tilgangurinn að fara að skipta sér af því.

Síðan er spurningin um hverjir eiga að leggja af mörkum til að sporna gegn spilafíkninni, hvar er upphafið og hvar er endirinn í því? Ég ætla ekkert að tjá mig um það hér. Ég heyri þær raddir sem komið hafa fram um það en aðrir eru betur færir um það en ég að segja til um það hvort ósanngjarnt sé að leggja það á happdrætti sem verða samkvæmt þessu peningahappdrætti og starfa á jafnréttisgrundvelli að því leyti, hvort það á aðeins að leggja það á þá sem eru með spilakassa. Ég er ekki viss um að kveikjan að spilafíkn vakni bara við spilakassa. Það getur verið við aðra starfsemi og það er það sem menn leggja áherslu á í öllu þessu starfi. Þetta er líka hluti af því hvernig við ætlum að nálgast það þegar við förum í hið alþjóðlega umhverfi sem við störfum í, hvaða kröfu við ætlum að gera. Þar eru gerðar kröfur til þess að menn leggi fé af mörkum til rannsókna og aðgerða sem miða að því að sporna gegn spilafíkn. Við getum ekki mismunað aðilum í því. Það þarf að færa einhver vísindaleg rök fyrir því ef ein spilamennska er síður til þess fallin að ýta undir spilafíkn en önnur.

Ég ítreka það, herra forseti, að ég vænti þess að hv. allsherjarnefnd fari yfir þetta frumvarp eins og önnur og geri það af þeirri vandvirkni sem hún er þekkt fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:07]

Lagt fram á lestrarsal.

[13:32]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Lagt hefur verið fram á lestrarsal erindi frá fréttamönnum Ríkisútvarpsins.

Um fundarstjórn.
Umræða um málefni Ríkisútvarpsins.

[13:34]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að fá að tilkynna undir þessum dagskrárlið, um fundarstjórn forseta, hæstv. forseta og þingheimi þær lyktir sem urðu á því máli sem hér var rætt undir sama dagskrárlið í morgun, þ.e. þeirri beiðni minni að hér færi fram umræða utan dagskrár um málefni Ríkisútvarpsins og þá alvarlegu stöðu sem þar er komin upp. Ég óskaði eftir því að hæstv. forsætisráðherra yrði til svara í þeirri umræðu vegna alvarleika málsins sem ég tel vera orðinn þess eðlis að í ljósi fjarveru hæstv. menntamálaráðherra sé enginn annar réttari til að taka þá umræðu en hæstv. forsætisráðherra.

Hæstv. forseti Alþingis, Halldór Blöndal, hafnaði þeirri beiðni minni, að forsætisráðherra yrði kallaður til umræðunnar og reyndar hafði hæstv. forsætisráðherra sjálfur hafnað þeirri ósk minni þegar ég kom að máli við hann í þinghléi rétt fyrir hádegi. Hann sagðist ekki fara inn á svið fagráðherranna og forseti þingsins Halldór Blöndal sagði mér að hér væri vinnureglan ekki sú að kalla til forsætisráðherra þegar um fagmál væri að ræða.

Hæstv. forseti. Eftir stendur beiðni mín um umræðu utan dagskrár sem ég hef óskað eftir að fari fram um leið og hæstv. menntamálaráðherra er komin til starfa aftur. Ég á von á því að hún komi til landsins um helgina og treysti því, virðulegi forseti, að þessi umræða geti farið fram á mánudaginn. Það finnst mér rétt og skylt í ljósi þess sem hér hefur verið að gerast í morgun.

Þá vil ég einnig orða hér við hæstv. forseta ákall til Alþingis Íslendinga sem hæstv. forseti var að tilkynna rétt í þessu að lægi frammi á lestrarsal. Ákall þetta er frá fréttamönnum Ríkisútvarpsins og því hefur verið dreift í hólf allra þingmanna. Hér er um mjög svo alvarlegt ákall að ræða sem ég tel eðlilegt að tekið verði til umfjöllunar á Alþingi hvernig sem við gerum það því að hér erum við, lýðræðislega kjörnir fulltrúar þjóðarinnar, beðin að bregðast við því sem fréttamenn kalla neyðarástand sem skapast hefur í Ríkisútvarpinu.

Ég tek undir að ástandinu á fréttastofu Ríkisútvarpsins sé best lýst sem neyðarástandi. Ég tek undir þetta ákall þar sem fréttamenn heita á alþingismenn að standa vörð um Ríkisútvarpið sem þjónað hefur þjóðinni í nær 75 ár. Ég tel hér verulega alvarlega hluti á ferðum og sérstaklega kannski í ljósi þess sem við fengum að heyra í fréttum Ríkisútvarpsins í hádeginu þar sem nýr fréttastjóri leynir þjóð og fréttamenn því að hann hafi átt fund með formanni útvarpsráðs í gær. Hann segir þjóðinni beinlínis ósatt og er gerður afturreka með það. Mér finnst það afar alvarlegt og tel að í ljósi þessa alls sé ákallið þess eðlis að alþingismenn verði að ræða það og það verði að taka það fyrir hér. Það er ljóst að ríkisstjórnin er að beita áhrifum inni á fréttastofunni, það er verið að breyta Ríkisútvarpinu í ríkisstjórnarútvarp með gerræðislegum aðferðum. Lýðræðisheiðir þessarar stóru stofnunar eru brotnar á bak aftur. Það má ekki gerast.

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég vil biðja hv. þingmenn að halda sig við það að ræða um fundarstjórn forseta en ekki efnisatriði máls.)

[13:37]

Mörður Árnason:

Forseti. Alþingi fer að loknum þessum degi í helgarfrí. Ráðherrar eru í einhvers konar fríi líka flestir.

Ein stofnun í landinu fer ekki í frí, eitt fyrirtæki í landinu fer aldrei í frí. Það er fyrirtækið Ríkisútvarpið, fyrirtæki almennings. Þar er nú ljóst eftir tíðindi dagsins og eftir þann texta sem við höfum fengið hér afhentan, Ákall til Alþingis Íslendinga, að skapast hefur sú staða sem ekki þolir bið. Það er þess vegna ekki vítalaust að forseti Alþingis skuli hafa hafnað beiðni um frekari umræðu hér, skipulega umræðu, og það er ekki sæmandi að forsætisráðherra hæstv. skuli hafa skorast undan því að vera hér og taka við spurningum og svara fyrir hönd hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli.

Ekki verður unað við annað en að héðan komi viðbrögð, að Alþingi svari þessu ákalli starfsmanna Ríkisútvarpsins, fréttamanna á Ríkisútvarpinu, með einhverjum hætti. Þess vegna sakna ég hér forseta Alþingis, þess sem kjörinn var og þess sem tók við ályktun fréttamanna áðan. Ég spyr í þessum sal: Hver eru viðbrögð hans? Þess vegna sakna ég þess líka að forsætisráðherra hæstv. sem í allan morgun er búinn að vera á vappi utan þingsalar skuli ekki vera hér í salnum og segja okkur hver eru viðbrögð hans sem forustumanns ríkisstjórnar Íslands. Það er þetta sem við þurfum að fá hér fram í dag. Við þurfum að fá viðbrögð ríkisstjórnarinnar, líkamnaðrar í forsætisráðherranum hæstv. Og við verðum að fá að vita hvað forseti Alþingis, sá sem kjörinn var, sá sem við ákallinu tók, hefur hugsað sér að gera með það.

[13:39]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það vekur auðvitað athygli að hér er ekki einn einasti ráðherra viðstaddur. Við vitum, hæstv. forseti, að sumir þeirra eru í húsinu en hafa kosið að hlusta ekki á þessa umræðu. Ég vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta að forseti kalli á þá ráðherra sem eru í húsinu og óski eftir því að þeir séu hér til staðar, þeir bera ákveðnar þinglegar skyldur eins og við hin. (**Gripið fram í:** Og forseti Alþingis.) Já, og hæstv. forseti Alþingis

Verið er að ræða fundarstjórn forseta vegna þess að farið er fram á að forseti kalli ráðherra til setu inni í þingsal þannig að þeir hlýði á mál hv. þingmanna, þeir hafa ákveðnum þinglegum skyldum að gegna. Fyrir hönd Samfylkingarinnar fer ég líka fram á að menntamálanefnd verði kölluð saman til fundar til að ræða það alvarlega ástand sem ríkir hjá Ríkisútvarpinu.

Þetta er ákall til okkar, virðulegi forseti, um viðbrögð okkar og þá hljótum við að óska eftir svörum frá hæstv. forseta um það með hvaða hætti þingið bregst við og þá fyrst og síðast að menntamálanefnd verði kölluð saman til að fjalla um málið nú þegar.

[13:41]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Hér er komin upp allankannaleg staða. Hinu háa Alþingi hefur borist ákall frá fréttamönnum Ríkisútvarpsins, ákall sem hv. Alþingi virðist ekki ætla að svara.

Hvað gerum við þá, frú forseti? Við sem erum réttkjörnir þingmenn á hinu háa Alþingi, við sem í raun berum ábyrgð á fjárveitingum til reksturs Ríkisútvarpsins, að ógleymdu útvarpsráðinu, hvað gerum við þá?

Í dag er minnst 150 ára verslunarfrelsis á Íslandi. Árið 1843 gaf danski kóngurinn út tilskipun um að endurreisa skyldi Alþingi Íslendinga. Þá fengu karlmenn, reyndar örfáir, 5% íslenskra karlmanna, kosningarrétt. Alla þá öld, alla 19. öldina beittu Íslendingar þeirri aðferð í frelsisbaráttu sinni að skrifa undir bænaskjöl til konungs, áköll og bænaskjöl, eins og réttlausir einstaklingar gera þegar enginn er kosningarrétturinn t.d., þegar enginn er áheyrnarrétturinn, þegar enginn er löggjafarrétturinn.

Það mætti halda, frú forseti, að á því herrans ári 2005, 162 árum eftir að Alþingi Íslendinga var endurreist, að það væri vilji og ætlan þeirra sem nú fara með völd í landinu að færa allt í fyrra horf. Hingað þurfa heilu stéttirnar að ...

(**Forseti** (JóhS): Forseti verður að biðja hv. þingmenn um að halda sig við að ræða um fundarstjórn forseta.)

Frú forseti. Þá spyr ég: Hvernig hyggst forseti Alþingis svara ákalli fréttamanna Ríkisútvarpsins, bænaskjali þeirra um áheyrn á hinu háa Alþingi? Hvernig hyggst hið háa Alþingi bregðast við?

[13:43]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hér er komin upp grafalvarleg staða sem hreinlega versnar með hverjum klukkutímanum sem líður. Það er ekkert skrýtið þótt þingheimur óski eftir umræðum um störf forseta því að í morgun gerðist sá fáheyrði atburður að Alþingi barst ákall frá fréttamönnum á Ríkisútvarpinu og ég hefði haldið að það ákall ætti að vera tilefni til þess að sá texti yrði lesinn upp af forseta þingsins fyrir þingheim í stað þess að vera skutlað inn á lestrarsal Alþingis.

Ég vil því leyfa mér, svo að þetta ákall verði fært til bókar í þingtíðindum fyrir komandi kynslóðir af því að ég tel að við séum að sigla hér inn í sögulegt ferli ef fram fer sem horfir, að lesa þetta ákall upp, með leyfi forseta:

„Reykjavík, 1. apríl 2005 ...“

(**Forseti** (JóhS): Forseti getur ekki leyft að þetta sé lesið upp hér. Þetta fjallar ekki um fundarstjórn forseta. Það var ákveðið á nýafstöðnum fundi með formönnum þingflokka að óskað yrði eftir því við menntamálaráðherra að hún yrði viðstödd utandagskrárumræðu eins og fljótt og hægt er eftir helgi en eins og hv. þingmenn vita er hæstv. menntamálaráðherra erlendis. Forseti mun koma þeim boðum til hæstv. menntamálaráðherra og þá gefst sannarlega tækifæri til þess að ræða það skjal sem hv. þingmaður nefnir hér. En forseti getur ekki leyft að það sé lesið hér upp undir liðnum um fundarstjórn forseta.)

Gott og vel, virðulegi forseti, það er þá fært til bókar í þingtíðindum að mér hafi verið meinað að lesa upp þetta skjal til þess einmitt að það kæmist í þingtíðindi. Ég vildi fá að gera það vegna þess að ég taldi ámælisvert að forseti þingsins læsi ekki upp þetta skjal fyrir þingheim því að, eins og ég sagði, það er fáheyrt að okkur berist slíkt ákall.

Ég vil þá nota tíma minn í ræðustól til þess að gagnrýna það líka að forseti skuli ekki gera kröfu um að hæstv. forsætisráðherra komi hingað í þingsal. Ég sá hann í þinghúsinu fyrir rétt tæpum hálftíma en hann lætur ekki sjá sig í þingsal og reyndar afskaplega fáir framsóknarmenn og framsóknarmenn þegja þunnu hljóði um þetta mál. Það er að sjálfsögðu líka ámælisvert og gildir þá einu hvort um er að ræða þingmenn eða ráðherra.

Ég vil ljúka máli mínu með því að spyrja forseta að því hvort ekki sé við hæfi að forseti kalli eftir hæstv. forsætisráðherra — hann var hérna rétt áðan og hann er sennilega enn þá einhvers staðar í þinghúsinu — þannig að hann geti verið hér og hlustað á þessa umræðu og jafnvel staðið fyrir máli sínu.

[13:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er mjög slæmt að þessi umræða skuli ekki geta farið hér fram. Það er ákaflega alvarlegt mál að hæstv. ríkisstjórn komist upp með að koma sér hjá því, koma sér undan því að svara fyrir gerðir sínar í Ríkisútvarpinu og axla ábyrgð sína gagnvart Alþingi á því máli, og hæstv. forsetar þingsins verða auðvitað að taka það mál sérstaklega til skoðunar. Forsetum þingsins ber að standa vörð um rétt þingmanna, m.a. til þess að taka upp mál og krefja ráðherra svara.

Það eru auðvitað ekkert annað en hrein undanbrögð hjá hæstv. forsætisráðherra að neita að taka þessa umræðu. Málið er stjórnarflokkanna beggja. Upphaf þess er að rekja til fulltrúa stjórnarflokkanna í útvarpsráði og kannski sérstaklega til spunadoktoranna á bak við hæstv. forsætisráðherra sjálfan. Það eru hrein undanbrögð hjá hæstv. forsætisráðherra, sem er hér á staðnum, að taka ekki þessa umræðu. Eða ætlar hæstv. forsætisráðherra í felur líka? Ætlar hann kannski að skríða til útlanda og fela sig þar eins og hæstv. menntamálaráðherra?

Hæstv. forsætisráðherra getur tekið hvaða mál sem hann vill á vettvangi ríkisstjórnarinnar og svarað fyrir þau. Hæstv. forsætisráðherra þarf ekki nema eitt símtal við hæstv. menntamálaráðherra og hafa samráð við fagráðherrann um að hann taki að sér fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að svara fyrir málið. Þetta gefur augaleið. Það stendur ekki á hæstv. forsætisráðherra við ýmsar aðrar og vinsælli aðstæður að þenja sig og breiða sig og vængi sína út yfir ríkisstjórnina alla. Hæstv. forseti þingsins á ekki að líða hæstv. forsætisráðherra þessi undanbrögð. Við svona aðstæður ætlumst við þingmenn til þess að forsetarnir séu forsetar þingsins og standi vörð um rétt þingmanna til að sinna hlutverki sínu, þar á meðal að veita ríkisstjórninni aðhald, að láta hana svara fyrir gerðir sínar hér á þingi. Það er hingað sem ríkisstjórnin sækir umboð sitt og það er hér sem hún á að svara fyrir gjörðir sínar.

Þegar í hlut á mikilvæg opinber stofnun eins og Ríkisútvarpið sem starfar eftir lögum frá Alþingi og fær fjárveitingar eða eru skammtaðar tekjur héðan er það líka skylda Alþingis að taka á þeim málum og tryggja að Ríkisútvarpið

geti starfað samkvæmt lögum, hafi starfsfrið og starfsmöguleika. Það ástand er ekki við lýði í dag. Fréttastofan er óstarfhæf, Ríkisútvarpið er óstarfhæft. Útvarpsstjóri er rúinn trausti, fréttastjórinn hvorki kann á né getur ráðið við það starf sem hann hefur verið ráðinn til, þannig að hann er að fá leiðsögn til að hann rati innan húss.

Það er auðvitað ævintýralegt, virðulegur forseti, að við skulum standa frammi fyrir því á Íslandi á árinu 2005 að það sé ekki frjáls fjölmiðlun í landinu heldur stöndum við frammi fyrir hinu gagnstæða. (Forseti hringir.) Það er gerð tilraun til flokkspólitísks valdaráns í Ríkisútvarpinu. (Forseti hringir.) Og hverjum ber nú að reyna að afstýra slíku ef ekki Alþingi?

[13:50]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti verður enn og aftur að ítreka þá ósk sína að þingmenn haldi sig við það að ræða um fundarstjórn forseta en fari ekki út í það að ræða efnisatriði máls.

Forseti vill líka taka fram að boðum hefur verið komið til hæstv. forsætisráðherra um að óskað er nærveru hans núna við þessa umræðu um fundarstjórn forseta.

[13:50]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Í ljósi þess að við teljum nauðsynlegt að Alþingi bregðist við því ákalli sem fram hefur komið og þeirrar grafalvarlegu stöðu sem uppi er í Ríkisútvarpinu, viðbrögð við aðför stjórnarflokkanna að sjálfstæði Ríkisútvarpsins, óskuðum við þrír þingmenn Samfylkingarinnar í menntamálanefnd á fundi hennar núna í hádeginu klukkan 13.15 eftir því, virðulegi forseti, að nefndin yrði kölluð saman vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi er í Ríkisútvarpinu af því að starfsmenn hafa ályktað sem svo gegn útvarpsstjóra sínum að hann er þar rúinn trausti, rúinn virðingu. Við höfum óskað eftir því að nefndin verði kölluð saman og útvarpsráð verði kallað fyrir nefndina og útvarpsstjóri. Þeir geri menntamálanefnd Alþingis grein fyrir því hvernig staðan er þar innan húss nú þegar aðför stjórnarflokkanna að sjálfstæði Ríkisútvarpsins er í hámæli. Við höfum kallað eftir þessu. Samkvæmt 15. gr. þingskapa ber formanni menntamálanefndar að kalla nefndina saman hið fyrsta til að ræða málið sem óskað er eftir að tekið verði fyrir.

Það var að heyra á formanni nefndarinnar, hv. þm. Gunnari. Birgissyni, að við þessu yrði að sjálfsögðu orðið hið allra fyrsta og því óska ég eftir því, virðulegi forseti, að hlé verði gert á fundum Alþingis á meðan menntamálanefnd kemur saman og ræði þetta grafalvarlega mál, ræði aðförina að Ríkisútvarpinu, ræði hvernig eigi að bregðast við og hvernig eigi að leysa hnútinn. Hvort útvarpsstjóra beri ekki að fara frá tafarlaust til að ró komist á og hægt sé að vinna úr þeirri grafalvarlegu stöðu sem uppi er. En fyrst og fremst þarf að kalla nefndina saman til að hún geti kallað á sinn fund þá sem að málinu koma, útvarpsráð, formann útvarpsráðs og útvarpsstjóra, mennina á bak við aðförina að Ríkisútvarpinu.

Við förum fram á að fundum Alþingis verði frestað á meðan nefndin kemur saman og kalli þessa aðila fyrir sig. Ekki er hægt að líða það að Ríkisútvarpið búi við þessa óvissu, þetta hernaðarástand núna um helgina og næstu daga. Það getur ekki beðið mánudagsins að málið verði rætt og Alþingi bregðist með formlegum hætti við því ákalli sem fram er komið frá fréttamönnum á Ríkisútvarpinu og við þeirri grafalvarlegu stöðu sem uppi er í þeirri hornstofnun samfélags okkar.

Því fer ég fram á það, virðulegi forseti, að forsætisnefnd komi saman og fundi um það hvort ekki sé hægt að fresta fundum Alþingis, menntamálanefnd komi saman, kalli þessa aðila fyrir sig, ræði málið og skýri síðan þingheimi frá því hvað út úr því hefur komið.

[13:53]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseta hefur borist það að hæstv. forsætisráðherra er upptekinn á fundi en boðum verði komið til hans um þessa ósk hv. þingmanna.

Varðandi það að kalla saman menntamálanefnd er það skv. 15. gr. þingskapa formaður, eða varaformaður í forföllum hans, sem boðar til fundar og mun forseti koma þeim boðum sem hér hafa komið fram um þá ósk áleiðis til formanns menntamálanefndar en það er hann sjálfur sem ákveður hvort boðað verður til fundarins. En forseti vill þá líka minna á að formanni er skylt að boða til fundar ef ósk berst um það frá a.m.k. þriðjungi nefndarmanna.

[13:54]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Á fundi forseta með þingflokksformönnum var farið yfir þær beiðnir sem liggja fyrir um utandagskrárumræður, þar á meðal þá beiðni sem hér hefur legið fyrir og hefur verið beint til forseta núna á þessum degi að yrði tekin fyrir í dag. Ég tel að augljóst sé að þegar menntamálaráðherra kemur hér til starfa verði þetta mál rætt við hæstv. menntamálaráðherra.

Það var úrskurður forseta að málefni Ríkisútvarpsins — og þarf raunar ekki úrskurð forseta til þess — að það væru þeir ráðherrar sem væru með málaflokkana á sínu valdi sem svöruðu óskum um þær umræður sem bærust um utandagskrárumræður í þinginu, en ekki, eins og hér hefur komið fram, hæstv. forsætisráðherra. Ríkisútvarpið er ekki á málasviði hans. Þessu hefur því öllu verið vel til skila haldið og óþarfi að halda hér uppi undir þessum lið, um fundarstjórn forseta, umræðu um hvort á að ræða þetta við einhvern annan ráðherra en menntamálaráðherra.

Ég vil einnig benda á, af því að það kom fram hjá hv. þm. Merði Árnasyni að forseti hefði hafnað því að þetta mál yrði rætt utan dagskrár, að það er alrangt. Forseti hafnaði því ekki, þvert á móti hefur hann tekið vel í það og mun leita eftir því við menntamálaráðherra að umræða geti farið fram eftir helgina þegar menntamálaráðherra hefur komið til starfa.

[13:56]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég vil taka til máls um fundarstjórn forseta, ég undirstrika það sérstaklega.

Þessi umræða hefur ekki snúist um fundarstjórn forseta.

Forseti hefur af veikum mætti reynt að hemja menn í því að ræða um málefni sem hver einasti ræðumaður hefur talað um. Þetta er ákveðið agaleysi. Ég vil styðja forsetann í því að menn haldi sig við fundarstjórn forseta. (Gripið fram í.)

Þess vegna er það dálítið undarlegt að menn skuli krefjast þess, og meira að segja hæstv. forseti tekur undir það, að hæstv. forsætisráðherra komi inn í umræðuna um fundarstjórn forseta. Ég skil ekki rökin á bak við það. Sá eini sem ætti að vera viðstaddur umræðu um fundarstjórn forseta er hæstv. forseti sjálfur. (**Gripið fram í:** Hvar er hann?) Hann er viðstaddur. (**Gripið fram í:** Hvar er hann? Ég sé hann hvergi.) Hæstv. forseti Alþingis situr í stólnum (**Gripið fram í:** Varamaður hans.) og er að stýra fundi. (Gripið fram í.)

Ég verð því miður, frú forseti, að taka upp þráðinn sem aðrir hafa rætt hérna um málefnið, því miður, (Gripið fram í.) þó að verið sé að ræða um fundarstjórn forseta, vegna þess að það er svo einhliða málflutningur sem hefur komið fram. Málið er það að við höfum ...

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill ítreka það að hv. þingmaður sem í ræðustól stendur sem og aðrir haldi sig við það að ræða um fundarstjórn forseta.)

Þá ætla ég ekki að ræða um málefnið þó að allir aðrir hafi gert það.

[13:58]

Mörður Árnason:

Forseti. Um fundarstjórn forseta er það að segja núna að ekki hefur verið orðið við því af hálfu hæstv. forsætisráðherra — sem ekki er í salnum þó að hann hafi verið hér í allan morgun — og ekki af forseta Alþingis, þess sem kjörinn var, að veita viðbrögð við því ákalli sem beðið var um að þeir brygðust við. Það er skylda þeirra að gera það. Forseti Alþingis tók við þessu skjali niðri áðan. Ekki er ljóst hvað hann ætlar að gera við það nema hvað hann hefur frestað því fram yfir helgi og er að bíða eftir kalli frá hæstv. menntamálaráðherra í útlöndum.

En í þessu máli er það í raun ekki menntamálaráðherra sem er til svara. Það er ríkisstjórnin samanlögð. Það eru fulltrúar beggja stjórnarflokkanna sem hafa komið þessum málum á Ríkisútvarpinu í það klúður og það neyðarástand sem raun ber vitni. Þess vegna á það að vera forsætisráðherrann sem hér á að vera í stólnum að tala um þetta mál, skýra það af sinni hálfu og reyna að svara þeim spurningum sem bornar hafa verið fram.

Ég þakka forseta fyrir að hafa komið til hans þeim boðum að menn séu að bíða eftir honum. En ég get ekki þakkað forsætisráðherra fyrir það að taka önnur verk fram yfir þau sem eru honum skyldust í dag, 1. apríl 2005, sem af öllum þeim fyrstu aprílum sem venjulega eru fréttaefni er kannski fréttamestur, að standa frammi fyrir þingi sínu og þjóð og skýra það hvers vegna nær 75 ára stofnun er nú í uppnámi eftir að hafa verið leikin sem raun ber vitni af Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki.

[13:59]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla að bera blak af fundarstjórn forseta en það hlýtur að vera mjög erfitt að stýra fundum á þingi þegar í forsæti ríkisstjórnar Íslands er þvílík lúpa, að geta ekki mætt og skýrt fyrir okkur ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill biðja hv. þingmann að gæta orða sinna.)

Já, ég skal reyna að koma orðum að þessu. Mér hefði fundist hann maður að meiri, forsætisráðherra þjóðarinnar, ef hann kæmi og útskýrði stjórnarathafnir sínar. Þetta er erfið staða fyrir hæstv. forseta, að þurfa að halda þingfundi þegar menn flýja af vettvangi, þora ekki að standa fyrir máli sínu. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem við sjáum það slíkt gerast og það er mjög erfitt fyrir hæstv. forseta.

Þegar kom að Íraksmálinu, þá var farið í frí. Síðan er flúið út á land. Það er erfitt að halda dagskrá og stjórna fundum þegar svo er. Ég skora á hæstv. forsætisráðherra og sjá sóma sinn í að taka til máls og reyna að skýra út stjórnarathafnir sínar. Við sáum að útvarpsstjóri lét ekki ná í sig út af þeim ráðningarmálum sem eru hér nú til umræðu og ég hef fullan skilning á því. (Gripið fram í.) Já, ég hef fullan skilning á þessu og tel að fundarstjórn forseta hafi verið ágæt en það er erfitt að stjórna fundum þegar menn geta ekki svarað og talað sínu máli, frú forseti.

[14:01]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í umræðu um fundarstjórn forseta en hér kom upp áðan hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson og óskaði eftir því að menntamálanefnd yrði kölluð saman og að þingfundum yrði frestað. Ég hef ekki heyrt hæstv. forseta segja neitt um hvort það komi til greina að fresta þingfundum meðan menntamálanefnd kemur saman og fer yfir þetta mál.

Í raun þurfa menn ekki að vera hissa á þessari umræðu. Hér er kallað eftir hæstv. forsætisráðherra til að vera til svara um málið sem nú er rætt. En það er eins og oft áður á Alþingi, að menn fara í kringum hlutina eins og kettir í kringum heitan graut og tala um að hér eigi menntamálaráðherra að vera til svara þegar allir vita að það er ekki menntamálaráðherra sem málið snýst um heldur eru það aðgerðir hæstv. forsætisráðherra og Framsóknarflokksins í þessu máli sem við viljum ræða. Það er eðlilegt að kalla eftir því að formaður Framsóknarflokksins, hæstv. forsætisráðherra, komi og svari þinginu um þetta mál.

En ég sakna þess að forseti svari því hvort til greina komi að fresta fundum þingsins og óska eftir svari um það.

[14:03]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Vegna orða hv. þingmanns þá hefur boðum verið komið til formanns menntamálanefndar um ósk þá sem borist hefur frá nokkrum hv. þingmönnum um að menntamálanefnd verði kölluð saman. Forseti mun vissulega íhuga að fresta fundi ef um það kemur ósk frá menntamálanefnd vegna þess að það er hennar að ákveða hvort fundur verði kallaður saman eða ekki. Það er ekki forsetans. (Gripið fram í.) Það er formannsins eða eftir ósk þriðjungs nefndarmanna. (Gripið fram í.)

Það hefur komið fram formleg ósk um fund í menntamálanefnd frá tilskildum fjölda nefndarmanna og henni verður komið til formanns nefndarinnar, ósk frá tilskildum

hluta nefndarinnar samkvæmt þingsköpum. Forseti mun bíða eftir því að heyra viðbrögð við því frá formanni nefndarinnar.

[14:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég tek undir með ræðumanni sem hér talaði áðan og hrósaði forseta fyrir fundarstjórnina. Ég geri það líka þótt ég vilji að vísu halda því til haga að það tíðkast, og er löng hefð fyrir því, að túlka eða beita þingsköpunum dálítið með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni. Þegar aðstæður eru þær sem raun ber vitni finnst mér að forseti eigi að vera umburðarlyndur og sveigjanlegur þó að menn sjái sig knúna til að ræða þá stöðu sem uppi er í þessu máli og varðar mjög vinnu þingsins í margvíslegum skilningi. Bæði hefur Alþingi fengið það ákall sem hér hefur verið vitnað til og síðan snýst málið um það hvaða stöðu, rétt og möguleika við þingmenn höfum og þingið hefur til að halda framkvæmdarvaldinu við efnið. Það er fullkomlega óþolandi að hæstv. ráðherrar komist hjá því að standa ábyrgir gerða sinna og svara fyrir þær við svona aðstæður.

Forseti þingsins hefur þá skyldu einnig að halda hæstv. ráðherrum við efnið. Ráðherrar hafa þingskyldur og þeim ber að rækja þær. Það er ekki endilega þannig að það skuli taka það gott og gilt að það komi skilaboð frá ráðherrum um að þeir séu annars staðar. Hvar eru þeir? Hvað er svona mikilvægt? Hvað þolir ekki þá bið að ráðherrar geti ekki komið í þingsal þegar óskað er viðveru þeirra og af hverju gegna þeir ekki þingskyldum sínum eins og aðrir?

Við aðstæður sem þessar gengur það ekki að framkvæmdarvaldið geti sjálft tekið sér það vald að ákveða hvort og hvenær umræður um mikilvæg mál fara fram. Við reynum að beita þeim heimildum og tækjum sem við höfum, t.d. að nota okkur þann möguleika sem minni hluti á til að setja mál á dagskrá á fundum þingnefnda. Minna má það ekki vera en að forusta þingsins standi með þinginu og þingmönnum í að þeir geti þó a.m.k. beitt lögbundnu úrræðum sínum, sem eru bundin í þingsköpunum og fólgin í hefðum.

Það á að heita svo, virðulegur forseti, að það sé þingbundin ríkisstjórn á Íslandi. Það stendur reyndar í 1. gr. stjórnarskrárinnar, þótt maður fari stundum að efast um að innstæður séu fyrir því að á Íslandi sé lýðveldi með þingbundinni ríkisstjórn. Núverandi ríkisstjórn hefur margsannað sig í því að hún heldur að þetta sé öfugt, að það sé ríkisstjórnarbundið, múlbundið þing. Henni nægir ekki að reyna að valta yfir Alþingi heldur gerir hún að auki skipulagða tilraun til valdaráns í einni mikilvægustu lýðræðis- og menntastofnun þjóðarinnar, Ríkisútvarpinu. Það varð m.a. deginum ljósara á þessum morgni þegar (Forseti hringir.) áformin, undirbúningurinn og skipulagið sem nýi fréttastjórinn tók með sér inn á fund í morgun kom í ljós. (Forseti hringir.)

Það er því ekki lítið undir hér, herra forseti, og von að mönnum sé heitt í hamsi.

[14:07]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti hefur fullan skilning á því að mönnum sé heitt í hamsi og mikið niðri fyrir í þessu máli en engu að síður verður forseti að biðja hv. þingmenn um að halda sig við þingsköp og ræða um fundarstjórn forseta.

[14:07]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi fram að ég tel það skyldu forseta Alþingis og í hans verkahring að meta rök þingmanna fyrir því að beðið skuli um að forsætisráðherra verði til andsvara í umræðunni sem hér um ræðir, en ekki hæstv. menntamálaráðherra í ljósi þess að hún er í útlöndum.

Rök mín voru lögð á borð hæstv. forseta á þingflokksformannafundi áðan. Ég tel þau hafa verið fullgild og harma að röksemdafærslu minni skyldi hafnað af hæstv. forseta. Ég tel að það hafi ekki verið gert með gildum rökum.

Eins og þessi umræða hefur leitt í ljós er um afar alvarlegt mál að ræða. Við búum við þrískiptingu valdsins samkvæmt stjórnarskrá. Við skiptum valdi okkar samkvæmt því lýðræðisskipulagi í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Svo vill þannig til að fjórða valdið í samfélagi okkar eru fjölmiðlarnir. Það er eðlilegt, þegar þingmönnum er misboðið á þeim nótum sem nú er verið að gera, að misbjóða þjóð og þingi með aðgerðunum sem standa yfir í Ríkisútvarpinu, að við undirstrikum alvarleika málsins með því að óska nærveru forsætisráðherra við umræðuna.

Ég vil að það sé ljóst að það eru fullgild rök fyrir því að viðveru forsætisráðherra var óskað. Ég harma að hæstv. forsætisráðherra skuli ekki hafa haft kjark til að svara fyrir þá ósvinnu sem á sér stað og þegar menn hafa nefnt valdarán hjá einni öflugustu lýðræðis- og menntastofnun þjóðarinnar.

Það segir sína sögu, hæstv. forseti, að fréttastjórinn nýi skuli hafa átt leynifundi með formanni útvarpsráðs. Það staðfestir að ávirðingar okkar, ávirðingar þær sem hafa verið uppi um tengsl hins pólitíska valds Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, eiga við rök (Forseti hringir.) að styðjast.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill biðja hv. þingmann að halda sig við að ræða um fundarstjórn forseta.)

Hæstv. forseti. Ég hef komið skilaboðum mínum til skila. Ég tel mig hafa haft fullgild rök fyrir því að biðja um að hæstv. forsætisráðherra væri við þessa umræðu og ég harma að hann skyldi ekki hafa haft kjark til þess.

[14:10]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Til að árétta í hvaða farvegi málið er varðandi ósk okkar, þriðjungs nefndarmanna, fulltrúa Samfylkingarinnar í menntamálanefnd, um að nefndin yrði kölluð saman, þá fundaði nefndin núna klukkan 13.15 þar sem málum hafði verið vísað til nefndar.

Undir liðnum Önnur mál fór þriðjungur nefndarinnar, samkvæmt 15. gr. þingskapa, fram á það sem stendur, með leyfi forseta:

„Formanni nefndar er skylt að boða til fundar ef ósk berst um það frá a.m.k. þriðjungi nefndarmanna."

Við fórum formlega fram á það, virðulegi forseti, við formann menntamálanefndar að nefndin yrði kölluð saman

hið allra fyrsta og kallaði á fund sinn útvarpsráð og útvarpsstjóra, rúinn trausti eftir að hafa staðið með stjórnarflokkunum í yfirtöku þeirra á fréttastofu útvarpsins. Við höfum þegar komið óskinni formlega á framfæri og ég fer því fram á það við virðulegan forseta að hann fresti þingfundi, hafi upp á formanni menntamálanefndar og komi því til leiðar að nefndin verði kölluð saman hið allra fyrsta. Við höfum, eins og áður segir, þriðjungur menntamálanefndar, fulltrúar Samfylkingarinnar í nefndinni, óskað formlega eftir því og samkvæmt þingsköpum er formanni nefndar þar með skylt að kalla nefndina saman af því tilefni sem óskað er.

Í þeim farvegi er málið. Við höfum lagt þessa ósk formlega fram við formann nefndarinnar á fundi nefndarinnar og samkvæmt þingsköpum, er honum skylt, virðulegi forseti, að boða nefndina til fundar. Við teljum ekkert því til fyrirstöðu að það gerist í dag, núna á eftir. Því er ekki eftir neinu að bíða með að nefndin komi saman og kalli til fulltrúa sem ég nefndi, úr útvarpsráði og að sjálfsögðu útvarpsstjóra sjálfan, rúinn trausti, á fund nefndarinnar. Menn gætu þar gert grein fyrir stöðu stofnunarinnar nú þegar tilraun ríkisstjórnarflokkanna til yfirtöku á fréttastofu útvarpsins er í algleymingi og dramatísku hámarki.

Ég fer þess vegna fram á að fundum þings verði frestað meðan úr þessu verður skorið, hvort formaður menntamálanefndar geti orðið við því í dag. Við höfum óskað eftir því formlega, eins og þingsköp kveða á um, að nefndin komi saman og þau segja formanni nefndar skylt að verða við bóninni.

[14:13]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Vegna orða síðasta ræðumanns vill forseti taka fram að það er rétt sem fram kemur í máli hans að formanni nefndar er skylt að boða til fundar ef ósk berst um það frá a.m.k. þriðjungi nefndarmanna. Því hefur verið komið til formanns nefndarinnar en hann tekur ákvörðun um hvenær þessi fundur verði boðaður. — Það hefur borist orðsending til forseta frá formanni nefndarinnar að nefndin verði ekki kölluð saman fyrr en eftir helgi.

Áfengislög, 1. umr.

Stjfrv., 676. mál (áfengi til iðnaðarnota og í atvinnuskyni). — Þskj. 1029.

[14:14]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á áfengislögum. Með frumvarpinu er lagt til að þeim sem hafa leyfi til innflutnings eða heildsölu áfengis í atvinnuskyni verði heimilað að selja eða afhenda öðrum fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota. Jafnframt er lagt til að settur verði skýrari grundvöllur undir heimild ráðherra til setningar reglugerðar um fyrirkomulag veitingar leyfa til innflutnings, heildsölu eða framleiðslu áfengis í atvinnuskyni.

Samkvæmt áfengislögum er innflytjendum og heildsölum ekki heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til notkunar við iðnaðarframleiðslu. Þannig getur innflytjandi áfengis t.d. ekki selt lyfjafyrirtæki áfengi sem það hyggst nota við framleiðslu lyfja eða snyrtivara. Hins vegar gera lögin ráð fyrir að sami innflytjandi geti selt áfengi til fyrirtækja sem hafa leyfi til að framleiða áfenga drykki, svo og til þeirra sem hafa leyfi til að selja eða veita áfengi í atvinnuskyni. Hefur þetta fyrirkomulag sætt talsverðri gagnrýni og þá einkum sá greinarmunur sem gerður er á fyrirtækjum sem nýta vínanda til iðnaðarframleiðslu og fyrirtækjum sem nýta vínanda til framleiðslu annarra áfengra drykkja.

Ekki verður séð að nein rök mæli með þessum greinarmun. Þykir því eðlilegt að áfengislögum verði breytt þannig að þeir aðilar sem fengið hafa leyfi til innflutnings eða heildsölu áfengis geti selt áfengi til fyrirtækja sem nota það við iðnaðarframleiðslu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allsherjarnefndar og 2. umr.

[14:16]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við erum hér að ræða áfengislögin og líst mér ágætlega á það frumvarp sem hér er til umræðu. Ég tel þó að taka eigi fleiri þætti til skoðunar í áfengislögunum og þá á ég sérstaklega við 14. gr. laganna. Ég mælist til þess að hæstv. ráðherra taki það til greina og endurskoði þau leyfi sem veitingastaðir þurfa að sækja um. Þetta er orðið of mikið og löngu tímabært að endurskoða öll þessi leyfi. Til dæmis veitir sveitarstjórn leyfi til áfengisveitinga og hún þarf að fá umsögn bæði lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar. Lögreglustjóri veitir samt sem áður sitt eigið leyfi og fær þá umsögn bæði heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar. Síðan þarf viðkomandi veitingastaður að fá tóbakssöluleyfi og ýmislegt fleira. Það er orðið löngu tímabært að taka á þessum leyfisveitingum sem eru orðnar allflóknar, enda margir aðilar að veita leyfi. Ég tel að þessi leyfi eigi í rauninni að vera eingöngu hjá sýslumönnum sem halda þá utan um þau. Síðan verða þá annaðhvort heilbrigðisnefndir eða sveitarstjórnir umsagnaraðilar um leyfin en það á ekki að veita leyfi á fjölmörgum stöðum í stjórnsýslunni.

Einnig vil ég gera þá athugasemd við 14. gr. að þar segir að heilbrigðisnefnd eigi að meta „innréttingu og annað svipmót veitingarekstrar“ út af áfengisveitingaleyfi. Svona nokkuð á alls ekki heima í slíkum lögum. Maður botnar ekkert í því hvernig heilbrigðisnefnd eigi að meta svipmót einhvers veitingastaðar og hvað það komi í rauninni áfengisleyfi við. Ég tel að þetta eigi að falla út og að jafnframt eigi að koma þessum leyfum í auknum mæli til sýslumanna. Heilbrigðisnefndir og sveitarfélög eiga eingöngu að vera umsagnaraðilar. Ég held að betur færi á því að leyfin yrðu veitt hjá sýslumönnum en ekki úti um allan bæ.

Veitingastaðir eru lítil fyrirtæki og þurfa að fara út um allan bæ til að fá leyfi fyrir einföldum rekstri þar sem fáir vinna. Ég þekki það úr mínu fyrra starfi að fólk skilur í rauninni ekkert í þessu og það hlýtur að vera hægt að einfalda þessa stjórnsýslu. Það er orðið löngu tímabært að það verði gert. Ég mælist til þess að hæstv. ráðherra skoði hvort ekki sé einmitt ráð að huga að því að fara að einfalda

stjórnsýsluna og leyfisveitingar fyrir atvinnurekstur sem er oft smár í sniðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ferðamál, fyrri umr.

Stjtill., 678. mál (heildartillaga 2006–2015). — Þskj. 1032.

[14:19]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um ferðamál.

Ferðaþjónustan er mjög vaxandi atvinnugrein hér á landi og því brýnt að henni sé mótuð skýr stefna til framtíðar af hálfu stjórnvalda. Atvinnurekendum og neytendum sé þannig ljóst á hverjum tíma hverjar séu helstu áherslur hins opinbera gagnvart framtíðaruppbyggingu greinarinnar. Það skiptir miklu máli fyrir ímynd lands og þjóðar hvaða mynd íslensk ferðaþjónusta skapar með þjónustu sinni.

Árið 1996 kom út stefnumótun samgönguráðuneytisins í ferðamálum til ársins 2005. Síðan þá hefur átt sér stað mikil þróun í greininni. Vöxtur hefur aukist talsvert meira en ráð var fyrir gert, fyrirtæki hafa sameinast, önnur hætt rekstri og ný verið sett á laggirnar, auk þess sem hagsmunasamtök ferðaþjónustunnar voru stofnuð. Breytingar hafa átt sér stað á sviði farþegaflugs, bæði innan lands og til og frá landinu. Reiknað er með frekari breytingum þar og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun.

Stóraukin notkun internetsins, breytingar í fjarskiptatækni og þróun kauphegðunar ferðamanna kallar á breytingar á þeim innviðum sem ferðaþjónustufyrirtæki treysta á. Þá hafa markaðs- og landkynningarmál verið tekin nýjum tökum sem hefur skilað miklum árangri.

Umhverfismál hafa ödlast hærri sess í allri umræðu um ferðamál, enda hefur mikil þróun átt sér stað og mikil vinna verið lögð í þann málaflokk innan ferðaþjónustunnar og utan. Hið sama má segja um gæðamál. Einnig á þetta við um menntamálin en þar er frekari samræming á námsframboði í þágu ferðaþjónustunnar talin nauðsynleg. Skilgreina þarf betur menntunarþörfina, samstarf opinberra og einkaaðila og hlutverk stjórnvalda í fjármögnun, uppbyggingu og vöruþróunarverkefnum. Þá hefur aukning orðið á framlögum hins opinbera til íslenskrar ferðaþjónustu og nýrra leiða verið leitað til að ná hámarksárangri greinarinnar.

Einstökum aðgerðum í markaðsmálum hefur verið ýtt úr vör á ýmsum markaðssvæðum sem virðast hafa skilað umtalsverðum árangri, samanber að ferðamönnum sem sóttu Ísland heim fjölgaði um 69% tímabilið 1995–2004 en sambærileg aukning í heiminum öllum var um 24% samkvæmt opinberum upplýsingum.

Samgönguráðuneytið hefur nú látið vinna sérstaka ferðamálaáætlun fyrir tímabilið 2006–2015 og henni er ætlað að taka við af þeirri stefnumörkun sem unnin var á sínum tíma. Þingsályktunartillagan sem hér er lögð fram byggir á þessari ferðamálaáætlun sem jafnframt er lögð fyrir þingmenn til kynningar en hún er unnin af stýrihóp sem samgönguráðherra skipaði haustið 2003 til að vinna að gerð ferðamálaáætlunar fyrir Ísland fyrir tímabilið 2006–2015.

Við undirbúning og gerð þingsályktunartillögunnar var m.a. byggt á skýrslum sem unnar hafa verið um heilsutengda ferðaþjónustu, menningartengda ferðaþjónustu, skýrslu um auðlindina Ísland sem skilgreindi meginsegla sem draga til sín ferðamenn og skýrslu um framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu. Allar þessar skýrslur og greinargerðir voru unnar á síðasta kjörtímabili og hafa nýst við stefnumörkun og markaðsaðgerðir stjórnvalda sem unnar hafa verið í góðu samstarfi við samtök aðila í ferðaþjónustu.

Stýrihópurinn sem vann að gerð þingsályktunartillögunnar hafði samráð við sérstakan vettvang hagsmunaaðila og leitaði þar m.a. sjónarmiða og tillagna varðandi starf hópsins. Við vinnslu áætlunarinnar var byggt að miklu leyti á skýrslum, úttektum og greinargerðum sem gerðar hafa verið á vegum ráðuneytisins og annarra aðila. Þá var og rætt við marga aðila sem vinna að ferðamálum og tengdri starfsemi.

Sett var upp vefsvæði fyrir verkefnið í því augnamiði að auðvelda samskipti, gera grunngögn aðgengileg á einum stað og gera vinnu við áætlunina gagnsærri. Þannig var upplýsingatæknin notuð til hins ýtrasta. Einnig voru haldin málþing með aðilum hagsmunavettvangsins um starf stýrihópsins.

Í þessari þingsályktunartillögu er áhersla á eftirfarandi meginmarkmið:

1. Náttúra Íslands sem menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála.
2. Tryggð verði samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni.
3. Álagi vegna ferðaþjónustu verði jafnað á landið og íbúa þess og verði innan þolmarka í samræmi við niðurstöður rannsókna.
4. Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin.

Enn fremur verði unnið að eftirfarandi markmiðum eins og fram kemur í tillögunni:

1. Ferðaþjónustunni verði sköpuð rekstrarskilyrði sambærileg við rekstrarskilyrði í samkeppnislöndunum.
2. Ísland verði í forustu í umhverfisvænni ferðaþjónustu.
3. Fylgt verði eftir uppbyggingu þjóðgarða með því að stuðla að ferðaþjónustu sem samþættir útivist og náttúruvernd.
4. Ábyrgð ferðamanna og fyrirtækja í ferðaþjónustu verði aukin í umhverfismálum.

Til að ná markmiðum í ferðamálum gerir þingsályktunartillagan ráð fyrir að beitt verði sérstökum aðgerðum sem m.a. varða rekstrarumhverfi greinarinnar, kynningarmál, nýsköpun, menntun, rannsóknir, gæðamál og öryggismál.

Í greinargerð með tillögunni er síðan farið ítarlega út í þau markmið og þær leiðir sem nauðsynlegar teljast til að ná þeim meginmarkmiðum sem fram eru sett í tillögunni.

Verði þingsályktunartillagan samþykkt er sérstök aðgerð á framkvæmdaáætlun til ársins 2010 þegar undirbúin. Hún er þó að miklu leyti bundin af þeim fjárveitingum sem fást til verkefnanna en byggist að sjálfsögðu fyrst og fremst á framgangi og fjárfestingu hagsmunaaðila í greininni.

Þingsályktunartillagan sem hér er mælt fyrir er lögð fram í þeim tilgangi að varða leið ferðaþjónustunnar sem er sú atvinnugrein sem hefur vaxið hvað mest á Íslandi. Það er von mín að með samþykkt hennar geti Alþingi og opinberir aðilar hlúð að því mikilvæga starfi sem einstaklingar og fyrirtæki standa fyrir.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. samgöngunefndar og síðari umræðu.

[14:28]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Engum sem fylgst hefur með málefnum ferðaþjónustunnar blandast hugur um það að ýmislegt þarf að breytast og á mörgu þarf að taka til að efla umgjörð og umhverfi þessarar mikilvægu atvinnugreinar okkar Íslendinga þó svo að harðast hafi kannski verið gengið gegn henni með virkjanaframkvæmdum á síðustu árum.

Mig langaði að spyrja hæstv. samgönguráðherra sérstaklega að einu. Nú hafa forustumenn og talsmenn Samtaka ferðaþjónustunnar kvartað undan háu áfengisgjaldi á léttvín og bjór og ítrekað lagt fram óskir um að leitað verði leiða til að lækka áfengisgjaldið á þessar vörur þannig að ferðamönnum bjóðist þær á sambærilegu verði og gerist og gengur í nágrannalöndunum. Verð á léttvíni og bjór sem er t.d. mikil neysluvara með mat hjá mjög mörgum útlendingum þarf að verða lægra.

Í tillögunni sem við ræðum í dag um ferðamál segir t.d., með leyfi forseta:

„Rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar.

1. Opinber gjöld af aðföngum og búnaði til ferðaþjónustu verði sambærileg við gjöld í samkeppnislöndum."

Einnig segir síðar í þessu ágæta plaggi um leiðir til að bæta rekstrarumhverfið:

„Skattlagning verði endurskoðuð.

Opinber gjöld vegna aðfanga og búnaðar til ferðaþjónustu verði sambærileg og í samkeppnislöndum okkar."

Eins og forustumenn ferðaþjónustunnar hafa lagt þetta upp hallar á samkeppnishæfi Íslands sem ferðamannalands vegna hins háa gjalds á léttvín og bjór og það fælir útlendinga jafnvel frá. Út spyrst hve himinhá verðlagningin er á þessa vöru. Þó hefur einnig komið fram að stór hluti þess er líka mikil álagning veitingamanna en það þarf að sjálfsögðu að skoða líka.

Því spyr ég hæstv. samgönguráðherra hvort hann leggi sama skilning í þennan lið í tillögunni hvað varðar opinber gjöld af aðföngum til að bæta rekstrarumhverfið. Mun hann beita sér fyrir því að gjald á léttvín og bjór lækki eins og talsmenn og forustumenn ferðaþjónustunnar hafa hvatt mjög til á liðnum missirum til að bæta einmitt rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar?

[14:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hélt að þetta atriði væri nú ekki það sem stæði upp úr í þessari þingsályktunartillögu, þ.e. áfengisgjald á léttvín og bjór. Engu að síður er ástæða til þess að fara yfir spurningar hv. þingmanns.

Vegna þessarar gagnrýni og vegna athugasemda um hátt áfengisverð á Íslandi lét ég gera úttekt á því sérstaklega vegna þess að komið höfðu athugasemdir um hátt áfengisgjald. Vissulega er áfengisgjald hátt á Íslandi samanborið við ýmis önnur lönd. Engu að síður hefur áfengisgjald á léttvín og bjór ekki hækkað mjög lengi í takt við verðlag þannig að í raun hefur það hægt og bítandi með verðlagsþróun verið að lækka.

Í þessari úttekt sem ég lét gera kom fram að áfengisgjaldið skiptir engum sköpum um verðlagningu á áfengi á veitingastöðum. Álagning veitingahúsanna ræður þar för. Ég vil hins vegar ekki kveða upp neinn dóm um það að verðlagning á áfengi á íslenskum veitingastöðum sé óeðlilega há. Eins og veitingamenn hafa vakið athygli á er oft og tíðum verið að veita margs konar aðstöðu og þjónustu sem veitingamenn verða að fá endurgjald fyrir og verða þess vegna að verðleggja sína þjónustu í samræmi við það. Það kemur fram í formi verðs á þessum vínum.

Ég tel því að þetta sé fjarri því að vera vandamál af þeirri stærðargráðu að það þurfi að taka upp sem sérstakt mál í tengslum við þessa umræðu. (Forseti hringir.) Ég tel miklu mikilvægara að takast á við mörg önnur atriði.

[14:32]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu þurfum við að ræða fjöldamargt í sambandi við ferðamál á Íslandi og þetta er kannski ekki það sem stendur hæst upp úr. En þetta er eitt af því og þetta er mál sem að mati forustumanna ferðaþjónustunnar hefur staðið upp úr. Þeir hafa skrifað mjög um þetta í íslensku dagblöðin og fjallað mjög um það á sínum fundum og þeir hafa fullyrt og haldið því fram að háir skattar á léttvín og bjór standi í veginum fyrir því að þessi vara sé á ásættanlegu verði fyrir ferðamenn. Áfengisverðið er hérna gríðarlega hátt á veitingastöðunum mörgum. Forustumenn ferðaþjónustunnar hafa haldið því mjög fram að þetta sé vandamál, þetta þvælist fyrir ferðaþjónustunni, þetta þvælist fyrir uppbyggingu hennar og þetta sé eitt af því í rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar sem verði að breyta og taka á.

Hæstv. samgönguráðherra er augljóslega á annarri skoðun. En hann getur ekki drepið málinu á dreif með því að honum finnist það ekki það sem ræða ber í þessu máli. Við ráðum að sjálfsögðu hvað við ræðum hér í þessari áætlun og þetta er eitt af því sem er komið inn á og er átt við með orðunum „Opinber gjöld af aðföngum" ef vænta má með hliðsjón af þeirri umræðu sem farið hefur fram af þeim sem að ferðaþjónustunni standa. Þó svo að hæstv. ráðherra ferðamála hafi ekki tekið undir það samkvæmt því sem fram kemur hjá honum og svari hans hér þá er þetta eitt af þeim málum sem hafa staðið upp úr hjá þeim sem berjast fyrir bættu rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar enda þarf að lyfta grettistaki á mörgum sviðum til að rekstrarumhverfi hennar sé viðunandi eins og fram kom á dögunum þegar fjallað var um að arðsemi af þessari atvinnugrein er nánast engin. Auðvitað þarf að breyta mörgu, menntunarmálum, gæða- og öryggismálum og fjölda mörgum öðrum málum. En þetta er eitt af því sem þarf að koma fram í þessari umræðu.

[14:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það fer ekkert á milli mála að það þarf að leita allra leiða til að bæta afkomu í íslenskri ferðaþjónustu. Þess vegna m.a. er nú tillagan flutt. Stóra og mikilvæga málið í því samhengi er að lengja ferðamannatímann til þess að nýta fjárfestingu í ferðaþjónustunni betur, í hótelum og veitingastöðum og öllum þjónustuþáttum þessarar greinar. Stóra málið er því að fá ferðamenn til þess að koma til landsins allan ársins hring.

Ég endurtek að ég tel ekki rétt að áfengisgjaldið ráði úrslitum í afkomu íslenskrar ferðaþjónustu. Það er ekki þannig. Hér er lögð áhersla á að við reynum að skapa íslenskri ferðaþjónustu sambærileg rekstrarskilyrði. Það kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að að því beri að stefna sem mest. Sem dæmi um skattlagningu aðfanga minni ég á að opinber gjöld vegna innflutnings á rútum til landsins sem notaðar eru til þess að flytja ferðamenn um landið hafa verið lækkuð stórlega. Það hefur leitt til þess að endurnýjun þess flota hefur verið heilmikil sem betur fer. Það er dæmi um aðgerð sem ég tel að hafi verið afskaplega vel heppnuð og er partur af því sem hér er verið að tala um, þ.e. að skapa þessi rekstrarskilyrði og sem m.a. snýr að skattlagningu og opinberum gjöldum af greininni.

Að öðru leyti undirstrika ég það að þetta er mikilvæg umræða sem þarf að fara fram gagnvart (Forseti hringir.) atvinnugrein sem hefur vaxið mjög mikið og við eigum mikla möguleika á að auka enn frekar.

[14:36]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að óska hæstv. samgönguráðherra og ferðamálaráðherra til hamingju með að hafa lagt fram þessa þingsályktunartillögu. Hún er einn fyrsti formlegi ramminn um þennan atvinnuveg í heild eða a.m.k. tilraun til þess að taka á honum heildstætt á Alþingi og er sjálfsagt að lýsa yfir ánægju með það.

Ég vil líka taka undir þær grunnáherslur sem eru lagðar fram í þessari þingsályktunartillögu t.d. í meginmarkmiðunum, með leyfi forseta:

„1. Náttúra Íslands, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála ...

4. Ímynd Íslands sem ferðamannastaðar verði byggð upp og varin."

Þetta einnig, með leyfi forseta:

„2. Ísland verði í forustu í umhverfisvænni ferðaþjónustu. ...

Kynningarmál.

1. Áfram verði unnið að uppbyggingu ímyndar Íslands og hún varin með því að leggja áherslu á eftirfarandi þætti í kynningarstarfi ferðaþjónustunnar:

a. einstaka og fjölbreytta náttúru,

b. umhverfisvernd".

Það má eiginlega segja að þessir grunnþættir séu eins og rauður þráður í gegnum þessa þingsályktunartillögu eins og eðlilegt er og jafnframt áhersla hæstv. ráðherra á þennan vaxandi atvinnuveg.

En ég spyr ráðherrann. Nú höfum við ráðherra iðnaðar- og atvinnumála sem ríður um héruð og boðar virkjanir og stóriðju í hverju fallvatni og hverri náttúruperlunni á fætur annarri. Er ráðherrann einn í þessari ríkisstjórn um þennan ágæta áhuga sinn og ágætu markmið sem hér eru sett fram eða getum við sett einhver bönd t.d. á iðnaðarráðherrann til að koma í veg fyrir að hún eyði íslenskum náttúruperlum og vinni gegn (Forseti hringir.) hagsmunum íslenskrar ferðaþjónustu eins og hún er berlega að gera?

[14:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér erum við að fjalla um stjórnartillögu þannig að ríkisstjórnin stendur öll að baki henni einhuga mjög og það er ríkur vilji stjórnarflokkanna til þess að standa vel að þessum málum og tryggja framgöngu og afgreiðslu þessarar þingsályktunartillögu.

Ég vil ekkert um það segja hvort koma þurfi böndum á einstaka ráðherra. En ég tel að allt fram að þessu hafi verið býsna góð sambúð milli ferðaþjónustuaðila og þeirra sem virkja fallvötn og nýta orkulindir landsins. Ég held því t.d. að uppbygging á hálendinu, vegir og troðningar í tengslum við virkjanaframkvæmdir o.s.frv., hafi nýst ferðaþjónustunni afskaplega vel. En þetta þarf auðvitað að fara saman. Þess vegna er svo rík áhersla í þessari stjórnartillögu lögð á náttúruna. Við kynnum Ísland sem land þar sem náttúran er í fyrirrúmi og varðveisla hennar og við viljum nýta okkur það með því að kalla til okkar góða gesti sem vilja njóta íslenskrar náttúrufegurðar. Það er, eins og hv. þingmaður bendir réttilega á, meginþráður þessarar tillögu. Ég fagna þeim ágætu undirtektum sem komu fram í ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar við þessa tillögu.

[14:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekkert að biðja hæstv. ráðherra að reyna að verja iðnaðarráðherrann eða stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar, alls ekki. Ég styð ráðherrann heils hugar í þeirri stefnumörkun sem hér er lögð fram sem gengur þvert á stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Mér finnst það bara gott. Einn aðalvandi ferðaþjónustunnar, eins og hæstv. ráðherra tæpti á í ræðu sinni, er afkoman, fjárhagurinn. Og hver er mesta ógnin við ferðaþjónustuna núna? Það er gengisþróunin, það er hið háa gengi íslensku krónunnar og lágt engi á erlendum gjaldmiðlum hér. Af hverju stafar þessi gengisþróun? Af stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar. Sú stefna ríkisstjórnarinnar snertir því ferðaþjónustuna á tvennan hátt; annars vegar með því að ráðast á náttúruperlurnar og hins vegar með því að stóriðjustefnan hefur áhrif á gengið og skerðir þannig afkomu og samkeppnismöguleika í þessari stóru grein sem vex hratt og skilar mestum þjóðhagslegum ábata.

Ég vil líka benda hæstv. ráðherra á fjárlögin. Því miður er dregið úr framlögum til ferðamála á fjárlögum þessa árs frá því sem var áður á um annað hundrað milljóna króna, að mig minnir, sem var ætlað í markaðsátak og í langtímaáætlun eða fjögurra ára áætlun um fjármagn til ferðamála er heldur dregið úr því í þeim fjárlögum sem við nú störfum eftir. Sama má segja um niðurskurð á vegamálum eða vegáætlun sem er grunnþáttur fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu.

Ég bara trúi því og treysti og hef heyrt hæstv. ráðherra lýsa því að hann sé ekki sáttur við að vera settur svona undir hnífinn sem einmitt bitnar á uppbyggingu ferðaþjónustunnar. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Hefur hann einhverja von til þess að vinna þessu máli enn þá meira fylgi innan ríkisstjórnarinnar hvað (Forseti hringir.) varðar fjárlög, framlög á fjármunum til (Forseti hringir.) grunnþátta ferðaþjónustunnar og bættra samgangna?

[14:43]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er af mörgu að taka ef ætti að svara út í hörgul öllum atriðum sem hv. þm. Jón Bjarnason kom inn á í stuttri ræðu og vonandi gefst færi á að gera það í öðru en andsvari hér.

Fyrir það fyrsta vil ég undirstrika það sem ég sagði fyrr að hingað til hefur farið afskaplega vel á með þeim sem stunda nýtingu auðlinda okkar, orkulinda, og þeirra sem stunda ferðaþjónustu og vonandi verður svo áfram.

Aðeins út af afkomu greinarinnar þá er í sumum þáttum ferðaþjónustunnar betri afkoma núna en nokkru sinni fyrr. Lít ég þar t.d. til langstærsta ferðaþjónustufyrirtækisins, Flugleiða, sem eitt sinn hét svo. Staða þess fyrirtækis hefur aldrei verið betri. Staða flugfélaganna sem stunda innanlandsflug hefur aldrei verið betri en um þessar mundir. Engu að síður er staða fyrirtækja, minni fyrirtækja sérstaklega út um landið sem sinna þessari þjónustu allt árið, ekki nógu góð. Eina ráðið og það allra mikilvægasta og besta er að standa þannig að landkynningu og markaðsmálum og uppbyggingu þjónustunnar að ferðamenn séu hér sem mest allt árið eins og ég nefndi fyrr.

Hvað varðar niðurskurð þá ber ekki á nokkrum samdrætti í innflutningi ferðamanna til Íslands. Við höfum því staðið þannig að málum, hæstv. forseti, landkynningarmálum og uppbyggingarmálum, að það koma fleiri og fleiri ferðamenn og aldrei fleiri en nú og aukningin er sýnilega strax verulega á þessu ári. Stefna ríkisstjórnarinnar og stefna samgönguráðherrans sem ferðamálaráðherra er því að mínu mati alveg hárrétt. Við erum á réttri leið. (Forseti hringir.) Við munum að sjálfsögðu standa að uppbyggingu samgöngumannvirkjanna eins og við höfum verið að gera (Forseti hringir.) og leggja meira til þeirra en nokkru sinni áður.

[14:45]

Útbýting:

Eftirlit og þvingunarúrræði Umhverfisstofnunar, 688. mál, fsp. KÁs, þskj. 1046.

Skipun ráðuneytisstjóra og embættismanna Stjórnarráðsins, 692. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 1050.

Tekjuskattur og eignarskattur, 695. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1053.

Virðisaukaskattur o.fl., 697. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1055.

Þekkingarsetur á Egilsstöðum, 687. mál, fsp. KÁs, þskj. 1045.

Öryggismál og aðbúnaður á Kárahnjúkasvæðinu, 456. mál, svar félmrh., þskj. 1031.

[14:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna sömuleiðis framkomu þessarar þingsályktunartillögu um ferðamál. Ég er í öllum aðalatriðum ákaflega sáttur við þær áherslur sem hér eru lagðar í þeim meginmarkmiðum sem ferðamálin eiga að þróast eftir eða stefna beri að á umræddu tímabili, 2006–2015. Vandinn er ekki sá að þar séu menn ekki í sjálfu sér að beina sjónum að réttum hlutum heldur miklu fremur hitt hvernig menn nái þeim markmiðum fram. Hvar er afl þeirra hluta sem gera skal í formi fjárveitinga eða beinna aðgerða?

Ferðaþjónustan er gríðarlega mikilvæg atvinnugrein. Hún er um þessar mundir og hefur verið nokkur undanfarin ár næstöflugasti gjaldeyrisaflandi þjóðarinnar á eftir sjávarútveginum. Ferðaþjónustan náði þessum sess fyrir nokkrum árum og hefur haldið honum, er ýmist í öðru sæti eða við hliðina á stóriðjunni þrátt fyrir þann vöxt sem þar hefur verið. Og þó svo að stóriðja eða álframleiðsla fyrst og fremst kunni tímabundið að fara fram úr ferðaþjónustunni sem bruttó gjaldeyrisaflandi inn í þjóðarbúið óttast ég ekki uppgjörið þegar kemur að nettóskilunum og ekki síst því hvernig afraksturinn í þessum tveimur greinum dreifist með mismunandi hætti um þjóðarlíkamann. Ferðaþjónustan er satt best að segja ákaflega góð atvinnugrein hvað það varðar að hún nýtir innviði samfélagsins, hún styrkir ýmsa aðra starfsemi og bætir rekstur í samgöngukerfinu og þjónustu sem kemur landsmönnum sjálfum víða til góða, og virðisaukinn verður að langmestu leyti eftir hér innan lands.

Hún er atvinnuskapandi og það er rangt sem oft er haldið fram að í ferðaþjónustu séu eingöngu láglaunastörf og í ferðaþjónustunni sé allt gert upp með bullandi tapi. Hvort tveggja eru að vísu lífseigar goðsagnir en það eru goðsagnir. Það er líka mikið um ágætlega launuð störf og hálaunastörf í ferðaþjónustu. Ekki þykir dónalegt að vera flugstjóri á millilandaþotu eða rekstrarstjóri í stórri einingu í ferðaþjónustunni þó að vissulega séu líka störf í lægri launaendanum.

Ég er mjög ánægður með þá áherslu sem hér er víða lögð í meginmarkmiðum og víðar í tillögunni á náttúru Íslands, á umhverfisvæna ferðaþjónustu og á að varðveita ímynd landsins. En spurningin er þá aftur um það: Eru innstæður fyrir þessu og hvað erum við að gera þessi árin til að undirbyggja og standa við þessi fyrirheit? Auðvitað þýðir ekki annað en horfast í augu við stóriðjustefnuna og þær mótsagnir sem fólgnar eru í því annars vegar að vera að reyna að hlúa að þessari mikilvægu vaxtargrein og hins vegar því að skemma fyrir, eyðileggja svæði á landinu sem hafa mikið aðdráttarafl og alveg sérstaklega að skaða ímynd landsins.

Það þýðir ekkert annað en orða það eins og það er, að það er auðvitað staðreynd að Kárahnjúkavirkjun með þeirri gríðarlegu neikvæðu athygli sem hún hefur vakið á alþjóðavettvangi er mjög slæmt innlegg í annars að mestu leyti jákvæða landkynningu Íslands í heiminum undanfarin ár. Það get ég sjálfur mjög vel borið um. Þau skipta tugum viðtölin sem ég hef verið beðinn um á undanförnum mánuðum og missirum af erlendum fjölmiðlum um það mál. Af ýmsum ástæðum og skiljanlegum sjálfsagt, verandi formaður í umhverfisverndarflokki, hefur oft verið leitað til mín um að

færa fram gagnstæð sjónarmið og andæfa stefnu stjórnvalda í þeim efnum. Þar hafa mörg af helstu stórblöðum heimsins og tímaritum verið með ítarlega umfjöllun sem hefur svo sannarlega ekki verið góð landkynning, ekki góð auglýsing nema síður sé. Þetta verða menn að horfast í augu við.

Varðandi rekstrarafkomu ferðaþjónustunnar var réttilega bent á það af hv. þm. Jóni Bjarnasyni að gengisþróunin um þessar mundir er ákaflega erfið ferðaþjónustunni sem og öðrum útflutnings- og samkeppnisgreinum. Iðnrekendur sem selja framleiðslu sína inn í ferðaþjónustuna fóru að taka eftir því strax á síðasta sumri að ört hækkandi raungengi krónunnar fór að draga úr viðskiptum. Þetta hafa fleiri en einn og fleiri en tveir staðfest í mín eyru sem eru að framleiða minjagripi eða prjónavörur eða annað slíkt til sölu í ferðaþjónustunni.

Hitt er annað mál að staða Íslands er svo sterk vegna þess sem við höfum upp á að bjóða, vegna landsins sjálfs, sem er auðvitað meginaðdráttaraflið að það vegur upp þessa þætti og gerir gott betur. Þegar menn hafa áhyggjur af háu verði á brennivíni eða á bjór og léttvíni deili ég þeim áhyggjum ekki. Ég vísa þar einfaldlega til hins mikla vaxtar í ferðaþjónustunni. Hún er að vaxa meira en nokkur önnur atvinnugrein og miklu meira en ferðaþjónustan á heimsvísu þrátt fyrir hið háa bjórverð og léttvínsverð.

Eigum við þá að álykta sem svo að ef við lækkum bjórinn og brennivínið vaxi hún enn þá meira? Munu ferðamenn þá fara að streyma til Íslands í enn auknum mæli bara til þess að drekka hér ódýran bjór? Ég held ekki. Ég held að það sé mikill misskilningur og við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur af því.

Auk þess er það ekki þannig að áfengisstefna þjóðarinnar eigi að ráðast af því hvað gæti dregið að landinu fleiri ferðamenn. Þeir eru satt best að segja að hellast yfir okkur í það miklu magni að það er frekar áhyggjuefnið hvernig við ætlum að takast á við það á komandi árum að taka á móti öllum þeim mikla fjölda sem hingað streymir. Þar kemur t.d. að því, að ég tel, að bæta þurfi við þriðju áætluninni sem er sérstök áætlun, framkvæmdaáætlun um aðgerðir á sviði umhverfismála sem miðar við að Ísland ráði við ferðamannafjöldann árið 2008, 2010, 2012 og 2015. Hvenær sem þeir nú verða 500 þúsund, 800 þúsund eða 1 milljón er algjörlega augljóst mál að nú þarf, og það er brýnt, að ráðast í viðamiklar aðgerðir til að dreifa álaginu, til að betur sé hægt að taka á móti ferðamönnunum á vinsælustu stöðunum. Þetta kostar fjármuni í göngustígagerð og öðrum slíkum hlutum, annars er illa að fara. Ég kem nokkuð reglulega á hverju ári á marga helstu ferðamannastaði sumarsins, Landmannalaugar, Herðubreiðarlindir, Dimmuborgir og svo framvegis og fylgist með því hvernig ástandið er að versna vegna þess að ekki er nógur viðbúnaður til að mæta álaginu.

Ég vil segja um megináherslur í kynningarmálum að ég hef efasemdir um þá miklu áherslu sem þar er lögð bara á okkar heimshluta, þ.e. Norður-Ameríku, Bretland, norræn lönd og meginlönd Evrópu. Að sjálfsögðu eigum við að leggja þar mikla áherslu en ég held að framtíðin liggi líka í Japan, Indlandi, Ástralíu og Nýja-Sjálandi og fleiri löndum sem við erum núna að tengjast betur með beinum samgöngum og langdrægari og hraðfleygari flugvélum. Beint flug Flugleiða til San Francisco opnar möguleika á flugi til Ástralíu og Nýja-Sjálands með einni millilendingu og það gæti þjónað báðum löndum vel að efla markaðsstarf til dæmis þar.

Ég fagna áherslu á samstarf við Vestnorræna svæðið en spyr þar aftur: Hvað ætla menn þá að gera? Eru menn t.d. tilbúnir því að gera samstarfssamning við Grænland um að Ísland leggi af mörkum fjármuni til uppbyggingar í grænlenskum samgöngum þannig að tengslin milli Íslands og Grænlands geti orðið greiðari, að Keflavík geti orðið tengipunktur fyrir millilandaflug Grænlendinga þannig að ekki bara ferðaþjónustan á austurströndinni og Suður-Grænlandi tengist um Ísland heldur líka allt millilandaflug þeirra? Það mundi þjóna báðum löndunum mjög vel, það er ég sannfærður um, og þröskuldarnir þar eru fyrst og fremst tilteknar dýrar (Forseti hringir.) framkvæmdir í samgöngumálum sem Grænlendingar ráða illa við einir og óstuddir (Forseti hringir.) og ég teldi alveg sjálfsagt mál að við Íslendingar (Forseti hringir.) stæðum betur við bakið á þeim.

[14:54]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get á vissan hátt deilt áhyggjum með hv. þingmanni varðandi umgengni við náttúru Íslands. Í máli hans áðan kom fram að hann hefði miklar áhyggjur af stóriðjustefnu þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr og talaði um að hann hefði verið kallaður í mjög mörg viðtöl vegna hennar, en síðan í næstu setningu talaði hann um áhyggjur sínar af því að allt of margir ferðamenn kæmu hingað til Íslands.

Þess vegna spyr ég hv. þingmann: Hefur hann í fórum sínum upplýsingar um að dregið hafi úr komu ferðamanna til Íslands, m.a. vegna þess að verið er að virkja við Kárahnjúka? Mér fannst á vissan hátt gæta ákveðins tvískinnungs í máli hans. Annars vegar hafði hann miklar áhyggjur af náttúru Íslands vegna stóriðjustefnunnar og svo í næstu andrá talaði hann um að við þyrftum að gæta vel að því að ekki kæmu allt of margir ferðamenn til Íslands, en kúrfan hefur sýnt að æ fleiri ferðamenn hafa áhuga á að sækja Ísland heim. Ég tel það auðvitað mjög gott vegna þess að ferðaþjónustan skiptir mjög miklu máli, ekki einungis á höfuðborgarsvæðinu heldur á landinu öllu.

Ég get líka tekið undir orð hans varðandi Grænland og Færeyjar. Við eigum að kappkosta að vera í sem allra mestum samskiptum við þau lönd og í raun og veru aðstoða hvert annað í ferðaþjónustunni. En mér fannst þarna koma fram annars vegar þessar miklu áhyggjur af stóriðjustefnunni og hins vegar því að við fengjum allt of marga ferðamenn hingað til landsins.

[14:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áhyggjur af stóriðjustefnunni af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að ég vil ekki skemma landið. Í öðru lagi vegna þess að hún er efnahagslegt glapræði eins og við erum að upplifa núna með ákaflega neikvæðum ruðningsáhrifum þeirra miklu fjárfestinga í formi verðbólgu, þenslu, hás gengis og óviðunandi afkomu útflutnings- og samkeppnisgreina.

En ég hef í þriðja lagi áhyggjur af stóriðjustefnunni vegna þess að hún stórskaðar ímynd Íslands sem ferðamannalands og sem framleiðanda hágæðamatvöru. Þetta skaðar þá ímynd hreinleika og ósnortinnar náttúru sem er okkur ákaflega verðmæt í undirstöðuatvinnugreinum okkar, bæði matvæla, stóriðjunni og ferðaþjónustunni.

Ég sagði reyndar ekki að of margir ferðamenn væru að koma til Íslands. Ég sagði að áhyggjuefnið væri frekar það hversu ört ferðaþjónustan er að vaxa og hversu hratt ferðamönnunum fjölgar í þeim skilningi að við höfum aðstöðu og viðbúnað til að taka vel við þeim. Ég bið hv. þingmann að leggja mér ekki orð í munn eða snúa út úr máli mínu. Ég ætla ekki að fara að gagnálykta af orðum hv. þingmanns áðan á þann veg að hann telji að stóriðjustefnan sé góð af því að hún muni fæla frá ferðamenn, en það væri alveg jafnréttmætt og að hv. þingmaður las út úr ummælum mínum einhverjar miklar mótsetningar.

Ég er mjög hlynntur því að við eflum og byggjum upp ferðaþjónustuna. Ég tel hana ákaflega góða atvinnugrein, eins og skýrt kom fram í máli mínu, dreifa afrakstri sínum vel um þjóðarlíkamann. Hún á að skapa landinu öllu mikla möguleika. Sérstaklega í framtíðinni sé ég fyrir mér að uppbygging ferðaþjónustunnar verði í mjög miklum mæli úti um landið og í þeim héruðum sem hingað til hafa ekki verið miklir þátttakendur í ferðaþjónustunni ósköp einfaldlega vegna þess að það mælir allt með að við stuðlum að því að svo verði. Ég kem kannski inn á það í síðari ræðu minni — og bið ég nú virðulegan forseta að taka mig niður á mælendaskrá — hvað við þurfum að gera að mínu mati til að ná þeim markmiðum fram að dreifa álaginu af ferðaþjónustunni. Það mun ekki gerast sjálfkrafa, sérstaklega vegna þess að hún er skipulagslega og rekstrarlega þannig upp byggð (Forseti hringir.) í núinu að hún á sér öll (Forseti hringir.) tengipunkt á suðvesturhorni landsins.

[14:59]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að hreinleikinn skiptir okkur mjög miklu máli. Ég veit að hv. þingmaður hefur ferðast vítt og breitt um heiminn og Ísland auðvitað í heild og það eigum við sammerkt.

En það sem ég las út úr ræðu hans eða áhyggjum af þessari svokölluðu stóriðjustefnu, þ.e. að við erum að framleiða hér ál sem er notað að hluta til í ferðaþjónustu vítt og breitt um heiminn, til flugvéla- og bílaframleiðslu o.s.frv. En við þurfum vissulega að gæta að því ferðaþjónustan skiptir Ísland gríðarlega miklu máli og sem betur fer hefur þessi svokallaða stóriðjustefna ekki skaðað okkur, a.m.k. ekki enn sem komið er, varðandi komu ferðamanna til Íslands. En við þurfum auðvitað að gæta að því á öllum þeim vettvangi. Við framleiðum hágæðamatvöru, sama hvort við tölum um kjöt, fisk, grænmeti eða hvað eina, við vitum að við erum með hágæðamatvöru sem tengist ferðaþjónustunni okkar. Við eigum að byggja upp sem fjölbreytilegast atvinnulíf á Íslandi og ferðaþjónustan er stór þáttur í því.

[15:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi áhrifin af stóriðjustefnunni og umræðunni sem orðið hefur t.d. um Kárahnjúkavirkjun held ég að of snemmt sé að gefa sér að þau áhrif séu öll komin fram. Sú umræða er enn í gangi og það eru enn að birtast greinar, þetta er að síast út í umfjöllun á alþjóðavettvangi. Ég held að það væri fróðlegt fyrir hv. þingmann, ef hann hefur ekki kynnt sér það nú þegar, að fara inn á síður þar sem eru listar yfir alla umfjöllun sem um þetta hefur verið í erlendum fjölmiðlum. Fyrir nokkru sá ég slíkan lista og mér brá í brún þegar ég sá hversu mörg, mörg hundruð stórblaða, tímarita og sjónvarpsstöðva hafa sérstaklega fjallað um þetta mál, jafnvel nýlega, eru með fréttaskýringar eða umfjöllun um þetta. Áhrifin eru þar af leiðandi að mínu mati alls ekki komin fram.

Áhrif af svona löguðu leggjast að sjálfsögðu saman. Ef við höldum áfram á þeirri braut og áfram verða harðvítugar deilur í landinu um mjög umdeildar framkvæmdir leggst það við. Þá fer ímynd landsins smátt og smátt að breytast meira og meira.

Það hefur líka einfaldlega verið þannig að við höfum verið heppin hvað það snertir að ýmislegt annað hefur lagst með okkur í ferðaþjónustunni á síðustu missirum. Hlutir eins og ófriður, pestir eða hryðjuverk í öðrum heimshlutum hafa frekar beint ferðamönnum til landa eins og Íslands þar sem menn telja sig örugga, jafnvel gera ósköp einfaldlega miklir sumarhitar á meginlandi Evrópu eða Ameríku það fýsilegt að ferðast norður í svalann o.s.frv. Það hefur því margt orðið til þess að við höfum verið „heppin" í þeim efnum.

Ég tel að eitt allra mesta verðmætið sé hálendið, víðernin og myndirnar þaðan. Það dregur mjög marga að og er stimplað sterkt inn í ímynd ekki bara ferðamannanna heldur (Forseti hringir.) þeirra sem bjóða þjónustuna. Þess vegna er mikið í húfi þar (Forseti hringir.) sem við þurfum að gæta að.

[15:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þessi tillaga til þingsályktunar um ferðamál er komin fram í þinginu og vil geta þess að ég tel að viðhöfð hafi verið góð vinnubrögð við vinnslu málsins. Margir voru kallaðir til og sett var á góð og mikil vinna þar sem menn gátu komist að verkefninu í gegnum vefsvæðin. Notuð voru nútímaleg vinnubrögð við vinnuna og haldin voru málþing og fleira í þá veru til að koma verkinu í þetta form.

Vissulega er ferðaþjónustan okkur ákaflega mikilvæg og það eru mjög mörg sóknarfæri fyrir okkur í ferðaþjónustunni. Stefnumótunin sem fyrir var er frá 1996 og vissulega hefur mjög margt gerst og mjög mikil þróun og breyting orðið í ferðaþjónustu frá þeim tíma vegna tækniþróunar, tilkomu internetsins o.fl. Nú er það jafnvel orðin undantekning að menn fari í gegnum ferðaskrifstofur þegar þeir ætla að ferðast heldur er farið inn á netið og fólk sér sjálft um ferðamál sín og er sín eigin ferðaskrifstofa. Þar vil ég líka nefna flugið. Menn eru farnir að kaupa farseðla sína í gegnum netið o.s.frv.

Hér væri náttúrlega hægt að taka á ýmsu við umræðuna en mig langar að nefna nokkur atriði. Ég vil nefna vistvæna þáttinn sérstaklega því að ég hef lagt þó nokkuð til málanna

í sambandi við vistvæna ferðaþjónustu, var með þingsályktun um græna ferðamennsku sem þáverandi samgönguráðherra, Halldór Blöndal, tók síðan upp og gerði sérstaklega að stefnu sinni. Það eru mjög margir ferðamenn náttúruunnendur sem leggja mikið upp úr því að það sé vistvæn ferðaþjónusta á þeim stöðum sem þeir ferðast um.

Ég vil líka taka undir hve mikilvægt er að lengja ferðatímabilið. Það hefur reynst okkur erfitt hve stuttan ferðaþjónustutíma við höfum en við eigum auðvitað að geta nýtt veturinn því að náttúra Íslands býður upp á að hægt sé að laða að ferðamenn á nánast öllum árstímum og við þurfum að leggja miklu meiri áherslu á það.

Sömuleiðis varðandi markaðsátak þá þarf það að vera víðar en á þeim stöðum sem við erum með í dag. Þjóðirnar í kringum okkur hafa lagt mjög upp úr því að ná ferðamönnum langt að og eins og bent var á fyrr í umræðunni fer að verða auðveldara fyrir okkur að fá ferðamenn frá Asíu, Ástralíu og langar leiðir að vegna góðra tengsla okkar við umheiminn í gegnum flugfélögin okkar.

Einnig er mjög mikilvægt þegar menn fara í markaðsátak að raunveruleikinn sé í takt við það sem verið er að kynna. Að hin fagra ímynd landsins og áherslan sem lögð er á náttúru og menningu verði ekki til þess að menn verði fyrir vonbrigðum þegar þeir koma til landsins.

Varðandi ímyndina var talað um Kárahnjúkavirkjun áðan og orkustefnuna og ég get tekið undir að örugglega eru áhrif þeirrar virkjunar ekki öll komin í ljós. Það sem ég hef áhyggjur af er að hún muni eyðileggja fyrir okkur landið til lengri tíma litið, sérstaklega leirburðurinn sem mun koma til vegna orkuversins. Óttast ég mjög að það muni eyðileggja verulega fyrir okkur, en ég ætla ekki að vera með bölsýni í þessu ágæta þingmáli.

Mig langar að nefna annað og það eru hvalveiðarnar. Hv. þm. Mörður Árnason óskaði eftir skýrslu um áhrif hvalveiða á ferðaþjónustuna og þar með ímynd Íslands. Ég held að í framhaldi af þeirri vinnu sem vinna þarf í sambandi við ferðamálin þurfi að gera úttekt á þeim málum þar sem óvilhallir aðilar vinna verkið. Ferðamálaráð vann skýrsluna sem var pólitískt skipað og formaður þess einnig, sem hefur ákveðnar skoðanir í sambandi við hvalveiðarnar og ferðaþjónustuna. Ég held að mjög mikilvægt sé að við fáum óvilhalla úttekt á því hvaða áhrif hvalveiðarnar hafa á ferðaþjónustuna og ímynd okkar sem ferðaþjónustulands.

Í sambandi við þingsályktunartillöguna þurfum við auðvitað að huga að því hvernig við ætlum að ná markmiðunum þar og það er auðvitað viðkomandi ráðherra að sinna því hvernig hann hyggst ná þeim markmiðum sem sett eru hér fram.

Mig langar að nefna eitt í viðbót og það eru leiðbeiningar á erlendum tungumálum. Á síðasta þingi var samþykkt þingsályktunartillaga mín og fleiri um að bæta vegamerkingar og koma með leiðbeiningar á erlendum tungumálum sem virðist oft hafa vantað nokkuð upp á. Því langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvað þeirri vinnu líður sem óskað var eftir eða Alþingi samþykkti í þeirri þingsályktunartillögu og hvort menn séu farnir af stað með að auka kynningar, leiðbeiningar og merkingar á erlendum tungumálum.

Mig langar einnig að nefna öryggismálin, en ég kom einmitt að því við gerð þingmálsins að leggja áherslu á hve mikilvægt væri að öryggi ferðamanna væri tryggt. Við þurfum að vera með bæði gott eftirlit með þeim sem veita þjónustuna og að allir hafi tilskilin leyfi, en það þarf líka að vera auðvelt að komast að ferðamanninum þegar hann er á ferð um landið. Þá vil ég nefna neyðarnúmerið, sem ég hef áður nefnt í þingsölum, að við þurfum að hafa það þannig að það sé ekki bara 112 sem svari neyðarhringingu heldur líka númer sem erlendir ferðamenn þekkja og nota heima fyrir, þannig að neyðarlínan svari einnig því númeri ef upp koma vandræði, þ.e. 911. (Forseti hringir.)

Ég er greinilega búin með tímann minn og hefði gjarnan viljað koma að mörgum öðrum þáttum. Það getur vel verið að ég komi í aðra ræðu. En mig langar í lok ræðu minnar að fá svör frá hæstv. ráðherra um þau atriði sem ég nefndi.

[15:11]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með þeim sem rætt hafa um þessa tillögu til þingsályktunar um ferðamál að framlagning hennar er mikið fagnaðarefni. Það hefur klárlega skort skýran markmiðaramma utan um uppbyggingu ferðaþjónustunnar sem hefur vaxið feikilega ört á liðnum árum og er orðin ein af helstu atvinnugreinum okkar. Hins vegar er mjög margt sem þarf að lagfæra og breyta til að ramminn sé með þeim hætti að ferðaþjónustan geti dafnað áfram sem öflug atvinnugrein, sérstaklega úti á landi þar sem heföbundinn landbúnaður hefur átt undir högg að sækja eða lagst af í talsverðum mæli, búin þjappast saman og breytast. Uppgangur ferðaþjónustunnar hefur því verið mikil vítamínsprauta í sveitirnar og hinar dreifðu byggðir. Hægt er að nefna mjög mörg góð dæmi um það hvernig uppbygging ferðaþjónustunnar hefur tekist vel til víða úti á landi. Segja má hún sé undirstaða byggðar nú á einstökum svæðum eins og heföbundnu búnaðargreinarnar voru áður. Ferðaþjónustubúskapur hefur sums staðar tekið við og er orðinn að undirstöðu samfélaga víða.

Tækifærin eru mjög mikil og hægt að efla ferðaþjónustuna mjög. Auðvitað þarf að skapa ferðaþjónustunni þau skilyrði að þetta sé ekki þvílík áhættufjárfesting að það sé nánast fyrir ofurhuga eina að fara út í umfangsmikinn ferðaþjónusturekstur. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra og annarra sem hér hafa talað þarf að sjálfsögðu fyrst og fremst að lengja tímann. Því fylgir ýmislegt annað.

Það sem ég vildi nefna á þeim stutta tíma sem ég hef er að það þarf að sjálfsögðu að huga sérstaklega að menntun starfsfólks í ferðaþjónustunni. Það helst mjög í hendur við lengingu á ferðaþjónustutímanum því þar sem greinin hefur mestan part verið starfrækt yfir sumartímann, fjóra, fimm mánuði á ári, hefur hún byggst mjög upp á ungu fólki sem er að vinna í skólahléum sínum og útlendingum.

Ég kom inn í eldhús á virðulegu og stóru hóteli á Suðurlandi um daginn, Hótel Örk í Hveragerði, þar sem þorri mannskapsins var útlendingar, fólk sem hafði starfsleyfi og var að vinna hér, fólk af ótrúlega mörgum þjóðernum, ég man ekki hvað yfirmaðurinn nefndi að það væru mörg þjóðerni þar við störf. Það þarf því, um leið og ferðaþjónustutíminn er lengdur, að mennta mannskapinn og koma þar með á miklu meiri festu í starfsmannaveltuna þannig að hún sé ekki með þeim hætti að inn komi ungt fólk sem hef-

ur litla þekkingu og stoppar mjög stutt við. Það þarf töluvert meira af fagfólki til að bera uppi ferðaþjónustuna sem mundi að sjálfsögðu sjálfkrafa efla ferðaþjónustuna verulega, bæta alla þjónustu og allt umhverfi í kringum ferðamennina, bæði útlenda og innlenda. Menntun starfsfólks mundi tvímælalaust auka verulega á festuna og tryggja að upp kæmu hópar af fagfólki í ferðaþjónustu sem héldi sig við sitt fag og sem gerði það að verkum að auðveldara væri að lengja ferðaþjónustutímann.

Fjarnámið skiptir þarna miklu máli um leið og það er mjög mikilvægt að fjölbrautaskólarnir um allt land taki upp áfanga í styttri námsbrautum, að búnar verði til styttri námsbrautir og sérstök fög utan um hvers konar þjónustu, eins og við höfum rætt áður á hinu háa Alþingi í vetur í sambandi við þingsályktunartillögu um eflingu starfsnáms, að efla starfsnámið og fjölga styttri námsbrautum þannig að réttindanám hvers konar standi fólki til boða og það verði hvatt til þess að stunda það. Vísir að því er í mörgum skólum, í Verkmenntaskólanum á Akureyri og í fjölbrautaskólum víða um land er vísir að slíkum brautum þar sem vel hefur til tekist og hefur alveg án nokkurs vafa bætt ferðaþjónustuna og eflt umhverfi hennar. En það þarf að auka menntunina eins og lagt er til í tillögunni og efla ferðaþjónustumenntunina mjög mikið og eins og þar segir: „Gæði menntunar skal tryggja með sérhæfingu menntastofnana þar sem við á.“ Og þá vildi ég sérstaklega nefna fjarnámið. Símenntunarstöðvarnar og fræðslunetin víða um land hafa opnað fólki úti um hinar dreifðu byggðir ótrúlega mörg ný tækifæri til að bæta við menntun sína, endurmenntast og menntast í nýjum greinum án þess að þurfa að flytja búferlum. Það gerir miklum fjölda Íslendinga í raun og veru kleift að menntast og stunda nám, fólki sem á einfaldlega ekki kost á að taka sig upp eða stunda námið annars staðar. Þessar símenntunarstöðvar og fræðslunet skila hundruðum fólks á hverju ári í gegnum hvers konar nám og fjarnám í háskólanámi til dæmis.

Ekki er nógu vel búið að símenntunarstöðvunum, t.d. búa símenntunarstöðvarnar á Suðurlandi og Suðurnesjum við það vegna einhverrar óljósrar skilgreiningar að fá helmingi lægri fjárframlög en t.d. símennntunarstöðvarnar á Vesturlandi og Austurlandi. Er ég þó ekki að segja að símenntunarstöðvarnar þar fái of mikið, alls ekki, þær eru vel að því komnar og eru öflugar í takti við það. En það þarf að auka framlög til hinna símenntunarstöðvanna þannig að þær geti t.d. sinnt fjarnámi og aukinni menntun í ferðaþjónustu. Sérstaklega þarf að búa þannig um hnúta að þær fái greitt fyrir fjarnámið á háskólastigi en í dag inna þær það að af hendi án þess að fá nokkuð fyrir það. Þær eru illa haldnar fjárhagslega, eins og t.d. fræðslunet Suðurlands sem rekið hefur verið með halla núna tvö ár í röð að forsvarsmenn þar eru alvarlega að hugsa um að leggja af framboð, hætta að bjóða fólki upp á að stunda fjarnám í háskólanámi einfaldlega af því að símenntunarstöðin fær ekki greitt fyrir það og þar af leiðandi er ekki hægt að halda því úti þó svo að það sé að mörgu leyti að verða undirstaða stöðvarinnar.

Það yrði stórt skref aftur á bak ef fræðslunetið yrði neytt til þess að hætta að bjóða upp á háskólanámið og væri að mörgu leyti alvarlegt áfall fyrir það sem við erum að ræða hér, að efla menntun í ferðaþjónustunni. Ferðaþjónustan er borin uppi af fólki um allt Ísland, hringinn í kringum Ísland, fólki úti um hinar dreifðu byggðir sem sér hana sem nýjan atvinnumöguleika eftir að hinar hefðbundnu greinar hafa lagst af. Þess vegna þurfum við að standa vel að menntunarframboðinu, sérstaklega í gegnum fjarnámið og símenntunarstöðvarnar. Ég vona að hæstv. samgönguráðherra og aðrir sem fjalla um málið hér taki þátt í að beita sér fyrir því að umhverfi þeirra verði eflt. Það verði gert þannig að þær búi við mun betra fjárhagslegt atlæti og geti staðið undir þeim kröfum sem við eigum og þurfum að gera til þessara nýju menntastofnana sem opnað hafa hinum dreifðu byggðum ótrúlegan fjölda tækifæra til að skapa ný tækifæri í hvers konar uppbyggingu á smáiðnaði og þjónustu og ekki síst hvað varðar uppbyggingu ferðaþjónustunnar.

[15:19]

Lára Stefánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég lýsi ánægju minni með þá þingsályktunartillögu sem hér er fram komin.

Það eru nokkur atriði sem mig langar að ræða í þessu samhengi. Ég er ánægð með áhersluna á menningu og náttúru í þessu umhverfisvæna samhengi, sem er nokkuð auðveld söluvara eða auðvelt fyrir Íslendinga að selja. Það sem ég vildi er að við horfðum á ferðamennskuna meira sem atvinnugrein, þ.e. atvinnugrein þar sem öllum upplýsingum er haldið til haga um þessa tilteknu grein og arðsemi hennar á einum stað þannig að okkur sé ljóst hvað er að gerast. Ég tel að þær upplýsingar liggi svo víða, hjá svo mörgum stofnunum og hjá svo mismunandi ráðuneytum, að okkur sé ekki alltaf alveg ljóst hver staða atvinnugreinarinnar er, hver arðsemi hennar er og hver staða hennar til atvinnusköpunar er í landinu.

Ég tek undir það sem hér hefur áður komið fram að fyrir okkur landsbyggðarmenn er þetta gríðarlega mikilvæg atvinnugrein og getur á mörgum stöðum þar sem fámennt er jafnvel gert fólki kleift að búa þar sem það vill búa.

Næst vil ég fjalla aðeins um símenntun eða menntun í þessu samhengi og þá sérstaklega að ekki er boðið upp á slíka menntun. Má þar nefna starfsnám og fjarnám, en nauðsynlegt er að þessi endurmenntun sé fyrir hendi. Eitt vildi ég nefna í sambandi við háskólanám að t.d. í Háskólanum á Akureyri er talsverð þróun í tengslum við Norðurslóðir, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar o.fl., og á þessu er mikill alþjóðlegur áhugi. Að í tengslum við ferðamennsku og þessar hugmyndir verði beinlínis nám á erlendri tungu fyrir útlendinga til að koma og stunda nám í því sem er dálítið sér hjá okkur og gæti tengst ferðaþjónustunni til að efla kynningu og annað í því samhengi. Það eru atriði sem mér finnst að skoða mætti.

Fram kemur fram að stefna skuli að því að tryggja aðgengi að háhraðaneti við fjarnám. Við fyrstu sýn er mér er ekki alveg ljóst af því sem hér kemur fram hvort verið er að tala um háhraðanet fyrir nemendur og kennara eða fyrir símenntunarmiðstöðvar. En ég held að það verði í auknum mæli einstaklingar sem halda kannski úti ferðamennsku í litlum dal eða litlum firði sem vilja stunda fjarnám en hafa ekki aðgengi að háhraðaneti eða gott aðgengi að interneti til

að þeir geti það. En það tengist svo auðvitað því — svo að ég hangi aðeins á netinu — að ferðaþjónusta í dreifðum byggðum hafi öruggt aðgengi að netinu til að dreifa upplýsingum sínum til annarra. Það skiptir líka verulegu máli.

Hvað varðar samgöngur og að reyna að dreifa ferðamennskunni um landið þá tel ég mikilvægt að millilandaflug sé ekki einvörðungu frá á einum stað heldur að hægt sé að tryggja að ferðamenn geti komið til landsins á fleiri stöðum, t.d. til Akureyrar eins og hægt var um tíma eða til Egilsstaða eins og líka hefur verið hægt, þ.e. að ferðamaðurinn geti ákveðið hvers konar ferð hann er að fara í með vali sínu á lendingarstað í landinu. Ég held að það sé líka atriði.

Um gögn og gagnasöfnun um ferðamennsku þá hefur verið minnst á upplýsingar á netinu og annað slíkt. Þegar ég var á ferð um Jórdaníu fyrir hálfum mánuði, ég var í vinnu þar, fékk ég allt í einu auglýsingar og kynningar um í hvaða háskóla ég gæti farið, hvaða blöð ég ætti að lesa og þar sem ég var með farsíma frá öðru landi komu þær kynningar á ensku en ekki arabísku. Ég tel gríðarlega mikilvægt að skrásetja staði á Íslandi, menningu og minjar í gagnagrunn sem hægt væri að sækja sér upplýsingar í gegnum farsíma á ferð um landið, þannig að ég geti tekið upp símann minn — öll tækni er fyrir hendi í dag, menn vita hvar ég er með farsímann hverju sinni — og spurt: Hvar er næsti veitingastaður? Hvað er merkilegt að sjá hér? Að jafnvel farsíminn viti á hverju ég hef mestan áhuga og geti sagt: Hér er merkur listamaður sem þú hefðir kannski gaman af að kynna þér. Þetta færi fram á töluðu máli og ég þyrfti ekkert að komast í tölvu- og itnernetsamband. En það byggist auðvitað á því að ég hafi farsímasamband þar sem ég ferðast, grunnatriði eins og gagnaflutningasamband og farsímasamband skipta meginmáli í þessu samhengi.

Í dag er kleift að hringja í eitt símanúmer og biðja á töluðu máli um mynd af þeim fjallvegi sem maður er að fara um. Það hjálpaði mér um daginn þegar ég þurfti að fara yfir Víkurskarð í tvísýnu veðri að ég gat fengið mynd af veginum í símann minn og séð að öllu var óhætt. Ég held að hægt sé að kynna ýmsa slíka hluti með því að eiga í gagnasafni myndir sem hægt er að senda í síma og annað og að skrásetja gögn miðað við þá tegund ferðahópa sem hingað koma. Til dæmis gæti ljósmyndari sem hefur áhuga á ljósmyndum bara sem tómstundagamni fengið upplýsingar á ferð sinni um það sem tengist því og gæti verið áhugavert. Eða fuglaskoðunarmenn, þeir sem hafa áhuga á tónlist, sögu eða myndlist. Við þekkjum bækurnar um sögurnar við þjóðveginn o.fl., að þetta sé líka í gagnagrunni og að sé hægt að nálgast það með þessum hætti.

Síðan má auðvitað minnast hér á varúðarráðstafanir, að það er ekkert auðvelt að ná í ferðamenn og þá er þessi tækni líka alveg kjörin til að koma boðum til manna, að þeir geti skráð sig inn í þar til gerðan grunn, af því að auðvitað viljum við ekki kæfa fólk með alls konar auglýsingum. Ég var t.d. ekkert hrifin af öllum SMS-skeytunum sem komu til mín, hvort sem ég var í Amman eða í norður- eða suðurhluta Jórdaníu. Það verður því að hafa á þessu skynsamleg mörk og ekki kaffæra fólk með þessu.

Hvað varðar varúðarráðstafanir, merkingar og annað þá finnst mér að við ættum að taka tillit til hvert er móðurmál þeirra nýbúa sem helst búa hér á landi og að þeir hafi möguleika á að nálgast upplýsingar á tungumáli sínu.

Varðandi rannsóknir sem er síðasta atriðið sem ég vildi tiltaka þá kemur fram að hlúð verði að hvers kyns grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum. Ég spyr hæstv. samgönguráðherra hvort hér sé verið að tala um styrki, hvort hér sé verið að tala um frumkvæði eða annað slíkt á þessu sviði. Einnig væri gaman að vita hvort verið væri að huga að lausnum viðlíka þeim sem ég hef verið að nefna í öðrum atriðum.

[15:27]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Við ræðum hér þingsályktunartillögu um ferðamál og aldrei þessu vant er mikli eindrægni og samstaða í þingsalnum.

Ferðaþjónusta skiptir Ísland og Íslendinga gríðarlega miklu máli. Í þingsályktunartillögunni er tekið á flestum þeim þáttum sem skipta máli í ferðaþjónustu og ber að fagna henni sérstaklega og þakka hæstv. samgönguráðherra og því fólki sem unnið hefur að tillögunni. Hún markar ákveðna stefnu sem er eins konar varða á vegferð okkar í þessum málum.

Það er af mjög mörgu að taka þegar fjallað er um ferðamál og einn þáttur sem er eiginlega grunnþátturinn í ferðamálum er auðvitað samgöngumálin sem eru ákveðin undirstaða, flug til Íslands, siglingar til Íslands, vegakerfið, merkingar eins og talað hefur verið um, og síðan öll fjarskiptin sem eru ákveðinn grunnur að því að ferðamenn sæki Ísland heim, og að fyllsta öryggis sé gætt í hvívetna. Þjónustan skiptir auðvitað alltaf mjög miklu máli og henni hefur fleygt fram á Íslandi undanfarin missiri.

Hér koma líka fram meginmarkmið í ferðamálum, við erum að ræða meginmarkmið í ferðamálum á tímabilinu frá 2006–2015 og það er einmitt mjög jákvætt að horfa svo langt fram í tímann því að ferðaþjónusta og ferðamál eru afar spennandi atvinnugrein. Hún er spennandi fyrir það unga fólk sem bæði stundar nám og starfar við þjónustu hvað þetta varðar og hún er líka spennandi fyrir eldra fólkið sem hefur verið að byggja upp ferðaþjónustu vítt og breitt um landið.

Auðvitað hefur ferðaþjónustan líka mjög margar hliðargreinar. Margfeldisáhrif hennar eru gríðarleg. Nefna má handverk og hvers konar listsköpun, matvælaframleiðslu, ýmiss konar farþegaflutninga, rútur, bílaleigur og fararstjórn, gistingu, veitingarekstur og margt fleira. Þessi mál hafa verið að þróast mjög ört á Íslandi á undanförnum árum. Fjölbreytnin hefur aukist gríðarlega mikið og það er eitt af því sem útlendingar sækja mjög í þegar þeir koma til Íslands, þ.e. sérstöðuna.

Ég var á mjög merkilegri ferðamálaráðstefnu ekki alls fyrir löngu á Hvolsvelli þar sem vítt og breitt var rætt um ferðaþjónustu í landinu. Þá kom í ræðustól þýsk kona sem nú er búsett á Íslandi. Hún er hagfræðingur, vann hjá Benzverksmiðjunum og fór yfir það þegar hún tekur á móti þýskum ferðaþjónustuaðilum. Þeir eru auðvitað, eins og við öll, með mismunandi þarfir og mismunandi áherslur. Ein ágæt kona sem borðar einungis grænmeti var svolítið að horfa í kringum sig þarna á þessum slóðum og sá íslensku

sauðkindina þar sem hún beit gras einhvers staðar úti í haga og reyndar einhvers staðar til fjalla. Þessi ágæta grænmetisæta fór að velta fyrir sér hvað sauðkindin væri í raun og veru frjáls á Íslandi. Sumum finnst hún reyndar of frjáls á köflum, þ.e. þeir sem eru í skógrækt og öðru slíku, af því að hún á það til að skaða plöntur. En þessi ágæta þýska kona sem var gestkomandi á Íslandi hafði séð fyrir sér allt framleitt kjöt sem dýr í búri. Þarna gat hún allt í einu farið að hugsa sér að bragða á íslensku lambakjöti sem hún og gerði. Henni þótti það býsna gott þannig að hún fór að fá áhuga fyrir sauðkindinni, fór að hafa áhuga fyrir því hvað væri gimbur og hvað væri hrútur. Það eru auðvitað ákveðnar aðferðir við að finna út hvað er hrútur og hvað gimbur og í bréfi sem hún sendi að Herjaðarhóli í Rangárþingi ytra sagði að henni, þessum þýska gesti, hefði eiginlega þótt hvað skemmtilegast á Íslandi að finna út hvað væri hrútur og hvað gimbur. Við sjáum það, herra forseti, að það sem okkur þykja ótrúlega sjálfsagðir hlutir finnst útlendingum spennandi og merkilegt.

Annað sem ég hef haft talsverðar áhyggjur af varðandi ferðaþjónustu á Íslandi er hvalveiðarnar. Áðan var fullyrt í ræðustól að Ferðamálaráð væri einhuga í þeim efnum. Það er ekki þannig. Auðvitað hefur Ferðamálaráð áhyggjur af hvalveiðum eins og aðrir. Ekki það að hvalurinn sé endilega svo merkileg skepna, heldur er búið að markaðssetja hvalinn þannig að hann sé einhver óskaplega merkileg skepna og það er til fullt af börnum úti í heimi sem aldrei kemst í snertingu við dýr, við náttúruna. Þá verða allt í einu einhver kvikindi eins og Keikó, eða hvað þau heita nú, óskaplega merkileg í augum barnanna. Þess vegna hef ég alla tíð haft miklar áhyggjur af hvalveiðum. Þær mega ekki skaða okkur varðandi ferðamál. Þær tölur sem við höfum séð sýna að þær virðast ekki hafa skaðað okkur enn sem komið er.

Þetta eru atriði sem mér finnst full ástæða til að nefna. Við þurfum að fara gríðarlega varlega hvað þetta varðar. Þetta á líka auðvitað við um markaðsmál á fiskafurðum og öðru slíku þannig að hérna verðum við að stíga varlega til jarðar. Það er engin ástæða til að fullyrða, eins og gert var úr þessum ræðustól, að Ferðamálaráð væri einhuga í þessum efnum.

Annað sem ég vildi nefna sem skiptir mjög miklu máli í ferðaþjónustunni er hið íslenska hráefni, á hvern hátt við markaðssetjum matvælin sem við erum að framleiða. Ég hef barist fyrir því að aðstoða íslenska matreiðslumeistara og reyndar kjötiðnaðarmeistara líka því að engir eru betur til þess fallnir en íslenskir matreiðslumeistarar og kjötiðnaðarmeistarar að markaðssetja þessa vöru fyrir okkur. Við vitum það og erum sammála um að hún er gríðarlega heilnæm en það er ekki sama á hvern hátt við matreiðum þetta íslenska hráefni handa gestum sem hingað koma. Þetta eru grundvallaratriði sem ber að skoða og þarna eigum við gríðarlega mikla möguleika sem vert er að benda á.

Ég gleðst líka yfir því að fjölbreytni í samgöngum til Íslands hefur aukist. Flugleiðir standa sig gríðarlega vel í þessari þjónustu og það gerir Iceland Express líka. Þetta skiptir okkur miklu máli og það er auðvitað mjög margt sem benda má á í þessu sambandi sem ég vildi nefna. Ég nefni samstarf við Vestur-Norðurlönd, þ.e. Grænland og Færeyjar, þessar þjóðir sem eru okkur svo skyldar.

Svo er annað sem ég vil vekja athygli á, spurningunni um hverjir vinna við ferðaþjónustu. Á dögunum var ég að skoða mig um á Keflavíkurflugvelli, skoðaði starfsemina þar, og þá kemur í ljós að þeir sem vinna þar teljast ekki vinna við ferðaþjónustu, heldur við verslun, viðskipti o.s.frv. Þarna eru atriði sem (Forseti hringir.) vert er að benda á.

[15:36]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Við ræðum þingsályktunartillögu um ferðamál sem hæstv. samgönguráðherra flytur. Ég hef áður komið því að í stuttu andsvari við hæstv. ráðherra að ég telji það mjög lofsvert framtak, löngu tímabært í sjálfu sér, að skilgreina og búa út ramma fyrir ferðaþjónustu í landinu.

Eins og hér hefur komið fram, bæði hjá hæstv. ráðherra og í umræðunni, eru ferðamálin, ferðaþjónustan, sá atvinnuvegur sem vex hvað hraðast og hvað jafnast hér á landi og hefur gert á undanförnum árum og áratugum, og það er ekkert sem bendir til annars en að hún geti vaxið áfram. Hún er líklega nú þegar orðin annar eða þriðji mikilvægasti atvinnuvegurinn í að skaffa gjaldeyristekjur til þjóðarbúsins og hún hefur líka þá sérstöðu að hún tekur ekki til sín mikið af innfluttu hráefni til að búa til vörur og þjónustu úr. Hún byggir á staðbundnum verðmætum vítt og breitt um landið. Það er löngu tímabært að marka henni stöðu og þá er líka hægt á grundvelli þeirrar vinnu að gera kröfur til þess að hún hafi forgangsrétt að ákveðnum náttúruverðmætum eða öðru sem hana snertir og þá jafnframt að hún fái sess þegar verið að skipuleggja atvinnu- og efnahagsmál þjóðarinnar til lengri tíma. Á það hefur skort.

Eins og hér hefur rækilega komið fram í umræðunni hefur skort á að tekið væri tillit til mikilvægis og möguleika ferðaþjónustunnar í íslensku atvinnulífi. Það hefur meira verið látið reka á reiðanum og látið ráðast hvernig til tækist. Sú þingsályktunartillaga sem hæstv. ráðherra hefur hér mælt fyrir er tímabært og lofsvert framtak til þess að vinna í að skapa ferðaþjónustunni umgjörð og þá jafnframt möguleika á forgangskröfu til þeirra þátta sem byggja hana upp sem atvinnuveg.

Ég minntist í andsvari mínu á þá grunnþætti í umgjörð ferðaþjónustunnar sem eru í þessari þingsályktunartillögu. Það er vel til fundið að hafa á þeim lista sem starfshópur ráðherrans hefur gert að umgjörð þingsályktunartillögunnar punkt númer eitt náttúru Íslands, menningu þjóðarinnar og fagmennsku. Raunar má segja að allir liðirnir sem taldir eru upp þar á eftir séu bara til að undirstrika og útvíkka þann þátt sem settur er númer eitt, náttúru Íslands og menningu þjóðarinnar.

Hér hefur líka verið getið um hvernig ráðherra lét vinna þessa þingsályktunartillögu. Bakgrunnurinn í vinnunni er sá að kallaðir voru til hinir ýmsu aðilar í samfélaginu sem tengjast ferðaþjónustunni og framtíðarmöguleikum hennar og þeir settust niður með starfsmönnum ráðuneytisins til að setja þessa stefnumörkun fram. Ég tel einnig að þessi vinnubrögð af hálfu ráðherrans séu til fyrirmyndar — án þess að það megi hæla ráðherranum allt of mikið, hann á náttúrlega eftir að standa við þetta allt saman. Það er mjög

mikilvægt að í grein sem þessari sem snertir svo mjög alla landsmenn, náttúruna og framtíðina sé unnið að málum á víðtækum grunni. Að minnsta kosti birtist okkur þessi vinna með þeim hætti, og þingsályktunartillagan er því gott veganesti í því sem hér er verið að leggja upp með, að skapa ferðaþjónustunni ákveðna umgjörð.

Ég treysti því að hv. formaður fjárlaganefndar, sem hér gekk í salinn, muni beita sér fyrir því með okkur öðrum í fjárlaganefnd að ferðamálin fái aukinn fjárstuðning af hálfu ríkisins til að byggja upp þá grunnþjónustu sem ríkinu ber skylda til að gera.

En það verður ekki bæði sleppt og haldið. Ég kom að því í andsvari mínu við hæstv. ráðherra að hvort tveggja verður ekki gert hér, að byggja upp mikla ferðaþjónustu á grundvelli íslenskrar náttúru og íslenskrar menningar og ætla að taka sömu náttúru, beisla hana í stórvirkjanir og reisa síðan álver, stóriðjuver, sem keyra efnahagslífið á hlið eins og við stöndum nú frammi fyrir. Það er því til upplýsingar fyrir hæstv. samgönguráðherra, sem hér flytur þessa ágætu þingsályktunartillögu um náttúru Íslands og umhverfisvernd, sem það er sagt að samtímis ríður hæstv. iðnaðarráðherra eða keyrir um héruð, héruð sem eru að byggja sig upp í ferðaþjónustu, búa náttúruperlur sínar þannig út að þær geti nýst sem best, vernda þær til uppbyggingar ferðaþjónustu, og segir: Heyrðu, við skulum taka þessar náttúruperlur, búa hér til virkjun og svo fáið þið álver.

Það væri fróðlegt ef hæstv. samgönguráðherra gæti upplýst hversu mikla peninga hæstv. iðnaðarráðherra fær til að reka áróður fyrir stóriðju sinni miðað við þá peninga sem hæstv. samgöngu- og ferðamálaráðherra fær til sinnar uppbyggingar. Ég held að þar skeiki nokkrum hundruðum milljónum króna.

Þess vegna styð ég hæstv. samgönguráðherra á allan hátt í að keyra áfram þá stefnu að byggja Ísland upp sem ferðamannaland á grundvelli ósnortinnar náttúru (Forseti hringir.) og jafnframt að stöðva hæstv. iðnaðarráðherra í að ráðast á sömu náttúruperlur til að byggja upp stóriðju.

[15:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér vannst ekki tími til að koma inn á nokkur atriði í fyrri ræðu minni. Reyndar er ekki svo óskaplega langt síðan að umhverfismál sem slík komust fyrir alvöru og með formlegum hætti á dagskrá ferðaþjónustunnar eða að farið var að huga að sambúð þessara þátta, atvinnugreinarinnar sem slíkrar annars vegar og síðan umhverfisverndar og nauðsyn þess að hlúa að náttúrunni og varðveita hana. Mikið vatn hefur til sjávar runnið frá því sú umræða fór af stað að einhverju marki fyrir um 15 árum síðan. En nú þykja þau mál sjálfsögð og er vel.

Langstærsta aðgerðin sem fyrirhuguð er í þessu efni er stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs, þ.e. hins stóra þjóðgarðs eða verndarsvæðis sem umlykur Vatnajökul og nær jafnvel frá strönd til strandar, frá Skeiðarársandi í suðri, norður um Vatnajökul og svæðið norðan hans og allt til sjávar við botn Öxarfjarðar. Hluti af því yrði friðlýsing á Jökulsá á Fjöllum, sem er sem betur fer að verða nokkuð óumdeilt að stefna beri að, mál sem ég hef barist fyrir lengi og flutt tillögur um á þingi. Reyndar liggur ein slík enn fyrir þinginu til umfjöllunar.

Í öðru lagi vildi ég nefna fyrirbærið svarta atvinnustarfsemi eða leyfislausa starfsemi og skattsvik og að slíkt beri að uppræta. Það er að sjálfsögðu gott að menn hafi hug á því. Það er enginn vafi á því að ferðaþjónustan er ein þeirra greina sem gæti orðið undirorpin því, ef ekkert er að gert og er það örugglega í einhverjum tilvikum nú þegar, að þar gæti tilhneigingar til að reyna flytja inn ódýrt vinnuafl og nota í óþrifalegustu og óvinsælustu störfin. Það á sama hátt óþolandi að sumir greiði sína skatta og sínar skyldur og standi skil á öllu til samfélagsins á meðan aðrir gera það ekki og hafa samkeppnisforskot sem því nemur.

Í þriðja lagi, og það sem ég ætlaði nú aðallega að gera að umtalsefni, er mikið hugðarefni mitt sem er hér nefnt á nokkrum stöðum. Það er um mikilvægi þess að dreifa álagi af ferðaþjónustu um landið og byggja upp heilsársferðaþjónustu. Þetta tvennt hangir í mörgum tilvikum saman. Staðreyndin er sú að virkustu aðgerðirnar til að byggja upp heilsársferðaþjónustu eru í mörgum tilvikum einnig til þess fallnar að dreifa ferðaþjónustunni um landið. Þá á ég sérstaklega við að stórbæta samgöngur og tryggja heilsárssamgöngur sem nái m.a. til perlna, þess aðdráttarafls sem menn velja hér að kalla „segla“ ef ég les rétt í innan gæsalappa að vísu, sem mér finnst heldur leiðinleg orðanotkun. Menn mættu glíma við að reyna að finna eitthvað skemmtilegra en þetta eðlisfræðilega fyrirbæri sem dregur að sér ferðamenn svipað eins og segull dregur að sér stálflísar. Hér er auðvitað átt við fyrirbæri með sérstakt aðdráttarafl, sem laða til sín ferðamenn og þá jafnt vetur sem um sumar. Reyndar er engin ástæða til að ætla annað en að ferðamennskan á Íslandi geti í fyllingu tímans jafnvel enn þá frekar orðið á veturna en á sumrin. Það er reynslan þar sem mönnum hefur tekist virkilega vel til á norrænum svæðum, jafnvel hánorrænum slóðum eins og í Norður-Finnlandi, að það reynist einfaldlega auðveldara að selja veturinn en sumarið. Hann er sérstakari. Það er meira nýnæmi í því fyrir ferðafólk af suðlægum slóðum að komast í frost og fimbulkulda, upplifa snjó og norðurljós frekar en sumarið, jafn sérstakt og það getur þó verið á okkar slóðum með miðnætursólinni og öllu því.

Ég held að til að dreifa álaginu og byggja upp heilsársþjónustu þurfi í fyrsta lagi að stórbæta samgöngur. Það þarf að treysta heilsárssamgöngur á þeim svæðum og jafnvel inn til landsins á köflum þannig að menn geti nýtt það aðdráttarafl sem svæðin hafa upp á að bjóða. Þeir kostir eru þegar til staðar á suðvesturhorni landsins, þar er hinn frægi Gullfoss-Geysis-hringur og menn komast vestur að Snæfellsjökli, í Bláa lónið og í hvað það nú er sem hér dregur að. En því miður vantar þetta sums staðar annars staðar. Í öðru höfuðvígi ferðaþjónustunnar, sem er Miðnorðurland og Mývatnssveit, er mönnum ákaflega miklar takmarkanir settar vegna þess að miklar náttúruperlur eins og Dettifoss, sem hefur nú ekki síður aðdráttarafl á vetri en sumri, er lítt aðgengilegur á löngu tímabili.

Ef menn ætla í alvöru að dreifa ferðaþjónustunni um landið, þá verður að brjóta upp hinn miðlæga suðvesturhorns-strúktúr í ferðaþjónustunni. Það gengur ekki að 95–98% af öllum ferðamönnum komi og fari um sama millilandaflugvöllinn á Reykjanesi. Það verður að ná upp

valkostum sem bjóða ferðamönnum upp á fjölbreyttari ferðamöguleika, fjölbreyttari aðkomu eða brottför frá landinu. Með öðrum orðum beint flug eða tengingar t.d. á höfuðflugvellina á Norðurlandi og Austurlandi. Því fyrr sem það gerist því betra. Stjórnvöld eiga að beita sér í þeim efnum. Það dugir ekki að selja ferðaþjónustu rekstraraðilum, þó mikilvægir og stórir séu og geri margt mjög vel eins og Flugleiðir eða Icelandair eða hvað á að kalla það í dag, sjálfdæmi í þeim efnum. Ef þröngir rekstrarhagsmunir slíkra aðila ráða einir ferðinni er hætt við því að menn missi sjónar á öðrum hlutum eins og heildarhagsmunum af því að dreifa ferðaþjónustunni.

Ég tel brýnt að ráðast í þetta verkefni ef við eigum að ráða við 500–800 þús. ferðamenn til og frá landinu innan örfárra ára. Við eigum að bjóða upp á fjármagn á tilteknu árabili til markaðssetningar á beinu flugi til og frá Akureyri og Egilsstöðum. Ef það dugar ekki til eiga menn að mínu mati einfaldlega að hugleiða að bjóða slíka þjónustu út og sá sem býður hagstæðast í það haldi uppi tilteknu framboði á flugi, t.d. frá stöðum eins og Kaupmannahöfn og London. En það þyrfti að fá tiltekinn stuðning til þess á meðan það er byggt upp. Það þýðir ekki neitt að reyna að segja mér þá draugasögu í björtu að hægt sé að hafa yfir á milli 30 og 40 flug á viku í sumar til Kaupmannahafnar en ekki eitt einasta til Akureyrar. Hvers vegna skyldi ekki með réttri markaðssetningu vera hægt að tengja hlutina þannig saman að menn eigi þann valkost að lenda í Keflavík, hefja ferð sína á suðvesturhorninu, enda á Akureyri eða Egilsstöðum og fljúga þaðan út úr landinu eða öfugt? Auðvitað væri það hægt ef menn settu það inn í sitt víðtæka markaðsnet. Ég skora á samgönguráðherra og á nýja stjórnendur Flugleiða, þó með mikilli virðingu fyrir þeim sem þar eru að láta af störfum, vinum mínum þar, að gera skurk í þessum efnum. Það er löngu tímabært að láta ekki útlendinga gera tilraunir sem síðan mislukkast til að fljúga frá Akureyri og Egilsstöðum. Við eigum að gera það sjálf.

[15:52]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég sá ástæðu til að kveðja mér hljóðs til að lýsa einfaldlega yfir ánægju minni með að loks skuli mælt fyrir þingsályktunartillögu um ferðamál, með þeirri áætlun henni fylgir, á hinu háa Alþingi. Ég var fulltrúi flokks míns í hópi stjórnmálamanna, sem í voru fulltrúar allra flokka á þingi, sem komu að vinnunni við gerð þessarar áætlunar og við höfðum einnig auga með því þegar fylgiskjalið var útbúið. Ég fæ nú ekki betur séð en það starf hafi lukkast ágætlega.

Ég skal gjarnan viðurkenna að ég hef ekki lesið fylgiskjalið, mér hefur ekki gefist tími til þess, en þessi skýrsla, í öllu sínu veldi, kom ekki í pósthólf mitt fyrr en nú í morgun, af einhverjum ástæðum. Ég vil nota tækifærið til að lýsa furðu yfir því en nóg um það.

Það er enginn vafi á því að ferðaþjónustan gefur okkur tækifæri til mikillar sóknar inn í framtíðina á næstu árum. Það er augljóst að ef okkur á að takast vel upp þá verðum við að halda vel á spilunum. Ég vona sannarlega að skýrsla þessi hjálpi okkur við það. Hér hafa aðrir þingmenn flutt ágætar ræður og minnst á þætti sem ég hafði hugsað mér að koma að. Ég lýsi mig efnislega sammála mörgu af því sem sagt hefur verið og sé í raun enga ástæðu til að endurtaka það í mörgum orðum. Það má náttúrlega minna á þætti eins og mikilvægi góðra samgangna, að við höldum þar áfram uppbyggingu til að tryggja aðgengi að ferðamannastöðum. Við verðum einnig að halda áfram uppbyggingu á ýmiss konar þjónustu, aðstöðu og þannig má lengi telja. Að sjálfsögðu megum við ekki gleyma kynningarþættinum.

Mig langar einnig að nota smáræði af tíma mínum til að minna á mikilvægi þess, virðulegi forseti, að landið er nú lítils virði sem ferðamannaland ef ekkert í því fólkið. Þetta höfum við í Frjálslynda flokknum margoft sagt. Það hefur að hluta til verið ástæðan fyrir því að við höfum barist mjög hatrammlega fyrir hagsmunum hinna dreifðu byggða á Íslandi. Það er ekki síst vegna þess að okkar sannfæring er sú að landið sé lítils virði, m.a. með tilliti til uppbyggingar ferðaþjónustu, ef engin búseta er í landinu. Erlendir ferðamenn koma ekki bara til að skoða náttúru landsins heldur líka til að kynnast lífsháttum okkar og menningu, til að sjá okkur Íslendinga í okkar eigin umhverfi. Okkur, íbúum þessa lands, þykir margt í umhverfi okkar sjálfsagt og eðlilegt sem hinu glögga gestsauga þykir í raun alveg stórmerkilegt, alls konar hversdagslegir hlutir.

Ég var á fundi í kjördæmi mínu fyrir nokkrum vikum, austur á Kirkjubæjarklaustri. Þar horfði fólk til framtíðar atvinnuuppbyggingar á staðnum, m.a. vegna þess að þar verður sláturhúsinu lokað í vetur. Þar var auðheyrt að fólk horfði einmitt mjög til uppbyggingar ferðamála og skyldi engan undra því að þar er mjög fagurt umhverfi, margar náttúruperlur og ætti heldur betur að vera hægt að gera skurk í að auka ferðaþjónustu á því svæði.

Ég man að þar stóð upp leiðsögumaður sem hafði haft lifibrauð sitt af því að vera leiðsögumaður fyrir erlenda ferðamenn á Íslandi í mörg ár. Hann benti t.d. á að eftirsóknarvert þætti að geta farið með ferðamenn á íslenskan bóndabæ, hversdagslegan íslenskan sveitabæ, ósköp venjulegan, sýnt þeim slíkan sveitabæ en ekki einhverja fegraða mynd af einhverjum sveitabæ fyrir túrista. Þá væru menn ekki að tala um einhvern húsdýragarð heldur ósköp venjulegan sveitabæ þar sem hundurinn liggur á hlaðinu, hænurnar vappa um, kýr eru á beit, bóndinn gengur til mjalta o.s.frv. Það þykir erlendum ferðamönnum forvitnilegt.

Leiðsögumaðurinn sagði líka aðra sögu. Hann sagði frá því að hann væri nýkominn úr ferð með hóp af frönskum ferðamönnum og hann hefði farið með þá austur á Skeiðarársand. Hann sagðist hafa selt þeim kvöldið áður hlut sem hann hafði aldrei selt fyrr. Hvað var það? Það var ekki neitt. Hann seldi þeim ekki neitt. Hvernig fór hann að því? Jú, hann bað rútubílstjórann að beygja út af veginum, keyra inn á sandinn, stöðva rútuna þar, drepa á henni og slökkva öll ljós. Svo gekk hann út með ferðamennina, út í myrkrið og þögnina, út í auðnina þar sem ekki var stingandi strá, ekkert líf, enginn fugl, bara vindurinn, tunglið, stjörnurnar á himinhvolfinu og svo auðnin allt í kring. Fyrir þessa erlendu ferðamenn var þetta stórkostleg upplifun, að fá að upplifa ekki neitt. Fyrir að fá að upplifa ekki neitt voru þessir ferðamenn reiðubúnir að greiða, bæði fyrir leiðsögn og aðra þjónustu, vegna þess að hin ósnortna náttúra, þögnin og það sem við getum kallað ekkert er að verða nokkuð

sjaldgæft úti í hinum stóra heimi. Menn þurfa að leggja mikið á sig í Evrópu til að finna staði, ef þeir eru þá yfir höfuð til, staði sem til að mynda jafnast á við Skeiðarársand. Öræfi Íslands, ósnortin náttúra sem okkur kann að virðast hrjóstrug, nauðaómerkileg og jafnvel ljót, kann að vera stórmerkileg upplifun í augum erlendra gesta sem koma hingað til að heimsækja okkur.

Virðulegi forseti. Mér datt í hug að segja þessa litlu sögu auk þess að reyna að koma ýmsu öðru að. Ég ætla ekki að hafa mál mitt mikið lengra um þetta að sinni. Ég reikna með að þessi þingsályktunartillaga fari til umfjöllunar í þingnefnd, að einhverjar umsagnir komi um hana og hún verði vonandi afgreidd frá hinu háa Alþingi áður en þingi lýkur um miðjan maí.

[16:00]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Það eru aðeins örfá atriði sem ég vil bæta við í máli mínu. Ég tel að gera þurfi því frekari skil í þingsályktunartillögunni eða stefnumörkuninni hver þáttur ríkisins í að byggja upp grunnforsendur og grunnstuðning fyrir ferðaþjónustuna eigi að vera. Minnst er á menntun og rannsóknir en ferðaþjónustan er þannig grein að mjög mikilvægt er að henni sé skapaður mjög öflugur og góður sameiginlegur grunnur. Verið er að stofna upplýsingamiðstöð um ferðaþjónustu sem mér finnst vera einn þáttur sem hið opinbera getur vel staðið að, þ.e. fjölþættri upplýsingaþjónustu sem öllum nýtist. Byggður hefur verið upp stór og sterkur samfélagslegur grunnur í menntun, rannsóknum og markaðsmálum í sambandi við aðra atvinnuvegi í gegnum áratugina, eins og landbúnað og sjávarútveg, en ferðaþjónustan er ung og hana vantar þennan grunnstuðning. Ég tel að ríkið ætti að koma á mjög styrkan og myndarlegan þátt þar inn í.

Þegar maður hugsar til þess sem gerst hefur í stóriðjunni undanfarið þar sem verið er að setja milljarða af opinberu fé til að byggja upp þá grein sem gengur þvert á hagsmuni ferðaþjónustunnar fer maður að hugsa um hve hlutur ferðaþjónustunnar er lítill í því sambandi. Ég tel því að við þurfum að marka ákveðnar þátt og stuðning ríkisins í hinum almennu grunnþáttum sem allir njóta í sambandi við uppbyggingu ferðaþjónustunnar.

Það er ekki hægt annað en að ítreka þær andstæður sem eru á ferðinni. Hæstv. iðnaðarráðherra er t.d. að boða fund á Norðurlandi um stóriðju á grundvelli mikilla fjármuna sem hún hefur til að laða að fólk til að reyna að fá það til að trúa á þetta hugðarefni sitt. Ímyndið þið ykkur að í Skagafirði, sem hefur verið að byggja upp mjög sterka ímynd fyrir hreina og ófluga náttúru og náttúrufegurð, væri búið að stífla Héraðsvötnin, byggja verksmiðju í sjónlínu við Drangey og þegar maður kæmi á Vatnsskarðið horfði maður á blámóðuna sem stendur oft upp af þeirri verksmiðju. Hvernig færu Skagfirðingar að því, ég tek sem dæmi að syngja „Skín við sólu Skagafjörður" með stífluð Héraðsvötnin, uppfyllt lónin og blámóðu álverksmiðjunnar í sjónlínu við Drangey og Málmey? Sjáið þið þetta fyrir ykkur? Ég held að enginn Skagfirðingur vildi að þetta væri sú sýn sem við blasti þegar þeir kæmu á Vatnsskarðið. Ég skora því á hæstv. ráðherra ferðamála að berjast fyrir þeim sjónarmiðum sem ferðaþjónustan byggir á.

Ég minni á að þetta fer saman við þær áherslur sem fram komu á aðalfundi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvest. nú nýverið. En þeir leggja til, með leyfi forseta:

„að hafin verði stórsókn í uppbyggingu í kjördæminu sem sérstöku ferðaþjónustusvæði. Gerð verði sérstök áætlun til næstu fimm ára sem hafi það að markmiði að treysta grunnstoðir ferðaþjónustunnar á svæðinu. Ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem vex hvað hraðast og skilar mestri árlegri aukningu í nettógjaldeyristekjum til þjóðarbúsins. Ferðaþjónustan er orðin ein stærsta atvinnugrein þjóðarinnar og skilar 40–50 millj. kr. í gjaldeyristekjur á ári og gert er ráð fyrir þreföldun ferðamanna til landsins á næstu árum. Styrking ferðaþjónustunnar er eitt nærtækasta verkefnið til að auka fjölbreytta atvinnu á svæðinu sem heild og til þess að svo megi vera þarf að styrkja grunnstoðir og markaðsstarfið en þar vantar fjármagn."

Í ályktun Vinstri grænna í Norðvest. eru jafnframt raktir hinir miklu möguleikar í náttúruarfi, menningu og sögu. Nefna má jökulvötnin í Skagafirði með heimsfrægum fljótasiglingum, jöklaferðir, gjöfular veiðiár, eyjar og lífríki Eyjafjarðar, Vestfjarða og þjóðgarða á Snæfellsnesi svo nokkuð sé nefnt. Þetta eru þær áherslur sem ég held að íbúar vítt og breitt um landið vilji sjá í ferðaþjónustu sinni og fyrir atvinnulíf sitt til framtíðar en ekki stóriðju og álglýju sem hæstv. iðnaðarráðherra gengur nú um og predikar.

[16:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir ágætar undirtektir við þingsályktunartillöguna sem hér er til umræðu og góð orð um hana. Vegna ræðu hv. þm. Jóns Bjarnasonar í lokin mætti halda að það væri mjög langt síðan hann hefði komið í Skagafjörð eða á það svæði, (**Gripið fram í:** Hann var þar í gærkvöldi.) hvað þá að hann fylgist með því sem er að gerast þar og hefur verið að gerast því að satt að segja eru önnur svæði ekki öflugri á sviði ferðaþjónustunnar en einmitt Skagafjarðarsvæðið og þau áform um bættar samgöngur í nágrenninu þar allt um kring eru auðvitað lykillinn að því að geta nýtt þá feiknalega merkilegu menningartengdu ferðaþjónustu sem þar hefur verið byggð upp í gegnum tíðina, á Hofsósi, á Hólum, Glaumbæ o.s.frv. Ég vil minna hv. þingmann á þetta alveg sérstaklega og bið hann um að það verði tekið upp í næstu ályktun sem hann stendur fyrir.

Að öðru leyti þakka ég honum og öðrum hv. þingmönnum fyrir ágætar undirtektir og afar málefnalega umræðu.

Ég vil nefna örfá atriði hér. Fyrst varðandi það sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir spurðist fyrir um sérstaklega sem eru bættar merkingar á vegakerfi landsmanna sem auðvelduðu erlendum ferðamönnum. Ég vísa til þess að Vegagerðin hefur verið að vinna að og undirbúa bættar merkingar á þjóðvegakerfinu. Fyrstu skrefin í því eru m.a. kynnt í nýlegu hefti fréttabréfs Vegagerðarinnar. Allt er það tengt því að auka umferðaröryggi og ég hef lagt ríka áherslu á að svo verði. Ég tel eðlilegt að sérstaklega sé litið til ábendinga hv. þingmanns og tel að það væri mjög gagnlegt að hv. samgöngunefnd færi yfir þá þætti í umfjöllun sinni um

þingsályktunartillöguna.

Fleiri en einn þingmaður nefndu það sem mikilvægan lið í að efla ferðaþjónustuna og innflutning ferðamanna til landsins að fjölga þeim alþjóðaflugvöllum sem geta staðið fyrir þeirri þjónustu að taka á móti flugvélum í millilandaflugi. Það er mjög erfitt fyrir okkur þingmenn að ráða miklu þar um að öðru leyti en því að bæta þar aðstöðuna, að flugbrautir séu nægilega langar þannig að ekki sé horfið frá þess vegna. Ég tel eðlilegt að það verði skoðað og lagt mat á það hvort ekki sé eðlilegt að lengja flugbrautirnar bæði á Egilsstöðum og Akureyri í þeim tilgangi að tryggja þessa möguleika ef rekstraraðilar í fluginu sjá sóknarfæri þar að lútandi. Ég tek því undir þær ábendingar.

Hins vegar verðum við náttúrlega að minnast þess að það búa ekki margar milljónir á Íslandi og ýtrustu hagkvæmni þarf að beita í rekstri í millilandaflugi svo það sé eins sterkt og það þarf að vera til að tryggja góðar samgöngur. En ég tel að ef rekstrarlegar forsendur eru fyrir því að fljúga til annarra flugvalla en Keflavíkurflugvallar sé það auðvitað skoðunar virði þeirra sem sjá um slíkan rekstur.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flutti ágæta ræðu og málefnalega um tillöguna og vakti m.a. athygli á nauðsyn þess að móta stefnu um hvernig tryggja megi að stóraukinn fjölda ferðamanna skerði ekki og skaði náttúruna. Ég tek undir að huga þarf að því og er verið að gera það. Verið er að bæta stöðuna á fjölförnum ferðamannastöðum og árlega höfum við lagt háar fjárhæðir í að koma upp göngustígum og móttökuaðstöðu á fjölförnum ferðamannastöðum til þess einmitt að tryggja þetta. Ég tel því að sú áætlun sem hv. þingmaður nefndi sé í gangi. Alþingi samþykkir árlega framlög til uppbyggingar á fjölförnum ferðamannastöðum sem er afar nauðsynlegt og við þurfum að huga að því áfram.

Hv. þingmaður nefndi einnig áherslur í markaðssetningu og áherslur á tiltekin svæði. Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni er áfram gert ráð fyrir að leggja megináherslu á markaðssvæðin Norður-Ameríku, Norðurlöndin, Mið-Evrópu og Bretland en ég tel jafnframt að við þurfum að horfa víðar um. Við höfum verið að festa rætur á markaðssvæðum eins og Japan og þurfum að huga að Kína og fleiri löndum þar sem er mikill vöxtur í atvinnulífinu og miklir möguleikar á markaðssetningu í ferðaþjónustunni. Ég tel að þrátt fyrir að sérstaklega sé litið til þeirra markaða sem ég nefndi áður hefur stefna Ferðamálaráðs verið að huga að þessu og samgönguráðuneytið hefur veitt tiltekna styrki til aðgerða eins og í Japan og Kína sem er liður í því að standa með þeim sem eru að reyna að markaðssetja Ísland sem ferðamannaland á þeim svæðum. Ég tek því undir með hv. þingmanni að þetta eru verkefni sem við þurfum einnig að huga að.

Hvað varðar samstarfið við Grænland er alveg rétt að það er mikilvægt. Við höfum veitt sérstaka styrki til flugs milli Íslands og Grænlands og Alþingi hefur samþykkt þær fjárveitingar. Við höfum verið í mjög góðu samstarfi við Grænlendinga að markaðssetja það héðan, en það er nokkur vandi á höndum því að flugfélögin okkar geta ekki tekið það upp hjá sér að fara að fljúga til Grænlands vegna þess að samningar eru ekki í gildi um það á milli þjóðanna. Þeir hafa ekki náðst. Það er nokkur einokun á flugi til Grænlands sem hv. þingmaður þekkir. En ég tek undir að við þurfum að vinna að því að efla samstarfið og höfum verið að gera það. Við buðum m.a. á sínum tíma styrk til að koma upp flugbraut á tilteknum stað í Grænlandi sem ekki varð af vegna þess að heimamenn voru ekki reiðubúnir til að leggja í þær fjárfestingar, það var nærri Scoresbysundi. Það er því af ýmsu taka en þetta eru viðfangsefni sem ég tel eðlilegt að litið verði til og ágætt að umræða fari fram um það í tengslum við þingsályktunartillöguna.

Hvað varðar heilsársamgöngur sem hv. þingmaður nefndi stendur margt til bóta í þeim efnum. Það er auðvitað lykill að því að hægt sé að selja tiltekna þjónustu út um landið að samgöngurnar séu í lagi allan ársins hring og þarf ekki að hafa mörg orð um það.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi komið inn á þau atriði sem ég vildi sérstaklega nefna vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið. Ég vil endurtaka þakkir til þingmanna fyrir málefnalegar umræður og vænti þess að hv. samgöngunefnd fjalli rækilega um tillöguna og að hún verði afgreidd fyrir þinglok.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, 1. umr.

Stjfrv., 677. mál (heildarlög). — Þskj. 1030.

[16:15]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla.

Frá því að núgildandi lög sem sett voru 1989 tóku gildi hefur fiskmörkuðum vaxið nokkuð fiskur um hrygg. Jafnframt hefur starfsemin breyst töluvert síðan þá og hefur verið bent á það að þörf væri á endurskoðun laganna, bæði af hálfu forsvarsmanna markaðanna og eins hér á hinu háa Alþingi. Helstu atriði sem þörf hefur verið talin á að breyta eru gildistími rekstrarleyfa sem nú eru aðeins til eins árs og jafnframt hafa komið fram sjónarmið um að samræma þurfi starfsreglur markaða í því skyni að viðskiptaumhverfi verði skýrara fyrir kaupendur og seljendur. Af þeim sökum er hér lagt til að ráðherra setji í reglugerð nánari skilyrði um starfsemi markaða í stað þess að staðfesta starfsreglur hvers markaðar fyrir sig eins og nú er.

Loks er lagt til að sett verði viðurlagaákvæði í lögin en ekkert slíkt ákvæði er í núgildandi lögum. Sú tillaga sem hér er er viðurlagaákvæði án lágmarksrefsingar.

Einnig er rétt að geta þess að í þessum lögum er tilvísun til laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, en þar er m.a. kveðið á um skyldur sem hvíla á fiskmörkuðum varðandi meðferð og vinnslu sjávarafurða.

Að lokinni 1. umr., hæstv. forseti, legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. sjávarútvegsnefndar.

[16:16]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst þetta vera mjög lítið frumvarp

miðað við hvað málið er stórt og miklir hagsmunir í húfi. Talsverð vinna hefur verið í kringum það að útbúa reglur og lög um fiskmarkaði. Má m.a. benda á þessa skýrslu hérna, skýrslu fiskmarkaðsnefndar, og væri fróðlegt að fá fram hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort þessi skýrsla hafi verið notuð við gerð frumvarpsins. Einnig væri fróðlegt að vita hvort ráðuneytið hefði farið yfir lög og reglur sem gilda um fiskmarkaði erlendis, hvort þau hefðu verið höfð til hliðsjónar bæði við þessa lagasetningu og þær reglur sem hljóta að verða settar um fiskmarkaði í framtíðinni.

Ég tel mjög mikilvægt að setja mjög góðar og fastar reglur um fiskmarkaði og jafnframt að tryggja að allir kaupendur fisks geti boðið í íslenskan afla. Stendur til að setja slíkar reglur í framhaldinu af þessum lögum? Þessi lög segja í rauninni mjög lítið, gefa bara ráðherra heimild til að setja reglur. Það er nauðsynlegt að setja reglur, bæði hvað varðar gæðamál og til að tryggja öllum jafnan aðgang að íslenskum afla.

[16:18]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. þingmanni að þetta er lítið frumvarp en það er líka rétt hjá honum að þetta fjallar um stórt mál. Það er einmitt vegna þess sem fram kom hjá honum — hann vitnaði til skýrslunnar góðu um fiskmarkaðina þar sem fram komu mjög ólík sjónarmið um ýmsa þætti og annars staðar eru mjög fjölbreytilegar reglur um fiskmarkaði. Jafnframt eru reglugerðir sem hafa mikil áhrif á fiskmarkaðina eins og vigtarreglugerðin og eins og ég nefndi áðan lög og reglugerðir varðandi meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla.

Vegna alls þessa er talið rétt að halda áfram því formi sem er í dag, að hafa um málið rammalöggjöf en þó þannig að almennar reglur gildi um alla starfsemina og alla markaðina, samræmdar en ekki reglur um einstaka markaði, og að leyfin séu ótímabundin en ekki bara til eins árs eins og er í dag. Sá háttur er hafður á til þess að geta tekið tillit til fjölbreytileikans og til þess að geta tekið tillit til þeirrar þróunar sem á sér stað. Ég held að þessi aðferð hafi í meginatriðum reynst ágætlega og að við eigum að halda henni áfram. Ég á von á því að markaðirnir muni halda áfram að þróast og það þarf að vera mögulegt að bregðast við því snögglega.

[16:20]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það sem vekur athygli mína er að ekkert í þessu frumvarpi, að því er ég best fæ séð, er um t.d. starfsemi eins og Íslandsmarkað sem vistar allar ábyrgðir og innheimtir fyrir markaðina. Kom til greina að löggjöfin næði að einhverju leyti yfir þvílíka starfsemi? Hefði ekki komið til greina að setja lög og reyna að ná yfir deilumál sem upp kunna að koma um starfsemi fiskmarkaða? Þá dettur mér í hug deilumál sem hafa komið upp og munu örugglega koma upp, sérstaklega á fjarskiptamarkaði þar sem verið er að bjóða upp óséðan afla. Er ekki rétt að koma þeim deilumálum í einhvern farveg? Hefur það verið skoðað af hæstv. ráðherra?

Enn fremur væri fróðlegt að fá stefnumörkun ráðherrans í þessum málum, hvort stefna stjórnvalda sé sú að koma afla í meira mæli þannig fyrir að allir eigi aðgang að því að bjóða í hann.

Það kom fram í riti frá upplýsingaþjónustu Alþingis að selt er úr landi beint úr gámum fyrir gríðarháar upphæðir, mig minnir á sjöunda milljarð. Þetta eru verðmæti sem væri án efa hægt að nýta eða koma til vinnslu í íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum og þau yrðu enn meiri virðisauki ef íslensk fyrirtæki stæðu jafnfætis.

Í gær vorum við að fjalla um dúneftirlitsmenn þar sem átti að banna að senda dún óhreinsaðan úr landi. Við erum ekki að tala um það, við erum eingöngu að tala um að íslensk fyrirtæki geti staðið (Forseti hringir.) jafnfætis í því að bjóða í afla sem er tekinn á Íslandsmiðum.

[16:22]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef hv. þingmanni finnst eitthvað vanta upp á möguleika til að taka á starfsemi Íslandsmarkaðar samkvæmt þessum lögum og þá með reglugerðum er sjálfsagt að það verði skoðað í nefnd. Auðvitað er reynt að gera reglugerðina þannig úr garði að sem minnstar líkur séu á því að upp komi deilumál. Það er hins vegar ekki víst að hægt sé að koma í veg fyrir það svo að einhlítt sé.

Síðan má jafnframt deila um það hvort löggjöfin eigi að gera ráð fyrir því í sérstakri úrlausn á deilumálum eða hvort það eigi að vera hið almenna kerfi sem við höfum til að leysa úr deilumálum sem upp koma í þjóðfélaginu.

Síðan varðandi stefnumörkun um það að takmarka eða skilyrða útflutning var það rætt hér í fyrirspurnatíma fyrr í vetur. Ég svaraði því þá að ekki væru af hálfu stjórnvalda uppi neinar hugmyndir um stórkostlegar breytingar á því ástandi sem þar er í dag. Hins vegar tel ég að betri og markvissari reglur sem byggðu þá á lagaramma sem þessum væru til þess fallnar að styrkja markaðina og það gerir það auðvitað meira aðlaðandi fyrir þá sem ráðstafa aflanum að láta hann fara um uppboðsmarkað.

[16:24]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég byrja á því að fagna framlagningu þessa frumvarps. Það var löngu kominn tími til þess að farið yrði í gerð nýs frumvarps til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla. Lögin sem markaðirnir hafa unnið eftir hingað til tóku gildi 1. janúar 1990 og einu sinni hefur verið gerð á þeim breyting síðan, árið 1991. Mér er vel kunnugt um, eins og flestum öðrum, að það hefur verið mikill þrýstingur af hálfu þeirra sem starfrækja fiskmarkaði á Íslandi í dag að sett yrðu ný lög um þessa starfsemi. Lögin sem til eru voru nánast sett til bráðabirgða eftir því sem menn sem best til þekkja vita, nokkurs konar minnisblað um starfsemi fiskmarkaða. Þetta var algerlega ný starfsemi á Íslandi og menn vissu ekki hvernig þessi tilraun mundi takast og því var ákveðið að lögin um uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla væru ekki mjög ítarleg og að farið yrði svo í að skoða þau í samræmi við þróun markaða. Síðan eru liðin öll þessi ár og fiskmarkaðir á Íslandi búnir að starfa hartnær í 20 ár án

þess að hafa haft sterkara lagaumhverfi en raun ber vitni.

Það eru ýmis atriði í þessu frumvarpi sem eru til bóta frá þeim lögum sem gilt hafa. Ég verð þó að segja að ég hélt að við mundum sjá meiri metnað í gerð nýrra laga um uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla, sérstaklega með tilliti til þess hvað búið er að taka langan tíma að fara í gegnum gömlu lögin og koma fram með þetta nýja frumvarp.

Atriðin sem eru til bóta í þessu frumvarpi eru aðallega þrjú, sýnist mér. Það er gert ráð fyrir að starfsleyfi fiskmarkaða verði gefin út til lengri tíma en eins árs sem er til verulegra bóta. Í raun hefur legið á því nokkuð lengi að fiskmarkaðir fengju starfsleyfi sem giltu til lengri tíma en eins árs í senn. Síðan er verið að setja í lög að sett verði ein samræmd reglugerð í stað þess að fiskmarkaðirnir hver og einn setji sér eigin starfsreglur sem ráðherra þurfi síðan að staðfesta. Það getur þýtt að markaðirnir starfi eftir mjög misjöfnum reglum og alls ekki er um neina heildarsamræmingu að ræða. Hið þriðja sem er til bóta í þessu frumvarpi er skilgreining á þeim hugtökum sem að þessu máli koma, svo sem hvað felist í orðunum leyfishafi, uppboðsmarkaður, uppboðsstaður og uppboðsstjóri.

Þegar við rennum yfir þennan texta má sjá að í 1. gr. er farið yfir það að sjávarútvegsráðherra veiti leyfi til að reka uppboðsmarkað fyrir sjávarafla. Greinin er nánast óbreytt frá fyrri lögum. Maður veltir fyrir sér af hverju ekkert sé reynt að taka utan um aðra starfsemi fiskmarkaða en uppboð á sjávarafla í þeim lögum sem nú á að setja. Nú er það þekkt að til eru fiskmarkaðir sem jafnframt höndla með kvóta, standa jafnvel í kvótaleigu, kvótakaupum og slíku. Spurningin er hvort hæstv. ráðherra telji það samræmast starfsemi uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla að þeir stundi slíka starfsemi og hvort rétt væri að setja það í lög hvaða aðra starfsemi en uppboð á sjávarafla þessi fyrirtæki mættu stunda.

Þegar við förum yfir skilgreiningarnar veltir maður aðeins fyrir sér hvaða stakk þær sníða þeirri starfsemi sem hér um ræðir. Uppboðsmarkaður er sagður vera markaður „þar sem sjávarafli er seldur á frjálsu uppboði og aðilar hafa tækifæri til að kynna sér ástand aflans á uppboðsstað". Allir sem til þekkja um rekstur fiskmarkaða vita að á mörgum fiskmörkuðum gengur þetta ekki þannig fyrir sig, og á þeim fæstum er aflinn á uppboðsstað þegar verið er að bjóða hann upp. Ég velti fyrir mér hvort þessi texti eða þessi skilgreining á því hvað uppboðsmarkaður sé geti hreint og klárt gengið í bága við það sem gerist á þessum markaði í dag og hvort það geti ekki orðið til vandræða að hafa þetta skilgreint svona í lagatextanum.

Sama með uppboðsstaðinn, það er staður „þar sem aðilar geta kynnt sér afla sem seldur verður á uppboði". Þarna er orðalag að nokkru leyti ónákvæmt. Hvað þýðir það „að kynna sér afla"? Er það eingöngu að kynna sér upplýsingar um hvaða afli verður boðinn upp eða er það, eins og orðanna hljóðan segir, að menn geti þá skoðað þann afla sem á að fara að selja? Það er bara ekki þannig á flestum fiskmörkuðum að fiskurinn sé þar þegar hann er seldur, heldur er hann enn þá um borð í bátunum og jafnvel verið að draga hann í veiðarfæri á þeim tíma sem hann er seldur.

Það er til bóta í frumvarpinu að uppboðsstjóri er skilgreindur núna sem sá „aðili sem leyfishafi hefur falið að annast framkvæmd uppboðs og hlotið hefur löggildingu ráðherra". Maður veltir fyrir sér hvaða kröfur verði uppi um löggildingu, hvort krafist verði ákveðinnar menntunar, réttinda, náms eða einhvers slíks til að aðilar geti hlotið löggildingu ráðherra sem uppboðsstjórar. Ekki er hægt að sjá í þessu frumvarpi eða greinargerð með því hvaða kröfur verða lagðar á slíka aðila.

Það er til bóta að fram kemur að uppboðsstjórar mega ekki bjóða í fisk sjálfir. Það hefur svolítið borið við í núverandi starfsemi fiskmarkaða að nánast þeir sem stýra uppboðunum hafa getað, og stundum gert, boðið í afla sem verið er að bjóða upp. Það samrýmist náttúrlega alls ekki óvilhallri starfsemi að allra mati þannig að það er gott að taka af öll tvímæli um að slíkt verði ekki leyfilegt, að uppboðsstjóri geti sjálfur boðið í eða boðið í fyrir aðra aðila meðan uppboð fer fram.

Það er ekki langt síðan við ræddum einmitt málefni fiskmarkaða á hinu háa Alþingi. Þann 9. febrúar sl. spurði hv. þm. Kristján L. Möller hæstv. ráðherra hvaða áform hann hefði um að taka lög og reglur um fiskmarkaði til endurskoðunar. Þar svaraði ráðherrann að unnið væri að nýrri lagasetningu. Þetta væri ekki sérstaklega flókið mál að hans áliti, menn hefðu verið að velta fyrir sér þessum málefnum, verið í sambandi við forsvarsmenn fiskmarkaða og væru að vinna að því að leggja fram frumvarp um þetta efni á þinginu fljótlega, enda eru það komið hér fram núna.

Það vakti athygli mína í svari hæstv. ráðherra við þessari fyrirspurn að hann vonaðist til þess að endurskoðun reglugerðar yrði lokið á sama tíma og frumvarpið kæmi fram. Í svari hæstv. ráðherra segir, með leyfi forseta:

„Ég vonast til að það geti staðist á að endurskoðuð lög um uppboðsmarkaði verði tilbúin, að endurskoðun reglugerðarinnar verði lokið og þá verði hægt að ganga svo til samtímis frá þeim reglugerðum sem síðan þyrftu að fylgja nýjum lögum um uppboðsmarkaði og reglugerðunum um vigtun og löndun sjávarafla."

Spurning mín til hæstv. ráðherra er hvort þær reglugerðir sem fylgja þessum lögum séu nánast tilbúnar og hvort við í sjávarútvegsnefnd getum átt von á því að þær komi þar inn. Eins og bent hefur verið á hér í umræðunni er lagaramminn sem verið er að sníða tiltölulega einfaldur og kannski eru ekki miklar breytingar á honum frá fyrri lögum. Hins vegar er verið að leggja meiri þunga á það að reglugerðir um þetta mál muni koma. Ég held að full ástæða væri fyrir okkur í sjávarútvegsnefnd að reyna að fá að sjá þær reglugerðir á sama tíma og við fjöllum um frumvarpið.

Í svari við sömu fyrirspurn um fiskmarkaði sagði hæstv. ráðherra að mikið samstarf hefði verið haft við fiskmarkaðina á undanförnum árum og að ráðuneytismönnum væru mjög vel ljósar áherslur fiskmarkaðsmanna og hugmyndir í þeim efnum hvað þyrfti að gera til að breyta lögunum. Hæstv. ráðherra sagði, með leyfi forseta:

„Það verður örugglega talað við þá áður en frá þessu verður gengið í endanlegu formi af hálfu ráðuneytisins."

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort ráðuneytið hafi haft mikið og gott samráð við fiskmarkaðsmenn vikurnar áður en þetta frumvarp var lagt fram eins og boðað var í svarinu á sínum tíma. Það skiptir miklu máli núna þegar við endurskoðum þessi lög að vel takist til. Lögin

sem nú gilda eru orðin allt of gömul og við verðum að gera ráð fyrir því þegar við förum í gegnum þetta að lögin sem verið er að setja núna nái yfir þá þróun sem menn sjá fram undan og þá þróun sem orðið hefur frá því að fiskmarkaðirnir hófu starfsemi.

Eins og bent hefur verið á vantar í þessi lög núna allar heimildir til þess að fiskmarkaðir geti falið einum aðila eins og Íslandsmarkaði að framkvæma fyrir sig uppboð. Það er nú það sem gerist í dag. Það vantar að mínu viti einhverjar reglur inn í lagarammann um ábyrgðir og hvernig með skuli fara og að hægt sé að fela einum miðlægum aðila eins og Íslandsmarkaði að innheimta viðskiptakröfur, halda utan um ábyrgðir og greiðslutryggingar. Í þessum lögum, eins og áður hefur verið bent á, er ekki gert ráð fyrir því að uppboðshaldari geti verið miðlægur og haldið utan um eitt uppboð fyrir allt landið eins og þó er verið að gera að hluta til í dag.

Að endingu vil ég segja, frú forseti, að hér erum við eingöngu að ræða þetta við 1. umr. og málið á eftir að fara til sjávarútvegsnefndar. Ég ætla ekki að eyða lengri tíma í að fara yfir efnisatriði frumvarpsins en tel þó að talsvert mikil vinna sé eftir í því að gera þetta frumvarp að ásættanlegum lögum fyrir starfsemi fiskmarkaða á Íslandi. Ég vonast til að við getum átt gott samstarf um það, sjávarútvegsnefnd og sjávarútvegsráðherra.

[16:35]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér heyrist á hv. þingmanni að honum finnist skorta á að það séu ítarlegri heimildir í þessum lögum en þar eru. Ég held þó að lögin geri ráð fyrir að hægt sé að nálgast það sem hann er að tala um og setja um það reglur sem nái utan um þá starfsemi. Ég held einmitt að frumvarpið sé þannig úr garði gert að hægt sé að gera það og vísa þá sérstaklega til 5. gr. m.a. um gagnsæi viðskipta sem þar er nefnt.

Hins vegar getur vel verið að rétt sé að fylla eitthvað meira út í þetta, tiltaka fleiri hluti ef menn hafa sérstakar áhyggjur af þeim, en almennt held ég að skynsamlegast sé ef við höldum okkur við rammalöggjafarfyrirkomulagið og að tekið sé á flestum þeim atriðum sem nefnd hafa verið í reglugerð. Eins og fram hefur komið hafa þessir markaðir þróast mjög hratt og munu eflaust gera það áfram. Þess vegna þarf að vera um löggjöf að ræða sem getur brugðist við þeim breytingum.

Hv. þingmaður spurði sérstaklega um hvað liði vinnu með vigtarreglugerð. Henni miðar ágætlega áfram en er þó ekki lokið. Ég get ekki alveg séð fyrir hvort og hvenær hægt er að kynna hana fyrir sjávarútvegsnefnd.

Hins vegar er það enn þá von mín að frumvarpið og þær reglugerðir sem síðan mundu fylgja þeim lögum sem yrðu eftir samþykkt frumvarpsins gætu fylgst að við það að vigtarreglugerð yrði endanleg eða gerð hennar yrði endanlega lokið.

Hv. þingmaður spurði síðan um samstarfið við fiskmarkaðina. Við þá var haft samband og málið kynnt fyrir þeim. Síðan var haldinn fundur með fulltrúum þeirra, ég sat meðal annarra þann fund sjálfur og var ekki var við annað en þeir væru sáttir við það sem fram var lagt og þær athugasemdir sem þeir höfðu þar fram að færa. Ef ég man rétt var orðið við þeim.

[16:37]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg réttur skilningur hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra að ég mundi vilja sjá lagarammann aðeins ítarlegri en hér er, t.d. hvað varðar starfsemi miðlægs uppboðshaldara, eins og Íslandsmarkaðar, vegna þess að í 8. gr. segir að „leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs, uppboðsstjóra, og skal hann hafa löggildingu til starfans. Sjávarútvegsráðherra veitir löggildingu.“ Þetta þýðir einfaldlega að hver einasti leyfishafi verður þá að ráða til sín uppboðsstjóra og sá uppboðsstjóri verður að hafa löggildingu til starfans, jafnvel þó að fiskmarkaður í þessu tilviki geri samning við miðlægan uppboðshaldara, eins og Íslandsmarkað, um að sjá um framkvæmd uppboðsins, þá þarf þessi sami markaður eftir sem áður að ráða uppboðsstjóra eins og laganna hljóðan er þarna.

Í sambandi við skilgreiningarnar er kannski spurning hvort hæstv. ráðherra gæti í seinna andsvari farið aðeins yfir það hvað t.d. uppboðsmarkaður er og hvað er uppboðsstaður, því að tiltölulega þröngar skilgreiningar eru á því hvað uppboðsmarkaður er. Þar eiga aðilar að hafa tækifæri til að kynna sér ástand aflans á uppboðsstað og uppboðsstaður síðan skilgreindur sem staður þar sem aðilar geta kynnt sér afla sem seldur verður á uppboði.

Ég veit að hæstv. ráðherra þekkir það jafn vel og ég að á mörgum fiskmörkuðum á Íslandi í dag er aflinn ekki inni á gólfi nema í ákaflega litlum mæli. Aflinn er um borð í bátunum. Aflann er jafnvel, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, verið að draga um borð í bátana á þeim tíma sem hann er seldur. Spurning hvort þetta stífar skilgreiningar með þeim hætti sem þarna koma fram geti ekki orðið til vandræða og hamlað þróun fiskmarkaða, því að þróunin hefur verið geysilega ör og sem betur fer hefur tekist að þróa þessa starfsemi þrátt fyrir mjög þröngan og lítinn lagaramma.

[16:40]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú kveður við aðeins annan tón hjá hv. þingmanni. Nú eru skilgreiningarnar of þröngar, áður vantaði inn í. Ég varð ekki var við það við gerð frumvarpsins þegar við ráðfærðum okkur við þá sem að þessum málum starfa að þeir teldu að þetta væri til vandræða. En að sjálfsögðu er þetta eins og annað til skoðunar í nefndinni og ef menn sjá á þessu einhverja hnökra eða eitthvað sem gæti betur farið er sjálfsagt að það verði skoðað og metið áður en við ljúkum afgreiðslu málsins.

Ég held hins vegar að best sé að láta þá umræðu bíða starfs nefndarinnar og 2. umr. á hv. Alþingi.

[16:41]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona að enginn misskilningur sé uppi um

það að ég tel að ramminn, lagaramminn eins og hann þarf að vera um starfsemi fiskmarkaða, þurfi að vera gleggri en hér er sett fram. Auðvitað þurfum við alltaf að vera með reglugerðasmíð í kringum slíka lagasetningu, en svona grundvallaratriði starfseminnar og þau lög sem hún þarf að starfa eftir — við eigum að reyna eins og við getum að koma þeim fyrir í lögunum sjálfum frekar en að gera það í auknum mæli í reglugerðum eins og kannski er verið að gera á mörgum stöðum.

Ég óttast ekki að það takist ekki ágætissamstarf í sjávarútvegsnefnd við að fara yfir þetta mál og auðvitað á eftir að kalla til umsagnir um málið frá öllum þeim sem koma að málinu. Eins þykist ég vita að hægt verði að kalla til fundar hagsmunaaðila í þessari grein. Hér erum við ekki að ræða kannski nein pólitísk álitaefni, heldur þarf að reyna að sníða þessari starfsemi lög sem hamla henni ekki, hvorki þróun né starfseminni eins og hún þarf að vera til að geta skilað öllum þeim aðilum sem byggja allt sitt á þessu, hvort sem það eru fiskverkendur eða útgerðarmenn sem selja fisk á markaði. Síðan gætum við náttúrlega tekið langar og miklar umræður um hve lítið magn er selt á þessum mörkuðum af heildarafla á Íslandsmiðum. Ég ætla ekki að hætta mér út í það þegar ég sé að 20 sekúndur eru eftir af seinna andsvari mínu.

Ég held að við getum í góðri sátt sniðið þessari starfsemi lagaramma við hæfi og þyrftum helst að gera það á þessu þingi til að bæta þó þau lög sem fyrir hendi eru.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:43]

Útbýting:

Aðskilnaðarmúrinn í Palestínu, 706. mál, þáltill. SJS og ÖJ, þskj. 1064.

Áfengislög, 694. mál, frv. SKK o.fl., þskj. 1052.

Brottfall innflytjenda í framhaldsskólum, 712. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1070.

Endurgreiðslur gjalda íslensks skipaiðnaðar, 710. mál, fsp. GuðjG, þskj. 1068.

Erfðafjárskattur, 717. mál, fsp. GunnB, þskj. 1075.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 698. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1056.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 723. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1081.

Kaup á færanlegri sjúkrastöð í Palestínu, 711. mál, þáltill. JBjart o.fl., þskj. 1069.

Loftferðir, 699. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1057.

Lóðaúthlutunarreglur Reykjavíkurborgar, 718. mál, fsp. GunnB, þskj. 1076.

Nýframkvæmdir í vegagerð, 719. mál, fsp. GunnB, þskj. 1077.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, 704. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 1062.

Uppbygging öldrunarþjónustu, 716. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1074.

Út af dagskrá voru tekin 6.–14. mál.

Fundi slitið kl. 16:44.

---

102. FUNDUR

mánudaginn 4. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, stjfrv., 667. mál, þskj. 1015. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Gæðamat á æðardúni, stjfrv., 670. mál, þskj. 1022. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Happdrætti, stjfrv., 675. mál, þskj. 1028. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Ferðamál, stjtill., 678. mál, þskj. 1032. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Áfengislög, stjfrv., 676. mál, þskj. 1029. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 677. mál, þskj. 1030. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Stjórnarskipunarlög, frv., 177. mál, þskj. 177. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Fjármálafyrirtæki, frv., 197. mál, þskj. 197. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Almannatryggingar, frv., 229. mál, þskj. 235. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Stjórn fiskveiða, frv., 239. mál, þskj. 250. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Sala áfengis og tóbaks, frv., 241. mál, þskj. 252. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Ríkisendurskoðun, frv., 242. mál, þskj. 253. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Aukatekjur ríkissjóðs, frv., 243. mál, þskj. 254. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, þáltill., 230. mál, þskj. 236. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
16. Stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ, þáltill., 238. mál, þskj. 248. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
17. Sala Símans, munnleg skýrsla forsætisráðherra.
18. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 362. mál, þskj. 1038. — 3. umr.

19. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 387. mál, þskj. 1039, nál. 1009. — 3. umr.
20. Helgidagafriður, stjfrv., 481. mál, þskj. 735. — 3. umr.
21. Úrvinnslugjald, stjfrv., 686. mál, þskj. 1044. — 1. umr.
22. Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 723. mál, þskj. 1081. — 1. umr.
23. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 695. mál, þskj. 1053. — 1. umr.
24. Virðisaukaskattur o.fl., stjfrv., 697. mál, þskj. 1055. — 1. umr.
25. Skaðabótalög, frv., 681. mál, þskj. 1037. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvest.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.,
Kolbrún Halldórsdóttir, 8. þm. Reykv. n.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Tilhögun þingfundar.

[15:01]

Forseti (Halldór Blöndal):
Klukkan 4 í dag verður 17. dagskrármálið tekið fyrir, munnleg skýrsla forsætisráðherra um sölu Símans. Um fyrirkomulag umræðunnar er samkomulag milli þingflokka. Umræðan fer þannig fram að forsætisráðherra hefur átta mínútur og talsmenn annarra flokka sex mínútur í fyrri umferð. Í síðari umferð hafa ræðumenn flokkanna fjórar mínútur og forsætisráðherra lýkur umræðunni.

[15:02]

Útbýting:
Fátækt barna og hagur þeirra, 728. mál, beiðni um skýrslu HHj o.fl., þskj. 1086.
Náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, 724. mál, þáltill. JBjart o.fl., þskj. 1082.
Sauðfjársláturhús, 610. mál, svar landbrh., þskj. 1035.
Skuldbindingar vegna einkaframkvæmda í ársreikningum sveitarfélaga, 730. mál, fsp. GunnB, þskj. 1088.
Þjóðaratkvæðagreiðsla um sölu Landssímans, 729. mál, þáltill. JBjarn o.fl., þskj. 1087.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Skráning netléna.

[15:03]

Lára Stefánsdóttir:
Virðulegi forseti. Ég vil spyrja hæstv. samgönguráðherra að því hvort hann hyggist beita sér fyrir því að þeir sem eigi lénnöfn á internetinu án séríslenskra stafa geti nýtt sér sama lén með íslenskum stöfum.

Nú ber svo við að margir eiga lén sem gera má ráð fyrir að í væru íslenskir stafir en ekki hefur verið hægt að nýta vegna tækniörðugleika á netinu, eins og Morgunblaðið, RÚV, Reykjavík o.fl. eins og líka ég. Ég á lénið Lara.is og vildi gjarnan nýta Lára.is. Nú er þetta ekki hægt og sérstaklega rukkað fyrir það, og ekki nóg með það heldur er afnotagjald á hverju ári til framtíðar fyrir það að eiga bæði nöfnin. Því vil ég spyrja hæstv. samgönguráðherra hvort hann vilji beita sér til þess að við getum notað bæði heitin á internetinu, þ.e. með íslenskum bókstöfum og án.

[15:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):
Virðulegi forseti. Eins og hv. þingmenn vita og þekkja skiptir orðið mjög miklu máli að eiga greiðan aðgang að því sem við köllum lén. Ekki hafa verið talin nein vandkvæði á að afla sér slíkra kenninafna, ef svo mætti segja, en uppi hafa verið umræður um þetta síðustu vikurnar eins og fram kemur hjá hv. þingmanni.
Í samgönguráðuneytinu hefur ekki verið tekin nein afstaða til þess sem hv. þingmaður nefnir en það er sjálfsagt að fara yfir það mál og skoða rækilega með þeim aðilum sem að þessu koma. Ráðuneytið hefur sem sagt ekki tekið neina afstöðu til þessa vandamáls eins og sakir standa. Það eru vafalaust ríkar ástæður til að fara yfir þetta mál en ég held að það sé ekki neitt stórkostlegt vandamál eins og sakir standa.

[15:05]

Lára Stefánsdóttir:
Virðulegi forseti. Ég hvet hæstv. samgönguráðherra eindregið til að taka þetta mál upp í ráðuneyti sínu og einnig gjarnan taka höndum saman við menntamálaráðherra til að standa vörð um íslenska tungu. Það er hvimleitt að Alþingi heiti althingi á netinu og þurfi að borga sérstaklega fyrir að mega heita Alþingi.
Ég tel þetta brýnt mál. Við sem fjöllum um þessi mál og vinnum við þau teljum brýnt að við leggjum íslenskuna að jöfnu við svokallaða ísl-ensku og getum notað hana á internetinu þannig að það sé eðlilegt fyrir okkur, íslenska nemendur og íslenska þjóð, að nota íslensku á íslensku interneti.

Gjald í Hvalfjarðargöng.

[15:07]

Magnús Þór Hafsteinsson:
Virðulegi forseti. Nú fyrir helgi, nánar tiltekið þann 1. apríl, bárust þau gleðilegu tíðindi að fyrirtækið Spölur sem á og rekur Hvalfjarðargöngin hefði endurfjármagnað 5 milljarða kr. lán sín, gert nýjan samning við Íslandsbanka og að þessi endurfjármögnun mundi gera fyrirtækinu kleift að lækka gjaldskrána í Hvalfjarðargöngin verulega, allt að 38% fyrir þá sem nota göngin mest og njóta mestra afsláttarkjara.
Þetta er að sjálfsögðu mikil búbót fyrir þá sem notfæra sér þetta merkilega samgöngumannvirki sem Hvalfjarðargöngin eru. Fyrst þeim vatnaskilum er nú náð að tekist hefur að lækka verulega gjaldið í þetta mannvirki hlýtur að

vakna sú spurning hvort ríkisstjórnin hyggist grípa til ráðstafana svo að lækka megi enn frekar gjöldin í Hvalfjarðargöngin í ljósi þeirrar lækkunar sem gerð var af hálfu Spalar hf. um mánaðamótin. Hér vísa ég einkum til þess að í dag er í gildi skattlagning á þennan vegtoll, 14% virðisaukaskattur er lagður á gjöldin í göngin, og mig fýsir því að vita hvort hæstv. samgönguráðherra hyggist beita sér fyrir því að þessi skattur verði helst afnuminn.

[15:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegu forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að koma með þetta mál rétt eina ferðina enn inn í þingsali. Ég held að varla hafi nokkurt annað mál jafnoft verið tilefni til þess að hv. þingmenn hafi tekið til við að spyrja annaðhvort samgönguráðherra eða fjármálaráðherra. Það er rétt sem hv. þingmaður sagði, stjórn hlutafélagsins Spalar hefur tekið ákvörðun um að lækka gjaldið, og þá mest og aðallega hjá þeim sem eru stórnotendur, með því að endursemja um þau lán sem á fyrirtækinu hvíldu.

Þessar aðgerðir komu í kjölfar þess að ég óskaði eftir því að Ríkisendurskoðun færi yfir málefni félagsins. Það var gert á grundvelli þeirrar heimildar sem er í gildi milli Spalar og samgönguráðuneytisins og Ríkisendurskoðun benti á að þarna væri augljóslega hægt að ná verulegum hagsbótum með því að endursemja um lánin. Sú er niðurstaðan, hún liggur fyrir og er mjög ánægjulegt að svo skyldi geta orðið.

Hvað varðar frekari aðgerðir hefur því verið svarað áður úr þessum ræðustóli að ekki hafi verið tekin nein ákvörðun um breytingar á virðisaukaskattsreglum, enda er það ekki samgönguráðherrans að svara því. Hins vegar hefur það komið fram hjá hæstv. fjármálaráðherra að reglur um álagningu virðisaukaskatts eru til meðferðar á vegum ríkisstjórnarinnar í samræmi við stjórnarsáttmálann. Það verður að bíða þess tíma að niðurstaða fáist úr því hvað það varðar.

Að öðru leyti vil ég vísa til þess sem margsinnis hefur komið fram að Hvalfjarðargöngin hafa skapað feiknarlegar hagsbætur fyrir íbúa þess svæðis sem nýta göngin.

[15:10]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég er alls ekki sáttur við þessi svör. Mér fannst hæstv. samgönguráðherra ekki svara því beint hvort ríkisstjórnin hygðist grípa til ráðstafana svo að lækka mætti þessi gjöld. Það er í sjálfu sér ekki mjög flókin eða stórkostleg aðgerð að breyta lögum um virðisaukaskatt þannig að þessi skattur sem innheimtur er fyrir notkun samgöngumannvirkis verði afnuminn. Það þarf ekki annað en að bæta við einni lítilli setningu við eina grein laganna um virðisaukaskatt.

Við í Frjálslynda flokknum höfum liggjandi í þinginu frumvarp um slíka lagabreytingu og ég hefði glaðst meira við það að heyra frá hæstv. samgönguráðherra, gjarnan þá eftir samráð við hæstv. fjármálaráðherra sem einnig er í salnum, einhvers konar vilyrði fyrir því að þessum lögum yrði breytt. Það væri hægur vandi að gera það fyrir þinglok í vor þannig að þessi breyting gæti tekið gildi þann 1. janúar nk. Það ætti ekki að vera mikið mál.

Gallup-könnun á viðhorfi til álvers.

[15:12]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra fer nú um Norðurland með áltrúboðið sitt. Ég hélt reyndar að hæstv. ráðherra mundi hafa hægt um sig þangað til sér fyrir endann á framkvæmdum fyrir austan því fyrir utan bæði náttúruspjöllin þar og gífurleg félagsleg undirboð á vinnumarkaði með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og hágengi krónunnar sem kemur af þessum stóriðjuframkvæmdum og er að ryðja burtu öðru atvinnulífi hélt ég að ráðherra mundi hafa hægt um sig meðan þetta væri þá að komast í höfn. En nú eru Norðlendingar spurðir hvort þeir séu ekki til í að fórna náttúruperlum sínum, jökulvötnum og fossum, fyrir álver í sinni heimabyggð eða hjá nágrönnunum. Ekki kemur fram í spurningunum hvort bara Akureyringar og Húsvíkingar hafi verið spurðir eða hvort héraðið allt hafi verið spurt.

Ég vil því spyrja: Hvers vegna valdi ráðherrann að spyrja þessara spurninga frekar en annarra af vettvangi iðnaðarráðherrans? Hvernig hefði t.d. verið að spyrja: Ertu hrifinn eða ekki hrifinn af nýju raforkulögunum sem ráðherrann var að innleiða? Eða kannski: Ertu ánægður eða óánægður með að fá að borga núna margfalt meira fyrir rafmagnið eftir að það var markaðsvætt? Það er þetta sem brennur á fólkinu. Um þetta hefði verið nær að spyrja að mínu mati, herra forseti.

Ferðaþjónustan er sú atvinnugrein sem vex hvað hraðast. Miklar vonir eru bundnar við hana en hana sárvantar fjármagn. Hvers vegna var ekki spurt: Hvort viltu heldur milljarð til að byggja upp ferðaþjónustu á Norðurlandi eða milljarð til að byggja upp álver? Það hefði verið raunverulegt val. Ég leyfi mér því að spyrja ráðherrann: Hver tók ákvörðun um þessa skoðanakönnun? Hver valdi þessar spurningar? Hvað kosta þessar skoðanakannanir og hver borgar? Hversu mikið fjármagn hefur ráðherrann til ráðstöfunar til svona nokkurs, álbræðsluáróðurs, eins og að gera skoðanakönnun um landið?

[15:14]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég heyri að þessi skoðanakönnun fer mikið í taugarnar á hv. þingmanni og það er eðlilegt vegna þess að Norðlendingar vilja fá álver og það er ekki hv. þingmanni að skapi. Hann verður bara að sætta sig við að það er mikill áhugi á því á Norðurlandi að þar rísi álver. Þegar hv. þingmaður lætur að því liggja að ég sé að bjóða upp á milljarð til að byggja álver er það mikill misskilningur. Það stendur ekki til að ríkisvaldið geri það og það er engin ástæða til þess vegna þess að það eru mörg fyrirtæki í heiminum sem hafa áhuga á því að byggja álver á Íslandi. Það eru margar ástæður fyrir því sem ég get farið yfir frekar þegar ég hef meiri tíma til.

Að sjálfsögðu er það sú sem hér stendur sem tók þá ákvörðun að fara út í þessa könnun. Fólk er spurt á þremur svæðum á Norðurlandi, í Skagafirði, á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu og Húsavík og Þingeyjarsýslu, hvort það

vilji fá álver. Annars vegar er það spurt hvort það vilji fá það í sinni heimabyggð og hins vegar er spurt hvort það hafi áhuga á að fá álver annars staðar á Norðurlandi en í heimabyggð viðkomandi. Ég er búin að gefa opinberlega upp hver svörin voru á tveimur svæðum en þriðji fundurinn er í kvöld í Skagafirði þannig að ég ætla ekki að fara yfir það hér hvað kom út úr þeirri spurningu.

Þetta er allt saman unnið af fagfyrirtæki sem er IMG Gallup. Spurningarnar eru faglega settar fram og öll vinna er í samræmi við það sem almennt gerist þegar farið er af stað með vinnu sem þessa. Ég held að hv. þingmaður sé á einhverjum villigötum með að vera að vekja athygli á þessu hér því að hlutverk mitt er að þjóna fólkinu. Í þessu tilfelli er ég að fá fram svör um það hvernig fólk lítur á þetta heima fyrir.

[15:16]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Það er ljóst hver forgangsröðun ráðherrans er. Ég hefði talið nær að spyrja um raforkuna, hvort fólk sé ánægt með að borga svona hátt raforkuverð. Það finnst ráðherranum ekki. (**Gripið fram í:** ... Jón Bjarnason.) Ráðherrann svarar ekki hversu mikið þessar skoðanakannanir kosta, hver borgar þær eða hversu mikið fjármagn ráðherrann hefur til að ráðstafa í svona spurningaleik. Mér finnst þetta grafalvarlegt mál.

Það væri líka fróðlegt að fá að vita hjá ráðherranum hvort hún sé að svara bæði Norðurorku og Skagafjarðarveitum sem hafa lagt inn erindi og spurt hvort þeir megi leysa til sín aftur hlut Rariks á svæðinu, hvort Skagafjarðarveitur fái aftur að leysa til sín Rafveitu Sauðárkróks. Ætlar hún að svara þessu erindi sem bæði Skagafjarðarveitur og Rarik hafa sent henni með ósk um að fá að leysa þessa hluti aftur til sín? Ef það kæmi í ljós að skoðanakönnun meðal heimamanna mælti eindregið með því, yrði hún þá ekki hiklaust við þeim óskum?

[15:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega grafalvarlegt mál að vilja vera í sambandi við umbjóðendur sína og hlusta á vilja fólksins. Það er sjálfsagt allt af hinu illa miðað við það sem hv. þingmaður segir hér. En af því að hann minntist á raforkuverðið er mér mjög ljúft að koma því á framfæri að það er ákveðinn misskilningur á ferðinni í sambandi við þá reikninga sem síðast voru sendir út af hálfu Rariks þar sem almennt séð er lesið af hjá fólki á haustin. Nú var lesið af aftur í janúar — þetta eru þungir og dýrir mánuðir, köldustu mánuðirnir — og þeir reikningar sem sendir voru út síðast jafnast ekki yfir heilt ár. Það sem fer yfir hámark viðkomandi — það eru fáir mánuðir í umframnotkun teknir inn í þessa upphæð og þess vegna hækkar hún reikningana mikið. Næsti reikningur verður í samræmi við það sem almennt hefur verið og þá held ég að við getum talað um þetta. Mér finnst að þetta hefði átt að komast á framfæri fyrr af hálfu fyrirtækjanna.

[15:18]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra svarar ekki hvað þessar skoðanakannanir kosta. Hins vegar segir hún að hún hafi sest inn á kontór hjá Rarik og séð að þeir hafi sent út kolvitlausa reikninga. Kannski er hæstv. ráðherrann best geymd inni á kontór hjá Rarik.

Ég geri ekki lítið úr skoðanakönnunum, einmitt, og þá leyfi ég mér að vitna til þess að hver skoðanakönnunin á fætur annarri hefur sýnt fram á það að afgerandi meiri hluti þjóðarinnar er andvígur sölu Símans, 76% í síðustu skoðanakönnun. Ég trúi því að ráðherra verði sjálfum sér samkvæmur og blási sölu Símans þá af.

[15:19]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Fyrst ætla ég að svara því að þessi könnun kostar lítilræði þannig að það er ekki erfitt að komast í gegnum það.

Sala Símans verður rædd hér á eftir þannig að ég ætla ekki að taka þá umræðu en af því að hv. þingmaður nefndi líka Rafveitu Sauðárkróks vil ég segja að ef það er vilji yfirvalda í Skagafirði, sem eiga mjög bágt þessa dagana, og ekki bara þessa daga heldur hefur það verið þannig meira og minna síðustu vikur og mánuði, að kaupa aftur rafveituna held ég að þau séu á miklum villigötum. Því stærri sem dreififyrirtækin eru, þeim mun ódýrara er að dreifa rafmagninu og þeim mun lægri verða raforkureikningarnir.

Norsk-íslenski síldarstofninn.

[15:20]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það líður nú að vori með betri tíð og blómum í haga og þá rennur enn eina ferðina upp ný síldarvertíð. Stærsti fiskstofn í norðaustanverðu Atlantshafi er nú á leið frá ströndum Noregs í vesturátt, nálgast íslensku lögsöguna óðfluga og það líða ekki margar vikur þangað til ný síldarvertíð hefst. Í vetur höfum við fengið mjög jákvæðar fréttir frá frændum okkar, Norðmönnum, um það að þessi stofn sé í örum vexti. Til að mynda bárust fréttir af því rétt fyrir jól að stærsti árgangur sem mælst hefði frá því að mælingar hófust fyrir 50 árum, þ.e. 2002-árgangur, væri fundinn.

Við höfum einnig heyrt af því að hafið hér í norðaustanverðu Atlantshafi fari mjög hlýnandi og nú síðast um helgina var viðtal við Rögnvald Hannesson, prófessor við Viðskiptaháskólann í Björgvin í Noregi, þar sem hann benti réttilega á það að þetta mundi sennilega allt leiða til þess að göngumynstur til að mynda síldarinnar mundi breytast. Það eru miklu meiri líkur en minni til þess að hún taki upp sitt gamla göngumynstur samfara stækkandi stofnstærð og hlýnandi hafi og fari að færa sig aftur á gömlu sumarsvæðin við norðaustanvert Ísland og undan Norðurlandi.

Mér datt því í hug, virðulegi forseti, að bera þá spurningu upp við hæstv. sjávarútvegsráðherra hvort uppi væru einhverjar áætlanir um að leggja aukna áherslu á rannsóknir á norsk-íslenska síldarstofninum í vor og í sumar í ljósi þess að stofninn er í örum vexti. Það er alveg augljóst mál

að það stefnir jafnvel í síldarstríð við Norðmenn — og hugsanlega einnig við Evrópusambandið og fleiri þjóðir — vegna misklíðar varðandi skiptingu á þessum stofni. Samningaviðræður um skiptingu á stofninum eru mjög erfiðar en eitt af þeim grundvallargögnum sem notuð eru í slíkum samningaviðræðum eru, eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra náttúrlega veit, gögn um útbreiðslu og göngu síldarinnar.

[15:22]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er eins og kom fram hjá hv. þingmanni mjög ánægjuleg þróun hvað varðar íslensk-norsku síldina. Hins vegar eru blikur á lofti, eins og hv. þingmenn vita, um það hvernig eigi að standa að stjórninni. Við höfum fylgst með þróun þessara mála, Hafrannsóknastofnunin fyrir hönd ráðuneytisins og okkar allra að sjálfsögðu. Þar verður auðvitað leitast við að sinna þeim rannsóknum sem taldar eru nauðsynlegar á hverjum tíma. Ekki hafa verið lagðar fram neinar sérstakar áætlanir sem hafa komið til minna kasta vegna þessa einmitt núna. Á sumrin er farið héðbundið í leiðangra til að mæla og meta uppsjávarstofnana. Auðvitað er grunnurinn að þeim upplýsingum sem hér hafa komið fram þær rannsóknir sem hafa farið fram á undanförnum árum og eru í megindráttum í samræmi við það sem vísindamenn hafa átt von á.

Hvort getgátur Rögnvaldar Hannessonar munu reynast réttar, að hún gangi inn í íslensku landhelgina aftur, taki upp sitt fyrra göngumunstur og eyði meiri tíma hér við fæðuöflun en hún hefur gert að undanförnu og hversu mikið hún mun svo hafa vetursetu, er of snemmt að segja um. Við munum hins vegar fylgjast vel með þessu eins og kostur er á hverjum tíma.

[15:24]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þessi svör ollu mér vonbrigðum. Ég hefði frekar viljað heyra einhver svör um að búið væri að ákveða að leggja sérstaka áherslu á þessar rannsóknir núna á næstu vikum og mánuðum, til að mynda með því að senda út hafrannsóknaskip til sérstakra leiðangra til að mæta síldinni og fylgjast síðan með henni, göngum hennar og útbreiðslu. Það er alveg ljóst að þessi gögn skipta höfuðmáli í allri okkar röksemdafærslu í sambandi við samningaviðræður við erlendar þjóðir. Við þurfum að bæta samningsstöðu okkar.

Við sáum það nýlega að Norðmenn voru að færa sig upp á skaftið og ætla sér nú að veiða allt að 65% hlutdeild úr þessum stofni, juku hana úr að mig minnir 55% þannig að núna fer í hönd ögurstund hvað varðar nýtingu á þessum stofni. Hér eru milljarða verðmæti í húfi fyrir okkur Íslendinga og þess vegna er mjög áríðandi, eins og ég segi, að við höfum allar klær úti til að afla okkur sem allra bestra gagna til að nota í samningaviðræðum.

[15:25]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að við þurfum að afla gagna um dreifingu síldarinnar og það mun verða gert. Hins vegar er hægt að gera það á ýmsan annan hátt en með því að senda skipin út í sérstaka leiðangra. Auðvitað er obbinn af þeim upplýsingum sem við höfum um fiskstofna okkar kominn úr upplýsingum frá flotanum sjálfum.

Það væri betra að niðurstöður í samningum færu allar eftir þeim vísindagögnum sem við höfum getað lagt fram. Því miður er það ekki þannig. Í þeirri deilu sem við eigum í við Norðmenn hefur mér ekki virst sem rök dygðu sérstaklega vel. Einhver önnur sjónarmið eru þar á lofti og ég held að við þurfum að fara varlega í að treysta á að rök og skynsemi muni duga okkur eingöngu í þeim deilum sem við eigum í í dag. Það hefur ekki reynst svo hingað til.

[15:26]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það er mjög varasamt að reiða sig bara á fiskiskipaflotann þegar um það er að ræða að finna heimildir fyrir því hvar síldin er á hverjum tíma. Fiskiskipin hafa ávallt tilhneigingu til að leita á þá staði þar sem síldin er þéttust á hverjum tíma og stunda þar veiðar. Ef þau hafa fundið einhvers staðar stóra og góða torfu eða torfur á tiltölulega litlu svæði er flotinn þar. Hann leitar ekki mikið fyrir utan það.

Það sem við þurfum á að halda er að fara yfir miklu stærra hafsvæði, hafsvæðið á milli Íslands og Jan Mayen, fyrir austan Jan Mayen, norðaustur af Íslandi, lengst norðaustur í höf. Það er það sem við þurfum að gera og til þess þarf að skipuleggja sérstaka leit og víðtækar rannsóknir. Að sjálfsögðu kosta þær peninga, að sjálfsögðu krefjast þær mannafla en það er einfaldlega sá fórnarkostnaður sem við verðum að leggja út.

Varðandi Norðmenn er það einmitt þannig að þó að erfitt sé að tjónka við þá, það er alveg rétt, hafa aðalröksemdir þeirra varðandi skiptingu síldarstofnsins gengið út á það að menn ættu að líta á göngur og útbreiðslu síldarinnar. Hérna fáum við sem sagt vonandi tækifæri til að nota helstu rök þeirra sjálfra gegn þeim sjálfum og þá hljótum við að ná árangri.

[15:28]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það væri eflaust mjög áhugavert að fara í slíka leiðangra sem hv. þingmaður lýsir hér, ekki bara til að skoða síldina heldur útbreiðslu ýmissa annarra stofna, bæði þeirra sem við nýtum og stofna sem við höfum ekki nýtt fram til þessa. (**Gripið fram í:** Miðsjávar.) Meðal annars miðsjávar, hv. þingmaður. Ég vil hins vegar leyfa mér að efast stórlega um það að niðurstöður slíkra leiðangra verði það innlegg sem leysir það vandamál sem við stöndum frammi fyrir í samskiptum okkar við Norðmenn um síldina.

Um fundarstjórn.

Fyrirspurnir til ráðherra.

[15:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði komið að beiðni um að taka upp

óundirbúna fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra. Tíminn sem til þess gefst að svara hér spurningum var ekki nýttur til fulls og ég vil spyrja hæstv. forseta hvers vegna ég hafi ekki fengið að bera fram þessa fyrirspurn.

(**Forseti** (HBl)**:** Efni þeirrar fyrirspurnar sem hv. þingmaður bar fram fellur undir landbúnaðarráðherrann, ekki forsætisráðherra.)

Hæstv. forseti. Í þingsköpum stendur um þetta efni:

„Í allt að hálftíma á fyrir fram ákveðnum fundi getur forseti heimilað þingmönnum að bera fram munnlegar fyrirspurnir til ráðherra. Hvor um sig, fyrirspyrjandi og ráðherra, má ekki tala oftar en þrisvar, eigi lengur en tvær mínútur í fyrsta sinn og eigi lengur en eina mínútu í annað og þriðja sinn.

Við umræður um fyrirspurnir má engar ályktanir gera."

Hér stendur ekkert um það að hæstv. forseti eigi að skera úr um það hvaða spurningar séu bornar munnlega fram við ráðherra. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum hæstv. forseta, og bætist nú enn við afglöp hans á forsetastóli.

(**Forseti** (HBl)**:** Það er forseta að skera úr um það á fundum.)

Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 667. mál (EES-reglur). — Þskj. 1015.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað allshn. án atkvgr.

Gæðamat á æðardúni, frh. 1. umr.

Stjfrv., 670. mál (heildarlög). — Þskj. 1022.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað landbn. án atkvgr.

Happdrætti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 675. mál (heildarlög). — Þskj. 1028.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað allshn. án atkvgr.

Ferðamál, frh. fyrri umr.

Stjtill., 678. mál (heildartillaga 2006–2015). — Þskj. 1032.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað samgn. án atkvgr.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 676. mál (áfengi til iðnaðarnota og í atvinnuskyni). — Þskj. 1029.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað allshn. án atkvgr.

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 677. mál (heildarlög). — Þskj. 1030.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað sjútvn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. SF o.fl., 177. mál (þingseta ráðherra). — Þskj. 177.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað sérn. án atkvgr.

Fjármálafyrirtæki, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 197. mál (stofnfjáraukning í sparisjóði). — Þskj. 197.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað efh.- og viðskn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÞBack og ÖJ, 229. mál (tannlækningar barna og ellilífeyrisþega). — Þskj. 235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað heilbr.- og trn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. JÁ o.fl., 239. mál (vistvæn veiðarfæri). — Þskj. 250.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað sjútvn. án atkvgr.

Sala áfengis og tóbaks, frh. 1. umr.

Frv. GÞÞ o.fl., 241. mál (sala léttvíns og bjórs). — Þskj. 252.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað allshn. án atkvgr.

Ríkisendurskoðun, frh. 1. umr.

Frv. GÞÞ o.fl., 242. mál (útboð endurskoðunar). — Þskj. 253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað efh.- og viðskn. án atkvgr.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 1. umr.

Frv. GÞÞ o.fl., 243. mál. — Þskj. 254.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ráðuneyti lífeyris, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS, 230. mál. — Þskj. 236.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað allshn. án atkvgr.

Stofnun framhaldsskóla í Mosfellsbæ, frh. fyrri umr.

Þáltill. JBjarn og KolH, 238. mál. — Þskj. 248.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað menntmn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 362. mál (sóknardagar, meðafli, áframeldi o.fl.). — Þskj. 1038.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DrH, EKH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÖg, GunnB, GÖrl*, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÁs, KÓ, LS, MÞH*, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ*, SF, SP, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
1 þm. (GAK) greiddi ekki atkv.
18 þm. (BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, EOK, GÁS, GÁ, HHj, JÁ, KJúl, KolH, KHG, LB, MÁ, SJS, ÞKG, ÖJ) fjarstaddir.
[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1093).

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 387. mál (gildistími laganna). — Þskj. 1039, nál. 1009.

[15:38]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er komið til 3. umr. málefni er varðar Þróunarsjóð sjávarútvegsins og málefni honum tengd.

Svo hagar til í þessu máli að um ráðstöfun á fjármunum og eignum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins hefur verið samþykkt tillaga í hv. Alþingi. Á 125. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktunartillaga um að m.a. þeim fjármunum sem voru til ráðstöfunar úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins skyldi að hluta varið til að varðveita gömul skip sem teldust til sögulegra minja miðað við staðhætti, útgerðarhætti og fiskveiðisögu landsmanna. Ef ég man rétt greiddu allir þingmenn sem þá voru staddir í þingsal tillögunni atkvæði. Hún var samþykkt samhljóða.

Málið sem hér er til lokaafgreiðslu gengur út á að allir þeir fjármunir sem verða til við lokauppgjör á Þróunarsjóði sjávarútvegsins gangi óskiptir til Hafrannsóknastofnunar. Ég geri ekki lítið úr því að Hafrannsóknastofnun þurfi fé til verkefna sinna. Ég styð að sjálfsögðu að megnið af þeim fjármunum sem í þróunarsjóðnum eru við lokauppgjör hans renni til hafrannsókna þótt ekki sé sérstaklega tilgreint að Hafrannsóknastofnun ein fái aðgang að því fé enda renni það til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins. Ég get út af fyrir sig stutt þá tillögu enda tel ég að slíkt fyrirkomulag tryggi að Hafrannsóknastofnun og aðrir vísindamenn sem áhuga hafa á að stunda rannsóknir geti sótt um fé til verkefnasjóðsins til rannsókna.

Á Alþingi hafa farið fram margvíslegar umræður um rannsóknir á lífríki sjávar, fisktegundum sem þar dvelja. Ég minnist m.a. umræðu um að sá frægi vatna- og sjávarfiskur laxinn yrði einnig rannsakaður í hafinu, svo hann sé nefndur til sögunnar. Vitanlega er unnið að ýmsum rannsóknum sem vert væri að nefna í umræðum um áherslur í hafrannsóknum á þeim breytingatímum sem nú eru í lífríkinu í Norðurhöfum. Fyrr á þessum fundi var minnst á breytilega göngu síldarinnar og því að ef til vill færu stærri göngur norsk-íslensku síldarinnar á íslenskt hafsvæði. Það er því af fjöldamörgu að taka, virðulegi forseti, í þeim efnum og skal ekki gert lítið úr því . Með þessari ræðu minni vil ég ekki gera lítið úr athugunum á þessu, hæstv. forseti.

Ég legg hins vegar áherslu á að í þessu máli hefur verið samþykkt sérstök þingsályktun um að hluta af fé þróunarsjóðsins verði varið til að varðveita eintök af gömlum skipum sem við teljum hafa verið merkilegan þátt í atvinnusköpun landsmanna og eru merkilegur þáttur í að varðveita söguna og sögugildið. Ég vek athygli á því að slík tillaga fór í gegnum Alþingi með miklum meiri hluta og var samhljóða samþykkt af Alþingi.

Ríkisstjórninni var falin framkvæmd tillögunnar og þó nokkrum sinnum hefur verið gengið eftir upplýsingum um hvað því verkefni líði. Því hefur verið svarað út og suður og ég man einna best er hæstv. forsætisráðherra svaraði því til í þessum ræðustól að verkefnið væri falið til úrlausnar menntamálaráðherra í samstarfi við sjávarútvegsráðherra. Hins vegar hefur ekkert gerst í þeim málum, þrátt fyrir mjög afgerandi niðurstöðu á þingi. Þróunarsjóðurinn fékk það hlutverk á ákveðnu tímaskeiði í sögu okkar að úrelda fiskiskip, ganga frá þeim til niðursögunar og brennslu. Stundum var full ástæða til slíks en stundum held ég að menn hafi farið offari í þeim aðgerðum.

En vissulega eru enn þá eftir nokkur eintök af hinum eldri tréskipum sem eðlilegt væri að varðveita. Því miður vorum við ekki svo heppin að eiga til þá framsýni að reyna að halda einu eintaki af gömlu síðutogurunum hér í landinu, hvorki þeim sem byggðir voru fyrir stríð eða nýsköpunartogurunum eftir stríð, til varðveislu. En það hefði vissulega verið verðugt verkefni í þessu sambandi.

Ég hef í umræðum um þessi mál, virðulegur forseti, stundum nefnt til sögunnar dæmi um skip eins og kútter Sigurfara á Akranesi, sem væri mjög þarft að taka til gagngerrar endurbyggingar til að halda við þeim minjum sem skipið er. Það verður ekki gert nema með verulegum fjármunum, eins og ástand þess er í dag. Ég hefði talið eðlilegt, þar sem það liggur fyrir, hygg ég, að það komi meiri fjármunir við uppgjör á Þróunarsjóðnum en menn höfðu gert ráð fyrir, að samþykkja þá tillögu sem minni hlutinn flutti við 2. umr. sem ég tek fyllilega undir, þ.e. að þótt tryggt sé að 400 millj. kr. renni til hafrannsókna geti ekki verið annað en ásættanleg fyrir hæstv. ráðherra, sérstaklega í ljósi áðurnefndrar niðurstöðu hv. Alþingis, að verja ákveðnum hluta af þeim fjármunum sem í sjóðnum eru til sameiginlegra verkefna við varðveislu skipa. Sú ákvörðun var meira að segja tekin áður en menn gerðu sér grein fyrir því að sjóðurinn yrði það öflugur að afgangurinn yrði upp á meira en 400 millj. kr.

Ég tel því að röksemdirnar séu algjörlega skotheldar að því leyti til að þegar Alþingi tók þessa ákvörðun á sínum tíma, með 49 samhljóða atkvæðum, var hún tekin miðað við lægri fjárhæðir við lokauppgjör sjóðsins en í dag. Það er því ekki hægt að halda því fram að svo litlir fjármunir séu eftir í þróunarsjóðnum við uppgjör hans nú að sérstök ástæða sé til þess að líta svo á að Alþingi hafi ekki á sínum tíma áttað sig á því hvaða skuldbindingar það væri að leggja upp með með samþykktum sínum, en vissulega er ætlast til þess að framkvæmdarvaldið fari eftir samþykktum Alþingis. Ég hef viljað skilja stjórnskipunina þannig að Alþingi setji lögin og lýsi vilja sínum og síðan sé það framkvæmdarvaldsins að framkvæma það eftir bestu getu.

Í þessu máli hagar því þannig til að það er ekkert því til vandræða að framkvæma málið. Ráðherra getur gert það með fullum sóma og þeir þingmenn sem studdu málið á Alþingi á sínum tíma og styðja væntanlega enn því ekkert efnislegt hefur breyst til að breyta sannfæringu þeirra. Rökin fara öll í hina áttina að sannfæring þeirra hafi verið algjörlega rétt og rökrétt. Það ætti því að geta verið sátt um að afgreiða málið með þeim hætti sem breytingartillagan gengur út á, að tryggja 400 millj. til hafrannsókna og að það sem yrði umfram yrði notað í þau verkefni sem við höfum rætt um varðandi varðveislu sögulegra minja, eldri skipa, sögulegra útgerðarhátta eða merkrar sögu sem þeim tengjast.

Við höfum vissulega ekki valið þann kostinn, Íslendingar, að varðveita hverja einustu fleytu, enda væri það óðs manns æði. En við höfum reynt að varðveita einstök eintök af skipum sem byggð hafa verið, bæði miðað við landsvæði og útgerðarháttasögu og eins miðað við tímabil í útgerðarsögu okkar Íslendinga. Dæmin eru auðvitað þekkt um varðveislu skipa vítt og breitt um landið í verstöðvum. Nefna má Vestmannaeyjar, Patreksfjörð, Ísafjörð, staði á Norðurlandi, Austfjörðum og Snæfellsnesi, að ógleymdu Akranesi.

Allt er þetta í þá veru að við erum að tryggja að hluti sögunnar sé til staðar sem sýningargripur og að gera megi söguna meira lifandi en ella, sýna hvernig við stunduðum

þennan atvinnuveg á árum áður og hvaða skip og tæki við notuðum til að byggja upp þetta þjóðfélag okkar, rífa það upp úr fátækt fyrri alda til þess nútíma sem við lifum í.

Þetta held ég að allir hugsandi menn og góðviljaðir hljóti að sjá. Við tölum jafnframt um að við ætlum að byggja hér upp ferðamannaþjónustu, auka hana mjög mikið, og stefnum á milljón ferðamenn hingað á ári innan tíu ára. Við ætlum væntanlega að selja þeim sögu okkar eða kynna hana, bæði menningartengda og atvinnutengda, en menning og atvinnuhættir þjóðarinnar fara auðvitað saman.

Ég lít svo á að sá vilji sem birst hefur í Alþingi á undanförnum árum um að ástæða sé til að stuðla að aukinni ferðaþjónustu í landinu og efla söguþekkingu, menningarþekkingu og staðháttaþekkingu til að geta kynnt hana og veitt aðgang að henni þeim sem vildu heimsækja okkur, að hluti af því sé að koma í veg fyrir að of mikið af fiskiskipum landsmanna sé eytt.

Sum verkefni í þá veru eru fjármagnsfrekari en önnur. Ég hef nefnt eitt verkefni á Akranesi. Vissulega eru fleiri verkefni sem takast þarf á við. Við höfum verið að byggja upp söfn eins og Síldarminjasafnið á Siglufirði þar sem varðveitt eru gömul skip og við höfum reynt að efla byggðasöfnin á landinu. Þar höfum við líka reynt að varðveita gömul skip sem hluta af sögunni. Allt hnígur þetta því í sömu átt, að full ástæða er til að reyna að tryggja fjármuni til þessa. Við höfum horft á samþykkt tillögunnar í fimm ár án þess að því hafi fylgt bein aðgerð að reyna að framkvæma hana, þó vissulega hafi á fjárlögum hvers árs verið annað slagið settir inn nokkrir fjármunir í að byggja upp skip, oft minni skip og árabáta, sem bjargað hefur verið frá algjörri niðurníðslu og því að ónýtast algjörlega. Það er vissulega þakkarvert.

Ég held að gott sé að snúa því hlutverki sem þróunarsjóðurinn fékk á sínum tíma, að úrelda flotann, við og varðveita þau fáu eintök sem við eigum eftir af vertíðarflotanum og tréskipum mörgum hverjum, því eins og við vitum er samsetning flotans að breytast og mun sjálfsagt lítið verða smíðað af tréskipum í framtíðinni, ef nokkurt, til þeirra fyrri hátta að sækja sjó sem atvinnu og fiskveiðar.

Þess vegna, virðulegur forseti, lýsi ég stuðningi mínum við þá tillögu sem hv. þm. Jón Gunnarsson og hv. þm. Jóhann Ársælsson fluttu við 2. umr. málsins og var dregin aftur til 3. ef ég veit rétt.

(**Forseti** (HBl)**:** Á hv. þingmaður mikið eftir af ræðu sinni?)

Já, þó nokkuð.

(**Forseti** (HBl)**:** Þá verður fundi nú frestað og fram haldið klukkan fjögur.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 15:53]

[16:02]

Útbýting:

Fjáröflun til vegagerðar, 720. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1078.

Lífeyrissjóður bænda, 696. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1054.

Útflutningur hrossa, 727. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1085.

Sala Símans, munnleg skýrsla forsætisráðherra.

[16:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Samkomulag er um fyrirkomulag umræðunnar. Hún fer þannig fram að forsætisráðherra hefur átta mínútur og talsmenn Samfylkingarinnar, Sjálfstæðisflokks, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins sex mínútur hver í fyrri umferð.

Í síðari umferð hefur hver flokkur fjórar mínútur í þessari röð: Framsóknarflokkur, Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Frjálslyndi flokkurinn og síðan talar forsætisráðherra síðastur.

[16:03]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Eins og kunnugt er hefur framkvæmdanefnd um einkavæðingu unnið að undirbúningi að sölu á hlutabréfum ríkisins í Landssíma Íslands hf. Við undirbúning hefur nefndin notið ráðgjafar fjármálafyrirtækisins Morgans Stanleys í Lundúnum. Fyrir liggja nú tillögur nefndarinnar og hefur ráðherranefnd um einkavæðingu tekið ákvörðun um fyrirkomulag sölu á Símanum á grundvelli þessara tillagna sem ríkisstjórnin hefur staðfest fyrir sitt leyti.

Það hefur verið ákveðið að selja eftirstandandi hlut ríkisins, þ.e. tæplega 99%, í Símanum í einu og heilu lagi einum hóp kjölfestufjárfesta.

Það sem einkum hefur verið til umræðu, m.a. hér á Alþingi, að undanförnu er sú spurning hvort hluta af Símanum eigi að undanskilja, þ.e. hið svokallaða grunnnet. Ríkisstjórnin hefur lagst gegn því á þeim forsendum að hvergi í Evrópu hafi grunnnet verið aðskilið við einkavæðingu fjarskiptafyrirtækja og lagaumhverfið á Evrópska efnahagssvæðinu gerir ráð fyrir samkeppni í rekstri grunnneta í fjarskiptageiranum. Nú síðast hefur fallið um það úrskurður, og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sent sænskum stjórnvöldum rökstutt álit þess efnis að Svíar uppfylli ekki skuldbindingar sínar samkvæmt tilskipun sem fjallar einmitt um samkeppni á fjarskiptamarkaði. Sú tilskipun gildir einnig hér á landi og Ísland er háð sömu skilmálum og Svíþjóð í þessu sambandi, og það er mjög erfitt að sjá hvernig væri unnt með einhverjum vitrænum hætti á grundvelli þessarar tilskipunar að aðskilja grunnnet Símans frá fyrirtækinu. Ef um slíkan aðskilnað væri að ræða mundi hann væntanlega byggja á þeirri röksemd að dreifikerfið væri til frjálsra afnota fyrir alla rekstraraðila. Það liggur fyrir að allir rekstraraðilar þurfa samkvæmt þessari tilskip-

un að geta sett upp sitt eigið dreifikerfi og það er ekki hægt að skylda þá til þess að skipta við eitt dreifikerfisfyrirtæki. Það er ekki hægt að veita neinu fyrirtæki einhvern einkarétt eða sérréttindi á þessu sviði.

Fjarskiptalögin gefa skýr fyrirmæli um aðgang samkeppnisaðila inn á grunnnet markaðsráðandi aðila og það liggur fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun hafa úrræði til inngripa ef ekki er farið að lögum í þessu sambandi.

Sala bréfa til kjölfestufjárfestis verður hins vegar háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að enginn einn einstakur aðili, skyldir eða tengdir aðilar eignist stærri hlut í Símanum eða í félagi sem stofnað er til kaupa á hlut ríkisins í Símanum en 45%, beint eða óbeint, fram að skráningu félagsins á aðallista í Kauphöll.

2. Að tiltekinn hluti keyptra hlutabréfa og ekki minni en 30% af heildarhlutafé félagsins verði af hálfu kaupanda boðið almenningi og öðrum fjárfestum til kaups fyrir árslok 2007 og sala á hlutum í félaginu til annarra eigi sér ekki stað fyrr en að lokinni slíkri sölu.

3. Að Síminn verði skráður á aðallista Kauphallar hér á landi að uppfylltum skilyrðum Kauphallarinnar samhliða sölu til almennings og annarra fjárfesta og innlausnarrétti verði ekki beitt gagnvart núverandi hluthöfum í Símanum fram að skráningu félagsins á aðallista Kauphallarinnar.

4. Að kjölfestufjárfestir fari ekki með eignaraðild, beina eða óbeina, í fyrirtækjum í samkeppni við Símann hér á landi.

Með þessu fyrirkomulagi telur ríkisstjórnin að ýmis almenn og sértæk markmið við sölu á ríkiseignum náist og er sölutilhögunin í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2003 og verklagsreglur framkvæmdanefndar um einkavæðingu.

Markmið ríkisstjórnarinnar eru eftirfarandi:

1. Að sem hæst verð fáist fyrir eignarhlut ríkisins og staða ríkissjóðs þannig enn frekar styrkt.

2. Að fyrirtækið verði áfram rekið sem sjálfstætt íslenskt félag, skráð hérlendis.

3. Að fyrirtækið verði áfram öflugt þjónustufyrirtæki sem stuðli að aukinni samkeppni og skilvirkni á fjarskiptamarkaði.

4. Að fyrirtækið haldi uppi sambærilegri þjónustu á fjarskiptasviði í þéttbýli og dreifbýli og það veitir í dag, m.a. með eðlilegu viðhaldi og endurnýjun mannvirkja.

5. Að efla innlendan hlutabréfamarkað með skráningu fyrirtækisins á aðallista í Kauphöll hér á landi fyrir árslok 2007 og að almenningi og öðrum fjárfestum verði á ný gefinn kostur á að eignast ekki minna en 30% hlut í félaginu fyrir árslok árið 2007. Það er stefnt að því að ljúka söluferlinu í júlí næstkomandi.

Í tengslum við þetta mál er gert ráð fyrir því að ráðstafa hluta af söluandvirði fyrirtækisins til uppbyggingar á fjarskiptaþjónustu, ekki síst á landsbyggðinni. Í drögum að fjarskiptaáætlun, sem hefur verið afgreidd frá ríkisstjórn til þingflokka og verður kynnt hér á Alþingi væntanlega seinna í dag eða á morgun, verða sett fram markmið um margvíslega uppbyggingu í þessu tilliti.

Meðal helstu markmiða í þessari áætlun eru farsamband á helstu stofnvegum og ferðamannastöðum, og áframhaldandi háhraðavæðing landsbyggðarinnar. Með tilliti til þess er gert ráð fyrir því að settur verði á fót sérstakur fjarskiptasjóður sem stuðli að uppbyggingu fjarskiptaþjónustu, ekki síst með þau markmið í huga að koma á fullnægjandi tengingum á grundvelli þessarar fjarskiptaáætlunar. Fjárhæðir hafa enn ekki verið ákveðnar í þessu sambandi en verða endanlega ákvarðaðar í tengslum við sölu Símans þegar þar að kemur.

Gert er ráð fyrir því að þegar tilboð hafa komið verði sérstaklega horft til verðs sem boðið er í fyrirtækið en jafnframt höfð hliðsjón af fjárhagslegum styrk og lýsingu á fjármögnun, reynslu af rekstri fyrirtækja, hugmynda- og framtíðarsýn varðandi rekstur Símans, varðandi starfsmenn fyrirtækisins og þjónustu í þéttbýli og dreifbýli næstu fimm árin og annarra viðeigandi þátta en framkvæmdanefnd um einkavæðingu mun nánar útfæra slík atriði á næstunni þannig að þau liggi fyrir þegar tilboð berast.

Herra forseti. Ég taldi rétt að gera grein fyrir þessu máli hér á Alþingi. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu mun leggja fram skýrslu um málið og gera fjölmiðlum grein fyrir vinnu sinni í dag. Ráðherranefnd um einkavæðingu hefur í öllu farið að ráðum framkvæmdanefndarinnar í þessu máli sem byggir álit sitt að verulegu leyti á þeirri ráðgjöf sem nefndin hefur fengið frá hinu þekkta fjármálafyrirtæki Morgan Stanley. Ég vænti þess að á grundvelli þessara tillagna og þessarar ákvörðunar muni málið fá farsælan endi á næstu mánuðum og vonandi að söluferlinu ljúki í júlímánuði næstkomandi.

[16:12]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta mál ber allt saman mikinn blæ af hrossakaupum og baktjaldamakki, og ræða hæstv. forsætisráðherra svaraði færri spurningum en hún vakti.

Ég spyr t.d.: Hvað veldur þessu flókna kerfi um eignarhald á þeim hópi sem má kaupa Landssímann? Af hverju þurfa það endilega að vera a.m.k. þrír aðilar sem kaupa Símann? Er svarið kannski það að með þessu er verið að hámarka líkurnar á því að ýmis vildarfyrirtæki sem standa í skjóli ríkisstjórnarinnar komist að kjötkötlunum?

Ég spyr líka, herra forseti: Hvernig stendur á því að ef það á á endanum að selja 30% til almennra borgara í landinu, af hverju má ekki selja þau strax og leyfa þá almennum borgurum hugsanlega að hagnast á þessu eða a.m.k. taka áhættuna?

Þessum spurningum hefði þurft að svara í þessari ræðu en það var ekki gert. Það vakti eftirtekt mína, herra forseti, að hæstv. forsætisráðherra eyddi töluverðum tíma af upphafi ræðu sinnar til að verja það að Framsóknarflokkurinn hefur fallið frá því að skilja grunnnetið frá Símanum áður en hann verður seldur.

Hæstv. forsætisráðherra varði það með tveimur röksemdum.

Í fyrsta lagi sagði hann að ríkisstjórnin hefði lagst gegn því á þeirri forsendu að það hefði hvergi verið gert í allri Evrópu. Það er rétt hjá hæstv. forsætisráðherra, en mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því um aldamót þegar verið var að einkavæða símafyrirtækin stóru. Staðreyndin er sú að reynslan í Evrópu hefur sýnt að þetta var rangt. Í vax-

andi mæli eru menn að komast að þeirri niðurstöðu að það hafi verið rangt að skilja ekki grunnnetin frá ríkissímafyrirtækjunum áður en þau voru sett á markaði.

Nýlega lagði framkvæmdastjórn Evrópu t.d. fram skýrslu þar sem bent var á að ofurtök þessara gömlu fyrirtækja sem búið er að einkavæða á fjarskiptamarkaði Evrópu stafa einmitt af því að þau hafa þessi sterku tök í gegnum grunnnetið. Má ég rifja það upp fyrir hæstv. forsætisráðherra að breska fjarskiptastofnunin er nákvæmlega núna þessa dagana að sýna fram á það að British Telecom hafi gríðarlega sterk tök sem stappa nærri einokun á breska fjarskiptamarkaðnum vegna þess að grunnnetið var ekki skilið frá? Breska fjarskiptastofnunin er einmitt að velta því upp þessa dagana að ef byttu verði ekki skotið undir þennan leka og gerð bragarbót á muni stofnunin leggja til að British Telecom verði skipt upp.

En þá er það íslenska ríkisstjórnin, sem getur notfært sér reynslu Evrópuþjóðanna, sem fellur í sömu gryfjuna. Hún er að gera sömu mistökin aftur. Hvers vegna? Vegna þess auðvitað að fyrirtækin sem ætla sér að kaupa Símann þurfa þessi ofurtök til að græða sem mest. Svo kemur hæstv. forsætisráðherra og vísar í nýlegan úrskurð framkvæmdastjórnar Evrópu gagnvart sænska ríkinu.

Hafi ég skilið hæstv. ráðherra rétt fór hann ekki alveg rétt með. Framsóknarflokkurinn, m.a. aðstoðarmaður forsætisráðherra, hefur borið því við og mér heyrðist hæstv. ráðherra gera það líka að það sé óheimilt að hafa grunnnetsfyrirtæki í ríkiseigu að EES-rétti og vísar til þessa máls framkvæmdastjórnar gagnvart Svíþjóð í þessu sambandi. Hið rétta er að það er óheimilt að veita ríkisfyrirtæki, eða öðru fyrirtæki ef því er að skipta, einkarétt á því að veita fjarskiptaþjónustu eða grunnnetsþjónustu. Það er ekki hægt að vísa í þennan úrskurð, virðulegi forseti.

Það hefur verið algert skilyrði okkar í Samfylkingunni að Síminn verði ekki seldur nema grunnnetið verði skilið frá. Við erum þeirrar skoðunar að grunnnetið sé eins og þjóðvegakerfið sem allir eiga að komast inn á og að engar tæknilegar hindranir eigi að verða á vegi þeirra sem vilja nota það. Ríkisstjórnin ætlar sér greinilega að selja grunnnetið. Það er búið að beygja Framsóknarflokkinn og það er að okkar mati fullkomið klúður sem í þessu felst, bæði þegar horft er til hagsmuna neytenda og líka markaðarins í heild.

Við teljum að sala Símans í heilu lagi með grunnnetinu sé í andstöðu við hagsmuni almennings. Hún er sérstaklega andstæð landsbyggðinni og hún viðheldur þeirri gríðarlegu samkeppnisskekkju sem er einkenni fjarskiptamarkaðarins í dag vegna þess hreðjataks sem Landssíminn hefur á markaðnum. Aðferð ríkisstjórnarinnar vinnur þess vegna gegn heilbrigðri samkeppni. Ég fæ með engu móti skilið, herra forseti, að ríkisstjórnin skuli á því herrans ári 2005 fara þessa leið og læra ekki af reynslu annarra þjóða. Hvers vegna horfa menn ekki til reynslu Breta? Hér er maðkur í mysunni.

Ég vil líka segja það að þingið hefur ekki lengur neina aðkomu að þessu máli. Ríkisstjórnin getur tekið þessa ákvörðun en mér finnst að það sé í nafni þingræðis og lýðræðis algjör frumkrafa af okkar hálfu sem sitjum á þinginu að áður en lokaákvörðun verði tekin verði þetta mál kynnt fagnefndum þingsins í sumar þegar á að leiða það til lykta.

Herra forseti. Við í Samfylkingunni styðjum samkeppni og við styðjum jöfn tækifæri allra fyrirtækja á markaði. Þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar um sölu grunnnetsins vinnur gegn þeim markmiðum. Það er einfaldlega algjörlega óeðlilegt að fjarskiptafyrirtæki, stór eða lítil, þurfi að semja við sinn helsta keppinaut, og það er það sem þetta mál snýst ekki síst um.

[16:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Í dag eru mikilvæg tímamót í þessu merkilega máli, söluferli Símans, þegar kynnt er sú ráðagerð sem forsætisráðherra hefur gert hér grein fyrir um það með hvaða hætti staðið skuli að þessari sölu og tímaáætlun, sú sem hann kynnti.

Aðdragandinn að þessu máli er þingheimi að sjálfsögðu vel kunnur. Þingið hefur sjálft veitt heimild til þessarar sölu fyrir nokkru síðan en því miður fóru fyrri áform um sölu þessa fyrirtækis út um þúfur fyrir ríflega þremur árum, m.a. vegna þess að þá voru markaðsaðstæður ekki hagfelldar til að selja fyrirtækið. Nú er hins vegar lag til að selja þessa miklu eign á hagstæðu verði, leysa þar með úr læðingi þá gríðarlegu fjármuni sem almenningur í landinu á bundna í fyrirtækinu og beina því fjármagni í aðra farvegi í þágu lands og þjóðar. Það er um það sem þetta mál snýst fyrst og fremst að mínum dómi.

Ríkisstjórnin hefur sett sér ákveðin markmið í málinu, eins og hæstv. forsætisráðherra rakti. Þar kemur að sjálfsögðu við sögu númer eitt verðið á fyrirtækinu en einnig ýmis önnur markmið sem sett hafa verið því markmiði til hliðar.

Ég vil aðeins geta þess, herra forseti, að ráðgjafi sá sem unnið hefur fyrir framkvæmdanefnd um einkavæðingu og ríkisstjórnina í þessu máli hefur talið mjög mikilvægt að eignin öll sem ríkið á, tæplega 99% hlutabréfa í félaginu, verði seld í einu lagi. Það er talið að með sölu á eftirstandandi hlut í Símanum til kjölfestufjárfestis eða hóps kjölfestufjárfesta fái ríkið umtalsvert hærra verð á hvern hlut en í sölu til almennings eða sölu á lægri hlut til kjölfestufjárfesta. Þetta er mat ráðgjafa okkar. Meginskýringin á því er sú að með um 99% hlut í félaginu öðlast nýr eigandi full yfirráð yfir fyrirtækinu og er tilbúinn að greiða hærra verð fyrir vikið.

Í ljós hefur komið, herra forseti, að það er mikill áhugi á stórum hlut í þessu fyrirtæki, jafnt innan lands sem erlendis. Framangreind leið er til þess fallin að vekja áhuga og hvetja til samkeppni meðal fjárfesta. Að mati fyrirtækisins Morgan Stanley er ljóst að sala á lægri hlut væri til þess fallin að draga úr áhuga ýmissa fjárfesta eða fjárfestingarhópa, söluverð yrði lægra auk þess sem slík sala hefði meiri áhættu í för með sér fyrir ríkið þar sem markaðsaðstæður eru að sjálfsögðu breytingum háðar. Það er jafnframt mat ráðgjafarfyrirtækisins og framkvæmdanefndar um einkavæðingu að hvorki skuli gera greinarmun á innlendum né erlendum fjárfestum né heldur stofnana- eða fagfjárfestum.

Sú tímaáætlun sem nú liggur fyrir felur það í sér að nú eru aðeins örfáir mánuðir þangað til niðurstaða fæst vonandi í þetta mál. Að vísu verður áskilinn réttur til þess að

hafna öllum tilboðum ef aðstæður eru þannig að þau þykja óviðunandi. Vonandi verður það ekki. En við sjáum sem sagt fyrir endann á þessu langa ferli, langþráðan endi á máli sem hefur verið undirbúið til margra ára, vonandi með þeirri niðurstöðu að ríkið og almenningur í landinu fái til ráðstöfunar gríðarlega mikla fjármuni sem verður verkefni okkar á Alþingi að finna stað fyrir, ýmist með því að draga úr skuldum ríkissjóðs eða ráðstafa aurunum í önnur þörf verkefni.

Þessu máli fylgir svo líka það sem hæstv. forsætisráðherra nefndi, og hæstv. samgönguráðherra mun gera betur grein fyrir, að nú skapast einnig lag til að leysa ýmis önnur vandamál, ekki síst á landsbyggðinni, hvað varðar fjarskiptamál sem menn hafa mikið talað um í sölum Alþingis að brýnt væri að leysa. Ég hygg að allir flokkar ættu að geta fagnað því og sameinast um svo mikilvægt átak í byggðamálum sem þar er raunverulega á ferðinni.

Ég fagna því, virðulegi forseti, fyrir hönd míns flokks og sem fjármálaráðherra hversu langt þetta mál er komið. Ég vona innilega að það ferli sem nú er fram undan gangi vel og farsællega fyrir sig og að þegar upp verði staðið verði þeim markmiðum sem við höfum sett okkur náð. Ég hef góða vissu fyrir því að svo muni fara.

[16:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. forsætisráðherra var fáorður um fyrri tilraun til einkavæðingar Símans. Hann vék ekki einu orði að því hvers vegna nú eigi að nota allt aðra og gjörbreytta aðferð við söluna en þá þótti gáfulegast. Kannski fáum við eitthvað upplýst um það á eftir af hvaða pólitískum ástæðum það er því að fátt bendir til að viðskiptalegar aðstæður séu með einhverjum þeim hætti svo gjörbreyttar að þangað séu sótt rökin.

Það er mikilvægt að hafa í huga að sú þjónusta sem hér á í hlut, fjarskiptaþjónusta, er almannaþjónusta. Þetta er grunnþjónusta í samfélagi okkar og greiður og góður aðgangur að þessari þjónustu á jafnræðisgrundvelli, bæði hvað varðar tæknilega möguleika og verðlag, er úrslitaatriði fyrir fullgilda þátttöku manna í upplýsingasamfélagi samtímans hvar sem þeir búa. Það liggur í eðli þessarar starfsemi mjög hliðstætt og um veitustarfsemi að hún lýtur að verulegu leyti lögmálum svonefndrar náttúrulegrar einokunar. Þess vegna er hæstv. ríkisstjórn að búa hér til það landslag á einu afar mikilvægu sviði viðskipta eða þjónustu í landinu að þar verður hönnuð fákeppni fyrir sérstakan tilverknað ríkisvaldsins, verður búin til fákeppni, væntanlega tvíkeppni þar sem tvö einkafyrirtæki í landinu koma til með að skipta á milli sín fjarskipta- og jafnvel að verulegu leyti einkarekinni fjölmiðlun á markaði sem að verulegu leyti lýtur lögmálum náttúrulegrar einokunar. Það er féleg framtíðarsýn sem þarna er búin til í samkeppnislegu tilliti. Það þarf ekki þriggja manna fund í Öskjuhlíðinni við slíkar aðstæður, tveggja manna tal nægir, eitt símtal til að bera sig saman um aðstæður á slíkum markaði.

Skoðanakannanir hafa sýnt að traustur meiri hluti þjóðarinnar er á móti því að selja Símann. 60% vilja að hann sé áfram í opinberri eigu. Ríkisstjórnin gengur þess vegna í þessu tilviki, eins og fleirum, gegn endurtekið staðfestum þjóðarvilja. Það varðar hana engu frekar en í Íraksmálinu eða öðrum slíkum tilvikum þó að það liggi fyrir alveg staðfest að þjóðin er á móti því sem þarna á að gera. Og það er þjóðin auðvitað vegna þess að hún óttast að þetta mál verði til lítils farnaðar.

Sérstakt tilræði er þetta auðvitað við landsbyggðina og framtíðarþróunarmöguleikana þar. Einhver dúsa, þó að hún sé upp á 1.500 milljónir í eitt skipti, til að sletta í fjarskiptakerfið þar sem fjárfestingar á ársgrundvelli hafa numið milljörðum, er lítils virði. Hvað sér eftir af því eftir 5 eða 10 ár? Það eru framtíðaraðstæðurnar sem þarna koma til með skipta sköpum. Halda menn að fyrirtæki í samkeppni, ef hún verður einhver, eða þá í fákeppni þar sem markaðnum og snotrum hagnaði er skipt á milli sín hafi mikinn áhuga á að leggja eitthvað á sig til að bjóða upp á þjónustu, bæta og efla hana og láta hana fylgja kröfum tímans á komandi árum og áratugum í strjálbýlum byggðum? Nei, hér er teiknað til mikils ófarnaðar og það hefur gefist illa þar sem menn hafa lent út á þá óheillabraut að einkavæða almannaþjónustu eða veitustarfsemi af þessu tagi. Það ætti að skylda ríkisstjórnina til að kynna sér hvernig þetta kom út í Nýja-Sjálandi eða þær efasemdir sem nú sækja á menn víða á meginlandi Evrópu, og eru þó markaðirnir stærri þar og forsendur dreifðrar samkeppni meiri en hér.

Landssími Íslands hefur verið ákaflega ábatasamt fyrirtæki, skilað 2–3 milljörðum í ríkissjóð undanfarin ár og 6–7 milljörðum í ár. Hefði ríkisstjórninni tekist ætlunarverk sitt, að selja Símann fyrir þremur árum, væri ríkið nú yfir 10 milljörðum fátækara sem komið hafa í arðgreiðslur, og fyrirtækið er væntanlega yfir 10 milljörðum verðmætara í dag en það var þá. Með öðrum orðum, það að ekki tókst að selja Símann fyrir þremur árum þýðir væntanlega nú að almenningur á þarna 20 milljarða viðbótarfjárhæð eða meira. Hvað er að því að eiga slíkt fyrirtæki áfram þegar það er sérstaklega haft í huga að mikilvægasti tilgangurinn er þó sá að þannig tryggja menn áfram að veita þessa þjónustu á jafnræðisgrundvelli um allt land?

Svo kemur skrípaleikurinn með ráðgjafarfyrirtækið fína, Morgan Stanley, sem hefur örugglega fengið vel borgað fyrir sinn snúð. En hvað stóð á forsíðu Morgunblaðsins á laugardaginn? „Halldór og Davíð hafa náð samkomulagi um sölu Símans." Þetta munu eiga að vera hæstv. ráðherrar, herra forseti, „Halldór og Davíð hafa náð samkomulagi um sölu Símans". Þeir hafa „handsalað samkomulag", stendur hér. Svo kemur í þriðju efnisgrein: „Einkavæðingarnefnd hefur ekki enn skilað niðurstöðum sínum til ríkisstjórnarinnar." Ha? Halldór og Davíð handsala samkomulag um það hvernig á að selja Símann og svo skilar einkavæðingarnefndin niðurstöðu.

Hér er á ferðinni áframhaldandi hrossakaupaforingjalýðræði í anda stjórnarflokkanna. Þetta er Íraksaðferðin, Halldór og Davíð hafa náð samkomulagi um einhverja enn nýja klæðskerasaumaða aðferð sem væntanlega á að tryggja það að velþóknanlegir aðilar fái Símann en alveg sérstaklega að tryggja að lítt þóknanlegir aðilar geri það ekki. Það verða réttir aðilar sem fá að kaupa samkvæmt þessari kostulegu aðferð og síðan endurselja almenningi 30%, (Forseti hringir.) kannski með drjúgum gengishagnaði og stinga honum í eigin vasa. (Forseti hringir.) Þetta er heimsmet í nýjum

prjónaskap ríkisstjórnarinnar í þessum efnum og er þá mikið sagt.

[16:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er skoðun okkar í Frjálslynda flokknum og var ítrekað á landsþingi flokksins nýverið að Símann ætti ekki að selja með grunnnetinu. Sú varð niðurstaða okkar og skilyrði að ef við í Frjálslynda flokknum ættum að samþykkja að Síminn væri seldur yrði dreifikerfið aðskilið, það yrði algjörlega aðskilið við þá sölu og yrði áfram í eigu ríkisins. Þannig yrði í raun tryggður aðgangur allra fyrirtækja sem störfuðu á þessum markaði að dreifikerfinu og þannig yrði í raun tryggð samkeppni.

Ég hef a.m.k. skilið það svo, hæstv. forseti, að í stefnumótun ríkisstjórnarinnar á sínum tíma hafi verið markmiðið að tryggja samkeppni með því að selja Símann, jafnframt því auðvitað að ná inn fjármunum í eitt skipti til ríkissjóðs. Ég segi í eitt skipti, hæstv. forseti, vegna þess að ríkissjóður hefur vissulega fengið fjármuni á hverju ári undanfarið, verulega fjármuni, í ríkiskassann af arði frá Símanum. Ef ég veit rétt er á þessu ári gert ráð fyrir að Síminn greiði 6,5 milljarða til ríkisins.

Í þeirri yfirlýsingu sem hér er látin fylgja með frá ríkisstjórninni í minnisblaði er talað um að áður en Síminn verði seldur verði hugsanlega notaðar — ja, á blaðinu stendur 900 milljónir og 150 milljónir, þ.e. rúmur milljarður, 1/6 af hagnaði þessa árs, til þess að efla dreifikerfið. Ekki höfum við svo sem á móti því í Frjálslynda flokknum að dreifikerfið sé eflt, að landsbyggðin sitji sem best við sama borð og að allir landsmenn hafi full not af dreifikerfinu en það eru ekki litlir peningar að fá á hverju ári 3–6 milljarða í arð af fyrirtæki sem ríkið á. Kann vel að vera að hægt sé að ná meiri fjármunum út úr fyrirtækinu með breyttum rekstri en það eru þá líka alveg örugglega þegnar þjóðfélagsins, við Íslendingar, sem borga brúsann. Og skyldi það ekki verða svo að ef menn fara þá leið sem hér er boðuð muni notendurnir greiða? Örugglega. Örugglega munu þeir greiða þeim til baka sem eignast fyrirtækið. Þannig hefur reyndin verið í framkvæmd einkavæðingar á undanförnum árum.

Við veltum því virkilega fyrir okkur hvernig menn ætli að tryggja samkeppnina þegar dreifikerfið er í eigu eins aðila. Ég held að allir hljóti að sjá að það muni ekki reynast farsælt. Eða spyrja má: Hvers vegna setja menn upp sérstakt landsnet fyrir raforkuna en horfa ekki sömu augum á það að tryggja samkeppni varðandi fjarskiptafyrirtæki?

Ég velti fyrir mér eins og fleiri þingmenn sem hafa komið í þennan ræðustól hvort verið sé að sérhanna eitthvað í því söluferli sem nú er sett upp. Er verið að tryggja með breyttu fyrirkomulagi sölunnar að einhverjir sérstakir hópar nái að fjárfesta í þessu fyrirtæki? Hvernig ætla menn að koma í veg fyrir samráð tveggja fyrirtækja sem núna eru ráðandi á þessum markaði? Það hefur ekki tekist í öðrum rekstri, það tókst ekki hjá olíufélögunum að tryggja eðlilega samkeppni og það er mjög hæpið að það verði tryggt á þessum markaði eins og hann er upp settur með því söluferli sem hér er gert ráð fyrir.

Við í Frjálslynda flokknum höfnum því að þessi leið verði farin. Við leggjum til að grunnnetinu verði haldið sér, því verði haldið í sérfyrirtæki í eigu ríkisins og að allir fái opinn aðgang að því kerfi. Ef sú staða kæmi upp mundum við ekki leggjast gegn sölu Símans.

[16:35]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra hefur gert Alþingi grein fyrir tillögum um framkvæmd sölu hlutabréfa ríkisins í Landssímanum og ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. ráðherra fyrir það. Eins og við vitum öll hefur staðið lengi til að þessi sala færi fram, í mörg ár, hún hefur verið ítarlega undirbúin og birtist m.a. árangur þess í þeim tillögum sem hér hafa verið kynntar. Allt er þetta í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því að hún endurnýjaði samstarf sitt eftir síðustu alþingiskosningar og einnig vil ég nefna það að þetta er í samræmi við stefnu Framsóknarflokksins eins og hún birtist í nýsamþykktum ályktunum flokksþings.

En þetta mál er auðvitað þannig að það er eðlilegt að um það séu skiptar skoðanir og að sjálfsögðu ber að virða skoðanir manna í því. Þetta er stórt mál, nær yfir vítt svið og skiptir nánast alla Íslendinga einhverju máli.

Ég tel full rök fyrir því að ríkið selji hlutabréf sín í Símanum til einkaaðila. Síminn er í mikilli samkeppni á fjarskiptamarkaði við einkarekin fyrirtæki, ekki aðeins á íslenskum markaði heldur alþjóðlegum líka. Ég tel mjög óeðlilegt að ríkið standi í slíkum samkeppnisrekstri þar sem svo mikil og vaxandi samkeppni á sér stað á þeim markaði sem þetta fyrirtæki starfar á. Svo vitum við auðvitað öll að í nánast öllum ríkjum hafa ríkisstjórnir gengið í það að selja símafyrirtæki sín einkaaðilum.

Í umræðunni um sölu Símans hefur mest farið fyrir skiptum skoðunum um svokallað grunnnet, hvort eigi að skilja það frá við söluna eða ekki. Mér finnst og hefur fundist mjög margt óljóst í þessari umræðu af hálfu þeirra sem hafa viljað fara þá leið að skilja grunnnetið frá. Svo að ég nefni dæmi um það: Hvað eru menn að tala um þegar þeir tala um grunnnet? Hvað er grunnnetið? Í þessari umræðu hefur að mínu mati ekki komið fram skýr skýring á því. Menn tala um að ríkið eigi að eiga grunnnetið og reka það áfram. Ég verð að segja að mér finnst það fyrir mína parta ekki skynsamleg tillaga. Það hefur líka komið fram í umræðunni að menn telji hagsmunum landsbyggðarinnar best borgið með því að skilja grunnnetið frá og að ríkið reki það áfram. Gott og vel, það eru skoðanir manna og allt gott með það en ég tel að hagsmunum landsbyggðarinnar verði betur borgið með því að fara í þessa sölu með þeim hætti sem hér er lagt upp með, þ.e. að Síminn reki þetta fjarskiptanet áfram eins og nú er og hefur verið.

Síminn hefur verið þekktur fyrir það, ekki bara á Íslandi heldur í alþjóðlegu samstarfi fyrirtækja á þessu sviði, að vera mjög framarlega í allri tækniþróun og vera mjög fljótur að tileinka sér nýja tækni. Ég tel fulla ástæðu til að reikna með því að svo verði áfram. Síminn hefur verið með mjög hagstæða gjaldskrá fyrir neytendur hér á Íslandi og ég tel enga ástæðu til að ætla annað en að svo verði áfram. Öryggi í fjarskiptanetinu og aðgangurinn að því hefur verið mjög góður, ekki síst ef tekið er mið af fjarskiptamarkaði í öðrum löndum. Hæstv. forseti, ég tel að ekki hafi komið

fram nægilega veigamikil rök fyrir því að það eigi að fara í að skilja grunnnetið frá.

Hér hefur komið fram að fjarskiptasjóður verði stofnaður sem stuðli að uppbyggingu fjarskiptaþjónustunnar. Það er vel, það er í fullu samræmi við áherslur okkar framsóknarmanna í þessu máli og ég lýsi sérstakri ánægju með að sú niðurstaða liggi hér fyrir.

[16:39]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka undir þau sjónarmið sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson setti fram áðan þar sem hann fór yfir sjónarmið okkar í Samfylkingunni hvað þessa sölu varðar. Ég tek einnig undir með honum hvað það dæmi varðar sem hæstv. forsætisráðherra tók í upphafi máls síns frá Svíþjóð, það á engan veginn við hér á landi eða gagnvart þeim hugmyndum sem menn hafa hér sett fram.

Hins vegar finnst mér í þessu samhengi vert að reyna að átta sig á því hvaða aðferðafræði eigi að beita við sölu á bréfum í eigu ríkisins í þetta skiptið. Það er afar athyglisvert hvernig menn setja kaupendahópinn saman. Það er ljóst að þarna getur orðið um þrjá aðila að ræða sem geta náð saman um kaup á Símanum. Það er ljóst að fyrirtækið á að vera íslenskt og skráð hér og ákvæði er þess efnis að selja skuli almenningi 30% innan tveggja ára eða svo.

Þessi skilyrði virðast vera heimatilbúin og sérsaumuð og virðast hafa það markmið að útiloka útlendinga frá því að kaupa Símann. Það er varla hægt að skilja þessi markmið á annan hátt. Auðvitað vaknar spurningin: Af hverju er almenningi ekki gefinn kostur á því að kaupa strax? Af hverju má almenningur ekki njóta gengishagnaðar af þessu? Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að þessi kvöð sé ekki komin frá Morgan Stanley, hún kemur einhvers staðar annars staðar frá.

Virðulegi forseti. Tortryggni og grunsemdir ríkja í garð ríkisstjórnarinnar í þessu máli, að málinu sé handstýrt að ofan og að ætlunin sé að selja Símann vildarvinum ríkisstjórnarinnar. Sporin hræða. Í dag er í gangi málarekstur gagnvart Íslenskum aðalverktökum og sölunni á þeim bréfum á sínum tíma og menn horfa til þess að Landsbankinn var á sínum tíma knúinn til að selja bréf sín í VÍS og þá voru þau seld Keri, forustufélagi í S-hópnum, nánar tiltekið í ágúst 2002. Ker seldi bréfin aftur 10 vikum síðar með góðum hagnaði, þ.e. 1,1 milljarðs hagnaði.

Þá er samantekt tímaritsins Frjálsrar verslunar frá í desember 2002 afar athyglisverð. Þar kemur fram að félag í eigu Fiskiðjunnar Skagfirðings og Skinneyjar – Þinganess hafi haft frumkvæði og völd í S-hópnum svokallaða á þessum tíma vegna stöðu sinnar í Keri hf. meðan viðræður voru í gangi um kaup hópsins á 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbankanum. Þau seldu svo sinn hlut í Keri hf. með 700 millj. kr. hagnaði daginn áður en samkomulag ríkisstjórnarinnar og S-hópsins var gert að því er tímaritið Frjáls verslun greinir frá. Daginn eftir var hin fræga fréttamynd tekin af fyrrverandi varaformanni Framsóknarflokksins þar sem talað var um að hann æki á brott með Búnaðarbankann í skottinu.

Allir vita að það eru órofa tengsl milli Framsóknarflokksins og ýmissa viðskiptahópa. Engar lagareglur eru í gildi um störf einkavæðingarnefndar. Samkvæmt opinberum upplýsingum virðast undarlegir hlutir hafa átt sér stað varðandi einkavæðingu Búnaðarbankans. Í viðskiptalífinu er uppi þrálátur og sterkur orðrómur um að búið sé að ákveða fyrir fram hverjir eigi að fá að kaupa Símann. Þegar til viðbótar bætast ófrávíkjanleg og fráleit skilyrði sem bera keim af því að þau séu teiknuð upp til að koma verðmætum til vildarvina ríkisstjórnarinnar, og kannski ekki síst Framsóknarflokksins, er ekki óeðlilegt að menn velti því fyrir sér á þessum tímapunkti hvort við munum aftur sjá sambærilega fréttamynd þar sem fyrrverandi varaformaður Framsóknarflokksins keyrir burt með Símann í skottinu.

[16:43]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Fjarskiptin skipta miklu máli um alla framþróun í okkar íslenska samfélagi. Það gildir jafnt um heimilin, menntastofnanir og fyrirtækin í landinu. Við höfum notið þess, Íslendingar, að það hefur verið mjög hröð uppbygging á sviði fjarskipta sem hefur leitt til mikilla hagsbóta fyrir okkur hér á Íslandi.

Hæstv. forsætisráðherra greindi frá því í skýrslu sinni að í tengslum við sölu á hlutabréfum í Símanum gerum við ráð fyrir því að leggja fyrir Alþingi og samþykkja fjarskiptaáætlun þar sem lagðar verða línur um framþróun og uppbyggingu fjarskiptanna á Íslandi. Með sölu Símans og samþykkt fjarskiptaáætlunar gefst okkur Íslendingum einstakt tækifæri til að ná forskoti á aðrar þjóðir með því að nýta upplýsinga- og fjarskiptatæknina enn betur en nú er gert og auka þannig hagvöxt og hagsæld í landinu með farsælli uppbyggingu. Með metnaðarfullum markmiðum í fjarskiptaáætlun vilja stjórnvöld fyrst og fremst flýta uppbyggingu þjónustu þar sem hún er lökust, þ.e. í strjálbýli, á miðunum og á ferðamannastöðum í landinu.

Það er mikilvægt að halda því til haga að sala Símans er forsenda þess að ná þeim markmiðum sem fram verða sett í fjarskiptaáætlun. Ég get greint frá því í þessari umræðu að meginmarkmiðin í fjarskiptaáætlun verða að allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggrar fjarskiptaþjónustu, að GSM-farsamband verði aðgengilegt á meginþjóðvegum, helstu stofnvegum og fjölförnum ferðamannastöðum sem skiptir mjög miklu máli í viðskiptum á sviði ferðaþjónustunnar, og að allir landsmenn til sjávar og sveita hafi aðgang að gagnvirku stafrænu sjónvarpskerfi.

Það er trú mín að með samþykkt fjarskiptaáætlunar sem væntanlega verður rædd hér á þinginu innan tíðar og framkvæmd hennar í kjölfar sölu Símans getum við styrkt þau tækifæri sem felast í góðum fjarskiptum, góðri menntun og tækniþróun. Þar með sköpum við ímynd Íslands sem lands þar sem fjarskipti eru til fyrirmyndar og styrkjum þannig stöðu landsins í alþjóðlegri samkeppni um fólk og fyrirtæki.

Við eigum, Íslendingar, að vera óhrædd við að leggja þær meginlínur að hér á Íslandi séu fjarskiptin meðal þess allra besta sem gerist í heiminum. Þannig byggjum við upp samfélag okkar og nýtum þessa tækni. Með sölu Símans og metnaðarfullri áætlun um uppbyggingu á sviði fjarskipt-

anna eigum við að geta bætt samfélagið langt umfram það sem er í dag.

[16:47]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Mikilvægi fjarskiptanetsins er eins og vegakerfisins. Það tengir landsmenn saman, skapar grundvöll fyrir hin fjölbreyttu samskipti sem er grunnur jafnræðis í búsetu og atvinnurekstri um allt land.

Ég tel að vel væri hægt að hugsa sér hliðstæða skipan með fjarskiptanetið. Það yrði öflugt flutningskerfi sem allir gætu nýtt sér á jafnréttisgrunni. Vegagerðin fer t.d. með uppbyggingu og viðhald þjónustu við vegakerfið ásamt sveitarfélögunum. Væri ekki tilvalið að koma á hliðstæðri skipan með fjarskiptum?

Við markaðsvæðingu raforkukerfisins var þó valið að hafa eitt flutningsnet, Landsnet raforku, og allir raforkuframleiðendur hafa þar aðgang.

Það er ekki eins og Síminn sé einhver rekstrarlegur baggi á ríkinu sem brýnt sé að losna við. Hagnaður af rekstri Landssímans í fyrra nam rúmum 3 milljörðum kr. og var það nærri milljarði kr. meiri hagnaður en árið áður. Athugið að þegar búið er að selja Landssímann kemur sá arður ekki inn í ríkissjóð. Og þegar verið er að guma af því að stofna eigi sjóð upp á 900 millj. kr. til að styrkja fjarskiptakerfið úti um land, svona ölmususjóð, fara þeir 3 milljarðar sem koma árlega í ríkissjóð út og eru ekki með. Sú nettóniðurstaða er því neikvæð. Þetta er því verulegur blekkingarmálflutningur sem hér er á ferðinni um að skapast muni aukið fé í ríkissjóð við að selja Landssímann og tapa arðinum. Arðurinn sem kemur nú af Landssímanum árlega mundi kannski greiða Landssímann upp á 10–15 árum. Hvers konar búskapur er þetta? Enginn bóndi í landinu mundi bera virðingu fyrir þeim sem seldi bestu mjólkurkúna sína með þessum hætti og ég held að bændur landsins beri litla virðingu fyrir þessum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar.

Fyrirhuguð sala Landssímans er afar umdeild í þjóðfélaginu svo vægt sé til orða tekið. Skoðanakannanir hafa hvað eftir annað sýnt að meiri hluti landsmanna er andvígur sölu Landssímans með grunnnetinu. Þannig lýsti 61% svarenda andstöðu við söluna í Gallup-könnun sem gerð var í mars árið 2002. Í könnun sem félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði í febrúar 2005 kváðust rúm 70% vera andvíg sölu Landssímans með grunnnetinu. Ekki var mikill munur á afstöðu fólks eftir því hvort það var búsett á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni.

Í þjóðarpúlsi Gallup sem kynntur var í mars 2005, nú nýverið, var afgerandi meiri hluti aðspurðra andvígur sölu Símans og 76% voru andvíg sölu Símans með grunnnetinu. Hver skoðanakönnun á fætur annarri sýnir því vaxandi andstöðu samfélagsins gegn sölu Símans.

Einkavæðingarnefnd vinnur að sölu fyrirtækisins á vegum ríkisstjórnarinnar, héldum við þangað til við sáum í blöðunum nýverið að einkavæðingarnefnd gerir ekki neitt. Nei, það er handsal á milli Halldórs og Davíðs. Hvað var einkavæðingarnefndinni borgað fyrir að gera ekki neitt? Hvað var Morgan Stanley borgað fyrir að gera ekki neitt? Málin ráðast hér.

Því höfum við, frú forseti, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboð, lagt til að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um sölu Símans. (**Gripið fram í:** Hvað segir Morgan við því?) Morgan segir sennilega lítið við því, en við gætum kannski handsalað við Davíð og Halldór, hæstv. ráðherra, að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um sölu Símans eins og meiri hluti þjóðarinnar vill. Þá fáum við botn í það hver afstaða þjóðarinnar er (Forseti hringir.) og ríkisstjórnin verður bundin af henni. Þess vegna flytjum við, frú forseti, tillögu um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um sölu Símans.

[16:52]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Ríkisstjórn Íslands hefur í hyggju að selja Landssíma Íslands hf. og um leið tryggja óheilbrigða samkeppni á markaði. Samkeppnin verður takmörkuð að því leyti að ríkisstjórnin hyggst einkavæða grunnnetsrekstur Landssíma Íslands hf. með fyrirtækinu og um leið tryggja nýju fyrirtæki á markaði einokunaraðstöðu á grunnnetssviði. Það er með ólíkindum að ríkisstjórn Íslands skuli ekki nota tækifærið og tryggja heilbrigða samkeppni á markaði með því að aðskilja grunnnetið frá fyrirtækinu og selja fyrirtækið án grunnnetsins.

Frú forseti. Hvert er söluandvirði grunnetsins á markaði nú og hversu hátt hlutfall er það talið vera af söluandvirði Landssíma Íslands hf.?

Engin haldbær svör hafa komið fram um þetta og engin rök hafa komið fram um að ógerlegt sé fyrir ríkið að selja fyrirtækið án grunnetsins. Svo virðist sem engar tæknilegar hindranir komi í veg fyrir aðskilnað grunnnetsins frá félaginu. Mér vitandi hefur engin vinna farið fram um hversu miklar tekjur ríkissjóður gæti haft af ríkisveitufyrirtæki sem annaðist rekstur og seldi aðgang til fyrirtækja að grunnnetinu.

Í umræðunni hefur margsinnis verið rætt um grunnnetskerfi Landssíma Íslands hf. Ég tel rétt að fólkið í landinu upplýsist betur um grunnnetið, úr hverju það er og hvaða hlutverki það gegnir. Einfalda hluti má misskilja og hætt er við að ryki sé kastað í augu almennings þegar jafnviðamikið hagsmunamál er til umfjöllunar í þjóðfélaginu.

Í fyrsta lagi má nefna koparnetið eða allar heimtaugar og leigulínur sem tengjast beint í hús til notanda. Þá kemur að ljósleiðaranetinu, en það er kerfið umhverfis landið og í þriðja lagi er svokallað SDH-net, en þar er um að ræða fjölrásakerfið sem byggt er ofan á kopar- og ljósleiðaranetið.

Fyrirtæki sem vilja veita almenna talsímaþjónustu eða ADSL-þjónustu verða að ráða yfir aðgangi að heimtaug til notandans með einum eða öðrum hætti. Hér á landi er einungis um eitt heildstætt grunnnet að ræða. Það er enginn annar kostur í stöðunni. Víða annars staðar eru fleiri kostir í stöðunni, m.a. í Benelux-ríkjunum. Uppbygging á nýju neti kostar óheyrilega mikið fjármagn en þess má geta að við skattborgarar greiddum fyrir grunnnetið eins og það liggur fyrir í dag. Því má segja að ef Landssími Íslands hf. fer á markað með grunnnetinu muni einokunarstaða fyrirtækisins ekkert breytast.

Frú forseti. Það hlýtur að vera okkur Íslendingum mikilvægt að eitt fyrirtæki á markaði skuli ekki vera ráðandi um

gjaldtöku fyrir aðgangi að grunnnetinu og þar með almennri símaþjónustu í landinu. Við kappkostum þessa dagana við að upplýsa og uppræta hvert samráðið á fætur öðru í markaðsþjóðfélagi okkar. Það væri því mikil afturför hjá íslenskri þjóð að ýta undir tilveru fyrirtækis með einokunaraðstöðu á markaði. Ef einkavæða á Landssíma Íslands hf. verður sú einkavæðing að vera háð því skilyrði að fyrirtækinu verði skipt upp og grunnlínukerfi fjarskipta á Íslandi tilheyri áfram íslensku þjóðinni.

Frú forseti. Það er umhugsunarefni fyrir lífeyrissjóðina sem eru í eigu fólksins í landinu að stofna sérstakt félag með þjóðinni með það að markmiði að kaupa félagið frá ríkissjóði Íslands. Sú leið væri mér betur að skapi en nokkurn tímann að afhenda félagið ráðandi peningaöflum í þjóðfélaginu sem fyrst og síðast hugsa um eigin hag, en ekki hag almennings í landinu.

[16:56]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég tek eftir því í umræðum sem þessari að fulltrúar stjórnarandstöðunnar líta oft á það sem heilagan sannleik sem segir í lausafregnum í fjölmiðlum. Það er alveg ljóst að um þessi mál hefur verið fjallað í ráðherranefnd um einkavæðingu, í framkvæmdanefnd um einkavæðingu og í ríkisstjórn og það hefur engin ákvörðun verið tekin með einhverju handsali, það liggur alveg ljóst fyrir. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður á ekki alltaf að taka lausafregnir sem sannleika eða kjaftasögur úti í bæ. Það er orðið allt of algengt hér á Alþingi að þingmenn koma upp, hafa heyrt einhverjar kjaftasögur úti í bæ og tala um þær eins og einhvern heilagan sannleik á Alþingi Íslendinga. Ég held að hv. þingmenn ættu stundum að athuga hvort rétt sé að færa slíkar sögusagnir inn á hv. Alþingi.

Ég hef tekið eftir því að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar leggja enn þá höfuðáherslu á grunnnetið og ég skil það ekki. Fram kemur í skýrslu sem framkvæmdanefnd um einkavæðingu mun skila um málið sérstök greinargerð frá utanaðkomandi ráðgjafarfyrirtæki, ráðgjafarfyrirtækinu Admon, sem kemst eindregið að þeirri niðurstöðu að það sé ekki rétt að gera það. En hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar leggja til að ríkið haldi áfram í samkeppnisrekstri að því er varðar grunnnet. Ég hef ekki haldið því fram að það sé ekki hægt. Ég hef ekki haldið því fram eins og hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa sagt að það sé ekki hægt að gera það. En ég spyr á móti: Af hverju í ósköpunum vill Samfylkingin, sem aðhyllist markaðsbúskap, viðhalda samkeppnisrekstri í rekstri grunnnets? Það liggur ljóst fyrir að aðrir munu reka grunnnet áfram og það mun ekki vera hægt að skylda símafyrirtækin til að skipta við eitthvert sérstakt grunnnetsfyrirtæki.

Herra forseti. Hér hefur verið spurt: Af hverju er fyrirtækið selt í einu lagi? Það var eindregin ráðgjöf fyrirtækisins Morgan Stanley að svo yrði gert eins og fram kom hjá hæstv. fjármálaráðherra. Hér hefur líka verið spurt: Af hverju að gera það að skilyrði að enginn einn aðili hafi meiri hluta í fyrirtækinu? Við í ríkisstjórninni erum þeirrar skoðunar að ekki sé rétt að í fyrirtækinu sé einhver einn kjölfestufjárfestir, einn og sér, ráðandi í fyrirtækinu. Ef hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar eru þeirrar skoðunar að rétt sé að það sé aðeins einn aðili er það skoðun út af fyrir sig. Það er ekkert flóknara en það. En að það sé, eins og þeir segja maður eftir mann, gert til þess að hanna að einhverjir sérstakir aðilar geti komið þarna að er náttúrlega svo fráleitt (Gripið fram í.) að maður skilur ekki slíkt.

Sem betur fer er verulegur áhugi fyrir sölunni á Símanum. Það eru allar líkur á því að mjög margir muni bjóða í Símann og það verði ekki eins og þegar bankarnir voru seldir þegar aðeins þrír aðilar sýndu því áhuga. Það voru ekki fleiri. En hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar tala eins og fjöldinn allur af aðilum hafi sýnt því áhuga. Það var því miður ekki en ég er alveg viss um að það verður allt öðruvísi núna.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 387. mál (gildistími laganna). — Þskj. 1039, nál. 1009.

[17:00]

Guðjón A. Kristjánsson (frh.):

Hæstv. forseti. Ég vék að því í ræðu minni áðan að þróunarsjóðurinn hefði haft það verkefni á sínum tíma að úrelda fiskiskip og því væri það verðugt verkefni fyrir sjóðinn, sem reyndar var samþykkt á hv. Alþingi með samhljóða atkvæðum þingmanna fyrir u.þ.b. fimm árum, að hluti fjármuna hans færi í að varðveita brot af fiskiskipaflotanum sem til minja og varðveislu á atvinnusögu okkar mætti telja. Hef ég m.a. minnt á nokkur söfn og nokkur þeirra skipa sem varðveitt hafa verið hér á landi. Því til viðbótar er einnig rétt að nefna að sem betur fer eru enn nokkur af þessum eldri skipum í notkun og á floti. Sumum þeirra hafa verið fengin ný og verðug verkefni. Má þar t.d. nefna útgerð á Húsavík fyrir hvalaskoðun þar sem gerðir hafa verið upp eldri trébátar sem sérstaklega eru nýttir til að sýna ferðamönnum lífríki sjávar, hvali og annað sem lífríkið hefur upp á að bjóða. Hefur það gefist vel og verið mikil þátttaka í þeim ferðum og því sem boðið hefur verið upp á.

Það er auðvitað ekki aðeins á Húsavík sem slíkt hefur verið gert, það hefur einnig verið gert í Hafnarfirði og á fleiri stöðum í landinu að nýta gömul skip til slíkra verkefna og er það vel. Það er sjálfsagt að reyna að koma að því að styrkja slík verkefni í byrjun meðan verið er að koma þeim rekstri sem skipin geta nýst til á þann rekspöl að vel megi duga til framtíðar. Þannig mætti bæði finna eldri skipum ný verkefni og einnig varðveita söguna. Ég held að það sé mjög vel til fundið og sé eitt af þeim verkefnum sem við getum litið til þegar við tölum um að fjármuni vanti til þess að nýta eldri skip og sögulegar minjar í skipum sem ástæða væri til að varðveita.

Því miður er það svo, virðulegi forseti, að við urðum fyrir miklum skaða hvað varðar varðveislu sögunnar þegar bruni varð í Þjóðminjasafninu þar sem safnið missti stóran hluta af bátasafni sínu sem snýr að róðrabátum og smærri skipum sem safnið hafði talið sérstaka ástæðu til að varðveita. Er því enn meiri ástæða til að reyna að gera vel í því sem við getum verið sammála um að sé til að varðveita

söguna og málinu til framdráttar að öllu leyti í framtíðinni sögulega og atvinnulega séð.

Þess vegna held ég að sú tillaga sem hv. Alþingi samþykkti á sínum tíma og 49 þingmenn greiddu samhljóða atkvæði eigi fullan rétt á sér. Ég tel að hæstv. sjávarútvegsráðherra og aðrir stjórnarliðar væru menn að meiri ef þeir staðfestu þann vilja sinn sem fram kom í sölum Alþingis þegar þingsályktun um að þróunarsjóðurinn fengi m.a. hlutverk í þessu efni með fjármunum sem yrðu eftir við uppgjör hans var samþykkt, og samþykktu þá breytingartillögu sem flutt er af minni hlutanum í sjávarútvegsnefnd um að marka fjármuni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins þar sem menn geta sótt um til hafrannsókna.

Þó að meginhluti fjárins renni til Hafrannsóknastofnunar er samt eitthvað af fjármununum ætlað til annarra verkefna. Undir það tek ég og held að það sé eðlilegt og skynsamlegt sjónarmið að setja málið upp með þeim hætti og fagna því að það skuli þó vera niðurstaða um það hjá meiri hlutanum.

Hæstv. forseti. Ég ætla að enda ræðu mína á að lýsa því yfir að ég yrði mjög undrandi ef sú niðurstaða birtist í atkvæðagreiðslunni á hv. Alþingi að sömu þingmenn og greiddu tillögunni atkvæði fyrir fimm árum, þegar talað var um lægri fjárhæðir í þróunarsjóðnum en nú eru til staðar, legðust gegn þeirri breytingartillögu sem minni hlutinn flytur sem tryggir það fjármagn sem menn töldu að fara ætti til hafrannsókna og væri eign sjóðsins, þegar eign sjóðsins nú er meiri og auðvelt að verða við þeirri stefnumótun sem Alþingi samþykkti þá um varðveislu eldri skipa og sögu þeirra. Ég yrði afar undrandi ef þingmenn greiddu ekki slíkri tillögu atkvæði með hliðsjón af því að þeir studdu málið áður þegar fjárhagurinn var þrengri og málið jafnvel erfiðara viðfangs en nú er.

Ég held að hæstv. sjávarútvegsráðherra væri maður að meiri ef hann gengi fram fyrir skjöldu í þessu máli og féllist á að fara með málið með þeim hætti sem minni hlutinn leggur til í sérstakri breytingartillögu, og gengist fyrir því að málinu yrði lent með sátt og fullum sóma, af því að Alþingi væri þá að framkvæma samþykktir sínar og fylgja eftir stefnumótun sinni, að framkvæmdarvaldið féllist á það en beitti ekki í raun og veru ofríki með því að ganga yfir samþykktir Alþingis eins og núna stefnir í.

[17:07]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson fór yfir þetta mál og gerði það af mikilli þekkingu sem eðlilegt er því að hann hefur verið mjög tengdur því alveg frá upphafi. Við 2. umr. málsins hafði hv. þingmaður fjarvistarleyfi og því saknaði ég hans í þeirri umræðu en nota nú tækifærið hér til að spyrja hv. þingmann spurninga sem ég gat ekki fengið svör við í 2. umr.

Ég vil taka fram strax í upphafi, frú forseti, að mér er umhugað um virðingu Alþingis og mér er umhugað um að framkvæmdarvaldið geti ekki leyft sér að hunsa vilja Alþingis þegar hann liggur fyrir, án þess að Alþingi grípi í taumana og reyni a.m.k. að móast við.

Því langar mig að spyrja hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér að hann ásamt fleirum hafi lagt fram frumvarp til laga um að Þróunarsjóður sjávarútvegsins skyldi veita byggðasöfnum og sjóminjasöfnum styrki til varðveislu skipa og það hefði farið í gegnum 1. umr. á Alþingi og verið vísað til sjávarútvegsnefndar. Hvort það sé réttur skilningur hjá mér að sjávarútvegsnefnd hafi að eigin frumkvæði ákveðið að afgreiða frumvarpið ekki út úr nefndinni heldur breyta því í tillögu til þingsályktunar um nánast sama efni. Ég sé þegar ég kynni mér skjölin að það kom tillaga frá nefndinni, frá sjávarútvegsnefnd í heild sinni, þar sem nefndin flytur tillögu til þingsályktunar um að ríkisstjórninni sé falið að undirbúa tillögur um hvernig staðið skuli að varðveislu gamalla skipa og nefnir sérstaklega Þróunarsjóð sjávarútvegsins í því sambandi.

Ég hafði ekki tekið sæti á Alþingi þegar þetta var og langar því að spyrja hv. þingmann: Er það réttur skilningur hjá mér að svona hafi ferill þessa máls verið? Og gæti hv. þingmaður í stuttu andsvari farið aðeins yfir þær umræður og væntingar sem sjávarútvegsnefnd hafði til þessa máls þegar það var afgreitt hingað inn sem þingsályktunartillaga?

[17:09]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson fór nánast yfir það hvernig þetta mál bar að. Það er hárrétt að fyrst kom fram frumvarp sem við fluttum, þingmenn að mig minnir bara úr öllum flokkum, ég skal þó ekki fullyrða að það hafi náðst samstaða í öllum flokkum, um að sett yrðu lög um að ákveðið fjármagn úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins rynni til gamalla skipa. Umræða fór fram og málinu var vísað til sjávarútvegsnefndar. Niðurstaðan í sjávarútvegsnefnd varð sú að í stað þess að afgreiða frumvarpið samþykkti nefndin í heild sinni að frumkvæði þáverandi formanns, Kristins H. Gunnarssonar, að leggja fram þingsályktunartillögu sem nefndin flytti og þáverandi formaður sjávarútvegsnefndar mælti fyrir, um að fjárveitingar yrðu fengnar úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins til þess að varðveita gömul skip og styrkja m.a. byggðasöfnin út um landið og Þjóðminjasafnið til að viðhalda þeirri sögulegu hefð sem við eigum í skipum og skipasmíði og atvinnuháttum.

Tillagan var lögð fram í þinginu og var samþykkt þar sem þingsályktun frá sjávarútvegsnefnd og var meiri hlutinn sammála minni hlutanum. Þáverandi formaður sjávarútvegsnefndar, Kristinn H. Gunnarsson, mælti fyrir tillögunni og hún var samþykkt með 49 atkvæðum sem ályktun Alþingis um að hluti af fjármunum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins yrði beinlínis notaður í þetta verkefni. Þannig var ferill málsins og við vorum út af fyrir sig algerlega sáttir við að ljúka því þannig og töldum að málið væri í góðum farvegi og um það yrði leitað sátta og réttrar meðferðar af hálfu forustumanna ríkisstjórnarinnar.

[17:12]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svörin sem voru kannski eins og ég átti von á vegna þess að ég reyndi að kynna mér, þegar ég gekk frá nefndarálitinu ásamt fleir-

um í minni hluta sjávarútvegsnefndar, hvernig þessi mál hefðu gengið fyrir sig.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að það voru þingmenn úr öllum flokkum sem fluttu frumvarp til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og var hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson 1. flutningsmaður þess. Aðrir hv. þingmenn voru Jóhann Ársælsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Steinar Jóhannsson og Hjálmar Árnason, þ.e. þingmenn úr öllum flokkum á Alþingi fluttu þetta frumvarp til laga sem síðan var vísað til sjávarútvegsnefndar. Þar áttu sæti margir af flutningsmönnum þess á þeim tíma. Maður verður því eiginlega kjaftstopp og hissa þegar maður sér hvernig framkvæmdarvaldið leyfir sér síðan að fara með þingsályktun frá Alþingi, þingsályktun sem í raun er ekkert hægt að hártoga eða mistúlka því að hún er ákaflega skýr og segir nákvæmlega til um hvað ráðherrunum er falið að gera. En á fimm árum hefur þeim hæstv. ráðherrum ekki tekist að fara eftir tillögunni og nú er talað um að leggja niður þróunarsjóðinn án þess að það verði gert.

Mig langar að spyrja hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson í ljósi þess hvernig málið hefur þróast frá upphafi. Fyrst var það lagt fram sem frumvarp til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, fór síðan til umfjöllunar í sjávarútvegsnefnd og kom þaðan út sem tillaga til þingsályktunar sem allir sjávarútvegsnefndarmenn voru sammála um og fékkst afgreitt á Alþingi með 49 greiddum atkvæðum. Enn hefur ekkert gerst og nú á að leggja niður þróunarsjóðinn án þess að gera nokkurn skapaðan hlut. Lítur ekki hv. þingmaður á þetta sem svik við það sem lofað var á sínum tíma? Er ekki í raun verið að teyma hv. þingmenn á asnaeyrunum í þessu máli?

[17:14]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er algjörlega réttur skilningur hjá hv. þingmanni að stefnumótunin var afar skýr og það var beinlínis tilgreint að fé skyldi renna til þessara verkefna úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins.

Til viðbótar því sem áður hefur komið fram í umræðunni er rétt að upplýsa að þrisvar að mig minnir hefur verið spurt um meðferð þessa máls. Í eitt skiptið svaraði hæstv. forsætisráðherra fyrir málið vegna þess að þá beindust spurningarnar til hans um hvernig fylgt væri eftir samþykktum þingsins almennt.

Þar kom fram að málið væri falið menntamálaráðherra og ætlast til að sjávarútvegsráðherra og menntamálaráðherra fyndu lausn á málinu sameiginlega. Þrátt fyrir það og þessa eftirgangsmuni og síðan umræður núna nýlega um Þróunarsjóðinn og fjárveitingu varðandi hann og fyrirspurnir, hefur niðurstaðan orðið sú að hæstv. sjávarútvegsráðherra leggst gegn málinu. Ekki er hægt að draga neina aðra niðurstöðu af því hvernig málið er en þá að hæstv. ráðherra leggist gegn því að í þetta sé merkt fé. Ég furða mig satt að segja á því hvað ráðherranum gengur til í þessu máli. Ég er helst farinn að hallast að því að hæstv. ráðherra líti svo á að af því hann átti ekki frumkvæði að málinu þá skuli það ekki ganga í gegn frekar en önnur góð mál sem stjórnarandstaðan á frumkvæði að. Þetta er sem sagt hið virka lýðræði undir stjórn forseta þingsins í hv. Alþingi. Þetta er hið virka lýðræði þar sem ekkert er gert með samþykktir Alþingis.

[17:16]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Við ræðum nú í 3. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 152 frá því í desember 1996, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Þó að komið sé í 3. umr. lít ég þannig á að talsvert sé órætt í þessu máli og vísa í því sambandi til ræðu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar áðan um hvernig málið er til komið sem við erum að leggja áherslu á og hvernig sjávarútvegsráðherra og ríkisstjórnin hunsar vilja Alþingis í málinu.

Mér þætti gott ef frú forseti gæti kannað fyrir mig hvort sjávarútvegsráðherra er í húsinu — og sé að hann birtist nú í salnum — því ég átti þess ekki kost að eiga orðastað við hæstv. ráðherra í 2. umr. því hann var þá með fjarvistarleyfi og ég var með fjarvistarleyfi í 1. umr. Ég vil því nota þetta tækifæri nú til að leggja spurningar fyrir hæstv. ráðherra og fagna því að hann skuli vera í salnum til að ræða þetta við okkur.

Eins og áður kemur fram er verið að leggja niður Þróunarsjóð sjávarútvegsins með frumvarpi því sem hér um ræðir. Þegar verið er að leggja niður sjóði eins og þennan, alveg á sama hátt og ef menn leggja niður lögaðila eða fyrirtæki, hljóta menn að verða að skoða hvaða eignir eru í sjóðnum, hvaða skuldir þarf að gera upp á móti og hvort einhverjar kvaðir hvíli á sjóðnum sem uppfylla þarf áður en hægt er að leggja sjóðinn niður með lögum.

Maður veltir því fyrir sér hvort það hafi verið gert í þessu tilviki vegna þess að þingsályktunartillaga var samþykkt á Alþingi um að Þróunarsjóðurinn eigi að taka þátt í ákveðnu verkefni, að hæstv. ráðherra virðist ekki líta á það sem kvöð á Þróunarsjóðnum að gera það. Ákvörðun Alþingis um að sjóðurinn eigi að taka þátt í að vernda gömul skip og báta skiptir hæstv. ráðherra engu máli þegar ákveðið er að koma með frumvarp um að leggja niður þennan sama sjóð. Slík vinnubrögð mundu menn ekki leyfa sér við það að leggja niður fyrirtæki. Svona vinnubrögð mundu menn ekki leyfa sér við það að leggja niður félagsskap, sameignarfyrirtæki eða hvaða annan félagsskap sem um ræðir. Ég átta mig ekki alveg á hvernig á því stendur að inn í sali Alþingis getur komið frumvarp til laga um að leggja niður sjóð sem að mínu viti ákveðnar kvaðir hvíla á, kvaðir um að taka þátt í að vernda gömul skip og báta.

Búið er að fara yfir það áður í umræðunni að á 125. löggjafarþingi á árinu 1999–2000 samþykkti Alþingi með 49 samhljóða atkvæðum tillögu til þingsályktunar sem þá var á þingskjali 1186 og flutt var af sjávarútvegsnefnd í heild sinni um varðveislu báta og skipa. Með þeirri þingsályktunartillögu var ríkisstjórninni falið að undirbúa tillögur um hvernig staðið skyldi að varðveislu gamalla skipa og báta og móta í því sambandi reglur um fjármögnun sem Þróunarsjóður sjávarútvegsins tæki m.a. þátt í.

Í þingsályktunartillögunni segir, með leyfi forseta:

„Leggur nefndin áherslu á að málinu verði lokið af hálfu ríkisstjórnarinnar á þessu ári.“ — Þ.e. á árinu 2000.

Þetta er niðurstaðan í greinargerð sem fylgdi þingsályktunartillögu frá sjávarútvegsnefnd allri um að sjávarútvegs-

nefnd leggi áherslu á að þessu máli sem um ræðir verði lokið af hálfu ríkisstjórnarinnar strax á árinu 2000. Nú er komið árið 2005 og enn hefur ekkert gerst og enn á ekkert að gera til að uppfylla þá þingsályktunartillögu sem þarna var samþykkt.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra varðandi Þróunarsjóðinn og það að leggja hann niður: Telur hæstv. ráðherra enga kvöð liggja á Þróunarsjóð sjávarútvegsins um að taka þátt í að vernda gömul skip og báta eftir að Alþingi hefur samþykkt þingsályktunartillögu akkúrat um það efni?

Ég tel mikilvægt að við fáum svar við þeirri spurningu, þannig að við fáum það bara kvitt og klárt hvort ráðherrann hæstv. telur sig ekkert þurfa að gera með þann vilja Alþingis sem þarna kemur fram í þingsályktunartillögu, eða hvort hann telji að ríkisstjórnin eigi með einhverjum öðrum hætti að uppfylla hana og þá á annan hátt en kemur fram í tillögunni, því tillagan segir algjörlega skýrt að Þróunarsjóður sjávarútvegsins eigi að koma að þessu verkefni.

Það verður að segjast alveg eins og er að mjög illa er staðið að verndun gamalla skipa og báta hjá okkur og á það við í raun um sjóminjar almennt, ekki bara skip og báta, heldur er ótrúlega illa staðið að því að vernda minjar um atvinnusögu í sjávarútvegi. Við horfum á söfn sem tengjast öðrum atvinnugreinum byggð upp á metnaðarfullan og framsækinn hátt en þegar kemur að því að vernda gömul skip og báta eða vernda atvinnusögu okkar í sjávarútvegi virðist ekki vera sami metnaður uppi þó að sem betur fer hafi ákveðnir einstaklingar og sveitarfélög reynt að taka frumkvæðið í því og af veikum mætti oft tekist að gera það alveg ótrúlega vel.

Að mínu viti er full ástæða til, frú forseti, að gera bragarbót þar á. Það sem yfirleitt vantar svo hægt sé að ráðast í svona verkefni eru fjármunir. Nú var búið að eyrnamerkja fjármuni úr ákveðnum sjóði til þess að ráðast í þetta verkefni og það eina sem virðist skorta til að það geti orðið að veruleika er vilji hjá hæstv. ríkisstjórn til að framkvæma vilja Alþingis. Það er alveg sama þó að Alþingi hafi lýst vilja sínum til að gera sérstakt átak í þessu máli, framkvæmdarvaldið þumbast við og virðist ætla að komast upp með að hunsa vilja Alþingis.

Ég trúi því ekki að meiri hluti þingmanna sé svo miklar lyddur að þeir þori ekki að standa við sannfæringu sína og áður yfirlýstar skoðanir í þessu máli. Það liggur algjörlega fyrir að það er meiri hluti hér á Alþingi fyrir því að taka hluta af fjármunum Þróunarsjóðs til þessa verkefnis.

Það er búið að fara vel yfir það fyrr í umræðunni hver ferill þessa máls er. Fyrst lagt fram lagafrumvarp sem fer eftir 1. umr. til sjávarútvegsnefndar. Það kemur úr sjávarútvegsnefnd sem þingsályktunartillaga sem nefndin öll í heild sinni flytur. Varaformaður nefndarinnar mælti fyrir málinu á Alþingi, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Það sést á þeirri umræðu að algjör sátt var um málið. Ekki urðu miklar umræður um það og ekki talin þörf á því að vísa þeirri þingsályktunartillögu aftur til sjávarútvegsnefndar vegna þess hve sáttin var mikil í málinu.

Lítið er gert með þá sátt hjá framkvæmdarvaldinu þó að hún komi fram með þessu móti á hinu háa Alþingi. Þegar greidd voru atkvæði greiddu 49 þingmenn atkvæði með málinu, einn sat hjá og 13 voru fjarstaddir. Af þeim sem greiddu atkvæði með málinu eru enn 34 þingmenn á þingi í dag. Einnig hafa komið inn nýir þingmenn, eins og sá sem hér stendur sem hefur fullan hug á því að standa við þessa þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti. Það er því mjög stór meiri hluti fyrir þessu máli á Alþingi, þ.e. ef þeir þingmenn sem greiddu því atkvæði sitt á sínum tíma eru trúir sinni fyrri skoðun um að Þróunarsjóðurinn eigi að taka þátt í að fjármagna varðveislu gamalla skipa og báta.

Við heyrðum hæstv. forsætisráðherra í umræðunni um sölu Símans tala um að stjórnarandstöðuþingmenn hlypu eftir kjaftasögum og fyrirsögnum í blaði. Það sem ég er að lýsa hér er engin kjaftasaga, frú forseti, og engin fyrirsögn í blaði. Hér er staðfestur vilji Alþingis á ferðinni en það virðist ekki einu sinni duga til.

Rýnum aðeins í þessa atkvæðagreiðslu á sínum tíma.

Átta núverandi hæstv. ráðherrar greiða tillögunni atkvæði sitt. Með leyfi forseta ætla ég að rúlla yfir hverjir það voru. Hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, sagði já. Hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, sagði já. Hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, sagði já. Hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Jón Kristjánsson, sagði já. Hæstv. umhverfisráðherra, Sigríður A. Þórðardóttir, sagði já. Hæstv. samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, sagði já. Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, sagði já. Hæstv. menntamálaráðherra, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, sagði já. Sjávarútvegsráðherra var fjarstaddur þegar þetta átti sér stað. (**Gripið fram í:** Hann var með leyfi.) Það voru 13 þingmenn (**Gripið fram í:** Hann var með leyfi.) með fjarvistarleyfi væntanlega á þessum tíma og greiddu þar af leiðandi ekki atkvæði í þeirri atkvæðagreiðslu en, frú forseti, átta hæstv. ráðherrar sem nú sitja í ríkisstjórn greiddu atkvæði með því að Þróunarsjóður sjávarútvegsins ætti að taka þátt í að varðveita gömul skip og báta.

Hvað hefur breyst? Það sem hefur breyst er að nú vill hæstv. sjávarútvegsráðherra leggja niður Þróunarsjóðinn fyrr en ráð var fyrir gert og það hefur breyst að meiri peningar eru til í uppgjöri á Þróunarsjóðnum en áður var ráð fyrir gert. Aðstæður eru sem sagt betri til að uppfylla vilja Alþingis en áður var, átta núverandi hæstv. ráðherrar voru á þessari skoðun á sínum tíma. Það er ekkert sem hefur gerst í málinu sem ætti að hafa breytt þeirri skoðun. Ég lýsi bara eftir skoðun þessara hæstv. ráðherra, hvort hún hafi breyst eða hvort hún er enn sú sama og hún var. Takist ekki að fá þá hér í 3. umr. til að lýsa skoðun sinni verður væntanlega hægt að kalla eftir þeirri skoðun með nafnakalli í atkvæðagreiðslu um tillögu minni hlutans sem hér liggur fyrir.

Hæstv. menntamálaráðherra ber faglega ábyrgð á málinu, sagði hæstv. sjávarútvegsráðherra við atkvæðagreiðslu um málið í 2. umr. Þar sagði hæstv. sjávarútvegsráðherra, með leyfi forseta:

„Hv. þingmaður hefur borið á mig tvennar ásakanir í umræðu um atkvæðagreiðsluna. Annars vegar þá að ég hafi ekkert gert í því að sinna þingsályktunartillögunni. Það vill hins vegar þannig til að þingsályktunartillögunni var vísað til hæstv. menntamálaráðherra, ekki til sjávarútvegsráðherra. Það er því ekki á starfssviði sjávarútvegsráðherra að sinna málinu enda er varðveisla gamalla skipa ekki á verksviði sjávarútvegsráðuneytisins.

Í öðru lagi bar hv. þingmaður á mig þær sakir að hann hefði ekki getað rætt þessi mál við mig við umræðu í þinginu, en við 1. umr. var einmitt umræða um hvernig ætti að ráðstafa þessu.“

Það er gott að hafa hæstv. sjávarútvegsráðherra hér til að geta þá tekið þessa umræðu í 3. umr., en það væri einnig gott, frú forseti, að hafa hæstv. menntamálaráðherra hér ef hægt er að kalla hana til þings, því að samkvæmt því sem hæstv. sjávarútvegsráðherra segir er það á verksviði hæstv. menntamálaráðherra að sinna þessu máli. — Ber nú vel í veiði. Ég var að fá upplýsingar um að sitjandi starfandi hæstv. menntamálaráðherra er núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, þannig að væntanlega getur hann svarað fyrir báða þessa ráðherra á eftir.

Að öllu gamni slepptu segir í nefndaráliti minni hluta sjávarútvegsnefndar sem hér var lagt fram við 2. umr., með leyfi forseta:

„Á 125. löggjafarþingi, 1999–2000, samþykkti Alþingi með 49 samhljóða atkvæðum tillögu til þingsályktunar sem flutt var af sjávarútvegsnefnd um varðveislu báta og skipa. Með þingsályktuninni var ríkisstjórninni falið að undirbúa tillögur um hvernig staðið skyldi að varðveislu gamalla skipa og báta og móta í því sambandi reglur um fjármögnun sem Þróunarsjóður sjávarútvegsins tæki m.a. þátt í. Í ljósi þess hve Alþingi hefur með skýrum hætti látið í ljós vilja sinn til að ráðstafa a.m.k. hluta af fjármunum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til þessara verkefna telur minni hlutinn einsýnt að Alþingi hrindi þeim vilja sínum í framkvæmd við afgreiðslu þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar. Er það í raun ámælisvert hvernig ríkisstjórnin hefur með aðgerðaleysi sínu frá því að framangreind þingsályktunartillaga var samþykkt kosið að virða vilja Alþingis að vettugi í þessu máli. Er framlagning þessa frumvarps nú enn fremur staðfesting á því að aldrei hefur staðið til af hálfu ríkisstjórnarinnar og sjávarútvegsráðherra að virða vilja Alþingis í málinu. Hvað sem því líður liggur nú beint við að Alþingi árétti og staðfesti vilja sinn með skýrum og skuldbindandi hætti. Gerir minni hlutinn það því að tillögu sinni að hluti eigna Þróunarsjóðsins renni til varðveislu gamalla báta og skipa.“

Full ástæða er til að ræða aðeins betur við hæstvirta ráðherra akkúrat um það sem fram kemur í þessu nefndaráliti. Það er full ástæða til að inna ráðherrana eftir því hvers vegna ríkisstjórnin fer ekki að vilja Alþingis og hvort þeir telji verjandi í ljósi þess að vilji Alþingis liggur eins skýrt fyrir og raun ber vitni að sniðganga hann með því að gera ekki ráð fyrir því við niðurlagningu Þróunarsjóðsins að hluti þeirra fjármuna sem í honum eru renni til varðveislu gamalla báta og skipa. Þetta er grundvallarspurning að mínu viti um hvort vegi þyngra, vilji Alþingis eins og hann kemur fram hér í atkvæðagreiðslum eða vilji einstakra hæstv. ráðherra eða framkvæmdarvaldsins ef þeir telja sig ekki þurfa að fara eftir því sem samþykkt er á Alþingi.

Rifjum aðeins betur upp þessa atkvæðagreiðslu um þingsályktunartillöguna. Eins og áður hefur komið fram greiddu átta hæstv. ráðherrar þingsályktunartillögunni atkvæði sitt. Nokkuð stór hópur hv. stjórnarþingmanna sem sögðu já sitja enn á þingi. Þeir eru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Einar Kristinn Guðfinnsson, Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Gunnar I. Birgisson, Halldór Blöndal, Hjálmar Árnason, Jónína Bjartmarz og Kristinn H. Gunnarsson. Það þarf nú ekki marga hv. þingmenn með hryggbein til þess að tillaga minni hlutans verði samþykkt á Alþingi. Við þurfum ekki alla þessa þingmenn sem sögðu já. Við þurfum ekki alla þessa hæstv. ráðherra sem sögðu já. Við þurfum handfylli stjórnarþingmanna með bein í bakinu til þess að standa að virðingu Alþingis til þess að tryggja að sú tillaga sem hér var lögð fram um að Þróunarsjóðurinn taki þátt í þessu verkefni sem Alþingi hefur ályktað um verði að veruleika, handfylli af stjórnarþingmönnum með hryggbein. Eru þeir til? Ég veit það ekki.

Ég vil leyfa mér við þessa umræðu að lýsa eftir skoðun þeirra hv. þingmanna sem ég var að lesa hér upp. Hver er þeirra skoðun í dag? Hefur hún breyst? Ef hún hefur breyst, af hverju hefur hún þá breyst? Hvað hefur breyst í málinu? Ef hún hefur ekki breyst, ætla þeir þá að greiða atkvæði með tillögu minni hlutans þegar hún kemur til atkvæða hér á eftir eða á morgun, ef það verður svo?

Þessir hv. þingmenn skulda þessu verkefni, varðveislu gamalla báta og skipa, skýringu á því ef þeir hafa skipt um skoðun eða þá að þeir skulda þessu verkefni það að standa hér með bein í baki og greiða atkvæði á sama hátt og þeir gerðu fyrir fimm árum því ekkert hefur breyst í málinu nema að hæstv. ráðherrar þumbast við og vilja ekki fara að vilja Alþingis.

Meira að segja væri nóg, frú forseti, að þeir stjórnarþingmenn sem enn eru á þingi og sátu í sjávarútvegsnefnd á þeim tíma sem þetta var lagt fram, þ.e. eru flutningsmenn að þessari þingsályktunartillögu, mundu standa með þeirri tillögu sem þeir fluttu á Alþingi. Það þarf ekki meira. Bara þeir. Og hverjir eru þeir sem enn sitja á þingi, hv. stjórnarþingmenn sem lögðu fram þessa þingsályktunartillögu sem hér á að hunsa? (Gripið fram í.) Þeir eru hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, hv. þm. Hjálmar Árnason, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Það þarf nú ekki marga til viðbótar. Spurningin er hvort þeir ætla að heykjast á því að fylgja eftir máli sem þeir sjálfir voru flutningsmenn að. Það var hlegið hér að hv. þingmanni, man ég, fyrst eftir að ég byrjaði á þingi fyrir að hann greiddi atkvæði á móti máli sem hann hafði flutt sjálfur. Menn sögðu: „Þetta hefur aldrei gerst. Þetta er hlægilegt, hneisa.“ Muna hv. þingmenn eftir þessu? Hvað er að gerast hér? Nákvæmlega það sama. Ef þeir hv. þingmenn sem fluttu þessa þingsályktunartillögu ætla að greiða atkvæði með því á morgun eða seinni partinn í dag að þróunarsjóðurinn verði lagður niður án þess að fjármunir komi úr honum til að tryggja þessu verkefni fjármuni þá eru þeir að gera nákvæmlega það sama og ég var hér að lýsa. Þá eru þeir að greiða atkvæði gegn sinni eigin þingsályktunartillögu sem þeir voru meðflutningsmenn að.

Tillaga minni hluta sjávarútvegsnefndar liggur frammi í þessu máli. Við ákváðum að láta ekki greiða um hana atkvæði í 2. umr. Við drógum hana til baka til 3. umr. í þeirri von að einhverjir stjórnarþingmenn sýndu að þeir hefðu bein í baki til þess að standa hér óstuddir og greiða atkvæði. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Efnismálsliðir 1. gr. orðist svo: Lögin gilda til 1. október 2005. Skulu 400 millj. kr. af eignum sjóðsins umfram

skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og andvirði þeirra varið til hafrannsókna. Andvirði eigna sjóðsins sem eru umfram 400 millj. kr. skal renna í ríkissjóð og því ráðstafað til varðveislu gamalla báta og skipa."

Tillagan gengur einfaldlega út á það að virða þessa þingsályktunartillögu eins og hún var samþykkt í sölum Alþingis fyrir fimm árum.

Frú forseti. Vonandi er meiri hluti fyrir þessari tillögu á hinu háa Alþingi. Ég tel að full ástæða sé til þess að hv. þingmenn sýni framkvæmdarvaldinu að vilji þingsins gengur fyrir þrjósku einstakra hæstv. ráðherra til að framkvæma það sem samþykkt er á Alþingi. Það er ekki oft sem við fáum jafnlýsandi dæmi um yfirgang framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi og þeim ákvörðunum sem hér eru teknar. Ef þessi tillaga verður ekki samþykkt þá er ekki oft sem við fáum jafnlýsandi dæmi um aumingjaskap hv. þingmanna gagnvart ráðherrum ríkisstjórnarinnar.

[17:37]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka þingmanninum fyrir mjög athyglisverða og upplýsandi ræðu. Ég er ekki viss um að það beri að kalla þetta aumingjaskap í umræddum þingmönnum. Ég er ekki sammála því. Ég vil miklu frekar tala um óheilindi eða óheiðarleika. Við höfum einmitt orðið vör við það að þessir sömu þingmenn hafa gengið á bak orða sinna í sóknardagamálinu. Þetta eru sömu mennirnir. Ég vil byrja á að minnast á Einar Odd Kristjánsson. Hann gekk á bak orða sinna. Á fundi fyrir vestan lofaði hann að halda í sóknardagakerfið. Það er eins og þessir ágætu þingmenn, Einar K. Guðfinnsson, Kristinn H. Gunnarsson og ekki má gleyma hv. þm. Hjálmari Árnasyni, telji að orð sem þeir segja í umræðu um sjávarútvegsmál skipti bara engu máli og það þurfi ekkert að halda þau. Það er því ekki endilega um aumingjaskap að ræða. Ég er ósammála hv. þm. Jóni Gunnarssyni hvað það varðar. Ég vil miklu frekar telja þetta vera alger óheilindi og í rauninni svik við kjósendur.

Ég hef orðið var við að sumir þessara þingmanna hafa ekki séð sóma sinn í því að biðjast afsökunar og hafa jafnvel skrifað, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason, ómerkilega grein á netmiðil þar sem hann segir að hann styðji sóknardagakerfið eða vilji setja botn í það og að búið sé að samþykkja tillögu um að gera úttekt á kostum og göllum færeyska kerfisins, sóknardagakerfisins, sem við í Frjálslynda flokknum styðjum. Þess vegna finnst mér í raun að ekki eigi að kalla þá aumingja eða tala um aumingjaskap heldur miklu frekar að um óheilindi sé að ræða.

[17:39]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kallaði það í ræðu minni aumingjaskap ef hv. þingmenn treysta sér ekki til að standa á skoðun sinni verði þeir fyrir einhverjum þrýstingi frá hæstv. ráðherrum um að sú skoðun sem þeir hafa haft eða kannski héldu að þeir hefðu haldi ekki, þ.e. ef einhver hæstv. ráðherra andar á þá og segir þeim að þeir eigi ekki að hafa þessa skoðun. Þetta kallaði ég aumingjaskap. Ég vil nú ekki taka undir orð hv. þingmanns um að kannski sé rétt að kalla þetta óheiðarleika. Við getum svo sem verið eitthvað ósammála um túlkun orða í íslensku máli. En ég er alveg sannfærður um það og stend á því hvar sem ég kem og hvar sem ég er að verði tillaga minni hlutans um þingsályktunartillögu sem hér var samþykkt um að Þróunarsjóðurinn tæki þátt í að varðveita gamla báta og skip algjörlega hunsuð, eins og lítur nú út fyrir samkvæmt þeim umræðum sem fram hafa farið á þingi, þá kalla ég það aumingjaskap, í fyrsta lagi þeirra hv. þingmanna sem fluttu þingsályktunartillöguna, í öðru lagi hv. þingmanna sem greiddu þingsályktunartillögunni sitt atkvæði á sínum tíma og í þriðja lagi hæstvirtra ráðherra sem greiddu sömu tillögu sitt atkvæði á þeim tíma vegna þess að enginn þessara hv. þingmanna og hæstv. ráðherra hafa séð ástæðu til þess að koma og upplýsa þingheim um hvað hafi breyst, þ.e. ef eitthvað hefur breyst. Það væri þó heiðarlegt af þeirra hálfu að koma í ræðustól og segja: Ég get ekki staðið við þá skoðun sem ég hafði fyrir fimm árum. Ástæðan fyrir því er þessi eða hin. En það eru engar slíkar skýringar. Um leið og þetta mál er tekið fyrir í sölum Alþingis þá eru allir þessir þingmenn á braut horfnir. Enginn hv. þingmaður sem greiddi þessari þingsályktunartillögu atkvæði sitt er hér í salnum til að taka þátt í þessari umræðu — enginn hv. stjórnarþingmaður, vildi ég sagt hafa, sem greiddi þessari þingsályktunartillögu atkvæði sitt — telur að hann skuldi Alþingi skýringu á því hafi hann skipt um skoðun. Nei, frú forseti. Þeir láta ekki sjá sig við þessa umræðu.

[17:42]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að taka undir með hv. þingmanni um að það er náttúrlega óþolandi að menn komi ekki hér og útskýri þannig að enginn þurfi að velkjast í vafa um hvort um sé að ræða annars vegar aumingjaskap, sem ég er ósammála, eða óheilindi, sem ég tel miklu líklegra. Þessir ágætu hv. þingmenn hafa orðið uppvísir að þvílíkum vinnubrögðum áður. Mér finnst að þeir ættu sóma síns vegna og einnig fyrir umræðuna í samfélaginu að koma hér og útskýra hvað þeir vilja. Eru sjávarútvegsmál það léttvæg að þegar þau eru rædd megi bara einfaldlega ætíð ganga á bak orða sinna og lofa einhverju fögru rétt fyrir kosningar eins og hv. þm. Hjálmar Árnason hefur orðið uppvís að? Ef við tölum um óheilindi þá tel ég að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi nú toppað allt hvað varðar óheilindi þegar hann, frú forseti, sveik öryrkja í sjálfu Þjóðmenningarhúsinu. Er þetta í rauninni það sem Framsóknarflokkurinn telur við hæfi? Við í Frjálslynda flokknum og í stjórnarandstöðunni fordæmum þessi vinnubrögð, að menn geti gengið hér á bak orða sinna hvað eftir annað og síðan þegar þeir eru spurðir á hinu háa Alþingi um afstöðu sína og hvað hafi breyst þá flýja þeir salinn. Það er náttúrlega alveg með ólíkindum, frú forseti.

[17:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um frumvarp til laga um að leggja niður Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Út af fyrir sig stendur ekki deila um að það verði gert. Hins vegar hefur aðalumræðuefnið verið ályktun Alþingis fyrir fimm árum,

um að nýta beri hluta af fjármunum þróunarsjóðs til varðveislu gamalla skipa og báta. Hver skyldi vera ástæðan fyrir því að menn bentu á þá fjármögnun? Jú, ástæðan er sú að sá sami sjóður var árum saman markvisst notaður í þeim tilgangi að láta fleygja á hauga og brenna, saga niður og höggva í spón, síðustu trébátana á Íslandi. Það var ekki fyrr en eftir umræður á Alþingi, harðar umræður um þessar aðferðir, að menn sáu loks að sér. Þá hættu menn að skylda útgerðarmenn, sem vildu af einhverjum ástæðum nálgast þá fjármuni sem hægt var að fá úr Þróunarsjóði, til að taka þessi skip úr notkun. Þá var tekið af ákvæði um að menn væru skyldugir til að eyða þessum skipum og mætti ekki einu sinni hafa þau til skemmtunar, hvað þá meira.

Býsna margir bátar voru eyðilagðir á þessum tíma. Þar fóru mikil verðmæti í súginn. Ég minni á að þetta gerðist á umbreytingatímum í skipasmíði og framleiðslu skipa á Íslandi. Við höfðum gert út trébáta á Íslandsmið. Vertíðarbátar okkar voru trébátar fram eftir allri síðustu öld. Stálskipin hófu innreið sína eitthvað að ráði um miðja öldina, auðvitað fyrst með togurunum og síðan var stærri og stærri hluti skipanna smíðaður úr stáli eftir því sem leið á öldina. En áfram var haldið að framleiða tréskip til að gera út fram á 8. áratuginn, a.m.k. að einhverju marki. En það liðu ekki mörg ár milli þess að menn hættu að framleiða þessa báta þar til þeir hófust handa, líkt og ég nefndi áðan, að ganga í að höggva þessi skip í spað. Kvað svo rammt að þessu á tímabili að tiltölulega nýlegum bátum, algerlega óskemmdum var eytt með þessum hætti. Að vísu voru dæmi um að skipum væri komið úr landi. Eitthvað tókst að selja lítils háttar af bátum hingað og þangað í löndin í kringum okkur en þeir voru örfáir.

Eins og ég sagði áðan urðu mörg slys, einmitt á þeim skipum sem hefðu átt að varðveita minninguna um verkþekkingu þessara tíma, eintök sem kostaði í sjálfu sér afar lítið að halda við inn í framtíðina vegna þess að þau voru í svo góðu ásigkomulagi. Þetta var hlutverk þróunarsjóðs, sjóðsins sem hér um ræðir. Því var ekki að ástæðulausu að menn ákváðu að benda á fjármögnun úr þessum sjóði. Það var einmitt vegna fyrra hlutverks sjóðsins að bent var á þessa leið til að skila að einhverju leyti til baka því sem þessi sjóður hafði unnið í tjónum hvað varðaði varðveislu skipa og báta á Íslandi. Það er eiginlega ótrúlegt að þeir sem vildu gera þessa hluti voru forsvarsmenn útgerðar á Íslandi. Þeir stjórnuðu þessari ferð og í sölum Alþingis var alltaf eins og mikill vilji til að fara að eins og þeir ágætu forsvarsmenn útgerðar á Íslandi höfðu viljað. Því miður var það gert allt of lengi. En eftir að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson ásamt fleirum flutti frumvarp til laga um þetta mál, sem fór í sjávarútvegsnefndina, varð niðurstaðan í sjávarútvegsnefndinni sú að flytja þingsályktunartillögu sem búið er að lýsa mjög skýrt og vel hvernig átti að virka. Skýr vilji Alþingis kom fram um að hluti af þeim fjármunum sem yrðu til þegar þróunarsjóður yrði lagður niður, skyldi nýtast til að varðveita gömul skip og báta. Að mínu viti var það jafnframt friðþæging fyrir það hvernig opinberir fjármunir höfðu fram að því verið notaðir að þessu leyti.

Hvað gerist svo? Þetta mál fer auðvitað til ríkisstjórnarinnar og þar ákváðu menn að menntamálaráðherrann skyldi sjá um þetta málefni. Gott og vel. Allt í lagi með það. En nú birtist sjávarútvegsráðherra með frumvarp um að leggja niður þróunarsjóð og í því er ekki nokkur skapaður hlutur um það sem Alþingi ályktaði um á sínum tíma. Hann yppir bara öxlum og segir: Málið kemur mér ekki við, þetta er á verksviði menntamálaráðherra. Mér kemur málið ekkert við.

Þetta er ekki boðlegt og er fyrst og fremst óvirðing við Alþingi og ákvarðanir Alþingis. Ef ríkisstjórnin taldi best og skynsamlegast að fjármagna varðveislu gamalla skipa og báta öðruvísi en Alþingi samþykkti að gert yrði með þingsályktun þá átti ríkisstjórnin að leggja til, um leið og helst áður en niðurstaða fengist um að þeir vildu ekki nota til þess fjármuni úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins, hvernig ætti að standa að fjármögnuninni í staðinn þannig að Alþingi stæði þá frammi fyrir því að ríkisstjórnin hefði nýja tillögu í málinu. Sú tillaga liggur ekki fyrir og Alþingi hefur því enga möguleika á að meta það hvort hugmyndir ríkisstjórnarinnar um hvernig skuli standa að þessum málum séu fullnægjandi, miðað við það sem menn höfðu ætlað sér með tillögunni. Ég verð að segja að mér finnst löngu nóg komið af því að ríkisstjórnin niðurlægi Alþingi með þessum hætti. Mér finnst það komið langt út fyrir eðlileg mörk að almennir þingmenn skuli láta bjóða sér slíkt þegar fyrir liggja þingsályktanir um hvað Alþingi vill, að ríkisstjórnin skuli voga sér að koma með niðurstöðu eins og þessa inn án þess að fram komi hvað eigi að koma í staðinn og Alþingi geti metið það sé sambærilegt við það sem menn ætluðu áður.

Það er dapurlegra en tárum taki hvernig komið er fram við Alþingi þegar ríkisstjórnin á í hlut. Við höfum svo séð ýmis dæmi um að mönnum finnist í lagi að láta meiri hlutann sem fylgir ríkisstjórninni ganga nauðugan til atkvæðagreiðslna. Ég trúi því ekki að nokkur maður komi viljugur í sali Alþingis til að rétta upp hönd með þessu frumvarpi, sömu menn og samþykktu þingsályktunartillöguna áður. Ekki trúi ég því að menn séu viljugir að skipta um skoðun á máli eins og þessu án þess að nokkuð liggi fyrir um hvernig eigi að standa að málinu að öðru leyti. Þetta eru auðvitað ekki vinnubrögð sem er hægt að sætta sig við. Hæstv. sjávarútvegsráðherra ætti að brjóta odd af oflæti sínu, sem ég vil kalla það því að mér finnst það frumhlaup hjá honum að koma með mál inn í Alþingi ofan í þessa þingsályktunartillögu. Hann ætti að brjóta odd af oflæti sínu og fallast á þá tillögu sem hér liggur fyrir, sem er málamiðlunartillaga. Í frumvarpinu sem hæstv. ráðherra lagði fram var gert ráð fyrir að hægt yrði að ná 300–400 millj. kr. inn í sjóðinn hjá sjávarútvegsráðuneytinu. Við leggjum hreinlega til að hærri talan sé notuð, þ.e. 400 millj. kr., og það sem eftir verði, sem að vísu eru líkur á að verði umtalsverðir fjármunir, fari í ríkissjóð og verði ráðstafað með þeim hætti sem Alþingi hefur ályktað. Þetta er málamiðlunartillaga.

Mér fyndist hæstv. ráðherra fullsæmdur af því að ganga til móts við tillögu þessa vegna þess að hann er í verulega vondum málum að mér finnst. Það að ætlast til þess að samherjar hæstv. ráðherra á þingi, sem höfðu áður samþykkt þessa þingsályktunartillögu sem hér er margumrædd, mæti í þingsal til að greiða atkvæði með þeirri niðurstöðu sem kom úr nefndinni finnst mér óbilgirni af hinu versta tagi. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að hugsa sig vandlega

um undir þessari umræðu og koma til móts við þá sáttatillögu sem hér liggur fyrir. Hann væri maður að meiri ef hann gerði það.

Það er vont að hæstv. menntamálaráðherra skuli ekki vera hér. Mér fyndist undarlegt ef hæstv. menntamálaráðherra hefði ekki barist fyrir því, úr því að hún fékk það verkefni í sinn hlut að fást við þessa þingsályktunartillögu, þeim verkefnum sem henni fylgja, varðveislu báta og skipa, og um leið þeim vilja Alþingis að a.m.k. hluti af fjármunum þróunarsjóðs yrðu notaðir í því skyni. Hæstv. menntamálaráðherra ætti að grein fyrir því hvað hún hefur gert til að sjá til þess að ná þeim fjármunum í verkefnið. Því verður vart trúað að hæstv. menntamálaráðherra hafi ekki reynt að nálgast þá fjármuni sem hún hefur bent á að nota skuli í þessu skyni. Hvers konar gæsla væri það ef hæstv. menntamálaráðherra hefði ekki gert þetta? En það vill þannig til að nú býr í sama manninum forsvarið í sölum Alþingis fyrir bæði menntamálaráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti. Ég veit svo sem ekki hvað hæstv. sjávarútvegsráðherra er fær um að segja þar sem ég geri fastlega ráð fyrir því að hæstv. menntamálaráðherra hafi sóst eftir þessum fjármunum. Hafi niðurstaðan orðið eins og hér liggur fyrir, að hæstv. menntamálaráðherra hafi ekki borið neitt úr býtum, þá er hæstv. sjávarútvegsráðherra ekki rétti maðurinn til að segja frá þeim viðskiptum. En hafi hæstv. menntamálaráðherra ekkert gert til að nálgast þá fjármuni sem Alþingi lagði til að yrðu notaðir í þessu skyni þá hefur hún hreinlega brugðist skyldum sínum.

Ég held að menn verði að koma því á hreint hvernig þetta mál hefur gengið fyrir sig. Alþingi getur ekki sætt sig við vinnubrögð eins og þessi, að það sé ekki tekið mark á ályktunum þess, að hæstv. ráðherra geti fimm árum síðar lagt fram lagafrumvarp þar sem ekki er nokkurn skapaðan hlut tekið mark á því sem Alþingi samþykkti.

Ég ætla ekki að hafa ræðu mína mikið lengri, hæstv. forseti. En mér finnst þessi umræða snúast um tvennt. Hún snýst um varðveislu gamalla skipa og það að fá fram árangur í því máli í samræmi við þingsályktunartillögu Alþingis. Það er löngu kominn tími til að menn standi myndarlegar að þeim málum en gert hefur verið. En umræðan snýst að mínu viti ekki síður um virðingu Alþingis, um að menn hunsi ekki tillögur sem hér eru samþykktar. Hæstvirt ríkisstjórn ætti að gæta virðingar Alþingis alla daga og ætti ekki að ganga gegn virðingu Alþingis eins og gert er með þessu frumvarpi hæstv. ráðherra, vinnubrögðum við það frumvarp og þeirri niðurstöðu sem nú virðist komin í málið.

[17:59]

Útbýting:

Kadmínmengun í Arnarfirði, 731. mál, fsp. MÞH, þskj. 1090.

Nýjar hitaveitur, 715. mál, fsp. AKG, þskj. 1073.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 732. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 1094.

[18:00]

Jón Bjarnason:

Frú forseti og hv. Jórsalafari. Málið sem hér er til umræðu er um að leggja skuli Þróunarsjóð sjávarútvegsins niður og það fjármagn sem í sjóðnum er skuli renna í ákveðinn sjóð og til ákveðinna verkefna.

Forsaga sjóðsins hefur verið rakin ítarlega og verkefni hans í gegnum tíðina. Sjóðnum hefur m.a. verið beitt til að úrelda skip, úrelda fiskvinnsluhús og hefur að flestra dómi verið beitt ótæpilega. Stundum hefur sú hagræðing sem ætlunin var að ná í gegnum þá úreldingu snúist í andhverfu sína, enda getur sú stefna að úrelda atvinnutækifæri fólks, úrelda vinnustaði fólks, leggja þá niður án þess að byggðarlagið fái einu sinni aftur það fjármagn sem verið er að verja í slíka úreldingu ekki verið happasæl stefna. Ég held að forsaga sjóðsins og allur ferillinn eigi sér ákveðna sorgarsögu gagnvart mörgum atvinnustöðum, mörgum fiskiþorpum meðfram ströndum landsins þar sem honum hafi verið beitt með ótæpilegum hætti og menn vildu að hefði ekki verið gert.

Þess vegna er kannski ekki til of mikils mælst að hluti af fjármagni sjóðsins sem hér um ræðir verði varið til að varðveita báta og önnur tæki sem tilheyrðu veiðum þeirra báta sem sjóðnum var beitt til að úrelda á sínum tíma, sem er stór hluti af atvinnulífi þjóðarinnar og menningarsögu. Ekki síst vegna þess að Alþingi hefur ályktað afdráttarlaust í þá veru, eins og hér hefur verið rakið ítarlega, bæði með þingsályktunartillögu sem lögð var fram á 125. löggjafarþingi 1999–2000 á þskj. 1186. Þar var samþykkt tillaga til þingsályktunar um varðveislu báta og skipa. Í texta þeirra tillögu stendur m.a., með leyfi forseta:

„Í því sambandi verði mótaðar reglur um fjármögnun, sem m.a. Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í, og varðveislugildi báta og skipa skilgreint.“

Þingsályktunartillagan var samþykkt af öllum viðstöddum þingmönnum við atkvæðagreiðslu sem afdráttarlaus vilji frá Alþingi. Svo nú, þegar við stöndum frammi fyrir að þetta geti gerst er eins og allir sem stóðu að þeim meiri hluta og eru áfram í meiri hluta á Alþingi hlaupi frá þeim ákvörðunum sínum, hlaupi frá þeirri viljayfirlýsingu Alþingis, geri ekki neitt með hana heldur setji undir sig hausinn og keyri áfram þá tillögu að þegar sjóðurinn verði lagður niður renni fjármagnið í Verkefnasjóð sjávarútvegsins — sem hefur ekki skilgreint og hefur ekki heimild til að leggja fram fé til verkefna eins og verndun á þessum skipum.

Þess vegna tel ég vinnubrögðin af hálfu Alþingis, eins og nú virðist stefna í af hálfu meiri hlutans, gagnvart þessum málum tveimur, þingsályktunartillögunni frá 1999 og málinu hér um að leggja niður Þróunarsjóð sjávarútvegsins, vera þinginu til skammar. Hæstv. ráðherra hefur alls ekki svarað því með hvaða hætti hann ætlar að verða við þeirri einróma samþykkt Alþingis frá 1999 um að þróunarsjóðurinn komi að því að varðveita báta og skip sem honum var einmitt beitt til að úrelda á sínum tíma og er mikilvægur þáttur í atvinnusögu þjóðarinnar. Það er vitað mál að það er ekki gert að gagni nema til komi einhver slík heildstæð fjárveiting til að hægt sé að gera það átak sem þarf, sem svo er hægt að fylgja eftir með minna fjármagni seinna meir.

Hinn þáttur málsins er sá að ég er þeirrar skoðunar, og

styðst þar við túlkun á fjárreiðulögum, að almennt eigi ekki að setja fjármagn með þessum hætti í einhverja afmarkaða sjóði á vegum ráðherra eða ráðuneytis. Hin almenna regla á að vera sú og er sú að við sölu eigna ríkisins eða við að leggja niður sjóði á vegum ríkisins, sem af einhverjum ástæðum var stofnað til, að fjármagn þeirra eigi að renna í ríkissjóð. Síðan er það Alþingis að taka ákvörðun um hvernig ráðstafa eigi fjármagninu á hverjum tíma eins og öðru fjármagni sem ríkissjóður fær. Það að ætla að fara að binda hér með þessum hætti að fjármagn úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins renni í einhvern annan sjóð á vegum ráðuneytisins, sjóð sem ekki hefur neina skipulagsskrá en veltir þó hundruðum milljónum króna eða milljarði algjörlega á ábyrgð ráðherra og einhverra sérvalinna er fráleitt. Sá sjóður hefur ekki neina formlega skipulagsskrá og ekki er kosið í hann sérstaklega stjórn eftir því sem ég veit best. Síðan á að fara að eyrnamerkja fjármagn úr sjóðum sem þessum til A-hluta stofnana eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu upphaflega og er reyndar enn þá bundið í þeirri einu samþykkt sem lýtur að Verkefnasjóði sjávarútvegsins, að hann skuli fyrst og fremst leggja fjármagn til Hafrannsóknastofnunar. Það er alveg fráleitt að vera að binda með þessum hætti og eyrnamerkja fjármagn til einstakra stofnana, A-hluta stofnana á vegum ríkisins, sem eiga að fá fjármagn sitt á fjárlögum.

Það er því með tvennum hætti verið að fara á svig við lög, annars vegar lög um fjárreiður ríkisins, þar sem verið er að setja fjármagn í annan sjóð, fjármagn sem á að renna beint í ríkissjóð og ríkissjóður á að ráðstafa því til hafrannsókna eða annarra verkefna eftir því sem Alþingi ákveður. Það ætti að vera hægt að treysta Alþingi til að verja þessu fé á sem ábatasamastan hátt fyrir samfélagið, eða er Alþingi ekki treyst?

Hinn þátturinn er sá: Við höfum þingsályktunartillögu um að Þróunarsjóður sjávarútvegsins skuli koma að varðveislu báta og skipa. Nú er verið að leggja hann niður, síðustu forvöð, ágætisforvöð úr því að þetta er í þessum farvegi, að taka 100–200 millj. kr. sem mætti vera til að styðja og gera myndarlegt átak í að varðveita þessi skip.

Frú forseti. Ég vildi láta þessa skoðun mína koma fram og tel að hæstv. ráðherra væri maður að meiri að koma og tilkynna að hann vildi leggja til að afgreiðslu málsins við 3. umr. yrði frestað og ráðherra fengi tækifæri til að taka málið aftur inn og skoða það með nefndinni — því eins og við vitum virðast ráðherrarnir ráða öllu á þinginu — og koma með málið aftur í viðunandi búning þannig að það geti orðið Alþingi til sóma en ekki meiri hlutanum og ríkisstjórnarvaldinu til skammar eins og við horfir ef þetta fer fram óbreytt.

[18:10]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég gat ekki stillt mig um að koma aðeins upp og kveðja mér hljóðs um þetta mál eftir að hafa hlýtt á ágætar ræður sem þingmenn fluttu nú síðdegis þar sem m.a. hefur verið farið yfir eldri frumvörp og þingsályktunartillögur sem lagðar voru fram fyrir Alþingi fyrir nokkrum árum, því ég skoðaði nefnilega þessa sögu nokkuð grannt fyrir tæpu ári þegar fjallað var um sama frumvarp, þ.e. um að leggja niður Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Mig langar að nota tækifærið nú og fara aðeins yfir þetta þannig að það sé kannski svolítið á hreinu hvað hefur verið að gerast.

Það er rétt sem fram hefur komið að á 125. löggjafarþingi 1999–2000 var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92 frá 1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Flutningsmenn frumvarpsins voru hv. þingmenn Guðjón A. Kristjánsson, Jóhann Ársælsson, Guðmundur Hallvarðsson, Árni Steinar Jóhannsson og Hjálmar Árnason. Tökum eftir því að hér voru á ferðinni margir stjórnarþingmenn.

Þetta var mjög einfalt og stutt frumvarp og 1. gr. þess hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal veita byggðasöfnum og sjóminjasöfnum styrki til varðveislu skipa. Fjárhæð styrks skal nema 50.000 kr. á hverja rúmlest skips sem tekið er til varðveislu eftir 1. janúar 1990."

Fram kom í greinargerð með frumvarpinu að það skorti mjög fjármagn til varðveislu gamalla fiskiskipa sem menn vildu gjarnan eiga og vernda til framtíðar einmitt til að varðveita merka sögu í sjávarútvegi okkar. Skip sem tilheyrðu kannski tímabili þegar þjóðin var að komast til bjargálna, skip sem kannski réðu úrslitum um að byggðir lifðu af eða lognuðust út af, skip sem veittu mörgum fjölskyldum tækifæri til að koma undir sig fótunum. Einnig skorti fjármagn til að varðveita ýmiss konar búnað, margar minjar sem enn eru til og voru til víða um land, jafnvel húsakost, en það voru einmitt peningar úr þróunarsjóði sem voru notaðir til að bæði úrelda skip en líka einmitt hús sem höfðu verið notuð í tengslum við sjávarútveg.

Það er að sjálfsögðu alveg ljóst að við Íslendingar höfum alls ekki verið nógu dugleg að varðveita þessar minjar. Þó að víða megi finna gamla muni úr sjávarútvegi á byggðasöfnum hingað og þangað hefði að sjálfsögðu mátt gera miklu, miklu betur. Ég óttast mjög og reyndar veit það, eins og margir hafa rakið fyrr í dag, að margar merkar minjar hafa því miður endað á öskuhaugum og bálköstum síðustu árin.

Frumvarpið sem lagt var fram á 125. löggjafarþingi dagaði uppi. En nokkrum mánuðum síðar kom fram, eins og bent var á áðan, þingsályktunartillaga sem fór fyrir þingið á vordögum árið 2000, fyrir fimm árum. Þar var á ferðinni allt of sjaldgæft fyrirbæri sem fólst í því að sameinuð sjávarútvegsnefnd stóð að þeirri þingsályktunartillögu sem þá var, hv. þingmenn Einar K. Guðfinnsson, Jóhann Ársælsson, Árni R. Árnason, Kristinn H. Gunnarsson, Svanfríður Jónasdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón A. Kristjánsson, Vilhjálmur Egilsson og Hjálmar Árnason.

Sú þingsályktunartillaga, um varðveislu báta og skipa frá sjávarútvegsnefnd, var náttúrlega merkileg og hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um hvernig skuli staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilsverðar minjar um atvinnu og byggðasögu. Í því sambandi verði mótaðar reglur um fjármögnun, sem m.a. Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í, og varðveislugildi báta og skipa skilgreint."

Þetta var samþykkt á hinu háa Alþingi 9. maí árið 2000, fyrir rétt tæpum fimm árum. Þingsályktunartillagan fór í gegnum þingið án átaka, varð að þingsályktun og þar með tilmæli til ríkisstjórnarinnar um að undirbúa tillögur um hvernig ætti að standa að varðveislu gamalla skipa og báta, sem eru einmitt mikilvægar minjar um atvinnu- og byggðarsögu. Einnig átti að móta reglur um þessa hluti. En síðan hefur ekkert gerst. Það var ekkert gert við þessa þingsályktunartillögu og á meðan hefur dýrmætur tími liðið og minjar farið í súginn.

Ég hygg að síðar meir, þegar sagnfræðingar framtíðar horfa um öxl og skoða þessa sögu þá verði þetta dæmi þeim mönnum til hneisu sem bera ábyrgð á því að ekkert var gert í þessum málum. Það er ljóst að þær minjar sem hafa eyðilagst á þessu tímabili, minjar sem kannski hefði verið hægt að bjarga ella, hefðu menn hafist handa fyrir fimm árum, eru annaðhvort ónýtar eða stórskemmdar og verða ekki endurheimtar. Þær minjar sem eru ónýtar verða ekki endurheimtar og til þeirra minja sem skemmst hafa á þessum fimm árum þarf núna að verja meiri fjármunum til að koma þeim aftur í sæmilegt horf. Tímans tönn er miskunnarlaus. Þarna tel ég að orðið hafi mikil mistök.

Þetta er að sjálfsögðu bæði stjórnvöldum, ríkisstjórninni, til skammar en þetta er líka mikill álitshnekkir fyrir Alþingi, að löggjafinn hafi verið hunsaður með þessum hætti af framkvæmdarvaldinu og framkvæmdarvaldið skuli komast upp þetta. Það er að sjálfsögðu alvarlegt mál og ætti í raun að kalla á ítarlegri umræðu bæði á Alþingi og í þjóðfélaginu, hvernig framkvæmdarvaldið, þegar því hentar, hreinlega hunsar þingsályktanir sem afgreiddar hafa verið frá hinu háa Alþingi, oft og tíðum með mikilli fyrirhöfn og kostnaði, fundahöldum í þessum sal og í nefndum. Menn hafa sent inn umsagnir um þessa ályktun og menn hafa komið á fund þingnefnda. Þessu fylgir mikil skriffinnska og svona má lengi telja, en svo er ekkert gert með hlutina.

Ég get nefnt annað dæmi, fyrst hæstv. sjávarútvegsráðherra er í salnum. Hann var einu sinni ungur og efnilegur þingmaður og tók þátt í að leggja fram þingsályktunartillögu árið 1998. Hún fór líka í sömu skúffu hjá ríkisstjórninni sem virðist vera merkt „þingsályktunartillögur sem við ætlum alls ekki að framkvæma". Þetta var ályktun Alþingis sem fól ríkisstjórninni að skipa nefnd hæfra manna sem átti að gera tillögur um leiðir til að endurreisa urriðastofna Þingvallavatns. Þar voru engir aukvisar á ferðinni. Þar voru hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hv. þm. Árni M. Mathiesen og hv. þm. Guðni Ágústsson. Síðan þetta var hafa tveir flutningsmanna tekið sæti í ríkisstjórn Íslands. En var eitthvað gert með þingsályktunina? Nei, ekki neitt, ekki nokkur skapaður hlutur. Hún fór í skúffuna og hefur legið þar síðan. Um daginn bar ég fram fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra, sem ber ábyrgð á þessu því að ríkisstjórnin átti að sjá um þetta. Ég var með fyrirspurn til hans og hann svaraði, að ég taldi, með hreinum skætingi og reyndi að snúa þessu út í að ég væri hrifinn af því að skipa nefndir um allt milli himins og jarðar, að þetta væri fremur til vitnis um hvað ég væri mikill nefndasinni, að ég æddi upp á dekk og spyrði ósvífinna spurninga um þingsályktun sem mér kæmi ekkert við. En þó að þetta virðist smámál og menn brosi jafnvel að þessu í dag og þyki þetta í annan þráðinn hálffyndið þá er þetta mjög alvarlegt. Þetta er ekkert til að hlæja að. Varðandi Þingvallaurriðann þá er t.d. ljóst að ef menn hefðu tekið sig saman og gert eitthvað úr þeirri þingsályktun árið 1998 þá væri búið að nota tímann sem farið hefði til spillis til að vinna að raunhæfum tillögum um hvernig megi endurreisa þennan tiltekna urriðastofn. Í honum eru falin mikil verðmæti og ég er fullviss um að hæstv. sjávarútvegsráðherra er mér sammála um það.

Fyrst ég er farinn að tala um þetta mál vil ég líka geta þess að ég hef lagt fyrir Alþingi þingsályktunartillögu um þennan sama fiskstofn, sem gengur út á að stíflan við Steingrímsstöð verði hreinlega rifin og þessi stofn endurreistur. Ég vona að það fari ekki fyrir þeirri þingsályktunartillögu eins og þeim tveimur þingsályktunum sem ég hef fjallað um, virðulegi forseti. Ég vona að sú þingsályktunartillaga fái a.m.k. meðferð í þinginu og ef hún verði afgreidd verði Alþingi falið, í krafti meirihlutaeignar ríkisins í Landsvirkjun, að sjá til að Landsvirkjun fari í að vinna þetta verk, að fjarlægja þessa stíflu.

Virðulegi forseti. Ég sé í raun ekki mikla ástæðu til að tala mikið lengur um þessa hluti. Ég gæti það ef ég vildi. Mér er umhugað um að við varðveitum gamla báta og fleira þess háttar sem liggja víða um land undir skemmdum. Ég gæti nefnt nokkur dæmi um báta sem eru þess fyllilega virði að þeir verði gerðir upp, þeir verði settir á flot á nýjan leik og þeim siglt okkur til yndisauka og þeir jafnvel nýttir í tengslum við ferðamennsku. Við þurfum á svona skipum að halda. Við þurfum líka á því að halda að varðveita menningarsögu okkar. Það er t.d. afskaplega sársaukafullt að koma í Reykjavíkurhöfn og sjá hvernig Þór, gamla varðskipið okkar, lítur út í dag. Það er sömuleiðis sársaukafullt að horfa upp á það hvernig gömlu hvalbátarnir eru smám saman að grotna niður þar sem þeir liggja við bryggju. Þeir sem eru mjög merkilegir bátar á heimsvísu. Það er einnig mjög sorglegt að koma upp á Akranes og sjá hvernig kúttterinn þar er nánast að hverfa ofan í jörðina. Það er kannski svolítið sterkt til orða tekið en í fullri alvöru þá er það skip mjög illa farið af nánast engu viðhaldi frá því að það var dregið á land fyrir nálega aldarfjórðungi. Annar bátur stendur uppi á kambi á Akranesi, Höfrungur, sem er mjög merkilegur, og er sömuleiðis að eyðileggjast.

Eflaust mætti fara í kringum landið og telja til báta og skip sem við hefðum að sjálfsögðu átt að varðveita. Okkur hefði verið sómi af því. Ég hygg að fyrir ímynd íslensks sjávarútvegs hefði verið gott að eitthvað af þessum peningum hefðu verið notaðir, peningar sem nú liggja í Þróunarsjóði, til að varðveita þessa sögu. Stórútgerðir þessa lands hefðu átt að sjá sér hag í að hvísla því í eyru hæstv. sjávarútvegsráðherra að það væri kannski ekki svo vitlaust að eyrnamerkja eitthvað af peningunum í það verkefni að varðveita sögu útgerðar á Íslandi. Þeir sem kunna að eiga eftir að naga sig mest í handarbökin í framtíðinni séu einmitt útgerðarmenn, yfir því að hafa ekki haft rænu eða ráð á því að reyna að varðveita eitthvað af þessum skipum, skipum sem þykja kannski hlægileg og lítil í dag en urðu á sínum tíma til að skapa þeim þá auðlegð sem þeir sjálfir búa við en einnig þá auðlegð sem þjóðin nýtur að hluta.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, taka undir orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar um að þessari umræðu verði hrein-

lega frestað og mönnum verði gefið síðasta tækifærið til að athuga sinn gang. Ég hygg að hér séu menn að gera alvarleg mistök. Eins og ég hef sagt áður og segi enn þá: Við eigum eftir að sjá eftir því að hafa gert þetta. Ég vona að ef hæstv. sjávarútvegsráðherra talar á eftir þá komi hann ekki með þau rök að með því að við mælumst til þess að varðveita gamlar minjar þá séum við sjálfkrafa á móti því að peningar séu settir í hafrannsóknir. Við erum alls ekki á móti því. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það er þörf fyrir peninga til hafrannsókna á Íslandi. En ég tel að við ættum að finna þá fjármuni með öðrum hætti en að ganga í þennan sjóð. Ég hygg að það sé auðveldara að finna peninga til hafrannsókna með öðrum hætti en að taka þá úr þessum sjóði, miklu auðveldara en að finna peninga til að nota í varðveislu gamalla minja sem tengjast sjávarútvegi. Við ættum frekar að nota þennan sjóð. Við vitum þó hvar þessi sjóður er og höfum ákveðin yfirráð yfir honum. Alþingi ætti að geta stýrt því fjármagni ef viljinn væri fyrir hendi. Við eigum ekki að láta þetta tækifæri okkur úr greipum ganga.

Fari þetta allt á versta veg heiti ég á þá þingmenn sem á sínum tíma veittu þingsályktuninni brautargengi fyrir fimm árum. Eins og hv. þm. Jón Gunnarsson nefndi þá sitja margir þeirra enn á þingi og ef það er einhver bógur í þeim ættu þeir að sjálfsögðu að taka undir álit minni hluta sjávarútvegsnefndar í þessu máli og greiða atkvæði gegn því að þetta frumvarp fari í gegn eins og það lítur út núna.

[18:25]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég held að óhætt sé að segja að umræðan hafi farið um víðan völl, meira að segja á Þingvöll. En ég verð í upphafi að segja að enn gengur hv. þm. Sigurjón Þórðarson fram af mér með orðfæri sínu. Með fullri virðingu og allri vinsemd finnst mér það orðfæri sem hann notaði í dag, þegar hann ásakar kollega sína á hv. Alþingi með þeim orðum sem hann notaði, ekki vera við hæfi.

Málefnið sem er til umræðu er lög um Þróunarsjóð sjávarútvegsins frá 1994 og frumvarp til breytinga á þeim lögum. Lögin eins og þau eru í dag standa til þess að þegar sjóðurinn verði gerður upp, að verkefnum hans loknum sem voru skilgreind verkefni, og verði einhver afgangur þá gangi hann til hafrannsókna. Það sem ég legg til með stjórnarfrumvarpinu er að flýta því að sjóðurinn verði gerður upp og að öðru leyti að fara að lögunum eins og þau eru í dag.

Umræðan fór síðan að snúast um varðveislu gamalla skipa og báta, söfn og minjar sem út af fyrir sig er áhugavert umræðuefni en er ekki á starfssviði sjávarútvegsráðuneytisins. Síðan hefur verið vitnað þráfaldlega til þingsályktunar um varðveislu gamalla skipa og báta sem samþykkt var árið 2000 á Alþingi. Hv. þingmenn telja að á þeim grundvelli eigi málaflokkurinn varðveisla gamalla skipa og báta kröfu í það sem eftir stendur af þessum sjóði. Kröfuna byggja hv. þingmenn á aukasetningu í þingsályktunartillögunni. Þingsályktunin gengur út á að fela ríkisstjórninni að undirbúa varðveislu gamalla skipa og báta þar sem m.a.. Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt. Ég leyfi mér að líta á það sem einhvers konar tillögu flutningsmanna um hvar ríkisstjórnin eigi að leita fjármuna til að fjármagna það verkefni sem tillagan gengur út á.

Hefði hins vegar verið flutt frumvarp um þróunarsjóðinn til að uppfylla það markmið sem þingsályktunartillagan fjallaði um þá hefði þurft að breyta lögum um þróunarsjóð, skilgreina hlutverk þróunarsjóðs upp á nýtt og taka tillit til þeirra verkefna sem honum hafa verið falin sem var ólokið á þeim tíma er tillagan var samþykkt. Rannsóknaskipið Árni Friðriksson var þá í smíðum. Það var ekki komið til landsins og ekki komið í notkun. Þá var staða sjóðsins óljós hvað þetta varðar og á þeim tíma engin leið að sjá fyrir að það yrði endilega einhver afgangur af sjóðnum sem gæti runnið til hafrannsókna eins og lögin þá og eins og lögin nú standa til.

Með öðrum orðum hefði þurft að endurskilgreina hlutverk sjóðsins og jafnvel að gera ráð fyrir því að afla honum aukinna tekna til viðbótar við þær tekjur sem hann hafði þá enda var ekki fyrir séð hvernig sjóðurinn ætti að standa skil á sínum málum þegar þar var komið sögu. Hugsanlega hefði þurft að framlengja hlutverk þróunarsjóðsins og halda áfram gjaldtökunni eftir að veiðigjaldið hefur verið tekið upp. En eins og hv. þingmenn vita hefur þróunarsjóðsgjaldið verið lagt af og veiðigjald tekið upp í stað þess. Ég lít því ekki svo á að nein kvöð hvíli á Þróunarsjóði sjávarútvegsins, jafnvel þótt hann sé nefndur í aukasetningu þessarar þingsályktunar, um að hann eigi að taka að sér einhver verkefni tengd gömlum skipum og bátum heldur kveði lögin um þróunarsjóð á um það að verði einhver afgangur þá renni hann til hafrannsókna, að þau lög gildi og eigi að ganga eftir.

Hv. þingmenn hafa því spurt: Hvað hefur menntamálaráðherra, sem þingsályktunartillögunni var vísað til, því að þessi mál heyra undir hann, gert til að uppfylla þessa þingsályktun? Reyndar hefur komið fram hjá hv. þingmönnum að þeir hafa efasemdir um að ég geti svarað því hér í dag.

Það vill hins vegar þannig til að u.þ.b. tveimur og hálfum mánuði eftir að frumvarpið sem hér er til umræðu var lagt fram, um breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, svaraði hæstv. menntamálaráðherra fyrirspurn um þetta efni hér í þinginu. Þar kemur fram að menntamálaráðherra skipaði nefnd í framhaldi af þingsályktunartillögunni. Sú nefnd hefur lagt hugmyndir sínar fyrir menntamálaráðherra og í helstu dráttum eru tillögurnar eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Heimilt verði að friðlýsa gamla báta í neyðartilvikum.

Leita þurfi álits „skipavarðveislunefndar“ um stórvægilegar breytingar, förgun eða sölu gamalla báta úr landi, t.d. öllum sem smíðaðir eru fyrir 1940.

Í þjóðminjalögum verði nánari ákvæði um meðferð og varðveislu gamalla báta og skipsflaka.

Stofnaður verði skipavarðveislusjóður með framlögum úr ríkissjóði og lágu gjaldi á alla haffæra báta.

Skipavarðveislunefnd verði sett á laggirnar til að sjá um ofangreind efni.

Eigendum gamalla báta verði gert auðveldara að hirða um þá með lækkun opinberra gjalda gegn því að notkun bátanna verði takmörkum háð (sumarsiglingar, ekki í atvinnuskyni o.s.frv.).“

Í svarinu kemur fram að menntamálaráðherra hafði ráð-

fært sig við Þjóðminjasafnið og í lokin segir hæstv. menntamálaráðherra að að mörgu sé að hyggja í málinu og þessar tillögur séu til sérstakrar skoðunar og þá ekki síst í ljósi þess að hæstv. ráðherra hefur ákveðið að fram fari endurskoðun á þjóðminjalögum. Það er í þessum farvegi sem málið er hjá hæstv. menntamálaráðherra í framhaldi af samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Þar af leiðandi tel ég að engar kröfur séu áhvílandi á þróunarsjóðnum sem snúa að gömlum skipum og bátum og því sé það einfaldlega bæði rétt og réttmætt að þeir fjármunir sem eftir kunna að standa renni til hafrannsókna eins og lögin hafa alltaf gert ráð fyrir, eins og lögin gerðu ráð fyrir þegar verkefnið var skilgreint og eins og þeir sem greiddu gjöldin í sjóðinn gerðu ráð fyrir að fjármunum yrði varið ef eitthvað stæði eftir.

Ef þetta hefði átt að vera einhvern veginn öðruvísi hefði þurft að breyta lögunum um Þróunarsjóðinn, það hefði þurft að skilgreina hann upp á nýtt, jafnvel sjá honum fyrir öðrum tekjum. Ég verð að segja, frú forseti, og ég veit að ég hef sagt það áður úr þessum ræðustóli, að ég undrast það mjög að einmitt þeir hv. þingmenn sem hér hafa talað skuli leggja til að fjármunir til hafrannsókna verði skornir niður.

Ég veit að þeir tala um að leita eigi þessara fjármuna annars staðar. En hvers vegna er betra að taka fjármuni frá hafrannsóknum og færa þá til gamalla skipa og báta og leita síðan einhverra annarra fjármuna til hafrannsókna? Af hverju ekki bara einfaldlega að leyfa þeim fjármunum sem eiga að fara til hafrannsókna að fara til hafrannsókna og leita síðan með hæstv. menntamálaráðherra að fjármunum til verkefnisins Varðveisla gamalla báta og skipa? Ég get ekki skilið, sérstaklega ekki með tilliti til þess hvernig hv. þingmenn hafa talað á síðustu missirum, hvað þeir hafa talað mikið, oft og í sumum tilfellum hátt um að bæta þurfi hafrannsóknir, að auka þurfi þá fjármuni sem þangað eiga að renna.

Ég hef tekið undir með hv. þingmönnum hvað þetta varðar og er að leitast við að tryggja að þeir fjármunir sem lög standa til að renni til hafrannsókna geri það. Því legg ég til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kemur frá meiri hluta hv. sjávarútvegsnefndar.

[18:36]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram í máli hæstv. sjávarútvegsráðherra að eitthvað í orðfari mínu gengi fram af honum. Ég óska eftir því að hann geri grein fyrir því hvað það var, því að mér er í rauninni alveg óskiljanlegt hvað það ætti mögulega að vera.

[18:36]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir nú eiginlega hálfu verra að ég þurfi að segja hv. þingmanni við hvað ég á. Það sem ég á við er þegar hann er að brigsla mönnum um svik og aumingjaskap og að standa ekki við það sem þeir segja þegar þeir eru að vinna umbjóðendum sínum heilt. Mér finnst slíkar ásakanir ekki eiga við í umræðum á hv. Alþingi.

[18:37]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það virðist vera að hæstv. ráðherra hafi ekki lagt við hlustir vegna þess að ég sagði einmitt að það væri ekki um aumingjaskap að ræða, heldur kallaði ég hlutina einfaldlega sínum réttu nöfnum. Ef menn standa ekki við orð sín og ekki við gefin loforð, hvað er það annað en svik, hæstv. ráðherra? Þetta er bara að tala hreint út um hlutina. Auðvitað eru það svik þegar menn handsala samning eins og hæstv. heilbrigðisráðherra gerði í Þjóðmenningarhúsinu og lofaði öryrkjum 500 milljónum. Það eru svik. Sama er með fjórmenningana sem ég taldi upp í ræðunni fyrr, að þegar þeir lofa sóknarkerfi fyrir kosningar og síðan greiða þeir atkvæði á móti því eftir kosningar. Það eru ekki annað en svik, í mínum huga er það ekkert annað.

Ég taldi þetta einmitt ekki vera merki um aumingjaskap heldur er þetta að standa ekki við orð sín (Forseti hringir.) og þetta er einfaldlega að kalla hlutina sínum réttu nöfnum.

[18:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru ekki svik þótt hv. þingmenn komi ekki öllum hugðarefnum sínum fram. Það vita allir sem vilja vita að þeir hv. þingmenn sem hér um ræðir hafa staðið vel fyrir sínum málum og reynt að koma þeim fram en þeim hefur einfaldlega ekki tekist það. Þeir hafa því þurft að gera málamiðlanir og komið þannig hagsmunum umbjóðenda sinna vel fyrir borð.

Síðan varðandi hæstv. heilbrigðisráðherra var það sjálfsagt mismæli hjá hv. þingmanni þegar hann sagði 500 milljónir. Það sem heilbrigðisráðherra skrifaði undir var 1 milljarður og við það stóð hann.

[18:39]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég spurði hæstv. sjávarútvegsráðherra nokkurra spurninga í ræðu minni. Ein af þeim var hvort ráðherra liti ekki á þá þingsályktunartillögu sem við höfum verið að ræða sem kvöð á þróunarsjóðnum. Því svaraði ráðherra skýrt, hann telur ekki um það að ræða að þingsályktunartillagan sé nein kvöð á þróunarsjóðnum.

Ráðherrann lætur finnst mér eins og hann þekki ekki forsögu þessa máls. Hæstv. ráðherra gerir sér upp vankunnáttu, og það gera menn stundum þegar þeir standa frammi fyrir hlutum eins og hér, vegna þess að það vill þannig til að lagt var fram frumvarp um breytingu á lögum um þróunarsjóð. Ég veit að lögin um þróunarsjóð segja að þegar hann verður lagður niður eigi þeir fjármunir sem eftir verða, verði þeir einhverjir, að renna til hafrannsókna. En það voru fimm hv. þingmenn sem lögðu fram frumvarp um breytingu akkúrat á þeim lögum.

Það vill svo til að þessir sömu hv. þingmenn eru eða voru allir á þeim tíma í sjávarútvegsnefnd. Þegar málið kemur þangað inn eftir 1. umr. taka þessir hv. þingmenn sig til og breyta málinu í þingsályktunartillögu. Telur hæstv. ráðherra virkilega að allir þessir flutningsmenn frumvarpsins hafi talið sig vera með því að drepa málinu á dreif, tekið

það úr sjávarútvegsnefnd til að drepa málinu á dreif?

Hæstv. ráðherra sagði að hv. þingmönnum tækist ekki oft eða ekki alltaf að koma hugðarefnum sínum í framkvæmd. Ég er viss um að þeir hv. þingmenn sem lögðu fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um þróunarsjóð og stóðu síðan allir sem einn að því að leggja fram þingsályktunartillögu um sama mál hafi talið sig hafa komið málum sínum í höfn. Þessir hv. þingmenn hafa ekki trúað því á þeim tíma að verið væri að tæla þá, verið væri að svíkja þá til þess að breyta frumvarpi um breytingu á lögum í þingsályktunartillögu til að hæstv. ráðherra gæti staðið hér fimm árum síðar og sagt: (Forseti hringir.) Ja, þetta er nú bara þingsályktunartillaga.

[18:41]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki að gera mér upp neina vankunnáttu og kannast ekki við að nein vankunnátta hafi komið fram hjá mér í málinu. En frumvarp hv. þingmanna sem var vitnað til, sem síðan var breytt í þingsályktunartillögu, snerist ekki um það sem eftir stæði af sjóðnum. Það snerist um starfsemi sjóðsins og hvernig fjármunum og tekjum sjóðsins væri varið. Við erum ekkert að fjalla um það núna.

Nú erum við fjalla um að uppfylla þau lög sem standa til þess að þeir fjármunir fari til hafrannsókna. Síðan er verkefnið Varðveisla gamalla skipa og báta á færi menntamálaráðherra og eins og ég sagði frá hérna áðan hefur hún skýrt frá því í hvaða farvegi það mál er í ráðuneytinu. Það eru ekki þau tengsl á milli þessara tveggja mála sem hér um ræðir.

Fjármunirnir sem eftir standa í þróunarsjóðnum urðu bara til á öðrum forsendum og það er við þær forsendur sem við eigum að standa. Síðan er þingsályktunartillagan annað mál og ég er alls ekki að lýsa mig mótfallinn því að varðveita gömul skip og báta. En það á ekki að rugla því saman við þá fjármuni sem eiga að renna til hafrannsókna og við eigum alls ekki í kappi okkar við að varðveita gömul skip og báta að skerða þá fjármuni sem til hafrannsókna fara. Við skulum frekar vinna að því að fá fjármuni til varðveislu gamalla skipa og báta en halda þeim fjármunum inni sem eiga að fara til hafrannsókna.

[18:43]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með svör ráðherrans og hvernig hann tekur á því máli sem hér liggur fyrir.

Hæstv. ráðherra getur kannski upplýst okkur, hann gerði það ekki í svari sínu, hvernig hæstv. menntamálaráðherra hefur sóst eftir þeim fjármunum sem talað var um að ættu að koma úr Þróunarsjóði til að varðveita gömul skip og báta. Hann fór yfir hvað hæstv. menntamálaráðherra hefur gert með nefndarskipan og einhverjar tillögur sem uppi eru í því efni, en hæstv. ráðherra upplýsti okkur ekki um hvernig hæstv. menntamálaráðherra hefur sóst eftir þeim fjármunum sem þingsályktunartillagan gerði ráð fyrir að kæmu m.a. úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins í þetta verkefni.

Reyndar gerði hæstv. ráðherra lítið úr þeirri setningu í þingsályktunartillögunni, kallaði hana aukasetningu. Ég verð að viðurkenna, frú forseti, að ég áttaði mig ekki á því að þegar maður setur fram þingsályktunartillögur að þar væru aðalsetningar og aukasetningar. Ég hélt að þessi þingsályktunartillaga segði með mjög skýrum hætti að m.a. ætti þróunarsjóðurinn að taka þátt í því að varðveita gömul skip og báta.

[18:44]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lýsa því yfir að ég sé eitthvað sérstaklega sterkur í setningafræði en ég er hins vegar alveg klár á því að þetta er aukasetning samkvæmt setningafræðinni.

Varðandi spurninguna um hvað menntamálaráðherra hefur gert í þessum efnum þá get ég ekki upplýst meira um það en var í svarinu sem hæstv. ráðherra gaf fyrr í vetur, í febrúar, eins og ég sagði tveimur og hálfum mánuði eftir að frumvarpið var lagt fram, en ég geri fastlega ráð fyrir að menntamálaráðherra fylgi málinu eftir eins og kemur fram í svarinu frá því í febrúar.

[18:45]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hæstv. sjávarútvegsráðherra minna svolítið á vélarvana skip sem hrekst undan stormi og stórsjó í tilraunum sínum til að reyna að verja þróunarsjóðinn gegn ásælni okkar stjórnarandstöðuþingmanna sem viljum ekki nota allan sjóðinn, alls ekki allan sjóðinn, það er mikill misskilningur ef menn halda það, heldur einhvern hluta af þessum peningum til varðveislu gamalla minja sem tengjast sjávarútvegi. Við erum að tala um sjóð sem er mjög stór. Samkvæmt þeim upplýsingum sem sjávarútvegsnefnd fékk frá starfsmanni sjávarútvegsráðuneytisins er um að ræða sjóð sem hljóðar kannski upp á rúman hálfan milljarð króna, og þó að ekki tækist að fá nema einhverja tugi milljóna króna í það verkefni að varðveita gömul skip og báta og aðrar minjar sem tengjast sjávarútvegi væri hægt að gera alveg ævintýralega hluti fyrir þá peninga. Það er þetta sem við erum að tala um. Við erum ekki að tala um það að taka allan þennan stóra peningahaug og setja hann í fornminjar, langt í frá.

Af því að hæstv. sjávarútvegsráðherra gerir mikið úr því að þetta heyri allt saman undir menntamálaráðuneytið þá finnst mér það ákveðin rökvilla hjá honum því að mig rekur minni til þess að í sjávarútvegsráðuneytinu hafi starfsaðstöðu sagnfræðingur, Jón Þ. Þór, sem hefur skilað mjög merkilegu verki, m.a. verið að rita sögu sjávarútvegsins, og það vill svo til að ég á í safni mínu fyrstu tvö bindin sem komið hafa út í því ritverki og ef ég man rétt skrifar sjávarútvegsráðherra sjálfur innganginn að a.m.k. öðru bindanna þar sem hann talar mjög fjálglega um mikilvægi þess að varðveita sögu sjávarútvegsins. Þarna hefur, alla vega get ég ekki betur séð, sjávarútvegsráðuneytið tekið að sér að halda utan um starf sagnfræðings sem er að rita sögu sjávarútvegsins. Hvers vegna í ósköpunum ætti það þá ekki líka að heyra undir menntamálaráðuneytið ef varðveisla gamalla

skipa og báta heyrir undir það sama ráðuneyti?

[18:47]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Myndast hefur sú hefð að ráðuneytin hafa sjálfstæði um það hvort skrifuð sé saga þeirra eða starfsgreina þeirra. Eins og hv. þingmenn muna stóð forsætisráðuneytið fyrir því að saga Stjórnarráðsins var skrifuð á síðasta ári, á 100 ára afmæli Stjórnarráðsins, þannig að það er engin þversögn í því. Hins vegar, eins og kom fram hjá mér fyrr í dag, heyrir varðveisla gamalla skipa og báta undir menntamálaráðuneytið og þar er unnið að því málefni á forsendum þjóðminjalaga og verður eflaust gert áfram.

Það er sjálfsagt rétt hjá hv. þingmanni að hægt er að gera ævintýralega hluti með þessum peningum í sambandi við varðveislu gamalla skipa og báta en það er líka hægt að gera ævintýralega hluti með þeim í hafrannsóknum. Ég held að við ættum að halda okkur við það eins og lögin kveða á um en ekki að skerða þá þvert á aðra hluti sem við höfum rætt í þinginu.

[18:49]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst gæta nokkurs misskilnings í þessu hjá hæstv. ráðherra því að við erum ekki að tala um að taka allar þessar 500–600 milljónir í það að varðveita gamlar minjar, við erum kannski að tala um að taka eitthvert brot af því fé, a.m.k. hef ég skilið það svo. Ég fæ heldur ekki skilið að sjávarútvegsráðuneytið, ef það á annað borð er að sjá til þess að saga sjávarútvegsins sé færð til bókar, geti þá ekki beitt sér fyrir því, ef vilji væri fyrir hendi, að það mál sem við höfum verið að reyna að tala fyrir í dag nái fram að ganga. Það þarf ekkert annað til en viljann. Ég kaupi það ekki að menn skjóti sér undan þessu með því að vísa í að málið heyri undir menntamálaráðuneytið, vísa í þjóðminjalög og vera með einhvers konar þvergirðingslegan og ferkantaðan hugsunarhátt. Þetta er bara spurning um vilja. Enn og aftur heiti ég á hæstv. ráðherra að sjá til þess að taka tillit til þessara sjónarmiða.

[18:50]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er einfaldlega að vísa til þess undir hvern verkefnið heyrir í Stjórnarráðinu vegna þess að verið er að ásaka mig um vanrækslu, verið er að ásaka mig um að hafa ekki fylgt eftir þingsályktuninni. Þingsályktuninni var ekki vísað til mín, henni var vísað til annars hæstv. ráðherra og sá ráðherra vinnur í málinu.

Varðandi það hvort sjávarútvegsráðherra gæti ekki lagt málinu lið, þ.e. að varðveita gömul skip og báta. Að sjálfsögðu gæti sjávarútvegsráðuneytið gert það og er alls ekkert ólíklegt að það geri það. Ég vil hins vegar ekki gera það á kostnað hafrannsókna. Ég vil að þeir fjármunir sem við höfum ákveðið á hv. Alþingi að renna eigi til hafrannsókna geri það. Ég vil ekki skerða þá, ég tel að þörf sé fyrir þá í hafrannsóknir.

[18:51]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég sé mig tilknúinn að koma aftur í ræðustól og ræða þetta mál nokkru nánar en gert var í dag, m.a. út frá þeim orðum sem komu fram í máli hæstv. ráðherra áðan.

Í fyrsta lagi vil ég upplýsa, hæstv. forseti, að sú þingsályktunartillaga sem málinu var breytt í af sjávarútvegsnefnd á sínum tíma var gerð með fullum vilja og vitund allra sjávarútvegsnefndarmanna, menn ræddu það einnig við fulltrúa frá þróunarsjóðnum — ef ég man rétt mættu þeir á fund nefndarinnar eða hvort það barst minnisblað frá þróunarsjóðnum — og síðan fram komu upplýsingar frá starfsmanni sjávarútvegsráðuneytisins, á minnisblaði sem átti uppruna sinn hjá starfsmanni þróunarsjóðsins, um að fjármunir í sjóðnum yrðu örugglega meiri en menn hefðu gert ráð fyrir vegna þess að þar hefðu komið til inngreiðslu eða innlausnar hlutdeildarskírteini sem menn höfðu áður talið verðlaus og voru tengd hlutafjársjóði atvinnutryggingardeildar sjávarútvegsins. Þegar farið var að sameina fyrirtæki var kvöð um að innleysa þessi skírteini og þróunarsjóðnum var falið að innheimta þetta fé og þar af leiðandi komu fjármunir í sjóðinn sem menn höfðu kannski áður talið að þyrfti að afskrifa og var jafnvel búið að afskrifa. Ég skora á hæstv. sjávarútvegsráðherra, áður en við ljúkum umræðunni, að fá þessar upplýsingar svart á hvítu. Þær eru örugglega til í ráðuneytinu, hjá starfsmanni sjávarútvegsráðuneytisins sem útvegaði mér þær á sínum tíma eftir að ég fór fram á að upplýsingarnar lægju fyrir í þinginu. Ég get svo sem fundið þær ef okkur tekst að verða sammála um að fresta umræðunni og koma henni í þann farveg að við séum tilbúnir að finna sátt í málinu.

Ég held hins vegar að túlkun á meðferð málsins megi ekki fara í þann farveg sem mér fannst hæstv. sjávarútvegsráðherra hálfpartinn beina því, að þar væri aðalsetning og síðan einhver sérstök aukasetning í þingsályktuninni um þetta. Þingsályktunin er heildstæð. Hún er ekki löng, hún er bara rétt rúmlega þrjár línur. Ég held að hæstv. ráðherra geti varla gert svo lítið úr okkur sem störfuðum í sjávarútvegsnefnd á þessum tíma að ætla að við höfum ekki vitað hvernig lögin um Þróunarsjóð sjávarútvegsins voru. Okkur var algerlega ljóst hvaða hlutverk Þróunarsjóður sjávarútvegsins hafði. Frumvarpið sem við lögðum fram, fimm þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkunum, um fjármögnun úr sjóðnum vegna þess að þar væru til meiri fjármunir en menn höfðu gert ráð fyrir byggði m.a. á því að okkur var algerlega ljóst hvernig þróunarsjóðurinn starfaði og að þar væru til fjármunir. Þess vegna var sömu þingmönnum algerlega ljóst, að viðbættum þeim sem í sjávarútvegsnefnd voru, hvaða efni stæðu til þess að breyta málinu í þingsályktunartillögu vegna þess að fjármunirnir væru til staðar. Hins vegar með því að breyta málinu í þingsályktunartillögu væri málinu veitt í þann farveg að sjávarútvegsráðherra gæti haft áhrif á það, m.a. hvaða fjárveitingar yrðu settar út í þessu skyni en um það hafði birst ákveðin tillaga í frumvarpinu á sínum tíma þar sem miðað var við brúttórúmlestir skipa og styrk í því sambandi miðað við ákveðið ár, sem mig minnir að hafi verið 1990. Enda þótt ráðherra reyni að verja skoðun sína í málinu og ekki eigi að taka til-

lit til þingsályktunarinnar má hann ekki ætla okkur hv. þingmönnum það að við höfum ekki vitað hvernig lögin um Þróunarsjóð sjávarútvegsins voru. Okkur var það algerlega ljóst. Við töldum í raun og veru að með því að breyta málinu í þingsályktunartillögu og öll nefndin væri sammála um það og formaður nefndarinnar, starfandi á þeim tíma, flytti málið með samþykki allra sjávarútvegsnefndarmanna og málið þyrfti ekki að fara aftur til nefndar vegna þess að menn væru algerlega sammála, væri ígildi þess að um væri að ræða skýran vilja sem þyrfti ekki frekari umfjöllun. Við værum búnir að skoða málið frá öllum hliðum og með því að breyta því í þingsályktunartillögu væri í raun og veru verið að færa ráðherra það vald að hafa áhrif á þróun málsins án þess að hafna því, en það finnst mér ráðherra gera. Ráðherra hafnar málinu.

Með þingsályktuninni var auðvitað verið að færa honum það vald að hafa áhrif á afgreiðslu málsins og móta m.a. tillögur um hvaða upphæð hann gæti hugsanlega fallist á að varið yrði í þetta verkefni úr þróunarsjóðnum, þ.e. að í því sambandi yrðu mótaðar reglur um fjármögnun og m.a. að Þróunarsjóður sjávarútvegsins tæki þátt í því. Með því að breyta málinu í þingsályktunartillögu var ráðherra auðvitað gefið það vald að hafa áhrif á hversu miklir fjármunir rynnu í verkefnið, hvenær þeim yrði varið til þess, og ég hef kannski leyft mér að skilja ráðherra þannig undanfarin ár, frá árinu 2000 þegar tillagan var samþykkt en þar sagði m.a. í greinargerð, ef ég man rétt, að ríkisstjórninni sé falið að taka tillit til þessarar samþykktar þegar á því ári. Ég er ekki með hana fyrir framan mig, virðulegi forseti, en það var árið 2000 sem tillagan var samþykkt, 9. maí 2000, ef ég man rétt. Þar af leiðandi var ráðherra gefið þetta svigrúm að móta tillögur eða reglur. Ég hef leyft mér að skilja það svo að á því ári, árinu 2000, hafi menn ekki náð saman um þá niðurstöðu og lét því kyrrt liggja allt það ár en spurði hins vegar um það á árinu 2001 í lok þings, ef ég man rétt, hvert málið væri að þróast og fékk þá svör frá hæstv. forsætisráðherra um meðferð þingsályktana almennt. Ég held að þau séu til í sérstöku þingskjali sem hæstv. forsætisráðherra lét útbúa þar sem m.a. var vitnað til þess að menntamálaráðherra fengi málið til skoðunar, og að sjálfsögðu þar sem málið sneri að Þróunarsjóði sjávarútvegsins hafði hæstv. sjávarútvegsráðherra veruleg tök á því að hafa mótandi áhrif á niðurstöðu tillögunnar.

Það hvarflaði aldrei að okkur sem afgreiddum þessa tillögu út úr sjávarútvegsnefnd að niðurstaðan yrði sú að svigrúmið sem sjávarútvegsráðherra fékk með tillögunni yrði svo notað til þess að hafna málinu algjörlega. Það er algjör rangtúlkun á vilja sjávarútvegsnefndar og rangtúlkun á vilja Alþingis og sjávarútvegsráðherra kemst bara ekki upp með að halda málinu í þeim farvegi og með þeim rökstuðningi. Við verðum þá að ræða það inn í nóttina eða daginn á morgun ef við ætlum að fara í þá umræðu.

Hæstv. ráðherra vék líka að því að ekki yrði fyrirséð um að fé yrði afgreitt úr þróunarsjóði. En eins og ég hef áður nefnt lágu þær upplýsingar fyrir þegar á árinu 2000 að það væru örugglega meiri fjármunir til í þróunarsjóðnum en menn hefðu gert ráð fyrir.

Hæstv. ráðherra vék einnig að auðlindagjaldinu og að það tæki við þegar þróunarsjóðurinn yrði lagður niður. Ég veit ekki hvort ég skildi ráðherrann rétt í sambandi við það, en ég spyr: Er hæstv. ráðherra að ýja að því að í auðlindagjaldinu verði sett ákveðin fjármögnun til varðveislu gamalla skipa? Á maður að skilja ráðherrann þannig? Ég hef ekki getað heyrt það á ráðherranum í dag að hann vilji leggja tillögunni lið eins og hún er fram sett eða breytingartillögu minni hluta sjávarútvegsnefndar um að 400 millj. yrðu markaðar í verkefnasjóðinn og þaðan til hafrannsókna. Það gætu verið mótaðar reglur til framtíðar um það sem út af stæði í samræmi við þingsályktunartillöguna um hvenær og hvernig það yrði greitt út og í hvaða verkefni. Sjávarútvegsráðherra gæti tekið upp samstarf við menntamálaráðherra um það. Mér fannst reyndar hálfpartinn að hæstv. ráðherra væri að lýsa því áðan að hann vildi hugsanlega taka upp eitthvert samstarf um varðveislu gamalla skipa og gæti hugsað sér eitthvert fjármagn í því sambandi. Þess vegna spyr ég: Var hæstv. ráðherra að ýja að því að um það gæti e.t.v. verið flötur að eitthvað af fjármagninu lægi til hliðar og um það yrði samið að það færi í þetta verkefni og ráðherrann gæti haft áhrif á það?

Ef það er eingöngu metnaður ráðherrans að hann geti fengið að úthluta einhverju fé, hvort sem það er í gegnum verkefnasjóðinn eða frá sjálfum sér og ráðuneytinu til varðveislu gamalla skipa, geri ég ráð fyrir að við hv. þingmenn sem viljum málinu framgang mundum sætta okkur við það ef það fullnægir metnaði ráðherrans. Þó veit ég það ekki. En ég vona að málið snúist ekki um það hjá hæstv. ráðherra heldur snúist það almennt um að vilja koma að málinu þó að hann sé búinn að koma sér í þá leiðinlegu stöðu að vera á móti mjög þörfu og góðu máli og hefur reynt að misskilja það og leggja út af því með þeim hætti að þetta sé alls ekki verkefni sjóðsins og engar kvaðir eða kröfur séu á þróunarsjóðnum í þá veru.

Þegar hv. Alþingi hefur samþykkt þingsályktun sem allir eru sammála í atkvæðagreiðslu og vitnað er til þess í þingsályktun að þróunarsjóður komi m.a. að þeim verkefnum og taki þátt í þeim tel ég algjörlega skýrt að búið sé að samþykkja kröfur eða kvaðir á þróunarsjóðinn. Ég get ekki skilið málið öðruvísi. Ef það er ekki réttur skilningur held ég að við þurfum æðioft að fara nákvæmar ofan í efni þingsályktunartillagna í framtíðinni, ef það þýðir ekki neitt þó að sagt sé í þingsályktun að fé skuli renna úr fjárlögum eða fé skuli renna einhvers staðar annars staðar frá úr einhverjum sjóðum sem eru til staðar, og þeir eru nú fjölmargir í þjóðfélaginu, eða úr ákveðnum verkefnum sem tekið hefur verið frá til ákveðinna verkefna. Ef það þýðir ekki neitt þurfa starfsmenn þingsins að leiðbeina okkur alveg upp á nýtt og sérstaklega hæstv. forseta við samningu þingsályktunartillagna. Þá gengur ekki að hafa þær svona. Þá þurfum við að fá nýja kennslustund í meðferð þingsályktunartillagna. Ég kem því formlega á framfæri við forsetaembættið að það dugar ekki að hafa textana eins og þeir eru vegna þess að sjávarútvegsráðherra skilur þá alls ekki eins og við hin.

Ég veit að starfsfólk þingsins er algjörlega í stakk búið til að leggja okkur lið í því að orða þetta með þeim hætti að hæstv. sjávarútvegsráðherra geti skilið þetta og er viss um að okkur muni takast það. Ráðherrann er langskólagenginn maður en ég veit náttúrlega að hann var á öðru sviði en

skipasviði þegar hann var að læra. Það var meira um líffræði og jafnvel færanlega hluti eins og lifandi skepnur o.s.frv. En ráðherra er bráðskarpur maður og getur örugglega skilið málið eins og við skiljum það og viljum meina að þingsályktunartillagan sé. Þess vegna held ég að ef svo er komið fyrir okkur að ráðherra skilur tillöguna alls ekki eins og við samþykktum hana þurfum við að vanda okkur í framtíðinni varðandi þingsályktanir að þessu leyti.

Hæstv. ráðherra minntist á að við hefðum talað um tekjur úr þróunarsjóðnum til varðveislu gamalla skipa á þeim tíma þegar frumvarpið kom fram. Ég er því miður ekki með þingmálið fyrir framan mig en í meðfylgjandi greinargerð var sérstök upptalning á þeim fjármunum sem talið var að væru að koma í þróunarsjóð eða væru komnir þangað sem var áður búið að afskrifa í reikningum sjóðsins. Það tengdist þeim sjóði sem kallaður var hlutafjársjóður, ef ég man rétt, og var ætlaður til að leggja fyrirtækjum sem voru í erfiðleikum stödd til aukið hlutafé og rekstrarfé.

Hæstv. forseti. Ég vona svo sannarlega að þessi ræða mín valdi því ekki að ráðherra verði meira á móti málinu en áður. Hann hefur verið frekar í bakkgír með málið. Ég átta mig hins vegar ekki á því hvers vegna hann vill ekki taka upp viðræður við hæstv. menntamálaráðherra um málið, en það eru hæg heimatökin núna þar sem hæstv. sjávarútvegsráðherra gegnir menntamálaráðherrahlutverkinu. Ég ráðlegg honum, af því að klukkan er meira en sjö og við frestum sem sagt málinu, að prófa að vakna í nótt og fara öðrum megin fram úr rúminu en í morgun og skoða málið með því sjónarhorni og athuga hvort við getum ekki lent málinu. Ég trúi ekki að hæstv. sjávarútvegsráðherra sé með neinn illvilja í málinu. Ég held að hann sé haldinn einhverjum misskilningi sem þarf að leiðrétta og hann getur auðvitað áttað sig á þessu í rólegheitum og við þá tekið málið til betri meðferðar.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, skora á ráðherrann í fullri alvöru að skoða málið betur og velta því virkilega vel fyrir sér hvort ekki sé rétt að hann og menntamálaráðherra — sem er sami maðurinn þessa stundina — skiptist svolítið á skoðunum um hvernig lenda mætti málinu.

Ég ræddi þetta mál aðeins við hæstv. menntamálaráðherra um daginn og gat ekki annað heyrt á henni en hún hefði mikinn áhuga á því að koma málinu í höfn og að sjálfsagt væri að sækjast eftir einhverjum fjármunum frá meðráðherranum, sjávarútvegsráðherra í þessu tilviki. Ég veit ekki hvort hún hafi mætt mjög neikvæðri afstöðu og þar af leiðandi sé málið komið í einhvern allt annan farveg en ég taldi að það væri í.

Ég tel hins vegar að sú breytingartillaga sem minni hlutinn kemur fram með sé mikil sáttaleið í málinu og sé enga ástæðu til annars en að hæstv. ráðherra skoði þá tillögu með miklum velvilja. Hann kæmist frá málinu með fullum sóma með því að taka tillit til þeirrar tillögu og ég legg til að hann beiti sér fyrir því að við náum góðri og jákvæðri lendingu í málinu þannig að allir megi sæmilega sáttir upp standa.

[19:10]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Árið 2000 gat engum verið ljóst hver niðurstaða í þróunarsjóðnum yrði ef hann yrði lagður af árið 2005. Alþjóðafjármálin, gengi gjaldmiðla og tekjur sjóðsins sveiflast allt of mikið til að það hafi getað verið ljóst þá. Hafi einhverjir tjáð sig um það þá hefur það verið byggt á jákvæðum spám og verið spá ein.

Varðandi það hvað hæstv. menntamálaráðherra hefur í huga get ég ekkert útlistað það meira en hún hefur gert í ræðu á þinginu og get ekki útfært þær gjaldtökuhugmyndir sem þar voru nefndar neitt frekar, en þær hafa ekki verið nefndar í tengslum við auðlindagjaldið eða veiðileyfagjaldið.

Síðan er það auðvitað misskilningur hjá hv. þingmanni að telja að ég sé eitthvað á móti því að varðveita gömul skip og báta. Ég er einfaldlega á móti því að rýra þá fjármuni sem renna eiga til hafrannsókna. Ég tel að hafrannsóknir okkar séu það mikilvægar að þeim veiti ekki af þeim krónum sem við á hv. Alþingi höfum ætlað til þeirra mála.

[19:12]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í andsvarinu upplýstist að ekkert liggur fyrir um að verið sé að finna fé í verkefni sem snúa að varðveislu gamalla skipa á milli hæstv. sjávarútvegsráðherra og hæstv. menntamálaráðherra.

Við höfum nokkrir þingmenn í dag minnst á nokkur verkefni sem þurfa talsverða fjármuni ef vel á að takast til við að endurbyggja skip og halda þeim við til framtíðar. Við höfum m.a. nefnt kútter Sigurfara, en það þarf mikla fjármuni til að gera hann upp og koma honum í það stand að hann verði sýningargripur til framtíðar og megi varðveita á sem bestan hátt. Ef hann yrði algjörlega endurbyggður væri jafnvel æskilegast að varðveita hann á floti til langframa. Hins vegar þarf það kannski ekki ef talsverðir fjármunir fást úr þróunarsjóðnum, ef það yrðu t.d. afgangs rúmar 100 millj. umfram 400 millj. væri hægt að gera verulegt átak í að bjarga því sem bjargað verður varðandi varðveislu gamalla skipa og í framtíðinni eftir að slíkt fjármagn væri fengið. En ekki held ég að það yrði auðsótt í fjárlögum og hefur ekki reynst vera það. Þar hafa menn verið að sletta ½ milljón og 1 milljón o.s.frv. í einstök dæmi og allt gott um það að segja. En ef það fengjust einu sinni virkilegir fjármunir til að gera bragarbót á þeim skipum sem verið er að varðveita gæti verið að slíkar fjárveitingar, sem fjárveitinganefnd hefur verið að setja í þetta á undanförnum árum, dygðu til viðhalds í framtíðina þegar búið væri að gera átak. Ég lýsi vonbrigðum yfir því að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi ekki tjáð sig um vilja til að koma að málinu með (Forseti hringir.) hæstv. menntamálaráðherra.

[19:15]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjávarútvegsráðherra talaði eins og þingsályktunartillagan sem títt hefur verið nefnd í dag væri marklaus, skipti engu máli. Sú þingsályktunartillaga var hugsuð út frá því að þegar að því kæmi að þessi sjóður

yrði lagður niður og lögum yrði breytt á Alþingi tækju menn tillit til þingsályktunartillögunnar og það er nákvæmlega það sem hæstv. ráðherra stendur núna fyrir, þ.e. að breyta lögum til að leggja niður þennan sjóð. Það var þá sem þessi þingsályktunartillaga átti í raun og veru að gilda, fara að virka ef menn væru ekki búnir fyrr að marka einhverjum fjármunum farveg úr sjóðnum til þessara hluta sem gat auðvitað líka gerst ef menn hefðu unnið hratt í þessu máli. En fyrst og fremst voru menn að hugsa til loka sjóðsins eða það var a.m.k. mín skoðun á þeim tíma sem við fjölluðum um þetta, að menn væru að hugsa fyrst og fremst til loka sjóðsins þegar að þessu kæmi. Hæstv. ráðherra tók einhvern veginn þannig til orða áðan að ekkert samband væri milli þessara mála, þ.e. þess þingmáls, frumvarps sem nú liggur fyrir og þingsályktunartillögunnar.

Ég get ekki sætt mig við svona málflutning frá hendi hæstv. ráðherra því viljinn í þingsályktunartillögunni er ekkert vafamál. Það liggur algerlega í augum uppi hvað menn ætluðu sér og auðvitað er hægt að taka undir með hæstv. ráðherra að menn vilji, og hafi margsagt það í sölum Alþingis, styðja við það að meiri fjármunir séu til hafrannsókna. En viljinn til að taka á þessu máli liggur líka fyrir. Hann liggur fyrir í þingsályktunartillögunni.

Hæstv. ráðherra talaði eins og hann hefði enga ábyrgð á þessu máli. Hann er þó í ríkisstjórninni og hún hlýtur sem slík að bera ábyrgð á að framkvæma þingsályktunartillögur. Menn hljóta að þurfa að sameinast um að gera hlutina með skynsamlegum hætti þegar þeir hafa verið samþykktir á Alþingi. Þingsályktunartillagan liggur fyrir, henni er vísað til menntamálaráðherra til að framkvæma hana. Það er alger lágmarkskrafa að fyrir liggi hvernig menn ætla að uppfylla það sem í þeirri þingsályktun var þegar að lokum kemur eins og nú er, þ.e. að loka þessum sjóði. Ég ætla bara að segja að mér finnst Alþingi vera gerð mikil niðurlæging með þessari meðferð mála. Það er ekki boðlegt að svona sé farið með vilja Alþingis eins og hér stendur til að gera.

Þá kem ég að hlut hæstv. menntamálaráðherra í málinu. Hæstv. sjávarútvegsráðherra vitnaði í svör hæstv. menntamálaráðherra um það í hvaða farvegi þetta mál væri. Ég ætla svo sem ekkert að setja út á þann farveg sem hæstv. ráðherra hefur í nánd nema að einu leyti að svo virðist ekki vera að hæstv. menntamálaráðherra hafi fylgt þeim vilja Alþingis eftir sem kom fram í þingsályktunartillögunni og sóst eftir þeim fjármunum sem gert var ráð fyrir í þingsályktunartillögunni að yrðu til staðar. Það finnst mér vera til minnkunar hæstv. menntamálaráðherra að notfæra sér ekki þá möguleika sem eru til staðar í samkvæmt ályktun Alþingis til að tryggja fjármuni í þetta verkefni.

Ég ætla svo sem ekki að setja út á eða gera einhverjar sérstakar athugasemdir við það hvort hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur mikinn eða lítinn vilja til að standa að varðveislu gamalla skipa. Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að hafa mikinn vilja til þess. Mér finnst að þeir sem báru ábyrgð á þeim lögum sem voru um Þróunarsjóðinn og fylgdu eftir þeim vilja sem var í þeim lögum, sem var fylgt fram með því að bera á bálið hin bestu skip, höggva í spón og saga niður, mér finnst að þeir sem bera ábyrgð á þeirri vegferð allri eigi að finna til þeirrar ábyrgðar og ættu að ganga manna fremstir í því að reyna að bjarga því sem bjargað verður af því sem eftir er af þeim fulltrúum þessarar gömlu skipaheftar á Íslandi. Og það eru mörg verkefni sem þarna eru til staðar og eru í raun og veru að glatast að hluta til, drabbast niður, sem verður ekki til annars en að kostnaðurinn verður enn þá meiri en hann annars yrði við það að koma þeim í það ástand sem þau þyrftu að komast í. Við sjáum þetta allt í kringum okkur. Í heimabæ mínum standa t.d. tvö skip sem eru mjög góðir fulltrúar þess tíma sem þau voru notuð á. Kútter, sem var gríðarlega merkilegt skip á sínum tíma í upphafi síðustu aldar og skip, Höfrungur, sem var smíðað á Akranesi upp úr miðri síðustu öld og var í raun og veru fjölveiðiskip þess tíma, notað á vertíðum, notað við öll hugsanleg veiðarfæri, notað til síldveiða á sumrum. Skipið var íslensk hönnun og smíðað af Íslendingum, var happaskip og það er auðvitað alger fásinna að ekki skuli vera sá manndómur í okkur Íslendingum, að það skuli vera þannig að þessi fulltrúi þessa tíma sem Höfrungur er skuli ekki vera kominn fyrir löngu í almennilega varðveislu til framtíðar. Það eru auðvitað fleiri sem ættu þar að koma til, t.d. arftaki þess fyrirtækis sem átti þetta mikla happaskip og naut þess í gegnum áratugi hvað afraksturinn af rekstri þess skips var góður og hve vel hafði tekist til á allan hátt með smíði þess skips og eiginleikar þess voru rómaðir.

Ég er vissulega að tala um skip sem ég þekki en það er fullt af skipum í kringum landið til enn þá sem betur fer. Þau fóru ekki öll á bálið. Menn sáu að sér áður. Menn tóku kröfuna af um að höggva skyldi þessi skip í spón eða setja þau á bálið, höfðu hana ekki lengur að kvöð á útgerðarmönnum sem sóttust eftir fjármunum úr þróunarsjóði.

Þessi tillaga, breytingartillagan frá minni hluta sjávarútvegsnefndar, fer kannski eitthvað í taugarnar á hæstv. ráðherra en hún er í raun og veru mjög sanngjörn miðað við þær hugmyndir sem hæstv. ráðherra hafði á bak við lagafrumvarp sitt. Hæstv. ráðherra gerði ráð fyrir að hafa um 300–400 milljónir upp úr krafsinu þegar hann lagði fram frumvarp sitt. Breytingartillagan gengur út á að hæstv. ráðherra fái öllum sínum óskum fullnægt, hann fái 400 milljónir, hann fái hærri töluna en ef eitthvað verður eftir fram yfir það megi nýta það í öðru skyni. En það er ekki nóg, hæstv. ráðherra finnst það ekki nóg. Hann verður að fá það allt saman. Það veit svo sem enginn hvað það verður. En við sem erum í nefndinni töldum eftir samtal við þá sem best vita um ástand þessa sjóðs að einhverjir fjármunir yrðu eftir fram yfir þessar 400 milljónir og töldum að skynsamlegt væri og sanngjarnt að gera tillöguna með þeim hætti að hæstv. ráðherra fengi efri mörkin á draumum sínum uppfyllt en afgangurinn, ef hann yrði til staðar, væri þá til ráðstöfunar. En þetta dugar ekki hæstv. ráðherra. Honum finnst að hann verði að fá þetta allt saman og lemur okkur hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar með því að við séum á móti hafrannsóknum, af því að við viljum að staðið verði við þessa þingsályktun Alþingis. Mér finnst það ekki sanngjarnt og ég ætla að endurtaka það enn einu sinni, mér finnst það niðurlægjandi fyrir Alþingi að menn skuli ekki fara eftir þeim ályktunum sem þar eru gerðar og þó svo að hæstv. ráðherra finnist lög standa ofar en þingsályktanir verða menn að skoða málið í ljósi þess hvernig að þeim var staðið. Lögin um Þróunarsjóðinn voru til staðar þegar þingsályktun var sett og þingsályktun er auðvitað gerð

löngu eftir að þróunarsjóðslögin tóku gildi þannig að Alþingi var í raun að lýsa vilja sínum á mjög skýran hátt þrátt fyrir lögin um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Ef ráðherra ætlar að halda sig við skýringar sínar á þessu máli er hann í raun og veru að segja að þeir sem samþykktu þessa þingsályktunartillögu, 49 þingmenn í sölum Alþingis, þar af átta ráðherrar, hafi ekkert í sinn haus vitað. Þeir hafi verið að samþykkja einhverja vitleysu, það hafi ekkert verið að marka þetta. Það er ekki nema von að menn verði argir í sölum Alþingis þegar á að ræða mál þar sem svona er í pottinn búið.

Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti eins og nú háttar, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, að brjóta odd af oflæti sínu. Hæstv. ráðherra hlýtur að vera það ljóst að Alþingi gerði þessa ályktun með fullu ráði og rænu og Alþingi var ekki að gera þetta að gamni sínu heldur var vilji á bak við tillöguna. Það á auðvitað að virða þann vilja.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég trúi því ekki að þessi niðurstaða sem hæstv. ráðherra stendur að verði samþykkt í þinginu. Það er auðvitað niðurlægjandi fyrir þingið að gera það og þegar hv. þingmenn, stjórnarliðar, mæta í þingsal og þurfa að svara því við nafnakall hvort þeir séu tilbúnir að samþykkja þessa niðurstöðu verða þeir auðvitað minntir á áður en það nafnakall fer fram um hvað málið snýst. Það snýst um að þeir sem voru í þingsal á sínum tíma þegar þingsályktunartillagan var samþykkt snúi við blaðinu og taki aðra afstöðu en þeir höfðu þá. Og það snýst um það, ef niðurstaðan verður sú sem hæstv. ráðherra vill, að hér verði einu sinni sýnt fram á hvaða ofurtök ríkisstjórnin hefur á stjórnarliðinu. Það sé bara eins og sprellikarlar, hægt sé að kippa í spottann þegar ríkisstjórninni dettur það í hug. Þegar einhverjum hæstv. ráðherra dettur í hug að fara með mál í gegnum Alþingi skiptir engu máli þó að þingmenn hafi greitt atkvæði einhvern tíma öðruvísi áður. Ef ráðherra vill skal handleggurinn upp og á takkann, þann græna.

Háttvirtur formaður sjávarútvegsnefndar hefur ekki komið mikið til umræðu í dag. Hann mun ekki hafa verið einn af þeim sem greiddi atkvæði með málinu á sínum tíma. Hann sat þá í ríki sínu í Vestmannaeyjum. En hann ber ábyrgð í þessu máli, formaður sjávarútvegsnefndar. Hann ber sko sannarlega ábyrgð í þessu máli vegna þess að sjávarútvegsnefndin sjálf sameinaðist um þingsályktunartillöguna. Þótt hv. formaður sjávarútvegsnefndar hafi ekki verið í henni þá þá ætti hann að bera virðingu nefndarinnar fyrir brjósti og ekki ganga fram eins og þræll hæstv. sjávarútvegsráðherra í sal Alþingis, bara með það sem hann vill.

Það vantar eitthvað upp á að menn standi í lappirnar í sölum Alþingis. Mér finnst að stjórnarliðar þurfi að hugsa sitt mál betur. Það er ekki vansalaust hve oft þeir eru látnir greiða atkvæði, augljóslega gegn vilja sínum. Það getur ekki verið, t.d. í þessu tilfelli, að svo margir séu viljugir til að greiða atkvæði öðruvísi en þeir greiddu atkvæði fyrir fimm árum. Hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur ekki með neinum hætti útskýrt hvað breyttist. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson spurði vendilega um hvað hefði breyst. Hæstv. ráðherra útskýrði það ekki svo að neitt hefði breyst. Ekki gat ég skilið það. Enda hefur nákvæmlega ekkert breyst annað en að nú, kannski svolítið fyrr en menn reiknuðu með, er komið að því að leggja niður sjóðinn. Ekki geta það verið rök fyrir því að fara ekki að vilja Alþingis. Það get ég ekki ímyndað mér.

Ég held að hæstv. forseti Alþingis hljóti að vera hugsi yfir þessu öllu saman. Hann hlýtur að bera virðingu Alþingis fyrir brjósti og hæstv. forseti Alþingis ætti alltaf að vera í brjóstvörninni fyrir virðingu Alþingis. Hann ætti auðvitað að hafa miklar áhyggjur af því ef hægt gengur að fylgja eftir niðurstöðum sem orðið hafa á Alþingi, ályktunum Alþingis. Hann hlýtur að hafa miklar áhyggjur af því ef menn ætla að hunsa þann vilja sem Alþingi hefur staðfest hér í þingsal.

Það hlýtur að vera komið að því að menn fari að ræða þessi mál. Mér finnst þetta mál prýðilegt dæmi til að menn fari yfir það hve langt er hægt að ganga gegn því sem hefur verið samþykkt í þessum þingsal. Ég sagði fyrr í dag að ég tel að það hefði verið allt annað ef ríkisstjórnin, og þá menntamálaráðherrann og sjávarútvegsráðherra, hefðu báðir mætt með hugmyndir um hvernig eigi að uppfylla þessa þingsályktun, ef það hefði legið fyrir með hvaða hætti menn ætluðu að gera það. Þá hefðu menn getað metið það í þingsal hvort vilja Alþingis væri með því fullnægt. Þær upplýsingar sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur komið með í umræðuna í dag benda alls ekki til þess að botn hafi fundist í það með hvaða hætti eigi að fjármagna varðveislu gamalla skipa og báta, eins og lögð voru drög að að yrði gert með áðurnefndri ályktun.

Hæstv. forseti. Ég man eftir þó nokkuð mörgum umræðum í sölum Alþingis frá því að lögin um þróunarsjóð voru með þeim hætti sem ég nefndi fyrr í ræðu minni, þ.e. meðan kvaðir voru á útgerðarmönnum sem fengu fjármuni úr sjóðnum um að þeir skyldu eyða þessum skipum. Þessum ákvæðum var fylgt býsna hart eftir. Það voru meira að segja sett upp heilu portin til þess að safna bátum í og því fylgt eftir að búið væri að saga nógu mikið úr eða kveikja í skipunum sem ætti að borga út, að örugglega væri búið að tortíma þeim þannig að ekki væri hægt að gera við þau. Þetta var ótrúleg hugmynd sem þar var fylgt eftir. Mér finnst að þeir sem bera ábyrgð á því ferli þurfi að koma til skjalanna og standa sig betur en þeir hafa gert fram að þessu í að bjarga því sem bjargað verður.

Þessi saga verður örugglega skrifuð einhvern tíma. Hún verður ekki þeim mönnum til frægðar sem þar báru ábyrgðina. Það var aldrei þörf á að gera hlutina með þessum hætti. Meira að segja þó að menn hefðu skrifað upp á allt sem þarna var gert þá var nóg að koma í veg fyrir að skipin fengju veiðileyfi. Það þurfti ekki að gera kröfu um að eyðileggja þau. En nei, nei, það var ekki nóg. Það varð að tortíma þeim.

Þarna var þjónað hugmyndum manna sem höfðu of mikil völd í þjóðfélaginu á þessum tíma og þeir fengu sitt fram. En auðvitað var ábyrgðin ekki hjá þeim. Ábyrgðin var hér í sölum Alþingis og getur aldrei verið annars staðar. Henni verður ekki kastað á menn úti í bæ. Hún á heima hér. Það er að mínu viti þess vegna sem þessi þingsályktun var samþykkt í sölum Alþingis. Ég taldi mig a.m.k. standa að þingsályktun sem orðið hefði til vegna þess að mönnum fyndist ástæða til — þar sem þessi vitleysa, þessi herför gegn skipum og bátum var ákveðin hér — að í þessum

sama sal kæmu menn til baka með einhverja björgun. Til þess var þessi þingsályktun að mínu viti. Hún var til að bæta svolítið fyrir þessi alvarlegu brot.

En hæstv. sjávarútvegsráðherra virðist á annarri skoðun. Hann hefur þó verið á Alþingi allan þennan tíma og ber ekki minni ábyrgð en aðrir á þessu, á þessari herför, þessari eyðingarferð sem fram fór. Hæstv. forseti Alþingis ber líka ábyrgð. Mér finnst að hann hljóti að hafa áhyggjur af því að því sé ekki fylgt eftir sem Alþingi samþykkti fyrir fimm árum hvað þetta varðar. Ef menn ætla sér síðan að hlaupa frá þeirri samþykkt alfarið, eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra vill, þá hlýtur hæstv. forseti að hafa áhyggjur af því. Hann er auðvitað í forsvari fyrir virðingu Alþingis og hugsar um hana alla daga.

Ekki veit ég hvort hæstv. sjávarútvegsráðherra, sem hefur þó sýnt okkur þá virðingu að vera viðstaddur þessa umræðu og hlusta á það sem hér hefur verið sagt, hefur tekið mikið mark á orðum okkar. Svo var ekki að heyra á síðustu ræðu hans. En mér finnst að hann ætti að gera það. Mér finnst að hann eigi að viðurkenna ábyrgð sína á herförinni gegn gömlum skipum og bátum í landinu. Hann samþykkti hana og fylgdi henni eftir. Ég veit ekki betur en að hann hafi gert það nauðungarlaust. Hann hefur a.m.k. aldrei, svo ég viti til, talað um annað. Hann leiðréttir mig þá ef ég fer með rangt mál hvað það varðar.

En hvernig sem fortíðin er hjá hæstv. ráðherra þá finnst mér að hann, sem maður sem getur ráðið einhverju hvað þetta varðar, eigi að ganga fram og sýna að þeir sem stóðu fyrir þessu öllu saman séu tilbúnir að leggja eitthvað á sig til að bjarga því sem bjargað verður. Það var það sem menn ætluðu sér með títtnefndri þingsályktun.

Það er mikill skaði að hæstv. menntamálaráðherra skuli ekki vera hér. Hún hefði þurft að fara betur yfir það hver ætlunin væri að gera í málinu. Það er undarlegt ef hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki haft áhuga á að sækjast eftir þeim fjármunum sem Alþingi benti ráðherra á að nýta í þessu skyni. Mér finnst hæstv. menntamálaráðherra alls ekki hafa staðið sig í stykkinu ef hún hefur ekki gert það. Orð hæstv. sjávarútvegsráðherra benda ekki til þess að hæstv. menntamálaráðherra hafi gert harða hríð að því að nálgast fjármuni í Þróunarsjóði, sem var þó meira en ástæða til að gera. Ég lít a.m.k. á það sem skyldu hæstv. menntamálaráðherra að nýta sér þá möguleika sem fyrir hendi eru til að fylgja eftir ályktunum Alþingis. Í sjálfri ályktuninni er gert ráð fyrir því að einhverjir fjármunir komi úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins og þá hlýtur hæstv. menntamálaráðherra að fylgja því eftir. Ráðherra á auðvitað ekki að gefa það eftir að fá eitthvað gegnum þá ályktun í það verkefni sem hæstv. ráðherra er ætlað að vinna að. Það hefði þess vegna verið full ástæða til að hæstv. menntamálaráðherra hefði verið hér og gefið skýrslu.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra, sem gegnir nú starfi menntamálaráðherra, hlýtur, ef sá möguleiki hefur verið fyrir hendi undir umræðunni núna, að hafa haft samband við hæstv. menntamálaráðherra og spurt hvort hæstv. menntamálaráðherra vildi koma einhverju á framfæri um hvað hann hefði verið að sýsla varðandi fjármögnun þess verkefnis sem fólst í þingsályktuninni. Menn vilja fá útskýringu á því af hverju menntamálaráðherra hefur ekki sóst eftir fjármunum til verkefnisins. Ég fer fram á það að hæstv. sjávarútvegsráðherra leiði okkur í allan sannleika um þetta úr því að hann er í hlutverki menntamálaráðherra. Ég tel að það sé full ástæða til þess.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi komið því á framfæri sem ég vildi segja. Ég tel að það sé full ástæða til þess að ræða málið eins og gert hefur verið í dag. Ég held reyndar að við í sölum Alþingis höfum ekki staðið okkur nægilega vel á undanförnum árum í að ræða um þau málefni sem búa að baki, þau menningarverðmæti sem um er að ræða og það mikla slys og ótrúlega skilningsleysi á þessum menningarverðmætum sem herförin, sem fjármunir úr þróunarsjóði voru notaðir til, hafði í för með sér. Ég held að nú ætti að vera komið að þeirri stundu að þeir sem mesta ábyrgð bera á þeirri herför leggi sitt af mörkum og sjái til þess að gert verði átak sem eitthvað munar um. Sú tillaga sem núna liggur fyrir frá minni hluta sjávarútvegsnefndar er tilraun til að tryggja fjármuni í slíkt átak en ekki síst til að bjarga Alþingi frá þeirri niðurlægingu að ályktanir þess séu virtar að vettugi.

[19:46]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrsta lagi beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hversu lengi hann hyggist halda áfram umræðunni.

Einnig vil ég spyrja hæstv. forseta hvort hann geti hér úr ræðustóli lagt okkur hv. þingmönnum til leiðbeiningu í umræðum um þetta mál. Mér finnst það hafa komið fram í umræðunum í dag að með þingsályktanir eins og við höfum verið að ræða hér bæri lítið að gera, að ekki þyrfti sérstaklega að gæta þess að þær gengju fram eftir efni sínu. Þar sem ég veit að hæstv. forseti er með þingreyndustu mönnum og þekkir þingsköp og alla málsmeðferð inn og út þá vil ég beiðast þess að hann upplýsi okkur hv. þingmenn um hvað honum finnist um það ef sú staða kemur upp að við ljúkum máli þessu án þess að samþykktin sem gerð var hér á hv. Alþingi með samhljóða atkvæðum 49 þingmanna fái með neinum hætti afgreiðslu.

[19:47]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af þessu tilefni vil ég segja að ég hafði hugsað mér að ljúka þessu máli.

Svo er um þingsályktanir að þær beinast að öllu jöfnu til einstakra ráðherra. En að sjálfsögðu getur Alþingi endurskoðað afstöðu sína og hrundið fyrri ályktun með annarri nýrri eins og hv. þingmanni er kunnugt.

[19:48]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Nú veit ég svo sem ekki hversu margir eru á mælendaskránni. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. forseti ætli að halda umræðunni áfram. En ég hefði áhuga á því að vita hve lengi hæstv. forseti ætlar að gera það. Varla getur það nú verið mjög lengi því að ekki hefur verið gert ráð fyrir að hér verði kvöldfundur. Mig langar því að spyrja hæstv. forseta hversu lengi umræðan eigi að standa. Mun

henni ljúka hversu lengi sem hér verður talað í þessum ræðustól?

(**Forseti** (HBl)**:** Ég hafði sagt að ég hafði hugsað mér að ljúka umræðunni, hv. þingmaður. Það eru tveir hv. þingmenn á mælendaskrá og ég hygg að það eigi að vera unnt að ljúka umræðunni í kvöld. Það eru mörg mál sem bíða afgreiðslu og gott ef hægt verður að ljúka þessu máli.)

Hæstv. forseti. Mér finnst það ekki góð framkoma við hv. þingmenn ef ekki er gert ráð fyrir því þegar menn ætla hér að hafa kvöldfundi. Mér finnst þess vegna að þegar það stendur til þá eigi að koma því á framfæri þannig að þingmenn geti mætt hér til þeirrar umræðu sem er ef það á að hafa hana fram eftir kvöldi og menn geti gert ráð fyrir því.

Það er líka þannig að ekki hefur verið gert ráð fyrir neinu matarkyns fyrir þingmenn. Það er nú ekki venja heldur að hér séu langir fundir fram eftir kvöldi án þess að þannig sé fyrir hlutunum haft. Hæstv. forseti er að taka upp ný vinnubrögð ef hann ætlar ekki að gera vel við sína þingmenn. Hann hefur fram að þessu gert það og ég hef svo sem litla ástæðu til að halda að hann ætli að bregða þeim vana sínum, en spyr að því svona í leiðinni.

[19:50]

Forseti (Halldór Blöndal):

Nú er það svo að tveir hv. þingmenn eru á mælendaskrá en fyrir liggur að hæstv. ráðherra getur ekki verið við á morgun. Ég hafði haldið að þessir tveir hv. þingmenn kysu að beina máli sínu til ráðherra frekar en að halda ræðu sína á morgun þegar hæstv. ráðherra getur ekki verið við. Nú veit ég ekki hvað þeir segja um það sem ekki hafa talað sig dauða.

[19:51]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Undir þessum lið um fundarstjórn forseta vil ég vekja athygli hæstv. forseta á því að sú þingsályktun sem komið hefur hér mikið inn í umræðuna í dag og verið bitbein í þessari umræðu dálítið var samþykkt með því fororði að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar en ekki einstaks ráðherra og hefði átt að framkvæmast sem slík eftir efni sínu. Við höfum hins vegar kannski fullan skilning á því í hv. Alþingi að málið geti verið með þeim hætti vegna stöðunnar í Þróunarsjóðnum að menn vilji hinkra með niðurstöðu málsins.

Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta þingsins að menntamálaráðherra komi hér til umræðunnar á morgun. Þar sem sjávarútvegsráðherra er nú bæði sjávarútvegsráðherra og menntamálaráðherra í dag þá fáum við væntanlega menntamálaráðherra hér á morgun ef hann víkur af þinginu annarra starfa vegna og þá gætum við átt málefnalega umræðu við hæstv. menntamálaráðherra um þetta mál. Það væri fróðlegt að fá það upplýst hvort málið sé þannig í pottinn búið að hæstv. menntamálaráðherra verði hér viðstaddur umræðuna ef hún gæti haldið áfram á morgun, hæstv. forseti.

[19:53]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að við erum hér að tala við 3. umr. og þetta mál fellur ekki undir hæstv. menntamálaráðherra.

[19:53]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(um fundarstjórn)***:**

Herra forseti. Mér er svolítill vandi á höndum. Ég vil byrja á að þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir að vera hér við umræðuna. En nú er ég næstur á mælendaskrá og eftir að ég hef talað þá má ég ekki tala meira í þessu máli.

Ég hefði viljað eiga möguleika á því að eiga orðastað við hæstv. menntamálaráðherra og þá í framhaldi af orðum hæstv. sjávarútvegsráðherra sem hefur vísað ábyrgð á parti þessa máls til hæstv. menntamálaráðherra jafnvel þó að það frumvarp sem við erum að ræða hér heyri ekki undir þann hæstv. ráðherra.

Það sem ég þyrfti helst á að halda fyrir seinni ræðu mína í þessu máli, af því að nú er þetta 3. umr. eins og hæstv. forseti hefur bent á, er að geta átt orðastað við báða hæstv. ráðherrana á þessum fundi

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að það mál sem við fjöllum um hér fellur ekki undir hæstv. menntamálaráðherra. Það er af þeim sökum fullkomlega óeðlilegt að setja fram slíkar kröfur. Ég vil beina því til hv. þingmanns að vera þinglegur í sinni ræðu.)

Virðulegi forseti. Ég vil víkja aðeins að hinum hlutanum sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson vísaði til virðulegs forseta um það hvernig eigi að taka ályktunum þingsins, þingsályktunum sem hér eru samþykktar. Ég vil eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson vísa þá til mikillar þingreynslu hæstv. forseta og ekki síður til þess að sú þingsályktunartillaga sem hv. þingmaður vísaði til kom hér til afgreiðslu og hæstv. forseti greiddi þeirri þingsályktunartillögu atkvæði sitt á þeim tíma. Ég spyr hvort það sé yfirleitt venja að flokka texta þingsályktunartillögu í aðalsetningar sem fara á eftir og aukasetningar sem enginn þarf að fara eftir. Ástæðan fyrir þessari spurningu er einfaldlega sú að hæstv. sjávarútvegsráðherra sagði hér í umræðunni um þá þingsályktunartillögu sem verið er að vísa hér til um að Þróunarsjóður sjávarútvegsins, sem nú á að fara að leggja niður, ætti að taka þátt í að fjármagna varðveislu báta og skipa, að þetta væri bara aukasetning þar sem þróunarsjóðurinn væri nefndur og því bæri ekki að taka það þannig að það þyrfti í sjálfu sér að fara eftir því.

[19:57]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á að hann er hér kominn í efnislegar umræður. Hv. þingmaður kvaddi sér hljóðs um fundarstjórn forseta og ég vil biðja hv. þingmann að fara að þingsköpum. Hv. þingmaður hefur beðið um orðið. Það er eðlilegt að hv. þingmaður geymi almennar (Gripið fram í.) vangaveltur til þess ... Nóttin er löng og ég vil biðja hv. þingmann að taka tillit til þess sem forseti segir. Það er hlutverk forseta að halda hér uppi röð og reglu. Ég vil biðja hv. þingmann að taka tillit til þess. Umræðutíma hv. þingmanns er lokið.

[19:57]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í þessari umræðu hefur komið fram að á Alþingi hefur verið samþykkt tillaga til þingsályktunar um að veita skuli fjármagn úr sjóði sem hér er verið að samþykkja að leggja niður án þess að brugðist hafi verið við samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Þegar umræðu um þetta mál lýkur, ef henni lýkur með þessum hætti eins og hér er stefnt að, og það verður samþykkt þá er í sjálfu sér tillagan til þingsályktunar sem Alþingi samþykkti á 125. löggjafarþingi marklaus þannig að þá ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil benda hv. þingmanni, sem er kurteis maður, á að hann kvaddi sér hljóðs til að tala um fundarstjórn forseta. Nú hefur hv. þingmaður dottið í þá gryfju að hefja efnislegar umræður og mér virðist sem hv. þingmaður vilji ekki taka tillit til orða forseta. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann hyggist hlýða ábendingum forseta eða ræða um efnisatriði málsins.)

Ég þakka fyrir góðar ábendingar hæstv. forseta. Beiðnin snýr að því að forseti fresti nú fundi.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég hef áður sagt að ég hafi hugsað mér að ljúka umræðunni.)

Já. Þá eru það ábendingar þingmannsins til forseta að hann endurskoði þá afstöðu sína og í ljósi einmitt stöðu málsins, þ.e. að hér er verið að ganga mjög á rétt Alþingis ef frumvarpið verður samþykkt án þess að vilji Alþingis sem kemur fram í þingsályktunartillögu sem hér hefur verið rætt oft um (Forseti hringir.) nái fram að ganga. Ábending mín til hæstv. forseta er sú að hann endurskoði afstöðu sína um frestun fundar og fresti fundi þannig að hægt verði að fara betur ofan í málið.

[19:59]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti á erfitt með að sjá hvernig Alþingi getur samþykkt frumvarp gegn vilja sjálfs sín (**JBjarn:** Það er vandi ...) eins og hv. þingmaður hafði sagt. (**JBjarn:** Það er vandi forseta greinilega að ráða fram úr þessum vanda.)

[20:00]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að ræða fundarstjórn forseta. Ég velti fyrir mér hvort ekki gildi sömu reglur um alla þingmenn í þingsal þegar kemur að fundarstjórn hæstv. forseta. Ég kem upp til að spyrja viðbótarspurningar við spurningu sem forseti svaraði hér öðrum hv. þingmanni og gerði engar athugasemdir við að sá hv. þingmaður bæri þá spurningu hér upp. Þess vegna taldi ég í sakleysi mínu að mér væri óhætt að koma hér í sama stól og bera upp sams konar spurningu eða spurningu sem var viðbót við spurningu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég gaf hv. þingmanni orðið til þess að hann geti borið fram þá spurningu.)

Þakka þér fyrir, virðulegur forseti. Ég var að velta fyrir mér, í ljósi þingreynslu forseta, hvort hægt væri að vísa til þess í þingsályktunum sem þingið hefði samþykkt með miklum meiri hluta að þar væri einhver partur sem ekki bæri að taka mark á, að þar væru einhverjar aukasetningar eins og í þeirri þingsályktun sem menn hafa verið að ræða hér og skiptir miklu máli í þessari umræðu, því að eftir að búið er að samþykkja lög um að leggja niður þróunarsjóðinn gerist ekkert meira varðandi það. Ef hæstv. forseti getur svarað þessari viðbót við spurningu hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar þætti mér vænt um það og vísa þá kannski til þess að það skiptir máli upp á framhald umræðunnar og þar af leiðandi fundarstjórn, hvort hv. menntamálaráðherra verður hér í ljósi þess hvernig umræðan hefur þróast.

[20:02]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki alveg sáttur við að hæstv. forseti ætli að láta umræðuna ganga fram eftir kvöldi án þess að mönnum verði gefinn kostur á að gera hlé og fá einhverja næringu. Ég mótmæli því líka að farið sé í kvöldfundi fram eftir nóttu eins og hæstv. forseti lét í veðri vaka áðan án þess að gert sé ráð fyrir því. Ekki var gert ráð fyrir neinum kvöldfundi í dag og er það brot á þeim hefðum sem hæstv. forseti hefur virt fram að þessu að láta það ekki berast ef gert er ráð fyrir kvöldfundum. Mér finnst hæstv. forseti vera að þjóna svolítið geðslagi sínu ef hann tekur einhverjar skyndiákvarðanir um að hafa kvöldfundi algjörlega án þess að vita hversu lengi þeir muni standa og án þess að láta þingmenn með nokkrum hætti vita af því. Mér finnst það ekki góð fundarstjórn hjá hæstv. forseta ef það er reyndin að svo sé og mælist til þess við hæstv. forseta að hann hugsi sinn gang hvað þetta varðar. Hér eru þingmenn á mælendaskrá og þingmenn sem eiga eftir möguleika til að ræða málið betur og hér er fullkominn ágreiningur um framgang mála.

Hæstv. ráðherra sem verið hefur við umræðuna í dag hefur ekki gefið kost á neinu samkomulagi. Mér finnst full ástæða til að þetta mál fái meiri umræðu í framhaldinu og þeim þingmönnum sem ekki hafa haft hugmynd um að til stæði að hafa kvöldfund verði gefinn kostur á því að koma hér til skjalanna því það eru margir sem hafa áhuga á málinu. Það veit ég vel um.

[20:04]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að við stöndum hér og ræðum málefni þróunarsjóðsins er sú að hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem gerir ráð fyrir að sjóðurinn verði lagður niður fyrr en gildandi lög gera ráð fyrir. Með öðrum orðum: Lagatextinn um þróunarsjóðinn er ekki óumbreytanlegur eins og hæstv. ráðherra virðist kjósa að halda fram nánast hér úr ræðustól. Hann talar eins og ekki sé hægt að breyta lögunum sem kveða á um að fjármunir þróunarsjóðs eigi að renna til hafrannsókna á sama tíma og hæstv. ráðherra leggur sjálfur fram frumvarp til laga um breytingar á þeim sömu lögum sem eru talsverðar. Ekki átti að leggja niður Þróunarsjóð sjávarútvegsins fyrr en árið 2009. Ef hæstv. ráðherra kæmi ekki fram núna með frumvarp um að flýta niðurlagningu sjóðsins værum við ekki að ræða það hvernig gengi að láta þróunarsjóðinn standa sína

plikt gagnvart þeirri þingsályktun sem samþykkt var á sínum tíma. Við stæðum kannski hér og veltum því fyrir okkur hvað hæstv. ráðherrar menntamála og sjávarútvegs ætluðu að gera á næstu árum, 2006, 2007, 2008 og 2009, ef sjóðurinn ætti að starfa til ársins 2009. Hve miklir fjármunir ættu að renna á þessum árum í það verkefni sem hæstv. sjávarútvegsráðherra upplýsir að sé á könnu hæstv. menntamálaráðherra, hve miklir fjármunir ættu að renna í að gera það sem fram kemur í tillögum þeirrar nefndar sem skipuð var í framhaldi af þingsályktuninni?

Eftir því sem hæstv. sjávarútvegsráðherra sagði liggja núna fyrir hjá hæstv. menntamálaráðherra tillögur nefndar sem leggur til ákveðna hluti til að vernda gömul skip og báta, en fjármununum sem fylgja áttu, m.a. úr þróunarsjóðnum sem nú er verið að leggja niður, er í raun verið að koma undan til að þeir lendi ekki í því skelfilega verkefni, virðist manni, sem er að vernda gamla báta og gömul skip.

Frumvarpið sem við ræðum nú í 3. umr. gerði ráð fyrir að sjóðurinn yrði lagður af 1. júlí árið 2005. Sjávarútvegsnefnd gerði breytingartillögu sem segir að betra sé að bíða til 1. október á þessu ári. Ástæðan var sú að ekki er búið að gera upp sjóðinn og menn töldu að lengri tíma þyrfti til að gera upp allar eignir hans og greiða upp skuldir þannig að það lægi alveg hreint fyrir hvaða fjármuni sjóðurinn hefði.

Það er sem sagt lagt til að breyta því frumvarpi sem hæstv. ráðherra lagði fram og telur óumbreytanlegt, sjávarútvegsnefnd lagði til breytingartillögu við frumvarpið við 2. umr. og hefði alveg eins getað, eins og við ætluðum okkur í minni hlutanum, komið með tillögur um að Alþingi virti þann vilja sem fram kom þegar þingsályktunin var samþykkt, og eyrnamerkt ákveðna fjármuni úr sjóðnum fyrst fara á að leggja hann niður, í það verkefni að vernda gömul skip og báta.

Á sínum tíma þegar lögin um þróunarsjóðinn voru sett var Verkefnasjóður sjávarútvegsins ekki til. Það stóð ekkert í þeim lögum að þeir fjármunir sem eftir yrðu árið 2009 ættu að ganga í einhvern sjóð sem héti Verkefnasjóður sjávarútvegsins, hann var ekki til þá. Það stóð jú að þeir ættu að renna til hafrannsókna en ekki í gegnum einhvern sjóð sem vistaður er í sjávarútvegsráðuneytinu þar sem þrír starfsmenn ráðherra eru í sjóðstjórn og nánast innanhússmál í hvað þeir peningar færu sem koma í þennan Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Hæstv. ráðherra stóð ekki við það loforð sem hann gaf sjávarútvegsnefnd á sínum tíma varðandi þennan sjóð, að okkur yrðu kynntar reglur um úthlutanir úr honum áður en þær yrðu settar og að við fengjum að vita eitthvað um hverjir ættu að tilnefna eða hverjir ættu að koma í stjórn sjóðsins áður en til þess kæmi. Bæði þessi loforð sem gefin voru á fundum sjávarútvegsnefndar um Verkefnasjóð sjávarútvegsins voru svikin. Við nefndarmenn í sjávarútvegsnefnd stóðum frammi fyrir gerðum hlut. Búið var að setja ákveðnar reglur um hvernig úthlutanir úr verkefnasjóðnum færu fram og búið var að tilnefna þrjá starfsmenn ráðuneytisins í stjórn sjóðsins. Nú er verið að veita enn meiri peninga í þennan verkefnasjóð en gert var ráð fyrir áður að færu þangað. Það er ekki lítil breyting. Samt sé ég ekki að hæstv. ráðherra beri neinn kinnroða fyrir því að koma fram með þessa breytingu á lögum um þróunarsjóðinn.

Í frumvarpinu eins og ráðherra lagði það fram við 1. umr. var gert ráð fyrir að andvirðinu yrði varið til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar. Með öðrum orðum eins og ráð var fyrir gert í þróunarsjóðslögunum, að það væri Hafrannsóknastofnun sem fengi þessa peninga beint til sín og þeir gengju síðan til hafrannsókna á vegum þeirrar stofnunar. Meiri hluti sjávarútvegsnefndar, og reyndar tók minni hlutinn undir það í áliti sínu, taldi að hægt væri að breyta þessu og lagði til breytingartillögu sem gerir ráð fyrir að andvirðinu verði varið til hafrannsókna en ekki til hafrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar.

Aftur er gerð breyting á því frumvarpi sem ráðherra lagði fram. Aftur gerir sjávarútvegsnefnd breytingu á því frumvarpi og hæstv. ráðherra kippir sér ekkert upp við það. En þegar menn draga upp þingsályktunina sem samþykkt var á 125. þingi 1999–2000 og benda á að þarna sé ákveðin kvöð sem Þróunarsjóður sjávarútvegsins þurfi að uppfylla, þá snýst hæstv. ráðherra öndvert við og segir: Það er ekki hægt að standa í því að breyta einhverju sem stóð í lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Ég verð að segja alveg eins að þó að ég hafi ekki setið lengi á þingi þykja mér það öfug rök að koma fram með breytingar sjálfur, sjávarútvegsnefnd kom fram með breytingar eftir yfirferð sína, og þegar menn draga upp kvöð sem hvílir á sjóðnum og benda á það þá segir hæstv. ráðherra: Þetta kemur mér ekki við, það er annar ráðherra sem á að sjá um þetta. Haldið þið að við getum tekið eitthvað af þeim peningum sem áttu að fara til hafrannsókna og sett í eitthvert svona verkefni? Nei, mér finnst við eigum ekki að gera það.

Með öðrum orðum: Hæstv. ráðherra segir, þegar hann lýsir þessu yfir, að vilji hans, skilningur hans eigi að vera umfram skilning og vilja Alþingis.

Það er kannski óþarfi að eyða löngu máli í að fara yfir hlutverk þróunarsjóðsins — ég eyddi löngu máli á síðasta þingi í að fara yfir reikningsskil og eignir og annað því um líkt hvað sjóðinn varðar og ætla ekki að fara að gera það aftur nú — en sjóðurinn hefur starfað frá árinu 1994. Hlutverk hans var að veita styrki til úreldingar á fiskiskipum og einnig að kaupa fasteignir sem nýttar voru í fiskvinnslu og framleiðslutæki sem fylgdu þeim. Það sem við sáum einna helst var að hann var að greiða úreldingarstyrki til að minnka sóknargetu flotans, eins og það var kallað á þeim tíma, til að fækka skipum og gera greinina arðbærari fyrir þau skip sem eftir yrðu. Það verður reyndar að segjast eins og er að þrátt fyrir að mörg skip hafi verið úrelt minnkaði aldrei sóknargeta flotans. Þau skip sem komu ný inn í flotann voru með mun meiri sóknargetu en þau skip sem út féllu. Ég held að sóknargeta flotans hafi aldrei verið meiri en nú um stundir.

Sjóðurinn hafði á árunum 1994–1997 atbeina að því að 459 skip voru afskráð, 459 fleytur. Við sem vorum í greininni á þessum tíma munum hvernig farið var með þau skip og þá báta sem verið var að úrelda. Eyðileggingaræðið var algjört. Tortryggnin gagnvart því að þessar fleytur yrðu dregnar aftur á sjó síðar til að veiða fisk var slík að það varð með öllum ráðum að eyðileggja þessi skip þannig að það væri algjörlega hundrað prósent tryggt að þau gætu aldrei farið á sjó aftur, hvað þá farið að veiða fisk. Hvernig

var þessum skipum eytt? Þau voru söguð niður. Ef það voru plastbátar voru þeir sagaðir niður þannig að þeir gætu aldrei verið settir saman aftur. Þeir voru eyðilagðir á þann hátt að ekki var hægt að bjarga þeim. Hluti þeirra var reyndar seldur úr landi til þróunarlanda, aðallega smábátar. Svo voru það gömlu eikarskipin, gömlu trébátarnir sem báru uppi vertíðarflotann á suðvesturhorni landsins og voru þar í hverri höfn fjölmargir og af öllum stærðum og gerðum.

Ég man eftir því sem strákur við höfnina í Sandgerði að það var ekki lítið af þessum bátum þar. Ég man líka alltaf eftir því þegar sýnt var í sjónvarpi þegar verið var að eyðileggja eikarbát, fallegan eikarbát í eikarlit og fánalitunum eins og oft var með þessa eikarbáta. Þetta var ekki stór bátur, 12–15 tonna bátur, það var sýnt í sjónvarpi þegar verið var að eyða þeim bát og það var gert með öxum. Hann var hogginn niður, bátur sem ekkert var að, til að koma í veg fyrir að hann gæti nokkurn tíma farið á sjó aftur. Sjóði sem hefur staðið fyrir slíkum hlutum, sjóði sem hefur staðið fyrir því að hvetja til, borga fyrir og stuðla að því að þjóðarverðmæti séu eyðilögð á þann hátt sem ég var að lýsa hér, ber að gera eitthvað í því þegar menn segja að við þurfum að reyna að bjarga því sem eftir er, við verðum að reyna að bjarga einhverju af þessum þjóðararfi sem við eigum þó hér enn þá.

Með öðrum orðum er verið að breyta lögum um þróunarsjóð á Alþingi. Verið er að breyta því frumvarpi sem ráðherra lagði fram í upphafi umræðunnar. Það eru engin rök að ekki sé hægt að taka tillit til þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti með 49 atkvæðum og breyta lögunum með tilliti til hennar. Það eru falsrök að halda því fram að þar sem um þingsályktunartillögu sé að ræða þurfi ekki að taka mikið mark á henni. Sérstaklega, eins og ég lýsti í fyrri ræðu minni, þegar við horfum til þess hvernig þingsályktunartillagan verður til. Hún verður til í framhaldi af því að menn leggja fram lagafrumvarp um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nákvæmlega það sama og verið er að gera hér. Sjávarútvegsnefnd, menn úr öllum flokkum, taldi sig vera að tryggja það með þingsályktunartillögunni að fjármunir frá þróunarsjóði mundu renna til þessa verkefnis, að vernda gömul skip og báta. En ef þetta er réttur skilningur voru þeir einfaldlega vélaðir til að breyta frumvarpi í þingsályktunartillögu sem hæstv. ráðherrar telja að þeir þurfi ekki að fara eftir eða taka neina ábyrgð á.

Það eru hæg heimatökin hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra að spyrja núverandi ráðuneytisstjóra sinn, Vilhjálm Egilsson, um það með hvaða hætti frumvarpinu var breytt í þingsályktunartillögu, því samkvæmt gögnum þingsins sat Vilhjálmur Egilsson í sjávarútvegsnefnd á þeim tíma sem þetta var gert. Það eru því hæg heimatökin að forvitnast um það frá fyrstu hendi frá ráðuneytisstjóra sjávarútvegsráðuneytisins hvernig farið var að því að breyta frumvarpinu þegar það kom inn eftir 1. umr. í sjávarútvegsnefnd í þá þingsályktunartillögu sem borin var upp á þingi og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Við sem höfum lesið í gegnum umræðurnar sem urðu í kringum þingsályktunartillöguna vitum alveg hvað um var að vera. Umræðurnar gefa algjörlega til kynna hver vilji sjávarútvegsnefndar var á þessum tíma og hver vilji þingsins var. Menn þurfa ekki að velkjast í vafa um það sem lesa í gegnum umræðuna sem varð um þingsályktunartillöguna á sínum tíma. Því verð ég að segja að ég verð fyrir vonbrigðum þegar hæstv. ráðherra kemur og gerir lítið úr, að mér finnst, þingsályktunartillögunni, segir að hún sé ekki á sínu forræði, hún sé hjá menntamálaráðherra, henni beri að uppfylla þingsályktunartillöguna og gerir síðan lítið úr, eins og ég ræddi um við hæstv. forseta um fundarstjórn forseta, setningu í texta þingsályktunartillögunnar sem segir að Þróunarsjóður sjávarútvegsins eigi m.a. að taka þátt í að fjármagna vörslu gamalla skipa og báta.

Ef þetta er ekki algjörlega skýrt þá veit ég ekki hvernig menn eiga að orða tillögur sem fara fyrir þingið til að það fari alls ekki á milli mála hvað menn meina. Ég reikna með að þeir 49 þingmenn sem samþykktu þingsályktunartillöguna á sínum tíma, og hæstv. forseti er í hópi þeirra þingmanna, hafi vitað nákvæmlega hvað þeir voru að samþykkja. Það fer ekkert á milli mála þegar maður skoðar tillöguna og umræðurnar að hv. þingmenn voru að samþykkja að hluti af fjármunum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins færi í það verkefni að vernda gömul skip og báta. Allt annað eru hártoganir. Allt annað eru reykbombur sem verið er að skjóta á loft til að reyna að fela hvað verið er að gera. Þá hlýtur maður að velta fyrir sér hvort það er vísvitandi verið að leggja niður sjóðinn núna áður en einhverjir fjármunir renna úr honum til þessa verkefnis sem um ræðir, til að ekki þurfi að koma til þess að sjóðurinn taki þátt í verndun gamalla skipa og báta.

Ég á bágt með að trúa því að menn séu í alvöru að koma fjármunum sjóðsins undan því verkefni. Ég neita að trúa því, en þannig lítur það út, vegna þess að sjóðurinn á að starfa til 2009. Ég spyr því hæstv. sjávarútvegsráðherra: Á hverju liggur? Ég veit að það kostar að reka sjóðinn á hverju ári, en sjóðurinn hefur ekki lokið hlutverki sínu. Úr því ekki má taka hluta af þeim fjármunum sem eftir verða við uppgjör og færa í þetta verkefni sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir hefur sjóðurinn ekki lokið hlutverki sínu. Hann hefur m.a. það hlutverk samkvæmt þeirri þingsályktunartillögu sem samþykkt var að taka þátt í fjármögnun á varðveislu gamalla skipa og gamalla báta. Undan því verður ekki vikist og mér þykir hálfhlálegt að horfa á með hvaða hætti hæstv. ráðherra reynir að þyrla upp ryki þannig að það felist í orðræðunni og umræðunni hvað verið er að gera.

Fjárlaganefnd þingsins á hverju ári hefur reynt að taka þátt í verkefninu. Á hverju ári er styrkt endurbygging á örfáum bátum, yfirleitt smábátum, og ekki gert ráð fyrir að fjárlaganefnd geti vísað fjármunum í stór verkefni sem mörg hver kalla á mikla fjármuni, heldur má segja að hér sé af veikum mætti verið að styrkja þá viðleitni, aðallega einstaklinga og félagasamtaka vítt og breitt um landið, að reyna að bjarga litlum bátum sem eru að verða eyðileggingu að bráð. Það hefur tekist mjög vel víða með það, en þetta er bara brot af þeirri þörf sem fyrir hendi er og það er okkur til skammar með hvaða hætti við stöndum að varðveislu þeirra gömlu minja sem sjóinn varða. Hér er tækifæri. Hér er tækifæri til að gera átak í þessum málum án þess að finna hjólið upp á nýtt, vegna þess að þingsályktunartillagan liggur fyrir. Vilji Alþingis er skýr og ekki neinum vandræðum undirorpið að framkvæma þann vilja Alþingis

sem hér hefur komið fram með mjög skýrum hætti.

Einnig er rétt að spyrja hæstv. ráðherra: Af hverju liggur á að klára umræðuna án þess að hæstv. menntamálaráðherra geti tekið þátt í henni? Það er ekki búið að gera sjóðinn upp enn þá. Við vitum ekki hver endanleg niðurstaða verður í eignum sjóðsins. Því verki lýkur ekki fyrr en einhvern tímann á næstu vikum. Það liggur ekki á þess vegna að klára málið núna einn, tveir og þrír. Gert var ráð fyrir því í frumvarpi ráðherra að sjóðurinn yrði lagður niður 1. júlí. Það er öllum orðið ljóst að það gengur ekki og var breytingartillaga samþykkt eftir 2. umr. um að það yrði 1. október. Þeim mun frekar liggur okkur ekki á að drífa málið af með þeim látum að ekki gefist kostur á því að ræða við þá ráðherra sem búið er að vísa á í umræðunni að hafi með þau málefni að gera sem hér um ræðir.

Getur verið að við séum að verða vitni að einhverri togstreitu á milli ráðherra og milli ráðuneyta? Við vitum að ráðherrar og ráðuneyti reyna að fá ramma sína víkkaða og stækkaða á hverju ári. Við vitum að menn eru ekki tilbúnir að setja mikla fjármuni í verkefnið. Getur verið að hæstv. sjávarútvegsráðherra sé að segja: Hæstv. menntamálaráðherra hefur með þetta að gera þrátt fyrir að það standi í þingsályktunartillögunni að þróunarsjóðurinn eigi að koma að því. Við skulum líta fram hjá því, tökum alla peningana í verkefni sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið beint, þössum að ekkert af peningunum fari út úr sjávarútvegsráðuneytinu og höldum þeim öllum þar. Hæstv. menntamálaráðherra verður svo bara að eiga við það að uppfylla þingsályktunartillöguna og reyna að koma fyrir þing með hugmyndir um með hvaða hætti eigi að vera hægt að fjármagna það. Getur verið að þetta sé kveikur að því að nú vilja menn leggja niður þróunarsjóðinn og gera það hratt áður en sjóðurinn fer að leggja nokkra fjármuni til verndunar gamalla báta og skipa?

Eins og áður hefur komið fram hjá mér var hæstv. forseti einn af þeim þingmönnum sem samþykkti þingsályktunartillöguna og ég vona að hæstv. forseti hafi ekki breytt um afstöðu til málsins frekar en aðrir hv. þingmenn sem greiddu þingsályktunartillögunni atkvæði sitt á sínum tíma. Því hvað hefur breyst á þeim fimm árum frá því þingsályktunartillagan var samþykkt? Hefur þörfin minnkað fyrir að vernda gömul skip og báta? Nei, ég held að hún hafi aukist frekar en hitt, því eftir því sem tíminn líður þeim mun brýnni verður þörfin á því að vernda þau skip sem um ræðir. Ég held því að þörfin hafi ekki minnkað heldur frekar aukist ef eitthvað er. Eru fjármunirnir í þróunarsjóðnum minni en menn gerðu ráð fyrir? Er það þess vegna sem ekki má taka fjármuni þaðan í þau verkefni sem Alþingi ætlaði þeim að fara í? Nei, það er ekki svo. Það eru meiri fjármunir í Þróunarsjóði sjávarútvegsins en gert var ráð fyrir þegar tillagan var samþykkt á sínum tíma.

Með öðrum orðum, virðulegi forseti, eru uppi þær aðstæður að það er auðveldara að uppfylla vilja Alþingis nú en fyrir fimm árum vegna þess að það eru meiri fjármunir fyrir hendi í sjóðnum en áður.

Hvað getur valdið því að framkvæmdarvaldið ætlar að komast upp með að hunsa tillögu sem samþykkt var á Alþingi með mjög miklum meiri hluta? Ég verð að taka undir með hv. þingmönnum sem hér hafa talað og lýst undrun sinni á því hvernig hv. stjórnarþingmenn greiða atkvæði oft á tíðum. Það er eins og einhverjir einn eða tveir megi eingöngu hugsa fyrir hjörðina og síðan verði hjörðin að fylgja. Þetta er náttúrlega þekkt í hjarðhegðun hjá sauðfé að það eru forustusauðir fyrir hjörðum. Þegar forustusauðurinn tekur stefnuna lúta allir hinir sauðirnir höfði og elta hann hvert sem hann fer, burt séð frá því hvert hann er að fara. Þeir eru ekkert að hugsa um það. Þeir eru með forustusauð og honum fylgja þeir hvert sem hann fer, í hvaða veðri sem er, við hvaða aðstæður sem er. Jafnvel er dæmi um að jarmandi sauðir sem lúta höfði á eftir forustusauð hlaupa á eftir honum fyrir björg, af því að forustusauðurinn klikkaði einhverra hluta vegna og hljóp fyrir björg, þá fer öll hjörðin þangað. Manni dettur þetta stundum í hug þegar maður sér með hvaða hætti hv. stjórnarþingmenn greiða atkvæði á Alþingi. Nei, ekki lyfta upp höfðinu, það gæti vakið athygli ef ég er með einhverja aðra skoðun en hjörðin. Ekki lyfta upp höfðinu. Lúta höfði og rétta upp höndina eins og allir hinir. Þannig get ég kannski komist til einhverra metorða. Þannig verð ég kannski einhvern tímann alvöru stjórnmálamaður.

Ég held að hæstv. sjávarútvegsráðherra yrði maður að meiri að taka á málinu með okkur, viðurkenna að við það að leggja fram frumvarp um niðurlagningu Þróunarsjóðs sjávarútvegsins hafi honum einfaldlega sést yfir það að á sjóðnum hvíldi ákveðin kvöð sem Alþingi var búin að setja á hann. Nú þegar búið er að fara yfir það mál og rifja upp með hvaða hætti það kom til og með hvaða hætti það var afgreitt sé rétt að taka sér tíma í að kanna með hvaða hætti þróunarsjóðurinn geti tekið þátt í því verkefni. Það er mér að meinalausu að sú breytingartillaga sem minni hlutinn stendur fyrir við 3. umr. sé þess vegna hent út í hafsauga ef mönnum líður betur með það að meiri hlutinn komi með einhverja breytingartillögu, bara að hún tryggi að Alþingi fari að þeim vilja sem lýst var í atkvæðagreiðslu þegar greidd voru atkvæði um þingsályktunartillögu um að Þróunarsjóður sjávarútvegsins ætti að taka þátt í að vernda gömul skip og gamla báta.

Við megum ekki, alþingismenn, láta spyrjast um okkur að það skipti í raun og veru engu máli hvað sé verið að samþykkja hér svo fremi að það eru ekki lög, að Alþingi geti í sjálfu sér ekki treyst því að þegar búið er að vísa máli til ákveðins fagráðherra verði því fylgt eftir, vilji Alþingis komi fram.

Ég trúi því ekki, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, að allur sá fjöldi hv. þingmanna sem greiddi þingsályktunartillögunni atkvæði á sínum tíma sé búinn að skipta um skoðun. Ég trúi því ekki að þeir allir muni lúta höfði og rétta upp hönd, eða ýta á takka eins og við gerum hér í sölum Alþingis, ég trúi því ekki, það yrði að mínu viti endanleg staðfesting á því að framkvæmdarvaldið telur sig ekki þurfa að fara mikið eftir því sem samþykkt er hér á Alþingi nema að það séu lög. Hrein og klár yfirlýsing um það.

Rök um að ekki sé hægt að taka þetta inn í þá breytingu sem við erum að gera á lögunum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins halda ekki. Þau eru bara bull. Við erum hér til að breyta lögunum. Við stöndum í umræðu um það að breyta lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Við virðumst geta breytt þeim á allan hátt annan en þann að fara að vilja þingsins. Það er ekkert því til fyrirstöðu að breyta lögunum

þannig að vilji þings nái fram að ganga. Ekki neitt.

[20:32]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil nú spyrja að því hvort standi til að gefa okkur óbreyttum þingmönnum matarhlé. Ég sá að forseti kom hér í salinn 10 mínútur yfir sjö, hafði vonandi notið góðs matar með fjölskyldu sinni og situr hér vel saddur og ánægður. Ég lýsi því hins vegar yfir, virðulegur forseti, að ég tel að það sé komin þörf á það að ég fái að komast nálægt matborðinu núna. Ég óska eftir því að virðulegur forseti fresti fundi um stundarsakir.

(**Forseti** (HBl): Fundinum er frestað um hálftíma til að hv. þingmenn geti fengið sér kvöldverð.)

[Fundarhlé. — 20:33]

[21:00]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Nú erum við að ræða hér að verið sé að leggja niður Þróunarsjóðinn og í umræðum hefur komið fram að það eigi ekkert að gera með þingsályktun sem var samþykkt á 125. þingi um að fjármunir úr Þróunarsjóðnum ættu að ganga til varðveislu skipa. Það hefur heldur ekkert komið fram um að það eigi að veita einhverja fjármuni til þeirra verkefna. Eina málsvörn hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur verið sú að ekki veiti af fjármununum til hafrannsókna. Ég tel að hæstv. sjávarútvegsráðherra sé að kasta frá sér miklu tækifæri til að varðveita atvinnusögu landsins. Enginn hefur hér mælt á móti því að huga þurfi að verndun báta og skipa, þeir liggja víða undir skemmdum. Það hefur enginn, hvorki stjórnarandstæðingur né stjórnarsinni, talað á móti því að þar séu verkefni. Þess vegna veltir maður fyrir sér hvað kalli akkúrat núna á að þessir fjármunir fari allir í hafrannsóknir. Um það hefur hæstv. fjármálaráðherra ekkert sagt. Ég tel að hæstv. sjávarútvegsráðherra ætti að greina okkur frá því hvað hastar einmitt til þess að þessir fjármunir eigi að fara til þessara verkefna, en ekki til þeirra verkefna sem sjálft Alþingi hefur ákveðið, verkefna sem voru samþykkt á 125. löggjafarþingi, og meira að segja af sjálfum þingforsetanum. Allir greiddu atkvæði með þeirri tillögu, 49 atkvæði féllu með því að nota ætti fé úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins til varðveislu báta og skipa. Sú tillaga var flutt af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni.

Hér í umræðunni fyrr í dag ræddi ég einmitt þá spurningu hvað vekti fyrir mönnum, hvað kallaði á að ekkert væri gert með samþykktir Alþingis. Ég sagði að það væri lágmarkskrafa að þingmenn sem samþykktu eitthvað greindu frá því hvers vegna þeir skiptu um skoðun. Enginn hefur komið hingað og sagt frá því hvað það væri og hvers vegna þeir skiptu um skoðun, ekki einu sinni hæstv. þingforseti. Mér finnst að þingið eigi að segja frá því. Ég hef sjálfur skipt um skoðun. Mér finnst það bara ósköp eðlilegt mál, en þá er að sama skapi eðlilegt að reyna að rökstyðja það með einhverjum hætti en ekki bara að gera ekkert með fyrri samþykktir. Þessir umræddu þingmenn hafa ekki bara gert ekkert með samþykktir sínar, heldur hafa þeir látið ógert að rökræða það eitt eða neitt. Reynt hefur verið að þegja málið í hel. Ég minntist m.a. á Kristin H. Gunnarsson, týnda soninn, hv. þingmann, að hann hefði ekkert gert með orð sín og loforð, sem og fleiri þingmenn, hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson, Einar Oddur Kristjánsson og Hjálmar Árnason, varðandi sóknardagabáta.

Ég kalla það svik þegar menn gera ekkert með orð sín og halda þau ekki. Hér í umræðunni fór það eitthvað fyrir brjóstið á hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég átta mig ekki á því hvers vegna það er. Ég kalla hlutina sínum réttu nöfnum, og ef menn halda ekki orð sín er það ekkert annað en svik. Til að fá það staðfest fletti ég því upp í orðabók Menningarsjóðs hvað það væri að svíkja. Það er einmitt það sem þessir þingmenn gerðu, í skilningi mínum og í skilningi orðabókarinnar, að svíkja sem er skilgreint í orðabók Menningarsjóðs að „ganga á bak orða sinna, standa ekki við gefið loforð". Það er einmitt það sem umræddir þingmenn gerðu varðandi þetta mál. Þess vegna er óþarfi að vera svo viðkvæmur, hæstv. sjávarútvegsráðherra, þótt maður kalli hlutina sínum réttu nöfnum. Ég veit ekki hvort menn vilja kannski skrifa nýja orðabók en þetta er það sem stendur í orðabók Menningarsjóðs. Það að svíkja, eins og hv. þingmenn gerðu, er að ganga á bak orða sinna. Þetta heitir einfaldlega að kalla hlutina sínum réttu nöfnum.

Ég hef áður meira að segja verið ávítaður fyrir að kalla ákveðinn ráðherra, hæstv. forsætisráðherra, lúpu. Samkvæmt skilgreiningu orðabókarinnar er lúpa „feiminn, óframfærinn maður". Mér finnst þetta oft vera óþarfaviðkvæmni fyrir því að kalla hlutina sínum réttu nöfnum. Það verður þó ekki sagt um hæstv. forseta þingsins, þann sem hér situr. Það er ekki hægt að segja að hann sé með einhvern tepruskap. Þess vegna vil ég að hann taki það til greina að þeir, bæði hæstv. ráðherrar og þeir þingforsetar sem hafa verið að setja ofan í við þann sem hér stendur í ræðustól, endurskoði það að ef menn kalla hlutina sínum réttu nöfnum sé það einhver dónaskapur. Það er af og frá. Menn verða að fá að nota íslenskt mál hér og kalla hlutina sínum réttu nöfnum.

Því hefur ekki verið á móti mælt að skipum hrakar. Það er orðin æ meiri þörf á að veita fjármuni til varðveislu báta og skipa. Það eru staðreyndir sem blasa við öllum. Þess vegna er óskiljanlegt að stjórnarliðar útskýri ekki fyrir okkur hér hvers vegna þeir skipti um skoðun og geri ekkert með fyrri samþykktir þingsins. Ég vil nefna m.a. hæstv. þingforseta og hv. þm. Kristin H. Gunnarsson. Við eigum heimtingu á að fá að vita hvað verður til þess að þeir telji óþarft að gera nokkuð með fyrri samþykktir, þingsályktunartillögur þingsins. Hvað er það sem kallar á, hæstv. sjávarútvegsráðherra, að allir fjármunirnir fari til hafrannsókna? Hæstv. sjávarútvegsráðherra hefði getað skrifað nafn sitt á spjöld sögunnar og varðveitt atvinnusöguna en í stað þess fer hann með alla fjármuni sem gefast í hafrannsóknir. Ekki er ég að gera lítið úr því að það eigi að rannsaka hafið en það hlýtur að vera eitthvað sem kallar á það einmitt núna að hæstv. sjávarútvegsráðherra fari með alla fjármunina í þann málaflokk.

Mér finnst að hæstv. sjávarútvegsráðherra eigi að skýra það út fyrir okkur hvað það er og hvaða verkefni kalli á þessa fjármuni.

Nú er togararallinu nýlokið, eftir því sem ég best veit,

þann 20. mars sl. Það væri fróðlegt að fá það í umræðuna, vegna þess að hæstv. sjávarútvegsráðherra vill fá meira fé í þennan málaflokk, í hvaða verkefni allir þessir fjármunir eigi að fara með niðurlagningu Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Er það þorskurinn? Er þetta verkefni sem varðar þorskinn? Nú vitum við að stefna Sjálfstæðisflokksins í að byggja upp þorskstofninn hefur algerlega mistekist. Það er ömurlegt að fara í gegnum það að eftir 20 ára kvótakerfi er aflinn nú helmingi minni en hann var fyrir daga kvótakerfisins. Er það það verkefni sem hæstv. sjávarútvegsráðherra er að fara með þessar 600–700 milljónir í? Á að leita skýringa?

Ég tel vert að spyrja sig einmitt gagnrýninna spurninga hvað varðar árangursleysi og þá sorgarsögu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur skilið eftir sig í sjávarútvegsráðuneytinu og er enn að vinna að. Eftir 20 ára starf með kvótum og stjórnun er þorskaflinn helmingi minni. Og ekki nóg með það, heldur er viðmiðunarstofn þorsksins líka minni. Hvar sem borið er niður er árangursleysið algert. Það má vel vera að það þurfi að fara með aukna fjármuni í hafrannsóknir en þá verða menn líka að þora að spyrja gagnrýninna spurninga.

Gagnrýni hefur komið víða að á hafrannsóknir og á árangursleysið hvað varðar það að byggja upp þorskstofninn. Það hefur meira að segja komið gagnrýni frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Í fréttablaði samtakanna, Útveginum, mátti á dögunum lesa að stofnvistfræðingur samtakanna, Kristján Þórarinsson, teldi ráðgjöf Hafró hafa valdið miklum vonbrigðum.

Ég tel að við eigum heimtingu á því að vita hvaða verkefni verið sé að fara í. Það er engin spurning að þetta er mikil sorgarsaga, algerlega misheppnuð ráðgjöf sem og þessar rannsóknir. Hæstv. sjávarútvegsráðherra hlýtur að hafa á takteinunum eða vilja útskýra fyrir okkur hvaða verkefni það eru sem hann vill að þessir fjármunir fari í.

Staðreyndin er sú að aflaregla sem stofnunin hefur notað hefur engu skilað. Engu. Árið 1992 þegar þessi regla var tekin upp var þorskaflinn 100 þús. tonnum meiri en hann er nú. Það hlýtur að valda vissum áhyggjum að eftir að hafa notað þessa reglu svo lengi sé þorskaflinn 100 þús. tonnum minni. Hvað veldur? Menn skulda svör við þessum spurningum.

Á dögunum mátti lesa í Morgunblaðinu frétt þar sem rætt var við fiskverkanda í Grindavík. Hann sagði frá því að þorskurinn nú væri óvenjuhoraður og með tóman maga. Í framhaldinu vöknuðu þær spurningar hvort æti skorti. Sérfræðingur á Hafrannsóknastofnun sagði að það væri ekki merki um ætisskort í hafinu. Ég óska eftir því að hæstv. sjávarútvegsráðherra greini okkur frá því hvort það hafi komið fram í ralli Hafrannsóknastofnunar á dögunum að það væri ekki ætisskortur. Ég er líffræðingur og hefði einmitt talið að minnkandi vöxtur væri merki um ætisskort, og ekki einungis minnkandi vöxtur heldur tómur magi. Þess vegna tel ég að Hafrannsóknastofnun þurfi að gera betur grein fyrir því.

Með því að engir fjármunir fari til þessa málaflokks, þ.e. varðveislu gamalla skipa og atvinnusögu, heldur til Hafrannsóknastofnunar eða til hafrannsókna, þá hljóti að vera einhver verkefni. Ég óska eftir því að hæstv. sjávarútvegsráðherra greini okkur frá því hvaða verkefni það eru sem hann ætli að fara að rannsaka.

Það sem kannski hefur verið ömurlegt í málflutningi hæstv. ráðherra er að hann talar um að stjórnarandstaðan sé á móti hafrannsóknum vegna þess að hún vill veita ákveðna fjármuni til varðveislu báta og gamalla skipa. Það er náttúrlega alveg með ólíkindum að halda því fram. Það er svona álíka og fjármunir séu veittir til húsafriðunar, þá séu hv. þingmenn á móti því að verið sé að veita fjármuni til rannsókna á sviði byggingarmála. Þetta er náttúrlega mjög veikur grunnur að byggja á og ómerkilegt.

Það eru fleiri sem hafa lýst yfir áhyggjum af því að veita skuli svo litla fjármuni til varðveislu skipa og báta. Það má lesa grein í Morgunblaðinu þriðjudaginn 5. október sl. Þar skrifar grein Jóhann Ásmundsson og Ágúst Ólafur Georgsson um vernd skipa og báta með menningarsögulegt gildi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það er sorglegt hvað stjórnvöld ætla að draga lengi fæturna í að sinna þessum mikilvæga þætti íslenskrar sögu, sem er skipasmíðaarfur þjóðarinnar og strandmenning. Máli sem þessu er ekki lengur hægt að skjóta á frest og verður að finna á því viðunandi lausn. Hvað þarf til að vekja þetta mál til lífs og setja það á þann stall sem því ber er erfitt að segja. Eitt er þó víst að ríkisstjórnin með menntamálaráðherra í broddi fylkingar verður að gera þetta að sínu máli og vinna að því sérstaklega."

Jóhann Ásmundsson er formaður Félags íslenskra safna og safnmanna, Ágúst Ólafur Georgsson er fyrrverandi deildarstjóri Sjóminjasafns Íslands, en Sjóminjasafnið var lagt niður haustið 2003.

Ég hefði talið að hér væri í rauninni um gott mál að ræða fyrir hæstv. sjávarútvegsráðherra að sýna lit og snúa við blaðinu. Undir stjórn Sjálfstæðisflokksins, því miður, hefur farið á verri veg á ýmsa lund. Bæði hefur afli minnkað eins og áður segir og síðan hefur flokkurinn ekki gert menntun í atvinnugreininni mjög hátt undir höfði. Til dæmis er búið að leggja niður báða fiskvinnsluskóla landsmanna. Það er mjög sérstakt að þjóð sem lifir af sjávarútvegi skuli leggja niður alla menntun á sviði fiskvinnslu. Það er mjög sérstakt.

Þegar maður spyr hæstv. menntamálaráðherra varðandi þau efni er eins og það skipti engu máli. Það eru önnur og mikilvægari verkefni sem hæstv. menntamálaráðherra vill viðhafa, svo sem að kenna lögfræði í fjölmörgum skólum, en undirstöðuatvinnugreinin, það er eins og hún sé látin róa, hún skipti engu máli. Menn spyrja ekki gagnrýninna spurninga þó svo þorskafli og þorskstofninn sé miklu minni. Nei, það er bara haldið áfram. Og áfram með sömu kennisetningarnar og ekki spurt gagnrýninna spurninga.

Ég hefði talið að ef á að veita aukið fjármagn til hafrannsókna og ég er tilbúinn að styðja það þó svo ég telji einnig mjög mikilvægt að það fari til varðveislu gamalla báta og skipa, þá fari það ekki alveg á einn stað, heldur að einhverjir fjármunir fari til frjálsra verkefna eða einhverra sem eru utan þessarar stofnunar, það verði einhver samkeppni á sviði hugmynda og vísinda. Komið hefur upp mjög málefnaleg gagnrýni á Hafrannsóknastofnun. Ýmsir eru farnir að leggja við hlustir. Því miður virðist eins og stofnunin svari helst ekki ef hún kemst hjá því í staðinn fyr-

ir að fagna allri umræðu og allri gagnrýni á stofnunina, en þannig ganga vísindin fyrir sig. Vísindin eru náttúrlega vettvangur gagnrýninna hugsana og menn fagna því ef menn fá gagnrýni, en svo er ekki þegar Hafrannsóknastofnun á í hlut. Til dæmis hefur komið fram mjög málefnaleg gagnrýni frá fyrrum þingmanni Sjálfstæðisflokksins þar sem hann gagnrýnir að Hafrannsóknastofnun skuli hagræða bókhaldi eins og hann kallar það, að fiskstofnar séu endurmetnir og þeim ýmist fjölgað eða fækkað í veiðistofni eftir því sem hentar í reiknilíkani stofnunarinnar. Það á náttúrlega ekki að vera. Ef við ætlum að ná árangri bæði á sviði hafrannsókna og annarra vísinda eiga menn að fagna gagnrýni.

Ég tel einmitt að hæstv. sjávarútvegsráðherra eigi að segja okkur frá því hvað það er sem kallar á alla þessa fjármuni núna. Hvað er það sem kallar á þessa fjármuni núna? Hvaða verkefni eru það? Er það árangursleysi Sjálfstæðisflokksins við að stjórna hér, eða hvað er það? Er það togararallið, eru menn að fá upplýsingar úr því?

Ég tel að ýmsum spurningum sé ósvarað. Ég vona að hæstv. sjávarútvegsráðherra svari einhverju um hvað það er og hvaða verkefni þetta eru sem kalli á alla þessa fjármuni. Það er eins og ekki sé hægt að sjá á eftir örfáum krónum eða einhverri upphæð til varðveislu gamalla skipa þó svo að þingmenn stjórnarliðsins hafi samþykkt það fyrir nokkrum árum. Ekki hafa þessir gömlu bátar lagast af sjálfu sér. Hvað er það sem breytir forgangsröðinni nú hjá Sjálfstæðisflokknum? Er það enn ein svört skýrsla sem er á leiðinni eða eigum við von á einhverri bjartari, t.d. úr togararallinu?

Ég tel að hæstv. ráðherra skuldi okkur einhver svör hvað það varðar, vegna þess að því miður hefur Hafrannsóknastofnun og sú fræði að spá með stofnlíkönum ár og áratugi fram í tímann algerlega misheppnast. Eins og ég sagði áður fyrr í ræðu minni er þorskaflinn nú helmingi minni en fyrir daga kvótakerfisins og hann er 100 þúsund tonnum minni áður en aflaregla var tekin upp. Maður fær í rauninni engar skýringar. Þegar beðið er um skýringar er vísað í einhverja skýrslu þar sem sömu menn koma við sögu og bjuggu til aflaregluna. Það voru nákvæmlega sömu menn með tveimur undantekningum og bjuggu til aflaregluna, tíu manna hópur ef ég man rétt, þeir voru látnir dæma eigin verk og gera úttekt á þeim. Þess vegna finnst mér rétt að hæstv. sjávarútvegsráðherra skýri okkur frá því hvort til standi að setja á fót annan hóp, vegna þess að hann hlýtur að sjá það, ef maðurinn spyr sig á annað borð gagnrýninna spurninga öðru hverju, hvers vegna hann nær ekki árangri í starfi, en það sjá allir sem eitthvað skoða þessa hluti að árangurinn er enginn, helmingi minni afli og minni stofnar. Ætlar hæstv. ráðherra að nota þessa fjármuni til að fara í úttekt á t.d. Hafrannsóknastofnun?

Hvað stendur til? Hvers vegna er ekki hægt að veita örfáar milljónir t.d. í augljós verkefni sem blasa við til að bjarga skipi eins og Sigurfara á Akranesi? Hvað er það sem kallar á? Það hljóta að vera einhverjar áætlanir um að nota þessa fjármuni.

Við höfum séð að verið er að spá jafnvel áratugi fram í tímann um stærð fiskstofna með algjörlega misheppnuðum hætti. Mér finnst hæstv. ráðherra skulda okkur og í rauninni þjóðinni skýringar, þjóðin hlýtur að hafa áhyggjur af þessu, að enginn árangur næst.

Við í stjórnarandstöðunni bjóðum þeim 49 þingmönnum, við bjóðum í rauninni þeim stjórnarliðum sem samþykktu umrædda þingsályktunartillögu, að nota hluta fjárins sem kemur frá þróunarsjóði til að varðveita gömul skip og báta, að standa við orð sín. Ég á ekki von á öðru en menn reyni einhvern veginn að bjarga sér frá þessu og kasta ekki frá þessu tækifæri. Það hlýtur líka að koma upp spurning hjá hæstv. ráðherra að verða ekki sá ráðherra sem verður helst minnst fyrir að halda í ónýtt kerfi sem skilar helmingi minni afla, hann geti þó bent á einhvern bát t.d. uppi á Akranesi: Þetta var mitt verk.

Ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra vilji ekki eiga einn bát t.d. á Akranesi eða Siglufirði sem hann geti bent á: Ég stóð nú ekki eingöngu fyrir ónýtu kvótakerfi, ég bjargaði einum báti! Nei. Það hlýtur að vera að hæstv. ráðherra kasti ekki frá sér þessu tækifæri, þessu gullna tækifæri til að standa við samþykktir Alþingis og þá þingsályktunartillögu sem var samþykkt hér og noti eitthvað af þeim fjármunum til að varðveita gamla báta, en ef ekki þá hlýtur hann að hafa einhverjar áætlanir um hvernig hann ætli að nota þetta fjármagn. Á að fara að gera einhverja allsherjarúttekt?

[21:28]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég ætla að halda áfram þar sem frá var horfið í fyrri ræðu minni um það mál sem hér er til umræðu, um breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sem felst í rauninni í að hann sé lagður niður.

Í raun hafa ekki komið nein frambærileg rök fyrir því hvers vegna er verið að flýta því að leggja sjóðinn niður. Sjóðurinn hefur haft hlutverk sem hagræðingarsjóður og er reyndar afsprengi af sjóði sem áður hét Hagræðingarsjóður, þótti eitthvað fínna að breyta nafninu í Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Það er nú svona þegar verið er að reyna að skreyta og mála lélegar fjaðrir. Hann hefur eða á að hafa það hlutverk að hagræða, styrkja og efla sjávarútveg í landinu. Þótt hlutverk hans að höggva niður skip sé kannski ekki orðið meginmál í dag getum við ekki séð annað en sjávarútvegurinn þurfi áfram á slíkum stuðningi að halda sem hægt er að sækja í gegnum Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Þannig að rökin fyrir að flýta því að leggja hann niður hafa ekki komið fram, herra forseti.

Það hefur ekki komið fram á Alþingi að fullreynt sé hve mikið sé hægt að hagræða í sjávarútvegi. Eða hve mikið sé hægt að styrkja og efla sjávarútveginn enda upplifum við það nánast vikulega að fiskvinnslustöðvum sé lokað eða að bátar verði að hætta sjósókn vegna þess að aflakvóta skorti til að sækja sjóinn. Í þessum sjóði er talið að séu 300–500 millj. kr. Það hefði t.d. þótt mikill stuðningur hefði ekki verið veitt nema 10–20 millj. kr. til fiskvinnslunnar á Hofsósi til að styrkja og efla sjávarútveginn þar, þróa hann eins og stendur í lögum um þróunarsjóð. Það hefði verið styrkur af því. Ekkert í lögum sjóðsins bannar að hann komi þar að og, eins og nafnið gefur til kynna, þrói og efli sjávarútveginn þar eða á Stöðvarfirði, eða sjávarplássunum kringum Vestfirði, eða á Skagaströnd og Blönduósi. Allt eru þetta staðir sem eiga undir högg að sækja, m.a. vegna stefnunnar

í sjávarútvegsmálum og hvernig hún hefur verið keyrð fram. Þessi sjóður hefur einnig verið notaður til að eyðileggja atvinnulíf í mörgum byggðum. Í lögum um breyting á lögum um forvera þessa sjóðs, Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, frá 1992, stendur í 6. gr., með leyfi forseta, þar sem kveðið er á um hverjir og hvernig megi úrelda skip:

„Skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá, að réttur til endurnýjunar þess verði ekki nýttur og enn fremur að allar veiðiheimildir skipsins verði varanlega sameinaðar aflaheimildum annarra fiskiskipa.

Óheimilt er að greiða úreldingarstyrk fyrr en fyrir liggur vottorð Siglingamálastofnunar ríkisins um afskráningu skipsins af skipaskrá og yfirlýsing frá sjávarútvegsráðuneytinu um að allar aflaheimildir skipsins hafi varanlega verið sameinaðar aflaheimildum annarra skipa og að fallið hafi verið frá rétti til endurnýjunar skipsins.“

Hv. þingmenn hafa lýst því að þeir hafi séð með eigin augum þegar þessi skip voru höggvin niður til þess að fullnægja þessum kröfum, í heilu lagi, skip sem voru vel sjófær. Forseti, hvaða vit er í slíku vinnulagi, að höggva niður vel haffær skip, atvinnutæki heilla byggðarlaga? Það stendur í lögunum að eigandi fiskiskipsins ráði því. Eigandinn er ekki einangrað fyrirbrigði í einu sjávarplássi. Þar eiga allir aðrir sitt undir því að skipið haldi til veiða. En honum er mútað til að höggva það niður. Íbúarnir eru ekki spurðir. Ætla íbúarnir á Hofsósi hafi verið spurðir? Ætli íbúarnir á Flateyri hafi verið spurðir? Nei, eigandinn er annaðhvort skikkaður eða honum með óbeinum hætti mútað til að taka skipið úr notkun en eftir situr byggðarlagið atvinnulaust. Þannig hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins lagt sitt af mörkum til að marka hin djúpu sár sem eru í sjávarútvegi vítt og breitt um landið.

Þetta minnir á herferðina sem á undanförnum árum hefur verið rekin gagnvart sláturhúsum í landinu. Nákvæmlega það sama. Peningarnir fyrir hin höggnu skip runnu ekki til byggðarlagsins til að efla nýtt atvinnulíf. Eða var það, herra forseti? Ekki held ég. Þeir runnu ekki til byggðarlagsins. Sama upplifum við nú, að ríkið beitir ríkisfjármagni til að svipta byggðarlög atvinnu sinni eins og með úreldingu á sláturhúsum. Ríkið borgar fyrir að leggja niður lítil en hagkvæm sláturhús í byggðarlögunum, að því er virðist til að skapa svigrúm og möguleika á að ná arðsemi úr offjárfestingum í stórum sláturhúsunum.

Nýjasta dæmið er á Kirkjubæjarklaustri. Þar á að úrelda sláturhús, gott sláturhús sem þarf að sjálfsögðu eðlilegt viðhald. Peningarnir sem ríkið greiðir fyrir það að loka þessu sláturhúsi á Kirkjubæjarklaustri renna ekki til fólksins á Kirkjubæjarklaustri. Nei, þeir renna í stóra hít sem heitir Sláturfélag Suðurlands. Menn höfðu ekki einu sinni fyrir því að hafa samband við fólkið á Kirkjubæjarklaustri áður en þeir ákváðu að loka og sækja um peninga frá ríkinu til að hagræða sláturhúsið burt. Við erum að upplifa nákvæmlega hið sama þar og gert var með þessum sjóði, Þróunarsjóði sjávarútvegsins.

Líklega hefði verið best að taka þessa peninga, þessar 400 eða 500 millj. kr. og deila til þeirra sjávarplássa sem urðu harðast úti í misbeitingu þessa sjóðs, sjávarþorpanna á Vestfjörðum, sjávarþorpanna á Norðurlandi, Austurlandi og hringinn í kringum landið þar sem íbúarnir höfðu ekkert um það að segja þegar ríkið keypti frá þeim atvinnutækifærin. Það fólk ætti að fá þessa peninga til baka, ef sjóðurinn sér ekki þörf á að taka þátt í uppbyggingu sjávarútvegs á þessum stöðum. Engin rök hafa verið færð fyrir því hvers vegna flýta þurfi því að leggja þennan sjóð niður.

Áður en hann yrði lagður niður væri fróðlegt að gera úttekt á sporaslóð þessa sjóðs, aðgerðum hans, hvar þær hafa komið harðast niður, hvar flest skipin voru höggvin, hvar flest fólk missti atvinnu sína vegna þess að skipin voru eyðilögð og tekin úr notkun. Hvar kom þetta harðast niður? Réttast væri að gera þá úttekt og skila peningunum aftur til fólksins.

Herra forseti. Maður verður dapur þegar maður hugsar til þess að ríkið, ríkisvaldið, skuli ganga fram með þessum hætti, að kaupa burt atvinnutækifæri fólks eins og beita til þess sjóðum undir flaggi hagræðingar.

Ég vonast til þess að herra forseti finni af hinni löngu og ítarlegu umræðu sem fram fer um þetta mál að þetta mál er alls ekki tilbúið til afgreiðslu af hálfu þingsins. Það eru engin rök fyrir því að flýta því að leggja niður sjóðinn. Áður en sjóðurinn verður lagður niður væri kannski réttast að kanna hvernig bæta megi fyrir gjörðir hans, hvar þær hafi komið harðast niður, hvað sjóðurinn hefur hagrætt burt, keypt burt fiskiskipin og hvar hann skilur eftir verstu sárin. Kanna þyrfti hvar hann gæti komið inn í og bætt um. Ég tel þetta mikilvægt áður en sjóðnum verður ráðstafað til sjávarútvegsráðherra sem ásamt undirmönnum sínum ráðstafar honum að vild.

Önnur hlið á meðferð þessa máls hefur einnig verið rakin, þar sem greint hefur verið frá samþykkt þingsályktunartillögu um verndun skipa til að reyna að bjarga nokkrum af þeim menningarverðmætum sem hafa sloppið undan öxinni, sloppið undan eyðingu sjóðsins. Hún gengur út á að við eigum þótt ekki væri nema eitt, tvö eða þrjú skip sem minni á gamla góða tíma í sjávarútvegi meðan veiðar voru stundaðar á þessum skipum, eikarbátum sem áttu sinn þátt í að gera Ísland að því efnahagslega veldi sem það er nú. Þetta muna sjómenn sem reru á þessum skipum, fólkið sem vann í landi og vann fiskinn af þessum skipum sem síðan voru höggvin niður í nafni hagræðingar.

Alþingi samþykkir síðan þingsályktunartillögu samhljóða um að nokkru fjármagni skuli varið til þess að vernda þennan menningararf. En þá verða meiri hlutinn, ríkisstjórnin, ráðherrann, hæstv. sjávarútvegsráðherra, svo litlir að það er ekki einu sinni hægt að verða við þeirri samþykkt Alþingis. Nei, lítið er geð guma.

Meira að segja er það svo, herra forseti, að sjávarútvegsnefnd flytur heil og óskipt um þetta tillögu á Alþingi árið 2000. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um hvernig skuli staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilsverðar minjar um atvinnu og byggðasögu.“

Auðvitað vildum við ekki að þetta væru minjar. Að sjálfsögðu vildum við að frá þeim stöðum þar sem þessir bátar gegndu lykilhlutverki að þær væri öflug útgerð, öflug dagróðrabátaútgerð og fiskvinnsla. Auðvitað vildum við að við þyrftum ekki að ræða um að setja þennan kafla atvinnu-

sögu þjóðarinnar á safn eða varðveita sem minjar. Auðvitað er það dapurt í sjálfu sér og ætti að gera allt til að koma í veg fyrir að svo þurfi að vera. Það styður þá kröfu mína um að þessum sjóði verði varið til að efla dagróðraflotann aftur á þeim stöðum þar sem hann var höggvinn burt.

En í þessari tillögu er ítrekað bent á að Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í þessu verkefni. Í greinargerð með tillögunni, sem sjávarútvegsnefnd öll flytur, segir, með leyfi forseta:

„Nefndin flytur þessa tillögu í framhaldi af umfjöllun um 102. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum. Í því er lagt til að Þróunarsjóður sjávarútvegsins veiti byggðasöfnum og sjóminjasöfnum styrki til varðveislu skipa samkvæmt nánar skilgreindum reglum. Frumvarpið var flutt af þingmönnum allra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi."

Það fer ekkert á milli mála hér hver vilji Alþingis er. Hann er kýrskýr. Það er dapurt ef hæstv. sjávarútvegsráðherra telur sig umkominn að ganga þvert og berlega gegn einlægri samþykkt Alþingis. Ég trúi því ekki að hæstv. forseti, sem á það til að vera réttsýnn og getur oft verið það, láti slíka ósvinnu viðgangast og að Alþingi sé sýnd þessi lítilsvirðing. Auk þess held ég að þegar þetta var samþykkt, og forseti getur leiðrétt mig ef hann greiddi þessu ekki atkvæði á sínum tíma, að þá hafi hæstv. forseti verið því fylgjandi að bátar væru varðveittir með þessum hætti.

Maður veltir því fyrir sér hvort sjávarútvegsráðherra sé eitthvað í nöp við þessa báta, við þessa atvinnusögu þjóðarinnar. Skammast hann sín fyrir hana á einhvern hátt? Telur hann sig bera ábyrgð á því að bátarnir hafi verið höggnir og byggðarlögin skilin eftir með skerta atvinnu og atvinnumöguleika? Skammast hann sín kannski fyrir þennan kafla í atvinnusögunni, vill hann helst breiða yfir hana og ekki viðurkenna að sagan hafi verið til? Það er ámælisvert hvernig þróunarsjóðnum var oft og tíðum beitt til að höggva burt atvinnu í sjávarbyggðunum. Þá er eins gott að ráðherrann segi að honum finnist að það ætti að gleyma þeirri sögu. Það eru rök fyrir því að hafna því að fjármagn fari í að varðveita skipin. Menn geta verið á móti því að sögunni sé haldið til haga. Ef hæstv. ráðherra kemur ekki og leiðréttir það held ég að líta verði svo á, því það eru rök í málinu. En það eru ekki rök í málinu að segjast vera fylgjandi því að þetta sé gert og finnast allt gott um samþykkt Alþingis en vera staðráðinn í að hafa hana að engu. Það eru ekki heiðarleg vinnubrögð.

Herra forseti. Ég veit ekki hvað þarf að tína til mörg rök til að forseti átti sig á því að hér er verið að keyra í gegn mál á afar óeðlilegan hátt. Eins og ég hef rakið er ástæða til að gera úttekt á því hvar hagræðingaraðgerðir í sjávarútvegi hafa komið harðast niður, hvar höggvin hafa verið burt í nafni hagræðingar flest störfin á litlu sjávarbyggðunum vítt og breitt um landið, hvernig bæta mætti þar úr, hvernig hægt væri að beita sjóðnum til að bæta þar fyrir og styrkja atvinnulífið, hvort sem er í sjávarplássunum á Vestfjörðum, Norðurlandi eða Austurlandi. Hæstv. forseti ætti t.d. að hafa áhyggjur af málum á Stöðvarfirði. Væri ekki hægt að nýta fjármagnið til að styrkja sjávarútveginn þar?

Ég er ekki að gera lítið úr verkefnum og mikilvægi Hafrannsóknastofnunar, en Hafrannsóknastofnun er A-hluta stofnun og fær fjármagn sitt á fjárlögum. Þingið afgreiðir fjárlög til A-hluta stofnana. Það eiga ekki að vera neinir sjálftökusjóðir í ráðuneytum til útdeilingar fyrir A-hluta stofnanir. Það stríðir gegn fjárreiðulögunum. Að vísu hefur núverandi ríkisstjórn, hæstv. fjármálaráðherra og aðrir ráðherrar farið mjög á svig við fjárreiðulögin og fundist það í lagi. En fjárreiðulögin voru sett til að fara eftir þeim og til að veita framkvæmdarvaldinu aðhald og láta þau fylgja lögum og ákvörðunum Alþingis. A-hluta stofnanir eiga að fá fjármagn sitt á fjárlögum. Lög kveða á um það, en ekki að fá ótilteknar úthlutanir frá einhverjum sjóðum eða pottum í ráðuneytunum.

Ríkisendurskoðun hefur ítrekað gert athugasemdir við þá sjóði og potta sem ráðuneytin fá til að útdeila að eigin geðþótta. Ég er ekki að segja að þeim sé illa ráðstafað en það er heldur engin trygging fyrir því að þeim sé vel ráðstafað. Fyrir utan það þá er það á svig við lög að fjármagna stofnunina með þessum hætti. Hafrannsóknastofnun á að hafa alla burði til að sýna fram á þörf fyrir rannsóknir og við þingmenn eigum líka að hafa alla burði til að skilja og meta þá þörf og veita til þess fjármagn á fjárlögum. Það að búa til einhverja aðra potta til að fjármagna Hafrannsóknastofnun er bara flótti, vantraust á þingið og vantraust á hæstv. sjávarútvegsráðherra að geta ekki haldið málum stofnunar sinnar til haga með þeim hætti að Alþingi veiti til hennar nægilegt fé og þurfa að fara bakdyramegin með það.

Málið er því af mörgum ástæðum, sem ég hef rakið, vanbúið til afgreiðslu. Ég legg til að hæstv. forseti sjái það og geri sér grein fyrir að ef koma á í veg fyrir óhæfi í vinnu beri að fresta afgreiðslu málsins og láta það fara aftur til sjávarútvegsnefndar. Þar er hægt að gera á því þær nauðsynlegu lagfæringar sem þarf að gera, samþykkja þá breytingartillögu sem hér liggur fyrir af hálfu minni hlutans og skýra betur hvers vegna flýta þarf því að sjóðurinn verði lagður niður, skoða hvaða ábyrgð sjóðurinn ber á gjörðum sínum gagnvart sjávarplássunum, gagnvart fólkinu meðfram ströndinni vítt og breitt um landið og hvernig hægt er að beita fjármagninu sem sjóðurinn á enn til að bæta úr því tjóni sem hann olli í hinum ýmsu sjávarbyggðum og þær hafa ekki enn bitið úr nálinni með.

Herra forseti. Ég treysti því að réttsýni forseta nái það langt að hann sjái að málið er fullkomlega vanreifað til lokaafgreiðslu.

[21:53]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jón Gunnarsson):

Herra forseti. Þetta er orðin löng umræða um frumvarp sem gengur út á að leggja Þróunarsjóð sjávarútvegsins niður. Umræðan er aðallega þetta löng vegna þess að okkur þingmönnum sem tekið höfum þátt í umræðunni blöskrar hvernig með efni frumvarpsins á að hunsa mjög skýran vilja Alþingis til að sjóðurinn taki einhvern þátt í að vernda gömul skip og báta.

Saga þróunarsjóðsins er löng og búið að fara nokkuð vel yfir hana hér. Til upprifjunar var náttúrlega nokkuð mörgum sjóðum steypt í þróunarsjóðinn. Hann varð ekki til fullskapaður einn og sér, heldur byrjaði þetta með lögum um að stofnaður yrði Úreldingarsjóður fiskiskipa. Það var af-

greitt og með því frumvarpi var lagt til að stofnaður yrði sjóður sem hefði það hlutverk að stuðla að fækkun fiskiskipa. Því hlutverki átti sjóðurinn að sinna með tvennum hætti. Í fyrsta lagi átti Úreldingarsjóður fiskiskipa að kaupa fiskiskip með aflaheimildum og í öðru lagi átti hann að greiða úreldingarstyrki sem gátu numið allt að 10% af húftryggingarverðmæti fiskiskipa.

Við afgreiðslu Alþingis á frumvarpinu vorið 1990 voru gerðar verulegar breytingar á efni frumvarpsins og nafni sjóðsins, Úreldingarsjóði fiskiskipa, breytt í Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Sjóðnum var úthlutað aflaheimildum og þeim átti sjóðurinn að ráðstafa með tvennum hætti. Hann átti í fyrsta lagi að framselja allt að helmingi aflaheimilda til eflingar fiskvinnslu í byggðarlögum sem stæðu höllum fæti og í öðru lagi skyldi hann framselja þetta með öðru móti.

Sett voru lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Í 1. gr. þeirra laga sagði, með leyfi forseta:

„Stofna skal sjóð er nefnist Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins. Sjóðurinn skal stuðla að aukinni hagkvæmni í útgerð með því að laga stærð og afkastagetu fiskiskipastólsins að afrakstursgetu nytjastofna sjávar. Í þessu skyni skal sjóðurinn veita styrki til úreldingar fiskiskipa, enda sé tryggt að í stað hinna úreltu skipa komi ekki ný skip í fiskiskipaflotann eða að afkastageta flotans aukist með öðrum hætti."

Þarna erum við farin að þekkja það hlutverk sem þróunarsjóðurinn fékk, að taka skipin og koma í veg fyrir að þeim yrði haldið til veiða með öllum mögulegum ráðum. Þróunarsjóðurinn tók við öllum eignum og skuldum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins með lögum nr. 65/1992. Hann tók einnig við eignum og skuldbindingum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja.

Eins og sjá má af upptalningunni eru nokkuð margir foreldrar að þróunarsjóðnum og þeir foreldrar hafa þá sögu að hafa stuðlað að því að eyða fiskiskipum. Þess vegna höfum við lagt á það áherslu að ekki sé óeðlilegt að sjóðurinn taki þátt í að vernda þau skip sem þó eru eftir, enda hefur Alþingi lýst mjög skýrum vilja sínum til þess.

Veltum því aðeins fyrir okkur augnablik, herra forseti, hvaða viðbrögð það mundi vekja í þjóðfélaginu ef stofnaður yrði sjóður til að úrelda og eyða gömlu íbúðarhúsnæði sem teldist ekki við hæfi lengur. Það væri orðið svo mikið framboð af íbúðarhúsnæði á markaðnum að taka þyrfti gömul hús og eyða þeim og settur yrði á laggirnar sjóður til þess. Ég er hræddur um að það mundi heyrast hljóð úr horni ef slíkt ætti að gera. Nægir að minna á umræðuna um Laugaveginn og það sem verið er að tala um að gera þar. Ég held að við höfum ekki sömu innbyggðu varnirnar gagnvart því að eyðileggja gömul skip eða gamlar sjóminjar eins og við höfum gagnvart húsum sem á að fara að eyða eða rífa. Það þarf að verða breyting á því. Ég held að flutningsmenn þingsályktunartillögunnar hafi ætlað að að henni samþykktri gætu þeir treyst því og trúað að fjármunir kæmu til að gera átak í því að vernda gömul skip.

Í ræðum mínum fyrr í dag kallaði ég eftir afstöðu hv. stjórnarþingmanna. Það er kannski rétt að halda því til haga að hvorki þeir hv. stjórnarþingmenn sem greiddu þingsályktunartillögunni sem við höfum rætt í allan dag atkvæði sitt á sínum tíma né aðrir hv. stjórnarþingmenn hafa tekið þátt í umræðunni um þetta og sagt hvaða hug þeir bera til málsins.

Ég veit ekki alveg hvað á að lesa út úr því. Ég vona að það viti á gott og þeir samþykki breytingartillögu minni hlutans sem kemur til atkvæðagreiðslu að lokinni þessari umræðu, á morgun eða síðar í vikunni, að það að þeir komi ekki í umræðuna þýði að þeir séu að velta þessu fyrir sér í fullri alvöru, vilja ekki gefa upp afstöðu í umræðunni á þessum tíma og muni mæta til atkvæðagreiðslu og greiða atkvæði samkvæmt sannfæringu sinni, vonandi sömu sannfæringu og varð til þess að þeir greiddu þingsályktunartillögunni atkvæði á sínum tíma.

Ég tel fullreynt að reyna að fá hæstv. sjávarútvegsráðherra til að uppfylla vilja Alþingis í málinu. Ég held að við sem flytjum breytingartillöguna við frumvarpið verðum að treysta á einstaka þingmenn, að einstakir þingmenn hafi hryggstykki í bakinu til að taka ákvarðanir fyrir sjálfan sig og greiða breytingartillögu okkar atkvæði.

Ég ætla ekki að gefa mér neitt fyrir fram í því, en vona það besta. Ég vil alltaf trúa á það besta í mannskepnunni og trúi því ekki fyrr en ég tek á að vilji Alþingis til að vernda gömul skip og báta með hluta af þeim fjármunum sem til eru í þróunarsjóði verði hunsaður algjörlega, eins og lítur út fyrir við þessa umræðu.

Virðulegi forseti. Málið í hnotskurn, eins og það blasir við eftir þessa umræðu og þau svör sem við höfum fengið frá sjávarútvegsráðherra því að hann hélt eina ræðu fyrr í umræðunni, er það að hæstv. sjávarútvegsráðherra vill ná öllum fjármunum Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til sín til að sinna þeim verkum sem heyra undir ráðuneyti hans. Hann vill ekki sjá á eftir þessum fjármunum til varðveislu gamalla skipa og báta, það sé höfuðverkur annarra hæstv. ráðherra að afla fjár til þess. Hann ætlar sér að taka alla þá peninga sem þarna eru, þrátt fyrir vilja Alþingis, og passa að þeir fari algjörlega óskiptir og að öllu leyti í verkefni á vegum sjávarútvegsráðuneytisins.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki verið hér, hún er með fjarvistarleyfi og lítið við því að segja, enda átti maður kannski ekki von á að umræðan beindist í þann farveg að hæstv. sjávarútvegsráðherra segði með jafnskýrum hætti að það væri höfuðverkur hæstv. menntamálaráðherra að sjá um að fá fjármuni til fylgja eftir þeirri þingsályktun sem hér hefur verið rætt mikið um.

Það liggur líka, sýnist mér, kristaltært fyrir eftir þá umræðu sem við höfum átt hér í allan dag og fram á kvöld að hæstv. menntamálaráðherra hefur í raun og veru ekkert borið sig eftir þessum fjármunum þrátt fyrir að Alþingi hafi samþykkt að hluti af fjármunum þróunarsjóðsins færi í þetta verk sem er þó á verksviði hæstv. menntamálaráðherra. Það getur vel verið að einhver nefnd á hennar vegum sé búin að skila tillögum um hvernig á standa að því að vernda gömul skip og báta en núna, áður en hægt verður að hrinda því góða verki af stað, ætlar hæstv. sjávarútvegsráðherra að sjá um að ekki verði eftir neinir fjármunir þarna til að sinna því.

Ein spurning sem ég bar upp fyrr í dag og hefði hug á að endurtaka, virðulegi forseti, og vonast til að hæstv. sjávar-

útvegsráðherra hafi einhver svör við, er hvort menn geri sér nú betur grein fyrir því en fyrir einhverjum vikum síðan, hver skuldlaus eign sjóðsins gæti orðið við það uppgjör sem nú er í gangi. Hversu mikið yfir 400 milljónir eignir sjóðsins nema við það uppgjör, þannig að við getum við atkvæðagreiðslu um málið a.m.k. á einhvern hátt reynt að gera hv. þingmönnum, sem vilja nota part af þessum fjármunum til að vernda gömul skip og báta, grein fyrir um hvaða fjármuni er að tefla. Í raun vitum við það ekki á þessari stundu og því hefði að mörgu leyti verið skynsamlegra að fresta endanlegri afgreiðslu á málinu þar til menn vissu um hvaða fjármuni væri að ræða, en eins og komið hefur fram er enginn vilji til þess.

Að endingu langar mig að spyrja hæstv. forseta hvort honum hafi gefist tóm til að lesa þingsályktunina sem við höfum verið að ræða um í dag, þingsályktunina um að Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í að fjármagna varðveislu gamalla skipa og báta. Tilgangur minn með þessari spurningu til virðulegs forseta er að reyna nú í lok umræðunnar að treysta á reynslu hans af þingstörfum til að segja okkur hvort hann telji ekki að Alþingi hafi samþykkt kvöð á Þróunarsjóð sjávarútvegsins með samþykkt þessarar þingsályktunar og hvort hann geti þá ekki verið sammála okkur þingmönnum sem höfum talað hér í dag, í ljósi þessarar þingsályktunartillögu og þeirrar afgreiðslu sem hún fékk á Alþingi, að það sé í raun óhæfa að leggja niður Þróunarsjóð sjávarútvegsins án þess að sinna þeirri kvöð sem umrædd þingsályktun lagði á sjóðinn.

[22:04]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég beið eftir því að hæstv. sjávarútvegsráðherra svaraði þeim spurningum sem ég beindi til hans í ræðu minni. Ef hann hefur ekki lagt við hlustir, sem ég reikna allt eins með vegna þess að það virðist lítið koma út úr því að hlýða honum yfir árangursleysi og vitleysisgang stjórnunar sinnar undanfarin ár, þá vil ég beina þeim orðum til hans hvort hann geti ekki séð sóma sinn í því að svara þeim spurningum sem ég bar upp í ræðu minni. Þær voru á þessa leið: Hvað varð til þess að Alþingi eða hæstv. ráðherra breytti um stefnu, þ.e. að virða ekki fyrri samþykktir Alþingis og gera ekkert með það að setja eitthvað af fjármunum þróunarsjóðsins til varðveislu gamalla báta og skipa? Hvað var það sem breytti þessu og að allir fjármunirnir fari til Hafrannsóknastofnunar eða til hafrannsókna?

Það hljóta að vera einhverjar ástæður fyrir þessari stefnubreytingu hæstv. ráðherra. Ég nefndi hvort það gæti verið mögulegt að nýjar fréttir úr ralli Hafrannsóknastofnunar gefi til kynna að þeir þurfi aukna fjármuni, eða þá að fara eigi fram enn ein úttekt á þessu kerfi vegna þess að við fyrri úttekt á aflareglu voru það sömu menn sem gerðu úttektina og bjuggu til regluna, sem er óskiljanlegt og ekki fyrir nokkurn mann að skilja að menn séu látnir taka út sín eigin verk. Það hlýtur að vera einsdæmi að ekki sé hægt að finna einhverja aðra til þess.

Varðandi aflaregluna þá var leitað alla leið til Bandaríkjanna. Jú, jú, það var í sjálfu sér ágætt að fara þangað, en þar var fenginn græningi, Rosenberg, sem er í rauninni á móti veiðum og er með mjög sérstakar skoðanir og er að reikna t.d. þorskstofna 150 eða jafnvel 170 ár aftur í tímann. Auðvitað sjá allir sem velta þessu eitthvað fyrir sér að það að ætla að reikna 170 ár aftur í tímann með einhverri vissu er bara hrein og klár della þegar menn geta ekki sagt fyrir um þorskaflann á næsta ári og hvað þá á þarnæsta ári, að þá séu menn að reikna áratugi og jafnvel aldir aftur í tímann. Þetta var maðurinn sem hæstv. sjávarútvegsráðherra fékk til að gera úttekt á þessari aflareglu sem því miður hefur engu skilað.

Menn hljóta því að spyrja hvort von sé á stefnubreytingu, hvort hæstv. sjávarútvegsráðherra ætli að fara í einhverja úttekt á árangursleysinu og það sé einmitt það sem þessir fjármunir eigi að fara í. Það hlýtur að vera eðlilegt að svara þeirri spurningu ef ekki er hægt að sjá á eftir örfáum milljónum til varðveislu verðugra verkefna sem hið háa Alþingi hefur samþykkt. Menn hljóta að þurfa að svara fyrir hvað það er sem kallar á þessa skyndilegu stefnubreytingu. Ég vona að hæstv. sjávarútvegsráðherra sjái sóma sinn í að svara því hér, og t.d. hvort hann muni veita fjármuni í að kanna kenningar sem komið hafa fram hér á landi þar sem verið er að gagnrýna Hafrannsóknastofnun. Til dæmis vil ég nefna ágætan mann norður í landi, fyrrum þingmann Sjálfstæðisflokksins, Kristin Pétursson, sem hefur komið fram með mjög áhugaverðar kenningar. Mun ráðherra frekar leita til hans en græningja í Bandaríkjunum sem eru að reikna áratugi og aldir aftur í tímann og það verði einmitt verkefni þeirra fjármuna sem fást út úr því þegar þróunarsjóðurinn verður lagður niður.

Fleiri má nefna, t.d. Jón Kristjánsson fiskifræðing sem hefur skilað gríðarlegum árangri í Færeyjum. Þar virðast menn vera að veiða nokkuð jafnt og þeir hafa gert gegnum síðustu öld og ganga þokkalega. En hæstv. sjávarútvegsráðherra fór til Bandaríkjanna og fékk græningja til að gera úttekt á kerfi okkar sem hefur engu skilað og síðan sömu menn og bjuggu til aflaregluna. Það hlýtur að vera mjög sérstakt.

Megum við eiga von á einhverri stefnubreytingu hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra? Ég vona að skynsemin ráði og að ráðherra, sem var að vanda um við menn fyrr í umræðunni að gæta orða sinna, sem ég reyni nú að taka tillit til, taki einnig tillit til orða minna hér og svari þeim fyrirspurnum sem beint er í bróðerni til hans.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 20.–25. mál.

Fundi slitið kl. 22:11.

103. FUNDUR

þriðjudaginn 5. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fátækt barna og hagur þeirra, beiðni um skýrslu, 728. mál, þskj. 1086. *Hvort leyfð skuli.*
2. Úrvinnslugjald, stjfrv., 686. mál, þskj. 1044. — 1. umr.
3. Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 723. mál, þskj. 1081. — 1. umr.
4. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 698. mál, þskj. 1056. — 1. umr.
5. Helgidagafriður, stjfrv., 481. mál, þskj. 735. — 3. umr.
6. Skaðabótalög, frv., 681. mál, þskj. 1037. — 1. umr.
7. Heiðurslaun listamanna, þáltill., 145. mál, þskj. 145. — Fyrri umr.
8. Greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 207. mál, þskj. 207. — 1. umr.
9. Búvöruframleiðslan og stuðningur við byggð í sveitum, þáltill., 240. mál, þskj. 251. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

[13:30]

Útbýting:

Byggðastofnun, 714. mál, fsp. AKG, þskj. 1072.

Menningarsamningur fyrir Vesturland, 713. mál, fsp. AKG, þskj. 1071.

Niðurrif á stíflumannvirki Steingrímsstöðvar, 693. mál, þáltill. MÞH, þskj. 1051.

Samgönguáætlun fyrir árin 2005?2008, 721. mál, stjtill. samgrh., þskj. 1079.

Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons, 722. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 1080.

Skuldbindingar sveitarfélaga vegna einkaframkvæmda, 734. mál, fsp. GunnB, þskj. 1096.

Stuðningur við búvöruframleiðslu, 733. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 1095.

Útflutningur og kynning á íslensku lambakjöti, 564. mál, svar landbrh., þskj. 1036.

Tilhögun þingfundar.

[13:32]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Áður en umræða utan dagskrár hefst vill forseti vekja athygli á því að fyrirhuguð er atkvæðagreiðsla að lokinni þeirri umræðu.

Nú hefst umræða utan dagskrár um jafnréttismál í landbúnaði. Málshefjandi er hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir. Hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Umræður utan dagskrár.

Jafnréttismál í landbúnaði.

[13:32]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Samkvæmt tæplega ársgamalli þingsályktunartillögu um áætlun í jafnréttismálum eru eftirtalin verkefni á herðum allra ráðuneyta:

1. Jöfnun á kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnum.
2. Skilgreining á hlutverki jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.
3. Fræðsla um jafnréttismál fyrir stjórnendur og starfsmenn ráðuneytanna.
4. Jafnréttisáætlanir og jafnréttisnefndir ráðuneytanna.
5. Skipun tengiliða jafnréttismála í öllum undirstofnunum ráðuneyta.
6. Jafnréttissjónarmið tryggð við stöðuveitingar.
7. Staða kvenna í ráðuneytunum og undirstofnunum þeirra.

Auk þess ber landbúnaðarráðuneytinu að taka þátt í grasrótarverkefni kvenna, Lifandi landbúnaður – Gullið heima.

Í svari við nýlegri fyrirspurn minni um stöðu jafnréttismála í landbúnaðarráðuneytinu kemur fram að kynjahlutfall í 56 nefndum, ráðum og stjórnum á vegum þess er afar ójafnt, þ.e. 217 karlar á móti 40 konum. Fjórar konur hafa verið ráðnar til starfa en 23 karlar. Ekki hefur verið gerð framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og ekki er að sjá að aðrar skyldur sem þingsályktunin leggur ráðuneytinu á herðar hafi heldur verið uppfylltar. Þó má ljóst vera að á því er einmitt mikil þörf.

Nokkrir frumkvöðlar meðal kvenna í bændastétt hafa á undanförnum árum unnið að auknu jafnrétti innan stéttarinnar. Það hefur ekki verið létt verk og lítinn stuðning að fá frá samtökum bænda en meðal árangurs má þó telja að á síðasta búnaðarþingi var samþykkt jafnréttisáætlun í fyrsta sinn í sögu samtakanna. Víst er að mikið verk er fyrir höndum að vinna það mikla karlavígi sem félagsstarf innan Bændasamtaka Íslands er en það er jafnframt til mikils að vinna að virkja konur í bændastétt til félagsstarfa.

Jafnréttismálum á Íslandi er víða ábótavant og eru þau því miður í sumum tilfellum á leið til verri vegar eins og í fleiri löndum þar sem íhaldsöfl ráða ríkjum. Þessa dagana stendur yfir þing Alþjóðaþingmannasamtakanna þar sem Ísland er vítt og fær atkvæðavægi sitt skert um 30% vegna þess að sendinefnd landsins er aðeins af öðru kyninu. Þetta er í samræmi við samþykkt Sameinuðu þjóðanna sem hefur að markmiði minnst 30% hlut kvenna á þjóðþingum.

Á fundum Evrópusambands sveitarstjórnarmanna hefur aðeins einu sinni setið kona fyrir Íslands hönd. Þar er Ísland líka lesið upp og vítt árlega fyrir slælega frammistöðu í

jafnréttismálum. Enginn minnist nokkru sinni á þessar staðreyndir, enda passa karlarnir upp á þagnarsamsærið. Þeir telja það sér í hag.

Landbúnaðargeirinn er líklega á ýmsa lund íhaldssamari en aðrar atvinnugreinar og á meðan sjálft ráðuneytið stendur sig jafnilla og raun ber vitni er kannski ekki von á góðu. Ég spyr því hæstv. ráðherra:

Telur ráðuneytið sig geta stutt jafnréttisbaráttu kvenna í landbúnaði? Ef svo er, með hvaða hætti?

Hefur ráðherra hugsað sér að nýta sér þau ráð sem tiltæk eru til að jafna stöðu karla og kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins?

Til hvaða ráða hyggst ráðherra grípa til að bæta úr því ófremdarástandi sem nú ríkir í þeim málum innan ráðuneytis hans?

Hefur landbúnaðarráðherra hugsað sér að framfylgja þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum frá 28. maí 2004? Ef svo er, þá hvernig?

[13:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr: „Telur ráðuneytið sig geta stutt jafnréttisbaráttu kvenna í landbúnaði? Ef svo er, með hvaða hætti?"

Ég vil í upphafi segja að konur eru máttarstólpar í íslenskum landbúnaði, félagslífi og félagsstarfi sveitanna og verða störf þeirra seint ofmetin. Hins vegar endurspeglast mikilvægi kvenna fyrir atvinnugreinina ekki í stöðu þeirra í félagsstarfi landbúnaðarins. Er það miður og eitthvað sem nauðsynlegt er að bæta úr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur stutt dyggilega við bakið á jafnréttisbaráttu kvenna í landbúnaði. Á nýliðnu búnaðarþingi hvatti ég þingið til að vinna að aukinni þátttöku kvenna í félagsmálum bænda. Það þyrfti að breyta þeirri staðreynd að af fulltrúum bænda á búnaðarþingi væru einungis níu konur en 40 karlar. Til að sjónarmið beggja kynja öðlist brautargengi í félagsmálefnum bænda þarf að hvetja konur til virkrar þátttöku í félagsmálum og karlar þurfa auðvitað að hvetja konur og styðja þær til þeirra starfa.

Landbúnaðarráðuneytið hefur stutt Kvenfélagasamband Íslands í fjölþættu starfi þess að jafnréttismálum innan lands sem utan og m.a. styrkt alþjóðlegt starf sambandsins í þágu dreifbýliskvenna. Landbúnaðarráðuneytið hefur jafnframt stutt með mjög virkum hætti við starf Lifandi landbúnaðar sem er grasrótarhreyfing kvenna í íslenskum landbúnaði. Eitt af meginverkefnum grasrótarhreyfingarinnar er félagsleg efling kvenna í bændastétt, að fræða þær, styðja og hvetja til eflingar atvinnu í sveitum. Hef ég átt marga góða fundi með þessari mikilvægu hreyfingu kvenna í íslenskum sveitum.

„Hefur ráðherra hugsað sér að nýta sér þau ráð sem tiltæk eru til að jafna stöðu karla og kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneytisins?"

Þegar skipað er í nefndir, ráð og stjórnir er mikilvægt að tryggja að samsetning þeirra endurspegli sem best þá efnahagslegu hagsmuni sem þeim er ætlað að fjalla um. Ráðuneytið hefur ekki í hendi sér hvernig hinir ýmsu aðilar sem tilnefna í nefndir og ráð á þess vegum haga tilnefningum sínum. Tilnefningar frá hinum ýmsu hagsmunaaðilum í landbúnaði bera því miður þess enn merki að landbúnaður er allnokkurt karlaveldi eins og fram kom í ræðu hv. þingmanns. Hef ég ekki í hyggju að ráðskast með tilnefningar annarra aðila. Aðilar sem tilnefna í nefndir eru gjarnan minntir á ákvæði 20. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þess efnis að í „nefndum, ráðum og stjórnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu, þar sem því verður við komið, sitja sem næst jafnmargar konur og karlar".

Hvað þriðju spurninguna varðar, „Til hvaða ráða hyggst ráðherra grípa til að bæta úr því ófremdarástandi sem nú ríkir í þeim málum innan ráðuneytis hans?", vil ég segja, hæstv. forseti, að fjöldi kvenna í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum landbúnaðarráðuneytisins hefur aukist til muna í ráðherratíð minni. Ekkert ófremdarástand ríkir í jafnréttismálum landbúnaðarráðuneytisins. Samsetning nefnda, ráða og stjórna ræðst ekki af afstöðu minni eingöngu, heldur einnig vali þeirra aðila sem tilnefna einstaklinga til þeirra trúnaðarstarfa sem um er að ræða hverju sinni. Tilnefningar í nefndir, ráð og stjórnir bera þess vissulega merki að félagsleg staða kvenna innan landbúnaðarins er ekki sú sem hún ætti að vera í dag. Þar þarf að bæta úr.

„Hefur landbúnaðarráðherra hugsað sér að framfylgja þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum frá 28. maí 2004? Ef svo er, þá hvernig?"

Já, landbúnaðarráðuneytið hefur unnið að og mun áfram vinna að því að framfylgja þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára sem samþykkt var í maí 2004. Sérstakt verkefni landbúnaðarráðuneytisins sem þar er tilgreint er verkefnið Lifandi landbúnaður – Gullið heima, eins og fyrr hefur verið greint frá.

Ég vil segja að hvað varðar verkefni allra ráðuneyta má tiltaka að ráðuneytið hefur frá samþykkt þingsályktunartillögunnar leitast við að jafna kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnum eftir því sem kostur hefur gefist. Jafnréttisfulltrúi starfar innan landbúnaðarráðuneytisins en hann fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málasviði þess og stofnana- og stjórnsýslusviði ráðuneytisins. Landbúnaðarráðuneytið hefur ekki unnið eigin jafnréttisáætlun. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Klukkan hefur truflað mig. Hún hefur gefið rangar vísbendingar um hvað ræðu minni liði þannig að ég vil fá að klára.

Sérstaklega hefur verið leitast við að gæta jafnréttissjónarmiða við ákvörðun launa (Forseti hringir.) og við stöðuveitingar hjá ráðuneytinu. Af tíu háskólamenntuðum sérfræðingum sem ráðnir hafa verið til hinna ýmsu starfa ...

(Forseti (SP)**:** Forseti verður að benda hæstv. landbúnaðarráðherra á að hann hefur ákveðinn tíma til umfjöllunar um málið eins og aðrir hv. þingmenn.)

Ég þekki það, hæstv. forseti, en klukkan var að rokka til á milli tveggja, þriggja og fjögurra mínútna.

(Forseti (SP)**:** Ég hygg ...)

Hæstv. forseti. Ég er að ljúka máli mínu.

Frá því að ég tók við störfum hafa átta starfsmenn af tíu háskólamenntuðum sérfræðingum verið konur. Heildarfjöldi starfsmanna ráðuneytisins er nú 22, þar af 14 konur, af 13 starfsmönnum með háskólamenntun eru sjö konur en sex karlar þannig að ég vil segja, hæstv. forseti ...

(**Forseti** (SP): Forseti vekur athygli hæstv. landbúnaðarráðherra á því að hann hefur tækifæri til að koma þessum upplýsingum að seinna í umræðunni.)

Ég þakka fyrir, hæstv. forseti. Mér þótti samt mikilvægt umræðunnar vegna að koma þeim fram í fyrstu ræðu.

(**Forseti** (SP): Forseti vill af þessu tilefni brýna hv. þingmenn í því að það er ákveðinn tími sem menn hafa til umræðu og biðja þá að virða þau mörk.)

Klukkan verður þá að vera í lagi.

[13:42]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka frummælanda fyrir að taka upp þessa utandagskrárumræðu um jafnréttismál í landbúnaði. Tilefnin eru ærin þó að svör hæstv. landbúnaðarráðherra við fyrirspurn hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um jafnréttisáætlun og skipan í stöður innan landbúnaðarráðuneytisins gefi ein og sér ástæðu til að skoða málin mjög alvarlega. Það er ljóst að mikill kynjahalli er við ráðningu starfsmanna og við skipan í nefndir og ráð á vegum landbúnaðarráðuneytisins hvort heldur er í fastanefndir eða tímabundnar nefndir. Af öllum samanlögðum nefndarskipununum eru 217 karlar á móti 40 konum. Bændasamtökin eiga sjálf þarna hlut að máli þar sem þau eða búnaðarsamtökin hafa ekki gætt jafnréttissjónarmiða við tilnefningu í ráð og nefndir.

Af vettvangi Bændasamtaka Íslands og búnaðarsambandanna er svipaða sögu að segja og því ekki að undra að konur í landbúnaði hafi nú tekið sig saman og myndað grasrótarhreyfingu til að bæta stöðu kvenna. Samtakamáttur kvenna skilaði sér inn á nýliðið búnaðarþing með samþykkt jafnréttisáætlunar Bændasamtaka Íslands.

Konur í sveitum landsins hafa frá aldaöðli staðið jafnt að verkum og karlar þótt verkaskipting hafi lengst af verið hefðbundin eftir kynjum. Stöðu kvenna í landbúnaði má að mörgu leyti líkja við stöðu heimavinnandi húsmæðra fyrr á tíð. Störf þeirra og þekking eru ekki metin að verðleikum, eru ekki sýnileg í opinberum tölum og lífeyrisréttindi allt of margra eru takmörkuð.

Hæstv. forseti. Það er mikilvægt að kanna hvort starfshættir opinberra stofnana sem ætlað er að styðja við atvinnulífið vinni á einhvern hátt gegn konum eða stuðli að ójöfnuði gegn þeim. Bent hefur verið á eðlislægt vandamál innan stjórnkerfisins, þ.e. að karlar tilnefni karla, og hefur þessu vandamálið verið líkt við andlega samkynhneigð.

[13:44]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Það er mjög mikilvægt að gætt sé jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins og er landbúnaður þar engin undantekning á. Jöfn áhrif kvenna og karla til ákvarðanatöku og stefnumótunar í samfélaginu er það sem við flestöll viljum sjá í verki. Á búnaðarþingi sem var haldið í síðasta mánuði var í fyrsta skipti samþykkt jafnréttisáætlun Bændasamtakanna og er það ekki síst vegna baráttu kvenna sem hafa stofnað með sér grasrótarsamtökin Lifandi landbúnaður. Eru markmið þeirra samtaka að stuðla að öflugri, litríkari og meira lifandi landbúnaði en verið hefur og að konur verði sýnilegra og virkara afl. Það er mikil þekking sem með þeim býr og þær hafa stuðlað að því að efla félagslegt hlutverk kvenna í landbúnaði.

Á árinu 2003 voru samtals 4.152 einstaklingar skráðir bændur. Þar af voru karlar 2.714 og konur 1.438, þ.e. karlar 65%, konur 35%. Konur ættu því miðað við þessar tölur að hafa betri stöðu hvað varðar hlutföll í nefndum í dag en raun ber vitni. Ef grannt er skoðað getum við trúlega séð, ef við lítum yfir nöfn þeirra karla sem eru í nefndum á vegum landbúnaðarins, sömu nöfnin koma upp aftur og aftur. Þar er ekki breiddin.

Það er aðeins ein kona í stjórn Bændasamtaka Íslands. Þær ættu í réttu hlutfalli að vera a.m.k. þrjár, ef ekki fjórar. Í skýrslu um eignarhald kvenna í atvinnurekstri og landbúnaði kemur fram að þátttaka í félagsstörfum í landbúnaði er 21%, í sveitarstjórnum 19%. (Forseti hringir.) Þegar konur eru spurðar að því hvað valdi segja þær oft og tíðum: Það er tímaleysi, það er áhugaleysi og þær fá ekki hvatningu.

[13:47]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Konur eru líka menn, segir einhvers staðar, og eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir benti á núna rétt áðan geta bændur líka verið konur. Hins vegar kemur það skýrt fram í svari hæstv. landbúnaðarráðherra til málshefjanda, hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur, að landbúnaðarráðuneytið er því miður svarti sauðurinn í jafnréttismálum þegar kemur að flóru íslenskra ráðuneyta. Aðeins fjórar konur voru skipaðar í stöður á vegum ráðuneytisins frá árinu 1999 til ársloka 2004 af 27 umsækjendum. Þetta eru aðeins 18%.

Ef við lítum á starfandi nefndir og ráð á vegum ráðuneytisins eru konur þar aðeins 18% aðalmanna. Þegar kemur að varamönnum er hlutfallið aðeins skárra, þó ekki nema 31% konur.

Sú meginregla gildir á Íslandi að allir skuli jafnir fyrir lögum óháð kynferði. Jöfn staða kynjanna hefur verið stjórnarskrárbundin á Íslandi frá árinu 1995, auk þess sem við höfum sérstök jafnréttislög sem hafa verið hér í gildi frá árinu 1976.

Fyrir nákvæmlega ári ræddum við þingsályktunartillögu frá hæstv. félagsmálaráðherra um jafnréttismál. Þar kom í raun og veru mjög skýrt fram það sem ég sagði áðan að landbúnaðarráðuneytið er því miður svarti sauðurinn í þessum málum. Þetta er eitt af fáum ráðuneytum þar sem engin jafnréttisáætlun er til staðar. Það er einungis landbúnaðarráðuneytið, Hagstofan og sjávarútvegsráðuneytið sem geta státað af þessum vafasama heiðri.

Svona má áfram lengi telja. Við ræddum þetta svo sem í þaula í fyrra, við minntumst á þetta þá í ræðum, því miður er ekki að sjá að landbúnaðarráðuneytið hafi gert mikla bragarbót síðan þá (Forseti hringir.) og það ber að sjálfsögðu að harma.

[13:49]

Lára Stefánsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér þykir hæstv. landbúnaðarráðherra hálfvanmáttugur í stuðningi sínum. Árangurinn er harla lítill og ég held að hann hafi komist að sumu leyti að lykil-

ástæðunni þegar hann talaði um efnahagslega hagsmuni. Konur eru bændur og það er mjög mikilvægt starf að vera bóndi. Ég get ekki séð neina stóra efnahagslega mismunandi hagsmuni á konum í sveitum eða annars staðar, en það sem blasir hér við er að staða þeirra er engan veginn eðlileg í ákvarðanatöku, stjórnsýslu, menntun eða öðru.

Ég varð dálítið hissa þegar hæstv. landbúnaðarráðherra talaði um sérstakar framfarir í ráðuneyti sínu. Ég horfi á að á sama tíma, frá árinu 1999, hefur hans ágæta ráðuneyti skipað fjórar konur og 23 karla í stöður. Þetta finnst mér ekki kraftmikið í þessum hluta. Ég held að það vanti að taka konur sem eru bændur alvarlega.

Konur sem eru bændur hafa vit á rekstri bús síns, mjólkurframleiðslu, fjárrækt og öðru slíku. Ég tel mikilvægt að hæstv. ráðherra taki sérstakt frumkvæði og sýni árangur í því að breyta stöðunni. Ég trúi því að sé það gert af alvöru og festu sjáist einhverjar afleiðingar af því að konur séu fullgildir þátttakendur í þessari atvinnugrein.

[13:51]

Katrín Ásgrímsdóttir:

Hæstv. forseti. Það má kannski segja að umræðan hér endurspegli ákveðin tímamót í jafnréttisumræðunni. Þau tímamót felast í því að jafnréttisumræðan er komin á skrið innan Bændasamtaka Íslands. Eins og hér hefur komið fram var nýverið samþykkt jafnréttisáætlun hjá Bændasamtökunum og þar er í fyrsta sinn lögð áhersla á þessi mál á þeim vettvangi.

Það er óhætt að segja að ímynd bændasamfélagsins hafi verið mjög karllæg. Karlmenn hafa almennt verið skráðir fyrir búum, þó að það sé að breytast. Þeir hafa einmitt almennt setið í stjórnum búnaðarfélaganna og búgreinasambanda. Það er því afar mikilvægt að frá Bændasamtökunum komi jafnréttisstefna og að fulltrúar bænda hafi þessa samþykkt á bak við sig því að frá þeim koma gjarnan tilnefningar í opinberar nefndir og ráð.

Þessi umræða er mikilvæg fyrir bændastéttina. Það er mikilvægt að sjónarmið kvenna skili sér inn í ákvarðanatöku og stefnumótun stéttarinnar í heild á beinan hátt. Það er mikilvægt að þeir sem fjalla um málefni sveita landsins endurspegli það fólk sem stendur þar fyrir rekstri. Sú er jú oftast raunin að í sveitum landsins standa hjón almennt hlið við hlið á jafnréttislegum grundvelli að rekstri búanna. Ef til vill er það þar sem jafnréttið skiptir höfuðmáli.

Staða jafnréttismála hjá þeim stofnunum ríkisins sem snerta landbúnað endurspeglar að hluta stöðuna innan bændastéttarinnar. Nýsamþykkt jafnréttisáætlun Bændasamtakanna ætti að vera hvetjandi og auðvelda ríkisvaldinu að stuðla að frekara jafnrétti í nefndum og störfum sem falla undir landbúnaðarráðuneytið.

[13:53]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Á vefritinu bondi.is eru oft lífleg skoðanaskipti. Nú nýverið birtist þar einmitt bréf frá Guðrúnu Lárusdóttur, bónda og húsfreyju í Keldudal, sem ég ætla að leyfa mér að vitna í, með leyfi forseta:

„Tryggingafélagið eða starfsmaður þess neitaði að tryggja mig sem bónda. Ég er sko húsfreyja og mín störf væru ekki nærri því eins hættuleg eins og störf bóndans og ef ég færi að tryggja mig sem bónda þá mundi ég verða að greiða miklu hærri iðgjöld og mundi verða bara óhagkvæmara.

Fasteignamatið sendi snepil þar sem taldir voru upp ábúendur á bænum. Þar voru taldir karlarnir en konurnar vantaði. Ég hringdi og óskaði skýringa á þessu en konan í símanum sagði að hún hefði þessar upplýsingar undirritaðar af bændunum. Sem sagt komið frá mínum manni, en hann hefur nú ekki enn fengist til að viðurkenna að hann hafi gert það. Svo tók hún fram að svona væri þetta oft, en þeir hjá Fasteignamatinu vissu vel að það væru líka oftast einhverjar konur sem byggju á jörðunum en þær væru bara ekki fundnar í Fasteignamatinu.

Lífeyrissjóður bænda flutti allar mínar lífeyrisgreiðslur yfir á eiginmanninn í nokkur ár eða þar til ég rak augun í það á yfirlitinu að sá lífeyrir sem ég greiddi skilaði sér ekki þrátt fyrir það að ég sendi mánaðarlegt yfirlit yfir greiðslur í sjóðinn, sundurliðað eftir greiðendum. Já, þetta var sko mín sök náttúrlega, ekki satt?

Já, það eru einmitt svona mörg atriði sem eru oft einmitt mín sök. Skattstjórar ráðleggja stundum að greiða konum laun frekar en að láta þær vera hluta af búrekstrinum og þá missa þær lífeyrisgreiðslurnar á meðan eða geta átt það á hættu nema þá að passa vel upp á þetta." (Forseti hringir.)

Frú forseti. Í mörgum atriðum er einmitt kerfislægt (Forseti hringir.) gengið á rétt kvenna (Forseti hringir.) og þær þurfa að sækja hann og passa upp á hann sjálfar, (Forseti hringir.) frú forseti, eins og þú stýrir fundi vel.

(**Forseti** (SP): Forseti þakkar góð orð hv. þingmanns.)

[13:56]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Þessi umræða utan dagskrár er athyglisverð og ágæt. Sem innlegg í hana vil ég nefna að konur á Íslandi hafa örugglega ekki haft meiri áhrif á nokkurn atvinnuveg hér á árum áður en einmitt landbúnaðinn þegar heimilin voru stór, stórfjölskyldan, mikil umsvif heima á heimilunum. Þá voru það konurnar sem höfðu hvað mest áhrif í þeirri atvinnugrein sem við erum að ræða um, landbúnaðinum. Þetta veit auðvitað hæstv. landbúnaðarráðherra betur en allir aðrar. Hins vegar hafa konur kannski ekki notið þess í umræðunni hversu mikið þær hafa haft um landbúnaðinn að segja.

Nútíminn er annar, það eru nýir tímar og við þurfum að huga að ýmsum þáttum rétt eins og hv. þm. Jón Bjarnason nefndi áðan. Hann kom inn á einmitt þessi réttindi, og skyldur þá um leið, sem hafa af hálfu ríkisins ekki fallið að því rekstrarformi sem landbúnaðurinn hér hefur verið rekinn á undangengna áratugi, þ.e. að við rekum landbúnaðinn almennt á kennitölu bóndans sem í fleiri tilfellum er karlmaður. Ég hef talið að einkahlutafélag væri heppilegra rekstrarform í landbúnaðinum. Þá skila sér hlutir eins og kvóti, fasteignamat, lífeyrissjóðsgreiðslur, virðisaukaskattur, tryggingafélög og fleiri þættir samfélagsins. Þetta rekstrarform, eins og það er nú, hentar ekki einni kennitölu. Þess vegna er miklu auðveldara og einfaldara að nota rekstrarformið einkahlutafélag. Ég hvet bændur (Forseti

hringir.) til að fara þá leið og þá fá konur beinni aðild að rekstri sínum.

[13:58]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Mér finnst það ekki boða gott að hæstv. ráðherra telji ekki að ófremdarástand ríki í þessum málefnum innan ráðuneytis hans. Hæstv. ráðherra er algjörlega ráðalaus og kannski kærir hann sig ekkert um að beita neinum ráðum og styggja þar með karlana, vini sína.

Það er nefnilega til ráð, frú forseti. Þegar stofnun er beðin um að tilnefna einn einstakling í stjórn eru miklar líkur á því, og nær undantekningarlaust, að karl sé tilnefndur, og kona í besta falli sem varamaður. Ráðið er einfalt, virðulegi ráðherra og frú forseti, og ég ætla að biðja hæstv. ráðherra að taka vel eftir. Ráðið er að biðja um tvær tilnefningar fyrir hvert sæti, sína tilnefninguna af hvoru kyni. Síðan verður það á valdi ráðuneytisins hvorn einstaklinginn það velur eftir því hvernig á að raða niður í nefndina. Þannig er hægt að ná fram jafnrétti, og þannig á að vinna.

Það er rétt sem fram kom hér áðan að það er mikilvægt að Bændasamtökin sýni frumkvæði. En það er landbúnaðarráðuneytið sem hefur skyldum að gegna og þeirri skyldu hefur ráðuneytið ekki sinnt vel eins og tölurnar í svari hæstv. ráðherra við fyrirspurn minni sýna. Verkin sýna merkin, frú forseti.

[14:00]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil sérstaklega minna á og ítreka að landbúnaðarráðuneytið hefur gætt þess mjög, bæði innan sinna veggja og brýnt þá sem eiga að skipa í stöður, að skipa konur. Ég vil segja að af tíu háskólamenntuðum sérfræðingum sem ráðnir hafa verið til hinna ýmsu starfa innan ráðuneytisins í minni tíð hafa verið ráðnar átta konur, átta konur af tíu háskólamenntuðum fulltrúum sem hafa verið ráðnir.

Heildarfjöldi starfsmanna ráðuneytisins er nú 22, þar af 14 konur. Af 13 starfsmönnum með háskólamenntun eru sjö konur en sex karlar svo að menn átti sig á þessari stöðu. Hitt er svo sameiginlegt vandamál sem mér finnst að landbúnaðurinn allur standi frammi fyrir, ekki síst hinn gamli gróni landbúnaður. Ég var á aðalfundi Mjólkurbús Flóamanna, míns gamla vinnustaðar, fyrir stuttu síðan. Þar voru 40 fulltrúar, þar af ein kona. Þannig er þetta í afurðasvæðageiranum.

Ég var aftur á móti á aðalfundi Félags ferðaþjónustubænda í gærkvöldi. Þar var mikið jafnræði með körlum og konum þannig að í hinum nýju búgreinum virðast konurnar koma mjög sterkar til starfa.

Við fylgjum auðvitað jafnréttisáætlun okkar og höfum gert það. Eins og ég hef getið hef ég mjög starfað með grasrótarhreyfingu kvenna, Lifandi landbúnaður – Gullið heima. Þetta er verkefni og vinna sem við þurfum að halda áfram. Ég er sannfærður um að landbúnaðurinn verður sterkari ef fleiri konur koma til starfa á öllum sviðum atvinnugreinarinnar, bæði á búnaðarþingi, í forustu, í félagssamtökum bænda o.s.frv. Það er mikið verkefni og ég trúi því að konurnar muni sækja þar fram og að körlum beri að styðja þær til starfa. Það styrkir íslenskan landbúnað best.

Fátækt barna og hagur þeirra.

Beiðni HHj o.fl. um skýrslu, 728. mál. — Þskj. 1086.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]

Beiðni leyfð til forsætisráðherra með 37 shlj. atkv.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 1. umr.

Stjfrv., 698. mál (farmflutningar). — Þskj. 1056.

[14:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga. Ástæða þess að þessi nýsamþykktu lög eru komin að nýju til meðferðar í þinginu með þessu frumvarpi er að ýmis vandamál komu upp við framkvæmd þeirra og ágreiningur hafði risið um túlkun þeirra. Þetta á sérstaklega við um skilgreiningar á hugtökunum „efnisflutningar“ og „flutningar í eigin þágu“.

Það má geta þess að ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur gerði athugasemdir við gildandi lög sem rétt þótti að bregðast við. Athugasemdirnar snerust fyrst og fremst um eftirlitið sem komið var á. Rétt er að taka fram að breytingarnar varða einungis vöru- og efnisflutninga en ekki var hróflað við ákvæðum laganna um fólksflutninga.

Við samningu frumvarpsins var sérstaklega skoðað og metið hvort þörf væri á að viðhalda atvinnuleyfum fyrir starfsgreinarnar sem undir lögin falla. Víðtækt samráð var haft við hagsmunaaðila um þetta en skoðanir eru óneitanlega mjög skiptar innan akstursgreinanna, bæði um leyfisskylduna og ekki síst um eftirlit gildandi laga.

Með frumvarpi þessu er leitast við að koma til móts við sjónarmið allra hagsmunaaðila sem óneitanlega eru nokkuð mismunandi, enda flutningsstarfsemi sú sem undir lögin fellur um margt ólík.

Meginmarkmiðin með frumvarpi þessu eru að einfalda stjórnsýslu á þessu sviði og gera það skýrara hvaða starfsemi það er sem er leyfisskyld og fellur undir lögin. Einnig að það sé augljóst til hvaða úrræða sé unnt að grípa þegar uppvíst verður um ólögmæta starfsemi.

Það sem helst hefur valdið ágreiningi við framkvæmd laganna er skilgreining á því hvað er „flutningur í eigin þágu“ og hvenær slíkur flutningur er lítill hluti af starfsemi fyrirtækja en það er skilyrði eigi flutningurinn að vera leyfislaus.

Hugtakið „efnisflutningar“ hefur einnig vafist fyrir mönnum og þá helst hvað fellur undir slíka flutninga og hvað eru efnisflutningar í eigin þágu. Frumvarpi þessu er ætlað að bæta úr þessu og skilgreina á einfaldan og skýran hátt hvenær akstur er leyfisskyldur og hvenær ekki. Leyfis-

skyldan sem slík hefur í sjálfu sér ekki sætt mikilli gagnrýni af hálfu hagsmunaaðila og má almennt segja að ánægja sé með skilyrðin sem lögin setja fyrir leyfunum. Gagnrýnin hefur frekar beinst að eftirlitinu. Sumir segja að eftirlitið sé of mikið en aðrir að það sé heldur lítið þannig að úr vöndu er að ráða. Þá hefur verið gagnrýnt að eftirfylgni vegna tilkynninga um meint brot gegn lögunum sé ekki fyrir hendi.

Niðurstaða af endurskoðun laganna var að ekki væri ástæða til að afnema leyfisskylduna, atvinnuleyfi leiði til formfestu innan stéttarinnar og setji ákveðinn gæðastimpil á hana í heild. Frekar þyrfti að skýra betur og með einfaldari hætti hvaða akstur fellur undir lögin og koma til móts við sjónarmið ólíkra hagsmunaaðila innan stéttarinnar er það varðar. Helstu breytingar og nýmæli frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Hætt er að greina milli vöruflutninga og efnisflutninga. Tekið er upp heitið farmflutningar og breytist heiti laganna til samræmis. Hugtakið farmur tekur yfir hvers kyns vörur og efni og því þykir ekki ástæða til að gera greinarmun á því hvað er flutt enda ræðst leyfisskyldan ekki af því.

2. Hugtökin flutningur í atvinnuskyni og flutningur í eigin þágu eru skilgreind upp á nýtt og við það leitast að gera hugtökin skýr og einföld. Allur flutningur í atvinnuskyni er leyfisskyldur og skiptir ekki máli hvað er flutt, heldur er áherslan á það hvort um eiginlega flutningastarfsemi er að ræða, þ.e. að viðkomandi hafi atvinnu af henni og fái einhvers konar endurgjald fyrir. Allir flutningar í eigin þágu verða áfram leyfislausir, hvort sem er hjá einstaklingum eða fyrirtækjum. Hins vegar er nýmæli að ekki skiptir máli hversu stór hluti af starfsemi fyrirtækisins flutningurinn er. Ef hann er sannanlega í eigin þágu, þ.e. ekki er um aðkeypta flutningsþjónustu að ræða, er flutningurinn leyfislaus.

3. Eitt af helstu nýmælum í frumvarpinu er að öllu formlegu eftirliti Vegagerðarinnar með því að flutningsaðilar hafi leyfi er hætt. Eftirlitið með þessu er þannig sett til stéttarinnar sjálfrar, enda verður að telja hana best til þess fallna að sinna því. Vegagerðin mun taka við ábendingum um aðila sem starfa án leyfis. Einnig verður unnt að tilkynna til Vegagerðarinnar um leyfishafa sem uppfylla ekki lengur skilyrði fyrir leyfi.

4. Í frumvarpinu eru skýr ákvæði um hvernig Vegagerðin skuli bregðast við tilkynningum og til hvaða úrræða stofnuninni er heimilt að grípa í kjölfarið. Ákvæði þessi eiga að taka af allan vafa um það hvert hlutverk Vegagerðarinnar er og skyldur hvað þetta varðar. Veitt er heimild til að stöðva ökutæki sem tilkynning varðar, en rétt þykir, til að taka af allan vafa, að taka fram að Vegagerðinni er þetta einungis heimilt í kjölfar tilkynningar, aldrei að eigin frumkvæði.

5. Nýmæli eru í frumvarpinu um brottfall leyfa, annars vegar um sjálfkrafa niðurfellingu og hins vegar heimild Vegagerðarinnar til að fella leyfi úr gildi. Reglur þessar eru einfaldar og skýrar og er það nauðsynlegt þar sem um íþyngjandi aðgerðir gegn leyfishöfum er að ræða.

Eins og áður kom fram er frumvarpi þessu ætlað að gera það skýrara og einfaldara hvenær flutningur er leyfisskyldur og hvenær undanþeginn leyfisskyldunni. Einnig er með frumvarpinu íþyngjandi eftirliti létt af þeim sem undir lögin falla. Í staðinn er gert ráð fyrir að hægt verði að bregðast við tilkynningum um meint brot gegn lögunum á skýran og ótvíræðan hátt og grípa til viðeigandi aðgerða til að stöðva lögbrot. Með þessu verður að telja að betur sé gætt hagsmuna þeirra er undir lögin falla.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

[14:12]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langaði að spyrja hæstv. ráðherra út í öll þessi leyfi og sérstaklega það sem kemur fram, minnir mig, á bls. 9 í frumvarpinu, þ.e. að „stéttin sjálf hafi eftirlit með sér og tilkynni um aðila sem stunda leyfisskylda starfsemi án tilskilins leyfis“. Mér finnst afar sérstætt að fá frumvarp frá Sjálfstæðisflokknum þar sem stéttin sjálf á að hafa eftirlit, sérstaklega í ljósi þess að ekki fyrir svo löngu var verið að ræða frumvarp um að takmarka aðgang að skattskrám. Það var í ljósi þess að kannski væri ekki eðlilegt að borgararnir hefðu eftirlit hver með öðrum. Þess vegna finnst mér óeðlilegt og undarlegt að þarna eigi ein ákveðin stétt að hafa eftirlit með sjálfri sér og tilkynningarskyldu.

Í öðru lagi finnst mér þurfa að koma fram þegar verið er að setja upp leyfi með hinu og þessu — til hvers eru þessi atvinnuleyfi? Mér finnst að Sjálfstæðisflokkurinn verði að svara því. Til hvers er verið að gefa þessi leyfi? Það er t.d. mjög skrýtið að horfa til þeirra gagna sem bílstjórar verða að leggja fram en þau eru tíunduð í reglugerð sem hæstv. samgönguráðherra samdi árið 2001, reglugerð um vöru- og efnisflutninga á landi. Þar kemur fram í 6. gr. að þeir sem ætla að fá svona leyfi þurfa að leggja fram alls kyns gögn í sex liðum, m.a. áritaðan ársreikning eða staðfest skattframtal og síðan rekstraráætlun og ég veit ekki hvað og hvað. Þarna er Vegagerðin komin í eitthvert eftirlitshlutverk með rekstri einstaklinga. Ég hélt að Vegagerðin væri að fylgjast með vegum en ekki hvort rekstraraðilar hefðu reksturinn sinn í lagi. Mér finnst þetta óneitanlega svolítið sérstakt, frú forseti.

[14:14]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður fær væntanlega gott tækifæri til þess við umfjöllun um málið í þinginu að kynna sér það enn betur en hægt er að skapa skilyrði fyrir í umræðum. Það er þó alveg ljóst að þegar um það er að ræða að veita leyfi er það algild regla að viðkomandi þurfi að uppfylla tiltekin skilyrði. Það hefur verið mat löggjafans og um það gilda lögin í dag að sérstakt leyfi þurfi til að stunda flutningastarfsemi. Flutningastarfsemi er umfangsmikill rekstur.

Það frumvarp sem hér er hins vegar til meðferðar gengur út á það að skýra þessar reglur, skýra þessi skilyrði, gera þetta einfaldara í þeim tilgangi að auðvelda atvinnustarfsemina. Ástæðan fyrir þessum breytingum er að athugasemdir hafa komið fram um framkvæmd á þessari löggjöf.

Það er ekki nein sérstök ástæða til að kalla eftir afstöðu

Sjálfstæðisflokksins hvað þetta varðar eins og hv. þingmaður gerði tilraun til. Þetta er löggjöf sem hefur verið afgreidd frá Alþingi og hefur verið í framkvæmd. Sú framkvæmd að fela Vegagerðinni, í þessu tilviki sem stjórnsýslustofnun, framkvæmd á þessari umsýslu og þessu eftirliti var talin mjög til einföldunar í staðinn fyrir það að setja á laggirnar sérstaka stofnun til að hafa eftirlit með fólksflutningum, vöruflutningum og efnisflutningum á landi. Ég tel (Forseti hringir.) fullkomlega eðlilegt að svo öflug og traust stofnun sem Vegagerðin er fái þetta hlíðarverkefni.

[14:16]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það ber að vekja athygli á því að hæstv. ráðherra sá sér ekki fært að svara spurningu um þá sérstöku stöðu sem þessir aðilar eru settir í, þ.e. að hafa eftirlit með sér. Það er mjög sérstakt. Í öðru lagi vil ég taka fram að flutningastarfsemi er ekki endilega umfangsmikil og það er gott að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því að það eru einnig einyrkjar í þessum rekstri. Þetta er ekki eingöngu umfangsmikill rekstur, eins og hæstv. ráðherra virðist halda. Ef maður skoðar reglur sem hæstv. ráðherra setur mætti halda að hann tryði því að þetta væri mjög umfangsmikið. En þarna eru einyrkjar á ferð og þeir eru náttúrlega gáttaðir á því hversu hamlandi þær reglur eru sem Sjálfstæðisflokkurinn útbýr fyrir þessa starfsemi.

Af hverju eiga menn t.d. að senda til Vegagerðarinnar rekstraráætlun fyrir yfirstandandi og næsta ár og staðfestingu endurskoðanda þar sem farið er yfir hvort forsendur séu réttar? Menn eru auðvitað gáttaðir á þeim vinnubrögðum Sjálfstæðisflokksins að búa til svona reglur. Staðfesting á starfshæfni? Þetta eru í allt sex liðir og það er ótrúlegt að lesa hversu mikið batterí er verið að búa til yfir mjög lítið.

Ég vona að hæstv. samgönguráðherra fari að átta sig á því að þeir sem eru í þessum rekstri eru ekki eingöngu með stórfyrirtæki heldur er einnig um einyrkja að ræða og menn eiga að haga reglum í samræmi við það.

[14:18]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að svokallaðir einyrkjar sem hv. þingmaður nefnir hér eru ekki undir þá sök seldir að þurfa að sækja um leyfi ef þeir stunda flutninga í eigin þágu þannig að það er væntanlega ekki vandamál hvað það varðar. Síðan skil ég ekki að það þurfi að vera vandamál fyrir einstaklinga eða fyrirtæki sem eru með allt sitt bókhald í góðu lagi að gera grein fyrir sínum málum til að fá leyfi. Það er ekki nema aðilarnir séu með allt í vandræðum sem það gæti vafist fyrir þeim að leggja fram bókhald og umbeðin gögn til að fá fram svo einföld leyfi sem við erum að tala um. Ég held að í okkar ágæta samfélagi séu í langflestum tilvikum einstaklingar og fyrirtæki með sín mál í góðu lagi hvað þetta varðar og fá undanbragðalaust leyfi.

Ég vil vekja athygli á því að þessi breyting á löggjöfinni er undirbúin í mjög góðu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og þá forsvarsmenn samtaka þeirra fyrirtækja sem hér um ræðir þannig að undirbúningur hefur verið býsna vandaður og í góðu samstarfi við alla þá aðila sem málið varðar og stunda rekstur og þessa starfsemi.

[14:21]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég skal hafa mál mitt stutt. Það varðar orð hæstv. ráðherra. Hann gaf í skyn að þeir sem ættu í erfiðleikum með að sópa saman pappírum í miklum bunkum til Vegagerðarinnar og væru gáttaðir á því að gögnin þyrfti að vera svona umfangsmikil væru bókhaldsskussar. Því er rétt að ég lesi upp skilyrði 6. gr. reglugerðarinnar til að fá rekstrarleyfi en þar segir, með leyfi forseta:

„a) Áritaður ársreikningur eða staðfest skattframtal.

b) Rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár og næsta ár. Vegagerðin getur óskað eftir staðfestingu endurskoðanda um að hún sé rétt miðað við gefnar forsendur.

c) Skrifleg yfirlýsing frá innheimtuaðila ríkis og viðkomandi sveitarfélags þess efnis að umsækjandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.

d) Staðfesting á starfshæfni.

e) Sakavottorð.

f) Ljósrit af skráningarskírteini bifreiða.“

Ég átta mig ekki á í rauninni hvað Vegagerðin er að gera með allar þessar upplýsingar. Þó að þessir ágætu einyrkjar séu hissa á því að þurfa að safna saman öllum þessum upplýsingum er ekki þar með sagt að þeir hafi hlutina í ólagi, eins og hæstv. ráðherra gaf í skyn. Þeir eru bara hissa á þessari stjórnsýslu. Nánast í sama orðinu sagði hæstv. ráðherra að hann væri að einfalda stjórnsýsluna. Það er einfaldlega ekki rétt. Það er mjög flókið að þurfa að tína saman hina og þessa pappíra. Ekki trúi ég því að hæstv. ráðherra — það hefur komið fram að Sjálfstæðisflokkurinn leynir því hverjir greiða í kosningasjóði flokksins. Það er leyndarmál. Er þar eitthvað? Hefur flokkurinn eitthvað að fela? Hvers vegna er það ekki opinbert?

Mér finnst svolítið sérstakt að heyra fulltrúa flokks brigsla mönnum, sem furða sig á því að þurfa að taka saman hina og þessa pappíra úr bókhaldi, um að þeir hafi óhreint mjöl í pokahorninu. Þeim finnst kannski bara of langt gengið að þurfa að senda þessa pappíra til Vegagerðarinnar og skilja ekkert í því. Hæstv. ráðherra er sjálfur fulltrúi stjórnmálaafls sem leynir því hverjir greiða í kosningasjóði flokksins. Mér finnst það alveg með ólíkindum. Og mér finnst í rauninni að hæstv. ráðherra ætti að líta sér nær í staðinn fyrir að brigsla einyrkjum um skussahátt þegar þeim finnst nóg komið um alla pappírsmylluna sem hæstv. ráðherra er að koma upp hjá Vegagerðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrvinnslugjald, 1. umr.

Stjfrv., 686. mál (vaxtatekjur og frestun umbúðagjalds). — Þskj. 1044.

[14:24]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Í frumvarpi til laga um breyting á lögum um úrvinnslugjald eru lagðar til tvær breytingar, annars vegar

að vaxtatekjur af úrvinnslugjaldi skuli renna til Úrvinnslusjóðs í stað ríkissjóðs og hins vegar er lagt til að fresta um fjóra mánuði gildistökuákvæði sem heimilar gjaldtöku á pappírs-, pappa- og plastumbúðir.

Forsaga þessa máls er að Úrvinnslusjóður hefur til þessa ekki fengið vaxtatekjur af innstæðum sjóðsins heldur hafa þær runnið í ríkissjóð. Úrvinnslusjóður er þannig uppbyggður að vöruflokkum sem greiða inn í sjóðinn er skipt upp í uppgjörsflokka og skal tekjum hvers flokks eingöngu varið til þess að mæta gjöldum þess flokks. Ákvörðun gjaldsins byggir á áætlun um magn og útgjöld og er þess gætt að jafnvægi sé í hverjum uppgjörsflokki. Sé gjaldtaka umfram útgjöld munu vaxtatekjur lækka þá upphæð sem innheimta þarf í framtíðinni af viðkomandi vöruflokki.

Í ljósi þess að úrvinnslugjaldi er aðeins ætlað að standa undir umhverfisvænni endurvinnslu, endurnýtingu eða förgun þeirra vöruflokka sem lagt er á tel ég mikilvægt að vaxtatekjur af úrvinnslugjaldi renni til sjóðsins en ekki í ríkissjóð.

Einnig legg ég til að frestað verði gildistökuákvæði sem heimilar gjaldtöku á pappírs-, pappa- og plastumbúðum um fjóra mánuði, þ.e. til 1. janúar 2006. Rétt er að benda á að innsöfnun á pappírs-, pappa- og plastumbúðum frá heimilum og fyrirtækjum mun hefjast á réttum tíma. Úrvinnslusjóður lagði til þessa breytingu en mat sjóðsins á þörfinni á að fresta gildistöku ákvæðisins byggir á samráði við sérstaka verkefnisstjórn hagsmunaaðila. Verkefnisstjórnin telur að atvinnulífið þurfi lengri aðlögunarfrest til að geta skilað inn upplýsingum um þyngd umbúða í samræmi við það kerfi sem lögleitt hefur verið.

Kerfið gerir ráð fyrir að innflytjendur gefi upp nákvæma þyngd umbúða þegar vara er flutt til landsins. Innflytjendur geta þó ef þeir hafa ekki nákvæmar upplýsingar um raunþyngd umbúða notað tiltekna reiknireglu. Það er mat Úrvinnslusjóðs að gera þurfi tillögur að nýjum og nákvæmari reiknireglum sem verði þá þannig úr garði gerðar að innflytjendur og framleiðendur geti nýtt sér þær í upphafi álagningartímans með meiri sanngirni í álagningu en núverandi kerfi gerir ráð fyrir. Það er alveg ljóst að þetta hefur reynst flóknara en gert var ráð fyrir í upphafi þegar farið var af stað með þetta mál.

Vinna er nú þegar hafin við gerð nýrra reiknireglna sem innflytjendur munu geta nýtt sér þar til þeir hafa fengið nákvæmar upplýsingar um raunþyngd umbúða. Ég stefni að því að leggja fram frumvarp þess efnis fyrir Alþingi í upphafi haustþings 2005.

Frú forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. umhverfisnefndar að lokinni 1. umr.

[14:28]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það er ástæða til að taka til máls við 1. umr. um þetta frumvarp sem hæstv. umhverfisráðherra hefur mælt fyrir. Hér eru lagðar til tvenns konar breytingar. Sú fyrri verður náttúrlega að teljast tímabær og eðlileg, þ.e. að vaxtatekjur af úrvinnslugjaldi renni í Úrvinnslusjóð. Þó svo að ljóst sé að lög sem þessi séu ekki afturvirk liggur það líka fyrir að vegna þess hvernig fyrirkomulagið hefur verið og það er hefur ekki bara sjóðurinn heldur þeir sem skipta við hann orðið fyrir einhverri skerðingu. Nú á að breyta því og það er óhætt að styðja það. Ég verð þó vegna tillögunnar í 2. gr. frumvarpsins um að gefa aukinn frest til þess að heimila gjaldtöku á pappírs-, pappa- og plastumbúðum að lýsa undrun minni á því að þessi töf skuli verða.

Verkefnisstjórnin sem gerð er að umræðuefni í greinargerðinni hefur vitað það um allnokkurt skeið — það er nokkuð langt síðan það lá fyrir — að þessar breytingar yrðu gerðar með þeim tímafrestum sem kveðið hefur verið á um í bráðabirgðaákvæðum í lögunum. Það verður að teljast mjög miður, frú forseti, að ekki skuli takast að leiða þetta inn 1. september 2005 eins og til stóð, heldur ekki fyrr en um áramót. Við verðum að vona að ekkert nýtt komi til. Hæstv. ráðherra tók sérstaklega fram að málið væri kannski flóknara en menn hefðu gert sér grein fyrir. Reyndar vissu menn frá upphafi að þetta væri flókið, t.d. vegna tollskýrslna og annars, en þegar svo er þarf náttúrlega meiri undirbúningsvinnu og það þarf að gera sér grein fyrir því við hvaða fresti menn eiga að miða við vinnuna. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með að þetta skuli sett fram með þessum hætti.

Ég hefði vænst þess líka að í greinargerðinni væru betri skýringar en fram koma um ástæður tafarinnar. Málið er að vísu flókið en nú þegar hafa menn haft þó nokkurn aðlögunartíma til að koma verkinu á koppinn, búa til reglurnar og gera það sem þarf. Ég vil því nota tækifærið og biðja hæstv. ráðherra um frekari skýringar á því hvers vegna lengja þurfi í þessum fresti og ég spyr líka að því, frú forseti, hvort það sé þá alveg öruggt að verkinu verði lokið þannig að þetta geti gengið í gildi um áramótin eins og hér kemur fram.

Það má heldur ekki gleymast í þessu samhengi, eins og kemur fram í umsögn fjármálaráðuneytis, að tekjur og gjöld sjóðsins munu lækka um tæplega 80 millj. kr. á yfirstandandi ári vegna þessarar tafar. Það munar um minna en 80 millj. kr. þannig að við hljótum að spyrja, og ég geri það, hvernig á þessu standi og hvers vegna enn þurfi að fresta þegar menn hafa þó vitað það um missira skeið að þetta stæði til.

[14:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Inntak athugasemda minna er á svipuðum nótum og hv. síðasta ræðumanns. Hér í þessum sal hefur verið tekist á um úrvinnslugjald aftur og aftur. Það sem við ströndum venjulega á er það að aðilar atvinnulífsins geta ekki komið sér saman um hluti. Ég hef gert við það athugasemdir hér áður og tel mig knúna til að gera það enn einu sinni að svo virðist sem aðilar á vinnumarkaði eða atvinnulífið stjórni þessum lagasetningum okkar um úrvinnslugjald á úrgang og umbúðir.

Ég minnist þess að þegar við settum fyrst þessi lög á 128. löggjafarþingi var mikið um þetta fjallað, að setja úrvinnslugjald á þessa vöruflokka, þ.e. pappírs-, pappa- og plastumbúðir og sömuleiðis veiðarfæri úr gerviefnum. Við ætluðum þá, og það var eining um það í umhverfisnefnd, að sú gjaldtaka hæfist 1. janúar 2004. Síðan það nefndarálit var gefið út, með samþykki allrar umhverfisnefndar, og var náttúrlega samþykkt hér á Alþingi, hefur í tvígang þurft að

fresta þessari gjaldtöku af því að atvinnulífið er ekki tilbúið. Það er ekki boðlegt, virðulegi forseti, að Úrvinnslusjóðurinn og þessi verkefnisstjórn núna skuli ævinlega geta teymt umhverfisráðherra út í það að biðja um endalausar frestanir.

Við erum með pólitíska stefnumörkun í úrvinnslumálum. Hæstv. umhverfisráðherrar hafa talað fyrir þeirri stefnumörkun af mikilli sannfæringu en þegar til kastanna kemur þurfa þeir svo alltaf að lúffa fyrir atvinnulífinu sem dregur lappirnar í málunum. Mér finnst bara ekki við hæfi að umhverfisráðherrar geti ekki verið harðari af sér við atvinnulífið en raun ber vitni.

Sömuleiðis vil ég rifja upp þá gagnrýni sem ég áður hef komið með á þessi mál almennt. Hún er sú að atvinnulífið hefur allt of mikið vægi í þessum málaflokki. Í öllum stjórnum og stefnumarkandi ráðum sem koma að þessum málaflokki hafa aðilar atvinnulífsins fulltrúa sína, og ég get nefnt þessa verkefnisstjórn sem hér um ræðir sérstaklega sem dæmi um þetta, sömuleiðis náttúrlega stjórn Úrvinnslusjóðsins. Ég vil ítreka það hér og bið hæstv. ráðherra að hugleiða hvort ekki sé mál til komið að breyta vægi atvinnulífsins og efla möguleika frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfisverndar og náttúruverndar og möguleika sveitarfélaganna á að hafa áhrif á þennan málaflokk. Hér hafa verið fluttar breytingartillögur við lagafrumvörp sem hafa fjallað um úrvinnslugjaldið. Þegar þetta fór upphaflega í gegn, lög um úrvinnslugjald, lagði ég fram breytingartillögu um það að stjórnin yrði allt öðruvísi skipuð en nú er. Þar vildi ég fá inn aðila frá Neytendasamtökunum og frjálsum félagasamtökum á sviði náttúru- og umhverfisverndar. Ég held að það sé alveg orðið tímabært fyrir hæstv. umhverfisráðherra að hugleiða virkilega með opnum huga að gera breytingar. Það verður að vera breiðari aðkoma að þessum málaflokki en raun ber vitni, annars virðist atvinnulífið bara hafa þessi mál í hendi sér.

Í desember sl. breyttum við síðast þessum lögum. Þá var talsvert um það fjallað hér að sú tollflokkabreyting sem yrði að gera tæki ákveðinn tíma. Fyrir þeirri breytingu voru hins vegar ákveðnar fyrirmyndir og þær eru mjög vel tíundaðar í greinargerð með frumvarpinu eins og það var lagt fram í haust. Þar erum við að fjalla um aðferðir sem Danir hafa prófað og Íslendingar hafa litið til þeirrar reiknireglu sem Danir hafa notað við það að finna t.d. umbúðamagn ef ekki er vitað hversu mikið það er. Allt þetta er tíundað í greinargerðinni með frumvarpinu eins og það var lagt fram hérna í haust og var samþykkt í desember.

Ég sé ekki á þeim gögnum sem við höfum hvers vegna allt í einu þarf fjóra mánuði í viðbót til að koma þessum breytingum á. Þegar við fengum þetta inn í nefndina fyrr í vetur virtist allt vera vel undirbyggt. Sterk rök voru fyrir því hvers vegna ætti að nota tollflokkanúmerin og hvernig ætti að nota þau. Fyrirmyndirnar voru til staðar, og ég spyr: Af hverju er það allt í einu svona flókið eins og getur að líta núna í athugasemdunum með frumvarpinu, af hverju finna menn upp á því að segja að 15% reglan um umbúðirnar, að það séu 15% af innfluttu magni, sé allt í einu svo ónákvæm að það þurfi að fresta gildistökunni um fjóra mánuði í viðbót?

Nei, virðulegi forseti, mér finnast þetta ekki góð vinnubrögð. Ég minni enn á það að upphaflega gerði Alþingi ráð fyrir því að þessi gjaldtaka gæti hafist 1. janúar 2004 og mér finnst ekki sæmandi að hæstv. umhverfisráðherra dragi svona lappirnar fyrir tilstuðlan aðila atvinnulífsins. Atvinnulífið verður bara að taka sér tak og vinna sín mál, heimavinnu sína, á þeim fresti sem því er gefinn. Við höfum verið rýmileg, við höfum lengt þessa fresti aftur og aftur, en ekki eina ferðina enn. Það bara gengur ekki, virðulegi forseti.

[14:38]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég get tekið undir með þingmönnum hvað það snertir að ég var sjálf undrandi yfir því að beðið skyldi vera um þennan frest. Ég hafði talið þegar við fjölluðum síðast um þessi mál, fyrir síðustu áramót, að það væri alveg ljóst að unnt væri að koma þessari framkvæmd á með sómasamlegum hætti og að aðlögunartíminn væri nægilegur. Það kom mér því jafnmikið á óvart og þeim hv. þingmönnum sem hér hafa gert þetta að sérstöku umtalsefni.

Sú verkefnisstjórn sem hefur metið þetta svo og þekkir málið gjörla telur hins vegar að það sé hreinlega ekki unnt að leggja á þessar umbúðir þegar í raun er vitað að framkvæmdin verður ekki í lagi og að það þurfi lengri tíma. Þetta snýst fyrst og fremst um það að vanda framkvæmdina og ég tel að það væri ábyrgðarlaust af umhverfisráðherra að skella við skollaeyrum þegar þetta liggur fyrir.

Það er engu metnaðarleysi um að kenna að komið er fram með mál af þessu tagi, heldur er hér eingöngu horfst í augu við staðreyndir. Ég vil taka það skýrt fram að ég hef leitað mjög fast eftir því að þetta gangi fram miðað við þann frest sem hér er verið að biðja um og ég legg til samkvæmt þessu frumvarpi. Ég vil gjarnan að það komi skýrt fram af minni hálfu að ég hyggst ekki flytja frumvarp um frekari fresti í þessum efnum hvað þetta tiltekna mál varðar.

[14:40]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ánægð með að heyra að sama pirrings gæti hjá hæstv. umhverfisráðherra gagnvart þessu eins og hjá okkur þingmönnum sem höfum tjáð okkur um þetta.

Ég vil gjarnan fá svör við þeim spurningum sem komu upp í máli mínu, hvort hæstv. ráðherra sjái það ekki sem ákveðna lausn á þessu vandamáli að hleypa fleirum að borðinu. Nú kemur það fram í skjalinu sem við höfum hér fyrir framan okkur með athugasemdunum með þessu frumvarpi að verkefnisstjórnin er skipuð fulltrúum frá Samtökum verslunar og þjónustu, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi fiskframleiðenda ásamt fulltrúum frá Úrvinnslusjóði, sem er eðlilegt, og svo fulltrúum frá tollmiðlurum og þeim sem annast tollagögn. Hér eru engir aðrir en atvinnulífið í sjálfu sér þannig að það situr hringinn í kringum borðið.

Ég hefði talið að fulltrúar atvinnulífsins yrðu beittir einhverjum þrýstingi við þetta borð ef við hefðum þar aðra aðila sem kæmu úr grasrótarsamtökum eins og ég hef nefnt. Ég vildi því gjarnan að hæstv. umhverfisráðherra legðist á sveifina með okkur í því máli að finna lausnir á því að atvinnulífið komist ekki alltaf upp með það að setja fram

kröfur og fá þær samþykktar af því að enginn annar situr við borðið.

[14:42]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel raunar alveg ljóst að þeir erfiðleikar sem hafa komið fram við framkvæmdina á þessum ákvæðum laganna séu byrjunarörðugleikar. Við verðum auðvitað að átta okkur á því að þessi lög eru rúmlega tveggja ára gömul. Ég vona svo sannarlega, eins og ég nefndi áðan, að ekki komi til þess að koma þurfi inn með breytingar af þessu tagi hvað eftir annað, á sömu ákvæðum laganna.

Ég tel að við verðum að fá meiri reynslu á þessi lög áður en farið verður að gera einhverjar þær breytingar í þá veru sem þingmaðurinn nefndi. Mér finnst hugmyndin þó allrar athygli verð og engin ástæða til annars en að skoða hana. En ég tel að það þurfi að fá frekari reynslu af þessum lögum áður en farið verður að gera einhverjar grundvallarbreytingar og hleypa þá fleiri aðilum að þessu borði.

[14:43]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki sannfærð um að þetta séu eingöngu byrjunarörðugleikar. Ég held að hér sé talsvert í húfi fyrir atvinnulífið. Þó að atvinnulífið í orði kveðnu vilji leggjast á sveif með Alþingi í þessum málum, að koma úrgangsmálum í sæmilegt horf og í það horf sem þau eru komin í í nágrannalöndum okkar, eru talsverðir fjárhagslegir hagsmunir undir. Það kemur fram í umsögn um þetta frumvarp frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að bara með þessari fjögurra mánaða frestun muni tekjur og gjöld Úrvinnslusjóðs lækka um tæplega 80 millj. kr. árið 2005. Það eru talsverðar upphæðir þannig að hér eru verulegir fjárhagslegir hagsmunir í húfi fyrir atvinnulífið. Það er auðvitað þess vegna sem það reynir að fresta þessari gildistöku.

Ég bið bara hæstv. umhverfisráðherra áfram að skoða þetta mál í alvöru og athuga hvort ekki þurfi að hleypa fleiri aðilum að þessu borði. Það kann að vera að það komi upp í umhverfisnefndinni þegar við fjöllum um þetta mál þar að úr því að búið er að opna málið enn eina ferðina höfum við tækifæri til þess að skoða skipun stjórnar Úrvinnslusjóðs og þá þeirrar verkefnisstjórnar sem um þetta mál fjallar. Ég áskil mér allan rétt í nefndinni til að skoða hvort þá komi ekki einhverjar frekari breytingartillögur við þetta mál í meðförum þingsins.

[14:44]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vek athygli á því að væntanlega munu koma inn á hverju ári frumvörp um Úrvinnslusjóð að því er lýtur að gjaldtökunni, þannig að árlega er alltaf í tengslum við fjárlagagerðina slíkt frumvarp í umhverfisnefnd.

Hvað það snertir að breyta samsetningu stjórnar sjóðsins, það eru fimm einstaklingar sem sitja í stjórninni, tilnefndir af ýmsum aðilum, tel ég að það eigi alls ekki að fjölga í þeirri stjórn. Ég mundi miklu frekar vilja sjá að þar væri fækkað ef gerðar yrðu einhverjar breytingar á stjórninni.

Aftur á móti hvað snertir verkefnisstjórnina vil ég líka taka fram að hún er ekki lögbundin. Þarna er verið að reyna að leysa þessi mál á praktískan hátt með því að fá til samráðs þá aðila sem sitja í verkefnisstjórninni sem eru þeir sem vita manna best hvernig og hvort framkvæmdin gengur upp samkvæmt því sem lagt var af stað með í upphafi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 1. umr.

Stjfrv., 723. mál (fráveituframkvæmdir einkaaðila). — Þskj. 1081.

[14:46]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Frumvarp það sem ég mæli fyrir um breytingu á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, er flutt vegna vaxandi áhuga hjá sveitarfélögunum á að taka fráveitur sem einkaaðilar reisa á leigu.

Í frumvarpinu er lagt til að við 1. mgr. 3. gr. laganna bætist tveir nýir liðir sem heimila styrki til framkvæmda sem einkaaðilar taka að sér á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, með sambærilegum hætti og þegar sveitarfélögin standa sjálf fyrir framkvæmdum. Samkvæmt lögunum njóta þær framkvæmdir einar styrkja í dag sem sveitarfélögin sjálf standa fyrir. Dæmi eru hins vegar um að sveitarfélag hafi staðið fyrir framkvæmdum en síðan selt mannvirkin og tekið þau á leigu. Eðlilegt væri að lögin heimiluðu styrkveitingar til fráveituframkvæmda á vegum einkaaðila, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda falli þær undir markmið laganna. Sambærilegt ákvæði er að finna í lögum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem heimilt er að veita styrki til stofnframkvæmda við grunnskóla sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings. Lagt er til að heimilað verði að styrkja sveitarfélögin í slíkum tilvikum þegar um fráveituframkvæmdir er að ræða og gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um nánari framkvæmd heimildarinnar.

Fráveitunefnd fjallar um styrkumsóknir og framkvæmda- og kostnaðaráætlanir sveitarfélaga vegna framkvæmda í fráveitumálum á yfirstandandi ári. Nefndin áætlar styrkhæfni hverrar framkvæmdar og gerir tillögu til umhverfisráðherra um framlag til fráveitumála sveitarfélaga.

Fráveitunefnd hefur borist umsókn vegna fráveituframkvæmda á vegum einkaaðila en samkvæmt gildandi lögum hefur ekki verið hægt að verða við þeirri beiðni. Það er brýnt að breyta lögunum þar sem þau mismuna sveitarfélögum eins og ákvæði þeirra er í dag.

Frú forseti. Ég hef rakið meginefni frumvarpsins og legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. umhverfisnefndar.

[14:49]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég átta mig í rauninni ekki á hvað hæstv. ráðherra er að fara með þessum breytingum. Fyrir liggur að mjög aðkallandi er að breyta þessum lögum en ég sé ekki að þessi breyting sé sú mest aðkallandi, vegna þess að það er einungis hálft ár eftir af þeim gildistíma sem styrkveitingarnar ná yfir. 31. desember 2005 rennur út það tímabil sem hægt er að sækja um styrk fyrir. Ég hefði talið miklu nær að horfa til þess að lengja það tímabil ef menn eru á annað borð að breyta lögunum í staðinn fyrir að fara í að einkavæða skolpræsin. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það standi til. Ég spyr vegna þess að það er talsvert ógert í þessum málum, sérstaklega á landsbyggðinni.

[14:50]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. síðasta ræðumanni að lögin um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum renna út í lok þessa árs en hefur verið gert samkomulag við sveitarfélögin um að framlengja þau lög um þrjú ár. Fyrir liggur að lagðar verði í það 200 milljónir árlega á næstu þremur árum. Ég hyggst leggja frumvarp þess efnis fram á haustþingi, það er ljóst að þannig er því varið.

Hvað snertir hins vegar þessa sérstöku breytingu lýtur hún fyrst og fremst að því að sveitarfélögin sitji við sama borð þegar kemur að því að geta notið styrkja samkvæmt þessum lögum. 1. mgr. 1. gr. laganna hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Markmið laga þessara er að stuðla að framkvæmdum við fráveitur sveitarfélaga með styrkveitingum."

[14:52]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er ekki langur lagabálkur sem verið er að breyta og ég skil eiginlega ekki hvers vegna lögunum er þá ekki breytt fyrst á annað borð verið er að gera það nú, að lengja gildistíma þeirra um þrjú ár. Ég hefði talið miklu nærtækara að gera þetta í sömu atrennu.

En það er annað atriði í lögunum sem er mjög mikilvægt að breyta. Það varðar einnig 3. gr. og snertir sérstaklega minni sveitarfélögin. Í 3. gr. kemur fram að „undirbúningsrannsóknir, hönnun, kostnaður við útboð, fjármagns- og lántökukostnaður og kaup á löndum og lóðum vegna framkvæmda í fráveitumálum njóta ekki fjárstuðnings."

Það er mjög mikilvægt einmitt fyrir minni sveitarfélögin, þar sem ég þekki ágætlega til, að styrkja sérstaklega undirbúningsrannsóknir og fara yfir það hversu mikil þörf er á að útbúa og búa til hin og þessi mannvirki. Minni sveitarfélög standa oft á tíðum varnarlítil gagnvart tillögum frá verkfræðistofum um mjög dýrar framkvæmdir. Þess vegna hefði ég talið að hæstv. ráðherra ætti einmitt að leggja áherslu á að styrkja þá þætti. Ég sé ekki að þessi einkavæðingaráform séu það mikilvæg og miklu nær sé að horfa til þess að styrkja undirbúningsrannsóknir þannig að minni sveitarfélög standi betur að vígi þegar verið er að ákveða framkvæmdir upp á margar milljónir, ef ekki jafnvel tugi og hundruð milljóna kr.

[14:54]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Sú breyting sem verið er að leggja til með frumvarpinu er mjög einföld. Hún lýtur ekki að þeim atriðum í 3. gr. laganna sem var ákveðið í upphafi þegar lögin voru sett að nytu ekki fjárstuðnings, það er ekki verið að fara í þá grein og breyta henni heldur er markmiðið fyrst og fremst það að sveitarfélögin sitji við sama borð hvort sem þau kjósa að annast þessar framkvæmdir sjálf eða gera kaupleigusamning eða leigusamning við einkaaðila.

[14:55]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri ekki athugasemdir við þær breytingar sem hér koma fram, ég tel þær reyndar bara til bóta og víkka út lögin. Stuðningur við framkvæmdir í fráveitumálum skipta sveitarfélögin gríðarlega miklu máli og þess vegna gleðst ég yfir því sem kom fram í umræðunni að til standi að hann haldi áfram, alla vega næstu þrjú árin.

En mig langar til að benda hæstv. umhverfisráðherra á að til eru sveitarfélög sem réðust út í umfangsmiklar fráveituframkvæmdir áður en lög þessi tóku gildi og þær framkvæmdir voru í raun og veru undanfari þess sem koma skal, menn hafa verið að byggja eða halda áfram slíkum framkvæmdum. Fyrsta stigið hefur ekki verið styrkt en síðan er annað stigið styrkt. Ég held að það skipti mjög miklu máli og ég hvet hæstv. umhverfisráðherra til að kynna sér það hjá þeim sveitarfélögum sem höfðu ráðist í fráveituframkvæmdir áður en lögin tóku gildi, því að þessar undirstöðuframkvæmdir verða síðan til þess að hægt sé að hreinsa fráveitur á fleiri þrepum og fleiri stigum.

Ég vil nefna sem dæmi að á Hvolsvelli, sem er 30 km frá sjó, var ráðist í umfangsmiklar framkvæmdir árið 1992 og ef ég man rétt var Össur Skarphéðinsson umhverfisráðherra á þeim tíma. Nú er verið að hreinsa frárennsli þar með enn betri hætti en áður var en ekki hafa fengist styrkir á þetta fyrsta stig. Það skiptir mjög miklu máli að taka svona framkvæmdir í heilu lagi og vafalítið er um fleiri sveitarfélög að ræða. Ég hvet hæstv. ráðherra til að kynna sér þetta og þá að víkka lögin með þeim hætti að til meiri styrkja gæti komið.

[14:57]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta eru auðvitað mikilvægar ábendingar sem hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason kom fram með, en ég vek aftur athygli á því að þetta litla frumvarp lýtur eingöngu að tilteknu efnisatriði um að sveitarfélögin sitji við sama borð þegar kemur að því að þau geti notið styrkja, hvort sem er um einkaframkvæmd að ræða eða framkvæmd sem sveitarfélögin kjósa að annast sjálf.

[14:58]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir um hvað frumvarpið fjallar, að sveitarfélögin sitji við sama borð. Og það er í raun og veru það sem ég er að koma inn á líka, að tekið sé tillit til þess grunns sem lagður var áður en lögin tóku gildi, vegna þess að það er alveg klárt mál að þau sveitarfélög sem hafa verið í fararbroddi hvað þetta varðar og búa við jafnmikla sérstöðu og t.d. Hvolsvöllur, eins og ég nefndi, þurfa styrk og ég veit að það eru fleiri staðir eins og Egilsstaðir og margir fleiri staðir sem hafa verið að vinna að þessu mikilvæga verkefni. Ég hvet því hæstv. umhverfisráðherra til að taka tillit til þess og hvet til þess að slíkar framkvæmdir verði styrktar líka.

[14:59]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Alveg óháð því hvaða tími lifir eftir af þeim lögum sem fjalla um styrkveitingar vegna fráveitumála þá lít ég svo á að hér sé annars vegar á ferðinni prinsippmál og hins vegar pólitískt mál. Það er hægt að setja mörg spurningarmerki við orðið „jafnræði" í þessum lögum.

Hér er lagt til að heimilt verði, með sama hætti og áður, að veita styrki til stofnframkvæmda. Ég undirstrika, virðulegi forseti, að hér er talað um stofnframkvæmdir við fráveitur sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort sem er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda falli framkvæmdirnar undir tiltekin ákvæði.

Þegar litið er á umsögn um frumvarpið frá skrifstofu fjármálaráðuneytisins segir að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga sé ákveðinn í fjárlögum og fjármálaráðuneytið telji að frumvarpið hafi ekki áhrif á fjárhæðina, heldur einungis skiptingu á milli framkvæmda, verði það að lögum. Svo ég reyni að skilja þessa umsögn fjármálaráðuneytisins þá þýðir hún væntanlega að ekki verði gerður munur á því hvort greitt verði framlag heldur hverjum verði greitt. Þetta þýðir væntanlega að styrkur verði greiddur til framkvæmdaraðila sem sér um frárennslisframkvæmdir sem hér á að heimila styrk til. Um þetta atriði vildi ég spyrja hæstv. umhverfisráðherra fyrst.

Ég lít svo á að með því að setja á styrki til stofnframkvæmda í frárennslismálum sveitarfélaga hafi málið verið hugsað þannig upphaflega að styðja þyrfti sveitarfélög í dýrri framkvæmd sem eiga ef til vill erfitt með að standa í öðrum lögbundnum framkvæmdum samtímis því að leggja mikið fjármagn í fráveitumál. Allir sem komið hafa að verkefnum í sveitarfélögum vita að frárennslisframkvæmdir eru dýrar, þær eru ekki uppi á borðinu og ekki vænlegar til að vekja áhuga eða hrifningu bæjarbúa, sem svo gjarnan vildu sjá allt öðruvísi framkvæmdir sem væru jafnvel ódýrari og sem væru til marks um að sveitarstjórn þeirra sé að gera góða hluti, en öll vitum við að þetta er mikilvægt.

Nú eru breyttir tímar. Áður fyrr, þegar ég var sveitarstjórnarmaður, hefði ekki nokkrum manni dottið í hug að nokkur annar tæki upp á að taka að sér fráveituframkvæmdir en sveitarfélagið. Líklega hefur ekki nokkur maður haft hugmyndaflug til þess, ekki einu sinni eftir að það komst í tísku að sterk fjármögnunarfyrirtæki eða aðilar sem hafa komist í álnir tækju að sér að byggja upp ýmislegt og leigja sveitarfélögunum. Ekki einu sinni eftir að það byrjaði hefði manni dottið í hug að fráveituframkvæmdir mundu falla þar undir. Nú er hins vegar greinilegt að aðrir en sveitarfélagið telja sér hag í að ráðast í fráveituframkvæmdir og leigja sveitarfélaginu kerfið.

Þá komum við að því sem ég lít á sem mjög pólitískt mál. Ég hef litið á það sem samfélagsverkefni að vinna að holræsaframkvæmdum og tel að sveitarfélög hafi staðið sig vel í þeim efnum. Ég sé grundvallarmun á því að sveitarfélag eða hið opinbera standi í samfélagsverkefnum og hinu að einkaaðili úti í bæ geri það og leigi viðkomandi sveitarfélagi. Það er grundvallarmunur á því að líknarfélög, með hugmyndafræðina á bak við þau, fái framlög hins opinbera til framkvæmda vegna uppbyggingar, t.d. vegna hjúkrunarheimila sem reka á í þágu starfseminnar og hinu, að veita opinbert fé til framkvæmda hjá aðilum sem hyggjast byggja, hvort heldur er heimili eða annað og reka með ágóða í huga. Þetta höfum við rætt í þessum sal. Ég minnist umræðunnar um Sóltún og efnislegrar og pólitískrar umræðu um það hvernig menn sjái fyrir sér þessa hluti og hvort æskilegt sé að fela í æ ríkari mæli aðilum úti í bæ uppbyggingu og fjármögnun þýðingarmikilla samfélagsverkefna og að sveitarfélögin séu leigjendur.

Þegar upp er staðið verður framkvæmdin, hvort sem lánað er til hennar eða einkaaðilinn sem byggir fjármagnar verkefnið sjálfur og leigir sveitarfélaginu, þannig að að tilteknum tíma liðnum kemst verkefnið fullkomlega í eigu framkvæmdaraðilans. Þá kemur að nýjum samningstíma sem ekki byggir á fjármögnuninni og hugsanlega einhvers konar samvinnuverkefni í því. Eigandinn hefur þá fulla burði til að hafa mikið vald yfir leiguverðinu gagnvart sveitarfélaginu. Þannig minnist ég umræðunnar um stóra íþróttahúsið í Reykjanesbæ þar sem mjög hörð umræða fór fram um framkvæmdina. Sýnt var fram á að þegar samningstímanum lyki hefði sveitarfélagið borgað alla framkvæmdina, allt viðhaldið og alla vexti af því fjármagni sem farið hefði til framkvæmdarinnar. En einkaaðilinn sem hafði með framkvæmdina að gera og bar ábyrgð á henni eignast þá mannvirkið og getur leigt það á ný, væntanlega til sveitarfélagsins eða annarra. Þetta var íþróttahús sem ekki er lögbundið verkefni og menn geta haft skiptar skoðanir á því hve heppilegt er að fara þessa leið varðandi slík hús eða hin ýmsu mannvirki.

Ég hef miklar efasemdir um þessa þróun. Mér finnst hún vera neyðarúrræði sveitarfélaga sem ekki hafa nægilega mikið fjármagn og tekjur til að eiga möguleika á að sinna öllum verkefnum sínum. Það er angi af þeirri umræðu sem margoft hefur heyrst í þessum sal, um tekjustofna og verkefni sveitarfélaga. Þessi aðferð sveitarfélaganna hefur orðið til til að komast hjá því að sýna viðkomandi framkvæmd á skuldahlið sveitarfélagsins, sem er kannski með mjög mikla skuldaslagsíðu fyrir. Þá er gripið til þess ráðs að einkaaðili framkvæmi og leigi sveitarfélaginu. Slík einkaframkvæmd með leigufyrirkomulagi hefur sést í sveitarfélögum varðandi leikskóla, aðra skóla, íþróttahús og hjúkrunarheimili. Nú erum við komin að holræsunum.

Ég hef satt að segja áhyggjur af þeim degi, sem upp

rennur í framtíðinni, er viðkomandi samningar renna út hver af öðrum hjá sveitarfélögunum. Sveitarfélögin hafa fyrir löngu greitt alla framkvæmdina, allan fjármagnskostnað og hagnað til eigendanna með leigu sinni og samningum. En þegar semja þarf að nýju hafa eigendur skólanna, húsanna og holræsanna, öll ráð í hendi sér með að verðleggja eign sína til leigu fyrir sveitarfélögin.

Í þessu frumvarpi gerist það að tiltekið sveitarfélag hefur fengið styrk til stofnframkvæmda við fráveitu. Eftir að sveitarfélagið hefur fengið styrk, eða þannig horfir málið við mér, þá selur sveitarfélagið framkvæmdina öðrum aðila, einkaaðila, og leigir af honum, væntanlega til að komast hjá því að bera byrðarnar af framkvæmdinni og færa í efnahagsreikning sinn og sýna á skuldahlið.

Annað sveitarfélag sem þarf að fara í framkvæmdir vegna fráveitu hyggst fá einkaaðila til að sjá um framkvæmdina frá upphafi, sem er kannski eðlilegra og við getum verið sammála um að sé hreinlegra mál. Þá segir það sveitarfélag: Við viljum fá styrkinn eins og hitt sveitarfélagið fékk styrk til að byggja sína fráveitu og seldi hana eftir á í einkaframkvæmd. Þá er gerð krafa til okkar alþingismanna um jafnræðissjónarmið. Það er að mínu mati heldur vafasamt vegna þess sem m.a. kom fram í máli ráðherra áðan, að í lögunum stendur að stuðla skuli að framkvæmdum við fráveitumál sveitarfélaga með styrkveitingum. Þá er hugsunin að baki því væntanlega sú sem ég gat um áðan, að styrkja sveitarfélagið til framkvæmdanna. En nú erum við að tala um sveitarfélag sem ekki ætlar að sjá um framkvæmdina. Það eru fjársterkir aðilar sem ætla að sjá um framkvæmdina og leigja sveitarfélaginu þannig að sveitarfélagið þarf ekki lengur að bera þungann af framkvæmdinni. Sveitarfélagið þarf eingöngu að greiða leiguna. Þetta er svipað og þegar ein fjölskylda ákveður að byggja heimili og taka til þess lán. Hún þarf að ákveða hvort hún getur staðið undir þeim og ber þann skuldabagga meðan önnur fjölskylda ákveður að leigja fremur og binda sér ekki slíkan bagga. Þetta er munurinn á því tvennu sem við höfum hingað til verið að gera og því sem lagt er til að við gerum núna.

Að sjálfsögðu mun ég ásamt félögum mínum skoða þetta mál í nefnd. Það má vel vera að mér hafi sést yfir einhver þau sjónarmið sem haft gætu áhrif á viðhorf mín í þessu máli. Ætlum við með opinberum aðgerðum, styrkveitingum og annarri fyrirgreiðslu, að stuðla að því að það verði verkefni sveitarfélaganna um ókomna tíð að fela einkaaðilum úti í bæ, fjársterkum einkaaðilum úti í bæ, að byggja leikskóla, byggja skólana, byggja heilsugæslustöðina, byggja hjúkrunarheimilið og byggja holræsið og leigja sveitarfélaginu? Hlutverk sveitarfélagsins verður að reikna saman hver leigan af þessu verði þegar allt er saman komið en það ber ekki ábyrgðina sjálft og stendur ekki sjálft í framkvæmdunum. En það verður upp á hina fjársterku aðila komið sem hafa getað byggt allt það sem ég hef talið upp. Í sumum tilfellum eru það sömu aðilarnir sem eru að bjóðast til að taka að sér mannvirki á ólíkum sviðum. Sá dagur mun renna upp að sömu aðilar komist í aðstöðu til að ráða hvað þeir taka fyrir sinn snúð. Á sama tíma mundi sveitarfélagið, hefði það byggt framkvæmdina sjálft, komast út úr skuldabyrðinni, greiða upp lánið og ætti skólahúsnæðið, hjúkrunarheimilið, fráveituna, holræsið eða hvað það er.

Ég hef áhyggjur af þessari þróun. Mér finnst málið mjög pólitískt. Ef ég ætti að greiða atkvæði um þetta á þessum degi mundi ég ekki styðja það en að sjálfsögðu mun ég skoða málið vandlega í nefnd. Við munum að sjálfsögðu einnig ræða það í flokki mínum og taka afstöðu til þess hvert við viljum stefna. Þetta er ekki eitt mál og aðskilið frá öðrum. Þetta er ekki jafnræði eins og það var lagt upp í skoðanaskiptunum áðan. Þetta er miklu stærra mál. Það snýst um framtíð sveitarfélaga, sjálfstæði þeirra, verkefnaval og möguleika til að standa undir þeim verkefnum sem löggjafinn felur þeim. Svo stórt sýnist mér þetta mál, frú forseti.

[15:15]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir talaði fagurlega um samfélagslega þjónustu, samfélagslegt þetta og hitt og að góð fyrirtæki og göfug væru þau sem væru sjálfseignarstofnanir eða eitthvað því um líkt. Hún talaði illa um ágóða og gróða, að það væri eitthvað ljótt sem mætti ekki blanda saman við hið fyrra.

Nú er það svo að læknar starfa í samfélagslegri þjónustu og eru með hvað hæstu launin í landinu. Er ekki óeðlilegt að þeir séu „að græða“ á velferðarkerfinu, á samfélagslegu þjónustunni hjá ríki og sveitarfélögum? Er ekki afleiðingin af því sem hv. þingmaður segir um ljótan gróða og ágóða að setja á hámarkslaun hjá hinum fögru fyrirtækjum í samfélagsþjónustunni? Hvernig er með lífeyrisréttindin? Væri ekki rétt að setja takmörk á þau? Mér finnst hv. þingmaður vera komin dálítið út á hálan ís vegna þess að menn græða á mjög mismunandi hátt, ekki bara með arði af fjármagni.

Ég vil nefna sparisjóðina í þessu sambandi. Þeir eru líka samfélagsleg þjónusta í huga sumra. Á ekki að setja hámark á laun sparisjóðsstjóra og lífeyrisréttindi, kaupréttindi og annað slíkt? Svo vil ég í þessu sambandi nefna mjög merkilegt framtak hjá R-listanum í Reykjavík, sem eru félagsbústaðir Reykjavíkur, þar sem meira að segja leigumarkaðurinn var settur í einkaframkvæmd.

[15:17]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég talaði ekki um ágóða og gróða sem eitthvað ljótt. Það á heima þar sem það á heima. Ég hef enga möguleika á að meta hvort stétt í samfélaginu eigi rétt á þeim launum sem hún hefur eða ekki. Mér finnst það fráleit umræða og ekki á nokkurn hátt hægt að tengja hana því sem ég sagði áðan.

Hins vegar get ég upplýst hv. þm. Pétur H. Blöndal um að mér fyndist ekkert óeðlilegt að það væri ekki margfaldur munur á lægstu launum hjá hinu opinbera og hæstu launum. Ég minnist þess mjög vel að Gro Harlem Brundtland, þáverandi forsætisráðherra Noregs, taldi fráleitt að það ætti að vera meira en um það bil þrefaldur munur innan kerfis hins opinbera. Ég set það ekki fram sem mína skoðun en mér fyndist ekkert fráleitt að það væri einhvers konar launastrúktúr sem segði að starf einhvers væri ekki svo verðmætt að það gæti verið tífalt, tuttugufalt eða þrjátíufalt á við einhvers annars. Mér fyndist það ekkert fráleitt. Það er mitt pólitíska viðhorf.

Ég er að draga fram að í sumum tilfellum þegar sveitarfélög fá einkaaðila til að byggja fyrir sig skóla á skólalóðinni sem hefur verið tekin frá í viðkomandi hverfi fyrir hann og þegar tíminn er liðinn sem samningurinn var í gildi og einkaaðilinn á allt sem er þarna, þá hefur hann það fullkomlega í hendi sér hvaða kröfur hann gerir á sveitarfélagið. Ég er ekki fylgjandi því að sú leið sé farin og sömuleiðis geri ég mjög mikinn greinarmun á því hvort líknarfélög reka t.d. hjúkrunarheimili eða hvort einkaaðilar byggja og reka hjúkrunarheimili eins og hver önnur viðskipti. Ef þeir vilja gera það og ef viðskiptaaðilar vilja eiga viðskipti við þá, allt í lagi, en þá á ekki að koma til opinbert fé.

[15:19]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram hjá hv. þingmanni hvernig menn geta grætt. Ég nefndi lækna sem dæmi. Þeir eru sennilega með hæst laun allra háskólamanna og kannski hæst laun allra launþega í landinu, það mætti kannski taka togaraskipstjóra til hliðsjónar. Læknar starfa nánast allir hjá hinu samfélagslega kerfi. Þeir eru allir með tölu hjá þeirri fögru starfsemi. Af hverju skyldu þeir mega græða í þessum skilningi en ekki aðrir sem fara út í einkaframkvæmdir? Ég hef ekki fengið svar við því og hv. þingmaður klykkti út með því að tala um líknarfélög. Er einhver munur á líknarfélagi sem borgar gífurlega há laun og er með góð lífeyrisréttindi og annað slíkt og einhverju einkafyrirtæki sem borgar eiganda sínum arð með nákvæmlega sama hætti, fyrir nákvæmlega sömu upphæð?

[15:21]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst oftast nær mjög gaman að ræða við hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hann er mjög afdráttarlaus í skoðunum sínum og mjög hægri sinnaður og oft finnst mér það gaman. En ég nenni ekki að fara í umræðu um laun lækna mitt í skolpræsisumræðunni.

Við tölum um skolpræsi og um einokun sem til verður í sveitarfélagi. Ef einkaaðili, hvort sem það er hópur lækna eða einhverjir aðrir, tekur að sér að byggja holræsi og leigja sveitarfélaginu það og eiga holræsið erum við að tala um fullkomna einokun á viðkomandi framkvæmd gagnvart sveitarfélaginu. Þetta eru ekki einhver viðskipti. Þetta er ekki sala á einhverju til einhvers sem ræður hvort hann kaupir það. Þetta er einokun og sá sem þarf að vera viðskiptaaðili á engra annarra kosta völ. Um það snýst málið.

[15:22]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður fór yfir víðan völl í holræsisumræðunni sem varð til þess að ég tók við mér og kom hingað upp, en kostnaður sveitarfélaga eins og fram hefur komið er mjög mismunandi eftir aðstæðum, landfræðilega o.s.frv. og hér er verið að ræða um að jafnræði þurfi að gilda í þessum efnum.

Ég er persónulega ekkert hrifinn af því að sveitarfélög selji skóla, leikskóla, félagsheimili og þess háttar, langt í frá, en hér er um þverpólitískt mál að ræða því ég veit ekki betur en oddviti bæjarstjórnar í Vestmannaeyjum, Lúðvík Bergvinsson, hafi einmitt staðið fyrir því að þær eignir í Vestmannaeyjum hafi verið seldar. Hér er því um þverpólitískt mál að ræða og ekkert endilega einhverjir hægri sinnar eða einhverjir sem eru í fylkingarbrjósti félagshyggjumanna o.s.frv. Þetta er mjög mismunandi á Íslandi. Ég tek Vestmannaeyjar sem dæmi þar sem sjálfstæðismenn voru beinlínis á móti þessu en V-listinn, sem er saman settur að hluta til af samfylkingarmönnum, hefur barist fyrir þessu.

Sveitarfélög eins og Hveragerði hafa lagt í gríðarlega mikinn kostnað vegna fráveitumála og ég er ekki frá því að lögin sem hér er verið að breyta tengist einmitt því byggðarlagi og því sem gert hefur verið þar. Ég bendi líka á að félagslegar framkvæmdir í Reykjavík hafa verið í einkaframkvæmd, t.d. Egilshöll. Ég veit ekki betur en sum hótel sem hafa verið byggð hér hafi að hluta til verið félagsleg framkvæmd varðandi fornleifar og annað slíkt. Hér er því um þverpólitískt mál að ræða og við þurfum ekki að vera óskaplega heilög á svipinn þegar við ræðum það.

[15:24]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi einmitt að leikskólar, skólar, hjúkrunarheimili, íþróttahús o.fl. hafa verið byggð í einkaframkvæmd. Fólk velur það og á viðskipti út á það. Nú erum við komin að skolpinu og holræsaframkvæmdunum.

Það er ekkert við því að segja þó að einstaklingar eða stjórnendur bæjarfélaga ákveði að þeir vilji hafa þetta þannig, þó ég skrifi það mjög mikið á takmarkaðar tekjur og erfiða fjárhagsstöðu margra sveitarfélaga og þung verkefni. En ég set spurningarmerki við það þegar opinberar styrkveitingar eiga að koma til framkvæmdarinnar. Ég byrjaði á að bera fram spurningu til hæstv. ráðherra áðan miðað við umsögn fjármálaráðuneytisins, sem telur að frumvarpið hafi ekki áhrif á fjárhæðina heldur einungis skiptingu á milli framkvæmda, hvort reikna mætti þá með því að styrkur fari til framkvæmdaraðilans í gegnum sveitarfélagið.

Ég set spurningarmerki við það hvort við eigum að vera með opinberar styrkveitingar til þeirra einkaaðila sem vilja byggja eitthvað í einkaframkvæmd sem þeir leigja öðrum og hafa tekjur af og væntanlega reiknað út þannig að þeir geti haft nægilegar tekjur af, að það sé þess virði að byggja. Þetta eru vangaveltur mínar.

Talað er um að við verðum að gera þessa hluti í nafni jafnræðis. Ég held einmitt að jafnræðið sé orðið til út af Hveragerði sem fékk styrk til að byggja en seldi framkvæmdina eftir á. Nú er beðið um að fá styrkinn fyrir fram eða um leið og samið er við þann sem á að fara í framkvæmdina í einkaframkvæmd. Ég hef efasemdir um þetta eins og ég sagði áðan. Ég mun skoða málið í nefnd og það má vel vera að augu mín opnist og ég sannfærist um að þetta sé rétt. Mér finnst mjög eðlilegt að við ræðum þetta vegna þess að við erum komin í einokunina hér.

[15:26]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ágætisumræða og ég tel að frumvarpið sé beinlínis til bóta og auki víddina hvað þetta varð-

ar og auki möguleika sveitarfélaganna. Almennt er ég ekki hrifinn af því að sveitarfélög selji eignir sínar o.s.frv., og vil að það komi mjög skýrt fram, en í þessu tilfelli held ég að vel komi til greina að skoða þetta. Ef við tökum bara Alþingi sem dæmi er ég þeirrar skoðunar að Alþingi eigi að eiga allt það húsnæði sem við notum, vegna þess að þegar verið var að byggja í Austurstræti 8 er ég ekki frá því að bara við það að Alþingi tók viðkomandi húsnæði á leigu hækkaði verðgildi þess um ótrúlega mikla peninga. Ég þori ekki að nefna nákvæma tölu en það eru ótrúlega miklir peningar. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að t.d. Alþingi eigi að eiga það húsnæði sem við notum og nýtum okkur.

Í þessu tilfelli erum við að tala um ákveðið jafnræði milli sveitarfélaga. Þetta er auðvitað ákveðin pólitík og þeir sem stjórna viðkomandi sveitarfélagi mega að sjálfsögðu ráða því hvernig þeir vilja hafa þetta. Ég er að tala um mínar skoðanir og ég er ekkert heilagur hvað þetta varðar vegna þess að þetta er þverpólitískt mál og skiptir ekki nokkru máli hverjir stjórna hvað þetta varðar.

[15:28]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil eiginlega ekki viðbrögð þingmannsins. Ég held að ég og hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason séum sama sinnis. Ekki ætla ég að hafa vit fyrir sveitarfélögunum eða banna þeim að leigja eitthvað undir starfsemi sína ef þau kjósa svo. Ég er að tala um hvort eðlilegt sé að opinberar styrkveitingar sem hugsaðar eru til að hjálpa sveitarfélaginu við að fara í framkvæmdina vegna stofnkostnaðar eigi að fara til sveitarfélagsins þegar sveitarfélagið sér ekki um stofnkostnaðinn. Þar er punkturinn og ég held að ég og þingmaðurinn séum nokkuð á sama róli í afstöðu okkar miðað við ræður hans hér.

Ég er heldur ekki heilög. Ég ætla hvorki að hafa vit fyrir þessu sveitarfélagi né öðru. Ég er með pólitíska skoðun á hlutunum og hlýt eins og þingmaðurinn að mega hafa hana og mín skoðun er ekkert heilagri en hans, heldur bara skoðun mín. Ég hef ekki verið fanatískari eða heilagri en svo að ég hef sagt að ég ætli að sjálfsögðu að skoða málið í nefndinni og með félögum mínum í flokknum. En munum að við erum að tala um styrkveitingar til stofnkostnaðar sem sveitarfélagið ætlar ekki að bera, því að annar aðili sem ætlar að leigja sveitarfélaginu ætlar að bera stofnkostnaðinn. Þetta er punkturinn sem ég er að draga fram, þetta er punkturinn sem ég stoppa við.

[15:29]

Útbýting:

Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, 701. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1059.

Búnaðarlög, 725. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1083.

Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, 726. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1084.

Landbúnaðarstofnun, 700. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1058.

Skattgreiðslur fjármálafyrirtækja, 490. mál, svar fjmrh., þskj. 1089.

[15:30]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Hérna er verið að leggja fram frumvarp þar sem er heimilt að styrkja stofnframkvæmdir einkaaðila við holræsaveitur, þ.e. það er verið að hvetja til þeirrar aðferðar. Hæstv. umhverfisráðherra mælti fyrir málinu áðan og í athugasemdum við lagafrumvarpið stendur, með leyfi forseta, sem fullyrðing frá umhverfisráðuneytinu:

„Vaxandi áhugi er hjá sveitarfélögunum að taka fráveitur sem einkaaðilar reisa á leigu."

Það er að segja á rekstrarleigu eða eignarleigu.

Þetta er fullyrðing. Ég hafði ekki hugmynd um þetta og er þó nokkuð vel að mér í sveitarstjórnarmálum. Ég kann ekki á þetta. Þetta kom mér líka á óvart vegna þess að frumvarpið virðist vera samið um eitt ákveðið mál, þ.e. austur á Egilsstöðum þar sem ég er í meiri hluta, minn flokkur, Sjálfstæðisflokkurinn og félagshyggjufólk sem Vinstri grænir eru meðal annars aðilar að, og Vinstri grænir hafa talað hér látlaust á móti einkaframkvæmdum eins og ég en eru samt (Gripið fram í.) aðilar að þessu máli. Mér þykir þetta með hreinum ólíkindum. Þarna fyrir austan eru þeir bara grænir en annars staðar eru þeir til vinstri. Þarna eru þeir ekki hvort tveggja vinstri grænir heldur bara grænir. Hver tekur mark á svona fólki?

Varðandi þetta mál, ef verið er að tala um einkaframkvæmdir á öllum hlutum varðandi sveitarfélögin, þá held ég að þessi mál hér á landi séu komin í algert óefni. Það er farið að selja allar eignir sveitarfélaganna. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason sagði hér að Vestmannaeyjabær hefði selt allar sínar eignir ásamt fleiri bæjarfélögum. En þeir áttu eftir að selja holræsaveiturnar. Það er eftir. Menn áttuðu sig ekki á því. Það er smásmuga í því. Sveitarfélög sum hafa gefist upp á rekstrarlegri ábyrgð síns sveitarfélags með einhverjum hætti, annaðhvort hafa þau hækkað þjónustustigið og ráða ekki við það, vantar fjármagn, eða hafa farið í einhver ákveðin gæluverkefni, vantar fjármagn í það, og selja síðan og leigja til baka. Menn eru að skuldbinda sig til 20 ára, 25 ára eða 30 ára og þessar skuldbindingar hlaupa ekkert frá sveitarfélögunum. Það er alvarlegi hlutinn í þessum málum og kannski er enn verra að sveitarfélögin eru hætt að færa þessar skuldbindingar inn í reikninga sveitarfélaga. Ég átta mig ekki á því hvers vegna félagsmálaráðuneytið hefur ekki gert athugasemdir við það. Er það bara óþarfi og hvernig er hægt að taka út stöðu sveitarfélaga sem eru með rekstrarlegar skuldbindingar kannski upp á hundruð milljóna eða einhvern ákveðinn hluta af tekjunum? Ég hef í þessum stól farið áður yfir galla og kosti einkaframkvæmda.

Frægt er eitt sveitarfélag í Danmörku, Farum. Þeir seldu allt. Þeir seldu meira að segja ráðhúsið. Svo keyptu þeir dýrt rauðvín. Það varð þeim um of og það varð að taka í taumana og flauta út af yfirstjórn bæjarins. Þá var allt búið. Menn áttu ekki fyrir rekstrinum. Menn áttu ekki eignirnar og ekki neitt.

Hver er svo munurinn á því að sveitarfélagið sjálft geri þetta eða ekki? Ég hef svo sem heyrt þennan söng, þennan fagurgala sölumanna einkaframkvæmdarinnar sem er eftirfarandi: Það er bara þessi lausn sem er svo góð að við eigum að velja hana. Hún er ódýr og best fyrir sveitarfélagið.

Sveitarfélagið getur aldrei gert þetta sjálft. Það er bara eins og tæknimenn sveitarfélagsins og ráðgjafar hafi ekkert vit á hlutunum. Ég hef heyrt þann söng æðioft hjá sölumönnum einkaframkvæmdarinnar að þeir byggi mannvirki sem séu nánast viðhaldsfrí því það sé svo flott efni sem þeir nota, langtum betra en það sem sveitarfélögin hafa unnið með í gegnum tíðina. Tæknimennirnir hjá sveitarfélögunum eru svo búnir að vinna þarna í áratugi.

Hver er svo ávinningurinn? Jú, ef sveitarfélagið ætlar að gera það sjálft getur það slegið lán ef það á ekki peninga til framkvæmdarinnar og fengið það væntanlega á mjög hagstæðum kjörum. Kannski er það hagstæðara en hjá þeim aðila sem er að bjóða einkaframkvæmdina nema ef það væru bankarnir, t.d. Íslandsbanki, með fasteign. Þeir náttúrlega hafa aðgang að ódýru lánsfé. Svo er hins vegar ávöxtunarkrafan, þ.e. krafa um ávöxtun á peningunum og hagnað. Þá erum við að tala um að það geti hlaupið frá 2% upp í 6% og ef við erum að tala um 25 ár — við getum sagt að meðalgildið sé 4% og þá erum við að tala um að það sé 4% í tuttugasta og fimmta veldi — þá er viðkomandi sveitarfélag búið að borga þetta mannvirki 2,5 sinnum eða þrisvar sinnum, þ.e. tvisvar sinnum oftar heldur en þarf eða kannski 1,5 sinnum ef maður reiknar eðlilega vexti á lánsfé. Þetta er bullandi bisness og menn eru alveg á grænni grein sem eru í þessu. Þeir segja mér að eftir 12–15 ár séu þeir búnir að borga upp framkvæmdina og síðustu tíu árin setja þeir bara peningana í vasann. Þetta er svona. Er það þetta sem þið viljið? Ég spurði hæstv. umhverfisráðherra: Hvers vegna er ríkið að stuðla að þessu með þessum hætti?

Árið 2002 voru sett sérlög fyrir Hafnarfjörð. Það eru þau lög sem vitnað er í í athugasemdunum við þetta frumvarp. Það væri því hægt að taka styrki sem voru til nýframkvæmda í grunnskólum, til að einsetja grunnskólana. Það gilti fyrir Hafnarfjörð eins og aðra af því að þeir voru fyrstir í þessum einkaframkvæmdum. Ég segi því að sveitarfélögin eru komin á mjög hættulega braut í þessum málum.

Sveitarfélögin hafa gert það mörg hver þegar þau hafa aukið þjónustustigið og skatttekjurnar duga ekki að þá er byrjað að selja eignirnar og leigja þær og leigan lækkar aldrei. Verðmætasköpun og tekjuauki í samfélaginu hefur orðið mikil vegna þess að hér hefur setið mjög góð ríkisstjórn allar götur frá því 1991 og sveitarfélögin hafa notið þess tekjuauka. En það er ekki alltaf víst að það verði svo og ef tekjurnar í samfélaginu minnka, m.a. sveitarfélaganna, þá lækkar ekki leigan. Hvað eiga menn að gera þá? Eiga þeir þá að lækka þjónustustigið eða koma til ríkisins og heimta meiri peninga eins og sveitarfélögin hafa verið að gera? Þegar nýbúið er að gera samningana þá koma ýmis sveitarfélög fram og segja: „Jæja, nú ætlum við að gefa leikskólagjöldin frí.“ En í dag greiða sveitarfélögin 65–75% af rekstri leikskólanna þannig að það komi nú hér fram. Þetta er ábyrgðarleysi. Sérstaklega þegar nálgast kosningar þarf að fara að slá út trompunum. Þá þarf að spila út í trompleiknum. Ég vara við þessari þróun.

Þetta frumvarp stuðlar að því, og ég er alveg sammála því, að mismuna mönnum ekki í þessu, miðað við mismunandi form hvort það eru sveitarfélög eða einkafyrirtæki. En það er verið að hvetja til að fara þessa leið og að menn geta selt holræsaveiturnar sínar. Menn eru búnir að selja, eins og tínt var til hér áðan, skólana, þ.e. grunnskóla, leikskólana og öll önnur mannvirki, stjórnsýslubyggingarnar og allt hvað þetta heitir, vatnsveiturnar. Það kaupir Orkuveita Reykjavíkur. Hún kaupir það, allar vatnsveitur og hitaveitur á landinu helst. Síðan á að selja holræsaveiturnar. Þá er orðið lítið eftir. Að hverju ætla menn að snúa sér næst til að selja? Þá þurfa þeir að fara að hugsa um það hvort hægt sé að selja malbikið á götunum. Hvað eiga menn að gera? Þetta er komið út í hreina vitleysu og verst er að hæstv. félagsmálaráðherra skuli ekki vera hér staddur því ég er með ákveðnar fyrirspurnir til hans sem við munum eiga orðastað um seinna í þessum mánuði. Hvert er eftirlitshlutverk félagsmálaráðuneytisins þegar sveitarfélögin gefa ekki einu sinni orðið upp skuldbindingarnar varðandi einkaframkvæmdir, rekstrarleigu eða eignarleigu? Það veit enginn. Menn selja eignirnar, borga niður skuldirnar og skuldbindingarnar aukast ekki neitt neins staðar. Skuldirnar lækka bara, flottur rekstur, meðan svo þeir þarna niðri í Tryggvagötu í félagsmálaráðuneytinu leggja sig. Þeir eru kannski að spá eitthvað í lóðaúthlutanir og annað sem þeir virðast vera miklir sérfræðingar í þar.

Ég vil segja, virðulegi forseti, án þess að fjölyrða um þetta að ég vara við þessari þróun, að menn séu að fara að selja holræsaveiturnar sínar og allt það. Því mun ég ekki geta stutt þetta frumvarp af þeim ástæðum sem ég gat um áðan og vísa til eftirlitsskyldu félagsmálaráðuneytisins. Ég held að menn þurfi að fara yfir þetta í alvöru talað. Við getum ímyndað okkur fólksfækkun yrði í ákveðnum sveitarfélögum eins og hefur gerst víða um land. Búseta manna hefur færst til og sveitarfélögin hafa setið uppi sum hver með færra fólk og þeir sem eftir eru hafa þurft að bera ábyrgðina og ríkið ekki komið inn í þetta. Nú þegar allt er farið og sveitarfélögin orðinn eign kaupahéðna á höfuðborgarsvæðinu þykir mér orðið illt í efni. Almerkilegast þykir mér að Vinstri grænir skuli taka þátt í svona hlutum eins og þarna á Egilsstöðum. Ég botna bara ekkert í því. Þeir hafa komið hér og verið sammála mér í þessu. Nú allt í einu kveður það við að þeir hafa verið þátttakendur í þeim meiri hluta sem stóð að þessum málum.

[15:42]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hv. þm. Gunnars Birgissonar kom mér ekki mikið á óvart. Ég heyri að afstaða okkar til þessa máls er mjög svipuð. Hún kom mér ekki á óvart vegna þess að ég heyrði hann tala mjög afdráttarlaust um að þessa leið mundi hann ekki fara þegar sveitarfélög voru að byrja að byggja stóru íþróttahúsin í einkaframkvæmd og hann lýsti því hvað þetta mundi kosta sveitarfélagið umfram það að fara hefðbundna leið. Ég bað eiginlega um orðið í andsvari til að spyrja hvort hann hefði skoðað það á sínum tíma hve miklu hefði munað þegar upp var staðið í greiðslum fyrir sveitarfélagið Kópavog að fara hefðbundna leið í byggingu íþróttahúss heldur en fara þá leið sem t.d. Reykjanesbær fór.

Mig langar líka að spyrja — ég bið um að þingmaðurinn sé ekki truflaður meðan ég ber fram fyrirspurn til hans — mig langar líka að spyrja hann vegna þess að bæði ég og hv. þm. Gunnar Birgisson þekkjum baráttuna við ríkisvald-

ið um uppgjör vegna lögbundinna framlaga við framkvæmdir sem sveitarfélög hafa lagt út fyrir og ríkið á að greiða í og ár eftir ár er barist fyrir því að fá eitthvað smávegis upp í þessi framlög. Á þetta ekki eftir að verða erfitt í framtíðinni ef hvert sveitarfélagið á fætur öðru er að sækja um og fá opinber framlög sem eiga að renna til stofnframkvæmda sem sveitarfélagið fjármagnar ekki heldur einkaaðilar úti í bæ þegar sveitarfélög með hefðbundnar framkvæmdir fara að togast á við þessa einkaaðila um ríkisframlögin? Sér hv. þingmaður það fyrir sér hvernig þetta getur orðið til viðbótar öðru?

[15:44]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég svara fyrst seinni spurningunni um uppgjör frá ríkinu varðandi fráveituframkvæmdir yfir höfuð. Það hefur það gengið afskaplega vel að eiga við umhverfisráðuneytið. Það skiptir svo sem ekki máli hvort það er einkaaðili eða sveitarfélagið sjálft sem hefur staðið fyrir þeim framkvæmdum. Ég þekki náttúrlega ekki nema annan partinn, þ.e. þegar sveitarfélagið hefur staðið sjálft fyrir þessu. Þetta eru gífurlegar framkvæmdir og mikill kostnaður t.d. hjá Kópavogi og Reykjavíkurborg og Garðabæ og Seltjarnarnesbæ. Við höfum verið með sameiginlega holræsaveitu í þessum sveitarfélögum og svo við sérsveitarfélög þar fyrir innan. Það hefur ekki verið vandamál með uppgjör á þessum málum. Ég sé ekki nein vandkvæði í því máli og það ráðuneyti hefur verið til fyrirmyndar í því og hafa nánast ekki komið upp nein ágreiningsmál, alla vega ekki sem hafa snúið að Kópavogsbæ í þeim málum. Þeir eiga mikið hrós skilið fyrir það.

Fyrri spurning hv. þingmanns var um íþróttahús í Kópavogi. Við höfum fengið marga sölumenn einkaframkvæmdar sem hafa verið mjög tunguliprir og sagt hvað þetta sé rosalega gott og að við séum ekki að binda peninga skattborgaranna í þessum mannvirkjum. Þá spyr maður: Hvað með alla peningana sem við erum að binda til framtíðar? Við erum að binda skattfé unga fólksins okkar, barnanna. Við hv. þingmaður verðum þá hætt afskiptum af stjórnmálum og lifum í rólegheitum einhvers staðar. En börnin okkar, unga fólkið, mun þurfa að borga þetta, þ.e. það sem sveitarfélögin eru að gera núna. Menn eru að varpa ábyrgðinni sem núna er til framtíðarkynslóðanna. Ég er búinn að skoða dæmið um íþróttahúsið í Kópavogi. Það kom aldrei til greina að gera það í einkaframkvæmd. Eins og ég skýrði út áðan reiknuðum við út að það borgaði sig frekar að slá lán fyrir framkvæmdinni þó svo að okkar sveitarfélag hafi ekki þurft ekki á því að halda.

[15:46]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Birgissyni fyrir þetta svar og ræðu hans sem mér finnst mjög mikilvægt að hv. þm. Pétur H. Blöndal skuli hafa setið undir vegna þeirra sjónarmiða sem komu fram fyrr í umræðunni og andsvörum við þá sem hér stendur þar sem henni voru gerð upp mjög annarleg sjónarmið varðandi nákvæmlega sömu atriði og hv. þm. Gunnar Birgisson hefur svo skynsamlega sett hér fram. Mér finnst mjög mikilvægt að við ræðum þessi mál eins og ég sagði áðan og reynum að átta okkur á öllum hliðum þess og séum fordómalaus í umræðunni um þau. Síðan er eftir að sjá hvort eitthvað það skýrist í nefndinni, þar sem við eigum bæði sæti, sem hefur áhrif á afstöðuna sem t.d. ég hef í dag.

[15:47]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um áðan er oft verið í þessum tilvikum að skuldsetja framtíðina og unga fólkið okkar og ég tel það mikið ábyrgðarleysi. Þeirri ábyrgð sveitarfélaga sem ætti að vera í dag er hent frá og síðan skellt í framtíðina og kannski reynt að bjarga sér í gegnum kosningar eða annað slíkt. Ég tel það alveg þvílíkt og annað eins, menn verða að skoða þetta á marga vegu. Til hvers er félagsmálaráðuneytið?

Síðan kemur að öðru máli sem er leiga. Talað hefur verið um að ég væri svo harður á móti þessu að ég vildi ekki sjá neina leigu eða neitt. Það er vel hægt að leigja mannvirki en ekki vera að skuldbinda sig með einhverjum hætti til áratuga. Það er ósköp eðlilegt að opinber fyrirtæki leigi. En menn leigja ekki á þann veg að þeir séu skuldbundnir til að borga upp eignirnar margfalt. Síðan eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir benti á að eftir leigutímann verða menn að leigja aftur og þá verða þeir algerlega háðir því og geta lítið haft um það að segja hvað leigan kostar.

[15:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem í fyrsta lagi til að lýsa því yfir að ég er mjög sammála þeim sjónarmiðum hv. þm. Gunnars Birgissonar um hversu fráleitt er að sveitarfélögin séu að fara út í einkaframkvæmd og einkavæða grunnalmannaþjónustu sína eins og hann rakti hér mjög rækilega, enda má hv. þingmaður eiga það sem gott er. Hann hefur haldið þeim sjónarmiðum mjög á lofti innan sveitarfélags síns að standa vörð um þá grunnalmannaþjónustu sem sveitarfélög eiga og bera ábyrgð á og vera ekki að gera það að matkrók fyrir fjármagnseigendur eða einkaaðila sem vilja gera sér hana að gróðaefni. Með einkavæðingu á skolphlutum eða fráveitum, eins og hér er verið að opna dyrnar að, er þegar fram í sækir opnað fyrir heljartak, menn yrðu að greiða fyrir að fá að sturta niður í raun.

Hv. þm. Gunnar Birgisson rakti þau sjónarmið sín og eins rökfastur og hv. þingmaður er, þá velti ég því fyrir mér hvers vegna honum hafi ekki tekist að sannfæra ráðherrann sem kemur úr sama kjördæmi og ætti að vera auðvelt fyrir hann að taka í kennslustund, þegar einmitt sömu kjósendur kjósa hæstv. ráðherra til þingsetu og hv. þm. Gunnar Birgisson til að leiða sveitarstjórn í Kópavogsbæ.

Ég vil inna hv. þingmann eftir hvort hann vilji ekki taka að sér að taka hæstv. ráðherra, umhverfisráðherra, og aðra sjálfstæðismenn sem hugsanlega er hægt að koma vitinu fyrir í kennslustund (Gripið fram í.) í þessum efnum og koma þeim á rétta braut eins og hv. þingmaður virðist vera fullfær um.

[15:50]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. þingmanni á að Sjálfstæðisflokkurinn er stór flokkur sem rúmar margar skoðanir, en ég vil líka benda hv. þingmanni á að í félagshyggjufólkinu á Héraði eru Vinstri grænir, þar er flokkur hv. þingmanns aðili að og náttúrlega aðili að þessu máli beint og óbeint.

Það er annað sem hefur kannski ekki verið rætt hér og það er annað vers sem er einkarekstur. Honum er ég mjög fylgjandi. Það er allt annað að tala um einkaframkvæmdir en einkarekstur og rekstur á mannvirkjunum. Ég held að það sé mjög gott að ákveðinn hluti af samfélagsþjónustunni sé einkarekinn, eins og t.d. leikskólar að einhverjum hluta, grunnskólar að einhverjum hluta, framhaldsskólar að einhverjum hluta og heilbrigðisþjónustan að einhverjum hluta, bæði til að hafa aðhald á því opinbera kerfi sem fyrir er og samanburð. (Gripið fram í.) Ég held að það sé mjög gott mál.

Ég er ekki svo forstokkaður eins og Vinstri grænir sem vilja opinber afskipti af öllum málum og vilja gefa íbúum þessa lands að borða úr lófanum á sér þegar þeim passar. Slíku er ég ekki alveg fylgjandi. En ég er náttúrlega mjög fylgjandi einkarekstri stofnana og einkarekstri í menntakerfinu og öðru. En hvers vegna ekki einkaframkvæmd? Ég er ekki fylgjandi því að menn séu að byggja í einkaframkvæmd sem er hreint og klárt fjárhagslegt glapræði fyrir sveitarfélögin. Ég get bara ekki stutt það. Það er alveg útilokað. Það þarf ekki annað fyrir menn eins og mig sem kunna bara litlu margföldunartöfluna til að skilja þetta, ég veit ekki með hina.

[15:52]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held ég verði þrátt fyrir allt að halda áfram að hæla hv. þingmanni fyrir einmitt að treysta á litlu margföldunartöfluna og vera ekki að láta stóru margföldunartöfluna þvælast fyrir sér, allra síst af mönnum sem ekki ráða við hana, og notfæra sér þannig þau skilningarvit sem maður ræður við.

Ég treysti því reyndar líka að hæstv. umhverfisráðherra, sem einnig hefur mikla reynslu í sveitarstjórn, geti látið sannfærast ef hún er ekki þegar sannfærð um að við erum hér á villigötum með þetta frumvarp. Ég treysti því reyndar að hæstv. ráðherra sjái að sér.

Það er eitt sem hv. þingmaður minntist einmitt á, það er að hvatt skuli vera til þess og rekið til þess af hálfu félagsmálaráðuneytisins, það er verið að knýja sveitarfélögin til að setja upp þannig bókhaldsform að sýna niðurstöðutölur sem eru einhverjum aðilum þóknanlegar, þá er nauðsynlegt að setja sem flesta þætti út úr hinum almenna rekstri sveitarfélaganna og þá leiðast menn út í annars vegar bókhaldsbrellur og hins vegar einkavæðingu sem gefur kolranga mynd af raunveruleikanum sem er. Því þarf að breyta líka.

[15:54]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessi andsvör og vil taka undir það með hv. þm. Jóni Bjarnasyni varðandi félagsmálaráðuneytið. Nú eru uppgjörsaðferðir sveitarfélaga á fyrirtækjaformi og það er öllum fyrirtækjum skylt að gefa upp skuldbindingar sínar í reikningum sínum, hvort sem menn eru með flugvélar, skip eða hvað sem er á slíkri leigu, þannig að hjá sveitarfélögunum á það að vera alveg eins. Mér er það algjörlega óskiljanlegt þegar maður er að skoða reikninga og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga í dag að þetta skuli ekki vera tekið fram. En ég vara enn og aftur við þessari aðferð. Menn geta falið lélegan rekstur. Hvað gerist svo þegar menn eru búnir að selja allt frá sér? Hvað gera menn þá ef menn eru að reka með bullandi halla og safna skuldum og ekkert stendur bak við það? Hvað gera bændur og búalið þá í sveitarfélögunum?

[15:55]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Gunnar Birgisson hefur notað þetta mál til þess að hvetja til ábyrgðar í fjármálastjórn sveitarfélaga. Þar erum við alveg hjartanlega sammála. Við erum algjörlega sammála um að sveitarfélög eiga að sýna ábyrgð í fjármálastjórn. Það á að koma fram í ársreikningum sveitarfélaga ef þau fara þá leið að fara út í einkaframkvæmd, rekstrarleigu eða einhverjar þær fjárskuldbindingar sem er ástæða til að gerð sé grein fyrir í ársreikningum sveitarfélaga. Þarna erum við algerlega sammála.

Af hverju erum við þá að tala um það í þessu einstaka máli? Þannig vill til að hv. þingmaður nefndi það einmitt að Fljótsdalshérað hefur farið í þá framkvæmd sem fjallað er um hér. Sveitarfélagið þar hefur sýnt mjög mikla ábyrgð í fjármálastjórn og hefur ekki gripið til þess í öðrum tilfellum að fara út í rekstrarleigu eða einkaframkvæmd. Þannig að í þessu tilfelli ákvað sveitarfélagið og reiknaði það mjög vel út hvað hentaði best í þessu tilviki.

Mér finnst full ástæða til að það komi fram í umræðunni, af því að hv. þingmaður dró það fram, að þarna er bara um allt annars konar skuldbindingar að ræða en leiguíbúðir í Reykjavík, skólahúsnæði á höfuðborgarsvæðinu sem menn hafa verið að grípa til eða íþróttahús í Kópavogi sem hv. þingmaður ákvað að skyldi ekki fara í einkaframkvæmd. Mér finnst það mjög til sóma af honum að meta og reka sveitarfélagið sitt með þeim hætti og það eiga menn að gera, en ég treysti því að menn skoði þetta með opnum huga í umhverfisnefnd, hv. þingmaður eins og ég.

[15:57]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ber nú mikla virðingu fyrir því að þingmenn viðkomandi kjördæmis standi á bak við sitt fólk. Þetta er ekkert öðruvísi, hv. þingmaður, en að byggja skóla eða íþróttahús. Þetta er nákvæmlega sama málið. Það er verið að segja við einkaaðilann: Þú skalt byggja, ég ætla að leigja þetta af þér.

Ef sveitarfélagið hefur ekki farið út í þetta, sem ég held að það hafi ekki gert, þetta ágæta sveitarfélag og hefur rekstur þess verið til fyrirmyndar, þá botna ég ekkert í hvað þarna hefur gerst, ég átta mig ekki á því. Ég held að kannski séu þarna einhverjir heimahagsmunir, heimafyrirtæki eða eitthvað annað sem komi þarna til. Þetta er nákvæmlega sama málið og við værum að byggja skóla,

íþróttahús eða annað, eins og með holræsaveituna. Þessi veita fer ekkert í burtu. Hún verður þarna næstu 50 árin og sveitarfélagið þarf að borga leigu af henni. Þetta fer ekkert. Þetta fer ekkert frekar en íþróttahúsin eða skólarnir eða annað. Þetta er bara partur af samfélagslegri þjónustu.

Það er svo sem ekkert meira um þetta að segja. Ég vara bara við því að þó svo að hv. þingmaður sé að reyna að verja sitt fólk í kjördæmi sínu, þá er þetta sama málið. Það skiptir ekki máli hvað þetta heitir. Þetta eru sömu samningarnir, sömu ábyrgðirnar og annað slíkt.

[15:59]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta litla frumvarp snýr að því að sveitarfélög í landinu sitji við sama borð. Þau hafa sjálfstæði til að ákveða hvernig þau reka og hvernig þau ráðast í framkvæmdir. Við höfum annað dæmi um nákvæmlega sams konar sveitarfélag, Hveragerði, sem er landlukt sveitarfélag og fór sjálft í mjög dýrar, hv. þingmaður, mjög dýrar framkvæmdir við holræsagerð og hreinsibúnað, það dýrar að endurgreiðslan frá ríkinu var 78 millj. kr. Við erum ekki að tala um slíkar upphæðir austur á Fljótsdalshéraði, en við erum auðvitað að tala um það að sveitarfélög velji sér þær leiðir sem þau geta. Í tilfelli Hveragerðis voru þessar framkvæmdir seldar frá sveitarfélaginu eftir að búið var að framkvæma þetta og eftir að styrkirnir voru komnir frá ríkinu. Hver er munurinn á þessu, hv. þingmaður? Ég fullyrði að mun betur var staðið að verki fyrir austan og þess vegna eru þetta mun ódýrari framkvæmdir og (Gripið fram í.) ég treysti því bara enn og aftur að hv. þingmaður skoði þetta með opnum huga þegar við förum yfir þetta í umhverfisnefnd.

[16:00]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er svo sem sama tuggan sem ég er að fara hér aftur og aftur í, en endurgreiðsla á þessu hefði líka getað gengið beint til sveitarfélagsins. Ég er ekkert á móti því. Ég sagði áður, virðulegi forseti, að hún ætti alveg eins að ganga til einkaaðila og til sveitarfélagsins ef menn ætla að fara þá leið. Og af því að hv. þingmaður benti hér á sveitarfélagið Hveragerði og að þeir hefðu selt holræsaveituna sína eftir að hafa fengið styrk í hana og lokið við hana þá væri nú gaman að sjá hvernig reikningar þess bæjarfélags líta út þar sem oddvitinn þar heitir Árni Magnússon og er hæstv. félagsmálaráðherra. Þar hlýtur að vera allt í lagi með styrkina.

Þetta er sams konar mál og hvað varðar einkaframkvæmd grunnskóla, leikskóla, íþróttahúsa og þess háttar. Með þessu er verið að hvetja menn að fara þá leið og því mun ég ekki styðja málið.

[16:02]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Mér var hugsað til þess áðan þegar ég hlýddi á ræðu hv. þm. Gunnars Birgissonar að ég gæti hugsanlega fallið frá orðinu þar sem hann sagði í raun og veru það sem ég vildi sagt hafa í ræðu minni um stöðu sveitarfélaganna varðandi það að setja framkvæmdir sem teljast á sviði skylduþjónustu sveitarfélaga yfir í einkarekstur og hvaða þróun hefur verið í gangi og í hvaða stöðu sveitarfélögin geta verið eftir nokkur ár þegar í ljós kemur hver endanleg fjármögnun hefur orðið af þeirri þróun sem nú er í einkaframkvæmdum hjá sveitarfélögunum.

Frumvarp það sem hér um ræðir er stutt og einfalt og snýr að einum þætti í stóru máli sem er fráveitumál sveitarfélaganna. Ég segi stórt mál því að þær kröfur sem nú eru gerðar til sveitarfélaganna hvað varðar fráveitumálin eru miklar. Sveitarfélögin stóðu frammi fyrir því með löggjöf um fráveitumál að fara, mörg hver, út í mjög dýrar framkvæmdir og flóknar. Aðstæður eru mjög mismunandi og ekki einfalt að koma fyrir einni hönnun eða einni lausn sem hægt er að nota um allt land, það verður því að grípa til mismunandi útfærslu í fráveitumálum sveitarfélaganna.

Frumvarpið snýr að þeim stuðningi sem varð að koma til til þess að mögulegt væri að fara í þetta mikla átak og hann nær til ákveðins tímabils, þ.e. tímabilið sem um ræðir er frá maí 1995 til 31. desember 2005, en í framsögu sinni áðan upplýsti hæstv. umhverfisráðherra að til stæði nú á haustmánuðum að framlengja þetta tímabil um þrjú ár. Í sjálfu sér get ég tekið undir það, því að verkin standa þannig að enn er langt í land og ósanngjarnt væri að klippa á styrkina núna þar sem sveitarfélögin verða ekki öll búin að koma málum sínum í nægilega gott horf í lok ársins. Þetta er því tímabundinn styrkur við framkvæmdirnar.

Ástæða þess að verið er að koma með breytingartillögu er sú að í lögum um styrkveitinguna er gert ráð fyrir að allar framkvæmdir og rekstur á fráveitu sveitarfélaganna sé á þeirra vegum. Það kemur svo í ljós þegar sveitarfélögin eru að fara út í annars konar rekstur eins og nú hefur komið upp að sá rekstur eða þær framkvæmdir eru ekki styrkhæfar. Undir þeim formerkjum er verið að gera það mögulegt að sveitarfélög sem fara út í einkaframkvæmd eða einkarekstur fái sama styrk og önnur sveitarfélög.

Ég tel að þessi undanþága núna eða útvíkkun á ákvæðunum um styrkina sé ávísun á að lögum um fráveitur sveitarfélaga verði breytt, að einkaframkvæmdin muni koma inn í lög sem lúta að fráveitumálum sveitarfélaga. Þegar búið verður að gefa grænt ljós á það með þessari útvíkkun í frumvarpinu, verði það sett inn til framtíðar. Ég óska eftir því að hæstv. umhverfisráðherra svari því hvort hún geri ráð fyrir því í þeim breytingum á lögum um fráveitur sveitarfélaga sem hún hefur nú boðað, að sveitarfélagið geti haft val á milli þess að vera með fráveitur í eigin rekstri eða að bjóða þær út í einkaframkvæmd. Það væri þá algjör kúvending á þeirri hugsun sem ég taldi að við Íslendingar hefðum sameinast um, að grunnþjónusta eins og drykkjarvatnið og frárennslið væri í eigu og rekstri sveitarfélaganna. Nú er þetta farið að riðlast. Því er þetta frumvarp, þótt lítið sé, aðeins brot af miklu stærra máli sem við verðum að hafa í huga.

Því tek ég undir orð hv. þm. Gunnars Birgissonar að það er í raun og veru fjárhagsleg staða sveitarfélaganna og kröfur til þjónustu þeirra sem hefur knúið þau mörg hver til að fara í það að selja fasteignir og setja rekstur skólanna eða byggingar og rekstur mannvirkjanna yfir í einkaframkvæmd. Það er ekki alls staðar vegna pólitískś vilja eða að pólitíkin liggi þannig í sveitarfélögunum. Þar get ég vísað

til míns heimasveitarfélags, sem er Fljótsdalshérað, að í sjálfu sér liggur ekki pólitískur vilji til þess að stefna skuli að einkavæðingu í slíkum rekstri, heldur er horft til rekstrarstöðu sveitarfélagsins og hvernig bókhaldsreglur sveitarfélaganna hvetja í rauninni til þess að sú leið sé farin frekar en að hafa byggingar og rekstur alfarið á vegum sveitarfélagsins.

Í því tilfelli sem hér hefur verið vísað til að þetta lúti sérstaklega að framkvæmdum á Fljótsdalshéraði, þá keypti sveitarfélagið þau tæki sem nú eru notuð af ákveðnum aðila til þess að hreinsa skolpið með alveg nýjum hætti og í rauninni mjög góðum, sem ég tel að muni að öllum líkindum ryðja sér víða til rúms. Þetta er ný tækni hér á landi og sveitarfélagið gat valið hvor það keypti þennan búnað eða hvort það færi þá leið sem það valdi, að óska eftir að þessi ákveðni aðili annaðist byggingu í einkaframkvæmd og sæi um reksturinn næstu 20 árin. Með bókhaldsformi sveitarfélaganna kemur þetta hreinlega þannig út, það var reiknað út — með litlu reiknivélinni og litlu margföldunartöflunni að ég tel — að það væri rekstrarlega hagkvæmara fyrir sveitarfélagið að fara þá leið sem það gerði.

Eftir sem áður er þetta grundvallarbreyting í hugmyndafræði um ábyrgð og rekstur sveitarfélaganna og með vísan til framtíðarinnar ávísun á einkarekstur á þessu sviði. Þessi grunnþjónusta, fráveiturnar og neysluvatnið, er það mikilvæg að það fyrirtæki sem hefur hana í hendi sér, hefur í raun og veru tak á því sveitarfélagi, en þar sem ákveðið sveitarfélag og ákveðin framkvæmd hefur verið dregið inn í umræðuna vil ég að það komi fram að í því tilfelli er bæði um aðferðafræði og fyrirtæki að ræða sem er mjög traust. Ég er ekki að beina spjótum að fyrirtækinu sem slíku, heldur vali sveitarfélagsins og því að sveitarfélögin skuli vera svo illa sett um þessar mundir að þau neyðist til að fara þessa leið eða telji það hagkvæmara.

Hvað verður næst hjá þessu sveitarfélagi eða öðrum? Verður haldið áfram að reikna það út með litla reiknistokknum og þeim stóra að það sé hagkvæmara fyrir hvert sveitarfélag að fara í einkarekstur á vatnsveitunum? Hver verður kostnaður sveitarfélaganna af þessum framkvæmdum og rekstri þegar upp er staðið? Vatnsveitur eru sú grunnþjónusta sem meira að segja Sameinuðu þjóðirnar hafa beint sjónum heimsins að, að menn snúi nú af villu síns vegar og komi þeim út úr einkaframkvæmd og inn í samfélagslega ábyrgð þar sem einkaframkvæmd á rekstri vatnsveitnanna hefur víða um heim bitnað á fátækari þjóðum og fátækum íbúum hvers lands þar sem rekstrarkostnaður þeirra hefur hækkað, gjöldin hækkað og þjónustan versnað.

Ég vil vísa til þess að ákveðin þjónusta er á ábyrgð sveitarfélaganna og það hlýtur að vera krafa okkar að ekki sé hægt að höndla með þá þjónustu í ábataskyni. Ég tel að að skoða verði þetta frumvarp með tilliti til þess að verið er að opna fyrir til framtíðar breytingu á lögum um fráveitumál sveitarfélaga þannig að einkaframkvæmd verði talin jafngild og framkvæmdir á vegum sveitarfélaganna eða sem þau bera sjálf ábyrgð á og annast um. Í þeirri stóru mynd er ákveðinn rekstur sem ekki á að vera rekinn þannig að hann geti verið í hagnaðarskyni eða bisness eins og nefnt var áðan hvort heldur það er í byggingarframkvæmdum fyrir sveitarfélögin eða í vatnsveitum og fráveitumálum.

Ég sagði áðan að ég teldi, ég vil að það komi skýrt fram, að þetta væri hluti af rekstrarvanda sveitarfélaganna og uppgjörsforminu gagnvart félagsmálaráðuneytinu sem hvetur í raun til slíkra breytinga á rekstri.

Hér voru nefndir vinstri grænir á Héraði sem sýnir að ekki eru allir jafnvel að sér um framboð til sveitarstjórna. Því miður buðu vinstri grænir ekki fram sér lista og eiga ekki sér fulltrúa í sveitarstjórn heldur var boðinn fram listi félagshyggjufólks, fólks sem er hvar sem það sjálft kýs að vera undir merkjum félagshyggju, hvort þar eru flokksbundnir vinstri menn eða aðrir. En það er þeirra mál. Því miður eigum við þar ekki fulltrúa í sveitarstjórn sem kosnir voru undir merkjum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, þá hefði styrkur okkar hugsanlega komið enn betur fram.

[16:17]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við ræðum hér um mikilvægt mál. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir landsbyggðina vegna þess að þar á eftir að ganga frá fráveitum. Hér á höfuðborgarsvæðinu er framkvæmdum lokið. Þess vegna er ég nokkuð hissa á að sjá ekki framsóknarmenn í þingsalnum og á því að þeir taki ekki þátt í umræðunni. Að vísu kom hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason með gott innlegg í umræðuna en þetta sýnir e.t.v. stöðu þessa flokks þegar rætt er um landsbyggðarmál, mál sem skipta hinar dreifðu byggðir miklu, að þá mæta menn ekki og taka ekki til máls, sérstaklega þegar rætt er um stefnubreytingar og mikilvæg mál sem skipta verulega miklu fyrir dreifðari byggðir.

Í greinargerð með frumvarpinu er fullyrt að vart hafi orðið mikils áhuga á einkaframkvæmdum hvað varðar fráveitumál. Ég verð að segja að ég hef fylgst mjög náið með fráveitumálum undanfarin ár og áratug en ég hef aldrei orðið var við þennan mikla áhuga á einkaframkvæmdum. Ég átta mig í raun ekki á því hvers vegna menn opna fyrir leiðir til slíkra framkvæmda án þess að ræða nánar um hvernig eigi að taka á einkaframkvæmdum á þessu sviði. Við erum að tala um einkaframkvæmd á fráveitu. Það verða ekki til margar fráveitur frá hverju byggðarlagi þannig að þar horfa menn fram á einokunaraðstöðu. Ég óska eftir því að hæstv. umhverfisráðherra geri grein fyrir því hvort hún hafi hugsað sér að viðkomandi fyrirtæki verði í eigu viðkomandi sveitarfélags eftir eitthvert árabil. Hafa menn hugsað þann leik? Nú þarf þessi einkaframkvæmd að reka sig og viðkomandi fráveita þarf að hafa tekjur til að borga niður skuldir. Gera menn ráð fyrir að viðkomandi fráveita, rekin í einkaframkvæmd, geti t.d. sett upp sérstaka gjaldskrá og innheimt kostnað fyrir því sem rennur í gegnum hana, sett t.d. upp mæla á fyrirtæki? Ég tel að það væri ein leið, að einmitt þeir sem nota fráveituna greiði fyrir.

Hefur umhverfisráðherra hæstv. hugsað um hvernig viðkomandi fráveita verði rekin? Ég tel það mjög mikilvægt vegna þess að það snertir ekki eingöngu heimspekilegar spurningar um tekjur, hver græði og hver græði ekki, heldur um samkeppni fyrirtækja. Viss fyrirtæki þurfa að koma frá sér verulegu magni af vatni. Ég hefði talið að þetta væri einmitt mikið hagsmunamál fyrir Samtök atvinnulífsins, að

ræða hvernig menn hyggjast ná fram tekjum í þessari framkvæmd, að menn verði ekki settir í einhverja einokunaraðstöðu. Það má skoða þetta út frá ýmsum fyrirtækjum, svo sem sláturhúsum sem þurfa að koma miklu vatni frá sér. Hvernig hyggjast menn t.d. fá greiðslur frá sláturhúsi? Ætlar hæstv. umhverfisráðherra að koma upp mælum eða hvað vakir fyrir hæstv. ráðherra með að opna á einkaframkvæmd í þessum geira og koma á einokunaraðstöðu? Það liggur ljóst fyrir að Sjálfstæðisflokkurinn mun með þessu koma á einokunaraðstöðu hjá einkafyrirtæki sem eignast fráveitukerfin.

Ég hefði talið nær að viðkomandi sveitarfélag ætti fráveituna. Síðan mætti mögulega bjóða út rekstur hennar. Þar gæti verið um einhvers konar einkarekstur að ræða. Ég sé ekkert vit í öðru en að menn útskýri hvað þeir meina með þessu. Einnig verða menn að forgangsraða í umhverfisráðuneytinu. Það er leitt til þess að vita að þegar taka þarf á í fráveitumálum hinna dreifðu byggða skuli umhverfisráðuneytið eingöngu beina sjónum að algjöru smáatriði en ekki að stóra vandanum, vanda sem blasir við sveitarfélögum eins og Skagafirði þar sem ég bý og fleiri stöðum, Siglufirði og Ísafirði. Þar spyrja sveitarstjórnarmenn hvernig skuli framkvæma. Hvað er skynsamlegt að gera í viðkomandi sveitarfélagi? Ég reyndi einmitt að beina sjónum fyrrum umhverfisráðherra, hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, að því að nauðsynlegt væri að hafa skýrar reglur. Sveitarfélögin eru ekki viss um það hvaða framkvæmd er skynsamleg.

Í lögunum sem til stendur að breyta nú, það eru breytingar sem ég tel litla nauðsyn á, þ.e. að opna á einkaframkvæmdir, er ekki tekið á því að nær væri að styrkja undirbúningsrannsóknir. Það er miklu skynsamlegra. Hæstv. umhverfisráðherra ætti einmitt að breyta 3. gr. laganna á þann veg að heimilt verði að styrkja undirbúningsrannsóknir.

Í andsvari fyrr í umræðunni sagði hæstv. umhverfisráðherra að 3. gr. væri ekki breytt hvað það varðar. Ég hefði einmitt talið skynsamlegast að færa áherslurnar þangað til að hægt yrði að nota þau þrjú ár sem fyrirhugað er að leyfa styrkveitingar í viðbót, þ.e. allt til 2008, þannig að sveitarfélögin á landsbyggðinni geti fundið út hvaða framkvæmd sé skynsamlegust. Þeim er það ekki ljóst í dag.

Krafan til sveitarfélaganna kemur fram í reglugerð nr. 798/1999. Ég hef lesið hana með ýmsum sveitarstjórnarmönnum og við höfum reynt að fá botn í hvað hún merkir. Ég hef meira að segja spurt fyrrum umhverfisráðherra út í umrædda reglugerð og hvernig beri að túlka hana. Ég spurði hana hér á þingi og verð að segja að svörin voru ekki mjög markviss.

Í reglugerðinni kemur fram að hreinsa eigi skólp að sama hundraðshluta, t.d. lífrænt efni frá byggð sem telur 600 eða 700 manns eins og á Skagaströnd og Reykjavík, þar sem eru um 100 þúsund manns, þ.e. að hreinsa eigi 20% af öllu lífrænu efni frá 600 manna byggðarlagi og síðan 20% af öllu lífrænu efni frá Reykjavík. Segjum, til að einfalda reikningsdæmið, að á Skagaströnd byggju þúsund manns. Þá ætti að leyfa 800 einingum af lífrænu efni að fara í sjóinn á Skagaströnd frá Reykjavík mættu fara 80.000 einingar. Þetta er bara della. Þetta hef ég ítrekað bent hæstv. ráðherrum á að gangi ekki upp og menn eigi ekki endilega að hugsa um að hreinsa þessar 200 einingar, þetta lítilræði, frá litlum byggðarlögum. Það er einfaldlega óskynsamlegt.

Það er ekki að ástæðulausu sem ég hef bent á þetta heldur kom fram í ágætri skýrslu frá Náttúrustofu Vestfjarða að það er allt að fimm sinnum dýrara að hreinsa skolpið á hvern íbúa á landsbyggðinni í samanburði við Reykjavík. Þar er það hreinsað sem ekkert er og gífurlegur kostnaður lagður í það. Ég tel að í raun ætti að vera forgangsverkefni Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins og umhverfisráðherra hverju sinni að skýra reglurnar þannig að sveitarfélögin viti hvert þau eiga að stefna. Það lýsir ef til vill viðhorfinu að banna undirbúningsrannsóknir, að rannsaka til undirbúnings þannig að eitthvert vit verði í framkvæmdinni, það er bannað samkvæmt lögunum. Ég skora á hæstv. ráðherra að huga að þessu. Þetta er mjög óskynsamlegt að öllu leyti.

Fleiri orð mætti hafa um þetta frumvarp. Það er t.d. er íhugunarefni, fyrirhyggjuleysið sem kemur hér fram, að menn horfi stöðugt á aukaatriðin í staðinn fyrir að beina sjónum að aðalatriðum málsins og nota þessi þrjú ár sem eftir eru til að leysa vanda hinnar dreifðu byggðar. Ég skora á hæstv. umhverfisráðherra að svara því á eftir hvort hún hyggist fara yfir reglugerðina sem ég nefndi áðan, nr. 798/1999 þannig að sveitarfélögin á landsbyggðinni þurfi ekkert að velkjast í vafa um hvaða reglur gilda. Það er nefnilega svigrúm til að móta þær reglur.

Reglurnar eru settar vegna Evrópusambandsins, það er rétt. En Evrópusambandið hefur ákveðið svigrúm. Þar segir að þar sem búa færri en tíu þúsund íbúar eigi að vera viðunandi hreinsun. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Það verður að skýra út og umhverfisráðuneytið verður að taka á sig rögg og útskýra hvað er viðunandi hreinsun. Hvað eiga þessi sveitarfélög að gera þannig að menn geti tekið skynsamlegar ákvarðanir. Það er nefnilega ekki skynsamlegt að hreinsa það sem ekkert er og verja fjármunum lítilla sveitarfélaga í framkvæmdir sem ekki er mikil þörf á.

Það er ósk mín að umhverfisráðuneytið noti þá fjármuni til að fara í undirbúningsrannsóknir svo sveitarfélögin þurfi ekki að vera varnarlaus, eins og ég vil kalla það, gagnvart tillögum sem koma frá verkfræðistofum heldur standi þau á jafnræðisgrundvelli, hafi einhverjar rannsóknir og skýrar reglur um hvað er skynsamlegt að fara út í og geti þá tekið ákvarðanir út frá því.

Að lokum tel ég rétt að minna á að þau sveitarfélög sem eiga eftir að fara í framkvæmdirnar eru mörg hver á landsbyggðinni. Þess vegna brá mér þegar ég las byggðaáætlun sem hæstv. iðnaðarráðherra og byggðamálaráðherra gaf út þar sem er talað um að þetta sé einhver sérstakur styrkur eða einhver byggðaáætlun. Mér finnst það vera algjör rangtúlkun vegna þess að þetta eru framkvæmdir sem fara þarf í úti um allt land, ekki eingöngu á höfuðborgarsvæðinu eða eingöngu á landsbyggðinni, og hið opinbera tekur að litlum hluta þátt í að greiða kostnaðinn. Gera verður þá kröfu að yfirvöld skýri reglurnar þannig að minni sveitarfélögin viti hvað er skynsamlegt að fara út í. Í Reykjavík eru margir sérfræðingar og hægt að fara yfir það.

Ég tel að þær framkvæmdir og sú hreinsun sem farið var í á höfuðborgarsvæðinu sé með allra minnsta móti miðað við það sem gerist erlendis. Ég er ekki að segja að það sé

óskynsamlegt, vegna þess að viðtakinn, þ.e. sjórinn, á höfuðborgarsvæðinu þolir bæði hina lífrænu mengun sem er veitt út í Faxaflóa og svifagnið. Ég er sannfærður um að svo er einnig á landsbyggðinni. Margar hinar smærri byggðir eru við opið haf og kannski þarf ekki að fara í mikla hreinsun, ef til vill er það ekki skynsamlegt. Þess vegna á hæstv. umhverfisráðherra að fara yfir reglur Evrópusambandsins, gaumgæfa þær og reyna að túlka þær með þeim hætti að menn séu ekki að stofna til kostnaðar hjá þeim sveitarfélögum á landsbyggðinni sem standa ekki allt of vel.

[16:33]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum. Lítið mál og gott. Verið er að auka jafnræði. Styrk til slíkra framkvæmda á að veita til verkefnisins, þ.e. til þeirra sem njóta, borgaranna í viðkomandi sveitarfélagi og skiptir ekki máli í því sambandi hvernig farið er að. Ég get því stutt frumvarpið, þ.e. ef ég fellst á að veita styrki yfirleitt, en ég er yfirleitt dálítið gagnrýninn á að veita þá.

Þetta er angi af miklu stærra máli. Það hefur gerst á undanförnum árum að upp hafa komið galdra- og töframenn sem sjóða naglasúpur út um allan bæ, þ.e. þeir setja nagla í pott og galdra og galdra og svo veiða þeir naglana upp úr og eftir situr ágætis kjötsúpa og allir halda að þetta detti ofan af himnum. Komin eru risastór íþróttamannvirki í lítil sveitarfélög, sundlaugar, skólar og ég veit ekki hvað. Þetta virðist koma úr engu. Þetta er búið til eins og naglasúpa og allir eru voðalega hrifnir.

Það er meira að segja talað um að setja vegagerð að einhverju leyti í svona kerfi. Ég vil einnig nefna nýju íbúðalánin, fólk fær íbúðina si svona bara með því að flytja inn, ekkert meira. Ekki málið, þetta er svo einfalt. Bíllinn er kominn, innbúið fer bráðum að koma, það er komið á raðgreiðslur og jafnvel fötin líka. Það eru því komnir galdramenn sem búa til hluti og lífsgæði eins og það hafi dottið ofan af himnum. Svo erum við með LÍN sem lánar fólki fyrir tekjumissi ef það skyldi fara út í þá fjárfestingu að mennta sig o.s.frv. Allir galdramennirnir segja: Nú færðu þetta eins og þú vilt, en þeir gleyma að geta um það sem fór í súpuna, því allt er þetta ráðstöfun á framtíðartekjum, framtíðartekjum borgara sveitarfélaganna, framtíðartekjum skattborgara, framtíðartekjum einstaklingsins sem kaupir sér hús. Hann á ekki nema ákveðið magn af framtíðartekjum. Hvað gerist þegar hann er búinn að ráðstafa góðum hluta af því? Þá ráðstafar hann því ekki aftur. Það er svo einfalt. Þetta er mjög einfalt.

Í 40. gr. stjórnarskrárinnar stendur, með leyfi forseta:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild."

Hvað segir þetta og af hverju er þetta í stjórnarskránni? Vegna þess að lánveitingar sem sveitarfélög, ríkið eða skatturinn tekur er skuldbinding á skattborgara framtíðarinnar. Skuldbinding á börnin okkar, á þá sem eiga að erfa landið. Þess vegna höfum við stjórnarskrána. Það má ekki taka lán af opinberum aðila eða skatt nema með lögum. Þá þarf að liggja tært fyrir að verið er að taka lán og skuldsetja skattgreiðendur framtíðarinnar.

Í sveitarfélögunum fylgjumst við með því að verið er að byggja stór mannvirki. Þetta dettur ekki ofan af himnum. Nei, þetta skal greitt í framtíðinni af börnum okkar. Þessi tíska er orðin stórhættuleg, vegna þess að menn hafa ekki fært skuldbindinguna eins og skyldi. Ég verð að lýsa yfir ákveðnum vonbrigðum með eftirlit með fjárhag sveitarfélaga, að þeir skuli horfa á að það dettur niður allt í einu eitt íþróttahús, eitt stykki íþróttahús fyrir fleiri hundruð eða þúsund milljónir í einhverju sveitarfélagi og það er enginn kostnaður. Engin skuldbinding, ekki neitt. Auðvitað er þetta skuldbinding. Menn eiga að taka greiðsluna sem sveitarfélagið verður að greiða fyrir þetta með þessum eða öðrum hætti til framtíðar og færa það núvirt til skuldar hjá sveitarfélaginu. Það eiga menn að gera. Svo eiga þeir að líta til þess hvað gerist þegar leigutíminn eða lánstíminn er liðinn. Hvað gera menn þá? Eru menn skuldbundnir til að taka aftur á leigu og með hvaða kjörum? Hafa menn undankomuleið, t.d. að byggja nýjan skóla við hliðina á þeim gamla þannig að sá skóli verði ónýtur eða nýtt íþróttahús við hliðina á þannig að framkvæmdin verði ónýt, til að hafa einhverja samningsstöðu gagnvart þeim sem eiga viðkomandi fasteignir að loknum samningstímanum? Allt þetta á að færa til skuldar hjá sveitarfélögunum.

Ég vil meina að þetta ákvæði stjórnarskrárinnar segi mönnum að þeir verði að gera það, vegna þess að það má ekki leggja neinn skatt á nema með lögum. Það er verið að leggja skatt á með þessum hætti til framtíðar. Sveitarfélagið getur ekki borgað þetta eftir 10–20 ár með öðrum hætti en með sköttum. Þeir gera þá ekki annað við þá skatta á þeim tíma. Þeir byggja ekki nýja skóla, fara í ný verkefni eða reka sveitarfélagið fyrir þá peninga sem fara þarna út.

Þetta litla frumvarp er því angi af miklu stærra máli. Ég tek undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sem reyndar misskildi athugasemd mína, ég var eingöngu að gera athugasemd við það hvernig hún talaði um ágóðann af samfélagslegri þjónustu. Ég var ekki að tala um frumvarpið eða hugmyndir hennar um einkaframkvæmd og hættuna sem þar fólst í. Ég tek undir með hv. þingmanni og það er einmitt það sem ég er að vara við. Eins tek ég undir með hv. þm. Gunnari Birgissyni í sambandi við þá geigvænlega þróun að menn eru farnir að setja alls konar framkvæmdir sveitarfélaga og ríkisins í einkaframkvæmd.

Herra forseti. Ég legg til að hv. nefnd sem fær málið til umsagnar setji í greinargerð með frumvarpinu að skuldbinding vegna slíkra stofnframkvæmda verði færð núvirt til skuldar hjá viðkomandi sveitarfélagi og það sé sjálfsagður hlutur að gera svo. Þá er nefndin búin að gefa merki um það til allra sveitarfélaga að slíka framkvæmd eigi að færa núvirt til skuldar hjá sveitarfélaginu. Sé það gert vita borgararnir í viðkomandi sveitarfélagi að íþróttahúsið datt ekki af himnum ofan, að þetta er ekki einhver guðsgjöf. Nei, þeir munu borga það og ef þeir endast ekki til að borga það borga börnin þeirra það. Þá vita þeir það alla vega þegar þeir sjá glæsilegt mannvirki rísa upp og kannski verða þeir ekki alveg eins þakklátir þeim sem reisti íþróttamannvirkið

eða flottu höllina vegna þess að þeir verða að borga það sjálfir.

[16:41]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér hafa verið fluttar ágætar ræður og um margt fróðlegar og upplýsandi. En áður en ég vík að þeim vil ég segja fáein orð um megininntak frumvarpsins, sem er að veita stjórnvöldum heimild til að styðja sveitarfélög sem komið hafa fráveitukerfi sínu í hendur einkaaðila þannig að jafnræði ríki með þeim annars vegar og hins vegar hinum sem reka veiturnar á eigin vegum. Lítið mál og einfalt, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal, vegna þess að málið snýst um að styrkja verkefni, málið snýst um jafnræði, segir hann.

Ég held að málið sé ekki alveg svo einfalt. Við höfum dæmi í ríkis- og sveitarekstrinum þar sem einmitt er mismunað á grundvelli rekstrarforms. Ég hef áður minnst á öldrunarheimilið Sóltún hf. í Reykjavík, sem nýtur hærri styrkja úr ríkissjóði en önnur sambærileg heimili, einmitt vegna rekstrarformsins. (**Gripið fram í:** Og hærri krafna.) Nei, það er misskilningur hjá hv. þingmanni, vegna þess að þegar farið er í saumana á þeim málum — og ég hef kynnt mér þetta mjög vel — þá eru meiri kröfur reistar á hendur hinum heimilunum þegar allt kemur til alls varðandi lyfjagjöf, margvísleg aðstoðartæki og þar fram eftir götunum. Ef sjúkdómsþyngdin er meiri en gert er ráð fyrir í upphaflegum samningum á þessu tiltekna heimili eykst fjárstreymið úr ríkissjóði.

Ég hef ekki tiltækar tölur núna, en það er talið í hundruðum milljóna munurinn á þeim greiðslum sem renna t.d. til Grundar annars vegar og þessa heimilis hins vegar. Hinn opinberi eftirlitsaðili skírskotar þá í rekstrarform og segir að eðlilegt sé að þeir sem fjárfesti í slíkri starfsemi fái eitthvað fyrir sinn snúð. Með öðrum orðum — ríkið er að niðurgreiða arð sem rennur til eiganda, sem rennur til fjárfesta.

Þetta vildi ég sagt hafa, vegna þess að þetta er ekkert smámál. Rekstrarform kemur skattgreiðandanum við, enda er það ekki að ástæðulausu að þeir hv. þingmenn sem talað hafa í málinu, Pétur H. Blöndal, Gunnar Birgisson, Þuríður Backman, Rannveig Guðmundsdóttir og Sigurjón Þórðarson ræddu öll um rekstrarform í þessu samhengi — og réttilega.

Hv. þm. Gunnar Birgisson sagði að í algert óefni stefndi hjá sveitarfélögum sem væru að gefast upp á rekstrarlegri ábyrgð sinni og gripu þá til þess ráðs að skuldbinda sig til 25 ára, stundum 30, í einkaframkvæmd og hann sagði að þessar skuldbindingar hlypu ekki frá sveitarfélögunum. Þetta var nokkuð sem hv. þm. Pétur H. Blöndal vék einnig að í samlíkingunni um naglasúpuna. Þetta verður ekki til af sjálfu sér. Það er ráðist í skuldbindingar. Sveitarfélög undirgangast skuldbindingar sem þarf að borga. Það kemur að skuldadögunum.

Hv. þm. Gunnar I. Birgisson talaði um ávöxtunarkröfur í þessu sambandi hjá fjárfestum, talaði um 2–6%, gaf sér 4% meðaltal og komst að þeirri niðurstöðu þegar hann hafði slegið á málið að sveitarfélög, hinn opinberi aðili, skattgreiðandinn, væru að greiða frá hálfu öðru sinni til þrisvar sinnum meira fyrir verkefni í einkaframkvæmd en í opinberu rekstrarformi. Þetta skiptir því allt saman máli. Þá er spurningin: Hvernig hvatar eru settir inn í skattkerfið og inn í skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart þessum fyrirtækjum?

Hv. þm. Gunnar I. Birgisson sagði að einkaframkvæmdin væri bullandi bisness, eins og hann komst að orði, þeir sem legðu þetta fyrir sig væru í sjálfu sér á grænni grein. Hann spurði: Hvers vegna í ósköpunum er ríkið að stuðla að þessari þróun? Hann endurtók að sveitarfélögin væru komin út á afar hættulega braut með þessu móti.

Nú vill svo til að hv. þm. Gunnar Birgisson er ekki bara pólitíkus í Reykjavík og öðru sveitarfélagi, hann er líka bisnessmaður. Þetta er bisness. Þetta er spurning um bisness. Aldrei þessu vant var ég sammála hv. þm. Pétri H. Blöndal þegar hann var kominn út í þau fræðin. Við erum að tala um skuldbindingar, kostnað og það hvernig fjármunum okkar er varið. Ég veit svo að við erum ósammála um rekstrarform almennt, um einkarekstur og opinberan rekstur, ég ætla ekkert að vera að leggja honum orð í munn eða rangtúlka tal hans. Að þessu leyti hafa menn hins vegar réttilega áhyggjur. Menn hafa áhyggjur af því hvert stefnir með einkaframkvæmdinni.

Það er reyndar svo að þetta er ekki flokkspólitískt mál í einhverjum þröngum skilningi. Það er það ekki. Við sem höfum tjáð okkur um þetta mál erum t.d. sammála að grunninum til. Ég get nefnt að í umræðu sem fram hefur farið í Bretlandi á undanförnum missirum og árum er það Íhaldsflokkurinn sem er að koma upp núna með gagnrýni á stefnu Verkamannaflokksins. Mjög merkileg skýrsla var birt hjá Unison, verkalýðssamtökunum, í fyrrasumar þar sem farið var mjög rækilega í saumana á einkaframkvæmd þar í landi og reynsluna af henni. Það kom fram að á undanförnum 12 árum hafa verið gerðir 563 samningar af þessu tagi, 451 þegar í framkvæmd, að verðmæti 36 milljarða sterlingspunda. Síðan kemur í ljós að af hálfu stjórnvalda hefur afskaplega lítið verið rannsakað hver reynslan er af þessu formi. Í þeim tilvikum þar sem rannsóknir hafa farið fram kemur í ljós að þetta er miklu dýrara fyrir skattborgarann.

En það er ekki nóg með það. Það sem kom fram í umfjöllun sem breska ríkisútvarpið BBC lét gera um einkaframkvæmdina er að nú sé að myndast í Bretlandi eftirmarkaður með einkaframkvæmdafyrirtæki, samningar um einkaframkvæmd gangi nú kaupum og sölum á milli fjárfesta. Þannig hefur myndast eftirmarkaður með skóla, sjúkrahús og fangelsi. Í Bretlandi er starfandi samráðsnefnd, þeir kalla hana Public Private Partnership Forum. Það kom í ljós í Bretlandi að sá sem er í forsvari fyrir þessa samráðsnefnd, David nokkur Metter, er sjálfur á kafi í þessum bisness, hefur keypt hluti í meira en 20 skólum og sagði að skattborgaranum og hinum opinberu eftirlitsaðilum kæmi þetta einfaldlega ekki við, þetta væri bara bisness. Hver skyldi þá hafa risið upp annar en Richard nokkur Bacon, en hann er þingmaður Íhaldsflokksins og á sæti í opinberri nefnd um endurskoðun ríkisreikninga, Common's Public Accounts Committee. Hann sagði í þessum þætti á BBC sem ég vísaði til að skattborgaranum kæmi við hvernig með fé hans væri farið og að fjárfestar í rekstri á vegum hins opinbera yrðu að sætta sig við meiri upplýsingaskyldu

en í öðrum rekstri.

Ég nefni þetta bara til upplýsingar um þá umræðu sem fram fer annars staðar og mikilvægi þess að við nálgumst þetta mál ekki á þröngum flokkspólitískum nótum. Okkur er treyst fyrir almannafé. Við eigum að ræða það alveg opið og fordómalaust hvaða leiðir eru heppilegastar til að ráðstafa þessum fjármunum. Síðan eru menn sammála eða ósammála eftir atvikum. En menn verða að gefa sér tíma til þess að kanna hver reynslan er af mismunandi rekstrarformi.

Það sem hér hefur komið fram og ég vil taka undir er að stóra hættan í þessu er sú að sérstaklega hjá sveitarfélögum eða ríki sem er í fjárnauð er svo auðveld lausn að klippa á borðann, opna sjúkrahúsin og skólana og þess vegna skolphreinsistöðina og fráveiturnar, einfaldlega með því að gera samning við einkafyrirtæki. Ekkert sést í skuldakladdanum og ekkert er vitað um annað en — og það er náttúrlega mikilvægt — skuldbindingar 25–30 ár fram í tímann. Þetta er ávísun á skuldbindingu á hendur skattborgurum framtíðarinnar. Þetta eru bara staðreyndir sem við þurfum að staðnæmast við.

Þá er komið að þessu frumvarpi. Ég vil ekki segja að verið sé að örva sveitarfélög til að fara út á þessa braut en það er a.m.k. ekki verið að koma í veg fyrir að þau geri það. Þá er veruleikinn sá hjá mörgum sveitarfélögum að þau eru peningalega aðþrengd. Sú freisting er mjög mikil að fara þessa leið, bara að vísa reikningnum inn í framtíðina, og nái síðan frumvarp ríkisstjórnarinnar fram að ganga kemur styrkur. Þá eiga þau kost á fjárhagsstyrk ekkert síður en önnur sem þráast við og halda þessari samfélagsþjónustu innan sinna vébanda og á eigin forræði. Þetta er ekkert smámál. Það er misskilningur hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Við verðum að skoða þessi mál nákvæmlega í þessu samhengi. Við erum að byggja inn í kerfið hvata til að fara þessa leið.

Ég held að við eigum að taka alvarlega þau varnaðarorð sem hér hafa heyrst í þingsal, frá m.a. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, auk okkar úr stjórnarandstöðunni, hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, Þuríðar Backman, Sigurjóns Þórðarsonar og mín, að nú sé kominn tími til að staldra við. Það er svo skrýtið að þegar hugmyndafræðin er annars vegar og menn telja að þetta sé eitthvert skref inn í markaðsvæðinguna, jafnvel þótt ágætir menn eins og hér hafa verið nefndir sjái blikkandi varnaðarljósin, er samt haldið áfram. Bara þessa dagana eru fréttirnar af sölu Landssímans þvert á þjóðarvilja. 80% Íslendinga eru andvíg þessu. Við sátum í efnahags- og viðskiptanefnd í morgun sem hélt sameiginlegan fund með iðnaðarnefnd þar sem farið var yfir skattlagningu orkufyrirtækja. Þar benda nánast allir umsagnaraðilar á — ég nefni að vísu ekki Samtök atvinnulífsins, Verslunarráðið sennilega og einhverja sem eru með þessa skrúfu á sálinni að geta ekki komið auga á neitt annað en markaðsvæðingu — gallana þessu samfara, vara við þessu og segja að þetta sé notandanum í óhag, þetta sé illt og slæmt fyrir sveitarfélögin, það séu lausir endar o.s.frv. Samt er haldið áfram.

Eins er það hérna. Við erum búin að ræða þetta mál í allan dag. Nánast allir sem taka til máls vara við þessu og það liggur í orðum þeirra að reynt verði að sporna við þessari þróun. Það er of mikið sagt að segja að þeir hafi varað við þessu frumvarpi en það liggur í orðum þeirra að það eigi að reyna að sporna við þessari þróun almennt. Það liggur í orðum þeirra. Eigum við þá ekki bara að gera það? Er ekki rétt að taka þetta frumvarp sem hér liggur fyrir, leggja það á ís, setjast niður og ræða málin, kannski svolítið faglega? Það væri tilbreyting.

[16:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst koma fram í ræðu hv. þingmanns að þetta væru tvö mál. Við erum annars vegar að tala um það að sveitarfélög fái styrki til stofnframkvæmda á ákveðnu sviði og hins vegar erum við að tala um þróun sem flestir sem hafa talað í dag vara eindregið við. Það er meginmálið. Þetta frumvarp breytir engu um það. Þótt við settum þetta frumvarp á ís mundu íþróttahús, skólar og annað slíkt halda áfram að detta ofan af himnum sem enginn greiðir, að því er sýnist.

Þess vegna sagði ég að þetta væri smámál og skipti í sjálfu sér ekki stóru máli og ég mun væntanlega annaðhvort styðja það eða sitja hjá. Sérstaklega kæmi til greina að ég mundi styðja það ef tekið yrði fram í nefndaráliti að skuldbinding vegna slíkra stofnframkvæmda yrði færð núvirt til skuldar hjá sveitarfélaginu og auk þess yrði fært hver árleg greiðslubyrði sveitarfélagsins af því yrði. Þá lægi það alveg fyrir. Þetta er ekki ágreiningurinn. Svo getum við deilt um það hvort eigi að fara í einkaframkvæmd eða ekki. Hv. þingmaður talaði um einhvern aðila sem ætti hlut í 20 skólum, eins og það væri eitthvað voðalega ljótt. Það getur verið betri rekstur hjá einkaaðilum. Það hefur bara ekkert reynt á það hér á landi nema kannski í grunnskólum í Reykjavík þar sem lengi hefur verið einkaframkvæmd. Mér skilst að þeir fái miklu lægri gjöld frá Reykjavíkurborg en aðrir skólar að meðaltali. Sá rekstur virðist aldeilis borga sig.

[16:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er þörf á talsvert mikilli einbeitingu til að átta sig á því hvað menn eru að fara hér því menn eru að ræða um mjög marga hluti. Í fyrsta lagi að það eigi að bókfæra skuldbindingarnar sem skuldir. Sammála. Það er rétt, þannig verða þær sýnilegar.

Síðan segir hv. þingmaður að við séum að tala hér um afmarkað mál, stofnstyrki og styrki til tiltekinna framkvæmda, og að við eigum ekki að setja það í allt of náið samhengi við hina almennu þróun sem við erum að vara við. Ég segi að það sé ekki hægt að slíta þetta tvennt í sundur. Ef við ætlum að reyna að sporna gegn þessari þróun, þessari einkaframkvæmdaþróun hjá hinu opinbera, þurfum við að setja einhverja bremsuborða á bremsurnar og einhverja þröskulda í veg fyrir framgangi og þessari framvindu sem flæðir áfram. Það gætum við gert með þessu móti. Ef sveitarfélög sem reka þessi fyrirtæki á eigin vegum nytu styrkjanna en ekki hin sem fara út á þá braut sem hv. þingmaður er að vara við, og hv. þm. Gunnar Birgisson einnig, segir að sé glapræði, erum við farin að hafa áhrif á þróunina. Ef við hins vegar tökum allar slíkar hömlur burtu, sviptum þeim öllum brott, gerum við það ekki. Mér finnst

þetta vera alveg augljóst mál.

[17:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær framkvæmdir sem við erum að ræða um nú eru ekki nema lítið brot af þeirri einkavæðingu og þeirri þróun sem er í gangi. Hvort við samþykkjum þetta eða ekki skiptir ekki máli. Ég sé ekki að það skipti neinu máli.

Hins vegar ef eftirlitsnefnd um fjárræði sveitarfélaga færi að færa inn í bækur og krefjast þess að það yrði fært inn í bækur núvirtar greiðslur í framtíðinni og árlega greiðslur fimm eða tíu ár fram í tímann, þá er það bara nákvæmlega eins og þegar sveitarfélagið tekur lán. Ef sveitarfélög taka lán fyrir slíkum framkvæmdum eins og þau hafa gert hingað til, hvað gerist? Þá vex skuldin hjá þeim og árlega greiðslur vaxa. Þetta sést. Það nákvæmlega sama mundi gerast ef eftirlitsnefnd með fjárreiðum sveitarfélaga færi að tilmælum nefndarinnar, ef menn féllust á það sem ég er að segja, og færðu þetta sem skuld, það mundi ekkert breytast. Hvort sem menn taka lán eða fara í svona framkvæmd þá kæmi það nákvæmlega eins út og mundi stöðva þá þróun sem er í gangi, þar sem framkvæmdir, þessi stórmannvirki detta ofan af himnum og menn láta eins og enginn borgi það og guð almáttugur hafi bara gefið sveitarfélögunum þetta. Þá kæmi það í ljós að þetta er skuld nákvæmlega eins og þegar menn taka lán til slíks og þá fer að koma að spurningunni um hvort það sé gert með einkaframkvæmd eða sveitarfélögin geri það sjálf. Þá getur komið í ljós að ódýrara sé að gera það með einkaframkvæmd ef það er raunin eins og t.d. er með nokkra grunnskóla í Reykjavík.

[17:02]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Staðreyndin er nú sú að einkaframkvæmdin hefur reynst vera dýrari, það er staðreynd. (Gripið fram í.) Hitt er annað mál að það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal segir að ef skuldbindingarnar yrðu gerðar sýnilegar hefði það hamlandi áhrif. Ég er sammála þessu. Þetta held ég að sé alveg rétt. Það mundi vissulega hafa það.

Það sem ég er hins vegar að segja er að auk þess hefur reynslan sýnt fram á að einkaframkvæmdin er dýrari, nokkuð sem hv. þm. Gunnar Birgisson fór mjög rækilega í saumana á. Hún er dýrari. Hún er erfiðari fyrir skattborgarann. Ef við ætlum að gæta hagsmuna hans eigum við að hamla gegn þeirri þróun. (Gripið fram í.) Það ber okkur að sjálfsögðu að gera. Við erum ekki gæslumenn. Pétur H. Blöndal kann að skilgreina sig sem hagsmunagæslumann fyrir fyrirtæki sem vilja komast inn í þennan rekstur, (**Gripið fram í:** Nei, nei.) en við sem hagsmunagæslumenn fyrir skattborgarann eigum að hamla gegn þessari þróun.

[17:03]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Í frumvarpinu er eingöngu lagt til að heimilt verði að styrkja fráveituframkvæmdir sveitarfélaga sem fjármagnaðar eru samkvæmt samningum um einkaframkvæmd, hvort heldur er á grundvelli eignarleigu- eða rekstrarleigusamnings, enda falli þær undir markmið laganna og skilyrði þeirra fyrir styrkveitingu. Síðan er gert ráð fyrir að nánari ákvæði um framkvæmd verði sett í reglugerð. Lög um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum gilda um framkvæmdir sem unnar verða á tímabilinu 1. maí 1995 til 31. desember 2005. Í nýlegu samkomulagi sem gert hefur verið milli ríkis og sveitarfélaga er gert ráð fyrir að stuðningur við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum verði framlengdur um þrjú ár. Eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni mun ég leggja fram lagabreytingu um framlengingu laganna á haustþingi. Þetta eru hinar einföldu staðreyndir málsins.

Í umræðunum á Alþingi í dag hafa þingmenn komið mjög víða við. Það hafa verið mjög áhugaverðar umræður, en þær hafa kannski að minnstu leyti snúist um efni þessa einfalda frumvarps sem er til umræðu, vegna þess að hér hafa menn verið að setja málið í miklu víðara samhengi. Þetta frumvarp snýst eingöngu um jafnræði sveitarfélaganna til að njóta styrks, hvort sem um er að ræða einkaframkvæmd eða framkvæmd sem sveitarfélagið annast að öllu leyti sjálft.

Menn hafa að sjálfsögðu eins og ég nefndi verið að setja á grundvallarumræður um fjárhag sveitarfélaga, um ábyrgð þeirra í fjármálum. Þetta eru auðvitað allt saman mjög brennandi og mikilvæg mál. Ég tek undir mikilvægi þess að þar sé farið með fyllstu gát og vandað til verka. Ég veit að við erum öll sammála um það. Mér finnst hins vegar að hér hafi þingmenn farið mjög mikið út fyrir efni frumvarpsins þó að ég skilji ósköp vel að kannski hafi það gefið tilefni til umræðna af þessu tagi sem eru mjög mikilvægar og áhugaverðar í sjálfu sér.

Mér finnst líka og ég verð að segja það að þessi mál snúast ekki síst um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaganna og að þau hafi svigrúm til að skipa málum sínum með þeim hætti sem þau telja að þjóni best hagsmunum sveitarfélagsins og þar með íbúanna. Þetta er líka grundvallaratriði, að sveitarfélögin hafi það svigrúm sem þau þurfa.

Ég býst við því að við verðum seint sammála um það, a.m.k. sú sem hér stendur og t.d. þingmenn Vinstri grænna, hvort einkarekstur eigi að vera í hinni félagslegu þjónustu eða ekki. Þar er grundvallarágreiningur á milli Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna. Ég tel það hins vegar algjörlega fráleitt að þetta tiltekna frumvarp hvetji sveitarfélögin til að selja eignir sínar. Ég vara við slíkri túlkun. Ég tel að hún sé alröng. Málið snýst eingöngu um jafnræði sveitarfélaganna til að njóta styrkja frá ríkinu til fráveituframkvæmda.

Hv. umhverfisnefnd fær málið til umfjöllunar. Ég treysti henni afar vel til að skoða alla þætti þess og að það fái farsæla afgreiðslu í þingnefndinni.

[17:08]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér var komið víða við. Mikilvægt að virða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Alveg rétt. Að sveitarfélögin hafi nauðsynlegt svigrúm til að athafna sig og taka ákvarðanir á eigin forsendum. Alveg rétt. Það hafa þau einmitt ekki. Þau eru víða mjög aðþrengd og svo aðþrengd að þau hafa freistast til að fara út í óhagkvæmar

lausnir vegna þess að til skamms tíma þjóna þær hagsmunum þeirra. Þá er spurningin sú hvernig ríkisvaldið bregst við. Að sjálfsögðu þarf að rýmka og auðvelda sveitarfélögunum að afla sér meiri tekna, en við megum ekki heldur setja inn hvata inn í kerfið til þess að þau haldi út á þá braut sem allir sem tekið hafa þátt í umræðunni í dag hafa varað við.

Þetta er einstakt mál, segir hæstv. ráðherra. Við skulum ekki blanda því saman við hina almennu þróun. Það er engu að síður gert í þessu þingmáli og athugasemdum sem birtast með því, því fyrsta setningin er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Vaxandi áhugi er hjá sveitarfélögunum að taka fráveitur sem einkaaðilar reisa á leigu."

Með öðrum orðum, þetta tiltekna afmarkaða mál sem okkur er sagt vera svo er sett í samhengi af hálfu ríkisstjórnarinnar og hálfu hæstv. ráðherra inn í þessa almennu þróun og að menn séu að bregðast við þessari almennu þróun. Það stendur hér svart á hvítu.

[17:10]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum sammála um það, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson, að mikilvægt sé að við virðum sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Við erum sammála um að jafnræði eigi að vera á milli sveitarfélaganna. Og ég vil að það komi aftur skýrt fram af minni hálfu að ég vara við því að verið sé að túlka þetta litla mál með þeim hætti að hvatt sé til þess að sveitarfélögin selji eigur sínar. Það er algjörlega fráleitt að það sé gert.

[17:11]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eigum við ekki að fallast á að ekki sé stuðlað að hinu gagnstæða með frumvarpinu? Ég held að það sé staðreynd málsins. Við eigum að virða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Þó vil ég segja það að til eru þeir hlutir sem ég tel ekki vera leyfilegt fyrir sveitarstjórn sem kosin er til skamms tíma að ráðstafa til allrar framtíðar. Þá vísa ég t.d. í drykkjarvatnið. Mér finnst það ekki vera leyfilegt fyrir sveitarstjórn sem kosin er til fjögurra ára að ráðstafa um alla framtíð drykkjarvatninu í hendur einkaaðila. Það finnst heldur ekki hollensku ríkisstjórninni sem er búin að setja það í stjórnarskrá þess lands að óheimilt sé að einkavæða drykkjarvatnið. Við erum að tala um grundvallaratriði.

Þetta mál, eignarhaldið á grunnþjónustu í samfélaginu, skiptir okkur öll máli og um alla framtíð.

[17:12]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið um að menn haldi sig við staðreyndir þessa máls en séu ekki að ræða allt önnur mál. Við verðum eflaust seint sammála um það hvar beri að hafa einkarekstur í opinberri þjónustu og hvar ekki, hv. þm. Ögmundur Jónasson.

[17:12]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lít líka svo á að við höfum verið að ræða grundvallaratriði í dag og að mjög erfitt sé að ræða þetta litla mál, styrkveitingu til holræsaframkvæmda í einkaframkvæmd og kosti þess og galla, nema að taka tilsvarandi dæmi og þróunina eins og hún hefur orðið á liðnum árum. Það vefst enn þá fyrir mér, og það verða lokaorð mín í umræðunni, að það séu rök og að það sé jafnræði að veita styrki af opinberu fé til stofnframkvæmda sveitarfélags þegar sveitarfélagið ætlar ekki í stofnframkvæmdirnar heldur ætlar einkaaðili úti í bæ eða úti á landi að fara í stofnframkvæmdirnar og vinna verkið og leigja sveitarfélaginu það. Þetta vefst enn þá fyrir mér. Ég lít enn þá svo á að menn séu að jafna saman ólíkum hlutum og ekki sé sjálfgefið og það sé ekki jafnræði að breyta lögum með þessum hætti eins og við erum að gera í dag og að þau rök að sveitarfélag hafi fengið styrk, hafi síðan selt framkvæmdina og leigt hana til baka, séu ekki nægileg til þess að breyta lögum.

Hitt er annað mál að ég er mjög veik fyrir öllum staðreyndum sem víkja að jafnræði sveitarfélags, því ég hef verið sveitarstjórnarmaður í tíu ár, verið sveitarstjórnarmaður í meiri hluta, og þekki næstum því allar hliðar þeirra mála sem upp kunna að koma í sveitarfélagi. Þetta verða því lokaorð mín í umræðunni.

[17:14]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst umræðurnar í dag hafa verið mjög áhugaverðar og ég ítreka það. Í sjálfu sér tek ég undir með þingmönnum að ágætt hefði verið að hafa félagsmálaráðherra hérna viðstaddan vegna þess að við höfum auðvitað verið að ræða í tengslum við þetta litla afmarkaða mál miklu stærri mál, en það var svo sem enginn sem vissi það fyrir fram hvort umræðan yrði þannig. En ég treysti þingnefndinni til þess að fara vandlega ofan í alla þætti málsins og veit að það mun verða gert.

[17:15]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki á hverjum degi sem hæstv. umhverfisráðherra fær tækifæri til að ræða sýn sína á fráveitumál og baráttumál hvað varðar umhverfismál á þessu sviði. Það væri því fróðlegt að fá viðbrögð hennar svo að hún þurfi ekki eingöngu að ræða fjármögnun hér, heldur einmitt sýn sína á þetta umhverfismál.

Í framhaldi af því er rétt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hyggist breyta reglum, t.d. reglugerð nr. 798, og skýra út fyrir sveitarstjórnarmönnum sem velkjast í vafa um hvernig túlka beri að regluna. Ég veit að það eru margir sem bíða eftir að fá skýr svör hjá hæstv. ráðherra.

Loks væri einnig mjög fróðlegt ef hæstv. umhverfisráðherra greindi okkur frá því hvort hún sjái sér fært að stuðla að því að gerð verði breyting þannig að undirbúningsrannsóknir, sérstaklega á landsbyggðinni, fái styrk úr þessum sjóði þannig að hægt verði að nýta það fjármagn sem verja á til fráveituframkvæmda vel og þær byggist á rannsóknum,

byggist á einhverjum athugunum. Það væri mjög þarft að breyta reglum einmitt á þann veg.

[17:17]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hv. þm. Sigurjón Þórðarson þekkir þessi mál ágætlega af störfum sínum fyrir norðan. Ljóst er að hann hefur ákveðna sýn á hvernig þau mál eiga að vera og hann varpaði fram ýmsum athyglisverðum spurningum og hugleiðingum um þau í umræðunni í dag.

Hvað snertir það atriði sem hann nefndi, breytingu á reglugerð nr. 798, þá hefur ekki verið til skoðunar í ráðuneytinu að breyta þeirri reglugerð. Ég mun hins vegar fara yfir það mál í framhaldi af þessari umræðu.

Varðandi breytingu á 3. gr. að öðru leyti en því sem verið er að gera með frumvarpinu þá hefur ekki verið til skoðunar í umhverfisráðuneytinu að gera frekari breytingar greininni. Sú breyting sem ég boðaði á lögunum í haust lýtur eingöngu að framlengingu á þeim.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:18]

Útbýting:

Greiðslur til ríkisins frá Landssímanum, 633. mál, svar fjmrh., þskj. 1092.

Helgidagafriður, 3. umr.

Stjfrv., 481. mál (afgreiðslutími matvöruverslana). — Þskj. 735.

[17:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta mál lætur kannski ekki mikið yfir sér í byrjun en þegar betur er að gáð er það stærra en ætla mætti af þeirri athygli sem það hefur enn þá fengið, bæði efni þess sjálft og eins hvernig unnið hefur verið að frumvarpinu.

Það vekur satt best að segja mikla undrun að þetta frumvarp til laga um breyting á lögum um helgidagafrið skuli vera komið þó þetta langt hér án þess að meiri hávaði hafi hlotist af, því að í ljós kemur að hér á að fara að gera breytingu sem gengur í raun og veru lengra en upphafsmenn málsins báðu um. Einhvers staðar á leiðinni hafa menn ákveðið að fara út í róttækari breytingar, ganga meira á rétt starfsfólks í verslunum til að eiga einhverja lágmarksfrídaga eins og aðrir starfsmenn en meira að segja beðið var um af upphafsmönnum málsins sem eru atvinnurekendur í greininni. Það mun hafa verið svo að málið á sér upphaf í því að menn fóru fram á að verslanir gætu verið opnar á hvítasunnudag. Frumvarpið gengur hins vegar út á að þar til viðbótar skuli bæði föstudagurinn langi og páskadagur verða venjulegir verslunardagar eða opnunartíminn breytast með þeim hætti sem 1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir og þar bætist við öll sú starfsemi sem þar er upp talin og þá ekki síst verslunarstarfsemi sem er á minna en 600 fermetrum þar sem a.m.k. tveir þriðju hlutar veltunnar er sala á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki, eins og þar stendur.

Nú kann mönnum að þykja þetta ekki stórmál og það sé sjálfsagt að þjóna einhliða kröfum atvinnurekenda á þessu sviði eða þeirra sem þarna hafa ráðið ferðinni. Veit ég ekki hvort það er óumdeilt í röðum þeirra sem þarna hafa rekstur með höndum, það kynni að vera svo að þegar betur væri að gáð séu þeir hagsmunir býsna blendnir. Sú hefur a.m.k. orðið reynslan annars staðar að það hefur síðar en svo þjónað t.d. smærri aðilum á þessu sviði vel sú þróun sem verið hefur í þá átt að keyra opnunartímann sífellt upp og lengja hann og að helst skuli slíkar verslanir standa opnar allan sólarhringinn. Það hefur m.a. sums staðar leitt til þess að rekstur minni verslana hefur ósköp einfaldlega orðið enn síður samkeppnisfær en áður var og er ekkert óskaplega flókið að skilja af hverju það er.

En ekki síður og kannski fyrst og fremst er þetta vinnuverndarspursmál í mínum huga. Það hefur reynst mjög erfitt að halda aftur af þrýstingi til þess að hafa vinnutíma starfsfólks í verslunum óhóflega langan eins og reglurnar eru fyrir. Það er líka mikil afturför ef þetta er að verða þannig að menn geta nánast ekki átt öruggan aðgang að neinum frídögum og sú stétt sem hér á í hlut, verslunarmenn, má nú sæta því að sá frídagur sem sérstaklega er helgaður stéttinni og nefndur svo, frídagur verslunarmanna, er það síður en svo. Þá er mesta ferðahelgi ársins og ekki njóta verslunarmenn mikillar hvíldar, margir hverjir, einmitt þá helgina. Þessu er öfugt farið t.d. með sjómannadaginn sem að vísu með hörku hefur tekist að gera að raunverulegum frídegi sjómanna með því að nú er þetta annar dagurinn eða tímabilið á ári hverju þar sem það er orðið algjörlega fast að skipin eru í höfn og sjómenn eiga frí. Hitt er þá jólin eða reyndar að mestu leyti jól og áramót eins og þetta hefur þróast.

Herra forseti. Ég ætla nú að spyrja hvort hæstv. viðskiptaráðherra sé við, eða er það dómsmálaráðherra sem flytur frumvarpið? Það væri gaman að vita hvort það á sér einhvern málsvara í röðum ríkisstjórnarinnar, hvort þeir sem flytja málið hingað inn séu til svara fyrir það. Mér sýnist að vísu formaður allsherjarnefndar sitja í salnum og trúlega í embættiserindum og það er gott. En ég hefði gjarnan viljað fá skýringar hjá þeim ráðherra sem lét undirbúa málið hvers vegna staðið var að verki með þeim hætti sem raun ber vitni.

Hvernig stendur á því að viðkvæmt mál af þessu tagi kemur inn á borð þingmanna og það kemur í ljós að ekkert samráð er haft við samtök verslunarmanna? Þeir senda hér á síðustu stundu hálfgert neyðarkall til þingsins um að málið verði skoðað. Hér er glæný ályktun frá því um mánaðamótin frá Landssambandi íslenskra verslunarmanna þar sem lýst er eindreginni andstöðu við fram komið frumvarp um breytingar á lögum um helgidagafrið sem felur í sér, eins og þar segir, miklar breytingar á högum þeirra sem starfa í matvöruverslun undir 600 fermetrum.

Ég hefði gjarnan viljað heyra hvort það er ekki rétt skilið að það sé hæstv. dómsmálaráðherra sem flytji þetta frumvarp og hafi undirbúið það, og ef forseti getur staðfest það vil ég inna hann eftir því hvar hæstv. dómsmálaráð-

herra er niður kominn.

(**Forseti** (BÁ)**:** Í tilefni af þessum orðum vill forseti geta þess að hæstv. dómsmálaráðherra er ekki í húsinu. En eins og kunnugt er var það hann sem mælti fyrir málinu við 1. umr.)

Já, það er mikill skaði ef hæstv. dómsmálaráðherra getur ekki komið hér til umræðunnar því að ég hefði mikinn áhuga á að leggja fyrir hann spurningar um þessi efni. Ég vildi gjarnan líka heyra í formanni allsherjarnefndar ef hann getur gert hlé á einkafundi sínum úti í salnum og svarað því hvort afstaða Landssambands íslenskra verslunarmanna og Verslunarmannafélags Reykjavíkur og þeirra aðila sem hér hafa verið að álykta og leggjast gegn þessu frumvarpi á síðustu stundu hafi einhverju breytt varðandi viðhorf nefndarinnar. Kemur til greina að kalla málið til nefndar á nýjan leik, gera hlé á umræðunni og breyta því í það upprunalega horf sem beiðnin var þegar málið fór af stað, að það snúist þá bara um að gera hvítasunnudaginn að verslunardegi en hinir frídagarnir fái halda sér? Hvers vegna er þessum viðbótarhelgidögum bætt þarna inn þannig að í raun og veru er þá ekkert eftir, ef ég kann helgidagalöggjöfina rétt, nema jóladagur? Það er ekkert annað eftir sem menn eiga að geta treyst á að verða ekki ræstir út til vinnu.

Ég held að það sé líka ástæða til að ræða þetta í stærra samhengi. Ætla menn að stöðva sig af einhvers staðar á þessari braut eða ætla menn kannski að fylgja þessu eftir? Verður þróunin sú hér, eins og hún hefur orðið sums staðar í nágrannalöndunum, að það verði sífellt keyrt á rýmri og rýmri reglur um opnunartímann þangað til að hann er í raun og veru meira og minna orðinn allur sólarhringurinn. Það leiðir svo til þess að ýmsar minni verslanir, kaupmaðurinn á horninu og aðrir slíkir aðilar, eiga enn síður möguleika á að standast þessa samkeppni, því að auðveldara er að skipuleggja starfið í stærri einingum þannig að menn geti látið manna vaktir og standa þær og haft opið allan sólarhringinn?

Þannig hefur þróunin orðið í nágrannalöndunum. Tilhneigingin er sú að keyra á rýmkun á þessum reglum og menn gera það gjarnan undir því yfirskini — sem skyldi nú ekki vera hér líka — að það sé sérstaklega í þágu neytendanna. Þetta á allt að vera fyrir neytendurna svona öðrum þræði, að hinu leytinu fyrir verslunarrekendurna. En hver er útkoman fyrir neytendurna? Jú, hún er sú að þjónustan versnar víða í staðinn fyrir að batna. Hún versnar ef búðunum fækkar. Ef hverfabúðir leggjast niður er þetta ekki í þágu neytendanna, ekki þess hluta þeirra t.d. sem er verulega háður slíkri verslun. Dæmi um það er eldra fólk sem ekki á bíl eða ekki á hægt með að ferðast langar vegalengdir til að komast í stórmarkaði og stærri verslanir þó að þær séu opnar allan sólarhringinn.

Ég held að hv. þingmenn og nefndarmenn í allsherjarnefnd ættu t.d. að kynna sér umræður um þessi mál og þróunina eins og hún hefur orðið í Danmörku. Það eru mjög harðar deilur uppi í Danmörku núna um nákvæmlega sömu hluti og skylda þar sem hægri stjórnin þar — skylt er nú skeggið hökunni — við erum með sams konar fyrirbæri að mörgu leyti á Íslandi og Danir því miður búa við, svona hægri-miðju-vandræðastjórn sem eltir þessa hagsmuni í blindni og stundum dulbýr það og klæðir í þann búning að þetta sé gert fyrir neytendur sem kemur svo á daginn að er aldeilis ekki.

Hvernig er útkoman á þessu í Danmörku? Hún er sú að þar eru mjög hörð átök við samtök verslunarfólks og afstaða neytenda, neytendasamtaka og talsmanna neytenda er mjög að breytast þar sem menn eru einfaldlega að horfast í augu við það og sjá að þróunin hefur síður en svo verið að öllu leyti til góðs frá þeirra sjónarhóli séð.

Í Danmörku er verið að rýmka reglur um opnunartíma verslana á sunnudögum í mjög harðri andstöðu við samtök verslunarmanna. Þar er reyndar líka á ferðinni rýmkun á reglum um verslun með áfengi, þ.e. verið er að lengja þann tíma sólarhringsins og færa það yfir á helgidagana einnig, að verslanir þar sem áfengi er til sölu, eins og kunnugt er í Danmörku, megi selja þann varning. Þar hefur verið afmarkaður verslunartími sem hefur á köflum verið annar en sá sem mátt hefur hafa opið til sölu á almennum varningi. Það er fróðlegt fyrir þá sem eru sérstakir talsmenn þess hér að færa áfengi í búðirnar, þó að það sé ekki nema léttvín og bjór, að kynna sér hvernig hlutirnir eru líklegir til að þróast þegar það skref hefur einu sinni verið tekið.

Hvað hefur gerst í Danmörku? Jú, ég er með ágætisdæmi um það sem nú er verið að takast á um þar. Ég er með í höndunum 1. apríl útgáfuna af Metró-blaðinu á Jótlandi, og þetta er ekkert aprílgabb, þetta er alvörufrétt um þetta, um rýmkaðar reglur um opnunartíma verslana á sunnudögum og sömuleiðis hinar breyttu reglur um sölu á áfengi. Þar stendur hvorki meira né minna en að hjá samtökum þeirra sem eru í forsvari fyrir starfsmenn verslananna sé það sem heitir á dönsku „åbent raseri over udspillet". Það er því bullandi reiði yfir því sem þarna er verið að leggja til. Rökin sem færð eru fram eiga að mörgu leyti við hér, a.m.k. ef þetta boðar áframhaldandi þróun í þessa átt. Ég tel því ástæðu til að spyrja grundvallarspurninga við umræðuna þó að menn telji kannski að málið láti ekki mjög mikið yfir sér. Reyndar sýnist manni að þetta sé að leka ansi mikið út á Íslandi og við vera aftarlega á merinni hvað varðar vinnuverndar- og hvíldartímamálin og almennt stöðu launamanna í þeim efnum. Þetta hafi því miður farið dálítið út um víðan völl hjá okkur. Og þegar maður skoðar hvernig staðið er að málum gagnvart starfsmönnum í verslunargeiranum og sér t.d. þau laun sem greidd eru unglingum sem þar eru mikill starfskraftur, alla vega í afleysingum, veit ég ekki alveg hvaða orð maður á að hafa um það, herra forseti. Það er ekki langt í að maður geti kallað þetta hálfgert þrælahald hvernig þar er að málum staðið. Ég held, ef eitthvað er, að ekki sé síður ástæða til að líta á hina hlið málsins og taka á í þeim efnum.

Hér er á ferðinni frumvarp þar sem menn hafa ákveðið að vera það rausnarlegir og örlátir að þeir ganga lengra en óskir voru um af hálfu þeirra sem munu hafa sett málið af stað. Þá verður lögverndaður frítími þess starfsfólks tæplega einn og hálfur sólarhringur, frá því kl. 18 á aðfangadag og jóladagur og búið, ef menn bæta við hvítasunnudegi, föstudeginum langa og páskadegi. Þetta er ekki sambærilegt við sjúkrahús eða aðra slíka starfsemi þar sem lífsnauðsynlegt er að haldið sé úti starfsemi alla daga ársins. Allra síst er hægt að segja að það eigi við um hverja einustu verslun í landinu að nauðsynlegt sé að allt sé opið helst all-

an sólarhringinn, helst alla daga ársins. Það er alls ekki þannig.

Það er illa komið í neysluþjóðfélagi okkar ef gera þarf ráð fyrir að menn séu svo fyrirhyggjulausir að þeir þurfi að geta keypt hvað sem er, hvenær sem er og hvar sem er. Það er umhugsunarefni ef það sjónarmið á eitt að ríkja að þær þarfir eigi að ganga fyrir og vera æðri öllu öðru, hagsmunum starfsmanna og jafnvel því að einhver sæmilega skikkanlegur reglurammi sé um starfsemina sem geri mönnum sæmilega jafnhátt undir höfði þannig að fjölbreytni geti blómstrað í greininni og litlar verslanir og stórar fái að dafna hlið við hlið o.s.frv., eins og ég hygg að flestir vilji að þetta sé.

Ég held að mikil nauðsyn sé á því að menn missi ekki tökin á hlutunum þannig að það verði t.d. eingöngu þrjár, fjórar risavaxnar verslunarmiðstöðvar, jafnvel í úthverfum eða órafjarlægðir frá þéttbýlum íbúðahverfum og þar verði svo engin þjónusta þannig að mönnum sé nauðugur sá kostur að eiga bíl eða hafa aðstoð til að komast í búðir, geta ekki einu sinni keypt dagsdaglegar neysluvörur einhvers staðar í nærumhverfi sínu. Er það geðsleg þróun, er hún fjölskylduvæn og félagslega aðlaðandi? Ég segi nei. Eiga menn ekki að hafa einhverja rænu í sambandi við þá hluti og þróun þeirra mála? Þetta er orðið að mjög miklu umfjöllunarefni og átakaefni víða á þéttbýlissvæðum í nágrannalöndunum þar sem farið er að setja mjög strangar skorður við þessari samþjöppun verslunarinnar. Menn eru jafnvel farnir að beita skipulagsákvörðunum til þess hreinlega að koma í veg fyrir að slík bákn rísi, sem tilhneigingin hefur talsvert verið til að fara út í, vegna þess að það er ekki einangruð ákvörðun.

Hvað þýðir það ef menn þjappa þjónustunni saman í mörg hundruð þúsund fermetra ferlíki? Það þýðir ofboðslega umferð með tilheyrandi umferðarmannvirkjum, loftmengun og hvað það nú er, þannig að þegar menn eru búnir að fá slíkt yfir sig sjá þeir og læra jafnvel af biturri reynslu að þetta var kannski ekki að öllu leyti svo sniðugt, það hefði kannski verið betra að skipuleggja hlutina einhvern veginn öðruvísi. Mér finnst fullkomlega gilt að velta þeim flötum upp í umræðunni í tengslum við helgidagamálið hér.

Ég er að hugsa um að hafa ræðuna ekki lengri að sinni, herra forseti. Ég áskil mér allan rétt til að taka til máls aftur. Ég hefði gjarnan viljað fá hæstv. dómsmálaráðherra til umræðunnar. Það getur ekki verið að það liggi nein reiðinnar ósköp á með þessi lög, ekki nema það sé sá hvítasunnudagur sem fram undan er sem menn séu sérstaklega að hugsa um að gera að verslunardegi með því að hafa gildistöku laganna tafarlausa. En mér finnst ekki sérstaklega gæfulegt að ætla að skella slíkri breytingu á með nokkurra vikna fyrirvara í fullkominni andstöðu við heildarsamtök þeirra sem eiga við þetta að búa eða verða aðallega fyrir barðinu á þessu, sem eru auðvitað samtök verslunarmanna.

Öðruvísi mér áður brá en að íhaldið væri sérstaklega að níðast á þeim geira verkalýðshreyfingarinnar sem hann hefur helst talið sig eiga fylgi að fagna meðal og státar sig af að vera í forustu fyrir. Hér sátu kappar á þingi sem áttu rætur í m.a. verslunarmannasamtökunum, eins og Guðmundur H. Garðarsson og fleiri góðir menn. En þeir eru fjarri góðu gamni eins og kunnugt er og kannski er unga íhaldið ekkert að púkka upp á þetta og telur það ekki skipta neinu máli þó að hörð mótmæli berist frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og Landssambandi verslunarmanna. Það eru þá nokkuð nýir tímar uppi í því sambandi.

[17:40]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að það er lítið við því að gera að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skuli átta sig á málinu nú þegar það er komið til 3. umr. á þinginu. Ég kannast ekki við að hann hafi áður sýnt málinu áhuga eða tekið þátt í umræðum um málið.

Það fór lítið fyrir því að hv. þingmaður fjallaði beint um þau atriði sem færð eru fram til skýringar á málinu í greinargerð með því. Þar er sú skýring færð fram að málinu sé ætlað að jafna vissan aðstöðumun sem skapast hefur við það að þjónustumiðstöðvar í hinum dreifðari byggðum geta boðið fram matvöru í skjóli þess að þar fer fram annars konar starfsemi sem hefur leyfi til að starfa þá tilteknu daga sem frumvarpið fjallar um. Við þeim ójöfnuði er frumvarpinu ætlað að bregðast og frumvarpið byggir á því að mikilvægt sé að tryggja framboð á matvöru þá daga sem um ræðir fyrir ferðamenn.

Frumvarpið lýsir ákveðnum vanda sem upp er kominn, ákveðnum aðstöðumun sem upp er kominn meðal þeirra sem bjóða fram þjónustuna og hins vegar aðstöðumuninum þegar kemur að því að sækja þjónustuna eftir því hvort menn sækja hana á landsbyggðinni eða í þéttbýliskjörnunum. Það er ekki hægt að taka þátt í umræðu um málið án þess að víkja að því atriði sem frumvarpið snýst um.

Í tilefni af athugasemdum um það hvort nefndin hafi ekki viljað hlusta á þær röksemdir sem verslunarmenn komu á framfæri, þá fundaði nefndin einmitt með þeim og hlustaði á þau sjónarmið en taldi þau ekki eiga að ráða úrslitum. (Forseti hringir.)

[17:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Á því er sú einfalda skýring að ég tók ekki þátt í 2. umr. um málið að ég var ekki á staðnum þann dag sem hún fór fram. En ég fylgdist með því hvernig málinu reiddi af úr nefnd og er sammála nefndarmanni Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem, eins og fram kemur í nefndaráliti, er andvígur frumvarpinu. Það hefur því legið fyrir frá því að málið var afgreitt úr nefnd að við lögðumst gegn því.

Það kom ekkert svar við því í þessu stutta andsvari frá hv. þingmanni, enda geri ég ráð fyrir að hann eigi eftir að halda ræðu, af hverju gengið er lengra en upphafsmenn málsins fóru fram á. Er það ekki rétt sem fram kemur í ályktun Landssambands verslunarmanna að það sem setur málið af stað eru óskir um að hvítasunnudagur sé tekinn undan helgidagafriðuninni?

Varðandi hinn broslega rökstuðning vil ég segja í greinargerð frumvarpsins um ójöfnuðinn, að það sé svo mikið óréttlæti að tilteknir skilgreindir þjónustuaðilar — sem sérstaklega eru hugsaðir vegna þeirra sem eru á ferðalögum á helgidögunum — geti veitt lágmarksþjónustu eins og sjoppur. Og þó að þar sé hægt að kaupa mjólk og brauð sé

það svo voðalegt vandamál að þess vegna verði að opna alla verslunina í Reykjavík. Ég tek ekki undir þetta. Það væri þá frekar að fara betur yfir það og endurskilgreina e.t.v. þá lágmarksþjónustu sem menn teldu rétt að möguleg væri þá daga, fyrst og fremst vegna þeirra sem eru á ferðalögum eða hafa skilgreindar þarfir sem menn vilja koma til móts við á þeim dögum, eins og auðvitað lyfjabúðir, bensínstöðvar og bifreiðastöðvar. Það eru skiljanleg og augljós rök fyrir því. En það þýðir ekki að öll matvöruverslunin og allir stórmarkaðir í landinu þurfi að vera opnir.

Ég er því ófeiminn við að ræða röksemdafærslu þá, ef röksemdafærslu skyldi kalla, sem er að finna í greinargerð með frumvarpinu og bíð enn eftir svörum um það (Forseti hringir.) af hverju gengið er lengra en beðið var um.

[17:44]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Frumvarp þetta kemur frá dómsmálaráðherra sem gerði grein fyrir málinu við 1. umr. Ég þekki ekki þá forsögu málsins sem hér er vísað til. Ég get einungis bent á að þegar að því kemur að jafna þennan aðstöðumun hlýtur að verða jafnlangt gengið og við á um þá aðra sem falla undir þessar tilteknu greinar í frumvarpinu, þ.e. þessir þrír dagar hafa verið teknir saman í lögunum og gengið út frá því að svo verði áfram gert við þá breytingu sem hér er fram komin.

Annars vil ég segja, hæstv. forseti, að í máli hv. þingmanns kom fram að ákveðin þörf væri á að koma til móts við þarfir t.d. ferðamanna á þessum tilteknu dögum. Þetta frumvarp snýst ekki um neitt annað en það, þ.e. að viðurkenna þá þörf. Ég er ósammála hv. þingmanni um að það sé óeðlilegt að matvöruverslunum, með nánar tilgreindum skilyrðum eins og um er að ræða í þessu frumvarpi, sé gert mögulegt að bjóða fram matvöru á sama tíma og matvara stendur til boða annars staðar.

Menn kunna að vera þeirrar skoðunar að ástæða sé til að þrengja þetta enn frekar en gert er í frumvarpinu og það er sú leið sem menn hafa kosið að fara annars staðar, til að mynda í Noregi. Ég hygg að í Noregi hafi menn notað 100 fermetra viðmiðið. Mér finnst það of langt gengið. Hér er gert ráð fyrir 600 fermetrum þegar horft er til þess svæðis þar sem matvöruverslunin er rekin. Það þýðir einmitt að stórmarkaðir falla ekki undir þessa breytingu á lögunum. Þeir verða ekki opnir viðkomandi daga vegna þess að þeir eru stærri en 600 fermetrar.

[17:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel samt sem áður að engin haldbær rök hafi komið fram fyrir því að ganga þurfi svona langt og lengra en óskað mun hafa verið eftir í upphafi þegar menn fóru af stað með þetta með hvítasunnudaginn. Ég held að þær þarfir sem menn tengja fyrst og fremst við það fólk sem er þá á ferðinni og þarf af þeim sökum bensín eða lyf og getur þá mögulega keypt sér lágmarksdagvöru í þeim samsettu einingum sem þannig eru upp byggðar og sérstaklega við þjóðveginn, vegna fólks sem er á ferðinni, réttlæti ekki að menn fari út í þessa rýmkun sem snýst um að þúsundir starfsmanna í viðbót missa helgidaga sína.

Við vitum hvernig það er, að ef einn fer af stað og ákveður að hafa opið á páskadag og föstudaginn langa, eða hvað það nú er, þá telja hinir sig knúna til að gera hið sama. Þetta gengur yfir línuna. Það sjáum við hér á höfuðborgarsvæðinu, að þegar einn fer að gefa mjólk eða selja á eina krónu þá telja hinar keðjurnar sig knúnar til að gera hið sama. Þannig er þetta. Þess vegna er augljóst mál að þetta brotnar algerlega niður og í öllu falli er ljóst að starfsfólk getur þá ekki lengur treyst á að eiga þessa frídaga.

Hvers vegna í ósköpunum á að eyðileggja páskana fyrir þeim þúsundum verslunarmanna sem hafa getað treyst því að eiga þá frídaga, langa samfellda frídaga sem verið hafa frá miðvikudegi og fram á mánudag, a.m.k. að föstudagurinn langi og páskadagurinn væru þar örugglega í friði? Ég sé ekki rökin fyrir því. Ég held að þörfin sé ekki til staðar til að standa þannig að málum. (Forseti hringir.) Ef einhver vandi er þarna mætti leysa hann með öðrum og vægari ráðstöfunum en þessum.

[17:49]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Framkoman sem íslensku verslunarfólki er sýnd er með ólíkindum. Því er sýnd fullkomin fyrirlitning. Ákveðið er að ráðast í mjög umdeilanlegar breytingar á lögum um opnunartíma verslana, nokkuð sem verslunarmenn og samtök þeirra hafa látið til sín taka á undanförnum árum og áratugum.

Það er skipuð nefnd til undirbúnings lagabreytingunni. Að nefndarstarfinu, samkvæmt fréttum sem um málið hafa birst sem hér hafa verið staðfestar, er boðið fulltrúum atvinnurekendasamtaka og kirkjunnar. Verslunarmenn og þeirra samtök eru hunsuð.

Í umræðunni kemur síðan fram, af hálfu hv. formanns allsherjarnefndar, að fulltrúar verslunarmanna hafi vissulega komið til fundar hjá allsherjarnefnd. Þeirra viðhorf hafi hins vegar ekki verið þess eðlis að ástæða hafi þótt að taka þau alvarlega. Þeim var því einfaldlega vikið til hliðar og eiga ekki að vera til. Sjónarmið íslenskra verslunarmanna skipta einfaldlega engu máli.

Hins vegar er þetta sett upp eins sem stórkostlegt réttlætismál, til að jafna aðstöðumun og gæta jafnræðissjónarmiða o.s.frv. Þá eru menn að tala fyrst og fremst um fyrirtækin en fólkið sem þar starfar, sjónarmið þess eru virt að vettugi.

Eins og hér hefur komið fram við umræðuna var fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í allsherjarnefnd, áheyrnarfulltrúi okkar í nefndinni, hv. þm. Atli Gíslason, andvígur þessu frumvarpi. Það kom fram. Það hefur áður komið fram við umræðuna á Alþingi af hálfu okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að við tökum undir með verslunarmönnum og samtökum þeirra, bæði Landssambandi íslenskra verslunarmanna og Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, sem hafa ályktað í þessa veru. Í ályktun Landssambands verslunarmanna sem birtist um síðustu helgi í fjölmiðlum er lýst andstöðu við frumvarpið. Í ályktuninni segir að frumvarpið feli í sér miklar breytingar á högum þeirra sem starfa í smærri matvöruverslunum undir 600 fermetrum að stærð.

Í ályktuninni segir m.a. orðrétt, með leyfi forseta:

„Lögverndaðir frídagar þessa starfsfólks verða þá aðeins aðfangadagur frá kl. 18 og jóladagur. Ákvæði kjarasamninga hafa ekki getað varið að verslunareigendur segi með lögboðnum fyrirvara upp starfsfólki, sem ekki er tilbúið til að vinna á þeim dögum, sem verslunin verður opin, hvort sem um er að ræða stórhátíðardaga eða aðra helgidaga."

Staðreyndin er að aukinn opnunartími, þessi lengdi opnunartími, verður til þess að þumalskrúfur eru settar á starfsfólkið. Það er þvingað til að vinna lengur en ella. Niðurstaðan er sú að fjölskyldan, fjölskyldur verslunarmanna, eiga erfiðara um vik að halda saman hátíðir. Það er vissulega ósköp notalegt fyrir latt fólk sem býr yfir litlum sjálfsaga að geta farið á kvöldin og næturnar og keypt sér það sem þarf til heimilisins. En hvers konar vesaldómssamfélag er eiginlega verið að skapa undir því yfirskini að verið sé að efla þjónustu við fólk?

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta en ítreka að Vinstri hreyfingin – grænt framboð styður verslunarmenn, styður Landssamband íslenskra verslunarmanna og Verslunarmannafélag Reykjavíkur, sem hvetur okkur til þess að setja þetta mál á ís. Ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og hvet hv. formann allsherjarnefndar til að beita sér fyrir því að málið verði kallað til baka og verði ekki borið undir atkvæði þingsins og gert að lögum eins og í stefnir, heldur verði farið að vilja íslenskra verslunarmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Frumvarp um skaðabótalög.

[17:54]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum Um fundarstjórn forseta vegna málsins sem hæstv. forseti var að taka af dagskrá, um skaðabótalög. Ég vil vekja athygli á því að fyrir þinginu liggur þingmannamál frá mér um sama efni, reyndar um endurskoðun skaðabótalaga. Það fjallar einmitt um það sem fram kemur frumvarpi því sem var verið að taka af dagskrá.

Reyndar hefur enn ekki fengist umræða um mitt þingmál, hvorki í fyrra þegar ég lagði það fram né nú. Ég hefði viljað óska eftir því við hæstv. forseta að þetta mál fengi að fara í gegnum þingið næstkomandi fimmtudag, þá umræðulaust, þannig að allsherjarnefnd hafi málið til umfjöllunar milli umræðna, þ.e. um leið og það fjallar um þingmálið sem var verið að taka af dagskrá, frumvarp til laga um breytingu á lögum um skaðabótalög á þingskjali 681.

Vegna þess hvernig skaðabótalögin eru í dag, og ætlunin er að leiðrétta með þessu frumvarpi, hafa nokkrir einstaklingar farið mjög illa út úr lögunum og orðið af verulegum bótum, þ.e. bótum til maka eða sambúðarmaka vegna missis framfæranda. Ég tel mikilvægt að nefndin skoði sérstaklega hvort hægt sé að koma til móts við þá tíu til tólf einstaklinga sem hafa farið illa út úr lögunum vegna þessa, að það verði skoðað hvort hægt sé að koma inn með bráðabirgðaákvæði um þann þátt þegar allsherjarnefnd tekur málið aftur til skoðunar.

Ég óska sem sagt eftir því að þingmál mitt, 275. mál á þskj. 297, fái að fara í gegnum þingið næstkomandi fimmtudag og komist þá til allsherjarnefndar á sama tíma og fjallað verður um frumvarpið um skaðabótalög.

[17:56]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess að ósk hv. þingmanns um að málinu verði vísað umræðulaust til nefndar verður að sjálfsögðu tekin til athugunar.

Heiðurslaun listamanna, fyrri umr.

Þáltill. MÁ, 145. mál. — Þskj. 145.

[17:57]

Flm. (Mörður Árnason):

Forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þingsályktunar um heiðurslaun listamanna. Þetta er 145. mál á þskj. 145.

Tillögugreinin er svona:

„Alþingi ályktar að veita skuli árlega heiðurslaun listamanna á fjárlögum. Heiðurslaunin séu að jafnaði veitt allt að fjörutíu íslenskum listamönnum hverju sinni og ekki færri en tuttugu og fimm. Sá sem hefur fengið heiðurslaun skal halda þeim ævilangt. Launin skulu að fjárhæð miðast við lífeyriskjör kennara.

Menntamálanefnd geri, ef ástæða þykir til, tillögur fyrir 3. umræðu um fjárlagafrumvarp ár hvert um það hvaða listamenn bætist í þann hóp sem heiðurslaun hlýtur. Nefndin skal við það verk hafa samráð við forustumenn Bandalags íslenskra listamanna. Við tillögugerðina skal miða við að listamaðurinn hafi varið starfsævi sinni eða verulegum hluta hennar til liststarfa, að hann hafi skarað fram úr við listsköpun sína eða störf hans að listum skilað miklum árangri á Íslandi eða á alþjóðavettvangi, og að listamaðurinn sé kominn á eftirlaunaaldur eða nálgist starfslok. Nefndin skal eftir atvikum taka tillit til skiptingar í hópi heiðurslaunamanna eftir listgreinum og kynjum."

Heiðurslaun listamanna voru fram til 1991 veitt samkvæmt sérstökum lögum. Það ár féllu þau lög úr gildi en ný lög um listamannalaun, nr. 35/1991, tóku við. Í hinum nýju lögum var ekkert ákvæði um heiðurslaunin og hefur Alþingi síðan samþykkt að veita þau frá ári til árs í tengslum við fjárlagaumræðu að hausti án sérstaks rökstuðnings, laga- eða regluramma.

Um veitingu heiðurslauna hefur ekki verið verulegur vafi á Alþingi þótt engin séu lögin enda hefur þingið fullt frelsi til slíkrar fjárveitingar hvenær sem því sýnist. Hins vegar hafa verið uppi ýmis viðhorf um ástæður heiðurslaunanna og hafa þau sjónarmið komið fram, m.a. af hálfu listamanna, að eðlilegt sé að gera skýran greinarmun á þeim og starfslaunum listamanna. Þau eru veitt skamman tíma í senn, í mesta lagi til þriggja ára eins og nú háttar til og eru miðuð við tiltekin verkefni sem skýrt er frá og reifuð eru í umsóknum manna um starfslaun.

Hér er gert ráð fyrir að Alþingi lýsi vilja sínum í þessum efnum með þingsályktun en án lagasetningar, enda ekki

þörf á því að Alþingi setji lög um eigin gerðir af þessu tagi. Með samþykkt tillögunnar væru forsendur þessarar heiðursfjárveitingar skilgreindar á ýmsa vegu, að mestu í samræmi við þá hefð sem hefur skapast í meðförum þingsins. Menntamálanefnd stæði betur að vígi við val heiðurslaunahafa þar sem vísir að starfsreglum lægi fyrir í þingsályktun. Samþykkt tillögunnar mundi að auki lýsa stöðu heiðurslaunahafa og greina betur á milli heiðurslaunanna og starfslauna listamanna en verið hefur.

Í tillögutextanum er fyrst rætt um fjölda þeirra sem þiggja heiðurslaun. Þeir eru nú 27 talsins. Þeir voru 25 þegar þessi tillaga var lögð fram. Hér er lagt til að sú tala, 25, marki framvegis lágmarksfjöldann í þessum hópi. Hins vegar er eðlilegt og í samræmi við þá þróun sem orðið hefur á síðustu árum að smám saman fjölgi í hópnum. Rétt er þó að hafa efri mörk í þessari tillögu, ef hún yrði samþykkt, og er hér lögð til talan 40 en þó settur fyrirvari við þau mörk líka og reyndar hvort veggja með orðunum „að jafnaði" í tillögunni.

Í tillögunni er einnig talað um hversu lengi menn skuli njóta þessara launa. Nú er ekkert um það samþykkt í fjárlögum hvers árs heldur gildir veitingin í fjárlögunum aðeins það ár sem hverju sinni er um fjallað. En að tillögunni samþykktri lægi fyrir sá vilji Alþingis í samræmi við venju að heiðurslaunamenn njóti launa sinna til æviloka. Með því að velja heiðurslaunamenn væru menn að taka ákvörðun sem máli skiptir og ekki er hægt að taka aftur. Hún væri líka ákveðin trygging fyrir þá listamenn sem þessara launa nytu, að þau entust þeim til æviloka, sem ekki er nú þó að hefðin hafi auðvitað ákveðna tryggingu í för.

Í tillögunni er í fjórða lagi gert ráð fyrir að skýrður sé að nokkru ferillinn sem liggur að baki veitingu þessara heiðurslauna. Menntamálanefnd er falið að gera tillögur um það eins og verið hefur en það nýmæli er hér lagt til að nefndin hafi um þetta samráð við Bandalag íslenskra listamanna og þess er vænst að um það samráð skapist ákveðin hefð þannig að bandalagið eða þeir sem það vísar til ráði nokkru um það hverjir koma til greina. Ég held að ljóst sé að þingsályktun af þessu tagi mundi nýtast menntamálanefndarmönnum vel við störf sín í framtíðinni og samráðið við samtök listamanna stuðli að traustum faglegum grunni við tillögugerðina. Því miður hefur þetta verið með ýmsum hætti og það er mikilvægt, ef menn vilja á annað borð að þessi heiðurslaun séu áfram veitt, að skapa um þau trausta hefð og venju sem menn bregða ekki út af vegna deilumála eða persónulegrar eða pólitískrar afstöðu gagnvart listamönnunum eða öðrum hlutum sem málinu koma kannski ekkert við, eins og því miður hefur stundum verið.

Að auki er í tillögunni reynt að draga ramma um þá listamenn sem til greina koma. Um það eru nú engar reglur og í raun óljóst til hvers þessi heiðurslaun eru veitt. Hér er lagt til að þeir listamenn komi til greina sem hafa skarað fram úr í listsköpun sinni. Það leiðir nú nokkuð af sjálfu. En það er líka gert ráð fyrir því að listamönnum geti talist til tekna í þessu efni mikilsvert starf í þágu lista hér og erlendis jafnvel þótt þeir sjálfir teljist ekki í fremstu röð í list sinni. Hér getur til dæmis verið um að ræða listamenn sem hafa staðið framarlega í listfræðum, verið frumherjar í listgrein eða frumkvöðlar í stefnum og straumum, og einnig forustumenn í félagslífi listamanna eða menn sem hafa verið mikilvirkir í alþjóðasamskiptum á listasviði.

Hér væri auðvitað hægt að nefna ýmis nöfn en ég held ég láti áheyrendum það eftir. Meiningin er sú að það séu ekki eingöngu hinir fremstu afburðamenn sem koma til greina heldur líka ýmsir þeir sem hafa stuðlað að þróun lista og að listsköpun með öðrum hætti, með djörfung á hugmyndasviði, með atorku í félagslegum efnum og með því að vera sendiherrar Íslands erlendis eða sendiherrar listastefna og erlendra listheilda á Íslandi.

Þá er að lokum í tillögunni fjallað um stöðu listamanns sem heiðurslauna nýtur og gerð sú tillaga að þau hljóti að jafnaði listamenn sem eru komnir á almennan eftirlaunaaldur eða eru að nálgast starfslok. Þetta er í samræmi við álit flestra þeirra sem um þessi mál hafa fjallað og að mestu í samræmi við þá venju sem ríkt hefur um heiðurslaunin þessi næstum 15 ár sem þau hafa verið veitt án lagagrunns.

Starfslaunaskipaninni, starfslaunum listamanna, er ætlað að tryggja stuðning við listamenn á ferli sínum, í upphafi hans og á honum miðjum og meðan hann stendur, og það er ekki eðlilegt að blanda um of saman heiðurslaununum og starfslaununum. Orðalag tillögunnar ætti þó að tryggja að hægt sé að taka tillit til ýmislegra og margvíslegra aðstæðna í þessu efni og þess vegna er ekki miðað við ákveðinn lífaldur. Rétt er að geta þess hér að lífeyrismál margra listamanna hafa verið lengi í bágu lagi og það má ætla að það loði við áfram þrátt fyrir breyttar aðstæður í lífeyrismálum. Þannig er nú ósköp einfaldlega listin og það er ótvírætt að heiðurslaunin hafa af þessum sökum komið ýmsu öldruðu listafólki einkar vel.

Þá er í tillögunni áskilið að taka skuli að öðru jöfnu tillit til skiptingar í þessum heiðurslaunahópi eftir kynjum og eftir listgreinum. Það er í samræmi við sjónarmið sem fram hafa komið við veitingu heiðurslaunanna að undanförnu.

Um upphæð heiðurslaunanna er hér ekki sérstaklega fjallað nema að lagt er til að þau miðist við lífeyriskjör kennara, en það er ekki neglt niður í launaflokka eða krónutölu. Eðlilegt er að heiðurslaunin séu þokkalega góð. Hins vegar má lengi deila um það við hvað þau eiga nákvæmlega að miðast og ég vil skilja það eftir fyrir þá sem um þetta véla í framtíðinni og tel nægilega ábendingu af því tagi sem í tillögutextanum er.

Þess er svo að geta að þessi tillaga er að nokkru sniðin eftir tillögu sem Svavar Gestsson, fyrrverandi menntamálaráðherra, flutti á Alþingi vorið 1999 en komst aldrei til umræðu. Þar var líka lagður til rammi um fjölda heiðurslaunamanna og að þeir héldu launum ævilangt. En það munar á milli þessarar tillögu og tillögu Svavars Gestssonar að þar var miðað við 65 ára aldur og það aldursmark var reyndar einnig nefnt í frumvarpi að listamannalögunum frá 1991. En eins og áður gat var heiðurslaununum sleppt úr þeim lögum í meðferð þingsins án þess að frekar væri gert ráð fyrir ramma í kringum þau.

Í þessari tillögu er hins vegar, eins og áður segir, gert ráð fyrir nokkrum sveigjanleika gagnvart lífaldri heiðurslaunahafa með því orðalagi að miðað sé við að listamaðurinn sé kominn á eftirlaunaaldur eða nálgist starfslok. Þá er aftur að taka fram að það getur verið með ýmsum hætti eftir persónum og reyndar eftir listgreinum. Í sumum listgrein-

um eru starfslok tiltölulega snemma á ævinni. Í öðrum geta menn orðið allra karla elstir og kerlinga en verið virkir í sinni listgrein þannig að eðlilegra er að þetta sé sveigjanlegt.

Þess má vænta að samþykkt þingsályktunartillögu sem þessarar skapi meiri festu við veitingu heiðurslaunanna og dragi úr núningi milli manna innan þings og utan og jafnvel deilum sem stundum hafa komið upp um veitinguna. Það fer illa á því ef menn vilja veita þessi heiðurslaun á annað borð að slíkar deilur komi upp. Vissulega hafa menn reynt að hafa þær á lágværum nótum. En ég held að það skipti miklu að reyna sem verða má að koma í veg fyrir þær og það gerist að mínu viti ekki óðruvísi en svo að þessum heiðurslaunum sé skapaður rammi sem menn viðurkenna og reyna að vinna innan. Heiðurslaunin eiga að vera mikilvæg viðurkenning fyrir gott ævistarf, viðurkenning sem Alþingi sæmir bestu listamenn okkar fyrir hönd þjóðarinnar og þess vegna er okkur þingmönnum skylt að búa heiðurslaununum umgjörð sem hæfir tilgangi þeirra.

Ég legg að lokum til, forseti, að þetta mál gangi að lokinni þessari umræðu til menntamálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:10]

Útbýting:

Sáttmálinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, 705. mál, stjtill. utanrrh., þskj. 1063.

Skipan ferðamála, 735. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1097.

Búvöruframleiðslan og stuðningur við byggð í sveitum, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 240. mál. — Þskj. 251.

[18:11]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þessari tillögu til þingsályktunar um nýjan grundvöll búvöruframleiðslunnar og stuðning við byggð í sveitum. Flutningsmenn ásamt mér eru aðrir hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og Bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Sérstaklega verði hugað að því hvernig útfæra megi búsetutengdan grunnstuðning sem hluta af stuðningi við landbúnað og búsetu í sveitum. Markmiðið væri að finna leiðir til fjölbreyttari nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi strjálbýlisins, skapa meira jafnræði milli greina, undirbúa nauðsynlegar breytingar vegna nýrra alþjóðasamninga á sviði landbúnaðarmála og taka á vandamálum núverandi landbúnaðarkerfis.“

Hér er um að ræða endurflutt þingmál frá fyrra þingi sem ekki varð þá útrætt og tillagan er endurflutt óbreytt enda aðstæður í aðalatriðum hinar sömu. Greinargerðin hefur þó verið uppfærð í nokkrum tilvikum og aukið við þáttum, t.d. kafla um málefni bújarða og stóraukin uppkaup efnamanna og fjárfestingarfélaga á jörðum. Þá ber þess að geta að í lok síðasta þings var þingsályktunartillaga Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um aðgerðir til stuðnings atvinnurekstri í smáum og meðalstórum fyrirtækjum samþykkt og er því orðin að opinberri stefnu Alþingis sem stjórnvöldum ber að framfylgja og getur vissulega skipt máli í þessu sambandi þar sem um er að ræða rekstur í smáum einingum vítt og breitt um landið.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að íslenskur landbúnaður hefur glímt við verulega erfiðleika, a.m.k. margar greinar hans, og sama gildir um byggðaþróunina í strjálbýli landsins sem í það heila tekið hefur verið afar óhagstæð undanfarin ár og jafnvel áratugi.

Á umliðnum missirum hefur hefur borið einna hæst vanda sauðfjárræktarinnar en fleiri greinar eins og loðdýraræktin hafa átt í miklum erfiðleikum þó þar hafi að vísu nú tekist samkomulag um tilteknar aðgerðir til stuðnings greininni. Landbúnaðurinn er, bæði sauðfjárrækt og önnur kjötframleiðsla, að jafna sig og langt í frá búinn að ná jafnvægi á nýjan leik eftir það upplausnarástand sem ríkti á kjötmarkaði um missira skeið. Ýmsir bændur, t.d. framleiðendur nautakjöts, fóru ákaflega illa út úr því ástandi. Víða eru því bæði bændur og afurðasölufyrirtæki þeirra enn að glíma við og vinna úr þeim erfiðleikum sem fylgdu stjórnlausri framleiðsluaukningu, verðstríði og undirboðum á kjötmarkaði á síðustu missirum.

Ýmis teikn eru þó á lofti um að betur horfi, a.m.k. tímabundið, t.d. í sauðfjárræktinni, og er vissulega gleðilegt að sala hefur glæðst á nýjan leik og að horfur eru betri. Eins má segja að útflutningur gangi að mörgu leyti allvel þar sem verið er að reyna hann, að því slepptu þó að sjálfsögðu að óhagstæð gengisþróun íslensku krónunnar er útflutningi þeirrar greinar ákaflega erfið eins og öðrum. Það er t.d. ljóst að þrátt fyrir verulega hækkun afurðaverðs á sumum mörkuðum þar sem selt er í dollar er skilaverð heim síst að hækka í krónum talið, einfaldlega vegna hinnar miklu gengishækkunar krónunnar og reyndar lækkunar dollars á alþjóðamarkaði.

Að sjálfsögðu hefur ýmislegt jákvætt verið að gerast í atvinnu- og byggðamálum til sveita sem betur fer. Þar má nefna uppbyggingu í ferðaþjónustu og ýmiss konar afþreyingu og talsverður kraftur hefur verið í uppbyggingu þjónustuiðnaðar, handverks og framleiðslu. Einnig má nefna aukna kornrækt, hrossarækt, skógrækt, bleikjueldi og aukinn hlut sveitanna í ýmiss konar umönnunarstörfum svo eitthvað sé nefnt. Það er því síður en svo ástæða til að ætla að ekki sé úr heilmiklum möguleikum að spila. En því miður er það staðreynd að hin nýju störf af ýmsum toga sem hafa sannarlega verið að skapast í strjálbýlinu og í sveitum landsins hafa tæplega náð að vega upp á móti þeim mikla samdrætti sem orðið hefur í hinni hefðbundnu framleiðslu og í hinum hefðbundnu greinum landbúnaðarins. Áfram hefur því saxast á byggðina og fólki fækkað og mega menn mjög illa við því víðast hvar. Félagslega er ástandið einfaldlega þannig að ef um mikið frekari fólksfækkun verður að ræða horfir víða til byggðahruns í heilum héruðum og landshlutum innan ekki langs tíma.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum haft málefni landbúnaðarins til umfjöllunar að undanförnu með ýmsum hætti. Við höfum flutt fjölmörg þingmál sem tengjast t.d. stuðningi við lífrænan landbúnað og ýmsar aðgerðir til að styðja við búsetuna í hinum dreifðu byggðum. Við höfum verið og erum stuðningsmenn fjölskyldueiningar í rekstri og vörum við tilhneigingu til óhóflegrar samþjöppunar og verksmiðjubúskapar, bæði af umhverfisástæðum og félagslegum ástæðum. Sérstaklega höfum við beitt okkur fyrir því og unnið að því að móta stefnu um svonefndan búsetutengdan grunnstuðning við landbúnaðinn og búsetu í sveitum. Fyrstu hugmyndir í þá veru komu fram í umræðum og ályktunum á vettvangi kjördæmisráða flokksins á landsbyggðinni fyrir allmörgum árum og síðan hafa þær hugmyndir mótast og verið festar í sessi í ályktunum landsfunda okkar og í síðustu kosningastefnuskrá flokksins. Um nánari útfærslu þeirra hugmynda vísast í ýmis fylgiskjöl með tillögunni.

Ég vil gera sérstaklega að umræðuefni þá miklu holskeflu uppkaupa eignamanna og fjárfestingarfélaga á bújörðum og kannski ekki síður á framleiðslurétti í mjólkur- og sauðfjárframleiðslu sem nú stendur yfir. Við flutningsmenn tillögunnar teljum að þar sé um afar varhugaverða þróun að ræða ef jarðnæði almennt í sveitum landsins fer úr eigu þeirra sem búreksturinn annast og nýta landið og bændur sitja unnvörpum eftir sem leiguliðar. Hæstv. landbúnaðarráðherra hefur haft á þessu aðrar skoðanir og jafnvel gengið svo langt úr þessum ræðustóli að fagna því, ef eitthvað er, hversu mikill áhugi efnamanna og fjárfestingarfélaga sé á bújörðum. Hæstv. landbúnaðarráðherra virðist alls ekki hafa sömu áhyggjur og við þingmenn margir hverjir og bændur upp til hópa af því sem er að gerast í búsetumynstrinu og þróuninni í landbúnaði og búsetu í sveitum. Maður veltir því stundum fyrir sér á hvaða spori hæstv. landbúnaðarráðherra sé yfir höfuð í þeim efnum. Er hann orðinn eindreginn stuðningsmaður þess að landbúnaðurinn færist saman í örfáar verksmiðjueiningar, jafnvel reknar af stóreignamönnum með búsetu í þéttbýlinu og að starfsfólkið í þeim einingum verði leiguliðar og hin klassíska mynd í þeim efnum líði undir lok?

Í löndunum í kringum okkur gætir verulegrar tilhneigingar til að reyna að leita leiða til að vinda ofan af þróuninni til samþjöppunar í framleiðslueiningum sem þar var orðin. Í hinu mikla landbúnaðarlandi Danmörku hafa menn fyrir lifandi löngu áttað sig á því að það er í allra þágu að setja slíku skorður, að tryggja áfram dreifingu búskaparins um landið, m.a. og ekki síst af umhverfisástæðum en einnig af félagslegum ástæðum og þess vegna mætti segja menningarlegum. Þar koma hollustu- og heilbrigðissjónarmið einnig mjög til sögu og þannig mætti áfram telja.

Danir væru ekki að gera þetta ef þeir teldu að stefnan væri ósamrýmanleg því að reka samkeppnisfæran og arðbæran landbúnað, að sjálfsögðu ekki. En einhvers staðar verða menn að draga mörkin og láta þessa hluti mætast. Það er gert með margvíslegum hætti, t.d. er í danskri búnaðarlöggjöf gerð krafa um að þeir sem kaupa bújarðir sitji þær. Því eru settar skorður að menn geti safnað eignarhaldinu á mörgum jörðum saman. Það er gert að kröfu í dönskum reglum að þeir sem stunda t.d. svína- og kjúklingarækt, sem helsta tilhneigingu hefur til að færast saman í stórar verksmiðjueiningar, hafi yfir ákveðnu jarðnæði að ráða, ákveðnum fermetrum lands á móti hverri gyltu í svínarækt o.s.frv. til að verjast óhóflegri samþjöppun, óhóflegu álagi á umhverfið, óhóflegri mengun eða auðgun jarðvegs vegna afsetningu áburðar o.s.frv.

Þess verður ekkert vart á Íslandi að núverandi yfirvöld landbúnaðarmála séu með mikla meðvitund í þessum efnum. Maður spyr sig æ oftar að því: Hvernig er ástandið í þessu blessaða landbúnaðarráðuneyti okkar og jafnvel í bændakerfinu ef menn hafa enga viðleitni uppi til að móta þar einhverjar áherslur? Þróunin einkennist sérstaklega af því að framleiðslurétturinn, rétturinn til að fá stuðning ríkisvaldsins við hina hefðbundnu búvöruframleiðslu, mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt, hefur farið upp úr öllu valdi. Verðið á mjólkurkvóta er orðið þannig að það er ein helsta skýring á því að sögn að nú er okkur boðað að hefja eigi mjólkurframleiðslu og byggja upp mjólkurbú eða ostagerð utan hins hefðbundna stýrða framleiðslukerfis og án nokkurs stuðnings frá ríkinu. Hver eru meginrökin fyrir því að þetta sé hægt, að þetta gangi upp? Jú, þau eru að kvótaverðið sé orðið svo óhóflegt að sem valkostur við að hefja slíka starfsemi með því að kaupa upp framleiðslurétt komi jafnvel betur út að gera það án slíks stuðnings. Einhverjar aðvörunarbjöllur ættu að hringja í landbúnaðarkerfinu þegar svo er komið.

Hvað er verið að selja þegar stóreignamenn kaupa bújarðir með framleiðslurétti í mjólkurbúskap eða sauðfjárrækt? Jú, það er verið að selja rétt til þess að fá ávísanir frá ríkinu. Rétturinn til að fá greiðslur úr ríkissjóði gengur kaupum og sölum, greiðslur sem eru á grundvelli tímabundins samnings milli ríkisvaldsins og Bændasamtakanna. Út í þvílík ósköp eru menn komnir í þessum efnum. Ég, sem nokkur ábyrgðaraðili að málinu frá fyrri tíð, verð að játa að ég hafði ekki og hef ekki haft hugarflug til þess að þeir hlutir gætu farið að gerast sem hafa verið að gerast í kerfinu að undanförnu.

Þetta er stórkostlega varhugavert í öllu tilliti og ekki síst er þetta að mínu mati stórhættulegt allri endurnýjun í greininni og möguleikum til nýliðunar og kynslóðaskipta í landbúnaði. Búsetutengdur grunnstuðningur sem er þess eðlis að hann skilar sér beint til þeirra sem sitja og nýta jarðirnar en er ekki framseljanlegur og hefur því ekki verðgildi nema búið sé á viðkomandi jörð er þess eðlis að utanaðkomandi aðili getur ekki fénýtt sér hann. Það þýðir ekki að kaupa bújörð ef skilyrði hins búsetutengda grunnstuðnings er búskapur á jörðinni og búseta á henni. Þá verður hann ekki fénýttur með öðrum hætti og þaðan af síður fluttur til eða notaður til að greiða niður jarðakaup. En þegar menn kaupa framleiðslukvóta dýrum dómum er það að hluta til ætlunin að nota styrkina til að afskrifa fjárfestinguna og eignast þannig landið kannski án þess að greiða mikið fyrir það þegar upp er staðið. Það var aldrei tilgangurinn og er ekki tilgangurinn með þeim stuðningi sem er grundvallaður í samningunum milli ríkisvaldsins og Bændasamtakanna, heldur alveg þvert á móti og hið gagnstæða.

Tilgangurinn er sá að gera framleiðsluvöruna hagkvæmari og ódýrari fyrir neytendur og hlúa um leið að þeirri atvinnugrein, þeirri starfsemi og búsetunni í sveitunum sem

grundvallast á henni. Menn eru því algerlega komnir í mótsögn við hinn upphaflega tilgang fyrirkomulagsins þegar hlutirnir eru farnir að þróast með þeim hætti sem raun ber vitni. (Forseti hringir.) Það hlýtur að vera mikið áhyggjuefni. (Forseti hringir.)

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. landbúnaðarnefndar.

[18:26]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil segja fáein orð í tilefni af þingsályktunartillögunni. Skoðun mín er sú að grunnhugsun í þingsályktunartillögunni eigi fullt erindi og að löngu sé kominn tími til þess að menn setjist yfir þá fornu stefnu sem gilt hefur í landinu sem byggist nánast á því að styðja fyrst og fremst við tvær búgreinar í landinu og er auðvitað allt of einhæf auk þess sem öllum hefur verið ljóst ákaflega lengi að það kæmi að þeim degi að stuðningurinn sem viðhafður hefur verið geti ekki gengið upp gagnvart þeim alþjóðasamningum sem við höfum tekið þátt í með öðrum þjóðum að skapa. Það þýðir auðvitað að menn verða að breyta fyrirkomulaginu.

Ég hef alltaf haft þá skoðun að fyrirkomulagsbreytingin ætti að vera í svipuðum dúr og hér er lagt til. Ég hef að vísu orðað það þannig að stuðningurinn ætti að breytast í stuðning við atvinnulíf og búsetu í sveitum. Það getur verið erfitt að leggja línurnar, hvar þær eigi að markast gagnvart þeim stuðningi sem þar yrði og þeim atvinnugreinum sem kæmu til greina, en mér finnst að fleira en bara búvöruframleiðsla gæti komið þar til mála.

Mér finnst að fyrst og fremst eigi að líta á þetta sem leið til að styðja við atvinnulíf í strjálbýli, styðja við að landið sé nýtt, styðja við það að auðlindir okkar séu nýttar. Búsetan skiptir þar gríðarlega miklu máli og á henni byggist líka að hægt sé að nýta auðlindirnar, vegna þess að það er ekki hægt að búa almennilega í neinni sveit nema þar sé þjónusta, skólakerfi og það sem til þarf til að fólk geti lifað eðlilegu fjölskyldulífi. Þess vegna eru fleiri atvinnuvegir sem þurfa að blómgast en bara búvöruframleiðsla á viðkomandi svæðum. Þetta held ég að þurfi að gerast hraðar en menn hafa talið að þyrfti að gerast fram að þessu.

Við fengum fréttir af því á síðasta vetri að um þetta leyti á þessu ári, jafnvel fyrr, yrðu komnar niðurstöður í alþjóðasamninga hvað varðar möguleika til stuðnings við búvöruframleiðslu.

Ekki hafa þeir samningar enn þá litið dagsins ljós en mér skilst að eitthvað sé setið við í þeim málum, það gæti því svo sem komið að því fyrr en seinna að taka þyrfti á þessum málum. Menn létu sem þeir vissu ekki af því að þessar samningaviðræður væru fyrirhugaðar og stæðu yfir þegar gengið var frá samningum við mjólkurbændur á síðasta þingi sem ekki þurfti að gera fyrr en á komandi hausti. Gott og vel. Það var gert. Ég taldi reyndar að ekki hefði átt að gera það, menn hefðu átt að skoða málin betur og skoða hvort ekki þyrfti að stíga fleiri skref eða stærri til að aðlaga stuðninginn að þeirri framtíð sem er að koma.

Auðvitað er margt að breytast og samgöngurnar í landinu hafa verið að breyta hlutunum miklu meira en kannski allt annað. Þær eru að verða til þess að alls konar starfsemi og alls konar búseta er að þróast í landinu sem ekki gat það áður og það styður auðvitað við það í framtíðinni að mannlíf verði í sveitum, þótt það sé ekki endilega byggt á því að menn fari að framleiða búvörur. Þetta getur allt saman stutt hvað annað.

Stuðningur við búvöruframleiðslu, þ.e. þær tvær greinar fyrst og fremst sem ég nefndi áðan, hefur verið mikill á mælikvarðana sem menn nota til að meta það. Íslendingar hafa verið að borga mjög hátt gjald til að styðja við búvöruframleiðsluna. Hvort menn eru tilbúnir að auka það eitthvað eða halda í horfinu meðan kerfinu er breytt skal ég ekkert um segja, en ég held að ekki sé undan því vikist að breyta kerfinu. Fyrir nú utan það að ýmislegt er með þeim hætti að ekki er hægt að sætta sig við það. Það sem hv. 1. flutningsmaður ræddi áðan, þ.e. verðlagið sem komið er á kvótana í landbúnaði, segir okkur að þarna sé nú farið að hrikta býsna mikið í kerfinu sjálfu. Ef það er þannig að mönnum finnist það ganga upp að kvótar í landbúnaði séu seldir á þvílíku verði að það taki 12–15 ár að ná fjárfestingunni til baka, ef það eru réttar upplýsingar, þá er verðlagið á þeim kvótum sjálfsagt farið að nálgast það að þeir sem hefðu hug á því að framleiða í samkeppni við þessa framleiðslu geti gert það án stuðnings frá ríkinu, einfaldlega vegna þess að grunnfjárfestingin er orðin svo gríðarlega há sem felst í kvótunum.

Það er mikið umhugsunarefni þegar gerður er samningur til fimm, sex, sjö ára eða hvað það hefur nú verið, að menn séu á grundvelli slíkra samninga tilbúnir til að fjárfesta í kvótum á svo háu verði að 12–15 ár þurfi kannski til að ná þeirri fjárfestingu til baka. Það væri a.m.k. ekki talið alls staðar skynsamlegt en það virðist vera að menn hafi fullt traust á því að íslensk stjórnvöld haldi áfram á sömu braut og að þeir fái tækifæri til að ná til baka þeim fjárfestingum sem þarna eru á ferðinni.

Ég veit svo sem ekkert hvort sú tilraun sem var verið að kynna okkur um helgina og felst í því að fara að framleiða osta utan greiðslumarks muni takast, en það kemur væntanlega í ljós.

Ég sé að tími minn er að renna út. Ég vildi koma hér og taka jákvætt undir þetta. Ég tel að sé löngu kominn tími til að menn setjist yfir þessi mál og horfi til framtíðar, framtíðar sem menn sjá nokkuð skýrt að verður í þeim dúr sem hér er talað um.

[18:35]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur mælt fyrir tillögu til þingsályktunar sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytjum um að Alþingi kjósi nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og Bændasamtökunum til ráðuneytis og samstarfs við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum.

Ég held að einmitt í þessum töluðu orðum sé þetta augljóslega mjög brýnt. Sú umræða sem nú fer fram og það sem er að gerast á vettvangi byggðar, búsetu og landbúnaðar kallar á að þessi mál séu tekin til skoðunar og þeim sniðinn sá rammi og þau markmið sett sem við viljum gagnvart

byggð og búsetu í sveitum. Byggð, búseta og atvinnulíf í sveitum vítt og breitt um landið er í sjálfu sér auðlegð, gríðarlega mikil auðlegð. Við svo bætist verndun og nýting þeirra náttúrulegu auðlinda og möguleika sem felast í að varðveita og nytja þær auðlindir.

Sú þróun sem við horfum upp á þessa dagana er ekki í þá veru að styrkja eða efla byggð og búsetu í sveitum né heldur atvinnulíf þar. Þess vegna flytjum við tillögu, herra forseti, um að Alþingi komi hér sameinað að. Afar mikilvægt er að einhugur og sátt ríki um stefnuna gagnvart atvinnu og búsetu í sveitum. Reynt hefur verið að ná sem víðtækastri samstöðu þar um og sú samstaða má ekki bresta. Þess vegna höfum við flutt tillögu, ekki aðeins þá tillögu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mælti fyrir, heldur höfum við flutt fleiri tillögur sem liggja fyrir þinginu og hefur ekki tekist að mæla fyrir enn, þar á meðal frumvarp til breytinga á jarðalögum, sem taka á þeirri þróun sem við stöndum nú frammi fyrir að einstaklingar eða samtök, eignarhaldsfélög eða fyrirtæki ástunda nú raðuppkaup á jörðum, ekki einungis að kaupa jörð sér til frístundabúskapar eða til sumarbústaða, heldur er um raðuppkaup, fjöldauppkaup á jörðum að ræða. Það eru einnig uppkaup á jörðum sem eru jafnvel í fullum rekstri í hinum ýmsu landshlutum af sama aðila.

Þessi þróun er hvergi leyfð í nágrannalöndum okkar. Dönsk lög kveða t.d. stíft á um að sami aðili megi ekki eiga hlut í nema ákveðnum fjölda, hámarksfjölda jarða, tveim til fjórum jörðum. Það er mjög rík búsetuskylda á jörðunum og krafa um heilsársbúsetu og að land sé nýtt og varðveitt af þeim sem á landið. Það frumvarp sem við leggjum fram til breytinga á þeim lögum miðar einmitt að því að koma í veg fyrir slík raðuppkaup.

Í hvert einasta sinn sem jörð fer úr ábúð eða búskapur leggst af og fólk flytur brott stendur samfélagið veikara eftir. Ef slíkt gerist fyrir tilstilli kaupsýslumanna sem hugsa fyrst og fremst um að fjárfesta í jörðum en horfa til búrekstrar sem aukagetu eða líta á hana einungis sem leið til að fá fyrr arð af fjárfestingunni, verður að spyrna við fæti. Þetta er líka alvarlegt mál fyrir sveitarfélögin sem hafa ekki bolmagn til að kaupa jarðirnar í því skyni að halda þeim í byggð þar eð útsvarstekjur þeirra minnka yfirleitt vegna þessa.

Á hinn bóginn er ekki hægt að áfellast þá sem selja jarðir eða eru boðnar háar upphæðir fyrir einstaka jarðir en lagaumgerð landbúnaðarins hlýtur fyrst og fremst að lúta að þeim sem vilja búa á viðkomandi svæðum og fara höndum um og nytja á sjálfbæran hátt þær auðlindir sem þar er um að ræða en ekki að þeim sem eru að hætta búskap eða hafa atvinnu af því að braska með jarðeignir, eins og við nú erum farin að horfa því miður fram á í æ ríkari mæli, lagaumgerðin á einmitt ekki að stuðla að því.

Þá hefur einnig verið minnst á, og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minntist einnig á það, að við höfum líka flutt frumvarp til breytinga á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sem tekur til þess að sett skuli hámark á bústærðir eða framleiðslumagn sem fær að njóta beingreiðslna undir núverandi formi. Núna getur sami aðili safnað beingreiðslum á eina hendi án þess að stunda þar búskap eða að búreksturinn getur verið stundaður og rekinn af leiguliðum. Sá sáttmáli sem hefur verið gerður á milli ríkisins og bænda hvað þetta varðar miðar að því að stuðla að dreifðri búsetu en ekki að samþjöppun í búrekstri. Það sem nú er verið að gera að með því að safna framleiðsluréttinum á örfárra manna hendur er verið að misnota það samkomulag sem gert hefur verið á milli ríkis og bænda og getur ekki leitt til annars en ófarnaðar, þetta kerfi molar sig sjálft innan frá. Þess vegna verður að stöðva við og tillögur okkar lúta að því að svo sé gert.

Hér var líka lítillega minnst á þá alþjóðlegu samninga sem nú er verið að vinna að og snerta mjög landbúnaðinn. Þar kemur skýrt fram að krafa verður gerð um að framleiðslutengdir styrkir verði lækkaðir mjög verulega, en hins vegar verður gefið svigrúm til að taka upp aðrar stuðningsaðgerðir við búsetu og framleiðslu í sveitum sem lýtur þá meira að umhverfissjónarmiðum, vistvænni framleiðslu og fleiru.

Þess vegna er mjög brýnt að við setjum þegar í stað í gang vinnu til þess að aðlaga okkur, taka á þessum aðsteðjandi vanda og aðlaga okkur að þeirri framtíð sem er handan við hornið í því augnamiði að búa hér áfram við sterkan og öflugan íslenskan landbúnað.

[18:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að við í Frjálslynda flokknum tökum heils hugar undir efni þeirrar þingsályktunartillögu sem hér er verið að ræða og flutt er af öllum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og efnislega erum við mjög sammála því að að endurskoða þurfi búsetutengdan stuðning í sveitum landsins, endurskoða það fyrirkomulag sem er í landbúnaðinum þar sem greiðslurnar miðast nánast eingöngu við framleitt kíló kindakjöts eða mjólkurlítra og er síðan framseljanlegt eins og þekkt er.

Við Íslendingar erum búnir að fá allnokkra reynslu af framseljanlegum kerfum og kvótum. Svo virðist vera að það sé að stefna í svipaða samþjöppun í landbúnaðinum og að stórum hluta hefur átt sér stað í sjávarútveginum, nema hvað fyrirkomulagið í landbúnaðinum er þó nokkuð öðruvísi að því leyti til að verið er að kaupa framleiðslurétt sem við greiðum með af fjárlögum árs hverju sinni. Í raun og veru er verið að kaupa sér áskrift að styrkjum úr ríkissjóði.

Ég held að öllum hljóti að vera ljós sú þróun sem nú er í gangi, þ.e. mikil uppkaup á jörðum og framleiðslurétti á landinu, þeirri holskeflu. Sú þróun getur ekki verið ásættanleg til framtíðar með því fyrirkomulagi sem núna ríkir, þ.e. ávísun stóreignamanna á að kaupa sér aðgang að ríkissjóði með því að kaupa upp jarðir í stórum stíl.

Ég vil líka lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að ef hið sama gerist í sauðfjárbúskapnum, að þar safnist upp greiðslumark á tiltölulega fáar jarðir sem verði mjög stórar rekstrareiningar, þá hljóti að vakna nákvæmlega sama spurning og varðandi mjólkuriðnaðinn: Er þá nokkur ástæða til þess lengur að ríkið greiði með slíkum atvinnurekstri, þegar hann er orðinn mjög stór og afkastamikill á eins eða tveggja manna höndum? Var það einhvern tímann markmið okkar með styrkjunum í landbúnaði að þar yrðu fáir stóreignamenn með beinan aðgang að greiðslum úr rík-

issjóði? Ég er einfaldlega að segja að það hlýtur að líða að því, miðað við þá þróun sem nú á sér stað, að við drögum einhvers staðar línu við hve lengi á að greiða mönnum styrki úr því kerfi sem viðgengst í dag, þ.e. þegar búrekstrinn er farinn af stað, að samanstanda að því að vera kannski með 2 þús. fjár eða meira, eða þegar mjólkurframleiðslan fer að skipta mörg hundruð þúsund lítrum á einni hendi.

Ég hef um það miklar efasemdir að það hafi nokkurn tímann verið ætlun manna með því að efla og styðja við búsetu í sveitum landsins að kerfið mundi leiða til þess að tiltölulega fáar og stórar einingar stæðu eftir í rekstrinum, bæði í mjólkurframleiðslu og jafnvel síðar í sauðfjárrækt, þótt þróunin sé enn þá önnur þar. Viljum við halda kerfinu óbreyttu þegar slík staða er komin upp? Ég tel að það geti ekki verið svo. Ég tel að þeir uppkaupamenn sem núna standa fyrir miklum fjárfestingum í landbúnaði verði að gera sér grein fyrir því að það muni ekki endalaust verða vilji fyrir því á Alþingi að greiða þeim stóreignamönnum sérstakar uppbætur fyrir rekstur í því stóreignaformi sem þar í stefnir. Þegar reksturinn er kominn í slíkt form þá hljóta menn að gera ráð fyrir því að sá rekstur standi á eigin fótum án styrkja. Menn þurfa að horfast í augu við að svo geti orðið í framtíðinni.

Við í Frjálslynda flokknum höfum tekið þá stefnu, gerðum það fyrir síðustu alþingiskosningar, að við vildum breyta styrkjafyrirkomulagi í landbúnaðinum. Við orðuðum það á þann veg að breyta þyrfti núverandi styrkjafyrirkomulagi og taka upp það sem við kölluðum fjölskylduvæna búsetustyrki, fyrir að halda landinu í byggð, rækta landið og nýta það. Það er efnislega mjög líkt því sem segir í þessari þingsályktunartillögu um að skipa nefnd sem hugi sérstaklega að því hvernig útfæra megi búsetutengdan grunnstuðning sem hluta af stuðningi við landbúnað og búsetu í sveitum.

Það er nú ekki mjög langt á milli okkar hugmynda og þessarar tillögu varðandi það að reyna að tryggja búsetu í sveitum. Ég hef margoft sagt í þessum ræðustól að ég teldi afar verðmætt fyrir framtíð Íslands að halda landinu í byggð, þ.e. að halda jörðunum í byggð og halda þeim setnum þannig að menn sjái sér hag í að viðhalda jörðum sínum og landnýtingunni sem fæst af því að sitja bújarðir. Við ættum að reyna af öllum mætti að efla búsetustuðninginn og að breyta að hluta til kerfinu sem notast er við í dag og taka í staðinn upp búsetutengda styrki. Við í Frjálslynda flokknum erum því mjög hlynnt þeirri stefnumótun sem hér er sett fram um að skipa nefnd til að vinna þetta starf og reyna að ná sátt um að horfa til framtíðar með breyttu fyrirkomulagi og áherslum.

[18:51]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka fyrir þá umræðu sem farið hefur fram um þessa tillögu og þakka undirtektir talsmanna Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins, hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, formanns Frjálslynda flokksins.

Ég sakna að sjálfsögðu viðveru og þátttöku fulltrúa stjórnarflokkanna við umræðuna. Það er því miður þannig, herra forseti, að mér finnst sem æ sjaldnar fari fram hér á Alþingi grundvallarumræður, t.d. um stöðu landbúnaðarins og málefni honum tengd. Öðruvísi mér áður brá þegar mönnum þótti þessi samkunda undirlögð af bændum. Hér var annar hver maður og jafnvel rúmlega það stórbóndi og hinir voru þá prestar eða sýslumenn. Störf Alþingis réðust þá meira og minna af árstíðum og þörfum búskaparins. Nú er öldin önnur. Það er líka öldin önnur þegar þannig stendur á þegar hér er loksins rædd tillaga um almenna stefnumótun á sviði landbúnaðar að það sést hvergi nokkurs staðar framsóknarmaður. Ég get svarið fyrir að það er ekki framsóknarmaður í þessum sal. Ég þykist þekkja þannig til. Hér eru heldur ekki fulltrúar frá Sjálfstæðisflokknum. Gaman væri að fá að heyra hvað menn eru að hugsa á þeim bæjum. Hvað leggja þeir til, ef eitthvað, ef nokkuð? Ég hef lítið orðið var við það. Það er ekki nóg að hafa landbúnaðarráðherra sem spjarar sig ágætlega á árshátíðum, sem kemst stundum hnyttilega að orði og getur látið menn hlæja að sér, jafnvel í þingsalnum. Hvar er í gangi stefnumótun sem vísar veginn til nýrrar framtíðar í anda þess sem þessi tillaga gerir og þeirra hugmynda sem aðrir ræðumenn hafa reifað, t.d. hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson núna áðan?

Ég held að mönnum hljóti að vera ljóst að það er brýn þörf á endurskipulagningu þessara mála. Það er augljóst að þetta fer illa ef menn ætla að keyra fram af brúninni á grundvelli óbreyttrar stefnu, sem var í raun mótuð og síðan hefur verið breytt allt of handahófskennt að mínu mati af og til á síðustu 10–15 árum. Það gengur ekki að menn láti eins og þeir viti ekki af því sem er að gerast eða því sem er fram undan vegna fyrirsjáanlegrar niðurstöðu í alþjóðasamningum um stuðning við landbúnað.

Eins og kom fram hér áðan þá gera menn engu að síður nýja búvörusamninga, t.d. um mjólkurframleiðslu, þar sem þeir ýta því alveg frá sér að leggja a.m.k. grunninn að eða undirbúa þá kerfisbreytingu sem auðsjáanlega þarf að verða. Nú er uppi á borðum, í viðræðum hjá Alþjóðaviðskiptastofnuninni í þeirri lotu sem upphaf sitt átti í Doha og Cancún, sem kennd er við þá ágætu staði, að svonefndur framleiðslutengdur stuðningur við landbúnað eða ígildi hans í formi innflutningsverndar verði jafnvel lækkaður um helming. Það þýðir að vísu ekki að menn þurfi beinlínis að draga úr stuðningi við greinina sem því nemur en menn verða þá að færa hann yfir á annað form. Þar koma til álita, sem er ekki síst líklegt að menn reyni, að velja leiðir af því tagi sem hér er talað fyrir, þ.e. svokallaðar grænar greiðslur, greiðslur sem ekki eru með beinum hætti tengdar við framleidda einingu eða hafa á annan hátt, eðli sínu samkvæmt, framleiðslu- eða samkeppnisbjagandi áhrif. Búsetutengdar greiðslur af þessu tagi, byggðastyrki, mætti skilgreina sem svo og væri heimilt að viðhafa til stuðnings atvinnulífi og búsetu á þeim svæðum sem flokkast samkvæmt regluverki t.d. Evrópusambandsins sem byggðaþróunarsvæði.

Það er ljóst að það eru til leiðir og úrræði sem uppfylla bæði nokkuð fyrirsjáanlegar niðurstöður í viðræðum á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og samkeppnis- og byggðastuðningsreglur Evrópusambandsins sem við gætum fært okkur yfir í. En það bólar ekki á neinni viðleitni í þá átt.

Það er slæmt að á meðan keyra menn óbreytt kerfi og þróunin í landbúnaðinum verður með þeim afleiðingum sem við horfum upp á, að núverandi kerfi er beinlínis fjandsamlegt eðlilegri nýliðun í greininni og ýtir undir samþjöppun. Auk þess tel ég að færa megi sterk rök fyrir því að menn hafi misst tökin á þeim málum, þar ríki bókstaflega stjórnlaus vitleysa.

Ég hef efasemdir um þær væntingar sem liggja að baki hjá þeim mönnum sem sópa að sér bújörðum og kaupa upp kvóta á því óheyrilega verði sem í gangi er. Ég sé ekki að menn eigi eftir að uppskera mikið úr þeim fjárfestingum nema eitthvað annað vaki fyrir þeim, þeir haldi að þeir nái verðmætum sínum til baka með öðrum hætti en þeim að á jörðunum verði stundaður búskapur eða framleiðsluréttur-inn verði nýttur til framleiðslu í framtíðinni. Reikna menn kannski með því að geta með einhverjum hætti losað út dulin verðmæti? Hver gætu þau verið? Þau gætu legið í afurðastöðvum landbúnaðarins, ef þeir koma höndum yfir eigið fé þeirra, sérstaklega í mjólkuriðnaðinum. Þau gætu einnig legið í stórkostlega hækkuðu verði á landi á komandi áratugum þannig að um sé að ræða spekúlatífa fjárfestingu, menn veðji á að þeir geti unnið lottóvinninga og grætt fé. En þá getur ekki verið að menn horfi fyrst og fremst á möguleika á arði af fjárfestingunni á grundvelli heföbundins rekstrar og búskapar á viðkomandi jörðum og á grundvelli viðkomandi framleiðsluréttar. Ég fæ það dæmi ekki til að ganga upp. Auk þess held ég að það sé ekki æskileg þróun að framleiðslan færist úr hendi fjölskyldueininga, eininga af hóflegri stærð, og þjappist saman á verksmiðjubú með aðkeyptu vinnuafli eða leiguliðum, með þeim áhrifum sem það getur haft, félagslega, menningarlega og hvað varðar umhverfisþætti og hollustu og heilnæmi vörunnar.

Ég vil svo víkja að einum þætti enn í þessu máli, sem snýr að rökstuðningnum fyrir því að fara þessa leið, einhvers konar búsetutengds grunnstuðnings við búsetu og búskaparumsvif í sveitum landsins. Með því næst jafnræði milli greina sem er engan veginn fyrir að fara í dag. Eins opnast miklu fjölbreytilegri og margvíslegri þróunarmöguleikar í atvinnumálum og nýsköpun í búskap í sveitum en eru til staðar í dag. Menn verða að setja sig í spor ungs fólks sem veltir fyrir sér mögulegri búsetu í sveit þar sem kostirnir eru annaðhvort að reyna að kaupa sig inn í styrkjakerfið í þeim tveimur greinum sem njóta framleiðslustyrkja, dýrum dómum, og fá aðgang að þeim stuðningi, eða að hefja annars konar atvinnustarfsemi án nokkurs stuðnings. Ef við göngumst inn á að tilgangur þessa stuðnings sé öðrum þræði sá að hlúa að búsetunni, er þá mjög skynsamlegt að engin fyrirgreiðsla, enginn stuðningur af sambærilegum toga, sé til staðar handa ungu fólki sem vill t.d. byggja upp ferðaþjónustu eða önnur búskapartengd umsvif í sveitum? Ég held ekki.

Í raun og veru er mesta furða hversu lítill ófriður hefur verið um það að tvær tilteknar búgreinar væru studdar með þessum hætti en aðrar alls ekki, að menn hafi þrátt fyrir allt látið þetta yfir sig ganga í öðrum greinum. Ekki ætla ég að kvarta undan því, auðvitað eru ærnar sögulegar og efnislegar ástæður fyrir því að þessi stuðningur er til staðar, hann er arfur frá liðinni tíð og um það mætti svo sem margt segja en það þýðir ekki að þessir hlutir eigi að haldast óbreyttir um aldur og ævi.

Ég held að síðustu að það væri ákaflega brýnt og þarft ef hægt væri að koma af stað á nýjan leik vinnu og samstarfi aðila um mótun stefnu á þessu sviði þar sem bændur og samtök þeirra eiga að sjálfsögðu að vera í forustu, en það væri mjög æskilegt ef aðrir aðilar, þ.e. ríkisvaldið, stjórnmálaflokkarnir og t.d. aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúar neytenda, kæmu að því borði. Ef hægt væri að endurvekja eitthvert slíkt samstarf um stefnumótun og nýjan grundvöll þessarar greinar, sem er mjög sérstök, er í mjög sérstakri aðstöðu í landinu, er alveg miðlæg í þróun hinnar dreifðu búsetu og strjálbýlisins eins og það hefur litið út, fram hjá því verður ekkert horft hvað sem menn segja. Og einhvers konar starf í anda þess sem tókst í framhaldi af og á grundvelli þjóðarsáttarinnar m.a. og lagði grunn að búvörusamningunum 1991 sem gjörbreytti auðvitað þessu umhverfi þar sem menn tóku höndum saman um að vinna sig út úr þeim gríðarlegu ógöngum sem landbúnaðarkerfið var þá komið í með mikilli offramleiðslu vöru umfram þarfir innlends markaðar sem með stórkostlegum útflutningsuppbótum var flutt út, stundum á markaði sem gerðu varla betur en skila heim flutningskostnaðinum og umsýslukostnaðinum við útflutninginn sjálfan en borguðu stundum lítið og jafnvel ekkert upp í sjálfan framleiðslukostnað vörunnar.

Þannig var ástandið á þeim tímum og svo sársaukafull að mörgu leyti sem sú tiltekt var, þá var hún óumflýjanleg. Að því leyti standa Íslendingar nú í öðrum sporum og betur að vígi en margar aðrar þjóðir, sem þurfa að takast á við breytingarnar sem í vændum eru á grundvelli samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, að hér eru ekki útflutningsuppbætur sem þurfa þá að hverfa, en það er nokkuð ljóst að ein af meginniðurstöðum samningaviðræðnanna þarna stefnir í að verða veruleg lækkun ef ekki hreinlega afnám útflutningsuppbóta. Ég held að það sé tiltekt í alþjóðaviðskiptakerfinu með búvörur sem er löngu tímabær.

Staðreyndin er sú að það eru útflutningsuppbæturnar og niðurgreiðslur á útflutningi sem skekkja myndina umfram allt annað og valda þeim erfiðleikum sem við er að glíma í viðskiptakerfinu með landbúnaðarvörur, ágreiningi og núningi milli þróunarríkjanna og þróuðu ríkjanna, milli landbúnaðarframleiðsluríkjanna með Ástralíu, Nýja-Sjáland, Brasilíu, Argentínu og fleiri lönd í broddi fylkingar og svo hinna sem eru meira innflytjendur þessarar vöru. Þar leika lykilhlutverk gríðarlegar niðurgreiðslur eða gríðarlegir styrkir og útflutningsuppbætur Bandaríkjamanna á korni en þá er víst komið út í svolítið aðra sálma, herra forseti, og þó auðvitað ekki af því að allt er þetta samhangandi.

Ég endurtek þakkir mínar fyrir umræðuna og undirtektir sem tillagan hefur fengið. Ég harma að fulltrúar stjórnarflokkanna, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, skuli ekki hafa nokkurn skapaðan hlut til umræðunnar að leggja og ekki láta sjá sig, en kannski er það af þeirri einföldu ástæðu að þeir hafa ekkert fram að færa og þá verður auðvitað að búa við það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 8. mál.

Fundi slitið kl. 19:06.

---

104. FUNDUR

miðvikudaginn 6. apríl,
kl. 12 á hádegi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Hlutur húsnæðiskostnaðar í neysluverðsvísitölu, fsp. JBjarn, 527. mál, þskj. 801.
2. Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga, fsp. JóhS, 457. mál, þskj. 706.

Til félagsmálaráðherra:

3. Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, fsp. DrH, 627. mál, þskj. 945.
4. Leigulóðaréttindi sumarhúsaeigenda, fsp. GHall, 645. mál, þskj. 976.
5. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, fsp. ÞBack, 660. mál, þskj. 1004.

Til menntamálaráðherra:

6. Fræðsla um samkynhneigð, fsp. KJúl og ÁÓÁ, 500. mál, þskj. 762.
7. Kostun dagskrárliða í útvarpi og sjónvarpi, fsp. KolH, 515. mál, þskj. 784.
8. Þekkingarsetur á Egilsstöðum, fsp. KÁs, 687. mál, þskj. 1045.

Til sjávarútvegsráðherra:

9. Flutningur starfa á Fiskistofu út á land, fsp. LB, 554. mál, þskj. 841.
10. Veiðarfæri í sjó, fsp. JGunn, 613. mál, þskj. 917.

Til landbúnaðarráðherra:

11. Sláturhúsið á Kirkjubæjarklaustri, fsp. JBjarn, 611. mál, þskj. 914.
12. Heimasala afurða bænda, fsp. SigurjÞ, 636. mál, þskj. 966.

Til fjármálaráðherra:

13. Söfn og listaverk í eigu Símans, fsp. SJS, 632. mál, þskj. 962.

Til samgönguráðherra:

14. Hellisheiði og Suðurstrandarvegur, fsp. KÓ, 672. mál, þskj. 1025.
15. Bílastæðamál fatlaðra, fsp. BJJ, 674. mál, þskj. 1027.

Til iðnaðarráðherra:

16. Vaxtarsamningur fyrir Norðurland vestra, fsp. AKG, 680. mál, þskj. 1034.

Varamaður tekur þingsæti.

[12:00]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá 6. þm. Suðvest., Sigríði A. Þórðardóttur, dagsett 4. apríl 2005:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvest., Sigurrós Þorgrímsdóttir stjórnmálafræðingur, Kópavogi, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Sigurrós Þorgrímsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Tilkynning um dagskrá.

[12:00]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess að kl. eitt fer fram umræða utan dagskrár um misræmi á milli fjármögnunar og umsvifa hins opinbera eftir landsvæðum. Málshefjandi er hv. þm. Sigurjón Þórðarson. Hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson verður til andsvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[12:01]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að gera athugasemd við prentað svar hæstv. menntamálaráðherra til mín við fyrirspurn sem ég lagði fyrir hana um listaverkakaup Listasafns Íslands. Þetta er einungis tæknileg athugasemd en ég spyr í fyrirspurninni, sem birtist á þskj. 998 með svarinu, hversu mikið ráðstöfunarfé Listasafn Íslands hafi haft til listaverkakaupa árlega sl. 15 ár og hvernig árleg fjárhæð hafi þróast með tilliti til verðlags. Þegar svarið er skoðað kemur í ljós að útreikningurinn er eitthvað brogaður og ómögulegt að finna þær upplýsingar sem beðið er um í þeim útreikningi sem birtur er. Ég vil því einungis óska eftir því við hæstv. forseta að athugasemd minni verði komið á framfæri þannig að reikna megi þetta upp á nýjan leik svo ljóst verði á hvern hátt fjárveiting til Listasafns Íslands til listaverkakaupa hefur þróast sl. 15 ár.

(**Forseti** (BÁ)**:** Þeirri athugasemd verður komið á framfæri.)

Hlutur húsnæðiskostnaðar í neysluverðsvísitölu.

Fsp. JBjarn, 527. mál. — Þskj. 801.

[12:02]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Verðbólga mælist yfir viðmiðunarmörkum Seðlabankans hvern mánuðinn á fætur öðrum og verðbólguspár og verðbólguvæntingar eru á uppleið. Þetta gerist

þrátt fyrir verulegar hækkanir bankans á stýrivöxtum og það að hækkandi raungengi krónunnar að undanförnu ætti að skila sér verulega í lækkandi verðlagi á innfluttri vöru. Forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði eru miðaðar við að verðbólga fari ekki yfir ákveðin viðmiðunarmörk Seðlabankans og því ljóst að vaxandi verðbólga nú kann að reynast afdrifarík hvað varðar stöðugleika á vinnumarkaði.

Gengi krónunnar hefur styrkst mikið að undanförnu, raungengisstig er verulega hátt og hlýtur að teljast langt yfir jafnvægismörkum. Gengisvísitalan fór nú og hefur verið fyrir neðan 110 stig, hún er í 108 og 107. Bandaríkjadollari hefur kostað í kringum 61 kr. Tap útflutningsgreina er tilfinnanlegt, einkum ef þær selja vörur sínar að öllu eða verulegu leyti í Bandaríkjadollurum. Ljóst er að þeim mun lengur sem þetta ástand varir og útflutnings- og samkeppnisgreinar þurfa að búa við svo óhagstæð skilyrði þeim mun meiri verða áhrifin.

Verulegur hluti verðlagshækkana að undanförnu á rót sína að rekja til mikilla hækkana á fasteignamarkaði. Þróun fasteignaverðs er lögð til grundvallar við útreikninga á vísitölu neysluverðs. En á það hefur verið bent að slík viðmiðun geti verið gölluð. Snögg hækkun á fasteignaverði þýðir auðvitað ekki að allir geti selt fasteignir sínar á hinu nýja og háa verði tafarlaust en eignaaukningin hefur hins vegar áhrif á mat fólks á eignastöðu sína og eyðslugetu. Enn fremur er ekki víst að þættir sem koma ættu til lækkunar eins og veruleg lækkun vaxta geri það eins og útreikningum er háttað í dag. En í því tilviki mun að ég best veit verða stuðst við allt að fimm ára meðaltöl í vöxtum á húsnæðismarkaði í vísitölunni. Ástæða er því til að ætla að hækkun húsnæðiskostnaðar sé ýkt upp eins og stendur og valdi því að verðbólgan mælist mun meiri en ella. Víða annars staðar er stuðst við þróun húsaleigu í verðmælingum af þessu tagi en ekki fasteignaverð og er lagt til að breytingar í þá átt verði undirbúnar hér. Víst er að húsaleiga endurspeglar betur raunverulegan kostnað af því að búa í húsnæðinu og er betri og hugsanlegar viðmiðanir á þessu sviði til að ganga inn í vísitölu neysluverðs. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. forsætisráðherra og ábyrgðarmann efnahagsmála:

1. Er fyrirhugað að endurskoða hlutfall húsnæðiskostnaðar við útreikning á vísitölu neysluverðs?

2. Kemur til greina að Seðlabankinn miði við aðra vísitölu en núverandi neysluverðsvísitölu við framfylgd þess verðbólgumarkmiðs sem honum hefur verið sett lögum samkvæmt?

[12:05]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, hv. þm. Jón Bjarnason, hreyfir hér mikilvægu máli sem hefur verið mjög til umræðu undanfarið og ég gerði m.a. að umtalsefni á ársfundi Seðlabanka Íslands. Húsnæðiskostnaður í vísitölu neysluverðs, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, er útreiknuð stærð og endurspeglar vægi þess kostnaðarliðar í útgjöldum heimilanna. Sá liður breytist mánaðarlega í takt við fasteignaverð og langtímaraunvexti. Mikil hækkun húsnæðisverðs að undanförnu hefur valdið því að hlutfall húsnæðiskostnaðar hefur hækkað, frá því að vera um það bil 12% af heildarframfærslukostnaði í ársbyrjun 1998 í tæplega 20% í ársbyrjun 2005.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar byggjast útreikningsaðferðirnar á almennt viðurkenndum alþjóðastöðlum sem ekki stendur til að breyta. Hins vegar er mismunandi aðferðum beitt, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, við útreikninginn eftir löndum og reyndar erum við ein á báti hvað þessa aðferð varðar. Það þýðir einfaldlega að verðbólgumælingin hjá okkur er ekki nákvæmlega eins og hjá öðrum þjóðum. Mér hefur hins vegar skilist að Evrópuþjóðir stefni almennt að því að taka upp svipaðar aðferðir og við notum innan fárra ára.

Í seinni lið fyrirspurnarinnar er spurt hvort til greina komi að Seðlabankinn miði við aðra vísitölu en núverandi neysluverðsvísitölu við framfylgd þess verðbólgumarkmiðs sem honum hefur verið sett. Ég hef áður sagt að mér finnst vel koma til greina að rýmka þau ákvæði yfirlýsingar Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar frá árinu 2001 um að verðbólgumarkmið bankans skuli einungis taka mið af 12 mánaða breytingu vísitölu neysluverðs. Í þessu felst engin slökun gagnvart peningamálastjórn Seðlabankans. Þvert á móti tel ég að bankinn eigi að horfa á sem flesta mælikvarða við vaxtaákvarðanir sínar jafnt verðmælikvarða eins og hann gerir og aðra efnahagslega mælikvarða, þar með talin þróun fasteignaverðs. Ég tel hins vegar að verðmælikvarði sem sýnir 4,7% árshækkun þegar þróun fasteignaverðs er meðtalin er helmingi minni hækkun að henni frátalinni sé ekki endilega besti mælikvarðinn á almennt þensluástand í efnahagslífinu. Þess vegna vil ég beita mér fyrir því eins og fram kom á ársfundi Seðlabankans að fram fari sérstök skoðun á því hvort sú viðmiðun sem Seðlabankanum er gert að lúta hvað varðar verðbólgumarkmið sé of þröng og mun ég ræða það við Seðlabankann frekar á næstunni.

[12:09]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda. Það er mikilvægt að í forsendum vísitalnanna felist ekki sérstakt sjálfskaparvíti fyrir okkur. Nú hef ég skilið það svo að á flokksstjórnarfundi Framsóknarflokksins hafi verið ályktað almennt gegn verðtryggingunni og vil ég því nota tækifærið og inna ráðherrann eftir því hvort hann hafi einhverjar fyrirætlanir um að draga úr vægi verðtryggingarinnar eða taka einhver skref til að minnka vægi hennar í efnahagslífinu og fylgja fram stefnuyfirlýsingum flokksstjórnarfundarins eða hvort þessi mál séu yfir höfuð ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar.

[12:10]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra svörin og finn að hann deilir þessum áhyggjum með mér og reyndar fleirum í umræðunni um verðbólguþróunina og hvernig fasteignaverð er reiknað inn í vísitöluna. Það er ekkert smámál ef vísitalan hækkar tvöfalt meira en eðlileg ástæða væri til vegna skyndibólna á fasteignamarkaði. Verðbólgan hækkar skuldir heimilanna og skuldir húseigenda, þannig að það er ekki bara hin ímyndaða eignaaukning sem kemur

vegna hækkunar á fasteignaverði heldur hækka skuldirnar líka á móti og þar af leiðandi greiðslubyrðin. Og þrátt fyrir hina miklu hækkun stýrivaxta hjá Seðlabankanum, sem bitnar hart á atvinnulífinu, á einstaklingum sem verða að leita að fjármagni á skammtímamarkaði eða skammtímalánum fer verðbólgan svona upp. Það verður því að horfa til allra leiða til að verðbólgan mælist ekki hærri en raunverulegt efnahagsástand gefur til kynna.

Ég geri mér grein fyrir mikilvægi húsnæðiskostnaðarins í vísitölunni og það er alls ekki verið að gera því skóna að draga eigi úr vægi hennar. Hins vegar getur húsnæði sem markaðsvara, sem farin er að ganga á markaði til að kaupa og selja til fjárhagslegs ávinnings, ekki verið raunsannur mælikvarði á húsnæðiskostnað sem við hugsum til, til þarfa einstaklingsins og fjölskyldnanna í landinu. Því fagna ég því (Forseti hringir.) ef hæstv. ráðherra ætlar að beita sér fyrir endurskoðun á þessu.

[12:13]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þegar litið er til allra þeirra þátta sem skipta máli í þessu samhengi er ljóst að þrátt fyrir hækkun vísitölunnar hefur greiðslubyrði lána vegna húsnæðismála verið að léttast. Vextir hafa lækkað, lánstími hefur lengst og þar af leiðandi hefur greiðslubyrðin verið að léttast. Auðvitað hefur þetta bætt hag almennings í landinu. Það liggur líka fyrir að hækkandi fasteignaverð eykur eignir Íslendinga þannig að þeir eiga meira í húsnæði sínu en áður var. Líta þarf til allra þessa þátta þegar litið er til hags fólks í þessu samhengi.

Út af fyrirspurn hv. þm. Helga Hjörvars liggur fyrir að menn hafa á undanförnum árum verið að draga úr vægi verðtryggingarinnar. Verðtrygging hefur minnkað verulega á styttri lánum en ekki á langtímalánum. Það er stefna flokks míns og ég tel að það sé stefna allra flokka hér á landi að fjármagnsmarkaður á Íslandi geti verið með svipuðum hætti og gengur og gerist í löndunum í kringum okkur og það er að mínu mati mikilvægt og nauðsynlegt að enn frekar dragi úr gildi verðtryggingarinnar eins og er víðast hvar í kringum okkur. Hins vegar er þetta spurning um traust á íslensku efnahagslífi, traust á fjármagnsmarkaði. Við höfum hingað til varlega stigið skref í þessa átt. Ég tel að við eigum að halda því áfram og það muni fyrst og fremst ráðast af því trausti sem íslenski fjármálamarkaðurinn og íslenska efnahagslífið býr við og sem betur fer hefur það farið mjög vaxandi, sérstaklega í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga.

Fsp. JóhS, 457. mál. — Þskj. 706.

[12:15]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir fjórum árum samþykkti Alþingi tillögu sem fulltrúar allra flokka á Alþingi stóðu að, um að gerð yrði heildarstefnumótun í málefnum barna og unglinga með það að markmiði að tryggja hag og velferð barna og unglinga á öllum sviðum þjóðlífsins. Á grundvelli stefnumótunar í þessum málum var ríkisstjórninni falið að gera 5 ára framkvæmdaáætlun í samráði við opinberar stofnanir og félagasamtök og leggja hana fyrir Alþingi til staðfestingar eigi síðar en á haustþingi 2002.

Í október 2003 lofaði Davíð Oddsson, ári eftir að framkvæmdaáætlunina átti að leggja fyrir þingið, að framkvæmdaáætlunin yrði lögð fyrir Alþingi til staðfestingar, umræðu og afgreiðslu á því þingi, á árinu 2003. Við það var ekki staðið og málið saltað í tvö ár til viðbótar. Fyrst nú í janúar er dustað rykið af þessu verkefni, eftir að ég hafði rekið á eftir því með fyrirspurn til forsætisráðherra fyrir bráðum þremur mánuðum. Þessari fyrirspurn er nú fyrst svarað. Það er full ástæða til að gagnrýna bæði fyrrverandi og núverandi forsætisráðherra fyrir það hvernig hér hefur verið staðið að málum og stöðu þessa verkefnis, nú nærri þremur árum eftir að forsætisráðherra átti að vera búinn að leggja fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun í málinu.

Um þverbak keyrði í vinnubrögðum forsætisráðuneytisins í þessu máli í gær þegar enn var neitað að svara þessari fyrirspurn en þess í stað vísað til þess að skýrsla um málið með að mestu 2–3 ára gömlum upplýsingum og tillögum og sumar hverjar úr sér gengnar hafi verið sett í hólf þingmanna. Skilaboðin voru þau að þessi skýrsla yrði síðan send nýskipaðri fjölskyldunefnd forsætisráðherra til umfjöllunar. Eftir gagnrýni mína á þá málsmeðferð var fyrirspurn mín frá 20. janúar í þessu máli loks sett á dagskrá í morgun. Ég óska eftir því, herra forseti, að sú skýrsla sem lögð var í hólf þingmanna í gær verði tekin til efnislegrar umfjöllunar á Alþingi og að forsætisráðherra gefi Alþingi skýrslu um efni hennar því að hér er um aðkallandi mál að ræða sem sum hver þola ekki bið.

Í þessari skýrslu sem fyrir liggur kemur fram að hér á landi er að finna mikla brotalöm í málefnum barna. Gagnrýni er mikil á óskilvirkni kerfisins, að alla heildarsýn og samhengi vanti og afar brýnt sé orðið að skoða verkaskiptingu milli stofnana og ráðuneyta og skilgreina hvar ábyrgð liggi, auk þess sem miklum agnúum er lýst á bóta- og velferðarkerfinu varðandi hag barna. Í skýrslunni er sérstaklega nefnt að úrbóta sé þörf í málefnum fátækra barna, nýbúa, barna með geðraskanir og barna og ungmenna í vímuefnavanda. Þarna kemur líka fram að kynferðisleg misnotkun barna sé stórum útbreiddari en álitið hefur verið hingað til. Ég spyr ráðherra hvort hann fallist á ósk mína um að skýrslan verði tekin til efnislegrar umfjöllunar á Alþingi á næstu dögum og að forsætisráðherra leggi fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fimm ára þar sem skilgreint verði og forgangsraðað hvernig ráðast eigi í brýn úrlausnarefni í málefnum barna og ungmenna. Önnur vinnubrögð í þessu máli eru fullkomlega óásættanleg, og óásættanlegt fyrir þingið sem hefur kallað eftir allt annarri málsmeðferð að það taki fjögur ár að afgreiða þetta mál og að loks þegar það liggur fyrir eigi að vísa því í aðra nefnd.

[12:19]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Því er til að svara að sú nefnd sem þáverandi forsætisráðherra skipaði haustið 2002 og var falið að

undirbúa stefnu í málefnum barna og unglinga skilaði skýrslu til forsætisráðherra í lok síðasta mánaðar. Sú skýrsla var send Alþingi með bréfi þann 1. apríl sl.

Þann 1. febrúar árið 2002 skipaði ég með samþykki ríkisstjórnarinnar nefnd til að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar og koma með tillögur í því augnamiði að styrkja stöðu hennar. Ég hef því ákveðið að fela þeirri nefnd að fara yfir þær tillögur sem í skýrslunni er að finna með það í huga að fella þær að öðrum tillögum sem miða að því að styrkja stöðu fjölskyldunnar í landinu. Ég tel eðlilegan farveg að fela fjölskyldunefndinni næsta skref í mótun opinberrar stefnu í málefnum barna og ungmenna enda hlýtur slík stefna að vera hluti af opinberri stefnu í málefnum fjölskyldunnar.

Ég hef farið þess á leit við fjölskyldunefndina að hraða eins og frekast er kostur yfirferð yfir skýrslu þeirrar nefndar sem nú hefur skilað áliti um stefnumörkun í málefnum barna og ungmenna þannig að því starfi sem ályktun Alþingis kvað á um verði lokið sem fyrst.

Eins og fram kemur í inngangi skýrslunnar hefur starf nefndarinnar af ýmsum ástæðum tekið lengri tíma en upphaflega var áætlað, eins og oft vill verða. Nefndin aflaði sér yfirgripsmikilla upplýsinga og leitaði eftir sjónarmiðum fjölmargra aðila. Þá einsetti nefndin sér að leita eftir sjónarmiðum barna varðandi stefnuna og hafa víðtækt samráð við aðila sem þekkja til málefna barna. Úrvinnsla alls þessa kallar á mikla vinnu ef vel á að takast til um samræmdar og samþættar aðgerðir.

Af lestri skýrslunnar er augljóst að þar er að finna mikilvægar upplýsingar um þennan málaflokk sem er fram settur með skipulegum hætti. Hún mun því koma að mjög góðu gagni við endanlega mótun opinberrar stefnu í málaflokknum og við gerð áætlunar um framkvæmd hennar.

Nefndin setur fram sjö meginmarkmið í stefnu í málefnum barna og ungmenna sem hún telur vera brýnustu úrlausnarefnin á þessu sviði. Jafnframt gerir nefndin ítarlega tillögu um nánari útfærslu allra markmiðanna. Nefndin telur að athuguðu máli að brýnustu úrlausnarefnin í þessum málaflokki séu eftirfarandi:

1. að aðgerðir hins opinbera í þágu barna og ungmenna, stjórnun þeirra og framkvæmd séu ávallt markvissar, skilvirkar og árangursríkar,

2. að ávallt liggi fyrir heildstæðar og áreiðanlegar almennar upplýsingar um börn og ungmenni hérlendis,

3. að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu,

4. að efla heilsugæslu í skólum,

5. að fjárhagslegur stuðningur hins opinbera við fátækar barnafjölskyldur sé nægur og skilvirkur,

6. að forvarnir í greiningu og meðferð geð- og atferlisraskana hjá börnum og ungmennum verði aðgengilegar, skilvirkar og árangursríkar,

7. að börn af erlendum uppruna fái öflugan stuðning opinberra aðila til að aðlagast hinu nýja íslenska samfélagi.

Ég dreg ekki í efa að nefndinni ratist rétt til í þessu mati sínu á áherslum. Ég tel hins vegar afar mikilvægt að við frekari stefnumótun og úrlausn viðfangsefna sé litið til fjölskyldunnar í heild. Þó svo að hið opinbera hafi vissulega mikilvægum skyldum að gegna gagnvart börnum og unglingum má aldrei gleyma mikilvægi foreldranna við uppeldi og aðhlynningu barna sinna.

[12:23]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Þar sem ég var formaður téðrar nefndar sem er til umræðu í dag er mér bæði ljúft og skylt að svara fyrir hana. Það voru ýmsar ástæður sem lágu að baki því að nefndin gat ekki lokið starfi sínu fyrr en í síðasta mánuði en aðalatriðið er að skýrslan er komin fram og að í henni eru mjög mörg góð markmið, góðar tillögur sem eru rökstuddar á ágætan hátt. Ég vísa því á bug að þetta séu úreltar upplýsingar. Ýmsir kaflar hafa verið endurskoðaðir frá upphafi. Sérstaklega vil ég þá benda á kafla sem lýtur að heilbrigðisráðuneytinu og það má geta líka um það að margt hefur færst til betri vegar frá því að tillagan upphaflega kom fram og sem betur fer er íslensk ríkisstjórn og Alþingi alltaf að bæta hag fjölskyldnanna í landinu.

[12:24]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Alþingi samþykkti í gær ósk mína um skýrslu um fátækt og hag barna þar sem kallað er m.a. eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Ég vona svo sannarlega að hæstv. forsætisráðherra muni sinna betur að svara þeirri skýrslubeiðni en haldið hefur verið á þessu máli. Ég verð að segja að það að ætla að vísa málinu áfram í nefnd og vera með einhverjar almennar stefnuyfirlýsingar eftir margra ára vinnu er alls ekki viðunandi, hæstv. forsætisráðherra.

Í skýrslunni segir að nefndir séu ofnotað úrræði í málefnum barna. Það sem hér þarf að liggja fyrir og ætti að vera búið að leggja fram, samkvæmt samþykktum þingsins fyrir löngu, eru framkvæmdaáætlanir. Okkur miðar ekkert í því að taka á þeim margvíslegu vandamálum sem löngu eru kunn og margar nefndir hafa bent á nema lögð sé fram framkvæmdaáætlun, sett niður verkefni, tímasetningar og mælanlegur árangur. Nefndir skipar (Forseti hringir.) ríkisstjórnin í hundruða tali og þær geta framleitt skýrslur út í eitt (Forseti hringir.) án þess að hagur barna og unglinga á Íslandi batni hætis hót.

[12:25]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þau orð sem koma fram í skýrslunni sem við hér ræðum og hv. síðasti ræðumaður gat um. Nefndir eða skýrslur eru ofnotað úrræði í málefnum barna. Hér verður að bretta upp ermar og hefja framkvæmdir. Þess vegna tek ég heils hugar undir kröfu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem leggur hér til að þessi skýrsla fái sjálfstæða umræðu í þinginu, það er lífsnauðsynlegt, og síðan að búin verði til framkvæmdaáætlun til a.m.k. næstu fimm ára. Við vitum af þeim skýrslum og rannsóknum sem fyrir liggja hvar skórinn kreppir fyrst og fremst. Við þurfum að grípa til úrræða og það er forkastanlegt að málefni barna og unglinga skuli ekki fá meiri forgang, meiri orku frá okkur hér en raun ber vitni með því að þeim er slefað stöðugt inn í fleiri nefndir og fleiri skýrslur.

Hér verður að grípa til úrræða og ég tek undir kröfu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

[12:26]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í skýrslu forsætisráðherra sem lögð var í hólf þingmanna kemur fram að 130 einstaklingar, m.a. helstu sérfræðingar á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu sem um málefni barna fjalla, hafa komið að þessu verkefni sem Alþingi ályktaði um fyrir fjórum árum. Heimildir um gögn og rannsóknir sem stuðst hefur verið við eru bæði innlendar og erlendar og eru 95 talsins. Verkefnið hefur tekið fjögur ár og það er því fullkomlega óásættanlegt að forsætisráðherra hafi þá einu tillögu fram að færa að vísa málinu á nýjan leik í nefnd sem er að fjalla almennt um stöðu íslensku fjölskyldunnar.

Umboðsmaður barna hefur kallað eftir þessari framkvæmdaáætlun árlega sl. 10 ár. Umboðsmenn barna annars staðar á Norðurlöndunum hafa fyrir löngu síðan fengið slíka framkvæmdaáætlun að vinna eftir. Ég krefst þess að hæstv. forsætisráðherra fari að vilja Alþingis og ég átel harðlega verði það ekki gert. Það staðfestir fyrst og fremst að forsætisráðherra ræðir málefni fjölskyldunnar og barna bara á tyllidögum, í áramótaávörpum og rétt fyrir kosningar en á borði þegar til kastanna kemur eru þetta bara orðin tóm í munni forsætisráðherra. Hæstv. forsætisráðherra hefur ekki svarað ósk minni um það að skýrslan sem lögð var í hólf þingmanna verði tekin til sérstakrar umfjöllunar á þingi. Ég hef formlega óskað eftir því og farið fram á það að forsætisráðherra geri Alþingi formlega grein fyrir þessari skýrslu.

Forsætisráðherra hefur heldur ekki svarað því hvort hann muni leggja fram framkvæmdaáætlun um þetta verk. Það væri raunar miklu nær að þessi skýrsla sem lögð verður í hólf þingmanna verði falin umboðsmanni barna til úrlausnar og að umboðsmaður barna vinni slíka framkvæmdaáætlun til fimm ára á grundvelli skýrslunnar sem nú liggur fyrir sem síðan yrði lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar og staðfestingar. Ég gagnrýni það harðlega að forsætisráðherra hunsi þau vinnubrögð sem Alþingi (Forseti hringir.) hefur lagt til í þessu máli í þeirri tillögu sem lögð var fyrir Alþingi (Forseti hringir.) fyrir fjórum árum.

[12:29]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talar eins og ekkert geti gerst í málefnum barna og ungmenna nema með hliðsjón af þessari þingsályktunartillögu, og eins og ekkert sé að gerast í málefnum barna og ungmenna í landinu. Sem betur fer á sér stað hvern einasta dag viðamikið starf að því er varðar börn og ungmenni og miklar framfarir hafa orðið á þeim sviðum. Ég vil t.d. nefna að forsætisráðuneytið hefur tekið upp samstarf við Velferðarsjóð barna og þjóðkirkjuna um átak sem heitir Verndum bernskuna og það starf er í fullum gangi. Nýlega hafa verið samþykktar tillögur á Alþingi um að stórhækka barnabætur sem verður til þess að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Á undanförnum árum hefur mikið starf verið unnið með því að efla menntun barna og ungmenna, styrkja skólana og efla forvarnastarf í landinu þannig að ég botna ekkert í því hvaða augum hv. þingmaður lítur það mikla starf sem hefur átt sér stað.

Hitt er svo annað mál að sífellt þarf að vera að vinna að þessum málum og framgangi þeirra. Það hefur verið gert og það verður gert áfram. En það verður ekki eingöngu gert, hvorki með nefndarstarfi né þingsályktunartillögum þó að það sé mjög mikilvægt að ræða þessi mál á Alþingi.

Um fundarstjórn.

Umræða um skýrslu um málefni barna og unglinga.

[12:31]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Eins og hæstv. forseti hefur væntanlega tekið eftir óskaði ég eftir því að hæstv. forsætisráðherra mundi svara þeirri ósk minni að þessi skýrsla sem lögð var í hólf þingmanna í gær yrði tekin til formlegrar og efnislegrar umræðu. Ég hef með formlegum hætti og geri það aftur hér og nú óskað eftir því við forseta að skýrslan verði tekin til efnislegrar umfjöllunar og tel það miður að forsætisráðherra hafi ekki séð ástæðu til að svara því í umræðunni að hann fallist á að skýrslan verði tekin til umræðu. Ég verð þó að líta svo á að hæstv. forsætisráðherra hafi ekki hafnað því og ég ítreka þá ósk mína að það verði gert á næstu dögum.

Ég segi það líka við hæstv. forseta að það er ekki viðunandi fyrir okkur þingmenn að hæstv. ráðherrar hunsi vilja Alþingis sem fram kemur í tillögum sem Alþingi hefur samþykkt með öllum greiddum atkvæðum þingmanna um að lögð verði fyrir Alþingi framkvæmdaáætlun til fimm ára í þeim málefnum sem við ræddum hér. Þess í stað fer forsætisráðherra allt aðra leið og vísar málinu á nýjan leik í nefnd. Þetta eru óásættanleg vinnubrögð af hálfu hæstv. forsætisráðherra.

[12:32]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Sú ósk hv. þingmanns sem fram kom í máli hennar áðan hlýtur að verða tekin til skoðunar.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Fsp. DrH, 627. mál. — Þskj. 945.

[12:32]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Lög um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga tóku gildi 1. júlí 1997. Tilgangur sjóðsins er að vera tryggingasjóður vegna atvinnuleysis sjóðfélaga.

Sjóðfélagar eru í fyrsta lagi bændur sem stunda búrekstur í atvinnuskyni og undir búrekstur fellur hvers konar búfjárrækt.

Í öðru lagi smábátaeigendur. Útgerðaraðilar smábáta undir 10 brúttótonnum sem hafa leyfi til að veiða í atvinnuskyni.

Í þriðja lagi vörubifreiðastjórar sem stunda leiguakstur eigin vörubifreiðar samkvæmt lögum um leigubifreiðar.

Í fjórða lagi. Aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Eins og nafn sjóðsins gefur til kynna eru í honum ein-

staklingar sem hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur sem hafi fátt eða ekkert starfsfólk í vinnu og flestir sjóðfélagar flokkast því sem einyrkjar. Tilgangur sjóðsins er að vera Tryggingasjóður vegna atvinnuleysis sjóðfélaga af einhverjum orsökum, svo sem vegna loka sjálfstæðrar starfsemi. Allt frá upphafi hafa bændur gagnrýnt mjög sjóðinn, gagnrýnt að þeir séu að greiða í hann vegna þess að þeir hafa mjög litla möguleika á að fá greitt úr sjóðnum nema með því að hætta allri starfsemi.

Fjármunir hafa safnast fyrir í Tryggingasjóðnum á síðustu árum og hafa bændur áhuga á að það sé kannað hvort og þá hvernig hægt væri að greiða út greiðslu sjúkradagpeninga eða á hvern hátt væri hægt að nýta þá fjármuni í þágu bænda. Við vitum að bændum fækkar ár frá ári og því hlýtur greiðendum í sjóðinn einnig að fækka og það hefur enn fremur áhrif á sjóðinn að þeir bændur sem stofna einkahlutafélög um rekstur búa sinna hætta líka að greiða í sjóðinn. Aðalatriðið er því hvernig er hægt að nýta þá fjármuni best til góða fyrir sjóðfélaga. Spurningar mínar til hæstv. félagsmálaráðherra, Árna Magnússonar, eru eftirfarandi:

Hvað greiddu bændur til Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga árlega á tímabilinu 1998–2004?

Hvað fengu bændur árlega í atvinnuleysisbætur á sama tímabili?

Hvaða önnur útgjöld hefur A-deild sjóðsins, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 317/2003?

Hversu mikil er uppsöfnuð innstæða bænda?

Sér ráðherra ástæðu til að breyta reglum um atvinnuleysistryggingar bænda að fenginni reynslu þannig að greiðslur frá þeim nýtist bændum betur?

[12:35]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir hefur lagt fyrir mig fyrirspurn um stöðu bænda innan Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga. Áður en ég svara spurningum er lúta að tölulegum upplýsingum langar mig að rifja upp tildrög þess að sérstakur sjóður var stofnaður og hefði þann tilgang að vera Tryggingasjóður vegna atvinnuleysis tiltekinna hópa sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Forveri minn í starfi skipaði nefnd til að kanna réttindi og skyldur sjálfstætt starfandi einstaklinga innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Það var mat nefndarinnar á sínum tíma að það væru sameiginlegir hagsmunir bænda, smábátaeigenda og vörubifreiðastjóra að stofnaður yrði sérstakur sjóður þeim til handa. Væri þannig eðlilegt að þessar stéttir hefðu áhrif á réttindi sín og skyldur innan atvinnuleysistryggingakerfisins með aðild að stjórn og úthlutun bóta. Enn fremur var lagt til að reglur um skilyrði bótaréttar væru hliðstæðar þeim sem giltu um aðrar stéttir sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Á þessi rök féllst Alþingi á árinu 1997 er samþykkt var að stofnaður yrði sérstakur sjóður með sjóðstjórn er lög um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga voru samþykkt. Því hlutverki, hæstv. forseti, hefur sjóðurinn gegnt allar götur síðan.

Hlutur hverrar stéttar er sérgreindur innan deilda sjóðsins og greiddu bændur 18,7 milljónir inn í sjóðinn á árinu 1998, 19,9 árið 1999, 18,7 árið 2000, 14,4 árið 2001, 14,7 árið 2002, 11,7 árið 2003 og 11 millj. kr. á árinu 2004 eða samtals 109,1 millj. kr. Á sama tíma voru útgreiðslur til bænda eftirfarandi: 12 millj. kr. voru greiddar út á árinu 1998, 11,8 árið 1999, 7,6 árið 2000, 4,5 árið 2001, 6,6 árið 2002, 11,7 árið 2003 og 9,5 árið 2004 eða samtals 63,7 millj. kr.

Bændur greiða árlega um 1,7 millj. kr. að meðaltali í rekstrarkostnað sjóðsins eða um 60% af rekstri hans. Uppsöfnuð innstæða bænda nam 118 millj. kr. við lok ársins 2003. Er áætlað að þessi tala hafi numið um 120 millj. kr. í árslok síðasta árs.

Hæstv. forseti. Á árinu 2003 var ráðist í að breyta reglugerð um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga samanber reglugerð nr. 317/2003. Þar voru gerðar nokkrar breytingar á efni reglugerðarinnar sem þóttu leiða til rýmkunar á rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga. Eðli málsins samkvæmt eru þó áfram gerðar kröfur um að fyrir liggi upplýsingar frá hlutaðeigandi stofnunum um sannanlega stöðvun rekstrar. Verður ekki séð að lengra verði gengið í að rýmka rétt bænda til atvinnuleysistryggginga.

Í þessu sambandi hlýtur, hæstv. forseti, að vera nauðsynlegt að líta til tilgangs atvinnuleysistryggingakerfisins sem er að tryggja fólki lífsviðurværi ef það missir vinnu sína tímabundið. Á sama tíma er það gert að skilyrði að einstaklingarnir séu í virkri atvinnuleit og séu reiðubúnir að taka þeim störfum sem í boði eru. Enn fremur verður að horfa til þess að um er að ræða samtryggingakerfi sem er fjármagnað af tryggingagjaldi sem launagreiðendum ber að standa skil á. Er þeim fjármunum ekki ætlað að nýta til annarra hluta en greiðslu atvinnuleysisbóta.

Hingað til hefur verið litið svo á að það sé kostur þegar sjóðir eins og þessi hafa það svigrúm að safna í sjóð þegar atvinnuleysi er langt. Eru þeir þá betur í stakk búnir til að takast á við þá tíma er atvinnuleysi eykst og útstreymi úr sjóðnum sömuleiðis án þess að til komi hækkun á tryggingagjaldi eða aðrar sérstakar aðgerðir til að bæta stöðu þeirra. Það heyrir, hæstv. forseti, til undantekninga að framlög einstakra stétta sé sérgreint inni í samtryggingasjóði eins og Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga er upp byggður. Slíkt gildir t.d. ekki um þær stéttir sem greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Verður því ekki séð að sanngirni felist í því að bændur nytu þeirrar sérstöðu að unnt væri að greiða út framlög þeirra til atvinnuleysistryggginga til annars en greiðslu atvinnuleysisbóta.

[12:39]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Mig langar að gera örstutta athugasemd við þetta mál og spurning mín í rauninni er: Hvað er landbúnaður? Er landbúnaður ekki atvinnurekstur og eigum við ekki að horfa til þess að landbúnaðurinn sé atvinnurekstur að öllu leyti og meðhöndla hann þá með tilliti til þessa með sama hætti?

Ef landbúnaðurinn er meðhöndlaður sem atvinnurekstur komumst við hjá þeim vandamálum sem hér er verið að tala um og ég hygg að við eigum að gera það. Það eru til mörg dæmi þess einmitt þegar um er að ræða hjón sem stunda landbúnað, að þessi sjóður kemur ekki að gagni t.d. við hjónaskilnað eða eitthvað ámóta sem kemur upp hjá hjón-

um vegna þess að þá er sá einstaklingur sem fer frá búrekstri ekki lengur bóndi, ekki skráður sem bóndi. Þess vegna eigum við að horfa til þess að landbúnaðurinn sé rekinn eins og hvert annað fyrirtæki á sérkennitölu.

[12:40]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Það er fátt um svör finnst mér í rauninni þegar kemur í ljós að greiðslurnar inn í sjóðinn frá bændum lækka ár frá ári og það gefur að skilja vegna þess að bændum fækkar, þeir eru að stofna einkahlutafélög og borga þar af leiðandi ekki inn í sjóðinn.

Ég tek undir með hv. þm. Kjartani Ólafssyni hvað varðar bændur og einmitt réttindi kvenna í bændastétt við skilnað. Ef þær fara frá búinu njóta þær einskis úr þessum sjóði. Þá kemur það bara í framhaldi af þeirri umræðu sem var í Alþingi í gær um jafnrétti kynjanna í landbúnaði og réttindi kvenna.

Ég held og vænti þess að hæstv. ráðherra skoði þessi mál með bændastéttinni, með forustumönnum bænda. Ég held að þeir hafi mikinn áhuga á að breyta þessu vegna þess að þetta nýtist þeim mjög illa. Ég held að þær tölur sem koma hér fram, hvað greitt er út úr sjóðnum, fara líka lækkandi ár frá ári. Þeir greiða inn 11 milljónir en eru að fá út úr honum 9 milljónir. Ég spyr: Er þessi sjóður ekki bara barn síns tíma og ætti ekki að leggja hann niður og menn tryggi sig á annan hátt?

[12:42]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Sá er hér stendur mun að sjálfsögðu ræða við bændur og fulltrúa þeirra óski þeir eftir því um þetta mál. Það skal ekki standa á mér í þeim efnum. Við verðum að hafa í huga, hæstv. forseti, eins og ég sagði áðan og ítreka hvers eðlis þessi sjóður er. Þetta er sjóður sem ætlað er að standa straum af bótum til fólks sem er tímabundið án atvinnu. Til þess er hann hugsaður og þannig er hann upp byggður. Við verðum að gæta jafnræðis og sanngirni við rekstur atvinnuleysistryggingakerfisins í heild.

Hins vegar kann vel að vera að það sé skoðun bænda og það megi finna því einhvern farveg að þeir tryggi sig með öðrum hætti og ég er að sjálfsögðu tilbúinn til að ræða það við þá á réttum vettvangi.

Leigulóðaréttindi sumarhúsaeigenda.

Fsp. GHall, 645. mál. — Þskj. 976.

[12:43]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra um sumarbústaðalóðir í ljósi þeirra staðreynda að nú eru um 12–13 þúsund sumarbústaðir í eigu landsmanna og flestir þeirra eru þannig í sveit settir að um leigulóðir er að ræða. Gerð var könnun árið 2004 í júní og september sem unnin var fyrir samgönguráð um aðgengi landsmanna að sumarhúsum. Í 1.100 manna úrtaki kemur fram að 19% eiga sumarhús, 27% hafa aðgang að sumarhúsum, eða samtals 46% landsmanna sem tengjast sumarhúsum á einhvern hátt.

Dæmi er um að jörð með sumarbústöðum á leigulóðum með 20 ára leigusamning hafi verið seld. Það hafi verið gerðir leigusamningar jafnvel frá 1980, til 20 ára, og þá nálgast að leigusamningi sé lokið. Dæmi er um að hinn nýi kaupandi jarðar hafi sett mönnum afarkosti annaðhvort með því að hækka lóðaleigu verulega eða bjóða mönnum spilduna á ofurverði. Að öðrum kosti verði menn að fara með sumarhúsið sitt. Ég beini þessari spurningu eðlilega til félagsmálaráðherra m.a. vegna þess að við erum með dæmi um byggingameistara sem byggja blokkir og það fellur undir iðnaðarráðuneyti á meðan byggingin stendur yfir. Síðan eru stofnuð húsfélög og þá falla þau lög og þær reglugerðir að félagsmálaráðherra. Þess vegna er eðlilegt að ég beini spurningu minni til félagsmálaráðherra varðandi réttarstöðu þessa fólks og hvort ekki sé eðlilegt að hennar sé gætt og hef þess vegna lagt fram eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. félagsmálaráðherra:

1. Hver er réttur þeirra sem leigja lóð af landeiganda undir sumarbústað til að bregðast við óeðlilegri hækkun afgjalda eða annarri skerðingu réttinda?

2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að réttur lóðaleiguhafa í þessu sambandi verði skilgreindur nánar í lögum?

[12:46]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Fyrst er að segja að ekki hafa verið sett sérstök lög hér á landi um samninga um lóðir undir sumarbústaði. Um slíka samninga gilda því almennar reglur kröfu- og samningsréttar. Má sérstaklega benda á lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936. Í norrænum rétti er fátítt að sett hafi verið lög sem almennt gilda um leigusamninga. Hér hafa hins vegar verið sett lög um nokkrar tegundir slíkra samninga, samanber húsaleigulög, nr. 36/1994, og ábúðarlög, nr. 80/2004.

Um leigusamninga gildir hins vegar regla hins almenna samningsréttar um samningsfrelsi borgaranna og geta því efni og kjör samnings verið að vild svo fremi að samningsákvæði séu ekki andstæð lögum. Við samningsgerð er mikilvægt að huga að því að í samningnum séu skýr ákvæði um leigutíma og hugað sé að samningslokum. Í upphafi skyldi endinn skoða.

Ákvæði III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum, veita þó samningsaðila ákveðna vernd. Í því sambandi má sérstaklega benda á 36. gr. laganna þar sem segir í 1. mgr. að samningi megi víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við mat samkvæmt ákvæðinu er litið til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Á þetta ákvæði gæti hugsanlega reynt ef deilt er um óeðlilega hækkun afgjalda gildandi samnings þótt ekki sé mér kunnugt um að slík mál hafi komið fyrir dómstóla.

Um réttarstöðu við lok tímabundins leigusamnings er unnt að benda á a.m.k. einn dóm Hæstaréttar í máli nr. 135/1998, þar sem leigutökum var gert að fjarlægja bótalaust sumarbústað af landi sem leigt hafði verið til 25 ára,

enda ekki um annað samið. Ekki verður fullyrt, hæstv. forseti, hvort og þá hvaða fordæmisgildi sá dómur kynni að hafa.

Í öðru lagi spyr hv. fyrirspyrjandi hvort ráðherra hyggist beita sér fyrir því að réttur lóðaleiguhafa verði skilgreindur nánar í lögum í þessu sambandi. Varðandi það get ég upplýst að á síðasta áratug fór í tvígang fram úttekt á málefnum sumarhúsaeigenda á vegum félagsmálaráðuneytisins, einkum með tilliti til laga um tekjustofna sveitarfélaga og raunar einnig laga um skipulags- og byggingarmál.

Fyrri úttektin var unnin af starfshópi sem skipaður var í apríl 1993 og skilaði áliti rúmu ári síðar. Starfshópurinn skoðaði m.a. möguleika á gerð staðlaðs eyðublaðs fyrir lóðasamninga milli landeiganda og væntanlegs sumarhúsaeiganda en taldi að lokum ekki ástæðu til slíks. Á hinn bóginn taldi hópurinn rétt að í lögum og reglugerðum kæmu fram þau atriði sem nauðsynlegt væri að tilgreina í lóðasamningi svo réttarstaða aðila væri ljós. Starfshópurinn lagði áherslu á að ákvæði skipulags- og byggingarlaga er snerta byggingu sumarbústaða yrðu endurskoðuð í heild sinni. Haft muni að leiðarljósi að yfirsýn um réttindi og skyldur sumarhúsaeigenda, landeigenda og sveitarfélags verði skýrari. Sérstaklega var nefnt að kveða ætti á um að lóðaleigusamningur yrði að vera í samræmi við skipulagsskilmála.

Síðari úttektin var unnin af nefnd sem var skipuð hinn 23. febrúar 1996 og skilaði áliti í lok maí sama ár. Á árinu 1996 var gerð breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga að hluta til á grundvelli álits þeirrar nefndar. Um stöðlun leigusamninga segir í áliti síðari nefndarinnar að staðlaðir samningar um leigu lóða í þéttbýli séu í notkun hjá flestum sveitarfélögum, t.d. hafi Þingvallanefnd látið lögfræðistofu útbúa fyrir sig form lóðaleigusamnings. Enn fremur sé hægt að benda á samninga sem notaðir eru þar sem sveitarfélög sjá um úthlutun sumarhúsalóða.

Frekari skoðun, hæstv. forseti, á réttindum sumarhúsaeigenda hefur ekki farið fram á vegum félagsmálaráðuneytisins. Álitamálið sem þessi fyrirspurn beinist að flokkast undir skipulags- og byggingarmál og er því á forræði umhverfisráðuneytis. Ég er engu að síður tilbúinn að taka þátt í áframhaldandi umræðu um þessi mál. Ég tel raunar að réttindi sumarhúsaeigenda séu a.m.k. á köflum fyrir borð borin og þar megi úr ýmsu bæta.

[12:50]

Lára Stefánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. þingmaður hafi tekið þetta mál upp. Réttindi sumarbústaðaeigenda hafa, eins og hæstv. ráðherra sagði rétti áðan, verið dálítið fyrir borð borin. Fólk hefur verið að byggja upp í landinu bæði gróður og umhverfi, rækta landið og byggja hús en réttindi þess hafa oft verið fyrir borð borin í því samhengi. Sérstaklega, eins og hv. þingmaður tók fram, þegar kemur að rétti þess að sitja á þeirri jörð eða landi sem það hefur reist bústað. Ég fagna þessu og hvet ráðherra eindregið til að skoða réttarstöðu sumarbústaðaeigenda og gera átak í málefnum þeirra þannig að uppbygging og starfsemi sem tengist réttindum fólksins til þjónustu á sumarbústaðalandi sé í samræmi við það sem eðlilegt má telja.

[12:51]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Eins og ég kom inn á áðan er ekki um neinn smáhóp að ræða en verulegu máli skiptir að réttarstaða hans sé nokkuð ljós og örugg.

Yfirleitt eru lóðaleigusamningar vegna sumarhúsa gerðir til 20–25 ára, þeir voru áður til lengri tíma en ég man ekki betur en að á sínum tíma hafi þáverandi félagsmálaráðherra, þ.e. Jóhanna Sigurðardóttir, komið fram með ákvæði um stærð sumarhúsa o.s.frv. Ég held ég sé að fara með rétt mál, að þar hafi félagsmálaráðuneytið blandað sér inn í málið.

Í annan stað veit ég ekki betur en ákvæði um 20–25 ára lóðaleigusamninga sé samkvæmt reglum sem annaðhvort koma frá félagsmálaráðuneyti eða frá sveitarfélögunum sjálfum. Það er ákaflega takmarkandi í ljósi þeirra krafna sem nú eru gerðar til sumarbústaðaeigenda varðandi sorphirðugjald og annað, t.d. holræsagjald o.fl. Meðan sumarbústaðaeigendur búa að þessum jörðum bera þeir miklar og margar skyldur sem þeir sinna og því er mjög óeðlilegt að minni kvöð sé á landeigendum, eins og ég kom inn á áðan, t.d. ef eigendaskipti verða á jörðinni, að þá sé nánast hægt að svipta menn þessum rétti. Menn hafa kannski keypt jörðina of dýru verði þannig að endurskoða þarf leigusamninginn til að ná upp í þann kostnað.

Við skulum ekki gleyma því mikla og góða hlutverki sem sumarbústaðaeigendur þjóna við landgræðslu, við uppgræðslu þessa lands. Mér finnst full ástæða til þess og vonast til að hæstv. félagsmálaráðherra láti skoða málið og taki á því þannig að réttarstaða þeirra aðila og hagur batni, m.a. í ljósi þess hve margir njóta sveitasælunnar.

[12:53]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp. Ég tek undir með hv. þm. Láru Stefánsdóttur sem sagði líkt og ég áðan að full ástæða væri til að fara yfir réttindi og skyldur þessa hóps sem fer sífellt stækkandi.

Það er vafalaust rétt hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að þær reglur sem bundnar voru í lög á sínum tíma um stærð, tegund, eðli og gerð sumarhúsa hafa væntanlega verið bornar fram á Alþingi af þáverandi félagsmálaráðherra. Ef ég man rétt, hæstv. forseti, þá fluttist hins vegar málaflokkurinn skipulags- og byggingarlög milli ráðuneyta í kringum árið 1994, frá félagsmálaráðuneyti yfir til umhverfisráðuneytis. Þar með er sá hluti málsins þeim megin hryggjar. En ég ítreka það sem ég sagði áðan, hæstv. forseti. Ég tel fulla ástæðu til þess að við beitum okkur fyrir því, væntanlega í sameiningu ég og umhverfisráðherra, að enn og aftur verði sest yfir réttindi og skyldur þessa hóps og þá væntanlega með aðkomu landeigenda og Sambands sveitarfélaga. Ég lýsi mig reiðubúinn til að hafa frumkvæði að því.

[Fundarhlé. — 12:55]

Umræður utan dagskrár.

Misræmi á milli fjármögnunar og umsvifa hins opinbera eftir landsvæðum.

[13:00]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er tekið til umræðu mikilvægt mál sem snertir mjög byggðamál í landinu.

Við í Frjálslynda flokknum höfum eins og kunnugt er lagt mikla áherslu á augljóst samhengi byggðaröskunar og kvótakerfisins, sem hefur skilað helmingi minni þorskafla eftir upptöku þess en fyrir, og þess gagnsleysis sem í því felst. Einnig höfum við bent á það að búið er að svipta jarðir landsins útræðisréttinum.

Í þessari umræðu ætlum við að beina sjónum okkar að öðrum þáttum, að því hvort vöxtur hins opinbera hafi átt þátt í hinni gríðarlegu byggðaröskun sem hefur átt sér stað í stjórnartíð stjórnarflokkanna.

Í nýlegri skýrslu Vífils Karlssonar, dósents í Viðskiptaháskólanum á Bifröst, er fjallað um gríðarlega mismunun á því hvar hið opinbera aflar tekna annars vegar og hins vegar hvar hið opinbera ver tekjunum. Í skýrslunni kemur fram að á árinu 2002 hafi um 27% af tekjuskatti komið frá öðrum landsvæðum en skattumdæmum Reykjavíkur og Reykjaness og enn fremur færir skýrsluhöfundur veigamikil rök fyrir því út frá útreikningum tryggingagjalds að einungis 15% þess fjár sem var aflað á þessum svæðum sé aftur varið þar. Einungis hluta þess skattfjár sem er aflað á landsbyggðinni er varið á landsbyggðinni. Með öðrum orðum gefur skýrslan það til kynna að það sé beint fjárstreymi af landsbyggðinni í formi skatta til höfuðborgarsvæðisins.

Þessi umræða er mjög þörf, sérstaklega í ljósi þess að margir virðast lifa í þeirri trú að sí og æ sé verið að sólunda skattfé höfuðborgarbúa út á land. Nú í hádeginu var t.d. verið að kynna skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands þar sem fram kemur að helmingur tekna bænda komi af opinberu fé. Vissulega er orðið tímabært að endurskoða hvernig framleiðslutengt styrkjakerfi landbúnaðarins er en það er ekki sanngjarnt að láta að því liggja í umræðunni að allt það fé komi af höfuðborgarsvæðinu eða þá að allt það fé sem er notað til rafhitunar á húsnæði komi af höfuðborgarsvæðinu. Hið sama má segja um umræðu um fjárframlög til Byggðastofnunar. Ætíð er látið liggja að því að peningar streymi af höfuðborgarsvæðinu og út á landsbyggðina. Raunin er önnur. Í það minnsta gefur þessi skýrsla tilefni til þess að álykta að fjárstreymið sé í hina áttina.

Í skýrslunni er fjallað um þann gríðarlega vöxt sem hefur orðið á umfangi hins opinbera en hlutur þess nálgast að vera helmingur af vergri þjóðarframleiðslu. Jafnframt er fjallað um þann þátt sem mögulegan orsakavald byggðaröskunar, þ.e. að umsvif hins opinbera sem eru að mestu á höfuðborgarsvæðinu og ofvöxturinn sem hefur orðið í bákninu í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins, að það er orðið allt að helmingur af vergri þjóðarframleiðslu, valdi byggðaröskuninni.

Ef farið er yfir árangur núverandi stjórnvalda í byggðamálum er augljóst að hann er enginn. Í raun hefur verið rekin byggðaeyðingarstefna. Það er búið að koma á kvótum og höftum á atvinnuvegi landsbyggðarinnar og síðan er búið að blása ríkisbáknið út. Allt þetta leggst á eitt um að láta landsbyggðinni blæða.

Ef stjórnvöld ætla að ná raunverulegum árangri í byggðamálum og fjalla um málaflokkinn með vitrænum hætti verða þau að hafa einhver viðmið og mælistærðir. Ótrúlegur fjöldi skýrslna hefur verið framleiddur þar sem ekkert mat er lagt á fækkun eða fjölgun starfa á landsbyggðinni og heldur ekki hvaða störfum fækkar og hverjum fjölgar.

Í lokin vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. forsætisráðherra:

1. Mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að frekari athugun fari fram á því hvort stöðugur vöxtur hins opinbera hafi verið einn veigamikill orsakavaldur í þeirri byggðaröskun sem hefur orðið í valdatíð stjórnarflokkanna, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks?

2. Mun ríkisstjórn Íslands beita sér fyrir því að fylgst verði með því hvar á landinu vöxtur hins opinbera verður og beiti sér fyrir því að landsbyggðin fái nú sinn skerf af umsvifum hins opinbera?

[13:05]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er mikill misskilningur að ekki hafi orðið mikil fjölgun í opinberum störfum úti um land á undanförnum árum. Nýlegar tölur sem ég hef þar um sýna að í opinberri stjórnsýslu hefur t.d. fjölgað um 7% á árunum 1998–2003. Þar af hefur fjölgað um 2% á höfuðborgarsvæðinu en 12% utan höfuðborgarsvæðisins.

Í fræðslustarfsemi hefur á þessum árafjölda fjölgað um 31%, sem er mjög mikið. Á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað í fræðslustarfsemi um 34% en um 25% utan þess. Í heilbrigðis- og félagsmálum hefur fjölgað á þessum árum um 15% á landsmælikvarða. Þar af hefur fjölgað um 13% á höfuðborgarsvæðinu en hins vegar um 17% utan höfuðborgarsvæðisins. Tæplega 30% á vinnumarkaði eru í opinberri þjónustu, bæði á og utan höfuðborgarsvæðisins.

Ég hef ekki átt þess kost að fara nákvæmlega yfir þá skýrslu sem hér er vitnað til. Mér sýnist þó augljóst að þar sé unnið út frá svokölluðu tryggingagjaldi en það vill svo til að allar opinberar stofnanir sem eru með starfsemi víða úti um land skila þessu tryggingagjaldi til skattstofunnar í Reykjavík og virðist sem skýrsluhöfundur gangi út frá því að viðkomandi starfsemi sé þar.

Á undanförnum árum hefur verið farið út í fjölmörg verkefni á þessu sviði, stofnanir hafa ýmist verið fluttar í heilu lagi eða að hluta. Ég minni á Landmælingar Íslands, Byggðastofnun og hluta Íbúðalánasjóðs. Ég minni á stofnanir á vegum samgönguráðuneytisins og núna síðast á vegum sjávarútvegsráðuneytisins þegar ákveðið var að flytja hluta af starfsemi Fiskistofu og Veiðieftirlitið út á land.

Hér hefur því margt verið gert. Skipuð var sérstök nefnd af forsætisráðherra sem hefur átt reglulega fundi með ráðherrum, farið yfir þessi mál í þeim tilgangi að fjölga verkefnum og störfum í opinberri þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Það sem einkum hefur verið lögð áhersla á í því sambandi er að styrkja þær stofnanir sem eru til staðar úti á landsbyggðinni, m.a. með því að færa til þeirra verkefni, t.d. frá öðrum stofnunum og ráðuneytum. Í því sambandi

má nefna menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, rannsóknastofnanir, embætti sýslumanna og skattstofur. Mikil áhersla hefur verið lögð á að fjölga störfum sem krefjast háskólamenntunar og þar hefur athyglin sérstaklega beinst að einum byggðarkjarna í hverjum landsfjórðungi sem síðar með margfeldisáhrifum getur haft jákvæð áhrif á störf og búsetu í nálægum byggðarlögum. Í því sambandi ber einkum að hyggja að menntastofnunum og sjúkrahúsum. Það hefur verið farið út í eflingu menntastofnana víðs vegar um landið og aldrei hefur jafnmikið gerst og á undanförnum árum í þeim efnum.

Það er ekki þar með sagt að þessum verkefnum sé lokið og að nóg hafi verið að gert. Hér er um sífelld verkefni að ræða en við verðum líka að gæta þess þegar þessi mál eru dæmd að gífurlegar breytingar hafa orðið á þjóðfélaginu, á okkar þjóðfélagsgerð. Það má segja að byggðin hafi færst miklu meira saman á undanförnum árum en nokkru sinni fyrr. Aðrar kröfur eru gerðar til þjónustu, menntunar og annarra atriða sem skipta máli í sambandi við það hvar fólk velur sér búsetu.

Ég tel að þessi skýrsla gefi ekki alveg rétta mynd af ástandinu en það er sjálfsagt að fara betur yfir þau mál og ræða þau. Hér er beitt stærðfræðilegum aðferðum sé ég við lauslegan lestur á þessari skýrslu. (Forseti hringir.) Þessi mál eru til stöðugrar athugunar og umræðu og verða það áfram.

[13:10]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Hér er bryddað upp á afar mikilvægu og stóru máli og full ástæða er til þess að hæstv. forsætisráðherra kanni vel og gefi sér betri tíma til að fara yfir þá skýrslu sem hér liggur til grundvallar. Það er nefnilega augljóst mál að þar eru vísbendingar um að þrátt fyrir að hér hafi lengi verið við lýði byggðastefna um að fjölga eigi opinberum störfum á landsbyggðinni og auka þar hlut hins opinbera hefur árangurinn verið býsna lítill. Það eru vísbendingar um að hann hafi ekki bara verið lítill, heldur hafi í raun og veru hin opinbera stefna unnið gegn því stefnumiði sem gjarnan hefur verið sett fram í byggðastefnum.

Það segir okkur að ekki er nóg að setja saman fallegar skýrslur eða falleg markmið á blað ef ekki er litið heildstætt á málin. Það blasir við þegar þessi skýrsla er lesin að tekjur ríkisins eru hlutfallslega meiri af landsbyggðinni en þeir fjármunir sem þangað fara. Þetta hefur m.a. þær afleiðingar að höfuðborgarsvæðið hefur vaxið hraðar en ella hefði verið. Um leið og Reykjavík eða höfuðborgin er miðstöð þjónustu og verslunar sogar að sjálfsögðu það svæði að sér fjármagn af landsbyggðinni. (Gripið fram í.)

Ef til staðar væri heildstæð stefna hefðu menn að sjálfsögðu beint þessu opinbera fjármagni meira út til landsbyggðarinnar með fjölgun starfa og flutningi stofnana vegna þess að þá hefði það fjármagn líka farið í gegnum hagkerfi höfuðborgarsvæðisins og dregið mjög úr þessum mismunandi vexti eftir svæðum.

Það sem er athyglisvert við skýrsluna og við höfum því miður fengið allt of lítið af dæmum um er að þarna er verið að beita svokallaðri svæðishagfræði. Það er nútímaleg fræðimennska að skoða þetta þannig vegna þess að eins og við vitum eru hagkerfin orðin meira og minna samliggjandi eftir löndum og það er oft og tíðum meiri samræming innan svæða en jafnvel í heilum löndum. Þess vegna er ástæða til að hvetja (Forseti hringir.) hæstv. forsætisráðherra til að fara enn betur yfir málið.

[13:13]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þetta er út af fyrir sig athyglisverð skýrsla sem hér er til umræðu en þegar ég er búinn að fara aðeins yfir stærðfræðiformúlurnar hef ég, eins og hæstv. forsætisráðherra, áhyggjur af því að grunnupplýsingarnar séu kannski ekki alveg þess eðlis að hægt sé að taka þær vísbendingar sem þarna eru sem heilagan sannleik. Þær þarf að skoða betur.

Ég verð hins vegar að taka undir með hv. málshefjanda að stöðugur vöxtur hins opinbera er áhyggjuefni. Engum þarf þó að koma á óvart að hlutfall opinberra starfa sé hærra á höfuðborgarsvæðinu. Eins og kom þó fram hjá hæstv. forsætisráðherra hefur þetta verið að breytast til batnaðar og má auðvitað enn breytast. Að því er unnið. Við í sjávarútvegsráðuneytinu höfum unnið markvisst að því á undaförnum árum, bæði með breytingum á starfsemi stofnana okkar og eins með því að taka upp ný verkefni hjá útibúum stofnananna úti á landi. Þannig hefur Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins verið breytt á þann veg að þjónusturannsóknir hafa verið einkavæddar að miklu leyti og störfin orðið eftir á þeim stöðum úti á landi þar sem þau fóru fram áður. Til viðbótar hefur útibúunum verið breytt í rannsóknarútibú og vænti ég mikils af þeirri breytingu í framtíðinni. Áhrifin eru aukin störf á þeim stöðum sem þar er um að ræða.

Við höfum tekið upp ný störf á Akureyri, bæði hjá RF og í Verðlagsstofu. Það síðasta eru svo ný störf hjá Veiðieftirliti Fiskistofu sem koma munu til í Vestmannaeyjum í bakreikningum á næsta ári og flutningur Veiðieftirlitsins út á land í útibú, í Vestmannaeyjum, á Höfn, í Stykkishólmi, Grindavík og viðbót á Akureyri. Af þessu má sjá að ríkisstjórnin vinnur mjög skilvíslega að þessu máli og ég geri ráð fyrir því að tölurnar í næstu framtíð verði áfram jákvæðar.

[13:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég held að full þörf sé á þessari umræðu og ekki bara umræðu, heldur vönduðum rannsóknum til að undirbyggja betur vitræna og upplýsta umfjöllun um þessi mál. Ég þekki ekki þær tölur sem hæstv. forsætisráðherra vitnaði til um að búskapurinn hefði eitthvað lagast eða þróast landsbyggðinni í hag hvað varðar opinber störf þar annars vegar samanborið við höfuðborgarsvæðið hins vegar. Ég man þó eftir næstsíðustu — eða var það kannski þarnæstsíðasta? — byggðaáætlun inni í hverri voru háleit markmið um að fjölga störfum á landsbyggðinni sérstaklega og umfram það sem gerðist hér á höfuðborgarsvæðinu. Þegar það tímabil var gert upp var niðurstaðan sú að öll fjölgun opinberra starfa í landinu var á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðin hélt sjó með óbreyttan fjölda. Svo mikið man ég. Hvort þetta var næstsíðasta eða þarnæstsíðasta

byggðaáætlunartímabil læt ég liggja milli hluta.

Tvennt held ég að skipti hér miklu máli, annars vegar hve mikið er gert til að jafna aðstæður og reyna að tryggja sæmilegt jafnvægi í byggðaþróun. Staðreyndin er sú að þegar Ísland er skoðað hefur byggðaröskun á Íslandi orðið meiri en í nokkru öðru vestur-evrópsku landi fyrir utan stríðstíma. Það er staðreynd. En aðgerðir opinberra yfirvalda til jöfnunar í þessum efnum eru mun minni að umfangi en í mörgum nágrannalöndum. Noregur, Skotland, norðurhéruð Svíþjóðar og Finnlands, á öllum þessum svæðum er mun meira gert til að vega upp aðstöðumuninn og jafna skilyrðin.

Svo er það spurningin: Hvernig nýtist það fé sem menn leggja þarna af mörkum? Miðsækni hinnar opinberu þjónustu er staðreynd, við þekkjum hana, og það er full ástæða til að fara í þetta uppgjör og skoða það, líka innan skattkerfisins. Ég nefni til sögunnar einn skatt sem landsbyggðin ber af mun meiri þunga en höfuðborgarsvæðið, virðisaukaskattinn sem leggst ofan á endanlegt vöruverð (Forseti hringir.) að meðtöldum flutningskostnaði, hægari vöruveltu og öllu því á landsbyggðinni. (Forseti hringir.) Það er víða sem svona uppgjör mætti fara fram.

[13:17]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Ég vil taka undir ýmislegt í máli hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar í þessum málum og ber þar helst að nefna þá útþenslu og þann vöxt sem hefur einkennt ríkisbáknið á undanförnum árum. Í því tilliti má til að mynda benda á yfirstjórn landbúnaðarins á Íslandi. Ef ég man rétt erum við með 12 stofnanir um íslenskan landbúnað, 55–60 nefndir og svo má áfram telja. Í raun má segja að yfirstjórn landbúnaðar á Íslandi endurspegli það atvinnuástand sem einkenndi íslenska þjóð um miðja síðustu öld. Áfram er hægt að telja og ég spái því að á næstu árum, hvort sem verður í stjórnartíð núverandi stjórnarflokka — þó svo að ég efist um það — muni ýmislegt breytast er varðar ríkisbáknið í heild sinni. Má þar nefna Íbúðalánasjóð, ríkisfjölmiðlana, heilbrigðiskerfið og svo má lengi telja.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra kom því að í máli sínu að hann óttaðist og hugnaðist ekki sú þróun sem orðið hefur á vexti hins opinbera á umliðnum árum. Tek ég undir orð hans. Í því ljósi vil ég benda á, frú forseti, nýlega ákvörðun hæstv. sjávarútvegsráðherra um að bæta við starfsstöð Fiskistofu í Vestmannaeyjum. Það er kannski góðra gjalda vert en að sama skapi samhliða slíkum breytingum hefði maður haldið að í þessum eftirlitsiðnaði okkar mundi þá fækka störfum á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef undir höndum mun samt ekki draga úr starfsemi Fiskistofu í Reykjavík þrátt fyrir þessa viðbót ráðherra í Vestmannaeyjum. (**Gripið fram í:** Hvaða bull ...?) Þetta er samkvæmt þeim fregnum sem ég hef frá liðsmanni hæstv. sjávarútvegsráðherra.

Í annan stað, frú forseti, vil ég benda á þann möguleika að í ljósi (Forseti hringir.) verkefnabreytinga milli ríkis og sveitarfélaga má búast við því að misræmi í opinberri þjónustu muni breytast til betri vegar á næstu missirum.

[13:20]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft við mjög athyglisverðu máli. Sú skýrsla sem hefur verið vitnað til í umræðunni leiðir enn og aftur í ljós að opinber störf í ríkisrekstrinum eru hlutfallslega miklu fleiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Það er því miður gömul saga og ný. Það þarf því að vinna áfram að því að rétta þennan hlut. Ríkisstjórnin hefur verið að vinna að því eins og hæstv. forsætisráðherra benti á áðan þó að vissulega mætti ganga betur á sumum sviðum í þeim efnum.

Ég fagna hér, hæstv. forseti, sérstaklega útspili hæstv. sjávarútvegsráðherra varðandi fjölgun starfa á vegum Fiskistofu á landsbyggðinni. Það vill einmitt svo til að starfsemi þeirrar stofnunar snýr að því að hafa eftirlit með atvinnugrein sem nær eingöngu er starfrækt á landsbyggðinni. Ég tel að hér sé um þjóðhagslega hagkvæman flutning að ræða.

Hæstv. forseti. Í ljósi þeirrar staðreyndar að opinber störf á vegum ríkisins eru hlutfallslega færri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, sem endurspeglast svo í þeirri umræðu sem við höfum hér uppi, hvernig er þá hægt að sætta sig við það að undirstöðuatvinnugrein landsbyggðarinnar, sjávarútvegurinn, sé sérstaklega skattlögð umfram aðrar atvinnugreinar með hinu svokallaða veiðigjaldi án þess að þeir fjármunir skili sér aftur til sjávarbyggðanna í formi uppbyggingar atvinnulífs og nýsköpunar?

Það er algjört grundvallaratriði í þessari umræðu, og endurspeglast hér, að ríkisstjórnin verður að beita sér fyrir því að veiðigjaldið renni aftur til sjávarbyggðanna. Margar þær byggðir heyja nú ákveðna vörn og ég fagna því sem kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að veiðigjaldið sé m.a. ein leiðin til að efla þessar byggðir. Ég fagna því og fagna svari hæstv. forsætisráðherra í þessum efnum.

[13:22]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Það er kannski ráð áður en hv. þingmenn tala sig til meiri hita í þessu máli að átta sig á því að hér býr ein þjóð í einu landi, a.m.k. síðast þegar ég gáði.

Hér hefur verið tekin til umræðu ákveðin rannsókn tiltekins fræðimanns við Viðskiptaháskólann á Bifröst þar sem hann beitir sjónarhorni svæðishagfræði svokallaðrar á umsvif og umfang hins opinbera sl. 20–30 ár. Þetta eru vissulega mjög fróðlegar niðurstöður, ekki síst vegna þess að þær leiða auðvitað það í ljós sem allir vita sem með þessu hafa fylgst að hið opinbera hefur vaxið hratt og mikið hér á landi á undanförnum áratugum.

Ef menn vilja setja það í pólitískt samhengi skulu menn líka hugsa til þess hverjir hafa verið hér í ríkisstjórn meira og minna síðustu þrjá áratugina. Það er Framsóknarflokkurinn. Mér telst svo til að hann sé búinn að vera í ríkisstjórn nærri því allt mitt líf, frá 1971–1978, 1980–1991 og svo frá 1995 til dagsins í dag. Þetta eru á síðustu 35 árum tæplega þrír áratugir líklega og hæstv. forsætisráðherra er búinn að vera hér á þingi næstum allan þennan tíma. (Gripið fram í.) Það þarf kannski að setja þessa hluti í pólitískt samhengi byggðastefnunnar um það hvaða árangur hún hefur borið eða hvort hún hafi í raun verið til. Það hefur verið mikið

um hana talað og mörgu lofað, en hefur hún í raun verið til?

Það er kannski sú spurning sem hæstv. forsætisráðherra ætti að nota þessa umræðu til að svara.

[13:24]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Í skýrslu Vífils Karlssonar er dregið fram hagfræðilíkan þar sem hann spyr: Er landfræðilegt misræmi í öflun og ráðstöfun opinbers fjármagns eftir landshlutum? Í ljós kemur töluvert misræmi á þeim hagfræðilegu forsendum sem fram koma í skýrslunni og því er full ástæða til að skoða málið frekar eins og skýrsluhöfundur reyndar bendir á í niðurstöðum sínum.

Eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra fór yfir áðan er hægt að gera verulegt átak í að færa til opinber störf. Hann hefur sýnt að vilji er allt sem þarf. Þetta er frábært átak hjá honum og hans verður lengi minnst í umræðunni vegna þessa.

En af hverju skyldu þjónustufyrirtæki ríkisins beina starfsemi sinni eða kaupum á þjónustu út á land? Í fyrsta lagi koma þar til byggðalegar forsendur. Í öðru lagi að veita þjónustu í nærumhverfi þeirra sem hana nýta. Í þriðja lagi að nýta staðarþekkingu og í fjórða lagi að nýta það trausta og stöðuga vinnuafl sem til staðar er.

Þau einkafyrirtæki sem hafa fært starfsemi sína eða hluta hennar út á land hafa nefnt það sem aðalatriði að til starfa hefur valist stöðugt, traust og gott vinnuafl. Kostnaður við starfsþjálfun hefur því verið mun minni en ella og gæði vinnunnar þar af leiðandi mun meiri. Til þessara þátta horfa einkafyrirtæki, og því skyldu ríkisfyrirtæki ekki horfa til þeirra líka? Það er tregðulögmál sem illt er að skilja en þeir ríkisforstjórar sem sjá ljósið eiga heiður skilinn.

[13:26]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hæstv. forsætisráðherra vitnaði í einhverjar tölur sem ég veit ekki hvaðan koma. Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra gæti greint okkur frá því vegna þess að þessa umræðu um byggðamál skortir fagmennsku og að það séu einhverjar rannsóknir á bak við hlutina.

Að vísu olli hæstv. forsætisráðherra mér talsverðum vonbrigðum með að lesa þessa skýrslu Vífils Karlssonar bara lauslega. Ég tel að skýrslan sé þess verð að fara gaumgæfilega í gegnum hana. Auðvitað geta verið einhverjir hnökrar á henni, ekki ætla ég að þvertaka fyrir það. Hingað kom í fyrrahaust skýrsla um framvindu byggðamála frá hæstv. byggðamálaráðherra, hæstv. frú Valgerði Sverrisdóttur, og það er ein ömurlegasta skýrsla sem ég hef lesið. Ef hæstv. forsætisráðherra ætlar að fara í gæðaeftirlit með byggðaskýrslum ætti hann einmitt að byrja hjá sinni eigin ríkisstjórn. Það er alveg svakalegt að lesa skýrslur um byggðamál þar sem ekki koma fram neinar mælistærðir, ekkert um íbúaþróun og ekkert um fjölgun eða fækkun starfa. Þetta er borið hér á borð og menn eiga að fjalla um það. Þess á milli gefur hæstv. byggðamálaráðherra Valgerður Sverrisdóttir út svona glansbæklinga sem ekkert er á bak við, er eingöngu upptalning héðan og þaðan á einhverjum verkefnum.

Það er orðið löngu tímabært að ríkisstjórnin noti síðustu tvö ár sín til að fara í raunverulega vinnu í byggðamálum og reyni að bæta fyrir misgjörðir sínar. Þetta er, eins og kom fram hér hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, svakalegt ástand og eitt af þeim verkefnum sem menn ættu að sinna af kostgæfni en ekki renna rétt lauslega yfir, frú forseti.

[13:28]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Mér finnst hv. þm. Sigurjón Þórðarson ræða þessi mál af mikilli léttúð. (**MÞH:** Nei.) Mér finnst ástæða til að fara yfir þær gífurlegu framfarir sem hafa orðið í þessu landi á undanförnum árum og áratugum sem hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir var að rifja hér upp á allri sinni ævi. (Gripið fram í.) Það er ekki að ástæðulausu hvað hv. þingmaður er sældarleg og lítur vel út. Hún hefur lifað hér afar góðu lífi undir styrkri stjórn þeirra stjórnmálaflokka sem hér hafa farið með völd. (Gripið fram í.) Mér finnst mikilvægt að hv. þingmaður bendi á það, því að það er rétt. (**Gripið fram í:** Hún býr ...)

Hér hafa að sjálfsögðu orðið gífurlegar framfarir. Við skulum minnast þess að Ísland er í útjaðri Evrópu og við erum í samkeppni við öll önnur lönd í Evrópu og víðar í heiminum. Aðalatriðið er það að við stöndum okkur í þeirri samkeppni. Það höfum við vissulega gert og við erum í fremstu röð meðal þessara þjóða.

Auðvitað hafa orðið hér miklar breytingar, breytingar á búsetu og líferni, og þær hafa haft mikil áhrif á þjóðfélagið. Hugsið ykkur allar samgöngubæturnar sem hafa orðið á undanförnum árum og þær miklu breytingar, a.m.k. frá því að ég man eftir mér og ég man nú aðeins lengur en hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir, (Gripið fram í.) heldur lengur. Þegar ég man fyrst eftir mér á suðausturhorni landsins komust menn ekki einu sinni austur á land, hvað þá til Reykjavíkur, þannig að mér finnst stundum að menn mættu muna betur þær gífurlegu breytingar og framfarir sem hafa orðið í þessu landi í stað þess að staglast stöðugt á því, eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson, að hér hafi ekkert gerst. Hann hefur verið mjög utan gátta greinilega, hv. þingmaður.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Fsp. ÞBack, 660. mál. — Þskj. 1004.

[13:31]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Það er ekki sjálfgefið að öll börn fæðist heilbrigð eða þroskist á eðlilegan hátt. Þeir foreldrar sem eiga heilbrigð börn ganga yfirleitt að því sem sjálfgefnu að svo sé og velta öðru ekki fyrir sér fyrr en eitthvað kemur fram sem vekur grun hjá þeim eða öðrum sem umgangast barnið. Oftast eru það foreldrarnir sem finna fyrst að eitthvað er að hjá barninu, eitthvað sem erfitt getur verið að lýsa eða staðfesta. Áhyggjur foreldra ber því að taka alvarlega og ganga úr skugga um hvort þær séu ástæðulausar.

Vakni grunur um þroskafrávik eða fötlun hjá börnum, hvort heldur hjá foreldri, heilbrigðisstarfsfólki, leik- eða

grunnskólakennurum, verður hið fyrsta að fara fram frumgreining eða formleg athugun sérfræðinga á þroska eða færni barnsins til að staðfesta eða afsanna að um alvarlegt frávik sé að ræða.

Frumgreining getur farið fram á ýmsum vettvangi eftir eðli vandans en algengast er að frumgreining fari fram hjá barnadeildum sjúkrahúsa, sérfræðiþjónustu grunnskóla, ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu barna, sérfræðingum svæðisskrifstofa, greiningarteymum heilbrigðisstofnana, Sjónstöð Íslands, Heyrnar- og talmeinastöð og ýmsum öðrum sérfræðingum.

Frumgreiningu er í flestum tilfellum sinnt hratt og vel en frumgreiningin skilur frá þau börn sem þurfa á frekari rannsóknum og greiningu að halda frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. En það er á þessum tímapunkti, hæstv. forseti, sem þrautaganga margra foreldra byrjar og ótti og áhyggjur fjölskyldna hefst. Það hlýtur að vera mikið álag að eiga barn sem vitað er að þroskast ekki á allan hátt eðlilega en fá ekki fullnaðargreiningu og viðhlítandi úrræði fyrir barnið og stuðla þar með að sem mestum þroska og skilyrði til eðlilegs lífs. Það er staðreynd að því fyrr sem greining verður og meðferð hefst, og þá sérstaklega undir 7 ára aldri, þeim mun líklegra er að börnin nái hæfilegum þroska.

Nú er ljóst að það er löng bið eftir greiningu hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og því hef ég lagt eftirfarandi fyrirspurn fyrir hæstv. félagsmálaráðherra:

1. Hve löng bið er eftir greiningu vegna alvarlegra þroskafrávika, sundurliðað eftir aldri?

2. Hefur tilvísunum til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins fjölgað á síðustu fimm árum? Ef svo er, hverjar eru taldar helstu ástæðurnar?

3. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við fjölgun frumgreininga á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og tilvísana þangað?

4. Hve langan telur ráðherra ásættanlegan biðtíma?

5. Hvenær telur ráðherra að markmiðum um ásættanlegan biðtíma verði náð?

[13:34]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ef horft er til þeirra barna sem vísað er til greiningar í fyrsta sinn eru biðlistar og biðtímar sem hér segir: Alls eru 15 börn fædd á árunum 2002–2005 á biðlista eftir greiningu og íhlutun. Þessi börn hafa í dag beðið að meðaltali 99 daga, minnst 28 daga, mest 231 dag. Sjö þeirra hafa beðið meira en þrjá mánuði.

Alls er 91 barn fætt á árunum 1999–2001 á biðlista eftir greiningu. Þessi börn hafa að meðaltali beðið 199 daga, minnst 13 daga og mest 550. 63 þeirra hafa beðið í meira en fjóra mánuði.

Alls eru 113 börn fædd á árunum 1989–1998 á biðlista eftir greiningu. Þau hafa í dag beðið að meðaltali 350 daga, minnst sjö daga og mest 1.154. 82 þeirra hafa beðið í meira en sex mánuði.

Auk þess eru á biðlista 44 börn á grunnskólaaldri sem hafa áður verið skjólstæðingar stofnunarinnar en er nú vísað til endurathugunar vegna breyttra aðstæðna. Alls telur því biðlisti Greiningar- og ráðgjafarstöðvar 266 börn.

„Hefur tilvísunum til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins fjölgað á síðustu fimm árum? Ef svo er, hverjar eru taldar helstu ástæðurnar?“

Veruleg fjölgun hefur orðið á tilvísunum til stofnunarinnar undanfarin fimm ár en reyndar nær þessi aukning lengra aftur í tímann. Þannig var 99 börnum vísað til greiningar árið 1995, 205 árið 2000 og 302 á síðasta ári, þar af 258 sem var vísað til greiningar í fyrsta sinn. Hér er því um þreföldun að ræða á tilvísunum á þessum 10 árum. Á síðustu fimm árum er aukningin um 50%.

Þegar horft er til skýringa á þessari aukningu eru þær margþættar. Meginhluti aukningarinnar átti sér stað í tveimur þrepum. Þannig tvöfaldaðist fjöldi tilvísana á milli áranna 1995 og 2000 en síðan virtist vera nokkurt jafnvægi komið á næstu þrjú árin. Síðari hluti aukningarinnar varð að mestu á síðasta ári en heildarfjöldi tilvísana jókst úr 218 árið 2003 í 302 árið 2004. Tilvísanir fyrstu þrjá mánuði þessa árs benda til þess að tilsvarandi fjölda verði vísað í ár og á síðasta ári.

Orsakir aukningar á fyrra tímabilinu voru aðallega tvær. Annars vegar jukust mjög tilvísanir grunnskólabarna með alvarleg þroskafrávik og hreyfihamlanir en þeim hópi hafði verið sinnt í takmörkuðum mæli af hálfu stofnunarinnar fram að þeim tíma þrátt fyrir mikla og vaxandi þörf. Þá fól þáverandi félagsmálaráðherra stofnuninni árið 1997 að taka við auknum verkefnum á sviði einhverfu og skyldra raskana í kjölfar þess að barna- og unglingageðdeild vísaði þeim hópi frá þjónustu sinni. Þessir tveir hópar fatlaðra barna vógu þyngst í aukningunni á árunum 1995–2000.

Sú aukning sem fram kom á síðasta ári, hæstv. forseti, skýrist að hluta af fjölgun greindra tilvika á einhverfurófi. Þessi aukning er þekkt í alþjóðlegu samhengi án þess að orsakir séu að fullu kunnar en tíðni einhverfu og skyldra raskana hefur a.m.k. þrefaldast. Sem dæmi má nefna að börn með aspergerheilkenni sem voru vangreind áður fyrr og því ekki sinnt koma nú til greiningar og meðferðar mun fyrr en áður. 19 börnum sem höfðu þá frumgreiningu var vísað til Greiningarstöðvarinnar á síðasta ári.

Að öðru leyti er líklegt að vandaðri frumgreining barna á forskólaárum sem eru haldin þroskahömlun hafi leitt til fjölgunar í þeim aldurshópi. Þetta gæti skýrst m.a. af frekari stöðlum á sálfræðiprófum og betur skilgreindu greiningarferli með tilkomu greiningarteymismiðstöðvar heilsuverndar barna og ráðgjafarþjónustu leikskóla. Þessi þróun er í sjálfu sér mjög jákvæð þar sem börn grunuð um þroskahömlun greinast mun fyrr en ella og því meiri forsendur að bregðast við vanda eru að draga úr honum til framtíðar. Í öllum tilvikum liggur fyrir frumgreining sem staðfestir alvarleika þroskaröskunarinnar og hefur ekki orðið breyting á kröfum stofnunarinnar um vandaða frumgreiningu áður en til hennar kemur.

Í þriðja lagi var á árunum 2002–2003 gerð á vegum félagsmálaráðuneytisins ítarleg úttekt á stöðu Greiningarstöðvarinnar og þörfum fyrir þjónustu hennar. Niðurstaðan varð að til að ná jafnvægi í starfseminni þannig að biðtími yrði ásættanlegur þyrfti að koma til aukning sem næmi átta stöðugildum á fjögurra ára tímabili. Í samræmi við þetta varð aukning um eitt og hálft stöðugildi á síðasta ári og tvö stöðugildi á þessu ári, auk þess sem stofnunin fékk til umráða aukið húsnæði á síðasta ári.

Sú aukning sem varð á tilvísunum á síðasta ári og ég vitnaði til áðan, hæstv. forseti, kallar enn á endurskoðun á mannaflaþörf stofnunarinnar á næstu árum til að hún geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Fyrstu áætlanir gera ráð fyrir að þörf sé á 4–5 stöðugildum umfram þau átta sem áður var getið, þ.e. alls þrjú á ári næstu þrjú ár.

Hvað fjórðu spurninguna varðar er ljóst að gera verður ráð fyrir einhverjum biðtíma eftir þjónustu Greiningarstöðvar. Frá upphafi starfseminnar hefur yngri börnum og börnum með alvarlegri fatlanir eða með afturför í þroska verið veittur forgangur að þjónustunni. Fyrir þann hóp, þ.e. yngri börn en þriggja ára og leikskólabörn með alvarlegar fatlanir, er það sameiginleg skoðun félagsmálaráðuneytis og stofnunarinnar að biðtími eigi að vera sem skemmstur, þ.e. að hámarki þrír mánuðir. Fyrir leikskólabörn með vægari fatlanir væri ásættanlegur biðtími 4–6 mánuðir og fyrir grunnskólabörn 6–8 mánuðir, enda væri hægt að hefjast handa um aðstoð við þau börn á heimaslóðum á grundvelli frumgreiningar.

Hæstv. forseti. Með þeirri aukningu í starfsemi stofnunarinnar sem rakin er hér á undan má ætla að ofangreindum markmiðum um ásættanlegan biðtíma verði náð á næsta ári fyrir yngsta aldurshópinn en á 3–4 árum fyrir börn á grunnskólaaldri.

[13:39]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað fullkomlega óásættanlegt að biðtími eftir þjónustu Greiningarstöðvarinnar geti verið allt að 2–3 ár eins og hæstv. ráðherra lýsti hér. Það er alveg ljóst að biðtími hefur aukist verulega. Börnum sem bíða eftir þjónustu stöðvarinnar hefur líka fjölgað frá því að sú áætlun var gerð á árinu 2002 eða 2003 sem ráðherra nefndi. Það kallar á fleira starfsfólk. Það er bæði ómanneskjulegt og óskynsamlegt að hafa Greiningarstöðina í svona uppnámi og ráðherra verður að vera það ljóst að ef börn t.d. á grunnskólaaldri fá ekki greiningu fá þau ekki sérkennslu. Greining Greiningarstöðvarinnar er forsenda ýmissar þjónustu við fötluð börn, auk þess sem t.d. umönnunarbætur geta oltið á því að börnin fái greiningu. Þess vegna hvet ég ráðherrann til þess að bæta stöðu Greiningarstöðvarinnar. Það hefur verið erfitt að fá starfsfólk þangað, m.a. vegna þess að launin hafa verið þar verulega lægri en annars staðar (Forseti hringir.) þannig að ég hvet hæstv. ráðherra til úrbóta í þessu máli.

[13:41]

Katrín Ásgrímsdóttir:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. félagsmálaráðherra hefur orðið mikil aukning á greiningu á þroskafrávikum. Það er mikilvægt að huga að því að stuðningi verði komið við sem fyrst, eins og einnig kom fram í máli hans. Það er mjög mikilvægt að þessi stuðningur hefjist sem mest á leikskólaaldri frekar en á grunnskólaaldri og það er því mikilvægt að hvatt verði frekar til þess að það byrji sem fyrst.

Það hefur verið þannig að ríkið hefur styrkt stuðning við þessi börn í grunnskólum en ekki í leikskólunum. Sveitarfélögin hafa að öllu leyti séð um þann stuðning og ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki sé eðlilegt að þetta verði fært til samræmis milli leikskóla og grunnskóla. Sem betur fer hafa þó flest sveitarfélög mikinn sóma af því hvernig þau standa að stuðningi við þessi börn.

[13:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Mig langar aðeins að ítreka þá hvatningu sem hæstv. ráðherra hefur fengið til að ráða bót á stöðunni hjá Greiningarstöð ríkisins. Þetta er að verða sagan endalausa, að börn skuli þurfa að bíða í allt að þrjú ár eftir greiningu er algerlega óviðunandi. Eins og komið hefur fram hér fá þau ekki þjónustu í skólunum fyrr en búið er að greina þau. Það getur komið í veg fyrir að forráðamenn fái umönnunargreiðslur o.s.frv. þannig að það er krafa að bót verði ráðin á því að bið eftir greiningu verði skemmri þannig að þau börn sem eru komin í skóla fái þjónustu. Það er auðvitað afleitt þegar börn eru í skóla kannski 2–3 ár án þess að fá nokkra sérþjónustu vegna þess að þau eru enn að bíða eftir greiningu. Það er gjörsamlega óviðunandi.

[13:43]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég vil hvetja hann til að líta á þessa umræðu og þær undirtektir sem hann hefur fengið sem hvatningu til að standa vel að Greiningarstöðinni og bæta við þeim stöðugildum sem upp á vantar miðað við þá þarfagreiningu sem gerð var á árunum 2002–2003. Þarfagreiningin sýndi að þá vantaði átta stöðugildi, síðan hafa komið þrjú og hálft stöðugildi, og nú er staðan sú að það þarf enn fleiri en þessi átta til að hægt sé að vinna á þessum biðlistum og gera stöðinni það kleift að sinna hlutverki sínu svo að ásættanlegt sé. Það er búið að bæta úr húsnæðisvanda stöðvarinnar þannig að sá þáttur á að vera í lagi. Það er hægt að þjóna þarna fleirum en gert er í dag en það vantar fólk. Auðvitað verður að standa þannig að starfsmönnum þessarar stofnunar að störfin verði eftirsóknarverð og byggir það m.a. á laununum.

Það er þessi biðtími sem er óásættanlegur og þegar við erum að tala um kostnað er það spurning hvort við horfum í kostnað vegna stöðugilda í dag eða kostnað sem þjóðfélagið mun búa við til lengri tíma litið þegar þjónustan við þessi börn verður meiri. Það er vísindalega sannað að því lengur sem greiningin tefst, því lengur sem dregst að grípa inn í með stuðningi, (Forseti hringir.) því dýrari verður þjónustan við þessi börn þegar þau eldast.

[13:45]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu sem er brýn og tek undir það sem fram hefur komið í máli hv. þingmanna að það skiptir auðvitað miklu máli að vel takist til ekki síður við frumgreiningu og samræmingu þeirra aðgerða sem á sér stað á því stigi máls heldur en varðandi það starf sem fer fram hjá Greiningar- og ráðgjafarstöðinni.

Eins og fram kom í máli mínu áðan, hæstv. forseti, hefur starfsfólki hjá stofnuninni verið fjölgað í samræmi við áætlanir á síðasta ári og þessu ári en það er alveg ljóst að með tilliti til frekara álags og aukinna tilvísana á síðasta ári

og þessu ári að því er virðist er þörf frekari fjölgunar starfsfólks. Áform mín standa til þess, eins og fram kom í máli mínu áðan, og við gerum ráð fyrir að fjölga stöðugildum hjá Greiningar- og ráðgjafarstöðinni um níu á næstu þremur árum. Með því móti ætti okkur að takast að vinna á þessum langa biðlista komi ekki til frekari aukningar frá því sem nú er. Ég tek undir með hv. þingmönnum að þessi langi biðlisti er óásættanlegur og felur að sjálfsögðu í sér álag á fjölskyldur og foreldra þessara barna og við hljótum öll að vera sammála um að taka höndum saman um að taka á þessu máli.

Fræðsla um samkynhneigð.

Fsp. KJúl og ÁÓÁ, 500. mál. — Þskj. 762.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn til menntamálaráðherra um fræðslu um samkynhneigð í grunn- og framhaldsskólum. Ég legg þessa fyrirspurn fram í félagi við hv. þm. Ágúst Ólaf Ágústsson. en ástæðan fyrir að við leggjum hana fram er sú að síðasta sumar eða réttara sagt í ágúst síðastliðnum kom fram viðamikil og góð skýrsla um réttarstöðu samkynhneigðra sem unnin var af nefnd sem forsætisráðherra skipaði til að kanna réttarstöðu samkynhneigðs fólks. Eins og áður sagði er skýrslan afar umfangsmikil og snertir mörg ráðuneyti en í henni eru ákveðnir þættir og ákveðnar tillögur frá nefndinni sem lúta að fræðslumálum og eru þá á hendi menntamálaráðuneytisins. Fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvernig hyggst ráðherra bregðast við tillögum nefndar um réttarstöðu samkynhneigðra sem lúta að fræðslu í grunn- og framhaldsskólum um málefni samkynhneigðra, sbr. kafla 10.7 í skýrslu nefndarinnar frá ágúst sl.?"

Í þeim kafla, 10.7, er talað sérstaklega um að aðgerðir til að jafna stöðu samkynhneigðra í samfélaginu snúist að mestu leyti um að eyða fordómum og það sé helst gert með mikilli fræðslu, umræðum og upplýsingagjöf um samkynhneigð. Beinar tillögur nefndarinnar eru afar athyglisverðar. Til dæmis er bent á að í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla frá 1999 hafi ekki verið tekið mið af tillögum nefndar um málefni samkynhneigðra frá 1994, um að kveða skýrt á um fræðslu um kynhneigð í námskrám. Nefndin leggur til að svo verði gert við endurskoðun aðalnámskrár. Einnig er lagt til að samið verði námsefni fyrir öll skólastig þar sem fjallað verði á fordæmalausan hátt um samkynhneigð. Þá telur nefndin æskilegt að þessi fræðsla sé tilgreind í námslýsingum ýmissa fagstétta, eins og kennara, hjúkrunarfræðinga, lækna, lögfræðinga o.s.frv. Því vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvernig hún hyggist bregðast við þeim góðu tillögum sem lúta að hennar ráðuneyti og er að finna í áðurnefndri skýrslu.

[13:50]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa fyrirspurn frá hv. fyrirspyrjendum því hún vekur um leið athygli á skýrslu nefndar sem Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, skipaði árið 2003. Skýrslan var lögð fram á Alþingi en hún er að mínu mati um margt mjög athyglisverð og vel unnin eins og hv. fyrirspyrjandi Katrín Júlíusdóttir kom inn á, og vonandi á hún eftir að bæta stöðu samkynhneigðra á þeim fjölmörgu sviðum sem skýrslan kemur inn á.

Hvað varðar viðbrögð við tillögum um fræðslu um málefni samkynhneigðra í skólum get ég sagt að fjallað er um tillögurnar og þær hafðar til hliðsjónar í þeirri endurskoðun námskráa, bæði fyrir grunn- og framhaldsskóla, sem nú fer fram í tengslum við ákvörðun um breytta námsskipan til stúdentsprófs og aukna samfellu í skólastarfi. Rétt er að undirstrika að sú námskrárvinna er hafin og þar er tekið sérstakt tillit til þeirra tillagna sem koma fram í skýrslunni.

Í umræddri skýrslu kemur fram að í núgildandi námskrám grunn- og framhaldsskóla sem gefnar voru út 1999 hafi ekki verið tekið tillit til tillagna nefndar um málefni samkynhneigðra frá 1994 þar sem skýrt sé kveðið á um fræðslu um kynhneigð. Mér finnst rétt að benda á að í vinnu við námskrárnar 1999 var höfð hliðsjón af tillögum nefndarinnar frá 1994 en sérfræðingar sem þar komu að verki töldu að koma mætti á framfæri fræðslu um stöðu ólíkra þjóðfélagshópa, þar á meðal samkynhneigðra, þótt þeir væru ekki teknir sérstaklega út fyrir heldur fjallað um þá eins og alla aðra sem hafa sama rétt og sömu skyldur í þjóðfélaginu og eru að sjálfsögðu eðlilegur partur af samfélaginu. Þetta er m.a. gert með því að leggja áherslu á jafnrétti og önnur almenn gildi sem eiga jafnt við um samkynhneigða og aðra. Má t.d. nefna umburðarlyndi, virðingu fyrir skoðunum annarra og lífsgildum þeirra. Tillögur um slíka umfjöllun má einmitt finna í þeirri skýrslu sem verið er að vísa til hér.

Ég vil einnig árétta að í námskrá fyrir grunn- og framhaldsskóla frá 1999 er innan margra námsgreina fjallað um samfélagsleg gildi, menningarlegan mun, kynlíf, kynhlutverk, tillitssemi og umburðarlyndi. Af námsgreinunum má nefna félagsfræði, náttúrufræði og ekki síst lífsleikni sem tekin var tekin upp sem námsgrein 1999. Markmið þessarar nýju námsgreinar er að efla almennan þroska nemenda og búa þá undir kröfur daglegs lífs. Mikil áhersla er lögð á að þjálfa nemendur í mannlegum samskiptum, auka víðsýni þeirra og vinna ekki síst gegn fordómum.

Í 10. kafla í þessari umræddu skýrslu er einnig fjallað um nauðsyn þess að breytingum á námskrá sé fylgt eftir með gerð námsefnis fyrir öll skólastig. Eftir að námskrárnar voru endurskoðaðar 1999 var einnig farið yfir námsefni og gerðar á því breytingar í þeim anda sem ég hef þegar lýst. Einnig verður þeirri endurskoðun á námskrám fyrir grunn- og framhaldsskólann sem nú fer fram fylgt eftir með endurskoðun á námsefninu sem slíku.

Eins og skýrsluhöfundar benda réttilega á er mikilvægt að fjallað sé réttilega um málefni allra þjóðfélagshópa í sem flestum námsgreinum. Í skýrslunni er einnig sagt að leggja þurfi áherslu á umfjöllun um líf og tilveru samkynhneigðra í grunnmenntun ýmissa stétta eins og kennara, hjúkrunarfræðinga, lækna, lögfræðinga,. guðfræðinga, sálfræðinga, námsráðgjafa, félagsráðgjafa, lögreglu og hvaðeina. Er

sjálfsagt að vekja athygli þeirra sem skipuleggja menntun þessara stétta á skýrslunni og tillögunum sem þar koma fram en flestar þeirra sækja menntun sína á háskólastigi sem er rétt að draga líka inn í umræðuna.

Í tveimur síðustu málsgreinum kafla 10.7 er lögð sérstök áhersla á að starfi Samtakanna '78 að fræðslu í fjölmiðlun og ráðgjöf verði tryggður stuðningur ríkis og sveitarfélaga sem og stuðningur við bókasafn samtakanna. Einnig er lagt til að menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti fái félagsvísindadeild Háskóla Íslands til að gera rannsókn á lífi og líðan samkynhneigðra á Íslandi í þeim tilgangi að bæta lífsskilyrði þeirra. Þessar tillögur eru að mínu mati athyglisverðar og eðlilegt að kanna með hvaða hætti hægt sé að koma til móts við þær.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég víkja aftur að endurskoðun námskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla sem nú fer fram í tengslum við m.a. breytta námsskipan til stúdentsprófs. Við þá vinnu verður nýtt sú reynsla sem fengist hefur af framkvæmd gildandi námskrár en ég vil endurtaka að við þá endurskoðun, sem framkvæmd er af hópi sérfræðinga, er nýja skýrslan um réttarstöðu samkynhneigðra og fræðslu um málefni þeirra að sjálfsögðu höfð til hliðsjónar. Verður fjallað um málið m.a. með tilliti til stefnunnar sem mörkuð var með aðalnámskránni 1999 og hugsanlegra breytinga á henni.

[13:55]

Lára Stefánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna viðbrögðum menntamálaráðherra við fyrirspurn hv. þm. Katrínar Júlíusdóttur og sérstaklega að tekið verði tillit til þessa málaflokks við endurskoðun námskráa. Vil ég þá minna á að framhaldsskólanemendur t.d. sem eru að vakna til kynvitundar og skilgreina kynhneigð sína hafa átt örðugt, sem ég þekki frá framhaldsskólakennslu, og að foreldrasamtök samkynhneigðra á Akureyri eða Norðurlandi ætla einmitt í samstarfi við Samtökin '78 að halda ráðstefnu á föstudaginn sem ber heitið: Hver er sá veggur?

Ég vil sérstaklega brýna fyrir hæstv. menntamálaráðherra að huga að kennslu í íþróttum. Þar rekast þeir nemendur sem eru samkynhneigðir helst á veggi og eiga mjög erfitt.

Síðan vil ég fagna og minna á að það eru einmitt skólar undir ráðuneyti hæstv. menntamálaráðherra sem standa að þessari ráðstefnu fyrir norðan. Ég hvet eindregið til þess að samkynhneigð sé mjög skýrt skilgreind í námskrám og ekki falin undir öðrum orðum.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Katrín Júlíusdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra ágæt svör og er jákvætt að heyra að þessi skýrsla og sá kafli sem snýr að menntamálunum og námskránni sé hafður til hliðsjónar við breytingu á námskrá.

Í núverandi námskrá, í kaflanum Lokamarkmið í lífsleikni í grunnskóla stendur, með leyfi forseta:

„Nemandi rækti með sér samkennd, samhygð og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra til að geta átt auðug og gefandi samskipti við einstaklinga óháð kyni, kynferði, þjóðerni, trú, líkamlegu og andlegu atgervi."

Þarna er heilmargt tiltekið en einmitt þarna ættum við að sjá kynhneigð vera inni. Við eigum ekki, eins og hv. þm. Lára Stefánsdóttir sagði, að reyna að fela hana undir rós, undir annars konar orðalagi, heldur koma henni beint að.

Í því sambandi vil ég að lokum lesa upp ákveðinn hluta úr texta skýrslunnar og fá að gera þau orð að mínum vegna þess að ég held að þau séu lykilatriði í þessari umræðu og hvað þetta mál varðar, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þögn um málefni í námskrám skapar óöryggi í skólastarfi um það hvaða stefnu beri að taka þó að eindreginn vilji skólastjórnenda og kennara til breytinga sé fyrir hendi. Þessi þögn bitnar ekki aðeins á öllum nemendum án tillits til kynhneigðar þeirra heldur einnig á samkynhneigðum kennurum svo og samkynhneigðum foreldrum og börnum þeirra."

Virðulegi forseti. Svo segir í skýrslunni. Ég vil eins og áður segir gera þessi orð að mínum og tel þau lykilatriði í þessum efnum þar sem ekki gengur neitt annað en fræðsla og aftur fræðsla og á því ber hæstv. menntamálaráðherra ábyrgð.

[13:58]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá umræðu sem átt hefur sér stað um þetta mikilsverða málefni. Við höfum borið gæfu til fram til þessa að vera með nokkuð þverpólitíska sátt um að vinna og stuðla að framförum í málefnum samkynhneigðra og ég sé líka fram á að eftir þessa umræðu verði þar engin breyting á. Ég hef til að mynda persónulega átt mjög góð samskipti við hv. þm. Guðrúnu Ögmundsdóttur sem hefur verið ötull baráttumaður fyrir réttindum og bættri réttarstöðu samkynhneigðra. Ég geri mér vonir um að áfram verði ríkjandi sú þverpólitíska sátt og að við verðum öll meðvituð um að vinna áfram að réttindamálum samkynhneigðra. Það verður ekki gert með sprengingum eða hvellum heldur einfaldlega markvisst eins og við höfum unnið að málinu fram til þessa og að við vitum að hverju við stefnum en við þurfum auðvitað að byggja það á þekkingu og fræðslu.

Ég undirstrika það sem ég sagði áðan varðandi endurskoðun á námskránum. Það verður sérstaklega tekið tillit til þeirra orða sem standa í þessari ágætu skýrslu. Ég mun halda fólki við það verk og fylgja því eftir þannig að það sé alveg skýrt af minni hálfu.

Kostun dagskrárliða í útvarpi og sjónvarpi.

Fsp. KolH, 515. mál. — Þskj. 784.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Hæstv. forseti. Kostunarmál í fjölmiðlum hafa oftsinnis verið til almennrar umræðu og þau hafa verið rædd á Alþingi, bæði í tengslum við setningu laga um útvarpsmálefni en einnig hefur menntamálaráðherra áður þurft að svara fyrir um kostunarreglur í fyrirspurnatímum.

Varðandi kostun dagskrárliða hafa gjarnan heyrst hvassar gagnrýnisraddir, eins og t.d. þegar ákveðið var að heimila kostun veðurfrétta í sjónvarpinu. Slíkt var talið stríða gegn lögum þar sem um fréttatengt efni var að ræða en samkvæmt lögunum er bannað að kosta slíkt efni. Ekki man ég gjörla hvað það var sem olli því að kostun veðurfrétta var heimiluð en það hlýtur að hafa verið byggt á skilgreiningu einhverra snillinga sem komust að þeirri niðurstöðu að veðurfréttir væru ekki fréttatengt efni.

Um auglýsingar og kostun er fjallað í útvarpslögum og gilda þau lög um alla ljósvakamiðlana og í lögum um Ríkisútvarpið er þess getið að útvarpsstjóri eigi að setja sérstakar reglur um auglýsingar í þeim miðli. Þann 3. nóvember 1999 svaraði þáverandi hæstv. menntamálaráðherra Björn Bjarnason fyrirspurn um kostunarmál frá hv. fyrrverandi þingmanni Svanfríði Jónasdóttur og 10. nóvember það sama ár svaraði hann mér skriflega spurningum af sama toga.

Meðal þess sem fram kom í svörum hæstv. ráðherra þá var að efni kostaðs dagskrárliðar mætti ekki fela í sér beina hvatningu til kaupa á vörum eða þjónustu og einnig að kostun væri frábrugðin auglýsingum á þá lund að kostunaraðili fengi einungis að birta eitt skilti eða eitt ósamsett óklippt myndskeið með nafni kostunaraðila. Önnur heimil leið væri að birta vörumerki frá kostunaraðila í upphafi og/eða við lok útsendingar í 3–5 sekúndur. Grunnprinsippið í kostun væri sem sagt það að birta nafn viðkomandi kostunaraðila en ekki að auglýsa vöru hans eða þjónustu. Það sama var sagt gilda í sjónvarpi og útvarpi, allsendis óheimilt væri að blanda saman kostun og auglýsingum og óheimilt væri að nota skilti, myndskeið eða hljóðrásir úr auglýsingum þegar kostunaraðila væri getið.

Hæstv. forseti. Nú hljóta allir sem hlýða á mál mitt að sjá að þessar reglur hljóta að hafa breyst í grundvallaratriðum þar sem kostunaraðilar sjónvarpsþátta fá núna að birta myndskeið sem ekki verður af neinni sannfæringu sagt að séu annað en auglýsingar á undan eða eftir hinum kostuðu dagskrárliðum. Og kostunaraðilar útvarpsþátta fá nánast að vera á hnjánum á plötusnúðunum heilu og hálfu þættina við að auglýsa sig og sitt.

Hæstv. forseti. Síðan þessi svör voru gefin er liðið á sjötta ár og í millitíðinni hefur lögum verið breytt. Ný útvarpslög tóku gildi 26. maí árið 2000 svo að vel kann að vera að kostunarreglur hafi breyst eftir það. Í öllu falli verður forvitnilegt að heyra svör hæstv. menntamálaráðherra við þeim spurningum sem ég hef lagt fram á sérstöku þingskjali til hennar varðandi þessi mál eins og ég hef áður rakið um eldri reglur og í ljósi þess hvernig kostunaraðilar koma skilaboðum sínum á framfæri við útvarpshlustendur og sjónvarpsáhorfendur í dag.

[14:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, spyr þriggja spurninga:

„Á hvern hátt fylgja stjórnvöld því eftir að útvarps- og sjónvarpsstöðvar fari að kostunarreglum 21. gr. útvarpslaga?“

Samkvæmt 5. mgr. 6. gr. útvarpslaga hefur útvarpsréttarnefnd m.a. það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal eftirlit með öllum útvarpssendingum er lúta íslenskri lögsögu. Eins og fram kemur í fyrirspurn hv. þingmanns hefur 21. gr. útvarpslaga að geyma ákvæði um m.a. kostun. Útvarpsréttarnefnd sem ég skipaði 1. október í fyrra hefur upplýst mig um að til að annast framangreint eftirlit hefur hún í undirbúningi að láta framkvæma sérstaka könnun á því hvernig upplýsingum, fjarsölu og kostun helstu sjónvarpsstöðvanna sem starfa með leyfi nefndarinnar er háttað. Verið er að kynna fyrir forsvarsmönnum sjónvarpsstöðvanna hvernig ætlunin er að standa að þessari könnun en útvarpsréttarnefnd leggur áherslu á gott samstarf og samvinnu við leyfishafa án þess þó að það komi niður á því nauðsynlega eftirliti sem nefndinni er ætlað að hafa með höndum samkvæmt útvarpslögum. Miðað er við að niðurstaða umræddrar könnunar geti legið fyrir á vormánuðum.

„Hversu stór hluti auglýsingatekna Ríkisútvarpsins fæst með kostun og hvernig hefur hlutfallið þróast á sl. 10 árum?“

Auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins voru á síðasta ári um 23,3% af heildartekjum þess og er í raun sama hlutfall og var árið 1994 en á tímabilinu komust þær hæst í 29,5% á árinu 2000. Á árinu 1994 var hlutfall kostunar af auglýsingatekjum 4,8% en var 11,4% á síðasta ári þannig að ljóst er að stærri hluti auglýsingatekna Ríkisútvarpsins fæst núna með kostunarsamningum en áður. Ef tekið er tillit til heildartekna Ríkisútvarpsins sést að kostun var 1,2% af þeim árið 1994 en 3,5% í fyrra. Hefur aukningin verið nokkuð jöfn á þessu 10 ára tímabili. Í krónum talið voru tekjur af kostun tæplega 33 millj. kr. árið 1994 en voru 118,5 millj. kr. í fyrra og er þá reiknað út frá verðlagi sl. árs.

„Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða reglur um kostun?“

Því er til að svara að að mínu mati og í ljósi ýmissa atriða og aðstæðna eru ekki uppi sérstök áform á þessu stigi um endurskoðun reglnanna. Mikilvægt er að þessum reglum sé fylgt eftir sem er verið að gera og útvarpsnefnd hefur í undirbúningi þessa sérstöku könnun eins og ég gat um áðan. Það má segja að í raun sé verið að fylgja málinu eftir en eins og staðan er núna er ekki rétt að endurskoða reglurnar um kostun.

[14:06]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég tek undir það með hæstv. menntamálaráðherra að ekki er ástæða til að endurskoða þessar reglur fyrr en útvarpsréttarnefnd hefur lokið sinni könnun því að það er í fyrsta sinn sem eitthvert stjórnvald á Íslandi fylgir þessum reglum eftir. Það hefur ósköp einfaldlega aldrei verið gert.

Kostun getur verið ágætt mál á réttum stað og gagnleg við fjármögnun á fjárfrekum dagskrárliðum eða dagskrárgerð, t.d. við innlenda stórviðburði eða erlenda, enda sé augljóst hvað er á ferðinni. Gallarnir koma ósköp einfaldlega fram í sjálfum lögunum sem löggjafinn hefur samið af góðu viti. Þeir eru að hún á ekki að hafa áhrif á innihald eða efnistök við gerð dagskrárliðarins. Hún á ekki að raska

ábyrgð á ritstjórnarlegu sjálfstæði útvarpsstöðvar, hún má ekki fela í sér hvatningu í sjálfu dagskrárefninu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostenda eða annars aðila, eins og stendur í lögunum.

Það er þetta hins vegar sem hefur verið brotið. Það hefur verið farið á svig við þessi ákvæði og þau hafa verið brotin augljóslega og opinberlega og ég fagna svörum menntamálaráðherra (Forseti hringir.) um dirfsku hinnar nýju útvarpsréttarnefndar við það að gera það sem (Forseti hringir.) hún hefur átt að gera í marga tugi ára.

[14:07]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra þessi svör. Það er auðvitað alveg augljóst eins og kemur fram í máli mínu og hv. þm. Marðar Árnasonar að þessar reglur sem eru í gildi hafa verið þverbrotnar og eftir því sem lengra verður haldið inn á þá braut, því lengra færa auglýsendur eða kostunaraðilar sig upp á skaftið. Það er vissulega fagnaðarefni að hæstv. menntamálaráðherra skuli nú tilkynna okkur það hér að útvarpsréttarnefnd skuli vera að fara að framkvæma könnun á þessu máli. Ég geri ekki ráð fyrir að útvarpsréttarnefnd þurfi að kanna þetta verulega djúpt því það er augljóst mál að hér er verið að þverbrjóta gildandi reglur. Það sýnir sig líka á tölunum sem hæstv. menntamálaráðherra gefur okkur upp varðandi hlut kostunar í heildarauglýsingatekjum Ríkisútvarpsins. Sá hlutur hefur aukist talsvert og ég gæti vel ímyndað mér að það stæði í einhverju samhengi við það að kostunin er að verða mun fyrirferðarmeiri sem auglýsing en áður var og fyrirferðarmeiri en reglurnar gera ráð fyrir. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að framkvæmd þessara reglna verði skoðuð, ég fagna því að það skuli vera í bígerð og vona að það taki skamman tíma að komast að niðurstöðu.

Eins og hæstv. ráðherra gat um í máli sínu eru ekki uppi hjá henni áform um að endurskoða þessar reglur að sinni, enda skulum við gera ráð fyrir að málefni fjölmiðla verði til umfjöllunar í þinginu og í þjóðfélaginu þar sem fram undan er mikil umræða, ef að líkum lætur, um þessi málefni. Þá treysti ég því og veit raunar að málefni auglýsenda koma líka upp á borðið og það hvernig reglum um kostun er framfylgt í fjölmiðlunum okkar.

Þekkingarsetur á Egilsstöðum.

Fsp. KÁs, 687. mál. — Þskj. 1045.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Katrín Ásgrímsdóttir):

Hæstv. forseti. Uppbygging þekkingarseturs á Austurlandi hefur verið í undirbúningi í nokkur ár, þ.e. frá árinu 2001. Í upphafi þeirrar umræðu var þegar ljóst að aðstöðu vantaði á Egilsstöðum fyrir minni stofnanir og fyrir aðila sem störfuðu að rannsóknum þar. Það er því ljóst að sterkur grundvöllur var fyrir öflugu þekkingarsetri sem hefði það hlutverk að samþætta og efla rannsóknastarf á starfssvæðinu og starf stofnana.

Eins og mönnum er kunnugt um er mikill uppgangur á Austurlandi um þessar mundir. Sá uppgangur er á ýmsum sviðum og áhugi margvíslegra fyrirtækja og stofnana á frekari starfsemi þar. Einnig eru í gangi margar áhugaverðar rannsóknir sem m.a. koma til vegna sérstöðu svæðisins. Sem dæmi um það má nefna rannsóknir sem tengjast þróun á því nýja lífríki sem er að verða til í þeim lerkiskógum sem nú vaxa upp á Héraði og fleira mætti nefna í því sambandi. Það er þó ljóst að þau öflugu fyrirtæki sem eru og verða fyrir austan, svo sem í sjávarútvegi, fiskeldi og álbræðslu, vilja tengjast slíku þekkingarsetri fyrir utan margar stofnanir ríkisins sem ýmist hafa þegar aðsetur á Egilsstöðum eða eru að undirbúa slíkt. Margt hefur orðið til þess að tefja vinnslu málsins. Má þar nefna húsnæðismál og mál sem tengjast flutningi ríkisstofnana undir sama þak og þekkingarsetrið er.

Fyrir nokkru voru sendar til menntamálaráðuneytisins tillögur þar sem gert er ráð fyrir að skipað verði þekkingarráð Austurlands. Ráðið verði skipað fulltrúum stofnana og atvinnulífs og sjái um samþættingu milli aðila, verði eins konar fag- og hagsmunafélag þekkingariðnaðarins og geti t.d. tekið að sér úthlutun svæðisbundinna rannsóknarstyrkja. Þetta skipulag er t.d. áþekkt því sem nú er varðandi menningarmál í fjórðungnum og menntamálaráðherra hefur nýlega undirritað samning um. Undir þessu þekkingarráði er síðan gert ráð fyrir að rekið verði þekkingarsetur á Egilsstöðum, í Neskaupstað og á Hornafirði en á öllum þessum stöðum er í raun kominn vísir að slíku setri. Það er í Nýheimum á Höfn, á Búlandi í Neskaupstað og í Háskólasetrinu á Egilsstöðum. Á þessum þremur stöðum er fyrir hendi kennsluaðstaða Fræðslunets Austurlands og Háskólaseturs Austurlands auk kjarnastofnana sem eru farnar að stunda rannsóknir tengdar starfsemi sinni.

Rétt er að nefna einnig í þessu sambandi að nokkrar stofnanir eru nú þegar í húsnæðishraki á Egilsstöðum og bíða niðurstöðu þessa máls, svo sem Umhverfisstofnun og Fornleifavernd ríkisins. Það er einnig ljóst að sú ákvörðun sem kynnt var í gær um flutning starfa frá Fiskistofu til Hafnar í Hornafirði styrkir þetta mál.

Einnig má nefna að samningur um Háskólasetur á Egilsstöðum sem var aðeins til bráðabirgða rennur út síðar á árinu og tengist sá samningur máli þekkingarsetursins mjög sterkt. Tillögur um þekkingarsetrið hafa legið um hríð í menntamálaráðuneytinu án þess að ráðuneytið hafi tekið til þess afstöðu. Því spyr ég hæstv. menntamálaráðherra eftirfarandi spurninga:

1. Hefur ráðuneytið tekið afstöðu til þeirra tillagna sem lagðar hafa verið fram um þekkingarsetur á Austurlandi?

2. Verður skipaður starfshópur til að vinna málið áfram og hefur ráðuneytið í því sambandi sett sér einhvern tímaramma?

[14:13]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr mig hvort ráðuneyti menntamála hafi tekið afstöðu til þeirra tillagna sem lagðar hafa verið fram um þekkingarsetur á Austurlandi. Þessar tillögur hafa verið kynntar mér og öðrum í ráðuneytinu og koma þær m.a. fram í vinnuskýrslu á vegum Þróun-

arfélags Austurlands sem ber heitið Uppbygging þekkingargarðs á Egilsstöðum og þekkingarseturs sem samstarfsvettvangs háskólamenntunar, rannsóknastarfs, atvinnulífs og samfélagsþróunar. Einnig hafa ráðuneytinu borist ályktanir Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og tillögur að stofnskrá þekkingarseturs.

Tillögurnar fela annars vegar í sér stofnun þekkingarseturs á Egilsstöðum og hins vegar stofnun þekkingarráðs eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á áðan eða þekkingarnets Austurlands sem samhæfir síðan starfsemi er lýtur að rannsóknum, þróun og hálskólamenntun á Austurlandi.

Við í menntamálaráðuneytinu höfum tekið jákvætt í þessar tillögur og unnið með heimamönnum að þróun þeirra áfram. Við höfum líka í ágætu samstarfi við fjármálaráðuneytið unnið að því að fasteignir ríkisins yfirtaki húsnæðið að Vonarlandi á Egilsstöðum af Framkvæmdasjóði fatlaðra og leigi það síðan út fyrir starfsemi þekkingarseturs.

Fjármálaráðuneytið vinnur nú að endanlegri lausn þessa máls. Jafnframt hefur menntamálaráðuneytið beitt sér fyrir því gagnvart landbúnaðar- og umhverfisráðuneytum að stofnanir á þeirra vegum taki síðan af fullum krafti þátt í þekkingarsetrinu fyrir austan.

Afstaða mín til tillagna um þekkingarsetrið hefur því verið jákvæð og það hefur verið unnið að framgangi þeirra í samstarfi við heimamenn og önnur ráðuneyti. Það skal hins vegar tekið fram að málefni þekkingarsetra á landsbyggðinni eru ekki afdráttarlaust á forræði menntamálaráðuneytisins. Hins vegar hefur ráðuneytið beitt sér í uppbyggingu þekkingarsetra á Austurlandi og, eins og menn þekkja og vita, á Vestfjörðum á grundvelli samkomulags við iðnaðarráðuneyti um uppbyggingu menntunar og menningar á landsbyggðinni. Hefur sérstöku fjármagni verið varið til þeirrar uppbyggingar í tengslum við byggðaáætlunina. Það er hins vegar forsenda fyrir því að framhald verði á uppbyggingu þekkingarsetra að sérstakt fjármagn fáist til reksturs þeirra eftir að núverandi byggðaáætlun lýkur í lok þessa árs þannig að hægt sé að halda áfram með þau brýnu verkefni sem uppbygging mennta- og menningarmála eru á landsbyggðinni. Ég hef þegar lagt fram tillögu í ríkisstjórn þar að lútandi.

„Verður skipaður starfshópur til að vinna málið áfram og hefur ráðuneytið í því sambandi sett sér einhvern tímaramma?“

Ég hef þegar tekið ákvörðun um að stofna starfshóp um þekkingarsetur á Austurlandi í þeim tilgangi að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu að stofnun þess. Er það gert í trausti þess að viðunandi lausn fáist á fjármögnun starfsemi þekkingarsetursins. Í starfshópnum munu eiga sæti fulltrúar heimamanna, háskóla og hagsmunaaðila. Þegar hafa farið fram viðræður við heimamenn um starf hópsins og verður gengið frá skipun hans á næstu dögum. Er gert ráð fyrir að starfshópurinn ljúki störfum í júní á þessu ári.

[14:16]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég fagna sérstaklega ákvörðun ráðherra um að stofna nú þegar starfshóp til að ljúka stofnun þekkingarseturs á Austurlandi. Eins og hv. fyrirspyrjandi vek ég einnig athygli á áformum um stofnun þekkingarráðs Austurlands til að samhæfa þekkingarstarfsemi þannig að það verði eins konar fag- og hagsmunafélag þekkingariðnaðarins á Austurlandi. Þá er aðkoma atvinnulífsins að þekkingar- og rannsóknastarfsemi tryggð og það leiðir til mikillar samhæfingar.

Það er líka full ástæða til að vekja athygli á ályktun vísinda- og tækniráðs frá 17. desember 2004 en þar styður ráðið hugmyndir um þekkingarsetur og færir mjög góð rök fyrir þeim stuðningi sínum.

[14:18]

Lára Stefánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna sérstaklega þessari fyrirspurn því að uppbygging þekkingar og menntunar á landsbyggðinni er grundvallaratriði fyrir velsæld þar um slóðir. Það sem við horfumst í augu við er lágt menntastig, ekki möguleikar á sérstakri nútímalegri atvinnuuppbyggingu vegna skorts á þekkingu og menntun. Því lýsi ég ánægju minni með að fyrirspurnin kemur fram og að starfshópur verði skipaður með von um úrbætur.

Á sama tíma minni ég á að á Egilsstöðum hafa menn reynt að beita sér fyrir fjarnámi á háskólastigi en þar hefur aðstaða öll verið til mikils vansa. Sérstaklega vil ég minna á að framhaldsskólinn hefur búið þar við þröngan kost en hann gæti þjónustað ýmislegt á þessu sviði væri þar rými og klárað að byggja.

[14:19]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Katrínu Ásgrímsdóttur fyrir að taka upp þetta mál og hreyfa við því. Eins þakka ég hæstv. menntamálaráðherra fyrir þau svör sem hér hafa komið fram, þ.e. að þegar hefur verið ákveðið að stofna starfshóp til að vinna að framgöngu þessa máls, og þótt fyrr hefði verið reyndar.

Þetta er ágætt mál, þekkingarsetur á Egilsstöðum, þær hugmyndir sem fram hafa komið og menn tekið vel undir vegna mikilla möguleika á að efla menntun og rannsóknir á svæðinu, en vandamálið hefur verið að mörg ráðuneyti koma að því, þ.e. fjármálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, félagsmálaráðuneyti — og hver átti að taka af skarið?

Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir að taka af skarið og koma vinnu í gang. Þó að hugmyndin að háskólasetrinu (Forseti hringir.) lúti að hluta til að nettengingum þarf þessi starfsemi eftir sem áður húsnæði.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Katrín Ásgrímsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir hennar góðu svör og áhuga hennar á þessu máli. Ég fagna því eins og aðrir sem hér hafa tekið til máls að ákveðið hafi verið að skipa þennan starfshóp og að honum hafi verið settur sá tímarammi að niðurstaða þessa hóps eigi að koma fram fyrir júní. Það er mikilvægt að þetta gangi hratt fyrir sig. Margir bíða eftir því að þetta mál komist áfram.

Ég er þeirrar skoðunar að stofnun þessa þekkingarseturs

og áframhaldandi uppbygging háskólasetursins fyrir austan sé eitthvert merkasta mál sem er í gangi þar á svæðinu þótt margt merkilegt sé þar í gangi. Það er rétt að minna á, eins og fram kom í ræðu menntamálaráðherra, að ekki er enn búið að tryggja fjármagn í verkefnið. Ég minni hv. þingmenn og menntamálaráðherra á það og hvet þá til að fylgja því eftir.

Ég minni líka á það að þetta mál nær ekki bara yfir Norðausturkjördæmið, heldur teygir það sig í Suðurkjördæmið þar sem þekkingarsetur á Höfn er inni í þessu. Það ætti því að vera í höndum margra þingmanna auk ráðuneytisins. Fyrir utan þau ráðuneyti önnur sem koma að þessu máli eins og hæstv. menntamálaráðherra benti á þurfa líka iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra að taka saman höndum með öðrum í þessu máli.

[14:22]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa ágætu umræðu um þekkingarsetrin og uppbyggingu þeirra á landsbyggðinni. Það er skoðun mín og ég hef margítrekað hana í þessum ræðustól að besta leiðin til að efla og styrkja landsbyggðina, bæði inn á við og út á við, er að stuðla að öflugri menntasókn, þekkingarsókn úti á landsbyggðinni. Það sama gildir að sjálfsögðu varðandi menningarmálin. Við sjáum að gróskan er mikil, ekki síst á því landsvæði sem við erum að tala um, þ.e. á Austurlandi þar sem m.a. menningarsamningur sem ég er nýbúin að skrifa undir við Austfirðinga hefur skilað geysilega miklu fyrir allan þann fjórðung. Við erum að sjá slíkan samning bera ákveðinn ávöxt. Ég held að það sé um leið bæði leiðarvísir og sóknarfæri fyrir önnur landsvæði.

Það sama má segja um þekkingarsetrið sem við erum að reyna að vinna heils hugar að. Við sjáum jákvæða þróun á Vestfjörðum. Þar hafa verið stigin mjög merkileg skref varðandi uppbyggingu Háskólaseturs á Vestfjörðum. Ef við stöndum vel að því og allri þeirri framkvæmd getur það hugsanlega orðið vísir að háskólastofnun eða heill háskóli síðar meir. Það fer allt eftir því hvernig við stöndum að þessu. Að mínu mati höfum við öll á þingi unnið af metnaði að því að byggja upp þessi þekkingarsetur.

Varðandi þetta tiltekna mál skiptir mestu að það er komið í farveg. Það er búið að setja þeim sem koma að þessu ákveðinn tímaramma og við bíðum og sjáum. Vonir standa ekki til annars en að þær niðurstöður verði jákvæðar, ekki bara fyrir landsfjórðunginn heldur fyrir okkur öll.

Veiðarfæri í sjó.

Fsp. JGunn, 613. mál. — Þskj. 917.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Okkur hefur gengið illa að byggja upp fiskstofnana í sjónum í kringum landið frá því að við tókum upp núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Miðað við þær væntingar sem menn gerðu til kerfisins má segja að þær hafi ekki gengið eftir hvað varðar uppbyggingu nytjastofna sjávar.

Við hljótum að velta fyrir okkur af hverju ekki gangi betur en raun ber vitni að byggja upp stofnana og við hljótum að þurfa að vera opin fyrir nýjum aðferðum til að stýra sókn í einstaka fiskstofna. Við vitum öll að sóknarmynstrið hefur breyst talsvert mikið frá því sem það var á árum áður og við hljótum að þurfa að velta fyrir okkur hvort þetta breytta sóknarmynstur og breyttar áherslur við veiðar geti ekki haft talsverð áhrif á hvernig okkur gengur að byggja upp fiskstofnana.

Sóknin með mismunandi veiðarfærum hefur breyst frá fyrri tímum og einnig má segja að veiðarfæri hafi þróast mikið á undanförnum árum og veiðigeta þeirra breyst frá því sem áður var. Afli skipa sem stunda togveiðar hefur aukist gríðarlega og sérstaklega veiðigeta þeirra veiðarfæra sem þessi skip nota. Þau draga nú á eftir sér mun stærri og þyngri veiðarfæri en áður tíðkuðust. Viðkvæm botnsvæði hljóta því að vera í talsverðri hættu þegar farið er yfir þau með svo stórvirkum veiðarfærum. Það má kannski jafna þessu við það þegar stórvirkar vinnuvélar fara yfir hraun. Svæði sem áður var torvelt að fara yfir með botntrolli hafa nú slést það mikið að það stendur ekkert fyrir aukinni umferð togara með troll sín yfir þau.

Það hljóta allir að viðurkenna að það hlýtur að vera talsvert mikill munur á áhrifum mismunandi veiðarfæra á sitt nánasta lífríki. Kyrrstæð krókaveiðarfæri og gildrur hljóta að hafa önnur og minni áhrif á lífríkið í kringum sig en veiðarfæri sem dregin eru eftir botni. Í dag skiptir engu máli í hvaða veiðarfæri fiskur er tekinn, kíló er kíló og allur dauður fiskur lagður að jöfnu. Ef skaðsemi veiðarfæra er misjöfn og áhrif þeirra á sitt næsta lífríki einnig eigum við að spyrja í fullri alvöru hvort ekki sé rétt að taka upp veiðarfærastýringu í meira mæli en gert er í því fiskveiðistjórnarkerfi sem við höfum.

Grundvöllur allra ákvarðana varðandi nýtingu á auðlindum hafsins hlýtur að vera besta þekking sem við getum aflað okkur á hverjum tíma. Við eigum að grunda ákvarðanir okkar á slíkri þekkingu, ekki á tilfinningum eða óskhyggju heldur bestu ráðgjöf sérfræðinga sem fyrir hendi er á hverjum tíma. Því er nauðsynlegt að stunda fjölþættar rannsóknir, og veiðarfærarannsóknir hljóta að koma þar inn í. Því spyr ég hæstv. sjávarútvegsráðherra:

1. Hefur Hafrannsóknastofnunin staðið fyrir rannsóknum á umhverfisáhrifum mismunandi veiðarfæra á lífríki sjávar?

2. Telur ráðherra rétt að auka vægi veiðarfærastýringar við stjórn fiskveiða?

[14:27]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Fyrirspurnin er í tveimur liðum og er fyrri liðurinn svohljóðandi:

„Hefur Hafrannsóknastofnunin staðið fyrir rannsóknum á umhverfisáhrifum mismunandi veiðarfæra á lífríki sjávar?“

Því er til að svara að Hafrannsóknastofnun hefur á undanförnum árum staðið fyrir allnokkrum rannsóknum á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar. Hér er um að ræða rann-

sóknir á áhrifum á umfangi botnvörpuveiða á Íslandsmiðum, áhrifum rækju- og hörpudiskveiða á lífríki botns, áhrif vatnsþrýstiplógs, rannsóknir á lífslíkum þorsks við línu- og handfæraveiðar auk víðtækra kjörhæfnis- og skiljurannsókna sem beinast að verndun smáfisks og annars óæskilegs meðafla í togveiðum. Þá hefur verið unnið að því að kortleggja búsvæði innan lögsögunnar með það í huga að vernda sérstaklega viðkvæm og mikilvæg búsvæði. Hefur stofnunin gert fyrstu tillögur í þeim efnum. Að lokum hafa sérfræðingar stofnunarinnar unnið að greiningu upplýsinga er varpað geta ljósi á áhrif svæðabyggðanna og lokun veiðisvæða á vöxt og viðgang fiskstofna.

Eins og sjá má af þessu hefur Hafrannsóknastofnunin unnið að margvíslegum verkefnum sem ætlað er að varpa ljósi á áhrif veiða á umhverfið. Hins vegar ber að hafa í huga að rannsóknir af þessu tagi eru oftar en ekki langtímaverkefni og endanlegar niðurstöður því ekki fyrirliggjandi. Samkvæmt langtímastefnu Hafrannsóknastofnunarinnar eru rannsóknir á þessu sviði forgangsverkefni á komandi árum og er mikilvægt að stofnuninni verði gert kleift að efla þennan þátt starfseminnar. Í þessu sambandi skal þess getið að til útibús Hafrannsóknastofnunarinnar á Ísafirði hefur verið ráðinn veiðarfærasérfræðingur sem mun vinna að veiðarfærarannsóknum sem væntanlega munu auka þekkingu á umhverfisáhrifum mismunandi veiðarfæra á lífríki sjávar.

Jafnframt er rétt í þessu sambandi að benda á að brýnt er að miða að því að ljúka markvissu átaki við kortlagningu íslensku efnahagslögsögunnar á allra næstu árum svo að unnt verði að undirbyggja aðkallandi friðunaraðgerðir á mikilvægum búsvæðum við landið sem byggja þarf á mun ítarlegri gögnum en nú liggja fyrir á svipaðan hátt og hv. fyrirspyrjandi nefndi í inngangi sínum.

Síðari liðurinn er eftirfarandi:

„Telur ráðherra rétt að auka vægi veiðarfærastýringar við stjórn fiskveiða?“

Ég hef ekki markað beina stefnu í þeim efnum hvort auka eigi vægi veiðarfærastýringar. Við höfum hins vegar lagt áherslu á það, og það var m.a. eitt af því sem lögð var áhersla á í verkefninu Líffræðileg fiskveiðistjórnun, að skoða með hvaða hætti væri hægt að ná fram meiri hagkvæmni, meiri gæðum og betri árangri með því að stýra veiðunum á nýjan eða annan hátt en við höfum gert áður. Eins og ég hef áður sagt frá hér byggðust niðurstöður verkefnishópsins að mestu leyti á því að leggja til frekari rannsóknir og segja má að allar þær tillögur sem þeir lögðu fram séu núna verkefni sem eru í gangi á vegum annaðhvort Hafrannsóknastofnunar eða Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Það má segja að hugsanlega komi út úr þessu starfi niðurstöður sem geti leitt til þess að veiðarfærastýring verði á annan hátt en hún hefur verið. Það er ekki endilega víst, jafnvel þótt út komi jákvæðar niðurstöður í þessu efni, að það leiði til þess að vægi veiðarfærastýringarinnar verði meira því hugsanlegt er þá að einhver önnur tegund af veiðarfærastýringu verði lögð af. Um þetta er einfaldlega of snemmt að fullyrða en tekið verður á því um leið og niðurstöður gefa tilefni til þess.

Ég vil hins vegar bæta við í tilefni af orðum hv. þingmanns í inngangserindi hans að ég held að það sé of djúpt í árinni tekið að segja að okkur hafi gengið illa að byggja upp fiskstofnana frá því að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi var tekið upp. Ég verð þó fyrstur manna til að viðurkenna að ég vildi mjög gjarnan að það hefði gengið betur og hraðar fyrir sig. Við höfum lært mjög mikið á þessu tímabili og höfum um það mjög sterkar og ákveðnar vísbendingar að við getum byggt upp fiskstofna á þann hátt sem við höfum verið að reyna þó að vissulega hafi það af ýmsum orsökum ekki tekist með alla stofnana eins vel og við hefðum viljað.

[14:32]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að mér fundust svör hæstv. ráðherra betri en ég átti von á. Hann gaf yfirlýsingu á fundi Landssambands smábátaeigenda í haust þar sem hann sagði skýrt og greinilega að ekki stæði til að mismuna veiðarfærum hvað varðaði úthlutun á kvótum. Mér finnst sem hæstv. ráðherra sé farinn að endurskoða það að einhverju leyti með þeim orðum sínum að hann telji koma til greina að skoða þessa hluti upp á nýtt. Ég fagna því og tel fulla ástæðu til þess.

Ég tel að afar ómarkviss stýring sé á ferðinni hvað varðar úthlutanirnar sjálfar. Auðvitað er veiðum stýrt með svæðalokunum og öðru slíku en það er full ástæða til að skoða hvort í úthlutunum sjálfum eigi ekki að koma til móts við aðila eftir því hvernig þeir ganga um lífríkið og hvaða áhrif veiðarnar hafa á viðkomandi stofna.

[14:33]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Veiðarfærastýringar við stjórn fiskveiða skipta að sjálfsögðu verulegu máli og eru ein af þeim breytum sem við getum beitt til að stýra sókn okkar í fiskstofnana, til að mynda reyna að hafa áhrif á hvaða stærðir fisks við veiðum á hverjum tíma. Þetta snertir að sjálfsögðu kjörhæfni veiðarfæra, til að mynda netveiðarfæra en einnig krókveiðarfæra.

Varðandi veiðarfærastýringu með tilliti til áhrifa veiðarfæra á lífríkið almennt — ég er sérstaklega að hugsa um lífríkið á botninum, botndýralíf og áhrif dreginna veiðarfæra á það — þá tel ég löngu tímabært að tekið verði til skoðunar að veiðar með dregnum veiðarfærum, sérstaklega botnvörpu, verði bannaðar á ákveðnum stöðum þar sem við vitum að lífríki á botni er viðkvæmt. En þar skortir að sjálfsögðu rannsóknir og þar hefðum við átt að gera betur en við höfum gert.

[14:35]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við veiðum samkvæmt kvótastýrðu fiskveiðikerfi þar sem kvótarnir ganga kaupum og sölum og eru jafnframt leigðir. Það atferli hefur áhrif á stýringu fiskveiða og nýtingu veiðislóðarinnar. Það kann vel að vera að sé aðgangur manna að stærri fiski heftur þá gæti það orðið til að kerfið leiddi af sér meira brottkast. Ég held að menn standi jafnvel frammi fyrir þessu í dag sem hluta af þeirri staðreynd að möskvar í þorskanetum hafa verið minnkaðir. Ég vil spyrja ráðherrann hvort það hafi verið skoðað eða fylgst með því.

Það er líka einkennilegt að önnur veiðarfæri geta sótt inn á sömu mið og var verið að vernda varðandi stórfiskinn. Síðan vil ég vekja athygli á því að svæðalokanir þarf að skoða mun betur en gert hefur verið á undanförnum árum.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Jón Gunnarsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin við spurningunum og eins hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni. Ég verð að segja hvað fyrri spurningu mína varðar, um rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávar, að ég er ánægður með þau svör hæstv. ráðherra að stundaðar hafi verið talsverðar rannsóknir hjá Hafró á áhrifum veiðarfæra. Eins fagna ég því að menn velti fyrir sér að gefa þessum rannsóknum ákveðinn forgang og veiðarfærasérfræðingar verði kallaðir til í auknum mæli til að fara betur í rannsóknirnar.

Hæstv. ráðherra ræddi rannsóknir á botnvörpu, rækjutrolli, hörpudisksveiðum með plógum, handfæri og línu, en mig langar að inna hæstv. ráðherra eftir því hvort fram hafi farið einhver rannsókn á áhrifum flottrollsveiða á uppsjávarfiski, þar sem stór og mikil troll eru dregin í mjög langan tíma um mikið hafsvæði og gleypa allt sem á því svæði er, t.d. loðnutroll með smáum möskva. Ég heyrði um daginn þær fréttir að jafnvel kæmi lax í þessi veiðarfæri. Það er umhugsunarefni og mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort á því sviði séu einhverjar rannsóknir í gangi eða fyrirhugaðar.

Hvað varðar aukið vægi veiðarfærastýringar við stjórn á fiskveiðum fannst mér einnig sem hæstv. ráðherra tæki betur í það en ég átti von á, að veiðarfærastýring gæti komið til greina í auknum mæli frá því sem verið hefur. Hæstv. ráðherra talaði um að menn þyrftu að skoða málið út frá hagkvæmni og út frá gæðum afla. Ég held að við þurfum ekki síður að skoða veiðarfærastýringu með það í huga hvernig okkur gengur að byggja upp fiskstofnana. Þótt hæstv. ráðherra vilji ekki segja að illa hafi gengið að byggja þá upp þá vil ég taka þannig til orða. Eins og staðan er þá hefur gengið illa að byggja upp fiskstofnana.

[14:38]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Fyrst vil ég segja að hv. þm. Jóhanni Ársælssyni tókst í örstuttri athugasemd að mistúlka bæði orð mín frá fundi Landssambands smábátaeigenda og orð mín í ræðunni á undan.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson spurði um athuganir vegna breytinga á möskvastærð. Þær athuganir hafa ekki farið fram en þær breytingar hafa gerst í ákveðnum skrefum. Núna eru þær allar komnar til framkvæmda og með vorinu verður farið að athuga hvort sýnileg áhrif séu af þessum breytingum, t.d. þegar yfirstandandi vertíð er lokið. Þá mun samhengið við brottkast einnig skoðað en það skoðum við reglulega og frá ári til árs hjá Hafrannsóknastofnun.

Svæðalokanir og áhrif þeirra hafa nýlega verið skoðaðar í tengslum við nefndina um líffræðilega fiskveiðistjórn og álitsgerð liggur fyrir um það.

Varðandi spurningar hv. þm. Jóns Gunnarssonar um flottroll þá hafa verið gerðar rannsóknir á flottrolli. Hins vegar hefur reynst erfitt að gera þær rannsóknir. Farið hefur fram vinna til að þróa þær betur en samt sem áður hafa niðurstöður úr athugunum úr afla að undanförnu leitt til þess að rétt þykir að gera breytingar á þeim um það eru fyrirliggjandi þingmál, eins og hv. þingmenn vita. Hins vegar finnst mér ekki ótrúlegt að lax komi í þetta veiðarfæri, miðað við hvar laxinn heldur sig á hafsvæðinu stóran hluta ævinnar.

Varðandi veiðarfærastýringu þá erum við með veiðarfærastýringu. Hún skiptir verulegu máli og það kemur mér á óvart að það skuli koma hv. þingmönnum á óvart að ég taki jákvætt í það miðað við þá forsögn sem nefndin um líffræðilega fiskveiðistjórn fékk þegar erindisbréf hennar var sent á sínum tíma. Þar er talað jákvætt um hvernig þetta megi gerast, frú forseti. En það þýðir ekki endilega að mismuna eigi í kvótum.

Sláturhúsið á Kirkjubæjarklaustri.

Fsp. JBjarn, 611. mál. — Þskj. 914.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég beini spurningu minni til hæstv. landbúnaðarráðherra varðandi stöðu og framtíð sláturhússins á Kirkjubæjarklaustri. Slátrun hefur verið rekin á Kirkjubæjarklaustri um langt skeið. Vinnustaðurinn hefur verið einn sá stærsti í byggðarlaginu og skipt afar miklu máli, bæði í atvinnulegu tilliti og einnig hvað varðar þjónustu við bændur og íbúa svæðisins.

Samkvæmt upplýsingum sem heimamenn Skaftárhrepps gáfu okkur í landbúnaðarnefnd í byrjun febrúar stendur til að sláturhúsinu á Kirkjubæjarklaustri verði lokað, jafnvel frá og með næsta hausti. Það er Sláturfélag Suðurlands sem á og rekur húsið en sláturfélagið er í sjálfu sér í eign bænda á Suðurlandi.

Mikið hefur verið gert af því á undanförnum árum að úrelda sláturhús og loka atvinnustöðum í byggðarlögum í krafti hagræðingar. Ríkisvaldið hefur gengið þar inn með fjármagn, m.a. til að úrelda burt atvinnutækifærin. Sumpart hefur það verið til góðs en í öðrum tilvikum hefur verið dregið í efa hvort það hafi verið til góðs. Það er a.m.k. ljóst að sláturhúsið á Kirkjubæjarklaustri hefur skipt gríðarlega miklu máli á svæðinu. Það kom fram á fundinum með fulltrúum Skaftárhrepps að Sláturfélag Suðurlands hefði lítið samband haft við heimamenn varðandi þá ákvörðun en Sláturfélagið mun hafa sótt um úreldingarfé til að loka húsinu.

Í skýrslu sem hefur verið unnin að beiðni Skaftárhrepps, um áhrif sláturhússins á Kirkjubæjarklaustri á atvinnulíf og búsetu í Skaftárhreppi, kom fram að um 30 manns hafa haft þar atvinnu auk þjónustuaðila sem því tengjast. Þess vegna leyfi ég mér að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra:

1. Hve mörgu fé hefur árlega verið slátrað í sláturhúsinu á Kirkjubæjarklaustri sl. fimm ár og hve mörg ársverk hafa tengst þeirri starfsemi?

2. Hversu mikið er ráðgert að greiða Sláturfélagi Suðurlands fyrir að loka sláturhúsinu á Kirkjubæjarklaustri og hefur sú greiðsla verið innt af hendi?

3. Kemur til greina að ráðherra afturkalli fjárveitingu ríkisins til úreldingar sláturhússins og veiti sveitarfélaginu hana þess í stað til atvinnuuppbyggingar?

4. Kemur til greina að ráðherra beiti áhrifum sínum til að tryggja áframhaldandi rekstur sláturhússins, sem ég veit að hugur heimamanna stendur til?

[14:44]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Fyrsta spurning er um hversu mörgu fé hafi verið slátrað í sláturhúsinu síðustu árin. Árið 2000 voru það 21 þús. fjár, 26 þús. árið 2001, 27 þús. árið 2002, 27.400 árið 2003 og 27.894 árið 2004.

Samkvæmt upplýsingum frá Sláturfélagi Suðurlands eru ársverk ekki nákvæm upp á klukkustund þessi ár en talið er að ársverkin hafi verið 4,7—5,2. Ég vil auðvitað taka fram að það er varla hægt að reikna þetta upp í ársverk. Þessir peningar hafa auðvitað verið fólkinu sem þar vinnur mjög dýrmætir peningar. Sveitafólkið hefur haft þarna vinnu við sláturhúsið og hefur munað um þær tekjur. Þannig er erfitt að miða bara við ársverkin sem ekki eru mörg.

Hversu mikið er ráðgert að greiða Sláturfélagi Suðurlands o.s.frv. fyrir þetta? Úreldingarbætur Sláturfélags Suðurlands vegna úreldingar á Kirkjubæjarklaustri námu 24,6 millj. og fór sú greiðsla fram í byrjun þessa árs.

Kemur til greina að ráðherra afturkalli fjárveitingu til ríkisins og greiði sveitarfélögum? spyr hv. þm. Nei, slíkt væri brot á reglum nr. 651/2003, um úreldingu sláturhúsa á árunum 2003 og 2004. Ef brugðið verður út frá áður settum reglum um úreldingu hefur jafnræði þeirra sem sóttu um úreldingu verið skert, sennilega með ólögmætum hætti. Ekki er hægt að breyta fyrir fram settum forsendum fyrir úreldingu sláturhúsa eftir á, einum aðila í hag eða einu sveitarfélagi í hag. Verði slíkt gert er jafnræðisregla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sem ég veit að hv. þingmenn þekkja, brotin og ríkissjóður kann þar með að verða dæmdur bótaskyldur fyrir hugsanlegu tjóni annarra sláturleyfishafa. Ég veit að hv. þingmenn vilja ekki þannig sé brotið gegn lögum eða reglugerðum þannig að þetta kemur ekki til greina.

Hv. þm. spyr: Kemur til greina að ráðherra beiti áhrifum sínum til að tryggja áframhaldandi rekstur sláturhússins? Ég átti fund bæði með stjórn og framkvæmdastjóra Sláturfélags Suðurlands og enn fremur með sveitarstjórn Skaftárhrepps og gerði þeim grein fyrir þessum úreldingarreglum og því fé sem veitt væri til þessa verkefnis. Ég gerði þeim grein fyrir því að þetta væri einungis ákvörðun félags þeirra, Sláturfélags Suðurlands og að það ætti rétt lögum samkvæmt á að sækja um úreldingarbætur, það væri Sláturfélag Suðurlands sem úrelti þetta hús en ekki landbúnaðarráðherra. Það er alfarið Sláturfélag Suðurlands sem tekur þessa ákvörðun og gerir það á sínum forsendum og ég vona að hún sé tekin út frá hagsmunum félagsins. Ég get ekki tekið þá peninga og rétt öðrum. Það er annað mál hvað menn geta gert í byggðamálum í gegnum Byggðastofnun eða slíkt batterí, sem sinnir þeim verkefnum til að koma til móts við stöðuna í því sveitarfélagi.

Það var á erfiðum tímum í sauðfjárræktinni að farið var út í úreldingu sláturhúsa. Það er kannski til marks um þróunina á því sviði að fyrir nokkrum árum rak Sláturfélag Suðurlands líklega 7–8 sláturhús. Nú rekur það eina starfsstöð á Selfossi og telur sig bæði geta staðið vörð um hærra verð til bændanna og lægri sláturkostnað sem skili sér til bændanna með þeim hætti. Ég er sannfærður um að úrelding sláturhúsanna, þær aðgerðir sem ríkisstjórnin fór í til að bæta bændum þeirra erfiðu kjör, þ.e. 170 millj. kr. til úreldingar sláturhúsanna og 140 millj. kr. til að bæta stöðu sauðfjárbænda á þessum tíma, hafa haft prýðileg áhrif á stöðu þeirra. Nú er staðan sú að sala á lambakjöti hefur ekki verið meiri í mörg ár. Þróunin í lambakjötinu er ör í þeim starfsstöðvum sem ekki bara slátra og setja inn á frysti heldur slátra, vinna afurðina, koma henni á markað o.s.frv. Það er því mikil þróun í þessari grein. Ég er sannfærður um að þessi úrelding og þær aðgerðir sem sauðfjársamningurinn, það sem unnið hefur verið að á vegum Bændasamtakanna og ekki síður sláturleyfishafanna, hefur skilað sér í batnandi stöðu sem þingmenn nefna oft í þessum stól og fagna með landbúnaðarráðherra yfir því að bjartara skuli fram undan.

[14:49]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Sláturhúsið á Kirkjubæjarklaustri er hér til umræðu og það fer ekkert á milli mála að það hefur haft afar mikla þýðingu, bæði fyrir sveitarfélagið og eins fyrir þá sem hafa haft þar atvinnu. Eins og fram hefur komið er það alfarið ákvörðun Sláturfélags Suðurlands að taka þátt í úreldingu sláturhúsa og ég tek undir með hæstv. landbúnaðarráðherra að það er ekki hægt að taka afturvirka ákvörðun í þessu sambandi, það gengur einfaldlega ekki. Það var því alfarið ákvörðun Sláturfélagsins að fara í þessa aðgerð, eins og fram hefur komið bæði með fundum þingmanna kjördæmisins og landbúnaðarnefndar en að sjálfsögðu þarf eitthvað annað að koma til fyrir þetta samfélag. Það er mjög mikilvægt að ríkið komi að því í gegnum t.d. Byggðastofnun og atvinnuþróunarsjóð og ég vil benda á að það eru mikil sóknarfæri og margir möguleikar á Klaustri (Forseti hringir.) og með tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs.

[14:50]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Að sjálfsögðu er alltaf sárt þegar störfum fækkar á landsbyggðinni og ekki síst í sauðfjárræktarhéraði eins og í Skaftafellssýslum. En heimurinn er harður hvað þetta varðar og þetta er þáttur í atvinnuháttabreytingu, þ.e. hagræðingarkrafan. Lenging sláturtíma upp í 5–6 mánuði á ári gerir það að verkum að það er hagkvæmara fyrir viðkomandi fyrirtæki að sameina vinnslu sína, sláturtíma og vinnslu á þessum afurðum, og þess vegna er þessi leið farin.

Benda má á að Sláturfélag Suðurlands er eitt elsta sláturfélag á landinu og úrvinnslufélag á þessu sviði og hefur aldrei annað en staðið við skuldbindingar sínar við bændur. Heimamenn á Kirkjubæjarklaustri og nágrenni eru áræðnir, hafa tekið höndum saman og eru að leggja í starf samhliða og með Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands um atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Mér finnst góður tónn í fólkinu miðað

við þær aðstæður sem það býr við núna.

[14:52]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Sláturhúsinu á Kirkjubæjarklaustri hefur verið lokað og það er því miður staðreynd. Ég var fyrr í vetur staddur á fundi með íbúum Kirkjubæjarklausturs og þar var einnig hæstv. landbúnaðarráðherra staddur. Það var mjög forvitnilegt að koma á þann fund og það var mjög áhugavert og skemmtilegt að finna að þrátt fyrir þetta hefur fólk alls ekki gefist upp. Við skulum ekki gleyma því að þetta er lítil byggð á milli sandanna. Hún er viðkvæm fyrir áföllum og ég tel mjög brýnt að lögð verði mikil áhersla á það að þeirri vörn sem þarna er núna verði á ný snúið í sókn. Ég hygg, og deili held ég þeirri skoðun með fjölmörgum íbúum á Kirkjubæjarklaustri og í nágrannasveitum, að sóknarfærin liggi að stórum hluta til í ferðaþjónustu og ég tel að það sé skylda okkar, ekki síst þingmanna kjördæmisins, að sjá til þess að þá verði hlúð að vaxtarbroddum og nýsköpun í þeim atvinnuvegi til framtíðar.

[14:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir sagði áðan að það væri alfarið ákvörðun SS að leggja niður þessa starfsemi. Ég er ekki sammála þessu. Það er inngrip hins opinbera að borga peninga til að úrelda sláturhús. Nú ætla ég ekki að dæma um hvort það er skynsamlegt að leggja þetta sláturhús niður en ég get ekki séð annað en að þegar menn ákveða að nota peninga frá ríkinu til að koma á nánast skipulagslausu ástandi í sláturhúsamálum eins og raun ber vitni — það er þannig orðið núna að menn eru keyrandi sauðfé endanna á milli í þessu landi, miklu lengri vegalengdir en skynsamlegt er, vegna þess að ríkið er búið að grípa inn í með því að borga peningalausum sláturhúsum peninga til að leggja niður starfsemina. Hæstv. landbúnaðarráðherra er bara kátur og ánægður með þetta og montinn af þessu. Mér finnst full ástæða til að menn (Forseti hringir.) endurskoði þá ferð sem farið var í.

[14:54]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég var á ferð á Kirkjubæjarklaustri í síðustu sláturtíð og gerði mér þá vel grein fyrir því hve mikið vægi þessi vinnustaður hefur fyrir sveitarfélagið og það fólk sem þar býr. Því átti ég kannski von á að hæstv. landbúnaðarráðherra mundi reyna að taka þetta mál fastari tökum en síðan varð.

Svæðið sem sláturhúsið þjónustaði er eftir því sem ég best veit riðulaust svæði. Því velti ég fyrir mér hvort ekki hefði verið rétt að taka það inn í myndina þegar ákvörðun var tekin um að loka þessu sláturhúsi, þá til verndunar svæðisins vegna þess að öll þessi keyrsla á sláturfé út og suður hlýtur að skapa meiri hættu hvað riðusmit varðar. Er ekki um sérstöðu þarna að ræða varðandi þetta sláturhús og þetta svæði og hefði því ekki verið hægt að taka á úreldingu þessa sláturhúss með öðrum hætti en hinna sem ráðherrann vísaði hér til? Hefði ekki verið hægt að vísa til riðuleysis svæðisins þegar menn voru að velta fyrir sér jafnræði milli sláturhúsa?

[14:55]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Það er mjög sérstakt að heyra málflutning stjórnarsinna sem láta í veðri vaka að þetta sé eingöngu á ábyrgð Sláturfélags Suðurlands. Auðvitað er það ekki. Hér er dæmi um ríkishagræðingu kvótaflokkanna. Það er sorglegt að horfa upp á að búið sé að taka 170 millj. kr. af skattfé landsmanna til að fara í einhverja ríkishagræðingu. Það sem er skrýtnast við þetta hjá þessum kvótaflokkum til sjávar og sveita er að engir útreikningar liggja að baki, hv. þm. Drífa Hjartardóttir. Það eru engir útreikningar sem liggja að baki ákvörðuninni. Menn tala um það eins og það sé jákvætt. Það er ömurlegt að heyra að flokkur einkaframtaksins skuli vaða hér fram með buddu almennings og greiða fólki og loka fyrir því starfsstöðvum. Þetta er ömurlegt.

[14:57]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í þessari umræðu víkja sérstaklega að þeim miklu flutningum sem fara fram á sauðfé á milli landsvæða eftir að sláturhúsum hefur fækkað sem raun ber vitni. Það er að mínu viti mikið áhyggjumál. Ég held að ég hafi réttar upplýsingar um að þess séu jafnvel dæmi að 48 klukkustundir hafi liðið frá því að fé er tekið af bæ og þangað til því er slátrað, stór hluti af því hafi farið í flutningstíma og tafir og síðan bið eftir því að hafin væri slátrun í viðkomandi sláturhúsi. Þetta held ég að sé mjög varhugavert og það snýr auðvitað að dýravernd.

Það sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á er flutningur á flutningstækjum sem fara bæði af riðusvæðum og inn á ósýkt svæði og síðan aftur til baka o.s.frv. Þarna held ég að liggi mikil hætta og við þurfum sérstaklega að huga að því hvort ekki þurfi að gæta vel að verkum á þessu sviði.

[14:58]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að hvert starf í sveitarfélagi eins og Vestur-Skaftafellssýslu skiptir gríðarlega miklu máli. Það þekkjum við sem höfum verið þingmenn á þessu svæði að heimamenn hafa unnið mjög vel í sláturhúsinu sínu á Klaustri. Nú er hins vegar búið að loka því og það er staðreynd máls. Það var mjög mikið barist fyrir því að reyna að halda þessu sláturhúsi. Það er alveg staðreynd þó að hér inni séu einhverjir að tala um riðu og ýmislegt annað sem ég vona að landbúnaðarráðherra lýsi betur á eftir því að hann hefur lengri tíma.

Sláturfélag Suðurlands rekur þetta fyrirtæki. Það var líka mikil umræða á Hvolsvelli á sínum tíma þegar lagt var niður sláturhús þar en byggð upp kjötvinnsla í staðinn. Margir bændur voru á móti því þá en þetta skiptir það samfélag miklu máli. Við eigum að styðja samfélögin í Vestur-Skaftafellssýslu. Hvert starf skiptir máli. Við eigum að horfa til framtíðar og ég treysti m.a. landbúnaðarráðherra til að berjast fyrir því að bændur geti selt afurðir á búum sínum þannig að við eigum að byggja upp. Við eigum ekki að

horfa til baka, við eigum að horfa fram á veginn.

[14:59]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég þykist vita að á Kirkjubæjarklaustri og í Skaftárhreppi sé dugnaðarfólk sem muni vinna áfram að uppbyggingu atvinnulífs. En þá ákvörðun að loka sláturhúsinu á Kirkjubæjarklaustri tel ég afar ófaglega tekna. Það hefur komið fram frá heimamönnum að lítið samráð hafi verið haft við þá um þessa lokun.

Í öðru lagi fer þetta fjármagn sem varið er til að loka húsinu ekki inn í samfélagið, ekki inn í héraðið til að byggja upp nýtt atvinnulíf, heldur fer það út. Sláturfélag Suðurlands skilaði góðum hagnaði síðasta ár, og það er vel.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Var farið ofan í forsendur þessarar beiðni frá Sláturfélagi Suðurlands til að loka sláturhúsinu á Kirkjubæjarklaustri? Skriflegri fyrirspurn um hvernig laun heimamanna skiptast á hin ýmsu sláturhús í landinu getur ráðuneytið ekki svarað og segist ekki hafa gögn um það sem eru þó grundvallarforsendur fyrir því að taka ákvörðun um hvar eigi að hagræða og hvar eigi að loka sláturhúsum. Sú ákvörðun að loka sláturhúsinu er engan veginn á faglegum forsendum unnin að mínu mati. Það ber að harma.

Ráðherra hefur síðan í hinu orðinu uppi umræðu um að hann vilji efla úrvinnslu og vinnslu og slátrun á búfé í heimabyggð. Ekki er þetta liður í því, eða er það? Hvernig ætlar hæstv. ráðherra þá að koma til móts við þá yfirlýsingu sína? Ég tel, frú forseti, að það beri að harma vinnubrögð eins og hér eru höfð í frammi og þau eru á ábyrgð stjórnvalda að hluta til því að þau setja fjármagnið til úreldingar. Þeirra er að meta hvort ástæða sé til og réttmæt krafa að loka. Ég tel að það hafi ekki verið gert í þessu tilviki (Forseti hringir.) og ekki hafi verið réttmæt krafa að loka þessu húsi.

[15:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þessa umræðu. Það er auðvitað eðlilegt að tilfinningar skapist í kringum ákvarðanir sem þessar. Það er alltaf sárt þegar vinnustaður sem lengi hefur verið, þó hann starfi ekki nema fimm, sex vikur á hausti, hverfur.

Auðvitað er það rétt sem hér hefur komið fram að gulrótin í málinu er hagræðing í sláturiðnaði til að bæta kjör sauðfjárbænda og þeirra í Skaftafellssýslu líka. Ríkið ber því að því leyti ábyrgð, eins og fram kom hjá hv. þingmönnum, að það hefur sett gulrótina fram til að hagræða og bæta kjör sauðfjárbænda, sem kannski kemur síðan hinum megin frá að þeir sem unnu í húsinu hafa ekki tekjurnar áfram nema þá að fara lengra til að sækja sér vinnu. Allt er þetta rétt hjá hv. þingmönnum og þetta skapar auðvitað tilfinningar sem eðlilegar eru.

Varðandi útreikningana fór fram mikil vinna og skýrsla var gerð og hv. þingmenn geta kynnt sér þær án þess að fullyrða um að engar forsendur séu til staðar og að engar rannsóknir hafi farið fram. Sláturfélag Suðurlands átti rétt á úreldingunni og nýtti sér hana. Ég er sannfærður um að Sláturfélag Suðurlands hefði ekki rekið húsið áfram hvort sem þessi peningur hefði komið eða ekki, eins og það hefur kynnt málið fyrir mér og fyrir heimamönnum. Sláturfélag Suðurlands er sterkara í dag en fyrir fimm árum og er sterkara í dag út af úreldingum bæði á Laxá og þessari stöð. Það er því þeirra mál.

Ég verð að segja fyrir mig að mér fannst margir hv. þingmenn horfa til framtíðar, tala um uppbyggingu á mörgum sviðum í Vestur-Skaftafellssýslu, það má ekki rugla heimavinnslu afurða saman við sláturhúsið, það er allt annað mál, hv. þm. Jón Bjarnason. Svo gerist það alltaf í umræðum sem þessum að menn koma eins og þeir séu í norðanvindi og stórhríð. Sumir þingmenn eru alltaf í norðanvindi og stórhríð, neikvæðir, öfugir og tala með þeim hætti að það er engin leið að sætta sig við málflutninginn. (Forseti hringir.)

En ég þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni alveg sérstaklega fyrir bjartsýna ræðu. Hún kom þó frá Frjálslynda flokknum.

Heimasala afurða bænda.

Fsp. SigurjÞ, 636. mál. — Þskj. 966.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra varðandi heimasölu afurða bænda. Ég mun reyna að vera ekki með neinn norðangarra en vonast einlæglega til þess að hæstv. landbúnaðarráðherra verði heldur ekki með sömu lætin og þegar hann svaraði mér um daginn þegar ég spurði hann út í útræðisrétt strandjarða. Það fór mjög fyrir brjóstið á honum og honum fannst sú ræða ósæmileg, en margir bændur hafa einmitt haft samband við mig út af þeirri ræðu og sáu mjög lítið ósæmilegt í henni og sjá má þá ræðu í heild sinni á heimasíðu Samtaka eigenda sjávarjarða ... (**Landbrh.:** Flytt þú þessa ræðu fyrst.) Ég er að því núna. Ég er að tryggja mig þannig að maður verði ekki fyrir barðinu á einhverjum ósæmilegum dylgjum frá hæstv. ráðherra sem vill að við gætum orða okkar.

Heimatilbúnar afurðir og hefðir í matargerð eru hluti af menningu hverrar þjóðar. Það er eitthvað sem vekur forvitni ferðamanna og eitt af því sem innlendir sem erlendir ferðamenn sækja í. Dæmin sanna að slík heimavinnsla og sala hafi þegar vakið áhuga. Til dæmis er í mínu kjördæmi haldin mikil hátíð, mikið fjöruhlaðborð í Hamarsbúð á Vatnsnesi. Þar er hægt að fá sér selkjöt; nýtt, saltað eða reykt. Sú matarhefð eða þetta ágæta tiltæki er mjög til þess fallið að halda í gamlar hefðir og varðveita þekkingu.

Ágætur hæstv. landbúnaðarráðherra lét vinna skýrslu um heimavinnslu afurða og sölu þeirra. Í framhaldi af því óska ég eftir því að hann geri grein fyrir hvort hann ætli að hrinda þeim tillögum í framkvæmd sem fram koma í skýrslunni. Í skýrslunni kemur fram að við erum kaþólskari en páfinn á ýmsum sviðum og það eru strangari reglur hér en t.d. í Noregi og í Evrópusambandinu. Fyrst við vorum að ræða um sláturhús, þá erum við með ströngustu reglur í heimi, hugsa ég, hvað varðar slátrun fjár. Það er svo komið að það vantar sláturhús á stórum svæðum. Það er farið að

slátra í síauknum mæli tel ég heima á lögbýlum. Það er spurning hvort hæstv. ráðherra muni beita sér fyrir því að sú slátrun verði gerð lögleg með einhverjum hætti? Hægt er að vera með færanleg sláturhús eða tryggja einhvern lágmarksaðbúnað þannig að hægt sé að selja beint út af lögbýlinu. (Forseti hringir.) Það væri mjög áhugavert ef hæstv. ráðherra svaraði þessu, vegna þess að hann hefur komið heilu landsvæðunum í klípu með því að (Forseti hringir.) loka sláturhúsum eins og fram hefur komið í umræðunni.

[15:07]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður kemst aldrei hjá því þegar hann fer í ræðustól að komast í smáklípu. Nú bar hann það á þann sem hér stendur að hann kæmi bændum í klípu. Bændur eiga sín sláturhús og reka þau sjálfir. Því miður hafa margir lent í vandræðum með sláturhús sín. Rekstur inn hefur ekki gengið upp og þeir hafa orðið gjaldþrota og farið illa.

Ég hef aðeins komið að því sem landbúnaðarráðherra, eins og fram kom í fyrri umræðu, að reyna að hjálpa til í þessum málum. Þetta eru því bara dylgjur, hv. þingmaður, sem ekki eiga heima í annars ágætri ræðu sem hann minntist á í kringum heimavinnslu afurða.

Fyrri spurning hv. þingmanns hljóðar svo: „Mun ráðherra beita sér fyrir því að tillögur nefndar um heimasölu afurða bænda nái fram að ganga og ef svo er, hvernig?"

Nefnd sú sem ég skipaði til að athuga með hvaða hætti bændur gætu í vaxandi mæli selt framleiðslu sína beint frá búum sínum skilaði áliti 31. janúar sl. Niðurstaða nefndarinnar er í stórum dráttum sú að mál þetta þarfnist ítarlegs undirbúnings, bæði að því er varðar að hvaða marki unnt er að slaka á heilbrigðis- og hollustukröfum við framleiðslu slíkra afurða þannig að fulls öryggis sé gætt og eðlilegs samræmis milli afurða og að því er varðar fræðslu og leiðbeiningar fyrir þá bændur sem hyggjast reyna fyrir sér með slíkri framleiðslu. Mun ég beita mér fyrir því að málinu verði fylgt eftir og er að vinna að því í ráðuneyti mínu.

Látið verður á það reyna hvort grundvöllur sé fyrir hliðstæðri þróun að þessu leyti hér á landi líkt og gerst hefur erlendis, t.d. í Noregi. Ég get að vissu marki tekið undir með hv. þingmanni að við erum oft kaþólskari en páfinn og það er rétt sem hv. þingmaður sagði, ég hugsa að við séum miklu strangari með heilbrigðari vörur en í Evrópu eða í Noregi.

Grundvallaratriði er að fyllsta öryggis sé gætt og öryggi neytenda tryggt. Ég vil hafa það alveg skýrt að þessu má ekki fylgja nein áhætta. Mun ég beita mér fyrir því með samráði landbúnaðarráðuneytisins, umhverfisráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og yfirdýralæknis að þessi mál fái þann framgang sem þau þurfa. Síðan er það hliðin sem snýr að bændum. Í tillögu nefndarinnar er lagt til að ferðaþjónustubændur og aðrir sem vilja nýta sér heimasölu afurða efli með sér samtök til að skilgreina og fylgja eftir þeirri þörf sem hér virðist til staðar. Fann ég það glöggt þar sem við hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason vorum á fundi fyrir stuttu með ferðaþjónustubændum á Brjánsstöðum á Skeiðum að það er mikill áhugi ferðaþjónustubænda sem taka gesti sína til sín, hvort sem það eru innlendir ferðamenn, Íslendingar, eða hinir erlendu að verða við kalli þeirra sem ferðast um landið því þetta þekkir fólk erlendis frá.

Ég legg áherslu á að bændur þurfa sjálfir að vinna í þessum málum og er reiðubúinn til samstarfs við þá um þetta málefni eins og hér hefur verið lýst og starf nefndarinnar ber með sér.

Hv. þingmaður spyr: „Mun ráðherra beita sér fyrir því að sala á heimaslátruðu kjöti út af lögbýlum verði leyfð?"

Sala á heimaslátruðu kjöti er óheimil og mun ég ekki leggja til neina tilslökun frá því banni. Það er eitt að bændur slátri lömbum sínum heima fyrir sig og sitt heimili það er annað ef opnað er fyrir sölu á því kjöti út á markað þegar mjög stífar kröfur eru gerðar til sláturhúsanna, bæði hér og í Evrópu. Okkar reglur í þeim efnum miða að því að við stöndumst Evrópu og getum selt kjöt til Evrópu og Bandaríkjanna. Ef við værum þarna komin með aðra aðferð inn á markaðinn gæti hún þess vegna lokað öllum mörkuðum fyrir okkur og valdið mikilli óánægju hér á landi líka. Þarna verður því að vera eins og sagði forðum á Þingvöllum: Ein lög og ein regla.

Eins og ég gat um hafa bændur þann rétt á búum sínum og nýta margir sér að slátra lömbum sínum fyrir sig og sína fjölskyldu. Það er allt annað mál. Bændur geta tekið kjöt út úr innleggi sínu heim úr sláturhúsi og verslað með það að vild. Ég hygg að það fólk sem ætlar í þessa vinnslu mundi nýta sér að taka kjöt sitt heim, afurð sína, láta slátra því í löggildu sláturhúsi sem stenst Evrópumarkað, sem stenst Bandaríkjamarkaðinn, þó að það verði að kaupa þjónustuna af sláturhúsinu. Ég held því að það sé engin spurning í huga þess fólks sem er að þjónusta að það ætli ekki að bæta þessum verkum á sig, það er að gera það sem það kann svo vel. Vilji þeir annast sölu þess til neytenda geta þeir farið þá (Forseti hringir.) leið með kjötinu sem þeir taka heim til sín, það er allt annað mál.

Þetta eru (Forseti hringir.) meginniðurstöður, hv. þingmaður, þess svars sem ég vil byggja á við þinni ágætu fyrirspurn.

[15:13]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka svarið og fyrirspurnina en hér er um mjög spennandi mál að ræða. Ég hvet hæstv. landbúnaðarráðherra til dáða í þessum efnum og að hann fylgi málinu eftir. Ég finn og skynja að það er framsóknarhugur í ráðherranum hvað þetta varðar eins og á svo mörgum öðrum sviðum. Við vitum að fólk hefur mikinn áhuga á því að vita uppruna matar. Garðyrkjubændur merkja t.d. vöru sína búum sínum í dag, þeir merkja vöru sína íslenska fánanum þannig að við vitum að þegar við kaupum grænmeti erum við að kaupa íslenskt grænmeti. Nú stendur til t.d. á Flúðum að halda sérstakan matvæladag þar sem íslenskt grænmeti verður kynnt. Það verður nokkurs konar uppskeruhátíð og ég veit að þetta verður mjög spennandi. Fólk vill vita um uppruna vörunnar, við sjáum það fyrir jólin þegar menn eru að smakka á hangikjöti af ýmsum toga. Þetta er eins og þegar menn eru að smjatta á rauðvíni. Við eigum mjög mikla möguleika í þessum efnum og ég hvet hæstv. landbúnaðarráðherra til dáða.

[15:14]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir að koma með fyrirspurnina á Alþingi. Það er hárrétt hjá honum að heimasala afurða er hluti af menningu og það er mikil eftirspurn frá ferðamönnum að fá vöru beint frá bóndanum. Hér ríkja afar strangar reglur og manni er spurn: Hvaða ástæður eru fyrir því að við erum með svo strangar og miklar reglur? Ég geri ráð fyrir að aðallega sé verið að hugsa um neytendur fyrst þær eru svona strangar.

Ferðaþjónustubændur hafa mikinn áhuga á málinu, sem von er, því þetta höfðar beint til iðnaðar þeirra eða ferðaþjónustu.

Ég vil taka undir með hv. ráðherra varðandi sláturhúsin. Ég tel að það væri af og frá að leyfa heimaslátrun til að selja afurðir en auðvitað geta menn tekið innlegg sitt út úr sláturhúsi og selt það ef þeir vilja.

[15:15]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn. Mér finnst hún góð og tek undir þau orð hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar að hvetja landbúnaðarráðherra til dáða því þar held ég einmitt að hundurinn sé grafinn. Það er ekki nóg að tala hér og safna skýrslum ef ekkert gerist. Ég minnist þess að ráðherra hefur talað um þetta undanfarin fjögur, fimm ár á þingi og talað fyrir því fjálglega eins og honum er lagið. En ekkert gerist. Ég tel því að núna sé brýnt að gera aðgerðaráætlun, tímasetta aðgerðaráætlun þannig að hlutirnir gerist.

Hún var snjöll þessi hugmynd ráðherrans að láta fólk sækja kjötið sitt á sláturhúsin aftur til að vinna það heima. Bíðum við, það eru kannski svona 300–800 kílómetrar. Með því að loka litlu sláturhúsunum vítt og breitt um landið er verið að skera af þennan möguleika.

Mér finnst mikilvægt að ráðherra horfi á þessi mál í heild sinni, sé ekki að vinna skemmdarverk með annarri hendinni og svo lofa bót og betrun með hinn og svo gerist ekkert. Ég tek því undir með hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni og hvet landbúnaðarráðherra (Forseti hringir.) til dáða.

[15:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða afar áhugavert efni um að heimagerðan mat og heimagerðar afurðir megi bera á borð. Ég hef nú staðið fyrir því í nokkur ár ásamt nokkrum þingmönnum að flytja hér tillögu um léttvín og hef játað það hér úr þessari pontu að ég hef smakkað léttvín á mörgum bóndabæjum.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi aldrei smakkað heimagert léttvín og framleitt á sveitabæ? (**Gripið fram í:** En sterkt?) Ég ætla ekki að spyrja um það.

Að öllu gamni slepptu þá tek ég mjög undir það sem hér er verið að ræða. Ég tel að það sé mjög áhugavert að auðvelda bændum að selja og kynna heimagerðar afurðir sínar. Ég held að á undanförnum árum hafi reglur okkar að þessu leyti verið allt of strangar og íhaldssamar miðað við það sem maður kynnist í öllum löndum í kringum sig. Það er nánast sama hvar maður kemur í Evrópu, alls staðar er hægt að fara á markað og kynna og kaupa heimagerðan mat.

[15:18]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Þetta er athyglisverð umræða og ágæt. Margar afurðir landbúnaðarins hafa verið seldar heima. Þetta er ekkert nýtt mál. Má þar nefna t.d. afurðir garðyrkjubænda sem hafa lengi verið seldar heima. Má þar nefna m.a. bæði blóm og grænmeti sem hefur verið selt á garðyrkjustöðvum í Hveragerði. Eitt stærsta ferðaþjónustufyrirtæki á Suðurlandi er upp sprottið úr slíkum jarðvegi, þ.e. Eden í Hveragerði þar sem var byrjað að rækta gúrkur og selja út um dyrnar þar. Þessi þróun hefur því verið í landinu. Þetta er ekkert nýtt. Það er ekkert nýnæmi í þessu. Við eigum bara að láta þetta þroskast áfram landbúnaðinum og ferðaþjónustunni til heilla og til bóta.

Fleiri afurðir líka, svo sem ull, hestar, þjónusta, sem seldar eru beint frá búum bænda. Nefna má að á árum áður var rekið sauðfjárbú í Hlíðardal þar sem var rekinn unglingaskóli í Hlíðardalsskóla. Þeir höfðu leyfi til að slátra heima og nota til eigin bústarfa.

[15:19]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Eins og hv. þm. Kjartan Ólafsson greindi frá hér þá var það svo að unglingar í Hlíðardalsskóla voru nærðir á heimaslátruðu. Hér stendur nú einn af þeim sem komst þrátt fyrir allt til manns og varð ekki meint af.

Mig langaði hins vegar, frú forseti, að greina frá því að ég er þeirrar skoðunar að það eigi að rýmka verulega til varðandi sölu á afurðum sem bændur og búandfólk býr til heima hjá sér. Síðastliðið haust fór ég í gönguferð um Alpana. Það var dálítið makalaust að koma ofarlega í Alpana og koma þar í sérstök ostabú, þar sem í miðju Evrópusambandinu var verið að heimila bændum að mjólka með ákaflega frumstæðum hætti og búa síðan til ost og menn komu í stórum hópum langar leiðir til þess að kaupa þessa sérstöku afurð. Þarna fór saman ferðaþjónusta og framleiðsla. Það er það sem við eigum að ýta undir.

[15:20]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Ég ætlaði einmitt að koma inn á hið sama og hv. 1. þm. Reykv. n., Össur Skarphéðinsson. Það var verst að hann hafði of skamman tíma til að geta lokið ræðunni. En auðvitað er hann einnig að tala um að víkka heimildir þannig út að bændur geti lagað vín, t.d. fíflavín og úr öðrum jurtum og öðru því sem þeir hafa möguleika á að framleiða á sínu búi, berjavín og þar fram eftir götunum. Við höfum, a.m.k. sumir hv. þingmenn, smakkað berjavín og fíflavín og ýmislegt annað sem er mjög gómsætt. Ég gerði þetta að sérstöku umræðuefni á fundi hjá Stéttarsambandi bænda þegar ég var landbúnaðarráðherra en fékk ekki góðar undirtektir. Mig minnir að formaður Búnaðarfélagsins á þeim tíma, ágætur framsóknarmaður, hv. þm. Jón Helgason, hafi haft lítinn skilning á þessum málum. En ég vonast til þess að sá landbúnaðarráðherra sem nú er, hæstv. ráðherra Guðni Ágústsson, sé sama sinnis og ég um nauðsyn vínræktar bænda.

[15:21]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Það er löngu ljóst að rýmka þarf reglur til þess að bændur geti selt sínar afurðir beint af búum sínum.

Ég vil nefna hérna sauðaosta t.d. Það er alveg ótrúlegt að við sem erum með allt þetta sauðfé hér á landi skulum ekki búa til sauðaosta sem eru ákaflega eftirsóttir í Evrópu.

Í síðustu viku töluðum við fyrir ferðamálastefnu og vorum að ræða þar ýmis sóknarfæri. Þarna eru vissulega sóknarfæri í afurðum sem eru seldar beint hjá bændum og það á að gera líka bændum kleift að veita ferðamönnum af hinum ýmsu afurðum sem þeir eru með. Ég vil taka undir þetta með vínin, berjavín, berjalíkjöra og hina ýmsu drykki sem bændur geta bruggað handa ferðamönnum, þ.e. að þeim verði gert það kleift því það er mjög mikilvægt í ferðaþjónustunni. Ég hvet hæstv. ráðherra að fara nú að rýmka reglurnar. Við tölum og tölum um þessi mál. Við gerðum það á síðasta þingi (Forseti hringir.) og erum að því enn. Nú er tími aðgerða.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég þakka hlýjar undirtektir og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég vonast til þess að hæstv. ráðherra sjái að það er vel til vinsælda fallið að slaka aðeins á reglunum og horfa ekki eingöngu á ströngustu Evrópureglur heldur líta einnig til þess hvernig þeir meðhöndla minni framleiðendur. Ég tel það mjög mikilvægt.

Ef menn horfa til þess hvers vegna megi ekki selja t.d. út af lögbýlum kjöt af heimaslátruðu og hver rökin séu fyrir því. Það er mjög gott að skoða þau. Það er mjög gott að skoða hvers vegna við erum að banna eitthvað, hv. þm. Drífa Hjartardóttir. Er það vegna matvælaöryggis? Ég efast um það vegna þess að þegar matvæli eru unnin enn frekar eins og stjórnvöld eru einmitt að hugsa um að opna á þá auka þau hættuna á óöryggi matvælanna. Síðan geta dýraverndarsjónarmið spilað þar inn í. En á móti kemur að við höfum leyfi til þess að slátra heima til eigin nota. Auðvitað ber að halda þessi sjónarmið í heiðri.

En það sem mig grunar að vaki fyrir hæstv. landbúnaðarráðherra þegar honum er svo mikið í mun að koma í veg fyrir sölu út af lögbýlum, er ekki matvælaöryggi og ekki dýravernd heldur að opna ekki glufu í landbúnaðarkerfið, í þessa framleiðslustýringu. Það verður að halda öllu inni.

Ég er að segja við hæstv. ráðherra: Slakaðu aðeins á. Það er miklu betra að opna þetta. Það er betur fallið til vinsælda og síðan er miklu eðlilegra að horfa ekki eingöngu á ströngustu Evrópureglur heldur horfa líka til Evrópu, þ.e. hvernig þeir meðhöndla þá smæstu og sína ferðamennsku. Það tel ég vera atvinnuveginum mjög til framdráttar, frú forseti.

(**Forseti** (JóhS): Forseti vill minna hv. þingmann á að beina orðum sínum til forseta en ekki einstakra þingmanna.)

[15:25]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Í upphafi má minna á að megnið af þessum ströngu reglum heyra ekki undir þann sem hér stendur. Það eru lög sett af Alþingi sem eru síðan hjá öðrum ráðherrum en þeim sem hér stendur. Þess vegna er þetta samstarfsverkefni sem þarf að fara í og mun verða gert. Tími framkvæmdanna er hafinn.

Ég verð að segja hér út af spurningu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um hvort ég hafi fengið léttvín í sveitinni. Ég hef fengið vín sem ég hef orðið léttur af. Ég veit ekki hvort það var léttvín. En ég skil vel fyrirrennara minn Jón Helgason, sem var heiðarlegur bindindismaður og ber að virða það að hann var það, að hann hefur áreiðanlega ekki viljað að menn drykkju fíflavín. Það er ekki alltaf eins og Salómon sagði, að hóflega drukkið vín gleðji mannsins hjarta. Menn fara misjafnlega út úr því. Við skulum hafa það í huga.

Hv. þm. Jón Bjarnason leyfir sér hér alltaf að tala eins og hann sé maður aðgerðanna. Í mínum huga er hv. þingmaður hinn eini sanni íhaldsmaður þessa þings. Hann berst gegn öllu. Sannleikurinn er sá að það hefur kannski verið ánægjuleg gæfa þess sem hér stendur að mikil nýsköpun er í íslenskum sveitum. Það er mikil þróun. Auðvitað eru margar breytingar sárar. En það eru margir stórir hlutir að gerast þar og það hefur verið gaman að vera þátttakandi í því. Svona ræða eins og hv. þingmaður leyfir sér að flytja er náttúrlega — ég veit ekki við hvað ég á að líkja henni. Hv. þingmaður var góður skólamaður. En það fer ekki alltaf saman að menn heppnist sem stjórnmálamenn þó svo sé.

Ég vil samt sem áður þakka góðar ræður og mikinn áhuga á þessu máli sem ég finn í þjóðfélaginu öllu og ekki síst á meðal bænda og ferðaþjónustu bænda að þeir sjá í þessu tækifæri til þess að efla sveitina (Forseti hringir.) og gera hana vinsælli, enda er sveitin vinsæl í dag og jafnvel er það tíska að vera bóndi í náttúru þessa lands.

[Fundarhlé. — 15:28]

Söfn og listaverk í eigu Símans.

Fsp. SJS, 632. mál. — Þskj. 962.

[15:37]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Það er ánægjulegt þegar þingstörfin ganga greiðlegar en áætlað er. Ég hlýt að biðjast velvirðingar á því að ég hafði ekki reiknað með því út frá skipulagningu fundarins að þessi fyrirspurn kæmist að fyrr en rétt undir fjögur þannig að ég brá mér aðeins í burtu.

Ég hef áhuga á að inna hæstv. fjármálaráðherra eftir því hvað hafi verið ákveðið eða undirbúið við ráðstöfun listmuna vegna fyrirhugaðrar einkavæðingar og sölu Símans sem illu heilli er nú á fullri ferð í andstöðu við guð og menn, leyfi ég mér að segja, því að það liggur fyrir að þjóðin er lítið hrifin af þeirri fyrirætlan. Þegar gamalgróin og merk opinber stofnun, eins og Síminn er, er seld hangir þar margt á spýtunni. Þarna er samansöfnuð mikil saga og mikil arfleifð og þegar um opinberar stofnanir er að ræða hafa menn kannski ekki haft af því miklar áhyggjur þó að saman væri blandað ýmsum hlutverkum sem jafnvel ættu fremur

heima annars staðar í hinum opinbera geira ef um einkarekstur og einkafyrirtæki hefði verið að ræða.

Þetta kom glöggt í ljós þegar menn seldu ríkisbankana og höfðu ekki leitt hugann mikið að því að þar innan veggja var margt sem miklu eðlilegra hefði verið að ríkið leysti til sín og kæmi fyrir annars staðar hjá hinu opinbera áður en slík eign, rekstrarþættir viðskiptabankanna, væri þá seld. Frægast er auðvitað geysilega verðmætt málverkasafn Landsbankans en fleiri merkilegar eignir áttu þar í hlut.

Ég tek fram að ég hef ekki kannað eignastöðuna sérstaklega. Ekki var ástæða til og þess vegna er spurt af því að ég hef ekki beinlínis undir höndum upplýsingar um það hversu mikið af listaverkum, söfnum eða safngripum, kunni að vera í eigu Símans og hvað hafi verið ákveðið þá í þeim tilvikum með ráðstöfun þeirra, hvort þau verði seld einkaaðilum með fyrirtækinu, fylgi með, eða hvort farið hafi verið í gegnum það og það sorterað upp hvað sé eðlilegt að ríkið taki til sín, haldi eftir. Það er ekki seinna vænna að gera það ef til stendur að ana áfram í þessari vitleysu og selja fyrirtækið.

Nú veit ég að vísu að Síminn hefur á undanförnum árum staðið ágætlega að því að skila til Þjóðminjasafnsins t.d. munum sem þar eru vel komnir. Það er auðvitað til fyrirmyndar en það skyldi ekki vera svo að eftir sem áður séu þarna ýmis verðmæti af þessum toga sem ástæða væri til að huga að hvað gert verður með. Því er þessi fyrirspurn fram borin.

[15:40]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Landssíminn er í dag hlutafélag og það sem fyrir dyrum stendur er að selja hlutabréf ríkisins í því félagi. Þar eru fleiri eigendur, eitthvað á tólfta hundrað manns, þar á meðal hv. fyrirspyrjandi eins og hefur komið fram við annað tækifæri. Einn hluthafi getur ekki ráðskast með tilteknar eigur innan félagsins öðruvísi en þá í gegnum stjórnendur þess fyrir milligöngu aðalfundar og stjórnar. Það er því ekkert um það að ræða að ríkisstjórnin eða sá ráðherra sem fer með hlutabréf ríkisins tilkynni að það eigi að taka tilteknar eignir eða verk út úr þessu fyrirtæki áður en það er selt.

Hins vegar hafa stjórnendur fyrirtækisins t.d. ráðstafað fjarskiptasafninu við Suðurgötu til ríkisins, til Þjóðminjasafnsins. Það var gert nýlega með sérstökum samningi og sérstökum heimanmundi hvað varðar rekstur safnsins á næstu tveimur árum. Það var auðvitað mjög myndarleg ákvörðun. Þar er um að ræða safngripi úr fjarskiptasögu landsins sem að sjálfsögðu eru best geymdir í vörslu Þjóðminjasafnsins.

Hins vegar held ég að Síminn sé ekkert sérstaklega vel birgur af listaverkum, t.d. ekkert miðað við bankana, og hefur ekki safnað slíkum gripum. Hvað sem því líður fylgir allt með sem þetta félag á þegar hlutabréfin verða seld og um það gilda nákvæmlega sömu lögmál og gilda almennt í hlutabréfaviðskiptum. Ef menn kaupa bréf í fyrirtækjum kaupa þeir allt sem fyrirtækið á og það er ekki hægt að gera svona ráðstafanir eins og hv. þingmaður er að gefa í skyn þegar um er að ræða félag af því tagi.

[15:43]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessa fyrirspurn. Hér er auðvitað um mjög mikil menningarverðmæti að ræða. Ég hef áður bent á það að t.d. í héraðsskólum og húsmæðraskólum hefur verið mjög mikið af listaverkum sem hafa mikið menningar- og minjagildi fyrir þá sem hafa gefið o.s.frv. Það er full ástæða til að gefa svona málum gaum þegar annaðhvort er verið að leggja niður stofnanir eða selja þær því að hér er um gríðarleg verðmæti að ræða.

Til gamans má geta þess að mér skilst að í þessu fyrirtæki, Símanum, hafi lengi verið málaðar portrettsmyndir af stjórnarformönnum. Reyndar hafa skipti á stjórnarformönnum orðið dálítið tíð á síðustu missirum þannig að það er ólíklegt að myndir af þeim séu orðnar til. Engu að síður, hér er um mjög alvarlegt mál að ræða og full ástæða er til að vekja máls á því.

[15:44]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég held að það sé orðið mikið vandamál fyrir stjórnsýsluna á Íslandi hvað hæstv. fjármálaráðherra Geir Haarde hefur unnið lengi í ráðuneytum því að hann er hættur að tala eins og stjórnmálamaður og farinn að tala eins og bírókrat.

Hér er málið náttúrlega það að hæstv. ráðherra er handhafi 99% hlutabréfa í Símanum fyrir hönd þjóðarinnar. Hann segir þó ekki frá því, eftir að hafa fengið þessa fyrirspurn, heldur segir hann að hann haldi að ekki sé mikið af listaverkum til hjá Símanum. Hann veit það sem sé ekki, hann hefur ekki haft fyrir því að láta gera neina rannsókn á því eða spyrjast fyrir um það hjá Landssímanum sem hann þó er að fara að selja. Hæstv. ráðherra veit sem sé ekki hvað Síminn á. Hann veit ekki hvað hann ætlar að selja.

Það verður líka að vekja athygli hæstv. fjármálaráðherra á því að hann getur sem handhafi þessara hlutabréfa í Símanum á aðalfundi hvenær sem er borið fram tillögu um það að Síminn geri í fyrsta lagi skrá yfir öll þessi verk og í öðru lagi ráðstafi þeim með gjöf til ríkisins eða hvert annað sem er. Ég er þess fullviss að fulltrúi okkar alþingismanna í þessu fyrirtæki, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, mundi fúslega og glaðlega gera bandalag við hæstv. fjármálaráðherra um þetta verk.

[15:45]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka málið upp. Það hefði verið betur að menn hefðu verið svo forsjálir og haldið vöku sinni hér á þingi þegar unnið var að sölu bankanna, að þar hefðu ekki orðið þau leiðu mistök sem þar urðu.

En það er ekki boðlegt, virðulegur forseti, að hæstv. fjármálaráðherra komi hér upp og segi þinginu og fólkinu í landinu að einn hluthafi geti ekki ráðskast með málefni eins og þetta í Landssímanum. Hluthafinn á 98,8% í fyrirtækinu og hann getur auðvitað farið sínu fram í því félagi. Auðvitað getur hann ekki tekið listaverk út úr því nema fyrir komi sanngjarnt endurgjald þannig að ekki sé gengið á eignir þeirra hluthafa sem halda 1% hlutafjár, en hann hefur öll

tök til þess. Og hann á auðvitað trúnaðarmenn í stjórn félagsins og þarf á engan hátt að bíða aðalfundar með jafnsmávægilegt atriði og þetta er í rekstri stórs félags (Forseti hringir.) og varðar ekki kjarna starfsemi þess. (Forseti hringir.) Ef þeir ekki láta af því getur hann sett á hluthafafund hvenær sem vera skal. (Forseti hringir.) En það er bara algjörlega óboðlegt, virðulegur forseti, að hæstv. fjármálaráðherra dragi upp svo villandi mynd (Forseti hringir.) hér fyrir Alþingi Íslendinga.

(**Forseti** (JóhS): Ég vil biðja hv. þingmann að virða ræðutíma.)

[15:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Vissulega er Landssíminn hlutafélag sem nú stendur til að selja hlut ríkisins í. Og vissulega þegar hæstv. fjármálaráðherra er handhafi hluta ríkisins, sem er mikill meiri hluti bréfanna, þá getur hann auðvitað ráðið því hvað gert verður við listaverkin sem er verið að spyrja um hér.

Ekki hefur komið fram hversu mikið af listaverkum er til í eigu Símans — og hér er hæstv. samgönguráðherra sem hefur verið yfirmaður Símans til skamms tíma, hann gæti kannski upplýst nú í umræðunni hverjar eigur Símans eru í listaverkum. Það væri full ástæða til að það kæmi fram, og ég óska eftir því að hæstv. fjármálaráðherra upplýsi það: Hvað hyggst hann sem handhafi stærsta hluta hlutabréfanna gera við listaverkin? Á að selja þau sérstaklega, eins og hv. fyrirspyrjandi spyr um, eða mun hann gefa þau ríkinu áður en salan fer fram?

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Frú forseti. Svar hæstv. fjármálaráðherra er með endemum. Það er lýsandi fyrir vinnubrögðin og hrokann sem hefur einkennt framgöngu stjórnvalda í þessu einkavæðingarferli öllu saman.

Svarið er: Þetta er orðið hlutafélag og það eru aðrir eigendur komnir með ríkinu inn í myndina og þar með þarf ekkert að hugsa um þetta meir. Engra upplýsinga er aflað til að byggja svar við fyrirspurninni á einhverjum staðreyndum, t.d. um hvað Síminn raunverulega á af listaverkum eða öðrum verðmætum sem eftirsjá væri að fyrir hið opinbera að missa úr sinni hendi.

Þvættingur af því tagi að ekki sé hægt að leysa það mál á meðan ríkið á tæp 99% hlutabréfa í fyrirtækinu er ekki á borð berandi í þingsölum. Halda menn virkilega t.d. að það væri ofvaxið fjármálaráðuneytinu, einkavæðingarnefnd og öllu batteríinu, að ganga þannig frá málum að ríkið leysti þá til sín í formi verðmæta sem greiðslu fyrir einhvern hluta af söluverðinu þau verðmæti sem það vill ekki missa af höndum? Ráða menn ekki við það? Ráða menn þá við að selja Símann? Nei, auðvitað gera menn það ekki, enda sjá allir með hvílíkum endemum á að standa að þessu öllu saman.

Ég hélt satt best að segja að lexían frá bönkunum hefði kennt mönnum eitthvað. Það er auðvitað hægt að segja sem svo að af því að menn voru svo gjörsamlega sofandi þegar þeir gerðu hina fyrri mislukkuðu tilraun til einkavæðingar, sem hefur þýtt að um 1% er í eigu annarra aðila, þá sé þetta of seint. En það er ekki einu sinni of seint. Það er ekkert vandamál að ganga frá málinu með þessum hætti sem ég hef hérna verið að draga upp, t.d. að ríkið ósköp einfaldlega sorteri þetta og haldi eftir því sem það vill halda eftir og láti það koma fram í uppgjörinu fyrir greiðslu á fyrirtækinu.

Að sjálfsögðu veit ég að þessir hluthafar, sem þarna eru að uppistöðu til starfsmenn og svo undirritaður sem eiga þetta á móti ríkinu, mundu ekki fara með háværum mótmælum gegn því jafnvel þó ríkið einfaldlega tæki þetta til sín. Þetta er ekki á borð berandi, framganga af þessu tagi. (Forseti hringir.) Ef menn háeffa Póstinn, verður þá frímerkjasafnið bara látið deyja inn í hann með sama hætti?

[15:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Hæstv. forseti. Það er alveg ótrúlegt hvað hv. þingmaður seilist í rauninni langt til að gera sölu Símans tortryggilega. Ekkert atriði í þessu máli er svo ómerkilegt að það sé ekki notað til þess að reyna að koma höggi á þann gjörning að koma Landssímanum úr eigu ríkisins til annarra.

Landssíminn hf. er hlutafélag og þegar það hlutafélag var stofnað var lagt mat á allar eignir og skuldir þessa félags. Síðan var því skipt og Íslandspóstur hf. stofnaður út úr því og þá fór hluti eigna eldra félagsins inn í Íslandspóst. Listaverk og safngripir voru og eru óverulegur hluti af eignum þessa félags, Símans, og eru ekki tilgreindir sérstaklega í reikningum félagsins.

Eins og ég sagði áðan felur fyrirhuguð einkavæðing í sér viðskipti með hlutabréf og hún hefur ekki sérstök áhrif á listaverk og safngripi umfram aðrar eignir félagsins. Núverandi eignir félagsins, þar með talin listaverk og safngripir, verða áfram í eigu félagsins nema stjórnendur þess taki sérstaka ákvörðun um sölu þeirra. Þetta er það sem ég vildi sagt hafa um þetta mál. Þetta sagði ég í fyrra svari mínu og ég læt mér aðdróttanir sem hér hafa komið fram frá ýmsum þingmönnum í léttu rúmi liggja.

[15:52]

Útbýting:

Álbræðsla á Grundartanga, 707. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1065.

Fjárveitingar til framkvæmda Vegagerðarinnar, 703. mál, fsp. AKG, þskj. 1061.

Skil á fjármagnstekjuskatti, 709. mál, þáltill. ÖJ o.fl., þskj. 1067.

Tafir á vegaframkvæmdum, 736. mál, fsp. AKG, þskj. 1098.

Út af dagskrá voru tekin 9. og 14.–16. mál.

Fundi slitið kl. 15:52.

105. FUNDUR

miðvikudaginn 6. apríl,
að loknum 104. fundi.

Dagskrá:

1. Úrvinnslugjald, stjfrv., 686. mál, þskj. 1044. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 698. mál, þskj. 1056. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 723. mál, þskj. 1081. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 387. mál, þskj. 1039, nál. 1009. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Helgidagafriður, stjfrv., 481. mál, þskj. 735. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Heiðurslaun listamanna, þáltill., 145. mál, þskj. 145. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Búvöruframleiðslan og stuðningur við byggð í sveitum, þáltill., 240. mál, þskj. 251. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.

Úrvinnslugjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 686. mál (vaxtatekjur og frestun umbúðagjalds). — Þskj. 1044.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað umhvn. án atkvgr.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 698. mál (farmflutningar). — Þskj. 1056.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað samgn. án atkvgr.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 723. mál (fráveituframkvæmdir einkaaðila). — Þskj. 1081.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað umhvn. án atkvgr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 387. mál (gildistími laganna). — Þskj. 1039, nál. 1009.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]

Jón Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér er á ferðinni stærra mál en virðist við fyrstu sýn. Hér er á ferðinni tilraun til að hunsa áður yfirlýstan vilja Alþingis og fá dæmi til um skýrari tilraun framkvæmdarvalds eða ráðherra til að valta yfir vilja Alþingis og þar með talið alþingismanna.

Frumvarpið sem nú er til afgreiðslu er um að leggja niður Þróunarsjóð sjávarútvegsins fyrr en ráð hefur verið fyrir gert. Áætlað er að eignir sjóðsins geti numið 500–600 millj. kr. við niðurlagningu hans og ráð er fyrir gert að þeir fjármunir skuli renna óskiptir til hafrannsókna.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra sem leggur fram þetta frumvarp gerir það vitandi um þingsályktunartillögu sem samþykkt var á Alþingi árið 2000, um varðveislu gamalla skipa og báta. Sjávarútvegsnefnd þingsins í heild sinni flutti þá tillögu og þar var gert ráð fyrir að Þróunarsjóður sjávarútvegsins tæki þátt í fjármögnun verkefnisins. Það hefur Þróunarsjóðurinn ekki gert til þessa og ekki virðist hæstv. menntamálaráðherra hafa sóst eftir fjármunum úr sjóðnum í varðveislu skipa og báta, sem er óskiljanlegt.

Þróunarsjóð átti í núgildandi lögum að leggja niður árið 2009 og gæti hann því enn tekið þátt í varðveislunni á næstu árum ef ekki væri verið að leggja hann niður. Minni hluti sjávarútvegsnefndar reyndi mikið innan nefndarinnar að ná samstöðu um að frumvarpinu yrði breytt á þann hátt að Þróunarsjóður uppfyllti skyldur sínar varðandi varðveislu á bátum og skipum í samræmi við þingsályktunartillöguna. En skemmst er frá því að segja að meiri hlutinn tók því fálega, sem er furðulegt í ljósi þess að sumir meirihlutamanna voru flutningsmenn að þingsályktunartillögunni sem um ræðir.

Niðurstaðan varð sú að minni hlutinn flytur hér tillögu um að við niðurlagningu á Þróunarsjóði verði vilji Alþingis virtur og hluti fjármuna hans renni til varðveislu gamalla skipa og báta. Tillagan um að Þróunarsjóður taki þátt í því verki var áður samþykkt á Alþingi með 49 atkvæðum. Enn sitja 34 þingmenn sem sögðu já á þingi. Þar af eru átta hæstv. ráðherrar.

Ég ber þá von í brjósti að einhverjir þeirra þingmanna

stjórnarflokkanna sem samþykktu þingsályktunartillöguna séu enn sama sinnis og hafi ekki skipt um skoðun og séu tilbúnir til að standa við fyrri skoðun sína þó að það sé ekki þóknanlegt hæstv. sjávarútvegsráðherra.

Hverjir eru þessir þingmenn? Ég ætla að leyfa mér að lesa upp nöfn þeirra, með leyfi forseta, en eyði ekki tíma í að lesa upp nöfn hæstv. ráðherra þar sem ég á ekki von á því að það þýði nokkurn skapaðan hlut.

Þeir hv. þingmenn stjórnarliðsins sem áður vildu að Þróunarsjóður tæki þátt í varðveislu skipa og báta voru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Einar Kristinn Guðfinnsson, Einar Oddur Kristjánsson, Guðmundur Hallvarðsson, Gunnar I. Birgisson, Halldór Blöndal, Hjálmar Árnason, Jónína Bjartmarz og Kristinn H. Gunnarsson, sem mælti jafnframt fyrir tillögunni.

Hæstv. forseti. Það á eftir að koma í ljós hver niðurstaðan í atkvæðagreiðslunni um breytingartillögu minni hlutans verður en ég vona að við getum treyst á stuðning þeirra þingmanna sem ég las hér upp og að þeir séu ekki þeir hryggleysingjar að segja nei og greiði atkvæði og segi já með breytingu minni hlutans.

[15:59]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Mér er eiginlega óskiljanlegur áhugi hv. flutningsmanns tillögunnar á að draga úr því fé sem veitt er til hafrannsókna. Gjaldtakan í Þróunarsjóðinn var á ákveðnum grundvelli frá upphafi. Gert var ráð fyrir því að ef einhver afgangur yrði þá rynni sá afgangur til hafrannsókna. (Gripið fram í.) Ef hv. þingmenn gætu einu sinni þagað þegar aðrir hafa orðið þá er staðreynd málsins sú að hv. Alþingi hefur ekki breytt þessum lögum. Því standa lögin enn eins og þau voru í upphafi og gjaldheimtan hefur verið á sama grundvelli frá upphafi, að afgangurinn rynni til hafrannsókna. Ætti þetta að vera á annan hátt og hefði þurft að breyta lögunum þá hefði hugsanlega þurft að breyta álagningunni, gjaldið hefði hugsanlega þurft að vera hærra og innheimtan að standa lengur, hefði átt að uppfylla þessi verkefni. Árið 2000, þegar þessi þingsályktun var samþykkt, gat enginn séð fyrir hver staða Þróunarsjóðsins yrði árið 2005.

Mér finnst þetta í hæsta máta óskiljanlegt. Sömu menn og talað hafa hátt og mikið á undanförnum missirum um hve nauðsynlegt væri að auka fjármuni til hafrannsókna vilja nú draga úr þeim fjármunum og nota þá í eitthvað annað.

Þetta ætti kannski ekki að koma mér á óvart. Kannski ætti ég ekki að vera undrandi því að það er svo algengt að menn vilji, þá kannski sérstaklega stjórnarandstaðan, dreifa fjármunum á óábyrgan hátt, sömu fjármununum á fleiri staði en einn, nota sömu fjármunina tvisvar. Það er svo þægilegt að geta gert betur, geta yfirboðið aðra og notað fjármuni annarra til að slá sjálfan sig til riddara. Þeir tala um hafrannsóknir og tala um eitthvað annað og um að nota sömu peningana í tvo mismunandi hluti. Við verðum að vera raunsæ. Við þurfum að fylgja því sem lögin segja til um og láta þá fjármuni sem Alþingi hefur ákveðið að skuli renna til hafrannsókna renna til þeirra hluta.

[16:02]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér er komið til atkvæðagreiðslu frumvarp til laga sem kveður m.a. á um að leggja skuli niður Þróunarsjóð sjávarútvegsins, raunar ári fyrr en lög kveða á um. Hér er því gripið inn í löglega umgjörð Þróunarsjóðsins með lögum. Orð hæstv. ráðherra um að breyta þurfi lögum til að taka ákvörðun um ráðstöfun fjárins falla því um sjálf sig. Við erum að breyta lögum.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins var m.a. notaður til hagræðingar í sjávarútvegi, þar á meðal til að höggva niður og úrelda skip, skip sem voru atvinnutækifæri margra byggða. Þau voru keypt út úr rekstri, sem var skilyrðið til þess að fá styrk, að þau yrðu gerð ósjófær. Nú vildum við gjarnan hafa varðveitt þessa atvinnusögu. Ég held að mörg þessi skip hafi verið úrelt að ástæðulausu og til tjóns fyrir mörg byggðarlög.

Alþingi samþykkti árið 2000 einróma tillögu um að Þróunarsjóður sjávarútvegsins kæmi að því að fjármagna vörslu og vernd á nokkrum skipum sem tengdust einmitt þeirri úreldingu sem sjóðnum var beitt til. Þetta var samhljóða ályktun Alþingis. Þess vegna er það fullkomin hneisa ef Alþingi ætlar að samþykkja lög um að leggja sjóðinn niður, sjóð með 300–500 millj. kr. höfuðstól, án þess að sá vilji Alþingis sé virtur og teknar 200 millj. kr. í þetta verkefni, sem Alþingi sjálft hefur samþykkt að fjármagn sjóðsins skuli renna til að einhverju leyti.

Ég tek undir þau orð sem hv. þm. Jón Gunnarsson sagði, og það sem hér er flutt tillaga um, að við afgreiðslu þessa máls verði ákveðinni upphæð varið til að vernda þessi skip. Það er vilji Alþingis frá árinu 2000 og því munum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs standa að og ekki víkja okkur undan enda teljum við skylt að verða við þeirri kröfu Alþingis og sjálfsagt að ákveðið fjármagn úr þessum sjóði, þegar hann verður lagður niður, renni til að vernda þennan kafla úr atvinnusögu þjóðarinnar.

[16:04]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þingsályktunin sem hér hefur komið til umræðu, sem var samþykkt á hv. Alþingi, átti sér aðdraganda. Hún átti þann aðdraganda að sá sem hér stendur, ásamt hv. þingmönnum Jóhanni Ársælssyni, Guðmundi Hallvarðssyni, Árna Steinari Jóhannssyni og Hjálmari Árnasyni, flutti frumvarp um að Þróunarsjóður sjávarútvegsins skyldi veita byggðasöfnum og sjóminjasöfnum styrki til varðveislu gamalla skipa. Sá styrkur var ætlaður til að greiða út á hverja rúmlest skips sem tekið væri til varðveislu eftir árið 1990.

Í meðförum sjávarútvegsnefndar, þar sem tillagan kom til meðferðar, varð að samkomulagi, m.a. við þann sem hér stendur og aðra flutningsmenn, að breyta meðferð hugmynda okkar úr frumvarpi í þingsályktun og flutti sjávarútvegsnefnd þingsályktun um málið.

Hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur um hvernig skuli staðið að varðveislu gamalla skipa og báta sem eru mikilsverðar minjar um atvinnu og byggðasögu. Í því sambandi verði mótaðar reglur um fjár-

mögnun, sem m.a. Þróunarsjóður sjávarútvegsins taki þátt í, og varðveislugildi báta og skipa skilgreint."

Þessi tillaga var samþykkt með 49 samhljóða atkvæðum á hv. Alþingi. Hún hefur síðan legið fyrir, frá því í maí 2000 og auðvitað stóð til að úr Þróunarsjóðnum yrðu veittir ákveðnir fjármunir til að takast á við þetta verkefni. Það hefur lengi legið fyrir og því er það ósatt hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra að enginn hefði getað séð fyrir að afgangs yrðu fjármunir í Þróunarsjóðnum. Það lá fyrir þegar á árinu 2000 að svo yrði.

Sú tillaga sem minni hlutinn flytur núna, um að 400 millj. kr. skuli eftir sem áður ganga til Hafrannsóknastofnunar, ganga inn í sjóð í sjávarútvegsráðuneytinu — sem hæstv. sjávarútvegsráðherra mundi sjálfur stjórna með þremur stjórnarmönnum sínum — nægir fyllilega til að takast á við verkefni í hafrannsóknum og við leggjumst ekki gegn því. En við teljum að því sem umfram er, sem er meira fé en menn hafa gert ráð fyrir, ætti að verja til þess að uppfylla samþykkt Alþingis frá árinu 2000.

Ég tel það til mikils vansa ef menn ætla að leyfa því að gerast á hv. Alþingi að ráðherra komist upp með að hunsa algjörlega vilja Alþingis frá árinu 2000 og að þingsályktunartillögur verði marklaus plögg. Við hljótum þá að spyrja okkur, virðulegi forseti, í framtíðinni: Hvert er gildi þingsályktunartillagna yfirleitt? Hafa þær formlegt gildi til þess að eftir þeim verði farið eða hefur vilji ráðherrans þar meira vægi en samþykkt Alþingis á hverjum tíma? Þetta held ég að við verðum að skoða í framhaldi ef svo illa fer að stjórnarþingmenn, sem greiddu þessu máli atkvæði á sínum tíma, leggjast gegn málinu.

[16:08]

Halldór Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Þetta er mjög undarleg umræða. Ég hélt að hv. þingmönnum væri kunnugt um að það kemur iðulega fyrir að hér séu lögð fram frumvörp til breytingar á lögum. Þó að Alþingi hafi samþykkt eitthvað í fyrndinni þá koma kosningar og nýir alþingismenn. Það er staðnaður hugsunarháttur að halda að þeir menn sem sitja á hinu háa Alþingi í dag séu bundnir við ályktun sem samþykkt var fyrir fimm árum. Ég veit ekki hversu lengi hv. þingmenn þurfa að sitja á Alþingi til að læra það að það er þingvilji Alþingis hverju sinni sem skiptir máli varðandi afgreiðslu mála. (Gripið fram í.)

Þegar hv. þingmenn gefa svo í skyn að ráðherra eða aðrir hafi brugðist með því að leggja ekki fé úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins til varðveislu gamalla skipa þá stendur um hlutverk Þróunarsjóðsins í 1. gr. — Ég sé að hv. 5. þm. Norðausturkjördæmis, Steingrímur J. Sigfússon, er farinn að flissa og er órólegur í salnum því að hann hefur farið með rangt mál í sínum málflutningi.

En það er svo um hlutverk Þróunarsjóðsins, eins og hann var samþykktur, að í 1. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er að taka við þróunarsjóðsgjöldum skv. 4. og 6. gr., fara með og selja eignir og hlutabréf í eigu sjóðsins skv. 11. gr., fara með og selja hlutabréf í eigu hlutafjárdeildar skv. 12. gr., innheimta skuldabréf í eigu atvinnutryggingadeildar skv. 13. gr. og greiða skuldbindingar sjóðsins. Þá skal Þróunarsjóður sjávarútvegsins taka lán til að fjármagna kaup eða smíði á rannsóknarskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina."

Svo mörg voru þau orð og ekki fram yfir það. Markmið Þróunarsjóðs er skýrt í lögum og enginn þeirra þingmanna sem hér hafa tekið til máls hefur flutt, svo ég muni, frumvarp á Alþingi um breytingu á þessu markmiði og tilgangi sjóðsins. Þar kemur fram hinn raunverulegi vilji. (Gripið fram í.) Ekki hafa þeir gert það á umliðnum árum.

Að auki vil ég benda hv. þingmönnum á, ekki síst hv. þm. Jóni Bjarnasyni, eins og hann talar stundum um fjárlög, að Alþingi ákveður hvaða fjárveitingar eru veittar til varðveislu gamalla skipa. En við þingmenn Norðausturkjördæmis vitum vel og er kunnugt um og þykir vænt um að verulegum fjármunum hefur verið varið til þess, m.a. í Síldarminjasafninu á Siglufirði, til bátahússins þar og gamalla skipa sem þar eru. Meiri hluti Alþingis hefur því staðið við það sem hann sagði, að leggja fram verulegt fé til varðveislu gamalla skipa eins og gert er ráð fyrir í þingsályktuninni.

[16:11]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni taka fram að það er nauðsynlegt að þeir sem óska eftir að gefa atkvæðaskýringu geri það strax í upphafi en ekki þegar liðið er á atkvæðaskýringar annarra. Þetta hefur áður verið ítrekað úr forsetastóli.

Brtt. í nál. 1009 felld með 28:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÖrl, HHj, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LS, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS, AKG, EKH, ÁRJ, EMS, GAK, GÖg, JóhS.

nei: HÁs, ÍGP, KÁs, JBjart, KÓ, MS, PHB, SÞorg, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, HBl, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DrH, GuðjG, EOK, GHH, GHj, GHall, GÁ.

11 þm. (KHG, LB, ÖJ, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, GÞÞ, GÁS, GunnB) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:12]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Hér á Alþingi hefur oft verið rætt um fjárvöntun í hafrannsóknir. Nú liggur fyrir að eignir Þróunarsjóðs eigi að ganga til enn frekari hafrannsókna.

Ég tel að verndun gamalla báta og skipa sé sjálfstætt mál en eigi að fara í annan farveg á Alþingi og ekki að skerða framlög til hafrannsókna. Lögin um Þróunarsjóð eru skýr, að ráðstöfun eigna sjóðsins eigi að ganga til hafrannsókna. Ég segi nei.

[16:13]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál er dæmi um það hvernig hægt er að nota meiri hluta á Alþingi til að éta ofan í sig þingsályktunartillögur sem menn hafa jafnvel samþykkt fyrir ekki lengri tíma síðan en fjórum árum. Ef ríkisstjórninni dettur í hug að fara ekki eftir þingsályktuninni, eins og henni datt í hug núna, þá eru menn bara tilbúnir að segja já við því.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra og reyndar fleiri, t.d. hv. þm. Halldór Blöndal, hafa vísað í lögin sem gilda um Þróunarsjóðinn. Þau eru miklu eldri en þingsályktunin og vilji Alþingis kom skýrt fram í ályktuninni. Það er þeim mönnum til skammar sem hér véla um að hafa ekki komið með einhverja aðra niðurstöðu til Alþingis sem hægt væri að bera saman við þann vilja Alþingis sem birtist í þingsályktuninni.

Þetta eru ekki vinnubrögð sem eru Alþingi til sóma, finnst mér.

(**Forseti** (JóhS)**:** Þingmaðurinn segir?)

Ég segi já.

[16:14]

Halldór Blöndal:

Frú forseti. Ég tel eðlilegt að eignir Þróunarsjóðsins falli til þess sem hann var stofnaður fyrir, til fiskirannsókna og hafrannsókna. Ég tel raunar að ekki veiti af og hélt að það væri almenn skoðun þingmanna, að þeir vildu ekki skerða það fé sem með mörkuðum tekjustofnum eða sjóðum hefur verið ákveðið að skuli renna til hafrannsókna.

Á hinn bóginn tel ég eðlilegt að styrkir til varðveislu gamalla skipa og báta séu ákveðnir í fjárlögum hverju sinni eins og gert hefur verið. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni hefur það verið gert mjög myndarlega á þessu ári og sérstakur samningur gerður um að svo skuli áfram, t.d. í Síldarminjasafni. Þar hefur verið staðið vel að verki til að styrkja menningarlegt framtak og söfn sem hafa vakið athygli út fyrir Íslandsstrendur.

Ég segi nei.

[16:15]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögu sem kveður á um að hluti af Þróunarsjóði sjávarútvegsins renni til varðveislu og verndar gamalla skipa í samræmi við þá þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti einróma hér á sínum tíma.

Það er dapurlegt að verða vitni að því að þingmenn sem greiddu þessari tillögu atkvæði á sínum tíma skuli nú ekki vera meiri menn en svo að þeir ganga hér á bak orða sinna og staðfesta ákvörðunina ekki.

Frú forseti. Það er mikilvægt í fyrsta lagi að Alþingi standi við yfirlýsingar sínar og samþykktir og í öðru lagi að það verkefni sem hér er um að ræða fái til þess fjármagn. Þetta á ekkert skylt við það hvort Hafrannsóknastofnun þurfi aukið fé. Hún þarf aukið fé, hún er A-hlutastofnun á fjárlögum og á að fá sitt fjármagn í gegnum fjárlög. Til þess á meiri hlutinn að hafa myndugleika, ekki hefur skort tillögur minni hlutans hvað það varðar. Varðandi hugmyndir hæstv. forseta um það hvernig menn umgangast fjárlög þarf hann töluvert mikinn lærdóm enn til.

Ég segi já við þessari tillögu.

[16:17]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að við séum hér að missa af einstöku tækifæri til að búa til myndarlegan sjóð sem gæti stuðlað að varðveislu minja tengdum sjávarútvegi.

En það er annað í þessu máli sem mig langar til að vekja athygli á og ég tel að þingheimur geri sér ekki grein fyrir. Það er það að við erum núna í þann veginn að búa til risastóran peningapott fyrir hæstv. sjávarútvegsráðherra, 600 milljónir renna í Verkefnasjóð sjávarútvegsins en yfir honum ræður hæstv. ráðherra einn. Hann getur deilt úr þeim sjóði gríðarlegum fjárhæðum til þeirra sem honum eru þóknanlegir í hafrannsóknum á hverjum tíma. Hér erum við að búa sem sagt til sjóð sem ég tel í raun og veru að sé alveg óverjandi að einn maður hafi svona mikil völd yfir þó að um hæstv. ráðherra sé að ræða. Þetta býður heim hættunni á spillingu og ég tel því brýnt í framhaldi af því hvernig þessi atkvæðagreiðsla mun sennilega fara hér á eftir að farið verði í að breyta lögum um Verkefnasjóð sjávarútvegsins þannig að aðrir en hæstv. sjávarútvegsráðherra geti ráðið því hverjir eru í stjórn þess sjóðs á hverjum tíma. Í dag sitja þar í stjórn (Forseti hringir.) þrír starfsmenn sjávarútvegsráðuneytisins.

Ég segi já.

[16:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Árið 2000 samþykkir Alþingi samhljóða ályktun með 49 atkvæðum, sem sagt þverpólitísk samstaða, að Þróunarsjóður sjávarútvegsins leggi fé til varðveislu gamalla skipa.

Hvað er gert við þessa ályktun? Hún er send ríkisstjórn, eins og aðrar slíkar, sem ályktun Alþingis ríkisstjórninni til framkvæmdar, þ.e. hún er send framkvæmdarvaldinu sem á að annast um framkvæmd á vilja Alþingis og, hv. þm. Halldór Blöndal, ályktanir og samþykktir gilda þangað til þeim er breytt. Þannig er það. (**HBl:** Þingsályktun er ekki ...) Hæstv. ráðherrar hafa enga heimild til að hunsa vilja Alþingis. Það er þingbundin ríkisstjórn sem situr í landinu. Það heitir í lögunum um ráðherraábyrgð „vanræksla" í starfi.

Ég segi já.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, DrH, EKH, EOK, GHH, GuðjG, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, JBjart, KÁs, KÓ, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁRJ, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LS, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖS) greiddi ekki atkv.

14 þm. (BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, EMS, GÞÞ, GÁS, GunnB, ÍGP, KHG, LB, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1100).

Helgidagafriður, frh. 3. umr.

Stjfrv., 481. mál (afgreiðslutími matvöruverslana). — Þskj. 735.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:25]

Frv. samþ. með 40:4 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DrH, EKH, EOK, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HBl, JÁ, JBjart, KÁs, KJúl, KÓ, LS, MÞH, MS, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS.

nei: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.

5 þm. (JóhS, JGunn, MF, MÁ, RG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, GÞÞ, GÁS, GunnB, HHj, ÍGP, KHG, LB, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Við getum með engu móti sætt okkur við þetta frumvarp sem er að koma til endanlegrar afgreiðslu. Hér er lagt til að taka af verslunarmönnum löghelgaða frídaga þeirra með því að breyta þeim reglum sem gilt hafa um afgreiðslutíma verslana á helstu helgidögum og afnema föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag sem frídaga þessarar stéttar með þeim undanþágum þó sem í lögum hafa verið.

Hér er gengið lengra en þeir sem óskuðu eftir breytingunum í upphafi mæltust til þar sem þar voru eingöngu óskir um að hvítasunnudagur yrði felldur niður sem þessi almenni frídagur verslunarmanna. Þetta er gert í mikilli andstöðu við samtök verslunarmanna, gegn hörðum mótmælum Landssambands verslunarfólks, Verslunarmannafélags Reykjavíkur og fleiri slíkra aðila. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði styðjum sanngjarnar kröfur þessarar stéttar um eðlileg frí (Forseti hringir.) eins og annarra og greiðum atkvæði gegn þessu frumvarpi.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1101).

Heiðurslaun listamanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. MÁ, 145. mál. — Þskj. 145.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:25]

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.

Till. vísað menntmn. án atkvgr.

Búvöruframleiðslan og stuðningur við byggð í sveitum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 240. mál. — Þskj. 251.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:26]

Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.

Till. vísað landbn. án atkvgr.

[16:26]

Útbýting:

Framkvæmd vegáætlunar, 737. mál, fsp. AKG, þskj. 1099.

Fundi slitið kl. 16:27.

---

106. FUNDUR

fimmtudaginn 7. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 695. mál, þskj. 1053. — 1. umr.
2. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 696. mál, þskj. 1054. — 1. umr.
3. Virðisaukaskattur o.fl., stjfrv., 697. mál, þskj. 1055. — 1. umr.
4. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 720. mál, þskj. 1078. — 1. umr.
5. Landbúnaðarstofnun, stjfrv., 700. mál, þskj. 1058. — 1. umr.
6. Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, stjfrv., 701. mál, þskj. 1059. — 1. umr.
7. Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, stjfrv., 726. mál, þskj. 1084. — 1. umr.
8. Útflutningur hrossa, stjfrv., 727. mál, þskj. 1085. — 1. umr.
9. Búnaðarlög, stjfrv., 725. mál, þskj. 1083. — 1. umr.
10. Skaðabótalög, frv., 681. mál, þskj. 1037. — 1. umr.
11. Stjórnmálaþátttaka, áhrif og völd kvenna, þáltill., 244. mál, þskj. 255. — Fyrri umr.
12. Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, þáltill., 245. mál, þskj. 256. — Fyrri umr.
13. Starfslok og taka lífeyris, þáltill., 247. mál, þskj. 263. — Fyrri umr.
14. Stuðningur stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn,

þáltill., 248. mál, þskj. 266. — Fyrri umr.

15. Breytt hlutföll aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 249. mál, þskj. 267. — Fyrri umr.

16. Rannsóknarmiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu, þáltill., 250. mál, þskj. 268. — Fyrri umr.

17. Staða hjóna og sambúðarfólks, þáltill., 252. mál, þskj. 270. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 3. þm. Reykv. n.,
Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðaust.,
Guðlaugur Þór Þórðarson, 6. þm. Reykv. n.,
Gunnar Birgisson, 3. þm. Suðvest.,
Kristinn H. Gunnarsson, 7. þm. Norðvest.

[10:31]

Útbýting:

Fjarskipti, 738. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1102.

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 708. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 1066.

Umræður utan dagskrár.

Sala Lánasjóðs landbúnaðarins.

[10:32]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Bændum brá heldur í brún er tilkynnt var í fréttum ríkissjónvarpsins 30. mars sl. að ríkisstjórnin hefði ákveðið að selja Lánasjóð landbúnaðarins og svo kynni að fara að viðskiptabanki í eigu hinna ýmsu eignarhaldsfélaga, fjársterkra einstaklinga eða fyrirtækjasamsteypna eignaðist 1. veðrétt í nánast öllum bújörðum á Íslandi.

Lánasjóður landbúnaðarins er stofnun í eigu ríkisins sem bændur hafa greitt til ákveðið hlutfall af framleiðsluverðmæti sínu og þannig í raun gert honum kleift að lána bændum fé á hagstæðari kjörum en annars hefur viðgengist á markaðnum. Hefur hann átt ríkan þátt í að þróa landbúnaðinn svo vel sem raun ber vitni án stóráfalla einstaklinga og tryggt dreifðan sjálfseignarbúskap vítt og breitt um landið. Lánareglur sjóðsins eru fullkomlega gegnsæjar og bændur hafa jafnan aðgang að sjóðnum óháð búsetu. Þótt sjóðurinn sé í eigu ríkisins fer því fjarri að ríkið hafi sjálfsagðan ráðstöfunarrétt á honum. Það eru bændur og samtök þeirra sem hafa byggt hann upp. Markmið hans er fjármálaþjónusta við bændur á jafnréttisgrunni en ekki hámörkun eigin gróða sem er svo rifinn út úr starfseminni eins og nú tíðkast í mörgum öðrum fjármálastofnunum.

Útlánatöp sjóðsins hafa verið hverfandi og nánast engin ef frá eru talin einstök tilvik í loðdýrarækt og garðyrkju. Það er vel líklegt að laga þurfi lög hans og starfshætti að breyttu umhverfi á fjármálamarkaði. Það verður t.d. að teljast óeðlilegt að þau lán sem sjóðurinn tekur til að fjármagna útlán sín skuli bera um 6% vexti með ríkisábyrgð en eins og lög kveða á um er ríkisábyrgð á sjóðnum og ráðstöfun hans en meðalútlánavextir eru aðeins í kringum 4,5%. Vel mætti hugsa sér að afmarka lánaflokka hans og takmarka lánveitingar við t.d. eina jörð eða lána ekki sama aðila til raðuppkaupa á jörðum. Fram hafa líka komið hugmyndir um að reka sjóðinn samhliða Lífeyrissjóði bænda.

Einn mesti vandi sem nú steðjar að íslenskum landbúnaði er t.d. raðuppkaup einstaklinga og fyrirtækja á jörðum og samþjöppun á framleiðslurétti. Það er sem sagt sótt að sjálfseignarbóndanum, fjölskyldubúunum og hinni dreifðu búsetu í landinu. Fyrsti veðréttur á öllum jörðum í höndum bankastofnana sem eingöngu hugsa um tímabundinn eigin gróða og eigenda sinna getur á skömmum tíma gjörbreytt eignarhaldi á jörðum og búsetumynstri í landinu. Ég er ekkert viss um að vilji þjóðarinnar sé að sú mynd geti blasað við.

Það má vel vera að einstaka bændur sem nú eru við uppbyggð bú sín og hafa notið sjóðsins vilji nú hætta að leggja til hans fé, ekki síst í ljósi þess að uppbyggð bú á verðmætustu jörðum landsins geta átt kost á hagstæðari lánum, a.m.k. tímabundið, hjá viðskiptabönkunum. En ekki er víst að það gildi fyrir alla. Í því niðurbroti á félagslegum skyldum og samheldni sem nú ríður yfir þjóðina kæmi þessi hugsun ekki á óvart. Það má líka vel vera að lánasjóðurinn hafi brugðist seint við breyttum aðstæðum og okkur þarf ekki að koma á óvart þó að fjármálaheimurinn vilji komast yfir þennan sjóð og ná þannig tangarhaldi á nánast öllum bújörðum í landinu.

Þá á ekki að leggjast flatur í þann straum, heldur spyrna við fæti. Búnaðarþing er nýafstaðið. Mál þetta bar aðeins á góma þar en engar upplýsingar eða úttektir lágu fyrir svo að hægt væri að álykta afdráttarlaust um málið. Okkur í landbúnaðarnefnd var afhent skýrsla í fyrradag sem trúnaðarplagg og í henni gefa menn sér nánast fyrir fram að selja þurfi sjóðinn, og unnið er út frá því. Mín skoðun er sú að gríðarleg áhætta sé tekin með því að selja sjóðinn að svo lítt athuguðu máli. Ég vona að um frumhlaup hafi verið að ræða og það verði endurskoðað.

Því leyfi ég mér að beina þessum spurningum til hæstv. ráðherra:

Hverju sætir að landbúnaðarráðherra velur að gefa opinbera yfirlýsingu nú um sölu á Lánasjóði landbúnaðarins, svo örskömmu eftir lok búnaðarþings að hvorki er svigrúm né gögn til að geta ályktað um framtíð sjóðsins?

Er það ætlun ráðherra að keyra sölu lánasjóðsins áfram án frekara samráðs við bændur?

Hefur ráðherra engar áhyggjur af því að með sölu lánasjóðsins sé verið að afhenda 1. veðrétt að nánast öllum jörðum í landinu?

Er ráðherra t.d. reiðubúinn að endurskoða söluhugmyndirnar og leita annarra leiða, t.d. að sameina undir einum hatti rekstur Lánasjóðs landbúnaðarins og Lífeyrissjóðs bænda og ná þannig fram hagræðingu sem tryggi jafnframt að forræði landbúnaðarins á málinu haldist og framtíð lánasjóðsins verði tryggð?

[10:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Eins og hv. málshefjanda er kunnugt skipaði ég sérstaka verkefnisstjórn í byrjun þessa árs til að fara yfir stöðu framtíðar Lánasjóðs landbúnaðarins. Verkefnisstjórninni var falið að endurskoða framtíðarhlutverk og

tilgang Lánasjóðs landbúnaðarins í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á fjármálamarkaði hér á landi. Það eru gríðarlegar breytingar eins og allir þekkja.

Verkefnisstjórnin lauk starfi sínu rétt fyrir páska og skilaði til mín áliti. Þar kemur m.a. fram að það er mat verkefnisstjórnarinnar að miðað við núverandi aðstæður komi vart til greina að Lánasjóður landbúnaðarins verði rekinn áfram í óbreyttri mynd. Gjörbreyttar aðstæður á fjármálamarkaði, óvissa um framtíðarskipan búnaðargjalds og samkeppnisstaða sjóðsins sem fjármálafyrirtækis benda ótvírætt í þessa átt. Ég var því að skýra frá niðurstöðum þeirrar vinnu sem unnin hefur verið á vegum ráðuneytisins og ber mér skylda til þess. Í ráðuneytinu er nú unnið að undirbúningi að sölu sjóðsins eða eignum hans. Verið er að skoða hvaða leiðir sé best að fara í þeim efnum og þá hvaða lagabreytingar eru nauðsynlegar til að svo megi verða.

Það er beinlínis rangt hjá hv. málshefjanda að búnaðarþing hafi hvorki fengið gögn né svigrúm til að álykta um framtíð sjóðsins, og ég veit að hv. þingmaður veit betur. Ég veit fyrir víst að búnaðarþing fjallaði um málið, ályktaði meira að segja um það, fékk á sinn fund formann verkefnisstjórnarinnar, framkvæmdastjóra lánasjóðsins sem sat í verkefnisstjórninni og stendur að þessu áliti, stjórnarformann sjóðsins auk þess sem bæði formaður Bændasamtakanna og framkvæmdastjóri voru í áðurnefndri verkefnisstjórn sem skilaði áliti sínu skömmu fyrir páska. Þessir aðilar skýrðu búnaðarþingsfulltrúum frá þeirri vinnu sem unnin hefur verið og væri verið að vinna að, auk þess að skýra frá stöðu sjóðsins almennt í breyttri mynd, hver staða hans er þegar horft er til framtíðar og hversu erfiður rekstur hans getur orðið ef ekki verða þar teknar ákvarðanir.

„Er það ætlun ráðherra að keyra sölu lánasjóðsins áfram án frekara samráðs við bændur?"

Ég hef hingað til haft fullt samráð við bændur um framtíðarskipan lánasjóðsins. Verkefnisstjórnina skipuðu m.a. Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, og Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna. Hef ég í starfi mínu sem landbúnaðarráðherra lagt mikla áherslu á samvinnu og samstöðu við bændur og mun gera það áfram. Á nýafstöðnu búnaðarþingi áréttaði ég að það væri afar þýðingarmikið að bændur kæmust að sameiginlegri niðurstöðu um framtíðarskipan þeirra mála er varða lánveitingar til landbúnaðarins og stöðu lánasjóðsins í því sambandi, sem þeir og gerðu í sérstakri ályktun búnaðarþings. Þetta veit hv. málshefjandi.

Hvað 1. veðrétt sjóðsins varðar hefur hann ætíð verið umdeildur og hefur sú gagnrýni ekki síst komið frá bændum sem hafa viljað gefa lánasjóðnum meiri sveigjanleika í útlánum sínum með því m.a. að gefa eftir 1. veðrétt. Í sjálfu sér er ekkert að óttast fyrir skilvísa menn og ég veit að íslenskir bændur eru skilvísir og standa ávallt við skuldbindingar sínar. Ég óttast því ekki þetta, enda munu bændur áfram fara með ráðstöfunarrétt á eignum sínum eins og aðrir þegnar þessa lands. Þar verður engin breyting á enda greiða þeir margir upp í dag lán sín til þess að ráða yfir veðum sínum. Hef ég fyrir mitt leyti viljað sjá bændur hafa sem ríkastan ráðstöfunarrétt á eignum sínum. Á því verður engin breyting og það er auðvitað hræðsluáróður sem hér er rekinn af hv. þingmanni.

„Er ráðherra t.d. reiðubúinn að endurskoða söluhugmyndirnar og leita annarra leiða, t.d. að sameina undir einum hatti rekstur Lánasjóðs landbúnaðarins og Lífeyrissjóðs bænda og ná þannig fram hagræðingu sem tryggi jafnframt að forræði landbúnaðarins á málinu haldist og framtíð lánasjóðsins verði tryggð?"

Eins og ég sagði fyrr í svari mínu er verið að skoða innan landbúnaðarráðuneytisins hvaða leið sé best að fara við að hætta starfsemi sjóðsins í núverandi mynd. Margar leiðir koma þar til greina, t.d. að leggja niður starfsemi sjóðsins og selja eignir hans. Ríkissjóður tæki þá við skuldbindingum sjóðsins, og þau verðmæti sem fengjust umfram skuldbindingar hans rynnu til eflingar Lífeyrissjóði bænda. Sá er vilji ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna. Margvísleg rök eru fyrir slíkri ráðstöfun en helst ber að nefna að undir lok áttunda áratugar síðustu aldar var höfuðstóll Stofnlánadeildar landbúnaðarins orðinn neikvæður og bændur hafa auðvitað byggt upp þennan sjóð með inngreiðslum sínum þannig að það er mjög eðlileg leið.

Önnur leið væri að breyta sjóðnum í hlutafélag og selja hann svo með manni og mús og ráðstafa söluandvirðinu til Lífeyrissjóðs bænda. Þriðja leiðin er auðvitað sú sem hv. þingmaður kom hér inn á og ég er að skoða hvort lög standi til og hvort það mundi efla sjóðinn, þ.e. að sameina hann Lífeyrissjóði bænda. Yfir það er verið að fara en hvað það varðar geta verið veggir í því máli sem hindra það, þá hvort það gengi upp vegna laga lífeyrissjóðanna í landinu. Þessar leiðir allar þrjár er ég að skoða nú í ráðuneyti mínu og mun vonandi í næstu viku leggja þær fyrir ríkisstjórn og málið kæmi svo hér inn í þingið á eftir.

[10:42]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Það er í raun dæmigert að fá svona mál sem ábyggilega getur haft margvíslegar afleiðingar inn til þings þegar aðeins fjórar vikur lifa af starfstíma þess. Við erum ekki einu sinni búin að fá málið sjálft í hendurnar, þingmenn, mál sem væntanlega mun fjalla um afdrif Lánasjóðs landbúnaðarins.

Lánasjóður landbúnaðarins stendur í sömu sporum eftir breytingar á fjármálamarkaði og t.d. Íbúðalánasjóður að því leyti að lán sjóðanna sem tekin eru til að fjármagna útlán til viðskiptavina eru á hærri vöxtum en bankalán í dag, hærri vöxtum en sjóðurinn sjálfur lánar viðskiptavinum sínum á. Þannig munu eignir Lánasjóðs bænda smám saman étast upp að óbreyttu. Viðskiptavinir sjóðsins geta greitt upp lán án uppgreiðslugjalds en það getur sjóðurinn sjálfur ekki.

Hvað er þá til ráða? Ekki að sitja með hendur í skauti og ekki er vit í að halda sjóðnum á lífi einungis í þeim eina tilgangi að halda honum á lífi. Að mínu mati kemur vel til greina að sameina Lánasjóð landbúnaðarins Lífeyrissjóði bænda en það skiptir ábyggilega ekki meira máli fyrir bændur þar sem þeim er bætt upp frá almannatryggingum það sem á vantar frá sjóðnum upp á almennar bætur. Sennilega er dæmi þeirra eins og konunnar sem er nýorðin ekkja og var tilkynnt að hún fengi 10 þús. kr. til að koma til móts við óhagræðið af því að búa ein. Það stóð heima að nýr liður birtist á seðlinum frá Tryggingastofnun en einnig frádráttur upp á sömu upphæð og á bótunum hennar vegna

þess að tekjurnar hennar voru þar með orðnar of háar, komnar upp í heilar 100 þús. kr. á mánuði. Hún stóð því í sömu sporum hvað sem öllum bótum leið eins og bændur munu gera því að (Forseti hringir.) bætur þeirra frá ríkinu munu lækka á móti hugsanlega hækkuðu framlagi frá lífeyrissjóðnum.

[10:45]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Lánasjóður landbúnaðarins stendur nú frammi fyrir gjörbreyttum aðstæðum á lánamarkaði og því þarf að endurmeta stöðu hans.

Eftir að vextir tóku að lækka hafa margir bændur leitað eftir lánsfé hjá viðskiptabönkunum í stað þess að taka lán hjá lánasjóðnum. Þá hafa bændur einnig verið að greiða upp lán sín hjá sjóðnum í miklum mæli og fært viðskipti sín yfir til viðskiptabankanna. Það er því komið að kaflaskilum í starfsemi lánasjóðsins og því varla forsendur lengur til áframhaldandi innheimtu búnaðargjalds til hans.

Innheimta búnaðargjalds til að greiða niður vexti hefur lengi verið umdeild meðal bænda og afar ólíklegt er að bændur sætti sig við það öllu lengur. Það er því mitt mat að vænlegast sé að selja eignir lánasjóðsins en ríkið haldi eftir skuldbindingum hans. Lánasjóðurinn hefur vissulega veitt ákveðið öryggi og jafnrétti milli landshluta. Ég tel þó að ef bankarnir taka við þessum viðskiptum muni þeir leitast við að þjóna landbúnaðinum vel um allt land. En það þarf að tryggja hagsmuni og réttarstöðu skuldara lánasjóðsins ef það verður gert því að stærstur hluti þeirra lána sem bændur hafa tekið hjá sjóðnum eru með breytilegum vöxtum. Söluandvirði lánasjóðsins verði ráðstafað til að tryggja lífeyrisréttindi bænda sem eru ákaflega bágborin. Bændur hafa byggt upp höfuðstól sjóðsins þannig að þeir eiga hann í rauninni hvernig sem við skilgreinum það hver á hvað mikinn hluta. Þá má líka vel hugsa sér að Byggðastofnun breyti reglum sínum og geti þannig farið að lána til hefðbundins landbúnaðar.

Hv. málshefjandi sagði áðan að við værum að fleyta okkur eftir straumnum og þá þýðir heldur ekki, hv. þm. Jón Bjarnason, að synda á móti honum og neita að taka þátt (Forseti hringir.) í lífinu þegar það breytist.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill minna hv. þingmann á að ávarpa forseta en ekki einstaka þingmenn.)

[10:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða mál sem skiptir mjög miklu fyrir stöðu bænda í þjóðfélaginu sem ég held að varði einnig mjög mikið hin ýmsu landsvæði hér á landi, þ.e. hvernig á þessu máli er haldið og með farið.

Ég hef litið svo á, hæstv. forseti, að Lánasjóður landbúnaðarins hafi á undanförnum árum og áratugum leitast við að tryggja bændum ákveðið öryggi og ákveðið jafnrétti varðandi lánafyrirgreiðslu og hafi í raun verið þáttur í því að viðhalda og leitast við að viðhalda byggð í landinu. Þess vegna held ég að það sé rétt að staldra við og skoða þetta mál mjög gaumgæfilega, fara varlega í það. Ég spyr t.d. hæstv. ráðherra: Hvaða stærðir í fjármunum erum við hér að tala um? Hvað mun þetta þýða í tilfærslum? Ef það gengur eftir að færa þetta í Lífeyrissjóð bænda, hvaða réttindaaukning verður þar? Hvernig verður hún útfærð?

Það er auðvitað afar sorglegt að horfa á niðurstöðuna varðandi stöðu bænda í lífeyrissjóði sem kemur mjög skýrt fram í svari við fyrirspurn hv. þm. Drífu Hjartardóttur. Við erum að horfa þar á greiðslur til bænda sem eru hæstar 42 þús., og ætli meðalgreiðslurnar séu ekki í kringum 20 þús. Við megum ekki gleyma því, og bændur þurfa að huga að því og við öll að þegar við fáum greiðslur út úr lífeyrissjóði sem eru svona litlar skerða þær samt bætur úr almannatryggingakerfinu með 45% reglu. Hvað erum við í raun og veru að færa bændum? Ég held að þetta mál þurfi mjög gaumgæfilegrar athugunar við áður en gengið verður fram í því.

[10:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Bjarnasyni fyrir að hefja þessa umræðu, ég held að hún sé þörf, og vil segja í upphafi að starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins og síðar Lánasjóðs landbúnaðarins er mjög merkilegt vitni um félagsþroska og samstöðu innan einnar stéttar eða atvinnugreinar. Með búnaðargjöldum, sem aftur hafa gert mönnum kleift að halda vöxtum niðri á lánum til ungra bænda til jarðakaupa og uppbyggingar, má segja að kynslóðirnar í landbúnaðinum hafi stutt hver aðra þannig að þeir sem eru búnir að koma sér fyrir hafi stutt við bakið á þeim sem eru í uppbyggingu á hverjum tíma.

Ég er ekkert feiminn við að ljúka lofsorði á slíkt virðingarvert félagslegt framtak og félagslega samstöðu hvort sem einhverjum dytti í hug að kalla það gamaldags eða ekki. Frjálshyggjuhaukarnir mega hafa um það hvaða orð sem þeir vilja en mér finnst þetta merkilegur og virðingarverður félagslegur þroski sem bændur hafa í gegnum tíðina sýnt með þessu og ég vona svo sannarlega að a.m.k. eitthvað eimi eftir af honum. Ég vara harkalega við því að menn einkavæði grunnfjárfestingarlánasjóð landbúnaðarins. Ef einhver atvinnugrein býr við sérstakar aðstæður sem menn ættu að huga að áður en þeir fara út í slíkt er það landbúnaðurinn í hinum strjálu byggðum.

Ég held að sporin hræði varðandi einkavæðingu fjárfestingarlánasjóða iðnaðarins og sjávarútvegsins. Ég þekki það vel af eigin raun og samskiptum við menn, bæði iðnrekendur og sjálfstæða litla útgerðaraðila úti um landið, hvers konar þrautagöngu þeir hafa margir mátt ganga núna eftir að Fiskveiðasjóður og Iðnlánasjóður liðu undir lok varðandi ósköp einfaldlega grundvallarfjármögnun í uppbyggingarverkefnum sem þeir áður gengu að vísri í fjárfestingarlánasjóðum sínum.

Ég vara einnig við því að menn dæmi hlutina alfarið út frá tímabundnu ástandi í núinu. Er víst að vaxtakjör bankanna verði hin sömu um ókomin ár? Eru ekki vextir að hækka hjá bönkunum í dag? Eigum við að dæma þetta út frá þeim leiðangri sem bankarnir eru greinilega í eftir opinberu lánasjóðunum sem eftir eru, þ.e. Íbúðalánasjóði og núna Lánasjóði landbúnaðarins? Ég held að menn ættu að ganga hægt um gleðinnar dyr í (Forseti hringir.) einkavæðingarglerbúðinni.

[10:52]

Katrín Ásgrímsdóttir:

Hæstv. forseti. Starfsemi Lánasjóðs landbúnaðarins hefur verið þýðingarmikil fyrir bændur í gegnum tíðina. Hann hefur gegnt sama hlutverki og atvinnuvegasjóðirnir gerðu en hann er nú einn eftirlifandi af þeim sjóðum og í mörg ár hefur verið vaxandi óánægja með starfsemi sjóðsins. Allir sem stunda búvöruframleiðslu borga til sjóðsins og er sá skattur nýttur til niðurgreiðslu lána.

Í því hefur falist ákveðin samhjálp, það er rétt hjá hv. þingmanni, en er mismunun kannski betri lýsing á ástandinu?

Hæstv. forseti. Sá hópur bænda sem hefur lítil eða engin viðskipti við þennan sjóð fer ört stækkandi. Það er stór hópur sem er ekkert að framkvæma. Hins vegar er stór hópur að framkvæma en hefur ekki nokkra möguleika á lánum því að reglur sjóðsins eru þannig að þær passa ekki inn í veruleika þessara bænda. Síðan er stór hópur bænda sem hefur kosið að hætta viðskiptum við sjóðinn þar sem völ er á hagstæðari lánum annars staðar. Þannig er nú staðan.

Allir þessir bændur greiða allt að 0,8% af tekjum sínum til að niðurgreiða lán til þeirra bænda sem eftir standa, þeirra fjósbygginga, þeirra dráttarvéla- og jarðarkaupa. Er þetta það jafnrétti sem á að bjóða bændum upp á?

Bændum landsins er þessi staða fullljós. Á nýafstöðnu búnaðarþingi var ályktað mjög eindregið í þá átt að leggja sjóðinn niður, og þeir aðilar og fagmenn sem farið hafa yfir málið og hafa skilað skýrslu komast að sömu niðurstöðu.

En hv. þingmenn Vinstri grænna vilja ekki hlusta á vilja bænda sem liggur skýr fyrir. Ef ekki verður aðhafst strax mun eigið fé sjóðsins smám saman rýrna og þar með staða bænda. Ráðstöfun eigna sjóðsins er síðan sérstakt mál og það er mikilvægt að fá sem mest fyrir eignir hans og að tryggja hagsmuni lántakenda. Þá þarf að vinna hratt og örugglega í málinu eins og landbúnaðarráðherra er að gera en hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar vinna hér gegn framgangi.

[10:54]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Bændur eru á þeirri skoðun að það eigi að leggja þennan sjóð niður. Mér finnst að það eigi að taka mark á þeim vilja, en það á auðvitað að vanda sig við það og standa vel að því. Hæstv. ráðherra hefur komið hér með hugmyndir um það hvernig eigi að standa að þessu og allar hafa þær gengið í þá sömu átt að hugsanlegar eignir sjóðsins verði nýttar bændum til hagsbóta. Ég fagna því, einfaldlega vegna þess að það var ekki gert varðandi atvinnuvegasjóðina. Fjármunum t.d. Iðnlánasjóðs var bókstaflega stolið af þeim sem höfðu greitt gjaldið til sjóðsins. Það var bara hirt í ríkissjóð. Það ætla menn ekki að gera við bændur.

Ég set hins vegar spurningarmerki við og spyr hvað það þýði í raun og veru ef menn ætla að láta fjármunina ganga t.d. til Lífeyrissjóðs bænda en að ríkið haldi eftir skuldbindingum. Hvað þýðir það? Ég vil fá betri skýringu á því hjá hæstv. ráðherra hér á eftir hvað átt er við með því, (Gripið fram í.) hvort það eru miklir fjármunir eða eitthvað sem á eftir að falla á ríkið. Ég er ekki sáttur við að ekki liggi mjög skýrt fyrir hvað er átt við með því.

En auðvitað verða menn líka að meta stöðu skuldara þessa sjóðs og velta fyrir sér hvort einhver vandamál geta komið upp ef sjóðurinn verður seldur með eignum og skuldum. Ég held þess vegna að það þurfi að vanda sig við það sem hér er verið að tala um að gera. Ég get ekki haft þá skoðun að það eigi að vera á móti því að leggja hann niður. Það má líkja þessu við gömlu hestasláttuvélarnar, þegar þær voru orðnar úreltar fóru þær að ryðga og fúna í túninu en menn átu hrossin sem höfðu dregið þær.

[10:56]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Allt á sinn tíma, segir í Predikaranum. Þannig er líka með þennan lánasjóð. Hann var mjög þarfur, gerði eflaust sitt gagn eins og tímarnir voru þá. Þeir tímar eru liðnir og vonandi koma þeir ekki aftur.

Það er eðlileg og sjálfsögð krafa bænda að breyta þessu og það er mjög mikil þörf á því að efla og styrkja Lífeyrissjóð bænda. Við munum taka það mál fyrir hér á dagskrá í dag. Þá rifjast upp fyrir mönnum enn einu sinni hve hörmuleg staða þess sjóðs er. Okkur ber skylda til þess að efla hann. Jafnvel þó að við settum alla þá peninga sem þarna eru inn í sjóðinn mun það ekki duga, það þarf meira til.

Við verðum að styrkja og efla Lífeyrissjóð bænda þannig að hann verði jafnbær við aðra lífeyrissjóði í landinu. Það er hið mikla verkefni sem við höfum.

Fyrir nokkrum árum tókum við búnaðargjaldið til umræðu hér á Alþingi, herra forseti. Þá var það lækkað verulega. Sum okkar vildu ganga lengra. Þá var ekki hljómgrunnur fyrir því. Til allrar hamingju hefur þetta breyst, nú virðist hljómgrunnur fyrir því að leggja þetta niður. Það er sjálfsagt að gera það, og þótt fyrr hefði verið.

Það er á meðal vor, herra forseti, fólk sem á sér þær helstu hugsjónir að hverfa aftur til fornra búskaparhátta. Það fólk harmar þá veröld sem var. En við því er ekkert að gera, tíminn heldur áfram og lífið heldur áfram. Landbúnaðurinn verður að þróast eins og aðrar atvinnugreinar. Hann á sinn möguleika, og allir draumar um að hverfa til þeirra hluta sem löngu eru liðnir eru dæmdir til að mistakast.

Við munum styðja bændur í þeirri kröfu að fella niður þennan sjóð, hætta að skattleggja bændur til þess að greiða niður vexti til þeirra sjálfra. Það er sama og að éta skottið á sjálfum sér. Þeir tímar eru liðnir. Þannig munum við ganga fram, þannig munum við breyta þessu, láta þessa peninga inn í lífeyrissjóðinn. Bændur eiga þá allan rétt á því að keppa á grundvelli um lán og sækja sér lán eins og hverjum sæmir, hver vill og hver telur sig þurfa.

[10:58]

Gunnar Örlygsson:

Frú forseti. Ég held að það hljóti að teljast nokkuð jákvætt ferli hjá ráðherra að huga að breytingum hjá Lánasjóði landbúnaðarins, sérstaklega í ljósi breyttra aðstæðna á fjármálamarkaði.

Það hefur komið í ljós í máli hv. þingmanna að bændur sjálfir eru á því máli að skoða nýjar leiðir með lánasjóðinn, og kom m.a. fram í máli hv. þm. Drífu Hjartardóttur að bændur hafi verið að greiða upp lán sín hjá sjóðnum með tilstuðlan betri kjara hjá fjármálafyrirtækjum á markaði.

En, frú forseti, leyfist mér að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra Guðna Ágústsson, sem virðist nú vera að vakna af værum blundi hvað varðar ríkisbáknið og stofnanir sem heyra til gamalli tíð, hvort sama hugsun sé í gangi hjá hæstv. ráðherra gagnvart Íbúðalánasjóði. Í raun má telja að Lánasjóður landbúnaðarins annars vegar og Íbúðalánasjóður hins vegar séu ekki ólíkar stofnanir að því leytinu til að þær eru ríkisreknar og heyra undir ríkið, eru í keppni við fjármálafyrirtæki á markaði um lánafyrirgreiðslur til neytenda. Má því spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta sé vísir að því að Framsóknarflokkurinn sé að vakna af værum blundi er varðar tillögur Íbúðalánasjóðs á markaði?

Það væri gleðiefni líka, frú forseti, ef hæstv. landbúnaðarráðherra ætlaði sér að fækka stofnunum og deildum innan landbúnaðarins, leggja til að mynda niður embættismann íslenska hestsins sem ég hef ekki skilið fram til þessa. Munum við sjá þetta jákvæða ferli í frekara mæli hjá hæstv. ráðherra?

[11:01]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. landbúnaðarráðherra að hann muni beita sér fyrir því að skoða fleiri valkosti í framtíð sjóðsins eða verkefnum hans, m.a. þá hugmynd sem ég lagði hér upp, að hann yrði rekinn samhliða lífeyrissjóðnum eða sem slíkur valkostur. Ég skora á ráðherra að beita sér enda hef ég talið að hann hefði mikinn skilning á stöðu bænda og vilja til að Ísland sé byggt upp sem víðast af sjálfseignarbændum. Þá er ekki sama hvernig að er farið.

Ég er ekki að leggja til að halda öllu í óbreyttri mynd, síður en svo, enda benti ég á það. Ég tel að sjóðurinn hafi kannski verið einum um of seinn að bregðast við breyttum aðstæðum á fjármálamarkaðnum en betra er að bregðast við seint en aldrei.

Það er mesti misskilningur að halda að andvirði sjóðsins geti runnið inn í Lífeyrissjóð bænda og aukið lífeyrisréttindi. Þau eru einungis bundin við það sem hefur verið greitt inn í sjóðinn af einstaklingunum. Þau geta í besta falli orðið til þess að þau verði ekki skert. Menn mega ekki rugla hér saman tveimur ólíkum þáttum.

Frú forseti. Ég vitnaði til þess að ekki hafi verið haft enn þá fullt samráð við bændur og vísa til samþykktar búnaðarþings. Ég leyfi mér að vitna til hennar, með leyfi forseta:

„Búnaðarþing 2005 hefur fjallað um málefni Lánasjóðs landbúnaðarins. Starfshópur sem landbúnaðarráðherra skipaði til að fara yfir málefni sjóðsins hefur ekki lokið störfum og eftir er að leggja mat á nokkur atriði sem lúta að því hvernig þörf landbúnaðarins fyrir lánsfé verði best mætt á komandi árum."

Þetta er upphaf bókunar á búnaðarþingi. Starfshópurinn hafði ekki lokið störfum þegar þetta var gert.

Auk þess miðar skýrsla starfshópsins nánast bara að úttekt á einni lausn, þ.e. að leggja niður og selja sjóðinn. Það finnst mér vera mjög þröngur vinkill og fagna því að hæstv. landbúnaðarráðherra (Forseti hringir.) mun skoða fleiri möguleika í að tryggja hagsmuni bænda hvað varðar Lánasjóð landbúnaðarins.

[11:03]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessa umræðu. Ég finn það á þingheimi að menn skynja að það eru breyttir tímar og lánasjóðurinn stendur á miklum tímamótum. Staðan er nú sú að hann á í dag 3,3 milljarða í eigin fé sem vissulega gæti rýrnað ef ekki verður brugðist við. Þess vegna er það mikilvægt. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því, og það hefur komið hér glöggt fram í umræðunni, að bændur greiða búnaðargjaldið sem er 140 milljónir á ári. Það kom hér glöggt fram í ágætri ræðu hv. þm. Katrínar Ásgrímsdóttur að annar hópurinn framkvæmir og hinn hópurinn, sem ekki framkvæmir, greiðir með þeim stóru. Þetta er auðvitað félagshyggja sem bændur gagnrýna í dag. Þess vegna var búnaðarþing svo ákveðið í afstöðu sinni að enginn mælti með því að þessu kerfi yrði haldið óbreyttu.

Hitt blasir við að Lífeyrissjóð bænda vantar í dag 2,6 milljarða til að geta staðið við skuldbindingar sínar horft til framtíðar og er hann veikasti lífeyrissjóður landsins. Vilji stjórnarflokkanna er að efla þann sjóð og styrkja til þess að bændur sem bregða búi hafi betri stöðu. Hér er því auðvitað um stórmál að ræða.

Ég hef verið gagnrýndur fyrir að koma með svona mál seint og hefði átt að bregðast við fyrr. Peningaþróunin á markaðnum hófst þó ekki fyrr en í ágúst sl. sumar þannig að tíminn er ekki langur og svona mál verður auðvitað að ganga mjög hratt fyrir sig. Ef það gerir það ekki getur staða lánasjóðsins rýrnað verulega og verið minna fé í honum horft til lengri tíma. Þess vegna verða svona mál að gerast mjög hratt.

Ég óska bara eftir góðu samstarfi við þingflokkana og stjórnarandstöðuna um þetta mál. Þetta er tilfinningamál. Ég þekki Lánasjóð landbúnaðarins vel, var formaður hans fyrr á árum og ber miklar tilfinningar til hans (Forseti hringir.) en ég vil auðvitað nýta hann og breyta honum í samræmi við það sem nú blasir við og nýta fjármagn hans (Forseti hringir.) til þess að efla hag bænda og þá lífeyrissjóðsins. Það eiga bændur inni hjá þessum sjóði.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 695. mál (aðsetursregla). — Þskj. 1053.

[11:06]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sem finna má á þskj. 1053.

Með þessu frumvarpi er lögð til breyting á 2. gr. umræddra laga og miðar hún að því að kveða skýrt á um almenna aðsetursreglu varðandi ótakmarkaða skattskyldu lögaðila. Í 2. gr. laganna er í fimm töluliðum kveðið á um hvaða lögaðilar beri ótakmarkaða skattskyldu hér á landi. Það eru þeir lögaðilar sem á hvílir skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum hvar sem þeirra er aflað og eignarskatt af öllum eignum sínum hvar sem þær eru.

Í 1.–4. tölulið er t.d. talað um hlutafélög, samlagsfélög og sameignarfélög sem skráð eru hér á landi.

Í 5. tölulið segir í núverandi ákvæði að á öðrum félögum en greinir í 1.–4. tölulið hvíli umrædd skattskylda. Í málsgrein sem fylgir 5. töluliðnum er að finna aðsetursreglu, þ.e. reglu sem segir að félag teljist eiga hér heimili ef það er skráð hér á landi, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi. Skattyfirvöld hafa talið að 5. töluliður tæki til óskráðra hlutafélaga og að aðsetursreglan í 5. tölulið tæki síðan til þeirra.

Með úrskurði yfirskattanefndar frá því í október sl. var þessum skilningi skattyfirvalda hafnað. Yfirskattanefnd taldi að umræddur 5. töluliður tæki einungis til annarra félaga en þeirra sem talin eru upp í 1.–4. tölulið greinarinnar. Þar af leiðandi tæki aðsetursreglan sem er að finna í 5. töluliðnum ekki til hlutafélaga sem skráð eru erlendis, jafnvel þótt þau ættu hér heima samkvæmt eigin samþykktum og hefðu raunverulega framkvæmdastjórn hér á landi. Yfirskattanefnd tók einnig skýrt fram að aðsetursreglan sem er að finna í 5. tölulið tæki einungis til hans en ekki til félagsforma sem talin eru upp í töluliðum 1.–4. Það er því ljóst að í lögum nr. 90/2003 er ekki fyrir að fara almennri aðsetursreglu varðandi ótakmarkaða skattskyldu lögaðila.

Með frumvarpi því sem ég mæli nú fyrir er verið að tryggja Íslandi skattlagningarrétt í þeim tilvikum þegar lögaðilar sem upp eru taldir í 1.–4. tölulið greinarinnar eru skráðir erlendis en telja heimili sitt hér á landi samkvæmt eigin samþykktum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þeirra er hér á landi. Með þessu er lögð áhersla á að skattskylda lögaðila markast ekki af formreglum einum saman, eins og skráningu, heldur einnig af efnisviðmiðum.

Regla sem þessi hlýtur að teljast eðlileg og rökrétt í ljósi almennra reglna um skattlagningarrétt ríkja.

Ég legg til, virðulegi forseti, að þessu frumvarpi verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 1. umr.

Stjfrv., 696. mál (hækkun iðgjalds, aldurstenging réttinda o.fl.). — Þskj. 1054.

[11:09]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda sem er að finna á þskj. 1054.

Eins og kunnugt er stendur Lífeyrissjóður bænda frammi fyrir vaxandi vanda gagnvart tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Til þess að stjórn hans geti brugðist við þessum vanda eru með frumvarpi þessu lagðar til tvær efnisbreytingar á gildandi lögum um Lífeyrissjóð bænda og er frumvarpið flutt að ósk stjórnar sjóðsins.

Í fyrsta lagi er lagt til að breyta ákvæðum er lúta að iðgjöldum sjóðfélaga og mótframlagi launagreiðenda þannig að hægt verði í samþykktum lífeyrissjóðsins að hækka iðgjöld og mótframlag svo að styrkja megi stöðu hans.

Í öðru lagi er lagt til að opna fyrir möguleika á aldurstengingu lífeyrisréttinda sem mjög hefur rutt sér til rúms eins og menn þekkja í öðrum lífeyrissjóðum. Eins og áður segir er halli á tryggingafræðilegri stöðu Lífeyrissjóðs bænda og kemur þar margt til. Þannig hefur aldursskipting sjóðfélaga ætíð verið sérlega óhagstæð miðað við flesta aðra lífeyrissjóði og lífeyrisbyrði sjóðsins þar af leiðandi verið mjög há. Meðalaldur sjóðfélaga verður hærri með hverju árinu sem líður og greiðandi sjóðfélögum fækkar. Af þessum sökum eru framtíðarskuldbindingar sjóðsins mjög þungar. Lífeyrisþegum sjóðsins fjölgar og eru þeir nú fleiri en greiðandi sjóðfélagar. Lífeyrisbyrði sjóðsins nam í árslok 2004 um 158%, en það þýðir að greiddur lífeyrir er nærri 60 af hundraði hærri en þau iðgjöld sem greidd eru til hans. Sjóðurinn þarf því stöðugt að ganga á eignir sínar og ávöxtun þyrfti að vera mjög góð, betri en hjá flestum öðrum lífeyrissjóðum, til að halda í horfinu.

Talið er að frekari möguleikar til að bæta stöðu Lífeyrissjóðs bænda að óbreyttum lögum séu ekki fyrir hendi. Því er lagt hér til og talið nauðsynlegt að opna fyrir möguleika á hækkun iðgjalds sjóðfélaga, mótframlags launagreiðenda svo og aldurstengingu réttinda, sem er að mati tryggingafræðings sjóðsins orðin óhjákvæmileg.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að væri hér um að ræða hefðbundinn lífeyrissjóð mundi hann ganga í gegnum breytingar af þessu tagi með því að breyta samþykktum sínum eða reglum á ársfundi en þar sem hér er um að ræða sjóð sem um gilda sérstök lög og þar sem ákvæði af þessu tagi er að finna í umræddum lögum er óhjákvæmilegt að verða við óskum stjórnarinnar með því að leggja það fyrir Alþingi að gera þær breytingar sem hér eru lagðar til. Öðruvísi koma þær ekki til framkvæmda.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umræðu og til efnahags- og viðskiptanefndar þingsins.

[11:12]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil í mínu stutta andsvari bara þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir að koma með fram með þessar breytingar. Ég tel að þær séu til mikilla bóta. Eins og fram hefur komið hafa lífeyrisréttindi bænda verið mjög bágborin og það er kominn tími til að þau verði lagfærð.

Við ræddum það áðan í utandagskrárumræðunni um Lánasjóð landbúnaðarins hvort hægt væri að styrkja lífeyrisréttindi bænda með söluandvirði hans. Ég tel að þetta frumvarp sé mjög til bóta og þakka fyrir það.

[11:13]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Ég þakka þingmanninum, virðulegi forseti, fyrir undirtektirnar við þetta þingmál. Ég tek undir það að nauðsynlegt er að styrkja þennan lífeyrissjóð eins og hér er verið að gera og að það sé sjálfsagt mál að leita fleiri leiða til að gera það. Meðal annars hefur komið til athugunar, eins og hér var rætt í morgun, hvort hægt sé að nýta fjármuni úr Lánasjóði landbúnaðarins með einhverjum hætti í því skyni, en það er að sjálfsögðu sjálfstætt mál sem ekki verður rætt í þessari umræðu.

[11:14]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nýta mér réttinn til að fara í andsvar og gera litla athugasemd. Hér er verið að breyta lögum um lífeyrissjóð og fram kemur í greinargerð frumvarpsins að sjóðurinn stefni í þrot miðað við stöðuna núna og verið sé að opna möguleikann á að hækka iðgjald sjóðfélaga, þ.e. hækka iðgjöldin á bændur. Ég saknaði þess svolítið í ræðu hæstv. fjármálaráðherra að heyra örfá orð um hvernig þetta geti hugsanlega litið út fyrir bændurna. Er líklegt að þeir fari að greiða meira inn? Nú er búið að skerða réttindin talsvert og þau eru komin niður í lágmarksréttindi, eins og ég skil málið. Athyglisvert væri að heyra hvort hæstv. ráðherra geti upplýst þingheim eitthvað örlítið meira um hvernig þetta gæti komið út fyrir bændur í framtíðinni þó að sjálfsögðu sé ekki búið að semja.

[11:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get að sjálfsögðu ekki sagt fyrir um það með hvaða hætti stjórn sjóðsins muni nýta þær heimildir sem verið er að veita henni. Hitt veit ég að mótframlag launagreiðanda í sjóðinn kemur ekki frá neinum launagreiðanda heldur frá ríkinu. Þess vegna gilda m.a. um þetta málefni sérstök lög og þess vegna heyrir sjóðurinn ekki undir almenna lífeyrissjóðakerfið sem væri að mörgu leyti eðlilegt. Ríkið greiðir mótframlag vinnuveitandans. Við erum því að skapa svigrúm og ég sem fjármálaráðherra og ábyrgðarmaður ríkissjóðs er að leggja til að veittar verði heimildir til að hægt sé að greiða meira úr ríkissjóði sem mótframlag í sjóðinn ef því er að skipta þegar þar að kemur.

Ég vek svo athygli á því í framhaldi af þessu að sérstök lög voru um lífeyrissjóð sem við afnámum fyrir jól, lögin um Lífeyrissjóð sjómanna, vegna þess að ekki var talið lengur nauðsynlegt eða eðlilegt að um þann sjóð giltu sérstök lög, hann gæti fallið undir almennu lífeyrissjóðalöggjöfina enda var þar ekki um að ræða að þar væri ekki launagreiðandi sem gæti innt af hendi mótframlagið. Það er munurinn.

Vonandi tekst að komast fyrir vind hvað varðar vanda lífeyrissjóðsins. Auðvitað vonum við það öll en þar hefur búið um sig gamalgróinn fjárhagsvandi og, eins og við þekkjum öll, eru greiðslurnar úr lífeyrissjóðnum til bænda, eftirlaunaþega og fyrrverandi bænda, ekki háar eins og fram kom fyrr í vetur á þinginu þegar ég svaraði fyrirspurn frá hv. þm. Drífu Hjartardóttur um það efni.

[11:17]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir svörin. Ljóst er að ríkið er að opna í lagaheimild möguleika á að hækka framlag sitt, en það er auðvitað alveg ljóst að það eru ekki stórkostlegar líkur á því að sjóðurinn dafni sérstaklega nema eitthvað mikið komi til af því að nú eru fleiri sem taka lífeyri út úr sjóðnum en greiða í hann. Aldursbreytingarnar í stéttinni eru líka þannig að aldurinn er alltaf að hækka og þeim að fækka sem standa undir sjóðnum á meðan byrðarnar aukast talsvert mikið.

Ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ekki réttur skilningur að líklegast sé að ríkið komi inn með aukið framlag í meira mæli en bændurnir. Það er varla þannig að þeir bændur sem starfa í dag og standa undir sjóðnum fari að setja einhverjar stórar fjárhæðir í sjóðinn. Maður á mjög erfitt með að sjá það. Er það ekki líkleg niðurstaða að ríkið komi með veruleg framlög en bændurnir muni ekki hækka framlög sín svo miklu nemi?

[11:18]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um þetta vil ég engu spá. Ég vil bara segja að við erum að opna heimildir sem getur verið nauðsynlegt að nýta á síðari stigum og þá samkvæmt ábendingum, tillögum eða ákvörðunum á vettvangi sjóðsins. Ég held að nauðsynlegt sé að gera það vegna þess að þessi framkvæmd hefur verið að skjóta rótum í öðrum sjóðum og það hefur ekki verið svigrúm til þess vegna lagaákvæðanna um þennan tiltekna sjóð.

[11:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er ekki nýtilkomið að Lífeyrissjóður bænda glími við vanda, því miður. Hann er vel kunnur og hefur verið fyrirsjáanlegur eins og þróunin hefur verið innan þeirrar stéttar mörg undanfarin ár og á löngu árabili. Vandinn er að hluta til sértækur. Hann lýtur að sérstökum aðstæðum í landbúnaðinum og á sér sögulegar skýringar og rætur, eins og þetta með aldurssamsetningu stéttarinnar. Það er líka ástæða til að hafa í huga og minnast þess hvernig að rekstri í landbúnaði hefur verið og er enn þá í verulegum mæli staðið, að hjón eða fjölskyldur standa saman að rekstrinum þó að lífeyrisréttindin hafi kannski fram að því síðasta fyrst og fremst verið bundin við bóndann sem skráður hefur verið fyrir búinu.

Að hluta til er vandi Lífeyrissjóðs bænda líka almenns eðlis og tengdur vanda margra annarra lífeyrissjóða. Að sjálfsögðu bætir ekki úr skák fyrir Lífeyrissjóð bænda þær nýju aðstæður sem m.a. nýtt mat á lífslíkum og örorkulíkum sem tekur til lífeyrissjóða almennt frá sl. ári ber með sér. Þann vanda þarf Lífeyrissjóður bænda að takast á við eins og aðrir lífeyrissjóðir.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að leggja áherslu á og hafa í huga ábyrgð og aðild ríkisins að málinu. Eins og fram kom að hluta til í svari hæstv. fjármálaráðherra í andsvari áðan er ríkið í mjög sérstakri stöðu í málinu. Vegna samskipta sinna og samninga við bændur er ríkið í hlutverki launagreiðandans að því leyti að það greiðir mótframlagið og það framlag ríkisins er hluti af samningsbundnum samskiptum ríkisvaldsins og bænda. Ég held að allir hljóti að átta sig á því að á þeim vanda verður ekki tekið og hann verður ekki leystur nema með þátttöku ríkisins á a.m.k. þennan hátt og ef ekki viðtækari. Ég held að fyrir því séu ærin sanngirnisleg og söguleg rök af því að um málefni lífeyrisréttindi stéttarinnar hefur verið búið með mjög sérstökum hætti frá byrjun.

Best væri auðvitað að það horfði til betri tíðar í málefnum Lífeyrissjóðs bænda á komandi árum gegnum það að atvinnugreinin blómgaðist og þar yrðu nauðsynleg og löngu

tímabær kynslóðaskipti og endurnýjun í greininni. Mér finnst varla hægt að hafa umræðuna öðruvísi en þannig að minnt sé á þann möguleika að það verði ósköp einfaldlega viðsnúningur í málefnum atvinnugreinarinnar og hún komist út úr þeirri krónísku varnarstöðu sem hún hefur lengi verið í með versnandi aldurssamsetningu og fækkun þeirra sem eru virkir greiðendur iðgjalda í sjóðinn. Það er auðvitað ekki bara lífsspursmál fyrir málið hvað varðar lífeyrisréttindin og Lífeyrissjóð bænda, það er lífsnauðsyn fyrir atvinnugreinina og þó fyrr hefði verið að menn reyni að snúa þar einhverri vörn í sókn. Með því að leggja sitt af mörkum til framsækinnar og uppbyggilegrar atvinnustefnu sem gæti þýtt að landbúnaðurinn gengi í endurnýjun lífdaga, blómgaðist og þar yrðu hressileg kynslóðaskipti á komandi árum gæti því staðan gjörbreyst. Hún þarf að gera það, ekki bara lífeyrissjóðsins vegna heldur landbúnaðarins vegna og byggðarinnar og strjálbýlisins á Íslandi vegna. Það væri langróttækasta og mesta framtíðarlausnin í þessum málum. Það verður gaman að heyra ræður þeirra sem telja sig handhafa þess að vera framsýnir og nútímalegir í þessum efnum. Þá getum við hinir sem eigum að vera fulltrúar hestasláttuvélanna lært af því.

Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að umræðan áðan og ræður sem ákveðnir hv. þingmenn héldu, t.d. hv. þm. Katrín Ásgrímsdóttir, ung og framsækin kona sem kemur hingað á þing, eru dapurlegar þegar menn ætla að afgreiða sjónarmið einhverra annarra á þann einfalda og ódýra hátt að þeir séu fulltrúar einhverrar fortíðarhyggju og vilji fara aftur í moldarkofana eða nota hestasláttuvélar. Það lá í orðum fleiri en eins og fleiri en tveggja manna. Hafa menn einhver sérstök efni á því að tala t.d. þannig um þann sem hér stendur og skoðanir hans eða það sem ég hef staðið fyrir í gegnum tíðina þegar ég hef skipt mér af málefnum bænda? Ég held ekki. Ég held að fulltrúar kerfisins, framsóknarmenn og sjálfstæðismenn, sem bera nánast óskoraða ábyrgð á því í hvaða stöðu landbúnaður á Íslandi er í dag ættu að líta í eigin barm. Ekki er það ég sem bjó til SÍS-kerfið. Ekki er það ég sem fann upp útflutningsuppbæturnar á sínum tíma og kom landbúnaðinum í þá herfilegu stöðu sem hann var kominn í á 8. og 9. áratug síðustu aldar. Það var Ingólfur Jónsson á Hellu sem bjó út útflutningsuppbæturnar í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins með Alþýðuflokknum sáluga og ég veit ekki betur en Framsóknarflokkurinn hafi farið með landbúnaðarráðuneytið og ráðið meiru um þann málaflokk en nokkur annar stjórnmálaflokkur í samanlagðri Íslandssögunni.

Ég bið því hv. þingmenn að kasta ekki steinum úr glerhúsi. Þó að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum þær hugmyndir að það geti verið fleiri leiðir færar í vanda Lánasjóðs landbúnaðarins en þær einar að einkavæða hann skal enginn tala þannig til okkar að það þýði að við viljum ekki takast á við vandann og horfast í augu við hann.

Hverjir hafa flutt tillögur um að menn leggi grunn að einhverri nýrri framsækinni og uppbyggilegri atvinnustefnu fyrir landbúnaðinn aðrir en við? Hvar eru gjörðir stjórnarflokkanna í þessum efnum? Það er ekki nóg að ráða einn hálfbrjálaðan mann, eins og hæstv. landbúnaðarráðherra orðaði það sjálfur, sem umboðsmann íslenska hestsins. Það er ekki nóg að slá um sig og halda góðar ræður á árshátíðum og þorrablótum og horfa á þá hluti sem eru að gerast í landbúnaðinum og við erum m.a. að horfast í augu við, sem endurspeglast í gríðarlegum vanda Lífeyrissjóðs landbúnaðarins. Af hverju? Af því að uppdráttarsýki er búin að vera í greininni, því miður mjög lengi. Það er rétt. En það hefur lítið lagast og aldurssamsetningin versnar og virkum (Gripið fram í.) greiðendum í sjóðinn fækkar, hæstv. landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson. Það er alveg sama hvað hæstv. landbúnaðarráðherra heldur margar 17. júní-ræður þar sem allt túnið er þakið blómum og framtíðin er svo falleg að það hálfa væri nóg. (Gripið fram í.) Veruleikinn er eins og hann er og við glímum við hann m.a. í umfjöllun um þetta frumvarp fjármálaráðherra um að taka á vanda Lífeyrissjóðs bænda.

Ég lýsi eftir því að þeir sem telja sig handhafa sannleikans og bjartrar framtíðar í þessum efnum leggi eitthvað á borðið með sér annað en orðagjálfrið. Hvar eru þær raunhæfu tillögur og aðgerðir sem við getum borið von um að þýði t.d. eðlilega endurnýjun og eðlileg kynslóðaskipti í landbúnaðinum? Er núverandi ástand, núverandi verð á kvótum, núverandi uppkaup stórefnamanna á jörðum beinlínis féleg framtíð í þessu samhengi? Halda menn að vænlegt sé fyrir unga bændur að taka við jörðum feðra sinna og byggja þar upp mjólkurbú ef það er rétt að mjólkurkvótinn sé orðinn svo dýr að það sé jafnvel auðveldara að hefja búskap utan kerfisins en að reyna að kaupa sér kvóta? Þannig er veruleikinn. Og hvað er verið að kaupa? Hvað er verið að kaupa þegar menn kaupa mjólkurkvótann? Verið er að kaupa rétt til ávísana frá hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, á grundvelli tímabundins samnings um stuðning ríkisvaldsins við búvöruframleiðsluna. Rétturinn til að fá ávísanir frá hæstv. fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, gengur kaupum og sölum fyrir ótrúlegar fjárhæðir. Það er snilldarlegt kerfi, er það ekki? Það er snilldarlegt kerfi að menn skuli láta viðskipti með réttinn til ávísanagreiðslna úr ríkissjóði vera orðinn að sjálfstæðu verðmæti í viðskiptum í atvinnugreininni sem hefur þau áhrif m.a. að þröskuldur myndast sem þarf að stíga yfir í hverjum einustu kynslóðaskiptum, því að þegar ungur bóndi, bóndasonur eða bóndadóttir stendur frammi fyrir því að meta: Hef ég möguleika á að taka við búi foreldra minna? Gegn hverju reikna menn dæmið og samanborið við hvað er það borið? Jú, hinn möguleikann, að selja réttinn til ávísana frá hæstv. ráðherra, Geir H. Haarde, meðan hann er í því sæti.

Þetta er fínt kerfi. Þetta er auðvitað að hafa nákvæmlega sömu áhrif nema bara enn þá ýktari í landbúnaðinum eins og stórkvótakerfið hefur í sjávarútveginum þegar menn eru þar að velta fyrir sér: Er grundvöllur fyrir því að taka við bátnum af foreldrum mínum? Ef t.d. einyrkjaútgerð á í hlut standa menn frammi fyrir því að velta því fyrir sér hvort komi betur út, hvort sé raunhæfara, hvort sé betri fjármálastjórn, að reyna þetta áfram eða selja kvótann og fá eina feita ávísun og geta lifað í vellystingum praktuglega eftir það. Hver er útkoman? Í 9 tilvikum af hverjum 10 selja menn og einyrkinn í útgerðinni er að hverfa. Það eru bara trillur og stórútgerðir sem verða eftir. Svona er þetta.

Varðandi hugmyndirnar sem voru ræddar áðan um að Lánasjóður landbúnaðarins verði einkavæddur, það á að

kalla hlutina réttum nöfnum, ef hann verður seldur og eigum við að giska á að Kaupþing – Búnaðarbanki gæti slumpast á að bjóða í hann, eigum við að láta okkur detta það í hug? Hafa þeir ekki verið nokkuð fyrirferðarmiklir í því að fara um sveitir og bjóða bændum sem best hafa veð og best eru staddir að taka þá í viðskipti? Jú, eitthvað er um það.

Er það endilega vænlegasta leiðin til þess að ráðstafa söluverðmæti í eitt skipti inn í Lífeyrissjóð bænda, jafnvel þótt það verði umtalsvert og þó að muni um það? En hann verður ekki seldur nema einu sinni og þar með er líka farið það sem hann hefur staðið fyrir, sem er grunnfjármögnunin án tillits til aðstæðna, án tillits til þess hvar menn búa í þessari atvinnugrein.

Hvernig væri nú að skoða þá leið að sameina eða samreka a.m.k. Lífeyrissjóð bænda og Lánasjóð landbúnaðarins þannig að eigið fé lánasjóðsins yrði þar til styrkingar? Það mætti m.a. ná stórfelldum árangri í að draga úr rekstrarkostnaði með slíkri samþættingu. Við skulum ætla að slíkur mun öflugri aðili næði betri kjörum varðandi fjármögnun sína, það er engin ástæða til að ætla annað. Þarna mætti því væntanlega slá margar flugur í einu höggi. Lífeyrissjóðirnir hafa fullar heimildir til að lána sjóðfélögum sínum, þau lán má væntanlega skilgreina þannig að þau gætu í reynd verið ígildi jarðakaupalána til dæmis. Það er ekkert vandamál að ungir sjóðfélagar í Lífeyrissjóði bænda eigi þannig skilgreindan lánsrétt til dæmis. Ef ekki mætti í sjálfu sér halda þessu lagalega aðskildu en samreknu. Það eru auðvitað ýmsar leiðir færar í því, auk þess sem það vill svo til að um Lífeyrissjóð bænda gilda sérlög og ég sé ekki neina ástæðu til þess að aðrir þyrftu að amast við því að í þeim sérlögum væri gengið frá þessu og um þetta búið með sérstökum hætti. Ég sé ekki að það geri neinum neitt. Það eru því miklir möguleikar í að skoða þetta og ég hvet til þess að það verði gert rækilega.

Að mörgu leyti gildir það sama um Lífeyrissjóð bænda og gerði áður um Lífeyrissjóð sjómanna, að ríkisvaldið átti mjög sérstaka aðild að þeim málum. Við vitum það sem þekkjum þá sögu að í gegnum tíðina hefur verið gripið til margvíslegra ráðstafana af hálfu ríkisvaldsins til þess að tryggja betur lífeyrisréttindi sjómanna. Því miður ekki nóg. Því miður stóð ríkið aldrei að fullu við ábyrgð sína á því t.d. þegar menn reyndu á sínum tíma að taka upp 60 ára aldursreglu í Lífeyrissjóði sjómanna. Það stendur enn upp á ríkisvaldið að efna það þannig að sennilega vantar um einn og hálfan milljarð í eigið fé Lífeyrissjóðs sjómanna, sem reyndar er nú að sameinast öðrum, til þess að sjóðnum hafi verið bætt að fullu það sem hann tók á sig vegna áformanna um 60 ára aldurstökurétt.

Menn hafa þó sýnt þessu skilning og viðurkennt þetta í verki með margvíslegum hætti á undanförnum árum. Til dæmis hefur ýmsu skiptagóssi úr fórum sjávarútvegsins verið ráðstafað inn í Lífeyrissjóð sjómanna. Gerðir voru upp gamlir sjóðir og hluta af andvirði þeirra var varið í Lífeyrissjóð sjómanna. Þar með var viðurkennd í verki aðild ríkisins og ábyrgð að því máli. (**Gripið fram í:** Ekki Fiskveiðasjóður.) Ekki Fiskveiðasjóður að vísu, það er rétt. Það er náttúrlega grundvallarmunur á þeirri ráðstöfun sem yrði í því tilviki ef Lánasjóður landbúnaðarins gengi allur til þess með einhverjum hætti, hvort sem það væri sameining eða söluandvirði, að styrkja Lífeyrissjóð bænda. Það væri miklu ríkari viðurkenning á því að það er sú stétt sem byggt hefur þann sjóð upp og að hann tilheyri þeirri atvinnugrein en var þegar fjárfestingarlánasjóðir hinna atvinnuveganna, iðnaðarins og sjávarútvegsins, voru í raun teknir með öðrum hætti.

Það eru ærin rök fyrir því að takast á við þennan vanda. Ég segi hiklaust að ég fagna því sem hæstv. fjármálaráðherra sagði áðan, sem á mannamáli þýðir auðvitað að menn horfast í augu við það að lítið verður hægt að gera í þessum efnum nema ríkið komi þar að með beinum eða óbeinum hætti, þ.e. ef bændur takast á við það m.a. með því að hækka iðgjaldagreiðslur sínar í sjóðinn verði ríkið að koma á móti með mótframlögum og hækka þau. Það væri greitt úr ríkissjóði og er þá að sjálfsögðu hluti af hinum samningsbundnu samskiptum ríkis og bænda sem menn eiga að horfa til.

Frú forseti. Við erum á ákveðnu millibilstímabili hvaða varðar uppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins í landinu. Það er mikil gæfa fyrir Ísland að eiga samtryggingarlífeyrissjóðina og það var mikið gæfuskref þegar uppbygging þeirra hófst um 1970. En því verki er ekki lokið. Það var ekki fyrr en fyrir tiltölulega fáum árum sem menn náðu í raun og veru utan um það í heild sinni að menn færu að greiða af öllum launum og að allir færu að greiða í lífeyrissjóði. Við eigum enn 15–25 ár í land hvað það varðar að kerfið verði orðið fulluppbyggt og komið í jafnvægi.

Þetta millibilsástand þurfum við að brúa og takast á við, m.a. með aðgerðum til að styrkja stöðu veikustu lífeyrissjóðanna og með því að búa þannig um samspil lífeyrisréttindanna og greiðslna úr almannatryggingakerfinu að öllum verði sköpuð sómasamleg kjör. Við eigum ekki að dæma einhverja einstaka hópa, hvort sem það eru bændur eða sjómenn á tilteknu árabili, til mun verri lífskjara á eftirlaunaaldri en við höfum efni á að búa þjóðinni almennt. Þetta snýst um sanngirni og réttlæti og jöfnuð og alveg sérstaklega er brýnt að menn takist á við þetta hvað varðar bændur sem nú eða á allra næstu árum fara á eftirlaunarétt. Við eigum ekki að horfa upp á það að slíkur hópur komi til með búa við mun lakari lífskjör á ákveðnu tímabili vegna þess að uppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins í heild sinni er ekki lokið og það kerfi er ekki komið í jafnvægi. Það kallar á ákveðnar aðgerðir, ákveðnar sértækar aðgerðir, en þær eru liður í almennum hlutum, þær eru liður í því að tryggja almennt betri og jafnari lífskjör í landinu.

Ég trúi ekki öðru en að hér sé fullur pólitískur vilji til að takast á við þessi mál. Þetta eru ekki stórar fjárhæðir sem skekja innviði samfélagsins þó að þarna séu reiddir fram fjármunir sem þarf til að jafna þessa stöðu sæmilega. Það eru öll rök, söguleg, pólitísk og félagsleg til þess að gera það.

Ef við berum þetta saman t.d. við tölurnar sem tengjast því að tryggja réttindi opinberra starfsmanna og það sem ríkið þarf að reiða af mörkum þar og er skylt í þeim skilningi að það er af sögulegum ástæðum sem ríkið ber þá ábyrgð sem þar er um að ræða, um var að ræða hluta af umsömdum kjörum þeirra starfsmanna í gegnum tíðina, þá þurfum við ekki að láta okkur bregða við það sem hér er á

ferðinni varðandi Lífeyrissjóð bænda. Það er ekki slíkt stórmál að við getum ekki tekist á við það og klárað það með sómasamlegum hætti. Auðvitað væri verulegur fengur í því ef t.d. með sameiningu eða samrekstri Lífeyrissjóðs bænda og Lánasjóðs landbúnaðarins næðust þeir fjármunir til styrkingar lífeyrissjóðnum og öflugri stöðu þess kerfis í heild sinni, samhliða því að menn væru að spara í rekstrarkostnaði og öðru slíku, að það gæti dugað mönnum.

Ég held að þar gæti líka alveg komið til greina að sortera svolítið upp þau viðfangsefni sem lánasjóðurinn hefur með höndum í dag og að hann dragi sig út af þeim markaði að hluta til. Það gæti vel komið til greina. Til dæmis að eftir stæðu kannski fyrst og fremst grunnlán eins og til jarðakaupa eða sjóðfélagalán sem væru ákveðin grunnfjárfestingarlán nýliða og ungra bænda en menn leituðu síðan til lánastofnana með afganginn.

Að síðustu endurtek ég það, frú forseti, að langróttækasta og varanlegasta lausnin á þessum vanda væri sú að menn tækju höndum saman um að skapa landbúnaðinum skilyrði til þess að blómgast og endurnýjast. Þá leysist þetta í miklu meira mæli af sjálfu sér en nú teiknar til.

[11:39]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við ræðum hér um Lífeyrissjóð bænda, það er göfugt málefni og nauðsynlegt að ræða.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, þegar hann ræðir um þennan málaflokk, hvort hann haldi ekki að hámarksinngreiðslur sem ákveðnar voru í upphafi í þennan sjóð frá hverjum framleiðanda hafi ekki einmitt þau neikvæðu áhrif sem við sjáum núna hvað stöðu sjóðsins varðar, þ.e. bændur borguðu hámarksiðgjald í sjóðinn og ef menn voru með stærri bú en svokallað vísitölubú fengu þeir endurgreiðslu og uppgjör eftir áramót frá sjóðnum. Menn borguðu því aldrei í hann eins og aðrar stéttir í þjóðfélaginu sem borguðu af öllum launum. Þannig var nú málið. Ég held að það hafi heilmikið að segja um hvernig staða þessa sjóðs er í dag.

Það er líka staðreynd að frá því að sjóðurinn var stofnaður upp úr 1970 hefur orðið gríðarleg fækkun bænda og ekki er annað fyrirsjáanlegt en að enn fækki inngreiðendum í sjóðinn. En eftir stendur að það er fjöldi bænda sem þiggur greiðslur úr þessum sjóði. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort þetta sé ekki einmitt sá þáttur sem hefur haft áhrif á hvernig staða sjóðsins er.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fór víða í umræðunni um Lífeyrissjóð bænda og kom inn á utandagskrárumræðu um Lánasjóð landbúnaðarins. Ég verð að segja um þá ræðu sem flutt var hér af hv. varaþingmanni Katrínu Ásgrímsdóttur að þar var fjallað um það mál af þekkingu og hún kom inn á kjarna málsins hvað Lánasjóð landbúnaðarins varðar.

[11:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni, enda veit ég að hann þekkir vel til þess að hluti af vanda Lífeyrissjóðs bænda er að sjálfsögðu fólgin í þessari fortíð eins og reyndar annarra lífeyrissjóða. Að þessu leyti má segja að fyrirkomulagið í Lífeyrissjóði bænda, ef ég man það rétt, hafi ekki verið svo frábrugðið því sem var á meðan menn í öðrum sjóðum greiddu t.d. eingöngu af dagvinnulaunum en ekki af heildarlaunum. Það var ákveðið þak á greiðslunum og menn mynduðu ekki lífeyrisréttindi eða greiddu inn á réttindin í samræmi við heildarlaun sín og heildartekjur. Gott ef sjómenn greiddu ekki á einhverjum tíma bara af tryggingunni. (**Gripið fram í:** Bara fyrst af hálfri.) Já, eitthvað svoleiðis, bara fyrst af hálfri tryggingunni.

Þetta á sér rætur í því að lífeyrissjóðakerfið fór af stað í slíkum áföngum og það var ekki fyrr en árið 1996 eða 1998 sem við náðum utan um dæmið í heild sinni með endurskoðun löggjafar um lífeyrissjóði og það var virkilega fest í sessi að allir færu, þar með talið sjálfstætt starfandi atvinnurekendur, að greiða í lífeyrissjóði og af öllum launum sínum.

Auðvitað er vandinn líka fólginn í hinum sérstöku aðstæðum í stéttinni, aldurssamsetningunni og slíku. Ég kom nú sæmilega rækilega inn á það, ég held ég þurfi ekki að endurtaka það, og lagði mikla áherslu á að vænlegasta lausnin gagnvart þeim vanda sé að breyta aldurssamsetningunni. Það er að leyfa landbúnaðinum að blómgast, að reyna að hjálpa til við að þar verði endurnýjun og kynslóðaskipti þannig að þessi óhagstæðu hlutföll lagist.

Að lokum varðandi ræðu hv. þm. Katrínar Ásgrímsdóttur, sem ég gagnrýndi, þá var alveg skýrt hvað ég var að gagnrýna. Ég var að gagnrýna ómálefnaleg ummæli hv. þingmanns í garð okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs og annað ekki í ræðu hennar. Að öðru leyti var hún að lýsa skoðunum sínum og hún stendur fyrir þeim. Ég tel að vísu að menn hafi í raun oftúlkað þau viðhorf eða þann vilja sem uppi er í Bændasamtökunum þegar menn segja að það sé afstaða samtakana að leggja eigi Lánasjóð landbúnaðarins niður. Ég er ekki sammála þeirri túlkun. Ég tel að afstaða Bændasamtakanna sé sú að þeir vilji leggja búnaðarmálasjóðsgjöldin af (Forseti hringir.) en hafi síðan ekki tekið afstöðu til þess hvað þeir vilja gera með framhaldið.

[11:43]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil minna hv. þm. Steingrím J. Sigfússon á þá miklu atvinnuháttabyltingu sem orðið hefur síðan lífeyrissjóðirnir voru stofnsettir hér á landi. Það er sú breyting, sú mikla atvinnuháttabreyting sem er auðvitað að koma niður á bændum og þeim lífeyrissjóði sem við ræðum hér um.

Það er fækkun í greininni og ekki fyrirsjáanlegt annað en að svo haldi áfram. Það verður ekki fjölgun í bændastéttinni. Ég held að einn þeirra þátta sem bændur þurfa að hugsa um og hafa margir hverjir verið að hugsa um og farið út í, og það er að reka búskap sinn í einkahlutafélagsformi. Þá koma þeir sem sérstakir launþegar að búum sínum og geta farið inn í séreignarlífeyrissparnað og höndlað með mál sín með öðrum hætti en áður hefur verið. Þannig voru málin að bændur þurftu einungis að borga iðgjald í Lífeyrissjóð bænda af veltu svokallaðs vísitölubús eða af launum svokallaðs vísitölubús. Þeir sem voru með stærri bú fengu endurgreitt. Þeir fengu í rauninni ekki að borga í lífeyris-

sjóðinn af þeim launum sem þeir höfðu af búi sínu. Þess vegna er miklu auðveldara hjá mönnum að hafa reksturinn í einkahlutafélagsforminu og geta þá nýtt sér séreignarsparnaðarreglurnar.

[11:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sæmilega upplýstur um atvinnuháttabreytinguna. Ég hef nefnilega búið á Íslandi að frátöldu einu og hálfu til tveimur árum þau 49 ár sem ég hef lifað og tel mig hafa fylgst sæmilega með, þannig að það þarf ekki að halda yfir mér fræðsluerindi um það. Ég tel mig þekkja ágætlega það samfélag sem ég lifi og hrærist í. Við getum hins vegar verið ósammála um einhverja hluti í þessum efnum en við skulum ekki tala hvert við annað eins og sum okkar hafi gengið um með bundið fyrir augu og með tappa í eyrunum frá fæðingu. Það er ekki svo. Ætli ég hafi ekki eitthvað glímt við þessa hluti eins og hv. þingmaður sem líka hefur þurft að vera í forsvari fyrir bændur eða landbúnaðinn á ákveðnum sviðum.

Það er auðvitað alveg rétt og við þurfum ekki að fara betur yfir það að ákveðnar veilur í kerfinu sem enn er við að glíma eiga sér rót í upphafinu. Ég held að við eigum frekar að segja: Fögnum því sem þó hefur áunnist og lofum guð fyrir að við lentum inn á það spor um 1970 að byrja að byggja upp söfnunarsjóði með samábyrgð. Það var gæfuspor fyrir Ísland og ástæða þess að víða um lönd er horft til Íslands og sagt: Sjáið þið hvað þeir eru að gera, hvernig þeir fara að þessu. Þeir koma til með að glíma við breytta aldurssamsetningu í samfélaginu með allt öðrum og árangursríkari hætti en við stöndum frammi fyrir hér í Þýskalandi, Bretlandi, Noregi eða hvar það nú er þar sem menn annaðhvort alls ekki eða miklu seinna völdu þessa gæfulegu leið. Einnig hjálpar það okkur að við erum enn tiltölulega ung þjóð.

Ég skrifa ekki upp á að áframhald þurfi að vera á fækkun í bændastétt eða hjá þeim sem greiða iðgjöld í Lífeyrissjóð bænda þó svo miklar breytingar eigi sér nú stað. Það er ekkert sem segir að byggð í sveitum landsins og ýmiss konar búskapartengd starfsemi, sem ætti að mínu mati að geta gefið mönnum aðild að Lífeyrissjóði bænda og greiðslum þar inn, geti ekki blómgast og það er hún auðvitað að gera á mörgum sviðum eins og í ferðaþjónustu, í sveitum og víðar. Vandinn er sá að samdrátturinn í hinni hefðbundnu starfsemi gerir meira en vega það upp enn sem komið er en breytist vonandi.

Varðandi einkahlutafélögin sé ég (Forseti hringir.) ekki betur en það sé einmitt verið að bregðast við slíkri mögulegri breytingu (Forseti hringir.) í 1. gr. frumvarpsins og opna á að deildaskipta réttindunum þannig að það er vel.

[11:47]

Guðjón A. Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Við ræðum um Lífeyrissjóð bænda og málefni þeim tengd. Inn í það tengist mál sem tekið var fyrir í utandagskrárumræðu um Lánasjóð landbúnaðarins og það verk að leggja hann e.t.v. niður og jafnvel ráðstafa fjármununum í Lífeyrissjóð bænda.

Til að koma í veg fyrir allan misskilning vegna þess sem ég kann að segja síðar í ræðu minni þá tel ég virkilega þarft verk að takast á við að reyna að laga stöðu bænda í lífeyrismálum og að lífeyrir þeirra verði þeim einhvers virði og skipti máli í framtíðinni. Ég held að rétt sé að við förum þannig í það mál að við skoðum hvernig lífeyrisgreiðslur nýtast lífeyrisþegum í raun. Þegar við skoðum lífeyrismálin í heild sinni skerða greiðslur úr lífeyrissjóði bætur úr almannatryggingum. Segjum sem svo að okkur takist að hækka meðalgreiðslur til bænda með lagfæringum eins og þeim að setja eignir Lánasjóðs landbúnaðarins í Lífeyrissjóð bænda og hækka meðalgreiðslurnar frá því sem nú er, ætli þær liggi ekki einhvers staðar á bilinu 17–25 þús. kr. á mánuði þó ég hafi ekki nákvæmar tölur um það. En í svari sem hæstv. fjármálaráðherra gaf við fyrirspurn hv. þm. Drífu Hjartardóttur kemur fram hvernig dreifing meðalgreiðslna úr Lífeyrissjóði bænda er og tölurnar eru ekki háar. Það eru samtals 954 sem fá 5.330 kr. á mánuði. Það eru 923 sem fá 14.800 kr. á mánuði, 547 sem fá rúmar 24.000 kr. á mánuði og 180 sem fá 34.000 kr. tæpar að meðaltali á mánuði. (Gripið fram í.) Hv. þm. Pétur H. Blöndal upplýsir úr stól sínum að meðaltalið sé 10–15 þús. kr. Það kann vel að vera að það sé rétt ef tekið er tillit til töflunnar sem ég var að lesa upp úr og tölunum svo deilt upp.

Þess heldur er ástæða til að athuga hvað þetta skiptir bændur miklu máli. Segjum að innlögn á fjármunum Lánasjóðs landbúnaðarins mundi hækka meðaltalsgreiðslurnar um helming, þær mundu tvöfaldast og menn væru ekki að fá 15 þús. kr. að meðaltali heldur 30 þús. kr. Þá er reglan sú í almannatryggingakerfinu að sá sem fær greiðslur úr lífeyrissjóði verður fyrir skerðingu í almannatryggingakerfinu eftir 45% reglu. Menn fá því aldrei í eigin vasa nema 55% af því sem úr lífeyrissjóði kemur meðan verið er að skerða bætur almannatrygginga aðrar en grunnlífeyrinn sem situr eftir þegar um lífeyrisgreiðslur er að ræða. Grunnlífeyrinn er um 23 þús. kr. í dag. Þá sitjum við uppi með það að með því að setja auknar greiðslur í Lífeyrissjóð bænda með þessu lagi og með óbreyttu almannatryggingakerfi og óbreyttri skerðingarreglu að helmingurinn af því rynni til ríkisins aftur vegna þess að það kæmi niður á skerðingu bótanna af því að greiðslur til bænda eru hvort sem er svo óskaplega lágar og réttindi þeirra allt of lítil.

Þetta vildi ég segja í upphafi ræðu minnar vegna þess að ég held að nauðsynlegt sé að við gerum okkur grein fyrir hvað við erum að tala um þegar við lýsum vilja okkar til að laga stöðu bænda að því er varðar lífeyrisréttindi þeirra. Ég held að okkur greini ekki á um að vilja takast á við það, þó ég geti sagt það úr þessum ræðustól sem fyrrverandi forustumaður í samtökum sjómanna að ólíkt höfumst við að, ég og hæstv. fjármálaráðherra, þegar við lítum til þess sem við ræddum varðandi Lífeyrissjóð sjómanna á sínum tíma og réttindi þar. Hæstv. fjármálaráðherra vék að því í ræðu sinni áðan að nýlega hefði lögum um Lífeyrissjóð sjómanna verið breytt og þau gerð eins og lögin í almennu lífeyrissjóðunum. Það var ekki einu sinni hægt að halda eftir því að hægt væri að halda lögveði fyrir lífeyrisréttindum inngreiðslum í skipum til að reyna að tryggja að skipinu væri ekki siglt úr landi án þess að upp væri gert í lífeyrissjóð. Stjórnarflokkarnir gátu ekki fallist á að sú trygging sæti eftir til handa sjómönnum. Áður var búið að svíkjast undan

því að standa við 60 ára regluna sem var félagsmálapakki frá árum áður. Þar skortir 1,5 milljarða í Lífeyrissjóð sjómanna og þegar Fiskveiðasjóður Íslands var lagður niður fengu sjómenn ekki neitt af þeim fjármunum í lífeyrissjóðinn þó að greitt hafi verið í Stofnfjársjóð fiskiskipa af óskiptu aflaverðmæti áratugum saman.

Ég rifja þetta upp en lýsi því enn á ný yfir til að það valdi ekki misskilningi að ég mun styðja það að reyna að lagfæra stöðu bænda að því er varðar lífeyrissjóði. Ég er hins vegar að benda á að það er ekki beint samhengi milli þess að auka lífeyrisréttindi og auka rauntekjur bændanna vegna þess að ríkið tekur 45% af rauntekjuaukningunni miðað við hversu lágar greiðslur bændur eiga rétt á úr lífeyrissjóði. Það þarf miklu meira en tvöfalda þær til að bændur fari að halda meiru eftir en 55% því að almannatryggingabætur þeirra, ellilífeyririnn, tekjutengingin, sérstök heimilisuppbót og sérstök tekjutrygging skerðast með 45% reglu eins og lögin eru í dag. Um þetta höfum við í Frjálslynda flokknum flutt ákveðið mál í hv. Alþingi, um að réttindagreiðslur úr lífeyrissjóði fólks undir 50 þús. kr. á mánuði skerði engar samsettar lágmarksbætur ellilífeyrisþega. Ef sú regla væri tekin upp mundi auðvitað hver einasti þúsundkall sem settur væri í aukin lífeyrisréttindi stéttar eins og bænda, sem eru með svo lág meðaltalsréttindi í lífeyrissjóði sínum, skipta verulegu máli.

Þetta held ég að við þurfum að hafa hugfast þegar við ræðum hvernig við viljum raunverulega takast á við að laga stöðu bænda að því er varðar stöðu þeirra til ellilífeyris og úr lífeyrissjóði þeirra og ég geri ekki lítið úr því að vandi bænda varðandi lífeyrissjóð þeirra er mikill.

Þegar talað er um að taka upp aldurstengda réttindainnheimtu og aldurstengdar bætur drögum við úr samtryggingu í lífeyrissjóðum. Eins og menn vita höfum við lengst af verið með söfnunarsjóði með algerri samábyrgð en á seinni árum hafa menn verið að setja upp svokallaðar aldurstengdar bætur. Það þýðir að verið er að horfa til þess hvernig greiðslurnar koma inn og verið að draga úr samábyrgðinni.

Ég held að skoða þurfi það sérstaklega þegar við tölum um Lífeyrissjóð bænda, miðað við aldurssamsetninguna sem þar er, hvað það muni þýða gagnvart bændum þegar við förum þá leið sem verið er að leggja til í frumvarpinu að aldurstengja réttindaáhersluna. Við þurfum að skoða það og málið þarf að skoða frá mörgum hliðum.

Eins og fram hefur komið í umræðunni greiða bændur af takmörkuðum upphæðum, þ.e. þeir hafa fengið endurgreiðslur ef þeir hafa verið umfram eitthvað ákveðið. Í upphafi starfstíma lífeyrissjóðanna greiddu aðrar stéttir af minna en heildarlaunum sínum og sjómenn t.d. fyrst af hálfri tryggingu og síðan af heilli kauptryggingu, en kauptrygging var náttúrlega bara brot af launum sjómanna þá. Þannig var staða sjómanna þegar við fórum í okkar harða verkfall 1985 til að fá greiðslu í lífeyrissjóðina af öllum launum. Það þurfti mikið átak til að ná því inn og tókst að semja um það með aðlögun á tveimur árum. Frá 1987 hafa því sjómenn fengið greiðslur í lífeyrissjóði sína af öllum launum.

Hitt er algerlega rétt að þjóðfélagið okkar er að breytast. Við erum almennt komin með séreignarsparnað í lífeyrissjóðum til viðbótar við sameiginlega sparnaðinn. Ég tel að það sé af hinu góða en ég er hins vegar mjög hugsi yfir aldurstengdu réttindunum vegna þess að þau draga úr samhjálparreglunni og gildi söfnunarsjóða með samábyrgð. Ég sé ekki neina útlistingu á því í frumvarpinu hvernig það kemur sérstaklega fram varðandi Lífeyrissjóð bænda sem við fjöllum um. Ég held að nauðsynlegt sé að fá fram ýmsar upplýsingar um aldursdreifingu í Lífeyrissjóði bænda og réttindaáherslu sem mundi breytast. Ég treysti því auðvitað að það mál verði skoðað sérstaklega í nefnd og menn skoði líka alveg sérstaklega þar hvaða raunávinning bændastéttin fengi við að tvöfalda réttindainnvinnslu hennar í lífeyrissjóði jafnvel með því að leggja inn eign Lánasjóðs landbúnaðarins. Hvað mundi gerast miðað við það að ríkið tekur til sín með skerðingu ellilífeyris og samþykktra bóta úr almannatryggingakerfinu 45% af öllum ávinningi sem af þessu yrði.

Þetta þurfa menn allt saman að hafa í huga og hafa undir til að við séum raunverulega að laga stöðu bændastéttarinnar í lífeyrismálum. Það þarf vissulega að gera og ég lýsi mig samþykkan því að vinna að því og reyna að efla stöðu þeirrar stéttar í lífeyrismálum. En ég vil að við skoðum málið algerlega upp úr og niður úr eins og það er í raunveruleikanum og hvernig það tengist m.a. þeim skerðingarreglum sem snúa að almannatryggingakerfinu.

Ég held að við verðum að hafa þetta allt undir því það er til frekar lítils að vera kannski að auka réttindi í Lífeyrissjóði bænda eins og hann er nú um 10 þús. kr. ef af þeim renna svo 4.500 kr. beint til ríkisins aftur vegna skerðingarákvæða á bótum úr almannatryggingasjóðum. Ég ítreka enn á ný að við í Frjálslynda flokknum höfum lagt fram sérstakt mál um að lífeyrisréttindi skerði ekki bætur í almannatryggingakerfinu. Ég held að einmitt það mál gæti skipt afar miklu fyrir stétt eins og bændur sem eru með jafnslök réttindi og sjást á því svari sem ég vitnaði til áðan varðandi stöðu þeirra og greiðslur úr lífeyrissjóðnum eins og þær birtast í dag þar sem upplýst er að enginn fái meira en 42.504 kr. úr sjóðnum, að það sé hæsta greiðslan sem kemur til bænda úr sjóðnum, þ.e. sem tekur til almenns lífeyris en hæsta greiðsla þegar litið er til örorkubóta er tæplega 53 þús. kr. Þessar staðreyndir þurfum við allar að hafa í huga þegar við tölum um stöðu bændastéttarinnar í Lífeyrissjóði bænda sem stendur mjög illa. Við skulum heldur ekki gleyma því að með þessu frumvarpi er verið að heimila viðbótarskerðingar á þeim réttindum sem bændur hafa í dag. Það er m.a. gert með því að skerða réttindi varðandi makalífeyri, stytta hann úr þremur árum í tvö, og með því að lækka margföldunarstuðulinn.

Hins vegar er alveg ljóst að miðað við stöðu sjóðsins, aldursdreifingu og ábyrgð þá er hann mjög illa staddur gagnvart framtíðarskuldbindingum sínum og nær engan veginn að uppfylla hina almennu reglu lífeyrissjóðanna sem sett var í lög um starfsemi lífeyrissjóða á sínum tíma um að lífeyrissjóður þurfi að eiga fyrir skuldbindingum sínum framreiknað miðað við ákveðnar forsendur.

Virðulegur forseti. Ég held að ég láti þetta nægja við 1. umr. málsins en hvet til þess að málið verði skoðað gaumgæfilega. Það verði skoðað mjög vandlega hvað það þýðir þegar greiðslur aukast út úr sjóðnum og hver verður þá raunverulegur ábati bændanna sjálfra. Það þýðir lítið að

færa til krónur og aura og eignir ef 45% af því öllu renna aftur í ríkissjóð vegna skerðingarákvæða almannatrygginga.

[12:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. þingmanns eru lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði bænda afskaplega fátæklegar enda hefur lítið verið greitt þangað inn, þ.e. af lágum viðmiðunarlaunum. Þessar greiðslur eru að meðaltali, samkvæmt svari sem liggur fyrir í ellilífeyri, um 15 þús. kr., 15.115 á mánuði. Nú er það svo að í reglum Tryggingastofnunar er ákveðið frítekjumark fyrir greiðslur úr lífeyrissjóði. Ég man ekki nákvæmlega hverjar þær eru en það eru sennilega um 20 þús. kr. á mánuði sem menn mega hafa án skerðingar sem þýðir að velflestir lífeyrisþegar í Lífeyrissjóði bænda eru fyrir neðan þau mörk og langt fyrir neðan þau, sérstaklega þeir sem eru með 5–8 þús. kr. á mánuði. Sérhver viðbót til þeirra kemur þeim því að fullu til góða. Það er því ekki svo að ríkissjóður græði á þessu nema á þeim sem eru yfir þeim frítekjumörkum sem eru í reglum Tryggingastofnunar.

[12:05]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki viss um að nú hafi verið farið algerlega með staðreyndir úr ræðustól, enda væri rétt að það yrði skoðað og ég treysti auðvitað mönnum til þess í nefndinni.

Það er hins vegar rétt að draga eitt atriði inn í umræðuna úr því að menn eru að tala um hvernig horfa megi til þess að menn njóti meira af þeim lífeyristekjum sem þeir fá. Ef þeir fjármunir sem koma úr Lánasjóði bænda yrðu lagðir inn á reikning hvers og eins fengju menn fjármagnstekjur af þeim innstæðum og þegar menn fá fjármagnstekjur skerða þær helmingi minna en lífeyristekjur. Fjármagnstekjur skerðast með 22,5% reglu því að fyrst er deilt í þær með tveimur áður en þær valda skerðingu á bótum úr almannatryggingakerfinu.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að rétt er að skoða þessi mál mjög gaumgæfilega. Ef við höfum raunverulegan vilja til að takast á við það að laga stöðu bænda og framtíðarafkomu þeirra varðandi lífeyri þá skulum við skoða reglur ríkisins eins og þær eru nákvæmlega og hvað kemur bændum best og horfa til þess eða, sem væri enn þá betra, að menn væru tilbúnir að breyta skerðingarreglunum varðandi samsettar lágmarksbætur og menn fengju að halda óskertum bótum almannatrygginga en þyrftu auðvitað að borga skatta af þeim eftir sem áður, en beita ekki skerðingarreglunum fyrst og taka síðan skattana.

[12:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum tekið þessa umræðu áður að hækka skerðingarmörkin hjá Tryggingastofnun. Þar rekumst við á þann vanda að ef við gerum það er lífeyrisþeginn oft og tíðum kominn með betri lífskjör en sá sem er vinnandi, sérstaklega fólk með lágar tekjur. Því miður er fullt af fólki í þjóðfélaginu með tekjur undir 120 þús. kr. á mánuði, t.d. þeir sem vinna samkvæmt Eflingartaxta. Það fólk kann að lenda í þeirri stöðu að vera með verri lífskjör en lífeyrisþegar sem voru á þeim taxta og það er talið mjög óeðlilegt, sérstaklega þegar sá sem er með verri lífskjör er að borga lífeyri til hins.

[12:08]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við þessu vil ég eingöngu segja að teljist óeðlilegt að fólk geti haft viðunandi afkomu þá er ég tilbúinn til að standa að breytingu á lögum sem getur tryggt að fólk hafi viðunandi afkomu. (**PHB:** Og hækka lágmarkslaun?) Það má þess vegna hækka lágmarkslaun, hv. þingmaður.

Hvernig væri nú að við hv. þm. Pétur Blöndal sameinuðumst um að lágmarkslaun yrðu t.d. aldrei lægri en einn þriðji af þingfararkaup. (Gripið fram í.) Væri hv. þingmaður til í það? Ég varpa þessu fram vegna þess að mér finnst ekki hægt að setja málið þannig fram að ekki megi lagfæra stöðu ellilífeyrisþega af því að þeir geti hugsanlega komist einhverjum krónum fram yfir einhvern viðmiðunartaxta sem er langt undir því sem viðurkennt er að hægt sé að komast af með í þjóðfélaginu.

[12:09]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Sá lífeyrissjóður á í mjög miklum vandamálum sem tengjast ýmsu. Þau tengjast því að iðgjaldagreiðslur í sjóðinn hafi verið mjög lágar og með ákveðnu hámarki lengi vel og þau tengjast því líka að aldursdreifing sjóðsins er mjög slæm.

Ég hef áður bent á að íslenska lífeyriskerfið, eins gott og það er, hefur í sér ákveðna tímasprengju sem er að lífeyrisréttindin eru óháð aldri, þ.e. menn fá sama rétt fyrir hverjar þúsund krónur sem greiddar eru fyrir tvítugan mann og fyrir sextugan mann þó að réttindin ættu að vera miklu minni fyrir þann sextuga en þann tvítuga vegna þess að iðgjöldin eru miklu skemur á vöxtum.

Margir sjóðir hafa tekið upp aldurstengd lífeyrisréttindi, þeir sem það geta en aðrir munu ekki geta það og þar stöndum við frammi fyrir því að skerða verður rétt hjá þeim sjóðum sem eru með slæma aldursdreifingu, þ.e. það fólk sem við skikkum með lögum frá Alþingi til að borga í lífeyrissjóði sem eru með slæmri aldursdreifingu. Það þarf að sætta sig við skerðingu bara af því að félagar þeirra í sjóðnum eru orðnir gamlir.

Í lögum um lífeyrissjóði er getið um það að ekki megi greiða lægra en eitthvað ákveðið en ekkert er sagt hvað gerist ef sjóðurinn getur það ekki og nú er svo komið með Lífeyrissjóð bænda að hann er að nálgast þetta lágmark og ekkert er í lögunum um hvað gerist ef hann getur ekki staðið við að borga það lágmark sem lögin þó gera ráð fyrir. Þetta er ákveðinn galli við þau lög og mér finnst menn þurfa að ræða hvað gera eigi við þá lífeyrissjóði sem lenda undir þessu lágmarki.

Það eru tvær hættur sem steðja að lífeyrissjóðakerfinu í landinu í heild sinni og þá að Lífeyrissjóði bænda eins og öðrum. Það er fyrst lækkandi ávöxtun. Það er ljóst að lækkandi ávöxtunarkrafa, eins góð og hún er nú fyrir húsbyggj-

endur og launþega landsins, kemur í bakið á lífeyrissjóðunum. Í reiknigrundvelli þeirra er gert ráð fyrir 3,5% raunávöxtun, þ.e. ávöxtun umfram verðlag. Nú er sú ávöxtun einmitt að nást á markaði, þ.e. vextir eru að fara niður fyrir 4% á mjög tryggum bréfum og það er það sem miða þarf við því að hin bréfin eru ótrygg og geta tapast og spurning hvað gerist með lífeyrissjóðakerfið ef ávöxtunin fer niður fyrir 3,5%. Svo eru það örorkulíkurnar sem ég held að allir ættu að berjast við að reyna að laga sérstaklega ef örorkan er að einhverju leyti kerfislæg, þ.e. ef hún er búin til með kerfinu. Ég hef grun um að það sé gert á þann máta í núverandi kerfi en ég ætla ekki að fara sérstaklega inn á það hérna.

Það er einkenni á Lífeyrissjóði bænda að ríkið greiðir hlut atvinnurekanda sem segir manni að á einhverju stigi hafa bændur í rauninni gerst opinberir starfsmenn og á það hef ég oft áður bent að er mjög hættulegt og alveg sérstaklega hættulegt fyrir bændur því að þeir eiga auðvitað að vera, eðli máls samkvæmt, sjálfstæðir atvinnurekendur. Þeir eru menn sem búa sjálfstætt og það er mjög undarlegt að ríkið skuli greiða iðgjald fyrir þá sem atvinnurekandi því að þeir eru að sjálfsögðu sínir eigin herrar. Þannig hef ég alltaf litið á það. Ég vil að bændur skoði það að reyna að hverfa frá þeirri hugsun að ríkið sé launagreiðandi þeirra og fari að líta á sjálfa sig sem sjálfstæða aðila, sem sjálfstæða atvinnurekendur.

Vandamál Lífeyrissjóðs bænda eru mjög hættuleg fyrir landbúnaðinn í framtíðinni vegna þess að nýir bændur — segjum að kæmi uppsveifla í landbúnaði sem er vissulega að gerast í mjólkurframleiðslunni — eru skikkaðir til að greiða í Lífeyrissjóð bænda, þ.e. taka á sig þær fortíðarskuldbindingar og þann fortíðarvanda sem þar er. Þetta getur orðið til þess að menn vilja hreinlega ekki fara inn í stéttina, þetta getur hamlað því að nýsköpun og nýliðun verði hjá bændum og það er mjög hættulegt. Þetta þurfa menn að ræða líka, hvort rétt sé að skikka menn sem eru að byrja í atvinnurekstrinum til að greiða í Lífeyrissjóð bænda og taka þátt í að leysa þennan vanda sem safnast hefur upp á liðnum árum.

Það er ýmislegt sem hægt er að gera. Menn hafa nefnt hérna Lánasjóð landbúnaðarins sem er furðulegt fyrirbæri sem ég hef nú alltaf gagnrýnt vegna þess að búvörugjaldið leggst á alla bændur, ríka sem fátæka, en lánin fá eingöngu þeir sem hafa veð og hafa tekjur til að borga lánin. Ég hef stundum sagt að þetta sé skattlagning á fátækt, á fátæka bændur, því að þeir verða að borga búvörugjaldið en þeir fá ekki lán af því að þeir hafa ekki nægilegar tekjur eða hafa ekki nægileg veð, nægilegar eignir. Ég er því mjög ánægður með að menn skuli vera að leggja þann sjóð af eða þróunin skuli vera sú að hann eigi að leggja af.

En að fleiru væri hægt að huga til að setja í Lífeyrissjóð bænda, t.d. Hótel Sögu sem bændur eiga. Ég sé engan annan eiganda að Hótel Sögu því að þeir greiddu þetta á sínum tíma. Ef menn ekki geta fundið hinn raunverulega eiganda sem eru þeir bændur sem á sínum tíma, upp úr 1954 held ég, greiddu ákveðnar greiðslur til Bændasamtakanna til að byggja Hótel Sögu, þá finnst mér eðlilegt að andvirði Hótel Sögu verði látið renna í Lífeyrissjóð bænda.

Sama má segja um KEA. Ef menn finna ekki eigendur að KEA, sem eru náttúrlega bændur í Eyjafirði í mínum huga — það er örugglega hægt að finna þá og dreifa peningunum sem hlutafé til bænda í Eyjafirði — en ef mönnum tekst það ekki finnst mér sjálfsagt að þeir fjármunir sem eru í KEA, sem eru umtalsverðir, renni í Lífeyrissjóð bænda. Ég sé ekki að þetta fé eigi að sigla einhvern veginn sjálfvirkt um efnahagslífið undir stjórn einhverra manna annarra en bænda. Ég vil bara að bændur eigi þetta fé klippt og skorið.

Svo er það Mjólkursamsalan í Reykjavík sem á 5 milljarða eða 6 milljarða í sjóði sem enginn á. Auðvitað eiga bændur í Ölfusinu og á Suðurlandi og Vesturlandi þessa peninga. Takist ekki að finna eigendur að því beint, þ.e. að ákveðinn bóndi í Ölfusinu eigi sínar 3 milljónir eða 4 eða 5 milljónir hjá Mjólkursamsölunni sem hlutafé þá finnst mér rétt að sá sjóður verði settur inn í Lífeyrissjóð bænda. Það eru nú ýmsar matarholurnar til til þess að finna því að ég er á móti þessu fé sem siglir um atvinnulífið undir stjórn einhverra manna — ég hef nefnt þetta með sparisjóðina — sem ráða því og geta notað þetta fé til þess að byggja upp völd og eigin hagsmuni. Ég vil koma þessu fé til eigendanna og það liggur beint við að setja í Lífeyrissjóð bænda þá sjóði sem bændur eiga örugglega. Það er dálítið merkilegt, herra forseti, að slíkt fé virðist hafa myndast aðallega hjá landbúnaði, þetta fé sem enginn á, fé án hirðis sem ég kalla svo.

Við ræddum áðan samspilið við Tryggingastofnun. Það er nú ekki alveg eins slæmt og það lítur út fyrir að vera vegna þess að greiðslur úr Lífeyrissjóði bænda eru svo, ég vil segja, fáránlega lágar. Menn eru að fá kannski 5 þús. kr., 10 þús. kr., 15 þús. kr. og hækkun á þeim greiðslum jafnvel þó þær tvöfölduðust úr 5 þúsund kr. upp í 10 þúsund kall, sem getur munað viðkomandi lífeyrisþega töluverðu — þetta er fólk sem hefur ekki mikið á milli handanna — þær greiðslur skerða ekki tekjutryggingu almannatrygginga vegna þess að þær eru undir lágmarkinu sem menn mega hafa úr lífeyrissjóði. Ég man ekki nákvæmlega hvað það lágmark er en einhvern tíma var það 18 þús. kr.

Hér í þessu frumvarpi er talað um að iðgjaldið í lífeyrissjóðinn eigi að vera að lágmarki 4% og að hægt sé að hækka það. Það verður væntanlega gert með búvörusamningi. Þetta er þá í rauninni krafa á ríkið. Það mun aukast krafa á ríkið og ég vara við því. Ég vara bændur við því að auka enn frekar þá hugsun að þeir séu launþegar hjá ríkinu. Ég minni á að staða bænda hefur batnað mjög mikið undanfarin ár. Hún var mjög döpur fyrir. Sérstaklega hefur staða mjólkurbænda batnað mjög. Kvótinn hefur hækkað í verði, þ.e. að eignir þeirra eru orðnar verðmætari og verða verðmætari með hverju árinu. Síðan hefur verð á jörðum líka hækkað mikið. Það er dálítið undarlegt að tala um að beita félagslegum reglum eða aðferðum til að bæta stöðu fólks sem á kannski tugi eða hundruð milljóna í verðmæti í mjólkurkvóta og í jörðum. Mér finnst því að það þurfi að taka dálítið tillit til þess hvernig eignastaða bænda hefur batnað umtalsvert á undanförnum árum sem betur fer.

Sauðfjárbændur eru náttúrlega enn þá í mjög lakri stöðu. Þeir hafa verið sennilega tekjulægsta stétt landsins, þökk sé margra ára kerfi landbúnaðar sem ég hef margoft gagnrýnt. Sú stefna hefur verið gífurlegt helsi á þessa stétt. En staða

þeirra er að batna vegna þess að menn eru að slaka á klónni að mörgu leyti, samanber frjálst framsal og annað slíkt, þannig að mér sýnist að staðan sé að batna og bændur ættu sjálfir að fara að leiða hugann að því að þeir séu ekki launþegar hjá ríkinu og fara að taka yfir hluta eða allt iðgjald launagreiðanda.

[12:21]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í grunninn er ég sammála langflestu sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði í sinni ágætu ræðu. En ég vil spyrja hv. þingmann um tvennt.

Það var mjög athyglisvert sem hann sagði til að mynda um Hótel Sögu, KEA og Mjólkursamsöluna og alla þá milljarða sem eru þar fljótandi undir stjórn annarra en bænda. Ég leyfi mér því að spyrja hv. þingmann hvernig hann sér Alþingi Íslendinga eða framkvæmdarvaldið grípa til aðgerða svo þetta fé fari í réttar hendur.

Hins vegar vil ég spyrja hv. þingmann um þessar 18 þús. kr. sem hann nefndi að væru undanþegnar skerðingu á almannatryggingum, þ.e. fyrstu 18 þúsund krónurnar af lífeyristekjum. Er þetta ekki rangt skilið hjá hv. þingmanni? Er það ekki rétt skilið hjá mér að það sé grunnlífeyrir sem aldrei er skertur sama hversu háar lífeyristekjur einstaklingar hafa, en skerðingarákvæði sem er bundið í lög upp á 45% tekur strax gildi á fyrstu krónum lífeyristekna einstaklinga?

[12:22]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er mér þannig háttað, mínum gáfum og þekkingu, að ég þarf alltaf að lesa lögin um almannatryggingar til þess að rifja upp hvernig það er. Annaðhvort er ég svona takmarkaður eða kerfið svona flókið. Ég vonast til að það sé þetta seinna. Það er greinilegt að hv. þingmenn þekkja þetta kerfi ekki alveg í hörgul.

Þannig er að tekjur eru mismunandi meðhöndlaðar eftir því hvort það eru launatekjur eða lífeyristekjur og lífeyristekjurnar eru með ákveðnu þaki. Það var einmitt sett til þess að milda samspil lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar og þetta mark var 18 þúsund kr. einhvern tíma. Ég þyrfti í rauninni að lesa lögin. Mér gafst ekki tóm til þess eftir að þessi umræða kom upp um samspil Tryggingastofnunar við lífeyrissjóðina. En þannig er að þessar greiðslur úr lífeyrissjóði eru með ákveðnu hámarki án þess að þær fari að skerða. Eftir það skerða þær tekjutryggingu almannatrygginga. Grunnlífeyrir almannatrygginga skerðist ekki vegna greiðslu úr lífeyrissjóði. Hann skerðist hins vegar vegna launatekna þegar þær eru orðnar umtalsvert háar.

[12:23]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get sannarlega tekið undir orð hv. þingmanns. Lífeyrissjóðskerfið og þetta kerfi sem heldur utan um samsettar bætur almannatrygginga er ansi flókið. Um fjórþættar greiðslur er að ræða og hef ég svona af minni reynslu eftir viðtöl við eldri borgara komist að því að fæstir þeirra skilja kerfið og fæstir þeirra gera sér grein fyrir því hvað þeir eru að fá greitt.

Ég tek undir að það þarf að skoða alvarlega hvort við getum einfaldað greiðslur samsettra bóta almannatrygginga og lög þar að lútandi þannig að skiljist, svo ekki sé talað um leikmenn á löggjafarsamkundunni sjálfri.

Ég minni hv. þingmann aftur á þá athyglisverðu ræðu sem hann flutti hér áðan um þá milljarða sem eru fljótandi í efnahagslífinu og eru í raun í eigu bænda. Ég vitna þá til Hótel Sögu, KEA og Mjólkursamsölunnar og eflaust eru það fleiri fyrirtæki og stofnanir sem ekki er stjórnað af bændum sjálfum heldur einstaklingum sem taka þátt í markaðnum. Ég spyr því hv. þingmann aftur hvernig hann sjái löggjafarsamkunduna eða framkvæmdarvaldið koma inn í þessa umræðu til að þessu fé verði skilað til réttra eigenda.

[12:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum náttúrlega með eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og spurningin er hvernig hægt sé að flytja svona eignir til. En það er ljóst að varðandi eignir sem enginn á er auðveldara um vik og alveg sérstaklega þegar hægt er að færa rök fyrir því að ákveðinn þjóðfélagshópur eigi viðkomandi eign, t.d. með því að hafa greitt til eða byggt upp viðkomandi eign, eins og KEA sem er samvinnufélag í eigu bænda eða var það. Þeir sem stýra þessu í dag eru á mjög óbeinan hátt kosnir af þeim sem eru þarna inni, þ.e. bændum. En það gerist með tímanum að þetta fé fjarlægist stöðugt eigendur sína. Það gerðist t.d. hjá Brunabót sem er komin ansi langt frá þeim sem áttu það á sínum tíma, þeim sem voru tryggðir hjá hinu gagnkvæma tryggingafélagi og samkvæmt reglum og lögum um gagnkvæm tryggingafélög áttu þetta fé. En með lögum frá Alþingi var þetta fé tekið af þeim og sett inn í sjálfseignarstofnun sem núna siglir gegnum atvinnulífið undir stjórn einhverra manna. Ég veit ekki hverjir þeir eru og hvernig þeir eru valdir.

Ég held því að ef það er góður vilji til og samstaða meðal bænda og þingmanna þá ætti að vera hægt að flytja þetta fé inn í Lífeyrissjóð bænda sem er líka í eigu þessarar sömu stéttar og hún hefur hag af.

[12:27]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta hefur um margt verið athyglisverð umræða sem hér hefur farið fram og kannski einkanlega sú sem laut að því hvernig beri að ráðstafa fé sem enginn á. Vissulega er rétt að bændur eiga víða miklar eignir sem þeir ekki hafa stjórn á og ef ekki kemur til sérstök aðgerð löggjafarvaldsins þá munu þeir sennilega seint og illa nokkurn tíma ná stjórn á þeim eignum. Þetta er því umræða sem er vel þess virði að taka.

Hins vegar verða menn að hafa í huga í þessu samhengi að ríkisvaldið hefur nú þegar teygt sig inn í svipaða eða sambærilega sjóði. Má þar nefna Iðnlánasjóð og Fiskveiðasjóð sem á sínum tíma runnu mestan part inn í ríkissjóð en ekki til þeirra sem greiddu eða eiginlega bjuggu þessa sjóði til. Við höfum því í fortíðinni fordæmi þess efnis að ríkið hefur tekið til sín slíka sjóði. En hvort það gilda önnur sjónarmið um bændur í þessu tilviki en gerðu á þessum tíma má

vel vera og vel má vera að auðveldara sé að sýna fram á eignarrétt bændanna en var í þessu tilviki. Án þess að ég ætli að fara hér út í mikla umræðu um það þá lít ég sjálfur svo á að hið sama eigi nú ekki við um sparisjóðina. Þar hefur okkur hv. þm. Pétur Blöndal greint talsvert á en ég ætla ekki að fara að endurtaka þá umræðu hérna.

Það er hins vegar mjög athyglisvert sjónarmið í ljósi þeirrar stöðu sem Lífeyrissjóður bænda er í að menn skoði og hugleiði hvort rétt sé að styrkja sjóðinn á þennan hátt.

Ég held heldur ekki að í þessari umræðu sé rétt að fara yfir hvers vegna staða bænda er eins og raun ber vitni enda verður það ekki gert hér. Mér þykir hins vegar það frumvarp sem hér liggur fyrir vera einhvers konar tilraun til þess að koma til móts við hina erfiðu stöðu Lífeyrissjóðs bænda og er það í sjálfu sér áhugavert markmið og æskilegt. En ég velti því fyrir mér að þegar maður les þetta yfir og fer yfir þetta þá er dálítið erfitt að átta sig á því hver hinn raunverulegi vandi Lífeyrissjóðs bænda sé. Það kemur ekki hér fram. Það er erfitt að átta sig á því um hvaða fjárhæðir hér er verið að ræða.

Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson fór ágætlega yfir meðalfjárhæðirnar sem koma út úr þessum sjóði. Það sér hver maður að þær eru ekki háar, sem væntanlega endurspeglar stöðu sjóðsins. En sú hugmynd sem hér er lagt upp með virðist mér, eins og ég fæ skilið hana, sú að opna á heimild sjóðstjórnar til að breyta samþykktum að því er varðar iðgjöld greidd af viðmiðunarlaunum. Mér virðist sem hér eigi að einhverju leyti að opna víxil á ríkissjóð, þ.e. ef stjórn sjóðsins ákveður hækkun á iðgjaldi þá hækkar framlag ríkisins. Ég er dálítið hugsi yfir því hvort hér sé eðlilega að verki staðið, að við veitum stjórn Lífeyrissjóðs bænda opinn víxil, heimild til að taka ákvörðun og ávísa nánast á ríkissjóð. (**Landbrh.:** Það er búvörusamningurinn.) Það er í gildi búvörusamningur að vísu. En þetta er umhugsunarefni, hvort þetta sé skynsamlegasta leiðin.

Spurningin sem ég vil varpa upp, sem við munum án efa skoða í efnahags- og viðskiptanefnd, er hvort ekki sé æskilegt að leggja hreint mótframlag úr ríkissjóði í sjóðinn til að styrkja hann. Væri það ekki skynsamlegri leið, hreinni og ærlegri? Ég held að ég geti talað fyrir munn allra, a.m.k. innan Samfylkingar, hvað það varðar að menn eru tilbúnir að styrkja þennan sjóð og telja það mjög mikilvægt. Hins vegar þarf að skoða vandlega hvaða leið við förum í þessum efnum. Eins og þetta slær mig virðist ætlunin að reyna að stoppa í gatið, að aðgerðin sé til þess. Reyndar kom fram hjá hæstv. fjármálaráðherra að frumvarpið væri lagt fram samkvæmt beiðni stjórnar sjóðsins. Umræðan um þessar hugmyndir hefur því kannski ekki farið fram mikið víðar en þar. En ég held að við þurfum að skoða málið vandlega í efnahags- og viðskiptanefnd. Þar á ég sæti og fæ tækifæri til að skoða hvort aðrar leiðir kunni að vera betri og skynsamlegri.

Ég held að hv. þingmenn geri ekki ágreining um þau markmið sem hér eru uppi. Hins vegar kann að vera rétt að skoða aðrar leiðir, einkum út frá því sjónarmiði hvort hér sé að einhverju leyti opnað á að aðrir en þingið taki ákvörðun um framlag ríkisins í sjóðinn.

Ég ætla ekki að hafa, virðulegi forseti, fleiri orð um þetta mál að þessu sinni. Við munum fara vel og vandlega yfir þetta í efnahags- og viðskiptanefnd og skoða með mjög jákvæðu hugarfari. Það er ekki nokkur spurning. Við reynum þá, ef ástæða þykir til, að skoða hvort aðrar leiðir kunna að vera skynsamlegri en ég hef trú á að þingið muni taka mjög jákvætt á þessu.

[12:33]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum. Með því skal rýmka heimildir sjóðsins til að fá aukin iðgjöld í sjóðinn og einnig gefa möguleika á auknum lífeyrisgreiðslum.

Hér hefur verið rakið, í ræðum hv. þingmanna sem hér hafa talað auk hæstv. fjármálaráðherra, mikilvægi sjóðsins, staða hans rakin og hvernig hefur gengið til. Ég vil sérstaklega vekja athygli á ágætri ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Hann fjallaði um hvernig þessi sjóður, eins og margir aðrir lífeyrissjóðir í landinu, varð fyrst til með ákaflega takmarkaðri greiðslu inn í sjóðinn og þar af leiðandi takmörkuðum réttindum. Þetta var ekki eini sjóðurinn. Menn hafa líka minnst á Lífeyrissjóð sjómanna og jafnvel fleiri lífeyrissjóði sem urðu til með því að greiðslur inn í sjóðinn voru takmarkaðar, á þær var sett hámark fyrir utan það að þær voru í heild sinni lágar. Það kom mönnum síðan í koll sem treysta þurftu á greiðslur úr sjóðnum til lífeyrisréttinda.

Á þetta bætist einnig að í atvinnugrein eins og landbúnaði hefur þeim fækkað sem vinna í frumþáttum þessarar greinar og eiga aðild að Lífeyrissjóði bænda. Auk þess nær fólk hærri aldri en áður var sem sýnir góða þróun í þjóðfélaginu hvað það varðar. En allt þetta eykur að sjálfsögðu fjárhagsvanda sjóðsins miðað við kröfur sem honum er ætlað að standa undir og væntingar til sjóðsins.

Það er mikilvægt að menn átti sig á því að þetta er samfélagslegt mál, þetta er mál samfélagsins alls. Þetta er ekki bara mál bændastéttarinnar eða þeirra sem nú stunda landbúnað heldur er þetta mál samfélagsins. Því ber að taka eftir. Það er vilji okkar og stefna að allir búi við sem jöfnust lífeyrissjóðsréttindi og þótt það hafi komið tímabil, á upphafsárum sjóðsins eins og margra annarra sjóða og reyndar jafnvel allt fram til þessa, sem einstaklingar hafa greitt mun minna í sjóðinn en æskilegt væri og eiga því minni réttindi en þeim eru nauðsynleg. Það er samfélagsleg staða sem okkur ber öllum skylda til að taka á. Þetta hefur verið rakið ítarlega.

Þetta frumvarp til laga, um að rýmka heimildir sjóðsins sjálfs til að eiga að innheimta iðgjöld, er því góðra gjalda vert en ég hefði viljað sjá gerða ítarlegri grein fyrir stöðu sjóðsins í heild, þeim skuldbindingum og væntingum sem sjóðfélagar bera til hans og við vildum að þeir ættu rétt á. Það hefur ekki komið nægilega vel fram en hér er samt ekki um þær upphæðir að ræða sem ríði neinn baggamun í efnahagslegu tilliti þjóðarinnar og því ætti að skoðast að bein framlög kæmu af ríkisins hálfu inn í sjóðinn, sem jafnframt hefði þá lagastoð að fólki sem á aðgang að sjóðnum væri tryggður ákveðinn lágmarkslífeyrisréttur og umfram hann kæmu ekki skerðingar vegna fjárvöntunar. Þetta finnst mér samfélagsleg skylda. Ég legg áherslu á að við meðferð

málsins í hv. efnahags- og viðskiptanefnd verði farið yfir alla þessa þætti og kannað með hvaða hætti samfélagið, ríkisvaldið, geti komið beint að og komið á eðlilegum grundvelli fyrir sjóðfélaga. Það held ég að hljóti að vera eindregin og afdráttarlaus vilji allra, að þessi sjóður geti staðið við eðlilegar skuldbindingar.

Ég ætlaði að öðru leyti að gera að umtalsefni þær hugmyndir sem hafa verið uppi um að selja Lánasjóð landbúnaðarins, einkavæða hann og selja og láta hann renna inn í Lífeyrissjóð bænda eða gera annað við hann. Mér finnst það allt annað mál og að það eigi ekki að blandast inn í umræðuna um stöðu Lífeyrissjóðs bænda í sjálfu sér eða ábyrgð samfélagsins á þeim sjóði, þeim rétti og þeim kjörum. Það er mjög ósanngjarnt. Lánasjóður landbúnaðarins er stofnaður með allt annað hlutverk og verkefni og hefur verið byggður upp öðruvísi. Einkavæðing hans og sala getur ekki talist liður í að taka á sig eðlilegar samfélagslegar skuldbindingar, eins og Lífeyrissjóður bænda hefur gagnvart samfélaginu að því er mér finnst.

Lánasjóður landbúnaðarins hefur gegnt gríðarlegu hlutverki við að tryggja jöfnuð milli bænda til lánsfjár. Hann á einmitt ríkan þátt í að Ísland hefur byggst upp á síðustu áratugum í landbúnaði sem sjálfseignarbúskapur, þar sem bændur, stórir eða smáir, hafa átt jarðir sínar og framleiðslumannvirki. Þetta hefur ekki síst gerst fyrir tilverknað Lánasjóðs landbúnaðarins. Vissulega var hann byggður upp og studdur á félagslegum grunni (**PHB:** Andfélagslegum.) ekki andfélagslegum. Sé það löstur að halda í heiðri félagslegum gildum, ef það er gamaldags að halda á lofti félagslegum gildum og láta sér annt um náungann, bæði líf hans og starf, þá vil ég vera gamaldags, herra forseti. Sótt er að félagslegum gildum í þágu græðgi og eiginhagsmuna. Ég tel að það sé ekki þjóðinni til heilla, muni koma okkur í koll og því sé sjálfsagt að spyrna við fæti eins og t.d. í þessari umræðu um einkavæðingu og Lánasjóð landbúnaðarins.

Hins vegar getur vel komið til greina, eins og ég hef lagt til að skoða, hvort Lánasjóður landbúnaðarins, í stað þess að vera felldur gæti verið samrekinn með Lífeyrissjóði bænda. Þannig mætti ná fram hagræðingu í rekstri af beggja hálfu og afmarka lánaflokka lánasjóðsins við tilgreind atriði. Aðrir lífeyrissjóðir eru virkir í að lána sjóðfélögum sínum, t.d. til að koma sér upp íbúðum. Hjá bændum hefur þetta verið með öðrum hætti. Þeir hafa verið skyldugir til að setja að veði, þótt þeir væru að byggja íbúðarhús, hafa þeir veri skyldugir til að setja að veði íbúðarhús sín, öll útihús og jörðina alla. Þar hefur ekki verið neitt val. Hafi þeir ætlað að byggja fjárhús eða fjós hafa þeir líka orðið að veðsetja íbúðarhúsið og jörðina alla. Á því er engin breyting þótt þetta fari í viðskiptabanka, síður en svo. Staða bænda hefur því verið allt önnur en almennra lántakenda varðandi eignarrétt sinn á húsnæði og jarðnæði.

Hvað segðum við ef við ætluðum t.d. að byggja bílskúr í Reykjavík og þá yrði skylt að veðsetja allt land Reykjavíkurborgar fyrir því? Ég held að ýmsum þætti það nokkuð langt seilst. Þess vegna legg ég áherslu á að í umræðunni um Lífeyrissjóðs bænda verði tekið á málum hans út frá hans eigin forsendum og þeim samfélagslegu skyldum sem við öll berum gagnvart sjóðfélögum þar eins og öðrum lífeyrissjóðsþegum í landinu. Vanti fjármagn til að tryggja stöðu Lífeyrissjóðs bænda eða koma honum fyrir með öðrum hætti má vel vera að rétt væri að sameina hann öðrum sterkari lífeyrissjóði en þá er þetta samfélagslegt mál. Það á ekki að tengjast því að þvinga bændur til að láta aðra félagslega uppbyggða sjóði sína, sem hafa verið stofnaðir í allt öðrum tilgangi, renna til að styrkja lífeyrissjóðinn, sem er félagslegt mál.

Herra forseti. Ég vildi koma þessu á framfæri. Ég tel mikilvægt að Lánasjóður landbúnaðarins verði skoðaður sjálfstætt, út frá hagsmunum bænda og hagsmunum samfélagsins í hinum dreifðu byggðum. Mér óar við því ef hann yrði seldur athugasemdalaust til viðskiptabanka sem þar með fær á silfurfati fyrsta veðrétt í nánast öllum jörðum á Íslandi. Ég teldi það reyndar brot á þeim samningum og þeirri umgjörð sett var um lánasjóðinn. Hann var upphaflega rekinn sem deild í Búnaðarbankanum, meðan hann var ríkisbanki. Þá var litið svo á að um samfélagslega ábyrgð væri að ræða. Á þeim grunni voru þessi lán tekin. Eigi nú á einu bretti að kasta þessu á markað, einkavæða lánasjóðinn og samningana sem gerðir hafa verið við bændur um allt land, einkavæða það og selja, þá tel ég það brot á samfélagslegum sáttmála sem gilt hefur um starfsemi sjóðsins og tel það reyndar óásættanlegt.

Varðandi skýrsluna sem hæstv. landbúnaðarráðherra vitnaði til, um verkefni, stjórn, stöðu og framtíð Lánasjóðs landbúnaðarins, verkefnaskýrsluna, þá dreg ég í efa að sú verkefnastjórn hafi verið rétt skipuð. Hún er skipuð tveim mönnum úr ráðuneytinu, framkvæmdastjóra lánasjóðsins og síðan framkvæmdastjóra Stéttarsambands bænda og formanns. Þar hefur verið lagt upp með þær einu forsendur að selja eigi sjóðinn og laða síðan fram röksemdir fyrir því. Aðrir möguleikar, aðrar ábyrgðir eða öðrum skyldum sjóðsins eru mjög lítil skil gerð í skýrslunni og málið lítt reifað að því leyti.

Ég ítreka það, herra forseti, að það hefur verið styrkur íslensks landbúnaðar og íslensks samfélags að búa að félagslegri samhjálp, félagslegum gildum. Þau hafa í raun, gegnum undanfarna áratugi, verið hornsteinn uppbyggingar og framfara sem Ísland býr að. Þó að við fáum, vonandi einhvern skamman tíma, tímabil þar sem allir vilja ásælast eigur annarra og sérstaklega félagslegar eignir þá tel ég að berjast eigi gegn því fremur en að leggjast í strauminn og fljóta niður með galopinn hvoftinn í von um að geta gleypt eitthvað í þeim darraðardansi. Félagsleg gildi hafa verið okkur styrkur hingað til. Þó að sumum finnist, eins og hefur komið fram hjá hæstv. landbúnaðarráðherra og ýmsum öðrum, einkum í stjórnarflokkunum, að þeim finnist félagsleg gildi úrelt og gamaldags þá er ég þeirrar skoðunar að félagsleg gildi, félagsleg samhjálp sé hornsteinn og hafi verið hornsteinn íslensks samfélags. Ef það er gamaldags þá er allt í lagi að vera gamaldags. Ég tel einmitt að framtíðin felist í félagslegu gildum. Á því eigum við að byggja og þess vegna er Lífeyrissjóður bænda hluti af félagslegri ábyrgð samfélagsins. Skorti fjármagn inn í Lífeyrissjóð bænda þá á það koma þá frá samfélaginu í gegnum ríkisvaldið og ekki að blanda því saman við óskyld atriði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 697. mál (vetnisbifreiðar). — Þskj. 1055.

[12:50]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 55/1987.

Með frumvarpi þessu, sem er í svokölluðu bandormsformi, eru annars vegar lagðar til tímabundnar breytingar sem miða að því að gera skatta- og tollaumhverfi fyrir innflutning vetnisbifreiða og sérhæfðra varahluta í þær hagstæðara og hins vegar að heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða verði framlengd um eitt ár til 31. desember 2006.

Fyrrnefndu breytingarnar eru í samræmi við þá stefnu sem íslensk stjórnvöld hafa markað sér að miða að sjálfbæru vetnissamfélagi hér á landi í framtíðinni. Framleiðsla vetnisbifreiða er enn þá á rannsóknar- og tilraunastigi og því er verð slíkra bifreiða, hvort sem þær eru knúnar með efnarafölum eða sprengihreyfli, mun hærra en annarra ökutækja. Leiða má líkur að því að verulegur þjóðhagslegur ávinningur skapist af þessum tillögum.

Í I. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Önnur breytingin felur í sér að tímabundið, eða fram til 31. desember 2008, verði heimilt að fella niður eða endurgreiða þeim sem flytja inn vetnisbifreiðar í rannsóknarskyni virðisaukaskatt að tveimur þriðju hlutum vegna kaupa á slíkum bifreiðum. Heimildin tekur einungis til vetnisbifreiða sem hafa í för með sér hverfandi mengun. Þessi endurgreiðsluheimild nær líka til sérhæfðra varahluta í slíkar bifreiðar.

Hin breytingin í I. kafla felur í sér að gildandi heimild samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða X í lögum um virðisaukaskatt, sem fjallar um heimild til endurgreiðslu tveggja þriðja hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2005, verði framlengd til ársloka 2006.

Í II. kafla frumvarpsins er lagt til að núgildandi ákvæði í 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., þar sem fram kemur að ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, séu undanþegin greiðslu vörugjalds, verði gert að tímabundnu ákvæði sem gildi til 31. desember 2008. Með því er verið að samræma þessa undanþágu við þá megintillögu sem lögð er fram í I. kafla frumvarpsins.

Í III. og IV. kafla frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum nr. 97/1987, um vörugjald og tollalögum, nr. 55/1987, sem fela í sér að tímabundið, eða fram til 31. desember 2008, verði heimilt að fella niður eða endurgreiða vörugjald og eftir atvikum tolla á sérhæfða varahluti í vetnisbifreiðar.

Virðulegi forseti. Ekki er gert ráð fyrir að fjöldi vetnisbifreiða sem frumvarp þetta tekur til verði meira en ef til vill 10–20 á ári. Áhrif frumvarpsins á tekjuhlið ríkisins verða því að öllum líkindum lítil og ekki er heldur ástæða til að ætla að kostnaður við frumvarpið verði teljandi.

Ég legg til að frumvarpinu verð að umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

[12:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs um þetta frumvarp kannski meira út af því sem ekki í því stendur en því sem verið er að leggja til. Ég tel að út af fyrir sig sé það þakkarvert sem hér stendur og full ástæða til að ýta undir að menn noti vistvænni bifreiðar. Ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að ræða um tillögu sem ég hef flutt hvað eftir annað um að komið verði til móts við innflutning á bílum vegna t.d. slits á vegum, til að reyna að draga úr notkun nagladekkja o.s.frv. Sú tillaga hefur aldrei verið afgreidd úr nefnd.

Það sem fékk mig til að standa upp núna er að hér er ekki tekið á máli sem ég hefði talið að full ástæða hefði verið til að taka á einmitt núna, þ.e. virðisaukaskatti af gjaldinu í Hvalfjarðargöngin. Það hefði átt akkúrat heima núna að ríkið hefði gengið í lið með Speli til að lækka kostnaðinn af því að nýta þau göng. Allar röksemdir fyrir því að ríkið hafi einhverjar tekjur til viðbótar við almennt gjald sem ríkið fær sjálfkrafa af því að menn keyra um þetta mannvirki, þ.e. þungaskatt og kílómetragjald, eru mjög undarlegar. Það eru í rauninni engin rök fyrir þessu einfaldlega vegna þess að þeir sem keyra göngin borga þau upp á 20 árum og ríkið fær mannvirkið afhent skuldlaust eftir þann tíma sem þar um ræðir.

Rökin sem menn hafa fært fram hafa helst verið þau að af því að ríkið gaf eftir virðisaukaskattinn af framkvæmdinni sjálfri þyrfti að innheimta virðisaukaskatt. Nú hagar þannig til að sá virðisaukaskattur verður allur endurgreiddur þegar líður á þetta ár að öllum líkindum, var 934 milljónir, ef ég man töluna rétt sem ég heyrði einhvern tíma. Hver eru þá rökin eftir að búið er að greiða þann virðisaukaskatt upp? Og ég er þó ekki að skrifa upp á að það hefði nokkurn tíma átt að innheimta hann einfaldlega vegna þess að full ástæða var til að ríkið kæmi til móts við þann gríðarlega þjóðhagslega sparnað sem væri kallaður fram með því að grafa þessi göng.

Svo er annað. Hér er verið að tala um vistvænni umferð, verið sé að koma til móts við hana. Rökin sem hæstv. ráðherra, sá sem frumvarpið flytur, hæstv. fjármálaráðherra, færði fram fyrir ekki löngu síðan voru þau að þetta gjald byggðist á því að menn gætu valið á milli þess að greiða það eða aka fyrir Hvalfjörð. En er ekki full ástæða til að ríkið gangi þá í lið þessu verkefni líka af vistvænum ástæðum? Auðvitað væri það ekki heppilegt að menn veldu leiðina fyrir Hvalfjörð og keyrðu t.d. 55 km lengra til Akraness en þeir gera með því að fara í gegnum göngin og eyddu í það eldsneyti.

En hvað sem því líður fannst mér ég ekki geta látið hjá líða að standa upp og vekja athygli á því að það væri mjög eðlilegt að einmitt í þessu frumvarpi væri fólgið framlag ríkisins til að lækka gjald á umferðinni um göngin. Nú er búið að taka ákvörðun um þá lækkun sem Spölur getur

mögulega kallað fram, bæði með lengingu lána, sem er auðvitað aðalþátturinn í því að ná niður gjaldinu, og líka með uppgreiðslu lána og nýjum fjármögnunum með lækkuðum vöxtum. En þarna vantar þann hlut sem flestir sem ég a.m.k. hef talað við um þessi mál telja að hefði átt að vera með, þ.e. liðveisla ríkisins til að lækka þetta gjald meira. Ég beini því til þeirra sem um þetta fjalla í nefndinni að það verði skoðað hvort ekki sé rétt að setja þarna inn ákvæði um að fella niður þetta gjald af umferðinni sem er einstakt. Það er ekki verið að innheimta af umferð virðisaukaskatt í öðrum tilfellum. Ekki er eðlilegt að menn standi að þessu með þeim hætti sem þarna er gert.

Ég tel að í nefndinni ættu menn að fara yfir það hvort það getur staðist í raun og veru að halda þessu áfram og legg til og mér finnst að það ætti að vera sáttahluturinn í þessu máli að menn miði niðurfellingu þessa gjalds við þann tíma sem líklegt má telja að búið verði að greiða upp þann virðisaukaskatt sem ríkið gaf eftir á sínum tíma við gerð ganganna.

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:31]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil í meginatriðum lýsa ánægju minni með þá afstöðu sem fram kemur í því frumvarpi sem við ræðum sem fjallar um tímabundna lækkun á gjöldum sem miða að því að gera skatta- og tollaumhverfi fyrir innflutning á vetnisbifreiðum og sérhæfðum varahlutum í þær hagstæðari.

Ég mundi segja að tími sé til kominn að hæstv. ríkisstjórn móti heildarstefnu um þessi mál, þ.e. um sjálfbærar samgöngur, og vetnisbílar eru auðvitað veigamikill þáttur í stefnu um sjálfbærar samgöngur til framtíðar. Eins og vitað er hefur ríkisstjórnin bæði í samgönguáætlunum, langtímasamgönguáætluninni og einnig í samningnum um sjálfbær Norðurlönd undirgengist ákveðnar skyldur í þessum efnum, hefur lýst sig reiðubúna og skuldbundið sig til að efla möguleika okkar á að stunda sjálfbærar samgöngur. Því tel ég það vera ákveðið fagnaðarefni að nú skuli vetnisbílarnir teknir sérstaklega til bæna hvað þetta varðar.

Það er líka rétt sem fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið að þær rannsóknir sem fram hafa farið og við eigum möguleika á að láta fara fram varðandi vetni og samgöngur sem byggja á vetni eru auðvitað atvinnuskapandi og eru góð og öflug landkynning eins og stjórnvöld og yfirvöld hafa komist að. Það er alveg ljóst að greinar vísindamanna okkar sem hafa birst á alþjóðavettvangi um vetnisvæðinguna eru þess eðlis að þær vekja verulega athygli, þær vekja heimsathygli og ég tel að þar eigum við gífurlega mikil sóknarfæri sem nauðsynlegt er fyrir okkur að hlúa vel að og gera áætlanir um til framtíðar. Ég tel frumvarpið vera lið í þeirri viðleitni og er þess vegna mjög sátt við það í öllum meginatriðum.

Ég held að við þurfum að skoða þetta svolítið heildstætt. Kannski þurfum við að endurskoða þá pólitík sem við höfum lagt upp með, ákvæðin sem varða niðurfellingu gjalda eða lækkun gjalda, t.d. lækkunina sem fjallað er um í lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. sem hafa verið til skoðunar og breytinga undanfarið. Kannski þurfum við að skoða hvort þær breytingar eigi ekkert að vera tímabundnar. Ef við ætlum okkur í alvöru að stefna inn á braut sjálfbærra samgangna og ætlum að sjá til þess að þarna verði neyslustýring sem hið opinbera hefur á valdi sínu að framkvæma með gjaldaálagningu eigum við að gera það hreint og klárt og kvitt og í eitt skipti fyrir öll og sjá til þess að þau skilaboð séu send út í samfélagið að þeir sem ákveða að aka um á ökutækjum sem menga lítið eða minna en venjulegir bensínbílar fái þá ívilnun sem möguleg er fyrir hið opinbera. Ég held að þetta eigi að vera stefnumarkandi ákvörðun sem sé tekin og gefin út sannfærandi yfirlýsing um þannig að ríkisstjórnin standi af alvöru og fullri einurð við þær yfirlýsingar sem fram hafa komið í langtímasamgönguáætlun og í þeim samningum sem við höfum gert á alþjóðavettvangi um aukinn hlut sjálfbærra samgangna. Þetta er skref á þeirri braut og ég sé því ekki annað en að ástæða sé til að fagna og hvetja til þess að ríkisstjórnin gangi áfram þá braut.

[13:35]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla að ræða um það sama og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir en frá öðru sjónarhorni. Í greinargerð með frumvarpinu stendur, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi hafa íslensk stjórnvöld markað sér þá stefnu að miða að sjálfbæru vetnissamfélagi hér á landi í framtíðinni. Íslenskur orkubúskapur býður upp á framleiðslu vetnis í umhverfisvænni orkuhringrás með ódýrari hætti en víðast annars staðar.“

Þarna er fullt af fallegum orðum, í fyrsta lagi er vetnissamfélagið sjálfbært. Það segir að virkjanir á Íslandi séu sjálfbærar. Það er rétt og ég gleðst yfir því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sé sammála því, vatnsaflsvirkjanir eru sjálfbærar.

Svo er þetta með vetnissamfélagið. Vetnisnotkun á bíla er ekkert annað en rafgeymir. Verið er að geyma orkuna til að nota hana aftur. Verið er að framleiða rafgeyma um allan heim og sífellt aukin tækni í því. Þeir verða minni og léttari með hverjum mánuðinum. Það sjáum við á tölvunum okkar. Ég sé ekki að þessi rafgeymir, sem er stórhættulegur af því að það þarf að geyma vetnið undir miklum þrýstingi í vökvaformi, annars tekur það svo mikið pláss, ég hugsa að þessi rafgeymir sé ekkert endilega betri en aðrir. Það þarf raforku til að framleiða vetni með rafgreiningu, síðan þarf að geyma það og svo er það brennt eða því breytt í raforku aftur. Þetta er ekkert annað en rafgeymir. Ég tel að menn eigi ekki að horfa svo bláeygir í framtíðina með það að þetta geti orðið eitthvert framtíðarþjóðfélag, vegna þess að það er ekki verið að búa til neina orku.

Sums staðar í heiminum koma reyndar upp úr jörðinni lofttegundir sem innihalda vetni eða vetnissambönd. Þær þjóðir gætu hugsanlega nýtt það vetni til að knýja vetnisbíla en við þurfum raforku til að breyta vatni í vetni og það er dýrt.

Það er gott að stunda hagnýtar vísindarannsóknir. Það var t.d. gert með Línu.Net, klikkaði reyndar og allt í lagi með það en menn þurfa að átta sig á því að verið er að gera

rannsóknir. Menn stunda háskólarannsóknir eða slíkt og þær geta farið svona eða hinsegin. Þær þurfa ekki endilega að bera ávöxt. Ég set því mikinn fyrirvara við hugsunina alla sem mér finnst stundum minna á trúarbrögð en ekki þannig að menn líti kalt á hlutina.

Varðandi það að þetta sé umhverfisvæn orkuhringrás get ég ekki séð hvernig sú orkuhringrás verður til, því að þegar bíllinn er búinn að brenna þetta verður þetta að vatni og vatnið er ekki orka enn sem komið er. Auðvitað gufar það upp og fellur niður sem vatn og segja má að þar með myndist orkuhringrás frá sólinni sem hitar jörðina en þetta er ekkert frekar orkuhringrás en margt annað. Ég vil því setja mikla fyrirvara við þær tvær setningar sem ég las.

[13:39]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Fram kemur í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals að hugtakið sjálfbær, að ekki sé talað um sjálfbært vetnissamfélag, þarf ákveðinnar skýringar við. Eitt af hlutverkum ríkisstjórnar og stjórnvalda á hverjum tíma er auðvitað að sjá til þess að almenningur fái fræðslu um hugtökin sem við notum þannig að ljóst sé í hvaða tilgangi við notum þau og hvað þau þýða.

Hv. þingmaður lýsir ánægju með að ég skuli fagna sjálfbæru vetnissamfélagi vitandi að það útheimtir virkjanir sem hv. þingmaður segir að séu sjálfbærar. Grunnurinn fyrir sjálfbærar virkjanir er sá að ár séu virkjaðar í farvegi sínum og valdi ekki umhverfisspjöllum. Það er mjög auðvelt að framleiða vetni eða rafgreininguna sem þarf við vetnisframleiðsluna í gegnum slíkar virkjanir. Við þurfum ekki að byggja upp stór uppistöðulón til að við séum með jafnmikla raforkuframleiðslu að vetri og sumri. Vetnisframleiðsla getur því tekið eðlilegum árstíðarsveiflum sem t.d. raforkuframleiðsla fyrir álframleiðslu getur ekki gert. Það er allur munurinn á því að framleiða annars vegar raforku með vatnsaflsvirkjunum til rafgreiningar á vetni og hins vegar til að knýja álbræðslur.

Hv. þingmaður getur því treyst á stuðning minn varðandi framleiðslu á raforku til vetnisframleiðslu en ég ætla ekki að styðja hann í ósjálfbærum virkjunum sem útheimta risastór uppistöðulón og valda gífurlegum náttúruspjöllum.

[13:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög skemmtileg hugleiðing því að hv. þingmaður ætlar að flytja söfnun orku í vatnsaflsvirkjunum með uppistöðulónum yfir í söfnun á vetni því það verður að safna vetninu einhvers staðar saman. Notkunin er stöðug allt árið. Hvar ætlar hv. þingmaður að geyma allt þetta gífurlega magn af vetni í staðinn fyrir vatnið?

Ég er hræddur um að það valdi umhverfisspjöllum líka og ekki síðri að búa til öll þau tæki og tól sem þarf til að geyma kannski hálfs árs notkun þjóðarinnar á vetni. Þetta batnar því ekki. Fyrir utan það að virkjanir sem ætlað er að nýta t.d. jökulár í toppunum á sumrin þurfa að hafa gífurlega stórar vélar sem eru vannýttar allar veturinn þegar ekkert vatn rennur eftir viðkomandi á. Þetta eru óskaplega dýrar virkjanir og framleiðsla á hverflunum er afskaplega umhverfisspillandi í því landi þar sem þeir eru framleiddir, stálið sem þarf, kolin sem eru notuð til að framleiða stálið og öll mengunin sem það veldur. Nei takk.

[13:42]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Andsvar hv. þingmanns gefur auðvitað til kynna að hann skilur fullkomlega hringrásarhugsunina sem hann hallmælti í ræðu sinni áðan. Hann gerði lítið úr hringrásarhugtakinu sem notað er í frumvarpinu en nú gefur hann til kynna að hann hugleiði hringrásina þegar hann fjallar um að stálframleiðsla, sem þarf að fara fram til að búa til hverfla í virkjanir, valdi mengun og umhverfisspjöllum. Það er auðvitað alveg rétt. Þetta er einmitt verkefni sem við stöndum frammi fyrir. Við þurfum að temja okkur hringrásarhugunina til að við getum á hverjum stað í ferlinu séð til þess að viðkomandi framleiðsla eða athafnir mannsins valdi ekki skaða á umhverfinu. Það á jafnt við um stálframleiðslu og álframleiðslu. Það á líka við um vetnisframleiðsluna. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni.

Hins vegar eru rannsóknir á vetnisframleiðslu á því skriði að við getum ætlað að framfarir og tækninýjungar séu að verða þar jafnvel umfram aðrar greinar. Ég er ánægð með að hæstv. fjármálaráðherra styðji þau sjónarmið að Ísland geti komið inn og hjálpað vísindamönnum vítt og breitt um heiminn til að stunda þær rannsóknir með þeim meðulum og þeim tækjum sem lögð eru til í frumvarpinu.

[13:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður svaraði því ekki til hvílík óskapa geymslumannvirki þyrfti til að geyma hálfs árs notkun þjóðarinnar af vetni undir gífurlegum þrýstingi og hve mikil umhverfisspjöll það kostaði að framleiða þau tæki þar sem þau eru framleidd og hvaða umhverfisspjöll það þýðir að vera kannski með fjórum sinnum stærri aflvélar í virkjununum. Mér finnst hv. þingmaður vera umhverfisspillandi, því miður.

Það sem ég gagnrýndi var orðið „orkuhringrás“. Auðvitað er þetta engin orkuhringrás. Orkan stoppar þegar bíllinn er búinn að nota hana og hefur breytt vetni í vatn. Því verður engin orkuhringrás. Nei, vatnið fer upp fyrir tilverknað sólarinnar. Orkan kemur þaðan. Það er ekki orkuhringrás. Þetta er einstefna á orku. Ég var að gagnrýna þetta og ég skil alveg fullkomlega hvar umhverfisspjöllin verða. Þau verða líka við framleiðslu á vélunum, hinum gífurlegu vélum sem þyrfti í rennslisvirkjanirnar þar sem vélarnar þyrftu að vera fjórum sinnum stærri en ella þegar maður tekur meðalrennslið. Ég skil líka að hin gífurlega geymsla á vetni og öll tæki og tól sem þar þarf kostar líka umhverfisspjöll þar sem þau eru framleidd.

Ég held, herra forseti, að það að geyma vatnið á bak við stíflu uppi á hálendinu þar sem safnast aur sem fyllir það á 400 árum séu miklu, miklu minni umhverfisspjöll.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.

Stjfrv., 720. mál (uppgjör þungaskatts). — Þskj. 1078.

[13:46]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, sem finna má á þskj. 1078.

Tilefni þessa frumvarps eru þau lagaskil er verða 1. júlí næstkomandi þegar olíugjald og kílómetragjald samkvæmt sérstökum lögum þar um munu leysa núverandi þungaskattskerfi af hólmi, sbr. lög nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl.

Með frumvarpi þessu er í fyrsta lagi tekið á því hvernig uppgjöri þungaskatts ökutækja og ökumælis skuli háttað við upptöku olíugjalds 1. júlí næstkomandi. Lagt er til að sú leið verði farin að lengja annað gjaldtímabil ársins 2005 þannig að í stað þess að því ljúki 10. júní skuli því ljúka 30. júní 2005. Þá er lagt til að álestrartímabilið verði stytt úr 20 dögum í 15 og að gjalddagi verði færður til 1. júlí og eindagi til 15. ágúst. Einnig er lagt til að reiknað verði út meðaltal ekinna kílómetra á dag á milli álestra af ökumælum ökutækja sem eru undir 10 tonn af leyfðri heildarþyngd og látið er lesa af á tímabilinu 15. til og með 29. júní. Á grundvelli þess meðaltals yrði akstur áætlaður til 30. júní. Með þessu móti er álagning þungaskatts tryggð út gjaldtímabilið en ekki hefði verið unnt að stefna öllum eigendum ökutækja með ökumæli til álestrar sama dag.

Í öðru lagi er með frumvarpi þessu lagt til að sett verði ákvæði til bráðabirgða við lögin er fjallar um olíubirgðir í landinu við þau lagaskil er verða 1. júlí næstkomandi þegar umrædd lög um olíugjald og kílómetragjald o.fl. öðlast gildi. Annars vegar snýr ákvæðið að gjaldskyldum aðilum, skv. 3. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl. Með gjaldskyldum aðilum er hér átt við þá sem framleiða eða stunda aðvinnslu olíu sem gjaldskyld er, þá sem flytja inn til endursölu eða eigin nota olíu sem gjaldskyld er og þá sem kaupa olíu innan lands til endursölu. Eðlilegt þykir með tilliti til eftirlitshagsmuna og uppgjörs olíugjalds á fyrsta uppgjörstímabili þess að við gildistöku laga nr. 87/2004 liggi fyrir upplýsingar um magn gjaldskyldrar olíu í landinu og fjallar ákvæðið um skyldu þessara aðila til að upplýsa um það.

Þess ber að geta að sams konar ákvæði var að finna í ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 34/1995, um vörugjald á olíu, þar sem á sama hátt þótti rétt að hafa ákvæði um skyldu þessara aðila til að upplýsa um það magn olíu sem til væri í landinu við gildistöku þeirra laga, sem eins og kunnugt er komu reyndar ekki til framkvæmda.

Hins vegar snýr ákvæðið að aðilum sem ekki eru gjaldskyldir í skilningi 3. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald o.fl., en eiga eða eru með í sinni vörslu yfir 1.500 lítra af olíu sem fellur undir gildissvið þessara laga. Hér getur bæði verið um að ræða einstaklinga og fyrirtæki. Samkvæmt ákvæðinu hvílir sú skylda á þessum aðilum að upplýsa tollstjóra um magn birgða og greiða af þeim olíugjald í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2004, ef heildarbirgðir eru meiri en 1.500 lítrar. Sams konar ákvæði var að finna í ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, og þar var einnig miðað við 1.500 lítra.

Sambærilegt viðmið, þ.e. 1.500 lítrar, var einnig notað þegar norsku lögin um olíugjald öðluðust gildi árið 1992 og þótti það gefa góða raun þar í landi. Af framkvæmdalegum ástæðum er ekki raunhæft að gera kröfu um að aðilar með minna en 1.500 lítra af olíu í sinni eigu eða vörslu tilkynni um það magn og greiði af því olíugjald.

Frumvarp þetta miðar að því að lögin sem hér er lagt til að setja taki gildi þegar í stað.

Ég legg til, virðulegi forseti, að frumvarpinu verði vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar, en fyrst til 2. umr. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:51]

Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack, 245. mál. — Þskj. 256.

[13:54]

Flm. (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu á þskj. 256 sem er 245. mál þingsins. Þetta er tillaga til þingsályktunar um rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að við nýframkvæmdir samkvæmt vegáætlun verði gert ráð fyrir rásum fyrir búfénað undir vegi þar sem girt er meðfram vegum en bithagar beggja vegna. Jafnframt verði hafin vinna við gerð slíkra rása undir vegi þar sem umferð er þung og bithagar eru nytjaðir beggja vegna vegar.“

Hæstv. forseti. Þessi tillaga til þingsályktunar var flutt nokkrum sinnum á síðasta kjörtímabili en varð aldrei útrædd. Því þykir mér rétt að endurflytja tillöguna óbreytta en upplýsingar sem koma fram í greinargerðinni eru uppfærðar eftir því sem hægt hefur verið.

Hæstv. forseti. Það er mjög til bóta hvað varðar þingstörfin að þessi þingsályktunartillaga skuli vera rædd hér í dag þar sem þannig stendur á um störf þingsins og starfsáætlun að á dagskrá eftir helgi á að ræða samgönguáætlun. Við hefðum að vísu óskað eftir því að samgönguáætlun væri aðeins fyrr á ferðinni en það er nú svo að hún er órædd og ekki frágengin þannig að mér finnst eðlilegt að þingsályktunartillagan komi inn í umræðuna um samgönguáætlun og vegáætlun til þess að auka enn frekar á öryggisþætti við vegagerð. Ég veit að verið er að efla þennan þátt í samgönguáætlun en ég tel að ekki sé nóg að gert og að eyrnamerkja þurfi fjármagn til þess að fara í átak til að gera rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys og að hreinlega þurfi að byrja á að kortleggja hringveginn og síðan helstu stofnbrautir til þess að sjá hvar brýn nauðsyn er á að setja slíkar rásir. Allt kostar þetta fjármagn og einnig nýja hugsun þannig að við endurgerð og endurbætur og allar nýframkvæmdir verði þessi þáttur hreinlega tekin inn og rásirnar settar samhliða öllum framkvæmdum.

Mjög erfitt hefur verið fyrir bændur, marga hverja, að fá rásir undir fjölfarna vegi, að ég tali nú ekki um á hringveginum. Eru mörg dæmi þess að það hafi staðið lengi í stappi því að bæði truflar það umferð og ekki síður kostar það töluverðar fjárhæðir víðast hvar að koma hólkunum niður. Það hleypur a.m.k. á einhverjum milljónum króna sem eru það háar upphæðir að óeðlilegt er að ætlast til þess að hver bóndi sjái um slíkar framkvæmdir, enda á það hreinlega að mínu mati að vera hluti af hönnun vegar eða endurbótum þar sem þess er þörf.

Slíkar rásir hafa verið settar upp, bæði við nýframkvæmdir og eins hafa bændur hreinlega farið út í slíkar framkvæmdir alfarið eða að hluta til á sinn kostnað. En eins og ég sagði í upphafi máls míns þarf hreinlega að fara í markvissar aðgerðir og áætlun til að einhver viðhlítandi árangur náist og eins þarf að setja skýrar línur varðandi kostnað af slíkum rásum.

Ég tel að ekki sé eðlilegt að bændurnir sem slíkir þurfi að leggja fram fjármagn í þessu skyni, nema þá að einhverju óverulegu leyti, því ekki er bara verið að tala um hagræði fyrir hvern bónda heldur er þetta fyrst og fremst út frá umferðaröryggi. Það heyrir maður hjá mörgum ferðamanninum sem hingað kemur að þeim finnst undarlegt að keyra um þjóðvegi landsins og þurfa að gæta sín á sauðfé og öðrum búpeningi. En við þetta megum við búa þar til lokið verður við að girða af þjóðvegina, búpeningur verði í hólfum eða að hægt verði að búa þannig að bændur þurfi ekki hreinlega að verða fyrir búsifjum vegna mikils umferðarþunga eða eigi í erfiðleikum með að koma fé, sem í flestum tilfellum eru mjólkurkýr, fram og til baka yfir þjóðvegina þar sem ánauðin er hvað mest af umferðinni. Þar sem stóru kúabúin eru hafa bændur hreinlega þurft að loka veginum með dráttarvélum sitt hvorum megin við reksturinn til að tryggja að bæði skepnur og menn komist yfir veginn. En það hefur ekki alltaf dugað til því að umferðarhraðinn er slíkur að eftir sem áður, þó að reynt sé að gæta varúðar, hafa bílstjórar ekki tekið tillit til þess og því hafa orðið slys.

Ég vil grípa aðeins niður í greinargerðina og nefna nokkrar tölur en yfirlitið nær yfir rétt rúmlega tíu ára tímabil. Ég hef ekki upplýsingar frá árinu 2004 en þær hljóta að liggja núna fyrir þó að þær hafi ekki gert það þegar þingsályktunartillagan var lögð fram. Slys verða af völdum búfjár og fólk hefur slasast. Flest alvarlegu slysin voru árið 2001 en flestir slösuðust árið 2002. Óhöpp án meiðsla hafa aukist úr 59 árið 1994 og voru komin upp í 261 árið 2003. Sem betur fer hafa ekki orðið banaslys af þessum völdum en þegar slys verða er oft mjótt á mununum. Ég tel að vegna slysatíðni, öryggis og vegna búsetu sé nauðsynlegt að eyrnamerkja sérstakt fjármagn og setja upp ákveðna áætlun í öllum umdæmum Vegagerðarinnar til að fara í þetta átak.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra. Það hefur verið kynnt hér áður og mælt fyrir því. Ég vonast til að þingsályktunartillagan verði til umræðu samhliða samgönguáætlun og síðan í framhaldinu við afgreiðslu fjárlaga til vegagerðar.

[14:04]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér liggur fyrir þingsályktunartillaga um rásir fyrir búfénað til að koma því yfir eða undir vegi til varnar slysum. Það sem ég vildi nefna í þessu sambandi er að nú hefur verið lögð fram samgönguáætlun í þinginu en hefur þó ekki verið rædd enn þá. Þar er eins og endranær gert ráð fyrir ákveðnum fjárlagalið sem er reiðvegafé, sem ætlað er einmitt til þess að koma a.m.k. þeirri tegund búfjár, sem eru hestar og hestamennska, af og frá þjóðvegunum. Það fjármagn hefur nýst gríðarlega vel í þeim tilgangi og þar er m.a. gert ráð fyrir undirgöngum undir þjóðvegi og á því svæði sem ég best þekki til hefur það verið tíðkað að slík undirgöng hafi verið lögð. Má þar nefna undirgöng fyrir búfénað á veginum austan við nýju Þjórsárbrúna og á áætlun er að setja fleiri undirgöng undir þjóðveginn frá Hverageröi að Þjórsárbrú. Ég tel því að þetta sé að nokkru leyti í farvegi.

En þess verður að geta að undirgöng sem þessi eru afskaplega kostnaðarsöm. Mér skilst að það séu rösklega þrjár milljónir á göng ef þetta er gert um leið og vegaframkvæmdin á sér stað. Það væri því verðug spurning fyrir hv. þm. Þuríði Backman að svara hvað þessi áætlun kostaði hugsanlega ef við færum allan hringveginn. Við vitum að þetta er vandamál fyrir þá sem þurfa að koma búfé sínu yfir en það væri gaman að heyra hvort hún hefði áætlaðan kostnað samfara þessu.

[14:06]

Flm. (Þuríður Backman) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt að vita til þess að uppi séu áætlanir um að fara í sérstaka reiðvegi og gera ráð fyrir undirgöngum þeim tengdum. Þetta er allt af hinu góða.

Þeir fjármunir sem hafa farið í undirgöng, fyrir rásir fyrir búfé eins og ég hef kallað það, hafa verið teknir af svokölluðum öryggisliðum Vegagerðarinnar. Fyrst og fremst er litið á þetta sem öryggisatriði. Það sem ég er að kalla eftir er að kortleggja þurfi í umdæmi Vegagerðarinnar hvert einasta svæði og setja upp áætlun hvar þörfin er, hversu brýn hún er, setja upp áætlun og setja upp forgangsröð þannig að við allar nýframkvæmdir og endurbætur komi þetta sjálfkrafa inn þar sem ekki er á næstunni að forgangsraða slíkum verkefnum.

Mér er því algjörlega ómögulegt að segja til um hvað þetta muni kosta en það væri örugglega hægt að leita eftir því og fá bráðabirgðatölur eða mjög fljótlega útreiknað hjá vegagerðarmönnum og umdæmisstjórum hvað þetta mundi verða í heildina. En þetta þarf að vinna faglega og er ekki eitthvað sem við gerum innan eins tímabils samgönguáætlunarinnar. Svona átak hlýtur að ná yfir lengri tíma. Að mínu mati þarf að vinna mjög markvisst að þessu, en ég get ekki nefnt upphæðir.

Það borgar sig að hafa þetta inni strax við upphaf framkvæmda því að það er mun dýrara og miklu meira óhagræði að því að fara í þessar framkvæmdir eftir á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skaðabótalög, 1. umr.

Frv. allshn., 681. mál (frádráttarreglur). — Þskj. 1037.

[14:09]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, með síðari breytingum, sem lagt er fram af allsherjarnefnd.

Ég vil í upphafi máls míns geta þess að nefndin hefur lagt í dálitla vinnu við þetta mál en nefndarmenn eru þó sammála um að eftir að frumvarpið kemur fram sé við því að búast að fram muni koma ýmis sjónarmið vegna efnisatriða í frumvarpinu og af þeim sökum var fyrir fram ákveðið af nefndarmönnum að málið yrði tekið til frekari umræðu í allsherjarnefnd eftir 1. umr. þess.

Í því sambandi mun nefndin hafa frumkvæði að því sjálf að kalla eftir sjónarmiðum frá helstu hagsmunaaðilum og leggja að nýju mat á efnisatriði málsins þegar þau sjónarmið hafa verið vegin og metin.

Ég vil um efnisatriði frumvarpsins leyfa mér að vísa til 1. og 2. gr. þess eða þessara þriggja greina sem frumvarpið samanstendur af. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er það fyrst og fremst í tilefni af breytingum sem gerðar voru á skaðabótalögunum með lögum nr. 37 frá árinu 1999 sem þessu máli er hér teflt fram.

Almennt höfðu þær breytingar sem gerðar voru með tilgreindum lögum mikla réttarbót í för með sér en hins vegar voru þar um leið lögleiddar ýmsar frádráttarreglur vegna greiðslna frá þriðja aðila sem hafa komið nokkuð hart niður á tveimur hópum. Við þessu er frumvarpinu ætlað að bregðast. Annars vegar eru það þeir einstaklingar sem eru alvarlega slasaðir, sem hér er verið að fjalla um, og síðan hins vegar ekkjur og ekklar.

Ef við tökum til að byrja með fyrri hópinn til umfjöllunar þá segir í greinargerð að alvarlega slasað fólk sem metið er með meira en 50% varanlega örorku eigi rétt á örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem verst eru settir eiga einnig rétt á ýmiss konar viðbótargreiðslum, svo sem tekjutryggingu, tekjutryggingarauka, heimilisuppbót, bensínstyrk o.fl. Fyrir breytinguna árið 1999 voru greiðslur af þessum toga ekki dregnar frá skaðabótum en það hefur hins vegar verið gert eftir breytinguna sem gerð var á árinu 1999. Þess vegna hafa slíkar bætur frá þeim tíma verið dregnar frá þessum hópi. Það hefur verið gert skv. 4. mgr. 5. gr. laganna og hefur haft nokkuð alvarlegar afleiðingar í för með sér og er þá m.a. horft til þess að frádrátturinn er að verulegu leyti vegna greiðslna sem alls óvíst er að viðkomandi haldi til framtíðar. Það kemur til af þeirri ástæðu að greiðslurnar eru háðar ýmsum atriðum, m.a. hjúskaparstöðu viðkomandi tjónþola. Eins geta tekjur tjónþola haft áhrif til skerðingar, bæði launatekjur og fjármagnstekjur, eins og segir í greinargerðinni.

Ég held að ágætt sé til frekari skýringar að horfa til dæma sem draga aðeins betur fram en þetta almenna orðalag í greinargerðinni gerir hvernig framkvæmdin kemur út. Eitt dæmi sem lagt hefur verið fyrir allsherjarnefnd og nefndin horfði m.a. til við undirbúning þessa máls var dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 520/2002. Í því tilviki var tjónþoli kona sem starfaði í fiskvinnslu. Hún hafði verið hér á landi í rúma átta mánuði þegar hún missti handlegg í vinnuslysi og hlaut af 70% varanlega örorku. Heildartjón þessa einstaklings var reiknað 11.409.764 kr., eingreiddar bætur voru hins vegar 5.005.022, þ.e. bótakrafa viðkomandi var skert um 6,4 milljónir rétt rúmar vegna ætlaðra framtíðargreiðslna almannatrygginga, sem er 56% skerðing.

Þetta hlýtur að geta talist allveruleg skerðing á skaðabótagreiðslunni og þess vegna vil ég ítreka að tilvikið sem hér er verið að bregðast við á fyrst og fremst við um þá sem eru alvarlega slasaðir. Við þessu er frumvarpinu ætlað að bregðast.

Hinn hópurinn sem ég nefndi í upphafi máls míns eru ekkjur og ekklar. Með breytingunni árið 1999 voru bætur til eftirlifandi maka lækkaðar verulega þannig að nú eru dregnar frá því sem við höfum nefnt í greinargerðinni „ímynduðum" greiðslum sem hinn látni maki fær ekki, þ.e. ef hinn látni hefði lifað slysið af hefði hann átt rétt á bótum frá almannatryggingum og úr lífeyrissjóði sínum vegna örorkunnar. Þær greiðslur fær hann ekki þar sem hann er fallinn frá, en samkvæmt núgildandi ákvæði 1. mgr. 13. gr. laganna á engu síður að taka tillit til greiðslnanna eins og viðkomandi hefði hlotið 100% örorku og hefði fengið greiðslurnar áður en tjón makans er reiknað út.

Ef við gerum líkt og í fyrra tilvikinu og skoðum þetta í raunhæfu tilviki er hægt að horfa m.a. á dóm Hæstaréttar í máli nr. 283/2003 þar sem tjónþoli missti eiginmann sinn í vinnuslysi. Við uppgjör skaðabóta var byggt á því af hálfu tryggingafélagsins að draga ætti frá þær greiðslur sem hinn látni hefði átt rétt á úr almannatryggingum og lífeyrissjóði, hefði hann lifað við 100% örorku, og greiða tjónþolanum síðan 30% af afganginum. Á þetta hefur Hæstiréttur fallist. Heildartjón í þessu tilviki var reiknað sem 7.052.096 kr. Eingreiddar bætur voru hins vegar 4.091.408 kr. Bótakrafan var skert um rétt tæpar 3 millj. vegna ímyndaðs bótaréttar hins látna úr almannatryggingum sem var í þessu tilviki 41% skerðing.

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að frumvarpið byggir á því að það hafi ekki verið raunverulegur tilgangur lagabreytinganna árið 1999 að framkvæmdin yrði þessi, heldur hafi afleiðingarnar verið nokkuð ófyrirséðar. Hvað sem því líður, hvort sem menn gætu komist að því að af lögskýringargögnum væri ekki hægt að komast að þeirri niðurstöðu sem ég minntist á byggir frumvarpið á sanngirnissjónarmiðum. Ég hygg í það minnsta í síðara tilvikinu sem ég hef farið yfir, þ.e. þegar um er að ræða bætur til eftirlifandi maka, hljóti allir sem kynna sér málið að geta verið nefndinni sammála um að framkvæmdin er mjög einkennileg. Að því leytinu til ætti að vera nokkuð ágreiningslaust að fallast á þær breytingar sem verið er að leggja til.

Hins vegar á ég allt eins von á því varðandi hitt atriðið að þar muni koma einhver sjónarmið fram sem nefndin mun þá, eins og ég gat um áður, gefa sér tíma til að fara nánar yfir. En frumvarpinu er teflt fram þegar hillir undir lok þingsins til að freista þess að gera þessar leiðréttingar á skaðabótalögunum.

Ég tek fram að við undirbúning málsins leitaði ég sem formaður nefndarinnar óformlega eftir sjónarmiðum hjá hagsmunaaðilum og varð þess áskynja að það er ýmislegt

fleira í skaðabótalögunum sem ýmsir vilja breyta. Það var einhugur um það í allsherjarnefnd að reyna að einangra málið við að gera leiðréttingar, í fyrsta lagi sérstaklega vegna þess að sýn okkar á málið var að framkvæmdin væri á skjön við það sem til stóð árið 1999 og svo hins vegar vegna þess að framkvæmdin er hvað sem því líður bersýnilega ósanngjörn, sérstaklega í tilviki eftirlifandi maka. Þess vegna vil ég ítreka að jafnvel þó að nefndin muni fá til sín hugmyndir um einhverjar frekari breytingar á skaðabótalögunum mun nefndin reyna að halda sig við það upplegg sem hér er á ferðinni, þ.e. að einangra málið við þessi tvö tilvik þar sem heildarendurskoðun á skaðabótalögunum er eitthvað allt annað en málið snýst um, miklu stærra verkefni og flóknara og mjög mikilvægt að á þinginu sé hægt að gera breytingar til leiðréttinga á lögum án þess að viðkomandi lög verði í heild sinni tekin upp til endurskoðunar um leið eða að þeir sem hafa hagsmuni af gildandi lagareglum vilji koma á vagninn sem fer af stað ýmsum öðrum breytingum sem hugsanlega kunna að tefja nauðsynlegar og sanngjarnar leiðréttingar.

Að svo mæltu vil ég segja að ég mundi fagna því ef um málið mundu koma fram sjónarmið í þingsal. Að lokum vil ég ítreka að nefndin ætlar að gefa sér frekari tíma til að skoða málið og ég hef nú þegar haft frumkvæði að því að fá fram sjónarmið frá hagsmunaaðilum í málinu.

[14:22]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum frumvarp sem lætur frekar lítið yfir sér en kemur við mjög viðkvæma stöðu.

Fyrst ætla ég að ræða um skaðabótalögin almennt. Þannig er að einstaklingur fær eingreiðslu úr skaðabótalögunum frá tryggingafélagi háð örorkumati og þeim tekjum sem maðurinn hafði haft og búist er við að hann tapi.

Örorkumatið er oft háð líkum, þ.e. líkum á því að maðurinn verði fyrir áfalli sem valdi tjóni, þ.e. maðurinn getur verið fullvinnufær en það eru ákveðnar líkur á því að hann verði óvinnufær seinna. Þær líkur eru metnar og stundum á mjög hlutlægan hátt þannig að ef tjónið kemur ekki upp hefur maðurinn grætt. Ef það kemur upp af fullum þunga daginn eftir, eins og gæti gerst, hefur hann tapað.

Segjum að það séu metnar 30% líkur á því að maður sem hefur orðið fyrir einhverju áfalli verði 100% öryrki. Hann er vinnufær á því augnabliki. Áfallið gæti komið daginn eftir að greiðsla er innt af hendi. Þá er maðurinn 100% öryrki það sem eftir er og tapar 70% af því tjóni sem hann varð fyrir. Ef hann verður hins vegar aldrei öryrki alla ævi og getur unnið alla ævi er tjónið ekki neitt og þá er þetta happdrættisvinningur fyrir manninn. Maðurinn er því látinn bera áhættuna af því að ákveðnar líkur komi upp eða ekki.

Svo er það hitt að fólk fær eingreiðslur, kannski 10 millj., og þá vill svo til, herra forseti, að menn eignast fullt af vinum, það er alveg ótrúlegt. Þeir vinir eru mjög duglegir við að taka peningana að láni og eyða þeim fyrir viðkomandi. Nú er ég ekki hlynntur forsjárhyggju en ég held að þetta sé of mikil freisting og ég er búinn að sjá allt of mikið af dæmum um það þar sem fólk hefur fengið bætur að þær eru horfnar eftir sex eða sjö ár og ekkert til að standa undir þeirri örorku sem verið er að bæta. Þá standa menn frammi fyrir því að verða að sætta sig við það lágmark sem Tryggingastofnun greiðir vegna þess að bæturnar sem þeir fengu eru horfnar. Þess vegna tel ég mjög brýnt að taka upp það kerfi að í staðinn fyrir að menn fái eingreiðslu fái þeir bætur miðað við hvernig örorkan kemur fram og stofnaður verði einhver sjóður eða einhver aðili taki að sér, Tryggingastofnun eða annar, að greiða bæturnar eftir því sem tjónið fellur til en tryggingafélögin borgi eingreiðslu til Tryggingastofnunar eða þess aðila sem um þetta sér.

Þetta er það fyrsta. Það er sem sagt mjög stór galli í núverandi kerfi, fyrir utan það að þegar fólk lendir í tjóni er það stundum óuppgert til að byrja með og fólk lendir oft í að vera tekjulaust í marga mánuði, jafnvel mörg ár, þannig að þetta er virkilega gallað kerfi.

Svo er í kerfinu eins og það er í dag ákveðin oftrygging vegna þess að frá greiðslunum er dregið 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði sem segir að þær greiðslur sem menn eiga rétt á úr lífeyrissjóði sínum og munu fá úr honum, miðað við að örorkan sé eins og örorkumatið var, koma til frádráttar, en bara 40%. Menn eru því með 60% yfirtryggingu og það er aldrei meiningin að menn séu yfirtryggðir í neinu kerfi.

Verkalýðshreyfingin sagði á sínum tíma að ógurlegt væri að tryggingafélögin græddu á því að menn hefðu sparað í lífeyrissjóði. Því er til að svara að tryggingafélögin taka að sjálfsögðu alla tæknilega áhættu sem þau bera frá hinum tryggðu, frá bíleigendum, þannig að yfirtryggingin sem kemur fram er greidd annaðhvort af bíleigendum, þ.e. almenningi í landinu — það eru flestir sem eiga bíl — eða þá af lífeyrissjóðunum eða Tryggingastofnun. Allt er þetta greitt af almenningi í landinu. Oftrygging í þessum mæli er aukakostnaður fyrir þjóðfélagið og á ekki að eiga sér stað. Í öllum tryggingakerfum er þess vandlega gætt að ekki komi fram tvítrygging eða oftrygging. Það er í kerfinu í dag. Það mætti hugsa sér að lífeyrissjóðirnir greiddu hreinlega ekki örorkulífeyri til þeirra sem fá fullan örorkulífeyri samkvæmt skaðabótalögunum, ef menn vilja forða því að þetta lendi á lífeyrissjóðunum. Mér finnst að taka þurfi á þessu heildstætt.

Hv. frummælandi sagði að það væri slæmt að ekki væri hægt að breyta einstökum atriðum í lagasetningu án þess að taka öll lögin upp. Þetta er hárrétt. Það er nefnilega galli í lögunum.

Í 13. gr. laganna stendur í dag, með leyfi forseta:

„Bætur fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka skulu vera 30% af bótum þeim sem ætla má að hinn látni mundi hafa átt rétt á fyrir algera (100%) örorku, sbr. 5.–8. gr.“

Ekkert meir. En þar stendur að frá því skuli draga bætur frá Tryggingastofnun og frá lífeyrissjóði. En maður sem er dauður fær ekki bætur, að sjálfsögðu ekki. Það eru því dregnar frá bætur sem aldrei koma. Þetta er náttúrlega galli og hættulegt vegna þess að dómstólar dæma eftir orðanna hljóðan. Þetta er sjálfsagt að laga þannig að ég styð eindregið regluna í 2. gr. frumvarpsins þar sem bætt er við „án frádráttar“.

Reyndar, og það sýnir hvað þetta er viðkvæmt, þyrfti að draga frá eingreiðslu sem menn geta fengið. Hugsanlegt er að menn fái eingreiðslur vegna frádráttar einhvers staðar frá

og þá þarf að draga það frá. Þetta sýnir hvað þetta er viðkvæmt mál. Ég mundi orða þetta þannig „með frádrætti þeirra greiðslna sem menn fá". Það er sennilega einfaldast. Þá er ekki verið að draga frá greiðslur sem menn fá ekki vegna tjónsins. Þetta er því mjög viðkvæmt.

Síðan er gerð mjög alvarleg breyting í frumvarpinu. Ég les þetta þannig að það skuli draga frá eingreiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum, bara eingreiðslur. Maður sem verður öryrki og fær alla tíð góðar greiðslur frá Tryggingastofnun og góðar greiðslur frá lífeyrissjóði er því þokkalega tryggður í bak og fyrir, getur fengið 70–80% af launum. Það á ekki að taka tillit til þeirra, bara til eingreiðslna frá Tryggingastofnun. Þetta sýnir hve viðkvæmt málið er. Þar yrði um að ræða alveg stórkostlega yfirtryggingu. Menn fengju bætur samkvæmt skaðabótalögum og svo fengju menn örorkulífeyri frá Tryggingastofnun. Það er ekki meiningin að menn græði á því að lenda í slysi, ekki af tekjutryggingunni. Auðvitað er áfall að lenda í slysi og verða öryrki o.s.frv. en við erum ekki að tala um miskabætur. Það er allt annar handleggur. Þær eru kannski allt of lágar á Íslandi og það get ég alveg viðurkennt. En við skulum ekki blanda saman tekjutryggingu, þ.e. því sem á að tryggja mönnum að þeir haldi þeim tekjum sem þeir tapa eða fái andvirði þeirra til baka og svo hins vegar miskabótum. Þær mættu gjarnan hækka. Menn fara því úr öskunni í eldinn, virðist mér svona við fyrstu sýn.

Fleira er vert að nefna úr frumvarpinu. Þegar metnar eru greiðslur frá lífeyrissjóði þá skal miðað við 4,5% ársávöxtun, segir þar. Hvað þýðir það? Það þýðir að reiknað er með því að maðurinn nái 4,5% á það fé sem hann fær. Það er gjörsamlega óraunhæft í dag. Það var kannski raunhæft fyrir tveimur árum þegar vaxtastigið í landinu var mun hærra. En eftir að tilboð bankanna fóru að berast síðasta sumar lækkuðu allir vextir í landinu. Fólk fær ekki lengur þá ávöxtun á fé sem það áður fékk. Þessir vextir eru því allt of háir. Það þýðir að greiðslurnar hækka, vegna þess að eftir því sem maður fær hærri vexti á þá peninga sem hann fær inn þeim mun lægri upphæð þarf hann til að fá sama lífeyri. Það þyrfti því að skoða þá ávöxtun sem nefnd er í lögunum í dag en það er ekki gert. Það sýnir að í lögunum er margt sem þarf að skoða, virkilega margt. Þetta er mjög viðkvæmt mál, að koma inn á þetta. Ég mundi gjarnan vilja að menn tækju á þessu sem heildstæðum vanda án þess að ég vilji endilega stoppa 2. gr. sem tekur bara á augljósum vandkvæðum sem við er að stríða í dag. Hin atriðin snúast í raun ekki um vandkvæði.

Það að menn fái greiðslur úr Tryggingastofnun liggur fyrir. Það er talað um það í greinargerð með frumvarpinu, þar segir, með leyfi forseta:

„... það er alls ekki öruggt að viðkomandi fái greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins um ókomna framtíð. Það getur m.a. ráðist af hjúskaparstöðu viðkomandi tjónþola og lagabreytingum í framtíðinni. Þá geta tekjur tjónþola haft áhrif til skerðingar, bæði launatekjur og fjármagnstekjur."

Um það er eftirfarandi að segja: Ef maðurinn giftist seinna lækka bætur frá Tryggingastofnun. Þetta er útreiknanlegt. Líkurnar á því að maðurinn giftist liggja fyrir og það er hægt að reikna þetta út. Tryggingafræðingar gætu það. Sama gildir um tekjur í framtíðinni. Ef maðurinn er 100% öryrki fær hann væntanlega engar tekjur en ef hann er með einhverja vinnugetu er hægt að taka tekjusveiflur inn í dæmið, að það séu háar tekjur sum árin en lægri tekjur önnur ár. Þetta er allt hægt að reikna út og gefa sér ákveðnar forsendur.

Lagabreytingar í framtíðinni, slíkt má náttúrlega ekki setja inn. Segjum sem svo að skattar verði hækkaðir þá verða allir skertir. Það er ekki hægt að taka inn í, í greinargerð eða inn í lög í dag, einhverjar lagabreytingar í framtíðinni og ætla sér að taka á því.

Varðandi það að tekjur geti haft áhrif, þar á meðal fjármagnstekjur af þeim sömu bótum og maðurinn hefur fengið, þá er að sjálfsögðu hægt að reikna það út. En það má reikna út hvað lífeyrir frá Tryggingastofnun skerðist mikið vegna fjármagnstekna sem maðurinn fær af bótunum. Allt er þetta útreiknanlegt og tryggingafræðingar geta reiknað það út þannig að það er óþarfi að taka þetta inn.

Ég held að breytingarnar í 1. gr. séu að öllu leyti óþarfar. Þar er ekki raunverulegur vandi á ferðinni. Fólk á rétt á bótum frá Tryggingastofnun. Það eru dálítil áhöld um útlendinga sem lenda í slysi, þar sem þeir uppfylla kannski ekki skilyrðin um búsetu á Íslandi, en það er eitthvað sem dómarinn tekur sjálfsögðu tillit til þegar hann metur rétt manna til greiðslna frá Tryggingastofnun.

Ég beini því til nefndarinnar, sem mér skilst að ætli að ræða þetta mál þó að hún flytji það sjálf, milli 1. og 2. umr. væntanlega, að hún fái til sín sérfræðinga á þessu sviði, t.d. tryggingafræðinga, til að meta þetta frumvarp og þær breytingar sem gerðar eru með það að leiðarljósi að hvorki verði um oftryggingu né vantryggingu að ræða. Það er mjög mikilvægt. Við erum með vantryggingu í dag þar sem dregnar eru frá einhverjar ímyndaðar greiðslur sem aldrei koma, út af þessum galla varðandi það þegar menn falla frá og fá aldrei örorkulífeyri frá Tryggingastofnun sem samt skal dregin frá. Ég mundi leggja til að nefndin skoðaði það mjög nákvæmlega milli 1. og 2. umr.

Svo vildi ég gjarnan að þingheimur tæki sig á og reyndi að laga þann galla sem ég nefndi varðandi það að menn fái eingreiðslur og beri áhættuna sjálfir.

[14:36]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir innlegg hv. þm. Péturs H. Blöndals vegna þessa máls. Það er athyglisvert að hlýða á mál hans enda er hann sérfróður um þessi efni.

Það er aðeins eitt sem ég staldraði við í máli hans en það varðaði oftrygginguna og hvaða leiðir væru mögulegar til að tryggja, skulum við segja, að enginn fái of lítið miðað við það tjón sem hann hefur orðið fyrir og á sama tíma að enginn fái of mikið. Þar eru spennandi hugmyndir sem hv. þingmaður hefur, um að skoða nýjar leiðir, til að mynda sjóð eins og hann lýsti í máli sínu.

Breytingin í 1. gr. þessa frumvarps fjallar einmitt um hættuna á því að einstaklingar fái ekki fullar bætur vegna þess tjóns sem þeir hafa orðið fyrir. Hvers vegna? Jú, vegna þess að dregið hefur verið frá skaðabótunum sem þeim eru greiddar út af einhverjum tekjum sem óvíst er að þeir fái í framtíðinni. Þannig er framkvæmdin í dag. Við þessu er frumvarpinu ætlað að bregðast.

Það má örugglega segja sem svo að í einhverjum tilvikum muni þetta leiða til þess að viðkomandi tjónþolar fái meira en ella. En er ekki nokkuð öruggt að með þeirri framkvæmd sem viðhöfð er í dag geti komið upp tilvik þar sem tjónþolar fá ekki tjón sitt að fullu bætt vegna þess að í framtíðinni falli niður greiðslur sem byggt var á við uppgjörið, þ.e. gert ráð fyrir og (Forseti hringir.) dregnar voru frá skaðabótakröfum?

[14:38]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn geta aðeins gengið út frá þeim lögum sem gilda hverju sinni. Þegar maður verður öryrki í dag á hann ákveðinn rétt hjá Tryggingastofnun. Sá réttur er reyndar skilyrtur, aðallega varðandi hjúskaparstöðu. En að öðru leyti liggur hann mjög nákvæmlega fyrir. Ef þetta er einstaklingur sem ekki er giftur eða í sambúð liggur fyrir hvaða rétt hann á, hvaða bætur hann muni fá, frá hvaða degi og hversu lengi hann fær þær á meðan hann er öryrki. Það ætti að vera í samræmi við þær forsendur sem menn gefa sér um við örorkumatið.

Ég get því ekki séð að neitt geti raskað þessu nema lagabreyting frá Alþingi. En lagabreyting frá Alþingi raskar líka stöðu allra annarra öryrkja ef hún er til skerðingar. Þessir aðilar ættu því ekki að vera betur eða verr settir en þeir. Menn hljóta alltaf að ganga út frá þeim lögum sem eru í gildi hverju sinni. Ég get ekki séð að menn séu vantryggðir á nokkurn máta nema að því er varðar hjúskaparstöðuna, ef þeir skyldu gifta sig eða fara í sambúð gætu bæturnar lækkað eitthvað, meira að segja umtalsvert frá Tryggingastofnun, umfram það sem metið var.

Eins og ég gat um áðan er hægt að meta þetta inn í dæmið líka, sem sagt líkurnar á því að maðurinn fari í hjúskap, þær liggja nokkuð fyrir. Það er vitað hve stór hluti af hverjum árgangi er í hjúskap og má reikna með því inn í dæmið. Það geta tryggingafræðingar gert.

[14:40]

Lára Stefánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frumvarp skuli komið fram til að bæta úr þeim lapsus verið hefur í viðkomandi lögum. En á sama tíma hef ég áhyggjur af þeim sem báru skarðan hlut frá borði meðan lögin giltu, sem allsherjarnefnd hefur fallist á að hafi verið ósanngjörn.

Ég velti því fyrir mér hvort nefndin hafi það í huga endurskoðun á frumvarpinu milli umræðna, þ.e. að taka á þeim málum. Ef mistök verða við lagasetningu Alþingis er eðlilegt, þegar menn viðurkenna þau mistök, að bregðist við því með einhverjum hætti. Ég vildi fyrst og fremst leggja þetta atriði inn í umræðuna áður en málið fer til umræðu í nefndinni.

[14:41]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til að svara fyrirspurninni sem að mér er beint verð ég fyrir mitt leyti að segja að ég sé ekki að það sé mögulegt sem hv. þingmaður hreyfði í máli sínu, þ.e. að bæta tjónþolum þann mun sem hefur orðið. Alþingi þarf bara einfaldlega að ganga þannig frá löggjöfinni að hún nái í framkvæmd þeim tilgangi sem til var ætlast. Dæmin sem ég rakti áður voru byggð á hæstaréttardómum. Ég sé ekki fyrir mér neina einfalda leið til að bregðast við þessari stöðu. Að því marki sem í fyrirspurninni fólst sú hugleiðing hvort hægt væri að gera þeim sem skaðabótaábyrgðina báru að greiða mismuninn þá sé ég ekki fyrir mér að það sé hægt, einfaldlega vegna ákvæða stjórnarskrárinnar.

Þetta er í sjálfu sér ekkert eina dæmið sem við höfum þar sem lögum er breytt til að koma til móts við sanngirniskröfur og sanngirnissjónarmið. Ég held að það sé ómögulegt að elta ólar við það tímabil sem liðið er til þess að bæta upp fyrir þann tíma sem lögin voru í gildi.

[14:43]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um frumvarpið sem hér er til umræðu, frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, sem stafar frá allsherjarnefnd sem ég á sæti í og er þar af leiðandi einn af flutningsmönnum frumvarpsins. Mig langar þó að koma aðeins inn á þau atriði sem hér hafa verið til umfjöllunar.

Ég er þeirrar skoðunar að hv. þm. Bjarni Benediktsson, formaður allsherjarnefndar, hafi gert skýra grein fyrir þeim sjónarmiðum sem liggja að baki þeim breytingum sem frumvarpið mælir fyrir um. Þær breytingar byggja fyrst og fremst á þeim reiknireglum og útreikningsforsendum sem skaðabótalögin, eins og þau eru núna, mæla fyrir um. En dæmin sem nefnd hafa verið byggja á þeim dómafordæmum Hæstaréttar Íslands og þeirri túlkun sem rétturinn hefur lagt í þau tilteknu ákvæði skaðabótalaganna sem leiða til lagabreytingarinnar sem hér er lögð til.

Að mínu mati er um að ræða verulega réttarbót gagnvart tilteknum hópum, þ.e. annars vegar ekkjum og ekklum sem fá bætur vegna missis framfæranda og hins vegar gagnvart fólki sem verður fyrir verulegri örorku vegna tjóns sem það hefur orðið fyrir.

Verði frumvarpið að lögum felur það í sér verulega réttarbót fyrir þá fáu einstaklinga sem fá uppgjör á bótum á grundvelli þessa ákvæðis, en um er að ræða mjög fá mál á ári sem koma til uppgjörs vegna skaðabóta á grundvelli tjóns eins og þess sem hér er til umræðu

Hv. þm. Pétur Blöndal fór almennt yfir sviðið í ræðu sinni og var þar með athyglisverðar hugmyndir varðandi skaðabótaréttinn sem slíkan. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að mikilvægt er í þessu sambandi að blanda ekki saman annars vegar miskabótum og hins vegar þeim bótum sem við erum að fjalla um hér, þ.e. bætur fyrir varanlega örorku sem þýðir á almennu máli bætur vegna skerðingar á aflahæfi einstaklinga til framtíðar, skertum möguleikum fólks til að afla sér tekna á grundvelli þeirra líkamlegu og andlegu eiginleika sem það býr yfir.

Hv. þingmaður vék að eingreiðslukerfinu, sem praktíserað hefur verið hér á landi samkvæmt skaðabótalögunum síðan þau voru sett á árinu 1993 og reyndar lengur, og talaði fyrir nýju bótakerfi. Hann talaði um að koma upp sjóði sem annaðist greiðslu örorkubóta til tjónþola sem metnir hafa verið til örorku. Þetta eru að mínu mati athyglisverðar hugmyndir sem rétt er að setjast yfir og skoða í góðu tómi og við gott tækifæri. Hins vegar fælu þær í sér

algjöra grundvallarbreytingu á þeim skaðabótarétti sem hefur verið í framkvæmd á Íslandi, og ekki bara á Íslandi heldur á Norðurlöndunum. Íslensku skaðabótalögin og þær réttarreglur sem þar koma fram byggja á dönskum og norrænum skaðabótarétti.

Ég hygg því, þrátt fyrir að hv. þingmaður sé mér eflaust ósammála, að það sé svo að þær útreikningsforsendur og meginreglur sem lúta að bótagreiðslum, bæði vegna miskabóta og bóta vegna varanlegrar örorku, séu til komnar eða teknar upp fyrst og fremst úr dönskum rétti. Þær eru ekki í samræmi við þær hugmyndir sem hv. þingmaður vék að, án þess að ég sé að gera eitthvað lítið úr þeim.

Ég tel að lykilatriðið í þessu máli, og ég hygg að hv. þm. Pétur H. Blöndal sé sammála mér um það, og markmiðið sem við leggjum upp með í því sé að tryggja það að þegar þeir einstaklingar sem undir þessi ákvæði laganna heyra verða fyrir tjóni, fái þeir greiddar þær örorkubætur sem þeim ber, hvorki meira né minna. Það hefur verið þannig í allri umræðu um skaðabótalögin og þeim deilum sem átt hafa sér stað frá því þau voru sett árið 1993 að menn hafa allt frá upphafi verið að berjast fyrir því að tjónþolar sem verða fyrir örorku fái fullar bætur, hvorki meira né minna.

Ég lít svo á að markmiðið með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar sé að tryggja það að þeir tilteknu tjónþolar sem frumvarpið tekur til fái fullar bætur. Ég er ekki talsmaður þess að menn græði á bótakerfinu. Ég er heldur ekki talsmaður þess að menn fái lægri örorkubætur greiddar frá tryggingafélögum og Tryggingastofnun ríkisins en þeim ber. Hugtakið fullar bætur snýst bara um að uppgjörið sé sanngjarnt og í samræmi við örorkumat og örorku og það skerta aflahæfi sem liggur fyrir vegna slysa.

Ég tel að þau dæmi sem hér hafa verið tíunduð og tekin eru upp úr dómum Hæstaréttar og hv. þm. Bjarni Benediktsson gerði skýra grein fyrir í ræðu sinni þegar hann mælti fyrir frumvarpinu sýni svo ekki verður um villst að nauðsynlegt er að bregðast við gagnvart þessum tveimur hópum. Það eru auðvitað sanngirnissjónarmið sem búa þar að baki, sanngirnissjónarmið sem hafa það að markmiði að tryggja tjónþolum fullar bætur eins og ég kom að áðan.

Ég held að allir sem kynna sér málið og skoða þau dæmi sem liggja fyrir og dóma Hæstaréttar, sérstaklega varðandi eftirlifandi maka sem taka bætur vegna fráfalls maka sinna. Það er mjög furðulegt að Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu, eða að lögin hafi verið túlkuð á þann veg að skerða beri bætur til eftirlifandi maka á grundvelli reiknireglu sem miðast við þá forsendu að skerðingin sé tilkomin vegna bóta sem hinn látni maki hefði fengið ef hann hefði lifað. Hins vegar er dómapraxís Hæstaréttar Íslands á þá leið að hann hefur komist að niðurstöðu í þessum málum. Það hefur verið látið reyna á þessi álitaatriði oftar en einu sinni og oftar en tvisvar og dómarinn er náttúrlega bundinn af því að dæma sambærileg mál með sambærilegum hætti þegar myndast hafa fordæmi. Ef dómurinn sveigir út frá þeirri leið sem hann hefur áður verið þá eru grunnreglur réttarríkisins brotnar, það er mikilvægt að eitt gangi yfir alla. Það leiðir til þess að ef menn vilja bregðast við þessum aðstæðum, sem ég tel að séu ósanngjarnar gagnvart tjónþolum, þá er okkur sú ein leið fær að breyta lögunum, breyta reglunum og koma þeim skilaboðum á framfæri gagnvart dómstólunum að þegar sambærileg mál komi til úrlausnar þeirra í framtíðinni verði önnur sjónarmið lögð til grundvallar útreikningi.

Ég tel mikilvægt og rétt að gera þetta með þessum hætti, hver sem túlkun Hæstaréttar Íslands á skaðabótalögum frá árinu 1999 hefur verið.

Að öðru leyti tel ég, eins og ég sagði áðan, herra forseti, að frumvarpið feli í sér mikla réttarbót fyrir þessa tvo hópa sem byggist á sanngirnissjónarmiðum og miðar að því að menn fái fullar bætur, sanngjarnar bætur miðað við þá örorku sem þeir hafa hlotið vegna tjóns eða þeir makar sem látnir eru.

[14:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þegar rætt er um skaðabætur er það oftast þannig að það er einn einstaklingur sem á að greiða öðrum skaðabætur og þá er mjög eðlilegt að menn borgi eingreiðslu til þess að sá sem á að fá bæturnar sé ekki háður því um aldur og ævi eða lengi að hinn sé gjaldhæfur, sé á lífi og þess háttar til þess að greiða og þess vegna hafa menn ákveðið eingreiðslur. Sömuleiðis hjá tryggingafélögum. Tryggingafélög geta hætt starfsemi, þau geta lagst af, þau geta orðið gjaldþrota. Þess vegna er verið með eingreiðslur.

Það sem ég er að hugsa um er að ef tryggingafélögin greiddu eingreiðslu inn í sjóð þá væri komin ríkisábyrgð á hana. Ég reikna með að sá sjóður yrði með ríkisábyrgð og þá þarf ekki lengur að hafa eingreiðslur. Menn fá bæturnar.

Varðandi oftryggingu og að hvorki sé bætt meira né minna þá er það þannig í dag að örorka er yfirleitt byggð á ákveðnu mati á líkum. Menn vita ekki nákvæmlega hvað gerist í framtíðinni, maðurinn gæti dáið daginn eftir eða hann gæti orðið hundrað ára. Það liggur ekkert fyrir, þetta byggir allt á ákveðnum líkum og það er tjónþolinn sem ber áhættuna af líkunum, þ.e. ef hann verður 100% öryrki daginn eftir slysið, þá er hann vantryggður, fær sem sagt of lítið. Ef hann verður aldrei öryrki, segjum að það sé slíkt dæmi, þá hefur hann grætt og það er ekki meiningin. Í þessu örugga tryggingasjóðskerfi kæmi það einmitt ekki til.

Í seinna andsvari, sem ég vona að ég fari í, ætla ég að bera blak af Hæstarétti.

[14:54]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að örorka byggir á líkum. Örorka er metin af læknum sem meta læknisfræðilega örorku og sem bætur sem tryggingastærðfræðingar reikna venjulega út frá grundvelli launa. Þetta er allt saman rétt hjá hv. þingmanni. Í skaðabótalögunum eru síðan ákveðnar reglur sem leiða til skerðingar, t.d. miðað við aldur og aðra þætti sem teknir eru til greina við útreikning bóta. Það er ýmislegt þarna sem kemur til skerðingar.

Varðandi eingreiðsluna og það kerfi sem við höfum komið okkur upp, þá er það alveg rétt hjá hv. þingmanni að eins og skaðabótalögin eru framkvæmd og kveða á um í dag, þá er miðað við að tjón tjónþolans til framtíðarinnar sé reiknað út í eitt skipti fyrir öll og greidd út eingreiðsla. Og

það er líka alveg rétt sem hv. þingmaður segir og hefur áhyggjur af að maður sér allt of mörg dæmi þess að fólk sem orðið hefur fyrir áföllum og verið reiknuð örorka og fengið bætur, hefur farið illa út úr því og eytt peningum sínum hratt og illa. Það er kannski ástæða til þess, án þess að ég sé að mæla fyrir því, að taka það kerfi til einhverrar endurskoðunar en við verðum þá að gera það að vel yfirlögðu ráði og leggja í það mikla vinnu.

Ég sagði í ræðu minni að það getur vel verið að það sjóðafyrirkomulag sem hv. þingmaður er að benda á sé hentugra en núverandi kerfi en þetta frumvarp lýtur ekki að slíkri heildarendurskoðun á skaðabótalögunum. Það snýst bara um að leiðrétta ákveðna ósanngirni sem (Forseti hringir.) núgildandi lög mæla fyrir um.

[14:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég lofaði að bera blak af Hæstarétti. Í núgildandi lögum stendur, með leyfi frú forseta:

„Bætur fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka skulu vera 30% af bótum þeim sem ætla má að hinn látni mundi hafa átt rétt á fyrir algera (100%) örorku ...“

Það er þá er reiknað með að hann hefði lifað en hann lifði ekki. Hæstiréttur verður náttúrlega að fara eftir því sem lögin segja. Við verðum að reikna með því að maðurinn hefði lifað og fengið bætur frá Tryggingastofnun alla tíð. Hæstiréttur verður samkvæmt orðanna hljóðan að reikna með bótum sem maðurinn hefði fengið ef hann hefði lifað, en hann lifir ekki og fær ekki bæturnar. Hæstiréttur verður að komast að þeirri niðurstöðu sem er og sá lapsus sem lagaður er í þessu frumvarpi er mjög nauðsynlegur og mjög þarfur.

[14:58]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé alveg rétt að Hæstiréttur Íslands átti á grundvelli núgildandi laga að komast að þeirri niðurstöðu að þessar greiðslur ættu að koma til frádráttar til ekkna og ekkla við þær aðstæður þegar tjónþoli deyr af völdum slysa, eins og við höfum farið yfir, en reglan er engu að síður mjög ósanngjörn, svo ekki sé meira sagt, alveg sérstaklega ósanngjörn. Þeir hæstaréttarlögmenn sem unnið hafa í skaðabótamálum samtals í marga áratugi ef ekki öld, áttuðu sig alveg á því að það var á brattann að sækja þegar þeir létu reyna á þessi ákvæði skaðabótalaganna fyrir Hæstarétti.

Hins vegar þegar menn breyttu lögunum árið 1999, þá hygg ég, og lögskýringargögn benda til þess, að það hafi ekki verið vilji þingsins, vilji löggjafans, að setja í skaðabótalög þá reglu sem mælir fyrir um það að ef maki lendir í slysi og deyr af völdum slysfara og greiddar eru bætur vegna missis framfærandans séu þær skertar vegna bóta sem hinn látni hefði fengið ef hann hefði lifað. Það fyrirkomulag er ekki í samræmi við þann vilja sem löggjafinn ætlaðist til að yrði þegar skaðabótalögunum var breytt árið 1999. Það er á þeim grundvelli, hygg ég, sem þessi mál voru rekin fyrir Hæstarétti Íslands á sínum tíma. Hæstiréttur hefur hins vegar ekki talið sig, réttilega, vera í þeirri stöðu að geta dæmt frekar samkvæmt einhverjum óljósum vilja löggjafans í lögskýringargögnunum umfram það sem segir í lagatextanum sjálfum. Af því skýrast væntanlega þessar niðurstöður.

[15:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að lýsa yfir stuðningi mínum við þetta mál og þakka þeim í allsherjarnefnd fyrir að koma með það hér inn, þær nauðsynlegu lagfæringar sem stefnt er að að gera. Miklar vangaveltur hafa svo sem farið fram á milli manna um hvernig það mætti vera að bætur maka sem hefði látist væru reiknaðar til frádráttar hjá þeim sem eftir lifði og menn talið að engar skýringar væri á því að finna.

Ég tek fram að ég er sammála því að þessi regla sé óréttlát og eigi ekki að viðgangast. Hins vegar kann að vera að þannig hafi það verið metið við lagasetninguna 1999 að bætur til öryrkja væru það lágar að ef sá sem fyrir slysi hefði orðið hefði lifað það af og verið öryrki hefði maki haft af því óhagræði a.m.k. upp á 30% eða meira, þ.e. að bætur örorkuþegans hefðu engan veginn dugað honum til framfærslu og þar af leiðandi hafi menn komist að þeirri niðurstöðu að rétt væri að taka tillit til einhvers konar frádrags. Ég ímynda mér að þetta gætu hafa verið rökin, sem segir okkur eingöngu það að bæturnar eru eða voru það lágar að menn hefðu talið að þær dygðu ekki til framfærslu. Ég get ekki fundið neina aðra skýringu á því að menn skyldu yfirleitt setja þetta í lagatextann.

Ég held að hér sé um mikla réttarbót að ræða og mjög eðlilegt að þessar lagfæringar gangi fram og sjálfsagt að styðja þetta mál. Hins vegar var lýst eftir því af formanni allsherjarnefndar að æskilegt væri að fá fram umræður um málið og menn opnuðu á hugleiðingar og skoðanir um það til að skoða mætti þau atriði betur í allsherjarnefnd. Það er aðallega þess vegna sem ég er kominn upp í þennan ræðustól.

Hv. formaður allsherjarnefndar tók dæmi um örorkuþega sem missir handlegg og hvernig sá ávinningur er metinn til frádráttar — það er auðvitað ekki hægt að orða það sem ávinning heldur þær bætur sem viðkomandi ætti að fá vegna slyssins, og að hluti af þeim skuli dreginn frá við skaðabótakröfuna.

Ég hefði viljað spyrja að því sérstaklega, þegar menn fara að skoða þetta í allsherjarnefnd, hvort farið hefði verið yfir það nákvæmlega hvernig þessar frádráttarreglur eru fundnar og hvernig þær eru lagðar hver við aðra, ef hægt er að segja sem svo, miðað við lögin og reglurnar og einkum að því leyti til sem varðar það að sá sem fyrir örorkunni verður er kannski metinn þegar frá líður þannig að hann geti stundað einhverja vinnu og jafnvel aflað sér einhverra tekna. Mér er hins vegar ekki ljóst og vil víkja að því hvort við það mat sem ef til vill getur komið öryrkjanum til góða í nýjum tekjum í framtíðinni, þrátt fyrir örorku sína vegna slyssins, sé þá jafnframt metið inn að viðkomandi örorkulífeyrisþegi þurfi að endurmennta sig, fara í nám með tilheyrandi kostnaði, til að hann eigi þá yfirleitt einhverja möguleika á að afla sér nýrra tekna.

Það er náttúrlega ekki bara um það að ræða að segja sem svo: Ja, einhvern tíma í framtíðinni verður viðkomandi

örorkulífeyrisþegi hugsanlega fær um að afla sér einhverra tekna. Slys hans kann að vera með þeim hætti og menntun hans áður en hann slasaðist að hann eigi litla möguleika á því, nema þá að ganga í skóla og mennta sig í allt öðru starfi og til þess þarf auðvitað ákveðna fjármuni og ákveðinn kostnað. Þess vegna finnst mér í mörgum tilfellum að það frádrag sem gert er ráð fyrir þegar fólk verður fyrir örorku — það er auðvitað misjafnt eftir því í hverju örorkan felst, að hún sé ofmetin í þessu frádragi. Mér finnst það ekki nægilega skoðað. Í sumum dæmum sem maður hefur heyrt um þarf viðkomandi örorkulífeyrisþegi að leggja í mikinn kostnað og mikið starf við að afla sér nýrrar menntunar til þess ef til vill að geta aflað sér tekna, það sé ekki nægjanlega metið þegar verið er að meta hvað á að skerða þær skaðabótakröfur sem hann setur fram.

[15:06]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Bara örlítið mál.

Í lögunum og líka í frumvarpinu, 2. gr., stendur, með leyfi forseta:

„Bætur fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka skulu vera 30% af bótum þeim sem ætla má að hinn látni mundi hafa átt rétt á fyrir algera (100%) örorku."

Svo bæta menn við í þessu frumvarpi „án frádráttar". Ég benti á það áðan að það þyrfti að vera: án frádráttar annars en eingreiðslna, vegna þess að þær koma inn.

Það sem vantar hérna inn í eru börnin. Einstæðum foreldrum með börn fjölgar í síauknum mæli og ef þeir falla frá fær enginn bætur, af því að þeir eiga ekki maka. Það stendur hérna „fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka". Það vantar börnin. Ég legg til að hv. allsherjarnefnd, sem ætlar að taka málið inn milli 1. og 2. umr., hugleiði að bæta inn í: fyrir missi framfæranda til maka, sambúðarmaka eða barna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:08]

Útbýting:

Flutningur fíkniefnaleitarhunda milli Norðurlandanna, 739. mál, fsp. RG, þskj. 1103.

Gini-stuðull fyrir ráðstöfunartekjur hjóna og sambúðarfólks, 658. mál, svar fjmrh., þskj. 1091.

Hundar og sóttvarnir, 740. mál, fsp. RG, þskj. 1104.

Kanínubyggð í Vestmannaeyjum, 743. mál, fsp. MÞH, þskj. 1108.

Kostnaður við lögfræðiálit, 491. mál, svar forsrh., þskj. 1105.

Kóngakrabbar, 742. mál, fsp. MÞH, þskj. 1107.

Stuðningur við börn á alþjóðavettvangi, 741. mál, fsp. RG, þskj. 1106.

Landbúnaðarstofnun, 1. umr.

Stjfrv., 700. mál. — Þskj. 1058.

og

Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, 1. umr.

Stjfrv., 701. mál. — Þskj. 1059.

[15:10]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Landbúnaðarstofnun sem er á þskj. 1058, mál nr. 700 á þessu löggjafarþingi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sameina stofnanir, embætti og verkefni á sviði eftirlits og stjórnsýslu innan landbúnaðarins í eina öfluga eftirlits- og stjórnsýslustofnun, Landbúnaðarstofnun. Með þeim hætti nýtist þverfagleg sérþekking betur en hingað til og grundvöllur er lagður að bættri og skilvirkari stjórnsýslu og einfaldara og samhæfðara eftirliti.

Landbúnaðarstofnun er falin framkvæmd ýmissa eftirlits- og stjórnsýsluverkefna samkvæmt lögum sem talin eru upp í 2. gr. frumvarpsins. Lagt er til að eftirtaldar stofnanir landbúnaðarráðuneytisins verði lagðar niður: yfirdýralæknir, veiðimálastjóri og aðfangaeftirlitið. Landbúnaðarstofnun er ætlað að taka að sér hlutverk ofangreindra stofnana. Einnig er lagt til að embætti kjötmatsformanns verði lagt niður og starfsemi þess flutt til Landbúnaðarstofnunar og að starfsemi plöntueftirlits flytjist þangað frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Að auki er Landbúnaðarstofnun ætlað að fara með stjórnsýsluverkefni sem Bændasamtök Íslands hafa farið með og varða framleiðslustýringu í landbúnaði, forðagæslu og eftirlit með aðbúnaði búfjár.

Umræddar ríkisstofnanir og embætti hafa flestar aðeins fáum starfsmönnum á að skipa. Hafa sumar unnið nokkuð einangrað eða verið að hluta vistaðar innan annarra stofnana landbúnaðarráðuneytisins. Samanlögð velta þeirra samkvæmt fjárlögum 2005 er 505,5 millj. kr. og stöðugildi starfsmanna um 50 talsins. Því til viðbótar kemur kostnaður vegna verkefna sem með samningi hafa verið falin Bændasamtökum Íslands.

Með þessum breytingum skapast möguleiki á að samnýta mannafla betur en hingað til með markvissari stjórnsýslu og eftirliti og jafnframt koma í veg fyrir skörun. Landbúnaðarstofnun kemur fram sem ein heild sem auðveldar samskipti við aðrar stofnanir innan lands og utan, svo og við eftirlitsþola. Þá mundi sameining umræddra eftirlitsþátta í eina stofnun auka gagnsæi og trúverðugleika starfsins og koma til móts við vaxandi kröfur um markvissari vinnubrögð og aukna neytendavernd. Ein stofnun væri enn fremur betur í stakk búin til að standa öflugan vörð um heilbrigði manna, dýra og plantna og tryggja aðbúnað búfjár, heilnæmi fóðurs og öryggi í framleiðslu landbúnaðarafurða.

Það er mat landbúnaðarráðuneytisins að tilkoma Landbúnaðarstofnunar mundi skapa grundvöll fyrir markvissari stjórnsýslu í einfaldara og skilvirkara eftirlitskerfi sem lík-

legt væri til að ávinna sér traust neytenda.

Hæstv. forseti. Ég mæli einnig fyrir frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, á þskj. 1059, mál nr. 701 á þessu löggjafarþingi.

Frumvarpi þessu er ætlað að breyta lögum til samræmis við það sem rakið hefur verið hér að framan og miðar að því að flytja þau verkefni sem um ræðir til Landbúnaðarstofnunar. Ekki er um að ræða efnisbreytingar, einungis er verið að breyta ákvæðum laganna til samræmis við hlutverk og tilgang hinnar nýju stofnunar. Undantekning er þó að því er varðar 10. gr. þar sem ákvæðum er breytt til samræmis við breyttar aðstæður og þarfir að því er varðar rétt manna til kaupa á líflömbum frá ósýktum svæðum og í 27. gr. þar sem kveðið er á um að búfjáreftirlitsmenn skuli líta eftir merkingum búfjár. Breyting þessi er til samræmis við reglur sem settar hafa verið um einstaklingsmerkingar búfjár í þeim tilgangi að tryggja rekjanleika búfjárafurða.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvörpunum verði vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

[15:15]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var frekar stutt og hnitmiðuð framsaga hjá hæstv. ráðherra.

Mig langar að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra að því í andsvari mínu, ef hann getur upplýst það í umræðunni, hve mikið af starfsmönnum hinnar nýju stofnunar muni starfa utan höfuðborgarsvæðisins, þá er ég að tala um Stór-Reykjavíkursvæðið, og hvar þeir verði staðsettir á landinu. Fyrir örskömmu upplifðum við að hæstv. sjávarútvegsráðherra færði eftirlitsstofnunina Fiskistofu út á land að stórum hluta. Ég tel það mjög ánægjulegt og í samræmi við þá stefnumótun sem hefur verið til staðar á undanförnum árum að ráðuneytið skuli almennt leitast við að dreifa verkefnum út um landsbyggðina. Er það vel að það skuli sjást í verki þó okkur landsbyggðarþingmönnum hafi fundist oft lítið að gert á undanförnum árum í þá veru.

Erindi mitt í ræðustól var eingöngu að biðja hæstv. landbúnaðarráðherra að útlista nánar fyrir okkur hversu mörg störf verða úti á landsbyggðinni, hver þau verða og hvort einhverjar hugmyndir séu um hvar þau verði staðsett.

[15:17]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og staða verkefnanna er í dag starfar náttúrlega stór hluti starfsfólksins vítt og breitt um landið. Stærri parturinn af stofnuninni starfar með yfirdýralækni, héraðsdýralæknar og starfsmenn þeirra, þannig að mikið af fólkinu vinnur á landsbyggðinni í dag.

Það má líka spyrja sig hvar höfuðstöðvar slíkrar stofnunar ættu að vera í framtíðinni. Um það hefur engin ákvörðun verið tekin í frumvarpinu. Yfirdýralæknisembættið hefur starfað í Reykjavík, aðfangaeftirlitið og veiðimálastjóri einnig. Kjötmatsformaður hefur verið á Akureyri. Engar breytingar eru áætlaðar hvað það varðar. Þeir starfsmenn sem hafa annast búvörusamningana og verið hjá Bændasamtökum eru á Hótel Sögu í dag. Þeir munu eðlilega flytjast þaðan.

Hvað þessi stóru atriði varðar hafa því engar ákvarðanir verið teknar enn þá, en þetta er auðvitað starfsemi sem tilheyrir að stórum hluta landsbyggðinni þó hún snúi líka hér að þeirri miklu vinnu að skapa neytendum öryggi og standa vörð, eins og aðfangaeftirlitið sem fylgist með innflutningi og yfirdýralæknisembættið.

Þetta er því staðan í dag. Hver hún verður í framtíðinni verða menn auðvitað að vinna úr.

[15:19]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, það er líka spurningin: Hvar verður stofnunin staðsett? Ég hefði talið mjög áhugavert ef hæstv. landbúnaðarráðherra vildi hugleiða það í fullri alvöru hvort stofnun sem á að þjóna landbúnaðinum, sem er að stærstum hluta staðsettur utan höfuðborgarsvæðisins, hvort ekki væri rétt að finna stofnuninni stað (Gripið fram í.) utan höfuðborgarsvæðisins, hv. þm. Helgi Hjörvar. Ég held að það væri ákaflega vel til fundið og vil beina því til hæstv. landbúnaðarráðherra að það verði hugleitt í þeirri endurskipulagningu sem hér er lögð til að stofnuninni verði fundinn staður utan Stór-Reykjavíkursvæðisins.

[15:20]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni góð ráð og yfir þau verður auðvitað farið. Stofnunin sinnir líka miklu starfi sem snýr að öryggi fólks í landinu og matvælum, en þetta eru góð ráð. Ég hef haft það sem stefnu í störfum mínum að þeir sem þjóna landbúnaðinum og bændum eiga að vera nærri akrinum. Það tel ég mjög mikilvægt. Fólkið sem starfar hjá hinum stóru og litlu stofnunum í dag er margt nærri akrinum, nærri þeim vettvangi sem það vinnur að. Við skulum fara yfir það í sameiningu við vinnslu frumvarpsins.

[15:21]

Lára Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir spurningar og umræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar um staðsetningu á stofnun sem þessari. Ég tel mikilvægt í umfjölluninni að við vitum hvar hæstv. ráðherra ætlar að setja stofnunina, sérstaklega í ljósi þess að gert er ráð fyrir ákveðnum greiðslum til starfsmanna sem ekki munu vinna hjá hinni nýju stofnun. Ég held að mat á því hljóti að verða í ljósi þess hvar stofnunin verður staðsett, en hvet eindregið til þess að hún sé úti á landi og auðvitað helst á Akureyri.

Það er annað sem ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra að. Samkvæmt frumvarpinu á forstjóri stofnunarinnar að vera dýralæknir með æðri prófgráðu á sama tíma og hann setur plöntueftirlit Landbúnaðarháskólans í þá tilteknu stofnun. Ég velti fyrir mér: Hvers vegna eru gerðar kröfur um að dýralæknir með æðri prófgráðu sé í plöntueftirliti?

[15:22]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég býst við að stofnunin verði deildaskipt innan frá og plöntueftirlitið hafi sinn deildarstjóra, en stofnunin mun fást við mjög mikil verkefni á sem flestum

sviðum sem snúa að heilbrigði dýra og heilbrigði manna, heilbrigðiseftirliti o.fl. Dýralæknar eru sérmenntaðir á þessum sviðum. Ég býst við að margir gætu t.d. fengist við að vera yfir deild sem snýr að því að sjá um búvörusamninga, það þarf ekki menntaðan dýralækni þar. Embætti yfirdýralæknis er það stórt í nýju stofnuninni, ég hugsa að þau verkefni séu hátt í 80%. Veiðimálastofnun fæst við sams konar verkefni og aðfangaeftirlitið einnig. Þetta er til að skapa þá stefnu að stofnunin viðhafi mikið fræðilegt öryggi gagnvart sjúkdómum manna og dýra.

[15:23]

Lára Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka mikilvægi þess að hæstv. ráðherra gefi upp hvar hann hyggst koma stofnuninni fyrir þannig að augljósara sé í hvaða umhverfi stofnunin muni vinna og hvað gera megi ráð fyrir að margir starfsmenn fylgi með henni þangað sem henni verður ætlaður staður.

[15:24]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er auðvitað fyrst og fremst verið að stofna til sterkrar faglegrar stofnunar sem starfar um allt land í dag. Ég held að það væri óheppilegt við 1. umr. málsins að við færum að takast mjög á um staðsetningu, hvort hún verði norðan fjalla eða sunnan eða í höfuðborginni. Ég hefði frekar kosið að vinna það samhliða frumvarpinu og með nýjum forstjóra þegar þar að kemur að staðsetja, en auðvitað munum við ræða þetta með hv. landbúnaðarnefnd og fara yfir þá stöðu.

[15:25]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nýlega er búið að slá saman mörgum stofnunum eins og við þekkjum með Umhverfisstofnun. Þangað fór Hollustuvernd, Náttúruvernd, veiðistjóraembættið og eitt og annað. Það verður því miður að segjast eins og er að reynslan af þeirri samsuðu er ekkert sérstaklega góð, alla vega höfum við sem störfum á landsbyggðinni og í tengslum við þá stofnun ekki skynjað einhvern aukinn verkefnatilflutning eða eitt og annað, heldur hefur báknið einungis stækkað og orðið jafnvel erfiðara að fá afgreiðslu mála við það.

Ég vil því spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra hvort hann hafi farið yfir þá reynslu við þá vinnu sem verið er að fara í með því að slá saman yfirdýralækni og öðrum embættum landbúnaðarráðuneytisins í eina nýja stofnun, Landbúnaðarstofnun. Ég hefði einmitt talið að sú vinna hefði átt að fara fram og sú skoðun til að menn geri ekki sömu mistök og varðandi Umhverfisstofnun.

Önnur mál brenna á fólki í þessum geira, m.a. héraðsdýralæknum, í tengslum við breytinguna sem verið er að fara í. Er hugsunin að breyta eitthvað, fjölga eða fækka héraðsdýralæknaembættum í tengslum við breytinguna, eða á það að vera óbreytt? Það væri fróðlegt að það kæmi fram í umræðunni.

[15:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Umhverfisstofnun hefur verið að stíga sín fyrstu skref og mótast, ég hef ekki heyrt neinar slæmar sögur af þeirri stofnun, en það er auðvitað það eftirlit sem heyrir undir umhverfisráðuneytið. Fiskistofa heyrir undir sjávarútvegsráðherra og svipuð hugsun er á bak við Landbúnaðarstofnunina. Mjög hefur verið um það rætt að matvælamálin heyrðu einhverjum til og í mörgum löndum fara menn þá leið að hafa ábyrgðina frá haga í maga, að það sé keðjan öll. Þess vegna færi það auðvitað mjög vel saman með Landbúnaðarstofnun. Stofnunin er ekki hugsuð til að stækka báknið, heldur frekar í hina áttina og gera það skilvirkara.

Hvað héraðsdýralæknana varðar eru engin áform um miklar breytingar, en það yrði auðvitað að skoða það. Þetta gæti líka breytt stöðu þeirra og styrkt héraðsdýralæknisembættin sem eru misjöfn, en ég hef engin áform sett fram eða ráðuneytið um að fækka héraðsdýralæknum. Við teljum að þeir þurfi, sem eftirlitsaðilar og þjónustuaðilar, að vera alls staðar á landinu og þannig mun verða haldið á þeim málum. Það er mjög algengt í dag að menn horfi til breyttra samgangna og hagræði og breyti umdæmum. Yfir það yrði auðvitað að fara með nýjum forstjóra og nýrri stofnun hvað heppilegast væri í þeim efnum. Ef ég segi mína skoðun, ef við horfum lengra fram í tímann, þá getur það t.d. verið á kjördæmavísu.

[15:29]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er náttúrlega augljóst að ef það á að vera á kjördæmavísu er verið að fækka störfum, fækka héraðsdýralæknum. Það er gott að það hafi komið skýrt fram í máli hæstv. ráðherra og ég er ekki viss um að það falli í frjóan jarðveg á landsbyggðinni.

En vert er að fara yfir aðra þætti. Hæstv. ráðherra hefur unnið ötullega að því að fækka sláturhúsum og gengið mjög hart fram í þeirri baráttu sinni að fækka þeim og störfum á landsbyggðinni. Í framhaldi af því er rétt að spyrja hvort eftirlitsþátturinn sé orðinn það rýr varðandi matvælaeftirlitið hjá héraðsdýralæknum að þess vegna beri að flytja eftirlitið frá yfirdýralækni og þess vegna yfir til sveitarfélaganna, að menn séu ekki að halda sig í þeim kössum að sláturhúsin séu hjá yfirdýralækni í staðinn fyrir að þau séu hjá eftirliti sveitarfélaganna, að það séu ekki mörg eftirlitskerfi að fylgjast með sömu fyrirtækjunum.

[15:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður er þekktur eftirlitsmaður úr sinni byggð og hefur verið hjá sveitarfélögunum þannig að hann talar af mikilli þekkingu. Ég er nú reyndar þeirrar skoðunar að eftirlitið sé betur komið hjá yfirdýralæknisembætti og héraðsdýralæknum. Ég var nú svona bara að tala um framtíðina. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir fækkun héraðsdýralæknanna eins og má lesa heldur að efla og styrkja störf þeirra og ekkert síður að gera þá tilbúna til þess að taka við stærri verkefnum. Ég var reyndar að segja að það gæti verið markmið í framtíðinni að styrkja þau

embætti enn betur eða endurskoða þau og gera þau öflugri og nefndi þess vegna á kjördæmavísu. Þetta eru gríðarlega mikil embætti bæði út af búfé og heilbrigði manna og dýra.

Sláturhúsin eru svo allt annað mál. (Forseti hringir.) Bændurnir hafa fækkað þeim sjálfir.

[15:31]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Við erum hér að ræða frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun sem mun verða ný stofnun. Mig langar aðeins að leggja nokkur orð inn í þá umræðu sem síðan fer til hv. landbúnaðarnefndar. Hún getur þá notað þau rök sem ég kem með inn í þetta mál.

Fyrst vil ég aðeins koma inn á þann þátt einmitt sem hér hefur komið fram í umræðunni sem er staðsetning stofnunarinnar. Ég held að slík umfjöllun sé eðlileg. Ég held að eðlilegt sé að hún eigi sér stað bæði nú við 1. umr. og síðan inni í landbúnaðarnefnd. Við sjáum oft að verið er að leggja fram frumvörp og þingsályktunartillögur um stofnanir. Hv. varaþingmaður Ísólfur Gylfi Pálmason leggur hér fyrir þingið þingsályktunartillögu um rannsóknarstöð í landgræðslu. Hann velur henni stað í Gunnarsholti. Það er vel til fundið finnst mér. Á sama hátt held ég að ofureðlilegt sé að við förum yfir það hvar þessi stofnun skuli vera. Mér finnst hreint einboðið að hún verði á Selfossi. Ég skal færa fyrir því nokkur rök.

Í fyrsta lagi kemur frá Selfossi eða héraðinu þar um kring u.þ.b. 50% af landbúnaðarframleiðslu landsins. Þar er og til staðar mjög öflug fagþekking t.d. í búnaðarmiðstöðinni sem þar er rekin af Bændasamtökum og ríki. Þar er gríðarlega öflug dýralæknaþjónusta sem hefur yfir miklum mannauði að ráða. Þar eru að sjálfsögðu góðar samgöngur sem verða enn betri þegar samgönguáætlun vindur fram eins og nú horfir. Auk þess er verið að ræða það að selja Lánasjóð landbúnaðarins. Þá losnar þar húsnæði m.a. sem má huga að hvort ekki nýttist þessari nýju stofnun. Það kemur einmitt fram í athugasemdum um frumvarpið að huga þurfi að húsnæði fyrir stofnunina og þarna er það húsnæði einfaldlega fyrir hendi. Mér finnst mörg og flest öll rök og öll rök hníga að því að þessi stofnun, þar sem u.þ.b. 50 manns starfa og fer þeim að sjálfsögðu fjölgandi, verði á Selfossi.

Mig langar aðeins að fjalla um hvað þessi stofnun eigi í raun að gera, hvaða verki hún eigi að þjóna. Hún á að þjóna því faglega verki sem yfirdýralæknir og hans undirstofnanir hafa með höndum. Það er vissulega faglegt verk. Þess vegna skil ég að það sé sett fram í lögunum að dýralæknir skuli vera forstjóri þessarar stofnunar. Það finnst mér afar eðlilegt. Hins vegar er stofnuninni ætlað að sinna fleiru en faglegum þáttum er lúta að heilbrigði dýra og afurða, sláturafurða og þess geira. Stofnunin á t.d. að fylgjast með áburði og sáðvöru, plöntueftirliti og sjúkdómum og meindýrum á plöntum. Þetta er nokkuð óskylt í sjálfu sér. Þetta heyrir ekki undir það sem við þekkjum sem yfirdýralæknisembætti.

Svo er þriðji þáttur þessarar stofnunar. Ég skipti henni í þrjár deildir. Það er sá þáttur sem annars vegar Bændasamtök Íslands hafa innt af hendi fyrir og með landbúnaðarráðuneytinu ásamt búnaðarsamböndunum sem eru í raun handleggur Bændasamtakanna sem ekki er getið í frumvarpinu vegna þess að búnaðarsamböndin í hverjum landshluta fyrir sig annast fjöldamörg verk fyrir Bændasamtök Íslands. Þar kemur því til sögu allt annar faglegur þáttur sem heyrir undir fóðureftirlit, forðagæslu, kvótamál og ýmsar hagtölur sem notaðar eru af þeim aðilum og þeir aðilar hafa gríðarlega öflugt tölvukerfi til að halda utan um slíka hluti. Svo eru það einstaklingsmerkingar búfjár o.s.frv. Þetta eru gríðarlega mörg verk og svo er allt það kynbótastarf sem þessir aðilar vinna. Þess vegna held ég að eðlilegt sé að menn skoði svolítið þessa þrjá þætti sem stofnunin á að fjalla um og að farið sé yfir það. Það kemur fram að deildarskipta eigi stofnuninni. Það er vissulega rétt og hugsanlega kann það að koma til móts við það sem ég er hér að færa fram hvað þetta varðar.

Mér sýnist af athugasemdum við lagafrumvarpið sjálft að þar sé verið að tala um samþættingu verka og að miklir hagræðingarmöguleikar verði. Ég hygg að það verk sem Bændasamtök Íslands og búnaðarsamböndin hafa innt af hendi fyrir ríkið sé unnið á mjög hagstæðan hátt. Ég efa að þegar slíkir verkþættir eru komnir inn í svona stofnun að þeir verði ódýrari eða skilvirkari en nú er. Ég leyfi mér að stórefa það. Þetta þurfum við að fara yfir. Þar að auki er til gríðarleg fagþekking þar inni og mikil og öflug tölvukerfi sem vinna að þeim verkefnum sem þessi hagsmunasamtök hafa unnið fyrir landbúnaðinn.

Frú forseti. Þetta eru helstu atriðin sem ég vildi fara yfir. Að lokum er hérna fylgiskjal frá fjármálaráðuneytinu um kostnað. Ég hef bent á að þar komi fram að þörf sé á húsnæði fyrir þessa nýju stofnun. Það húsnæði er fyrir hendi að ég tel á Selfossi þar sem Lánasjóður landbúnaðarins er. Það kannski verður því til þess að sá kostnaður sem fjármálaráðuneytið eðli málsins samkvæmt hefur áhyggjur af verði nokkru lægri.

Það er auðvitað mjög ánægjulegt og því má fagna sem fram hefur komið í fjölmiðlum í þessari viku að sjávarútvegsráðherra hafi flutt fjölmörg störf út á land sem tilheyra undirstofnunum sjávarútvegsráðuneytisins. Þess vegna held ég að við eigum að nýta tækifærið, þann möguleika sem skapast þegar nýjar stofnanir eru settar á stofn, ef svo má að orði komast. Þá eigum við að nýta tækifærið og flytja þær út á land. Landbúnaður er í eðli sínu stundaður á landsbyggðinni. Samgöngur eru að stórbatna við Árnessýslu. Þar er framleiðslan. Þess vegna finnst mér alveg einboðið að þessi stofnun verði þar.

[15:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi ræða var ágætt innlegg í það hvar eigi nú að setja niður þessa stofnun. En mér fannst einhvern veginn að í henni kæmi fram ýmislegt sem benti til þess að mannauðurinn og allt sem til þyrfti væri kannski meira á öðrum stað en hv. þingmaður benti á, þ.e. á Hvanneyri. Ég ætla ekki að draga úr því eða útiloka það að það geti orðið niðurstaða sem hv. þingmaður var að nefna. En ég tel að það þurfi bara að skoða þetta mál mjög vandlega með tilliti til þess hvar sé skynsamlegast að setja þetta niður. Þá hlýtur aðalstaður landbúnaðarins í landinu að verða til umhugsunar og athugunar hvað þetta varðar. Hins vegar fannst mér

koma fram gagnrýni hjá hv. þingmanni sem bendir til þess að honum finnist að málið hafi í heild ekki verið skoðað nógu mikið og að sumt af því sem þessi stofnun eigi að annast eigi kannski ekkert endilega heima í henni. Ég tel því að eitthvað sé eftir fram undan til þess að fara yfir í sambandi við þetta mál og að málið hafi a.m.k. ekki verið undirbúið mjög nákvæmlega í höndum þeirra þingmanna sem styðja stjórnarflokkana og eru kosnir til þings af Suðurlandi.

Ég vildi koma þessu að hér og spyrja hv. þingmann að því hvort honum finnist ekki alveg ástæða til þess að bera a.m.k. þessa hluti mjög vandlega saman.

[15:42]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson talar um staðsetningu þessarar nýju stofnunar. Vissulega bendir hann á Landbúnaðarháskóla Íslands sem mögulegan stað fyrir þessa stofnun. Það má vel vera og eðlilegt að taka það upp í þessari umræðu. En ég vil líka benda hv. þingmanni á að Landbúnaðarháskóli Íslands er ekki bara á Hvanneyri. Landbúnaðarháskóli Íslands er einfaldlega líka á Reykjum í Ölfusi. Þar eru öll tæki og tól og hvergi er meiri fagmennska en einmitt þar til að hafa með höndum eftirlit með sáðvöru, sjúkdómum og meindýrum og plöntueftirlit sem er heilmikill kafli í þessari nýju stofnun. Því má alveg eins álíta að Landbúnaðarháskólinn gæti vistað það einmitt á Reykjum í Ölfusi. Það má vel hugsa það þannig.

Ég þarf ekkert að fara frekar yfir rökstuðning minn fyrir staðsetningu þessarar stofnunar. En rétt til að upplýsa þingheim um það að þá er það búnaðarsamband sem starfar á Suðurlandi og heitir Búnaðarsamband Suðurlands svo langsamlegast öflugast og stærst og virkasta búnaðarsambandið hér á landi að segja má að önnur búnaðarsambönd, með góðri virðingu fyrir því fólki sem þar vinnur, komist bara ekki með tærnar þar sem Búnaðarsamband Suðurlands hefur hælana.

Ég vil fyrst og fremst með þessari umræðu leggja mitt lóð á vogarskálarnar varðandi þetta frumvarp og þessa nýju stofnun og koma þessum ábendingum á framfæri. Hér er ekki um það að ræða að við séum nokkuð ósátt við frumvarpið í heild sinni sem slíkt.

[15:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara að vekja upp úlfúð milli stjórnarliða í þessu máli. En mér finnst einhvern veginn að í ræðu hv. þingmanns hafi komið fram að hann telji ekkert endilega einboðið að þessi starfsemi eigi að vera á einum stað sem hér um ræðir, ekki endilega einboðið að það eigi að vera í sömu stofnun allt saman sem þarna er um talað. Þess vegna taldi ég ástæðu til þess að færa fram það sem ég var hér að segja.

Ég er á þeirri skoðun að það hljóti að þurfa að skoða mjög vandlega hvort aðgangur að þekkingu sem þarna nýttist kannski best ætti ekki að vera í nágrenni við Mekka landbúnaðarins í þessu landi. Ég tel að það hljóti að verða mjög til skoðunar. Það er auðvitað mikið umrót í þessum málum öllum og mikill vandi fyrir hæstv. landbúnaðarráðherra að sigla þannig að öllu verði sem best fyrir komið. Það er mikið rót í sambandi við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann er nýlega orðinn til með þeim hætti sem nú er. Nú kemur þetta til viðbótar. Þess vegna er ástæða til þess að menn gái vel að sér þegar verið er að gera breytingar eins og þær sem hér er um að ræða.

[15:46]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvað varðar það mál sem hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi hér vil ég bara taka fram að þegar stjórnarfrumvörp eru lögð fram þá höfum við ekki komið að undirbúningi þeirrar lagasetningar en okkur gefst tækifæri til að ræða þingmálin við 1. umr. áður en þau fara til nefndar. Ég treysti hv. landbúnaðarnefnd fullkomlega til að fara yfir þá umræðu sem hér verður í dag og að vinna svo úr málinu ásamt hæstv. landbúnaðarráðherra. Ég er ekki að koma með neinn klofning í stjórnarliðið, langt í frá, þetta eru bara eðlileg, lýðræðisleg vinnubrögð sem við eigum að virða hér.

Ég vona innilega að Landbúnaðarháskóla Íslands farnist vel. Ég átti aðild að því að Garðyrkjuskóli ríkisins var settur undir þá stofnun og að þær stofnanir sem áður voru, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Garðyrkjuskóli ríkisins yrðu settar undir eina stofnun. Ég held að það hafi verið skynsamlegt á þeim tíma og muni sannast í framtíðinni að hafi verið rétt ákvörðun.

[15:47]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Mér sýnist við yfirlestur þessa frumvarps að hér geti verið hið besta mál á ferðinni. Að mörgu leyti minnir þetta mjög á þegar stofnanir landbúnaðarins, skólarnir á Hvanneyri og Reykjum ásamt RALA, voru sameinaðar í Landbúnaðarháskóla Íslands. Það var gert til þess að styrkja starfsemi skólanna á Hvanneyri og Reykjum. Mér sýnast öll teikn benda til að þar hafi vel til tekist eftir örlitlar misfellur kannski í upphafi eins og við er að búast því þetta er vandaverk. Mér sýnast öll þau markmið sem hæstv. ráðherra lýsti yfir í upphafi vera hin eðlilegustu og ákjósanlegt að stefnt sé að hagræðingu og samnýtingu eins og hann lýsti í inngangsræðu sinni.

Margir þingmenn hafa komið inn á staðsetningu væntanlegrar stofnunar. Það er rétt eins og bent var á umræðunni áðan, m.a. af hálfu hæstv. landbúnaðarráðherra, að starfsemi sem tilheyrir landbúnaði fer auðvitað að langmestu leyti fram úti á landi. Því er eðlilegt að koma þjónustustofnunum við landbúnaðinn fyrir þar.

Ég sagði áðan að sameining stofnananna í fyrra hefði verið gerð með það að markmiði að styrkja stöðu skólans á Hvanneyri. Ég tel að við höfum ástæðu til að haga málum þannig að starfsemi háskólans á Hólum styrkist einnig. Ég tel að hér komið sé tækifæri til þess, þ.e. að haga endurskipulagningunni þannig og koma málum þannig fyrir að það verði til stuðnings og eflingar fyrir Háskólann á Hólum.

Bent var á hér áðan að mannauður væri mikill á vissum stöðum. Það er örugglega alveg rétt en hins vegar er það svo að mannauður er færanlegur. Ég er þá ekki að tala um að færa eigi mannauð frá Hvanneyri eða Reykjum, heldur

er málið að menntað fólk sækir þangað sem störfin bjóðast. Því miður hefur orðið sú breyting úti á landi að ungt fólk sem fer burt til að mennta sig á þess ekki kost að snúa aftur heim þrátt fyrir að það vilji það, vegna þess að ekki bjóðast störf fyrir menntað fólk úti á landi. Í þessu efni ber núverandi ríkisstjórn og reyndar margar á undan henni mikla ábyrgð, vegna þess að störfum hefur verið safnað saman og uppbyggingin hefur farið fram á suðvesturhorninu. Það er kominn tími til að fulltrúar hæstv. ríkisstjórnar hysji upp um sig buxurnar og bjóði fram störf fyrir menntað fólk úti á landi. Hér gefst tækifæri og ég vona að það sé fyrirætlan hæstv. landbúnaðarráðherra að gera það, frú forseti.

Ég tók eftir því þegar ég las frumvarpið að talað er um að ýmsum aðilum verði sagt upp störfum af eðlilegum ástæðum þar sem verið er að leggja niður stofnanir og búa til nýja og þeim verði jafnframt boðið starf við hina nýju stofnun aftur. Ég gat hins vegar ekki séð að kveðið væri á um það í þessum lögum að héraðsdýralæknum yrðu boðin störf aftur. Ég spyr því eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson gerði áðan hvort til standi að endurskipuleggja starfsumhverfi héraðsdýralækna. Ef svo er, hvað liggur þar að baki?

Ég held að það sé líka alveg ljóst að þrátt fyrir að höfuðstöðvum væntanlegrar stofnunar verði komið fyrir á einum stað verði starfsmenn úti um allt land eins og reyndar héraðsdýralæknar eru skýrasta dæmið um. Það er síðan spurning um skipurit hvort starfseminni verður að öðru leyti einnig dreift eitthvað um landið.

Frú forseti. Hér gefst hæstv. landbúnaðarráðherra gullið tækifæri til að bæta fyrir syndir núverandi ríkisstjórnar í málefnum landsbyggðarinnar að örlitlu leyti. Ég vona svo sannarlega að hann nýti það.

[15:54]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langaði að gera örstutta athugasemd við ræðu hv. þm. Önnu Kristínar Gunnarsdóttur. Hún talaði hér um Hólaskóla, sá skóli er í kjördæmi hennar og það er eðlilegt að hún vilji sjá þann stað eflast. Hann er hins vegar ekki háskóli enn sem komið er eins og hv. þingmaður nefndi. Mig langaði að spyrja hv. þingmann hvort ekki hefði verið eðlilegt að Hólaskóli hefði verið settur undir Landbúnaðarháskóla Íslands á síðasta ári eins og skólarnir tveir sem við nefndum áðan, Hvanneyrarskólinn og Garðyrkjuskóli ríkisins, að það væru mestu samlegðaráhrifin og besta nýtingin á fjármagni og þekkingu.

Hv. þingmaður talar um að mannauðurinn sé færanlegur. Það er hárrétt. Það sem ég átti við í ræðu minni áðan var að á Selfossi er nú þegar fyrir hendi gríðarlegur mannauður sem tengist beint störfum hinnar nýju stofnunar, Landbúnaðarstofnunar. Sá mannauður verður ekki færður vegna þess að hann liggur í fyrirtækjum og stofnunum á Selfossi vegna atvinnugreinarinnar, landbúnaðarins. Ég er að tala um að færa mannauð sem verður í Landbúnaðarstofnuninni af þeim mannauði sem fyrir er á svæðinu. Þannig vil ég ná fram samlegðaráhrifum.

[15:55]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skildi alveg hvað hv. þingmaður átti við með orðum sínum áðan. Ég gerði ekki ráð fyrir að hann ætlaði að bæta störfum þeim sem nú eru unnin í þeim stofnunum sem leggja á niður á þá starfsmenn sem vinna við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hins vegar er það svo að það eru til staðar kjarnar, eða hvað maður á að kalla það, nokkuð víða um land sem betur fer þar sem hægt er að bæta við mannauði og efla og búa til samlegðaráhrif með fleira fólki. Það er sem betur fer víðar en rétt í radíus í kringum Reykjavík, m.a. á Norðurlandi vestra.

Varðandi það hvort við hefðum átt að leggja til að háskólinn á Hólum yrði lagður undir Landbúnaðarháskóla Íslands, þá er svar mitt einfaldlega nei. Ég er alfarið mótfallin því og tel að starfsmenn á Hólum sýni það með mjög kraftmiklu starfi og uppbyggingu að þeir eru að gera það gott með því að starfa sjálfstætt. Ég vona að hæstv. landbúnaðarráðherra detti ekki í hug að leggja það til að háskólinn á Hólum verði settur undir Landbúnaðarháskóla Íslands.

[15:57]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi skólann á Hólum. Mig langaði að heyra betur frá hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur um það. Hólaskóli er ekki háskóli. Það eru ekki til lög um háskólann á Hólum eftir því sem ég best veit í dag. Ég vil spyrja hana frekar um það hvort hún sjái ekki samlegðaráhrif og styrk í því fyrir landbúnaðinn — horfum aðeins fram hjá hagsmunum héraðanna — að hafa einn öflugan háskóla. Það háttar þannig til, hv. þingmaður, að ég á sæti í menntamálanefnd og Samfylkingin hefur talað mikið um menntamál í þessum ræðustól í vetur og telur að allt sé í upplausn og vandræðagangi í menntamálum. Mér finnst einkennilegt að heyra fulltrúa Samfylkingarinnar tala hér um að ekki beri að sameina skóla. Það var talað um það í mörgum ræðum hér að ekki mætti sameina Háskóla Reykjavíkur og Tækniháskólann. Það er þá framhald af þeirri umræðu sem Samfylkingin er að kynna hér. Það væri ágætt að fá að heyra frekar um það hvort Samfylkingin sé almennt á móti því að styrkja háskólastigið í landinu, m.a. á þessu sviði sem annars staðar.

[15:59]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Samfylkingin talaði ekki gegn því að Tækniháskólinn sameinaðist Háskólanum í Reykjavík, hins vegar talaði hún gegn því formi sem lagt var til að haft yrði á hinum nýja skóla.

Skoðun mín er sú að efla eigi skólastarf á Íslandi og fjölga háskólum í landinu. Ég hef m.a. talað mjög skýrt fyrir því að stofnsettur verði háskóli á Vestfjörðum. Ég held að það sé eitt það allra besta sem hægt er að gera fyrir byggðir í landinu og fyrir þekkingarstig í landinu, en því miður hefur það farið minnkandi í tíð núverandi ríkisstjórnar að koma á fót nýjum skólum.

Ég ráðlegg hv. þm. Kjartani Ólafssyni að kynna sér tölur yfir menntunarstig fólks á vinnumarkaði hér á landi. Því miður hefur hlutfall þeirra sem hafa eingöngu grunnskólapróf farið hækkandi á síðustu árum. Það er nú komið yfir 42% meðal þeirra sem eru á vinnumarkaði og er til hreinna

vansa fyrir núverandi ríkisstjórn hvernig staðið er að málum.

Ég hef þá skoðun að efla eigi háskólann á Hólum og gefa því duglega og vel menntaða fólki sem þar starfar enn betra færi á að sýna hvað í því býr og hvert það vill stefna með sinn skóla.

[16:00]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í máli hv. þingmanns kom fram þetta með héraðsdýralæknana, sem hér hefur aðeins komið fram í umræðunni og verið rætt um. Þeir eru í dag 15 talsins og eru skipaðir embættismenn af ráðherra. Ágætt er að það komi fram að á þessu verður breyting samkvæmt frumvarpinu. Þeir verða ekki áfram skipaðir sem embættismenn heldur ráðnir af forstjóranum sem starfsmenn hinnar nýju stofnunar. Það er í samræmi við nútímavinnubrögð á þessum sviðum.

Hv. þingmaður ræðir talsvert og gagnrýnir ríkisstjórnina. Ég vil segja fyrir mig að ég held að ríkisstjórnin hafi unnið stórgott verk og mikil þróun hefur verið í landinu. Um allt land nánast er uppgangur og ný sóknartækifæri. Það hefur verið hlutverk mitt sem landbúnaðarráðherra að stofna — ég vil taka skógræktarverkefnin sem dæmi, sem hafa kallað heim og flutt út á land háskólamenntað fólk fyrir utan það sem hefur verið að gerast í skólunum, bæði þann mikla uppgang sem er á Hólum í Hjaltadal og í Landbúnaðarháskóla Íslands, svo ég taki dæmi. Menn þurfa því ekki að hafa stór orð um það, þróunin er augljós í þessum efnum. Störf hafa verið að fara út á land hvað landbúnaðarráðuneytið varðar og tel ég mjög mikilvægt að fylgja því eftir eins og ég lýsti í upphafsræðu minni.

[16:02]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tók eftir því að ráða á héraðsdýralækni til hinnar nýju stofnunar en eins og ég sagði í ræðu minni gat ég ekki séð að tekið væri fram í frumvarpinu að þeim skyldi boðin endurráðning eða ráðning að hinni nýju stofnun, þeim héraðsdýralæknum sem nú eru starfandi, sem verður sagt upp vegna þess að verið er að leggja embætti þeirra niður í núverandi mynd.

Hæstv. ráðherra sagði að uppgangur væri um allt land. (**Landbrh.:** Nánast, sagði ég.) Ég segi nú bara: Heyr á endemi, frú forseti. Hvar hefur hæstv. ráðherra verið? Ég veit satt að segja að hann veit betur. Því miður er það þannig að stór svæði á landinu eru í mjög alvarlegum vandræðum, sama hvort við lítum á tölur um meðaltekjur fólks, tölur um brottflutning fólks af svæðum, tölur um störf sem verið er að leggja niður af hálfu ríkisins víðs vegar um landið eða annað. Það er ekki hægt að komast að þeirri niðurstöðu að uppgangur sé um allt land, því miður, ég vildi óska að satt væri.

[16:04]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eins og sumir þingmenn hafi verið kallaðir til þings til að flytja fólk af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið með ræðum sínum, svartsýni og neikvæðri umræðu. Ég er t.d. að koma af landssambandsþingi sauðfjárbænda. Þar ríkti bjartsýni.

Við verðum að viðurkenna að þó að í ýmsum byggðarlögum séu breytingar í starfsumhverfi á landsbyggðinni, þá ríkir þar eigi að síður á mörgum nýjum sviðum uppgangur og bjartsýni. Þau landsvæði eru færri í dag en voru fyrir fimm árum sem eiga í miklum erfiðleikum.

Við skulum taka uppganginn og bjartsýnina á Austurlandi. Þar ríkir engin deyfð lengur. Við vitum að Skagafjörðurinn með Hóla og Sauðárkrók, svo maður tali nú ekki um bjartsýnina á Siglufirði og Akureyri, og ef maður horfir í gegnum Hvalfjarðargöngin, á Vesturlandið og Snæfellsnesið, að ég fari ekki bara austur í mitt Árnesþing og Rangárþing, þá ríkir þar sóknarhugur. En auðvitað glímum við alltaf við einhver verkefni.

En ég segi, hæstv. forseti: Það er eiginlega sorglegt, mér finnst að sumir þingmenn landsbyggðarinnar hafi tekið að sér að halda ræður til að gera landsbyggðarmenn óánægða og segja þeim að það sé miklu betra hér. Ég hygg að þegar allt er skoðað sé uppgangur mikill á Íslandi og hann nær sem betur fer á ný til margra byggðarlaga.

Svo get ég tekið undir að það er sjálfsagður hlutur og mikilvægt að taka á með þeim byggðarlögum sem eiga í erfiðleikum og það er auðvitað verið að því á vegum ríkisstjórnar með heimamönnum að skapa vaxtarsvæði. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur verið að gera það um allt land sem byggðamálaráðherra (Forseti hringir.) þannig að viljinn er allur sá að efla og styrkja landsbyggðina.

[16:06]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skal gjarnan hrósa hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir það sem vel er gert í ráðuneyti hans og þar skal ég fyrst til nefna stuðninginn við Hóla í Hjaltadal, sem er virkilega hrósvert og mjög gott dæmi um hvað hægt er að gera með markvissum vinnubrögðum og samvinnu við heimamenn. En Siglfirðingurinn hér í salnum hló þegar hæstv. ráðherra tók Siglufjörð sem dæmi um stað þar sem ríkti uppgangur og bjartsýni. (Gripið fram í.)

Svo er það nú þannig, frú forseti og hæstv. ráðherra, að maðurinn lifir ekki á bjartsýninni einni saman. (**Landbrh.:** Skiptir öllu máli.)

[16:07]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Hér ræðum við tvö þingmál saman sem er annars vegar frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun og hins vegar bandormur sem fylgir því, þ.e. breytingar á ýmsum lögum sem málið varða.

Ég vil byrja á að leyfa mér að hrósa hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir að koma með þetta mál hingað inn. Hann hefur beitt sér fyrir því að gera ákveðna endurskipulagningu á stofnanakerfi landbúnaðarins og er það vel og löngu tímabært. Á síðasta ári afgreiddum við frá Alþingi lög um Landbúnaðarháskóla Íslands, sem að mínu mati var mjög þarft og gott skref sem tekið var og ég þykist vita að hæstv. ráðherra sé að skoða fleiri mál af svipuðum toga.

Það var nú frægt fyrr í vetur þegar ráðherra lýsti því yfir að hann gæti gert meira en hann hefur verið að gera og ég

tel að hann sé að sýna það í verki og sanna það álit sem ég veit að sumir hafa, að hann er vaskur maður.

Í þeim frumvörpum sem hér eru til umræðu er lagt til að stofna Landbúnaðarstofnun og henni verði falin framkvæmd ýmissa eftirlits- og stjórnsýsluverkefna. Gert er ráð fyrir að leggja niður þrjár núverandi stofnanir auk þess að leggja niður eitt embætti og færa til verkefni frá öðrum aðilum.

Þær stofnanir sem lagt er til að verði lagðar niður og sameinaðar eru flestar, þó að þær séu ekki margar reyndar, með tiltölulega fáa starfsmenn og búa við nokkra faglega einangrun, má segja, þannig að að því leyti er þetta mál til bóta. Fram hefur komið að samanlögð velta þeirra stofnana sem verið er að sameina er rúmar 500 milljónir samkvæmt fjárlögum þessa árs.

Markmiðin með þessu öllu saman eru augljós, þ.e. að ná fram betri nýtingu starfsmanna og samnýta starfsmenn og starfsemina, auka skilvirkni í stjórnsýslu og eftirliti og gera hana markvissari og koma í veg fyrir hugsanlega skörun í verkefnum og bæta samskipti þeirra sem þurfa að eiga samskipti við þessa aðila, auðvelda það allt saman og gera einfaldara. Þetta mál er því mjög til hagsbóta fyrir þá fjölmörgu aðila sem eiga samskipti við þau svið sem hér um ræðir, fyrir utan að auka gegnsæi og kannski, sem er ekki síður mikilvægt, að auka neytendavernd sem skiptir verulegu máli.

Það eru því margir góðir kostir við þetta mál og ég tel það mjög til bóta svona almennt séð. Hér er á ferðinni mál sem samrýmist mjög hugmyndum mínum varðandi endurskipulagningu á stofnanakerfi ríkisins með fækkun stofnana, með því að ná fram aukinni hagkvæmni og markvissari þjónustu, og grunntónninn í því er sá m.a. að ná fram sparnaði í ríkisútgjöldum. Það á auðvitað að vera eitt af meginmarkmiðunum með þessu öllu.

Með frumvarpinu um Landbúnaðarstofnun fylgir kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins og vil ég gera nokkur atriði sem koma þar fram að umræðuefni. Athygli vekur, sem reyndar hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra í umræðunni, að ekki liggur fyrir greining á húsnæðisþörf hinnar nýju stofnunar en hins vegar er gert ráð fyrir að kostnaður við leigu og hugsanlega breytingar sem eiga eftir að koma í ljós verði talsverður. Í kostnaðarumsögninni kemur fram að miðað er við það og reiknað með að stofnkostnaður geti orðið allt að 20–40 millj. kr. allt eftir ástandi þess húsnæðis sem stofnunin eða höfuðstöðvar hennar munu verða staðsettar í. Það liggur því ekkert fyrir í kostnaðarumsögninni hvernig húsnæðismálum stofnunarinnar verður háttað. Auðvitað má segja að það sé ekki gott að það liggi ekki fyrir en það hefur verið skýrt hér af hverju það er.

Einnig kemur fram í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins að hugsanlegt sé að rekstrarkostnaður þessarar nýju stofnunar verði hærri en verið hefur vegna þess m.a. að sú starfsemi sem hér er verið að sameina undir eina stofnun hefur notið góðs af sambýli við aðra starfsemi í þeirri aðstöðu sem hún hefur verið, þannig að að þessu leyti er því miður nokkuð óljóst um þau efni er varða rekstur og kostnað.

Hins vegar er bent á það í kostnaðarumsögn að vissulega sé kostur á ýmsu hagræði varðandi kostnaðinn við þessar breytingar. Bent er á lægri stjórnunarkostnað og hugsanlega minni húsnæðiskostnað, ekki síst ef þannig veltist að ríkissjóður geti losað sig við eitthvað af húsnæði með sölu, og þetta er auðvitað einn hluturinn enn sem er frekar óljós í málinu.

Ég vil helst nefna í kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins það sem lýtur að fjárhagsstöðu yfirdýralæknisembættisins. Fram kemur að uppsafnaður halli yfirdýralæknisembættisins í árslok 2004 sé um 140 millj. kr. (**Gripið fram í:** Hvað ætlar formaður fjárlaganefndar að gera í því?) Hér gjammar einn hv. þingmaður inn í: Hvað ætlar formaður fjárlaganefndar að gera í því? Ég geri ráð fyrir að fjárlaganefnd ásamt öðrum tilbærum aðilum muni fara yfir málið og við höfum sannarlega gert það í fjárlaganefnd og þekkjum þetta.

Í kostnaðarumsögninni kemur fram mjög athyglisvert atriði, sem ég tek mjög undir og vil leggja áherslu á við hæstv. ráðherra, þ.e. að það verði skoðað hvort heppilegt sé að breyta því fyrirkomulagi að verulegur hluti starfseminnar, í þessu tilfelli yfirdýralæknisembættisins, sé fjármagnaður með tekjum af sveiflukenndum eftirlitsgjöldum. Ég hygg að þarna felist einmitt skýringin á þessari stöðu, eins og við höfum farið yfir reyndar áður. Ég legg því mikla áherslu á að í þessu sambandi verði farið yfir það hvort gera megi breytingar á þessum hlutum þannig að yfirdýralæknisembættið eða þessi stofnun búi við stöðugri tekjur en verið hefur og menn komi þannig í veg fyrir ákveðin vandamál sem upp kunna að koma, eins og dæmi sanna.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að taka þátt í umræðum um hvar höfuðstöðvar stofnunarinnar eigi að vera staðsettar. Ég skil vel áhuga hv. þingmanna fyrir því að fá slíka stofnun jafnvel staðsetta í heimabyggðum sínum en við eigum eftir að fara í gegnum þetta mál. Ég tel því ekki málinu til framdráttar að ég taki þátt í að nefna einhverja sérstaka staði. Hæstv. ráðherra útskýrði þau mál þannig að ákvörðun yrði tekin þegar stofnunin hefði verið stofnuð og forstjóri verið ráðinn. Út af fyrir sig má segja að það sé rökrétt. Hins má vegar má segja að það væri kostur að málið væri lagt upp þannig að tillaga sé gerð um tiltekna staðsetningu. Svo er ekki í þessu tilfelli en ég fellst hins vegar á rök hæstv. ráðherra.

Það er mjög mikilvægt hvar svona stofnun er staðsett en í þessu tilfelli er hins vegar ekki nema tiltölulega lítill hluti starfsmanna hinnar nýju stofnunar sem hefur starfsstöðvar í höfuðstöðvum hennar. Það skiptir máli og í umræðunni mega menn ekki missa sjónar á þeirri staðreynd. Margir starfsmenn sem falla munu undir þessa stofnun eru með starfsstöðvar sínar um allt land þannig að hér verður um að ræða mikla landsbyggðarstofnun.

Til að mynda má nefna dæmi, svo að maður taki þátt í að ræða um kjördæmi sitt, að Veiðimálastofnun er t.d. með starfsemi á Hvanneyri og eins er rannsóknarstarfsemi á vegum Veiðimálastofnunar á Hólum. (Gripið fram í.) Hér kemur fram í frammíkalli hjá einum hv. þingmanni að Veiðimálastofnun hafi starfsmenn á Selfossi. Þetta sýnir allt hvernig er um málin búið.

Rétt í lokin, virðulegi forseti, vil ég segja að eftir yfirferð yfir málið finnst mér þetta mál ágætlega undirbúið. Landbúnaðarnefnd mun fá þetta mál til meðferðar og þar

munum við fulltrúar í landbúnaðarnefnd kryfja málið. Varðandi staðsetningu höfuðstöðvar þá er ekki útilokað að landbúnaðarnefnd komist að samkomulagi um að gera breytingartillögu við þetta frumvarp, um að höfuðstöðvarnar verði staðsettar á tilteknum stað. Ég tel þó fyrir fram að ekki séu mjög miklar líkur til þess.

Ákvörðun um svona endurskipulagningu og lagasetningu um hana er eitt en framkvæmdin annað. Við þekkjum mörg dæmi um að ráðist hafi verið í endurskipulagningu á stofnunum en menn upplifi síðan ákveðin vandamál við framkvæmdina. Út af fyrir sig er það eðlilegt mál vegna þess að sjaldnast sjá menn öll smáatriði fyrir í svona málum frekar en öðrum. En það er bara verkefni sem menn þurfa að takast á við og mér finnst, svona í það heila tekið, að það hafi tekist ágætlega þau skipti sem ráðist hefur verið í slík verkefni. Vandamálin snúa oft að starfsmönnum og við vitum að það er mjög viðkvæmt mál. Ég vonast því til þess, virðulegur forseti, að þegar Alþingi verður búið að afgreiða þetta mál sem lög, sem ég geri fastlega ráð fyrir að verði hér fyrir þinglok í vor, muni mönnum ganga sem best að koma þeim til framkvæmda. Ég tel að hér sé um að ræða mikið hagsmunamál fyrir landbúnaðinn og lýsi sérstakri ánægju málið, ekki síst út frá þeirri staðreynd.

[16:19]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram mjög yfirveguð og góð umræða um frumvarp um Landbúnaðarstofnun. Ég tel að þetta frumvarp sé mjög til bóta og tímabært að endurskipuleggja þessar litlu stofnanir sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið.

Ég tek undir athugasemdir um það og spyr af hverju menntaður dýralæknir eigi að vera forstjóri yfir þessari stofnun. Væri ekki eðlilegra að í lagatextanum kæmi fram að það skuli vera maður með háskólapróf og reynslu af stjórnun? Það hefur oft gefist illa að ákveða fyrir fram hverjir verði forstjórar í svona stofnunum. Við höfum breytt slíku áður, a.m.k. þegar það hefur komið fyrir landbúnaðarnefnd.

Hér er greint frá því hvert verði verkefni stofnunarinnar. Ég er ekki sammála hv. þm. Kjartani Ólafssyni að því leyti að mér finnst eðlilegt að þau stjórnsýsluverkefni sem Bændasamtök Íslands hafa sinnt séu færð frá samtökunum. Það getur ekki samrýmst stjórnsýslulögum að hagsmunasamtök hafi slíkt eftirlit innan sinna vébanda. Þó að allt hafi gengið allt vel og árekstralaust þá hlýtur það að orka tvímælis.

Það hefur komið fram að það verða ekki mörg stöðugildi í þessari stofnun. Starfsmenn hafa aðstöðu á mörgum stöðum og ég tek undir það sem hér hefur komið fram hjá mörgum, að það þarf að passa upp á að stöðugildi sem eru úti á landi verði þar áfram og það gerist ekki, eins og gagnrýnt hefur verið, sem gerðist með hreindýraeftirlitið á Austurlandi. Þar gáfust menn upp, eftirlitið fór fyrst til Akureyrar og síðan til Reykjavíkur. Sá sem var með það eftirlit gafst upp á því starfi.

Sameiningin gefur að sjálfsögðu kost á hagræðingu til lengri tíma litið. Við höfum nokkra reynslu af því í landbúnaðarnefnd, að leggja niður stofnanir og búa til eina stofnun eins og gert var með Landbúnaðarháskóla Íslands, sem er saman settur af RALA, Garðyrkjuskólanum á Reykjum og Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. Þessi háskóli er starfræktur á þremur stöðum og ég veit ekki til annars en að þar hafi allt gengið vel þótt alltaf fylgi vaxtarverkir því þegar stofnanir eru lagðar niður og nýjum komið á laggirnar.

Það er athyglisvert að með 5. gr. frumvarpsins er verið að fella úr gildi lög sem eru æðigömul, nr. 78 frá 1935, þ.e. um einkarétt ríkisstjórnarinnar til að flytja trjáplöntur til landsins og um eftirlit með innflutningi trjáfræs. Eftir að þetta frumvarp hefur verið samþykkt munu aðrir geta flutt inn trjáplöntur og fengið leyfi til þess frá hinni nýju Landbúnaðarstofnun.

Í dag hefur nokkuð verið rætt um að ríkisstjórnin hafi staðið sig illa í að koma störfum út á land. Það var brotið í blað í fyrradag þegar hæstv. sjávarútvegsráðherra tilkynnti að hann mundi færa út starfsstöðvar á fimm staði á landinu og byrjaði strax í Vestmannaeyjum, á Höfn á Hornafirði, Stykkishólmi, Akureyri og Grindavík. Allt skiptir þetta miklu máli. Ég ætla ekki að blanda mér í staðsetningu stofnunarinnar, hvar hún eigi að vera. Það hlýtur margt að koma til álita. Að sjálfsögðu mun ráðherra huga að því að hafa þessa stofnun úti á landsbyggðinni. Það er tækifæri til þess þegar nýrri stofnun er komið fót að staðsetja hana úti á landi.

Samgönguráðherra hefur líka staðið sig vel í að flytja störf út á land. Ég tel að hann hafi flutt um 100 störf út á land og eins hefur byggðamálaráðherra unnið að ágætum verkefnum fyrir landsbyggðina. Ég tel því að ríkisstjórnin sé vel meðvituð um að flytja störf út á land. Þó að oft hafi það gengið brösuglega þá er það samt reynt.

Ég tel að það skipti miklu máli að þingmenn landsbyggðarinnar tali vel um landsbyggðina. Ég er nýkomin af fundi Landssamtaka sauðfjárbænda þar sem var mikið af ungu fólki, bæði konum og körlum. Það var bjartsýnt á framtíð sína og vinnur að sínum málum. Það var mjög ánægjulegt að sjá þar svo margt ungt fólk og kröftugt. Það er ákveðin endurnýjun í landbúnaðinum og margt gott að gerast.

Ég þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir að koma fram með þetta frumvarp og ég tel það til mikilla heilla.

[16:25]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hér er rætt um sameiningu stofnana á vegum landbúnaðarins í eina stofnun. Ég tel vert að skoða þá möguleika og einnig, eins og ég sagði fyrr í andsvari, að fara yfir reynslu af öðrum sameiningum stofnana, m.a. á vegum umhverfisráðuneytisins, sem ég þekki til.

Umræðan hér hefur m.a. snúist um staðsetningu stofnunarinnar. Mér finnst að þegar menn fari að skoða staðsetningu stofnunarinnar, hinnar nýju, þá eigi að hafa í huga orð hæstv. forsætisráðherra. Hann sagði að nú væri komið að Norðvesturkjördæminu. Ég spyr hæstv. landbúnaðarráðherra: Hvenær er komið að Norðvesturkjördæminu og hvað meinti hæstv. forsætisráðherra með þeim orðum?

Við höfum tvo góða kosti fyrir stofnunina á því svæði, t.d. á Hólum. Það er ekki rétt sem hér kom fram, að Hóla-

skóli væri ekki háskóli. Hann er með þrjár brautir og útskrifar nemendur. Ég er viss um að hæstv. landbúnaðarráðherra veit af því og á örugglega eftir að leiðrétta þann stjórnarþingmann sem stóð í þeirri trú.

En það er annar kostur sem ég tel ekki síður vert að skoða — við þurfum náttúrlega að skoða þetta með hagsmuni landbúnaðarins og þjóðarheildarinnar fyrir augum en ekki eingöngu út frá þeim starfsmönnum sem vinna á stofnuninni eins og er — og það er Hvanneyri. Ég tel einnig að við ættum að skoða þann kost að flytja sjálfan hæstv. landbúnaðarráðherra með öllu sínu ráðuneyti upp á Hvanneyri. Það yrði ein besta vörnin fyrir því að landbúnaðarráðuneytið, sem á í vök að verjast, verði ekki lagt niður. Það væri fróðlegt að fá að heyra það hjá hæstv. ráðherra hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að hæstv. ráðherra flytji ráðuneytið í Borgarfjörðinn. Ég tel að sú staðsetning og samlegðaráhrif sem þar næðust fram, með Landbúnaðarstofnun, Landbúnaðarháskóla og ráðuneyti þar, yrðu óumdeild. Það mundi enginn hnika því ráðuneyti, eins og er í umræðunni nú, að búa til eitt atvinnuvegaráðuneyti. En þetta mundi skapa ákveðinn frið um ráðuneytið. Ég tel einmitt að gaumgæfa eigi þetta.

Mér finnst það skipta máli, þegar menn setja saman nýja stofnun, að menn hafi meiri framtíðarsýn en fram kemur í þessu frumvarpi, hvað menn vilja í raun og veru. Ætla menn að fækka héraðsdýralæknum eins og gefið var í skyn? Það verður að koma skýrt fram, finnst mér. Ég tel vafasamt að höggva í þann knérunn enn á ný, að fækka störfum á landsbyggðinni.

Það er mjög sárgrætilegt að hlýða á hæstv. ráðherra flytja ræðu um bjartsýnina á landsbyggðinni og fleira í þeim dúr. Auðvitað er bjartsýnt fólk á landsbyggðinni en staðreyndirnar blasa aftur á móti við. Ég bý á Sauðárkróki og fer þangað á morgun. Ég er þokkalega bjartsýnn en þetta snýst ekki um það. Málið snýst um atvinnutækifæri, hæstv. ráðherra. Nú hefur ráðherra tækifæri til að skrá nafn sitt á spjöld sögunnar með því að flytja ráðuneytið og þessa stofnun út á land. Mér finnst að hæstv. ráðherra eigi að skoða það, sérstaklega í ljósi þeirra orða hæstv. forsætisráðherra að nú væri komið að Norðvesturkjördæmi.

Það er margt sem ber að hafa í huga þegar verið er að slá saman stofnunum og eins ég nefndi fyrr í ræðu minni á að læra af reynslunni af þeim stofnunum sem þegar hafa verið sameinaðar, t.d. var Umhverfisstofnun sameinuð með þeim orðum að flytja ætti verkefni út á land og sameinuð var Náttúruvernd ríkisins, Veiðistjóraembættið, dýraverndunarsvið, hreindýrasvið og Hollustuvernd ríkisins. En staðreyndin er því miður sú, eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir kom inn á, að raunin hefur verið önnur. Verkefnum hefur ekki fjölgað á landsbyggðinni.

Ég þekki það í Norðvesturkjördæmi að sá eftirlitsmaður sem var að vinna að verkefnum þar fyrir Náttúruvernd ríkisins að verkefnunum fækkaði hjá viðkomandi starfsmanni, mjög góðum starfsmanni. Það er eins og verkefnin sogist suður á bóginn. Þessu eigum við stjórnmálamenn náttúrlega að gæta að, því að því var ekki stefnt í upphafi. Það var allt önnur hugsun á bak við að slá saman stofnununum. Það var einmitt að flytja verkefnin út á land.

Það er annað sem við verðum að huga að þegar verið er að sameina stofnanir að það er alltaf verið að sameina stofnanir innan hvers ráðuneytis. Það er ekki litið víðar yfir sviðið og skoðað hvort það eigi að stokka upp og flytja t.d. ákveðin verkefni á milli ráðuneyta. Ég vona að hæstv. ráðherra sé að hlýða á þó að hann sé farinn úr salnum, en ég tel einmitt að skoða eigi að flytja eftirlitsþáttinn úr landbúnaðarráðuneytinu vegna þess að hæstv. ráðherra hefur gengið fram fyrir skjöldu og fækkað sláturhúsum stórlega. Það eru því orðnir fáir eftirlitsstaðir og e.t.v. réttara að þetta færist til annarra stofnana.

Það er líka annað sem ber að hafa í huga hvað það varðar, að þarna er um atvinnuvegaráðuneyti að ræða sem fylgist með matvælaöryggi og öryggi almennings. Þar geta hagsmunir skarast og hafa gert það. Það er einmitt miklu nærtækara og eðlilegra að þau verkefni færist yfir til umhverfisráðuneytisins, sérstaklega vegna þess að ráðherra hefur verið það duglegur að fækka þeim stöðum sem á að hafa eftirlit með og innleitt mjög strangar reglur. Því finnst mér eigi að skoða það. Síðan má flytja önnur verkefni t.d. frá umhverfisráðuneytinu yfir til landbúnaðarráðuneytisins þar sem þeir hafa sérþekkingu á dýraverndunarmálum.

Fram hefur komið að sá sem starfar nú sem yfirdýralæknir hefur mjög mikinn metnað á sviði dýraverndarmála og lét hafa það eftir sér að metnaðurinn væri þvílíkur að hann léti ekki stjórnsýsluna þvælast fyrir sér ef hann þyrfti að grípa inn í til verndar dýrum. Þar þarf einmitt að taka til hendinni og vegna þess að við ræðum hér eftirlit og dýravernd og verið er að koma þessu í nýtt ráðuneyti væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra segði okkur frá því hvað liði reglugerð um flutning á sláturdýrum. Mig minnir að hæstv. ráðherra hafi boðað að hún væri á leiðinni og nú þegar ráðherra hefur komið málum svo fyrir, fækkað sláturhúsum þvílíkt að verið er að flytja gripi af Austfjörðum og alla leið á Sauðárkrók er spurning hvort hann hafi komið því í verk að útbúa þá reglugerð eða lögleiða hana.

Að lokum vonast ég til þess að hæstv. ráðherra taki þetta til skoðunar, sérstaklega staðsetninguna á stofnuninni og hugleiði orð hæstv. forsætisráðherra að nú sé komið að Norðvesturkjördæmi og stofnunin mundi blómstra á Hvanneyri.

[16:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er alltaf gaman að koma í umræður þegar stofna á nýja opinbera stofnun. Það er satt best að segja nokkuð merkilegt hvað hæstv. ríkisstjórn hefur þrátt fyrir allt verið dugleg við að búa til ýmsar opinberar stofnanir. Ég veit að það gleður ýmsa eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sem ætíð er með hýrri há í salnum þegar við ræðum um nýjar opinberar stofnanir.

Það er á sínum stað og ég ætla síður en svo að fara að leggjast gegn því að tekið verði til rækilegrar skoðunar að koma á fót formlegri stjórnsýslustofnun á vettvangi landbúnaðarins. Það má að mörgu leyti taka undir það að þar hafa verkefni verið býsna dreifð og á tvist og bast og litlar hálfgerðar einyrkjastarfsstöðvar verið að sinna þessum hlutum undir hatti landbúnaðarráðuneytisins, eins og kjötmatsformaður, aðfangaeftirlit, plöntueftirlit o.s.frv. En það er ekkert sem segir að þeim verkefnum hafi ekki verið vel fyr-

ir komið og sinnt með praktískum hætti eftir sem áður. Það vill oft fara svo að við skipulagsbreytingar drukkna áformin um hagræðingu, sem menn sjá fyrir sér í sameiningu yfirstjórnar, í því að slíkar stofnanir hafa oft tilhneigingu til þess að fara að lifa svolítið eigin lífi og tútna dálítið út þegar þær verða til.

Það væri t.d. dálítið fróðlegt að fara yfir það hvernig yfirdýralæknisembættið hefur þróast frá því að sá mæti maður Páll Agnar Pálsson sat í því einn. Þá var ekki aldeilis yfirbygging á ferðum og hann skilaði af sér þegar hann lét af embætti einni gamalli ritvél og hafði ekki mulið undir sig eða embættið á þeim langa og farsæla tíma sem hann var þar. En auðvitað hafa verkefnin breyst og aukist og alþjóðlegt samstarf og fleira hefur komið til sögunnar sem á að sjálfsögðu sinn þátt í því að yfirdýralæknisembættið er orðið að heilmiklu embætti núna.

Ég man líka t.d. umræður sem urðu á þingi, svo að maður láti það eftir sér að skeiða pínulítið um víðan völl, þegar Fiskistofa varð til. Menn stigu hér á stokk og strengdu þess heit að það skyldi aldrei og mætti aldrei verða að Fiskistofa yrði að bákni sem færi að sanka að sér mannskap og auka veltu sína í rekstri. En hinir sömu menn eins og fyrrverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, Matthías Bjarnason, urðu að horfast í augu við það fáum árum seinna að þetta hafði orðið að stofnun. Þannig vill oft fara. En auðvitað verða menn líka að hafa í huga að skynsamlega og ráðdeildarsamlega sé að því staðið að byggja slíkt upp.

Svo ég komi að ýmsum atriðum sem ég ætla aðeins að reifa hef ég í fyrsta lagi alltaf vissar efasemdir þegar stjórnsýsluþáttum, beinni framlengingu framkvæmdarvaldsins sem varðar framkvæmd, stefnu og verkefni sem eru framkvæmdarlegs eðlis og hrein stjórnsýsluverkefni er blandað saman við eftirlit. Að mörgu leyti er heppilegast að sameina eftirlitsþætti og hafa þá sem sjálfstæðasta og vista þá með einhverjum hætti sjálfstætt í kerfinu þannig að þeir séu ekki í graut innan um framkvæmdarvaldsstarfsemina. Það býður upp á hættur sem ég held að þurfi ekki að fara yfir og er engin meinbægni að minna á og rifja upp. Það er almennt viðurkennt að þar eru á ferðinni þættir sem æskilegt er að halda aðskildum. Það er það fyrsta sem mér finnst þurfa að hugleiða og skoða hvort það er endilega sjálfgefið að hlutar þess starfs sem fara á að sameina í einni stofnun, sem eru hreint eftirlit, þar á meðal eðli málsins samkvæmt að ýmsu leyti eftirlit með stjórnsýslunni með því hvernig framkvæmdin er að takast eiga að vera í sömu stofnun og alfarið undir sama stjórnkerfi og stjórnsýsluþættirnir.

Í öðru lagi staldra ég aðeins við hæfniskröfur forstjóra hinnar nýju stofnunar sem vekja nokkra athygli mína. Ég hef verið í þeim hópi á þingi sem hefur verið frekar talsmaður þess en hitt að gerðar séu vel skilgreindar og vel rökstuddar efnislegar hæfniskröfur til yfirmanna. Ég held að það sé yfirleitt til bóta og dragi úr tortryggni þegar verið er að ráða í faglegar yfirmannastöður að hinar faglegu hæfniskröfur séu til staðar og nokkuð skýrar. Þessu hefur oft verið andmælt og ég man ekki betur en einmitt ýmsir af ráðherrum í núverandi ríkisstjórn hafi fundið á köflum slíkum hugmyndum allt til foráttu. Ég man eftir slagsmálum í þingnefndum þar sem verið var að taka út hæfniskröfur sem gerðar höfðu verið, jafnvel tiltölulega almenns eðlis eins og þær að menn skyldu hafa háskólapróf á viðkomandi fagsviði. Þá vildu menn það ekki og töldu að það væri í mesta lagi nóg að menn hefðu einhverja háskólamenntun.

Hér kemur annað úr ranni hæstv. landbúnaðarráðherra, að ekki einasta skuli maðurinn vera menntaður og hafa stjórnunarreynslu heldur skuli hann vera dýralæknir og með æðri prófgráðu á því sviði. Hann skal veskú vera spesíalist í dýralækningum, doktor helst í þeim fræðum. Þá má velta því fyrir sér: Hefði ekki verið einfaldara að láta bara standa þarna: Forstjóri Landbúnaðarstofnunar skal heita Halldór Runólfsson, a.m.k. fyrst um sinn? Ég velti því hreinlega fyrir mér. Og væri vel að merkja prýðilega skipað, en það á ekki að klæða þetta í svona búning.

Til lengri tíma litið verður auðvitað, svo að maður tali í alvöru, að hafa það á hreinu: Vilja menn hafa fagkröfurnar algerlega þarna? Á þetta að vera sérmenntaður maður á sviði dýralækninga? Það eru ærin rök fyrir því. Það er auðvitað ljóst að stór hluti af starfseminni, a.m.k. fyrst um sinn, kemur frá yfirdýralæknisembættinu, það er geysilega mikilvægt og miðlægt í starfseminni. En það er ekki endilega þar með sagt að t.d. hámenntaður maður á sviði plöntufræða eða umhverfisfræða landbúnaðar sem hefði mikla stjórnunarreynslu og væri prýðilega menntaður fagmaður á því sviði, en af einhverju öðru sviði undir stofnuninni, gæti ekki verið jafngóður forstöðumaður þegar að því kæmi að skipa í það embætti eins og kannski einhver nýútskrifaður doktor sem hefði slampast í yfirdýralæknisembættið eða væri það sem héti væntanlega skrifstofustjóri dýralæknamála í stofnuninni, héraðsdýralæknir eða eitthvað því um líkt.

Ég held að öllu gamni slepptu að athuga eigi hvort það sé endilega sjálfgefið að hafa þetta svona klæðskerasaumað þó svo að það sé í hugum einhverra að Halldór Runólfsson gegni þessu fyrst um sinn eftir að stofnunin kemst á legg og skal ég síðastur manna fara að lasta það, ekki má neinn skilja orð mín þannig.

Mér finnst líka, virðulegur forseti, að það sé nú ekki málæðið í frumvarpinu þegar kemur að skipulagi hinnar nýju stofnunar. Ég hef satt best að segja sjaldan séð einfaldara smíðaverk um slíkt en 4. gr. frumvarpsins, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarstofnun skiptist í skrifstofur eftir viðfangsefnum og skal skrifstofustjóri vera yfir hverri skrifstofu.“ — Þarna kemur orðið skrifstofa þrisvar sinnum fyrir í sömu setningunni. — „Skrifstofustjórar skulu hafa háskólamenntun og sérþekkingu á viðkomandi sviði. Einn skrifstofustjóranna er staðgengill forstjóra. Forstjóri ræður jafnframt annað starfsfólk nema annað sé tekið fram í lögum“ — sem er sennilega selvfølgelighed. — „Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skipulag og starfsemi stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.“

Meira er ekki um þetta sagt. Þetta er nú frekar einfalt svona. Ef við bærum þetta saman við löggjöf um Umhverfisstofnun eða aðrar ýmsar stjórnsýslustofnanir held ég að mönnum hafi þótt þar ástæða til að kveða svolítið skýrar að orði.

Hér á sem sagt að láta herra landbúnaðarráðherrann hafa í raun fullkomlega frjálsar hendur og algert reglugerðarvald til þess að stússast með þetta bara eins og honum sýnist, að

vísu að fengnum tillögum forstjórans. Það er svo sem allt í lagi. En kannski er það vegna þess að menn eru ekki búnir að ganga frá því hvernig þetta á að vera. Þetta hefði nú einhvern tíma talist dálítið rausnarlegt framsal af hálfu löggjafans á reglugerðarsetningarvaldi, t.d. varðandi staðsetningu. Væntanlega er það eitt af því sem 4. gr. galopnar fyrir ráðherrann að hann geti nú bara hrossast með þetta eins og hann vill og haft sumt af þessu austur undir Þjórsá og annað niður undir Eyrarbakka eða hvernig sem hann vill nú bara hafa þetta. Þá er spurningin hvort Alþingi vilji virkilega hafa það svo.

Ég spyr t.d.: Væri galið að Landbúnaðarstofnun yrði á Hvanneyri og efldi Landbúnaðarháskólann okkar og það setur sem þar er í ánægjulegri uppbyggingu? Búið er að ákveða að færa Rannsóknastofnun landbúnaðarins þangað eða hún er í áföngum á leiðinni þangað o.s.frv. Ég held að það séu ýmis sjónarmið fyrir því að dreifa ekki kröftunum. Ég gæti flutt um það langar og glæsilegar ræður hversu prýðilegt væri að hafa Landbúnaðarstofnun í Norðausturkjördæmi og ekki veitti mönnum nú af að fá eitthvað félegt þar miðað við ýmislegt annað sem í boði er þessa dagana. (Gripið fram í.)

Ég ætla þó ekki að vera ofan í einhverjum músarholusjónarmiðum í þessum efnum og hefja mig upp fyrir það að horfa bara á mitt kjördæmi. Ég held að ýmis rök séu fyrir því að efla þessa stjórnsýslu- og fræða- og rannsóknarmiðstöð sem er í uppbyggingu í Borgarfirði með því að Landbúnaðarstofnun í áföngum t.d. og í gegnum ákveðna tímasetta áætlun flyttist að Hvanneyri og þessi starfsemi efldist upp þar. Það hefur líka þann kost, þökk sé Hvalfjarðargöngunum m.a., að miklu minni röskun verður á högum þess hluta starfseminnar sem er á höfuðborgarsvæðinu sem stendur. Hún getur þá þess vegna flust í áföngum og starfsfólk haldið störfum sínum jafnvel árum saman. Það er enginn neyðarkostur samanber það hversu margir vinna nú þegar öðrum megin Hvalfjarðarganganna og búa hinum megin. Og nú er búið að lækka tollinn þannig að þetta er orðið ódýrara og betra.

Ég vil líka setja fyrirvara við það að þetta sé nú haft svo algerlega galopið. Er það þannig sem Alþingi vill láta þessa hluti frá sér að það hangi svona bara einhvers staðar í lausu lofti hvar þessi stofnun verði og það sé þá sett í hendurnar á ráðherranum einum að ráðskast með það, með fullri virðingu fyrir honum? Er hæstv. ráðherranum endilega greiði gerður með því að sitja við borð og semja við sjálfan sig um það mál, halda eins manns fundi um það mál? (Gripið fram í.) Það yrðu kannski góðir fundir. Það verða ekki harðar deilur. Þó veit maður það aldrei. Menn geta náttúrlega átt í innri baráttu um svona mál. Til dæmis gæti hæstv. landbúnaðarráðherra átt það til að lenda í mikilli togstreitu um það, þegar hann er að semja um þetta við sjálfan sig, hvort þetta eigi að vera á Hvanneyri eða einhvers staðar á Suðurlandsundirlendinu. Það er alveg hugsanlegur möguleiki í stöðunni að þá mundu bresta á harðar deilur í innbúi hæstv. landbúnaðarráðherra, svona í innvirkinu á honum, um þessa hluti.

Ég tel að Alþingi ætti bara að taka á sig rögg og taka af skarið í þessum efnum. Það hefur verið (Gripið fram í.) venjan fram á síðustu ár þangað til hæstv. núverandi ríkisstjórn að vísu með ótrúlegum hætti tók inn lagaheimildir til þess að ákveða sjálf, ef ég man rétt, almenna heimild um hvar ríkisstofnanir séu niður komnar og vistaðar sem er auðvitað algjört fráhvarf frá fyrri hefðum og venjum þar sem Alþingi tók ævinlega af skarið með það og setti stofnanirnar niður og gekk frá því hvar þær væru. Auðvitað er það langbesta aðferðin. Þá er það hafið yfir allan vafa og deilur og þá er ábyrgðin hér á Alþingi sem jafnframt veitir fé og mótar stefnuna með sinni lagasetningu. Annað þótti fráleitt á þeirri tíð sem ég var í ríkisstjórn og var nú reyndar að flytja til opinberar stofnanir út á land meðal annars. En Alþingi byrjaði á því að taka af skarið með það. Það fyrsta sem var gert t.d. þegar skógræktin var flutt austur á Hérað var að leggja fyrir Alþingi frumvarp um aðsetrið og láta Alþingi taka af skarið um það. Það var stuðningur við það á löggjafarsamkomunni að gera slíkt. (Gripið fram í.) Ég man ekki hvort það þurfti lagabreytingu þegar Siglingamálastofnun var flutt. Það var nú að vísu ekki langur spotti sem hún fór. Hún var úti á Seltjarnarnesi eða hér í Vesturbænum og fór yfir í Kópavog. En hún fór þó yfir kjördæmamörk og hreppamörk þannig að ég gat haft hana með þegar ég taldi upp fjölda þeirra stofnana sem ég flutti út á land, að vísu ekki langt sumar. (Gripið fram í.) Nei, hún fór ekki á Suðurlandsundirlendið.

Auðvitað mætti ræða hér ýmislegt fleira, frú forseti, um þetta gagnmerka mál. En ég held að aðalatriðið sé að það fái vandaða og faglega skoðun í hv. landbúnaðarnefnd. Úr því að það er nú ekki flóknara í smíði en þetta sem kemur frá hæstv. landbúnaðarráðherra og svona margir endar lausir og óhnýttir þá verða náttúrlega bara aðrir að taka að sér verkið að fylla inn í þennan ramma. Mér finnst þetta satt best að segja óskaplega léttbyggt hús sem hæstv. landbúnaðarráðherra er með í þessu frumvarpi og að full ástæða sé til þess að fylla þar inn í ýmsar eyður og taka af skarið og ákveða vissa hluti. Ef mönnum vinnst tími til þess fyrir vorið þá er það gott. En kannski er hyggilegt að skoða þetta svolítið betur enda er engin bráðavá væntanlega fyrir dyrum.

Að lokum vil ég nefna eitt atriði sem varðar stöðu starfsmanna sem þarna eru. Það er svolítið flókin uppsetning á þessu í frumvarpinu. Ég átta mig ekki alveg á því af hverju það er svona gert að 5. gr., gildistökugreinin, er mílulöng og þar koma allt í einu aftan við hina hefðbundnu gildistökugrein sem er nú einfaldlega þannig að þetta skuli öðlast gildi 1. janúar 2006 — ég hélt nú að það væri venjan að hafa ekki önnur efnisákvæði í gildistökugreinum yfirleitt nema gildistökuna — en svo kemur eiginlega svona hálfgert ákvæði til bráðabirgða í þessari gildistökugrein. En það er ekki nóg því að þar til viðbótar er ákvæði til bráðabirgða I. Þar loksins kemur það að störf hjá aðfangaeftirlitinu, yfirdýralækni, veiðimálastjóra, kjötmatsformanni og plöntueftirliti Landbúnaðarháskóla Íslands skuli lögð og starfsfólkinu boðin sambærileg störf hjá Landbúnaðarstofnun

Þetta skil ég og les nú þannig að allt sé upp talið, að öllum starfsmönnum, þar með talið héraðsdýralæknum eða hvað? — þetta er væntanlega þannig hugsað að þeir teljist starfsmenn yfirdýralæknisembættisins í skilningi þessara ákvæða — skuli þá boðin störf hjá Landbúnaðarstofnun. En það er talað um störf, ekki sömu störf eða sambærileg störf,

og í 5. gr., gildistökugreininni, er ráðningarsambandið rofið hjá öllum þessum aðilum.

Þar segir einfaldlega, með leyfi forseta:

„Eins fellur niður við gildistöku laga þessara skipun landbúnaðarráðherra í störf ...“

Svo er þar talið upp sem sagt, t.d. héraðsdýralækna og dýralæknis fisksjúkdóma og fer um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum o.s.frv.“

Ég hef nú séð þetta skýrar sett upp hvað varðar stöðu starfsmannanna. Ég held að það hefði verið langeðlilegast að taka af skarið í einni málsgrein um að þetta tæki til allra starfsmanna sem lögin varða, bara með einni einfaldri málsgrein um að þeim skyldu öllum boðin sambærileg störf og að ákvæði laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna giltu að fullu.

Sem betur fer er nú sá ósiður aflagður sem tíðkaðist lengi í breytingabrölti af þessu tagi, sérstaklega þegar einkavæðingin var að stíga hér sín fyrstu skref, að menn voru með vísvitandi tilraunir til þess að reyna að hafa rétt af mönnum og reyndu að taka úr sambandi tilteknar lagagreinar í lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Mig minnir að sérstaklega hafi 7. gr. verið umdeild þar. Þetta var nú allt saman rekið ofan í kokið á mönnum aftur með málaferlum meðal annars. Nú eru menn hættir þessu. En enn vefst fyrir mönnum að setja þetta einfalda atriði upp með skýrum og afdráttarlausum hætti, að það standi ekki til að hafa nein réttindi af neinum við svona breytingu og að menn skuli eiga kost á sambærilegum störfum í hinu nýja skipulagi. Það þarf að vera skýrara en hér er frá því gengið.

[16:55]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum nú fram komið frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun, frumvarp sem hæstv. landbúnaðarráðherra mælir fyrir. Mér sýnist við lestur þessa frumvarps að hér eigi að fara að setja á fót enn eina eftirlitsstofnunina á Íslandi. Það bætist sem sagt enn ein rósin í hnappagatið á íslenska eftirlitsiðnaðinum sem er nú orðinn ansi stór. Hér er þó reyndar ekki um að ræða nein ný störf í sjálfu sér heldur er verið að sameina undir einn hatt eða undir eitt heiti, í eina stofnun, fjöldamörg embætti, ef svo má segja, stöðugildi sem áður hafa tilheyrt hinum ýmsu smástofnunum innan geira landbúnaðarins.

Í sjálfu sér er, að ég tel, jákvætt að þetta sé þó gert. Mig minnir að ég hafi reyndar í fyrra þegar við ræddum stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands einmitt gagnrýnt það að landbúnaðargeirinn væri tvístraður í allt of margar smástofnanir og það væri löngu kominn tími til að hagræða og taka til í þessum ranni og jafnvel um leið leita leiða til meiri skilvirkni og sparnaðar. Ég vona svo sannarlega að það takist með þessa Landbúnaðarstofnun. Ég hef í sjálfu sér ekki margar athugasemdir við þetta eins og það lítur svona til að byrja með alla vega. Hér er náttúrlega sett í gang mikið ferli. Heilmikill bandormur fylgir þessu frumvarpi þar sem verið er að breyta ótal lögum til þess að geta búið til þessa stofnun. Reyndar kemur það ekki á óvart því stjórnsýslukerfi landbúnaðarins hefur verið mjög flókið fram til þessa.

Ég vil þó taka undir gagnrýni hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar á 3. gr. þar sem skilgreint er mjög nákvæmlega hver bakgrunnur forstjóra þessarar stofnunar skuli vera. Ég tel að þessi bakgrunnur sé skilgreindur allt of þröngt og að ekkert réttlæti það að endilega þurfi að vera hér menntaður dýralæknir forstjóri með æðri prófgráðu. Þó vel megi vera að sá grunur hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sé réttur að hér sé kannski verið að reyna að skilgreina forstjórastöðuna fyrir ákveðinn ágætismann — ég veit ekkert um það, skal ekkert um það segja — þá tel ég að slíkt ætti að vera alger óþarfi og í raun er alger fásinna að binda þetta í lög með þessum hætti. Góður forstjóri getur haft ýmiss konar bakgrunn og þarf ekki endilega að vera dýralæknir til að stjórna svona stofnun. Hann gæti allt eins verið til að mynda menntaður fiskifræðingur, því að ég rek augun í það að starfsemi veiðimálastjóra m.a. á að falla undir þetta og hann hefur haft með lax- og silungsveiði að gera. Við sjáum líka að hér á að vera eftirlit með fiskeldi. Það á að vera eftirlit hér með ýmiss konar plöntuvörum þannig að þess vegna, þ.e. ef gerðar eru kröfur um að forstjóri þessarar stofnunar skuli hafa einhvern líffræðilegan bakgrunn, þá gæti hann allt eins verið menntaður í almennri líffræði en þarf ekki að vera sérmenntaður dýralæknir með doktorspróf. Nóg um það. Ég reikna með því, virðulegi forseti, að þetta verði rætt í þaula í landbúnaðarnefnd. Frumvarpið fer þangað núna og verður að sjálfsögðu skoðað með jákvæðum en gagnrýnum huga. Við skulum sjá hvað setur.

Mig langar síðan aðeins, virðulegi forseti, að víkja örfáum orðum að því hvar slík stofnun ætti hugsanlega að vera. Það kemur fram í 4. gr. að það er svona hálft í hvoru opnað á það, að mér sýnist, að þessi stofnun geti í raun verið með starfsstöðvar eða útibú víða um land. En mig langar til að nota tækifærið, virðulegi forseti, og reyna að brýna hæstv. landbúnaðarráðherra til dáða og fá hann til þess að hugsa svolítið heildstætt og stórt. Hér hafa menn áður bent á möguleikann á því að þessi stofnun fengi aðsetur að Hvanneyri í Borgarfirði þar sem nú þegar er aðsetur Landbúnaðarháskólans. Þó ég sé reyndar ekki þingmaður þess kjördæmis vil ég samt fá að tjá þann kjark, ef svo má segja, að það væri kannski ekki vitlaus hugmynd að íhuga að þessi nýja stofnun, Landbúnaðarstofnunin, fengi aðsetur í því umhverfi og að við reyndum til framtíðar að marka þá stefnu að Hvanneyri verði eins konar allsherjarmiðstöð fyrir íslenskan landbúnað.

Í framhaldi af því langar mig til að viðra þá hugmynd hvort það væri ekki einmitt rétt að sjálft landbúnaðarráðuneytið, sem nú er staðsett við Sölvhólsgötu niðri við höfn í Reykjavík, verði líka flutt út á land í heilu lagi, til að mynda að Hvanneyri. (Gripið fram í.) Ertu ekki í Suðurkjördæmi, drengur? segir hv. þingmaður Kjartan Ólafsson, félagi minn úr Suðurkjördæmi.

Það er stundum þannig þegar maður veltir slíkum hlutum fyrir sér að þá þarf maður frekar að hugsa um það sem er vænlegt fyrir þjóðina heldur en einstök kjördæmi og ég hygg að sú mikla fjárfesting sem þegar hefur verið lögð í Hvanneyri muni skila sér betur ef við færum að hugsa hlutina með þeim hætti. Og það er kannski, eins og ég sagði, kominn tími til að við íhugum það að flytja hreinlega heilu ráðuneytin út á land. Ég sé í rauninni ekki neinar stórkostlegar forsendur fyrir því að atvinnuvegaráðuneytin þurfi

endilega að vera staðsett í Kvosinni í Reykjavík, og kannski frekar, ef eitthvað er, margt sem mælir gegn því frekar en hitt.

Nýlega var hæstv. sjávarútvegsráðherra að boða að hann ætli að flytja stóran hluta af veiðieftirliti Fiskistofu og koma því fyrir í sjávarútvegsbæjum víða um land. Þá mætti einmitt hugsa sér hvort ekki væri ekki ráð að taka sjávarútvegsráðuneytið og flytja það í heilu lagi og koma því niður í einhverjum sjávarútvegsbæ úti á landi. Það mætti kannski nefna staði eins og Akureyri eða Reykjanesbæ fyrir það ágæta ráðuneyti. Fjarskiptin eru öll orðin með þeim hætti í dag að ég tel að hægt sé að reka skilvirka og góða stjórnsýslu úti á landsbyggðinni á tiltölulega auðveldan hátt, ég tala nú ekki um stjórnsýslu sem snýr að málefnum landsbyggðarinnar, og þegar upp er staðið þurfi ekki vera neitt miklu dýrara að gera það en að múra þetta allt niður í miðborg Reykjavíkur. Nóg er samt.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt mikið lengra um þetta frumvarp. Eins og ég sagði áðan fer það nú til landbúnaðarnefndar og við munum eflaust fá ágætar umsagnir um það og taka það síðan til gaumgæfilegrar og jákvæðrar skoðunar en jafnframt gagnrýnnar skoðunar.

[17:02]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér ræðum við frumvarp um Landbúnaðarstofnun og þá vill svo sérkennilega til að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson tekur til máls og fer að tjá sig um staðsetningu hinnar nýju stofnunar, Landbúnaðarstofnunar, og finnst eðlilegt og sjálfsagt að sú stofnun verði staðsett í heimabyggð sinni, sem er Hvanneyri. Það hefur verið rætt í þessari umræðu að það komi vissulega til greina. Hann bætir því jafnframt við í ræðu sinni að eðlilegt væri að flytja landbúnaðarráðuneytið eitt og sér á Hvanneyri líka, í heimabyggð sína.

Það er sérkennilegt af því að hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson er kjörinn í kjördæmi sem heitir Suðurkjördæmi. Því langar mig að spyrja hv. þingmann hvort hann hafi nokkra hugmynd um hversu stórt hlutfall af heildarlandbúnaðarframleiðslu á Íslandi er framleitt í Suðurkjördæmi.

[17:04]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði ekki að landbúnaðarráðuneytið ætti að fara á Hvanneyri, ég varpaði bara fram þeirri hugmynd. Þar fyrir utan þótti mér eðlilegt að varpa fram þeirri hugmynd hvort ekki væri rétt að Landbúnaðarstofnun færi upp á Hvanneyri einmitt vegna þess að á Hvanneyri er Landbúnaðarháskóli Íslands og þar er nú þegar komið umhverfi fyrir rannsóknir og þar er fyrir hendi áratugalöng, gott ef ekki hundrað ára löng hefð fyrir landbúnaðarrannsóknum. Þess vegna þætti mér ekkert óeðlilegt að velta þeirri hugmynd fyrir sér hvort ekki væri rétt að fara með stofnunina þangað.

Eins og ég sagði áðan í ræðu minni að þó að ég sé kjörinn þingmaður Suðurkjördæmis álít ég það ekki endilega vera skyldu mína að stunda endalaust kjördæmapot fyrir hönd þess kjördæmis. Ég er líka þingmaður Íslendinga. Hv. þm. Kjartan Ólafsson verður að átta sig á því að við erum ekki bara kosnir á þing til að vera þingmenn Sunnlendinga. Við erum þingmenn á þjóðþingi Íslands. Það er undarlegt að menn skuli ekki átta sig á svo einfaldri staðreynd. Við hljótum ávallt í umræðum okkar og hugsanlega ákvarðanatökum að velta því fyrir okkur hvað kemur best út fyrir þjóðina sem heild. Það er það sem skiptir máli.

[17:05]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson svaraði ekki þeirri spurningu sem ég lagði fyrir hann sem var á leið hvort hann hefði hugmynd um hve stór hluti af heildarlandbúnaðarframleiðslu landsins væri í Suðurkjördæmi. Ég tel mig vera að vinna að hagsmunum landbúnaðarins þar sem landbúnaðarframleiðslan er, sem er á Suðurlandi. En það er rétt að upplýsa að þar er nálægt 50% af heildarlandbúnaðarframleiðslunni.

Auk þess vil ég benda hv. þingmanni á að Landbúnaðarháskóli Íslands er einungis að hluta til á Hvanneyri. Hann er að hluta til á Reykjum í Ölfusi, sem er Garðyrkjuskólinn. Þar er fagþekkingin sem er þriðja stoðin undir þeirri stofnun sem verið er að ræða hér, Landbúnaðarstofnun, hvað varðar plöntur og plöntusjúkdóma.

[17:06]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fæ í raun og veru ekki skilið að það skipti höfuðmáli í landi eins og Íslandi, sem er þó ekki stærra land, hvort 50% af landbúnaðarframleiðslu landsmanna eigi sér stað í Suðurkjördæmi eða hvort mjög stór hluti af landbúnaðarframleiðslu landsmanna og til að mynda stór partur af hefð í landbúnaðarrannsóknum á Íslandi eigi sér stað í Borgarfirði. Það er ekki langur vegur úr Borgarfirði austur á Selfoss, sérstaklega eftir tilkomu Hvalfjarðarganganna. Það er ekki langur vegur að aka þá leið.

Ég átta mig ekki alveg á hvað hv. þm. Kjartan Ólafsson er að fara. Það eina sem vakir fyrir mér er að reyna að velta upp hugmyndum um hvað gæti verið hagstætt að gera í þessari stöðu. Þá er ég að tala um að þessi stofnun verði að hluta til á Hvanneyri eða kannski að öllu leyti, ég veit ekkert um það. Þetta er að sjálfsögðu ávallt útfærsluatriði.

Það er alveg hárrétt sem hv. þingmaður bendir á að Garðyrkjuskólinn er að Reykjum í Ölfusi, og ég veit ekki betur en hann verði þar áfram að stórum hluta, að sá rekstur sem þar hefur verið verði þar áfram að stórum hluta. Í sjálfu sér er því ekki verið að tala um einhverja stórkostlega tilfærslu. Þessi stofnun, ef af verður, Landbúnaðarstofnun, verður ekki mjög stór, talað er um að þar verði einhverjir tugir stöðugilda eins og málið lítur út núna. Eins og það er sett upp fyrir okkur í greinargerð núna er talað um að stofnunin muni árlega velta eitthvað í kringum 500 millj. kr. Ég segi fyrir mína parta og hef sagt það áður að mér finnst eftirlitsiðnaðurinn vera orðinn nægilega stór á Íslandi og vona að þessi stofnun verði ekki miklu stærri en það að okkur takist að koma böndum á hana, að hún vaxi ekki út yfir stokka og steina eins og til að mynda Fiskistofa gerði, en átti aldrei að gera þegar lagt var af stað, og það vita nú allir hvernig hún er orðin í dag. Hún er í raun og veru orðin allt of stór og orðin alveg gríðarlegt bákn. Sjálfstæðismenn

ættu að vera talsmenn þess að (Forseti hringir.) halda niðri umsvifum í ríkisrekstri.

[17:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil við lok umræðunnar þakka fyrir hana. Margir hafa tekið til máls og farið yfir frumvörpin og rætt hugsjónir sínar, drauma og væntingar.

Hér hefur auðvitað margt borið á góma eins og gerist í umræðum. Þingið er að því leyti sérstakt og það er skaði auðvitað að menn eru ekki við umræðu frá upphafi heldur stendur maður hér eins og við brúsapall og verður að flytja sömu ræðuna aftur og aftur til þess að upplýsa menn um staðreyndir. Menn koma inn í umræðuna óþreyttir, hafa farið á aðra fundi á milli og koma svo með sömu athugasemdir og fluttar voru nokkrum mínútum áður. Við þessu er ekkert að gera, þetta er hið sérstæða þing sem við búum við, þó að það væri auðvitað æskilegra að menn væru við umræðu sem þeir ætla að taka þátt í frá upphafi og fylgdust með henni.

Hér hefur margt komið fram hjá mönnum um kröfur varðandi forstjóra fyrirtækisins, að hann verði skilgreindur sem dýralæknir með æðri menntun. Auðvitað getur það orkað tvímælis að setja það í lögin. Hér hefur því verið haldið fram að verið væri að sérsníða búning fyrir ákveðinn mann, sem er auðvitað rangt. Fyrst og fremst varð þetta niðurstaðan þegar við fórum að hugsa um málið. Yfirdýralæknisembættið er auðvitað stórt í hinu nýja fyrirtæki, Landbúnaðarstofnun, sem vonandi verður að veruleika, og mörg önnur verkefni snúa beint að þeirri fagþekkingu sem slíkir menn búa yfir, hvort sem það er aðfangaeftirlitið, veiðimálastjóri eða margt annað. En ég tek fram að auðvitað fer landbúnaðarnefnd yfir það og við áfram með henni í landbúnaðarráðuneytinu og skoðum það faglega hvernig þetta verður.

Það kom fram í máli hv. þm. Steingríms Sigfússonar og fleiri áður, og ég hafði svarað því hér varðandi héraðsdýralæknana, að verði frumvarpið að lögum verði þeir ekki skipaðir af ráðherra sem embættismenn til starfa sinna, heldur verði þeir ráðnir af nýjum forstjóra. Þetta er nútíminn og hinum 15 héraðsdýralæknum verður auðvitað eins og öðrum boðin störf. Þeir eru 15 talsins í dag og fjórir sérgreinadýralæknar sem starfa að málefnum alifugla-, svína-, hrossa- og fisksjúkdóma. Það liggur alveg skýrt fyrir að hugsunin er þessi.

Nú hefur komið fram hér, ekki síst hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni, varðandi þau verkefni sem Bændasamtökin hafa unnið að við búfjársamninga og framleiðslustýringu í landbúnaði, forðagæslu og eftirlit með aðbúnaði búfjár, að það samrýmist ekki störfum samtakanna að fara með framleiðslustýringuna. Formaður Bændasamtakanna og framkvæmdastjóri hafa átt fund með mér og þeir vilja losna undan þessum verkefnum því að samtökin eru auðvitað stéttarfélag og þeim finnst að þeir séu að taka að sér verkefni sem nær sé að landbúnaðarráðherra og ráðuneytið beri alfarið ábyrgð á. Það er nú skýringin á því. En ég tek undir með hv. þingmanni að þessi störf hafa verið unnin af mikilli fagmennsku og ég held að aldrei hafi borið skugga á þau, þannig að undir það vil ég taka.

Hv. þm. Sigurjón Þórðarson kom hér í löngu máli að ýmsu sem hann ræddi og þar á meðal um Hóla í Hjaltadal. Hólar í Hjaltadal eru lögum samkvæmt ekki háskóli, skólinn er háskólastofnun í dag. Það er vilji til þess og verið að skoða það að gera Hólaskóla að háskóla. Hólaskóli kennir á háskólastigi en útskrifar með öðrum. En viljinn er sá að Hólaskóli verði háskóli og standi sem slíkur.

Hv. þingmaður spurði hvenær komið væri að Norðvesturkjördæmi. Það er nú komið að því kjördæmi, a.m.k. í störfum landbúnaðarráðuneytisins. Ég nefni Landbúnaðarháskólann sem hér hefur borið mjög á góma, og Hólaskóla og fleiri verkefni.

Hv. þingmaður spurði hvort ekki væri rétt að fara með landbúnaðarráðuneytið á Hvanneyri og öll þau verkefni. Það vita allir að ráðuneytin er samkvæmt reglugerð staðsett í höfuðborginni. Mér finnst það ekki vera neitt eilífðarverkefni að þannig eigi mál að vera. Ég man eftir því þegar ég heimsótti frændur okkar, Íra, að þá var það mikið byggðamál hjá þeim að flytja ráðuneytin út á landsbyggðina. Það væri ósköp eðlilegt að styrkja landbúnaðarráðuneytið, fela því matvælaöryggið og byggðamálin til dæmis og staðsetja ráðuneytið, eins og ég hef oft sagt, úti á akrinum. Það hefði verið þægilegra fyrir mig að hafa það á Selfossi þann langa tíma sem ég hef verið landbúnaðarráðherra og stutt að fara.

Ég get alveg tekið undir þessa hugsun, að stjórnmálamenn og löggjafarþing eigi að fara yfir það hvort binda eigi í reglugerðum að ráðuneyti séu endilega staðsett í höfuðborginni.

En ég vil taka fram, af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon taldi frumvarpið einfalt og ekki flókið, að ég tel prýðilegt að hafa frumvörp ekki flókin. Hins vegar liggur það fyrir að forstjóri þessa fyrirtækis ræður og rekur starfsfólk. Það er formið á því, svo að það sé alveg skýrt.

Að lokinni þessari umræðu fer málið til umfjöllunar í landbúnaðarnefnd. Ég treysti landbúnaðarnefnd til að taka við þessu máli opnum huga og helst að klára það. Það er mikilvægt að klára það á þessu þingi. Ég held að í frumvarpinu sé fólgin hagræðing. Eins og hér hefur komið fram er ekki verið að stofna nýtt eftirlit heldur verið að hagræða og búa til sterkari stofnun sem á að geta staðið betur að þeim mikilvægu verkefnum sem þingið hefur falið þeim embættum sem sameinast hér í eitt fyrirtæki.

[17:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var mjög áhugaverður punktur sem kom fram hjá hæstv. landbúnaðarráðherra, að ráðuneytin yrðu jafnvel staðsett í heimabyggð viðkomandi ráðherra. Það mundi spara helling og það væri mögulegt með nútímatækni.

En ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra því þótt ég hafi ekki setið í salnum hef ég fylgst grannt með umræðunni. Mér finnst ekki hafa komið nægilega skýrt fram hvernig stendur á því að menn sameina svona rekstur án þess að af verði sparnaður. Yfirleitt eru fyrirtæki sameinuðu til að ná fram sparnaði í rekstri, einhverjum samlegðaráhrifum. Hvernig gerist það að þetta á ekki að spara heldur eigi þetta að kosta? Hvers lags hugsun er það eiginlega?

[17:17]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bendi á að tvö markmið fylgja sameiningu í slíka stofnun. Í fyrsta lagi að gera þau störf skilvirkari og markvissari sem henni eru falin. Ég hef mikla trú á því að þessu fylgi sparnaður. Þetta eru litlar stofnanir í mörgum húsum í höfuðborginni og sumum hverjum dýrum. Ég held því að til framtíðar muni þessi aðgerð spara ríkinu peninga og gera störf embættanna markvissari og þeim fylgi þá einnig sparnaður.

[17:18]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var mjög ánægjuleg yfirlýsing frá hæstv. landbúnaðarráðherra, að stefnt yrði að því að spara peninga til framtíðar. Ég vona að það gangi eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, 1. umr.

Stjfrv., 726. mál (heilbrigðiseftirlit eftirlitsdýralækna). — Þskj. 1084.

[17:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, með síðari breytingum, á þingskjali 1084.

Hæstv. forseti. Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997 er kveðið á um það með hvaða hætti gjald fyrir þá heilbrigðisskoðun sem fram fer í sláturhúsum eftir ákvæðum III. kafla laganna er innheimt. Eins og fyrirkomulagið er nú samkvæmt gildandi lögum er eftirlitsgjaldið innheimt sem ákveðin krónutala á hvert kíló kjöts, nánar sundurgreint eftir tegundum, og rennur það í sjóð í vörslu landbúnaðarráðherra. Einnig kemur fram í 11. gr. laganna að eftirlitsgjaldið skuli miðast við raunkostnað og sé ætlað til þess að standa straum af heilbrigðiseftirliti kjötskoðunarlækna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hætt verði að innheimta gjald fyrir heilbrigðiseftirlit eftir ákveðinni krónutölu á hvert kíló kjöts. Þess í stað verði innheimta heilbrigðiseftirlitsgjaldsins byggð á gjaldskrá sem landbúnaðarráðherra setur. Áfram er gert ráð fyrir því að gjaldið taki mið af raunkostnaði við eftirlitið og skal gjaldskrá byggjast á því. Í núgildandi lögum þykir ekki nægilega vel tryggt að gjaldtaka sem miðast við fasta krónutölu endurspegli raunverulegan kostnað við eftirlitið. Ekki þykir heldur hentugt að breyta þurfi lögum ef kostnaður eykst eða minnkar við eftirlit og er talið að með því að heimila ráðherra að setja gjaldskrá um eftirlitið sé betur hægt að endurspegla raunverulegan kostnað þess og bregðast við hækkunum og lækkunum á raunkostnaði. Enn fremur er ljóst að sláturleyfishafar ættu að hafa betri upplýsingar og sundurliðun á því til hvaða þátta eftirlitsins eftirlitsgjald sem þeir greiða rennur.

Með frumvarpinu er einnig ætlunin að skilgreina til hvaða þátta heilbrigðiseftirlitið nær, en í núgildandi lögum er landbúnaðarráðherra falið að setja nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins og um innheimtu kostnaðar fyrir það. En eftirlitið sjálft er ekki skilgreint í núverandi lögum. Þar sem gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að ráðherra setji gjaldskrá um eftirlitið þykir eðlilegt að marka ramma þess fastari skorður í samræmi við þau ákvæði um eftirlit sem nú eru í reglugerð. Þó er í frumvarpinu gert ráð fyrir að ráðherra hafi áfram ákveðnar heimildir til að kveða nánar á um framkvæmd eftirlitsins innan ramma laganna.

Í frumvarpinu er einnig tekið fram að framleiðandi þar sem greinst hefur smitefni þarf sjálfur að bera þann kostnað sem af viðbótarsýnatökum og prófunum hlýst, enda er það í anda þess að þeir sem þarfnast nánara eftirlit, e.t.v. vegna verri aðstöðu eða verra heilbrigðis hjarðar, borgi þann kostnað sjálfir. Þannig ætti það að vera framleiðendum til hagsbóta að hafa ástand búa þeirra með þeim hætti að ekki þurfi að koma til sérstakra prófana vegna smitefna. Til að taka af öll tvímæli um það að um viðbótarsýnatökur og prófanir sé að ræða og til að undirstrika þá ábyrgð sem viðkomandi framleiðandi verður að axla vegna bús síns er kveðið á um það í greininni að beiðni um viðbótarsýnatökur skuli vera skrifleg.

Í samræmi við efni frumvarpsins er gert ráð fyrir því að sérstakur sjóður í vörslu landbúnaðarráðherra verði lagður niður en gjöldin renni þess í stað beint til embættis yfirdýralæknis sem sinnir eftirlitinu til að standa straum af raunkostnaði við það.

Í frumvarpinu er einnig afdráttarlaust kveðið á um að möguleika landbúnaðarráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins. Ekki er um breytingu á núverandi lagaumhverfi að ræða því að í núgildandi 3. mgr. 11. gr. er að finna svipaða heimild til handa ráðherra. Nýmælið sem hér er á ferðinni felst í skýrara orðalagi um takmarkaða heimild ráðherra til að kveða nánar á um til hvaða þátta heilbrigðiseftirlitið tekur. Heimild ráðherra samkvæmt greininni er þó ávallt bundin við þá flokka eftirlits sem skilgreindir eru frumvarpinu. Landbúnaðarráðherra gæti því t.d. ekki upp á sitt einsdæmi og án lagasetningar kveðið á um nýtt eftirlit sem sláturleyfishöfum beri að greiða fyrir.

Hæstv. forseti. Þetta eru helstu atriði þessa frumvarps og ég legg til að að lokinni umræðu verði frumvarpinu vísað til 2. umr. og landbúnaðarnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:25]

Útbýting:

Framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 747. mál, fsp. RG, þskj. 1112.

Framkvæmd þingsályktunar um stofnun sædýrasafns, 744. mál, fsp. MÞH, þskj. 1109.

Stefna í fjarskiptamálum 2005–2010, 746. mál, stjtill. samgrh., þskj. 1111.

Útflutningur hrossa, 1. umr.

Stjfrv., 727. mál (hámarksaldur útflutningshrossa). — Þskj. 1085.

[17:25]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa, á þingskjali 1085 sem er 727. mál þessa þings.

Hæstv. forseti. Sú breyting sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu á 1. gr. laga nr. 55/2002, um útflutning hrossa, felst í því að ákvæði um hámarksaldur hrossa sem leyfilegt er að flytja úr landi er fellt brott. Ákvæðið þykir ekki hafa neina þýðingu lengur í ljósi þess að ítarleg skoðun fer fram á öllum hrossum fyrir útflutning sem framkvæmd er af eftirlitsdýralækni. Líkamlegt ástand hross á að ráða því hvort það telst hæft til útflutnings en ekki aldur þess. Gert er ráð fyrir að það sé því alfarið á færi eiganda hrossins að ákveða hvort hann vilji flytja hrossið út þótt það sé eldra en 15 vetra ef það á annað borð uppfyllir önnur skilyrði sem lögin mæla fyrir um. Sú mismunun sem nú er í lögunum, þ.e. að heimilt sé að flytja úr landi merar sem eru eldri en 15 vetra en ekki geldinga, þykir heldur ekki standast nánari skoðun þar sem ákvæðið um hámarksaldur útflutningshrossa var í upphafi sett út frá dýraverndarsjónarmiðum, þar sem í upphafi var ekki talið réttlætanlegt að leggja langan flutning á gömul hross sjóleiðina til. Nú eru nær öll hross hins vegar flutt út flugleiðis, annað heyrir til algerra undantekninga. Þess vegna er þetta frumvarp lagt fram á þessu þingi.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og landbúnaðarnefndar.

[17:27]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar að bera upp örlitla fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra varðandi þetta frumvarp. Í fyrsta lagi vil ég segja það að ég er sammála efni frumvarpsins.

Spurningin lýtur að athugasemdum frumvarpins. Þar kemur fram að eftirlitsdýralæknar skoði hrossin áður en þau eru flutt út og það er vel. Þar með fylgja hrossunum vottorð frá viðkomandi dýralæknum og það er gott.

Nú langar mig að spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra hvort ekki sé rétt að taka það upp að hér verði búin til handbók með íslenska hestinum þannig að þeir erlendu kaupendur sem fá íslenskan hest fái handbók með hestinum sem geti um meðferð, fóðrun, getu hestsins o.s.frv. Ég þekki það af eigin raun að margir í þessum viðskiptum hafa rætt um að það vanti svona „manual" sem við köllum, líkt og fylgir heimilistækjum, bílum og hvað það nú er sem við kaupum, að með þurfi að fylgja leiðbeiningar. Ég held að það væri ekki síður mikilvægt en sú litla lagabreyting sem þarna kemur fram.

[17:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vill svo til að þetta er í góðum farvegi í dag. Hver sá hestur sem fluttur er út fer með hestavegabréf með sér þar sem tilgreindar eru allar upplýsingar, heilbrigðisástand, ætternið og sagan. Ég held að þetta sé í mjög fullkomnum farvegi. Þar fyrir utan eru öll fölöld örmerkt í dag. Ég held að hestamenn hafi komið þeim málum í mjög gott form sem er mikilvægt fyrir atvinnugreinina og þá gæðastýringu sem þeir vinna eftir. Ég vil því segja við hv. þingmann að þetta hestavegabréf sé mjög gott og segi alla þá sögu sem segja þarf.

[17:30]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Með reglulegu millibili, mjög reglulegu, koma fram frumvörp á Alþingi um hross. Þetta kemur fram í fjárlögum. Þar er verið að dæla út mörg hundruð milljónum í hross. Ég vil kalla þetta hrossakaup og finnst undarlegt dekur löggjafans eða stjórnvalda við eigendur hrossa. Hér hafa meira að segja verið sett lög um útflutning hrossa. Maður spyr sig: Af hverju ekki lög um útflutning katta eða hunda, kúa eða kinda? (**Gripið fram í:** Þau eru ekki flutt út.) Þau er ekki flutt út, segir hv. þingmaður. Það skyldi nú ekki vera að þurfi að setja lög um það svo þau verði flutt út?

Það sem er undarlegt í þessu er að þau lög um útflutning hrossa, sem ég var að líta á og eru níu greinar, fjalla annars vegar um gæðastýringu eða gæðaeftirlit með atvinnugreininni sem atvinnugreinin gæti að sjálfsögðu sett upp sjálf. Talað er um örmerkt hross og frostmerkt. Það gæti greinin gert sjálf ef menn vilja fá gott verð erlendis ef þeir flytja hrossin út. Talað er um hestavegabréf. Þau mundu bara fylgja eins og farmbréf með annarri vöru. Talað er um að greiða 500 kr. í stofnverndarsjóð. Þarna er dulbúin skattlagning líka inni í þessu. Ég get nú ekki séð að nokkurn einasta mann muni neitt um þennan fimm hundruð kall og kostar sennilega meira að innheimta hann heldur en hann gefur. Þetta eru sem sagt gæðaeftirlitskröfur sem greinin gæti sjálf sett upp.

Svo eru náttúrlega dýraverndarsjónarmið um að undir fjögurra mánaða aldri megi ekki flytja út hross. Ég geri ráð fyrir að það falli undir dýravernd. Fylfullar hryssur má ekki senda úr landi ef þær eru gengnar meira en sjö mánuði með. Þetta mundi falla undir dýravernd. Einnig flutningsfar fyrir hross svo og öll aðstaða, svo sem rými og loftræsting o.s.frv. Þetta fellur allt saman undir dýravernd. Hvað eru menn með lög sérstaklega fyrir hross?

Í lögum um dýravernd sem ég leit líka á, nr. 15/1994, er fjallað um að umhverfisráðuneytið eigi að hafa eftirlit með dýravernd og setja um það reglugerðir. Það gæti svo gott sem sett reglugerðir sem eru nákvæmlega eins og þessi lög um aðbúnað hrossa þegar þau eru flutt út, aldur þeirra og hvort þau séu fylfull eða ekki.

Ég skil ekki að setja þurfi allt í lög, sérlög um útflutning hrossa.

[17:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jú, það kann rétt að vera. Auðvitað á ekki að setja alla hluti í lög. Ég get tekið undir það með hv. þingmanni. Hér er verið að fella úr gildi ákveðinn þátt í lögum. Hv. þingmaður kallar þetta hrossakaup og skilur þetta nú lítið, en þetta snýr, eins og hv. þingmaður sagði,

dálítið að dýravernd eins og komið hefur fram. Einhvern tímann voru hross aðallega flutt með skipum. Það er búið að flytja héðan út hross í hundruð ára, það var ekki alltaf einfaldur hlutur. Þessi lög hafa verið markvisst í endurskoðun. Nú fara allir hestar út með flugi eða oftast og að mestu í dag. Þarna er verið að skapa jafnræði. Hvað önnur dýr varðar verða þau einnig að uppfylla ákveðna skilgreiningu, a.m.k. þess lands sem er verið að flytja þau til.

Hins vegar hvað hestana varðar er íslenski hesturinn, sem ég veit að hv. þingmaður veit, mikið dýrmæti og er ræktaður í tugum þjóðlanda. Íslenskir hestamenn setja sér miklar gæðakröfur og hafa verið að vinna í því. Þeim finnst líka mikilvægt að þeir hestar sem fara úr landi skaði ekki ímynd greinarinnar eða landsins sem þeir koma frá, þannig að um þetta gilda núorðið einföld lög. En eins og ég sagði í ræðu minni er verið að einfalda hlutina og fella úr gildi lög sem ekki eiga við lengur.

[17:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að verið er að fella út eitt lítið ákvæði um 15 vetra hámarksaldur hrossa sem flutt eru úr landi, að nú má sem sagt flytja út eldri.

Spurning mín til hæstv. ráðherra, fyrst hann er kominn í andsvar, er hvort ekki megi fella þessi lög úr gildi með tilvísun til þess að greinin setji sér sjálf gæðaeftirlit eins og aðrar greinar í útflutningi eða í framleiðslu yfirleitt og hvort megi ekki vísa til dýraverndarsjónarmiða varðandi þau atriði sem snúa að dýravernd.

Síðan er þarna eitt dálítið skrýtið atriði sem ég skil ekki, um kynbótahross, að tilkynna eigi Bændasamtökum Íslands það án tafar ef slíkt hross er flutt úr landi. Svo er ekki sagt neitt meira hvað Bændasamtökin eigi að gera með það, að vita að þetta ágæta hross á að fara úr landi. Ég skil ekki alveg til hvers er verið að tilkynna þetta. Þetta er skrýtið ákvæði.

Að öðru leyti eru lögin öll varðandi gæðaeftirlit eða dýravernd. Ég legg til að þau verði felld úr gildi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 725. mál (afnám mjólkurgjalds). — Þskj. 1083.

[17:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum, á þskj. 1083 og er þetta 725. mál þessa löggjafarþings.

Með frumvarpinu er verið að leggja til að sú breyting verði gerð á búnaðarlögum, nr. 70/1998, að felld verði úr gildi heimild búnaðarsambanda til þess að innheimta sérstakt gjald hjá mjólkurframleiðendum af allri innveginni mjólk í afurðastöð vegna sæðinga mjólkurkúa. Gjaldið er nú 1,7% af afurðastöðvarverði mjólkur. Í nýjum samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu sem tekur gildi 1. september 2005 er gert ráð fyrir því að ákveðnum fjármunum sé ráðstafað til kynbóta- og þróunarverkefna í nautgriparækt. Þá er jafnframt talið eðlilegt að þeir sem nýta sér þjónustu búnaðarsambanda greiði í auknum mæli beint fyrir veitta þjónustu.

Þetta er ekki langt frumvarp eða flókið og auðskilið.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og landbúnaðarnefndar.

[17:39]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir lifandi áhuga hans á því máli sem hér er flutt, en það er hvorki langt né mikið. Ég vildi nota þetta tækifæri til að spyrja ráðherrann um þau miklu tíðindi sem hafa orðið í mjólkuriðnaðinum og þær spurningar sem hafa vaknað um lagaumhverfi hans sem er til umfjöllunar í þessu frumvarpi.

Þau tíðindi hafa orðið að nýtt mjólkurbú hefur haslað sér völl, Mjólka, sem ætlar að standa utan niðurgreiðslukerfisins í mjólkuriðnaðinum. Einn af forustumönnum í mjólkuriðnaðinum, Þórólfur Sveinsson, hefur efast um þann lagagrundvöll sem þetta bú og framleiðsla þess standi á.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji að við á hinu háa Alþingi þurfum í búnaðarlögum eða jafnvel í búvörulögunum að treysta lagagrundvöll fyrir framleiðslu utan niðurgreiðslukerfisins, eða hvort þetta nýja bú standi traustum lagalegum fótum og hvort hæstv. landbúnaðarráðherra fagni því ekki að nú séu að verða til í landinu frjálsar og óniðurgreiddar kýr, eða hvort hann hafi af því verulegar áhyggjur að þessi nýbreytni raski framleiðslustýringunni í mjólkuriðnaðinum.

Ég held að mjög mikilvægt sé að tekin séu af öll tvímæli um lagaumhverfi þessa nýja fyrirtækis, því að ég held að margir horfi vonaraugum til þessa frumkvæðis og þessarar nýsköpunar í mjólkuriðnaðinum og voni að þetta marki þáttaskil í þeirri búgrein og telji ákaflega mikilvægt að þetta nýja bú, Mjólka, standi traustum stoðum lagalega og þess vegna mikilvægt að hæstv. ráðherra tjái sig um það í sölum Alþingis.

[17:41]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað þessa stóru spurningu varðar undir umræðu um þetta frumvarp get ég sagt hv. þingmanni og þingheimi mína skoðun og það sem ég hef skoðað í málinu.

Ég er þeirrar skoðunar að hver og einn eigi rétt á því að meta hagsmuni sína eins og þeir standa hverju sinni og eru bændur engin undantekning í þeim efnum. Frelsi til að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa er stjórnarskrárvarinn réttur þegna þessa lands og verður sá réttur einungis takmarkaður með lögum ef almannahagsmunir krefjast þess. Búvörulög fela ekki í sér slíka takmörkun. Því ríkir að mínu viti ekkert bann við framleiðslu á ostum utan greiðslumarkskerfis laganna. Það virðist vera mat forsvarsmanna Mjólku að framleiðsla fyrirtækisins eigi sér rekstrargrundvöll við þessar aðstæður og þeir vilja starfa utan við búvörusamninginn og beingreiðslukerfið. Því er það svo í

mínum huga að bændurnir í Eyjum í Kjós eiga þetta val og eru að mínu mati frjálsir að því að fara þessa leið, enda standi þeir í framtíðinni utan við búvörusamninga og hið opinbera beingreiðslukerfi.

Þetta er leið sem þeir hafa valið og þeir hafa að mínu mati fullan rétt til þess að velja sér þá leið og vera utan búvörusamningsins.

[17:43]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna eindregið þeim ótvíræða stuðningi við þessa nýbreytni í mjólkuriðnaði og við frelsi í framleiðslu á mjólk og heimildum manna til að framleiða óniðurgreidda mjólk í landinu, sem hér hefur komið fram í yfirlýsingum hæstv. landbúnaðarráðherra. Ég treysti því að þekking hans og mat á stöðu þessa fyrirtækis sé með þeim hætti að ekki þurfi að hafa áhyggjur af því. Það er rétt hjá hæstv. landbúnaðarráðherra að atvinnufrelsi manna er þeim tryggt í stjórnarskránni.

Ég vil þá í framhaldinu fá að beina þeim fyrirspurnum til hæstv. landbúnaðarráðherra hvort hann telji ekki að með þessum tíðindum, þeim að menn treysta sér til að framleiða hér óniðurgreiddar mjólkurvörur og með þeim tíðindum sem við höfum verið að fá úr alþjóðlegum viðræðum um heimsviðskiptin, hvort við séum ekki að sjá þar fyrir endann á beinum framleiðslustyrkjum í landbúnaði og breytingu í annars konar styrkjakerfi til landbúnaðarins. Ástæðan fyrir því að ég spyr er sú að það verð sem er nú orðið til á mjólkurkvóta hér í landinu og er að ganga manna á milli, er auðvitað orðið með hreinum ólíkindum. Það er algerlega augljóst að á markaðnum eru menn bara að selja áskrift að ávísunum úr ríkissjóði. Verið er að kaupa þessa áskrift dýrum dómum.

Við höfum nýverið gert mjólkursamning til sjö ára en menn virðast meta það svo að þessar niðurgreiðslur muni ekki bara halda áfram í þau sjö ár, heldur nánast um alla eilífð.

Ég spyr þess vegna hæstv. landbúnaðarráðherra hvort hann telji ekki að þessi tíðindi hér heima og eins tíðindin á alþjóðavettvangi bendi til þess að að loknum þeim mjólkursamningi sem nú er í gildi megi vænta þess að verulega verði dregið úr framleiðslustyrkjum í mjólkuriðnaðinum og opinberum stuðningi beint í annan farveg til bænda.

[17:45]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að bændur hafi gert sér grein fyrir því, ég hef margoft rætt um það á fundum með þeim, að breytinga er að vænta. Alþjóðlegir samningar standa yfir á vegum WTO og við erum þátttakendur þar. Ég hef alltaf sagt bændum að þaðan sé breytinga að vænta hvað tolla varðar og þess vegna beinan stuðning við framleiðslu í landinu. Ég ræddi það oft í þinginu, í sjónvarpi og víðar, m.a. á fundum með bændum, við gerð síðasta búvörusamnings að menn þyrftu að hafa það í huga við gerð þess samnings. Ég hafði áhyggjur af skuldsetningu ungu kynslóðarinnar í mjólkurframleiðslunni, kvótaverð væri hátt og menn skuldsettu sig. Ég hef því flutt öll þessi varnaðarorð.

Þessi nýja aðferð, að bóndi telji sig geta staðið utan beingreiðslukerfisins, á auðvitað eftir að sanna sig og við munum fylgjast með rekstri þess bús. Það kostar mikið að stofna kúabú með 100 kúm og það kostar mikið að reisa mjólkurbú eins og þar er gert. Þáttur beingreiðslna hefur verið 47% af grundvallarverði mjólkur, sem er sú hlutdeild sem forsvarsmenn Mjólku telja sig ekki þurfa á að halda miðað við þær forsendur sem þeir gefa sér.

Ég hef einungis sagt það eitt í fjölmiðlum um þetta mál þegar ég hef verið spurður að ég óski þessu fólki velfarnaðar í störfum sínum og vonist til að þessi leið reynist því vel. En það kemur í ljós á næstu mánuðum og ég er sannfærður um að þetta hefur heilmikla þýðingu þegar menn horfa til framtíðar.

[17:47]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil leyfa mér að leggja spurningu fyrir hæstv. landbúnaðarráðherra sem er ekki ólík þeirri sem hv. þingmaður lagði fyrir hann áðan. Þessi lagabreyting gengur út á að fella niður gjaldtöku vegna mjólkur, allrar mjólkur sem er lögð inn í hvaða afurðastöð sem er, hvort sem það væri afurðastöð Mjólku eða önnur afurðastöð. Ég skil núgildandi lög þannig að það verði að greiða af allri mjólk, hvar svo sem hún er lögð inn og jafnvel þá hjá Mjólku.

Þetta var sett í lög vegna þess að þegar menn hófu sæðingarstarfsemi í landinu var þátttaka bænda ekki almenn. Margir hverjir notuðu svokölluð heimanaut, sem hæstv. landbúnaðarráðherra þekkir mjög vel. Menn notuðu heimanaut og þeir einstaklingar tóku þar af leiðandi ekki þátt í kostnaðinum við kynbótastarfið. Þess vegna var þetta gjald sett á, hygg ég, þannig að kostnaðinum yrði dreift á alla bændur, á alla nautgriparæktina og allir tækju þátt í kynbótastarfseminni sem skiptir landbúnaðinn gríðarlega miklu máli.

Nú vaknar sú spurningin hvort nýir aðilar, sem eru utan kerfisins, utan búvörusamninga þegar þetta gjald verður fellt niður, muni ekki taka þátt í að greiða fyrir það kynbótastarf sem nauðsynlegt er öllum, bæði bændum og neytendum í landinu.

[17:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé mikilvægt fyrir bændurna, landbúnaðinn og þjóðina að kynbótastarf sé öflugt í landinu. Hér er stigið mikilvægt skref í þeim efnum og menn ætla að láta bændurna sjálfa bera meiri kostnað í því sambandi. Eigi að síður gerðu menn ráð fyrir því, sem eru bæði hagsmunir bændanna og ríkisvaldsins þegar samningur var gerður, að til kynbótastarfa yrði varið ákveðnum fjármunum sem hér er greint frá í fylgiskjali með þessu frumvarpi, þ.e. að til kynbótastarfsins færu 100 millj. kr. sem munu auðvitað nýtast greininni.

Ég hygg að allir bændur, hvort sem er í dag eða áður — ýmsir eru utan við kynbótastarfið og hafa verið í gegnum tíðina — hafi alltaf notið góðs af félagshyggjunni og samstarfinu um kynbætur og ræktun. Ég hef ekki farið yfir það með þetta nýja bú, hvernig því verður varið þar en ég veit að þetta er öflugt og duglegt fólk sem vill búa við ræktunarstefnu og góðar kýr. Það verður auðvitað að fara yfir það í

framtíðinni hvernig þeir komi inn í þetta starf eða hvernig þeir borgi fyrir sína þjónustu, sem getur þá verið með öðrum hætti því að ég hygg að þeir vilji engan veginn tengjast búvörusamningnum. Einhvers staðar hefur það komið fram hvað varðar beingreiðslur út á gripagreiðslur. Ég hygg að þeir hafi fullan rétt til að hafna öllum greiðslum frá ríkinu, að þeir ætli sér að standa þannig að og vilji borga fyrir slíka þjónustu og gera þá samning við sæðingarstöðvar um sitt starf.

[17:52]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við erum að hverfa frá ákveðnu kerfi sem hefur verið í gangi í landbúnaðinum. Hann er því miður bundinn í mjög þunga hlekki alls konar kerfa.

Í 12. gr. búnaðarlaga segir, með leyfi forseta:

„Búnaðarsamböndum eða öðrum félagasamtökum bænda sem viðurkennd eru af Bændasamtökum Íslands er heimilt að innheimta hjá mjólkurframleiðendum gjald af allri innveginni mjólk í afurðastöð vegna sæðinga mjólkurkúa. Gjaldið skal nema 1,7% af afurðastöðvarverði mjólkur eins og það er á hverjum tíma. Afurðastöðvum er skylt að halda gjaldi þessu eftir af mjólkurverðinu og standa búnaðarsamböndunum skil á því mánaðarlega."

Þetta þýðir að bændur skulu kaupa sæðingar af ákveðnum búnaðarsamböndum hvort sem þeir vilja eða ekki. (**KÓ:** Nei, nei.) Jú, það stendur hérna. Og þeir geta ekki haldið eigin naut. (**DrH:** Jú, jú.) Ja, þeir borga samt, eru búnir að borga með gjaldinu fyrir sæðinguna. Ef þeir halda eigin naut eða fá lánað naut hjá nágranna sínum þá nýta þeir ekki þjónustu sem þeir eru búnir að borga fyrir. Þetta er náttúrlega mjög óeðlilegt og kemur í veg fyrir samkeppni, t.d. í sæðingum. Ég er því hlynntur því að fella þetta niður og það er hið besta mál.

Hins vegar er í frumvarpinu dálítil mótsögn, þ.e. á milli þess sem segir í athugasemdum við lagafrumvarpið og þess sem fram kemur í umsögn fjármálaráðuneytisins. Í athugasemdum segir að það eigi að fella niður gjaldið. Síðan segir, með leyfi forseta :

„Þá er jafnframt talið eðlilegt að þeir sem nýta sér þjónustu búnaðarsambanda greiði í auknum mæli beint fyrir veitta þjónustu."

Þetta er náttúrlega eðlilegt og sjálfsagt. Þeir geta að sjálfsögðu greitt einhverjum öðrum en búnaðarsamböndunum fyrir þetta. Þá getur einhver bóndinn sérhæft sig í því að halda naut til að stunda sæðingar. Það er hið besta mál, þá kemur samkeppnin upp og væntanlega lækkar verðið eins og alltaf í samkeppni. Rekstur sem ekki býr við samkeppni verður alltaf óhagkvæmur, það hefur sýnt sig.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins segir hins vegar að þetta gjald hafi gefið 80 millj. kr. árið 2004. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að veitt verði 100 millj. kr. framlag í fjárlögum árið 2006 til kynbótaverkefna samkvæmt samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu sem tekur gildi frá og með 1. september 2005."

Það er sem sagt búið að skuldbinda Alþingi í fjárveitingum árið 2006 upp á 100 millj. kr. En það er reyndar til kynbótaverkefna, sem er ekki endilega það sama og sæðingar. Ég held því að ég geti stutt þetta engu að síður, þrátt fyrir þessa athugasemd. Ég vil að bændur geti annaðhvort haldið sín eigin naut og fengið lánað naut hjá nágranna eða keypt sæðingu hjá aðilum sem eru í samkeppni hver við annan. Þannig myndast sæðingarstöðvar sem geta keppt við búnaðarsamböndin, sem ég er nærri viss um að gera þetta ekki á ódýrasta máta. Þannig er það yfirleitt þegar menn búa við einokun. Þannig hefur það verið hingað til. Þau hafa fengið tekjurnar og ekki þurft að standa í samkeppni. Bændur hafa neyðst til að kaupa af þeim þjónustuna vegna þess að þeir eru búnir að borga fyrir hana.

Ég styð því þessa breytingu með þessum athugasemdum.

[17:56]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Með frumvarpi þessu hverfum við frá ákveðnu fyrirkomulagi, með því að fella niður þetta gjald, 1,7% af afurðastöðvarverði mjólkur, þannig að nú greiði menn meira fyrir hverja sæðingu. Í staðinn munu renna úr ríkissjóði 100 millj. kr. í kynbóta- og þróunarverkefni sem eru af ýmsum toga og skipta mjólkurbændur mjög miklu máli.

Ég held að það sé ákveðinn misskilningur hjá hv. þm. Pétri Blöndal varðandi samkeppni í sæðingum og það að bændur geti ekki haldið sín eigin naut. Þeir geta það og hafa gert það margir hverjir þótt þeir hafi greitt þetta gjald. Það er kannski í og með þess vegna sem fella á gjaldið niður.

Ég held að það væri mjög erfitt að koma á samkeppni í sæðingarstöðvum. Þetta eru ekki svo margar kýr, fyrir það fyrsta, og síðan þarf að bjóða upp á sæði úr mörgum valinkunnum nautum. Ef hv. þingmaður ætlaði að fara í samkeppni þá þyrfti hann að halda úti kynbótastöð með mörgum nautum. Ég tel að þarna gæti ákveðins misskilnings hjá hv. þingmanni.

Ég held að með frumvarpi þessu sé komið til móts við bændur í framhaldi af því sem við höfum verið að gera, þ.e. að lækka álögur á bændur þar sem þeir greiða beint af rekstri sínum. Í staðinn vilja þeir borga fyrir þá þjónustu sem þeir fá en ekki leggja fé í ótilgreinda sjóði. Þess vegna stendur til að breyta búnaðarsjóðsgjaldinu og lækka það. Vonandi verður meira gert af því.

[17:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var einmitt það sem ég sagði, að bændur hafa þurft að greiða þetta gjald hvort sem þeir nýttu þjónustuna eða ekki. Það leiðir til þess að þeir nýta hana þó að þeir hugsanlega mundu vilja nýta sér aðra möguleika, t.d. að halda eigið naut, fá lánuð naut hjá nágranna, halda sameiginlega naut með nágrönnum sínum eða leita til annarra sæðingarstöðva sem gætu þá verið einkareknar.

Kerfið sem hefur verið við lýði hingað til hefur komið í veg fyrir að menn sérhæfðu sig í sæðingum og færu í samkeppni. Bændur gætu valið um að fá sæði úr einhverjum úrvalsnautum eða bara ósköp venjulegt og ódýrara sæði frá venjulegum nautum. Ég er mjög ánægður með að ríkið og löggjafinn skuli ætla að hverfa frá því kerfi sem hefur við

lýði. Það var einmitt það sem ég sagði, að nú gætu bændur valið.

[17:59]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, bændur hafa haft þetta val og þess vegna á að ráðast í breytingu á gjaldinu. Það verður greitt beint fyrir sæðinguna, trúlegast meira en hefur verið gert. En bændur hafa borgað fyrir hana aukalega. Þrátt fyrir að þeir borgi 1,7% af afurðastöðvarverði mjólkur hefur hver sæðing kostað heilmikla peninga. Ef sæðing misheppnast þarf að sæða aftur og jafnvel í þriðja sinn þangað til kýrin heldur. Allt kostar þetta heilmikla peninga.

Ég á mjög erfitt með að sjá fyrir mér að hægt væri að reka margar sæðingarstöðvar sem mundu bjóða upp á sæði í kýr vegna þess að stofninn okkar, eins og margoft hefur komið fram, er ekki mjög fjölbreyttur og það eru ekki mjög margir gripir í heildina tekið. Það eru mjög fáir gripir í stofninum sem við höfum.

Á kynbótastöðvunum, t.d. að Stóra-Ármóti í Hraungerðishreppi, fer fram mjög gott starf, kynbótastarf og mikið þróunarstarf varðandi heyverkun fyrir kýr til að nýta fóðrið sem mest og best. Það væri gaman að bjóða hv. þm. Pétri H. Blöndal með í heimsókn að Stóra-Ármóti.

[18:01]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég gat ekki á mér setið að segja fáein orð einfaldlega vegna þess að mér hættir aldrei að blöskra umræður á Alþingi um landbúnaðinn, því þvílíkt og annað eins sem hér fer fram, eins og umræða um hina aðskiljanlegustu hluti. Menn ræða um að skipta sér af því hvernig bændur sjá fyrir sæðingum á kúm. Mér er sem ég sæi að menn væru í umræðum um hvaða nagla ætti að nota til að negla þök í landinu. (Gripið fram í.) Þetta er alveg með ólíkindum. Það er ekki lengra síðan en 1992 eða 1993 að sérstök framlög voru til að menn gætu búið til haughús á einstökum bæjum. Landbúnaðurinn hefur verið í helgreipum Alþingis í gegnum tíðina. Það er eins og menn ætli aldrei að hætta þessu. Hvað er að gerast hér? Jú, á sama tíma og tekið er úr lögum eitthvað sem bændur hafa sjálfsagt viljað ... (**Gripið fram í:** Bændaforustan?) bændaforustan já, eitthvað sem hún hefur viljað láta setja inn líka til að hafa miðstýringuna í flottu lagi, hún væri uppáskrifuð með lögum, er það sett í samninginn sem gerður var í fyrra sem ég gat ekki skrifað undir á Alþingi, sat hjá, sem ég ætla ekki að fara yfir hér, en hluti af honum var að í staðinn fyrir þetta ætti ríkissjóður að borga 100 millj. á næsta ári til kynbótaverkefna.

Ég vil draga athyglina að því að það er ekki eðlilegt að menn skuli ekki komast að því að hafa einhvern heildarstuðning við bændur og flækja málin. Það á að láta þá sjá um sig sjálfa, þeir eru fullfærir til þess. En í sölum Alþingis virðast menn halda að þeir kunni manna best að stjórna landbúnaðarframleiðslunni. Mér finnst þetta vera svo óskaplega gamall og liðinn tími að við ættum að hafa komist út úr honum fyrir langa löngu. Þetta vildi ég sagt hafa, hæstv. forseti.

Umræðan sem fram fór áðan þegar hæstv. ráðherra var spurður um framleiðslu fólksins sem telur sig geta staðið utan við stuðningskerfi landbúnaðarins var ágæt nema að einu leyti, mér fannst hæstv. ráðherra vera að segja að almennur stuðningur til landbúnaðarmála ætti ekki heima til þess bús sem þarna er um að ræða því það liggur fyrir að nú þegar eru menn að færa lítinn hluta af styrkjum til landbúnaðar út fyrir greiðslumarkið þannig að menn fá styrk á hvern grip. Ég get ekki séð að það sé nein ástæða til þess að gera kröfu um að þeir sem ætla að standa utan greiðslumarkskerfis megi ekki fá þann styrk líka eins og aðrir, t.d. kjötframleiðendur. Mér finnst það ósanngjarnt ef menn ætla að líta þannig á málið.

Ég trúi því hins vegar mátulega að rekstrargrundvöllur sé fyrir þessu. Það er samt hægt að velta því alvarlega fyrir sér hvar menn eru staddir ef það er rétt að það taki 12–15 ár að ná inn fyrir uppkaupum á kvótum í landbúnaði. Ef svo er getur hugsanlega verið að menn séu komnir þarna langt yfir lækinn og jafnvel sé hugsanlegt að einhver framleiðsla án styrkja geti farið að standa undir sér.

Ég harma það aftur eins og ég gerði í fyrra að menn skyldu flýta sér svo að klára búnaðarsamninginn. Ég held að heppilegra hefði verið ef menn hefðu klárað hann í vetur. Vonandi liggja fljótlega fyrir betri upplýsingar um það frammi fyrir hverju við stöndum á næstu árum í alþjóðasamningum um stuðning við landbúnaðinn.

Ég ætla að hafa það með, af því að það er alltaf nauðsynlegt, að ég er ekki á móti því að stutt sé við atvinnulíf í sveitum, landbúnað og annað sem þar fer fram, en mér finnst mikið skorta á að jafnræðis sé gætt við þegna landsins.

[18:06]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar þannig stendur á hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni er hann oft manna neikvæðastur og sér hlutina með sínum gleraugum og túlkar þá með sínum hætti. Ég var fyrst og fremst að segja um búið að Eyjum í Kjós að ég hef hlustað á bóndann sem kýs að vera utan við kerfið og kjósi hann að vera utan við kerfið hlýtur hann að hafa fullt frelsi til þess, það þarf ekki að rengja orð mín eða annað. Hann er ekki að biðja um gripagreiðslur. Hv. þingmaður, sem vill með flokki sínum inn í Evrópusambandið, verður að skilja að þá fyrst hefjast flækjurnar, þá fáum við kannski flóknari landbúnaðarsamninga og flóknari leiðir til að styðja landbúnað okkar eins og gerist í Evrópu. Þá getur vel verið að menn fari að borga út á haughúsin aftur, út á akrana, út á gripina o.s.frv.

Ég hygg að þeir sem gangast undir að semja við ríkisvaldið og gera um það búvörusamninga, að í þeim samningum eru bæði réttindi og skyldur. Þeir sem eru í þeim samningum eru þar. Hinir hafa eins og ég rakti í máli mínu áðan fullan rétt til þess að standa utan þeirra. Það hefur þetta fólk ákveðið. Það vill ekki hafa réttindi samninganna og þess vegna ber það ekki skyldur þeirra. Þess vegna er það utan við kerfið. Það eru atvinnuréttindi þeirra og ekkert meira um það að segja. Það hefur valið sér þetta form og það reynir á það á næstunni hvernig fyrirtækið gengur. Ég óska þeim velfarnaðar í störfum þeirra og vona að ostar þeirra auki fjölbreytni íslenskra landbúnaðarafurða.

[18:08]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er töluverður munur á því að standa utan við Kerfið, með stórum staf, eða standa utan við greiðslumarkið og það eru bændur í landinu sem eiga ekki greiðslumark en munu fá stuðning vegna breytinganna sem urðu. Ég sé ekki hvers vegna ætti að undanskilja þá bændur sem þar eru. Ég sé ekki annað en þeir hafi jafna stöðu við þá bændur sem ekki hafa greiðslumark. Mér finnst skrýtið ef þeir hafa neitað sér um að þiggja stuðninginn þó hann sé ekki mjög mikill. Þeir hafa auðvitað fullan rétt til þess, en það sem ég hlustaði a.m.k. á gekk út á að þeir ætluðu að standa utan við greiðslumarkið. Það þýðir ekki að þeir séu utan við kerfið. (Gripið fram í.) Hafi þeir sagt það finnst mér það undarlegt og endurtek það.

Varðandi Evrópusambandið er eins og mig minni að hæstv. forsætisráðherra hafi nefnt það nokkrum sinnum að honum finnist ástæða til að skoða vandlega hvort ganga eigi í Evrópusambandið. Hæstv. forsætisráðherra er formaður í flokki hæstv. landbúnaðarráðherra. Ég held því að hæstv. landbúnaðarráðherra ætti að spara sér háðið gagnvart þeim sem hafa áhuga á að skoða inngöngu í Evrópusambandið. Ég er ekki einn af þeim sem hafa verið áhugasamastir um það, en ætli ekki megi telja hæstv. forsætisráðherra a.m.k. með í þeim hóp sem hafa sýnt áhuga.

[18:10]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvað varðar hæstv. forsætisráðherra og hans flokk og í leiðinni minn flokk höfum við auðvitað talið mikilvægt að fylgjast með þróuninni í Evrópu og halda þar vöku okkar. Flokkurinn hefur enga afstöðu tekið til þess að hann telji mikilvægt að ganga í Evrópusambandið, enda tel ég að Ísland skeri sig nokkuð úr meginlandi Evrópu. Hér er mikill uppgangur, mikill hagvöxtur, batnandi lífskjör og mikil atvinna. Hér er því staðan á margan hátt betri, en við verðum auðvitað að fylgjast með nágrönnum okkar og efnahagslegri stöðu okkar.

Nýr búvörusamningur var gerður af Bændasamtökunum. Ég hef hlustað á viðtöl við hina nýju bændur í Eyjum í Kjós. Þeir hafa sagt það í fjölmiðlum að þeir vilji vera utan við búvörusamning og ekki þiggja neinn opinberan stuðning því þeir ætli þannig að keppa á markaðnum. Ég hef sagt að það sé þeirra val og ef þeir ætla að skoða það fara þeir auðvitað yfir það lögfræðilega. Ég hef ekki skoðað það sérstaklega.

Hitt er annað mál að búvörusamningar framtíðarinnar munu ekki bara snúast um eitthvert greiðslumark og gera það ekki í dag, þeir snúast auðvitað um aðrar og breiðari leiðir eins og nýr samningur í mjólk sem tekur gildi hvað líður. Það er samningur við Bændasamtök Íslands um atvinnugreinina sem þetta fólk hefur kosið að standa utan við og hefur fullt frelsi til.

[18:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki sérfræðingur í þeim lögum sem um þetta allt saman gilda. Ég hef hins vegar þá tilfinningu að þeir bændur sem ekki eiga greiðslumark eigi samkvæmt búvörulögum fullan rétt á greiðslunum sem eru tengdar gripunum sem þeir eiga, kjötframleiðendur og mjólkurframleiðendur. (Gripið fram í.) Þannig mundu þeir eigendur kúa sem hér um ræðir hafa fullan rétt til að fá styrkinn ef þeir kysu svo. En ég þarf ekki að hafa fleiri orð um það.

Það var að birtast skýrsla frá Hagfræðistofnun háskólans um landbúnaðarmálin. Mér finnst líklegt að hæstv. ríkisstjórn taki þá skýrslu og skoði vandlega því þar er bent á leiðir sem ég hef talið fram að þessu að væri skynsamlegt að skoða vel, um það hvernig bæri að bera sig að við stuðning við landbúnað á Íslandi inn í framtíðina sem gæti samrýmst þeim alþjóðasamningum sem í stefnir. Ég vonaðist til þess að menn hefðu þetta svolítið í huga í fyrra þegar menn hröpuðu að því að klára þann búvörusamning sem þá var gerður. Það var ekki gert, en ég hvet til þess að sest verði vandlega yfir skýrsluna og menn skoði betur hvernig þeir ætla að bregðast við nýjum tímum. Í búvörusamningnum sem gerður var í fyrra eru reyndar ákvæði um endurskoðun ef á þurfi að halda vegna breyttra samninga á alþjóðavísu.

[18:14]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má vel vera að margt sé gamaldags í landbúnaðarkerfi okkar enda er það gamalt og býr á gömlum og góðum grunni. Það sem við höfum nú verið að gera á hv. Alþingi er að létta ýmsum álögum af landbúnaðinum. Það er verið að breyta lögum og gera kerfið einfaldara. Ég tek undir með hæstv. landbúnaðarráðherra að Evrópusambandskerfið í landbúnaði er miklu flóknara en okkar kerfi.

Ég vil bara minna á að á síðasta ári gjörbreyttum við jarðalögunum og ábúðarlögunum og komum þeim inn í nútímann. Þar var nú heldur betur tekið til hendinni. Það var mjög mikilvægt að ljúka búvörusamningnum á liðnu vori og það ríkir mikil sátt um hann og ég man ekki betur en hann hafi fengið flestöll atkvæði þingmanna á Alþingi þegar hann var samþykktur.

Ég vil líka taka undir árnaðaróskir til bænda í Eyjum í Kjós og vona að þeim vegni vel. Það er alveg hárrétt sem hv. þingmaður nefndi áðan að gripagreiðslur hefjast á næsta ári. En þeim verður ekki þröngvað upp á neinn og því fylgir að þeir sem taka við gripagreiðslum eru þá í þessum búvörusamningi. Gripagreiðslurnar tilheyra búvörusamningnum og þeir sem framleiða nautakjöt og eru ekki með mjólk koma til með að fá greitt á sína gripi af þessum gripagreiðslum. Þannig er það nú.

Ég tek undir það að kvótaverð er of hátt. Þar hefur ráðið framboð og eftirspurn. Ég er þess alveg fullviss að kvótaverðið mun lækka núna á næstu vikum.

[18:16]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get nú ekki verið spámaður um kvótaverð í landbúnaði. Hins vegar hafa fréttir bent til þess að það sé orðið býsna hátt og sé það rétt sem fram hefur komið að 12–15 ár taki að ná því til baka í framleiðslu þá hljóta menn að vera komnir á undarlegt spor vegna þess að svo langir eru ekki þessir landbúnaðarsamningar sem gerðir hafa verið. Svo virðist því vera að menn séu að taka býsna

mikla áhættu með þessum kaupum, áhættu sem felst í því að einhvers konar breytingar geti orðið á stuðningnum við landbúnaðinn, hann fari að minnka eða dreifast öðruvísi.

Ég tek undir að mikilvægt var að breyta ábúðarlögunum. Það var ágætur hlutur og ég var ánægður með það.

Það er rétt að mikill stuðningur var við búvörusamninginn í fyrra. Ég undraðist það mjög að menn skyldu vera svo fljótir að afgreiða þann samning og fannst að þar hefðu menn átt að fara sér hægar og skoða þau mál betur og reyna að komast nær því að sjá hver framtíðin yrði áður en frá þeim málum yrði gengið. En ég er ekki hissa á því að bændur hafi fylgt því eftir og viljað ná þeim samningi í gegn. Það skil ég mjög vel vegna þess að í búvörusamningnum er trygging fyrir þeim stuðningi sem þar er tilgreindur. Ég geri ráð fyrir því að mönnum þyki sú trygging vera nokkuð góð og að hún muni í raun færa þeim þennan stuðning allan jafnvel þótt það þurfi að breyta honum með einhverjum hætti vegna alþjóðasamninga. En þá situr líka ríkissjóður uppi með það að þurfa að borga stærri skerf en hefði kannski annars verið gert.

[18:18]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Við sjáum fram á að það verði einhverjar breytingar í alþjóðasamningum. En þær verða aldrei þannig að þær kollvarpi kerfinu. Það verður alltaf einhver aðlögun fyrir bændur þannig að þeir geti aðlagað sig breyttu fyrirkomulagi og það hafa menn sannarlega verið að gera. Það hefur verið svo farsælt einmitt í mjólkurframleiðslunni að menn hafa getað keypt og selt kvóta og hagrætt hjá sér. Búin hafa verið að stækka og bændum hefur verið að fækka. Það hefur allt verið á þá leið að það hefur verið mjög hagfellt fyrir heildina. Búin standa betur undir lífsafkomu heimilanna og það er vel.

Eins og ég sagði fyrr í dag þá vorum við á fundi með sauðfjárbændum í dag. Þar ríkir líka mikil bjartsýni. Það er vegna þess að menn sjá fram á að hægt er að lifa af landbúnaði á Íslandi. Íslenskur landbúnaður er í tísku eins og hæstv. ráðherra hefur oft talað um. Hann hefur talað kjark og bjartsýni í íslenska bændur. Það skiptir ekki litlu máli. Þess vegna eru allar úrtöluraddir mjög hvimleiðar þegar menn eru að gera nokkuð góða hluti. Það er alveg með endemum hvað hv. þm. Jóhann Ársælsson — eins ágætur maður og hann nú er — getur oft verið ansi neikvæður út í landbúnaðinn. Auðvitað á hann bara að taka höndum saman með okkur. Við erum að breyta heilmiklu í öllum þessum lagabálkum og hann bara hjálpar okkur við það.

[18:20]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitt er nú að vilja styðja landbúnaðinn. Annað er að vilja skrifa upp á stuðningsfyrirkomulagið eins og það hefur verið og er. Ég hef alltaf sagt að ég er tilbúinn að standa að því að styðja landbúnaðinn eins og mögulegt er út úr því fyrirkomulagi sem hann er í.

Ég tel hins vegar mjög ólíklegt að menn geti haldið áfram á þessari braut miklu lengur. Það verður að breyta þessum stuðningi. Ég tel að skýrsla Hagfræðistofnunar háskólans sem kom fram sé prýðilegt innlegg í þá umræðu sem þarf að fara fram og hún hefði þurft að fara fram fyrir langalöngu. Hún verður að fara fram núna á næstu missirum til þess að menn komist inn á annað spor með þennan stuðning í einhverja jafnræðisátt hvað varðar atvinnulíf í sveitum. Það að styðja nánast eingöngu tvær búgreinar í þessu landi hefur aldrei verið upp á bjóðandi. (**Landbrh:** Lestu Hagfræðistofnunarskýrsluna ...) Ég held því fram að út úr þessu megi komast og ekki bara megi heldur verði menn að komast. Það getur verið ýmislegt í þessari skýrslu. Ég er ekki farinn að sjá hana enn þá. Ég hef bara heyrt frásagnir af henni þar sem aðalatriðin komu fram vonandi. Hún getur verið grunnur að þessari umræðu, eins og ég sagði, og sú umræða sem hefur farið fram á undanförnum árum og þeir samningar sem menn eru í raun búnir að fikra sig að því að taka þátt í að gera á alþjóðavísu hafa líka allir bent í sömu áttina, að það verði að fara þá leið sem Hagfræðistofnun bendir á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:22]

Útbýting:

Atvinnulíf í litlum samfélögum, 745. mál, þáltill. KÁs og BJJ, þskj. 1110.

Fjárframlög til lögreglunnar á Akureyri, 749. mál, fsp. LS, þskj. 1114.

Jarðgangagerð, 751. mál, fsp. BJJ, þskj. 1116.

Laun fyrir fjar- og dreifkennslu í framhaldsskólum, 748. mál, fsp. LS, þskj. 1113.

Örbylgjusamband við Raufarhöfn, 750. mál, fsp. LS, þskj. 1115.

Starfslok og taka lífeyris, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 247. mál. — Þskj. 263.

[18:23]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég flyt hér þingsályktunartillögu um rétt til að flýta starfslokum og töku lífeyris. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þingmenn Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Björgvin G. Sigurðsson.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita eftir samstarfi við launþegasamtök og samtök atvinnurekenda um að gera launþegum kleift að ljúka störfum og fá lífeyri fyrr en reglur lífeyrissjóða gera nú ráð fyrir.“

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 130. löggjafarþingi en varð ekki útrædd og er hún því endurflutt.

Íslenskur vinnumarkaður er sveigjanlegur og miklar breytingar í atvinnulífinu raska oft högum fólks. Fyrirtæki eru sameinuð til hagræðingar eða starfsemi lögð niður og kröfur til menntunar og starfsþjálfunar breytast hratt. Þeir sem hafa aflað sér sérþekkingar í einhverri atvinnugrein og unnið lengi við hana geta þess vegna lent í verulegum erfiðleikum vegna tæknibreytinga eða annarrar röskunar á starfsumhverfi. Þeir sem í slíkum vanda lenda seint á

starfsævinni geta staðið frammi fyrir því að hafa unnið sér inn fullan rétt til lífeyris sem tekur gildi við t.d. 67 ára aldur en þurfa að hefja vonlitla atvinnuleit og lifa á atvinnuleysisbótum í nokkur ár áður en lífeyristaka getur hafist.

Alþingi ákvað síðastliðinn vetur að koma til móts við ráðherra og þingmenn af svipuðum ástæðum og hér hefur verið getið. Sú ákvörðun var umdeild og kröfur launþegasamtaka um samræmingu lífeyrisréttinda voru settar á oddinn í framhaldi af þessu.

Það hlýtur að vera skylda Alþingis að leita leiða til að aðrir geti notið svipaðra möguleika við óvænt starfslok og Alþingi taldi nauðsynlegt að tryggja ráðherrum og þingmönnum. Möguleikar til að koma áformum um lækkaðan eftirlaunaaldur af sérstökum ástæðum til framkvæmda ættu að vera góðir.

Lífeyrissjóðir hafa eflst mjög og launþegar sem nálgast eftirlaunaaldur eru nú flestir búnir að greiða í lífeyrissjóði svo lengi að þeir eiga töluverð lífeyrisréttindi þó að þeir hafi ekki náð tilskildum aldri. Það er því eðlilegt að lífeyrissjóðir leggi mikið af mörkum til að koma til móts við vanda sjóðfélaga sem á þurfa að halda. Atvinnuleysistryggingasjóður hlýtur að hafa skyldu til að koma til móts við þetta mál enda fengju viðkomandi aðilar greiðslur úr honum ef þeir gætu ekki tekið eftirlaun. Það eru því sterk rök fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður gangi myndarlega fram í þessu máli. Samtök launþega hafa sett fram kröfur um jöfnun lífeyrisréttinda og munu örugglega vilja leggja sitt af mörkum til að tryggja framgang máls eins og þessa. Engin ástæða er til að halda að samtök atvinnurekenda séu mótfallin því að jafna lífeyrisréttindi með þessum hætti. Komist tillagan til framkvæmda þarf að móta skýrar reglur um hvaða skilyrði þurfi til svo að viðkomandi launþegi geti hafið töku lífeyris.

Flutningsmönnum er kunnugt um að sveigjanleg starfslok hafa verið til skoðunar í nefnd sem forsætisráðherra skipaði og hafa skoðað tillögur hennar. Þar er ekki lagt til að fara þá leið sem hér er nefnd. Einnig má geta þess að hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir flutti ásamt fleiri þingmönnum á 126. löggjafarþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í því frumvarpi var lagt til að opinberum starfsmönnum yrði gert kleift að fresta starfslokum. Sú tillaga sem hér er sett fram snýr hins vegar eingöngu að því að flýta starfslokum við sérstakar aðstæður og hvernig fjármagna beri það. Ef tillagan verður samþykkt felur það í sér einföld og skýr skilaboð Alþingis til launþega um vilja til þess að auka og jafna rétt launþega til að hefja töku lífeyris ef sérstakar ástæður valda atvinnumissi seint á starfsævinni.

[18:28]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu tillaga til þingsályktunar um rétt til að flýta starfslokum og töku lífeyris.

Eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á er í greinargerð þessarar þingsályktunartillögu sagt, með leyfi forseta:

„Flutningsmönnum er kunnugt um að sveigjanleg starfslok hafa verið til skoðunar í nefnd sem forsætisráðherra skipaði og hafa skoðað tillögur hennar. Þar er ekki lagt til að fara þá leið sem hér er nefnd.“

Þá vitnar hann jafnframt í hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur í sambandi við frestun starfsloka hjá opinberum starfsmönnum.

Nú er það svo að lögreglumenn gerðu kjarasamninga fyrir fáeinum árum þar sem kveðið er á um að menn skuli hætta störfum — mig minnir að það sé við 65 ára aldur — og þá skuli menn hætta störfum. Það eru afdráttarlaus ákvæði kjarasamningsins sem ég held að sumir hverjir séu ekki alveg sáttir við þegar þeir horfa um öxl nokkrum mánuðum eftir gerð kjarasamningsins. Margir töldu þetta hins vegar hina mestu bót.

Virðulegi forseti. Erindi mitt upp í ræðustól snýr að þeirri nefnd sem hér er komið inn á og hv. flutningsmaður vitnaði til, þ.e. nefnd um sveigjanleg starfslok. Þessi nefnd kom víða við eins og réttilega er skýrt frá. Forsætisráðherra skipaði nefndina í framhaldi af samþykkt þingsályktunartillögu frá 9. maí árið 2000, þar sem ég ásamt fleiri þingmönnum flutti þingsályktunartillögu um að sveigjanleg starfslok yrðu skoðuð. Nefndin lauk störfum 4. október 2002 og þessi mikla skýrsla hefur legið í forsætisráðuneytinu til skoðunar og nú liggur fyrir fyrirspurn frá mér til hæstv. forsætisráðherra um hvort hann muni beita sér fyrir því að fram komi tillögur frá ráðuneytinu í samræmi við tillögur þessarar nefndar.

Mér þykir rétt, virðulegi forseti, og leita eftir samþykki forseta til að fá að vitna aðeins til þriggja atriða sem er meginmál þessarar skýrslu. Þar segir í fyrsta lagi, með leyfi forseta:

„Frestun starfsloka – lenging starfsævi. Nefndin leggur til að breytingar verði gerðar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að hægt sé að fresta töku lífeyris til allt að 72 ára aldurs án þess að ávinningur réttinda stöðvist.“

Í öðru lagi. „Flýting starfsloka – stytting starfsævi. Nefndin telur mikilvægt að bein tengsl séu milli aukins svigrúms lífeyrisþega og flýtingar starfsloka annars vegar og réttinda og greiðslna úr lífeyrissjóðum og frá almannatryggingum hins vegar. Þessi tengsl þurfa að vera einstaklingum algjörlega ljós þegar þeir taka ákvarðanir um hvenær vinnumarkaður er yfirgefinn og taka lífeyris hefst.

Forsenda aukins sveigjanleika er að afkoma lífeyrisþeganna eftir að atvinnuþátttöku lýkur sé tryggð að tilteknu lágmarki og að aukinn sveigjanleiki verði ekki til þess að rýra afkomu þeirra þannig að það kalli á aukinn kostnað annarra, svo sem almannatryggingakerfisins. Því er nauðsynlegt að útfæra allar slíkar hugmyndir vandlega og tryggja að það verði háð takmörkunum sem lúta að einstaklingsbundnum lífeyrisréttindum manna um hversu seint eða snemma þeir geta hafið töku lífeyris. Slíkt yrði vitanlega ekki til að þrengja rétt einstaklinga frá því sem nú er heldur er ljóst að aukinn réttur til flýtingar töku lífeyris mun ekki nýtast þeim sem eiga takmarkaðan rétt fyrir.“

Hér er nefndin að gera tillögu um að það sé á eigin ábyrgð sem menn hefja töku lífeyris fyrr en almenna reglan kveður á um og það sé þá ekki verið að íþyngja skattborgurum með því, heldur sé þetta gert þannig að menn standi á eigin fótum, standi eigin gerðir sínar.

Í þeirri þingsályktunartillögu sem hv. þingmaður Jóhann

Ársælsson flytur er tillagan hins vegar um það að leggja enn frekari kvaðir á almannatryggingakerfið. Ég held að það sé rangt, virðulegi forseti, og tel að eðlilegt sé í ljósi þess sem nú er að gerast í lífeyrissjóðakerfinu, sem betur fer er það að styrkjast og eflast, að horft sé til þessa máls með þeim hætti sem nefndin leggur til í skýrslu sinni til forsætisráðherra frá því í október 2002.

Í þriðja lagi telur nefndin „að æskilegt sé að sem mestur sveigjanleiki sé fyrir hendi til að einstaklingar geti ákveðið að hefja töku lífeyris að hluta eða geti gert hlé á töku lífeyris ef slíkt hentar þeim, t.d. vegna endurmenntunar. Því mælir nefndin með því að starfsmenn geti minnkað við sig vinnu og hafið hlutatöku lífeyris eftir að tilteknum aldri er náð. Þó skal sett gólf á hvað skerða má heföbundin eftirlaun sem óhjákvæmilega leiðir af hlutatöku lífeyris. Nefndin leggur til að eftirlaun eftir að vinnumarkaður er yfirgefinn endanlega fari ekki niður fyrir það lágmarkshlutfall sem nú er lögbundið við 56% af þeim launum sem greitt hefur verið af. Slík skilyrði skulu sett til að útiloka fátækt á efri árum sem rekja mætti til hlutatökunnar."

Í fjórða lagi: „Aðlögun að breyttum kröfum á vinnumarkaði.

Nefndin telur einsýnt að skoða þurfi sérstaklega leiðir til að bregðast við sérstökum þörfum þeirra sem nálgast eftirlaunaaldur. Bent hefur verið á að vandi ýmissa stétta felist í álagi sem erfiðara er að mæta með hækkandi aldri og skertu starfsþreki eldra fólks, þannig séu t.d. annmarkar á að eldri starfsmenn geti sinnt ýmsum störfum sem fela í sér andlegt og líkamlegt erfiði. Allir eru sammála um að óæskilegt sé að fólk þurfi að sinna störfum sem eru því ofviða á einhvern hátt."

Virðulegi forseti. Hér er stiklað á þeim megintillögum nefndarinnar sem ganga ítarlega og eru ítarlegri en sú þingsályktunartillaga sem hér er lögð fram og er allra góðra gjalda verð. Hins vegar verður mjög áhugavert að heyra svör hæstv. forsætisráðherra um hvort hann muni beita sér fyrir því að frekari vinna fari fram varðandi þá tillögugerð sem nefnd um sveigjanleg starfslok gerir tillögur um og fellur að hluta til að þessari þingsályktunartillögu, ef frá er þá talinn sá annmarki sem ég tel á þingsályktunartillögunni að varpa meginhluta þessa máls yfir á almannatryggingakerfið.

[18:36]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að taka þátt í umræðunni og gera grein fyrir tillögum nefndarinnar sem hann var í og forsætisráðherra hefur nú skýrsluna frá. Ég get algjörlega fallist á að sú tillaga sem hér er flutt var hugsuð sem einungis hluti af því sem hv. þingmaður var að lýsa að hefði verið unnið í nefndinni. Það sem kveikti hjá mér hugmyndina um að flytja þessa tillögu kom fram í fyrri ræðu minni. Það voru þær breytingar sem gerðar voru á lögum um eftirlaun þingmanna og ráðherra. Þar var gengið lengra en margir töldu vera gott. Þingmaður getur sem sagt farið á eftirlaun 56 ára gamall í vissum tilvikum og ráðherrar geta tekið eftirlaun mun fyrr en reiknað var með áður.

Ég hef margoft orðið var við að fólk sem missir atvinnu, sem það hefur kannski haft að lifibrauði nánast alla sína starfsævi, hefur lent í miklum erfiðleikum. Það hefur orðið að lifa af atvinnuleysisbótum, jafnvel nokkur ár þó að það hafi verið búið að vinna sér inn lífeyrisréttindi. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur auðvitað borgað það sem hann á að borga í slíkum tilfellum, en viðkomandi hefur þurft að lifa við þann kost sem sú upphæð gefur mönnum. Hún er því miður ekki svo há að hún standi undir almennum lífskjörum. Ég hef þess vegna talið að í þeim tilfellum þyrfti — ég er ekki að tala um almenna reglu, að menn geti bara tekið ákvörðun um að nú ætli þeir ekki að vinna lengur, heldur er ég að tala um það þegar lagðar eru niður stofnanir eða fólk á þessum aldri missir atvinnuna, lendir á atvinnuleysisskrá og hefur ekki möguleika á að taka eða fá ný atvinnutækifæri. Þetta eru auðvitað sorglegar aðstæður sem fólk lendir í með þessum hætti. Ríkið er hvort sem er að borga þá hluta brúsans í formi atvinnuleysistrygginga. Ég held að full ástæða sé til að verkalýðsfélögin kalli eftir breytingum á þessum reglum sem færu í þá átt sem hér er lagt til og menn sameinist um þetta, þ.e. opinberir aðilar, atvinnurekendur, Atvinnuleysistryggingasjóður og verkalýðsfélögin, að búa til þann möguleika handa fólki sem lendir í þessum vanda það seint að ekki er úrræði fyrir viðkomandi aðila að fara í endurhæfingu eða nám til þess að hefja ný störf á vinnumarkaðnum.

Það var nú kannski ekki miklu flóknara en þetta sem fékk mig til að flytja tillöguna. Ég vona satt að segja að hæstv. forsætisráðherra svari hv. þingmanni sem allra fyrst og það jákvætt um að þessi mál komi til afgreiðslu þingsins. Ég mun sannarlega styðja slíkt mál en reyni auðvitað að hafa áhrif á að inn í það verði þá tekin, a.m.k. í nefndinni, umræða um að mynda eitthvert úrræði fyrir þá sem ég hef haft sérstaklega í huga með flutningi þessarar þingsályktunartillögu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staða hjóna og sambúðarfólks, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 252. mál. — Þskj. 270.

[18:42]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Frú forseti. Ég flyt tillögu til þingsályktunar um stöðu hjóna og sambúðarfólks. Auk þess sem hér talar eru meðflutningsmenn Sólveig Pétursdóttir, Sigríður Ingvarsdóttir og Ásta Möller.

Tillagan hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að kanna stöðu hjóna og sambúðarfólks með börn á framfæri með tilliti til skatta, almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra. Nefndin kanni hvort brögð séu að því að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda í því skyni að njóta fjárhagslegs hagræðis í kerfinu. Nefndin kanni einnig hvernig styrkja megi stöðu hjóna og sambúðarfólks í framangreindu tilliti. Skýrslu um málið verði skilað til Alþingis fyrir 1. desember 2005.

Í greinargerð segir svo, með leyfi forseta:

Hjúskapur eða sambúð felur í sér fjárhagslegt hagræði, ekki síst fyrir barnafólk. Hagræðið felst m.a. í því að auðveldara er fyrir tvo einstaklinga að halda heimili, þ.e. borga af húsnæði, innkaup o.s.frv. Um þetta er ekki deilt og hefur verið um það almenn samstaða að styrkja beri einstæða foreldra sem ekki njóta þessa hagræðis og hafa bæði ríkisvaldið og sveitarfélög gripið til ýmissa ráðstafana í því skyni. Má þar nefna hærri barnabætur, uppbætur á meðlagsgreiðslur, hærri húsaleigubætur, hærri námslán, lægri leikskólagjöld o.fl. Hér er ekki gerður ágreiningur um þessar ráðstafanir enda gegna þær mikilvægu hlutverki við að jafna lífskjör hér á landi.

Á vef Hagstofu Íslands er þess getið að árið 2002 hafi 1.619 pör gengið í hjónaband hér á landi. Lögskilnaðir voru 524. Samkvæmt hjónavígsluskýrslum 2002 höfðu 89% hjónaefna verið í óvígðri sambúð og nær helmingur þeirra verið í sambúð lengur en fimm ár.

Því hefur verið haldið fram að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda beinlínis með það að markmiði að fá þær bætur og njóta þess hagræðis sem einstæðir foreldrar hafa notið. Þá má ætla að framangreint letji fólk mjög til að ganga í hjónaband eða tilkynna sambúð. Með hliðsjón af tekjutengingu þessara bóta má halda því fram að það sé einkum tekjulágt fólk sem grípur til þessara ráða.

Slíkir málamyndaskilnaðir og sambúðarslit er vitaskuld ólöglegt athæfi búi fólk eftir sem áður saman en þiggi bætur sem ætlaðar eru einstæðum foreldrum. Eftirlit með því hvort fólk býr saman eða ekki er hins vegar mjög erfitt og hefur ekki verið reynt nema að takmörkuðu leyti. Verst er þó að mati flutningsmanna að í kerfinu skuli vera innbyggðir hvatar til að slíta hjónabandi eða sambúð, hvatar sem hafa jafnframt þau áhrif að draga úr áhuga fólks á því að stofna til hjúskapar eða hefja sambúð. Slíkt getur aðeins haft óheppileg áhrif.

Fram hefur komið hjá þjónandi prestum á höfuðborgarsvæðinu að þeir viti nokkur dæmi um hjónaskilnaði af ástæðum sem að framan greinir.

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er því fyrst og fremst að kanna mismunandi stöðu fólks í hjúskap eða sambúð og bera hana saman við stöðu einstæðra foreldra og hversu algengt það sé að fólk skilji eða slíti sambúð vegna þess lagalega umhverfis sem hér hefur verið rakið. Í kjölfar þessa er síðan lagt til að nefndin kanni hvernig unnt sé að styrkja stöðu hjónabandsins og stöðu sambúðarfólks. Rétt er að taka fram að þær aðgerðir sem kann að verða gripið til mega ekki á neinn hátt rýra núverandi kjör einstæðra foreldra.

Eins og ég gat hér um áðan þá er gert ráð fyrir að skýrslu um málið verði skilað til Alþingis fyrir 1. desember 2005.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hæstv. félagsmálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11. og 14.–17. mál.

Fundi slitið kl. 18:47.

107. FUNDUR

mánudaginn 11. apríl,
kl. 2 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 695. mál, þskj. 1053. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 696. mál, þskj. 1054. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Virðisaukaskattur o.fl., stjfrv., 697. mál, þskj. 1055. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Landbúnaðarstofnun, stjfrv., 700. mál, þskj. 1058. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, stjfrv., 701. mál, þskj. 1059. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 720. mál, þskj. 1078. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Búnaðarlög, stjfrv., 725. mál, þskj. 1083. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, stjfrv., 726. mál, þskj. 1084. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Útflutningur hrossa, stjfrv., 727. mál, þskj. 1085. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, þáltill., 245. mál, þskj. 256. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Starfslok og taka lífeyris, þáltill., 247. mál, þskj. 263. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Staða hjóna og sambúðarfólks, þáltill., 252. mál, þskj. 270. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Skaðabótalög, frv., 681. mál, þskj. 1037. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Niðurstaða fjölmiðlanefndar, munnleg skýrsla menntamálaráðherra.
15. Ríkisútvarpið sf., stjfrv., 643. mál, þskj. 974. — 1. umr.
16. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 644. mál, þskj. 975. — 1. umr.
17. Greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 207. mál, þskj. 207. — 1. umr.
18. Endurskoðun skaðabótalaga, þáltill., 275. mál, þskj. 297. — Fyrri umr.
19. Tannlækningar, frv., 656. mál, þskj. 996. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvest.

Lagt fram á lestrarsal:

Viðaukar og bókanir vegna fullgildingar samnings milli ríkja EFTA og Líbanons.

Varamaður tekur þingsæti.

[14:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur bréf frá Arnbjörgu Sveinsdóttur, varaformanni þingflokks sjálfstæðismanna, dagsett 11. apríl, og hljóðar svo:

„Þar sem Davíð Oddsson utanríkisráðherra, 2. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, getur ekki vegna veikinda sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu, Ásta Möller, taki sæti á Alþingi á meðan."

Ásta Möller hefur áður setið á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

[14:02]

Útbýting:

Höfundalög, 702. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 1060.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 695. mál (niðurfelling greiðsluþátttöku Ríkisútvarpsins). — Þskj. 1053.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.

Frv. vísað efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður bænda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 696. mál (hækkun iðgjalds, aldurstenging réttinda o.fl.). — Þskj. 1054.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁMöl, BÁ, BJJ, BBj, BH, DJ, DrH, EMS, GHH, GuðjG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, JÁ, KÁs, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LS, MS, PHB, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

1 þm. (MÞH) greiddi ekki atkv.

20 þm. (ÁRJ, BjarnB, BjörgvS, EKH, EOK, GAK, GÁS, ÍGP, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað efh.- og viðskn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 697. mál (vetnisbifreiðar). — Þskj. 1055.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað efh.- og viðskn. án atkvgr.

Landbúnaðarstofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 700. mál. — Þskj. 1058.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað landbn. án atkvgr.

Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 701. mál. — Þskj. 1059.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað landbn. án atkvgr.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 720. mál (uppgjör þungaskatts). — Þskj. 1078.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað efh.- og viðskn. án atkvgr.

Búnaðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 725. mál (afnám mjólkurgjalds). — Þskj. 1083.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað landbn. án atkvgr.

Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 726. mál (heilbrigðiseftirlit eftirlitsdýralækna). — Þskj. 1084.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað landbn. án atkvgr.

Útflutningur hrossa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 727. mál (hámarksaldur útflutningshrossa). — Þskj. 1085.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað landbn. án atkvgr.

Rásir fyrir búfénað til að koma í veg fyrir slys, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack, 245. mál. — Þskj. 256.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað samgn. án atkvgr.

Starfslok og taka lífeyris, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 247. mál. — Þskj. 263.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað félmn. án atkvgr.

Staða hjóna og sambúðarfólks, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 252. mál. — Þskj. 270.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað félmn. án atkvgr.

Skaðabótalög, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 681. mál (frádráttarreglur). — Þskj. 1037.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað allshn. án atkvgr.

Niðurstaða fjölmiðlanefndar, munnleg skýrsla menntamálaráðherra.

[14:08]

Forseti (Halldór Blöndal):

Um fyrirkomulag umræðunnar er samkomulag milli þingflokka. Umræðan skiptist í þrjár umferðir og mun standa í tæplega tvær klukkustundir. Í fyrstu umferð hefur ráðherra 20 mínútur og talsmenn flokkanna átta mínútur. Í annarri umferð hafa ræðumenn flokkanna sex mínútur hver til umráða og í þriðju og síðustu umferð hafa ræðumenn fjórar mínútur hver og ráðherra fimm mínútur í lokin.

[14:09]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Nefnd um íslenska fjölmiðla hefur lokið störfum og skilaði hún skýrslu sinni, eins og kannski flestum er kunnugt, fimmtudaginn 7. apríl. Nefndin var skipuð í nóvember 2004 og var þá falið að skoða ýmis atriði er lúta að fjölmiðlum á Íslandi. Í nefndinni áttu sæti Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður og lektor við lagadeild Háskóla Íslands sem er jafnframt formaður nefndarinnar, Kristinn Hallgrímsson, hæstaréttarlögmaður, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Pétur Gunnarsson, Framsóknarflokki, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Samfylkingu, Kolbrún Halldórsdóttir, Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, og Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokknum. Elfa Ýr Gylfadóttir er fjölmiðla- og fjarskiptafræðingur og var hún starfsmaður nefndarinnar.

Einhugur var um það meðal nefndarmanna að afla þyrfti sem gleggstrar myndar af sviðinu í heild sem og að kalla eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila. Nefndin hefur því átt fjölmarga fundi með fjölda sérfræðinga og fulltrúum hagsmunafyrirtækja á markaðnum.

Fjölmiðlamarkaðurinn líkt og fjarskipta- og tölvumarkaðurinn breytist mjög hratt. Tillögur nefndarinnar miðast því við núverandi aðstæður á markaði og þá þróun sem þar hefur átt sér stað. Nefndin leggur í skýrslu sinni áherslu á að með samruna fjölmiðla, fjarskipta- og tölvutækni muni reynast nauðsynlegt að taka lagasetningu reglulega til endurskoðunar með hliðsjón af þróun á íslenskum fjölmiðlamarkaði og þeim breytingum sem verða á alþjóðlegri löggjöf og reglusetningu. Einnig er tekið fram að markaðurinn sé þess eðlis og breytingarnar það hraðar að ekki muni reynast mögulegt fyrir yfirvöld að bregðast við öllu því sem upp kann að koma í náinni framtíð. Nefndin segir jafnframt að veruleg samþjöppun hafi verið um langt skeið og sé því eitt helsta einkenni íslenska fjölmiðlamarkaðarins.

Á undanförnum árum hefur fjöldi fjölmiðla sem stendur almenningi til boða aukist en engu að síður er margt sem bendir til þess að samþjöppun hafi fremur aukist á helstu mörkuðum fjölmiðla þegar litið er sérstaklega til eignarhaldsins.

Í skýrslu fjölmiðlanefndar er að finna mikla umfjöllun um stafrænt sjónvarp en innleiðing þess mun hafa miklar breytingar í för með sér fyrir notendur. Þeir geta m.a. fengið aðgang að mun fjölbreyttari þjónustu, fleiri rásum og meiri hljóð- og myndgæðum. Fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtækin sjá einnig hag sinn í því að auka þjónustu til að afla meiri tekna. Fyrirsjáanlegt er að mikil eftirspurn verði eftir sjónvarpsrásum í framtíðinni og því verður að huga að því við uppbyggingu stafrænna sjónvarpskerfa að hægt sé að stækka þau með litlum tilkostnaði í framtíðinni.

Á markaðnum hafa myndast tvö sterk fyrirtæki, Og Vodafone – 365 ljósvaka- og prentmiðlar og Síminn – Skjár 1. Þessi fyrirtæki hafa að mati fjölmiðlanefndarinnar alla burði til að keppa á markaðnum enda búa þau yfir dreifikerfum og eiga áhugavert sjónvarpsefni.

Nefndin álítur þó að ýmsar hættur geti skapast við þessar aðstæður. Í fyrsta lagi geta neytendur verið í þeirri stöðu að við val á efnisveitu eða dreifileið takmarkist valmöguleikar þeirra.

Í öðru lagi getur aðgangsþröskuldurinn verið hár og því erfitt fyrir litlar efnisveitur að komast inn á markaðinn ef þær þurfa sjálfar að koma sér upp dreifikerfum.

Í þriðja lagi eiga dreifiveitur sem ekki hafa yfir áhugaverðu efni að ráða erfitt uppdráttar á markaðnum.

RÚV er nú í þeirri stöðu að hafa ekki aðgang að neinu stafrænu dreifikerfi sem nær til allra íbúa landsins. Óhagkvæmt er að byggja upp stafrænt dreifikerfi fyrir eina rás og gera þarf ráð fyrir að notendur alls staðar á landinu hafi aðgang að fjölbreyttu úrvali sjónvarpsrása, þar með talið RÚV. Einkaaðilar munu að mati fjölmiðlanefndar einbeita sér að því að ná fyrst til viðskiptavina í þéttbýli, svo sem á höfuðborgarsvæðinu. Eftir því sem dreifikerfin stækka og eflast verður stafrænt sjónvarp frekar í boði fyrir íbúa í dreifbýli. Hins vegar er afar kostnaðarsamt að byggja upp dreifikerfi fyrir strjálbýli og því getur myndast ójafnvægi í aðgangi að efni milli íbúa í dreifbýli og strjálbýli annars vegar og þéttbýli hins vegar. Slíkt gæti þýtt að íbúar á landsbyggðinni hefðu ekki aðgang að öllu því magni efnis sem í boði verður á suðvesturhorninu og í stærri þéttbýliskjörnum. Einnig gæti tekið lengri tíma að tengja dreifbýlið og strjálbýlið þar sem íbúar eru fáir. Slíkt mundi hafa neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir íbúa á þessum stöðum og getur ásamt öðru ýtt undir áframhaldandi búseturöskun. Tillögur nefndarinnar taka mið af þeim þremur meginmarkmiðum sem nefndarmenn voru sammála um að mestu skipti varðandi framtíð fjölmiðlunar á Íslandi:

1. Fjölbreytni í fjölmiðlun.
2. Gott val neytenda.
3. Öflug upplýsingagjöf og gagnsæi.

Segir í skýrslu nefndarinnar að hún hafi talið nauðsynlegt að móta tillögur þar sem tekið er mið af þeirri þróun sem átt hefur sér stað á íslenskum fjölmiðlamarkaði og fyrirsjáanleg er í nálægri framtíð. Ætla ég nú að gera grein fyrir þessum tillögum nefndarinnar.

Þegar kemur að Ríkisútvarpinu er ljóst að nefndinni var ekki falið að koma með beinar tillögur um Ríkisútvarpið. Eigi að síður leggur hún áherslu á að treysta stöðu stofnunarinnar á hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði. Telur hún mikilvægt að hlutverk þess sem almannaþjónustuútvarps verði styrkt eftir föngum þar sem hlutverk þess, Public Service, verður æ mikilvægara í heimi síbreytilegrar fjölmiðlunar, Ríkisútvarpið sé mikilvæg stofnun til að tryggja þá hagsmuni sem felast í pólitískri og menningarlegi fjölbreytni í þjóðfélagi og eigi það ekki síst við um smáþjóð sem í sögulegu ljósi kann að reynast snúið að verja menningarlegan arf sinn. Til þess að Ríkisútvarpið geti sinnt framangreindu hlutverki sínu sé óhjákvæmilegt að fjárhagsleg staða þess sé tryggð til framtíðar. Í annan stað þurfi að tryggja með ótvíræðum hætti að Ríkisútvarpið hafi aðgang að stafrænu dreifikerfi sem nær til allra landsmanna í nálægri framtíð. Loks leggur nefndin áherslu á það hlutverk Ríkisútvarpsins að standa fyrir öflugri þjóðmálaumræðu og innlendri dagskrárgerð, jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi.

Nefndin telur einnig rétt að setja reglur um gagnsæi í eignarhaldi á öllum hefðbundnum ljósvaka- og prentmiðlum. Tilkynningarskylda um eignarhald og breytingar á því mundi þannig ná jafnt til ljósvaka- og prentmiðla þó að aðeins ljósvakamiðlar séu leyfisskyldir samkvæmt núgildandi lögum. Nefndin telur til framtíðar litið að reglur af þessum toga ættu að gilda um netmiðla, a.m.k. þá sem eru ígildi fjölmiðla. Gagnsæi í eignarhaldi er nauðsynlegt til að almenningur geti tekið afstöðu til ritstjórnarstefnu og efnis miðlanna. Við lagasetningu þyrfti að veita því stjórnvaldi sem fara mun með fjölmiðlamál heimildir til að beita dagsektum og/eða leyfissviptingu séu ekki veittar lögboðnar upplýsingar um eignarhald.

Nefndin telur að gera þurfi greinarmun á ljósvakamiðlum annars vegar og prentmiðlum og netmiðlum hins vegar þegar kemur að opinberum leyfum. Samkvæmt gildandi lögum er útgáfa dagblaða og prentmiðla ekki háð opinberum leyfum. Hið sama má segja um netmiðla. Á hinn bóginn er útvarpsrekstur á ljósvakamiðlum í meginatriðum háður leyfum, samanber fyrirmæli gildandi útvarpslaga. Í aðalatriðum leggur nefndin ekki til breytingar á því fyrirkomulagi. Tillögur nefndarinnar gera hins vegar ráð fyrir því að rekstur útvarpsstöðva verði áfram leyfisskyldur. Nefndin leggur þó til að til framtíðar litið verði hugað að því að um netmiðla, a.m.k. þá sem eru ígildi fjölmiðla, gildi sambærilegar reglur um ábyrgð á efni og gilda um prentmiðla.

Það er einnig álit nefndarinnar að rétt sé að setja eignarhaldi skorður, enda séu þær málefnalegar, almennar og meðalhófs gætt. Nefndin bendir á að fjölmiðlamarkaðurinn hér á landi, eins og víða erlendis, einkennist af verulegri samþjöppun á eignarhaldi. Slík samþjöppun er áhyggjuefni fyrir neytendur eða almenning í ljósi þess að fjölmiðlar gegna margs konar hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi, enda er gjarnan talað um fjölmiðla sem fjórða valdið, eins og við þekkjum.

Nefndin segir það nokkuð óumdeilt sérfræðilegt mat að úrræði hins hefðbundna samkeppnisréttar nægi ekki ein og sér til að sporna við neikvæðum áhrifum samþjöppunar og samráðs fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði. Segir nefndin sem sagt þarna að rétt sé að aðrar reglur gildi um fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði en önnur fyrirtæki í landinu. Tillögur nefndarinnar verður því að skoða sem viðbót eða framlengingu við hin hefðbundnu úrræði samkeppnisréttarins. Niðurstaða nefndarinnar er að ekki sé rétt að gera sérstakan greinarmun á aðilum eftir tengslum þeirra við aðrar atvinnugreinar, heldur skulu reglurnar vera almennar og gilda jafnt fyrir alla. Nefndin gerir því tillögur um að eignarhald á fjölmiðlum fari að hafa áhrif ef annað tveggja eða hvort tveggja á við, þ.e. að fjölmiðill hafi ákveðna útbreiðslu, þ.e. að þriðjungur af mannfjölda notfæri sér miðilinn að jafnaði á degi hverjum, eða að markaðshlutdeild fjölmiðilsins fari yfir þriðjung af heildarupplagi, heildaráhorfi eða heildarhlustun á hverjum fjölmiðlamarkaði um sig.

Nefndin leggur enn fremur til að takmörkun þessi verði útfærð með þeim hætti að eigi aðili eða skyldir aðilar fleiri en einn fjölmiðil á sama markaði, þ.e. hljóðvarps-, sjónvarps- eða dagblaðamarkaði, skuli leggja saman útbreiðslu eða markaðshlutdeild viðkomandi fjölmiðla við framangreint mat. Hins vegar telur nefndin að ekki séu efni til þess að láta það hafa áhrif á þetta mat þótt aðili eigi fjölmiðil á fleiri mörkuðum, þ.e. fleiri en einnar gerðar.

Nefndin horfir öðru fremur til þess að æskilegt væri að enginn einn aðili eða tengdir aðilar geti átt ráðandi hlut í fjölmiðli sem náð hefur framangreindri útbreiðslu eða markaðshlutdeild. Ein leið til að ákvarða ráðandi hlut í fjölmiðli væri sú að ætla stjórnvaldi því sem með fjölmiðla mun fara mat þessa hverju sinni. Nefndin telur þó heppilegra og gagnsærra að fastsetja þessi mörk í lögum og telur að að öllu virtu sé hóflega farið fram með því að leggja til að eignarmörk verði með þeim hætti að eignarhald framangreindra aðila og skyldra aðila verði aldrei meira en 25% í slíkum fyrirtækjum.

Í ljósi tilhneigingar til lóðrétts eignarhalds áréttar nefndin að framangreindar reglur um eignarhald setja dreififyrirtækjum sömu skorður og öðrum eigendum á fjölmiðlum og útheimta þá ekki sérstakar eignarréttarlegar aðgerðir vegna hins lóðrétta eignarhalds.

Nefndin telur einnig að það samræmist ekki hagsmunum neytenda að val þeirra á dreifiveitu geti mögulega ráðið kostum þeirra á efnisveitum. Nauðsynlegt er að neytendur geti valið þá efnisveitu sem þeir helst kjósa sem og dreifiveitu óháð efninu. Svokölluð „must carry“ regla er þekkt í Evrópu og er í gildi í mörgum Evrópuríkjum, þó jafnan með fremur þröngu gildissviði. Er markmið hennar aðallega að vernda fjölmiðla í almannaþjónustu. Nefndin telur að þegar tekið er tillit til núverandi stöðu á íslenskum markaði sé rétt að setja reglur sem lúta að því að efnisveitur sem það kjósa geti fengið dreifingu á þeim dreifiveitum sem þær óska eftir. Með hliðsjón af þeirri sérstöku stöðu sem uppi er á hinum örsmáa íslenska markaði ganga tillögur nefndarinnar lengra þar sem hún telur nauðsynlegt að ákvæðið nái ekki aðeins til fjölmiðla í almannaþjónustu heldur til allra fjölmiðla sem starfa hér á landi. Slíkt ákvæði mundi tryggja litlum efnisveitum aðgang að dreifingu og þar með aðgang að markaðnum. Ef nýjar efnisveitur þyrftu að leggja út í miklar fjárfestingar í dreifikerfum til að komast inn á markaðinn yrði aðgangsþröskuldurinn það hár að nær ógerlegt yrði fyrir þær að koma efninu á markað.

Nefndin telur jafnframt nauðsynlegt að reglan gangi í

báðar áttir og leggur til að dreifiveitum verði gert kleift að fá til sín það efni sem þær kjósa. Það er „may carry" reglan. Nefndinni er ekki kunnugt um að settar hafi verið slíkar reglur annars staðar. Í Evrópu hafa yfirvöld hins vegar gert sér grein fyrir því að það efni sem áhorfendur vilja hefur safnast á fárra hendur og er oft aðeins aðgengilegt á ákveðnum dreifileiðum. Þar sem áhorfendur velja sér efni og tæknin og dreifileiðin skiptir þá minna máli er nauðsynlegt fyrir dreifiveitur að hafa aðgang að efninu til að geta yfirleitt verið samkeppnishæfar með sínar dreifileiðir. Vandamálið er því þekkt þótt ekki sé búið að bregðast við því með formlegum hætti í Evrópu eins og nefndin er að gera hér. Nefndin telur að vegna smæðar og sérstöðu íslenska markaðarins sé mikilvægt að lögfesta reglur um flutningsrétt og flutningsskyldu. Slík löggjöf mundi auka val neytenda og draga úr áhrifum lóðrétts eignarhalds.

Í umræðu liðinna mánaða hafa ítrekað komið fram hugmyndir um reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði fjölmiðla sem leið til að tryggja sjálfstæði þeirra. Nefndin gerir sér grein fyrir því að slíkar reglur hafa e.t.v. ekki úrslitaáhrif um ritstjórnarlegt sjálfstæði einar og sér en með öðrum þeim úrræðum sem grein er gerð fyrir í þeim kafla sem snertir þetta efni er það mat nefndarinnar að slíkar reglur mundu gegna ákveðnu hlutverki til bóta. Nefndin telur rétt að árétta að reglum af þessum toga er einvörðungu ætlað að taka til sambands og samskipta eigenda og blaða- og fréttamanna en ekki ætlað í neinu að taka til eða breyta þeim siðareglum sem blaðamenn starfa nú þegar eftir.

Þegar kemur að stjórnsýslu í fjölmiðlamálum telur nefndin að tillögur þær sem hún leggur fram útheimti grundvallarbreytingar á tilhögun allrar stjórnsýslu varðandi fjölmiðla. Nefndin telur tvær leiðir heppilegri en aðrar. Annars vegar kæmi til greina að breyta og rýmka hlutverk núverandi útvarpsréttarnefndar og/eða gera nefndina að sjálfstæðri stofnun. Að mörgu leyti væri slíkt fyrirkomulag einfaldast og útheimti minnsta röskun á skipan einstakra málaflokka innan stjórnkerfisins.

Hin leiðin tekur mið af þeim miklu breytingum sem eru að verða á fjölmiðlaumhverfinu með stafrænni tækni. Til greina kæmi að sérstakt stjórnvald færi með málefni fjölmiðla undir núverandi Póst- og fjarskiptastofnun. Það útheimti hins vegar að gerðar yrðu breytingar á starfsháttum, uppbyggingu og stjórnsýslu þeirrar stofnunar. Póst- og fjarskiptastofnun hefur nú þegar með höndum tíðniúthlutanir fyrir ljósvakamiðla og hefur aðhalds- og eftirlitshlutverki að gegna gagnvart fjarskiptafyrirtækjum. Nefndin vill benda á að þessi leið hefur m.a. verið farin í löndum eins og Bretlandi og Finnlandi.

Hæstv. forseti. Ég hef nú gert grein fyrir nokkrum af helstu efnisatriðum skýrslunnar, og ég hef gert grein fyrir þeim tillögum hennar sem nefndarmenn hafa hafa sett fram og metið allar jafnmikilvægar. Ég fagna því sérstaklega sem ég hef áður sagt að pólitísk sátt hafi tekist milli stjórnmálaflokkanna um þessi mikilvægu mál sem við gjörþekkjum. Ég tel mjög mikilvægt að um tillögur nefndarinnar muni á næstu vikum og mánuðum eiga sér stað víðtæk og málefnaleg umræða. Þá hvet ég hagsmunaaðila einnig á fjölmiðlamarkaðnum til að axla ábyrgð með sambærilegum hætti og stjórnmálamenn hafa nú gert til að sátt megi ríkja um íslenska fjölmiðlamarkaðinn í framtíðinni.

Að lokum ítreka ég sérstaklega þakkir mínar til allra nefndarmanna sem hafa unnið af heilum hug í nefndinni.

[14:24]

Mörður Árnason:

Forseti. Þessi nýja skýrsla vekur strax spurningu um það hvað eiginlega hafi verið á ferðinni í fyrra, fyrir tæpu ári, frá því í apríllok og fram í júlí, í nærfellt 100 daga, þegar þáverandi hæstv. forsætisráðherra og meðstjórnendur hans lögðu allt undir, lýðræðislegar grundvallarreglur, trúverðugleik flokka sinna og sjálfa stjórnarskrá lýðveldisins. Ekkert var þeim of heilagt við að knýja í gegn lög til höfuðs fjölmiðlafyrirtæki sem herrunum háu var þá í nöp við. Einskis var svifist og hnefinn var reiddur á loft yfir forsvarsmönnum og fjölmiðlum, blaðamönnum og öðrum starfsmönnum, yfir fræðimönnum sem um þetta fjölluðu, yfir almenningsálitinu, yfir þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem voru látnir standa vaktina nótt eftir nótt. Hnefinn var líka reiddur yfir þeim stjórnarþingmönnum sem viðruðu efasemdir og er rétt að nefna einmitt núna í heiðursskyni tvo hv. þingmenn sem ekki létu berja sig til hlýðni og uppgjafar, þau Kristin H. Gunnarsson og Jónínu Bjartmarz. Að lokum reiddu ráðherrarnir hnefann á loft yfir virðingu forseta Íslands. Allt var lagt undir. Það var þá fyrst þegar þeir sáu fram á herfilegan ósigur í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu, þá fyrst létu þeir undan síga. Það var þannig þjóðin sjálf sem hratt fjölmiðlalögum ríkisstjórnarinnar frá í fyrra.

Síðan var skynseminni loksins hleypt að og skipuð ný nefnd með fulltrúum allra þingflokka og nú erum við að ræða — hvað? Nokkurn veginn samhljóða niðurstöður um hin illskeyttu deilumál. Hvað vekur þar öðru fremur athygli? Auðvitað það að nú eru meira og minna gufaðar upp þær tillögur sem fyrir aðeins tæpu ári settu landið á annan endann. Þessu fagna allir. Nýja skýrslan er vel unnið plagg og niðurstöður hennar bera í aðalatriðum með sér að þar hafa menn gengið til verka æsingarlaust með landsins gagn og nauðsynjar fyrir augum. Hvílíkur munur á vinnubrögðunum. Hvílíkur munur á niðurstöðunum.

Batnandi mönnum er best að lifa, það vildi maður geta sagt hér í dag heilu hjarta. Þess vegna er einmitt svo dapurlegt að frumvarp sem hér á að ræða á eftir um mikilsverðasta fjölmiðil landsins, Ríkisútvarpið, skuli vera unnið með gamla jarðýtulaginu og bera þess öll merki. Enginn veit enn þá hver samdi þetta frumvarp um Ríkisútvarpið en það er hins vegar ljóst hver hefur ekki komið nálægt frumvarpinu. Það var ekki samráðsnefnd þingflokka, það voru ekki starfsmenn á Ríkisútvarpinu, ekki einu sinni útvarpsstjórinn, ekki aðrir fjölmiðlamenn eða áhugamenn, ekki fræðimenn og ekki sá almenningur sem er þó sjálfur eigandi Ríkisútvarpsins.

Í skipunarbréfi nefndarinnar sem við erum hér að ræða stóð að hún ætti ekki að gera tillögur um Ríkisútvarpið. Hún átti að móta tillögur um framtíð fjölmiðla á Íslandi án þess að tala um Ríkisútvarpið nema þá í framhjáhlaupi. Það er nefndinni til hróss að hún virti þetta valdboð ráðherrans mátulega, ein af megintillögum skýrslunnar er að styrkja Ríkisútvarpið sem almannaútvarp. Það að mega ekki ræða

um RÚV nema í einhvers konar felum dregur því miður úr gildi þessarar skýrslu, eins og fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna skýra í sérstakri bókun sem við samfylkingarmenn tökum undir.

Forseti. Það er ánægjulegt að nefndin skuli hafa sameinast um helstu áherslur okkar í Samfylkingunni og stjórnarandstöðunni allri. Auk Ríkisútvarpsins eru þetta tillögur okkar um fullt gagnsæi í eignarhaldi og rekstri fjölmiðlafyrirtækja og um ráðstafanir til að tryggja sjálfstæði ritstjórnar. Þetta þrennt er mikilsvert og fer að okkar viti langleiðina gegn þeim óæskilegu áhrifum sem aukin samþjöppun kann að leiða til.

Við tökum einnig eindregið undir tillöguna um flutningsrétt og flutningsskyldu í samskiptum dreifiveitna við fjölmiðla eða efnisframleiðendur.

Forseti. Í þeim kafla skýrslunnar sem lýtur að eignarhaldi er auðvitað allt annað á ferð en í fyrra. Hér er ekki ráðist á eitt ákveðið fyrirtæki, fallið frá hugmyndum um að banna svokallaða krossmiðlun og alveg horfnar takmarkanir við eignarhlut fyrirtækja í markaðsráðandi stöðu. Nefndin á sannarlega hrós skilið fyrir að hafa kastað þessu góssi í sjóinn.

Í eignarhaldskaflanum felst þó að réttur manna til að eiga fjölmiðil skuli skertur og raunar er hér, öfugt við frumvarpið í fyrra, gert ráð fyrir að eitt skuli ganga yfir ljósvakamiðla og prentmiðla. Slíkar takmarkanir varða ýmis mannréttindi sem tryggð eru í stjórnarskrá, tjáningarfrelsi, prentfrelsi, atvinnufrelsi og eignarrétt. Að auki verða menn að muna að fjölmiðlarnir eru fjórða valdið. Þess vegna verða gild rök að liggja að baki skrefum í þessa átt umfram almennar samkeppnisreglur. Það verður að segja eins og er að slík rök er því miður ekki að finna í niðurstöðum nefndarinnar.

Það þarf varla að taka fram að þessar hugmyndir í skýrslunni eru ekki ættaðar frá okkur í Samfylkingunni. Þær eru hluti af málamiðlun meðal nefndarmanna og í raun kannski það eina sem eftir stendur af frumvarpi stjórnarflokkanna frá í fyrra. Við höfum lagst gegn reglum af þessu tagi. Við teljum að svona reglur komi því aðeins til greina að markmiðum um fjölbreytni og samkeppni verði ekki náð með öðrum hætti. Við sögðum þetta í fyrra og við erum sömu skoðunar nú. Raunar benda nefndarmenn sjálfir á að svokölluð „hæfileg mörk" séu í þessu sambandi mikið álitamál. Hér þurfi m.a. að passa að gera ekki fyrirtækjum erfitt fyrir að fjármagna sig, segir í nefndarálitinu, og við íslenskar aðstæður er það hárrétt.

Í sáttaskyni er sjálfsagt mál að skoða enn og aftur svona ráðstafanir og velta fyrir sér einstökum tölum í því sambandi. Þá er rétt að benda strax á að þau mörk sem nefnd eru í skýrslunni um 25% eignaraðild og 33% markaðshlutdeild virðast setja þremur starfandi fjölmiðlafyrirtækjum steininn fyrir dyrnar án augljósrar ástæðu, án neyðar eða vár.

Hlálegt er að miðað við þessi mörk telst arfur Valtýs Stefánssonar ritstjóra og dætra hans, Helgu og Huldu, í Morgunblaðinu vera sérstök samþjöppun auðs sem stefni fjölbreytni og fjölræði í voða. Það er í fyrsta sinn í gjörvallri fjölmiðlaumræðu íslenskri sem þessi tilteknu hlutabréf eru talin sérlega hættuleg, og væntanlega er þetta hortittur í þessum texta. En hann sýnir vel hvað öll eignarhaldsákvæði af þessu tagi eru varasöm og hvað það er brýnt í þessum málum að menn stilli í hóf stjórnlyndi sínu og forsjárhyggju.

Forseti. Við samfylkingarmenn teljum að hér hafi í aðalatriðum verið vel að verki staðið. Þessi skýrsla er þó ekki lagafrumvarp. Það þarf að fara vel yfir niðurstöður nefndarinnar, einkum um eignarhaldið, og skynsamlegast er að komast af án slíkra takmarkana umfram samkeppnislög. Við lýsum okkur hins vegar reiðubúin að ganga til samstarfs um löggjöf á fjölmiðlasviði á grundvelli þessarar skýrslu. Við teljum eðlilegt að nú fari fram umræða í öllu samfélaginu og að löggjöfin verði undirbúin í nefnd með þátttöku þingflokka og einnig blaðamanna og annarra starfsmanna á fjölmiðlum, fræðimanna og helstu hagsmunaaðila. Við teljum nauðsynlegt að málefni Ríkisútvarpsins verði samtímis tekin svipuðum tökum og við teljum raunar að málefni RÚV séu nú prófsteinn á það hvort vilji til sátta er raunverulegur af hálfu ríkisstjórnar og stjórnarmeirihluta sem eiga sér þá sögu í þessum efnum að öllum er í fersku minni.

[14:32]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þá skýrslu sem hér er til umræðu. Nefnd menntamálaráðherra hefur að mínu mati unnið þakkarvert starf og það er afar ánægjulegt að innan þessarar nefndar hafi náðst sátt um tiltekna lendingu í einu heitasta pólitíska deilumáli liðinna ára.

Í skýrslu nefndarinnar er lögð áhersla á að tillögur hennar beri að skoða sem eina heild og að þær byggi á heildarsýn á málefni fjölmiðla sem styðst fyrst og fremst við þá reynslu sem Evrópuþjóðir hafa öðlast í þessum málum og þá stefnu sem mótuð hefur verið hjá Evrópuþjóðum á grundvelli þeirrar reynslu. Íslendingar hafa ekki nema að litlu leyti verið þátttakendur í samstarfi Evrópuþjóða á þessu sviði og ég tek undir með nefndinni þegar hún leggur til að mörg þau vandamál sem tengd eru þessum málum og stjórnvöld hér á landi þurfa að glíma við á næstu árum þurfi að leysa á alþjóðavettvangi, t.d. það hvað varðar að finna lausnir viðvíkjandi lögsögu fjölmiðla í stafrænu umhverfi framtíðarinnar. Því er afar mikilvægt að byggja hér á landi upp sérþekkingu og leggja áherslu á samvinnu við aðrar þjóðir.

Einnig vil ég árétta að sú stefna sem mörkuð er í skýrslunni hefur það að markmiði að tryggja tjáningarfrelsi. Þar er byggt á túlkun Mannréttindadómstólsins í Strassborg á 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu en af þeirri grein leiðir að ríkinu ber að tryggja fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun og standa þannig vörð um að raunverulegt inntak tjáningarfrelsisins sé okkar allra en ekki aðeins þeirra sem fara með efnahagslegt og pólitískt vald. Þetta er mál sem varðar samfélagið allt og snýst um að styrkja og efla grundvöll lýðræðisins í landinu.

Herra forseti. Þær tillögur sem nefndin hefur náð samstöðu um eru í sjö liðum og þær fela í sér að Ríkisútvarpið verði áfram öflugt almannaþjónustuútvarp með áherslu á sérstöðu þess og skyldur sem fjölmiðils í eigu allra landsmanna.

Þær fela í sér að settar verða reglur sem tryggi

1. gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum,

2. að reglur um leyfisveitingar til rekstrar hljóðvarps og sjónvarps verði teknar til endurskoðunar með það að markmiði að aðgreina ólíka miðla,

3. að eignarhald á fjölmiðlum sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði verði bundið takmörkunum með þeim hætti að aðilum verði sett hófleg takmörk um heimilan eignarhluta,

4. að settar verði reglur sem tryggi aukið val neytenda þannig að efnisveitur fái aðgang að ólíkum dreifiveitum,

5. að dreifiveitur fá flutningsrétt á fjölbreyttu efni,

6. að mótaðar verði reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði á fjölmiðlum, og loks

7. að stjórnsýsla á þessu sviði verði einfölduð þannig að málefni fjölmiðla séu sem flest á verksviði eins stjórnvalds sem starfað gæti sjálfstætt og er í tengslum við núverandi Póst- og fjarskiptastofnun.

Samruni fjölmiðla og fjarskipta er að verða að veruleika með stafrænum og jafnvel gagnvirkum sjónvarpssendingum og enginn veit til hvers þær breytingar muni verða fyrir þau fjölmiðlafyrirtæki sem við þekkjum í dag. Það er lykilatriði fyrir stjórnmálamenn að standa vörð um hagsmuni neytenda og samfélagsins í heild andspænis þeirri þróun og það samrýmist ekki hagsmunum samfélagsins að þessi þróun leiði til þess að val neytenda um framboð á fjölmiðlaefni takmarkist af því við hvaða fjarskiptafyrirtæki þeir eiga viðskipti. Þá á ég við að menn þurfi að kaupa t.d. ADSL-þjónustu bæði hjá Og Vodafone og Símanum til að eiga þess kost að horfa jafnt á dagskrá Stöðvar 2 og á enska boltann. Þess vegna eru hugmyndir nefndarinnar um gagnkvæma flutningsskyldu og flutningsrétt dreifiveitna, þ.e. fjarskiptafyrirtækja og efnisveitna, sérstaklega athyglisverðar og til þess fallnar að koma í veg fyrir að heimilin í landinu standi frammi fyrir afarkostum á þessum sérlega mikilvæga markaði.

Einnig er mikilvægt að flutningsrétturinn og flutningsskyldan á við um allar íslenskar efnisveitur sem mun auðvelda nýjum aðilum að hasla sér völl á þessu sviði og auka þá með því jafnframt fjölbreytnina í íslensku fjölmiðlaumhverfi.

Þessi þáttur tillagnanna snýr einnig að framtíð Ríkisútvarpsins en ljóst er að dreifikerfi þeirrar stofnunar er að verða úrelt í hinu nýja stafræna umhverfi og nauðsynlegt er að tryggja almannaútvarp landsmanna um land allt. Sú þróun knýr einnig á um að stjórnvöld grípi til aðgerða til að tryggja stafræna dreifingu fjölmiðla til allra landsmanna en ekki aðeins þeirra liðlega 90% þjóðarinnar sem dreifikerfi fjarskiptafyrirtækjanna mun nú ná til.

Það er því í samræmi við þessar tillögur nefndarinnar sem ákveðið hefur verið í tengslum við væntanlega sölu Símans að búa til fjarskiptasjóð til að efla gagnaflutningskerfi landsins í strjálbýli og tryggja þannig að þjóðin öll muni sitja við sama borð hvað varðar aðgang að fjölbreyttu íslensku fjölmiðlaefni, fyrst og fremst Ríkisútvarpi allra landsmanna.

Herra forseti. Umræður um málefni fjölmiðla hafa verið eitt heitasta deiluefni í íslensku samfélagi undanfarið ár. Meðan þær umræður hafa geisað hefur þróunin á þessum markaði í átt til nýrra tíma haldið áfram og ég held að það sé ekki ofsagt að segja á fleygiferð, og fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtækin eru stöðugt að leita nýrra virðisaukandi leiða í starfsemi sinni. Hagnaður af talsímaþjónustu er hverfandi og framtíð fjarskiptareksturs mun liggja í gagnaflutningum og fjölmiðlaefni og öðrum nýjungum sem við höfum enn kannski takmarkaðan möguleika á að meta hverjar í rauninni verða. Þennan veruleika og þessa þróun er nauðsynlegt að hafa í huga í allri þessari umræðu, þar á meðal í umræðunni um sölu Landssímans og stöðu grunnnetsins í því sambandi.

Vegna þessarar þróunar er mikilvægt að horft sé fram á veginn og leitað leiða til að mæta þessum nýju tímum í stað þess að hengja sig á orð og yfirlýsingar sem látnar hafa verið falla í umræðum sem áttu sér stað á öðrum tíma og í öðru umhverfi.

Herra forseti. Þetta svið fjarskipta og fjölmiðlunar krefst fremur en önnur svið fyrst og fremst framsýnna og framsækinna stjórnmálamanna.

[14:38]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er nokkurt gleðiefni fyrir þá sem hér stendur að taka nú þátt í umræðu um þessa skýrslu sem fjölmiðlanefndin hefur skilað af sér en eins og fram kom í máli hæstv. menntamálaráðherra var ég ein þeirra fulltrúa sem áttu sæti í nefndinni. Ég viðurkenni það hér að þetta var afar viðamikil vinna, við fórum vítt yfir sviðið, en vinnan var jafnframt fróðleg og gefandi fyrir okkur sem fengum tækifæri til að taka þátt í henni. Nú er það ósk mín að sá fróðleikur sem þessi skýrsla hefur að geyma komist út til almennings og til þeirra sem við þessu öllu eiga að taka, þá ekki síst til stjórnmálamanna, þeirra sem hér í þessum sal sitja. Þess vegna fagna ég umræðunni.

Þegar tekist var á um fjölmiðlafrumvarp ríkisstjórnarinnar síðasta vor var vinnulagið ekki síður gagnrýnt en innihald málsins. Orð eins og offors, óðagot og óbilgirni voru oftar en ekki þau sem upp úr stóðu í umræðunni og að lokum gafst ríkisstjórnin upp og forustumenn hennar viðurkenndu að það hefði verið rangt af þeim að neyta aflsmunar á Alþingi til að þröngva málinu í gegn í miklum ágreiningi, ágreiningi sem náði ekki síður inn í þeirra eigin raðir. Endirinn varð svo sá sem við þekkjum öll og óþarfi er að dvelja við hann svo nokkru nemi. Nú nægir að segja hér að batnandi mönnum sé best að lifa og rétt að fagna því að ný skýrsla skuli hafa litið dagsins ljós.

Þó að ekki sé ástæða til að dvelja sérstaklega við umræður síðasta vors þykir mér rétt að geta um þau efnisatriði sem ég gerði að umtalsefni í ræðum mínum en þau voru að meginuppistöðu til þrenns konar.

Meginatriðin í ræðum mínum í fyrravor voru í fyrsta lagi efasemdir um að markmiðin um fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum næðust með þeim meðulum sem lögð voru til. Í öðru lagi sannfæring um að gæta þyrfti meðalhófsreglu sem ekki var gætt í frumvörpunum og í þriðja lagi skortur á svigrúmi fyrir umræðuna.

Í máli af þessum toga, máli sem almenningur lætur sig miklu skipta, að ekki sé talað um fjölmiðlana sjálfa, eigendur þeirra og starfsfólk, bera stjórnvöld ákveðna ábyrgð á

því hvernig umræðan fer fram. Vilji menn í alvöru ná árangri og endurnýja löggjöf um fjölmiðla, eins og þjóðþing álfunnar hafa verið að gera á undanförnum árum, er nauðsynlegt að leitast við að finna lendingu sem allir eða a.m.k. flestir treysta sér til að búa við.

Skýrslan sem nú liggur á borðum okkar og hefur verið dreift á netinu til þjóðarinnar er í sjálfu sér tilboð um umræðu. Hún er skynsamlegt tilboð til samfélagsins og væri raunar óskandi að stjórnvöld leituðu oftar eftir því við borgarana að þeir tækju þátt í að móta stefnu um tiltekin mál. Ég treysti því, virðulegi forseti, að almenningur sýni áhuga sinn nú í verki, sömuleiðis fræðimenn á sviði fjölmiðla og fjölmiðlarnir sjálfir, og taki þátt í umræðunni, leggi til hennar, auðgi hana og bæti. Það kann ekki góðri lukku að stýra þegar svona tilboð kemur frá stjórnvöldum að sumir miðlar ákveði að hunsa umræðuna, eins og manni sýnist vera vísbendingar uppi um núna. Það er mikilvægt að allir grípi á lofti þá áskorun sem við nú stöndum frammi fyrir og taki þátt.

Hæstv. forseti. Nú hefur það komið fram í umræðum síðustu daga síðan skýrsla nefndarinnar var kynnt að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í nefndinni bókuðu um eitt álitamál sem kemur til með að bera á góma hér og vega kannski nokkuð þungt í dag þar sem við í eftirmiðdaginn ræðum frumvarp hæstv. menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið. Við bókuðum nefnilega um þá ákvörðun hæstv. ráðherra að heimila nefndinni ekki að taka inn á sitt borð Ríkisútvarpið sjálft, flaggskipið í íslenskum fjölmiðlum. Sú bókun kom í beinu framhaldi af bréfi hv. formanna þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna, Margrétar Frímannsdóttur, Ögmundar Jónassonar og Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, en þessir hv. þingmenn höfðu skrifað menntamálaráðherra bréf þegar skipað var í nefndina þar sem lýst var þeim skilningi okkar að þörf væri á því að fjalla um málið í heild til að fá heildstæða mynd af fjölmiðlaumhverfinu. Þess vegna lýstu þingflokksformennirnir því yfir að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í nefndinni teldu sig ekki bundna af því að mega ekki fjalla um málefni Ríkisútvarpsins. Í framhaldi af þeirri yfirlýsingu kom sem sagt bókun frá okkur fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni sem lesa má sem fylgiskjal við skýrsluna sjálfa. Ég tel einsýnt að menn þurfi að hafa hana í huga og til hliðsjónar þegar sjónarmið okkar stjórnarandstöðufulltrúanna í nefndinni varðandi Ríkisútvarpið eru skoðuð.

Ég ætla í niðurlagi máls míns, virðulegi forseti, að víkja aðeins að efnisatriðum skýrslunnar.

Nefndinni var gert að skila beinum tillögum ólíkt fyrri nefnd sem skilaði af sér skýrslu fyrir ári, þ.e. 2. apríl 2004. Sú nefnd skilaði af sér ábendingum um ýmsar leiðir sem mögulegar væru í stöðunni, ábendingum sem fengu viðurnefnið „hlaðborð hugmynda" í umræðunni um þá skýrslu. En tillögurnar okkar í þessari nýju skýrslu er að finna í sjö sjálfstæðum liðum í 7. kafla skýrslunnar og fyrir þá sem hafa gaman af fornum talnavísindum og þekkja dulmagn tölunnar sjö, þá voru nefndarmennirnir sjö og nefndin skilaði af sér hinn 7. apríl. Nóg um það. Kannski er það góðs viti að við skulum vera með þessa heilögu tölu, sjö, í allri þessari umræðu. Ég vona að það eigi eftir að lita umræðuna, hún eigi eftir að vaka yfir okkur.

Tillögur nefndarinnar taka mið af nokkrum meginmarkmiðum sem nefndarmenn komu sér saman um að skiptu mestu varðandi framtíð fjölmiðlunar á Íslandi:

1. fjölbreytni í fjölmiðlun, jafnt pólitísk sem menningarleg fjölbreytni,

2. valfrelsi neytenda, bæði um efni en ekki síður um val á dreifileiðum og þar með dreifiveitum,

3. öflug upplýsingagjöf um hvaðeina er lýtur að þörfum almennings í lýðræðisþjóðfélagi,

4. gagnsæi allrar stjórnsýslu varðandi fjölmiðla, jafnt inni á fjölmiðlunum sjálfum sem í opinberri stjórnsýslu um málefni þeirra.

Megináherslan er þó á kröfuna um gagnsæi eignarhalds. Út frá þessum meginpunktum gekk nefndin við mótun tillagna sinna, gerði sér far um að taka mið af þeirri þróun sem átt hefur sér stað á íslenskum fjölmiðlamarkaði síðustu missirin og einnig af fyrirsjáanlegri þróun í nálægri framtíð. Ástæðunnar fyrir þessum sérstöku útgangspunktum og áherslum er að leita í 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem birtur er í skýrslunni og ég tel að verði hluti af því leiðarljósi sem við þurfum að hafa logandi á borðum okkar í þeirri umræðu sem nú fer fram.

[14:46]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla sem var gerð opinber á fimmtudag og var kynnt fyrir Alþingi áðan af hæstv. menntamálaráðherra hlýtur að teljast sögulegt plagg. Hún er að mínu mati ákaflega merkilegt plagg sem á eftir að marka tímamót. Þetta segi ég þó að ég sé einn af þeim sem áttu sæti í þessari nefnd. Mér finnst þessi skýrsla góð og ég hika ekkert við að segja það. Ég er stoltur yfir því að hafa tekið þátt í þessu starfi. Þetta er búið að vera gott starf og lærdómsríkt, þetta starf er búið að færa mér heim sanninn um það að við getum unnið saman, við getum náð lendingu í erfiðum þjóðfélagsmálum þó að við komum kannski úr ólíkum áttum og þó að við tilheyrum ólíkum stjórnmálaflokkum. Þessi skýrsla er sigur fyrir lýðræðið í landinu. Hún er líka sigur fyrir þingræðið, fyrir vilja Alþingis.

Virðulegi forseti. Af hverju segi ég þetta? Jú, þetta segi ég vegna þess að mig langar til að nota tækifærið núna til að rifja aðeins upp þá staðreynd að í nóvember árið 2003 var lögð fram þingsályktunartillaga á Alþingi, þingsályktunartillaga fjögurra flokka, Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, Vinstri grænna og Frjálslynda flokksins, og hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka sem fái það verkefni að kanna starfsskilyrði fjölmiðla, hræringar á fjölmiðlamarkaði og hvert stefnir og huga að því hvort þörf sé lagasetningar eða aðgerða til að treysta stöðu sjálfstæðs og fjölbreytts fjölmiðlarekstur hér á landi."

Þannig hljóðaði þessi þingsályktunartillaga. Um svipað leyti kom Samfylkingin fram með eigin þingsályktunartillögu. Samfylkingin var sem sagt ekki með á þessari þingsályktunartillögu en kom með sína eigin sem gekk út á það að réttlætis væri gætt í málflutningi, það væri virkt gagnsæi og ritstjórnarlegt sjálfstæði á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

Þarna var sem sagt fyrir jól árið 2003 eindreginn vilji fyrir hendi í þinginu til að fara í þá vinnu sem við höfum núna verið að inna af hendi, fara í þessi mál og skoða þau. Ég hygg, með fullri virðingu sagt, að ef menn hefðu aðeins slakað á á þessum tímapunkti, dregið andann og farið í þessi mál eins og búið var að teikna þau hefði þessi skýrsla legið fyrir á hinu háa Alþingi fyrir ári.

Það tók ekkert mjög marga mánuði þegar við fórum loks í þessa vinnu, allir flokkar, að ná lendingu í málinu. Þessi lending liggur núna fyrir í þessari 200 síðna skýrslu. Við byrjuðum að vinna í nóvember. Nú er kominn apríl og niðurstaðan liggur fyrir. Þetta er skýrsla, við skulum hafa það hugfast, og í henni eru tillögur. Þetta er ekki lagafrumvarp. Það á eftir að semja það. Umræðan undanfarna daga hefur að verulegu leyti verið nokkuð athyglisverð en mér finnst hafa gætt misskilnings meðal þjóðarinnar, a.m.k. hjá sumum. Fólk hefur viljað túlka þessa skýrslu og tillögurnar í henni sem frumvarp en svo er ekki. Núna eigum við eftir að taka umræðuna um þessi mál og ég er alveg sannfærður um að hún á eftir að verða góð og málefnaleg. Síðan getum við þá væntanlega reiknað með frumvarpi um hvernig við viljum haga framtíðarskipan íslenskra fjölmiðla. Við getum reiknað með frumvarpi næsta haust.

Ég vil líka nota tækifærið hér og nú til að lýsa því yfir að ég tel að það væri rétt að það frumvarp sem hæstv. menntamálaráðherra ætlar að mæla fyrir á eftir, um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins, fari í 1. umr. og síðan í menntamálanefnd og fái umsagnir. Á sama tíma verði líka leitað eftir umsögnum um önnur þingmál er varða Ríkisútvarpið og við notum sumarið einnig til að taka umræðu um framtíð Ríkisútvarpsins, leggjum síðan fram nýtt frumvarp um það næsta haust og afgreiðum þessi mál samhliða þannig að þjóðarsátt náist um þessi mál til frambúðar næsta vetur. Vinnum þetta sameiginlega, stígum þessi skref saman, göngum í takt. Við getum alveg náð sameiginlegri lendingu, Alþingi í heild sinni um þessi mál, og við eigum að gera það. Okkur ber sú skylda að gera það.

Það tapa allir á ástandinu eins og það er. Það hefur verið sannfæring mín alveg frá upphafi, frá því að ég hóf störf í þessari nefnd, að allir töpuðu á ástandinu eins og það var þar sem fyrir hendi væri enginn rammi, engin lagaumgjörð fyrir íslenska fjölmiðla. Eigendur fjölmiðlanna, fjölmiðlafyrirtækin, tapa á þessu og neytendur líka. Við höfum í okkar starfi reynt að taka tillit til beggja hópa eða réttara sagt allra hagsmunahópa. Við höfum fengið ótal marga á fund til okkar í nefndinni, hlustað á ótal mörg sjónarmið og síðan reyndum við að draga upp það kort sem liggur hér fyrir og taka tillit til sem flestra. Að sjálfsögðu hafa alltaf einhverjir athugasemdir við það sem við höfum lagt fram, að sjálfsögðu er það þannig. En þá tökum við líka umræðu um það. Þá tökum við lýðræðislega og opna umræðu um þau álitamál og finnum sameiginlega lausn.

Um helgina hefur mikið verið rætt um ákvæðin varðandi eignaraðild. Ég tel að þau séu mjög hófleg. Ég tel ekki að þau muni skaða fjölmiðlafyrirtækin til frambúðar. Við verðum að hafa það hugfast að Ísland er lítið land og þetta er mjög lítill markaður. Við erum að tala um þriðjungsútbreiðslu eða markaðshlutdeild og að þá megi einn aðili ekki eiga meira en 25%. Mjög fáir fjölmiðlar falla undir þetta. Það eru mjög fáir fjölmiðlar sem munu falla undir þetta í framtíðinni. Við skulum athuga að fjölbreytni í fjölmiðlun er alltaf að aukast. Það verða fáir fjölmiðlar í framtíðinni sem munu hafa yfir 33% útbreiðslu. Þeir verða mjög fáir, einfaldlega vegna þess að fjölbreytnin verður svo mikil. Við erum að stíga inn í nýja framtíð sem er fjallað um í þessari skýrslu og ég hvet alla til að lesa gaumgæfilega kafla 4. Þar erum við að horfa inn í framtíðina, þar erum við að velta því fyrir okkur hvernig umhverfið verður og við erum að fara inn í nýjan heim á næstu árum, algera byltingu, ævintýraheim hvað varðar fjölmiðlun.

Það er það sem við eigum að horfa á og þar koma kannski stærstu fréttirnar inn í þessari skýrslu, fréttirnar sem ég hef saknað mjög mikið í umræðunni fram til þessa um skýrsluna, þ.e. tillögur nefndarinnar varðandi dreifingu fjölmiðlaefnis, varðandi það að dreififyrirtækin geti fengið aðgang að efni og líka að fyrirtækin sem eru að selja efni geti fengið aðgang að dreifileiðunum. Í framtíðinni þegar menn munu líta um öxl, skoða þessa skýrslu og skoða störf þessarar nefndar munu menn fallast á það að þetta hafði langstærsta sögulega þýðingu í starfi nefndarinnar. Tillögurnar varðandi dreifinguna á fjölmiðlaefninu finnast mér vera langstærstu fréttirnar og það eru þær fréttir, sú niðurstaða sem á eftir að hafa mest áhrif til framtíðar. Þær tillögur sem þar koma fram af hálfu nefndarinnar eru mjög góðar. Þær eru teknar af (Forseti hringir.) framtíðarsýn og eiga eftir að skila miklu.

[14:55]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns um skýrslu fjölmiðlanefndarinnar segja að mér þykir nefndin skila af sér afskaplega vönduðu verki með þessari skýrslu. Fyrir það ber að þakka sérstaklega. Tillögur nefndarinnar eru mjög vel undirbyggðar og rökstuddar. Það er jafnframt ljóst að mikið hefur verið lagt upp úr samráði við hagsmunaaðila og upplýsingaöflun og þetta skapar skýrslunni alveg sérstaklega traustan grunn.

Skýrslan er í heild sinni stórfróðleg lesning og veitir mjög mikilvæga innsýn inn í þá þróun sem átt hefur sér stað í fjölmiðlum, bæði hér á landi og annars staðar, á undanförnum árum. Það er ljóst að tæknin leikur æ stærra hlutverk á fjölmiðlamarkaði og þeir möguleikar sem ný tækni opnar fyrir í miðlun upplýsinga og fyrir aðgang í neytendaþjónustu fjölmiðlafyrirtækja eru að gjörbreyta markaðnum. En þótt tæknin hafi fleytt okkur hratt áfram á skömmum tíma erum við í engum skilningi komin á endastöð, og við erum ekki að nálgast neina endastöð í þeim efnum. Ef eitthvað er sýnist mér við vera rétt að hefja mikið breytingaskeið sem muni hafa mikil áhrif á þróun fjölmiðlamarkaðarins í framtíðinni. Umfjöllun um þessi efni er því afar kærkomin í þeirri skýrslu sem við erum að fjalla um hér.

Þær breytingar sem orðið hafa á íslenskum fjölmiðlamarkaði á undanförnum árum eru þegar að er gáð í raun ekki annað en spegilmynd þess sem víða hefur verið að gerast annars staðar, samþætting miðla, innleiðing nýrrar tækni, samþjöppun á eignarhaldi. Allt þekkist þetta í nágrannalöndum okkar. Í öðrum löndum hafa þessir þættir orðið tilefni mikillar umræðu og víðast hvar lagasetningar

sem ætlað er að tryggja fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaðnum.

Fyrir umræðuna hér er þessi skýrsla afar mikilvægur grunnur en þó verður að segjast að skýrslan er miklu meira en upplýsinga- og umræðuskjal. Í henni er að finna vel ígrundaðar tillögur um það hvernig beri að bregðast við í því umhverfi sem við nú lifum í. Það er óhætt að segja að það séu merkileg tímamót að tekist hafi þverpólitísk sátt um þær megináherslur sem leggja eigi til grundvallar þegar reglur verða mótaðar um þetta efni, sérstaklega þegar haft er í huga hve mjög var deilt um málið í fyrra. Það er ekki annað hægt en að fagna því að þær öldur hafi nú lægt.

Í sjálfu sér er auðvelt að verða sammála þeim þremur meginmarkmiðum varðandi framtíð fjölmiðlunar sem nefndarmenn hafa lagt tillögum sínum til grundvallar, þ.e. fjölbreytni í fjölmiðlun, góðu vali neytenda og öflugri upplýsingagjöf og gagnsæi. Þessu er öllu auðvelt að verða sammála. Hinn pólitíski ágreiningur hefur hins vegar staðið um leiðir að þessum markmiðum. Þær tillögur sem nefndin teflir fram og fela í sér fjölþættar aðgerðir hljóta að teljast fela í sér ákveðna málamiðlun. Þess er því ekki að vænta að umræðu um þær leiðir sem til greina koma sé lokið þrátt fyrir þessa niðurstöðu. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir því að hin pólitíska sátt um málið byggi á því svigrúmi sem ólík sjónarmið hafa fengið hvert fyrir sig í heildartillögu nefndarinnar. Það verður einmitt að teljast einn meginstyrkur skýrslunnar að í henni eru gerðar tillögur að heildstæðum ramma um íslenska fjölmiðlaumhverfið. Meðal þess sem stendur upp úr að mínu áliti er sú niðurstaða nefndarinnar að nauðsynlegt sé að setja eignarhaldi á fjölmiðlum vissar skorður.

Hér á landi hafa gilt afar frjálslegar reglur. Afskipti hins opinbera að uppbyggingu markaðarins hafa verið takmörkuð og heilt yfir minni en víða annars staðar. Það verður að teljast nokkuð athyglisverð þróun að nú, þegar liðin eru rétt um 20 ár frá því að einkaleyfi Ríkisútvarpsins til útvarps var afnumið, skuli vera komnar fram tillögur um að setja eignarhaldi fjölmiðlafyrirtækja tilteknar skorður. Þó að tillögurnar taki yfir fjölmiðlamarkaðinn í heild sinni og þeim sé eingöngu beint að þeim fjölmiðlum sem náð hafa ákveðinni útbreiðslu eða hlutdeild á markaði eru það engu að síður afar merkileg tímamót í sögu frjálsu ljósvakamiðlanna að hugmyndir um reglur af þessu tagi séu í mótun.

Það er ánægjulegt að svo virðist sem hinir frjálsu miðlar taki tillögunum af miklum skilningi. Umræða um stöðu frjálsu fjölmiðlanna verður hins vegar ekki tekin án þess að um leið sé horft á hlut ríkisins á fjölmiðlamarkaði. Það var þess vegna mjög farsælt að hlutur ríkisins væri tekinn með í umfjöllun í þessari skýrslu en þeim mun stærri hlut og þeim mun meira hlutverk sem ríkið ætlar sér á þeim markaði sem hér er rætt um, þeim mun minni verður skilningur frjálsu miðlanna á þörfinni fyrir sérstakar reglur um þeirra starfsemi. Ríkisútvarpið er ekkert eyland í þessari umræðu og það er mikilvægt að það er komið fram frumvarp um Ríkisútvarpið sem tryggir að hægt verði að fjalla um málefni Ríkisútvarpsins samhliða þörfinni fyrir lagasetningu um framtíðaruppbyggingu fjölmiðlamarkaðarins í heild sinni.

Samþjöppun eignarhalds og myndun samsteypna, þ.e. þessi tilhneiging fjölmiðlafyrirtækjanna til að fara í dreifiveiturnar, getur leitt af sér vissar hættur sem m.a. er fjallað um á bls. 190 í skýrslunni, val neytenda geti takmarkast, aðgangsþröskuldur hækki o.s.frv. Við þessu er brugðist með ákveðnum tillögum í skýrslunni og ég verð að segja fyrir mitt leyti — og ég tek undir með hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni — að það er einn áhugaverðasti kaflinn í skýrslunni sem fjallar um þessa þætti. Það innlegg í umræðu um framtíð fjölmiðlanna er fyrir mína parta skemmtilegasta og merkilegasta innleggið sem þessi nýja skýrsla færir okkur. (Forseti hringir.) Ég ætla að ljúka máli mínu á því að þakka skýrsluhöfundum sérstaklega fyrir góða skýrslu.

[15:01]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki liðið ár síðan íslenskt þjóðfélag nánast logaði í illdeilum vegna fjölmiðlamálsins svokallaða enda er sá umbrotatími okkur öllum í fersku minni. Fjölmiðlanefndin fyrri hafði skilað af sér skýrslu sem var að flestra mati ágætlega unnin og þar komu fram margar skynsamlegar tillögur um það fyrirkomulag sem ætti að vera á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Í kjölfarið var frumvarp ríkisstjórnarinnar unnið og um það snerust deilurnar sem okkur eru í fersku minni.

Nú hefur ný skýrsla verið unnin og nýjar tillögur lagðar fram. Um þær virðist ríkja nokkuð góð sátt á milli stjórnmálaflokkanna enda skýrslan afar vel unnin. Það skiptir hins vegar öllu máli hvernig á málum verður haldið í framhaldinu. Úr ágætri heildarskýrslu fyrri fjölmiðlanefndar varð frumvarp sem skók samfélagið mánuðum saman og það má ekki henda aftur.

Tillögur fyrri fjölmiðlanefndar voru nokkurs konar hlaðborð sem ríkisstjórnin valdi síðan af. Sumt rataði inn í frumvarpið en annað ekki. Umdeilt ákvæði var í frumvarpinu sem bannaði að veitt yrði útvarpsleyfi til fyrirtækis sem væri í markaðsráðandi stöðu á einhverju sviði, krosseignarhald var bannað á milli ljósvaka og dagblaða og bannað var að veita útvarpsleyfi til fyrirtækis ef annað fyrirtæki átti meira en 25% eignarhlut í því. Frumvarpið var að margra mati talið stangast á við mannréttindaákvæði stjórnarskrár, það var harðlega gagnrýnt fyrir það að meðalhófsreglu hefði ekki verið gætt í samningu þess og síðast en ekki síst var það talið beinast gegn einu tilteknu fjölmiðlafyrirtæki öðrum fremur.

Í meðförum þingsins voru gerðar breytingar á frumvarpinu sem dugðu engan veginn til að lægja þær öldur sem um það höfðu risið og eins og flestir muna synjaði forseti Íslands að staðfesta frumvarpið. Að lokum var það fellt úr gildi af þinginu sem hafði samþykkt það nokkru áður.

Hvernig má það vera að nú skuli hafa náðst nokkuð samhljóða niðurstaða allra flokka um þennan sama markað, þ.e. fyrirkomulagið og leikreglurnar á sviði markaðsmiðlanna? Ég er ekki í nokkrum vafa um það, virðulegi forseti, að ástæðan er fyrst og síðast sú að það var gefið það svigrúm til skoðanaskipta og íhugunar um málið sem þurfti. Það hefði betur verið gert á fyrri stigum málsins, þá er ekki víst að komið hefði til þeirra átaka sem áttu sér stað fyrir ári síðan.

Stjórnarandstaðan gagnrýndi fjölmiðlafrumvarpið fyrir

margra hluta sakir, því væri beint gegn einu fyrirtæki, það fæli ekki í sér almennar reglur til framtíðar, vegið væri að fjölbreytni fjölmiðlanna og settar hömlur á þessa atvinnugrein umfram aðrar, sem gerði hana að lélegum fjárfestingarkosti. Við bentum líka á skort á reglum um gagnsæi eignarhalds og ritstjórnarlegt sjálfstæði en slíkar reglur auk ákvæða samkeppnislaga ættu að geta tekið á misnotkun á markaðsráðandi stöðu á fjölmiðlamarkaðnum. Samfylkingin lagði fram þingmál sem tók á þessum þáttum og byggði m.a. á tillögum Evrópuráðsins. Síðast en ekki síst var vinnubrögðunum mótmælt, að ekki hefði verið leitað eftir málefnalegu samstarfi sem hefði getað leitt til farsællar lausnar á málinu.

Sú skýrsla sem við ræðum nú er í mörgum grundvallaratriðum ólík frumvarpinu umdeilda og þeim tillögum sem þar birtust. Fyrir það fyrsta er nú leitað þverpólitískra lausna um málið og nefndin hefur náð nokkuð vel saman þrátt fyrir að umhverfið hafi verið mjög viðkvæmt í kjölfar fyrra málsins. Ekki er lengur lagt bann við því að markaðsráðandi fyrirtæki eigi í ljósvakamiðli, krosseignarhald er leyft á milli ljósvakamiðla og dagblaða og vikið er að mikilvægi þess að gagnsæi eignarhalds sé öruggt og leitast við að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði.

Vissulega eru þar lagðar til takmarkanir á eignarhaldi en sú tillaga er sett fram í heildarmynd sem er á engan hátt lík þeirri mynd sem fyrra málið var í. Tillögurnar virðast a.m.k. almennar, málefnalegar og hitta ekki eitt fyrirtæki öðrum fremur fyrir, enda sæta þessar tillögur ekki sömu tortryggni og þær sem voru lagðar fram í fyrra, a.m.k. ekki enn þá. Andrúmsloftið er allt annars eðlis í dag. Fólk trúði því nefnilega að þær tillögur sem voru settar fram í fyrra væru settar fram til höfuðs einu fyrirtæki sem er algjörlega óásættanlegt í jafnviðkvæmu umhverfi og fjölmiðlamarkaðurinn er.

Ég tel líka mikilvægt að fjölmiðlanefndin hefur sett tillögur sínar upp nú sem heildstæða mynd, það er með öðrum orðum ekki hægt að plokka eina tillögu eða tvær út en skilja aðrar eftir. Þær eru ekki hlaðborð hugmynda, heldur heildarmynd.

Virðulegi forseti. Ég held að fjölmiðlunum sé betur borgið í umhverfi sem gæti byggt á þessum tillögum en þeim sem við blöstu í fyrra. Nú þegar má ráða af umræðunni í samfélaginu að þessar tillögur fá ekki þá útreið sem frumvarp ríkisstjórnarinnar fékk áður. Það heyrast vissulega gagnrýnisraddir og auðvitað er hér á ferðinni sátt á milli stjórnmálaflokkanna sem alltaf felur í sér ákveðnar málamiðlanir. Maður þarf að gefa eitthvað eftir en fær annað í gegn og kannski fær enginn allt sem hann hefði óskað en allir eitthvað.

Ég er þó þeirrar skoðunar að einn verulegur hængur sé á því að nauðsynleg sátt hafi náðst um þennan markað enn þá og það er að Ríkisútvarpinu skuli hafa verið haldið utan við vinnu nefndarinnar. Það hvaða stakkur almenningsútvarpinu er skorinn hefur nefnilega gríðarleg áhrif á það hvernig markaðsmiðlarnir spjara sig og það er nauðsynlegt að skoða þessi mál í heild því að hvað hangir með öðru. Mér sýnist að áfram, miðað við stöðuna eins og hún er í dag, muni verða deilt um þátt RÚV á auglýsingamarkaði, tekjustofna þess og sjálfstæði, og er það miður. Reynslan sýnir okkur að það borgar sig að hafa víðtækt samráð um svo mikilvæg mál eins og fjölmiðlana. Ríkisútvarpið og staða þess á markaðnum er engin undantekning þar á. Þróun þess og staða hefur áhrif á allt fjölmiðlaumhverfið og því er það óskynsamlegt og óásættanlegt að halda því fyrir utan heildarmyndina. Með því móti vantar burðarbitann í mannvirkið sem kann ekki góðri lukku að stýra.

[15:07]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem hafa fagnað því að sátt virðist í sjónmáli um fjölmiðlamarkaðinn á grundvelli þessarar skýrslu og þar með þá meginniðurstöðu hennar að það sé bæði rétt og eðlilegt að setja löggjöf um eignarhald fjölmiðla og annað sem í umhverfi fjölmiðla ríkir til þess að tryggja eðlilega fjölbreytni í fjölmiðlun á Íslandi, gagnsæi um eignarhald og þá hagsmuni sem að baki fjölmiðlunum búa, og síðast en ekki síst til að tryggja eðlilegt val neytenda.

Varðandi eignarhaldið virðist nefndin hafa komið sér saman um athyglisverða leið þar sem eignarhaldsreglur hafa aðeins áhrif á þá fjölmiðla sem náð hafa verulegri markaðshlutdeild og verulegri útbreiðslu hér á landi. Sú leið ætti að stuðla að því að nýjum aðilum sem vilja spreyta sig í fjölmiðlarekstri sé ekki gert erfitt fyrir. Eignarhaldsreglurnar munu aðeins eiga við um þá aðila sem náð hafa miklum áhrifum í þjóðfélagsumræðunni vegna eignarhalds síns á fjölmiðlum.

Einnig fagna ég yfirlýsingum forsvarsmanna þess fyrirtækis sem mest var í umræðunni í tengslum við frumvarpið í fyrra um að þeir telji þær skorður sem skýrslan gerir ráð fyrir að settar verði eignarhaldinu séu viðunandi.

Vegna samruna fjölmiðla og fjarskiptafyrirtækja er öll fjölmiðlun að renna saman í nýtt stafrænt umhverfi. Skýrsla fjölmiðlanefndar sýnir fram á þetta og þetta er einn helsti útgangspunktur hennar. Sú umræða sem fram fór um fjölmiðlamál á síðasta ári tók ekki jafnmikið mið af þessu nýja umhverfi og vert hefði verið, enda fór það svo að á sama tíma og sú umræða stóð yfir hélt þróunin áfram og breytingar urðu á fjölmiðlamarkaði, bæði hvað varðar eignarhald miðla og tækniþróun.

Markmiðið með þeirri stefnu sem skýrsla fjölmiðlanefndar kynnir er liður í að tryggja fjölbreytni og fjölræði á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Ég tel að það leiði af sjálfu sér, virðulegi forseti, að til þess að það markmið sé trúverðugt verði að leggja áherslu á að tryggja öllum landsmönnum sambærilegan aðgang að fjölmiðlum í nýju umhverfi.

Ég rifja þetta upp hér vegna þess að við núverandi aðstæður er ljóst að hluti landsmanna mun að óbreyttu ekki eiga kost á að njóta ávaxta tækniþróunarinnar vegna þess að hann á ekki kost á háhraðagagnaflutningum en aðgangur að ADSL-tækni eða sambærilegri gagnaflutningstækni er forsenda þess að fólk geti tekið á móti stafrænum útsendingum fjölmiðla og fært sér í nyt þá nýju og fjölbreyttu möguleika sem verða munu fylgifiskur stafrænnar sjónvarpstækni.

Í skýrslunni kemur fram að fjölmiðlanefndin telur það ekki samræmast hagsmunum neytenda að val þeirra á því hvaða sjónvarpsefni þeir eiga möguleika á að notfæra sér

ráðist af því við hvaða fjarskiptafyrirtæki þeir eiga viðskipti. Ég tek undir þessi sjónarmið. Dreifiveiturnar mundu með þessum breytingum einbeita sér að dreifingu og keppa um verð fyrir þjónustu sína til hagsbóta fyrir neytendur. Efnisveitum yrði gert skylt að bjóða efni sitt á sama verði á ólíkum dreifileiðum og eftirlit haft með því að hvorki efnisné dreifiveitum yrði mismunað í verði.

Virðulegi forseti. Flestir landsmenn geta nú lent í þeim vanda að eiga takmarkað val vegna viðskipta sinna við ákveðið fjarskiptafyrirtæki. En um leið er stór hluti fólks á landsbyggðinni enn í þeirri stöðu að eiga ekkert val í þessum efnum vegna þess að í dag eiga þúsundir Íslendinga einfaldlega ekki kost á ADSL eða annars konar háhraðatengingum. Ég fagna því að skýrsla fjölmiðlanefndar bregður *skýru ljósi á mikilvægi þess að úr þessu verði bætt. Það er* óviðunandi annað en að allir landsmenn geti verið þátttakendur í þeirri þróun sem er að verða í þessum efnum.

Þetta leiðir hugann að öðru stóru máli sem mjög hefur verið til umfjöllunar hér á Alþingi og á enn eftir að koma til umræðu á næstu vikum og mánuðum, en það er sala Símans. Það er ljóst að fyrirtækin á markaðnum munu ekki á eigin vegum leggja í kostnað við að byggja upp stafrænt dreifikerfi sem nær til allra landsmanna. Fyrirtækin munu láta staðar numið þegar háhraðatengingar ná til um 93% landsmanna. Til þess að tryggja öllum landsmönnum aðgang þarf því að grípa til annarra ráða og það hlýtur að verða horft til þess fjarskiptasjóðs sem ríkisstjórnin hefur lýst yfir að verði stofnaður í aðdraganda þess að eignarhlutur ríkissjóðs verði boðinn til sölu á almennum markaði. Sá sjóður *mun hafa það að markmiði að bæta aðgengi fólks í* dreifbýli að gagnaflutningsþjónustu með því að efla GSM-samband og síðast en ekki síst með því að kosta aðgerðir til þess að tryggja háhraðagagnaflutninga í dreifðum byggðum landsins. Með skýrslu fjölmiðlanefndarinnar er enn sýnt fram á hve brýnar þessar aðgerðir eru. Þær tryggja ekki einungis aðgang að þeirri þjónustu fjarskiptafyrirtækja sem við nú búum við, heldur eru forsenda þess að landsmenn allir standi jafn vel að vígi gagnvart þeirri spennandi þróun sem nú er í fullum gangi og ekki sér fyrir endann á.

[15:12]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil líkt og aðrir byrja á því að þakka nefndarmönnum í nefnd hæstv. menntamálaráðherra um *fjölmiðla fyrir vel unnin störf. Hér hefur verið rifjað upp að* fyrir réttu ári blossuðu upp miklar deilur í þinginu um frumvarp sem ríkisstjórnin hafði þá lagt fram um eignarhald á fjölmiðlum. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hafði síður en svo lagst gegn slíkri rammalöggjöf og reyndar haft forgöngu um að hafist yrði handa um að afla gagna og vinna málinu brautargengi. Þetta hefur verið rifjað hér upp við umræðuna og ætla ég ekki að fara nánar út í þá sálma.

Ríkisstjórnin bar hins vegar ekki gæfu til að halda þannig á málinu að sátt yrði um það. Allir vita hvernig fór. Það var einkum þrennt sem stóð í mönnum, þrennt sem stóð í þinginu. Í fyrsta lagi óvissa um stöðu Ríkisútvarpsins, og það er rétt að leggja áherslu á að þeirri óvissu hefur ekki verið létt. Ríkisstjórnin hefur að vísu kynnt sínar hugmyndir um hvernig málefnum Ríkisútvarpsins skuli skipað. Ég held að það verði hins vegar að segja eins og það er að um það frumvarp getur ekki orðið sátt, það er alveg ljóst, og ríkisstjórnin hefði getað stytt sér leiðina með því að fara að vilja stjórnarandstöðunnar og óskum hennar um að fela fjölmiðlanefndinni að fjalla jafnframt um málefni Ríkisútvarpsins og gera tillögur um hugsanlegar lagabreytingar varðandi stöðu þess.

Í öðru lagi var það vinnulagið sem stóð í mönnum. Einnig þá hafði verið skipuð fjölmiðlanefnd eins og hér hefur verið rifjað upp. Hún setti fram mismunandi valkosti og sá fyrsti sem hún tefldi fram var að Ríkisútvarpið yrði stórlega eflt. Þá var hugsunin sú að Ríkisútvarpið yrði kjölfesta á fjölmiðlamarkaði og nauðsynlegt mótvægi við aðra *fjölmiðla á þessum markaði. Eins og við vitum var allt skil*ið eftir í óvissu varðandi Ríkisútvarpið.

Í þriðja lagi voru það síðan sjálfar tillögurnar sem deilt var um. Þannig mátti dagblað ekki eiga ljósvakamiðil. Varðandi eignarhaldið var einblínt á eigandann en ekki fjölmiðilinn. Það var spurt: Hver er eigandinn? Er hann markaðsráðandi í efnahagslífinu? Ef svo væri, þá skyldi honum settur stóllinn fyrir dyrnar. Nú er málið nálgast úr annarri átt og spurt um fjölmiðilinn. Er hann markaðsráðandi? Litið er til útbreiðslu hans og það látið ráða þeim skilyrðum sem síðan eru sett um eignarhald. Þetta er gerólík nálgun og að mínum dómi, og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, miklu skynsamlegri.

Nefndin skilar af sér tillögum í sjö liðum eins og hér hefur verið gerð grein fyrir. Ég ætla að staðnæmast við tvo *fyrstu liðina.*

Í fyrsta lagi segir að Ríkisútvarpið verði áfram öflugt almannaþjónustuútvarp með áherslu á sérstöðu þess og skyldur sem fjölmiðils í eigu allra landsmanna. Undir þetta tökum við heils hugar. Það er ekki aðeins svo að Ríkisútvarpið sé mikilvæg kjölfesta í fjölmiðlun á Íslandi. Það er öryggistæki. Það er menningartæki. Það er ein mikilvægasta menningarstofnun þjóðarinnar og ber að efla sem slíkt.

Síðan er hitt, að tryggja fjölbreytni á markaði og koma í veg fyrir að hér myndist einokunarfyrirtæki sem standi utan almannaviljans. Það gæti hæglega gerst ef Ríkisútvarpið yrði veikt.

Þetta tryggjum við ekki aðeins með því að horfa á eignarhlutinn. Eignaraðild að fjölmiðlum skiptir verulegu máli. Aðilar sem sterkir eru í efnahagslífinu eða á markaði geta *einnig haft áhrif á annan hátt, í gegnum auglýsingar. Jafn*vel þótt þeir eigi ekki neinn hlut í fyrirtækinu geta þeir, og gætu ef vilji væri til þess, stýrt fjölmiðlunum með því að stýra auglýsingum. Þar er því komin önnur ástæða fyrir því að styrkja verulega Ríkisútvarpið. Það nægir ekki að horfa til lagaskilmála varðandi eignarhaldið.

Í öðru lagi segir að settar verði reglur sem tryggi gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum. Þetta er mjög mikilvægt. Við höfum líka lagt áherslu á að gagnsæi í rekstri fjölmiðlanna skipti einnig máli. Þar erum við komin að einu helsta gagnrýniefni varðandi frumvarp ríkisstjórnarinnar um Ríkisútvarpið. Þar er verið að loka öllu. Það er verið að færa starfsemina bak við lokuð tjöld. (Forseti hringir.) Þetta er gagnrýni sem ég mun gera nánar grein fyrir og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þegar frumvarp ríkisstjórn-

arinnar kemur til umræðu hér síðar í dag.

[15:19]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við erum hér að ræða skýrslu sem unnin var af nefnd sem menntamálaráðherra setti á laggirnar í þessu máli. Niðurstaðan er afar jákvæð eins og hér hefur verið fjallað um í dag en það er kannski rétt að rifja aðeins upp upphaf málsins.

Ætli orrahríðin sem var um fjölmiðladeilurnar síðasta vor og á sumarþingi liðins árs hafi ekki verið að mestu leyti óþörf þegar litið er til þeirrar sameiginlegu niðurstöðu sem nú liggur fyrir í þessu máli, þ.e. í þessari skýrslu sem við erum að ræða? Það er einfaldlega svo að þegar allir fengu að koma að þessari málefnavinnu var verklagið allt annað. Sem betur fer hefur hagur almennings, sýnist mér, haft forgang, a.m.k. eins og ég met þetta mál í þeirri stöðu sem það er í í dag eftir störf nefndarinnar.

Sá veldur miklu sem upphafinu veldur. Það er fyllilega ljóst að forustumenn ríkisstjórnarinnar sáust ekki fyrir í ofríki sínu í fjölmiðlamálinu á síðasta ári. Tvímenningsvald fyrrverandi og núverandi hæstv. forsætisráðherra lék í raun og veru lausum hala og nánast allir stjórnarliðar fögnuðu, ekki bara einu sinni, heldur fimm sinnum, hinni snjöllu valdsmannslausn sem var þó að mínu viti lítið vitræn þegar upp var staðið. Verklagið benti ekki til þess. Stjórnarliðar voru í raun fastir í fúafeni málatilbúnaðar sem var mistök frá upphafi og olli í raun þeim harðvítugu deilum sem urðu og því að forseti Íslands vísaði málinu til þjóðarinnar, skv. 26. gr. stjórnarskrár Íslands. Það varð svo til þess að stjórnarliðar felldu sín eigin fjölmiðlalög úr gildi, sem sagt sneypuför. Þannig endaði sú vegferð, enda mistök og óþörf leið frá upphafi að mínu mati. Má í því sambandi minna á tillögu haustið 2003 á hv. Alþingi sem fulltrúar úr fjórum stjórnmálaflokkum komu að um það hvernig bæri að leggja upp með slíka vinnu til að ná sátt. Þar var lagt til að skipuð yrði nefnd og málið unnið með svipuðum hætti og nú var að lokum gert.

Hæstv. forseti. Málefni Ríkisútvarpsins eru að sjálfsögðu stór hluti þess að tryggja hag og valfrelsi almennings að fjölbreyttu og fræðandi efni. Í því sambandi lýsi ég mig sammála bókun stjórnarandstöðunnar og tek sérstaklega undir eftirfarandi sjónarmið, með leyfi forseta:

„Við erum þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að ná sátt um samræmda heildarsýn fyrir íslenska fjölmiðla sem taki bæði til Ríkisútvarpsins og einkarekinna fjölmiðla. Slíkt er einungis mögulegt ef vinnan við lagasetningu um Ríkisútvarpið fer fram samhliða vinnunni við hina almennu löggjöf.

Sjálfstætt almannaútvarp stuðlar að pólitískri og menningarlegri fjölbreytni og er forsenda þess að fjölmiðlar geti gegnt aðhaldshlutverki og verið útverðir lýðræðis í samfélaginu. Það er mat okkar að eigi að nást víðtæk sátt í samfélaginu um almenna rammalöggjöf um fjölmiðla, eignarhald og starfsumhverfi verði að tryggja faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum og varðveita það traust sem ríkir milli stofnunarinnar og eigenda hennar, þ.e. þjóðarinnar."

Þetta var tilvitnun, virðulegi forseti, í hluta af bókun stjórnarandstöðunnar.

Jafnframt er rétt að vekja athygli á því að nefndin í heild leggur til tillögur í sjö liðum sem birtast á bls. 193 undir stafliðunum a–g og þar telur hún æskilegt að þær komi samhliða til framkvæmda. Í a-lið er sett fram að Ríkisútvarpið verði áfram öflugt almannaþjónustuútvarp með áherslu á sérstöðu þess og skyldur.

Það atriði sem mér finnst mestu skipta í tillögu nefndarinnar er það sem snýr að almenningi og almenning varðar sérstaklega, sem sagt gott val neytenda, að reglur tryggi aukið val neytenda og að efnisveitur fái aðgang að ólíkum dreifiveitum, að dreifiveitur hafi flutningsrétt á fjölbreyttu fjölmiðlaefni. Það skiptir nefnilega miklu máli fyrir almenning í þessu landi í framtíðinni að eiga þetta val, að aðgangur að efninu verði ekki takmarkaður og kosti almenning miklu meira en eðlilegt getur talist.

Þetta held ég að menn eigi að horfa alveg sérstaklega á sem árangur af þessu nefndarstarfi og ég fagna því ef menn hafa horft á það í þessu ljósi. Eignarhaldið og takmörk þess koma eingöngu til framkvæmda þegar fjölmiðlafyrirtæki hefur náð meira en 33% útbreiðslu. Þar til eru allir frjálsir með eignarhald sitt og tengsl.

[15:25]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Skýrslan sem er hérna til umræðu er á margan hátt tímamótaplagg eins og margir hv. þingmenn hafa nefnt í dag. Hún er merkilegt skref í þá átt að ná sem víðtækastri samstöðu um leikreglur sem eiga að gilda fyrir fyrirtæki sem starfa á þessu sviði. Í ljósi þess hvernig umræður þróuðust hér á síðasta ári er merkilegt að nefndin, skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka, skyldi ná samstöðu um að gera ákveðnar afmarkaðar tillögur í þessa átt.

Við skulum auðvitað hafa í huga að tillögur þessarar nefndar eru málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða. Það þarf þess vegna engum að koma á óvart að menn hafi misjafnar skoðanir á einstökum atriðum sem þar er að finna. Menn geta haft mismunandi sjónarmið, bæði varðandi markmið og leiðir, það er ekkert óeðlilegt. Eins og fleiri hafa sagt get ég sagt að skýrslan hefði vissulega litið öðruvísi út ef ég hefði ráðið efni hennar einn.

Það er hægt að nálgast löggjöf varðandi fjölmiðla út frá afskaplega mörgum sjónarmiðum. Skýrsluhöfundar benda á það að í löndunum í kringum okkur hafi verið farnar afar margar og ólíkar leiðir í því skyni að móta lagaramma um fjölmiðlastarfsemi. Þessar reglur hafa auðvitað mótast af aðstæðum á hverjum stað en það sem nágrannalöndin sem við berum okkur helst saman við eiga öll sammerkt er að þar gilda einhverjar sértækar reglur á þessu sviði. Skýrsla nefndarinnar felur í sér viðurkenningu á því að sömu sjónarmið eigi við hér á landi. Það er útgangspunktur skýrsluhöfunda varðandi alla tillögugerð sína. Það er afskaplega mikilvægt að það komi fram vegna þess að þegar við ræddum þessi mál hér á síðasta þingi var látið eins og það væri furðuleg stjórnlyndishugmynd að láta að sér hvarfla að setja með einhverjum hætti sérstakar reglur sem vörðuðu fjölmiðla umfram önnur fyrirtæki. Nú er sem sagt sátt um að það sé unnt að gera.

Það er líka merkilegt að við séum komin á þann stað í

umræðunni að nefnd af þessu tagi nái samstöðu um að takmarka beri eignarhald á fjölmiðlum með einhverjum hætti vegna þeirrar sérstöðu sem fjölmiðlar hafa í nútímasamfélagi. Þetta var heldur ekki sjálfgefið hér í umræðum á síðasta þingi. Eins og í hinu tilvikinu var það álitið til marks um óskaplegt stjórnlyndi, forræðishyggju og virðingarleysi fyrir mannréttindum að menn skyldu láta að sér hvarfla að setja einhverjar reglur sem vörðuðu eignarhald á fjölmiðlum. Nú er hins vegar samstaða um þetta og það er merkilegt skref.

Það er fleira markvert í þessum tillögum eins og rakið hefur verið í ítarlegum ræðum hér að framan. Það er hins vegar kannski rétt að hafa það í huga og undirstrika að auðvitað er nálgun nefndarinnar sem skilar skýrslu sinni núna mjög ólík þeirri nálgun sem birtist í fjölmiðlafrumvarpinu eða -frumvörpunum sem við ræddum hér á síðasta þingi, ekki síst út frá því að þá ræddum við fyrst og fremst um eignarhaldið og hugsanlegar takmarkanir á því. Í þessari nefnd hefur hins vegar verið valin sú leið að fjalla um sviðið með miklu víðtækari hætti. Það skilar þeim árangri sem við höfum hér á borðinu.

Þetta er rétt að hafa í huga, líka að minnast þess að þegar við ræddum eignarhaldið hér á síðasta þingi minnist ég þess ekki að talsmenn stjórnarflokkanna í þeirri umræðu höfnuðu því að skoða hina þættina. Menn völdu þá leið á þeim tíma að takmarka það frumvarp við eignarhaldið en nú hafa menn valið aðra leið.

Ég verð að segja að mér finnst við vera komin á merkilegan og ánægjulegan stað í umræðunni. Við getum (Forseti hringir.) verið ósammála um ýmsa hluti og munum koma inn á það á næstu mánuðum en ég held hins vegar að við öll sem hér sitjum á þingi (Forseti hringir.) höfum þá skyldu að halda umræðunni um þessi efni áfram á grundvelli þeirrar málamiðlunar sem náðst hefur en ekki að tína út (Forseti hringir.) einstök atriði. Lýk ég hér með máli mínu, herra forseti.

[15:30]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson sagði áðan að það hefði verið óþarfur leiðangur sem ríkisstjórnin og tvímenningsvaldið fór í hér í upphafi síðasta vor. Ég get verið sammála því. Hins vegar var ekki óþarft að taka hart á móti sem leiddi til þess að ríkisstjórnarflokkarnir breyttu tillögum sínum fimm sinnum og drógu þær að lokum til baka eftir að forseti Íslands hafði neitað að skrifa undir lögin.

Hér stöndum við nefnilega, og stæðum ekki annars, með miklu betri stöðu, miklu vænlegri tillögur til að taka afstöðu til en við höfðum þá, eins og hafa komið hér frá fjölmiðlanefndinni og margir hafa tekið undir að eru til mikilla bóta. Það var talað um að fyrri fjölmiðlanefnd hefði lagt fram hlaðborð hugmynda sem ríkisstjórnin valdi óhönduglega úr, fyrst og fremst eignarréttarbönn af ýmsu tagi. Nú fáum við sem sagt sjö rétta borð og okkur er ætlað að smakka á öllum réttunum þó að okkur finnist þeir kannski ekki allir jafngóðir eða jafn vel tilreiddir.

Ég get tekið undir það sem komið hefur fram hér að þetta er grundvöllur til þess að standa á. Með tilliti til þess sem á undan er gengið þurfa menn að gæta hófs í því að rífa þessar tillögur í sundur og festa sig um of við einstök atriði. Það breytir ekki því að þessar tillögur fara væntanlega í umræðu og væntanlega ber hæstv. menntamálaráðherra gæfu til að byggja á þeim nýtt frumvarp um heildarlöggjöf. Það verða vissulega tímamót þegar það gerist að við göngum til slíkrar heildarlöggjafar á fjölmiðlamarkaðnum.

Það verður að segjast um þá ágætu hv. þingmenn sem hér töluðu áðan, Bjarna Benediktsson og Birgi Ármannsson, að það hljóta að vera sérstök tímamót fyrir þá þegar vikið er frá þeirri frjálslyndisstefnu sem hér hefur ríkt varðandi eignarhald á fjölmiðlum. Það er ómögulegt að segja annað en að það séu tímamót þegar í lög eru leidd ákvæði sem takmarka það hversu mikið menn mega eiga í fjölmiðlum.

Maður getur skoðað þessar tillögur nefndarinnar út frá því að snúa hugsuninni á hvolf og segja: Munu þær að einhverju leyti koma í veg fyrir fjölbreytni, fjölræði og gott val neytenda? Þegar ég met þessar tillögur get ekki komið auga á það, ekki heldur þessar eignarhaldstillögur sem eru í nefndinni. Þær eru það rúmar að það ætti að vera hægt að lifa við þær og þær ættu ekki að koma í veg fyrir það að fjölmiðlar geti fjármagnað starfsemi sína og fengið til liðs við sig fjársterka aðila.

Ég vil þó nefna það sérstaklega að langmerkasta tillagan sem horfir til framtíðar er einmitt sú um flutningsrétt og flutningsskyldu. Þar er um slíka almenna reglu að ræða sem nýtast mun um alla framtíð og skiptir ekki máli á hvaða sviði fjölmiðlunar er. Þetta er meginregla, almenn regla, sem á eftir að skila verulegum hagsbótum til fjölmiðlanotenda, (Forseti hringir.) sérstaklega á sviði stafrænna miðla.

[15:34]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og fleiri byrja á því að þakka þá ágætu skýrslu sem hér er til umræðu. Það er ánægjulegt auðvitað að nefndin sem vann skýrsluna hafi komist að einróma niðurstöðu um þessi mál sem mjög hefur verið deilt um undanfarið árið, getum við sagt. Niðurstaðan sýnir að það var rétt sem stjórnarflokkarnir héldu fram í þeirri umræðu sem varð á síðasta ári, að ástæða væri til að huga að lagasetningu um fjölmiðlaumhverfið og eignarhald á fjölmiðlum. Nú liggja fyrir tillögur í sjö liðum, eins og hér hefur verið nefnt. og áhersla er lögð á að fjallað sé um þær allar í einni heild.

Eitt af því sem ég tel að sæti hvað mestum tíðindum við þessa niðurstöðu er að nú virðist staðfest að það sé orðin þverpólitísk sátt um að ríkið eigi að taka þátt í rekstri á samkeppnismarkaði á einu sviði, þ.e. á fjölmiðlamarkaði með rekstri Ríkisútvarpsins. Ég vek sérstaka áherslu á því að í skýrslunni er áréttað og vísað til þess að það séu viðtekin sjónarmið í Evrópusamstarfi að sérstaða fjölmiðlamarkaðarins sé svo mikil að þar nægi venjuleg markaðsnálgun ekki, eftirlit samkeppnisyfirvalda einna með samruna fyrirtækja nægi ekki til þess að tryggja fjölmiðlafjölbreytni.

Stjórnsýsla tengd fjölmiðlamálum kemur nú með einum eða öðrum hætti inn á borð fimm ráðuneyta. Útvarpsréttar-

nefnd og málefni Ríkisútvarpsins heyra undir menntamálaráðuneyti. Póst- og fjarskiptastofnun heyrir undir samgönguráðuneyti og hún úthlutar tíðnum til útvarpsrekstrar. Dómsmálaráðuneytið annast þau mál sem snerta prentlögin. Samkeppnisstofnun fjallar um samruna á fjölmiðlamarkaði, eins og á öðrum mörkuðum, og heyrir undir viðskiptaráðuneyti. Loks eru málefni upplýsingasamfélagsins á forræði forsætisráðuneytisins. Þetta fyrirkomulag stjórnsýslunnar er sniðið að öðrum tímum en okkar samtíma þar sem tæknibróunin er svo ör að fullkominn samruni hefðbundinna fjölmiðla, fjarskiptafyrirtækja og upplýsingatæknirnar virðist í augsýn innan skamms.

Í skýrslunni kemur fram að Íslendingar hafi hingað til ekki tekið mikinn þátt í alþjóðlegri samvinnu á sviði fjölmiðlunar og þar sem mörg þau vandamál sem stjórnvöld munu glíma við í framtíðinni þarf að leysa á alþjóðavettvangi sé afar mikilvægt að byggja upp sérþekkingu hér á landi og leggja áherslu á samvinnu við aðrar þjóðir.

Í samræmi við þetta tel ég athyglisverðar þær tillögur nefndarinnar að stjórnsýsla í fjölmiðlamálum verði einfölduð þannig að málefni fjölmiðla séu sem flest á verksviði eins og sama stjórnvaldsins sem starfað gæti sjálfstætt og/eða í tengslum við núverandi Póst- og fjarskiptastofnun. Annars vegar er lagt til að hlutverk núverandi útvarpsréttarnefndar verði rýmkað þannig að hún verði gerð að sjálfstæðri stofnun sem heyri undir menntamálaráðuneyti en hin leiðin felur í sér að sérstakt stjórnvald fari með málefni fjölmiðla undir núverandi Póst- og fjarskiptastofnun. Lögð er áhersla á að sérstök stjórn verði yfir þessum málaflokki í heild og fari jafnvel með úrskurðarvald. Nefndin leggur áherslu á sjálfstæði og hlutlægni slíkrar stjórnar að hætti eftirlitsstofnana.

Hæstv. forseti. Ég tel fyllsta tilefni til þess að huga frekar að tillögum nefndarinnar um að koma stjórnsýslu fjölmiðlamála fyrir á grundvelli Póst- og fjarskiptastofnunar. Sú leið er í samræmi við þá þróun sem nú á sér stað í fjarskiptatækninni og samruna hennar og hefðbundinna fjölmiðla. Póst- og fjarskiptastofnun hefur nú þegar með höndum tíðniúthlutanir fyrir ljósvakamiðla og hefur aðhalds- og eftirlitshlutverki að gegna gagnvart fjarskiptafyrirtækjunum. Þau ríki sem hafa verið í fararbroddi stjórnsýslu í þessum málum, Bretland og Finnland, hafa farið þá leið að byggja stjórnsýslu þeirra á sínum fjarskiptastofnunum. Það að fela Póst- og fjarskiptastofnun verkefni sem nú heyra undir önnur ráðuneyti er ekki einfalt mál í útfærslu en ég hygg að sú leið hljóti að finnast og hér er e.t.v. enn ein röksemdin fyrir því að menn fari að huga að endurskoðun á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins fyrr en síðar. Það er mikilvægt að sú verkaskipting sé sem skilvirkust og endurspegli sem best þau verkefni sem stjórnvöld eru að fást við á hverjum tíma.

[15:38]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Við erum hér að ræða skýrslu nefndar hæstv. menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla. Ég tek undir orð þeirra hv. þingmanna sem hér hafa talað á undan mér og lýst ánægju yfir útkomu þessarar skýrslu og þeirrar niðurstöðu sem hún sýnir.

Mér kom ekki á óvart að nefndarmenn skyldu ná svo góðri samstöðu og vinnu í nefndinni því að þegar leið á haustið 2003 urðu á hv. Alþingi töluvert snarpar umræður um samþjöppun á fjölmiðlamarkaði. Í þeim umræðum kom frá öllum sem tóku þátt sú sýn að fara þyrfti í endurskoðun á lögum um fjölmiðla á Íslandi í ljósi þeirrar samþjöppunar og breytinga á markaðnum sem orðið hafa á undanförnum árum. Allir flokkar voru búnir að lýsa yfir mikilvægi þess að fara í þá vinnu. Það er síðan vegna þeirra vinnubragða hæstv. ríkisstjórnar að fara í hana með nefndarskipan án þess að kalla til stjórnarandstöðuna sem þær deilur upphófust og þau átök um lagasetningu um fjölmiðla á Íslandi sem okkur er öllum kunnugt um. Hér hefur verið rifjað upp hvernig atburðarás síðasta vors var á hv. Alþingi, að mínu mati að hluta til vegna þeirra vinnubragða sem notuð voru. Þegar þingflokkar hafa lýst yfir vilja til að fara í þessa vinnu tel ég að það sé ekkert annað að gera en að taka í þá útréttu hönd sem nú hefur verið gert. Niðurstaðan sést í skýrslunni.

Átökin hér síðasta vor sýndu að þjóðin er þess mjög meðvituð hvað fjölmiðlar og rekstur þeirra, áreiðanleiki og útgáfa á mismunandi sviðum, eru mikilvægir enda hafa fjölmiðlar oft verið taldir fjórða stoð lýðræðisskipulags þjóðvelda. Þjóðin var og er meðvituð um mikilvægi þessa og nú stöndum við á þeim tímamótum að fara að vinna að löggjöf í framhaldi af þessari skýrslu um fjölmiðla.

Það er alveg ljóst að margar ítarlegar og góðar tillögur komu frá þessari nefnd sem ég tel að eigi að vinna þverpólitískt að í framhaldinu. Það hefur sýnt sig að frumvarpi af þessu tagi þarf að gefa tíma. Það þarf að gerjast. Það þarf að vanda vel til. Það hefur líka sýnt sig, bæði hvað varðar þætti hér í skýrslunni og í skoðanakönnunum, að Ríkisútvarpið er mikilvægur hluti af þeirri sýn og þeirri fjölmiðlaflóru sem við erum að fara að mynda hér löggjöf um. (Forseti hringir.) Því tel ég mikilvægt að það frumvarp um Ríkisútvarpið sem nú á að fara að ræða hér á eftir fái að gerjast og verða hluti af þessari heildarlöggjöf.

[15:43]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þetta hafa verið ágætar umræður um skýrsluna og fer brátt að ljúka. Það er allt annar tónn í þessum umræðum núna en var hér fyrir ári síðan þegar fyrri skýrslan var kynnt í þinginu. Ég var að skemmta mér við það í morgun að lesa yfir gamlar ræður, einmitt ársgamlar ræður, næstum upp á dag, og þetta er allt annar og miklu betri tónn en þá var. Þá var allt hér kolfast í hávaðarifrildi, allir mælar loguðu á rauðu og það stefndi í þau geysilega hörðu átök sem síðan urðu raunin eins og við munum öll eftir.

Mig langar aðeins að koma að örfáum athugasemdum. Mér fannst hv. þm. Birgir Ármannsson alhæfa um of þegar hann fullyrti að menn hefðu ekki viljað skoða þessi ákvæði varðandi eignarhald hér fyrir ári. Það er alls ekki rétt. Ég rifjaði upp áðan þingsályktunartillögu sem var lögð fram hér og mælt fyrir í nóvember árið 2003. Eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, var ég að skoða gamlar ræður, m.a. mínar eigin og þar kom ég margoft inn á það og lýsti því yfir að Frjálslyndi flokkurinn hefði ekkert á móti því að

skoða þessi mál vandlega, taka þann tíma sem þyrfti í að gera þetta í samvinnu við aðra flokka. Ég sagði að eignarhaldið væri meðal þeirra hluta sem við yrðum að taka til gaumgæfilegrar athugunar. Það var fyrst og fremst verklagið, vinnuaðferðirnar sem voru viðhafðar hér í fyrra, sem okkur þótti óásættanlegt og líka sú fljótaskrift að ætla að fara að setja lög um svo mikilvægan þátt eins og starfsumhverfi fjölmiðla á Íslandi nánast með handafli eða á hnefanum, á örfáum vikum á vordögum. Það þótti okkur gersamlega óásættanlegt og því stóðum við í hörðu andófi gegn þeirri lagasetningu.

Mig langaði rétt í lokin til að tæpa örlítið á nokkrum af þeim tillögum sem eru skilgreindar hér í skýrslunni. Ég sé þó að tíminn líður afskaplega hratt, klukkan telur niður og mér mun ekki gefast tími til þess í þessari umferð. Rétt í lokin ítreka ég aftur þá ósk mína að núna muni fara fram gaumgæfilegar umræður um efni þessarar skýrslu, um þessi mál í fjölmiðlum, meðal þjóðarinnar, að við tökum þann tíma sem þarf til þess og að þar komi menn með málefnaleg rök og mótrök að sjálfsögðu, eins og gengur, og að við sjáum þá næsta haust vandað lagafrumvarp sem mun síðan fá þá vönduðu þinglegu meðferð sem hæfir svo vel þessu mikilvæga máli.

Ég vil enn og aftur líka ítreka ósk mína um að sömu vinnubrögð verði viðhöfð varðandi fyrirhugað frumvarp um Ríkisútvarp sem við munum ræða hér á eftir og enn fremur koma á framfæri þeirri einlægu ósk minni að þar náist líka ásættanleg lending og sátt. Ríkisútvarpið skiptir mjög miklu máli fyrir íslenskt þjóðfélag sem og aðrir fjölmiðlar hér á landi og það er gríðarlega mikilvægt að við náum sátt um þessi mál til frambúðar. Þetta varðar hagsmuni þjóðarinnar til frambúðar. Hér verður einfaldlega að nást sátt.

[15:47]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka þingmönnum öllum fyrir þá ágætu og góðu umræðu sem hér hefur átt sér stað í dag um skýrslu fjölmiðlanefndarinnar. Sérstaklega í ljósi þeirra miklu og hörðu deilna sem urðu á síðasta ári tel ég tvímælalaust standa upp úr mikilvægi þess að á milli allra stjórnmálaflokkanna hafi náðst þessi pólitíska sátt um að tryggja fjölbreytni og fjölræði á þeim mikilvæga markaði sem við nefnum fjölmiðlamarkað hverju sinni.

Ég hef talið mikilvægt að koma eins og unnt var til móts við kröfur nefndarmanna sem þeir settu fram svona af og til og hverju sinni og beindu tilmælum til ráðherra. Má kannski rifja upp að í byrjun nefndarstarfsins kom stjórnarandstaðan að máli við mig og sagði að það væri ekki nóg að hafa tvo fulltrúa og að sjálfsögðu varð ég við tilmælum þeirra og fjölgaði í nefndinni. Ég taldi það rétt ef það væri til þess fallið að ná þessari mikilvægu pólitísku sátt. Síðan var beðið um aukinn tíma og það var líka komið til móts við það og síðan í þriðja lagi er rétt að draga það fram að ég frestaði m.a. umræðunni um Ríkisútvarpið á þeirri forsendu að menn vildu ræða málin saman. Ég hef samþykkt alla þessa hluti til þess að ná því markmiði sem við nefnum síðan pólitíska sátt. Sú pólitíska sátt innan fjölmiðlanefndarinnar grundvallast á þeim sameiginlega skilningi nefndarmanna að fjölmiðlar gegni mikilvægu og sérstæðu hlutverki í lýðræðissamfélagi, á þeim skilningi að skyldur fjölmiðla við almenning séu ríkari og víðtækari en skyldur annarra fyrirtækja og því sé eðlilegt að um fjölmiðlana gildi sérstök viðmið og sérstakar reglur. Þessi pólitíska sátt tekur mið af því að best sé að setja slík viðmið fram í ákveðnum reglum um fjölmiðla, þar með talið reglum um eignarhald sem þó næðu aðeins til miðla sem eru í mikilli útbreiðslu og hafa því sannarlega ákveðið dagskrárvald í samfélaginu. Með þessum reglum verður því tryggt að smærri miðlar geti eflst og nauðsynleg nýliðun átt sér stað.

Þessi pólitíska sátt tekur einnig til gagnsæis á eignarhaldi, reglna um leyfisveitingar, að ólíkar dreifiveitur fái aðgang að ólíku efni og sé skylt að dreifa frá ólíkum efnisveitum, að mótaðar verði reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Þetta fór ég allt yfir í minni fyrri ræðu í dag.

Ég fagna því sérstaklega hversu mikla áherslu nefndin hefur lagt á að nálgast málefni fjölmiðla út frá sjónarmiðum neytandans með það fyrir augum að sú fjölbreytni sem neytandanum stendur til boða sé ekki minnkuð eða aðþrengd. Það skiptir að mínu mati miklu máli að við tökum mið af þeirri sátt sem náðist innan fjölmiðlanefndarinnar og ég legg áherslu á að um þessar tillögur eigi sér stað góð og ítarleg umræða og vona að sem flestir muni taka þátt í henni á opinberum vettvangi.

Fjölmiðlanefndin leggur áherslu á að líta beri á tillögur hennar til lagasetningar sem eina heild og er því mikil vinna fyrir höndum við að fara yfir þær tillögur sem nú liggja fyrir og meta hvernig þeim verður best breytt í frumvarpsform. Stefni ég að því að þeirri vinnu verði lokið næsta haust og þá verði hægt að leggja fyrir Alþingi frumvörp til laga sem byggja á tillögum fjölmiðlanefndarinnar.

Ég vil fyrir mitt leyti leggja áherslu á að sú sáttagjörð sem nú liggur fyrir er söguleg, ekki einungis í ljósi átaka síðasta árs heldur einnig vegna þess hversu mikla framsýni nefndarmenn hafa sýnt á mörgum sviðum. Nefni ég sem dæmi, eins og fleiri þingmenn hafa gert hér í dag, tillögur nefndarinnar um flutningsskyldu og flutningsrétt sem taka mið af smæð og sérstöðu íslensks fjölmiðlamarkaðar í því skyni að tryggja jafnt hagsmuni fjölmiðlafyrirtækjanna sem neytenda.

Það er von mín, hæstv. forseti, að tillögur nefndarinnar geti orðið til þess að breið sátt ríki um málefni fjölmiðla og það hvernig fjölmiðlaumhverfi eigi síðan eftir að þróast hér í framtíðinni. Það skiptir miklu máli fyrir okkar litla, góða og íslenska samfélag að svo megi verða og ekki síst ber ég þá von í brjósti og ítreka það sem ég sagði áðan að hagsmunaaðilar á fjölmiðlamarkaði axli einnig ábyrgð og muni nú taka höndum saman við stjórnvöld við að treysta það starfsumhverfi fjölmiðla til frambúðar með markmiðin um fjölbreytni og fjölræði að leiðarljósi.

Um fundarstjórn.

Þingmál er snerta Ríkisútvarpið.

[15:52]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér hefur mikið verið rætt um vinnulag

og þátt sem skapast hafi vegna vinnubragða, vegna þess að menn gefa sér tíma, vegna þess að menn leyfa öllum sjónarmiðum að komast að. Þetta er til fyrirmyndar og hafa allir tekið undir það hér í umræðunni um fjölmiðlaskýrsluna hve ákjósanlegt þetta hafi verið á alla lund.

Það er hins vegar ljóst að eitt stendur í mönnum, óvissan um framtíð Ríkisútvarpsins. Um það frumvarp sem ríkisstjórnin hefur sett fram er engin sátt, það er alveg augljóst mál. Allir þingflokkar hafa lagt fram þingmál er varða Ríkisútvarpið og framtíð þess. Við óskuðum eftir því að öll þessi mál yrðu nú send til menntamálanefndar og það út í samfélagið til umsagnar. Nú bregður svo við að á þingflokksfundi Sjálfstæðisflokksins fyrir stundu var þessari beiðni hafnað, og ég spyr: Hvers konar vinnubrögð er nú verið að boða? Vilja menn virkilega hverfa til fyrri tíma? Á að endurvekja hér umræðuna sem fram fór sl. vor? Hvað veldur því að ríkisstjórnin ætlar að koma í veg fyrir að þau sjónarmið sem við höfum fram að færa í stjórnarandstöðunni nái út í þjóðfélagið og fái þar umsögn? Er hér verið að boða ný vinnubrögð? Ég held að menn hefðu farið varlegar í að lýsa stuðningi við það skref sem stigið er með fjölmiðlaskýrslunni ef þeir hefðu vitað hvað í vændum var að þessu leyti.

Ég mótmæli þessum vinnubrögðum. Hvað er það sem ríkisstjórnin óttast svo í frumvarpi sínu að hún þori ekki að láta aðrar tillögur sem fram hafa komið sjá dagsins ljós?

[15:54]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Á fundi þingflokksformanna með forseta í morgun fór hv. þm. Ögmundur Jónasson fram á það að frumvarp vinstri grænna færi umræðulaust í gegnum þingið í þeim tilgangi að það frumvarp yrði sent út til umsagnar samhliða frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið sf.

Frumvarp vinstri grænna er breytingartillaga við lög um Ríkisútvarpið en hins vegar er frumvarpið, sem við ætlum að ræða á eftir, um Ríkisútvarpið sf. sem er allt annað frumvarp, sjálfstætt frumvarp og ekki breytingartillaga við lögin um Ríkisútvarpið. Ég gat þess strax í morgun að mér þættu ekki góð vinnubrögð að í stórum stíl væri verið að láta frumvörp fara umræðulaust í gegnum þingið án þess að þau væru kynnt við 1. umr.

Ég held að það sé mjög mikil lýðræðisleg nauðsyn að við fáum að ræða þau frumvörp hér við 1. umr., koma með athugasemdir og skoða efnisinnihaldið í þingsal áður en þau fara til nefndar og eru síðan send út til umsagnar. Hér hefur áður verið rætt um það hvernig lýðræðisleg umræða eigi að fara fram. Stundum hefur það verið gert til þess að flýta fyrir málum þegar allir væru sammála um það að láta umræðuna vera stutta hér í þingsal, en almennt viljum við auðvitað hafa umræðu hér efnislega og góða við 1. umr. Full ástæða er til að gefa sér tíma til að skoða tillögur vinstri grænna. Ég er ekki að segja að ég sé sammála þeim en ég vil gjarnan fá að skoða þær hér og ræða þær í þingsal áður en þær fara út til umsagnar og við getum þá áttað okkur á því með hvaða hætti við viljum að umfjöllunin sé hér áfram í þinginu.

Með því að tala um þetta sem einhverja sérstaka valdníðslu eða að verið sé að tefja fyrir málum er mjög komið aftan að þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað og átti sér stað á fundi þingflokksformanna í morgun. Við erum að tala um prinsippmál. Eigum við almennt að hafa það þannig að frumvörp (Forseti hringir.) fari órædd í gegnum þingið? Við erum þeirrar skoðunar að við viljum ekki (Forseti hringir.) hafa það þannig.

[15:57]

Mörður Árnason:

Forseti. Það kemur óneitanlega á óvart að hér séu teknar ákvarðanir um stjórn þingsins á þingflokksfundi sjálfstæðismanna og að hér skuli koma upp hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir til að skýra það út fyrir þingheimi hvernig standi á ákvörðunum sem teknar hafa verið hér um þingstörfin. Ég hélt nú í sakleysi mínu að forseti Alþingis væri sjálfstæður og tæki ákvarðanir sínar óháð því hvernig meiri hlutinn liggur í þingflokksherbergi Sjálfstæðisflokksins. Ég hélt að það væri sérstök nefnd í gangi hér í þinginu, en það er kannski misskilningur, forseti, að hér í þinginu sé sérstök nefnd, forsætisnefnd, og síðan auðvitað samkoma þingflokksformanna til að ræða það hvernig skuli fara með svona mál.

Mér finnst líka sérkennileg röksemdafærsla hjá hv. starfandi formanni þingflokks sjálfstæðismanna að það komi málinu við að tillaga sem hér liggur fyrir frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sé breytingartillaga við allt önnur lög en hér séu að verki. Ég verð að segja að ansi gerast menn nú formlegir í þessu máli. Þetta er kannski svona í kjördæmi þingmannsins hv. en ég hef aldrei heyrt að það sé ekki hægt að ræða mál efnislega þó að þau séu ekki nákvæmlega samhljóða að forminu til.

Sú tillaga sem við höfum sett hér fram um Ríkisútvarpið og ég tel þá merkustu af þessum þremur, og jafnvel þó að ég bæti nú hinni fjórðu við, sem er komin til menntamálanefndar og er ágæt tillaga, frá Frjálslynda flokknum, er í formi þingsályktunartillögu. Það er sem sé af þeim ástæðum ekki hægt að ræða hana. (Gripið fram í.) Þó kom sú tillaga fram í desember, er mál nr. 400 ef menn vilja fletta því upp og er á undan frumvarpi menntamálaráðherra hæstv., sem kom fram 15. mars. Tveim dögum síðar, 17. mars, kom fram tillaga vinstri grænna.

Ég vil bara spyrja menntamálaráðherra sem ætlar að fara að mæla hér fyrir þessu máli sínu hvort henni sé ekki leiðindalaust að þetta verði eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson leggur til, að þessar tillögur tvær fari til menntamálanefndar þannig að þær geti orðið samferða í umsögn. Mér sýnist allt stefna í það að Ríkisútvarpið verði hér í umræðunni — og vona að menntamálaráðherra taki undir það — í þessari fjölmiðlaumræðu sem hlýtur að standa fram á haustið og jafnvel lengur, og þetta verði ekki samþykkt hér í vor. Mér heyrist á menntamálaráðherra að það sé ekki endilega ætlunin, hún ætli a.m.k. að láta þingið stjórna því samkvæmt viðtölum í fjölmiðlum.

Ég vil bara spyrja kurteislega hvort menntamálaráðherra sé ekki sama um að þetta verði gert eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson vill. Við látum oft eftir Ögmundi Jónassyni þegar hann vill eitthvað, jafnvel þó að við efumst um að það sé rétt, við í Samfylkingunni.

[16:00]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Fyrir dyrum stendur að ræða um grundvallarbreytingar á Ríkisútvarpinu. Það hefur komið fram að allir flokkar á þingi hafa sett fram tillögur um þetta efni, Samfylkingin í desember, Frjálslyndi flokkurinn, ríkisstjórnin, Framsókn og Sjálfstæðisflokkur, sameiginlega í frumvarpi sem fram kom 15. dag marsmánaðar. Tveimur dögum síðar kom fram frumvarp frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Það er grundvallarfrumvarp um fyrirkomulag og skipan Ríkisútvarpsins.

Nú heitir það í munni formanns þingflokks Sjálfstæðisflokksins eða staðgengils hans að þetta séu breytingartillögur. Það er alveg rétt. Við erum með breytingartillögur við lög um Ríkisútvarpið. Ríkisstjórnin hins vegar nemur í einu vetfangi brott lagaramma sem gildir um Ríkisútvarpið og geirneglir með sínum tillögum flokkspólitíska valdstjórn yfir Ríkisútvarpinu, skerðir stórlega réttindi starfsfólksins, dregur úr gagnsæi í starfsemi Ríkisútvarpsins sem hingað til hefur verið öllum sýnileg. Nú verður ekki hægt, nái frumvarp ríkisstjórnarinnar fram að ganga, að lýsa inn í þessa stofnun eins og löggjafinn og Alþingi hefur heimild til að gera. Allt þetta verður numið brott. Og þetta á að gera í einu vetfangi.

Nú heitir það, þegar við viljum styrkja stoðir Ríkisútvarpsins, að þetta séu aumar breytingartillögur. En ríkisstjórnin sjálf ætlar að nema brott lagagrundvöll Ríkisútvarpsins, ráðast á starfsfólkið, draga úr gagnsæi og geirnegla flokkspólitíska stjórn yfir þessari stofnun. Það er hneyksli ef menn ætla að fara fram með þessum hætti. Það er hneyksli ef það á að reyna að knýja hér í gegn lagafrumvarp sem hefur þessar alvarlegu afleiðingar yfir Ríkisútvarpið.

[16:03]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Gæfulega byrjar það. Manni líður eins og vélstjóra um borð í gömlum skuttogara sem alltaf er að bræða úr sér. Þegar talað er um fjölmiðla verður allt vitlaust í þessum sal.

Frjálslyndi flokkurinn hefur staðið mjög ábyrgur að öllum þessum málum, og hefur gert alveg frá upphafi. Ég fór í gegnum það í ræðum mínum áðan og hér hefur líka verið talað um að það sé einmitt liggjandi inni þingmál frá flokknum. Við erum hér með þingsályktunartillögu sem var mælt fyrir fyrir mörgum vikum og er sennilega í menntamálanefnd núna, tillaga til þingsályktunar um rekstur Ríkisútvarpsins. Þrír þingmenn flokksins, sá sem hér stendur, formaður flokksins, hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, og hv. þm. Sigurjón Þórðarson, eru flutningsmenn að henni.

Sú tillaga hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða fulltrúum allra þingflokka, til að semja frumvarp um breyttan rekstur Ríkisútvarpsins. Nefndin ljúki störfum innan sex mánaða frá samþykkt tillögunnar.“ — (**ArnbS:** Það þarf ekkert að ræða þetta frekar.)

Þetta er okkar mál og kannski hefði farið betur á því að mark hefði verið tekið á þessari tillögu og hún afgreidd héðan frá þinginu og þessi ágæta nefnd verið skipuð. (Gripið fram í.) Kannski hefði fjölmiðlanefndin sem var að skila af sér fengið þetta verkefni. Ég hef lýst því áður yfir í heyranda hljóði í fjölmiðlum að sú ágæta nefnd, og ég þekki þá nefnd mjög vel, hefði farið létt með það að koma með góðar tillögur um framtíðarskipan Ríkisútvarpsins. Þar er á ferðinni fólk sem á mjög gott með að vinna saman, fólk sem getur rætt út um hlutina og komist að sameiginlegri niðurstöðu.

Ég var á fundi áðan með formönnum þingflokka og kannast við þá umræðu sem hér er komin af stað. Hv. þingmaður, þingflokksformaður Vinstri grænna, Ögmundur Jónasson, kom með þá tillögu um að fá að setja þetta frumvarp vinstri grænna fram hjá 1. umr. og beint inn í nefnd til að fá umsagnir um hana um leið og umsagnir yrðu fengnar væntanlega um tillögu okkar í Frjálslynda flokknum — það er jú búið að mæla fyrir henni — og svo líka frumvarp hæstv. menntamálaráðherra.

Ég fæ ekki séð af hverju frumvarp vinstri grænna þarf endilega að fara formlega í gegnum 1. umr. Ég er alveg sannfærður um það að frumvarp þeirra mun verða dregið inn í umræðurnar um frumvarp hæstv. menntamálaráðherra, hvort sem stjórnarmeirihlutanum líkar betur eða verr. Það verður rætt hér síðdegis, það verður rætt í kvöld, það verður rætt inn í nóttina, það liggur bara fyrir. Ég sé í raun og veru ekkert því til fyrirstöðu að líta stórt á þetta og leyfa þessu frumvarpi að fara fram hjá 1. umr. beint út til umsagnar. Hér eru menn eingöngu að hengja sig í formsatriði og þvæla málinu að óþörfu.

Hvers vegna getum við ekki reynt að afgreiða þessi mál eins og fólk? Okkur tókst það í fjölmiðlanefndinni. Hvað er eiginlega málið?

[16:06]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég allt að því kem af fjöllum við það skyndilega að sjá hérna hv. þm. Ögmund Jónasson koma í pontu, stappa niður fæti og fyllast heilagri reiði. Þetta mál varðandi frumvarp vinstri grænna var rætt á fundi í forsætisnefnd í morgun í fyrsta skipti þegar fulltrúi Vinstri grænna bar þar fram þessa ósk, hafði ekki gert það fyrr, og því var vísað til fundar formanna þingflokka.

Venjan er sú að mál eru tekin hér á dagskrá þingsins eftir númeraröð. Sú venja hefur aðeins mótast að mál sem búið er að fjalla um hérna áður og mæla fyrir og hafa farið til nefndar og til umsagnar fá að fara í gegn umræðulaust. En það er alveg út í hött að gefa til kynna að þetta sé eitthvert offors hjá stjórnarflokkunum, eitthvert offors hjá ríkisstjórninni. Þetta er bara spurningin um vinnulag í þinginu.

Það hefur verið venja þegar komið hefur fram ósk um að mál fari í gegn umræðulaust að það sé háð samþykki allra þingflokka. Menn hafa brugðist við því þegar ástæður eru til, og fyrst og fremst hefur þetta verið gert þegar mál hafa verið rædd hér í þinginu áður, koma fram breytt eftir umsagnarferli og það er verið að leitast við að koma þeim til nefndar aftur.

Mér finnast þessi viðbrögð hv. þm. Ögmundar Jónassonar gjörsamlega út úr kú, öll þessi heilaga reiði og stapp hér og verið að álasa ríkisstjórnarflokkunum — og ríkisstjórninni sjálfri, eins og hún hafi komið að þessari ákvörð-

un — um eitthvert offors í þessu máli. Þetta er gjörsamlega út í hött. (**ÖJ:** Heimskuleg vinnubrögð.)

[16:08]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla í upphafi að gera verulegar athugasemdir við stjórn forseta á fundinum. Hér er undir þessum lið um stjórn fundarins tekin upp efnisleg umræða um mál. Það gerði hv. þm. Ögmundur Jónasson og það gerði hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, og ég tel að forseti eigi að gera athugasemdir við það þegar menn eru farnir að ræða hér efnislega um mál undir þessum lið. Þessi liður er hugsaður til þess að ræða stjórn fundarins og á þeim forsendum hófst þessi umræða hér núna.

Ég fer þess á leit við forseta að þegar svona lagað kemur upp sé reynt að hafa þá stjórn á að menn séu ekki í efnislegri umræðu um einstök mál þegar við ætlum að ræða stjórn fundarins.

Hæstv. forseti. Það er mín afstaða að það sé full ástæða til að ræða hér við 1. umr. breytingartillögu hv. þingmanna Vinstri grænna við lög um Ríkisútvarpið og þar séu mörg efnisleg atriði sem full ástæða er til að ræða hér við 1. umr. Því er engin ástæða til að hleypa því frumvarpi umræðulaust hér í gegn til að það fái ekki efnislega umræðu í þinginu, engin ástæða til þess. (**ÖJ:** Bara að koma í veg fyrir að það fái umsögn úti í þjóðfélaginu.) (**Gripið fram í:** Já.) (**ÖJ:** Það er málið.)

[16:10]

Magnús Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja eins og er að ég skil ekki alveg þessa uppákomu hér hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Ef ég skil hvað hann var að fara þá var hann að fjalla um það hvort frumvarp vinstri grænna mætti fara umræðulaust gegnum þingið og til menntamálanefndar. Ég var á formannafundi þingflokksformanna eftir hádegið þar sem þessi ósk kom fram og þá lá náttúrlega fyrir dagskrá þessa fundar. Hún lá fyrir. Þessi ósk kom fram og ég veit ekki til að nein niðurstaða hafi verið fengin um það að þetta yrði ekki gert með þessum hætti eða einhverjum öðrum. Sá var a.m.k. minn skilningur og ég vona að hann sé réttur. Ég var beðinn um að ræða málið í mínum þingflokki og ég gerði það. Ég botna ekki alveg í því af hverju hv. þingmaður gýs á þessum tímapunkti upp út af þessu máli.

Hitt er annað mál að það var ágætt að hrista okkur aðeins upp því að umræðan í dag er búin að vera ósköp róleg. Það er út af fyrir sig ágætt að fríska aðeins við andann hér í þingsalnum. En ég lít ekki svo á að þessari ósk hafi verið hafnað enn þá þannig að ég botna ekkert í þessu.

Tilhögun þingfundar.

[16:11]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vill geta þess að hæstv. menntamálaráðherra hefur óskað eftir því að 15. og 16. dagskrármál, Ríkisútvarpið sf. og Sinfóníuhljómsveit Íslands, verði rædd saman, sbr. 3. mgr. 63. gr. þingskapa, þar sem frumvörpin eru efnislega samtengd. Verður orðið við því ef enginn hreyfir andmælum.

[16:12]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég hreyfi andmælum við þessari tillögu menntamálaráðherra hæstv. Ég tel að við eigum að ræða þetta í tvennu lagi. Að vísu eru þessi mál samtengd eins og þau koma frá ráðherranum en þau eru það ekki að efni til því að breytingar á tengslum Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar eru sjálfstætt umræðuefni sem verðskuldar að vera rætt á sjálfstæðan hátt og koma ekki við þeim meginbreytingum sem menntamálaráðherra leggur til á skipan ríkisútvarpsmála.

Ég ítreka andmæli mín við þessu og vonast til að ekki verði orðið við tilmælum menntamálaráðherrans.

[16:13]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Hv. þingmaður hefur hreyft andmælum við þessari ósk hæstv. menntamálaráðherra.

Ríkisútvarpið sf., 1. umr.

Stjfrv., 643. mál (heildarlög). — Þskj. 974.

[16:13]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið sf., en endurskoðun laga um Ríkisútvarpið og vinna við samningu frumvarps þess á sér töluverðan aðdraganda. Eins og kunnugt er var frumvarp til nýrra útvarpslaga lagt fram á 125. löggjafarþingi, í nóvember 1999, og samþykkt sem lög frá Alþingi í maímánuði árið 2000. Með hinum nýju útvarpslögum voru felld úr gildi útvarpslög frá 1985, með síðari breytingum, en þó ekki ákvæði laganna sem vörðuðu Ríkisútvarpið. Heiti þeirra laga varð lög um Ríkisútvarpið og voru þau síðan gefin út breytt með nýjum greinanúmerum, lög nr. 122/2000.

Núgildandi útvarpslög mynda almennan ramma um alla útvarpsstarfsemi í landinu, bæði sjónvarp og hljóðvarp. Í áliti menntamálanefndar, þar sem mælt var með samþykkt útvarpslagafrumvarpsins, kom fram það álit nefndarinnar að nauðsynlegt væri að endurskoða lagaákvæði um Ríkisútvarpið og endurmeta hlutverk þess í breyttu fjölmiðlaumhverfi. Lagði nefndin áherslu á að þeirri vinnu yrði hraðað.

Mikil umræða hefur átt sér stað á undanförnum árum um nauðsyn þess að endurskoða lög um Ríkisútvarpið og sjálf hef ég lengi verið þeirrar skoðunar, ekki síst eftir að hafa fengið að kynnast starfsemi þess af eigin raun, og lýsti ég þessu strax yfir líka þegar ég tók við embætti menntamálaráðherra. Hófst þá vinna við að breyta fyrirkomulaginu varðandi Ríkisútvarpið.

Núverandi stjórnskipulag stofnunarinnar hefur ítrekað verið gagnrýnt og leyfi ég mér að halda því fram að það sé almenn skoðun hér á landi að rétt sé að breyta rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins með það að markmiði að styrkja

rekstur þess og efla það mikilvæga menningarhlutverk sem stofnunin hefur að gegna í þjóðfélaginu. Þá hefur núverandi fyrirkomulag á fjármögnun stofnunarinnar með afnotagjöldum verið gagnrýnt lengi. Menntamálaráðuneytið hefur um nokkurt skeið unnið að tillögum til breytinga á lagaákvæðum um Ríkisútvarpið og nú á síðari stigum unnið náið að endanlegri útfærslu þessa frumvarps sem ég legg núna fyrir hið háa Alþingi, m.a. í samræmi við óskir menntamálanefndar Alþingis sem ég nefndi hér að framan.

Svo að vikið sé að helstu nýmælum sem frumvarp þetta hefur að geyma eru þau þessi: Í fyrsta lagi er ráðgert með frumvarpi þessu að leggja niður ríkisstofnunina Ríkisútvarpið og stofna samtímis sameignarfélag um reksturinn. Með því er rekstrarformi Ríkisútvarpsins breytt og reksturinn yfirfærður í félagsform. Ábyrgð ríkisins á rekstri sameignarfélagsins er ótakmörkuð sem fyrr.

Í öðru lagi er mælt fyrir um afnám afnotagjalda frá og með 1. janúar 2008 og lagt til að tekna til reksturs sameignarfélagsins verði aflað með sérstökum nefskatti sem lagður er á einstaklinga og lögaðila, auglýsingatekjum og öðrum tekjum sem Alþingi kann að ákveða sérstaklega.

Í þriðja lagi er stjórnun félagsins breytt. Útvarpsráð er lagt niður í núverandi mynd og við tekur sérstök rekstrarstjórn sem ræður útvarpsstjóra sem síðan ræður allt annað starfslið félagsins.

Auk framangreinds er lagt til að fella niður þátttöku þess í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ekki er mælt fyrir um þá breytingu í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið sf. en lagt fram sérstakt frumvarp um breyting á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, þar sem m.a. verður felld niður greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar. Það ræðum við hér á eftir, hæstv. forseti.

Sú leið hefur verið farin í auknum mæli á undanförnum árum, bæði hér á landi og í nágrannalöndunum, að breyta ríkisstofnunum í sjálfstæð félög, og þá ýmist þannig að félögin séu alfarið í eigu ríkisins, þau seld á markaði eða einhver hluti þeirra seldur öðrum aðilum. Frumvarpið byggir á því að ríkið eigi allan eignarhlut í Ríkisútvarpinu sf., og sala félagsins eða eignarhluta þess svo og slit þess séu óheimil án samþykkis Alþingis.

Við samningu frumvarpsins var ekki farin sú leið að stofna hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins. Ástæða þess er sú að Ríkisútvarpið hefur sérstöðu, hér er um að ræða félag sem ekki er ráðgert að selja og staða þess því ekki sambærileg stöðu t.d. Landsbanka Íslands, Búnaðarbankans eða Símans. Með því að stofna sameignarfélag um rekstur Ríkisútvarpsins gefst tækifæri á að nýta þá kosti sem félagarekstur hefur í för með sér en halda enn fremur í þau sérkenni sem einkenna Ríkisútvarpið og með þeim hætti sameina kosti bæði opinbers rekstrar og einkarekstrar.

Auk framangreinds er ástæða til að taka fram að það rekstrarform sem felst í sameignarfélagsforminu felur í sér ótakmarkaða ábyrgð á skuldum og skuldbindingum Ríkisútvarpsins, en ekki takmarkaða ábyrgð eins og hlutafélagaformið hefur í för með sér. Rétt þykir hins vegar að takmarka nokkuð svigrúm stjórnar til að baka félaginu fjárhagslegar skuldbindingar og er því að finna í lögunum ákvæði um að vilji stjórnin undirgangast nýjar ábyrgðir eða skuldbindingar sem nema hærri fjárhæð en sem svarar 10% af veltu næstliðins árs skuli leitað eftir heimild menntamálaráðherra. Sambærilegt ákvæði er að finna í lögum um sameignarfélagið Landsvirkjun en þar er miðað við 5% ef eigin fé.

Fjárhæð nefskatts, u.þ.b. kr. 13.500, er ákvörðuð með tilliti til núverandi tekna Ríkisútvarpsins, að þær haldist því sem næst óbreyttar, en að fjárframlag til Sinfóníuhljómsveitarinnar verði lagt af. Það hefur numið um 25% af tekjum hljómsveitarinnar, eða sem svarar til 120 millj. kr. á ári. Við útreikning nefskattsins er við það miðað að Ríkisútvarpið sf. standi straum af 2,6 milljarða kr. skuldabréfi stofnunarinnar vegna áður áfallinna lífeyrisskuldbindinga við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins en afborgun af því á ári nemur um 220 millj. kr.

Loks er nefndur sá möguleiki í athugasemdum í greinargerð frumvarpsins að menntamálaráðherra geri samning við Ríkisútvarpið sf. til nokkurra ára í senn þar sem kveðið verði á um markmið og annað í starfsemi Ríkisútvarpsins sem ríkisstjórn og menntamálaráðherra ætla félaginu að uppfylla. Er hér m.a. vísað til samsetningar útsendrar dagskrár með tilliti til innlends dagskrárefnis, efnis ætluðu börnum eða sérstökum aldurshópum, fræðslu- og heimildaefnis, íþróttaefnis og annars þess sem við kann að eiga hverju sinni. Ég kem að því síðar.

Með hliðsjón af því sem ég hef rakið eru meginatriði frumvarpsins þessi:

1. Rekstrarformi Ríkisútvarpsins verður breytt með því að stofnað verður sameignarfélag. Í meginatriðum hagi félagið starfsemi sinni í samræmi við almennar reglur um sameignarfélög og Ríkisútvarpið fái þann sveigjanleika í rekstri sem á að fylgja því að breytast úr ríkisstofnun í sameignarfélag. Þá er og gert ráð fyrir því að félagið verði sjálfstæður skattaðili og starfi þannig við sömu skilyrði í landinu og önnur félög.

2. Ríkið verður eigandi félagsins, og verður sala þess, slit eða innkoma nýrra sameigenda óheimil án samþykkis Alþingis.

3. Ríkissjóður leggur allar eignir, réttindi, viðskiptavild, skuldir og skuldbindingar Ríkisútvarpsins til sameignarfélagsins. Ríkisútvarpið sf. fær með lögunum leyfi til útvarps á þeim rásum og á þeim tíðnisviðum sem Ríkisútvarpið hefur til umráða eða kann síðar að verða úthlutað.

4. Starfsemi Ríkisútvarpsins sf. er skilgreind sem útvarp í almannaþágu („public service broadcasting"). Skyldur félagsins eru tilgreindar í samræmi við þetta hlutverk. Það er rétt að hafa það í huga.

5. Ríkisútvarpinu sf. er heimilað að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum í samræmi við tilgang þess og efna til samvinnu við aðra aðila, þó með fyrirvara um fjárhagslegan aðskilnað milli slíkrar starfsemi og aðalstarfseminnar þar sem það á við. Er m.a. verið að bregðast við ríkisstyrkjareglum sem gilda hér á landi samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en þar er kveðið á um reikningslegan aðskilnað útvarpsstarfsemi í almannaþágu og samkeppnisrekstrar.

6. Menntamálaráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félaginu. Í því felst m.a. að hann kýs stjórn á aðalfundum félagsins sem hingað til hefur verið kjörin af Alþingi. Hins

vegar árétta ég að horfið er frá því að ráðherra hafi ráðningarvald yfir tilteknum starfsmönnum Ríkisútvarpsins sf., eins og er samkvæmt gildandi lögum um Ríkisútvarpið með skipun útvarpsstjóra annars vegar og hins vegar ráðningu framkvæmdastjóra.

7. Hlutverk stjórnar er í meginatriðum hið sama og stjórna almennt í félögum sem starfa á samkeppnismarkaði. Stjórnin hefur yfirumsjón með rekstri og er ætlað að skipuleggja starfsemi félagsins ásamt stjórnendum þess. Felld eru brott öll ákvæði um deildaskiptingu fyrirtækisins enda þykja slík ákvæði ekki lengur eiga heima í lögum. Þá er það ekki talið meðal verkefna stjórnar fyrirtækisins að hafa afskipti af dagskrá. Útvarpsstjóri er æðsti yfirmaður dagskrárgerðar og tryggir þetta fyrirmæli ritstjórnarlegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins sf. Gert er ráð fyrir því að nánari útfærslu á innra skipulagi félagsins verði síðan lýst í stofnsamningi sameignarfélagsins.

8. Útvarpsstjóri verður æðsti stjórnandi Ríkisútvarpsins sf. í daglegum rekstri, bæði framkvæmdastjóri og yfirmaður allrar dagskrárgerðar. Er sjálfstæði útvarpsstjóra aukið frá því sem nú er. Það verður stjórn félagsins sem ræður útvarpsstjóra og hefur yfir honum að segja. Útvarpsstjóri ræður síðan aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins sf. án umsagnar eða tillagna annarra aðila eins og útvarpsráðs í dag.

9. Eins og ég hef þegar nefnt gerir frumvarpið ráð fyrir því að útvarpsráð verði lagt niður og þar með hætt afskiptum þess af dagskrá samkvæmt gildandi lögum. Er þetta enn einn liðurinn í þeirri stefnu að treysta sjálfstæði Ríkisútvarpsins sf. og starfsmanna félagsins.

10. Ríkisútvarpið sf. verður stofnað með setningu laganna og framlag ríkissjóðs verður 5 millj. kr.

11. Tryggilega er búið um réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins. Allir þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem við gildistöku laganna eru ráðnir ótímabundinni ráðningu eða eru skipaðir skulu eiga rétt á störfum hjá Ríkisútvarpinu sf. við yfirtöku þess á starfsemi Ríkisútvarpsins. Er gert ráð fyrir að með hinum fyrirhuguðu lögum verði þeim veittur fortakslaus réttur til starfa hjá félaginu, sambærileg þeim sem þeir gegndu áður hjá Ríkisútvarpinu. Þá eru ákvæði um rétt starfsmanna hins nýja félags til aðildar að A-deild LSR auk þess sem biðlaunaréttur til starfsmanna helst óbreyttur þiggi þeir starf hjá hinu nýja félagi. Með þessu er reynt að valda sem minnstri röskun á högum starfsfólks. Réttindi þess eiga að vera óbreytt og óskert.

12. Tekjustofnar félagsins breytast þannig að sérstakt gjald, nefskattur, er lagt á þá einstaklinga sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögaðila sem skattskyldir eru skv. 2. gr. sömu laga. Fram að þeim tíma, þ.e. til og með 31. desember 2007, verður lagt á og innheimt afnotagjald með sama hætti og verið hefur. Þannig er gert ráð fyrir því að frá og með 1. janúar 2008 falli niður öll ákvæði núgildandi laga um Ríkisútvarpið er varða afnotagjald og innheimtu þess. Til að tryggja stofnuninni sömu tekjur og hún nýtur í dag er talið að gjald það sem lagt er á hvern einstakling og lögaðila þurfi að nema um 13.500 kr. á ári. Alls leggst gjaldið á um 160 þús. einstaklinga á aldursbilinu 16–70 ára og um 22 þús. lögaðila. Gjaldið lýtur sömu lögmálum og sérstakt gjald sem lagt er á samkvæmt lögum um málefni aldraðra til tekjuöflunar fyrir Framkvæmdasjóð aldraðra. Tekjutrygging gjaldsins þýðir að tekjulausir eða tekjulágir einstaklingar greiða ekkert gjald.

13. Ákvæði útvarpslaga eiga að gilda um Ríkisútvarpið sf. að því leyti sem ekki eru sett sérákvæði um félagið samkvæmt þessu frumvarpi.

14. Með frumvarpinu er leitast við að einfalda innra skipulag Ríkisútvarpsins og einungis lýst helstu atriðum varðandi innra skipulag Ríkisútvarpsins sf. Því eru ekki tekin upp í frumvarpinu ýmis ákvæði sem er að finna í gildandi lögum um Ríkisútvarpið, um rekstrarleg atriði sem eðlilegast er að stjórn félagsins og daglegir stjórnendur taki ákvarðanir um.

15. Í stórum dráttum munu gilda svipaðar reglur um Ríkisútvarpið sf. og giltu áður um Ríkisútvarpið samkvæmt útvarpslögunum og nú samkvæmt gildandi lögum um Ríkisútvarpið frá árinu 2000 að því leyti sem ekki hefur verið gerð grein fyrir breytingum hér að framan.

Ég tel rétt í þessari framsöguræðu, virðulegi forseti, að fara nokkrum orðum um þá formbreytingu sem frumvarp þetta byggir á að verði á rekstri Ríkisútvarpsins verði það að lögum. Ég hef þegar gert grein fyrir því af hverju sú leið var farin að stofna frekar sameignarfélag um rekstur Ríkisútvarpsins en t.d. hlutafélag. Vísa ég í því sambandi til sérstöðu Ríkisútvarpsins sem m.a. felst í því að ekki er ráðgert að það verði selt á frjálsum markaði eins og til að mynda var gert með ríkisbankana. Sameignarfélagsformið felur á móti í sér tækifæri til að nýta þá kosti sem félagarekstur hefur í för með sér en halda enn fremur í þau sérkenni sem einkenna Ríkisútvarpið og með þeim hætti sameina kosti bæði opinbers rekstrar og einkarekstrar. Þá felur sameignarfélagsformið í sér ótakmarkaða ábyrgð á skuldum og skuldbindingum Ríkisútvarpsins, en ekki takmarkaða ábyrgð eins og hlutafélagaformið hefur í för með sér.

Hafa ber í huga að ríkisreknar útvarpsstöðvar eru hugsaðar sem opinberar þjónustustofnanir. Er þeim ætlað að flytja vandað efni, sérstaklega af innlendum og menningarlegum toga, sem ekki sé víst að útvarpsstöðvar, sem eingöngu eru reknar með viðskiptasjónarmið í huga, telji arðvænlegt að láta gera eða flytja. Einnig er sú krafa gerð til ríkisstöðvanna að þær tryggi vissa fjölbreytni í efnisvali og efnismeðferð og tryggi að skoðanir og sjónarmið í þýðingarmiklum þjóðfélagsmálum, er almenning varða, komist á framfæri, sem og að um mál sé fjallað málefnalega og af hlutlægni. Á seinni tímum er því m.a. haldið fram að almenningur eigi kröfu á því að geta gengið að a.m.k. einni opinni sjónvarpsrás, og styðst sú röksemd við hugmyndina um hið svokallaða upplýsingasamfélag. Það er skýr stefna í öllum Evrópuríkjum að starfrækt skuli útvarp í almenningsþágu í formi opinberra þjónustufyrirtækja, nú orðið víðast hvar við hlið útvarps einkaaðila í viðskiptalegum tilgangi.

Þar sem ríkið rekur útvarpsstarfsemi verður að gera þá kröfu að sá rekstur sé eins hagkvæmur og við verður komið. Þykir þetta best verða gert þannig að fjárhagslegum rekstri fyrirtækisins verði hagað sem líkast rekstri einkafyrirtækis og þá í sameignarfélagsformi. Það er þekkt víða í Evrópu að ríkisútvarpsstöðvarnar séu reknar af sjálfstæðum félögum.

Helstu kostir þess að breyta rekstrarformi Ríkisútvarps-

ins í sameignarfélagsform er að ábyrgð stjórnenda verður aukin og þeir verða sjálfstæðari í störfum sínum. Þá gefst með breytingu í sameignarfélag færi á að skilgreina verkaskiptingu á milli daglegra stjórnenda og stjórnar. Í frumvarpinu hefur verið leitast við að skerpa nokkuð skilgreininguna á verkaskiptingunni milli framkvæmdastjóra eða útvarpsstjóra og samstarfsmanna hans og stjórnar, sem er í 9. og 10. gr. Þá skiptir miklu að stjórnendur í sameignarfélagi geta brugðist skjótar við breyttum markaðsaðstæðum og öðrum breytingum á aðstæðum en stjórnendur ríkisstofnunar. Þar með á fyrirtækið að vera betur í stakk búið til að standast samkeppni og skila hagnaði.

Loks má nefna að sameignarfélagi eru ekki settar eins þröngar skorður í starfsemi sinni og ríkisstofnun. Að sjálfsögðu er þó ekki gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu að Ríkisútvarpið geti eftir rekstrarformsbreytingu ráðist í verkefni sem eru alls óskyld grundvallarhlutverki þess. Það er rétt að hafa það í huga. Hins vegar er beinlínis gert ráð fyrir því að fyrirtækið geti tekið upp samvinnu við aðra aðila, staðið að stofnun nýrra fyrirtækja, gengið inn í starfandi félag, allt innan marka tiltekinna tengsla við hina reglulegu starfsemi þess, sbr. 2. mgr. 3. gr., 5. og 6. gr. frumvarpsins. Er mælt fyrir um að slíkur rekstur verði fjárhagslega aðskilinn grunnrekstri félagsins, sbr. 2. mgr. 6. gr. Aukið sjálfstæði félagsins og svigrúm þess til athafna á svo að skila sér til allra starfsmanna þess í betri möguleikum til framtaks í starfi og þar með áhugaverðari starfsvettvangi. Því mæla öll rök með því að breyta Ríkisútvarpinu í sameignarfélag þó að ríkið verði áfram eigandi félagsins.

Þá ber að geta þess að nýtt frumvarp um sameignarfélög er í vinnslu hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Af efni frumvarps þessa er ljóst að byggja verður fyrst um sinn á almennum ólögfestum reglum félagaréttar um sameignarfélög, en þegar fyrrgreint frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra verður orðið að lögum má gera ráð fyrir því að taka þurfi tillit til efnis þeirra við rekstur Ríkisútvarpsins.

Frá þessu er a.m.k. ein undantekning, og lýtur hún að því hversu margir eigendur koma að rekstri sameignarfélagsins. Af almennum reglum félagaréttarins leiðir að eigendur sameignarfélags verði að vera a.m.k. tveir. Hér er hins vegar farin sú leið að einungis einn eigandi verður að félaginu, þ.e. íslenska ríkið. Sú leið sem hér er lögð til byggist á fyrri framkvæmd þegar félög hafa verið stofnuð um rekstur ríkisstofnana. Má sem dæmi nefna 2. gr. laga nr. 75/1994, um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi, og 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 103/1996, um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Í fyrrgreindum ákvæðum — og það er rétt að veita þessu athygli — var veitt heimild til stofnunar hlutafélaga þrátt fyrir þann áskilnað í þágildandi hlutafélagalögum að fleiri hluthafa þyrfti til stofnunarinnar.

Í greinargerð frumvarps þessa er með ítarlegum hætti fjallað um tekjustofna þá sem Ríkisútvarpinu sf. er ætlað að spila úr. Veigamesta breytingin frá núverandi fyrirkomulagi er, eins og ég hef þegar nefnt, að í stað núverandi afnotagjaldsfyrirkomulags verði tekinn upp nefskattur. Í almennum athugasemdum frumvarpsins er gerð nokkur grein fyrir mismunandi tekjustofnum sem evrópskum útvarpsstöðvum eru fengnir og þeirri þróun sem orðið hefur í Evrópu í þessum efnum á undanförnum árum. Meginatriði í þeirri umfjöllun er að ákvarðanir um tekjuöflun til útvarps í almannaþágu verði hér eftir sem hingað til á valdsviði hvers aðildarríkis Evrópusambandsins og búast megi við að það sama muni gilda áfram á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hér á landi hefur það fyrirkomulag verið tíðkað lengi að Ríkisútvarpið fái greidd afnotagjöld, lagt hefur verið gjald á eigendur útvarpsviðtækja. Þá hefur Ríkisútvarpið tekjur af auglýsingum og í framkvæmd hefur stofnunin einnig tekjur af þáttum sem í þessu tilliti er jafnað til auglýsinga, svo sem af kostun einstakra dagskrárliða, og fjarsölu.

Allt frá upphafi sjónvarpsreksturs á árinu 1966 hafa verið leyfðar auglýsingar í sjónvarpi Ríkisútvarpsins og stofnunin haft af þeim tekjur. Sú ráðstöfun hefur ætíð verið nokkuð umdeild, upphaflega gagnrýnd af dagblöðunum sem töldu með þessu vegið að tekjuöflunarmöguleikum sínum, en á síðari árum hefur gagnrýnin einkum komið frá keppinautum á sjónvarpsmarkaði sem einnig hafa gagnrýnt lögbundið afnotagjald til Ríkisútvarpsins. Í skýrslu starfshóps um endurskoðun á útvarpslögum frá 1996 kom fram sú tillaga meiri hluta starfshópsins að Ríkisútvarpið hyrfi alveg af auglýsingamarkaði. Var augljóslega á því byggt í skýrslunni, að því er sjónvarpsstöðvar varðar, að í vændum væri mikil samkeppni milli einkarekinna sjónvarpsstöðva. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin.

Ef sjónvarp Ríkisútvarpsins hyrfi af auglýsingamarkaði við núverandi aðstæður yrði í reynd engin samkeppni um auglýsingaframboð í sjónvarpi. Þar yrðu nánast tveir aðilar eftir á auglýsingamarkaði. Er rétt að undirstrika að m.a. hafa auglýsendur sagt líklegt að verð á auglýsingum muni hækka ef Ríkisútvarpið verði tekið af markaði, og þar af leiðandi yrði hugsanlega óbein afleiðing af því hækkað vöruverð til neytenda. Hver sem þróunin kann að verða í framtíðinni þykir ekki rétt að leggja það til nú að hætt verði auglýsingum í sjónvarpi Ríkisútvarpsins.

Önnur sjónarmið koma hins vegar til álita um auglýsingar í hljóðvarpi en eiga við um auglýsingar í sjónvarpi. Á hljóðvarpssviðinu er veruleg samkeppni en hún er hins vegar að mestu leyti bundin við þéttbýlissvæði. Hljóðvarpsstöðvum hefur yfirleitt ekki tekist að byggja upp dreifikerfi sín þannig að þær nái til landsins alls, trúlega vegna þess að auglýsingatekjur þeirra hafa ekki leyft slíkar fjárfestingar. Í þessu frumvarpi er ekki gerð tillaga um að Ríkisútvarpinu sf. verði bannað að afla tekna með auglýsingum í hljóðvarpi. Kemur þar fyrst og fremst tvennt til. Annars vegar þarf að taka slíka ákvörðun með góðum fyrirvara svo að þeir aðilar sem fyrir eru á markaðnum og aðilar sem við breyttar aðstæður gætu haft hug á að fara inn á markaðinn hafi nægan tíma til þess að laga sig að nýju umhverfi. Hins vegar hefur hljóðvarp Ríkisútvarpsins svo mikla útbreiðslu að ótækt þykir að svipta viðskiptalífið og allan almenning svo öflugum auglýsingamiðli án þess að gerðar hafi verið aðrar ráðstafanir sem líklegar séu til að bæta upp þann missi — og þá með það einnig í huga að búið verði í haginn fyrir samkeppni á þessum markaði. Eins og málum er nú háttað verður naumast hjá því komist að líta á auglýsingaþjónustu í hljóðvarpi Ríkisútvarpsins sem þátt í opinberu þjónustuhlutverki þess. Þykir af framangreindum ástæðum

ekki fært að leggja það til nú að auglýsingum verði hætt í hljóðvarpi Ríkisútvarpsins.

Afnotagjald RÚV hefur einnig verið umdeildur tekjustofn. Þeir sem andvígir eru opinberum útvarpsrekstri hafa andmælt gjaldinu sem gjaldtöku fyrir þjónustu sem þeir óski ekki eftir. Er sú röksemd skiljanleg þegar litið er á hana frá sjónarhóli þeirra sem telja ekki þörf fyrir það að ríkið standi að rekstri fjölmiðla. Einnig hafa ýmsir þeir sem aðhyllast eða geta sætt sig við útvarpsrekstur ríkisins látið í ljósi efasemdir um að innheimta afnotagjalds sé eðlilegasta leiðin til tekjuöflunar fyrir Ríkisútvarpið. Starfshópurinn um endurskoðun á útvarpslögum, sá sem fyrr er nefndur, lagði t.d. til að afnotagjalda- og innheimtukerfi Ríkisútvarpsins í núverandi mynd yrði lagt niður, enda væri sú skipan í senn þunglamaleg, kostnaðarsöm og óskilvirk. Lagði starfshópurinn til að Ríkisútvarpinu yrðu fengnar tekjur með nefskatti, innheimtum af öllum landsmönnum eldri en 16 ára og af öllum lögaðilum í landinu. Til vara lagði starfshópurinn til að Ríkisútvarpið yrði flutt frá B-hluta og yfir á A-hluta ríkisreiknings þannig að rekstur stofnunarinnar byggðist á framlagi fjárveitingavaldsins samkvæmt samþykkt fjárlaga hverju sinni. Það er rétt að geta þess að nýleg skoðanakönnun gerð af hálfu Gallups leiddi í ljós að nefskattsleiðin nýtur mests fylgis meðal þjóðarinnar.

Við samningu frumvarps þessa hefur fjármögnun á rekstri Ríkisútvarpsins komið til skoðunar. Varð niðurstaðan sú að leggja til að fjármögnun í formi afnotagjalds yrði felld niður frá 1. janúar 2008 en þess í stað kæmi sérstakt gjald sem leggst á skattskylda einstaklinga og lögaðila. Sú niðurstaða styðst aðallega við þrenns konar rök. Í fyrsta lagi hefur þessi leið í för með sér sparnað þar sem sérstakur kostnaður við innheimtu afnotagjalds fellur niður. Í öðru lagi fylgir sá annmarki núverandi fyrirkomulagi að allir þeir sem gerast áskrifendur að einkarekinni sjónvarpsstöð og kaupa sér sjónvarpstæki til að njóta þjónustu hennar verða sjálfkrafa greiðendur afnotagjalda til Ríkisútvarpsins þar sem greiðsla afnotagjaldsins er bundin við eign á viðtæki. Með því að afnema tengsl viðtækjaeignar við greiðslu til Ríkisútvarpsins eru hin neikvæðu áhrif á viðskipti sjónvarpsnotenda við einkaaðila upprætt að þessu leyti. Í þriðja lagi leiðir breytingin til þess að kostnaður hinna tekjulægstu einstaklinga við að njóta útvarps í almannaþágu fellur niður.

Á árinu 2003 námu afnotagjöld rúmlega 2,1 milljarði króna af tæplega 3 milljarða króna rekstrartekjum Ríkisútvarpsins, þ.e. tæplega 69% af rekstrartekjum. Við þá breytingu á rekstri Ríkisútvarpsins sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir er á því byggt að réttindi starfsmanna verði tryggð með eðlilegum hætti og kveðið á um rétt þeirra til sambærilegra starfa hjá sameignarfélaginu, biðlaunarétt og lífeyrisréttindi. Haft hefur verið að leiðarljósi að ekki verði hallað á réttindi starfsmanna stofnunarinnar við breytingu á rekstrarform hennar. Meðal annars hefur verið höfð hliðsjón af fyrri framkvæmd þegar ríkisstofnunum hefur verið breytt í rekstrarfélög, svo og niðurstöðu dóma sem gengið hafa í málum út af réttarstöðu starfsmanna við breytingu ríkisfyrirtækja í sjálfstæð fyrirtæki. Starfsmönnum Ríkisútvarpsins er í bráðabirgðaákvæði II í frumvarpinu tryggður réttur til sambærilegra starfa hjá Ríkisútvarpinu sf. og þeir hafa haft hjá stofnuninni.

Jafnframt er mælt fyrir um rétt starfsmanna þegar þeim hefur verið boðin sambærileg staða og þeim veittur eðlilegur frestur til að segja til um það ef þeir hyggjast ekki nýta þann rétt til starfa sem umrætt ákvæði tryggir þeim. Þá er mælt fyrir um að þeir starfsmenn sem hafa áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna og ráðast enn fremur til starfa hjá sameignarfélaginu eigi ekki rétt á bæði lífeyrisgreiðslum og launagreiðslum að því tilskildu að þau haldi óskertum launum sínum hjá félaginu.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir meginþætti og mun núna fara yfir einstakar greinar frumvarpsins eftir því sem þörf er á.

Ég hef farið nokkuð ítarlega yfir það að Ríkisútvarpið sé sameignarfélag í eigu ríkisins og að frumvarpið styrki nú enn frekar sjálfstæði Ríkisútvarpsins með breyttri stjórnun þess. Ritstjórnarlegt sjálfstæði er treyst með því að útvarpsstjóri er æðsti yfirmaður dagskrárgerðar og sjálfstæði hans aukið, auk þess sem ekki þarf lengur að leita tillagna pólitísks kjörins útvarpsráðs um ráðningu starfsfólks, og afskipti þess af dagskránni eru afnumin.

Öll ákvæði frumvarpsins sem ætlað er að styrkja sjálfstæði Ríkisútvarpsins sf. sem útvarps í almannaþágu eru í samræmi við tillögu og tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins frá 1996 til aðildarríkja þess um tryggingu fyrir sjálfstæði útvarps í almannaþágu, einkum að því er varðar ritstjórnarlegt og stofnanalegt sjálfstæði.

Í 3. gr. er fjallað um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins sf. og hlutverk þess sem útvarps í almannaþágu er skilgreint. Er sú skilgreining sett fram með mun nákvæmari hætti en er í gildandi lögum um Ríkisútvarpið. Almennt má segja að fylgt sé nokkuð hefðbundinni skilgreiningu á skyldum útvarps í almannaþágu, að flutt sé vandað og fjölbreytt dagskrárefni sem nái til allra landsmanna, lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi séu virt, lögð sé rækt við þjóðleg gildi, efnisval sé miðað við þarfir sem flestra þjóðfélagshópa, gætt sé óhlutdrægni, stutt við ýmiss konar menningarstarfsemi, haldið uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu — það er rétt að vekja athygli á því að það er í fyrsta skipti sem öryggishlutverk Ríkisútvarpsins er lögfest — og starfsemin sé innt af hendi með sem fullkomnustum tækjabúnaði.

Varðandi þetta ákvæði vil ég minna á að ríkisstyrkjareglur sem í gildi eru á Evrópska efnahagssvæðinu leggja þær skyldur á herðar okkar að skilgreint sé í löggjöf hvað telst falla undir útvarpsstarfsemi í almannaþágu sem nýtur ríkisstyrkja. Mikilvægt er að heimildir í þessu sambandi séu víðtækar til að hefta ekki þátttöku Ríkisútvarpsins í þeirri hröðu framþróun sem er í útvarpsrekstri og þeirri tækniþróun sem henni fylgir.

Fram kemur í greinargerð frumvarpsins að í útvarpsrekstri í almannaþágu á Vesturlöndum séu fordæmi fyrir því að viðkomandi fagráðherra geri stjórnunarsamning við það félag sem annast slíkan útvarpsrekstur fyrir hönd ríkisvaldsins. Ég tel að skoða beri þann kost gaumgæfilega að gera samning af þessu tagi milli Ríkisútvarpsins annars vegar og menntamálaráðuneytisins hins vegar. Í slíkum samningi yrði hlutverk Ríkisútvarpsins sem útvarps í al-

mannaþágu skilgreint með nánari hætti og jafnframt sett fram ákveðin og skýr markmið um það hvernig Ríkisútvarpinu beri að uppfylla það hlutverk sem því er ætlað samkvæmt lögum. Horfi ég ekki síst til þess hvernig hægt er að efla metnaðarfulla innlenda dagskrárgerð. Slíkur samningur mundi jafnframt verða til að skýra þær kröfur sem gerðar eru til Ríkisútvarpsins á hverjum tíma og hvernig ætlast er til að það uppfylli þær kröfur. Þetta er ekki ósvipað og gert hefur verið milli stjórnvalda og BBC í Bretlandi. Þannig væri tryggt að það aukna svigrúm sem Ríkisútvarpið öðlast með samþykkt þessa frumvarps nýttist sem best í þágu þeirra samfélagslegu skyldna sem Ríkisútvarpinu er ætlað að uppfylla.

Í 6. gr. frumvarpsins er síðan fjallað um þátttöku Ríkisútvarpsins í nýrri starfsemi. Mælt er fyrir um heimild til handa Ríkisútvarpinu til að standa að annarri starfsemi sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti, þar á meðal á sviði fjarskipta og margmiðlunar eða öðrum sviðum sem fjölmiðlum tengjast.

Síðan segir að félagið geti gert þetta hvort sem er innan eigin vébanda eða með því að standa að öðrum fyrirtækjum í þessu skyni sem félagið á eitt eða með öðrum aðilum. Undir ákvæði þessarar greinar fellur m.a. hvers konar nýsköpunarstarf á þeim sviðum sem hér um ræðir.

Ríkisútvarpið hefur nú þegar stigið fyrstu skrefin á þeirri braut sem hér er mörkuð með þeirri þjónustu sem það hefur tekið upp á heimasíðunni ruv.is. Ör þróun á sér nú stað á sviði margmiðlunar, tölvutækni, fjarskipta og sjónvarps sem halda mun áfram á næstu árum. Mikilvægt er að Ríkisútvarpið fylgist með þessari þróun og taki þátt í henni eftir því sem skynsamlegt verður metið og að sjálfsögðu af hæfilegri varkárni þó að framtíðarsýn beri að skipa í fyrirrúm. Það verður í verkahring stjórnar Ríkisútvarpsins sf. og daglegra stjórnenda að taka einstakar ákvarðanir í þessu efni.

Í 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um það að halda skuli fjárreiðum alls reksturs, sem félagið kann að verða aðili að samkvæmt heimild þeirri sem í greininni felst, aðskildum frá fjárreiðum reksturs, þ.e. hinum hefðbundna rekstri Ríkisútvarpsins. Það er kannski rétt að taka það fram að sérstaklega þarf að gæta þess að starfsemi Ríkisútvarpsins sf. verði að þessu leyti í samræmi við reglur samkeppnislaga — ég undirstrika það — með síðari breytingum og samkeppnisreglur EES-samningsins.

Sú gagnrýni hefur komið fram að með því að veita Ríkisútvarpinu aukið svigrúm sé hætta á að það muni beita aðstöðumun sínum til að klekkja á einkareknum fyrirtækjum og ryðja sér til rúms á stöðugt fleiri sviðum í skjóli stærðar sinnar og öruggra lögbundinna tekjustofna. Þessar áhyggjur eru skiljanlegar, en ég tel þær ástæðulausar. Með formbreytingu Ríkisútvarpsins úr ríkisstofnun í félag eykst svigrúm þess óneitanlega til muna, enda er ein helsta röksemd formbreytingarinnar að auka verði rekstrarlegan sveigjanleika og svigrúm Ríkisútvarpsins frá því sem nú er og gera það nútímalegra. Það svigrúm á hins vegar að nýta til þess að sinna hinu mikilvæga hlutverki sem útvarp í almannaþágu af auknum krafti.

Um starfsemi Ríkisútvarpsins verður að ríkja breið sátt. Ef Ríkisútvarpið fær að beita afli sínu og ríkisstyrkjum til að berja á einkareknum fjölmiðlum á samkeppnismarkaði og færa út kvíarnar stefnulaust væri rofin sú sátt sem hefur ríkt um Ríkisútvarpið. Það getur hins vegar þjónað markmiðum Ríkisútvarpsins sem menningarstofnunar að fara í einstaka tilfellum út fyrir hið hefðbundna svið útvarps og sjónvarps. Innan veggja Ríkisútvarpsins er t.d. að finna gífurleg menningarleg verðmæti, hljóðvarps- og sjónvarpsupptökur er hafa ómetanlegt menningarlegt gildi. Ég tel mikilvægt að þessi verðmæti rykfalli ekki einungis í hirslum RÚV, heldur að Ríkisútvarpið hafi svigrúm til að gera þau aðgengileg almenningi, hvort sem er í gegnum netið eða með sölu á geisla- eða DVD-diskum. Þetta gæti átt við um útvarpsleikrit, tónleika eða sjónvarpsþætti á borð við margrómaðar Stiklur.

Um stjórn Ríkisútvarpsins sf. er fjallað í 8. gr. Skal stjórnin kosin á aðalfundi sem haldinn skal fyrir lok maímánaðar ár hvert. Hana skulu skipa fimm menn og jafnmargir til vara en áður var kosið til stjórnar á aðalfundi. Skulu menn kjörnir hlutbundinni kosningu á Alþingi ásamt jafnmörgum til vara.

Með framangreindum hætti er sjálfstæði stjórnarinnar treyst gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þá eru ákveðnar hæfisreglur til stjórnarsetu orðaðar í 2. mgr. 8. gr.

Starfssvið stjórnarinnar er orðað í 9. gr. frumvarpsins. Eins og ég hef komið inn á hér að framan er hlutverk hennar að ráða útvarpsstjóra og veita honum lausn frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör. Þá tekur stjórnin allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins sem ekki falla undir daglegan rekstur. Einnig fellur það undir starfssvið stjórnar félagsins að taka lán til þarfa félagsins og ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í því skyni. Þegar samþykki er nauðsynlegt fyrir skuldbindingum samkvæmt framansögðu, þegar þær fara yfir meira en 10% af veltu, er kveðið á um samþykki menntamálaráðherra.

Mér þykir rétt að nefna sérstaklega í tengslum við það hlutverk stjórnar að gefa út reglur um fréttaflutning að frumvarp þetta byggir á því, eins og ég hef þegar rakið, að hlutverk Ríkisútvarpsins sf. sé að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða. Reglusetning stjórnarinnar mun eðli málsins samkvæmt taka mið af þessu hlutverki félagsins. Með þessu er stjórninni ætlað að tryggja þau markmið sem sett eru með frumvarpinu um trausta og áreiðanlega fréttamennsku. Þetta felur á engan hátt í sér að stjórninni sé ætla að hafa einhver áhrif á fréttaflutning félagsins en sjálfsagt er og eðlilegt að reglur til að ná framangreindum markmiðum séu settar. Ætlast ég til, og vona og veit, að hv. menntamálanefnd muni sérstaklega fara yfir þetta atriði.

Hæstv. forseti. Ég sé að tími minn er brátt á enda í þessari fyrstu lotu. Ég undirstrika að Ríkisútvarpið gegnir mikilvægu hlutverki sem menningarstofnun í íslensku samfélagi. Það er því mikilvægt að lagarammi Ríkisútvarpsins sé skýr á hverjum tíma og til þess fallinn að tryggja að Ríkisútvarpið geti sinnt þeirri starfsemi sem því er ætlað.

Í nýrri skýrslu fjölmiðlanefndar er lögð mikil áhersla á

að treysta beri stöðu Ríkisútvarpsins á hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði og telur nefndin mikilvægt að hlutverk RÚV sem almannaþjónustuútvarps verði styrkt eftir föngum. Vil ég sérstaklega taka undir þau sjónarmið fjölmiðlanefndar og tel að með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar megi ná einmitt þeim markmiðum sem fjölmiðlanefndin umrædda hefur sett fram í sínu ágæta plaggi.

Ég legg til að frumvarpinu verði vísað (Forseti hringir.) til hv. menntamálanefndar að lokinni þessari umræðu.

[16:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er þörf á að bæta margt í skipulagi og rekstri Ríkisútvarpsins en í þessu frumvarpi er ekki tekið á þeim þáttum. Þvert á móti er valdapólitísk yfirstjórn stjórnarmeirihlutans hverju sinni geirnegld með þessum lögum. Í annan stað er dregið úr gagnsæi í stjórnsýslu Ríkisútvarpsins. Í þriðja lagi eru réttindi starfsfólks skert með þessu frumvarpi.

Hæstv. ráðherra segir að öll rök séu til þess að breyta Ríkisútvarpinu í sameignarfélag. Um þetta eru einfaldlega deildar meiningar og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvað valdi því að Sjálfstæðisflokkurinn með aðstoð Framsóknarflokksins vilji koma í veg fyrir að aðrar tillögur sem fram hafa komið á þinginu fari til umsagnar samhliða þessu frumvarpi eins og lagt hefur verið til.

Varðandi réttindi starfsmanna segir hæstv. ráðherra að þau verði tryggð með eðlilegum hætti. Hvað þýðir þetta nákvæmlega? Vissulega er það svo að samkvæmt lögum um aðilaskipti á að tryggja kjör starfsmanna og kjarasamninga en hins vegar kemur fram í þessu frumvarpi, og kom fram í ræðu hæstv. ráðherra, að svo verður ekki að öllu leyti. Ég vísa t.d. í lífeyrisréttindi. Starfsfólk í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins mun ekki eiga kost á svokallaðri eftirmannsreglu svo að dæmi sé tekið eins og það á rétt á samkvæmt núverandi fyrirkomulagi, einfaldlega vegna þess að það verður enginn eftirmaður til staðar í fyrirtæki sem hefur verið lagt niður. Þá fer það inn á svokallaða meðaltalsreglu sem getur þýtt skert réttindi, og ég spyr:

Hvað verður um nýráðna starfsmenn? Munu þeir eiga kost á að eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins? Verður þeim tryggð aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins? Og hvað um önnur réttindi sem opinberir starfsmenn búa við en munu verða sviptir ef þessi lög ná fram að ganga? (Forseti hringir.) Eru ráðuneytið og ráðherra reiðubúin að ganga frá samningum (Forseti hringir.) við stéttarfélög starfsmanna áður en þetta frumvarp verður gert að lögum?

[16:46]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er engin nýlunda, og mætti kannski gerast oftar, að ríkisstofnunum sé breytt í fyrirtæki. Það hefur gerst áður og við höfum margar fyrirmyndir. Ég nefndi það m.a. í ræðu minni þegar Landsbankanum var breytt í hlutafélag og Pósti og síma var breytt yfir í Símann hf. þannig að við höfum fyrirmyndir og við vitum alveg að hverju við göngum þegar við erum að breyta ríkisstofnun yfir í annað félagaform. Meginstefnan er að sjálfsögðu sú að fara að lögum og gæta þess að réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins verði óskipt eftir breytingu. Það er að sjálfsögðu meginlínan og það ætlar sér enginn að fara að takmarka réttindi sem þegar eru áunnin af hálfu þeirra starfsmanna sem um ræðir. Og mér skilst að það séu um 80 manns innan Ríkisútvarpsins starfandi í B-deildinni og getur verið að þeim hafi eitthvað fækkað eftir að ég fékk þessar síðustu tölur, þannig að það sé skýrt.

Varðandi það atriði sem hv. þingmaður — sem er rétt að draga fram líka að er formaður BSRB — kom inn á áðan um hvort frumvarp Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs eigi að fara órætt til nefndar, það er náttúrlega umhugsunarefni þegar formenn þingflokka biðja um að málefni þeirra flokka fari einfaldlega órædd til nefnda. Ég hélt einmitt að Alþingi ætti að sjá til þess að mál fengju lýðræðislega umræðu, sérstaklega í mikilvægum málum eins og málefni Ríkisútvarpsins eru. Það sem kemur mér aftur á móti mjög á óvart, og sérstaklega ef við skoðum aðdraganda þess varðandi vinnubrögð fjölmiðlanefndar sem voru til fyrirmyndar, er að hv. þingmaður virðist búinn að gleyma samkomulaginu milli mín og stjórnarandstöðunnar varðandi 1. umr. á RÚV-frumvarpinu. Eins og við munum var RÚV-frumvarpið sett á dagskrá rétt fyrir páska. Stjórnarandstaðan kom að máli við mig og bað um að frumvarpinu sem við erum að ræða nú í dag yrði frestað fram yfir páska þannig að — hvað? Jú, þannig að við gætum rætt skýrslu fjölmiðlanefndarinnar samhliða Ríkisútvarpsfrumvarpinu. (Forseti hringir.) Þannig er það nú. Ég er að uppfylla samkomulag sem mér finnst hv. þingmaður vera að koma aftan að mér með.

[16:49]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég á afskaplega erfitt með að fá botn í þessa röksemdafærslu. Það er alveg rétt að það var óskað eftir því að þessi mál yrðu rædd samhliða en það sem við erum að fara fram á og óska eftir er að aðrir valkostir, aðrar hugmyndir, aðrar tillögur sem fram hafa komið um framtíð Ríkisútvarpsins fái einnig umræðu og verði skotið út í þjóðfélagið til umsagnar. Um það snýst þetta mál. Við erum að sjálfsögðu ekki að tala um að þær hugmyndir fari í gegn umræðulaust. Við erum að tefla fram okkar hugmyndum, okkar lausnum, okkar tillögum og munum að sjálfsögðu tala fyrir þeim í þessari umræðu.

Deilan snýst um það eitt hvort málið eigi að fara til umsagnar úti í þjóðfélaginu. Að sjálfsögðu munum við ræða þetta hérna.

Það er talað um fyrirmyndir að einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Við höfum þær. Þær hafa leitt til skerðingar á réttindum starfsmanna. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað með nýja starfsmenn Ríkisútvarpsins? Verður þeim heimilaður aðgangur að Lífeyrissjóði (Forseti hringir.) starfsmanna ríkisins eða verður þeim meinaður slíkur aðgangur eins og gerðist (Forseti hringir.) með starfsmenn Pósts og síma?

(Forseti (SP)**:** Forseti vill minna hv. þingmenn á að virða ræðutíma.)

[16:50]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að það var ákveðið samkomulag í gangi með að fresta umræðunni um Ríkisútvarpið fram yfir páska. Við það samkomulag hef ég algerlega staðið. Þá lá líka m.a. fyrir frumvarp Samfylkingarinnar og mér skilst líka þingsályktunartillaga Frjálslynda flokksins þannig að það lágu fyrir nokkur þingmál önnur um Ríkisútvarpið (**ÖJ:** ... ekki að svara spurningunni?) þannig að mér finnst mjög óeðlilegt hvernig þetta mál er sett fram. Mér finnst menn ekki ná alveg að uppfylla samkomulagið eins og hv. þingmaður setur málið fram. Mér finnst menn ekki vera að uppfylla það samkomulag sem gert hefur verið og þá sátt sem í rauninni hefur verið um málið og allan þann undirbúning sem fjölmiðlamálið hefur fengið.

Síðan er það hitt, og ég undirstrika það, að varðandi núverandi starfsmenn Ríkisútvarpsins verður það haft að leiðarljósi að réttindi þeirra munu ekki skerðast. Allt mun verða gert til að menn fari að lögum varðandi tilflutning á bæði starfsmönnum og réttindi þeirra. (**ÖJ:** En réttindi ... verða skert.)

[16:51]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara í efnislega umræðu við hæstv. menntamálaráðherra á þessu stigi málsins í andsvari en það er alveg nauðsynlegt að við séum upplýst um það hér hvaðan þetta frumvarp er ættað. Það kemur fram í greinargerð hæstv. menntamálaráðherra og í máli hennar líka að frumvarpið sé samið á vegum starfshóps. Það var óskað eftir því formlega að fjölmiðlanefndin fengi málefni Ríkisútvarpsins inn á sitt borð. Það fékk hún ekki. Því var mótmælt. Nú tel ég okkur eiga heimtingu á að vita hverjir sömdu þetta frumvarp, og kannski í framhaldi af því: Hvers vegna var fjölmiðlanefndinni ekki fengið það hlutverk að semja frumvarpið eða gera tillögur um Ríkisútvarpið? Ég tel rétt að hæstv. menntamálaráðherra skilgreini og geri okkur grein fyrir því hér hvers vegna sú leið er valin sem hér er farin og hefur verið gagnrýnd.

Í öðru lagi langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra um dreifingu dagskrár Ríkisútvarpsins til allra landsmanna. Eitt af því sem fjölmiðlanefndin gerir að umtalsefni í fjölmiðlaskýrslunni er dreifikerfin og sérstaklega núna í heimi hinnar nýju stafrænu tækni. Ég sé ekki að dreifing efnis eða dagskrár Ríkisútvarpsins sé tryggð með þessu frumvarpi og ég sakna ákvæða sem t.d. koma fram í 20. gr. þeirra laga sem nú eru í gildi um Ríkisútvarpið. Ég sé ekki að hér sé á nokkurn hátt, hvorki í greinargerð né í lagagreinunum sjálfum, horft til þess að Ríkisútvarpið er fjölmiðill sem lögum samkvæmt á að fara til. allra landsmanna og ekki nóg með það, heldur líka til sjómanna á hafi úti.

[16:53]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi þetta síðasta atriði sem tengist almannaþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins, það er í rauninni algerlega óbreytt. Ríkisútvarpið nær núna að vísu ekki til alls landsins, heldur tæplega 99% minnir mig að talan sé. Það verður algerlega óbreytt, sú krafa verður áfram uppi að Ríkisútvarpið eigi að ná til allra landsmanna en þess er sérstaklega getið í einni lagagreininni að ef þær kröfur sem m.a. Alþingi gerir til Ríkisútvarpsins varðandi dreifingu muni hafa í för með sér mikinn kostnaðarauka fyrir Ríkisútvarpið sf. þurfi sérstaklega að semja um þann kostnaðarauka við Ríkisútvarpið.

Varðandi hitt atriðið, af hverju ekki hafi verið beðið með að ræða þetta mál eða láta fjölmiðlanefndina fá málið til sín er alveg ljóst að þegar ég byrjaði sem ráðherra fyrir rúmu ári hófst strax vinna að málefnum Ríkisútvarpsins. Það kom strax í ljós, bæði í viðtölum og m.a. í umræðum hér á þingi, að sú vinna væri löngu hafin. Hún var mjög langt komin. Það var líka alveg skýrt í erindisbréfi nefndarinnar, og m.a. til hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur sem var í fjölmiðlanefndinni, að sú vinna væri m.a. í gangi á milli stjórnarflokkanna en sú vinna átti sér fyrst og fremst stað í menntamálaráðuneytinu og að mínu frumkvæði og hefur verið unnin þar. Sú vinna var bara komin það langt að ég taldi ekki rétt að setja hana inn í fjölmiðlanefndina, enda er alveg ljóst að þær áherslur sem fjölmiðlanefndin leggur í skýrsluna varðandi Ríkisútvarpið, varðandi hvaða kröfur fjölmiðlanefndin gerir til Ríkisútvarpsins, eru í algjöru samhengi og samræmi við þær kröfur sem ég geri m.a. í þessu frumvarpi. Ég tel að með þessu frumvarpi sem við erum að ræða í dag séum við einmitt að koma til móts við þær kröfur sem fjölmiðlanefndin gerir til Ríkisútvarpsins, þær eru í algeru samræmi við þær kröfur sem ég geri m.a. í þessu frumvarpi. Með því erum við einmitt að koma til móts við þær kröfur sem fjölmiðlanefndin gerir til Ríkisútvarpsins, m.a. varðandi dreifingu og almannaþjónustuhlutverk, innlenda dagskrárgerð og eflingu hennar.

[16:55]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt sem hæstv. menntamálaráðherra bendir á. Það eru ákveðnir snertifletir á milli tillagna eða hugmyndanna sem koma fram í skýrslu fjölmiðlanefndar og í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra. En það eru líka ákveðnir hlutir þar sem skarast og stangast verulega á.

Það sem ég hef verið að reyna að orða hér er það að ef við eigum að horfa heildstætt á þessi mál er alveg eðlilegt að Ríkisútvarpið sem flaggskip í fjölmiðlaflóru Íslands heyri á einhvern hátt til því landslagi sem einkamiðlarnir þurfa að starfa í. Þess vegna hefði mér fundist svo rakið að hæstv. menntamálaráðherra fæli þessari fjölmiðlanefnd að vinna heildstæðar tillögur en ekki að undanskilja Ríkisútvarpið, jafnvel þó að vinnan hafi verið komin eitthvað á veg inni í ráðuneyti.

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að hæstv. menntamálaráðherra ætlar ekki að upplýsa okkur um það hér hverjir sömdu þetta frumvarp, og hún svarar heldur ekki spurningunni: Hvers vegna? Hvers vegna var ekki víðsýnin sú að setja málið inn í fjölmiðlanefndina? (Forseti hringir.) Svarið er eingöngu það að vinnan hafi verið komin svo langt á veg.

[16:57]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hefði frekar talið að eftir allar utandagskrárumræður síðustu ára og allar uppákomur varðandi Ríkisútvarpið væru menn í ræðustól fagnandi því að við erum loksins farin að ræða frumvarp til laga til breytinga á Ríkisútvarpinu. Ég hefði frekar haldið að það væri tónninn sem ætti að vera sleginn hér en að fjargviðrast yfir því hvort fjölmiðlanefndin ætti að fá Ríkisútvarpið til meðferðar eða ekki.

Sú vinna var langt komin og ég tel einmitt frumvarpið í dag og umræðuna um hana sýna okkur að við erum að taka fyrstu skrefin til móts við þær tillögur og ábendingar sem fjölmiðlanefndin setur fram í sinni ágætu skýrslu. Menn ættu frekar að líta á málin frá því sjónarhorni og vera í fagnaðargírnum en ekki í önugheitagírnum.

[16:57]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi spyrja hæstv. menntamálaráðherra um lífeyrisskuldbindingar vegna RÚV sem eru mjög þungur baggi, um 2,6 milljarðar kr. og afborganir um 220 millj. á ári. Ég vitna í því sambandi til svars hæstv. menntamálaráðherra fyrr á þessum vetri við fyrirspurn Marðar Árnasonar um þetta efni en þá sagði hæstv. ráðherra orðrétt:

„Ég vil jafnframt undirstrika að það er von mín að hægt verði að leysa úr þessum málum á næsta ári."

Það er þetta ár. Ég sé ekki að í þeim tekjum sem RÚV eru ætlaðar með þessum nefskatti sé gert ráð fyrir að það verði svigrúm til þess að greiða niður þessar lífeyrisskuldbindingar og ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra um ákvæði til bráðabirgða þar sem talað er um hvernig fara skuli með fyrstu stjórn félagsins en eigi síðar en 15 dögum eftir að Alþingi kýs menn til setu í stjórn félagsins skal menntamálaráðherra halda stofnfund Ríkisútvarpsins þar sem þessi stjórn verður sérstaklega kjörin. Ég spyr um þetta af því að í ákvæði til bráðabirgða er ekkert getið um hver staða núverandi útvarpsstjóra verði við þessa formbreytingu. Verður staðan auglýst aftur og nýrri stjórn gefið færi á að skipa nýjan útvarpsstjóra í samræmi við ákvæði 9. gr. frumvarpsins um að það sé starfssvið stjórnarinnar að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum? Eða hvernig verður með farið? Ég sé ekki annað en að forsendur fyrir ráðningu hans séu brostnar þegar verið er að breyta RÚV í sameignarfélag þannig að ég vil spyrja hæstv. ráðherra um þetta. Fellur útvarpsstjóri þá undir ákvæðin sem eru í frumvarpinu þar sem segir að fastráðnir starfsmenn Ríkisútvarpsins skuli eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skuli þeim boðin störf hjá því sambærileg þeim sem þeir áður gegndu hjá stofnuninni?

[17:00]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir þessar spurningar. Hvað varðar lífeyrisskuldbindingarnar þá er það ekki rétt að ekki sé gert ráð fyrir þeim í þeirri fjárhæð sem við erum að tala um varðandi nefskattinn, 13.500 kr., sem gerir einmitt ráð fyrir að sú fjárhæð komi til með að duga m.a. fyrir því að greiða af því skuldabréfi sem lífeyrisskuldbindingarnar eru. Menn veltu því fyrir sér hvort undanskilja ætti lífeyrisskuldbindingarnar en við litum m.a. til þess sem gerðist þegar Póstur og sími var gerður að hlutafélagi en þá fylgdu lífeyrisskuldbindingarnar með inn í það félag og við töldum rétt að það sama gilti um Ríkisútvarpið. Það er gert ráð fyrir þeim í þessari fjárhæð, í þeim nefskatti eða fjárhæð sem uppi er núna, 13.500 kr., þannig að það er alveg skýrt að Ríkisútvarpinu sf. ber að standa skil á þeim lífeyrisskuldbindingum sem eru til staðar hjá fyrirtækinu núna.

Síðan er hitt atriðið varðandi útvarpsstjóra. Það er einmitt þetta sem ég vil ekki gera, þ.e. að standa hér og segja hvað hin nýja stjórn eigi að gera og hvað hún eigi ekki að gera. Það er alveg ljóst að þeir starfsmenn sem fyrir eru hjá fyrirtækinu eiga rétt á svipuðum eða sambærilegum störfum og það gildir jafnt um útvarpsstjóra sem aðra menn. Hvað gerist í framhaldinu verður hlutverk hinnar nýju rekstrarstjórnar að ákveða því í framtíðinni mun hún ráða og reka útvarpsstjóra sem æðsta yfirmann fyrirtækisins.

[17:01]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi lífeyrisskuldbindingarnar. Ég hafði einmitt farið nokkuð ítarlega yfir fjármögnunina, eins og RÚV er ætlað að fjármagna sig eftir þessa breytingu, og ég gat ekki séð að lífeyrisskuldbindingarnar væru inni í þeirri fjárhæð. Nefskatturinn á að gefa tæpa 2,5 milljarða. En nefndin sem fær málið til umfjöllunar verður auðvitað að fara mjög vel yfir þetta vegna þess að það er einn stærsti liðurinn í sjálfstæði Ríkisútvarpsins að það hafi eðlilegt svigrúm að því er varðar fjármögnunina.

Varðandi ráðningu útvarpsstjóra — núverandi útvarpsstjóri er ráðinn af núverandi menntamálaráðherra á árinu 2002 og skipaður til 1. janúar 2008 — þá skil ég það svo, ef ég hef skilið orð hæstv. ráðherra rétt, að sú stjórn sem kosin verður eftir að frumvarp þetta er orðið að lögum hafi svigrúm til þess að segja upp núverandi útvarpsstjóra (Forseti hringir.) og auglýsa starfið aftur, en ég spyr hæstv. ráðherra hver er vilji hennar í þessu efni?

[17:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ágætt að hv. þingmaður átti sig á því að ég hafi undirstrikað það hér að um útvarpsstjóra gilda nákvæmlega sömu reglur og um aðra starfsmenn Ríkisútvarpsins og skiptir ekki máli hver skipaði hann á sínum tíma. Hann er starfsmaður Ríkisútvarpsins og lýtur að sjálfsögðu sömu reglum um breytingar á þessu félagaformi og aðrir starfsmenn.

Ég ítreka enn og aftur að þó að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vilji gjarnan tjá sig um hverjir eigi að vera starfsmenn Ríkisútvarpsins og hverjir ekki þá ætla ég ekki að gera það og mun ekki gera það í þessari umræðu. Ég tel

mig þá vera að skipta mér af því sem ég er einmitt að gera, þ.e. að reyna að klippa á hin meintu pólitísku tengsl, þau tengsl sem við höfum oft og tíðum gagnrýnt í þingsalnum og annars staðar og við erum að reyna að minnka þau áhrif sem hafa verið í gegnum tíðina á Ríkisútvarpið.

[17:04]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseti vekur athygli á að það eru 13 þingmenn á mælendaskrá í þessu máli og því ljóst að til kvöldfundar kemur. Forseti vill því tilkynna að kvöldverðarhlé verður gert milli kl. 7 og 8.

[17:04]

Mörður Árnason:

Forseti. Í upphafi ræðu um þetta frumvarp hæstv. menntamálaráðherra er ekki annað viðeigandi en minnast á þau vinnubrögð sem þar hafa verið höfð í frammi og vekja athygli á því að þau eru í allt öðrum gír, þannig að gripið sé til líkingamáls sjálfs ráðherrans, en þau vinnubrögð sem við hrósuðum sem mest í dag, sem voru vinnubrögð fjölmiðlanefndarinnar nýju. Þau eru í önugheitagír og þau eru í leynimakksgír.

Það er ljóst að ekkert samráð hefur verið haft við gerð þessa frumvarps, hvorki pólitískt samráð né faglegt samráð. Það er vont. Almennt er það vont, en sérstaklega er það vont í þessu máli vegna þess að Ríkisútvarpið er eign almennings og það skiptir öllu að hafa sem flesta með þegar verið er að gera breytingar á Ríkisútvarpinu eða undirbúa framtíð þess. Ríkisútvarpið þarf fjárhagslegan rekstrargrundvöll en það þarf líka samfélagslegan rekstrargrundvöll. Sá rekstrargrundvöllur hygg ég að sé samsettur úr þremur pöllum. Í fyrsta lagi úr sæmilegri pólitískri samstöðu um hlutverk Ríkisútvarpsins og tilveru þess, í öðru lagi úr stuðningi almennings sem lítur á Ríkisútvarpið sem sitt útvarp, sem sína eign, sem vin og þjón, og í þriðja lagi úr viðurkenndri skipan sem fulltrúar og forráðamenn markaðsstöðvanna sætta sig við, því viðurkennda hlutverki Ríkisútvarpsins sem þeir sætta sig við. Það er úr þessum þremur þáttum sem ég hygg að framtíð Ríkisútvarpsins sé spunnin.

Það vekur athygli að menntamálaráðherra hæstv. eða þeir sem á vegum menntamálaráðuneytisins — eins og stendur fremur ósmekklega í greinargerð frumvarpsins vegna þess að menntamálaráðuneytið er auðvitað ekki til sem framkvæmdaraðili heldur er það skrifstofa ráðherra og þarf oft að benda ráðherrum á að hafa þetta orðalag rétt — þeir sem hafa samið frumvarpið hafa ekki leitað samkomulags, ekki leitað pólitískrar samstöðu um málið nema í hinum stjórnarflokknum, ekki leitað skoðana almennings á málinu og reynt að búa í haginn fyrir stuðning almennings við þessar breytingar og ekki leitað álits forsvarsmanna markaðsstöðvanna í þessu efni. Ég endurtek það sem sagt var í fyrri umræðu af hálfu okkar samfylkingarmanna að við lítum á þetta mál, þó að við fögnum niðurstöðum fjölmiðlanefndarinnar nýju, sem raunverulegan prófstein, mælikvarða á sáttarvilja ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans í fjölmiðlamálunum yfir höfuð. Hér er þetta frumvarp hins vegar til umræðu sem stjórnarflokkarnir standa að og við skulum prófa það, við skulum setja það undir mælistikuna.

Hvaða spurning er það eftir nýlega viðburði á Ríkisútvarpinu og í samfélaginu sem frumvarpið þarf að standast? Sú spurning er auðvitað: Gæti fréttastjóramálið gerst aftur eftir að þetta frumvarp er orðið að lögum? Gæti það gerst að útvarpsstjóri tæki þá ákvörðun að ganga fram hjá fjölda hæfra umsækjenda um mikilvæga stöðu vegna pólitísks þrýstings frá ríkisstjórnarmeirihluta í stjórn Ríkisútvarpsins? Já, svo sannarlega gæti það gerst aftur. Tillagan um stjórnarhætti í frumvarpinu gerir ráð fyrir að ríkisstjórnarmeirihluti haldi þar áfram og það sem meira er, sá ríkisstjórnarmeirihluti á að hafa ráð útvarpsstjóra í höndum sér því að hann bæði ræður hann og getur rekið hann. Ef ekki er þeim mun meiri bógur í þeim sem leika hlutverk útvarpsstjóra eða útvarpsráðsmeirihlutamanna eru jafnvel meiri líkur en áður á því að fréttastjóramálið geti gerst aftur því samkvæmt frumvarpinu gilda hvorki stjórnsýslulög né upplýsingalög um þetta nýja fyrirtæki. Í RÚV sf. getur fréttastjóramálið þess vegna gerst oft á dag og það versta við það er að það getur gerst oft á dag jafnvel án þess að nokkur viti af því utan fyrirtækisins.

Bara þetta dæmi segir okkur að það frumvarp sem hér liggur fyrir er gallað og það þarf á verulegri hvíld að halda og þegar við bætast aðrir gallar á því verður niðurstaðan sú að frumvarpið eigi fyrst og fremst að skoðast sem hugmynd meðal hugmynda og verða eitt þeirra gagna sem ný nefnd, nýr samráðshópur um málefni Ríkisútvarpsins fer yfir auk tillagna sem hér hafa verið nefndar; þingsályktunartillögu okkar samfylkingarmanna, frumvarps Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, þingsályktunartillögu ágætrar frá Frjálslynda flokknum og þeirra skýrslna sem fyrir liggja, t.d. frá Starfsmannasamtökum RÚV frá 1999 sem enn er í fullu gildi, útvarpslagaskýrslu nefndar menntamálaráðherra frá 1996 sem er um margt merkileg þó að ég sé ekki sammála henni í öllum atriðum, fjárhagsúttekt þeirri sem ég held að menntamálaráðherra hafi átt við í ræðu sinni og gerð var annaðhvort 2001 eða 2002, greinargerð Þorsteins Þorsteinssonar markaðsstjóra, hygg ég að hann sé, frá því í fyrra um fjármögnun Ríkisútvarpsins o.s.frv. Enginn þeirra jákvæðu þátta sem vissulega er að finna í frumvarpinu er svo brýnn að hann megi ekki bíða um stund, en ég vek athygli á því að breytingar á tengslum Ríkisútvarpsins og Sinfóníunnar eru hins vegar þess eðlis að það mætti afgreiða slíkar breytingar á vorþinginu án þess að öðru yrði breytt í bili í lagagrunni Ríkisútvarpsins.

Ég vonast til þess, forseti, að fá síðar í umræðunni tækifæri til að bera saman nánar en nú er hægt stefnu okkar samfylkingarmanna, eins og hún kemur t.d. fram í þingsályktunartillögu okkar um Ríkisútvarpið í máli 400, og stefnu stjórnarinnar eins og hún birtist í þessu frumvarpi. En ég hlýt að sýna menntamálaráðherra hæstv. þá virðingu, þó hún sé ekki í salnum að sinni, að fara áður í gegnum nokkur efnisatriði í frumvarpi hennar. Ég vil taka fram að tímans vegna og verkaskiptingar okkar félaga í Samfylkingunni læt ég fjármögnunarþáttinn að mestu eiga sig og bíð þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir taki hann fyrir á eftir.

Þá er að hefja máls á því að ég held að gallarnir á þessu

frumvarpi séu einkum þríþættir. Í fyrsta lagi varða þeir það sem frumvarpið segir um hlutverk Ríkisútvarpsins, í öðru lagi varða þeir þá formbreytingu sem frumvarpinu er ætlað að gera á Ríkisútvarpinu og í þriðja lagi varða þeir stjórnarhætti og skipulag á Ríkisútvarpinu.

Fyrsta þáttinn verðum við að skoða vel og hann er kannski einna mikilvægastur vegna þess að til að ráðast í breytingar á Ríkisútvarpinu, sem vissulega eru þarfar, þurfum við að hafa á hreinu til hvers Ríkisútvarpið er. Svar mitt og okkar samfylkingarmanna er það að Ríkisútvarpið sé núna fyrst og fremst almannaútvarp á markaði þar sem aðrar útvarpsstöðvar eru fyrir hendi og eiga að vera fyrir hendi.

Við vitum nokkuð vel hvað það þýðir að vera almannaútvarp. Um það má m.a. lesa í þingsályktunartillögu okkar samfylkingarmanna þar sem m.a. eru rakin aðalatriðin í Prag-samþykktinni frá 1994, að auki í McKinsey-skýrslunni sem fylgir okkar plaggi og um þetta er einnig fjallað í nýju fjölmiðlaskýrslunni auk annarra gagna sem ég hef sum þegar nefnt. Í örstuttu máli er almannaútvarp það útvarp sem lítur á sig sem forustuafl á ljósvakavettvangi, ekki sem keppinaut einkafyrirtækja á markaði. Það stefnir að fjölbreytni og fjölræði en ekki að því að ýta öðrum burt af markaðnum, enda er það sjálft sterkasta aflið gegn óæskilegum áhrifum samþjöppunar, auðs og valda í fjölmiðlum. Almannaútvarpið leitast við að þjóna samfélagi sínu, vera viðmiðun allrar þjóðarinnar og spegill hennar. Almannaútvarp leggur áherslu á fjölbreytt dagskrárefni óháð því hvort það þykir áhugavert fyrir auglýsendur eða kostendur. Almannaútvarp er bandamaður innlendra framleiðenda og listamanna. Þetta er mjög mikilvægt.

Í raun hefur Ríkisútvarpinu ekki verið markaður rammi eða hlutverk frá afnámi einkaleyfisins árið 1985. Fyrsta verk okkar þegar við komum að Ríkisútvarpinu er að skilgreina þetta hlutverk. Það eigum við að gera áður en við komum að stjórnarháttunum, áður en við komum að fjármögnuninni og áður en menn segja álit sitt á þeirri sífelldu landsfundarsamþykkt Sjálfstæðisflokksins, flokks hæstv. menntamálaráðherra, að lausnin á málefnum Ríkisútvarpsins sé að selja Rás 2.

Galli frumvarpsins númer eitt er að þetta er alls ekki gert. Að vísu eru heilir 18 liðir í 2. gr. með þessum merkilega formála, með leyfi forseta: „Útvarpsþjónusta í almannaþágu felur í sér eftirfarandi:" eins og verið sé að kynna til sögu margföldunartöfluna eða boðorðin tíu eða eitthvað sem allir kunna, en síðan kemur svo almenn upptalning að inn í hana falla nokkurn veginn allar þrjár sjónvarpsstöðvarnar hér, a.m.k. ef Skjár 1 kæmi sér upp fréttastofu, og flestar útlendar markaðsstöðvar sem ég þekki til.

Það er kannski ástæða til að benda sérstaklega á lið 10 af hinum 18 til dæmis um það hversu víð skilgreiningin er. Hún er svo víð að hún hefur í raun ekkert innihald, en skilgreining 10 um hvað almannaútvarp er hljóðar svo, með leyfi forseta: „Að veita alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma."

Ríkisútvarpinu er í frumvarpinu að því er virðist ekki ætlað að verða almannaútvarp með þeim alþjóðlegu skilgreiningum og íslensku sérkennum sem slíkt útvarp á að hafa, heldur eins konar ríkismarkaðsstöð sem að vísu lítur á það sem gæluverkefni að sinna íslenskri framleiðslu þegar aðstæður leyfa. Hæstv. menntamálaráðherra svarar þeirri gagnrýni sem þegar er fram komin á þetta með því að segja að almannaútvarpshlutverkið verði betur skilgreint í þeim samningum sem hún hyggst gera, og menntamálaráðherrar framtíðarinnar, við útvarpið vegna þess að það sé svo erfitt að skilgreina þetta og þetta sé svo margbreytilegt eftir tímanum. Það er það ekki. Fyrir liggur ágæt skilgreining á þessu og það er hægt að marka Ríkisútvarpinu sinn rétta bás með því að setja slíka skilgreiningu í lög. Hæstv. menntamálaráðherra virðist vera að segja að hún ætli að nota samningana, sem væntanlega fjalla um upphæð fjármögnunar líka, sem eins konar valdatæki, valdatæki sitt og menntamálaráðherra framtíðarinnar til þess að ráðherraræðið yfir Ríkisútvarpinu haldi áfram og þeir missi ekki spón úr aski sínum. Það á að gera með því móti að hafa skilgreininguna sem allra víðasta og semja síðan við Ríkisútvarpið um peninga gegn því að Ríkisútvarpið uppfylli ákveðið hlutverk.

Á meðan þessu fer fram um hlutverkaskilgreininguna eru nýja fyrirtækinu gefnar heimildir í 5. og 6. gr. til næstum ótakmarkaðra umsvifa við dagskrárgerð og ýmiss konar aðra starfsemi, að því er virðist í fullri samkeppni við markaðsstöðvarnar og önnur fyrirtæki á sviði fjölmiðlunar, fjarskipta og margmiðlunar. Gert er ráð fyrir auglýsingum og kostun áfram, það er engin stefna um það, engar takmarkanir. Það er enginn að tala um að dauðhreinsa RÚV gagnvart auglýsingum og kostun. Hins vegar þarf að móta stefnu um það hver hlutur þeirra tekna er hjá Ríkisútvarpinu þannig að starfsemin sé ekki háð þeim tekjuleiðum eins og nú er. Á undanförnum áratug hafa tekjurnar numið fjórðungi til þriðjungi af tekjum Ríkisútvarpsins. Það hefur gerst samfara því að fjárveitingar með afnotagjaldsákvörðun hafa verið notaðar þannig að kreppt er að Ríkisútvarpinu þannig að það þarf að sækja sífellt meira inn á hinn grimma samkeppnismarkað í þessu efni.

Þetta á ekki að vera svo. Það eru tvær ástæður til þess. Annars vegar vegna Ríkisútvarpsins til þess að dagskráin miðist við að þjóna hlustendum og áhorfendum, eigendunum, almenningi, en sé ekki miðuð við að geta selt auglýsendum aðgang að markhópum. Hins vegar einfaldlega til þess að markaðsstöðvarnar, sem auðvitað hafa sinn metnað en miðast að lokum við rekstrar- og hagnaðarsjónarmið, geti róið í þokkalegum friði á sín eðlilegu tekjumið. Ég bendi á greinargerð með þingsályktunartillögu okkar því þar erum við með ýmsar færar leiðir til sátta og málamiðlunar á næstu árum.

Samkvæmt frumvarpinu virðist Ríkisútvarpið eiga að keppa eins og hver önnur stöð á markaði með forskoti sem felst í ríkisstuðningi, hvort sem hann er í formi afnotagjalda eða nefskatts eða einhverra annarra leiða. Það fær fullar heimildir til að stofna ný fyrirtæki eða gerast hluthafi í öðrum og á að halda áfram að vera stærsti aðilinn á grimmilegum markaði auglýsinga og kostunar. Þetta hefur verið gagnrýnt úr öllum áttum. Stuðningsmenn Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps gagnrýna þetta vegna þess að þeir vilja betra útvarp og umhyggjumenn markaðsstöðvanna gagnrýna þetta líka vegna þess að í framtíðarmyndinni er ekki endilega pláss fyrir aðrar stöðvar en Ríkisútvarpið. Það

hlýtur að vera sérstaklega lærdómsríkt fyrir hæstv. menntamálaráðherra og aðra sjálfstæðismenn að ekki einungis forstöðumenn Stöðvar 2 og Skjás 1 hafa gagnrýnt þetta, heldur líka frjálshyggjumaðurinn Óli Björn Kárason með sína löngu reynslu í blaðamennsku og miklu þekkingu á viðskiptastöðunni í íslenskri fjölmiðlun.

Í öðru lagi er það sameignarfélagið. Ég ætla að fara hratt yfir þá sögu. Ég tel að full ástæða kunni að vera til þess að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins af ýmsum ástæðum, sumum þeim sem hæstv. menntamálaráðherra taldi upp. Það er hins vegar eins og ég hef áður nefnt gríðarlegur galli að um RÚV sf. eigi ekki að gilda upplýsingalög og stjórnsýslulög. Vissulega verður Ríkisútvarpið að hafa svigrúm í rekstri, ráðningum og innkaupum en Ríkisútvarpið á líka að vera almannaútvarp. Þar á ekki að vera neinn feluleikur um rekstur og ráðstafanir, um ráðningar og viðskipti. Þetta verður að liggja fyrir með þeim einu takmörkunum sem brýnir viðskiptahagsmunir krefjast um skamman tíma.

Í þriðja lagi eru það skipulag og stjórnarhættir. Ég ætla að nefna strax kostinn í frumvarpinu á því sviði. Hann er auðvitað sá að það gerir ráð fyrir miklu skýrari verkaskiptingu en nú er milli útvarpsráðs annars vegar, útvarpsstjóra og starfsliðsins hins vegar. Ég get haldið talsverðar ræður um verkaskiptinguna og vandræðaganginn í kringum hana eftir setu mína í þessu skrýtna ráði. Það á auðvitað að vera þannig, ég tek undir það með frumvarpinu og hef sagt það áður en frumvarpið kom til, að slík ráð eða stjórn fylgist fyrst og fremst með rekstrinum en útvarpsstjórinn og menn hans sjái um bæði dagskrá og ráðningar. Einhverjar reglur verða þó að gilda um ráðningarvald útvarpsstjóra og það er eðlilegt að kveða á um að slíkar reglur séu a.m.k. til í lögum um Ríkisútvarpið út á hvað sem þau annars ganga.

Málamiðlun um sameignarformið milli Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins virðist vera sú að Framsóknarflokkurinn fékk þetta orð í sinn hlut og síðan ákvæðið um að ekki mætti selja fyrirtækið nema með leyfi Alþingis, en Sjálfstæðisflokkurinn fékk allt svipmót venjulegs hlutafélags í gegn. Hugmyndaflugið hefur a.m.k. ekki verið meira en svo að í frumvarpinu er Ríkisútvarpið fært í stakk venjulegs hlutafélags en gallinn er sá að hlutafélagsformið hentar Ríkisútvarpinu sem almannaútvarpi ákaflega illa. Ef meiningin er hins vegar sú að Ríkisútvarpið sé venjuleg ljósvakastöð, venjulegt samkeppnisfyrirtæki sem ríkið á, það sé eini munurinn á því og öðrum útvarpsstöðvum, þá gengur þetta upp. Markmiðið er í orði kveðnu, samanber ræðu hæstv. menntamálaráðherra, að minnka pólitísk afskipti af útvarpinu.

En hvað gerist? Útvarpsráðið er kosið á þingi og með meiri hluta ríkisstjórnar hverju sinni. Það er kosið á hverju ári. Flokkarnir geta skipt um fulltrúa árlega og ráðið ræður útvarpsstjóra og getur líka rekið hann hvenær sem vera skal.

Við þurfum umfram allt að losna við hin beinu pólitísku afskipti sem felast í flokksvaldinu í útvarpsráði og flokksvaldi útvarpsstjóra. Þetta má hugsa sér með margvíslegum hætti. Einfaldasta leiðin til að bæta úr hér væri hugmynd sem er ofan úr Ríkisútvarpi að bæta við tveimur fulltrúum starfsmanna í annaðhvort núverandi útvarpsráð eða þá stjórn sem rætt er um í frumvarpinu. Með því móti myndast ekki sjálfkrafa ríkisstjórnarmeirihluti í ráðinu sem varað hefur verið við m.a. í Evróputilmælum, samanber grein Páls Þórhallssonar í Morgunblaðinu í fyrra sem var mjög tíðlesin í fjölmiðlaumræðunni í fyrravor. Það væri um leið skref til atvinnulýðræðis á Ríkisútvarpinu. Ef menn setjast yfir málið í alvöru er sjálfsagt að kanna aðrar leiðir og freistandi að skoða fyrirkomulagið hjá virtum stöðvum eins og t.d. BBC.

Það er líka augljóst að fyrirkomulagið sem frumvarpið leggur til um ráðningu útvarpsstjóra er gallað. Útvarpsstjóri þarf að hafa skýrt umboð og hann verður að geta stjórnað fyrirtæki sínu án sífelldra afskipta útvarpsráðs.

Forseti. Þessi skipan mála um útvarpsráð og útvarpsstjóra er eitt skref fram á við með skýrari verkaskiptingu og síðan tvö skref aftur á bak.

Að lokum þetta. Hæstv. menntamálaráðherra sagði í lokaorðum sínum í ræðunni áðan að hún tengdi málið við skýrslu fjölmiðlanefndar og ég tek undir það. Við þurfum að vinna þetta miklu betur og við verðum að gera það á svipaðan hátt og fjölmiðlanefndin hin síðari gerði, lýðræðislega og í samráði við allt samfélagið. Það er leiðin til þess að okkur takist í sameiningu, ef samstaða er um það á annað borð, að skapa Ríkisútvarpið sem öflugt og sjálfstætt almannaútvarp.

[17:24]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að segja að það kom mér sannast sagna nokkuð á óvart fyrr í dag hve illa ríkisstjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, tóku í þá hugmynd að frumvarp Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um Ríkisútvarpið yrði tekið á dagskrá samhliða þessu frumvarpi. Eins og einnig hefur komið fram væri eðlilegt að önnur frumvörp og önnur þingmál sem tengdust Ríkisútvarpinu yrðu fléttuð inn í umræðuna. Af hálfu okkar kom fram sá ásetningur að fara ekki fram á lengda umræðu fyrir bragðið heldur einvörðungu hitt, að þingmönnum gæfist kostur á að reifa málin frá sem flestum sjónarhornum. Sú hugmynd var kynnt á fundi forseta þingsins í morgun en ákveðið að skjóta beiðninni til fundar þingflokksformanna sem gert var. Þar var tekin sú ákvörðun að vísa þessu til þingflokkanna og niðurstaða þingflokks Sjálfstæðisflokksins var að hafna beiðninni. Þingmenn Framsóknarflokksins tóku svo undir með Sjálfstæðisflokknum hvað þetta varðar.

Um hvað snýst málið? Málið snýst um að koma öllum þeim þingmálum sem tengjast Ríkisútvarpinu, sem tengjast því málefni sem við fjöllum um, inn í umræðuna samtímis og vísa þeim síðan út í samfélagið til umsagnar. Um það snýst málið, einvörðungu þetta. Þessu er hafnað. Ég vek athygli á því og ítreka það sem ég sagði fyrr í dag að frumvarp ríkisstjórnarinnar kom fram um miðjan síðasta mánuð, 15. mars. Frumvarp Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs kom fram tveimur dögum síðar, 17. mars. Þingmál Frjálslynda flokksins hefur þegar hlotið umræðu og búið að vísa því til nefndar. Þingmál Samfylkingarinnar kom fram í desember og bíður enn eftir umræðu og það eru eðlileg málefnaleg rök fyrir því að vísa öllum málunum samtímis út í samfélagið til umsagnar. Þessu var hafnað og menn

komu hver á fætur öðrum úr stjórnarliðinu í ræðustól og tóku bakföll yfir þessari beiðni okkar og kváðust hvorki botna upp né niður í þessari furðulegu ósk. En hin einfalda skýring er sú að við vildum fá samhliða umræðu um þessi mál og samhliða yrði málunum skotið til umsagnar úti í samfélaginu. Fullkomlega eðlileg vinnubrögð. Þetta vildi ég sagt hafa í upphafi máls míns.

Við ræðum tillögur um grundvallarbreytingar á Ríkisútvarpinu. Gert er ráð fyrir að lög um Ríkisútvarpið verði hreinlega afnumin með einu striki og þess í stað verði Ríkisútvarpið gert að sameignarfélagi. Ég ætla fyrst og fremst að einskorða mig við hið breytta rekstrarform og hvaða afleiðingar það hefur í för með sér. Þá er fyrst að geta þess að um sameignarfélög gilda ekki ítarleg lög. Það veldur því að mörgum spurningum sem ella hefði verið hægt að svara er enn ósvarað. Það eru margir endar lausir í málinu, margt óljóst.

Þó er sitthvað fullkomlega ljóst. Ber fyrst að nefna að ekki er tekið á þeirri grundvallargagnrýni sem fram hefur komið á þingi og í samfélaginu í áranna rás, að óeðlileg séu þau pólitísku tök sem stjórnarmeirihluti hverju sinni hafði á stofnuninni. Mönnum hafði þótt þetta vera óeðlilegt og óæskilegt. Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Stjórn félagsins" — þ.e. sameignarfélagsins um Ríkisútvarpið — „skal kosin á aðalfundi sem haldinn skal fyrir lok maímánaðar ár hvert." Hana skulu skipa fimm menn og jafnmargir til vara. Áður en kosið er til stjórnar á aðalfundi skulu fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu á Alþingi ásamt jafnmörgum til vara og skulu þeir kosnir í stjórn félagsins."

Hér er talað mjög skýrt, eða hvað? Það er boðað til fundar í sameignarfélaginu til að kjósa stjórn. En áður en til þess fundar kemur á málið að vera frágengið í þessum sal og skal hlutfallskosning ráða. Með öðrum orðum, meirihlutavilji ríkisstjórnar sem situr hverju sinni skal ráða um stjórn Ríkisútvarpsins.

Síðan á það að gerast að boðað er til þessa furðulega fundar í þessu sameignarfélagi og þar skal einfaldlega staðfesta það sem hér hefur verið ákveðið. Með öðrum orðum, verið er að geirnegla meirihlutavald, pólitíska yfirstjórn yfir Ríkisútvarpinu. Og hvað á hún að gera? Hún á t.d. að gefa út reglur um fréttaflutning. Hún á að hafa eftirlit með fréttaflutningi og sjá til þess að reglum sé framfylgt.

Það er ekkert óeðlilegt að stjórn stofnunar sinni slíku hlutverki. En þegar stjórnin er hins vegar skipuð með þeim hætti að það sé stjórnarmeirihlutinn hverju sinni sem ræður stjórninni, þ.e. stjórnarmeirihlutinn í landstjórninni sem ræður stjórn og yfirstjórn Ríkisútvarpsins þá er það orðið óeðlilegt. Ég hélt sannast sagna að það væru þau tengsl sem menn vildu höggva á því að flestir og margir hafa verið á því máli að viðhalda tengslum Ríkisútvarpsins og eigandans, þjóðarinnar, en ekki á þennan valdpólitíska hátt. Í stað þess að draga úr þessum tengslum er hert á þeim.

Varðandi kjör starfsmanna er alveg greinilegt að verið er að rýra þau. Hæstv. menntamálaráðherra neitaði að svara eða svaraði ekki öllu heldur þeim spurningum sem lagðar voru fram um lífeyrisréttindi, svo dæmi sé tekið, nýráðinna starfsmanna. Við fengum ekki að vita hvað þeirra bíður en vísað í fordæmin úr einkavæðingu undangenginna ára. Hver eru þau? Það er t.d. Póstur og sími. Þar var talað um að ekki ætti að skerða réttindi starfsmanna í neinu, en engu að síður var það gert. Og þegar vísað er í þessi fordæmi vakna ýmsar spurningar.

Ég held því miður að það standist ekki heldur að núverandi kjör starfsmanna samkvæmt þessu frumvarpi verði ekki skert. Í fyrsta lagi munu lífeyrisréttindi starfsmanna sem aðild eiga að B-deild lífeyrissjóðsins verða skert, þ.e. þeirra sem hafa kosið að styðjast við eftirmannsreglu, þeir munu ekki geta gert það eftir þessa formbreytingu.

Ég spyr einnig um önnur réttindi, t.d. ráðningarfesti. Nú er það svo að hægt er að segja upp opinberum starfsmönnum með tilteknum skilmálum. En það er ekki hægt að reka þá skýringalaust. Menn minnast þess að hér kom til umræðu á sínum tíma frumvarp frá ríkisstjórninni um svokallaða áminningarskyldu, að stjórnendum stofnana bæri að tilgreina ástæðu fyrir brottrekstri ef um slíkt væri að tefla. Nái þessi lög fram að ganga spyr ég: Eiga slík lög að gilda eða ekki?

Þegar kemur að eftirliti, eftirfylgni og innsýn í starfsemi stofnunarinnar, stjórnsýslu hennar, er verið að draga úr gagnsæinu. Stofnunin kemur ekki til með að heyra undir upplýsingalög og ekki undir stjórnsýslulög. Hvaða afleiðingar hefur það í för með sér?

Ég held því miður að sú fullyrðing hæstv. menntamálaráðherra standist ekki að ekki standi til að skerða kjör starfsmanna, enda var orðalagið á þann veg að rétt væri að standa vörð um kjör starfsmanna með eðlilegum hætti, ég held að ég muni þetta svona innan gæsalappa nokkurn veginn. Hvað þýðir það? Er ríkisstjórnin og hæstv. menntamálaráðherra reiðubúin að ræða við stéttarfélög starfsfólksins og ganga frá öllu því sem óljóst er og semja um kjörin þannig að ekkert sé óljóst í þessu efni? Við höfum ekki fengið neinar vísbendingar um vilja til slíks en ég vil að það komi fram, þar sem ég gegni einnig formennsku í stærstu heildarsamtökum starfsmanna innan almannaþjónustunnar, að farið verður fram á slíkar viðræður að sjálfsögðu. Slík ósk var rædd á fundi með starfsmönnum Ríkisútvarpsins fyrir fáeinum dögum þar sem menn eru mjög uggandi um framtíðina einfaldlega vegna þess að svo margt er óljóst í frumvarpinu, og það sem ljóst er vísar því miður í þá átt að kjör starfsmanna verði skert, þeir búi ekki við sömu réttarstöðu og þeir gerðu áður.

Enda er það svo að þegar forsvarmenn ríkisstjórnarinnar og fyrri ríkisstjórna hafa verið að kynna einkavæðingarfrumvörpin er alltaf uppi sami söngurinn sem við heyrðum hér áðan líka. Það er talið um sveigjanleika, nauðsyn á auknum sveigjanleika. og ég spyr: Til hvers? Hvað er það sem þarf að verða sveigjanlegra? Þarf ekki að skýra þetta nánar?

Ég held að eitt verði sveigjanlegra. Það er meðferðin á starfsfólkinu, hún verður sveigjanlegri. Það verður auðveldara að reka það og til stendur að skerða réttindi þess og draga þannig væntanlega úr tilkostnaði við rekstur stofnunarinnar — á kostnað starfsmanna. Út á það gengur frumvarpið. Það gengur fyrst og fremst út á að skerða kjör starfsmanna Ríkisútvarpsins og færa starfsemina bak við lokuð tjöld. Út á það gengur frumvarpið fyrst og fremst. Í

því er sveigjanleikinn fólginn.

Við fengum þennan söng og heyrðum þetta lag á sínum tíma þegar Síminn var einkavæddur. Þar átti allt að verða sveigjanlegt. Og hvað gerðist? Jú, jú, það varð margt sveigjanlegra, t.d. í fjárfestingum. Í einu fjárfestingarævintýrinu tapaði Landssíminn 500 milljónum kr. í fjárfestingarævintýri í Bandaríkjunum. Þetta fékkst ekki rætt hér á þinginu. Hvers vegna? Menn gátu skýlt sér á bak við hlutafélagalögin, nokkuð sem útilokað var að gera ef um var að ræða opinbera stofnun. Það er þetta sem menn eru að gera. Það er þetta sem á að verða sveigjanlegra. Síðan er þetta kórónað með því að geirnegla valdpólitíska yfirstjórn á Ríkisútvarpinu.

En hvað er þá til ráða? Við höfum teflt fram öðrum hugmyndum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við höfum lagt fram ítarlegt frumvarp til laga um Ríkisútvarpið. Í meginatriðum erum við að gera tvennt. Við verðum að færa stjórnsýsluna rækilega inn í stofnunina og gera hana sem allra faglegasta. Við viljum líka styrkja starfsmannalýðræði, atvinnulýðræði sem kallað er, innan vébanda stofnunarinnar.

Í 3. gr. frumvarps okkar er kveðið á um réttindi og skyldur framkvæmdastjórnar en þar sitji útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar allra deilda Ríkisútvarpsins og jafnmargir fulltrúar kjörnir af starfsmönnum, einn frá hverri deild, og fulltrúi dagskrárráðs — ég mun gera nánar grein fyrir því hvaða hugmyndir liggja þar að baki — en hann hafi málfrelsi og tillögurétt. Útvarpsstjóri verði formaður þessarar framkvæmdastjórnar og skuli framkvæmdastjóri fjármáladeildar vera varamaður hans.

Þessari framkvæmdastjórn er ætlað að bera ábyrgð á almennum rekstri, mannaráðningum, samræmingu á starfi deilda og annarri stjórn Ríkisútvarpsins. Með öðrum orðum, verið er að færa stjórnsýsluna rækilega inn í stofnunina, ábyrgð á mannaráðningum, allar mannaráðningar eru þar innan með þó einni undantekningu. Þar er komið að dagskrárráði, sem við köllum svo, og mætti þess vegna endurskýra og tala um sem notendaráð vegna þess að hugmyndin þar að baki er að í dagskrárráð, sem hafi eftirlit með því að Ríkisútvarpið fullnægi skyldum og kvöðum sem settar eru á það lögum samkvæmt, sé kosið eða sé skipað samkvæmt sjónarmiðum, dagskrárráðið endurspegli sjónarmið einnig héðan frá Alþingi. Hver þingflokkur eigi fulltrúa í þessu dagskrárráði, ekki stjórnarmeirihluti heldur viðhorfin sem eru til staðar hér í þinginu. Fulltrúar sveitarfélaganna, eða Samband íslenskra sveitarfélaga skipi tvo fulltrúa, að Bandalag íslenskra listamanna eigi rödd í dagskrárráði Ríkisútvarpsins og Neytendasamtökin, sem er eðlilegt í ljósi auglýsinga og annarra þátta. Með öðrum orðum, þetta er ráð viðhorfa, þetta er ekki valdstjórn.

Eina mannaráðningin eða eina stjórnsýsluhlutverkið sem dagskrárráð hafi með hendi sé tillaga um ráðningu útvarpsstjóra. Og annað, að þegar um er að ræða ráðningu starfsmanna sem sinna dagskrárgerð skuli framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins og útvarpsstjóri jafnan skjóta tillögum sínum til umsagnar í dagskrárráði. Fyrir þessu gerum við rækilega grein í frumvarpi okkar.

Síðan kemur að tekjunum. Við teljum að Ríkisútvarpið verði áfram að reiða sig á auglýsingatekjur. Það er einfaldlega svo að ef dregið yrði úr auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins þá er um tvennt að ræða, þ.e. að draga saman í rekstri, minnka umfang dagskrárgerðarinnar eða hækka afnotagjöld eða ígildi þeirra, skatta. Við teljum einfaldlega að það sé takmarkaður vilji til slíks, við gerum því ráð fyrir auglýsingum í útvarpi og sjónvarpi. Við höfum verið mjög gagnrýnin hins vegar á svokallaða kostun, teljum það mjög óheppilegan farveg, en í stað afnotagjalda sem miðist við viðtæki, eins og nú tíðkast, og í stað nefskattsins sem ríkisstjórnin leggur til erum við með hugmyndir um að gjaldið verði tengt fasteign. Við erum að reyna að finna þarna aðra fleti, en leggjum ríka áherslu á að sjálfstæði Ríkisútvarpsins þegar kemur að tekjuöfluninni sé tryggt. Ef þetta yrðu peningar sem kæmu úr skatthirslum ríkisins hef ég ekki trú á því að Alþingi, sem stæði frammi fyrir þeim vanda að leysa málefni eða vanda skulum við segja Barnaspítalans eða Ríkisútvarpsins, ég held að það mundi hiklaust alltaf velja Barnaspítalann. Þetta er sú leið sem menn hafa farið í öllum löndum í kringum okkur og sú rödd sem heyrist úr ríkisútvarpsstöðvum í Evrópu almennt að mikilvægt sé að tryggja sjálfstæðan fjárhag Ríkisútvarpsins.

Þetta eru, hæstv. forseti, helstu hugmyndirnar sem við viljum skjóta inn í umræðuna. Aðrar hugmyndir hafa komið fram og eðlilegt að þær séu skoðaðar einnig. En ég tek undir þau orð hv. þm. Marðar Árnasonar áðan að líta eigi á frumvarp ríkisstjórnarinnar sem og okkar frumvarp, sem og þingmál Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins sem hugmyndir á meðal hugmynda og það séu eðlileg vinnubrögð núna að kalla til þverpólitísks samstarfs um þetta mál. Ríkisstjórnir koma og fara, Ríkisútvarpið verður til frambúðar, um það er þverpólitísk samstaða. Við deilum hins vegar um hvernig við eigum að skipuleggja rekstur þess og standa að þessum lagabreytingum. (Forseti hringir.) Eigum við ekki að reyna að ná samstöðu um þær breytingar?

[17:45]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi fagna frumvarpinu sem við ræðum hér og lýsa yfir ánægju minni með að hæstv. menntamálaráðherra hafi lagt það fram. Því er ekki að leyna að meðgöngutíminn var orðinn nokkuð langur. Margir hafa beðið eftir frumvarpi um Ríkisútvarpið í mörg ár.

Frumvarpið mun hafa í för með sér miklar breytingar á Ríkisútvarpinu. Meginlínan er sú að stjórnarflokkarnir eru sammála um að reka áfram almannaútvarp í eigu ríkisins. Ég met það svo að áralöng biðstaða sem ég fjallaði um áðan hafi að einhverju leyti bitnað á stofnuninni. Það er því ánægjulegt að nú verði breyting á. Stjórnarflokkarnir lögðu upp með ólík markmið en hafa náð saman líkt og áður hefur komið fram.

Án efa eru stóru tíðindin í þessu frumvarpi líklega rekstrarformið. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði gert að sameignarfélagi. Í lögum um RÚV verður sérákvæði þess efnis að eini eigandinn verði ríkið. Sama leið var farin við stofnun hlutafélaga um Búnaðarbanka og Landsbanka, Lyfjaverslun ríkisins og stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Hér er

farin sú málamiðlun að færa reksturinn í félagsform en hafna því alfarið að slíkt sé fyrsta skref í söluferli, eins og jafnan hefur verið þegar ríkið hefur stigið það skref að færa ríkisstofnanir í hlutafélagaform.

Um þetta efni segir í greinargerð í frumvarpinu um RÚV, með leyfi forseta:

„Við samningu frumvarps þessa var ekki farin sú leið að stofna hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins. Ástæða þess er sú að Ríkisútvarpið hefur sérstöðu — hér er um að ræða félag sem ekki er ráðgert að selja og staða þess því ekki sambærileg stöðu t.d. Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Með því að stofna sameignarfélag um rekstur Ríkisútvarpsins gefst tækifæri á að nýta þá kosti sem félagarekstur hefur í för með sér en halda enn fremur í þau sérkenni sem einkenna Ríkisútvarpið og með þeim hætti sameina kosti bæði opinbers rekstrar og einkarekstrar.

Auk framangreinds er ástæða til að taka fram að það rekstrarform sem felst í sameignarfélagsforminu felur í sér ótakmarkaða ábyrgð á skuldum og skuldbindingum Ríkisútvarpsins, en ekki takmarkaða ábyrgð eins og hlutafélagaformið hefur í för með sér."

Samfara þessu er í frumvarpinu gert ráð fyrir að yfir RÚV verði rekstrarstjórn líkt og yfir öðrum sameignarfélögum og útvarpsráð verði því lagt niður. Þar tel ég um mikið framfaraspor að ræða.

Með nýja frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Alþingi kjósi stjórn sem hafi m.a. það hlutverk, með leyfi forseta:

„a. Að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum, ákveða laun hans og önnur starfskjör.

b. Að taka ákvarðanir um lán til þarfa félagsins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. ...

c. Að taka allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins, þ.e. ákvarðanir sem ekki falla undir daglegan rekstur, ýmist að eigin frumkvæði eða að fengnum tillögum útvarpsstjóra eða annarra starfsmanna ...

d. Að samþykkja fyrir fram fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár.

e. Að gefa út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í útvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, og gæta þess að reglum sé fylgt."

Ég verð að segja að önnur stór tíðindi varðandi þetta frumvarp eru að leggja eigi niður afnotagjöldin. Afnotagjaldið er afar óvinsælt í innheimtu og hefur að mínu mati skaðað ímynd Ríkisútvarpsins verulega. Það er einnig kostnaðarsamt að innheimta gjaldið. Haldið er úti tækjaleitarflokki sem bankar upp á á heimilum þar sem ekki eru skráð viðtæki og flestir kunna einhverjar skrýtnar sögur af þeirri leit. Kostnaður við innheimtuna hefur numið einhverjum tugum milljóna á ári og því hefur verið ákveðið að taka upp nefskatt í staðinn.

Rökin fyrir því eru aðallega þrenns konar. Í fyrsta lagi hefur þessi leið í för með sér sparnað þar sem sérstakur kostnaður við innheimtu afnotagjalds fellur niður.

Í öðru lagi er sá annmarki á núverandi fyrirkomulagi að allir þeir sem gerast áskrifendur að einkarekinni sjónvarpsstöð og kaupa sér sjónvarpstæki til að njóta þjónustu hennar verða sjálfkrafa greiðendur afnotagjalda til Ríkisútvarpsins þar sem greiðsla afnotagjaldsins er bundin við eign á viðtæki. Með því að afnema tengsl viðtækjaeignar við greiðslu til RÚV eru neikvæð áhrif á viðskipti sjónvarpsnotenda við einkaaðila upprætt að þessu leyti.

Í þriðja lagi leiðir breytingin til þess að kostnaður tekjulægstu einstaklinga við að njóta útvarps í almannaþágu fellur niður. Alls leggst gjaldið á um 160 þúsund einstaklinga á aldrinum 16–70 ára og um 22 þúsund lögaðila. Gjaldið lýtur sömu lögmálum og sérstakt gjald sem lagt er á samkvæmt lögum um málefni aldraða til tekjuöflunar fyrir Framkvæmdasjóð aldraða.

Virðulegi forseti. Hæstv. menntamálaráðherra fór yfir helstu breytingarnar og ég ætla ekki nánar út í þær. Ég tel að frumvarpið muni efla stofnunina og að það henti RÚV að mörgu leyti illa að vera ríkisstofnun vegna þess að Ríkisútvarpið þarf meira svigrúm í rekstri og nýleg dæmi lýsa því afar vel.

Ég vildi koma örstutt inn á eitt atriði, þ.e. svæðisstöðvarnar. Ég vona innilega að hv. menntamálanefnd taki þann þátt sérstaklega til skoðunar. Ég segi þetta ekki síst í ljósi ummæla í greinargerðinni þar sem er fjallað er um starfsemina úti á landi.

Ég hef fengið þær skýringar að ekki standi til að draga neitt úr þeirri starfsemi. En í frumvarpinu segir, með leyfi forseta, á bls. 16:

„Þriðja breytingin, sem lögð er til, er á þá leið að þeirri starfsemi, sem um ræðir í greininni, skuli komið upp utan höfuðborgarsvæðisins, en ekki í hverju kjördæmi, og er þessi tillaga gerð sérstaklega með hliðsjón af örri tækniþróun á sviði útvarps og að ekki þurfi að setja upp aðstöðu til dagskrárgerðar í hverjum landsfjórðungi."

Landsbyggðarkjördæmin eru ekki nema þrjú og eru starfsstöðvar í þeim öllum. Ég vona að þær muni halda áfram að starfa kröftuglega. Það eru starfsstöðvar í flestum þessara gömlu landsfjórðunga en þó ekki á Vesturlandi.

Ég flutti þingsályktunartillögu um daginn um staðbundna fjölmiðla og þar var mikið fjallað um þessi mál. Þar ríkir þverpólitísk samstaða um að efla einmitt þennan þátt fjölmiðlanna. Það er því von mín að svolítið verði rætt um þennan þátt, ekki síst í þeirri fjölmiðlaumræðu sem fram undan er.

Virðulegi forseti. Við munum að sjálfsögðu fara rækilega yfir þetta frumvarp í hv. menntamálanefnd. Ég vil í lokin enn ítreka ánægju mína með að frumvarpið sé komið fram. Það eru skiptar skoðanir um það en eflaust bara um hvaða leiðir skuli velja. Ég held að flestir séu sammála því að efla Ríkisútvarpið. En það er virkilega kominn tími til að við stígum þau skref og vil ég þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir það.

[17:53]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það vekur athygli mína að hv. þingmaður notaði, um það sem heitir stjórn Ríkisútvarpsins í frumvarpinu, orðið „rekstrarstjórn" sem hvergi er að finna í frumvarpinu. Hún fer þar í slóð hæstv. menntamálaráðherra sem einnig notaði það orð, sennilega vegna þess að útvarpsráð er ekki lengur nógu fallegt orð. Þó er sú stjórn kosin á sama hátt og útvarpsráð, og reyndar örar hér á Alþingi og er því í enn meiri tengslum við þá stjórnmálaflokka sem eiga að henni

aðild.

Það er rétt að reksturinn, eins og ég nefndi í ræðu minni og hrósaði því, er á verksviði þessarar stjórnar en hefur ekki verið áður nema að litlu leyti hjá núverandi útvarpsráði. Hjá þessu útvarpsráði er það. En vænt þætti mér um að hv. þm. Dagný Jónsdóttir, sem virðist ákaflega ánægð með þetta mál, skýrði fyrir mér þann lið sem hún las upp, e-lið 9. gr., þar sem stjórn Ríkisútvarpsins, sem hún kallaði rekstrarstjórn, á, með leyfi forseta: „að gefa út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í útvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, og gæta þess að reglum sé fylgt."

Hvers konar rekstur er þetta? Hvers konar afskipti eru þetta af fréttaflutningi í hinni faglegu stofnun, Ríkisútvarpinu? Hvað á það að þýða að hið nýja útvarpsráð geri þetta? Þetta gerir ekki einu sinni hið gamla útvarpsráð, heldur eru þær reglur settar á fréttastofunum sjálfum. Það eru fréttastjórarnir sem fylgjast með því að þeim sé fylgt. Það er á valdi núverandi útvarpsstjóra að gera athugasemdir við það en ekki útvarpsráðs.

Ég vildi gjarnan spyrja hv. þingmann hvað henni finnist um þetta og hvort hún sé jafnánægð með þessi rekstrarákvæði í e-liðnum og hún er ánægð með frumvarpið að öðru leyti.

[17:55]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þannig er að útvarpsráð verður fyrst og fremst rekstrarstjórn. Ég ætla ekki að fara að hártogast um orðið sjálft en ég legg kannski ekki dýpri merkingu í það.

Varðandi e-liðinn sem hv. þm. Mörður Árnason kom inn á hér áðan þá verð ég að segja að ég hafði ekki hugarflug í að sjá þá merkingu sem hann kom fram með. Sú merking sem ég legg í e-liðinn er fyrst og fremst sú að stjórnin hljóti að setja einhvern ramma, hún hlýtur að setja einhverjar almennar siðareglur eins og tíðkast á flestum fjölmiðlum landsins. Ég vona innilega að það sé ekki meiningin að stýra fréttastofunni pólitískt. Það er a.m.k. ekki það sem lagt er upp með eins og hæstv. menntamálaráðherra hefur greint frá.

Mér finnst ekki óeðlilegt að ný stjórn setji almennan ákveðinn ramma. Það er enginn að tala um pólitísk afskipti, ekki nokkur maður að gera það. Ég held að við verðum bara að horfa á allt þetta í samhengi og ætla ekki því fólki sem þarna mun sitja hið versta.

[17:57]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Eitt af því fáa sem ég sé jákvætt við þetta frumvarp er betri verkaskipting útvarpsstjóra og hans manna annars vegar og hins vegar hins nýja útvarpsráðs vegna þess að útvarpsráðið skiptir sér fyrst og fremst af rekstri, samkvæmt reglum sem geta verið umdeilanlegar, en láta dagskrána og ráðningar í hendur útvarpsstjóra nema hvað varðar ráðningu útvarpsstjóra sjálfs, sem ég ætla ekki að fara út í hér.

Hins vegar stingur e-liðurinn mjög í augu. Hverjum er sú stjórn sem hér um ræðir skipuð? Hún verður skipuð, ef hæstv. menntamálaráðherra fær fram vilja sinn, ríkisstjórnarmeirihlutamönnum hverju sinni. Á hún að semja reglur um fréttaflutning og gefa þær út? Og hún á ekki bara að hafa löggjafarvald í því efni, svo maður dragi upp hliðstæðurnar við stjórnkerfið, heldur á hún líka að hafa dómsvaldið. Hún á að sjá til þess að reglunum sé fylgt.

Ég vek athygli á að þessi undarlegi e-liður í 9. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir því að útvarpsráð hafi meiri afskipti af málefnum kjarnadeildar Ríkisútvarpsins eða tveggja kjarnadeilda þess, sem eru fréttastofurnar, heldur en útvarpsráðið nú. Í dag er útvarpsráði ekki gert að semja slíkar reglur, hvað þá að halda uppi einhverjum dómstól um að þeim sé fylgt. Núna er þetta á vegum fréttastofunnar. Það er fréttastjórinn, yfirmaður hvorrar fréttastofu um sig, sem sér til að þeim reglum sé fylgt og útvarpsstjóri fylgist auðvitað með því að reglum sé fylgt í útvarpinu öllu.

En hér á að færa þetta yfir í hið nýja útvarpsráð þar sem ríkisstjórnarmeirihlutinn ríkir og hann á sérstaklega að gæta þess að um fréttir gildi ákveðnar reglur sem hann setur sjálfur. Hvernig stendur á þessu, hvernig getur þingmaðurinn varið þennan lið í greininni?

[17:59]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka að sú merking sem ég legg í e-lið 9 gr. er að þetta sé almennur rammi, að setja eigi siðareglur eins og tíðkast í öllum helstu fjölmiðlum landsins. Mér finnst ekkert óeðlilegt við það. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki jafntortryggin og hv. þm. Mörður Árnason. Ég vil ætla það að fólk vinni þetta faglega og ekki verði pólitísk afskipti af fréttaflutningi, ekki frekar en hingað til.

Við skulum fara vandlega í þetta. Það er eðlilegt að við tökum þetta atriði sérstaklega fyrir í menntamálanefnd og fáum að heyra í hlutaðeigandi aðilum ef hv. þingmanni líður svo illa yfir þessu ákvæði. Ég veit að það hefur komið fram gagnrýni frá fleirum og því er ekki óeðlilegt að fjalla frekar um það.

Ég ítreka að ég held að það sé enginn illur vilji á bak við þetta ákvæði í frumvarpinu.

[18:00]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Hv. þm. Dagný Jónsdóttir talaði um að hún vildi efla Ríkisútvarpið og allt gott um það að segja. En með frumvarpinu er verið að afnema að upplýsingalög og stjórnsýslulög gildi um stofnunina og væri fróðlegt að heyra hvernig sú ráðstöfun eflir Ríkisútvarpið.

[18:00]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni að ég tel að frumvarpið muni efla Ríkisútvarpið og það er mjög ánægjulegt að það skuli vera meginmarkmið stjórnarflokkanna. Ég sagði áðan í máli mínu að ég teldi það henta Ríkisútvarpinu illa að vera rekið sem ríkisstofnun og þar með einmitt bundið af þeim atriðum sem hv. þingmaður taldi upp. Það þarf meira svigrúm í rekstur Ríkisútvarpsins og ég tel að það muni fást með sameignarfélagsforminu, ekki síst vegna þess að það form byggir á almennum reglum.

Við vitum líka að fram fer gríðarleg vinna í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu þar sem verið er að útfæra reglurnar nánar. Það verður því mjög fróðlegt að sjá hvernig þær líta út þegar þær koma fram. En eins og ég segi er það skoðun mín og margra fleiri að það muni efla rekstur Ríkisútvarpsins að þar sé sveigjanleiki í rekstri, að það sé ekki eins niðurnjörvað og búi frekar við almennar reglur. Hluti af því að efla reksturinn er ekki síst sá að losna við til að mynda rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar sem við munum fjalla um í öðru máli, en ég hélt að við mundum fjalla um saman.

Það er því verið að létta ýmsum kvöðum af Ríkisútvarpinu og eins og fram kom í máli hæstv. menntamálaráðherra eru lífeyrisskuldbindingarnar í nefskattinum, þannig að verið er að leita ýmissa leiða til að styrkja Ríkisútvarpið.

[18:02]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni hreinskilin svör. Mér finnst athyglisvert að heyra það frá þjóðkjörnum fulltrúa almennings að það henti illa fyrir almenningsfyrirtæki eins og Ríkisútvarpið að fara að lögum um upplýsingagjöf, fara að stjórnsýslulögum. Mér finnst þetta mjög athyglisvert og tímanna tákn að menn telji að það sé einhver hindrun í vegi þess að reka öflugt Ríkisútvarp að fara að lögum um að veita upplýsingar. En hv. þingmaður sagði rétt áðan að þetta tvennt, að fara að upplýsingalögum og stjórnsýslulögum, væri ákveðinn þröskuldur fyrir fyrirtækið.

Ég er því algjörlega ósammála og við í Frjálslynda flokknum. Við teljum einmitt heilladrjúgt fyrir Ríkisútvarpið að fara að upplýsingalögum. Við höfum séð það t.d. hvað varðar fyrirtæki sem sett hefur verið hf. fyrir aftan en eru nær alfarið í eigu ríkisins að þegar fá á upplýsingar um starfshætti þeirra, svo sem Landssímann, er ítrekað komið að lokuðum dyrum, meira að segja þegar spurt er að því hvort fyrirtækin fari að samkeppnislögum. Þetta er mjög sérstakt.

Í framhaldinu væri fróðlegt að vita: Hvað er það í upplýsingalögunum sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir telur að komi sér illa fyrir Ríkisútvarpið að fara að?

[18:04]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru greinilega skiptar skoðanir um það í hvers konar félagsformi Ríkisútvarpið eigi að vera rekið. Rekstur Ríkisútvarpsins er mjög frábrugðinn öðrum ríkisstofnunum. (Gripið fram í.) Mér finnst að vegna starfsemi Ríkisútvarpsins eigum við að reyna að gera það sem við getum á löggjafarþinginu til að hafa hana eins sveigjanlega og hægt er. Ég ætla ekki að nefna nein dæmi varðandi upplýsingalögin, eins og hv. þingmaður kom inn á áðan, en ég tel að það sé starfseminni hjá Ríkisútvarpinu til góðs að vera ekki með allt niðurnjörvað og vona að það muni verða heillaríkt fyrir Ríkisútvarpið að breyta því í sameignarfélag.

[18:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum málefni Ríkisútvarpsins með framlagningu á nýju frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra. Þar eru lagðar til verulegar breytingar á starfsemi Ríkisútvarpsins með því að færa Ríkisútvarpið í eignarform sameignarfélags. Hefur það verið rætt talsvert í dag og margar spurningar komið fram sem ég ætla ekki að endurtaka sérstaklega en vonast til að hæstv. ráðherra svari síðar í umræðunni.

Þó er eitt sem ég vil víkja sérstaklega að áður en ég legg annað til málanna. Ég vil biðja hæstv. ráðherra um skýringar á því fyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir í stjórn stofnunarinnar, sem mér sýnist að muni í langflestum tilfellum verða pólitískt skipuð, þ.e. að það verði meiri hluti á Alþingi á hverjum tíma og viðkomandi ráðherra sem ráði því hvernig sú stjórn verður. Það er því hætt við að áfram verði uppi sú staða að útvarpsstjóri verði pólitískt ráðinn. Þar af leiðandi held ég að ekki sé hægt að komast að annarri niðurstöðu en að vera sammála hugleiðingum hv. þm. Marðar Árnasonar áðan í ræðustól um að upp geti komið sama staða og varðandi fréttastjóramálið, umræðu sem er nýlokið í þjóðfélaginu, að mjög líklegt sé að nákvæmlega sama staða geti komið upp og að hún muni koma upp.

Ég held að ákaflega nauðsynlegt sé að reyna að forðast þetta í framtíðinni og vil sérstaklega vekja athygli á þingmáli sem Frjálslyndi flokkurinn lagði fram á Alþingi og hefur verið rætt, hugleiðingar okkar um það hvernig við teljum að ráðning útvarpsstjóra ætti að vera og hvernig við teljum að yfirstjórn útvarpsins ætti að vera.

Við höfum lagt það til í þingsályktun okkar, sem hefur verið flutt á hv. Alþingi fimm sinnum í röð, í fimmta skipti á þessu þingi, að sett væri á fót nefndarskipan og málið unnið sameiginlega af nefnd allra þingflokka, mjög svipað og gert var í fjölmiðlamálinu að lokum þegar menn voru búnir að fara alla þá kollhnísa sem þar voru farnir. Ég held að það hefði verið mjög skynsamlegt af hæstv. menntamálaráðherra að fara slíka leið með tilliti til þeirrar reynslu sem fengin er af fjölmiðlamálinu og þeirrar gæfu sem hæstv. menntamálaráðherra nýtur í dag að hafa fengið þá skýrslu í hendurnar um það mál og þann farveg sem menn hafa lýst að mestu leyti sátt um. Ég ætla því að gefa hæstv. menntamálaráðherra það ráð í mestu vinsemd að skynsamlegt sé að setja málið í þann farveg og að skynsamlegt sé að koma málinu þannig fyrir að á næsta hausti kæmi fram nýtt frumvarp um skipan Ríkisútvarpsins sem tæki mið af fjölmiðlaskýrslunni og því starfi sem þar hefur verið unnið og við stæðum frammi fyrir því á haustdögum að ræða málin í heild sinni, þ.e. fjölmiðlamálið almennt ásamt frumvarpi um Ríkisútvarpið og starfsemi þess.

En aftur að tillögum Frjálslynda flokksins. Við höfum lagt til að yfir Ríkisútvarpinu væri fjölmennt útvarpsráð, eins konar akademía þar sem væru 15 menn, valdir af samtökum og stofnunum samfélagsins, úr menningar- og listaheimi, úr fræðslustofnunum og vísinda- og rannsóknageirum, af landsbyggðinni, frá almannasamtökum o.s.frv. Aðilum víðs vegar að sem mundu skipa sæti í útvarpsráði. Þannig mætti líta á að útvarpsráðið væri þverpólitískt, mörg sjónarmið kæmu þar inn og ráðið hefði nokkuð skilgreint verksvið. Meðal annars fengi ráðið það hlutverk að ráða útvarpsstjóra og stofnunin, þ.e. starfsfólk útvarpsins og útvarpsráð, veldi í sameiningu útvarpsstjóra, eins konar leynileg atkvæðagreiðsla væri um það hver umsækjenda fengi

flest atkvæði annars vegar starfsmanna stofnunarinnar og hins vegar útvarpsráðsins. Þetta var sú ábending sem við lögðum til í þingsályktun okkar. Auðvitað er hægt að setja *slíkri kosningu alls konar vægi, að útvarpsráðið, fimmtánmenningarnir,* hafi ákveðið hlutfall og starfsmenn hafi ákveðið hlutfall. Þetta er alþekkt í margs konar fyrirkomulagi.

Við skulum minnast þess í þessu sambandi að háskólarektor er kosinn almennri kosningu. Við höfum því farið þessa leið við að finna yfirmenn stofnana í þjóðfélaginu. Ég held að með slíku fyrirkomulagi kæmumst við hjá því að hægt væri að merkja ráðningu útvarpsstjóra sérstaklega pólitískt. Menn geta svo auðvitað deilt um það hvort hugmynd okkar að eins konar akademíu eða stóru útvarpsráði sé rétt, hvort þetta sé of mikill fjöldi, of fáir menn eða of lítið samráð miðað við hina ýmsu möguleika í þjóðfélaginu.

Við megum ekki gleyma því að allir stjórnmálaflokkar eru sammála um að Ríkisútvarpið skuli vera til og að Ríkisútvarpið skuli vera almennings- og þjóðarútvarp. Þar sem við erum sammála um það þurfum við auðvitað að reyna að finna því farveg hvernig stofnunin muni starfa á næstu árum og áratugum. Það hlýtur að vera veigamikið hlutverk okkar að ná saman um það.

Annað vandamál í rekstri Ríkisútvarpsins hafa jafnan verið tekjur þess. Í *frumvarpi því sem við ræðum er lagt til* að settur verði á sérstakur nefskattur á alla nema þá sem ekki greiða í sjóði eldri borgara, þ.e. þá sem eru undanþegnir vegna aldurs eða jafnvel örorku.

Ég held að slíkur nefskattur verði ekki vinsælli en afnotagjaldið, ég er helst á því að hann verði jafnóvinsæll og afnotagjaldið. Þó að við höfum verið með afnotagjaldið og það hafi þótt frekar á skjön við það sem *verið hefur er ég* ekki viss um að við lagfærum stöðuna með því að fara í nefskattinn. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu í Frjálslynda flokknum að eðlilegast væri að horfa á fjárveitingu af fjárlögum til rekstrar Ríkisútvarpsins úr því að menn eru á annað borð sammála um að Ríkisútvarpið skuli vera til og ég fagna því sérstaklega að um það skuli þó alla vega vera þverpólitísk samstaða á Alþingi.

Hins vegar eru margar hættur fólgnar í þessu frumvarpi, finnst mér, eins og það er sett fram, og fjöldamargt sem hægt er að spyrja um í því sambandi. Ég geri mér hins vegar vel grein fyrir því að það kann að taka í að klára það á fjárlögum hverju sinni að marka Ríkisútvarpinu tekjustofn. En ég spyr á móti, hæstv. forseti, hvort það sé nokkuð betri *farvegur eins og nú horfir eða eins og er að gerast hér á* landi um þessar mundir þegar ríkisstjórnin er að lækka tekjuskatta, sem stjórnarandstaðan hefur gagnrýnt mjög, þ.e. aðferðina við það, en í staðinn á að taka upp alls konar aðra skatta, álögur, sértekjur, núna nefskatt á Ríkisútvarpið, síðan sérstakan skatt á húsnæði raforkufyrirtækja sem fer beint inn í raforkuverðið þegar upp er staðið, nýjar álögur í *raforkuverði og nýjar álögur eins og boðað er varðandi bif*reiðanotkun hér á landi innan kannski tveggja ára. Ég velti því fyrir mér, virðulegi forseti, varðandi skattastefnuna sem ríkisstjórnarmeirihlutinn hefur kallað skattalækkunarstefnu, hvort í raun og veru sé verið að tína hana til baka hægt og rólega með alls konar svona útfærslum og ég set ákveðin spurningarmerki við það. Án þess að ég ætli að fara hér í beina skattaumræðu vekur þetta auðvitað upp ýmsar spurningar.

Ekki hefur verið upplýst í þessari umræðu hverjir sömdu *frumvarpið og ég veit ekki hvers vegna ráðherrann vill ekki* upplýsa það. Ég sé ekki ástæðu til að það sé ekki upplýst í umræðunni við hverja var ráðslagast um efni frumvarpsins og uppsetningu þess, hvort það sé eitthvað óeðlilegt að það sé upplýst í umræðunni. Ég átta mig ekki á því og spyr þess vegna eins og fleiri, hverjir það eru og hverjir hafi unnið þetta frumvarp.

*Rætt hefur verið um auglýsingatekjurnar að því er varð*ar rekstur Ríkisútvarpsins. Í hugmyndum okkar í Frjálslynda flokknum um auglýsingatekjurnar hefur verið talað um það að e.t.v. væri rétt að skoða þann möguleika að Ríkisútvarpið væri ekki á auglýsingamarkaði, a.m.k. ekki á öllum sviðum starfsemi sinnar, þ.e. almennum auglýsingamarkaði, þó að það væri með þjónustuauglýsingar og auglýsingar *um fundi og mannfagnaði og fleiri slíkar* auglýsingar, frá Vegagerðinni, aðvaranir og ábendingar frá stjórnvöldum og félagasamtökum o.s.frv., en væri kannski ekki beinlínis að auglýsa baunadósir eða eitthvað slíkt. Við höfðum þá leiðbeiningu í þingsályktunartillögu okkar um Ríkisútvarpið og rekstur þess.

Ég óttast það, hæstv. forseti, og vil láta það koma fram í *ræðu minni, að kannski sé hæstv. menntamálaráðherra* að setja málið í uppnám. Ef sú verður niðurstaðan að við afgreiðum frumvarpið, sem ég vona að við gerum ekki, það liggur ekki svo mikið á að afgreiða þurfi það í vor, en ef svo er að menn ætli sér að afgreiða málið í vor, kannski í talsverðu ósætti um niðurstöðuna sem af því verður, þá velti ég því fyrir mér, m.a. miðað við bókun stjórnarand*stöðunnar við lok fjölmiðlavinnunnar, hvort við séum þá* kannski að setja önnur mál í talsvert uppnám.

Ég held að það sé rétt sem fram kemur í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar að Ríkisútvarpið er auðvitað hluti af flórunni og að horfa þurfi á starfsemi þess líka og lagaramma utan um það. Því held ég að það gæti verið mjög skynsamlegt af hæstv. ráðherra, þó að við ræðum málið nú *og það fari héðan í nefnd og út til umsagnar* o.s.frv., að leggja ekki ofurkapp á að keyra frumvarpið áfram í vor heldur fái það að vera til staðar með öðrum gögnum málsins yfir sumartímann. Menn hafi það þá til hliðsjónar þegar verið er að semja frumvarp á grundvelli fjölmiðlaskýrslunnar fyrir næsta haust og málið komi aftur hingað inn í þeim búningi sem menn þá telja að það eigi að vera í með *tilliti til þess sem þar er verið að gera, og hvort ekki megi* með samstarfi við stjórnarandstöðuna ná betri sátt um málið, því eins og ég sagði áður virðast allir stjórnmálaflokkarnir vera sammála um að Ríkisútvarpið eigi að vera til staðar sem almannaútvarp og eigi að veita ákveðna þjónustu sem m.a. er talin upp í 3. gr. frumvarpsins, um hlutverk þess. Að vísu má spyrja um ýmislegt þar, t.d. um 2. *tölulið 3. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:*

„Að senda út til alls landsins og næstu miða a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring."

Ég spyr hvort orðin „næstu miða" þýði að til standi að draga úr möguleikum til að senda út efni Ríkisútvarpsins, m.a. á langbylgju og miðbylgju eins og nauðsynlegt er vegna fiskimiðanna, og hvaða skilgreiningu menn leggi í

orðin „næstu miða“. Eru menn að horfa til baka eða horfa menn fram á veginn? Þýðir þetta að menn ætli t.d. að koma sjónvarpsdagskránni út til allra næstu fiskimiða sem ekki er í dag? Á frekar að horfa á þetta jákvætt en neikvætt, hæstv. menntamálaráðherra?

Ég leyfi mér frekar að horfa á þetta jákvætt en ég átta mig ekki á við hvað er miðað. Langbylgjan er auðvitað neyðar- og öryggistæki að stórum hluta, þ.e. langbylgjan er stundum eini sendingarmátinn sem er til staðar í vondum veðrum. Við þekkjum það þegar örbylgjurnar detta út.

Í athugasemdum við frumvarpið í kaflanum Meginefni frumvarpsins segir m.a.: „Ríkið verður eigandi félagsins og verður sala þess, slit eða innkoma nýrra sameigenda óheimil án samþykkis Alþingis.“

Það liggur hins vegar algjörlega ljóst fyrir, finnst mér, að eins og frumvarpið er úr garði gert þá er algjörlega opið fyrir það, eins og reyndar segir hér:

„Ríkisútvarpinu sf. er heimilað að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum í samræmi við tilgang þess og efna til samvinnu við aðra aðila, sbr. 2. mgr. 3. gr., 5. gr. og 6. gr., þó með fyrirvara um fjárhagslegan aðskilnað milli slíkrar starfsemi og aðalstarfseminnar ...“

Ég les þetta þannig, hæstv. forseti, og óska eftir að ráðherra leiðrétti mig ef ég hef misskilið það, að salan sé í raun og veru óheimil nema, eins og segir hér, að Alþingi samþykki, en stjórn stofnunarinnar geti í raun og veru breytt rekstrarformi verulega, m.a. með því að leigja út starfsemi ákveðinna rása, t.d. Rásar 2 eða svæðisútvarpanna, svo eitthvað sé nefnt.

Út af fyrir sig er ég ekkert að hafna slíkum möguleikum, ég vil taka það fram. Ég spyr bara hvað menn séu að segja og hvað menn séu að hugsa þegar þeir segja þetta. Mér finnst alveg hægt að ræða það í sjálfu sér að einhver hluti af t.d. dagskrá Rásar 2 væri leigður út, að einhverjir tækju að sér að reka hana einhvern tíma dagsins. Það yrði að setja því ákveðnar skorður og annað slíkt og gera ákveðna samninga. Ég hafna því ekki fyrir fram. Ég tel hins vegar að Rás 1 eigi að vera almannaútvarp og eigi að starfa sem slíkt og að svæðisútvörpin þurfi að halda velli á vegum Ríkisútvarpsins. Ég held að það sé algjörlega nauðsynlegt og eðlilegt að svo verði. En mér sýnist að eins og þetta er sett fram í frumvarpinu megi hugsanlega vera sérrekstur um eitt og annað að því gefnu að það sé ekki í söluformi heldur leiguformi eða rekstrarformi eða öðru skipulagsformi.

Ég spyr um þetta, hæstv. forseti, og óska eftir svörum ráðherra um hvað verið er að tala. Er verið að tala um hluta af dagskrá á einhverri rás eða um hluta af starfsemi Rásar 2 eða um hvað er yfirleitt verið að tala þegar þessu er velt upp með þessum hætti? Þetta held ég að nauðsynlegt sé að fá upplýst í umræðunni, virðulegur forseti.

[18:25]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætla að fjalla um þetta frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. og einstök efnisatriði sem þar koma fram. Þegar tíminn er skammtaður er auðvitað ekki hægt að víkja að öllum þeim atriðum sem kannski er ástæða til að víkja að. Ég mun þó í ræðu minni á eftir ræðu koma að þeim atriðum sem ég tel að skipti mestu máli á þessu stigi umræðunnar.

Áður en ég geri það vil ég taka fram vegna umræðunnar almennt að ég er þeirrar skoðunar og hef verið lengi, raunar í mörg ár, að það sé ekki hlutverk ríkisvaldsins og ríkisins að reka fjölmiðla og skiptir þá engu máli hvort um er að ræða sjónvarps- eða útvarpsstöðvar eða að gefa út dagblöð. Ég tel einfaldlega að þátttaka ríkisins í fyrirtækjarekstri, ég tala nú ekki um á samkeppnismarkaði, sé óeðlileg og eigi ekki að eiga sér stað. Það eru meginsjónarmið mín varðandi fjölmiðlana í landinu og þar á meðal Ríkisútvarpið.

Ég hef talað fyrir þessum sjónarmiðum áður á Alþingi, raunar margoft, og var á sínum tíma einn flutningsmanna frumvarps sem við lögðum fram saman, ég og hv. þingmenn Pétur H. Blöndal og Birgir Ármannsson. Það frumvarp kvað á um einkavæðingu Ríkisútvarpsins og hafði það að markmiði að koma á frjálsri samkeppni á fjölmiðlamarkaði en jafnframt það að efla innlenda dagskrárgerð í landinu. Við lögðum frumvarpið fram á sínum tíma sem málamiðlun við andstæð sjónarmið hvað varðar fjölmiðlun á Íslandi. Á þeim tíma virtist ekki vera pólitískur vilji til að fara þá leið sem við lögðum upp með í því frumvarpi, þrátt fyrir að maður hafi auðvitað fundið fyrir því á síðustu mánuðum og kannski síðustu vikum fyrst og fremst að það hefur reynst aukinn og meiri og meiri stuðningur við þau sjónarmið sem við höfðum talað fyrir, ekki síst í ljósi síðustu atburða á Ríkisútvarpinu. Ég get t.d. nefnt að það voru nú tíðindi í síðustu Gallup-könnun, ef ég man rétt, að fimmtungur þjóðarinnar var okkur sammála um að ríkið ætti ekki að standa í atvinnurekstri sem þessum.

Ég taldi rétt að taka þetta fram í upphafi máls míns og tel mikilvægt að þessi sjónarmið komi fram áður en lengra er haldið og ég fer að fjalla um frumvarpið um Ríkisútvarpið sf., að þetta séu meginsjónarmið mín hvað varðar fjölmiðlun á Íslandi og þátttöku ríkisins í fyrirtækjarekstri á samkeppnismarkaði.

Ef við víkjum að frumvarpinu og efni þess hlýtur maður náttúrlega í ljósi þess sem ég hef áður sagt að meta frumvarpið og stuðning sinn við það með hliðsjón af núverandi rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins.

Ég hef áður sagt og sagði það síðast í ræðu á hinu háa Alþingi þann 14. mars að, með leyfi forseta:

„Að mínu mati hefur rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins, eignarhald þess og stjórnskipulag gjörsamlega gengið sér til húðar. Það er barn síns tíma sem verður að breyta.“

Þau orð standa. Ég er þeirrar skoðunar að rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins hafi algjörlega gengið sér til húðar og nauðsynlegt sé að gera á því breytingar. Þegar maður vegur og metur saman þá tvo kosti sem fyrir liggja, annars vegar núverandi fyrirkomulag og hins vegar það fyrirkomulag sem frumvarpið mælir fyrir um tel ég að frumvarpið feli í sér framför hvað varðar starfsemi Ríkisútvarpsins frá því sem nú er. Ég tel reyndar að menn hefðu átt að stíga þau skref sem hér eru stigin mun fyrr en raun varð á.

Það kemur kannski ekki á óvart að ég er líka þeirrar skoðunar að menn hefðu átt að ganga lengra en frumvarpið mælir fyrir um til að koma til móts við þau sjónarmið sem ég rakti áðan og hef talað fyrir árum saman.

Mig langar, frú forseti, að víkja fyrst að þeim kostum

sem ég tel að frumvarpið hafi og síðar í ræðunni mun ég gera athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins. En ég verð að segja að ég tel að með hinu nýja stjórnskipulagi Ríkisútvarpsins sf. séu menn að stíga skref í rétta átt og þær reglur koma fram í IV. kafla frumvarpsins.

Meginbreytingarnar eru náttúrlega þær að útvarpsráð eins og við þekkjum það í dag er lagt af og þess í stað er sett á stjórn yfir Ríkisútvarpið sf. Eins og fram hefur komið í umræðunni er starfssvið stjórnarinnar ekki ólíkt starfssviði stjórna hlutafélaga og einkahlutafélaga, þ.e. stjórnin ræður sér framkvæmdastjóra, sem í þessu tilviki kallast útvarpsstjóri. Stjórnin tekur líka ákvarðanir hvað varðar ýmis atriði er lúta að fjárhag stofnunarinnar og varðandi lántökur og aðrar meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins. Stjórninni er eins og áður sagði falið að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum og samþykkja fjárhagsáætlanir fyrir fyrirtækið.

Þetta er náttúrlega gjörbreytt hlutverk yfirstjórnar fyrirtækisins frá því sem nú er. Útvarpsráð hefur haft með mannaráðningar að gera innan stofnunarinnar sem hafa verið mjög umdeildar. Þar fyrir utan hefur útvarpsráð, sem er eins og kunnugt er skipað ýmsum fulltrúum stjórnmálaflokkanna, haft með dagskrá stofnunarinnar að gera. Ég tel að með frumvarpinu séu menn að stíga skref frá pólitískum afskiptum af Ríkisútvarpinu og það tel ég gott.

Að sama skapi tel ég að hið nýja fyrirkomulag muni gera það að verkum að hinn nýi útvarpsstjóri, sem mun ráða starfsmenn Ríkisútvarpsins sf., muni hafa tækifæri á grundvelli frumvarpsins til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru innan Ríkisútvarpsins, bæði hvað varðar stjórnskipulag stofnunarinnar og til að standa að rekstrarlegu hagræði.

Mig langar í þessu sambandi, af því að ég var að víkja að ákvæðum 9. gr. laganna, að bera blak af hv. þm. Merði Árnasyni, sem vék að e-lið greinarinnar, sem ég hef ekki vikið að í ræðu minni. Þar segir að hlutverk stjórnar sé að gefa út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í útvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, og gæta þess að reglum sé fylgt.

Það er rétt sem hv. þingmaður sagði að ákvæðið er ekki sérstaklega vel skilgreint í greinargerð með frumvarpinu og kannski óljóst hvert innihald þess er. Við í menntamálanefnd, sem munum fá málið til umfjöllunar, hljótum að fara yfir þetta og skoða ákvæðið í ljósi annarra sjónarmiða og reglna sem fram koma í frumvarpinu, ekki síst þeirrar að útvarpsstjóri verður yfirmaður og framkvæmdastjóri Ríkisútvarpsins og mun hafa með höndum dagskrárgerð og allan almennan rekstur og þá þjónustu sem Ríkisútvarpið mun bjóða upp á í framtíðinni.

Svo ég komi því á framfæri skil ég regluna þannig, öfugt við hv. þingmann, að hér sé um að ræða reglur sem mæli fyrir um að stjórnin eigi að setja eða samþykkja einhvers konar ytri ramma um fréttir, hvenær þær eru fluttar og sagðar en ekki hvernig þær eru sagðar. Það er ekki skilningur minn á ákvæði frumvarpsins að útvarpsstjóri stundi einhverja ritskoðun gagnvart fréttastofum, alls ekki.

Að sama skapi get ég ímyndað mér það og við munum fara yfir það við meðferð málsins að stjórn hins nýja félags muni hafa heimildir til að setja, ja, leyfum okkur að segja vanhæfisreglur t.d. fyrir fréttamennina sem mundu mæla fyrir um það að fréttamenn sem ættu hagsmuna að gæta varðandi einstök mál gætu ekki flutt fréttir af þeim, almennar vanhæfisreglur sem ættu að leiða til þess að fréttastofan yrði sjálfstæðari og trúverðugri. Ég held að við höfum séð það á síðustu dögum að það er ekki beint til þess fallið að skapa traust um fréttastofuna þegar fréttamenn flytja fréttir af eigin hagsmunamálum. Ég tel að í þeim reglum sem lúta að e-lið 9. gr. væri hægt að setja vanhæfisreglur til að koma í veg yfir að hlutir eins og þeir sem við höfum horft upp á á síðustu vikum endurtaki sig.

En nóg um stjórn Ríkisútvarpsins sf. og útvarpsstjórann. Mig langar að víkja að öðrum atriðum sem fram koma í frumvarpinu. Þau eru þrjú sem ég tel rétt að gera athugasemd við við umræðuna.

Í fyrsta lagi segir í 1. gr. frumvarpsins:

„Ríkisútvarpið sf. er sameignarfélag í eigu íslenska ríkisins.“

Þetta er sú niðurstaða sem stjórnarflokkarnir komust að, að reka fyrirtækið á sameignarfélagsformi. Ég hefði talið eðlilegra, fyrst menn voru að ákveða að stíga þetta skref, að reka fyrirtækið á hlutafélagsformi eða einkahlutafélagsformi. Ég gæti sett á langar ræðu um kosti einkahlutafélags- eða hlutafélagsformsins umfram sameignarfélagsformið, en ég ætla ekki að gera það. Ég bendi hins vegar á að það er innbyrðis ósamræmi í því að kveða á um að félagið skuli vera sameignarfélag en í eigu eins aðila. Það er ákveðið ósamræmi í því. (Gripið fram í.)

Ég tel að við ættum að skoða það við meðferð málsins hvort hugsanlega væri rétt að breyta rekstrarforminu í einkahlutafélagsform og líta til reynslunnar. Það er ekki tilviljun, hv. þingmaður, að þegar menn hefja rekstur á Íslandi flykkjast menn í hlutafélagaskrá og stofna þar einkahlutafélög eða hlutafélög en ekki sameignarfélög, við þekkjum það og það hlýtur að vera ástæða fyrir því. Við eigum, tel ég, að láta reynsluna kenna okkur hvað þetta varðar.

Í öðru lagi vil ég víkja að ákvæðum 3. gr. Ég tel að sú skilgreining sem þar kemur fram á hugtakinu „útvarpsþjónusta í almannaþágu“ sé of víðtæk. Ef hún er skoðuð og skýrð samkvæmt orðanna hljóðan verður ekki annað séð en að hinu nýja félagi verði heimilt að gera hvað sem fyrirtækinu eða félaginu sýnist, eins og segir í 10. lið, „að veita alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má koma að gagni“.

Það má líka benda á 14. lið greinarinnar sem segir að undir þetta ákvæði falli, með leyfi forseta:

„Að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni, án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, sem stuðlar að því að tilgangi félagsins verði náð, svo sem ritað mál, hljómplötur, hljóðsnældur, geisladiska, myndbönd og margmiðlunarefni.“

Maður hlýtur að spyrja sig í ljósi skilgreiningarinnar: Er ekki hætta á því, verði frumvarpið að lögum eins og það er lagt fram hér, að Ríkisútvarpið geti í náinni framtíð, þegar t.d. stjórnarandstöðuflokkarnir hafa komist í ríkisstjórn, farið í harða samkeppni við plötuútgefendur og aðra aðila á þeim markaði? Ég tel að ástæða sé til að hafa áhyggjur af því.

Í 18. tölulið 3. gr. segir að undir þetta hugtak falli: „Að gera hvaðeina sem stjórn félagsins telur óhjákvæmilegt eða

stuðlar að því að tilgangi félagsins verði náð."

Ég fæ ekki betur séð, frú forseti, en að sú víðtæka skilgreining sem fram kemur í 18 liðum heimili Ríkisútvarpinu sf. að gera hvað sem er. Ég tel að við ættum að taka hugtaksskilgreininguna til endurskoðunar og kanna hvort ekki megi þrengja hana þannig að Ríkisútvarpið sf., verði það rekið á sameignarfélagsforminu, einbeiti sér fyrst og fremst að þeirri kjarnastarfsemi sem ég hygg að flestir séu sammála um að Ríkisútvarpið eigi að sinna en sé ekki að einbeita sér að öðrum atriðum.

Í þriðja lagi, frú forseti, vil ég gera að umfjöllunarefni ákvæði III. kafla frumvarpsins, en þar er fjallað um aðra starfsemi sem Ríkisútvarpinu sf. verður heimilað að stunda.

Þar segir í 5. gr., með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið sf. skal kosta kapps um að hafa samvinnu við aðra aðila um dagskrárgerð og útsendingar."

Í 6. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpinu sf. er heimilt að standa að annarri starfsemi sem tengist starfsemi félagsins á sviði dagskrárgerðar eða til nýtingar á tæknibúnaði þess, sérþekkingu starfsmanna þess og aðstöðu þess að öðru leyti, þar á meðal á sviði fjarskipta og margmiðlunar eða öðrum sviðum er fjölmiðlun tengjast. Getur félagið gert þetta hvort sem er innan eigin vébanda eða með því að standa að öðrum fyrirtækjum í þessu skyni sem félagið á eitt eða með öðrum aðilum."

Með öðrum orðum verður félaginu heimilt að fjárfesta í öðrum félögum á nánast hvaða sviði sem er svo lengi sem það tengist hinum víðtæka tilgangi félagsins. Ég er ósköp hræddur um að þetta þýði að Ríkisútvarpið sf. geti jafnvel farið í samkeppni á grundvelli þessara ákvæða við kvikmyndagerðir, auglýsingastofur eða hverja sem er. Maður veltir því fyrir sér: Ef framtíðin mun leiða í ljós að útvarpssendingar muni fara fram í gegnum síma verður þá Ríkisútvarpinu sf. heimilað að stofna fjarskiptafyrirtæki til að sinna viðskiptavinum sínum? Þetta eru atriði sem við verðum að taka til skoðunar og við verðum að passa upp á það að ef menn á annað borð ætla að reka ríkisútvarp verði hlutverk þess ekki of víðtækt, heldur muni félagið fyrst og fremst einbeita sér að því að sinna kjarnaþjónustu þinni.

Ég get nefnt dæmi þar sem annað sameignarfélag á í hlut þar sem menn og stjórnendur þess hafa farið um víðan völl og sinnt kjarnastarfsemi sinni en farið út í ýmsa aðra starfsemi sem tengist kannski ekki upprunalegum tilgangi félagsins. Þetta er sameignarfélagið Orkuveita Reykjavíkur, sem hefur hafið risaræjueldi og er stórtækt á fjarskiptamarkaðnum en kjarnastarfsemi þess félags er fyrst og fremst að selja heitt og kalt vatn og rafmagn. Það gerir félagið í skjóli mjög víðtækra heimilda sem kveðið er á um í lögum. Það er þróun sem ég hef ekki verið par hrifinn af og vil forðast að gerist. Ég veit ekki nema að það sama mundi gerast á fjölmiðlamarkaðnum ef þeir stjórnmálaflokkar sem standa að R-listanum kæmust einhvern tíma í ríkisstjórn og frumvarpið yrði að lögum eins og það er lagt fram hvað þetta atriði varðar.

Eins og ég segi og hef sagt og fram hefur komið í máli mínu, frú forseti, er ég náttúrlega í grunninn þeirrar skoðunar að ríkið eigi ekki að reka fjölmiðil. En ég tel að þegar vegnir eru og metnir annars vegar kostir frumvarpsins og hins vegar það rekstrarform sem Ríkisútvarpið starfar við nú feli frumvarpið í sér mikla framför. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að við tökum ákveðna þætti frumvarpsins til athugunar og þá kannski sérstaklega atriðin er varða sameignarfélagsformið, hugtakið „útvarpsþjónusta í almannaþágu" og heimildir Ríkisútvarpsins sf. til að standa í öðrum verkefnum.

[18:46]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir hlý orð í minn garð. Það er ekki oft að slíkt rekur á fjörur manns í þinginu frá hv. stjórnarþingmönnum. Ég verð að segja að þó að það kunni að þykja furðulegt erum við, ég og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, sammála um ýmis efni sem lúta að frumvarpinu. Ég skil hins vegar ekki hvernig hann getur litið á þetta sem sérstaka framför nema þá að skrefið sem nú á að taka auki möguleikana á því að Ríkisútvarpinu verði komið á einkamarkað, selt eða gefið öðrum aðilum en almannavaldinu, eins og fyrir liggur, eða a.m.k. lá á fyrra þingi, tillaga um frá hv. þingmanni undir forustu hv. þm. Péturs H. Blöndals.

Ég vil spyrja hv. þingmann að því, vegna þess að ég tek undir gagnrýni hans á hina víðu skilgreiningu 3. gr. og hinar umtalsverðu heimildir 5. og 6. gr., hvort hann skilur það svo að hið raunverulega inntak frumvarpsins sé almannaútvarp, samkvæmt þeim skilgreiningum sem til eru um það, eða hvort hið nýja fyrirtæki sé venjuleg útvarpsstöð á venjulegum samkeppnismarkaði sem getur keppt eins og henni sýnist ef 3. gr. og III. kafla verður ekki breytt í meðförum þingsins, sem ég vona að komi ekki til vegna þess að ég held að frumvarpið eigi ekki að fara lengra en í 1. umr.

[18:48]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að ég hafi farið yfir það í ræðu minni hvers vegna ég tel að efnisákvæði frumvarpsins feli í sér framför hvað varðar rekstrarumhverfi RÚV. Ég nefndi að með frumvarpinu verður útvarpsráð, eins og við þekkjum það í dag, lagt niður og þar með lýkur afskiptum pólitískra fulltrúa — sem hv. þingmaður tilheyrði einu sinni — af dagskrá Ríkisútvarpsins. Að sama skapi mun framkvæmdastjóri fyrirtækisins, útvarpsstjóri, sjá um allar mannaráðningar en ekki fulltrúar stjórnmálaflokkanna. Þetta tel ég að sé mjög gott og skref í rétta átt.

Hv. þingmaður spurði mig einnig hvort ég liti á Ríkisútvarpið í þessari mynd sem almannaútvarp eða venjulega útvarpsstöð. Þegar ég horfi á þá víðu skilgreiningu hlýt ég að líta á Ríkisútvarpið sem almannaútvarp í almannaþjónustu. Ég tel hins vegar að þrengja verði hina víðu hugtaksskilgreiningu til að tryggja að Ríkisútvarpið sinni bara þeirri kjarnaþjónustu sem ég tel að sé verjandi fyrir Ríkisútvarp þegar við erum með það á annað borð en sé ekki að þvælast fyrir einkastöðvunum á afþreyingarmarkaði.

Ég vona að ég hafi skilið spurningu hv. þingmanns rétt en ég tel að þetta sé svona. Ég tel mjög mikilvægt, ef menn ætla sér á annað borð að reka útvarp í almannaþágu, að þeir skilgreini hvað felist í því. Ég tel að undir (Forseti hringir.) þá skilgreiningu falli ekki hvað sem er í útvarps- og fjölmiðlalögum.

[18:50]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir svörin. Ég er sammála honum um það að ef hin nýja stjórn væri ekki skipuð pólitískum fulltrúum sem hafa beint umráðavald yfir útvarpsstjóranum og eiga m.a. að semja sérstakar reglur um fréttaflutning, sem ég hygg að séu ekki um það hvenær fréttir verði fluttar, en hæstv. menntamálaráðherra upplýsir kannski um það á eftir hvort hugsunin hafi verið að útvarpsráð hið nýja ætti að skipuleggja það, segja fyrir um það að fréttir séu fluttar á tímunum 8, 10, 12, 14, 16, eða 8.10, 10.10, 12.10, 14.10 o.s.frv. og það sé tekið sérstaklega fram í lögunum í e-lið 9. gr. Ef myndin væri svo fögur sem hv. þingmaður dregur upp er ég alveg sammála honum um það.

Ég ætlaði sérstaklega að þakka honum fyrir hitt, vegna þess að sú gagnrýni er auðvitað mjög hvöss, bæði frá þeim sem líta á málin frá sjónarmiði Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps og líka frá þeim sem líta yfir allan markaðinn og taka sér stöðu í markaðsstöðvunum, að það er ósköp einfaldlega verið að gera einhverja vitleysu með því að hafa hlutverk Ríkisútvarpsins svo vítt að Stöð 2, Skjár 1, ef hann væri með fréttastöð, og markaðsstöðvar víða um heiminn gætu gengið inn í skilgreininguna, og að hinu leytinu að gefa hinar víðtæku heimildir, sem eftir bókstafsins hljóðan gætu leitt til þess að Ríkisútvarpið sf. færi ósköp einfaldlega að keppa eins og hvert annað fyrirtæki á þeim markaði sem hér liggur fyrir vegna þess forskots sem það hefur með afnotagjöldum, nefskatti eða hvað sem ríkisstuðningurinn heitir, að þá gæti það rutt hinum stöðvunum út.

Það er enginn að græða á ljósvakarekstri á Íslandi, það er enginn stórgróði í því. Menn eru að berjast áfram meira og minna af hugsjón og metnaði. (Forseti hringir.) Það er enn þá þannig, forseti sæll.

[18:52]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef gagnrýnt að Ríkisútvarpið hafi verið að taka með hatrömmum hætti þátt í samkeppni við einkaaðila á markaðnum, svo sem um kaup á erlendu afþreyingarefni. Ég hef talið að ef menn væru á annað borð þeirrar skoðunar að ríkið ætti að reka fjölmiðil eins og þennan ætti sá fjölmiðill að einbeita sér að öðrum þáttum í dagskrárgerð sinni og reyna að efla frekar innlenda dagskrárgerð og menningarlega dagskrárgerð og flytja fréttir. Það hefði ég talið að væri grunnurinn í rekstri ríkisútvarps.

Ég vil síðan taka það fram og ítreka það sem ég sagði áðan að skilningur minn á e-lið 9. gr. er ekki sá að menn ætli að setja reglu um að stjórn fyrirtækisins setji sérstaklega reglur um fréttaflutning í þeim skilningi að stjórnin muni skipa fréttastofunum með hvaða hætti fréttir séu fluttar, alls ekki. Ég tel að það væri mjög óeðlilegt ef stjórn Ríkisútvarpsins sf. væri að segja fréttamönnum hvernig þeir ættu að sitja og standa.

Ég tel að í reglunni felist frekar að setja ytri umgjörð utan um það hvernig fréttatímunum er stillt upp og ekki síður að setja t.d. vanhæfisreglur sem mundu mæla fyrir um það að fréttamenn væru ekki að flytja fréttir af eigin hagsmunamálum, eins og gerst hefur á síðustu dögum. Það er ekki til þess að efla traust almennings á fréttastofunni og það er líka mjög óeðlilegt að slíkt sé gert. Mér þætti því eðlilegt að slíkar vanhæfisreglur (Forseti hringir.) féllu undir e-lið 9. gr.

[18:55]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fjallað hefur verið um fyrr á þessum degi hefur náðst ágæt sátt í fjölmiðlanefndinni um fyrirkomulag og samkeppnis- og lagaumhverfi fjölmiðlarekstrar eftir hatrammar deilur milli stjórnar og stjórnarandstöðu í því máli. Sú niðurstaða tryggði að vikið er á brott mikilvægum hömlum sem setja átti á fjölmiðlarekstur á sl. þingi, eins og að leggja bann við því að markaðsráðandi fyrirtæki mættu ekki eiga í ljósvakamiðli og ekki lengur lagt almennt bann við því að fyrirtæki eigi meira en 35% í fjölmiðli.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur öll tök á því í því máli sem við fjöllum um að ná sátt um lagaramma og starfsgrundvöll Ríkisútvarpsins með skipan þverpólitískrar nefndar um málið sem skili niðurstöðum sínum í haust þannig að samtímis væri hægt að ræða lagagrundvöll og starfsramma fjölmiðla almennt um leið og lögfest verði ný lög um Ríkisútvarpið. Það sem mælir líka með því að málið fari í slíkan farveg er sú breyting sem áformuð er á rekstrarformi Ríkisútvarpsins sem á að breyta í sameignarfélag í eigu íslenska ríkisins. Frumvarp um sameignarfélög er í vinnslu hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu og samkvæmt frumvarpinu, ef gera á það að lögum á þessu þingi, þarf það að byggja á almennum, ólögfestum reglum félagaréttarins um sameignarfélög sem dregið hefur verið í efa að standist. Lög um Ríkisútvarpið þurfa því að taka breytingum þegar frumvarp viðskiptaráðherra liggur fyrir og laga rekstur Ríkisútvarpsins að efni laga um sameignarfélög þegar þar að kemur. Það er því full ástæða til að fresta málinu til haustsins og ræða það samhliða frumvarpi um fjölmiðlana og starfsumhverfi þeirra.

Ég ætla aðallega að ræða fjármögnun RÚV. Tryggir og öruggir tekjustofnar eru einn mikilvægasti þátturinn í starfsumhverfi RÚV þar sem því verði skapað eðlilegt svigrúm til að sinna því margþætta hlutverki sem því er ætlað og ítarlega kemur fram í 18 töluliðum í 3. gr. frumvarpsins.

Það er einkum tvennt sem ég gagnrýni í frumvarpinu og það er stjórnskipulagið og fjármögnunin. Það sem mestu máli skiptir um sjálfstæði RÚV er að stjórnskipulag þess sé með þeim hætti að þar verði slitið á öll pólitísk ítök í stofnuninni til að styrkja RÚV og auka allt sjálfstæði þess. Markmiðið með rekstri RÚV er að auka öryggisþáttinn og fyrst og síðast að efla alla dagskrárgerð og menningartengt efni og að útvarpið verði öflugur lýðræðislegur vettvangur upplýsinga og umræðu um allt land þar sem allar ákvarðanir byggja á faglegum forsendum án nokkurrar íhlutunar pólitískra afla. Mikilvægt er einnig að Ríkisútvarpið geti keppt á jafnréttisgrundvelli á við aðra fjölmiðla um starfsfólk að því er varðar ráðningakjör og starfsmannahald, en með breytingu á rekstrarforminu skil ég málið svo að starfsmenn verði ekki lengur ríkisstarfsmenn og muni framvegis semja um kjör sín beint við RÚV en réttarstaða þeirra

varðandi biðlaunarétt og lífeyrisréttindi verði áfram óbreytt.

Hitt er annað mál sem er öllu verra að með því að losa um ríkisrekstrarformið verður RÚV undanþegið upplýsingaskyldu og upplýsingalögum, sem er fráleitt. RÚV yrði ekki B-hluta stofnun heldur E-hluta stofnun. Vil ég í því sambandi minna á frumvarp hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar um breytingu á þingsköpum sem er enn meiri þörf en nokkru sinni að verði að lögum, ef þetta frumvarp á að ná fram að ganga, en þar er kveðið á um skýlausan rétt alþingismanna til upplýsinga um málefni fyrirtækis sem ríkissjóður á að hálfu eða meira. Þetta frumvarp kallar svo sannarlega á að það frumvarp verði sérstaklega skoðað.

Til að efla sjálfstæði RÚV þarf bæði að gera rekstrarlegar og skipulagslegar breytingar sem m.a. binda endi á flokkspólitísk ítök en svo verður ekki búið að RÚV með þeim ákvæðum sem í frumvarpinu eru um stjórnskipulag þess.

Hvað kemur raunverulega í stað útvarpsráðs sem var vettvangur pólitískrar samtryggingar og hrossakaupa? Jú, það kemur stjórn sem kosin er með sama hætti og útvarpsráð, á Alþingi, þó pro forma sé stjórnin kosin á aðalfundi í sameignarfélaginu. Þannig verður stjórn félagsins áfram pólitískt skipuð þó vissulega auki það sjálfstæði RÚV að stjórnin hefur ekki afskipti af dagskrá en hefur einungis rekstrarleg afskipti af RÚV. Og þó skipan útvarpsstjóra sé breytt og það vald tekið úr höndum menntamálaráðherra ræður stjórnin, sem er pólitískt skipuð, útvarpsstjóra og hver treystir sér, má spyrja, í raun og sanni til að halda því fram að það verði ekki ríkjandi stjórnvöld á hverjum tíma sem ráða bak við tjöldin hver verður útvarpsstjóri hverju sinni?

Það er líka mjög óæskilegt við slíkar kringumstæður að útvarpsstjóri sé í ráðningarsambandi við stjórn fyrirtækisins eða stjórn RÚV sem leitt getur til hagsmunaárekstra. Það er því ljóst að stjórnin sem við tekur af útvarpsráði verður áfram pólitískt skipuð og það verður hinn pólitíski meiri hluti á hverjum tíma sem ræður útvarpsstjóra.

Ég tel að hæstv. menntamálaráðherra eigi að reyna í samstöðu með stjórnarandstöðunni að ná farsælli niðurstöðu varðandi sjálfstæði RÚV en hér blasir við, verði þetta óbreytt að lögum. Það ætti t.d. að skoða leiðir sem tryggja aðgang starfsmanna sjálfra að ákvarðanatöku og þeim viðfangsefnum sem fimm manna pólitísk stjórn á að hafa samkvæmt frumvarpinu og mætti í því sambandi skoða annað fyrirkomulag eins og sjálfseignarfyrirkomulagið, þó að undir það sé vissulega hægt að taka að það er ekki fullkomið, eða jafnvel að samin verði sérstök ákvæði í lögum um rekstrarform RÚV þar sem markmiðið væri lagarammi um stjórnskipulag sem kæmi í veg fyrir pólitíska íhlutun bæði við skipan stjórnar og við ráðningu útvarpsstjóra og vægi starfsmanna mundi einnig vega við skipan stjórnar og ráðningar útvarpsstjóra.

Ég spyr hæstv. menntamálaráðherra hvort hún hafi skoðað aðra skipan þessara mála þar sem losað væri um pólitísk ítök flokkanna eða ef ráðherra er fastur í þessari skipan, að ítök flokkanna ættu enn að vera til staðar í nýrri stjórn, hvort hún hafi hugleitt t.d. það sem fram kom hjá hv. þm. Merði Árnasyni að t.d. fulltrúar starfsmanna ættu einn til tvo fulltrúa í þeirri fimm manna stjórn og hvort hún sé tilbúin til þess að hugleiða þá niðurstöðu í meðferð málsins í þinginu.

Ég spyr líka: Gæti hæstv. ráðherra hugsað sér að skoða nýja leið í stjórnskipulagi stofnunarinnar við ráðningu útvarpsstjóra, t.d. með því að atkvæði starfsmanna á RÚV hefðu ákveðið vægi á móti atkvæðum stjórnar við ráðningu útvarpsstjóra. Allt væri þetta til að auka lýðræðið í stofnuninni og tryggja fagleg vinnubrögð sem þessari stofnun eru svo nauðsynleg.

Ég nefni í því sambandi mál sem ég hef flutt og fleiri þingmenn Samfylkingarinnar um atvinnulýðræði þar sem lagt er til að farin verði sú leið sem víða hefur verið farin í löndunum í kringum okkur, þ.e. að gert er ráð fyrir aðild starfsmanna að stjórnun fyrirtækja. Ég hvet því ráðherra til að reyna að ná sátt og samstöðu um lagarammann um RÚV sem ráðherrann hefur full tök á og við höfum reynsluna fyrir okkur í fjölmiðlamálinu þar sem ágæt sátt náðist í því máli sem ég hef fulla trú á að væri einnig hægt að ná í þessu máli ef hæstv. ráðherra mundi bíða með það fram á haust með þeim rökum sem ég hef sett hér fram.

Ég vil þá næst víkja að fjármögnun RÚV og vísa þar til ágætrar skýrslu sem gerð hefur verið um fjármögnun Ríkisútvarpsins sem kom fram í maí 2004 og gerð var af Þorsteini Þorsteinssyni, forstöðumanni markaðssviðs Ríkisútvarpsins. Ég hef farið ítarlega í gegnum þá skýrslu og þær leiðir sem þar eru valdar og ég verð að segja að mér finnst að hæstv. menntamálaráðherra hafi valið óskynsamlegustu leiðina af þeim sem þar koma fram.

Í skýrslunni kemur m.a. fram viðhorfskönnun sem gerð var fyrir RÚV 2002 sem sýndi að 41% aðspurðra vildu að RÚV yrði fjármagnað með beinum framlögum úr ríkissjóði, 33% með afnotagjöldum einstaklinga, 18 ára og eldri, og aðeins 26% með nefskatti, sem segir ákveðna sögu. Einnig eru aðrar leiðir nefndar í skýrslunni sem ég hef fullan hug á að vita hvort ráðherrann hafi látið skoða sérstaklega, sem er gjaldtökuleið sem taki mið af íbúðum eða fasteignum. Ég tel að afar mikilvægt sé við mat á fjármögnunarleiðum að tryggja eins og kostur er sjálfstæði Ríkisútvarpsins þannig að við séum líka að ræða um tryggan tekjustofn sem haldi a.m.k. raungildi sínu og sé ekki háður ákvörðunum stjórnvalda við fjárlagagerð hverju sinni. En ég sé þó að það er vissulega erfitt að finna slíka leið og stjórnvöld fara iðulega þá leið, þó að lögfestur sé ákveðinn tekjustofn, að koma með bandorm við fjárlagagerðina með „þrátt-fyrir"-ákvæði til að skerða tekjustofninn.

Ef við förum aðeins í afnotagjaldið kemur fram í skýrslunni að í samanburði sem gerður hefur verið á afnotagjöldum milli landa kemur í ljós að afnotagjöldin eru langhæst á Íslandi eða 32.360 kr. á ári. Það er t.d. helmingi lægra í Bretlandi og mun lægra annars staðar á Norðurlöndunum. Því væri full ástæða til að lækka afnotagjöldin og finna aðrar leiðir. Það hefur líka verið þannig að afnotagjöld hafa ekki sjálfkrafa hækkað, eins og fram kemur í þessari ágætu skýrslu, í samræmi við verðlagsbreytingar en frá árinu 1994 hefur raungildi afnotagjalda rýrnað um 24,3% á árunum 1994–2003 þó að frá árunum 1998–2004 hafi hækkanir þó verið í samræmi við almenna verðlagsþróun.

Nefskatturinn sem hæstv. ráðherra hefur valið hefur mjög marga galla. Það er t.d. galli að þarna er verið að ræða

um ákveðið gjald, 13.500, sem vissulega er ekki hátt, en þar er um að ræða að þetta á að leggjast á ungmenni frá 16 ára aldri og allt til 70 ára aldurs. Þeir sem eru 70 ára greiða þetta en þeir sem eldri eru þurfa ekki að greiða þetta ef tekjur þeirra eru innan þess tekjuviðmiðs sem er í lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra. Og hvað er nú það viðmið? Ég tók ekki eftir því að hæstv. ráðherra nefndi það í framsöguræðu sinni. Það er 855.231 kr. eða 71 þúsund kr. á mánuði. Það er nú ekki hærra en það, þetta er meira að segja lægra en persónuafsláttur inn. Nefskatturinn kæmi því illa við mjög fjölmennan hóp lágtekjufólks. Ef ráðherrann ákveður að nefskatturinn taki mið af 18 ára aldri, sem hefði verið eðlilegra, en miða ekki við 16 ára aldur, þá þyrfti að hækka gjaldið um 2.000 kr.

Síðan spyr ég hæstv. ráðherra: Af hverju er ekki gert ráð fyrir því að þessi nefskattur taki hækkunum í samræmi við verðlagsbreytingar? Á þetta að vera háð duttlungum ráðherra á hverjum tíma?

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hafi hugsað út í að skatturinn getur komið mjög illa við fjölskyldur þar sem eru ungmenni. Í fjögurra manna fjölskyldu þar sem eru ungmenni á aldrinum 16–18 ára getur sú fjölskylda þurft að borga 54 þús. kr. á ári í nefskatt og ef það er fimm manna fjölskylda sem er innan þessa viðmiðs er þetta enn þá meira. Ég spyr: Á ekki að grípa til neinna jöfnunaraðgerða varðandi slíkan hóp? Hér er örugglega um mjög mörg heimili að ræða sem munu þurfa að greiða miklu, miklu meira en aðrir, sem er mjög ósanngjarnt.

Hér er talað um í frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Almennt mætti þó miða við að haga skattlagningunni þannig að hvert þriggja manna heimili yrði nokkurn veginn jafnsett eftir sem áður, sem mundi þýða að gjaldið lækkaði fyrir fámennari heimili, en hækkaði fyrir heimili þar sem fullorðnir einstaklingar 16 ára og eldri væru 4 eða fleiri."

Nú hafði ég samband við menntamálaráðuneytið til að vita hvað hér væri á döfinni af því að ég sá ekki að það hefði neina lagastoð í frumvarpinu að grípa til slíkra jöfnunaraðgerða, hvort það væri þá ekki eitthvað sem vantaði inn í frumvarpið. Þá var mér sagt að það væri ekki hugmyndin að grípa til neinna jöfnunaraðgerða varðandi fjölmenn heimili og þetta hefði verið inni í einhverjum fyrri drögum og láðst að taka þetta út. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað er rétt í þessu? Er hugmyndin að grípa til einhverra sérstakra jöfnunaraðgerða þar sem um er að ræða heimili sem lenda kannski í því að borga 50–60 þús. kr. í þennan nefskatt?

Síðan er gallinn við nefskattinn, sem er líka náttúrlega við afnotagjöldin, að lögaðilar taka mjög lítinn þátt í fjármögnun RÚV. Þetta var eitthvað sáralítið varðandi afnotagjöldin en verður þó um sirka 300 milljónir af þessum áformuðu 2,5 milljörðum kr. sem taka á inn með nefskatti en var 0,4%, sem mig minnir að lögaðilar hafi borgað í afnotagjöldum, sem er náttúrlega nánast ekki neitt.

Þá vil ég víkja að þeirri leið sem ég tel að eigi að skoða og ég vil taka fram að ég er ekki að festa mig í því að þetta sé endilega sú tillaga sem ég legg til en mér finnst þetta álitlegur kostur sem eigi virkilega að skoða ásamt því að skoða þá leið sem líka er talað um í skýrslunni, að athuga t.d. það að RÚV sé fjármagnað af fjárlögum og gerður ákveðinn langtímasamningur við RÚV, sem er nauðsynlegur til að tryggja festu og stöðugleika í starfsemi RÚV og tæki mið af ákveðnum kröfum um árangursstjórnun. Þetta er ein leiðin sem ég tel að ætti skoða og svo sú varðandi fasteignaskattinn sem ég vil nota restina af tíma mínum til að ræða hér.

Í skýrslunni um RÚV er sú leið talin mjög jákvæð og vil ég vitna til þess að þar eru kostirnir tíundaðir, t.d. á bls. 5.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Fasteignakerfið er sú leið sem virðist falla best að þeim skilyrðum fyrir fjármögnun sem sett eru fram í skýrslunni."

Fasteignaleiðin er því leið sem mælt er með.

Síðan á bls. 36 í skýrslunni segir, með leyfi forseta:

„Innheimta byggð á fasteignagrunni hefur þá kosti að gjaldið mundi lækka þar sem greiðendur yrðu fleiri. Svo til allir landsmenn kæmu að fjármögnun RÚV og innheimta yrði ódýrari og kostnaðarvitund almennings, eigenda Ríkisútvarpsins, héldist að nokkru leyti."

Meira er um þetta sagt sem sýnir jákvæða kosti þessarar leiðar sem ég hef ekki tíma til að lesa.

Gallinn þó á þeirri leið sem lögð er til í skýrslunni er að lagt er til að álagningin á fasteignir taki mið af fasteignamati eða ákveðnu hlutfalli fasteignamats og rætt um 0,17% í skýrslunni. Gallinn á þeirri leið væri sá að það gæti reynst ósanngjarnt gagnvart tekjulágum einstaklingum sem búa kannski í stóru húsnæði.

Þess vegna hef ég skoðað þá leið, virðulegi forseti, hvort ekki ætti að hafa fasteignaskattinn eða fjármögnun á fasteignum með þeim hætti að einstaklingar borguðu bara ákveðna fjárhæð per íbúð en lögaðilar tækju miklu meiri þátt í þessu en þeir hafa gert hingað til og álagningin á þá mundi miðast við fasteignamat með líkum hætti og gert er nú varðandi fasteignagjöld.

Ef við lítum til fasteignamatsins eða stofnsins sem nú er byggt á, t.d. varðandi fasteignagjöldin, var hann um 432 milljarðar árið 2003. Í ár yrði hann u.þ.b. 475 milljarðar. Ef við stilltum dæminu upp þannig, það eru auðvitað til margar leiðir í því, en ef við stilltum dæminu upp þannig að lögaðilar borguðu helminginn af þessum 2,5 milljörðum og einstaklingar helminginn þá kæmi þetta út með þeim hætti að að leggja þyrfti 0,26% á fasteignamatið á lögaðila, sem er nú 1,32%, sem er nú ekki mjög mikið, en einungis 0,26% gæfu 1.250 millj. kr. Ef einstaklingar sem eiga íbúðir ættu að borga afganginn þyrftu þeir að borga 11 þús. kr. á hverja íbúð, ef íbúar 70 ára og eldri væru ekki undanskildir. Við erum því að tala um lægra gjald á einstakling og þá mundi ráðherrann losna við það vandamál sem ég held að hún þyrfti að glíma við ansi lengi, þegar fjölskyldurnar sem eru með mörg ungmenni byrja eðlilega að kvarta yfir því að þurfa að borga margfalt meira gjald fyrir útvarpsnotkun en aðrir. Við erum einungis að tala um 11 þús. kr. á hverja íbúð og þá værum við laus við þetta ungmennavandamál í gæsalöppum, ef svo mætti að orði komast, og einungis þyrfti að hækka fasteignagjöldin að því er varðar lögaðila um 0,26%, sem er í dag 1,32%. Ef allir sem eiga íbúð og eru 70 ára og eldri væru undanskildir þyrfti gjaldið á hverri íbúð að fara í 12.700 kr. Við gætum hugsað okkur ýmsar leiðir í því, t.d. þá afsláttarleið sem núna er í afnotagjöldunum fyrir lífeyrisþega eða þá sem eru eldri en 70 ára, en

þetta er leið sem ég tel að við ættum að skoða. Með þessari leið sveigjum við, eins og ég segi, fram hjá þeirri ósanngirni að heimili þar sem einn, tveir eða þrír unglingar eru þurfi að borga margfalt hærra gjald en aðrir. Gjaldið færi ekki yfir það sem stjórnarflokkarnir ætla að leggja á hvern einstakling, fremur mundi það lækka, og þeir sem eru í leiguíbúðum, af því að væntanlega mundu þeir sem leigja út íbúðir þurfa þá að borga þetta gjald, þeir mundu láta það koma fram í leigunni, en þeir sem leigja núna þurfa að borga afnotagjald sem samsvarar 32.500 kr. og leigan mundi ekki þá hækka nema sem samsvaraði 12 þús. kr. Síðan mundu lögaðilar greiða meira en þeir greiða núna, sem er eðlilegt vegna þess að útvarp og sjónvarp eru jú líka í fyrirtækjum og eðlilegt að þeir aðilar greiði einnig.

Ég bið hæstv. ráðherra að íhuga vel að fara aðrar leiðir varðandi (Forseti hringir.) fjármögnun á RÚV en hún ætlar sér að fara og hef lagt líka fyrir hana nokkrar spurningar sem ég vænti að hún svari síðar í umræðunni.

[19:15]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru nokkur atriði í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem ég vil gera athugasemdir við.

Í fyrsta lagi vil ég nefna það varðandi umfjöllun hennar í upphafi um félagaformið að þótt ég hefði persónulega talið heppilegra að hafa það í frumvarpinu að breyta ætti fyrirkomulaginu í hlutafélagaform þá gengur sameignarfélagsformið líka upp. Vegna ummæla hennar um að það þyrfti að breyta þessum lögum þegar fram væru komin lög eða lagareglur um sameignarfélög sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur boðað þá er það nú ekki endilega svo vegna þess að sérlögin sem gilda um Ríkisútvarpið sf., ef þetta frumvarp nær fram að ganga, munu væntanlega taka fram ákvæðum almennu laganna þar sem þau fara ekki fullkomlega saman.

Eins verð ég að játa að ég áttaði mig ekki alveg á fullyrðingu hv. þingmanns í sambandi við það að með þeim breytingum sem eru fyrirhugaðar á stjórnskipan stofnunarinnar með þessu frumvarpi væri verið að auka pólitísk ítök — ég gat ekki betur heyrt en að hv. þingmaður segði það í sínu máli — vegna þess að þó að vissulega verði áfram fyrir hendi ákveðin pólitísk ítök í formi þess að Alþingi kýs einstaklinga sem síðan eru skipaðir eða kosnir í stjórnina á aðalfundi þá get ég ekki séð að verið sé að auka hin pólitísku ítök heldur þvert á móti að minnka þau, fjarlægja t.d. útvarpsstjórann eða forstjóra fyrirtækisins frá ráðherranum sem hefur skipunarvaldið hvað það varðar í dag. Ég held því (Forseti hringir.) að ef þetta er metið þá sé nú verið að draga fremur úr hinum pólitísku afskiptum en auka þau.

[19:17]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Varðandi sameignarfélögin fyrst, virðulegi forseti, sem ég nefndi þá setti ég það fram vissulega bara sem ein rök máli mínu til stuðnings um að eðlilegt væri að fresta þessu máli til haustsins vegna þess að við eigum engin lög um sameignarfélög. Þau eru í smíðum og það er eðlilegt að þetta sé skoðað samhliða þó ekki sé endilega víst að breyta þurfi sérlögum um RÚV þegar hæstv. viðskiptaráðherra leggur fram sitt frumvarp. Þó eru ákveðnar vísbendingar um að svo þyrfti að vera. Aðalatriðið er að við getum náð saman um að fresta þessu máli og þetta verði ekki sett í lög nema að reyna að ná sátt í málinu fyrst eins og við höfum hér verið að kalla eftir og um leið og frumvarpið almennt um fjölmiðla verður lagt fram á haustdögum.

Síðara atriðið um að ég hefði sagt að verið væri að auka pólitísk ítök þá hefur hv. þingmaður annaðhvort ekki heyrt hvað sagt var eða ég missagt eitthvað vegna þess að ég var að segja að áfram væru pólitísk ítök í RÚV þrátt fyrir þessa breytingu og rökstuddi það með því að ekki væri nú voðalegur munur á skipan þessarar nýju stjórnar og útvarpsráðs, sem á raunverulega að skipa með sama hætti á Alþingi alveg eins og útvarpsráð er skipað þó vissulega sé verið að breyta því í þá veru að stjórnin fjalli um rekstrarþáttinn fyrst og fremst.

Ég spyr hv. þingmann hvort hann telji ekki eðlilegt, eins og við höfum lagt til og ég og hv. þm. Mörður Árnason höfum kallað eftir, að starfsmenn eigi sæti í þessari stjórn. Það mundi draga úr þeim pólitísku ítökum sem vissulega eru til staðar enn þá. Ég hef líka haldið því fram að útvarpsstjóri verði áfram pólitískt skipaður vegna þess að meiri hluti þessarar stjórnar fyrst og fremst, ef starfsmenn verða ekki þarna innan borðs, mun ráða ferðinni. Þarna verður (Forseti hringir.) ráðherravaldið yfir stofnuninni áfram fyrir hendi.

[19:19]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sem kom fram í svari hv. þingmanns Jóhönnu Sigurðardóttur núna sé afskaplega mikilvægt, þ.e. að það er að verða veruleg breyting, ef þetta frumvarp nær fram að ganga, á verksviði þess fjölskipaða stjórnvalds sem í dag er útvarpsráð en verður eftir breytinguna stjórn þessa fyrirtækis. Það er verið að takmarka mjög, miðað við frumvarpið, afskipti stjórnarinnar af öðrum málum en rekstrarmálefnum. Ég held að það sé afskaplega mikilvægt skref og það get ég ekki skilið öðruvísi en svo að verið sé að draga úr beinum pólitískum afskiptum af þessari stofnun.

Varðandi síðan það hvernig stjórn stofnunar af þessu tagi eigi að vera skipuð þá held ég að meðan við höfum útvarp eða fyrirtæki af þessu tagi sem er í eigu ríkisins muni menn alltaf geta komið með kenningar um að hið pólitíska vald, ráðherravaldið eða hvað menn vilja kalla það, hafi einhver ítök. Þannig er nú með allar stofnanir í eigu ríkisins að til einhvers sækja hinir ráðnu forstöðumenn eða forstjórar umboð sitt. Við vitum hvernig það gengur fyrir sig. Það er í langflestum tilvikum með þeim hætti að þeir eru valdir af ráðherra eða stjórn sem valin er með einhverjum hætti sem á rætur sínar í hinu pólitíska valdi sem liggur á Alþingi. Ef menn vilja stíga það skref til fulls að klippa með öllu á hin pólitísku afskipti þá held ég að þeir verði að sætta sig við að þetta fyrirtæki hverfi úr eigu ríkisins. En ég á ekki von á því að hv. þingmaður sé að mæla með þeirri skoðun hér.

[19:21]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega eru til ýmsar aðrar leiðir en sú sem hér hefur verið farin. Hv. þingmaður Mörður Árnason nefndi ýmsar leiðir í framsögu sinni áðan, m.a. þá leið sem hefur verið farin hjá BBC. Við ættum því vissulega að skoða þá leið.

Ég nefndi líka ákveðna hugmynd í dag, þ.e. að auka þátt starfsmanna í stjórn þessa fyrirtækis þannig að t.d. eigi tveir fulltrúar starfsmanna sæti í þessari fimm manna stjórn. Hv. þingmaður tjáði sig ekki um það. Vonandi gerir hann það síðar í þessari umræðu.

Ég held líka að það megi auka vægi starfsmanna almennt við ráðningu útvarpsstjóra, m.a. með því að atkvæði starfsmanna RÚV hefðu ákveðið vægi við ráðningu útvarpsstjóra á móti stjórn RÚV. Það held ég að mundi tryggja ákveðið lýðræði í þessari stofnun miklu meira og koma í veg fyrir hið pólitíska vald sem vissulega er til staðar og hv. þingmaður viðurkennir reyndar í sínu máli að verði til staðar þrátt fyrir þessa breytingu. Þó með ákveðnum hætti sé verið að reyna að draga úr pólitískri íhlutun þá er það enn til staðar að stjórnin er kosin hér og það eru hinir pólitísku flokkar sem kjósa þessa stjórn. Meiri hlutinn er skipaður af meiri hlutanum á Alþingi. Ég held því fram að ítaka pólitísku flokkanna sem eru við stjórnvölinn hverju sinni muni gæta við ráðningu útvarpsstjóra. Það er mjög óæskilegt. Ef við settum okkur bara það markmið núna fram á haustið að skipa þverpólitíska nefnd sem hefði það markmið að reyna að losa alveg um hin pólitísku ítök og ef það væri virkilegur vilji fyrir hendi hjá stjórnarflokkunum til að gera það þá er ég sannfærð um að við fyndum ásættanlegar leiðir í því máli sem er miklu farsælla fyrir þessa (Forseti hringir.) stofnun en sú leið sem stjórnarflokkarnir ætla að fara.

[Fundarhlé. — 19:24]

[20:00]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. menntamálaráðherra fylgdi máli sínu úr hlaði með því að vitna til ummæla menntamálanefndar á nefndaráliti sem á sínum tíma birtist í þingskjölum. Það nefndarálit var gefið út þegar við endurskoðuðum útvarpslög síðast. Þar mælti menntamálanefnd með samþykki útvarpslagafrumvarpsins en tók fram í nefndarálitinu að nauðsynlegt væri að endurskoða lagaákvæði um Ríkisútvarpið og endurmeta hlutverk þess í breyttu fjölmiðlaumhverfi og mun nefndin hafa lagt áherslu á að þeirri vinnu væri hraðað.

Herra forseti. Þetta er að sínu leyti rétt. Menntamálanefnd lagði áherslu á að þegar búið væri að taka ákvæðin um Ríkisútvarpið út úr útvarpslagafrumvarpinu væru þar eftir einhverjar slitrur af lögum sem ekki væri nóg að nefna nýju nafni, þ.e. lög um Ríkisútvarp, heldur yrði að endurskoða málin í heild sinni, og ég minnist þess að nefndin hafi óskað eftir að þeirri vinnu yrði hraðað. Það var ekkert um það í ósk nefndarinnar á þeim tíma að málið yrði unnið með þeim hætti sem hæstv. menntamálaráðherra hefur valið að vinna það. Ég er sannfærð um að sjónarmið menntamálanefndar á þeim tíma hefur verið það að náðst gæti víðtæk sátt um málefni Ríkisútvarpsins og endurnýjaða löggjöf um það.

Hæstv. menntamálaráðherra kýs að fara aðra leið. Hún lokar alla vinnuna inni í ráðuneyti sínu þar sem hún safnar saman einhverjum huldumönnum sem við höfum ekki enn fengið upplýst hverjir eru og þar er ákveðið að setja saman frumvarp um Ríkisútvarpið og koma með það hingað undir því yfirskini að menntamálanefnd Alþingis hafi óskað eftir að málið yrði unnið og því yrði hraðað.

Eftir að fjölmiðlanefnd menntamálaráðherra fór í gang komu strax fram óskir frá stjórnarandstöðuflokkunum um að Ríkisútvarpið og tillögur um það yrðu settar undir sama hatt, þ.e. að unnið yrði á sömu nótum í samráði til að sátt gæti náðst. Við teljum mikilvægt, eins og komið hefur fram í ræðum þingmanna, að sköpuð sé nauðsynleg sátt, jarðvegur sátta utan um Ríkisútvarpið ekki síður en utan um það umhverfi sem einkamiðlunum er ætlað að starfa í.

Eins og fram hefur komið hér, virðulegi forseti, hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð lagt fram sjálfstætt frumvarp um Ríkisútvarpið. Það frumvarp gerir ekki ráð fyrir að rekstrarformi Ríkisútvarpsins verði breytt. Við erum þeirrar skoðunar að Ríkisútvarpið eigi áfram að vera ríkisstofnun á þann hátt sem það hefur verið og við styðjum það ákveðnum rökum. Við sjáum ekkert í þeirri innihaldslitlu klisju hæstv. menntamálaráðherra og reyndar ýmissa fleiri að nauðsynlegt sé að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins til að auka sveigjanleika þess. Það hefur auðvitað komið í ljós að sá sveigjanleiki er kannski fyrst og síðast fólginn í því valdi sem stjórnendur gætu þá beitt til þess að reka starfsfólk og ráða að vild.

Það segir í greinargerð hæstv. menntamálaráðherra með frumvarpi þessu að stjórnendur í sameignarfélagi geti brugðist skjótar við breyttum markaðsaðstæðum og öðrum breytingum á aðstæðum heldur en stjórnendur ríkisstofnunar, og þar með ætti fyrirtækið að vera mun betur í stakk búið til þess að standast samkeppni og skila hagnaði.

Hæstv. forseti. Það hvernig málið er sett fram hér segir mér aðeins eitt. Það skiptir engu máli hvort þetta nýja félag yrði sett upp í hlutafélagaformi eða sameignarformi, gjörðin er söm. Það að stjórnarflokkarnir skyldu hafa komist að þeirri málamiðlun að rekstrarformið yrði sameignarfélag er í sjálfu sér undarleg niðurstaða og hún vekur furðu fleiri en mín. Ég rakst á grein í Viðskiptablaðinu fyrir skemmstu þar sem Sigríður Á. Andersen lögfræðingur, sem skrifar um þjóðmál fyrir Viðskiptablaðið, fjallar um frumvarpið og hún kallar það „frumvarp um ekki neitt“. Sigríður Á. Andersen segir í grein sinni í Viðskiptablaðinu, með leyfi forseta:

„Það kæmi manni ekki á óvart þó að framsóknarmenn hefðu velt því alvarlega fyrir sér að gera Ríkisútvarpið að samvinnufélagi. Að minnsta kosti er augljóst að þeir hafa róið að því öllum árum að koma í veg fyrir að Ríkisútvarpið yrði gert að hlutafélagi. Á því getur svo sem verið eðlileg skýring, til dæmis sú að þeir hræðist hlutafélagaformið. Það er nefnilega auðvitað aðeins eitt markmið sem stjórnvöld eiga að hafa þegar ríkisfyrirtæki eða stofnanir eru gerðar að hlutafélagi og það er að selja hlutabréfin. Þessu markmiði

geta menn svo verið sammála eða, eins og í tilfelli framsóknarmanna, ekki. Þeirra innlegg í málið, hugmyndin um sameignarfélagið RÚV, er hins vegar svo ómálefnaleg að það hvarflar að manni að hún sé bara komin til vegna samforskeytisins sem framsóknarmenn hafa löngum viljað kenna sig við.

Það er þó aukaatriði hvort stofnunin RÚV sé felld undir eitt félagsformið frekar en annað þó að vissulega sé það einkennilegt þegar stjórnvöld sjálf leggja til, með hugmyndum um sameignarfélag í eigu eins aðila, veigamikil frávik frá bæði almennri málvitund og eðli máls í lagalegum skilningi."

Hæstv. forseti. Ég hef tilhneigingu til að vera sammála Sigríði Á. Andersen. Félagsformið skiptir ekkert höfuðmáli. Hér er Sjálfstæðisflokkurinn að ná fram þeim markmiðum sínum að breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins — allt í lagi í einhverju millibilsástandi — í sameignarfélag. En verður ekki lítið mál að skutla því yfir í hlutafélagaform þegar vindar blása öðruvísi í ríkisstjórninni? Og hvað er langt í að það verði? Það er kannski bara stutt og þá verða þau markmið Sjálfstæðisflokksins að selja öll hlutabréf og hlutafélög í eigu ríkisins að veruleika. Hér er því á ferðinni dulbúin ósk sjálfstæðismanna um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag. Ég vara sannarlega við því að menn gleypi þetta hrátt þó að þetta heiti sameignarfélag.

Hvernig í ósköpunum láta menn sér detta í hug að stofna sameignarfélag sem á að vera í eigu eins aðila? Sameign hverra? Ríkisstjórnarinnar? Hér hafa menn verið að gera því skóna að ekki eigi að aflétta pólitískum ítökum í stjórn Ríkisútvarpsins. Ég er sammála því. Það er ekki verið að létta pólitískum möguleikum og pólitískri íhlutun ríkisstjórnarinnar með þeim tillögum sem hér liggja fyrir. Hér er sannarlega að mörgu að gæta og kannski að úlfurinn í sauðargærunni sé á ferli þegar öllu er á botninn hvolft.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill ekki breyta rekstrarformi Ríkisútvarpsins, sér raunar enga ástæðu til þess. Í frumvarpi okkar eru settar fram tillögur um grundvallarbreytingar á stjórnsýslu stofnunarinnar, tengslum hennar við Alþingi og framkvæmdarvaldið. Auk þess leggjum við til að afnotagjöldin í þeirri mynd sem þau nú tíðkast verði lögð niður. Ég fer hér í örstuttu máli, hæstv. forseti, yfir tillögur okkar þó að, eins og menn vita, að mál okkar sé ekki hér á dagskrá, en til þess að skýra meginsjónarmið okkar tel ég mig knúna til að gera örlitla grein fyrir meginhugmyndum okkar.

Við viljum að útvarpsráð verði lagt niður, en við viljum í þess stað sjá dagskrárráð sem fyrst og fremst muni sinna því hlutverki að sjá til þess að Ríkisútvarpið sinni lögbundnum skyldum sínum, veiti stofnuninni þannig faglegt og lýðræðislegt aðhald. Dagskrárráð okkar á ekki að hafa afskipti af innri stjórnsýslu Ríkisútvarpsins að öðru leyti en því að útvarpsstjóri skal jafnan skipaður með samþykki dagskrárráðsins. Síðan sjáum við fyrir okkur að ráðið byggi ekki á pólitískum valdahlutföllum heldur leggjum við til að við skipan þess verði reynt að tryggja aðkomu mismunandi viðhorfa í samfélaginu. Ekki verði skorið á tengsl Ríkisútvarpsins við Alþingi því að allir þingflokkar skulu samkvæmt hugmyndum okkar tilnefna fulltrúa í dagskrárráðið ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bandalagi listamanna og Neytendasamtökunum. Æðstu menn stjórnsýslu Ríkisútvarpsins munu líka eiga sæti í dagskrárráðinu auk að sjálfsögðu fulltrúa starfsmanna.

Hæstv. forseti. Við erum nefnilega ekki þeirrar skoðunar að stjórnmálamenn, að ekki sé talað um alþingismenn, séu liðónýtir til að eiga sæti í stjórn stofnunar á borð við Ríkisútvarpið. Við teljum alþingismenn vera fullgilda í slíkri stjórn. Við erum jú einu sinni fulltrúar fólksins í landinu, kjörin af fólkinu í landinu til að sinna ákveðnum sjónarmiðum, ákveðnum málefnum sem við höfum lofað í frjálsum kosningum að sinna. Ég tel okkur því fullburðug til að sitja í stjórn stofnunar á borð við Ríkisútvarpið.

Hins vegar tel ég til vansa hvernig ríkisstjórnin hefur praktíserað það í gegnum árin að misbeita hinu pólitíska valdi sínu í stjórn stofnunarinnar. En látum ekki þá sem slíkt hafa gert koma óorði á alla kjörna fulltrúa þjóðarinnar. Það er varhugavert því að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar eiga fullt erindi þarna inn, það þarf bara að tryggja að þeir hafi ekki það meirihlutavald sem ríkisstjórnin hefur sóst eftir að hafa og eftir því sem virðist vera í hinu nýja frumvarpi sem hér liggur fyrir, ætlar að halda áfram að eiga tryggt.

En aftur, virðulegi forseti, að hugmyndum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs varðandi framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins. Hugmyndir okkar ganga út á það að hún eigi að hafa ábyrgð á allri stjórnsýslu stofnunarinnar og að útvarpsstjóri verði samkvæmt okkar hugmyndum ábyrgur gagnvart framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin yrði skipuð forsvarsmönnum deilda Ríkisútvarpsins auk fulltrúa starfsmanna, og útvarpsstjóri, í umboði framkvæmdastjórnarinnar, annaðist síðan ráðningu starfsmanna en þegar um er að ræða ráðningu þeirra sem annast dagskrárgerð skal ætíð byggt á samþykki framkvæmdastjórnarinnar.

Það er alveg ljóst að með þessum tillögum værum við að innleiða eða efla vald starfsmanna inni í stofnuninni og við teljum það vera lykilatriði. Við teljum það vera grundvallaratriði til að efla stofnunina að starfsfólkið eigi aðkomu að stjórninni og beri ábyrgð með þeim sem stjórna. Það er algert lykilatriði sem okkur finnst ekki vera tekið tillit til eða sinnt í þeim tillögum sem hæstv. menntamálaráðherra talar fyrir hér í dag.

Varðandi afnotagjöldin eru hugmyndir okkar þær að þau verði lögð niður í núverandi mynd en verði þess í stað tengd fasteignum og innheimt með fasteignagjöldum og þannig verði fasteignin eða íbúðar- og atvinnuhúsnæði stofn þessa gjalds. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talaði fyrir svipuðum hugmyndum áðan eða sagði okkur frá útfærslu á þessari hugmynd. Það sýnir okkur að það er einfalt og hagkvæmt að beita þessari aðferð. Ég lýsi því yfir fullum stuðningi við þær hugmyndir sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talaði hér fyrir og þakka henni fyrir að hafa sest niður og reiknað þetta á þeim nótum sem hún gerði, sem sýnir okkur fram á að þetta er ekki bara framkvæmanlegt heldur afar skynsamlegt og mun skynsamlegra en hugmyndirnar um nefskattinn sem hæstv. ráðherra talar fyrir. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er þess ekki fýsandi að rekstrarforminu verði breytt þó svo að við viljum sjá öflugar breytingar ganga í garð hvað þetta varðar.

Virðulegur forseti. Ræðutími okkar er ekki ótakmarkaður við 1. umr. en það er eitt atriði sem mig langar verulega

til að nefna í þessu sambandi sem ég tel ekki vera rúm fyrir eða ekki hafa verið skoðað eða gert ráð fyrir í tillögum hæstv. menntamálaráðherra. Það er atriði sem mikið var fjallað um í vinnu fjölmiðlanefndarinnar og varðar dreifingu útvarps- og sjónvarpsefnis. Í þeim málum hafa orðið stórstígar framfarir og sérstaklega ber að nefna þar hina stafrænu tækni sem nú ryður sér til rúms. En þá er eðlilegt að spurt sé hver þáttur Ríkisútvarpsins hafi verið í stafrænu byltingunni hingað til. Ég veit satt að segja ekki til þess að hann hafi verið nokkur því að Ríkisútvarpið hefur ekki fengið neitt sérstakt umboð frá stjórnvöldum til að vera þar áhrifavaldur. Stofnuninni hefur þvert á móti verið synjað um þá fjármuni sem hún hefur óskað eftir í þeim efnum. Henni hefur ekki verið veitt neitt fjárhagslegt svigrúm til að taka af einhverri vigt þátt í þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram við innleiðingu hinnar stafrænu tækni. Ekki er að sjá í þessu frumvarpi að henni sé ætlað hlutverk á því sviði í nánustu framtíð.

Þess vegna spyr ég: Ætla stjórnvöld, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn Ríkisútvarpinu að þiggja allt sitt í þeim efnum úr hendi einkaaðila á markaði? Virðulegi forseti. Mér finnst það ekki ásættanlegt. Ég vil vekja athygli manna á því að það var einmitt þessi staða Ríkisútvarpsins sem skipti sköpum um tillögur fjölmiðlanefndarinnar varðandi flutningsrétt annars vegar og flutningsskyldu hins vegar. Það er alveg rétt sem haldið hefur verið fram hér í dag við þessa umræðu að reglurnar um flutningsrétt og flutningsskyldu eiga eftir að valda straumhvörfum í útbreiðslu fjölmiðla á Íslandi nái þær fram að ganga. Þær eiga að öllum líkindum eftir að tryggja dreifingu Ríkisútvarpsins um dreifiveitur hvaða einkaaðila sem er. En þær eiga þó ekki eftir að tryggja að dreifingin nái örugglega til allra landsmanna eða til sjómanna á hafi úti. Ríkisútvarpið hefur hlutverki að gegna í þessum efnum og allt heimsins svigrúm, svo notuð séu klisjukennd orð stjórnarþingmanna um breytt rekstrarform stofnunarinnar, mun ekki tryggja að Ríkisútvarpið geti sinnt öryggishlutverki sínu ef það á að vera upp á aðra komið með dreifingu.

Í dag á Ríkisútvarpið dreifikerfið sem dreifir því til næstum allra landsmanna. Síminn annast viðhald þess kerfis. Nú er í bígerð að selja Símann og ekki hef ég heyrt að menn hafi sérstakar áhyggjur af því hver taki við því hlutverki að annast viðhald og rekstur dreifikerfis Ríkisútvarpsins. Ég spyr, virðulegi forseti: Eru menn sáttir við að Ríkisútvarpið verði upp á náð og miskunn einkarekinna dreifiveitna komið með dreifingu dagskrár sinnar til landsmanna? Ég er það ekki. Ég treysti því að hæstv. menntamálaráðherra eyði nokkrum mínútum í að svara þessum spurningum mínum í síðari ræðu sinni.

Í þessu sambandi vil ég líka minna á að Póst- og fjarskiptastofnun var á sínum tíma falið að leiða undirbúningsvinnu við að koma á stafrænu sjónvarpi. Í ársskýrslu stofnunarinnar fyrir 2003 kemur fram að undirbúningur hafi staðið mestallt það ár og markmiðið hafi verið að ná samkomulagi um dreifingu stafræns sjónvarps, samkomulagi um eina dreifileið en ekki margar, eitt dreifikerfi en ekki jafnmörg og miðlarnir sjálfir. Við vitum öll hvernig þessu lyktaði. Það náðist ekki samstaða. Þess vegna fóru Norðurljós af stað með Digital Ísland og þess vegna keypti Síminn Skjá einn. Norðurljós heita nú 365 ljósvakamiðlar og náðu þeir sem sagt forskotinu og ákváðu hvernig upphaf stafræns sjónvarps yrði háttað á Íslandi.

Ég tek það fram, virðulegi forseti, að ég er afar sátt við að geta nú notið þeirra gæða sem hin stafræna tækni býður upp á. En ég hefði viljað sjá vagninn dreginn af stjórnvöldum með þátttöku og í góðri sátt við aðila á markaði. Sú leið hefur verið farin í nágrannalöndum okkar en það hefur ekki verið gert án þess að kosta neinu til. Norðurlöndin hafa öll sett umtalsvert fé í að innleiða hina stafrænu tækni á undanförnum árum. Þar hafa stjórnvöld borið þá ábyrgð sem þeim ber í þessu sambandi en hér hafa stjórnvöld afsalað sér ábyrgðinni og látið markaðinn um að setja kúrsinn. Það er kannski rökrétt, slík er ofurtrú Sjálfstæðisflokks og Framsóknar á vilja markaðarins.

Virðulegi forseti. Ég er ekki sama sinnis. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði erum ekki sama sinnis. Við viljum að stjórnvöld tryggi að hagkvæmar leiðir séu valdar við innleiðingu hinnar nýju tækni. Við viljum að stjórnvöld tryggi að skynsamlega sé tekið á málum svo við sitjum ekki uppi með fjölda einkarekinna dreifiveitna sem hver og ein telur sig þurfa að eiga efnisveitu og fer sínar leiðir við að koma efninu til heimilanna. Ef stjórnvöld taka ekki af skarið þá sitja neytendur uppi með fjölda afruglara við sjónvarpstækin sín og ótal fjarstýringar sem oftar en ekki eru flestar týndar. Við sjáum því fram á ófremdarástand í þessum málum ef fram heldur sem horfir. Þess vegna eru hugmyndir fjölmiðlanefndarinnar um flutningsskyldu og flutningsrétt byltingarkenndar. Þær gera ráð fyrir því að allar dreifiveitur verði að taka allt það efni sem vill fara inn á dreifiveiturnar þannig að efnisveiturnar geti bara ráðið því inn á hvaða dreifiveitur þær fara og sömuleiðis að dreifiveiturnar geti fengið að dreifa því efni sem dreifiveiturnar vilja fá að dreifa.

Ég held að menn verði að gefa gaum þessari hugmynd og það fyrr en seinna. Ég teldi eðlilegt að þessi hugmynd væri hreinlega inni í þeim hugmyndum um Ríkisútvarpið sem við ræðum hér. Svo er ekki. Ástæðan er sú að frumvarpið um Ríkisútvarpið var samið á vitlausum stað og vitlausum tíma. Það átti að semja það í samvinnu allra flokka. Það átti að semja það í svipaðri sátt og samvinnu og fjölmiðlanefndin samdi sínar hugmyndir og tillögur um einkamarkaðinn. (**ÖJ:** Þetta er enn þá hægt.) Hv. þm. Ögmundur Jónasson tilkynnir okkur það hér yfir salinn að það sé ennþá hægt.

Virðulegu forseti. Það er hægt. Vilji er allt sem þarf.

Nú óska ég eftir því náðarsamlegast að þetta frumvarp fari í menntamálanefnd, verði sent til umsagnar, en síðan verði tekin meðvituð ákvörðun um að bíða átekta. Sjáum hvaða umsagnir við fáum. Tökum síðan á þessu sameiginlega næsta haust (Forseti hringir.) og búum til virkilega gott frumvarp um Ríkisútvarpið.

[20:21]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ríkisútvarpið, þessi merka stofnun okkar Íslendinga, er enn og aftur til umræðu á Alþingi. Ég hef verið að skoða þetta frumvarp sem hæstv. menntamála-

ráðherra mælti hér fyrir fyrr í dag og þess meira sem ég skoða það því meira velti ég fyrir mér hvaða tilgangi frumvarpið eigi að þjóna. Ég er ekki að segja að eitthvað samsæri sé á ferðinni eða neitt svoleiðis, alls ekki. En ég velti því fyrir mér hvort ástæða sé til þess að leggja fram svona stórt og víðtækt frumvarp um gerbreytingu á rekstri Ríkisútvarpsins. Ég fór að hugsa um það í dag hvað sé eiginlega að Ríkisútvarpinu eins og það er í dag. Er svo ofboðslega mikið að útvarpinu að við þurfum að gerbreyta öllum lagarammanum í kringum það?

Ég er mjög efins um þetta. Ég get alveg fallist á að þetta með sinfóníuhljómsveitina, að aflétta þeirri byrði af herðum útvarpsins sé góð og eðlileg aðgerð. Ég get líka tekið undir það að ástæða er til að fara yfir rekstur og jafnvel skipulag Ríkisútvarpsins, gera kannski ákveðnar breytingar, til að mynda í rekstrarskipulagi og öðru þess háttar en ekki að breyta því í einhvern bastarð sem kallaður er sameignarfélag, mjög óútskýrt fyrirbæri. Mér skilst meira að segja að hæstv. viðskiptaráðherra sé að semja nýja löggjöf um sameignarfélög þessa dagana. Við vitum ekki hvað felst í þessu hugtaki, sameignarfélag, til framtíðar. Eftir því sem kemur fram í greinargerð með þessu frumvarpi er þar er verið að breyta lögum. Það sem er kallað sameignarfélag á þessum pappír í dag, frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið sf., er ekki víst að verði það sama og sameignarfélag eftir örfáar vikur.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir benti á í ræðu sinni áðan að við ræddum um Ríkisútvarpið í fjölmiðlanefndinni svokölluðu. Ég átti þar sæti með hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur. Það er alveg rétt sem hún benti á að við vorum frekar ósátt og höfum svo sem sagt frá því opinberlega að við hefðum gjarnan viljað fá að fara aðeins í málefni Ríkisútvarpsins og gera jafnvel tillögur um hvernig við vildum hafa það til framtíðar. Við formenn þingflokkanna gerðum ákveðinn skriflegan fyrirvara um störf okkar áður en við hófum vinnu í nefndinni. Sá fyrirvari var skrifaður og undirritaður og sendur út 25. október 2004. Þar lýstum við því yfir að við áskildum okkur rétt til að fjalla að einhverju leyti um málefni Ríkisútvarpsins. Við hnykktum síðan á þessu aftur í bókun sem við skiluðum af okkur sama dag og við skiluðum af okkur þessari miklu skýrslu. Ég stend enn þá fast á þeirri skoðun minni að ég tel að málefni Ríkisútvarpsins eigi að taka heildstætt samtímis og við tökum fyrir málefni annarra fjölmiðla á Íslandi.

Eins og ég sagði áðan er ég mjög efins um hið svokallaða sameignarfélagsform. Maður spyr sig hvort ekki sé alveg eins gott að breyta þessu bara í hlutafélag. Við vitum þó alla vega hvað hlutafélag er. Norska ríkisútvarpið er hlutafélag. Það virðist ganga mjög vel. Þar dettur engum í hug að selja það hlutafélag. Það er mjög virt ríkisstofnun, mjög öflugt hlutafélag. Það er bundið í norsk lög að það skuli vera hlutafélag og er búið að vera þannig frá því 1996 að því ég best veit og bara gengið mjög vel, norska ríkisútvarpið, NRK A/S, „aksjeselskap" á norsku, eins og stendur í lögunum norsku sem ég er með fyrir framan mig. Það virðist ganga mjög vel. Ég sé í sjálfu sér ekkert voðalega mikið athugavert við að taka umræðu um hvort við ættum að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag í staðinn fyrir að breyta því í eitthvað sem við köllum sameignarfélag. Þar fyrir utan þá spyr ég mig þeirrar spurningar hvort það sé yfir höfuð nokkur ástæða til að gera stórkostlegar breytingar á Ríkisútvarpinu, þ.e. með lagasetningu.

Mér finnst að við hefðum átt að taka góða umræðu um þetta í fjölmiðlanefndinni svokölluðu, skila af okkur áliti sem við hefðum síðan getað rætt í staðinn fyrir að ræða hér frumvarp sem er skrifað af einhverjum sem við vitum ekkert hverjir eru, frumvarp sem mér sýnist afskaplega óskýrt að mörgu leyti og að verið sé að gera kannski óþarfa breytingar. Tökum t.d. þennan nefskatt. Ímyndar fólk sér að það eigi eftir að vera meiri friður um þennan nefskatt en afnotagjöldin í dag? Það held ég ekki. Það verður eilífur ófriður um þennan nefskatt, ekki minni ófriður en um afnotagjöldin. Það er ég alveg sannfærður um. Einnig er rætt um að setja útvarpið á fjárlög. Félagar mínir í Frjálslynda flokknum hafa talað fyrir því. En ég hef leyft mér að vera þeim ósammála í því efni því ég er logandi hræddur við að Ríkisútvarpið verði sett á fjárlög. Ég logandi hræddur við það að þá verður búið að taka mikilvægan tekjustofn frá þessari stofnun, þessu fyrirtæki, og að tekjur þessa fyrirtækis verði þá að mjög stórum hluta algerlega háðar fjárveitingum frá stjórnmálamönnum. Við vitum það bara að stjórnmálamenn sem á hverjum tíma hafa ýmis verkefni sem þeir þurfa að setja peninga í hafa þá tilhneigingu að skera niður svona pósta eins og t.d. fjárveitingar til útvarpsreksturs eða fjölmiðlunar. Ég er ansi hræddur um að slíkt fyrirtæki sem væri háð vilja fjárveitingavaldsins, þ.e. þingmanna hvað þetta varðar, mundi fljótt lenda í fjárhagskröggum. Þá er betra, eðlilegra og sanngjarnara að svona fyrirtæki hafi ákveðinn tekjustofn. Við getum kallað afnotagjöld. Við getum kallað það nefskatt. Það yrði alltaf einhvers konar skattlagning og sú skattlagning yrði alltaf umdeild. Hún yrði alltaf óvinsæl af þegnunum. Þannig er það bara alltaf. Skattar hafa alltaf verið óvinsælir. Það mun ekkert breytast þó við reynum að kalla það eitthvað annað eða skilgreina þá upp á nýtt. Það er ekkert flóknara en það.

Mig langaði aðeins til að benda á örfá atriði í þessu frumvarpi. Það hafa margir talað hér á undan mér og bent á margt. Ég sé í sjálfu sér enga ástæðu til að endurtaka það. Mig langaði örlítið til að koma að athugasemd um 4. gr. frumvarpsins þar sem talað er um efni á erlendu máli. Síðasta setningin 4. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausu íslensku máli."

Mig langar við þetta tækifæri til að minna á að við í Frjálslynda flokknum höfum lagt fram lagafrumvarp á Alþingi. Við gerðum það í haust. Það frumvarp varðar textun á íslensku efni. Það fjallar um það að sjónvarpsstöðvum skuli skylt að texta allt íslenskt efni sitt innan fimm ára eftir að þessi lög taki gildi. Þar erum við að taka tillit til þeirra sem eru heyrnarskertir eða heyrnarlausir. Þeir eru nú hvorki fleiri né færri en rúm 10% þjóðarinnar. Mér fyndist sjálfsagt og eðlilegt ef við ætlum að búa til ný lög um Ríkisútvarpið að við tækjum þetta með inn í myndina og létum Ríkisútvarpið þar með ganga á undan með góðu fordæmi, ef svo má segja, og sýndum þessum stóra þjóðfélagshópi þá sanngirni og virðingu sem honum ber og leyfðum þeim einnig að fylgjast með því sem fram fer í þeim miðli sem væri þá miðill allrar þjóðarinnar, væri sjálf þjóðargersemin. Hvað eigum við að segja? Jú, við getum kallað það þjóðar-

gersemi í þessari fjölmiðlaflóru okkar sem er alla jafna mjög góð.

Mig langar líka að minna á annað, litla þingsályktunartillögu sem liggur fyrir þinginu og enn þá á eftir að mæla fyrir. Hún gengur út á að útvarpa beint frá öllum fundum Alþingis. Mér þykir rétt að minna á það fyrst ég stend í ræðustól. Ég tel að það sé eðlileg krafa að útvarpað verði beint frá öllum fundum Alþingis þegar fundir standa yfir, að það yrði eitt af lögbundnum hlutverkum Ríkisútvarpsins í framtíðinni að sinna því hlutverki. Það stendur í stjórnarskránni að þingfundir skuli haldnir í heyranda hljóði. Í nútímanum þar sem fjölmiðlun er svo öflug væri það sjálfsögð og eðlileg krafa að þingfundum væri útvarpað þannig að öll þjóðin gæti fylgst með því sem gerist á hinu háa Alþingi. Ég tel að þeim málum sé ekki nægilega vel hagað eins og háttar til í dag þótt vissulega hafi margt verið gert til bóta.

Að lokum langar mig að minnast aðeins á fjölmiðlanefndina sem ég á sæti í, einmitt vegna þess að ég minntist áðan á að ég teldi að fjölmiðlanefndin hefði átt að fá tækifæri til að fjalla um málefni Ríkisútvarpsins og gera tillögur hvað varðar nýja löggjöf fyrir útvarpið, fyrst fólk vill á annað borð fara út í einhverjar stórkostlegar breytingar á þeirri löggjöf sem fyrir er.

Mig langar einmitt að koma aðeins inn á þetta með dreifikerfin. Ríkisútvarpið á í alvarlegum vanda í dag, mjög alvarlegum vanda. Það er sá vandi að Ríkisútvarpið býr ekki yfir stafrænu dreifikerfi og hefur ekki aðgang að stafrænu dreifikerfi. Stafrænt dreifikerfi er framtíðin. Það dreifikerfi sem Ríkisútvarpið notar í dag er úrelt og mun ekki ganga upp til framtíðar. Ef Ríkisútvarpið á að vera samkeppnishæft í framtíðinni verður það að búa yfir möguleikum til stafrænna útsendinga, bæði á hljóðvarpi en ekki síður á sjónvarpi.

Í skýrslu fjölmiðlanefndarinnar höfum við einmitt gert tillögu um að fyrirtækjum sem framleiða efni eða eru að senda út skuli gert kleift að fá aðgang að dreifikerfum. Við *vitum að önnur fyrirtæki en Ríkisútvarpið byggja upp stafræn kerfi.* Þau koma til með að byggja upp kerfi sem bjóða upp á möguleika til stafrænna útsendinga. Með tillögum okkar opnum við m.a. dyr fyrir Ríkisútvarpið til að fá aðgang að því að geta dreift efni sínu stafrænt í framtíðinni. Ég tel að þessi tillaga muni hafa töluvert að segja um framtíð Ríkisútvarpsins og möguleika þess í samkeppni til framtíðar. Það er m.a. ein af röksemdum mínum fyrir því að fjölmiðlanefndin fengi að skoða málefni útvarpsins og setja þau í samhengi við annað starf nefndarinnar.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt um þetta mikið lengra. Ég ætla bara að ítreka þá skoðun mína að ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að þetta frumvarp komi til 1. umr., fari síðan inn í menntamálanefnd og þá verði leitað eftir umsögnum um það. En síðan vil ég eindregið ráðleggja stjórnarmeirihlutanum á Alþingi að doka aðeins við og leyfa þessu máli að þroskast og þróast í sumar samhliða því sem við sjáum umræðuna um málefni fjölmiðla þroskast og þróast. Þá mætti koma með vandaða og heildstæða löggjöf aftur í haust og ná lendingu í þessum málum í eins mikilli sátt og mögulegt er. Það er mjög breið pólitísk samstaða á Alþingi og í íslensku þjóðfélagi um að verja Ríkisútvarpið. Það skiptir miklu máli og er mjög dýrmætt. Það veitir mikilvægt mótvægi við aðra fjölmiðla í landinu. Ég tel að svo eigi að vera áfram.

Ég er mjög hlynntur því að við stöndum vörð um Ríkisútvarpið og reynum að gera veg þess sem bestan. Þetta fyrirtæki skiptir það miklu máli fyrir menningu þjóðarinnar að ég tel að við ættum að halda því nokkurn veginn eins og við höfum haft það, þótt að sjálfsögðu megi ræða ákveðnar breytingar á stjórnarfyrirkomulagi og öðru þess háttar. En frumvarpið sem hér er til umræðu finnst mér vekja svo miklu fleiri spurningar en svör að full ástæða sé til að við stöldrum aðeins við og hugsum okkar gang í stað þess að rasa um ráð fram og gera einhverja vitleysu sem við síðan eigum eftir að sjá eftir.

[20:35]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég er í hópi þeirra sem fagna því frumvarpi til breytinga á lögum um Ríkisútvarpið sem hér er til umfjöllunar. Hafi einhver verið í vafa um mikilvægi þessa frumvarps þá held ég að sá hinn sami hljóti að hafa skipt um skoðun eftir upphlaup síðustu vikna á fréttastofu Ríkisútvarpsins. Sú uppákoma er reyndar kapítuli út af fyrir sig, sem ég tel verðugt rannsóknarefni fyrir áhugasaman fræðimann. Slík uppákoma yrði óhugsandi í einkafyrirtæki í dag og ólíklegt væri að hún eigi sér stað eftir að það frumvarp sem um Ríkisútvarpið sem við ræðum nú verður að lögum.

Þótt fréttastjóramálið sé ótengt því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar þá get ég ekki á mér setið að gera alvarlegar athugasemdir við framkomu starfsmanna Ríkisútvarpsins gagnvart þeim fréttastjóra sem ráðinn var til starfa með lögmætum hætti. Hún einkenndist af eindæma dónaskap og virðingarleysi sem viðkomandi hafði engin tök á að verjast. Það var setið um manninn þegar hann mætti til starfa. Hann var miskunnarlaust leiddur til slátrunar. Það var óhikað reitt til höggs við aðstæður sem engri manneskju er hægt að *bjóða upp á. Hver og einn getur sett sig í spor hins nýja* fréttastjóra, að hafa bognað undan því ógnaráreiti sem hann varð fyrir.

Hversu ósáttur sem starfsmaður er með lögmætar ákvarðanir yfirmanna og hversu ósáttur sem maður er með þá stöðu sem viðkomandi er í er með engum hætti hægt að réttlæta framferði starfsmanna gagnvart þessum manni. Nú þegar hægst hefur um tel ég að starfsmenn, jafnt sem yfirmenn stofnunarinnar, yrðu menn að meiri að biðja Auðun Georg Ólafsson afsökunar á framkomu sinni. Hann hafði ekkert til saka unnið. Hann þáði starf sem hann sótti um og hafði löngun og vilja til að sýna að hann stæði undir ábyrgðinni.

Virðulegi forseti. Með samþykkt þess frumvarps, sem hér er til umfjöllunar, breytist starfsumhverfi Ríkisútvarpsins verulega. Mig langar í nokkrum orðum að fjalla um þau atriði sem mér finnst mestu skipta máli.

Margt þarf að færa til betri vegar í rekstri og starfsumhverfi RÚV. Það er t.d. með öllu óviðunandi að rekstur stofnunar eins og RÚV haldist ekki innan þess fjárhagsramma sem starfseminni er settur. Starfsemin er algerlega fyrirsjáanleg og það er ekki svo að hún sé háð einhverjum

utanaðkomandi eða ófyrirsjáanlegum aðstæðum sem réttlæta hallarekstur stofnunarinnar. Til samanburðar vil ég nefna sjúkrastofnanir sem hafa ekki sömu stjórn og hafa enga möguleika á að hafa sömu stjórn á starfsemi og t.d. Ríkisútvarpið.

Með nýjum lögum er útvarpsráð lagt niður og við tekur stjórn fyrirtækisins sem ber fyrst og fremst ábyrgð á rekstrarlegum þáttum. Henni ber að tryggja að rekstur RÚV verði í samræmi við tekjur sem fyrirtækið fær gegnum nefskattinn, svo og að ákvarða hvernig sértekna verði aflað. Hér eftir verður óhugsandi annað en að starfsemin taki mið af tekjum fyrirtækisins og hún sníði sér stakk eftir vexti. Eftir samþykkt frumvarpsins verður ekki leitað í ríkissjóð til að fjármagna taprekstur RÚV.

Það er mikil framför að með nýjum lögum opnist tækifæri til að breyta stjórnskipulagi RÚV en í dag er það ákvarðað með lögum. Núverandi stjórnskipulag er óskiljanlegt og valdsvið yfirmanna ekki í samræmi við hugmyndir um nútímastjórnunarhætti. Þannig hafa t.d. framkvæmdastjórar sjónvarpsins og útvarpsins í dag ekki fjármálavald, sem er mjög sérkennilegt. Með breyttum lögum hefur útvarpsstjóri hins vegar fullt vald til að breyta stjórnskipulagi stofnunarinnar svo það þjóni hagsmunum starfseminnar á hverjum tíma. Um leið ber hann fulla ábyrgð á ráðningum í lykilstöður og ákvarðar hvernig ráðningum skuli hagað í aðrar stöður innan fyrirtækisins.

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði í frumvarpinu sem ég vil gera athugasemdir við við 1. umr. um málið.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins og lögð áhersla á að það sé útvarp í almannaþjónustu. Ég get tekið undir það sjónarmið, að réttlætanlegt sé að stjórnvöld standi fyrir útvarps- og sjónvarpsrekstri og ég tel að fólk sé almennt þeirrar skoðunar. Útvarp í almannaþágu er skilgreint með ákveðnum hætti í frumvarpinu og á það sérstaklega að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð, eins og segir í 1. tölulið 3. gr. frumvarpsins.

Á hinn bóginn tel ég allt of langt gengið með þeim ákvæðum frumvarpsins sem heimila RÚV að stofna fyrirtæki eða gerast eignaraðili að öðrum fyrirtækjum eins og ákvæði II. og III. kafla frumvarpsins mæla fyrir um. Með því er fyrirtækið komið langt út fyrir almannahlutverk sitt og skekkir verulega stöðu sjálfstæðra fyrirtækja á sambærilegum eða tengdum markaði. Þessu er ég alfarið á móti. Slíkt er til þess fallið að veita Ríkisútvarpinu blessun til að útvíkka starfsemi sína og þrengja um leið að starfsemi sjálfstæðra aðila. Við megum ekki gleyma því að þótt rekstrarfyrirkomulagi sé breytt verður RÚV eftir sem áður fyrirtæki í eigu ríkisins.

Í mínum huga er eitt mikilvægasta hlutverk stjórnvalda að stuðla að heilbrigðu atvinnulífi. Stjórnvöld gegna þessu hlutverki best með því að setja sanngjarnar reglur sem hvetja fólk, en letja ekki, til að stofna og reka fyrirtæki þar sem þekking þeirra, reynsla og sköpunargleði fær notið sín. Stjórnvöld eiga að forðast að setja reglur sem virka hamlandi á slíkt frumkvöðlastarf og eiga að sjá til þess að starfsemi á vegum ríkisins þrengi ekki að starfsemi sjálfstæðra fyrirtækja.

Í stað þess að stofna fyrirtæki eða fjárfesta í þeim á RÚV, eins og önnur ríkisfyrirtæki, þvert á móti að útvista eins mörg af verkefnum sínum hjá sjálfstæðum aðilum og nokkur er kostur í þeim tilgangi að auka fjölbreytni, t.d. í dagskrárgerð, til að fá samanburð milli aðila og til að auka hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins. Jafnframt er slík nálgun til þess fallin að gera sterkari grundvöll fyrir starfsemi og samkeppni fyrirtækja í rekstri sem tengist starfsemi RÚV. Slík nálgun er þjóðhagslega hagkvæm og mun heilbrigðari en að RÚV fjárfesti í sumum fyrirtækjum á markaði en ekki öðrum, eða að stofna fyrirtæki í beinni samkeppni við fyrirtæki á almennum markaði. Ríkisútvarpið gæti komist í þá stöðu til að ráða hvaða fyrirtæki lifi og hvaða ekki og minnka þar með fjölbreytni á markaðnum. Ég hvet hv. menntamálanefnd til að skoða þessi ákvæði í frumvarpinu og þrengja verulega eða taka út heimildir Ríkisútvarpsins til að stofna fyrirtæki í tengdum rekstri eða kaupa sig inn í slík fyrirtæki.

Virðulegi forseti. Ég vil nefna nokkur atriði til viðbótar varðandi frumvarpið.

Ég tel að mun fastar eigi að kveða á um textun efnis í sjónvarpi. Í 9. tölulið 3. gr. segir, með leyfi forseta, að Ríkisútvarpinu beri:

„Að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, þar á meðal að sinna eðlilegum þörfum minnihlutahópa."

Hér er m.a. átt við heyrnarskerta eða heyrnarlausa einstaklinga, svo og þá sem ekki eiga íslensku að móðurmáli en búa hér á landi. Textun efnis í sjónvarpi er ein besta leiðin til að mæta þörfum þessara einstaklinga og gera þá að virkari þátttakendum í íslensku þjóðfélagi. Það á ekki síst við um útlendinga sem vilja læra íslensku og laga sig að samfélagi okkar. Ég legg því til að fastar verði kveðið að um textun sjónvarpsefnis í frumvarpstextanum, ekki síst með hliðsjón af almannahlutverki þess og eflingu íslenskrar tungu.

Í 2. tölulið 11. gr. frumvarpsins er opnað á að RÚV geti notað netmiðla sína til að afla auglýsingatekna. Það er reyndar með hálfum huga að ég samþykki að RÚV sé á auglýsingamarkaði, þegar fyrirtækið hefur úr 2,5 milljörðum kr. úr að spila á hverju ári til að rækja hlutverk sitt, þótt ég skilji reyndar rökin þar á bak við. Mér finnst hins vegar of langt gengið, að RÚV fari einnig inn á auglýsingamarkaðinn á netmiðlum og lýsi mig andvíga slíku ákvæði. Ég tel nóg að gert og tel að auglýsingatekjur RÚV eigi að bindast við auglýsingar í sjónvarpi og útvarpi.

Að lokum, herra forseti, vil ég óska hæstv. menntamálaráðherra til hamingju með frumvarpið sem hún hefur nú lagt fram. Ég vænti þess að það verði afgreitt áður en þingi verður slitið í vor.

[20:45]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir innlegg hennar. Mér fannst athyglisvert það sem hún hafði að segja um fjármálastjórn Ríkisútvarpsins árum saman verandi í fjárlaganefnd og hafandi fylgst nokkuð með því og vil spyrja hv. þingmann hvort hún telji að grípa hefði átt til sérstakra aðgerða gagnvart Ríkisútvarpinu fyrr eða hvort þvílíkur hallarekstur eigi almennt að haldast uppi og hvort forstöðumenn ríkisstofnana, í þessu tilfelli útvarpsstjóri,

eigi ekki að bera nokkra ábyrgð þarna.

Sömuleiðis vil ég spyrja hv. þingmann hvernig hún dragi þá ályktun að taprekstur Ríkisútvarpsins á komandi árum í sameignarfélaginu verði ríkissjóði óviðkomandi.

Ég vek athygli á því að sameignarfélag er félag með ótakmarkaðri ábyrgð eigenda. Ríkissjóður verður þess vegna eftir sem áður fullkomlega ábyrgur fyrir öllum taprekstri sem verður á hinu nýja félagi. Ég sé ekki, og bið hv. þingmann að benda mér á ef mér hefur yfirsést eitthvað, að Ríkisútvarpið muni hafa úr neinu meiru að spila ef frumvarpið verður samþykkt. Þvert á móti, ef það sleppur við að borga í Sinfóníuna þarf það að borga í lífeyrisskuldbindinguna. Þarna er verið að leggja af stað með sameignarfélag með nánast ekkert eigið fé. Það er því vandséð með hvaða hætti tekið hefur verið á hinum viðvarandi rekstrarvanda.

Hv. þingmaður getur kannski upplýst hvort tveggja, hvort hún telji fjármálaumsýsluna hafa verið óviðunandi og hvort einhver ætti að sæta ábyrgð fyrir það á síðustu árum og sömuleiðis hvernig ríkissjóður á að geta skotið sér undan þeirri ábyrgð sem eigendur bera á sameignarfélaginu.

[20:47]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka andsvar hv. þingmanns. Hann spyr hvort grípa hefði átt fyrr til aðgerða gagnvart Ríkisútvarpinu. Ég er þeirrar skoðunar að það sé óviðeigandi að ríkisstofnanir eins og Ríkisútvarpið fari fram úr fjárlagaramma sínum. Þetta er algerlega fyrirsjáanlegur rekstur eins og ég hef áður sagt og stjórnendur Ríkisútvarpsins eiga að geta sniðið starfsemina algerlega eftir þeim peningum sem þeir hafa á milli handanna.

Varðandi það hvort stjórnendur eigi að sæta ábyrgð hefur það ekki tíðkast mjög mikið, en það eru hrein ákvæði í lögum til hvaða aðgerða eigi að grípa. Þó það hafi ekki farið hátt hafa stjórnendur sem sýnt hafa óábyrgð í meðferð fjármuna þurft að sæta ábyrgð og víkja.

Þó ég hafi setið í fjárlaganefnd á síðasta kjörtímabili, í eitt og hálft ár, tel ég mig ekki hafa þá yfirsýn yfir rekstur Ríkisútvarpsins að ég geti sagt að farið hafi verið það langt fram yfir þau 4% sem yfirleitt er miðað við sem réttlæti að gripið sé til slíkra aðgerða hjá Ríkisútvarpinu og stjórnendum þess.

Almennt er ég þeirrar skoðunar að ríkisstofnanir eigi að halda sig innan ramma fjárlaga og sérstaklega eigi að vera hægt að gera kröfu til starfsemi eins og Ríkisútvarpsins þar sem er algerlega hægt að sjá fyrir hvernig hægt er að reka það innan þess fjárlagaramma sem það hefur.

[20:49]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir svörin og vil taka undir að full ástæða er til þess að menn fari að fjárlögum og forstöðumenn ríkisstofnana eiga að fylgja þeim eftir og bera ábyrgð á því. Þó háttar nokkuð sérstaklega til með stóran hluta af halla Ríkisútvarpsins í gegnum tíðina vegna þess að það hefur beinlínis verið gert ráð fyrir því í fjárlögum aftur og aftur að stofnunin væri rekin með halla. Í frumvarpinu verður ekki betur séð en stofnunin hafi ekki úr meiru að spila. Þá sé ég ekki betur, ef koma á í veg fyrir viðvarandi hallarekstur áfram í sameignarfélaginu, en að skera þurfi niður þjónustuna sem verið er að veita almenningi í útvarpi og sjónvarpi. Það er kannski ástæða til að spyrja hv. þingmann hvernig hún sér þann niðurskurð helst fyrir sér.

Sömuleiðis vil ég spyrja hv. þingmann, vegna þess að hún taldi jákvætt, skildist mér á henni, að leggja niður útvarpsráð, hvort stjórnin sem á að vera yfir stofnuninni, sem er klárlega pólitískt skipuð, sé ekki bara útvarpsráð hið meira og öflugra, þ.e. pólitískt kjörið útvarpsráð með miklu víðtækari völd og áhrif innan stofnunarinnar en sá umsagnaraðili sem núverandi útvarpsráð er. Og hvort það sé ekki áhyggjuefni að við, hinir pólitísku fulltrúar á Alþingi, ætlum að fara að hlutast svo mikið til um rekstrarmálefni stofnunarinnar út frá frjálslyndissjónarmiðum og frjálsræði sem ég veit að hv. þingmaður er talsmaður fyrir.

[20:51]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er góður og gegn sjálfstæðismaður, það er alveg rétt.

Hv. þingmaður spyr hvort grípa þurfi til niðurskurðar ef frumvarpið verður að lögum. Með þeim rekstrargrundvelli sem er lagður núna undir Ríkisútvarpið með nefskatti mun það gefa starfseminni 2,5 milljarða í aðra hönd. Auglýsingatekjur hafa verið milli 800 og 900 millj. kr. á ári. Þetta er því umtalsvert fé og nánast jafnmikið, ef ég man rétt, og rekstur Háskóla Íslands og heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu kostar. Stofnunin hefur því töluvert fé á milli handanna.

Ég tel jafnframt að það rekstrarform sem tekið yrði upp gefi möguleika á mun meiri hagræðingu en núverandi rekstur gefur tilefni til. Ég held líka að það leiði til nýrrar hugsunar í rekstri Ríkisútvarpsins þannig að í meira mæli verði hægt að koma á samkeppni milli aðila um dagskrárgerð og leita hagræðingar með ýmsum hætti. Ég tel því að Ríkisútvarpið með því hlutverki sem því er ætlað sé fullsæmt af því fjármagni sem það hefur á milli handanna og ætti að gefa því möguleika á að standa virkilega undir þeirri ábyrgð sem Ríkisútvarpinu er lögð á herðar, sem er mjög mikil, að standa vörð um íslenska tungu, íslenska menningu og menningararfleifð okkar Íslendinga.

Ég hef ekki áhyggjur af því að ekki sé hægt að spila með peningana og fá jákvæða útkomu. Ég vænti þess að stjórnendur Ríkisútvarpsins með nýju rekstrarfyrirkomulagi leggi áherslu á að halda rekstrinum innan þess ramma sem þeim er skammtaður.

[20:53]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ásta Möller vakti upp mál sem var til mikillar umræðu á Alþingi, þ.e. ráðning fréttastjóra útvarps, og taldi að Auðun Georg Ólafsson hefði fengið óviðurkvæmilegar móttökur hjá fréttamönnum á útvarpinu. Ég skal ekki tjá mig um það hér en aðeins koma því á framfæri að þar bera þeir stjórnmálamenn sem hvöttu hann til að sækja um embættið og þeir ráðamenn sem réðu ráðningunni án þess að hann hefði forsendur til að sinna starfinu örugglega skipta ábyrgð og kannski bróðurpartinn af henni.

Ég ætlaði ekki að ræða það, heldur hitt að það er augljóst að hann gengur sár frá gerningnum og mér finnst ekki við hæfi af Ríkisútvarpinu að skjóta því fyrir sig að ekki hafi verið skrifað undir starfssamning við hann. Það var augljóst að búið var að ráða manninn formlega. Hann var mættur til vinnu. Það er nánast ótrúlegt að hann skuli ekki fá plástur á sárin í formi einhvers konar skaðabóta eða sárabóta fyrir það hvernig málinu lyktaði.

Til samanburðar má nefna að þegar forstjóri Íslandsbanka greip fram fyrir hendurnar á framkvæmdastjóra sínum í sambandi við ráðningu á útibússtjóra fékk sá útibússtjóri sárabætur án þess að hann mætti nokkru sinni til vinnu.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort henni finnist viðskilnaður Ríkisútvarpsins og meiri hluta útvarpsráðs við Auðun Georg Ólafsson vera sæmandi.

[20:55]

Ásta Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gerði að umtalsefni í byrjun ræðu minnar hvernig komið var fram við nýjan fréttastjóra Ríkisútvarpsins. Ég einskorðaði ekki gagnrýni mína við fréttastofuna, heldur líka við yfirmenn stofnunarinnar. Mér finnst þeir ekki hafa staðið sig gagnvart þessum manni. Mín persónulega skoðun er sú að gera hefði átt betur við þennan mann þegar hann hætti störfum. Ég tel að það hefði átt að gera samning við hann um starfslok. Hann var mættur til starfa og ég tel að útvarpið hefði verið fullsæmt af því að kveðja hann með öðrum hætti en gert var.

Eins og ég orðaði það í ræðu minni var setið um manninn þegar hann mætti til starfa, hann var leiddur til slátrunar og það var reitt til höggs. Honum voru skapaðar þær aðstæður sem á ekki að skapa neinum einasta manni á fyrsta degi í starfi, alveg sama hversu ósáttir menn eru við ráðningu viðkomandi. Manninum var sýndur hreinn og beinn dónaskapur og ég tel að stjórnendur stofnunarinnar hefðu verið menn að meiri, svo ég noti þeirra eigin orð, ef þeir hefðu kvatt hann með öðrum hætti en gert var, þó að honum hafi orðið á mistök.

[20:57]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Það er mikilvægt að taka það fram þegar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. er til umræðu að lagasetning um Ríkisútvarpið, hlutverk þess og verkefnasvið er löngu tímabær. Frá því að einkaréttur Ríkisútvarpsins var afnuminn 1985 hefur því verkefni ekki verið sinnt að móta heildarlöggjöf um Ríkisútvarpið. Það hefur á margan hátt verið í lausu lofti þann tíma.

Þá er spurning hvernig við lítum á það frumvarp sem fyrir liggur. Nokkuð hefur verið gert úr því að það liggi yfir því leyndarhjúpur hverjir hafi samið frumvarpið. Hæstv. menntamálaráðherra hefur verið ófáanleg til að upplýsa okkur um það. Ég held að sá leyndardómur sé ekki stór. Ég held að skýringin liggi í því að lengi hafi legið fullsamið frumvarp um Ríkisútvarpið sem hlutafélag í menntamálaráðuneytinu og að skýringin á því að menntamálaráðherra getur ekki sagt okkur frá því hver hafi samið það gæti verið sú að menn hafi hreinlega gleymt því í ráðuneytinu, vegna þess að það sé að stofni til orðið svo gamalt. (Gripið fram í.) Já, fyrrverandi hæstv. menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, hefur væntanlega komið að því en hverjir voru með honum er kannski gleymt og grafið.

Öll hugsunin í lagasetningunni er hugsun og uppbygging hlutafélagalaga. Síðan kemur þetta einkennilega fyrirbæri sameignarfélag. Eins og menn hafa bent á er og mun vera í vinnslu hjá hæstv. viðskiptaráðherra frumvarp sem skýrir hlutverk sameignarfélaga og væntanlega skýrir það hvernig einn aðili eins og ríkið getur átt sameignarfélag með sjálfu sér. Alla vega eru ákveðin rök fyrir því í málinu að fara sér hægt með afgreiðslu frumvarpsins, að ástæða sé til að bíða eftir því að við fáum ný lög um sameignarfélög. Þá getum við borið lagasetninguna saman við það og að samræmi sé á milli, enda hefur hv. Alþingi nokkra reynslu af því að lög sem það samþykkir geta í sumum tilfellum stangast á við önnur lög. Það væri miður ef við samþykktum frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. ef það stangaðist á við ný almenn lög um sameignarfélög. Þetta er svona almenn viðvörun.

Það hefur komið fram í umræðunni að nokkrir hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru mjög gagnrýnir á einstök atriði þessa frumvarps og telja að vinna þurfi einstakar greinar þess miklu betur í nefndum þingsins. Ég tel að það sé í rauninni fagnaðarefni að þeir skuli hafa lýst þeirri afstöðu hér og það gefur vonir um að hægt sé að bæta úr ýmsum hnökrum og verulegum ágöllum sem eru á frumvarpinu.

Það hefur verið hlutskipti Alþingis að fara yfir tillögur hæstv. ríkisstjórnar í fjölmiðlamálum og vægast sagt hafa ríkisstjórninni verið mislagðar hendur í þeim efnum og þingið hefur heldur bætt úr fyrir ríkisstjórninni. Það fer því kannski eins fyrir þessu frumvarpi og fyrri frumvörpum á fjölmiðlasviðinu að það verður hlutverk þingsins að reyna að koma þeim í betra horf.

Komið hefur fram hér, bæði frá hv. þm. Merði Árnasyni og tveimur eða þremur þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, að einn höfuðágallinn á frumvarpinu er hversu almennt hlutverk Ríkisútvarpsins er skilgreint. Það vantar sem sagt skýrari afmörkun á almannaútvarpshugtakinu. Nefnd hafa verið dæmi, bæði úr 10. tölul. 3. gr. og 18. gr., sem sýna vel að í raun og veru er hlutverk Ríkisútvarpsins samkvæmt frumvarpinu allt og ekkert. Það er held ég hvorki gott fyrir Ríkisútvarpið né einkamarkaðinn að afmörkunin sé svona óskýr. Við höfum sem betur fer, eins og hér hefur verið nefnt, fyrirmyndir í þessu efni, til að mynda eins og fram kemur í þingsályktunartillögu Samfylkingarinnar frá því í fyrra, þar er minnst á Prag-samþykktina frá 1994 um almannaútvarp og þar er skilgreining sem er miklu skýrari og afmarkaðri. Þó að við förum ekki yfir hana í heild sinni, þá er þar talað um að almannaútvarp eigi að endurspegla ólíka heimspekilega afstöðu og trúarviðhorf í samfélagi sínu í því augnamiði að auka gagnkvæman skilning og umburðarlyndi og hvetja til eðlilega samskipta í samfélagi fjölmenningar og margvíslegra kynþátta, stuðla með dagskrá sinni að því að betur og víðar sé metinn fjölbreytileiki hins þjóðlega og hins evrópska menningararfs, tryggja að umtalsverður hluti dagskrárefnis sé frumframleiddur, sérstaklega kvikmyndir og sjónvarpsleikrit og annað listrænt efni, gera sér grein fyrir nauðsyn þess að nýta sjálfstæða framleiðend-

ur og starfa með kvikmyndageiranum og fjölga síðan dagskrárkostum hlustenda og áhorfenda með því að hafa í boði efni sem alla jafna stendur ekki til boða á markaðsstöðvunum.

Þarna erum við nefnilega komin að kjarna málsins og styrk almannaútvarpsins. Það er hið menningarlega hlutverk. Það er hið þjóðlega hlutverk og það eru ýmiss konar verkefni sem einkamarkaðurinn hefur sýnt að hann er ekkert sérstaklega fær um að gegna og hefur ekki mikinn áhuga á að sinna. Það sem er í rauninni hlutverk okkar á Alþingi er að tryggja Ríkisútvarpinu fjárhagslegan grunn til þess að sinna hlutverki af þessu tagi. Það er mjög mikilvægt vegna þess að það er líka reynsla, og hefur komið fram í rannsóknum, að Ríkisútvarpið, þegar það stendur sig vel í þessu menningarlega og þjóðlega hlutverki, setur gæðastaðal sem hefur áhrif á fjölmiðlunina í öllu landinu, hefur mikil áhrif á einkamarkaðinn.

Takið eftir hvað fjölmiðlarnir hafa mikil áhrif hverjir á aðra. Við sjáum að Fréttablaðið ræður til sín fréttastjóra af útvarpinu og er í rauninni að gefa til kynna að það ætli sér að halda sig við fréttastaðal Ríkisútvarpsins. Við sjáum líka að Fréttablaðið hefur tekið mikið mið af Morgunblaðinu. Það var með ákveðna sérstöðu til að byrja með en tekur meira og meira mið af Morgunblaðinu um leið og Morgunblaðið, sem hefur orðið að sæta meiri samkeppni en það hefur nokkurn tímann áður orðið fyrir, er farið að laga sig að markaðsaðstæðunum og breyta á ýmsan hátt efnistökum sínum. Þannig hafa fjölmiðlarnir mikil og sterk áhrif hver á annan. Og einmitt á þeim sviðum sem Alþingi vill að Ríkisútvarpið ræki sérstaklega, og gefur því tækifæri til að rækja af myndarskap, getum við kannski haft sterkustu áhrifin á einkamarkaðinn og miklu meiri en að setja einhver boð og bönn fyrir þann markað.

Ég hef eins og aðrir hér miklar áhyggjur af 8. og 9. gr. um hið nýja útvarpsráð, Stjórn Ríkisútvarpsins sf. í 8. gr. og Starfssvið stjórnarinnar í 9. gr. Mér sýnist að það sé alls ekki skýrt afmarkað hvernig þessi stjórn á að vinna. Ég tek undir að á sumum sviðum er í raun og veru verið að veita þessari stjórn miklu meira vald en fyrrverandi útvarpsráði. Það helgast ekki síst af því að þetta nýja útvarpsráð getur tekið ákvarðanir um kaup og sölu hluta í öðrum félögum, nýja starfsemi á vegum félagsins og það getur lagt niður tiltekna starfsemi. Það þarf engan að spyrja þó að það leggi niður t.d. Rás 2, það eru bara tilfæringar innan húss. Það getur gjörsamlega breytt stefnu Ríkisútvarpsins með kaupum og sölu á nýjum fyrirtækjum á þeim markaði sem fyrir hendi er. Þarna er í raun og verið að leggja til að þessi stjórn geti breytt Ríkisútvarpinu í grundvallaratriðum á stuttum tíma án þess að nokkur fái rönd við reist. Það sýnir náttúrlega enn þá meira fram á nauðsyn þess að við mörkum Ríkisútvarpinu skýrari bás í heildarmynd fjölmiðlaflórunnar í landinu.

Þetta verður áfram ríkisstjórnarmeirihlutaútvarp eins og ætlunin er að skipa rekstrarstjórnina. Nokkrir hv. þingmenn hafa komið með tillögur um hvernig mætti breyta þessu þannig að ríkisstjórnarmeirihlutinn hefði ekki svona ótvíræð forráð á Ríkisútvarpinu. Ég ætla ekki að fara að tíunda það en það er líka augljóst að til þess að útvarpsstjóri hafi eitthvert sjálfstæði gagnvart slíkri stjórn, hvernig sem hún er kosin, þá sýnist manni nauðsynlegt að ráða hann til einhvers tíma, þannig að hann sé ekki háður því að geta verið rekinn svo að segja innan ársins.

Ég vil svo nefna það sem nánast ekkert er komið að í þessu frumvarpi. Það er það sem komið hefur aðeins fram hjá hæstv. menntamálaráðherra að samhliða nýju lögunum verði gerður þjónustusamningur eða einhvers konar rekstrarsamningur við Ríkisútvarpið, væntanlega til einhverra ára, þar sem í rauninni væri skýrt hvernig það ætti að rækja hlutverk sitt, því varla kemst það yfir að gera allt sem það á að gera samkvæmt töluliðum 1–18 í 3. gr.

Væntanlega þarf að gera einhvers konar samning um það til einhverra ára hvernig á að túlka þetta. Við fáum ekkert að vita um hvað á að vera í þessum þjónustusamningi. Eins og frumvarpið liggur fyrir núna er alveg ljóst að þarna er í rauninni um rammann um dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins að ræða. Þar yrðu markaðar allar áherslur þess og skipting efnis og þess háttar. Spurningin er hvort ekki þurfi að gera kröfu um að meginhugmyndirnar sem menntamálaráðherra hyggst leggja til að verði í slíkum þjónustusamningi séu skýrðar á Alþingi og þær ræddar samhliða frumvarpinu.

Önnur spurning sem vaknar er sú: Hverjir eiga að gera þennan samning? Væri hér ekki rými til þess að almenningur kæmist að málunum, að við gætum haldið einhvers konar hlustendaþing, að einhvers konar akademía kæmi saman einu sinni á ári og væri ráðgefandi í dagskrárumræðu og gæti jafnvel verið falið að samþykkja þjónustusamning sem Ríkisútvarpið gerði við menntamálaráðuneytið? Þarna væri kominn vettvangur fyrir hlustendasamráð og fyrir umræðu um dagskrárstefnu sem gæti farið fram með ýmsum hætti og mætti jafnvel hugsa sér að sveitarstjórnir kysu til með reglulegu millibili. Ég held að það gæti verið mjög gagnlegt að slíkar umræður um dagskrárstefnu til lengri tíma yrðu gerðar almennari meðal þjóðarinnar en gert er ráð fyrir í frumvarpinu eða virðist hafa algjörlega gleymst í hugmyndum hæstv. menntamálaráðherra.

Eins og ég hef áður nefnt og ég get tekið undir það sem hv. þm. Ásta Möller sagði áðan, að það vantar mikið á afmarkanir hér. Það gildir líka varðandi rétt Ríkisútvarpsins til þess að taka þátt í fyrirtækjum og stofna félög með öðrum og þess hátta. Ég get fallist á að í megindráttum á Ríkisútvarpið að hvetja og vera í samstarfi við aðila á einkamarkaði með því að kaupa af þeim efni, með því að leggja út verkefni, með því að styrkja með ýmsum hætti slíka starfsemi. Mér finnst a.m.k. útilokað að það sé eins og hér er, að annars vegar sé hlutverk Ríkisútvarpsins nánast allt og ekkert og hins vegar geti það tekið þátt í fyrirtækjarekstri nánast á hvaða degi sem er.

Ég tel að annaðhvort verði að afmarka hlutverkið og segja sem svo að eingöngu á sviðum sem taka til hlutverks Ríkisútvarpsins sé því heimilt að taka þátt í fyrirtækjarekstri eða að menn gengju það langt að segja að Ríkisútvarpið tæki aðeins þátt í rekstri sem tengdist veitustarfsemi, tæknimálum og þess háttar. Þarna er alla vega svið sem Alþingi þarf að taka mjög rækilega til skoðunar í sambandi við þetta frumvarp.

Ég tel einnig að í sambandi við auglýsingu á kostun sé ekki hollt að Ríkisútvarpið hafi fullkomlega frjálsar hendur. Ég vil ekki ganga svo langt að segja að það eigi að skerða

möguleika Ríkisútvarpsins til að afla sér fjár með auglýsingum og kostun að neinu verulegu magni, en mér finnst þó að til greina komi að setja því ákveðin mörk, t.d. þannig að tekjur RÚV skuli að jafnaði ekki fara fram úr t.d. 20% af heildartekjum á auglýsingamarkaði ljósvakamiðla, að það komi fram af hálfu löggjafans að hann ætli sér að standa þannig að fjármögnun Ríkisútvarpsins að það þurfi ekki að leita út á einkamarkaðinn nema að ákveðnu marki. Það væri líka ákveðin tillitssemi við einkamarkaðinn sem við ætlum að fara að setja rammalöggjöf um að segja sem svo að honum verði markaður sinn bás til að keppa á og Ríkisútvarpinu líka ákveðinn bás og unir svo hvor aðilinn um sig glaður við sitt.

Það sem ég held að verði kannski eitt af því erfiða sem við eigum eftir að takast á við og megi hafa áhyggjur af er sjálf fjármögnun Ríkisútvarpsins, vegna þess að mér sýnist að tekjurnar af nefskattinum sem ríkisstjórnin leggur til geri ekki nema rétt svo að halda í horfinu hjá Ríkisútvarpinu. Það sem Ríkisútvarpið losnar við að greiða til Sinfóníuhljómsveitarinnar og sparar í rekstri auglýsingainnheimtu dugir nefnilega ekki nema rétt fyrir skuldbindingum vegna lífeyrisgreiðslna starfsmanna. Mér sýnist að fjármögnunarhugmyndirnar séu u.þ.b. status quo.

[21:17]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Ég á það erindi öðru fremur upp í ræðustól að lýsa yfir stuðningi við hið nýja frumvarp um Ríkisútvarpið. Mig langar í því samhengi að vísa til þess að í flokksþingsályktun Framsóknarflokksins eru allar þær áherslur hvað varðar Ríkisútvarpið sem lagðar eru í þessu frumvarpi. Þar segir m.a. að flokkurinn vilji að Ríkisútvarpið verði áfram í þjóðareign, það eigi að vera það og efla eigi sjálfstæði þess. Þar segir líka að hraða eigi endurskoðun laga um Ríkisútvarp þar sem m.a. stjórnskipulag stofnunarinnar verði skilgreint og tekið verði mið af nýju fjölmiðlaumhverfi. Síðan segir að skoðaðar verði mismunandi leiðir til að standa undir rekstrarkostnaði og að uppbyggingu og rekstri landshlutaútvarps verði haldið áfram og rekstrargrundvöllur tryggður.

Eins og þetta frumvarpið horfir við mér í stórum dráttum fellur það alfarið að þeirri stefnu sem Framsóknarflokkurinn hefur haft árum saman og þeirri afstöðu sem Framsóknarflokkurinn hefur árum saman haft til Ríkisútvarpsins, þ.e. að styrkja það faglega og fjárhagslega, að endurskipuleggja þurfi stjórnskipan Ríkisútvarpsins og í alla staði að byggja upp og standa vörð um það sem almannaútvarp. Allar þessar áherslur er að finna í frumvarpinu.

Ég hef verið að velta því fyrir mér í umræðunni í dag og hafði búist við því fyrir fram að þær áherslur sem koma fram í frumvarpinu og hinar viðamiklu breytingar sem lagðar eru til væru jafnframt í fullu samræmi og í takti við áherslur fleiri flokka á hinu háa Alþingi. Það er ekki alveg úr lausu lofti gripið og finnst mér líka að stefnan og áherslurnar í frumvarpinu séu í fullu samræmi við bæði skýrslu fyrri fjölmiðlanefndar, sem almennur einhugur var um hér á þingi að væri ágætlega unnin og margar góðar leiðir lagðar til, m.a. þær sem gengu út á að styrkja Ríkisútvarpið. Ég veit heldur ekki betur en að meginlínurnar í frumvarpinu séu í fullu samræmi við skýrslu seinni fjölmiðlanefndar og þær línur sem þar eru dregnar, ekki bara varðandi það hvernig skuli staðið að skipulagi Ríkisútvarpsins og að því að styrkja fjárhagsgrundvöll þess og rekstur, heldur jafnframt að hlutverki Ríkisútvarpsins í stærra fjölmiðlaumhverfi á Íslandi.

Mér hefur því, herra forseti, komið á óvart sú andstaða sem verið hefur í umræðunni í dag um þetta frumvarp. Ég hef beðið eftir því að fá að heyra eitthvað stefnumótandi og hvar stefna hinna flokkanna á Alþingi lægi í málefnum Ríkisútvarpsins.

Hv. þm. Mörður Árnason, sem ekki er í þingsal núna en er kannski einhvers staðar nærtækur, orðaði það svo í dag að stefnu Samfylkingarinnar væri að finna í þingmáli sem Samfylkingin hefði lagt fram, 400. máli á þingskjali 507. Ég ákvað að verða mér úti um málið og lesa í gegnum þá þingsályktunartillögu af því að ég hafði til þess tíma í dag. Ég verð að segja að mér fannst tillagan sérlega vel unnin og þingmálið ítarlegt í alla staði. Þess vegna kemur mér enn meira á óvart, eftir að hafa lesið það, sú andstaða sem mér heyrist ákveðnir hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafi sýnt málinu sem hér er til umræðu.

Þó má í raun segja, þegar grannt er skoðað og ég leitaði grannt eftir stefnunni og einhverju ákveðnu sem hv. þingmenn vildu fá fram og sjá sem framtíð Ríkisútvarpsins, að komið hafi á daginn að í því ágæta máli Samfylkingarinnar, sem er tillaga til þingsályktunar, er einmitt enga stefnu að finna, sem er kannski ekki nema von vegna þess að þingmálið gengur út á að skipa nefnd. Samkvæmt þingsályktunartillögunni á sú nefnd m.a. að vinna þá vinnu sem þessar tvær fjölmiðlanefndir sem við öll þekkjum til hafa þegar skilað.

Það er óskaplega lítið að finna í þessu ágæta þingmáli um hver stefna Samfylkingarinnar er en þó má lesa hana út úr því að markmiðið með þessari vinnu og nýju frumvarpi sem Samfylkingin vill sjá um Ríkisútvarpið sé fyrst og fremst, það sem við öll erum sammála um, að það eigi að efla og sérstaklega með það fyrir augum að tryggja fjölbreytni í fjölmiðlun, þ.e. „að tryggja fjölmiðlafjölbreytni og leysa vanda sem fylgir eignasamþjöppun hjá markaðsmiðlum," eins og Samfylkingin orðar það í þessu máli.

Undir þetta allt saman get ég tekið og ætla bara að árétta það hér að við umræðuna sem var um fyrstu fjölmiðlanefndarskýrsluna á sínum tíma leyfði ég mér að leggja alla áherslu á þetta, að þetta væri árangursríkasta leiðin í fjölmiðlaumhverfinu og gagnvart þeirri samþjöppun á eignarhaldi sem við erum að tala um, að styrkja Ríkisútvarpið verulega faglega og fjárhagslega.

En ég ætla einnig að halda því til haga, sem bent var á í þessum ræðustól áðan, að einhverjir sjálfstæðismenn hafa séð hnökra á þessu frumvarpi. Það kann vel að vera að þegar menn fara yfir það í þingnefnd þá sjái þeir á því einhverja hnökra. Meðal annars hefur verið haft orð á því hér í dag að hin almenna skilgreining á hlutverki Ríkisútvarpsins sé allt of víð.

Hv. þm. Einar Karl Haraldsson nefndi áðan að stofnunin ætti fyrst og fremst að hafa visst menningarhlutverk. Það hljóta líka að vera svolítil átök um hvernig menn ætla að skilgreina menningu. Eiga menn við hina gömlu, þjóðlegu,

íslensku menningu eða eru menn tilbúnir að styðja að hún sé skilgreind í einhverju víðara samhengi? Við getum deilt um hvort hlutverkið er skilgreint of þröngt eða vítt en ég áskil mér allan rétt til að hafa skoðun á því þegar farið verður að vinna í þessu máli og taka tillit til ábendinga sem hér hafa komið fram um að það séu hugsanlega einhverjir hnökrar á málinu sem færa megi til betri vegar.

Í þessu ágæta máli Samfylkingarinnar, þar sem ég hélt að væri að finna stefnu Samfylkingarinnar sem kom á daginn að var ekki, eru ótal ábendingar í ýmis gögn og skýrslur, m.a. til tilmæla ráðherraráðs Evrópuráðsins, samþykkta ráðherrafundar og annars. Allt gögn sem vísað er til í skýrslu bæði fyrri og seinni fjölmiðlanefndarinnar. Þar er jafnframt vísað í Prag-samþykktina frá 1994, sem hv. þm. Einar Karl Haraldsson vísaði til áðan og taldi upp ýmis atriði sem þar eru tekin fram. Þar er og vísað í tilmæli Evrópuráðsins um sjálfstætt almannaútvarp.

Í áðurnefndri tillögu eru færð rök fyrir því að vinna að þessu í nefndarstarfi þar sem að komi fræðimenn, stjórnmálamenn og aðrir, sem er nákvæmlega hið sama og tvær fjölmiðlanefndir hafa gert, ekki síst sú síðari. Í henni var meira að segja tryggð aðkoma allra flokkanna á þingi, andstætt því sem mig minnir að hafi verið í fyrri fjölmiðlanefnd. Margt af því sem bent er á í þessu máli að gera þurfi og taka á varðandi Ríkisútvarpið er akkúrat gert í því stjórnarfrumvarpi sem menntamálaráðherra hefur mælt fyrir og við fjöllum um í dag.

En í fáum orðum sagt, herra forseti, lýsi ég yfir stuðningi við þetta mál. Ég geri ráð fyrir að það fái töluverða umfjöllun í nefnd og þá verði kallaðir til ýmsir hagsmunaaðilar sem muni tjá sig um ákvæði frumvarpsins og lýsa skoðunum sínum á því. En mér fannst gleðilegt, eins og mörgum öðrum, að það skyldi nást sátt hjá þeim aðilum sem sátu í fjölmiðlanefndinni, að menn skyldu ná sátt um allar meginleiðir. Ég leit þannig á að nefndin hefði skilað frá sér tilteknum heildarlausnum. Og mjög ofarlega þar á blaði, þótt tekið væri fram að því væri ekki forgangsraðað, var það einmitt það sem ég tel að felist í þessu frumvarpi, að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins, almannaútvarps á Íslandi. Mér hefur því komið á óvart andstaðan við þetta frumvarp, einnig vegna þess að maður hefur heyrt aðeins út undan sér að þetta megi ekki afgreiða eitt og sér og ekki fyrr en þá allar tillögur fjölmiðlanefndarinnar líta dagsins ljós.

Þeir sömu og mælt hafa með þeirri málsmeðferð höfðu orð á því í umræðunni á sínum tíma, og tóku undir með mér þegar við ræddum um fyrstu skýrsluna, að þetta væri fyrsta skrefið og mundi jafnvel nægja til að vinna gegn samþjöppun á eignarhaldi sem mörgum hefur verið þyrnir í augum.

[21:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jónína Bjartmarz segir að hún hafi hlustað eftir viðhorfum stjórnmálaflokkanna varðandi breytingar á lögum um Ríkisútvarpið. Reyndin er sú að við óskuðum eftir því að frumvörp okkar kæmu til umræðu samhliða þessu frumvarpi til að hv. þingmanni gæti orðið að ósk sinni. Ég man ekki betur en að hún legðist gegn því í dag.

Hún sagði jafnframt að auðveldara væri að gagnrýna og fara almennum orðum um mál en að setja fram markvissar tillögur. Það höfum við hins vegar gert í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í frumvarpi okkar, lagt fram markvissar tillögur.

Ég vil spyrja hv. þingmann út í það þegar hún segir að þetta frumvarp komi til með að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins: Hvað er það nákvæmlega sem hún á við með því? Hún er þá væntanlega að vísa í breytt rekstrarform fyrirtækisins sem mörg okkar telja að muni veikja stöðu Ríkisútvarpsins.

[21:29]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Það er freistandi, herra forseti, að vísa í þetta ágæta þingmál Samfylkingarinnar, tillögu til þingsályktunar, varðandi röksemdina um breytingu á rekstrarformi. En á heildina litið, þegar skoðuð er sú gagnrýni sem Ríkisútvarpið og rekstur þess hefur setið undir undanfarin ár, finnst mér augljóst að með þessu nýja frumvarpi er gleggra en fyrr tekið á mismunandi hlutverki og skyldum þeirra sem koma að stjórn stofnunarinnar. Það er tekið nákvæmar á hlutverki Ríkisútvarpsins en áður hefur verið gert. Nánar er fjallað um stjórnskipulag Ríkisútvarpsins og stjórn þess í það heila, rétt þess til þátttöku í annarri starfsemi. Öll þau efnisatriði sem fyrir koma í þessu frumvarpi eru til þess fallin að styrkja rekstur Ríkisútvarpsins og styrkja stöðu Ríkisútvarpsins í hinu stóra samhengi, í samhengi við aðra íslenska fjölmiðla. (Forseti hringir.) Mér finnst það ekki þurfa að fara á milli mála.

[21:30]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við þurfum að fá nánari lýsingar á þessu. Það sem helst hefur verið gagnrýnt varðandi rekstur og rekstrarform Ríkisútvarpsins eru tengsl útvarpsráðs við stofnunina. Það sem gert er með frumvarpinu er að í stað þess að efla tengsl þingsins á grundvelli viðhorfa er það gert á grundvelli valds. Það er fært undir meirihlutavald á Alþingi í ríkari mæli en áður hefur verið gert. Þar að auki eru réttindi starfsfólksins náttúrlega rýrð með frumvarpinu og öll stjórnsýslan sett á bak við lokuð tjöld.

Ég á afskaplega erfitt með að fá það heim og saman að þetta sé allt til þess fallið að styrkja stöðu Ríkisútvarpsins. Það sem hefur gerst er að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi, það var til orðið frumvarp um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins en síðan náði Framsóknarflokkurinn að klóra í bakkann og setja sf. í staðinn fyrir hf. Þetta er það sem hefur verið gert og (Forseti hringir.) afleiðingin er stórskert kjör starfsfólks Ríkisútvarpsins og virk staða þeirrar stofnunar.

[21:32]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Ég held að hv. þingmaður hafi ekki verið kominn í þingsal þegar ég fór yfir flokksþingsályktun Framsóknarflokksins og hvað menn lögðu áherslu á þar varðandi styrkingu á stöðu Ríkisútvarpsins, en þar var m.a. lögð áhersla á að Ríkisútvarpið væri áfram í þjóðareigu, sjálfstæði þess væri eflt og m.a. yrði stjórnskipulag stofnunarinnar endurskoð-

að, það væri endurskilgreint og tekið mið af nýju fjölmiðlaumhverfi.

Hvað rekstrarformið varðar verð ég að upplýsa hv. þingmann að ég er svo sannarlega þeirrar skoðunar að það hefði ekki styrkt Ríkisútvarpið til framtíðar að vera áfram opinber ríkisstofnun eins og það hefur verið. Hins vegar má deila um það í hvaða rekstrarformi hefði mátt reka það. (Gripið fram í.) Ég spyr hv. þm. Ögmund Jónasson að því hvort hann sé talsmaður þess að hlutafélagavæða Ríkisútvarpið. (Gripið fram í.) Ég geng út frá því, herra forseti, að hann hafi viljað halda í það sem ríkisstofnun (Forseti hringir.) sem það hefur verið frá upphafi.

[21:33]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður sagði: „efla fjárhagslegt og faglegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins". Þá klisju hef ég heyrt hvern þingmanninn éta upp eftir öðrum í hálft annað ár og japla á eins og hverju öðru tyggigúmmíi án þess að nokkurt innihald virðist fylgja. Við erum búin að fara yfir það í umræðunni að með þeim tillögum sem fyrir liggja er fjárhagur Ríkisútvarpsins rýrður. Í tillögunum felst ekkert aukið fé en þvert á móti munu 0,5 milljarðar í biðlaunarétti starfsmanna lenda á stofnuninni. Hér er því ekki verið að efla fjárhagslega stöðu útvarpsins heldur þvert á móti.

Þegar talað er um „hina faglegu" hlýtur maður að spyrja hv. þingmann í fyrsta lagi: Hvar er hin fjárhagslega efling útvarpsins í tillögunum? Og í öðru lagi: Er hin faglega efling falin í því að setja svo valdamikla pólitíska stjórn yfir starfsemi útvarpsins eða sýnist hv. þingmanni að afskipti Alþingis af rekstri útvarpsins (Forseti hringir.) hafi til þessa verið sérlega fagleg eða til þess fallin að styrkja stofnunina faglega?

[21:34]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var einmitt vegna gagnrýni á þá þætti í frumvarpinu sem varða fjárhagslegt sjálfstæði og eflingu Ríkisútvarpsins fjárhagslega og faglega sem ég leitaði eftir stefnu Samfylkingarinnar sem mér var sagt í umræðunni í dag, eins og öðrum hv. þingmönnum, að væri að finna á þessu tiltekna þingskjali en þar er akkúrat enga stefnu að finna.

Ég lít þannig á að með þeim breytingum sem verið er að gera, og tek fram að við hljótum við meðferð málsins í menntamálanefnd, þeir þingmenn sem þar sitja, m.a. að kalla eftir viðhorfum starfsmanna Ríkisútvarpsins til breytinganna og fá fram þar allar upplýsingar um það hvort þeir telji að með þessu sé á einhvern hátt verið að rýra kjör þeirra.

Það kemur á hinn bóginn ekki á óvart að hv. þm. Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, skuli halda því á lofti að þeir séu betur staddir í Ríkisútvarpinu í því formi sem það er núna en í sameignarfélagi. En það hlýtur að koma á daginn við þinglega meðferð málsins. (Forseti hringir.)

Við vitum líka að tekjur Ríkisútvarpsins eins og þær eru samsettar hafa verið gagnrýndar í gegnum árin.

[21:36]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz hjartanlega fyrir hennar greinargóða svar. Í því kom engin ábending fram um að í frumvarpinu væri eitt einasta atriði til þess fallið að efla stofnunina fjárhagslega, enda er ekkert slíkt atriði að finna í frumvarpinu og ég þakka hv. þingmanni hreinskilnina um það.

Sömuleiðis hitt að benda ekki á eitt einasta atriði í frumvarpinu sem er til þess fallið að gera starfsemi stofnunarinnar faglegri. Þvert á móti er ástæða til að óttast vaxandi pólitísk afskipti af starfseminni með tilkomu frumvarpsins. Ég verð þess vegna einfaldlega að segja það sem mína skoðun, virðulegur forseti, að frumvarpið um Ríkisútvarpið sem svo lengi hefur verið beðið eftir og svo miklar væntingar bundnar við er hvorki fugl né fiskur. Það er ekki barn í brók (Forseti hringir.) því að í því er ekki tekið á einu einasta af höfuðvandamálum stofnunarinnar.

[21:37]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að hártoga við hv. þingmann. Hann hefur tök á því í ræðu að gera grein fyrir sjónarhorni sínu til þess hvernig koma megi Ríkisútvarpinu meira á flot eða meira á flug og hefur eflaust gert það í dag. En eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu hef ég hvergi nokkurs staðar fundið stefnu Samfylkingarinnar í málinu eða hver vilji hennar er öðruvísi en það að ég hef heyrt almennar yfirlýsingar um að efla sjálfstæðið, bæði faglegt og fjárhagslegt, hjá Ríkisútvarpinu, svipað og er að finna í stefnumálum allra annarra flokka. Ég kalla enn og aftur eftir því, vegna þeirrar gagnrýni sem hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa haft á orði í dag vegna frumvarpsins, hver stefna þeirra í málefnum Ríkisútvarpsins sé. Hvernig þeir vilja fjármagna það á annan hátt en gert hefur verið, ef ekki með nefskattinum, hvaða leiðir vilja þeir fara þá? Ég er engu nær eftir að lesa þau þingmál sem liggja frammi og stafa frá þeim flokki.

[21:38]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég óska eftir að forseti hugleiði bón hv. þm. Jónínu Bjartmarz því að eina leiðin til að gera það eins og málum er nú komið er að fresta umræðunni og taka upp umræðu um mál nr. 400 — við ræðum nú mál nr. 643 — tillögu til þingsályktunar um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp, sem ég flyt ásamt fimm öðrum hv. þingmönnum Samfylkingarinnar.

Það er undarlegt að hv. þingmaður skuli leyfa sér að koma upp að þessu máli óræddu og kalla eftir stefnu Samfylkingarinnar sem hún hafi ekki fundið í þessum málum. Í tillögugreininni og einkum í greinargerðinni er að finna þann ramma, þann grunn sem gæti t.d. orðið mönnum að miklu gagni í framhaldsvinnu um frumvarpið. Ég spyr: Hvaða stefnu vantar hv. þingmann? Hér kemur allt saman fram sem þarf að koma fram.

Þegar menn setjast niður í nefnd eða semja frumvarp (Forseti hringir.) koma menn sér saman um ákveðnar leiðir. Við höfum af ásettu ráði ekki viljað festa það niður til þess

að geta náð samkomulagi m.a. við Framsóknarflokkinn um það.

[21:39]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ósköp tekur hv. þingmaður því illa þó að ég lýsi því yfir í þessum ræðustóli að ég hafi sérstaklega borið mig eftir því að kynna mér stefnu Samfylkingarinnar í málefnum Ríkisútvarpsins og ekki getað fundið. Það er ekki rétt með farið hjá hv. þingmanni að í þingmálinu sé að finna tiltekna stefnu heldur eru þar dregnar upp ýmsar leiðir, til að mynda varðandi fjármögnunina, sem skuli skoða í nefnd. Ég benti á það fyrr í andsvari að tvær nefndir hafa verið að störfum sem m.a. hafa fjallað um Ríkisútvarpið.

Varðandi það að draga upp þetta ágæta mál kom það fram í umræðunni, áður en umræða um þingmálið um Ríkisútvarpið byrjaði, að menn gagnrýndu það að samtímis hefðu ekki verið tekin á dagskrá tiltekin frumvörp frá stjórnarandstöðunni, sem líka fjölluðu á einn eða annan hátt um Ríkisútvarpið. Þá kom sú yfirlýsing fram, alla vega frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, að hv. þingmenn mundu eftir sem áður ræða það undir þessum lið. Ég gaf mér það meðan ég brá mér af bæ (Forseti hringir.) að hv. þingmenn Samfylkingarinnar hefðu gert það sama (Forseti hringir.) og hv. þm. Mörður Árnason vitnaði vissulega í þetta skjal í dag.

[21:41]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég biðst afsökunar á að hafa verið í andsvari því að það kemur í ljós að gagnrýni hv. þm. Jónínu Bjartmarz er tilefnislaus því að hún hefur ekki verið við umræðuna og ekki heyrt það sem þrír þingmenn Samfylkingarinnar hafa haft fram að færa í samtals 60 mínútur, ég, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Einar Karl Haraldsson. Allt sem frá okkur er komið í því hefur byggst meira og minna á þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér er um að ræða.

Kannski tíðkast það ekki í Framsóknarflokknum að reifa málin sem kallað er, að setja grundvöll undir umræðu, heldur geri menn það eitt í Framsóknarflokknum að festa sig í ákveðna tillögu, af því að nefnd er fjármögnunarleiðin. Við segjum ósköp einfaldlega, sem er niðurstaðan af þessari umræðu líka: Það er enginn sérlega góður kostur við afnotagjöldin. Við þurfum ósköp einfaldlega að finna í sameiningu hver skásti kosturinn fyrir Ríkisútvarpið í afnotagjöldunum er.

Hitt er alveg klárt að við viljum búa til t.d. eldvegg gagnvart viðskiptahagsmunum og eldvegg gagnvart pólitískum hagsmunum. Það er ekki sú leið sem farin er í frumvarpinu.

[21:42]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. Merði Árnasyni að ýmsar leiðir eru færar t.d. varðandi fjármögnun Ríkisútvarpsins. Það er líka hárrétt hjá hv. þingmanni að í tilteknu þingmáli sem við höfum bæði nefnt í dag, og ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Marðar Árnasonar, er velt upp ýmsum möguleikum. Kostir og gallar þess að vera með afnotagjöldin eru raktir, að innheimta nefskatt og að hafa Ríkisútvarpið alfarið á fjárlögum, en það er engin afstaða tekin til neins af þeim liðum.

Í því stjórnarfrumvarpi sem hæstv. menntamálaráðherra mælti fyrir í dag liggur fyrir sú afstaða sem stjórnarflokkarnir komu sér saman um að væri skásti kosturinn af öllum hinum slæmu kostum sem hv. þm. Mörður Árnason nefndi, og það væri nefskatturinn. Ég þarf ekki að rifja upp alla þá óánægju sem hefur verið úti í samfélaginu með afnotagjöldin, bæði innheimtu þess og hvernig þau hafa komið við fólk auk þess sem menn geta nú horft á sjónvarp í öðrum miðlum en sjónvarpstæki.

[21:43]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Maður nokkur sótti um starf fréttastjóra hjá RÚV og fékk samkvæmt lögum. Hann guggnaði fyrir óvenju mögnuðu einelti starfsmanna og hefur sjaldan verið tekið með eins harkalegum hætti á móti nýjum starfsmanni hjá neinu fyrirtæki. Var hann iðulega orðaður við Framsóknarflokkinn án sannana.

Telur hv. þingmaður að stuðningur óbreytts framsóknarfólks við RÚV og fyrirliggjandi frumvarp sé enn jafndyggur eða gætu sumir verið farnir að hallast að hugmyndum um að selja RÚV, sérstaklega þegar fréttir RÚV af áðurnefndum atburðum síðustu vikna eru skoðaðar? (Gripið fram í.)

[21:44]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var skemmtilega spurt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal eins og hans er von og vísa. Hann innir mig eftir því hvert almennt álit hins almenna framsóknarmanns sé á Ríkisútvarpinu.

Ég ætla að svara honum í sömu einlægni og hann spurði. Ég hef heyrt framsóknarmenn sem árum saman hafa staðið dyggan vörð um Ríkisútvarpið og viljað efla það á allan hátt segja eftir umræður síðustu vikna: Það er kominn tími til að losa sig við þetta.

Ég tek fram að ég get ekki talað almennt af hálfu framsóknarmanna, ég hef heyrt tvo dygga stuðningsmenn efldsRíkisútvarps hafa það á orði. Að öðru leyti treysti ég mér ekki, herra forseti, til að svara hv. þingmanni þegar hann spyr svona.

[21:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef aldrei skilið af hverju ríkið stendur í fjölmiðlarekstri. Þjóðin og ríkið komst af án þess fyrir 1930 og hér hafa orðið miklar breytingar síðan. Ég hef flutt frumvarp um að hlutafélagavæða RÚV og selja það og ég hef orðið var við það síðustu vikur að stuðningur við það hefur vaxið mikið, þökk sé starfsmönnum RÚV.

[21:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Út af því síðasta sem fram kom í andsvörunum verð ég að segja að mér finnst eins og farið sé að örla á h-inu í staðinn fyrir s-ið í framsóknarranninum

úr því að hv. þingmaður sagði og hafði eftir framsóknarmönnum að þeir væru komnir á þá skoðun, a.m.k. sumir hverjir, að kominn væri tími til að losa sig við Ríkisútvarpið út af því máli sem byrjaði svo óbjörgulega og endaði 1. apríl.

Það er kannski ekki að undra að lent hafi í ógöngum hjá Ríkisútvarpinu þegar sá flokkur sem oftast og mest hefur talað um að það ætti að losa sig við það hefur farið með málefni þess í 14 eða 15 ár. Það er vonum seinna að fram komi frumvarp um einhverjar breytingar á Ríkisútvarpinu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft undir ráðherrum sínum allan þennan tíma. En það er reyndar undarlegt afkvæmi sem hér verður til. Það hefur aldrei sést áður. Það þekkir enginn þetta sf.-fyrirbrigði sem á að vera hatturinn á þessari stofnun. Það er svo umhugsunarefni út af fyrir sig að stjórnarflokkarnir skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu að finna þyrfti form fyrir rekstur Ríkisútvarpsins sem hvergi fyrirfinnst annars staðar. Ég átta mig satt að segja ekki á því hvers vegna það var gert en sennilega hefur styrinn staðið um hvort vera ætti hf. eða sf. á eftir Ríkisútvarpinu eins og það endaði í þessu frumvarpi.

Eins og ég sagði áðan hefur mörgum sjálfstæðismönnum ekki liðið vel með Ríkisútvarpið. Sumir þeirra hafa flutt frumvörp um að selja Ríkisútvarpið. En niðurstaðan virðist vera sú að þar á bæ hafi menn barið sig saman um að það skuli að vera almannaútvarp til framtíðar og samið um það við Framsóknarflokkinn að það skuli gert með þessum hætti sem þó vekur þá hugsun að verið sé að stytta leiðina yfir í hf. og hugsanlega sölu á Ríkisútvarpinu í framhaldi af því.

Ég ætla ekki að fara að ræða fréttastjóramálið út af fyrir sig en mér finnst full ástæða til að minna menn á að það mál kom upp vegna þess að hin pólitíska yfirstjórn á Ríkisútvarpinu er óviðunandi og hefur verið alla tíð. Það sem kannski mest er hægt að gagnrýna það frumvarp sem hér liggur fyrir er það að ekki er verið að leysa stofnunina undan þeim pólitísku vandamálum sem þar hafa verið. Mér er alveg sama hvað menn kalla þetta, sumir vilja kalla þetta einhvers konar rekstrarstjórn en þetta er ekkert annað en pólitísk yfirstjórn undir meirihlutavaldi þeirra flokka sem eru við völd á hverjum tíma sem hér er til stofnað. Gert er ráð fyrir að þessi stjórn geti skipt sér af öllum mögulegum hlutum. Það er ekki verið að leysa aðalvandamál Ríkisútvarpsins.

Ég held að hægt sé að ná samkomulagi um framtíð Ríkisútvarpsins ef menn leysa úr því hvernig stjórna eigi útvarpinu án þess að pólitísk afskipti séu þar uppi á borðum. Ég tel að það sé hægt og eigi fyrst og fremst að felast í því að velja útvarpsstjóra með þeim hætti að samkomulag sé um þá leið, annaðhvort að það sé einhvers konar aukinn meiri hluti fyrir vali útvarpsstjóra eða að menn setji almennar reglur um hvernig eigi að velja hann með tilteknum hætti eins og nefnt er í þingsályktunartillögu okkar.

Af því að ég nefni þá tillögu finnst mér dálítið hart að menn skuli gagnrýna hana hér einfaldlega vegna þess að í henni er gert ráð fyrir að fara svipaða eða sömu leið og menn mærðu hér í umræðunni í morgun þar sem verið var að ræða hvernig taka ætti á málum almennt á fjölmiðlamarkaðnum. Hér leggjum við til sömu vinnubrögðin og þá koma menn og heimta að við förum hina leiðina, komum með allt niðurnjörvað hvernig við viljum hafa þetta. Auðvitað gátum við það en við vitum að um þjóðarútvarp getur aldrei orðið friður öðruvísi en að víðtæk pólitísk sátt sé um rammann sem er utan um þann rekstur. Það er þess vegna sem niðurstaða okkar varð sú að leggja fram þessa þingsályktunartillögu sem er 400. mál þingsins.

Mér finnst að menn ættu ekki að loka sig inni í umræðunni um þau þingmál sem við ræðum hér. Það er raunar ekkert mjög hættulegt þó að ýmislegt standi í því sem við vildum hafa öðruvísi ef viljinn til að ná pólitískri sátt um framtíð Ríkisútvarpsins er fyrir hendi og ef menn vilja leita að þeirri sátt. En ef menn eru búnir að gleyma því sem þeir lærðu hvað varðar öll fjölmiðlamálin og eru ekki tilbúnir að leita að pólitískri sátt geta menn auðvitað lent í sömu vandræðunum áfram. Ég get ekki spáð vel fyrir Ríkisútvarpinu ef menn ætla ekki að taka betur á stjórnunarvandamálum þess en þarna er til stofnað.

Það má auðvitað ræða margt um hvernig fjármagna eigi Ríkisútvarpið. Það hefur komið skýrt fram að ekki er verið að leysa úr fjárhagsvanda stofnunarinnar með því sem hér er lagt til og menn geta ekki skilið við málin með þeim hætti. Menn hljóta að þurfa að ganga þannig fram að það sé alveg á hreinu hvað menn ætla sér varðandi fjármögnunina. Þegar menn ætla að breyta úr afnotagjöldum yfir í skatt þá held ég að menn hljóti að verða að skoða þá leið að breyta þeim alfarið í skattlagningu, þ.e. fjármagna þetta alfarið með skattlagningu. Hvers vegna að búa til sérskatta sem eru þó ekki sérskattar fyrir Ríkisútvarpið, sem byggjast ekki á því að menn noti Ríkisútvarpið, sem byggjast á einhverju öðru? Byggjast á því að þetta séu sjálfstæðir skattaðilar, byggjast á því sem sett er fram í frumvarpinu um tekjustofnana. Mér finnst að menn hljóti þá líka að verða að bera saman hvort ekki sé alveg eins gott að ganga alla leið, taka þetta fé af almennum skattstofnum og koma síðan á þjónustusamningi til langs tíma. Taka þessa fjármuni af fjárlögum og hafa reglu um hvernig á að sjá til þess að búið verði að gera nýjan þjónustusamning það löngu áður en hinn rennur út að það hafi ekki truflandi áhrif á rekstur útvarpsins. Ég gæti vel hugsað mér að þjónustusamningurinn væri til fjögurra ára og að nýr samningur ætti að liggja fyrir ári áður en hinn fyrri rennur út. Þannig geta menn unnið að þessum málum.

Auðvitað verða menn að vita hvað þeir ætla sér með Ríkisútvarpinu. Ég ætla að nefna hér 12. gr. frumvarpsins, kannski hef ég misst af einhverju í dag en hefur verið útskýrt hvað menn meina með því sem þar stendur? Þar segir:

„Nú óska stjórnvöld eftir því að Ríkisútvarpið sf. leggi í framkvæmdir eða rekstur til almannaheilla í öryggisskyni fyrir landsmenn eða vegna byggðasjónarmiða sem ljóst er að ekki skilar arði, og skal þá gera um það samning milli ríkisstjórnarinnar og Ríkisútvarpsins sf.“

Hvað eru menn að tala um? Er verið að tala um landshlutaútvörpin? Eru þau landshlutaútvörp sem eru starfandi núna utan við það sem stendur þarna? Er bara átt við það ef Ríkisútvarpið ætlaði sér að veita meiri þjónustu en það veitir núna á einhverjum öðrum landsvæðum? Ég tel að það væri gott að menn fengju að vita nokkuð betur hvað hér er á ferðinni því að ég held að það sé mjög erfitt að finna út

hvað af því sem Ríkisútvarpið er að gera skilar arði, að það geti orðið svolítið erfitt að finna út úr því. En hér virðist fyrst og fremst vera átt við eitthvað sem Ríkisútvarpið tæki upp á að gera til viðbótar við það sem það hefur verið að gera og þá á að skoða það út frá því hvort það skili arði. Verða þá allar nýjungar í rekstri Ríkisútvarpsins metnar út frá því hvort þær skili arði? Ég held að það geti orðið býsna flókið og mér finnst einhvern veginn að það boði ekki endilega gott hvað varðar þjónustu á landsbyggðinni af því að byggðasjónarmið eru þarna sérstaklega tilgreind.

Ég nefndi áðan að mér fyndist hið nýja útvarpsráð hafa öll völd í sínum höndum. Það ræð ég bara af orðalaginu í 9. gr. frumvarpsins þar sem stendur m.a. að það gefi út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í útvarpi. Síðan stendur í athugasemdum við frumvarpið, í 9. tölulið í kaflanum Meginefni frumvarpsins:

„Útvarpsráð verður lagt niður og þar með hætt afskiptum þess af dagskrá, sbr. nú 8. gr. laga um Ríkisútvarpið."

Mér finnst þetta orðalag stangast á við það sem stendur í greininni. Og ég tók eftir því að hv. þm. Dagný Jónsdóttir svaraði í andsvari í dag að hún teldi að menn læsu meira í þetta en átt hefði að gera samkvæmt hennar skilningi. Ég ætla bara að að vona að það sé rétt, að það sé ekki meiningin að það útvarpsráð sem nú er ætlað að setja á laggirnar fari ekki að stjórna fréttum eða fréttaflutningi og setja um hann einhverjar sérstakar reglur.

Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu. Ég tel að félagar mínir hafi gert fullkomlega grein fyrir hvaða vilja og stefnu við höfum mælst til að unnið yrði að til að koma Ríkisútvarpinu út úr þeim vanda sem það er í. Stjórnarliðar ættu í fullri alvöru að muna eftir því sem fram fór á fundum Alþingis fyrr í dag þar sem menn töluðu um pólitíska niðurstöðu sem náðist eftir gott starf, samstarf. Ef ástæða hefur verið til að ná saman um fjölmiðlamarkaðinn og hvernig taka ætti á málefnum þar, sem við ræddum fyrr í dag, þá held ég að öllum eigi að vera ljóst að ekki þurfi síður og reyndar miklu fremur pólitíska samstöðu um Ríkisútvarpið sem slíkt. Ég hvet eindregið til þess að menn leiti hennar, festi sig ekki í þeirri niðurstöðu sem hér er lögð fram og hefur orðið til með samningum milli stjórnarflokkanna.

[21:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður gat þess að hann vildi ráða útvarpsstjóra án pólitíkur, án stjórnmálaáhrifa. Nú er það svo að ríkið, sem er allt annað en þjóðin, er pólitískt í sjálfu sér vegna þess að það er kosið til Alþingis í pólitískum kosningum og meiri hluti Alþingis tilnefnir ráðherra, pólitískt. Allt ríkið er meira og minna þess vegna pólitískt. Hvernig sér hv. þingmaður fyrir sér að hægt sé að ráða útvarpsstjóra án þess að pólitík komi inn í spilið? Hann nefndi glæsilega niðurstöðu fjölmiðlanefndar sem dæmi. Vill hann þá hafa það þannig í rauninni að sérhver aðili í stjórnkerfinu eða á Alþingi hafi neitunarvald þegar á að ráða útvarpsstjóra? Eiga fleiri starfsmenn RÚV að falla undir þessa reglu, t.d. fréttastjórar? Það getur nú verið skemmtilegt að ráða mann ef sérhver þingmaður gæti verið á móti því og þar með yrði maðurinn ekki ráðinn. Það getur tekið dágóðan tíma giska ég á, herra forseti. Mig langar til að fá svör við því hvernig í ósköpunum menn sjá fyrir sér kerfi þar sem útvarpsstjóri yrði ráðinn án þess að pólitík kæmi nálægt.

[22:01]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Ég vil ekki, hæstv. forseti, að Ríkisútvarpið verði ríkisstjórnarútvarp heldur að víðtækari sátt verði um það hvernig foringi þess yrði ráðinn. Mér finnst aukinn meiri hluti koma til greina t.d. í þessu útvarpsráði til þess að ná saman um ráðningu útvarpsstjóra og að hann yrði ráðinn til tiltekins afmarkaðs tíma eins og þjóðleikhússtjóri t.d. Hann mundi hins vegar ráða sína undirmenn og menn væru ekki að skipta sér af því, svo ég svari því líka.

Ég held að með þessu væri hægt að gera þessari menningarstofnun kleift að hafa nógu mikið sjálfstæði til þess að geta sinnt sínu hlutverki án pólitískra afskipta og án pólitískra átaka sífellt um stofnunina. Þetta er ein leiðin. Svo er auðvitað hægt að láta kjósa útvarpsstjóra beint. Nú tala menn um meira og meira beint lýðræði. Ég tel að minnsta kosti fulla ástæðu til að velta því fyrir sér hvort þetta embætti gæti þá ekki verið eitt af þeim sem menn skoði í því samhengi.

[22:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta verður nú sífellt skrautlegra. Eigum við sem sagt að hafa um það þjóðaratkvæðagreiðslu hver eigi að vera útvarpsstjóri? Þá er nú hætt við að pólitíkin fari fyrst að skipta sér af málinu því það er vitað að á Íslandi eru stjórnmálaflokkarnir mjög vel skipulagðir einmitt til slíkra verka. Ég sé því ekki að það sé lausn í þessu máli.

Undanfarnar vikur höfum við ekki verið að ræða um ráðningu útvarpsstjóra, nei, nei. Það var miklu lægra settur starfsmaður RÚV sem við vorum að ráða. Ég veit ekki betur en að starfsmenn RÚV hafi sett útvarpsstjóra af. Þeir samþykktu á hann vantraust. Svo réðu þeir hann aftur þegar hann fór að þeirra vilja.

[22:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Íslenska þjóðin getur vel tekið afstöðu til þess að kjósa í slíkt embætti. Ég efast ekkert um það. Hún hefur sýnt fullkomið sjálfstæði gagnvart því að kjósa t.d. forseta. Stjórnmálaflokkarnir hafa aldrei komist upp með að ráða því. Ég held að það kæmi alveg til greina að velta þessu fyrir sér. Hin leiðin er miklu einfaldari í sjálfu sér, að hafa ákvæði um að aukinn meiri hluta þurfi til þess að ráða útvarpsstjóra og að hann fái víðtækt vald. Þetta með fréttastjórann kæmi þá aldrei upp vegna þess að útvarpsstjóri hefði þessi völd í sínum höndum. Ég tel að útvarpsstjóri sem hefði vald með þeim hætti sem þarna væri um að ræða og væri ekki truflaður af afskiptum útvarpsráðs eins og útvarpsstjóri hefur verið og var í þessu máli sem hv. þingmaður nefndi, hefði full tök á því að stjórna sinni stofnun og ráða sína starfsmenn án þess að þar væri allt logandi í illdeilum eins og verið er að vitna hér til. Alla vega er klárt að sú niðurstaða sem hér liggur fyrir á blöðum og hefur orðið til í samkomulagi milli stjórnarflokkanna leysir ekki

útvarpið úr þeim pólitísku vandamálum sem hafa verið þar. Það finnst mér vera uppgjöf og að þannig megi menn ekki skilja við þetta mál.

[22:05]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er næstum því skemmtilegt að hv. þm. Birgir Ármannsson sýndi í ræðu sinni í dag sömu pólitísku ríkisrekstrarnauðhyggjuna og hv. þm. Pétur Blöndal hefur gert í svipuðum umræðum að undanförnu. Þetta er svona svart/hvít frjálshyggjuhugsun sem er helst sambærileg við dólgamarxismann heitinn og felst í því að pólitísk afskipti og yfirráð af öllum stofnunum í almannaeigu séu sjálfsögð og eðlileg. Röksemdafærslan er nokkurn veginn svona: Ríkið á RÚV. Við eigum ríkið. Þar af leiðir að við eigum RÚV.

Þetta þarf ekki að vera svo. Það verða menn að gjöra svo vel að skilja. Ríkisútvarpið á ekki að vera eign ríkisins. Það á að vera almannaútvarp. Skilyrði þess að almannaútvarp geti verið til er það annars vegar að það sé sjálfstætt og hins vegar að það sé öflugt. Það að það sé sjálfstætt þýðir að það þarf að hafa í kringum sig eldveggi. Þetta er orð sem ég tek úr orðræðu markaðsstjóra Ríkisútvarpsins. Annars vegar þarf eldvegg gagnvart hættulegum viðskiptahagsmunum sem leita á, hins vegar eldvegg gagnvart hættulegum pólitískum afskiptum umfram þau sem felast í sjálfsagðri almennri stefnumótun á fjölmiðlavettvangi af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar.

Um viðskiptahagsmunina skiptir miklu máli að Ríkisútvarpið hafi trausta og örugga fjármögnun og það skiptir í öðru lagi miklu máli að það þurfi ekki að reiða sig á tekjur af grimmilegri samkeppni á markaði auglýsinga og kostunar, að þær tekjur séu í því hófi að þær skipti Ríkisútvarpið aldrei máli í ákvörðunum um dagskrárgerð og annað það sem almannaútvarpið varðar.

Um eldvegginn gagnvart pólitískum afskiptum eru ýmsir möguleikar. Það er alveg rétt að við samfylkingarmenn höfum ekki haldið fram neinum einum eða tveimur möguleikum í því efni. Við höfum viljað hafa það opið. En við höfum bent á ýmsa hér í þessari umræðu og í þingsályktunartillögu okkar og í fyrri umræðum okkar um málið. Við höfum bent á hlustendaþing. Við höfum bent á einhvers konar kjör útvarpsstjóra. Við tökum vel tillögum frá Frjálslynda flokknum, sem er gömul tillaga Kvennalistans reyndar, um einhvers konar akademíu sem sé einn liðurinn í stjórnskipulagi Ríkisútvarpsins. Mér þykir athyglisverð samlíking hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar hér í dag um háskólarektorinn sem kjörinn er reglulega og vandræðalaust uppi í háskóla. Ég tel að þegar menn setjast niður og athuga þetta í rólegheitum þá eigi þeir að taka ýmsar svona tillögur og kryfja þær til mergjar.

Þegar upp kemur stjórn Ríkisútvarpsins eins og hún er orðuð í frumvarpinu eða það útvarpsráð sem nú situr þá er líka hægt að laga það til eftir þessari hugsun. Við höfum bent á hér í dag að jafnvel sú litla viðbót sem fælist í því að tveir starfsmenn settust í þessa stjórn mundi gjörbreyta hlutverki stjórnarinnar og ýta burt þeim beinu pólitísku afskiptum sem við þekkjum úr núverandi útvarpsráði og núverandi skipulagi með bæði útvarpsráð og útvarpsstjóra, sem er ráðherraskipaður, og þeirri hættu sem blasir við í tillögum frumvarpsins um hina nýju stjórn Ríkisútvarpsins, um útvarpsráð hið meira.

Ef vilji er til að reisa þessa eldveggi, ef pólitískur vilji er til að ná utan um það mál, þá er það hægt. Umræðan um fjölmiðlaskýrsluna frá í dag sýnir ósköp einfaldlega að þetta er hægt. Ég vil líka endurtaka frá því áðan að það eru auðvitað ákveðin skilyrði, ákveðnar forsendur fyrir því að það sé hægt. Það eru þær forsendur að menn fylgi raunverulega hugmyndinni um Ríkisútvarpið sem almannaútvarp. Það eru þær forsendur að menn séu tilbúnir að gefa því fjárhagslegan rekstrargrundvöll og það sem ég hef kallað samfélagslegan rekstrargrundvöll sem felst í fyrsta lagi í pólitískri samstöðu, í öðru lagi í því að Ríkisútvarpið sé raunveruleg þjóðareign og í þriðja lagi í því að málum sé þannig háttað að forstöðumenn markaðsstöðvanna viðurkenni tilvist Ríkisútvarpsins og það hlutverk sem það á að gegna.

Frumvarpið sem við erum að ræða núna er ekki í samræmi við þetta. Þar er gert ráð fyrir að áfram séu pólitísk afskipti ráðandi í Ríkisútvarpinu. Þar er gert ráð fyrir því að fyrirtækið sé lokað, að upplýsingalög og stjórnsýslulög gildi ekki lengur um þetta fyrirtæki, að almenningur og fulltrúar hans hafi ekki lengur þó þann aðgang að upplýsingum sem þeir hafa núna og að starfsmönnum sé torveldað að sækja sinn rétt eða að hafa þann rétt sem þeir eiga að hafa. Frumvarpið núna gerir ekki ráð fyrir því að hér sé um að ræða almannaútvarp sem starfar fyrir opnum tjöldum.

Í þriðja lagi er í frumvarpinu núna ekki skilgreint hlutverk Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps. Menn hafa bent á það hér, bæði við samfylkingarmenn og aðrir stjórnarandstæðingar, hygg ég, og einnig fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í umræðunni, sem er mjög merkilegt og ég benti reyndar á í fyrstu ræðu minni að þegar hefði gerst. Þó ég vilji ekki telja mann eins og Óla Björn Kárason beinlínis fulltrúa Sjálfstæðisflokksins þá er hann auðvitað í liði frjálshyggjumanna og tengdur flokknum.

Gagnrýni okkar hefur verið sú annars vegar að þetta hlutverk sé ekki skilgreint. Hins vegar gagnrýnum við auknar heimildir Ríkisútvarpsins sem almenns fyrirtækis sem starfi ósköp einfaldlega eins og hvert annað fyrirtæki í samkeppni við markaðsstöðvarnar. Þetta stóð ekki til.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hafði það eftir Sigríði Andersen sem ég var að heyra í fyrsta sinni — ég les Viðskiptablaðið greinilega ekki nógu ört — að hér væri í raun frumvarp um ekki neitt. Það er að ýmsu leyti satt að það sé ekki um nokkurn skapaðan hlut. Lítið breytist í raun og veru í stjórnarháttum og skipulagi. Lítið breytist í raun og veru gagnvart annars vegar viðskiptahagsmunum og hins vegar pólitískum hagsmunum. Helstu breytingarnar eru tvenns konar. Annars vegar þær að lokað er á upplýsingar til almennings og fulltrúa hans um það sem gerist í þessu fyrirtæki og hins vegar að það eru auknar heimildir til að keppa við aðrar stöðvar á venjulegum markaðsgrunni. Báðar þessar breytingar tel ég neikvæðar. Ég spyr: Var það þetta sem stóð til? Var það þetta sem stóð til með því að stjórnarflokkarnir tengdu sig saman og ætluðu að búa til einhvers konar lausn á vanda Ríkisútvarpsins? Í raun er þetta skref út í keldu og verra en ekki neitt. Við eigum að

líta á það gagnlega í þessu frumvarpi sem jákvæðar hugmyndir í þeim pakka sem við eigum nú að hafa samráð um að vinna úr. En að öðru leyti eigum við að líta á þetta frumvarp sem eins konar mistök.

Af því að um fjármögnunarþáttinn var spurt þá er það auðvitað þannig að nefskatturinn — það kemur í ljós í umræðunni — er engan veginn sannfærandi leið út úr vandræðunum í kringum afnotagjöldin. Jóhanna Sigurðardóttir hefur reifað þetta og hún hefur líka sett fram hugmynd að sínu leyti. Hún setur hana fram hér í hugmyndagrunninn og það væri fínt að fá álit menntamálaráðherra á þeirri hugmynd vegna þess að hún er vel hugsuð og rökrétt. Þá verð ég að segja um leið að hvaða leið sem valin er í fjármögnuninni þá verður hún að byggjast á því, samanber hinn pólitíska eldvegg, að langtímasamningur sé í gildi sem sé grunnur undir fjármögnun og undir stefnuna, að langtímasamningurinn gildi milli stjórnvalda, menntamálaráðherra og þingsins — hvernig sem því er nú háttað — og RÚV hins vegar. Hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi hér fjögur ár. Ég vil ganga lengra. Hann þarf að ná yfir kjörtímabil. Hann þarf að gilda í sex til sjö ár og vera þannig háttað að allt þingið standi að honum og um hann sé pólitísk samstaða á hverjum tíma, samanber það sem hv. þm. Einar Karl Haraldsson sagði hér, þ.e. að í raun ætti að bera samning menntamálaráðherra undir þingið.

Ég vil svo aðeins ítreka ýmsar spurningar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, m.a. um upplýsingalög og stjórnsýslulög til menntamálaráðherra og ekki síður eina spurningu hennar sem er mjög athyglisverð. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bar þær upplýsingar hér í umræðuna frá yfirmönnum í menntamálaráðuneytinu að hér sé á síðu 20 kafli *í athugasemdunum um 11. gr. sem sé umfram, sem séu leifar* af gömlum texta, sem sagt leifar af tilraunum til þess að beita jöfnunaraðgerðum í nefskattinum sem ríkisstjórnin og hæstv. menntamálaráðherra eru hætt við. Ég held að þetta þurfi að koma fram og jafnframt það hvernig standi á þessum texta því hann vantar allan lagastuðning ef þetta er ekki svo. Ég verð að segja það bara að lokum að mistök af þessu tagi eru ekki til þess fallin að auka traust á þessu frumvarpi.

[22:16]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Mörður Árnason vék að ýmsum sjónarmiðum og leiðum varðandi stjórnskipun RÚV sem hann telur ekki gerð fullnægjandi skil í því frumvarpi sem hér liggur fyrir.

Ég vildi inna hv. þingmann eftir því hvort hann hefði mótað sér skýrar hugmyndir um hvaða leið hann vildi fara. Hann gerði í ræðu sinni, eins og raunar hefur borið á í umræðunni í dag, grein fyrir ýmsum hugmyndum sem hann kastaði fram, um hlustendaþing, einhvers konar akademíu í anda tillagna Frjálslynda flokksins, með beint kjör útvarpsstjóra og fleira þess háttar. Mig langaði til að inna hv. þingmann eftir því hvort hann hefði mótað sér skýrari afstöðu til hugmynda af þessu tagi. Hv. þingmaður virðist hafa nokkuð skýra mynd af því hverju hann er á móti. Hann er á móti því sem stendur í frumvarpinu en mig langar að kalla eftir því hvort hann geti gert grein fyrir því sem hann er fylgjandi.

Varðandi fjármögnun Ríkisútvarpsins þá þætti mér ánægjulegt ef hv. þingmaður gæti gert nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum og stefnu flokks síns í þeim efnum. Þar virðist í meginatriðum hið sama uppi á teningnum. Þeir vita hverju þeir eru á móti. Þeir eru á móti þeirri tillögu um nefskatt sem fram kemur í frumvarpi hæstv. menntamálaráðherra. Hins vegar er ýmsum hugmyndum kastað fram. Hv. þm. Mörður Árnason vitnaði í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrr í dag þar sem gert var ráð fyrir einhvers konar tengingu við fasteign, að gjaldtakan yrði lögð á fasteignaeigendur eftir einhverjum mismunandi leiðum. Hv. þm. Jóhann Ársælsson virtist mér aftur á móti tala fyrir því að þetta yrði á einhvern hátt sett í almenna skattkerfið og fjármagn til Ríkisútvarpsins yrði (Forseti hringir.) ákveðið með fjárlögum.

[22:18]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég hef ekki legið á því að ég tel að það sé engin úrvalsleið út úr afnotagjaldinu. Ég sagði það hér rétt áðan. Að öðru leyti vísa ég til ræðu Jóhönnu Sigurðardóttur um það efni sem var prýðileg. Ég held að skoða eigi mjög rækilega hugmyndir hennar um fjármögnun.

Nefskatturinn hefur auðvitað þann stóra galla, þrátt fyrir ýmsa kosti, að ef það á að beita honum í alvöru þá þarf jöfnunarkerfi í kringum hann. Þá erum við komin út á svæði sem við þekkjum ágætlega, jaðarskattajöfnunarkerfisbírókrasíu, sem er ekki mjög heppileg og ég efast um hv. þm. Birgir Ármannsson sé neitt hrifnari af en ég.

Það er rétt, að það er auðveldara að vera á móti hlutum en með, en það sem við höfum gert, samfylkingarmenn og *ég hér sjálfur, er að við höfum fram sett ákveðnar forsendur*. Hvaða skilyrði þurfa hugmyndir um stjórnskipan stofnunarinnar að uppfylla til að vera tækar? Við höfum sagt að fyrir utan venjulega skilvirkni þurfi þær að uppfylla það skilyrði að bein pólitísk afskipti séu ekki til staðar.

Ég get nefnt ýmislegt. Ég er hrifinn af því að einhvers konar hlustendaþing sé haldið, einhvers konar kirkjuþing Ríkisútvarpsins sem kemur saman einu sinni á ári og hefði tiltekið hlutverk. Hv. þm. Einar Karl Haraldsson orðaði það hér áðan. Það vantar t.d. í þetta frumvarp.

En ég get líka nefnt tiltölulega einfaldar leiðir út úr þeim vanda sem menn eru í í þessum kafla frumvarpsins. Við höfum áður nefnt að það að hafa tvo starfsmenn í stjórninni væri skref í átt að því að losna við hin beinu pólitísku afskipti, hinn sjálfkrafa ríkisstjórnarmeirihluta í útvarpsráðinu. Það að festa útvarpsstjórann, negla hann niður í tíma, t.d. til fimm ára eins og þjóðleikhússtjóra, yrði strax skref frá því að útvarpsstjóri væri undir hælnum á útvarpsráði.

[22:20]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í umræðum um fjölmiðlamál í dag var hugtakið „hlaðborð hugmynda" afar oft notað. Það var talinn löstur á tillögum fjölmiðlanefndarinnar fyrri, sem skilaði skýrslu sinni fyrir rétt um ári, að hún hefði sett fram hlaðborð hugmynda sem síðan hefði verið hægt að velja úr. Ég verð að segja að þó að ég sé kannski einhverju nær um afstöðu hv. þm. Marðar Árnasonar eftir þetta svar hans áð-

an þá finnst mér afstaða Samfylkingarinnar í málinu fyrst og fremst vera einhvers konar hlaðborð hugmynda. Ég verð að segja að mér finnst afstaðan ekki ljós.

Það er ljóst að hv. þingmenn Samfylkingarinnar reyna að finna þessu frumvarpi margt til foráttu. Sumt af því finnst mér, verð ég að segja, harla langsótt, t.d. þegar mikið er gert úr meintum pólitískum afskiptum af stjórnskipun Ríkisútvarpsins, nái frumvarpið fram að ganga. Mér finnst menn horfa gersamlega fram hjá því að hið pólitíska vald er fjarlægt — eins og ég les frumvarpið — frá starfsemi Ríkisútvarpsins miðað við það sem nú er. Það er stigið skref í þá átt.

Það gerist á tvo vegu. Í stað þess að ráðherra skipi útvarpsstjóra eins og er í dag er þessi stjórn, sem vissulega á sér grunn í hinu pólitíska valdi á Alþingi. Hún velur útvarpsstjórann Hins vegar, sem skiptir ekki síður máli, er verksvið þessarar stjórnar þrengt miðað við störf útvarpsráðs í dag sem ég held að sé til þess fallið að draga úr pólitískum afskiptum af daglegri starfsemi fyrirtækisins.

Ég verð hins vegar að segja, bara til þess að hafa sagt það, (Forseti hringir.) að ég hef aldrei haft sömu áhyggjur af pólitískum afskiptum af Ríkisútvarpinu og hv. þingmenn Samfylkingarinnar virðast sumir hafa.

[22:22]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er ekki von að hv. þingmaður hafi ekki haft áhyggjur. Það hafa einmitt verið pólitísku félagar hv. þm. Birgis Ármannssonar sem hafa haft þessi pólitísku afskipti og haft sig frammi í þeim.

Ég verð að segja æsingarlaust og í fullkomnum rólegheitum að við setjum fram þessa þingsályktunartillögu okkar af ásettu ráði. Við höfum í ríkisútvarpsumræðunni og fjölmiðlaumræðunni reyndar allri verið lokuð í ákveðnum deilum um mál sem varða ekki grundvallaratriði þó að þau séu mikilvæg. Þær deilur hafa verið: Eigum við að hafa þriðju rásina á sjónvarpinu? Á Rás 2 að vera til? Af hverju á að spila svona mikið popp? Á útvarpsráðið að gera þetta eða hitt? Og svo framvegis.

Við vorum ósköp einfaldlega að reyna að brjótast út úr þessari umræðu, sem er ekki frjó. Eins og ég segi þá varðar hún auðvitað mikilsverða hluti en hún er ekki frjó eða til að þoka Ríkisútvarpinu og fjölmiðlaumræðunni áfram. Þess vegna settumst við í Samfylkingunni niður, auðvitað með fjölda fólks, það er ekki eins og umræðan fari ekki fram utan flokkanna, og reyndum að finna út hver væru grundvallaratriðin í þessu máli.

Grundvallaratriðin eru nokkur. Þau eru:

Hlutverk Ríkisútvarpsins sem almannaútvarps á markaði, sem nú er nýr, og þegar ég segi nýr þá meina ég eftir 1985. En það er stundum eins og áratugirnir líði í þingsalnum og í ráðuneytunum eins og ekkert sé og menn séu enn þá í sömu stellingum og áður. Við höfum verið að reyna að finna út úr þessu og reyna að setja forsendur, skilyrði fyrir þeim praktísku lausnum sem til greina koma. Við hefðum svo gjarnan viljað að aðrir stjórnmálaflokkar kæmu með okkur inn í þetta og höfum þess vegna passað okkur á því að negla okkur ekki á einstakar lausnir í þessum efnum heldur hafa einmitt það hlaðborð hugmynda sem er forsenda þess að menn nái saman um pólitíska niðurstöðu.

[22:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður kom fyrr í dag inn á það sem hann er á móti í þessu frumvarpi. Hann hefur ekki nefnt eina af þeim breytingum sem ég sé jákvæðar í þessu. Það er eiginlega það einasta sem ég sé jákvætt í þessu, þ.e. að starfsmenn RÚV eru ekki lengur opinberir starfsmenn. Hvað finnst hv. þingmanni um það?

Síðan ræddi hann heilmikið um útvarpsgjald og nefskatt og vildi sitt af hverju, að gerður yrði rekstrarsamningur við RÚV af hendi Alþingis, þ.e. Alþingi gerði rekstrarsamning við RÚV til sex, sjö ára.

Nú skulum við gefa okkur að hér sé afskaplega óvinsæl ríkisstjórn, kannski Samfylkingin eða eitthvað slíkt. Og RÚV mælir allt á móti henni með réttu, þetta er svo slæm ríkisstjórn að RÚV er á móti henni. Svo á að gera rekstrarsamning og þessi ríkisstjórn, sem er með meiri hluta væntanlega, sker það afskaplega mikið við nögl. Er það þetta sem hv. þingmaður vill?

[22:26]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég vil ekki beinlínis segja að ég fagni því, eins og hv. þm. Pétur Blöndal, að starfsmenn RÚV eigi ekki lengur að vera opinberir starfsmenn. Ég held hins vegar að þeir samningar og umgengnishættir sem tíðkast í opinbera geiranum eigi ekki vel við fjölmiðlafyrirtæki á borð við RÚV. Ég er þess vegna kannski meira sammála hv. þingmanni en hann heldur og æskir í þessu efni.

Þeir sem vinna á Ríkisútvarpinu eru yfirleitt ekki með sömu menntun og sömu reynslu og annars staðar í opinbera kerfinu heldur sækir Ríkisútvarpið starfsmenn sína á vettvang sem mótast í meginatriðum á einkamarkaði. Ég tel því að Ríkisútvarpið þurfi að fá meira svigrúm í þessu, hvort sem það gerist með formbreytingu í fyrirtækinu sjálfu eða yrði ósköp einfaldlega sett í þau lög sem nú gilda um Ríkisútvarpið.

Við megum ekki gleyma því að í lögunum sem nú gilda, í 2. eða 3. gr. þeirra, segir um Ríkisútvarpið að það sé sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Þetta mætti auðvitað hugsa sér að þróa áfram innan sjálfrar löggjafarinnar með því að gefa Ríkisútvarpinu alls konar rekstrarlegt og samningalegt svigrúm sem það telur sig skorta nú.

Um langtímasamninginn er auðvitað meining mín, með þeirri hugmynd að hann sé til sex eða sjö ára, að hann verði einmitt ekki viðfangsefni hverrar ríkisstjórnar, það sé ekki þannig að ríkisstjórnin líti svo á í pólitíkinni að það sé verkefni ríkisstjórnarinnar, lítils meiri hluta ríkisstjórnar, að gera þennan samning eftir sínu höfði heldur eigi að vera um hann almennt samkomulag. Þess vegna einmitt miðist hann ekki við kjörtímabil heldur við lengri tíma. Það er grunnurinn undir orðum mínum.

[22:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar tala mikið um pólitísk áhrif og allt slíkt. Finnst þeim óeðlilegt

að þeir sem kosnir eru af þjóðinni hafi eftirlit með og ráðskist með eigur ríkisins, sem þeir stjórna fyrir hönd þjóðarinnar? Er svo slæmt að hafa pólitík?

Svo vildi ég spyrja hv. þingmann, hann talaði um að það ættu að vera tveir starfsmenn í stjórn RÚV: Finnst honum ekki nóg um að starfsmenn stjórni RÚV alfarið, eins og kom í ljós um daginn þegar þeir samþykktu vantraust á útvarpsstjóra, sem er óheyrilegt í sjálfu sér, að starfsmenn stofnunar samþykki vítur á forstjóra stofnunarinnar sem er ráðinn samkvæmt lögum? (Gripið fram í.) Hvernig fer það saman við réttindi og skyldur opinberra starfsmanna?

Síðan, þegar þeir eru búnir að flæma þann mann úr fyrirtækinu, sem hafði með lögum og með réttu verið ráðinn, með einelti, ræður sami útvarpsstjóri einn þeirra manna. Þá er allt fallið í ljúfa löð. Þá réðu þeir útvarpsstjóra aftur og ekki talað um vantraust meira.

Er ekki nóg, eins og er nú, að starfsmennirnir stjórni RÚV? Þetta ætti eiginlega að heita SÚV en ekki RÚV, Starfsmannaútvarpið en ekki Ríkisútvarpið.

[22:30]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þetta er snjöll tillaga hjá hv. þm. Pétri Blöndal og frumleg sýn. Ég tel reyndar að margt væri betra á Ríkisútvarpinu ef starfsmenn hefðu fengið að ráða þar meira en þeir hafa gert, án þess að ætla nú að fara út í túlkanir á fréttastjóramálinu. Ég held að við ættum kannski að gera það annars staðar en í stuttu andsvari.

Hins vegar um pólitíkina — ég þakka fyrir þá spurningu, ég held að hún sé mjög þörf. Ég reyndi í upphafi ræðu minnar áðan að koma einmitt inn á þetta, sem mér finnst vera misskilningur hjá hv. þm. Pétri Blöndal og Birgi Ármannssyni og fleirum, að það er auðvitað þannig að það er beinlínis hlutverk okkar sem erum hér kjörin á þing og ekki síður þeirra sem veljast í ráðastöður hjá framkvæmdarvaldinu að sjá um almenna stefnumótun á þessu sviði eins og öðrum. En við verðum að virða það sem heitir fagleg mörk í þessu efni. Það er kominn tími til að stjórnarþingmenn geri sér grein fyrir því að blaðamennska, fréttamennska, dagskrárgerð og fjölmiðlastörf eru ákveðin fög sem lúta sínum eigin faglegu lögmálum. Það sem okkur ber að gera er að láta fagmennina í friði, (Gripið fram í.) láta þá vinna innan almennrar stefnumótunar, veita þeim skilyrði til þess að starfa við gott almannaútvarp. Hlutverk okkar er, fyrir utan það að veita þessi skilyrði, að fylgjast með almennri stefnumótun á þessi sviði, að setja reglur um það sem þarf að setja reglur um, nýtt sem kemur upp á, sem t.d. er flutningsskylda og flutningsréttur á hinu stafræna sviði við þessa nýju hætti sem skapast. En við eigum ekki að vera með nefið ofan í hálsmálinu á fagmönnunum sjálfum.

[22:32]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Farið hefur verið vítt yfir sviðið í umræðunni í dag og sannarlega ekki vanþörf á. Ég treysti því að þessari umræðu verði haldið áfram í menntamálanefnd. Ég verð að lýsa því yfir að ég sakna hv. formanns menntamálanefndar, hv. þm. Gunnars I. Birgissonar, sem kemur til með að stýra umræðunni í nefndinni. Það hefði verið verulegur fengur að því að hafa hann hér með í 1. umr. Þó ekki væri nema að bara vita af honum í salnum hefði verið traustvekjandi fyrir þá umræðu sem á eftir að fara fram í nefndinni.

Eitt af því sem við þurfum að taka til verulegrar skoðunar eru þau rök sem styðja það að þjóðarútvarp á borð við Ríkisútvarpið sé til staðar. Í mínum huga eru sterkustu rökin fólgin í þeim skyldum sem Ríkisútvarpið hefur axlað samkvæmt lögum til þessa og samkvæmt hugmyndum hæstv. menntamálaráðherra kemur til með að þurfa að axla áfram, verði þær hugmyndir sem eru í 3. gr. frumvarpsins að veruleika.

Þá spyr maður sig: Eru þær hugmyndir, þær skyldur sem hæstv. menntamálaráðherra vill að hvíli á herðum Ríkisútvarpsins, nægilega vel skilgreindar í 3. gr. eins og hún lítur út í frumvarpinu og í skýringum sem koma fram með þeirri grein?

Í mínum huga verður að gera betur. Í mínum huga er orðalagið í þeirri grein um margt afar almennt og óljóst og hefur ekki í sér fólgna neina beina þýðingu, heldur má segja hugsjónir sem er kannski mjög erfitt að henda reiður á, sérstaklega þegar við förum að skoða þetta allt með tillit til t.d. fjármögnunar, með tilliti til þess á hvern hátt stofnuninni á að verða gert kleift að framkvæma þær hugmyndir sem koma fram í 3. gr.

Það er nánast sama hvar við berum niður í 3. gr. Ef við tökum 3. tölulið er hann svohljóðandi, með leyfi forseta, og fjallar um hluta af útvarpsþjónustu í almannaþágu sem feli í sér þessa töluliði:

„Að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar. Efnið skal fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni. Beitt skal hverjum þeim tæknilegu aðferðum sem tiltækar eru hverju sinni, þar á meðal hvort sem er hliðrænum eða stafrænum aðferðum."

Herra forseti. Ríkisútvarpið hefur haft vilja og metnað í gegnum tíðina til að gera nákvæmlega þetta og skyldur Ríkisútvarpsins samkvæmt núgildandi lögum eru að hluta til þessar. En hvað er það sem hæstv. menntamálaráðherra kallar efni sem „skal fullnægja eðlilegum kröfum almennings um gæði og fjölbreytni"? Í mínum huga, og ég byggi það á málflutningi almennings sem hann lætur í ljósi t.d. í fjölmiðlum, í almennum umræðum, á fundum úti í bæ, í skoðanakönnunum, þá vill almenningur efla innlenda dagskrárgerð til muna.

Nú er svo komið að Ríkisútvarpið, sjónvarp getur varla búið til eða framleitt dagskrárþátt sem byggir á öðru en viðtali við einhverjar persónur. Það er í raun og veru dagskrárgerðin sem við sjáum í ríkissjónvarpinu í dag, það eru viðtalsþættir. Það er sáralítil innlend dagskrárgerð sem má segja að sé metnaðarfull að því er varðar leikið efni eða tækni eða möguleika miðilsins. Þær eru sárafáar heimildarmyndirnar sem ríkissjónvarpið hefur bolmagn til að gera. Og það er allt of lítið af innlendri, metnaðarfullri dagskrárgerð í íslensku sjónvarpi, sérstaklega þegar við hugleiðum það að hæstv. menntamálaráðherra segir í framsöguræðu sinni að meðal hlutverka ríkissjónvarpsins sé að framleiða menningararfinn og nýta hann áfram til áframhaldandi dagskrárgerðar. Hún auglýsti eftir því í ræðu sinni að við ættum að sýna meira af þeim menningararfi sem til væri á

þessari merku sjónvarpsstöð.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra, það er til mjög mikið af merkilegu efni, bæði hjá Ríkisútvarpinu, sjónvarpi og Ríkisútvarpi, hljóðvarpi. En það eru ekki til fjármunir til að vinna úr því efni til að sýna það í dagskrá sjónvarpsins. Undan slíkum hlutum hefur almenningur kvartað og starfsmenn sjónvarpsins hafa tekið undir það. Þeir eru með tækjabúnaðinn, þeir eru með fín stúdíó, þeir eru með hugmyndirnar, þeir eru með allt sem til þarf, bara ekki fjármagnið. Þetta er nánast eins og að vera á fullbúnum skuttogara en fá ekki að leggja frá landi, eða í hæsta lagi að fá einhverja línu sem gefur manni möguleika á að veiða einhvers staðar innan við tólf mílurnar. Skuttogari fiskar ekki þar.

Það verður að viðurkennast að mótorinn í íslensku dagskrárgerðinni, í metnaðarfullri innlendri dagskrárgerð, er fólginn í því fjármagni sem stofnunin, Ríkisútvarpið, fær til að sinna þessum þörfum. Ég hefði viljað heyra hæstv. menntamálaráðherra segja okkur að þau menningarlegu verðmæti, sem hún telur að sé verið að framleiða í ríkissjónvarpinu, fái það bensín, það eldsneyti sem þörf er á til að þessi metnaðarfulla dagskrárgerð geti farið fram. Eins og ég segi, ég ítreka það, þetta er eitt af því sem réttlætir eða styður við það að ríkisútvarp sé til staðar, sé til í flórunni okkar.

Annar töluliður í 3. gr. sem ég held að þurfi að leggja sig fram um að skilgreina eða þurfi að segja hvað þýði, er 13. töluliðurinn.

Hvað þýðir eftirfarandi 13. töluliður? Með leyfi forseta:

„Að eiga eða leigja, sem og að reka, hvers konar búnað og eignir, þar á meðal tæknibúnað og fasteignir sem nauðsynlegar eru fyrir starfsemi félagsins."

Ekki er orð um það í greinargerðinni að litið sé svo á að Ríkisútvarpið þurfi að eiga t.d. dreifikerfi. Ég hafði um það mörg orð í fyrr ræðu minni að þar fyndist mér vera vöntun, skortur á því hvernig hæstv. menntamálaráðherra og ríkisstjórnin sér þessa hluti fyrir sér. Það er ansi margt í 3. gr. sem á eftir að orða betur, sem á eftir að skilgreina og hæstv. ríkisstjórn þarf auðvitað að tala tæpitungulaust í þessum efnum. Hvað sér hún fyrir sér í alvöru varðandi hlutverk Ríkisútvarpsins og þær skyldur sem það á að bera umfram aðra fjölmiðla í landinu?

Hæstv. forseti. Það líður að lokum ræðu minnar. Mig langar til að víkja nokkrum orðum að þeim kröfum sem hafa orðið æ háværari á seinni árum um að ríkisfjölmiðillinn eigi ekki að vera svona stór eða sterkur, minnka eigi umsvif hans og jafna þurfi samkeppnisstöðu ríkisfjölmiðilsins og einkareknu miðlanna. Þetta er ákveðinn kór, ákveðnar kröfur sem maður hefur heyrt viðhafðar í umræðu um fjölmiðla allt fram á þennan dag. Ég hef hins vegar fagnað því að stjórnarmeirihlutinn skuli í orði kveðnu ætla að styrkja Ríkisútvarpið og standa við bakið á því og vona bara að hugur fylgi máli í þeim efnum.

Mig langar til að vitna til orða Gunnars Stefánssonar sem hefur skrifað bók, Útvarp Reykjavík, um fyrstu áratugina í starfsemi þessarar merku stofnunar. Hann segir í lokaorðum eftirmála með bókinni í tilefni af því að hann er að ræða um samkeppnisstöðu ríkisfjölmiðilsins annars vegar og einkareknu miðlanna hins vegar og það hversu margþætt þetta mál sé og jafnvel afdrifaríkara en ýmsir virðast hyggja, þessi barátta á fjölmiðlamarkaði.

Hann lýkur máli sínu með því að segja, með leyfi forseta:

„Engu skal hér um það spáð hvernig rekstri Ríkisútvarpsins kann að verða hagað í framtíðinni. En ég hef þá trú að stofnunin muni halda velli og enn á nýrri öld gegna hlutverki sem einkareknir ljósvakamiðlar séu ólíklegir til að vilja sinna eða geta sinnt með viðhlítandi hætti. Útvarp og sjónvarp ríkisins er umfram allt víðtæk þjónusta við almenning, til fróðleiks, skemmtunar og menningarauka. Þessi þjónusta er rekin með sameiginlegu átaki þjóðarinnar og fyrir þjóðina alla, án tillits til búsetu, aldurs, efnahags eða annarra þátta sem gera fólk að misvænlegum neytendum á markaðstorgi. Slíkur fjölmiðill mun hér eftir sem hingað til skipa stórt rúm í menningarlífi Íslendinga."

Hæstv. forseti. Ég geri þessi orð Gunnars Stefánssonar að mínum.

[22:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður kvartar undan því að Ríkisútvarpið hafi ekki nægt fé til að gera togarann út, hún líkti því saman við togara sem lægi bundinn við bryggju. Væri ekki ástæða til að minnka umsvifin á vissum sviðum, eins og t.d. á dægurmálaútvarpinu Rás 2, selja það, selja höllina sem er allt of stór fyrir reksturinn, minnka umsvifin sem eru óheyrilega dýr sums staðar úti á landi, og setja þessa peninga í innlenda dagskrárgerð, í kvikmyndir og leikþætti og annað slíkt og bjóða það út?

Nú veit ég að hv. þingmaður er ekki sammála mér í því að útboð og slíkt lækki kostnað, en væri ekki snjallt að láta leikfélög úti um land bjóða í að framleiða innlent sjónvarpsefni fyrir öll þessi ósköp sem rekstur RÚV kostar?

[22:43]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þingmanni hvað það varðar að auðvitað má skoða forgangsröðun um hvernig peningum er varið innan svona stórrar stofnunar eins og Ríkisútvarpið er. Það má sannarlega skoða, undir það tek ég.

En hitt vil ég minna hv. þingmann á að það er sitt hvað íslensk dagskrárgerð og íslensk dagskrárgerð. Við getum boðið út alla heimsins dagskrárgerð og látið leikfélög úti um landsbyggðina búa til sjónvarpsþætti, jú jú. Út úr því kæmi ákveðin tegund þátta, ákveðin tegund dagskrárgerðar. En hún mundi ekki jafnast á við þá fagmennsku sem hefur verið safnað upp í stofnuninni með áralangri reynslu starfsfólks. Ég hef gagnrýnt það á hvern hátt sú fagmennska hefur í sjálfu sér verið brotin niður með útboðsstefnu t.d. Sjálfstæðisflokksins. Útboðsstefnan hefur verið stunduð hjá sjónvarpinu til mikils skaða fyrir gæði innlendrar dagskrár.

Ég hef sjálf starfað hjá sjónvarpinu og minnist þess þegar áhöfnin í stúdíóinu var orðin svo fáliðuð að það varð að láta kvikmyndatökumennina ganga í verk hljóðmannanna og hljóðmennina ganga í verk ljósamannanna. Hvar endar það? Það endar í útvötnun og því miður ófagmannlegum vinnubrögðum.

Ríkisútvarp, sem er flaggskip innlendrar dagskrárgerðar í sjónvarpi, verður að eiga þess kost að búa til almennilega fagmenn, fagmenn sem geta nýtt þekkingu sína og reynslu og blómstrað á grunni þeirrar þekkingar og þeirrar fagmennsku. Það gerum við ekki með eilífum útboðum. Þau þynna út dagskrána og níða niður fagmennskuna.

[22:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mikið held ég að starfsmönnum leikfélaga og annarra þyki gaman að hlusta á það að þeir séu ekki faglegir, og að fagmennska sé bara uppi í RÚV. Mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hún telji að almenningur sé sama sinnis og hún um t.d. fagmennsku fréttastofu RÚV síðustu tvær vikurnar, af fréttaflutningi af ákveðnu máli sem hv. þingmaður stóð líka hér að, ákveðnu einelti gagnvart einum manni sem sótti í sakleysi sínu um stöðu hjá RÚV og var flæmdur í burt. Fréttaflutningurinn var þvílíkur að maður þarf sérstaklega lituð gleraugu til að segja að hann hafi verið faglegur og hlutlaus.

[22:46]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vísa því á bug að ég sé að tala eitthvað niður til leikfélaga úti um landið þegar ég lýsi því yfir að dagskrárgerð þeirra fyrir íslenskt sjónvarp yrði annars konar dagskrárgerð en þeirra fagmanna sem hafa menntað sig til að búa til innlenda dagskrá fyrir sjónvarp.

Leikfélög úti um land eru mjög fær og vel í stakk búin til að búa til leiksýningar fyrir þá áhorfendur sem þau hafa aðgang að. (Gripið fram í.) Þau standa miklu betur að vígi til að gera slíkt en t.d. lærðir kvikmyndagerðarmenn eða hljóðmenn eða ljósamenn sem hafa sérhæft sig í sjónvarpi. Við erum bara að tala hér um tvo ólíka hluti. Hv. þingmaður verður að athuga það að þegar við tölum um fagmennsku erum við að tala um mjög sérgreinda hluti. Þeir sem hafa sérhæft sig í að gera dagskrá fyrir sjónvarp eru góðir í því og bestir í því, betri en aðrir sem hafa menntað sig í öðrum hlutum, (**Gripið fram í:** Líka ...?) það er nú bara þannig.

Varðandi hins vegar hitt málefnið sem hv. þingmaður nefnir, fréttastjóramálið, sem ég er ekki viss um að Sjálfstæðisflokkurinn græði á að tala mikið um, ekki heldur Framsóknarflokkurinn eða stjórnarflokkarnir almennt, (Gripið fram í.) vil ég lýsa því yfir að hv. þingmaður notar hér hugtakið einelti á afar rangan hátt. Það er mjög villandi og hreinlega ámælisvert að hv. þingmaður skuli leyfa sér að nota þetta hugtak yfir það sem gerðist í fréttastjóramálinu (Gripið fram í.) þar sem pólitík var beitt svo óyggjandi er til að koma að ákveðnum manni umfram aðra, (Gripið fram í.) þar sem það er vitað að sá sem minnsta reynslu hafði af umsækjendum hlaut starf og þar með var gengið fram hjá fjölda hæfra manna sem kunnu viðkomandi fag (Gripið fram í.) sannanlega betur en sá umsækjandi sem hlaut starfið. Það var ekkert einelti sem sá maður þurfti að þola. (Gripið fram í.) Einelti þýðir allt annað og ég bið hv. þingmann að kynna sér það hugtak áður en hann fer að nota það í þessari merkingu.

[22:48]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Við eigum það sammerkt, ég og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, að bera sterkar tilfinningar til Ríkisútvarpsins þó að þær séu um þessar mundir svolítið tvíbentar, að vísu, af minni hálfu.

Hv. þingmaður vék hér að fjárskorti stofnunarinnar og því að peninga vantaði til dagskrárgerðar. Engu að síður kvarta hinar frjálsu útvarpsstöðvar á Íslandi og hinir frjálsu fjölmiðlar yfir því að það sé erfitt að keppa við Ríkisútvarpið að þessu leytinu til vegna þess að Ríkisútvarpið fær afnotagjöld og getur auk þess fengið auglýsingatekjur. Hefur hv. þingmaður velt því fyrir sér að hugsanlega sé yfirstjórnin allt of mikil í þessari stofnun, að það sé allt of mikil yfirbygging í henni og það sé að hluta til vandamál stofnunarinnar?

Áðan var komið inn á svæðisútvarp og þess háttar. Ég held að svæðisútvarp skipti landsbyggðina gríðarlega miklu máli og tengi þar með ákveðin byggðarlög Ríkisútvarpinu. Ég get ekki hugsað mér að sú starfsemi minnki. Ég get hins vegar vel ímyndað mér það að yfirstjórnin sé þung hjá Ríkisútvarpinu, ég hef það einhvern veginn á tilfinningunni, og að þar mætti spara peninga sem síðan mætti nota til meiri dagskrárgerðar og kannski kröftugri.

Það er t.d. dálítið merkilegt að velta því fyrir sér að Stöð 2 er með morgunsjónvarp hér á hverjum einasta morgni þar sem við vöknum stundum við hv. þm. Pétur Blöndal, sem er þar tíður gestur, en Ríkissjónvarpið hefur ekki haft burði, getu eða áhuga til að reka morgunsjónvarp. Því ímynda ég mér að það væri hægt að skera niður þarna í yfirbyggingunni.

[22:50]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, ég get í sjálfu sér alveg tekið undir það með hv. þingmanni, eins og ég sagði áður, að það megi skoða forgangsröðun verkefna innan þessarar stóru stofnunar. Auðvitað fara verulega miklir fjármunir á ári hverju til reksturs Ríkisútvarpsins og ég er alveg sannfærð um að draga megi saman í yfirstjórninni, fækka millistjórnendum og stýra þessu fjármagni með einhverjum öðrum hætti.

En ég verð bara að benda á það að stofnunin hefur verið í verulega mikilli kreppu, m.a. hefur verið ákveðin kreppa á milli yfirstjórnar og þeirra sem vinna á gólfinu, ef svo má að orði komast. Það er auðvitað spenna sem kristallaðist í fréttastjóramálinu margumtalaða. Eitt af því sem þarf að gera er að skoða þessa yfirstjórn en hún helst í hendur við það hvernig útvarpsráð hefur verið skipað og hvernig pólitískum völdum hefur verið beitt í gegnum það. Æðstu yfirmenn stofnunarinnar sitja í skjóli menntamálaráðherra og þannig með bein tengsl inn í meirihlutavaldið hér á Alþingi. Það er eitt af því sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum viljað endurskoða.

Varðandi síðan samkeppnisstöðu annarra fjölmiðla á markaði vil ég bara segja það, herra forseti, að ég er ekki jafntrúuð á samkeppnisvæðingu og margir aðrir þingmenn hér inni. Ég er þeirrar skoðunar að við höfum ákveðnum skyldum að gegna gagnvart menningararfi okkar með þennan sérstaka menningarheim hér í þessu stóra landi, þessi

litla þjóð. Við getum aldrei verið viss um að einkaaðilar komi til með að framleiða þann menningararf sem við getum verið nokkuð viss um að Ríkisútvarpið framleiðir, a.m.k. að því marki sem það hefur burði til. (**Gripið fram í:** ... leikarar?)

[22:53]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þingmanni um að okkur beri að gæta að menningararfi okkar en ég er þess fullviss engu að síður að margir fleiri en starfsmenn Ríkisútvarpsins geti komið að slíkri þáttagerð. Það höfum við séð í gegnum tíðina á frjálsum útvarps- og sjónvarpsstöðvum. Það efni er auðvitað mjög mismunandi, mismunandi metnaðarfullt, en ég hef séð marga mjög merkilega þætti sem einkaútvarps- og -sjónvarpsstöðvar hafa boðið upp á þannig að við getum ekki alhæft hvað þetta varðar.

Við komum áðan að menningararfinum. Hann liggur um allt land, m.a. í svæðisútvörpunum og auðvitað kostar þetta mikla peninga. Ég minnist þess að þegar mikil umræða var hér 1. apríl sl. — af því að hv. þingmaður vék að pólitíkinni í sambandi við útvarpið — sagði þessi hv. þingmaður að ráðherrarnir yrðu að koma inn í stofnunina til að taka þar á ákveðnum vandamálum. Þegar akkúrat var verið að ráða fréttastjórann sagði hv. þingmaður það hér í þessum ræðustóli. Þá var það í raun og veru ákall um það að framkvæmdarvaldið kæmi að rekstri útvarpsins og það þótti mér býsna sérkennilegt vegna þess að þetta er sjálfstæð stofnun og á að vera sem allra sjálfstæðust, og þar á fólk að hafa frelsi til að skapa.

En við erum sammála um það, eins og kom fram hér í fyrra andsvari — ég er alveg viss um það, og hv. þingmaður tekur undir það — að það er hægt að skera niður í yfirstjórninni og gera starfsemi þessarar stofnunar, sem okkur þykir svo vænt um sem raun ber vitni, miklu skilvirkari.

[22:54]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega tek ég undir það hjá hv. þingmanni að það er fullt af frambærilegu efni hjá einkastöðvunum. Það eru framleiddir fínir þættir hjá Stöð 2, við getum nefnt Sjálfstætt fólk og Einu sinni var, ég tek undir þetta heils hugar. Hins vegar hafa þessir miðlar ekki neina skyldu til að framleiða efni af þessu tagi. Ríkisútvarpið hefur ákveðna skyldu samkvæmt lögum í þessu tilliti, og ekki bara að framleiða efni af þessu tagi, heldur hefur Ríkisútvarpið skyldu til að geyma, til að varðveita. Það hefur skyldur umfram einkamiðlana hvað þetta varðar. Það er það sem ég hef verið að segja. Við getum tryggt að menningararfurinn verði til hjá sjónvarpsstöð sem við sem löggjafi náum yfir.

Eins og ég segi, ég kasta engri rýrð á það sem gert er hjá einkamiðlunum, sannarlega ekki, þar er margt mjög vel gert. (**Gripið fram í:** Frábært.) Við erum hins vegar hér að fjalla um stofnunina sem starfar samkvæmt lögum um ríkisútvarp. Um þá stofnun gilda ríkari skyldur — og við höfum viljað hafa það þannig, löggjafinn — en um miðla á einkamarkaði. Ég er ekki til í að breyta því. Ég vil að Ríkisútvarpið hafi skyldur umfram einkamiðla og ég tel að við getum ekki sett neinar lagaskyldur á einkamiðlana sem við getum gert á stofnun sem er í eigu hins opinbera, sem er í eigu þjóðarinnar.

Varðandi síðan seinna atriðið í máli hv. þingmanns, þegar hann vísar til þess að ég hafi sent hér út ákall til ríkisstjórnarinnar um að gera eitthvað þegar allt var komið í hnút hjá Ríkisútvarpinu fyrir skemmstu, var það vissulega ákall til menntamálaráðherra um að hlutast yrði til um málefni stofnunarinnar þegar ljóst var að 93% af starfsmönnum sem mætt höfðu á starfsmannafund lýstu vantrausti á útvarpsstjóra. Þar með var stofnunin óstarfhæf. Og í hvers skjóli starfar útvarpsstjóri? Í skjóli menntamálaráðherra sem ræður hann lögum samkvæmt.

Ég er hins vegar ekki sammála því að svo eigi að vera. Hv. þingmaður verður bara að lesa frumvarp Vinstri grænna um Ríkisútvarpið til að sjá hvernig ég vil ráða útvarpsstjóra.

[22:57]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Tíminn er naumur, 10 mínútur, og vildi ég helst geta komið víða við en ætla að einskorða mig við tiltekna þætti. Fyrst ætla ég að víkja að hlutverki. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir sagði réttilega að sumt í 3. gr. ríkisstjórnarfrumvarpsins um hlutverk og skyldur væri óljóst og þyrfti nánari skýringar við, vék að 13. efnisliðnum svo að dæmi sé tekið. Ég vík að þessu í ljósi ummæla hv. þm. Jónínu Bjartmarz hér fyrr í kvöld, en svo var að skilja á ummælum hennar að nú fyrst væru skýrar línur um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins. Og það er vissulega nóg um skilgreiningarnar í 3. gr., í 18 liðum, og ég ætla að tipla á þeim:

1. Að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

2. Að senda út til landsins alls efni, a.m.k. eina hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrá árið um kring.

3. Að framleiða og dreifa hvers konar útvarpsefni fyrir sjónvarp og hljóðvarp á sviði fréttamiðlunar, fræðslu, lista og afþreyingar.

4. Að veita almenna fræðslu og gera dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega.

5. Að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.

6. Að flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.

7. Að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttaþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar.

8. Að flytja efni á sviði lista, vísinda, sögu, íþrótta og annars tómstundastarfs.

9. Að miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs.

10. Að veita alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og þjóðinni má að gagni koma.

11. Að koma upp aðstöðu til dagskrárgerðar og útvarps utan höfuðborgarsvæðisins.

12. Að halda uppi nauðsynlegri öryggisþjónustu á sviði útvarps.

Síðan þessi 13. liður sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vék að, og svo áfram:

14. Að taka saman, gefa út og dreifa hvers konar efni,

án endurgjalds eða gegn endurgjaldi, sem stuðlar að því að tilgangi félagsins verði náð, svo sem ritað mál, hljómplötur, hljóðsnældur o.s.frv.

15. Að sjá um að frumflutt dagskrárefni félagsins verði varðveitt til frambúðar.

16. Að standa fyrir, taka þátt í eða styðja tónleika og annað skemmtanahald.

17. Að ávaxta þá fjármuni félagsins sem lausir kunna að vera hverju sinni.

18. Að gera hvaðeina sem stjórn félagsins telur óhjákvæmilegt eða stuðlar að því að tilgangi félagsins verði náð.

Fínt. Víðtæk skilgreining á hlutverki Ríkisútvarpsins.

Svo var að skilja á hv. þingmanni Framsóknarflokksins, Jónínu Bjartmarz, að nú fyrst lægju fyrir skýrar línur um hlutverk Ríkisútvarpsins. En, herra forseti, í lögum um Ríkisútvarpið er flestar þessar skilgreiningar að finna. Allflestar þessar skilgreiningar er að finna í 3., 4. og 5. gr. útvarpslaga. Hér segir að Ríkisútvarpið skuli leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð — svipaðar skilgreiningar. Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, mannréttindi o.s.frv. Ég vék að þessu öllu áðan. Ríkisútvarpið skal m.a. veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir et cetera. Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs, veita skal alla þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins sem þjóðinni má að gagni koma. Síðan eru áfram talin mjög svipuð efnisatriði og er að finna í þessu frumvarpi.

Við teljum í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að á einu atriði þurfi sérlega að herða í þessari skilgreiningu á hlutverki Ríkisútvarpsins. Það lýtur að innlendu efni. Ríkisútvarpið og sérstaklega sjónvarpið hefur ekki sinnt þessari skyldu sinni í seinni tíð sem skyldi. Í frumvarpi þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er sérstaklega vikið að þessu, alveg sérstaklega hert á þessu ákvæði. Við viljum bæta því inn í 3. gr. laganna.

Ég vík að þessu núna vegna þess að mér finnst menn fara mjög almennum orðum um mál og kynna þetta nýja frumvarp eins og hér sé að verða til einhver ný saga, það séu kaflaskil varðandi hlutverk Ríkisútvarpsins. Þessar skilgreiningar er allar eða allflestar að finna í núverandi útvarpslögum, þær eru þarna. Menn segja: Hér er þverpólitísk samstaða um að styrkja Ríkisútvarpið og efla það. Nú er komið að því að gera þetta. Hvað er að hjá Ríkisútvarpinu? Hvað er það sem er að?

Í fyrsta lagi er það fjárskortur. Tekjur Ríkisútvarpsins hafa dregist saman um 15% að raungildi á undangengnum áratug. Vegna þess að ríkisstjórnin hefur staðið gegn beiðni útvarpsins um að hækka afnotagjöldin aftur og ítrekað er staðreyndin núna sú að við stöndum frammi fyrir 15% rýrari tekjum en fyrir tíu árum. Ríkisútvarpið hefur reynt að bregðast við þessum samdrætti með því að fækka starfsmönnum. Það eru 15% færri starfsmenn hjá Ríkisútvarpinu núna en fyrir tíu árum. Árið 1996 voru fastráðnir starfsmenn að meðaltali 378, en voru 320 á síðasta ári. Þetta er einn vandinn sem Ríkisútvarpið stendur frammi fyrir, þ.e. að tekjurnar hafa farið þverrandi. Við erum ekki með tillögur í þessu frumvarpi um að bæta fjárhaginn til frambúðar. Jú, það á að skera Sinfóníuna frá Ríkisútvarpinu sem ég tel reyndar vera mjög misráðið. Það er ekki búið að gera það dæmi allt upp. Væntanlega ætlar Ríkisútvarpið að nota efni Sinfóníunnar og þarf þá væntanlega að kaupa það. Ríkisútvarpsstöðvar á Norðurlöndum og víðar hafa farið út á þá braut að styrkja tengslin við stofnanir á borð við sinfóníuhljómsveitir og aðrar hljómsveitir. Ég tel að þetta sé misráðið hér. Þetta er einn vandinn, nokkuð sem hefur verið gagnrýnt á undanförnum árum.

Hver er hinn vandinn? Jú, hann er sagður stjórnunarlegs eðlis. Menn hafa þá horft til afskipta útvarpsráðs af mannaráðningum. Það er það sem menn hafa horft á. Þetta er einfaldlega hægt að laga með breyttu hugarfari. Það er svo einfalt mál. Við erum hins vegar með tillögur um það, raunhæfar tillögur og markvissar (Gripið fram í.) um hver skuli vera tengslin á milli fulltrúa almannavaldsins, þ.e. þingsins og stofnunarinnar. Þau eiga ekki að vera valdstjórnarlegs eðlis, heldur eiga að koma fram mismunandi viðhorf. Við erum með tillögur um hvernig eigi að taka á þessu.

Ég heyri alveg tóninn í mönnum hér, mörgum. Því miður hefur hann heyrst líka frá stjórnarandstöðuþingmönnum, frá þingmönnum Samfylkingarinnar. Mér finnst mjög miður þegar menn tala um það sem einhvern sérstakan vanda að Ríkisútvarpið skuli vera ríkisstofnun og að þar skuli vera starfsmenn ríkisins. Vita menn að hverju er verið að ýja? Menn eru að segja að vandinn sé kjör og réttindin sem fólkið hefur. Eða vilja menn hafa það þannig eins og gerðist á Stöð 2 þar sem fréttastjóri var rekin skýringalaust? Ég spyr: Var það vegna þess að hún þóknaðist ekki eigendum stöðvarinnar? Það var skýringalaust, umræðulaust. Inn í þennan heim vilja menn hverfa. Að setja alla stjórnsýsluna í Ríkisútvarpinu bak við lokuð tjöld. Út á það gengur þetta. Síðan að geta rekið fólk skýringalaust, það er eitt af því sem vinnst. Ég spyr þá þingmenn sem hafa talað um hið þunga ríkiskerfi og réttindi ríkisstarfsmanna: Hvað eiga menn nákvæmlega við? Hvaða réttindi þarf að taka af fólkinu?

Ef ég væri í stjórnarmeirihlutanum mundi ég býsnast mjög varlega yfir lífeyrisréttindum starfsmanna Ríkisútvarpsins. Ég mundi tala mjög varlega um það í þessum sal ef ég kæmi úr stjórnarmeirihlutanum, þeim hluta þingsins sem hyglir sjálfum sér og hefur tekið til sín lífeyrisréttindi langt umfram það sem gerist í landinu almennt, langt umfram það sem gerist hjá starfsmönnum ríkisins.

Það sem þetta frumvarp gengur út á er að hafa réttindi af starfsfólkinu, geta rekið það skýringalaust, rekið og ráðið skýringalaust, án nokkurra afskipta og haft síðan réttindi af fólki. Rýrt kjörin. Út á það gengur þetta frumvarp. Ég frábið mér almennar yfirlýsingar út í loftið um að þetta kerfi sé þungt í vöfum án þess að menn geri þá nánar grein fyrir því nákvæmlega hvað þeir eiga við. Hvað er það sem er þungt í vöfum? Er það ráðningaröryggi manna? Eru það lífeyrisréttindin? Hvað er það?

Ég hef ekki fengið svör frá hæstv. menntamálaráðherra um lífeyrisréttindi nýráðinna starfsmanna — hvert fara þeir? (Forseti hringir.) Hver verða lífeyrisréttindi nýráðinna starfsmanna hjá Ríkisútvarpinu ef þessi lög ná fram að ganga? (Forseti hringir.) Ég óska eftir svari við því.

[23:07]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli mína að hv. þm. Ögmundur Jónasson skyldi alveg andstætt því sem hann sjálfur veit veitast hér að almennum þingmönnum fyrir að hafa aukið lífeyrisréttindi sín með þeim breytingum sem urðu á lögum um eftirlaun alþingismanna. Hann veit ofurvel að með hinni nýju löggjöf var réttur maka alþingismanna skertur og hann veit líka að með hinum nýju lögum var það ákveðið að alþingismenn skyldu greiða 5% í lífeyrissjóð í staðinn fyrir 4% áður. Þetta veit hv. þingmaður vel.

Þegar hann horfir yfir salinn og á þá þingmenn sem hér eru er hann þess vegna að tala þvert um hug sér þegar hann talar á þessum nótum. Hitt er rétt að það urðu nokkrar leiðréttingar í sambandi við samræmingu hjá ráðherrum en á hinn bóginn var lífeyrisréttur maka ráðherra skertur. Þetta allt veit hv. þingmaður. Það var nauðsynlegt að samræma þessi lög því sem almennt gildir í landinu og því sem m.a. gildir um starfsfólk sem er í BSRB og hv. þingmaður semur fyrir. Mér þykir undarlegt ef hann gagnrýnir það að við skulum breyta lífeyrisrétti maka alþingismanna til samræmis við það sem er hjá starfsmönnum ríkisins almennt.

[23:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég furða mig á því sem hér kemur fram hjá hv. þingmanni og hæstv. forseta þingsins, ef honum er ekki betur kunnugt um hvað felst í því makalausa eftirlaunafrumvarpi sem samþykkt var í þinginu fyrir rúmu ári. Staðreyndin er sú að réttindi voru ekki skert. Réttindi voru ekki skert hjá neinum þingmanni vegna þess að (Gripið fram í.) hver og einn gat valið, og getur valið, það kerfi sem áður var við lýði eða það kerfi sem komið var á fót með þessum lagabreytingum. Sú er staðreynd málsins.

Það sem hæstv. forseti þingsins leyfir sér að tala um sem leiðréttingar í sumum tilvikum gagnvart ráðherrum — hvað eru menn að tala um þar? Menn eru að tala um skuldbindingar upp á milljónatugi fyrir lífeyrissjóðinn.

Ég vil gjarnan fara í umræðu um þessi mál ef hæstv. forseti þingsins óskar eftir því. Það er alveg sjálfsagður hlutur. En þau eru ekki sambærileg, þau réttindi sem hér er um að tefla annars vegar og þau réttindi sem almennir starfsmenn ríkisins búa við hins vegar.

[23:10]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður veit að þingmenn borga nú 5% í lífeyrissjóð í stað 4% áður og fá engin aukin réttindi út á það. Hins vegar er réttur maka þeirra skertur.

[23:10]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég legg til að við tökum umræðu um þetta mál. Hér erum við að tala inn í sjónvarpsvélar og inn í þingtíðindin og ég legg til að við tökum um það ræki lega umræðu hvernig lífeyrisréttindum þingmanna og ráðherra er fyrir komið og hvaða breytingar voru innleiddar með frumvarpinu sérstaklega gagnvart ráðherrum sem njóta réttinda langt umfram það sem gerist í þjóðfélaginu almennt.

[23:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður er ekki sáttur við pólitísk afskipti af útvarpsráði, veit þó að ríkið er pólitískt í eðli sínu þar sem þingmenn eru kosnir pólitískri kosningu og eiginlega ekki annað hægt. Þetta er ríkisútvarp og hlýtur að vera það.

Hv. þingmaður talaði um breytt hugarfar. Spurning mín til hv. þingmanns er sú: Vill hann breyta hugarfarinu með lögum? Hvernig fer maður að því?

Svo býsnaðist hann mikið yfir því að sumir þingmenn, meira að segja stjórnarandstöðunnar, hefðu sagt að það væri slæmt að starfsmenn RÚV væru opinberir starfsmenn og spurði hvað menn ættu nákvæmlega við með því, hvort hægt væri að reka menn skýringalaust. Þá er spurning mín til hv. þingmanns: Af hverju ráða fyrirtæki mann í vinnu? Væntanlega vegna þess að hann gagnast þeim í einhverjum skilningi. Hann er góður. Fyrirtækin vilja hafa manninn í vinnu. Af hverju skyldu þau reka hann? Vegna þess að hann stendur sig ekki eins og til stóð. Þá er hann rekinn, ellegar ekki. Ef þetta er faglegur fréttamaður sem lætur öll sjónarmið koma fram og er vinsæll úti um alla þjóð af því að hann passar sig á því þegar hann t.d. ræðir um eigin kjör að hann lætur önnur sjónarmið koma að. T.d. varðandi fréttastjóra sem er ráðinn og annað slíkt, leyfir hann líka þeim að komast að sem eru hlynntir ráðningu fréttastjórans en talar ekki bara sjálfur um sínar eigin skoðanir ef hann er faglegur og allt slíkt. Af hverju skyldu menn reka hann? Ég skil það ekki. Við hljótum að fá skýringar.

[23:13]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þyrfti eiginlega að fá túlk til að skilja hvað hér var nákvæmlega spurt um. Ég skildi þó að hv. þm. Pétur H. Blöndal spyr hvort hægt sé að breyta hugarfari með lögum, eða hvort það sé vænlegt til árangurs. Ég held að lagarammi og lög geti skipt miklu máli um rekstur stofnana en hugarfar einstaklinga gerir það líka.

Ég hef stundum velt því fyrir mér, sérstaklega með Sjálfstæðisflokkinn sem skipar í stjórn opinberra stofnana, eins og Ríkisútvarpsins, yfirlýsta peningafrjálshyggjumenn, iðulega á kafi í braski sjálfa, og, a.m.k. í orði, andvíga opinberum rekstri — af hverju slíkir menn eru settir yfir þessar stofnanir. Við höfum séð það t.d. í útvarpsráði, og síðan er engu líkara en að þegar þessi mannskapur, það á við um Sjálfstæðisflokkinn iðulega líka, afþakkar pólitísk afskipti krefst hann þess eða leggur til að reistir verði varnarmúrar til að verjast nákvæmlega þeim aðilum sem þeir síðan setja til áhrifa og stjórnar í þessum stofnunum. Þetta hefur oft valdið mér miklum heilabrotum.

Um þetta að ráða og reka menn — ég skildi ekki alveg hvað hér var átt við. Ég tel að yfirleitt vilji menn ráða menn á faglegum nótum, það eru til undantekningar þar sem annarleg pólitísk sjónarmið ráða ferðinni, en það sem ég er að tala um þegar ég vík að réttindum starfsmanna er að menn verði ekki reknir og ráðnir — eða reknir öllu heldur — skýringalaust. Réttindi opinberra starfsmanna eru þau að geta krafist skýringa ef þeim er vísað úr starfi. Með frum-

varpi ríkisstjórnarinnar væri sá réttur (Forseti hringir.) afnuminn.

[23:15]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þingmaður ekki sýna skoðunum annars fólks nægilega mikla virðingu. Ég ber virðingu fyrir skoðunum hans, ég þekki þær nákvæmlega og gæti meira að segja haldið ræðurnar fyrir hann. Þegar menn eru valdir í útvarpsráð sem hafa aðrar skoðanir en hv. þingmaður eru þeir ekkert verri fyrir það.

Varðandi það að ráða menn og reka virðist hv. þingmaður ekki skilja að þegar atvinnurekandi ræður mann í vinnu er það vegna þess að hann vill hafa gagn af manninum í einhverjum skilningi. Það getur vel verið að hv. þingmaður sem formaður BSRB telji að enginn opinber starfsmaður sé til gagns. Ég er á allt annarri skoðun. Ég held að það sé bráðduglegt fólk og menn ættu alls ekkert að reka það, með eða án skýringa. Yfirleitt eru atvinnurekendur ánægðir með fólk sitt og vita nákvæmlega að fyrirtækin byggja á starfsmönnunum. Þeir vita það nákvæmlega. Menn eru ekki að reka menn að gamni sínu si svona. Oft getur verið mjög erfitt að koma með skýringar, það getur verið sárt að þurfa að útskýra fyrir viðkomandi starfsmanni af hverju hann brást.

Ég lít ekki á það sem hlunnindi að vera starfsmaður einhvers staðar. Þetta eru kaup kaups. Maður ræður sig í vinnu og hinn borgar honum laun og báðir eiga að hafa hag af því, bæði fyrirtækið og starfsmaðurinn. Þetta á við um opinbera starfsmenn nákvæmlega eins og aðra, þeir eru alveg jafnmikilvægir og nytsamir og aðrir starfsmenn. Þeir eru vel sinna peninga virði og menn eru ekki að segja þeim upp að gamni sínu alla daga.

[23:17]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að ég virði ekki skoðanir annarra. Ég var hins vegar að benda á hina furðulegu mótsögn hjá Sjálfstæðisflokknum að skipa iðulega til áhrifa og stjórnar í stofnunum, setja yfir stofnanir menn sem eru andvígir stofnununum, andvígir opinberum rekstri. Sú var tíðin að Sjálfstæðisflokkurinn var það breiður flokkur að hann gat leitað til fjölmargra einstaklinga sem ekki voru haldnir fyrirlitningu á opinberum rekstri eins og virðist vera að verða viðkvæðið núna. Maður heyrir í umræðunni að verið er að níða niður og gera lítið úr opinberum rekstri, það er línan nánast sem kemur frá Sjálfstæðisflokknum, fyrirlitning á opinberum rekstri, að það sé allra meina bót að komast út úr þeim farvegi, samvinnufarveginum, opinberum rekstri.

Varðandi réttarstöðu manna í fyrirtækjum hafa sumir ráðningarvald þar, geta ráðið fólk og rekið. Síðan höfum við smám saman verið að þróa með okkur kerfi sem skapar einhvern vísi að jafnræði með mönnum þannig að menn séu ekki beittir ofbeldi eða misrétti og búi við einhver tiltekin réttindi. Réttindin í þessu tilviki felast í því að sá sem hefur ráðningarvaldið og getur rekið menn þarf að gefa skýringar fyrir þeirri ákvörðun sinni. (Gripið fram í.) Út á það gengur málið. Menn eru að nema brott þau réttindi. Nákvæmlega þau réttindi.

[23:19]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmönnum fyrir skemmtilega og nokkuð málefnalega umræðu um þetta annars mikilvæga frumvarp sem við ræðum um málefni Ríkisútvarpsins. Ég ætla mér í ræðu minni að fara yfir þau álitaefni sem sett hafa verið fram af hálfu hv. þingmanna sem hafa tekið til máls. Þau eru nokkur.

Ég vil byrja á að undirstrika að tilgangurinn með frumvarpinu er fyrst og fremst að nútímavæða Ríkisútvarpið. Segja má að það sé ein af ástæðum fyrir því að farið var af stað í þá vegferð að skerpa á hlutverki Ríkisútvarpsins og um leið, og það er kannski hitt stóra markmiðið fyrir mína parta, að ýta undir menningarhlutverk Ríkisútvarpsins og skerpa á því sem fellur þar undir og þá ekki síst að sjá tækifærin í að efla innlenda dagskrárgerð innan Ríkisútvarpsins og Ríkisútvarpsins sf. þegar til lengri tíma er litið. Það er að mínu mati það sem við erum að gera hér. Við erum að setja það niður svart á hvítu hvernig við viljum sjá Ríkisútvarpinu og hlutverki þess háttað til framtíðar og um leið, sem ég kem betur að síðar, fara svipaðar leiðir sem mér finnst miður að hafi verið gerðar tortryggilegar hér og stjórnvöld í Bretlandi hafa gert við BBC. Þar hefur verið settur niður ákveðinn rammi og ákveðnar kröfur til handa ríkisútvarpinu þar um hvernig þeir eiga að uppfylla hlutverk sitt sem fellur undir almannaþjónustuhlutverk og menningarhlutverkið.

Fyrr í dag hafa menn talað um að það ætti einfaldlega að bíða með Ríkisútvarpið fram á haust og ræða þetta allt í einni samfellu við fjölmiðlafrumvarp sem verður vonandi lagt fram þá. Gott og blessað. Ég er búin að fara yfir það fyrr í dag, en mér finnst engu að síður sú umræða sem hefur verið í dag varðandi Ríkisútvarpið kristalla það að það hefði verið mjög erfitt að ná sátt á meðal stjórnmálaflokkanna um Ríkisútvarpið, ekki síst þegar maður heyrir til að mynda hv. þm. Ögmund Jónasson ræða um afstöðu stjórnarandstöðuflokka varðandi Ríkisútvarpið. Þegar maður sér að stjórnarandstaðan nær ekki einu sinni samhljómi í málflutningi sínum varðandi Ríkisútvarpið verður auðvitað fátt um svör við því þegar menn halda því fram að allur þingheimur geti náð sátt og samkomulagi um þetta mikilvæga málefni sem Ríkisútvarpið er. Vísa ég til orða hv. þingmanns gagnvart því sem m.a. talsmenn Samfylkingarinnar hafa haldið fram í umræðunni. (Gripið fram í.)

Það er líka rétt hjá hv. þm. Merði Árnasyni að menn hafa ekkert verið feimnir við að tjá skoðanir sínar innan Sjálfstæðisflokksins gagnvart Ríkisútvarpinu. Það á auðvitað að vera þannig og mikið fagnaðarefni að menn átti sig á því að skoðanir eru skiptar innan þess flokks eins og hefur verið lengi.

Það er alveg ljóst að fjölmiðlanefndin góða sem skilaði skýrslunni sem við ræddum fyrr í dag telur að Ríkisútvarpið verði að hafa þannig ramma að það geti sinnt hlutverki sínu til framtíðar. Nefndarmenn telja m.a. óhjákvæmilegt að fjárhagsleg staða Ríkisútvarpsins verði tryggð til fram-

tíðar, það er eitt af þeim markmiðum sem nefndarmenn í fjölmiðlanefnd setja fram. Einnig lagði nefndin áherslu á það hlutverk Ríkisútvarpsins að standa fyrir öflugri þjóðmálaumræðu og innlendri dagskrárgerð jafnt í hljóðvarpi sem sjónvarpi. Segja má að í dag með 1. umr. um frumvarpið um Ríkisútvarpið séum við einmitt að nálgast markmiðið sem nefndarmenn í fjölmiðlanefnd settu fram um Ríkisútvarpið. Ég tel alla vega svo vera. Ég tel mig einmitt vera að koma til móts við hugmyndir nefndarmanna fjölmiðlanefndar um hlutverk Ríkisútvarpsins þannig að í dag erum við strax að taka fyrstu skrefin í þá átt að uppfylla það sem sú nefnd setti fram.

Ég ætla að byrja á að fara rétt aðeins yfir fjármögnunina varðandi Ríkisútvarpið. Spurningar hafa verið lagðar fram af hálfu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hvort ekki hefðu verið kannaðar fleiri leiðir, m.a. leið sem Þorsteinn Þorsteinsson, markaðsstjóri Ríkisútvarpsins, setti fram og hv. þingmaður útfærði í gegnum fasteignagjöldin. Ég get upplýst það hér að við fórum vel yfir þá tillögu. Við fórum líka vel yfir fleiri tillögur sem voru settar fram eins og hvort hægt væri að nýta persónuafsláttinn. Ég vil vekja athygli á því að sú leið sem hv. þingmaður Jóhanna Sigurðardóttir vekur máls á er í gegnum fasteignagjöldin. Það er að hluta til tekjustofn sveitarfélaganna. Við fórum því gaumgæfilega yfir mjög marga þætti og tókum það hreint og klárt fyrir hvaða leiðir væru bestar til þess að hafa þær skýrar og gegnsæjar og ekki flækja um of það kerfi sem er til þess að afla ríkisstofnunum tekna. Við komumst að þeirri niðurstöðu að fara þá leið sem boðuð er í frumvarpinu og rétt að geta þess að nýjasta skoðanakönnun bendir til þess að flestir landsmanna telja þá leið vera vænlegustu leiðina til að standa undir fjármagni við fjármögnun Ríkisútvarpsins, þ.e. nefskattsleiðina. Þar á hæla koma afnotagjöldin, þannig að menn hafi það á hreinu því menn voru að vitna í ýmsar skoðanakannanir sem gerðar hafa verið í gegnum tíðina.

Þetta er því leiðin. Við teljum hana vera einfaldasta. Það er auðvitað alltaf hægt að finna einhverja hnökra á þeim leiðum sem lagðar eru fyrir, en við teljum engu að síður þetta vera skynsamlegustu leiðina eins og málum er háttað nú og förum svipaðar leiðir og farin er til að fjármagna Framkvæmdasjóð aldraðra. Þar er tekjutengingin um 855 þús. Menn hafa verið að draga það fram, sérstaklega hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að það gæti leitt til mikils álags á fjölskyldur með tvo eða þrjá unglinga á heimili sínu og verður að upplýsa hér að mjög fáar fjölskyldur sem hafa unglinga á heimili sínu hafa um 855 þús. kr. tekjur eða meira innan sinna raða. Það eru því mjög fá tilvik og ég fullyrði að þau eru og verða mjög fá, enda má líka spyrja á móti þegar fólk er komið með þó þessar tekjur, unglingar líka sem búa væntanlega í ókeypis húsnæði og allt sem því fylgir, hvort ekki sé eðlilegt að þeir taki þátt í því sem kallast samfélagslegar skyldur. Ég held að menn hljóti að varpa fram þeirri spurningu líka.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og fleiri hv. þingmenn spurðu hvort ekki væri rétt að fara þá leið að efla aðgang starfsmanna að stjórn Ríkisútvarpsins. Við skulum hafa í huga að með þeirri leið sem farin er í frumvarpinu er verið að breyta útvarpsráði algjörlega. Það er verið að stokka það upp og setja fram algjörlega nýja hugmynd sem klippir á afskipti útvarpsráðs af innri málefnum Ríkisútvarpsins. Nýja útvarpsráðið, hin nýja rekstrarstjórn, á ekki að hafa afskipti af dagskrá eða því sem viðkemur dagskránni og framkvæmd þess sem er gert innan Ríkisútvarpsins og fellur undir dagskrárhlutverk þess. Rekstrarstjórnin hefur fyrst og fremst með rekstrarstjórnun að gera eins og orðið gefur til kynna og á eingöngu að sinna þeim málum og málefnum. Það skiptir mjög miklu að hafa það í huga. Þegar kemur að því að krefjast þess að starfsmenn verði þar innan borðs tel ég óeðlilegt að starfsmenn hafi eftirlit með sjálfum sér eins og rekstrarstjórnin á að gera, hún á að hafa eftirlit með rekstrinum og þar með talið því sem starfsmenn eru að gera og framkvæma rekstrarlega séð.

Einnig má benda á að í ljósi uppákomu síðustu vikna held ég að það sé ekki mjög farsælt að draga starfsmenn í stjórn Ríkisútvarpsins. Ég held að það sé ekki heppileg leið og tel að rétt sé í þessu fyrirtæki sem og öðrum ríkisstofnunum að fá utanaðkomandi aðila til að fara með þá stjórn sem lýtur að rekstri fyrirtækisins eins og rekstrarstjórnin er boðuð í frumvarpinu, þannig að menn hafi þá skoðun mína alveg á hreinu.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ræddi um dreifi- og efnisveitur og að Ríkisútvarpið yrði komið upp á náð og miskunn einkaaðila. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að Ríkisútvarpið geri samninga við einkaaðila á markaði. Ég sé ekkert að því. Ég sé ekki heldur neina lógík í því að Ríkisútvarpið, til viðbótar við þá aðila sem hafa verið að byggja upp dreifikerfi sín, fari að stofna til mikilla fjárskuldbindinga varðandi það að koma upp öflugu dreifikerfi. Miklu nær er einmitt sú leið sem fjölmiðlanefndin, sem hv. þingmaður var hluti af, setur fram að tryggja að dreifiveitur fái það efni inn á dreifiveiturnar sem þær kjósa og efnisveiturnar hafi líka þann aðgang. Að sjálfsögðu gildir það líka um Ríkisútvarpið sem og önnur fyrirtæki á fjölmiðlamarkaði.

Ég sé enga hættu í því þó að Ríkisútvarpið fari að semja við einkaaðila, tel það frekar fagnaðarefni en hitt og treysti þeim aðilum sem eru á markaði til að tryggja það að dreifikerfi Ríkisútvarpsins verði sem best. Ég vil miklu frekar hvetja til samvinnu þessara aðila á markaðnum en ekki.

Síðan er rétt að fara aðeins yfir það sem snertir upplýsingalögin. Menn hafa velt þeim hlutum fyrir sér og við verðum að hafa í huga hver tilgangur með breytingunum á rekstrarfyrirkomulagi Ríkisútvarpsins er. Hann er auðvitað fyrst og fremst sá að skerpa á rekstri Ríkisútvarpsins og færa hann, eins og ég gat um áðan, til nútímahorfs. Þessi breyting felur m.a. í sér að ákvæði upplýsingalaga ná þá ekki til sameignarfélagsins eins og þau gera gagnvart ríkisstofnuninni Ríkisútvarpinu. Formbreyting þessi er ekki gerð með það í huga eða með það að markmiði sérstaklega að undanskilja Ríkisútvarpið ákvæðum upplýsingalaga. Það leiðir einfaldlega af gildissviði upplýsingalaganna að svona verður málum háttað þegar búið verður að breyta þessu rekstrarfyrirkomulagi.

Það er kannski rétt að benda á líka að á þetta ákvæði í 1. gr. upplýsingalaga hefur reynt í málum fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamál þar sem upplýsingalögin þóttu ekki fullnægjandi, t.d. í úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál frá 17. desember sl. um Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf., enda hefði því hlutafélagi ekki verið falið opinbert vald til

að taka ákvörðun um rétt eða skyldur manna í skilningi upplýsingalaganna. Auðvitað mun þetta gilda um Ríkisútvarpið sf. og þá væntanlega á sömu forsendum.

Það er rétt að undirstrika það að markmiðið er ekki sérstaklega að taka Ríkisútvarpið undan ákvæðum upplýsingalaga.

Það er líka rétt að draga fram, sem hefur verið nokkuð til umræðu, e-lið 9. gr. frumvarpsins varðandi það sem þar kemur fram um að gefa út reglur um, með leyfi forseta, „fréttaflutning og auglýsingar í útvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, og gæta þess að reglum sé fylgt". Þetta ákvæði verður auðvitað að skoðast í samhengi við meginhlutverk Ríkisútvarpsins, hvaða almannaþjónustuhlutverki það gegnir. Það er dregið fram í 3. gr., m.a. það hvernig þeir eigi að sinna því að „halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Gæta skal fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð". Það þótti ekkert óeðlilegt að rekstrarstjórnin, æðsta yfirvaldið ásamt útvarpsstjóra, gerði þessar reglur opinberar þannig að allir vissu hvernig reglurnar ættu að vera og þetta yrði að sjálfsögðu gert í samráði við þá sem starfa hjá Ríkisútvarpinu. Þetta er til þess að hafa gegnsæi og að allir geti nálgast þessar reglur.

Ef menn telja að þetta geti á einhvern hátt ógnað því markmiði að ná sátt um Ríkisútvarpið, að þetta tiltekna ákvæði ógni því að hlutleysis sé gætt varðandi rekstur Ríkisútvarpsins, hvet ég að sjálfsögðu hv. menntamálanefnd eindregið til að skoða þessi atriði afar vel með það í huga að hlutleysis verði gætt varðandi framkvæmd þessara reglna sem skipta okkur öll mjög miklu máli, þ.e. að fréttaflutningur Ríkisútvarpsins verði eftir sem áður hlutlaus, skýr og gegnsær.

[23:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að dagskrárráð eða notendaráð setji reglur um fréttaflutning og hafi aðhald og eftirlit með því að þeim reglum sé fylgt. Það sem hins vegar er verið að gera hér samkvæmt þessu frumvarpi er að aðilinn sem setur reglurnar og aðilinn sem á að hafa eftirlit með þeim er kosinn hlutfallskosningu hér á Alþingi og endurspeglar meirihlutavaldið hér inni — með öðrum orðum, ríkisstjórnarviljann.

Nú erum við að upplifa það hvernig núverandi formaður útvarpsráðs, Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, fylgir þessum reglum eftir, væntanlega. Hann lýsti því yfir um daginn að hann hefði kallað nýjan fréttastjóra hljóðvarpsins inn á teppi vegna þess að hann væri honum ekki að skapi eða athafnir hans síðustu daga og vikur í tengslum við þær deilur sem risu í útvarpinu. Þar með erum við komin með pólitísk valdstjórnarafskipti af fréttastofu Ríkisútvarpsins í þá veru sem þetta frumvarp gerir síðan ráð fyrir að verði framhald á.

Varðandi starfsmannalýðræðið er í 9. gr. núgildandi útvarpslaga kveðið á um framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins. Það er orðin hefð fyrir því og lagalegur grundvöllur að fulltrúar starfsmanna komi að stjórn Ríkisútvarpsins með þessum hætti, eigi aðkomu að stjórninni. Með frumvarpi ríkisstjórnarinnar er þetta numið brott. Allur vísir að starfsmannalýðræði sem á rætur í kjarasamningum upp úr 1990 er numinn brott. Bara burt með allt þetta.

Síðan að lokum, hæstv. forseti, hefur komið fram, og við höfum ítrekað það í stjórnarandstöðunni, að uppi eru mismunandi áherslur, mismunandi hugmyndir. Við eigum eitt sammerkt; viljann til að koma sameiginlega (Forseti hringir.) að þessu máli og skapa um það þverpólitíska lausn. Þar stöndum við fullkomlega saman.

[23:37]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er það ekkert launungarmál að á sínum tíma taldi ég rétt að fara hlutafélagaleiðina varðandi rekstrarform Ríkisútvarpsins. Mér hefur aldrei verið það neitt launungarmál. Hér erum við að fara leið sem nálgast þær aðferðir, þá hugsun og þau tæki sem hlutafélagaformið hefur yfir að ráða. Engu að síður er sameignarfélagsformið þannig að það undirstrikar að sameignarfélagið Ríkisútvarpið verður í ótakmarkaðri eigu ríkisins. Það má kannski líka túlka það þannig að það hnykki enn frekar á ábyrgð ríkisins og því að Ríkisútvarpið eigi að vera í almannaþágu að fara þessa leið.

Ég ítreka af hverju hugur minn var sá að fara hlutafélagaformsleiðina og síðan núna þessa sameignarfélagaleið. Það var út af því að ég tel það einfaldlega rétt, líka sem fyrrum starfsmaður Ríkisútvarpsins. Ég tel ekki rétt að fara þá leið að draga starfsmenn Ríkisútvarpsins inn í yfirstjórn þess. Ég tel það bara ekki affarasælt. Ég tel þá leið sem við erum að fara, að skerpa á hlutverki Ríkisútvarpsins almennt og yfirstjórnarinnar, vera nauðsynlega til þess að Ríkisútvarpið geti lifað og dafnað áfram í því umhverfi sem það býr við. Það hefur ekkert með það að gera að ég lýsi yfir vantrausti á starfsmenn Ríkisútvarpsins, síður en svo. Ég tel þá leið sem er fólgin í hugmyndinni um hlutafélög og sameignarfélög vera þannig að það þurfi að nýta sér kosti þeirrar leiðar og ekki blanda starfsmönnum allt of mikið í þá stjórn sem fer með stjórn útvarpsins hverju sinni.

[23:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að mér finnst fela st í því ákveðið vantraust gagnvart starfsmönnum Ríkisútvarpsins að vilja bola þeim út úr stjórnum og frá áhrifum þar sem þeir hafa setið að borði. Það er ljóst að þetta er vilji starfsmanna. Frumvarpið gengur þannig þvert á vilja þeirra að þessu leyti. Ég tala af nokkurri reynslu hér. Ég sat í framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins um alllangt árabil sem formaður starfsmannafélags sjónvarpsins. Ég fullyrði að tillögur starfsmanna hafi jafnan verið jákvæðar og uppbyggilegar og til þess fallnar að leysa mál en ekki skapa vandamál. Ég fullyrði þetta. Ég fullyrði að þetta hafi almennt verið til góðs.

Hlutafélagaformið hafi verið hið æskilegasta, segir hæstv. ráðherra. Það sem við erum að gera með þessu frumvarpi — verði það að lögum — er að verið er að draga úr gagnsæi stjórnsýslunnar. Það er verið að rýra réttinn til starfsmanna og nú er að koma á daginn (Forseti hringir.) að það á að draga stórlega úr atvinnulýðræði.

[23:40]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrra andsvari mínu gafst mér ekki tóm til að mótmæla sérstaklega þeim orðum hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem komu fram í fyrra andsvari hans, í rauninni hin ósmekklega atlaga sem hann gerði að persónu Gunnlaugs Sævars Gunnlaugssonar sem hefur verið formaður útvarpsráðs frá 1991. Jú, það var nefnilega þannig að hv. þingmaður kom hér upp í ræðupúlt hins háa Alþingis og sagði að hann hefði ekki sinnt starfi sínu. Mér fannst afar ósmekklegt hvernig dylgjað er að því að Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson sé að kalla menn inn á teppið.

Gunnlaugur Sævar hefur einfaldlega sinnt starfi sínu sem formaður útvarpsráðs mjög vel. Ríkisútvarpið, við sjáum það, hefur að mínu mati aldrei verið öflugra en í dag með mjög öfluga dagskrárstjórn og yfirstjórn. Það er það sem við þurfum að skerpa enn frekar á en það er ekki sæmandi hv. þingmanni og formanni BSRB að koma hingað upp og segja að menn hafi ekki staðið sig í stykkinu þegar menn standa sína plikt sem fulltrúar hins lýðræðislega kjörna Alþingis. (Forseti hringir.)

[23:41]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tel fulla ástæðu til að koma hér upp og bera af mér sakir sem hæstv. forseti vill meina mér að gera og ég kveð mér þess vegna hljóðs undir liðnum um stjórn fundarins.

Hæstv. menntamálaráðherra segir að ég dylgi hér um menn og sé með ósmekklegar árásir. Ég er einfaldlega að vitna í yfirlýsta afstöðu manna og yfirlýsingar ábyrgðarmanns Ríkisútvarpsins sem er skipaður af Alþingi Íslendinga. Okkur ber lagaskylda til að veita aðhald opinberum stofnunum á borð við Ríkisútvarpið og þeim sem er treyst fyrir því. Ég er einfaldlega að gera það. Ég er að vitna til þess sem fram hefur komið hjá formanni útvarpsráðs þar sem hann segir, lýsir því yfir opinberlega, að hann vilji kalla nýráðinn fréttastjóra útvarpsins, hljóðvarps, inn á teppi og krefja hann um fréttastefnu og yfirlýsingar í ljósi undangenginna daga og vikna.

[23:43]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. menntamálaráðherra segir að sér gangi tvennt til í meginatriðum varðandi þetta frumvarp, annars vegar að nútímavæða Ríkisútvarpið og hins vegar að tryggja sess innlendrar dagskrárgerðar. Í sjálfu sér get ég alveg tekið undir þessi tvö markmið. Ég er til í að standa með hæstv. ráðherra í því að tryggja sess innlendrar dagskrárgerðar hjá Ríkisútvarpinu, bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi. Ég er líka til í að standa að því að nútímavæða RÚV.

En ég spyr: Er minn nútími sami nútími og hæstv. ráðherra? Ég er ekki viss um það. (Gripið fram í.) Ég held að við þurfum að koma okkur saman um þennan nútíma. Þess vegna hef ég mælt fyrir því að málefni Ríkisútvarpsins verði unnin í nefnd sem stjórnarandstaða og stjórnarflokkar eiga jafna aðild að, alveg á sama hátt og sátt náðist um innan fjölmiðlanefndarinnar sem hér hefur verið prísuð í dag. Það var ekki sjálfgefið, herra forseti, að sú sátt næðist eða sú sameiginlega niðurstaða. Eftir allt sem á undan var gengið í fyrravor og -sumar gátu menn ekki verið vissir um að sú sátt næðist.

Nú vil ég bara í lokin á þessu andsvari mínu biðja hæstv. ráðherra þess lengstra orða að vera ekki að þrýsta á að þetta mál verði afgreitt frá menntamálanefnd í vor. Við eigum örfáar vikur eftir af starfstíma þessa þings. Það verður heilladrýgst að fá inn umsagnir um þetta frumvarp, setja þær til menntamálanefndar og gefa henni svigrúm og ráðrúm til að ræða um þær athugasemdir sem við fáum og svo mögulega að efla vinnuna til þess að ná sameiginlegum niðurstöðum svo að við getum tryggt það að nútími minn og nútími hæstv. ráðherra verði sem (Forseti hringir.) jafnastur.

[23:45]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég er full efasemda eftir að hafa hlustað á umræðu hv. þingmanna, og þá kannski sérstaklega stjórnarandstöðuþingmanna í dag um frumvarpið um Ríkisútvarpið, hvort nást muni almennt pólitísk sátt um Ríkisútvarpið. Ég held að ég sé alveg fullviss um það eftir að hafa heyrt m.a. orðastað hv. þm. Ögmundar Jónassonar við þingmenn m.a. úr Samfylkingunni. Þegar stjórnarandstaðan nær ekki einu sinni saman um málið er mér til efs að allur þingheimur geri það.

Það er líka rétt að ítreka að menn hafa talað um að skilgreiningin í frumvarpinu sé of víðtæk og auðvitað á hv. menntamálanefnd eftir að fara mjög ítarlega yfir það. Það er m.a. gert með það í huga að undirstrika sérstaklega það sem Ríkisútvarpið er að gera núna og verið er taka tillit til athugasemda ESA, að það þurfi að vera skýrt skilgreint í lögum hvað er almannaþjónustuhlutverk til þess að menn geti tekið það verksvið að sér ef það er ríkisútvarp sem stendur fyrir því. ESA er með ákveðnar kröfur og verið er að uppfylla þær með þessari almennu skilgreiningu.

Síðan má segja á móti að svigrúm Ríkisútvarpsins komi að því leyti til með að skerðast þegar settar eru fram kröfur af hálfu stjórnvalda um aukið menningarlegt hlutverk þess. Ef við förum t.d. BBC-leiðina munum við hugsanlega gera kröfur um að x mörg prósent, kannski 50% af dagskrá Ríkisútvarpsins, verði innlend dagskrá. Það hlýtur að skerða svigrúm Ríkisútvarpsins til annarra hluta eins og að kaupa bandarískar sápur o.s.frv. Það liggur í hlutarins eðli að ef við krefjumst þess að Ríkisútvarpið sinni betur menningarhlutverki sínu með því að krefjast aukinnar hlutdeildar í innlendri dagskrárgerð þá hlýtur svigrúmið að skerðast á öðrum sviðum.

[23:47]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í síðasta andsvari sínu hreyfir hæstv. ráðherra máli sem þarf ítarlegri umræðu. Hér kemur allt í einu fram hjá hæstv. ráðherra að hún sjái fyrir sér að ef innlend dagskrárgerð verði efld komi það til með að skerða möguleika Ríkisútvarpsins á að kaupa erlent efni. Ég er ekki viss um að allir þeir sem vilja efla Ríkisútvarpið séu sammála

þeirri sýn hæstv. ráðherra sem hér kom fram.

Eitt af því sem við þurfum að ræða í menntamálanefnd eru slíkir hlutir. Þarna erum við farin að tala um nákvæma útfærslu hugmynda sem einungis er tæpt á með mjög almennum hætti í 3. gr. frumvarpsins.

Hæstv. forseti. Enn og aftur ítreka ég það sem ég hef áður sagt. Úr því að fjölmiðlanefndin náði þeirri sátt sem hún þó náði eftir allt sem á undan var gengið, og þar var ekki heldur fullur samhljómur á milli stjórnarandstöðuflokkanna, þá treysti ég því að hæstv. ráðherra sjái ljósið í þessum efnum og setji þessa vinnu í það samhengi að það náist pólitísk sátt um málið.

[23:48]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ráðherra en ég er líka þingmaður og ég ber mikla virðingu fyrir þinginu. Það er hv. menntamálanefnd sem fær frumvarpið til meðferðar og þá hefst í rauninni önnur tegund þinglegrar meðferðar þar sem leitað verður umsagna. Að sjálfsögðu mun hv. menntamálanefnd ráða ferðinni hvað það varðar og fara gaumgæfilega yfir alla hluti og allar ábendingar sem nefndinni berast þannig að málið verði sem faglegast og best unnið og m.a. fara yfir það sem ég gat um áðan.

Ég held að menn verði að átta sig á því að ekki verður bæði sleppt og haldið. Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. þingmanni í ræðu hennar áðan að við getum gert auknar kröfur og þess vegna erum við með Ríkisútvarp, af því að við getum gert auknar kröfur til Ríkisútvarpsins. Við gerum ekki sömu kröfur til Ríkisútvarpsins og til einkamiðlanna og því hljótum við að forgangsraða þeim kröfum gagnvart Ríkisútvarpinu. Það liggur í hlutarins eðli að við viljum fá eitthvað í staðinn fyrir það fjármagn sem veitt er til Ríkisútvarpsins. (Forseti hringir.) Og það er fyrst og fremst á menningarlega sviðinu sem ég sé hlut þess aukast enn frekar.

[23:49]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Í raun og veru væri seinni ræða hæstv. menntamálaráðherra efni í aðra eins umræðu hér, því að þar hefur margt furðulegt komið fram. Ég vil segja í tilefni af orðaskiptum hennar við hv. þingmenn Kolbrúnu Halldórsdóttur og Ögmund Jónasson, að það sem helst virðist standa í vegi þessa frumvarps í gengum þingið núna er andstaða þingmanna Sjálfstæðisflokksins en ekki stjórnarandstöðunnar, ef marka má ræður hv. þingmanna Sigurðar Kára Kristjánssonar og Ástu Möller hér áðan.

Ég ætla ekki að tefja umræðuna mikið, ég sé ekki mikið gagn að því, en ég verð þó að spyrja hæstv. menntamálaráðherra aftur að því sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði áðan: Eru það réttar upplýsingar sem fengust frá yfirmönnum í menntamálaráðuneytinu að menn geri ekki ráð fyrir neins konar jöfnunarákvæðum í sambandi við nefskattinn sem á að leggja á? Og er það rétt að setningar neðarlega á síðu 20 í frumvarpinu, í athugasemdum við 11. grein, séu leifar af fyrri gerð og eigi ekki að taka bókstaflega? Og þá spyr ég: Af hverju hefur menntamálaráðherra hæstv. ekki tilkynnt okkur það? Af hverju hefur þetta ekki verið prentað upp eða með einhverjum hætti gert á þinglegan hátt þannig að ekki þurfi að ræða það hér í andsvari við lokaræðu menntamálaráðherra í málinu?

Ég vil svo þakka hæstv. menntamálaráðherra fyrir hreinskilnina að segja strax nei við spurningunni um málamiðlun í stjórnarháttamálum, að tveir starfsmenn komi í stjórnina. Það lýsir vel sáttavilja menntamálaráðherra og ákafa hennar til að ná niðurstöðu í þinginu með þátttöku sem flestra.

Að lokum önnur spurning: Það er eins og það sé einhver nauðung að fyrirtæki af taginu RÚV sf. þurfi ekki að hlíta upplýsingalögum. Er það ekki einfalt að setja ósköp einfaldlega inn í lögin um Ríkisútvarpið sf. (Forseti hringir.) ákvæði um að það þurfi að hlíta þeim? Er málið nokkuð flóknara?

[23:51]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ósköp einfalt hvað þau atriði varðar sem hv. þingmaður kom inn á. Hv. menntamálanefnd fer auðvitað gaumgæfilega yfir þessar athugasemdir. Ég var einfaldlega að lýsa skoðun minni. Ég tel ekki rétt að starfsmenn séu í stjórninni. Að sjálfsögðu geta þeir haft sín áhrif en ég tel ekki rétt að starfsmenn Ríkisútvarpsins séu í yfirstjórninni, sérstaklega þegar við höfum í huga að þetta er rekstrarstjórn sem m.a. á að hafa yfirlit og eftirlit með rekstri félagsins og að sjálfsögðu þar með talið rekstri sem starfsmenn koma að.

Ég tel því ekki rétt að fara þá leið, enda er það ekki nútímalegt, ef þannig má að orði komast, að fara slíkar leiðir og ekki til hagsbóta fyrir félagið sem slíkt að mínu mati.

Ef ég skildi hv. þm. Mörð Árnason fyrir hönd Jóhönnu Sigurðardóttur rétt, þá er rétt að undirstrika það sem stendur í frumvarpinu eða athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Almennt mætti þó miða við að haga skattlagningunni þannig að hvert þriggja manna heimili yrði nokkurn veginn jafnsett eftir sem áður, sem mundi þýða að gjaldið lækkaði fyrir fámennari heimili, en hækkaði fyrir heimili þar sem fullorðnir einstaklingar 16 ára og eldri væru 4 eða fleiri."

Hv. þingmaður verður að leiðrétta mig ef hann er ekki að meina þessa setningu, því það er ósköp skýrt sem þarna kemur fram að ef þetta kemur til með að hafa áhrif á þessa fjóra eða fleiri sem eru í heimili þá er það út af því að þeir hafa allir tekjur yfir 855 þús. kr. eða meira. Þetta er ósköp skýrt. Þar sem fjórir, fimm eða sex eru í heimili fer þetta eftir tekjum viðkomandi einstaklinga. Það er ekki ætlunin að vera með einhver jöfnunarákvæði. Þetta er skýrt, þeir einstaklingar sem eru með 855 þús. kr. og meira í tekjur og eru á bilinu 16–70 ára koma til með að greiða nefskattinn.

[23:54]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er nú liðið langt á kvöld og kannski von að menn séu farnir að ruglast en það er þannig að ef gert er ráð fyrir jöfnunarákvæðum af þessu tagi eins og kemur fram í athugasemdum um við 11. gr. þá verður það að eiga sér stoð í lögunum. Það er ekki nóg fyrir flutningsmann frum-

varps af þessu tagi að setja eitthvað í greinargerð sem ekki á sér stoð í lögum. Það er þannig um skattheimtu á Íslandi — til upplýsingar fyrir hæstv. ráðherra — að það er Alþingi sem ákveður hana með lögum, það stendur í stjórnarskránni. Vegna þess að ekkert er getið um það í frumvarpinu við hvað mætti miða skattlagninguna, þá er eðlilegt að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spyrji og ég á eftir henni: Hvað þýðir þessi setning? Er hún, eins og upplýsingar úr menntamálaráðuneytinu benda til, leifar af einhverri fyrri gerð frumvarpsins frá Birni Bjarnasyni, hæstv. fyrrv. menntamálaráðherra, og af hverju hefur þetta ekki verið tekið út? Eða er það þannig að menntamálaráðherra hæstv. meini það raunverulega að þetta séu jöfnunarákvæði og hún vilji hafa jöfnunarákvæði inni sem hún hefur gleymt að setja í lögin? Því að gleymskan er á öðrum hvorum staðnum.

[23:55]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þarna sé um einhvern misskilning að ræða hjá hv. þm. Merði Árnasyni því að þetta er alveg skýrt, m.a. í V. kafla frumvarpsins í 11. grein þar sem kemur nákvæmlega fram hvernig tekjustofnar Ríkisútvarpsins sf. eru og verða ákveðnir. Lagaheimildin sem slík er því alveg skýr. Orðalagið í athugasemdunum við 11. gr. er þannig, og það er rétt að undirstrika hvernig þetta er sett fram. Þetta eru ekki leifar af einhverju gömlu frumvarpi sem hefur einhvern tíma verið samið í menntamálaráðuneytinu. Það er ekki svo, heldur er um alveg nýtt frumvarp að ræða þar sem verið er að reyna að útskýra hvernig þetta kemur niður á mismunandi tegundum af fjölskyldum miðað við ástandið í dag. Orðið „jafnsett" í athugasemdunum er ekki hægt að túlka sem eitthvert jöfnunarákvæði, það er ekki þannig, heldur er einfaldlega verið að reyna að draga fram hvernig þetta gjald eða nefskatturinn komi til með að lenda á hinum ýmsu tegundum fjölskyldna eða fjölskylduforms.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 644. mál (niðurfelling greiðsluþátttöku Ríkisútvarpsins). — Þskj. 975.

[23:56]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, nr. 36/1982.

Eins og ég kom inn á í framsöguræðu minni hér á undan um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. er frumvarp þetta lagt fram samhliða því frumvarpi og byggir á því að fella niður þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands samkvæmt gildandi lögum um hljómsveitina.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laganna er greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands 25% af rekstrarkostnaði hennar en frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. felur í sér endurskipulagningu á rekstri Ríkisútvarpsins og á því byggt að fella úr gildi framangreinda lagaskyldu um þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar, en hann var um 118,5 milljónir að mig minnir á þessu ári.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er því lagt til að b-liður 1. mgr. 3. gr. gildandi laga falli brott en í stað þess verði hlutur ríkisins í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar aukinn sem þessu nemur skv. a-lið 1. mgr. 3. gr., þ.e. úr 56% í 81%.

Í samræmi við þessa breytingu er eðlilegt að Ríkisútvarpið eigi ekki lengur fulltrúa í stjórn hljómsveitarinnar og því er lagt til í 2. gr. frumvarpsins að menntamálaráðuneytið tilnefni mann í stjórnina samkvæmt 1. málsl. 4. gr. gildandi laga í stað Ríkisútvarpsins, eins og nú er.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntamálanefndar og 2. umr.

[23:58]

Mörður Árnason:

Forseti. Hér er verið að ræða mál sem er sérstakt og varðar ekki efniskjarna þess frumvarps sem menntamálaráðherra hæstv. hefur flutt um Ríkisútvarpið sf. Þess vegna ræðum við það sérstaklega og veitum því þá virðingu sem það á skilið.

Ég veit að ýmsir eru þeirrar skoðunar að varðveita eigi þessi tengsl milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins og ég virði það álit manna. Þetta eru sögulega merkileg tengsl vegna þess að Sinfóníuhljómsveitin, sem stofnuð er árið 1950, er að nokkru leyti sprottin upp úr gömlu útvarpshljómsveitinni sem Ríkisútvarpið hafði á að skipa. Um tíma hygg ég að það hafi verið þannig að Ríkisútvarpið hafi í raun og veru verið eigandi Sinfóníuhljómsveitarinnar, sem má umorða, af því að nú er komið miðnætti og magískur tími, að Sinfóníuhljómsveitin sé kannski dóttir útvarpsins í sögulegum skilningi. En börnin verða einhvern tíma að flytja að heiman og í raun hafa þessi tengsl ekki verið virk undanfarin ár nema að mjög litlu leyti og nú er fyrir nokkru kominn tími til að skilja hér á milli að mínu áliti. Ég legg áherslu á að þessum tengslum sé haldið í öðru formi enda eru tónleikar þessarar snjöllu hljómsveitar sjálfsagt útvarpsefni og reyndar einnig sjálfsagt og gott sjónvarpsefni þótt sjónvarpinu hafi einhvern veginn ekki lukkast að skilja þá höfðun sem tónleikar geta haft í sjónvarpi.

Ég legg til að málið verði rætt í menntamálanefnd, óháð afdrifum þess frumvarps sem hér hefur verið lagt fram um RÚV sf., og heiti stuðningi mínum við afgreiðslu málsins í vor ef aðrir eru samþykkir þeirri vegferð.

[00:00]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frumvarp þetta. Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. Merði Árnasyni, að mikilvægt er að málið fái ítarlega skoð-

un í menntamálanefnd. Ég vísa í ágæta grein eftir Jón Þórarinsson, fyrrverandi dagskrárstjóra sjónvarpsins, í Morgunblaðinu nýlega (**Gripið fram í:** Tónlistarráðunaut.) tónlistarráðunaut Ríkisútvarpsins og jafnframt dagskrárstjóra í sjónvarpinu um langt árabil. Þar rifjar hann upp sögu þessara tengsla og segir m.a., með leyfi forseta:

„Það var tónlistardeild Ríkisútvarpsins sem hafði forgöngu um að hrinda Sinfóníuhljómsveitinni af stokkunum 1950 að sjálfsögðu með samþykki yfirstjórnar stofnunarinnar. Tilgangurinn var fyrst og fremst sá að efla og bæta íslenskan tónlistarflutning útvarpsins. Því markmiði var náð, m.a. með tilstyrk ríkis og Reykjavíkurborgar sem veittur var þegar á fyrstu árunum, og í kaupbæti kom svo opinbert tónleikahald sem brátt varð veigamikill þáttur í tónlistarlífinu."

Áfram segir Jón Þórarinsson í fyrrnefndri Morgunblaðsgrein, með leyfi forseta:

„Hér verður ekki rakin uppvaxtarsaga hljómsveitarinnar, en aðeins minnt á það, að þegar sjálfstæð starfsemi hennar komst í þrot 1961 sá Ríkisútvarpið sér hag í að taka við rekstrinum með þeim styrkjum frá ríki og borg sem þá voru."

Síðan vitnar Jón Þórarinsson í samning um þjónustu við Ríkisútvarpið þar sem m.a. er kveðið á um:

„1. Heimild til að útvarpa beint, eða síðar af upptökum, öllum áskriftartónleikum hljómsveitarinnar og öðrum tónleikum á hennar vegum. Innifalin er þátttaka stjórnenda og einleikara/söngvara.

2. Heimild til að sjónvarpa tónleikum eða taka þá upp fyrir sjónvarpið til flutnings án endurgjalds."

Hann tilgreinir fleiri liði og harmar undir lok greinarinnar að Ríkisútvarpið skuli ekki hafa nýtt sér ákvæði samningsins sem skyldi.

Ég hefði nú haldið að við ættum að beina sjónum okkar fremur að þessu. Ég vil taka undir gagnrýni sem fram hefur komið á Ríkisútvarpið, sérstaklega sjónvarpið, um að það hafi ekki sinnt nægilega vel íslensku menningarefni. Ég vil gjarnan setja þessa ádrepu Jóns Þórarinssonar inn í þá púlíu. Ég tel að við eigum fremur að beina sjónum okkar að þessu.

Ég er ekki viss um að þetta sé til góðs. Það væri fróðlegt að menntamálanefnd kynnti sér hvað væri að gerast í þessum efnum, t.d. á Norðurlöndum. Ég hef trú á því að menn séu að styrkja tengsl við listamenn en ekki skera á tengslin eins og hér er lagt til.

Það er síðan augljóst mál að Ríkisútvarpið, ef það heldur vel á sínum málum og sinnir menningarlegum skyldum sínum, mun væntanlega þurfa að kaupa þetta efni. Þar með eru 118 milljónirnar sem sparast fyrir Ríkisútvarpið orðnar eitthvað færri. En mín skoðun er sú að það eigi að skoða þetta heildstætt. Í stað þess að draga úr skyldum Ríkisútvarpsins á að auka og efla skyldurnar og sjá til þess að stofnunin rísi undir þeim kvöðum sem á hana eru lagðar hvað þetta snertir.

[00:04]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hef þá tilfinningu varðandi tengsl Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins að ég er mjög hrædd við að slíta þau. Ég vildi gjarnan að hæstv. menntamálaráðherra segði okkur örlítið meira um sýn hennar á Sinfóníuhljómsveitina. Með þeirri breytingu sem hér er gerð, verði frumvarpið að lögum, er greiðsluþátttaka ríkissjóðs aukin. En það er ekki gerð nein breyting á greiðsluþátttöku borgarsjóðs Reykjavíkur og bæjarsjóðs Seltjarnarness.

Nú spyr ég hæstv. menntamálaráðherra: Var ekki við undirbúning þessa frumvarps leitað til stjórnar Sinfóníuhljómsveitarinnar varðandi álit á þessari breytingu, borgarsjóðs Reykjavíkur eða forsvarsmanna Reykjavíkurborgar varðandi greiðsluþátttöku Reykjavíkurborgar eða forstöðumanna Seltjarnarnesbæjar varðandi greiðsluþátttöku þeirra?

Ég hef verið þeirrar skoðunar að þjóðin öll eigi Sinfóníuhljómsveitina og það sé mikils virði að sú hljómsveit, sem stundum hefur verið kölluð „best geymda leyndarmál norðursins" þegar hún hefur spilað í tónleikasölum í menningarborgum veraldarinnar, verði efld og þjóðin fái tækifæri til að standa við bakið á henni. Mér fannst Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær taka þessu þannig á sínum tíma, að forsvarsmenn þessara sveitarfélaga ákváðu að standa formlega við bakið á hljómsveitinni með því að fjármagna hana að hluta til. Ég hefði viljað sjá að fleiri sveitarfélög ættu þess kost að koma inn í með beinni greiðsluþátttöku til að finna fyrir því að þau ættu líka Sinfóníuhljómsveit Íslands þannig að við fyndum fyrir því öll sem getum notið listar hinna frábæru hljóðfæraleikara sem starfa í Sinfóníuhljómsveitinni. Ég held að ef fleiri sveitarfélög kæmu að máli fyndi þjóðin öll að hún ætti þessa öflugu hljómsveit. Þar af leiðandi væri kannski einfaldara fyrir Sinfóníuhljómsveitina að spila víðar en á höfuðborgarsvæðinu.

Mér finnst þetta frumvarp kalla á miklu víðfeðmari umræðu um hlutverk Sinfóníuhljómsveitar Íslands en mér finnst vera gefið tilefni til hér vegna framsetningar frumvarpsins.

Ég er þeirrar skoðunar að styrkja þurfi samband listamanna og Ríkisútvarpsins. Ég er þeirrar skoðunar að Sinfóníuhljómsveitin sé hluti af þeirri stoð menningarinnar sem Ríkisútvarpið hefur tekið á sínar herðar. Það er verulega mikils virði fyrir okkur að eiga allar þær upptökur af sinfóníutónleikum sem við eigum og hjá Ríkisútvarpinu er hluti af menningararfinum geymdur. Það er mikilvægt að þeirri stefnu verði viðhaldið og hún efld og við þurfum að ræða um menningarstefnuna hvað þetta varðar.

Eins og ég segi er á ferðinni frumvarp sem gefur tilefni til mikillar umræðu en af því að hér er komið talsvert langt inn í nóttina og fólk orðið þreytt eftir umræður dagsins geri ég ekki ráð fyrir að meira verði rætt um það að sinni. En ég hvet sannarlega til þess að í menntamálanefnd verði þetta mál tekið til ítarlegrar skoðunar og við sjáum til að allir hlutaðeigandi aðilar verði kallaðir fyrir nefndina og ólíkum sjónarmiðum velt upp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 17.–19. mál.

Fundi slitið kl. 00:10.

108. FUNDUR

þriðjudaginn 12. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Ríkisútvarpið sf., stjfrv., 643. mál, þskj. 974. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjfrv., 644. mál, þskj. 975. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, stjtill., 721. mál, þskj. 1079. — Fyrri umr.
4. Loftferðir, stjfrv., 699. mál, þskj. 1057. — 1. umr.
5. Skipan ferðamála, stjfrv., 735. mál, þskj. 1097. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
6. Fjarskipti, stjfrv., 738. mál, þskj. 1102. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

[13:31]

Útbýting:

Fjárhagsstaða meðlagsgreiðenda, 759. mál, fsp. HHj o.fl., þskj. 1125.

Forsjármál, 758. mál, fsp. HHj o.fl., þskj. 1124.

Greiningar- og ráðgjafarstöðvar, 754. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 1120.

Merkingar á þorski, ufsa, skarkola og grálúðu, 753. mál, fsp. SigurjÞ, þskj. 1118.

Reiðþjálfun fyrir fötluð börn, 757. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 1123.

Rekstur vínveitingastaða, 763. mál, fsp. ÁMöl, þskj. 1129.

Stuðningur við íbúa á herteknum svæðum í Palestínu og Sýrlandi, 760. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1126.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála, 755. mál, fsp. GunnB, þskj. 1121.

Útflutningur á ferskum botnfiski, 756. mál, fsp. GunnB, þskj. 1122.

Þjónustusamningur við Sólheima, 662. mál, svar félmrh., þskj. 1119.

Athugasemdir um störf þingsins.

Synjun fyrirspurnar.

[13:32]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Þau tíðindi hafa orðið um störf þingsins að hæstv. forseti hefur neitað mér um að leggja fram fyrirspurn til forsætisráðherra.

Hver er sú milljón dollara spurning sem Halldór Blöndal, forseti Alþingis, bannar að spurt sé í þessum sölum? Hún er á þá leið hvort forsætisráðherra hyggist gera Alþingi grein fyrir hagsmunatengslum sínum, fjárhagslegum samskiptum og flokks síns við væntanlega bjóðendur í hlutabréf ríkissjóðs í Landssímanum hf.

Þegar forseti neitaði mér um að birta þessa spurningu bauð ég að það yrði sett „ef" hagsmunatengsl væru, „sé þeim til að dreifa" eða með einhverjum hætti tryggt að spurningin væri ekki leiðandi en forseti sagði: Nei, þetta er ekki opinbert málefni, þetta eru dylgjur.

En nú er einkavæðing Landssímans opinbert málefni. Framkvæmd þeirrar einkavæðingar er á ábyrgð forsætisráðherra og það að gagnsæi ríki um þá framkvæmd sannarlega opinbert málefni og atriði er varðar þing og þjóð um. Hér hafa ekki bara á Alþingi heldur úti í samfélaginu hjá málsmetandi fólki, nú síðast Agnesi Bragadóttur, landskunnri blaðakonu, risið upp efasemdir um að vel sé að þessu staðið. Ég vildi gefa hæstv. forsætisráðherra tækifæri til að hreinsa andrúmsloftið og gefa út um það yfirlýsingu að hér yrði allt uppi á borðinu vegna þess að í skugga leyndarinnar þrífst spillingin best.

Nú er þetta svo sem ekki í fyrsta sinn sem ungum mönnum (Forseti hringir.) er bannað að spyrja keisarann óþægilegra spurninga. En ég skora á forseta Alþingis að leyfa að málefnalegrar spurningar um framkvæmdarvaldið og athafnir þess sé spurt í sjálfu þjóðþinginu.

[13:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af þessu tilefni taka fram að mér þykir óviðurkvæmilegt að vitna í hluta af einkasamtölum. Í annan stað vil ég segja (Gripið fram í.) að í 49. gr. þingskapa — ekki grípa fram í, hv. þingmaður — segir svo:

„Óski alþingismaður upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess gerir hann það með fyrirspurn er afhent skal forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði og mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli."

Nú háttar svo til um fyrirspurn hv. þingmanns, eins og skýrt má verða ef fyrirspurnin er lesin og eins og ég hef hana fyrir framan mig, að þar segir: „Hyggst ráðherra gera Alþingi grein fyrir hagsmunatengslum og fjárhagslegum samskiptum sínum og flokksins við þá aðila sem bjóða í eignarhlut ríkisins í Símanum við einkavæðingu fyrirtækisins á vordögum?"

Það liggur ekki fyrir hverjir bjóða í Símann og þar af leiðandi kemur fyrirspurnin fram á undarlegum tíma, er snemmborin eins og stundum er kannski sagt, og öldungis ljóst að hún fellur ekki undir 1. mgr. 49. gr. þingskapa eins og hún hefur verið túlkuð, eins og ég gerði þessum hv. þingmanni grein fyrir.

Þar sem hv. þingmaður kaus að vitna til einkasamtals vil ég geta þess að hann bauðst til að umorða fyrirspurn sína og ég hef ekki séð það handrit.

Síðan segir í 49. gr.:

„Alþingismaður segir til um það hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurn ef óskað er skriflegs svars."

Síðan segir í 2. mgr.:

„Forseti ákveður svo fljótt sem hann telur sér unnt hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á þingfundi. Skal

það einnig gert ef fyrirspyrjandi óskar þess er forseti synjar fyrirspurn."

Samkvæmt þingsköpum bar hv. þingmanni að óska eftir því að þessi fyrirspurn yrði borin undir þingfund, greidd atkvæði um það hvort hún skyldi leyfð umræðulaust. Hv. þingmaður hefur kosið að kveðja sér hljóðs um efni fyrirspurnarinnar en fara ekki að þingsköpum í þessu efni. Ég vil biðja aðra hv. þingmenn að hafa í huga skýr ákvæði þingskapa um það hvernig beri að haga sér þegar svo stendur á.

[13:37]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er orðin föst regla þegar koma upp óvægin innanflokksátök í Samfylkingunni að hún reynir að beina athygli fjölmiðla að öðrum málum. Í hvert einasta skipti sem þessi átök koma upp reyna menn að beina athygli fjölmiðlanna að öðru, og það tekst nokkuð vel. Þá er ekkert til sparað og einskis svifist frekar en í innanflokksátökunum í flokknum.

Það liggur að sjálfsögðu alveg ljóst fyrir að Framsóknarflokkurinn hefur engin hagsmunatengsl við fyrirtækið og á ekki hlutabréf í neinu fyrirtæki. Hins vegar vill svo til að framsóknarmenn vinna í ýmsum fyrirtækjum í landinu og ég vænti þess að hið sama eigi við um flokksmenn úr öðrum flokkum.

Hér er borin inn á Alþingi enn ein gróusagan frá Samfylkingunni. Ég tek ekki þátt í því. Meðal annars gengur sú gróusaga í þjóðfélaginu að það séu sterk hagsmunatengsl milli Samfylkingarinnar og fyrirtækisins Baugs. Ég trúi því ekki enda hefur engum þingmanni Framsóknarflokksins dottið í hug að taka það upp á Alþingi.

Nú liggur hins vegar fyrir að Síminn hefur verið auglýstur til sölu. Ekkert tilboð hefur borist og engin ástæða er til þess að ræða það á þessu stigi á Alþingi. Ég er hins vegar viss um að margir lífeyrissjóðir munu taka þátt. Það er áhugi á því að stofna sérstakt fyrirtæki almennings til að bjóða í Símann. Ég vona að það verði að veruleika og það munu áreiðanlega koma mörg tilboð. Það ferli mun allt verða opið og ég ætla að biðja þingmenn Samfylkingarinnar að beina (Forseti hringir.) áhuga sínum að innanflokksátökunum hjá sér en láta það vera að fylla Alþingi af gróusögum. (**Gripið fram í:** ... forsætisráðuneytinu.)

[13:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég sé ekki annað en að hv. þm. Helgi Hjörvar sé fyrst og fremst að sinna þingskyldum sínum og sem þingmaður að fullvissa sig um að fjárhagsleg hagsmunatengsl muni ekki hafa áhrif á sölu Símans. Þingmaðurinn er því að verja almannahagsmuni gegn sérhagsmunum og hér er vissulega um opinbert málefni að ræða. Mér finnst, virðulegi forseti, að það hefði átt að leyfa þessa fyrirspurn en hér ríkir allt of mikill undirlægjuháttur og undirgefni gagnvart ráðherrum og allt of mikið um ritskoðun á fyrirspurnum.

Af því að hæstv. forsætisráðherra er hér viðstaddur hlýt ég þó að spyrja hann hverju það sæti að ekki hefur verið svarað skýrslubeiðni frá mér um fjármál stjórnmálaflokkanna sem var lögð fyrir forsætisráðuneytið fyrir einu og hálfu ári, fyrst í janúar á síðasta ári. Undir lok þess þings kom bréf frá forsætisráðuneytinu um að ekki hefði unnist tími til að klára að svara þessari beiðni en að unnið yrði að því í sumar. Ég lagði síðan í haust áfram fram þessa skýrslubeiðni. Nú er bráðum að koma að lokum þingsins og ekkert bólar á skýrslunni. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra af hverju þessari skýrslubeiðni er ekki svarað. Þar var m.a. kallað eftir afstöðu ráðherrans til lagasetningar sem skyldaði stjórnmálaflokka til að birta opinbert yfirlit um útgjöld þeirra í kosningabaráttu og um framlög fyrirtækja til stjórnmálaflokka.

Þetta hefði ekkert verið voðalega flókin skýrsla og það er ólíðandi að það hafi tekið 70–80 vikur hjá hæstv. forsætisráðherra að svara þessari skýrslubeiðni sem á að taka 10 vikur að svara. Ég hlýt að kalla eftir því að hæstv. ráðherra leggi strax fram þessa skýrslu þannig að hægt sé að taka hana til umræðu áður en þingi lýkur.

[13:42]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil í fyrsta lagi segja að það kemur mér mjög mikið á óvart að einn af varaforsetum þingsins skuli segja úr ræðustól að það sé allt of mikið um ritskoðun á fyrirspurnum. Ef svo er hefði mér þótt viðkunnanlegt að hv. þingmaður hefði rætt þetta a.m.k. einu sinni eða svo í forsætisnefnd.

Í 2. mgr. 49. gr. þingskapa segir:

„Forseti ákveður svo fljótt sem hann telur sér unnt hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á þingfundi."

Nú má vera að hv. þingmaður kalli þetta ritskoðun á fyrirspurnum en sú ritskoðun er þá a.m.k. í samræmi við þingsköp Alþingis. Þegar við stöndum hér eða sitjum í þessum stól ber okkur að starfa í samræmi við þingsköp Alþingis.

Ég get ekki áttað mig á því hvernig það getur verið opinbert málefni þegar óskað er svars um tengsl við fyrirtæki sem enginn veit hvert er.

[13:43]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér er greinilega um mjög viðkvæmt mál að ræða, það heyrist á öllu. Hæstv. forseti hefur mikinn formála að því hvers vegna reynt var að koma í veg fyrir að þessi fyrirspurn yrði borin fram og neitunin sýnir enn og aftur að hæstv. forsætisráðherra ...

(**Forseti** (HBl)**:** Forseti hefur ekki reynt að koma í veg fyrir að þessi fyrirspurn yrði borin fram. Samkvæmt þingsköpum er þingmanni heimilt, og honum ber að óska eftir því, að fyrirspurn skuli lögð skriflega fyrir þingfund og þá skuli greidd atkvæði um hana án umræðu. Það var honum frjálst. Það gat hann gert samkvæmt þingsköpum og ég reyndi ekki að koma í veg fyrir hans rétt.)

Herra forseti. Ég bið þig innilegrar afsökunar ef ég hef þig fyrir rangri sök.

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þingmaður. Ég þigg það mjög gjarnan að heyra þessa afsökunarbeiðni og er glaður yfir því.)

Staðreyndin er sú að hæstv. forsætisráðherra hefur engu að síður tengst í fyrri einkavæðingum með beinum eigna-

tengslum fyrirtækjum sem hafa fengið eignir ríkisins fyrir lítið. Þess er að minnast að ...

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þingmann að vera ekki að lítilsvirða ...)

Ég var að tala hreint út. Það liggur fyrir í fréttum og ljósvakahandritum að hæstv. forsætisráðherra hefur átt í fyrirtækjum sem tengdust S-hópnum. Það eru staðreyndir og þess vegna er það eðlileg krafa, lýðræðiskrafa, að við fáum tengsl hans upp á borðið í framhaldinu. Og að það sé fullyrt hér af sjálfum hæstv. forsætisráðherra að Framsóknarflokkurinn tengist þessu máli ekki á einn eða neinn hátt stenst tæpast. Staðreyndin er sú — ef þú leyfir mér að klára ...

(**Forseti** (HBl)**:** Hv. þingmaður er búinn með tímann.) (Forseti hringir.)

Málið er það að það er lokað bókhald í Framsóknarflokknum.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil óska eftir því að hv. þingmaður lúti fyrirmælum forseta.)

[13:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það þarf nú yfirleitt ærnar ástæður til þess að leggjast gegn því að fyrirspurn til ráðherra sé fram borin og afgreidd hér á þinginu. Orðalag fyrirspurna er að sjálfsögðu á ábyrgð fyrirspyrjanda og að því tilskildu að þær séu þingtækar og um opinber málefni er það hluti af mjög mikilvægum rétti þingmanna að mega leggja hér fram slíkar spurningar.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því að fyrir þinginu liggur fyrirspurn almenns eðlis um þessa hluti, fyrirspurn frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni, sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Er ríkisstjórnin reiðubúin að láta birta opinberlega yfirlit yfir fjárhagsleg og stjórnunarleg tengsl ráðherra við fyrirtæki og sjóði á sambærilegan hátt og gert er í Danmörku?“

Þessi fyrirspurn var lögð fram hér fyrir réttum mánuði síðan og það er miður í ljósi þessarar umræðu að ekki skuli hafa unnist tími til að svara henni. Það væri ákaflega fróðlegt að heyra hvort hæstv. ríkisstjórn væri tilbúin til að taka það upp hjá sjálfri sér í þágu upplýsingagjafar um mikilvæg málefni að fara sömu leið og gert er í Danmörku. Þar er á heimasíðu danska forsætisráðuneytisins einfaldlega hægt að nálgast tæmandi upplýsingar um hlutabréfaeign og önnur hagsmunatengsl ráðherra í dönsku ríkisstjórninni.

Á danska þinginu er það svo þannig að þar reiða þingmenn sjálfir af fúsum og frjálsum vilja fram sambærilegar upplýsingar og setja þær á lista sem er birtur, og síðast þegar ég vissi voru meira en tveir þriðju hlutar danskra þingmanna sjálfviljugir á slíkum lista.

Ef þetta lægi fyrir hér og væri aðgengilegt með þessum hætti mætti a.m.k. eyða tortryggni varðandi fyrirhugaða einkavæðingu Símans hvað þetta varðar, og veitir nú ekki af eins og unnið er þar að málum og eins og sporin hræða í sambandi við framgöngu ríkisstjórnarinnar í einkavæðingarmálum. Ég vil því inna hæstv. forsætisráðherra eftir því eða (Forseti hringir.) hvetja til þess að þessari fyrirspurn verði svarað hið fyrsta (Forseti hringir.) og vonandi með jákvæðum hætti.

[13:48]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég fagna því ef forseti nú lýsir því yfir að hann synji ekki um fyrirspurnina og ég geri þá bara ráð fyrir því að hún verði prentuð, enda alsiða að spurt sé um væntanlega og fyrirhugaða og fyrirsjáanlega hluti hér í stjórnarathöfnum, eins og þingmenn þekkja.

Við hæstv. forsætisráðherra vil ég segja að fyrst að allt er í þessu stakasta lagi er full ástæða fyrir hæstv. ráðherra að halda stillingu sinni hér í umræðunni. Þetta er því miður ekki í fyrsta sinn sem forsetinn og forsætisráðherrann bindast höndum saman um að halda hér aftur og niðri umræðu um fjármál stjórnmálaflokkanna. Ég hef áður óskað eftir því að fá að ræða það mál utan dagskrár og þeir báðir synjað, því að þau heyra ekki undir neinn ráðherra.

Nú er synjað um þessa fyrirspurn. Í eitt og hálft ár hafa þeir látið undir höfuð leggjast að framfylgja þingsköpum og skila hér inn skýrslu um fjármál stjórnmálaflokka sem Alþingi hefur samþykkt að lögð skuli fram. Aftur og aftur reyna menn að varðveita þessa leynd fornaldar yfir hagsmunatengslum stjórnmálaflokkanna og stjórnmálamanna.

Þeir sem leyna hafa að jafnaði einhverju að leyna. En ég hvet hæstv. forsætisráðherra til þess að hreinsa andrúmsloftið, ekki bara hér á Alþingi heldur í samfélaginu öllu, og lýsa því yfir að þau tengsl sem hann og flokkur hans, þeir sem fara með einkavæðingu á þessum miklu hagsmunum íslensks almennings, Símanum, verði umyrðalaust og að fullu gerð opinber og öllum aðgengileg í einkavæðingarferlinu þannig að almenningur á Íslandi geti treyst því að þar ráði annarleg sjónarmið ekki ríkjum. (Forseti hringir.) Um annað er ekki beðið, um annað er ekki spurt, (Forseti hringir.) og ég bið hæstv. forsætisráðherra um að halda stillingu sinni þó að ekki sé ástæða til að biðja hæstv. forseta um hið sama.

[13:51]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil aftur minna á það, hv. þingmaður, að samkvæmt 2. mgr. 49. gr. bar hv. þingmanni að óska eftir því að fyrirspurnin, ef hann vildi halda henni til streitu, yrði prentuð, lögð fyrir þingfund og greidd atkvæði um hana umræðulaust. Það var sú leið sem hv. þingmaður átti að fara samkvæmt þingsköpum, og er hálfundarlegt er hv. þingmaður sem hagar sér ekki í samræmi við þingsköp skuli þá rétta einstökum þingmönnum hér vafasöm ummæli.

Um fundarstjórn.

Beiðni um skýrslu.

[13:52]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er auðvitað útilokað við það að búa, þegar ég hef kallað eftir svörum frá hæstv. forætisráðherra um hvers vegna ekki hafi verið svarað skýrslubeiðni sem legið hefur fyrir forsætisráðuneytinu í eitt og hálft ár, að því

sé ekki svarað hverju það sæti. Eins hvort ekki verði lögð hér fyrir (Forseti hringir.) þessi skýrsla áður en þingi lýkur (Forseti hringir.) þannig að hægt sé að ræða hana.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil óska eftir því í fullri vinsemd við hv. þingmann að haga sér í samræmi við þingsköp Alþingis sem ég veit að hv. þingmaður kann. Hins vegar erum við bæði það þingvön, ég og hv. þingmaður, og hún veit að ef hv. þingmaður kýs að halda áfram máli sínu í trássi við þingsköp verður það að vera mat þingmannsins að það sé rétt hegðan.)

Hér er verið að fjalla um fundarstjórn forseta og það hlýtur að falla undir fundarstjórn forseta þegar ráðherrar hafa ekki svarað skýrslubeiðni sem átti raunverulega að liggja hér fyrir fyrir löngu síðan. Þeir hafa 10 vikur til að svara en 70–80 vikur hafa liðið án þess að hafa verið svarað. Það hlýtur að falla undir fundarstjórn forseta og ég kalla eftir því að hæstv. forsætisráðherra sitji ekki þarna og hlýði á þetta mál án þess að svara.

Hvað býr að baki því að hæstv. forsætisráðherra vill ekki leggja þessa skýrslu fyrir þingið með eðlilegum hætti þannig að við getum rætt hana? Ég krefst þess að hæstv. forsætisráðherra svari þessari einföldu fyrirspurn sem ég beini til hans: Verður þessi skýrsla lögð fyrir þingið í góðan tíma áður en þingið fer heim þannig að hægt sé að fjalla um hana?

[13:53]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil segja um þetta að á fundi forsætisnefndar höfum við tekið fyrir fyrirspurnir og önnur mál sem hafa dregist úr hömlu. Mér finnst sjálfsagt að þetta mál sé tekið fyrir og athugað á fundi forsætisnefndar og hefði satt að segja vænst þess ef þetta mál yrði tekið upp hér að ég hefði verið aðvaraður um það fyrir fram.

Ríkisútvarpið sf., frh. 1. umr.

Stjfrv., 643. mál (heildarlög). — Þskj. 974.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað menntmn. án atkvgr.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 644. mál (niðurfelling greiðsluþátttöku Ríkisútvarpsins). — Þskj. 975.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað menntmn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
5. og 6. dagskrármál voru of seint komin fram. — Samþ. með 49 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, fyrri umr.

Stjtill., 721. mál. — Þskj. 1079.

[13:56]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008.

Uppbygging samgönguáætlunar er í samræmi við lög um samgönguáætlun, nr. 71/2002. Frá því að síðasta samgönguáætlun var samþykkt hefur verið unnið eftir þeirri stefnumótun sem lögð var fram í 12 ára samgönguáætlun sem var samþykkt hér á Alþingi. Hér er því í annað sinn lögð fram samræmd heildstæð áætlun um rekstur og uppbyggingu samgangna sem tekur til allra samgöngumáta undir meginmarkmiðum samgönguáætlunar um greiðar, hagkvæmar, umhverfisvænar og öruggar samgöngur.

Við afgreiðslu fjárlaga síðasta haust tók ríkisstjórnin þá ákvörðun að hægja á opinberum framkvæmdum á þessu og næsta ári til að draga úr spennu sem ríkir í efnahagslífi þjóðarinnar. Í fjárlögunum var gert ráð fyrir meiri samdrætti en lagt er til í núverandi samgönguáætlun en þess ber að geta að samdrátturinn er einungis frestun framkvæmda þar sem reiknað er með að fjármagnið komi til baka sem fjárveitingar á árunum 2007 og 2008 og er samgönguáætlunin miðuð við það.

Miklar kröfur eru gerðar til uppbyggingar samgöngukerfisins af hálfu sveitarstjórna, hagsmunaaðila og almennings í landinu. Eins og áætlunin ber með sér eru verkefnin fram undan stór og þrátt fyrir að meira fé sé veitt í þennan málaflokk á áætlunartímabilinu en áður fyrr er ógerningur að verða við óskum allra. Þeir áfangar sem stefnt er að á tímabilinu munu samt sem áður stórbæta samgöngur víða um land og í sumum tilfellum verður um kúvendingu að ræða en þar valda jarðgöng mestum straumhvörfum.

Í þessari ræðu vil ég kynna fyrir hv. alþingismönnum helstu áhersluþætti í samgönguáætluninni en eins og venja er gerir áætlunin ráð fyrir verulegum framkvæmdum í hafnargerð, rekstri flugmála, vegagerð og að lokum, sem er nýlunda í þessu samhengi, umferðaröryggismálum.

Nýframkvæmdir flugvallar eru að þessu sinni ekki stór hluti útgjalda samgönguáætlunar. Áætlaður stofnkostnaður á tímabilinu eru tæpir 1,4 milljarðar og þar af er verið að greiða af lánum vegna Reykjavíkurflugvallar um hálfan milljarð. Uppbygging samgöngumiðstöðvar er fyrirhuguð við Reykjavíkurflugvöll en samgöngumiðstöðin verður að öllum líkindum byggð og rekin sem einkaframkvæmd. Framkvæmdum við Reykjavíkurflugvöll er annars að stórum hluta lokið ef undan er skilinn frágangur flughlaða.

Aðrar framkvæmdir tengdar flugvöllum eru lenging og endurbygging flugvallarins hjá Þingeyri, endurbætur á Akureyrarflugvelli, Egilsstaðaflugvelli og Bakkaflugvelli. Samgönguáætlun gerir ráð fyrir að úttekt verði gerð vegna lengingar á flugvöllunum á Akureyri og Egilsstöðum sem þjóna eigi millilandaflugi.

Að lokum má nefna að tæplega hálfur milljarður er áætlaður til flugöryggisbúnaðar og annarra framkvæmda á áætlunartímabilinu. Um þessar mundir er verið að ljúka við endurbyggingu flugvallarins í Grímsey sem breytir miklu um flugið þangað.

Í samræmi við ákvæði nýrra hafnalaga mun ríkið draga saman seglin í fjárstuðningi við nýframkvæmdir í höfnum og þá sérstaklega í stærri höfnum en þetta mun ekki koma að fullu til framkvæmda fyrr en árið 2007. Svigrúm hafnanna til tekjuöflunar hefur rýmkast frá setningu síðustu samgönguáætlunar og gjaldskráin hefur verið gefin frjáls. Þeir fjármunir sem þannig sparast í höfnum ganga til vegagerðar. Ný lög um vaktstöð siglinga, lög um eftirlit með skipum og lög um siglingavernd hafa m.a. leitt til þess að færa hluta af starfsemi Siglingastofnunar út á almennan markað eða í samvinnu við fleiri ríkisaðila. Heildargjöld siglingamála á ætlunartímabilinu nema um 6,3 milljörðum kr.

Út frá byggðasjónarmiði er mikilvægt að tryggja góða stöðu í höfnum landsins, þ.e. að þjónusta hafnanna geti fylgt eftir þróun flotans og að byggðir landsins séu í stakk búnar að taka við nýjum verkefnum. Í grunnneti landsins eru 33 hafnir, nokkrar af stærstu framkvæmdunum sem njóta ríkisstyrkja á þessu tímabili eru hafnirnar í Grindavík, Þorlákshöfn, Vestmannaeyjum, Hornafirði, Reyðarfirði, Vopnafirði, Húsavík, Akureyri, Skagaströnd, Bolungarvík, Ísafirði, Vesturbyggð, Grundarfirði og Snæfellsbæ. Hafnir sem liggja utan grunnnetsins njóta einnig verulegra styrkja vegna framkvæmda sem fyrirhugaðar eru en þar má helst nefna Grímsey, Hvammstanga, Súðavík, Tálknafjörð, Bíldudal og Reykhólahöfn.

Þeir fjármunir sem varið hefur verið í framkvæmdir í framantöldum höfnum fara til uppbyggingar á 1,5 kílómetrum af viðleguköntum úr stáli auk þess sem unnið verður að stofndýpkun innan hafna, viðhaldsdýpkun og gerð brimvarnagarða.

Vert er að geta annarra markmiða og áherslna í ríkisrekstri Siglingastofnunar næstu fjögur ár sem eru eftirfarandi. Ákveðið breytingaferli á sér nú stað vegna þess að nýjar styrktarreglur munu taka við árið 2007. Af þessum ástæðum er lagt til að ríkissjóður meðhöndli styrki til nýframkvæmda á sérstakan hátt á yfirgangstímanum. Þarna er átt við að áætlaðar framkvæmdir árin 2005–2006 sem samkvæmt þessari áætlun, sem ekki verður lokið á árinu 2006, falla niður um styrktarflokka 2007 samkvæmt nýjum hafnalögum, verði eftir sem áður heimilaðar undir eldri styrktarreglum árin 2007–2008 sé það hagfellt fyrir viðkomandi hafnarsjóð að haga framkvæmdahraða með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í áætluninni. Unnið verður að gerð ýmiss konar fræðsluefnis og leiðbeininga undir merkjum langtímaáætlunar um öryggismál sjófarenda. Enn fremur verður unnið að ýmsum rannsóknum, svo sem öldufarsreikningum við suðurströndina og siglingaöryggi í mismunandi leiðum undan ströndinni auk rannsókna vegna endurbóta í höfnum, t.d. innsiglinga.

Í grunnneti samgöngukerfisins eru 10 flugvellir, 33 hafnir og 5.200 km af vegum. Af þessum þremur þáttum er óumdeilt að fjárfestingarþörfin er langmest í vegakerfinu. Samgönguáætlun næstu fjögur ár gerir ráð fyrir að á áætlunartímabilinu verði heildarútgjöld Vegagerðarinnar tæplega 60 milljarðar kr. Útgjöldum til vegamála er skipt í þrennt, þ.e. til reksturs, þjónustu, viðhalds- og stofnkostnaðar. Á síðustu árum hafa útgjöld til reksturs, þjónustu og viðhalds aukist og því valda sívaxandi kröfur um aukna þjónustu, ekki síst vetrarþjónustu, en sem kunnugt er eigum við fleiri bíla að hlutfalli en flestar aðrar þjóðir.

Viðhaldsþörf vega vex síðan jafnframt í hlutfalli við verðmæti vega svo og í hlutfalli við aukna umferð, einkum þungaumferð. Þær sviptingar sem hafa orðið í flutningum á síðustu árum með samdrætti í strandflutningum hafa verið til skoðunar hjá stjórnvöldum. Reynt er að mæta þessari auknu þörf í samgönguáætlun með breikkun vega og á næstu árum má búast við auknu viðhaldi.

Almenningssamgöngur utan þéttbýlis á samgönguáætlun eru skilgreindar sem ferjur, sérleyfi og styrkt flug. Útgjöld til þessa hafa farið stigvaxandi. Nefnd skipuð af samgönguráðherra hefur starfað við að móta stefnu um málefni almenningssamgangna milli þéttbýliskjarna til næstu framtíðar. Líta má á þetta sem 1. áfanga til að ná þeim markmiðum sem lagt var upp með í samgönguáætlun 2003–2014. Nefndin leggur til í skýrslu sinni að sérleyfi verði boðin út í samræmi við lög nr. 73/2001 til 2–3 ára. Jafnframt leggur hún til að eftir samruna sveitarfélaga verði unnið að því að sveitarfélög takist á hendur meiri ábyrgð á uppbyggingu og stjórnun almenningssamgangna á landinu en talið er að það muni m.a. stuðla að bættu þjónustustigi. Ég hef þegar ákveðið að sérleyfi verði boðin út til þriggja ára að mestu í óbreyttri mynd hvað varðar leiðakerfið. Jafnframt er gert ráð fyrir óbreyttri þjónustu ferja og verður rekstur Herjólfs boðinn út í ár. Með sama hætti verður flug til jaðarbyggða boðið út á þessu ári.

Útgjöld samgönguáætlunar vegna almenningssamgangna eru veruleg. Á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að styrkur til sérleyfa geti numið allt að 690 millj. kr., til áætlunarflugs um 570 og til ferja 2,8 milljörðum þar sem afborganir af ferjulánum eru 945 millj. Rúmlega helmingur vegafjár fer þó til stofnkostnaðar og þá helst til framkvæmda í grunnneti sem miðar að því að stytta vegalengdir milli þéttbýlisstaða.

Eins og nefnt var í upphafi var sú ákvörðun tekin við afgreiðslu fjárlaga síðasta haust að fresta nokkrum opinberum framkvæmdum á þessu og næsta ári til að draga úr þenslu sem ríkir í efnahagslífi þjóðarinnar. Fyrir utan bein þensluáhrif þessara framkvæmda liggur fyrir því nokkur vissa að verð er nokkru hærra á þenslutímum en annars og er það því líka spurning um hagkvæma notkun fjármagns að fresta þessum framkvæmdum. Frestun framkvæmda fyrir um 1,9 milljarða á þessu ári og 2 milljarða á árinu 2006 munu koma til baka sem auknar fjárveitingar árin 2007 og 2008 eins og fyrr er getið. Með þessu er leitast við að koma til móts við þarfir samgangna í heild í því þjóðfélagsástandi sem við búum við. Stefnt er að því að þrátt fyrir frestun

framkvæmda verði lyft grettistaki á seinna tímabili samgönguáætlunar og að þannig náist margir góðir áfangar á áætlunartímabilinu. Verða hér nefndir nokkrir þeirra.

Stærstu einstöku framkvæmdir sem unnið verður að eru tvöföldun Vesturlandsvegar í Mosfellsbæ og tvöföldun Reykjanesbrautar í Garðabæ, Kópavogi og á Suðurnesjum. Hellisheiðarvegur verður að auknum hluta byggður sem 2 + 1 vegur en við þá gerð vega eru bundnar miklar vonir út frá umferðaröryggi. Lokið verður við jarðgöng í Almannaskarði og Fáskrúðsfirði, framkvæmdir hafnar í jarðgöngum um Héðinsfjörð, lokið við tengingu hringvegar milli Austurlands og Norðurlands, framkvæmdum haldið áfram í Ísafjarðardjúpi og á Vestfjarðavegi, framkvæmdir hafnar við veg um Arnkötludal og verulegar framkvæmdir á vegum í þjóðgörðum.

Framkvæmdaáætlun umferðaröryggisáætlunar er nýjung þessarar samgönguáætlunar en hún kemur inn í framhaldi af því að umferðarmál fluttust yfir til samgönguráðuneytisins. Mótuð hefur verið ný stefna í umferðaröryggismálum þar sem stillt er saman kröftum þeirra stofnana sem fara með umferðaröryggismál. Framkvæmdaáætlunin mun stuðla að auknu öryggi vegfarenda og vonandi eiga sinn þátt í því að fækka slysum. Nýtt olíugjald verður tekið upp 1. júní nk. en um það gilda sérstök lög eins og hv. þingmenn þekkja. Þungaskattskerfið mun því verða lagt niður í núverandi mynd.

Næsta skref að minni hyggju er að kanna möguleikana á innleiðingu á nýju gjaldtökukerfi þar sem gjaldtakan mun taka sérstakt tillit til umhverfis, umferðaröryggis og notkunarþátta í vegakerfinu. Ljóst er til viðbótar að núverandi tekjustofn fer þverrandi vegna minni eyðslu bílvéla og að fyrirsjáanlegir eru nýir orkugjafar sem koma munu í stað jarðefnaeldsneytis í framtíðinni. Því er mjög brýnt að umræða skapist um þetta mál eigi að vera hægt að halda áfram uppbyggingu samgöngukerfisins. Fyrir stuttu skilaði nefnd um gjaldtöku og einkafjármögnun vegaframkvæmda skýrslu og tillögu um gjaldtöku og einkafjármögnun umferðarmannvirkja. Þar eru gerðar tillögur um gjaldtöku af umferðinni með nýjum aðferðum og tekjuöflun vegna einkaframkvæmdar í vegagerð. Geri ég ráð fyrir að við afgreiðslu langtímaáætlunar og raunar við umfjöllun þessarar áætlunar verði tekin afstaða til þessara tillagna.

Hér hefur verið minnst á nokkuð af því sem fram kemur í samgönguáætlun til næstu fjögurra ára. Með þessum áföngum og öðrum sem nást á tímabilinu munu samgöngur stórbatna víða um land.

Ég vil fara nokkrum orðum um skiptingu fjár í samgönguáætlun vegna þeirrar umræðu sem hefur verið í fjölmiðlum síðustu daga þar sem bygging Sundabrautar og gerð mislægra gatnamóta við Kringlumýrarbraut/Miklubraut hefur komið upp. Nauðsynlegt er að minna á að borgarstjórn tók ákvörðun um að hætta við gerð mislægra gatnamóta við Kringlumýrarbraut/Miklubraut þegar hönnun var komin vel af stað. Þess í stað var valið að endurbæta ljósastýrð gatnamót, og vil ég minna alveg sérstaklega á að þetta var á grundvelli ákvörðunar borgaryfirvalda. Augljóst er að fjármögnun Sundabrautar er svo stórt og viðamikið verkefni að taka verður á því með sérstökum hætti. E.t.v. er hægt að segja að það rúmist tæplega innan samgönguáætlunar vegna stærðar, a.m.k. miðað við núverandi fjárráð. Nægt fjármagn er hins vegar á tímabilinu til að undirbúa verkið. Það er mat mitt að leggja eigi Sundabraut sem eitt verk alla leiðina frá Sæbraut upp á Kjalarnes og tengja þannig höfuðborgarsvæðið við hafnarstarfsemina og stóriðjuna á Grundartanga og byggðirnar norðan Hvalfjarðar sem eitt atvinnu- og þjónustusvæði með höfuðborginni hér. Vegna umræðunnar síðustu daga er vert að minna á að enn hefur borgarstjórn ekki tekið afstöðu til þess hvar Sundabrautin eigi að liggja. Auk þess hefur ekki verið úrskurðað í þeim kærum sem komu vegna samþykktar Skipulagsstofnunar á kostunum sem til skoðunar eru. Það er því margra ára vinna eftir við undirbúning Sundabrautar og ótímabært að gera ráð fyrir framkvæmdum næstu tvö árin uns samgönguáætlun verður næst endurskoðuð. Ég vil minna á að nú fer í hönd endurskoðun á 12 ára áætlun fyrir tímabilið 2007–2018 og samhliða henni önnur endurskoðun fjögurra ára áætlunar eins og lög gera ráð fyrir.

Herra forseti. Þessi tillaga til þingsályktunar sem ég hef mælt fyrir er til marks um að með þeim framkvæmdum sem í þeim felast munu margir stórir áfangar nást. Í hnotskurn má segja að fylgt sé þeirri heildstæðu stefnu og skýru markmiðum sem sett voru í síðustu 12 ára samgönguáætlun:

að sett sé fram metnaðarfull áætlun um ráðstöfun fjármuna í samgöngumálum næstu fjögur árin,

að áætlunin gefi skýra og heildstæða sýn á samgöngumál og setji flugmál, siglingamál og vegamál og nú umferðaröryggismál í samhengi,

að vinnubrögð við þessa áætlanagerð hefur stuðlað að stóraukinni samvinnu stofnana samgöngumála og bætt reynslu þeirra sem að samgöngumálum vinna.

Hæstv. forseti. Með þessum orðum hef ég mælt fyrir þingsályktunartillögu um samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008. Ég legg til að tilllögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til hv. samgöngunefndar.

[14:11]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er margt sem þessi samgönguáætlun tekur til sem við munum ræða í dag en ég vildi sérstaklega spyrja hæstv. samgönguráðherra að tvennu. Í fyrsta lagi er samkvæmt vísitölu Vegagerðar um að ræða niðurskurð til vegamála á árunum 2005–2006 upp á 5,4 milljarða kr. Telur hæstv. ráðherra þennan mikla niðurskurð vera skynsamlega ráðstöfun núna þegar hann kemur sérstaklega niður á viðkvæmu umhverfi byggðanna?

Í öðru lagi, samkvæmt tölum sem við þingmenn Samfylkingar létum taka saman og tekur til útgjalda ríkisins til vegamála síðustu áratugina kemur fram að útgjöld til vegamála af landsframleiðslu hafa lækkað frá árinu 1970 úr 1,67% af útgjöldum til vegamála af landsframleiðslu niður í 0,92% árið 1995. Útgjöld hafa hrapað sem hlutfall af landsframleiðslu. Telur hann þetta skynsamlega ráðstöfun nú í þessum mikilvæga málaflokki?

[14:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður spyr hvort skynsamlegt sé að hægja á framkvæmdum í samgöngumannvirkja-

gerðinni. Miðað við aðstæður í efnahagsmálum liggur alveg fyrir að ríkisstjórnin hefur komist að þeirri niðurstöðu, og ég tel að það sé nauðsynlegt að gæta hófs í umsvifum í efnahagskerfi okkar vegna þeirra miklu framkvæmda sem eru við uppbyggingu orkufreks iðnaðar um þessar mundir. Það er óhjákvæmilegt.

Hins vegar er alveg ljóst að vilji minn stendur að sjálfsögðu til þess að sem mest verði framkvæmt í vegagerð og samgöngumannvirkjum vegna þess að það er mikil þörf á því. Þarna verður að vega saman aðstæður í efnahagslífinu og uppbyggingarþörf okkar. Ég bendi hv. þingmanni á að engu að síður sé verið að framkvæma meira á þessu og næsta ári en áður hefur verið gert.

[14:13]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fullyrði að málflutningur hæstv. ráðherra er rangur. Það er rangt að raska viðkvæmu ástandi byggðanna með þeim hætti að skera niður framlög til vegamála upp á 5,4 milljarða fyrir árin 2005 og 2006. Þetta er alröng ráðstöfun á meðan ástandið er jafnviðkvæmt og það er víða úti í byggðunum. Þetta er byggðafjandsamlegur niðurskurður sem kemur alvarlega við þær og ég fullyrði að almennt á að auka framlög til vegamála og samgöngumála þar sem þau kalla ekki á veruleg rekstrarframlög í framtíðinni og spara sennilega mikla fjármuni þegar allt er reiknað með fækkun slysa, ódýrari rekstri bifreiða, minni eldsneytisnotkun, styttri vegalengdum og almennum tímasparnaði.

Hér er hæstv. ráðherra á miklum villigötum, sérstaklega þegar litið er til þess samanburðar sem ég gat um áðan og mun gera betur grein fyrir á eftir þar sem framlög til vegamála af landsframleiðslu hafa bókstaflega hrunið á síðustu árum.

[14:14]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þarna kemur fram í afstöðu hv. þingmanns efnahagsstefna Samfylkingarinnar sem byggir á því að ekki sé skynsamlegt að taka nokkurt tillit til aðstæðna í samfélaginu, það skuli vaða fram án tillits til þeirra aðstæðna sem uppi eru. Það er alveg ljóst að mikið er um að vera í samfélagi okkar og þess vegna var tekin ákvörðun um að hægja á framkvæmdum í samgöngumálum. Það er í fullkomnu samræmi við það sem helstu ráðgjafar okkar í efnahagsmálum leggja til.

Með sama hætti virðist hv. þingmaður ekki taka eftir því þegar hann talar um niðurskurð að við höfum verið að auka fjármuni og bæta við það sem við leggjum inn í samgöngumannvirki þannig að í raun er ekki um niðurskurð að ræða að öðru leyti en því að við höfðum gert ráð fyrir því í okkar (Forseti hringir.) samgönguáætlunum að ýtrustu óskir okkar stæðu til þess að framkvæma (Forseti hringir.) fyrir tilteknar upphæðir en við höfum orðið að hægja á okkur.

[14:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrir síðustu alþingiskosningar fóru núverandi stjórnarflokkar fram með gríðarlegum loforðum um auknar samgöngubætur og aukið fjármagn til samgöngumála. En strax eftir kosningar hófst svo niðurskurðurinn. Niðurskurðurinn á þremur árum, 2004–2006, er á milli 6–7 milljarðar kr.

Ég velti fyrir mér hvort hæstv. ráðherra hafi beitt sér fyrir sjálfstæðum útreikningum á því hvaða þensluáhrif það hefði haft ef samgönguáætlun hefði verið fylgt og ekki komið til niðurskurðar. Tökum t.d. Vestfirði. Er niðurskurður á vega- og samgönguáætlun þar vegna þenslu á Vestfjörðum? Ég held ekki. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Var farið kerfisbundið í að kanna áhrif þessara framkvæmda í staðinn fyrir að leggjast bara flatur fyrir einhverjum sögusögnum úti í bæ.

[14:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég lít ekki á það sem sögusagnir sem greiningardeildir bankanna leggja til.

Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að ekki er mikill niðurskurður framkvæmda á því svæði sem hann nefndi og finnst ýmsum nóg um hversu mikið er að gert í framkvæmdum í Norðvesturkjördæmi. Í það minnsta fæ ég stundum að heyra það og á væntanlega eftir að heyra þann söng í umræðunni í dag.

Ég met þó mikils að hv. þingmaður skuli bera hag samgöngumannvirkjanna fyrir brjósti. Hv. þingmaður situr í fjárlaganefnd. Hann veit algerlega út á hvað það gengur að hafa hemil á ríkisútgjöldum. Markmið ríkisstjórnarinnar ganga út á það að hafa jafnvægi í ríkisútgjöldum og gæta þess (Forseti hringir.) að þau raski ekki öðrum áformum efnahagslífsins. Það skiptir afar miklu máli.

[14:18]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé fullkomlega röng forgangsröðun að skera niður fjármagn til samgöngumála. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra. Stór hluti tekna ríkissjóðs kemur af tollum, virðisaukaskatti og öðrum álögum á innflutning. Nú hefur innflutningur vaxið gríðarlega og þar af leiðandi líka þessar tekjur ríkissjóðs sem eru náttúrlega skammtímatekjur, í raun skattar á viðskiptahallann. Kæmi til greina að taka þá peninga sem núna koma inn og verja þeim til samgöngumála og koma í veg fyrir niðurskurðinn á samgöngumálum sem núna er uppi? Ég hélt að það hefði verið pólitísk sátt um það, a.m.k. vilji Alþingis, að norðausturhornið og Vestfirðir yrðu látnir njóta sérstaks aukins átaks í samgöngumálum. Um það hefur verið rætt. Meira að segja forsætisráðherra hefur lýst því yfir að næst sé komið að stórátaki á Vestfjörðum og reyndar í Norðvesturkjördæmi hvað m.a. samgöngumál varðar. Þessa stórátaks sér ekki stað. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. samgönguráðherra: (Forseti hringir.) Hvar er þetta stórátak?

[14:19]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sagði í umræðum fyrr í vikunni að það mætti halda að hv. þingmaður hefði ekki komið lengi í kjördæmið. Ég vil vekja athygli hans á því að í gangi eru og fyrirhugaðar verulega miklar framkvæmdir. Ef við lítum til baka, tíu ár aftur í tímann eða svo, þá fer ekkert á

milli mála að fyrir tíu árum hefði maður svo sannarlega viljað að lokið væri við allar þær framkvæmdir sem búið er að framkvæma í dag. En við verðum hins vegar að líta á þetta í ákveðnum tímabilum. Við erum að skoða núna næsta fjögurra ára tímabil og það blasir við öllum öðrum en þeim sem eru blindir af pólitísku ofstæki að miklar framkvæmdir verða í samgöngumálum í því kjördæmi sem þingmaðurinn nefndi, miklar framkvæmdir á vegakerfinu að loknu þessu tímabili.

[14:21]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðherra að framlag til viðhalds vega væri að aukast og það er alveg rétt ef litið er eitt ár aftur í tímann. Það er eilítið lægra framlag á árinu 2004 en er ætlað til ársins 2005. En öll árin þar á undan aftur til 1998 og ef ekki lengur er varið miklu hærri upphæð til viðhalds. Mér finnst þetta vera sérkennileg forgangsröðun núna þegar þungaflutningar eru að aukast á vegunum og við sem keyrum mikið sjáum jafnvel mun á milli mánaða á ástandi vega. Ég hef verulegar áhyggjur af því að við verjum of litlu til viðhalds miðað við þá flutninga sem eru á vegunum.

[14:22]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þetta með hv. þingmanni. Það er rétt sem hann segir að við þurfum að tryggja að viðhaldi vegakerfisins sé vel sinnt. Við þurfum að leggja mikla fjármuni til þess og við höfum verið að gera það. Til dæmis var tekin ákvörðun um að auka vetrarviðhald síðastliðið haust. Ég tel að mjög nauðsynlegt hafi verið að taka þá ákvörðun. Ég get tekið undir það með þingmanninum að við þurfum að tryggja fjármuni til viðhalds.

En áhersla á uppbyggingu vegakerfisins hefur verið mikil og við höfum lagt mest af okkar fjármunum í nýbyggingar. Engu að síður held ég að þjónusta á vegakerfinu almennt hafi stóraukist. Hún er býsna góð að ég tel þó lengi megi betur gera.

[14:23]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst athyglisvert í umræðu um vegamál þegar verið er að ræða um niðurskurð á hinu opinbera að aldrei á síðustu átta árum hefur verið lagt jafnlítið hlutfall af ríkissjóði til vegamála. Það er eins og þessi málaflokkur, málaflokkur hæstv. samgönguráðherra, verði alltaf fyrir barðinu á niðurskurðarhnífnum meðan aðrir þættir ríkisútgjalda vaxa. Núna er hugað að því að 3% af útgjöldum ríkisins fari til vegamála en árið 2001 var það 4,5%. Mér finnst eins og hæstv. ráðherra verði alltaf undir í niðurskurðartillögum ríkisstjórnarinnar og þessi málaflokkur verði alltaf fyrir barðinu á því þegar hefta þarf vöxt ríkisins.

[14:24]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að hv. þingmaður ætti frekar en að bera saman árin 2000 og 2003 að taka heilu áætlunartímabilin. Ég held að það sé miklu skynsamlegri aðferð að taka fjögur ár og bera saman næstu fjögur ár á undan til að fá sannfærandi mynd af vilja og gjörðum viðkomandi ríkisstjórnar.

Ég kvarta ekkert undan því að fá í hendurnar þá fjármuni sem eru til samgöngumála. Auðvitað vildi ég fá meira. Það fer ekkert á milli mála. En það er að sjálfsögðu ákvörðun Alþingis hversu mikið fer til uppbyggingar samgöngukerfisins og það verður þingmaðurinn að muna.

Hins vegar er það rangt hjá honum að það hafi komið minna í hlut núverandi (Forseti hringir.) samgönguráðherra en annarra sem í þessu starfi hafa verið.

[14:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Á síðu 65 í samgönguáætlun stendur svo um Reykjavíkurflugvöll, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er ráðgert að framkvæmdir við flughlað á austursvæði flugvallarins verði gert í tveimur áföngum, árið 2007 og árið 2008, miðað við að fljótlega verði byggð ný flugstöð“ — ég endurtek — „ný flugstöð með tilheyrandi flughlaði á austanverðu flugvallarsvæðinu.“

Nú er byggð í Reykjavík afskaplega dreifð og fólk eyðir miklum tíma í ferðalög. Tugir þúsunda manna keyra langar leiðir á hverjum degi með miklum kostnaði og mikilli tímaeyðslu. Spurning mín til hæstv. samgönguráðherra er eftirfarandi: Er hér verið að festa í sessi flugvöll í miðbæ Reykjavíkur sem Bretar tóku ákvörðun um í síðustu heimsstyrjöld að byggja og þar með taka eitt verðmætasta byggingarsvæði á landinu úr notkun og hindra að byggð í Kvosinni í Reykjavík geti vaxið eins og skyldi?

[14:27]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki verið að taka Vatnsmýrina úr notkun sem byggingarsvæði. Eins og þingmenn þekkja þá er flugvöllurinn þar og það var tekin ákvörðun á Alþingi á sínum tíma um endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar. Það var gert með atkvæðum allra þingmanna sem voru viðstaddir þegar samgönguáætlunin var afgreidd. Framkvæmdir hófust með sérstöku samkomulagi við borgarstjórann í Reykjavík og borgaryfirvöldin í Reykjavík veittu byggingarleyfi og fullt samþykki fyrir því að endurbyggja flugvöllinn.

Það er síðan í samræmi við það og aðra vinnu sem við borgarstjóri komumst að samkomulagi um að láta gera úttekt á gerð samgöngumiðstöðvar við flugvöllinn og til þess er verið að vitna og það er í fullu samkomulagi við borgaryfirvöld að verið er að undirbúa það að reisa samgöngumiðstöð (Forseti hringir.) sem þjóni flugvellinum og öllum almenningssamgöngum í landinu.

[14:28]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var tekin ákvörðun um að endurbyggja Reykjavíkurflugvöll en ekki að reisa nýjan flugvöll á svæðinu. Það var nefnilega byggður nýr flugvöllur. Núna erum við að negla enn frekar þessa ákvörðun hernámsliðs Breta í síðustu heimsstyrjöld um að halda við flugvelli á einu dýrasta byggingarsvæði landsins og byggja nýja flugstöð til

viðbótar. Þannig er alltaf verið að taka nýjar og nýjar ákvarðanir í þrepum sem kosta óhemju fé fyrir Reykvíkinga, mikla tímaeyðslu, geysilega tímaeyðslu. Ég vil spyrja hæstv. samgönguráðherra hvort metin hafi verið tímaeyðsla tuga þúsunda Reykvíkinga við að keyra langar leiðir í úthverfin miðað við þá tímaeyðslu sem sparast hjá landsbyggðarfólki og hvort menn hafi skoðað í alvöru að byggja flugvöllinn annars staðar í nágrenni Reykjavíkur. (**Gripið fram í:** ... umferðaröngþveiti sem myndast við byggingu ...) (Gripið fram í.)

[14:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Endurbygging Reykjavíkurflugvallar var gerð með leyfi borgaryfirvalda og sérstakri samþykkt þannig að við erum ekki að ganga hér gegn hagsmunum borgaryfirvalda í andstöðu við borgaryfirvöld.

Það er mjög flókið að meta ferðatíma borgarbúa. En á sínum tíma þegar verið var að undirbúa endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar var lagt mat á hvort aðrir kostir væru betri í stöðunni. Niðurstaðan varð sú eftir mjög vandlega athugun að skynsamlegast væri að endurbyggja Reykjavíkurflugvöll og að hann yrði í Vatnsmýrinni áfram.

Út frá sjónarhorni hv. þingmanns met ég fyrirspurnir hans athyglisverðar. En það liggur hins vegar (Forseti hringir.) algerlega fyrir að það var vilji Alþingis og vilji borgaryfirvalda að endurbyggja flugvöllinn og það var enginn fyrirvari á því.

[14:30]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Heildarniðurskurður á árunum 2005 og 2006 er samkvæmt vísitölu Vegagerðarinnar 5,4 milljarðar kr. Þetta er verulegur niðurskurður frá fyrri áætlun og hlýtur að koma einhvers staðar niður og mikil umbylting frá digrum kosningavíxlum sem var veifað rétt fyrir kosningarnar 2003 þegar átti að gera allt fyrir alla. Til að taka eitt örlítið dæmi um hin digurbarkalegu, stórkarlalegu loforð um stórbrotnar vegaframkvæmdir rétt fyrir kosningarnar 2003 má geta þess að þremur mánuðum fyrir síðustu þingkosningar kynntu oddvitar stjórnarflokkanna í ráðherrabústaðnum að ríkisstjórnin hefði samþykkt að verja 6 milljörðum kr. næsta eina og hálfa árið til aukinna framkvæmda og voru verkefnin talin upp. Til dæmis átti að setja 500 millj. kr. í Suðurstrandarveg, 200 millj. í lagfæringar á vegi um Hellisheiði og 200 millj. í Gjábakkaleið og mikil áhersla lögð á að flýta þessum framkvæmdum. Nú er komið í ljós að margt af þessu hefur verið slegið algerlega af og munar þá mestu um hinn mikla Suðurstrandarveg sem hér var lofað sem sérstakri samgönguframkvæmd fyrir síðustu þingkosningar vegna kjördæmabreytinga og lá kjördæmabreytingin til grundvallar. Nú hefur þessi vegur nánast verið sleginn út af kortinu og sér hans nánast hvergi stað í þeirri áætlun sem hér um ræðir nema rétt útboð á örlitlum köflum.

Heildarniðurskurðurinn er að mínu mati mjög fjandsamleg aðgerð fyrir byggðirnar í landinu og þá er ég ekki að undanskilja höfuðborgarsvæðið, fjarri lagi. Þar er að sjálfsögðu langalvarlegasta málið sem lýtur að Sundabraut af því að samkvæmt þessari áætlun er Sundabrautin nánast úti, það er skilað auðu og framkvæmdir stopp næstu árin, nema hæstv. ráðherra svari því skýrt við umræðurnar í dag hvenær eigi að hefja hönnun mannvirkisins sem er talið að taki allt að þremur árum. Hvenær hefjast framkvæmdir? Hvenær eru áætluð verklok, hvenær er séð fyrir endann á framkvæmdunum og hvernig á að fjármagna framkvæmdina? Allt er þetta á reiki og ef fást ekki svör um tímasetningar og áætlanir er hæstv. ráðherra einfaldlega að skila auðu hvað varðar Sundabrautina sem er án efa ein af mikilvægustu vegaframkvæmdum landsmanna allra hvort heldur er höfuðborgarbúa eða þeirra sem búa úti á landi. Engin tölusett markmið á áætlun um framkvæmd Sundabrautar er að finna í þessari áætlun. Þar ætti hana að sjálfsögðu að vera að finna enda er þetta ein mesta samgönguáætlun sem liggur fyrir okkur Íslendingum á næstu árum.

Einnig er mjög alvarlegt vegna hagsmuna margra byggðanna utan höfuðborgarsvæðisins og nálægðar þess að þessi samdráttur og niðurskurður skuli koma svona harkalega fram og er óásættanlegur og óskiljanlegur. Allt tal um byggðastefnu eru orðin tóm á meðan svo á að skera niður í samgöngumálum sem er langmikilvægasta einstaka byggðamálið hvort heldur er litið til byggðanna á suðvesturhorninu eða byggðanna fyrir utan þær. Verið er að fresta mikilvægum framkvæmdum á meðan byggðunum blæðir þar sem hvert ár er dýrmætt sjái fólk ekki fram úr ástandinu. Því er um að ræða áfall fyrir margar byggðir. Samgöngur eru lykilatriði í að viðhalda og efla byggðirnar, endurreisa mörg byggðarlögin frá því sem nú er og því hlýtur að vera spurt: Er skynsamlegt að skera niður ríkisframlög í þessum málaflokki þegar ástandið víða er sem raun ber vitni? Nei, að sjálfsögðu ekki, það er fráleitt og þarfnast ítarlegra skýringa af hálfu hæstv. ráðherra núna þegar kosningavíxlarnir eru fallnir og þetta stendur eftir, 5,4 milljarða niðurskurður á árunum 2005 og 2006. Niðurskurðurinn á þessum árum er gagnrýniverður og óeðlilegur. Þar á t.d. að slá af Suðurstrandarveginn, eins og ég nefndi áðan, árin 2007 og 2008 samkvæmt áætlun og ekki má gleyma því að þarna er um að ræða kosningaloforð til kjósenda í hinu nýja kjördæmi vegna kjördæmabreytinga, forsenda kjördæmabreytingarinnar var haldið fram. Nú er sá vegur enn og aftur settur í salt og svikinn, var kynntur sem sérstök samgönguframkvæmd vegna breytinganna og lá þeim til grundvallar. Margt annað mætti nefna og mun sjálfsagt koma fram í umræðunni síðar í dag.

Að sjálfsögðu er að finna jákvæða þætti líka. Það er jákvætt að Hellisheiðin er komin inn fyrir árið 2007 og mikilvægt að þarna sé um að ræða upphaf framkvæmda sem sjái fyrir endann á sem allra fyrst. Þarna vex umferðin mest, 12% á milli áranna 2002 og 2003 bara á milli Selfoss og Hveragerðis og 70% umferðaraukning yfir Hellisheiðina á síðustu tíu árum. Þetta er öryggismál, þetta er byggðamál, vegurinn er seinfarinn og hættulegur og mikilvægt að hrinda breikkun Suðurlandsvegar í framkvæmd. Einnig er það jákvætt að fyrir árið 2007 muni verða teknar upp aðrar viðmiðanir um skiptingu fjármagnsins til vegaframkvæmda en verið hefur en þá verður meira tillit tekið til vegaframkvæmda og umferðarmagns og pottaskiptingum milli kjördæma verður hætt. Að sjálfsögðu er því einnig um að ræða

jákvæðar breytingar og jákvæða hluti um leið og niðurskurðurinn sjálfur er allt of mikill og kemur harkalega niður á bæði höfuðborgarsvæðinu og byggðunum öllum.

Ég nefndi áðan í andsvari til hæstv. ráðherra tölur um útgjöld ríkis til vegamála á árabilinu 1970–2005 samkvæmt upplýsingum sem ég fékk frá upplýsingaþjónustu Alþingis í morgun. Þar kemur fram að árið 1990 eru útgjöld til vegakerfisins, til vegamála beint sem hlutfall af landsframleiðslu 1,35%. Árið 2003 eru samkvæmt þessum tölum útgjöld til vegakerfisins sem prósentur af landsframleiðslu 1,59%. Árið 2005 eru samkvæmt þessum tölum útgjöld til vegakerfisins sem hlutfall af landsframleiðslu komin niður í 0,92%. 60–70% niðurskurður samkvæmt þessu til vegamála af útgjöldum af landsframleiðslu einungis á árabilinu 2003–2005. Um er að ræða hrun í útgjöldum til vegamála litið til síðustu ára þótt við tökum bara þessi tvö ár, ég tala ekki um ef litið er aftur í tímann þar sem útgjöldin voru til muna hærri.

Þetta eru alvarlegar tölur, virðulegi forseti, eins og ég nefndi hérna áðan. Almennt á að auka framlög til vegamála og leggja sérstaka áherslu á öflugar tengingar við höfuðborgarsvæðið eins og Sundabrautina sem við ræddum um áðan og verður örugglega mikið rætt um í dag. Framlög til samgöngumála kalla ekki á veruleg rekstrarframlög í framtíðinni og spara að því er fullyrða má mikla fjármuni þegar allt er reiknað. Það á við um fækkun slysa og ódýrari rekstur bifreiða, minni eldsneytisnotkun með styttri vegalengdum og tímasparnað vegfarenda sem er að sjálfsögðu mikils virði. Þess vegna er það óskiljanlegt, virðulegi forseti, að nú séu útgjöld til vegamála og samgöngumála skorin niður um 5,4 milljarða. Það er af sem áður var þegar glitti í kosningarnar handan við hornið. Þessu öllu saman hlýtur hæstv. samgönguráðherra að svara í dag, hverju sætir að útgjöld til vegakerfisins hafa bókstaflega hrunið á síðustu árum og eru nú sem raun ber vitni.

[14:39]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður nefndi það sérstaklega að verið væri að svíkja loforð. Mér sýnist að í Suðurkjördæmi séu verulega breyttar áherslur. Tekið var tillit til þess í þeirri samgönguáætlun sem nú er til meðferðar og birtist m.a. í því að gert er ráð fyrir miklu meiri framkvæmdum á Hellisheiðinni en í fyrri áætlunum. Við erum því að ganga lengra í að byggja upp Hellisheiðina en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Það kann vel að vera að það komi niður á öðrum verkum, það kann vel að vera. En það er mat okkar að Hellisheiðin sé mikilvægari núna við þessar aðstæður og ég vil heyra rök hv. þingmanns gegn því að mikilvægara sé að framkvæma endurbætur á Hellisheiðinni og ljúka tvöföldun Reykjanesbrautar en að ljúka Suðurstrandarvegi. Við getum ekki fengið allt í lífinu sem við óskum okkur. Það liggur alveg fyrir og þetta er partur af því.

Í annan stað vil ég segja að það er alrangt sem hv. þingmaður heldur fram að það séu 5,4 milljarða niðurskurður á árunum 2005 og 2006. Ég veit ekki hvaðan hv. þingmaður hefur það.

Í þriðja lagi er líka rangt hjá honum að framlög til vegamála á föstu verði hafi lækkað. Hægt er að leika sér við samanburð á landsframleiðslu og öðru þvílíku en það er ekki hinn rétti og eðlilegi samanburður. Hinn rétti og eðlilegi samanburður er hvort breytingar séu miðað við fast verðlag.

[14:41]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra spyr hvaðan tölurnar um niðurskurð upp á 5,4 milljarða kr. séu komnar. Þær eru að sjálfsögðu komnar úr síðustu samgönguáætlun. Hér er um að ræða vísitölu Vegagerðarinnar sjálfrar, staðfestar af henni, og samkvæmt síðustu áætlun er um að ræða niðurskurð til þessara tveggja ára upp á 5,4 milljarða kr.

Hvað hitt varðar, Suðurstrandarveg, Suðurlandsveg og Reykjanesbraut, þá er sú uppstilling fjarstæðukennd hjá hæstv. ráðherra og fáránlegt að leggja það þannig upp. Suðurstrandarvegur var kynntur sem sérstök samgönguáætlun vegna kjördæmabreytinganna. Að sjálfsögðu á það ekki að stoppa af aðrar sjálfstæðar framkvæmdir eins og við höfum verið að berjast fyrir á Alþingi í vetur, þingmenn Suðurkjördæmis, um að breikka Suðurlandsveg og bæta. Hér er verið að gera ráð fyrir 300 milljónum í breikkun Suðurlandsvegar árið 2007, verulega lágir fjármunir en að sjálfsögðu er það gleðiefni að breikkun Suðurlandsvegar skuli vera komin inn á samgönguáætlun, enda án nokkurs vafa eitt af mikilvægustu samgönguverkefnum þjóðarinnar ásamt nokkrum öðrum sem hér hefur verið rætt um í dag. Sú uppstilling er því fáránleg og röng. Stjórnvöld eru einfaldlega að svíkja Suðurstrandarveginn sem var búið að lofa fyrir mörgum árum sem sérstakri áætlun vegna kjördæmabreytinganna og átti ekki að hafa neitt með aðrar framkvæmdir á þeim svæðum að gera. Þessu skulu stjórnvöld svara sjálf án þess að benda í aðrar áttir og spyrja af hverju menn hefðu þá ekki viljað fara nú mörgum árum seinna í sjálfsagðar vegaframkvæmdir yfir Suðurlandsveg upp á 300 millj. kr. sem eru einungis lítið brot af þeim kostnaði sem áætlaður er í Suðurstrandarveg allan.

[14:43]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málflutningur þingmannsins er afar sérstakur. Það hefur legið fyrir að við mundum ekki ná því að tengja kjördæmin öll í einu vetfangi. Suðurstrandarvegur er tenging í hinu nýja kjördæmi og ég tel að til framtíðar litið sé það mjög æskilegur vegur og æskileg vegabót. En mætti ég minna á það t.d. að ekki er lokið við að tengja saman Norðurland og Austurland enn þá þó að gert sé ráð fyrir að ljúka því í þessari áætlun. Ekki er búið að ljúka tengingum Vestfjarða við aðra hluta Norðvesturkjördæmis. Það er því af mörgu að taka. En þingmaðurinn hefur ekki treyst sér til að gera upp á milli þessara mikilvægu verkefna í kjördæmi hans og væri fróðlegt að heyra hvort það er rétt skilið hjá mér. Við getum ekki gert ráð fyrir að framkvæma á næstu árum allar (Forseti hringir.) hugsanlegar vegabætur sem fyrir liggja og þess vegna verður þingmaðurinn að taka afstöðu, gera upp á milli verka. Hann verður að hafa kjark til þess.

[14:44]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Furðulegur er flóttinn frá kosningaloforðunum. Eitt vetfang, segir hæstv. ráðherra, ekki er hægt að ljúka framkvæmdunum í einu vetfangi. Nú erum við að tala um að þess sér ekki stað í áætlun árið 2007 að framkvæmdirnar séu komnar á nokkurn rekspöl hvað varðar Suðurstrandarveg, það eina vetfang hefur því tekið ákaflega mörg ár og það er það loforð sem samgönguráðherra er að svíkja og hefur ekkert með það að gera hvort ráðast eigi í aðrar framkvæmdir eins og lagfæringar á Suðurlandsvegi fyrir nokkur hundruð millj. kr. sem er allt önnur framkvæmd og að sjálfsögðu meginherslumál okkar hér og nú.

Suðurstrandarvegur er gamalt loforð frá því fyrir mörgum árum síðan sem hæstv. samgönguráðherra og ríkisstjórnin er einfaldlega að svíkja kjósendur Suðurkjördæmis um, enda var framkvæmdinni heitið sem sérstökum forsendum kjördæmabreytinganna fyrir mörgum árum og fáránlegt að koma upp núna í dag og spyrja hvort menn vilji standa við tíu ára gamalt stjórnarflokkaloforð eða ráðast í sjálfsagðar samgöngubætur á öðrum vegum.

[14:45]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að rétt sé að skerpa á því að í samgönguáætluninni til næstu fjögurra ára eru 85 milljarðar til samgöngumála, þar af eru 60 milljarðar til vegamála. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom inn á Sundabraut. Fólk hans í pólitík sem ræður meiri hluta í borgarstjórn hefur tekið sér langan umhugsunarfrest til að ákveða hvar lega Sundabrautar eigi að vera og hefur ekki komist að niðurstöðu enn þá með það mál. Það er því rétt sem hæstv. samgönguráðherra kom inn á að það er ætlað fjármagn til rannsókna og að því verki loknu og þegar meiri hluti borgarstjórnar hefur loksins komið sér saman um legu Sundabrautar verður hægt að fara að vinna í því máli. Það tekur tvö til þrjú ár að undirbúa þá framkvæmd og að því loknu verður væntanlega hafist handa, enda hefur ríkisstjórnin rætt um að setja sérstakt fjármagn í Sundabrautina og við erum ekki að tala um milljónir heldur milljarða sem þarf í þá framkvæmd.

Það var líka athyglisvert að hlusta á hv. þingmann sem kom ekkert inn á hin mislægu gatnamót Miklubraut/Kringlumýrarbraut sem R-listinn byrjaði á að flauta út af skipulagi í Reykjavík 1994. Það hefur verið talað um það æ ofan í æ að þar fari yfir 80 þús. bílar á dag og nauðsynlegt sé að setja þar upp mislæg gatnamót en R-listinn hefur ekki komið því verki áfram. Nú er verið að tala um að breikka aðreinar þar og setja upp fleiri ljós. Það á því að tjalda til nokkurra ára enn og svo segir hv. þingmaður að hastarlegt sé að ekki skuli vera nefndir á nafn einhverjir milljarðar í sambandi við Sundabraut. Dæmið liggur þannig, virðulegi þingmaður, að borgarstjórn vinnur að því máli með hraða snigilsins.

[14:48]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er undarlegt ef samgönguyfirvöld ætla að taka flóttann frá niðurskurðinum yfir til Reykjavíkurlistans sem fer að sjálfsögðu ekki með framlög ríkisins til samgöngumála. Það er einfaldlega rangt sem haldið er fram að sú framkvæmd sé ekki inni á samgönguáætlun eða hafi tafist með einhverjum hætti vegna borgaryfirvalda. Þar eru samgönguyfirvöld og ríkið í gegnum stofnanir sínar að þvælast fyrir skipulagsmálum í borginni. Að sjálfsögðu liggur rót vandans í því að verkaskiptingin er óskýr og vitlaus á milli ríkis og sveitarfélaga hvað varðar samgöngumálin. Það eru til fjöldamörg dæmi um það hringinn í kringum landið, en það er fráleitt að halda því fram að það að samgönguyfirvöld skuli skila auðu í málefnum Sundabrautarinnar eins og fram hefur komið sé borgaryfirvöldum í Reykjavík að kenna. Það er einfaldlega rangt, (**GHall:** Nei.) fjarstæðukennt að halda því fram. Það er eingöngu um dáðleysi yfirvalda að ræða og viljaleysi til að ráðast í þá mikilvægu framkvæmd sem er lagning Sundabrautar, framkvæmd sem skiptir landsmenn alla miklu máli. Það er ákaflega dapurlegt svo vægt sé til orða tekið að þegar fram er komin samgönguáætlun fyrir þessi ár skuli vera skilað auðu í stærstu samgönguframkvæmd sem fyrir liggur í náinni framtíð. Það er engin tímasett áætlun um hönnun, um framkvæmdir, um fyrirhugað upphaf á verkinu eða fyrirhuguð verklok. Hér er einfaldlega skilað auðu og þau hljóta ekki skjól yfirvalda í Reykjavík í þeim niðurskurði sem hér um ræðir.

[14:49]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög athyglisvert hvernig hv. þingmaður getur snúið staðreyndum á hvolf. Sannleikurinn í málinu er sá að borgaryfirvöld hafa ekki enn tekið ákvörðun um legu Sundabrautar, það er alveg ljóst. (**Gripið fram í:** Jú, jú, jú.) Það liggur ekkert fyrir um það. Það er líka athyglisvert að hlusta á þingmanninn segja að það sé eitthvert misvægi á milli ráðherra og borgaryfirvalda sem einfaldlega felst í því, virðulegi þingmaður, að það er ákveði um það að ef borgaryfirvöld vilja fara dýrari leið en vegagerð er þeim sjálfsagt að gera það. Borgaryfirvöld vildu hengja mikið járnarusl upp á sund og kalla það brú, Golden gate, sem er 4 milljarða kr. dýrari framkvæmd en skynsamlegt er. Maður sér það nú í gegnum línurnar og nýlega hafa þingmenn Reykjavíkur fengið bréf frá borgarstjóranum þar sem hún er að draga sig að og er að verða aðlæg því að fara leið sem er 4 milljörðum ódýrari en það sem R-listinn hefur hangið í í nokkur ár.

[14:51]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sjálfstæðismönnum er heitt í hamsi þegar málefni Reykvíkinga ber á góma, enda hafa þeir ýmislegt að skammast sín fyrir þar. Sveltistefna Sjálfstæðisflokksins gagnvart Reykjavíkurborg síðan Reykjavíkurlistinn komst þar til valda fyrir 11 árum er náttúrlega með algerum ólíkindum og öll framganga samgönguyfirvalda gagnvart Reykvíkingum og borgarstjórn Reykjavíkur er með algerum ólíkindum. Þess vegna reyna menn að slá ryki í augu fólks með því að halda því fram að hin mikilvæga samgönguframkvæmd sem Sundabrautin er sé um að kenna skipulagsyfirvöldum eða borgarstjórn Reykjavíkur. (Gripið

fram í.) Það er einfaldlega alrangt að ekki sé gert ráð fyrir neinum fjármunum til þeirrar mikilvægu framkvæmdar. Hönnunin ein og sér er talin kosta um 500 millj. kr. Það er ekki gert ráð fyrir neinum verulegum fjármunum í samgönguáætlun. Það er engin tímasett áætlun um framgöngu verkefnisins. Þetta er einfaldlega á ábyrgð Sjálfstæðisflokksins. Þeir eru að bregðast Reykvíkingum.

[14:52]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég lít svo á að stjórn efnahagsmála sé æðri öðrum málaflokkum sem við ræðum um á Alþingi. Í aðdraganda síðustu kosninga og í kjölfar þess að tekin var ákvörðun um framkvæmdir við Kárahnjúka var það skýrt og ljóst og kom klárt fram að draga þyrfti úr framkvæmdum ríkisins. Opinberar framkvæmdir yrðu að dragast saman til að öll rauð strik héldu gagnvart kjarasamningum og gagnvart verðbólgumarkmiðum.

Ég vil því spyrja hv. þingmann: Telur hann að ekki hafi þurft að skera neitt niður í samgöngumálum? Hvar átti að skera niður? Átti að skera niður í heilbrigðismálum? Átti að skera niður í skóla- og menntamálum eða telur þingmaðurinn að það hafi yfir höfuð ekkert átt að skera niður og láta verðbólgudrauginn vaða upp, láta markmið stjórnvalda um kjarasamninga lönd og leið? Ég vil spyrja hv. þingmann hvort það skipti aðalmáli eða að láta alla hluti vaða á súðum, fara í óráðsíu eins og gerist vítt og breitt um landið þar sem Samfylkingin er við völd.

[14:53]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru ágætar spurningar hjá hv. þingmanni og ákaflega einfalt að svara þeim. Fyrir það fyrsta lá ekkert á að lækka skatta. Það var algerlega óþörf og fráleit framkvæmd að lækka skatta rétt fyrir síðustu jól. Það átti að sjálfsögðu að gæta allt annarra mála eins og við ræðum um og að kalla hinar brýnu samgöngubætur óráðsíu er fráleitur málflutningur.

Að mínu mati eiga samgöngumálin að ganga fyrir flestum öðrum málum enda er um algert grundvallaratriði að ræða, æðakerfi samfélagsins, brýnasta öryggismál okkar allra þannig að fyrir þeim þarf ekki að færa rök. Hvar átti að skera niður? Í fyrsta lagi, eins og ég nefndi áðan, átti ekki að lækka skatta. Í öðru lagi átti að skera niður í utanríkisþjónustunni. Að sjálfsögðu á að fara með niðurskurðarhnífinn þar ef það þarf að fara með hann eitthvert eins og þarf örugglega að gera, enda hafa ríkisútgjöld vaðið út eftir að ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks tók við völdum og forgangsröðun ekki alltaf í lagi, fjarri því. Auðvitað á að gæta fyllstu nærgætni í efnahagsmálum en það átti ekki að láta kutann ríða á samgöngumálin, að sjálfsögðu ekki, og það átti ekki að skera niður samgöngufjármuni upp á 5,4 milljarða fyrir árin 2005 og 2006. Það átti alls ekki að gera það. Það átti ekki að lækka skatta og það á að skera niður í utanríkisþjónustunni þar sem hægt er að fullyrða að mjög mikil óráðsía og mjög mikið bruðl sé í gangi.

[14:55]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var athyglisvert að heyra hv. þm. Björgvin Sigurðsson tala um skattamálin. Mig minnir að Samfylkingin hafi samþykkt skattalækkanirnar og hafi ekki talað á móti þeim en nú eru þær orðnar af hinu slæma.

Hv. þingmaður talaði um æðakerfi þjóðfélagsins og um samgöngumálin í því sambandi. Það er rétt að samgöngumálin skipta auðvitað miklu máli og ekki síst fyrir byggðir landsins, en ef það er eitthvað sem má kalla æðakerfi eru það efnahagsmálin. Það eru efnahagsmálin sem skipta máli og þau eru drifkrafturinn í því að hægt sé að byggja upp samgöngumannvirki á landinu. Þess vegna skipta þau meginmáli.

Auðvitað má deila um áherslur í samgöngumálum en við getum fagnað því að Reykjanesbrautin skuli vera kláruð á þessu tímabili og að sú ákvörðun hafi verið tekin af stjórnarflokkunum að Hellisheiðin skyldi fá u.þ.b. 700 millj. á áætluninni.

[14:57]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við förum kannski ekki djúpt í skattamálin á einni mínútu í andsvari en að sjálfsögðu átti að fresta skattalækkunum þangað til lag væri að ráðast í þær og með allt öðrum hætti en gert var. Það átti að fresta þeim og láta önnur mál ganga fyrir eins og brýnar og mikilvægar samgöngubætur, ekki síst þær sem var lofað með afdráttarlausum hætti í aðdraganda síðustu kosninga og þar síðustu kosninga. Það liggur margt eftir og auðvitað átti að leita annarra leiða og skera niður annars staðar og fresta skattalækkunum og fara í þær með allt öðrum hætti og þegar lag væri til.

[14:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er ákaflega naumt skammtað satt best að segja að hafa átta mínútur til að ræða hinar stóru og viðamiklu framkvæmdaáætlanir á sviði flugmála, hafna og vegagerðar. Eiginlega finnst mér að mönnum hafi láðst að breyta reglum um þær umræður í ljósi þess að þetta er allt rætt í einu sem á sér rót í þeirri samræmdu samgönguáætlun sem nú er farið að vinna eftir og má margt gott um segja. En það er ástæðulaust að takmarka svo mjög möguleika manna til að ræða þetta að það sé komið niður fyrir þrjár mínútur á hvern málaflokk sem menn hafa til ráðstöfunar.

Auðvitað er sá mikli niðurskurður eða frestun, menn geta notað hvaða orð sem þeir vilja um það, sem blasir við okkur á framkvæmdum einkum og sér í lagi til vegamála nú á þriggja ára tímabili ákaflega tilfinnanlegur. Markmiðin í samræmdri samgönguáætlun þeirri sem afgreidd var í marsmánuði árið 2003 voru að mörgu leyti glæsileg. Þá lá fyrir nokkurra mánaða gömul ákvörðun ríkisstjórnar um að stórauka framlög til vegamála sem var mikið fagnaðarefni og var tilkynnt og ákveðið á þinginu þá um haustið. En þeim mun dapurlegri urðu örlög hinnar fyrstu samræmdu samgönguáætlunar eða vegáætlunar, hluta hennar, því blekið var varla þornað á pappírnum þegar hún var skorin mjög harkalega niður og síðan hefur því fram haldið þannig að

samtals er um að ræða niðurskurð og/eða frestun upp á 5.722 millj. kr. á þriggja ára tímabili ef marka má greinargerð frumvarpsins og ætli það sé ekki öruggast að halda sig við það sem heimild. Ef ég fæ rétt lesið er ekki gert ráð fyrir að niðurskurði ársins 2004 sé skilað innan áætlunartíma núgildandi áætlunar eða þeirrar sem hér er rædd því að þar er eingöngu talað um að skila aftur niðurskurði áranna 2005 og 2006 á árunum 2007 og 2008. Þá stendur út af yfir 1.800 millj. kr. frestun framkvæmda á árinu 2004.

Þetta er auðvitað hið bagalega og það er þeim mun bagalegra sem ég tel alveg augljóst að þörfin fyrir framkvæmdir er meiri en nokkru sinni fyrr. Hún er ekki bara hlutfallslega jafnmikil. Það þyrfti að ráðstafa núna um sinn enn hærra hlutfalli af þjóðartekjum til samgöngumála og sérstaklega vegamála en gert hefur verið, m.a. vegna breyttra aðstæðna í flutningakerfi landsins, breyttra búsetuhátta og annarra slíkra ástæðna. Heildarfjárveitingin er einfaldlega allsendis ónóg og það sést best ef hlutföllin eru skoðuð sem verja á af þjóðartekjum til vegamála á þessu tímabili. Samkvæmt þjóðhagsspá frá fjármálaráðuneytinu er gert ráð fyrir því að verg landsframleiðsla verði 955 milljarðar kr. á þessu ári. Það gerir, ef ég hef reiknað rétt, að 12,9 milljarða kr. fjárveiting til vegaframkvæmda á árinu er ekki nema 1,35% af þessari vergu landsframleiðslu. Það er þar með orðið eitt af allra lökustu árum sem við höfum horft framan í um langt árabil í þessum efnum.

Enn slakari verður útkoman næsta ár þegar gert er ráð fyrir því að verg landsframleiðsla fari í 1.035 milljarða kr. en aðeins tæplega 12,5 milljörðum verði varið til vegamála í heild. Þá verður þetta hlutfall orðið 1,20%, ef áfram er rétt reiknað. Eru þá aðeins finnanleg í allri sögunni frá árinu 1964 tvö ár sambærileg eða lélegri. Tvö ár. Það var þegar hægri stjórnin sem sat að völdum frá 1983–1988 hafði komið þessu hlutfalli niður í 1,03% eins og frægt var á árinu 1987. Þetta er auðvitað hið dapurlega, herra forseti, og ég held að það sé frjórra að ræða um þetta en að karpa með þeim hætti sem þingmenn Reykjavíkur voru að gera áðan við aðra ræðumenn um það hvort það sé Reykjavíkurborg eða ríkinu að kenna að ekki er búið að byggja Sundabraut. Hvers konar þvættingur er þetta? Má ég biðja þingmenn Sjálfstæðisflokksins, þótt þeir komi úr Reykjavík og þótt þeim sé illa við R-listann, að fara ekki með svona endemis bull. Bíður einhvers staðar á bankabók fé til að ráðast í Sundabraut? Hvaða rugl er þetta, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson? Hefur ríkið depónerað fjárveitingum til að byggja Sundabraut fyrir sitt leyti? (**GHall:** Það er ekkert ...) Nei, Guðmundur Hallvarðsson. Mér finnst alveg fyrir neðan allar hellur að menn skuli tala svona. Við vitum öll að þetta er 12–15 milljarða framkvæmd, eða hvað það nú er. Hún er ekkert inni í þessum pakka. Það er himinn og haf milli þess (**GHall:** Þetta er ákvarðanataka R-listans.) að hægt sé að standa við þetta. Eru peningarnir til reiðu? Er búið að depónera þeim. (**GHall:** Það eru þrjú ár ...) Já, já, ég hef heldur betur séð það. Ég held að það eigi frekar að ræða um þessa hluti eins og þeir eru. Það þarf einhvern veginn að koma fyrir þessum niðurskurði og það þarf að vera frestun upp á rúma 5,7 milljarða kr. á árunum 2004, 2005 og 2006 — og ætli það sé ekki handleggur sem taki í? Og þó svo að fjárveitingarnar skili sér aftur árin 2007 og 2008 og þetta fari þá í 16–17 milljarða kr. sem þetta á þá að fara í — ja, hvað þýðir það? Þá verður landsframleiðslan orðin 1.100–1.200 milljarðar. Við verðum áfram að glíma við mjög lág hlutföll hvað varðar vegamálin, meira að segja þó að þeir fjármunir skili sér. Við verðum langt frá því að vera með framkvæmdamagnið miðað við tekjur í þjóðfélaginu sambærilegt við það sem best hefur gerst.

Það er líka margt sem hér væri áhugavert að nefna, t.d. það sem snýr að umhverfismálum og umferðaröryggismálum, en ég hef augljóslega ekki tíma til þess. Ég vil nefna það eitt um flugið að það eru mér vonbrigði að ekki skulu vera settar fjárveitingar inn á bæði lengingu Akureyrarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar. Það er betra en ekki neitt að þarna standi að þetta eigi að athuga en sú var venjan að ef mönnum var alvara í áætlunum af þessu tagi voru eyrnamerktar einhverjar fjárveitingar til að undirbúa slíkar framkvæmdir. Það jafngilti viljayfirlýsingu löggjafans um að slíkar framkvæmdir nytu stuðnings. Þess vegna hefði ég viljað sjá að menn eyrnamerktu a.m.k. þann kostnað sem kann að hljótast af þessum rannsóknum.

Hafnaliðurinn, það má hafa fá orð um hann, nýju hafnalögin þýða auðvitað að verulega dregur úr stuðningi ríkisins á komandi árum við hafnagerð í landinu og þeim kostnaði er velt yfir á hafnirnar. Svo einfalt er það mál.

Aftur að vegunum, virðulegur forseti. Það stefnir í það að bílaeign landsmanna, ef ég hef áætlað rétt eða reiknað, fari í 200 þús. í lok þessa árs. Það mun ekki skeika miklu að landsmenn eigi 200 þús. bíla í árslok 2005 miðað við innflutninginn eins og hann er þessa mánuði og miðað við að þetta var að komast í 190 þús. í fyrra. Hvað þýðir það? Það þýðir að umferðin er meiri en nokkru sinni. Strandsiglingar lögðust niður eða svo gott sem, með þeirri virðingarverðu undantekningu sem er einkaframtak þeirra sem gera út Jaxlinn. Allir þessir flutningar eru komnir upp á vegina. Fleiri bílar en nokkru sinni, meiri þungaflutningar en nokkru sinni og þörfin í nútímasamfélagi meiri en nokkru sinni. Þá ætlum við, þetta ríka þjóðfélag, að verja hlutfallslega minna til framkvæmda á þessu sviði en við höfum nánast nokkru sinni gert. Og svo er þetta rugl um að alltaf hafi legið fyrir að það yrði dregið úr fjárveitingum vegna Kárahnjúkavirkjunar. Ég lýsi eftir ræðunum þegar menn mærðu það verk og kölluðu það mestu byggðaaðgerð allra tíma (Forseti hringir.) fyrir kosningar 2003 þegar mönnum var sagt að það yrði skorið niður í vegamálum (Forseti hringir.) um 5,7 milljarða kr. Það var aldrei sagt.

[15:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það hafi ekki hvarflað að nokkrum manni, og ég held ekki heldur hvað varðar þann hv. þingmann sem hér var að tala, að ekki yrði vart við framkvæmdirnar á Austurlandi á sviði orku og stóriðju. Ég held hins vegar að það hefði verið mjög óskynsamlegt að láta það algerlega fram hjá sér fara en auðvitað hefði verið mjög æskilegt að geta dregið saman seglin í útgjöldum ríkisins til rekstrar frekar en að þurfa að draga saman útgjöld ríkisins til framkvæmda á borð við vegagerð eða samgöngumannvirki.

En það verður að segja hverja sögu eins og hún er, menn

hafa ekki treyst sér til þess að draga úr rekstri ríkisins. Fremur hef ég orðið þess var að hv. þingmenn, og þar á meðal stjórnarandstöðuþingmennirnir, hafa fremur hvatt til aukinna útgjalda í rekstri. En hvað um það, þetta er staðreynd máls.

Aðeins hvað varðar það sem hv. þingmaður nefndi um áform um lengingu flugbrauta á Akureyri og Egilsstöðum. Hann saknaði þess að hafa ekki inni fjárveitingu vegna þeirra verkefna. Ég lít svo til að það eigi ekki að fara í þær framkvæmdir nema fyrir liggi glögg og góð úttekt á því. Það er tiltölulega stutt síðan farið var á lengingu eins og t.d. á Akureyrarflugvelli af hálfu hagsmunaaðila þar en ég tel þess vegna að það sé mikilvægt að fara rækilega ofan í forsendur fyrir þeim framkvæmdum áður en lagt er í fjárfestingu á borð við þær. Nóg er við fjármunina annars staðar að gera ef ekki er talin þörf á að fara í þessar lengingar. Hvað um það, við ætlum að leggja af stað í þær og framkvæma ef (Forseti hringir.) niðurstaðan verður jákvæð.

[15:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi samhengi stóriðjuframkvæmdanna og fjárveitingar til vegamála held ég að það sé bara mál sem við þurfum að fara yfir alveg sérstaklega. Ég held að ég muni nokkuð vel umræðurnar sem voru á Alþingi veturinn 2002–2003 hvað þetta varðar. Það vorum við sem spurðum þegar menn töluðu um aðhald í útgjöldum ríkisins: Já, hvar á að skera?

Þegar framsóknarmenn og sjálfstæðismenn héldu ræðurnar um mestu byggðaaðgerð allra tíma spáði ég mönnum því að það sem aðrir landshlutar mundu sennilega fyrst og fremst verða varir við yrði niðurskurður í vegamálum. Þetta sóru menn af sér. Menn sóru það af sér með því að ákveða svo seint sem á haustmánuðum 2002 að stórauka vegaframkvæmdir og menn sóru það af sér með því að afgreiða áætlun um framkvæmdir 13. mars 2003 sem gerði ráð fyrir stórfelldum framkvæmdum. Var það bara í gríni, allt í plati? Stóð ekki til þá að ráðast í Kárahnjúkavirkjun? Jú. Það var verið að ákveða það líka og búið að afgreiða það.

Það er ekki fyrr en eftir kosningar sem menn hafa burði í sér til að koma og segja: Þetta var allt í plati, við meintum ekkert með þessu. Og ef við setjum þetta inn í hið efnahagslega samhengi er það auðvitað eins og hver annar roknabrandari að halda að menn stilli af hagkerfið með 1,5–2 milljörðum í vegagerð á sama tíma og einkaaðilarnir standa fyrir framkvæmdum upp á 50, 70, 90 milljarða á hverju ári, á sama tíma og bankakerfið dælir 300 milljörðum af nýju lánsfé inn í landið í fyrra og á sama tíma og útlán til húsnæðismála aukast um fleiri tugi milljarða á nokkrum mánuðum.

Það er auðvitað óþolandi að þessi eini málaflokkur sé alltaf undir það settur að hann sé dreginn sundur eins og harmonikkubelgur en þó oftar því miður þjappað harkalega saman til að uppfylla einhverja sálræna þörf, einhverja sýnd um það að menn séu að sýna ábyrgð í efnahagsmálum. Þetta er bara rugl í 950 milljarða hagkerfi. Hverju breytir það þó að dreifðar almennar framkvæmdir af þessu tagi fái að hafa sinn gang?

[15:11]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður efast um að hinar umfangsmiklu framkvæmdir á Austurlandi séu byggðaaðgerðir. Lítum aðeins á þann þáttinn sem varðar vegi. Hvað hefur verið að gerast á Austurlandi í uppbyggingu vegakerfisins? Það er verið að ljúka við göng í gegnum Almannaskarðið, það er verið að ljúka við jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og það er búið að leggja vegi í Fljótsdal og á Héraði og þarna niður um firði í tengslum við stóriðjuframkvæmdirnar þannig að þetta er nánast allt teppalagt. Ég á von á því að hv. þingmenn þess kjördæmis kunni að meta það með einhverjum hætti og ég hefði frekar talið að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi um það hvort við ættum að fara með öðrum hætti að um framkvæmdir, svo sem eins og að leggja nýjan veg í staðinn fyrir Öxarfjarðarheiði, nýjan veg niður að Vopnafirði, veg að Dettifossi, áform um Héðinsfjarðargöng eða aðrar slíkar framkvæmdir í því tiltekna kjördæmi.

Menn sleppa sér út í stóryrði og upphrópanir um niðurskurð en sleppa því algerlega að fjalla um þessar mikilvægu framkvæmdir sem eru í gangi og samgönguáætlun gerir ráð fyrir að verði farið af stað með. Ég verð að viðurkenna að það veldur mér miklum vonbrigðum að fá ekki annars konar umræðu um þessar tilteknu framkvæmdir, svo að eitthvað sé nefnt.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að hafa í andsvari fleiri orð um það sem hv. þingmaður sagði.

[15:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var búið að ákveða gerð jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar áður en niðurstöður lágu fyrir um virkjanamál á Austurlandi. Það var löngu ákveðið að þar yrðu fyrstu jarðgöngin eða samhliða þá Héðinsfjarðargöngum eins og til stóð um tíma að yrði. Það er röng söguskoðun að það hafi verið endilega í beinu samhengi við þessar virkjunarframkvæmdir.

Ég fór ekkert með nema staðreyndir upp úr greinargerð tillögunnar frá ráðherra sjálfum. Það þarf ekkert að svara því að maður sé sekur um einhverja óhæfu í málflutningi af því að maður ljúki ekki lofsorði á þó þær framkvæmdir sem komast inn í þennan þrönga ramma, hvort sem þær eru á mínum heimaslóðum eða einhvers staðar annars staðar. Ég tel að ég þurfi ekki að sitja undir slíku. Auðvitað fagnar maður því sem ávinnst en það er bara of lítið. Ég taldi mig rökstyðja það sæmilega rækilega með því að vitna í hlutföll, með því að vitna í vaxandi umferð, með því að vitna í vaxandi bílaeign landsmanna, með því að vitna í flutningana sem eru að færast upp á land og á vegina, að þörfin er einfaldlega meiri.

Það er ekkert nýtt heldur af minni hálfu að ég hafi reynt að verjast því að menn tækju alltaf vegamálin og gripu þar niður þegar upp kemur einhver, að mínu mati aðallega sálræn, þörf fyrir það að vera eitthvað að þykjast sýna ábyrgð og fínstilla hagkerfið með slíkum æfingum. Þegar það er sett í raunverulegt samhengi er um svo litla tölu að ræða borið saman við framkvæmdirnar t.d. á vegum Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og

álfyrirtækjanna að það eitt og sér sýnir okkur hversu ósanngjarnt það er að menn skuli alltaf bera niður í vegamálunum og taka 1 eða 2 af þessum 6–8 milljörðum sem þar eru til framkvæmda. Höfum þá í huga að af 12–13 milljarða fjárveitingum til vegamálanna erum við ekki að tala um nema rétt um helming í framkvæmdir. (Forseti hringir.) Hitt fer í stjórnun, rekstur og viðhald þannig að það er þeim mun tilfinnanlegra sem það er haft í huga.

[15:15]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Á þeim stutta tíma sem er gefinn til umræðu um þessa viðamiklu samgönguáætlun ætla ég að halda mig við vegamálin en vil þó segja að ég fagna því að í flugmálaþætti áætlunarinnar er gert ráð fyrir lengingu flugvallarins á Þingeyri til að styrkja áætlunarflug á norðanverða Vestfirði. Eins og menn vita er það ekki alveg traust vegna aðstæðna á Ísafirði og nauðsynlegt að hafa varaflugvöll og aðra braut að grípa til þegar vindáttin er þannig að ekki er hægt að fljúga á Ísafjörð.

Varðandi vegamálin vil ég í fyrsta lagi segja að ég tel þau áform ríkisstjórnarinnar að draga úr vegaframkvæmdum á árunum 2004, 2005 og 2006 algjörlega óþörf. Ég hef gert rækilega grein fyrir því í þingflokki mínum að ég sé ekki sammála því og styðji ekki að menn ráðist í þann niðurskurð, eins og áformað hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég vil færa fyrir því þrjár ástæður að ég tel þetta algerlega óþarft.

Í fyrsta lagi var ríkisstjórnin sammála um að rétt væri, ofan í þensluástandið, að lækka skatta á þessu ári um sem nemur 6 milljörðum kr. Ég segi: Ef ríkisstjórnin telur að efnahagslífið þoli það sem fylgir skattalækkun upp á þá fjárhæð er algjör óþarfi að draga saman vegafé um 2 milljarða kr. Menn gætu þá dregið úr skattalækkuninni þannig að hún yrði bara 4 milljarðar kr. en haldið vegaframkvæmdum óbreyttum. Á næsta ári er gert ráð fyrir að lækka skatta um sem svarar 16 milljörðum kr. Það segir ríkisstjórnin í öðru orðinu að sé allt í lagi, efnahagsástandið þoli það, en í hinu orðinu segir ríkisstjórnin: Það þarf að draga úr vegaframkvæmdum um 2 milljarða kr. Ég er ekki sammála því. Þessi röksemdafærsla ríkisstjórnarinnar gengur ekki upp. Það er einfaldara að leysa málin með því að hafa skattalækkunina minni og hætta við lækkun á fé til vegaframkvæmda.

Í þessu felst einfaldlega sú afstaða að meiri þörf sé á því að halda áfram samkvæmt þeirri áætlun sem við gengum frá fyrir kosningar 2003 og sögðum kjósendum okkar að við ætluðum að fylgja á næsta kjörtímabili ef ríkisstjórnin fengi fylgi til þess. Ég tel meiri þörf á því að standa við þau áform en að ráðast í risavaxnar skattalækkanir á þeim tíma sem þenslan er hvað mest, sem allir erlendir sérfræðingar mæla gegn að ráðist verði í á meðan þenslan stendur. Það segja bæði sérfræðingar OECD og sérfræðingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Í öðru lagi er fjárhæðin svo lítil í efnahagslegum stærðum að hún skiptir engu máli. Tveir milljarðar af 950 milljarða kr. þjóðarframleiðslu skipta engu máli, en upphæðin er stór í framkvæmdafé ríkissjóðs, sem er áætlað að verði um 16 milljarðar til vegamála, sjúkrahúsmála og annarra mála á þessu ári. Það munar um það.

Í þriðja lagi bendi ég á að ríkisstjórnin telur, á sama tíma og hún telur nauðsyn á að skera niður vegafé um þessa fjárhæð, rétt að ráðast í nýjar virkjanaframkvæmdir á Austurlandi, aðrar en Kárahnjúka, þ.e. á Lagarfossvirkjun, framkvæmdir upp á 2,8 milljarða kr. Leyfisbréf fyrir þeirri framkvæmd var afhent í febrúar síðastliðnum. Áætlaðar eru um 800 millj. kr. í þá framkvæmd á þessu ári, á annan milljarð á næsta ári. Ég spyr: Er verið að skera niður vegafé á þessu ári, ekki bara vegna Kárahnjúkavirkjunar heldur líka vegna Lagarfossvirkjunar? Hvað á það að þýða, virðulegi forseti, að segja við þingheim að draga þurfi saman í framkvæmdum ríkissjóðs vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun en ráðast á sama tíma í aðrar virkjanaframkvæmdir? Ég ætla ekki að leggjast gegn þeim í sjálfu sér vegna þess að ég held að Lagarfossvirkjun og stækkun hennar sé út af fyrir sig þarft mál. Það er hins vegar önnur saga.

Auk þessa vil ég benda á, virðulegi forseti, að samgönguáætlun sem er í gildi fyrir árin 2003–2006 var afgreidd þannig að bætt var inn í hana á síðustu stigum málsins, fyrir kosningar 2003, 4,6 milljörðum kr. Með það fórum við af stað til að hitta kjósendur. Þetta samsvarar um 5 milljörðum kr. á núgildandi verðlagi. Á fyrsta árinu voru framkvæmdirnar samkvæmt því sem áætlunin sagði til um en síðan var skorið niður 2004 og 2005 og til stendur að skera niður framkvæmdir á árinu 2006. Þegar dæmið er gert upp á þessu fjögurra ára tímabili er niðurskurðurinn 2,5 milljarðar kr., þ.e. við skerum niður alla viðbótina árin 2003 og 2004, og meira til. Það höfum við ekki samþykkt, virðulegi forseti. Það hefur aldrei verið tala um að það ætti að skera niður vegaframkvæmdir, heldur fresta þeim. Ég vil halda þessu til haga, virðulegi forseti.

Ef við skoðum söguna síðustu ár þá var fyrir kosningar 1999 ákveðið í ríkisstjórn að bæta við 500 millj. kr. til vegaframkvæmda. Það fé var nýtt til framkvæmda. Árið 2000 var farið að skera niður. Þá var frestað, eins og það hét, 585 millj. kr. Árið 2001 var 700 millj. kr. frestað, árið 2002 1.660 millj. kr. Árið 2003 og var bætt við 3 milljörðum kr. en svo var draumurinn búinn, 2004 er skorið niður um 1.800 millj. kr. og árið 2005 er skorið niður um 1.900 millj. kr., 2006 á að skera niður um 2 milljarða kr. Svo er okkur sagt: Við skulum gera þetta allt árin 2007 og 2008. Þótt ég leggi mig allan fram, virðulegi forseti, er ég alls ekki viss um að mér takist að sannfæra einn einasta kjósanda stjórnarflokkanna í mínu kjördæmi um að rétt sé að treysta þessum orðum. Ég er mjög efins um að ég fái nokkurn kjósanda okkar til að trúa því að menn muni standa við það eftir kosningar að gera það sem þeir segja núna að þeir ætli að gera eftir kosningar.

Það gengur ekki í þessum vegamálum, virðulegi forseti, að lofa stöðugt einhverju fyrir kosningar og skera það svo niður eftir kosningar. Ég beini því til ríkisstjórnarinnar að hún hætti þessum skollaleik. Það er ekki á okkur stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar leggjandi að standa undir því að verja ríkisstjórnina og útskýra þær gjörðir. Menn verða einfaldlega að standa við það sem þeir segja og hafa þrek til að bera málið til enda, út kjörtímabilið, það sem þeir ákveða

að gera fyrir kosningar. Annað gengur ekki, virðulegi forseti.

[15:23]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur tekið á sig þá mynd sem ég held að búast hafði mátt við, þ.e. að við ræðum í hreinskilni hvernig ríkisstjórnin hefur lagt upp áherslur sínar í vegamálum og hvernig hún hefur síðan breytt þeim eftir kosningar, skorið niður framkvæmdir í einhverjum þeim alnauðsynlegasta þætti sem ríkið þarf að sinna, ákveðið að skera niður í kjördæmum þar sem sáralítið annað er um að vera.

Norðvesturkjördæmið nýtur að vísu framkvæmda í suðurhluta þess, þ.e. í Hvalfirði, en að öðru leyti vantar mikið á að nóg sé um að vera í Norðvesturkjördæminu. Ég minni sérstaklega á norðvesturhorn landsins í því sambandi.

Við umræður um fjárlög á síðasta hausti tók ég þessa umræðu sérstaklega við hæstv. samgönguráðherra, um það hvort menn ætluðu virkilega að standa að málum eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lýsti áðan, að fara aftur og aftur í þennan niðurskurð, gefa hástemmd loforð fyrir kosningar um að gera skuli átak í kjördæmunum með malarvegina, kjördæmunum þar sem vegirnir þola ekki einu sinni flutningana. Síðan skuli gripið til þess ráðs eftir kosningar að byrja niðurskurðinn enn og aftur.

Það er rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan og vitnaði til, að það er hægt að lesa beint upp úr þessari tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun til fjögurra ára sem við erum að skoða og sjá að niðurskurðurinn hefur verið nákvæmlega sá sem hann nefndi, 1.822 millj. kr. á árinu 2004, 1.900 millj. kr. á þessu ári og stefnt í 2.000 millj. kr. á næsta ári. Þessar tölur eru í þessari samgönguáætlun, því miður. Síðan er okkur sagt að gengið verði í verkin á árinu 2007. Það er sem sagt búið að hanna kosningaloforðið, hæstv. samgönguráðherra. Er líka búið að hanna svikin á árinu 2008 og 2009 ef svo óheppilega skyldi vilja til að þið yrðuð áfram við völd?

Það er ekki hægt að una því að málin séu með þessum hætti. Ég tel mikla þörf á því í okkar kjördæmi, Norðvesturkjördæmi, að gera átak í vegamálum. Það hafa verið að koma til okkar forustumenn úr sveitarstjórnum á undanförnum vikum, missirum og dögum. Þeir hafa lagt sérstaka áherslu á vegakerfið í fjórðungnum, m.a. á Vestfjörðum, Strandaveg o.s.frv. Það hafa vissulega komið ábendingar frá öðrum hlutum kjördæmisins líka þótt þær séu mest áberandi á Vestfjörðum, eðlilega. Þar eru gömlu malarvegirnir. Eðlilega koma kvartanirnar mest þaðan. Þar eru samgönguþröskuldarnir. Þar gengur jafnvel vetrarumferðin bara alls ekki.

Við hljótum því, hæstv. forseti, að tala um það í fúlustu alvöru að við getum ekki unað þeirri stefnumörkun sem hér er lagt upp með. Það verður að taka öðruvísi á þessum málum. Það verður að leggja meira fé í vegakerfið sem er núna nánast að sligast undan þeim flutningum sem á því hafa lent.

Ég kenni ekki beinlínis stjórnvöldum um hvernig flutningar hafa aukið álag á vegina. Það eru ýmsar ástæður fyrir því. Mætti m.a. nefna minni skipaflutninga o.s.frv., að strandflutningar hafa að mestu leyti lagst af. En það þýðir einfaldlega að hið óburðuga vegakerfi okkar þolir ekki þá flutninga sem á það er lagt. Við sitjum uppi með þá staðreynd og komumst ekki fram hjá henni. Ég sé ekki að við höfum sérstök ráð til þess að breyta því. Við eigum ekki annan kost en að takast á við vandamálið eins og það liggur fyrir og reyna að sameinast um að leggja meiri fjármuni í þessar framkvæmdir og leggja meiri kraft í að lagfæra vegina.

Í samgönguáætlun sem samþykkt var fyrir árin 2003–2014, sem hæstv. samgönguráðherra vitnaði til í upphafi máls síns, stendur á bls. 46, um vegina, með leyfi forseta:

„Í grunnneti er miðað við að stofnvegir og tengivegir séu byggðir upp með fullu burðarþoli og bundnu slitlagi. Landsvegum í grunnnetinu verði komið í „gott horf" samkvæmt nánari skilgreiningu, en það felur meðal annars í sér að þeir séu með allgóða legu í hæð og fleti og fái bundið slitlag."

Þetta stendur í langtímaáætluninni og við hljótum auðvitað að reyna að vinna að því að uppfylla þetta. Síðan kemur það til sem því miður hefur gerst varðandi það að strandflutningarnir leggjast af að álagið verður miklu meira á vegina en ella væri.

Sá sem hér stendur hefur mikinn áhuga á að við gerum verulegt átak í vegakerfinu. Ég hef verið þeirrar skoðunar að bestu áfangarnir sem við höfum gert í vegakerfinu hér á landi séu annars vegar þveranir á fjörðum þar sem við náum fram verulegum styttingum og hins vegar jarðgöng, og það séu varanlegustu lausnir sem við búum við til næstu 50 ára og miklu lengur.

Ég er t.d. mjög andvígur því að menn hafi baksað við þá leið í Ísafjarðardjúpi að byggja upp og moka upp veginn fyrir Hestfjörð í staðinn fyrir að horfa til þverunar. En það var tekin ákvörðun um það verk og það er langt komið og verður ekki aftur snúið frá því. Sama má segja um Klettháls sinn þegar við fórum yfir hann í staðinn fyrir að fara í gegnum hann, svo einhver dæmi séu tekin.

Hæstv. forseti. Fyrri ræðutími minn er liðinn en ég held að full ástæða sé til þess að ég komi aftur í ræðustól.

[15:31]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér samgönguáætlun til næstu fjögurra ára. Auðvitað fagna ég því mikla fjármagni sem verið er að setja í þennan málaflokk en ég er náttúrlega ekki sammála því hvernig þeim fjármunum er skipt og ef einhver er að tala um misskiptingu fjármuna þá á hún sér stað í þessari áætlun.

Í þessum skamma ræðutíma í fyrri ræðu minni ætla ég rétt að drepa á nokkur atriði. Í fyrsta lagi vekur það athygli varðandi flugmálaáætlun að verið er að eyða um 200 milljónum í lengingu á Þingeyrarflugvelli. Þetta er varaflugvöllur fyrir Ísafjörð þar sem eru 25–30 lendingar á ári, aðallega út af því að Fokker-vélarnar geta þá verið fulllestaðar, þ.e. með 50 farþega í staðinn fyrir 25 eða 28 eða hvað það er.

Maður spyr: Hverju skilar þessi fjárfesting? Þetta er náttúrlega bara algjör della, virðulegi forseti. Ég er ekki

landsbyggðarþingmaður en ég hefði frekar hugsað um að lengja flugvöllinn á Egilsstöðum þar sem eru mörg sjávarútvegsfyrirtæki og sérstaklega Síldarvinnslan, sem er í miklum útflutningi á ferskum laxi, eða að lengja Akureyrarflugvöll þannig að hægt væri að samnýta þá fyrir fiskvinnslufyrirtækin á Norður- og Austurlandi í staðinn fyrir að þurfa að keyra allt suður til Keflavíkurflugvallar. Það er hægt að lenda á Egilsstöðum með 737-vélar en hagkvæmnin er náttúrlega mest að hafa 757-fragtvélar til að hafa flutninginn enn þá hagkvæmari. Mér finnst þetta afar sérstakt.

Í öðru lagi er siglingaáætlunin, varðandi strandsiglingar og allt það, menn hafa komið inn á þær. Hér er náttúrlega verið að setja töluverða fjármuni í hafnirnar og það hefur gengið á ýmsu í því. Það eru til hafnir í Borgarnesi og á Blönduósi og víðar. Ég tel að sumar fjárfestingar í þessum höfnum og ónefndum höfnum á norðausturhorninu séu afar vafasamar. (**Gripið fram í:** En Kópavogshöfn?) Kópavogshöfn er undanþegin. Kópavogshöfn fékk hér á árum áður, fyrir um 25 árum, 2 milljónir í lendingarbætur, en það er búið að fjárfesta þar í hafnarmannvirkjum fyrir 350 millj. kr. án stuðnings ríkisins.

Maður spyr einnig: Hvers vegna er verið að stækka þessar hafnir og garða endalaust? Nú er það í auknum mæli svo að menn landa í þessum höfnum og skipin stækka en svo minnka þau aftur og hvaðeina. Ég held að þurfi að fara eitthvað yfir þetta.

Þegar kemur að vegáætluninni sem hefur verið mest hér til umræðu stoppar maður við númer eitt, þ.e. tekjurnar. Hvernig eru tekjurnar til komnar, virðulegi forseti? Þar er kannski fyrsta vers þungaskatturinn og þá komum við að misskiptingunni.

Þungaskattur árið 2005 er áætlaður um 2 milljarðar, 3,2 milljarðar og síðan olíugjald af því að þetta breytist á þessu ári. Á næsta ári, 2006, er hann milljarður og 3,3 milljarðar í olíugjald.

Mestu þungaflutningar í landinu fara fram á höfuðborgarsvæðinu. Ef skipta ætti þessum fjármunum með einhverju viti væri það náttúrlega ekki gert svona. Og rétt til að fara yfir þetta, af því að maður hefur svo skamman tíma til þess, tók ég saman að gamni mínu nýframkvæmdir milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins. Á höfuðborgarsvæðinu búa um 65% landsmanna, 35% utan þess. Árið 2005 fara 19% af nýframkvæmdum Vegagerðarinnar til höfuðborgarsvæðisins. Árið 2006, virðulegi forseti, fara 20% þangað. Árið 2007 19% og árið 2008 batnar þetta aðeins þ.e. 23%.

Mér finnst þetta vera — eigum við ekki að segja frekar þetta er misskipting fjármuna sem þingmenn landsbyggðarinnar standa að allir sem einn. Þá eru allir sammála þegar murka á út fjármagnið á þessi svæði. En ég kem að því í seinni ræðu minni hvað við getum gert annað.

En rétt til að fara yfir kjördæmin á þessum fjórum árum. Í Suðurkjördæmi fara 3,4 milljarðar plús brýr og fleira og þar búa 40 þúsund manns. Í Norðvesturkjördæmi, í kjördæmi ráðherrans, fara 6,5 milljarðar plús eitthvað annað og þar búa 30 þúsund manns. Í Norðausturkjördæmi búa 40 þúsund manns eða kannski tæplega það og þangað fara 10 milljarðar með þessari vitlausu framkvæmd, Héðinsfjarðargöngum, innifalinni. Á höfuðborgarsvæðið fara 6,6 milljarðar og þar búa 190 þúsund manns, 170–180 þúsund. (Gripið fram í.)

Það er náttúrlega algjörlega óþolandi. Við erum með sama fjármagn á þessu svæði og í Norðvesturkjördæmi þar sem hver þingmaðurinn á fætur öðrum kemur og grenjar yfir hve litlar framkvæmdir verði þar. Það er náttúrlega alveg hreint með ólíkindum að hlusta á þetta. Það er talað um að við á höfuðborgarsvæðinu eigum sumarbústaði á Suðurlandi og hér og þar, og auðvitað er það rétt. Væntanlega borgum við þar með bensíngjald og þungaskatt og hvað þetta heitir. En þetta er náttúrlega algjörlega útilokað og ég samþykki aldrei þessa skiptingu og mun koma með breytingartillögur við þessa áætlun í seinni umræðu. Þetta er algjör misþyrming á skiptingu skattpeninga.

Loks eru það Héðinsfjarðargöngin sem er ein sú vitlausasta framkvæmd sem ég hef heyrt um í langan tíma. Það er framkvæmd upp á 6–7 milljarða og jafnvel meira. En það er annað sem ég hefði samþykkt þarna og talið rétt og það er að gera göng frá Fljótunum og beint yfir á Siglufjörð þannig að menn þyrftu ekki að keyra Siglufjarðarskriður því að þær eru allar á hreyfingu og gætu farið á haf út einn góðan veðurdag. En að fara þessa leið er alveg ótrúlegt mál. Nýbúið er að byggja veg upp á 1 milljarð frá Norðurvegi og yfir í Fljót að Ketilsstöðum og síðan ætla menn að sleppa því að keyra hann og keyra til Akureyrar til að sækja allt þangað. Maður áttar sig ekki á því hvers vegna t.d. Vinstri grænir samþykkja þetta. Hvað með Héðinsfjörðinn, á hann ekki að fá að vera ósnortinn? Eða hvernig er með þessa grænu-mennsku, er hún horfin þarna og bara vinstrimennskan eftir?

[15:40]

Lára Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hlýtur að vera erfið staða fyrir hæstv. samgönguráðherra að fá hvern samflokksmann sinn á fætur öðrum hér upp til að gagnrýna störf hans og verður að viðurkennast að fyrir mér, sem er ekki alvön hér, er það dálítið óvenjuleg staða.

Varðandi útreikninga miðað við höfðatölu, sem ég hef alltaf gaman af en eins og bent hefur verið á er Esjan hæsta fjall landsins miðað við höfðatölu, þá er það einfaldlega svo að kílómetrar í vegum í kjördæmunum eru ekki hinir sömu. Það er ákveðinn endir á því hvað hægt er að bauka við 115 km í Reykjavíkurkjördæmunum miðað við hvað er hægt að fást við 5.100 km í Norðvesturkjördæmi, svo ég beri smáblak af samgönguráðherranum fyrst hans eigin menn ætla ekki að gera það hér.

Það er dálítið sérstakt að fást við það að það sé ómögulegt að byggja hafnir og vita ekkert af hverju, og ómögulegt að gera þetta og hitt án þess að vita kannski nákvæmlega hvað það er, þegar það er auðvitað alveg ljóst að það þarf fjármagn í ákveðnar vegaframkvæmdir á Reykjavíkursvæðinu eða höfuðborgarsvæðinu til að tryggja ákveðið öryggi. Ég tel mikilvægara að einbeita sér að því en að sletta úr klaufunum út um allt land við hæstv. ráðherra. Ég minni á að það þarf líka að huga að hversu langir vegirnir eru, hvar þeir liggja, og vegir úti á landi eru ekki bara fyrir fólk úti á landi. Þeir eru líka fyrir ferðamenn eins og komið hefur fram hér í ágætri áætlun um ferðamenn. Það ætti að huga að

því að vegir eru ekki bara fyrir þá sem eiga heima við endann á þeim.

[15:42]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er nú ekki það ósanngjarn að ætlast til að höfuðborgarsvæðið fái fjármagn í samræmi við fjölda íbúa en a.m.k. að hlutfallið verði lagað. Auðvitað eru þessir vegir okkar allra í landinu og ég sem gamall landsbyggðarmaður er mikill fylgismaður þess að samgöngur eru einn af grunnþáttunum í því að byggð haldist í landinu. Það er ljóst. En að hafa þetta þannig að klippa höfuðborgarsvæðið nánast út er óásættanlegt.

Það er annað sem ekki hefur komið fram og það eru götur á höfuðborgarsvæðinu í eigu sveitarfélaganna þar sem gífurlega mikil umferð fer um og af þeim safnast tekjur í vegasjóð sem bæjarfélögin fá ekki neitt af, þ.e. part af þungaskatti eða bensíngjaldi eða einu eða neinu, og hefur ekki fengist rætt við ríkisvaldið. Þetta er því enn þá ósanngjarnara ef maður lítur á þetta út frá því sjónarhorni.

Verið er að tala um lengd veganna. Það er auðvitað ekki hægt að bera slíkt saman, að bera saman vegi úti á landi, marga hverja, sem eru kannski 6 metra vegir og vegi hér með fjórar og upp í sex akreinar með mislægum gatnamótum og öðru slíku.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að það væru tæplega 200 þúsund bílar í landinu og ég hugsa að það sé rétt. Ætli 150 þúsund þeirra séu ekki á höfuðborgarsvæðinu? Þeir borga náttúrlega mestu tekjurnar inn í ríkissjóð til þess að vegaframkvæmdir og viðhald geti átt sér stað.

Þingmenn landsbyggðarinnar verða að vera sanngjarnir í þessum málum. Ég get alveg sagt að við þingmennirnir á höfuðborgarsvæðinu, alla vega geri ég það ekki, látum ekki bjóða okkur slíka misskiptingu á fjármunum eins og lagt er til í þessari samgönguáætlun.

[15:44]

Lára Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna slíkum málflutningi þegar farið er að horfa á hvar þarf að bæta úr á höfuðborgarsvæðinu. Það er auðvitað rétti málflutningurinn. Ég vil minna á það sem kom fram í ræðu hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar að minni hlutinn af kökunni eru samgöngumál, minni hlutinn af kökunni fer í þau mál og þar af leiðandi er vandi höfuðborgarsvæðisins þessi. Menn eiga að einbeita sér að því sem málið snýst um í staðinn fyrir að finna að einhverju allt öðru, bæði sínum eigin ráðherra og landsbyggðarmönnum, og að fárast yfir því eitthvað þegar orsökin er gersamlega augljós. Auðvitað þarf samgöngubætur á höfuðborgarsvæðinu. Þær á hv. þingmaður auðvitað að sækja, virðulegi forseti, en hann á að sækja þær á réttan stað.

[15:45]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér talaði þingmaður landsbyggðarinnar sem telur náttúrlega eðlilegt að þeir haldi öllu sínu og allur niðurskurður bitni á höfuðborgarsvæðinu. Þannig er réttlæti þingmanna landsbyggðarinnar. Þeir segja að það sé náttúrlega hvergi lifandi á landsbyggðinni ef þetta og hitt er ekki tekið.

Ef við tökum Norðvesturkjördæmi er verið að gera þar ágætismál, klára Djúpið og Mjóafjörð og fara síðan í Arnkötludal og taka Svínadal þannig að menn geti keyrt á Ísafjörð á fimm tímum. Ég fagna því. Á sama tíma er verið að taka Barðaströnd upp á einhverja 2–3 milljarða og reka þar ferju á sama tíma. Mér finnst ekki vit í þessu fyrir nokkurn hlut og ég segi enn og aftur: Þetta er misskipting og misþyrming á skattfé borgara, alla vega þessa svæðis.

[15:46]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega löngu vitað og almenn samstaða um að það þyrftu að vera miklu meiri peningar til vegamála. Við erum alveg sambærileg í öllum hlutum, Íslendingar, við þær þjóðir heims sem hafa það hvað best á öllum sviðum, nema kannski í samgöngum á landi. Þetta eru staðreyndir sem ég held að menn séu á einu máli um.

Ég get vel skilið að menn komi og segi að það vanti meiri peninga. Ég er nefnilega alveg nákvæmlega sammála, það vantar mun meiri peninga og það væri nær að menn sameinuðust um að reyna að koma með meiri peninga í þetta.

Hv. þm., dr. Gunnar Birgisson, er eins og allir vita sá sem kann mest um vegi á þinginu. Hann kom og gerði athugasemdir við skiptinguna á fénu. Hann boðaði líka að hann ætlaði við 2. umr. að flytja breytingartillögu. Því kem ég og spyr til að vita þetta alveg hreint: Ætlar hv. þingmaður að koma með breytingartillögu um að minnka framlög til vegamála í Norðvesturkjördæmi og auka þau annars staðar? Á ég von á slíkri tillögu? Ég þyrfti að fá að vita það vegna þess að Norðvesturkjördæmið er sá hluti landsins þar sem samgöngur eru skemmst á veg komnar. Norðvesturkjördæmið er það kjördæmi þar sem byggðin stendur hvað veikast að vígi. Allir eru sammála um að fátt gæti orðið betra fyrir einmitt svæðið í heild og byggð þar en að efla þar samgöngur.

Því er nauðsynlegt, herra forseti, að fá hrein og skýr svör frá hv. þingmanni.

[15:48]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun flytja breytingartillögu m.a. um að skera niður framkvæmdir í Norðvesturkjördæmi. Samkvæmt áætluninni veit ég ekki um marga metra af vegum sem eru ólagðir á Snæfellsnesi. Ég veit ekki hvort það eru nokkrir kílómetrar uppi á Fróðárheiði. Síðan er búið að teppaleggja allan Borgarfjörð og samkvæmt áætluninni verður það. Eina sem vantar er malbikaður vegur upp á Langjökul. Það verður næsta krafa.

Það er náttúrlega hægt að fresta einni framkvæmd eða flauta hana út af og það eru Héðinsfjarðargöng og láta alla vega þá fjármuni ganga til höfuðborgarvæðisins. Það væri mesta vitið í málinu að gera það.

Ég er sammála hv. þingmanni, ef hann talar bara um Vestfirði, að samgöngur hafa ekki verið góðar þar en þær hafa mjög lagast. Nú þegar Mjóifjörður er kominn verður Djúpvegur kominn allur niður á láglendi og þá er næst Arn-

kötludalur sem er á áætluninni og allt mjög gott með það. Síðan verður Svínadalur tekinn þannig að það er hægt að keyra Ísafjörð án þess að þurfa að fara yfir nokkra klif eða heiði eða annað slíkt og verður náttúrlega allt annað.

Ég er að gagnrýna t.d. suðurhluta Vestfjarða þar sem eru afar fáir íbúar og eins og ég hef sagt endar það með því að þegar búið er að taka Barðaströndina verði boruð göng á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og síðan geta menn keyrt hringinn á Vestfjörðum glaðir og kátir.

Ég vil, hæstv. forseti, svara virðulegum hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni þannig að eðlilega mun ég leggja til að fjármagn til framkvæmda á landsbyggðinni verði minnkað og aukið á höfuðborgarsvæðinu.

[15:50]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður boðar mikil ótíðindi og hin verstu mál. Nær væri að hv. þingmaður stæði með fleiri félögum sínum í að vinna að því sem þarf að vinna að, að auka framlög til vegamála og það er alveg hægt. Við ákváðum að fresta um 1.900 millj. kr. framkvæmdum árið 2005. Það liggur alveg fyrir að sú frestun hefur ekkert gildi efnahagslega. Það er búið að semja um þær launabreytingar að það kemur enginn í veg fyrir að það verði hér þensla. Það er búið að taka þær ákvarðanir sem valda því að 1.900 millj. samdráttur í vegamálum hefur engin áhrif á verðlagsmál á Íslandi. Því eiga menn að viðurkenna staðreyndir og ég skora á hv. þm. Gunnar Birgisson að koma í lið með mér og við stöndum saman, vinirnir og félagarnir, í að fá þessu hrundið, horfumst í augu við staðreyndirnar, tökum mark á því sem er, stöndum fyrir því að auka (Forseti hringir.) framlög til vegamála á árinu 2005.

[15:51]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála því og mun fara í lið með félaga mínum, hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, að auka fé til vegamála. Við reyndum svo sem að gera það áður en áætlunin var lögð fram.

Ég er líka sammála hv. þingmanni um að þetta hefur hverfandi áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar, 1 eða 2 milljarðar í vegamálum. Það er eitthvað annað sem hefur þar úrslitaáhrif eins og t.d. allt það gífurlega fjármagn sem búið er að fá að láni erlendis, bæði íbúðalánasjóður og bankarnir, og sprauta í íbúðabyggingar og húsbyggingar og setja verðlagsmál og efnahagsmál landsins í gífurlegt uppnám. Ég held að menn verði að hugsa um það fyrst. En auðvitað er ég sammála því að auka megi fjármagn til vegagerðar, ég verð fyrstur manna til að viðurkenna það.

[15:52]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil beina þeirri spurningu til hv. þm. Gunnars Birgissonar sem hefur verið iðinn við að hjálpa okkur að komast upp úr drullunni á Vestfjörðum og ég þakka honum kærlega fyrir það sem hann hefur lagt af mörkum þar, m.a. í bættum vegaframkvæmdum. En ég vil spyrja hv. þingmann að því hvort hann geti ekki tekið undir þau sjónarmið okkar í Norðvesturkjördæmi að það sé ekki við það búandi að við séum enn þá að reyna að komast eftir gömlu malarvegunum með allan þann flutning sem okkur er ætlað að flytja eftir vegakerfinu og með hvaða rökum hann geti lagt til að dregið verði úr framkvæmdum þar sem vegakerfið er með þeim hætti sem ég nefndi og hann hefur auðvitað langa reynslu af og hefur séð.

[15:53]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg laukrétt að þungaflutningar hafa aukist gífurlega eftir að skipafélögin ákváðu að leggja strandsiglingar um landið af og sumir vegir frá höfuðborgarsvæðinu og til Vestfjarðasvæðisins eru afar lélegir. Það er náttúrlega vel gert við Vestfirðinga að mörgu leyti, Baldur gengur yfir Breiðafjörðinn og kemur upp að Brjánslæk og styttir náttúrlega verulega til Suðurfjarðanna, það er búið að gera mikið af vegum þar sem er af hinu góða. Ef vegáætlunin fær að halda sér verður síðan eftir fjögur, fimm ár kominn vegur með slitlagi allar götur frá höfuðborginni og til Ísafjarðar þannig að það er stutt í þetta.

Ég er alveg sammála því að það er alveg óþolandi að keyra mikið af gömlum malarvegum með þungaflutninga. Það er sem betur fer ekki mikið af þeim. Ef maður fer frá Ísafirði er framkvæmdum í Skötufirði og Hestfirði að ljúka og síðan kemur Mjóifjörður í beinu framhaldi. Þar á eftir kemur Arnkötludalur og þá er hægt að keyra beina leið suður í Hólmavík og Arnkötludal og yfir í Gilsfjörð. Síðan þarf náttúrlega að taka Svínadalinn sem er ekki gífurlega kostnaðarsöm framkvæmd. Það er búið að taka Bröttubrekku og þarf að breikka kannski vegi eitthvað í Dölunum, en það er ekki langt í þetta.

[15:55]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í samgönguáætluninni kemur eftirfarandi fram um verkefni á höfuðborgarsvæðinu, orðrétt, með leyfi forseta:

„Á þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust. Þörf fyrir úrbætur hefur vaxið ört á undanförnum árum og ýmsar kostnaðarsamar aðgerðir eru aðkallandi. Á þessu svæði er einnig unnt að fækka umferðarslysum mest."

Nú hefði maður ætlað að tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008 tæki mið af því en svo er alls ekki. Af rúmlega 31 milljarði sem verja á til vegamála og vegaframkvæmda á þessu tímabili fara einungis liðlega 6,8 milljarðar til höfuðborgarsvæðisins eða 21,9% af heildarfjármagninu. Þó er það svo að 2/3 íbúanna búa á þessu svæði en 1/3 íbúanna á landsbyggðinni.

Ég hef haft góðan skilning á því á umliðnum árum hve mikil þörf er á samgöngubótum á landsbyggðinni og samþykkt að verulegur hluti af vegafé renni til samgöngubóta á landsbyggðinni á kostnað vegaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Skiptingin hefur reyndar verið þannig sl. tíu ár að um 80% af ráðstöfunarfé til nýframkvæmda hefur gengið til landsbyggðarinnar en höfuðborgarsvæðið hefur fengið um 20% í sinn hlut. Það hefur því hallað verulega á höfuðborgarsvæðið og kominn tími til að breyting verði á. Við þingmenn höfuðborgarsvæðisins, sem höfum haft mikinn skiln-

ing á vegaframkvæmdum á landsbyggðinni, hljótum að ætlast til þess líka að sá skilningur sé gagnkvæmur og að höfuðborgarsvæðið fái eðlilegt fjármagn til að mæta vaxandi umferðarþunga á vegakerfinu á höfuðborgarsvæðinu og ekki síst í Reykjavík.

Skiptingin eins og hún liggur fyrir í vegáætluninni fram til 2008 er fullkomlega óeðlileg og gróf móðgun við höfuðborgarbúa og reyndar, virðulegi forseti, ógn við umferðaröryggi ef hlutur höfuðborgarsvæðisins verður ekki bættur. Ég hvet hæstv. samgönguráðherra og samgöngunefnd til að gæta sanngirni í málinu og rétta hlut höfuðborgarsvæðisins.

Bættar samgöngur á landsbyggðinni og það hve mikill hluti af vegafé hefur runnið þangað á umliðnum árum, sem ég hef stutt, hefur skilað sér í greiðari vegasamgöngum milli landsbyggðar og höfuðborgarinnar. Það hefur einmitt átt þátt í því hve umferðarþunginn á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist á umliðnum missirum og árum. Auðvitað er það því líka í þágu allra landsmanna að bæta samgöngurnar á höfuðborgarsvæðinu.

Það verður líka að horfa á málin út frá fleiri þáttum en kjördæmasjónarmiðum og hljóta umferðaröryggissjónarmið að vega þar þyngst. Umferðarþunginn á höfuðborgarsvæðinu hefur leitt til síaukinnar slysahættu því að gatnakerfið annar engan veginn umferðarþunganum á helstu álagstímum. Arðsemi vegaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu er líka yfirleitt mjög mikil og skilar sér í miklu færri tjónum og slysum.

Frú forseti. Það er full ástæða til að átelja það harðlega að ekki skuli vera gert ráð fyrir fjármagni til framkvæmda við Sundabrautina sem er ekki aðeins mikilvæg samgöngubót fyrir höfuðborgarbúa heldur landsbyggðarfólk einnig. Hæstv. samgönguráðherra skuldar okkur skýringu á því hvernig hann ætlar að fjármagna Sundabrautina og hvenær framkvæmdir geti hafist við hana og eftir því kalla ég. Að óbreyttu gæti svo farið að ekki verði hægt að ráðast í framkvæmdir fyrr en á árinu 2009 því ekki er gert ráð fyrir neinu framkvæmdafé.

Það er ekki rétt sem fram kom í framsöguræðu hæstv. samgönguráðherra að margra ára vinna sé eftir til þess að hægt sé að fara í framkvæmdir. Umhverfismat á að liggja fyrir á næstu dögum og eftir að umhverfismat liggur fyrir mun fást niðurstaða um legu brautarinnar. Því hefur borgarstjóri lýst yfir. Eftir það er því ekkert til fyrirstöðu að ráðast í hönnunarvinnuna sem tekur væntanlega tvö ár. Því væri hægt að hefja framkvæmdir á árinu 2007, virðulegi forseti, ef fjármagn væri fyrir hendi. Það er meira að segja álitið mjög knappt að það fjármagn sem gert er ráð fyrir í undirbúningsvinnuna í þessari áætlun dugi í hönnunina og þá er eftir annar undirbúningskostnaður svo sem uppkaup lóða og mannvirkja. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann mér ekki sammála um að þetta fjármagn sem ætlað er nú í samgönguáætlun muni ekki duga fyrir undirbúningsvinnuna þegar tekin eru með uppkaup lóða og mannvirkja?

Í bréfi borgarstjóra til þingmanna Reykjavíkur er m.a. líka bent á að stofnun hins nýja samlags Faxaflóahafna kalli á þá miklu samgöngubót sem Sundabrautin er, m.a. vegna þess að sameining hafnanna hefur aukið þörfina á greiðum samgöngum milli Reykjavíkur og norðurstrandar Hvalfjarðar. Í öðru lagi er nefnt landið á Geldinganesi en uppbygging þar krefst bættra samgangna yfir Kleppsvíkina.

Borgarstjóri hefur lýst því eðlilega viðhorfi að ekki komi til greina að borgarbúar þurfi að greiða fyrir notkun á samgöngumannvirkjum innan hinnar samfelldu byggðar í borginni og munu borgaryfirvöld beita sér eindregið gegn gjaldtöku. Ég tek, virðulegi forseti, að sjálfsögðu heils hugar undir það og spyr um afstöðu hæstv. ráðherra til þess hvort ekki megi treysta því að ekki verði um að ræða gjaldtöku vegna Sundabrautarinnar, en það er fullkomlega óeðlilegt að taka gjald fyrir samgöngubót innan eins sveitarfélags. Ég spyr ráðherra um það og óska eftir því að hann svari því við þessa umræðu hver afstaða hans sé til þessa.

Varðandi Mýrargötuna þá liggur nú fyrir rammaskipulag nýrrar byggðar atvinnu- og íbúðarhúsnæðis á þessu svæði. Þessi samgöngubót skiptir verulegu máli fyrir atvinnuuppbygginguna á þessu svæði. Borgarstjóri hefur bent á að talsverðir þungaflutningar verði áfram um svæði sem gerir kröfu til þess að Mýrargatan verði lögð í stokk á um 360 metra kafla. Áætlaður framkvæmdakostnaður er 850 millj. kr. og framkvæmdatími er um tvö til þrjú ár. Í samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir neinu fjármagni til þessara framkvæmda. Frú forseti. Ég spyr: Hvers vegna? Ég spyr hæstv. samgönguráðherra: Hvers vegna er ekki gert ráð fyrir fjármagni til þessara framkvæmda þó fyrir liggi að hægt sé að ráðast í þessar framkvæmdir á árinu 2007?

Mikilvægast af öllu er að fá fram hjá hæstv. ráðherra hvort ekki sé hægt að ná sátt um það meðan þessi samgönguáætlun liggur fyrir þinginu að framkvæmdafé verði tímasett til Sundabrautarinnar þannig að hægt verði að ráðast í hana þegar hönnunarvinnunni lýkur á árinu 2007 og að fyrir liggi afstaða ráðherra til þess að ekki verði farið í þessa framkvæmd með því hugarfari og á þann hátt að um verði að ræða gjaldtöku á þessari framkvæmd, þ.e. Sundabrautinni sem er innan borgarmarkanna. Það væri mjög óeðlilegt og yrði aldrei liðið af okkur Reykvíkingum.

Ástæða er til þess, virðulegi forseti, að fagna því sem fram kemur í þessari umferðaröryggisáætlun sem sett er fram fyrir næstu fjögur árin um að mótuð sé framkvæmdaáætlun í þessu efni. Brýnast er að eyða hinum svokölluðu svartblettum og að gerð verði úttekt á slysastöðum um land allt og sett fram áætlun til að bæta aðstæður og merkingar þar sem slys eru tíð. Við erum þegar að sjá árangur í umferðaröryggismálum og það á að vera okkur hvatning til þess að halda áfram á þeirri braut. Því er ástæða til þess að fagna því að skipulega sé farið í þessi mál með þeirri umferðaröryggisáætlun sem fram kemur í samgönguáætlun sem við fjöllum nú um.

[16:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki er unnt á þeim stutta tíma sem er til ráðstöfunar að svara þeim spurningum sem hv. þingmaður bar upp. En ég vil vekja athygli á einu atriði vegna þess hversu sterkt hv. þingmaður tók til orða. Alvarlegustu slysin í umferðinni á Íslandi verða á þjóðvegum landsins þar sem ökuhraðinn er mikill og ekki síst þess vegna — og það ættu hv. þingmenn Reykjavíkurkjördæmanna beggja að skynja og skilja — einmitt þess vegna, vegna þess að umferðin um þjóðvegi landsins er mikil og þar verða alvarleg-

ustu slysin, leggjum við svo mikla fjármuni í uppbyggingu vegakerfisins úti á landi. Hv. þingmenn Reykjavíkur verða að fara að átta sig á því, ekki síst vegna þess að íbúar höfuðborgarinnar eru á ferðinni um landið. Það er afar mikilvægt að þingmenn átti sig á þessum staðreyndum. Við erum að gera hér áætlun um að auka öryggi á þjóðvegum landsins. Það er ekki eingöngu verið að bæta vegakerfið fyrir íbúa tiltekins svæðis. Fjöldinn allur af erlendum ferðamönnum fer um landið. Fjöldinn allur af íbúum höfuðborgarsvæðisins fer um landið og á það á hættu að lenda í umferðarslysum vegna þess hversu vegakerfið er bágborið. Þess vegna leggjum við áherslu á uppbyggingu vegakerfisins. (Gripið fram í.)

[16:06]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er auðvitað ekki með mínum orðum að gera lítið úr alvarleika umferðarslysa úti á landsbyggðinni. Þar hafa orðið mjög mörg og alvarleg slys. Ég var bara að vitna í skýrslu hæstv. ráðherra sjálfs, samgönguáætlunina, þar sem segir, og er þá verið að vitna til höfuðborgarsvæðisins, með leyfi forseta:

„Á þessu svæði er þjóðvegaumferð langmest og slys tíðust."

Þar segir líka að á þessu svæði sé unnt að fækka umferðarslysum mest. Ég var einungis að vitna í skýrslu hæstv. ráðherra og hæstv. ráðherra getur varla mótmælt því hvað umferðarþunginn hefur aukist mikið á umliðnum árum á þessu svæði, m.a. vegna þeirra ástæðna sem ég hér nefndi.

Mér fannst mjög sérstakt, virðulegi forseti, úr því að ráðherra kom hér í andsvar sem ég þakka auðvitað fyrir, að hæstv. ráðherra sæi ekki neina ástæðu til þess að svara þeim spurningum sem ég beindi til hans um Sundabrautina meðal annars. Það er mjög mikilvægt að fá fram hjá hæstv. ráðherra hvað hann hugsar sér varðandi framkvæmdafé í Sundabrautina. Hönnunarfé er af skornum skammti sem ekki mun einu sinni duga. Miðað við öll áform — og umhverfismat mun liggja fyrir fljótlega — verður hægt að ráðast hér í framkvæmdir á árinu 2007 og það kallar á framkvæmdafé í þessari áætlun. Ef það verður ekki þá blasir við að ekki verður hægt að hefja framkvæmdir fyrr en árið 2009 sem er alls óásættanlegt.

Ég spyr hvað hæstv. ráðherra sé að hugsa um einkaframkvæmd sem ég hef séð haft eftir honum. Er ráðherrann að íhuga gjaldtöku með einhverjum hætti? Um það hef ég spurt hér, hæstv. forseti, og það er mikilvægt að fá það fram hér í þessari umræðu? Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji það ekki sanngjarna ósk af hálfu okkar þingmanna Reykvíkinga að ráðherrann beiti sér fyrir því að sett verði fram tímaáætlun um það hvernig fjármagn komi inn í þessa framkvæmd að því er Sundabrautina varðar. Mér finnst það lágmarkskrafa. Við þingmenn Reykvíkinga höfum verið þolinmóðir (Forseti hringir.) gagnvart landsbyggðinni. En við óskum líka eftir sanngirni, virðulegi forseti, af hálfu samgönguráðherra í þessu máli.

[16:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem ég sagði áðan var af því gefna tilefni að hv. þingmaður sagði að skiptingin á milli kjördæma væri stórmóðgun við íbúa höfuðborgarsvæðisins. Ég tel að það geti ekki verið stórmóðgun að leggja upp áætlanir um endurbætur á vegakerfinu, endurbætur á þeim hluta vegakerfisins þar sem hætturnar eru mestar. Umferðaröryggisaðgerðirnar eru aðalatriði þessarar samgönguáætlunar.

Ég vænti þess að hv. þingmenn, allir sem einn, séu tilbúnir til þess að taka á til þess að auka umferðaröryggi á þjóðvegum landsins. Mörg umferðarslys verða á höfuðborgarsvæðinu. En alvarlegustu slysin verða á þjóðvegum landsins og þar er endurbóta þörf.

Það er viðurkennt, held ég, af öllum sem fylgjast vel með uppbyggingu samgöngukerfisins og þeim sem fylgjast með umferðarmálum að þrátt fyrir að okkur finnist stundum vera biðraðir á höfuðborgarsvæðinu þá er það nú þannig að ástandið í umferðarmálum á höfuðborgarsvæðinu er með því allra besta sem þekkist í nokkurri einustu höfuðborg í Evrópu. Engu að síður viljum við bæta þetta. Þess vegna höfum við verið að byggja mislæg gatnamót í Mjóddinni, við Stekkjarbakkann og breikka Reykjanesbrautina, breikka Vesturlandsveginn vestur í Mosfellsbæ og byggja mislæg gatnamót við Víkurveg o.s.frv. Það hafa því orðið stórstígar framfarir í samgöngukerfinu á höfuðborgarsvæðinu sem betur fer og það hefur dregið úr slysum á höfuðborgarsvæðinu sem betur fer. Það gilda því alveg sömu lögmál, að mínu mati, á höfuðborgarsvæðinu og úti um landið. (Forseti hringir.) Við þurfum að leggja fram fjármuni til þess að bæta umferðaröryggi.

[16:10]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hvernig stendur á því, virðulegi forseti, að í annað sinn sem hæstv. ráðherra kemur upp í ræðustól til þess að veita andsvar við ræðu minni þá kemur hann sér undan því að svara beinum fyrirspurnum sem til hans er beint um Sundabrautina. (Gripið fram í.) Hefur hæstv. ráðherra slæma samvisku að því er (Gripið fram í.) varðar Sundabrautina? Ég er ekki hissa á því þó að hann hafi slæma samvisku út af Sundabrautinni (Gripið fram í.) því að ekkert framkvæmdafé á að leggja til hennar.

Ég bara óska eftir því að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem til hans er beint. Það skiptir miklu máli fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins, ekki síst Reykjavíkur, hvernig með Sundabrautina á að fara. Það liggur fyrir að hún er alveg klár til ákvarðanatöku núna á næstunni og það er hægt að ráðast í hönnunina og byrja framkvæmdir á árinu 2007. Hæstv. ráðherra getur ekki komið sér undan því að svara okkur þingmönnum Reykvíkinga um hvernig þar á að standa að málum.

Hæstv. ráðherra notar tíma sinn til þess að réttlæta það af hverju svo miklu meira vegafé hafi farið til landsbyggðarinnar en höfuðborgarsvæðisins. Ef hæstv. ráðherra hefði hlustað á mál mitt áðan þá kom ég einmitt að því að ég hef sýnt því fullan skilning á þeim árum sem ég hef setið á þingi að það hefur farið verulega meira fjármagn til lands-

byggðarinnar en höfuðborgarsvæðisins og ég hef stutt það. Á síðastliðnum tíu árum erum við að tala um að 80% af nýframkvæmdafé hafi gengið til landsbyggðarinnar en 20% til höfuðborgarsvæðisins. Það sýnir auðvitað að ég hef fullan skilning á því að það þarf að bæta þar samgöngur. En það þýðir ekki að ég samþykki að Reykjavíkurborg og höfuðborgarsvæðið eigi að vera út undan. Við erum að tala um langt árabil þar sem höfuðborgarsvæðið hefur verið út undan og við segjum: Nú er bara nóg komið. Nú er komið að Reykjavík, að auka fé til nýframkvæmda til þess að hægt sé að ráðast í brýnar framkvæmdir. Það stendur í skýrslu ráðherrans sjálfs að hér séu slys tíðust og að unnt sé að fækka umferðarslysum mest á þessu svæði með því að bæta hér samgöngumálin. (Forseti hringir.) Ég krefst þess að hæstv. ráðherra geri það.

[16:12]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með ánægju hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur með þá umferðaröryggisáætlun sem fyrir liggur.

Það er hins vegar mjög dapurt — kem ég þá aftur að borgaryfirvöldum — að enn skuli slegið á frest framkvæmdum við hættulegustu gatnamót í Reykjavík, þ.e. mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Það liggur fyrir að yfir 80 þúsund bílar fara þar um á dag. Árið 2002 urðu þar 92 umferðarslys og 44 slösuðust. Allar götur frá 1994 þegar skipulag mislægra gatnamóta lá fyrir og nýr meiri hluti borgarstjórnar komst að og kastaði því út af skipulaginu enn verið að þvælast með þetta mikla öryggisatriði þéttbýlisfólksins á höfuðborgarsvæðinu. Næsta útspil er að fresta þessum málum næstu sjö árin með því að setja fleiri umferðarljós og breikka aðkomu aðreina að þessum gatnamótum.

Sundabrautina nefndi ég áðan og benti á að ekki væri enn búið að taka ákvörðun um legu brautarinnar. Ég ætla að vitna til bréfs borgarstjóra máli mínu til stuðnings. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Sundabraut. Fljótlega er að vænta úrskurðar umhverfisráðherra vegna kæru á mati á umhverfisáhrifum Sundabrautar."

Síðan er sagt, með leyfi forseta:

„Matið leiddi í ljós að verulegur kostnaðarmunur er á innri leið og þeirri ytri og er vandséð að aðrar niðurstöður umhverfismatsins réttlæti kostnaðaraukann."

Það er búið að standa í ströggli við meiri hluta borgarstjórnar í nokkur ár um innri leið eða ytri leið. Hér er nú bara verið að leiða að því að þau ætli að láta umhverfismatið ráða loksins og loksins er þetta mál að komast í höfn. En það er ekki ákvörðun því að hún hefur ekki verið tekin enn.

Það er gott að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir labbar hér fram hjá því að hún mótmælti því og sagði að það væri búið að taka ákvörðun. (Forseti hringir.) Hér beinlínis í orðum borgarstjóra segir að það sé ekki búið að gera það enn.

[16:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Það er ákaflega merkilegt að hlýða hér á þingmann Reykvíkinga tala og reyna ...

(**Forseti** (ÞBack): Má ég biðja hv. þingmenn um að ...)

Hv. þingmaður segir ekki orð um það að hér er verið að svelta höfuðborgarsvæðið og Reykjavík. Hann fer í sinn gamla frasa að vísa til borgaryfirvalda, segir að þau séu eitthvað vanbúin að taka ákvarðanir o.s.frv. eins og hann gerir alltaf. Það er hans regla. Ég hef aldrei heyrt hv. þingmann, sem er að ég held formaður samgöngunefndar, taka undir það að verulega sé hallað á hlut Reykvíkinga og höfuðborgarsvæðisins að því er varðar nýframkvæmdafé, en það er bara svo.

Varðandi Sundabrautina hefur verið haft eftir borgarstjóra, ég er með það hér fyrir framan mig og það er úr Morgunblaðinu 7. apríl, að borgarstjórn muni taka ákvörðun um legu brautarinnar um leið og umhverfisráðherra hefur úrskurðað um umhverfismat. Það liggur bara fyrir. Borgarstjórinn segir líka að ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt varðandi tengingu við miðborgina viljum við fara svokallaða innri leið sem samgönguráðuneytið hefur lagt áherslu á. (Gripið fram í.)

Það liggur sem sagt fyrir hjá borgarstjóra að það stendur ekki á borgaryfirvöldum, það stendur á fjármagni. Það stendur á fjármagni, frú forseti, og sú er staðreynd málsins. Það á ekki að vera að drekkja þessu í rugli um að það standi eitthvað á Reykjavíkurborg eina ferðina enn. Það liggur fyrir að um leið og við fáum Sundabrautina úr umhverfismati mun borgarstjórn taka ákvörðun um leguna á brautinni og þá er hægt að ráðast í hönnunarframkvæmdir sem væntanlega verður ekki hægt að klára, ef það verður ekki sett meira fé í hönnunina en þessar 350 milljónir sem áætlaðar eru. Það fór ég yfir í ræðu minni áðan.

Það liggur líka fyrir varðandi Miklubraut, það hefur verið fallist á það að ráðast verði í gerð mislægra gatnamóta, það borgi sig að bíða og sjá hvernig breikkun gatnamótanna reynist. Það hefur verið sett (Forseti hringir.) framkvæmdafé í þær endurbætur.

[16:17]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er hérna með bréf frá borgarstjóra sem dagsett er 6. apríl. Mér barst það í hendur 9. apríl. Þar er aðeins talað um að beðið verði eftir mati á umhverfisáhrifum. Það getur vel verið að það sé frétt í Morgunblaðinu, ég veit ekkert hvenær hún er, það eru þá orðin misvísandi skilaboð frá borginni.

Varðandi það að ég sé alltaf í einhverjum föstum frösum, ég kom inn á það sem hv. þingmaður nefndi áðan um öryggismálin. Þetta er stórkostlegt öryggismál, mislæg gatnamót Miklubraut/Kringlumýrarbraut í ljósi þeirrar slysatíðni sem þar er. Það er bara staðreyndin.

Varðandi fjármál og fjármögnun vegaframkvæmda í Reykjavík sagði ég hér fyrr í dag að það lægi ljóst fyrir að ríkisstjórnin hefði rætt þau mál. Hér er verið að ræða um, ekki einhverjar milljónir, heldur milljarða. Þegar fyrir liggur hvaða leið verður farin verður auðvitað farið í undirbúningsvinnu sem tekur um tvö ár, það er álit Vegagerðarinnar að öll undirbúningsvinnan taki rúm tvö ár. Þá erum við komin að enda þessarar áætlunar þannig að, eins og ég

sagði áðan, þá verður væntanlega sett fjármagn í að klára þessa leið.

Ég get alveg tekið undir það með hv. þingmanni að auðvitað hafa þingmenn Reykjavíkur sýnt mikla biðlund og þolinmæði í gegnum árin. Það hafa þeir gert með tilliti og í ljósi þeirrar slysatíðni sem er á þjóðvegum landsins, þess átaks sem þarf að vinna til að rétta þann vanda af. Nú er það langt í höfn vonandi, og vonandi fer þá að sjást hér til mikilla verka, eins og þegar er hafið varðandi Reykjanesbraut, Vesturlandsveg og fleiri verkframkvæmdir mætti nefna.

[16:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tekið eftir því að það hafi staðið í hv. þingmanni hér í gegnum árin að samþykkja milljarða hér og milljarða þar, í göng hér og göng þar, en þegar kemur að framkvæmdum í Reykjavík sem eru kannski af svipaðri stærð, fyrsti áfanginn eins og göng sem ekki hefur staðið í hv. þingmanni að samþykkja, hefur hann allt á hornum sér og talar út og suður um að það standi eitthvað á borgaryfirvöldum. Það gerir það bara ekki. Borgaryfirvöld hafa lagt áherslu á að lega Sundabrautar verði með þeim hætti að umferðinni verði beint að miðbænun og að lífríki Elliðaár skaðist ekki. Báðum þessum markmiðum sýnist vera hægt að ná með þessari innri leið. Þess vegna mun ekki standa á borgaryfirvöldum að taka ákvörðun í þessum málum um leið og umhverfismatið liggur fyrir. Það er bara staðreynd málsins, virðulegi forseti.

Ég skil ekki hvað vakir fyrir hv. þingmanni að vera að þvæla með málið fram og til baka eins og hann hefur gert hér. Og að það standi í hv. þingmanni að reyna að berjast fyrir því með okkur þingmönnum Reykvíkinga að fá samgönguráðherrann til að setja niður tímasetta áætlun um framkvæmdir við Sundabrautina og standa með okkur í því að hæstv. samgönguráðherra standi ekki þannig að málum að tekið verði gjald af Sundabrautinni sem er innan borgarmarkanna, ég skil það ekki. Það ætti frekar að vera kappsmál hv. þingmanns að berjast með þingmönnum Reykjavíkur en tala með þeim hætti sem hann hefur hér gert.

Varðandi Miklubrautina og Kringlubrautina liggur fyrir, haft eftir borgarstjóra, að framkvæmdir muni hefjast við breikkun gatnamóta Kringlumýrar-/Miklubrautar. Með þessari breikkun gatnamótanna komast allir umferðarstraumar í frítt flæði og þessar endurbætur munu verulega bæta allar samgöngur á þessum stað sem virkilega er ástæða til að taka á. (Forseti hringir.) Síðan er þá verið að vinna áfram að mislægum gatnamótum en þessar endurbætur sem nú koma (Forseti hringir.) munu bæta hér verulega úr.

[16:21]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hérna er til umræðu tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun. Eftir að slegið var saman í eina samræmda samgönguáætlun vegamálum, flugmálum og hafnamálum er þetta komið hér í eina þingsályktunartillögu. Því fer fjarri að á þessum átta mínútum sem við höfum til umráða í umræðunni hér sé hægt að fjalla um þá málaflokka alla í neinu ítarlegu máli.

Ég vil fyrst víkja að þeirri heildarstefnumörkun sem ríkisstjórnin hefur gert, þ.e. að skera niður fjárframlög til vegamála. Fyrir síðustu alþingiskosningar var ákveðið að verja sérstöku fjármagni til átaks í vegamálum, auk þess var þá samþykkt líka metnaðarfull samgönguáætlun, vegáætlun, til næstu ára. Strax eftir að kosningum lauk var byrjað að skera niður og því hefur svo verið haldið áfram. Við erum nú að fjalla um vegáætlun þar sem áfram hefur verið beitt niðurskurði. Þau rök að þetta sé gert til að koma til móts við þenslu í samfélaginu eru mjög veigalítil og í rauninni ekki frambærileg.

Það er svo mikið í gangi í samfélaginu að vegaframkvæmdir sem eru hluti af ríkisframkvæmdum eru í algjöru lágmarki. Niðurskurður upp á 2 milljarða á ári í vegáætlun hefur enga þýðingu og skiptir engu máli fyrir þensluna í efnahagslífinu, þvert á móti, vegna þess að samgöngur eru undirstaða fyrir eflingu og styrkingu atvinnulífs og búsetu um allt land sem skilar þá aftur aukningu á tekjum til samfélagsins og til ríkissjóðs. Það er einmitt kannski síst þörf á slíkum aðgerðum því að einn angi af þenslunni í efnahagslífinu nú er hinn mikli viðskiptahalli. Miklu meira er flutt inn en við getum greitt fyrir á hverjum tíma þannig að viðskiptahallinn eykst. Þess vegna ættum við að einbeita okkur að framkvæmdum sem lúta að því að styrkja efnahagslífið og útflutningsgreinarnar.

Ferðaþjónustan er ein öflugasta greinin hér á landi nú og vex hvað hraðast. Hún byggir einmitt á góðu vegakerfi um allt land. Ferðaþjónustan er jafnmikilvæg fyrir alla íbúa Reykjavíkur, íbúa á Norður-, Austur- og Vesturlandi, hvar sem er. Í þessari umræðu á milli landshluta skyldu menn hafa í huga að einn stærsti atvinnuvegur í Reykjavík og hér á suðvesturhorninu er ferðaþjónusta og atvinna sem tengist henni. Þess vegna skiptir einmitt svo miklu máli að ferðamenn sem koma til landsins hingað, hvort sem er um Keflavíkurflugvöll, til Reykjavíkur eða fyrir austan, geti farið um allt landið. Vegakerfið skiptir miklu máli í að efla þetta atvinnulíf fyrir okkur öll.

Því miður er röng áhersla uppi af hálfu ríkisstjórnarinnar, að skera niður fjármagn til vegamála.

Ég vil nefna sérstaklega einn þátt í vegakerfinu sem gleymist gjarnan í umræðunni um samgöngumál, en það eru þessir safn- og tengivegir, héraðsvegir, sveitavegir, vegirnir sem liggja út til stranda og inn til dala út frá meginhringveginum. Þeir hafa gleymst í vegamáli, viðhaldi og stofnframkvæmdum vega á undanförnum árum. Þegar litið er til þess hefur fjármagn til þessara vega í besta falli á árum áður staðið í stað en hefur núna síðustu árin farið minnkandi sem hlutur af heildarfjárveitingu til vegamála. Það eru einmitt þessir vegir, vegirnir innan byggðar, sem gapa og gefa grundvöll fyrir það samfélag sem þar vex og dafnar, og þarf að hafa tækifæri til að vaxa og dafna. Leiðirnar lengjast sem þarf að keyra börn í skóla, leiðirnar líka sem fólk ekur til og frá vinnu frá heimilum sínum í sveitum eða minni þéttbýlissvæðum. Ferðaþjónustan byggir líka á því að þessir vegir, inn til dala og út til stranda, séu góðir, séu færir og meira en færir, séu enginn þröskuldur í þessari þróun.

Ég hef lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu sem

kveður á um að gera stórátak í uppbyggingu á svokölluðum héraðsvegum sem ég kalla, þ.e. þessum safn- og tengivegum. Það er brýnt að auka framkvæmdir í vegum. Sá vegaflokkur má ekki gleymast. Því miður virðist sem það sé engin stefna uppi hvað varðar uppbyggingu á safn- og tengivegum. Fjársvelti þessara vega, hvort sem er til viðhalds eða til stofnkostnaðar, er ein alvarlegasta ógnun við byggð og búsetu í landinu.

Vissulega þarf að byggja upp aðalvegina. Ég kem að því í seinni ræðu minni hversu mikilvægt er að byggja aðalvegina upp, en þetta þarf allt að fara saman. Þau eru mörg, bréfin sem við fáum, þingmenn, frá íbúum úti um land í sveitahéruðum eða sjávarþorpunum sem hvetja til þess að muna eftir þessum vegum. Við höldum ekki neina stóra hópfundi. Þetta fólk sem býr í uppsveitum Borgarfjarðar, Húnavatnssýslu, Skagafjarðar eða Suðurlands boðar ekki til neinna stórra hópfunda eða setur þrýsting á samgönguráðherra um að gefa nú einhver falleg loforð eins og hægt er að gera í hinum stærri þéttbýlum. Þetta fólk getur ekki beitt þeim þrýstingi á ráðherrann en það er ekki þar með sagt að það eigi ekki líka sinn rétt, og við öll. Og einmitt, við *stækkum Ísland sem atvinnusvæði, stækkum Ísland sem búsetusvæði* ef við komum líka þessum vegum í horf. Gleymum þeim ekki.

Því hef ég flutt þingsályktunartillögu sem ég vona að komi til umfjöllunar um leið og samgönguáætlun, ályktun um að gert verði stórátak í uppbyggingu á þessum vegum, héraðsvegum, safn- og tengivegum, vítt og breitt um landið. Þeir mega ekki gleymast en svo virðist hafa verið í áherslum á síðustu árum. Ég legg áherslu á að breyting verði þar á.

[16:30]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Í dag ræðum við þingsályktunartillögu um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008. Þegar við ræðum þessi mál horfum við gjarnan til eigin kjördæma og í sjálfu sér er ekki neitt athugavert við það vegna þess að þessi málaflokkur er fólki afar hugleikinn.

Ég ætla fyrst og fremst að gera samgöngur á landi að umræðuefni þó svo að ég viti að í rauninni sé ekkert byggðarlag þar sem samgöngur skipta meira máli en Vestmannaeyjar. Við höfum verið að berjast fyrir auknum og betri samgöngum til Eyja vegna þess að samgöngur skipta Vestmanneyinga gríðarlega miklu máli.

Samgöngur skipta landsbyggðina alveg sérlega miklu máli. Við megum líka passa okkur á því að stilla ekki höfuðborginni og landsbyggðinni upp sem andstæðum fylkingum hvað þetta varðar vegna þess að við sem komum af landsbyggðinni getum ekki verið án höfuðborgarinnar og á sama hátt er óhætt að segja að höfuðborgarbúar geti ekki verið án okkar sem á landsbyggðinni búum.

Það er dálítið merkilegt þegar við hlustum á þingmenn ræða um samgöngumál, þá tala þeir sumir eins og miklir sérfræðingar í vegagerð, brúargerð, flugvallargerð, hafnargerð, svo ekki sé talað um gangagerð. Og margir þingmenn hafa tamið sér að tala eins og þeir kunni allt í vegagerð enda er, eins og ég sagði í upphafi máls mín, þessi málaflokkur þannig að það hafa í raun og veru allir mjög mikinn áhuga á honum.

Við búum við gríðarlega breytt munstur í búsetu. Á höfuðborgarsvæðinu sækja höfuðborgarbúar miklu meira út á land en þeir gerðu áður, bæði hvað varðar sumarhús og sumarbústaði, auk þess sem mjög margir hafa kosið að kaupa sér húsnæði t.d. í nágrannabyggðum eins og Hveragerði, Selfossi, jafnvel í uppsveitum Árnessýslu, Hellu og Hvolsvelli. Þetta fólk sækir jafnvel vinnu daglega til Reykjavíkur eða þá fólk sækir vinnu á þessa staði úr Reykjavík. Það er því orðin gríðarlega mikil umferð á ákveðnum stöðum og flöskuhálsar eins og t.d. Hellisheiðin. Hún er í dag orðin flöskuháls og ég gleðst mjög yfir því að gert er ráð fyrir í þessari áætlun að verja 300 milljónum til þess að breikka veginn um Hellisheiði og koma þannig fyrir málum. Þar eru mjög miklar slysagildrur og mjög nauðsynlegt að koma í veg fyrir öll þau slys sem verða á heiðinni.

Fyrir mörgum árum henti ég fram þeirri hugmynd að full ástæða væri til að skoða þá möguleika hvort ekki ætti að setja göng í gegnum Hellisheiði á sama hátt og göng eru undir Hvalfjörð. Við búum í samkeppni við þessi byggðarlög og þetta skiptir máli og mér finnst að við ættum að huga verulega að þessum málum.

Það er margt fleira sem mætti nefna þegar við tölum um flöskuhálsa. Þegar við ökum í gegnum Selfossbæ er þar orðin gríðarlega mikil umferð, hvort sem við ökum þar um á degi eða nóttu. Það helgast líka af því að mjög miklar samgöngur eru orðnar á landi. Eftir að strandsiglingar lögðust af varð margfalt meiri umferð á landi en áður var og þarna er auðvitað mjög nauðsynlegt að huga að brúargerð og öðru slíku.

Greiðar samgöngur eru líka forsendur fyrir sameiningu sveitarfélaga. Ef ég horfi til þess svæðis sem ég vinn núna og bý á, þ.e. í uppsveitum Árnessýslu, ef þar á að geta orðið sameining sveitarfélaga er nauðsynlegt að flýta eins og mögulegt er brú yfir Hvítá til að tengja svæði saman. Á sama hátt þarf líka að leggja aukið fé í Gjábakkaveg til að tengja svæðið betur höfuðborgarsvæðinu.

En eitt af því sem ég sakna í þessari samgönguáætlun er Suðurstrandarvegur. Ég ætla ekki að fara út í umræðu um Héðinsfjarðargöng en þau voru í raun samþykkt á sömu forsendu og Suðurstrandarvegur, þ.e. vegna breytingar á kjördæmaskipuninni, þannig að ég sakna þess mjög að sjá ekki Suðurstrandarveg í þeim tillögum sem hér eru því að með Suðurstrandarvegi skapast líka tenging við Suðurland með alveg sérstökum hætti.

Það er annar málaflokkur sem allt of sjaldan er talað um þegar fjallað er um samgöngur á landi, það eru hinir svokölluðu tengivegir. Í gamla Suðurlandskjördæmi eru 25% af öllum tengivegum landsins. Það er auðvitað afar brýnt með tilliti til þess að flestir þeirra 300 þúsund útlendinga sem heimsækja Ísland á ári hverju eru farnir að taka bílaleigubíla. Þetta sama fólk ekur á þessum vegum, tengivegum á Suðurlandi, og það er afar brýnt að verja meiri peningum til þeirra en nú er gert.

Ég nefni fleiri vegi sem allt of sjaldan er talað um, þ.e. landvegir utan grunnnets. Það eru hálendisvegir sem tengja saman landshlutana, það eru safnvegir sem eru til sveita, það eru styrkjavegir o.s.frv. Hér er líka talað um reiðvegi

og það er mjög ánægjulegt að verið er að verja meiri peningum til reiðvega en áður var og þegar ég horfi til framtíðar hljóta að koma hér á Íslandi hjólreiðabrautir eins og gerist erlendis vegna þess að í auknum mæli byggist ferðamennskan á því að menn hjóla.

Við gætum því í rauninni varið hverri einustu krónu sem í ríkiskassann kemur til vegagerðar, það er alveg ljóst. Þetta er í raun og veru það sama og með heilbrigðiskerfið, en þetta eru þær tillögur sem nú eru lagðar fram og ég vildi sjá enn meiri peninga til samgöngumála.

[16:38]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágæta ræðu. Hann nefndi mörg brýn verkefni í samgöngumálum, en sérstaklega eitt, og hann er nú málinu kunnugur þar sem hann hefur setið á Alþingi um nokkurt skeið og síðustu tvö kjörtímabil þegar fram fór og tekin var ákvörðun um kjördæmabreytinguna títtnefndu og til varð okkar ágæta Suðurkjördæmi. Forsendur þeirrar kjördæmabreytingar, þeirrar svæðasameiningar sem að einhverju leyti fer fram með slíkri kjördæmabreytingu þar sem Suðurnes, Suðurland, svæðið austur að Hornafirði, verður eitt kjördæmi, varð að sjálfsögðu að liggja því til grundvallar einhver tenging önnur en í gegnum Reykjavík og þá leið sem við þekkjum.

Því var lofað af stjórnarflokkunum að Suðurstrandarvegur væri sérstök samgönguframkvæmd sem lægi kjördæmabreytingunni fullkomlega til grundvallar.

Nú eru liðin nokkuð mörg ár frá því að kjördæmabreytingin var ákveðin og nú erum við á okkar fyrsta kjörtímabili þar sem kosið var eftir þeirri kjördæmabreytingu. Við þekkjum nú þegar hve það að Suðurstrandarvegur sé ekki kominn í gagnið þvælist fyrir því að um sé að ræða svæði sem er einhver heild. Því fer fjarri að svo sé af því að þessa tengingu á milli Suðurlands og Suðurnesja eftir suðurströndinni skortir algjörlega. Hv. þingmaður nefndi að hann hefði viljað sjá þann veg en í samgönguáætluninni bjarmar ekkert fyrir Suðurstrandarvegi, nánast ekki neitt. Það er nánast engu fé varið til hans miðað við hve stór framkvæmdin er, það er rétt byrjað á útboðum sitt í hvorn endann en ekkert sem sér fyrir endann á eða að þessi mikilvæga framkvæmd komist í gagnið.

Tekur hann ekki undir það að stjórnvöld verði að standa við þetta kosningaloforð, þetta loforð gagnvart kjósendum í Suðurkjördæmi (Forseti hringir.) og að samgönguáætlun megi ekki afgreiðast nema að því loforði uppfylltu?

[16:40]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður talar um að Suðurstrandarvegur var ákveðin forsenda fyrir sameiningu kjördæmisins, þ.e. stækkun kjördæmisins, og að sjálfsögðu treysti ég því að Suðurstrandarvegur komi. Ég hef eðlilega ekki fylgst jafnvel með þingstörfum núna sem varaþingmaður eins og þegar ég sat á þingi, þess vegna hef ég ekki verið inni í þeirri vinnu þegar verið var að byggja upp þessa samgönguáætlun.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir að bæði Reykjanesbrautin, sem búið er að breikka og stækka, og það fjármagn sem notað er á Hellisheiðinni þóttu brýnni verkefni en Suðurstrandarvegurinn. Ég og hv. þingmaður þekkjum það sem ökum þessa leið oft — nær daglega ímynda ég mér að hv. þingmaður keyri þessa leið — að Hellisheiðin er ákveðinn flöskuháls og því þarf oft að skoða hvað eru mikilvægustu verkefni hverju sinni. Peningarnir eru afl þess sem gera þarf.

Ég er alveg klár á því, eins og talað hefur verið um, að Suðurstrandarvegur mun koma og hann verður að koma vegna þess að þær væntingar eru byggðar upp á sömu forsendum og væntingarnar um Héðinsfjarðargöngin, sem ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í. Það er gríðarlega dýr framkvæmd, mjög dýr framkvæmd, og ég veit að hún kemur sér vel fyrir þá sem þar búa.

Ég vil líka leggja mikla áherslu á þessar tengingar, t.d. í uppsveitunum. Þegar við erum að tala um sameiningu sveitarfélaga þar er brú yfir Hvítá meginforsenda og við eigum líka að tengja saman uppsveitir Árnessýslu og Rangárvallasýslu, og ég er viss um að hv. þingmaður styður mig í því.

[16:42]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek að sjálfsögðu undir það. Það liggur sameiningu sveitarfélaga til grundvallar að hægt sé að bæta samgöngur innan svæðanna. Án þess verður ekki raunveruleg sameining og án þess næst ekki fram sá ávinningur sem klárlega er af sameiningu sveitarfélaga og fækkun þeirra, en það er önnur umræða.

En mér finnst ekki rétt að bera saman Suðurstrandarveg sem sérstakri samgönguáætlun vegna kjördæmabreytinga, lofað fyrir mörgum herrans árum, og sjálfsagðar og brýnar vegabætur á Hellisheiði og á Suðurlandsvegi þar sem er verið að hefjast handa við að breikka veginn 2+1 á köflum og lýkur því vonandi, og ég fagna því mjög að það sé komið á samgönguáætlun. Það var meginbaráttumál sem Samtök sunnlenskra sveitarfélaga sameinuðust um að setja í forgang í baráttumálum sínum fyrir samgöngum og ég fagna því mjög, það er gott mál.

En það er einfaldlega ekki rétt að bera það saman við Suðurstrandarveginn og réttlæta það að Suðurstrandarvegur sé í rauninni sleginn af núna um nokkurra ára bil vegna þess að setja eigi 300 milljónir í að lagfæra Hellisheiðina. Sá samanburður er að mínu mati ranglátur og ekki rétt að stilla því þannig upp af því hvernig loforðið um Suðurstrandarveg, fyrirheitin um Suðurstrandarveg eru til komin, sérstök samgönguáætlun vegna kjördæmabreytinganna. Annars er mjög ólíklegt að sá vegur hefði komið til og klárlega hefðu menn áreiðanlega ekki forgangsraðað þannig að það ætti að fara í Suðurstrandarveg á meðan ekki væri búið að tvöfalda Reykjanesbraut og breikka Suðurlandsveg, ég held að það fari enginn í grafgötur með það. Þess vegna er ekki rétt að bera þetta saman. Þessi ákvörðun var tekin vegna kjördæmabreytinganna, ekki vegna forgangsröðunar á milli þessara þriggja stóru verkefna.

Þess vegna ítreka ég að þessi samgönguáætlun á ekki að fara frá þinginu nema sjáist í Suðurstrandarveginn.

[16:44]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var um margt ágætis andsvar hjá hv. þingmanni. Hins vegar er málið þannig að þegar við höfum ákveðna peninga þá þurfum við að forgangsraða. Við getum ekki notað sömu krónuna oftar en einu sinni. Það er ljóst. Menn vilja vera ábyrgir í peningamálum, þessi ríkisstjórn hefur verið mjög ábyrg í peningamálum þjóðarinnar.

Ég er sérstakur áhugamaður um Suðurstrandarveg vegna þess að hann skiptir okkar nýja kjördæmi miklu máli. Við getum ímyndað okkur það þegar við horfum til ferðaþjónustunnar hvað þetta skiptir miklu máli, að tengja saman Þorlákshöfn annars vegar og Grindavík hins vegar. Ég treysti því að sjálfsögðu að farið verði út í framkvæmdir við Suðurstrandarveg.

Þetta var eitt af því sem við ræddum mjög mikið, þingmenn Suðurlands í gamla kjördæminu og þingmenn Reykjaness. Þá voru allir mjög áhugasamir um þessa hluti. En á þeim tíma voru gríðarleg slys á Reykjanesbrautinni. Þess vegna var farið út í að breikka hana. Á sama hátt eru núna, nánast í hverri einustu viku, slys á Hellisheiði, síðast fyrir fáeinum dögum að fimm bílar lentu í árekstri. En við getum ekki notað sömu krónuna oftar en einu sinni og þess vegna er þetta væntanlega með þessum hætti.

En ég skal berjast með oddi og egg fyrir því að Suðurstrandarvegurinn verði að veruleika. Það er hárrétt, að talað var um það þegar kjördæmabreytingin átti sér stað. Þá var þetta í raun sú gulrót sem menn töluðu um.

[16:46]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgönguráðherra hefur mælt fyrir tillögu sinni til þingsályktunar um nýja fjögurra ára samgönguáætlun, í þetta sinn fyrir árin 2005–2008.

Við höfum margoft heyrt í fréttum að í raun sé ekki verið að skera neitt niður heldur séu peningabúntin færð frá einu ári til annars, ef svo má segja. Einhverjum framkvæmdum var frestað í fyrra, framkvæmdum er frestað í ár og það á að fresta framkvæmdum á næsta ári en síðan er okkur sagt að það eigi heldur betur að gefa í þegar nálgast fer næstu kosningar, bæta um og lagfæra þetta allt og kippa í liðinn á árunum 2007 og 2008. Við vitum jú öll að það stendur til að halda næstu alþingiskosningar á vordögum 2007.

Hér er talað um að þetta þurfi að gerast til að slá á þenslu. Það er ástæðan sem gefin er fyrir þessu. Í því sambandi hefur maður m.a. heyrt talað um að svo miklar framkvæmdir séu annars staðar á landinu, til að mynda á Austurlandi, *og því sé nauðsynlegt að grípa til svona aðgerða.*

Ég get alveg viðurkennt það að ég var svo vitlaus að ég keypti þessa skýringu til að byrja með. En síðan fóru að renna á mig tvær grímur með hvort þetta gæti verið rétt. Ég sannfærðist í raun um að þetta væri ekki rétt, þetta er bara yfirskin, bara fyrirsláttur. Ég sannfærðist um það þegar ég las skýrslu forstjóra Landsvirkjunar um starfsemi hennar, skýrslu sem hann flutti á samráðsfundi Landsvirkjunar þann 8. apríl síðastliðinn, Friðrik Sophusson, fyrrverandi. alþingismaður og einn af frammámönnum í Sjálfstæðisflokknum til margra ára. Ég reikna með að pólitískar skoðanir hans hafi ekkert breyst þó að hann sé orðinn forstjóri Landsvirkjunar og hann sé enn í sama liðinu, ef svo má segja. Mér fannst hann segja merkilega hluti. Hann kom m.a. að þessari goðsögn um að framkvæmdir á Austurlandi gerðu það að verkum að hér væri svo ofboðslega mikil þensla. Mig langar að lesa aðeins úr ræðu hans, með leyfi virðulegs forseta:

„Í umræðu að undanförnu hefur verið gert mikið úr áhrifum stóriðjuframkvæmda á hátt gengi íslensku krónunnar. Það er rétt að viðamiklar stóriðjuframkvæmdir hafa vissulega áhrif á efnahagsástand, bæði staðbundið og á landinu öllu. Þetta er auðséð á Austfjörðum um þessar mundir. Hitt er einföldun að láta sem gengishækkun krónunnar megi einkum rekja til þessara framkvæmda. Nettó *innflutningur á erlendu fjármagni er ekki eins mikill og* fjárfestingarkostnaður virkjunarinnar og erlendar lántökur gefa tilefni til að ætla. Kemur þar til að aðföng koma að verulegu marki erlendis frá, þar með talið vinnuafl. Skýringa á háu gengi krónunnar er ekki síður að leita í kaupum erlendra sjóða á íslenskum skuldabréfum, húsnæðislánum bankanna og vísi að eignabólu á mörkuðum hérlendis."

Ég túlka þessi ummæli forstjóra Landsvirkjunar þannig að hann vísi því eiginlega út í hafsauga að hér sé svo mikil þensla út af framkvæmdum fyrir austan. Það má vel vera að mig misminni en mig minnir að Friðrik Sophusson hafi einu sinni verið fjármálaráðherra hér á landi. Það getur verið að mig misminni, ég bjó erlendis á þeim árum, en mig minnir það. Ég ætla að Friðrik Sophusson hafi töluvert vit á efnahagsmálum með alla þá pólitísku reynslu sem hann býr yfir, sá ágæti maður.

Mér finnst ég sjá plottið í þessu öllu saman. Ríkisstjórnarflokkarnir *eru einfaldlega að búa sér til sjóð, eins konar* jójó eða pendúl, sem þeir notfæra sér eftir eigin hentugleika og haga seglum eftir vindi með tilliti til kosninga á hverjum tíma. Það er náttúrlega sniðugt að geta bætt vel í sjóði til vegaframkvæmda og deilt út peningum til hægri og vinstri á kosningaári eða geta komið með loforð á kosningaári um að framkvæmdir hefjist strax að loknum kosningum. Þetta er náttúrlega freistandi fyrir stjórnmálamenn, að haga seglum með þessum hætti, stjórnmálamenn sem vilja náttúrlega fyrir alla muni hanga á völdunum. Það má vel vera að aðrir flokkar taki þetta upp eftir þeim, ég veit það ekki. En mér finnast þessi vinnubrögð ekki til mikillar fyrirmyndar. Það er nú einu sinni þannig, virðulegi forseti, að þegar stjórnmálamenn fara ríðandi um héruð og lofa framkvæmdum hingað og þangað þá leggja kjósendur við hlustir, kjósendur sem mæta á fundi, kjósendur sem fylgjast með í fjölmiðlum, kjósendur sem trúa þessum loforðum og kjósa stjórnmálamenn *inn á þing af því að fólk tekur mark á því* sem þeir segja.

Það hlýtur því að valda gríðarlegum vonbrigðum hjá fólki, ég skil það mjög vel og heyri á fólki að þetta veldur fólki gríðarlegum vonbrigðum, þegar það koma eins og skrattinn úr sauðarleggnum alls konar niðurstöður sem fólk átti ekki von á.

Hér var rétt áðan talað um Suðurstrandarveginn, sem er dæmigert kosningaloforð sem engin innstæða virðist hafa verið fyrir. Ég er einn af þingmönnum Suðurkjördæmis og við höfum margoft verið á fundum, frá því að ég var kosinn

á þing fyrir tæpum tveimur árum, með sveitarstjórnarmönnum og öðrum þar sem gengið hefur verið út frá því sem vísum hlut að framkvæmdir hæfust við þennan veg í takt við þau fyrirheit sem gefin höfðu verið. Nú kemur það eins og köld vatnsgusa framan í fólk, bæði fyrir austan fjall, á Suðurlandsundirlendinu og á Reykjanesskaganum, eins og köld vatnsgusa, að það er eins og það hafi aldrei nokkurn tíma staðið til að leggja veginn. (**Samgrh.:** Það er byrjað að leggja hann.) Það er rétt byrjað að leggja smábút en það er alls ekki nóg, hæstv. samgönguráðherra.

Mér finnst leiðinlegt að sjá að þessi vegur skuli ekki vera inni. Ég hef margoft farið þennan veg, skoðað hann og kynnt mér þessa leið. Þetta er ákaflega falleg leið. En eins og hún er í dag er hún ekki boðleg. Þetta er slæmur vegur í dag en gæti verið mjög góður vegur, ekki síst með tilliti til ferðaþjónustu. Hæstv. samgönguráðherra mælti á dögunum fyrir mjög metnaðarfullri áætlun í ferðamálum fyrir 2006–2015 og ég veit að hann gerir sér fulla grein fyrir því að samgöngur eru lykilatriði í uppbyggingu ferðamála á landinu.

Virðulegi forseti. Ég sé að tími minn er að renna út. Ég ætlaði að segja svo miklu, miklu meira. Ég verð sennilega að koma upp aftur og fá að tala í aðrar átta mínútur. Hér er náttúrlega um mjög merkilegan, stóran og mikilvægan málaflokk að ræða. Ég læt því máli mínu lokið að sinni og hyggst taka þráðinn upp að nýju þar sem honum sleppti, þ.e. með því að tala um blessaðan Suðurstrandarveginn.

[16:55]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er eins og búast má við þegar við ræðum samgönguáætlun í þinginu að mikill fjöldi þingmanna hefur áhuga á að taka þátt í umræðunum. Alla jafna eru samgöngumál, vegáætlun sérstaklega, mikið áhugaefni þingmanna. Eins og venjulega fer fram býsna ánægjuleg umræða og orðaskipti um áherslur okkar í samgöngumálum. Samgönguáætlunin sem við höfum fyrir framan okkur inniheldur flugmálaáætlun, siglingaáætlun, vegáætlun og umferðaröryggisáætlun.

Ég vildi í upphafi byrja á að fagna því sem fram kemur í flugmálaáætlun, þ.e. samgöngumiðstöð við Reykjavíkurflugvöll. Það er löngu tímabært að menn hugi að því hvernig eigi að stýra samgöngum innan höfuðborgarsvæðisins og tengja saman flugáætlanir, áætlunarbíla og samgöngukerfi innan Reykjavíkur með strætó. Þarna gefst loksins kostur á að búa til eina samgöngumiðstöð sem er gífurlega mikilvæg fyrir landsbyggðina, fyrir höfuðborgina og ekki síst fyrir ferðaþjónustu í landinu.

Ég tel sérstaka ástæðu til að minnast á þetta af því að við höfum heyrt önnur sjónarmið í umræðunni í dag. En þetta er í raun lokaáfangi uppbyggingarinnar á Reykjavíkurflugvelli og því að hann geti farið að fúnkera sem best í samgöngukerfi landsins.

Auðvitað eru mörg góð verkefni í siglingaáætlun sem við í samgöngunefnd munum fjalla um og fara yfir. Ég ætla ekki að nefna nein sérstök verkefni en þar er auðvitað þáttur sem skiptir landsbyggðina mjög miklu máli, m.a. uppbygging hafna. Fram undan eru nokkrar breytingar í þeim efnum sem við verðum að taka á okkur og endurskipulagning í siglingaáætluninni.

Ég vildi líka geta sérstaklega, varðandi umferðaröryggisáætlun, þess mikla átaks sem verður í þeim málum, að 1,5 milljarðar kr. skuli fara í þann málaflokk á árunum 2005–2008. Það skiptir mjög miklu máli því að við viljum ráðast gegn slysum og þeim hættum á þjóðvegunum sem eru til staðar. Það er full ástæða til að leggja fjármagn til þeirra verkefna og þau eru ágætlega rakin í samgönguáætluninni eins og hún liggur fyrir. En auðvitað þarf að fara nánar í einstaka þætti, sem ég veit að verður gert þegar áætlunin kemur til nefndarinnar til umfjöllunar.

Við höfum náð miklum og ánægjulegum áföngum í samgöngumálum á undanförnum árum. Ég vil þá sérstaklega nefna að á þessu ári munu tvenn jarðgöng komast í notkun, þ.e. Fáskrúðsfjarðargöngin, göngin milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, og síðan Almannaskarðsgöng. Jafnframt hefur verið tilkynnt að Héðinsfjarðargöngin verði boðin út í haust og ég held að því verði að fagna sérstaklega. Héðinsfjarðargöngin verða ákaflega mikilvæg samgöngubót fyrir Eyjafjörð. Jákvæð áhrif jarðganga milli þéttbýlisstaða á Tröllaskaga eiga eftir að koma víða fram. Það er alveg sama hvað menn segja um það hér, háværir þingmenn í þessum þingsal, að þessi framkvæmd mun skipta verulega miklu máli. Stækkun atvinnusvæðis og menningarleg áhrif munu hafa mjög mikil áhrif á Siglufirði og Ólafsfirði en einnig um allan Eyjafjörð. Því megum við ekki gleyma. Það er kristaltært í mínum huga að það er hárrétt ákvörðun að ráðast í þessa jarðgangagerð til að styrkja Eyjafjarðarsvæðið allt.

Hæstv. forseti. Ákvörðun um tengingu Norður- og Austurlands var tekin fyrir nokkrum árum og við erum loksins að sjá fyrir endann á því verkefni. Í haust verða væntanlega boðnir út síðustu 5 km sem á eftir að byggja upp á milli Akureyrar og Egilsstaða, svokallaður Arnórsstaðamúli. Þar er eftir 5 km kafli á hringveginum. Því miður eigum við eftir að ráðast í fleiri verkefni sem eru mjög aðkallandi og vil ég nefna skriðurnar, Þvottár- og Hvalnesskriður, sem tengja Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi. Ég á von á því að þar fáum við góðan stuðning þingmanna Suðurkjördæmis og einnig við veginn í Hamarsfirði, en báðir kaflarnir eru mjög erfiðir.

Þegar tenging Norður- og Austurlands er komin er auðvitað kominn mjög mikilvægur samgönguöxull á milli Eyjafjarðarsvæðisins og Reyðarfjarðar. Eskifjörður er orðin ein mikilvægasta útflutningshöfn landsins og með Héðinsfjarðargöngum verður komin tenging til Eyjafjarðar og áfram til Austurlands og hinna mikilvægu útflutningshafna. Með Fáskrúðsfjarðargöngum er svo komin tenging áfram suður á firði.

Allar samgönguframkvæmdirnar munu hafa mjög mikil áhrif til lækkunar á flutningskostnaði. Við verðum að viðurkenna að stytting vegalengda er ein áhrifaríkasta aðgerðin til að lækka flutningskostnað til framtíðar.

Hæstv. forseti. Tími minn er því miður liðinn. Ég hefði viljað fara yfir þær áætlanir í samgönguáætlunum sem tengjast þjóðgarðavegum en þar er einmitt um mjög mikilvægar framkvæmdir að ræða vegna ferðaþjónustunnar. Átak í þeim efnum mun auðvitað skila sér í ferðaþjónustuna með mjög (Forseti hringir.) ákveðnum hætti.

[17:03]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður flutti yfirgripsmikla ræðu þar sem hún tæpti á mörgum mismikilvægum samgönguverkefnum eins og gefur að skilja og forgangsraðaði eftir sínu nefi. Umræðan hefur beinst í þann farveg og ekki síst meðal þingmanna Sjálfstæðisflokksins, og var kannski niðurstaða deilna þeirra hv. þingmanna Gunnars Birgissonar og Einars Odds Kristjánssonar í dag, þar sem hv. þm. Gunnar Birgisson ætlaði að flytja breytingartillögu um niðurskurð úti á landi til að auka í Reykjavík en þeir sameinuðust um að auka almennt fé til vegamála.

Því vildi ég spyrja hv. þingmann út í þær tölur sem ég kynnti um útgjöld ríkisins til vegamála sem ég fékk í morgun frá upplýsingadeild þingsins þar sem fram kemur að útgjöld til vegakerfisins, t.d. milli áranna 2003 og 2005, hefur minnkað sem hlutfall af landsframleiðslu um 60%–70%, úr 1,59% í 0,92%.

Ef við tökum útgjöld til samgönguráðuneytisins sem hlutfall af landsframleiðslu má geta þess að árið 1970 var um að ræða 2,74%, 1990 rúm 2%, 2003 2,3% og 2005 1,85%. Útgjöld til vegamála og samgöngumála sem hlutfall af landsframleiðslu hafa því nánast hrunið. Þetta gagnrýndi ég mjög í ræðu minni fyrr í dag þar sem um er að ræða mjög alvarlegan og harkalegan niðurskurð til vegamála upp á 5,4 milljarða kr. Verið er að skera niður þar sem síst skyldi þar sem um er að ræða mjög hagkvæmar framkvæmdir almennt sem skila sér margfalt til baka til þjóðarbúsins í ýmsu formi, fækkun slysa, öryggis á vegum, betri samgangna og aukins hagvaxtar sem því fylgir.

Því vildi ég spyrja hv. þingmann sem fór mjög mikinn í ræðu sinni og tíndi til mörg rándýr, svo vægt sé til orða tekið, samgönguverkefni eins og göng hér og samgöngumiðstöð þar, hvort (Forseti hringir.) það sé ekki áfellisdómur yfir stjórnvöldum hve mikið og grimmt er skorið niður.

[17:05]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé mjög svo ofmælt að grimmt sé skorið niður. Dregið var úr fé til samgönguframkvæmda vegna þeirra aðstæðna sem uppi eru í efnahagslífinu. Það tel ég mikið og gott merki um góða fjármálastjórn eins og við auðvitað vitum öll. Samfylkingin samþykkir að efnahagsmál í landinu eru með besta hætti nú um stundir og fjármálastjórn ríkisins einnig.

Það var ákveðið mat að draga skyldi úr opinberum framkvæmdum í tvö ár og auka aftur árið 2007 og 2008. Ég tel það mikið og gott merki um góða fjármálastjórn og góða efnahagsstjórn. Það er langt frá því að framlög til samgöngumála hafi hrunið. Þær framkvæmdir sem við höfum ráðist í á undanförnum árum segja allt annað.

Hv. þingmaður nefndi að verið væri að ráðast í rándýr samgöngumannvirki og það er alveg rétt, því að auðvitað eru þau verkefni sem menn hafa verið að ýta á undan sér á undanförnum árum verkefni sem hafa þurft að taka til sín mjög mikið fjármagn og eru átaksverkefni. Þess vegna þýðir ekki að ráðast í þau verkefni sem við höfum fyrir framan okkur nema með fulla fjármögnun og við getum nefnt ýmis verkefni því til sönnunar. (Forseti hringir.) Það er ástæðan fyrir því að (Forseti hringir.) rándýru verkefnin, eins og hann kallar þau, eru einmitt á dagskrá hjá okkur.

[17:07]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Góð fjármálastjórn, segir hv. þingmaður. Afleit pólitík, segi ég, af því að ég held að sá niðurskurður sem hér um ræðir til samgöngumála sé einhver alvarlegustu kosningasvik stjórnarflokkanna frá síðustu kosningum og er þá töluvert sagt. Fullyrða má, ekki síst vegna hinna umfangsmiklu kosningavíxla sem stjórnarflokkarnir og oddvitar þeirra lögðu fram korteri fyrir kosningar með stórbrotnum loforðum um vegabætur hér og samgönguframkvæmdir þar, að þau loforð er verið að svíkja að verulegu leyti í samgönguáætluninni. Fresta, segja sumir, en staðreyndirnar tala sínu máli. Það er einfaldlega verið að slá af margar mikilvægar samgöngubætur og vegaframkvæmdir sem lofað var fyrir síðustu kosningar.

Við höfum talið nokkrar upp, Sundabrautin, Suðurstrandarvegur og fleiri og fleiri verkefni. Birtingarmynd þess niðurskurðar sem hér um ræðir og þeirra svika á stærstu kosningaloforðum formanna stjórnarflokkanna birtast í þeim tölum sem ég hef verið að kynna í dag um verulegan samdrátt í útgjöldum til vegakerfisins sem prósentum af landsframleiðslu, þó ekki sé nema stuðst við tölur síðustu þriggja ára, 2003, 2004 og 2005, úr 1,6% til vegakerfisins 2003 í 0,92% 2005. Verulegur niðurskurður og harkalegur og það átti að sjálfsögðu að fara aðrar leiðir til að ná tökum á ríkisútgjöldum. Það átti að fresta skattalækkunum og skera niður í utanríkisþjónustunni.

Getur hv. þingmaður ekki tekið undir með mér að hér er verið að skera niður þar sem síst skyldi mjög til tjóns? Og eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði fyrr í dag: Hvernig eiga kjósendur að treysta stjórnarflokkunum næst þegar þeir geysast fram með kosningavíxlana sína?

[17:10]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel það merki um góða áætlanagerð hjá stjórnarflokkunum að hafa lagt upp með góð og mikil áform fyrir síðustu kosningar og við munum fylgja (Gripið fram í.) þeim áformum eftir.

Áætlunin sem við erum með fyrir framan okkur er til fjögurra ára og þó að við færum aðeins til á milli ára innan áætlunartímabilsins er langt því frá að hægt sé að kalla það kosningasvik. Við stýrum fjármálum ríkisins með mjög ábyrgum hætti og færum fjármagn til opinberra framkvæmda á árunum 2005 og 2006 til áranna 2007 og 2008. Af hverju erum við að því? Til að slá á þensluna í þjóðfélaginu. Ég held að hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sé algjörlega sammála mér, þó hann segi eitthvað annað í hita leiksins, um að þetta er mjög ábyrg fjármálastjórn og svona eigum við að haga okkur til að stýra þjóðarbúinu sem best. Framkvæmdirnar og áform um framkvæmdir verða allar að veruleika á áætlunartímabilinu. Þunganum af framkvæmdunum er aðeins seinkað.

Sumar framkvæmdir sem hefur átt að ráðast í hafa ekki komist til framkvæmda vegna þess að það hefur verið skortur á undirbúningi bæði vegna umhverfismats og fleiri

þátta. Það þýðir því ekki að tala eins og ekkert sé í gangi. (Forseti hringir.) Hér eru miklar framkvæmdir í gangi í landinu, m.a. í kjördæmi hv. þingmanns.

[17:12]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir fagnaði því sérstaklega í upphafi ræðu sinnar að í samgönguáætluninni sé gert ráð fyrir að byggð verði ný flugstöð með tilheyrandi flughlaði á austanverðu flugvallarsvæðinu við Reykjavíkurflugvöll og taldi það mikið happ fyrir landsbyggðarmenn og sömuleiðis fyrir okkur Reykvíkinga að ráðist yrði í flugstöðvarbygginguna.

Ég get tekið undir að það er heppilegt fyrir okkur Reykvíkinga og sömuleiðis fyrir landsbyggðarmenn að það sé flugvöllur í Reykjavík eða við Reykjavík. Ég hef hins vegar mjög miklar efasemdir um að rétt sé að haga málum þannig í skipulagi Reykjavíkur að Reykjavíkurflugvöllur sé í göngufæri frá helstu verslunargötu borgarinnar, Laugavegi. Ég tel að það sé mjög óeðlilegt og ég þekki það ekki á neinu byggðu bóli að flugvelli í sambærilegri borg og Reykjavíkurborg er, sé komið fyrir á öðrum eins stað í bæjarstæðinu. Ég leyfi mér að halda því fram að það hljóti að vera hægt að finna flugvellinum stað annars staðar en í Vatnsmýrinni.

Ég vil taka það fram að ég er ekki þeirrar skoðunar að innanlandsflugið eigi allt að færast til Keflavíkurflugvallar. Ég tek undir með þeim sem telja að sú breyting mundi leiða til þess að innanlandsflug mundi leggjast niður að miklu eða öllu leyti. En ég hlýt að spyrja hv. þingmann að því: Telur hv. þingmaður eðlilegt að flugvöllurinn sé á þessum stað í Vatnsmýrinni, besta byggingarsvæði borgarinnar? Telur hv. þingmaður að það komi ekki til greina að byggja Reykjavíkurflugvöll einhvers staðar (Forseti hringir.) annars staðar í nágrenni Reykjavíkur eða í borgarlandinu, en á einhverju öðru svæði?

[17:14]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú einu sinni þannig að við erum búin að byggja þennan flugvöll. Flugvöllurinn er til staðar. Það sem við eigum auðvitað að leggja áherslu á núna, og ætlum að gera, er að byggja samgöngumiðstöð við flugvöllinn sem er auðvitað bráðnauðsynlegt ef þetta samgöngutæki sem flugvöllurinn er á að nýtast sem best. Þegar við erum að hugsa um samgöngumál í heild verðum við að geta tengt þessa þætti saman, landsamgöngurnar og flugsamgöngurnar. Ég held að þarna sé um mikið hagsmunamál að ræða.

Það er mjög langt síðan að ferðamálafrömuðir ýmsir í landinu og reyndar sem hafa starfað erlendis hafa bent á að það væri ekki nokkurt vit í því að ekki væru tengdar saman landsamgöngur og flugsamgöngur í Reykjavík. Hvar komum við t.d. erlendis í stórborgir þar sem ekki eru samgöngumiðstöðvar, t.d. lestarstöðvar, sem eru þær heildarsamgöngumiðstöðvar sem menn þurfa auðvitað að hafa? Við ætlum að byggja upp ferðaþjónustu og erum að gera það með miklum myndarbrag og okkur hefur tekist best af öllum þjóðum að auka ferðamannastraum til landsins. Auðvitað verður að þjóna þessum fjölda manna sem kemur að heimsækja okkur. Auðvitað verðum við sem erum að ferðast um í þessu landi að geta komið til höfuðborgarinnar og haft hér almennilegar samgöngur.

Ég segi það við spurningu hv. þingmanns: Það var tekin um það ákvörðun á Alþingi að byggja flugvöllinn upp í Vatnsmýrinni, þar er hann kominn og að tala um að hafa það (Forseti hringir.) með einhverjum öðrum hætti gerum við þegar við verðum orðin alveg ofboðslega rík.

[17:16]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir þarf ekkert að benda mér á það að flugvöllurinn hefur verið byggður og að hann er í Vatnsmýrinni. Ég veit allt um það, enda bý ég við flugvöllinn. Ég er hins vegar að segja að það er alveg hægt að færa þennan flugvöll. Það er hægt að koma honum fyrir á einhverjum öðrum stað í bæjarlandinu eða við borgarmörkin án þess að sú þjónusta sem landsbyggðarmönnum er veitt sé skert. Ég er ekkert að tala um það. Ég er ekki að tala um að það eigi ekki að byggja hér neina samgöngumiðstöð, ég þekki það úr öðrum borgum að það er nauðsynlegt að hafa samgöngumiðstöðvar, hvort sem eru lestakerfi, rútusamgöngur, flugsamgöngur eða einhvers konar annars konar samgöngur. En að sú samgöngumiðstöð sé hérna rétt ofan í Alþingishúsinu eða í göngufæri við helstu verslunargötu þjóðarinnar finnst mér bara algjörlega fáránlegt.

Ég tel að það sé algjör þröngsýni ef hv. þingmenn landsbyggðarinnar geta ekki horfst í augu við það að við Reykvíkingar höfum nú líka eitthvað um það að segja hvar flugvöllurinn er. Eins og ég sagði áðan er ég ekki talsmaður þess að hann fari til Keflavíkur. (**Gripið fram í:** Hvert á hann að fara?) Ég vil bara fara með hann eitthvað annað á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ég tel að það sé nóg landrými hér til að koma öðrum flugvelli fyrir þannig að við getum byggt í Vatnsmýrinni. (Gripið fram í.)

Ég nefni það og ég bendi á að þrátt fyrir að flugvöllurinn sé þarna er ekkert sem kemur í veg fyrir að hann verði færður um nokkra kílómetra. Það er bara ekkert að því. (Gripið fram í.) En ég óttast það, eins og ég mun koma að í ræðu minni síðar í dag, að verði þessi flugstöð byggð séu menn í eitt skipti fyrir öll að festa þennan flugvöll sem Bretar ákváðu að væri þarna í Vatnsmýrinni um aldur og ævi, og það finnst mér ekki nægilega góð þróun. Ég spái því að verði þessi flugstöð byggð þurfi ansi mikið (Gripið fram í.) átak (Forseti hringir.) í að láta rífa hana.

[17:19]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Menn hafa auðvitað á því ýmsar skoðanir hvar flugvöllurinn eigi að vera, og allt gott með það, en eins og ég sagði áðan er búið að taka þessa ákvörðun. Hvort sem sumum þingmönnum sem nú sitja á þingi líkar það betur eða verr er það nú einu sinni þannig, það er búið að taka þessa ákvörðun. Samgöngumiðstöð breytir því ekki, nema það að hún gerir það bara auðveldara að nýta þessa miklu fjárfestingu sem við eigum í Vatnsmýrinni. Hvort við getum breytt flugbrautum þarna er allt í lagi að skoða. Að

finna annan stað fyrir flugvöll má líka skoða þegar það hefur verið gert.

Það er reyndar rétt að taka fram að þegar ákvörðunin var tekin um endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar var farið í mjög umfangsmikla rannsókn og skoðun á því hvort annað flugvallarstæði væri hér í nágrenninu sem mundi henta jafn vel. Það reyndar fannst ekki. Ég á ekki von á því að það finnist þó að menn leggi í annan slíkan leiðangur.

Ég tel það góðan kost að flugvöllurinn skuli vera svona nálægt miðborginni og kaffihúsunum og lífinu og menningunni í miðbænum. Það er þá bara styttra (Gripið fram í.) fyrir menn að fara þarna á milli, njóta þess sem höfuðborgin hefur upp á að bjóða, og ég get alls ekki talið það flugvellinum til lasts að hann sé svona nálægt miðborginni. Þarna er auðvitað byggingarland en það er byggingarland víða í borginni. Við gætum haft ýmsar skoðanir á skipulagsmálum í Reykjavíkurborg en ég held að víða mætti taka þar til hendinni og finna mikið og gott byggingarland annars staðar (Forseti hringir.) en í Vatnsmýrinni.

[17:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er best að halda aðeins áfram með þessa flugvallarumræðu. Ég verð að segja alveg eins og er að ég átta mig ekki á því að flugvöllur þurfi að vera nær þéttbýlinu hér á höfuðborgarsvæðinu en hann yrði þegar hann væri kominn til Keflavíkur og þegar búið verður að leggja tvöfalda braut til Keflavíkur. Hvar finna menn flugvöll nær borgum og þéttbýli en þetta? (**ArnbS:** London) Það tekur 20 mínútur að keyra til Keflavíkur. (Gripið fram í.) Mér finnst einhvern veginn að þetta mál (Gripið fram í.) sé í svolítið undarlegum farvegi. Það er talið gríðarlega mikils virði, þetta land sem er undir flugvellinum. Ríkið á það land að töluvert stóru leyti. Ef Reykjavíkurborg ætlar að kaupa þetta land af ríkinu þarf Reykjavíkurborg að leggja út mikla fjármuni, svo mikla fjármuni að það yrði hægt að byggja völl fyrir þá. Ég er viss um að ef ríkinu yrðu boðnir þessir peningar dytti því aldrei í hug að byggja flugvöll fyrir þá, einfaldlega vegna þess að það er flugvöllur í Keflavík. Við eigum ekki að tala um það eins og það sé að gerast á morgun að þessi flugstarfsemi yrði lögð niður. Hún verður þarna til 2015 eða 2020. (Gripið fram í.) Á þeim tíma finnst mér að menn ættu að gera sér grein fyrir því að hún flytur til Keflavíkur, að þeim tíma liðnum eða á þeim tíma einhvern tímann. Þessu vildi ég nú koma að hér.

Hv. þingmaður talaði um Héðinsfjarðargöng líka. Þau hafa komið fyrr til umræðu hér í dag. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst með eindæmum sú forgangsröðun á vegaframkvæmdum í þessu landi, að menn skuli í kjölfarið á þeim niðurskurði sem er búinn að vera hér ætla að dæla þvílíkum fjármunum sem þar eru á ferðinni í þá framkvæmd. Á meðan búa menn við það að komast ekki heim til sín annars staðar á landinu. Það versta við þessa framkvæmd er þó það að það var aldrei skoðað hvað væri skynsamlegast að gera á þessu svæði í heildina.

Hv. þingmaður sagði áðan að þetta væri hugsað til að styrkja Eyjafjarðarsvæðið. Átti þá ekki að skoða það hvort betri tenging milli Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsvæðisins gæti komið þar til greina? (**ArnbS:** Það var skoðað.) Það var ekki skoðað. (**ArnbS:** Jú, jú.) Það var bara borið saman við Lágheiðardæmið og ekki skoðað í heildina. (**ArnbS:** Jú, jú.) (**Gripið fram í:** Nei.) Nei, það er rangt og þið eigið ekki að vera að þræta hér við menn í ræðustól. (Gripið fram í.)

Ég ætla svo að halda áfram með það að samgöngumálin eru byggðamál með stórum staf og greini í þessu landi. Hér stöndum við frammi fyrir því að verið er að skera niður framkvæmdir í samgöngumálum. Það er verið að skera niður um marga milljarða. Menn hafa borið því við að það þyrfti að gera þetta vegna þess að það þyrfti að draga saman. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fór vel yfir það að á sama tíma og menn telja það skipta svona miklu að skera hérna niður um 2–3 milljarða, þ.e. um 2,5 á ári, í samgöngumálum eru menn tilbúnir að lækka skatta um 6 milljarða á þessu ári og yfir 22 milljarða á tveimur og hálfu ári fram undan, þremur árum kannski. Tuttugu og tvo milljarða. Hefði nú ekki verið nær að hugsa aðeins um það, ef menn eru að tala um ábyrga fjármálastjórn, hvenær væri skynsamlegast að láta skattalækkanirnar koma til framkvæmda þó að menn ætluðu sér nú í þær? Nei, niðurstaðan varð sú að fara í þetta með þessum hætti.

Ég verð að segja að ég tel að þetta hafi ekki verið skynsamlegt og beri reyndar vott um mikla óskynsemi. Mér finnst sjálfstæðismenn, sem gerðu þetta fyrst og fremst til að uppfylla kosningaloforð, þurfa nú að horfast í augu við það að þeir geta orðið að éta ofan í sig yfirlýsingar sínar um ábyrga fjármálastjórn vegna þess að hagkerfið í þessu landi þolir kannski ekki þær miklu skattalækkanir sem búið er að ákveða og negla niður að skuli verða, hvað sem á dynur.

Svona eiga menn auðvitað ekki að fara að. Þarna eru á ferðinni margfalt hærri upphæðir en þessi niðurskurður í vegamálum sem hér þykir svo nauðsynlegt að fara í, en er auðvitað niðurskurður á þeim framkvæmdum sem skipta mestu máli fyrir byggðir þessa lands.

Síðan hefur verið talað mikið um höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina, að það vanti framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Ég get alveg tekið undir að framkvæmdir vantar á höfuðborgarsvæðinu. Mér finnst að þegar verið er að ræða vegáætlun þyrftum við í sölum Alþingis að komast sem allra mest upp úr sporunum okkar hvað varðar kjördæmaskiptinguna. Auðvitað eru vegir landsins ekki handa viðkomandi kjördæmum. Þeir eru handa okkur öllum. Hverjir skyldu vera á bílunum sem við mætum oftast á vegum landsins? Halda menn að það séu þeir sem eiga heima í kjördæmunum? Nei, það eru Reykvíkingar, þeir ferðast og nota vegina mest af öllum af því að þeir eru flestir og eiga flesta bílana. Auðvitað skiptir gríðarlega miklu máli að menn séu ekki allt of fastir í kjördæmahugsun. Því miður hefur hún oft ráðið of miklu. Menn hafa jafnvel skipt fjármunum til kjördæmanna fram á þennan dag með þeim hætti að ekki hefur verið tekið tillit til vegalengda. Þar ætla ég að hæla hæstv. samgönguráðherra fyrir að hafa þó komið því í gegn sem hér á að gerast, eftir tvö ár reyndar, ekki strax, að þá eigi að fara að taka meira tillit til vegalengdanna. Það eru nefnilega yfir 40% veganna í Norðvesturkjördæmi. Ég veit ekki hve stór hluti þeirra er í Norðausturkjördæmi, eitthvað milli 30 og 40%, hitt er annars staðar á landinu.

Hér á sú breyting að verða að menn taki meira tillit til

þessara vega, þessara vegalengda, hvað varðar framlögin. En auðvitað þurfum við að horfa á þetta fyrst og fremst sem sameiginlegt verkefni okkar allra en ekki á kjördæmavísu. Við verðum samt að gera það að hluta til vegna þess að við erum til þess kjörin að fjalla um þessi málefni, og eðlilegt að menn tali þá um og togi fram það sem þeim finnst mestu skipta í framkvæmdum í því kjördæmi sem þeir eru kjörnir fyrir.

Það styttist svo hratt sem maður má tala hér að ég geri ráð fyrir því að ég komi aftur í ræðustólinn til að fara yfir þær áherslur sem mér finnst að sé ástæða til að nefna hér betur. Vegna þess að tími minn er búinn get ég ekki gert það í þessari ræðu.

[17:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanni Ársælssyni varð tíðrætt um skattalækkanir sem hann taldi ekki skynsamlegar. Ég man ekki betur en að Samfylkingin hefði fyrir kosningar lofað töluverðum skattalækkunum, ekki síður en aðrir flokkar, enda hefur verið mikill vilji fyrir því í samfélaginu að nýta hluta af bættum hag til að lækka skatta.

Ef Samfylkingin hefði náð því marki sínu að forsætisráðherraefnið hefði komist í þá stöðu að stýra ríkisstjórninni og staðið frammi fyrir því að standa við kosningaloforðin um lækkun skatta en staðið jafnframt frammi fyrir því að þróun í efnahagsmálum ógnaði rauðum strikum og samningum verkalýðshreyfingarinnar og aðila vinnumarkaðarins, hvað hefði hv. þingmaður gert frammi fyrir þeim staðreyndum? Hefði hann skorið niður í heilbrigðiskerfinu, lækkað framlög þar eða lækkað framlög til skólamála? Hvað hefði hv. þingmaður gert?

Ég tel að það sé mjög ósanngjarnt af hálfu þingmanna Samfylkingarinnar að nota skattalækkunaráform sem eitthvert barefli á okkur í þessari umræðu vegna þess að ég man ekki betur en að Samfylkingin hefði uppi sömu eða svipuð áform í þeim efnum eins og stjórnarflokkarnir höfðu.

[17:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samfylkingin lagði til skattalækkanir, já. En í þeirri umræðu sem fór fram um skattalækkanirnar þá kom það mjög skýrt fram að menn vildu að þeim yrði raðað niður eftir því hvernig áraði í samfélaginu. Ég margtók það fram í þeim ræðum sem ég hélt hér um þetta mál í vetur að ég teldi að það ætti að huga að því þegar ákveðið væri hvenær þær kæmu til framkvæmda og að það hefði verið skynsamlegt frá hendi ríkisstjórnarinnar að lýsa því yfir að hverju hún stefndi hvað þetta varðaði en ekki að negla það niður með lagasetningu þannig að engu væri hægt að breyta ef spennan yrði of mikil í samfélaginu. Mér finnst að það hefði kannski verið heiðarlegra ef menn hefðu komið fram og sagt frá því að í tengslum við þessar skattalækkanir ætti að halda áfram að skera niður í vegamálum eins og hér liggur nú fyrir þannig að menn hefðu getað haft þá umræðu til þess að bera saman hvað væri nú skynsamlegt og hvað menn vildu gera.

Ég tel að við hefðum farið varlegar — ég ætla alla vega að vona það — ef samfylkingarmenn hefðu ráðið í sölum Alþingis og borið ábyrgð á stjórn landsins. Þá ætla ég alla vega að vona að menn hefðu farið varlegar hvað þetta varðar heldur en búið er að gera núna. Hér hafa menn algerlega neglt þetta niður með lögum og það verður tæplega tekið til baka. Ég ímynda mér a.m.k. að það verði erfið spor fyrir ýmsa þingmenn stjórnarliðanna að mæta hér fyrir næstu kosningar ef það þyrfti að draga úr spennu til þess að gera breytingar á lögum til að draga úr eða fella niður skattalækkanirnar sem þeir lögfestu í vetur.

[17:33]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þegar lögin voru sett um breytingar á sköttum til verulegrar lækkunar þá var allt þetta undir. Þá var algerlega vitað að hverju var stefnt af hálfu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum. Menn gengu því að þessum aðgerðum og ákvörðunum alveg með opin augu.

Ég vil minna á eitt. Síðast þegar vinstri stjórn var á Íslandi, árið 1990, og fjármálaráðuneytið og samgönguráðuneytið voru á hendi alþýðubandalagsmanna voru til vegamála á verðlagi ársins 2003 8 milljarðar. Átta milljarðar voru til vegamála á verðlagi ársins 2003. Á þessu ári gerum við ráð fyrir 12 milljörðum til vegamála og á næsta ári 11,5 milljörðum. Við gerum ráð fyrir því að á árinu 2007 verði 15,6 milljarðar. Árið 1990 voru þetta 8 milljarðar (Forseti hringir.) þegar Alþýðubandalagið forveri Samfylkingarinnar var við völd.

[17:34]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir hæstv. samgönguráðherra svolítið óheppinn með röksemdirnar sínar. Hér er hann búinn að framreikna það sem var á vegaáætlun í kringum 1990. En honum dettur ekki í hug að muna eftir því sem var farið yfir fyrr í umræðunni í dag. Þá kom mjög skýrt fram að framlög til vegamála hafa skroppið saman miðað við landsframleiðslu og umfang hjá ríkinu. Þannig er nú bara það. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að skoða sig vel um. Mér finnst einhvern veginn eins og hæstv. ráðherra hafi í gegnum tíðina haft þann háttinn á að mæta í ræðustól Alþingis hokinn af mokstrinum og afrekum sínum en hafi gert minna af því að skoða hvað væri mikið á bak við það ef það er borið saman við liðinn tíma og það umfang sem ætti kannski að vera í vegamálum miðað við umfangið í heild í landsframleiðslu og umfang ríkisins almennt.

Mér finnst og ég segi það alveg eins og er að hæstv. ráðherra ætti að fara yfir þessi mál betur því kannski er hluti af vandanum sá að hann hefur verið of viljugur til þess að hlaupa fyrir þá ríkisstjórn sem hann er í. Hann hefur mætt hér tvisvar á hverju kjörtímabili í annað skiptið til þess að boða hvað eigi að fara í mikið átak í vegamálum og í hitt skiptið til að gera grein fyrir því að nú þurfi að fara í niðurskurðinn. Svo sitja menn eftir með það að það hefur í raun lítið eða ekkert gerst fram yfir það sem áætlað var og enginn skilur orðið neitt (Forseti hringir.) í því hverju var verið að lofa og hvað var efnt af því.

[17:36]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki annað en blandað mér aðeins í umræðuna um Reykjavíkurflugvöll. Það er rétt að taka það fram að á árinu 1995 var öryggi flugvallarins orðið slíkt að eitthvað varð að gera í þeim málum og í ljósi þess var myndarlega tekið á og öryggisatriðum flugvallarins fullnægt með miklum lagfæringum.

Nú talar hv. þm. Jóhann Ársælsson um að ekkert mál sé að flytja völlinn til Keflavíkur eða leggja niður flugvöllinn. Finnst mér eins og eimi af því að það sé einhver lausn sem þurfi að gera fyrir núverandi borgaryfirvöld til þess að leysa úr þeim mikla lóðarskorti og vanda sem er í borginni. Hins vegar liggur alveg ljóst fyrir að verði til þessa óyndisúrræðis gripið þá verður náttúrlega að gera verulegt átak í umferðarmálum í miðju Reykjavíkur.

Í annan stað talaði hv. þingmaður um að nauðsynlegt væri að skoða samgöngumálin og umferðina í samræmi við þá stefnu sem boðuð hefur verið um að skoða lengd vega í hverju kjördæmi. Ég held að líka þurfi að skoða þann umferðarþunga sem hefur beinst á höfuðborgarsvæðið. Eins og fram kom í umræðunni fyrr í dag hafa þingmenn Reykjavíkur sýnt mikla biðlund og þolinmæði til framkvæmda úti á landi sem við gerum okkur alveg fulla grein fyrir að nauðsynlegt er að taka á þegar litið er til öryggisþáttar umferðarinnar. En nú er komið að því að hér þarf að gera líka bragarbót á og vel er að því verki staðið samanber Vesturlandsveginn, Suðurlandsveginn og tvöföldun Reykjanesbrautar. Að þessum málum öllum er því vel unnið.

Menn tala um að hér vanti mikið fjármagn til þess að gera stórátak. En horfið bara aftur til ársins 1990 og sjáið hvað hefur gerst í vegamálum á þeim tíma. Það er stórátak. Sem betur fer hafa menn farið þær leiðir að láta hagkvæmnissjónarmiðið og öryggisþáttinn ráða meira en var á árunum áður þegar menn voru í sífelldu kjördæmapoti í þessu máli og jafnvel á löngum spotta sem náði í tvö kjördæmi var byrjað á sitt hvorum endanum og kostaði það þar af leiðandi miklu meira fé en æskilegt hefði talist.

[17:39]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er oftúlkun á mínum orðum að ekkert mál sé að flytja flugvöllinn til Keflavíkur. Ég hélt því hins vegar fram að ef menn önduðu rólega og hugsuðu til þess að flugvöllurinn verður að öllum líkindum hér næstu tíu árin þá gætu þeir ósköp auðveldlega komist að þeirri niðurstöðu eftir að búið væri að gera þennan veg til Keflavíkur allan tvöfaldan þannig að fólk eigi mjög greiða leið þangað, þ.e. þá yrði það bara niðurstaðan þegar menn sæju hvernig þessi vegur kæmi þeim að góðum notum að best væri að flugið yrði í Keflavík. Ég held nú að engum sé í kot vísað að þurfa að fara kannski hálftíma ferð eða eitthvað svoleiðis til þess að fara á flugvöll. Ég held a.m.k. að víðast hvar sé lengra að fara en það frá borgum.

Ég mótmæli því að ég hafi haldið því fram að þetta væri ekkert mál. Ég held því hins vegar fram að það hafi verið óþarflega mikil stífni í þessu máli. Satt að segja hef ég ekki skilið í þeim hanaslag sem hæstv. samgönguráðherra er alltaf kominn í þegar kemur að málefnum Reykjavíkurborgar bæði hvað varðar flugvöllinn og önnur samgöngumannvirki hér. Það er eins og hann sé alltaf kominn á bremsurnar þegar kemur að þessum málum. Ég held að það væri skynsamlegt að hæstv. ráðherra kæmi sér svona í svolítið annað hugarástand þegar hann ræðir við borgaryfirvöld og reyni að ná samkomulagi um hvernig menn eigi standa að vegamálum við borgina. Það er t.d. algerlega óþolandi að menn skuli vera að skylmast hér (Forseti hringir.) um mestu vegaframkvæmd á höfuðborgarsvæðinu eins og gert er þessa daga.

[17:41]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að menn skuli vera að skylmast um stærstu vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu þá er það nú bara svo að ágætir stjórnarandstæðingar taka undir með borgaryfirvöldum og vilja ekki hlusta á þá staðreynd sem blasir við að Sundabrautin er búin að vera í mikilli biðstöðu núna um langan tíma vegna þess að borgaryfirvöld vildu byggja brú. Það er staðreyndin. Þess vegna hafa þessar tafir orðið á Sundabrautinni. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Hvað Keflavíkurflugvöll áhrærir þá er þetta auðvitað seinni tíma mál. Ég get alveg tekið undir það með hv. þingmanni að við eigum ekki að eyða tíma í að ræða um hann. Það er búið að ákveða að hann verði hér næstu 20 ár. Svo hefur tækninni fleygt fram og við vitum ekkert hvað morgundagurinn í flugmálum ber í skauti sér. Svo ör er tækniþróunin í þessum málum.

[17:42]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sundabrautin er nú að koma úr umhverfismati. Ég veit ekki betur en að það sé að bresta á mjög fljótlega. Ef fullur vilji væri til framkvæmda þar þá ætti að vera á samgönguáætlun gert ráð fyrir þeim framkvæmdum. Það er ekki gert. Að bera því við að ekki sé búið að ákveða endanlega staðsetningu er ekki boðlegt í þessari umræðu. (**GHall:** ... undirbúa ...) Ég segi bara að ef menn hefðu gert þessa kröfu til annarra framkvæmda sem hafa verið þóknanlegar ríkisstjórninni þá hefði aldrei verið hægt að fara í þær sumar hverjar. En nú gera menn þá kröfu að þetta þurfi allt saman að liggja ljóst fyrir þó menn viti að umhverfismatið er að bresta á og að verða tilbúið. (**GHall:** Það getur verið bæði ...?)

Síðan vil ég ekki að þetta sitji svona eftir með Reykjavíkurflugvöll því að ég tel ekki að 20 ár séu fram undan í þessu. (Forseti hringir.) Ég held þau geti verið kannski 10–15. (Gripið fram í.)

[17:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Ársælssyni fyrir að staðfesta það enn og aftur sem að vísu hefur komið fram í þinginu að Samfylkingin ætlaði að svíkja kosningaloforð um tekjuskattslækkunina. Það hefur komið mjög skýrt fram í þessari umræðu og ekki farið fram hjá neinum. Það fór ekki fram hjá neinum að Samfylkingin lofaði kjósendum því að lækka skatta. En þeir hafa komið hér hver á

fætur öðrum og farið hörðum orðum um það að hér hafi verið farið út í að lækka skatta. En ég ætla ekki að spyrja hv. þingmann neitt út það.

Ég ætla hins vegar að spyrja hann vegna þess að ég veit að hann er þingmaður Norðvesturkjördæmis og nágranni okkar Reykvíkinga. Hann býr uppi á Akranesi og þekkir vanda þann sem ríkir hér í umferðarmálum. Það er ekki alveg nákvæmt hjá félaga mínum og flokksbróður hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni þegar hann segir að það hafi eingöngu verið vegna þess að menn voru að deila um leiðina við Sundabrautina að hún hafi tafist, þó það sé einn þáttur svo sannarlega. Málið er einfaldlega þetta: R-listinn hefur ekki haft neinn áhuga á Sundabrautinni, nákvæmlega engan. Allt sem við höfum gert í Sundabrautinni hefur komið til vegna þess — og það er hægt að fletta því einfaldlega upp og ég get gert það fyrir hv. þingmann — að sjálfstæðismenn hafa ýtt eftir því, allt saman.

Það sem ég vil fá að vita er einfaldlega þetta: Er hv. þm. Jóhann Ársælsson sammála þeirri áherslu R-listans að hafa ekki gatnamótin við Miklubraut og Kringlumýrarbraut mislæg? Þar er mesti tappinn fyrir umferðina í borginni og þar af leiðandi fyrir fólk, t.d. af Vesturlandi sem keyrir inn í borgina og sækir hér þjónustu. Er hv. þingmaður sammála því að hafa ekki gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar í Reykjavíkurborg mislæg?

[17:46]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi tekjuskattinn fyrst, þá sagði ég ekki annað en það sem ég sagði við umræðuna um tekjuskattsmálið þegar hún fór fram. Ég held því enn fram að menn hafi farið óvarlega þegar þessar ákvarðanir voru festar í lög í stað þess að setja þær fram sem áætlun og ákveða síðan með lagasetningu í hvaða áföngum yrði farið í þá lækkun.

Það kemur mér á óvart ef það er ekki áhugi á Sundabraut hjá R-listanum. Öðruvísi hafa menn talað, borgarstjóri og fleiri sem ég hef hlustað á, hvað þetta varðar. Ég verð að segja að vonbrigði borgarstjórans með þá vegáætlun sem nú liggur fyrir hafa komið fram. Þess vegna tel ég ekki ástæðu til þess að ræða það meira, enda stuttur tími til stefnu.

Varðandi mislæg gatnamót í borginni, Kringlumýrar- og Miklubrautar, þá hef ég í sjálfu sér ekki lagst yfir það mál, hvað sé skynsamlegast þar. Borgaryfirvöld eiga auðvitað, ásamt Vegagerð og stjórnvöldum að taka ákvörðun um hvað verði gert. Ég sé bara hver niðurstaðan er núna og ætla svo sem ekki að blanda mér meira í þá umræðu.

Mér finnst svolítið gaman að þessu, hvernig umræðan hefur verið hér í dag. Ég sé að það er töluverður munur á afstöðu manna til hennar og þeir þora að láta þann mun koma fram í umræðunni, sjálfstæðismenn, varðandi það hvernig eigi að standa að vegamálum. Ég held að það væri ágætt að þingmenn væru oftar hreinskilnir í sölum Alþingis og segðu hvað þeir vilja.

[17:48]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt af skattamálunum. Ekki á nokkrum einasta fundi sem ég var á með frambjóðendum Samfylkingarinnar lofuðu frambjóðendur Samfylkingarinnar fólkinu í borginni ekki lækkun jaðarskatta. Því lofuðu þeir á öllum þeim fundum sem ég fór á og þeir voru ekki fáir. Það er ágætt að það komi algjörlega skýrt fram að þeir ætluðu aldrei að standa við það að lækka jaðarskatta. Aldrei. Hér kom enn ein staðfestingin á því.

Mér er bara ánægja að upplýsa hv. þingmann um að það sé ekki áhugi á Sundabrautinni. Ég get alveg farið með honum í gegnum það í löngu máli, sýnt honum bókanir, tillögur og annað slíkt máli mínu til stuðnings.

En það virkaði undarlega að hér kom hv. þingmaður og talaði um hagsmuni Reykvíkinga af því að keyra víðs vegar um landið, sem er hárrétt, og af góðum samgöngum. En það eru sannarlega líka hagsmunir þeirra sem búa ekki í borginni og sækja hingað þjónustu, sem er stærstur hluti landsmanna, að góðar samgöngur séu innan borgarinnar. Ég tel að hv. þingmaður ætti nú að huga að hagsmunum umbjóðenda sinna, (Forseti hringir.) skoða þetta með mislægu gatnamótin og reyna að hafa áhrif á sitt fólk.

[17:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get alveg tekið undir hið síðara sem hv. þingmaður sagði, þ.e. að það sé okkur til hagsbóta að góðar samgöngur séu í borginni. Ég er t.d. mikill áhugamaður um að Sundabrautin verði gerð sem allra fyrst vegna þess að hún skiptir miklu máli fyrir okkur sem búum í Norðvesturkjördæmi. Hún skiptir miklu máli fyrir Reykjavík sem borg en það skiptir jafnframt landsmenn alla miklu að góðar samgöngur séu við borgina.

Ég ætla ekkert að segja meira um þessi mislægu gatnamót. Það liggur fyrir hver niðurstaðan er og ég virði hana. Mér hefur t.d. ekki fundist að umferðarhnúturinn á leið um borgina væri þar en hins vegar veit ég að þar hafa orðið miklir árekstrar. Það er full ástæða til þess að lagfæra þetta og ef menn telja að þetta séu þær umbætur sem þar þarf, nú þá það.

[17:50]

Útbýting:

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, 604. mál, nál. utanrmn., þskj. 1131.

Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, 605. mál, nál. utanrmn., þskj. 1132.

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, 606. mál, nál. utanrmn., þskj. 1133.

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, 438. mál, nál. utanrmn., þskj. 1130.

Erfðabreytt bygg, 761. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1127; fsp. ÞBack, þskj. 1128.

Hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum, 752. mál, fsp. GHall, þskj. 1117.

[17:51]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í dag hefur verið fjörug umræða um samgönguáætlun eins og gjarnan vill verða. Mikið hefur verið rætt um misskiptingu fjármuna og átökin á milli lands-

byggðar og þéttbýlis eru áberandi, bæði hvað varðar vegafé og flugvallarframkvæmdir. Eins eru nokkuð hressandi þessi átök á milli sjálfstæðismanna. Ég verð að segja að þetta er með skemmtilegri dögum í þinginu þegar snaggaralegar umræður fara fram um samgönguáætlun.

Tímans vegna ætla ég ekki að fara djúpt í sjónarmið mín hvað varðar flugvallarmálið hér í Reykjavík eða Sundabrautina. Varðandi flugvöllinn og samgöngumiðstöð vil ég eingöngu segja að engar ákvarðanir í samgöngu- eða skipulagsmálum eru svo merkilegar að það megi ekki endurskoða þær. Varðandi Sundabraut vil ég segja að það er auðvitað skandall að ekkert framkvæmdafé skuli ætlað í Sundabrautina á þeirri áætlun sem við ræðum um hér.

Virðulegi forseti. Með þessari samgönguáætlun fylgir hæstv. samgönguráðherra Sturla Böðvarsson í fyrsta sinn úr hlaði umferðaröryggisáætlun. Ég verð að segja að það er fagnaðarefni þótt ég verði að viðurkenna að mér finnst hún ansi lítil, aðeins þrjár blaðsíður af 126 síðna þingskjali. Ég hefði vænst svolítið þyngra plaggs. En þó er vert að þakka fyrir það að hún skyldi ekki hafa gleymst. Þessi fyrsta umferðaröryggisáætlun sem hæstv. ráðherra Sturla Böðvarsson fylgir úr hlaði kemur til af breytingum á verkaskiptingu Stjórnarráðsins. Síðasta umferðaröryggisáætlun var á forræði dómsmálaráðherra. Hún var gagnrýnd harkalega, m.a. af þeirri sem hér stendur, fyrir að hvorki fylgdi henni framkvæmda- né fjárhagsáætlun. Í þeirri áætlun sem hér er sett fram er reynt að bæta úr þessu en þó verð ég að segja að hvorugt er nægilega skýrt fram sett að mínu mati.

Virðulegur forseti. Hæstv. samgönguráðherra virðist afar stoltur af áherslum sínum í umferðaröryggismálum. Eitt af stærstu áhersluatriðum ráðherrans á umferðarþingi í nóvember síðastliðnum var að nú ætti að fara að auka fjárframlög til umferðaröryggismála svo um munaði: Á næstu fjórum árum færu 400 millj. kr. á ári til þessa málaflokks, 1,6 milljarðar kr. á næstu fjórum árum. Um þessa yfirlýsingu ráðherrans var talsvert fjallað í fjölmiðlum í kringum umferðarþingið, enda er krafa almennings um átak í þessum efnum afar hávær. Nú er komin út hin eiginlega áætlun og þá kemur auðvitað í ljós að ráðherrann gengur strax á bak orða sinna. 400 millj. kr. á ári hafa lækkað um 15 millj. kr., 1.600 milljónirnar eru sem sagt komnar niður í 1.540 millj. kr.

Hæstv. forseti. Hugtakið nýframkvæmdafé er viðtekið í umræðum um vegáætlun. Hér hefur það verið notað vítt og breitt en nú ætla ég að freista þess að yfirfæra þetta hugtak, nýframkvæmdafé, yfir á umferðaröryggisáætlun.

Það er auðvitað ekki svo að allar þessar 385 millj. kr. sem ætlað er að renni til umferðaröryggismála árlega í fjögur ár séu nýframkvæmdafé. Það er ekki eins og hæstv. ráðherra Sturla Böðvarsson sé fyrsti ráðherrann sem ákveður að setja fjármuni til umferðaröryggismála. Á hverju ári hefur í fjárlögum verið eyrnamerkt fé til umferðaröryggismála, auk þess sem stofnanir ráðuneytisins setja fjármuni til þeirra. Ráðherrann veit betur en ég hversu miklir þeir fjármunir hafa verið árlega. Nú spyr ég, virðulegi forseti: Hve miklum fjármunum er hæstv. ráðherra að bæta við til umferðaröryggismála? Mínar heimildir herma að það séu eingöngu um 150 millj. kr. sem bætast við þá fjármuni sem fyrir eru í málaflokknum. Ég spyr hvort það sé rétt? Ef við eigum að geta tekið þátt í yfirlýsingum og ánægju hæstv. ráðherra um aukið vægi umferðaröryggismála þá er nauðsynlegt að fá það fram.

Hæstv. forseti. Þá vil ég gera athugasemd við það hvernig framsetning áætlunarinnar er í þessu skjali. Henni er að mínu mati mjög ábótavant. Það er ekki nokkur leið að sjá hvað eigi í raun að gera fyrir alla þessa fjármuni. Það er ámælisvert. Listinn er mjög almennur. Þar er fjallað um 687 millj. kr. á fjórum árum í hraðakstur, bílbeltanotkun, eftirlit, áróður og fræðslu. Obbobbobb — bíddu nú við, hvað inniber þetta allt saman? Hverjir eiga að fá þessa fjármuni? Hvaða verkefni á að vinna? Eyðing svartbletta, 312 millj. kr. Hvaða svartblettum á að eyða? Hvar eru þessir svartblettir sem hæstv. ráðherra ætlar að beita sér fyrir að verði eytt? Forvarnir erlendra ökumanna, áróður, skilti og fleira.

Hæstv. forseti. Það er alveg nauðsynlegt að hér sé betur að verki staðið og að áætlunin sé sundurgreindari og gegnsærri en raun ber vitni. Við verðum að geta treyst því að arðsemi framkvæmda verði látin ráða í þessum málaflokki. Það eitt er réttur mælikvarði. Ég ætla að vona að hæstv. ráðherra sé að hlusta á mig. Verði ekki gengið út frá þessu gæti ráðherrann hreinlega tekið ákvarðanir um framkvæmdir út frá eigin hagsmunum eða út frá annarlegum pólitískum sjónarmiðum, eytt t.d. öllu þessu fé meira eða minna í eigið kjördæmi, í kjördæmapoti.

Nei, virðulegi forseti. Ef arðsemi framkvæmdanna verður látin ráða er t.d. tryggt að svartblettalagfæringar verða gerðar í kringum höfuðborgarsvæðið og verði þá í forgangi. Það er einu sinni þannig að á vegunum sem liggja að og frá höfuðborgarsvæðinu eru margir hættulegustu svartblettirnir í vegakerfi okkar. Þetta verður hæstv. ráðherra að tryggja. Það ætti auðvitað að vera miklu auðsærra í áætluninni hvaða aðgerðir verði farið í á sviði umferðaröryggis á næstu fjórum árum, alveg eins og það er ljóst í hvaða vegaframkvæmdir verður farið.

Virðulegi forseti. Þann 12. júlí á síðasta ári kynnti hæstv. samgönguráðherra það sem hann kallaði aðgerðaráætlunina „Breytum þessu!“. Þetta var og er umferðaröryggisáætlun í tíu liðum sem samgönguráðherra sagðist líta á sem loforðalista þeirra sem starfa að umferðaröryggismálum þjóðarinnar. Sjöundi liðurinn á loforðalistanum hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ég mun leggja fram endurskoðaða umferðaröryggisáætlun sem verður á ábyrgð Umferðarstofu að fylgja eftir. Vinna við hana er þegar hafin. Ný áætlun verður lögð fram með tímasettum aðgerðum til fjögurra ára, skýrum markmiðum, kostnaður áætlaður og ábyrgð verkefna verður skýr.“

Hæstv. forseti. Ekkert af þessu er til staðar í umferðaröryggisáætluninni sem hæstv. ráðherra leggur hér til. Engin tímasett markmið og engar tímasettar aðgerðir. Markmiðin eru kannski nokkuð skýr. Kostnaður er ekki áætlaður nema í slumpum í fjögurra ára áætlun, sem engin leið er að lesa úr. Það er heldur ekki nægilega skýrt á ábyrgð hverra viðkomandi verkefni verða. Hæstv. ráðherra á eftir ákveðna þætti í verkefni sínu sem mér sýnist einsýnt að verði bætt úr næst þegar hann talar fyrir umferðaröryggisáætlun og helst fyrr.

Virðulegi forseti. Tími minn er að verða búinn en ég verð að segja að það er pínlegt að horfa á blessaðan ráðherrann, þar sem hann á erfitt með að dylja pirring sinn út í Reykjavíkurlistann. Dagurinn í dag er alls ekkert öðruvísi en aðrir dagar hvað þetta varðar en ég ætla samt að benda hæstv. ráðherra á að ástæðan fyrir fækkun umferðarslysa í Reykjavík er umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurlistans, sem er stórglæsilegt plagg upp á nokkra tugi blaðsíðna, með tímasettum og kostnaðargreindum markmiðum. (Forseti hringir.) Hæstv. ráðherra ætti að taka Reykjavíkurlistann sér til fyrirmyndar hvað þetta varðar.

[17:59]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir átti sig á að umferðaröryggisaðgerðir verða ekki mældar í pappír. Þær verða mældar í framkvæmdum og aðgerðum á sviði umferðaröryggismála.

Það liggur alveg ljóst fyrir að sú samgönguáætlun sem hér er til umfjöllunar leggur mikla áherslu á að bæta úr í vegakerfinu, lagfæra það sem helst þarf til að auka umferðaröryggi. Þess vegna er það sem fjármunir til uppbyggingar í vegakerfinu eru jafnmiklir úti um land, á þjóðvegunum, eins og raun ber vitni.

Sem betur fer hefur náðst heilmikill árangur á höfuðborgarsvæðinu í umferðaröryggismálum. Það er samstillt átak margra aðila. En stóru viðfangsefnin eru á þjóðvegunum til þess að fækka hinum alvarlegu slysum. Það lít ég á sem meginverkefni og ég lít á samgönguáætlunina sem eina allsherjarumferðaröryggisáætlun. Til hliðar við það er síðan áætlun sem er skýrð þarna og er ekki skorin niður, það er ekki rétt hjá hv. þingmanni. Ég sagði í ræðu að það væru á fjórða hundrað milljónir sem væru áætlaðar á ári í þessar sérstöku tilgreindu umferðaröryggisaðgerðir sem eru í áætluninni. Ég vissi nákvæmlega þegar ég flutti þá ræðu að það yrðu 385 milljónir, ég nefndi það ekki upp á krónu, sem þingmaðurinn reynir að gera tortryggilegt núna og tala um niðurskurð.

Umferðaröryggisáætlunin er í smáatriðum enn þá í vinnslu (Forseti hringir.) og birtist að hluta til í samgönguáætluninni núna (Forseti hringir.) en síðar verður gerð frekari grein fyrir henni.

[18:02]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að umferðaröryggisáætlunin skuli enn vera í vinnslu og við skulum eiga eftir að sjá hér vonandi innan tíðar stærra plagg en þrjár blaðsíður á þingskjali með þá tímasettum markmiðum og sundurgreindri framkvæmdaáætlun. Það er vel.

En það að hæstv. ráðherra skuli halda því fram að umferðaröryggi verði ekki mælt í pappír má auðvitað til sanns vegar færa. Hins vegar veit ég alveg að umferðaröryggisáætlunin sem hefur verið í gildi í Reykjavík hefur valdið straumhvörfum í þessum málum fyrst og fremst vegna þess að hún er vandað plagg sem ákveðnar stofnanir innan borgarkerfisins keyra eftir. Það eru tímasett markmið, þau eru kostnaðargreind hvert fyrir sig og þetta er önnur umferðaröryggisáætlunin sem við keyrum í Reykjavíkurborg og aðferðin við að búa hana til og fara eftir henni skilar sér í þeim árangri sem ég gerði grein fyrir í máli mínu.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki í andsvari sínu hversu mikið þetta væri sem ég kallaði nýframkvæmdafé til umferðaröryggismála. Það er alveg nauðsynlegt að þingheimur fái að vita það hversu mikið hæstv. ráðherra er að auka vægi þessa málaflokks. Við höfum verið að setja fjármuni í umferðaröryggi hingað til. Hversu mikið er hæstv. ráðherra Sturla Böðvarsson að auka þetta fé? Hversu mikið er hann að leggja til viðbótar við það sem við áður höfum ákveðið að leggja?

[18:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Eins og ég nefndi hér fyrr, virðulegi forseti, lít ég svo á að tilteknar aðgerðir í endurbótum á vegakerfinu séu fyrst og fremst umferðaröryggisaðgerðir. Ég vísa því til samgönguáætlunarinnar sem heildar, en því til viðbótar eru sérstakir fjármunir og þeir tilgreindir, 385 milljónir á ári, sem eru til aukins eftirlits, til hraðamælinga, til svartblettaaðgerða, minni háttar svartblettaaðgerða reyndar, og til aðgerða til að bægja búfé frá þjóðvegunum o.s.frv.

Að öðru leyti vísa ég til þess að við erum að fara í endurbætur og erum í endurbótum á Vesturlandsveginum, við erum í endurbótum á Hellisheiðinni, af því að ég veit að hv. þingmaður hefur svo mikinn áhuga á þessu svæði nær höfuðborginni, og við erum í endurbótum á höfuðborgarsvæðinu sjálfu, þ.e. færslu Hringbrautar með miklum brúarmannvirkjum fyrir gangandi vegfarendur og úrbætur, og síðan á Reykjanesbrautinni. Allt þetta er náttúrlega sönnun þess að það er alrangt sem hv. þingmaður leyfir sér að halda fram, að samgönguráðherra, sem hefur lagt til að settir yrðu hvað mestir fjármunir í uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu, sé í einhverri sérstakri andstöðu við höfuðborgarbúa. Ég vísa þessu algerlega til föðurhúsanna og ég vil benda hv. þingmanni á að hætta að tína upp slíkar fullyrðingar og slíkar dylgjur sem dálkahöfundar og spekingar sem spjalla í ljósvakamiðlum, eins og Egill nokkur sem rekur Silfrið, leyfa sér að viðhafa á síðum visir.is. Ég vil ræða þetta á málefnalegum forsendum en ekki með slíkum sleggjudómum.

Það er mjög alvarlegt viðfangsefni sem við erum að fást við og ég fagna því hvað hv. þingmaður sýnir mikinn áhuga (Forseti hringir.) eins og fyrri daginn á umferðaröryggismálum og ég er tilbúinn til að eiga málefnalegt, gott og traust samstarf við hana um það.

[18:05]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hæstv. samgönguráðherra vil ég segja: Ég er ekki með neinar dylgjur um nokkurn skapaðan hlut. Ég hef einungis orðað það að hæstv. ráðherra sýni pirring út í Reykjavíkurlistann. (**Samgrh.:** Það er misskilningur.) Það er enginn misskilningur. Við höfum átt hér orðastað áður um þessi mál og það sem kemur yfir til mín er pirringur hæstv. ráðherra þegar við fjöllum um Reykjavíkurborg og þær aðgerðir sem Reykjavíkurborg hefur farið í í þessum málum og þegar Reykjavíkurborg er að gera kröfur á ríkissjóð um að fjármunir séu settir í þær fram-

kvæmdir sem eru lögum samkvæmt á forræði ríkisins innan borgarmarkanna.

Ég hef því ekki verið með neinar dylgjur, horfi sjaldan á kjaftaþætti í sjónvarpi, les afar sjaldan þann vefmiðil sem hæstv. ráðherra nefndi þannig að ég vísa því til baka. Ég samþykki hins vegar að eiga við hann málefnalegar umræður um þessi mál.

En ég skil ekki hvers vegna hæstv. ráðherra hefur ekki svarað þessari einu spurningu sem ég lagði fyrir hann í ræðu minni: Hversu mikla fjármuni er hæstv. ráðherra að setja í umferðaröryggismálin? Hversu mikið er nýtt fé af þessum 385 milljónum sem eru að fara árlega næstu fjögur árin í áætlun hæstv. ráðherra, hversu mikið af þessu fé er að koma í fyrsta sinn í þennan málaflokk?

Er þetta flókin spurning? Þarf hún að vefjast fyrir hæstv. ráðherra? Hvers vegna fær þingheimur ekki að vita það? Hafa verið 385 milljónir á ári í umferðaröryggismál? Nei, ég held ekki. Eru þær allar nýir peningar? Nei, ég held ekki.

Spurningin er: Hversu mikið af þessum 385 milljónum á ári næstu fjögur árin eru nýir peningar? Það mundi sýna hversu mikið aukið vægi hæstv. ráðherra hefur sett á þennan málaflokk en hann vill ekki upplýsa það. Hvers vegna ekki?

[18:07]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum að ræða samgönguáætlun og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir gerir að umtalsefni umferðaröryggismál og er það vel. En út frá þeirri umræðu sem hefur orðið hér er eðlilegt að spurt sé: Hvað eru umferðaröryggismál í raun og sannleika? Mér finnst það vefjast fyrir hv. þingmanni.

Ég sé ekki betur en að allar þær nýframkvæmdir sem eru í samgönguáætlun 2005–2008 séu meira og minna af toga umferðaröryggismála. Ég get nefnt sem dæmi nýframkvæmd sem nú er búið að ákveða að fara í og er hafin á Hellisheiði, sem er 400 millj. kr. nýframkvæmd, þar sem lagðar eru af tvær afskaplega slæmar beygjur þar sem hafa orðið slæm slys. Jafnframt er verið að leggja af stefnugreind vegamót við Þrengslavegamót, sem verða nú mislæg. Ég lít svo til að þessar 400 milljónir séu fyrst og fremst umferðaröryggismál og númer tvö muni þær flytja meiri umferð á þeim vegi, fyrst og fremst er það það.

Að nefna bara þessar litlu þrjár blaðsíður og 300 milljónir, það er bara alrangt að mínu viti. Ég lít svo til að þær 300 milljónir að auki sem eru á þessari samgönguáætlun séu líka að stórum og stærstum hluta til umferðaröryggismála.

Síðan má ekki gleyma því, hv. þingmaður, að vetrarþjónustan er mikið umferðaröryggismál.

[18:09]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Málaflokkurinn samgöngumál er sundurgreindur í ákveðna þætti. Einn þátturinn er umferðaröryggi og gerð er grein fyrir því í þessu plaggi hvernig það er skilgreint. Þar er talað um aðgerðir vegna hraðaksturs og vegna bílbeltanotkunar, eftirlit með þessum þáttum, áróður og fræðslu. Það er talað um leiðbeinandi hraðamerkingar á þjóðvegum og eyðingu svartbletta. Talað er um eftirlit, áróður og fræðslu vegna ölvunar og fíkniefna, talað um umferðaröryggi í öryggisstjórnun fyrirtækja, umferðaröryggi í námskrá grunnskóla og leikskóla, öryggisbeltanotkun í hópbifreiðum, forvarnir erlendra ökumanna og fleira get ég talið, svona get ég lengi talið. Þetta eru þeir ákveðnu þættir sem falla undir fyrirsögnina Umferðaröryggi. Það er í þessa hluti sem hæstv. ráðherra er að setja 385 milljónir á ári í fjögur ár, samtals 1.540 milljónir, og það er þetta litla svið af heildarpakkanum sem ég beini sjónum mínum að. Mér finnst í sjálfu sér að ekki sé hægt að álasa mér fyrir það þó að ég fletti upp á þessum kafla í samgönguáætluninni og geri hann að sérstöku umtalsefni.

Ef hæstv. ráðherra væri sammála hv. þingmanni um að öll samgönguáætlunin væri umferðaröryggisáætlun mundi hann nefna niðurstöðutölur samgönguáætlunarinnar eða vegáætlunarinnar í heild þegar hann talar um umferðaröryggismálin. En hann nefnir 385 milljónir í fjögur ár, 1.540 milljónir, það er hans umferðaröryggisáætlun og það er hún sem ég gerði að umtalsefni án þess að vilja draga úr því að auðvitað eru vegaframkvæmdir að stórum hluta til með þeim hætti að þær auka öryggi okkar í umferðinni. Það er sýnt og skárra væri það nú ef þær væru það ekki.

[18:11]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi fyrst og fremst koma því að hér er að ég fagnaði þessari umræðu í sjálfu sér. Ég vildi benda á að nýframkvæmdir sem eru í samgönguáætluninni taka á mörgum af þeim þáttum sem nefndir eru í umferðaröryggiskafla samgönguáætlunarinnar, eins og svartblettanna, verið er að útrýma þeim. Þess vegna er mikilvægt að líta á þetta svolítið heildstætt. Ég vildi fyrst og fremst benda á það.

[18:12]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þær vegaframkvæmdir sem standa yfir, eins og hv. þingmaður nefndi, t.d. við Þrengslavegamótin og það sem gert hefur verið á Reykjanesbraut og víðar í kringum höfuðborgarsvæðið eru aðgerðir sem vissulega eyða stórum eða erfiðum, mjög hættulegum svörtum blettum, það er alveg hárrétt. En við verðum hins vegar að horfa til þess að það eru þúsundir, sennilega tugþúsundir af svörtum blettum í öllu vegakerfinu okkar. Þeir eru greindir á vísindalegan hátt af lögreglu og þeim sem annast þessi mál. Við útrýmum ekki þeim tugum þúsunda svartbletta með því að bæta fé til vegaframkvæmda. Við þurfum að fara meðvitað í að sundurgreina það hvers vegna verða til svartir blettir hér eða svartir blettir þar. Stærstu svörtu blettirnir eru kannski þeir sem útheimta mestu aðgerðirnar, stærstu framkvæmdirnar, og það er vel og ég dreg ekki úr mikilvægi þess að út í þær framkvæmdir sé farið, sannarlega ekki. En það breytir ekki því að við megum ekki hvítþvo okkur af því að hugsa um vegakerfið í heild og svörtu blettina sem eru úti um allt með því að útrýma bara þeim hættulegustu.

Hér verðum við að horfa vítt yfir sviðið, taka almennilega á, og auðvitað verða sveitarfélög og ríki að standa saman í þessum málum, það skiptir verulegu máli. En í öllu

falli eru þessi svartblettamál þannig komin að fólk er orðið meðvitað um þær framkvæmdir sem beinlínis eru til að sporna við þessum svörtu blettum. Ég held líka að þeir sem eru að framkvæma á vegunum okkar, Vegagerðin, átti sig betur á því hvaða aðgerða er þörf í þessum tilfellum, þannig að auðvitað erum við með slíkar aðgerðir í fullum gangi. En það á ekki að koma í veg fyrir að hæstv. ráðherra svari hér einföldum fyrirspurnum um hversu mikið er verið að setja af nýjum fjármunum inn í þessa afmörkuðu þætti sem flokkast undir umferðaröryggisáætlunina.

[18:14]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Hér fer fram hefðbundin umræða um samgönguáætlun þar sem hverjum þykir sinn fugl fagur og menn takast á um einstök verkefni eins og gengur. Oft hefur umræðan verið líflег og svo er einnig nú og það er út af fyrir sig gott og eðlilegt.

Þær tillögur sem liggja fyrir í þingskjalinu hafa verið unnar og undirbúnar í allnokkurn tíma og mikil vinna liggur þar að baki. Ég tel að hér sé mjög gott starf unnið þó svo að auðvitað hafi menn ólíkar skoðanir á ýmsu því sem hér kemur fram. Ég vil leyfa mér að færa fram þakkir til þeirra sem unnu að málinu fyrir framlag þeirra.

Í greinargerð með þingsályktuninni er fjallað um ýmis málefni, mikilvæg mál sem varða samgöngumál almennt í landinu. Þar er fjallað um þróunarmál, rannsóknir, stefnumótun o.s.frv. Þar er einnig fjallað um mögulegar leiðir til fjármögnunar, framkvæmda og form framkvæmda almennt. Síðan kemur auðvitað fram í greinargerð að áætlunin byggir á fjórum meginmarkmiðum, sem eru um greiðari samgöngur, hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri samgangna, umhverfislega sjálfbærar samgöngur og öryggi í samgöngum. Þetta eru auðvitað markmið sem við höfum fjallað um og unnið hefur verið eftir.

Fram hefur komið í umræðunni að hæstv. ráðherra mun leggja fyrir Alþingi sérstaka umferðaröryggisáætlun sem þingið mun fjalla um, þar sem fjallað verður um sérstakar aðgerðir varðandi umferðaröryggi. Ber að fagna því að við séum komin það langt á leið.

Í áætluninni er fjallað um hafnaáætlun, flugmálaáætlun og vegáætlun. Í hafnaáætluninni er unnið samkvæmt stefnumótun sem birtist í bráðabirgðaákvæði hafnalaga frá 2003, þ.e. að um fyrstu tvö ár áætlunartímabilsins gildi eldri hafnalög. Segja má að á sínum tíma hafi verið ákveðið samkomulag um að svo skyldi vera milli þingsins og hafnanna í landinu. Ég fagna því sérstaklega að það stendur og eftir því er unnið. Eftir árið 2006 taka hins vegar gildi þau hafnalög sem eru í gildi og hafa verið samþykkt þar sem verður nokkur breyting á kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, eða hafnanna, og byggjast á flokkun hafna.

Þær tillögur sem birtast í hafnaáætlun eru að venju unnar í samráði Siglingastofnunar og hafnanna í landinu. Það er samskiptaform sem hefur verið við lýði alllengi og er eðlilegt.

Hér hefur einna mest farið fyrir umræðu um Reykjavíkurflugvöll í dag. Menn hafa tekist á um það og er ekkert nýtt í þessum sal. Ég tel, eins og ég hef áður sagt, að Reykjavíkurflugvöllur eigi að vera þar sem hann er og fagna þeim hugmyndum sem uppi eru um byggingu samgöngumiðstöðvar á því svæði. Ég tel því að mjög mikilvægt sé að flugvöllurinn haldi sér, það eru að vísu skiptar skoðanir um það en þetta er mín skoðun, vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að samgöngur við höfuðborgina af öllu landinu séu sem greiðastar og bestar og ég tel að það sé best tryggt með þessum hætti. Auðvitað ber umræðan merki um hvernig skipulagsmálum borgarinnar hefur verið hagað síðustu áratugina. Borgina vantar byggingarland og þess vegna ræða menn um að flytja flugvöllinn.

Virðulegi forseti. Í umræðunni um samgönguáætlun fer auðvitað mest fyrir umræðu um vegamál. Það er mjög eðlilegt. Það er víða mikil þörf fyrir bættar samgöngur. Einstök svæði á landinu eru illa sett hvað varðar vegasamgöngur. Þar ber fyrst og fremst að nefna Vestfjarðasvæðið og norðausturhornið. Það hafa verið síauknar kröfur um veggæði, styttingu vegalengda, umferðaröryggi o.s.frv. Ákall um aukið fjármagn hefur því farið vaxandi.

Sú þróun hefur einnig átt sér stað að þungaflutningar hafa aukist mjög mikið á vegakerfinu eftir að strandflutningar hafa nánast lagst af. Það er auðvitað mjög miður að ekki skuli vera hægt að halda uppi strandflutningum kringum landið vegna þess að þjóðvegirnir eru ekki undir það búnir að taka við svo mikilli þungaumferð, burðar og breidd veganna er með þeim hætti að vegakerfi okkar er því miður illa undir það búið.

Í allri umræðu um fjármagn til vegagerðar verðum við að hafa í huga að við höfum verið með mun meira fjármagn til vegagerðar en áður fyrr og ber auðvitað að fagna því. Í umræðunni hafa menn tekist á um þetta, m.a. er því haldið fram, sem ég ætla ekki að vefengja, að það sé lægra hlutfall af landsframleiðslu nú til vegamála en áður fyrr, en menn verða náttúrlega að átta sig á því í því samhengi að við leggjum miklu meira hlutfall til samneyslunnar en áður fyrr. Það má kannski segja að í því birtist ákveðin forgangsröðun í ráðstöfun fjármagns. Það hefur auðvitað verið kallað mjög mikið eftir því að fjármagn verði aukið til samneyslunnar. Það birtist í þessu. Það eru því ýmsar skýringar á þessu og menn verða að gæta þess að horfa á heildarmyndina og gæta sanngirni í umræðunni.

Virðulegur forseti. Í umræðu um vegáætlun takast menn að sjálfsögðu á um einstök verkefni. Menn takast á milli kjördæma o.s.frv. Það er eðlilegt, menn eru að berjast fyrir umbjóðendur sína þannig að sú umræða er eðlileg. Ég verð hins vegar að segja að mér hefur fundist bera á því hjá einstökum ræðumönnum í dag að þeim hefur hlaupið kapp í kinn og mér finnst sanngirnin ekki hafa verið höfð að leiðarljósi. Ég vil taka dæmi af hv. þm. Gunnari Birgissyni sem kom og ræddi um vegamál í mínu kjördæmi, Norðvesturkjördæmi, með að mínu mati gríðarlega ósanngjörnum hætti, vegna þess að þar horfum við fram á mörg verkefni sem þarf að vinna. Hv. þingmaður þekkir mætavel vegakerfið í því kjördæmi. Ég legg áherslu á að menn gæti sanngirni í umræðunni um leið og þeir takast á um þessi mál en fari ekki út af veginum í þeim efnum.

Hér hefur mikið verið rætt um Sundabraut. Ég legg áherslu á að Sundabrautin er að mínu mati mikið hagsmunamál fyrir fólk í Norðvesturkjördæmi. Áhugi okkar er því mikill á byggingu Sundabrautar.

Tíminn flýgur. Sú áætlun sem hér birtist ber merki um að verið er að fresta framkvæmdum. Það er til komið vegna þess að menn hafa talið nauðsynlegt að gera það til að bregðast við þenslu í efnahagskerfinu. Það er umdeilt en að mínu mati er mjög mikilvægt að við gætum okkar í efnahagsmálunum. Meginmarkmið okkar er að halda uppi efnahagslegum stöðugleika. Ákvörðunin um frestun framkvæmda er auðvitað liður í því. Ég tel að það beri merki um ábyrgð í ríkisfjármálum og efnahagsmálum. Segja má (Forseti hringir.) að frestun vegaframkvæmda sé mun minna mál en (Forseti hringir.) að viðhalda hér efnahagslegum stöðugleika og ábyrgð í ríkisfjármálum.

[18:22]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að byrja á að segja að ég fagna því að hv. þm. Magnús Stefánsson vilji ræða um vegamál og samgöngumál af sanngirni. Það kemur mér ekki á óvart, vegna þess að hv. þingmaður er og hefur gefið sig út fyrir að vera einkar sanngjarn maður. Hann lýsti því yfir að hann fagnaði þeim áformum sem fram koma í þeirri áætlun sem við ræðum um byggingu flugstöðvar við Reykjavíkurflugvöll. Ég er ekki sömu skoðunar, vegna þess að þrátt fyrir að það eigi að vera flugvöllur að mínu mati í Reykjavík eða við Reykjavík finnst mér óeðlilegt að flugvellinum sé fyrirkomið á líklega besta byggingarsvæði landsins, einu verðmætasta og skemmtilegasta byggingarsvæði landsins. Ég tel að það væri miklu skynsamlegra og sanngjarnara gagnvart Reykvíkingum að hann yrði færður. Ég sé fyrir mér að það séu margir kostir í stöðunni og að við getum flutt flugvöllinn úr Vatnsmýrinni og eitthvert annað án þess að sú þjónusta sem hv. þingmaður talar um af sanngirni við landsbyggðarmenn verði skert. Ég er nefnilega eins og hv. þingmaður talsmaður góðra samgangna úr þéttbýli í dreifbýli og öfugt.

Ég hlýt að spyrja í ljósi þess sem fram kom í ræðu hv. þingmanns hvort hann sjái ekki fyrir sér einhverja möguleika hvað það varðar að færa flugvöllinn úr Vatnsmýrinni og hvort hann telji ekki að þjónustan við landsbyggðina (Forseti hringir.) verði eftir sem áður hin sama og alveg jafngóð þó flugvellinum verði komið fyrir einhvers (Forseti hringir.) staðar annars staðar í borgarstæðinu eða í nálægð við það.

[18:24]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er þetta með Reykjavíkurflugvöll. Ég hef lýst skoðun minni á því að hann eigi að vera þar sem búið er að ákveða að hann eigi að vera í allnokkuð mörg ár til viðbótar, þannig að það liggur fyrir. Ég skal ekkert um það segja hvað menn munu gera í framtíðinni. Ef menn komast að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt sé að færa flugvöllinn eitthvað út fyrir, hv. þingmaður talar um nokkra kílómetra, geta menn auðvitað skoðað það. Ég tel að það liggi fyrir og ég fagna því að það liggi fyrir að flugvöllurinn verði hér áfram í allnokkuð mörg ár til viðbótar.

[18:25]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni svarið. En telur hann líklegt að verði flugstöðin sem áætlanir gera ráð fyrir að verði byggð við Reykjavíkurflugvöll, ég geri ráð fyrir að hún muni kosta um 2–3 milljarða, samgöngumiðstöð, ekki bara fyrir flug heldur líka fyrir aðrar samgöngur? Verði sú bygging að veruleika telur hv. þingmaður að miklar líkur séu á því að flugvöllurinn verði einhvern tímann færður? Mér finnst ólíklegt ef af byggingunni verður að hún verði rifin innan fárra ára, það væri illa farið með gott fé ef það yrði gert. Ég tel að ef menn ætla að ráðast í bygginguna séu menn með þeim hætti að festa flugvöllinn endanlega í sessi.

Ég hef borið þá sanngjörnu spurningu fram gagnvart hv. þingmanni hvort það skerði þjónustu við landsbyggðina að færa flugvöllinn úr miðbæ Reykjavíkur og rétt út fyrir borgina. Ég sé ekki að svo sé. Ég tel að sjónarmið mín í málinu séu afar sanngjörn gagnvart landsbyggðinni og sömuleiðis gagnvart Reykvíkingum. Mér sýnist einsýnt að verði af byggingunni verði enn erfiðara en áður að færa flugvöllinn.

Ég vil hins vegar taka það fram að ég er alveg jafnhlynntur góðum samgöngum og samgöngumannvirkjum og hv. þingmaður. Ég vil bara festa þær byggingar niður einhvers staðar annars staðar en við Alþingishúsið.

[18:27]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi tel ég mikla þörf fyrir samgöngumiðstöðina. Það liggur fyrir að Reykjavíkurflugvöllur verður áfram í Vatnsmýrinni í allnokkuð mörg ár og við erum með aðrar samgöngur á því svæði þannig að það er mikil nauðsyn fyrir samgöngumiðstöðina. Ég treysti mér ekki til að spá mjög langt fram í tímann um það hvað menn munu taka til bragðs í framtíðinni varðandi Reykjavíkurflugvöll. Það má vel vera að einhvern tímann í framtíðinni komist menn að þeirri niðurstöðu að færa hann „eitthvert annað í nágrenninu“, eins og orðað var. Ég ætla ekkert að spá um það.

Ég tel mikla þörf fyrir samgöngumiðstöðina og ég er þeirrar skoðunar að völlurinn eigi að vera þar sem hann er og búið er að ákveða.

[18:28]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér áðan talaði hv. þm. Magnús Stefánsson, sem einnig er formaður fjárlaganefndar. Hann er þingmaður fyrir Framsóknarflokkinn í Norðvesturkjördæmi. Félagi hans í Framsóknarflokknum í Norðvesturkjördæmi, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, birti fyrir örfáum dögum grein þar sem hann hefur lagst í útreikninga á þeim fjárhæðum sem fyrirhugað var að leggja til vegamála. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að framkvæmdum verði frestað, bæði í fyrra, nú í ár og á næsta ári, en síðan eigi að bæta í árið 2007 og 2008, er niðurstaða útreikninga hans að fjárframlög til vegamála dragist saman um eina 4 milljarða króna á fimm ára tímabili. Skýringarnar telur hann helst felast í því að tölurnar í samgönguáætluninni

sem nú liggur fyrir taka ekki tillit til hækkandi verðlags á tímabilinu.

Mig langar að spyrja hv. formann fjárlaganefndar að því hvort þarna hafi verið gerð einhvers konar mistök, hvort hann hafi orðið þess var að gerð hafi verið mistök með þessum hætti við gerð fjárlaga á undanförnum árum, hvort útreikningar hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, félaga hans í Framsóknarflokknum í Norðvesturkjördæmi, standist.

[18:30]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki farið ofan í þá útreikninga sem hv. þingmaður ræðir hér og félagi minn úr kjördæminu, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, fór yfir. Ég er spurður að því hvort gerð hafi verið mistök við gerð fjárlaga. Það er nú svo að það eru fjárlögin sem ráða. Vegáætlun er áætlun en fjárlög hverju sinni ráða hversu mikið fjármagn fer til vegamála og sérhverra mála sem um ræðir. Ég átta mig því ekki á spurningunni og tel að ekki sé raunhæft að tala um mistök. Þetta er bara ákvörðun hverju sinni, fjárlögin ráða hversu mikið fé fer til vegamála. Málið er einfaldlega þannig.

[18:31]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur á óvart að hv. þm. Magnús Stefánsson hafi ekki kynnt sér útreikninga félaga síns úr sama kjördæmi. Nóg um það. En af því að hann er formaður fjárlaganefndar og einnig þingmaður Norðvesturkjördæmis langar mig til að spyrja hann, og hann hlýtur að hafa velt því fyrir sér, hvort hann telji ekki að ríkið hafi efni á því nú að fella niður mjög svo ósanngjarna skattheimtu sem er á mjög mikilvægu vegamannvirki í Norðvesturkjördæmi, þ.e. Hvalfjarðargöngunum, hvort hann telji að það sé ekki þrátt fyrir allt borð fyrir báru að afnema þann 14% virðisaukaskatt sem nú er á veggjöldum í Hvalfjarðargöngunum og hvort hann geti ekki tekið undir það sjónarmið að ef sá skattur félli niður mundi það í raun og veru efla umferð í gegnum göngin og þar af leiðandi mjög sennilega efla bæði byggð og atvinnulíf beggja vegna ganganna og þegar upp væri staðið tapaði ríkið ekki einni einustu krónu á því að innleiða þessa mjög svo sanngjörnu breytingu á skattalögunum.

[18:33]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég, eins og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson og margir fleiri, er áhugamaður um að þetta gjald í Hvalfjarðargöngin verði sem lægst og nýverið náðist mikill árangur í því að lækka það gjald. Fyrirtækið sem á og rekur göngin endurskipulagði fjármál sín, þannig að þeir náðu þeim árangri að geta lækkað gjaldið. Þetta með virðisaukaskattinn er mikið rætt. Ég get því miður ekki svarað því nákvæmlega núna hvernig því máli muni reiða af. Umræða hefur verið milli Spalar og fjármálaráðuneytisins um málið og mér skilst að það sé í gangi. Við skulum sjá hvað kemur út úr því. Ég legg áherslu á að það er Spölur sem á mannvirkið samkvæmt öllum samningum og lögum og öðru sem gilda um það. Ríkið á ekki þessa framkvæmd. Það er auðvitað meira og minna á höndum Spalar að lækka gjaldið og þeir hafa náð góðum árangri í því. Ég tel ástæðu til að nota tækifærið og hrósa þeim fyrir það.

[18:34]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér vegáætlun og það er ánægjulegt að sjá hversu miklar framkvæmdir eru í gangi, hversu mikið við erum að byggja af vegum, brúm og jarðgöngum í landi sem er svo dreifbýlt.

Á síðu 65 í vegáætluninni er ákvæði sem ég las upp fyrr í dag um Reykjavíkurflugvöll þar sem gert er ráð fyrir að byggt verði flughlað og síðan ný flugstöð og eins og kom fram áðan kostar hún sennilega 2–3 milljarða. Þetta er dálítið merkilegt.

Einhvern tímann á stríðsárunum var hér hernámslið Breta og þeir tóku þá ákvörðun, sem í huga þeirra var örugglega rétt, að byggja flugvöll í Vatnsmýrinni. Þeir notuðu Rauðhólana til að fylla upp í hann og það var örugglega rétt ákvörðun. Sama gerði Bandaríkjaher í Keflavík. Við sitjum uppi með þessar ákvarðanir í dag, endalaust. Einhvern tímann var klæðningin orðin slæm, fyrir svona 10 árum, og þá þurfti að endurnýja klæðninguna. Það leiddi til þess að byggður var nýr flugvöllur í Vatnsmýrinni, algjörlega nýr flugvöllur, bara sisvona. Ég man ekki til þess að tekin hafi verið ákvörðun um það. Menn voru sem sagt að byggja á gömlum ákvörðunum Breta og byggðu nýjan flugvöll. Nú á að fara að byggja flugstöð við flugvöllinn. Þá verða komnir 5–7 milljarðar í þetta dæmi og þá verður væntanlega ekki hægt að hætta við af því að búið er að setja svo mikla peninga í það. Menn taka endalaust skilyrtar ákvarðanir um eitthvað sem er háð einhverju sem tekin var ákvörðun um áður. Mér sýnist að Bretar hafi mjög mikil áhrif á framtíðarþróun Reykjavíkur um alla framtíð.

Herra forseti. Bankarnir lækkuðu vexti síðastliðið sumar. Hvað kemur það þessu máli við? Þangað til hafði Íbúðalánasjóður lánað nær eingöngu til íbúðalána lán með hámarki. Hámarkið olli því að verð á íbúðum var nokkurn veginn það sama, hvort sem íbúðin var stór eða lítil, hvort sem hún var nálægt Reykjavík, í miðbænum eða lengst í burtu. Menn höfðu ekki getu til að borga nema ákveðið verð. Þegar bankarnir komu með ótakmörkuð lán hækkaði verðið þar sem fólkið vildi búa, einmitt hérna í 101 Reykjavík. Af hverju er ég að tala um þetta? Vegna þess að þessir lágu vextir munu reka Reykjavíkurflugvöll burt úr Vatnsmýrinni. Hún er allt of dýrmæt til þess. Hún er orðin svo dýrmæt núna að ég giska á að hægt sé að selja landið fyrir 50–100 milljarða, sérstaklega ef menn notuðu sæmilegt nýtingarhlutfall. Þá er auðvitað ljóst að sá kostnaður við að byggja nýjan flugvöll upp á 10–12 milljarða er hverfandi. Þetta er það sem menn eiga að gera, sérstaklega ef þeir vilja sýna sanngirni. Þessu eiga landsbyggðarþingmenn að berjast fyrir, að landið sé selt og byggður nýr flugvöllur rétt fyrir utan Reykjavík. Ég fellst alveg á að Keflavíkurflugvöllur er engin lausn fyrir landsbyggðina. En það eru margar leiðir, margir staðir í nágrenni Reykjavíkur, mjög nálægt, þar sem hægt er að byggja flugvöll. Það eiga menn að gera. Menn eiga að sýna skynsemi einu sinni í staðinn fyrir að

vera alltaf að henda peningum, góðum peningum á eftir slæmum.

Vaxtalækkun bankanna gerir það að verkum að þetta land er orðið mjög dýrt og við megum ekki horfa upp á það ónotað, fyrir utan það að Reykjavíkurflugvöllur tekur ekki bara upp landið, hann lækkar líka alla byggðina í Kvosinni. Það er ekki hægt að byggja þar heldur af því flugvélarnar fara þar svo lágt yfir.

Svo mætti náttúrlega gera jarðgöng, af því að við erum að tala um vegáætlun, frá Snorrabraut að Grensásvegi og selja landið sem er þar fyrir ofan og borga jarðgöngin með því, því að þetta er heilmikið land, það er hálfs kílómetra geil í gegnum Reykjavík sem liggur eftir Miklubraut. Þetta er enn ein hugmyndin.

Þessar aðgerðir valda ekki þenslu og þær kosta ríkissjóð ekki neitt. Það yrði hellingsafgangur. Ég held að ríkið eigi þriðjung af landinu í Vatnsmýrinni. Það gæti jafnvel byggt eitt stykki spítala fyrir afganginn, sýnist mér. Þessir peningar eru teknir út úr atvinnulífinu þannig að þeir mundu virka gegn þenslu en ekki öfugt.

Herra forseti. Þessi umræða hefur snúist um að menn eru að ota sínum tota hver og einn, landsbyggðarþingmenn alveg sérstaklega. Ég vil taka fram, eins og ég hef alltaf gert, að ég nota vegi úti á landi ekki síður en aðrir, kannski eitthvað minna, en ég hef keyrt í gegnum öll jarðgöngin og mér þykir það bara ágætt. Ég nota líka vegi úti á landi og mér þykir það ágætt. Ég vil hafa vegi um landið. Ég tek undir það sem Vestfirðingar segja um bágborið ástand vega þar, ég vil gjarnan geta keyrt um Vestfirði líka, að sjálfsögðu. Þetta er sameiginlegt verkefni okkar allra.

Ég bendi á að þær tillögur sem ég er með hér eru niðurskurður á framkvæmdum í Reykjavík. Ég vil ekki byggja þessa flugstöð í Reykjavík. Ég vil að menn séu framsýnir og fái peninga út úr dæminu, að ríkissjóður fái peninga út úr dæminu, alveg öfugt, og fyrir þá gætum við byggt spítala og jafnvel nokkur jarðgöng úti á landi.

[18:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna ræðu hv. þingmanns vil ég taka sérstaklega fram að þegar Reykjavíkurflugvöllur var endurbyggður var það gert ekki vegna ákvarðana Breta, heldur vegna samkomulags sem gert var á milli borgaryfirvalda í Reykjavík og samgönguyfirvalda að undangengnum miklum rannsóknum og undirbúningi um endurbyggingu vallarins. Það er alveg nauðsynlegt að hafa þetta í huga vegna þess að borgaryfirvöld voru þarna fullkomlega með í ráðum. Tekin var ákvörðun um það á Alþingi í tengslum við flugmálaáætlun að leggja fjármuni til endurbyggingar flugvallarins. Síðar gerist það að gert var samkomulag á milli borgarstjóra og samgönguráðherra um að setja af stað vinnu ...

(**Forseti** (HBl): Ég bið afsökunar en ég gleymdi að stilla klukkuna og tíma hæstv. ráðherra er þá lokið.)

Þá verð ég að ljúka ræðu minni hér.

[18:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef Bretar hefðu ekki byggt þennan flugvöll í Vatnsmýrinni, lætur þá einhver sér detta í hug að menn hefðu byggt nýjan flugvöll þarna núna? Ég er hræddur um að það dytti engum manni í hug að reisa flugvöll í Vatnsmýrinni ef hann hefði ekki verið til þarna áður. Samkomulög sem misvitrir menn gera sín á milli geta verið mjög slæm.

Menn tala hér um sanngirni. Er það sanngirni að láta Reykvíkinga keyra, tugi þúsunda manna, kannski hálftíma lengur á dag af því byggðin er orðin svo óskaplega dreifð að menn eyða heilum og hálfum klukkutíma í að keyra í vinnu og þurfa tvo bíla á hverja fjölskyldu í staðinn fyrir einn. Það er ekki sanngirni í landsbyggðarþingmönnum. Mér finnst að þeir ættu að horfa pínulítið til alls þess tíma af ævi sinni sem Reykvíkingar nota til að keyra til og frá vinnu.

[18:43]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vissulega er nauðsynlegt að standa skynsamlega að skipulagsmálum borgarinnar. Það er hins vegar í höndum borgaryfirvalda sem tóku ákvörðun um að völlurinn yrði áfram. Það er staðreynd sem ekki verður hægt að víkjast undan.

Að öðru leyti vildi ég koma því á framfæri að það er mat allra sem vinna að samgöngumálum að það sé mjög mikilvægt að koma upp svokallaðri samgöngumiðstöð á höfuðborgarsvæðinu. Það þekkist hvergi á byggðu bóli að ekki sé samgöngumiðstöð í höfuðborginni. Það er það sem verið er að gera til að auðvelda samgöngur á landi og í tengslum við flugvöllinn. Þess vegna tel ég afar mikilvægt að samgöngumiðstöðin rísi. Það sama á við um hana, það er fullt samkomulag um það við borgaryfirvöld að það verði gert.

[18:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt það sem ég óttast, að byggð verði samgöngumiðstöð. Og af því að komin er samgöngumiðstöð og af því að kominn er flugvöllur verður ekki hægt að flytja hann, aldrei nokkurn tímann. Reykvíkingar sitja uppi með að þurfa að keyra lengst, lengst austur í sveitir heim til sín af því að ekki er til byggingarland nálægt þar sem þeir vinna.

Ég vil að menn endurskoði þessa áætlun og sýni pínulitla sanngirni í garð Reykvíkinga, líka Reykjavíkurborg, að hún sýni sínum eigin borgurum pínulitla sanngirni og sendi þá ekki í 20 mínútna til hálftíma óþarfa keyrslu á hverjum einasta degi til vinnu. Það þarf að þétta byggðina þannig að við séum ekki með svona óskaplegan kostnað og tíma í að keyra, fyrir utan öll vegamannvirkin í borginni sem kosta líka óhemjufé.

[18:45]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér talar hv. þm. Pétur H. Blöndal í þá veru að þar sé nánast 100% sala á lóðum ef Reykjavíkurflugvöllur yrði lagður af þar sem hann er, en væri fluttur annað. Það er náttúrlega rangt. Það þarf að fara í miklar vegaframkvæmdir og samgönguumbætur ef 20–30 þús.

manns flytja þarna á svæðið eins og gert (Gripið fram í.) hefur verið ráð fyrir. Jafnvel 60 þús., segir þingmaðurinn. Það kann vel að vera. En það hefur nú orðið aukning í innanlandsflugi, veruleg aukning, sem sýnir að þetta er mikil samgöngubót.

Ég vildi aðeins spyrja líka hv. þm. Pétur H. Blöndal: Gerir þingmaðurinn sér ekki grein fyrir því að um 1.200 störf er að ræða á Reykjavíkurflugvelli? Umferðin mundi þá bara beinast annað, auk þess sem farið hefur verið í rannsóknir og það margsinnis kannað að það er ekkert stæði fyrir flugvöll hér nálægt af öryggisástæðum annars staðar en á Keflavíkurflugvelli. Það er ekki um neitt annað að ræða. Og 1.200 störf, það skiptir miklu máli fyrir Reykvíkinga, auk þess að það er 13–14 milljarða (Forseti hringir.) viðskiptalegur ávinningur af því að hafa flugvöllinn hér. Það skiptir miklu máli.

[18:46]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvelt að svara þessu.

Í fyrsta lagi varðandi samgöngurnar. Ég stakk upp á því að gera jarðgöng frá Snorrabraut að Grensásvegi. Það mundi leysa töluverðan þunga af þeirri umferð, auk þess sem atvinnutækifæri yrðu hönnuð með þeirri byggð þannig að fólk gæti sótt vinnu í næstu götu, það er þekkt. Það er mjög mikil atvinnustarfsemi hérna í miðbænum og út með sjónum þar sem fjármálafyrirtækin eru. Þetta má leysa.

Varðandi það að ekki sé neitt svæði hérna í nágrenninu, ég minni bara á Bessastaði þar sem er engin byggð. Ég minni á Hvassahraunið. Ég er nærri viss um að margir landsbyggðarþingmenn sem sérstaklega þurfa að fara til Keflavíkur tækju því með þökkum, það er styttra að fara frá þeim stöðum en frá Reykjavíkurflugvelli og lenda í umferðinni í Reykjavík.

[18:47]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég kom að áðan hafa farið fram rannsóknir í Hvassahrauni og á Sandskeiði. Það er talin mjög óásættanleg aðstaða fyrir innanlandsflug að byggja þar flugvöll, auk þess sem við erum að tala um slíkar upphæðir, hv. þm. Pétur Blöndal, að það er rétt að leyfa þessu máli að anda næstu 15–20 árin og sjá svo hvað setur.

Það var annað sem ég kom hér að og hlýtur að skipta þingmann Reykjavíkur miklu máli, það eru 1.200 störf sem skapast hér við flugvöllinn og það er hinn viðskiptalegi þáttur sem er um 13–14 milljarðar. Þeir skipta líka máli. Er þingmaður Reykvíkinga með öðrum orðum að segja: Það skiptir ekki nokkru máli fyrir Reykjavík, 1.200 störf eða 12–14 milljarðar í viðskiptalegu tilliti? Skiptir það engu máli?

[18:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvelt að svara því: Þessi störf fara ekki neitt. Ef við flytjum flugvöllinn t.d. til Bessastaða þarf nákvæmlega jafnmikinn mannskap þar. Við mundum byggja brú hérna á milli fyrir 1 milljarð eða svo, (Gripið fram í.) það er hverfandi miðað við þá óskaplegu hagsmuni sem eru í húfi varðandi það lóðaverð sem við erum að tala um, auk þess sem 60 þús. manna byggð í Vatnsmýrinni mundi aldeilis búa til störf. Hún mundi aldeilis búa til störf sem yrðu miklu fleiri en þessi 1.200 sem eru við flugvöllinn sem auk þess mundu ekkert hverfa. Þetta eru engin rök í málinu. (Gripið fram í.)

[18:49]

Lára Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég hef smásamúð yfir því að hv. þingmaður upplifir sig fórnarlamb Breta og ég ímynda mér að það geti verið óþægileg tilfinning.

Þegar verið er að tala um svo mikla peninga sem menn ætla að hala upp úr Vatnsmýrinni dettur mér Jóakim Aðalönd í hug í þessu samhengi en minni á að Vatnsmýrin er einfaldlega mýri, og ekkert sérstaklega spennandi byggingarland. Annars staðar í borgum fer fullt af plássi undir járnbrautarlestar sem ég er mjög spennt fyrir og Guðmundur Finnbogason stakk upp á fyrir 100 árum og tækju enn meira pláss. Vesturbærinn er einfaldlega úthverfi. Þetta er enginn miðbær í kringum flugvöllinn.

Ég er ekkert viss um að Reykvíkingar sem ekki komast út úr borginni vilji endilega sallast á að byggja sig í þessari mýri. Ég er mjög hissa á þessu.

Síðan vil ég minna á að þetta er líka varaflugvöllur til að komast á varasjúkrahúsið á Akureyri. Menn þurfa á þessum flugvelli að halda í Reykjavík og ættu ekkert að gleyma því.

[18:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt — Vatnsmýrin er mýri, samt byggja menn flugvöll þar. Hann er byggður niður á fast. Það var fyllt upp fyrir flugvellinum, þá var allt í lagi að hafa þetta á mýri, þá var það í lagi. Það er ekkert meiri mýri í Vatnsmýrinni en í Fossvoginum þar sem er miklu dýrara. Það er enginn vandi að ráða við það, fyrir utan það að ef við mundum grafa þarna jarðgöng fengjum við næga uppfyllingu til að fylla upp í alla mýrina. Ég sé það ekki sem vandamál.

Varðandi það að Vesturbærinn sé úthverfi, af hverju skyldi Vesturbærinn vera úthverfi? Það er út af flugvellinum.

[18:51]

Lára Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil ekki hvers vegna hv. þingmaður er svo viðkvæmur fyrir því hvar miðbær Reykjavíkur er. Hann er einfaldlega kominn upp í Mjódd og ég sé ekkert athugavert við að miðbær eða miðdepill Reykjavíkur sé þar. Fjöldi manns kemur aldrei út á þetta útnes hér nema til að fara í samgöngur og mæta á Alþingi.

Þar af leiðandi finnst mér ekki meginatriði í þessu máli að fara að selja og hafa stóran gróða af því að byggja í þessari mýri. Það var alveg rétt, auðvitað hefur verið grábölvað að sumu leyti að hafa flugvöllinn þarna og byggja hann svona upp — en það er búið að því. Því að fara að draga hann í burtu og moka hann upp úr mýrinni til þess að setja hann einhvers staðar annars staðar? Ég sé engan til-

gang með því. Fyrir utan það að ég sé svo sem ekkert sérstakt hjartfólgið í því að miðbærinn þurfi endilega að vera fyrir alla hér — Mjóddin, Grafarvogurinn og þess vegna Rauðavatnssvæðið eru prýðilegir staðir í þessu samhengi.

[18:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn hafa verið að tala um sanngirni hér í dag og sérstaklega hafa landsbyggðarþingmenn höfðað til sanngirninnar. Finnst hv. þingmanni sanngjarnt að senda Reykvíkinga tuttugu mínútur til hálftíma á hverjum einasta degi á bílnum sínum? Er það sanngjarnt? (Gripið fram í.) Það er ekki sanngjarnt og alveg sérstaklega ... (Gripið fram í.) Eftir því hvar þeir búa? Þeir eru neyddir til að búa uppi í sveit vegna þess að miðbærinn er ekki til, vegna þess að flugvöllurinn leggur undir sig alla Vatnsmýrina. (**Gripið fram í:** Ég er tilbúinn til ráðuneytis.) Þannig að menn ... (Gripið fram í.) Skipulagið gerir ráð fyrir því að menn keyri og keyri í vinnuna og mér finnst það ekki sanngjarnt. (Gripið fram í.) Þegar bent er á lausnir sem kosta landsbyggðarþingmenn ekki neitt, hvorki í tíma né peningum, skil ég ekki af hverju má ekki skoða það og af hverju menn eru alltaf að byggja á ákvörðun Breta fyrir mörgum áratugum.

[18:53]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hún er alltaf jafnskemmtileg, þessi umræða um flugvöllinn.

Ég velti oft og tíðum einu fyrir mér í þessari umræðu. Hv. þm. Pétur H. Blöndal kom hér með athyglisverðar hugmyndir sem mér finnst alltaf mjög gaman að hlusta á, til að mynda það hvað landið undir flugvellinum í dag er sennilega verðmætt og að hægt væri að taka það undir byggð og nota peningana sem fengjust fyrir þetta land til að byggja flugvöll einhvers staðar annars staðar.

Af því að hv. þm. Pétur H. Blöndal er mikill talsmaður einkaframtaksins langaði mig til að spyrja hann þeirrar spurningar: Hvers vegna í ósköpunum setjast menn bara ekki hreinlega niður og útfæra þessar hugmyndir almennilega á pappír, stofna um þær félag, fara í þessa vinnu og selja hreinlega þjóðinni hugmyndina? Menn þurfa að koma bara með konkret tillögur, við ætlum að fara með flugvöllinn hingað og hann verður svona og við ætlum að fjármagna þetta með þessum hætti og nýja hverfið verður svona o.s.frv., bara útfæra þessa hugmynd og leggja hana á borðið.

[18:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hugsa að ekki þurfi að mana suma lengi til þess. Ef þeir sjá einhverja glætu fyrir pólitíkinni, að þarna megi byggja sæmilega byggð, segjum 20–30 hæða hús sem mundi þýða heilmikið borgarlíf á götunum — það mundi þýða kaffihús og annað slíkt og margir vilja búa í svoleiðis umhverfi — hugsa ég að svona tilboð kæmi tiltölulega fljótlega. Menn verða að sjá einhverja von fyrir þeim misvitru stjórnmálamönnum, bæði í Reykjavíkurborg og hjá samgönguráðuneytinu, sem eru að semja út og suður þvert á vilja borgaranna.

[18:55]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Ég skil það samt sem áður ekki. Ef þessi hugmynd er svona góð — og ég er alls ekkert að draga úr gildi hennar á neinn hátt, mér finnst þetta mjög spennandi og gaman að velta því fyrir sér og gaman að tala um þetta — skil ég ekki alveg hvað það er sem menn eru svona hræddir við. Ég hygg að það væri hægt að vinna því pólitískt fylgi, bæði í höfuðborginni og líka hér á Alþingi, ef menn legðu bara fram góðar og raunhæfar hugmyndir og væru með það tilbúið hvernig þeir ætluðu að útfæra þetta. Þá væri búið að finna nýtt land undir nýjan flugvöll einhvers staðar á viðeigandi stað, þá væri búið að hanna þarna hverfi, menn búnir að setjast niður og hreinlega gera það upp við sig hvernig þeir ætluðu að fara í þetta.

Ég segi enn og aftur að mér hugnast þessi hugmynd á margan hátt vel, að því tilskildu að þessi leið sé fær, en ég er fullur grunsemda, einmitt vegna þess að mér finnst vanta (Forseti hringir.) einhvern veginn kjarkinn í menn að þeir fari í þetta.

[18:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur ekki komið tilboð í Símann enn þá vegna þess að hann hefur ekki verið til sölu. Það hefur heldur ekki komið tilboð í RÚV vegna þess að það hefur ekki verið til sölu. Menn þurfa að beygja sig undir þær reglur sem löggjafinn og borgaryfirvöld setja. En ég er nærri viss um að um leið og slíkt yrði hugleitt og eins ef menn mundu leyfa að hugleiða það kæmu svona tilboð og útfærslur eins og ég er að tala um. Þetta er nefnilega mjög sniðugt dæmi. Fyrir afganginn mætti, eins og ég sagði, hugsanlega byggja heilan spítala sem við erum að vandræðast með.

[18:57]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það var áhugavert að hlýða á síðustu umræður sem hér fóru fram, einkanlega vegna þess að þar var velt upp nýjum sjónarmiðum, nýjum vinklum á þá umræðu sem um margt er í sjálfheldu, þ.e. umræðuna um Reykjavíkurflugvöll. Krafa landsbyggðarmanna er að það séu góðar flugsamgöngur við höfuðborgarsvæðið, sá er kjarninn í þeirri kröfu. Sá er hér stendur er um margt ánægður með flugvöllinn þar sem hann er en á móti kemur að sjónarmiðin sem uppi eru um að hann verði færður eru mjög sterk. Hvort það kunni að vera einhverjir fletir á þeirri hugmynd sem hv. þm. Pétur Blöndal og fleiri hafa velt upp, að hægt sé að tryggja þessar flugsamgöngur við höfuðborgarsvæðið á annan hátt, er eitthvað sem ég held að sé alveg ástæðulaust að slá út af borðinu.

Hv. þingmaður benti einnig á að kannski hefðu menn ekki hugsað nægilega á sínum tíma þegar þeir réðust í hinar miklu framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll þar sem hann er. Kannski hugsuðu menn ekki nægilega í botn hvort vera kynnu aðrir fletir á þessu máli. Hæstv. samgönguráðherra

kom inn í þessa umræðu heldur ófrjór, ef ég má svo að orði kveða, sagði að menn hefðu samið og þetta hefði orðið niðurstaðan. Það var eins og að ekki hefði farið fram nein hugmyndavinna og menn ekki velt upp neinum möguleikum um hvaða valkostir kynnu að vera í stöðunni.

Það er alveg ljóst að við getum ekki staðið í þessum endalausu deilum um flugvöllinn, hvort hann eigi að vera eða ekki, að landsbyggðin og hluti höfuðborgarinnar standi með flugvelli í Vatnsmýri og hinn hlutinn sé á móti. Við þurfum að leita lausna og við eigum að leita þeirra með opnum hug.

Eins og ég segi fagna ég því að menn séu að velta upp hugmyndum þó að sá er hér standi sé óskaplega ánægður með flugvöllinn þar sem hann er, bæði vegna þess að ég bý nálægt flugvellinum þegar ég er á höfuðborgarsvæðinu og eins er stutt að fara í flug. Það breytir ekki hinu að það er mikilvægt að menn velti upp þessum hugmyndum.

Það sem ég vildi gera hér að umtalsefni í stuttri ræðu um samgönguáætlun er fyrst og fremst sú staðreynd að líklega er ekki til nein byggðaaðgerð sem er eins mikilvæg ef menn hafa í huga að tryggja byggð í því dreifbýla landi sem við búum í en að ráðast í gerð samgöngumannvirkja. Það er sennilega fátt, ef nokkuð, sem hefur jafnmikil áhrif.

Hér hafa Hvalfjarðargöngin komið til tals og ég þekki það mætavel hvaða áhrif þau hafa haft vestur um, upp á Akranes, Borgarfjörð og áfram. Það er ekki nokkur minnsti vafi á því að samgöngumannvirkin hafa meira að segja fyrir byggðirnar í landinu en flest annað hvað varðar að tryggja viðhald og vöxt byggða.

Þess vegna er það vissulega áhyggjuefni að á næstu tveimur árum, þ.e. 2005 og 2006, séu uppi hugmyndir um að skera niður framlög til vegagerðar um 5,4 milljarða frá eldri samgönguáætlun. Það er sú staðreynd sem við horfum hér framan í og það er staðreynd sem við horfum framan í um leið og byggðirnar eiga margar hverjar undir högg að sækja.

Mér finnst þetta vera mjög alvarlegur hlutur. Menn geta velt upp því sjónarmiði og sagt: Það er svo mikil þensla, við þurfum einhvers staðar að skera niður. Það vita menn að víða er sjálfsagt hægt að finna leiðir til að skera niður. Á tíu árum hafa tekjur ríkissjóðs þrefaldast. Það þarf því enginn að segja mér að ekki sé hægt að finna fleti á niðurskurði annars staðar en nákvæmlega þarna.

Þegar við skoðum framlög til vegamála í samhengi við hlutfall af ríkisútgjöldum höfum við farið úr 8% árið 1970 niður í 3% á árinu 2005, þ.e. útgjöld ríkisins til vegamála sem hlutfall af ríkisútgjöldum hafa farið úr 8% 1970 niður í 3% miðað við fyrirliggjandi fjárlög. Því er alveg ljóst að áherslur í þessum málum eru ekki hinar sömu og voru hér á árum áður. Á móti kemur hins vegar að vissulega hefur hagkerfið stækkað verulega og ríkisútgjöldin líka, þannig að það er ekki hægt að leggja þetta upp á sama hátt. En staðreyndin er þessi og ef við hefðum haldið útgjöldum til vegamála í sama hlutfalli og áður var værum við að tala um miklu, miklu hærri fjárhæðir.

Á þeim stutta ræðutíma sem við höfum hér til að ræða samgönguáætlun, hún kemur vitaskuld til seinni umræðu einnig í endanlegum búningi, vil ég leyfa mér að fagna því að við sjáum fram á auknar framkvæmdir á Hellisheiði sem koma þá væntanlega inn árið 2007. Ég vil einnig fagna því sérstaklega að nú stendur yfir vinna við undirbúning á rannsóknaáætlun hvað varðar mögulega gangagerð á milli lands og Eyja sem væntanlega verður ráðist í í sumar. Það er full ástæða til að fagna því vegna þess að mikilvægt er að fá svör við slíkum spurningum um hvað er mögulegt og hvað ekki og gera þá væntanlega raunhæfar kostnaðaráætlanir, því það hefur farið óskaplega mikill tími í mörgum málum í að deila um ákveðna hluti án þess kannski að menn leggi nægilega rækt við að fara ofan í málin eins og kostur er, en a.m.k. er þetta á döfinni og full ástæða til að fagna því sérstaklega.

Hvað varðar Suðurkjördæmið sérstaklega er það vissulega þannig hjá okkur öllum að við viljum framkvæma miklum mun meira og við skulum ekki gera lítið úr því.

Það sem stendur dálítið upp úr í umræðunni er sú staðreynd að ekki hefur verið staðið við loforð um framkvæmd eða gerð Suðurstrandarvegar sem lofað var í aðdraganda síðustu kosninga. Það er dálítið óþægilegt að hafa það á tilfinningunni að ríkisstjórnarflokkarnir ætli að vera með svona kosningavíxla, gefa þá út rétt fyrir kosningar og síðan kannski jafnvel að tefla þeim fram aftur í næstu kosningum, a.m.k. sjáum við ekki fram á að við þetta loforð verði staðið.

Svona rétt í lokin, virðulegi forseti, vildi ég einnig nefna það að ég sakna þess að ekki er gert ráð fyrir þverbraut á Bakka, þ.e. að ekki skuli gert ráð fyrir framlögum til flugbrautarinnar á Bakka, sem er ómalbikuð í augnablikinu og gerir það að verkum að flugvöllurinn er nánast ónothæfur á veturna í mikilli bleytu. Ég vonast nú til að hægt verði að skoða það á milli umræðna því það er ekki stór framkvæmd.

[19:05]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur aftur og aftur komið fram í umræðunni í dag að þingmenn Samfylkingarinnar hafa hvað eftir annað komið með ný hlutföll sem fara í vegagerð og samgöngumál. Ný hlutföll miðað við ríkisútgjöld eða miðað við þjóðarframleiðsluna. Ég held að dálítið hættulegt sé að tala svona.

Árið 1970 eins og viðmiðunin var hjá hv. þingmanni voru útgjöld til heilbrigðismála 3–4% af landsframleiðslu á Íslandi. Þau eru núna 9–10%. Hvað skyldi nú hafa aukist mest síðustu tíu árin í útgjöldum ríkisins? Jú, herra forseti, það eru málefni fatlaðra.

Herra forseti. Þessir sömu þingmenn Samfylkingarinnar hafa ár eftir ár komið og talað fyrir því að við ættum að efla velferðarkerfi Íslands, sem við höfum verið að gera, kannski á stórtækari og betri hátt en flestar aðrar þjóðir Evrópu. Þetta hefur verið að gerast.

Um leið og efnahagskerfið eflist og stækkar höfum við efni á því að setja meiri peninga í samgöngur eins og okkur sannarlega vantar. En hlutfallið, hvort sem við miðum við landsframleiðslu eða ríkisútgjöld, hefur farið niður, það er alveg hárrétt. Það hefur farið verulega niður vegna þess að ríkið er að taka svo virkan þátt í einmitt samneyslunni. Þetta er það sem við höfum verið að gera. Þetta er það sem allir þykjast vera að berjast fyrir. Þess vegna er það dálítið

óheilbrigt og mjög vont og til að rugla menn í ríminu þegar menn koma núna í umræður um samgöngumál og segja: Nei, sjá — hlutfallslega hefur þetta lækkað.

[19:07]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst svona æsingur í hv. þingmanni kannski ekki alveg tilheyra efninu, en það sem ég var bara einfaldlega að velta hér upp og kannski ekki síst sökum þess að hæstv. samgönguráðherra hefur æ ofan í æ talað um það að sjaldan ef nokkurn tímann eða aldrei í sögu lýðveldisins hafi öðrum eins fjármunum verið varið til vegaframkvæmda. Það hefur enginn dregið það í efa, en þegar þessir hlutir eru settir í samhengi hvernig áherslur hafa breyst og í ljósi þess hve samgöngur eru þýðingarmiklar og ef menn ætla að tryggja vöxt og viðgang margra byggða hringinn í kringum landið, þá eru óþrjótandi verkefni.

Hér er aðeins verið að draga fram að þetta hlutfall er ekki hið sama og áður. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að ég og hv. þingmaður gætum víða farið yfir hvað ríkisútgjöld varðar og fundið möguleika til að færa til fjármuni og áherslur. Ég er aðeins að draga það fram að ekki er sami þungi og sama áhersla á samgöngumál í dag og var á þeim árum sem ég vísaði til. Við höfum farið úr 8% árið 1970, þ.e. í útgjöldum til vegamála, niður í 3,02% fyrir árið 2005 ef miðað er við fjárlög. Þetta er aðeins staðreynd sem hér er dregin fram. Ég var ekkert að draga fram aðrar staðreyndir um þessa hluti. Þetta er einfaldlega veruleiki. Við erum einmitt að draga þennan veruleika fram í ljósi þess að samgönguráðherra kemur hér sí og æ, ber sér á brjóst og telur sig hafa framkvæmt meira en nokkur annar maður á Íslandi. Þetta eru bara staðreyndir sem liggja á borðinu.

[19:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er bara hárrétt hjá hæstv. samgönguráðherra að verið er að framkvæma núna meira en nokkurn tíma áður. Það sem hefur gerst í þessu dásamlega ríki er að kakan hefur stækkað. Það hefur hvergi nokkurs staðar í Evrópu, varla nokkurs staðar í heiminum orðið slíkur hagvöxtur og á Íslandi. Þessi efnahagsvél sem okkur hefur tekist að búa til og betrumbæta á síðustu 15 árum er einhver afkastamesta efnahagsvél heimsins. Það er þess vegna sem lífskjör Íslendinga vaxa svo hratt sem raun ber vitni. Það er þess vegna sem hagvöxturinn er hér meiri en í öðrum löndum.

Við höfum efni á því núna, hvert prósent landsframleiðslu og hvert prósent sem við miðum við er miklu stærri tala og miklu meira magn. Við verðum að setja þetta allt í samhengi þegar við ræðum um þetta. Með aukinni velsæld og aukinni auðsöfnun þjóðarinnar hefur hún auðvitað efni á að leggja meira til samhjálparinnar eins og hún er að gera. Það eru hinar stóru breytingar sem hafa verið. Miklu meiri peningum er varið til samhjálpar en áður. Því hafa menn staðið fyrir og verið stoltir af. Við eigum að vera stoltir af því.

Við erum að framkvæma hér meira en nokkurn tíma áður. Það er staðreynd, herra forseti, í magni. Hins vegar getum við hver og einn komið hér og sagt: Miðað við stöðu Íslands, hins stóra ríkis, svo stórrar eyju, með svo fáa íbúa væri auðvitað æskilegt að leggja til enn meiri peninga. Ég ætla alveg að taka undir það með hv. þingmanni. Það er veruleg ástæða til þess af því að við höfum alveg sambærilega stöðu á við allar aðrar þjóðir heimsins, nema kannski í vegamálum vegna þess hve við erum fá og búum á stórri eyju.

[19:11]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má kannski segja að hv. þingmaður hafi í reynd svarað þeim spurningum sem vöknuðu hér í lokin þegar hann sagði eitthvað á þá leið að líkast til værum við aftar á merinni en flest Vestur-Evrópuríki hvað varðar vegamál. Ég var aðeins að draga það fram að áherslur í vegamálum — og notaði þá sem hlutfall af ríkisútgjöldum — hefðu dregist saman um meira en helming frá árinu 1970. Í ljósi þeirrar stöðu sem við búum við, við búum í stóru, dreifbýlu landi með löngu vegakerfi, ef svo má að orði komast, þá er mikilvægt að þungar áherslur séu einmitt á byggingu samgöngumannvirkja. Ég var aðeins að draga það fram að þessar áherslur eru ekki jafnmiklar og þær voru áður. Ég heyrði það hér í lokin að hv. þingmaður er mér algerlega sammála.

[19:12]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Umræðan í dag hefur verið góð og ýmislegt athyglisvert hefur komið fram. Ég verð að viðurkenna að mér varð nú svolítið hugsað til síðustu kosninga þegar það var enn og aftur staðfest hér að Samfylkingin ætlaði aldrei að standa við kosningaloforð um skattalækkanir. Mér var bara hugsað til þess, vegna þess að á hverjum einasta kosningafundi sem ég var á fóru frambjóðendur Samfylkingarinnar yfir það að þeir ætluðu að lækka jaðarskatta. Það er ágætt að það sé enn og aftur staðfest að þeir ætluðu aldrei að standa við það.

Það er auðvitað mikið gert sem betur fer í samgöngumálum, ekki bara á síðustu árum, heldur í rauninni alveg frá 1991. Segja má að ákveðin samgöngubylting hafi orðið í landinu. Ég ætlaði að ræða fyrst og fremst um það sem snýr að mínu kjördæmi. Þrátt fyrir að ég vilji að meira sé gert verður að fara yfir það sem vel er gert. Það hafa verið sett sex mislæg gatnamót í Reykjavíkurborg frá árinu 1991, en fyrir þann tíma höfðu einungis verið gerð tvenn. Það varð bæði stefnubreyting og hugarfarsbreyting þegar hæstv. þáverandi ráðherra, Halldór Blöndal, tók við og hæstv. samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, hefur alveg verið á sömu línu hvað þetta varðar.

Ég vil hins vegar frekar tala um næstu skref. Ég lít á það sem svo, jafnvel þó að við höfum lagt mikið í samgöngumál og við getum talað um samgöngubyltingu, þá liggur það alveg fyrir að mörg verk eru óunnin og við eigum eftir langt í land með að ná viðunandi stöðu.

Ég held að það sé þrennt sem við þyrftum að fara í sem a.m.k. snýr helst að mér. Í fyrsta lagi er það greiðari umferð á höfuðborgarsvæðinu. Í annan stað er það öruggari umferð, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu, heldur á öllu land-

inu. Í þriðja lagi tel ég að við þurfum að huga að Reykjavíkurflugvelli og opna þá umræðu aðeins. Ég ligg ekkert á þeirri skoðun minni að ég hefði viljað sjá hann færðan úr Vatnsmýrinni. Ég sé í rauninni engan annan raunhæfan stað fyrir hann en í Keflavík, en ég fer nánar í það á eftir.

Ég er í þeirri sérkennilegu stöðu að fullt af verkefnum eru í mínu kjördæmi. Gatnakerfið á höfuðborgarsvæðinu er sprungið. Það finnum við öll sem keyrum hér til vinnu á morgnana. Það er af mörgum ástæðum. Ein ástæðan er sú að við búum á útnesjum og miðborgin t.d. er ekki í miðborginni og við þurfum að hafa ansi mikið fyrir því að koma samgöngum þannig fyrir að hún verði sá miðpunktur sem við viljum. Miðborgin í Reykjavík er ekkert bara miðborg Reykjavíkur. Þetta er í raun eina miðborg landsins og það eru hagsmunir allra landsmanna að hér séu öflug miðborg og að höfuðborgin Reykjavíkurborg geti verið sá útvörður í samkeppni við útlönd sem við viljum sjá.

Við erum hins vegar í þeirri sérkennilegu stöðu að helstu andstæðingar okkar Reykvíkinga í samgöngumálum eru borgaryfirvöld. Það liggur alveg fyrir að við erum að horfa hér upp á meiri vanda ef skipulagsmálin fara áfram eins og horfur eru á og menn fara í byggð í Úlfarsfelli upp á 25.000 manns, einn Kópavog, og bæta því ofan á sprungið umferðarkerfi. Við höfum séð að í málefni Sundabrautar hefur R-listinn dregið lappirnar og hefur ekkert leyst. Menn hafa rætt hér mikið að ekki sé búið að taka ákvörðun um staðsetningu, þ.e. hvar fyrsti áfangi á að vera. Það á líka eftir að afgreiða með skynsemi hvernig menn ætla að hafa legu Hallsvegar. Það er ekki búið. Nú hefur stór hluti íbúa Grafarvogs kært umhverfismatið og þær leiðir sem þar eru uppi. Ég segi það hér að þær eru óásættanlegar. Hins vegar liggur fyrir að Sundabraut ein og sér leysir engan vanda. Hún leysir engan vanda, því miður, ef við erum bara með fyrsta áfanga. Við þurfum að fara með Sundabraut alla leið og við þurfum að leysa Miklubrautarmálið. Við verðum að skera þar á umferðarhnútinn. Það er alveg stórkostlegt að við horfum upp á það í Reykjavík að samgönguráðherra hefur verið að pressa borgaryfirvöld til að koma á mislægum gatnamótum við Miklubraut og Kringlumýrarbraut. Það er búið að leggja 10–20 milljónir í undirbúning. En það eru borgaryfirvöld sem stoppa þetta. Þetta er nákvæmlega sambærilegt við það ef bæjarstjórn Siglufjarðar hefði stoppað Siglufjarðargöngin vegna þess að þeir vildu ekki fá of mikla umferð í bæinn, nákvæmlega eins. Þetta er mjög sérkennilegt vandamál. Ríkið þarf eðli máls samkvæmt að koma mörgu að því sem þarna ætti að leysa. Ég hef tekið niður allt að fjórtán punkta sem þarf að leysa. Þetta eru Kringlumýrarbraut/Miklabraut, Miklabraut/Háaleitisbraut, Miklabraut/Grensásvegur, Miklabraut/Sæbraut/Reykjanesbraut. Svo eru ýmsir fleiri þættir sem því miður er ekki tími til að fara yfir núna.

Ég veit að aukin áhersla er lögð á öruggari umferð. Ég hef mikla trú á þessu verkefni sem heitir EuroRAP sem eldhuginn Ólafur Guðmundsson hefur mikið verið að kynna. Ef ég veit rétt er aukin áhersla lögð á þetta í samgönguráðuneytinu og kannski að ráðherra minnist eitthvað á það seinna í umræðunni. En eins og hefur komið hér fram í umræðunum þá erum við fámenn á stórri eyju og við höfum verið að reyna að koma á þokkalegum samgöngum um allt landið í þokkalegri sátt. Það er nauðsynlegt allra hluta vegna og fyrir íbúa alls landsins. Allir keyra á vegunum. Ég segi þetta vegna þess að það er líka mikilvægt fyrir landsbyggðarmenn að samgöngur séu góðar í Reykjavík. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir Reykjanes, fyrir Suðurlandið, fyrir Vesturlandið að auðvelt sé að komast leiðar sinnar innan Reykjavíkurborgar því menn sækja bæði þjónustu og vinnu til þessa svæðis. Þess vegna þarf að vera samstaða um það.

Ég tel þess vegna að það séu líka hagsmunir fólgnir í því og tækifæri fyrir landsbyggðina að færa Reykjavíkurflugvöll. Það mundi styrkja miðborgina. Það segir sig alveg sjálft að við þurfum að leysa mörg vandamál. Við þurfum að leysa vandamál varðandi varaflugvöll. Við þurfum að leysa vandamál varðandi samgöngur hér á svæðinu. Við þurfum að leysa vandamálið fyrir þá staði sem verða fyrir skerðingu á samgöngum. Þá er ég að vísa fyrst og fremst til Ísafjarðar og Egilsstaða. Einnig mætti nefna Akureyri og Vestmannaeyjar og Höfn. Menn eiga ekki að setja sig í skotgrafir hvað þetta varðar heldur líta á þetta með opnu hugarfari.

Ég bý í Grafarvogi og ég er svona 10–20 mínútur, eftir því hvernig umferðin er, að keyra til vinnu á þennan vinnustað hér og það tekur sama tíma fyrir mig að fara á Reykjavíkurflugvöll. En ég er þetta 30–40 mínútur að keyra til Keflavíkur. Þegar menn eru að tala um að þessi þjónusta eigi að vera í miðborgum eða nálægt þéttbýli þá er það alveg rétt. En ef við berum okkur saman við önnur lönd þá er ekkert stórmál að keyra til Keflavíkur. Það er ekkert stórmál. Ég átta mig alveg á því að það er hrein og klár fórn að færa völlinn. En í því felast gríðarleg tækifæri.

Við verðum að ná sátt um það, virðulegi forseti, að byggja upp samgöngur á höfuðborgarsvæðinu með auknum krafti og þar verða (Forseti hringir.) að koma til bæði skipulagsyfirvöld í borginni og ríkið og á (Forseti hringir.) sama hátt væri æskilegt að ná betri og málefnalegri umræðu um Reykjavíkurflugvöll.

[19:21]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Öflugur borgarfulltrúi í Reykjavík og öflugur þingmaður Reykvíkinga fór nú hér með þann boðskap að flytja ætti flugvöllinn og flugvallarstarfsemina til Keflavíkur. Ég hvet Reykvíkinga sem eru þessarar skoðunar eindregið til þess að íhuga alla þá atvinnustarfsemi sem er í kringum Reykjavíkurflugvöll, bara það fólk sem starfar í tengslum við völlinn. Ef aðstæður í þjóðfélaginu væru ekki jafngóðar og þær eru í dag (Gripið fram í.) — það er ekkert atvinnuleysi og engin vandamál af því tagi — þá væri ég nú hrædd um að eitthvað heyrðist ef menn færu að ræða það af einhverri alvöru að leggja niður störf þúsunda manna sem vinna í kringum flugvöllinn. Því yrði ekki sérstaklega vel tekið við þær aðstæður. Ég held að því yrði ekki sérstaklega vel tekið hér í borginni hvort sem væri.

Þetta finnst mér vera satt að segja, hæstv. forseti, afskaplega óraunhæf umræða. Flugvöllurinn er í Vatnsmýrinni og þjónar vel sínu hlutverki. Hann er nálægt miðborginni og stjórnsýslunni. Það er einmitt það sem skiptir máli, að fólk hafi aðgang að stjórnsýslu og þjónustu í borginni.

Það skiptir meginmáli eins og hv. þingmaður kom reyndar að. Það þurfa að vera greiðar og góðar samgöngur, þar á meðal flugsamgöngur til borgarinnar. Það er nú bara einu sinni þannig. Ég veit að þegar hv. þingmaður og öflugur borgarfulltrúi íhugar þetta betur muni hann komast að sömu niðurstöðu og þeir starfshópar sem unnu þær tillögur (Forseti hringir.) sem uppbygging Reykjavíkurflugvallar byggir á.

[19:23]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður talar svo mikið um borgarstjórn að ég var nærri búinn að ávarpa borgarfulltrúa.

Ég ætla ekkert að gera lítið úr því og það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur að umræðan í þjóðfélaginu núna einkennist mikið af því að menn hafa kannski gleymt því að það er ekkert sjálfgefið að alltaf sé góðæri í landinu og það sé ekkert sjálfgefið að atvinnustig sé hátt og kaupmáttur aukist á hverju ári. Þetta er alveg hárrétt. Það er sömuleiðis hárrétt að fyrir Reykjavíkurborg er það styrkur að hafa samgöngumiðstöð hér. Það liggur alveg fyrir.

Hins vegar er það niðurstaða mín eftir að vera búinn að skoða þetta og vega saman kosti og galla að kostirnir eru fleiri við að nýta þetta land undir annað og stækka og efla miðborgina því menn verða að líta á það að miðborg Reykjavíkur er á mjög litlu svæði og við getum ekki gert ýmislegt sem við vildum sjá í miðborginni m.a. út af því að Reykjavíkurflugvöllur er staðsettur þar sem hann er.

Þau störf sem vísað til fara ekki. Þau mundu hins vegar flytjast. Svæðið sem við ræðum, höfuðborgarsvæðið, er alltaf að stækka og tekur, eins og við þekkjum, til miklu fleiri staða en bara beinlínis Reykjavíkur og því sem við köllum sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

Auðvitað snýst þetta um það hvernig við leysum samgöngumálin. En ég nefndi áðan t.d. íbúa Grafarvogs og við getum tekið íbúa Breiðholts, ég tala ekki um ýmsa aðra staði til samanburðar, Kópavog eða Hafnarfjörð. Ef við berum þetta saman við það hvað þessir íbúar eru lengi að fara á Reykjavíkurflugvöll þá munar það ekki miklu. Þetta hefði að vísu fyrst og fremst einhver áhrif svo sannarlega á þá sem sækja þessa þjónustu utan af landi. Ég ætla ekki að gera lítið úr því. En ég held að það væri hægt að bæta þessu fólki upp með öðrum hætti.

[19:25]

Arnbjörg Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvaða ráð það ætti nú að vera sem hv. þingmaður hefur uppi í erminni til að bæta þann skaða sem sannarlega yrði. Þetta ylli skaða fyrir þjónustuna í borginni. Hvernig á miðborgin að byggjast upp og verða eitthvað sem í alvöru kallast miðborg ef fólk hefur ekki aðgengi að borginni? Það er alveg ljóst að stjórnsýslan yrði flutt meira og minna héðan úr miðborginni.

Svo er ekki sísti þátturinn að menn hafa komist að því að innanlandsflugið muni hreinlega ekki lifa það af ef það yrði flutt til Keflavíkur. Það er nú einfaldlega svo að ferðatíminn yrði svo langur með því að hafa þetta flug í Keflavík, fyrir utan aukinn flugtíma, að þar með yrði þetta rothögg fyrir innanlandsflugið.

Af því hv. þingmaður sagði að ekki yrði fækkun á störfum við þetta þá fullyrði ég að svo verður. Ég fullyrði að svo verður í innanlandsfluginu.

Allt skiptir þetta því mjög miklu máli fyrir miðborgina. Ég held að ef hv. þingmaður skoðar skipulagsmál í Reykjavíkurborg þá megi finna ýmsar leiðir til þess að efla íbúðabyggð vítt og breitt um borgina því víða er illa staðið að því. Til eru ýmis önnur ráð en þau að flytja flugvöllinn. Auðvitað skiptir svo gífurlega miklu máli að fá þessa samgöngumiðstöð við völlinn. Það er bara eitt meginatriðið til þess að miðborgin geti lifað.

[19:28]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef flutningur Reykjavíkurflugvallar úr miðborginni mundi þýða að stjórnsýslustofnanirnar færu þaðan líka þá yrði nú ekki mikið eftir af miðborginni. Það segir sig alveg sjálft.

Það sem hefur vantað í miðborgina og hefur skapað hvað mestan vanda varðandi skipulagsmálin þar er að þar er ekkert ofsalega mikið pláss. Höfuðstöðvar helstu fyrirtækjanna eru t.d. í Borgartúni. Að vísu orsakast margt af þessu út af sofandahætti og lítilli fyrirhyggju í skipulagsmálum hjá meiri hluta Reykjavíkurborgar. En við værum án nokkurs vafa að fá mikil sóknarfæri með því að fá þetta land til að geta skipulagt þar margvíslega starfsemi. Það liggur fyrir og ég fór yfir það að við þurfum að huga að samgöngum til þessa svæðis. Það segir sig alveg sjálft.

Við höfum verið að byggja upp vegakerfi út um allt land til þess að auðvelda fólki m.a. að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu. Ég man þá tíð og það er ekkert rosalega langt síðan að maður var þrjá og hálfan tíma að keyra úr Borgarnesi til Reykjavíkur, þrjá og hálfan tíma. Nú eru þetta um 40 mínútur — ég lendi kannski í (Gripið fram í.) vandræðum ef ég held mig við það — úr Grafarvogi, þ.e. úr Grafarvogi, virðulegi forseti. Ég veit ekki nákvæmlega hver tíminn er. Það er eitthvað lengur. En í það minnsta er um að ræða ansi mikinn mun. Til þessa tek ég tillit þegar ég lít á samgöngur á Íslandi. Ég sé ekkert eftir fjármunum í samgöngur. Ég sé ekkert eftir fjármunum í samgöngur úti á landi. Ég geri það ekki. Ég held hins vegar að við megum ekki láta okkar eftir liggja við að byggja upp samgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Ég fór yfir það áðan. Í því felast hagsmunir allra. Ég lít á þetta í heildarsamhengi. Ég held að þetta sé verkefni til nokkurra ára, þ.e. að færa Reykjavíkurflugvöll og bæta samgöngur í leiðinni, bæði í Reykjavík og út um allt land.

[Fundarhlé. — 19:30]

[20:01]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Í dag hefur eitt mál verið til umræðu, tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008. Ég hef fylgst með umræðunni í dag og því miður hefur mér oft á tíðum fundist umræðurnar snúast um samkeppni, átök á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis, sem mér finnst miður að heyra. Auðvitað á

það ekki að vera svo. Við eigum að horfa hér til landsins alls.

En hugsanlega er ærin ástæða til að umræðurnar við fyrri umr. um þingsályktunartillöguna fari á þennan veg þegar ljóst er að fjármagn til samgöngubóta og vegagerðar er skorið niður í þrjú ár, þ.e. á liðnu ári, árinu í ár og á næsta ári. Við segjum skorið niður en aðrir segja framkvæmdum frestað til ársins 2007 og 2008.

Það er ljóst að fjármagn til vegagerðar sérstaklega er allt of naumt skorið. Mér finnst eðlilegra að við slíkar áætlanir ætlum við okkur ákveðið hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu í þennan stóra og mikilvæga málaflokk og reynum að halda okkur innan þeirra markmiða í stað þess að framlög til samgöngumála séu rétt eins og harmóníka sem dregst sundur og saman. Við erum rík þjóð og eigum að hafa efni og möguleika á að halda okkur við þá áætlun í samgöngubótum sem við settum fyrir þetta tímabil.

Í þingsályktunartillögunni eru öll sviðin undir. Þar eru sett fram markmið í flugmálaáætlun og um hafnir, í vegáætlun og í öryggismálum. Ég tel að á heildina litið sé þetta mjög til bóta, að hafa þetta allt undir einni þingsályktunartillögu, reyna að horfa á þetta í heild, ná heildrænni sýn á þessar framkvæmdir, hafa landið allt undir og sjá hvernig þetta á að tengjast allt í einu neti hvort sem er á láði eða legi.

Fyrir síðustu kosningar fóru ríkisstjórnarflokkarnir fram með göfug markmið og loforð um stórfellt átak í samgöngubótum og þá sérstaklega hvað varðar vegáætlun. En vegna þeirra ákvarðana sem þá var búið að taka samhliða, að fara í miklar framkvæmdir á Austurlandi, stærstu og mestu framkvæmdir Íslandssögunnar, hefði öllum átt að vera það ljóst að þær áætlanir gætu aldrei staðist. Það kom m.a. fram í máli okkar hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að svo miklar framkvæmdir gætu aldrei gengið eftir án þess að það bitnaði á öðrum sviðum. Okkur var ljóst að á framkvæmdatímanum mundi þetta bitna bæði á rekstri og framkvæmdum hjá hinu opinbera, sem er að koma á daginn með ruðningsáhrifum stóriðjuframkvæmda. Þeir sem voru með hvað mesta glýjuna í augunum varðandi stóriðjuframkvæmdir á Austurlandi held ég að sjái nú þá glýju blikna þegar þeir átta sig á að ekki er hægt að gera allt og að í raun séum við komin fram úr sjálfum okkur í framkvæmdunum og skuldum þjóðarinnar þeim tengdum.

Á þeim stutta tíma frá því að farið var að vinna að samræmdri samgönguáætlun eins og nú er gert hefur margt breyst og þá sérstaklega það að strandsiglingarnar hafa lagst af og flutningar, þungaflutningarnir, eru alfarið komnir upp á þjóðvegi landsins. Þetta hefur gjörbreytt öllum áætlunum, að ég tali ekki um viðhald á þjóðvegum landsins. Á landsvæðum þar sem stofnvegir, þjóðvegir, hafa ekki verið byggðir upp með varanlegu slitlagi, þar sem enn eru malarvegir, koma þungaflutningar mjög illa niður á burðargetu veganna. Á tímabilum þegar miklir þungaflutningar eru verða þeir bæði ófærir og mjög dýrir í viðhaldi.

Þessi þróun ýtir á að öllum varanlegum framkvæmdum í vegagerð sé flýtt. Ég tel því mikilvægt að staldra við og skoða með mjög ábyrgum hætti hvort ekki sé rétt að stuðla að því að strandsiglingum verði komið á aftur eins og við hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt til, að hefja uppbyggingu strandsiglinga sem nauðsynlegs hluta af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins, bæði vegna mikils álags á þjóðvegina og ekki síður vegna öryggisþátta, þ.e. til að fækka stórum bílum og minnka umferð á þjóðvegunum.

Ég sagði í upphafi máls míns að mér þætti miður að þessi umræða hefði snúist upp í átök á milli landsbyggðar og þéttbýlis. Þéttriðið og gott net samgangna er mikilvægt fyrir alla atvinnuuppbyggingu og ferðaþjónustu. Það á ekki síður við um þéttbýlið en byggðir landsins. Þegar ég horfi til þess og öryggisþáttanna þá tek ég undir orð þeirra sem hér hafa mælt, (Forseti hringir.) bæði stjórnar og stjórnarandstöðu: Það vantar meira fjármagn á þessu tímabili til að standa við framkvæmdaáætlunina. (Forseti hringir.) Ég ætla að vona að við getum staðið öll saman um það.

[20:09]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir með hv. 10. þm. Norðaust., Þuríði Backman, að það væri auðvitað mjög gott og æskilegt ef strandsiglingar gætu staðið undir sér hér við land. Svo er því miður ekki vegna þess að fyrirtækin telja sér ekki hag í að eiga viðskipti við strandferðaskipin.

Á hinn bóginn liggur ljóst fyrir að eftir að álver er komið við Reyðarfjörð munu verða þaðan reglulegar siglingar til Evrópu, a.m.k. tvisvar sinnum í viku. Eins, eftir að álver hefur risið við Skjálfandaflóa eða Eyjafjörð, munu sömuleiðis takast upp reglulegar siglingar þangað norður í tengslum við álverið, sem auðvitað mun bæta úr skák.

Hið jákvæða við að reglulegar siglingar verða teknar upp milli Reyðarfjarðar og Evrópu er að þar með er rofin einangrun og einokun Reykjavíkurborgar á sem einu innflutnings- og útflutningshafnar landsins. Þá kemst á samkeppni við svæðið hér, sem mér finnst í samgöngumálum kominn tími til eins og ýmsir hv. þingmenn Reykvíkinga tala t.d. í flugvallarmálinu og láta sig engu skipta hagsmuni landsbyggðarinnar. Það er mjög áberandi tónn hjá þeim mönnum sem nú ráða Reykjavíkurborg, í R-listanum, og má segja að þar kveði við annan tón en meðan sjálfstæðismenn fóru með forustu í borginni.

[20:11]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vissulega er það rétt að skipaútgerðin hefur ekki talið sig geta haldið uppi strandsiglingum þar sem það borgaði sig ekki. Ég tel að það sé réttlætanlegt að virkja slíkar siglingar og sparnaðurinn við að leggja þær niður kemur hefur komið fram á annan hátt í þjóðarbúinu með auknum rekstrarkostnaði á þjóðvegunum og kostnaði vegna slysa sem flutningarnir á landi leiða af sér.

Hvað varðar álverið á Reyðarfirði, höfnina þar og siglingar til Evrópu, þá er það gott svo langt sem það nær. En því miður er búseta og uppbygging á Austurlandi ekki svo mikil að maður geti ímyndað sér að þeir flutningar frá Evrópu dreifist eingöngu á svæðið á Austurlandi. Líklegt er að skipin vilji nýta sér það, sem betur fer, að koma á þá höfn sem styst er til og síðan verði landflutningar frá Reyðarfirði og suður.

Ég styð hv. þm. Halldór Blöndal í því að gott sé að

dreifa flutningum. Þá verður að líta til flugvallanna á Akureyri og Egilsstöðum sem báðir eru þannig uppbyggðir að þar er hægt að stunda millilandaflug, sem ég tel að við eigum að reyna að styrkja á allan hátt, m.a. til að dreifa ferðamönnum um landið og láta þá ekki alla koma inn á höfuðborgarsvæðið.

Hvað varðar Reykjavíkurflugvöll þá tel ég að þeir sem tala fyrir því að hann verði fluttur af svæðinu átti sig ekki á því að það er margt sem fylgir, m.a. bráðaþjónustan og (Forseti hringir.) starfsemi Landspítalans. Það þarf að horfa á þann þátt líka.

[20:14]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Einmitt þær staðreyndir, að strandsiglingar standa ekki undir sér og sú bráða hætta sem vofir vegna þröngsýni R-listans í Reykjavík, ýta undir það að samgönguleiðir séu styrktar og styttar út á land. Það er auðvitað rétt í því sambandi að minnast sérstaklega á uppbyggingu hraðbrautar um Stórasand sem mundi eftir atvikum stytta leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur um 40 eða 80 km, eftir því hvort farið yrði beint upp í Borgarfjörð eða, ef niðurstaðan yrði sú, farið um Mosfellsheiði. Reynslan verður að leiða í ljós hvort verður en það er nauðsynlegt að muna eftir því að grunnnetið liggur núna um Þingvelli og Kaldadal upp í Borgarfjörð. Þá er ekki eftir nema þessi spölur frá Borgarfirði norður í Skagafjörð, sem er ekki langt.

Einmitt sú staðreynd, að strandsiglingar standa ekki undir sér og að nauðsynlegt er að vera í góðu sambandi við flugvöllinn í Keflavík, t.d. vegna útflutnings á ferskum sjávarafurðum, veldur því að við þurfum að huga að þessu.

Það er líka rétt sem hv. þingmaður minntist á, að sú uppbygging sem nú er á Austurlandi, ég tala nú ekki um eftir að álver hefur risið á Norðurlandi, mun valda því að byggðin mun þéttast og vaxa á norðausturhorninu. Það ýtir undir þá þróun að beint samband komist á loftleiðina til Evrópu. Þannig mun auðvitað draga sjálfkrafa úr flutningum um Keflavíkurflugvöll og umsvifin hér í Reykjavík verða minni, sem ég hef heyrt á ýmsum fulltrúum Reykvíkinga hér að þeir muni fagna. Þeir eru þegar byrjaðir að planleggja stofnanaflutning út á land, t.d. flutning Flugmálastjórnar.

[20:16]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil sem minnst blanda R-listanum í umræðurnar hér og hvernig staðið er að stjórnun borgarinnar. Ég vil líta á flugvöllinn sem sérstakt verkefni fyrir okkur öll og innanlandsflugið. Ég fagna því að leggja eigi af núverandi flugvallarbyggingu og þjónustu á núverandi stað á Reykjavíkurflugvelli, sem er algjörlega ósæmandi fyrir okkur að hafa eins og er í dag, og byggja þjónustuna upp á öðrum stað. Ég tel að svæðið í kringum Reykjavíkurflugvöll geti nýst miklu betur til byggðar en nú er og stefnt er að því. Ég tek ekki undir orð þeirra sem eingöngu líta á svæðið sem mjög dýrmætt út frá sjónarmiðum þéttingar íbúðabyggðar og þeirra sem tala fyrir því að þá sé hægt að leggja af ákveðna bílaumferð á höfuðborgarsvæðinu, rétt eins og allir muni bæði búa og vinna í Vatnsmýrinni. Það yrði ekki svo en það er örugglega hægt að koma með góðum hætti meiri byggð inn á flugvallarsvæðið.

Hvað varðar Stórasand, hæstv. forseti, tek ég ekki undir áhuga hv. þingmanns um að leggja veg yfir Stórasand þó svo að það stytti leiðina á milli Akureyrar og höfuðborgarinnar. Ég tel ekki nægilegt að horfa eingöngu á styttingu leiða, það þarf líka að horfa á vegastæðið, hæð yfir sjó, umhverfisáhrif af veginum og um hvaða svæði hann á að fara. Ég tel miklu nær að stórefla frekar uppbyggingu hringvegarins, breikka hann og byggja hann þannig að hann taki við meiri umferð og það verði sú leið sem við getum talað um sem styttingu því að það mun verða veruleg stytting á leiðinni með áframhaldandi uppbyggingu hringvegarins.

[20:18]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Þetta er orðin drjúg umræða um samgönguáætlun sem eðlilegt er því að hér er um mikilvægt hagsmunamál allra Íslendinga að ræða, samgöngurnar í landinu, og fjölmörg sjónarmið uppi og ólík eftir landshlutum og sömuleiðis innan flokka og ástæða til að þakka fyrir umræðuna.

Ég vil í upphafi máls míns fagna því sérstaklega hversu hart ýmsir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa deilt á samgöngustefnuna í dag. Ég held að við sem störfum á höfuðborgarsvæðinu höfum mörg tekið undir með hv. þm. Gunnari Birgissyni um þann rýra hlut sem höfuðborgarsvæðið hefur í áætluninni.

Ekki síður hefur það glatt mig í dag að heyra unga þingmenn Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson og hv. þm. Guðlaug Þór Þórðarson, taka upp eitt brýnasta hagsmunamál Reykjavíkurborgar, sem er brottflutningur á innanlandsfluginu úr Vatnsmýrinni og nauðsyn þess að fá það stóra og mikilvæga landsvæði undir nýja íbúðabyggð til að auka hér lóðaframboð fyrir unga fólkið og nýju kynslóðirnar í Reykjavík. Það er fagnaðarefni að sá tónn heyrist svo sterkt úr Sjálfstæðisflokknum og gott að heyra það líka úr hópi borgarfulltrúa flokksins, því að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson er líka borgarfulltrúi. Ég trúi því að þess sé ekki langt að bíða að við Reykvíkingar náum fram þessu mikilvæga hagsmunamáli okkar.

Hlutur höfuðborgarsvæðisins í þeirri áætlun sem hér liggur fyrir er auðvitað, eins og hv. þm. Gunnar Birgisson vék að, algjörlega óviðunandi. Þær leikreglur sem vegafénu er skipt eftir duga einfaldlega ekki. Að miða við vegalengdir en ekki fjölda notenda eða álag á umferðarkerfið skilar okkur svo skakkri skiptingu á fjármununum að við það verður ekki unað og eðlilegt að stjórnarþingmenn eins og hv. þm. Gunnar Birgisson rísi upp gegn því, því staðreyndin er sú að héðan af svæðinu greiða íbúarnir um 2/3 þeirra skatta sem verið er að skipta. En af því fé sem er á áætluninni er aðeins ætlað að 22%, eða um 1/5 renni aftur til svæðisins. Hér eru því greiddir 2/3 skattanna en aðeins um 1/5 fjármagnsins kemur til samgöngubóta á svæðinu.

Það þýðir ekki að skáka í því skjólinu að hægt gangi í skipulagsmálum í Reykjavík. Það gengur nákvæmlega jafnhratt í skipulagsmálum í Reykjavík og fjármagnið er fyrir, enda er ekki aðeins Reykjavík undir. Kópavogur, Garðabær, Mosfellsbær og höfuðborgarsvæðið allt er undir. Það

er enginn skortur á þörfum og brýnum úrlausnum í samgönguverkefnum á höfuðborgarsvæðinu. Það er einfaldlega skortur á fjármagni til að vinna úr þeim.

Í öllum kjördæmum er auðvitað að finna brýn verkefni. Ég get til að mynda vel tekið undir þau sjónarmið sem fram hafa komið hjá ýmsum þingmönnum Norðvesturkjördæmis að það er auðvitað eitthvað sem við Íslendingar sem þjóð, ekki sem þingmenn einstakra kjördæma, hljótum að horfa sérstaklega á hversu við höfum látið byggðarkjarnana á Vestfjörðum búa við lakar aðstæður í samgöngumálum lengi. Það er sem betur fer orðið svo að flestir helstu byggðarkjarnar landsins búa orðið við að heita má nokkuð góðar og greiðar samgöngur til og frá höfuðborginni, en þar hafa Vestfirðirnir algjörlega verið skildir eftir. Það vegasamband sem Ísafirði og nágrannabæjum Ísafjarðar er boðið upp á árið 2005 er með þeim hætti að ég held að alveg óháð því hvaða kröfur einstök kjördæmi og einstök svæði á landinu gera í vegaféð hljóti það að vera verkefni og blettur á samgöngumálum í landinu sem ætti að gera það að verkum að menn gætu litið fram hjá hagsmunum svæða sinna og forgangsraðað því nokkuð að bæta hér úr og ættu að hafa metnað til þess, þar sem um er að ræða stórt verkefni, að gera til þess áætlun til lengri tíma og reyna að vinna bráðan bug að því að vegasambandið sem Vestfirðingum er boðið upp á til höfuðborgarinnar sé boðlegt.

Það er umhugsunarefni að við stöndum í alls kyns vegabótum um allt land þar sem samgöngur eru ágætar fyrir, við bætum í þar sem staðan er ágæt fyrir er látum undir höfuð leggjast að láta hina vondu leið til þessa mikilvæga byggðarkjarna á Vestfjörðum vera í því ástandi sem hún er.

Til þess að við hér á höfuðborgarsvæðinu megum una sæmilega við fyrirætlanir í samgöngumálum á næstu fjórum árum sýnist mér að fyrst og fremst þurfi að koma til tvennt. Þar er annars vegar um að ræða framkvæmdir við Mýrargötuna sem er mikilvægt verkefni í þróun byggðarinnar í Reykjavík og í því að byggja upp nýja byggð á gömlu hafnarsvæðunum sem eru að úreldast og stuðla þannig að því að geta flutt þá atvinnustarfsemi sem þar er á hentugri svæði. Þar er fyrirætlunin að byggja nýja íbúðabyggð á svæðinu þar sem slipparnir voru, en nú eftir að hafnirnar við Faxaflóa hafa sameinast er sömuleiðis ætlunin að flytja margvíslega iðnaðarstarfsemi af hafnarsvæðinu og norður fyrir Faxaflóa til að byggja upp öfluga atvinnustarfsemi á Grundartanga og sömuleiðis að einhverju leyti á Akranesi. Þannig fara saman hagsmunir byggðarlaganna á höfuðborgarsvæðinu, sem við höfum kallað svo, og við norðanverðan Faxaflóa. Enda má það heita svo að frá Eyrarbakka og í Borgarnes sé orðið eitt atvinnusvæði og við eigum í ríkari mæli að horfa á svæðið og hagsmuni þess sem eina órofa heild.

Til að greiða fyrir því að hægt sé að ráðast í þessa mikilvægu þróun byggðarinnar í Reykjavík og hina mikilvægu eflingu á atvinnustarfseminni á Grundartanga og á Akranesi er nauðsynlegt að fara í umtalsverðar framkvæmdir við Mýrargötuna, sem er meginflutningaleið fyrir hafnarstarfsemina, olíudreifinguna, sjávarútveginn og mikilvæg sjávarútvegsfyrirtæki í borginni eins og Granda.

Hitt verkefnið, sem er algjörlega nauðsynlegt að við sjáum verða að veruleika á tímabilinu, er Sundabrautin. Það er löngu orðið tímabært að hæstv. samgönguráðherra kveði upp úr um Sundabrautina.

Ég var í Reykjavík á kosningafundum með sjálfstæðismönnum árið 1998 þegar Sundabrautin var helsta baráttumálið fyrir kjörtímabilið 1998–2002. (Forseti hringir.) Nú er runnið upp árið 2005 og enn bólar ekkert á fjármagni í Sundabrautina. Enn hefur hæstv. samgönguráðherra engar dagsetningar, enga fjármuni og engar (Forseti hringir.) leiðir til að fjármagna hina mikilvægu framkvæmd (Forseti hringir.) fyrir Grafarvogsbúa, en ekki aðeins fyrir höfuðborgarsvæðið heldur allt Norðvesturland og Norðurlandið sömuleiðis.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti bendir hv. þingmanni á að þar sem fjórir þingmenn hafa þegar óskað eftir að veita andsvar við ræðu hans biður forseti hann um að virða ræðutímann. Hann kemur þá viðbót að í svörum við andsvörum.)

[20:27]

Lára Stefánsdóttir *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Til að það sé enginn misskilningur vil ég taka undir orð hv. þm. Helga Hjörvars um að samgöngur við höfuðborgarsvæðið eru grundvallaratriði, ekki bara fyrir Reykvíkinga heldur landsmenn alla. En ég er þeirrar skoðunar að allar samgöngur, ekki bara sumar samgöngur, séu mikilvægar fyrir borgina til að hafa samstarf og samþættingu alls þess sem fram fer í landinu. Til að stunda atvinnu á landsbyggðinni þarf oft að eiga hér fundi og mæta til starfa, það þarf að komast til Reykjavíkur og eins og staðan er getur maður verið mættur í vinnu hálfníu. Það er mikill munur.

Varðandi Vatnsmýrina verð ég að segja að þó að ég sé fæddur Reykvíkingur sé ég ekki hvers vegna menn sjá ekki að þetta er nes, útnes í Reykjavík, og byggðin er að vaxa í allt aðrar áttir og þar er mikilvægt landsvæði. Þess vegna tel ég að þessi blettur, þessi mýrarfláki þarna nákvæmlega með flugbrautinni sé ekki svo brennandi til að byggja hús á og svo mikilvægur blettur af landinu öllu að nánast ekkert annað komi til greina til að setja sófann sinn.

Mikilvægt er að landsbyggðarmenn hafi aðgang að þjónustu höfuðborgar. Vilji höfuðborg vera höfuðborg hefur hún þjónustuhlutverki að gegna. Af því þjónustuhlutverki hefur höfuðborgin talsverðar tekjur sem hv. þingmaður gumaði af áðan. Því er mikilvægt að landsbyggðarmenn séu þátttakendur í ákvarðanatöku og samstarfi og eigi greiðan aðgang að borginni, bæði á landi, legi og flugi.

[20:29]

Helgi Hjörvar *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég tek heils hugar undir orð hv. þm. Láru Stefánsdóttur að mikilvægt er að landsbyggðin eigi greiðar samgöngur við höfuðborgarsvæðið í innanlandsfluginu. En sá er trúlega munurinn á sýn minni og hv. þingmanns að ég lít svo á að höfuðborgarsvæðið sé eitt svæði suðvestanlands og ekki hólfað eftir sveitarfélögum. Ég lít þess vegna svo á að flugvöllurinn í Keflavík sé flugvöllur á höfuðborgarsvæðinu og hann tryggi með algjörlega fullnægjandi hætti greiðar og góðar samgöngur í lofti við Reykjavík, en legg áherslu á það um leið að við reynum í tengslum við þetta að stytta vegalengdina milli Akureyrar

og Reykjavíkur á landi með því að ráðast tafarlaust í Sundabrautina. Ég hef lagt til að söluandvirði af jörðum ríkisins í Vatnsmýrinni verði varið til að efla byggðina á þeim svæðum sem þurfa um nokkuð lengri veg að fara.

Um Vatnsmýrina er það að segja að það er ekki okkar þingmanna að ákveða hvort það sé góð mýri eða ekki. Vatnsmýrin er einfaldlega á því svæði sem fólkið í landinu sækist helst eftir að búa á. Fasteignaverðið í mið- og vesturborginni endurspeglar það að hér eru atvinnutækifærin, nálægt þeim og nálægt þjónustunni vill fólkið búa og er því tilbúið til að greiða hærra verð en nokkurs staðar annars staðar fyrir að fá að búa þar. Við eigum að mæta þeim óskum fólks, nýrra kynslóða í borginni, með því að taka landið undir hátt í 20 þús. manna byggð eða álíka stórt samfélag og Akureyri. Ég held að það sé mikilvægt fyrir Reykjavík, mikilvægt fyrir landið allt, þó að ég viti auðvitað að það lengir væntanlega ferðatíma manna þá sjaldan þeir fljúga hér á milli um eins og hálftíma á dag. Það mun leiða til þess að 200 manns munu velja aðrar leiðir en flugið á degi hverjum, keyra eða nota símann eða annað þess háttar, en ég tel að það séu óverulegir hagsmunir fyrir landsbyggðina.

[20:31]

Lára Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara minna á hlutverk sjúkrahúsa í þessu samhengi, sjúkrahúsið á Akureyri og sjúkrahúsin í Reykjavík.

Sjúkrahúsið á Akureyri er varasjúkrahús fyrir Reykjavík þannig að Reykvíkingar þurfa, ef hörmungar steðja að, að komast á sjúkrahús til Akureyrar. Þetta er ekki bara önnur leiðin. Það er flogið báðar leiðir og, merkilegt nokk, af báðum hópum. Það er ekki einu sinni á dag, oft er komið til vinnu einn dag og það er þá tvisvar sinnum þessi tími.

Fyrst og fremst vil ég í þessu stutta andsvari minna á mikilvægi öryggisþjónustu. Það er langt að komast á bráðasjúkrahús til Reykjavíkur utan af landi og algjör óþarfi að lengja þá leið, og á sama tíma hafa í huga að Reykvíkingar gætu einhvern tíma þurft á okkur landsbyggðarmönnum að halda. Við verðum ábyggilega góð við ykkur, sérstaklega ef þið komist nú til okkar dálítið snögglega.

[20:32]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Auðvitað þurfum við borgarbúar á landsbyggðarfólki að halda og þið trúlega á okkur og við hvert á öðru, vona ég.

Auðvitað eru það gild sjónarmið sem hv. þingmaður nefnir, um öryggi og um sjúkrahús. Samt er það nú þannig að í höfuðborgum heimsins standa hátæknisjúkrahús sem þjóna miklum mun stærri löndum og miklum mun fjölmennari án þess að við hlið þeirra standi fullbúnir alþjóðlegir millilandaflugvellir eins og hér í Vatnsmýrinni. Menn verða einfaldlega að vega og meta hagsmunina af því að lengja þá vegferð um hálftíma annars vegar eða notast við þyrlur í bráðatilfellum þegar á því þarf að halda og hins vegar hagsmuni af því að koma hér upp 20 þús. manna byggð í hjarta borgarinnar. Það er í mínum huga enginn vafi hvorir hagsmunirnir vega þyngra í því, hagsmunir unga fólksins í Reykjavík sem vill fá að búa í nálægð við þjónustu og vinnu á hverjum degi og stytta sér ferðirnar — á hverjum degi — um hálftíma til og frá vinnu. Þeir vega svo miklu þyngra en hagsmunir þeirra sem eiga hér leið einu sinni, tvisvar, þrisvar, fjórum sinnum á ári og þurfa þá að fórna hálftíma í senn.

Þannig met ég það einfaldlega en ég skil sjónarmið hv. þingmanns og virði þau.

[20:34]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er að koma upp aftur og aftur í dag í þessari umræðu, þessi flugvöllur í Vatnsmýrinni.

Árið 1999 var samþykkt hér flugmálaáætlun. Hverjir skyldu hafa samþykkt hana? Jú, þingheimur allur, hver og einn einasti úr öllum flokkum, úr öllum kjördæmum. Það var enginn á móti henni. Þannig gerðist þetta nú.

Síðan var samið við rétt yfirvöld í Reykjavík, réttkjörna borgarstjórn, um það að byggja upp þennan flugvöll. Það stóðu allir að málinu. Það er svo, herra forseti, að hafi Alþingi samþykkt eitthvað stendur sú samþykkt þar til Alþingi samþykkir eitthvað annað. Það er ekki flóknara en svo.

Ef þau undur hefðu nú gerst allt í einu að hér hefðu fundist hundruð milljarða, eins og var sagt frá í ræðu áðan, herra forseti, hundruð milljarða í mýrinni, hlyti það að vera mikið fagnaðarefni. Þá hljóta menn að fá tækifæri til að endurskoða þetta allt saman. (**Gripið fram í:** Þá er ... í Vatnsmýrinni.) Þá getur varla verið nokkurt vandamál á ferðinni. Þá leysum við þetta allt saman með þessum hundruðum milljarða. Það kostar nú ekki nema 15–20 milljarða að byggja nýjan flugvöll þannig að það er bara smápeningur, smápeningur að byggja nýja flugstöð. Þetta er ekkert vandamál.

Við landsbyggðarmenn höfum ekki staðið fyrir þessu. Við vissum ekki betur en að það væri algjör samstaða um þetta. Ef Reykvíkingar vilja eitthvað annað verðum við bara að finna samstöðu um það. Ekki förum við að þvælast neitt í því. Ef menn eiga svona mikið af peningum er þetta lítið mál. En það vorum ekki við sem stóðum fyrir þessu, herra forseti, bara alls ekki. Allir, hver einasti þingmaður, þar á meðal hv. þm. Pétur Blöndal, greiddu þessu atkvæði.

[20:36]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú veit ég að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson mundi kannski helst kjósa að við værum um alla ævi og aldur bundin af samþykktum Alþingis frá því á síðustu öld. En það er nú ekki svo, hv. þingmaður, það erum við Reykvíkingar sem förum með skipulagsvald í Reykjavík og ákveðum hvaða starfsemi við viljum hafa, og hvar, í borginni. Okkur er frjálst og heimilt að gera breytingar á því þegar við teljum þess þurfa.

Nú telja sennilega flestir Reykvíkingar þess þurfa, m.a. borgarfulltrúi Guðlaugur Þór Þórðarson, hv. alþingismaður, sem talaði í umræðunni fyrr í kvöld sem ég heyrði ekki að hv. þm. ætti orðastað við um þetta.

Það er einkennilegt að hv. þingmaður sem oft flytur með ábyrgum hætti mál sitt þegar efnahagsmál eru annars vegar skuli tala hér svo sterkt fyrir þeirri furðulegu óráðsíu þess-

arar smáþjóðar að reka með 50 km millibili tvo fullkomna millilandaflugvelli fyrir 290 þús. manna samfélag. Þess háttar sóun á verðmætum hygg ég að sé erfitt að finna víða í kringum okkur og verði ekki annað kallað en flottræfilsháttur, ekki síst núna þegar þúsundir og aftur þúsundir þurfa að komast að hér í miðborg Reykjavíkur til að byggja upp heimili sín til langrar framtíðar.

Ég treysti því að við getum búið til einhverja peninga í Vatnsmýrinni til að liðka fyrir því og mæta hagsmunum landsbyggðarinnar sem að einhverju leyti þurfa að víkja í málinu.

[20:38]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég rifjaði upp sagnfræðina í þessu, fór bara yfir hana þannig að það væri allt á hreinu.

Það er líka ástæða til að fara yfir það að innanlandsflug á Íslandi er ekki bara fyrir eitthvert landsbyggðarfólk eða fyrir einhverja Reykvíkinga. Þetta er hluti af infrastrúktúr þessa samfélags. Það hafa allir grætt á því hingað til.

Ef nýjar aðstæður skapast bregðast menn við. Það hefur alltaf verið þannig, samþykktir Alþingis gilda þangað til nýjar samþykktar eru gerðar. Ef það er vilji þingsins að gera eitthvað allt annað en var 1999 gerir þingið einhverja aðra samþykkt. Það er ástæðulaust að vera að deila um það. Við erum engir blórabögglar í því. Ég man ekki eftir því að nokkur maður hafi mótmælt þessu. Það stóðu allir saman að því. Við skulum bara endurskoða þetta allt saman, sérstaklega ef þessi rosalega peningaupphæð er nú allt í einu fundin til að gleðja oss.

[20:39]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki annað en fagnað því að hinn skörulegi þingmaður Önundarfjarðar, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, skuli lýsa því yfir úr þessum stól að við skulum bara endurskoða öll áform hér um að hafa innanlandsflugið í Vatnsmýrinni og að það sé allt í lagi. Ég held líka að það sé ástæða til. Það er hægur vandi að flytja það til Keflavíkur. Það þýðir eitthvað aðeins meiri umferð en ég held að það sé nú ekki svo langt til Keflavíkur að það muni skipta sköpum. Við skulum vita hvort við getum ekki fundið einhverja leið til að nota gullið í Vatnsmýrinni, hugsanlega til að bæta að einhverju leyti samgöngur á landi, m.a. við Vestfirðina sem ég gerði að umtalsefni áðan.

[20:40]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hlusta á hv. þingmann tala um að það sé ánægjulegt að menn vilji flytja Reykjavíkurflugvöll í burtu þegar það liggur fyrir að — öllu heldur væri gott að fá svar við því hvort hv. þm. Helgi Hjörvar hafi ekki verið borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi og samþykkt áætlun um að flugvöllurinn yrði í Vatnsmýrinni til ársins 2024.

Í annan stað er líka sérkennilegt að heyra hv. þingmann Reykjavíkur tala um að það sé ánægjulegt að flytja 1.200 störf frá Reykjavík og viðskiptaþátt upp á 12–13 milljarða í burtu, það skipti Reykvíkinga engu máli.

Hann talaði líka um að það væri einkennilegt og gengi ekki lengur að skáka í því skjólinu að hægt gengi í skipulagsmálum. Man ekki hv. þingmaður og fyrrverandi borgarfulltrúi eftir því þegar ákveðið var 1994 að taka út af skipulaginu mislæg gatnamót Miklubrautar/Kringlumýrarbrautar? Er það ekki rétt, vill hv. þingmaður svara því játandi eða neitandi?

Enn fremur vil ég benda á bréf frá borgarstjóra frá 6. apríl þar sem sagt er:

„Matið leiddi í ljós að verulegur kostnaðarmunur er á innri leið og þeirri ytri og er vandséð að aðrar niðurstöður umhverfismatsins réttlæti kostnaðaraukann í sambandi við Sundabraut."

Það var eindreginn vilji R-listans að fara hina svokölluðu hábrú, ytri leið, og hefur verið til þessa tíma. Samkvæmt þessu bréfi er ekki enn búið að taka ákvörðun um það af hálfu borgaryfirvalda hvora leiðina eigi að fara.

[20:42]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Um aðalskipulag Reykjavíkur er hv. þingmanni Reykvíkinga, Guðmundi Hallvarðssyni, það að segja að það gildir ekki til 2024 um flugvöllinn, heldur er gert ráð fyrir því að hann verði í Vatnsmýrinni til 2016. Þá er að vísu reiknað með því að menn gætu haldið honum áfram á einni braut en samgönguráðherra og flugmálastjóri hafa lýst því yfir að það sé ómögulegt og því mun hann ljúka starfsemi sinni eftir þessi litlu 11 ár, í síðasta lagi, hér í Reykjavík.

Þá er sömuleiðis rétt að vekja athygli hv. alþingismanns Guðmundar Hallvarðssonar á því að það er sjónarmið mitt og ég hef sett það fram í ræðu að það sé hreinn hrepparígur að tala um Keflavík og Reykjavík eins og það séu staðir hvor í sinni heimsálfunni. Þetta er eitt atvinnusvæði. Við getum skipt með okkur verkum, fólk getur búið hér og unnið í Keflavík eða búið í Keflavík og unnið hér eftir atvikum. Ég sé ekkert eftir þeim störfum sem við erum að flytja upp á Grundartanga eða flytjum til Keflavíkur. Ég held að það efli bara og styrki allt svæðið.

Hvað skipulagsþáttinn varðar á höfuðborgarsvæðinu — þessi gagnrýni á skipulagsmálin hlýtur þá líka að beinast að Gunnari Birgissyni, Ásdísi Höllu Bragadóttur og ýmsum öðrum forsvarsmönnum Sjálfstæðisflokksins hér í nágrannasveitarfélögunum — held ég að það lýsi því bara að við erum með þessi mál í röngum farvegi. Fjármagn til þjóðvega í þéttbýli á ekki að vera hjá samgönguráðherra Sturlu Böðvarssyni. Það á að vera hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og þau eiga síðan sjálf eftir sínum vilja og sínum ráðum að útfæra það með hvaða hætti þau vilja verja fjármununum og hvar þau vilja láta vegina vera innan sinna sveitarfélaga. Það er alveg furðulegt að þingmenn eigi að koma utan af landi, gerast hér samgönguráðherrar og segja okkur í Reykjavík, eða í Hafnarfirði eins og umræðurnar voru þar og í ýmsum öðrum sveitarfélögum, hvar vegirnir í sveitarfélögum okkar eigi að liggja og hvar ekki. (**GHall:** ... Sundabraut ...)

Það hlýtur að vera málefni okkar hér í Reykjavík (Forseti hringir.) en ekki samgönguráðherrans, og fjármagnið á þess vegna að fara hingað.

[20:44]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom ekkert svar frá hv. þm. Helga Hjörvar varðandi það sem ég sagði áðan þegar ég vitnaði til bréfs borgarstjóra frá 6. apríl þar sem ekki liggur enn ljóst fyrir hjá borgaryfirvöldum hvora leiðina þau vilji fara. Það kom ekki fram heldur hjá hv. þingmanni hvort ekki sé rétt eftir mér haft það sem hefur komið fram í fjölmiðlum og í umræðunni hjá R-listanum núna um langan tíma, að þau vildu fara brúarleiðina, ytri leiðina, alveg fram til þessa tíma. Það er ekki enn búið að taka ákvörðun af hálfu borgaryfirvalda með tilvísun til þessa bréfs hér.

Í annan stað, ég get alveg tekið undir það með hv. þm. Helga Hjörvar að þetta samstarf Faxaflóahafna er mjög gott mál. Það skapar mikla möguleika fyrir höfuðborgina varðandi byggingar og annað og er bara hið besta mál. Það kallar á Sundabrautina, ég geri mér það alveg ljóst. Hins vegar þýðir ekki að segja að þeir sem stýra samgöngumálum í samgönguráðuneytinu séu með allt niður um sig af því að það vanti peninga til framkvæmdanna. Málið er (Forseti hringir.) að það vantar frumkvæði borgarinnar til að taka ákvörðun um hvar Sundabrautin eigi að liggja.

[20:46]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði ekki að hæstv. samgönguráðherra væri með allt niður um sig, það er rangt eftir mér haft. Ég sagði skýrt að hann þyrfti að gera grein fyrir því hvenær ráðast ætti í framkvæmdina á Sundabrautinni og hvaðan fjármagnið ætti að koma og hvort það væri yfir höfuð tryggt, því að við förum náttúrlega hvorki innri, ytri, efri eða neðri leið ef engir peningar eru til.

Það sem Reykjavíkurborg hefur sagt um legu Sundabrautar er einfaldlega það að sú leið sem farin er, hver sem hún verður, þarf að uppfylla tvö skilyrði. Hún má ekki ógna lífríki Elliðaánna, ég vona að hv. þingmaður taki undir það sjónarmið, og í öðru lagi þarf hún að liggja með stefnu beint hingað í miðborgina þannig að eðlilegasta aðkoman fyrir þá sem væru að koma til borgarinnar sé að keyra niður í bæ eftir Sæbrautinni því að hún tekur meiri umferð en Miklabrautin. Að því uppfylltu leggjum við þennan veg þegar peningarnir koma en fjármagnið er forsenda þeirra hluta sem gera skal.

[20:47]

Lára Stefánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vildi tipla á hér en búið er að ræða mörg af þeim málum sem upphaflega var áætlað að tala um því að margir hafa tekið til máls.

Fyrsta málið sem ég vildi ræða er lenging flugbrautarinnar á Akureyri. Fyrir norðan hefur verið mikill áhugi á því og þar var um tíma millilandaflug. Til þess að millilandaflug geti verið á Akureyrarflugvelli þarf flugvöllurinn að vera 2.400 metrar plús öryggissvæði sem fjallað er um í samgönguáætlun þeirri sem hér liggur fyrir. Þar er rætt um að gerð verði könnun á þörf. Ég tel að þörfin sé ljós og hafi komið fram og að hæstv. samgönguráðherra hafi stutt hana í tillögum sínum í ferðamálaflokknum sem áður var hér til umræðu. Á sama tíma er fjármunum varið til þess að byggja upp öryggissvæði við suðurenda, sem er líklega sá endi sem yrði lengdur, 90x90 metrar árið 2006. Því vil ég spyrja ráðherra hvort ekki sé rétt að slá dálítið í klárinn og koma lengingunni á flugbrautinni á dagskrá á sama tíma og vera búinn að því og gera mönnum kleift að geta tekið á móti ferðamönnum á Akureyri fyrir norðursvæðið til að njóta þeirra vega og náttúru sem m.a. er gert kleift með þessari samgönguáætlun.

Annað mál sem ég vildi gjarnan taka hér upp er frumkvæði heimamanna að Vaðlaheiðargöngum. Nú ber svo við að heimamenn hafa tekið sig saman, sveitarstjórnir, fyrirtæki og almannasamtök hjá KEA um að setja fjármuni í forrannsóknir á göngum undir Vaðlaheiði til að tryggja að hægt sé að byggja upp svæðið Suður-Þingeyjarsýslu og Eyjafjörð sem eitt atvinnusvæði. Fyrstu niðurstöður þeirra forrannsókna fást nú á vordögum og því er nauðsynlegt að fara í ítarlegri rannsóknir og fá heimildir til að vinna að framkvæmdum í tengslum við Vaðlaheiðargöng. Á sama tíma þarf að liggja fyrir vilji hæstv. samgönguráðherra um að vegtenging sé við veg Vaðlaheiðarganga og heimild til gjaldtöku um þau göng. Jafnframt eru fleiri atriði sem þarf auðvitað að ræða nánar, en Greið leið, sem er undirbúningsfélag í eigu þeirra sem ég áður nefndi að gerð Vaðlaheiðarganga, er með þetta mál.

Það kemur mér dálítið á óvart af því að hér eiga heimamenn frumkvæði og hafa dálítið bolmagn í fjármálum til að taka að sér framkvæmd og eru að biðja um fyrirgreiðslu sem er ekki af þeirri stærðargráðu sem heildarkostnaður slíkra ganga er, að ekki sé gefið meira undir fótinn í þessari samgönguáætlun og það gert mögulegt fyrir heimamenn sem hafa sýnt frumkvæði og vilja fara í einkaframkvæmd. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég bjóst við að hæstv. samgönguráðherra hefði einmitt áhuga á því þegar menn sýna frumkvæði og dug og vilja spreyta sig á hlutunum. Þess vegna vil ég gjarnan heyra skýringar hæstv. samgönguráðherra á þessu atriði.

Annað sem er líka umhugsunarvert og mig langar að spyrja samgönguráðherra um er stytting sú sem fyrirhuguð er á flugvellinum á Egilsstöðum vegna öryggissvæðis, þ.e. 90x90 metrar. Ætlunin er að stytta flugvöllinn á Egilsstöðum frá því sem nú er eftir því sem hér stendur til þess að ná þessu „en lendingarvegalengd úr norðri styttist um 90 metra“, svo ég vitni hér orðrétt, með leyfi forseta.

Það hefur verið rætt mikið í dag að samgöngumál séu lífæð Íslands að mörgu leyti. Fyrir okkur sem höfum nýtt okkur frelsi til búsetu með því að búa annars staðar en hér, sem er þó öllu auðveldara og léttara, eru samgöngur innan svæðis og samstarf og sameiginlegur kraftur þeirra sem búa á svæðunum mikilvægur þáttur. Því er mjög mikilvægt að stytta leiðir, tryggja samgöngur og auka öryggi. Þeir sem þekkja til vita að Víkurskarð getur verið mjög alvarlegur farartálmi og hættulegur milli viðkomandi svæða ásamt því að nú eru ekki lengur tryggar flugsamgöngur frá Húsavík eins og áður var og þurfa menn því að sækja slíkar samgöngur til Akureyrar. Þar verða menn oft veðurtepptir báðum megin við og komast ekki um þessa vegi.

Að öðru leyti vil ég lýsa ánægju minni með að vegur um Hólmatungur er kominn inn í þessa áætlun og gerir okkur

kleift að byggja upp ákveðna ferðamennsku í héraðinu og ég hvet til þess að unnið verði hratt og örugglega að því máli.

Að lokum vona ég að hæstv. samgönguráðherra sjái sér kleift að svara þeim spurningum sem ég varpaði fram í ræðu minni.

[20:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til að svara hv. þingmanni strax þá er fyrst varðandi lengingu flugbrautanna, eins og talað er um í áætluninni, á Egilsstöðum og Akureyri. Ég tel grundvallaratriði að settar verði upp viðskiptaáætlanir um fyrirhugaðar flugsamgöngur frá þessum flugvöllum áður en teknar eru ákvarðanir um fjárfestinguna. Það hefur sýnt sig að það hefur ekki verið einfalt eða auðvelt að fá flugfélög til þess að fljúga beint til Egilsstaða eða Akureyrar og þess vegna tel ég að ekki verði hægt að ráðast í þessar framkvæmdir fyrr en meira liggur fyrir um það. Ég tel eðlilegt og er reiðubúinn til að stuðla að því að slík úttekt verði gerð í samvinnu við heimamenn og ég veit að áhugi er fyrir því af hálfu heimamanna á Akureyri og ég hef lýst vilja mínum til þess að ganga í það verk. Þegar það liggur fyrir er hægt að taka næstu skrefin.

Hvað varðar Vaðlaheiðargöng þá er ég mjög ánægður með undirbúningsvinnu heimamanna í því máli. Þegar fyrir liggur niðurstaða af þeirri vinnu og staðfestur vilji félags um framgöngu í því máli tel ég eðlilegt að taka afstöðu til þess. Ef þær hugmyndir sem voru lauslega reifaðar við mig fyrir stuttu ná fram að ganga tel ég alveg einsýnt að innan tíðar verði gengið til samninga um það verk og það sett inn í samgönguáætlun við endurskoðun hennar þegar þar að kemur. Þetta er mjög áhugavert viðfangsefni og eins og heimamenn hafa lagt það upp tel ég mjög líklegt að (Forseti hringir.) á því yrði tekið með mjög jákvæðum hætti í þinginu.

[20:55]

Lára Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka jákvæð svör hæstv. samgönguráðherra. Ég bendi á af því að samgönguáætlun er hér til umræðu að það skiptir auðvitað verulegu máli við slíka fjárhagsáætlun og við gerð allra slíkra áætlana að það sé klárt að flugvöllur sé örugglega skilgreindur sem útflutningshöfn og að öll samgönguleyfi liggi fyrir þannig að auðvelt sé að gera áætlanir langt fram í tímann. Það hefur einmitt borið við að slíkt sé til fyrirstöðu því að ákveðnar áætlanir um farþegafjölda og annað gangi eftir. Þetta atriði er mjög brýnt og heildarsýn þegar heimamenn sýna frumkvæði og vilja standa undir því sem þar er að gerast, eitt og annað og þar á meðal vangaveltur um hvernig best sé að huga að millilandaflugi til Akureyrar, en slík könnun er einmitt í gangi í dag. Ég býst því við jákvæðu svari frá hæstv. ráðherra þegar þar að kemur.

[20:57]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Nú er það svo með mig sem sit mitt fyrsta þing að ég hef ekki fengið tækifæri til að ræða margar vegeða samgönguáætlanir fram að þessu en mig langar til að leggja orð í belg varðandi þá áætlun sem hér hefur verið lögð fram í formi tillögu til þingsályktunar.

Ég vil í fyrsta lagi segja að umræðan í dag hefur verið dálítið sérstök. Hún hefur ekki endilega verið flokkspólitísk heldur kannski miðast af hagsmunum þingmanna eftir því hvaðan þeir koma af landinu og hefur snúist frekar um einstök byggðarlög. Það er í sjálfu sér eðlilegt vegna þess að samgöngumál eru mikilvæg og ég ætla ekki að gera neitt lítið úr því að þau mál eru ekkert síður mikilvæg fyrir þingmenn og íbúa landsbyggðarinnar en okkur hér.

Ég verð að segja áður en lengra er haldið að ég vil vara þingmenn sem koma úr landsbyggðarkjördæmunum við því að halda fram þeim málflutningi að ekki sé nóg að gert fyrir hinar dreifðu byggðir. Ég tel að þingmenn af Stór-Reykjavíkursvæðinu hafi sýnt landsbyggðinni allmikið langlundargeð á síðustu árum eða áratugum og við sjáum það í þeirri samgönguáætlun sem hér er til umræðu að hún gerir ráð fyrir að 19% af fjármunum til nýrra vegamála renni til Stór-Reykjavíkursvæðisins á næstu þremur árum og síðan 23% á síðasta ári áætlunarinnar. Það er dálítið sérstakt í ljósi þess að á þessu svæði búa 65% landsmanna. Auðvitað spyr maður sig í ljósi þessara talna hvort slíkar tölur séu eðlilegar og ég tel þegar maður fer yfir það hvernig fjármunum hefur verið skipt á síðustu árum og áratugum að ástæða sé til þess að við spýtum í lófana fyrir íbúa Stór-Reykjavíkursvæðisins á næstu árum.

Það eru einkum þrjú atriði varðandi samgöngumálin sem mig langar fyrst og fremst til að gera hér að umræðuefni og vil gagnrýna. Tvö af þessum gagnrýnisatriðum lúta ekki að hæstv. samgönguráðherra, heldur kannski öðrum aðilum.

Ég sakna í fyrsta lagi þess að í þessari samgönguáætlun sé ekki lykiláhersla hvað okkur Reykvíkinga varðar á mislæg gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Ég leyfi mér hér úr ræðustól hins háa Alþingis að gagnrýna borgaryfirvöld í Reykjavík fyrir það að hafa tekið slíka framkvæmd af skipulagi borgarinnar. Það er algjörlega ólíðandi fyrir okkur Reykvíkinga, hvort sem við erum þingmenn eða íbúar hér, að þurfa að þola það að ekki sé ráðist í mislæg gatnamót á mótum þessara tveggja vega.

Í annan stað verð ég að segja að það veldur mér svo sannarlega vonbrigðum að ekki sé meiri fjármunum varið til framkvæmda vegna Sundabrautar. Nú hygg ég að í þá framkvæmd verði ráðist með sérstakri fjárveitingu frá ríkisstjórninni, en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talaði hér fyrr í dag og lýsti því yfir að ábyrgðin væri ríkisstjórnarinnar eða stjórnvalda en ekki Reykjavíkurborgar. Mér þótti það þunnur þrettándi vegna þess að ég hef hér fyrir framan mig útskrift úr greinasafni Morgunblaðsins þar sem fjallað er um það að á hverfafundi í félagsmiðstöðinni í Grafarvogi þann 27. mars árið 2000, fyrir fimm árum, hafi núverandi varaformaður Samfylkingarinnar lýst þessu yfir, með leyfi forseta:

„Í haust verður tekin ákvörðun með eina lausn og ef allt gengur að óskum ættu framkvæmdir að geta hafist á næsta ári.“

Borgaryfirvöld töldu sem sagt árið 2000 að þessi framkvæmd væri í farvatninu. Ég hlýt fyrir hönd Reykvíkinga

og sem þingmaður Reykjavíkur að lýsa yfir sérstökum vonbrigðum yfir því að sú verði ekki raunin.

Í þriðja lagi vil ég segja að ég set fyrirvara við það atriði í samgönguáætluninni sem fram kemur á bls. 65, að fyrirhugað sé að byggja nýja flugstöð við Reykjavíkurflugvöll þar sem hann er nú. Ég hef lýst því hér yfir í dag og ég lýsi því aftur yfir að ég er þeirrar skoðunar að í Reykjavík eigi að vera flugvöllur. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að hann eigi að vera í Vatnsmýrinni, þar sem hann er nú. Ég viðurkenni mikilvægi samgangna fyrir landsbyggðarmenn og fyrir Reykvíkinga, að samgöngumiðstöð eigi rétt á sér og vil að samgöngur gangi greiðar héðan frá Reykjavík og út á landsbyggðina. En ég geri þá sanngjörnu kröfu til stjórnvalda og til Alþingis, sem er að fjalla um þessa tillögu til þingsályktunar, að menn leiti nú leiða til að finna þessum flugvelli annan stað í borgarlandinu eða við borgarlandið. Það gengur ekki fyrir okkur sem berum hagsmuni Reykjavíkur fyrir brjósti að flugvöllur sem Bretar settu niður fyrir áratugum í einu besta byggingarlandi Reykjavíkur þurfi að vera þar um ár og aldir, eða a.m.k. næstu áratugi. Ég segi það að ætli menn að ráðast í byggingu á flugstöð eða samgöngumiðstöð á þessu svæði verður ekki aftur snúið, a.m.k. ekki næsta áratug eða áratugi. Það má gera ráð fyrir því að sú flugstöð muni kosta ríkið 2–3 milljarða og eftir að hún hefur verið byggð er algjörlega augljóst að hún verður ekki rifin.

Ég hvet stjórnvöld og samgönguráðherra til að leita leiða til að koma þessum flugvelli einhvers staðar fyrir annars staðar í borgarlandinu. Ég nefni t.d. á Miðdalsheiði við Hafravatn, á Bessastaðanesi eða einhvers staðar annars staðar þannig að við Reykvíkingar getum hagað skipulagsmálum okkar þannig að borgin okkar, (Forseti hringir.) höfuðborgin, verði að raunverulegri borg og það verði grætt í þetta sár sem Reykjavíkurflugvöllur er svo sannarlega í borgarlandinu.

[21:05]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna ræðu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar vil ég segja að ég held að hvergi nokkurs staðar sé lagt eitt og sér til grundvallar hvernig íbúar skiptast eftir landshlutum þegar teknar eru ákvarðanir um uppbyggingu samgöngumannvirkja. Við byggjum upp samgöngumannvirki okkar og ég held að það sé þannig alls staðar meðal annarra þjóða að menn eru að hugsa um hvernig þeir ætli að byggja upp nauðsynlegt samgöngukerfi til að nýta auðlindir landsins og til að tryggja flutninga til og frá vinnslustöðvum og byggðum bólum. Þetta er grundvallaratriði.

Ég tel að það sé gjörsamlega ófær forsenda sem eina forsendan að miða við íbúatölu (Forseti hringir.) þannig að ég tel að hv. þingmaður þurfi að gæta sín á því að gera ekki að aðalatriði íbúatölu á höfuðborgarsvæðinu við skiptingu fjármuna.

[21:07]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði í ræðu minni ætla ég ekki að gera lítið úr því að samgöngur í hinum dreifðu byggðum séu mikilvægar. Ég hlýt hins vegar að geta þess að minni hluti fjármuna frá ríkinu rennur til samgöngumála, a.m.k. nýframkvæmda, hér á höfuðborgarsvæðinu. Það hefur komið fram í þessari umræðu að á síðustu 10 árum hafi 80% af fjármunum til nýframkvæmda runnið til dreifbýlisins en á sama tíma horfum við til þess að 65% íbúa búa á þessu svæði, þ.e. 65% skattgreiðenda, þess fólks sem greiðir nú fyrir þetta allt saman.

Ég tel að við Reykvíkingar höfum sýnt ákveðið langlundargeð hvað landsbyggðina varðar þegar kemur að vegaframkvæmdum. Mér finnst eðlilegt að á næstu árum, (Forseti hringir.) og þá er ég að undirstrika fjárframlög til þessara mála, endurspeglist í tölu íbúa á þeim svæðum sem (Forseti hringir.) fjármunirnir renna til.

[21:08]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sérkennilegt að verða vitni að þeirri sturlungaöld sem nú geisar í Sjálfstæðisflokknum. Þeir storma hér fram eins og sleggjur í hausinn á hæstv. samgönguráðherra hver á fætur öðrum, samflokksmenn hans af höfuðborgarsvæðinu, og ekki hægt að segja annað en að þeir hafi hleypt þeirri samgönguáætlun sem hér er til umræðu í uppnám, bæði hvað varðar framlög til vegamála á höfuðborgarsvæðinu svo og með afstöðu til flugvallarins í Vatnsmýrinni. Hæstv. samgönguráðherra hefur barist ötullega fyrir því að hann verði um kyrrt í mýrinni og nú síðast með fyrirhuguðum framkvæmdum um byggingu samgöngumiðstöðvar þar.

Fram hafa komið þrjú sjónarmið hjá hv. þingmönnum sjálfstæðismanna, að flugvöllurinn verði um kyrrt í mýrinni, að hann fari til Keflavíkur og í þriðja lagi eitthvað annað, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson gat um hér áðan.

Því vildi ég spyrja hv. þingmann hvort ekki kæmi til greina að hans mati að fara með flugvöllinn til Keflavíkur þar sem flugvöllur er fyrir og vitrænast, að því er virðist, að fara með hann — eða hvert vill hann annars fara með hann?

[21:09]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður spyr hvort það hugnist mér og skoðunum mínum að fara með innanlandsflug til Keflavíkur. Eins og ég sagði í andsvari mínu fyrr í dag líst mér ekki sérstaklega vel á þann kost. Ég tek undir með þeim þingmönnum sem hafa tjáð sig um það mál að ég óttast það að fari innanlandsflugið til Keflavíkur muni það annaðhvort leggjast af eða dregið verði úr þeirri þjónustu sem við höfum haft hvað varðar innanlandsflug á síðustu árum og áratugum. Mér hugnast ekki sá kostur.

Það eina sem ég hef haft fram að færa varðandi þetta mál er að ég vil finna flugvellinum annan stað í Reykjavík eða í nágrenni Reykjavíkur. Ég hef nefnt t.d. Miðdalsheiði við Hafravatn, Bessastaðanes, Hvassahraun eða einhverja aðra staði. (Forseti hringir.) Ég vil einfaldlega sjá að flugvöllurinn verði fluttur úr Vatnsmýrinni, þó þannig að ekki verði dregið úr (Forseti hringir.) þjónustu við landsbyggðarmenn.

[21:11]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að ég held að völlurinn hljóti að fara úr Vatnsmýrinni og hef ég þá litið til þess að þegar að því kemur, eftir rúman áratug, hljóti menn að líta fyrst og fremst til þess að hann fari til Keflavíkur enda hægt að vænta þess að verulegar samgöngubætur hafi þá átt sér stað enda verði þá búið að tvöfalda brautina til Keflavíkur.

Það mætti kannski koma því að sem tillögu til að lægja óöldina í Sjálfstæðisflokknum, til að stilla saman strengi þar, að þeir sameinist um að flugvöllurinn fari til Keflavíkur en komi ekki upp hver á fætur öðrum stormandi gegn málflutningi hæstv. samgönguráðherra, bæði hvað varðar framlög til vegamála og staðsetningu flugvallarins. Legg ég það þá a.m.k. til að þegar flugvöllurinn fer, eftir rúman áratug, fari hann til Keflavíkur en menn eyði ekki hér dýrmætum tíma við fyrri umr. um samgönguáætlun í að deila um það innan Sjálfstæðisflokksins hvert hann eigi að fara, hvort hann eigi að vera hér eða þar eða áfram í Vatnsmýri, heldur sameinist um að flugvöllurinn fari til Keflavíkur þegar hann fer.

[21:12]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var nú þetta einmitt sem ég vék að í upphafi ræðu minnar að það virðist aldrei vera hægt að ræða þessi mál á eðlilegan og sanngjarnan hátt án þess að þingmenn komi upp í pontu og gæti fyrst og fremst hagsmuna kjördæma sinna.

Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson sér bara eina lausn í málinu og hún er sú að flugvöllurinn fari til Keflavíkur. Mér er það ekki hugnanlegt. Ég vil síðan segja að það eru engin gríðarleg átök og þaðan af síður sturlungaöld innan Sjálfstæðisflokksins þrátt fyrir meiningarmun um þessi mál. Við höfum nú orðið vitni að meiri átökum í öðrum stjórnmálaflokkum, þar á meðal stjórnmálaflokki hv. þingmanns þessa dagana.

Ég set bara fram þá frómu ósk að menn skoði þetta mál með hagsmuni bæði landsbyggðarinnar og okkar Reykvíkinga í huga og reyni að finna einhverja ásættanlega lausn áður en þeir fara að byggja samgöngumiðstöð (Forseti hringir.) á þessum stað sem mun geirnegla flugvöllinn þar sem hann er núna.

[21:13]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson bar fram eina sanngjarna kröfu, eins og hann orðaði það, að hætt verði við þá áætlun sem hér gerir ráð fyrir að byggð verði samgöngumiðstöð í Reykjavík. Ég get sagt hv. þingmanni að ég er reiðubúinn til að styðja hann. Ef það er vilji þingmanna Reykjavíkur að losna við þessa samgöngumiðstöð finnst mér sjálfsagt að standa með þeim í því. Ég vil láta þess getið líka að ef það eru fleiri framkvæmdir á vegum ríkisins hér í Reykjavík geti þeir treyst á mig ef þeir vilja losna við þær. Við skulum skera þær bara niður, ef þetta er vilji þeirra, því að við höfum aldrei ætlað að ganga neitt gegn þeim, heldur alltaf ætlað að standa með þeim ef þetta er vilji þeirra og ásetningur.

[21:14]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitthvað hefur ræða mín farið öfugt ofan í hv. þingmann og vin minn Einar Odd Kristjánsson vegna þess að ég hef ekkert verið að mæla gegn því að komið verði upp samgöngumiðstöð í Reykjavík. Ég hef einmitt farið yfir það í andsvörum mínum og ræðu að ég er talsmaður góðra samgangna, hvort sem þær eru á sviði flugs, strætisvagna eða rútna. Ég hef ekkert á móti því að hér séu byggðar samgöngumiðstöðvar og er talsmaður góðra samgangna. Ég vil bara ekki að þessi tiltekna samgöngumiðstöð sé í Vatnsmýrinni og ber ég þar hagsmuni Reykjavíkur og skipulags í borginni fyrir brjósti.

Það þýðir ekkert að halda því fram hér að ég vilji losna við samgöngumiðstöðina. Ég vil bara hafa hana á öðrum stað. Ef hv. þingmaður skilur það ekki er þeim sjónarmiðum hér með komið til skila.

[21:15]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt, ég hef misskilið þetta eitthvað. En ef það er svo að hann vill bara hafa hana á öðrum stað þýðir það að við frestum þessum framkvæmdum og hann má þá treysta því að ég styð hann í því. Því verður þá frestað, það er ágætt til þess að vita.

Ég vil líka minna á það að þegar við ekki fyrir löngu síðan hófum að byggja alvöruvegi á Íslandi byrjuðum við í kringum þéttbýlið, við byrjuðum í kringum Reykjavík og í kringum Akureyri. Síðan er búið að byggja upp mest af vegunum en aðeins eru eftir norðaustur- og norðvesturkjálkarnir. Auðvitað eru þeir síðastir og við höfum lengst allra keyrt á moldarslóðinni og eðlilegt að það sé komið að okkur núna. Ég ætla því að ítreka að það getur ekki verið um neitt ranglæti að ræða, það er bara eðlilegt að byrja hér í þéttbýlinu og enda á útkjálkunum þar sem við búum. Þetta er bara eðlilegur gangur og því eðlilegt að við fáum meira fé núna. Það er ekkert óréttlæti í þessu, þetta er eðlilegur gangur og þetta gat ekki verið öðruvísi.

[21:16]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson telur það eðlilegt að landsbyggðin fái meira fé núna. Ég benti á að landsbyggðin hefur fengið meira fé á síðustu árum eða áratugum og kannski ástæða til þess að þeirri þróun verði, ja, kannski ekki snúið við heldur verði hlutföllin rétt við.

Ég er alveg tilbúinn til að fresta framkvæmdum við þessa samgöngumiðstöð. Ég er alveg tilbúinn til þess ef það verður þá til þess að hún verði færð úr Vatnsmýrinni. Ég set fram þá frómu og sanngjörnu kröfu (**EOK:** Ég stend með þér.) að þessi samgöngumiðstöð verði byggð einhvers staðar annars staðar og flugvellinum valinn staður annars staðar en þar sem Bretar ákváðu að setja hann niður fyrir 50 eða 60 árum. Borgarmyndin í Reykjavík hefur gjörbreyst frá því að flugvöllurinn var settur niður og nú er kominn tími til að menn taki stefnumarkandi ákvörðun í skipulagsmál-

um í Reykjavík og komi flugvellinum fyrir einhvers staðar annars staðar. Það er óeðlilegt að (Forseti hringir.) flugvöllurinn sé í göngufæri frá helstu verslunargötu í Reykjavík sem heitir Laugavegur. Það þekkist hvergi.

[21:18]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem kom fram í umræðum hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar áðan, þessar umræður hafa nokkuð snúist um annars vegar höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina hins vegar og áherslur í fjárfestingum í samgöngumannvirkjum á þessum stöðum.

Hv. þingmaður nefndi stórhöfuðborgarsvæðið og ég hefði gjarnan viljað fá að heyra hvað stórhöfuðborgarsvæði er í hans huga. Það er verið að saka okkur landsbyggðarþingmennina um að draga fé að okkur og okkar hlutum en þannig háttar nú til einmitt í þessari samgönguáætlun að við erum afskaplega ánægð í Suðurkjördæmi, ég held allir þingmenn, með að settar skuli vera þangað 300 milljónir sem nánast allar fara í veginn yfir Hellisheiði, sem við köllum svo, en þær munu fara á Sandskeiðið. Það er ekki í Suðurkjördæminu. Þar erum við að efla samgöngumannvirki til og frá höfuðborginni, stórhöfuðborgarsvæðinu, og þess vegna langar mig að vita hvað það er vítt hugtak hjá hv. þingmanni.

Ég vil ekki að slíkir vegir verði í einskismannslandi sem enginn hefur áhuga á. Þetta skiptir miklu máli.

[21:19]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þriðja sjálfstæðismanninum fyrir það að koma hér í andsvör við mig í þessari umræðu.

Hv. þingmaður lætur eins og ég sé að gera lítið úr vegaframkvæmdum og samgöngumálum á landsbyggðinni. Ég er alls ekki að gera það. Ég lýsti því hér yfir að auðvitað eru samgöngumál á landsbyggðinni mjög mikilvæg fyrir þá sem þar búa. Ég geri alls ekkert lítið úr því og skil alveg þau sjónarmið sem fram hafa komið hjá landsbyggðarmönnum hvað þetta varðar.

Ég hef eingöngu verið að benda á það að meiri hluti fjármagns til nýframkvæmda í vegamálum á síðustu árum eða áratugum hefur runnið til landsbyggðarinnar en ekki hingað inn á Stór-Reykjavíkursvæðið. Þegar ég tala um Stór-Reykjavíkursvæðið tala ég bara um það svæði sem ég er alinn upp við að skilgreina sem slíkt, það eru Reykjavík og nágrannasveitarfélögin, þ.e. Reykjavíkurkjördæmin tvö og Suðvesturkjördæmið. (Forseti hringir.)

[21:20]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, þá fengum við að heyra þá skilgreiningu. Ég held hins vegar að tíminn gangi hraðar en hv. þingmaður áttar sig á. Stór-Reykjavíkursvæðið er nefnilega farið að ná til Keflavíkur, upp á Akranes og austur fyrir fjall, til Hveragerðis og Selfoss. Við þurfum að hugsa samgöngumannvirki til heilla fyrir land og þjóð með tilliti til þeirrar byggðaþróunar sem er. Ég segi það klárt og kvitt hér að stórhöfuðborgarsvæðið nær þennan stóra hring og þess vegna verður að taka tillit til þess.

[21:21]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir það að Stór-Reykjavíkursvæðið er eflaust að stækka miðað við þá skilgreiningu sem ég er alinn upp við. Bættar samgöngur stækka það. Það má alveg halda því fram að Borgarnes og Akranes séu að nálgast þetta svæði og sömuleiðis Keflavík og Hveragerði og Selfoss, hvaðan hv. þingmaður kemur. Ég held að við séum alveg sammála um að við viljum efla samgöngukerfið og gæta þar bæði hagsmuna okkar umbjóðenda sem eru kjósendur í kjördæmum okkar — og það er það sem ég tel mig hafa verið að gera hér, ekki síst í umræðunni um Reykjavíkurflugvöll — og ekki síður varðandi það hvernig fjármunum hefur verið dreift milli kjördæmanna á síðustu áratugum.

Ég leyfi mér að segja það að með hliðsjón af því hverjir greiða þessa peninga í formi skattgreiðslna (Forseti hringir.) hefur sú skipting ekki verið sanngjörn.

[21:23]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur átt sér stað í dag er um margt merkileg og að hluta til nokkuð óvenjuleg varðandi fyrri umræður um samgönguáætlanir. Það er langur tími liðinn síðan við höfum orðið vör við jafnmikið, ef við getum orðað það svo, kjördæmapot. Hér hafa áherslur þingmanna af höfuðborgarsvæðinu verið nokkuð óvenjulegar. Ég man eiginlega ekki eftir því að þingmenn hafi komið svo tengdir kjördæmum sínum í umræðu eins og við höfum orðið vitni að hér í dag.

Hér hafa menn þvert á hina pólitísku flokka gengið fram í því að vekja sérstaka athygli á málefnum kjördæma sinna. Mig minnir að yfirleitt höfum við náð því í fyrri umr. um samgönguáætlun að ræða um hinar stóru línur og fjalla um það hvort út af fyrir sig væri rétt forgangsraðað í hin stærri verk og eins hvort nægilegt fjármagn væri til staðar. Nú bregður hins vegar svo við að nokkrir þingmenn af höfuðborgarsvæðinu ganga fram fyrir skjöldu og vekja sérstaka athygli á ákveðnum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu, og ekki bara það, heldur telja að höfuðborgarsvæðið sé sérstaklega sniðgengið í þessari samgönguáætlun. Það er mjög áberandi að þar fara fremstir í flokki þingmenn úr flokki hæstv. samgönguráðherra.

Þetta vekur sérstaka undrun því að venjan hefur verið sú að þegar samgönguáætlun kemur til umræðu sé búið að ná a.m.k. þokkalegri sátt í ríkisstjórnarflokkunum um það hvernig skipt er á milli kjördæma. Og ég verð að segja, herra forseti, að það vekur alveg sérstaka athygli að á köflum ganga hv. þingmenn svo langt í að vekja athygli á því að það ætti jafnvel að færa fjármuni úr ákveðnum kjördæmum til eigin kjördæma.

Ég tek þess vegna undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni sem kom inn á það í umræðum í dag að þar sem menn sem telja að framkvæma þurfi meira en gert er ráð fyrir í áætluninni ættu þeir að sameinast um að auka fjármunina til þessa mikilvæga málaflokks. Allir hv. þingmenn vita að það er enginn skortur á verkefnum í samgöngumálum. Þar er af nægu að taka. Það er kannski þar sem við þurfum helst að taka á og við þurfum að auka fjármuni til

þessa málaflokks og þess vegna er það alveg sérstakt umhugsunarefni og dapurlegt að hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu sem farið hefur til þessa málaflokks hafi lækkað svo mjög. Eins og fram hefur komið í umræðunni er þetta mál ekki bundið við það hvar menn búa hverju sinni. Þetta er jafnmikilvægt fyrir alla íbúa þessa lands. Þetta skiptir máli varðandi umferðaröryggi, gagnvart atvinnumálum og byggðamálum. Allt tengist þetta saman.

Það má segja að vandi okkar sé raunverulega enginn annar en sá að við höfum svo mörg verk að vinna að okkur nægir ekki fjármagnið til að gera það eins fljótt og við vildum líklega flest gera.

Það er hins vegar nauðsynlegt, svo að ég gleymi því ekki, að taka fram að í þessari áætlun er auðvitað margt afskaplega jákvætt. Það er ekki heldur hægt að ganga fram hjá því að á mörgum undanförnum árum höfum við unnið stórvirki í samgöngumálum. (**KÓ:** Heyr.) Hins vegar er ljóst að það má ekki láta deigan síga því að verkefnin eru svo gífurlega stór og mikilvæg að við verðum að láta þessi mál í ákveðinn forgang. Þau skipta, eins og ég sagði áðan, ekki bara máli fyrir þá íbúa sem búa á þeim svæðum þar sem vegir eru hvað verstir eða hættulegastir, heldur skipta þau máli fyrir okkur öll og þau tengjast öllum þáttum mannlífsins.

Eitt mál hefur vakið sérstaka athygli mína á undanförnum missirum, ekki bara í þessari umræðu heldur nú um nokkurra vikna, mánaða eða ára skeið. Það er umræðan um flugvöll í Reykjavík. Þar blandast augljóslega inn í aðstæður manna hvar þeir búa. Þess vegna hef ég sagt nokkrum sinnum að þetta mál er nokkuð sem menn eiga að setjast niður með og leysa. Þetta er ekki mál sem er svart eða hvítt, þ.e. að annaðhvort eigi flugvöllurinn að vera áfram í þeirri mynd sem hann er búinn að vera um nokkurt skeið eða að hann skuli bara fara, mér liggur við að segja á morgun. Þetta mál er miklu flóknara en svo.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég hélt að menn hefðu verið búnir að ná ákveðinni lendingu í málinu, þ.e. að það væri komin nokkuð farsæl lausn núna á milli borgaryfirvalda og samgönguyfirvalda um að fara yfir þetta mál frá a til ö, reisa samgöngumiðstöðina og kanna hvort ein flugbraut mundi duga eða ekki. Þetta hélt ég að væri eðlilegt skref til þess að reyna að ná sátt í málinu. Nú rísa hins vegar upp ýmsir þingmenn af þessu svæði og telja það af og frá.

Ég get út af fyrir sig líka tekið undir með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að það er sjálfsagt að standa með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins í því að fresta hér framkvæmdum ef það er vilji hv. þingmanna, ef það liggur ekki svo á þessum framkvæmdum. En ég verð að segja það að við sem notum nokkuð flugstöðvarbygginguna við Reykjavíkurflugvöll gerum okkur fyllilega grein fyrir því að það mannvirki er barn síns tíma. Það er ekki í neinu samhengi við þá tíma sem við lifum og það er löngu kominn tími á að úr verði bætt.

Ég hef skilið það svo að þrátt fyrir að flugvöllurinn muni hugsanlega einhvern tíma fara úr Vatnsmýrinni muni samgöngumiðstöðin nýtast áfram, þrátt fyrir að hún verði ekki endilega flugstöðvarbygging. Ég verð að segja að ég á mjög erfitt með að skilja þær röksemdir að alls ekki megi byggja hana. En eins og ég segi, ef það er vilji þingmanna á þessu svæði að þessari framkvæmd verði frestað er hægt að nálgast það. Það er ekkert vandamál að koma þeim fjármunum í lóg. Nóg er af verkefnum sem bíða.

Það er líka nauðsynlegt — ég sé að nú er tíminn að renna frá mér — að taka undir það sem kom fram mjög skýrt í málflutningi hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þar sem hann vakti athygli á því að á kosningaárinu síðasta, þ.e. á árinu 2003, var veitt sérstaklega aukið fjármagn til samgöngumála. Það stóð þó eingöngu það ár og lifði varla árið þegar tilkynnt var að nú ætti að fresta þessu og fresta hinu. Það er augljóst mál að miðað við þær frestanir sem nú eru boðaðar er ekki verið að skila öllu því fjármagni sem gert var ráð fyrir á árunum 2004–2006 inn á árin 2007–2008. Það er eðlilegt að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi áhyggjur af því að ekki verði auðvelt að selja kjósendum í kjördæmi hans það að enn einu sinni eigi að fresta framkvæmdum fram á næsta kjörtímabil. Slík kosningaloforð er erfitt að nýta trekk í trekk þó að við höfum dæmi um það varðandi Héðinsfjarðargöngin. Það er loforð sem nýta skal hið þriðja sinn.

[21:31]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi óska þess að hv. þm. Einar Már Sigurðarson (**Gripið fram í:** Væri samgönguráðherra.) og Sigurður Kári Kristjánsson hefðu verið með okkur hér í Reykjavík þegar við vorum fyrir fjórum árum að reyna að koma vitinu fyrir hæstv. samgönguráðherra varðandi flugvöllinn í Vatnsmýrinni. Það var hæstv. samgönguráðherra sem kom málinu í þann farveg að annaðhvort yrði byggður hér nýr flugvöllur með flugstöð og öllu, nýr alþjóðaflugvöllur, í Vatnsmýrinni eða hann færi til Keflavíkur, annað kæmi ekki til greina. Allar hugmyndir um minni flugvöll, eina flugbraut, um færslu á flugvellinum í borgarlandinu voru slegnar út af borðinu.

Hæstv. samgönguráðherra og fylgismenn hans bera sem sagt fullkomna ábyrgð á því hvernig fyrir þessu máli er komið. Nú allt í einu virðast menn vera tilbúnir að bakka eitthvað og ná samkomulagi um Vatnsmýrina ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann er að veita andsvar við ræðu hv. þm. Einars Más Sigurðarsonar, eða beinir hv. þingmaður ræðu sinni til hæstv. samgönguráðherra?)

Nei, ég er að spyrja ... (Gripið fram í.)

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þm. Helga Hjörvar að grípa ekki fram í.)

Hæstv. forseti. Það sem ég ætlaði að spyrja hv. þm. Einar Má Sigurðarson um er hvort hann telji einhvern grundvöll vera til að taka þessa umræðu upp á nýtt. Ég hef ekki mikla trú á því að það dugi við þessar aðstæður að taka þessa umræðu upp á nýtt en ég er í sjálfu sér tilbúinn að gera það.

[21:33]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mun ekki standa á mér að taka þessa umræðu upp á nýtt, enda tilheyri ég stjórnmálaflokki sem

hefur gert töluvert úr því að stunda umræðustjórnmál. Ég held að það hljóti að vera eðlilegt að við gefum okkur tíma til þess að fara yfir þessa umræðu.

Hv. þm. Einar Karl Haraldsson kemur hér inn á þátt sem ég verð að viðurkenna að ég fylgdist ekki mjög nákvæmlega með, þ.e. allri þeirri umræðu sem hér átti sér stað varðandi framtíð flugvallarins fyrir nokkrum árum. Ég fagna því hins vegar ef við fáum niðurstöðu í það mál sem er í anda þess sem helstu svokallaðir andstæðingar flugvallarins bentu á. Það er fagnaðarefni ef deiluaðilar eru að nálgast og það er oft þannig að þegar mál eru rædd og gefinn ákveðinn tími finna menn sameiginlega niðurstöðu.

Það hefur vakið sérstaka athygli mína að ýmsir hafa haldið því fram að þetta svæði í Vatnsmýrinni væri svo gífurlega verðmætt að nýta mætti þá fjármuni sem fengist fyrir það til að byggja þess vegna nýjan flugvöll út í Skerjafjörðinn. Ef það er hægt finnst mér það líka flötur sem menn hljóta að skoða til framtíðar. Auðvitað gerist það ekki á morgun eða á næstu árum en sumir hafa haldið því fram að þetta svæði væri svo gífurlega verðmætt að þar væru þar af leiðandi ýmsir möguleikar í stöðunni. Þetta er flókin og mikil umræða sem er mikilvægt, eins og ég sagði í ræðu minni, að menn gefi sér tíma til að ræða.

Það vekur athygli mína líka að ýmis svæði á höfuðborgarsvæðinu eru án bygginga sem ég hefði haldið að væri a.m.k. ekki síður hæft til bygginga en Vatnsmýrin. Ég vek athygli t.d. á Viðey sem ég átta mig ekkert á af hverju er ekki farið að skipuleggja byggð í. Ég þykist hafa séð það í ýmsum borgum að það er mjög vinsælt að byggja íbúðarhús á eyjum nálægt miðbæ þannig að ég er alveg klár á því að Viðey yrði afskaplega vinsælt byggingarland. Ég vek athygli á því (Forseti hringir.) við þetta tækifæri.

[21:35]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég spyr aftur: Hvar voruð þið, þeir þingmenn sem vilja leita að nýjum leiðum, nýjum staðsetningum fyrir Reykjavíkurflugvöll í borgarlandinu, þegar þessi umræða fór fram? Allt það sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson nefndi um að hægt væri að kosta nýjan flugvöll í borgarlandinu með andvirði þess sem fengist fyrir landið og byggingarréttinn í Vatnsmýrinni hefur alltaf legið fyrir í þessari umræðu. Það er gott ef menn eru að vakna til þess núna.

Hins vegar held ég að málin hafi þróast þannig í Reykjavík að það náist seint samstaða um annað en að flugvöllurinn fari. Því miður held ég að sú staðreynd að menn voru ekki tilbúnir að fara í ítarlega og alvarlega umræðu um þetta á sínum tíma hafi leitt til þess að staðan er miklu lægstari í dag og að ekki er um marga kosti aðra að ræða en að flugvöllurinn víki eins og starfsemi af þessu tagi víkur vegna þess að það er hagkvæmara að nýta landið til annarra hluta og að flugvallarstarfsemin flytjist smám saman til Keflavíkurflugvallar. Ég held að kostirnir séu ekki aðrir í þessari stöðu. Ég held að tilraunir hæstv. samgönguráðherra til að halda því til streitu að hafa alþjóðaflugvöll í Vatnsmýrinni séu dæmdar til að mistakast.

[21:37]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður spyr: Hvar voruð þið? Ég sagði í fyrra andsvari *mínu* að *trúlega* hefðum við ekki fylgst nægilega vel með þeirri umræðu sem hér fór fram, eða að sú umræða hafi verið allt of þröng, eða að menn hafi verið búnir að grafa sig svo djúpt niður í skotgrafirnar að menn hafi ekki náð yfirborðinu til að leiða umræðuna í sáttafarveg.

Eins og ég man þessa umræðu var hún býsna svart/hvít og það var stórskotahríð á milli aðila. Mér finnst hins vegar að á seinni missirum hafi þessi umræða náð að leggja sig öðruvísi, að menn hafi náð að tala örlítið saman. Þess vegna, eins og ég sagði í ræðu minni, hélt ég að búið væri að ná ákveðnum sáttafleti í málinu sem ég fagnaði sérstaklega vegna þess að mér finnst þetta mál vera nákvæmlega þannig að nást þurfi um það sátt. Það gengur ekki að forsvarsmenn höfuðborgar í einu landi séu í opinberri andstöðu við aðra íbúa landsins. Það gengur bara ekki. Því fylgja ákveðnar skyldur að vera höfuðborg. Það kallar líka á hina aðilana að þeir nálgist málið af sanngirni. Þannig þarf að leysa svona mál. Ég er alveg klár á því að ef aðilar setjast niður og fara yfir það lið fyrir lið er til sáttaleið í þessu máli eins og öllum öðrum. Til þess þurfa menn hins vegar að gefa sér ákveðinn tíma og fara yfir málið.

Ég held að það leysi ekki vandann að menn komi hér saman í þessum sal eða annars staðar og haldi fram ætíð ýtrustu kröfum um t.d. það að flugvöllurinn fari án þess að skilgreina það eða nefna hvað menn eigi við. Hvenær á flugvöllurinn að fara? Það liggur ljóst fyrir að vegna tæknilegra framfara eru ýmsir möguleikar á því að flugvöllurinn verði óþarfur einhvern tímann í framtíðinni og þá að sjálfsögðu fer hann. (**Gripið fram í:** Þá erum við öll sammála.)

[21:40]

Einar Karl Haraldsson:

Hæstv. forseti. Það hefur verið ánægjulegt til þess að vita að ýmsir þingmenn Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins hafa tekið til máls hér og rætt ýmis brýn úrlausnarefni á höfuðborgarsvæðinu. Það er virkilega kominn tími til að *þeir láti í sér heyra um hagsmunamál íbúanna hér á* þessu svæði í samgöngumálum.

Það er afskaplega athyglisvert að innan hringvegar í Parísarborg eru 8 þús. hektarar og þar búa 2,2 milljónir manna, þ.e. 268 íbúar á hektara. Höfuðborgarsvæðið sem við köllum svo í venjulegum skilningi, þá ekki nágrannasveitarfélögin hér fyrir austan fjall og á Akranesi og þar með, er 12 þús. hektarar. Þar búa 185 þús. íbúar, þ.e. 16 íbúar á hektara. Það er held ég í öllum skipulagsfræðum viðurkennt að það er ekki hægt að reka hagkvæma og skilvirka og samkeppnishæfa borg við þessar aðstæður. Til þess þarf þéttleikinn eða íbúafjöldinn á hektara að vera a.m.k. 50–70 manns. Það er lágmark til þess að geta haldið uppi almenningssamgöngum og þjónustu þannig að hún geti verið á heimsmælikvarða.

Það er ekki hægt að segja að samgönguyfirvöld hafi stuðlað að því að mál gætu þróast í þessa átt á höfuðborgarsvæðinu. Ég held að skorturinn á skilningi á hlutverki samgönguyfirvalda til að stuðla að þróun sem gæti gert höfuð-

borgarsvæðið hagkvæmara og skilvirkara og betra sem borgarsvæði sé æpandi og hafi lengi verið í samgönguráðuneytinu. Sumir segja að það sé vegna þess að þar hugsi menn fyrst og fremst út frá hagsmunum landsbyggðarinnar. Ég veit ekki hvort það er alls kostar rétt en a.m.k. í afstöðu til ýmissa stórframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu er fyrst og fremst litið til kostnaðar en ekki til þess hvaða áhrif framkvæmdirnar hafa á þróun byggðar. Í þeim áhrifum geta þó falist tækifæri og stórkostlegir ávinningar sem ættu að gera það að verkum að eingöngu aurasjónarmið geta ekki verið lögð til hliðsjónar, heldur sá ávinningur sem það er fyrir borgarsamfélagið að stuðla að því að borgin verði þéttari og að fleiri búi hér á hektara en verið hefur.

Við getum séð þetta í umræðunni um Vatnsmýrina. Þar hefur verið deila milli skipulagsyfirvalda og samgönguráðuneytisins, og Alþingis liggur mér við að segja, þ.e. skipulagsyfirvöld í Reykjavík gera ráð fyrir því að flugvöllurinn víki úr Vatnsmýrinni en samgönguyfirvöld halda áfram að byggja þar eins og ekkert hafi í skorist. Þó að hér sé um einhvers konar óljóst samkomulag hæstv. samgönguráðherra og borgarstjóra að ræða, þ.e. um það að endurskoða áformin, er afskaplega óljóst hvort eitthvað kemur út úr því, og a.m.k. ljóst að samkvæmt þeirri samgönguáætlun sem hér liggur fyrir á að halda áfram allri uppbyggingu, bæði á samgöngumiðstöð og flugstöð í Vatnsmýrinni, eins og að gert sé ráð fyrir því að flugvöllurinn verði um aldur og ævi á þessum stað.

Við getum líka séð þetta á afstöðunni til Sundabrautarinnar. Margir þingmenn hafa óskað eftir því að fá fyrir því vissu að á næstu tveimur árum verði til fjármunir sem tryggi að hægt sé að hanna fyrsta áfanga Sundabrautarinnar, þ.e. tenginguna yfir í Grafarvog. Því hefur verið svarað með fyrirslætti um að það liggi ekki fyrir hvernig lega Sundabrautarinnar eigi að vera, en samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum liggur fyrir að samkomulag er um að fara millileiðina, þ.e. innri leiðina í þeim efnum, með góðum tengingum við Sæbrautina, þannig að það eina sem beðið er eftir er að úrskurður umhverfisráðuneytisins varðandi umhverfismat liggi fyrir. Þá er ekkert að vanbúnaði að hefja hönnun mannvirkisins og undirbúning framkvæmda og kannski verklegar framkvæmdir að einhverju leyti sem fela ekki í sér vegagerð eða brúargerð. Það sem menn biðja um er að fyrir liggi í vegáætlun fullvissa um að hönnunarvinnan tefjist ekki þannig að á árinu 2007 verði hægt að hefjast handa um byggingu og gerð Sundabrautar hafi menn þá komið sér saman um fjármögnunarleið og framkvæmdaleið í því stóra verkefni.

Annað dæmi er Mýrargötuskipulagið. Borgaryfirvöld vilja leggja Mýrargötuna í stokk til þess að geta búið til aðlaðandi hverfi, sem er aftur forsendan fyrir því að hægt sé að rífa á slippasvæðinu og flytja þar starfsemina upp á Akranes til hagsbóta fyrir Faxaflóahafnirnar, en um það (Forseti hringir.) eru heldur engin fyrirheit í áætluninni.

[21:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nauðsynlegt að fram komi vegna ræðu hv. þm. Einars Karls Haraldssonar að það liggur ekkert samkomulag fyrir um legu Sundabrautarinnar, það er rangt.

Hvað varðar Mýrargötuna liggur heldur engin niðurstaða fyrir um það og það var fyrst eftir að samgönguáætlun hafði komið fram sem bréf barst frá borgarstjóranum þar sem tekið var upp mál er varðar framkvæmdir við Mýrargötu, þannig að það er sömuleiðis mjög skammt á veg komið. En að sjálfsögðu hefur Vegagerðin komið að því máli og unnið með þeim hjá borginni sem hafa verið að undirbúa framkvæmdir við endurgerð Mýrargötu, en það liggur engin niðurstaða fyrir um það og það kom engin formleg beiðni fram frá borginni um viðræður fyrr en samgönguáætlunin var komin fram. Þetta vildi ég að lægi fyrir.

[21:50]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. samgönguráðherra segir að það liggi ekkert samkomulag fyrir um legu Sundabrautarinnar. Ég sagði að það lægi fyrir ákvörðun innan borgarstjórnar í málinu, þar væri alla vega komin ákvörðun í málinu og þess vegna er ekkert að vanbúnaði að leggja í verkið. Menn eru að fara fram á að hæstv. samgönguráðherra gefi fyrirheit um að gangi þetta allt eftir muni ekki standa á fjármunum til að hægt sé að hanna mannvirkið þannig að hægt sé að taka ákvarðanir um framkvæmdina á árinu 2007. Að öðrum kosti er hætt við að framkvæmdirnar dragist úr hömlu og dragist fram undir 2010 að hefja þær. Þess vegna er mjög mikilvægt að fyrir liggi fyrirheit um það að þetta mál og undirbúningur þess verði ekki látið stranda á skorti á fé til hönnunarverkefna og annarra undirbúningsframkvæmda.

Ég er ekki að fara þess á leit að hæstv. samgönguráðherra upplýsi hér eða lofi því að hægt verði að ráðast í framkvæmdina. Til þess þarf að huga að framkvæmdaleiðinni og fjármögnuninni. En verið er að biðja um að ekki strandi á undirbúningnum á næstu árum.

[21:51]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef áður lýst því yfir að ég tel að það muni ekki þurfa að stranda á fjármunum til þess að verkhönnun geti farið á fulla ferð við Sundabrautina og henni lokið eins fljótt og kostur er. Því hefur jafnframt verið lýst yfir að gengið verði í að fjármagna Sundabrautina sérstaklega til hliðar við fjármögnun samgönguáætlunar. Það er því alveg ljóst að þegar til endurskoðunar kemur á samgönguáætlun eftir tvö ár verður að taka ákvörðun um framkvæmdafjármuni til þess að setja Sundabrautina af stað. Þetta vildi ég að kæmi alveg skýrt fram.

[21:52]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta verður að túlka sem hálft loforð af hálfu hæstv. samgönguráðherra.

Varðandi Mýrargötuskipulagið er það afar brýnt mál fyrir Reykjavík og ekki bara fyrir Reykjavík heldur fyrir allt Faxaflóasvæðið og einnig kjördæmi hæstv. ráðherra og fyrir framgang verkefnisins um Faxaflóahafnir, vegna þess að það er algjör forsenda þess að hverfið verði aðlaðandi og

vistlegt. Það er forsenda þess að hægt sé að endurgera slippasvæðið, byggja þar íbúðir og selja til að hægt sé að fjármagna flutning á slippstarfseminni upp á Grundartanga eða á Akranes.

Þess vegna finnst okkur að það megi ekki af hálfu Vegagerðarinnar koma í veg fyrir að byggður verði stokkur á Mýrargötuna eins og skipulagið gerir ráð fyrir og að ríkið taki þar hlut sinn en neyði menn ekki út í að fara í einfaldari lausn sem verður til þess að setja áformin, sem eru mikilvæg fyrir Faxaflóahafnirnar, í hættu.

[21:54]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið fróðleg umræða í dag og það hefur vakið athygli mína að hafist hafa þó nokkrar deilur innan flokkanna um áhersluatriði, bæði meðal sjálfstæðismanna og nú síðast á meðal þingmanna Samfylkingarinnar um mismunandi áherslur sem snúa sérstaklega að Reykjavíkurflugvelli og framkvæmdum sem tengjast Reykjavík.

Ég ætla ekki að blanda mér mjög mikið í þá umræðu en vil þó segja að ég er mjög áhugasamur um að hægt sé að takast á við það verkefni sem er Sundabrautin. Ég held að sú framkvæmd sé afar þörf og ég held að þrátt fyrir þær framkvæmdir sem verið er að gera á Vesturlandsvegi, milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur, muni samt sem áður hinar löngu bílaraðir út úr borginni eða í borgina fyrir helgar og eftir helgar koma í ljós á þessu sumri og að þær biðraðir sem eru stundum á Vesturlandsveginum á álagstíma á morgnana og seinni part dags muni jafnvel ekki hverfa að fullu með þeim framkvæmdum sem verið er að gera á Vesturlandsvegi og eru nauðsynlegar. Þetta vildi ég sagt hafa. Ég lít svo á að Sundabrautin sé ekkert sérstakt gæluverkefni Reykvíkinga heldur sé það framkvæmd sem muni nýtast landsmönnum öllum eins og raunar flestar þær framkvæmdir sem við tölum um við lagfæringu á vegakerfinu.

Ég hef tekið eftir því að engar deilur hafa orðið í salnum milli þingmanna Frjálslynda flokksins eða þingmanna Vinstri grænna en allir aðrir flokkar hafa komið og sett fram mismunandi skoðanir, þ.e. þingmenn úr Framsóknarflokki, Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu. Það sýnir auðvitað að umræðan er mjög skipt eftir því hvar menn búa og hvernig menn líta á samgöngukerfið.

Ég lít svo á að samgöngukerfið sé fyrir alla landsmenn, hvar sem menn búa. Ég veit ekki betur en landsbyggðarmenn sæki mikla þjónustu til Reykjavíkur, hingað sæki menn verslun ef því er að skipta og einnig skemmtanir ef því er að skipta. Ég hef því litið svo á, herra forseti, eins og fjöldamargir aðrir landsbyggðarmenn að höfuðborgin sé ekki bara fyrir Reykvíkinga heldur sé hún einnig fyrir landið allt og landsbúa alla.

Í umræðunni í dag var sagt að þingmenn Reykjavíkur hefðu sýnt landsbyggðinni og landsbyggðarþingmönnum mikið langlundargeð. Ég vil mótmæla þeirri hugsun, hæstv. forseti, í ljósi þess sem ég sagði í upphafi að ég lít svo á að vegakerfið og þjóðvegakerfið sé fyrir landsmenn alla og við séum ekki sérstaklega að byggja það upp aðeins til að einhver hópur landsmanna nýti vegakerfið heldur geti allir landsmenn notið þess. Þegar talað er um að landsbyggðin hafi fengið sérstaklega miklar fjárveitingar á undanförnum árum til að takast á við verkefni í vegakerfinu held ég að það stafi fyrst og fremst af því að framkvæmdir á landsbyggðinni hafa verið og voru látnar bíða og voru langt á eftir framkvæmdunum á suðvesturhorninu og í kringum höfuðborgina og er það auðvitað eðlilegt. Hér var sennilega byrjað að malbika vegi í kringum 1950 og ég geri ráð fyrir að Reykvíkingar hafi að stórum hluta búið við þokkalegt vegakerfi innan borgarinnar í hálfa öld, en ég held að á mörgum stöðum úti á landi hafi það verið 20–30 síðar sem það fór að koma einstaka gata í þéttbýlisstöðunum á landsbyggðinni með asfalti og því miður býr svæði eins og norðvesturhornið enn þá við mikið af malarvegum, þó vonandi ekki beint í þéttbýlinu heldur einkum í aðflutnings- og þjónustuleiðunum.

Ég hef ásamt öðrum þingmönnum Frjálslynda flokksins lagt fram tillögu til þingsályktunar um að taka til við að búa til áætlun um hvernig standa eigi að jarðgangagerð hér á landi á komandi árum. Ég tel að við höfum í raun ekki farið að samþykktum þings á undanförnum árum að því er varðar jarðgangaáætlun og framkvæmdir við það.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að vitna í samgönguáætlun fyrir tímabilið 2003–2014, sem samþykkt var á 128. löggjafarþingi. Þar segir um jarðgöng:

„Kostnaður við jarðgöng er áætlaður um 1,5 milljarðar kr. á ári, en það svarar til þess að unnt sé að vinna nokkurn veginn samfellt að jarðgangagerð og stunda rannsóknir jafnframt. Í mati á heildarkostnaði er þessi árlegi kostnaður reiknaður út tímabilið. Fjármagn í samgönguáætlun dugir til að ljúka þeim verkefnum sem ákveðin eru í jarðgangaáætlun, þ.e. Siglufjörður–Ólafsfjörður og Reyðarfjörður–Fáskrúðsfjörður. Hafist er handa við næstu verkefni en frekari ákvarðanir bíða endurskoðunar samgönguáætlunar."

Þetta sagði í áætluninni frá árinu 2003.

Nú hagar því miður svo til að við höfum frestað samfelldu verkefni í jarðgangagerð. Ég vil því, í lokaorðum mínum við þessa umræðu, vekja sérstaka athygli á því að ég tel bráðnauðsynlegt að við myndum okkur nýja stefnu varðandi vegi á láglendi, sem ég kalla. Við ættum að horfa til varanlegra lausna við jarðgangagerð og vantar heildstæða áætlun því að fyrri áætlun, sem búin var til á árinu 2003, hefur alls ekki verið fylgt, virðulegi forseti.

Við í Frjálslynda flokknum höfum þess vegna lagt fram þessa tillögu um að gera skipulag fyrir jarðgangagerð á komandi árum. Það hefur sýnt sig að slíkar lausnir í vegamálum eru öruggar, (Forseti hringir.) skapa mikið samgönguöryggi fyrir landsmenn og skipta sífellt meira máli í varanlegum samgöngum, bæði sumar, vetur, vor og haust.

[22:03]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þessi umræða um samgönguáætlun fer eðlilega víða, enda er þar undir vegáætlun, flugáætlun og hafnaáætlun. Það hefur verið athyglisvert að heyra sjónarmið þeirra sem hér hafa rætt um stöðu flugvallarins og samgöngumál á Reykjavíkursvæðinu. Til að halda öllu til haga er rétt að geta þess að flug á Íslandi átti upphaf sitt hér í Vatnsmýrinni. En þó að Bretar hafi á sínum tíma haldið því starfi áfram eru þeir alls ekki neinir upphafsmenn að því að

velja þetta svæði sem miðstöð flugs á Íslandi. Það var gert af landsmönnum sjálfum. Reykjavík er höfuðborg landsins og það er í hæsta máta eðlilegt að í svo stóru landi með miklum víðáttum sé tengingin við höfuðborgina sem best og flugvöllurinn á höfuðborgarsvæðinu, þar sem hann er nú.

Það er athyglisvert að velta fyrir sér umræðunni um skiptingu fjár á milli svæða, milli höfuðborgarsvæðis og dreifbýlis. Af því að hv. þm. Gunnar Birgisson er hér staddur þykir mér rétt að nefna þá ábyrgð sem sveitarstjórnarmenn bera þegar þeir þenja út byggðarlagið sitt. Ísland hefur verið byggt eftir ákveðnu munstri og við það höfum við líka miðað samgönguáætlanir okkar. Þegar stjórnvöld eða einstaka aðilar hleypa síðan þeirri þróun af stað að mikil byggðaröskun verði, eins og átt hefur sér stað hér á síðustu árum þá hlýtur það náttúrlega einhvers staðar að koma niður.

Þá veltir maður fyrir sér: Hefur verið rétt að staðið? Er t.d. eðlilegt að Kópavogur þenjist út og geti síðan sent reikninginn á ríkið vegna aukinna vegaframkvæmda? Þá kemur krafan frá oddvita Kópavogsmanna um að taka fjármagn af Vestfjörðum, Norðurlandi eða Austfjörðum vegna þess að það hefur tekist, með skipulegum aðgerðum eða óskipulegum af hálfu stjórnvalda, að láta fólk flytjast af þeim svæðum til Kópavogs. Þetta er svipað og menn beita í landnemabyggðunum í Ísrael. Mér finnst ekkert sjálfgefið í þessu og tel ekki að sveitarfélög hafi sjálftökurétt til að þenjast út og senda síðan reikning á ríkið.

Það má einnig velta fyrir sér, ég fór að blaða í því, hve margir þjóðvegir liggja í gegnum bæði Kópavog og Reykjavík. Sumt af þessu eru svo sem eðlilegir þjóðvegir en aðrir eru bara götur, þar sem bæjaryfirvöld innheimta gatnagerðargjöld en láta ríkið reka veginn. (Gripið fram í.) Þetta er alveg hárrétt.

Frú forseti. Hv. þm. Gunnar Birgisson, sem var að tala um að það þyrfti að flytja fjármagn af landsbyggðinni til að standa undir vegaframkvæmdum í kringum Kópavog, ætti bara að lesa hér listann yfir þá þjóðvegi sem liggja í gegnum Stór-Reykjavíkursvæðið. Mörgum mundi finnast nóg um það en önnur þéttbýlissveitarfélög verða að byggja göturnar upp með gatnagerðargjöldum. Nóg um það en þetta sýnir að svona umræða getur verið röng, vitlaus og ósanngjörn, eins og hv. þm. Gunnar Birgisson hefur haft í frammi, að það sé hægt að gera þetta og hitt og senda síðan reikninginn á ríkið. (**GunnB:** Hver hefur verið að tala um það?) Hv. þingmaður hefur verið að tala um það, þó að hann vilji ekki kannast við það núna, að þetta var bölvað bull í honum. — Fyrirgefðu orðbragðið, forseti, en það var ekki hægt annað en segja þetta í tilefni af orðum þingmannsins.

Ég vildi líka vekja athygli á því er að hvergi í þessari samgönguáætlun er komið inn á skipasiglingar, hvorki til og frá landinu né strandsiglingar. Það er hvergi komið að því, eins og við erum nú háð siglingum. Ég minni á þingsályktunartillögu sem ég hef flutt ásamt öðrum þingmönnum Vinstri grænna um strandsiglingar. Þær eru að falla niður án þess að fyrir því hafi verið borin fram nein sérstök rök eða einhver heildstæð stefna samgönguyfirvalda liggi þar að baki. Mér finnst því að taka eigi á málefnum strandsiglinga, athuga hvort þar sé um að ræða skekkt samkeppnisumhverfi fyrir skipasiglingar meðfram ströndum landsins. Við upplifum það að þessir flutningar koma í auknum mæli inn á þjóðvegina. Ímyndið ykkur alla þá flutninga sem núna eru frá Ísafirði, frá útgerðarstöðunum á Vestfjörðum, eftir veginum um Ísafjarðardjúp og inn Strandir, á vegum sem alls ekki bera þá flutninga. Samkvæmt þessari vegáætlun nú er t.d. ekki fyrirsjáanlegt að í náinni framtíð verði tekið á vegunum á Vestfjörðum, vegunum frá Djúpi inn á Hólmavík og inn að Brú. Þar eru núna gríðarlegir þungaflutningar. Mér finnst þetta ábyrgðarhluti, bæði hvað varðar öryggis- og flutningsmál. En af því að við erum búin að samþykkja öryggisáætlun þá finnst mér að taka eigi svona vegi út með tilliti til öryggismála, ekki bara að láta vaða á súðum eins og nú virðist ætlunin að gera. Það virðist ekki eiga að gera neitt fyrir veginn frá Hólmavík og inn Strandir að Brú þótt þar séu miklir flutningar.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra: Hvað með ferjurnar? Við höfum verið með ferju, Baldur, sem gengur frá Stykkishólmi og yfir að Brjánslæk. Nú á að fækka þar ferðum, það stendur a.m.k. til og er líklega svo að þar hafi verið fækkað ferðum. Mér hefur heyrst á allir umræðu að frekar þyrfti að auka flutningsmöguleikana með ferjunni á milli Stykkishólms og Brjánslækjar. Ég vil þess vegna spyrja ráðherra: Hvaða rök eru fyrir því að fækka ferðum þarna og hvernig hugsa menn framtíð Baldurs þar? Hann gegnir gríðarlega miklu hlutverki í allri ferðaþjónustu og einnig í flutningum.

Ég minntist í fyrri ræðu minni á hina erfiðu stöðu safn- og tengivega og fjármagn til þeirra. (Forseti hringir.) Ég vil spyrja ráðherra: Eru engar horfur á að það fjármagn til þessara vega verði aukið hlutfallslega eins og brýn nauðsyn er til? Ef fram fer sem horfir mun ekki einu sinni verða hægt að halda einu sinni í við ástand þeirra núna.

(**Forseti** (JBjart)**:** Ef hæstv. ráðherra bregst við spurningu hv. þingmanns hefur hann kost á því að halda áfram máli sínu í svari við andsvari.)

[22:11]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég kem í ræðustól til að halda aðra ræðu mína um þessi mál í dag. Ég varð uppiskroppa með tíma þegar ég var kominn á flug í fyrri ræðunni og ætla nú að reyna að halda fluginu áfram þaðan sem frá var horfið.

Ég var þar staddur í málflutningi mínum að ég var að fjalla um hinn svokallaða Suðurstrandarveg, sem lofað hafði verið með miklum fagurgala fyrir síðustu alþingiskosningar og allir héldu að fara ætti í af fullum krafti. Ég lýsti yfir óánægju minni með að hætt hefði verið við þennan veg, sem liggur um Suðurströnd Reykjanesskagans á milli Grindavíkur og Þorlákshafnar. Reyndar er byrjað að leggja smábút við Grindavík og einhverjar framkvæmdir eru líka fyrirhugaðar í Þorlákshöfn en síðan ekki söguna meir. Þetta er í raun mjög slæmt mál, finnst mér. Það var allt tilbúið í þessar framkvæmdir, búið að hanna þetta mannvirki og undirbúa gerð þess og lá fyrir samþykki frá Skipulagsstofnun. Ekki var annað að sjá en að þessi vegagerð yrði nú loksins að veruleika, framkvæmd sem þingmenn hafa talað um í mörg ár, þingmenn Suðurlandskjör-

dæmis á sínum tíma og núna þingmenn Suðurkjördæmis. Það var rætt um, í tengslum við stóru kjördæmasameiningunа nú síðast, að þessi vegur yrði lykillinn að því að sameina gamla Reykjaneskjördæmið við Suðurland. Ég hygg að þessi vegur hefði verið skynsamlegt mannvirki, ekki síst með tilliti til ferðamennsku.

Ég hef verið hrifinn af þessum vegi. Ég fór hann reyndar í fyrsta sinn fyrir tveimur og hálfu ári en allar götur síðan hef ég verið mjög heillaður af þessari leið, þykir þetta afskaplega falleg leið og merkileg fyrir margra hluta sakir. Ég sé fyrir mér að þessi vegur geti opnað á mikla möguleika, ekki síst í tengslum við ferðamennsku en einnig í tengslum við samgöngur á milli Suðurlandsundirlendisins og byggðar á Reykjanesi. Einkum og sér í lagi hafa mér hugnast möguleikarnir hvað varðar ferðamennsku, þ.e. að góður vegur þarna hefði getað opnað möguleika á að flytja ferðamenn beint frá Keflavík suður á Reykjanes, áfram gegnum Grindavík austur á bóginn og inn á náttúruperlurnar sem við höfum á Suðurlandi, jafnvel út í Vestmannaeyjar og í gegnum Þorlákshöfn. Þannig hefðum við opnað nýja, sterka og góða möguleika. Því miður er vegurinn mjög slæmur í dag. Þess vegna er aðkallandi að hann verði bættur og það verður best gert með nýjum vegi.

Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir að fara á í vegabætur á Hellisheiði og alls ekki ætla ég að fara að lasta það, alls ekki, það má enginn skilja orð mín á þann hátt. Ég hefði alveg verið tilbúinn til að hlusta á einhver rök fyrir því að fresta Suðurstrandarveginum og setja peninga í Hellisheiðina. Ég er gersamlega búinn að fá upp í kok af þeim ömurlegu umferðarslysum sem við höfum orðið vitni að á Hellisheiði á undanförnum missirum. Þarna hafa orðið allt of mörg slys. Það virðist ekkert lát vera þar á. Bara nú í vetur höfum við því miður þurft að taka við fréttum af dauðaslysum og alvarlegum bílslysum. Reynsla okkar af tvöföldun Reykjanesbrautar og af Hvalfjarðargöngunum, sem hafa stytt okkur leiðina á hættulegum vegi fyrir Hvalfjörð, hafa fært mér heim sanninn um að vegabætur hafa mjög mikið að segja þegar slysahætta er annars vegar. Ég er alveg sannfærður um að Hvalfjarðargöngin eru nú þegar búin að spara ótal mannslíf og meiðsli á fólki. Tvöföldun Reykjanesbrautar sömuleiðis, þótt sá kafli sem hefur verið tvöfaldaður hafi nú kannski ekki verið lengi, þá hygg ég að séu komnar fram óyggjandi sannanir í þá veru að sú tvöföldun hafi skilað auknu umferðaröryggi á þeirri leið og það sé fyllilega kominn tími til að laga veginn yfir Hellisheiði, breikka hann, jafnvel íhuga að leggja þar hreinlega veg svipaðan og Reykjanesbrautina, með lýsingu og öllu saman.

En ég hefði viljað, virðulegi forseti, að við tækjum umræðu um þessa hluti, að samgönguráðherra kæmi hér upp í ræðustól og talaði um allt þetta af hreinskilni og færði fyrir því rök og færi í rökræður við okkur þingmenn um þessa hluti, ekki að þetta sé gert eins og nú virðist vera, að einhvern veginn er verið að læðupokast með þetta, pukrast með þetta, humma fram af sér og þegja í hel. Ég hygg að það sé ekki rétta leiðin. Ég reikna með að fólk til að mynda í Þorlákshöfn og líka í Grindavík sé afskaplega óhresst með þessi vinnubrögð.

Annað sem hefur verið mjög athyglisvert í dag er að verða vitni að því að það virðist vera komin upp mikil misklíð í Sjálfstæðisflokknum, bæði um þá vegáætlun sem nú liggur fyrir og einnig um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Það hefur verið mjög merkilegt að fylgjast með þeirri umræðu. Hér hafa hnefar nánast verið á lofti og menn farið mikinn og mæst hér stálin stinn. Þetta kom mér dálítið á óvart, því ég las í dag viðtal við hv. þm. Einar Kristin Guðfinnsson, formann þingflokks Sjálfstæðisflokksins, sem birtist á vef Bæjarins besta klukkan þrjú í dag. Þar segir hann að þessi áætlun hæstv. samgönguráðherra, tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun, hafi verið lögð fyrir báða þingflokkana, stjórnarflokkana, og hún samþykkt þar. En svo koma hingað tveir stjórnarþingmenn og segjast hreinlega vera á móti þeim tillögum sem eru í þessari þingsályktunartillögu, þ.e. hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og síðan hv. þm. Gunnar Birgisson.

Þarna er eitthvað á ferðinni sem við eigum vonandi eftir að heyra betri skýringar á. Mér sýnist það eftir umræður dagsins að framtíð Reykjavíkurflugvallar geti orðið mjög heitt mál á næstu missirum og sennilega eitt af helstu kosningamálum í komandi borgarstjórnarkosningum sem verða eftir rétt rúmlega ár. Ekki er annað að heyra, bæði á þingmönnum Sjálfstæðisflokksins og einnig á þingmönnum Samfylkingarinnar. Mér heyrist að þar sé líka hver höndin upp á móti annarri þegar kemur að umræðum um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Nóg um það í bili.

Mig langar aðeins til að lokum, af því tími minn er að verða búinn, að lýsa yfir vonbrigðum með að hæstv. samgönguráðherra skuli ekki hafa sagt neitt um Hvalfjarðargöngin og framtíð þeirra. Ég sakna þess hve lítil viðbrögð virðast vera frá stjórnarliðum varðandi tillögu sem ég hef komið með hér í þinginu um að virðisaukaskattur á veggjöld í göngin verði felldur niður. Það er lítil aðgerð sem ætti ekki að kosta ríkissjóð mikla peninga og að ég hygg mundi skila sér aftur til baka í formi aukinna skatttekna, vegna þess að lægra gjald í göngin, sem eru náttúrlega gríðarlega gott mannvirki og hafa skilað miklu, virkar nánast eins og vítamínsprauta fyrir hagvöxt, ekki síst á svæðinu norðan Hvalfjarðar. Það er ég alveg sannfærður um og hefur í rauninni verið sannað með ágætri skýrslu sem Vífill Karlsson hagfræðingur gaf út fyrr í vetur.

Ég læt máli mínu lokið um þessi atriði í þetta skipti. (Forseti hringir.) Ég reikna með að hér verði áfram fjörugar umræður þegar þingsályktunartillagan kemur til seinni umræðu.

[22:20]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langar að bæta dálitlu við það sem ég sagði í dag, því tíminn er fljótur að fljúga þegar ekki eru nema átta mínútur til að tala um þessi mál.

Ég vil koma því að að ég tel að skoða þurfi betur en menn hafa gert undirbúning framkvæmda í landinu í vegamálum og við höfum um það dæmi að ekki hefur verið nægilega vel horft til framkvæmda. Framkvæmdum er heldur ekki raðað niður eftir hagkvæmni eins og vera skyldi. Ég held að t.d. núna þyrfti að skoða mjög vandlega með hvaða hætti mætti standa að átaki til þess að stytta þjóðveg 1 og síðan virðist það liggja nokkuð í augum uppi

að fara þurfi yfir öll mál hvað varðar endurbyggingu vega, vegna þess að þeir þola ekki þá umferð sem á þá er lögð eftir að þungaflutningarnir jukust svo gríðarlega sem raun ber vitni.

Þetta tel ég að sé hluti af því sem þurfi að fara vandlega yfir núna. Síðan þurfa stjórnvöld auðvitað að hætta þeim vingulshætti sem hefur verið í vegamálum á undanförnum árum. Það gengur ekki að menn komi hér tvisvar á kjörtímabili, í annað skiptið til að boða átak í vegamálum og í hitt skiptið til að skera niður framlög til vegamála. Þá er betra held ég að menn sættist á að reyna að halda í þá áætlun sem liggur fyrir en standa svona að málum. Því eins og kom fram sérstaklega vel í ræðu hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, þá hætta menn líka að trúa, menn hætta að trúa á kraftaverkin þegar þau eru svo tekin til baka að hluta til eða að miklu leyti í framhaldinu þegar menn telja sér henta.

Töluvert uppnám varð í umræðunni í dag, einmitt vegna ræðu hv. þingmanns og fleiri ræðna sem hér voru haldnar. Stjórnarliðar, m.a. hv. þm. Gunnar Birgisson, hafa látið það koma mjög skýrt fram að þeir sætti sig ekki við þá áætlun sem hér er lögð fram og ætla að ná fram breytingum á henni, færa fjármuni til og auka fjármuni inn í áætlunina, sem ég vona sannarlega að mönnum takist að gera, því að ég er á þeirri skoðun að það sé mjög vont mál ef þannig fer, eins og hér er gert ráð fyrir, að á þessu ári og á næsta verði svo fátæklegt í vegáætlun eins og raun ber vitni. Það er ekki gott fyrir byggðir landsins ef þannig heldur fram sem horfir hvað þetta varðar.

Þess vegna hvet ég menn til þess að standa nú við stóru orðin og sjá til þess að hér verði meira til skiptanna en til stendur samkvæmt því sem á blöðunum er.

Ég var ekki einn af þeim sem samþykktu síðustu áætlun þegar hún fór í gegnum þingið. Það var af ýmsum ástæðum sem ég sætti mig ekki við þá áætlun. Það hefði þó verið betra að menn hefðu staðið við hana, en því er ekki að heilsa.

Margar framkvæmdir hafa komið hér til umræðu í dag, m.a. göng undir Vaðlaheiði sem yrðu gerð sem einkaframkvæmd. Ég hvet til þess að menn taki jákvætt á því máli. Ég held að það sé mjög gott ef framkvæmdir af því tagi geta orðið, en þá með fyrirvara um að það verði gert með svipuðum hætti og gert var gagnvart Hvalfjarðargöngum, að þeir sem þar taka hlutina að sér standi ábyrgir fyrir því að fjármunirnir sem í framkvæmdina þarf skili sér til baka með veggjöldunum.

Hér hefur svo sem ekki verið rætt um allar framkvæmdir sem menn hafa áhuga á að fara í og gætu haft áhrif. Ég held að umræðan um vegáætlun hefði þurft að vera svolítið ríflegri þannig að menn gætu fjallað um sumt af þeim hugmyndum sem eru á floti. Það er t.d. hugmyndin um hálendisveg milli Akureyrar og Reykjavíkur. Sú hugmynd á fullt erindi í umræðu hér. Ég er vantrúaður á hana og tel að rökstuðningurinn fyrir þeirri hugmynd sé ekki mjög sterkur, tel reyndar að stytting á þjóðvegi 1 sé eitthvað sem menn þurfi að skoða mjög vandlega hversu langt er hægt að komast í því. Fyrir liggur að hægt er að stytta þá leið til Akureyrar um 20–40 kílómetra. Ef tækist að stytta hana sem svarar þessu, þá fer nú að fara lítið fyrir hagkvæmninni í að búa til veg upp á hálendið og sneiða framhjá öllum byggðarlögum sem eru á leiðinni norður eins og nú háttar til.

Auðvitað munu verða mikil átök um þennan hálendisveg. Inn í þá umræðu verða menn líka að taka að vegurinn um Kjöl er til staðar og hann þarf að bæta. Sú leið er líka stytting á leiðinni norður ef hann verður gerður þannig að hann verði almennilega fær fyrir flutninga, veruleg stytting. Ég kalla eftir því að menn skoði þetta mál allt saman vel, því vissulega eiga þessar hugmyndir allar rétt á sér, menn þurfa auðvitað að ræða þær. Þó að mér lítist ekki á þessa hugmynd, þá viðurkenni ég að ræða þurfi hana.

Ég ætla að ljúka máli mínu, tími minn er senn á þrotum, með því að endurtaka að ég hvet menn til dáða hvað það varðar að auka fjármuni til vegagerðar. Ég ætla satt að segja að vona að menn standi við stóru orðin sem hafa verið sögð hér í dag. Ég held að ekki sé vafi á því að þau rök sem hér hafa verið færð fram fyrir því að ekki sé á ferðinni slík hætta sem hefur verið notuð sem röksemd fyrir því að skera niður til vegamála, sé eins stór og menn vilja vera láta þegar hún er borin saman við þær stærðir sem eru í hagkerfinu. Þá virðist nú ekki geta munað miklu þótt menn haldi því striki sem reiknað var með í þeirri vegáætlun sem lá fyrir. En niðurskurðurinn er tilfinnanlegur og kemur illa niður og enn verr þegar tekið er tillit til þess að það á að fara að eyða fjármunum í verulega stóra framkvæmd í jarðgangagerð.

[22:28]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Átta mínútur eru fljótar að líða og kom ég ekki öllu að í minni fyrri ræðu sem ég vildi sagt hafa um þetta mál. Kannski ég taki upp þráðinn þar sem ég var í miðri ræðunni varðandi Héðinsfjarðargöng sem er framkvæmd upp á eina 7 milljarða. Ég taldi að það væri betra að fara frá Ketilási og beint yfir á Siglufjörð, gera göng sem kostuðu 2,5 milljarða og síðan væri hægt að nota þann veg sem er nýlagður.

Ef af þessum göngum verður og menn komast yfir á Ólafsfjörð kemur að því að þar eru einbreið göng með útskotum. Þá þarf að byrja að breikka þau göng. Ef ég man rétt eru þessi göng 3,6 eða 3,7 kílómetrar og það kostar a.m.k. 3 milljarða að breikka þau. Þá erum við komin með 10 milljarða í þessar framkvæmdir og einhvern veginn verður að leysa vatnsvandamál í göngunum þar að auki. Það er ekki bara nóg. Ég er alveg hissa á því að þetta hafi ekki verið tekið inn í umræðuna. Það er alveg ljóst að þetta verður að gera, a.m.k. miðað við alla þá umferð sem á að fara um göngin, þessi sem ég fer aldrei. Þá spyr maður sjálfan sig: Ef það á að fara þessa leið, hvernig vilja Siglfirðingar þá komast hina leiðina? Þá verða menn að keyra Siglufjarðarskriðurnar áfram í stórhættu og fara í Strákagöngin. Þarf ekki að breikka þau líka? Ég held að hér fylgi böggull skammrifi og að þetta verði langtum dýrara. Mér finnst að menn séu að reyna að fela þetta og við eigum eftir að fá reikninginn, höfuðborgarsvæðið, og borga niður þessar framkvæmdir landsbyggðarinnar.

Svo er annað sem vekur athygli, stofn- og tengivegir. Ef við komum í Suðvesturkjördæmi — hv. þm. Jón Bjarnason fullyrti að Vegagerðin borgaði alla þjóðvegi í þéttbýli en hann er ekki vel að sér, þessi hv. þingmaður. Hérna stendur

um veg í Suðvesturkjördæmi, með leyfi forseta:

„410 Elliðavatnsvegur: Af Breiðholtsbraut við Dimmu, um Vatnsenda, á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.“ — Það er búið að afleggja þennan veg og byggja annan sem heitir Vatnsendavegur og var byggður af Kópavogsbæ þar sem Vegagerðin hafnaði kostnaðarþátttöku í þeim vegi að bæjarmörkum við Garðabæ. Þá tekur við Elliðavatnsvegur. Við höfum ekki fengið krónu í þennan veg og ekki hægt að ræða það við Vegagerðina fyrir heyrnarleysi þegar talað er um þessa vegi.

Síðan er eitt varðandi Reykjavík í tengivegum sem er mjög merkilegt, með leyfi forseta:

„409 Fossvogsbraut: Af Nesbraut [sem verið er að byggja núna] sunnan Tjarnarinnar í Reykjavík, suður með Öskjuhlíð, austur Fossvogsdal, á Reykjanesbraut austan Blesugrófar.“ — Þá er allt í einu komin Fossvogsbraut sem Kópavogsbúar eru fyrir löngu búnir að hafna. Ég átta mig ekki á hvers konar dónaskapur það er eiginlega að setja þetta inn í þessa áætlun.

Í þriðja lagi er verið að tala um tengibrautir að höfnum. Tökum Reykjavík, með leyfi forseta:

„453 Sundagarðar: Af Reykjanesbraut (Sæbraut), að athafnasvæði Eimskipa.

454 Holtavegur: Af Reykjanesbraut (Sæbraut), að Holtabakka.“ — Svona gætum við tekið úti um allt land stórar og smáar hafnir þar sem alls staðar er verið að stofna tengibrautir að höfnum nema í tveimur kaupstöðum, í Hafnarfjarðarbæ og Kópavogsbæ. Þessir tveir bæir sitja ekki við sama borð og hinir. Nei, það er ekki hægt. Það er ekki nóg að það séu snautleg framlög til vegamála á höfuðborgarsvæðinu, heldur er reynt að mismuna bæjarfélögum með þessum hætti.

Rétt til að fara yfir þetta enn og aftur af því að menn hafa verið að tala um hvað við þingmenn sem höfum mótmælt þessari misskiptingu fjármagns séum vondir við fólkið úti á landi erum við það náttúrlega alls ekki. Ég hef lýst því yfir að ég sé mikill stuðningsmaður góðra samgangna úti á landi sem er lykill að því að byggð þróist og þrífist. En við höfum ákveðið fjármagn og við verðum að skipta því. Ef á að skipta því með þessum hætti verður aldrei friður um það, aldrei.

Ég get farið aftur með þessar tölur, við fáum í kringum 20% af nýframkvæmdum Vegagerðarinnar á höfuðborgarsvæðið á þessu tímabili, nema 2008 fer það upp í 23%. (Gripið fram í.) Við fáum sömu upphæð og Norðvesturkjördæmi á þessum fjórum árum, 6,6 milljarða. Þetta er algjörlega fáheyrt. Ég hef boðað breytingartillögur við þessa áætlun til að reyna að sætta sjónarmiðin. Ég er ekkert viss um að skattgreiðendur á þessu svæði séu ánægðir með þessa skiptingu. Auðvitað eiga þingmenn landsbyggðarinnar að standa saman. Það skiptir engu máli hvar í flokki þeir eru þegar kemur að þessum málum, þá er lítill pólitískur ágreiningur. En mér finnst alveg með ólíkindum að aðalmálið í þessari umræðu í dag sé rifrildi um hvort Reykjavíkurflugvöllur eigi að fara eða vera. Veiki hlekkurinn hjá okkur á þessu svæði er kannski sá að skipulagsmál Reykjavíkurborgar eru ekki klár. Þess vegna er hægt að hamra meira á þessu. Hvers vegna í ósköpunum er ekki klárt með mislæg gatnamót á mörkum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, og hvers vegna í ósköpunum er ekki búið að ákveða legu Sundabrautar til að hægt sé að setja fjármuni í hana? Mér finnst þetta ljóður á ráði borgarinnar í þeim málum. Afar fáir vegir í Reykjavík eru tilbúnir. Það er aftur á móti nokkurn veginn klárt hér suður eftir fyrir utan ágreining sem er í Garðabæ sem vonandi leysist innan tíðar.

Virðulegi forseti. Brátt er tími minn upp urinn. Það sem ég vil líka minnast á að lokum er að ég tel þessa fjárfestingu í flugvellinum á Þingeyri vera ranga. Þessum peningum væri betur varið til lengingar á Egilsstöðum eða á Akureyri, eins og ég gat um fyrr í ræðu minni, til að styrkja möguleika þeirra fyrirtækja sem eru að flytja út ferskan fisk með flugi. Mér var tjáð að það væru a.m.k. einir þrír flugfarmar á viku þannig að mér fyndist þeim peningum betur varið þar en á Þingeyri sem er varaflugvöllur fyrir Ísafjörð.

Ég boða sem sagt breytingartilllögur á þessari áætlun við síðari umræðu.

[22:36]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur komið glöggt fram bæði í ræðu hv. þm. Gunnars Birgissonar í dag og endranær að hann vill í meira mæli en gert hefur verið miða vegaframlög við höfðatölu og horfir mjög til höfuðborgarsvæðisins. Væri fróðlegt að fá hjá honum upplýsingar um hvernig hann lítur á þann bæ sem kemur næst höfuðborgarsvæðinu að stærð sem er Akureyri þar sem búa ríflega 5% af þjóðinni.

Samkvæmt þeirri vegáætlun sem hér liggur fyrir fær Akureyrarbær 30 millj. kr. en Kópavogur í Reykjanesbraut – Elliðavatn 288 millj. kr. og Fífuhvammsveg – Kaplakriki, breikkun 377 millj. kr. Ég sé því ekki betur en að hv. þingmaður, forseti bæjarstjórnar Kópavogs, sé vel staddur, a.m.k. miðað við bæjarstjórann á Akureyri.

[22:37]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil svara félaga mínum og vini, hv. þm. Halldóri Blöndal, eftirfarandi: Ef við ætlum að fara eftir höfðatölu erum við alveg tilbúnir í það á höfuðborgarsvæðinu en ég er ekki svo ósanngjarn að ég hafi beðið um það. Auðvitað þarf að tengjast því og tengjast uppsprettu teknanna sem fara til vegagerðar. Ef hann er að tína hér upp verður hann að fara með rétt mál, hann verður að lesa rétt á þetta blað, hæstv. forseti. Það er alveg lágmarkið. Það sem varðar Kópavog fer í Arnarnesveg og hann getur lesið á blaðinu hvað það er mikið. Reykjanesbraut er síðan tengi- og stofnbraut í gegnum bæði Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og Reykjavík.

Að lokum, til að upplýsa hv. þingmann, þá er búið að leggja allar tengi- og stofnbrautir á Akureyri sem hægt er að leggja og meira að segja upp í Hlíðarfjall í 500 metra hæð.

[22:38]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef áður heyrt hv. þingmann tala um Hlíðarfjallsveg og hef löngum undrað mig á því að svo mikill maður skuli lofthræddur. Á hinn bóginn er það þannig að það eru líka ýmsir vegir nálægt Kópavogi. Nú

má kannski skilja orð hv. þingmanns svo að hann líti svo á að ekkert af því sem hér er lagt til Reykjanesbrautar – Elliðavatnsvegar og Fífuhvammsvegar – Kaplakrika, breikkunar eigi að fara til Kópavogs og vilji sérstaklega með því mæla. Það má vel vera að hv. þingmaður sé þeirrar skoðunar. En ef hv. þingmaður vill vera í þessum samanburði sem honum þykir vænt um af því að hann er mikill stærðfræðingur finnst mér rétt að hann beri sitt sveitarfélag saman við það sveitarfélag úti á landi sem líkast er og það er Akureyri. Þá kemur í ljós að Akureyri er mjög vanhaldin miðað við það sem hefur verið lagt til hans sveitarfélags.

[22:39]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því fer fjarri að sá sem hér stendur sé lofthræddur en ég finn ekki þær götur eða þá vegi á Akureyri sem á eftir að leggja. Í samgönguráðherratíð hv. þingmanns, sem var einn sá duglegasti og breytti að vísu verulega miklu fyrir okkur á höfuðborgarsvæðinu, jók fjárframlagið til þess og gerði það af mikilli samviskusemi, var nánast lagt allt sem hægt var að leggja þannig að það er ekki hægt að bæta um betur. Síðasta verkið var það að leggja Hlíðarfjallsveg upp að skíðamiðstöðinni við Hlíðarfjall sem er þá stofnbraut í þéttbýli.

Varðandi það sem verið er að tína upp sem fer í gegnum Kópavog er það allt of lítið. Ég bendi líka hv. þingmanni á að Kópavogsbúar eru 27 þús. meðan íbúar Akureyrar eru rúmlega 15 þús. (**HBl:** ... tölurnar ...) þannig að það er ekki saman að jafna. Innan tíðar verða Kópavogsbúar tvöfalt fleiri en Akureyringar og eiga náttúrlega að fá þar af leiðandi tvöfalt meira. (Gripið fram í.)

[22:41]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Gunnar Birgisson hefur margt við þessa þingsályktunartillögu að athuga og ekki nein smáatriði heldur hreinlega grundvallaratriði, er mjög ósáttur við hana. Hér hafa komið hörð gagnrýnisorð frá öðrum stjórnarþingmönnum í dag, bæði úr Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þetta undrar mig mjög vegna þess að ég las í dag viðtal við formann þingflokks Sjálfstæðisflokksins, sem reyndar er staddur erlendis en fjölmiðlar virðast hafa náð í hann, og þar segir hann m.a. að þingflokkarnir báðir, stjórnarflokkarnir, hafi samþykkt þessa þingsályktunartillögu fyrir sitt leyti, það sé búið að kynna hana og fá samþykki fyrir henni í þingflokkunum. Þá hlýt ég að spyrja, vegna þess að hér eru menn hreinlega ósammála um grundvallaratriði, boða breytingartillögur og hafa uppi stór orð: Hefur þessi þingsályktunartillaga hreinlega ekki verið kynnt í þessum þingflokkum? Hafa menn einfaldlega ekki séð hana, eða hvað er hér á ferðinni?

[22:42]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er búið að kynna þessa samgönguáætlun í þingflokkunum og hún var rædd þar ítarlega. Ég greiddi fyrir mína parta í mínum þingflokki atkvæði á móti þessari samgönguáætlun þannig að það var alveg ljóst hver mín afstaða var. Ég hef verið með hana alveg á hreinu, bæði inni í þingflokknum og síðan hér.

Ég er að segja og vara við því sem mun núna í framhaldi af þessu gerast, held ég, í samfélaginu ef þessi misskipting á að eiga sér stað áfram að ekki verður friður um eitt eða neitt í samgöngumálum í framtíðinni. Það er útilokað að landsbyggðin eigi að valta yfir höfuðborgarsvæðið í fjárveitingum. Það er bara ekki líðandi, hæstv. forseti.

[22:43]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé alveg rétt hjá hv. þingmanni að það er mikil óánægja með þessa samgönguáætlun, ekki bara meðal stjórnarandstæðinga heldur líka í stjórnarflokkunum. Það höfum við heyrt í dag. Þessari umræðu fer að ljúka en við höfum heyrt það skýrt og greinilega að mjög mikil úlfúð ríkir um þessa samgönguáætlun, langt í frá að nokkur eining ríki um hana.

Það var athyglivert að heyra að farið hefði fram atkvæðagreiðsla um þingsályktunartillöguna og að hv. þingmaður hefði greitt atkvæði gegn henni. Þá væri fróðlegt að heyra hvernig sú atkvæðagreiðsla fór, bæði í þingflokki Sjálfstæðisflokksins og líka í þingflokki Framsóknarflokksins. Ég hygg að í báðum þessum flokkum sé mikil óánægja. Það eru fjölmargir landsbyggðarþingmenn en líka þingmenn af höfuðborgarsvæðinu úr stjórnarflokkunum sem hafa kosið að þegja í þessari umræðu, hafa ekki tekið til máls í dag, til að mynda allir þingmenn úr mínu kjördæmi, stjórnarþingmenn Suðurkjördæmis, fyrir utan Ísólf Gylfa Pálmason varaþingmann. Þetta finnst mér segja meira en mörg orð.

[22:44]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvernig atkvæðagreiðslan fór í öðrum flokkum. Auðvitað er það trúnaðarmál og ég get bara tjáð mína afstöðu í málinu.

Eins og ég segi, ég vara enn og aftur við þeirri þróun sem er að verða í þessum málum. Auðvitað vilja menn fylgja sínu fólki og allt það. En ég er kannski líka að fylgja kjósendum mínum og mínu fólki á höfuðborgarsvæðinu. Ég segi: Hvar er uppspretta teknanna? Hún er mikið til hér. Fólkið segir: Hvers vegna þarf ég að bíða hér á ljósum í hálftíma, hvers vegna er maður hálftíma stundum og þaðan af lengur úr Kópavogi? Þegar maður kemur inn í Reykjavík er allt fast, það er allt í ljósum og maður kemst hvergi. Það vantar mislæg gatnamót og allt hvaðeina.

Ég er manna fyrstur til að viðurkenna að samgöngur úti á landi eru náttúrlega grundvallaratriði. En það verður að skipta fjármununum réttlátlega milli þegna þessa lands.

[22:45]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Meginvandamálið í þessu er náttúrlega að verið er að skera niður fjárveitingar til fyrir fram gerðrar áætlunar. Ég vil inna hv. þingmann eftir því hvort hann hafi stutt það að skorið var niður fjármagn til vegáætlunar. Er þingmaðurinn þeirrar skoðunar að þessi niðurskurður upp á 2 milljarða skipti sköpum í stjórn og stöðu efnahagsmála?

Fróðlegt væri að heyra hvaða skoðun þingmaðurinn hefur á því, því náttúrlega er ein rót þess sem við hér erum að takast á um að við erum að skera niður allt of litla köku.

[22:46]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Niðurskurðurinn frá toppárum og framkvæmdarárum Vegagerðarinnar upp á 2 milljarða var tilraun ríkisstjórnarinnar til að sporna við þenslu vegna stóriðjuframkvæmda. Ég studdi þá samþykkt og stend á við hana. Auðvitað fagna ég því ef meiri fjármunir koma inn í þennan geira. Það er alveg ljóst. Ég er sammála hv. þingmanni og mörgum sem hafa talað hér í dag að auðvitað hefur þetta lítil áhrif á allt sem búið er að gerast á þessu ári og síðasta í íslensku efnahagslífi og fjármálalífi þar sem streymt hafa inn í landið hundruð milljarða í húsnæðisgeirann sem hefur sprengt þetta allt saman. Þessir 2 milljarðar eru hjóm eitt í öllu því ölduróti. En ég stóð bak við þessa ákvörðun og stend enn bak við hana og með mínum ráðherra í því. Auðvitað reyndi maður að hafa áhrif á þetta til hins betra. En þetta varð niðurstaðan og ég studdi hana.

[22:47]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá er mjög erfitt fyrir hv. þingmenn að koma hér upp og fjargviðrast yfir fjárskorti og rangri skiptingu þegar hann hefur í rauninni stutt einn meginorsakavald þess að verið er að takast á um þetta.

Mér fannst athyglisvert þegar þingmaðurinn reyndi að meta hvaða byggð væri landinu verðmætust, hvaða byggð skilaði mestum arði inn í þjóðarbúið, útflutningstekjum. Það væri kannski fróðlegt að fara í þessari umræðu. Þingmaður var að tala um hvar þjóðartekjurnar yrðu til. Það væri fróðlegt fjalla um það. Það væri hægt að fara í svona mannjöfnuð. (Gripið fram í.) Siglfirðingar gætu reitt fram býsna sterk rök fyrir sínu því að á löngu árabili komu á milli 20% og 30% af útflutningstekjum þjóðarinnar í gegnum Siglufjörð, þ.e. ef menn ætla að fara að vega saman byggðir.

Svo er það annað mál að byggðin hefur verið úti um land. Eiga byggðir sem (Forseti hringir.) vaxa hratt vegna byggðaröskunar að geta síðan sent reikninginn á ríkið, herra forseti? Það finnst mér ekki sanngjarnt.

[22:48]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eins og hv. þm. Jón Bjarnason tapi alltaf heyrninni þegar hann er að hlusta á aðra ræðumenn í þinginu. Ég talaði um uppsprettu tekna til vegagerðar og hún kemur í gegnum bensíngjald og þungaskatt. Ég er að segja að það kemur er að megninu til frá þessu svæði þannig að það sé alveg á hreinu.

Svo er það skipting þessarar ákveðnu köku til vegagerðar sem var ákveðin og samþykkt í stjórnarflokkunum og ég studdi ásamt öðrum stjórnarþingmönnum. Þessari köku er misskipt. Á það er ég að deila. Auðvitað mundi ég þiggja eins og aðrir þingmenn meira fé til vegagerðar. En ég er að gagnrýna misskiptingu þessara fjármuna. Ég er að segja að meira af þessum fjármunum eigi að fara á höfuðborgarsvæðið og minna á landsbyggðina. Svo einfalt er málið.

[22:50]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. Gunnar I. Birgisson hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann sagði að það sem stæði í vegi fyrir vegaframkvæmdum í Reykjavík væri dæmalaust klúður borgaryfirvalda í skipulagsmálum. Það er ekki bara að R-listinn í Reykjavík hafi tekið af skipulagi mislæg gatnamót á mörkum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar heldur hefur hann enn ekki getað komið sér saman um hvar Sundabrautin eigi að liggja. Ég leyfi mér að rifja upp í því sambandi að í mars árið 2000 sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir varaformaður Samfylkingarinnar á fundi í Grafarvogi, með leyfi forseta:

„Samkvæmt samkomulagi á milli borgarstjóra og samgönguráðherra verður gerð skýrsla um umhverfismat í sumar, þar sem leiðirnar verða bornar saman og fljótlega í haust verður tekin ákvörðun um eina lausn og ef allt gengur að óskum ættu framkvæmdir að geta hafist á næsta ári.“

Á næsta ári, árið 2001, er sagt. Þetta er að mörgu leyti ástæðan fyrir því að hvorki gengur né rekur í þessum málum (Forseti hringir.) í Reykjavík og segir sína sögu um það hvernig á málum er haldið af hálfu R-listans í Reykjavík. (**Gripið fram í:** Þetta var ekki andsvar.)

[22:51]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu þá hefur það veikt okkur að borgin er ekki nógu klár með sín mál. Ég hélt t.d. að það væri klárt að taka Hallsveg. En svo virðist ekki vera. Það er einnig mjög slæmt að ekki er búið að ákveða legu Sundabrautarinnar fyrir löngu. Lengi er búið að fara með þetta svona fram og til baka og það gerist alltaf eins og hefur gerst hér áður að þegar bæjarfélögin á höfuðborgarsvæðinu komu sér ekki saman um hvert fjármagnið ætti að fara sem átti að koma á höfuðborgarsvæðið og allir fóru að rífast og reyna að ota sínum tota þá notuðu menn tækifærið og settu fjármagnið út á land og við fengum ekki neitt. Síðan náðum við samkomulagi um að forgangsraða þeim fjármunum sem við fengjum til ráðstöfunar. Eftir það hefur þetta gengið vel. Þess vegna er afskaplega slæmt að við, hvort sem það er Reykjavíkurborg, Kópavogsbær eða einhver annar, séum ekki klár með skipulagsmálin. Það veikir okkar stöðu gífurlega í samningum og togi um þá fjármuni sem fara til samgöngumála í landinu.

[22:52]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. þingmanna á að heimild er til að veita andsvör við ræðum manna. En þessi tími er ekki ætlaður til þess að menn taki undir hverjir með öðrum.

[22:52]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Það hefur verið sérlega áhugavert að fylgjast með umræðunni í dag. Þetta er í fyrsta skipti sem

ég fylgist með umræðu um samgöngumál frá morgni til kvölds. Þingreyndari menn eins og hv. þm. Einar Már Sigurðarson höfðu orð á því hér í dag að annar bragur væri á þessari umræðu en oft áður vegna þess að hér væru menn þvert á flokka í meira kjördæmapoti en oft áður. Mér segir svo hugur um að það sé fyrst og fremst vegna þess að þingmenn höfuðborgarsvæðisins eru núna einu sinni, í fyrsta skipti kannski, að reyna að standa á sínu.

Ég held að það sé óumdeilt að verkefnin séu endalaus og það er líka óumdeilt að það hallar verulega á höfuðborgarsvæðið í þessari áætlun. Henni er ætlað að gilda til 2008. Þessu er misskipt þannig að í hlut hvers íbúa á landsbyggðinni kemur ríflega helmingi hærri fjárhæð en á íbúa á höfuðborgarsvæðinu ef við kjósum að skoða þá skiptinguna. Forsendur þessa öðrum fremur eins og hefur verið unnið eftir þessum áætlunum og þessar áætlanir settar fram undanfarin ár eru fyrst og fremst byggðasjónarmið. Það er ekki verið að horfa til jafnræðis íbúa landsins. Önnur forsenda skiptingarinnar getur líka verið hugsanlega greiðari og öruggari umferð þar sem við settum í forgang alla svörtu blettina eða réttara sagt allar slysagildrurnar og líka aukið umferðaröryggi um allt land.

Það er alveg ljóst að samgöngukerfið, vegakerfið á höfuðborgarsvæðinu er löngu sprungið. Það vitum við öll. Ég segi fyrir sjálfa mig sem bý í austasta hluta borgarinnar að það þarf ekki einu sinni slæma færð að vetri til til að ég sé hálftíma niður í miðbæ. Sömu sögu hafa aðrir að segja sem búa í nágrannasveitarfélögunum.

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði áðan: „Nú er komið að því að klára útkjálkana, norðaustur- og norðvesturhornin, vegna þess að við byrjuðum í Reykjavík.“ Þá velti ég fyrir mér hvenær hv. þingmanni og öðrum sem hugsa í þessa veru finnst tímabært að snúa til höfuðborgarinnar aftur. Hversu mikið þarf höfuðborgarsvæðið að belgjast út og stækka bæði í fermetrum og íbúafjölda áður en mönnum finnst orðið tímabært að huga að því hvernig umferðaröryggi og umferð á höfuðborgarsvæðinu er háttað? Hæstv. samgönguráðherra sagði áðan um að skipting landsins eftir íbúafjölda væri ófær forsenda. Ég spyr: Hvaða forsendur eru menn að gefa sér þegar verið er að skipta fjármagni í samgönguáætlun og sérstaklega í vegagerð ef ekki á að skipta þessu eftir íbúafjöldanum?

Ákveðin verkefni á höfuðborgarsvæðinu eru meira krefjandi en önnur og ýmsum verkefnum er verið sinna, t.d. tvöföldun Vesturlandsvegar í Mosfellsbænum, tvöföldun Reykjanesbrautar og svo endurbætur á Suðurlandsvegi á Hellisheiðinni þar sem verið er að tala um þetta „tveir plús einn“. Annað mjög þarft og löngu tímabært að ráðast í er Sundabrautin og mislægu gatnamótin á Kringlumýrarbraut og Miklubrautinni.

Það er heldur ekki bara sprungið vegakerfi sem kallar á að ráðist sé í þetta heldur verðum við líka að horfa til þess að við erum að leitast við að skilgreina Reykjavík sem höfuðborg allra landsmanna og þetta snertir greiða aðkomu fólks af allri landsbyggðinni að höfuðborgarsvæðinu. Við verðum líka að horfa til þess að við hljótum að skilgreina höfuðborgarsvæðið stærra en bara höfuðborgina Reykjavík, Hafnarfjörð og Garðabæ. Við verðum líka að skilgreina nágrannasveitarfélögin, Árborgarsvæðið, Borgarbyggð, Akranes og Suðurnesin sem eitt höfuðborgarsvæði, eitt atvinnusvæði, eitt íbúasvæði og eitt þjónustusvæði. Þess vegna skipta þessar framkvæmdir, ég tala nú ekki um Sundabrautina, svo verulega miklu máli. Í öðru er verið að vinna eins og tvöföldun Reykjanesbrautarinnar.

Ýmsir höfuðborgarþingmenn hafa haft orð á þessu í dag. Hins vegar hefur hæstv. samgönguráðherra ekki haft mörg orð um þetta heldur þung orð þar sem hann fjallað um þessar framkvæmdir í framsöguræðu sinni og kenndi borgarstjórn eða borgaryfirvöldum um allt saman, að ekki væri gert ráð fyrir fjármagni í þessar framkvæmdir í þessari áætlun. Hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Sigurður Kári Kristjánsson og Gunnar Birgisson hafa tekið í sama streng, að þar liggi hundurinn grafinn.

Hæstv. samgönguráðherra sagði líka og lýsti þeirri skoðun sinni að fjármögnun Sundabrautar væri svo stórt og viðamikið verkefni að taka yrði sérstaklega á því. Því beini ég þeirri spurningu til hæstv. samgönguráðherra hvernig hann geri ráð fyrir að taka á fjármögnun til Sundabrautar, hvaðan hann geri ráð fyrir að fjármagnið til Sundabrautarinnar komi. Ég spyr líka hæstv. samgönguráðherra hvað hann geri ráð fyrir að undirbúningur Sundabrautar taki langan tíma vegna þess að hæstv. samgönguráðherra sagði í dag að það fjármagn sem gert væri ráð fyrir að rynni til þessa í dag ætti að fara í undirbúning út þennan tíma sem áætlunin gildir. Mér heyrist því menn gera þar ráð fyrir fjögurra ára undirbúningstíma.

Herra forseti. Önnur mál sem hafa verið rædd í dag og ég vil gjarnan koma inn á eru t.d. Reykjavíkurflugvöllur. Við framsóknarmenn höfum tekið þá afstöðu að við viljum að flugvöllurinn verði áfram rekinn í Reykjavík. En við höfum líka lagt ríka áherslu á að leitað verði allra leiða til að skipuleggja þetta svæði og næsta nágrenni þannig að landið sem undir flugvöllinn fer minnki og stuðli að eðlilegri byggðaþróun í Reykjavík. Það hefur margoft komið fram í dag að þingið hefur þegar ákvarðað hvernig þessum málum skuli háttað og þar til önnur ákvörðun verður tekin á Alþingi er gert ráð fyrir flugvellinum þarna næstu árin.

Mig langar að lokum, herra forseti, að beina nokkrum spurningum til hæstv. samgönguráðherra sem lúta að umferðaröryggi sérstaklega og áætlun um umferðaröryggi vegna þess að það kemur fram í áætluninni að þar er gert ráð fyrir fjórum sinnum 385 millj. kr. eða 1.540 millj. kr. á þessu tímabili. Í því samhengi langar mig að biðja hæstv. samgönguráðherra um að fara yfir það með okkur hversu stór hluti umferðaróhappa samkvæmt rannsóknum og því sem sérfræðingar segja á þessu sviði er rakinn til bifreiðarinnar sem slíkrar, til vegagerðar og svo í þriðja lagi til ökumannsins sem slíks því ég man ekki annað en að í nefndarstarfi í þinginu þegar verið var að fjalla um Umferðarstofu að þá hafi komið fram að jafnvel 85% umferðaróhappa og slysa væru rakin til ökumannsins. Þess vegna vil ég leggja áherslu á að horft sé til þess en ekki bara til vegagerðar og að öll vegagerð út um allt land rökstudd með því að hún eigi að þjóna umferðaröryggismálum. Mér þætti vænt um að fá viðbrögð við þessu frá hæstv. samgönguráðherra.

Hins vegar hlýtur maður að spyrja sig að því hvort við ætlum alltaf að bregðast við byggðaröskuninni með áframhaldandi hærri framlögum á landsbyggðina eða hvort við

ætlum í framtíðinni (Forseti hringir.) að láta fjármagnið fylgja fólkinu hingað suður.

[23:01]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst svolítið undarlegt þegar þingmenn Reykjavíkur eða höfuðborgarsvæðis halda áfram að skírskota til þess fjölda sem býr á höfuðborgarsvæðinu í sambandi við skiptingu vegafjár. Ef við horfum t.d. til Eyjafjarðar búa á því svæði 23–24 þúsund manns. Á Akureyri búa á milli 16 og 17 þúsund manns, ekki 15 þúsund eins og fram kom hjá einum ræðumanni í dag. Það er kannski ekki mikil skekkja. Við verðum að muna eftir því að við getum ekki horft þannig á málin. Ef við horfum t.d. til Eyjafjarðar er verið að ráðast þar í mikla framkvæmd á næsta ári og næstu árum, ekki í ár, sem eru göng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og síðan verða þau frá.

Alveg hið sama er um Sundabraut. Undirbúningur hennar hefur tekið mjög langan tíma og var hafinn meðan ég var samgönguráðherra. Unnið hafði verið að rannsóknum á henni í nokkur ár þegar ég hætti sem samgönguráðherra og menn voru þá ekki frekar en nú komnir að niðurstöðu um hvar sú leið skyldi liggja. Þá erum við að tala um 12–16 milljarða kr. og þegar við tölum um þvílíkar fjárhæðir verður að gera sérstaklega ráð fyrir þeim og taka tillit til þeirra þegar við ræðum um samgöngumálin í heild sinni. Það hvort nú koma 100 eða 200 millj. kr. meira eða minna til Sundabrautar skiptir ekki höfuðmáli. Við erum að tala um verulega fjármuni til höfuðborgarsvæðisins með nærliggjandi umferðaræðum, um 8–9 milljarða. Það liggur á því bili. Eðlilegar fjárveitingar til höfuðborgarsvæðisins nú, hv. þm. Gunnar Birgisson. En þarna erum við að tala um sérstakt átak sem mundi vera 12–16 milljarðar til viðbótar. Það er því mjög eðlilegt að sérstaklega verði að gera ráð fyrir slíku.

[23:03]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er spurning um hvernig við metum þörfina og þetta er spurning um hvernig við ætlum að forgangsraða. Ég spyr út frá orðum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar fyrr í kvöld. Við byrjuðum í Reykjavík og við ætlum að klára norðvestur- og norðausturkjálkana og ég spyr: Hvenær á að koma aftur hingað?

Við erum að tala um 50 ára framkvæmd, 50 ára þróun þar sem fjármagnið hefur farið meira og minna einhvern veginn út á land. Það er jafnlangur tími og ég hef lifað. Reykjavík og höfuðborgarsvæðið hefur breyst alveg ótrúlega á þeim tíma. Við getum vitnað um það með mörgum orðum. Og spurningin er: Eigum við að láta höfðatöluna, íbúaþróunina, kílómetrana, skatttekjurnar, hvað af þessu eru eðlilegar forsendur, eða eigum við kannski að sameinast um að við eyðum fyrst og fremst og setjum í forgang hættulegustu staðina, svörtu blettina, ekki bara í Reykjavík heldur um land allt? Þetta eru alls konar rök.

Hér birtist umræðan þannig að höfuðborgin og landsbyggðin togast á um fjármagnið. Hverjar eru raunverulegar forsendur? Sumir tína til að það sé byggð og það sé atvinna en ég segi eins og hv. þm. Gunnar Birgisson. Fólkið á höfuðborgarsvæðinu, sem er basla þetta kvölds og morgna að komast til og frá vinnu í ekki stærri borg en þetta er, það fer allt upp í hálftími í það fyrir utan öll umferðaróhöppin, sættir sig ekki við þetta mikið lengur. Þetta er okkar nánast umhverfi og þær aðstæður sem við þekkjum. Það er ekki þar með sagt að menn séu að tala um að það fjármagn sem fer á landsbyggðina sé henni of gott, en þetta er veruleg misskipting og einhvern tíma þurfum við að snúa við. Það er ekki endalaust langlundargeð hjá höfuðborgarbúum.

[23:05]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er mjög undrandi á þessum tóni frá þingmönnum Reykvíkinga. Ég þykist sæmilega kunnugur í Reykjavík. Ég veit ekki betur en hinn venjulegi Reykvíkingur telji eðlilegt t.d. að áhersla sé lögð á að ljúka hringveginum. Það er ekki gert ráð fyrir því samkvæmt vegáætluninni að það takist á næstu fjórum árum. Vera má að hv. þingmanni þyki það ofraun að ætlast til þess að ljúka megi hringveginum á næstu átta árum eða eitthvað svoleiðis. Það getur vel verið að hv. þingmanni þyki eðlilegt að þeir sem búa á stað eins og Ísafirði komist ekki á hringveginn eftir bundnu slitlagi, að það séu eðlilegar áherslur í vegamálum að þvílík byggðarlög séu ekki í sómasamlegu vegasambandi við hringveginn. Það verður auðvitað að horfa til þess. Um leið og búið verður að leggja bundið slitlag eftir mörgum leiðum að Gullfossi og Geysi er ófært niður til Dettifoss. Vera má að hv. þingmönnum þyki eðlilega búið að ferðaþjónustu á Norðurlandi meðan svo stendur. En þingmenn höfuðborgarsvæðisins (Forseti hringir.) eiga að horfa til landsins alls eins og við horfum til Reykjavíkur þegar við hugsum okkur um í landsmálum og tökum stefnu.

[23:06]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmenn höfuðborgarsvæðisins eiga að horfa til landsbyggðarinnar og landsins alls. Þingmenn landsbyggðarinnar eiga líka að horfa til landsins alls og þeir eiga að horfa til höfuðborgarinnar, sem er Reykjavík og nágrenni. Þær framkvæmdir sem ég lagði áherslu á í máli mínu eru einmitt þær framkvæmdir sem standa út af borðinu og skipta landsbyggðina ekki minna máli en höfuðborgarbúa. Þetta er spurningin um greiða aðkomu og umferð landsbyggðarinnar að höfuðborginni sem er aðalþjónustusvæði landsins.

Þegar við tölum um landsbyggð skulum við líka horfa til þess að þeir sem búa í næsta nágrenni við höfuðborgina, hvort sem það eru Suðurnesin, Árborgarsvæðið, Akranes eða Borgarbyggð, að þetta er eitt þjónustusvæði, eitt byggðarsvæði og margt fólk fer á milli þessara staða á hverjum degi til að sækja atvinnu og/eða þjónustu. Það er því ekki hægt að halda því fram að við horfum sérstaklega til hagsmuna höfuðborgarsvæðisins. Við erum einmitt að horfa til hagsmuna landsins alls.

[23:08]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta vera alveg dæmalaus málflutningur, einkum hjá framsóknarmönnum og sjálf-

stæðismönnum úr Reykjavík. Hv. þm. Jónína Bjartmarz ætti kannski að rifja upp kosningaloforð framsóknarmanna fyrir síðustu kosningar. Hver voru þau í samgöngumálum? Var ekki lagt upp með sérstaka ákallsfjárveitingu í samgöngumálum, lofað sérstöku átaki í ákveðnum landshlutum? Var ekki sett fram samgönguáætlun sem hljóðaði upp á ákveðnar framkvæmdir? En hvað var svo gert eftir kosningar? Hvernig var staðið við kosningaloforð framsóknarmanna? Þau eru skorin niður og enn eru þau skorin niður. Studdi hv. þingmaður það ekki?

Mér finnst að landsmenn eigi rétt á skýringum frá framsóknarmönnum um hvers konar tvískinnungshátt þeir hafa hér frammi. Fyrir kosningar er þessu lofað, en eftir kosningar? Nei, þá eru það bara við Reykvíkingar og þetta ofboðslega langlundargeð Reykvíkinga. Drottinn minn dýri. Ég hélt að við ættum saman eitt geð. Við viljum styðja við höfuðborgina en við þolum ekki kosningasvik Framsóknarflokksins í samgöngumálum og væri rétt að þingmaðurinn gerði grein fyrir því.

Ég vil líka spyrja þingmanninn og geri ráð fyrir að hún vilji aukið fjármagn til vegamála í staðinn fyrir niðurskurð. Fannst Framsóknarflokknum betra að lækka skatta í staðinn fyrir að standa við kosningaloforðin um fjármagn til samgöngumála? Að koma hér með tvískinnungshætti eins og hv. þm. Jónína Bjartmarz gerir og bera þann tvískinnung fram í nafni þingmanna Reykjavíkur. Ég, fyrir hönd Reykvíkinga, frábið mér svoleiðis túlkun.

[23:10]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki sett mig gegn því að ákveðnum framkvæmdum verði frestað vegna þess að ég vil undir engum kringumstæðum stuðla að einhverri þenslu í samfélaginu. En við tölum um tiltekna frestun framkvæmda. Það sem ég gerði að meginefni áðan var skiptingin og á hvaða forsendum við ætluðum að skipta, ekki bara við þessa skiptingu heldur næst þegar við gerum áætlun og hvort það ætti endalaust að vera svo mikil misskipting á milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins, vegna þess að á sama tíma og landsbyggðin er að þróast og það er tiltekin byggðaröskun þar er íbúafjöldinn að aukast í Reykjavík.

Hvað varðar kosningaloforð framsóknarmanna þegar kemur að samgöngum og vegagerð er alveg ljóst að eitt af því sem reis hæst í því var Sundabrautin og mislæg gatnamót Miklubrautar. Þetta er eitt af því sem við lögðum mikla áherslu á, og ég er að tala um framsóknarmenn á landinu öllu. En það er ekki þar með sagt að menn hafi ekki ætlað að styðja aðrar framkvæmdir annars staðar. Mér finnst alveg út í hött að þessu sé stillt upp þannig að þeir sem tala fyrir einhverjum framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu séu endilega að tala gegn landsbyggðinni því það erum við ekki að gera. Allir hv. þingmenn þurfa að horfa til landsins alls. Ég tel að við þyrftum að ná einhverju samkomulagi um það hvaða forsendur við setjum fyrir forgangsröðuninni.

[23:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður heldur áfram að fara í kringum það hvers vegna framsóknarmenn sviku kosningaloforðin. Ég man ekki betur en að formaður Framsóknarflokksins hafi einmitt lýst því yfir á fundum í Norðvesturkjördæmi að nú væri komið að því að gera stórátak þar. Sá tvískinnungur sem þingmaðurinn hefur hér frammi og er einkennandi fyrir Framsóknarflokkinn sérstaklega er alveg opinber.

Ef fram heldur sem horfir í byggðamálum og hvort sem er verður aldrei þörf fyrir Sundabraut. Þegar kominn verður góður vegur í gegnum Mosfellsbæ ætti það að duga því fólksflutningarnir af landinu inn til höfuðborgarsvæðisins verða svo miklir að það verður engin þörf fyrir Sundabraut.

Eitt vil ég líka benda þingmanninum á að einn helsti atvinnuvegur Reykvíkinga er ferðaþjónusta. Erlendir ferðamenn koma ekki hingað bara til að heimsækja Reykjavík, þeir koma til að fara út um allt land. Mér finnst þingmaðurinn með eindæmum þröngsýn, en það kannski fylgir framsóknarmönnum.

[23:13]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar sáum við inn í dýrðina hver framtíðarstefna og framtíðarsýn Vinstri grænna er á þingi, að bíða bara og þreyja þorrann og góuna nógu lengi þar til engir búa orðið á landsbyggðinni. Þangað til hörkum við í gegnum Mosfellsbæinn og þá er engin þörf fyrir Sundabrautina. Þetta eru alveg nýjar fréttir fyrir mig og mjög fróðlegt fyrir kjósendur og íbúa í Reykjavík að heyra þessa framtíðarsýn hv. þm. Jóns Bjarnasonar, fulltrúa Vinstri grænna.

[23:14]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir margt af því sem fram kom í ræðu hv. þm. Jónínu Bjartmarz. Þó er eitt sem vakti alveg sérstaklega athygli mína og varðar umfjöllun hennar annars vegar um Sundabrautina og hins vegar um mislæg gatnamót á mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Ég heyrði ekki betur en í ræðu sinni hafi hv. þingmaður borið á móti þeim sjónarmiðum sem hér hafa komið fram, m.a. frá formanni samgöngunefndar og hæstv. samgönguráðherra, að það væri vegna skipulagsklúðurs af hálfu borgaryfirvalda í Reykjavík sem ekki hefði verið ráðist í framkvæmdirnar. Ég heyrði ekki betur en hv. þingmaður hefði borið á móti þeim sjónarmiðum. Þá hlýt ég að spyrja: Kannast hv. þingmaður við það að núverandi borgaryfirvöld hafi á sínum tíma tekið út af skipulagi í Reykjavík mislæg gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar? Kannast hv. þingmaður við það að ríkisvaldið hafi verið tilbúið með fjármuni í þá framkvæmd en strandað hafi á skipulagsmálum meiri hlutans í Reykjavík sem ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður styðji? Ef svarið er já, hvernig í ósköpunum getur hv. þingmaður haldið því fram að það hafi ekki staðið á borgaryfirvöldum í Reykjavík?

Hvað Sundabrautina varðar langar mig til að vita hvort hv. þingmanni sé kunnugt um að borgaryfirvöld, þ.e. meiri hlutinn í Reykjavík, hafi tekið ákvörðun um það hvaða leið á að fara varðandi Sundabrautina. Ég fór yfir ummæli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, fyrrverandi borgarstjóra, frá því í mars árið 2000 þar sem hún taldi að framkvæmdir gætu hafist árið 2001. Þar hefur ekkert gerst og mér vitandi

hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um þetta þannig að ummælin standa og eru rétt.

[23:16]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að ráðast í framkvæmd, hvort sem það eru mislæg gatnamót á mörkum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar eða Sundabrautina, þurfa menn að ná samkomulagi um útfærslu. Það kemur mér alltaf svolítið spánskt fyrir sjónir, eða eyru, þegar ég heyri að verið sé að kenna öðrum aðilanum um. Það þarf venjulega tvo í allar deilur og ég veit ekki betur en að ekki þurfi að bíða til ársins 2008 til að veita fjármagn í framkvæmdir við Sundabrautina, enda sagði hæstv. samgönguráðherra í framsöguræðu sinni að þetta væri svo stórt og fjárfrekt verk að það yrði að fjármagna öðruvísi. Það var ekki að heyra að það væri einungis það að Reykjavíkurborg væri ekki tilbúin með sinn hlut, enda held ég að það séu bara einhverjir mánuðir þangað til það liggur fyrir.

Svo get ég heldur ekki séð hverju það þjónar að fara aftur til ársins 2000 og vitna í orð þáverandi borgarstjóra. Það er alveg ljóst að þetta fór út úr forgangsröð, út úr skipulaginu en ég veit ekki betur en að þessi mislægu gatnamót séu komin aftur. Ég veit a.m.k. að þetta er eitt af forgangsmálum framsóknarmanna í Reykjavík, þ.e. að ráðist verði í þessa framkvæmd og í Sundabrautina sem verður hægt að gera löngu fyrr en árið 2008.

[23:17]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að það þarf tvo til til að hægt sé að fara í framkvæmdir eins og mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Það vill þannig til eins og ég fór yfir áðan að annar aðilinn var til. Hann var klár, þ.e. ríkið var klárt með fjármuni til að veita í þessa framkvæmd en borgaryfirvöld hins vegar tóku þessa framkvæmd, hvort sem hv. þingmanni líkar það betur eða verr, út af skipulagi í Reykjavík. Þegar þessir fjármunir lágu fyrir voru borgaryfirvöld, R-listinn í Reykjavík, ekki tilbúin með skipulagsmál sín til að hægt væri að ráðast í framkvæmdina. Að því stóðu m.a. framsóknarmenn í Reykjavík sem hv. þingmaður segir að séu núna boðnir og búnir að fara í þessa framkvæmd.

Hið sama má segja um Sundabrautina og á þetta er ég að benda vegna orða hv. þingmanns þegar hún bar á móti því sem haldið hefur verið fram að það séu borgaryfirvöld (Forseti hringir.) sem hafa staðið í vegi fyrir þessum miklu (Forseti hringir.) framförum í samgöngumálum í Reykjavík. Það er slæmt.

[23:19]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Ég held, herra forseti, að ég láti við það sitja að mótmæla því að borgaryfirvöld í Reykjavík hafi staðið gegn því að ráðist væri í þessar tvær stóru og þýðingarmiklu framkvæmdir. En hitt veit ég þó að ég er tilbúin að leggjast á eitt með hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni til að standa að þessum stóru framkvæmdum og styðja það að í þær verði ráðist sem allra fyrst. Ég held að skipulagsvinnu og öllum undirbúningi af hálfu Reykjavíkurborgar og borgaryfirvalda í Reykjavík ljúki það fljótt að við þurfum ekki að bíða eftir annarri áætlun, eftir áætlun sem tekur gildi eftir 2008, til að ráðast í þessar stóru framkvæmdir.

Ég held að almennt séum við nokkuð sammála, ég og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson, um forgangsmálin í samgöngum í Reykjavík og í vegagerðinni. Það eina er að ég styð það að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram þar sem hann er, en að hann verði skipulagður (Forseti hringir.) þannig að hann skapi byggingarlóðir en ég vil ekki að hann fari „eitthvað annað".

[23:20]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs hafði ég ekki gert ráð fyrir því að ýmsir þingmenn Reykjavíkur, þingmenn á þessu svæði, réðust með slíku offorsi að okkur fulltrúum landsbyggðarinnar eins og hér hefur verið gert og lýstu jafnmiklu skilningsleysi á þörfum landsbyggðarinnar eins og hér hefur verið gert. Þannig sagði t.d. síðasti ræðumaður, hv. 6. þm. Reykv. s., Jónína Bjartmarz, eitthvað á þá leið að það þyrfti greiðan aðgang að höfuðborginni vegna þess að höfuðborgin og nærliggjandi byggðarlög væru eitt þjónustusvæði. Hún sagði að með því hugsaði hún til landsins alls eins og að ekki gætu aðrir staðir en Reykjavík hér á landi annast þjónustu fyrir umhverfi sitt. Má segja að þetta lýsi í hnotskurn því viðhorfi sem hér hefur verið, að horfa til vegagerðar og samgangna um allt land út frá þessum eina punkti og geta ekki skilið að Reykvíkingar verði í samgöngumálum eins og öðrum málum að sýna skilning og biðlund eins og allir aðrir verða að sýna skilning og biðlund.

Það má kannski segja að það sé eitt sérstaklega sem upp úr standi — svo að ég sleppi Sundabrautinni. Eins og ég sagði áður kostar Sundabrautin kannski 12 eða 16 milljarða, eftir því hvernig í hana verður ráðist. Á næstu fjórum árum fara rúmir 8 milljarðar til Reykjavíkur og næsta nágrennis þannig að það er auðvitað veruleg viðbót þegar í Sundabrautina verður ráðist og engum manni dettur í hug að allar aðrar framkvæmdir liggi niðri á höfuðborgarsvæðinu um þær mundir sem í Sundabraut verður ráðist. Auðvitað hlýtur það að vera svo þegar ráðist er í mikil samgöngumannvirki að stundum er meira og stundum minna. Ég veit að þetta skilja þeir hv. þingmenn sem eru vel að sér í verklegum framkvæmdum og verkfræði, kunna mun á litlum verkum og stórum.

Á hinn bóginn hefur það vakið athygli mína hversu áfjáðir ýmsir þingmenn Reykjavíkur eru í að leggja niður Reykjavíkurflugvöll og horfa til þess eins hversu mikið mundi sparast fyrir Reykvíkinga og hugsa þá sem svo að andvirði þeirrar lóðar sem undir flugvellinum er skuli öll renna til þarfa Reykvíkinga. Ég spurði einn ágætan þingmann Reykjavíkur sem hér hafði talað hvernig hann hugsaði sér að Tjörnin yrði eftir að komin væri íbúðabyggð fyrir sunnan Tjörnina. Þá viðurkenndi hann að vísu að hún mundi þorna upp en taldi að það væri kannski hægt að leiða vatn í Tjörnina frá Vatnsendahæð svo að við fengjum þá manngerða tjörn í Reykjavík. Það yrði heldur en ekki munur að fá hér manngerða tjörn og geta ekki hugsað sér nátt-

úrulegt rennsli í Tjörnina.

Við sem fæddir erum í Reykjavík og horfðum á sefönd í litlu tjörninni þegar við vorum ungir eigum erfitt með að hugsa okkur slíkt, að höfuðborgin fari svona gjörsamlega úr samhengi við umhverfi sitt og að fulltrúar hennar hér á Alþingi skuli tala um þennan gimstein Reykjavíkur með því líkri léttúð. En auðvitað er það rétt að um leið og flugvöllurinn breytist í íbúðabyggð þornar Tjörnin upp. Það vatnsrennsli sem þar kemur verður þurrkað og þessi perla okkar Reykvíkinga, ef ég má orða það svo, fæddur hér og uppalinn, verður að engu ger, verður mött og ljót eins og annað það sem illa er um hirt. Þetta er athyglisvert.

Ég vil líka segja að það er athyglisvert að ýmsir þingmenn Reykvíkinga hafa gert lítið úr því úr þessum ræðustól þó að atvinna kannski 1.500 manna verði lögð niður, tala um að það megi þess vegna flytja þessa stofnun út á land, kannski til Keflavíkur. Þeir hafa ekki rætt um að það megi flytja Flugmálastjórn öllu lengra. Það má kannski koma henni fyrir á Ísafirði, Akureyri eða Egilsstöðum, vil ég segja. Yfirstjórn flugmála, það er lítið með hana að gera hér á þessu svæði þegar búið verður að leggja flugvöllinn niður.

Mér finnst þetta vera mjög góð hugmynd hjá Reykvíkingum að byrja með þessum myndarlega hætti stofnanaflutninginn frá höfuðborginni. Það eru líka aðrar stofnanir hér sem mætti flytja. Við getum hugsað okkur t.d. Tryggingastofnun ríkisins. Það eru stundum umferðarhnútar í kringum hana. Ég er alveg viss um að hv. þingmenn Reykjavíkur, nú þegar ég bendi þeim á það, verða alls hugar fegnir yfir því að hægt sé að leysa umferðarhnútana einfaldlega með því að flytja Tryggingastofnun ríkisins út á land. Það er ekki mikið vandamál. Við skulum tala um það í alvöru að flytja Tryggingastofnunina út á land.

Við getum hugsað um Vegagerðina. Það væri hægt að flytja hana út á land. Þá myndast ekki umferðarhnútar í Borgartúninu. Eins getum við sagt með fullum skilningi og fullum rétti að eftir að enginn flugvöllur er í Reykjavík og ekki má fljúga yfir höfuðborginni er kannski hægt að styrkja bráðaþjónustuna á Akureyri þannig að sjúkraflugið fari allt þangað. Ekki er hægt að hugsa sér að hafa sjúkraflug til staðar þar sem er enginn flugvöllur, nema hv. þingmenn Reykjavíkur hugsi sér að sjúklingarnir detti eins og dropaskúr úr loftinu eða eitthvað því um líkt. Allt er þetta fróðlegt og skemmtilegt og ánægjulegt, að heyra hvernig þingmenn Reykjavíkur eru að ná nýjum tóni. (Gripið fram í.) Ég heyri að bæjarfulltrúinn í Kópavogi, hv. þm. Gunnar Birgisson, er ekki alveg búinn að samsama sig þessu. Hann vill halda í það sem Kópavogur hefur og er ekki alveg reiðubúinn að flytja Smáralindina norður sem ég skil vel því hún var mikið baráttumál þessa hv. þingmanns.

Ég spurði hann að því áðan að gamni mínu, vegna þess að hann hefur orðið mjög stoltur yfir því að Kópavogur skyldi loksins hafa orðið stærri en Akureyri, fyrir einum 20 árum, hvort honum fyndist ekki pínulítið misskipt þegar Akureyri fengi bara litlar 30 millj. kr. á næstu fjórum árum af þessari vegáætlun. Þar búa þó 5–7% af Íslendingum. Berum það saman við þetta lítilræði sem fer til Kópavogs. Mér heyrðist á þingmanninum að honum fyndist þetta eiginlega of mikið af því að það er kominn vegur upp í Hlíðarfjall. Auðvitað er kominn vegur upp í Bláfjöll, þó væri, báðum megin frá. En það er kominn vegur upp í Hlíðarfjall og þess vegna er kannski of mikið að 30 millj. kr. fari til Akureyrar. Þetta er náttúrlega út af fyrir sig skiljanlegt þegar maður hugsar um þessar miklu þarfir sem eru á samgöngum á höfuðborgarsvæðinu sem eru algjörlega ólíkar þeim þörfum sem eru úti á landi. Eins og ég sagði áðan, hverjum dettur í hug að það geti verið skemmtilegt að aka að Dettifossi að vetrarlagi? Engum. Að menn komist á bundnu slitlagi til Ísafjarðar, hvers konar eiginlega frekja er þetta? Það er eins og ég segi, maður verður að reyna að setja sig inn í þessa nýju kröfupólitík Reykvíkinga og átta sig á þeirri miklu sanngirni (Forseti hringir.) sem þeir loksins sýna landsbyggðinni í þeim umræðum sem hér fara fram.

[23:28]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum alveg sammála, ég og hv. þm. Halldór Blöndal, varðandi Reykjavíkurflugvöll. Ekki greinir okkur á um það mál og ég skil ekki það fólk sem vill þennan flugvöll í burtu. Ég var nýlega á ferð í Tævan, þar á meðal í höfuðborginni Tæpei þar sem er flugvöllur í miðri borg. Þeir eru landluktir og þá vantar mikið land til að byggja á en þeir vildu ekki fórna flugvellinum því að þeir vilja halda tengslum við landsbyggðina og vildu ekki missa atvinnuna sem er af þessum velli.

Í Docklands sem er í London er líka lítill flugvöllur af svipaðri stærðargráðu og Reykjavíkurflugvöllur þannig að ég held að menn ættu að horfa á það.

Varðandi þetta sem hv. þm. Halldór Blöndal kom inn á að það hefði verið ráðist á þingmenn landsbyggðarinnar, alls ekki. Við erum að tala um að það sé misskipting fjármuna. Og það er rétt að þegar hv. þingmaður var samgönguráðherra gerði hann átak. En núna árið 2005 er reiknað með 1.200 millj. kr. inn á allt höfuðborgarsvæðið, þ.e. sömu upphæð og hv. þingmaður setti inn á höfuðborgarsvæðið að þávirði þegar hann var samgönguráðherra fyrir 12–14 árum. Það væri langtum meira núna. Þetta hefur aldrei verið svona lítið. Þetta var svipað og þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var samgönguráðherra, þegar höfuðborgarsvæðið var svelt.

Árið 2006 eru tæpar 1.200. millj. kr., 2007 tæplega 1.800 millj. kr. og 2008 2,2 milljarðar. Þetta eru samtals um 6,4 milljarðar. Síðan er verið að tala um tengivegina og stofnbrautirnar. Ég bið hv. þingmann að kíkja aðeins á það, ég er ekki með þann lista, sem er inn í Norðausturkjördæmi en það er í hundruðum milljóna og partur af því er inn á Akureyrarsvæðið.

[23:30]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt sem hv. þingmaður segir, að á Akureyrarsvæðinu eru margir tengivegir. Ég man ekki til þess að þeir fái mikla fjármuni eins og þessi vegáætlun lítur út og eins og um hana hefur verið hugsað. En það er svona í vegamálum, að það verður að byrja einhvers staðar og menn geta ekki verið alls staðar samtímis.

Það var athyglisvert sem hv. þingmaður sagði fyrr í

kvöld, að hægt væri að fara í jarðgöng til Siglufjarðar fyrir 2,5 milljarða kr. með öllum tengingum, og mér skildist helst með Lágheiði líka sem ég skil ekki. En séu hins vegar farin Héðinsfjarðargöng þá muni það kosta 7 milljarða kr. en þá sagði hv. þingmaður að bæta þyrfti við 3 milljörðum kr. til að breikka Ólafsfjarðargöng. Mér fannst athyglisvert, í því sem hv. þingmaður sagði eins og hann orðaði hugsun sína, að ef farin yrðu Héðinsfjarðargöng yrði þörf fyrir að breikka Ólafsfjarðargöngin en ekki ef göng yrðu frá Siglufirði yfir í Fljótin. Þetta lýsir í raun í hnotskurn því sem um er að ræða. Við stefnum að því að Eyjafjörður verði eitt atvinnusvæði og það er alveg rétt hjá hv. þingmanni að auðvitað mun umferð aukast mjög mikið um Ólafsfjarðargöngin ef önnur göng koma til Siglufjarðar. Það mun styrkja allar þessar byggðir þannig að þessi hugsun hv. þingmanns er alveg rétt. Ég tek undir það með honum að ef ekki kemur til Héðinsfjarðarganga þá þarf ekki að breikka Ólafsfjarðargöngin. Þetta er alveg rétt hjá hv. þingmanni.

Hinu tók ég líka eftir, sem hann missti út úr sér í leiðinni, að honum þætti vont ef einhver umferð yrði um Héðinsfjörð. Ég hugsa þá um hvernig hann umgengst Elliðavatn og alla þá steinkumbalda þar í kring. Ég hygg þess vegna að hann meti steinsteypu meira en náttúrufegurð.

[23:33]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði fyrr í kvöld að ég teldi skynsamlegt að fara frá Ketilási yfir á Siglufjörð. Mér hefur verið tjáð, af mönnum sem þekkja til, að það kostaði 2,5 milljarða kr. Ég sagði líka að ef farin yrðu þessi vitlausu Héðinsfjarðargöng þá yrði að tvöfalda Ólafsfjarðargöng. Það fylgir nefnilega með í pakkanum eins og ég sagði fyrr í kvöld ef menn vilja ekki þegja það í hel. Það eru 3,5 milljarðar kr. og þá erum við komnir upp í 10–11 milljarða kr. sem þetta kostar í raun sem bíður okkar. Hvað ætli það sé mikið á íbúa á Siglufirði, þar sem búa 1.350 manns, eða á fjölskyldu?

Ef menn eru svo fjáðir þá geta þeir tengt í gegnum Lágheiðina yfir í Ólafsfjörð seinna þegar göngin eru komin frá Ketilási að Siglufirði. Þá kemur að öðru vandamáli líka. Ef það verður svona gífurleg umferð þá hlýtur hún að aukast hinum megin frá líka. Hvað á þá að gera við Strákagöng? Á að breikka þau líka? Ég vil spyrja hv. þingmann að því. Ég vil spyrja hv. þingmann ef hann skyldi ekki vera alveg klár á því að breikka þurfi Ólafsfjarðargöng. Þá vitum við upphæðirnar sem eru í spilinu og ég tel að um þær þurfi landsmenn að fá að vita.

Varðandi síðan náttúruunnandann hv. þm. Halldór Blöndal, virðulegi forseti, þá er náttúrlega alþekkt að við hjá Kópavogsbæ pössum mjög vel upp á umhverfismál okkar og erum til fyrirmyndar meðal sveitarfélaga. Ég verð að bjóða hv. þingmanni í bíltúr upp að Elliðavatni fyrst hann talar niður til þeirra fallegu húsa sem þar er verið að byggja. Ég átta mig eiginlega ekki á hv. þingmanni, hvort hann sé á móti byggð yfir höfuð, þróun byggðar eða telji að aðeins megi byggja á Eyjafjarðarsvæðinu og kannski aðeins á Húsavík en Eyjafjarðarsvæðið hafi algeran forgang.

[23:35]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Út af því síðasta sem hv. þingmaður sagði, þegar hann talaði um náttúrufegurðina, þá var ég að taka líkingu til að hv. þingmaður skildi það betur það þegar hann gaf í skyn fyrr í kvöld að ekki mætti leggja veg um Héðinsfjörð því að það mundi spilla þeim eyðifirði. Nú heyri ég að hann ætli að sýna mér byggðina inn við Elliðavatn, sem hann hefur að vísu gert einu sinni gert áður, sem ég þigg og það eru falleg hús og falleg byggð. Eins mun ég sýna honum hin fallegu göng eftir að þau eru komin í Héðinsfjörð og ég veit að við verðum þá báðir jafnfegnir.

Hinu tók ég eftir að hv. þingmaður hækkaði kostnaðinn við að breikka Ólafsfjarðargöng um hálfan milljarð frá því áðan. Hvað er hálfur milljarður milli vina? spyr ég. En nú er það ekki aðalatriðið heldur hitt, að hv. þingmaður gerir ráð fyrir að göngin verði notuð. Hann viðurkennir þörfina á göngum. Hv. þingmaður talar ekki aðeins um að nauðsynlegt verði að breikka göngin milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur, sem ég raunar sjálfur sagði um daginn að yrði nauðsynlegt og er mjög ánægður yfir því að hv. þingmaður sé sammála mér um það. Hann sagði líka að þetta mundi kalla á breikkun Siglufjarðarganga, þ.e. Strákaganga. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því eða neinar vonir um að umferðin og gegnumstreymið yrði svo mikið að nauðsynlegt yrði að breikka bæði göngin en ég heyri að hv. þingmaður telur svo vera.

Ég vil að síðustu segja að þegar ráðist var í Ólafsfjarðargöng var gert ráð fyrir því að göngin yrðu breikkuð síðar. Það var inni í hönnun þeirra ganga að það væri hægt smátt og smátt. Það er auðvitað síðari tíma ákvörðun hvort svo verði gert og hvort þörf verði á því en aðalatriðið er að ég heyri að hv. þingmaður er sammála mér um að mikil þörf er fyrir göng frá Dalvík alla leið til Siglufjarðar.

[23:37]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Margt markvert hefur komið fram í þessari umræðu. Eitt af því sem ég vil fá að nefna af því sem fram hefur komið eru ræður hv. þm. Gunnars Birgissonar í dag og í kvöld. Hann kveðst munu beita sér fyrir því með breytingartillögum að fjármagn til vegagerðar verði fært frá Norðvesturkjördæmi til höfuðborgarsvæðisins vegna þess að íbúar á höfuðborgarsvæðinu og hv. þingmenn þess geti ekki sætt sig við þá skiptingu sem fyrir liggur í vegáætlun.

Ég vil leyfa mér að benda hv. þingmanni á að mjög hátt hlutfall þeirra vega sem eftir á að byggja upp í landinu eru í Norðvesturkjördæmi. Ég spyr: Hvernig ætlar hv. þm. Gunnar Birgisson að réttlæta slíkt fyrir fólki, t.d. á Vestfjörðum, þegar það sér ekki fram á að komast upp úr, ég leyfi mér að segja það, drullunni fyrr en eftir mörg ár og á slitlag að þjóðvegi 1? Ég vil einnig benda á að nú þegar er ástand vegakerfisins á þessu svæði mjög erfitt vegna aukinna þungaflutninga sem hafa vaxið mikið að undanförnu. Einnig má nefna að það kemur fyrir að maður rekst á fólk á höfuðborgarsvæðinu sem vælir og kvartar undan slæmu ástandi vega í Norðvesturkjördæmi, sérstaklega á Vestfjörðum, á ferðum þess um landið.

Ég verð að segja að mér finnast þessi sjónarmið ótrúleg

hjá manni sem ég veit að þekkir mun betur til en mætti ætla af þessu. Hv. þingmaður lét sig hafa það í umræðum í dag að halda því fram að nánast öll vegagerð væri búin á Vesturlandi og nánast aðeins eftir að malbika upp á Langjökul. Ég vildi að rétt væri, að vegagerð á Vesturlandi væri öll búin. En ég verð, hæstv. forseti, að mótmæla þessum málflutningi hjá mínum ágæta vini hv. þm. Gunnari Birgissyni. Mér finnst svona málflutningur hálfgerð móðgun við fólk sem býr á þessum svæðum. Það er mjög mikið eftir af vegaframkvæmdum í Norðvesturkjördæmi og kallað eftir úrbótum í þeim efnum.

Ég vil að lokum nefna nokkuð sem upp kom fyrr í kvöld varðandi hugmyndir um Vaðlaheiðargöng. Það kom fram í máli hæstv. samgönguráðherra í andsvari að hann teldi þær hugmyndir athyglisverðar. Ég get svo sem alveg tekið undir það. Hann gaf undir fótinn með að það mál verði tekið inn í endurskoðun vegáætlunar eftir tvö ár og spáði góðum stuðningi við það á Alþingi. Í ljósi þessa vakna ýmsar spurningar sem ég vil velta upp, fyrst hæstv. ráðherra gaf upp boltann í þeirri umræðu. Þá vaknar til að mynda spurningin um það hvort heimamenn eigi að ráða forgangsröð framkvæmda þegar um takmarkað fjármagn er að ræða. Síðan væri fróðlegt að heyra hvort hugmyndir séu um að fjármagna þessa framkvæmd með veggjöldum, hvort það muni duga til eða hvort hugmyndir séu uppi um að ríkissjóður leggi til fjármagn til framkvæmdarinnar.

Ef ég veit rétt stendur fyrir dyrum endurskoðun jarðgangaáætlunar á næsta ári. Ýmis jarðgöng bíða eftir að komast á réttan stað í þeirri áætlun, þar á meðal eru jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar sem ég tel að ættu að vera næst í röðinni. Mér þætti fróðlegt að heyra hvort ætlunin sé að Vaðlaheiðargöngin komi inn í jarðgangaáætlun með einhverjum hætti og hvernig það er hugsað. Þessu beini ég vinsamlega til hæstv. ráðherra og vildi gjarnan fá að heyra hugmyndir hans um þetta mál í lokaræðu hans hafi hann til þess tíma.

Í umræðunni í dag hefur komið fram það álit sumra stjórnarandstöðuþingmanna að minna hlutfall fjármagns fari til vegamála nú, þ.e. hlutfall af vergri landsframleiðslu, en áður var. Menn hafa tekið dæmi af árinu 1970. Því hefur verið haldið fram að minna sé lagt til vegamála og minni áhersla lögð á þennan málaflokk nú en áður. Að mínu mati eru það rangfærslur vegna þess að á síðustu árum og á næstu árum er gert ráð fyrir mun meira fjármagni, miklu meiri framkvæmdum en áður hefur verið. Í því ljósi verðum við að skoða að samneyslan hefur vaxið mjög sem hlutfall af landsframleiðslu á þessum tíma og tekið stærri hluta kökunnar en áður. Þeir sem halda uppi þeim málflutningi hljóta að þurfa að svara því, ef þeir telja að hækka eigi hlutfallið til vegamála, hvar eigi að draga úr á móti. Á að draga úr samneyslunni t.d. sem hefur vaxið langmest á þessu tímabili? Á að draga úr framlögum til heilbrigðismála, tryggingamála eða menntamála? Hvað eru menn yfir höfuð að tala um? (**ÁRJ:** Menn ættu ekki að lækka skattana á þessum tíma.) Ég er að tala um útgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu. Það er mjög nauðsynlegt að hv. þingmenn skilji hvað felst í því.

Hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa aðallega komið með þá töfralausn að draga eigi úr útgjöldum til utanríkisþjónustunnar. Það má vel vera að hægt sé að finna einhvern sparnað í utanríkisþjónustunni eins og á öðrum sviðum. Ég tel að menn hljóti að geta fundið sparnað víða í ríkisrekstrinum en það dugar skammt í þessu samhengi. Ég verð að segja, hæstv forseti, að það er alls ekki trúverðugt að halda uppi málflutningi af þessu tagi. Ég tel hann innantóman.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, ítreka að sú tillaga að samgönguáætlun sem hér liggur fyrir ber það með sér að fresta eigi framkvæmdum til að viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Það var og er eitt meginmarkmið stjórnarflokkanna að leggja sig fram um að viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Það er eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar allrar að það takist. Við erum að vinna að því og ætlum okkur að vinna að því. Í raun er það markmið miklu mikilvægara í mínum huga en að halda þá vegáætlun sem nú er í gildi. Það er gríðarlega mikilvægt mál að okkur takist að viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Það snertir þjóðina alla og er mikið hagsmunamál fyrir alla Íslendinga. En að sjálfsögðu er þetta umdeilt. Menn hafa sínar skoðanir á málinu og það hefur komið fram í þessari umræðu líkt og í umræðum um efnahagsmál. Það eru bara skoðanir sem ber að virða. En þetta var ákvörðun sem tekin var við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2005, að fara fram með þessum hætti. Ég hef stutt það og styð það.

Hitt er annað mál að auðvitað vilja allir meira fjármagn til vegamála. Það liggur fyrir og ég er einn af þeim. En við verðum að horfa á heildarmyndina í efnahagsmálum og í ríkisfjármálum. Við verðum að meðhöndla þá hluti af ábyrgð þannig að vel fari fyrir þjóðinni.

[23:45]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Við erum búin að tala lengi um þessa samgönguáætlun og mig langar aðeins í lokin að nefna nokkur atriði sem hafa verið til umræðu og byrja á að taka undir með þeim sem hafa gagnrýnt þann niðurskurð sem hér er á ferðinni, sem er milli 5 og 6 milljarðar á samþykktri samgönguáætlun.

Sömuleiðis vil ég fagna því hvað þingmenn höfuðborgarsvæðisins hafa gert sig gildandi í umræðunni og tel það löngu tímabært. Kannski er það merki um að nú hefur jafnvægið verið lagað nokkuð þannig að þingmenn höfuðborgarsvæðisins eru álíka margir og landsbyggðarinnar, menn geta því tekið þátt í umræðunni á jafnræðisgrundvelli.

Ég verð að segja að þingmenn höfuðborgarsvæðisins hafa sýnt mikið umburðarlyndi í samgöngumálum hingað til og hafa tekið því að mjög stór hluti af vegafé hefur farið út á land, menn hafa verið tilbúnir að sætta sig við það, en það gengur ekki lengur. Nú er röðin komin að því að fara að taka á þessum málum á höfuðborgarsvæðinu. Hér búa yfir 60% landsmanna, 62,8% í desember sl., hér eru langflestar skráðar bifreiðar eða hátt í 64% skráðra bifreiða eru á höfuðborgarsvæðinu og við erum að fá rúm 20%, eða 21% af framlögum til vegamála. Það er auðvitað ekki boðlegt. Þetta verður að leiðrétta og ég tek undir með hv. þm. Gunnari Birgissyni og mun auðvitað styðja það ef hann kemur með tillögu inn í þingið um að meira af vegafé komi til höfuðborgarsvæðisins því að það er löngu tímabært.

Vegna umræðu áðan um skiptingu fjármuna milli lands-

byggðar og höfuðborgarsvæðisins hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, sem var samgönguráðherra til skamms tíma, var á hans tíma höfuðborgarsvæðið svelt. Meðal annars var nauðsynlegustu viðhaldsframkvæmdum ekki sinnt, t.d. á Reykjavíkurflugvelli, á sama tíma og endalaust fóru fjárveitingar og viðbótarfjárveitingar í Akureyrarflugvöll og í Húsavíkurflugvöll. Byggður var upp fullkominn og mjög glæsilegur flugvöllur á Húsavík og útbúinn með mjög fullkomnum lendingarbúnaði og ljósabúnaði til að hægt væri að lenda þar í myrkri, en það var ekki fyrr búið að koma honum öllum upp en hætt var að nota flugvöllinn. Ég verð nú að segja að það fannst mér mikið vitlaus fjárfesting, að setja alla þessa peninga í Húsavíkurflugvöll og hætta síðan að nota hann. Þá hefði nú verið nær að setja þá peninga á höfuðborgarsvæðið.

Varðandi Sundabrautina og alla umræðuna um hana vil ég nefna þegar verið er að kenna borgaryfirvöldum í Reykjavík um að Sundabraut skuli ekki vera inni á áætlun inni, þá er það nú alveg fáránlegt. Ég vil minna á að í síðustu borgarstjórn, þ.e. fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar, voru bæði minni og meiri hluti sammála um að fara ytri leiðina, bæði Sjálfstæðisflokkurinn sem var í minni hluta, og meiri hlutinn voru sammála um ytri leiðina, það var bara þannig. En það var Sjálfstæðisflokkurinn sem skipti um skoðun og ríkisstjórnin, sem varð auðvitað til þess að þvæla málið. Það stendur nú þannig að nánast er orðið samkomulag um innri leiðina og kemur örugglega í ljós á næstu dögum eða vikum, að því skilyrði settu að leiðin komi greið niður í miðborgina. Þetta er því bara fyrirsláttur eins og menn hafa verið þvæla þetta mál hér í dag og kenna borgaryfirvöldum um. Sjálfstæðismenn vita auðvitað upp á sig sökina. Þeir voru sammála ytri leiðinni alveg fram að síðustu borgarstjórnarkosningum. Ég hef setið í samgöngunefnd árum saman í þinginu og hef fylgst með þeirri umræðu allri og þeirri þróun og það vita fleiri þingmenn sem hér hafa talað, kannski aðeins gegn betri vitund.

Varðandi Sundabrautina hefði ég gjarnan viljað fá svar frá hæstv. samgönguráðherra um hvort það sé ekki öruggt að ekki verði farið út í einhverja gjaldtöku í fyrsta áfanganum gagnvart þeim sem ferðast innan borgarinnar. Ég vona að hæstv. samgönguráðherra sé að hlusta á þetta. Ég vil fá svar við því hvort ekki sé öruggt að ekki verði farið að rukka fólk á ferð sinni innan bæjar í fyrsta áfanga Sundabrautarinnar.

Ég ætla aðeins að koma inn á annan þátt sem ég vil fagna í þessari samgönguáætlun og það eru umferðaröryggismálin, sem við þurfum að leggja mjög ríka áherslu á. Við höfum vissulega verið að taka á svörtu blettunum og ég vil minna á þingsályktunartillögu, sem var samþykkt í fyrra, frá mér og þingmönnum Samfylkingarinnar einmitt um umferðaröryggismál. Ég nefndi það í umræðunum um ferðamálin á dögunum hvað liði merkingum fyrir útlendinga á vegum hér, á erlendum tungum, því að við vitum að þó nokkuð af alvarlegum umferðarslysum á vegunum hafa verið þar sem erlendir ferðamenn hafa verið á ferðinni og vantar verulega merkingar sem þeir skilja.

Síðan langar mig til að nefna annað við hæstv. ráðherra og það er eftirlit með ölvun og fíkniefnum við akstur. Í umræðum hefur komið fram að ekki er fylgst nógu vel með því ef ökumenn eru teknir undir áhrifum fíkniefna. Ég tel að hæstv. ráðherra þurfi að taka alveg sérstaklega á þeim þætti. Auðvitað er erfitt að fylgjast með og sjá hvort ökumaður er undir áhrifum fíkniefna, en það er mjög mikilvægt því að þeir eru ekki síður hættulegir í umferðinni en drukknir ökumenn. Þess vegna held ég að taka þurfi sérstaklega á því.

Ég ætlaði síðan að koma inn á uppbyggingu vega vegna aukinna (Forseti hringir.) flutninga um vegakerfið, landflutninga, en tími minn er þrotinn, ég læt það þá bíða síðari tíma.

[23:54]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir segir að það sé sjálfstæðismönnum að kenna hvað seint hafi gengið með endanlega ákvörðunartöku um legu Sundabrautar. Það er rangt vegna þess að í pólitík er það nú þannig að meiri hlutinn ræður för. Ég hef margvitnað til bréfsins frá 6. apríl frá borgarstjóranum til þingmanna Reykjavíkur þar sem ekki er enn búið að taka ákvörðun af hálfu borgaryfirvalda um legu brautarinnar. Meiri hluti borgarstjórnar hefur hangið í Golden Gate brúnni alveg fram að þessum tíma. Það veit auðvitað hv. þingmaður, veit það mjög vel.

Svo þetta, að því tilskildu að leiðir liggi í Kvosina þá er meiri hluti borgarstjórnar sammála innri leiðinni. Árið 1994 vildi þá nýkosinn meiri hluti ekki fara í mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar af því að þá lá leiðin of nærri Kvosinni. Þá vildi meiri hlutinn nýi nánast að fólk færi annað hvort á reiðhjólum eða gangandi niður í bæ, bílar áttu ekki að koma þar. Nú allt í einu er það sett upp að leiðir skuli liggja þannig yfir sundin að það sé á Sæbrautina og að bílar keyri nánast óafvitandi niður í Kvos.

Í skýrslu frá þeim sem hafa fjallað um áhrif umferðar af Sundabraut á Miklubraut eða Sæbraut kemur fram að þetta hefur óveruleg áhrif á umferðina, þannig að svona skilyrði eru bara ekkert annað en vitleysa.

Svo er annar kapítuli út af fyrir sig, það eru náttúrlega mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Það sýnir sig t.d., virðulegi forseti, að þar sem hafa verið sett mislæg gatnamót hefur slysum stórfækkað. Ég er alveg hissa á því að enn skuli vera (Forseti hringir.) tjaldað til einnar nætur af hálfu borgaryfirvalda með Miklubraut/Kringlumýrarbraut. Það er kannski sjálfstæðismönnum að kenna eða hvað?

(**Forseti** (JBjart): Hv. þingmaður á þess kost að halda áfram ræðu sinni í seinna andsvari.)

[23:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Meiri hlutinn ræður, sagði hv. þingmaður. Það vill nú þannig til að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í ríkisstjórn og hefur auðvitað haft þó nokkuð mikið um það að segja hvernig fram hefur undið með Sundabrautina. Ég minni á að bæði minni og meiri hluti í borgarstjórninni var sammála um ytri leiðina — sem hv. þingmaður kallar Golden Gate — fram að síðustu kosningum, þá var skipt um skoðun.

Nú hafa menn komist að niðurstöðu um að fara innri leiðina til að ná samkomulagi. Þrátt fyrir að hæstv. ráðherra viti að þarna er samkomulag að komast á um þetta og aðeins er beðið eftir umhverfismatinu, þá er þessi vegur ekki inni á samgönguáætlun. Ég hvet þingmenn á höfuðborgarsvæðinu til að ráða bót á þessu og tekið verði á því í samgöngunefnd og séð til þess að þegar menn verða komnir að þessari niðurstöðu, sem allir vita að er orðin, og umhverfismatið verður á hreinu ef allt verður í lagi þar, þá ætti að vera hægt að fara í þetta mál og setja peninga í það.

Varðandi Miklubraut/Kringlumýrarbraut og mislæg gatnamót þar veit hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, formaður samgöngunefndar, vel um það að verslunarmiðstöðin Kringlan hefur verið ósátt við að sett væru þarna mislæg gatnamót vegna þess að (Gripið fram í.) aðkoman yrði erfiðari að Kringlunni með þeim. (**Gripið fram í:** Er það Baugur?) Hvaða kjaftæði er þetta eiginlega, ég bara bið menn um að halda ró sinni. (Forseti hringir.) Þeir vita náttúrlega hvernig þessi mál liggja þó að þeir vilji ekki viðurkenna það hér í ræðustól.

[23:59]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að heyra það hjá hv. þingmanni að Kringlan réði því hvort við stæðum frammi fyrir því, Reykvíkingar, eins og við höfum staðið frá 1996–2002, að fjöldi árekstra á þessum gatnamótum hefur verið 583, fjöldi slasaðra 228, þar af 118 karlar og 93 konur. Ætlar meiri hluti í Reykjavík að halda svo á málum að þarna verði enn þá áfram slysatíðni á umferðarmestu gatnamótum landsins?

Svo kemur í ljós að það er ekki þeim að kenna, það er Kringlan. Alveg eins og með Sundabrautina, það er ekki þeim að kenna, það er sjálfstæðismönnum að kenna, sem ekki hafa nokkur tök haft á því máli.

Ég vil þó segja að lokum varðandi Sundabrautina að auðvitað hljótum við þingmenn Reykjavíkur að leggja alúð og ástundun við það að sú braut komist á sem allra fyrst. Komið hefur fram hjá hæstv. samgönguráðherra að það tekur á þriðja ár frá því að umhverfismatið liggur fyrir. Það virðist ekki vera hægt af hálfu borgarstjórnarmeirihluta að taka neina ákvörðun eða afstöðu til málsins fyrr en það kemur úr umhverfismati.

Ég legg áherslu á það varðandi Sundabrautina, hún er mikilvæg samgöngubót fyrir Reykvíkinga og ekki síst fyrir það ágæta skref sem meiri hluti borgarstjórnar hefur tekið í samruna Faxaflóahafnanna. Það er mjög gott skref og skal hann eiga hrós skilið fyrir það sem hann svona einu sinni á kjörtímabilinu gerir gott.

[00:00]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get svo sannarlega tekið undir þetta með hafnasamlagið og vissulega er Sundabrautin því mjög mikilvæg. Ég treysti á alla þingmenn á höfuðborgarsvæðinu að sjá til þess að sú vegaframkvæmd verði sem fyrst að veruleika. (Gripið fram í.) Sjálfstæðisflokkurinn hefur nú setið í samgönguráðuneytinu í manna minnum þannig að hann hefur ráðið ansi miklu.

Varðandi Miklubraut/Kringlumýrarbraut þá er verið að breikka aðreinarnar og fráreinarnar inn á brautina og verið er að hanna þarna nokkuð lögulega leið. Þótt það séu ekki mislæg gatnamót þá er þarna önnur leið á teikniborðinu sem ég a.m.k. hef séð sem virðist vera mun betri en þær miklu slaufur sem hugmyndir hafa verið um og hefðu komið í veg fyrir að Reykvíkingar ættu greiða leið að stærstu verslunarmiðstöð sinni sem ég hefði talið vera mjög bagalegt. Þarna er verið að reyna að minnka þær hættur sem sannarlega eru á þessum gatnamótum. Ég tek heils hugar undir það. Mér finnst það ekki boðlegt og þarf auðvitað að leysa það, og það er einmitt verið að því eins og hv. þingmaður veit vel.

[00:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir þá umfangsmiklu umræðu sem hér hefur farið fram í dag um samgönguáætlunina og var af mörgu að taka. Það eru fjölmargar fyrirspurnir sem ég tel nauðsynlegt að fara yfir og svara og nokkuð mörg efnisatriði sem koma þarf inn á áður en umræðunni lýkur.

Fyrir það fyrsta tek ég undir með þingmönnum sem hafa vakið athygli á því sem blasir auðvitað við að verkefnin í samgöngumálum á Íslandi eru mjög mikil. Við eigum enn langt í land með að ljúka uppbyggingu og þá sérstaklega í vegakerfinu. Hér erum við hins vegar að fjalla um flugvelli, hafnir og vegi en umræðan hefur mest verið um vegakerfið sem sýnir, eins og kom fram í framsöguræðu minni, að þar eru stærstu verkefnin.

Það er nauðsynlegt að átta sig á þessu vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram þar sem menn hafa verið að gera mjög mikið úr því að ríkisstjórnin og þar með samgönguráðherrann og stjórnarflokkarnir hafi verið að draga saman seglin óeðlilega mikið og draga saman útgjöld til vegamála, draga mjög úr þeim fjárframlögum sem vegaframkvæmdirnar hafa haft úr að moða. Ef við lítum á málin af sanngirni og án þess að fara inn á samanburðarfræði sem ég tel að ekki sé eðlileg, er rétt að vitna til þess að í skýrslu sem lögð var fyrir Alþingi um framkvæmdir í vegamálum á síðustu árum kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

Ef ég tek dæmi á föstu verðlagi ársins 2003, sem ég hef hér einungis við hendina, þá voru framkvæmdir til vegamála á árinu 1990 tæplega 8 milljarðar króna. Það er kannski rétt að rifja upp hver var samgönguráðherra þá. Jú, það var sá sem talaði hér mjög fjálglega um að meiri fjármuni þyrfti til vegagerðar, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Tæpir 8 milljarðar kr. fóru til vegamála árið 1990. Árið 1999, þegar ég tók við ráðherraembætti., voru það 11,3 milljarðar kr., síðan 11,7, 12,9, 12,2 og 16,2 á árinu 2003. Síðan gerum við ráð fyrir tæpum 12 milljörðum á árinu 2005, 11,5 árið 2006, 15,6 árið 2007 og 15,9 árið 2008.

Hv. þingmenn geta séð af þessum tölum og ættu að rifja það upp, þeir sem vilja kynna sér og taka þátt í þessari umræðu af einhverri sanngirni, hvernig þróunin hefur verið. Ríkisstjórnin getur með sanni sagt að lögð hafi verið verulega aukin áhersla á uppbyggingu samgöngukerfisins. Ég hvet hv. þingmenn til þess að líta á þær tölulegu staðreyndir sem hér liggja fyrir.

Aðeins út af fyrirspurnum að öðru leyti sem hér hafa komið fram þá var spurt mikið og margsinnis um framkvæmdir vegna Sundabrautar og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði m.a. um þær. Ég hef svarað því nokkrum sinnum hér í andsvörum og reyndar trekk í trekk og aftur hefur verið spurt þannig að ég tel ástæðu til að svara því enn á ný.

Ég tel að fjármunir verði nægjanlegir til hönnunar. Ég legg mikla áherslu á að unnið verði fullum fetum að undirbúningi og hönnun vegna Sundabrautar, þó að ekki liggi fyrir á þessari stundu á hvaða forsendum hægt er að gera það en ekki er hægt að byrja verkhönnun fyrr en búið er að ákveða leiðina og búið að fá öll leyfi, m.a. væntanleg framkvæmdaleyfi til þess að setja verkið af stað.

Ég tel að það sé alveg einsýnt að á þessu tímabili, á næstu tveimur árum þangað til samgönguáætlun kemur til endurskoðunar, verði lokið við þennan undirbúning að langmestu leyti þannig að hægt verði að gera ráð fyrir framkvæmdum fljótlega eftir þann tíma. Ég tel eðlilegt að gera ráð fyrir að við endurskoðun á samgönguáætlun eftir tvö ár verði tekin ákvörðun um fjármögnun þessara framkvæmda. Ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar um það á þessari stundu með hvaða hætti það verður gert en ég tel að þá sé eðlilegt að taka ákvörðun um fjármögnun framkvæmda við Sundabraut.

Afstaða mín til gjaldtöku endurspeglast mjög í þeim tillögum sem ég hef fengið um hugsanlega gjaldtöku vegna umferðarmannvirkja þar sem lagt er til að ekki sé farið í gjaldtöku nema um tvo kosti sé að ræða við gjaldtöku af umferðarmannvirkjum og það verði að sjálfsögðu að skoða það í því ljósi hvernig staðið verður að fjármögnun Sundabrautarinnar. Ég held að það sé mjög erfitt að brytja þá braut eitthvað niður, að það megi taka gjald af hluta brautarinnar en ekki af öðrum. Þarna er úr mjög vöndu að ráða. Ég hef ekki gert upp hug minn um þetta og tel eðlilegt að fram fari umræður um gjaldtökumöguleika í tengslum við afgreiðslu samgönguáætlunar í samgöngunefnd en ég tel að það sé hinn eðlilegi farvegur eins og er.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom með mjög athyglisverða yfirlýsingu hér um að hann teldi sig ekki hafa þrek til að reyna að sannfæra kjósendur sína um að staðið verði við samgönguáætlunina. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel miklu líklegra að það verði af einhverjum öðrum ástæðum en því að menn telji samgönguáætlun ekki trúverðuga að hann njóti ekki mikils fylgis. Ég held að hv. þingmenn verði að ganga til þess verks á forsendum sem fyrir liggja og það á við um samgönguáætlunina að stuðningur við hana er að sjálfsögðu ýmsu háður, ég geri mér grein fyrir því, en ég legg auðvitað mikla áherslu á að samgönguáætlunin er afar mikils virði og hún er mikils virði fyrir alla landshluta.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir ræddi nokkuð um umferðaröryggismálin. Af því tilefni vil ég ítreka það sem ég sagði hér, raunar eftir að hún var farin úr salnum, held ég, að í samgönguáætluninni um er að ræða sérstakar fjárveitingar til umferðaröryggismála upp á 385 millj. kr. á ári. Ekki hefur áður verið sérgreind fjárveiting til umferðaröryggisaðgerða fyrr en í þessari samgönguáætlun. Það er því ekki rétt hjá hv. þingmanni sem hún fullyrti í ræðu sinni. Og ég ítreka það að í rauninni eru allar framkvæmdir á vegakerfinu meira og minna tengdar því að tryggja aukið öryggi.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spurðist sérstaklega fyrir um aukið eftirlit með fíkniefnanotkun ökumanna. Ég hef ekki upplýsingar nákvæmlega hvað varðar þær áherslur, en tilgreint er á bls. 123 í samgönguáætlun hvernig ráðstafa á þeim 1.540 milljónum sem þar er um að ræða. Langstærstu upphæðirnar eru í hraðakursturseftirlit og eftirlit með notkun bílbelta og síðan ölvunar- og fíkniefnaakstur. Þar er sérstaklega tilgreint að gert sé ráð fyrir að nýta 228 milljónir til þeirra aðgerða á tímabilinu. Þarna er því um stórar fjárhæðir að tefla. Því miður virðist ekki vera vanþörf á að leggja mjög mikla áherslu á þetta.

Umræður um flugvöllinn hafa verið nokkrar í kvöld. Af því tilefni vil ég segja að ég tel ekki óeðlilegt að umræður séu um Reykjavíkurflugvöll af hálfu þingmanna Reykjavíkur eins og hér hafa verið. Engu að síður verða hv. þingmenn að minnast þess að flugvöllurinn er staðreynd í dag. Ég vil nefna að samkomulagið sem ég og borgarstjóri gerðum varðandi samgöngumiðstöðina gengur út á að samgöngumiðstöðin verði reist til að sinna öllum samgöngumátunum og flugvellinum einnig. Ef flugvöllurinn fer þá lítum við svo á, og út á það gengur samkomulagið, að samgöngumiðstöðin nýtist áfram í þágu flugrútunnar til Keflavíkur og millilandaflugsins þar og til almenningssamgangnanna að öðru leyti. Ég tel því að með samgöngumiðstöðinni sé ekki endilega verið að negla flugvöllinn niður til eilífðarnóns. Ég vil að þetta komi fram hér án þess að ég sé að gefa einhvern afslátt af mikilvægi flugvallarins. En ég tel alveg nauðsynlegt og eðlilegt gagnvart þeim þingmönnum sem leggja þessar áherslur og spyrjast fyrir um þetta að þeir séu upplýstir um þessa afstöðu mína til málsins.

Hv. þm. Jónína Bjartmarz spurðist sérstaklega fyrir um Sundabrautina. Ég tel mig hafa svarað því sem hv. þingmaður spurði um, en hún spurði einnig um hversu mörg óhöpp yrðu í umferðinni annars vegar vegna vegakerfisins og hins vegar vegna ökumannanna og annarra þátta. Ég hef ekki upplýsingar um það við þessa umræðu en það er alveg ljóst að langalvarlegustu slysin verða vegna hraðaksturs og það má að sjálfsögðu rekja til þess að ökumennirnir gæta sín ekki en oft og tíðum er það úti á þjóðvegunum þar sem vegakerfið er ekki í nógu góðu standi.

Þá kem ég einmitt að þessu mikilvæga atriði sem hefur verið nokkuð mikið rætt um, fjárveitingum til einstakra landshluta. Það er alveg ljóst, og það sagði ég fyrr í kvöld, að megináherslur í þessari samgönguáætlun lúta að því að tryggja umferðaröryggið. Þegar við lítum til þess að í Suðurkjördæminu eru 355 kílómetrar af vegum, í Suðvesturkjördæmi 264 kílómetrar, í höfuðborginni 115, 5.100 í Norðvesturkjördæmi og 3.900 í Norðausturkjördæmi blasir algerlega við hvers vegna ekki er farið eftir íbúatölu um skiptingu fjármuna til uppbyggingar vegakerfisins. Við erum að byggja upp vegakerfi í þágu umferðaröryggis og þá getum við ekki miðað við íbúatölu, það er algerlega ótæk viðmiðun. (Gripið fram í.)

Hins vegar er það staðreynd að mikið á eftir að gera í uppbyggingu vega um allt land. Ég vil sérstaklega geta þess vegna þeirrar umræðu sem hér fór fram um framlög til höfuðborgarsvæðisins að á árinu 1991, á verðlagi ársins 2005,

fóru 482 milljónir til höfuðborgarinnar. Á árinu 2003 voru það 2,3 milljarðar, á árinu 2004 1.320 milljónir og við gerum ráð fyrir því að á árunum 2007 og 2008 verði það 1.700 milljónir og 2,2 milljarðar. Við höfum stóraukið framlög til höfuðborgarsvæðisins og sá sem hér stendur er sá samgönguráðherra sem hefur lagt til tillögur um mestu fjármunina í uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu. (Forseti hringir.)

Virðulegur forseti. Því miður er tíminn búinn og væri margt hægt að segja til viðbótar um þær umræður sem hér hafa verið og hafa verið út af fyrir sig ágætar. Ég vil í lokin þakka (Forseti hringir.) hv. þingmönnum fyrir umræðurnar engu að síður.

[00:18]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki sérstaklega hlutverk mitt að verja Steingrím J. Sigfússon, hv. þingmann, en það er fullkomlega óboðlegt af hæstv. samgönguráðherra að taka til samanburðar árin 1990 og framlög til vegamála þá og líta fram hjá því stóra uppgjöri sem fram fór af hálfu Ólafs Ragnars Grímssonar við Davíð Oddsson, þáverandi borgarstjóra í Reykjavík, vegna hinna margvíslegu samgönguframkvæmda í borginni. Þegar menn taka svo ósanngjarnan samanburð bendir það auðvitað til þess að þeir hafi vondan málstað að verja.

Meginmálið hér er Sundabrautin. Í 10 ár hefur Sundabrautin verið á teikniborðinu. Í sex ár hefur Sturla Böðvarsson verið samgönguráðherra yfir Íslandi og enn veit hann ekki hvar brautin á að liggja. Enn hefur hann enga fjármuni til að byggja brautina en segist ætla að byggja hús, hann hefur bara enga peninga í það. Og, hann hefur ekki enn eftir sex ára yfirvegun tekið afstöðu til þess hvort á henni eigi að vera veggjöld eða ekki.

Virðulegur forseti. Þetta er algerlega ófullnægjandi frammistaða af hálfu hæstv. samgönguráðherra. Hann verður að reka af sér þetta slyðruorð, keyra í gegn þessa mikilvægu framkvæmd, taka afstöðu til þeirra álitamála sem þar þarf að taka afstöðu til og útvega það fjármagn sem þarf til að leggja þessa braut. Það er algerlega nauðsynlegt.

En vegna umræðunnar um Reykjavíkurflugvöll fagna ég því út af fyrir sig að hér við lok umræðunnar, þar sem svo fjölmargir þingmenn hafa lýst afstöðu sinni til flugvallarins og þess að hann eigi að fara, virðist hæstv. samgönguráðherra gera ráð fyrir því eins og aðrir að það sé fyrst og fremst tímaspursmál, spurning um hvenær en ekki hvort flugvöllurinn fer, því að hann hefur gert ráð fyrir því að samgöngumiðstöðin geti engu að síður þjónað öðru hlutverki.

[00:19]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Það er satt að segja, virðulegur forseti, hreint með ólíkindum að hér skuli hafa verið að tala fyrrverandi borgarfulltrúi í Reykjavík. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er ekkert hissa á því að hann skuli ekki vera lengur borgarfulltrúi. Að hann skuli leyfa sér að koma hingað upp og reyna að kenna samgönguráðherranum um það að borgarstjórnin í Reykjavík hefur ekki enn þá gert upp hug sinn um það hvar Sundabrautin eigi að liggja. Og hann er, hv. þingmaður, að skamma samgönguráðherra fyrir það að hann skuli ekki hafa tekið fram fyrir hendurnar á borgarstjórninni í nærri sex ár. Ég væri alveg tilbúinn til þess út af fyrir sig.

Hv. þm. Helgi Hjörvar, þessi sami, tók það alveg sérstaklega fram fyrr í kvöld í öðru samhengi að borgaryfirvöld færu með skipulagsmál, og það eru borgaryfirvöld sem þurfa að gera upp hug sinn um það hvar Sundabrautin eigi að liggja. Þegar það liggur fyrir hefur samgönguráðherrann lýst því yfir að hann muni tryggja fjármuni til þess að geta verkhannað brautina og sett hana af stað og hann muni sem samgönguráðherra leggja til hvernig fjármögnun verður háttað. Þetta eru allt saman tómir útúrsnúningar hjá manni sem veit að hann hefur vondan málstað að verja, og hann hefur ekki staðið sig.

[00:21]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það lá alveg fyrir á því kjörtímabili sem ég var forseti borgarstjórnar hvar brautin skyldi liggja. Sjálfstæðisflokkurinn undir forustu Ingu Jónu Þórðardóttur og Reykjavíkurlistinn voru fullkomlega sammála um það. Vandamálið var bara það að Sturla Böðvarsson samgönguráðherra vildi ekki fara þá leið. Þess vegna stöndum við hér, sex árum eftir að Sturla Böðvarsson settist í stól samgönguráðherra. Allan þann tíma hefur hann talað um Sundabraut, sennilega í hverjum mánuði, ef ekki hverri viku, og enn þann dag í dag, sex árum síðar, 2 þús. dögum, veit hann ekki og hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort menn eigi að borga veggjöld á þessari Sundabraut. Hann veit ekki hvar hún á að liggja. Það eru engir peningar í verkefnið. Verkefnið kostar 18 milljarða kr. og á næstu fjórum árum hefur hann tryggt 350 milljónir til þess, þ.e. 2% af áætluðum verkkostnaði.

Hér kemur hæstv. samgönguráðherra einfaldlega tómhentur til samgönguáætlunar hvað varðar brýnasta hagsmunamálið fyrir Vesturland, Vestfirði og Reykjavíkursvæðið. Það eru engir fjármunir sem heitið geti til Sundabrautar. Það er engin trygging fyrir fjármögnun á því verkefni. Það er ekki vitað hvar hún á að liggja. Hæstv. ráðherra hefur eftir sex ára umþóttunartíma ekki enn getað tekið afstöðu til þess hvort það eigi að greiða veggjöld af umferð um brautina eða ekki. Hæstv. samgönguráðherra skilar sjötta árið í röð auðu í málefnum Sundabrautarinnar, og það er miður því að það er gríðarlega mikilvægt hagsmunamál fyrir Reykjavík, fyrir höfuðborgarsvæðið allt en ekki síst fyrir Vesturland, þar byggðir og þá atvinnustarfsemi sem er að eflast hinum megin við flóann. (Gripið fram í.)

Vegna þess að Faxaflóahafnir hefur borið á góma og ég er sem stendur stjórnarformaður þeirra vil ég geta þess að Sundabrautin er alger forsenda fyrir því að sú stofnun geti eflst (Forseti hringir.) og Grundartanginn og starfsemin þar. (**GHall:** Stefán Jón Hafstein lýsti því yfir að ...)

[00:23]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það ber allt að sama brunni. Hv. þingmaður getur ekki farið rétt með nokkurn hlut. Hann lýsti því yfir að samgönguráðherra hefði tekið afstöðu til þess hvaða veglínu ætti að velja fyrir Sundabrautina. Það er

nú bara þannig að samgönguráðherra hefur ekki lýst skoðun sinni hvað það varðar. Hvers vegna? Jú, vegna þess að samgönguráðherra er í þeirri stöðu að geta þurft að úrskurða um hluti sem tengjast ákvörðunum eða óskum sveitarstjórna. Ef sveitarstjórn velur leið sem Vegagerðin getur ekki sætt sig við getur komið til þess að ráðherrann þurfi að úrskurða.

Einhverra hluta vegna hefur hv. þm. Helgi Hjörvar hlaupið úr salnum þannig að það er erfitt að svara hv. þingmanni sem er hlaupinn burtu. Átta ég mig ekki á því hvers vegna það er. Vegna umræðu hv. þingmanns vil ég, með leyfi forseta, vitna hér í bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík, bréf til formanns samgöngunefndar, Guðmundar Hallvarðssonar. Hér segir um Sundabrautina:

„Fljótlega er að vænta úrskurðar umhverfisráðherra vegna kæru á mati á umhverfisáhrifum Sundabrautar. Um leið og úrskurður ráðuneytisins liggur fyrir má gera ráð fyrir að niðurstaða fáist um legu brautarinnar."

Þetta er borgarstjórinn í Reykjavík að tilkynna formanni samgöngunefndar, og samgönguráðherra fékk sams konar bréf, að vænta megi niðurstöðu hjá borginni innan tíðar. Svo kemur hv. þm. Helgi Hjörvar með stóryrði í garð samgönguráðherra (Forseti hringir.) og ætlast til þess að hann hafi tekið þessa ákvörðun fyrir borgaryfirvöld.

[00:26]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg ljóst af þessari umræðu hér að kakan sem er til að skipta úr fjármagni til samgöngumála er í fyrsta lagi allt of lítil og skapar líka enn þá verri stöðu þegar hún er skorin niður fyrirvaralaust, og kannski að ástæðulausu. Menn skreyta sig með áætlunum sem síðan eru skornar niður.

Einnig er nokkuð sem ég vil inna hæstv. ráðherra eftir hvort ekki sé í bígerð að taka á. Það eru þeir fjölmörgu vegir sem liggja um dreifðar byggðir landsins, safn- og tengivegir, sem skipta gríðarlegu máli fyrir byggð, búsetu og atvinnulíf vítt og breitt um landið, skipta líka máli í uppbyggingu á ferðaþjónustu og öðru slíku sem horft er mjög til. Framlög til þessara vegaflokka hafa staðið í stað undanfarin ár og eru auk þess allt of lág. Meira að segja stendur í samgönguáætluninni, held ég, setning sem reynir að afsaka þessa stöðu: Fjárframlög til þessara vegaflokka eru allt of lág. Ég held að það sé eini vegaflokkurinn sem í vegáætluninni sjálfri er kveðið svo að orði um. Þetta er sá hópur sem ekki getur haldið neina fjölmenna fundi, þúsund manna fundi, og sett þrýsting á ráðherrann, þingmenn og aðra til að veita fjármagn í. Engu að síður skiptir þetta alveg gríðarlegu máli.

Ég vil því spyrja ráðherrann hvort (Forseti hringir.) engin von sé til þess að á þessum vegaflokki verði tekið því að eins og nú horfir er ekki séð að þar gerist neitt sérstakt.

[00:28]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Samgönguáætlunin liggur fyrir hvað varðar framlög til þessara vegaflokka sem hv. þingmaður nefndi og það eru ekki áform um, samkvæmt áætluninni, að leggja til hærri fjárhæðir. Það er alveg ljóst eins og fram kom hjá hv. þingmanni að þar er mjög margt verkið að vinna og nauðsynlegt að fá aukna fjármuni til þess í framtíðinni. Þær áherslur sem við erum að leggja eru þær að reyna að ná framkvæmdum þar sem umferðin er mest, og álagið, og mestu ástæðurnar til þess vegna mikillar umferðar að bæta umferðaröryggi. Það er þess vegna sem við getum því miður ekki lagt meiri fjármuni til þessara tilgreindu vegaflokka. Tíminn líður og vonandi verður hægt að bæta úr því þegar fram líða stundir.

[00:29]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil bara ítreka að þessir vegaflokkar úti um sveitir landsins, safn- og tengivegir, eru víða í mjög bágbornu ástandi. Umferð á þeim eykst og um leið mikilvægi þeirra. Mér finnst mjög brýnt að gera átak í þessum málum og marka stefnu fyrir þessa vegi.

Í tengslum við umræður sem hér hafa farið fram vil ég líka inna ráðherrann eftir öðru. Mikilvægi vega fyrir atvinnulíf og mannlíf er mikið og nú er jafnframt verið að vinna hér áætlun í ferðamálum og framtíðarskipan þeirra. Mikilvægi ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar fer vaxandi í þjóðarbúskapnum og er gert ráð fyrir því að aðkomumenn geti orðið allt upp í ein milljón hér innan tíu ára. Til þess að geta tekið á móti þessum mörgu ferðamönnum, dreift þeim um landið og bæði boðið upp á þá þjónustu og líka skapað þá atvinnu sem hægt er af þessum ferðamönnum skipta vegirnir úti um land miklu máli. Það varðar þróun þessa atvinnuvegar. Ég hygg að í umræðunni um vegaframkvæmdir í Reykjavík sé eins gott að gera sér grein fyrir því að ein stærsta atvinnugrein Reykvíkinga er ferðaþjónustan sem byggir m.a. á því að fólk komi hingað og fari síðan vítt og breitt um landið. Vegirnir skipta gríðarlegu máli fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í landinu.

Því spyr ég: Hefði ekki verið ráð að gera úttekt á mikilvægi veganna fyrir uppbyggingu ferðaþjónustunnar (Forseti hringir.) miðað við þá framtíðarsýn sem við vonum að við getum staðið frammi fyrir varðandi þessa atvinnugrein?

[00:32]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það fer ekkert á milli mála að uppbygging vegakerfisins er geysilega mikilvæg fyrir ferðaþjónustuna. Það er auðvitað liður í því sem teknar eru ákvarðanir um það í samgönguáætluninni að leggja sérstaka áherslu á uppbyggingu vega eins og innan þjóðgarða. Það er alveg ný ákvörðun. Það hefur ekki verið áður. Við höfum verið með sérstakar fjárveitingar til ferðamannaleiða svokallaðra en nú bætist við sú áhersla að tengja Dettifossveginn uppbyggðan og leggja áherslu á Uxahryggjarveginn og veg gegnum þjóðgarðinn á Snæfellsnesi.

Það fer ekkert á milli mála að ferðaþjónustuna skiptir þetta miklu. Þess vegna held ég að ekki þurfi að leggjast í neinar sérstakar rannsóknir til að komast að þeirri niðurstöðu að uppbygging vegakerfisins er mikilvæg fyrir ferðaþjónustuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–6. mál.

Fundi slitið kl. 00:34.

---

109. FUNDUR

miðvikudaginn 13. apríl,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Sjúkrahússbyggingar í Fossvogi, fsp. ÁMöl, 512. mál, þskj. 781.
2. Geðheilbrigðisþjónusta í fangelsum, fsp. MF, 561. mál, þskj. 848.
3. Viðbrögð við faraldri, fsp. GÞÞ, 637. mál, þskj. 967.
4. Umboðsmenn sjúklinga, fsp. MF og RG, 641. mál, þskj. 971.

Til félagsmálaráðherra:

5. Innheimta meðlaga, fsp. MF, 689. mál, þskj. 1047.
6. Lóðaúthlutunarreglur Reykjavíkurborgar, fsp. GunnB, 718. mál, þskj. 1076.
7. Skuldbindingar vegna einkaframkvæmda í ársreikningum sveitarfélaga, fsp. GunnB, 730. mál, þskj. 1088.

Til iðnaðarráðherra:

8. Vaxtarsamningur fyrir Norðurland vestra, fsp. AKG, 680. mál, þskj. 1034.
9. Byggðastofnun, fsp. AKG, 714. mál, þskj. 1072.

Til fjármálaráðherra:

10. Endurgreiðslur gjalda íslensks skipaiðnaðar, fsp. GuðjG, 710. mál, þskj. 1068.

Til menntamálaráðherra:

11. Forgangur í framhaldsskóla, fsp. AKG og MÁ, 380. mál, þskj. 465.
12. Einkareknir grunnskólar, fsp. BjörgvS, 542. mál, þskj. 821.
13. Greiðslur fyrir fjarnám, fsp. MF, 690. mál, þskj. 1048.
14. Menningarsamningur fyrir Vesturland, fsp. AKG, 713. mál, þskj. 1071.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Jón Kristjánsson heilbrrh., 4. þm. Norðaust.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umræða um störf einkavæðingarnefndar.

[13:01]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs um störf þingsins er sú staðreynd að hæstv. forsætisráðherra hefur í tvígang neitað að taka umræðu um störf einkavæðingarnefndar í nútíð og fortíð. Staðreyndin er sú að hæstv. forsætisráðherra hefur lengi átt sæti í ráðherranefnd um einkavæðingu, þeirri nefnd sem tekur allar helstu ákvarðanir um sölu á hlutabréfum ríkisins. Hann átti þátt í að taka ákvörðun um að hefja viðræður um sölu á bréfum í Búnaðarbankanum hvar félag í hans eigu, hans sjálfs að hluta, kom að málum og hann var því óbeinn aðili að viðræðunum. Það vakna því spurningar um hvers vegna hann hafi ekki gert þjóðinni ítarlega grein fyrir stöðu sinni í þessu söluferli þar sem hann bjó yfir innherjaupplýsingum vegna setu sinnar í ráðherranefnd um einkavæðingu auk þess að vera óbeinn aðili að viðræðunum vegna hlutabréfaeignar sinnar.

Þessi staðreynd, saga einkavæðingarnefndar, þrálátur orðrómur og fréttaflutningur af fyrirhugaðri sölu Símans, er rótin að þeirri tortryggni sem ríkir í samfélaginu um að enn á ný eigi að afhenda flokksgæðingum ríkiseignir. Þetta getur forsætisráðherra ekki afgreitt sem sögusagnir. Hann verður að hreinsa andrúmsloftið. Hann verður að stíga fram og taka þátt í umræðunni. Hann getur ekki endalaust falið sig að baki orðræðu og fullyrðingum um að um gróusögur sé að ræða.

Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. forsætisráðherra hvenær við getum tekið þá umræðu sem í tvígang hefur verið óskað eftir, sem í tvígang hefur verið samþykkt af þinginu, sem í tvígang hefur verið hafnað af hæstv. forsætisráðherra. Hvenær getum við tekið upp umræðu um störf einkavæðingarnefndar í nútíð og fortíð? Hvenær getum við rætt þessa hluti sem flestir í samfélaginu eru að hugleiða og sem hafa gert það að verkum að það er þjóðarvakning um að kaupa Símann?

(Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Hvenær getum við tekið þessa umræðu á dagskrá? (Forseti hringir.)

[13:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil benda hv. þingmanni á að beiðni hans um utandagskrárumræðu hefur verið tekin fyrir nokkrum sinnum með formönnum þingflokka. Það var ákveðið að sú umræða skyldi ekki verða, heldur skyldi hæstv. forsætisráðherra flytja þinginu skýrslu um sölu Landssímans. Síðan hefur þetta mál einu sinni borið á góma milli mín og formanna þingflokka og ég hef synjað um að þessi utandagskrárumræða verði þar sem umræða hefur þegar farið fram um skýrslu Landssímans. Það verður ekki heimilað að utandagskrárumræður verði um hið sama efni svo að hv. þingmaður á að snúa sér til forseta en ekki forsætisráðherra þegar hann kvartar undan því að ekki hafi verið orðið við beiðni hans. Ég vil benda hv. þingmanni á það.

[13:04]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er orðið nokkuð undarlegt hjá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar að hefja hvern einasta þingfund með þessum hætti eins og þeir gera (Gripið fram í.) og er þeim ekki samboðið.

Ég hef aldrei neitað umræðu um Símann og ég veit ekki betur en að ég hafi hafið umræðu um niðurstöður einka-

væðingarnefndar. En ég heyri að hv. þingmaður vill ræða mikið um fortíðina og ákvarðanir sem voru teknar þegar bankarnir voru seldir. Það voru þrjú tilboð í bankana, í tvo banka, og tveimur var tekið. Ef það léttir ró þingmannsins og hans undarlega hugarfar var það svo að þegar ráðherranefnd um einkavæðingu tók endanlegar ákvarðanir um þau mál var sá sem hér stendur í veikindaleyfi. Reyndar kom hæstv. þáverandi forsætisráðherra og færði mér tíðindi um þær ákvarðanir þegar ég lá á sjúkrabeði á Landspítalanum.

[13:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra vill ekki tala um þau mál sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur óskað eftir umræðu um.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil leiðrétta hjá hv. þingmanni og óska eftir því að hann taki það til greina sem ég skýrði frá áður. Það var ég sem ekki féllst á þessa utandagskrárumræðu, og því ber að beina orðum sínum til mín en ekki hæstv. forsætisráðherra í því efni. Ef við einhvern er að sakast um stjórn þingsins er það við forseta þingsins.)

Hæstv. forseti. Með þínu leyfi:

„Við Íslendingar getum ekki látið bjóða okkur eitt þjóðarránið enn: Við létum það yfir okkur ganga, án þess að heyrðist múkk, að sameiginlegri auðlind okkar, fiskimiðunum umhverfis Ísland, væri stolið af okkur, af hinu fyrrum háa Alþingi, og hún afhent örfáum útvöldum sægreifum og/eða fjármagnseigendum, af „réttum" pólitískum uppruna, á silfurfati; við létum það yfir okkur ganga, án þess að heyrðist múkk, að þjóðarbankarnir Búnaðarbanki og Landsbanki, væru einkavæddir, afhentir pólitískt réttum aðilum, á sama silfurfatinu, á spottprís, og nú eru þeir hinir sömu rétt völdu, milljarðamæringar; en ætlum við að láta það yfir okkur ganga, að enn ein þjóðareignin, sem malar gull og gersemi, verði afhent pólitískt réttvöldum, á sama fatinu, án þess að í okkur heyrist svo mikið sem múkk? Ég segi nei og skora á ykkur að gera slíkt hið sama.

Hér er ég auðvitað að tala um það fyrirkomulag sem hinir litlausu hafa ákveðið að hafa á sölu Símans.

Er ekki eitthvað brogað við þjóðfélag sem lætur allt þetta yfir sig ganga, án þess að rísa upp og mótmæla? Er ekki eitthvað að siðferðiskennd, að nú ekki sé talað um réttlætiskennd þeirra, sem ákveða að viðhafa aldrei annað en gömlu, úreltu, frá upphafi óréttlátu helmingaskiptaregluna, hvað sem tautar og raular?"

Hæstv. forseti. Þetta eru ekki mín orð. (Forseti hringir.) Þetta eru orð

(**Forseti** (HBl)**:** Má ég biðja hv. þingmann ...)

Agnesar Bragadóttur í Morgunblaðinu á mánudaginn var.

(**Forseti** (HBl)**:** ... að ljúka máli sínu. Hv. þingmaður hefur lokið við sinn tíma, ég vil biðja hann að virða það og taka tillit til ábendingar forseta.)

[13:07]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Meðan leyndarhjúpur umlykur fjármál stjórnmálaflokkanna og fjárhagsleg tengsl okkar stjórnmálamannanna verður hæstv. forsætisráðherra bara að una því að um þau séu teknar umræður á Alþingi dag eftir dag vegna þess að við það verður auðvitað einfaldlega ekki unað, hæstv. forsætisráðherra. Ég hef nýverið leitað eftir því við einkavæðingarnefnd að fá afhentar tillögur Morgans Stanleys um það hvernig standa beri að einkavæðingunni. Mér var neitað um þær tillögur. Ég óskaði eftir því að hæstv. forsætisráðherra staðfesti að þær tillögur verði í það minnsta lagðar fram að sölunni genginni.

Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort við getum ekki hætt á Alþingi að fjalla um kjaftasögur og gróusögur og hvort hann sé ekki tilbúinn til að beita sér fyrir því að við öll sem störfum í þessum sal birtum sambærilegar upplýsingar um okkur sjálf og fjárhagslega hagsmuni okkar og ráðherrar í ríkisstjórn Danmerkur gera nú, opnum þannig umræðuna, setjum allt upp á borðið og hreinsum andrúmsloftið, og hvort hann sé ekki líka tilbúinn að beita sér fyrir því að við setjum reglur um fjárhagslegan stuðning fyrirtækja við stjórnmálaflokka og felum Ríkisendurskoðun eftirlitshlutverk með því þannig að almenningur í landinu geti treyst því að annarleg sjónarmið ráði ekki ákvörðunum okkar.

Ef hæstv. forsætisráðherra getur lýst yfir stuðningi við þetta þurfum við ekki fremur að dvelja við þessi mál, heldur þurfum við einfaldlega að ganga í þá skyldu okkar að gera hreint fyrir okkar dyrum og birta þær upplýsingar sem almenningur á kröfu á.

[13:09]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil af þessu gefna tilefni taka fram að forsætisráðherra hefur ekki húsbóndavald yfir Alþingi eða alþingismönnum og getur ekki fyrirskipað þeim að gefa persónulegar upplýsingar um sig sjálfa. Á hinn bóginn er hverjum og einum þingmanni frjálst að birta upplýsingar sem varða hann sjálfan, fjárreiður hans sjálfs og persónulíf án þess að Alþingi skipti sér af því. Það hefur enginn húsbóndavald yfir Alþingi. (Gripið fram í.) Ég vil að hv. þingmenn muni það, líka í Samfylkingunni.

[13:10]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Forseta er það fullkunnugt að ósk mín um þessa umræðu tengdist ekki Símanum. Hún var lögð fram löngu fyrr og það var ákvörðun forseta að hengja þessa umræðu á Símann. Það að tengja það saman að hæstv. forsætisráðherra gæfi hér skýrslu er algerlega fráleitt. Við erum að tala um störf einkavæðingarnefndar og þau vinnubrögð sem þar hafa verið stunduð. Við erum að tala um að það gilda engar lagareglur um störf einkavæðingarnefndar. Það er mikilvægt að hreinsa andrúmsloftið þegar verið er að selja almannaeigur og það er mikilvægt að menn treysti sér til að taka þátt í þessari umræðu, treysti sér til að hreinsa andrúmsloftið en skýli sér ekki á bak við orðræðu um að menn séu með gróusögur, uppspunnar sögur o.s.frv. Það gengur ekki á hinu háa Alþingi að menn geti valið um það hvort þeir taki þátt í þessari umræðu eða ekki.

Þingið var búið að samþykkja þessa umræðu í tvígang en hæstv. forsætisráðherra bar þau tíðindi til þess sem hér stendur að (Forseti hringir.) hann hafi ekki haft neitt um

málið að segja. Það eru skýringar sem ekki geta gengið á hinu háa Alþingi (Forseti hringir.) því það er hlutverk forsætisráðherra og ráðherra í ríkisstjórn að svara þinginu og þingmönnum þegar þeir vilja ræða við þá um tiltekna hluti.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil óska eftir því við hv. þingmann að hann taki skýringar og upplýsingar forseta gildar. Þessi umræða sem hv. þingmaður talar um var aldrei samþykkt af þinginu. Það var ákveðið að hæstv. forsætisráðherra ...)

Virðulegi forseti.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég hef ekki ...)

Virðulegi forseti. Ég hef hér orðið. (Forseti hringir.) Þú ert sífellt, sí og æ, að grípa fram í fyrir þingmönnum, virðulegi forseti. Þetta gengur ekki hér, þetta virðist í reynd vera bara ritskoðun á hinu háa Alþingi. Forseti er sífellt berjandi í bjölluna meðan hv. þingmenn hafa orðið og eiga í erfiðleikum með að koma sínum sjónarmiðum á framfæri vegna hávaða í hæstv. forseta. Hvernig á að halda uppi umræðum á hinu háa Alþingi? Í hvert sinn sem einhver óþægileg (Forseti hringir.) umræða hefst hefur forseti upp raust sína (Forseti hringir.) og lemur bjölluna endalaust.

[13:12]

Forseti (Halldór Blöndal):

Gjöra svo vel að fara úr stólnum.

Þau ummæli hv. þingmanns, „forseti, ég hef hér orðið“, eru vítaverð.

[13:13]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hef hér orðið, fékk það núna hjá hæstv. forseta. Mér tókst hins vegar ekki að klára ræðu mína áðan, og ætla að gera það. Ég var þar kominn sem ég sagði að þetta hefðu ekki verið mín orð sem ég las hér upp, heldur orð sem Agnes Bragadóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, skrifaði í Morgunblaðið á mánudaginn var.

Þau orð hafa valdið gríðarmiklum viðbrögðum í samfélaginu. Hvers vegna? Hvers vegna valda orð af þessu tagi svona miklum áhrifum í samfélaginu? Það er vegna þess að siðferðiskennd þjóðarinnar er misboðið. Það er vegna þess að þeir sem ráða í þessu landi hafa ekki farið eðlilega með sín völd við þessa einkavæðingu. Og það er vegna þess að fólki finnst ekki að menn komi hreint til dyranna.

Ég held að það sé best fyrir alla að menn geri það. En hér á Alþingi hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að þeir séu aldrei vanhæfir, þeir eigi ekki að gera grein fyrir sinni stöðu hvað varðar eigin hagsmuni og geti bara svo sem farið sínu fram eins og þeim dettur í hug hvern daginn, búið til nýjar reglur um það hvernig eigi að koma eignum ríkisins út í samfélagið í hvert skipti sem selja á nýtt ríkisfyrirtæki. Eru svo bara a.m.k. með ólund, svo að ekki sé meira sagt, þegar um það er spurt og reynt að fá fram hvernig í málum liggur, hvernig hagsmunatengsl eru o.s.frv. Væri bara ekki best fyrir alla að menn settu það upp á borðið þegar helstu ráðamenn þjóðarinnar eiga í hlut, vikju sér ekki undan þeirri umræðu? (Forseti hringir.)

[13:15]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Inn í þessa umræðu hafa blandast fjárreiður stjórnmálaflokka og hagsmunatengsl. Hæstv. forsætisráðherra lét sér það sæma í gær þegar ég innti hann eftir hvaða ástæður væru fyrir því að hann hefði ekki enn lagt fyrir Alþingi svar við skýrslubeiðni sem lögð var fram í upphafi þessa þings, og hefur reyndar legið fyrir forsætisráðuneytinu í nær eitt og hálft ár, og sýndi með því Alþingi lítilsvirðingu, að sitja bara í sæti sínu og svara ekki þessari spurningu. Í öllum þjóðþingum sem við berum okkur saman við hafa fyrir löngu verið sett lög um fjárreiður stjórnmálaflokka. Ég vil gera ítrekaða tilraun til þess að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hann muni ekki leggja fyrir þingið þessa skýrslubeiðni þannig að við getum rætt hana í tæka tíð áður en þingi lýkur. Það er ekki við það búandi að forsætisráðherra sitji bara sem fastast þegar um þetta er spurt og telji sig ekki þurfa að svara þinginu einu eða neinu þegar verið er að ræða um fjármál stjórnmálaflokkanna og hvers vegna þingið hafi ekki sett lög þar að lútandi.

Ég geri þessa tilraun einu sinni enn, virðulegi forseti, í von um að hæstv. forsætisráðherra gefi ekki Alþingi enn eina ferðina langt nef í þessu efni með því að sitja sem fastast í sæti sínu og svara hér engu um.

[13:16]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er orðið vandlifað í þinginu. Hér eru ákveðnir fyrirspurnatímar til ráðherra. Nú er það orðið til siðs að spyrja alls konar spurninga ávallt í upphafi þingfunda. (Gripið fram í.) Óþægilegra. En það er bara svo að þeir sem eiga að svara hafa ekki tíma til að svara viðkomandi spurningum og eru þannig settir að þeir mega ekki taka til máls. Ég vil því fara þess á leit við forseta og forsætisnefnd að farið verði yfir þessa hluti þannig að það sé þó þannig að þeir sem svara eiga fyrirspurnum og ásökunum er beint að hafi þá tíma til að svara fyrir sig, en svo er alls ekki miðað við það form sem hér er.

Ég vil segja við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að skömmu eftir að ég kom í forsætisráðuneytið og vissi um þessa beiðni hófst vinna við skýrsluna og henni er nærri lokið. Það verður ekki löng skýrsla en ég vildi hins vegar taka fram að reglur um fjármál og fjárreiður stjórnmálaflokkanna byggja á samkomulagi sem varð milli stjórnmálaflokkanna árið 1998. Það er að sjálfsögðu ekki aðeins forsætisráðherra að beita sér fyrir nýrri löggjöf þar um. Þar verða allir stjórnmálaflokkarnir að koma að, þar á meðal Samfylkingin ef hún getur þá almennt komið að nokkrum sköpuðum hlut, sem ég hef vissar efasemdir um. Ég mun að sjálfsögðu svara þessu og það hefur aldrei neitt annað staðið til og það er alger óþarfi hjá hv. þingmanni að segja það sem hún sagði hér og mér finnst það líka alger óþarfi hjá hv. þingmönnum Samfylkingarinnar að vera svo ósmekklegir að blanda fjármálum stjórnmálaflokkanna almennt, þar á meðal sínum eigin flokki, við söluferli Símans. Hvað gengur eiginlega á? Hvers vegna er verið að gera alla hluti tortryggilega? Hafa þessir hv. þingmenn vonda samvisku sjálfir?

[13:19]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það sem gengur á, svo hæstv. forsæt-

isráðherra sé upplýstur um það, er einfaldlega það að Ísland er langt á eftir öllum siðuðum þjóðum hvað varðar upplýsingar um fjármögnun stjórnmálaflokka, regluverk þar um og upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni okkar stjórnmálamanna.

Hæstv. forsætisráðherra var spurður að því, ekki hvort hann hygðist beita húsbóndavaldi sínu, virðulegur forseti, heldur hvort hann vildi beita sér fyrir einföldum hlut, því að við sem í þessum sal störfum upplýsum um persónulega hagsmuni okkar og tengsl við fyrirtæki með sama hætti og ráðherrar gera í Danmörku. Hann kaus að svara því engu. Hæstv. forsætisráðherra er í lófa lagið að beita sér fyrir því þó ekki væri nema innan síns flokks, og það er út af fyrir sig rétt hjá honum að það stendur upp á hvern þingmann í þessum sal og hvern flokk sem á fulltrúa í þessum sal. Ég held að það standi upp á okkur öll sem hér vinnum að hafa ekki þetta miðaldafyrirkomulag á fjárhagslegum tengslum okkar og fjármálum flokkanna heldur það taka upp hvert á okkar vettvangi, hvert í sínum flokki og sömuleiðis saman í sal hins háa Alþingis, að gera á þessu verulega bragarbót.

Mér finnst hryggilegt að forsætisráðherra Íslands sé ekki tilbúinn til að lýsa því yfir hér að hann vilji beita sér fyrir slíkri siðbót og því að sambærilegar upplýsingar og gagnsæi gildi um störf hans og mín eins og gilda til að mynda hjá nágrönnum okkar og kollegum í Danmörku. Og fyrr en við höfum tekið okkur tak í þessu efni held ég að einfaldlega verði ekki hjá því komist að þessi umræða verði tekin hér aftur og aftur hversu ósmekklegt sem hæstv. forsætisráðherra kann að þykja það og hversu mikið sem hann (Forseti hringir.) kýs að dylgja um að við sem hana hefjum höfum slæma samvisku.

[13:21]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins upplýsa að það liggur fyrir fyrirspurn til þingsins um þetta sama mál sem ég er beðinn um að svara. Það liggur líka fyrir fyrirspurn um skýrslu sem ég hef líka upplýst hér. Er það sem sagt orðið þannig að lagðar eru fyrirspurnir fyrir þingið og maður tekur sér einhvern tíma í að undirbúa svör við þeim en getur síðan búist við að spurt sé um þær á hverjum degi þar að auki í upphafi þingfundar? Þannig er þetta orðið, hæstv. forseti. Ég held að það sé kominn tími til að menn komi einhverjum skikk á þessa hluti í þinginu.

[13:22]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil taka fram að gefnu tilefni að ef þingmenn telja að brýnt sé að taka á málum sem varða þingmenn alla eða þingið, þingsköp eða annað þvílíkt eða hegðan þingmanna, þá er siður að það sé tekið upp af formönnum þingflokka við forseta Alþingis. En ekki hefur verið farin sú leið að beina því til ríkisstjórnar að hafa forustu um slík mál. Ég vil benda hv. þm. Helga Hjörvar á það honum til umhugsunar.

Um fundarstjórn.

Þingvíti.

[13:23]

Mörður Árnason:

Forseti. Sá atburður hefur gerst, sem kemur ekki oft fyrir og menn reyna að hafa mjög í hófi, að forseti hefur vítt þingmann úr forsetastóli. Um það held ég að við eigum ekki að ræða frekar, það verður að taka því þegar forseti tekur sér það vald.

Forsetar Alþingis hafa frá upphafi Alþingis hins nýja haft ýmsan hátt á afskiptum sínum af þingmönnum og afskiptum sínum af þeim málum sem þar eru rædd. Sá forseti sem mynd er af þarna til hægri og er einna frægastur forseta þingsins, þó að forsetatitill hans sé reyndar sprottinn af öðru, hafði þann hátt á að stjórna þinginu fyrst og fremst og þeir sem leita í Alþingistíðindum að ræðuhöldum hans fara í geitarhús að leita ullar meðan hann var forseti. Það var siður á þeim tíma og þarf ekki að vera fyrirmynd þeirra forseta sem nú starfa.

Rétt er þó í þessu sambandi að lesa þetta úr 89. gr. um þingvíti, með leyfi forseta:

„Ef þingmaður talar óvirðulega um forseta Íslands eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigslyrðum eða víkur með öllu frá umtalsefninu skal forseti kalla til hans: „Þetta er vítavert“ ...“

Við getum svo velt því fyrir okkur hvort það var þetta sem gerðist áðan og rétt að hver geri það fyrir sig. Ég vil hins vegar benda forseta Alþingis líka á, úr því að þingsköpin eru hér til umræðu og hafa verið bæði í gær og í dag af hans hálfu, á reglu sem nefnd er í 8. gr. þingskapa og er svona, með leyfi forseta:

„Nú vill forseti taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur og víkur hann þá á þingmannabekk en varaforseti tekur forsetasæti á meðan.“

(**Forseti** (HBl): Það hefur forseti gert.)

[13:25]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að gera að umræðuefni þau sérstæðu orð sem féllu frá hæstv. forseta þegar hann vítti ummæli mín og ef ég skildi hæstv. forseta rétt var hann að víta ummælin „ég hef orðið“.

Nú er það þannig að þingmönnum er gefið orðið á hinu háa Alþingi og þeir hafa skammtaðan tíma. Við allar eðlilegar aðstæður geta þeir nýtt sér þann tíma til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ef hæstv. forseti vill taka þátt í umræðunni skráir hann sig á mælendaskrá og tekur þátt í henni.

Ég vil mótmæla því, virðulegi forseti, að ég hafi borið þingið, ráðherra eða einhvern þingmann brigslyrðum eða nokkru sem gefur tilefni til þess að hæstv. forseti kalli fram að eitthvað tiltekið sé vítavert. Ég mótmæli því harðlega og ég vil minna hæstv. forseta á í fullri vinsemd að hæstv. forseti er forseti alls þingsins.

[13:26]

Forseti (Halldór Blöndal):

Af þessu gefna tilefni vil ég taka fram að það er skylda

einstakra þingmanna að sýna þinginu og forseta þess tilhlýðilega virðingu og hreyta ekki til þeirra ónotum.

[Fundarhlé. — 13:27]

Umræður utan dagskrár.

Staða íslenska kaupskipaflotans.

[13:42]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Á liðnum árum hefur orðið mikil breyting á íslenska kaupskipaflotanum. Með tilkomu gámaflutninga urðu kaupskipin stærri og færri sem eru í reglubundnum siglingum til landsins. Hagkvæmni stærðarinnar hafði þar á áhrif á enda oftar en ekki óverulegur munur á fjölda í áhöfn.

Jafnhliða þessu fækkaði kaupskipum á íslenskri skipaskrá og kaupskipaútgerðir tóku erlend skip á leigu undir svokölluðum þægindafánum með eða án áhafnar. Er nú svo komið að ekkert kaupskip í reglubundnum siglingum að og frá landinu er á íslenskri skipaskrá. Flutningunum er nú sinnt af þrettán gámaskipum, sjö skipanna eru mönnuð íslenskum farmönnum en sex skip erlendum sjómönnum. Þær staðreyndir sem hér blasa við sýna hnignandi íslenska farmannastétt. Glögga mynd málsins má sjá í ákvörðun tveggja íslenskra kaupskipaútgerða sem hafa nú skráð þrjú kaupskip í Færeyjum undir svokallaðri alþjóðlegri skipaskrá. Á sama tíma hafa Norðurlöndin unnið að eflingu kaupskipaflota síns með sérstökum skatthlunnindum til mótvægis við flótta útgerðanna með skip sín undir þægindafána.

Virðulegi forseti. Það vakti athygli í janúar sl. þegar Samskip tóku tvö ný gámaflutningaskip í þjónustu sína sem eru mönnuð íslenskum farmönnum og skráð undir færeyskum fána. Ástæðan? Jú, sjómenn á þeim skipum greiða 35% tekjuskatt af heildarlaunum, útgerðin fær endurgreidd 28% en færeyska ríkið heldur eftir 7% tekjuskattsins. Með þessu laða Færeyingar til sín kaupskip á skipaskrá og hafa tekjur af.

Samgönguráðherra í samstarfi við fjármálaráðherra skipaði starfshóp til að kanna og meta stöðu kaupskipaútgerðar á Íslandi. Í nóvember 2004 lagði starfshópurinn fram minnisblað um skráningu kaupskipa á íslenska skipaskrá.

Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Siglingar eru atvinnugrein sem sennilega eru með þeim allra opnustu fyrir alþjóðlegri samkeppni. Slíkt er auðvitað mikil ógn en gefur jafnframt mikla möguleika sé rétt á málum haldið. Vinna hópsins hefur fyrst og fremst snúist um að ræða við hagsmunaaðila og safna gögnum um stöðu mála á EES-svæðinu.

Eftirtaldir punktar lýsa meginniðurstöðu starfshópsins:

Siglingar skipta sérstaklega miklu máli fyrir Ísland því við erum háðir þeim um flesta aðdrætti. Um er að ræða siglingar í mjög viðkvæmu umhverfi sem eru fiskimiðin og strendurnar og því mikilvægt að ekkert fari úrskeiðis. Þekking farmanna hefur reynst vera mikilvæg víða í hagkerfinu.

Í skýrslunni hefur verið greint frá því hver líkleg þróun er ef ekkert verður aðhafst. Hópurinn telur víst að vissum sviðum atvinnugreinarinnar muni blæða út á tilteknum tíma. Frammi fyrir þeim valkosti standa stjórnvöld í dag án nokkurs vafa.

Í erlendum skýrslum hefur verið bent á margfeldisáhrif öflugrar kaupskipaútgerðar á starfsemi og atvinnu í landi, þ.e. að aukning í fjölda skipa á skipaskrá búi til viðbótarstörf í landi og skili þar með auknum heildarskatttekjum. Framkvæmdastjórn ESB birti nýverið uppfærðar leiðbeiningarreglur um ríkisaðstoð til sjóflutninga. Þar sem veiting ríkisaðstoðar er almennt óheimil er rétt að tiltaka rökin fyrir því að heimila vissa ríkisaðstoð til sjóflutninga. Samkvæmt leiðbeinandi reglum ESB eru þau eftirfarandi:

Til að tryggja örugga, hagkvæma og umhverfisvæna sjóflutninga.

Til að hvetja til skráningar eða endurskráningar á skipaskrá aðildarríkja ESB og EFTA.

Til að viðhalda og bæta verkkunnáttu og þekkingu á sviði sjóflutninga og efla atvinnumöguleika evrópskra sjómanna.

Í Evrópusambandinu var talið algjörlega óviðunandi að allur eða stór meiri hluti kaupskipaflotans yrði skráður í löndum utan sambandsins. Sú staða þyddi einfaldlega að Evrópa yrði algjörlega háð þjóðum utan álfunnar með alla flutninga á eigin framleiðslu til annarra landa og allan innflutning til álfunnar. Auk þess var bent á að ESB mundi tapa allri lögsögu um gerð og öryggisbúnað skipanna, öll menntun og þekking á þessu sviði mundi hverfa sem hefði mikið atvinnuleysi í för með sér, bæði á sjó og í landi. Við þetta bættist sú ógn að ef til ófriðar kæmi gæti álfan orðið varnarlaus um aðdrætti í einu vetfangi."

Í tillögum nefndarinnar eru settir fram tveir kostir í þessari alvarlegu stöðu, þ.e. að skattalegt umhverfi íslenskrar kaupskipaútgerðar taki mið af öðrum Norðurlöndum eða algjört aðgerðaleysi og óbreytt ástand. Slíkt ástand er óviðunandi, virðulegi fjármálaráðherra.

[13:47]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hv. málshefjanda skilaði starfshópur á vegum samgönguráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Siglingastofnunar skýrslu í desember sl. um skráningu kaupskipa á íslenska skipaskrá. Starfshópurinn var skipaður í kjölfar áskorana frá hagsmunaaðilum um að skapa kaupskipaútgerð hagstæðari rekstrarskilyrði til samræmis við nágrannalönd Íslands og sporna þannig við því að þekking og störf flyttust úr landi.

Í skýrslu þessa starfshóps er farið yfir þróun síðustu ára, greint frá afstöðu hagsmunaaðila og gerð úttekt á skattalegu umhverfi kaupskipaútgerða og farmanna hér á landi. Í skýrslunni er jafnframt að finna yfirlit yfir alþjóðlegar kaupskipaskrár, aðgerðir nágrannalanda okkar á síðustu árum og samantekt á reglum Evrópusambandsins um ríkisaðstoð til flutninga á sjó. Að lokum eru í skýrslunni reifaðar í dæmaskyni hugsanlegar leiðir til úrbóta frá ólíkum markmiðssetningum ásamt vangaveltum um kosti og galla.

Það kemur fram í þessari skýrslu að ef sett yrði á fót íslensk alþjóðleg kaupskipaskrá er óvíst hvaða áhrif slík skrá hefði fyrir atvinnugreinina og íslenska farmenn. Ljóst er að slík skrá ein og sér hefði engin áhrif og henni þyrftu að

fylgja ríkisstyrkir af einhverju tagi í samræmi við þær takmörkuðu heimildir sem til staðar eru um ríkisaðstoð til sjóflutninga.

Önnur helstu atriði í niðurstöðum skýrslu starfshópsins eru eftirfarandi, virðulegi forseti:

1. Ef gera á íslenska kaupskipaskrá samkeppnishæfa við erlendar alþjóðlegar kaupskipaskrár í okkar nágrannalöndum verður að stíga stórt skref.

2. Það er hart barist fyrir því að fá kaupskip á skrá og nágrannaþjóðirnar undirbjóða hver aðra í stórum stíl í því skyni.

3. Það er erfitt að greina ástæður fækkunar íslenskra skráðra skipa og íslenskra farmanna á síðustu árum þó að nefna megi breytingar í verslun, alþjóðavæðingu, samkeppni frá ýmsum alþjóðlegum skipaskrám, samkeppni frá erlendum farmönnum sem selja vinnu sína á lægri kauptöxtum, betri tækni og skipulag í atvinnugreininni.

4. Talið er að fækkun íslenskra farmanna sé ekki sérþróun hér á landi, heldur hluti af alþjóðlegri þróun síðustu áratuga. Innlendir farmenn í áhöfnum nágrannaríkja okkar eru fyrst og fremst yfirmenn en undirmenn flestir erlendir.

5. Breytingar á skattalögum, t.d. varðandi stimpilgjöld, sem ráðist hefur verið í hér á landi á síðustu árum hafa ekki komið í veg fyrir áframhaldandi fækkun íslenskra skráðra skipa og íslenskra farmanna.

Umrædd skýrsla var hugsuð sem áfangaskýrsla og hefur starfshópurinn ekki formlega lokið störfum. Í þessu flókna máli er mikilvægt að byrja á því að skilgreina þann vanda sem er verið að tala um og hvaða markmið það eru sem menn stefna að. Sú þróun sem rætt hefur verið um að snúa þurfi við felst fyrst og fremst í fækkun íslenskra farmanna á síðustu áratugum og þeirri hættu að sú þekking sem þeir hafa skapað hverfi úr landi. Út frá markmiðssetningu er því mikilvægt að hafa í huga að í Noregi, Danmörku, Færeyjum og víðar hefur tilkoma alþjóðlegra kaupskipaskráa með samhliða ríkisaðstoðarkerfum ekki endilega leitt til fjölgunar innlendra farmanna á kaupskipunum. Almenn þróun hefur verið í hina áttina á síðustu árum og eru margar ástæður að baki því og tengjast m.a. alþjóðlegri samkeppni í greininni og þeim punktum sem ég fór yfir hér áðan.

Tilgangurinn með öflugum, alþjóðlegum kaupskipaskrám í nágrannalöndum okkar virðist fyrst og fremst vera að efla kaupskipaútgerð sem atvinnugrein í viðkomandi löndum, þ.e. að fá sem flest kaupskip á skrá óháð mönnun þeirra. Þessi markmið nágrannalanda okkar eru því ekki í samræmi við þau markmið sem aðallega hafa verið í umræðunni hér á landi, þ.e. að reyna að fjölga íslenskum farmönnum og varðveita þekkingu þeirra. Ríkisstyrkirnir sem fylgja hinum alþjóðlegu kaupskipaskrám í nágrannalöndum okkar beinast fyrst og fremst að viðkomandi kaupskipaútgerðum en ekki farmönnunum. Það er ekki unnt að halda því fram að rekstur íslenskra kaupskipaútgerða í dag sé það illa á sig kominn að hann þurfi sérstaklega á ríkisstyrkjum að halda. Ríkisaðstoð til kaupskipaútgerða er líkleg til að vekja upp spurningar frá öðrum greinum atvinnulífsins.

Það þarf að hafa það í huga vegna ákvæða EES-samningsins að það er ekki unnt að einangra ríkisaðstoð við innlenda farmenn eða innlendar útgerðir eingöngu. Því er ekki borðleggjandi að íslensk, alþjóðleg kaupskipaskrá með samþykktu ríkisaðstoðarkerfi muni bæta hag íslenskra farmanna. Burt séð frá því er óvíst hvaða áhrif stofnun slíkrar kaupskipaskrár kunni að hafa á atvinnugreinarnar þar sem mikil samkeppni er innan Evrópu og víðar um að fá kaupskip á þær skrár sem fyrir hendi eru.

[13:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér heilsast fánar framandi þjóða / hér mæla skipin sér mót, sagði þjóðskáldið í kvæðinu sínu Við höfnina. Þetta eru orð að sönnu. Fánar framandi þjóða blakta á flestum, og bráðum öllum, skipum sem færa varninginn heim eða út. Þróunin hefur verið ljós lengi. Ég man eftir mörgum fundum í samgöngunefnd þingsins á árum áður þar sem rætt hefur verið um þetta vandamál. Niðurstaða stjórnvalda hefur alltaf verið sú að gera hlutina ekki eins og þær þjóðir sem hafa haldið sínum flota, hvað þá eins og þær sem hafa fengið aukinn fjölda skipa undir sitt flagg. Þær höfum við kallað hentifánaþjóðir — og það er ekki heiðursnafnbót.

En fækkun flutningaskipa á Íslandi eða undir íslenskum fána heldur áfram og þó að Færeyingar og aðrir Norðurlandabúar hafi sett reglur sem virðast duga, stendur ekki til að gera slíkt hér. Það liggja fyrir tillögur en eftir að hafa hlustað á hæstv. ráðherra get ég ekki látið mér detta í hug að það séu niðurstöður á leiðinni sem verði til þess að breyta þeirri þróun sem er í gangi núna.

Ég tel reyndar að þetta mál sé búið að vera það lengi til umfjöllunar að stjórnvöld þurfi að fara að klára það. Ef niðurstaðan er að gera ekki neitt er miklu betra að menn viti það, heldur en að menn haldi sífellt áfram að reyna að basla við það að koma að tillögum og hugmyndum um það hvernig megi koma skipum undir íslenskt flagg, og svo er ekkert bara gert með það. Stjórnvöld virðast ekki hafa áhuga á málinu.

Ég hef reyndar heyrt að hæstv. samgönguráðherra hafi miklu meiri áhuga á að gera breytingar hvað þessa hluti varðar en hæstv. fjármálaráðherra og að núna standi bókstaflega yfir togstreita milli ráðuneyta í þessu máli.

[13:55]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Það eru auðvitað gömul sannindi og ný að eyþjóð, og ekki hvað síst þjóð sem lifir á eyju í miðju Atlantshafi, getur varla lifað sem sjálfstæð þjóð án öflugs kaupskipaflota og góðrar farmannastéttar. Við stöndum frammi fyrir þeirri ótrúlegu staðreynd að í dag er ekkert kaupskip í millilandasiglingum skráð í íslenskri skipaskrá þrátt fyrir að við séum mjög háð siglingum um flesta aðdrætti og útflutning og að hér séu rekin mjög öflug skipafélög sem gera út kaupskip í siglingum víða um heimsins höf.

Við hljótum að leita leiða til að breyta þessari stöðu. Í því sambandi getum við litið til nágrannalanda okkar, Norðurlandanna, Breta og Íra, og lært af þeim en þeir hafa allir lagt mikla áherslu á þessa atvinnugrein og þeir hafa náð miklum árangri, bæði til fjölgunar atvinnutækifæra og aukinna gjaldeyristekna.

Sem dæmi má nefna, og fram hefur komið, eru aðgerðir Íra sem tóku upp mjög öfluga, alþjóðlega skipaskrá árið

2002 með verulegum hliðarráðstöfunum. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa þar. Skipastóllinn hefur aukist og atvinnutækifærum fjölgað mikið. Einnig hafa menn nefnt dæmi um Færeyinga sem hafa sett upp alþjóðlega skipaskrá með verulegum skattafslætti og það hefur gert þeim kleift að halda í nær öll sín kaupskip. Það má nefna að þar eru íslensk skip skráð þurrleiguskráningu, eflaust vegna þess að það er þeim hagstæðara en að viðkomandi skip séu skráð hér á landi.

Breyting á skattumhverfi þessarar atvinnugreinar virðist dæmi um aðgerð í þessu sambandi og því má telja líklegt að slík aðgerð hér mundi snúa þróuninni við, afla okkur aukinna tekna, fjölga atvinnutækifærum og styrkja grundvöll kaupaskipaútgerðarinnar. Það er einn af þeim kostum sem ég tel að við þurfum að skoða alvarlega ásamt ýmsu fleiru sem fram hefur komið og bent hefur verið á, m.a. í þeirri skýrslu sem hér hefur verið nefnd.

[13:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er þakkarvert af hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að taka þetta mál hér upp og ekki efast ég um góðan hug hans. En að sama skapi hljóta honum þá að þykja viðbrögð flokksbróður síns, hæstv. fjármálaráðherra, heldur daufleg. Það má segja að þetta mál sé nú hreint innanflokksmál Sjálfstæðisflokksins um þessar mundir því að þeir ráðherrar tveir sem þetta heyrir sérstaklega undir, fjármálaráðherra og samgönguráðherra, eru úr þeim flokki sem og hv. málshefjandi. Því væru hæg heimatökin þar á bænum að grípa til aðgerða og ráðstafana ef pólitískur vilji væri til staðar.

Það er búið að blasa við lengi að þróunin hvað varðar skráningu kaupskipa hér á landi er aðeins á einn veg. Þegar um og upp úr 1990 hreyfði ég þessu máli hér á þingi og lagði til að skoðað yrði að taka upp alþjóðlega skipaskrá hér sambærilega þeirri sem bæði Norðmenn og Danir höfðu þá þegar tekið upp. Ætli þá hafi ekki verið milli 30 og 40 kaupskip í íslenska flotanum. Við getum velt því fyrir okkur hvaða árangri hefði mátt ná með því að taka þá upp hliðstæð vinnubrögð og siglingaþjóðirnar í löndunum í kringum okkur viðhöfðu.

Nú er staðan sú að hér er ekkert kaupskip í millilandasiglingum skráð og nýjustu skip Íslendinga, merkilegt nokk, skráð í Færeyjum, ein þrjú talsins, á sama tíma og þessi atvinnugrein viðhelst a.m.k. eða jafnvel blómstrar í löndunum í kringum okkur, Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Færeyjum og Írlandi. Ég held að það eigi að taka mjög alvarlega til skoðunar hvort við höfum nokkru að tapa að láta á það reyna um stund með alþjóðlegri skipaskrá og skattalegu hagræði, stuðningi við menntun og öðru því um líku, sem yfirleitt er í þessum pakka hjá nágrannaþjóðunum, hvort snúa megi þessari þróun eitthvað við, t.d. þannig að nýsmíðar verði þá skráðar (Forseti hringir.) hér á landi á nýjan leik eða endurnýjun í flotanum eftir því sem slíkt kemur til.

[13:59]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Í áratugi hefur sá sem hér stendur starfað að málefnum sjómanna. Langt er síðan ljóst var hvert stefndi í atvinnumálum íslenskra farmanna. Í ársskýrslum Farmanna- og fiskimannasambandsins sem ég er með má sjá söguna og tillögur stjórnvalda um viðbrögð til eflingar farmennsku og farskipaútgerð áratugi aftur í tímann. Meðal annars er í þessari skýrslu 1997–1998 sagt frá nefndarstarfi og áherslum til stjórnvalda.

Mig langar að vitna, með leyfi forseta, í þessa skýrslu. Þar segir sem stefnumörkun:

„að sem flest skip sem rekin eru á vegum íslenskra kaupskipaútgerða sigli undir íslenskum fána,

að vernda eigi atvinnu íslenskra sjómanna og þekkingu og menntun á sviði kaupskipaútgerðar,

að tekjur ríkisins af kaupskipaútgerð og afleiddum greinum, svo sem viðhaldsþjónustu og fjármálaþjónustu verði svo miklar sem samkeppnisaðstæður leyfa".

Þetta var sagt á árinu 1998.

Nefndarstarfið var leitt af forsætis-, samgöngu- og fjármálaráðuneyti, þremur starfsmönnum þessara ráðuneyta. Farmanna- og fiskimannasambandið lýsti sig sammála þessum tillögum að mestu leyti enda hafði þá störfum farmanna fækkað úr 507 árið 1988 í 254 á árinu 1998, þ.e. á 10 ára tímabili. 253 störf höfðu sem sagt aflagst og 43% af farmönnum voru þá starfandi sem erlendir menn á þeim 24 farskipum sem þá voru hér í eigu íslenskra útgerða.

Það er algjörlega ljóst, virðulegi forseti, að nú verður að grípa til aðgerða.

Vorið 2004 samþykkti Alþingi þingsályktun sem við þingmenn Frjálslynda flokksins fluttum og hv. samgöngunefnd undir forustu Guðmundar Hallvarðssonar tók upp og gerði að sinni þar sem skorað var á ríkisstjórnina að bregðast við. Niðurstaða starfshópsins er að ef ekkert verði að gert muni stétt íslenskra farmanna minnka og svo hverfa alveg úr íslenskri atvinnusögu.

Ég verð að lýsa því yfir, hæstv. forseti, að mér finnst hæstv. fjármálaráðherra lýsa hér sjónarmiðum sem (Forseti hringir.) eru eins og þegar mús kíkir út um holu, fer strax inn aftur og aðhefst ekki neitt.

[14:02]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda, hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, fyrir að taka þetta mál upp hér. Við höfum heyrt rætt um stöðu kaupskipa gegnum árin og menn hafa reifað áhyggjur sínar. Nú held ég að við séum komin að þeim tímapunkti þar sem ekki er lengur hægt að tala um hlutina, það verður að grípa til aðgerða. Öll undirbúningsvinna hefur verið unnin, fyrir liggur góð og ítarleg skýrsla um stöðu mála og möguleg úrræði. Við verðum að gera okkar til að tryggja að héðan séu gerð út kaupskip undir íslenskum fána.

Við horfum jafnvel upp á það að heil starfsstétt manna leggist niður hérlendis vegna þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað. Þegar ungt fólk velur sér menntun lítur það til atvinnumöguleika í framtíðinni. Ekki er hægt að segja að þeir sem mennta sig til flutninga- og farþegasiglinga eigi mikla von um störf hér heima. Þess vegna er brýnt að snúa þróuninni við og að stjórnvöld grípi til aðgerða. Þetta gerist nefnilega ekki einn, tveir og þrír. Við þurfum að standa

okkur í samkeppni um að fá skip á skrá og síðan mun hitt fylgja á eftir, menntun, störf og þekking. Við viljum viðhalda því að í landinu sé til staðar öflug menntun og þjálfun á sviði siglinga. Til að það sé hægt verður fólk auðvitað að vilja sækja slíka menntun, og gætu ráðuneyti samgöngumála og menntamála jafnvel komið að slíkri kynningu í ríkari mæli.

Ég skora á hæstv. fjármálaráðherra að beita sér í þessu þjóðþrifamáli. Við verðum að stíga skref í þá átt að Íslendingar geti tekið þátt í samkeppni um alþjóðlega skipaskrá enda eigum við fullt erindi í slíka samkeppni. Við megum ekki láta það gerast að Íslendingar hætti að mennta sig til farmennsku á kaupskipum en það mundi hafa slæm áhrif á umferð sjóflutninga til og frá landinu. Það er ekki eyþjóð til framdráttar.

[14:04]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka málshefjanda fyrir að færa þetta mál í tal. Nýlega skilaði starfshópur mjög ágætri áfangaskýrslu um stöðu íslenskra kaupskipa. Sú skýrsla er samin í beinu framhaldi af þingsályktunartillögu sem ég flutti á síðasta þingi ásamt öðrum hv. þingmönnum Frjálslynda flokksins. Sú staðreynd að ekkert kaupskip er lengur skráð í íslenskri skipaskrá og að Íslendingum í áhöfnum farskipa sem sigla til landsins hefur fækkað og að þeir munu algerlega hverfa úr áhöfnum skipa er áhyggjuefni. Það er ekki eingöngu áhyggjuefni út frá skattalegu tilliti, þetta er áhyggjuefni út frá mengunarsjónarmiðum. Sjómenn sem eru lítt staðkunnugir eru að koma með hættulega farma til landsins en hins vegar er mjög brýnt að það séu menn sem þekkja til staðhátta. Einnig ögrar það sjálfstæði þjóðarinnar að vera ekki með eitt einasta íslenskt farskip.

Það er alveg ótrúleg staða og það eru mjög mikil vonbrigði að heyra í hæstv. fjármálaráðherra. Hann telur upp hvað stendur í þessari ágætu skýrslu og ýmis vandamál við það að framfylgja þeim tillögum sem eru í henni. Það er ekkert vandamál að leysa þessa hluti. Það er bara að fara sömu leið og nágrannaþjóðirnar. Það er þeim mun áheyrilegra að heyra óvænta jákvæðni hjá ungum framsóknarmönnum í garð þess háttar tillagna. Ég tel að hæstv. ráðherra eigi nú að taka á málum í staðinn fyrir að vera með ræðuhöld og drepa málum á dreif, fara þá einföldu leið sem nágrannaþjóðir okkar hafa farið til að flagga skipunum hér heima.

Ég vil að lokum, frú forseti, lýsa yfir mjög miklum vonbrigðum með ræðu hæstv. fjármálaráðherra í umræðunni.

[14:06]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þær undirtektir sem hér hafa komið fram hjá hv. þingmönnum við þetta mál. Ég vil líka þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir það að hafa gefið sér tíma til þess að taka þátt í þessari umræðu. Ég er alveg sannfærður um að hæstv. ráðherra gerir sér fulla grein fyrir alvarleika málsins.

Það er nefnilega, eins og hv. þm. Dagný Jónsdóttir kom inn á, talsvert af ungu fólki sem hefur hug á að sækja sér þessa menntun. Hins vegar hræða sporin og menn óttast að íslenskur kaupskipastóll sé að líða undir lok, þetta séu frumsporin. Þá mun mikilvæg þekking íslenskrar farmannastéttar hverfa og við stöndum frammi fyrir því sem eyþjóð í Norður-Atlantshafi að vera öðrum þjóðum háð í aðdrætti hingað heim. Það væri skelfileg staða, virðulegi fjármálaráðherra, ef við stæðum frammi fyrir því að við værum öðrum háð um aðdrætti til þessarar eyþjóðar. Ég vona að svo verði ekki. Ég vona, virðulegi forseti, að hér verði tekið á þessum málum eins og rétt hefur verið komið inn á. Hvað er það sem hræðir okkur við að fara í spor nágrannaþjóðanna? Hér er mjög algengt að útgerðirnar taki skip á svokallaða þurrleigu, taki skipið á leigu án áhafnar og setji Íslendinga þar um borð eins og er í þessum sjö skipum sem eru í reglubundnum siglingum og ég nefndi áðan. Auðvitað væri hægt að búa til skattalegt umhverfi gagnvart íslenskum kaupskipaútgerðum sem tæki skip á svokallaðri þurrleigu en mundu manna þau Íslendingum þannig að við værum vel samkeppnishæf.

Varðandi svo aftur alþjóðasiglingarnar er það náttúrlega miklu stærra mál. En það væri eðlilegt og sjálfsagt að stíga þetta fyrsta skref til að íslensk farmannastétt mundi ekki leggjast af og líka að ungt fólk sæi að það væru sóknarfæri í þessari starfsgrein.

[14:08]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Það er auðvitað margs að gæta í þessu máli. Eitt af því sem ég hafði ekki tíma til að nefna í minni fyrri ræðu er að sjálfsögðu að það þarf að viðhalda og efla menntun sjómanna, gæta að því að ungt fólk hafi möguleika og sjái hag sínum borgið með því að afla sér menntunar á þessum vettvangi. En það er reyndar ekki séríslenskt fyrirbæri að það gangi misjafnlega. Það hefur orðið mikil breyting í þessu eins og allir þekkja en við þurfum að huga að þessum þætti til að tryggja eðlilega endurnýjun í greininni. Að því er vikið í umræddri skýrslu og hugsanlegu samstarfi samgönguráðuneytis, menntamálaráðuneytis og fleiri til að efla menntunarþáttinn.

Hins vegar verða menn aðeins að staldra við og gera sér grein fyrir því hvaða markmiðum menn ætli að ná. Hver er tilgangurinn með því að setja upp alþjóðlega skipaskrá, ef það er það sem menn vilja? Er það það að styrkja útgerðarfélögin? Eru þau þannig á sig komin á Íslandi að það sé einhver sérstök nauðsyn? Auðvitað ekki. Þau ganga sem betur fer mjög vel. Það getur ekki verið markmiðið. Er markmiðið þá að reyna að tryggja það að íslenskum farmönnum á þessum skipum fækki ekki? Það býst ég við að sé markmiðið, eitt af því sem við erum sammála um. En hvað er að gerast? Það eru tvö ný íslensk skip sem hafa sett sig á færeyska skipaskrá. Eru þau þá með færeyska sjómenn? Nei, þau eru með íslenska sjómenn. Mundi þá íslensk alþjóðleg kaupskipaskrá þar sem þessi skip yrðu flutt yfir hafa einhver áhrif á fjölda íslenskra farmanna á þessum skipum? Nei, vegna þess að það eru þegar Íslendingar á skipunum. Við þurfum aðeins að gá að okkur hvað það er sem við erum að tala um.

Er það þá það að við viljum fá skipaskrá til að fá umsvifin í kringum hana, lögfræðivinnuna, skráninguna, ein-

hver skráningargjöld og þess háttar? Það má vel vera. Það gæti verið eitt markmið með þessu. En það er ekki þannig að það að taka nákvæmlega upp það sem aðrar þjóðir hafa gert leysi endilega einhver vandamál, sérstaklega ekki þegar við erum ekki búin að gera okkur grein fyrir því hvaða vandamál það eru sem við viljum fá leyst. (Forseti hringir.)

Endurgreiðslur gjalda íslensks skipaiðnaðar.

Fsp. GuðjG, 710. mál. — Þskj. 1068.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Frú forseti. Fyrir um það bil ári síðan skipaði iðnaðarráðherra nefnd undir forustu Baldurs Pétursson til að endurskoða reglur um endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna nýsmíði og viðgerða skipa. Nefndin skilaði niðurstöðu og tillögum sínum í febrúar sl. og er skýrsla nefndarinnar mjög athyglisverð og vel unnin. Þar kemur m.a. fram að 4,5% endurgreiðslur aðflutningsgjalda skipaiðnaðarins hafa ekki dugað til að jafna mismunun gagnvart erlendum keppinautum og ekki hafi því verið forsendur til að skerða þær endurgreiðslur úr 6,5% í 4,5% eins og gert hefur verið síðustu árin með því að draga frá andvirði skipsskrokka sem smíðaðir voru erlendis við útreikning endurgreiðslnanna.

Þá er bent á að ESB hefur ákveðið að skilgreina skipaiðnað á EES-svæðinu sem hátækniiðnað. Með því fellur hann undir reglu sem heimilar hverju landi að greiða niður 20% þróunarkostnað við hvert skip. Evrópskar samkeppnisþjóðir íslensks skipaiðnaðar hafa nú þegar nýtt sér þessar heimildir með þeim afleiðingum að þær bjóða nú mun lægra verð í smíði fiskiskipa en þær gerðu fyrir ári en skip sem er hannað og smíðað á EES-svæðinu og kostar 400 millj. kr. gæti fengið styrk yfir 60 millj. kr. úr viðkomandi ríkissjóði. Það er augljóst að íslenskar skipasmíðastöðvar ráða ekki við slíka samkeppni, en forsenda heilbrigðrar þróunar atvinnulífs er auðvitað að atvinnugreinarnar keppi á grunni jafnræðis, ekki síst í erlendri samkeppni.

Nefndin setur fram nokkrar tillögur til úrbóta. Í fyrsta lagi að endurgreiðslur aðflutningsgjalda verði þegar hækkaðar í 6% í samræmi við heimildir í reglugerð frá 1985. Í öðru lagi að endurgreiðslur verði leiðréttar frá og með árinu 2002. Í þriðja lagi að treysta lagagrunn frekar á þessu sviði þannig að núverandi tollalögum frá 1987 verði breytt með þeim hætti að í stað niðurfellingar í tolli við innflutning hverju sinni verði heimilt að endurgreiða tiltekið hlutfall söluverðs. Í fjórða lagi að stjórnvöld taki afstöðu til þess á grunni frekari úttektar hvort tekin verði upp endurgreiðsla þróunarkostnaðar líkt og ESB hefur ákveðið en með því yrði lagður grunnur að samkeppnishæfum skipaiðnaði og tengdum greinum. Markmið þessara aðgerða er að það verði fullur jöfnuður við þau lönd innan EES-svæðisins sem stunda smíðar á 20–40 metra fiskiskipum en það eru þær skipastærðir sem íslenskur skipaiðnaður á raunhæfa möguleika á að geta boðið á innlendum og alþjóðlegum markaði ef hann situr við sama borð og keppinautar nágrannalandanna.

Á árunum 1986–2004 fækkaði ársverkum í skipaiðnaði úr 1.000 í 360. Það er líka athyglisvert að einu sinni á þessu tímabili fjölgaði störfum í greininni um 30%, á árunum 1994–1995 en þá beittu stjórnvöld jöfnunaraðgerðum til að jafna mismuninn í starfsskilyrðum við erlenda samkeppnisaðila sem beittu jöfnunarstyrkjum. Ég hef því lagt svohljóðandi fyrirspurn fyrir hæstv. fjármálaráðherra:

Hvernig og hvenær hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum nefndar sem í febrúar skilaði tillögum sem m.a. fólust í því að hækka endurgreiðslur aðflutningsgjalda til skipaiðnaðarins til að jafna aðstöðu innlendra skipasmíðastöðva í samanburði við erlendar stöðvar?

[14:14]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi lýsa mig samþykkan þeim meginsjónarmiðum sem fram komu í máli hv. fyrirspyrjanda hvað það varðar að það er nauðsynlegt að tryggja að íslenskur skipasmíðaiðnaður, alveg eins og aðrar íslenskar atvinnugreinar, búi við sambærileg samkeppnisskilyrði og almennt tíðkast í öðrum löndum og ekki lakari.

Varðandi spurningu hv. þingmanns vil ég segja eftirfarandi: Um endurgreiðslur tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða gilda nú reglur nr. 172/1985 sem settar eru með stoð í tollalögum sem nú eru nr. 55/1987. Samkvæmt þessum reglum endurgreiddi ríkissjóður skipasmíðastöðvum lengi 6,5% af samningsverði nýsmíða, meiri háttar viðgerða og breytinga á eldri skipum. Árið 1998 lækkaði þessi hlutfallstala í 4,5% ef skrokkur viðkomandi skips er smíðaður erlendis eins og í flestum tilfellum er raunin.

Í þeirri skýrslu sem hv. þingmaður gerði að umtalsefni kemst nefndin sem hana samdi að þeirri niðurstöðu að rétt sé að hækka endurgreiðsluhlutfallið úr 4,5% í 6% og nefndin leggur til að þau fyrirtæki sem notið hafi endurgreiðslu fái afturvirka hækkun aftur til ársins 2002 auk þess sem nauðsynlegt sé að styrkja lagagrundvöllinn fyrir umræddri reglugerð. Nefndin notaðist í vinnu sinni við að meta álögð aðflutningsgjöld við þá reikningsaðferð að leggja mat á öll aðföng sem notuð voru við smíði eins skips, verð aðfanganna og álagða tolla og vörugjöld á aðföngin. Sú reikningsaðferð er gróf viðmiðun þar sem miðað er við smíði eins skips og rekstrarár eins fyrirtækis í skipasmíðaiðnaði.

Það er frá því að segja, virðulegi forseti, að gjaldtaka ríkissjóðs í formi tolla og annarra aðflutningsgjalda hefur lækkað verulega frá 1985 þegar áðurnefndar reglur um endurgreiðslu tolla til skipasmíða voru settar, m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga Íslands. Sú lækkun hefur að sjálfsögð komið þessari grein eins og öðrum til góða. Í því sambandi má nefna að árið 1986 voru tollar 8% af skatttekjum ríkissjóðs en tíu árum síðar hafði hlutfallið lækkað í 3% og árið 2003 var þetta hlutfall komið niður í 1%. Það er mikilvægt í þessu máli að skilgreina rétt endurgreiðsluhlutfall nákvæmlega vegna þess að greiðslur frá ríkissjóði umfram greidd aðflutningsgjöld, tolla eða vörugjöld, teljast vera ólögmætur ríkisstyrkur í skilningi EES-samningsins.

Til þess að bregðast við niðurstöðum nefndarinnar hefur sérfræðingum fjármálaráðuneytisins, iðnaðarráðuneytisins og tollstjórans í Reykjavík verið falið að leggja nákvæmt mat á hvað umrætt endurgreiðsluhlutfall þarf að vera hátt til þess að það feli í sér fulla endurgreiðslu aðflutningsgjalda,

þ.e. tolla og vörugjalda, án þess þó að það jafngildi ólögmætum ríkisstyrk í skilningi EES-reglnanna. Þegar þeirri athugun lýkur er stefnt að því að styrkja lagagrundvöll reglugerðarinnar um endurgreiðslu tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða og gera nauðsynlegar breytingar á endurgreiðsluhlutfallinu eftir því sem útreikningar leiða í ljós að upp á kunni að vanta.

Þar með liggur það fyrir af minni hálfu, virðulegi forseti, að verið er að vinna úr niðurstöðum þessarar nefndar. Það er verið að sannreyna þær tillögur og þær upplýsingar sem þar koma fram vegna þess að það er eðlilegt að endurgreiða hér tolla og vörugjöld með þeim hætti sem tíðkast hefur, í þeim mæli sem slíkum gjöldum er fyrir að fara í dag og þá til fulls. Hins vegar verða menn að gæta sín á því að ef lengra er stigið en í raun og veru er innheimt í gjöld af þessari starfsemi erum við komin út á þann vettvang að um gæti verið að ræða ríkisstyrki sem ekki fái staðist okkar alþjóðlegu skuldbindingar á vettvangi EES-samningsins. Það þarf bara að ganga úr skugga um markalínurnar í því efni og gæta sín að fara ekki yfir það strik.

[14:19]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að koma hér upp til að þakka hv. þingmanni fyrir að taka málið upp og svo til að þakka fyrir yfirlýsingu hæstv. ráðherra sem var mjög jákvæð. Ég vil meina að ég hafi aldrei heyrt jákvæðari yfirlýsingu hvað varðar stuðning við skipasmíðaiðnaðinn á Íslandi. Ég ætla sannarlega að vona að staðið verði við að ganga það langt í stuðningi við íslenskan skipaiðnað að menn geti staðið jafnfætis þeim sem eru hérna í kringum okkur, því að þannig hefur það ekki verið í gegnum tíðina. Maður hefur hlustað á yfirlýsingar ráðamanna um að við hefðum ekki efni á slíkum stuðningi. Það er hins vegar svolítið undarlegt vegna þess að þeir sem skoðuðu þetta mál einu sinni komust reyndar að þeirri niðurstöðu að allt að 40% stuðningur við skipaiðnað skilaði sér og meira en það sem hagur fyrir þjóðina þannig að langt má ganga, því þessi iðnaður veltir upp á sig miklum öðrum iðnaði og atvinnutækifærum.

[14:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Mér finnst eiginlega varla eiga að þurfa að þakka það þó undinn sé bráður bugur að því að lagfæra þetta endurgreiðsluhlutfall þannig að það halli ekki beinlínis á íslenska skipasmíðaiðnaðinn að þessu leyti, að hann sé skattlagður sérstaklega umfram smíðar eða viðgerðir erlendis, en samkvæmt skýrslunni er endurgreiðsluhlutfallið nú of lágt. Við erum eingöngu að tala um þann þátt málsins. Að ýmsu öðru leyti er stutt við þennan iðnað í nágrannalöndunum og hefur lengi verið gert og ég heyrði ekkert um að til stæði að breyta því hér af okkar hálfu. Ég segi nú þakka skyldi það þó fyrr hefði verið að á þessu væri tekið.

En það eru margar skýrslurnar og margar tillögurnar um aðgerðir til stuðnings íslenskum skipaiðnaði frá undangengnum árum m.a. sem hafa legið á borðum hæstv. iðnaðarráðherra sem ekkert hefur verið gert með og ekkert hefur orðið úr. Þetta lítilræði er því sjálfsagt að þakka en ég minni á að það er samt langt í land að Íslendingar hafi hlúð að þessari grein með sambærilegum hætti og nágrannalöndin og allt saman fullkomlega löglegt samkvæmt EES-reglum, samanber úttekt EES á reglum Norðmanna.

[14:21]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er aldeilis gott þegar ráðherrann er tilbúinn til að lagfæra stöðu skipaiðnaðarins og hefði verið þörf á því fyrr. En betra er seint en aldrei og því ber auðvitað að fagna að nú skuli eiga að lagfæra stöðuna og styðja skipaiðnaðinn með sambærilegum hætti og gert er í öðrum löndum. Það hefur ekki verið vansalaust hjá okkur hvernig þróunin hefur verið í skipabyggingum og við höfum auðvitað verið að missa stóran hluta af þekkingunni úr greininni og missa þar af leiðandi verkefni, viðhaldsverkefni sem nýbyggingarverkefni, því að ef engin nýbygging er til þá er hætt við að viðhaldinu hraki einnig. Þetta hangir nefnilega saman og hefur mikil áhrif til atvinnusköpunar og atvinnuumsetningar í landinu og þessu fylgja margfeldisáhrif.

[14:23]

Guðmundur Hallvarðsson:

Frú forseti. Ég fagna þessari fyrirspurn hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar. Það voru vissulega orð í tíma töluð sem hér voru borin fram og svar hæstv. fjármálaráðherra. Við höfum horft allt of mikið til háskólamenntunar á Íslandi en sú mikla þekking og reynsla sem við höfum átt í mörgum iðngreinum samanber skipasmíðar hefur oft fallið í skuggann. Það er einhvern veginn þannig eins og dæmi eru um nú nýlega um Landhelgisgæsluna þar sem tilboða var leitað *erlendis og þau tekin, að íslensk útgerð, hvort sem það er* kaupskipaútgerð eða fiskiskipaútgerð, gerir kröfur um að eiga greiðan aðgang að járniðnaðarmönnum og slippum ef eitthvað bjátar á. En þess í milli virðist það vera svo að útgerðinni sé nákvæmlega sama um hvort járniðnaðarmenn séu tiltækir eða ekki til viðhalds og viðgerða á þessum skipum, því miður.

Þess vegna fagna ég yfirlýsingu fjármálaráðherra og heiti á hann að koma kröftuglega fram til að efla skipasmíðaiðnaðinn.

[14:24]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir þingmenn þakka hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni fyrir að bera fram þessa fyrirspurn á Alþingi og jafnframt þakka hæstv. fjármálaráðherra fyrir afskaplega jákvæð svör. Ég tek undir með þeim sem hér hafa talað. Það skiptir máli að jafna aðstöðu innlendrar skipasmíði og það skiptir líka miklu máli að þekking og reynsla í skipasmíði verði áfram hér á landi. Ég ítreka þakklæti mitt fyrir þetta.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Frú forseti. Ég er ánægður með þessar jákvæðu undirtektir hæstv. fjármálaráðherra. Hann segir reyndar að það þurfi að meta það af einhverri nefnd hvað endurgreiðslurnar þurfi að vera háar en ég minni á að niðurstaða nefndarinnar

sem ég vitnaði til er ótvíræð og í þeirri nefnd sat fulltrúi fjármálaráðherra ásamt fulltrúa iðnaðarráðherra og Samtaka iðnaðarins. En ég hvet hæstv. ráðherra til að láta hraða niðurstöðum þannig að þessar leiðréttingar komi sem allra fyrst því að stöðvarnar þurfa á þeim að halda. Það er nauðsynlegt að bæta skerðingu endurgreiðslnanna og með ólíkindum að menn skuli hafa dregið andvirði skipsskrokkanna frá við útreikningana vegna þess að það er auðvitað enginn munur á innflutningi á skipsskrokki og öðrum innflutningi til skipasmíðinnar, þ.e. vélum, spilum, siglinga- og fiskileitartækjum og fleira. Þetta er undarleg aðgerð sem þarf auðvitað að leiðrétta eins og er lagt til í skýrslunni.

Ég vil líka leggja áherslu á að opinberar stofnanir verða að muna eftir þessari iðngrein en ekki setja stein í götu hennar eins og mér finnst að hafi verið gert við ákvörðun um breytingar á varðskipunum en allur aðdragandi og ákvarðanataka í því máli benti til að Ríkiskaup vildu að verkin yrðu unnin erlendis en ekki hérna heima, svo sem eins og fara að gefa einhverjum ISO-staðli vægi í því sambandi vitandi það að íslensku stöðvarnar hafa ekki ISO-staðal og það skiptir engu máli upp á verkið sjálft. Það vita allir að þessar íslensku stöðvar sem buðu í þetta verk, Slippstöðin á Akureyri og Þorgeir og Ellert á Akranesi hafa í gegnum tíðina skilað góðu verki og óþarfi að reyna að leggja stein í götu þeirra.

Á árunum 1988 og 1989 voru leyfðir ríkisstyrkir innan ESB sem gátu numið allt að 28% af smíðaverði skipa og þá hófst þessi mikli samdráttur í skipasmíðunum á Íslandi. Á þeim 18 árum sem síðan eru liðin varð þessi samdráttur allt að 70%. Þetta er auðvitað ekki síst alvarlegt vegna þess að skipasmíðastöðvarnar hafa verið mjög mikilvægar uppeldisstöðvar fyrir járniðnaðarmenn á síðari hluta síðustu aldar og þessi mikli samdráttur hefur leitt til skorts á járniðnaðarmönnum.

Ég ítreka þakkir til hæstv. fjármálaráðherra og vona að hann hraði niðurstöðu málsins og hún verði sem allra jákvæðust.

Sjúkrahússbyggingar í Fossvogi.

Fsp. ÁMöl, 512. mál. — Þskj. 781.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Það var mörgum gleðiefni þegar hæstv. utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, tók af skarið í janúarmánuði sl. og setti fram hugmyndir um að nota mætti hagnað af sölu Símans til að flýta uppbyggingu á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Það hefur legið fyrir um nokkurt skeið að bráðaþjónusta sjúkrahússins verði rekin á einum stað við Hringbraut sem er framtíðaruppbyggingarsvæði spítalans. Ég tel þó að flestir hafi gert sér grein fyrir að bið getur orðið á að þessi áform gætu ræst þar sem kostnaður við byggingu nýs spítala er mikill eða áætlaður rúmir 36 milljarðar kr.

Ákvarðanir ríkisstjórnarinnar á síðustu vikum, m.a. um samkeppni um skipulag á lóð LSH, eru því ánægjulegri fyrir bragðið og ljóst að framtíðardraumarnir eru ekki eins fjarri og margir höfðu talið.

Starfsemi LSH fer fram víða á höfuðborgarsvæðinu. Stærstu byggingarnar utan Hringbrautar eru á Landakoti, á Kleppi og í Fossvogi og reyndar er það svo að þegar rætt er um að flytja starfsemi spítalans á einn stað er almennt verið að ræða um bráðastarfsemina og hafa því Landakot og Kleppsspítali verið utan við umræðuna. Ekki hef ég heyrt hugmyndir um að leggja niður starfsemi á þessum tveim byggingum þegar nýr spítali hefur risið en hæstv. heilbrigðisráðherra leiðréttir mig þá ef það er misskilningur minn.

Hins vegar er ljóst að starfsemi sem nú fer fram í Fossvogi verður flutt á Hringbrautina. Borgarspítalinn í Fossvogi, sem nú er undir LSH, er eitt best búna sjúkrahús landsins og með þeim yngstu. Spítalinn tók formlega til starfa á árinu 1968 og hefur á síðustu árum verið mikið endurnýjaður. Til dæmis hafa skurðstofur gjörgæsludeild og aðrar bráðadeildir verið endurnýjaðar frá grunni á síðustu árum. Ljóst er að mikið fjármagn er bundið í sjúkrahúsinu.

Tilefni spurningar minnar í dag er viðtal sem birtist við starfandi forstjóra LSH, Jóhannes Gunnarsson, fyrir nokkrum vikum. Þar var hann spurður að því hvað yrði gert við Borgarspítalann í Fossvogi. Hann svaraði því til að ráðgert væri að selja spítalann og lóðina sjálfa. Satt að segja hafði ég aldrei áður heyrt þessu fleygt fram og því þótti mér áhugavert að heyra hugmyndir hæstv. heilbrigðisráðherra um örlög spítalans og hvernig hann hefur hugsað sér að fylgja þeim eftir. Hvaða hugmyndir liggja að baki svari forstjóra LSH? Hafa áhugasamir kaupendur gefið sig fram? Að því gefnu að sjúkrahúsið verði áfram nýtt til að veita heilbrigðisþjónustu, hvaða hugmyndir hefur hæstv. ráðherra um hvers konar þjónusta verði þar veitt? Mun hæstv. ráðherra taka jákvætt í að veita rekstrarleyfi til einkaaðila með rekstur sjúkrahúss í Fossvogi?

Ljóst er að verðmæti sjúkrahússbygginga í Fossvogi miðast m.a. við hvaða starfsemi mun fara þar fram eftir að hann verður seldur og í hve miklum mæli hægt er að nýta þá fjárfestingu sem liggur í spítalanum. Því er skynsamlegt að gera áætlanir um nýtingu sjúkrahússins í framtíðinni og miða viðhald á byggingum og tækjum við slíkar áætlanir. Því spyr ég hæstv. heilbrigðisráðherra um hugmyndir hans um ráðstöfun sjúkrahússbygginga í Fossvogi.

[14:30]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta Möller hefur beint til mín eftirfarandi fyrirspurn:

„Hvaða hugmyndir eru uppi um ráðstöfun sjúkrahússbygginga í Fossvogi, áður Borgarspítalans, þegar starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss hefur verið sameinuð á einn stað við Hringbraut?“

Þann 27. apríl 2004 undirritaði ég fyrir hönd ríkisins ásamt borgarstjóra Reykjavíkurborgar samning þar sem fjallað er m.a. um lóðir á vegum Landspítalans í Fossvogi. Í samningnum segir að þær lóðir sem Landspítali – háskólasjúkrahús hafi umráð yfir í Fossvogi komi með samkomulagi um hlut Reykjavíkurborgar að öðru leyti en því að aðalbyggingu spítalans verður afmörkuð lóð sem nánar er skilgreind í samningnum. Þá segir að verði tekin ákvörðun

um flutning þeirrar starfsemi sem nú fer fram í aðalbyggingu sjúkrahússins í Fossvogi í tengslum við uppbyggingu Landspítalans við Hringbraut muni Reykjavíkurborg ekki standa í vegi fyrir því að eignin verði nýtt með öðrum þætti en í þágu heilbrigðisþjónustu. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um ráðstöfun sjúkrahússbygginganna í Fossvogi en nokkrar hugmyndir hafa verið til umræðu. Það er rétt að taka fram að um hugmyndir er að ræða, og ég ítreka það þar sem enn hefur ekki verið tekin formleg ákvörðun um framkvæmdir. Það er afar brýnt að fara ekki fram úr sjálfum sér í því sambandi.

Í fyrsta lagi hafa þær nefndir sem ég hef skipað til að fjalla um uppbyggingaráformin gert ráð fyrir að eignir Landspítalans á höfuðborgarsvæðinu verði seldar og söluandvirðið nýtt til uppbyggingar sjúkrahússins. Ljóst er að þarna er um mikil verðmæti að ræða og vel má hugsa sér að húsnæði Borgarspítalans gamla geti nýst fyrir aðra starfsemi en heilbrigðisþjónustu.

Í öðru lagi hefur verið til lauslegrar skoðunar hvort nýta mætti húsnæðið í Fossvogi fyrir öldrunarþjónustu en það mundi koma í góðar þarfir. Húsnæðið er 28 þús. fermetrar og var B-álma þess hönnuð sem öldrunarlækningadeild. Í húsnæðinu mætti koma fyrir á þriðja hundrað legurýmum auk margvíslegrar þjónustu fyrir hina öldnu einstaklinga.

Í þriðja lagi hafa verið nefndar hugmyndir um nýtingu Borgarspítalans gamla sem miðstöðvar fyrir endurhæfingarstarfsemi og mun húsnæðið henta nokkuð vel fyrir slíkt hlutverk.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka að hér er aðeins um lauslegar hugmyndir að ræða og í raun ekki farið að gera neinn formlegan samanburð á þeim, möguleikum sem til greina kæmu, enda er það vart tímabært. Núgildandi áætlanir gera ráð fyrir sölu Borgarspítalans en aðstæður í samfélaginu á þeim tíma þegar byggingar tæmast og losna munu ráða miklu um nýtingu eignarinnar. Ljóst er að húsnæðið í Fossvogi mun verða notað fyrir starfsemi spítalans um nokkurn tíma enn, þangað til starfsemin verður öll flutt í hinar nýju byggingar sem vonandi munu rísa við Hringbrautina, en aftur vil ég taka það fram að gefnu tilefni að enn hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um framkvæmdir þótt verið sé að undirbúa málið um framkvæmdir við byggingu spítalans. Vonandi kemst skriður á það mál eins og hefur verið á undanförnum vikum og mánuðum.

[14:34]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vildi fá að blanda mér aðeins inn í umræðuna um framtíð sjúkrahússbyggingarinnar í Fossvoginum sem hér er til umræðu. Ég tek undir þær hugmyndir sem hér hafa komið fram hjá hæstv. heilbrigðisráðherra um hvernig nýta mætti það húsnæði. Það er alveg ljóst að varðandi öldrunarþjónustuna þarf að bæta talsvert þar úr. Það eru biðlistar og legurými vantar. Það hefur komið fram hjá ráðherra að það er hugsanlega hægt að koma fyrir 300 legurýmum þarna og hugsanlega væri hægt að hafa líka endurhæfingarrými á spítalanum þannig að greinilega skapast miklir möguleikar við flutning spítalans alls að Hringbraut.

En það væri ágætt ef ráðherrann gæti upplýst um hvaða hugsanlega verð væri hægt að fá fyrir það húsnæði sem spítalinn á. Mér heyrðist ráðherrann vera að koma inn á að það yrði selt.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin sem gefa til kynna að þær hugmyndir sem eru uppi um framtíðarnýtingu Borgarspítalans eru ekki langt komnar. Þó nefndi hæstv. ráðherra að byggingarnar gætu verið notaðar fyrir ýmsa aðra starfsemi heilbrigðisþjónustu en það segir sig náttúrlega sjálft að þá nýtist fjárfestingin afskaplega lítið. Þær gætu nýst til öldrunarþjónustu sem er í rauninni ágæt hugmynd því eins og komið hefur fram er töluverður skortur á hjúkrunarrými fyrir aldraða. Á hinn bóginn segir það sig sjálft að þetta húsnæði er ekki mjög hentugt fyrir öldrunarstofnanir með hliðsjón af þeim kröfum sem við gerum núna í dag, bæði um minni stofnanir og einnig vegna þeirrar áherslu að við viljum frekar styðja fólk til að vera heima eins lengi og hægt er.

Ég spurði hæstv. ráðherra sérstaklega hvort honum fyndist koma til greina að skoða þennan spítala sem einkaspítala. Ég vona að ég fái einhver svör frá hæstv. ráðherra í seinni ræðu hans varðandi það atriði því það er alveg ljóst að samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum mun framkvæmd við nýjan spítala hefjast árið 2009 og þar sem verið er að tala um að færa bráðaþjónustuna fyrst, leggja áherslu á að byggja undir hana, er ljóst að það verður fljótlega af því að flytja starfsemi úr Borgarspítala inn í hinn nýja spítala. Það er ekki seinna vænna að gera áætlanir um hvað verður um þessa stóru stofnun. Þótt það fari kannski aðeins inn í aðra sálma er samt alveg ljóst að ef það kemur til greina af hálfu ráðherra að ganga til samninga við einkaaðila um rekstur þessa spítala (Forseti hringir.) vill maður vita á hvaða forsendum slíkt skyldi gert.

[14:37]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi var spurt hvaða verð mætti hugsanlega fá fyrir eignir Landspítala – háskólasjúkrahúss á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef ekki svör við því hér en það er ljóst að þær eignir eru mjög verðmætar, m.a. Vífilsstaðalandið og fleiri eignir sem mikil verðmæti eru í.

Varðandi svo seinni spurningu hv. fyrirspyrjanda um hvort ég væri tilbúinn til að ganga til samninga um rekstur einkaspítala er ég tilbúinn til að skoða allar hugmyndir. Það færi auðvitað eftir eðli máls en ég vil undirstrika í því sambandi að sameining spítalanna á sínum tíma varð til þess að sameina hátæknibjónustuna og það er viðurkennd staðreynd að upptökusvæði hátæknispítala er talið t.d. erlendis fjölmennara en við erum, við Íslendingar. Ég hef heyrt þær kenningar að það þurfi 700 þús. manna upptökusvæði fyrir einn hátæknispítala þannig að ég sé ekki að við mundum ganga til samkomulags um tvo spítala af því tagi.

Ég er tilbúinn til að skoða allar hugmyndir auðvitað en ég vil undirstrika að hér er um langtímamál að ræða og það er ekki komið að því á næstu mánuðum að þetta verði að veruleika. Þarna er verið að tala um að byrja, ef vel væri, árið 2009 (Forseti hringir.) en þetta tæki nokkurn tíma.

Geðheilbrigðisþjónusta í fangelsum.

Fsp. MF, 561. mál. — Þskj. 848.

[14:40]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að um margra ára skeið hefur verið sláandi skortur á aðstöðu fyrir fanga með geðræn vandamál í fangelsum landsins. Þeir fangar sem eiga við verulega geðræn vandamál að stríða og þyrftu á sjúkrahúsvist að halda fá sjaldnast vistun á geðdeildum. Forstjóri Fangelsismálastofnunar og Fangelsismálastofnun hafa sent ítrekað bréf til heilbrigðisyfirvalda og beðið um úrbætur í málefnum þessara fanga þar sem talið er að 6–8 fangar séu mjög alvarlega veikir hverju sinni og þurfi á sérvistun að halda.

Einnig hefur komið fram ályktun frá Fangavarðafélagi Íslands þar sem bent er á þörf fyrir úrræði fyrir fanga sem eiga við veruleg geðræn vandamál að stríða og síðast í gærkvöldi var viðtal við Bjarnþóru M. Pálsdóttur, sem er varaformaður Fangavarðafélags Íslands, þar sem hún talar um skort á meðferð fyrir fanga. Þá er fyrst og fremst verið að tala um fíkniefnavandamál en það er líka kunnara en frá þurfi að segja að þeir sem hafa lengi neytt sterkra fíkniefna eiga oftar en ekki við geðræn vandamál að stríða. Þess vegna hefur orðið þessi skortur á úrræðum fyrir fanga sem dvelja til að mynda á Litla-Hrauni eða í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg þar sem þeir dvelja allt að sex mánuðum án þess að fá þjónustu við hæfi, hvorki meðferð við fíkniefnaneyslu við komu í fangelsið né viðunandi meðferð vegna geðrænna vandamála sem fylgja fíkniefnaneyslunni. Eins er með kvennafangelsið þar sem hefur þurft að vista fanga með geðræn vandamál þó að engin aðstaða sé til þess.

Fyrir stuttu síðan var einn fangi fluttur frá kvennafangelsinu að Litla-Hrauni í einangrunarvistun, m.a. vegna þess að sá einstaklingur á við verulega mikil geðræn vandamál að stríða. Það virðist hins vegar ekki vera lausn fyrir þann fanga að vera vistuð á Litla-Hrauni og varla í samræmi við þá sjúkdómsgreiningu sem hún hefur fengið hjá læknum fangelsis.

Ég spyr hæstv. ráðherra:

Hefur verið brugðist við óskum Fangelsismálastofnunar um úrbætur í geðheilbrigðisþjónustu innan fangelsanna? Ef svo er, á hvern hátt? Ef ekki, hvenær má vænta úrbóta?

[14:43]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hefur beint til mín munnlegri fyrirspurn um viðbrögð við óskum Fangelsismálastofnunar um úrbætur í geðheilbrigðisþjónustu innan fangelsanna. Hv. þingmaður vekur máls á mjög mikilvægum þætti. Sem kunnugt er er heilbrigðisþjónusta við fanga á Íslandi á ábyrgð heilbrigðisyfirvalda. Undanfarin ár hefur margt verið gert til að bæta þessa þjónustu, bæði hina almennu læknisþjónustu í fangelsum sem og geðheilbrigðisþjónustu við fanga.

Heilbrigðisvandamál fanga eru að sjálfsögðu af ýmsum toga en einungis hluti þeirra verður leystur innan veggja fangelsanna með þeim úrræðum sem þar bjóðast. Fangar njóta því einnig annarra úrræða heilbrigðisþjónustunnar utan fangelsa eftir því sem atvik og sjúkdómar krefjast. Þjónustusamningar eru við þær heilbrigðisstofnanir sem nálægar eru fangelsunum svo sem Heilbrigðisstofnun Suðurlands vegna þjónustu við fangelsið að Litla-Hrauni og heilsugæslustöðin á Akureyri vegna þjónustu við fangelsið þar.

Af hálfu heilbrigðisstarfsmanna, Fangelsismálastofnunar og annarra aðila, svo sem erlendra eftirlitsnefnda sem og umboðsmanns Alþingis, hefur verið lögð áhersla á að auka þjónustu geðlækna. Við fangelsið á Litla-Hrauni hefur verið fjórðungsstaða geðlæknis en annars staðar hefur sú þjónusta verið keypt eftir þörfum fangelsanna, svo sem á Akureyri.

Ég get upplýst Alþingi um það að ég hef nýlega heimilað Heilbrigðisstofnun Suðurlands að auka verulega þjónustu geðlæknis við fangelsið á Litla-Hrauni með því að veita stofnuninni heimild til að auglýsa eftir sérfræðingi í geðsjúkdómum í hálfa stöðu til viðbótar við þá fjórðungsstöðu sem fyrir var. Geðlæknisþjónustan þrefaldast frá því sem nú er. Í tölum þýðir þetta að á þessu ári voru fjárveitingar auknar um 18 millj. kr. til að efla heilbrigðisþjónustu við fanga og auk þess voru veittar 4,8 millj. kr. til réttargeðdeildarinnar að Sogni til að standa undir viðbótarstöðu geðlæknis. Birtist einmitt auglýsing um lausa stöðu geðlæknis við Heilbrigðisstofnun Suðurlands síðasta sunnudag í Morgunblaðinu og á Starfatorgi.

Frekari aukning á þjónustu við fanga mun verða í sífelldu endurmati. Einkum hafa sjónir manna beinst að vandamálum fíknar og geðsjúkdóma og mun af hálfu ráðuneytisins áfram verða unnið að því að bæta eftir fremsta megni þessa þjónustu í fangelsum landsins.

Virðulegi forseti. Ég vona að ofangreindar upplýsingar þar sem fram kemur að um þreföldun geðlæknisþjónustu á Litla-Hrauni er að ræða svari spurningum hv. þingmanns.

[14:46]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að koma fram með þessa fyrirspurn og eins svör hæstv. ráðherra. Það er augljóst að verið er að vinna í þessum mikilvægu málum en það þarf meira til og það þarf að vinna áfram af krafti að því að bæta þar úr því að þörfin er fyrir hendi, m.a. þörf fyrir lokaða geðdeild fyrir sakhæfa fanga, utan fangelsismúranna eins og sagt er. Það þarf líka að koma á mjög markvissri meðferð fanga sem eru í neyslu fíkniefna og áfengis og hefja meðferðina um leið og fangar koma inn þannig að þeir geti nýtt afplánunartímann til að eiga svo einhverja möguleika á að koma út sem betri og þarfari þegnar.

Hvað varðar þetta mál í heild — er tími minn útrunninn.

[14:47]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég tek þá upp þráðinn. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að hreyfa þessu máli og ég hlýt jafnframt að lýsa ánægju minni með aukinn skilning fangelsisyfirvalda á að taka á heilbrigðisvanda sem fangar standa frammi fyrir við afplánun refsingar. Það má sjá m.a.

í skýrslu fangelsisyfirvaldanna um markmið Fangelsismálastofnunarinnar.

Það er einkum vandi tveggja hópa fanga sem þarf sérstaklega að huga að. Annars vegar eru þeir sem eiga við vímuefnavanda að stríða og hins vegar hinir sem eru með geðræn vandamál. Það er mikil þörf á frekari úrræðum varðandi vímuefnameðferð en hún stendur föngum einkum til boða við lok refsivistar. Í ljósi þess að fangelsi á að vera betrunarvist væri nær að bjóða föngun upp á afeitrun og meðferð vegna vímuefnavanda við upphaf meðferðar og styðja þá til þess að halda sig frá vímuefnum meðan á refsivist stendur. Á það þarf að leggja áherslu og það eitt gæti leyst ýmsan annan vanda í fangelsum.

Jafnframt er vandi — nú er minn tími búinn og þá stoppa ég.

[14:48]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að vekja máls á þessu máli og ágætt svar hæstv. heilbrigðisráðherra.

Á undanförnum missirum hefur verið talsverð umræða um málefni fanga og er það vel, einnig starfsmanna fangelsanna en þeir sinna auðvitað mjög mikilvægu starfi sem ber að virða og hlúa að engu síður en innra starfi í fangelsunum. Eins og kom fram áðan í umræðunni þarf hið innra starf í fangelsunum að vera mjög uppbyggilegt og raunar þarf að vera um betrunarvist að ræða. Hér kom fram í svari hæstv. ráðherra sem hefur sýnt þessum málaflokki mikinn áhuga að fjármagn er að aukast í geðheilbrigðisþjónustu.

Það ber að þakka og einnig ber að styrkja samstarf Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, réttargeðdeildarinnar að Sogni og fangelsisins að Litla-Hrauni. Þetta eru stofnanir sem eiga og geta mjög vel unnið saman. (Forseti hringir.)

[14:49]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að bera fram þessa fyrirspurn í dag og jafnframt þakka ég hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir hvað hann hefur mikinn skilning á þessum málum. Eins ber að fagna auknum skilningi fangelsisyfirvalda yfirleitt því að þar finnst mér mikil breyting vera orðin á, mjög jákvæð.

Ég fagna því einnig að staða geðlæknis við Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur nú verið auglýst og það mun nýtast fangelsinu að Litla-Hrauni afskaplega vel, og Sogni líka, og allt mun þetta geta unnið saman.

Ég vil líka taka undir með þeim sem hafa rætt um skort á úrræðum varðandi vímuefnaneyslu. Það er mjög mikilvægt að taka á þeim málum strax í upphafi um leið og fangi er vistaður, að hann fari þá strax í meðferð. Það hlýtur að spara þegar til lengri tíma er litið.

[14:50]

Helgi Hjörvar:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir að boða þessa þjónustuaukningu en ekki síður hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að ganga eftir því og fyrir óþrjótandi áhuga hennar og baráttu fyrir málefnum fanga.

Staða fangelsismála hefur því miður um langt skeið verið okkur til vansa og við verið áminnt af alþjóðlegum eftirlitsaðilum í því efni. Ég held að það sé einmitt endurhæfingarhugsunin og úrræðin og meðferðin sem við þurfum í miklu ríkari mæli að beita í fangelsunum, til þess ekki síst að rjúfa þann vítahring sem afbrotaferillinn getur orðið ungu fólki. Til að það verði þeim ekki ævilangt hlutskipti og baggi þarf að rjúfa þann vítahring með meðferðum og með endurhæfingu fyrst og fremst.

[14:51]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Ég þakka þessa gagnlegu umræðu og þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að hefja hana. Það sem mig langaði að koma fram með, leggja inn í umræðuna, er að fyrir þinginu liggur frumvarp til laga um fullnustu refsinga — það er í allsherjarnefnd — þar sem vel er farið yfir þau mál og komið inn á m.a. það hvernig vistunaráætlanir á að gera fyrir fanga, taka tillit einmitt til fíknisefnavandamála þeirra fanga sem fara inn í fangelsin.

Svo vil ég minna á að næstkomandi föstudag er einmitt ráðstefna um þennan málaflokk á Hótel Örk sem væri mjög gagnlegt fyrir þingmenn sem hafa áhuga á að fylgjast með.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er mjög ánægjulegt hversu margir hafa tekið þátt í þessari umræðu, hversu margir þingmenn taka til máls, vegna þess að oft og tíðum er þetta málaflokkur sem ekki margir sýna áhuga. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin en þó að það séu vissulega spor í rétta átt að auka þjónustuna um hálfa stöðu á Litla-Hrauni, það skiptir auðvitað verulegu máli, skiptir enn meira máli aðgangur fanga að leguplássum utan fangelsis, þegar við alvarleg geðræn vandamál er að stríða. Á það hefur bæði Sigurður Guðmundsson landlæknir bent og einnig núverandi forstöðumaður Fangelsismálastofnunar sem hefur sinnt þessum málum mjög vel. Hann segir m.a. í bréfi sem sent var til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis að komið hafi upp dæmi þar sem föngum sem eiga við geðræn vandamál að stríða hafi verið vísað frá geðdeildum. Hann rekur sögu fanga sem síðasta sumar hafi verið í miklum geðsveiflum og ítrekað reynt sjálfsvíg. Að mati læknis taldist ástand hans orðið mjög ótryggt og var hann því sendur á bráðageðdeild Landspítalans. Um klukkustund síðar var fanginn sendur í Hegningarhúsið og vistaður í einangrun af öryggisástæðum. Hann var síðan sendur á réttargeðdeildina að Sogni og jafnframt segir fangelsismálastjóri að dæmi séu um að föngum sem sendir séu á geðdeild hafi verið snúið við á tröppunum og þeir sendir aftur í fangelsi eftir nokkrar klukkustundir.

Við vitum hvaða afleiðingu slík meðferð hefur haft og þurfum svo sem ekki að rekja þau dæmi hér úr ræðustól. En það er mikil nauðsyn á því að tryggja leguplássin, til þess þarf fjármagn og því fjármagni er best varið við frekari uppbyggingu að Sogni. Það liggja fyrir teikningar, það kostar um 29 millj. kr. að bæta þar pláss þannig að húsnæðið geti tekið 7–8 fanga.

[14:55]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda og ég þakka fyrir þá almennu umræðu sem hefur verið um þetta mál. Það er rétt að það hefur verið í opinberri umræðu að undanförnu í meira mæli en áður hefur verið, og er það vel.

Ég endurtek að ég bind miklar vonir við þá auknu þjónustu sem aukin geðlæknaþjónusta hefur í för með sér á Litla-Hrauni. Við munum að sjálfsögðu fylgjast með, eins og kom fram í svari mínu, hvaða þjónusta hentar best í fangelsunum. Skírskota ég þá til þess tillöguflutnings sem var nefndur hér.

Varðandi svo legupláss utan fangelsa þegar alvarlegir hlutir steðja að höfum við átt viðræður við forsvarsmenn geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss um þau mál. Þær viðræður fóru fram nýverið og við munum reyna að fylgjast með því eftir föngum að þar verði aðgangur. Það er alveg rétt að við þurfum að marka þessari starfsemi stað og vonandi kemur sá dagur að við getum byggt við á Sogni. Það eru áform þar um og það er ein af þeim leiðum sem til greina koma í því máli.

Þó að ég geti ekki sagt um það á þessari stundu hvenær það verður er það eitt af mögulegum úrræðum en ég legg áherslu á það í lokin að allar þær stofnanir sem vinna á þessu sviði hafi sem best samstarf.

Viðbrögð við faraldri.

Fsp. GÞÞ, 637. mál. — Þskj. 967.

[14:57]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að reglulega berast okkur mjög slæmar, oft og tíðum skelfilegar, fréttir erlendis frá um svokallaða fuglaflensu. Bara núna í dag kom frétt í Ríkisútvarpinu sem ber yfirskriftina: „Fuglaflensa gæti banað 70 milljónum“ og ég vildi fá að lesa hana, með leyfi forseta:

„Fuglaflensa gæti orðið heimsfaraldur á skömmum tíma og dregið allt að 70 milljónir manna til dauða, 70% þeirra sem smitast. Þetta kom fram í máli Peters Dohertys, prófessors í Melbourne, og handhafa nóbelsverðlauna í læknisfræði, á ráðstefnu í Lyon í gær. Doherty sagði þetta mat Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Fuglaflensa hefur þegar valdið dauðsföllum í Austur-Asíu.

Doherty segir hætt við að veirur fuglaflensu og mannaflensu nái saman, tengist með erfðavísum, þá sé voðinn vís. Hann bendir á að liðlega 40 milljónir manna hafi látist úr banvænni inflúensu 1918, spænsku veikinni svonefndu, hún hafi farið sem eldur í sinu um heiminn þótt samgöngur væru miklu stopulli þá en nú.“

Einnig er frétt á mbl.is sem ég ætla ekki að lesa en hún gengur í stuttu máli út á það að 18 lönd fengu fyrir mistök send sýni með fuglaflensuveiru. Þeim var gert skylt eðli máls samkvæmt að eyða þessu en þetta segir okkur sem við vitum að þrátt fyrir að við höfum verið svo lánsöm, og vonandi verðum við það alltaf, að fá ekki svona skaðvald hingað til lands er ekkert öruggt í þessu efni, því miður. Það er því ástæðan, virðulegi forseti, að ég ber fram eftirfarandi spurningar til heilbrigðisráðherra og ég tel — og ég held að allur þingheimur og þjóðin sé sammála um það — að skynsamlegt sé í málum sem þessum að vona hið besta en búa sig undir það versta. Þess vegna ber ég fram eftirtaldar fyrirspurnir:

1. Er til viðbragðsáætlun fyrir skæðan faraldur eins og fuglaflensu? Ef ekki, er unnið að slíkri áætlun nú?

2. Eru til birgðir inflúensulyfja og bóluefna til að bregðast við því ástandi sem skapast getur og við hvaða forsendur miðast áætlanir?

3. Beinist viðbúnaður eingöngu að heilbrigðisstéttum eða hefur almenningur verið upplýstur um viðeigandi viðbúnað?

4. Hverjar teljast eðlilegar sóttvarnir heimila og þykir rétt að þau komi sér upp lyfjabirgðum?

[15:00]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur beint til mín spurningum um viðbrögð við faraldri, bæði viðbragðsáætlanir, birgðir inflúensulyfja og fleiri atriði tengd þessu.

Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa ásamt íslenskum stjórnvöldum unnið að viðbragðsáætlun og sóttvarnarráðstöfunum vegna faraldra, svo sem hugsanlegs heimsfaraldurs vegna inflúensu af A-stofni sem nú geisar í fiðurfé í Suðaustur-Asíu. Þar hefur fólk smitast af fuglum. Enn sem komið er hefur ekki verið sýnt fram á að virkt smit hafi borist manna í millum. Verði slík smitun milli manna staðfest er hætta á heimsfaraldri verulega meiri og skilgreint hættuástand verður aukið.

Undirbúningur að þessari viðbragðsáætlun hófst fyrir rúmu ári. Viðbúnaður á Landspítala – háskólasjúkrahúsi hefur verið aukinn og einnig er áfram unnið að auknum viðbúnaði annars staðar í heilbrigðisþjónustunni. Af hálfu heilbrigðisyfirvalda hefur aðgerðum verið stýrt í náinni samvinnu við sóttvarnalækni. Er hann reiðubúinn með frekari aðgerðir verði þeirra talin þörf, allt eftir tegund og eðli ógnarinnar. Birgðir veiruhamlandi lyfja voru auknar á síðasta ári. Aukist alþjóðlegt hættustig, t.d. ef Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin staðfestir að fuglainflúensa sé farin að berast manna á milli, verður sent dreifibréf á vegum sóttvarnalæknis með fyrirmælum til lækna um að vera vakandi gagnvart hugsanlega auknum fjölda inflúensutilfella. Ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt að heimila sóttvarnalækni að kaupa lyf við inflúensu fyrir 10 millj. kr. Þá hafa verið birtar upplýsingar á heimasíðu landlæknisembættisins til ferðamanna sem ferðast til svæða þar sem fuglainflúensa af AH5N1 geisar. Þá hefur sóttvarnanefnd samvinnu við yfirdýralækni komi til þess að fuglainflúensa berist í íslenskt fiðurfé.

Enn er ekkert bóluefni til gegn inflúensu af stofni AH5N1 fyrir menn og alls óljóst hvenær það verður til þar sem veiran hefur ekki enn tekið þeim breytingum sem margir óttast að síðar verði. Þá fyrst þegar gerð slíkrar veiru er ljós getur framleiðsla á bóluefni hafist.

Í ljósi þess að fuglaflensan í Asíu heldur áfram og fleira fólk hefur sýkst þar með hárri dánartíðni hefur verið ákveð-

ið að auka enn viðbúnaðinn gegn heimsfaraldri hér á landi. Starfar nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar sem í sitja fulltrúar heilbrigðis- og dómsmálaráðuneytisins sem er ætlað að samræma viðbrögð hinna ýmsu þátta stjórnkerfisins komi til heimsfaraldurs af þessum eða svipuðum toga. Þar er m.a. verið að kanna möguleika á sóttkví, einangrun og öðrum hindrandi aðgerðum gegn smiti. Samtímis er mikilvægt að skapa ekki ástæðulausan ótta meðal almennings. Flæði upplýsinga er því afar mikilvægt.

Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, Evrópusambandið og Norðurlöndin unnið að þróun viðbragðsáætlunar vegna heimsfaraldurs inflúensu. Meðal þeirra úrræða sem rædd hafa verið er aukið birgðahald sértækra inflúensulyfja og er það mál í frekari skoðun. Lagt hefur verið til að þjóðir heims eigi tiltæk á hverjum tíma lyf við inflúensu og stefna flestar nágrannaþjóðir okkar að því að hafa tiltæka meðferðarskammta fyrir 25–30% íbúa sinna, einkum fyrir fólk í öryggis- og heilbrigðisþjónustu, sem og fyrir einstaklinga í sérstökum áhættuhópum. Þess má geta að meðferð með inflúensulyfjum seinkar hugsanlega einungis vandanum og gæti aðeins orðið tiltæk lausn í skamman tíma meðan bóluefni er í framleiðslu. Lyfjabirgðahald er því einungis ein af þeim ráðstöfunum sem gripið verður til. Virkt bóluefni er farsælasta lausnin þegar það verður fáanlegt.

Virðulegi forseti. Eins og ég hef greint frá hefur verið unnið talsvert mikið að viðbragðsáætlun gagnvart hugsanlegum faröldrum sem miðast þó ekki eingöngu við inflúensu heldur faraldra af hvaða toga sem er. Margir útfærsluþættir slíkra ráðstafana verða þó aldrei ákveðnir fyrr en ljóst er af hvaða toga faraldurinn er og hvaða viðbrögð megi teljast farsælust til að hindra sem mest útbreiðslu hans.

Ég vona að svar mitt hafi upplýst hv. þingmann um þau viðbrögð sem hafa verið og eru í vinnslu af hálfu stjórnvalda.

[15:05]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Eins og hér kom fram hefur í heilt ár verið unnið með viðbragðsáætlun gagnvart hugsanlegri fuglaflensu. Maður heyrir að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur málið undir smásjánni.

En ég vildi draga fram að fyrir Alþingi liggur núna frumvarp sem kveður á um að Lyfjastofnun geti heimilað tímabundna dreifingu lyfs án markaðsleyfis, þ.e. ef á leiðinni er faraldur. Þannig er einnig í undirbúningi lagasetning sem lýtur m.a. að viðbrögðum við slíkum vandamálum.

Ég vildi gjarnan nýta tækifærið, af því að þetta mál er mjög ógnvekjandi þótt maður vilji ekki mála skrattann á veginn, og spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra: Þar sem búið er að vinna að viðbragðsáætlun í heilt ár þá hljóta menn að ganga út frá einhverri tölu varðandi það hvað geti gerst í versta tilfelli. Ég hefði gjarnan viljað heyra ráðherra segja frá því, ef hann treystir sér til: Hver er versta hugsanleg staða á Íslandi, hve margir gætu fallið hér?

[15:06]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspurnina og svörin frá hæstv. forseta. Það er ljóst að því hefur verið spáð að hugsanlega fleiri en ein tegund af vírus gæti valdið heimsfaraldri. Það er einnig ljóst að ekki er hægt að bregðast við með lyfjum fyrr en sú stökkbreyting hefur átt sér stað sem þróa þyrfti lyf við. Allt tekur þetta tíma. Ég fagna þeim viðbúnaði sem er hjá hæstv. ráðherra og ráðuneyti í þessu máli.

Það skiptir líka miklu að við sem þjóð, Íslendingar, séum meðvituð um ferðalög til annarra landa og hugsanlega um sýkt svæði. Ég vil beina athygli að erlendum verkamönnum, starfsmönnum sem hér starfa í dag, sem koma af svæðum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem hugsanlega bera með sér berklabakteríur sem eru miklu illvígari en sú sem þekkt var áður og lyf voru til við en eru ekki til við í dag. Við þessu þarf að bregðast mjög markvisst.

[15:08]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Hér fer fram mjög athyglisverð umræða og ég vil þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir að koma með þessa fyrirspurn á Alþingi. Þetta er auðvitað grafalvarlegt og ef fuglaflensa yrði sá heimsfaraldur sem er spáð þá væri það mjög alvarlegt.

Spænska veikin var mjög alvarleg hér á Íslandi 1918, sama ár og Katla gaus síðast. Fólkið hrundi niður og þá voru, eins og komið hefur fram, samgöngur miklu strjálli en er í dag. Í því sambandi gæti komið upp spurningin: Verður sett farbann á fólk milli landa eða innan lands? Hvernig verður með aðflutning matvæla? Ég tel mikilvægt að sinna vel undirbúningi að viðbrögðum við faraldrinum og tek undir með ráðherra varðandi það að mikilvægt er að upplýsa almenning jafnt og þétt. Við eigum að forðast alla óþarfa hræðslu en við verðum að huga vel að þessum málum.

[15:09]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson talaði um kom fram í fréttum í morgun að nýr heimsfaraldur gæti banað allt að 70 milljónum manna. Ég skoðaði jafnframt heimasíðu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar en hún fer aðeins varlegar í þetta og segir að 2–50 milljónir manna gætu legið í valnum eftir skæðan faraldur af völdum veira en hins vegar er erfitt að spá um umfang slíks.

Leiddar hafa verið líkur að því að í verstu tilvikum geti allt að 20–50% hverrar þjóðar smitast, sem þýðir að samfélögin nánast lamast þegar faraldurinn gengur yfir. Þess vegna er mikilvægt að verja heilbrigðisstarfsfólk sérstaklega til að halda uppi nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu og jafnframt þá sem sinna öryggisþjónustu.

Hins vegar má ljóst vera að ef veiran kemur mun það koma mjög mismunandi niður á fólki. Það hefur verið vísað í spænsku veikina fyrr í þessari umræðu. Við verðum að hafa það í huga að heilbrigðisástand þjóðarinnar var mun verra á þeim tíma. Í dag er húsnæði, hreinlæti og ástand

fólks allt annað en var þá. Það ræður m.a. því hve móttækilegur líkaminn er. Hins vegar hafa heilbrigðisyfirvöld staðið sig vel í að undirbúa þetta mál.

[15:10]

Kjartan Ólafsson:

Herra forseti. Mér finnst sem fyrirspurn hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar hafi í raun vakið upp fleiri spurningar og ekki síður svör ráðherra. Svör hans hafa líka vakið fleiri spurningar. Mig langar þess vegna að spyrja í framhaldinu: Hvað hefur verið kannað með innflutning á matvælum til landsins? Er hinn mikli matvælainnflutningur sem óneitanlega er til landsins mikill áhættuþáttur? Við þurfum á honum að halda. Ég heyrði hvergi minnst á embætti yfirdýralæknis eða hlutverk landbúnaðarráðuneytisins í svari ráðherra, að það kæmi að þessum undirbúningi. Þá er ég fyrst og fremst að tala um innflutning á hrámetis og annað þess háttar. Ég vil spyr hvort slíkir aðilar hafi ekki verið með í málinu og hvort sá innflutningur sé meiri eða minni áhættufaktor en aðrir.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svör hans. Það er hárrétt sem fram kom hjá honum og fleiri ágætum hv. þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu, að við megum eðli málsins samkvæmt ekki vekja óþarfa ótta meðal þjóðarinnar. En það er hins vegar deginum ljósara að huga þarf að þessu í tíma og að fara þarf fram upplýst umræða um þessi mál.

Ég get ekki greint annað af svörum hæstv. heilbrigðisráðherra en að unnið sé skipulega að því að byggja upp varnir gegn þessari miklu vá. Það kom fram í svörum hæstv. ráðherra að það hefur verið gert í heilt ár.

Hvað sem því líður þá tel ég að mikið sé til í því sem kom fram hjá hv. þm. Kjartani Ólafssyni, að þetta mál vekur upp margar spurningar. Það er gott mál í sjálfu sér, að við tökum umræðu um það. Umræðan þyrfti kannski að fara fram víðar þannig að allir þeir aðilar sem koma beint að málinu og þjóðin sé vel upplýst um hvað er hér á ferðinni, vel upplýst um hvað verði gert ef þessi vágestur kæmi, sem við vonum sannarlega að verði ekki. Vonandi verður þessi stökkbreyting ekki sem menn hafa áhyggjur af. Það er nógu slæmt að þetta smitist frá dýrum.

Ég held að það sé lykilatriði í þessu að vona hið besta en búa sig undir það versta. Ég held að það sé markmið í sjálfu sér að upplýsa almenning, heilbrigðisstéttir og aðra aðila sem að þessum málum koma. Ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. ráðherra aftur fyrir greinargóð svör.

[15:14]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta alvarlega mál. Ég endurtek að við verðum að halda vöku okkar í þessum efnum án þess að mála það svo dökkum litum að það veki óþarfa ótta hjá þjóðinni. En það er best að hafa varann á. Ég vil undirstrika að þeim sem ferðast til fjarlægra landa, þar sem samneyti manna og dýra, manna og fiðurfjár, er mikið og þar sem fiðurfé er jafnvel í híbýlum manna, er eins gott að fara varlega.

Menn spyrja um hvaða afleiðingar þessi faraldur gæti hugsanlega haft og hafa nefnt spænsku veikina til samanburðar. Þetta væri hliðstæður faraldur og þá var en hins vegar ber að geta þess að aðstæður eru allt aðrar núna en þá var. Eigi að síður má búast við því að þeim sem eru veikastir fyrir, eins og í öðrum faröldrum, sé mest hætta búin. Ég vil ekki fara með tölur í þessu efni en ég tel að dánartíðni, ef allt færi á versta veg, yrði hærri en við höfum þekkt hingað til í venjulegum faröldrum sem hér geisa.

Ég endurtek að við þurfum að halda vöku okkar. Við höfum verið með þessa samstarfsnefnd í fullum gangi. Ég veit ekki betur en að hún sé einmitt á fundi núna, meðan þessi umræða fer fram. Yfirdýralæknir hefur verið í ráðum í þessu sambandi og samband sóttvarnalæknis og hans hefur verið náið í þessum efnum.

Umboðsmenn sjúklinga.

Fsp. MF og RG, 641. mál. — Þskj. 971.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Árið 1995 var flutt tillaga til þingsályktunar um umboðsmenn sjúklinga. Flutningsmenn voru hv. þáverandi þingmenn Ásta B. Þorsteinsdóttir og Sighvatur Björgvinsson og hv. þingmenn Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson og Guðmundur Árni Stefánsson. Þingsályktunartillagan hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa ráðningu umboðsmanna sjúklinga að öllum stærri sjúkrahúsum og í hverju heilsugæsluumdæmi sem gæti hagsmuna og réttinda sjúklinga."

Hlutverk umboðsmanna sjúklinga átti að vera, með leyfi forseta: „að gæta þess að fullt tillit tekið til réttinda, hagsmuna og þarfa sjúklinga, að fylgjast með því að sjúklingum sé ekki mismunað og jafnræðis sé gætt, að taka við kvörtunum, meta þær og aðstoða sjúklinga við að koma þeim á framfæri, að stuðla að því að umhverfi á sjúkrastofnunum sé vinsamlegt og betri þjónustu þeirra og að leysa samskiptavanda og deilumál. Umboðsmenn sjúklinga gætu haft afskipti af eða milligöngu um mál er varða samskipti sjúklinga við alla starfshópa sjúkrastofnana. Þeir gætu einnig, að höfðu samráði við sjúkling eða forráðamann sjúklings, ef um barn er að ræða, vísað málum til annarra aðila, svo sem siðanefnda sjúkrahúsa, læknaráða, yfirmanna lækninga- og hjúkrunarsviða eða annarra sem hafa með málefni sjúklinga að gera. Umboðsmenn gætu verið tengiliðir milli sjúklings og fjölskyldu hans og starfsfólks og stjórnenda sjúkrastofnana hvað varðar kvartanir um þjónustu og hugsanlega lögsókn."

Málinu var fylgt eftir nokkrum sinnum á Alþingi með fyrirspurnum og umræðum. Á þeim tíma tók þáverandi heilbrigðisráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, vel undir að það kæmi í lög um heilbrigðisþjónustu eða réttindi sjúklinga að embætti umboðsmanna sjúklinga yrði sett á laggirnar. Af því varð þó ekki nema að Ingibjörg Pálmadóttir var um tíma umboðsmaður sjúklinga á Landspítala – háskóla-

sjúkrahúsi en vegna fjárskorts að manni skilst var sú staða skorin niður og lítið hefur heyrst um hvernig starfið reyndist.

Þeir sjúklingar sem verða fyrir læknamistökum eiga í fá hús að venda og finnst í mörgum tilvikum að ekki sé tekið rétt á málum þeirra. Má m.a. nefna að Lífsvog, samtök sjúklinga sem hafa orðið fyrir læknamistökum, hafa fengið um 4–5 þúsund erindi til sín á sl. tíu árum. Þörfin er því til staðar og jafnframt hafa borist mjög margar kvartanir til landlæknisembættis. Ég spyr því hæstv. heilbrigðisráðherra: Hver voru verkefni fulltrúa sjúklinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi? Hvernig reyndist starf hans og hvers vegna var það lagt niður? Hyggst ráðherra beita sér fyrir stofnun sambærilegra starfa í heilsugæsluumdæmum?

[15:19]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Suðurk., Margrét Frímannsdóttir, og hv. 4. þm. Suðvest., Rannveig Guðmundsdóttur, hafa beint til mín fyrirspurn um umboðsmenn sjúklinga.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hver voru verkefni fulltrúa sjúklinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi? Hvernig reyndist starf hans og hvers vegna var það lagt niður?“

Fulltrúi sjúklinga starfaði við Landspítala – háskólasjúkrahús frá 1. maí 2003 til 31. janúar 2004. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum var í upphafi ákveðið að ráða fulltrúa sjúklinga í 50% starf í sex mánuði til reynslu. Vegna góðrar reynslu af starfinu var það framlengt í sex mánuði til viðbótar. Í stuttu máli voru helstu verkefni fulltrúa sjúklinga á Landspítalanum að stuðla almennt að bættri þjónustu við sjúklinga og aðstandendur þeirra. Í þessu fólst einkum að útbúa greiðan jarðveg fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra til að koma á framfæri kvörtunum, ábendingum eða athugasemdum sem þeir vildu gera vegna þjónustu sjúkrahússins. Í því skyni var boðið upp á fasta fundartíma fulltrúans á skrifstofu þrjá daga vikunnar. Einnig var auglýstur símatími og loks var unnt að koma ábendingum á framfæri við sjúklinga gegnum auglýst netfang. Á þeim tíma sem fulltrúinn starfaði við sjúkrahúsið leituðu til hans 250 einstaklingar með stór og smá vandamál og fjölbreytt erindi. Þeir einstaklingar voru ekki eingöngu úr hópi sjúklinga og aðstandenda heldur einnig úr hópi starfsfólks sjúkrahússins. Forsvarsmenn sjúklingafélaganna leituðu einnig til fulltrúa sjúklinga.

Réttur sjúklinga til að kvarta er tryggður í 18. gr. laga um réttindi sjúklinga frá árinu 1997. Í raun var staða fulltrúa sjúklinga til þess fallin að auðvelda sjúklingum að neyta þessa lögbundna réttar síns.

Tekið skal fram að ríkar skyldur eru lagðar á leiðbeiningarskyldu starfsmanna gagnvart sjúklingi sem vill kvarta, samanber að starfsmönnum heilbrigðisstofnunar er skylt að leiðbeina sjúklingi eða vandamanni sem vill koma á framfæri athugasemd eða bera fram kvörtun. Enn fremur er stjórn heilbrigðisstofnunar skylt að taka til athugunar ábendingar starfsmanna sem telja að réttur sjúklinga sé brotinn, en gert er ráð fyrir því í lögunum að starfsmaður geti vakið athygli stjórnar stofnunar ef hann eða hún telur rétt sjúklinga fyrir borð borinn.

Sem kunnugt er þurfti Landspítali – háskólasjúkrahús að grípa til ýmissa aðhaldsaðgerða til að hagræða í rekstri sjúkrahússins í upphafi árs 2004 og var staða fulltrúa sjúklinga þá lögð niður. Ekki vegna þess að starfið hafi ekki gefist vel heldur vegna nefndra aðhaldsaðgerða sem sjúkrahúsið þurfti að grípa til. Þess má geta að fulltrúi sjúklinga gerði við starfslok greinargerð um störf sín þar sem bent var á ýmislegt sem gera mætti í þágu sjúklinga. Greinargerðin var rædd í framkvæmdastjórn og stjórnarnefnd sjúkrahússins og ákveðið að fylgja eftir nokkrum atriðum sem fólu í sér tillögur til úrbóta. Þau atriði voru bætt atvikaskráning og úrvinnsla, bætt skipulag við útskriftir sjúklinga, bætt viðmót við sjúklinga og úrbætur varðandi upplýsingar til sjúklinga.

Hv. þingmenn óska einnig svars við því hvort heilbrigðisráðherra hyggist beita sér fyrir stofnun sambærilegra starfa, þ.e. fulltrúa sjúklinga í heilsugæsluumdæmum. Því er einfaldlega til að svara að engar ráðagerðir eru uppi um slíkt af minni hálfu sem stendur, ekki vegna þess að ég telji það óþarft heldur vegna þess að ég tel margt brýnna enn sem komið er. Sjúklingar hafa sinn lögvarða rétt til að kvarta og til þess eru skilgreindar leiðir í lögum. Landlæknisembættið gegnir veigamiklu hlutverki í því sambandi og ég er á því að embættið sinni hlutverki sínu mjög vel.

[15:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum Margréti Frímannsdóttir og Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að vekja athygli á þessu mikilvæga máli er varðar stuðning við þá sjúklinga sem eru inni á stofnunum. Ég vil benda á að vandi sjúklinga sem telur sig hafa orðið fyrir læknamistökum er allmikill og þeir telja sig ekki fá þann stuðning sem þeir þurfa til að leita réttar síns því það getur verið erfitt og því mikilvægt að þeir fái stuðning og þjónustu. Ég vil líka minna á að félagsráðgjafarþjónusta hefur verið skert á Landspítalanum vegna aðhaldsaðgerða. Það er því ekki bara starf fulltrúa sjúklinga sem hefur verið lagt niður.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort nokkuð sé til í því að áformað sé að fara að óska eftir greiðslum fyrir þjónustu félagsráðgjafa, t.d. á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Ég vonast til að fá svar við því frá hæstv. ráðherra því það tel ég vera mjög mikla afturför og ekki á það bætandi miðað við hvernig stuðningur við sjúklinga hefur verið dreginn saman eins og hér hefur verið sýnt fram frá.

[15:25]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Farið var af stað með mjög athyglisverða tilraun til að koma á fulltrúa sjúklinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og í ljós kom að full þörf var á starfinu. Það voru bæði sjúklingar, aðstandendur og starfsfólk sem leitaði til þessa einstaklings en vegna aðhaldsaðgerða var staðan lögð niður. Hið sama má segja um marga aðra stoðþjónustu innan Landspítala – háskólasjúkrahúss að hún hefur orðið fyrir barðinu á aðhaldsaðgerðum, niðurskurði eða sparnaði og bitnar einmitt á hinum mikilvæga þætti sem er stuðningur við sjúklingana. Ég tel mjög mikilvægt að endurvekja stöðuna, að hún sé tryggð til framtíðar og vel auglýst því að

inni á svona stóru sjúkrahúsi veitist sjúklingum oft erfitt að átta sig á því hvert eigi að leita til að fá rétt svör við fyrirspurnum sínum.

[15:26]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni þörf fyrirspurn og svar hæstv. ráðherra veldur mér eilitlum vonbrigðum. Skýringar hans liggja í því að yfirstjórn Landspítalans tók til þeirra ráða að skera niður kostnað á þessum vettvangi. Það segir okkur auðvitað að fulltrúi sjúklinga má aldrei heyra beint undir yfirstjórn viðkomandi stofnunar. Hann á auðvitað að vera hliðsettur og vera fulltrúi sjúklinganna með beinum hætti sem eru venju samkvæmt aldrei kvartsárir. Ég vænti þess og vona svo sannarlega að hæstv. ráðherra endurskoði hug sinn og setji á stofn þetta embætti, ef embætti mætti kalla, á nýjan leik og það heyri beint undir ráðuneytið en ekki yfirstjórn spítalans. Það er auðvitað hið eina rétta í stöðu mála.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þau svör sem hér komu svo langt sem þau náðu. Fram kom hjá honum að 250 einstaklingum var sinnt á Landspítala – háskólasjúkrahúsi á þeim stutta tíma sem trúnaðarmaður sjúklinga starfaði. Það sýnir okkur fram á hversu þörfin er mikil. Ég get tekið undir það sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði að embættin þurfa að vera til hliðar við heilbrigðisumdæmi. Heilbrigðisumdæmin hafa verið að stækka verulega og yfirstjórn heilbrigðisumdæma að verða fjarlægari sjúklingunum en áður var og þörfin fyrir að stofna embætti umboðsmanns sjúklinga held ég að verði þá meiri.

Við þingmenn Samfylkingarinnar munum auðvitað endurflytja þingsályktunartillögu sem Ásta B. Þorsteinsdóttir var 1. flutningsmaður að á sínum tíma í þingflokki Alþýðuflokksins. Hún þekkti þessa þörf af eigin raun bæði af störfum sínum og vegna veikinda sinna. Hún þekkti því og kynntist þörfinni vel fyrir slíkt embætti.

Það olli einnig vonbrigðum að félagið Lífsvog sem hefur fengið um 400 þús. kr. fjárveitingu á hverju ári sl. nokkur ár að nú þegar leitað var eftir fjárveitingu til heilbrigðisráðuneytis var þeirri beiðni hafnað. Engu að síður hefur félagið tekið á móti 4–5 þúsund kvörtunum á starfstíma sínum sem eru um tíu ár. Landlæknisembættið stendur sig auðvitað vel að því marki sem það getur. Einn maður sinnir þeim störfum og samkvæmt þeim skýrslum sem komið hafa frá landlæknisembættinu eru kvartanirnar æðimargar. Samt má reikna með að mjög margir sjúklingar og ekki hvað síst aldraðir geti ekki eða reyni ekki að leita á náðir kerfisins um leiðréttingu mála sinna. Ég vonast því til að hæstv. ráðherra taki þetta til skoðunar.

[15:29]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda og þeim sem tekið hafa þátt í umræðunni. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem ég svaraði í upphafi. Ég legg áherslu á að meðan embættin eru ekki fyrir hendi er lögvarinn réttur sjúklinga til að kvarta, heilbrigðisstarfsfólk hefur skyldu til að koma þeim kvörtunum á framfæri. Landlæknisembættið hefur með höndum að rannsaka hvert atvik í því sambandi þannig að sú þjónusta er fyrir hendi og á að vera fyrir hendi. Hins vegar reyndist þetta vel. Það væri æskilegt að geta gert þetta en því miður hafa önnur verkefni verið tekin fram yfir sem við höfum þurft að taka í forgang.

Ef við gætum tekið þetta upp aftur væri auðvitað til athugunar hvernig formið ætti að vera. Ég tek við öllum ábendingum í því efni, þá þurfum við auðvitað að fara yfir slíkt. Ég tel að upplagt sé fyrir þá nefnd sem endurskoðar lögin um heilbrigðisþjónustu að fara yfir þetta og tækifæri til þess.

Varðandi kostnaðarþátttöku sjúklinga í félagsráðgjöf í Landspítalanum hafa engar tillögur um það komið upp á mitt borð. Ég veit að Landspítalinn er að fara yfir gjaldskrár sínar en tillögur um þetta hafa ekki komið til mín.

Innheimta meðlaga.

Fsp. MF, 689. mál. — Þskj. 1047.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Árið 2001 beindi ég fyrirspurn til þáverandi dómsmálaráðherra, hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur, um það hvort ráðherra hygðist beita sér fyrir lagabreytingu sem tryggði betur en nú er að úrskurði um greiðslu á tvöföldu meðlagi yrði framfylgt. Hæstv. þáverandi dómsmálaráðherra svaraði því til að hún mundi leita til réttarfarsnefndar um það hvort styrkja mætti lög nr. 90/1989, um aðför, til að einfalda innheimtu samkvæmt úrskurði sýslumanns á grundvelli barnalaga, nr. 20/1992, um aukin meðlög, sérframlög og menntunarframlög og leita leiða til að auðvelda þeim foreldrum þar sem um slíka úrskurði hefði verið að ræða hjá sýslumanni að innheimta viðkomandi meðlög. Það eru því miður mýmörg dæmi þess að feður, því í langflestum tilfellum hafa feður fengið þann úrskurð að greiða skuli aukin meðlög, hafi ekki staðið við slíkar greiðslur og einstæðar mæður hafa ekki séð sér fært að ráða sér lögfræðing eða sækja þetta með fulltingi þeirra, oft vegna mjög bágrar fjárhagsstöðu.

Réttarfarsnefnd sendi dóms- og kirkjumálaráðuneyti svar sitt í bréfi, næstum ári eftir að fyrirspurnin var borin fram, með leyfi forseta:

„Með bréfi yðar 6. mars sl. var réttarfarsnefnd falið að kanna hvort og þá hvernig unnt væri að breyta lögum nr. 90/1989, um aðför, til að einfalda innheimtu samkvæmt úrskurði sýslumanna á grundvelli barnalaga nr. 20/1992, um aukin meðlög, sérframlög og menntunarframlög. Nefndin hefur tekið þetta erindi til skoðunar og er álit hennar eftirfarandi:

Réttarfarsnefnd leyfir sér að ganga út frá því að ráða megi af þessum gögnum, þ.e. þeim gögnum sem voru við fyrirspurnina, að hverju erindi þeirra lýtur nánar. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, samanber 24. gr. barnalaga, er heimilt án undangenginnar dómsúrlausnar eða dómsáttar að gera fjárnám fyrir þeim meðlags-

greiðslum sem um ræðir í erindi yðar. Með þessu nýtur krefjandi meðlags þess réttarfarshagræðis sem frekast getur almennt staðið til boða í núgildandi lögum."

Niðurstaða réttarfarsnefndar er að ekki sé hægt að breyta lögum um aðför til að auðvelda innheimtuna en hægt sé að breyta ákvæðum laga nr. 54/1971 þannig að Innheimtustofnun sveitarfélaga yrði ekki aðeins heimilt að taka að sér innheimtu þeirra krafna sem henni er í dag, heldur skylt ef eftir því væri leitað, svo og fella niður áskilnað um að hún geri þetta gegn greiðslu. Fyrirspurn mín til ráðherra er: Mun hann beita sér fyrir því að þetta verði gert?

[15:35]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Innheimta meðlagskrafna er samkvæmt lögum á ábyrgð sveitarfélaganna. Það fyrirkomulag byggist á framfærsluskyldu sveitarfélaganna frá fornu fari. Sérstök stofnun, Innheimtustofnun sveitarfélaga, er starfrækt til að annast innheimtuna og endurgreiðir hún Tryggingastofnun ríkisins án sérstakrar þóknunar innheimt meðlög, menntunarframlög og ýmis sérframlög, t.d. vegna ferminga, skírna, tannviðgerða o.fl.

Ég vil, hæstv. forseti, vekja sérstaka athygli á því að Innheimtustofnun annast nú þegar innheimtu hluta þeirra framlaga sem getið er um í fyrirspurn hv. þingmanns án sérstakrar þóknunar. Meðlagstímabilið er mjög langt, þ.e. annars vegar ber að greiða meðlag með börnum frá fæðingu til 18 ára aldurs og hins vegar menntunarframlag frá 18 til 20 ára þegar við á. Innheimtustofnun sveitarfélaga tekst að innheimta um 70% af kröfum hvers árs en eftirstöðvar þarf í flestum tilvikum að innheimta á mörgum árum. Einnig er nokkuð um að meðlagsskuldir einstaklinga hrannist upp og verði skuldaranum hreinlega ofviða.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er samkvæmt lögum sá aðili sem ábyrgist mismun á greiddum meðlögum frá Tryggingastofnun ríkisins og innheimtum meðlagskröfum hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga. Undanfarin ár hafa útgjöld sjóðsins vegna þessa verkefnis því miður farið hækkandi, eða úr tæpum 518 millj. kr. árið 2000 í rúmar 725 millj. kr. árið 2003. Á sl. ári var fjárhæðin þó umtalsvert lægri eða rúmar 644 millj. en áætlun þessa árs gerir ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði Innheimtustofnun 725 millj. kr.

Frá 1. janúar á þessu ári er meðlag með hverju barni 16.586 kr. á mánuði eða rétt rúmlega 199 þús. kr. á ári. Þetta er vissulega ekki mjög há fjárhæð og stendur aðeins undir hluta af framfærslukostnaði en nokkuð er um að foreldrar semji um hærri meðlagsgreiðslur. Innheimtustofnun sveitarfélaga annast hins vegar ekki innheimtu aukins meðlags eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, þ.e. þess hluta meðlagsins sem er umfram áðurgreinda fjárhæð á mánuði. Núgildandi fyrirkomulag varðandi meðlagsgreiðslur og meðlagsinnheimtu tryggir því aðeins greiðslu einfalds meðlags eða sem svarar barnalífeyri almannatrygginga.

Það er alveg ljóst, hæstv. forseti, að ef Innheimtustofnun sveitarfélaga verða færð aukin verkefni eins og hv. fyrirspyrjandi leggur til mun það leiða til aukinna vanskila hjá Innheimtustofnun. Það er sömuleiðis því miður ákveðin hætta á misnotkun ef hið opinbera, ríki eða sveitarfélög verða gerð ábyrg fyrir aukinni innheimtu meðlaga. Ég tel því ýmis tormerki á því að breyta lögum á þann hátt að hið opinbera taki ábyrgð á innheimtu aukins meðlags. Ef slík breyting ætti að eiga sér stað yrði í fyrsta lagi að semja við sveitarfélögin og fá þau til að taka á sig aukinn kostnað sem óhjákvæmilega mundi hljótast af. Í öðru lagi yrði að finna leiðir til að tryggja að hið nýja kerfi yrði ekki misnotað.

Öðru máli kann að gegna hvað það varðar að Innheimtustofnun verði gert skylt að taka að sér innheimtu aukins meðlags í umboði framfæranda eins og stofnuninni er nú þegar heimilt að lögum. Erindum frá einstaklingum um slíka innheimtu hefur hins vegar fram til þessa alltaf verið hafnað af stjórn stofnunarinnar og rökin fyrir þeirri synjun eru einkum þau að slíkt mundi auka álag á stofnuninni sem þó er ærið fyrir. Í dag annast Innheimtustofnun sveitarfélaga eingöngu innheimtu fyrir opinbera aðila og uppgjör vegna innheimtra krafna fylgir því ekki sérstaklega mikil umsýsla. Ef stofnunin færi að taka að sér innheimtu fyrir einstaklinga, jafnvel svo þúsundum skiptir, er ljóst að hlutverk hennar mundi breytast og slík breyting mundi að öllum líkindum krefjast umtalsverðar fjölgunar starfsmanna með tilheyrandi kostnaði.

Við megum heldur ekki gleyma því, hæstv. forseti, að í dag eru ýmsar leiðir færar aðrar en að fela opinberu fyrirtæki að innheimta meðlagskröfur. Sérhæfð innheimtufyrirtæki bjóða upp á slíka þjónustu og það hlýtur einnig að vera valkostur.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða að úrskurður er felldur um aukin meðlög, sérframlög eða menntunarframlög er það oftast gert vegna þess að fjárhagsstaða viðkomandi einstaklings er mjög bág. Það er líka í þeim tilvikum þar sem um veruleg veikindi er að ræða t.d. þeirra barna sem eru hjá einstæðum foreldrum sem, eins og ég sagði áðan, eru oftast mæður. Ég er með erindi þar sem um er að ræða skuldir upp á fleiri milljónir sem hafa safnast upp þar sem meðlagsgreiðendur hafa ekki staðið við sitt og jafnvel beitt til þess ýmsum ráðum að komast undan því að greiða.

Fram kom hjá hæstv. ráðherra áðan að Innheimtustofnun hefur hafnað öllum þeim erindum sem til hennar hafa borist frá einstaklingum um innheimtu. Þau skipta ekki þúsundum vegna þess að fram kom í fyrirspurn sem ég var með til hæstv. dómsmálaráðherra á sínum tíma að þetta væri ekki svo óskaplega mörg tilvik þegar horft væri til heildarinnar. Því þyrfti að gera þá lagabreytingu að í stað þess að Innheimtustofnun sé heimilt að taka að sér innheimtu þessara krafna verði henni skylt, ef eftir því er leitað, án þess þó að um væri að ræða ábyrgð ríkisins á þeim greiðslum, heldur væri þeim skylt að sjá um innheimtuna í þeim tilvikum þar sem um er að ræða bága fjárhagsstöðu eða mikil veikindi.

Þó að ýmis innheimtufyrirtæki taki að sér slíkar kröfur í dag er það engin lausn að leita til slíkra fyrirtækja fyrir blá fátækt fólk sem leitar eftir því að réttur barna þeirra til þeirra fjármuna sem hafa verið úrskurðaðir sé virtur. Þau hafa ekki efni á því frekar en að leita sér ráðgjafar hjá lög-

fræðingi. Þess vegna er spurning mín ítrekuð: Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir að skoða þessar leiðir og kanna um hve mörg tilvik er að ræða?

[15:41]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli mínu áðan tel ég ýmis tormerki á því að fara þá leið sem hv. þingmaður leggur til, fyrst og fremst vegna þess að það mun væntanlega auka mjög umsvif þeirrar stofnunar sem hér um ræðir með tilheyrandi kostnaði og þá þarf að semja um það sérstaklega við sveitarfélögin.

Ég er hins vegar þannig gerður, hæstv. forseti, að ég vil ekki hafna því með öllu að ræða málið og er alveg tilbúinn til að beita mér fyrir því að stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga ræði þessa hugmynd, en ég tel ekki sérstaka ástæðu til að beita mér fyrir því að það verði gert svo því sé skýrt svarað. Ég skal hins vegar beita mér fyrir því að það verði rætt.

Lóðaúthlutunarreglur Reykjavíkurborgar.

Fsp. GunnB, 718. mál. — Þskj. 1076.

[15:42]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra um það hvort úthlutunarreglur Reykjavíkurborgar varðandi úthlutun byggingarréttar við Lambasel uppfylli kröfur félagsmálaráðuneytis til lóðaúthlutunar hjá sveitarfélögum almennt.

Ástæða þess að ég spyr er sú að lóðaúthlutunarreglur sveitarfélaga eru mismunandi og aðferðirnar einnig. Í fyrsta lagi hefur þetta verið gert þannig, eins og þarna á að gera, að hafðar eru fyrir fram tilbúnar reglur sem segja að viðkomandi verði að vera búsettur í Reykjavík í eitt ár frá 2001 og í öðru lagi sé lóðaverðið 4,8 millj. og síðan eigi að draga úr umsækjendum.

Reykjavíkurborg hefur líka notað aðra aðferð ásamt öðrum sveitarfélögum eins og Garðabæ, að bjóða upp lóðir, þau hafa gert það í fjölbýli og hæstbjóðandi þá fengið. Þar sem það vantar stórlega lóðir eins og ástandið er á markaðnum hefur verðið farið upp úr öllu valdi.

Í sérbýli eins og þarna er hafa sveitarfélögin dregið eða þá eins og við í Kópavogi, við erum með ákveðnar reglur og úthlutum þessu í bæjarráði eftir þeim reglum. En t.d. í Hafnarfirði eru kröfur um að 80% af úthlutununum eða lóðunum verði úthlutað til Hafnfirðinga og 20% til utanbæjarmanna. Kjarninn í fyrirspurn minni er sá að sveitarfélögin geta sett saman hvaða skilyrði sem er eins og þetta að eingöngu verði úthlutað til Reykvíkinga. Ef þetta yrði gert í öllum úthlutunum í Reykjavík fengju bara Reykvíkingar. Er það jafnræðisregla sem er í heiðri höfð?

Ég tók eftir því að um daginn var auglýst í blöðunum að fyrir lysthafendur væru aðilar tilbúnir að kaupa lóðirnar á 8,4 millj. en þeir sem fengju lóðirnar þyrftu að borga 4,8, þannig að menn væru að fá 3,6 millj. á milli. Þetta er náttúrlega happdrætti. Í þessu happdrætti eru 30 lóðir og 3,6 millj. í pottinum fyrir hverja lóð. Ég spyr: Er slíkt happdrætti eðlilegt og samkvæmt jafnræðisreglunni? Ég tel að aðferð eins og þessi eigi við í Las Vegas eða einhvers staðar, en ekki á þessu svæði.

[15:45]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ráðuneyti mitt hefur á undanförnum árum úrskurðað um allmargar stjórnsýslukærur sem varða lögmæti úthlutunar sveitarfélaga á byggingarlóðum. Flest hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu komið við sögu í þessum málum og það verður að segjast eins og er að oft hafa verið gerðar alvarlegar athugasemdir við framkvæmd úthlutunar.

Ráðuneytið hefur einnig beitt sér fyrir því að sveitarfélög setji sér reglur um lóðaúthlutanir með það fyrir augum að tryggja réttláta og gagnsæja málsmeðferð. Meðal annars hefur verið bent á nauðsyn þess að vanda alla málsmeðferð til að tryggja að ekki vakni grunsemdir um að stjórnmálaskoðanir, vinfengi, fjölskyldutengsl eða sambærileg sjónarmið hafi áhrif á möguleika umsækjenda við úthlutun lóða.

Segja má að afskipti félagsmálaráðuneytisins af þessum málum byggist á því sjónarmiði að almenningur hljóti að eiga kröfu á því að við úthlutun byggingarlóða, sem geti m.a. haft verulegt fjárhagslegt verðmæti við endursölu eins og fram kom í máli hv. þingmanns, sé öll málsmeðferð og undirbúningur vönduð eins og frekast er kostur.

Að mínu mati, hæstv. forseti, hafa umtalsverðar úrbætur átt sér stað á þessu sviði hjá flestum sveitarfélögum en því er samt ekki að neita að skoðanir eru afar ólíkar á því hvaða aðferðir henti best við slíka úthlutun og ekki áhlaupaverk að samræma framkvæmd nema þá hugsanlega með lagasetningu.

Hæstv. forseti. Að mínu mati er enginn vafi á því að reglur Reykjavíkurborgar uppfylla þær formkröfur sem m.a. koma fram í umræddum úrskurðum ráðuneytisins að því leyti að það er alveg skýrt hvaða skilyrði umsækjendur þurfa að uppfylla til að eiga möguleika á að fá úthlutað lóð. Menn geta hins vegar deilt um réttmæti einstakra skilyrða í reglunum og þá, hæstv. forseti, að mínu mati sérstaklega skilyrði um búsetu í Reykjavík.

Samkvæmt auglýsingum Reykjavíkurborgar og skilmálum um lóðaúthlutanir sem m.a. koma fram á umsóknareyðublaði þurfa umsækjendur um byggingarlóð við Lambasel í Reykjavík að uppfylla eftirfarandi fimm skilyrði til að fá úthlutað byggingarlóð:

1. Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Reykjavík í a.m.k. eitt ár frá ársbyrjun 2000.

2. Umsækjandi hafi ekki fengið úthlutað lóð hjá Reykjavíkurborg eftir ársbyrjun 2000.

3. Umsækjandi skal vera fjár síns ráðandi.

4. Umsækjandi má ekki vera í vanskilum með opinber gjöld.

5. Umsækjandi skal standast greiðslumat upp á 25 millj. kr.

Dregið verður úr umsóknum og umsækjendur fá svokallað valnúmer. Aðeins þeir sem fá valnúmer þurfa að skila inn gögnum um að þeir uppfylli framangreind skilyrði. Umsækjendur velja sér síðan lóð í þeirri röð sem val-

númer þeirra segir til um.

Ýmsar leiðir, hæstv. forseti, standa sveitarfélögum opnar við val á umsækjendum um byggingarlóðir eins og áður sagði. Einfaldasta leiðin og sú sem að mati ráðuneytisins tryggir best jafnræði þeirra umsækjenda sem uppfylla grunnskilyrði er að láta hlutkesti ráða niðurstöðu. Sú leið hefur verið farin í Reykjavík líkt og í fleiri sveitarfélögum og almennt gefið ágæta raun. Af þeim skilyrðum sem umsækjendur um lóðir við Lambasel þurfa að uppfylla eru fjögur alvanaleg í reglum sveitarfélaga sem úthluta byggingarlóðum. Það eru skilyrði 2–5. Það er aðeins fyrsta skilyrðið sem kann að orka tvímælis lagalega, þ.e. að umsækjendur þurfa að hafa átt lögheimili í Reykjavík á tilteknu tímabili. Slíkt skilyrði vekur, hæstv. forseti, óneitanlega upp spurningar um jafnræði eins og hv. þingmaður bendir réttilega á. Einhverjir gætu vafalaust haldið því fram að með þessu sé Reykjavíkurborg að mismuna landsmönnum eftir búsetu. Almennt má a.m.k. halda því fram að skilyrði af þessum toga séu ekki alls kostar heppileg og það væri ekki til þess fallið að ýta undir eðlilega byggðaþróun hér á landi ef öll sveitarfélög viðhefðu slík skilyrði.

Hvers eiga t.d. námsmenn utan af landi að gjalda sem aðeins hafa skráð aðsetur í Reykjavík? Sama má segja um ungt fólk sem ekki hefur átt þess kost að fá lóð í Reykjavík og hefur fyrir vikið freistað gæfunnar í nágrannasveitarfélögunum. Höfuðborgarsvæðið er að sjálfsögðu, hæstv. forseti, eitt þjónustu- og atvinnusvæði og það er að mínu mati ástæðulaust fyrir sveitarfélögin á þessu svæði að reisa einhvers konar múra sem hindra flutninga innan svæðisins.

[15:49]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Birgissyni fyrir að vekja athygli á þessu máli og sömuleiðis hæstv. félagsmálaráðherra sem hefur þorað að ræða það á þessum vettvangi en hér horfum við upp á gríðarlegan vanda. Það segir sig sjálft að þegar hátt í 6 þúsund manns sækja um 30 lóðir þá er gríðarlegur skortur á ferðinni. Það er hárrétt sem kom fram hjá hæstv. félagsmálaráðherra að þetta er orðið ansi sérkennilegt þegar Reykjavíkurborg eða R-listinn hefur hrakið ungar fjölskyldur úr borginni með lóðaskortsstefnu. Loksins þegar opnast smáglufa, heilar 30 lóðir, er mönnum ekki heimilt að sækja um, fólk sem hefur kannski alist upp og búið alla sína tíð í Reykjavík en ekki fengið lóðir í lóðaskortsstefnunni. Það eru margir fletir á þessu, virðulegi forseti, og einn er sá þáttur þegar sveitarfélögin eru að græða í leiðinni eins og gerst hefur í Reykjavík og ég hef rætt áður.

[15:51]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Birgissyni fyrir að hreyfa þessu máli. Í ljós kemur við þessa stuttu umræðu að spurningarnar eru langtum fleiri en svörin. Lykilhugtakið í þessari umræðu virðist vera jafnræði. Ég spyr: Er mikið jafnræði fólgið í því að skáka út lóðum, þessum verðmætum til þeirra sem mesta hafa peninga í uppboðsleiðinni? Er mikið jafnræði fólgið í því, af því að hæstv. ráðherra kom með dæmi, að einstaklingur, við skulum segja í Reykjavík, lenti í sama útdráttarpotti og sex manna fjölskylda sem hefur alið allan sinn aldur í Hafnarfirði þar sem útdráttur fer fram, verið þar skattgreiðendur árum og áratugum saman? Hér er því úr vöndu að ráða. Mín hugsun án þess að það finnist nein heildarlausn á þessu er sú: Leyfum sveitarfélögunum sjálfum að vera í friði með þetta. Þar eru kjörnir fulltrúar á ferðinni og þeir eiga að bera ábyrgðina að langmestu leyti. Það hefur gengið þokkalega, með mistökum auðvitað, en alla jafna er það affarasælast.

[15:52]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem hér hefur komið fram að mjög er erfitt að úthluta takmörkuðum gæðum. Þessi lottóleið sem hefur verið farin virðist vera skárri en sú leið sem menn hafa farið mjög oft í gegnum tíðina, þ.e. úthluta eftir einhverjum reglum sem voru ekki gagnsæjar. Þá sitja a.m.k. allir við sama borð miðað við hvernig reglurnar eru. En í þessu tilviki verða menn að hafa búið í Reykjavík eða átt lögheimili þar í eitt ár á ákveðnu tímabili, það er því auðvitað búið að takmarka pottinn að vissu leyti.

Hér kom fram að þetta væri vegna sérstaks lóðaskorts af því að 6 þúsund manns hefðu sótt um 30 lóðir. Ég held að hægt sé að fullyrða, virðulegi forseti, að þetta er enginn mælikvarði á það vegna þess að menn sjá ákveðinn gróðamöguleika. Það er alveg ljóst að fjöldi fólks er að sækja um lóðir þarna sem ætlar sér ekki að byggja og eiga þær til framtíðar. Menn eru bara að taka þátt í lottóinu. Þetta er því enginn mælikvarði á lóðaskort.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Það er eitt í þessu lóðalotteríi sem er verið að fara í og hefur verið gert í Reykjavík og Mosfellsbæ og víðar, að það er engin aðferð fullkomin í þessu máli, hvort sem það er gert eins og við gerum í Kópavogi, við erum með ákveðnar reglur upp á 10–11 afbrigði, eða þá boðið sé upp hæstbjóðanda eða farið í útdrátt, happdrætti.

Í þessari happdrættisleið, sem virðist vera algerlega ær og kýr lögspekinga ráðuneytisins, hún uppfylli jafnræðisreglur og allt það, fer fólk í kennitölusafnanir, safnar kennitölum, og síðan er dregið úr pottinum eins og í happdrætti. Þá er spurningin: Hvað þarftu marga happdrættismiða til að geta fengið vinning? Það er gallinn. Hvað eiga sveitarfélögin að gera við unga fólkið sem er að sækja um lóðir og vill byggja í sveitarfélaginu? Það fær ekki möguleika. Það verður að fara í pottinn og draga eða þá kaupa lóðirnar af bröskurum dýru verði. Það er engin aðferð fullkomin í þessu en ég held þó að okkar aðferð í Kópavogi sé skást. Mér finnst þetta afar ósanngjarnt.

Hvað með unga fólkið í Reykjavík? Borgarstjóri, virðulegi forseti, lét hafa það eftir sér að þarna ætti að vera ungt fjölskyldufólk úr Reykjavík. Þá er spurning, hvernig á að draga út þar?

Ég er sammála hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að láta á sveitarfélögin um að setja reglur um þetta og veldur þá hver á heldur. Ef menn vilja missa unga fólkið sitt út úr sveitarfélögunum þá það, og hafa síðan þessa aðferð. Þetta lítur allt voðalega vel út á pappírunum en gerir það ekki í

reynd. Í einu sveitarfélagi í þessum útdrætti vissi ég að tveir aðilar söfnuðu nokkur hundruð kennitölum hvor um sig og þeir fengu mikinn hluta byggingarmagnsins. Það er gegnsætt en það er ósanngjörn niðurstaða.

[15:55]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja að þakka þessa umræðu og þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp. Ég get alveg tekið undir það, bæði með hv. fyrirspyrjanda og hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, að eðlilegast er að sjálfsögðu að sveitarfélögin hafi þetta á sinni hendi með hvaða hætti þau úthluta þessum takmörkuðu gæðum sem þau vissulega eru.

Það sem ég rakti í fyrra svari mínu, hæstv. forseti, voru þau skilyrði sem Reykjavíkurborg hefur sett við úthlutun lóða, við Lambasel sérstaklega. Þau eru fimm og fjögur þeirra að mínu viti fullkomlega eðlileg og í ágætu samræmi við það sem víðast gerist hjá sveitarfélögunum. Það er einkum eitt skilyrðanna sem orkar tvímælis út frá lögum og að sjálfsögðu við þá umræðu sem hér er, hæstv. forseti, ber mér skylda til að vekja athygli á því.

Niðurstaðan er kannski sú sem ekki kemur neinum á óvart sem kynnt hefur sér þessi mál að einhverju leyti, að engin þeirra leiða sem sveitarfélögin hafa beitt er í sjálfu sér fullkomin hvort sem það er uppboðsleið, happdrætti eða hvað við viljum kalla það, þá hafa þær ákveðna galla hver og ein. Það hlýtur hins vegar, hæstv. forseti, að verða að gera þær kröfur til sveitarfélaganna að þau gæti þess hvaða leið sem þau velja að leiðin uppfylli lög. Það er niðurstaðan hér, það er það sem sveitarfélögin verða að fara eftir og í þessu tilviki tel ég, svo ég ítreki það, hæstv. forseti, að það kunni að orka tvímælis að gera það að ófrávíkjanlegu skilyrði að umsækjandi um lóð eigi lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi.

Út af dagskrá voru tekin 7.–9. og 11.–14. mál.

Fundi slitið kl. 15:57.

---

110. FUNDUR

miðvikudaginn 13. apríl,
að loknum 109. fundi.

Dagskrá:

Samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, stjtill., 721. mál, þskj. 1079. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

Samgönguáætlun fyrir árin 2005--2008, frh. fyrri umr.

Stjtill., 721. mál. — Þskj. 1079.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.

Till. vísað samgn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:00.

---

111. FUNDUR

fimmtudaginn 14. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 707. mál, þskj. 1065. — 1. umr.
2. Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, stjfrv., 708. mál, þskj. 1066. — 1. umr.
3. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 732. mál, þskj. 1094. — 1. umr.
4. Greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 207. mál, þskj. 207. — 1. umr.
5. Stjórnmálaþátttaka, áhrif og völd kvenna, þáltill., 244. mál, þskj. 255. — Fyrri umr.
6. Stjórnarskipunarlög, frv., 266. mál, þskj. 287. — 1. umr.
7. Stuðningur stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn, þáltill., 248. mál, þskj. 266. — Fyrri umr.
8. Breytt hlutföll aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 249. mál, þskj. 267. — Fyrri umr.
9. Rannsóknarmiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu, þáltill., 250. mál, þskj. 268. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Gunnar Örlygsson, 10. þm. Suðvest.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Sturla Böðvarsson samgrh., 1. þm. Norðvest.,
Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykv. s.

Tilkynning um dagskrá.

[10:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil láta þess getið að tvær utandagskrárumræður eru fyrirhugaðar í dag. Hin fyrri hefst áður en gengið er til dagskrár og er um stíflustæðið við Kárahnjúka og nýtt áhættumat. Málshefjandi er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon en hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir verður til andsvara.

Hin síðari hefst um kl. 1.30 í dag, að loknu hádegishléi, og er um kynþáttafordóma og aðgerðir gegn þeim. Málshefjandi er hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson en hæstv. félagsmálaráðherra Árni Magnússon verður til andsvara. Umræðurnar fara fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og standa í hálfa klukkustund hvor.

[10:30]

Útbýting:

Kostnaður af viðhaldi þjóðvega, 764. mál, fsp. AKG, þskj. 1136.

Matvöruverð, 768. mál, fsp. RG, þskj. 1140.

Matvöruverð og birgjar, 766. mál, fsp. RG, þskj. 1138.

Stuðningur við landbúnað og matvöruverð, 769. mál, fsp. RG, þskj. 1141.

Stærð verslunarhúsnæðis, 767. mál, fsp. RG, þskj. 1139.

Tollar á innfluttar búvörur og matvöruverð, 765. mál, fsp. RG, þskj. 1137.

Umræður utan dagskrár.

Stíflustæðið við Kárahnjúka og nýtt áhættumat.

[10:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mönnum á að vera það í sæmilega fersku minni að faglegt yfirvald umhverfismála í landinu, Skipulagsstofnun, hafnaði Kárahnjúkavirkjun á sínum tíma vegna mikilla neikvæðra og óafturkræfra umhverfisáhrifa. Ríkisstjórnin beitti pólitísku valdi gegnum þáverandi umhverfisráðherra og sneri niðurstöðunni við. Kárahnjúkavirkjun er ekki bara stærsta einstaka framkvæmd Íslandssögunnar, hún er líka einhver mesta pólitíska handaflsaðgerð og mestu ríkisafskipti sem um getur í atvinnusögu landsins. Undirbúningur verksins var knúinn áfram og fjármagnaður af ríkisstjórn, beitt var pólitísku handafli til að leyfa framkvæmd sem fagleg umhverfisyfirvöld höfnuðu. Virkjunin er byggð af opinberu fyrirtæki, og sérstök ríkisábyrgð og eigendaábyrgð opinberra aðila er á fjárfestingunni. Ábyrgð ríkisstjórnarinnar er því algjör á umhverfisspjöllunum, á hinum neikvæðu efnahagsáhrifum sem nú leika hagkerfið grátt og á því sem er að koma í ljós um óvönduð vinnubrögð við undirbúning framkvæmdarinnar.

Í matsskýrslunni um umhverfisáhrif frá því í maí 2001 stendur m.a. eftirfarandi um jarðfræðirannsóknir og aðstæður fyrir undirstöðu stíflunnar eða stíflnanna, með leyfi forseta:

„Jarðfræðirannsóknir skipa jafnan veglegan sess við undirbúning vatnsaflsvirkjana. Mikið er í húfi því grundvöllur framkvæmdarinnar byggist í mörgu tilliti á jarðfræðilegum aðstæðum. Slíkar rannsóknir á virkjanasvæðinu norðan Vatnajökuls hófust fyrir um 30 árum og telja verður að svæðið sé vel rannsakað og kortlagt."

Síðan segir um fyrirhugaðar stíflur við Kárahnjúka og undirstöðu þeirra:

„Að mati tæknimanna hentar bergið á stíflustæðunum vel sem grunnur fyrir þær."

Annað hefur heldur betur komið á daginn. Þessi orð eru hrein öfugmæli. Gögn sem lágu til grundvallar umhverfismati hafa í veigamiklum atriðum reynst röng eða rangtúlkuð. Iðnaðarráðherra lagði frumvarpið um Kárahnjúkavirkjun fyrir þingið og því var troðið í gegn á röngum forsendum. Menn hafa þegar ratað í mikla erfiðleika í upphafi framkvæmdanna, einkum við gerð undirstöðunnar undir stífluna miklu efst í gljúfrunum. Um 8–10 m dýpra reyndist á fast í gljúfurbotninum. Undirstaðan er mun sprungnari, og virkni þar meiri en gert var ráð fyrir. Þetta hefur tafið verkið um mánuði og valdið milljarða viðbótarkostnaði.

Langalvarlegast er þó að áhættan sem tekin er, eða verður ef haldið verður áfram, er til mikilla muna meiri en látið var í veðri vaka þegar verkinu var þröngvað af stað. Höfðu menn þó fyrir sér varnaðarorð manna eins og Guðmundar heitins Sigvaldasonar, Gríms Björnssonar og fleiri jarðvísindamanna. Er kapítuli út af fyrir sig hvernig reynt var að þagga slíkt niður og gera ekkert með, eins og lesa má um í Morgunblaðinu í dag. Það hefur gætt ískyggilegrar tilhneigingar til skoðanakúgunar og til að tortryggja alla þá, þar með talið jafnvel virtustu, vísindamenn sem ekki makka rétt með stóriðjurétttrúnaðarstefnunni. Ef því er svo fylgt eftir með einhvers konar „Berufsverbot" er ekki von á góðu í okkar litla landi. (**Iðnrrh.:** Nýyrði?) Um þessar nýju aðstæður og aukna vá sem ... Nei, hæstv. iðnaðarráðherra er greinilega ekki vel að sér í sögu aðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku úr því að hún kannast ekki við orðið Berufsverbot. Þessar nýju aðstæður og aukna vá sem fylgir byggingu Kárahnjúkastíflu hafa nú loksins komist til skoðunar og hefur sérfræðingahópur undir forustu Freysteins Sigmundssonar m.a. nýlega skilað frá sér niðurstöðum í skýrslu um það efni. Þar kemur fram að a.m.k. af þrem mismunandi ástæðum geta jarðfræðilega varhugaverðar aðstæður skapast við Kárahnjúkastíflu og hreyfing orðið á svæðinu sem skapi hættu á leka og jafnvel stíflurofi. Þetta er einfaldlega vegna þrýstings þegar lónið sjálft verður fyllt, þetta getur gerst vegna jarðskjálfta bæði nær og fjær og þetta getur gerst ef eldvirkni tekur sig upp á nálægum svæðum. Af þessum ástæðum hef ég leyft mér að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra eftirtalinna spurninga en auðvitað verður þetta mál hvorki tæmt né fullrætt hér:

1. Telur ráðherra að fyrirtækinu Landsvirkjun sé treystandi til að halda þessu verki áfram í ljósi þess sem

komið hefur fram um óvandaðan undirbúning framkvæmdarinnar?

2. Kemur til álita að mati ráðherra að hætta við gerð Kárahnjúkastíflu og myndun Hálslóns eða a.m.k. endurskoða umfang og hönnun framkvæmdanna?

3. Mun ríkisstjórnin sjá til þess að gert verði vandað og trúverðugt áhættumat?

4. Hefur lánveitendum verið gerð grein fyrir breyttri stöðu og aukinni áhættu? (Forseti hringir.)

5. Telur ráðherra ekki ástæðu til að fram fari opinber rannsókn á máli þessu öllu?

[10:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Jarðfræðirannsóknir við Kárahnjúka hófust sumarið 1992 og hafa verið stundaðar öll árin síðan, en frá og með árinu 1999 hafa þær verið unnar í nánu samstarfi við stífluhönnuði. Mun óhætt að fullyrða að þessar jarðfræðirannsóknir séu umfangsmestu undirbúningsrannsóknir vegna mannvirkjagerðar hér á landi. Allt fram til ársins 2002 ríkti enn óvissa um hvort og hvenær af framkvæmdum yrði og var því leitast við að halda öllu jarðvegsraski í lágmarki sem vissulega takmarkaði nokkuð hve langt var unnt að ganga við kortlagningu berggrunns á svæðinu. (**Gripið fram í:** ... umhverfisvernd.)

Í tengslum við mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar sumarið 2001 komu fram athugasemdir frá Grími Björnssyni jarðeðlisfræðingi og Guðmundi heitnum Sigvaldasyni jarðfræðingi sem báðir drógu í efa nægjanlegt öryggi stíflu við Kárahnjúka, m.a. vegna þess hve mikið væri af sprungum á svæðinu og jafnvel hætta á eldsumbrotum. Landsvirkjun óskaði eftir áliti þeirra jarðfræðinga sem staðkunnugastir voru og stundað höfðu rannsóknir á svæðinu í um 10 ár og skiluðu þeir í samvinnu við hönnuði stíflumannvirkja greinargerð þar sem flestar athugasemdir Gríms og Guðmundar voru hraktar. Sérfræðingar á vegum Alcoa yfirfóru einnig þessi gögn og komust að sömu niðurstöðum. Vegna ábendingar Gríms um hugsanlegt landsig af völdum Hálslóns var Freysteini Sigmundssyni jarðeðlisfræðingi falið að leggja mat á sigið og varð niðurstaða hans að landsig gæti numið um 30 sm á nokkrum áratugum. Grímur benti einnig á mikilvægi þess að jarðhiti á svæðinu yrði rannsakaður ásamt tengslum hans við sprungur og leg.

Eftir að jarðlög höfðu verið fjarlægð af stíflusvæði Kárahnjúkastíflu og svæði þar í grennd var auðveldara um vik að greina hugsanlegar bergsprungur. Var þegar hafist handa við nákvæma kortlagningu á jarðfræðistíflu grunnsins og nánasta umhverfis hans árið 2003. Á síðasta ári var samið við Íslenskar orkurannsóknir um að fyrirtækið rannsakaði útbreiðslu jarðhita á Hálslónssvæðinu, tengsl jarðhitans við sprungur og ályktanir sem af því mætti draga. Við þá vinnu fundu sérfræðingar merki um tengsl jarðhita við misgengi sunnarlega á Sauðárdal og mátti rekja misgengið til norðurs inn í námu sem búið var að opna rétt við Sauðá í um 5 km fjarlægð frá Kárahnjúkastíflu þar sem það virtist deyja út. Jarðfræðingarnir telja nú að þetta misgengi sé hluti af austurjaðri sprungusveims eldvirka beltisins sem áður var talið liggja um 12–15 km vestan við Kárahnjúka.

Þegar þessar niðurstöður lágu fyrir var myndaður vinnuhópur vísindamanna frá þeim stofnunum sem sinna rannsóknum á jarðskjálftum og jarðskorpuhreyfingum á Íslandi til að yfirfara og endurmeta hönnunarforsendur fyrir stíflurnar þrjár við Hálslón. Hafa þeir nýlega skilað skýrslu um hættumat vegna hugsanlegra jarðskjálfta og misgengis við myndun Hálslóns. Í framhaldi af sérfræðiskýrslu þessari munu verkfræðiráðgjafar yfirfara hönnun á stíflum með hliðsjón af hugsanlegum breytingum á hönnunarforsendum og grípa til viðeigandi ráðstafana eftir því sem ástæða er til. Ekkert hefur enn komið fram sem bendir til verulegra breytinga á stífluhönnun en búast má við ýmsum minni háttar endurbótum og viðbótarvarnaðaraðgerðum.

Jarðfræðiathuganir á sjálfu stíflusvæði Kárahnjúkastíflu hafa á framkvæmdatímanum leitt í ljós fjögur misgengi en aðeins eitt þeirra var þekkt áður en framkvæmdir hófust. Taka ber fram að við hönnun stíflunnar var gert ráð fyrir sprungum og misgengjum sem meðhöndla þyrfti í samræmi við viðurkenndar aðferðir. Hefur hönnun á undirstöðum stíflunnar verið breytt í samræmi við þessar upplýsingar eins og venja er að gera við slíkar aðstæður.

Herra forseti. Ég hef lauslega gert ráð fyrir stöðu rannsókna á jarðfræði við Kárahnjúka og viðbrögðum Landsvirkjunar við nýjum upplýsingum um jarðfræði í næsta nágrenni Hálslóns sem fram hafa komið eftir að framkvæmdir hófust. Rétt er að benda á að jarðfræðilegum rannsóknum við stór mannvirki eins og hér um ræðir lýkur ekki fyrr en byggingu er lokið. Eins og fram kemur að framan er unnið að því að aðlaga hönnun mannvirkja að nýjum jarðfræðiupplýsingum þannig að áhætta verði óbreytt. Slíkt hefur ávallt verið gert við allar stærri virkjanir hér á landi.

Ég hef haldið fund með sérfræðingum Landsvirkjunar, hönnuðum og jarðfræðingum þar sem farið hefur verið ítarlega yfir þessi mál. Vissulega er rétt að misgengiskerfi á svæðinu er viðameira en áður hefur verið talið sem leitt hefur til breyttrar hönnunar á grunni Kárahnjúkavirkjunar og í öðru lagi eru misgengi nokkru yngri en áður hafði verið talið og kunna að geta hreyfst við lónfyllingu eða eldvirkni í nærliggjandi eldstöðvakerfum.

[10:42]

Mörður Árnason:

Forseti. „Après nous, le déluge" sagði frægur kóngur í Frakklandi. Eftir okkar dag kemur syndaflóðið, og sá virtist líka vera boðskapur hæstv. ráðherra í ræðu sinni áðan. Það er hins vegar þannig að Guðmundur Sigvaldason jarðfræðingur, Ásta Þorleifsdóttir jarðverkfræðingur og Grímur Björnsson jarðeðlisfræðingur bentu öll á sínum tíma á þá hættu sem gæti falist í stæði stíflu og lóns við Kárahnjúka. En þá var búið að taka ákvörðunina. Ákvörðun var tekin fyrst, síðan var spurt. Fyrst ákvörðun, svo rannsóknir. Ég held að Kárahnjúkavirkjunar verði í framtíðinni minnst fyrir margt, vonandi fyrir það að hún hafi fært Austfirðingum og Íslendingum auð og aukinn kraft í byggðarlagið eystra, einnig fyrir það að þar eru mikil umhverfisspjöll á ferðinni.

Nú bætist það við og hefur raunar lengi verið sýnt að Kárahnjúkavirkjunar verður minnst sem dæmis um það hvernig ekki eigi að taka ákvörðun í mikilsverðum og merkilegum málum.

Forseti. Fyrir þessu þingi, eins og hinu síðasta, liggur

frumvarp þar sem endurskoðuð eru lög um umhverfismat. Ég hygg að við það mikla verk sem felst í því að færa þessi lög til betri vegar verði að fara sérstaklega í gegnum þennan feril sem nú liggur fyrir, gegnum það hvaða mark var tekið á ábendingum þessara þriggja jarðvísindamanna, hver þáttur Orkustofnunar í því var, hvernig Landsvirkjun brást við og hvernig hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin öll hegðaði sér í þessu máli. Við verðum að búa svo um hnútana að í framtíðinni verði miklar ákvarðanir teknar þannig að menn spyrji áður en þeir skjóta.

[10:44]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Miklar jarðfræðirannsóknir hafa staðið yfir á Kárahnjúkasvæðinu í a.m.k. 20 ár, fyrst á vegum Orkustofnunar og síðan á vegum Landsvirkjunar. Þegar skýrslur jarðfræðinga liggja fyrir hanna verkfræðingar mannvirkin á grundvelli þeirra skýrslna og aðlaga þau að jarðfræðilegum aðstæðum.

Í þessu tilfelli er um grjótstíflu að ræða með steyptri kápu og þá er tekið tillit til frágangs í stíflugrunni, styrkingar bergs, lekavatns í jarðlögum móti stíflu, t.d. með grautun. Í upphaflegri hönnun var gert ráð fyrir að misgengjakerfið á Kárahnjúkasvæðinu væri óvirkt, þ.e. engar hreyfingar hefðu átt sér stað á síðustu 10–12 þúsund árum, þ.e. frá síðustu ísöld. Jarðfræðilegar athuganir á byggingartíma eru stöðugt í gangi og hafa leitt í ljós að misgengjakerfið er viðameira en áður var talið og að misgengi í 5 km fjarlægð suður af Kárahnjúkastíflu er talið hafa hreyfst fyrir 3–4 þús. árum.

Sérfræðingar hafa gert skýrslu um málið og þar segir að lítil eða engin jarðskjálftavirkni sé á svæðinu sem sé þó ekki fullkomlega stöðugt til höggunar og jarðskjálfta. Endurskoðun á hönnun stíflnanna er stöðugt í gangi og Landsvirkjun hefur fengið bestu fáanlega ráðgjafa og sérfræðinga í heimi til að fylgjast bæði með hönnun og framkvæmdum enda mikið í húfi. Kostnaður við styrkingu á stíflunum gæti numið 100–150 millj. kr. sem er örlítið brot af byggingarkostnaði. Þess má geta að virkjunarmannvirki á Þjórsársvæðum sem eru mjög virk og mun yngri jarðfræðilega en Kárahnjúkasvæðið eru miklu meiri en á Kárahnjúkasvæðinu.

Ég átta mig ekki á til hvers úrtölur og tortryggnistal stjórnarandstöðunnar er hér í gangi.

[10:46]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Samkvæmt nýlegum fréttum eru verkfræðiráðgjafar að endurmeta hönnunarforsendur stíflumannvirkja að Kárahnjúkum og það er gert í ljósi glænýrra rannsókna. Sem betur fer hefur verið boðað að þetta muni ekki hafa afdrifaríkar afleiðingar hvað varðar kostnað við mannvirkjagerðina, enda má kostnaðurinn ekki fara úr böndunum. Öllum má vera ljóst að þessi virkjun er á mörkum þess að bera sig, virkjun sem kostar um 100 milljarða og tekjurnar árlega verða um 5 milljarðar kr. Þetta er algjörlega á mörkunum að beri sig og þess vegna er mjög nauðsynlegt að umræddur kostnaður fari ekki úr böndunum vegna endurhönnunar.

Þessi kostnaður er mjög sérstæður samanborið við kostnað annarrar virkjunar sem er verið að reisa. Í ágætri heimsókn hjá Orkuveitu Reykjavíkur var okkur kynnt að verið væri að reisa virkjun sem kostaði 12 milljarða að reisa og tekjurnar af henni verða 3 milljarðar árlega. Þetta er mjög sérstakt.

Í þessu máli gefur augaleið að hæstv. iðnaðarráðherra verður að bæta alla upplýsingagjöf um kostnað og um gang mála þarna fyrir austan. Ég spurði hæstv. ráðherra á dögunum, í lok janúar, nokkurra spurninga, m.a.: Hafa verið gerðar aukalega rannsóknir á jarðfræði Kárahnjúkasvæðisins og hafa þær leitt eitthvað nýtt í ljós? Hafa stíflumannvirki verið endurhönnuð og ef svo er, hver var kostnaðurinn við það?

Hæstv. ráðherra sá enga ástæðu til að svara þessu, og það er með ólíkindum.

Ég vil beina þeim orðum til hæstv. forseta þingsins, sem hefur verið duglegur að vanda um við hv. þingmenn, að þeir gæti orða sinna og eitt og annað, að hann fari yfir svör hæstv. iðnaðarráðherra, hversu rýr þau eru, og vandi um við hæstv. ráðherra, að hún geri betur næst, veiti þjóðinni og okkur sem störfum hér sem fulltrúar hennar upplýsingar um gang stærstu framkvæmda Íslandssögunnar.

(**Forseti** (HBl): Mér er ljúft að lesa ræður iðnaðarráðherra.)

[10:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Eftir lestur skýrslunnar „Jarðskjálftar og misgengi á Kárahnjúkasvæði" þykir mér þeim tveimur mínútum sem ég hef hér til umráða best varið með því að vitna beint til orða skýrslunnar.

Þar stendur m.a., með leyfi forseta:

„Nýlegar jarðfræðirannsóknir benda ... til hreyfinga á misgengi í Sauðárdal á nútíma, ... Það misgengi liggur að hluta undir lónstæði Hálslóns. Misgengjakerfi við Kárahnjúkastíflu er jafnframt viðameira en áður var talið, og einnig tengist jarðhiti því. Þessar nýju athuganir benda til að svæðið sé ekki fullkomlega stöðugt með tilliti [til] höggunar og jarðskjálfta, og að jarðfræðileg vá sé þar umfangsmeiri en áður hefur verið talið.

Spennu- og aflögunarsvið svæðisins kann að breytast og jarðskjálftar verði þar á ný. Myndun Hálslóns og aukinn vatnsþrýstingur samfara því kann að valda misgengishreyfingum á Kárahnjúkasvæðinu, jafnframt því sem fjarlægir skjálftar geta valdið hreyfingum þar. Þá kann virkni í nærliggjandi eldstöðvakerfum, þar á meðal í Öskju, Kverkfjöllum og Snæfelli, að leiða til misgengishreyfinga við Kárahnjúka."

Þá segir einnig í skýrslunni að hætta á gleikkun sprungna vegna aukins vatnsþrýstings sé umtalsverð og búast megi við að margar sprungnanna séu mjög lekar.

Hæstv. forseti. Þarf frekari vitnanna við? Deilan um sannleiksgildi varnaðarorða Guðmundar heitins Sigvaldasonar, Ástu Þorleifsdóttur og Gríms Björnssonar er leyst. Þau höfðu einfaldlega rétt fyrir sér. En ætla Landsvirkjun og hæstv. iðnaðarráðherra að halda áfram að berja höfðinu við steininn, sofa rólega og kalla umfangsmikið misgengi

undir steypta táveggnum við Kárahnjúkastíflu ótrúlega óheppni?

[10:51]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hrópar upp og gefur í skyn að framkvæmdin sé í hættu vegna þessa misgengis. Til að gera sér grein fyrir heildarmyndinni kostaði um 150 milljónir að bregðast við þessu, sem strax var gert, en framkvæmdin sjálf er upp á 90 milljarða.

Af máli hæstv. iðnaðarráðherra má dæma að öll vinnubrögð varðandi hönnun Kárahnjúkastíflu séu fagleg og vönduð. Vísindamenn hafa gert allar þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru og nú er þetta í því ferli að meta nýjustu tíðindi. Við sjáum af útkomunni að misgengi svæðisins er viðameira en áður var áætlað en við þeim tíðindum hefur verið brugðist með faglegum hætti.

Við skulum ekki gleyma því að sem betur fer eru slík mannvirki hönnuð með mikil öryggissjónarmið að leiðarljósi og á gögnum má lesa að stífla líkt og Kárahnjúkastífla er ekki talin í hættu vegna jarðskjálfta, hún á að þola slíkt. Við gerum að sjálfsögðu þá kröfu að menn hanni og byggi slíkt mannvirki með öryggi í huga, enda um stærstu framkvæmd Íslandssögunnar að ræða. Ég treysti þeim sérfræðingum sem að málinu koma og orðum hæstv. iðnaðarráðherra um að hún sé þess fullviss að engin hætta sé á ferðum.

Svæðið fyrir austan er ekki mjög virkt. Þess vegna er gott til þess að vita að stíflurnar við Hálslón séu hannaðar með það að markmiði að þola sama álag af völdum jarðhræringa og stíflumannvirkin á Þjórsár-/Tungnaársvæðinu og er það gert þrátt fyrir þá vitneskju að svæðið fyrir austan fjall er margfalt virkara en það sem við ræðum hér. Vonandi mun framkvæmdum ekki seinka við þetta ferli en af öllu er ljóst að Landsvirkjun gerir sér að sjálfsögðu grein fyrir mikilvægi þeirra mannvirkja sem um ræðir og áhættu þeirri sem blasir við okkur ef ekki er vandað til verka. Af umræðunni liggja fyrir vönduð vinnubrögð og viðbrögð Landsvirkjunar við þessu máli og er það mat mitt að allir aðilar sem að málinu koma hafi það að markmiði að vinnan gangi hratt og vel fyrir sig en fyllsta öryggis sé gætt.

[10:53]

Einar Már Sigurðarson:

Herra forseti. Það er eðlilegt þegar svo stór mál eru rædd sem hér er gert að menn haldi ró sinni og íhugi og velti fyrir sér bæði sögunni og framtíðinni. Það er okkur auðvitað, sem börðumst fyrir þessum miklu framkvæmdum, afskaplega mikilvægt að vel sé að verki staðið og að allt gangi sem allra best fyrir sig. Við gerum að sjálfsögðu ekki lítið úr því, og höfum aldrei gert, að það er verið að beisla móður náttúru og við ráðum auðvitað ekki að öllu leyti við þau miklu öfl sem þar eru. En þannig er nú í þessu ágæta landi okkar að það er mikil áhætta að búa í því.

Við þekkjum mýmörg dæmi um það að menn hafi tekið áhættu. Tökum Þjórsársvæðið allt saman. Þar er auðvitað jarðskjálftahætta og margs konar önnur hætta og ein af rökunum sem færð voru fyrir því að það væri rétt að fara norður fyrir Vatnajökul voru þau að vera ekki með allar þessar stóru virkjanir á sama svæðinu. En enginn hélt því fram að þetta væri allt gert án nokkurrar áhættu.

Við höfum líka fleiri dæmi. Við munum náttúrlega eftir Kröflu vegna þess að þar var gerð virkjun og þar gerðist ýmislegt sem menn vonuðu að gerðist ekki. Þetta eru staðreyndirnar sem við búum við í þessu landi, og ef við höfum áhuga á því að nýta okkur þá orku sem er til staðar verðum við auðvitað að taka einhverja áhættu. Það hlýtur hins vegar alltaf að vera markmið okkar að gera þessa áhættu eins litla og nokkur kostur er og bregðast við allri þeirri þekkingu sem fyrir liggur á þann besta hátt sem við getum. Það vona ég svo sannarlega að gert sé í þessu máli.

Vegna þess að nú er aðallega rætt um sprungur og misgengi rifjast upp að hér í nágrenni við okkur snerust árið 1982, ef ég man rétt, borgarstjórnarkosningar um að það mætti alls ekki byggja á sprungusvæðum. Ef ég man rétt réðust (Forseti hringir.) úrslitin meira og minna af því, en í ljós hefur komið að þar var verið að mála skrattann á vegginn, eins og ég óttast að sé (Forseti hringir.) svolítið verið að gera í þessu máli.

[10:55]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Mér þótti vænt um að heyra að hv. 7. þm. Norðaust., Einar Már Sigurðarson, flutti aðra rullu hér en fyrri þingmaður Samfylkingarinnar, hv. 7. þm. Reykv. s., Mörður Árnason, sem er einn af þeim mörgu mönnum innan Samfylkingarinnar, eins og t.d. hv. þm. Helgi Hjörvar, sem hafa mjög amast við Kárahnjúkavirkjun og öðrum mannvirkjum austur þar. (**Gripið fram í:** Hann er ekki ...)

Á hinn bóginn kom mér ekki á óvart að hv. 5. þm. Norðaust., Steingrímur J. Sigfússon, skyldi hefja þessa umræðu. Ef minnst er á álver má segja um hann: Finni hann laufblað fölnað eitt / fordæmir hann skóginn. Mætti kannski segja þegar tekin er áhætta í virkjunum að gömlum alþýðubandalagsmönnum væri nær að hugsa til þeirrar miklu áhættu og litlu rannsókna sem sumir sögðu að hefði verið áður en Magnús Kjartansson, iðnaðarráðherra Alþýðubandalagsins, ákvað að ráðast í Krófluvirkjun (Gripið fram í.) á árunum 1973–1974. Ég man raunar þann tíma þegar Kröflueldar komu og á lítinn hraunmola sem kom upp um rör á einni borholunni í Bjarnarflagi í Kröflueldum.

Þó svo að við minnumst þessa vitum við Norðlendingar að við verðum að lifa í þessu landi, og einmitt nú erum við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að berjast fyrir því að álver rísi við Húsavík. Við höfum hugsað okkur að nota jarðvarmann frá Bjarnarflagi til þessa álvers, nema ef vera kynni að álverið kæmi við Eyjafjörð, sem ég veit ekki um á þessari stundu. En við Norðlendingar erum ekki hræddir við að taka áhættuna, við teljum að við verðum að nýta kosti landsins. Varðandi Kárahnjúka vitum við að það er minni áhætta að reisa stíflu þar en önnur orkuver sem við höfum (Forseti hringir.) reist á síðustu áratugum og hugsum okkur að reisa nú.

[10:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er sérkennilegt að heyra menn bera

Kárahnjúkavirkjun, sem ekki er sambærileg við neina aðra framkvæmd sem reist hefur verið á Íslandi, saman við ólíklegustu hluti, virkjanir af allt öðrum toga, svo að ég tali nú ekki um húsbyggingar á höfuðborgarsvæðinu.

Kárahnjúkavirkjun er stærsta framkvæmd Íslandssögunnar. Hún er stærsta jarðvegsstífla sem byggð hefur verið í Evrópu og á bak við hana á að mynda uppistöðulón með 2,4 rúmkílómetrum vatns. Það sýnist okkur sessunautum hér, stærðfræðikennaranum Kristni H. Gunnarssyni og mér, að séu kannski 2,4 milljarðar milljarða tonna af vatni sem þarna á að hlaða ofan á jarðskorpuna bak við stærstu jarðvegsstíflu Evrópu, sem núna hefur þurft að endurhanna jafnóðum og hún er byggð, skipta táveggnum í þrennt, dæla ókjörum af steypu niður í jörðina til að reyna að þétta misgengissprungur sem þar hafa uppgötvast. Og koma menn svo hér og láta eins og þetta sé ekkert til þess að hafa neinar áhyggjur af, það sé bara svartagallsraus að vitna í niðurstöður vísindamanna sem menn eru nú loksins, því miður svo seint, farnir að taka alvarlega.

Það er nefnilega ekki þannig að einhverjir fundir uppi í Landsvirkjun hreki athugasemdir og ábendingar vísindamanna. Það er akkúrat öfugt, varnaðarorð Guðmundar Sigvaldasonar, Gríms Björnssonar, Ástu Þorleifsdóttur o.fl. hafa verið staðfest. Það hafa reynst innstæður fyrir þeim og skömmin er þeirra stjórnvalda, vísindamanna og fyrirtækja sem höfðu þetta að engu, gerðu ekkert með það á þeim tíma sem átti að taka þetta alvarlega og rannsaka frekar.

Auðvitað var hneyksli að vaða af stað með þessa framkvæmd og troða frumvarpi sem heimilaði hana í gegnum Alþingi og þegja um og gera ekkert með þær ábendingar sem þarna lágu fyrir. Þeir sem tala um 150 millj. kr. viðbótarkostnað vita ekki mikið hvað þeir eru að segja. Það liggur þegar fyrir (Forseti hringir.) nokkurra milljarða viðbótarkostnaður vegna aukaframkvæmda, sérstaklega niðri í botni gljúfursins.

[11:00]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tekur ekki rökum og hann ber höfðinu við steininn. Það er svo sem ekki nýtt, hann hefur alltaf verið hræddur við nýjungar og hann er líka hræddur við stórframkvæmdir.

Ég minni á það að ýmsir voru hræddir við Hvalfjarðargöngin hér forðum (Gripið fram í.) en þau hafa nú heldur betur sannað sig. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað hér um misgengi á Kárahnjúkasvæðinu er rétt að benda sérstaklega á eftirfarandi: Allar stíflur á borð við þær er hér um ræðir eru hannaðar til þess að þola hreyfingu og leka. Hönnun Kárahnjúkavirkjunar og stíflumannvirkja er í samræmi við alþjóðlegar vinnuaðferðir og hefur staðist ströngustu gæðastaðla erlendra eftirlitsaðila. Sprungur, sem kunna að opnast eða víkka á botni lónsins langt frá stíflusvæðinu munu ekki valda auknum leka úr lóninu. Það er því rangt sem hefur verið látið í veðri vaka að lónið geti tæmst af þeim sökum.

Stíflurnar við Hálslón eru hannaðar til þess að þola sömu áraun af völdum jarðhræringa og stíflumannvirkin á Þjórsár-/Tungnaársvæðinu. Þetta er gert þrátt fyrir að Þjórsár-/Tungnaársvæðið sé margfalt virkara hvað jarðhræringar varðar.

Ég hef nú greint frá staðreyndum þessa máls og mitt mat á stöðunni er að þrátt fyrir að frekari sprungur hafi fundist í lónstæðinu við Kárahnjúka hefur verið gripið til aðgerða þannig að þær muni ekki valda vandræðum við framkvæmd eða rekstur virkjunarinnar. Eftir að hafa kynnt mér staðreyndir málsins og með hvaða hætti brugðist er við þessum nýju upplýsingum við hönnun og byggingu stíflnanna er ég þess fullviss að ekki er hætta á ferðum við rekstur Kárahnjúkavirkjunar. Ég hef áður talað í sambandi við óskylt mál um belti og axlabönd. Ég held að í þessu tilfelli sé óhætt að tala um tvenn axlabönd og tvö belti. (Gripið fram í.)

Athugasemdir um störf þingsins.

Afturköllun þingmáls.

[11:02]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að ég þarf að greina frá tillögu sem ég hef fram að færa. Þann 22. mars síðastliðinn mælti ég fyrir frumvarpi til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins en efni þess var að leggja niður starfsemi tryggingardeildar útflutnings. Um starfsemi var að ræða sem tilraun hafði verið gerð með frá árinu 2002 í samstarfi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins. Samningur um samstarfsverkefnið tók gildi þann 15. apríl 2002 og rennur í raun út á morgun, 15. apríl 2005.

Af hálfu aðila að verkefninu þótti ekki nægilegur áhugi fyrir tryggingardeildinni til að halda áfram með verkefnið. Því var áðurnefnt frumvarp flutt. Nú hefur komið fram að mikill áhugi er á því hjá atvinnulífinu að þessari starfsemi verði haldið áfram og látið reyna á það til þrautar með hvaða hætti hún geti þróast til framtíðar og að framlengja þessa tilraun í þrjú ár til viðbótar.

Samstarfssamningurinn milli þessara aðila mun því ekki renna út heldur verður hann framlengdur. Ég dreg því þetta frumvarp, 659. mál á þskj. 1003, til baka í samræmi við 60. gr. þingskapa.

[11:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég fagna þessum tíðindum. Ég minni á að við umræður um þetta mál sáu ekki margir hv. þingmenn að mjög sterk rök væru fyrir því að fara þá uppgjafarleið sem hæstv. ráðherra lagði til í frumvarpi. Það er vissulega fagnaðarefni að menn skyldu sjá að sér áður en lögin yrðu felld úr gildi eða Alþingi fengið til þess, þ.e. ef Alþingi hefði látið hafa sig út í það. Það voru ákaflega fátæklegar röksemdir að deildin hefði ekki verið notuð eins mikið og mönnum hafði dottið í hug. Nærtækast var auðvitað að spyrja sig hvort þar þyrfti að gera einhverjar breytingar eða endurskipuleggja starfsemina þannig að hún komi að því gagni sem til er ætlast.

Svo lengi sem nokkur þörf er fyrir þjónustuna er ákaflega sérkennilegt ef Ísland hefði enga fyrirgreiðslu eða

þjónustu af þessu tagi í boði eða mögulega, gagnstætt við það sem yfirleitt tíðkast í nágrannalöndum okkar. Það kemur mér síður en svo á óvart að þegar menn fari að huga betur að þessu máli, eins og greinilega hefur gerst í atvinnulífinu, sjái menn að þetta er hið mesta óráð.

Eftir stendur áleitin spurning: Hvernig hugsa menn þessi mál í hinu háa ráðuneyti? Hvers konar undirbúningur og skoðun fer fram áður en ráðuneytið rýkur til og hendir inn frumvörpum um hluti af þessu tagi, sem reynast tóm vitleysa eða gönuhlaup og hæstv. ráðherra verður að kalla frumvörp sín til baka.

Ég ætla ekki að hafa um það fleiri orð. Því ber að fagna ef menn vitkast en maður veltir fyrir sér hvort þetta séu einu mistökin sem hinu háa iðnaðarráðuneyti og hæstv. iðnaðarráðherra kunni að verða á af þessu tagi. Kannski er enn ríkari ástæða en ella, sem hefur þó svo sannarlega verið fyrir hendi, til að lesa með gagnrýnu hugarfari ýmislegt sem frá hæstv. iðnaðarráðherra kemur.

[11:06]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur ákveðið að taka málið til baka. Við höfðum fengið upplýsingar um hvernig að þessum málum hefði verið staðið undanfarin ár og að í raun hefði alls ekki reynt á þessa tryggingastarfsemi eða þörfina fyrir hana. Íslensk fyrirtæki höfðu jafnvel ekki gert sér grein fyrir mikilvægi þess að hafa aðgang að tryggingum af þessu tagi vegna útflutnings. Mér býður í grun að menn hafi kannski lagt á flótta út af einu stóru tapmáli sem upp hefur komið. Þar hefur verið gert ráð fyrir, af þeim sem um hafa vélað fyrir hönd þessa sjóðs, að hægt væri að komast hjá slíku í framtíðinni með samvinnu við aðra aðila í Svíþjóð og kannski víðar.

Hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir því að hann hafi endurskoðað afstöðu sína og talið sig hafa fengið upplýsingar sem bentu til að ekki væri fullreynt það gagn sem gæti af þessu orðið. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það en ég fagna því. Ég tel gott að hæstv. ráðherra hafi brugðist svo skjótt við. Ég taldi að töluverð yrði umræða um þetta í nefndinni og það yrði skoðað vel áður en málið yrði afgreitt þaðan og þar mundu menn takast á um framhaldið. En hæstv. ráðherra hefur höggvið á þann hnút og ég þakka fyrir það.

Álbræðsla á Grundartanga, 1. umr.

Stjfrv., 707. mál (fasteignaskattur). — Þskj. 1065.

[11:08]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

Árið 2003 voru áritaðir samningar um stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga. Í samningnum var gert ráð fyrir að álverið yrði stækkað í 240 þús. tonn í tveimur áföngum, fyrst úr 90 þús. tonnum í 180 þús. tonn og síðar úr 180 þús. tonnum í 240 þús. tonn. Á grundvelli áritaðra samninga voru gerðar breytingar á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga.

Í kjölfar áritunarinnar átti Norðurál viðræður við Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja um orkuafhendingu vegna stækkunarinnar. Þær viðræður leiddu til þeirrar niðurstöðu að hagkvæmast væri að áfangaskipta stækkuninni þannig að í fyrri áfanganum yrði framleiðslugeta álversins aukin í 220 þús. tonn og í síðari áfanganum yrði miðað við 260 þúsund tonn. Rafmagnssamningur vegna fyrri áfangans hefur verið undirritaður og fyrir liggur viljayfirlýsing vegna síðari áfangans.

Þessar breytingar á stækkunaráformum Norðuráls leiða til þess að breyta þarf 6. tölulið 1. mgr. 6. gr. laganna, sem fjallar um fasteignaskatt. Í frumvarpi því sem hér er mælt fyrir er lagt til að fasteignaskattsprósenta verði 0,75% svo sem verið hefur og að fasteignaskattsstofninn verði 6 milljarðar og 219 millj. kr vegna stækkunar í 220 þúsund tonn en 1 milljarður og 7 millj. kr. vegna stækkunar í 260 þús. tonn. Þá er lagt til að fasteignaskattur verði lagður á í fyrsta sinn 1. janúar næsta ár eftir að framleiðslugeta álversins er komin í um 220 þús. tonn á ári annars vegar og 260 þús. tonn hins vegar. Ráðuneytið hefur á undanförnum árum átt í viðræðum við fulltrúa sveitarstjórna Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps um breytingar á samkomulagi þessara aðila um stofnun og rekstur álvers á Grundartanga, um samkomulag um skattstofn, skatthlutfall og annað fyrirkomulag fasteignaskatts vegna stækkunaráformanna. Breytt áfangaskipting stækkunar álversins kallar ekki á breytingar á öðrum ákvæðum laganna.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvarpi þessu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og iðnaðarnefndar.

[11:11]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þótt hér sé aðeins um að ræða frumvarp sem lýtur að tæknilegum atriðum við stækkun álversins á Grundartanga þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra.

Í fyrsta lagi: Hvað er gert ráð fyrir að þessi framkvæmd kosti, annars vegar stækkunin úr 90 þús. í 180 þús. og síðan úr 180 þús. í 260 þús. Hvaða tímasetningar eru við þessa framkvæmd og hvenær koma þær til framkvæmda í íslenskt efnahagskerfi?

Þá ætla ég líka að spyrja um virkjanir eða raforkuframleiðslu sem tengist þessari stækkun. Hve mikið kostar raforkuöflunin, virkjunarframkvæmdir sem tengjast þessari stækkun? Hvenær er gert ráð fyrir því að þær framkvæmdir komi inn í efnahagslífið þannig að menn sjái hvað er að gerast á hverjum tíma?

[11:12]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér eru fremur stórar spurningar settar fram í andsvari og ekki auðvelt fyrir mig að svara þeim óundirbúið þótt ég fylgist allvel með því sem er að gerast á Grundartanga, enda er það allt saman mjög til fyrirmyndar og ánægjulegt. Ég held ég kjósi að svara þessum spurningum frekar í ræðu á eftir, að því marki sem ég tel ástæðu til að svara þeim. Ég veit ekki hvort það er ástæða til að vera

að fara nákvæmlega í kostnað við þessar framkvæmdir. En þær eru þó ekki á vegum ríkisins eins og hv. þingmaður hlýtur að gera sér grein fyrir.

Ég held að óhætt sé að ítreka að náðst hefur samkomulag við Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur um afhendingu orku. Í því sambandi eru það hin rómuðu nýju raforkulög sem gera það að verkum að þessir samningar geta átt sér stað. Það er ekki lengur þannig að Landsvirkjun hafi einkarétt á að virkja á Íslandi. Það geta þessi fyrirtæki gert en hefðu hin nýju raforkulög, sem hv. þingmaður hefur heldur betur reynt að níða niður í umræðunni, ekki verið þá hefði þessi samningur ekki orðið og hin stórkostlega uppbygging á Grundartanga, sem er í kjördæmi hv. þingmanns, ekki getað átt sér stað.

[11:14]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum með þekkingarskort ráðherrans. Þetta eru stórar framkvæmdir í íslensku atvinnulífi. Við ræðum um þenslu og verðbólgu og forgangsröðun framkvæmda, við ræðum um gríðarlegan niðurskurð á vegaframkvæmdum vegna þenslu. Allt þetta hljótum við að vega saman. Mér finnst furðulegt ef hæstv. ráðherra atvinnumála, ráðherra byggðamála, telur engu skipta að vita hvaða stærðir er um að ræða inn í íslenskt efnahagslíf. Ég hefði gjarnan viljað að þessar upplýsingar lægju fyrir í þessari umræðu. Það er engin leið og fráleitt að horfa á þessar framkvæmdir og líta svo á að þær séu óháðar íslensku efnahagslífi og íslensku atvinnulífi. Það er af og frá.

Herra forseti. Mér þætti vænt um að forseti styddi mig í að fá ráðherra til að koma með þessar upplýsingar sem fyrst inn í umræðuna.

[11:15]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður leggur kannski til að framkvæmdirnar séu stöðvaðar. Það mætti helst skilja orð hans þannig. Það að ég telji að engu skipti í sambandi við hagkerfið er náttúrlega bara orð sem hv. þingmaður gefur sér. Það hef ég aldrei sagt. Auðvitað skipta allar framkvæmdir máli en rétt að halda því til haga hvað varðar verðbólguna að það er minni hluti áhrifanna vegna verðbólgunnar sem nú er út af framkvæmdunum fyrir austan. Þenslan á húsnæðismarkaðnum ræður mestu þar um. Þetta ætti hv. þingmaður að taka með í reikninginn þar sem hann hefur náttúrlega eins og allir þekkja reynt að halda því fram að allt sem neikvætt gæti talist í samfélaginu sé út af framkvæmdunum fyrir austan. En þarna erum við að tala um framkvæmdir í hans eigin kjördæmi og þær eru mjög jákvæðar og ánægulegt hvernig þetta gengur til. Ég veit að fjórði áfangi kemur eftir að framkvæmdum lýkur fyrir austan og það er mjög jákvætt að það verði ekki skellur í hagkerfinu heldur koma þær framkvæmdir í framhaldi af opnun álversins á Reyðarfirði.

[11:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að verið er að staðfesta stækkunarferilinn í álverinu í Hvalfirði. Hvað sem mönnum fannst um það álver í upphafi þegar það var byggt var auðvitað fljótlega ljóst að vegna þróunar í áliðnaði yrði álverið að stækka og ná þeirri stærð að það væri örugglega samkeppnishæft í framtíðinni. Sá ferill er nú tryggður og ástæða til að fagna því. Sá ferill er greinilega líka ákaflega hagkvæmur fyrir efnahagslífið og atvinnulífið á því svæði sem áhrifin verða. Stækkanirnar í þeim áföngum sem þarna eru fyrirhugaðir og hafa reyndar verið fram að þessu eru með þeim hætti að það veldur engum stórkostlegum vanda í atvinnulífinu, hvorki á svæðinu eða landinu í heild. Ég verð að segja eins og er að að mínu mati er ekki um annað að ræða en fagna því hvernig að þessu hefur verið staðið og hvernig þetta hefur allt gengið fram.

Auðvitað þarf að gera nýja samninga og breyta um þessa hluti eins og hér er gert ráð fyrir við þau sveitarfélög sem þarna eiga hlut að máli. Ég sé ástæðu til þess í tengslum við umræðuna að draga athygli hv. alþingismanna að því að hér má sjá þá vitleysu sem menn hafa borið ábyrgð á í sölum Alþingis fram að þessu sem er fólgin í því að hér eru settar niður að tilhlutan ríkisvaldsins verksmiðjur og virkjanir úti um landið í einhverja litla sveitahreppi með fáum íbúum og skattlagning á mannvirkin kemur í hina litlu sveitarsjóði en það er ekki tekið tillit til atvinnusvæðanna sem um er að ræða. Nú eru að koma fram enn þá meiri tekjur, en hverjir fá þær? Að vísu er búið að taka ákvörðun um að sameina þessa fjóra litlu hreppi sem eru á svæðinu sunnan Skarðsheiðar en það er samt ekki nema milli 500 og 600 manna byggðarlag sem um er að ræða. Ef við skoðum hvernig þetta hefur komið niður fram að þessu hafa tveir af fjórum sveitahreppum fengið tekjurnar af mannvirkjunum. Í svari við fyrirspurn sem ég bar fram í vetur kemur fram að tekjur Hvalfjarðarstrandarhrepps eru að 38% til komnar vegna fasteignagjalda. Tekjur Skilmannahrepps, sem er hinn hreppurinn, eru að 57% til komnar vegna fasteignagjalda. En að meðaltali og fjölmörg sveitarfélög eiga við það að búa að fá 4%, 5% og 6% af tekjum sínum af fasteignagjöldum.

Ég tel að hér hafi illa tekist til hjá Alþingi. Þá er ég að tala um að fyrir allmörgum árum var til skattur sem hét landsútsvar þar sem tekið var á svona hlutum. Hætt var við hann en það var ekki tekið á málinu sem hefur komið í veg fyrir sameiningu sveitarfélaga vegna þess að á sumum fámennum stöðum hafa menn gulluppsprettu þó að nágrannarnir hafi verið að lepja dauðann úr skel allan tímann, eins og reyndin er með t.d. bæði Innri-Akraneshrepp og Leirár- og Melasveit. Á því litla svæði sem þar er um að ræða þar sem það tekur 20 mínútur að keyra milli enda á öllu svæðinu sem þessir fjórir hreppar taka yfir sem eru nú að sameinast. Þarna hefði þurft að taka á málum fyrir langalöngu og mér finnst að sameining sveitarfélaga sem ríkisstjórnin stendur fyrir núna hefði átt að vera markvissari og ákveðnari til að koma í veg fyrir að slíkir hlutir væru með þeim hætti sem er. Auðvitað byggist uppbygging verksmiðjanna ekki á vinnuafli litlu sveitarfélaganna í kring heldur á stærri stöðunum þangað sem öll þjónustan er sótt.

Við sjáum fram á enn eitt skipulagsslysið á svæðinu ef svona heldur áfram vegna þess að nú eru hinir fjórir hreppar að skipuleggja byggðina sína og ætla að byggja upp þéttbýli á jaðri Akraness og Innri-Akraneshrepps.

Ég taldi ástæðu til að nefna þetta vegna þess að ábyrgðin á þessu er auðvitað öll í sölum Alþingis. Hér hafa menn alið fáa með miklum fjármunum.

[11:24]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum. Frumvarpið felur í sér ákveðin tæknileg atriði sem lúta að skattgreiðslum til byggðarlaganna í kring. Það er alveg rétt að lögin sem kveða á um stærðarheimildir álbræðslunnar á Grundartanga hafa þegar verið samþykkt frá Alþingi fyrir nokkru þannig að hér er ekki verið að grípa inn í þau atriði.

Hins vegar held ég að það væri fullkomlega ábyrgðarlaust ef við ekki horfðum til stöðu atvinnumála, stöðu efnahagsmála í samfélaginu og þau áhrif sem stórframkvæmdir eins og álverksmiðjur og stórvirkjanir hafa.

Við ræddum fyrr í dag mjög umdeilda Kárahnjúkavirkjun og umdeilda verksmiðju á Reyðarfirði þar sem menn höfðu ekki aðeins gagnrýnt þau miklu og óafturkræfu náttúruspjöll sem framkvæmdirnar hefðu í för með sér, ófyrirsjáanleg samfélagsáhrif í litlum samfélögum, heldur einnig hvaða áhrif hinar gríðarlegu fjárfestingar hefðu á efnahagslíf þjóðarinnar. Þessi ákvörðun var tekin og efnahagsleg áhrif hennar a.m.k. meðan á byggingartíma stendur hafa ekki verið nógsamlega undirstrikuð. Þegar hin umdeilda ákvörðun var tekin var rætt um að hún mundi hafa áhrif á aðrar framkvæmdir í landinu. Hún mundi hafa ruðningsáhrif á annað atvinnulíf og það yrði keppikefli að lágmarka það. Þess vegna hljótum við að setja spurningarmerki við tímasetningar á stækkun á álverinu á Grundartanga í ljósi stöðunnar, því tímasettar ákvarðanir um stækkun á álverinu á Grundartanga eru teknar eftir að ákvörðun var tekin um að fara í framkvæmdirnar fyrir austan með öllum þeim fyrirvörum sem menn höfðu þar og áhættu sem menn tóku gagnvart efnahagslífinu. Þess vegna finnst mér alveg furðulegt þekkingarleysi af hálfu hæstv. iðnaðarráðherra að geta ekki greint samtímis frá atriðum sem lúta að kostnaði framkvæmdanna á Grundartanga og á orkuverum sem tengjast þessu, línulögnum og öðru og hvenær það kemur tímasett í efnahagskerfi þjóðarinnar.

Ég þarf ekki að rekja mjög ítarlega alla þá umræðu og öll þau varnaðarorð sem eru flutt þessa dagana af Samtökum atvinnulífsins, samtökum einstakra atvinnugreina, yfirstjórn fjármála, bankamála, áhyggjur þeirra og athugasemdir yfir hver staðan er um hina ýmsu efnahagsþætti þjóðarinnar. Verðbólgan vex þrátt fyrir gríðarlega harðar aðgerðir af hálfu Seðlabankans með hækkun á stýrivöxtum, viðskiptahalli eykst geigvænlega og ruðningsáhrif m.a. stóriðjuframkvæmdanna eru gríðarleg á annað atvinnulíf. Gengið er þannig að útflutningsgreinar eiga í miklum erfiðleikum. Þá spyr maður sig hvernig stjórnvöld halda á málunum, því stækkun á álverinu á Grundartanga og orkuframkvæmdir þar eru hluti af stjórnvaldsákvörðunum. Er eitthvert samræmi í þeim aðgerðum sem verið er að gera?

Nú nýverið ræddum við stöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar. Þá kom fram að vegna stefnu ríkisvaldsins, stjórnvalda og hæstv. iðnaðarráðherra í atvinnu- og efnahagsmálum er samkeppnisstaða íslensks skipasmíðaiðnaðar mjög erfið og mun erfiðari í samkeppni við skipasmíðaiðnað í öðrum löndum. Ítrekað hefur verið leitað eftir því að það yrði leiðrétt og unnar skýrslur sem lúta að því að Íslendingar séu að refsa íslenskum skipasmíðaiðnaði í samanburði við það sem aðrar þjóðir gera í samkeppnislöndunum, en það þykir allt í lagi. Það þykir allt í lagi að fórna íslenskum skipasmíðaiðnaði og láta hann ryðjast á brott.

Í morgun var einmitt verið að vitna til þess í fréttum að norsk stjórnvöld hefðu fengið heimild EFTA til að hækka þróunarstyrki í norskum skipasmíðaiðnaði úr 10% í 20% en ekkert slíkt er gert hér. Atvinnustefnan sem hæstv. iðnaðarráðherra rekur er því ósköp skýr. Það er stóriðja og stóriðjustefna sem ýtir burt öðrum iðngreinum.

Við getum farið yfir hinar ýmsu umsagnir, t.d. umsögn Seðlabankans sem greinir frá ástæðum þessarar þróunar í Peningamálum, með leyfi forseta:

„Hraðari vexti innlendrar eftirspurnar en áður var reiknað með, auknum stóriðjuframkvæmdum, sérstaklega á árinu 2005, og auknu framboði íbúðalána til einstaklinga á lægri vöxtum."

Þarna eru talin hin ýmsu atriði sem hafa áhrif á þensluna.

Förum í það sem forstjóri Marels segir, með leyfi forseta: „Fyrirtæki hafa verið að fara úr landi undanfarin missiri. Þar má svo sem nefna Hampiðjuna, Plastprent, 66°N." — Það er vegna þessarar efnahagsstefnu. Þá spyr maður sig: Er þá brýnt núna að keyra fram þessa stækkun álversins á Grundartanga? Hún er á mesta þenslusvæði landsins, á því svæði þar sem einmitt er verið að vitna til þess að íbúðabyggingar eru svo miklar að þær eru annar þáttur í því að skapa hina miklu þenslu, hátt raungengi o.s.frv. Á þessu svæði er í sjálfu sér ekki þessi brýna þörf, og meira að segja gæti þetta rutt öðrum atvinnugreinum burt.

Skipasmíðaiðnaðurinn á Akranesi gæti kannski verið betur settur ef gerðar hefðu verið nauðsynlegar hliðarráðstafanir til að tryggja samkeppnisstöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar.

Að sjálfsögðu fagnar hvert svæði auknu atvinnuframboði, sérstaklega ef það hefur samfélagslega burði til að taka á móti því. Ég get vel skilið þau sjónarmið í sjálfu sér. Þegar við horfum hins vegar á þessi mál heildstætt fyrir þjóðina alla, sem við hljótum að gera, setur maður stórt spurningarmerki við þessa röðun verkefna.

Hverju stöndum við núna frammi fyrir í vegamálum? Við erum að ræða vegáætlun. Það er rætt um að skera þurfi niður framkvæmdir til vegamála, 6 milljarða kr. á þriggja ára tímabili. Vegna hvers? Jú, rökin eru færð — vegna stóriðjuframkvæmda. Það eru hin opinberu rök fyrir niðurskurðinum. Þá hljótum við að horfa á þetta dæmi í heild sinni. Niðurskurður á vegaframkvæmdum á Vestfjörðum, norðausturlandi, hér á höfuðborgarsvæðinu og hvarvetna, niðurskurður upp á 6 milljarða kr. frá gildandi vegáætlun. Vegna stóriðjuframkvæmda. Svo kemur hæstv. ráðherra og segist ekki hafa hugmynd um hvað þessar framkvæmdir

kosti né á hvaða tímabil þessara ára þær muni koma. Við ræðum hér stórkostlegan niðurskurð á vegáætlun á árunum 2005 og 2006 og rökin eru stóriðjuframkvæmdir.

Óháð því hvort þessi framkvæmd, þessi stækkun á álverinu á Grundartanga, gangi fram sem Alþingi hefur samþykkt heimild fyrir ... (Gripið fram í.) Alþingi hefur samþykkt heimild fyrir þessari stækkun. Ég er ekki fylgjandi álveri, nei, og það hefur verið sýnt fram á að álver í sjálfu sér skilar sáralitlu í þjóðhagslegum ábata þó svo að þau geti skilað ákveðinni atvinnu inn á takmarkað atvinnusvæði. (Gripið fram í.) Það er ekki ég sem er að segja þetta, það eru bara útreikningar sem sýna það.

Ferðaþjónustan aftur á móti skilar miklu meiri þjóðhagslegum ábata, hver eining í henni. Menn tala nú um að hátt gengi íslensku krónunnar geti farið að skaða verulega íslenska ferðaþjónustu. Þá veltir maður fyrir sér: Er þetta rétt forgangsröðun í verkefnum?

Orkuveita Reykjavíkur er þarna í framkvæmdum. Ég spurði hæstv. iðnaðarráðherra fyrir hve miklar upphæðir Orkuveita Reykjavíkur og Orkuveita Suðurnesja væru að ráðast í framkvæmdir. Hæstv. iðnaðarráðherra gat ekki svarað því, fannst það ekki skipta neinu máli. Ef við værum aftur á móti í framkvæmdum úti á landi eins og fyrir austan erum við öll meðvituð um að þetta skipti máli. Ég hélt t.d. að Orkuveitu Reykjavíkur þætti líka rétt að huga að notendum sínum hér en hún hækkar raforkuverð í Reykjavík og á þjónustusvæði sínu. (**Gripið fram í:** ... hagstætt?) Jú, en það gæti verið enn þá hagstæðara. Meira að segja dreifikostnaður Orkuveitu Reykjavíkur er það hár að hann er notaður til viðmiðunar annars staðar í landinu og með þeim hætti heldur hún uppi dreifiveitukostnaði í landinu.

Hvað um það, mér finnst þessi forgangsröðun óeðlileg, fyrir utan áliðnaðinn í sjálfu sér sem sýnt hefur verið fram á að skilar litlum þjóðhagslegum ábata þó svo að hann skili atvinnu inn í viðkomandi byggðarlag. Við verðum að horfa á þetta mál heildstætt í ljósi efnahagsmála í dag og þeirra ára sem við nú stöndum frammi fyrir. Niðurskurður í vegamálum, niðurskurður í framkvæmdum á þjóðvegum vegna stóriðjuframkvæmda, og ég er ekkert sammála þeirri forgangsröðun að stóriðjuframkvæmdirnar eigi að ryðja burt vegaframkvæmdum eins og færð eru rök fyrir.

Herra forseti. Ég vildi bara koma þessum sjónarmiðum mínum að. Ég tel að það væri mjög eðlilegt að hér lægi fyrir sá kostnaður sem er við þessar framkvæmdir, bæði hvað varðar stækkunina á Grundartanga og tímasetningar á henni og eins líka framkvæmdir við orkuver og raflagnir og að við gerum ekki lítið úr þessu og segjum að þessar framkvæmdir, akkúrat af því að þær eru hér, skipti engu máli fyrir efnahagslífið í landinu, þær sveiflur og dýfur sem það tekur.

[11:39]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Atvinnustefna Vinstri grænna er nú orðin öllum ljós á þriðja kjörtímabili þess flokks á Alþingi. Þeir eru á móti uppbyggingu iðnaðar, stóriðjuiðnaðar hér á landi, það hefur komið skýrt fram, og alltaf á að gera eitthvað annað.

Hér er þingmaður Vesturlands, þingmaður Norðvesturkjördæmis, á móti því að fjölga störfum á Vesturlandi um 200, hátekjustörfum, og talar fjálglega um að þetta reddi ekkert öllu og muni kannski ekki segja mikið fyrir þetta svæði. En afleidd störf verða trúlega 300–400 til viðbótar þannig að við fjölgum kannski störfum á Vesturlandi um 600–700 fram til ársins 2009. Og þingmaður kjördæmisins setur sig upp á móti þessari framkvæmd og talar svo ekki um það að atvinnuvegir eins og slippstöðvar og fleiri muni fá verkefni tengd þessum framkvæmdum.

Ég ætla að benda hv. þingmanni á það að Slippstöðin á Akureyri er nú í tveimur mjög stórum verkefnum við Kárahnjúkavirkjun sem hafa gjörbreytt starfsumhverfi þess fyrirtækis. Síðan tala hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Jón Bjarnason um málefni þessara skipasmíðastöðva og segja að það hafi engin áhrif nema þá, ef eitthvað er, til hins verra að þessi störf verði til fyrir austan og á Vesturlandi.

Hvað ætla hv. þingmenn Vinstri grænna að segja við íbúa á Akranesi (**Gripið fram í:** Hvað á að gera ...?) og íbúa í Borgarnesi? Þeir tala í hinu orðinu um að ekki sé til nein byggðastefna, segja svo að hér sé um láglaunastörf að ræða. Hér er um hálaunastörf að ræða. Við vitum að á vinnustað eins og í álverinu í Straumsvík er biðlisti hjá Íslendingum eftir að komast að í vinnu. Af hverju halda hv. þingmenn að það fólk mundi ekki (Forseti hringir.) alveg eins vilja vinna á Austurlandi eða á (Forseti hringir.) Vesturlandi?

[11:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þingmanni ef hann heldur að ég sé eitthvað að tala til þessara vinnustaða sem slíkra. Þeir eru bara góðir og ég vona að þeir verði sem allra bestir gagnvart fólkinu. Þetta snýr ekkert að þeim. Þetta snýr að því ástandi sem við höfum í efnahagsmálum, á því er ég fyrst og fremst að vekja athygli og ég skil ekki í hvaða heimi hv. þm. Birkir Jón Jónsson lifir ef hann ekki fylgist með þeirri umræðu.

Ég leyfi mér að vitna til Friðriks J. Arngrímssonar í Viðskiptablaðinu 4. mars sl. þar sem hann talar um efnahagsástandið og erfiða stöðu sjávarútvegsins vegna gengismála. Þar segir, með leyfi forseta:

„Friðrik segir að útgerðarmenn hafi skilning á því að tímabundin styrking krónunnar hafi að einhverju leyti verið réttmæt meðan mestu áhrifa stóriðjuframkvæmdanna gætir. Þeir hafi verið tilbúnir að taka á sig kostnað vegna þess. Núna sé hins vegar komið langt yfir mörkin."

Þetta segir Friðrik J. Arngrímsson, og áfram segir hann, með leyfi forseta:

„Það er hins vegar einföldun að markaðurinn ráði þessu. Að baki þessu öllu liggja ákvarðanir, t.d. ákvarðanir um stóriðjuframkvæmdir, hækkun íbúðalána og hvernig þau vega inn í vísitöluna og síðast en ekki síst vaxtahækkanir Seðlabankans. Sem betur fer virðast allir sjá að þetta gengi stenst ekki til framtíðar."

„Allir sem ég ræði við," segir Friðrik, „eru sammála um að eftir því sem teygist lengur á þessu, þeim mun hærra verði fallið og verðbólguáhrifin meiri og auk þessum munum við sitja eftir með miklu veikari atvinnuvegi en áður."

Það er þetta sem ég er að vitna í. Ég harma það ef hv. þingmaður fylgist ekki með í þessari umræðu. Það sem ég

er að ræða um í þessu sambandi er í fyrsta lagi tímasetning þessara framkvæmda og upphæðir þeirra inn í íslenskt efnahagslíf. (Forseti hringir.) Mér finnst alveg furðulegt ef iðnaðar- og atvinnu- og byggðamálaráðherra segir að það skipti engu máli í þessu sambandi.

[11:43]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason kemur mikið inn á tímasetningar í þessu samhengi. Það er alveg ljóst að meginþungi þessara framkvæmda mun eiga sér stað eftir að kúfinum verður náð fyrir austan. Hagfræðingar hafa sagt það og fulltrúar fjármálastofnana að þetta muni verða til þess, og muni ýta undir hagvöxt hér á landi þegar því skeiði lýkur, þ.e. uppbyggingunni fyrir austan. Þeir tala almennt um þessa framkvæmd í jákvæðum skilningi vegna þess að aukinn hagvöxtur er ávísun á aukinn kaupmátt fólksins í landinu. Vinstri grænir virðast vera á móti því að við höldum uppi hagvexti í landinu.

Þegar hv. þingmenn tala um að við séum að skera niður fé til vegamála út af framkvæmdum á Austurlandi eða hér á Grundartanga, þvílík endaleysa. Ef við setjum hlutina í samhengi, hver er útlánaaukning íslensku bankanna síðustu 9–10 mánuði? Ætli hún sé ekki 150–170 milljarðar? Hverjar ætli framkvæmdirnar séu fyrir austan? Nokkrir tugir milljarða. Við skulum því skoða þetta í því samhengi að það er ekki eingöngu vegna stóriðjuframkvæmdanna á Austurlandi sem við erum að gæta aðhalds í vegamálum.

Fyrst hv. þingmenn Vinstri grænna eru nú svona almennt áhugasamir um vegagerð skal ég rifja upp að við verjum nú margföldum fjármunum til vegagerðar á við það þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var samgönguráðherra, miklu meiri fjármunum. Það er vegna þess að við höfum tekjur, við höfum tekið hér atvinnustefnu sem hefur skotið raunverulegum stoðum undir rekstur þjóðarbúsins. Við höfum núna tekjur og við höfum aldrei varið jafnmiklum fjármunum til vegagerðar hér á landi eins og núna. Það er annað en þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var samgönguráðherra, enda var þá íslenskt atvinnulíf og íslenskt efnahagslíf ekki í stakk búið til að standa í allri þeirri vegagerð sem þá var ráðist í.

[11:45]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst dapurlegt hvað hv. þingmaður er illa að sér í stöðu efnahagsmála í dag og það verður hann bara að eiga við sig. Það stendur í texta bæði fjárlaganna og fjárlagafrumvarpsins og einnig í skýrslu Seðlabankans að ríkið verði að skera niður útgjöld sín vegna stóriðjuframkvæmdanna. Hvar kemur sá niðurskurður niður? Hann kemur fyrst og fremst og nánast alfarið niður á vegáætlun. Þar er verið að skera niður 6 milljarða kr. Ætli kjósendur hv. þingmanna á Norðausturlandi séu hrifnir af því að það er verið að skera niður eða seinka vegaframkvæmdum þar vegna stóriðjuframkvæmda sem jafnframt eru að þenja atvinnulífið, skapa miklu erfiðari stöðu fyrir útflutningsatvinnuvegina en annars væri?

Má ég vitna líka í að það eru fleiri en talsmenn iðnaðarins og fjármálamarkaðarins sem vara við þessari þenslu sem í gangi er. Í leiðara Morgunblaðsins föstudaginn 8. apríl er fjallað um það að Norðlendingar hafi verið lítið hrifnir af áláróðri hæstv. iðnaðarráðherra.

Í leiðara Morgunblaðsins segir, með leyfi forseta:

„Þessar niðurstöður hljóta að vekja helstu formælendur stóriðjuframkvæmda til umhugsunar. Ljóst virðist að stór hluti Norðlendinga líti frekar til annarra kosta en stóriðju hvað varðar uppbyggingu og þróun atvinnulífs ...“

Svo er klykkt út með þessu í leiðara Morgunblaðsins, með leyfi forseta:

„Niðurstöðurnar hljóta raunar að vera hvatning þeim sem vilja kanna vandlega aðra atvinnukosti, sem væru meira í takt við nýja tíma upplýsingasamfélags og hátækniiðnaðar.“

Þetta segir í leiðara Morgunblaðsins. Er það í takt við það að vilja efla hátækniiðnaðinn að við sitjum hér á samkeppnisstöðu skipasmíðaiðnaðarins (Forseti hringir.) sem aðrar þjóðir reyna að styrkja með (Forseti hringir.) öllum ráðum? Væri ekki líka gott (Forseti hringir.) ef skipasmíðaiðnaðurinn á Akranesi fengi (Forseti hringir.) sömu samkeppnisstöðu og er í öðrum löndum, herra forseti?

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill minna hv. þingmenn á að halda sig innan þess tíma sem gefinn er til andsvara og svara.)

[11:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður setti það mjög skýrt fram að hann teldi að þessar framkvæmdir þarna í Hvalfirði væru ekki tímabærar og líklega má helst skilja orð hans þannig að hann sé á móti þessum framkvæmdum. Ég vil bara fá það á hreint.

Ég tel að þó svo að einhverjir hér hafi verið á móti því í upphafi að þessi verksmiðja yrði byggð þarna í Hvalfirði þá hljóti menn, eftir að sú verksmiðja hafði verið byggð, að samþykkja þá niðurstöðu sem er að menn þurfi að stækka verksmiðjuna þannig að hún verði samkeppnishæf á heimsvísu, eins og verið er að gera. Það er ekki hægt að vera í gömlu sporunum endalaust. Maður verður að taka tillit til nýrra aðstæðna þegar þær hafa breyst eins og hér.

Ég vil þess vegna spyrja hv. þingmann hvort hann sé ekki sammála því að eðlilegt sé að stækka þessa verksmiðju þannig að hún verði samkeppnisfær inn í framtíðina. Auðvitað geta menn svo haft skoðun á því hvenær sú stækkun eigi að fara fram. Ég tel að eðlilega sé að þessum hlutum staðið og fagnaði því í fyrri ræðu minni.

Svo ræddi hv. þingmaður um skipasmíðaiðnaðinn og setti eiginlega samasemmerki þarna á milli. Skipasmíðaiðnaðurinn á Akranesi, þ.e. sú starfsemi, hefur haft gríðarlega mikið gagn af verksmiðjunum þarna inn frá. Menn hafa unnið í þessum fyrirtækjum mjög mikið fyrir verksmiðjurnar og mjög mikið af vinnuafli og þekkingu hefur verið keypt af verksmiðjunum inn á það svæði. Skipasmíðaiðnaður er hátækniiðnaður. En það er líka hátækniiðnaður fólginn í álverum og járnblendiverksmiðjunni þarna inn frá.

[11:50]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Alþingi hefur tekið ákvörðun um þessa

verksmiðju og þó að ég hafi ekki verið hlynntur henni þá liggur sú ákvörðun fyrir, enda erum við ekki að ræða það hér. Ég tel reyndar að stóriðja eins og álverksmiðjur með tilheyrandi vatnsaflsvirkjunum t.d. séu ekki heppilegir atvinnukostir hér, þeir skili litlum þjóðhagslegum ábata. Það er meiri innflutningur og minni nettóútflutningur. En auðvitað skilar þetta atvinnu inn á viðkomandi svæði þar sem verksmiðjan er, annað hvort væri það nú. Ég hélt engu öðru fram.

Ég get alveg spurt hv. þingmann: Finnst hv. þingmanni allt í lagi að skera niður vegaframkvæmdir um 6 milljarða kr.? Rökin fyrir því eru m.a. stóriðjuframkvæmdir og þensla og staðan í efnahagslífinu. Er þá mikilvægast hér á þessu svæði akkúrat núna að stækka þessa verksmiðju? Hefði ekki átt að skoða það? Á það að vera þannig að iðnaðarráðherra geti bara ekki svarað hvað þetta kostar? Finnst honum það allt í lagi og telur hann að þetta sé ekkert þannig mál að það skipti nokkru í efnahagslegu tilliti fyrir þjóðina? Hv. þingmaður getur kannski velt því líka fyrir sér hvort tímasetningar þessarar framkvæmdar koma eftir að ákvörðun um framkvæmdina fyrir austan var komin, svo umdeild sem hún var? Þá var einmitt talað um ruðningsáhrif hennar á annað atvinnulíf. Mér finnst því að annað væri óábyrgt en að velta ekki fyrir okkur tímasetningum á stórframkvæmdum sem þessum inn í íslenskt efnahags- og atvinnulíf.

[11:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst rök hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hér í umræðunni fyrir nokkrum dögum mjög sterk fyrir því að þessi niðurskurður í vegamálum væri auðvitað bara broslegur vegna þess að hann vegur svo lítið og vegna þess hvernig hann hlýtur að koma niður. Það er engin ástæða til þess að skera niður í byggðamálum eins og raunverulega er verið að gera því að niðurskurður í vegamálum er auðvitað niðurskurður í byggðamálum. Það er svo lítill hluti af heildarveltu samfélagsins sem þarna er á ferðinni að það er alveg ótrúlegt í raun að ríkisstjórnin skuli mæta með það eitt hér í þingsali að til að vinna á móti þenslunni þá eigi að skera niður þetta í vegamálum. Á sama tíma er hún búin að negla það í lög að það eigi að lækka skatta um 22 milljarða. Ekki ætla ég að fara í forsvar fyrir það. Ég held því hins vegar fram að þær framkvæmdir sem við erum að tala hér um í Hvalfirði hljóti að verða að fá að ganga sinn gang. Það er auðvitað heppilegt að menn hafi um það tölurnar og allt það.

En ég spyr hv. þingmann og vil fá skýrt svar við því ef það er mögulegt: Ef hann horfist í augu við þá staðreynd að þessi verksmiðja sé þarna til staðar, horfist hann þá ekki líka í augu við þá staðreynd að hún þurfi að stækka til að verða samkeppnisfær og að stjórnvöld í þessu landi verði þá í raun að standa við bakið á þeim sem reka þetta fyrirtæki til þess að þessi stækkun geti farið fram? Hefur hann þá eitthvað við þetta mál í raun og veru að athuga annað en það að hann vildi kannski að tímasetningar á verkefnunum væru aðeins öðruvísi?

[11:54]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan hefur Alþingi ákveðið, samþykkt stöðu og stærð þessarar verksmiðju. Stækkunin gæti líka verið háð fyrirvörum um hvernig orku er aflað. Ég er ekki reiðubúinn að fórna hvaða náttúruperlum sem er til þess að verksmiðjan fái að stækka. Ég er ekki reiðubúinn að samþykkja það ef fórna þyrfti Þjórsárverum til þess að verksmiðjan fengi að stækka sig og það væri gerð forsenda til þess að ná rafmagni til hennar. Ég væri ekki reiðubúinn til þess. (Gripið fram í.) Af því að hv. þingmaður var að spyrja hvort einhverja fyrirvara væri hægt að setja þá gætu þeir einmitt verið varðandi orkuöflun að fyrirtækinu. Ég er ekki reiðubúinn að fórna Þjórsárverum eins og var stefna stjórnvalda að gera. Það var stefna stjórnvalda að fórna Þjórsárverum fyrir þessa stækkun. Ég hefði ekki stutt það.

Þessi verksmiðja er komin þarna og vel má vera að hægt sé að færa fyrir því rök að hún þurfi að stækka þetta mikið til þess að ná aukinni arðsemi og það eru bara þeirra útreikningar. En mér finnst afar eðlilegt að þetta sé rætt hér. Það er vitnað æ ofan í æ í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar til stóriðju og stóriðjuframkvæmdanna. Hv. þingmaður gerði lítið úr því að þessi niðurskurður hefði áhrif á efnahagsstærðirnar. Ég er alveg sammála honum í því. En ríkisstjórnin er ekki sammála. Stóriðjuframkvæmdirnar eru aðalrök hennar fyrir niðurskurði í vegamálum.

Ég tel t.d. að á Akranesi og því svæði mætti líka gera átak á öðru sviði. Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi er í fjársvelti. Iðnnámið þar er í fjársvelti. Þar mætti fara að hugsa sér að koma upp háskóla og háskólasetri eða háskólastofnun til þess að styrkja það samfélag. Það er hægt að koma að á margan hátt með aðrar áherslur ef nauðsynlegt er. En umræðan hér snýst ekki um það. Umræðan snýst um það hvort hægt sé að horfa alveg fram hjá efnahagsþróun (Forseti hringir.) í landinu með þessar framkvæmdir eða ekki en láta það síðan eingöngu bitna á niðurskurði í vegamálum.

[11:57]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég vil bara við þetta tækifæri fagna þessari stækkun álversins á Grundartanga. Það hefur tekist afskaplega vel til með þetta fyrirtæki. Við munum það sem vorum hér á þingi í aðdraganda byggingar fyrirtækisins að þá voru miklar efasemdir bæði hér og reyndar úti í þjóðfélaginu um hvort eitthvert vit væri í þessu og þetta væri einhver alvara. Hér kom Bandaríkjamaður, Kenneth Peterson, og boðaði að hann vildi byggja þarna 60 þúsund tonna álver og menn hlógu að þessu. Ég minnist þess þegar iðnaðarnefnd Alþingis heimsótti álverið í Straumsvík að þá sagði ónefndur forustumaður í því fyrirtæki svona með bros á vör að þetta væri nú bara heimilisiðnaður. En nú er þetta 60 þúsund tonna álver að stækka í 260 þúsund tonn og það er auðvitað sérstök ástæða til þess að fagna því og ekki bara fyrir okkur sem búum í nágrenninu heldur Íslendinga alla.

Það var ótrúleg andstaða við byggingu þessa álsvers á Alþingi eins og reyndar alltaf þegar minnst er á álver eða stóriðju. Þá fá sumir hv. þingmenn hnút í magann. Þetta eru

nánast trúarbrögð hjá tilteknum þingmönnum, sérstaklega Vinstri grænum. Ég minnist þess að einn ágætur þingmaður þess flokks sagði hér síðast þegar verið var að ræða stækkun álversins á Grundartanga að það væri svo hættulegt að vinna í álverum því að menn gætu fengið krabbamein af því. Ég spurði hana þá hvort hún væri tilbúin að koma á vinnustaðarfund á Grundartanga og í Ísal og gera fólki grein fyrir þessu þannig að það vissi um hvað þessi vísindi snerust. Hún var nú ekki tilbúin til þess.

Hér var líka mikið rætt um að þarna yrði gríðarleg mengun, vatnið úr Akrafjalli yrði ódrekkandi og ekki yrði lífvænlegt í nágrannabyggðum. Staðreyndin er sú í dag að mengun þarna er langt undir öllum viðmiðunarmörkum og langt undir því í raun sem menn spáðu. Hún er nánast engin.

Það hefur verið gríðarleg ásókn í störf í þessu fyrirtæki. Þegar það fór af stað og auglýst var eftir starfsmönnum komu um 1.100 umsóknir. Núna er verið að fjölga þarna í næsta mánuði eða þarnæsta um einhver 70 störf og þeir höfðu úr 300 umsóknum að velja þannig að fólk vill starfa þarna og það segir kannski meira en svona bölsýnistal eins og við höfum hlustað á hér.

Fyrirtækið hefur líka auglýst að íbúar norðan Hvalfjarðar gangi fyrir með störf þarna. Ef ég veit rétt eru milli 80% og 90% starfsmannanna búsettir á því svæði. Þetta hefur náttúrlega skipt gríðarlegu máli fyrir byggðirnar norðan Hvalfjarðar, fyrir Akranes og Borgarnes og sveitirnar þar á milli enda sjáum við að eftir að ekki hafði verið byggt eitt einasta hús á Akranesi í fimm ár þá er byggt þar núna sem aldrei fyrr vegna þess að fólk er að flytja á svæðið út af þessu. Sams konar uppbygging er líka að hefjast í Borgarnesi og þessar verksmiðjur á tanganum eiga náttúrlega stærstan þátt í því að fólk býr á öllum jörðunum þarna í sveitinni. Það getur haft þarna aukatekjur og vill búa í sveitinni og þetta hefur verið mjög góð sending fyrir alla byggð á þessu svæði. Þess vegna finnst mér ótrúlegt þegar menn eru að tala hér um að þetta sé þensluvaldandi. Hvaða þensla skyldi nú vera á þessu svæði ef þetta hefði ekki komið til? Þetta er í raun eini ljósi punkturinn í atvinnumálum svæðisins norðan Hvalfjarðar í háa herrans tíð og var náttúrlega, ef svo má segja, himnasending.

Þetta fyrirtæki og reyndar báðar verksmiðjurnar á Grundartanga hafa líka verið frá upphafi í mjög mikilli sátt við umhverfið. Fólkið á svæðinu er mjög ánægt með þær og þær hafa lagt sig fram um að vera í góðri sátt og standa vel að málum og gagnrýni á þessa starfsemi frá nágrönnum er nánast ekki til. Þetta hefur einnig leitt af sér að þarna er komin stórkostleg hafnarstarfsemi. Höfnin á Grundartanga er að verða einhver mesta útflutningshöfn landsins og ekki er langt í að þangað komi að meðaltali eitt skip á dag. Eftir sameiningu hafnanna við Faxaflóa, Reykjavíkur, Akraness og Grundartanga, eru allar líkur á að þessi höfn muni í stórum stíl taka við verkefnum frá Reykjavík og verða helsta útflutnings- og innflutningshöfn landsins.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson ræddi nokkuð um hvert tekjur af þessum stóriðjufyrirtækjum renna. Ég get út af fyrir sig alveg tekið undir að það er íhugunarefni hvort eðlilegt sé að gríðarlegar tekjur af slíkum fyrirtækjum lendi í einu pínulitlu sveitarfélagi. Ég minnist þess að þegar til stóð að byggja kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði á sínum tíma var það í frumvarpinu um hana að tekjurnar af verksmiðjunni dreifðust á sveitarfélögin á svæðinu sem mundu veita fyrirtækinu þjónustu. Þetta tel ég að sé íhugunarefni og þurfi að skoða og það var reyndar rætt hér með tilkomu þessarar verksmiðju á Grundartanga. En allt var það nú gert í svo miklum flýti að ekki var tími til að fara betur ofan í það. Auðvitað sækja viðkomandi sveitarfélög það fast að halda sínu en þetta er alveg þess virði að skoða.

Hv. þm. Jón Bjarnason verður seint sakaður um kjördæmapot. Það er alloft sagt að landsbyggðarþingmenn séu að ota tota síns kjördæmis. Hv. þingmaður talar af krafti og sannfæringu gegn atvinnuuppbyggingu í kjördæmi sínu og þarf kjark til. Hann finnur þessu allt til foráttu. Síðast þegar við ræddum þetta var það mengunin og þá var verið að eyðileggja Þjórsárver, sem var náttúrlega út í hött vegna þess að þá stóð reyndar til að sækja vatnið í Norðlingaöldu en ekki Þjórsárver. En nú er hættan ruðningsáhrif og hv. þingmaður talaði sig upp í að þetta mundi ryðja burt vegaframkvæmdum. Það koma því alltaf einhverjar nýjar kenningar til að notast við til að vera á móti.

Ég veit ekki hvort hv. þingmaður hefur svarað því alveg beint: Er hann á móti stækkun álversins? Hann sagði áðan að hann væri á móti álverum, en nú er álverið á staðnum og almenn ánægja með það, og mér finnst að hann verði að svara því, ekki síst þar sem hann er þingmaður kjördæmisins, hvort hann er á móti því að álverið á Grundartanga stækki.

Hv. þingmaður nefndi að þetta væri mesta þenslusvæði landsins. Ég tel það alveg út í hött. Ég tel það einmitt sérstaklega jákvætt að eitthvað af þenslunni skuli fara út fyrir Reykjavík. Eins og ég sagði áðan er það fólkið norðan Hvalfjarðar sem situr fyrir með vinnu þarna og það hefur leitt til gríðarlegrar uppbyggingar á svæðinu. Skyldi það nú ekki bara vera jákvætt að einhvers staðar byggðist upp annars staðar en í Reykjavík og Kópavogi? Ég bara spyr.

Hv. þm. Jón Bjarnason sagði líka að þetta hefði rutt öðrum iðnaði burt. Hann nefndi skipasmíðastöðina á Akranesi. Ég þekki nokkuð vel til þar, var þar starfsmaður þegar járnblendiverksmiðjan á Grundartanga var byggð í lok áttunda áratugarins. Menn voru dálítið svartsýnir þá, ekki er því að neita. Það fóru margir afbragðsmenn frá fyrirtækinu til starfa á Grundartanga. En á móti kom auðvitað að fyrirtækið fékk mikið af verkefnum og hefur haft alla tíð síðan mjög mikið af verkefnum, bæði frá járnblendiverksmiðjunni og síðan álverinu. Eftir að skipasmíðar lögðust af held ég að þetta hafi verið afskaplega góð sending fyrir a.m.k. þetta fyrirtæki að fá slíkan viðskiptavin þarna í nágrennið sem er góður viðskiptavinur og stendur í skilum.

Síðan sagði hv. þingmaður að nær væri að setja upp háskólasetur í Fjölbrautaskólanum á Akranesi en vera að þessum ósköpum. En það er nú svo með skóla og annað sem ríkið rekur að það þarf einhverjar tekjur til að standa undir því, skólar einir og sér skapa ekki gjaldeyristekjur. Þarna verða til mjög miklar útflutningstekjur og allt gott um það og kannski verður það til þess að hægt verði að efla þann ágæta skóla sem er mikil fyrirmyndarstofnun.

Hv. þingmaður nefndi það líka að ferðaþjónustan skilaði miklu meiru en álver, nær væri að fara út í ferðaþjónustuna

í auknum mæli. Ég spyr hv. þingmann: Hefur hann kynnt sér tekjur manna annars vegar í ferðaþjónustu og hins vegar í stóriðju? Staðreyndin er sú að meðaltekjur manna í stóriðju eru einhverjar þær hæstu sem gerast. Það hefur t.d. verið kannað á Vesturlandi að þær koma næst tekjum sjómanna. Eftir því sem ég best veit eru störf í ferðaþjónustu hins vegar almennt lágtekjustörf þannig að ég held að það sé rangt mat hjá hv. þingmanni að stóriðjan sé verri en ferðaþjónustan hvað það varðar.

Síðan ræddi hv. þingmaður aðeins um skipasmíðaiðnaðinn. Þó að það falli kannski ekki undir það mál sem hér er á dagskrá minni ég á að hæstv. fjármálaráðherra svaraði fyrirspurn minni í gær um aðgerðir ríkisvaldsins í framhaldi af skýrslu ágætrar nefndar sem hæstv. iðnaðarráðherra skipaði til að gera úttekt á stöðu skipaiðnaðarins. Hæstv. fjármálaráðherra tók mjög jákvætt undir það að nú stæði til að taka á þessum málum og það væri í vinnslu, þannig að ég held að við ættum að fagna því.

Svo fannst mér það ekki sanngjarnt hjá hv. þingmanni að vera að tala um þekkingarleysi hæstv. iðnaðarráðherra, koma hér í andsvari og dæla á hana alls konar spurningum, m.a. um kostnað einkafyrirtækis á Grundartanga og skilja síðan ekkert í að hæstv. iðnaðarráðherra skuli ekki geta svarað þessu og vera með þetta allt í kollinum. Þetta var auðvitað bara efni í fyrirspurn á Alþingi en alls ekki í andsvar.

Ég ítreka að ég fagna þessari stækkun og það er stórmál fyrir byggðirnar norðan Hvalfjarðar og reyndar stórmál fyrir þjóðarbúið allt að þetta fyrirtæki skuli vaxa og dafna með þeim krafti sem það gerir. Þetta stóreykur útflutnings- og gjaldeyristekjur og annað hitt að Grundartangi er staður tækifæranna. Við sjáum það að þarna er starfsemin stanslaust að aukast, bæði verksmiðjur og hafnarstarfsemi. Nú liggur í loftinu að þarna komi ný verksmiðja. Það eru miklir möguleikar á Grundartanga. Þarna er nóg landrými, góður aðgangur að raforkumannvirkjum, fín höfn og mikið vinnuafl eins og hefur komið fram þegar álverið hefur verið að auglýsa störf að fólk vill vinna þarna við þessi störf, og ég tek meira mark á því en svartagallsrausi einstakra hv. þingmanna.

[12:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tók eftir því í ræðu hv. þingmanns að hann fagnaði þessu öllu saman mjög, frumvarpinu og allri þróun á Grundartanga. En hann gat þessi ekki hver afstaða hans væri til þess vinkils sem hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á sem snýr einmitt að fasteignaskattinum sem við erum einmitt að ræða hér, og því hvernig hann greiðist allur til tveggja lítilla hreppa en kemur ekki til greiðslu á öllu atvinnusvæðinu. Ég hefði gjarnan viljað fá hjá hv. þingmanni afstöðu hans til þess að þarna komi allur þessi fasteignaskattur til þessara tveggja litlu hreppa en ekki til svæðisins í heild. Ég hefði gjarnan viljað heyra afstöðu hans til þess og þeirra hugmynda um að breyta skattlagningunni þannig að allir þeir fjármunir komu öllu svæðinu til góða og hvort hann væri tilbúinn að beita sér fyrir því að fleiri en bara þessir tveir litlu hreppar nytu ávaxtanna af auknu fjármagni sem kemur vegna stækkunar á Grundartanga.

[12:09]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta andsvar segir mér það eitt að ég sé ekki nógu áheyrilegur því að ég varði drjúgum tíma ræðu minnar í að fjalla um hugleiðingar hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og tók undir það að þetta væri skoðunar virði og rakti það m.a. hvernig þetta hefði verið gert áður, bæði á sínum tíma vegna væntanlegrar kísiliðju á Reyðarfirði, sem aldrei varð að veruleika, og eins umræður sem urðu á hv. Alþingi um álverið á Grundartanga. Þetta var rætt talsvert þá.

Ég get þá endurtekið það, ég tók undir með hv. þm. Jóhanni Ársælssyni að mér fyndist full ástæða til að skoða þetta vel og það væri ekki sanngjarnt og eðlilegt að allar tekjur lentu í einum litlum hreppi í stað þess að dreifast á það svæði sem kæmi til með að veita stóriðjufyrirtækjunum þjónustu, eins og gert var ráð fyrir á Reyðarfirði á sínum tíma.

[12:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fagna þessari afstöðu þingmannsins og spyr hann áfram: Er hann tilbúinn til að beita sér í stjórnarmeirihluta, þar sem hann á sæti í ríkisstjórnarmeirihluta á þingi, fyrir því að þessu verði breytt þannig að stærra svæði njóti þessa skatts og hvernig þá, ef hann er tilbúinn að beita sér fyrir því? Það er ekki nóg að vera fylgjandi einhverju, maður þarf auðvitað að láta kné fylgja kviði, ef svo má að orði komast, og gera eitthvað í málunum. Er hv. þingmaður tilbúinn til að gera eitthvað í málunum þannig að þessu verði breytt? Eins og komið hefur fram í umræðunni og oft áður í umræðu um þessi mál kemur það í veg fyrir sameiningu sveitarfélaga hvernig þessum málum er fyrir komið í dag. Er hv. þingmaður tilbúinn til að beita sér fyrir að þessu verði breytt?

[12:11]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú svo að þetta er síðasti dagurinn minn á Alþingi. Eins og hv. þingmanni er kannski kunnugt er ég varaþingmaður, ég mun því ekki hafa mjög mikil áhrif hér á næstunni og er það miður fyrir þessa virðulegu stofnun að missa slíkan ágætismann út í kvöld. En svona gamanlaust þá hef ég komið því á framfæri að mér finnst full ástæða til að skoða þetta og ég hef sagt það hér og ég hef sagt það í mínum flokki og læt það bara nægja að sinni.

[12:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það þurfti í sjálfu sér ekki að koma á óvart þó að hv. þm. Guðjón Guðmundsson líti bara á sig sem þingmann Akraness og næsta nágrennis og að það sem gerist þar skipti ekki máli út fyrir það svæði. Ég lít fyrst og fremst á þetta í stærra samhengi og rakti þá umræðu sem yfirvöld peningamála, samtök atvinnulífsins og hinna ýmsu atvinnugreina tengjast, en líka gagnvart þeirri efnahagsþróun og stöðu sem er í dag, háu gengi, háum stýrivöxtum Seðlabankans og vaxandi viðskiptahalla. Og rökin þar eru einmitt stóriðjuframkvæmdir sem séu undirrót þenslunnar, þó svo að þau séu eins og nú stendur ekki nema kannski ríf-

lega helmingur þeirra raka. Þess vegna skiptir máli ef stórframkvæmdir eða stór verkefni eru að koma inn hvenær á næstu árum þau koma.

Ég er ekkert viss um ef maður færi vestur á firði að þar væru menn endilega sammála því að þar væri nauðsynlegt að skera niður vegaframkvæmdir til að skapa rými fyrir stóriðjuframkvæmdir, eins og rök ríkisstjórnarinnar hafa verið. Ég horfi á þetta mál heildstætt og lít á það þannig og er fyrst og fremst að spyrja um hvort menn hafi áttað sig á því í hvaða tímaröð verið er að gera hlutina og hvort einhver önnur tímaröð hefði kannski verið hentugri, það er fyrst og fremst það sem ég er að tala um.

Að sjálfsögðu skiptir svona fyrirtæki máli á sínu nærsvæði, annað hvort væri nú. En þjóðhagslegur ábati álvera hefur ekki verið talinn (Forseti hringir.) neitt mikill og er reyndar talinn sáralítill.

[12:14]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður segir að ég líti á mig sem þingmann Akraness og næsta svæðis. Þau tólf ár sem ég var á þingi sem þingmaður Vesturlands tel ég að ég hafi litið á mig sem þingmann alls kjördæmisins og reyndar alls landsins, þannig að mér finnst þetta ekki alveg sanngjörn gagnrýni.

Ég skammast mín hins vegar ekkert fyrir að gæta hagsmuna Akraness og nágrennis, bara alls ekki, og mér finnst ekki vanþörf á á hinu háa Alþingi. Ekki gerir hv. þm. Jón Bjarnason það, þingmaður Norðvesturkjördæmis. Hann talar beint gegn hagsmunum svæðisins þannig að ég held að hann ætti að fara varlega í að ræða um hagsmunagæslu. Það er engin vanþörf á að gæta hagsmuna svæðisins.

Allt tal um að verið sé að skera niður vegaframkvæmdir á Vestfjörðum út af stækkun álversins í Hvalfirði er ekki svaravert. Og að segja að það sé ekki þjóðhagslegur ábati af stóriðju er náttúrlega út í hött. Ég bið hv. þingmann, af því að hann hefur verið að ásaka hæstv. iðnaðarráðherra og formann iðnaðarnefndar um þekkingarleysi, að kynna sér hverjar gjaldeyris- og útflutningstekjur eru af stóriðjunni á Íslandi áður en hann heldur fram svona rugli.

[12:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ítreka það að hv. þm. Guðjón Guðmundsson er iðinn og ber umhyggju fyrir landinu öllu og margt gott um það að segja. Málið snýst ekki um Akranes eða það svæði og ég held að við séum sammála um að vinna því svæði eins og öllum öðrum svæðum hið besta. Ég benti á — ekki til að stilla því upp gegn álversmálunum — aðra möguleika sem þarf að styrkja og efla á Akranesi, eins og Fjölbrautaskólann sem er allt of veikur fjárhagslega og iðnnám við Fjölbrautaskólann sem á verulega erfitt uppdráttar og ég tel þörf á að styrkja.

Ég hef líka nefnt stofnun háskóla á Akranesi sem mér finnst að eigi að fara að huga að. Ég minnist þess einmitt að í skoðanakönnun sem birt var á aðalfundi Sambands íslenskra sveitarfélaga í haust var verið að kanna hvað íbúarnir teldu mesta þörf á að kæmi á svæðið. Yfirgnæfandi meiri hluti á því svæði vildi fá aukið námsframboð og möguleika á auknu námsframboði innan svæðisins. Þetta skar sig afdráttarlaust úr í óskum fólksins hvað það vildi að yrði gert á svæðinu. Ég tel því að það megi líka hlusta á það.

Annars er ég ekki að vega þetta neitt saman á nokkurn hátt en í forgangsröðinni horfum við á verkefni á landsgrunni og þó þingmaðurinn sé ekki sammála þeim rökum stjórnvalda að skera þurfi niður vegaframkvæmdir vegna þenslu í samfélaginu og m.a. vegna stóriðjuframkvæmda (Forseti hringir.) eru það rök stjórnvalda engu að síður, prentuð rök, og þess vegna finnst mér (Forseti hringir.) eðlilegt að í umræðunni sé greint frá því í hvaða röð framkvæmdin á sér stað og (Forseti hringir.) um hve háar upphæðir er að ræða. Við erum ekki að tala um hvort það eigi að ráðast í hana eða ekki.

[12:18]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú kunni ég betur við tóninn í hv. þingmanni, við erum að verða sammála um að það þurfi að vinna fyrir þetta svæði ekki síður en önnur svæði í kjördæmi okkar.

Ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði áðan varðandi fjölbrautaskólann, af því að hv. þingmaður nefndi það, að ég er alveg sammála honum í því að hann er alls góðs maklegur. Fjölbrautaskólinn var á sínum tíma einhver mesta himnasending sem komið hefur á Akranes. Það gjörbreytti aðstöðu fólks á Akranesi til búsetu þar þegar unga fólkið gat farið að stunda nám sitt upp í stúdentspróf á staðnum í staðinn fyrir að þurfa að leita til Reykjavíkur eða Akureyrar. Það var mikil himnasending og skólinn hefur verið mikil fyrirmyndarstofnun í höndum ágætra manna og ég tek undir að það þarf að efla hann og styrkja.

En til þess að geta eytt meiru í skóla og annað sem okkur langar að gera fyrir samfélagið þarf tekjur, eins og ég sagði áðan, og þær tekjur koma m.a. af öflugri og traustri stóriðju. Þess vegna fagna ég enn og aftur stækkun álversins á Grundartanga sem er og verður svæðinu mjög til góðs. En ég fagna sérstaklega hinum nýja tóni í hv. þingmanni og við skiljum sáttir eftir umræðuna eins og alltaf áður.

[12:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna, það hefur alveg komið í ljós hvað hér er á ferðinni. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum. Verið er að taka fyrir fasteignaskattana vegna stækkunarinnar. Áður en hæstv. ráðherra svarar eftir umræðuna langar mig að koma með spurningar til hæstv. ráðherra sem snúa að því hvert fasteignaskattarnir greiðast.

Eins og fram hefur komið fá tveir litlir hreppar greiðslurnar. Hingað til hafa tveir aðrir litlir hreppar sem liggja þar upp að ekki fengið neitt, Innri Akraneshreppur og Leirár- og Melasveit. Nú hafa þessir fjórir hreppar ákveðið að sameinast, þ.e. Hvalfjarðarstrandarhreppur og Skilmannahreppur munu sameinast hinum tveimur og eitthvað um 500 manns á ferðinni. Auðvitað væri eðlilegast að allt atvinnusvæðið fengi greiðslurnar og Akraneskaupstaður kæmi þar

inn í. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að svara því áður en umræðunni lýkur hvort hún sé tilbúin til að beita sér fyrir því að allt atvinnusvæðið fái fasteignagreiðslurnar, hvort hún sé tilbúin annaðhvort að beita sér með lagasetningu fyrir því að hrepparnir og Akraneskaupstaður verði sameinaðir eða beita sér fyrir breytingu á útsvars- eða skattalögum í þá veru að greiðslurnar, sem eru verulegar fjárhæðir, skili sér til alls atvinnusvæðisins.

Þetta er það sem ég hefði gjarnan viljað heyra frá hæstv. ráðherra áður en umræðunni lýkur og ætla ekki að lengja hana neitt frekar. Ég á sæti í hv. iðnaðarnefnd þar sem málið kemur til umfjöllunar og við munum auðvitað fjalla um það þar. En það væri mjög gagnlegt að heyra frá hæstv. ráðherra hvort hún sé tilbúin til að beita sér fyrir meira réttlæti hvað varðar greiðslur til svæðisins.

[12:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Þetta litla frumvarp, sem er í reynd um heimildir til álagningar fasteignagjalda vegna stækkunar álbræðslu á Grundartanga, hefur sem eðlilegt má teljast gefið tilefni til þess að ræða þá framkvæmd og ýmislegt sem henni tengist. Ég hlýt að segja það í byrjun að mér finnast menn vera býsna viðkvæmir fyrir því að framkvæmdin sé rædd í almennu samhengi sem hluti af stóriðjuframkvæmdum í landinu og efnahagsáhrifunum samfara þeim. Ég mun a.m.k. ekki láta það hafa áhrif á mig og aftra mér frá því að koma með ýmsar hugleiðingar um þessi efni þó ýmsir þingmenn hafi brugðist við slíkum umræðum með þeim hætti sem raun ber vitni, t.d. við hv. þm. Jóns Bjarnasonar, og satt best að segja ekkert óskaplega málefnalega ef ég á að leyfa mér að gefa því örlitla einkunn.

Það má margt jákvætt segja um það hvernig uppbyggingu álversins á Grundartanga hefur verið hagað borið saman við aðrar framkvæmdir þar sem menn byggja í einum risaáfanga álver í fullri stærð og gríðarlegar virkjanir sem þarf til að setja af stað slíkt álver í einum tímapunkti. Augljóst er að áfangaskipting í uppbyggingu af því tagi sem átt hefur sér stað á Grundartanga hefur ýmsa kosti, m.a. þá að framkvæmdirnar þjappast ekki eins saman í tíma og hafa ekki jafngríðarleg röskunaráhrif á skömmu tímabili eins og t.d. risaframkvæmdirnar fyrir austan.

Þá er líka ljóst að þær virkjanir sem að lokum urðu fyrir valinu til að framleiða rafmagn í stækkunina á Grundartanga eru til muna skárri frá umhverfislegu sjónarmiði séð en t.d. Kárahnjúkavirkjun eystra eða Þjórsárveravirkjun sem til stóð að taka í stækkunina, eins og hv. þm. Jón Bjarnason benti réttilega á. Muna menn ekki röksemdafærsluna að því miður stæði svo óheppilega á að eini virkjunarkosturinn sem væri fullrannsakaður og tilbúinn og hægt væri að ráðast í með nógu skömmum fyrirvara væri ranglega kölluð Norðlingaölduveita, sem betur á skilið nafnið Þjórsárveramiðlun, á sínum tíma? Það reyndist ekki vera og sú heimatilbúna tímanauð sem menn notuðu fyrir þeirri röksemdafærslu var auðvitað að engu hafandi og í ljós kom að hægt væri að ráðast í gufuaflsvirkjanir á Reykjanesskaganum og Hellisheiði og framleiða þar rafmagn í stækkunina, a.m.k. fyrsta áfanga hennar sem ákveðinn var úr 90 þúsund tonnum í þau 180 þúsund tonn sem upphaflega var ákveðið að ráðast í. Þær gufuaflsvirkjanir eru að flestu leyti mun vænlegri kostur í umhverfislegu tilliti en hitt. Þetta höfum við talsmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs alltaf viðurkennt og bent á. Það mætti einmitt vera mönnum til umhugsunar að láta ekki setja sig í bóndabeygju af því tagi sem reynt var að halda umræðunni í á sínum tíma þegar réttlæta átti framkvæmdirnar í Þjórsárverum til að framleiða rafmagn í framkvæmdina.

Stóriðjuframkvæmdin er auðvitað hluti af heildarmyndinni. Hún er hluti af þeim samanlögðu framkvæmdum sem á að ráðast í á skömmum tíma með gríðarlegum afleiðingum fyrir íslenska hagkerfið. Því getur enginn maður borið á móti. Varðandi umhverfisþáttinn er það að sjálfsögðu ekki svo að þarna sé ekki líka áhyggjuefni á ferð. Ég kannast ekki við þær mælingar sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson vitnaði í, að mengun væri langt undir öllum mörkum í Hvalfirði. Ég hef séð þar umtalsverða loftmengun, t.d. snemma morguns á kyrrum dögum þegar svo virðist sem losað sé út í andrúmsloftið af einhverjum ástæðum uppsafnað magn mengunar, hvort sem það er vegna hreinsunar eða hvað þá er á ferðinni. Þeim umfangsmeiri sem verksmiðjurekstur sem losar út í andrúmsloftið mengandi efni verður á svæðinu þeim mun meiri verður loftmengunin og ákoman af mengandi efnum. Það er alveg ljóst. Þá er ekki síst ástæða til að hafa í huga rafskautaverksmiðjuna sem hæstv. ráðherra vill byggja þarna líka og sjálfsagt á sömu árum.

Varðandi verðbólgu, sem hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefndi og kom með að væri eiginlega ekkert vandamál, ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt, vegna þess að hún stafaði að mestu leyti af þenslu á fasteignamarkaði. Ég held að það skipti ekki öllu máli, verðbólga er verðbólga og leiðir til hækkana verðlags og rýrnunar umsamins kaupmáttar og þenslan sem við upplifum í hagkerfinu er vandamál sem þýðir ekki að reyna að afgreiða með þessum hætti. Ef ekki væri það verðstríð sem geisað hefur hjá stórverslanakeðjum á undanförnum vikum og leitt hefur til þess að þær verslanir hafa jafnvel svo til gefið heila vöruflokka dögum og vikum saman væri ástandið ekki félegt í verðbólgumælingunum núna. Það er fyrst og fremst það sem vegur upp á móti þenslunni og verðbólgunni af öðrum ástæðum sem veldur því að ástandið er ekki verra en raun ber vitni. Þetta mætti líka fara yfir og ræða.

Staðreyndin er sú að flestir aðilar aðrir en ríkisstjórnin og hörðustu stuðningsmenn hennar og talsmenn stóriðjustefnunnar á Alþingi hafa miklar áhyggjur af stöðu efnahagsmála. Það er alveg ótrúlegt að heyra þingmenn tala eins og það skipti engu máli það sem kemur frá Seðlabankanum, greiningardeildum bankanna, forsvarsmönnum í atvinnulífinu öðru en í stóriðjunni. Ég gæti reitt fram pappíra sem sýna það og sanna, t.d. umfjöllun Seðlabankans þegar hann er að ræða hinar miklu og samþjöppuðu stóriðjuframkvæmdir sem séu ein þriggja meginskýringa á þeim mikla vanda í hagstjórn sem við er að glíma og hefur leitt til m.a. harkalegra hækkana Seðlabankans á stýrivöxtum að undanförnu, sem aftur hefur áhrif á gengi krónunnar o.s.frv.

Auðvitað eru álver eins og þetta á Grundartanga vinnustaður og skapar störf og þau eru ágætlega launuð, mörg hver. Því hefur enginn mótmælt. Það sem umræðan snýst þó væntanlega um er að ekki er hverju sem er til fórnandi

fyrir þau störf. Við þurfum líka að velta fyrir okkur, Íslendingar, hversu stóran ætlum við — burt séð frá deilum um einstakar framkvæmdir og einstakar virkjanir sem þessu tengjast held ég að það sé meira en tímabært að menn taki umræðuna um það hversu stóran telja menn hagstætt að gera þennan þátt í efnahags- og atvinnulífi okkar, og hversu miklu viljum við ryðja út á móti af störfum, tækifærum og uppbyggingu á öðrum sviðum? Það er það sem er að gerast. Það sem talsmenn útflutnings- og samkeppnisgreinanna eru að reyna að benda á nú seint og um síðir er að það er ósköp einfaldlega ekki pláss í hagkerfinu fyrir hvort tveggja. Afleiðingin er sú að samkeppnisiðnaðurinn er að ýtast úr landi mjög hratt um þessar mundir og það sem er kannski tilfinnanlegast — og við vitum auðvitað aldrei og er í raun aldrei hægt að ræða nema í þáskildagatíð — er hve mörg glötuð tækifæri, hve margir nýsköpunarmöguleikar, líta aldrei dagsins ljós vegna þeirra aðstæðna sem þetta býr til í hagkerfinu á löngu árabili.

Þess vegna er það fullgilt að spyrja hæstv. ríkisstjórn: Hversu langt á að ganga? Þessi stækkun hér, þessi viðbótarframkvæmd sem nú er undir, sem sagt 32 og líklega plús 8 þús. tonn í viðbót ofan á þau 180 þús. tonn sem ákveðin höfðu verið í aprílmánuði 2004, og jafnvel enn 40 þús. tonn í viðbót við það innan skamms, þýðir að allt í allt muni þarna hafa bæst við 120 þús. tonna framleiðsla á skömmum tíma. Að endingu verður framleiðslan komin í 260 þús. tonn.

Ég held að það sé ekki vafi, herra forseti, og kannski skýrir það að einhverju leyti óþol og ómálefnaleg útbrot hv. þingmanna stjórnarliðsins sumra sem hér hafa orðið, að almenningsálitið er að snúast í verulegum mæli hinni blindu stóriðjustefnu í mót. Um það vitna t.d. ýmsar skoðanakannanir sem sýna að áframhaldandi stóriðjuuppbygging er mjög neðarlega á listanum þegar almenningur er spurður hvers konar atvinnuuppbyggingu hann telji að leggja eigi áherslu á. Tækni- og þekkingargreinar, ferðaþjónusta og ýmsar slíkar greinar eru þar mun ofar á lista. Aðeins lítill minni hluti þjóðarinnar telur að sú atvinnuuppbygging sem leggja beri mesta áherslu á á komandi árum sé áframhaldandi stóriðjuuppbygging.

Leiðarahöfundur Morgunblaðsins er sömu skoðunar, mælir nú ítrekað varnaðarorð og hvetur til þess að menn staldri við. Því ber auðvitað að fagna og það er enginn vafi á því að þau sjónarmið hafa verið að styrkjast í sessi. Þetta finna aðstandendur og forsvarsmenn hinnar blindu stóriðjustefnu og fer greinilega í taugarnar á þeim. Það er augljóst mál að það þarf úthald til að standa í ístaðinu í þessari umræðu en það er til staðar. Því get ég lofað hæstv. iðnaðarráðherra og hv. þm. Birki Jóni Jónssyni og öðrum þeim sem heyra vilja.

Það er auðvitað orðið svo alvenjulegt að maður kippir sér ekkert upp við það þegar menn leyfa sér þann munað, ef munað skyldi kalla, að velta upp spurningum um þessa vegferð, hversu langt eigi að ganga. Hvað með efnahagsáhrifin? Eru menn sáttir við þá uppsetningu að menn hafi áframhaldandi opið hús fyrir frekari stóriðjuframkvæmdir en skeri svo niður vegaframkvæmdir til að þjóna einhverri táknrænni þörf fyrir það að sýnast ábyrgir í efnahagsmálum á móti? Það er staðreynd, sem má fletta upp á, að niðurskurður vegaframkvæmdanna strax eftir kosningarnar 2003 var beintengdur við stóriðjuáform. Ætla hv. þingmenn að halda einhverju öðru fram? Þarf að reka ofan í þá beinar tilvitnanir í þá sjálfa og ráðherra ríkisstjórnarinnar þar um?

Þegar menn tala núna um þenslu á fasteignamarkaði er það hlutur sem kom til sögunnar og fór að valda áhyggjum mun síðar. Það liggur algerlega fyrir. Að vísu hefur verið mikil tilhneiging til þess hjá ríkisstjórninni að reyna að gera fasteignamarkaðinn að allsherjarsökudólgi í þessum efnum, og þá kannski Seðlabankann með honum ef í harðbakkann slær. En ríkisstjórnin með stóriðjustefnu sinni, með skattalækkunum sínum og öðru því sem beinlínis er hér að verki á ævinlega að vera stikkfrí og hvítþvegin.

Framsóknarmenn koma þá hér upp með sínar venjulegur ræður um að Vinstri hreyfingin – grænt framboð sé á móti framförum, sé á móti hagvexti eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson sagði hér t.d. áðan, og gefur auðvitað þeim sjálfum og þeirra málflutningi einkunn. Það þarf svo sem ekkert endilega að eiga mikil orðaskipti við menn sem falla í svo barnalegan málflutning, falla í viðjar slíkrar framsetningar.

Þetta kann að hafa heppnast hjá Framsókn fyrst um sinn. Hún lagði mikla orku í að koma þeim stimpli á okkur að við værum á móti öllu, eins og kunnugt er, gott ef ekki bara framtíðinni, eins og formaður flokksins mun einu sinni hafa orðað það. Þau verða nú að horfast í augu við það að kannski eru þau sjónarmið sem við höfum einmitt staðið fyrir í þessum efnum að síast út og vinna sér brautargengi meðal þjóðarinnar í ríkari mæli en þau átta sig á. Það skyldi þó ekki vera að þrátt fyrir allt sé þjóðin að hugsa sinn gang í þessum efnum, átta sig á því að hin gamla, blinda — sem ég hef stundum kallað nordælska — stóriðjustefna er á undanhaldi? Þjóðin sér auðvitað að þetta er ekki atvinnustefna framtíðarinnar. Einhæfar pakkalausnir þar sem beitt er pólitísku handafli til að þvinga slíkar framkvæmdir og fjárfestingar inn í hagkerfið er forneskja, vinnur gegn fjölbreyttri atvinnustefnu þar sem nýsköpun, tækni, þekking og aðrir slíkir hlutir eru lagðir til grundvallar.

Hv. þm. Birkir J. Jónsson kom hér að fjárveitingum til vegamála, bar á móti því sem liggur fyrir, er staðreynd og er á pappírum, að hinn mikli niðurskurður í vegamálum sem gripið var til strax eftir kosningar 2003 — og ætti nú hv. þingmaður að muna þetta, m.a. vegna þess að Héðinsfjarðargöng voru þar í pakkanum — var gagngert réttlættur og nauðsyn hans talin vera vegna stóriðjuframkvæmdanna.

Síðan sagði hv. þingmaður að um þessar mundir væri varið margfalt meira fé til vegamála en hefði verið í minni tíð sem samgönguráðherra. Eigum við aðeins að fara yfir þessa fullyrðingu?

Hvert verður hlutfallið af vergri landsframleiðslu sem fer til framkvæmda í vegamálum á þessu ári? Já, nú hlær hv. þingmaður. Hvaða mælikvarða vill hv. þingmaður nota? (**BJJ:** Peninga.) Peninga, já? (**BJJ:** Fjármagn.) Án hlutfalls til stærðar þeirra í veltu þjóðarbúsins? (**Gripið fram í:** Við erum búin ...) Já, já. Það er út af fyrir sig alveg rétt að það er verið að verja miklu meiri fjármunum til skólamála á Íslandi en var 1940, í peningum talið, en finnst einhverjum það ekki vera eðlilegt? Halda menn að hlutirnir gangi þannig fyrir sig og notaður sé sá mælikvarði að taka fjárveitingar til málaflokka fyrir áratugum síðan og segja: Þetta

er meira fé að raungildi í dag þegar velta þjóðarbúsins er kannski tvö- eða þreföld á við það? Nei, ég held að flestir sanngjarnir menn viðurkenni nú að sá mælikvarði sem er skástur til að nota í þessum efnum sé hvort viðkomandi málaflokkur haldi hlut sínum miðað við stærðir í þjóðhagslegu samhengi eins og þær blasa núna við.

Ég tók að vísu við mjög vondu búi sem samgönguráðherra vegna þess að árið á undan, 1987, var minnstu fjármagni varið til vegamála á Íslandi sem hlutfalli af vergri landsframleiðslu í sögunni. En því miður stefnir ríkisstjórnin að því að svo til jafna þetta met á næsta ári. Þá verður, miðað við spá, af um 1.055 milljarða landsframleiðslu einungis tæpum 12,5 milljörðum varið í vegamál, þ.e. 1,20% af vergri landsframleiðslu. Það er aðeins hörmungarárið í lok samstarfs Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á árunum 1983–1987 sem er svipað eða enn lélegra.

Þau ár sem ég var samgönguráðherra hækkaði þetta hlutfall á hverju ári. Það var að vísu frá mjög lágri viðmiðun, mjög lágum botni, sem ég tók við en þrátt fyrir efnahagserfiðleika og aðstæður á þeim árum var verið að reyna að þoka þessu hlutfalli upp á nýjan leik. Nú er ríkisstjórnin að lækka það mjög harkalega aftur til þess tíma sem það hefur verið einna lægst.

Hv. þm. Birkir Jón Jónsson má að sjálfsögðu, og hagar að sjálfsögðu, málflutningi sínum eins og hann vill. En ég ætla að spá hv. þingmanni því að ef hann leggur í vana sinn jafniðulega og mér því miður virðist vera að hirða ekkert um beinar skjallegar staðreyndir mála muni það koma honum í koll, sérstaklega þegar frá líður. Menn geta oft komist í einni snerru burtu frá málflutningi með því að bara henda fram einhverjum fullyrðingum sem eiga sér enga stoð í veruleikanum en oftast eltir sannleikurinn slíka menn uppi og þeir verða að lokum smátt og smátt berir að því og það verður viðurkennt — burt séð frá alveg pólitískum skoðanaágreiningi, sem er allt annar hlutur — ef menn eru algerlega hirðulausir um staðreyndir í málflutningi sínum. Þeir menn sem að lokum eru með sitt á hreinu í þeim efnum og leggja það ekki í vana sinn (Gripið fram í.) að fara með staðleysur eru að lokum teknir í landhelgi. (**BJJ:** Hver var staðleysan?) Þú fórst með mjög margar staðleysur og fullyrðingar út í loftið, bæði um t.d. áherslur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í atvinnumálum og þú hélst fram því sem ég tel vera (Forseti hringir.) rangar fullyrðingar, hv. þingmaður, um hlutföll fjárveitinga til vegamála á þann (Gripið fram í.) mælikvarða sem viðurkenndur er.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill áminna hv. þingmann um að ávarpa forseta en ekki þingmann úti í sal.)

Ég biðst afsökunar, þetta er réttmæt ábending.

Það vill að vísu svo til að Alþingi Íslendinga samþykkti tillögu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um áherslur í atvinnumálum á næstsíðasta þingi og gerði að sinni þá stefnu okkar að leggja áherslu á stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki, og nýsköpun og fjölbreytni í atvinnumálum. Það var bara ósköp einfaldlega samþykkt hér og nú ber ríkisstjórninni að vinna þeirri atvinnustefnu framgang.

Ég bið hv. þingmann, ef hann vill halda þessari umræðu áfram um fjárveitingar til vegamála, að fara í skýrslur samgönguráðherra gegnum tíðina um framkvæmd vegáætlunar. Á hverju einasta ári kemur hér skýrsla þar sem notuð er viðmiðunin hlutfall vegafjár af vergri landsframleiðslu (Forseti hringir.) sem sá mælikvarði einn sem sé sæmilega nothæfur til samanburðar gegnum tíðina í þessum efnum. Í því samhengi fer hv. þingmaður með staðlausa stafi.

[12:43]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Við erum hér að ræða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Það er eðlilegt í umræðu sem þessari að víða sé komið við. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í ræðu sinni áðan að ég hefði farið með staðleysur. Ég hafna því. Ég sagði áðan að mun meira fé væri varið til vegamála í dag en á tímum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þegar hann var ráðherra. Svo er það annað mál hvort við ætlum að bera það saman sem hlutfall af landsframleiðslu, það er ein viðmiðunin. Hv. þingmaður getur ekki komið hér upp og sagt að ég fari hér með staðleysur þegar staðreyndirnar tala sínu máli, við verjum mun meiri fjármunum í dag til vegamála en við gerðum á tímum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar er hann var samgönguráðherra.

Við ræðum hér um fjárlög á hverju einasta hausti. Hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar nefna það stundum að skuldir ríkisins séu miklar, þær hafi ekkert lækkað svo mikið. En þau minntust ekki orði á það við síðustu fjárlagagerð að skuldir ríkisins sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hefðu lækkað úr 35% niður í 17% (**Gripið fram í:** Þú vilt náttúrlega ...) á árabilinu 1995–2004. (Gripið fram í.) Þá hentaði ekki stjórnarandstöðunni að tala um einhver hlutföll, nei, þá skyldi tala um krónur, við værum að ræða um fjárlög og við skyldum ræða um krónur og aura í því samhengi. Svo kemur hv. þingmaður hér og talar um að ég fari með staðleysur. Ég vísa því til föðurhúsanna. Að sjálfsögðu er hægt að segja sannleikann á marga vegu en þetta er nú sá sannleikur sem ég hef ákveðið að tala um í ræðu minni, að fjárveitingar til vegamála í dag eru miklu meiri en í fortíðinni og hafa trúlega aldrei verið hærri.

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um stækkun álversins á Grundartanga. Það hefur komið fram að þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa verulegar efasemdir um áherslu ríkisstjórnarflokkanna á að stækka þetta álver. Reyndar kemur ríkisvaldið lítið nálægt þessari framkvæmd, nema með því að breyta þessum lögum sem hér eru til umræðu. Það er nefnilega þannig að þegar við breyttum raforkulögunum, sem reyndar Vinstri hreyfingin – grænt framboð var á móti, þá gerðu gömlu raforkulögin ráð fyrir því að Landsvirkjun hefði einkarétt á að framleiða rafmagn til þeirrar framleiðslu.

Nú höfum við breytt þeirri löggjöf, sem Vinstri grænir voru reyndar á móti. Þeir eru samkvæmir sjálfum sér í því en nú er komið á frjálsræði. Nú geta glæsileg fyrirtæki eins og Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja framleitt raforku til slíkra framkvæmda. Við höfum rætt um það í þingsölum að hlutfallslega sé hvað mest atvinnuleysi hér á höfuðborgarsvæðinu og ekki síst á Reykjanesi. Hvaða áhrif hafa framkvæmdir sem þessar, að virkja jarðhitann hér í nágrenni höfuðborgarsvæðisins? Þær skapa tugi ef ekki

hundruð störf fyrir utan að að sjálfsögðu verða til afleidd störf á viðkomandi svæðum. Þessi framkvæmd hefur dregið úr atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu, það er óumdeilt. Þetta er mjög jákvæð innspýting, eins og forsvarsmenn Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja hafa bent á, í atvinnulíf á þeim svæðum þar sem atvinnuleysi hefur hlutfallslega verið hvað mest á umliðnum árum. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að það hlýtur að vera erfitt að vera á móti svona máli.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason gagnrýndi tímasetningar í þessu sambandi. Ég vil taka það fram, enn og aftur eins og ég rakti hér í andsvari við hv. þingmann áðan, að meginþungi framkvæmdanna verður eftir að meginhluta framkvæmdanna verður lokið á Austurlandi.

Hvað hafa nú fjármálaspekúlantar í fjármálastofnunum, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var að vísa til áðan, sagt? Þeir hafa sagt: Jú, það er hætta á niðursveiflu í hagkerfinu eftir að framkvæmdum lýkur á Austurlandi. Það er hætta á því að það dragi stórlega úr hagvexti, þar með minnki kaupmáttur fólks og að íslensku þjóðarbúi muni vegna verr í framhaldinu, skulum við gera ráð fyrir.

Þessir aðilar hafa fagnað þessari stækkun og sagt: Þessi framkvæmd, stækkun álvers á Grundartanga mun auka hagvöxt í samfélaginu, fyrir utan það sem er kannski hvað jákvæðast, að þegar stækkunin kemst að fullu til framkvæmda mun störfum á þeim vinnustað trúlega fjölga um 200. 200 störf á Vesturlandi. Er það svo, þegar menn tala um þenslu, að Borgfirðingar finni fyrir gríðarlegri þenslu eða að Akurnesingar finni fyrir óhóflegri þenslu á sínu svæði? Ég vil leyfa mér að fullyrða að svo sé ekki.

Hverjir munu trúlega vinna við þetta álver? Eru það ekki íbúar þessara byggðarlaga? Við ræðum um byggðastefnu og að það beri að styrkja byggð á landsbyggðinni. Er Borgarfjörður ekki hluti af landsbyggðinni? Eigum við ekki að styrkja þau byggðarlög eins og önnur svæði á landinu? Eigum við að setja okkur á móti því að fjölga störfum við álver á Grundartanga um 200? Samkvæmt mælingum sem hafa verið gerðar vegna álversins fyrir austan verða afleidd störf trúlega annað eins eða heldur meira. Við skulum ekki gleyma því að það eru þjónustufyrirtæki í viðkomandi byggðarlögum sem munu veita fyrirtækinu þjónustu. Vinnustaður eins og álverið á Grundartanga hefur gríðarleg áhrif á atvinnulíf í Borgarbyggð og á Akranesi, það er óumdeilt.

Menn tala um breytta atvinnuhætti. Hagræðing í sjávarútvegi og jafnvel í landbúnaði hefur aukist og störfum fækkað í þeim atvinnugreinum. Það er miður. En eigum við bara að horfa á aðgerðalaus og segja: Ja, þetta er bara þróunin? Má ekki gera neitt annað? Við erum að fjölga störfum á Vesturlandi um a.m.k. 200 á þessum vinnustað, hálaunastörfum. Oftar en ekki þarf vel menntað fólk til þessara starfa. Það er mjög undarlegt ef hv. þingmenn greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi. Ég vil ekki fullyrða neitt um það enda kemur það í ljós við atkvæðagreiðslur. En það er á hreinu að hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa lýst yfir miklum efasemdum um þessa framkvæmd.

Hæstv. forseti. Hér ræðum við iðulega um vegagerð og velferðarmál. Hvernig stöndum við að vegagerð í þessu landi ef efnahagur þjóðarbúsins stendur ekki styrkum fótum? Hvernig ætlum við að standa undir öflugri heilbrigðisþjónustu, sem kostar borgarana lítið? Hvernig ætlum við að standa undir öflugu velferðarkerfi, þéttriðnu velferðarkerfi sem kemur til móts við þá sem minna mega sín? Hvernig ætlum við að standa undir þessum öflugu kerfum í félagsmálum og heilbrigðismálum? Við þurfum að hafa einhverjar þjóðartekjur. Ríkissjóður verður að fá einhverjar tekjur til að standa undir þessum málaflokkum sem hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa talað ötullega um að okkur beri að standa vörð um. Það er stefna Framsóknarflokksins að standa vörð um öfluga velferðarþjónustu í landinu en til þess þurfum við tekjur. Við rekum ekki ríkissjóð með tugmilljarða halla á ári hverju til frambúðar enda hefur hann nær undantekningarlaust, þótt einhverjar undantekningar megi finna, en í heild sinni höfum við frá árinu 1995 rekið ríkissjóð með hagnaði, þegar á heildina er litið.

Hæstv. forseti. Háttvirtir þingmenn, a.m.k. hv. þm. Jón Bjarnason, hafa rætt um íslenskan skipasmíðaiðnað og að þessi stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar sé að gera út af við iðnaðinn sem slíkan, að hún bitni á smáiðnaði í landinu. Stóriðjustefnan bitnar á minni iðnaði, segja margir hverjir þingmanna Vinstri grænna og sé ég að hv. þm. Jón Bjarnason kinkar til mín kolli.

Hver er staða fyrirtækisins Slippstöðvarinnar á Akureyri í dag? Er hún ekki með margra hundraða milljóna króna samning vegna framkvæmda á Austurlandi við gerð Kárahnjúkavirkjunar, sem skapar tugi starfa á Akureyri? (Gripið fram í.) Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa sagt að þær framkvæmdir sem eiga sér stað á Austurlandi og samningar sem þeir hafa gert vegna þeirra hafi skipt gríðarlega miklu máli fyrir það fyrirtæki. (Gripið fram í.) Það er ekki rétt hjá hv. þingmönnum að segja að stóriðnaður hér á landi bitni illa á smærri iðnaði vegna þess að það þarf að þjónusta stóriðnað, eins og Slippstöðin á Akureyri gerir til hagsbóta fyrir Eyfirðinga. Störfum þar hefur fjölgað og styrkari stoðum hefur verið skotið undir þann glæsilega vinnustað.

Hæstv. forseti. Ég vil í lok máls míns þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur átt sér stað. Það er mikið talað um endalausa stóriðjustefnu Framsóknarflokksins í þessum sal og um að við ætlum að byggja álver út í hið óendanlega. Það er rangt. Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að við skjótum fleiri stoðum undir íslenskt þjóðarbú. Hér er öflugur sjávarútvegur, sem stjórnarandstaðan hefur reyndar mjög óljósar tillögur um. Við viljum standa vörð um öflugan landbúnað, öfluga stóriðju og nýsköpun í landinu, enda hefur hæstv. iðnaðarráðherra ásamt samstarfsráðherrum sínum í ríkisstjórninni kynnt átak í þeim efnum að efla nýsköpun um allt land.

Við einblínum ekki á álver eða stóriðju. Það eru mörg járn í eldinum sem skipta máli fyrir íslenskt þjóðarbú. En að tala með þeim hætti, að umhverfi starfsfólks í íslenskum álverum sé slíkt að þar séu ekki nein fyrirtaks störf eða draumastörf sem börn okkar ætli að vinna við, er ekki rétt. Sumir vilja vinna á þessum vinnustöðum. Ég benti á það áðan, varðandi álverið í Straumsvík, að þar er biðlisti eftir að komast að og fá atvinnu. Meðallaunin í þessari atvinnugrein eru langt umfram það sem gengur og gerist á lands-

byggðinni, langt umfram það sem gerist í Borgarfirði eða á Akranesi. Ríkisstjórnarflokkarnir styðja þetta mál af myndarskap til hagsbóta fyrir landsbyggðina. Borgarfjörður er hluti af landsbyggðinni og Vesturland er hluti af landsbyggðinni. Þar eru ekki bara Eyjafjarðarsvæðið eða Miðausturland. Við þurfum að styðja byggð víða um landið og það er markmiðið með þessu frumvarpi. Ég vona að flestir þingflokkar á Alþingi muni styðja þessa sjálfsögðu framkvæmd sem hefur nú þegar haft mjög mikil áhrif á veik atvinnusvæði á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:57]

[13:32]

Útbýting:

Innleiðing EES-gerða, 770. mál, fsp. SKK, þskj. 1142.

Sala á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf. til almennings, 771. mál, fsp. JóhS, þskj. 1143.

Umræður utan dagskrár.

Kynþáttafordómar og aðgerðir gegn þeim.

[13:32]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Rasismi og kynþáttafordómar eru meðal alvarlegustu samfélagsvanda margra vestrænna þjóða. Sífellt bætast í sarpinn sorglegar sögur um afleiðingar hans. Nú eru blikur á lofti á Íslandi og nýlegar kannanir meðal ungmenna, t.d. á vegum Rannsóknar og greiningar fyrir Rauða krossinn, benda í þá átt að um hreinan viðsnúning sé að ræða í viðhorfum í garð útlendinga og innflytjenda. Umburðarlyndið er á undanhaldi fyrir fordómum og rasisma.

Einnig má nefna fréttaflutning víða af byggðum landsins þar sem vaxandi spenna er í samskiptum Íslendinga, innflytjenda og útlendinga, ekki síst þar sem hlutfallið af útlendingum í samfélaginu er hátt.

Við sjáum óhugnaðinn sem þrífst í kynþáttahyggjunni allt í kringum okkur. Hægri öfgaflokkar hafa tekið flugið og náð allt að 20%–30% fylgi í löndum á borð við Austurríki, Ítalíu, Frakkland og Noreg og nú síðast í Danmörku þar sem hægri þjóðarflokkur Piu Kjærsgaard fékk heil 13% í kosningunum um daginn í hinni umburðarlyndu Danmörku. Þetta er alvarleg þróun og við eigum að læra af mistökum grannþjóðanna og koma í veg fyrir að kynþáttafordómar og rasismi verði að stærra og alvarlegra vandamáli en það er nú þegar.

Ástandið víða í Evrópu er orðið svo alvarlegt að rasismi er orðinn að meginmáli í þjóðfélagsumræðunni og á köflum ríkir hálfgert upplausnarástand á einstökum svæðum. Stjórnvöld hafa að mörgu leyti sofið á verðinum og nú er mál að grípa til markvissra aðgerða annars er hætta á að rasismans sjáist merki í íslenskum stjórnmálum á næstu árum í formi harðlínuflokks sem yrði stefnt gegn Íslendingum af erlendum uppruna. Það skortir skýra stefnu, skýr markmið og markvissar aðgerðir hjá stjórnvöldum.

Sem dæmi um uppgang rasismans á Íslandi má nefna könnun Gallups þar sem fram kom að á fimm ára tímabili hafa kynþáttafordómar í landinu aukist stórum og þeim hefur t.d. fækkað um 14% sem telja æskilegt að heimila eigi fleiri útlendingum að vinna á landinu, úr 42% í 28%. Svipaða sögu má segja um jákvæðni gagnvart flóttamönnum. Árið 1999 voru 45% landsmanna jákvæð gagnvart því að taka á móti flóttamönnum. Nú mælast þeir einungis 27% sem eru jákvæðir fyrir því að við tökum á móti fleiri flóttamönnum. Niðurstöður Rannsóknar og greiningar í könnuninni fyrir Rauða krossinn sýnir svart á hvítu að viðhorf ungs fólks til innflytjenda hefur breyst verulega. Neikvæð viðhorf í garð margs þess sem tengist innfluttum Íslendingum aukast verulega og þeim hefur t.d. fjölgað úr 12% í 20% sem segja að innflytjendur eigi ekki að hafa sömu réttindi og aðrir Íslendingar. Heil 40% segja að of margir innflytjendur séu á Íslandi.

Þá má einnig nefna að í viðhorfum 9.- og 10.-bekkinga til innflytjenda voru árið 1997 einungis 59% jákvæð í garð innflytjenda en það hlutfall var komið niður í 40%–45% árið 2003. Þetta eru sláandi tölur sem bera okkur váleg tíðindi sem kalla á markvissar og brýnar aðgerðir. Fordómarnir eru að aukast, umburðarlyndið er að minnka.

Fordómarnir byggjast á fáfræði og ótta, ótta sem m.a. birtist í dæmalausu tilsvari manns nokkurs í fréttum sjónvarpsins á dögunum þegar hann lýsti áhyggjum sínum af innflytjendum á Íslandi með orðunum: „Þetta endar með því að við verðum einhverjir blendingar, við verðum ekki Íslendingar.“ Þessi orð endurspegla hörmulegt viðhorf sem ber að fordæma. Slíkum viðhorfum eyðum við hins vegar ekki nema með markvissum aðgerðum og fræðslu. Meginmálið er að rannsaka og draga skýrt fram ástæðurnar fyrir uppgangi fordómanna og bregðast við með skipulegum hætti. Þróuninni verður að mæta með því að grafast fyrir um ástæður hennar og leita svo leiða til að sporna við. Vopnin gegn fordómunum og kynþáttahyggjunni eru fyrst og fremst menntun og fræðsla en skólarnir eru vanbúnir til að mæta því verkefni. Bæði grunnskólinn og framhaldsskólinn ættu t.d. að taka upp öfluga mannréttinda- og trúarbragðafræðslu. Óttinn við það ókunnuga magnar bálköst fordómanna og því verður að fræða og miðla.

Því beini ég þeim spurningum til hæstv. félagsmálaráðherra til hvaða aðgerða hann hyggist grípa til að vinna gegn auknum kynþáttafordómum og hvort til standi að rannsaka markvisst ástæður fordómanna og því hve hröð og alvarleg þróunin er ekki síst á meðal ungra Íslendinga.

[13:38]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Í nóvember sl. ræddum við á Alþingi niðurstöður skoðanakönnunar Gallups sem unnar voru fyrir Alþjóðahúsið. Þar komu fram vísbendingar um að dregið hefði úr jákvæðum viðhorfum til innflytjenda frá árinu 1999. Þetta er aftur staðfest í niðurstöðum rannsókna sem Rauði krossinn lét nýlega vinna og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson vitnaði til.

Þetta er verulegt umhugsunarefni fyrir okkur öll sem þegna þessa lands og sem foreldra ekki síður en stjórnvöld, bæði ríki og sveitarfélög. Hér er um að ræða afstöðu og

viðhorf ungs fólks sem á framtíðina fyrir sér, fólks sem stundar skóla, fólks sem hefur líklega ekki upplifað atvinnuleysi, hefur flest góða heilsu og hefur almennt fengið gott atlæti. Þetta eru íslenskir unglingar. Þeir hafa ekki upplifað átök milli kynþátta eða trúarbragðahópa eða ófrið milli ríkja en slíkt er oft uppspretta kynþáttafordóma. Þess vegna kemur á óvart og veldur vonbrigðum að kynþáttafordómar meðal þeirra aukist.

Hæstv. forseti. Fordómar byggjast fyrst og fremst á vanþekkingu og öryggisleysi þess sem þá hefur. Þeir eru birtingarmynd ótta við eitthvað sem er framandi og viðkomandi upplifir jafnvel sem ógnun. En hvernig komum við í veg fyrir þá? Það gerum við fyrst og fremst með því að gera innflytjendum sem best mögulegt að setjast hér að, aðlagast íslensku umhverfi og verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Á sama tíma þarf samfélagið að gera sitt ýtrasta til að koma til móts við fólkið. Í því felst gagnkvæm aðlögun. Það er nauðsynlegt að við mótum stefnu sem felur í sér skýra viðleitni til að auðvelda aðlögunina. Stefnan á m.a. að byggja á því að margbreytileikinn sé kostur en ekki galli á samfélaginu og hún á að hafa reynslu nágrannaþjóðanna til hliðsjónar.

Ýmislegt hefur verið vel gert hér á landi á þessu sviði. Það má þakka bæði framtakssömum einstaklingum, sveitarfélögum og ríki. Ég vil sérstaklega nefna Alþjóðahúsið í Reykjavík, Fjölmenningasetur á Ísafirði, Alþjóðasetur á Akureyri, Rauða krossinn, landlæknisembættið og Reykjavíkurborg. Gróska er í vönduðum rannsókna- og þróunarverkefnum af ýmsu tagi á þessu sviði.

Hæstv. forseti. Við verðum að draga saman þá mikilvægu þekkingu og reynslu sem við höfum öðlast og láta verkin tala. Þörf er á markvissri áætlun af hálfu stjórnvalda eins og hv. fyrirspyrjandi kemst að orði. Það er því mikið ánægjuefni fyrir mig að geta greint Alþingi frá því að í dag hefur lokið störfum nefnd sem ég skipaði sl. sumar til að útfæra nánar tillögur um framkvæmd þjónustu við útlendinga. Í tillögum hennar er lagt til að skipað verði sérstakt innflytjendaráð sem beri ábyrgð á framkvæmd stefnu stjórnvalda í innflytjendamálum og sé þeim til ráðuneytis. Lagt er til að ráðið verði skipað fulltrúum félagsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og Sambands sveitarfélaga.

Nefndin leggur áherslu á að stjórnvöld tryggi framkvæmd tillagnanna, nauðsynlega fjármögnun þjónustusamninga og aðkomu þeirra hagsmunaaðila sem málið snertir. Lagt er til að tillögurnar verði útfærðar sem tilraunaverkefni til fimm ára og endurskoðun fari fram á síðustu tveimur árunum. Tel ég að í framhaldinu mætti m.a. huga að því hvort forsendur séu fyrir lagasetningu á þessu sviði.

Í grófum dráttum má segja að nefndin horfi fyrst og fremst til þeirrar þjónustu sem ekki er nú þegar tryggð útlendingum til handa. Hún kortleggur þá nauðsynlegu þjónustu sem oftar en ekki er án lagastoðar en er á hinn bóginn afar brýn til að innflytjendur verði virkir þátttakendur í samfélaginu. Í því sambandi er lögð áhersla á þjónustusamninga sem innflytjendaráð gerir við þá sem að mati ráðsins eru best til þess fallnir að sinna þeim verkefnum sem brýnust eru. Gert er ráð fyrir að þjónustusamningarnir innihaldi samkomulag um eftirtalin sex verkefni:

1. Að tryggja öllum sem hér fá atvinnu- og dvalarleyfi leiðsögn um íslenskt samfélag. Innflytjendaráði er ætlað í samvinnu við Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun að vinna að því að fólk þekki réttindi sín og skyldur þannig að það geti tekið virkan þátt í samfélaginu.

2. Að afla og halda utan um tölfræðileg verkefni á sviði innflytjendamála í samvinnu við Hagstofu Íslands.

3. Að samræma miðlun nauðsynlegra upplýsinga til útlendinga á Íslandi.

4. Að gera áætlun um túlkaþjónustu sem nái til landsins alls. Lögð verði áhersla á aðgang allra að sem fljótvirkustu og hagkvæmustu kerfi túlkaþjónustu sem standist gæðakröfur.

5. Fjallað er um þjónustu við sveitarfélög. Innflytjendaráð skal markvisst kynna sveitarfélögum þarfir og aðstæður innflytjenda. Áhersla skal lögð á heildræna þjónustu við fjölskyldur og gagnkvæma aðlögun.

6. Innflytjendaráð skal beita sér fyrir rannsóknum og þróunarstarfi á högum og aðlögun innflytjenda og fylgjast reglubundið með viðhorfum innflytjenda og innfæddra til fjölmenningarsamfélagsins. Enn fremur leggur nefndin til að flóttamannaráð í núverandi mynd verði lagt niður. Í staðinn verði skipuð sérstök nefnd á vegum innflytjendaráðs sem hafi umsjón með móttöku flóttafólks. Nefndin vinni í nánu samráði við Útlendingastofnun og í henni eigi sæti fulltrúar félagsmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, utanríkisráðuneytis og Rauða kross Íslands.

Hæstv. forseti. Ég tel tillögur nefndarinnar skynsamlegar og til þess fallnar að draga úr fordómum og mun beita mér fyrir því að þær verði að veruleika þannig að vinnubrögð verði markviss og við náum þeim markmiðum sem að er stefnt. Á næstu dögum mun ég kynna tillögurnar í ríkisstjórn ásamt skýrslu nefndarinnar í heild sinni en ég ítreka að hér höfum við öll verk að vinna og þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta þarfa mál upp á þingi.

[13:43]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Ég held að þakka megi hæstv. ráðherra fyrir þær yfirlýsingar sem hér eru gefnar að það skuli vera í farvatninu stofnun innflytjendaráðs. Ég verð að segja að það verður athyglisvert að kynna sér niðurstöður skýrslu nefndarinnar sem hæstv. ráðherra var að fá í hendur í dag þannig að þetta er áfram efniviður í umræðuna.

Mér er minnisstæð setning úr sama fréttaviðtali og hv. þingmaður, málshefjandi í umræðunni, gerði að umtalsefni í ræðu sinni en þar sagði ung kona sem var spurð um ástæður vaxandi kynþáttafordóma eitthvað á þá leið að útlendingar einangruðu sig gjarnan frá okkur Íslendingum, gæfu sig eingöngu að fólki af eigin þjóðerni.

Elfa Björk Sverrisdóttir skrifaði viðhorfsgrein í Morgunblaðinu 8. apríl sl. Þá hafði sama frétt vakið athygli hennar. Hún leggur það til umræðunnar að orðið „gestrisni" sé lykilatriði varðandi fordóma. Hún bendir okkur á að taka gestgjafahlutverkið alvarlegar en við gerum nú, hvetur okkur til að vera duglegri við að bjóða heim fólki. En þó að krafan um að útlendingar aðlagist okkur sé hávær er ljóst að þar sem unnið hefur verið markvisst að gagnkvæmum sam-

skiptum fólks af ólíku þjóðerni hefur gengið best. Má nefna þjóðahátíðir og fjölmenningarsetrin sem dæmi um það.

Við hæstv. ráðherra vil ég segja þetta: Þrátt fyrir þjónustusamninga þá sem hann getur um í ræðu sinni þurfum við að efla samstarfið við Alþjóðahús, við mannréttindaskrifstofuna og frjáls félagasamtök sem starfa á þessum vettvangi, ekki síst við samtök Íslendinga af erlendum uppruna. Ég held t.d. að lífsnauðsynlegt sé að virkja kennara og nemendur í grunnskólum. Þar er til staðar þekking sem þarf að hjálpa til við að skila sér út í samfélagið.

Hlustum og opnum augun, vinnum markvisst að stefnumótun, setjum okkur ákveðin markmið sem við sameinumst um að vinna að, t.d. með skipulögðu átaksverkefni til 4–5 ára og skoðum svo hvort okkur verður ágengt. En umfram allt, virkjum skapandi krafta þeirra sem eru nú þegar að vinna að málefnum útlendinga og snúum þróuninni við.

[13:45]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Margar ástæður eru fyrir því að kynþáttafordómar koma fram. Ein ástæða er ótti. Ótti við að ókunn menning skaði eða jafnvel ryðji burt innlendri menningu, ótti við að missa störf vegna undirboða eða ótti við vaxandi áhrif hóps manna, oftast erlendra. Þessi ótti er oftast byggður á vanþekkingu eða misskilningi, stundum hreinlega tungumálaörðugleikum. Vissir aðilar geta svo kynt undir slíkum fordómum sér til framdráttar. Stundum eru fordómarnir gagnkvæmir, líka á milli hópa. Pólverji er jafnmikill útlendingur í augum Tælendings og Íslendings.

Aðgerðir felast í því að upplýsa hópana um menningu hvers annars og í kennslu í tungumáli búsetulands, þ.e. íslensku, eins og gerð er krafa um í nýlegri lagasetningu. Þetta er nýtt vandamál sem við þurfum að taka á með t.d. aukinni fræðslu til barna og unglinga. Undirstrika þarf jákvæð áhrif erlends fólks á starfsþekkingu, menningu og listir.

Mjög mikilvægt er að berjast gegn kynþáttafordómum því skelfilegustu voðaverk sögunnar hafa verið unnin í skjóli slíkra fordóma. Þegar við tölum um og tökum afstöðu til útlendinga skulum við líka minnast þess að við breytumst í útlendinga þegar við förum erlendis.

[13:47]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við í Frjálslynda flokknum höfum ávallt verið þeirrar skoðunar að við þurfum á útlendingum að halda í framtíðinni, bæði til að auka og auðga menningu okkar en einnig sem vinnuafli og þeir eru að sjálfsögðu velkomnir til Íslands.

Hlutir eins og aðlögun hljóta að skipta mjög miklu máli. Hér hefur oft verið gagnrýnt að málefni útlendinga heyri undir þrjú ráðuneyti í stað þess að vera sameinuð undir eitt ráðuneyti eða að a.m.k. sé fyrir hendi skýrt heildarskipulag *yfir þjónustu til útlendinga.* Það getur verið afar erfitt fyrir útlendinga sem koma hingað að átta sig á hver ber ábyrgð á hverju innan stjórnsýslunnar á hverjum tíma.

Til að forðast kynþáttafordóma, sem oft eru byggðir á vanþekkingu en líka misskilningi, höfum við talið mikilvægt að aðlaga innflytjendur að íslensku samfélagi, m.a. með því að efla upplýsingaþjónustu til þeirra og leggja áherslu á að þeir læri íslensku. Íslenskukennslan og námsefni og kennsla heyrir undir menntamálaráðuneytið en alls konar félagsþjónusta heyrir undir félagsmálaráðuneytið og þetta getur náttúrlega valdið vandræðum. En við hljótum að vera sammála um að lágmarkskunnátta í íslensku sé forsenda þess að fólk geti tekið virkan þátt í samfélaginu og það er sannfæring mín að ef það gerir það náum við að eyða fordómum.

Þekking í íslensku hlýtur að vera grundvallaratriði svo að ekki myndist einangraðir minnihlutahópar fólks af erlendu bergi brotið en þá verðum við líka að taka mið af aðstæðum innflytjenda, til að mynda kvenna í þeirra hópi sem hafa kannski hlotið litla menntun og eru jafnvel hugsanlega ólæsar eða illa læsar. Þetta er mjög viðkvæmur hópur sem við megum ekki gleyma og við verðum líka að athuga það að ef við gerum ekkert í þessum málum geta myndast hér hópar innflytjenda, kannski önnur eða þriðja kynslóð sem ekki hafa náð að aðlagast íslensku (Forseti hringir.) samfélagi og það er í sjálfu sér stórhættulegt.

[13:49]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við stöndum frammi fyrir verkefni sem þarf að leysa. Við stöndum frammi fyrir verkefni sem er um margt nýtt en sem við getum lært af, ef við setjum okkur skýr markmið og sendum skýr skilaboð.

Gera verður aðra könnun að mínu mati meðal ungmenna til að fylgja þessu fast eftir og þá dýpri könnun en hér er um að ræða. Gera ungmennin sér grein fyrir því t.d. hvað það felur í sér ef nýbúar eiga ekki að hafa sömu réttindi og við höfum ef 20% svara því að svo eigi ekki að vera og 29% er eiginlega alveg sama? Eiga nýbúabörn t.d. ekki að fá að ganga í skóla og vera í tómstundum eins og önnur börn, eru það skilaboðin? Gera ungmennin sér grein fyrir því hvernig þeirra eigin staða væri ef þetta væri heimfært upp á þau sjálf? Ef þau flyttu erlendis með foreldrum sínum mundu þau þá vilja minni rétt? Hvernig væru viðhorfin þá?

Gera þau sér grein fyrir því að hvorki pasta, pitsa né núðlur eru gamalt íslenskt viðbit heldur áhrif erlendis frá á á íslenskt samfélag? Gera þau sér grein fyrir að júdó, karate, körfubolti, jóga, salsa, afró og samba eru áhrif erlendis frá og hvorki arfleifð frá glímunni né íslenskum þjóðdönsum? Vita ungmenni hversu margir útlendingar búa hér þegar yfir 40% svara að þeir séu allt of margir?

Ég segi nei við þessu öllu. Við eigum ekki að una því að kynþáttafordómar meðal ungmenna séu að aukast, við eigum að leggja skýrar línur, byggja brýr og vinna bug á slíku með margþættum aðgerðum. Skólarnir gegna lykilhlutverki, heimilin að sjálfsögðu líka, ábyrgð foreldra er mikil því að það læra börnin sem fyrir þeim er haft.

[13:51]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Niðurstöður þeirrar könnunar sem er hvatinn að þessari umræðu í dag er okkur mikið áhyggjuefni og hún á að vera okkur mikið áhyggjuefni. En mér finnst að hún eigi kannski fyrst og fremst að vera okkur hvatning til að taka samhent á þessu vandamáli og við eigum að leita for-

dóma- og sleggjudómalaust bæði að orsökunum fyrir vandanum og líka að lausnunum á honum.

Mér finnst þetta viðfangsefni líka krefjast þess að við lítum í eigin barm og áttum okkur á því að m.a. hin pólitíska umræða hefur áhrif á viðhorf til útlendinga og hún skiptir miklu máli um fordóma og það er ekki bara regluverkið sem við setjum á Alþingi sem skiptir máli um það. Það er líka pólitíska umræðan og það hefur oft gengið á gagnkvæmum ásökunum í þeirri umræðu og það eru útlendingarnir og aðstæður þeirra sem verða fyrir barðinu á því.

Ég bind miklar vonir við tillögur hæstv. félagsmálaráðherra sem eiga öðru fremur að fjalla um aðlögun innflytjenda, aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi. En það er hætt við því, þrátt fyrir að innflytjendaráðið eigi að dekka verksvið fleiri en hans ráðuneytis, að það takmarkist vegna eðlis málsins, vegna skiptingar ráðuneytis eða skiptingar Stjórnarráðsins við þau viðfangsefni sem heyra undir það ráðuneyti. Við getum gert betur með efldu og samhentu átaki og þá er ég ekki bara að tala um átak ráðuneyta heldur átak stjórnmálaflokka líka. Við getum gert betur og mótað heildarsýn og heildarstefnu í þessu málefni sem er útlendingar. Við skulum líka hafa í huga að þeir eru hreint ekki einsleitur hópur og margir innan þessa hóps eiga ekkert sameiginlegt annað en að vera af erlendu bergi brotnir.

Við setningu útlendingalaganna var vissulega gert ráð fyrir því og út frá því gengið að sett yrði heildarstefna stjórnvalda í málefnum útlendinga sem m.a. túlkun og framkvæmd útlendingalaganna tæki mið af.

[13:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er alveg ljóst að það eru á margan hátt alvarlegar vísbendingar sem berast okkur úr niðurstöðum skoðanakannana sem sýna að umburðarlyndi fari þverrandi og jafnvel að andúð sé beinlínis að aukast í garð fólks af erlendum uppruna. Ég held þó að við þurfum líka að varast að oftúlka heldur þurfum við að túlka á skynsamlegan hátt slíkar vísbendingar og það væri rangt að missa umræðuna í það far að ungt fólk nú á dögum sé upp til hópa fullt af kynþáttafordómum eða rasistar.

Þá skulum við líka minnast þess að yfirleitt endurómar ungt fólk þau viðhorf og þá umræðu sem það tekur þátt í, ekki síst heima hjá sér, þannig að það er þá ærin ástæða fyrir okkur fullorðna fólkið að líta í eigin barm og satt best að segja hefur maður ekki síður áhyggjur af því sem það kemur, þ.e. úr röðum þeirra sem fullorðnari eru og meiri ættu að hafa þroskann til að tala af víðsýni um þessi mál og hér hafa menn vitnað í fjölmiðlaviðtöl.

Þetta á fyrst og fremst að vera okkur hvatning til að gera betur og vera á verði, gera betur í aukinni fræðslu og uppbyggilegri umfjöllun um þessi mál. Það sem ég tel að til langs tíma litið skipti þó mestu að verjast er lagskipting í samfélaginu og að hópar einangrist kynþáttabundið. Virk þátttaka nýrra þjóðfélagsþegna og jafnir möguleikar þeirra í atvinnulegu tilliti, til náms o.s.frv. eru alveg miðlægir í því að koma í veg fyrir að slíkir hlutir gerist. Við eigum að efla starfsemi þeirra aðila sem eru að sinna mikilvægum verkefnum á þessu sviði, eins og alþjóðahúsin, Rauði krossinn og auðvitað skólarnir. Síðast en ekki síst þurfa íslensk stjórnvöld að líta í eigin barm og spyrja sig að því hvort útlendingapólitík, stefna íslenskra stjórnvalda í útlendingamálum sé ekki á köflum ærið mótsagnakennd (Forseti hringir.) og gefi jafnvel tilefni til þess að þjóðin dragi rangar ályktanir af.

[13:55]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Niðurstöður nýbirtrar rannsóknar á vegum Rauða kross Íslands um neikvæð viðhorf ungmenna til nýbúa hafa vakið athygli og þær styðja aðrar vísbendingar um aukna kynþáttafordóma hér á landi og það er ástæða til að hafa áhyggjur af þeirri þróun.

Útlendingum með búsetu á Íslandi hefur fjölgað verulega á síðustu árum. Þeir eru um 3,5% af íbúum landsins, 70% þeirra eru af evrópskum uppruna og um 20% eru frá Asíu. Líklegt má telja að neikvæð viðhorf til nýbúa beinist fyrst og fremst að fólki af ólíkum uppruna, litarhætti og frá framandi menningarsvæðum.

Ekki er hægt að færa þau rök fyrir auknum kynþáttafordómum að útlendingar séu byrði á íslensku samfélagi því það er öðru nær. Um 80% útlendinga á aldrinum 19–66 ára sem eru búsettir hér á landi eru þátttakendur í atvinnulífinu sem bendir á mikilvægi þeirra í að halda uppi öflugu atvinnulífi hér á landi. Atvinnuleysi hér á landi er með því minnsta sem þekkist þannig að ekki eru þeir að taka atvinnu frá Íslendingum. Þessar aðstæður eru ólíkar því sem gerist í nágrannalöndum okkar þar sem kynþáttafordómar hafa aukist.

Kynþáttafordómar byggjast fyrst og fremst á vanþekkingu. Ég tel að flestir hugsandi menn telji að menningaráhrif úr fjarlægum heimsálfum geti auðgað íslenskt samfélag sé vel á málum haldið. Við ættum ekki að stöðva þá þróun síðustu ára að útlendingar kjósa í auknum mæli að setjast hér að. Við eigum að taka vel á móti þeim og aðstoða þá að aðlagast íslensku samfélagi. Þar er íslenskunám lykilatriði.

Það er brýnt að rannsaka hvers vegna afstaða ungs fólks til innflytjenda hefur harðnað eins og raun er á. Þessar niðurstöður eiga jafnframt að vera áskorun til fjölskyldna í landinu, menntakerfis, fjölmiðla, félagasamtaka, svo sem íþrótta- og æskulýðsfélaga og annarra mótandi aðila á ungmenni í samfélaginu um að taka höndum saman og berjast gegn vanþekkingu og fordómum gagnvart útlendingum. Verði það ekki gert stöndum við frammi fyrir verra samfélagi en ella. Yfirlýsing félagsmálaráðherra hér í dag er merki um að stjórnvöld eru vel (Forseti hringir.) meðvituð um ábyrgð sína og hlutverk í þessum efnum.

[13:57]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra og hv. þingmönnum fyrir málefnalega og góða umræðu um málefni innflytjenda og aukna fordóma í samfélaginu. Það eru vissulega jákvæðar og góðar fréttir að til standi að stofna innflytjendaráð. Það er mjög mikilvægt að þess sé gætt að fulltrúar innflytjenda komi þar að og eigi sæti í ráðinu og vinni með í allri stefnumótun sem að þessum málum lýtur. Það er vissulega margt vel gert, vilji til stefnumörkunar er

jákvæður og kynnt innflytjendaráð eru góðar fréttir sem vonandi verða okkur öflugt vopn í baráttunni gegn fordómunum, óttanum og hræðslunni sem sumir upplifa í garð innflytjenda og útlendinga.

Það má einnig fullyrða að hin umdeilda löggjöf um útlendinga, sem ríkisstjórnin setti í fyrra, sé til þess fallin að einangra útlendinga og gera þá að sérhópi. Sú löggjöf var ekki æskileg. En það skiptir öllu að vinna gegn því að innflytjendur einangrist í samfélaginu, séu utangarðs, og það skiptir öllu að þeir læri íslensku. Íslenskukennsluna verður að bæta, fjölga námsleiðum, námsgögnum, verja til þess fjármagni og styðjast við það skilgreinda hlutverk t.d. sem Ríkisútvarpið hefur í þessum efnum. Við þurfum að gera útlendingunum kleift að taka þátt í samfélaginu með því að læra okkar flókna tungumál og það er ekki óeðlilegt að stjórnvöld verji til þess auknum fjármunum þegar að þessum málum kemur.

Það er líka mikilvægt að Íslendingar séu fræddir um það nýja umhverfi sem fjölmenningarsamfélagið býður upp á, bæði eldra fólk og yngra. Við berum öll ábyrgð á fordómum og stjórnvöld þurfa að taka þátt í því að grafast fyrir um viðhorfin og orsakir fyrir viðhorfunum. Þá tel ég einnig, eins og áður hefur komið fram, mikilvægt að gerð verði ítarleg rannsókn á aðstæðum innflytjenda og viðhorfum í þeirra garð eins og sú könnun sem hér um ræðir er vissulega þáttur af. Við þurfum að þekkja ástæðurnar og orsakirnar. Einungis þannig vinnum við gegn kynþáttafordómum og aukningu þeirra.

[14:00]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Útlendingum hefur fjölgað verulega í samfélagi okkar á undanförnum árum, fyrst og fremst vegna eftirspurnar eftir vinnuafli, og þeim á eftir að halda áfram að fjölga frá því sem nú er m.a. vegna fjölskyldusameiningar. Frá árinu 1995 hefur fjöldi erlendra ríkisborgara aukist úr 1,8% af heildaríbúafjölda í 3,5%. Hlutfallið nálgast óðum það sem er í Noregi, Svíþjóð og Danmörku en hins vegar er mikill munur á samsetningu innflytjenda hérlendis og í fyrrnefndum löndum. Á Íslandi eru flestir innflytjendur á vinnualdri, þeir fá langflestir dvalarleyfi vegna vinnu. Atvinnuþátttaka útlendinga er því há, eða um 93%, en í nefndum löndum þar sem flestir koma inn sem flóttafólk eða vegna fjölskyldusameiningar er atvinnuþátttakan ekki nema á milli 50% og 60%. Við höfum því þarna talsverða sérstöðu.

Ég vil leggja áherslu á við lok umræðunnar, sem ég þakka fyrir og tel að hafi verið yfirveguð og málefnaleg, að ein af tillögum nefndarinnar sem ég nefndi fyrr er að innflytjendaráð virki einmitt þann kraft og þá þekkingu sem býr í stofnunum og félagasamtökum á borð við Alþjóðahúsið og Rauða krossinn og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir vék meðal annarra að.

Ég vil sömuleiðis ítreka og undirstrika að innflytjendaráði er ætlað að hafa snertingu við þau ráðuneyti og þá málaflokka sem brenna helst á útlendingum, enda munu í því eiga sæti fulltrúar menntamála-, heilbrigðis- og dómsmálaráðuneytis, auk félagsmálaráðuneytis og Sambands sveitarfélaga, nái tillaga umræddrar nefndar fram að ganga.

Ég tek sömuleiðis undir með m.a. hv. málshefjanda að full ástæða er til þess að brýna okkur sem munum tilnefna fulltrúa í innflytjendaráð, ef tillagan nær fram að ganga, að þar eigi sæti fulltrúar þeirra sem við fjöllum um, þ.e. innflytjenda.

[14:02]

Útbýting:

Förgun sláturúrgangs, 774. mál, fsp. AKG, þskj. 1146.

Kannanir á viðhorfum til orkufrekrar stóriðju, 772. mál, fsp. JBjarn, þskj. 1144.

Þjónustuskyldur í eldsneytisafgreiðslu, 773. mál, fsp. JBjarn, þskj. 1145.

Álbræðsla á Grundartanga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 707. mál (fasteignaskattur). — Þskj. 1065.

[14:03]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum. Umræðan hefur dálítið mikið spunnist um álbræðslu yfirleitt og áhrif hennar á atvinnulífið. Ég tek undir með sumum að þetta er afskaplega góð framkvæmd og gleðilegt að menn skuli vera að auka við álbræðsluna á Grundartanga. Ég er einnig sammála því að álbræðslan borgar miklu hærri laun en ferðaiðnaðurinn og ekki er vitað um mikla svarta atvinnustarfsemi í greininni.

Það sem ég ætlaði að ræða var hið furðulega orðalag á breytingartillögunni sem er í samræmi við furðulegt orðalag í lögunum er hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi fasteignaskatt sem skal vera 0,75% af 6.219 millj. kr. sem er áætlað verðmæti bygginga sem þarf til aukinnar álframleiðslu um 130 þús. lestir, miðað við byggingarvísitölu í desember 2004 (304,8).“

Maður kynni að halda að þetta væri dæmi í grunnskóla, að læra að reikna prósentur. Ég hef reiknað þetta út. Þetta eru 46.642.500 og ég hefði talið að það ætti að standa þarna. Síðan stendur að borga eigi 0,75% af 1.007 millj. kr., sem er áætlað verðmæti bygginga vegna aukinnar álframleiðslu upp í 40 þús. lestir, miðað við byggingarvísitölu o.s.frv. Þarna er aftur eitthvert reikningsdæmi. Samanlagt eru þetta 54.195 þús. kr. Maður hefði talið að það lægi nokkurn veginn hreint fyrir.

Ef maður les orðalagið þar sem stendur: „Þá skal félagið greiða Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi ...“ Þá er ekki alveg á hreinu hvort það eigi að borga hvorum um sig eða báðum sameiginlega, en mér skilst að hreppamörkin fari í gegnum kerskálann.

Þegar maður les framhaldið stendur að greiða skuli gjaldið þegar viðkomandi framkvæmdum er lokið og það skuli hækka miðað við byggingarvísitölu. Ég ætla að gera athugasemd við það, frú forseti, vegna þess að eftir stjórnarskrárbreytinguna 1995 er ekki talið heimilt að hafa breytilega skatta á Íslandi, heldur þurfi að ákveða þá með lögum á hverju ári, vegna þess að í nýju ákvæði í stjórnarskránni

stendur að skatta skuli ákveða með lögum og ekki megi framselja það vald, hvorki með verðtryggingu eða á annan hátt til framkvæmdaraðila. Þetta vildi ég benda á.

Svo er dálítið ankannalegt, frú forseti, að frumvarp sem varðar eingöngu skattlagningu fari í iðnaðarnefnd en ekki í efnahags- og viðskiptanefnd sem er sú nefnd þingsins sem fjallar um skattamál, en það er víst síður að lög sem varða samninginn um álbræðslu á Grundartanga fari í iðnaðarnefnd.

[14:07]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir umræðuna. Hún hefur í raun orðið lengri en þetta litla frumvarp gefur tilefni til, en ekkert nema gott um það að segja að hv. þingmenn hafi áhuga á að fjalla um álverið á Grundartanga sem er hið merkasta fyrirtæki sem hefur staðið sig vel og skapað mörg störf og er orðið nokkurs konar óskabarn þjóðarinnar, þó svo það hafi ekki allt gengið sérstaklega auðveldlega þegar áform voru uppi um að stofnsetja fyrirtækið eins hv. þm. Guðjón Guðmundsson rifjaði ágætlega upp, sem man vel þá daga og líka ég. Við skulum ekki orðlengja um það. Aðalatriðið er að fyrirtækið hefur staðið sig og er í mikilli uppbyggingu.

Ég get greint frá því að sá áfangi sem nú er í uppbyggingu frá 90 í 180 þús. tonn mun ljúka á næsta ári. Síðan er stækkun álversins upp í 220 þús. tonn og þeim áfanga mun ljúka að 2/3 árið 2006, en að 1/3 2007. Einnig er verið að tala um stækkun í 260 þús. tonn sem yrði fjórði áfangi og sá síðasti, sem ég tel rétt að tala um í dag. Á árinu 2008 til 2009 verður sá áfangi tilbúinn til framleiðslu.

Það kom líka fram fyrirspurn um það hver kostnaður væri við virkjanir vegna stækkunar úr 180 þús. tonnum í 260 þús. tonn. Ég held að það megi skjóta á að það geti verið 18–20 milljarðar kr.

Vegna þess sem fram kom hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og ítrekað var af hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur varðandi þær tekjur sem sveitarfélögin hafa af fasteignagjöldum og hvort ég muni beita mér fyrir því að allt atvinnusvæðið fái tekjurnar, þá fer ég ekki með málefni sveitarfélaga, en allir þekkja að það er vilji hæstv. félagsmálaráðherra að það verði af sameiningu sveitarfélaga og tillögur uppi í þeim efnum sem íbúarnir taka afstöðu til samkvæmt lögum. Ég veit ekki hvort hv. þingmenn hafa tekið þá afstöðu að þeir telji að þessi mál eigi að ákvarðast á hv. Alþingi en ekki af hálfu íbúa sveitarfélaganna, ég get spurt beint að því hvort það sé skoðun þeirra. En ég vil ekki fara dýpra í mál sem aðrir ráðherrar fara með.

Síðan eru það skattalögin sem ég fer náttúrlega ekki heldur með og hv. þingmenn þekkja allt saman held ég.

Minnst var á skipasmíðaiðnaðinn. Hv. þingmaður Birkir J. Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, kom inn á þau mál og svaraði því ágætlega hvernig skipasmíðastöðvarnar hafa verið að fá verkefni sem tengjast uppbyggingu í áliðnaði, sem er gríðarlega mikilvægt.

Ég vil hins vegar mótmæla því sem fram kom hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að stefna ríkisstjórnarinnar hafi á sínum tíma verið sú að stækka álverið á Grundartanga og fórna Þjórsárverunum í því skyni. Það stóð aldrei til. Þjórsárverin eru ofar í landinu en það lón sem þá var til umræðu hefði náð yfir.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um að það hafi tapast tækifæri og glatast vegna þeirrar þenslu sem er tengd uppbyggingu álvera. Hann færði náttúrlega engin rök fyrir máli sínu, heldur kastaði þessu bara fram. Ég ætla ekki að fullyrða um að það hafi ekki getað verið í einhverju tilfelli, en ég vil hins vegar halda því til haga að það hafa líka skapast gríðarlega mörg tækifæri tengd áliðnaðinum. Ég heimsótti m.a. í fyrradag myndarlegt hugbúnaðarfyrirtæki á Íslandi, TM Software, sem áður hét Tölvumyndir. Þar var mér greint frá því að fyrsta alvöruverkefnið sem það fyrirtæki fékk og gerði það að verkum að það náði að byggjast upp á þeim tíma var verkefni sem tengdist álverinu í Straumsvík. Þetta er því bara eitt dæmi um að uppbyggingin hefur skapað gríðarleg tækifæri fyrir aðrar greinar eins og t.d. hugbúnaðargeirann. Þess vegna verðum við að varast það að stilla hlutum þannig upp að það sé annaðhvort eða þegar við tölum um atvinnumál okkar Íslendinga, því sannleikurinn er sá að það er bæði og. Þetta styður hvert annað.

Ég hef ekki fleira um þetta að segja, nema það sem fram kom í lokin af hálfu hv. þm. Péturs H. Blöndals varðandi það að málið fari til hv. iðnaðarnefndar. Mál sem varða samninga um stóriðju hafa verið hjá iðnaðarnefnd ... (Gripið fram í.) Ég var að koma hlaupandi inn þegar hv. þingmaður talaði þannig að ég átta mig ekki alveg á, hann hefur sennilega lagt til að þetta færi til efnahags- og viðskiptanefndar. (**Gripið fram í:** ... benti á það.) Bentir þú á það, já.

Það sem ég ætlaði að segja var að þau mál sem hafa verið til umfjöllunar og tengjast áliðnaðinum og samningum um uppbyggingu stóriðju hafa verið hjá iðnaðarnefnd fram til þessa. Ég held að ástæða sé til þess að þetta mál sé þar líka og fái umfjöllun í þeirri nefnd þó það sé hárrétt hjá hv. þingmanni að þetta er í raun skattamál. Það felst ósköp lítið og pent skattamál í frumvarpinu.

Mér er líka kunnugt um að efnahags- og viðskiptanefnd hefur heilmörg verkefni þannig að ég held að það sé ekkert til þess að vera að sækjast sérstaklega eftir að fá frumvarpið, þó það sé einfalt í sniðum, og ég held mig við þá tillögu að málið fari til hv. iðnaðarnefndar.

[14:13]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir upplýsingarnar um tímasetningar á stækkun álversins og mundi líka vilja fá að heyra hvað stækkanirnar munu kosta. Hæstv. ráðherra minntist einnig á virkjanaframkvæmdir og væntanlega lagnir tengdar þeim. Ég náði ekki alveg hver kostnaðurinn var við þetta, mér heyrðist það vera 18–20 milljarðar en ég mundi vilja heyra aðeins nákvæmar hvað hún var að tala um þar og á hvaða tímabili það kæmi.

Frumvarpið og skattarnir er eðlileg afgreiðsla miðað við þær lagalegu forsendur sem eru fyrir áframhaldandi starfsemi álversins og er ekki gerður neinn ágreiningur um það út frá þeim lögum sem Alþingi hefur samþykkt. En mér finnst eðlilegt að það sé á hreinu hvaða stærðir við tölum um og vil því fá nákvæmar um það hvaða stærðir við erum með í kostnaði á uppbyggingu álversins og virkjananna,

vegna þess að í forsendum fjárlaga fyrir árið 2005 stendur, með leyfi forseta:

„Hins vegar er að svo stöddu hvorki reiknað með seinni áfanga stækkunar Norðuráls né byggingu rafskautaverksmiðju á Katanesi."

(Gripið fram í.) Stækkunin er því ekki í forsendum fjárlaga. Hins vegar er þar gert ráð fyrir gengisvísitölu upp á 125 á árinu 2005, en hún er líklega nær því (Forseti hringir.) að verða 110 ef við horfum fram á veginn. Það er því ábyrgðarleysi að átta sig ekki á því hvaða áhrif slíkar stærðir hafa á efnahagslífið.

[14:16]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan er verið að tala um að virkjanakostnaður vegna stækkunar upp í 260 þús. tonn geti verið á bilinu 18–20 milljarðar kr., þetta er svona skot í raun miðað við það sem áður hefur þekkst. En ég fjalla ekki um kostnað fyrirtækisins við uppbygginguna. Þetta er fyrirtæki sem er á einkamarkaði og skráð fyrirtæki þannig að ég tel ekki ástæðu til að ég sé að fjalla um þá hluti og það sagði ég þegar í upphafi í andsvari að ég gæti gefið hér upplýsingar að svo miklu leyti sem ég teldi ástæðu til.

[14:17]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að það skipti gríðarlegu máli með svona framkvæmdir á hvaða tíma þær gerast. Hvort sem það er viðkomandi aðili fyrirtækis sem stendur að þeim eða ríkið, þá hefur það áhrif inn í efnahagslífið og það ætti hæstv. ráðherra að vita.

Í forsendum fjárlaga sem ég er hér með fyrir þetta ár er greint frá því að ekki er gert ráð fyrir þessum seinni stækkunum í þeim forsendum. Hins vegar er gert ráð fyrir gengisvísitölunni 125 í forsendum fjárlaga. Hún er nú niður undir 110. Rökin er m.a. færð fyrir því, það eru stóriðjuframkvæmdirnar. Í forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir að stýrivextir Seðlabanka fari hæst í 7,5%, þeir eru nú þegar komnir yfir 10%.

Að mínu viti verður ekki hjá því komist að horfa á tímasetningar á svona stórum verkum með hliðsjón af efnahagsástandinu á hverjum tíma, annað væri fullkomlega óábyrgt. Eins og stendur í forsendum fjárlaga er minnst á þessa miklu þenslu sem skapist af stóriðjuframkvæmdunum og segir þar að þegar sé hafin tilfærsla á útgjöldum og verulega verði dregið úr framkvæmdum á næstu og þarnæstu árum. Sem við upplifum að er fyrst og fremst í vegaframkvæmdum. Þetta stendur allt hér á prenti í forsendum fjárlaga, frú forseti.

[14:19]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Lítið og pent skattamál, sagði hæstv. ráðherra. Já, þetta er skattamál og ég færði það í tal í ræðu minni að ástæða væri til að skoða þessa hluti og benti á að t.d. Skilmannahreppur hefur 57% af tekjum sínum af fasteignagjöldum og bæti því núna við að næsti hreppur við hliðina, Innri-Akraneshreppur, hefur 4% af tekjum sínum af fasteignagjöldum.

Þó að hæstv. ráðherra hafi nefnt að það væri ekki á hennar verksviði hvað varðar sameiningu sveitarfélaga er það þó óumdeilt að hæstv. ráðherra er byggðamálaráðherra. Ég spyr hæstv. ráðherra þess vegna: Finnst ráðherranum það eðlilegt að ríkið reki þá stefnu sem hefur verið uppi undanfarin ár, sem felst í því að koma á stóriðju í landinu og að skattlagning á mannvirki slíkra stórfyrirtækja sé með þeim hætti að sveitarfélög á sama atvinnusvæði skuli sum fá miklar fúlgur fjár til sín vegna slíkrar starfsemi en önnur ekki neitt, þó að þjónustan sé kannski sótt til þeirra?

Ég tel að hæstv. iðnaðarráðherra hljóti að þurfa að skoða þessi mál upp á nýtt út frá þeim forsendum að þarna er verið að mismuna sveitarfélögum. Eins og í þessu tilfelli hefur þeim sveitarfélögum sem liggja sitt hvorum megin við þessar verksmiðjur, þ.e. Innri-Akraneshreppi og Skilmannahreppi, verið mismunað svo gríðarlega eins og ég nefndi áðan. Annað fær 4%, hitt 57% af sínum tekjum af þeim mannvirkjum sem eru þarna á verksmiðjusvæðunum.

[14:21]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get talað skýrt í þeim efnum, að mér finnst það mjög gallað fyrirkomulag að þetta skuli geta verið með þessum hætti. Þó að ég, eins og ég sagði áðan, fari ekki með sameiningu eða málefni sveitarfélaga þá get ég haft þá skoðun. Ég hef orðið fyrir barðinu á þessu fyrirkomulagi, ef þannig má að orði komast, víðar en hér á Vesturlandi. Hið sama gerðist náttúrlega fyrir austan þótt þar hafi orðið sameining sveitarfélaga. En því miður, vil ég segja, hafnaði Fljótsdalshreppur sameiningu þannig að hann situr eftir með stöðvarhús Kárahnjúkavirkjunar og það finnst mér óæskilegt. Mér finnst að hrepparnir allir, öll sveitarfélögin fyrir austan sem hafa hagsmuni af Kárahnjúkavirkjun, hefðu átt að sameinast í myndarlegt stórt sveitarfélag á Héraði.

En þetta er svona og ég get ekkert annað en vonað að úr rætist og ég heyri að við erum sammála, ég og hv. þingmaður, hvað þetta varðar.

[14:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti gott að heyra hvernig hæstv. ráðherra svaraði. Ég tel reyndar að það sé einboðið að menn skoði möguleikana á að breyta þessu. Þeir eru tveir að mínu viti. Önnur leiðin er sú að sjá til að sveitarfélög sameinist. Þá leið hef ég margoft bent á. Ég hef lagt til að íbúalágmarkið verði hækkað upp í þúsund. Það mundi leysa vandamálið á öllum stöðunum þar sem vandinn er. Það hefur hins vegar ekki hlotið náð fyrir augum þingmanna í sölum Alþingis.

Hin leiðin er að endurskoða skattlagningu með svipuðum hætti og gert var áður, þ.e. að þessi sérstöku fyrirtæki verði þá skattlögð svipað og með landsútsvari áður og þeim fjármunum verði deilt út með einhverjum tilteknum hætti sem verði til þess að þeir lendi á þeim atvinnusvæðum þar sem þeir eiga heima. Mér fyndist það að sækja vatnið yfir

lækinn að fara þá leið. Ég tel að það að sveitarfélögin taki atvinnusvæðin yfir sjálf miklu eðlilegri niðurstaða og að stjórnvöld eigi að bera ábyrgð á því að það gerist. Það er hægt og ég legg það eindregið til að menn horfi fast á þá leið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 1. umr.

Stjfrv., 708. mál (verðbréfaviðskipti í minni fyrirtækjum). — Þskj. 1066.

[14:24]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Málið er á þskj. 1066 og er 708. mál þingsins.

Frumvarpi þessu er ætlað að koma á fót skilvirkum markaði fyrir verðbréf í smáum og meðalstórum fyrirtækjum og einnig fyrirtækjum í hröðum vexti og þannig auðvelda þeim aðgengi að fjármagni.

Á iðnþingi 18. mars síðastliðinn bar ég fram nokkrar tillögur um bætt aðgengi sprotafyrirtækja að áhættufjármagni og fer nú fram í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti frekari stefnumótun á því sviði. Markaðstorg það sem hér er lagt getur gegnt mikilvægu hlutverki við að leiða saman frumkvöðla og áhættufjárfesta. Hér er um einkar mikilvægt mál að ræða þar sem greiður aðgangur fyrirtækja að fjármagni er ein forsenda hagvaxtar.

Til að Ísland geti verið leiðandi vaxtar-, þekkingar- og frumkvöðlasamfélag er mikilvægt að hafa öflugan markað fyrir áhættufjármagn. Ung fyrirtæki í hröðum vexti hafa fæst burði til að fá bréf sín skráð í kauphöll en hafa þrátt fyrir það í flestum tilfellum mikla þörf fyrir aðgang að fjárfestum. Nýleg dæmi eru um hugmyndir frumkvöðla sem hafa fengið að blómstra og orðið að öflugum atvinnurekstri sem teygir sig langt út fyrir landsteinana. Þessi dæmi bera vitni um þann kraft og metnað sem býr í þjóðinni.

Hins vegar verða því miður margar góðar hugmyndir að engu sökum þess að umhverfi fjármögnunar er ekki nægilega opið og skilvirkt. Markaðstorginu er ætlað að vera einn liður til úrbóta á þessu sviði. Slík fjármögnun hlýtur þó ávallt að vera á viðskiptalegum forsendum en gera má ráð fyrir að eftirspurn sé hjá fjárfestum eftir því að fjárfesta í góðum hugmyndum snemma í þróunarferlinu og áður en forsendur skapast til að skrá fyrirtæki í kauphöll. Áhættufjárfestar hafa einnig mikla hagsmuni af því að geta losað um stöðu sína í sprotafyrirtækjum á skilvirkum markaði eins og þeim sem frumvarpið gerir ráð fyrir að settur verði á laggirnar.

Með frumvarpinu er jafnframt stigið fyrsta skrefið að innleiðingu Evrópuþingsins og -ráðsins 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga. Hún gerir ráð fyrir því að settar verði reglur um markaðstorg . Reglunum er ætlað að ná yfir tegund markaða sem hafa rutt sér til rúms á síðustu árum, einkum í Bandaríkjunum og Bretlandi, og starfræktir hafa verið af fjármálafyrirtækjum en teljast ekki til skipulegra verðbréfamarkaða. Tilgangur reglnanna er því að setja samevrópskan lagaramma utan um markaði sem til þessa hafa þróast utan við hinn skipulega verðbréfamarkað.

Markaðstorgum er gefið svigrúm til að móta reglur um starfsemi sína en fjárfestum er þó tryggð grundvallarvernd sem felst m.a. í jafnræði þeirra til að fá upplýsingar og að komið sé í veg fyrir markaðssvik, þ.e. innherjasvik og markaðsmisnotkun.

Á grundvelli þessara viðmiða er gert ráð fyrir að um markaðstorgin muni gilda almennar reglur um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa á innherjaupplýsingum. Aðilum sem reka markaðstorg mun hins vegar sjálfum falið að setja reglur um aðra þætti í upplýsingaskyldu útgefenda, t.d. um birtingu ársreikninga og milliuppgjör, hluthafafundi o.s.frv. Þá munu reglur 43.–51. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, um innherjaupplýsingar og innherjasvik gilda um starfsemi markaðstorga. Reglur laga um verðbréfaviðskipti um viðskiptavaka og markaðsmisnotkun, sbr. 40.–41. gr. laganna, munu einnig gilda fyrir hina nýju tegund verðbréfamarkaða.

Eins og fram kemur hér á undan er ætlunin með markaðstorgi að skapa viðskiptavettvang sem hentar smáum og millistórum fyrirtækjum og ungum fyrirtækjum í örum vexti. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir í frumvarpinu að bundnar verði í lög takmarkanir á stærð fyrirtækja sem skráð eru á markaðstorgi. Flest rök hníga að því að láta markaðnum það eftir að ákvarða hvort fyrirtæki skrái sig í kauphöll, á skipulegan tilboðsmarkað eða markaðstorg. Ætla má að með skráningu í kauphöll eða á skipulegan tilboðsmarkað standi fyrirtækjum til boða fjármagn við lægri kostnaði en fyrirtækjum sem skráð eru á markaðstorgi. Allar líkur eru þar af leiðandi á því að fyrirtæki sem ætla sér að afla verulegs fjármagns, oftast stór fyrirtæki, leiti í kauphöll fremur en á markaðstorg enda yfirvinnur lægri fjármagnskostnaður hærri kostnað við skráningu.

Með sömu rökum má búast við því að flest þau fyrirtæki sem skráð yrðu á markaðstorgi væru tiltölulega smá, þó að engin stærðarmörk verði sett. Hins vegar kunna að vera stór fyrirtæki sem ætla sér ekki að afla mikils fjár um sinn en sjá hag í skráningu af öðrum ástæðum, t.d. til að fá áreiðanlegra mat á verðmæti hlutabréfa og kauprétta sem veittir eru starfsmönnum. Sum stór fyrirtæki kunna einnig að vilja nota markaðstorg til að fóta sig á markaðnum áður en til opinberrar skráningar í kauphöll kemur.

Þrátt fyrir það er lagt er til að girt verði fyrir að félög sem skráð eru í kauphöll við gildistöku laganna geti skráð sig á markaðstorgi fram til 1. júlí 2006. Með þessu er lögð áhersla á að markaðstorg er ætlað smáum og meðalstórum fyrirtækjum sem og vaxtarfyrirtækjum. Til frambúðar verður þó ekki girt fyrir þennan möguleika og er það í samræmi við framangreinda tilskipun. Stjórn kauphallar er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu banni þjóni það hagsmunum fjárfesta.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar og 2. umr.

[14:31]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það segir hér í athugasemdum við lagafrumvarpið að markmiðið með því sé að koma á fót vettvangi fyrir viðskipti með verðbréf í smáum og meðalstórum fyrirtækjum og einnig nýjum fyrirtækjum sem eru í hröðum vexti. Ég get tekið undir það að full ástæða er til að koma hér upp markaði eða markaðstorgi fyrir bréf fyrirtækja sem svona háttar til um. Það má segja að frá því að opni tilboðsmarkaðurinn varð ekki að neinu hafi vantað vettvang þar sem lítil og meðalstór fyrirtæki hafa getað komið hlutabréfum sínum á markað með þeim hætti að gegnsætt sé og jafnræði milli þeirra sem velta fyrir sér hvort þeir eigi að fjárfesta í fyrirtækjum eða ekki. Ég fagna því að þetta sé hér fram lagt og mér sýnist að mestu leyti að hér sé um eðlilega og sjálfsagða löggjöf að ræða.

Eitt sem ég velti þó fyrir mér er að það á ekki, sýnist mér, að setja samræmdar reglur fyrir starfsemi fyrirtækja sem ætla sér að reka markaðstorg, heldur þarf slíkt fyrirtæki að hafa þrjá stjórnarmenn og þeir, þ.e. stjórnin, setja fyrirtækinu reglur. Það er tekið fram yfir hvað þessar reglur þurfa að ná en ég get ekki séð í lagatextanum eða skýringum að það þurfi á nokkurn hátt að staðfesta þessar reglur, að ráðherra þurfi að staðfesta reglurnar áður en fyrirtækinu verður leyft að höndla með þessi óskráðu bréf. Það hlýtur þá að bjóða heim þeirri hættu að það geti orðið um einhvers konar vandræði að ræða þar sem fjárfestar eru ekki varðir. Þó að Fjármálaeftirlitið síðar meir skoði og álykti að ekki hafi allt verið með felldu hefur fjárfestirinn orðið fyrir skaða.

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Verða ekki settar samræmdar reglur fyrir starfsemi svona fyrirtækja sem ráðherra þarf að staðfesta?

[14:33]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir jákvæð viðbrögð við þessu máli, enda held ég að þetta sé kærkominn kostur inn á markaðinn. Með því að markaðir setji sér sjálfir reglur — það er það sem hv. þingmaður hafði efasemdir um og það er vissulega eðlilegt að spurt sé um það — næst meiri sveigjanleiki. Fjármálaeftirlitið hefur þarna hlutverki að gegna, eins og í svo mörgum öðrum tilfellum. Það þarf líklega að staðfesta reglurnar, hefur a.m.k. það miklu hlutverki að gegna í sambandi við eftirlit með viðkomandi markaðstorgi. Í þessu tilfelli þarf, eins og ávallt, að fara yfir vissa hluti í nefndinni en við byggjum þetta að verulegu leyti á væntanlegri tilskipun sem vissulega er ekki komin enn þá. Því höfum við einhvern tíma til þess að undirbúa innleiðingu hennar. Hún mun koma og frumvarpið er þá komið fram og væntanlega búið að setja lög sem eru í samræmi við þá tilskipun. Það er svo sem ekkert verra að vera einstaka sinnum á undan tilskipununum.

[14:34]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, eins langt og þau náðu. Meiri sveigjanleiki, sagði hæstv. ráðherra, með því að stjórnir þessara fyrirtækja setji reglurnar. Það þýðir þá líka mismunandi umhverfi. Væntanlega þýðir það þá enn fremur að fjárfestar sem eru að velta því fyrir sér að eiga viðskipti í gegnum svona fyrirtæki geti ekki gengið að því sem vísu að samræmdar reglur gildi á markaðnum fyrir öll þessi fyrirtæki.

Rétt til að rifja upp kannski varðandi fiskmarkaði, uppboðsmarkaði með fisk, var það og er þannig í lögum í dag að fiskmarkaðirnir setja sér reglur sem sjávarútvegsráðherra staðfestir. Nú liggur fyrir þinginu frumvarp þar sem ráðherra telur reynsluna af þessu ekki nægilega góða, jafnvel þó að hann hafi þurft að staðfesta reglur einstakra fiskmarkaða, og ætlar sér að setja samræmdar reglur fyrir alla fiskmarkaði á landinu með þessu nýja frumvarpi. Það væri kannski rétt hjá hæstv. ráðherra að spjalla við sjávarútvegsráðherra um reynsluna af uppboðsmörkuðum, lögunum þar og reglunum sem þeir voru að setja sér, hver og einn, áður en við gerum það að lögum hér að fyrirtæki sem reka markaðstorg geti sett sér sínar eigin reglur.

Varðandi ESB-tilskipun sem er á leiðinni er alveg rétt með þessar reglur um markaðstorg, þ.e. „multilateral trading facility" eins og segir í greinargerðinni, að stundum getur verið betra að vera á undan en á eftir. Við hljótum þó að setja hér lög sem þessi tilskipun fellur þá inn í þegar hún kemur.

Jafnframt sagði hæstv. ráðherra hér þegar ég var að spyrja hvort ekki væri rétt að ráðherra mundi staðfesta reglur að líklega mundi Fjármálaeftirlitið gera það. Það fannst mér ekki nægjanlega ákveðið svar og bið hæstv. ráðherra að hnykkja betur á að það sé þá þannig að þegar stjórnir eru búnar að setja reglur muni Fjármálaeftirlitið þurfa að setja stimpil sinn á þær þannig að fjárfestar geti treyst því að rétt sé að öllu staðið.

[14:37]

Lára Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa ánægju með þetta frumvarp og sérstaklega öll lög sem taka á skipulegum viðskiptum með stór hlutabréf og stór fyrirtæki.

Hér er ritað, með leyfi forseta:

„Jafnframt er fjárfestum veitt grundvallarvernd sem felst m.a. í jafnræði þeirra til að fá upplýsingar og að komið sé í veg fyrir markaðssvik, þ.e. innherjasvik og markaðsmisnotkun. Ætla má að markaðstorg stuðli þannig að aukinni skilvirkni á fjármálamarkaði."

Nú vil ég áður en ég spyr spurningarinnar taka skýrt fram að í máli mínu er ekki verið að vísa í neina umræðu undanfarinna daga en mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hyggist setja svipuð lög um sölu hlutabréfa í eigu ríkisins í fyrirtækjum.

[14:38]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður var frekar jákvæð gagnvart þessu frumvarpi og ég þakka fyrir það. Hún spyr hvort sett verði svipuð lög í sambandi við sölu hlutabréfa í eigu ríkisins, ef ég skil rétt, og hér um ræðir. Ef hv. þingmaður

er að tala um svik í því sambandi — nei, ég hef ekki alveg náð þessu nógu vel en ég minni á að auðvitað gilda almenn hegningarlög ef um það er að ræða að ekki sé farið að lögum, og misbrestur á því.

Ég held að hv. þingmaður verði bara að koma aftur þannig að ég nái alveg nákvæmlega því sem hún er að spyrja um.

[14:39]

Lára Stefánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mér ánægja að koma aftur og reyna að vera skýrari í máli. Ég þekki sjálf hvernig er að vera aðili í máli sem tengist hlutabréfum sem hafa verið á hlutabréfamarkaði og þeirri nákvæmni sem hefur fylgt því að skrá eigur mínar, maka og þeirra sem búa á heimili mínu í tengslum við þau hlutabréf þannig að tryggt sé að allar upplýsingar séu fyrir hendi og engin áhætta í því sambandi. Nú er ég ekki að ætla neinum, bara svo að það sé alveg skýrt, neina sviksemi eða slíkt, heldur einungis að spyrja ráðherrann:

Hyggst hún setja svipaðar reglur og hér er verið að setja um skipulega tilboðsmarkaði eins og hafa verið í kauphöll í tengslum við sölu ríkiseigna almennt án þess að tiltaka eitthvað sérstakt? Eiga sömu reglur að gilda eins og við þekkjum í kauphöll og hér er verið að slá varnagla við? Ég trúi því að hæstv. ráðherra sé ekki að ætla neinum neitt þó að reglurnar séu settar með þessum hætti, heldur tel ég að hér sé bara rétt að farið.

[14:40]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, hér er margt sem er sjálfsagt að ræða í nefndinni en eins og hv. þingmaður veit eru sérstakar reglur um félög sem skráð eru í kauphöll og á markaði. Ef fyrirtæki eru óskráð gilda um þau aðrar reglur og hún fjallar hér um einhver atriði sem hún kannski talar ekki alveg út um. Sjálfsagt á hún við einhver einstök tilfelli þar sem henni finnst að lög séu ekki með þeim hætti sem hún vildi sjá þau. Ég held að við ættum að stinga saman nefjum eftir að þessari umræðu lýkur og átta okkur betur á hlutunum.

Svo vil ég ítreka að í þessu tilfelli er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að skoða mál í nefnd. Mér fannst þó miðað við það sem kom fram hjá hv. þingmanni að við séum ekki að fjalla um málefni sem varðar akkúrat þetta frumvarp, heldur frekar önnur lög. Ég útiloka þó ekkert í því sambandi.

[14:42]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Mig langaði til að blanda mér örlítið í umræðu um þetta frumvarp um breyting á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Ég held að margt í þessu frumvarpi sé til fyrirmyndar og gott. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að markmiðið sé að koma á fót vettvangi fyrir viðskipti með verðbréf í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, einnig nýjum fyrirtækjum sem eru í hröðum vexti. Ég get ekki séð að það sé ástæða til að setja sig upp á móti þessu markmiði, enda er það heilbrigt og gott fyrir bæði þau fyrirtæki sem í hlut eiga og sömuleiðis þá fjárfesta sem hafa hug á því að fjárfesta í þessum fyrirtækjum.

Það kemur fram í athugasemdum við lagafrumvarpið að ástæður fyrir því að það er lagt fram eru nokkrar. Það er vísað til þjóðhagslegra hagsmuna og þá kannski helst þeirra að fyrirtæki hafi aðgang að fjármagni og að slíkt sé forsenda hagvaxtar. Undir það má taka.

Jafnframt má taka undir það sem fram kemur í frumvarpinu að markaðir eins og þessir muni auka aðgengi sprotafyrirtækja að áhættufjármagni sem hlýtur náttúrlega að vera grundvöllur þess að þau geti vaxið og dafnað og hætt að vera sprotafyrirtæki og verði þá almennileg og ströndug fyrirtæki sem geta komið viðskiptahugmyndum sínum og nýsköpun á framfæri. Að sama skapi er vísað til þess að ástæður þessa frumvarps séu að gæta hagsmuna fyrirtækja og ekki síður hagsmuna fjárfesta.

Eitt atriði vakti sérstaka athygli mína og leiddi til þess að ég ákvað að taka þátt í umræðunni. Hér á bls. 3 í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„London Stock Exchange hefur frá árinu 1995 rekið svonefndan AIM-verðbréfamarkað. Sá markaður er byggður á reglum sem kauphöllin í London hefur sjálf sett um markaðinn." — Þetta er alveg rétt, í Bretlandi, undir London Stock Exchange, er þessi verðbréfamarkaður AIM rekinn. Hann er rekinn í þágu og fyrir smá og meðalstór fyrirtæki. Þessi markaður hefur sett sér reglur sem kveða á um auðveldari og almennari skilyrði en annars gilda, hvað eigum við að segja, á móðurmarkaðnum á London Stock Exchange.

Þessi markaður hefur það ekki síst að markmiði að auðvelda smáum og meðalstórum fyrirtækjum aðgang að fjármagni. Að því er ég man best hafa þeir tekið upp reglur sem hafa verið hvatning fyrir fjárfesta til þess að fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Við Íslendingar höfum fremur farið þá leið að stofna sjóði eins og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sem hefur verið falið og hefur m.a. það hlutverk að fjárfesta í nýsköpun, t.d. hjá sprotafyrirtækjum. Það verður að segjast eins og er, að þrátt fyrir að tilgangurinn með þeim sjóði hafi verið að sínu leyti verið jákvæður þá er ekki hægt að líta fram hjá því að eignir sjóðsins hafa í raun brunnið upp. Það hefur gengið mjög á eigið fé sjóðsins og síðast á síðasta þingi gerðum við breytingar á lögunum um Nýsköpunarsjóð til að styrkja eiginfjárstöðu hans. Ég er ekki viss um að það eitt og sér muni duga til að menn nái þeim markmiðum sem lagt var upp með þegar sjóðnum var komið á legg. Þrátt fyrir það vil ég taka fram að margt sem sjóðurinn hefur gert hefur verið hefur verið gott.

Eftir því sem ég best veit hafa reglurnar á þessum markaði, Alternative Investment Market sem rekinn er undir London Stock Exchange, verið þær að fyrirtæki, sterkir fjárfestar, hafi tækifæri til að fjárfesta í fyrirtækjum sem skráð eru á þeim markaði að lágmarki 100 þús. pund á ári. En á móti hafa þau fyrirtæki fengið frest á skattgreiðslum sem nemur fjárfestingunni. Sú regla hefur verið í gildi á þeim markaði eftir því sem ég best veit, að fjárfesti þessir aðilar í a.m.k. í þrjú ár á slíkum markaði, í sprotafyrirtækjum, þá líta skattayfirvöld í Bretlandi svo á, haldi menn fjármagni inni á markaðnum í a.m.k. þrjú ár, þá séu þeir skattlagðir á grundvelli fjármagnstekjuskatts en ekki tekjuskatts

þegar þeir innleysa fjárfestinguna til baka. Þetta hefur leitt til þess að þau fyrirtæki sem skráð eru á þennan AIM-markað hafa haft ákveðið forskot gagnvart fyrirtækjum sem eru í raun í sömu stöðu en skráð í öðrum löndum. Þau hafa þar af leiðandi haft meiri aðgang að fjármagni en önnur fyrirtæki, t.d. hér á Íslandi.

Það segir sig náttúrlega sjálft að ef við Íslendingar komum á fót markaði með þessa kosti í för með sér fyrir fjárfesta þá yrði miklu álitlegra fyrir þá að fjárfesta í smáum og meðalstórum fyrirtækjum, miðað við það kerfi sem nú er. Þar fyrir utan þá mundu á slíkum markaði opnast ýmis sóknarfæri, ekki bara fyrir þessi fyrirtæki heldur einnig fyrir ýmsa aðra afleidda þjónustu sem leiðir af viðskiptum, t.d. fyrir sérfræðinga sem hér starfa, lögmenn, viðskiptafræðinga, hagfræðinga og alla þá sem starfa í tengslum við þennan markað.

Í sjálfu sér mætti kannski segja að í því að veita slík skattfríðindi þeim sem hyggja á fjárfestingar í sprotafyrirtækjum eða stórum eða meðalstórum fyrirtækjum felist ákveðin niðurgreiðsla gagnvart fjármagnseigendum. Það má vel vera en það má ekki gleyma því að íslenska ríkið hefur verið stórtækt í að veita fjármagn til slíkrar starfsemi, t.d. með framlagi sínu m.a. til Nýsköpunarsjóðs, svo ég tali nú ekki um Byggðastofnun. Það má spyrja sig hvor leiðin sé hagfelldari, ekki bara fyrir ríkið heldur líka fyrir þessi fyrirtæki. Ég mundi fyrir fram, miðað við þá reynslu sem við höfum af stefnu ríkisins og ríkisvaldsins og ríkisstjórnarinnar í þessum málum, telja að það væri a.m.k. einnar messu virði að kanna hvort það væri álitlegur kostur fyrir okkur, fyrst við erum að taka til endurskoðunar lög um starfsemi kauphalla og skipulagðra tilboðsmarkaða hvað varðar sprotafyrirtækin og lítil og meðalstór fyrirtæki, að taka upp sama fyrirkomulag og Bretar hafa komið sér upp á þessum undirmarkaði London Stock Exchange. Það gæti leitt til þess að sá markaður, sem blómstraði fyrir nokkrum árum meðal sprotafyrirtækjanna rétti úr sér en það gæti orðið til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf og fyrirtækin í landinu.

Þetta var það atriði sem ég vildi sérstaklega koma að, bæði gagnvart hæstv. ráðherra og ekki síst gagnvart hv. efnahags- og viðskiptanefnd, að reglur þessa markaðar yrðu teknar til skoðunar og hvort þær mundu passa inn í það umhverfi sem hér er til umfjöllunar. Það gæti verið að í því fyrirkomulagi sem Bretar hafa góða reynslu af felist möguleikar og hugsanlega sé ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga að taka upp sama kerfi til hagsbóta fyrir þau fyrirtæki sem hér um ræðir og til lengri tíma litið til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf. Að síðustu væri það náttúrlega gott fyrir ríkissjóð vegna þess að það er ljóst að ríkissjóður mun gildna og dafna eftir því sem fleiri fyrirtæki starfa á markaðnum og eftir því sem þeim gengur betur.

Þetta var ábending mín varðandi þetta annars ágæta mál sem ég vonast til að hv. efnahags- og viðskiptanefnd taki til athugunar þegar hún fær málið til meðferðar og ekki síður til umhugsunar fyrir hæstv. ráðherra.

[14:52]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um starfsemi kauphalla sem felst í því að taka upp nýtt markaðsform, sem er markaðstorg. Ég er afskaplega ánægður með þetta frumvarp. Það færir upp á yfirborðið gróskumikinn markað með óskráð bréf sem hefur ekki verið sýnilegur vegna þess að það vantar fyrir hann form. Tilraunin með opna tilboðsmarkaðinn brást og ég tel að hér sé um að ræða reglur sem muni laga það og þannig gæti orðið til gróskumikill markaður með minni fyrirtæki og sérstaklega yngri fyrirtæki.

Þó eru smáatriði sem mætti líta nánar á í frumvarpinu, t.d. að stjórn markaðstorgs eigi að birta reglurnar sem hún starfar eftir. Það liggur nú í hlutarins eðli en mér líst mjög vel á að þeir setji sér reglur því að þá eru reglurnar sniðnar að þörfum markaðarins hverju sinni.

En þó er fleira sem mætti gera, frú forseti, varðandi nýsköpun. Sérstaklega væri vert að hætta að hafa nýsköpun sem tekjulind fyrir ríkissjóð. Nú er það þannig, og hefur verið lengi, að það kostar heilmikið að skrá nýtt hlutafélag. Það kostar sennilega um 80 eða 90 þús. kr. að skrá einkahlutafélag og langt yfir 170 þús. kr. að skrá hlutafélag. Þetta er tekjulind fyrir ríkissjóð því skráningin sjálf kostar miklu minna. Ég legg til að menn skoði bara kostnaðinn við að halda hlutafélagaskrá og þeim kostnaði verði breytt í þjónustugjald þannig að það yrði miklu ódýrara að skrá fyrirtæki. Ýmislegt fleira líka mætti laga þannig að við hættum að gera nýsköpun að tekjulind fyrir ríkissjóð. Það er nú óþarfi.

Svo mætti skoða ýmis atriði sem maður hefur rekist á, t.d. eins og þegar frumkvöðull vinnur í mörg ár án þess að sjá nokkurn tímann tekjur. Ef hann stofnar hlutafélag þá þarf hann að borga alls konar gjöld í sjóði fyrir eftirlit alls konar, sem eru eintóm útgjöld fyrir fyrirtækið. Á meðan vinnur maðurinn tekjulaust en verður að telja fram tekjur til skatts. Mér finnst hann eigi að geta frestað skattlagningu á tekjum sem hann er ekki farinn að sjá. Það mundi örugglega hvetja menn mjög til að fara í nýsköpun. Nýsköpun er jú sú grein atvinnustarfseminnar sem skapar flest störfin víðast hvar.

Að öðru leyti hef ég ekki neinu við þetta að bæta. Það verður gaman að fjalla um málið í efnahags- og viðskiptanefnd, sem ég sit í, og ég er mjög jákvæður gagnvart þessu frumvarpi.

[14:56]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær viðtökur sem frumvarpið fær, bæði frá stjórnarsinnum og stjórnarandstæðingum. Það gleður mig. Ég er sannfærð um að hér er hreyft mikilvægu máli. Ég tel að þetta frumvarp gæti hugsanlega leitt af sér góða hluti.

Þær ábendingar sem hér hafa komið fram eiga allar rétt á sér. Hugmyndir hv. þingmanns í sambandi við skattafslátt hafa í raun verið eitt af því sem rætt hefur verið um í tengslum við nýsköpun og það að efla sprotafyrirtæki, hvernig hægt sé að nota til þess skattkerfið og hvort ástæða væri til að hafa skattafslátt í því sambandi. Það sem hér kom fram var vissulega allrar athygli vert, þ.e. þar sem vísað var til London Stock Exchange. Ég mun skoða það frekar í framhaldinu.

Ég vil halda því til haga að þrátt fyrir að Nýsköpunarsjóður hafi tapað peningum þá er ekki eins og það sé einsdæmi hjá sjóði á borð við Nýsköpunarsjóð. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að mikil áhætta felst í því að kaupa í ungum fyrirtækjum sem eru að stíga sín fyrstu spor.

Fram til þessa hefur í raun verið ákveðin gjá í nýsköpuninni. Að einhverju leyti hefur hún verið brúuð með nýja Tækniþróunarsjóðnum, sem ég bind gríðarlega miklar vonir við. Nýsköpunarsjóður hefur tapað peningum sem er mjög í samræmi við það sem maður heyrir frá öðrum löndum og það hvernig tekist hefur til með aðra sjóði sem hafa haft svipað hlutverk. Hann hefur hins vegar gert mikið gagn. Ég veit að það er mikill áhugi á því af hálfu stjórnarflokkanna að styrkja Nýsköpunarsjóðinn þannig að hann sé betur fær um að sinna hlutverki sínu. Það er eiginlega forgangsmál í mínum huga.

Eins og kom fram í ræðu minni þá höfum við sett af stað vinnu í ráðuneytinu til að fara yfir það hvernig við getum á sem skynsamlegastan hátt bætt stöðu nýsköpunar með því að efla hana hvað varðar peningahliðina.

En ég er ánægð með þessar viðtökur og vonast til að frumvarpið verði að lögum í vor. Ég tel það raunar mjög mikilvægt.

[14:59]

Einar Karl Haraldsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í tilefni af orðum hæstv. ráðherra áðan um vandræði Nýsköpunarsjóðs vil ég segja að hið almenna vandamál í þessum efnum er að stjórnvöld hafa ekki lagt fram nægilegar upphæðir til að slíkir sjóðir hafi bolmagn til að starfa í 10–20 ár þótt þeir verði fyrir einhverjum smááföllum á tímabilinu. Það eru þessar smáskammtalækningar sem eru vandræðin. Í staðinn fyrir að leggja 4 eða 5 milljarða í svona sjóði þyrftu upphæðirnar í raun að vera 40–50 milljarðar til þess að það skipti einhverju máli fyrir nýsköpun í atvinnumálum. (Gripið fram í.)

En ég tek undir tillögu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar um að athuga þá aðferð sem markaðurinn í London hefur, sem nefnd hefur verið AIM. Ég tel að slík aðferð, að gefa fjárfestum skattaívilnanir og skattleggja fjármagn þeirra eftir að það hefur verið bundið í slíkum smáfyrirtækjum í þrjú ár sem fjármagnstekjur, mjög mikilvæga fyrir sprotafyrirtæki og fyrir smáfyrirtæki í vexti.

Hins vegar vil ég benda hæstv. ráðherra á aðferð til að ná fjármagni í þetta. Ég hef grun um að stóru fyrirtækin sem eru hér á markaði og eru að verða heimsfyrirtæki, sem vaxa kannski á heimsmarkaðnum 50–100% í veltu og umsvifum á hverju ári, fresti skattgreiðslum sínum og hafi aðferðir til að fresta þeim nánast á meðan á þeim vaxtartíma stendur og greiði í raun enga skatta til samfélagsins þó að þeir séu reiknaðir. (Forseti hringir.) Þetta tel ég óeðlilegt þegar vaxtarskeiðið stendur kannski áratugum saman.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 1. umr.

Stjfrv., 732. mál (meðafli, leyfissviptingar). — Þskj. 1094.

[15:02]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Í frumvarpi þessu er annars vegar lagt til að heimilt verði að meta meðafla við veiðar á uppsjávarfiski til aflamarks fiskiskipa með ákveðnum hætti og hins vegar að gerðar verði nokkrar breytingar á framkvæmd leyfissviptinga vegna veiða umfram veiðiheimildir. Breytingartillögur um hvernig meðafli skuli metinn til aflamarks má rekja til tillagna frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og umgengnisnefnd. Breytingartillögur um framkvæmd leyfissviptinga verða að mestu raktar til starfs nefndar sem vinnur að úttekt á starfsumhverfi í sjávarútvegi, en hún lagði til að skoðað yrði hvernig einfalda mætti með hvað hætti Fiskistofa tilkynnti útgerðum um veiðar umfram veiðiheimildir auk þess sem útgerðum yrði gert skylt að greiða slíkan kostnað.

Samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum er það meginregla að flokka beri afla um borð í fiskiskipum og landa honum þannig og vigta hverja tegund sérstaklega. Þessi meginregla byggist á því að ella yrði allt eftirlit með nýtingu aflaheimilda óframkvæmanlegt auk þess sem hún stuðlar að betri meðferð og nýtingu aflans. Við veiðar á uppsjávarfiski geta komið upp þær aðstæður að meðafla gæti í mismiklum mæli. Gerist það helst þegar veiðar á uppsjávarfiski ganga verr vegna þess að fiskurinn er dreifður og togtími því langur. Reynt hefur verið að koma í veg fyrir meðafla með eftirliti og lokunum veiðisvæða. Auk þess eru hafnar tilraunir með skiljur í flotvörpum sem skilja eiga úr lifandi meðafla. Þó er ljóst að mjög vafasamt er að slíkar skiljur í veiðarfærum útiloki allan meðafla, einkum smærri fisk.

Á síðustu kolmunnavertíð jókst meðafli nokkuð og leiddi það til aukinnar umræðu um hvernig með skyldi fara. Er sú tillaga sem hér er lögð fram niðurstaða þeirrar umræðu. Þess skal getið að Fiskistofa hefur í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina fylgst vel með löndunum á uppsjávarfiski og liggja fyrir upplýsingar um meðafla tvö síðustu ár.

Ástæður þess að lagt er til að horfið verði frá því að krefjast þess að meðafli sé flokkaður skilyrðislaust frá við veiðar á uppsjávarfiski eru fyrst og fremst tvær. Í fyrsta lagi er ljóst að mörg skipanna er vanbúin til að hirða þennan fisk, halda honum aðskildum frá öðrum afla og ganga þannig frá honum að hann nýtist til manneldis. Í öðru lagi liggur fyrir að stundum er sá fiskur sem fæst sem meðafli litlu eða engu verðmætari en bræðsluafli bæði vegna lítilla gæða og smæðar. Því er lagt til að tekin verði upp aðferð til þess að meta meðafla með nákvæmum hætti og reikna hann til aflamarks viðkomandi fiskiskips. Með því vinnst það að nákvæmari upplýsingar liggja fyrir um magn meðafla sem reiknast til aflamarks veiðiskipsins og mun það hafa það í för með sér að skipstjórar munu forðast meðafla eða taka

þann kostinn að skilja hann frá öðrum afla og nýta hann á sem arðbærastan hátt.

Í lok 1. gr. segir að leiði veiðar á meðafla í einhverri tegund til þess að skip fari yfir heimildir sínar í viðkomandi tegund skuli til gjaldtöku koma á grundvelli laga nr. 37 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum. Er það í samræmi við gildandi lög og framkvæmd en hins vegar er ákveðið að gjaldið skuli aldrei fara undir ákveðið viðmiðunargjald sem er lagt til að verði aldrei lægra en nemur 70% af meðalfiskverði sömu tegundar í næsta mánuði fyrir gjaldtöku. Ástæða þess að lagt er til að lágmarksverð verði tekið upp hér er eingöngu sú að í lögum nr. 37/1992 segir að gjald vegna umframafla skuli miðast við raunvirði en eins og áður segir getur meðafli haft sama raunvirði og bræðsluafli og ef gjaldtakan miðast við bræðsluvirði væri það aðhald sem reynt er að fá með þessari lagabreytingu haldlítið.

Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar sem lúta að eftirliti með nýtingu aflaheimilda og viðbrögðum Fiskistofu við því þegar veitt er umfram aflaheimildir skips. Breytingar sem í greininni felast eru eftirfarandi:

1. Áréttuð er skylda útgerðar og skipstjóra til að fylgjast með stöðu aflaheimilda skipa sinna með hliðsjón af úthlutuðum aflaheimildum, flutningi aflaheimilda og lönduðum afla en ekkert ótvírætt ákvæði hefur verið í lögunum þess efnis. Nokkur brögð hafa verið að því að útgerðarmenn hafi borið fyrir sig að þeir hefðu ekki vitneskju um aflamarksstöðu skipa sinna eða að skip þeirra væri í jákvæðri stöðu í skráningarkerfi Fiskistofu, jafnvel þótt fyrir lægi að skip þeirra hefðu landað afla sem ekki hefði verið skráður inn í kerfi Fiskistofu. Þykir ástæða til að skerpa á þessu atriði og auka ábyrgð útgerðar og skipstjóra til að fylgjast með í þessu efni.

2. Kveðið er skýrt á um það að eftir að Fiskistofa hefur sent hlutaðeigandi tilkynningu um að skip sé komið yfir aflaheimildir er óheimilt að stunda veiðar fyrr en Fiskistofa hefur staðfest annað. Í gildandi ákvæði segir að skipi sé eigi heimilt að stunda veiðar að liðnum þeim fjögurra daga fresti sem útgerðum er veittur til að laga aflamarksstöðu skipa sinna, en nauðsynlegt þykir að ótvírætt sé að skylt sé að stöðva veiðar þegar tilkynning berst um að veitt hafi verið umfram aflaheimildir. Heimilt er síðan að hefja veiðar aftur þegar aflamarksstaða skips hefur verið lagfærð.

3. Þá er gert ráð fyrir að útgerðir beri kostnað af þeim símskeytum sem Fiskistofa sendir til að vara útgerðir og skipstjóra við því að skip þeirra hafi veitt umfram aflaheimildir. Fiskistofa hefur haft verulegan kostnað af slíkum skeytasendingum. Hins vegar er uppistaða skeytanna send tiltölulega fáum aðilum og virðist sem sumir þeirra bregðist ekki við fyrr en að fengnu skeyti Fiskistofu. Þykir rétt að útgerðir beri sjálfar þann kostnað enda er þeim skylt að tryggja að nægar aflaheimildir séu á skipum sínum. Er gert ráð fyrir að þessi kostnaður verði að jafnaði innheimtur samhliða þeim kostnaði sem greiddur er vegna flutnings aflamarks milli skipa.

4. Að lokum er hér lagt til að hægt verði að tilkynna útgerðum um umframveiði með öðrum hætti en símskeytum. Hins vegar þarf að vera ljóst fyrir fram hvernig það verði gert svo að ekki komi upp vafi eftir á um það hvað Fiskistofu og viðkomandi útgerð hefur farið á milli. Þykir því rétt að útgerðir geri tillögur til Fiskistofu um hvernig staðið verði að slíkum tilkynningum. Ef Fiskistofa getur fallist á það fyrirkomulag þá verði að þeim tillögum farið. Ljóst er að ef unnt er að koma slíkum tilkynningum í öruggan farveg mætti spara nokkurn kostnað.

Ég legg til, frú forseti, að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til sjávarútvegsnefndar.

[15:08]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér datt í hug, svona í fljótu bragði, að bera fram tvær spurningar til hæstv. sjávarútvegsráðherra sem var að mæla fyrir frumvarpi til laga um enn eina breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.

Fyrir það fyrsta er nefnt í athugasemdum við lagafrumvarpið að breytingartillögur um hvernig meðafli skuli metinn til aflamarks megi rekja til tillagna frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og umgengnisnefnd. Mig langar til að spyrja ráðherra um hvernig standi á því að þessar breytingartillögur hafi borist frá þessum aðilum, hver hafi beðið um þær og einnig um umgengnisnefnd. Hverjir eru í umgengnisnefnd, hvaða aðilar eru það og hver skipar í þá nefnd?

Annað sem mig langar til að spyrja um varðar það að flokka meðala frá afla um borð í skipunum. Hefur farið fram einhver vinna við að athuga möguleikana á því hvort það sé raunverulega tæknilega mögulegt að flokka þennan afla frá þegar afla er dælt um borð. Þetta er reyndar að mestu leyti síld og kolmunni sem verið er að veiða þegar meðafli kemur með, kannski líka eitthvað þegar elst er við loðnuna. En gæti ég fengið svar frá hæstv. ráðherra við þessum spurningum?

[15:10]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ráðherra skipar í umgengnisnefndina og í henni eiga sæti fulltrúar útvegsmanna og sjómanna. Ég hef það ekki nákvæmlega í kollinum hvaða aðilar eru þar í dag. Erindum þessa efnis var vísað til nefndarinnar frá ráðuneytinu en hvenær það var gert man ég ekki nákvæmlega. Hins vegar hafa útvegsmenn tekið það upp hjá sjálfum sér að skoða þessi mál. Þeir hafa komið fram með tillögur um þetta efni. Þær tillögur sem hér eru eru byggðar á niðurstöðum umgengnisnefndar og eins tillögum útvegsmanna, en eins og orðalagið gefur til kynna eru þær niðurstöður sem hér eru ekki nákvæmlega eins og tillögurnar voru og því auðvitað að fullu á ábyrgð ráðuneytisins.

Það hefur verið athugað hvernig hægt væri að flokka aflann um borð í veiðiskipum og það er ljóst að það er auðveldara í nýrri skipum þar sem um betri tanka og fleiri er að ræða en því er ekki til að dreifa hjá hinum eldri. Þetta frumvarp, verði það að lögum, á hins vegar að ýta undir það og gera það bæði skynsamlegt og hagkvæmt fyrir útgerðirnar að flokka aflann um borð og fá þar með sem mest verðmæti út úr meðaflanum, verðmæti sem eru í samræmi við það verðmæti sem felst í að sá meðafli er dreginn frá kvóta skipanna í þeirri tegund sem um er að ræða. Þá er oftast um

að ræða tegundir sem að öllu jöfnu, þ.e. við annan veiðiskap, væru mun verðmætari en sú tegund sem reynt er að veiða hverju sinni.

[15:12]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef hér nokkrar spurningar í viðbót.

Í 1. grein laganna segir, með leyfi forseta:

„... ráðherra setur reglur um hvernig móttakandi afla eða vigtarleyfishafi skuli standa að sýnatöku og útreikningi meðafla við löndun á uppsjávarfiski."

Mér þætti gaman að vita hvort búið er að semja þessar reglur. Þá væri líka fróðlegt að fá að heyra, ef hæstv. ráðherra gæti skýrt frá því í stuttu máli, hvernig þessar reglur eiga að vera eða hvernig hann hefur hugsað sér að þær verði útfærðar.

Síðan sé ég í útskýringum við 2. gr. frumvarpsins, í 3. lið, að gert er ráð fyrir því að útgerðir eigi að bera kostnað af þeim símskeytum sem Fiskistofa sendir til að vara menn við því að skipin hafi veitt umfram kvóta. Síðan segir að Fiskistofa hafi „haft verulegan kostnað af slíkum skeytasendingum". Hér hefði verið fróðlegt að fá að vita eitthvað um þær upphæðir sem um er að ræða, hvort hér sé í raun eitthvað sem ástæða er til að eltast við að rukka menn um. Ég geri mér í raun enga grein fyrir því hvað getur talist „verulegur kostnaður". Það er náttúrlega teygjanlegt og mjög afstætt hugtak eins og við öll vitum.

[15:14]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur ekki fyrir hvaða reglur verða settar en þær munu væntanlega byggjast á sýnatöku, tölfræðilegum útreikningum á þeim og í samræmi við það sem gerist þegar hlutir eru metnir á þennan hátt.

Varðandi kostnaðinn þá nemur hann milljónum króna á ári. Hann skiptir ekki tugmilljónum en hann skiptir milljónum. Það held ég að skipti máli í nánast öllum tilfellum, hvort sem um er að ræða útgerðirnar eða Fiskistofu. Ég held einfaldlega að ef við komum þessari skipan á þá auki það á ábyrgð útgerðarmanna og skipstjórnenda, spari kostnað og leiði jafnframt til þess að síður sé veitt umfram þann afla sem ákveðið er að veiða hverju sinni.

[15:15]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57 frá 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Í raun erum við að fara yfir tvær breytingar sem verið er að gera á þessum lögum. Það er ekki í fyrsta skipti sem þeim lögum er breytt því að eins og með önnur lög er lúta að sjávarútvegi og starfsskilyrðum þar, aflaheimildum o.s.frv., virðist vera sífelld þörf fyrir að breyta lögunum aftur og aftur og er stundum jafnvel verið að breyta sömu lögum nánast tvisvar í mánuði.

Hvað varðar þær tvær breytingar sem verið er að tala um núna þá er í fyrsta lagi verið að gera sérstaka undanþágu frá því hvernig fara skuli með meðafla þeirra skipa sem veiða uppsjávarfisk og í öðru lagi að gera skyldu útgerðar og skipstjóra fiskiskipa meiri við að fylgjast með stöðu aflaheimilda á skipum sínum og þá með hliðsjón af þeim úthlutuðu aflaheimildum sem á skipunum eru.

Það skýtur svolítið skökku við að sjá að nú telji menn þörf á að setja sérstakar reglur eða gera sérstaka undanþágu frá meðferð meðafla fyrir skip sem stunda veiðar á uppsjávarfiski. Nú á samkvæmt lögum þessum að gera það löglegt að flokka ekki fisk eftir tegundum um borð í skipunum eða við löndun heldur má áætla hvaða magn af hverri tegund sem er innan um þá megintegund sem verið er að veiða. Þetta gildir þó eingöngu fyrir skip sem stunda uppsjávarveiðar, skip sem stunda veiðar á loðnu, síld og kolmunna.

Með þessum breytingum er verið að fara alveg nýjar leiðir, frú forseti, sem erfitt er að sjá hvað geta kallað fram. Í því sambandi veltir maður fyrir sér jafnræðissjónarmiðum. Hvað ef aðrar útgerðir eða aðrar gerðir skipa telja erfitt að fara að flokka meðafla frá meginafla sínum? Er hægt að kalla eftir því að settar verði sérstakar reglur um hvernig flokka eigi meðafla í netaveiðum eða ef skip er á þorskveiðum og fær aðrar tegundir, má þá kalla eftir sérreglum um hvernig flokka á þann fisk sem ekki er þorskur? Hingað til hefur gilt hið sama, a.m.k. í lögunum, hvað varðar meðferð á meðafla og á því að halda hverri tegund fyrir sig aðskildri, annaðhvort strax við veiðar um borð í skipunum eða við löndun. Hvaða reglur gilda í dag um þetta efni?

Í 9. gr. gildandi laga segir, með leyfi forseta:

„Skipstjóra fiskiskips er skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum. Verði því ekki komið við vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Skipstjóra fiskiskips er skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega. Ákveði ráðherra á grundvelli laga um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð eða þyngd teljist aðeins að hluta með í aflamarki skal hann setja reglur um hvernig að frágangi hans um borð í veiðiskipi og vigtun skuli staðið. Skipstjóra ber að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns."

Með frumvarpi þessu er verið að bæta við sérstakri grein, sérstakri undanþágu hvað þetta varðar fyrir skip sem stunda veiðar á uppsjávarfiski. Í texta frumvarpsins segir, með leyfi forseta:

„Við veiðar á uppsjávarfiski er ekki skylt að skilja meðafla frá uppsjávarafla." — Síðan segir: „Meðafli reiknast þó til aflamarks viðkomandi fiskiskips, en ráðherra setur reglur um hvernig móttakandi afla eða vigtarleyfishafi skuli standa að sýnatöku og útreikningi meðafla við löndun á uppsjávarfiski."

Hér er talin sérstök ástæða til að taka fram að meðafli, þ.e. aðrar tegundir en verið er að sækjast eftir, aðrar tegundir sem koma í þessi veiðarfæri en loðna, síld og kolmunni, skuli teljast til aflamarks skips. Maður hlýtur því að spyrja, frú forseti: Hvaða reglur hafa gilt hingað til? Ég hélt að það væru lög í landinu sem segðu að allur afli sem kæmi um borð í fiskiskip teldist til aflamarks viðkomandi skips, að ekki væru neinar sérreglur sem segðu að skip sem stunda veiðar á uppsjávarfiski hefðu leyfi til að veiða þorsk eða ýsu, ufsa eða hvað annað án þess að leggja til aflamark. En hér segir í texta sem hæstv. sjávarútvegsráðherra er að

leggja fram að meðafli reiknist til aflamarks viðkomandi skips. Talin er ástæða til að taka það sérstaklega fram.

Því er rétt að spyrja hæstv. ráðherra: Hefur það verið þannig að aðrar tegundir sem komið hafa í veiðarfæri skipa sem stunda uppsjávarveiðar hafi ekki verið dregnar frá aflamarki viðkomandi skips eða þá að útgerðin hafi þurft að leigja sér eða kaupa aflaheimildir til að leggja á móti þeim afla sem komið hefur með í troll eða nót?

Reyndar hafa verið uppi þrálátar sögur um það mjög lengi að sérstakar reglur virðast gilda um meðafla í uppsjávarfiski. Það hafa verið þrálátar sögur um að í kolmunnatroll sérstaklega hafi komið talsvert mikið af öðrum fiski sem hafi bara verið landað sem kolmunna til bræðslu, allt aðrar reglur en gilda um öll önnur veiðarfæri og allar aðrar útgerðir eða útgerðarflokka.

Mér finnst, frú forseti, að hæstv. ráðherra verði að svara þessu. Hafa menn komist upp með það hingað til og án viðurlaga að veiða þorsk eða annan botnfisk án þess að leggja kvóta á móti? Hafa starfsmenn ráðuneytisins eða Fiskistofu snúið að því blindu auga á sama tíma og smærri útgerðarmenn, smærri skip og bátar eru hundeltir fyrir nokkra fiska eða nokkur kíló sem reynast koma í veiðarfæri þeirra eða þeim verður á að landa af tegund sem þeir eiga ekki kvóta fyrir? Gilda ekki sömu lög um smærri útgerðir í landinu og stórútgerðir sem veiða uppsjávarfisk? Eins og þetta er orðað í frumvarpi hæstv. ráðherra hlýtur maður að draga þá ályktun að hingað til hafi meðafli ekki þurft að dragast af aflamarki viðkomandi skipa. Er því full ástæða til að hæstv. ráðherra svari því hvernig þetta hefur verið. Er ástæðan fyrir þessu orðalagi sú að menn ætli loks að fara að taka á því að þessi stóru skip sem fara með flottroll um stór hafsvæði og taka allt sem fyrir verður, geti ekki hagað sér með þeim hætti lengur?

Síðan er talað um gjaldtöku fyrir ólöglegan afla. Eitt er að leggja kvóta á móti þeim fiski sem menn veiða. En ef menn veiða fisk sem þeir eiga ekki kvóta fyrir og geta ekki lagfært aflamarksstöðu sína með þurfa þeir að greiða sektir vegna ólögmæts afla sem gengur í verkefnasjóð sjávarútvegsins. Í 1. gr. frumvarpsins sem við ræðum hér segir, með leyfi forseta:

„Komi til gjaldtöku á grundvelli laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum, vegna fisktegunda sem veiðast sem meðafli við veiðar á uppsjávarfiski skal gjaldið þó aldrei vera lægra en nemur 70% af meðalfiskverði sömu tegundar í næsta mánuði fyrir gjaldtöku.“

Aftur veltir maður því fyrir sér hvort verið sé að leggja til að sérreglur gildi um þennan flokk báta eða skipa. Hvaða reglur gilda um ólögmætan afla annarra, hvernig er hann verðlagður ef mönnum verður á að koma með afla í land sem þeir eiga ekki aflaheimildir fyrir? Hvað segja lög nr. 37/1992 um þetta sérstaka gjald vegna ólögmæts sjávarafla? Þar segir, frú forseti, í 3. gr.:

„Gjald skv. 1. gr. skal nema andvirði gjaldskylds afla.“ — Ekki 30%, 40%, 50% eða 70%, heldur andvirði þess afla sem landað er.

„Ef ekki verður staðreynt hver sú fjárhæð hefur verið skal gjaldið nema því verði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á þeim stað og því tímabili sem hann barst að landi. Verði gjaldskyldur afli ekki heimfærður til ákveðins tímabils skal verðleggja hann á grundvelli meðalverðs fyrir samsvarandi afla á viðkomandi fiskveiðiári.

Ef ekki verður staðreynt af fyrirliggjandi gögnum hvert hafi verið magn eða andvirði gjaldskylds afla skal það áætlað eftir því sem segir í 5. gr.“

Þá fer maður að velta fyrir sér hvað 5. gr. gildandi laga segir um þetta efni. Sú grein heimilar Fiskistofu að krefja útgerðarmenn, skipstjórnarmenn, fiskverkendur og fiskseljendur um öll nauðsynleg gögn og upplýsingar sem þeir geta látið í té þannig að Fiskistofa geti reynt að meta verðmæti þessa ólögmæta afla.

Segja má að meginreglan hvað þetta allt varðar sé sú að komi menn með ólögmætan afla að landi ber þeim að greiða gjald sem nemur verðmæti þess fisks sem komið er með umfram heimildir.

Í frumvarpi hæstv. ráðherra varðandi uppsjávarskipin, sem alltaf virðist þurfa að gera sérstakar undantekningar og hafa sérstakar reglur fyrir, er gert ráð fyrir að 70% af verðmæti þess afla sem umfram er, ef hann kemur sem meðafli og ekki eru til aflaheimildir fyrir, skuli vera það gjald sem greiða skuli. Gott og vel. Látum okkur segjast að það sé allt í lagi að hafa öðruvísi reglur hvað þetta varðar en hvað þýða 70% af meðalfiskverði? Hvað eru 70% af meðalfiskverði fyrir þorsk sem kemur að landi sem meðafli í flottrolli hjá loðnuskipi eða kolmunnaskipi? Er nóg að vísa í eitthvert þorskverð sem gildir hjá útgerðinni þegar verið er að selja fisk af skipi útgerðar til fiskvinnslu útgerðarinnar, er það meðalfiskverðið sem miða á við? Á að miða við viðskipti milli skyldra aðila? Á að miða við verð í beinum viðskiptum milli óskyldra aðila þar sem útgerðarmaður selur fiskverkanda beint sömu tegund á sama tímabili eftir einhverjum samningi sem gerður er þeirra á milli? Eða á að miða við frjálst fiskverð á fiskmörkuðum? Er það meðalverðið sem miða á við?

Í þessu frumvarpi til laga stendur ekkert um þetta efni heldur er eingöngu talað um 70% af meðalfiskverði og það hlýtur að þurfa að skýra hvaða verð það er. Af hverju er verið að tala um 70% af meðalfiskverði og af hverju er verið að tala um sérstakar reglur fyrir skip sem stunda uppsjávarveiðar? Ef við skoðum aðeins athugasemdirnar eins og þær koma fram í greinargerð með frumvarpinu þá segir, eins og hæstv. ráðherra las hér upp í framsögu sinni:

„Í fyrsta lagi er ljóst að mörg skipanna eru vanbúin til að hirða þennan fisk, halda honum aðskildum frá öðrum afla og ganga þannig frá honum að hann nýtist til manneldis.“

Er þá nóg ef í gildi eru lög í landinu um hvernig fara á með ákveðna hluti að lýsa því yfir að maður sé vanbúinn til að fara eftir þeim? Er þá nóg fyrir mig ef ég keyri á 130 km hraða að lýsa því yfir að ég sé á vanbúnum bíl til að bremsa? Að um mig eigi að gilda einhverjar sérstakar reglur af því að ég geti ekki farið eftir lögunum vegna þess að sá búnaður sem ég er með í höndunum sé ekki nægilega góður? Ég kannast ekki við að trillukarlar eða litlir netabátar eða línubátar geti lýst því yfir, hvorki við hæstv. sjávarútvegsráðherra né embættismenn Fiskistofu þegar þeir koma, að þeir hafi ekki getað farið eftir lögunum sem gilda vegna þess að þeir væru vanbúnir. Ætli hæstv. ráðherra

kæmi þá hér í sali Alþingis með frumvarp sem segði að þessi eða hinn þyrfti ekkert að fara eftir lögunum eða að setja þyrfti sérstök lög fyrir þennan eða hinn af því að hann hefði verið vanbúinn til þess að fara eftir þeim lögum sem giltu? Hvers konar rök eru þetta í greinargerð með frumvarpi til laga?

Ég hélt að skipin sem stunduðu uppsjávarveiðarnar væru að mestu leyti nýjustu skipin í flotanum, smíðuð eða keypt sérstaklega til að stunda þær veiðar. Verða menn þá ekki að láta smíða skip eða kaupa skip sem geta stundað veiðar í samræmi við þau lög sem gilda hverju sinni og vera með veiðarfæri sem gera þeim kleift að stunda veiðar í samræmi við gildandi lög? Nei, frú forseti, að lýsa því yfir að breyta verði lögum vegna þess að þeir sem fara áttu eftir þeim væru vanbúnir til að gera það, finnst mér alveg með eindæmum.

Hver eru rökin fyrir 70 prósentunum, 70% af meðalfiskverði fyrir meðafla? Jú, í sömu greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi liggur fyrir að stundum er sá fiskur sem fæst sem meðafli litlu eða engu verðmætari en bræðsluafli bæði vegna lítilla gæða og smæðar. Því er lagt til að tekin verði upp aðferð til þess að meta meðafla með nákvæmum hætti og reikna hann til aflamarks viðkomandi fiskiskips."

Ef ég stunda veiðar með þannig veiðarfærum að ég eyðilegg fiskinn sem ég veiði á að gera sérstaka undanþágu fyrir mig. Þá á ég ekki að þurfa að greiða sérstakt gjald vegna ólögmæts afla. Nei, auminginn hann Jón garmurinn er með þannig veiðarfæri að hann eyðileggur aflann og það eru engin verðmæti í honum loksins þegar hann kemur um borð í skipið hans.

Hvaða skilaboð er verið að senda með þessu? Hefði þá átt að segja við eigendur og skipstjóra netabáta sem komast ekki í net vegna þess að veður er leiðinlegt og erfitt og bræla í langan tíma og fiskurinn eyðileggst að þeir geti vísað til þess að þeir séu með svo verðlítinn fisk í höndunum að það þurfi að hafa einhverjar sérstakar reglur um hann? Ekki mega þeir henda honum í hafið, ekki leyfa reglurnar það. Þeir verða að koma með hann í land. Ég veit að þeir geta farið með hann í svokallaðan hafróafla, en segjum að þeir séu búnir að nýta þá heimild nánast að fullu, ætli þeir verði þá ekki að koma með hann og leggja á móti kvóta á fullu verði? Ég reikna með því. Ég efast um að þeir geti sagt að fiskurinn sé svo skemmdur að helst væri að fá að borga sekt fyrir ólögmætan afla og borga lægra verðmæti en raun ber vitni.

Frú forseti. Það er svolítið undarlegt ef maður horfir á 1. gr. frumvarpsins hvernig hæstv. ráðherra ætlar að fara að setja sérstakar reglur um meðafla og verðmæti ólögmæts afla fyrir einn flokk skipa. Við hljótum þá að skoða það hvort gilda eigi sérstakar reglur um annan flokk skipa, færabáta og línubáta t.d. Við getum farið yfir það hvort aðstaðan um borð í bátunum kalli á einhverjar sérstakar greinar í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Ef trillukarlar geta ekki haft ýsu um borð eigum við þá ekki bara að breyta lögunum? Þeir geti komið með aflann eins og þeim dettur í hug o.s.frv.

Þó gangi mjög á tíma minn vil ég aðeins skoða það sem segir í greinargerðinni með frumvarpinu. Þar er talað um að við veiðar á uppsjávarfiski geti komið upp þær aðstæður að meðafla gæti í mismiklum mæli, sem er alveg rétt. Helst komi meðafli í troll við veiðar á uppsjávarfiski þegar þær ganga verr vegna þess að fiskurinn er dreifður og togtíminn því langur.

Þarna erum við kannski komin að annarri og mikið stærri spurningu en við getum velt fyrir okkur varðandi frumvarpið og það er flottrollið sem verið er að nota við uppsjávarveiðar, þetta gífurlega veiðarfæri sem hin stóru og öflugu skip draga á eftir sér og taka dreifðan afla um allan sjó. Maður heyrir jafnvel um að verið sé að draga veiðarfærin á eftir skipunum í tuga tíma um ekkert smávegis hafsvæði. Og hvað gleypa veiðarfærin á þeim tíma? Er það bara kolmunni, loðna og síld? Ég leyfi mér að efast um að það séu einhver svæði í sjónum sérstaklega þannig merkt. Ég reikna með að þegar búið er að draga þetta um hundruð ferkílómetra svæði aftan í hinum stóru og öflugu skipum að ýmislegt komi í trollin. Það hlýtur að fara að koma að því og það hlýtur að vera krafa að menn fari að velta fyrir sér þessu veiðarfæri, flottrollinu við uppsjávarfiskveiðar, velta fyrir sér bæði skaðsemi veiðarfærisins og hvað það er að veiða, ekki að það eigi að gilda aðrar reglur en gengur og gerist um það sem komi í það.

Frú forseti. Ég hef ekki komist í að fara yfir 2. gr. frumvarpsins á þeim stutta tíma sem veittur er við 1. umr. lagafrumvarpa. Ég reikna með að gera það í seinni ræðu minni, en óska eftir því að hæstv. sjávarútvegsráðherra svari þeim spurningum sem ég bar til hans þannig að ég geti brugðist við í seinni ræðu. Mér finnst blasa við hvað varðar uppsjávarskipin í frumvarpinu að það er bara pöntuð grein, þetta er pantað frumvarp af þeim sem stunda þessar veiðar, pantað til að setja löglegan stimpil á það sem þeir hafa verið að gera sem allir sem á hafa horft hafa velt fyrir sér hvernig í ósköpunum fái að viðgangast ár eftir ár að þeir geti komið að landi og um þá gildi allt aðrar reglur og um þann afla sem kemur að landi í þessum skipum en öðrum.

[15:36]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Verið er að bregðast við vandamáli sem upp kom vegna breyttra aðstæðna, ekki bara vegna veiða í flottroll heldur einnig vegna annarra veiðarfæra við uppsjávarveiðar.

Verið er að setja sérreglur, auðvitað er verið að setja sérreglur, en það gilda líka sérreglur um næstum allan veiðiskap hér af einhverju tagi. Það eru sérreglur um togveiðar, línuveiðar, netaveiðar og það eru meira að segja líka sérreglur um grásleppuveiðar, hv. þingmaður.

Hv. þingmaður spyr: Hefur ekki verið farið eftir lögum? Hann segir að það séu þrálátar sögur um að það hafi ekki verið farið eftir lögunum. Ég hef reyndar líka heyrt þessar þrálátu sögur og það er að hluta til ástæðan fyrir því að verið er að reyna að bregðast við breyttum aðstæðum og þrálátum sögum um að ekki sé farið eftir lögum vegna þess að lögin séu ekki í samræmi við hinar breyttu aðstæður.

Ég hef líka heyrt þrálátar sögur um að hv. þingmaður hafi ekið of hratt á bílnum sínum án þess að vera tekinn af lögreglunni og þær sögur eru svo þrálátar að þær hafa meira

að segja borist á kaffistofuna. Gilda ekki sömu lög um alla? Gilda ekki sömu lög um hv. þingmann? Jú, auðvitað gilda sömu lög um hv. þingmann en það hefur borið þannig við að hann hefur verið að keyra of hratt þegar lögreglan hefur ekki séð til. Það getur líka verið að það hafi borið við að menn hafi verið að landa afla án þess að eftirlitsmenn Fiskistofu hafi séð til. Það eru ekki nema 35 manns sem vinna í Veiðieftirlitinu, eins og fram hefur komið, og þess vegna setjum við reglur sem eru þannig úr garði gerðar að hægt sé að meta hver aflinn er við vigtunina á þann hátt að það gangi upp og virki.

Varðandi meðalverðið reiknar Verðlagsstofan á Akureyri út meðalverð fyrir allar fisktegundirnar og þar á að vera hægur vandi að finna meðalverðið sem hv. þingmaður spurði um.

[15:38]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var ákaflega slappt svar hjá hæstv. ráðherra og svaraði engu af því sem ég spurði um.

Gilda sérlög um aðrar veiðar? Já, það gilda sérlög um aðrar veiðar en það eru lög sem taka til veiðanna. Ég kannast ekki við að það gildi sérlög um umgengni um nytjastofna sjávar eftir því í hvaða veiðarfæri fiskur er veiddur. Það er kannski rétt að hæstv. ráðherra upplýsi mig um það. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57 frá 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Við erum ekki að ræða fiskveiðistjórnarlögin sem taka til veiðarfæra og sérstakra útgerðarflokka.

Það getur vel verið að það sé þrálátur orðrómur um að sá sem hér stendur aki stundum of hratt og ég ætla hvorki að játa því né neita í ræðustól Alþingis. En hvað varðar meðafla í flottroll hjá kolmunnaskipunum er það meira en þrálátur orðrómur. (Gripið fram í.)

Hafa ekki komið upp dæmi þar sem lögreglumenn sjávarins, embættismenn Fiskistofu, hafa séð meðafla í talsvert miklum mæli með kolmunna og ákveðið að gera ekkert í málinu og aflinn verið látinn renna til bræðslu með meðaflanum í? Hefur þetta ekki komið fyrir? Getur hæstv. ráðherra svarað mér því? Þetta er meira en þrálátur orðrómur um að sá sem hér stendur aki of hratt. Lögreglumenn hafa staðið menn að þessu og sleppt því í gegn, látið aðrar reglur gilda um þetta en gengur og gerist með aðra og vísa ég þá í smákallana sem hirtir eru fyrir þrjá steinbíta eða 7 kíló af þorski.

[15:40]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þrálátur orðrómur var orðfæri sem hv. þingmaður notaði sjálfur. Hann hóf máls á eigin akstri, það var ekki ég sem hóf þá umræðu, hann notaði þá samlíkingu í fyrstu ræðu sinni.

Vandamálið í þessu, og þá kemur að 70 prósentunum sem hv. þingmaður var að tala um, er að afli sem hefur veiðst á þennan hátt hefur yfirleitt verið svo illa farinn þegar hann hefur verið kominn um borð að hann hefur haft nánast sama verðgildi og bræðsluafli. Það hefur því ekki skipt neinu máli fyrir útgerðina hvort aflinn væri skráður og færi með bræðsluaflanum eða skráður sérstaklega, vegna þess að sektin fyrir að standa þannig að málum byggðist á því hvert væri hið raunverulega verðmæti aflans og þá til bræðslu, en það var ekki um neina sekt að ræða. Þess vegna er hækkunin í 70% af meðalverðinu það sem raunverulega skiptir máli í þessu við hliðina á því að skrá aflann til sinnar réttu tegundar. Það þýðir að þrátt fyrir að verðið sé verðið á bræðsluaflanum þarf að borga 70% af meðalverði sömu tegundar og ef það er þorskur er það býsna mikið hærra en bræðsluverðið.

Hv. þingmaður ætti því í hneykslan sinni líka að skoða tölurnar og átta sig á því að þær breytingar sem verið er að leggja til munu leiða til miklu betri umgengni um auðlindina en þrálátur orðrómur hefur staðið um að undanförnu.

[15:42]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst standa upp úr umræðunni sem við höfum átt eða einræðu, leyfi ég mér að segja, milli mín og hæstv. sjávarútvegsráðherra að aðrar og mýkri reglur gilda um það sem snýr að uppsjávarveiðunum en öðrum veiðum þegar kemur að því að fjalla um umgengni um nytjastofna sjávar.

Ég sé, frú forseti, að ég á eftir í andsvari við hæstv. ráðherra eina og hálfa mínútu og mér var tilkynnt áðan að úr því að enginn ræðumaður kemur upp — og bið ég hv. ræðumenn að hinkra aðeins í salnum — á eftir mér, ég er búinn að halda ræðu í 20 mínútur sem mína fyrstu ræðu við 1. umr. og eingöngu búinn að tala um aðra greinina af tveimur í frumvarpinu, og mér er tilkynnt að einhver þingmaður verði að koma í pontu, annars fái ég ekki að koma aftur. Ég vil því óska eftir því við hv. þingmenn sem sitja í salnum að þeir biðji um orðið, þó þeir tali í hálfa mínútu eða innan við hálfa mínútu, þannig að mér gefist kostur á að ræða aðeins um það sem ég varð að sleppa í fyrstu ræðu minni. (Gripið fram í.)

Þetta stendur kvitt og klárt. Frumvarpið er lagt fram eingöngu vegna óska þeirra sem stunda uppsjávarveiðar. Það stendur út af þegar maður fer í gegnum þetta. Það verður að setja sérlög um þetta veiðarfæri, um flottrollið sem sótar upp hverju sem fyrir verður til að útgerðarmennirnir sem stunda veiðarnar með sjóránsveiðarfærinu geti haldið því áfram og það er verið að setja á það löglegan stimpil.

[15:44]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjávarútvegsráðherra fyrir framlagningu frumvarpsins. Ég er góðhjartaður maður og vil eiga gott samstarf við oddvita minni hlutans í sjávarútvegsnefnd.

Í frumvarpinu er annars vegar lagt til að heimilt verði að meta meðafla við veiðar á uppsjávarfiski til aflamarks fiskiskipa með ákveðnum hætti og hins vegar að gerðar verði nokkrar breytingar á framkvæmd leyfissviptinga vegna veiða umfram veiðiheimildir.

Breytinguna á því hvernig meðafli skuli metinn til aflamarks má rekja til tillagna frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og umgengnisnefnd. Það hefur verið starfandi nefnd sem vinnur að úttekt á starfsumhverfi í sjávarútvegi

og breytingartillögur um framkvæmd leyfissviptinga verða að mestu raktar til tillagna frá nefndinni, en hún lagði til að skoðað yrði hvernig einfalda mætti með hvaða hætti Fiskistofa tilkynnti útgerðum um veiðar umfram veiðiheimildir auk þess sem útgerðum yrði skylt að greiða slíkan kostnað.

Fiskistofa hefur í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina fylgst vel með löndun á uppsjávarfiski tvö síðustu ár. Það kom í ljós á síðustu kolmunnavertíð að meðafli jókst nokkuð. Töluverð umræða hefur verið um hvort og þá hvernig eigi að bregðast við. Breytingar á frumvarpinu eru niðurstaða af þeirri umræðu sem farið hefur fram.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu eru fyrst og fremst tvær ástæður fyrir því að lagt er til að horfið verði frá því að krefjast þess að meðafli sé flokkaður frá við veiðar á uppsjávarfiski. Fyrst ber að nefna að mörg skipanna eru vanbúin til að hirða þennan fisk, skilja hann frá öðrum afla og tryggja frágang þannig að hann geti nýst til manneldis. Í öðru lagi er sá meðafli sem kemur með uppsjávarfiski oft litlu eða engu verðmætari en uppsjávarfiskurinn sem fer í bræðslu bæði vegna smæðar og lítilla gæða. Þess vegna er lagt til að tekin verði upp aðferð til þess að meta meðafla með nákvæmum hætti og reikna hann til aflamarks viðkomandi fiskiskips þar sem koma nákvæmari upplýsingar um magn meðafla sem reiknast til aflamarks veiðiskipsins og mun það hafa í för með sér að skipstjórar munu reyna að sleppa við meðafla eða velja frekar þann kost að skilja hann frá öðrum afla og nýta hann á sem hagkvæmastan hátt.

Virðulegi forseti. Ekkert fiskveiðistjórnarkerfi er svo heilagt að ekki megi gera á því breytingar og ýmsar lagfæringar. Þessar breytingar gera fiskveiðistjórnarkerfið enn gegnsærra. Ég fagna því að frumvarp þetta skuli lagt fram og styð það heils hugar.

Umræðu frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 266. mál (landið eitt kjördæmi). — Þskj. 287.

[15:46]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til stjórnarskipunarlaga sem ég vænti að allflestum ef ekki öllum þingmönnum sé vel kunnugt. Það lýtur að þeirri stefnu okkar jafnaðarmanna sem við höfum fylgt eftir um langt árabil og áratuga skeið og varðar það að landið verði gert allt að einu kjördæmi.

Þetta mál er ekki í fyrsta sinn, eins og ég sagði, í sölum Alþingis og lýtur að því að gera kosningakerfi okkar gagnsætt, réttlátt og að þar gildi jafnræði, með öðrum orðum að eitt atkvæði þýði eitt atkvæði í raun og sanni.

Nú er kunnara en frá þurfi að segja að á öllum lýðveldistímanum höfum við búið við ýmiss konar ákvæði er varða kjördæmaskipan og kosningarrétt og ekki hefur alltaf verið réttlæti haft um hönd í því sambandi. Með síðustu breytingu sem gerð var 1999, og var kosið fyrst eftir í síðustu kosningum 2003, færðust þessi mál mun til betri vegar þannig að nú er svo komið að í þéttbýlinu á suðvesturhorninu er það þó þannig að eitt atkvæði er „aðeins“ helmingi veigaléttara en atkvæði í dreifðari byggðum, m.a. í Norðvesturkjördæmi. Í stjórnarskrá er einnig bundið að ef þetta misvægi atkvæða verður meira en einn á móti tveimur þá beri að flytja til þingmenn úr fámennari kjördæmum yfir til þeirra þar sem kjósendur eru flestir.

Við samþykktum þá tillögu á sínum tíma og töldum það vera skref í hina réttu átt en áskildum okkur allan rétt á sama tíma til að halda okkar ýtrustu stefnu til haga að landið verði eitt kjördæmi. Þar eru klár og kvitt og gild rök til staðar. Í því fyrirkomulagi næst fullkominn jöfnuður milli kjósenda og misvægi atkvæða er ekki lengur til staðar, í öðru lagi fá stjórnmálaflokkar að fullu þann þingmannafjölda sem atkvæði þeirra segja til um, í þriðja lagi, sem er ekki veigalétt heldur, hafa þingmenn heildarhagsmuni að leiðarljósi en ekki hugsanleg þröng kjördæmasjónarmið og í fjórða lagi, sem er ekki síður mikilvægt, er kosningakerfið þar með einfalt og auðskilið.

Vissulega eru gallar á þessu kosningakerfi eins og öllum öðrum. Sumir hafa á það bent að það auki á flokksræðið, þ.e. varðandi hina stærri flokka á borð við þá sem eru í þinginu í dag, Samfylkingu og Sjálfstæðisflokk, að það geti þýtt nánast sjálfkjör, þ.e. að prófkjör eða uppstilling flokkanna verði veigaþyngri en atkvæði kjósenda á kjördegi. Vissulega ber að taka slíkum ábendingum með athygli. Við flutningsmenn viljum hins vegar mæta þeim ágöllum með þeim hætti að gera breytingar á kosningalögum og gera kjósendum kleift á kjördegi að breyta röð á framboðslistum, þ.e. að fyrsti maður í uppstillingu gæti verið sá tuttugasti, hafa með öðrum orðum nánast tvö atkvæði á hendi, annars vegar að kjósa flokk og hins vegar einstaklinga. Þetta eru líka kunnar hugmyndir okkar jafnaðarmanna og miða að því að gera kosningakerfið þannig úr garði að vilji kjósenda komi fram í smæstu og stærstu atriðum. Það hlýtur að vera últímatum og hin ýtrasta krafa okkar sem á löggjafarþinginu erum í lýðræðisríki á borð við Ísland þar sem vagga — ekki vil ég segja lýðræðisins — en vagga a.m.k. þingsins í heiminum öllum er.

Nú veit ég gjörla, herra forseti, og geri það að mínum lokaorðum í þessari stuttu framsögu sem ég hef svo sem flutt hér áður, að þessi mál eru til umfjöllunar í einni ágætri nefnd sem stjórnarskrárnefnd heitir og þar munu menn væntanlega véla um þetta atriði ekki síst á meðal annarra. Ég held hins vegar að það sé auðvitað nauðsynlegt hvað þetta ákvæði stjórnarskrár varðar sem og önnur að þingið haldið þessari umræðu vakandi og áfram hér í þessu húsi og meðal allra landsmanna og að við lítum ekki þannig til að þessi ágæta stjórnarskrárnefnd sé bara með þennan kaleik og allt sé í steinaþögn á meðan úti í samfélaginu um þessi veigaþungu álitaefni sem þar eru uppi á borðum og hér eru uppi á borðum. Að lyktum er það auðvitað í þessu húsi sem við tökum hinar endanlegu ákvarðanir í þessum efnum, þ.e. hvað stjórnarskrá varðar og löggjöfina almennt.

Ég legg því á það áherslu, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu fái þetta frumvarp enn eina ítarlega og góða umfjöllun í nefnd — ég hygg að það sé allsherjarnefnd — og að þar komist menn að því með hægðinni að

þetta er auðvitað hið eina skynsamlega skref í þessum efnum.

[15:52]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sem flutti hér sína framsöguræðu átti sæti í þeirri nefnd sem lagði til núverandi kjördæmaskipan sem var svo lamin í gegn á Alþingi með miklu harðfylgi í öllum flokkum. Mjög margir — ég segi nú ekki flestir — en mjög margir eru þeirrar skoðunar að þetta sé eitthvert allra vitlausasta mál sem samþykkt hefur verið á Alþingi og að núverandi kjördæmaskipan sé á allan hátt ómöguleg.

Það er nú svo að þó að þegar var verið að samþykkja þetta mæltu einhverjir þingmenn þessu bót þá finnst varla einn einasti þingmaður núna sem er ánægður með þetta, ekki einu sinni Reykvíkingarnir því að þeim finnst svo vitlaust að skipta Reykjavík.

Nú kemur þessi ágæti þingmaður fullur iðrunar og sér að hann hefur gert tóma vitleysu þegar hann lagði þetta til hérna um árið og nú á að leysa málið með því að gera landið allt að einu kjördæmi. Ekki held ég að það væri nú skárra og ég held að það séu nú flestir þeirrar skoðunar sem um þetta hafa hugsað að það mundi leiða til þess að flokksræðið yrði algjört. Flokksmaskínurnar í Reykjavík mundu ráða meira og minna uppstillingu og landsbyggðin yrði enn undir. Hún varð mjög undir við þessa kolvitlausu kjördæmaskipan sem var samþykkt hérna síðast og þetta er ekki leiðin til að bæta úr því. Ég hvet hv. þingmann, sem ég veit að er sanngjarn maður og umburðarlyndur, að hugsa málið upp á nýtt og beita sér fyrir því með fleiri góðum mönnum að skipuð verði ný nefnd sem komist að skynsamlegri niðurstöðu en síðast. En ég er sannfærður um að sú niðurstaða á ekki að vera sú að gera landið allt að einu kjördæmi.

[15:53]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er að sönnu rétt hjá hv. þingmanni að sá sem hér stendur sat í þeirri nefnd sem lagði grunninn að nýjustu breytingu til stjórnarskipunarlaga, t.d. þeirrar kjördæmisbreytingar sem samþykkt var og kosið var eftir í síðustu kosningum. Vel kann að vera — ég hef ekki gert á því nákvæma könnun — að fylgi við þá breytingu í þingsölum sé eitthvað lítið. En eitt veit ég, að sá sem hér stendur studdi það heils hugar og ver þá breytingu fram í rauðan dauðann því þó að hún hafi ekki verið gallalaus var hún miklu betri en kyrrstaða og það að ekkert hefði verið gert.

Á sama tíma og ég samþykkti það hér í atkvæðagreiðslum í tvígang fyrir kosningarnar 1999, eða hvenær það nú var, og í umræðum um þau mál sagði ég um leið að þetta væri aðeins skref í þá átt að gera landið að einu kjördæmi. Mín tilfinning er einmitt sú að eftir að kjördæmum fækkaði og þau stækkuðu landfræðilega þá eru þingmenn farnir að hugsa í stærri heildum, eru komnir út fyrir fjörðinn sinn, komnir út fyrir bæinn sinn og farnir að átta sig á því að það eru stærri hagsmunir, heildarhagsmunir sem eiga að ráða för í störfum okkar númer eitt, tvö og þrjú.

Svo er hitt, sem er auðvitað ekkert veigalétt í þessu, að það skref sem tekið var þrátt fyrir allt í síðustu lotu minnkaði misvægi atkvæða stórkostlega úr því að vera einn á móti fjórum í það að verða aldrei meira en einn á móti tveimur og það er nú umtalsverður árangur í lýðræðisátt. Ég þreytist því aldrei á því að verja þá breytingu sem gerð var. Hún var umdeild. Hún var ekkert gallalaus en var miklu betri en að gera ekki neitt. Við það höfðu þingmenn hér og þjóð búið áratugum saman og þá kyrrstöðu þurfti að rjúfa. Það tókst og við erum að undirbúa næstu skynsamlegu skref.

[15:56]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður segir að þessi breyting hafi verið betri en kyrrstaða. Það er sama og að segja: Það er betra að gera vitlaust en að gera ekki neitt.

Hv. þingmaður talar hérna þvert um huga sinn því að ég veit að hann er sammála mér í því að þessi breyting sem gerð var síðast var alveg arfavitlaus. Hann segir að hv. þingmenn hugsi í dag í stærri heildum en áður. Vera má að svo sé. En hv. þingmaður er þingmaður í þægilegasta kjördæminu þar sem menn þurfa varla að hreyfa sig meira en nokkra kílómetra. Hann ætti að reyna að setja sig í hlutverk þingmanna í hinum stóru kjördæmum sem eru bara undirlagðir af því að reyna að sinna sínum kjördæmum með endalausum ferðalögum við alls konar aðstæður. Það er auðvelt að búa í Hafnarfirði og dandalast hérna í kringum Reykjavík og segja svo svona.

Málið er nú bara að þetta er eitthvert arfavitlausasta mál sem hér hefur verið samþykkt og því eru flestir sammála. Hv. þingmaður segir að þetta sé umdeilt og ekki gallalaust og það er svo sannarlega rétt hjá honum. Þetta er umdeilt og ekki gallalaust. Þetta er einfaldlega arfavitlaust og því fyrr sem hv. þingmaður viðurkennir það því betra.

[15:57]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við hv. þm. Guðjón Guðmundsson verðum sennilega seint sammála í þessum efnum. Ég hef heyrt þessi uppnefni hans á núverandi kjördæmaskipan og hann talaði skýrt og greinilega fyrir sínum sjónarmiðum þegar málið var afgreitt á sínum tíma. Ég kann ekkert um það að segja hvort þetta hafi verið knúið í gegn í hans þingflokki með einhverjum látum. En menn fóru frjálsbornir í það í mínum flokki og samþykktu þetta flestir með bros á vör, aðrir kannski eilítið súrir.

Það er ekki rétt hjá hv. þingmanni að ég hafi ekki neinn skilning á því hvernig háttar til störfum þingmanna úti á landsbyggðinni. Það er alrangt. Ég hef einmitt reynt í mínum störfum að horfa út fyrir mitt kjördæmi og geri það sem snaran þátt í mínum þingmannsstörfum að fara út fyrir minn heimagarð, fara út um land, hitta kjósendur í öðrum kjördæmum, og það er auðvitað skylda okkar allra. Ég vil minna hv. þingmann á það, kunni hann ekki skil á því sem ég held að hann geri þó, að sá sem hér stendur var nú frambjóðandi í Austurlandskjördæmi hinu gamla þar sem þjóðvegurinn var enda á milli um 770 kílómetra og skynjaði það auðvitað vel að þeim tíma, sem var 1983, að þetta var allt býsna erfitt. En samgöngur hafa gjörbreyst á þessum tíma og eru með allt öðru móti.

Má ég rifja það upp fyrir hv. þingmanni, frú forseti, að 1959 þegar menn fóru úr einmenningskjördæmunum yfir í þetta átta kjördæma fyrirkomulag, hlutfallskosningu, í hverju lá helsta andstaðan við þær breytingar á þeim tíma í þessum sal, hjá þeim sem hér voru? Hún lá í því að svo langt væri á milli, að samgöngur væru svo erfiðar og stórkostlegar. Auðvitað hefur þetta allt saman gjörbreyst. Það vildu allir halda í, a.m.k. hv. þingmaður, það fyrirkomulag sem þá var, þ.e. um síðustu aldamót. Svona breytast nú tímarnir, frú forseti, og ég held að við þingmenn verðum að breytast með. Þannig er það nú bara.

[15:59]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst full ástæða til að koma í ræðustól og hrósa sérstaklega hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir staðfestuna, að leggja málið fram aftur og aftur og mæla fyrir því.

Ég ætla ekki að nudda honum upp úr því þó að hann hafi skipt um skoðun varðandi kjördæmaskipunina. Ég veit að hann er einn af þeim sem stóðu að þeirri kjördæmaskipan sem við búum við núna og mér finnst hann maður að meiri að hugsa enn lengra til framtíðar.

Af því að menn nefna vegalengdir sem rök fyrir því að stækka kjördæmin og fækka þeim þá langar mig að rifja það upp að ég held ég hafi verið 11 ára, það eru nokkur ár síðan, þegar ég fór með rútu frá Reykjavík og norður til Akureyrar og var 14 tíma á leiðinni. Það var við þær aðstæður sem þeirri kjördæmaskipan var komið á sem við bjuggum við áður.

Ég verð að segja að mér finnast miklu fleiri og sterkari rök fyrir því að landið sé eitt kjördæmi heldur en þau sex sem við erum með núna. Hins vegar fyndist mér gaman að heyra frá hv. þingmanni hvaða leiðir hann sér til að vinna gegn flokksræðinu sem menn eru almennt sammála um að væri eitt af því sem er hætt væri við með því að gera landið að einu kjördæmi.

Miðað við íbúafjöldann á Íslandi, innan við 300 þúsund manns, þótt vegalengdirnar séu nokkrar, þá held ég því fram, ég hef þá tilfinningu, að þetta reisi frekar girðingar og þrengi sýn manna í pólitíkinni sem er alveg óþarfi. Ég held að m.a. víðsýni þingmanna mundi aukast og umhyggja fyrir landinu öllu sem sínu ábyrgðarsvæði ef það yrði gert að einu kjördæmi.

Síðan, varðandi stjórnarskrárnefndina, þá er það hárrétt sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði, að þótt hún sé að störfum þá er endanlega ákvörðunarvaldið á þingi, eða réttara sagt endanlega ákvörðunin um breytinguna á stjórnskipuninni liggur auðvitað hjá þjóðinni. Að lokinni þessari umræðu verður tillögunni auðvitað vísað til viðeigandi nefndar en mér segir svo hugur að í endurskoðunarvinnu stjórnarskrárnefndar, sem skipuð er fulltrúum allra flokka og er hvergi bundin í endurskoðunarvinnu sinni, hljóti mál eins og þetta ágæta þingmál hv. þingmanns að koma til skoðunar og þau rök sem hann færir fyrir því að gera þessa breytingu á kjördæmaskipan.

[16:01]

Flm. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Ég vil þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz fyrir jákvæð viðbrögð hennar við þessu frumvarpi okkar jafnaðarmanna. Við erum staðfastir í þessari baráttu. Ég hygg að fyrsta málið af þessum toga hafi verið flutt í þessu húsið árið 1927 af Héðni Valdimarssyni, þannig að ég er svo sem ekki fyrsti jafnaðarmaðurinn til að mæla fyrir hugmyndum í þessa veru.

Ég hef svo sem ekki miklu við andsvar hv. þingmanns að bæta að öðru leyti en vildi kasta fram þeirri hugmynd, og tek undir það með henni, að það er stundum óþægilegt að mér finnst þegar menn skipa sér ekki aðeins í stjórnmálaflokka, ekki aðeins í stjórn og stjórnarandstöðu í þessu húsi, heldur hólfa sig einnig í dreifbýlisþingmenn og þéttbýlisþingmenn. Dreifbýlisþingmennirnir halda því fram að þeir eigi miklu erfiðara með að ná eyrum kjósenda sinna vegna veðurfars, samgöngumála og annað slíkt.

Ég ætla svo sem ekki að detta niður í þá umræðu. Ég vil bara skilja þá hugsun eftir, ég hugsa oft um það, að það er ekkert áhlaupaverk hér á suðvesturhorninu að ná eyrum kjósenda á sama hátt og gerist í smærri byggðarlögum þar sem návígið við einstaklinga er miklu nánara og meira. Það liggur stundum við, fyrir utan hina hefðbundnu fundi stjórnmálaflokkanna, að ef við ætlum að hitta fólk sem ekki er virkt í stjórnamálastarfi þá sé það helst úti í búð. Varla setur maður á miklar ræður mitt á milli kosninga úti í kjörbúð eða stórmörkuðum. Menn gera það í góðum gír annað slagið en þar eru líka vandamál af þessum toga sem menn þurfa að huga að. Þetta er þó eiginlega útúrdúr.

Ég tek undir með hv. þingmanni. Ég þakka henni stuðninginn. Ég finn það og skynja á mínum beinum að það eru ekki bara við jafnaðarmenn heldur þingmenn úr öðrum flokkum sem í auknum mæli eru leynt og ljóst að fallast á þessa skynsamlegu, gömlu, grónu, en framsýnu hugmynd um landið sem eitt kjördæmi.

[16:04]

Jónína Bjartmarz *(andsvar)*:

Frú forseti. Rétt til að halda því til haga, af því að flokkur hv. þingmanns kennir sig við jafnaðarmennsku, þá kennir flokkur okkar framsóknarmanna sig við framsækni og samstarf. Það er ein af ástæðunum fyrir því að ég styð þessa hugmynd. Hún er einmitt sú að við getum starfað meira saman, þingheimur sem einn hópur, að hagsmunum fólks um allt land. Ég tek undir það sem hv. þingmaður sagði áðan, að menn skipta sér hér í flokka og skipta sér auk þess eftir kjördæmum. Svo er alþekkt þetta kjördæmapot. Þess sáust best merki í umræðu um samgönguáætlunina, sem mig minnir að hafi verið í fyrradag. Þá voru ekki fimm flokkar á þingi heldur voru þeir allt í einu tveir. Það var höfuðborgin og þéttbýlið. Í þeirri umræðu mátti ætla að það væru sitt hvorir hagsmunirnir eða að hagsmunirnir stönguðust á.

Með þessa litlu þjóð, í þessu tiltölulega strjálbýla landi, innan við 300 þúsund manns, finnst mér það stundum hlægilegt að við búum til vandamál og girðingar þegar engin ástæða er til. Hagsmunir okkar fara meira og minna saman. Við erum meira eins og ein stór fjölskylda á mæli-

kvarða annarra og stærri þjóða.

Ég fagna bara enn og aftur, frú forseti, þessu máli hv. þingmanns. Hugmyndin á bak við það, rökin á bak við það, falla að skoðunum mínum. Svo eigum við eftir að sjá hvort það hefur meirihlutastuðning í endurskoðunarvinnu stjórnarskrárnefndar og í vinnu viðkomandi þingnefndar. Ég er mjög hlynnt því að menn séu framsæknir og framsýnir og þeim sé ekki nuddað upp úr því þó þeir hafi stutt þá kjördæmaskipan sem við kusum eftir síðast.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 1. umr.

Frv. GÖg o.fl., 207. mál (hámarksfjárhæðir). — Þskj. 207.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 732. mál (meðafli, leyfissviptingar). — Þskj. 1094.

[16:06]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Ég flyt hér seinni ræðu mína í umræðu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. þingmanni og formanni sjávarútvegsnefndar, Guðjóni Hjörleifssyni, fyrir að halda ræðu — sem ég veit ekkert hvort hann ætlaði sér en hann gerði það a.m.k. — því annars hefði ég ekki fengið að halda síðari ræðu mína miðað við reglur sem gilda á þinginu. Ég held að full ástæða sé til að menn taki það til skoðunar ef það er svo að þingmaður, sem hefur rétt til að taka tvisvar til máls í ákveðnu máli við 1. umr., ef enginn kveður sér hljóðs eftir fyrri ræðu hans, fái ekki að taka til máls aftur og flytja seinni ræðu sína. Mér þykir svolítið undarlegt ef hægt er að taka þann rétt af þingmanni með því að enginn sýni málinu áhuga.

Þá kem ég að efnisatriðum. Ég fór í fyrri ræðu yfir 1. gr. þessa frumvarps. Mér er ekki nærri því eins mikið niðri fyrir varðandi 2. gr. og 1. gr. Þar voru gerðar þær breytingar að lagðar voru auknar skyldur á útgerð og skipstjóra fiskiskips til að fylgjast með stöðu aflaheimilda á skipum sínum með hliðsjón af úthlutuðum aflaheimildum, flutningi aflaheimilda og lönduðum afla. Það er fyrri viðbótin við lagatextann í núverandi lögum. Ég velti aðeins fyrir mér, varðandi útgerðina og skipstjórann, hvernig ábyrgðin skiptist á milli þeirra miðað við orðanna hljóðan eins og þarna er, hvort báðir beri jafnmikla ábyrgð eða hvort þeir beri mismunandi ábyrgð á að fylgst sé með stöðu aflaheimilda á skipunum. Það hlýtur að skipta máli hvort útgerðarmaðurinn og eigandinn, sem heldur skipinu til veiða og er þar af leiðandi vinnuveitandi og yfirmaður skipstjórans, ber meiri ábyrgð í þessu tilviki en skipstjórinn, sem er kannski launþegi hjá viðkomandi útgerðarmanni og telur sig þurfa að fara að fyrirmælum yfirboðara síns.

Því er síðan bætt á útgerðirnar í landinu að þær skuli bera kostnað af símskeytum og öðrum tilkynningum sem þeim eru sendar eftir þessari grein laganna, þ.e. ef Fiskistofa sendir þeim skeyti um að aflaheimildir þeirra séu ekki í lagi þá skuli útgerðin bera kostnaðinn sem af því hlýst. Það er heimilt að bæta þeim kostnaði við gjald sem greitt er fyrir tilkynningu um flutning aflamarks til viðkomandi skips. Eins og hv. þingmenn vita þá greiða útgerðir gjald fyrir það að skrá aflaheimildir á skip eða færa aflaheimildir á milli. Nú má bæta við það gjald kostnaði af símskeytum og kannski ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra hvort menn hafi þarna einhvern annan kostnað í huga, hvort það er eingöngu kostnaðurinn við að senda símskeyti, samkvæmt gjaldskrá Símans væntanlega, eða hvort þar komi til viðbótarkostnaður vegna vinnu og umstangs sem óneitanlega hlýst af því í starfsemi stofnunarinnar að þurfa að senda út svona tilkynningar. Er þetta hreint og klárt kostnaðurinn við að senda símskeytið á símalínum eða kemur vinna embættismanna við þetta inn í gjaldið samkvæmt hugmyndum ráðherra?

Ráðherra á að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Gott væri að fá að heyra hverjar þær gætu orðið. Eins væri gott ef hæstv. ráðherra hefði upplýsingar um heildarkostnaðinn af símskeytum undanfarin ár þannig að við getum gert okkur í hugarlund hvaða auknar álögur er verið að leggja á útgerðir, sem væntanlega hafa takmarkaða kvótastöðu því að það er helst til þeirra sem þarf að senda svona skeyti.

Aðeins að 1. gr. aftur, þar sem mér tókst ekki alveg að klára fyrri ræðu mína innan tímamarka. Maður veltir því óneitanlega fyrir sér, eins og ég sagði í ræðunni, hvað kallar á þessa breytingu núna. Ég skil svo sem ósköp vel að menn verði að bregðast með einhverjum hætti við þeim meðafla sem kemur flottroll. Ég sé reyndar í greinargerðinni með frumvarpinu að breytingartillögur um hvernig meðafli skuli metinn til aflamarks má rekja til tillagna frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og umgengnisnefndarinnar eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra í framsögu hans. Ég velti fyrir mér í fullri alvöru af hverju ekki er hægt í almennum lögum og reglum sem gilda um önnur veiðarfæri að koma því þannig fyrir að útgerðir verði með búnað til að geta starfað í samræmi við þær lagagreinar sem gilda um aðrar veiðar, önnur veiðarfæri og búnað skipa. Það er alltaf undarlegt þegar setja þarf svo sérstakar reglur sem þarna er kveðið á um.

Gott væri einnig að fá að vita, ef hæstv. ráðherra hefur það í höndunum, hver meðaflinn hefur verið á undanförnum árum. Erum við að tala um tugi tonna, hundruð tonna eða þúsundir tonna af fiski sem ekki er uppsjávarfiskur og menn álíta að komið hafi í veiðarfæri þessara skipa? Það hlýtur að hafa verið áætlað í ráðuneytinu eða á einhvern hátt reynt að mæla hve mikill þessi afli er. Að öðrum kosti mundu menn væntanlega ekki að bregðast við þessu vandamáli. Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Á síðustu kolmunnavertíð jókst meðafli nokkuð og leiddi það til aukinnar umræðu um hvernig með skyldi fara. Er sú tillaga sem hér er lögð fram niðurstaða þeirrar umræðu. Þess skal getið að Fiskistofa hefur í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina fylgst vel með löndunum á uppsjávarfiski og liggja fyrir upplýsingar um meðafla tvö síðustu ár.“

Það eru kannski þessar upplýsingar sem ég kalla eftir að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um, hver þessi afli er fyrst svona vel hefur verið fylgst með löndun á uppsjávarfiski á undanförnum tveimur árum.

Að endingu, frú forseti, er vert að benda á að hér hefur aðeins farið fram 1. umr. um málið og við sem sitjum í sjávarútvegsnefnd eigum eftir að fá það inn til okkar, velta því fyrir okkur þar og óska eftir umsögnum hagsmunaaðila. Mér sýnist reyndar að búið sé að kalla eftir umsögnum einhverra hagsmunaaðila fyrir fram. Ef þetta byggir á tillögum frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna má reikna með að þeir séu þokkalega sáttir við þetta. Ég veit ekki hvaða aðilar sitja í umgengnisnefndinni, hvort það eru einhverjir frá Landssambandi smábátaeigenda, samtökum sjómanna eða hverjir sitja í henni. Það getur verið, ef það er nokkuð breitt svið innan þeirrar nefndar, að flestir þeir sem fá þetta til umsagnar séu þegar búnir að sjá málið og komi kannski að þessu á fyrri stigum. Ég er í raun ekki að gagnrýna það vegna þess að ég held að oft á tíðum sé hreint og klárt sniðugt að kalla til hagsmunaaðila í undanfara lagasmíðar eða breytinga á lögum, fremur en að gera breytingar í lokuðu herbergi í sjávarútvegsráðuneytinu, leggja fyrir þingið og kalla síðan eftir umsögnum. Oft er það þannig þegar hæstv. ráðherrar eða embættismenn skrifa einhvern texta og hann kemur fyrir þingið að þá er textinn eins og börnin þeirra og lítið má gagnrýna hann eða breyta. Menn vilja halda sig við það sem fyrst var skrifað. Þess vegna held ég að það gæti verið gott, eins og mér sýnist hafa verið gert í þessu máli, að kalla hagsmunaaðila til fyrir fram svo að þeir geti lýst hugmyndum sínum en svo taki náttúrlega ráðherra endanlega ákvörðun um hvað af hugmyndum þeirra eða tillögum rati inn í lagatextann.

Ég vona að hæstv. ráðherra hafi gögn í höndunum til að geta svarað einhverjum af þessum beinhörðu upplýsingum sem ég óskaði eftir varðandi kostnaðinn við símskeytin og hvort um annan kostnað væri að ræða. Eins spurði ég um meðaflann, sem mældur hefur verið eða skoðaður, hvert umfang hans hafi verið á undanförnum árum.

[16:15]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spurði annars vegar um hvert magn meðaflans hefði verið á síðasta ári — ég er rýna hérna í tölurnar — ég held að ég þurfi að athuga þetta aðeins betur áður en ég svara þessu. Ég fer því í hitt sem spurt var um og það var hvernig ábyrgðin skiptist. Þeir bera auðvitað báðir jafnmikla ábyrgð ef báturinn fer út án þess að hafa heimildirnar. Kostnaðurinn við skeytin er bara vegna skeytanna og hann hefur verið — ég fer með það eftir minni — 6 eða 7 milljónir, það eru ekki tugir milljóna en það er á þessu bili og þessu er auðvitað hægt að svara í nefndinni.

Varðandi það að flokka aflann um borð og láta almennu regluna gilda þá er það ekki einfalt og kallar á nýjan tæknibúnað. Það getur því verið alveg eins gott að meta aflann á þann hátt sem hér er lagt til, alveg eins nákvæmt, og getur síðan leitt til þess ef einhver veruleg brögð verða að meðaflanum að menn sjái sér hag í að leggja í kostnað og breytingar á skipum til að nýta hann betur. Það kæmi þá ákveðin skilvirkni og verðmætaaukning út úr því.

Ég ætla aðeins að rýna betur í tölurnar áður en ég svara í síðara andsvari.

[16:18]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin.

Varðandi ábyrgð útgerðar og skipstjóra á því að fylgjast með stöðu aflaheimilda skipa sinna þá kemur fram í svari hæstv. ráðherra að útgerðarmaður og skipstjóri bera jafnmikla eða jafna ábyrgð á því að skip fari ekki á sjó án þess að aflaheimildir séu fyrir hendi.

Það getur vel verið að í upphafi veiðiferðar sé aflastaða skipsins þannig að skipstjóri meti það svo að hún dugi fyrir þann veiðitúr sem verið er að fara í á dagróðrabáti eða báti sem er lengri tíma úti. En svo gerist það eins og oft gerist við veiðar, sem betur fer, að aflabrögð eru betri en menn áttu von á og þegar búið er að leggja í sjó net eða línu þá draga menn það um borð sem kemur. Maður veltir þá fyrir sér þessari jöfnu ábyrgð skipstjóra og útgerðarmanns því að skipstjórinn er náttúrlega persóna sem ber ábyrgð sem einstaklingur en útgerðarmaðurinn er jafnvel lögaðili og fyrirtækið sem ber þá ábyrgð.

Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra: Er það svo ef fyrirtæki gerir út bát, lögaðili með kennitölu, að þá sé lögaðilinn sóttur er til saka, ef þarf, og jafnframt persónan skipstjórinn? Getur verið að útgerðarmaðurinn í þessu tilviki sem persóna beri enga ábyrgð heldur eingöngu fyrirtækið?

Ég kann þetta ekki samkvæmt þeim lögum sem gilda um refsingar í þessu regluverki öllu en þætti vænt um ef ráðherra gæti upplýst mig um hvort það geti verið að annars vegar sé um að ræða lögaðila sem tekur skellinn og hins vegar persónu sem er þá skipstjóri og launþegi hjá lögaðilanum.

[16:20]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé eitthvað sem heitir „hlutlæg ábyrgð“ sem gerir það að verkum að refsivert getur verið fyrir einstakling að standa að broti á vegum fyrirtækis, en klárlega er það auðvitað skipstjórinn. Það leggur ekkert skip úr höfn án þess að skipstjórinn taki ákvörðun um það, hann er yfirmaður um borð og eðlilegt að hann sé ábyrgur fyrir þessu eins og öðru sem að skipinu snýr.

Varðandi spurninguna um hversu mikill meðaflinn hafi verið þá hefur því verið svarað í fyrirspurnatíma. Árið 2004 var annars vegar um að ræða 2.094 tonn af ufsa og hins vegar 1.686 tonn af þorski. Árið 2003 var um að ræða

1.605 tonn af ufsa og 156 kíló af þorski. Það hefur því orðið aukning á þessu tímabili, en þetta kom fram í svari á þskj. 426 sem er 313. mál á yfirstandandi þingi.

[16:21]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta eru talsvert háar tölur um meðafla því að hér erum við að tala um afla sem eftirlitsmenn á vegum Fiskistofu vega og meta að hafi verið meðafli og í flestum tilvikum hefur sá afli sem þarna er um að ræða kannski ekki verið vigtaður eða handfjatlaður. Eftir sem áður erum við að tala um að á milli áranna 2003 og 2004 verður þarna talsvert mikil breyting á, sérstaklega hvað varðar þorskinn, að 156 tonn árið 2003, sem meðafli í þorski með kolmunnaveiðum væntanlega, verða tæp 1.700 tonn á árinu 2004 og því fylgja 2.000 tonn af ufsa. Við erum í raun að tala um aflaheimildir sem mörg smærri sveitarfélög úti á landi teldu sig fullsæmd af. Við verðum því að hafa það í huga þegar við tölum hér um meðafla í flottrollsveiðum að tala ekki um þann afla af neinni léttúð. Þetta er mikill afli og eins og ég sagði margir sem teldust fullsæmdir af því að hafa þessar veiðiheimildir til að geta sótt á heilu ári fyrir jafnvel heilt byggðarlag úti á landi.

Aðeins varðandi 1. gr. Ráðherra setur reglur um hvernig sýnatöku skuli háttað og hvernig reikna skuli síðan út úr þeim sýnum. Mér þætti vænt um það, frú forseti, ef hæstv. sjávarútvegsráðherra gæti upplýst okkur um hvort við í sjávarútvegsnefnd getum vænst þess, nú þegar við tökum málið til umfjöllunar og síðan afgreiðslu, að þær reglur sem hæstv. ráðherra á að setja liggi fyrir núna þegar við fjöllum um málið, því að ég held að það gæti hjálpað málinu frekar en hitt ef við sæjum þær reglur sem ráðherra ætlar að leggja til grundvallar þegar kemur að því að taka sýni og reikna út því að þetta eru óneitanlega sérreglur sem verið er að setja hér og því væri gott að sjá þær.

[16:24]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér nýtt frumvarp til laga um breytingu á lögum umgengni um nytjastofna sjávar. Við ætlum sem sagt að fara út í það að fylgjast grannt með því hver er meðafli skipa sem stunda veiðar með flotvörpu á uppsjávarfiski, kolmunna, síld og loðnu. Reikna á þennan meðafla út eftir kúnstarinnar reglum og draga hann síðan frá eða láta menn skaffa kvóta fyrir meðaflanum.

Hér er enn eina ferðina verið að búa til nýjar reglur í kringum mjög flókið fiskveiðistjórnarkerfi þar sem reglugerðafrumskógurinn er orðinn að þvílíku myrkviði að jafnvel hörðustu kvótasinnum er farið að óa við og menn virkilega farnir að kveinka sér undan þeim stórkostlega eftirlitsiðnaði sem byggður hefur verið upp í kringum sjávarútveginn á mörgum undanförnum árum á valdatíma núverandi fiskveiðistjórnar með gríðarlegum tilkostnaði, tímaeyðslu og öðru því sem fylgir.

Ef við tökum kolmunnaveiðarnar sérstaklega, ég hygg að þetta hafi fyrst og fremst verið vandamál á kolmunnaveiðum sem eru að mestum hluta stundaðar yfir sumarið, og lítum yfir sögu þeirra veiða þá hefur þróunin þar verið ævintýraleg á undanförnum árum. Fyrir tíu árum voru þessar veiðar nánast ekkert stundaðar hér við land en nokkur undanfarin ár höfum við verið að veiða í kringum hálfa milljón tonna af kolmunna, virðulegur forseti. Þarna hefur komið fram nýr nytjastofn sem hefur skipt mjög miklu máli fyrir atvinnulífið víða úti á landi, ekki síst á Suðausturlandi og Austurlandi. Hv. þm. Jón Gunnarsson sagði í ræðu sinni áðan að hinn uppreiknaði meðafli á síðasta ári gæti verið kvóti sem lítið sjávarþorp úti á landi gæti verið fullsæmt af, þ.e. afli í kringum 1.500 tonn af þorski og kannski 2.000 tonn af ufsa.

Það má alveg taka undir þá röksemdafærslu en þá má þingmaðurinn ekki heldur gleyma því að kolmunnaævintýrið hefur skilað byggðum úti á landi alveg gríðarlegum verðmætum og mikilli vinnu á tímum sem áður voru algjörlega dauðir í atvinnulífinu í þessum þorpum. Við megum alls ekki gleyma því. Það er bara staðreynd sem menn verða að viðurkenna.

Ef við lítum á meðaflann hjá þessum skipum í flotvörpu þá hef ég fylgst grannt með þessu á undanförnum árum. Síðustu tvö árin hef ég sent inn fyrirspurnir til skriflegs svars til hæstv. sjávarútvegsráðherra um hversu mikill þessi meðafli væri samkvæmt þessum athugunum sem eru náttúrlega einu gögnin sem við höfum í höndum, samkvæmt þeim athugunum sem eftirlitsmenn Fiskistofu hafa gert. Orðrómur hefur verið á kreiki um að meðaflinn gæti í einhverjum tilvikum verið verulegur og sá orðrómur hefur að sjálfsögðu og sem betur fer leitt til þess að eftirlitsaðilinn, þ.e. Fiskistofa, hefur sent út menn til að mæla þetta og reyna að koma einhverjum tölum á hvað þetta gæti verið mikið.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að þó að þessar tölur virðist kannski við fyrstu sýn vera nokkuð háar, 1.600 tonn af ufsa uppreiknað árið 2003, 2.000 tonn af ufsa árið 2004, þorskur 156 tonn uppreiknað árið 2003 og rétt tæp 1.700 tonn árið 2004 þá verðum við að athuga að þetta er uppreiknaður meðafli úr kolmunnaafla sem er um og yfir hálf milljón tonna. Við erum þá að tala um ekki einu sinni hálft prósent af kolmunnaaflanum sem hefur komið sem meðafli af þessum tegundum nytjastofna. Það er allt og sumt.

Um leið og við rýnum í þessar tölur verðum við líka að hafa það hugfast að menn hafa verið meðvitaðir um þetta vandamál, þetta hefur verið mjög mikið í umræðunni. Lokað hefur verið stórum svæðum, öllum Þórsbanka hefur til að mynda nú verið lokað, sem hefur verið og var fyrstu árin eitt helsta veiðisvæði kolmunnaskipanna yfir sumartímann suðaustur af landinu. Hvers vegna hefur honum verið lokað fyrir veiðum í flotvörpu? Jú, vegna þess að þar var meðafli. Ég veit t.d. til þess að í fyrra óskuðu sjómennirnir sjálfir eftir því að þetta svæði yrði stækkað, vegna þess að sjómennirnir okkar eru þó alla vega þannig innrættir að þeir vilja ekki standa í því að veiða slíkan meðafla sér til gamans eða skemmtunar og landa honum síðan í stórum stíl til bræðslu. Ég bara veit það, ég hef talað við þessa menn og spurt þá að því. Ef þeir lenda í að fá meðafla kippa þeir undantekningarlaust út úr því. Þeir færa sig.

Annað sem mig langar til að minnast á, sem er náttúrlega annar þrálátur orðrómur, er að menn hafi verið að veiða lax í þessi flottroll, jafnvel í stórum stíl. Ég trúi þessu

heldur ekki. Laxinn er mjög hraðsyndur fiskur. Hvað eru menn að toga á miklum hraða á kolmunnaveiðum? Vita menn það? Veit hæstv. sjávarútvegsráðherra hver toghraðinn er á kolmunnaveiðunum? Veit hv. þm. Jón Gunnarsson það eða formaður sjávarútvegsnefndar? Hann er u.þ.b. 3,5–4 mílur á klukkustund, innan við 10 kílómetra hraði. (Gripið fram í.) Þetta er skokkhraði.

Það kemur smávegis af ufsa sem meðafli á kolmunnaveiðunum, það er rétt, hv. þm. Jón Gunnarsson. En mér finnst óþarfi að setja enn eina reglu sem flækir fyrir mönnum, gerir mönnum erfitt fyrir við veiðar og eykur kostnað og skriffinnsku. Við eigum miklu frekar að hafa þetta þannig að menn stundi veiðar sínar með þessum veiðarfærum, sem eru fullkomlega lögleg. Það er svo allt önnur umræða hvort réttlætanlegt sé að nota flottroll við síldveiðar og loðnuveiðar. Ég get alveg tekið undir mörg þau sjónarmið og ég hef gagnrýnt þær veiðar á þeim fiskstofnum vegna þess að ég tel að þær séu varhugaverðar, en það er allt önnur umræða, við tölum um meðafla.

Ég tel að það sé miklu betra að hafa þetta þannig að menn fái meðaflann ef þeir lenda í honum. Ég trúi því, eins og ég sagði áðan, ekki upp á menn að þeir séu að þessu að gamni sínu. Ef það verða hins vegar slys komi menn með aflann í land og við höfum þetta þannig að allt sé uppi á yfirborðinu. Þá getum við brugðist rétt við, þ.e. með því að loka svæðum þar sem er meðafli. Það höfum við gert fram að þessu í auknum mæli og eftir því sem reynslan og þekkingin eykst á veiðunum — höfum það hugfast að þetta eru nýjar veiðar — þá ná menn betri tökum á þessu með þeim hætti. Það er engin lausn að setja einhverjar reglur um að menn þurfi að koma með kvóta fyrir aflanum. Ég tel að það bjóði hættunni heim á því að menn hendi aflanum í sjóinn. Ef þeir lenda í einhverju slysi, segjum að skip fengi allt í einu einhverja tugi tonna t.d. af þorski, karfa eða ufsa vaknar hreinlega upp sú freisting, og við eigum að viðurkenna það hreinskilnislega, að áhöfnin dæli því tiltekna hali beint aftur í sjóinn. Erum við eitthvað bættari með það? Nei, við erum ekkert bættari með það. Það er búið að veiða þennan fisk, það er búið að drepa hann. Sami fiskur verður ekki veiddur oftar en einu sinni.

Menn verða aðeins að staldra við og hugsa sinn gang í þessum málum. Það er alveg með ólíkindum að hlusta á sjálfstæðismenn, hæstv. ráðherra Sjálfstæðisflokksins, sem er flokkur frelsis til athafna og einkaframtaks. Hv. formaður sjávarútvegsnefndar, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, er úr sama flokki. Þeir menn fara hér um og leyfa sér að búa til kerfi sem verður sífellt flóknara, reglur á reglur ofan endalaust. Menn úr þessum flokki, af öllum flokkum, flokknum sem segist hafa barist fyrir frelsi stendur nú fyrir því að leggja endalaus höft á menn, óþarfa reglusetningar út og suður, vanhugsaðar reglusetningar.

Það er verið að tala um að það sé sanngjarnt að krefja menn um kvóta fyrir þeim meðafla sem þeir veiða þegar þeir stunda kolmunnaveiðar. Það má kannski færa röksemdafærsluna í þá átt að það sé sanngjarnt á meðan aðrir séu hundeltir. Ég er á móti því að þeirri röksemdatækni sé beitt með þeim hætti. Ég tel að miklu nær væri að horfa í hina áttina og slaka á klónni hjá þeim sem eru þó hundeltir í dag.

Til hvers erum við til að mynda með kvóta á tegundum sem veiðast alla jafna sem aukaafli við botnfiskveiðar? Hvar er fiskifræðilega röksemdin fyrir því að vera með kvóta á keilu eða löngu eða skötusel? Er til að mynda einhver sérstök fiskifræðileg röksemd fyrir því að vera með kvóta á ufsa? Nei, það eru engar fiskifræðilegar röksemdir fyrir því. Ég tel að menn ættu miklu frekar að reyna að skrúfa ofan af þessu reglugerðarbákni, skrúfa ofan af þeirri ófreskju í staðinn fyrir að koma hingað og bæta enn einni lagasetningunni ofan á þetta, enn einum álögunum á sjávarútveginn, sem má ekki við miklu eins og ástandið er í dag, koma hér og hreykja sér af verkum sínum eins og hv. formaður sjávarútvegsnefndar gerði áðan og sagði að þetta væri einhver stórkostleg lagabót sem mundi auka gegnsæið í greininni. Hvers konar bull er þetta? Verið er að setja tilgangslausar reglur, lög út í loftið sem þjóna engum tilgangi, auka bara á vandræði manna við veiðar sem menn hafa verið að þróa af miklum dugnaði þrátt fyrir að stjórnvöld hafi verið dugleg við að setja stein í götu þeirra, til að mynda með kvótasetningu á kolmunna yfir höfuð, sem var algjör óþarfi og hefur að ég tel skaðað hagsmuni okkar Íslendinga sem þjóðar í að ná stöðu í samningaviðræðum um skiptingu á stofninum. Þetta hefur haft heftandi áhrif á sjávarútveginn, sjávarútvegsfyrirtæki, til að kortleggja til að mynda útbreiðslu kolmunnans, til að kortleggja hvað er mikið af kolmunna í íslenskri lögsögu. Þetta hefur skaðað okkur. Þetta hefur líka skaðað hagsmuni sjávarbyggða sem hefðu getað haslað sér völl í veiðunum, hefðu getað farið út í fjárfestingar í skipum og búnaði, til að mynda í Vestmannaeyjum. Þar misstu menn af hinum svokölluðu viðmiðunarárum, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, formaður sjávarútvegsnefndar, hann heyrir til mín.

Formaður sjávarútvegsnefndar ætti frekar að koma og aðstoða mig í því að slaka á kvótasetningunni í kolmunnanum til að hleypa nýliðum að, til að mynda þannig að útgerðir í Vestmannaeyjum gætu haslað sér völl í veiðunum til hagsbóta fyrir Vestmannaeyinga. Bestu kolmunnamiðin eru rétt austan við Vestmannaeyjar, jafnvel fyrir vestan Eyjar líka. Það er eitt ruglið, það er bannað að stunda kolmunnaveiðar fyrir vestan Vestmannaeyjar af því að menn eru svo hræddir við meðafla. Samt sem áður hafa menn ekkert fast í hendi, engar rannsóknir eða neitt sem segja að það sé einhver sérstök hætta á meðafla þar, það er bara bannað. Af hverju? Af því bara.

Svona hlutir fara í taugarnar á mér. Það er verið að auka á vitleysuna og menn taka undir með húrra hrópum og klappi og finnst þetta flott. Þetta þjónar engum tilgangi, við erum ekki að þjóna hagsmunum heildarinnar, við þjónum ekki hagsmunum þjóðarinnar með þessu. Það er miklu betra að láta þetta bara eiga sig eins og þetta er, fá aflann á land, þá sjáum við hvort það hafi verið vandræði með meðafla eða ekki og bregðumst rétt við, þ.e. með því að loka svæðum. Eins og ég sagði áðan og segi enn og aftur: Sjómennirnir okkar eru ekki að gera sér það að leik að veiða þorsk, ýsu og ufsa og karfa í bræðslu. Þetta eru slys sem menn lenda í úti á miðunum og ber að taka þeim sem slíkum. Við erum ekki að rústa neinum fiskstofnum þó að þetta gerist og við eigum að bregðast við því með skynsemi, með því að loka svæðum. Menn eru heldur ekki að veiða lax í

stórum stíl í flottroll.

Skoðum veiðitölur yfir lax á Íslandi undanfarin ár, virðulegi forseti. Ég er með nýjustu tölur frá Veiðimálastofnun fyrir framan mig. Frá því að flottrollsveiðar hófust á kolmunna við Ísland eða flottrollsveiðar yfir höfuð hefur laxgengd verið að aukast í ár. Heildarlaxveiði hefur verið að aukast jafnt og þétt frá árinu 2000. Veiðin í fyrra var ein sú besta frá 1974, langt yfir meðaltali. (Gripið fram í.) Það skiptir engu máli hvort litið er á stangveiði eða netaveiðar, hvað sem er, veiðin var langt yfir meðaltali í fyrra. Á sama ári hafa aldrei verið jafnmiklar veiðar í flottroll hér við land. Ef menn hefðu verið að moka upp laxi í stórum stíl í flottroll sæjum við ekki þessar tölur í veiðiánum okkar, það held ég að sé alveg ljóst.

Menn verða að gæta sín á því að láta ekki plata sig út í svona vitleysisgang í lagasetningum af einhverri hræðslu og móðursýki vegna þess að einhverjir aðilar eru kannski að djöflast í þeim. Menn eru kannski að leggja eyrun allt of mikið við kjaftasögum. Eins og ég segi, Fiskistofa hefur verið að mæla hversu mikið af meðafla hefur komið að landi. Þau gögn, fyrirspurnir tvö ár í röð frá mér benda ekki til þess að þetta hafi verið vandamál. Á sama tíma hafa menn verið að auka við svæðalokanir. Sjómenn sem ég hef talað við á kolmunnaskipunum, skipunum sem nota flottroll, ræða þetta opinskátt við mig. Ég trúi þeim. Þeir eru ekki að plata, þeir eru ekki að ljúga. Ég segi enn og aftur og ítreka það: Menn eru ekki að gera þetta að gamni sínu.

Fyrst frumvarpið er komið svona langt, það er búið að fara í 1. umr. og á að fara í sjávarútvegsnefnd, legg ég til að það fari í sjávarútvegsnefnd og verði hreinlega svæft þar, það fari hreinlega ekki út úr nefndinni aftur. Svo skulum við taka umræðuna í fullri hreinskilni með sjómönnum og fara yfir hvar þetta hefur verið vandamál og segja síðan við strákana um borð í bátunum: Þið látið okkur vita ef þið lendið í meðafla og við tökum á því þegar þar að kemur, til að mynda með lokun svæða. Ég er alveg viss um að þeir munu verða fyrstir til að fallast á að það sé skynsamlegt, því að eins og ég segi, íslenskir sjómenn gera það ekki að gamni sínu að veiða þorsk, ýsu, ufsa eða lax í bræðslu. Það er alveg á hreinu.

[16:40]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Eitt andartak áttaði ég mig ekki almennilega á því þar sem ég sat úti í sal hvort hér talaði útgerðarmaður á uppsjávarskipi sem stundaði kolmunnaveiðar með flottrolli eða hv. þingmaður Frjálslynda flokksins, Magnús Þór Hafsteinsson, sem hefur verið mikill andstæðingur kvótakerfis og reglusetninga varðandi veiðar á fiski. Auðvitað getur verið að það passi saman að það eigi ekki að vera neinar reglur um meðafla í huga hv. þingmanns varðandi uppsjávarveiðarnar á sama hátt og maður hefur stundum heyrt að það eigi ekki vera of miklar reglur um veiðar í önnur veiðarfæri og með öðrum hætti.

Ég hef verið talsmaður þess að sömu reglur gildi fyrir allar veiðar. Ég hef verið talsmaður þess að það sé ekki hægt að segja, eins og hv. þingmaður sagði, að þetta gerði mönnum svo erfitt fyrir ef þeir þyrftu að halda aflanum eitthvað sér, þetta kostaði of mikið, vegna þess að það er einmitt það sem aðrir þurfa að búa við. Það er, eins og fram kom hjá hv. þingmanni, óhemjumikill reglugerðarskógur varðandi sjávarútvegsmálin og feikilegur kostnaður sem fylgir því að fylgja honum eftir, bæði fyrir stórar og smáar útgerðir, burt séð frá því hvort við tölum um reglur um veiði, afla, veiðarfæri, að leiga til sín aflaheimildir o.s.frv. Það er að mínu mati ekki ástæða eða afsökun fyrir því að taka kvótabundnar tegundir í flottroll með kolmunnanum án þess að þurfa að leggja kvóta á móti. Sömu reglur fyrir alla, burt séð frá því hvort við rýmkum þær reglur eða gerum þær harðari, ég hef verið talsmaður þess að rýmka þær, en umfram allt vil ég sömu reglur fyrir alla.

[16:42]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að ég er á móti kvótakerfinu og það er einmitt þess vegna sem ég er á móti þessum reglum vegna þess að þær gera ekki annað en að magna upp vitleysuna í kvótakerfinu. Sjá menn það ekki? Hlustaði hv. þm. Jón Gunnarsson ekki á hvað ég sagði áðan? Ég sagði að það væri miklu nær að líta í hina áttina og slaka frekar á kvótasetningum í tegundum sem veiðast sem aukaafli við botnfiskveiðar því að þær kvótasetningar eru gersamlega óþarfar.

Meðaflinn sem veiðist í flottrollið er ekki að ógna neinum fiskstofnum. Ég lít á þetta sem fórnarkostnað við veiðarnar sem skilar þjóðarbúinu milljörðum á hverju ári, skilar gríðarlegri atvinnu í byggðunum, sérstaklega fyrir austan en líka allt í kringum landið þaðan sem skipin koma. Þetta er sá fórnarkostnaður sem við verðum að greiða fyrir veiðarnar. Ég er á móti þessu vegna þess að þetta eykur enn og aftur á vitleysuna í kvótakerfinu.

Mér kemur á óvart að hv. þm. Jón Gunnarsson, sem tilheyrir Samfylkingunni, sem er flokkur sem hefur verið frekar krítískur á kvótakerfið þó þar séu reyndar fjölmargir gallharðir kvótasinnar innan borðs, mér kemur á óvart að hann skuli taka undir aðgerðir eins og þessa sem miða einfaldlega að því að flækja málin enn frekar, miða enn frekar að því að leggja höft á menn og miða enn frekar að því að auka óþarfa kostnað við veiðarnar. Þetta gerir ekkert annað, þetta flækir bara málin. Þetta flækir málin og eykur hættuna á því að menn fari hreinlega að brjóta af sér, til að mynda með brottkasti, það er bara þannig. Skynsamir menn sem hafa vit á fiskveiðum sjá þetta í hendi sér.

[16:44]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki ætla ég að fara að deila um það hvort þetta muni auka brottkast eða ekki, ég er ekki sérfræðingur í brottkasti eins og kannski sá sem talaði á undan mér, hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson.

Ég get tekið undir með hv. þingmanni að á sama peningi eru tvær hliðar og þegar ég tala um sömu reglur fyrir alla getur það gengið í þá átt að það þurfi frekar að slaka á varðandi þá sem búa við harðari reglur en að setja ívilnandi reglur fyrir lítinn hluta flotans. Ég er alveg tilbúinn til að taka þá umræðu hvar sem er og hvenær sem er og tel að það geti vel komið til greina að reyna aðeins að stemma

stigu við því brottkasti sem er örugglega enn í heföbundnum fiskveiðum með því að heimila mönnum að koma með þann afla að landi án þess að það kosti þá verulegar sektir eða íþyngjandi greiðslur vegna ólögmæts sjávarafla.

Ég get líka tekið undir að auðvitað eiga menn að skoða það í fullri alvöru með tegundir eins og keilu, löngu, skötusel og fleiri tegundir hvort það séu fiskifræðileg rök fyrir því að kvótabinda það með þeim hætti sem gert er í dag. Við erum algjörlega sammála um það, ég og hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson, að full ástæða sé til að skoða það.

Ég sé ekki varðandi þá afstöðu mína að vilja hafa sömu reglur fyrir alla sem stunda sömu atvinnugrein á Íslandi að í því geti speglast einhverjar spekúlasjónir um það hvort ég sé kvótaandstæðingur eða fylgjandi kvótakerfinu. Ég hélt að afstaða mín varðandi það lægi alveg kristaltær fyrir, ég er andvígur því kerfi sem við búum við í dag og tel að við þurfum að gera á því talsvert miklar breytingar. Það kemur því ekki við að ég vil helst ekki vera þátttakandi í að setja reglur á Alþingi þar sem við tökum út einn flokk manna úr ákveðinni atvinnugrein og setjum þeim mun meira ívilnandi reglur en öðrum í sömu atvinnugrein.

[16:46]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef einmitt reynt að benda á að við ættum frekar að fara hina leiðina og aflétta þessum hömlum og ákvæðum sem hvíla á þeim sem eru hundeltir í dag, eins og menn hafa sagt. Við ættum að slaka á þessum stífu kvótakröfum í botnfiskveiðunum. Við vitum það af reynslunni að ef það eru sett lög þá er mjög erfitt að fella þau úr gildi. Verði þessi lög sett á núna mun það taka mánuði eða ár að fella þau úr gildi, jafnvel þó að við gerum okkur grein fyrir því að þau séu vitlaus og það beri að afnema þau. Það er bara alltaf þannig. Við sjáum hvernig það er með ríkið, þá risaeðlu, að hún er mjög sein í svifum.

Ég geri það enn og aftur að tillögu minni, við lok þessarar umræðu, að menn staldri aðeins við og taki málið til vandlegrar íhugunar og láti hreinlega af þessari vitleysu. Þetta eykur bara enn á delluna í kerfinu og er öllum til óþurftar, sama hver það er. Þetta bitnar á öllum, útgerðarmönnum, sjómönnum, fólkinu í landi, okkur öllum.

Þetta frumvarp á að fara inn í sjávarútvegsnefnd og sofna þar svefninum langa.

[16:48]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Umræðurnar sem hér hafa farið fram hafa út af fyrir sig verið athyglisverðar, sérstaklega skoðanaskipti hv. þingmanna Jóns Gunnarssonar og Magnúsar Þórs Hafsteinssonar. Þeir sjá málið greinilega á mjög ólíkan hátt. Jón leggur mest upp úr því að sömu reglur gildi um alla og vissulega er það rétt hjá honum, að það eiga að gilda sömu reglur um alla sem starfa við sömu aðstæður. Hins vegar gilda ekki sömu reglur um aðila sem búa við mismunandi aðstæður og það þekkjum við úr ýmsum málum sem hér hafa verið til umræðu.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson telur að þetta frumvarp sé íþyngjandi, flæki málin og eigi ekki að fara lengra en í nefnd og verða svæft þar. En eins og fram kom í umræðunum í dag eru reglurnar þannig að sjómönnum ber að flokka afla eftir tegundum í uppsjávarveiðunum og þeim ber að flokka meðaflann frá. Ég lít á þetta frumvarp þannig, og ég held að hv. þm. Jón Gunnarsson líti að vissu leyti á það sömu augum, að verið sé að reyna að einfalda þetta, þ.e. að reyna að finna auðveldari aðferð sem létti sjómönnum að skrá aflann eftir tegundum. Jafnframt er það látið ganga yfir alla til að koma í veg fyrir að sá þráláti orðrómur verði enn þrálátari að menn komist upp með að veiða afla sem ekki er skráður sem sú tegund sem hann raunverulega er heldur sem eitthvað allt annað.

Ég held að menn ættu frekar að fagna þessu, að með þessu sé reynt að gera málin einfaldari og auðveldari og tryggja að það sem skiptir mestu máli í þessu gangi eftir, að allur afli sé rétt skráður eins og vera ber og það gangi yfir alla. Ég held því að það versta sem gæti gerst í stöðunni, vegna þeirra sjómanna sem í hlut eiga, væri að málið yrði svæft í nefnd því að þá munum við áfram búa við þau lög og þær reglur sem í gildi eru í dag og væntanlega áfram búa við hinn þráláta orðróm sem hv. þm. Jón Gunnarsson gerði að umtalsefni í fyrri ræðu sinni.

[16:51]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra talaði aftur um að í gildi væru mismunandi reglur, mismunandi lög um mismunandi útgerðarflokka og veiðarfæri. Ég vil enn og aftur vekja athygli hæstv. ráðherra á því að við erum að ræða lög um umgengni um nytjastofna sjávar en í þeim er kveðið á um hvernig eigi að greiða gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Ég get ekki fundið í þeim lögum að það sé mismunandi með hvaða hætti menn eigi að greiða. Þegar við skoðum þau lög þá er í þeim lögum enginn mismunur gerður á milli veiðarfæra eða útgerðarflokka. Þau gilda jafnt um allar gerðir skipa, allar gerðir veiðarfæra, allar gerðir veiðisvæða og ekki hægt að sjá að það sé neinn mismunur þar á eftir því hvaða veiði menn stunda.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að með þessu frumvarpi sem hér hefur verið lagt fram er um ívilnandi aðgerð að ræða frá gildandi lögum. Í gildandi lögum um umgengni um nytjastofna sjávar eiga útgerðarmenn uppsjávarskipanna að fara að sömu lögum og allir aðrir. Þannig eru ákvæðin í gildandi lögum. En í frumvarpinu sem hér er til umræðu segir að um þá skuli gilda aðrar reglur og mildari eða ívilnandi reglur frá núverandi lögum. Það má því kannski segja að með frumvarpinu sé hæstv. ráðherra að koma svolítið til móts við hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson. Með þeim er slakað á klónni en ekki hert.

[16:53]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að ég hafi nú ekki notað orðið „ívilnandi“. Ég held að ég hafi talað um að mönnum væri gert auðveldara að vinna vinnuna sína. Það er einfaldlega notast við aðra aðferð til þess að meta hvernig aflinn er samsettur til þess að fá fram rétta skráningu.

Varðandi það að aðrar reglur gildi: Ef við teljum betra, á grundvelli laganna um umgengni um nytjastofna sjávar, að

hafa aðrar reglur um uppsjávarveiðarnar en um aðrar veiðar þá tel ég alveg sjálfsagt að við gerum það. Þess vegna legg ég þetta til.

Ég tel hins vegar ekki að betra sé að láta þessa reglu gilda um aðrar veiðar, a.m.k. ekki almennt. Ég held ekki að það væri neitt hagræði í því fyrir sjómenn og útgerðarmenn á öðrum veiðum að hafa reglur eins og hér um ræðir. Ég held því að það vandamál sem hv. þingmaður hefur nefnt, að það halli að einhverju leyti á þá við þessa breytingu, sé alls ekki til staðar. Við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því. Við erum einfaldlega að reyna að gera hlutina þannig úr garði að betra sé að gera þá rétt, betra að skrá aflann rétt. Ég vonast bara til að nefndin geri okkur það mögulegt með því að leggja til að frumvarpið verði samþykkt.

[16:55]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að hann notaði ekki orðið „ívilnandi". Það gerði ég vegna þess að með því að leiða í lög þá breytingu sem hér er lagt til að gera þá er það í mínum huga ívilnandi, sérstaklega hvað varðar kostnað fyrir útgerðirnar. Það hlýtur alltaf að verða minni kostnaður af því að þurfa ekki að velta því fyrir sér að halda meðafla sér eða að reyna að skilja hann frá öðrum afla meðan honum er komið um borð í skipið, heldur sé hægt að fara í einhverja sýnatöku síðar meir við löndun.

Ég sakna þess helst hér, við lok umræðunnar, að hæstv. ráðherra svari til um reglurnar sem hann á að setja eða ætlar að setja miðað við það að 1. gr. frumvarpsins verði að lögum, um að móttakandi afla eða vigtarleyfishafi — það er spurning hvort ekki sé alltaf um vigtarleyfishafa að ræða, móttakandi hlýtur alltaf að þurfa að hafa leyfi til að vigta — taki við þessu í gegnum einhverja flæðivog og þurfi síðan að fara í gegnum þetta og taka sýni.

Ég var að leita eftir því að ráðherrann svaraði spurningunni: Hvers konar sýnataka er þetta og hvers konar útreikningar á grundvelli sýnatökunnar? Það skiptir talsvert miklu máli, upp á að reyna að gera sér grein fyrir því hver aflinn er og hvaða andlag þurfi að koma á móti honum í kvóta, hver sýnatökukvöðin verður. Erum við að tala um að fara þurfi í gegnum 5% eða 1% eða 0,5% prósent aflans? Hvað er átt við með sýnatöku, hver mörg sýni, hve oft úr afla, hve oft miðað við tonnafjölda og hvernig skal reikna það í kvóta eða sem meðafla? Það væri gott ef hæstv. ráðherra gæti sagt okkur hvort þær reglur verða tilbúnar þegar við förum í þetta í nefndinni.

[16:57]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nei, ég get ekki svarað því hvort tillögurnar muni liggja fyrir þegar nefndin fjallar um málið. En þeir sem hafa kynnt sér mál sem þessi vita að það eru ákveðnar stærðfræðilegar aðferðir sem notaðar eru við sýnatöku af þessu tagi. Það er farið eftir því hversu mikla nákvæmni menn vilja hafa í niðurstöðunum sem fram koma. Þetta er byggt á sömu stærðfræðilegu aðferðunum og úrtaksvigtunin sem hv. þingmenn kannast við.

Verði tillögurnar hins vegar tilbúnar á meðan nefndin er að störfum þá verður það að sjálfsögðu kynnt fyrir nefndinni. Ef ekki þá verður það auðvitað ekki mögulegt en þetta þarf eðlilega að vera tilbúið fyrir gildistöku laganna.

[16:58]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjávarútvegsráðherra sagði áðan eitthvað á þá leið að með þessari lagasetningu væri m.a. brugðist við þrálátum orðrómi.

Gegn því vil ég einungis segja eitt. Það er afskaplega vond stjórnsýsla sem byggist á því að hlaupa eftir kjaftasögum utan úr bæ. Það er arfavond stjórnsýsla og að ætla að fara að beita því sem réttlætingu fyrir lagasetningu er enn verra. Það er eiginlega svo vont að það tekur varla tali. Manni verður hreinlega orða vant.

Ég fór yfir það í ræðu minni áðan að það er ekki að sjá á neinum opinberum gögnum að upp hafi komið slík vandamál að þau réttlæti lagasetningu. Það liggja fyrir tvær fyrirspurnir frá mér til hæstv. sjávarútvegsráðherra, sem ég efast hreinlega um að hann hafi lesið. Þar er spurt um hver meðaflinn hafi verið samkvæmt mælingum Fiskistofu. En hann er sáralítill miðað við þann mikla kolmunnaafla sem borinn hefur verið á land á þessum árum. Hann er sáralítill, menn sjá það í hendi sér. Það segja gögnin sem við höfum.

Varðandi laxinn þá hefur aldrei verið jafngóð laxveiði, eða nánast ekki síðustu 30 árin. Hún hefur aukist undanfarin ár. Búið er að beita umfangsmiklum svæðalokunum og það kemur líka fram í nýjasta svari hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég spurði einmitt um hve oft hefði komið til svæðalokana vegna meðafla uppsjávarveiðiskipa og þá hvar og hvenær.

Þetta er til í þskj. 426 og ég hvet hæstv. ráðherra til að fara og ná í það og lesa það gaumgæfilega. Það er búið að loka mjög stórum svæðum. Það er bannað að veiða með síldarflotvörpu innan við 12 mílur nema á örfáum svæðum og þar gilda strangar reglur. Það er búið að loka stórum svæðum fyrir kolmunnaveiðum, til að mynda á Þórsbanka, eins og ég fór yfir í ræðu minni áðan. Þetta er allt til í opinberum göngum. En þrátt fyrir þær augljósu staðreyndir setjast menn hér niður og herða enn skrúfuna, þessa vitlausu skrúfu á fiskveiðistjórnarkerfinu okkar, og var ekki nóg komið?

[17:00]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að taka heils hugar undir með hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að það á ekki að bregðast við kjaftasögum, það er alveg rétt hjá honum. Mér skilst að þetta hafi verið til umræðu í þinginu fyrr í vikunni og hafi leitt til ýmissa þeirra atburða sem ekki eiga að eiga sér stað hér.

Hins vegar er staðreyndin sú að það hefur komið gagnrýni á það fyrirkomulag sem er í gildi, að það hafi ekki dugað til að leysa það verkefni sem því er ætlað m.a. vegna þess að aðstæður hafi breyst og eins og fram kom í tölunum hafa þær verið að breytast talsvert hratt á milli ára. Þess vegna sé ég ekki annað en að skynsamlegt sé að finna aðra og einfaldari leið sem við teljum að uppfylli þau skilyrði

sem lögunum er ætlað að uppfylla, að skrá aflann rétt eftir tegundum og að það sama gildi um alla, eins og hv. þingmenn hafa lagt áherslu á í umræðunni. Varðandi laxinn hefur hann kannski ekki verið stórt áhyggjuatriði í málflutningi mínum. Hins vegar gæti ég vel trúað því að lax gæti komið sem meðafli að einhverju leyti.

Ég vil endurtaka að ég er mjög ánægður með að heyra afstöðu hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar varðandi kjaftasögurnar, að þær eiga auðvitað ekki að vera grundvöllur að viðbrögðum í hv. Alþingi.

[17:02]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að við getum verið sammála um að menn eigi ekki að hlaupa eftir kjaftasögum utan úr bæ, en Samfylkingin má kannski eiga það fram yfir Sjálfstæðisflokkinn að hún fer ekki út í lagasetningar á grundvelli kjaftasagna en það virðist Sjálfstæðisflokkurinn ætla að gera í þessu máli. Mér þykir þar ansi stór munur á. Það er sýnu alvarlegra þegar menn eru farnir að bera fram frumvörp í fúlustu alvöru undir húrrahrópum og lófataki, m.a. frá formanni sjávarútvegsnefndar, einmitt út frá einhverjum kjaftasögum, því ekkert í gögnunum bendir til þess að þetta sé nauðsynlegt. Það er miklu skynsamlegra að taka á málinu með þeim hætti sem ég reyndi að benda á í ræðu minni áðan, að beita frekar svæðalokunum, fylgjast með þessu í samstarfi við sjómennina okkar og beita hreinlega svæðalokunum á þeim slóðum þar sem meðafli er það mikill að okkur ofbýður. Það eru engin skynsemisrök sem mæla með þessu, ég kem hreinlega ekki auga á þau. Ég held að þegar hæstv. sjávarútvegsráðherra verður búinn að sofa á þessu og hugsa málið aðeins betur sjái hann í hendi sér að þetta sé eitthvað sem við ættum að láta ógert.

[17:04]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst ekki laust við að það sé þversögn í málflutningi hv. þingmanns, að telja að það sé einfaldara að beita svæðalokunum sem þurfa að byggjast á auknu eftirliti en að byggja það í kerfið að sjómenn og útgerðarmenn hafi ekki hag af því að veiða á slóðum þar sem hætta er á að meðafli sé innan um þann afla sem fyrst og fremst er verið að reyna að veiða og ef þeir gera það séu það tiltölulega einfaldar og traustar aðferðir sem leiða til þess að aflinn sé rétt skráður. Eins ef einhverjir vilja veiða á svæðunum geri þeir það á eigin kostnað, ef svo má segja, þeir leggi til eigin kvóta og hann sé rétt skráður og ef þeir reyni að svíkjast að einhverju leyti undan því verði sektirnar í samræmi við verðmæti meðaflans.

Ég held að það sé mun einfaldara að láta hagsmuni sjómanna og útgerða leiða til þess að þeir hegði sér skynsamlegar en að auka veiðieftirlitið og flækjustigið með lokunum sem ekki þyrfti að koma til ef menn forðast þau svæði.

[17:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að koma inn í umræðuna. Ég heyrði hana ekki alla þar sem ég var úti í bæ í útsendingu á Talstöðinni en ég vona að það sem ég heyrði megi skilja svo að mönnum finnist sjálfsagt að finna málinu einhvern farveg.

Ég held að rétt sé að reyna að finna málinu farveg. Það eru kannski ekki margar aðferðir til þess. Það er hægt að beita svæðalokunum og skyndilokunum, sem er það kerfi sem við höfum verið með á undanförnum árum og hefur iðulega verið beitt við ýmsar veiðiaðferðir, m.a. vegna kolmunnaveiðanna, að svæðum hefur verið lokað ef meðafli hefur orðið mikill.

Síðan er hægt að útbúa veiðarfærin, vonandi, það er farið að gera tilraunir með það að annar fiskur en sá sem verið er að sækjast eftir eigi leið út úr vörpunni án þess að skaðast verulega, svokallaðar skiljur eða grindur sem stýra mun stærri fiski en verið að veiða út úr vörpunni. Það kann að vera framkvæmanlegt en allt þarf þetta athugunar við því það er alveg ljóst að menn ætla síðan að reyna að ná þeim afla sem verið er að sækjast eftir, hvort sem það er síld eða kolmunni ætla menn að reyna að ná honum. Þar af leiðandi eru takmörk fyrir því hvernig veiðarfæri getur verið útbúið svo rétt sigtun eða rétt val verði í veiðarfærinu miðað við þá möguleika að nota einhvers konar skiljur. Það hefur auðvitað verið þróun í þeirri tækni á undanförnum árum og kannski hægt að útbúa veiðarfæri þannig að þau séu nothæf þrátt fyrir að slíku sé komið fyrir.

Einnig er eðlilegt að menn skoði meðferð aflans sem kemur í veiðarfærin með þeim fiski sem verið er að veiða og hvernig með eigi að fara. Þar hljótum við að þurfa að horfa til jafnræðisreglunnar varðandi það að menn sitji við sama borð þegar verið er að taka til reiknings þann afla sem í veiðarfærið kemur. Þegar menn nota stórtæk veiðarfæri eins og flotvörpur kemur örugglega annað slagið talsverður meðafli, misjafnlega mikill, og spurning hvort ekki sé hægt að ná meðaflanum frá með ákveðnum útbúnaði um borð í skipunum þannig að hann sé fullnýtanleg vara, alla vega að einhverjum hluta. Það er ekki víst að svo sé vegna þess að aflanum er yfirleitt dælt um borð í skipin og þar af leiðandi líkur á að stærri fiskur skemmist, en það kæmi í ljós. Reynslan mundi sýna það.

Ég held því að menn verði að skoða málið í hv. sjávarútvegsnefnd út frá þeim hliðum sem mönnum finnast skynsamlegar, en miðað við það veiðikerfi sem við erum með, kvótakerfið, hlýtur að þurfa að líta til þess að menn sitji nokkurn veginn við sama borð varðandi framkvæmdina að þessu leyti. Það eru samt ýmsar reglur í kvótakerfinu um að skemmdur afli, selbitinn o.s.frv., sem ekki er hægt að komast hjá við ákveðnar veiðar, teljist ekki til aflamarks og megi jafnvel varpa fyrir borð. En þarna er ekki um það að ræða, heldur að afli kemur í dregin veiðarfæri og eingöngu dælingin sem skemmir hold fisksins þegar hann kemur um borð.

Ég ætla ekki að hafa lengri ræðu um málið að þessu sinni en vonast til þess að eftir að sjávarútvegsnefnd hefur farið yfir málið og lagt með sér með- og mótrök í málinu að það komi inn með greinargerðum og nefndarálitum. Þá kann að vera fullt tilefni til þess að taka nánari umræðu um málið en ég ætla ekki að gera það nú á þessum sólríka fimmtudegi, hæstv. forseti.

[17:11]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir málefnalega umræðu. Ég held að það sé alveg rétt hjá honum að málið þarf auðvitað að fara til nefndar og hún þarf að skoða það eftir efnisatriðum málsins. Það þarf að setja málið í ákveðinn farveg og mér heyrist að hann sé alveg opinn fyrir því að þetta geti verið sá farvegur sem rétt sé að málið fari í. Við verðum síðan auðvitað að sjá hvernig hv. nefnd tekur á málinu og svo verður 2. umr. þar á eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnmálaþátttaka, áhrif og völd kvenna, fyrri umr.

Þáltill. JBjart o.fl., 244. mál. — Þskj. 255.

[17:12]

Flm. (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar á þskj. 255, sem er 244. mál, um könnun á viðhorfum og væntingum til stjórnmálaþátttöku, áhrifa og valda kvenna.

Útgangspunktur málsins eða sýnin sem er á bak við það er sú að jafnræði sé með körlum og konum á vettvangi stjórnmálanna sem snúist fyrst og fremst um það, eins og á öðrum sviðum samfélagsins, að samfélaginu nýtist sá auður sem býr í krafti kvenna. Það ríkir nefnilega í orði almenn sátt um það í íslensku samfélagi að það sé bæði eðlilegt og sanngjarnt að konur og karlar komi jafnt að allri stefnumótun og ákvarðanatöku og komi jafnt að bæði öllum áhrifum og stöðu og völdum í íslensku samfélagi. Raunin er hins vegar önnur og eru Íslendingar vel meðvitaðir um það ef marka má Gallup-könnun sem gerð var haustið 2003. Þar kom fram að tæplega 84% þeirra sem voru spurðir töldu stöðu karla vera mun betri en stöðu kvenna í íslensku samfélagi.

Á vettvangi stjórnmálanna hefur miðað mjög hægt við að ná því markmiði að tryggja jöfn lýðréttindi kvenna og karla og hefur miðað mun hægar á Íslandi en hjá nánustu frændþjóðum okkar, en þær frændþjóðir hafa líka í mun ríkara mæli en hér beitt tilteknum úrræðum, eins og kynjakvótum og fléttulistum til þess að tryggja aukinn hlut kvenna til hagsbóta fyrir samfélagið á hverjum stað. Svo sýna tölulegar og kyngreindar upplýsingar og staðreyndir svart á hvítu hver staða kvenna er og þær sýna afturför á ákveðnum sviðum og má segja að þær veki ákveðinn ugg um það hvert stefni.

Við höfum annars vegar upplýsingar sem sýna einar og sér mjög sterka stöðu kvenna í íslensku samfélagi og mjög þýðingarmikla stöðu kvenna í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Það eru marktækt fleiri konur en karlar sem ljúka námi í framhaldsskólum, sérskólum og háskólum þar sem hlutur kvenna undanfarin ár hefur verið yfir 60%. Það má því með sanni segja að menntun kvenna vegi mun þyngra fyrir mannauðinn, sem er líka talinn grunnurinn að samkeppnishæfni þjóðarinnar, en menntun karla.

Við þekkjum það líka úr tölfræðinni að íslenskar konur eiga hlutfallslega næstflest börn allra kvenna í Evrópu. Barneignir eru og verða ráðandi þáttur fyrir efnahagslega afkomu þjóða vegna þeirrar þýðingar sem þær hafa fyrir aldurssamsetningu þjóðarinnar. Á hinn bóginn er atvinnuþátttaka kvenna einna mest hér á landi af öllum OECD-ríkjunum og nær heilum 83%. Líka er vert að benda á að enn er ekki, a.m.k. svo nokkru nemi, hægt að merkja það hér að konur á Íslandi velji að eiga ekki börn til að geta óhindrað einbeitt sér að því að nýta menntun sína og ná frama í starfi, en það er einmitt orðið verulegt áhyggjuefni í sumum nágrannalöndum okkar.

Þær tölur og tölulegu upplýsingar sem ég hef farið yfir sýna hve staða kvenna er sterk og þýðingarmikil fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Svo höfum við aðrar tölulegar upplýsingar og staðreyndir sem sýna hve þessar sömu konur standa illa gagnvart áhrifum og völdum í íslensku samfélagi. Þar eru m.a. tölur um fjölda kvenna innan stjórnsýslunnar þar sem aðeins tveir ráðuneytisstjórar af 15 eru konur og aðeins 15 deildarstjórar af 60 eru konur. Meðaltalshlutur kvenna í nefndum og ráðum á vegum ráðuneyta aðeins um 30%. Engin kona er forstjóri eða stjórnarformaður í 10 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum eða 10 stærstu fjármálafyrirtækjunum. Í 50 stærstu íslensku fyrirtækjunum er aðeins einn kvenforstjóri og einn kvenstjórnarmaður. Svona má lengi telja sem sýnir veika stöðu eða rýran hlut kvenna. Síðast en ekki síst ef við skoðum konur í sveitarstjórnum þá var hlutur þeirra 2002 31,1% sem var þó 3% fjölgun frá kosningunum 1998, en konum fækkaði hins vegar á Alþingi í kosningunum 2003 úr 36,5% við lok kjörtímabilsins á undan í 30,2% við upphaf þess næsta.

Það má með sanni segja og við getum markað það af umræðum í þinginu og málum sem eru afgreidd að það er enginn raunverulegur ágreiningur, hvorki flokkspólitískur hvað þá milli karla og kvenna, um þessi formlegu markmið og leiðir í baráttunni fyrir jöfnum rétti og jafnri stöðu. Við þekkjum það líka að jafnréttisáætlanir hafa verið samþykktar einróma af þingheimi og það er almenn samstaða um það sem heitir samþættingarleið í jafnréttismálum. Síðast en ekki síst er lagaleg staða karla og kvenna orðin jöfn, a.m.k. eftir orðanna hljóðan, eftir að karlar fengu sama rétt og konur til fæðingarorlofs. Hitt er svo annað mál að í löggjöfinni standa eftir fjölmörg ákvæði sem eru ókynbundin í orði en koma mjög misjafnlega við konur og karla eins og ýmis ákvæði í kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga.

Sumum okkar finnst að lítið hafi miðað í rétta átt undanfarin ár í baráttunni fyrir jöfnum rétti og jafnri stöðu karla og kvenna og sumir halda því líka fram að það sé ákveðið bakslag sem sérstaklega megi merkja af því að þingkonum fækkaði í síðustu alþingiskosningum. Markmið þessarar tillögu sem ég legg fram ásamt fleiri flutningsmönnum er að leita að rót þessa vanda, en tillagan miðar við könnun á stöðu kvenna í stjórnmálum og það er einungis sú staða sem tillagan tekur til og leit að ástæðum hennar í afstöðu og viðhorfum meðal almennings, kvennanna sjálfra og innan fjölmiðla.

Það er viðhorf þeirrar sem hér stendur að konur hafi sýnt að þær standa körlum hvergi að baki, hvorki á vettvangi stjórnmálanna né annars staðar. Við eigum eina eða

fleiri kvenfyrirmyndir á næstum því öllum sviðum íslensks samfélags í hefðbundnum karlastörfum og stöðum. Konur í pólitík á Íslandi hafa hin síðustu ár fyrst og fremst gert þá kröfu að vera aðeins metnar að verðleikum. Þær hafa ekki reynt að höfða til kjósenda sem konur, vegna einhverra kynbundinna verðleika eða með sérstakri áherslu á hin mjúku mál. Það verður samt að segjast eins og er að hvorki konurnar sjálfar né karlarnir hafa haldið á lofti árangri af stjórnmálaþátttöku kvenna eða að því fylgi einhver ávinningur fyrir íslenskt samfélag að hlutur kvenna sé ekki minni en karla í íslenskri pólitík. Það hefur heldur enginn haldið því sérstaklega á lofti í seinni tíð að orðið hafi breyting á viðfangsefnum í stjórnmálum með auknum hlut kvenna á þingi eða í sveitarstjórnum. Það er svolítið gaman að velta fyrir sér þegar við tölum um mjúku málin og hörðu málin og ég get bara tekið það sem ákveðið dæmi að í umræðunni á undan sem fjallaði um sjávarútveg tók engin kona þátt í umræðunni. Engin kona sat í þingsal og hlustaði á þá umræðu, sem er alveg dæmigert. Það voru eingöngu karlar úr hópi þingmanna sem þar sátu og fylgdust með og tóku þátt. Á hinn bóginn þegar verið er að ræða hér, með undantekningum þó, heilbrigðismál, félagsmál, ákveðnar hliðar á menntamálum þá taka eingöngu konur þátt í þeirri umræðu og fylgjast með henni í þingsal. Svona er þetta kynbundið.

Ég gerði af þessu tilefni óformlega könnun á þátttöku kynjanna, mismunandi þátttöku kynjanna varðandi umræðuna um samgönguáætlun sem var hér í fyrradag. Haldnar voru á þriðja tug ræðna í þeirri umræðu og í ljós kom að konur áttu 20% af þeim. Sjö konur tóku þátt í þeirri umræðu sem gera 20% af þeim sem tóku þátt. Mér er sagt að það sé vaxandi, að sífellt fleiri konur taki þátt í umræðu um samgöngumál. 20% virkni í umræðunni á móti rúmlega 30% sæta sem konur skipa í þinginu.

Það er margt sagt og margar kenningar uppi en altalað er að konur standi síður saman eða með öðrum konum en karlar með körlum í stjórnmálabaráttunni, í prófkjörunum og líka í starfi innan stjórnmálaflokkanna. Margir halda því fram að rýrari hlutur kvenna í stjórnmálum stafi fyrst og fremst af rýrari hlut þeirra sem félagsmanna í stjórnmálaflokkum, en eins og við vitum fækkar konum jafnt sem körlum sífellt í starfi stjórnmálaflokka sem félagsmenn og er það áhyggjuefni hjá mörgum, ekki bara út frá jafnréttissjónarmiðum, heldur líka út frá virkni lýðræðisins. Þá er því haldið fram að litlu skipti þó að konum fjölgi á Alþingi, jafnvel þó að þær næðu 40% hlut meðan þær vinni ekki saman þverpólitískt og verði raunverulegt pólitískt afl. Í fræðunum er því gjarnan haldið fram að það sé lágmarkshlutur fyrir konur að ná 40% í þjóðþingum til að hafa raunveruleg völd og áhrif en aðrir segja að það skipti engu máli meðan þær vinni ekki saman. Fleiri og fleiri halda því fram að kyrrstaðan undanfarin ár og bakslagið stafi öðru fremur af því að konur með 30% hlut, bæði í sveitarstjórnum og á Alþingi, séu farnar að ógna ekki bara stöðu karla heldur stólum karla, af því að öfugt við viðskiptalífið eru sæti á Alþingi og sæti í sveitarstjórnum afmörkuð tiltekin stærð. Fyrir hverja konu sem þar bætist við, hlýtur körlum að fækka. Aðrir halda því líka fram að karlar í stjórnmálum noti konur til að sýna kjósendum jákvæða hlið sína og flokks síns og konum sé bara hossað og hampað fyrir kosningar en ýtt til hliðar og frá völdum og áhrifum að kosningum loknum. Svo segja menn: Hvernig getur það gerst? Þá segja sumir: Þær vantar baklandið, sterkt bakland kvenna sem styður þær og hvetur þær til að standa fyrir sínu. Það vekur einmitt upp spurninguna um hvað konur standa fyrir í íslenskri pólitík í augum kjósenda. Sjá kjósendur skýrar ástæður til þess að styðja aukinn hlut kvenna í stjórnmálum? Óhjákvæmilega yrði það á kostnað karla því að valda- og áhrifastöður eru eins og ég sagði fyrir fram ákveðin stærð. Því má halda fram með réttu að kjósendur ráði í rauninni öllu um það á vettvangi stjórnmálanna hvort konur ná áhrifum og völdum til jafns við karla.

Loks ráða fjölmiðlar miklu eins og við vitum um viðhorf almennings. Bæði með því hvað þeir fjalla um og líka með því sem þeir fjalla ekki um. Þá vaknar sú áleitna spurning um kyndbundin viðhorf blaðamanna og þáttastjórnenda. Við hljótum að spyrja okkur að því hvað ráði því að hlutur kvenna sem þátttakenda í umræðuþáttum í undanfara síðustu alþingiskosninga var aðeins 24%, eins og rannsókn Þorgerðar Þorvaldsdóttur sagnfræðings leiddi í ljós. Maður hlýtur að spyrja sig út frá niðurstöðum kosninganna hvort þessi fjórðungsþátttaka kvenna hafi verið einhver vísbending um hver uppskera kvenna yrði þegar talið væri upp úr kjörkössunum. Vegna skoðanamyndandi áhrifa fjölmiðla er full ástæða til að kanna þetta og tillaga þessi tekur til þess að kanna líka viðhorfin á þeim bænum.

Frú forseti. Hugmyndin að þessari þingsályktunartillögu varð til í kjölfar málþings sem íslenskar, grænlenskar og færeyskar konur sóttu í Þórshöfn í Færeyjum á síðastliðnu sumri. Þar var fjallað um það viðfangsefni hvernig auka ætti hlut kvenna á vettvangi stjórnmálanna. Umræðurnar snerust öðru fremur um ástæður þess að ekki eru fleiri konur á þingi. Þær snerust líka töluvert um það hve mikill munur væri á fjölda kvenna á þingum þessara þriggja landa en það er mjög mismunandi. Eins og ég sagði áðan fækkaði konum hér í síðustu alþingiskosningunum. Þeim fjölgaði hins vegar verulega á grænlenska þinginu með því að landið varð allt eitt kjördæmi. Konur eru ekki nema 9% þingmanna í Færeyjum. Það segir í sjálfu sér að það skiptir máli hvernig kosningafyrirkomulagið er vegna þess að í Færeyjum fengu konurnar 20% atkvæða en eins og fyrirkomulaginu er háttað þar með persónukosningum nýtist þeim það ekki nema til 9% hlutar í þinginu. Við lok málþingsins voru dregnar saman helstu áherslur í inngangserindum og umræðum. Ein þeirra laut einmitt að efni þessarar tillögu, um þörfina sem við þingkonurnar frá þessum þremur þingum töldum á að kanna hver væru raunveruleg viðhorf meðal kjósenda og hverjar væntingar þeirra væru til stjórnmálaþátttöku kvenna. En tillögugreinin sem slík hljóðar svo, frú forseti:

„Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að skipa nefnd er kanni viðhorf til kvenna í stjórnmálum, til áhrifa kvenna og valda og til gildis og þýðingar stjórnmálaþátttöku kvenna fyrir samfélagið. Nefndin kanni sérstaklega afstöðu almennra kjósenda, karla og kvenna, en leiti jafnframt eftir sjónarmiðum kvenna sem tekið hafa þátt í stjórnmálastarfi, svo og viðhorfum fjölmiðla, þ.e. blaðamanna og þáttastjórnenda af báðum kynjum.

Ráðherra gefi Alþingi skýrslu um niðurstöður rannsókn-

arinnar og mat á þeim fyrir 1. október 2005."

Eins og í þingskjalinu kemur fram eru aðrar konur sem sátu þessa ráðstefnu meðflutningsmenn auk þeirra karla, þingmanna, sem þar eru nefndir.

[17:28]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa merkilegu þingsályktunartillögu. Hún er mjög athyglisverð og er sprottin úr vestnorrænu samstarfi sem ég er mikill áhugamaður um. Mér finnst engu að síður þegar við tölum um hörð mál og mjúk mál að við megum aldrei alhæfa of mikið í því sambandi. Hvað eru mjúk mál og hvað eru hörð mál? Við höfum t.d. iðnaðarráðherra sem er kona og við gætum ímyndað okkur að þar væri um harðan málaflokk að ræða. Hins vegar erum við með heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra sem eru karlar og þar gætum við ímyndað okkur að væri frekar um mjúk mál að ræða. Þetta eru ákveðnar alhæfingar eins og líka þegar við tölum hér í þingsölum um höfuðborg og dreifbýli. Við megum passa okkur á þessu, við verðum að ræða slík mál á mjög opnum og breiðum vettvangi.

Það vekur líka athygli mína þegar jafnmerkileg þingsályktunartillaga og þessi er til umræðu að ekki skuli vera hér neinar konur, við erum karlar í salnum en ekki konur. Það þýðir að sjálfsögðu að við höfum áhuga á jafnréttismálum og þau skipta mjög miklu máli. Ég minnist þess þegar kona var heilbrigðisráðherra hér ekki alls fyrir löngu að ég tók einu sinni saman spurningarnar sem hún fékk. Í 85% tilfella voru það konur sem spurðu og börðu á heilbrigðisráðherranum en u.þ.b. 15% karlar. Ég segi líka stundum um konur í stjórnmálum að konur eru konum verstar. Það á við í stjórnunarstörfum líka. Konur vernda oft karla sem eru stjórnendur en ráðast síðan á konur ef þær eru stjórnendur. Þetta eru kannski líka alhæfingar hjá mér en það er a.m.k. vert að íhuga þessi mál.

[17:30]

Flm. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Frú forseti. Áður en ég svara hv. þingmanni þessu með mjúku og hörðu málin ætla ég að byrja á því að fagna þeim karlmönnum sem eru í salnum. Ég segi eins hv. þingmaður að það er sérstaklega eftirtektarvert og gleðilegt að vera með karlmenn í þingsal, vegna þess að eitt af því sem menn sjá sem eru að vinna í jafnréttismálum er að það er gjarnan þannig, hvort sem það eru ráðstefnur eða málþing, að það eru alltaf konur að tala við konur. Það vantar viðmælandann í umræðunni því að við náum engum árangri nema með samstarfi karla og kvenna.

Útgangspunkturinn hlýtur að vera sá að það sé til að auðga og nýta krafta kvenna í íslensku samfélagi til jafns við karla sem við viljum fjölga þeim. Þetta sé ákveðinn auður sem við viljum nýta í þágu samfélagsins.

Varðandi mjúku og hörðu málin segir hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason að konur séu konum verstar. Ég ætla ekki að taka undir það. En konur gera kannski enn meiri kröfur til kynsystra sinna en þær gera til karla og mörgum finnst oft á tíðum að konur séu gagnrýnni á kynsystur sínar, ekki síst í pólitíkinni, en á karla. Ég vil ekki taka undir með hv. þingmanni að konur séu konum verstar. En þetta er einmitt spurningin: Hvert er bakland kvenna í stjórnmálum? Geta þær treyst á konur sem baklandið?

Varðandi mjúku málin og hörðu málin má segja að með kvenkyns iðnaðarráðherra og karlkyns félags- og heilbrigðismálaráðherra séum við með sýnishorn af undantekningum í íslensku samfélagi. Hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra er fyrsta konan sem skipar sæti atvinnumálaráðherra. Það segir svolítið. Við vorum með kvenforseta lýðveldisins. Við eigum unga konu sem er forstjóri stórs flugfélags að ónefndum forstjóra álversins. En þetta eru allt sýnishorn, sýnishorn af því hvað konur geta. Það dugar körlum ekki að benda og segja: Þetta komst hún. Það þýðir ekki að bera það fyrir sig. Það er ekki jafnræði nema það sé jafn hlutur. (Forseti hringir.) Ég benti líka á það að hér skiptist salurinn og kynin eftir því hvaða mál er verið að ræða.

[17:32]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er ágætisumræða um jafnréttismál. Eins og ég sagði í fyrra andsvari mínu megum við passa okkur á því að alhæfa ekki í þessu máli frekar en öðrum. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. Jónínu Bjartmarz um að það beri að nýta auðinn, sem er auðvitað mjög mikill, auður í krafti kvenna og þar fram eftir götunum.

Ég velti gjarnan fyrir mér kvennavinnustöðum, eins og leikskólum, jafnvel í sumum skólum o.s.frv. Það er mjög nauðsynlegt að í leikskólum séu líka karlar að vinna þannig að börnin venjist því að í uppeldisstéttum séu ekki einungis konur. Mér finnst eins og það séu líka alltaf að verða fleiri og fleiri konur sem starfa í grunnskólum og færri og færri karlar. Þetta er atriði sem er sjálfsagt að velta fyrir sér og velta upp í umræðunni.

Ég held að upp á vinnuanda og annað slíkt sé mjög nauðsynlegt að það sé blanda af körlum og konum á vinnustöðum, ekki bara einungis karlar eða einungis konur. Ég held að andrúmsloftið verði betra ef passað er upp á þetta.

Ég endurtek að mér finnst þingsályktunartillagan afar merkileg og afar þörf og umræðan nauðsynleg og ég þakka hv. þm. Jónínu Bjartmarz fyrir að vekja athygli á málinu.

[17:34]

Flm. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki finnst mér verra að vita af stuðningi hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar, sem er mikill jafnréttissinni og hefur sýnt það í verkum sínum.

Varðandi leikskólana og grunnskólana er það eitt af stóru málunum í jafnréttisbaráttunni að þar starfi karlar ekki síður en konur. En maður veltir því stundum fyrir sér hvað er orsök og hvað er afleiðing. Þetta eru líka tvær stéttir sem hafa barist hart fyrir bættum kjörum sínum undanfarin ár. Eru konur svo fjölmennar í stétt leikskólakennara og grunnskólakennara vegna þess að launin eru ekki meiri, að karlmenn láta sér þau ekki duga? Eða fara ekki karlmenn í þessa stétt vegna þess hve launin eru lág?

Ég bý að þeirri reynslu að hafa átt strák á leikskóla þar sem var karlkyns leikskólakennari, Elli fóstri. Ég hef ekki vitað annan mann í annan tíma jafndáðan og elskaðan. Það segir sig sjálft og ég tala ekki um öll þau börn sem búa á heimilum jafnvel bara með öðru foreldri sínu að þá reynir

enn þá meira á að það sé fjölbreytni og að þau umgangist bæði kynin daglega á vinnustað sínum.

[17:35]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að byrja á því að lýsa yfir stuðningi við þingsályktunartillöguna sem hv. þm. Jónína Bjartmarz mælti fyrir og tíu aðrir hv. þingmenn eru meðflutningsmenn að. Ég held að það sé ágætt að Alþingi gangi fram fyrir skjöldu í að kanna stöðu kvenna og viðhorf bæði til stjórnmála og starfa sem og önnur atriði sem miklu máli skipta fyrir það viðhorf að konur hafi jafna stöðu að flestu og öllu leyti eins og við karlar.

Það vill svo til að sá sem hér stendur er úr níu systkinahópi og var þeirrar gæfu aðnjótandi að eiga sjö systur og aðeins einn bróður. Það mætti kannski halda að ég hafi lent í miklu kvennaríki eða kvennaofríki á uppvaxtarárum mínum. Ég held að það hafi ekki verið, allavega hef ég ævinlega litið svo á að allar systur mínar stæðu mér fyllilega jafnfætis og sumar ábyggilega betur af guði gerðar en sá sem hér stendur. Ef eitthvað er naut ég leiðsagnar þeirra þegar strákurinn var of frekur á sínum yngri árum, eins og oft vill verða þegar einn strákur er innan um fimm systur, því að þær fæddust fimm á undan mér, þá fékk maður smá hirtingu frá þeim og það var ágætt. Ég hugsa að ég hafi lært vel af því.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef aldrei fundið fyrir því á ævi minni eða af reynslu minni af fjölskyldunni að systur mínar hafi ekki staðið fyllilega jafnfætis körlum og að viðhorf þeirra og sjónarmið hafi ekki haft sama rétt og sama vægi. Hins vegar situr tíðarandinn úr gamla íslenska þjóðfélaginu lengi eftir, það er sagt að það þurfi oft þrjár, fjórar kynslóðir til að breyta viðhorfum í þjóðfélagi og fá fram raunverulegar breytingar og menn séu farnir að tala um breytingarnar áratugum áður en þær ná endanlega í gegn í þjóðfélagsskipuninni, valdahlutföllum o.s.frv. Þess vegna held ég að það sé algjörlega rétt að reyna að hreyfa við þessum málum með þeim hætti sem hér er lagt til og ég styð það. Ég held að það sé mjög eftirsóknarvert fyrir okkur sem höfum starfað í félagsmálum og störfum nú í stjórnmálum að hlutur kvenna aukist.

Ég get sagt það að í mínum flokki, sem er ekki orðinn mjög öldruð stofnun, við erum á öðru kjörtímabili okkar, að þá var það þannig í upphafi að við í Frjálslynda flokknum tókum mikla umræðu og mikla stefnumótun í sjávarútvegsmálum. Hv. þm. Jónína Bjartmarz benti réttilega á það áðan úr þessum ræðustól að þegar við ræddum sjávarútvegsmálin áðan tók enginn kvenmaður þátt í þeirri umræðu. Í Frjálslynda flokknum tóku tiltölulega fáar konur innan okkar raða þátt í umræðum um sjávarútvegsmál. Hins vegar við höfum auðvitað verið að útvíkka áherslur flokksins og búa til málefnagrunn okkar á fjöldamörgum sviðum þjóðlífsins og konur hafa í vaxandi mæli komið að starfi flokksins.

Það er ánægjulegt fyrir mig að geta sagt frá því í þessum ræðustól að á landsþingi flokksins, sem var haldið 4. og 5. mars sl., fjölgaði konum í miðstjórn flokksins verulega. Þær eru nú níu og við náðum að fylla 40% hlutfallið sem hefur verið talið ákaflega eftirsóknarvert að stefna að í störfum stjórnmálaflokka. Það gerðist í lýðræðislegri kosningu þegar verið var að kjósa til miðstjórnar í Frjálslynda flokknum á landsfundi okkar. Ég vonast vissulega til þess að viðhorf kvennanna í miðstjórn Frjálslynda flokksins muni hafa áhrif á stefnu hans til framtíðar, ég tel það einboðið og fagna því.

En rétt er líka að segja það að stundum finnst körlum að verið sé að ýta þeim til hliðar þegar verið er að reyna að uppfylla ákvæðið að fjölga konum í stjórnum félagasamtaka eða stjórnmálaflokka og þeir una því stundum illa að missa þá stöðu sem þeir hafa haft í félagasamtökum eða í stjórnmálaflokkum við það að konum fjölgar. Það getur auðvitað ekki annað gerst þegar konum fjölgar í einhverjum stjórnum, nefndum eða ráðum, sveitarstjórnum eða á Alþingi, það þýðir að annarri óbreyttri stöðu að karlar víkja úr þeim störfum. Menn verða bara að taka því eins og það er og una því lýðræði. En menn sætta sig ekki alltaf við það, það koma oft viðbrögð við því og menn spyrja hvað sé að gerast — þó að það jafni sig yfirleitt þegar frá líður og menn átta sig á því að hér eru að ganga inn hægt og rólega þjóðfélagsbreytingar og vonandi stefnum við í rétta átt að því leyti.

Sum málefni vekja meiri áhuga okkar karlanna en önnur og það er eins varðandi kvenþjóðina. Það er alveg greinilegt að konur hafa ekki sama áhuga og við karlar á sumum málum. Samgönguumræðan var nefnd sem dæmi þó ekki sé hægt að halda því fram að samgöngurnar séu ekki jafnt fyrir bæði kynin eða að fólk hafi ekki sama hag af góðum samgöngum hér á landi hvort sem það eru karlar eða konur. Það er kannski ekki hægt að segja alveg nákvæmlega það sama um sjávarútveginn. Í sjávarútveginum starfa miklu fleiri karlar en konur, ég þekki það vel, ég var í kjaramálum fyrir sjómenn og starfaði fyrir samtök sjómanna í áratugi og þurfti að semja og leiða kjarasamninga fyrir sjómenn. Ég þurfti aldrei að velta því fyrir mér hvort launamunur væri milli karla og kvenna í þeim kjarasamningum því launakerfið er þannig uppbyggt að þar eru launin nákvæmlega eins hvort sem það er karl eða kona. En það verður líka að segjast eins og er að konurnar til sjós voru ákaflega fáar. Ef þær voru um borð í skipunum á þeim árum þegar ég var til sjós voru þær oftast nær matsveinar, gegndu því starfi, þó að konur sem hásetar sæjust þar einstöku sinnum.

Ég lýsi yfir stuðningi mínum við tillöguna. Ég tel prýðilegt að hún sé fram komin og tek undir það sem segir í niðurlagsorðunum um að (Forseti hringir.) Alþingi Íslendinga hafi frumkvæði.

[17:44]

Flm. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langaði rétt að bregðast við tveimur atriðum sem fram komu í ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar. Ég þakka honum fyrir stuðninginn við málið og fyrir að taka þátt í umræðunni og vil enn lýsa ánægju minni yfir því að horfa framan í andlit karlþingmannanna sem hér eru. Það er svolítið sérstakt þegar maður er að ræða um jafnréttismál að hafa einungis karlmenn fyrir framan sig, ekki konur.

Áhugamál kvenna eru önnur. Ef maður tekur tillit til undantekninganna sem alltaf eru, þó ekki hafi það verið í sjávarútvegsumræðunni fyrr í dag, má kannski segja að

pólitík kvenna frekar en karla snúist um að skapa þær aðstæður að ala upp nýtan þjóðfélagsþegn. Það má kannski segja að það sé kjarninn í þeirri pólitík sem flestar konur reka og standa fyrir. En þetta er undantekningum háð alveg eins og sjávarútvegsumræðan á síðasta þingi, þá áttum við konu sem var mjög virk í því. Það eru því undantekningar frá öllu.

Hv. þingmaður nefndi líka 40% hlutfallið, það hlutfall kvenna sem Frjálslyndi flokkurinn er kominn með í miðstjórn sína. Þá er kannski rétt að geta þess að á síðasta flokksþingi Framsóknarflokksins lögbatt hann 40%, það skyldi vera 40% hlutfall hvors kynsins sem var, aldrei undir því, í öllum ábyrgðastöðum á vegum flokksins og á framboðslistum hans. Þetta er ekki hið endanlega markmið að konur séu vegna einhvers kvóta í pólitík. Við trúum því að það séu til konur til að fylla það hlutfall og gott betur og þetta er til að laða þær að til góða fyrir pólitíkina og samfélagið. Endanlega takmarkið er að vera ekki með neina kvóta.

Ég vil sérstaklega óska hv. þingmanni til hamingju með að hafa náð þessu hlutfalli í miðstjórn Frjálslynda flokksins og hef þá trú að starfsemi flokksins alls muni eflast við þá viðbót.

[17:46]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka góðar óskir og vona að framtíðin uppfylli þær óskir sem ég fékk frá hv. þingmanni varðandi framtíð flokksins og eflingu hans.

Ég er algjörlega sammála hv. þingmanni um að kvótasetning að þessu leyti eigi ekki við frekar en í svo mörgu öðru sem manni finnst ekki beinlínis markmið að stefna að, að uppfylla einhvern kvóta og halda sig við það. Ég lít svo á eins og ég sagði í upphafi máls míns þegar ég talaði um systkini mín og fjölskyldu að það þurfi vonandi ekki í framtíðinni þegar við erum komin í gegnum eðlilegar þjóðfélagsbreytingar neina sérstaka kvótastýringu til að ná slíkum markmiðum sem ég nefndi. Hins vegar hefur það iðulega verið nefnt í jafnréttisumræðunni að æskilegt væri að ná því hlutfalli að konur yrðu a.m.k. 40% í völdum nefndum, ráðum og stofnunum þjóðfélagsins, það hefur verið sett sem markmið.

Ég geri ráð fyrir að á þessari öld muni þetta breytast verulega og við munum sjá það þegar við erum kannski hætt hér störfum og horfum til þjóðfélagsins okkar á efri árum, sem ég vona auðvitað að verði ánægjuleg fyrir okkur öll, að breytingin gangi eftir og að konur standi algjörlega jafnfætis okkur körlum að fjölda til, þær gera það örugglega að því er varðar hæfileika og við þurfum ekki að stýra því.

[17:48]

Útbýting:

Jarðgöng í Dýrafirði, 775. mál, fsp. KHG, þskj. 1149.

Jarðgöng til Bolungarvíkur, 776. mál, fsp. KHG, þskj. 1150.

Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, 537. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1152.

Siglufjarðarvegur, 777. mál, fsp. KHG, þskj. 1151.

Skráning og eignarhald léna, 778. mál, fsp. LS, þskj. 1153.

[17:48]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þessi tillaga til þingsályktunar er lögð fram og vil strax í upphafi máls míns lýsa yfir stuðningi við efni hennar.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að við ráðumst í könnun á viðhorfum og væntingum til stjórnmálaþátttöku kvenna til áhrifa þeirra í íslensku samfélagi og til valda í þjóðfélaginu. Þetta er afskaplega viðamikil könnun sem fram þarf að fara og skiptist a.m.k. í þrjú atriði. Í fyrsta lagi að kannað verði hver viðhorf kjósenda eru almennt til kvenna í stjórnmálum, ekki eins og stundum hefur verið gert að kanna viðhorf kvenna til þátttöku í stjórnmálum, heldur að kanna viðhorf okkar allra til kvenna í stjórnmálum. Það eitt er ansi viðamikið verkefni. Maður veltir því fyrir sér þegar maður skoðar þetta hvort það þyrfti jafnvel að skila áfangaskýrslum vegna þess hve könnunin er viðamikil, byrja á að kanna viðhorf til kvenna í stjórnmálum og síðan er spurningin um hvaða væntingar menn hafa til áhrifa kvenna í þjóðfélaginu og valda almennt.

Maður verður alltaf jafnhissa þegar maður fer yfir þessi mál hversu illa gengur, ekki bara í stjórnmálunum, heldur almennt að konur nái þeirri stöðu að standa jafnfætis körlum að öllu leyti í völdum, áhrifum og ég tala ekki um launum. Ég kannast ekki við það að nokkur maður á mínum aldri eða yngri og margir þeir sem eldri eru hafi einhverjar skoðanir á því að þetta eigi ekki að vera jafnt. Það virðast allir hafa þær skoðanir, alveg sama við hvern maður talar, karla eða konur, unga eða gamla, að að sjálfsögðu eigi að vera jafnræði milli kvenna og karla. En þegar kemur að því að gera eitthvað er eins og allt standi fast og þetta gerist afskaplega hægt.

Ég get tekið undir með hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni að þetta verði örugglega betra eftir því sem við eldumst, en maður verður alltaf jafnhissa hve hægt gengur. Ekki er þetta flokkspólitísk mál. Ekki gengur það svo hægt vegna þess að við í stjórnmálaflokkunum séum að rífast um hvort þetta eigi að vera. Þegar maður horfir á hóp flutningsmanna eru þar fulltrúar úr öllum stjórnmálaflokkum sem sitja á Alþingi. Ég sé að 1. flutningsmaður og þeir sem flytja tillöguna hafa gætt þess að hafa jafnræði milli karla og kvenna í hópi þeirra sem flytja þingsályktunartillöguna.

Það er margt í greinargerðinni sem mig langar til að bregðast við, en tímans vegna verð ég að velja úr hvað hægt er að fara í. Það að 84% Íslendinga aðspurðir af Gallup telji stöðu kvenna verri en stöðu karla í íslensku samfélagi hlýtur náttúrlega að gefa okkur til kynna að þannig er það. Við þurfum ekki að hjúpa það neinum reyk þegar 84%, nánast allir sem spurðir eru, eru á þeirri skoðun að staða kvenna í íslensku þjóðfélagi sé lakari en karla er það bara svoleiðis og við hljótum að þurfa að bregðast við því. Það er skelfilegt að tölulegar kyngreindar upplýsingar og staðreyndir sem verið er að safna sýna svart á hvítu að um afturför á ákveðnum sviðum er að ræða og við höldum ekki einu sinni því sem náðst hefur á undanförnum árum. Maður hlýtur að velta fyrir sér hvernig í ósköpunum standi á þessu.

Það sem fram kemur í greinargerðinni líka er að marktækt fleiri konur en karlar ljúka námi í framhaldsskólum, sérskólum og háskólum. Þetta er hlutur sem við höfum vit-

að lengi, en hlutur kvenna í skólunum er 63% þannig að hlutur karla er lakari hvað þetta varðar. Mín skoðun er einfaldlega sú að ef við verðum vör við þannig mismun á hlutfalli kynja í einhverjum ákveðnum störfum, í ákveðnum námsfögum eða á ákveðnum sviðum þjóðfélagsins á einfaldlega að fara fram skoðun á því hvað veldur því að þetta sé svona. Það getur vel verið að í einhverjum tilvikum séu ósköp eðlilegar skýringar á þessu og gott að fara í gegnum það og leggja þær fram. En oftast held ég að þetta sé eitthvað sem gerist án þess að við gerum okkur almennilega grein fyrir hvað veldur.

Þátttaka kvenna í atvinnulífi á Íslandi er með því mesta sem gerist eða meira en í nokkru öðru OECD-ríki, 83%. Við getum kannski sagt að við höfum gert stöðu kvenna á atvinnumarkaði betri með nýjum fæðingarorlofslögum þar sem réttur feðra er aukinn. Það jafnar nokkuð stöðu kynjanna á vinnumarkaði því öll þekkjum við það þegar því var haldið fram að konur gætu síður verið stjórnendur í stórum fyrirtækjum því þær ættu á hættu kyns síns vegna að verða ófrískar og falla í burtu í ákveðinn tíma á meðan á fæðingu stendur. En sem betur fer eru feður farnir að nýta sér þennan rétt í auknum mæli og það jafnar stöðuna á milli kvenna og karla á vinnumarkaði.

Hv. 1. flutningsmaður fór yfir hvernig staðan er almennt á atvinnusviðinu, bæði í opinberum störfum og hjá einkafyrirtækjum og hve hlutur kvenna er í raun lítill, alveg sama hvort við skoðum millistjórnendur eða æðstu stjórnendur í stærri fyrirtækjum og millistórum fyrirtækjum. Við höfum orðið vör við það á undanförnum vikum getum við sagt að konur eru sem betur fer aðeins að sækja fram á þessu sviði og vekja athygli á því hvernig þetta er. Það þarf að gera í meira mæli þegar munar svona miklu að við tökum höndum saman um að fela það ekki á nokkurn hátt heldur förum í mjög opna umræðu sem verður vonandi til þess að þetta jafnast.

Annað sem kemur fram, ef við lítum fram hjá lengd vinnutíma og hann er ekki að skekkja launin, er að laun kvenna á árinu 2002 eru aðeins 59% af launum karla. Þá er búið að taka vinnutímann út sem oft hefur verið sagt að valdi því að karlar hafi svo mikið hærra kaup. Þetta hefur versnað á þessum árum og auðvitað veltir maður fyrir sér hvað veldur.

Ég er þriðji karlinn ef ég tel rétt sem tekur þátt í umræðunni og hallar frekar á konurnar þar og veit vonandi á gott að karlar séu farnir að skipta sér meira af þessu en þeir hafa gert hingað til. Hv. 1. flutningsmaður vakti athygli á því áðan að engin kona kom í umræðu um sjávarútvegsmál. Ég veit að við áhugamenn um þau mál mundum fagna því ef konur sýndu í meira mæli áhuga á þeim málaflokki, en einhvern veginn er þetta svona. Sem betur fer held ég og veit og hef fyrir því vissu hér inni að þetta er að breytast og hlýtur að breytast. Alla vega, herra forseti, þetta verður að breytast.

[17:57]

Flm. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég vil enn og aftur ítreka þakkir mínar fyrir góðar viðtökur á málinu frá hv. þingmönnum sem hér hafa talað, Ísólfi Gylfa Pálmasyni, Jóni Gunnarssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni. Eins og ég sagði náum við aldrei neinum árangri nema við vinnum að þessu saman. Ég talaði um konur og pólitík, eins og hv. þm. Jón Gunnarsson gerði áðan. Þetta vekur furðu af því að við erum öll jafnréttissinnar. Það er kannski munurinn, eins og ég kom inn á í framsöguræðu minni, að sætin í sveitarstjórnum og þingsætin eru takmörkuð stærð. Það á ekki við í viðskiptalífinu. Það á ekki við úti á vinnumarkaði, nema náttúrlega yfirmannastöður hjá tilteknum fyrirtækjum og innan stjórnsýslunnar, en almennt ekki.

Þess vegna er kannski skiljanlegt eins og manni finnst vera raunin að um leið og konur ná einhverjum ákveðnum fjölda, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson gat um, er þessi tilfinning hjá körlum að þær ætli að ýta þeim til hliðar, af því það er takmörkuð stærð. Þess vegna gildir svolítið annað um konur á vettvangi stjórnmálamanna eins og gagnvart því hvað þær geta náð langt margar í viðskiptalífinu.

Mér finnst gaman að hafa orð á þessu, vegna þess að ég skynjaði ekki í sama mæli skortinn á jafnrétti fyrr en ég fór að taka þátt í pólitíkinni. Áður en ég gerði það, fyrir árið 2000, tilheyrði ég lögmannastétt. Þar voru engir kvótar og engar eiginlegar hindranir fyrir konur, en eftir sem áður voru konur ekki nema 5% af þeirri stétt. Af hverju skyldi það vera? Það eru fleiri konur sem útskrifast orðið úr lögfræði en karlar. Það er vegna þess að konurnar fóru gjarnan í störf sem þýddi átta tíma vinnudag, reglulega útborguð laun o.s.frv., af því konurnar eru yfirleitt að axla meiri ábyrgð á fjölskyldunni og að geta sinnt henni en karlarnir. Þetta er ein skýringin.

Það eru undirliggjandi ástæður. Þess vegna held ég að fæðingarorlofið sem er okkur til mikillar fyrirmyndar og margir horfa til, síðasta hindrunin í lagalegu jafnrétti karla og kvenna, að það sé kannski stóra málið til framtíðar litið að karlar og konur axli þá ábyrgð jafnt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að draga umræðuna á langinn. Ég náði ekki í framsöguræðu minni að geta meðflutningsmanna, en þeir eru hv. þingmenn Anna Kristín Gunnarsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir, sem eru allt konur sem tóku þátt í hinni góðu ráðstefnu í Þórshöfn í Færeyjum. Auk þeirra eru hv. þingmenn Siv Friðleifsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Gunnar Örlygsson, Magnús Stefánsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Að lokum, herra forseti, láðist mér í framsöguræðunni að geta þess að ég geng út frá því að að þessari umræðu lokinni verði málinu vísað til hv. félagsmálanefndar þar sem ég vona auðvitað að málið verði afgreitt út úr nefnd í tíma svo að hægt sé að hrinda þessari ágætu tillögu í framkvæmd, þannig að við getum lært og tekið mið af niðurstöðum þeirrar könnunar sem tillagan gengur út frá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stuðningur stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP, 248. mál. — Þskj. 266.

[18:01]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu á þskj. 266 sem er 248 mál þingsins. Tillagan fjallar um stuðning stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn.

Af því að við vorum að tala um jafnréttismál hér rétt áðan þá er dálítið merkilegt að í þessari stétt, þ.e. matreiðslumannastéttinni eru ótrúlega fáar konur. Það er dálítið sérkennilegt vegna þess að í hinu daglega lífi held ég að konurnar séu ekki síður góðir kokkar en karlarnir.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðar- og viðskiptaráðherra að skipa í samráði við landbúnaðarráðherra starfshóp er fái það hlutverk að gera tillögur um hvernig stjórnvöld geti stutt íslenska matreiðslumenn" — ég vil reyndar bæta inn í kjötiðnaðarmenn og mjólkurfræðinga — „í þeirri viðleitni að auka útflutning á þekkingu þeirra og matargerðarlist en auka um leið útflutning á íslenskum landbúnaðarafurðum, svo sem kjöti, grænmeti og mjólkurafurðum, en einnig fiski og fiskafurðum og fullunnum matvælum. Verkefni starfshópsins verði að:

1. Leggja mat á árangur sem íslenskir matreiðslumenn" — kjötiðnaðarmenn og mjólkurfræðingar — „hafa þegar náð á erlendri grund og hvernig hann hefur náðst.

2. Leggja mat á hvort stjórnvöld geta stuðlað að frekari árangri á þessu sviði og gera tillögur um hvernig auka má útflutning á þekkingu og færni íslenskra matreiðslumanna" — kjötiðnaðarmeistara og mjólkurfræðinga.

„3. Gera tillögur um hvernig auka megi útflutning íslensks hráefnis og fullunninna matvæla í tengslum við framangreint."

Íslenskir matreiðslumenn hafa sýnt það og sannað að þeir eru fagmenn á heimsmælikvarða, um það bera fjölmörg alþjóðleg verðlaun og viðurkenningar vitni. Góður árangur þeirra getur orðið íslensku þjóðinni mikils virði ef rétt er á haldið. Með honum hefur hugsanlega verið lagður grunnur að nýjum landvinningum þeirra og auknum útflutningi á íslensku hráefni og unnum matvörum. Starf þeirra hefur einnig mikið gildi af því að hluti af ferðamennsku nútímans er að njóta matarins í viðkomandi löndum. Íslenskt hráefni er í sérflokki, hvort heldur um er að ræða fisk, kjöt, mjólkurafurðir eða grænmeti, og ef hráefnið er meðhöndlað af snilld margfaldar það gildi sitt. Af þessum ástæðum hef ég líka sett hér inn mikilvæg störf kjötiðnaðarmeistara og mjólkurfræðinga sem mér finnst vert að séu skoðuð í beinu framhaldi af þessu vegna þess að þeir hafa líka verið með heilmikla landvinninga hvað þetta varðar á erlendri grund.

Þess má geta líka að íslenskir matreiðslumeistarar geta unnið uppeldis- og forvarnastarf og lagt á ráðin um hollt mataræði. Athyglisverðir sjónvarpsþættir voru gerðir í samstarfi matreiðslumanna og ríkissjónvarpsins þar sem ungu fólki var kennd matreiðsla. Sömuleiðis má nefna mikilvægt starf bænda og samvinnu þeirra við matreiðslumenn við framleiðslu á landbúnaðarvöru, hvort heldur er hefðbundna, vistvæna eða lífræna. Í auknum mæli hefur fólk fengið mikinn áhuga fyrir lífrænni framleiðslu og vistvænni og í raun er óhætt að segja að flest þeirra matvæla sem framleidd eru á Íslandi geti talist vistvæn. En til þess að gera lítill hluti þeirra er lífrænn.

Klúbbur matreiðslumeistara tekur þátt í víðtæku alþjóðasamstarfi á Norðurlöndum, í Evrópu og á alþjóðavísu. Forseti þeirra, Gissur Guðmundsson, er einnig formaður eða forseti hinna norrænu samtaka matreiðslumeistara og ef ég man rétt er hann einnig í stjórn Evrópusamtaka matreiðslumeistara. Þetta er kannski dæmi um þá viðurkenningu sem íslenskir matreiðslumeistarar og matreiðslumenn hafa hlotið á alþjóðavísu.

Flutningsmaður tillögunnar, þ.e. sá sem hér stendur, hvetur stjórnvöld, framleiðendur, ferðaþjónustuaðila og forsvarsmenn annarra fyrirtækja til að gefa gaum mikilvægu starfi þessara samtaka að eflingu og kynningu á Íslandi og matvælum sem eru í sérflokki hvað gæði og hreinleika snertir.

Gríðarlegar framfarir hafa orðið í matvælaframleiðslu á Íslandi. Sumir segja að matreiðslumeistarar séu nýir sendiherrar Íslands á alþjóðlegri grund og í raun má það segja einnig um kjötiðnaðarmenn og mjólkurfræðinga. Þeir hafa unnið til mjög margra verðlauna og viðurkenninga vítt og breitt um heiminn.

Það má líka velta fyrir sér markaðssetningu matvöru, t.d. íslensks grænmetis sem er sérstaklega merkt. Íslenskt grænmeti er merkt þeim búum sem það kemur frá. Þetta skiptir allt miklu máli og ég hvet neytendur mjög til þess að horfa til þessara umbúða vegna þess að við sjáum líka að innflytjendur eru reyna að blekkja okkur með því að flytja inn t.d. grænmeti og merkja það síðan eins og um íslenska vöru sé að ræða. En það er gríðarlega mikill munur á gæðum t.d. innflutts grænmetis og þess sem framleitt er á Íslandi. Íslenska grænmetið er miklu betra en það erlenda.

Það má líka velta fyrir sér hvernig menn hafa markaðssett skyrið, þá gömlu hollu mjólkurvöru sem er orðin afar vinsæl meðal ungs fólks og skyr er mjög hollt. Það flokkast undir osta á alþjóðamælikvarða þannig að Íslendingar eru orðin mesta ostaneysluþjóð heimsins, ef ég kann þetta rétt. Lengi vel voru það Frakkar. En ég held að ég fari rétt með að nú séu Íslendingar orðnir mesta ostaneysluþjóð heimsins.

Mörgum orðum má fara um sérstöðu lambakjötsins okkar. Ég var á mjög merkilegri ráðstefnu ekki alls fyrir löngu þar sem einmitt var fjallað um lambakjötið. Þýskur hagfræðingur var hér á landi og var hann einmitt að horfa á kindurnar sem voru uppi í fjöllunum. Þessi hagfræðingur ímyndaði sér að kjötframleiðsla heimsins væri þannig að dýr væru almennt í búrum. En þegar hún sá sauðkindina vappa um fjalllendið skynjaði þessi hagfræðingur að hér væri um ákveðna villibráð að ræða. Þetta eru svona hlutir sem við gerum okkur kannski ekki alltaf grein fyrir.

Það er líka gaman að velta fyrir sér hvernig menn markaðssetja hangikjötið fyrir jólin. Það eru til alls konar útfærslur á hangikjöti. Eitt hangikjötið heitir t.d. birkireykt SS hangikjöt. Svo er til Hólsfjallahangikjöt, Húsavíkurhangikjöt, Borgarnesshangikjöt, Sambandshangikjöt og Goðahangikjöt. Svo eru menn að smakka þetta líkt og um

dýrindis vín væri að ræða. Í raun má því segja að við eigum gríðarlega mikla möguleika hvað þetta varðar.

Aðrar þjóðir hafa nýtt sér sína matreiðslumeistara til þess að kynna þá matvöru sem á boðstólum er. Norðmenn hafa t.d. náð mjög langt hvað þetta varðar. Íslendingar hafa hlotið ákveðna viðurkenningu í þessum efnum. Íslenskir matreiðslumeistarar keppa í svokallaðri Bocuse d'Or keppni sem fram fer í Lyon í Frakklandi. Íslendingar hafa náð gríðarlega góðum árangri þar. Árið 2001 áttum við möguleika á að vera með íslenskt lambakjöt í þessari keppni en því miður var kerfið okkar svo gamaldags, vil ég segja, að það tókst ekki. Árið 2005 var hins vegar íslenskur skötuselur einn af þeim réttum sem voru á boðstólum í þessari frægu keppni.

Við eigum að nýta okkur þessa möguleika því að þeir eru gríðarlegir. Sérstaða okkar Íslendinga er mikil á þessum sviðum og ég hvet íslensk stjórnvöld til þess að skoða þessi mál af mikilli alvöru.

[18:11]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni fyrir að vekja athygli á því málefni sem við ræðum hér, þ.e. hvernig við getum og ættum að styðja við íslenska matreiðslumenn.

Eitt vakti athygli mína í ályktuninni og það var að hér er gengið út frá því að fela iðnaðar- og viðskiptaráðherra að skipa í samráði við landbúnaðarráðherra starfshóp. Þegar ég fór að lesa þetta í gegn þá eiginlega saknaði ég þess að sjá ekki hæstv. sjávarútvegsráðherra í þessum hópi líka því að við vitum það sem tökum talsvert mikið á móti erlendum gestum starfa okkar vegna að erlendir gestir hrífast oft ekki síður af íslenska fisknum en íslenska lambakjötinu og ekki síður matreiðslunni, þ.e. hvernig við meðhöndlum þetta hráefni og hvernig okkar íslensku matreiðslumenn elda bæði fiskinn og lambakjötið.

Auðvitað værum við kannski ekki að velta þessu fyrir okkur með iðnaðar- og viðskiptaráðherrann og landbúnaðarráðherrann o.s.frv. ef hér væri eitt atvinnuvegaráðuneyti. En það er nú ekki hægt að ræða það hér í stuttu andsvari. En mig langar að spyrja hv. flutningsmann Ísólf Gylfa Pálmason hvort það sé með vilja gert að einskorða þetta við þessi ráðuneyti eða hvort hann telji ekki verkefninu til bóta ef við innvikluðum sjóinn í þetta og þá fisk og fiskafurðir. Í texta þingsályktunartillögunnar er einmitt minnst á fisk og fiskafurðir en ekki minnst á að ráðuneyti þeirra mála komi að því að skipa þennan starfshóp.

Svo veltir maður fyrir sér hverjir ættu að veljast í svona hóp. Kannski getur hv. flutningsmaður farið yfir það hvernig hann sér það fyrir sér. Er þetta ekki einhver blanda þá af embættismönnum, matreiðslumönnum, þeirra fulltrúum og jafnvel frá Samtökum atvinnulífsins?

[18:13]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Gunnarssyni fyrir þessa þörfu ábendingu. Eins og hann sér þá er ég einn flutningsmaður að þessari tillögu. Ég hefði kannski betur boðið hv. þingmanni að vera með mér á þessari tillögu því að hann sýnir henni áhuga. Þetta er hárrétt ábending og ég hvet til þess að þetta verði hreinlega sett í þingsályktunartillöguna, þ.e. í samráði við sjávarútvegsráðherra, vegna þess að eins og réttilega kom hér fram þá er fiskurinn hluti af sérstöðu okkar. Reyndar hefur hæstv. sjávarútvegsráðherra Árni M. Mathiesen sýnt þessum málaflokki mikinn áhuga og átti hann sinn þátt í því að íslenskur fiskur var í þessari frægu Bocuse d'Or keppni sem haldin var í vetur.

Þegar við erum að velta þessu fyrir okkur sé ég fyrir mér sérfræðinga á þessum sviðum. Það hefur safnast upp mikil reynsla hvað þetta varðar. Þeir sem hafa tekið þátt í þessum erlendu keppnum urðu margir verðlaunahafar, bæði í matreiðslukeppnum og varðandi það sem kjötiðnaðarmeistarar hafa verið að gera og það sem mjólkurfræðingar hafa verið að gera. Það er gríðarleg þróun hvað þetta varðar þannig að ég sé sérfræðinga á þessu sviði fyrir mér. Ég sé líka að Útflutningsráð geti komið inn í svona starf og auðvitað ferðaþjónustan því að hún byggist að hluta til á þessu. Mér er sagt t.d. að meira sé selt af lambakjöti í gegnum ferðaþjónustuna en það sem við flytjum til útlanda til dæmis. Möguleikarnir þarna eru gríðarlegir. Víddirnar eru miklar. Ég fagna mjög því að hv. þm. Jón Gunnarsson skuli sýna þessari þingsályktunartillögu svona mikinn áhuga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breytt hlutföll aldurshópa eftir árið 2010, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP, 249. mál. — Þskj. 267.

[18:15]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þingsályktunartillögu á þskj. 267, 247. máli þingsins, og hún fjallar um könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sérfræðinga sem kanni áhrif fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar eftir árið 2010 á eftirlauna- og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið. Nefndin skili áliti innan árs."

Í greinargerð segir að frá árinu 1970 til 1995 fjölgaði Íslendingum 65 ára og eldri úr 5,9% þjóðarinnar í 11,3%, þ.e. á árabilinu 1970–1995 er fjölgunin úr 5,9% í 11,3%. Í spá, sem gerð hefur verið um hlutfall þessa aldurshóps til ársins 2030, kemur fram að veruleg fjölgun verður frá árinu 2010 og árið 2030 verður hlutfallið orðið 19%. Þarna er um gríðarlega fjölgun að ræða. Þessi fjölgun hefur miklar þjóðfélagsbreytingar í för með sér. Ætla má að kostnaður heilbrigðiskerfisins aukist verulega og útgjöld vegna eftirlauna og lífeyris hækki umtalsvert. Þá fækkar mjög í hópi vinnandi fólks.

Af þessum sökum hafa víða á Vesturlöndum verið gerðar miklar rannsóknir á þeim breytingum á aldursskiptingu sem eru fyrirsjáanlegar næstu áratugi og stafa af því að sífellt fleiri ná háum aldri, m.a. vegna framfara í læknisfræði

og betri aðbúnaðar, sem ber að sjálfsögðu að gleðjast yfir.

Umræðan um vandamál er fylgja breyttri aldursskiptingu þjóðarinnar snertir ýmsa viðkvæma þætti í lífi aldraðra. Enginn má skilja þá umræðu svo að verið sé að hnýta í aldraða. Tillagan er miklu heldur lögð fram til að tryggja afkomu aldraðra og þjónustu samfélagsins við þá. Flestir eiga fyrir höndum að ná háum aldri og þurfa að gera sér grein fyrir þeim breytingum á eigin lífi og í þjóðfélaginu sem fram undan eru. Vaxandi kostnaður heilbrigðisþjónustunnar og lífeyriskerfisins er vandi þjóðarinnar allrar. Umræðan um framtíðina þarf að miða að því að leita sameiginlegra lausna og að kynna sér hvað aðrar þjóðir hafa gert og reynt í þessum efnum. Að vísu virðist nokkuð djúpt á lausnum en þó hafa komið fram ýmsar tillögur sem vert er að gaumgæfa.

Sú staðreynd blasir við meðal margra auðugra þjóða að þeir sem komast á eftirlaunaaldur 65 ára geta búist við að lifa áfram í 15–20 ár, en fyrir u.þ.b. 100 árum hefðu fæstir náð þeim aldri sem eftirlaun eru nú miðuð við.

Þrátt fyrir stöðugt hærri meðalaldur verður ekki hjá því komist að líkaminn slitni með aldrinum, sama hvað við reynum að lifa skynsamlega og hversu góð heilbrigðisþjónustan er. Kvillarnir herja mismikið á fólk og eftir því sem það nær hærri aldri aukast líkurnar á þörf fyrir samfélagslega aðstoð. Kostnaður þjóðfélagsins við þá aðstoð verður meiri eftir því sem fjölgar meira í þessum hópum enda eru þessi mál til skoðunar í flestum vestrænum löndum því háöldruðum mun fjölga gífurlega á næstu árum og áratugum.

Á síðari hluta síðustu aldar hefur verið stefnt að því að lækka eftirlaunaaldurinn. Stundum er talið eftirsóknarvert að komast á eftirlaun. Eftirlaunakerfið hefur hins vegar reynst nokkuð dýrt og stjórnvöld hafa víða borið sig illa hvað það varðar. Flestum er ljóst að kostnaðurinn á eftir að aukast gríðarlega. Á næstu 30–40 árum munu hlutföll aldurshópa breytast æ meira sökum hærri lífaldurs og færri barnsfæðinga. Ekki verður undan því vikist að skoða áhrifin á eftirlauna- og heilbrigðiskerfi víða um heim. Reiknað hefur verið út að árið 2030 geti staðan orðið þannig í iðnvæddum ríkjum að aðeins verði tveir vinnandi menn fyrir hvern eftirlaunaþega og aldurshópar komi til með að takast á um skiptingu fjármagns og fjármögnun félagslegrar aðstoðar verði erfið. Einnig hefur verið bent á að breyttri aldursskiptingu fylgja pólitískar breytingar. Aldraðir hafa víða styrkt mjög stöðu sína með hvers konar félagsstarfsemi sem hefur það meginmarkmið að hafa áhrif á ákvarðanir löggjafarvaldsins í málefnum aldraðra og er það vel.

Ýmsir vilja draga úr alvarlegum afleiðingum breyttrar aldursskiptingar sem verður enn meiri og áberandi nú eftir aldamót, en svartsýnar spár hafa haft þau jákvæðu áhrif að stjórnvöld og einstaklingar hafa farið að skoða áhrif breytinganna og leita leiða til að bregðast við þeim.

Þegar þess er gætt að íbúar auðugra landa lifa nú 20–30 árum lengur en fyrir einni öld verður að huga að breytingum á lífeyris- og heilbrigðismálum langt fram í tímann, en forsenda fyrir því að það sé hægt er að sjá áhrifin fyrir og gera viðeigandi ráðstafanir. Því er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sem kanni þessi mál. Það hlýtur að vera skylda komandi kynslóða að tryggja öldruðum áhyggjulaust ævikvöld.

[18:22]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég kem í ræðustól til að lýsa yfir stuðningi við að þessi tillaga, sem hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason flytur, nái fram að ganga. Ég tel mikla nauðsyn á að skoða hvernig framtíðin lítur út að því er varðar aldursskiptingu þjóðarinnar, lífskjör hennar, eftirlaun og atvinnuþátttöku.

Ég tel vert að spyrja hvort eðlilegt sé, hafi fólk til þess eðlilega starfsorku, að eftirlaunaaldur færist endilega mikið niður. Það er algjörlega rétt sem hér hefur verið bent á, að ef ellilífeyrisþegum sem hættir eru að starfa, hættir að taka þátt í atvinnulífinu, fjölgar mikið á komandi árum — og það eru allar líkur á því eins og hv. þingmaður sagði, að ellilífeyrisþegum fjölgi mikið á komandi árum — þá kann það að verða þjóðfélaginu þungt að rísa undir því að tryggja öldruðum eðlilega og sjálfsagða framfærslu á efri árum.

Því hefur verið haldið fram að réttindi lífeyrisþeganna væru að aukast það mikið að margir ellilífeyrisþegar muni margir hverjir lifa sín bestu ár á ellilífeyrisárunum, að afkoma þeirra verði það vel tryggð í lífeyrisréttindum þeirra. Ég hef nokkrum sinnum í þessum ræðustól leyft mér að draga í efa þá framtíð sem lýst var í erindi Ásmundar Stefánssonar, um ellilífeyrisþegann sem hefði það ofboðslega fínt, að hún væri jafnnálægt okkur í tímanum og þar var talið.

Vissulega er það svo að hluti þjóðfélagsþegnanna aflar sér mikils og góðs ellilífeyris. En við megum ekki gleyma því að hluti af þjóðfélagsþegnunum býr við mjög slök lífeyrisréttindi. Það þarf ekki annað en að vitna til bændastéttarinnar í því sambandi, sem hefur mjög slök lífeyrisréttindi. Við höfum að vísu gert talsvert í að bæta stöðu lífeyrisþega á undanförnum árum með auknum lífeyrissparnaði, bæði með því að greiða meira í sameiginlega sjóði, samtryggingarsjóði okkar, og eins með því að taka upp séreignarsparnað sem fylgir hverjum og einum. En eins og menn vita eru hinir almennu lífeyrissjóðir samtryggingarsjóðir og ef fólk verður öryrkjar þá er það metið eins og það hafi greitt áfram í lífeyrissjóðinn. Það fær síðan áunnin réttindi þó að það geti ekki starfað.

Tilhneigingin hefur verið sú að opna meira og meira á það í þjóðfélagi okkar að menn geti hafið töku ellilífeyris yngri, ættu val um það og er allt gott um það. En við þurfum þá að hugleiða vandlega hvort þeir fjármunir sem fólk hefur varið inn í lífeyriskerfið beri uppi þá aukningu. Margir lífeyrissjóðir hafa t.d. boðið það að fólk byrjaði yngra töku lífeyris en þá sé lífeyrir skertur. Það hefur m.a. verið gert í Lífeyrissjóði sjómanna, sem gefur öllum sjóðfélögum í dag kost hefja töku ellilífeyris frá 60 ára aldri en þá með 24% skerðingu. Á móti er þeim líka gert kleift að fresta töku ellilífeyris fram til 70 ára aldurs og vinna sér inn meira en ella væri.

Þetta eru auðvitað allt útfærsluatriði en ég tel mjög nauðsynlegt að við reynum að kortleggja vandamálið eins vel og við höfum tölur til og þekkingu á þeirri þróun sem hér verður. Mér virðist ljóst að miðað við lífeyriskerfi okkar muni Íslendingar sennilega standa betur en margar aðrar þjóðir í nágrenni við okkur vegna þess hvernig lífeyriskerfi hefur þó verið uppbyggt á undaförnum árum og áratugum.

Þetta segi ég þó með þeim fyrirvara að hópar í þjóðfélagi okkar eiga ekki mikil lífeyrisréttindi. Ég nefndi bændur og auk þess húsmæður sem hafa unnið heima og þótt þær konur séu mikið til komnar á vinnumarkaðinn í dag. Þá má nefna fólk sem af einhverjum orsökum hefur ekki mikið starfshlutfall, er með tímabundna örorku, varanlega örorku o.s.frv. og vinnur sér ekki inn mikil lífeyrisréttindi. Slíkt þarf vissulega að skoða.

Síðan má ekki gleyma því að almannatryggingakerfi okkar er þannig uppbyggt að lífeyrisréttindi skerða bætur almannatrygginganna og það misjafnlega eftir því hvers konar flokka við erum að tala um. Það er ekki sama hvernig tekjurnar sem ellilífeyrisþeginn fær eru, t.d. lífeyristekjur, atvinnutekjur eða fjármagnstekjur. Skerðingin eru mismunandi eftir því um hvað er að ræða. Almenna reglan er 45% skerðing. Ef fólk fær 10 þús. kr. úr lífeyrissjóði, þá skerðast bæturnar um 4.500 kr. nema þegar um fjármagnstekjur er að ræða, þá er fyrst deilt í með tveimur og síðan kemur skerðing. Oftast nær skerðast allar bætur, tekjutrygging, heimilisuppbót o.s.frv. og hverfa alveg. Grunnlífeyririnn stendur eftir gagnvart lífeyristekjunum en hverfur hins vegar við atvinnutekjur sem eru komnar eru upp fyrir rúmlega 250 þús. kr., þá eru allar bætur úr almannatryggingum horfnar.

Allt þetta dæmi þarf að vera undir þegar málið er skoðað. Það þarf að skoða aldurssamsetninguna, reglurnar sem við vinnum með, hvernig þær muni koma við breytta aldurshópa í framtíðinni og hvernig þær muni vinna. Eiga reglurnar að vera eins og þær eru í dag eða öðruvísi? Við í Frjálslynda flokknum teljum að þær eigi að vera öðruvísi. Við höfum lagt fram sérstakt mál um hvað eigi að gerast með lífeyri undir 50 þús. kr. úr lífeyrissjóði, að hann eigi ekki að skerða neinar bætur o.s.frv. Við höfum talið að þannig gerðum við brú til þess tíma er ellilífeyrisþegar fara að hafa það mikinn lífeyri að þeir geti lifað algjörlega af lífeyrislaunum sínum.

Við höldum að það séu áratugir í það enn þá, því miður, að ellilífeyrisþegar eignist svo mikinn lífeyri í lífeyrissjóði að þeir geti lifað af lífeyrissjóðnum einum. Þess vegna held ég að eðlilegt sé að skoða einmitt útfærslu eins og þá sem við höfum lagt til, þar sem 50 þús. kr. út úr lífeyrissjóði skerða engar bætur og eru síðan stighækkandi upp í 100 þús. kr., sem fara þá að skerða með 45% reglu eins og nú er.

Þetta vildi ég sagt hafa. Ég lýsi yfir stuðningi við tillöguna og held að hún sé afar nauðsynleg og þakka hv. þingmanni fyrir að hafa lagt hana fram.

[18:30]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil halda áfram þaðan sem frá var horfið hjá fyrrverandi ræðumanni, hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni og þakka flutningsmanni fyrir þingsályktunartillöguna, um könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010. Ég held að þetta sé mjög skynsamleg tillaga og lýsi yfir furðu á því í upphafi máls míns að ríkisstjórnin skuli ekki hafa fundið hjá sér þörf eða fundið fyrir þeirri skyldu sem hlýtur að hvíla á henni að þessi mál verði skoðuð einmitt af vinnuhópi sérfræðinga hvernig stöðu þessara mála mun verða háttað eftir árið 2010, þ.e. eftir fimm ár, þegar hippakynslóðin svokallaða fer að komast á eftirlaunaaldur. Það er ansi stór torfa þar af Íslendingum sem syndir um og verður eldri og eldri með hverjum deginum sem líður. Þar hygg ég að muni byrja að rísa mjög stór alda sem mun ganga yfir á mörgum, mörgum árum, því mjög stórir árgangar koma þar á eftir. Til að mynda held ég að minn árgangur, 1964, sé einn efnilegasti árgangur sem fram hefur komið í íslenska stofninum. (**Gripið fram í:** Það árið?) Það árið? Nei, nánast frá upphafi vega, en nóg um það. Við eldumst að sjálfsögðu líka, fólk af minni kynslóð.

Þetta mun hafa gríðarlega mikil áhrif og við verðum að fara að velta því mjög alvarlega fyrir okkur hvernig við ætlum að taka á þessu. Ég hef fylgst nokkuð með umræðunni í nágrannalandi okkar, Noregi. Umræðan hefur verið í gangi þar í mörg ár. Norðmenn gerðu sér grein fyrir því fyrir mörgum árum að þetta mundi einmitt fara að gerast um 2010, 2020, að þá kæmi þessi mikla bylgja yfir og þeir eru fyrir löngu farnir að undirbúa sig fyrir þetta, farnir að ræða það í fúlustu alvöru: Hvernig ætlum við að halda uppi heilbrigðiskerfinu, félagslegri þjónustu og öðrum nauðsynlegum samfélagslegum þáttum til að taka við þessum fjölda?

Þar eru menn jafnvel farnir að tala um að leyfa fólki að halda áfram að vinna þó að það sé komið á eftirlaunaaldur til þess að það geti þá m.a. bæði haldið betur heilsu, því að menn fallast á það að margir, bara ef þeir fá að vinna, fá að hafa eitthvað við að vera, að þá verði heilsufar þeirra miklu betra fyrir vikið. Ég hygg að það sé mikið til í því. Einnig að fá þetta fólk sem gæti aflað sér tekna, ef það vill vinna á annað borð eftir að það er komið á 65 ára aldurinn, hefur til þess heilsu og vilja, að þá að sjálfsögðu mun það hjálpa til við að halda uppi byrðum samfélagsins. Þetta eru Norðmenn að skoða í fullri alvöru.

Þeir eru líka þegar farnir að skoða og velta því fyrir sér hvað muni gerast til að mynda í kringum árið 2010, því ég sé að þá reikna þeir með því að hinn stóri skari af eftirlaunaþegum sem verður búinn að leggja til hliðar mikinn sparnað, til að mynda í formi hlutabréfa sem fólk hefur verið að kaupa sér í hlutabréfasjóðum, að þegar þetta fólk kemst allt saman á eftirlaunaaldurinn muni það fara að selja í unnvörpum. Norðmenn hafa í dag áhyggjur af því að þá muni gengi á hlutabréfamörkuðum taka mikla dýfu vegna aukins framboðs á bréfum. Umræðan í Noregi er komin á þetta stig, þar eru menn farnir að tala á þessum nótum núna árið 2005, þeir velta þessu mikið fyrir sér. Það er löngu tímabært að við Íslendingar förum einnig að gera það og þess vegna held ég að þingsályktunartillagan sé mjög þarft og gott innlegg í þá umræðu. Hún kemur reyndar mjög seint fram, það er mælt fyrir henni mjög seint. Ég veit ekki hvort það næst að afgreiða hana út frá þessu þingi en ég tel að það væri mjög þarft verk að gera það þannig að vinnan hæfist sem fyrst og álit nefndarinnar lægi fyrir innan árs og gæti orðið grundvöllur fyrir umræðu og jafnvel áætlanagerð og frjóa hugsun varðandi það hvernig íslenska velferðarþjóðfélagið ætlar að taka á því þegar hinir stóru árgangar komast á eftirlaunaaldur.

Ég lýk því orðum mínum með sama hætti og fyrri ræðumaður. Ég þakka flutningsmanni fyrir að hafa borið fram

þingsályktunartillöguna og vona svo sannarlega að hún verði samþykkt með glans.

[18:36]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum Magnúsi Þór Hafsteinssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni fyrir góðar undirtektir. Hér er að mínu mati um afar brýnt mál að ræða og skiptir miklu máli að undirbúa þjóðfélagið undir hinar miklu breytingar. Ég hef reyndar flutt tillöguna áður og þá var um örlítinn misskilning að ræða því nokkrir aldraðir höfðu samband við mig og töluðu um að ég vildi fækka öldruðum o.s.frv. Það var um misskilning að ræða. Tillagan er fyrst og fremst hugsuð til þess að mæta þessari þörf og bæta kjör aldraðra og huga að þeim miklu breytingum sem verða. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar batnar vonandi hagur ellilífeyrisþega í komandi framtíð, en til þess að hann geti batnað verðum við að undirbúa samfélagið okkar með ákveðnum hætti.

Það er líka hárrétt sem fram kom í ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar að ákveðnar stéttir hafa mjög lélegan lífeyri, t.d. bændur, húsmæður og margir, margir fleiri. En ég hvet, eins og fram kemur í tillögunni, ríkisstjórnina til að skoða þessi mál ofan í kjölinn og undirbúa samfélagið undir þær gríðarlegu breytingar sem eiga sér stað, þjóðin er alltaf að eldast og færri og færri vinnandi hendur sem standa undir þjóðfélaginu

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:38]

Útbýting:

Hjúkrun á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, 517. mál, svar heilbrrh., þskj. 1134.

Starf Íslands á vettvangi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar 2004, 779. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 1155.

Rannsóknarmiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP, 250. mál. — Þskj. 268.

[18:38]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu á þskj. 268 og þetta er 250. mál þingsins. Tillagan fjallar um stofnun alþjóðlegrar rannsóknamiðstöðvar á sviði landverndar og landgræðslu.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna möguleika á stofnun alþjóðlegrar rannsóknamiðstöðvar á Íslandi sem hafi það meginhlutverk að þróa aðferðir við rannsóknir á hnignun lands, jarðvegsrofi og endurheimt landgæða. Rannsóknamiðstöðin hafi jafnframt það hlutverk að miðla þekkingu á þessu sviði, m.a. til vísindamanna frá þróunarlöndum. Rannsóknamiðstöðin verði í Gunnarsholti."

Ég mun skýra það betur síðar hvers vegna ég geri það að tillögu minni að rannsóknamiðstöðin verði þar.

Ísland hefur þá sérstöðu að fáar ríkar þjóðir hafa glatað jafnstórum hluta af þeim auðlindum sem felast í gróðri og jarðvegi. Íslendingar eiga sér jafnframt óvenjulanga sögu hvað varðar stöðvun jarðvegseyðingar og endurreisn landgæða. Landgræðsla ríkisins er elsta stofnun heims á þessu sviði, en skipuleg barátta gegn uppblæstri lands hófst hér á landi árið 1907, áratugum á undan öðrum löndum. Þá hét reyndar stofnunin Sandgræðsla ríkisins. Mikil þekking og reynsla hefur safnast saman um leiðir til að stöðva jarðvegsrof og endurreisa landkosti. Við eigum því miklu að miðla til annarra þjóða á þessum sviðum. Það kom m.a. vel í ljós þegar verkefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins um rannsóknir á jarðvegsrofi og leiðir til að „lesa landið" fékk umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 1998. Það var stór stund og mikil viðurkenning fyrir þær stofnanir.

Hnignun landgæða er gríðarlegt vandamál í heiminum. Þessi vandi vex stöðugt og mun hafa mikil áhrif á ástand heimsmála næstu árin ef ekki tekst að efla varnir gegn eyðingaröflunum og vinna af meiri krafti að landbótum. Vandamálin eru erfiðust þar sem hagur íbúanna er bágastur, á jaðarsvæðum í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Vegna aðstæðna hér á landi hafa Íslendingar óvenjulega góðar aðstæður til að rannsaka landhnignun og leiðir til úrbóta miðað við t.d. aðrar Evrópuþjóðir.

Ísland staðfesti sáttmálann um varnir gegn eyðimerkurmyndun árið 1997. Íslendingar hafa samt sem áður ekki tekið nægjanlega virkan þátt í slíku starfi á alþjóðavettvangi sem er í mótsögn við mikla þekkingu okkar á þessu sviði. Íslendingar eru öflugir þátttakendur í alþjóðlegu starfi á öðrum sviðum þar sem sérstaða landsins er mikil, t.d. í tengslum við eldvirkni, jarðhita og fiskveiðar. Þetta samstarf veitir bæði hvatningu og leiðsögn um það hvernig unnt er að nýta sérstöðu Íslands hvað varðar vernd og endurreisn landkosta í alþjóðlegu samstarfi. Mikils er um vert að búa svo að faglegu landgræðslustarfi á Íslandi að unnt sé að taka þátt í öflugu alþjóðlegu vísindasamstarfi á þessu sviði. Einkum er mikilvægt að hingað geti komið sérfræðingar frá þróunarlöndunum til að afla sér þekkingar og nýrra viðhorfa á sviði endurheimtra landgæða.

Til þess að svo megi verða þarf að auka og samræma faglegt starf við verndun og endurreisn landkosta á Íslandi með áherslu á alþjóðlegt samstarf. Því er hér lagt til að komið verði á fót alþjóðlegri rannsóknamiðstöð á þessu sviði. Rannsóknamiðstöðin hefði m.a. bein tengsl við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Háskóla Íslands. Slík miðstöð gæti lagt mikla þekkingu af mörkum til þjóða sem berjast gegn eyðingu gróðurs og jarðvegsrofs.

Hvers vegna vil ég að alþjóðlega miðstöðin verði í Gunnarsholti? Það er ekki bara vegna þess að Gunnarsholt er í því kjördæmi sem ég kem frá heldur er þar unnið mjög faglegt starf. Það fer fram verulega faglegt starf hjá Landgræðslu ríkisins, bæði grasrótarstarf, ýmiss konar vísindastarf þar sem er samstarf við bændur, sveitarfélög, við beitarstýringu og ýmislegt fleira. Þar vinna vísindamenn við margs konar rannsóknir og margs konar tilraunir. Við ræðum mjög mikið um að það vanti störf fyrir háskólamenntað

fólk á landsbyggðinni og þarna er einmitt vettvangur fyrir slíka stöð. Ég er alveg viss um að þingsályktunartillagan er lóð á þá vogarskál. Hér held ég að sé um mjög spennandi mál að ræða sem geti haft mikil áhrif bæði til atvinnusköpunar og einnig til nytsemdar fyrir Ísland og alþjóðlegt samstarf á þessum sviðum.

[18:44]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þetta er í sjálfu sér ágæt tillaga og prýðilega rökstudd á margan hátt í greinargerðinni sem fylgir. Við vitum að uppblástur er mjög víða vandamál, þörf er á landgræðslu víða í heiminum eins og nefnt er hér, í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Það er einnig alveg rétt að við Íslendingar búum yfir mikilli reynslu og þekkingu á þessum sviðum sem hlotið hefur alþjóðaviðurkenningu. Hér hygg ég að tækifæri væri til sóknar fyrir okkur Íslendinga til að láta gott af okkur leiða. Við höfum á vissan hátt. gert það á öðrum sviðum. Við höfum haft hér skóla á vegum Sameinuðu þjóðanna, til að mynda í sjávarútvegi og í jarðfræði og eldfjallafræðum. Þetta eru hvor tveggja málaflokkar þar sem við búum yfir ákveðinni sérþekkingu sem hægt er nýta til að aðstoða fólk jafnvel þótt úr fjarlægum löndum sé.

Nú sér maður samt sem áður kannski ekki alveg fyrir sér hvað flutningsmaður er að hugsa, hvernig hann hefur hugleitt hluti eins og til að mynda rekstur og fjármögnun þó að hann sé svo sannarlega þeirrar skoðunar að þessi rannsóknarmiðstöð verði í Gunnarsholti. Ég get alveg tekið undir það, er alveg hjartanlega sammála því að það væri alveg kjörið að koma henni fyrir þar. En gaman væri að fá að heyra eitthvað aðeins um það hvort hv. flutningsmaður, Ísólfur Gylfi Pálmason, hafi hugleitt hvernig fjármagna eigi þessa starfsemi. Sér hann fyrir sér að þetta yrði eingöngu rannsóknarmiðstöð, miðstöð fyrir vísindamenn? Gæti hann séð fyrir sér að þarna yrði líka að einhverju leyti eins konar menntastofnun, kannski í samvinnu við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, eitthvað þess háttar, að hingað gæti komið fólk sem væri að leita sér menntunar á þessum sviðum og fengi þá leiðsögn og menntun sem það væri að leita að, sem það gæti síðan nýtt sér í heimalöndum sínum?

Nú er ég enginn sérfræðingur á þessum sviðum. Ég er hins vegar mikill áhugamaður um landgræðslu og afskaplega spenntur fyrir því starfi sem Landgræðslan hefur staðið fyrir og tel að við Íslendingum ættum í rauninni að gera miklu betur en við gerum í þessum málum. Við höfum sýnt það og sannað að hér er hægt að gera góða hluti ef rétt er að málum staðið.

Virðulegi forseti. Rétt að lokum í þessari stuttu ræðu minni. Ég væri ánægður ef hv. þingmaður gæti svarað þessum örfáu forvitnisspurningum mínum varðandi þessa þingsályktunartillögu sem ég að öðru leyti lít á með mjög svo jákvæðum hætti.

[18:47]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni fyrir orð hans og undirtektir við þingsályktunartillögu mína. Mér þykir a.m.k. afar vænt um að þingmaðurinn skuli sýna máli þessu áhuga. Hér er, held ég, um mikið framfaramál að ræða sem er atvinnuskapandi og mundi í raun víkka út starfsemina hjá Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti.

Þegar við veltum fyrir okkur fjármögnun að þessu leyti hugsa ég nú fyrst og fremst til stóra bróður, þ.e. ríkisins. Ég held að ríkið verði að koma að rekstri slíkrar stofnunar en ég sé líka fyrir mér að hægt væri að selja út vinnu vísindamanna. Þarna er um rannsóknastörf og leiðbeiningar að ræða. Ég sé líka fyrir mér að þetta gæti verið nokkurs konar menntastofnun eins og Norræni eldfjallaskólinn o.fl. Möguleikarnir eru gríðarlega miklir. Ég held að ekki væri hægt að komast hjá því að ríkissjóður tæki að sér að stórum hluta rekstur þessarar stöðvar.

[18:49]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má halda áfram að hugleiða upphátt hér í ræðustól um hvernig standa mætti að þessu máli. Það mætti kannski hugsa sér þá leið að hægt væri að skilgreina þetta á einhvern hátt sem þróunaraðstoð Íslands, aðstoð Íslands við erlendar þjóðir. Ég held til að mynda að framlag okkar til Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sé að hluta til einmitt skilgreint sem partur af þróunaraðstoð okkar en síðan komi á móti, að ég hygg, einhvers konar fjárframlag frá Sameinuðu þjóðunum.

Nú hef ég ekki kynnt mér það neinum í smáatriðum hvort einhverjir möguleikar væru á því að taka þetta skref, þ.e. að stofna eins konar háskóla Sameinuðu þjóðanna til að mynda í Gunnarsholti, háskóla Sameinuðu þjóðanna í því að kenna fólki aðferðir við að hamla gegn jarðvegsrofi og landeyðingu og jafnframt rannsóknir og kennslu á þessum sviðum sem og endurheimt landgæða, eins og talað er um í texta þessarar þingsályktunartillögu. Ég veit ekki hvort þetta er leið sem væri fær, að hugsa þetta á þessum nótum, en það er gaman að velta því fyrir sér.

[18:51]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað gaman að komast aðeins á flug varðandi þessa þingsályktunartillögu, hún gengur í raun og veru svolítið inn í framtíðina. Hún tengist líka öðrum löndum en Íslandi þó að sérstaða okkar sé gríðarleg að þessu leyti til. Eins og fram kom í ræðu minni áðan er Landgræðsla ríkisins elsta stofnun sinnar tegundar í heiminum og þar er gríðarleg reynsla á þessum sviðum. Ég sé einmitt fyrir mér að þetta starf gæti flokkast undir þróunaraðstoð, þ.e. það sem við erum að gera í þessum efnum og í raun og veru mætti spinna mjög mörgu saman við það sem við ræðum hér.

Ég vonast til að þingsályktunartillagan fái farsæla afgreiðslu í þinginu og rannsóknarmiðstöðin verði að veruleika í framtíðinni og þá held ég að Gunnarsholt sé einmitt rétti staðurinn. Þar er reynslan, þar er þekkingin og þetta yrði gríðarlega mikil lyftistöng fyrir landsbyggðina.

[18:52]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til í framhaldi af fyrra and-

svari mínu að beina spurningum til hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar, flutningsmanns, af því að hann er þingmaður Framsóknarflokksins. Við vitum öll að Framsóknarflokkurinn hefur til margra ára haft á sínum herðum embætti utanríkisráðuneytis og núverandi hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, er jú fyrrverandi utanríkisráðherra. Framsóknarflokkurinn hefur einnig haft á sínum höndum embætti landbúnaðrráðherra sem hefur haft Landgræðsluna á sínum snærum. Mér datt í hug hvort ekki væri reynandi að spyrja þingmanninn hvort hann hafi kannað það hjá flokksbræðum sínum, hæstv. landbúnaðarráðherra og núverandi hæstv. forsætisráðherra, fyrrverandi utanríkisráðherra, hvort hægt væri að finna einhverja fleti á þessu máli hvað það varðar sem ég nefndi áðan, þ.e. að þetta starf gæti kannski á einhvern hátt flokkast undir þróunaraðstoð hjá okkur Íslendingum og við gætum jafnvel reynt að ná einhvers konar samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar í þessum málum, til að mynda Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna eða aðrar stofnanir innan þeirra vébanda. Ég sæki svo sem í tóman kofann hjá sjálfum mér en það má vel vera að hv. þingmaður geti kannski upplýst okkur eitthvað um þetta.

[18:54]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef hvorki rætt þessi mál við fyrrverandi utanríkisráðherra né núverandi utanríkisráðherra og reyndar ekki heldur við landbúnaðarráðherra. En ég er viss um að þessir menn eru miklir áhugamenn um landgræðslu, skógrækt o.fl. þannig að ég er alveg viss um að við getum selt þeim þessar hugmyndir.

Auðvitað kostar þetta allt peninga en þarna er um vísindastörf að ræða. Þarna er um ræða störf sem geta skipt miklu máli fyrir þessar stofnanir og fyrir landsbyggðina, það skiptir máli að háskólamenntað fólk geti sótt sér störf úti á landsbyggðinni. Þó að ég hafi ekki rætt þetta við mína ágætu félaga er ég viss um að ég get selt þeim þessa hugmynd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:56.

112. FUNDUR

mánudaginn 18. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
3. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 707. mál, þskj. 1065. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, stjfrv., 708. mál, þskj. 1066. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 732. mál, þskj. 1094. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frv., 207. mál, þskj. 207. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Stjórnarskipunarlög, frv., 266. mál, þskj. 287. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Stjórnmálaþátttaka, áhrif og völd kvenna, þáltill., 244. mál, þskj. 255. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Stuðningur stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn, þáltill., 248. mál, þskj. 266. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Breytt hlutföll aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 249. mál, þskj. 267. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Rannsóknarmiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu, þáltill., 250. mál, þskj. 268. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Loftferðir, stjfrv., 699. mál, þskj. 1057. — 1. umr.
13. Skipan ferðamála, stjfrv., 735. mál, þskj. 1097. — 1. umr.
14. Fjarskipti, stjfrv., 738. mál, þskj. 1102. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.,
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Lúðvík Bergvinsson, 4. þm. Suðurk.

[15:01]

Útbýting:

Kvartanir og kærur sjúklinga, 640. mál, svar heilbrrh., þskj. 1135.

Stefna í málefnum barna og ungmenna, 780. mál, skýrsla forsrh., þskj. 1156.

Rannsókn kjörbréfs.

[15:02]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Magnúsi Stefánssyni, varaformanni þingflokks framsóknarmanna, dagsett 15. apríl 2005:

„Þar sem Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvesturkjördæmis, getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna læknisaðgerðar óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi, Una María Óskarsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur, Kópavogi, taki sæti hennar á Alþingi á meðan, en 1. varamaður listans, Páll Magnússon, er í fæðingarorlofi.“

Þá hefur borist bréf frá 1. varaþingmanni Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi, Páli Magnússyni, þar sem hann tilkynnir um forföll sín.

Að ósk forseta hefur landskjörstjórn komið saman og gefið út kjörbréf handa Unu Maríu Óskarsdóttur sem er 2. varamaður á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi. Jafnframt hefur kjörbréfanefnd haldið fund áður en þingfundur hófst til að fjalla um kjörbréfið.

[15:03]

Frsm. kjörbn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd kom saman í dag og fór yfir kjörbréf Unu Maríu Óskarsdóttur, 2. varaþingmanns Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi, sem landskjörstjórn gaf út í dag, 18. apríl.

Kjörbréfanefnd leggur einróma til að kjörbréf Unu Maríu Óskarsdóttur verði samþykkt.

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Kjörbréfanefnd mælir einróma með samþykkt kjörbréfsins og telst það samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

Una María Óskarsdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Una María Óskarsdóttir, 5. þm. Suðvest., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:03]

Forseti (Halldór Blöndal):

Una María Óskarsdóttir hefur undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Frestur til að skila inn kauptilboðum í Símann.

[15:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsætisráðherra sem yfirmanns einkavæðingarnefndar vegna þeirrar hreyfingar sem farin er af stað meðal almennings um að bjarga Símanum út úr einkavæðingarferli ríkisstjórnarinnar með því að þjóðin bindist samtökum um að kaupa fyrirtækið af sjálfri sér. Það er auðvitað tímanna tákn og sýnir

hversu gersamlega hefur gengið fram af almenningi í landinu sú stefna sem ríkisstjórnin hefur fylgt í þessum efnum. Auðvitað ætti hæstv. ríkisstjórn að sjá að sér, loksins, og hætta við þessa einkavæðingu enda bersýnilegt að hún er í andstöðu við vilja meiri hluta þjóðarinnar eins og rækilega og ítrekað og endurtekið hefur komið fram í skoðanakönnunum.

En það er algert lágmark í ljósi þeirra aðstæðna sem upp eru komnar að almenningi verði gert það mögulegt og greitt verði fyrir því af hálfu stjórnvalda að almenningur geti þá orðið þátttakandi í þessum kaupum ef af þeim á að verða. Til þess þurfa menn væntanlega meiri tíma til að safna liði og skipuleggja sig og hafa reyndar þegar komið ósk þar um á framfæri við stjórnvöld.

Ég vil því spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hann sé ekki tilbúinn til að gefa um það yfirlýsingu hér og nú að hann eða ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því að slíkur rýmri tími verði gefinn til að undirbúa þátttöku almennings í þessum viðskiptum, ef ekki beinlínis að sjálft söluferlið verði endurskoðað og því breytt þannig að það auðveldi aðkomu almennings að þessu máli og geri þjóðinni þannig mögulegt að bjarga sínu eigin fyrirtæki úr klónum á einkavæðingarferli ríkisstjórnarinnar.

[15:07]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið var ákveðið að tillögu einkavæðingarnefndar og ráðgjafarfyrirtækisins Morgans Stanleys að selja fyrirtækið Símann í einu lagi. Það var af þeirri ástæðu að ráðgjafarfyrirtækið taldi að verð fyrir Símann yrði um það bil 20–25% hærra ef þessi aðferð yrði notuð. Það þjónar að sjálfsögðu jafnframt hagsmunum almennings að fá sem hæst verð fyrir fyrirtækið.

Að því er varðar það tiltekna mál sem hv. þingmaður gat hér um átti ég fund með forsvarsmönnum þessa félags fyrir helgi. Ég beindi því til einkavæðingarnefndar að taka það til umfjöllunar. Það mun verða gert seinna í dag. Ég tel að sá tími sem viðkomandi aðilar hafa til ráðstöfunar sé allmiklu meiri en gert var ráð fyrir þannig að ég vænti þess að þeir, eins og aðrir, hafi nægilegan tíma til að koma inn tilboði í fyrirtækið. Það liggur fyrir að það þarf ekki fyrir þann tiltekna frest sem var þar tilgreindur að vera búið að mynda þá hópa sem þarf þegar menn þurfa að senda inn bindandi tilboð. Ég vænti þess því að þessir aðilar hafi nægilegan tíma og ég fagna áhuga þeirra eins og allra annarra. Mjög mikill fjöldi aðila hefur sýnt þessu fyrirtæki áhuga sem bendir til þess að mjög gott verð muni fást fyrir fyrirtækið fyrir hönd almennings í landinu.

[15:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Af því að hæstv. forsætisráðherra nefnir fyrirtækið Morgan Stanley vil ég spyrja hverju það sæti að sú skýrsla og sú ráðgjöf skuli ekki vera gerð opinber. Í öðru lagi skiptir verðið á fyrirtækinu kannski ekki öllu máli. Ef þjóðin er að kaupa af sjálfri sér er það úr einum vasanum í annan hjá þjóðinni.

Síðan verð ég að segja að mér finnst það ekki ganga hjá hæstv. forsætisráðherra að ætla að skýla sér á bak við einkavæðingarnefnd. Ríkisstjórnin hefur öll tök á þessu máli. Hæstv. forsætisráðherra sem yfirmaður nefndarinnar eða hæstv. fjármálaráðherra sem fer með málefni Símans geta með einu símtali eða einu bréfi lagt það fyrir einkavæðingarnefnd að veita rýmri tíma. Það er auðvitað annað mál að safna saman þúsundum og jafnvel tugþúsundum einstaklinga til að vera þátttakendur í þessu en fyrir fyrirtæki að skipuleggja sig saman. Það veldur mér vonbrigðum að hæstv. forsætisráðherra skuli ekki taka af skarið og segja afdráttarlaust að almenningi muni veitast nægur tími til að vera fullgildur þátttakandi í þessu.

[15:09]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þessu erindi verður svarað með eðlilegum hætti síðar í dag. Það er rétt að taka það fram að Ríkisendurskoðun fylgist með öllu þessu ferli. Ég hef rætt þessi mál við ríkisendurskoðanda og ég óskaði sérstaklega eftir því að Ríkisendurskoðun fylgdist með öllum þáttum þessa ferlis. Auðvitað er Ríkisendurskoðun stofnun Alþingis. Mér vitanlega hefur enginn þingflokkur á Alþingi óskað eftir því að Ríkisendurskoðun fylgist sérstaklega með þessu. Ég hef gert það og ég tel það sjálfsagt og nauðsynlegt. Ég vænti þess að Alþingi Íslendinga treysti eftirlitsstofnun sinni, Ríkisendurskoðun, til að hafa eftirlit með þessu máli eins og öllum öðrum.

[15:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er auðvitað góðra gjalda vert að Ríkisendurskoðun sinni hlutverki sínu en það kemur ekki í staðinn fyrir það sem hér er um spurt, að greitt verði fyrir því að almenningur fái tíma til að skipuleggja sig og gera tilboð í þessi viðskipti ef menn ætla að halda áfram með þessa sölu.

Ríkisendurskoðun hefur fyrr gert úttekt á framkvæmd einkavæðingar hjá hæstv. ríkisstjórn og gefið henni heldur lága einkunn en því miður virðist ríkisstjórnin lítið hafa af því lært. Ætli það séu ekki einar tvær skýrslur sem liggja fyrir, annars vegar úttektin á SR-mjöli á sínum tíma og hins vegar úttekt á einkavæðingunni einhvern tíma rétt fyrir 2000 sem báðar voru með mikla gagnrýni á það hvernig menn hefðu sífellt breytt um aðferðir og hringlað með þessi mál. Það er auðvitað orðið deginum ljósara að það sem þarf er ítarleg opinber rannsókn á vinnubrögðunum við þessar einkavæðingar allar, og þá ekki síst einkavæðingu Búnaðarbankans.

[15:11]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Mér finnst þetta mjög merkileg yfirlýsing. Ríkisendurskoðun skilaði skýrslu um þessi mál í desember 2003. Nú segir hv. þingmaður að fara þurfi fram sérstök rannsókn á málinu. Er það sem sagt svo að hv. þingmaður treysti ekki lengur Ríkisendurskoðun sem eftirlitsstofnun Alþingis? Það er orðið mjög alvarlegt mál ef Alþingi sjálft treystir ekki þeirri eftirlitsstofnun sem heyrir beint undir Alþingi, og vill fara að skipa einhverjar rannsóknarnefndir í tilteknum málum. Hér liggur allt annað undir. Það er verið

að reyna að gera hluti tortryggilega sem hefur verið farið yfir og skýrslum skilað um. Auðvitað á Ríkisendurskoðun að halda áfram þessu starfi. Það er að mínu mati sjálfsagt að efla Ríkisendurskoðun vegna þess að Ríkisendurskoðun er sú stofnun sem hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu fyrir hönd Alþingis. Ef Alþingi treystir ekki sínum eigin stofnunum lengur er illa komið.

Sameining heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu.

[15:13]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra og varðar hún áform ráðuneytisins um að sameina heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu alla undir einn hatt. Mér var kunnugt um þessar hugmyndir í febrúar sl. Ég átti fund með hæstv. heilbrigðisráðherra þann 22. febrúar og ég skildi niðurstöðu þess fundar á þann veg að hér væri um hugmyndir að ræða, áform sem ekki væru niðurnjörvuð eða niðurnegld. Á sama hátt hafa fulltrúar bæjarfélaganna Hafnarfjarðar og Garðabæjar lýst yfir efasemdum og raunar andstöðu við þessi áform, enda fæ ég ekki séð að neina nauðsyn beri til að ganga þessa vegferð. Í fyrsta lagi mun það lengja leiðslur milli heimamanna, ráðuneytis og heilsuverndarstöðva væntanlega. Sú nærþjónusta sem heilsugæslan er svo sannarlega verður því varla jafnbeinskeytt eftir.

Aukinheldur vil ég nefna að heimilishjálp og öldrunarþjónusta sem er nátengd starfsemi heilsugæslustöðva verður ekki tengd með sama hætti og fyrr, þ.e. þjónusta heimamanna viðkomandi sveitarfélaga.

Í þriðja lagi vil ég nefna, herra forseti, að þessar hugmyndir ganga þvert á fyrri hugmyndir og raunar fyrri yfirlýsingar heilbrigðisráðherra sjálfs í þá veru að að því beri að stefna að færa heilsugæsluna heim í hérað á nýjan leik. Ég hef ekki heyrt betur í þessum sal en að það sé góð stemmning fyrir þeirri hugmynd að stefna í þá áttina. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra hvort ekki megi ganga út frá því sem gefnu að hann muni ekki knýja þessar hugmyndir, þessi áform, fram gegn eindregnum vilja heimamanna, heldur hefja viðræður við aðila um það með hvaða hætti megi þróa og efla heilsugæsluna á hverja lund sem er.

[15:15]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Undanfarin missiri höfum við í heilbrigðisráðuneytinu verið að skoða skipulag heilbrigðisþjónustunnar á landsvísu. Fram hafa farið nokkrar sameiningar sem hafa reynst vel og sú síðasta á Suðurlandi. Við höfum sett fram hugmyndir um það að sameina heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu, eins og hv. þingmaður segir. Við höfum í sjálfu sér getað gefið út ákvörðun um það en ég taldi rétt að við settum fram þessar hugmyndir, ræddum þær og kynntum fyrir sveitarstjórnum á höfuðborgarsvæðinu og starfsfólki heilsugæslunnar. Þau skoðanaskipti hafa farið fram undanfarið. Við höfum sett fram okkar rök og þau hafa sett fram sín.

Það er óttast að þetta lengi leiðslur, eins og hv. þingmaður sagði. Ég held að það sé ástæðulaus ótti. Það er ekki ætlunin að þjónusta heilsugæslunnar breytist í sjálfu sér neitt við þetta, nema sameinuð heilsugæsla hefur tækifæri til að taka myndarlegar á stærri verkefnum. Nærþjónusta og heimilishjálp ættu að geta gengið fram með sama hætti. Við munum skiptast á skoðunum um þetta og fara yfir málið. Eins og ég sagði vildi ég vinna þannig að þessu.

Það er engin stefnubreyting af minni hálfu varðandi sveitarfélögin, heilsugæsluna og öldrunarþjónustuna. Ef menn eru tilbúnir að fara í það á landsvísu erum við tilbúin til þess. Ég sé ekki sólarmerki um að mikil hreyfing sé á því máli um þessar mundir en við erum tilbúin (Forseti hringir.) í þann dans ef upp er boðið.

[15:17]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég fagna skýrri og afdráttarlausri yfirlýsingu hæstv. ráðherra í þá veru að hér hafi hann fyrst og síðast verið að hreyfa hugmyndum, og hans ráðuneyti, og að ekki verði haldið áfram með þetta mál í fullri andstöðu við heimamenn. Ég þakka hæstv. ráðherra þetta drengskaparbragð sem ég vissi að hann mundi lýsa yfir.

Ég ætla ekki að setja á efnislegar umræður um málið að öðru leyti. Ég vil bara segja að ég hef ekki fest hendur á það með hvaða hætti, þar sem um er að ræða 170 þús. manns á þessu svæði, verði hægt að tengja betur nærþjónustu með því að setja þetta allt undir hatt Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Ég fæ það ekki séð. Ég fæ heldur ekki séð hvernig á að spara peninga í þessum efnum. En það er seinni tíma mál og ég vænti þess að hæstv. ráðherra ræði þau mál við heimamenn áfram, þreifi á þessu um eitthvert skeið og komist að skynsamlegri niðurstöðu. Það verður með öðrum orðum ekki knúð fram með ráðherratilskipun, ákvörðun sem gangi í berhögg við heimamenn. Fyrir það þakka ég hæstv. ráðherra Jóni Kristjánssyni hjartanlega.

[15:18]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir hlý orð í minn garð en ég endurtek að auðvitað hefði ég getað gefið út reglugerð um þetta mál. Sveitarfélögin taka ekki lengur beinan þátt í heilsugæslunni. Ég hef ekki viljað vinna þannig og ég hef viljað skiptast á skoðunum. Við höfum viljað fara yfir þetta mál þannig að það liggi alveg ljóst fyrir. Við erum í þeirri vinnu þessa dagana. Ég vona að það verði skilningur á þessu, en ég get ekkert sagt um það á þessu stigi hvernig málinu lyktar. Ég vona að við getum komist að sameiginlegri niðurstöðu um þetta mál þegar allar skýringar eru komnar fram í því.

Ráðstöfun söluandvirðis Símans.

[15:20]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Umræða um sölu Símans hefur verið ansi fyrirferðarmikil í þjóðfélaginu að undanförnu eins og við hv. þingmenn heyrðum m.a. hér áðan. Við þessa fyrirhuguðu sölu munu losna milljarðatugir, fjármunir sem hafa verið bundnir í þessu fyrirtæki í áratugi. Þessir fjármunir

verða nýttir, eins og fram kom hjá hæstv. forsætisráðherra áðan, í þágu þjóðarinnar. Að teknu tilliti til þessa ber stjórnvöldum að hámarka söluandvirði Símans og því hefur hæstv. ríkisstjórn farið eftir ráðleggingum Morgans Stanleys um að selja fyrirtækið í heilu lagi því það þjónar hagsmunum almennings hvað best.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan verður andvirðinu varið m.a. til þess að bæta hagsmuni almennings, bæta stöðu ríkissjóðs sem mun svo verða í framtíðinni betur í stakk búinn til að standa undir velferðarþjóðfélagi okkar. Það er óumdeilt að minnkandi skuldir ríkissjóðs í tíð núverandi ríkisstjórnar eru fjármunir framtíðarinnar. Við verjum í dag miklu minni fjármunum í vaxtagjöld af skuldum ríkissjóðs en fyrir tíu árum, og þá fjármuni er hægt að nota til brýnni verkefna um ókomna tíð. (Gripið fram í.)

Hæstv. forseti. Ég vil þó gefa mér í ljósi þess að Síminn muni skila þjóðarbúinu milljarðatugum, ef af sölu hans verður, að einhverjum fjármunum verði varið til einhverra brýnna verkefna í þágu almennings. Í ljósi mikillar umræðu um samgöngumál sem nú á sér stað í þjóðfélaginu vil ég spyrja hæstv. forætisráðherra hvort hann hyggist beita sér fyrir því að verja hluta af söluandvirði Símans t.d. í uppbyggingu mikilvægra samgöngumannvirkja hér á landi. Ef svo er, þá hverra?

[15:22]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Í því ferli sem nú er farið af stað er gert ráð fyrir því að sölu Símans ljúki í júlímánuði. Hugsanlega gæti það dregist eitthvað fram í ágúst. Það er ekki fyrr en að því loknu sem vitað er hvað fæst fyrir þetta fyrirtæki. Það liggur þó alveg ljóst fyrir að það mun auka möguleika ríkisins til að ráðast í mörg verkefni sem við hefðum annars ekki getað farið í. Þar kemur vissulega margt til greina. Það hefur verið rætt um það. Það er síðan meiri hlutans á Alþingi, og Alþingis ef meiri hluti um það myndast, að ráðstafa þessum tekjum, fyrst og fremst til að styrkja stöðu ríkisins en líka hugsanlega til að ráðast í tiltekin verkefni.

Við getum farið í meiri fjárfestingar, sérstaklega á árunum 2007 og 2008. Það er að sjálfsögðu Alþingis að taka ákvörðun um það. Mörg verkefni hafa verið nefnd í þessu sambandi. Það liggur fyrir að það er mikill áhugi hér á Alþingi hjá hv. alþingismönnum að ráðast í mörg samgöngumannvirki sem ekki eru á vegáætlun. Það er sjálfsagt að fara í það. Það hefur komið skýrt fram að við þurfum að fara í Sundabraut og fjármagna hana sérstaklega og auðvitað kemur til greina að ráðstafa hluta af tekjum sem koma vegna þessa í slíkt verkefni. Það kemur til greina, en til þess þurfum við að taka afstöðu þegar þar að kemur. Fyrst er að ganga frá þessari sölu og að alþingismenn hafi úthald í það að fá sem mest verð fyrir þetta mikilvæga fyrirtæki.

[15:24]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir það svar að hann telji það koma til greina að verja hluta af söluandvirði Símans til Sundabrautar. Sundabrautin er trúlega eitt brýnasta verkefni í samgöngumálum Íslendinga í dag. Því miður er ekki búið að klára endanlega hönnunarvinnu við verkið en það er mjög brýnt að fjármunir séu til staðar til að fara í þessa framkvæmd. Hún varðar ekki eingöngu hagsmuni höfuðborgarbúa. Hér er um mikið landsbyggðarmál að ræða, málefni sem hefur verið í mikilli umræðu í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Ég hvet hæstv. forsætisráðherra til að beita sér fyrir því að ef af sölu Símans verður — sem ég vona svo innilega — muni hluti af söluandvirði hans fara til að byggja Sundabraut. Það er mjög mikilvægt mál fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins og íbúa landsbyggðarinnar og við ættum öll að geta sammælst um ágæti þeirrar framkvæmdar. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.)

Könnun á viðhorfi til álvers á Suðurlandi.

[15:25]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Þann 4. apríl sl. var til umræðu á Alþingi Gallup-könnun á viðhorfi til álvers. Í máli hæstv. iðnaðarráðherra kom fram að fólk var spurt á þremur svæðum á Norðurlandi, þ.e. í Skagafirði, á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu og Húsavík og Þingeyjarsýslu, um viðhorf sitt.

Það kom einnig fram í máli hæstv. ráðherra að könnun af þessu tagi kostaði lítilræði og í því skyni vil ég spyrja hæstv. ráðherra Valgerði Sverrisdóttur hvort hún muni beita sér fyrir því að sams konar kannanir um viðhorf almennings til álvers verði gerðar í Suðurkjördæmi.

[15:26]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Já, það fór fram könnun á Norðurlandi í sambandi við hugsanlega uppbyggingu stóriðju, og þá er það álver sem verið er að ræða um. Ég lét það koma hér fram að þetta væri ekki mjög kostnaðarsamt, það er rétt haft eftir hjá hv. þingmanni. Könnunin skipti máli fyrir umræðuna. Það er ekki þar með sagt að niðurstaða könnunarinnar skipti öllu máli en hún er þó a.m.k. innlegg í þá umræðu sem fer fram á Norðurlandi í sambandi við uppbyggingu áliðnaðar.

Fyrirtæki hafa gefið sig fram sem eru áhugasöm um það að fjárfesta í álveri á Norðurlandi og þess vegna erum við að fjalla um Norðurland. Ef slíkt hið sama kæmi upp um önnur landsvæði er ekkert því til fyrirstöðu að fara í sambærilega könnun á þeim svæðum. Þar sem þetta er raunverulegur kostur í dag, þó að þetta sé ekki hlutur sem er að gerast alveg á næstu árum, varð þetta niðurstaðan í sambandi við Norðurland. Ég trúi ekki að hv. þingmaður sé að gagnrýna það að fólkið í landinu sé spurt um álit í þessum efnum.

[15:27]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegi forseti. Síður en svo. Þessi fyrirspurn mín kemur ekki fram í gagnrýnisformi, heldur er málið þetta: Hverjir eiga að ráða staðsetningu næsta álvers á Íslandi? Eiga það að vera athafnamenn frá Bandaríkjunum eða annars staðar að úr heiminum eða eigum það að vera við, Íslendingar sjálfir?

Það sem hefur verið að gerast á Reykjanesi undanfarin

missiri er til að mynda að útlit er fyrir að fyrirhuguð stálpípuverksmiðja sem samflokksmenn hæstv. ráðherra hafa verið að tala um undanfarnar vikur og mánuði verði ekki að veruleika. Enn fremur má minnast þess að í Suðurkjördæmi er einhver almesta orkuframleiðsla í landinu en enginn orkufrekur iðnaður. Á Reykjanesi erum við með öfluga stórskipahöfn sem er illa nýtt í dag. Því er eðlilegt að þessi umræða komist á það stig sem ég er að reyna að koma henni á. Ég spyr því hæstv. ráðherra aftur hvort hún muni beita sér fyrir því að sá kostur verði skoðaður alvarlega í framtíðinni að næsta álver á Íslandi verði í Suðurkjördæminu.

[15:28]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þingmaður geri óþarflega mikið úr mínu valdi með því að telja að ég ákveði hvar næsta álver verði sett niður. Það er ekki þannig. Fjárfestirinn ákveður það og þar skiptir orkuverð lykilmáli.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að á þeim tíma sem virkjanaframkvæmdir fara fram á Suðurlandi, á Þjórsár-/Tungnaársvæðinu, er það vegna álvers í Straumsvík. Ég kann ekki að fara yfir þá sögu en ég býst við að Suðurlandið sé ekkert sérstaklega sterkt hvað varðar góðar hafnir og það geti hafa skipt einhverju þar um. Ég vil bara ítreka það að ég horfi jákvæðum augum á allar þær hugmyndir sem koma upp í sambandi við uppbyggingu atvinnulífsins og nýja kosti í þeim efnum og það á við um álver eins og annað. Guði sé lof kemur samt mjög margt annað til greina.

[15:30]

Gunnar Örlygsson:

Það er alveg rétt að það er ekki mikið um stórskipahafnir á Suðurlandi en ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra hafi kynnt sér Reykjanesið og til að mynda skoðað Helguvíkurhöfn þar syðra, enda er hún ansi stór og mikil, búin þeim kostum að geta tekið á móti stórum skipum og er í þessu kjördæmi.

Mér er líka spurn hvort sveitarfélögin á þessum svæðum hafi sett sig í samband við hæstv. ráðherra um sömu mál, hvort þau hafi sýnt þann metnað í verki að koma að máli við ráðherra og athuga möguleika á uppbyggingu álversiðnaðar á svæðinu.

[15:30]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér er kunnugt um að Samband sveitarfélaga á Suðurlandi hefur efnt til samstarfs í sambandi við atvinnuuppbyggingu og þá ekki síst stóriðju. Það er tiltölulega nýskeð þannig að það er ekki hægt að segja að það sé komið á formlegt samband við ráðuneytið í framhaldi af því. Engu að síður efast ég ekki um að það verði.

Af því að hv. þingmaður nefndi Helguvík er það alveg rétt sem fram kemur hjá honum að þar er búið að útbúa gríðarlega áhugavert svæði fyrir atvinnurekstur. Það er mjög dapurlegt ef ekki verður af þeirri stálpípuframleiðslu sem reiknað hafði verið með sem ég held að ekki sé endanlega búið að afskrifa. Það er vissulega mál sem iðnaðarráðuneytið kom að með sveitarfélögum á Suðurnesjum. Við reynum alltaf að leggja okkur fram þegar einhverjar nýjungar eru í boði en stundum fer það ekki eins og áform eru uppi um og það er náttúrlega verra. Ég ítreka bara að við erum alltaf reiðubúin að taka vel á móti góðum málum.

Umferðaröryggismál.

[15:32]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Einn er sá málaflokkur sem ég held að þingheimur geti alveg verið sammála um að sé mjög mikilvægur og hefur nokkuð verið í umræðunni í tengslum við umræðu um samgönguáætlun en það eru umferðaröryggismál. Mig langaði til að spyrja hæstv. samgönguráðherra tveggja spurninga í tengslum við þau.

Annars vegar vil ég spyrja hann út í EuroRAP-verkefnið, vegrýmisverkefnið, hver staða þess sé á Íslandi, hvort samgönguráðherra hafi áhuga á að skoða það, hvort það hafi verið gert innan ráðuneytisins, hver staða þess verkefnis sé og nálgun ráðherrans hvað það varðar. Til upplýsingar fyrir þingheim er EuroRAP verkefni sem farið var af stað með árið 2000 og hefur núna verið tekið upp í mjög mörgum löndum í Evrópu. Það er samstarfsverkefni margra aðila sem hafa það að markmiði að bæta umferðaröryggi eftir ákveðnum aðferðum sem of langt mál er að fara í gegnum í þessari stuttu fyrirspurn. En í stuttu máli hefur gengið afskaplega vel í öðrum löndum og engin ástæða er til að ætla annað en að það sama gæti átt við hér á landi.

Síðan vildi ég líka spyrja hæstv. ráðherra, virðulegi forseti, þeirrar spurningar hvort árangur sé talinn hafa náðst með störfum rannsóknarnefndar umferðarslysa á liðnum árum, og hvernig sér ráðherra fyrir sér að vinna að umferðaröryggismálum þróist á næstu árum?

[15:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þingmanns varðandi svokallað EuroRAP-verkefni er þess að geta að þar er um að ræða sérstakar aðgerðir til að meta ástand þjóðvegakerfisins út frá umferðaröryggisþáttum. Aðilar á Íslandi hafa sýnt þessu mikinn áhuga og það er rétt að upplýsa það hér að ég hef falið Umferðarstofu að vinna að þessu máli í samstarfi við þá aðila sem hafa lýst sig viljuga til að koma að þessum verkefnum. Ég tel að það sé mjög af hinu góða að ganga til slíks samstarfs og það hefur gefið góðan árangur í öðrum löndum. Partur af öllum þessum aðgerðum er auðvitað það sem kemur fram í samgönguáætlun, að leggja upp með aðgerðir til að bæta verstu kafla þjóðvegakerfisins. Þetta kerfi getur gengið mjög vel út á það verkefni og verið í tengslum við það en það er sem sagt Umferðarstofa sem hefur fengið verkefnið að vinna að því máli.

Hvað varðar árangur af störfum rannsóknarnefndar umferðarslysa fer ekki á milli mála að það er geysilega mikilvægt fyrir okkur að rannsaka umferðarslys, ekki síður en flugslys og sjóslys, læra af þeirri hörðu reynslu sem fylgir slysum og leggja á ráðin um endurbætur á öllum sviðum að fengnum upplýsingum um slysin. Rannsóknarnefndin hefur unnið að þessu og nú er að renna upp ný tíð með lögum

sem taka gildi um næstu áramót, lögum um rannsóknir umferðarslysa. Það er fyrsta löggjöfin sem sérstaklega fjallar um þá þætti og ég bind miklar vonir við það starf sem (Forseti hringir.) rannsóknarnefnd umferðarslysa er ætlað að vinna.

[15:36]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Ég held að þetta sé eitt af næstu stóru verkefnum í samgöngumálum. Það eru náttúrlega mörg verkefni en ég lít svo á að við séum komin á þann þáttinn að við þurfum að fara sérstaklega að huga að umferðaröryggismálum. Við höfum á undanförnum árum verið mjög mikið að koma bundnu slitlagi á þjóðvegi landsins sem auðvitað er mjög þarft. Við vorum mörgum árum á eftir öðrum þjóðum til margra áratuga. Það er svo sem að færast í betra horf en næstu verkefni hljóta að vera á þessu sviði, að huga að umferðaröryggismálum. Ég fagna því og met það svo að hæstv. ráðherra hafi verið að lýsa því hér yfir að menn fari af fullum krafti í þetta EuroRAP-verkefni sem er samstarfsverkefni 21 bifreiðaeigendafélags í Evrópu. Sá aðili sem er með málið á Íslandi er FÍB. Á sama hátt sjáum við öflugt starf í rannsóknarnefnd umferðarslysa sem er eðli málsins samkvæmt mjög mikilvæg.

[15:37]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þær ábendingar sem fram komu í fyrirspurn hans sem vekja auðvitað rækilega athygli á því hversu mikilvægt það er fyrir okkur að fá alla aðila saman að einu borði til að vinna að þessum umferðaröryggismálum. FÍB hefur svo sannarlega lagt sitt fram í þeim efnum.

Umræður um umferðaröryggismálin eru nauðsynlegar. Ég vil bara ítreka og undirstrika það sem ég sagði fyrr, ég bind miklar vonir bæði við þetta EuroRAP-verkefni og það samstarf við alla aðila og ekki síður það starf sem á vegum rannsóknarnefndar umferðarslysa á að fara fram í framtíðinni. Það verður að sjálfsögðu liður í því að auðvelda Vegagerðinni og Umferðarstofu það mikilvæga verkefni að auka umferðaröryggi á þjóðvegum landsins, ekki síður en í gatnakerfi þéttbýlisins.

Álbræðsla á Grundartanga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 707. mál (fasteignaskattur). — Þskj. 1065.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 708. mál (verðbréfaviðskipti í minni fyrirtækjum). — Þskj. 1066.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 732. mál (meðafli, leyfissviptingar). — Þskj. 1094.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Greiðslur ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, frh. 1. umr.

Frv. GÖg o.fl., 207. mál (hámarksfjárhæðir). — Þskj. 207.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 266. mál (landið eitt kjördæmi). — Þskj. 287.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Stjórnmálaþátttaka, áhrif og völd kvenna, frh. fyrri umr.

Þáltill. JBjart o.fl., 244. mál. — Þskj. 255.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Stuðningur stjórnvalda við íslenska matreiðslumenn, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP, 248. mál. — Þskj. 266.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Breytt hlutföll aldurshópa eftir árið 2010, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP, 249. mál. — Þskj. 267.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Rannsóknarmiðstöð á sviði landverndar og landgræðslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP, 250. mál. — Þskj. 268.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Breyting á starfsáætlun Alþingis.

[15:43]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil láta þess getið að gert er ráð fyrir því að starfsáætlun þingsins verði breytt á þann veg að nefndafundir verði á föstudag í þessari viku og mánudag í næstu viku en ég mun hitta formenn þingflokka á miðvikudag til að ræða frekar um fundatilhögun í næstu viku.

Loftferðir, 1. umr.

Stjfrv., 699. mál (EES-reglur). — Þskj. 1057.

[15:44]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 60/1998, um loftferðir. Með frumvarpi þessu til laga um breytingu á loftferðalögum, nr. 60/1998, er lagt til að innleiddar verði í íslenskan rétt ýmsar Evrópureglur á sviði flugverndar og flugöryggis. Hér höldum við áfram á þeirri braut sem við höfum sett okkur, þ.e. að setja öryggi flugsamgangna ávallt í fyrsta sæti.

Frumvarp þetta var samið af starfshópi á vegum samgönguráðuneytisins með fulltrúum ráðuneytisins og Flugmálastjórnar Íslands. Ráðuneytið leitaði umsagnar fjölmargra aðila, og var að nokkru leyti tekið tillit til þeirra. Þá var leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur sem telur að breytingarnar séu í fullu samræmi við viðeigandi kröfur og lög og reglur um opinbert eftirlit.

Alþingi hefur þegar samþykkt aðild að Flugöryggisstofnun Evrópu. Með þátttökunni í stofnuninni er annars vegar stigið mikilvægt skref í átt að auknu flugöryggi hér á landi og hins vegar greiðir hún fyrir öllum samskiptum við flugmálayfirvöld í Evrópu sem styrkir hina miklu útrás íslenskra flugrekenda. Í frumvarpinu verða ítarlegri reglur varðandi aðild Íslands og innleiðingu á reglugerðum ESB um stofnunina.

Annar mikilvægur þáttur sem vikið er að í frumvarpinu og lýtur að öryggi er ákvæði um tilkynningarskyldu flugatvika og meðferð þeirra. Gert er ráð fyrir því að söfnun og miðlun upplýsinga milli landa á þessu sviði eigi eftir að auðvelda greiningu á öryggisvandamálum áður en þau leiða til slysa, og breytingar á refsiákvæðum laganna munu gera þann þátt virkari. Með þessu verði stigið mikilvægt skref í forvörnum og Íslendingar skipa sér í fremstu röð þjóða hvað þetta varðar.

Annar grunnþáttur sem tengist öryggi flugs og tekið er á í frumvarpinu lýtur að flugverndarmálum en stöðugt er unnið að innleiðingu á alþjóðlegum reglum á því sviði hér á landi.

Hæstv. forseti. Ég mun nú gera ítarlegri grein fyrir einstökum breytingum sem fyrirhugaðar eru með frumvarpinu.

1. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu taka mið af breytingum sem orðið hafa á flugmálum innan Evrópu með stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, EASA. Meginhlutverk stofnunarinnar er að vinna að auknu flugöryggi í Evrópu og tryggja samræmdar öryggiskröfur í flugi á svæðinu. Stofnunin yfirtekur ýmis verkefni, bæði lagalegs og tæknilegs eðlis, sem hafa verið í höndum Flugöryggissamtaka flugmálastjórna Evrópu (JAA). Stofnuninni hefur einnig verið falið að sjá um hluta af þeim verkefnum flugmálastjórna á EES sem lúta að útgáfu og viðurkenningum á tegundarskírteinum flugvéla og íhluta þeirra. Það er ljóst að flugöryggisstofnunin mun hafa gríðarleg áhrif á þróun flugöryggismála í Evrópu.

2. Frumvarpið gerir ráð fyrir breyttum reglum um tilkynningarskyldu í almenningsflugi og innleiðingu á tilskipun ESB á því sviði. Auk þess er hér lagt til að refsiákvæðum laganna verði breytt þannig að þeim sem tilkynna um flugatvik frá eðlilegri starfsemi verði ekki refsað þó að reglur hafi verið brotnar að öðrum skilyrðum uppfylltum. Unnið er að samræmingu á reglum á þessu sviði í Evrópu og verið að taka upp samræmt kerfi skráningar auk upplýsingaskipta um atvik og orsakavalda óhappa. Nauðsynlegt er að miðla upplýsingum milli ríkja um þessi mál þar sem orsök slysa í einu ríki getur verið óþekkt í öðru.

Flugið hefur algera sérstöðu gagnvart öðrum samgönguþáttum hvað varðar rannsóknir slysa og fyrirbyggjandi aðgerðir og þar hefur náðst verulegur árangur í lækkun slysatíðni. Meginmarkmið nýju tilskipunarinnar og frumvarps þessa sem og rannsókna á flugslysum og flugatvikum er að auka flugöryggið. Í þessu skyni er mikilvægt að tilkynna um öll frávik frá eðlilegri flugstarfsemi. Alþjóðaflugmálastjórnin hefur lagt á þetta áherslu. Það er einnig viðurkennd

staðreynd að verulega hefur skort á að öll flugatvik hafi verið tilkynnt. Ekki er ástæða til að ætla að því sé öðruvísi farið hér á landi en erlendis. Í frumvarpinu er því lagt til að þau atvik sem eru tilkynnt í samræmi við þessi ákvæði leysi tilkynnanda undan refsiábyrgð að uppfylltum öðrum skilyrðum. Þetta er mjög mikilvægur þáttur í því að tryggja að upplýsingar um brotalamir á þessu sviði komi fram. Með þessu erum við að feta í fótspor Dana en reynsla þeirra af sams konar breytingu hefur verið góð. Ég vil geta þess hér að við samningu þessara ákvæða var haft sérstakt samráð við flugrekendur og hagsmunafélag flugmanna, flugumferðarstjóra og flugvirkja sem varðar þetta mál miklu.

Jafnframt er gert ráð fyrir að allar tilkynningar séu vistaðar í sérstökum gagnagrunni og að ríki innan EES geti skipst á upplýsingum um atvik og orsakir. Þannig er lagður grunnur að miðlun upplýsinga sem hugsanlega geta komið í veg fyrir frekari slys eða óhöpp.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til er fyrst og fremst verið að leggja áherslu á forvarnir en með tilkynningum, úrvinnslu þeirra og miðlun upplýsinga milli flugöryggisstofnana innan Evrópu er lagður öflugur grunnur að þessum þætti auk þess sem lögð er áhersla á vernd upplýsinga sem safnað er með þessum hætti.

3. Með frumvarpi þessu verður stigið skref í innleiðingu á reglugerðum ESB um samevrópska loftrýmið sem gerir m.a. kröfu um að flugleiðsöguþjónusta skuli leyfisskyld í samræmi við alþjóðlegar reglur og staðla. Því fylgir einnig krafa um aðskilnað þjónustu og eftirlits. Með væntanlegri aðild Íslands að samevrópska loftrýminu verða m.a. innleiddar á Evrópusvæðinu sameiginlegar reglur um flugleiðsöguþjónustu og skírteini flugumferðarstjóra. Með þessu er tekist á við ýmsar lagahindrandir sem hafa haft áhrif á þróun flugumferðar og möguleika flugleiðsöguþjónustunnar til að takast á við framtíðarkröfur. Endurskipulagning loftrýmis er gerð möguleg út frá flæði flugumferðar frekar en landamærum ríkja jafnframt því sem þeim er ætlað að auka öryggi og bæta afköst og hagkvæmni flugstjórnarkerfisins í Evrópu. Þá er einnig leitast við að koma upp einsleitu kerfi varðandi tæknibúnað og verklag sem mun auka öryggi og hagkvæmni á þessu sviði.

4. Alþjóðaflugmálastjórnin og Evrópusambandið hafa tekið flugverndarmál upp á arma sína og hafa lagt mikla áherslu á þessi mál eftir atburðina 11. september 2001. Gefnar hafa verið út sjö EB-reglugerðir vegna málaflokksins og unnið er að innleiðingu á þessum reglugerðum hér á landi. Vegna þessa er m.a. nauðsynlegt að taka upp ítarlegri ákvæði og heimildir inn í þessa grein loftferðalaganna. Með breytingunni er aðallega verið að skjóta fleiri lagastoðum undir Evrópureglugerðir um flugvernd sem Ísland hefur skuldbundið sig til að taka upp. Þá er nauðsynlegt að hafa skýrar lagaheimildir til ýmiss konar aðgerða er tengjast flugvernd sem bæði þrengja að almennum réttindum borgaranna og leggja kvaðir á fyrirtæki.

5. Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 hefur allt eftirlit með flugi verið stóreflt. Stjórnvöld um allan heim hafa brugðist við þeirri vá sem af hryðjuverkum stafar. Stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa ítrekað gefið út viðvaranir vegna ógnananna sem þau hafa talið beinast að sér. Jafnframt hafa komið fram kröfur frá þeim um að vopnaðir verðir séu um borð í flugvélum sem fljúga til Bandaríkjanna. Ljóst er að sú krafa er mjög umdeild og að mörg ríkin, flugrekendur og hagsmunafélög flugmanna eru mjög andsnúin henni. Það breytir ekki þeirri staðreynd að verði flugfélag ekki við kröfu um vopnaða verði um borð fá þau ekki heimild til flugs til Bandaríkjanna. Ítrekað hefur t.d. verið fellt niður flug frá Bretlandi vegna kröfu þess efnis.

Ísland hefur öflugri flugsamgöngur til Bandaríkjanna en velflest ríki Evrópu vegna sterkrar stöðu Icelandairs á þessum markaði. Ef krafa um vopnaða verði kemur fram og stendur í einhvern tíma er ljóst að það mundi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir samgöngur héðan til Bandaríkjanna. Nauðsynlegt er að hægt sé að bregðast við því ef ekki eru önnur úrræði tæk til að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Ef til þess kemur þarf að liggja fyrir skýr lagaheimild. Breyting sú sem hér er lögð til miðar að því að leggja grunn að slíkri heimild. Nauðsynlegt er að hafa í huga að ákvæðið er hugsað sem þrautalending sem er háð mjög ströngum skilyrðum ef aðrar leiðir reynast ekki færar. Þannig eru eftirfarandi fyrirvarar um beitingu ákvæðisins:

Samgönguráðherra leggur sjálfstætt mat á beitingu ákvæðisins. Til þess þurfa að vera brýnar ástæður.

Beiðni verður að hafa borist frá íslenskum flugrekanda vegna þessa. Sú krafa þarf að vera til komin vegna kröfu erlends ríkis.

Dómsmálaráðherra þarf að mæla með því.

Utanríkisráðherra þarf að mæla með því. Það er að sjálfsögðu von mín að ekki þurfi til þess að koma að ákvæðinu verði beitt.

6. Að lokum eru lagðar til nokkrar breytingar á gildandi lögum sem miða að bættri og einfaldari stjórnsýslu í samræmi við almenna stefnu ráðuneytisins á því sviði.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar.

[15:56]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir sem hæstv. samgönguráðherra hefur mælt fyrir skírskotar, eins og ráðherrann kom inn á í framsögu sinni, til sviðs breyttra reglna sem lúta að öryggismálum bæði í flugi og á flugvöllum. Sjálfsagt er á ýmsan hátt eðlilegt og rétt að við fylgjum evrópskum eða alþjóðlegum reglum hvað það varðar og náttúrlega óhjákvæmilegt annað í millilandaflugi.

Hins vegar hljótum við líka að verða að horfa til hófs í þeim efnum, sérstaklega hvað innanlandsflug varðar. Aukinn kostnaður í þessu eftirliti og þessum reglum hlýtur óneitanlega líka að hafa áhrif á verðlagið á þjónustunni — og hana borga neytendur. Við verðum þá að huga að þeirri forgangsröðun sem við erum með varðandi öryggiskröfur, hvar þær koma niður, hvernig, bæði á einstökum flugvöllum og t.d. á farþegum. Við megum ekki setja þær reglur að við skerðum möguleika flugsins innan lands. Ég er ekki að segja að það sé gert hér en í öllu þessu fári út af öryggismálum er engu að síður mikilvægt að hafa þetta allt saman í huga.

Það eru nokkur atriði sem ég vildi gera að umtalsefni og

spyrja um. Í fyrsta lagi: Er það ekki rétt hjá mér að hér sé verið að tala um algildar reglur, reglur sem gilda bæði um flugferðir og flugþjónustu innan lands og líka í millilandaflugi? Það má vel vera að ég hafi ekki alveg skilið til fulls hvort það séu sértækar reglur í millilandafluginu og aðrar í innanlandsfluginu og hvort einhverjir þættir þeirra laga sem lúta að breytingu á lögum um loftferðir lúti bara að öðru hvoru, millilandafluginu eða innanlandsfluginu. Ég hefði gjarnan viljað fá það skýrt. Sé munur á, hvaða munur er þá á reglum gagnvart innanlandsflugi eða utanlandsflugi ef um það er að ræða? Séu þetta hins vegar reglur sem gilda um alla flugvelli, alla flugþjónustu, innan lands líka, hvaða kostnað erum við þá að tala um að geti orðið varðandi flugþjónustuna sem fer út í verðlagið og neytendur verða að borga?

Í *umsögn fjármálaráðuneytisins um kostnaðinn* er bara talað um gagnagrunninn sem slíkan þar sem segir:

„Kostnaðurinn við gagnagrunninn er áætlaður 4 milljónir króna á ári sem eru laun hjá einum nýjum starfsmanni."

Einnig er talað um kostnað við þessar auknu kröfur sem fellur þá væntanlega á ríkið. Eftirlitið er áætlað 15 millj. kr. þannig að samtals er verið að tala um að það geti orðið um 19 millj. kr. í kostnaðarauka á ári fyrir ríkið.

Þá veltir maður fyrir sér hvort það sé allur kostnaðurinn, eða er einhver annar kostnaður utan við þetta sem gert er ráð fyrir að farþegar og flutningur beri til viðbótar við þessar 19 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að kostnaður ríkisins aukist? Í niðurlagsorðum fjármálaráðuneytisins stendur:

„Að mati fjármálaráðuneytisins á kostnaðurinn að rúmast innan fjárheimilda samgönguráðuneytisins, þ.e. þessar 19 milljónir króna."

Ég vil bara gefa hæstv. ráðherra færi á að segja okkur hvar þær 19 millj. kr. eru geymdar hjá samgönguráðuneytinu eða hvort gert hafi verið ráð fyrir þessu í fjárlögum þessa árs. Það má vel vera.

Flugvellirnir eru flokkaðir niður hjá okkur í áætlunarflugvelli og aðra flugvelli, og þeir eru flokkaðir niður í flugvelli í grunnneti og utan grunnnets. Síðan eru aðrir flugvellir og lendingarstaðir utan grunnnets. Ég hefði gjarnan viljað heyra hjá hæstv. ráðherra hvaða áhrif þessar reglur sem hér er verið að setja hafa á hina einstöku flugvelli. Það er verið að auka kröfur, öryggi og eftirlit. Hvaða áhrif hefur þetta á stöðu hinna einstöku flugvalla? Eru þeir nú þegar í stakk búnir til að taka á móti þessum kröfum ef lögin gera þær til þeirra? Ef svo er ekki, hvað kostar þetta þá í auknum endurbótum á flugvöllum og auknum rekstrarkostnaði einstakra flugvalla, ef um það yrði að ræða?

Þetta er öryggismál sem lýtur að öllu flugi. Ráðherra getur með tilskipunum og reglugerðum aukið vægi þessara laga eða fjölgað flugvöllum og verkefnum sem falla undir þau og þá veltir maður fyrir sér stöðu þeirra flugvalla sem eru utan grunnnetsins, hvernig þeir falla undir þetta herta öryggiseftirlit.

Í 9. gr. er fjallað um hergögn og hergagnaflutninga og ég get alveg tekið undir það sem stendur í greininni, að hergögn megi eigi flytja í loftförum án leyfis samgönguráðherra. Ég vildi helst að sagt væri að þau mætti bara ekki flytja í íslenskum loftförum, ég teldi það eðlilegast og það væri í samræmi við íslenskar hefðir og íslenskar venjur að við værum ekkert að opna á möguleika á flutninga á hergögnum í íslenskum loftförum, hvort sem það væri með eða án vilja samgönguráðherra. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig er þetta núna? Eru einhver ákvæði núna sem banna hergagnaflutninga, nema þá með einhverjum afbrigðilegum aðstæðum eins og þegar íslenska ríkisstjórnin beitti sér fyrir hergagnaflutningum til Íraks eins og við munum? Þótti sumum það vera nokkurt brot á jafnvel íslenskum lögum að íslenskar flugvélar sem lutu íslenskri lögsögu skyldu vera notaðar til hergagnaflutninga fyrir önnur ríki. Það væri fróðlegt að heyra ráðherrann lýsa því hvernig hann ætlar að beita ákvæðunum um hergögn. Ég hefði viljað sjá að það væri bannað að flytja hergögn í íslenskum loftförum.

Einnig spyr ég hvernig ráðherrann hyggist beita því ákvæði að samgönguráðherra setji fyrirmæli um hvað teljist hergögn og veiti almenna undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar í samráði við dómsmálaráðherra. Hæstv. samgönguráðherra á að fara að skilgreina hvað teljist hergögn, og þá veltir maður fyrir sér hvaða forsendur ráðherrann ætli að hafa til að skilgreina þau. Ég ítreka aftur þá skoðun mína að miðað við þann skilning sem ég legg í „hergögn" eigi að banna flutning hergagna í íslenskum loftförum.

Einnig er kveðið á um að samgönguráðherra geti ákveðið að *vopnaðir verðir séu um borð í íslensku loftfari í almenningsflugi* enda séu til þess brýnar ástæður, beiðni hafi borist frá flugrekanda að kröfu erlends ríkis þess efnis og dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra mæli með því. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að þetta ákvæði sé þarna inni þó að ég taki undir frómar óskir hæstv. ráðherra um að þessu ákvæði muni aldrei þurfa að beita í íslenskri fluglögsögu hjá okkur í íslenskum loftförum. Ég spyr: Verður það ekki alveg ófrávíkjanleg krafa að slíkir vopnaðir öryggisverðir verði undir íslenskri stjórn, það verði íslenskir öryggisverðir sem lúti íslenskum lögum, íslenskri ábyrgð og íslenskri forsjá, þannig að á engan hátt sé opnað á það að einstaka þjóðhöfðingjar eða erlend ríki geti farið að gera þá kröfu að þeirra vopnuðu verðir sem lúta annarra ríkja lögsögu fari að gæta öryggis í flugi í íslenskum flugvélum? Þarna er fullkomlega íslensk lögsaga á ferðinni og hún verður ekkert framseld, er það ekki öruggt?

Varðandi hergögnin, maður áttar sig ekki alveg á lögsögu málsins, hvort þetta sé lögsaga yfir íslenskum flugvélum á íslensku fluglögsögusvæði, eða er þetta í íslenskum flugvélum hvar sem er í heiminum? Er þetta í öllum flugvélum sem fljúga í íslenskri lofthelgi og undir íslenskri flugumferðarstjórn? Til hvaða flugflota ná þessi lög og ákvæði eins og þau um hergagnaflutninga?

Í 11. gr. er fjallað um að samgönguráðherra sé heimilt að setja frekari reglur um skilyrði til flugrekstrar, þar með taldar fjárhagskröfur sem gerðar eru til flugrekenda. Þetta atriði hefur nokkuð verið gagnrýnt af ýmsum flugrekstraraðilum vegna óskýrra krafna um fjárhag og fjárhagslega burði þannig að maður veltir fyrir sér hvort ráðherrann sé eitthvað að breyta þarna til frá því sem verið hefur varðandi fjárhagskröfur til flugrekenda. Einnig minnir mig að það hafi verið gagnrýnt að flugrekstrarleyfi hefur oft verið bundið til skamms tíma, kannski eins árs í senn, og síðan hafa flugrekstraraðilar þurft að endurnýja beiðnina um flugrekstrarleyfi og jafnframt leggja þá fram öll gögn um fjár-

hag sinn. Ég spyr ráðherrann — ég sé hvergi minnst á tímalengd rekstrarleyfisins, hvort við höfum átt að gefa það út til lengri tíma en eins árs, tveggja ára eða fimm ára — hvaða reglur munu gilda um það.

Í 13. gr. er fjallað um heimild til að veita styrki til áætlunarflugs. Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um styrkveitingar til áætlunarflugs til jaðarsvæða eða á flugleiðum til flugvalla með litla umferð. Ég hygg að það sé bara hið besta mál að þessi heimild sé sett þarna eins og gert er. Ég tel reyndar mikilvægt að þetta sé inni því að eins og við vitum þjóna ýmsir flugvellir byggðum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að greiðslur notendanna standi undir öllum flugrekstrinum. Þá er hægt að bjóða hann út með þeim hætti eins og við þekkjum að hefur verið gert t.d. til Gjögurs og Grímseyjar, svo að þessir tveir staðir séu nefndir. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að bæði Gjögurflugvöllur og reyndar Vopnafjarðarflugvöllur ættu að vera inni í grunnneti flugvalla. Þetta eru grunnsamgönguæðar viðkomandi byggða og séu þær inni í grunnnetinu er það skilgreining á vissri ábyrgð ríkisins á þjónustu við þessa flugvelli. Það gerir stöðu þeirra mun sterkari en ella þó að ég ætli ekki að gera því skóna að af hálfu ríkisins sé ætlunin að skerða þá þjónustu sem nú er við flugvelli eins og á Gjögri og Vopnafirði. Ég teldi þó eðlilegt að þeir væru inni í grunnneti flugvalla í sjálfu sér því að ekki eru stöðugar vetrarsamgöngur á landi til þessara staða.

Þó að það komi þessu máli ekki beint við hefði ég samt viljað velta upp spurningum um aðra öryggisþætti á flugvöllunum og þjónustugetu, t.d. eldsneytisafgreiðslu. Við ræddum á sínum tíma bæði um eldsneytisafgreiðslu og eldsneytisverð á flugvöllum eins og Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði og reyndar víðar en það hlýtur engu að síður að vera hluti af öryggiskerfi flugvalla og líka af þjónustuhlutverki þeirra að geta veitt með eðlilegum hætti eldsneyti á stórar vélar og án þess að það sé þá á einhverju ósamkeppnishæfu verði. Mig langar til að spyrja út í eldsneytisafgreiðsluna á þessum flugvöllum gagnvart bæði stærri og minni vélum. Hvaða öryggiskröfur og hvaða þjónustukröfur eru gerðar til þeirra hvað það varðar?

Ég hef áður líka í tengslum við vegáætlun og vegalögin gert að umtalsefni stöðu veganna að flugvöllunum. Ég tel að ekki sé einangrað hægt að horfa á flugvellina sem slíka, heldur verði líka að horfa á nánasta umhverfi þeirra. Þó að flugvellir hafi verið lagðir niður sem áætlunarflugvellir gegna þeir engu að síður mikilvægu hlutverki sem þjónustuflugvellir til ferðaþjónustu, einkaflugs, sjúkraflugs o.s.frv. þannig að þeir flugvellir sem falla úr tölu áætlunarflugvalla gegna gríðarlega miklu hlutverki áfram. En þá vill svo til að vegirnir að þessum flugvöllum detta úr tölu þjóðvega við það að flugvöllurinn verður ekki áætlunarflugvöllur lengur. Vegirnir að slíkum flugvöllum verða allt í einu einskis manns vegir. Það er enginn sem í rauninni ber ábyrgð á þeim nema þá sé samið við einhvern um að vera veghaldari. Mér finnst þetta mjög óeðlilegt. Ég tel að vegirnir að flugvöllunum, hvort sem það eru áætlunarflugvellir eða aðrir þjónustuflugvellir, eigi að vera hluti af vegakerfi landsmanna og á ábyrgð Vegagerðarinnar sem slíkir. Ég tel þetta líka vera hluta af öryggismálum og þjónustukröfum. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann muni ekki beita sér fyrir því að endurskoða réttarstöðu veganna að flugvöllunum þannig að þó svo að flugvöllur fari úr tölu áætlunarflugvallar haldi völlurinn áfram gildi sínu og vegurinn að honum líka. Flugvöllur án vegar er í sjálfu sér enginn þjónustuflugvöllur.

Þetta frumvarp kemur svo til samgöngunefndar og þar gefst tækifæri til að fara betur ofan í einstaka þætti þess en ég læt gott heita að sinni varðandi þetta mál. Ég ítreka að ég óska eftir því að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem ég hef lagt fram um einstaka þætti sem þetta frumvarp felur í sér ef hann getur.

[16:16]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgönguráðherra hefur fylgt úr hlaði breytingartillögum við loftferðalög sem aðallega eru um innleiðingu eða aðlögun að reglum Evrópusambandsins á sviði flugverndar og flugöryggismála auk annarra alþjóðlegra krafna á því sviði. Má segja að á mínum fyrsta þingdegi eftir hálfs mánaðar fjarveru vegna starfa í nefnd á vegum Alþingis erlendis — maður sem hefur m.a. setið í flugvél í 18 klukkustundir til að komast á áfangastað, ekki þó í einni ferð, eða tekið allt að 30 klukkustunda ferðalag, farið í gegnum þau öryggishlið og annað sem boðið er upp á — hafi ég töluverðan áhuga á flugöryggismálum og sé sammála því að þau séu samræmd og farið yfir þau eins og hér er verið að gera. Með öðrum orðum er ánægjulegt að Evrópusambandið skuli vera í fylkingarbrjósti við það að búa til samræmdar reglur fyrir hið evrópska svæði og eins að við séum að leiða þær í lög. Það er ánægjulegt vegna þess að ekki veitir af að auka flugvernd.

Ýmsar fréttir berast mönnum af alls konar vá sem getur skapast í flugi, bæði vegna flugumsjónar og flugstjórnunar og þeirrar miklu flugumferðar sem er í háloftunum núna. Umferðin hefur aukist mjög mikið eins og hér er m.a. getið um, ef ég man rétt um allt að 50% síðasta áratug og áætlað að hún tvöfaldist til ársins 2020, þ.e. flugumferð bara á Evrópusvæðinu. Þá er auðvitað mjög mikilvægt að þetta sé samræmt. Við fyrstu yfirferð mína á því frumvarpi sem hæstv. ráðherra hefur flutt sé ég ekki annað en að við séum á góðri leið með því að taka upp þau ákvæði sem Flugöryggisstofnun Evrópu er að beita sér fyrir að samræma. Við samþykktum m.a. á Alþingi á síðasta ári að taka upp að það verði gert á þann hátt sem hér er lagt til. Ég hef ýmsa fyrirvara um einstök atriði sem eiga eftir að koma betur fram í hv. samgöngunefnd.

Ég vil segja, virðulegi forseti, að ég rek mig a.m.k. tvisvar sinnum á galla í frumvarpinu. Hér er t.d. vitnað í flugöryggismál, í tilkynningu um flugatvik er vitnað til 14. gr. sem er nú orðin 12. gr. þannig að ég ímynda mér að einhverju hafi verið samþjappað á einhverju stigi en þá gleymst að breyta þessu. Jafnframt er vitnað í lög um loftferðir frá 1988 en þau lög eru frá 1998. Þetta eru vonandi smámunir, virðulegi forseti. Ég vildi samt sem áður nefna það hérna vegna þess að það er frekar óvenjulegt að svona sé, en auðvitað er þetta bara smálagfæring sem þarf að gera og er ekki stórt mál. Villurnar eru í athugasemdunum við frumvarpið.

Eins og ég sagði áðan, virðulegi forseti, er þetta gert í

framhaldi af vinnu starfshóps á vegum samgönguráðuneytis með fulltrúum Flugmálastjórnar. Við Íslendingar erum aðilar að Flugöryggisstofnun Evrópu, EASA eins og hæstv. ráðherra kaus að kalla þessa skammstöfun, sem kemur þá í staðinn fyrir Flugöryggissamtök flugmálastjórna Evrópu, JAA. Þetta er allt hið besta mál og er verið að vitna til og setja í lög okkar þessar samræmdu aðgerðir.

Það eru þó nokkur atriði, virðulegi forseti, sem ég á örugglega eftir að fara betur yfir við þessa samræmingu á reglum sem töluverð vinna er við, meðal annars frá Evrópu, og setja inn í þetta samræmda kerfi. Eins og hér hefur líka komið fram er reiknað með að búa til samræmdan gagnagrunn sem Flugmálastjórn og aðrir sem láta sig flugöryggismál og flugmál varða geta farið í til að skoða atvik sem eiga sér stað í einu landi, hvort það sé eitthvað sem viðkomandi aðilar geta breytt hjá sér til að fyrirbyggja að slík óhöpp gerist. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt atriði.

Hér er líka fjallað um að það sé óheimilt að færa nöfn tilkynnenda í gagnagrunninn, þeirra sem tilkynna flugatvik, og að vinnuveitendum sé óheimilt að beita starfsmenn viðurlögum vegna slíkra tilkynninga. Þetta tel ég mjög mikilvæga vernd, virðulegi forseti, fyrir þá sem láta vita um svona atvik sem væntanlega verða til þess að flugöryggi eykst, atvik sem flugmenn eða starfsmenn flugumsjónar eða aðrir láta vita af. Það er mikilvægt að þeir hafi vernd fyrir því að vera ekki hreinlega reknir eða teknir á teppið fyrir að láta vita af svona atriðum. Auðvitað eigum við alltaf að vera á varðbergi. Það er best að geta verið í fyrirbyggjandi aðgerðum, að við þurfum ekki að fá einhvers konar flugóhapp eða flugslys til að læra af slíku til að bæta öryggi flugfarþega sem ekki veitir af. Þetta snýst sem sagt um flugöryggi og flugatvik og ég held að það sé það sem vitnað er til í 12. gr. þessa frumvarps.

Hér er í athugasemdum líka talað um að tekin verði upp ákvæði um flugafgreiðslu og eins um afkastagetu flugvalla og mig langar að spyrja hæstv. samgönguráðherra hvort það sé fyrirsjáanlegt að þessi tvö atriði geti t.d. haft einhver áhrif á Keflavíkurflugvöll, hvort þau kalli á miklar breytingar, mikil fjárútlát við eitthvað annað og meira en stefnt er að núna við að taka þetta upp. Eða er þetta trygging Evrópusambandsins fyrir því að þeir sem reka slíkar flugafgreiðslur og flugvelli séu skyldugir til að veita nýjum aðilum fulla þjónustu? Fyrir nokkrum árum kvörtuðu nýir aðilar á markaði, eins og lággjaldaflugfélög, yfir þjónustu í flugafgreiðslum og á flugvöllum vegna þess að stóru aðilarnir sem voru þar fyrir reyndu að spyrna fótum við því að nýir aðilar kæmu á markaðinn.

Þegar ég segi þessi orð, virðulegi forseti, fer ég að hugsa um hversu langt sé síðan þetta átti sér stað. Það er ekkert mjög langt síðan menn notuðu alls konar hindranir til að koma í veg fyrir að nýir sprotar kæmust inn á markaðinn. Það er sem betur fer búið, vonandi, og er auðvitað hluti af þeirri auknu flugstarfsemi sem á sér stað víða um heim, kannski sérstaklega í Evrópu þar sem við þekkjum best til, þ.e. lággjaldaflugfélögin sem hafa komið inn og gera það að verkum að fólk ferðast miklu meira nú en áður. Það kostar með öðrum orðum ekki eins mikið að ferðast nú t.d. frá Keflavík til Kaupmannahafnar sem er töluvert miklu ódýrara en að ferðast frá Reykjavík til Vopnafjarðar svo að dæmi sé tekið.

Þá er það nýmæli og ég fagna því að það skuli vera sett inn í frumvarpið, þ.e. 13. gr., ákvæði um styrkveitingar í flugi sem byggist á reglugerð Evrópusambandsins frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Þetta höfum við notað hér, styrkveitingar á flug til tiltekinna staða, og höfum fengið heimild stóra bróður í Brussel, Evrópusambandsins, fyrir því. Það er ekki nema gott eitt um það að segja að þetta skuli vera gert. Það er þekkt víða um Evrópu að það þurfi að styrkja flug til afskekktra staða eða minni staða þar sem flugfélög treysta sér ekki til að halda uppi flugi nema með fjárveitingu frá hinu opinbera til að það geti haldið áfram. Þetta höfum við gert hér og ég fagna því, og ég fagna því að þetta sé sett í lög. Það er stundum rætt um það, þó að ég vilji ekki fara út í þá sálma, að styrkveitingar í alls konar flutningastarfsemi, hvort sem er með fólk eða vörur, séu vel þekkt fyrirbæri hjá Evrópusambandinu og ég verð að segja að ég harma það að sú leið skuli ekki hafa verið notuð til að kanna með áframhaldandi strandsiglingar hér á landi. En við erum ekki að ræða strandsiglingar í þessu frumvarpi.

Virðulegi forseti. Það kemur fram líka að við Íslendingar höfum sérstaka aðlögun að ákveðinni reglugerð Evrópuþingsins nr. 2320/2002, frá 16. desember 2002. Ef ég skil rétt er það m.a. vegna sérstöðu Íslands þar sem innanlandsflugið er undanskilið þessari reglugerð. Því spyr ég hæstv. samgönguráðherra hvað gerist ef við neyðumst til að flytja miðstöð innanlandsflugs frá Reykjavík til Keflavíkur. Getur þá verið að allt aðrar og miklu meiri kröfur vegna flugöryggismála muni dúkka upp, ef svo má að orði komast? Þegar við förum í gegnum Reykjavíkurflugvöll í dag gengur allt tiltölulega fljótt fyrir sig. Ég þekki það frá flugi ekki alls fyrir löngu að þegar ófært var á Reykjavíkurflugvelli þurfti að fara til Keflavíkurflugvallar og ýmislegt tók þar lengri tíma. Er ég þá ekki að tala um ferðatímann heldur ýmislegt þar til hliðar. Ég vil spyrja hæstv. samgönguráðherra: Ef það yrði þannig að innanlandsflug og utanlandsflug færu fram á sama flugvelli í gegnum sömu flugstöð, koma þá upp allt aðrar kröfur að hans mati gagnvart því að tékka sig inn og fara í gegnum flugstöðina sjálfa? Það er ákaflega mikilvægt, virðulegi forseti, að fá svör við þessu. Það varðar ferðatímann sem breytist ef við getum ekki flogið lengur frá Reykjavíkurflugvelli í aðskildu flugi innan lands frá millilandafluginu.

Ég held að ég sé bara með eina spurningu enn til hæstv. samgönguráðherra. Við það að taka þessa reglugerð alla upp, er þá fyrirsjáanlegt að kostnaður við rekstur einstakra flugvalla á Íslandi, hvort sem það er Keflavíkurflugvöllur, Reykjavíkurflugvöllur eða hinir litlu flugvellir úti um landið, muni aukast eitthvað við þetta atriði?

Rétt að lokum, virðulegi forseti, um það sem snýr að 9. gr. þessa frumvarps, þ.e. kröfu um vopnaða verði um borð í flugvélum í almenningsflugi. Ég tek undir með mönnum og segi: Auðvitað fara menn ósjálfrátt að skjálfa eða út sprettur kaldur sviti þegar maður les það og hugsar til þess að vopnaðir verðir þurfi kannski að ferðast með manni í flugvél. Vegna þess að ég vitnaði í langt flug mitt og annarra félaga minna á Alþingi nýlega með ýmsum flugfélögum sem ég varla kann að nefna á nafn er ansi sérstakt að segja

það að auðvitað hafði maður á tilfinningunni að ákveðnir farþegar í því flugi væru öryggisfulltrúar viðkomandi flugfélags. Hvort þeir hafa verið með vopn í belti eða annað skal ég ekki segja til um. En auðvitað er það hryllileg staðreynd að við þurfum að hafa þann möguleika. Ég er hræddur við þetta ákvæði en styð það engu að síður að heimildin sé fyrir hendi. Okkar mikla flugstarfsemi í vesturátt, til Bandaríkjanna, má ekki líða fyrir það ef Bandaríkjamenn setja algert stopp á okkur hvað þetta varðar sem ég vona að verði aldrei, ég tek það skýrt fram. Samt sem áður er ég miðað við fyrstu yfirferð hlynntur því að þetta ákvæði sé inni en það sé háð þeim ströngu skilyrðum sem hér eru sett fram af hálfu samgönguráðherra. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði því að eins og ég sagði áðan er það hryllingur að við skulum þurfa að ræða um að setja í lög að það geti verið nauðsyn að vera með vopnaða verði um borð í farþegaflugvélum.

Virðulegi forseti. Þetta var það helsta sem ég vildi segja í fyrstu atrennu um þetta frumvarp. Þar sem ég á sæti í samgöngunefnd gefst vonandi betri tími, þó að stutt sé eftir af störfum þingsins, til að ræða þetta mál frekar. Ég vona og vænti þess að sú nefnd sem þetta hefur unnið, m.a. með Flugmálastjórn, sé búin að fara yfir alla þá þætti sem skipta máli og að við séum sannfærð um að við séum að stíga góð skref, hvorki of né van, í þessum flugöryggismálum. Alltaf munum við taka flugöryggi og flugvernd fram yfir ýmislegt annað, eins og t.d. þetta sem ég var að nefna með vopnaða verði.

[16:32]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir ágætar undirtektir við frumvarpið sem hafa komið fram í ræðum þeirra og vil ég aðeins víkja að þeim atriðum sem beint var til mín í umræðunni.

Fyrst er að taka til þess sem hv. þm. Jón Bjarnason nefndi. Það liggur algerlega ljóst fyrir að um millilandaflugið gilda sérstakar reglur. Hér er fyrst og fremst verið að fjalla um þær, og þær gilda þá um þá flugvelli sem eru alþjóðaflugvellir og flogið er til. Í okkar tilviki hefur verið stundað millilandaflug frá Keflavíkurflugvelli, að sjálfsögðu, og svo Reykjavíkur-, Egilsstaða- og Akureyrarflugvöllum þannig að við eigum ekki að þurfa að gera ráð fyrir því að þurfa að stilla upp öryggisaðgerðum á Gjögur- eða Grímseyjarflugvöllum með sama hætti og er í millilandafluginu. Það er nauðsynlegt að hv. þingmenn átti sig á því. Út af fyrir sig er ekki um umtalsverðar breytingar að ræða að öðru leyti en því að hér er verið að taka upp reglur sem m.a. leggja áherslu á aðskilnað annars vegar eftirlits og hins vegar framkvæmdar í rekstri og þjónustu á flugvöllum og flugstöðvum sem er geysilega mikilvægt að undirstrika.

Hvað varðar ákvæði um hergagnaflutninga er í rauninni ekki um neitt nýtt að ræða að öðru leyti en því að ráðherra getur framselt framkvæmdina á þessu til Flugmálastjórnar en ekki er um nein nýmæli að ræða að öðru leyti hvað varðar hergagnaflutningana. Hins vegar er heimildin um vopnaða verði nýmæli eins og ég kom mjög rækilega inn á í framsöguræðu minni. Ég fagna viðbrögðum og því raunsæja mati sem kom fram hjá þeim hv. þingmönnum sem hér töluðu um það.

Að sjálfsögðu verða öryggisverðir, ef til þess þyrfti að koma í íslenskum flugförum á vegum Íslendinga, væntanlega íslenskir ef um það yrði að ræða. Aðalatriðið er þó að þeir yrðu algerlega undir valdi og umsjón þeirra sem íslenskir eru og ég vil bara undirstrika að til þess kemur ekki nema mjög margir aðilar komi að þeirri ákvörðun, fyrst og fremst fjallar auðvitað ríkislögreglustjóraembættið um slíka þætti.

Tímalengd flugrekstrarleyfa er ekki bundin. Gefin eru út flugrekstrarleyfi en síðan er strangt eftirlit með flugrekstraraðilum. Þannig tryggjum við öryggið. Útgáfa leyfanna er ekki endurtekin með sérstöku millibili en fyrst og fremst er það eftirlitið sem er mikilvægt og er mjög skýrt skilgreint.

Hv. þm. Kristján Möller benti á það að Evrópusambandið hefur lagt áherslu á að vera í fararbroddi um flugöryggismál og að hluta til endurspeglum við þá staðreynd með því að fjalla um þetta frumvarp og þær breytingar sem um er að ræða. En ég vil gera það að sérstöku umtalsefni að þar hafa Íslendingar komið mjög sterkt að. Okkar ágæta fólk sem vinnur að flugöryggismálum á vettvangi Flugmálastjórnar hefur mikla reynslu og er afskaplega vel metið á þessum vettvangi sem m.a. má sjá af því að nú hefur flugmálastjóri Þorgeir Pálsson verið valinn til forustu í Flugöryggissamtökum flugmálastjórna Evrópu og tekur við formennsku þar í ágústmánuði. Okkar fólk er að vinna að undirbúningi, bæði hvað varðar stefnumótun og regluverkið allt saman, þannig að við erum ekki blindandi að taka upp reglur, heldur erum virkir þátttakendur í því að skapa þetta flugöryggisumhverfi sem við Íslendingar höfum lagt svo ríka áherslu á. (**KLM:** Virk í Evrópu ...) Við erum að sjálfsögðu virk á hinu Evrópska efnahagssvæði og það er í samræmi við þann ágæta samning sem er fullnægjandi í öllum atriðum hvað þetta varðar fyrir okkur Íslendinga. Við getum komið þar mörgu góðu til leiðar og haft áhrif til hins betra á það starf allt.

Hvað varðar ákvæði um flugafgreiðslur og afkastagetu eru þarna ýmis nýmæli sem skipta geysilega miklu máli. Ákvæði eru skýr um reglur um flugafgreiðslur sem í gildi þurfa að vera og þær kröfur sem eru gerðar til þeirra aðila sem sinna þessari þjónustu. Þess vegna er mjög gott að hv. þingmaður skyldi benda á þetta.

Með sama hætti er afkastagetan. Mjög skýrt er kveðið á um að hægt sé að hafa eftirlit með því að flugvellir bjóði ekki upp á þjónustu sem stendur ekki undir nafni. Þess vegna eru þarna mjög skýr ákvæði sem eru að sjálfsögðu til öryggis fyrir flugrekendur vegna afgreiðslu og móttöku í flugumsjón, og þá ekki síður fyrir neytendur sem eru ekki alltaf hamingjusamir með að þurfa að bíða í biðröðinni á flugvöllum sem hafa ekki þá afkastagetu sem þeir hafa gefið sig út fyrir að hafa.

Hvað gerist ef innanlandsflugið færist til Keflavíkur? Ég er mjög undrandi á þessari spurningu, mjög undrandi að nokkrum detti í hug að það standi til og spyrji slíkrar spurningar. Hins vegar er sjálfsagt að svara hv. þingmanni. Við höfum nokkrum sinnum talað um það á hinu háa Alþingi, og eins og þekkt er höfum við tekið ákvörðun um að endurbyggja flugvöllinn og búa þannig um hnúta að þessari mikilvægu þjónustu, innanlandsfluginu, megi sinna frá Reykja-

víkurflugvelli. Ef til þess kæmi að flytja þyrfti innanlandsflugið annað er alveg ljóst í mínum huga að það verður að byggja upp þá þjónustu alveg á nýjum forsendum. Í Keflavík yrði þá að koma upp umfangsmikilli aðstöðu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar með tilheyrandi kostnaði. Það er ekki eins og að hægt yrði að ganga inn á morgun og nýta þá aðstöðu sem þar er. Það er fjarri lagi. Mikill fjárfestingarkostnaður mundi fylgja slíkri breytingu og mikið rask, og endurskipuleggja þyrfti flugstöðina algerlega upp á nýtt í því ljósi.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, þakka ég fyrir ágætar umræður hér og vænti þess að hv. samgöngunefnd fari vandlega og rækilega yfir þetta frumvarp. Sá er jú tilgangurinn með umfjöllun á Alþingi.

[16:42]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég náði því ekki alveg hvaða hluti þessa frumvarps snýr eingöngu að millilandaflugi og þeim flugvöllum sem eru millilandaflugvellir eða uppfylla þau skilyrði annars vegar og hins vegar innanlandsfluginu þar sem tengingin er á Keflavíkurflugvöll eða Reykjavíkurflugvöll og síðan á aðra flugvelli sem ekki eru millilandaflugvellir. Ná þessi lög eingöngu til millilandaflugsins og þeirra flugvalla sem þjóna sem viðurkenndir millilandaflugvellir? Er innanlandsflugið að öðru leyti óháð þeim reglum og kröfum sem hér er verið að setja?

Ég spurði líka t.d. um kröfur um þjónustu til þeirra sem eiga að verða slíkir flugvellir. Þetta eru fyrst og fremst öryggiskröfur en það er ekki verið að ræða neinar þjónustukröfur, eins og t.d. um eldsneytisafgreiðslu. Þetta er sjálfsagt komið í lag á Egilsstöðum en það var mál á sínum tíma að eldsneytisdælan dældi svo hægt að engar stórar flugvélar gátu lent þar. Á sínum tíma var margra klukkutíma bið að fylla vélarnar. Er eldsneytisafgreiðsla t.d. ekki hluti af þeirri viðbragðs- og öryggisþjónustu sem þessir flugvellir þurfa að hafa? Er hún í lagi á þeim flugvöllum sem eru millilandaflugvellir eða hafa þá stöðu hér?

[16:44]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður vitaskuld að gera tilteknar kröfur til þjónustu á flugvöllum. Eitt af þessum grundvallaratriðum er að gera afgreitt eldsneyti þannig að ég á ekki von á öðru en að það geti verið í eðlilegu horfi þó að kannski hafi á einhverjum tíma verið gerðar athugasemdir við það.

Hvað varðar annars vegar millilandaflugvellina og hins vegar innanlandsflugið varða þessar reglur allar að því leyti innanlandsflugið að hér er verið, m.a. vegna tilkynningarskyldu um flugatvik og fleira, að auka öryggið með upplýsingagjöf og með því að gera tilkynningar um flugatvik auðveldari. Sá lærdómur sem af því er dreginn kemur að notum í innanlandsfluginu. Það er þó ekki verið að herða sérstaklega kröfur um rekstur í innanlandsflugi með þessu, heldur er almennt verið að fjalla um aukna flugvernd og aukið flugöryggi. Hvað varðar það að aðskilja í meira mæli annars vegar eftirlitið og hins vegar rekstur varðar það að sjálfsögðu flugið allt.

[16:45]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta aðeins loðið því að stór hluti af öryggiseftirlitinu, bæði í innanlandsflugi og millilandaflugi, er flugleiðsöguþjónustan. Nú held ég að í þessu frumvarpi sé gert ráð fyrir því að hún sé sérleyfisskyld. Í 7. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Nú vill aðili hefja starfrækslu flugleiðsöguþjónustu og skal þá umráðamaður og/eða eigandi sækja um starfsleyfi til Flugmálastjórnar Íslands minnst þremur mánuðum fyrir upphaf þjónustunnar."

Getum við átt von á því að hér séu margir aðilar, einkaaðilar, sem er boðið út og geta farið að reka flugþjónustu? Þetta orðalag bendir til að þetta eigi að verða urtagarður af flugleiðsöguþjónustufyrirtækjum. Ég held að það sé mjög óheppilegt, og tel reyndar að Flugmálastjórn gæti vel sinnt báðum þessum verkefnum ef settar væru um það skýrar reglur þannig að ekki ætti að þurfa að búta þetta niður.

Herra forseti. Mér finnst loðið að hve miklu leyti þetta tekur tillit til innanlandsflugs og millilandaflugs. Að sjálfsögðu nýtist gagnaöflun og þekking sem kemur inn með eftirliti með millilandaflugi líka innanlandsfluginu en ég held að við þurfum að vera á varðbergi gagnvart því að samþykkja ekki yfir okkur að óathuguðu máli auknar kostnaðaraðgerðir í innanlandsfluginu og reyndar líka í millilandaflugi því að þar er líka hörð samkeppni en þar fylgjum við þó alþjóðalögum. Ef við getum innan lands beitt innlendum lögum tel ég það verulegan kost.

[16:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get mjög heils hugar tekið undir það með hv. þingmanni að við eigum ekki að efna til óþarfakostnaðar vegna almannaþjónustu. Það kveður alveg við nýjan tón að heyra það frá hv. þm. Jóni Bjarnasyni að hann skuli ýta við okkur hvað það varðar, og er það vel.

Bara til að undirstrika það vil ég segja að auðvitað gilda sömu reglur um flugumferðarþjónustu hvar sem er yfir landinu og hvar sem er yfir flugvöllum landsins þannig að það er aðeins einn réttur í þeim efnum og hann er sá sem búinn er til á forsendum þeirra breytinga sem þetta frumvarp felur í sér. Ég vil undirstrika það sérstaklega þannig að ég tel að það að taka þessar reglur upp sem frumvarpið gerir ráð fyrir, sem eru unnar á forsendum þess regluverks sem við höfum verið þátttakendur í að skapa á vettvangi Evrópusamstarfsins, sé af hinu góða. Það eykur öryggið í þessari þjónustu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan ferðamála, 1. umr.

Stjfrv., 735. mál (heildarlög). — Þskj. 1097.

[16:50]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um skipan ferðamála, en frumvarpi þessu er ætlað að leysa af

hólmi lög nr. 117/1994, um skipulag ferðamála.

Þróun ferðaþjónustunnar hér á landi hefur verið ör undanfarna áratugi. Tölur um fjölda ferðamanna og þróun í gjaldeyristekjum vitna um þennan mikla vöxt. Fjöldi ferðaskrifstofa hefur til að mynda margfaldast á þessum tíma og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Einnig hefur öll aðstaða og þjónusta við ferðamenn stórbatnað á landinu og sala á ferðaþjónustu og landkynningu hefur breyst verulega. Kemur þar til notkun internetsins, mikið framboð flugfélaga, tilkoma lággjaldafélaga, auknar siglingar til landsins og ekki síst stóraukin framlög stjórnvalda til markaðsmála.

Frumvarpið var samið í samgönguráðuneytinu og var haft víðtækt samráð við hagsmunaaðila og samtök þeirra. Frumvarpið var gert aðgengilegt almenningi á vef ráðuneytisins rétt fyrir jól, þ.e. á sama tíma og það var sent til hefðbundinnar umsagnar. Var ánægjulegt að fá athugasemdir frá ýmsum aðilum sem eiga hagsmuna að gæta eða eru áhugamenn um framgang ferðaþjónustunnar en standa utan þeirra hagsmunasamtaka og stofnana sem leitað var umsagnar hjá. Þessi ráðstöfun gafst svo vel að ákveðið hefur verið að nota þetta verklag í samgönguráðuneytinu framvegis. Umsagnartími var einnig óvenjurúmur og er það mat ráðuneytisins að það hafi haft áhrif á hversu vandaðar og vel ígrundaðar umsagnir bárust.

Megintilefni þess að ráðist var í heildarendurskoðun laganna var að gera skrifstofu Ferðamálaráðs kleift að gegna hlutverki stjórnsýslustofnunar og rjúfa valdboð á milli stofnunarinnar og Ferðamálaráðs sem er m.a. skipað hagsmunaaðilum. Samkvæmt gildandi lögum sér samgönguráðuneytið um útgáfu leyfa ferðaskrifstofa og aðra umsýslu er því tengist. Aðilar hafa því eins og staðan er í dag ekki möguleika á að skjóta ákvörðunum til æðra stjórnvalds og er það andstætt góðum stjórnsýsluháttum nútímans.

Annað tilefni endurskoðunarinnar var að skilgreiningar laganna hafa ekki þótt nægilega skýrar, heldur eru til þess fallnar að valda misskilningi á því hvaða starfsemi er leyfis- og tryggingaskyld. Er í frumvarpi þessu leitast við að gera skýringar og skilyrði fyrir leyfum einfaldari og skýrari. Helstu breytingar og nýmæli frumvarpsins eru að nýrri stofnun, Ferðamálastofu, er falin framkvæmd ferðamála og eru verkefni tilgreind, þó ekki með tæmandi hætti heldur er gert ráð fyrir að ráðherra geti falið stofnuninni frekari verkefni.

Helstu verkefni Ferðamálastofu verða útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt, þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðaþjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, samræming umhverfis- og fræðslumála, miðlun upplýsinga, svæðisbundin þróun og alþjóðlegt samstarf, markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu, í samræmi við ákvörðun ráðherra hverju sinni. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hlutverk og starfshætti Ferðamálastofu og einstök verkefni hennar. Ferðamálastofu er heimilt með samþykki ráðherra að fela öðrum að annast ákveðin verkefni og vera aðili að samstarfsverkefnum. Er hérna m.a. haft í huga samstarf núverandi skrifstofu Ferðamálaráðs við ferðamálaráð hinna Norðurlandanna um rekstur landkynningarskrifstofu í Bandaríkjunum og vestnorrænt ferðamálasamstarf á Bryggjunni í Kaupmannahöfn. Einnig er Ferðamálastofu með þessu gert kleift að stofna til samstarfs við hagsmunaaðila um einstök kynningarverkefni innan lands og utan. „Iceland naturally" verkefnið sem samgönguráðuneytið stýrir fyrir hönd íslenskra stjórnvalda er einnig dæmi um það hvernig opinberir aðilar geta tekið þátt í samstarfi um landkynningu með öðrum útflutningsgreinum um ferðaþjónustu.

Hlutverk Ferðamálaráðs er gert skýrara með frumvarpinu og tengsl þess við Ferðamálastofu rofin og er það til samræmis við önnur ráð á vettvangi samgönguráðuneytisins, t.d. flugráð og siglingaráð. Er kveðið á um að Ferðamálaráð verði ráðherra til ráðgjafar á sviði ferðamála, veiti umsagnir um breytingar á lögum og reglum og geri árlega eða oftar tillögur til ráðherra í markaðs- og kynningarmálum. Bein áhrif Ferðamálaráðs á stefnumörkun eru því tryggð enn betur en í núgildandi lögum þar sem segja má að Ferðamálaráð gegni fyrst og fremst hlutverki stjórnar yfir skrifstofu ráðsins.

Skipan Ferðamálaráðs breytist nokkuð og verða í því átta fulltrúar í stað sjö eins og nú er. Samgönguráðherra skipar formann og varaformann án tilnefningar. Samtök ferðaþjónustunnar tilnefna þrjá fulltrúa í stað tveggja í núverandi Ferðamálaráði. Ferðamálasamtök Íslands tilnefna tvo fulltrúa í stað eins og útflutningsráð einn fulltrúa en það hefur ekki tilnefnt fulltrúa í Ferðamálaráð fram að þessu. Samtök sveitarfélaga hafa fram að þessu tilnefnt tvo fulltrúa í Ferðamálaráð en frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að samtökin tilnefni fulltrúa í ráðið. Ferðamálasamtök Íslands eru á vettvangi sem sinnir ferðamálum á sveitarstjórnarvísu og eru starfandi ferðamálasamtök á höfuðborgarsvæðinu, á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi. Ferðamálasamtökunum hefur verið úthlutað fjármunum frá Alþingi til reksturs samtakanna og upplýsingamiðstöðva. Einnig hefur samgönguráðuneytið haft samstarf við ferðamálasamtökin vegna kynningar á Íslandi fyrir íslenska ferðamenn, uppbyggingar upplýsingamiðstöðva og árlegrar ferðasýningar samtakanna. Þannig hafa ferðamálasamtökin verið virkur aðili í samstarfi við stjórnvöld þó að sveitarfélög hafi vissulega komið að uppbyggingu á ferðaþjónustu á hverju svæði og rekstri t.d. upplýsingamiðstöðva.

Eins og áður segir er fulltrúum Samtaka ferðaþjónustunnar fjölgað um einn. Það er mjög mikilvægt að tryggja öfluga aðkomu hagsmunasamtaka í ferðaþjónustu að Ferðamálaráði, ekki síst þegar því hefur verið falið það hlutverk að gera árlega eða oftar tillögu til ráðherra um markaðs- og kynningarmál. Sú sérþekking sem rekstraraðilar búa yfir nýtist þannig enn frekar við mótun þess umhverfis sem ferðaþjónustunni er búið, ekki síst á sviði landkynningar og hvernig háttað skuli meðferð opinbers fjár á þessum vettvangi. Við þetta fyrirkomulag eru bundnar miklar vonir, að með því náist að sameina krafta stærstu hagsmunasamtakanna, ferðamálasamtaka og annarra útflutningsgreina með aðkomu Útflutningsráðs. Þeir fulltrúar sem skipaðir eru án tilnefningar sem og fulltrúar Ferðamálasamtaka Íslands eru fulltrúar þeirra fjölmörgu einstaklinga, sveitarfélaga og fyrirtækja sem standa utan Samtaka ferðaþjónustunnar en eru virkir þátttakendur í mótun íslenskrar ferðaþjónustu.

Virðulegi forseti. Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins kemur fram að hver sá sem hyggst starfa sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa skal hafa til þess leyfi Ferðamálastofu. Þetta er eins og í núgildandi lögum en hugtökin hafa verið skilgreind á ný. Einungis ferðaskrifstofur selja alferðir sem eru skýrðar sérstaklega í frumvarpinu. Allir aðilar sem stunda starfsemi sem undir lögin falla eru því ferðaskipuleggjendur. Er hér stigið gríðarlega mikilvægt skref í því skyni að gera fyrirtæki sem selja afþreyingarferðir af ýmsu tagi leyfisskyld því að frumvarpið gerir ráð fyrir að þeir sem selja í atvinnuskyni hestaferðir, vélsleðaferðir, fljótasiglingar og ævintýraferðir með sérútbúnum ökutækjum þurfi til þess leyfi Ferðamálastofu. Með þessu er komið til móts við kröfur hagsmunaaðila í ferðaþjónustu um aukna fagmennsku í greininni og að þeir sem hefja starfsemi á þessum vettvangi geri sér grein fyrir ábyrgð sinni.

Ferðafélögum eru ekki gerð sérstök skil í frumvarpinu en í núgildandi lögum njóta þau undanþágu frá leyfisskyldu. Ferðafélög selja ferðir í samkeppni við einkaaðila og einnig hafa nokkur brögð verið að því að aðilar sem bjóða ferðir til sölu hafi skilgreint starfsemi sína sem starfsemi ferðafélags til að komast hjá því að afla leyfa og leggja fram tryggingu. Það skal þó tekið fram að tryggingar ferðaskrifstofa eru einungis til endurgreiðslu fjár sem viðskiptavinur hefur greitt vegna alferðar sem enn er ófarin og til heimflutnings viðskiptavina úr alferð komi til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar ferðaskrifstofu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir sams konar tryggingu vegna sölu alferða og er í gildandi lögum en þó er gert ráð fyrir nokkurri lækkun á því hlutfalli af veltu sem tryggingin er reiknuð út frá. Litlar sem engar breytingar eru því gerðar á fyrirkomulagi vegna þessara trygginga nema fellt er út að leiguflug erlendis frá sé tryggt sérstaklega. Þykir ekki lengur ástæða til að hafa þann hátt á þar sem minni skil eru nú á milli þeirra sem selja áætlunarflug og leiguflug, auk þess sem með þessu er tryggingaskyldu að hluta létt af ferðaskrifstofum og samkeppnisstaða þeirra gerð betri.

Í frumvarpinu er lagt til að leyfin verði ótímabundin. Í núgildandi lögum eru þau veitt fyrst til tveggja ára og síðan til fimm ára í senn. Hefur þetta haft í för með sér óþarfaumstang fyrir leyfishafa auk þess sem aðeins hluti þeirra er með tryggingaskylda starfsemi Leyfishafa er almennt skylt að hafa fasta starfsstöð sem skuli vera opin á auglýstum tíma. Þó er heimilt að víkja frá því ef þjónusta er einungis boðin rafrænt en þá skal uppfylla skilyrði laga um rafræn viðskipti. Nýmæli er að leyfishafi geti rekið útibú án þess að sækja sérstaklega um það og er lagt til að Ferðamálastofa hafi yfir að ráða sérstöku myndrænu auðkenni sem leyfishafar og skráðir aðilar nota t.d. í auglýsingum. Er þetta gert til að rekstraraðilar og almenningur skynji mikilvægi leyfanna og geri greinarmun á starfsemi með öll lögbundin leyfi í lagi og ólöglegri starfsemi.

Í frumvarpinu er hugtakið upplýsingamiðstöð skilgreint í fyrsta sinn í íslenskum lögum. Upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn skipta nokkrum tugum og eru reknar víða um land af einkaaðilum og/eða sveitarfélögum. Margar stöðvar njóta einnig ríkisstyrkja eins og fyrr hefur verið getið um.

Í frumvarpinu er gerður greinarmunur á bókunarþjónustu og upplýsingamiðstöð og kveðið á um bókhald og fjárhagslegan aðskilnað þegar hvort tveggja er rekið af sömu aðilum og nýtur opinberra styrkja. Er með þessu komið til móts við nýlegan úrskurð samkeppnisráðs vegna reksturs bókunarþjónustu í Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík en í því tilfelli kom fram kæra frá einkaaðila sem taldi á sér brotið þegar fyrirtæki í opinberri eigu starfaði á sama sviði. Bókunarþjónusta og upplýsingamiðstöð eru skilgreindar sem skráningarskyld starfsemi og er það nýjung. Þessum aðilum er þannig gert að senda skriflega tilkynningu um starfsemi sína til Ferðamálastofu sem gefur út skírteini til staðfestingar því að ákvæði um tilkynningarskyldu hafi verið uppfyllt.

Nýmæli eru í frumvarpinu um brottfall leyfa. Bæði er gert ráð fyrir að leyfi falli niður sjálfkrafa og heimild til handa Ferðamálastofu að fella leyfi úr gildi eftir að gætt er andmælaréttar leyfishafa. Komi til þess að starfsemi sé rekin án tilskilins leyfis eða skráningar er unnt að leita dómsúrskurðar um stöðvun starfseminnar, þar á meðal við lokun starfsstöðvar og heimasíðu. Í núgildandi lögum vantar slík úrræði og hefur því oft verið óhægt um vik þegar starfsemi sem sannanlega er leyfisskyld hefur ekki sinnt óskum samgönguráðuneytisins um að sækja um leyfi og leggja fram lögboðna tryggingu.

Hæstv. forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að frumvarpinu verði vísað til hv. samgöngunefndar og 2. umr.

[17:03]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru ákveðin tímamót núna sem verða kannski allt of oft, Sjálfstæðisflokkurinn er að stofna enn eina stjórnsýslustofnunina. Ég hélt að nóg væri komið. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvers vegna hann eftirláti ekki stjórnsýsluhlutverk þessarar stofnunar öðrum stofnunum sem eru þegar í landinu, og þá á ég við sýslumennina. Það er auðvelt að bæta á þá verkefnum í staðinn fyrir að búa til enn eina eftirlitsstofnunina. Ég átta mig í rauninni ekki á því hvað Sjálfstæðisflokkurinn er að fara með þessu. Það er Fiskistofa, nú er Ferðamálastofa og hvað verður næst?

[17:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem hér er um að ræða er að í staðinn fyrir að samgönguráðuneytið sinni þessu eftirlitshlutverki og útgáfu leyfa til ferðaskrifstofa og þeirra sem sinna ferðaþjónustu teljum við eðlilegt að Ferðamálastofa sem kallast Ferðamálaráð í dag sinni þessum verkefnum. Ég tel að þau séu út af fyrir sig ekki til skiptanna og það sé í fyllsta máta eðlilegt að Ferðamálaráð sinni þeim. Ferðamálaráð er staðsett á tveimur stöðum á landinu, í Reykjavík og á Akureyri, með öfluga starfsstöð á Akureyri, og við í samgönguráðuneytinu teljum að það sé í samræmi við góða stjórnsýsluhætti að koma því þannig fyrir að neytandinn, sá sem er undir þá sök seldur að þurfa að leita eftir leyfum, í þessu tilviki til Ferðamálastofu, geti þá kært niðurstöður, afgreiðslur, úrskurði Ferðamálastofu til æðra setts stjórnvalds, ráðuneytis í þessu tilviki. Það er af þessari ástæðu.

Við erum stöðugt að bæta stjórnsýsluna í landinu og það á ekkert skylt við vilja til að færa verkefni út um land sem

hér er verið að gera, heldur fyrst og fremst verið að bæta stjórnsýsluna. Ég teldi á engan hátt eðlilegt eða heppilegt að lögreglustjórarnir í landinu færu að sinna útgáfu á leyfum til ferðaskrifstofa og þyrftu að fara að byggja upp sérþekkingu á þeim sviðum vítt og breitt um landið.

[17:07]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Staðreyndin er sú að Sjálfstæðisflokkurinn er með þessari lagasetningu að fjölga eftirlitsstofnunum. Í öðru lagi höfum við verið að leita að verkefnum fyrir sýslumenn í landinu. Ég sit í allsherjarnefnd og þar er verið að ræða þá hluti. Ég hefði talið kjörið fyrir sýslumenn sem eru margir hverjir staðsettir úti um land að fá aukin verkefni af þessu tagi. Þar er ágætur mannskapur til að fara yfir þá þætti sem er ætlað að fara yfir varðandi útgáfu leyfa. Ég skil í rauninni ekki heldur með hverju þessari stofnun er ætlað að hafa eftirlit.

Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram að Ferðamálastofu er ætlað víðtækt hlutverk og ég spyr þá hæstv. ráðherra: Hvaða eftirlit á þessi stofnun að hafa með höndum? Á hún að hafa eftirlit með gæða- og skipulagsmálum? Ef menn eru að tala um, eins og kemur fram í athugasemd frumvarpsins, að 6 milljónir eigi að fara í þessa stofnun finnst mér það varlega áætlað. Mér finnst það mjög ótrúverðugt. Þess vegna væri áríðandi að hæstv. ráðherra gerði grein fyrir því hvaða eftirlit verið er að tala um.

Að auki finnst mér að gera þurfi betur grein fyrir því hver mörkin séu á milli þessarar nýju eftirlitsstofnunar og Ferðamálaráðs. Mér finnst það ekki koma skýrt fram. Það kemur fram í frumvarpinu að ferðamálastjóri, sem er yfirmaður þessarar eftirlitsstofnunar Sjálfstæðisflokksins, hafi málfrelsi og sitji fundi Ferðamálaráðs. Það er óneitanlega mjög sérstakt.

[17:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg bersýnilegt að hv. þingmaður hefur ekki lesið frumvarpið (**SigurjÞ:** Jú, jú.) og hefur ekkert sett sig inn í hvað hér er á ferðinni. Ferðamálastofa er ekki eingöngu eftirlitsstofnun, það er alger misskilningur. (Gripið fram í.) Það er fullkomin aukabúgrein, þetta viðfangsefni að gefa út ferðaskrifstofuleyfi og leyfi til fyrirtækja sem sinna einhverri þjónustu, hestamennsku og þvílíkri starfsemi. Það er afar smár partur af mikilvægum verkefnum Ferðamálastofu sem fyrst og fremst snýst um það að sjá um landkynningu, upplýsingagjöf og umhverfismál, m.a. eins og verið er að vinna að á Akureyri. Hv. þingmaður hefur eitthvað misskilið þetta sem hann er hér að fjalla um þegar hann reynir að klína þeim stimpli á Sjálfstæðisflokkinn að hann sé að setja upp enn eina eftirlitsstofnun. Það er verið að breyta nafni á skrifstofu Ferðamálaráðs yfir í að verða Ferðamálastofa sem sé sjálfstæð og sinni alveg skilgreindum verkefnum. Hún getur líka falið það öðrum aðilum þannig að það er ekkert útilokað að aðilar í öðrum stofnunum, ef við notum það orð, fái einhver tiltekin skýrt skilgreind verkefni á þeim sviðum sem Ferðamálastofu er falið.

Ég held að hv. þingmaður ætti að kynna sér málið betur og koma síðan í umræðuna.

[17:11]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á sama tíma og umfang ferðaþjónustunnar í íslensku atvinnulífi og þjóðlífi hefur aukist alveg gríðarlega á undanförnum árum — til að mynda jukust gjaldeyristekjur af ferðamönnum um 5,4% milli ára 2003 og 2004 og slíkar tölur mætti margar aðrar tína til um aukið umfang ferðaþjónustunnar í íslensku atvinnulífi — stendur greinin að mörgu leyti á veikum grunni. Gjaldþrot og fjárnám innan greinarinnar eru langt umfram vægi ferðaþjónustunnar í þjóðarbúskapnum þannig að um leið og það er mjög mikill uppgangur í greininni og auknar tekjur af henni stendur hún að mörgu leyti svolítið veikt og víða þarf að taka á.

Því tengdu spyr ég hæstv. samgönguráðherra út í ályktun sem kom frá aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar fyrir nokkrum dögum. Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar lýsti miklum vonbrigðum með það að dregið skyldi úr opinberum framlögum til markaðsmála í ferðaþjónustunni á sama tíma og greinin berst við að standa af sér mikla tekjurýrnun vegna hins sterka gengis krónunnar. Það segir, með leyfi forseta:

„Fáar atvinnugreinar á Íslandi eru jafnberskjaldaðar fyrir gengissveiflum og ferðaþjónustan og því brýn þörf á að hún búi við mikinn skilning opinberra aðila. Skorað er á stjórnvöld að efla á ný markaðssókn á mörkuðum og að haldið verði áfram öflugu samstarfi hins opinbera og atvinnugreinarinnar."

Þetta er ansi sterkt til orða tekið og augljóst að Samtök ferðaþjónustunnar eru mjög óánægð með framgöngu stjórnvalda hvað varðar þátttöku hins opinbera í framlögum til markaðsmála. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort til standi að snúa af þessari braut og verða að einhverju leyti við áskorun ferðaþjónustunnar.

[17:13]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðkoma stjórnvalda að hagsbótaaðgerðum gagnvart ferðaþjónustunni er margs konar. Í fyrsta lagi er það tengt verulegri landkynningu og markaðsaðgerðum en einnig er það tengt því að bæta aðgengi að fjölförnum ferðamannastöðum, og ég tala nú ekki um uppbyggingu samgöngukerfisins og stuðning við almenningssamgöngur, bæði í flugi, siglingum og starfsemi rútufyrirtækjanna. Ríkisvaldið kemur með ýmsum hætti að stuðningsaðgerðum gagnvart ferðaþjónustunni sem á ekki við um aðrar atvinnugreinar.

Ástæðan fyrir því að við höfum talið eðlilegt að gera þetta er að þetta er ung atvinnugrein sem er að feta sig áfram og við teljum nauðsynlegt að standa vel við bakið á henni.

Eftir 11. september 2001 fórum við af stað með mjög öflugar markaðsaðgerðir, bæði í Evrópu og Norður-Ameríku, og veittum til þess aukna fjármuni. Þetta hefur borið mikinn árangur, geysilega mikinn árangur, og hefur allt saman verið gert í góðu samstarfi við greinina.

Nú ákváðum við að draga örlítið úr framlögum til mark-

aðsaðgerða og landkynningar á þessu ári en svo bregður við að það er ekkert lát á vextinum. Ferðamönnum til landsins heldur áfram að fjölga þannig að það virðist vera sem við höfum náð geysilega góðum árangri og það sé ekki eingöngu hægt að mæla það á þann mælikvarða króna sem settar eru inn af hálfu ríkisins, heldur hafa aðgerðir og vinnubrögð Ferðamálaráðs og stjórnvalda verið að ná árangri. Það er því alls ekki rétt að líta svo á að minni fjármunir muni skaða greinina. Ég tel að það sé fjarri lagi en (Forseti hringir.) auðvitað vill greinin fá meiri fjármuni. Að því mun ég að sjálfsögðu vinna.

[17:15]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að ítreka akkúrat það sem fram kemur í ályktuninni frá Samtökum ferðaþjónustunnar og taka undir með þeim, að á sama tíma og uppgangur er í greininni og þessi miklu tækifæri blasa við til að ná enn meiru út úr henni og skjóta enn frekari stoðum undir hana hlýtur að skjóta skökku við að hið opinbera skuli daga úr opinberum framlögum til markaðsmála. Greinin er klárlega að ganga í gegnum ansi erfiða tíma núna og viðkvæma þó svo að áfram sé þessi vöxtur. Eins og fram hefur komið voru gjaldeyristekjur ferðaþjónustunnar rúmlega 39 milljarðar á síðasta ári og jókst, eins og ég sagði áðan, um 5,4%. Er aukningin að stærstum hluta vegna eyðslu erlendra ferðamanna, þ.e. 26 milljarðar kr.

Eins má nefna í sambandi við farþegafjölgun að hún hefur verið talsverð á milli ára. Það eru þó blikur á lofti. Eins og bent var á í ályktuninni frá aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar á greinin einnig við erfiðleika að stríða og sérstaklega þar sem hún er að standa af sér hina miklu tekjurýrnun vegna sterks gengis krónunnar. „Fáar atvinnugreinar á Íslandi eru jafnberskjaldaðar fyrir gengissveiflum og ferðaþjónustan“ segir þar og því á að sjálfsögðu að styðja við bakið á greininni, byggja undir þennan mikla uppgang. Ástæða er til að harma það að samgönguyfirvöld og hið opinbera skuli kjósa að draga úr framlögum til markaðsmála á sama tíma og öll tækifærin blasa við í greininni. Er ástæða til að taka eindregið undir með Samtökum ferðaþjónustunnar sem harma það hvernig stjórnvöld ganga fram í málefnum sem lúta að framlögum til markaðsmála í greininni.

[17:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, það má margt um það segja þegar hagsmunasamtök ályktar úti í bæ um nauðsyn þess að ríkið leggi meiri fjármuni til starfseminnar. Ég má til með að rifja það upp að við tíföldum framlög til aðgerða á fjölförnum ferðamannastöðum árið 2000 þegar afgreiddum fjárlögin og ég minnist ekki sérstakra ályktana í tengslum við það. Á árunum 2002, 2003 og 2004 var stóraukið framlag til markaðsaðgerða og landkynningar sem bar árangur, eins og ég nefndi áðan.

En á Alþingi vinnum við að frumkvæði ríkisstjórnar eftir svokölluðum rammafjárlögum. Samgönguráðherra á úr vöndu að ráða þegar hann raðar síðan fjárveitingunum innan þessa ramma. Það var mitt mat að mikilvægara væri að nota peninga innan þess ramma til að fjölga ferðum Herjólfs og fjölga styrktum flugferðum innan lands en að halda áfram nákvæmlega á þeirri braut sem við höfum gert með framlögum til landkynningar og markaðsaðgerða. Við efldum innlendu ferðaþjónustuna með því að fjölga ferðum Herjólfs og styrkja flugferðir innan lands. Ég tel að það hafi borið árangur. Ég stórefast um að þingmaðurinn sé þessari skiptingu ósammála. Við höfum ákveðna fjármuni, við verðum að gera upp á milli og þessi varð niðurstaðan.

[17:19]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það eru margir fletir á málefnum ferðamála og ferðaþjónustunnar sem vert er að ræða og skoða þegar frumvörp og þingsályktanir koma fram sem fjalla um þau mál enda hefur uppgangurinn í greininni verið mikill á undanförnum árum, undanförnum áratugum má segja, eins og ég sagði áðan í andsvörum við hæstv. ráðherra. Það er fróðlegt að skoða tölur aftur í tímann um umfang ferðaþjónustunnar í íslensku atvinnulífi og íslensku samfélagi og bera saman milli ára og áratuga. Það hefur orðið algjör stökkbreyting á fáeinum áratugum og því ber í sjálfu sér að fagna, enda má einnig benda á að helstu sóknarfæri dreifbýlisins, hinna dreifðu byggða allt í kringum suðvesturhorn Íslands, felast ekki síst í ferðaþjónustunni. Hafa mjög margir þar nýtt sér þau tækifæri og byggt upp öfluga ferðaþjónustu til að mæta þeim atvinnuvanda sem steðjaði eðlilega að mörgum byggðum eftir að hinar hefðbundnu greinar fóru að láta undan, þjappast á færri hendur og öll umgjörð landbúnaðar og atvinnuhátta í dreifbýlinu fór að breytast. Margir hafa nýtt sér þau miklu tækifæri og sóknarfæri sem er að finna í ferðaþjónustunni.

Mig langar að benda á nokkrar athyglisverðar tölur um komur, t.d. til Keflavíkurflugvallar á síðustu árum og hvernig aðilum innan ferðaþjónustunnar hefur tekist að auka jafnt og þétt ferðamannafjöldann allt árið um kring, fjölga hingaðkomum yfir veturinn sem er náttúrlega meginmálið, að lengja tímann. Það skortir svolítið festuna í atvinnugreinina sem byggir á miklum törnum yfir sumartímann en liggur mikið til niðri yfir veturinn. Störfin eru mönnuð með sumarstarfsfólki og þeim sem eru þar í vinnu í skemmri tíma. Í janúar árið 2000 komu til Keflavíkurflugvallar tæplega 17.800 farþegar en fjórum árum síðar voru þeir orðnir 27 þús., þ.e. 10 þús. farþegum fleiri. Aukningin var augljóslega mjög mikil á þessum fáu árum.

Samtals hafa komur á Keflavíkurflugvöll aukist úr 540 þús. árið 2000 yfir í tæp 700 þús. árið 2004. Það eru mikil tækifæri í ferðaþjónustunni sem við þurfum að nýta okkur vel en það eru einnig blikur á lofti. Þá er um að gera að taka mið af ástandinu og því sem fram hefur komið í umræðunni upp á síðkastið. Var athyglisverð samantekt um gjaldþrotatíðni í ferðaþjónustunni sem Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, og Björk Ólafsdóttir, fjármálastjóri Lánstrausts, kynntu fyrir skömmu. Brá þá mörgum við að uppgötva hve viðkvæmt ástandið er innan greinarinnar. Á málþingi Samtaka ferðaþjónustunnar um virði ferðaþjónustunnar 17. febrúar komu fram margar tölfræðilegar upplýsingar sem voru mjög athyglisverðar, svo að vægt sé til orða tekið, og ástæða er til

að taka mið af þeim þegar við fjöllum um skipan ferðamála til framtíðar. Þetta voru mjög mikilvægar og athyglisverðar tölur. Kom t.d. fram að á síðasta ári hefðu verið skráð 527 árangurslaus fjárnám og gjaldþrot í ferðaþjónustunni. Þó að samtalan segi ekki til um fjölda fyrirtækja að baki tölunum hefur hún þýðingu þegar þetta er skoðað sem hlutfall af heild. Sá er einmitt mergurinn málsins en fjárnám í ferðaþjónustunni eru um 10% af öllum fjárnámum sem gerð eru hér á landi. Ef skoðaður er fjöldi fyrirtækja sem fer í gjaldþrot er vægi ferðaþjónustunnar tæp 9%, langtum hærra hlutfall en vægi greinarinnar í þjóðarbúskapnum gefur til kynna og ætla mætti.

Ekki liggja fyrir neinar rannsóknir á þessu en margt bendir til að kennitöluflakk sé hlutfallslega algengara í þessari grein en öðrum, því er a.m.k. haldið fram. Þótt kennitöluflakkarar séu fáir og standi einungis undir litlum hluta heildarveltu í greininni er ljóst að þeir skaða bæði ímynd hennar og samkeppnisumhverfið. Þarna þykir kominn stærsti þátturinn sem fælir fjárfesta frá greininni. Mikill vöxtur í henni er meðal þess sem ætti að laða fjárfesta að þar sem erlendum ferðamönnum hefur fjölgað um ríflega 8% árlega á síðustu 10 árum og neysla þeirra og gjaldeyristekjur hér á landi hafa að meðaltali aukist um 6% árlega umfram verðbólgu. 6% er verulega mikið, og 8% fjölgun ferðamanna árlega síðustu 10 árin er mikil stígandi þannig að það þykir ljóst að ef svo fer fram sem horfir og byggt verður undir ferðaþjónustuna erum við á grænni grein. Það er hægt með þeim ramma sem við ræðum hér um skipan ferðamála sem ég held að sé að mörgu leyti til bóta um leið og það ber að harma að fjármunir til landkynningar og markaðsmála séu skornir niður. Eins og fram hefur komið er verið að vinna, má segja, gegn hinni miklu aukningu sem er í greininni.

Það er áríðandi að stjórnvöld taki mið af þeirri stöðu sem er uppi. Eins og Samtök ferðaþjónustunnar hafa bent á má halda því fram að gjaldeyristekjurnar á síðasta ári hefðu verið röskum 2 milljörðum meiri ef gengið hefði haldist óbreytt en miklar sveiflur í gengi eru fyrirtækjunum mjög erfiðar. Við erum að tala um allt að 2 milljarða þannig að greinin er að ganga í gegnum nokkuð erfiða tíma meðan hin mikla fjölgun ferðamanna stendur að mörgu leyti undir því og vinnur þar gegn.

Samtökin halda því fram að verulega auknir fjármunir verði að koma til markaðsmála eigi að takast til eins og efni standa til á næstu árum. Um leið og samtökin benda á margt annað sem þyrfti að skoða í samstarfi stjórnvalda og atvinnulífsins sem vænlegar leiðir til að byggja upp farsælt umhverfi í ferðaþjónustunni kallar ferðaþjónustan eftir öflugra samstarfi við hið opinbera og atvinnulífið í heild sinni til að gera hana samkeppnishæfari á alþjóðamarkaði með hagstæðara rekstrarumhverfi, öflugra samstarfi við landkynningu og aukinni og breyttri tölfræði. Um margt má segja að það frumvarp til laga sem við ræðum hér, um skipan ferðamála, sé liður í því. Ef vel tekst til og frumvarpið fer frá Alþingi eins og best verður á kosið er það liður í því að bæta rekstrarumhverfi og efla allar aðstæður í greininni. Það á ekki síst við til að efla öryggi innan greinarinnar og fagmennsku almennt. Þó að víðast sé að sjálfsögðu gætt ýtrasta öryggis og fagmennnskan höfð í fyrirrúmi þekkjum við öll dæmi um að það geti að sumu leyti verið hættulegt eða a.m.k. torfært að komast um Ísland. Stór hluti ferðaþjónustu byggist upp á slíkum ferðaháttum þannig að fyllsta öryggis þarf að gæta í hestaferðum, bátasiglingum, flúðasiglingum og hvers konar slíkum ferðum. Það er nauðsynlegt að efla og skýra rammann.

Þetta frumvarp um skipan ferðamála held ég að sé ágætisskref í þá átt að svo megi verða. Þó munum við að sjálfsögðu skoða það með gagnrýnum augum í nefndinni, bæði hvað varðar leyfi, skráningu og eftirlit, hvernig því verði fyrir komið án þess að verið sé að reisa upp eftirlitsstofnanir eða óhóflegar leyfiskröfur sem gætu hamlað vexti innan þessarar greinar. Ég held samt að víða megi bæta þar úr, að víða sé pottur brotinn og margt megi betur fara innan ferðaþjónustunnar í þeim málum sem lúta að öryggi og fagmennsku hvers konar þannig að greinin megi verða öflugri. Í sjálfu sér er ástæða til að hvetja til þess að þau mál verði skoðuð eins og önnur þegar við lítum yfir sviðið hvað varðar stöðuna í ferðamálum í heild sinni.

Þótt hagsmunaaðilar geri kannski ýtrustu kröfur og seilist eins langt og hægt er til að efla þá grein sem verið er að berjast fyrir kom á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar fram mjög margt athyglisvert sem taka ber mið af. Margt er hægt að læra af því að hlusta á greinina sem í hlut á. Það var t.d. nokkuð afdráttarlaus ályktun um hvalveiðar sem kom fram á aðalfundinum á Grand Hótel 7. apríl sl. þar sem ítrekuð var harkaleg gagnrýni á stefnu stjórnvalda í hvalveiðimálefnum. Fundurinn lagði sérstaka áherslu á að þegar hafi komið fram sterkar vísbendingar um skaðleg áhrif hvalveiða á ímynd landsins og fyrirtæki í ferðaþjónustunni. Fundurinn benti á að möguleikar í útflutningi á hvalkjöti væru litlir sem engir og innanlandsmarkaðurinn nánast horfinn. Skoraði aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar á stjórnvöld að fresta frekari áformum um veiðar á hvölum þar til áhrif veiðanna á ferðaþjónustuna hafa verið rannsökuð til hlítar.

Ég held að fram hjá svo afdráttarlausum varnaðarorðum sé ekki hægt að líta og ástæða sé til að draga fram í umræðu um skipan og tilhögun ferðamála hvort stjórnvöld séu að stórskaða greinina, t.d. með hvalveiðistefnu sinni. Það er vert að það komi fram við þessa umræðu að þar er ástæða til að stíga varlega til jarðar og velta fyrir sér hvort verið sé að fórna töluverðum hagsmunum fyrir minni eða enga. Það er ástæða til að ræða þau mál í þessu samhengi.

Ég vil aftur ítreka það við hæstv. ráðherra og stjórnvöld, af því að við erum að ræða þessi mál hérna, að við eigum að mæta þeim mikla vexti sem hefur verið í ferðaþjónustunni á síðustu árum. Á síðasta ári fjölgaði t.d. erlendum ferðamönnum um 13,5% og gistinóttum um 7% á landsvísu. Greinin verður þar af leiðandi alltaf mikilvægari og mikilvægari fyrir íslenskt þjóðarbú. Ferðaþjónustan er þegar orðin ein af öflugustu stoðunum í íslensku atvinnulífi og aflaði á síðasta ári um það bil 40 milljarða kr. í erlendum gjaldeyri, allt saman tekið, með fargjöldum og gjaldeyristekjum innan lands, 40 milljarða kr. Þetta er orðið mikið afl í íslensku atvinnulífi sem skiptir verulegu máli, orðin ein af meginstoðum okkar. Spurning er líka hvernig greininni muni farnast á næstu árum þegar þessi ofsafengna stóriðjustefna stjórnvalda fer að líta betur dagsins ljós og áhrif

hennar að koma fram á ferðaþjónustuna. Maður spyr hvort þessi harðskeytta stóriðjupólitík hljóti ekki á einhverjum tímapunkti að skaða verulega ferðaþjónustuna. Menn hljóta að horfa mjög til þess að fylgjast með áhrifum hinna miklu stóriðjuframkvæmda á ferðaþjónustuna víða um land. Ferðaþjónustan er að sjálfsögðu mjög verðmæt og viðkvæm grein sem stóriðjan getur raskað verulega og unnið gegn. Það fer ekki mjög vel saman í mörgum tilfellum að byggja stóriðju víða og efla ferðaþjónustuna. Það hlýtur að koma inn í þessa umræðu hér hvernig eigi að mæta því.

Ég vil aftur, virðulegi forseti, nota þetta tækifæri til að skora á stjórnvöld að bregðast við fram komnum áhyggjum þeirra sem eru að vinna í greininni af niðurskurði stjórnvalda á framlögum til markaðs- og landkynningarmála í ferðaþjónustunni. Þetta er algjört lykilatriði. Grundvallaratriði í uppbyggingu ferðaþjónustu til framtíðar hlýtur að vera öflugt landkynningarstarf þar sem hið opinbera og atvinnulífið taka höndum saman um að byggja grunninn undir ferðaþjónustuna þannig að hún geti áfram skilað okkur þessum mikla ábata í þjóðarbúið, og miklu meiri ábata. Ef uppgangur hennar verður með þeim hætti sem við höfum horft á núna á síðustu árum styttist í að erlendir ferðamenn nái tölunni 1 milljón, innan ekki svo margra ára. Ég held að það sé áríðandi að taka mark á þessum ályktunum. Það er ekki verið að ræða um svo gríðarlega fjármuni að það skipti sköpum, heldur er um að ræða ákveðna forgangsröðun í umsvifum hins opinbera. Það er ástæða til að skora á stjórnvöld að efla aftur markaðssóknina sem var í ágætum málum fyrir nokkru síðan. Ég held að það sé mál manna að við Íslendingar höfum mætt nokkuð vel þeim áhrifum sem blöstu við okkur af hryðjuverkunum hrikalegu þann 11. september 2001 og þeim samdrætti sem þá blasti við í ferðaþjónustunni almennt.

Ég vil aftur skora á stjórnvöld að efla markaðssóknina. Þetta skilar árangri, getur skilað okkur miklu meiri ábata en nemur þeim fjármunum sem við verjum til þess þannig að sátt ætti að geta náðst um.

[17:34]

Útbýting:

Inna – upplýsingakerfi fyrir framhaldsskóla, 563. mál, svar menntmrh., þskj. 1147.

Lögheimili í sumarbústaðabyggðum, 781. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1159.

[17:35]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess um dagskrá dagsins í dag að komi til þess að ekki verði unnt að ljúka umræðu um 14. dagskrármálið, Fjarskipti, verður umræðu um það dagskrármál fram haldið á morgun. Auk þess verður á dagskrá fundarins á morgun skylt mál, þ.e. mál nr. 746 á þskj. 1111, sem ber yfirskriftina Tillaga til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010. Þetta vildi forseti láta fram koma áður en lengra er haldið.

[17:35]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér ræðum við frumvarp um skipan ferðamála og um það er ýmislegt að segja en ég vil byrja ræðu mína á því að vara við því að búa til enn eina stjórnsýslustofnunina í stjórnkerfinu. Ég hefði talið miklu nær að flytja eftirlitsverkefni til þeirra stofnana sem fyrir eru í landinu í stað þess að stofna enn eina eftirlitsstofnunina. Mér finnst það ekki lofa góðu.

Hér var stofnuð Fiskistofa. Þar var lagt upp með að störfin yrðu ekki fleiri en 11 en þau eru orðin nokkuð fleiri. Hér er svo einmitt verið að leggja til enn eina stofnunina og það er ekki rétt sem hæstv. ráðherra sagði, að ég hefði ekki lesið frumvarpið. Ég vona að hann taki tillit til þessarar gagnrýni og skoði í alvöru hvort ekki beri að færa þessi verkefni til sýslumannanna í landinu í stað þess að búa til enn eina stjórnsýslustofnunina.

Það sem þessari eftirlitsstofnun, Ferðamálastofu, er ætlað að skrá er oft og tíðum það sama og sýslumennirnir í landinu eru að skrá fyrir viðkomandi fyrirtæki. Þess vegna ættu menn að skoða með opnum huga að bæta þeim þáttum sem þessu frumvarpi er ætlað að taka á við verksvið t.d. sýslumannanna í stað þess að búa til enn eina stofnunina og skrá sömu hlutina á fjölmörgum stöðum í stjórnkerfinu. Ég geri t.d. ráð fyrir að sýslumennirnir séu að skrá nafn, starfsemi, kennitölu, heimilisfang, rekstrarfyrirkomulag, nafn og kennitölu forráðamanns og ítarlega lýsingu á starfsemi skv. 13. gr. Ég hugsa að það komi fram hjá sýslumanni. Menn eiga að skoða hvort ekki sé hægt að hagræða í opinberum rekstri en það er eins og að það sé ekkert á dagskrá hjá ríkisstjórninni, enda hefur hið opinbera blásið gríðarlega út á síðustu árum.

Á síðustu örfáum árum hefur Sjálfstæðisflokkurinn aukið hlut hins opinbera um heil 10%. Þess vegna er ég nokkuð hissa á því að hæstv. ráðherra taki ekki þessum ábendingum vel og skoði það í alvöru að færa þessi verkefni til sýslumannanna í landinu. Það er einmitt verið að skoða hvaða verkefni þeir geti tekið að sér. Í stað þess að fækka sýslumönnunum væri vert að láta þá njóta þeirra verkefna að skrá niður ýmis atriði sem koma við rekstri á þeim stöðum þar sem reksturinn er. Ég tel það miklu nær í staðinn fyrir að stofna einhverja eftirlitsstofnun. Svo fara menn að slást um það hvar hún eigi að vera staðsett, hvort hún eigi að vera á tveimur stöðum og eitt og annað. Það er sérstaklega einkennilegt þegar verið er að skrá nánast sömu hlutina hjá margvíslegum stofnunum í kerfinu, ef frá er talin tryggingarskylda. Ég hefði talið rakið fyrir sýslumennina að bæta því verkefni á sig. Menn eiga að vera opnir fyrir því að einfalda stjórnsýslu í landinu en það var því miður ekki að heyra á hæstv. ráðherra.

Menn eru að tala um að það þurfi aukið fjármagn inn í greinina til kynningar. Auðvitað getur það hjálpað starfseminni að einhverju leyti en það eru aðrir þættir sem ber miklu frekar að horfa á, t.d. hátt gengi krónunnar og hvernig hægt sé að minnka þann skaða sem fyrirtækin verða þannig fyrir. Það þarf að ræða, og einnig t.d. áfengisgjaldið. Ferðaþjónustunni mundi koma það verulega vel ef stjórnvöld lækkuðu áfengisgjaldið. Við erum með meira en tvöfalt hærra áfengisgjald en er í Bretlandi og margfalt hærra en annars staðar á Norðurlöndum. Ég held að hagur ferðaþjónustunnar batni ekkert við það að búa til enn eina eftirlitsstofnunina sem Sjálfstæðisflokkurinn er að koma á fót.

Það væri miklu nær að horfa til þeirra þátta að spara í útgjöldum ríkisins og vita hvort þá mætti ekki lækka eitthvað gjöldin á ferðaþjónustuna, t.d. áfengisgjaldið. Síðan hafa menn verið að ræða ýmsa aðra þætti, t.d. hvort veitingahús gætu greitt áfengisgjaldið eftir á Það er einn möguleikinn. Þá lægju þau ekki með stóran lager sem þau væru búin að greiða skatt af fyrir fram. Það er einn þáttur sem tíðkast annars staðar, að menn greiði skattinn af áfenginu um leið og varan er seld. Það væri einn möguleikinn.

Einnig verða menn að horfa til þess að þó að lág skattprósenta á hagnað fyrirtækja komi atvinnulífinu til góða kemur virðisaukaskatturinn ferðaþjónustunni verulega illa. Vegna þess að hann er miklu hærri en í samkeppnislöndunum veldur hann því að vöruverð er hærra og þess vegna tel ég miklu nær að horfa til þess að lækka eitthvað útgjöld ríkisins, reyna það eftir fremsta megni og reyna þá eitthvað að lækka álögur á atvinnuvegina og fólkið í landinu. Mér finnst það miklu nær.

Ferðaþjónustan er að umfangi mikilvæg í gjaldeyrisöflun en því miður er hagnaðurinn ekki mikill af greininni. Menn verða að fara að ræða í alvöru hvað það er sem kemur ferðaþjónustunni vel og hvernig megi þá hagræða í hinu opinbera í stað þess að taka því illa eins og hæstv. ráðherra gerði þegar honum var bent á að það væri kannski vitleysa að vera að skrá sömu fyrirtækin á fjölmörgum stöðum. Þegar hv. þingmenn benda viðkomandi ráðherra á að hægt sé að ná fram sparnaði og ýmsum markmiðum sakar hann þá um að þeir hafi ekki lesið ákveðin frumvörp. Mér finnst það alger fásinna.

Ég tel að það eigi að líta til þess að þessi atvinnugrein geti vaxið og dafnað, við eigum að gera allt til þess og horfa með opnum hug til þess hvaða breytingar geta orðið atvinnugreininni til góða.

[17:43]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Oft heyrist það þá rætt er í þessum sal um ferðamál — þá er venjulega klifað á því — hvað áfengisgjaldið hér sé hátt og við illa staddir, Íslendingar, í samanburði við erlenda aðila varðandi alkóhól í hvaða mynd sem það er, hvort sem er í sterkum drykk eða bjór. En sé grannt skoðað er annað upp á teningnum. Ég get bent hv. þingmanni á að ef hann fer t.d. til Kaupmannahafnar er hann að greiða fyrir bjórglas mjög svipað verð og jafnvel á stundum hærra en þarf að borga í Reykjavík.

Í annan stað, þegar menn eru að tala um sterka drykki eru þeir að bera saman tvo ólíka hluti. Annars vegar er mælieiningin á Íslandi 3 sentílítrar en þegar menn panta áfengi erlendis er sú mælieining venjulega 2 sentílítrar. Af því leiðir að magnið er meira á Íslandi en erlendis og þess vegna eru sterkir drykkir dýrari hér en þarlendis.

Telur þingmaðurinn að það mundi lækka verulega áfengi, bjór og sterka drykki, í veitingahúsum ef ríkið mundi fella niður áfengisgjaldið sem núna er líklega 60–70 kr., ef það yrði t.d. lækkað um 30 kr.? Mundi þess gæta í verðlagningu veitingahúsanna á sterku víni og bjór? Ég tel að svo sé ekki, enda er verðið sambærilegt þegar grannt er skoðað miðað við það sem er að gerast annars staðar á Norðurlöndunum.

[17:45]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Heimildin sem ég notaði kemur beint frá samgönguráðuneytinu og er um meginmarkmið í ferðamálum. Þar er m.a. fjallað um áfengisgjaldið og þar kemur fram að á Íslandi er það orðið tífalt hærra en í Danmörku. Það er nefnilega mergurinn málsins. Þótt hann greiði álíka hátt verð og í Danmörku þá situr meira eftir hjá veitingamanninum. Það er einmitt það sem við þurfum á að halda í atvinnurekstri, að það sitji eitthvað eftir í atvinnurekstrinum og myndist gróði. Það er mikilvægt.

Ég vona að hv. þingmaður sjái að þeir sem selja bjór á Íslandi hagnast ekki eins og þeir sem selja bjór í Danmörku. Ég hefði talið mikilvægt að atvinnugreinin hagnaðist af sölunni en ég get upplýst hv. þingmann um að bjór er samt sem áður ódýrari í Danmörku á ýmsum stöðum en hér. Auðvitað er þetta breytilegt en það er ekki hægt að líta fram hjá því að ferðamenn sem koma til Íslands frá Bandaríkjunum og eru krafðir um 10 dollara fyrir bjórglasið er nóg boðið. Það verður að vera eitthvert samræmi í þessu.

Ég horfi til Bretlands. Ég er ekki að tala um að menn fari niður úr öllu valdi með áfengisgjaldið heldur að maður sjái einhverja þróun í átt að því sem er í samkeppnislöndunum. Mér finnst það eðlilegt.

[17:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hæstv. samgönguráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um skipan ferðamála og það verður að segjast að samgönguráðherra hefur tekið nokkuð heildstætt á málefnum ferðaþjónustunnar. Það er í raun sannarlega tímabært að tekið sé á málum ferðaþjónustunnar sem alvöruatvinnugreinar í landinu enda er hún rækilega búin að hasla sér völl og er jafnvel annar eða þriðji stærsti útflutningsatvinnuvegur þjóðarinnar, a.m.k. þegar horft er til nettóþjóðartekna.

Það er fyllilega tímabært að sett séu heildarlög eða heildarrammi um þessa gríðarlega mikilvægu atvinnugrein. Henni er jú líka nauðsyn að fá forgang að þeim auðlindum, bæði verndun og nýtingu þeirra, sem hún byggir á vöxt sinn og viðgang. Þetta hefur núna verið gert.

Fyrir nokkru síðan var mælt fyrir þingsályktunartillögu um ferðamál sem byggð var á skýrslu sem unnin var af hópi á vegum samgönguráðuneytisins, um meginmarkmið í ferðamálum á árunum 2006–2015. Ég tel að þessi nálgun sé mjög virðingarverð.

Á þingi höfum við áður, í umræðu um ferðamál og áðurnefnda þingsályktunartillögu, rætt um forgangsröðun varðandi ferðamál. Þar er í forgangsröðinni sett sem liður nr. 1, að náttúra Íslands, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála. Ég tel viss tímamót að slíkar áherslur séu settar í forgang í íslenskri ferðaþjónustu, atvinnugrein sem er að verða önnur eða þriðja stærsta útflutningsgreinin og sú grein sem vex hvað hraðast hér á landi. Ferðaþjónustan er einnig sú grein sem skilar hvað mestum þjóðhagslegum ábata af starfsemi sinni. Hún hlýtur því að geta gert kröfur til stjórnvalda um forgangsröðun á verkefnum.

Eins og þessi tillaga til þingsályktunar er lögð upp, með

áherslu á náttúru Íslands, menningu þjóðarinnar og fagmennsku, er ljóst að hún fer ekki saman með stóriðjuáformum hinna ráðherranna í ríkisstjórninni né heldur stórvirkjanaáformum þeirra. Að því leyti hafa hagsmunir ferðaþjónustunnar verið fyrir borð bornir. Gangi stefna þeirra fram, um að byggt skuli álver í hverri vík og í hverjum firði og sem flestar ár virkjaðar og skemmdar, þá fer hún engan veginn saman við áherslur í ferðamálum. Þess vegna er fyllilega tímabært að við á Alþingi og ráðherra ferðamála gæti að þeim áherslum, að kröfum þessarar atvinnugreinar verði stillt upp gegn stóriðjuáformum. Menn sjá að hagsmunir ferðaþjónustunnar stangast mjög rækilega á við áform álráðherranna sem trúa bara á ál, að ál skuli það sem þjóðin skuli vinna að og orka hennar nýtt til. Ég ítreka að ég tel að þarna nálgist menn málin á sanngjarnari hátt gagnvart þessari atvinnugrein.

Hitt er annað mál að við viljum sjálfsagt alltaf að betur sé gert. Í fyrsta lagi að forgangur ferðamálanna verði miklu ákveðnari og miklu ríkari, að við eigum ekki að þurfa að slást um það norður í Skagafirði hvort nýta eigi Héraðsvötnin til uppbyggingar ferðaþjónustu og ímyndar Skagafjarðar sem slíkrar eða til að lúta álgræðgi einstakra annarra aðila sem ekkert annað sjá. Við eigum ekki að þurfa að kljást um þetta. Það á að vera svo sjálfsagt að ferðaþjónustan fái þar forgang.

Ef við víkjum aðeins að frumvarpinu, frumvarpi til laga um skipan ferðamála. Þar er lagt til að búa um greinina sérstaka stofnun og maður verður alltaf svolítið varkár þegar til stendur að búa til eina stofnunina enn, eins og við segjum. Er ekki til í samfélaginu nægar þær stofnanir nú þegar að hægt sé að fela þeim þessi verkefni? Svona stofnanir sem hér er lagt til að stofna, Ferðamálastofa — við höfum aðra sem áður hefur verið nefnd í umræðunni Fiskistofu og svo er landbúnaðarráðherra að stofna einhverja Landbúnaðarstofnun — þessar stofur eða stofnanir hafa ríka tilhneigingu til að lifa eigin lífi og búa sér til eigið líf. Það er því alveg eðlilegt að menn gjaldi varhuga við því sem t.d. hæstv. landbúnaðarráðherra er að spekúlera með Landbúnaðarstofnun. Og þegar slagsmál hefjast um hvar hún eigi að vera þá sjá menn aðalhaginn í henni í því að ná í útsvörin af starfsmönnunum. Það eru náttúrlega ekki fagleg markmið. Hið sama gæti líka komið upp varðandi Ferðamálastofu.

Ég fer strax að hugsa: Mikið væri gott að fá þessa Ferðamálastofu, því hún verður orðin 10–20 starfsmenn innan fimm ára, að Hólum í Skagafirði, á Blönduósi eða eitthvað slíkt. (**GHall:** Á Hólum.) Á Hólum t.d., eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefnir og ég tek heils hugar undir. Þessi umræða er svo sem eðlileg í kjölfarið og í tengslum við svona lagað. Þess vegna finnst mér að í lögum ætti að vera tillaga um hvar viðkomandi stofa eða stofnun skuli vera. Í kringum svona stofnun skapast gríðarleg þungamiðja. Við erum með miðstöð rannsókna og kennslu í ferðamálum á Hólum í Hjaltadal og stofnunin væri þess vegna velkomin þar, ef hún yrði stofnuð. En tilurð svona stofnana fær sitt eigið líf. Þess vegna þarf að velta fyrir sér hvort þetta sé nauðsynlegt eða ekki. Er ekki hægt að fela þeim stofnunum sem nú þegar eru fyrir hendi að taka að sér þessi verkefni? Ég held að við eigum að fara mjög vandlega í gegnum það og skoða þetta frumvarp út frá því hvort þessi stofnun sé nauðsynleg eða ekki og hver verkefni hennar eigi að vera.

Það er talað um að hún eigi að koma í staðinn fyrir Ferðamálaráð Íslands sem nú er. Stjórnsýsluleg staða Ferðamálaráðs er ekki mjög sterk eða skilgreind í núgildandi lögum. Það hefur ekkert framkvæmdarvald sem slíkt. Ég sé því ekki beint að hún komi í staðinn fyrir Ferðamálaráð enda á áfram að vera til einhvers konar ferðamálaráð. Þó svo þessi Ferðamálastofa yrði stofnuð yrði áfram til ferðamálaráð með óskilgreind stjórnsýsluleg verkefni. Að lítt athuguðu máli sýndist mér sem ferðamálaráð yrði með þessu algerlega óþarft.

Ef Ferðamálastofa eða slík stofnun er komin upp þá er engin ástæða til þess að vera með stjórnsýslulegt ferðamálaráð. (**HBl:** Það er einmitt það sem kvartað hefur verið yfir.) Ég veit það. Hv. þm. Halldór Blöndal bendir réttilega á það en eigum við þá að hafa bæði með Ferðamálastofu og ferðamálaráð? Það held ég að sé alger óþarfi. (**HBl:** Hvað viltu gera við ferðamálaráð?) Ég tek undir, herra forseti, að ég tel að hv. 2. þm. Norðaust. ætti einmitt að velta því fyrir sér hvað við höfum með Ferðamálastofu að gera. Ég held það í alvörunni. En ég set spurningarmerki við að stofnuð sé Ferðamálastofa eða stofnun með stjórnsýslulega stöðu sem ég geri ráð fyrir að eigi að vera A-hluta stofnun, fá stjórnsýslulega stöðu A-hluta stofnunar ef hæstv. ráðherra gæti svarað því, en mér sýnist að hún eigi að fá stjórnsýslulega stöðu A-hluta stofnunar innan ríkiskerfisins. Það er a.m.k. lagt upp þannig og þá sé ég ekki að ferðamálaráð hafi haft neitt hlutverk því að við verðum áfram með ráðuneytið og þessa fagstofnun.

Í 6. gr. segir varðandi ferðamálaráð:

„Ferðamálaráð gerir, árlega eða oftar, tillögu til ráðherra um markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustunnar."

Ég tel að hin mörgu félög ferðaþjónustunnar eigi að sjálfsögðu að álykta um áherslumál sín í ferðamálum, markaðsmálum og öðrum og síðan sé það ráðherrans að taka ákvörðun um hvað veitt er á fjárlögum til þeirra þátta. Ráðherra kallar eðlilega til þá aðila sem honum þykir nauðsynlegt að fá til sín til að ákveða skiptingu fjármuna. Ég er t.d. viss um að ekkert ferðamálaráð hefði samþykkt niðurskurð á markaðspeningum á fjárlögum þessa árs. (Gripið fram í.) Nei, það er nefnilega lóðið, herra forseti, að ferðamálaráð hefur ekkert fjárveitingavald og ekki heldur Ferðamálastofa. Það hefur ráðherrann og þá finnst mér að hann eigi ekki að stilla upp einhverri hirð í kringum sig hvað það varðar heldur kalli hann til þá aðila sem honum þykir nauðsynlegt að fá ráð hjá. Hin ýmsu samtök ferðaþjónustunnar ályktа og senda greinargerðir, óskir, beiðnir og ábendingar til ráðherrans og annarra sem hafa áhrif á þau mál. En ég sé enga ástæðu til að búa til sérstaka hirð í kringum ráðherrann ofan á Ferðamálastofu ef hún verður stofnuð. Þetta er tvöfalt apparat og miklu nær fyrir ráðherrann að ráðherraábyrgðin sé skýr hvað varðar ákvarðanatöku, ráðstöfun og skiptingu fjár og ráðherrann hafi engin tök á að skýla sér á bak við umboðslaust ferðamálaráð, eins og þessi frumvarpsgrein varðandi ferðamálaráð gæti boðið upp á.

Maður veltir líka fyrir sér eftirlitshlutverki þessarar stofnunar eins og hér hefur áður komið fram. Gert er ráð fyrir að stofnunin hafi eftirlitshlutverk og innheimti eftir-

litsgjöld fyrir ákveðin verkefni eins og kemur m.a. fram í 18. gr., með leyfi forseta:

„Ferðamálastofu er heimilt að taka gjöld af ferðaskrifstofum sem renna til Ferðamálastofu til að standa straum af eftirliti samkvæmt lögum þessum. Fjárhæð gjaldanna skal koma fram í reglum sem samgönguráðherra setur skv. 2. mgr. 17. gr. að fengnum tillögum Ferðamálastofu.“

Þarna er Ferðamálastofa orðin beggja megin borðs, hún gerir tillögur um gjöldin og hún innheimtir þau o.s.frv. Við erum komin þarna í svolítinn hring og ég efast um að það ætti að vera hlutverk Ferðamálastofu að vera innheimtuaðili fyrir eftirlitsgjöld. Ég dreg stórlega í efa að það sé stjórnsýslulega rétt. Nær væri að þau verkefni væru þá falin sýslumönnum en ég held að ferðaþjónustunni finnist ærin eftirlitsgjöld nú þegar á þessari atvinnugrein þó að ekki sé verið að bæta einum aðilanum við sem innheimtir eftirlitsgjöld.

Varðandi kaflann um tryggingarskyldu vegna alferða þá er talað um í 14. gr. að ferðaskrifstofur skuli hafa tryggingu. Mér er að vísu ekki alveg ljóst hver er munurinn á tryggingu og ábyrgð. Flestar atvinnugreinar eru með ábyrgðartryggingu, þ.e. þær eru tryggðar gegn þeirri ábyrgð sem á þær gæti fallið eins og ábyrgðartrygging á bílum og þess háttar. Mér hefði fundist nær að nota orðalagið ábyrgðartrygging. Það skýrði betur það sem átt væri við, að ferðaskrifstofan væri ábyrg fyrir því sem á hana gæti fallið með dómum eða öðru sem henni yrði gert skylt að greiða.

Í 14. gr. eru talin upp ýmis atriði hvernig þessi trygging skuli vera eða ábyrgðir, eins og ég vil kalla þær. Hún er í fyrsta lagi samkvæmt a-lið „Fé sem lagt er inn í viðurkenndan banka eða sparisjóð í nafni Ferðamálastofu“. Ég set aftur spurningarmerki við stöðu Ferðamálastofu þarna. Ég tel að Ferðamálastofa eigi að vera A-hluta stofnun, stjórnsýslulega sett sem A-hluta stofnun, og á erfitt með að sjá hana öðruvísi samkvæmt þeim verkefnum sem henni eru falin og ábyrgð sem hún ber gagnvart ráðherra, hún er beint á ábyrgð ráðherra eins og eðlilegt er. Því finnst mér að Ferðamálastofa eigi ekki að vera aðili sem tekur á móti ábyrgðargreiðslum eða tryggingum eða eins og sagt er í a-lið: „Fé sem lagt er inn í viðurkenndan banka eða sparisjóð í nafni Ferðamálastofu.“ Mér finnst þessi nálgun á hlutverki Ferðamálastofu ekki stjórnsýslulega rétt og þurfi að skoðast vandlega hvort þetta sé í rauninni heimilt.

Í b-lið er talað um ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs og það er hin hefðbundna leið sem oft hefur verið farin að viðskiptabankinn leggur fram ábyrgðartryggingu fyrir starfsemi viðkomandi fyrirtækis.

Síðan er c-liðurinn sem ég ætlaði líka að spyrja ráðherra hvað þýddi. Þar stendur, með leyfi forseta: „Önnur trygging sem Ferðamálastofa metur sambærilega.“ Þegar við lítum til þess að Ferðamálastofu er gert að vera stjórnsýslustofnun sem heyrir beint undir ráðherra þá er óeðlilegt að Ferðamálastofa meti gildi ábyrgðartrygginga, ég tala nú ekki um samkvæmt svo opnu orðalagi sem þarna er þar sem ekki er skylt að leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu viðkomandi viðskiptabanka. Í heild sinni finnst mér alveg eðlilegt að í kaflanum um tryggingarskyldu vegna alferða sé skilgreind sú ábyrgð sem fyrirtæki og ferðaskrifstofur bera á þessum ferðum en ég get ekki séð að Ferðamálastofa sé stjórnsýslulega rétti aðilinn til að hafa milligöngu um að setja fram skilyrði fyrir þessar ábyrgðir að ég tali ekki um að geyma þær eins og kveðið er á um í a-lið, að leggja megi tryggingarnar inn í banka í nafni Ferðamálastofu. Ég get ekki séð stöðu Ferðamálastofu sem A-hluta stofnunar í því hlutverki. Mér finnst að fara þurfi yfir þessi atriði því að fátt er erfiðara og viðkvæmara eftir langa farvegi í gegnum dómskerfið hugsanlega en að meta eða kveða á um ábyrgð ferðamálafyrirtækis ef upp koma atvik sem krefjast þess.

Ég hef áður spurt um eftirlitið eins og kveðið er á um í 18. gr. Þar er talað um eftirlit og víðar er minnst á eftirlitshlutverk þessarar Ferðamálastofu og innheimtu gjalda hvað það varðar. Mér finnst alveg eðlilegt að slík stofa gæti verið með gæðaeftirlit en sé ekki innheimtuaðili gjalda sem slíku eftirliti geta fylgt. Þá er Ferðamálastofa orðin báðum megin við borðið og mér finnst það ekki rétt.

Það eru ýmsar fleiri áherslur sem maður veltir fyrir sér í ferðamálum, eins og t.d. almenningssamgöngum. Í umræðunni um ferðamál finnst mér staða, hlutverk og verkefni almenningssamgangna á landi vera allt of veik. Ég nefni sem dæmi þegar hægt var að halda uppi almenningssamgöngum við Þingvelli sem er einn af fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins. Mér finnst að skipuleggja verði og hugsa hlut almenningssamgangna miklu sterkar inn í þessa mynd ferðamálanna en gert er.

Frú forseti. Ég kemst ekki yfir fleiri atriði í frumvarpinu. Mér finnst gott að fá það til kynningar og þær hugmyndir sem þar eru sem hluti af þeim ferðamálapakka sem ráðherrann er að leggja fram en ég tel að þær þurfi miklu meiri skoðunar við áður en við afgreiðum málið á þessu þingi en það kemur væntanlega til meðferðar samgöngunefndar þar sem ég á sæti.

[18:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að gera athugasemd við það sem hv. þingmaður nefndi þar sem hann efast um að A-hluta stofnun, í þessu tilviki Ferðamálastofa, sé til þess bær að sjá um tryggingar vegna alferða vegna þess að hún sé A-hluta stofnun. Við höfum mörg dæmi um það hjá Vegagerðinni þar sem um verksamninga er að ræða að verktaki verði að skila inn tryggingu til að fá verk. Það eru náttúrlega óteljandi dæmi þess að A-hluta stofnun sé fær um að sinna slíku verkefni og það fer að sjálfsögðu eftir settum reglum. Ráðuneytið, sem hlýtur að flokkast undir að vera stjórnsýslustofnun allra stjórnsýslustofnana, sinnti þessu áður. Breytingin sem verið er að gera með því að færa útgáfu þessara leyfa til Ferðamálastofu er að koma á tryggari, betri og traustari stjórnsýsluháttum þar sem stofnunin Ferðamálastofa sinnir þessari útgáfu og eftirliti en hægt er að kæra meðferð máls hjá viðkomandi stjórnsýslustofnun til æðra stjórnvalds sem er ráðuneytið. Það var mat allra sem að málinu komu að þetta væri til mikilla bóta og ég held að þetta eigi ekki að þurfa að tefja afgreiðslu þessa afar mikilvæga máls sem hér er til meðferðar.

[18:10]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Að sjálfsögðu má færa hinni hugsanlegu

stofnun ýmis verkefni eins og það sem lýtur að þessari tryggingarskyldu eða að hafa það með höndum, en þá er verið að færa henni umfangsmikla peningalega stjórnsýslu. Þá er verið að hugsa þarna um býsna umfangsmikið apparat, ef svo má segja. Það þarf sérfræðinga og sérstakt starfslið til að annast slíka starfsemi og þá erum við að hugsa um stofnun sem getur vaxið býsna mikið á skömmum tíma ef þörf er á. Þess vegna velti ég því fyrir mér hvort þessi framkvæmdalegu verkefni væru ekki betur komin í höndum einhverra annarra aðila, innheimtuaðila ríkissjóðs eins og hér hefur áður verið nefnt, sýslumanna vítt og breitt um landið. En því fleiri slík umsýsluverkefni sem þessari stofnun gætu verið falin því meiri líkur eru til þess að hún þenjist og fari að lifa af sjálfu sér. Ég set spurningarmerki við það og tel nauðsynlegt að farið verði mjög vandlega í gegnum þessi mál. Til dæmis ef þessi stofnun á líka, eins og stendur í c-lið 14. gr., að meta hvaða tryggingar eru gildar, aðrar en skilgreindar bankaábyrgðir, þá er verið að færa henni flókin verkefni sem hún þarf þá að hafa mannafla og stöðu til að takast á við.

[18:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get fullvissað hv. þingmann um að af fenginni reynslu er ekki hætta á að þarna verði mikil útþensla. Þessi verkefni hafa verið í samgönguráðuneytinu hingað til og starfsmönnum hefur ekki fjölgað mikið þar. Öll sérfræðivinna sem snýr að þeim hefur verið aðkeypt, bæði hafa endurskoðendur unnið að því að meta tryggingarskyldu og lögfræðingar sömuleiðis. Þetta hefur allt verið innan mjög hæfilegra og hóflegra marka. Ábendingar hv. þingmanns tel ég góðra gjalda verðar og ég fagna þeirri afstöðu þingmannsins að hann skuli vera kominn í hóp talsmanna aðgátar í því að þenja út ríkisstofnanir og við þurfum auðvitað að gæta að því.

Hvað varðar hins vegar það sem hann nefndi, að færa mætti þessi verkefni annað, þá er einmitt í 4. gr. frumvarpsins heimild til að fela öðrum hluta þeirra verkefna sem Ferðamálastofu er ætlað að fengnu samþykki ráðherra. Það er ekkert sem mælir gegn því ef finnast öflugir og traustir aðilar, sem ég efast ekki um að eru á hverju strái, slíkir sýslumenn, sem gætu sinnt einhverjum þeirra verkefna sem þarna er gert ráð fyrir að séu unnin. Ef það er sérstakt keppikefli þá er heimild fyrir Ferðamálastofu að færa út verkefni að fengnu samþykki ráðherra. Ég tel sjálfsagt að gera það, enda liggur það að baki þessu ákvæði að skapa möguleika til að færa verkefni til aðila utan Ferðamálastofu. Embætti sýslumanna koma þar vel til greina.

[18:14]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar og verð að ríkisstofnun eigi ekki að stofna að óþörfu. Nóg er orðið af eftirlitsstofnunum í sjálfu sér í samfélaginu þar sem hver eftirlitsstofnunin á eftir annarri hefur verið sett á fót á undanförnum árum og allar krefjast þær gjalda sem leggjast síðan stöðugt á einstaklinga og þau mörgu fyrirtæki sem í greininni eru. Ég hugsa að aðilum í ferðaþjónustu þyki orðið ærið nóg um eftirlitsgjöld, leyfisgjöld o.s.frv. án þess að ég ætli að leggja mat á það hver þeirra séu ónauðsynleg og hver ekki. Fiskistofa hefur oft verið nefnd sem dæmi þar sem gert var ráð fyrir að í hæsta lagi fjórir menn störfuðu þegar setja átti hana á stofn í upphafi. Engum datt í hug þá, a.m.k. í orði, að hún yrði neitt stærri og nú er hún orðin ein af stærri stjórnsýslustofnunum og eftirlitsstofnunum í samfélaginu, þannig að sporin hræða hvað það varðar. Þá kemur líka til staðsetningin því þá fara hinir ýmsu aðilar að horfa á verkefnin sem tengjast þessu og útsvör og annað.

Ég tel að fara eigi mjög varlega hér og efna ekki til þessarar stofnunar að óþörfu og að huga þurfi þá vandlega að því hver skuli vera stjórnsýsluleg verkefni hennar. Talað er um í 4. gr. að fela megi þau öðrum. Mér finnst að þar ætti að standa að stjórnsýsluleg verkefni séu falin öðrum opinberum stjórnsýslustofnunum en opna ekki á möguleika á einkavæðingu í opinberu eftirliti eins og þessi setning gæti vitnað til.

Frú forseti. Við skoðum málið í hv. samgöngunefnd á þeim hraða sem eðlilegt er að slíkt mál sé unnið.

[18:16]

Útbýting:

Erfðafjárskattur, 717. mál, svar fjmrh., þskj. 1154.

Flutningur fíkniefnaleitarhunda milli Norðurlandanna, 739. mál, svar dómsmrh., þskj. 1157.

Greiðslur úr Lífeyrissjóði sjómanna, 785. mál, fsp. GAK, þskj. 1163.

Lánasjóður landbúnaðarins, 786. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 1164.

Minka- og refaveiðar, 783. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1161.

Réttindi starfsfólks á einkaheimilum, 784. mál, fsp. ÞBack, þskj. 1162.

Úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, 654. mál, svar fjmrh., þskj. 1148.

Æskulýðsmál, 782. mál, fsp. UMÓ, þskj. 1160.

[18:17]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um skipan ferðamála sem um hefur verið allhressileg umræða og kemur ekki á óvart því ferðamál eru þingmönnum augljóslega nokkuð hugleikin. Hafa menn nálgast frumvarpið með ólíkum hætti og inn í þetta blandast mál óskyld frumvarpinu, svo sem áhyggjur manna af fjárveitingum til markaðssetningar ferðaþjónustu, Fiskistofa og þar fram eftir götunum, en ekkert af því hefur beinlínis með frumvarpið að gera.

Ég tel, frú forseti, að frumvarpið fjalli aðeins um tvennt. Annars vegar að færa verkefni úr ráðuneyti í þar til gerða Ferðamálastofu og hins vegar að stuðla að gæðamálum í ferðaþjónustu. Menn hafa nefnt og haft áhyggjur af því að stofnun sem Ferðamálastofa kunni að útna út og vitna gjarnan til Fiskistofu, en rétt er að vekja athygli á því að fram kemur í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu að kostnaður sé talinn rúmast innan ramma langtímaáætlunar samgönguráðuneytisins. Menn leggja því alla vega upp með að það verði ekki mikið bákn út úr þessu, en enginn veit hvað gerist í framtíðinni.

Fiskistofa hefur verið nefnd og má nefna fleiri stofur,

svo sem Umferðarstofu, Orkustofnun, Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins svo einhverjar séu nefndar.

Hvað eiga þessar stofur eða stofnanir sameiginlegt? Þær þjóna utan ráðuneytis atvinnuvegum sem hafa skipað sér fastan sess í íslensku atvinnulífi, starfsemi sem hefur verið lengi, áratugum og jafnvel öldum saman. Þær hafa skipað sér ákveðinn sess og mótast af því innan stjórnsýslunnar og starfsemi þeirra fer ekki fram innan ráðuneyta.

Með frumvarpinu má segja að verið sé að reka endahnútinn á það og segja að ferðamál, ferðaþjónusta er orðin burðug atvinnugrein, svo burðug að hún kallar í kringum sig á sérstaka stjórnsýslu. Það er auðvitað til marks um að margt hefur gerst á síðustu áratugum í þeirri ungu atvinnugrein, svo mikið að hún er farin að skipa mikilvægan sess í efnahagslífi okkar og er líklega næstmikilvægasta atvinnugreinin í atvinnulífi okkar. Þar af leiðandi er ekki óeðlilegt að um þá mikilvægu atvinnugrein sé fjallað með sérstökum lögum um skipan ferðamála með útfærslu á Ferðamálastofu.

Það er rétt að vekja athygli á því, frú forseti, að það eru ekki mörg ár síðan að ferðaþjónusta okkar hérlendis byggðist á vorskipum og haustskipum þar sem erlendir ferðamenn voru mældir í tugum eða nokkrum hundruða á ári hverju. Til samanburðar höfum við í dag stöðugt vaxandi samgöngur sem skipta jafnvel tugum ferða með flugleiðum ýmiss konar á degi hverjum yfir háannatímann þar sem bæði íslenskir og erlendir ferðamenn eru á faraldsfæti.

Allar tölur sem við höfum séð og sjáum, ánægjulegar tölur um stöðugan vöxt og aukningu í þessari mikilvægu atvinnugrein segja okkur einfaldlega að við höfum sem þjóð verið að standa okkur vel í ferðaþjónustu því annars værum við ekki að sjá þessar ánægjulegu tölur.

Hins vegar er alveg ljóst og hefur komið fram, m.a. hjá Samtökum ferðaþjónustunnar, að styrkja megi innviði hinnar ungu atvinnugreinar. Hún hefur vaxið afskaplega ört og landinn verið afskaplega hugmyndaríkur í að skapa sér tækifæri innan ferðaþjónustunnar, en þar hafa auðvitað komið fram ákveðnir vaxtarverkir og má segja að að sumu leyti séu innviðir hinnar mikilvægu atvinnugreinar nokkuð veikir. Ég lít svo á að meginmarkmið frumvarpsins sé einmitt að styrkja innviði ferðaþjónustunnar með því að setja gæðastaðla, með því að koma á lógói og að sjálfsögðu að fylgja því eftir með eftirliti að menn uppfylli þá gæðastaðla sem Ferðamálastofa og sérfræðingar á hennar vegum munu setja upp í samstarfi við atvinnugreinina.

Það tel ég, frú forseti, vera meginatriðið í þessu og falli mjög saman við þær áherslur sem Samtök ferðaþjónustunnar og aðilar í ferðabransanum hafa einmitt verið að leggja áherslu á. Það þarf ekki nema einn skussa til að koma óorði á ferðaþjónustuna, skaða hana, með því að bjóða falska þjónustu og lélega þjónustu. Með því að koma upp lógói þar sem ákveðin lágmarksgæði eru tryggð erum við að henda skussunum út úr greininni.

Ég lít einnig svo á að Ferðamálastofu sé ætlað að beita sér fyrir því að rannsóknir séu stundaðar, væntanlega í samstarfi við bæði skóla og aðra aðila, skoðuð séu þau tækifæri sem til staðar kunna að vera fyrir hina mikilvægu atvinnugrein. Undir það hljóta allir að taka.

Fram hefur komið að það kann að vera einhver ágreiningur um með hvaða hætti eigi að skipa markaðsmálunum þar sem Samtök ferðaþjónustunnar vilji frekar höndla það mál á eigin vegum og færa fyrir því ágæt rök. Það má líka segja að það séu mótrök gegn því að það sé ekki eðlilegt að aðilar úti í bæ sem hagsmunaaðilar séu með þeim hætti að sýsla með hið opinbera fé sem ríkisvaldið leggur til markaðsmála. Það má því segja að það sé nokkuð ásættanleg leið, fengin ágæt millilending án þess að vera nokkur brotlending, að fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar og fulltrúar ferðamálasamtaka skuli eiga, ef ég man rétt, samtals fimm fulltrúa af átta í stjórn Ferðamálaráðs. Það er ágæt millilending á milli þess að greinin og hagsmunaaðilar þar höndli um þetta og síðan hinn opinberi aðili. Yfir það munum við að sjálfsögðu fara í hv. samgöngunefnd.

Ég þarf ekki að orðlengja um þetta. Ég ítreka að ég lít svo á að hér sé fyrst og fremst verið að stuðla að tvennu, þ.e. að taka verkefni úr ráðuneyti sem mér finnst eðlilegt og fela það Ferðamálastofu, en jafnframt, sem er meginatriðið, að tryggja gæði í þessari mikilvægu atvinnugrein.

Ég vil, frú forseti, að lokum nefna varðandi skilgreiningar að það eru ágætir kaflar í frumvarpinu þar sem orð eru skilgreind, ferðaskipuleggjandi og ferðaskrifstofa. Ég ætla ekki að fara frekar í það, vísa frekar í þingskjalið. En rétt er að benda á það sem fram hefur komið m.a. hjá Samtökum ferðaþjónustunnar að skilgreiningar Hagstofunnar á tekjum vegna ferðaþjónustunnar kunna að vera rangar. Hefur verið nefnt sem dæmi að bensínsölur, sem eru meira en bensínsölur í dag, þetta eru orðnar miklar sjoppur og selja ferðamönnum alls konar gúmmelaði, skapa ákveðnar tekjur sem ekki eru færðar beinlínis á ferðaþjónustu. Ég tel einmitt mjög heppilegt fyrir Ferðamálastofu að fjalla um verkefni af þessum toga, taka slíkt upp við Hagstofuna þannig að hinar raunverulegur tekjur af ferðaþjónustunni sjáist. Þær kunna með öðrum orðum að vera enn hærri en hinar opinberu tölur vegna þess sem má kalla eða eru kannski ónákvæmar skilgreiningar.

Ekki fleiri orð um það, frú forseti. Ég tel að frumvarpið staðfesti að ferðaþjónustan er orðin alvöru atvinnugrein hér og í henni eru mikil tækifæri og Ferðamálastofa kann að verða okkur ágætt vopn til þeirrar sóknar.

[18:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir undirtektir undir frumvarpið og tel að þær umræður sem hér hafa orðið séu góður aðdragandi þeirrar vinnu sem nauðsynlegt er að fari fram í hv. samgöngunefnd.

Ég vil sérstaklega taka undir þá greiningu sem hv. þm. Hjálmar Árnason viðhafði í lokin og tel að sú sýn sem fram kom af hans hálfu sé rétt um þau mikilvægu viðfangsefni sem Ferðamálastofu eru ætluð og aðkomu fulltrúa greinarinnar í ferðamálaráði.

Að lokum þakka ég hv. þingmönnum fyrir mjög málefnalegar umræður og góðar ábendingar sem hv. samgöngunefnd mun væntanlega fara rækilega yfir þegar nefndin fær frumvarpið til meðferðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 14. mál.

Fundi slitið kl. 18:28.

---

113. FUNDUR

þriðjudaginn 19. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Loftferðir, stjfrv., 699. mál, þskj. 1057. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skipan ferðamála, stjfrv., 735. mál, þskj. 1097. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Höfundalög, stjfrv., 702. mál, þskj. 1060. — 1. umr.
4. Fjarskipti, stjfrv., 738. mál, þskj. 1102. — 1. umr.
5. Stefna í fjarskiptamálum 2005–2010, stjtill., 746. mál, þskj. 1111. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
6. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1164. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
7. Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 438. mál, þskj. 644, nál. 1130. — Síðari umr.
8. Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 604. mál, þskj. 903, nál. 1131. — Síðari umr.
9. Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 605. mál, þskj. 904, nál. 1132. — Síðari umr.
10. Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 606. mál, þskj. 905, nál. 1133. — Síðari umr.
11. Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 537. mál, þskj. 811, nál. 1152. — 2. umr.
12. Endurskoðun skaðabótalaga, þáltill., 275. mál, þskj. 297. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.

[13:30]

Útbýting:

Stjórnarfyrirkomulag Landspítala – háskólasjúkrahúss, 557. mál, svar heilbrrh., þskj. 1158.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla mála fyrir þinghlé.

[13:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil lítillega nota þetta tækifæri og ræða um stöðu mála á þingi þegar óðum líður að fyrirhuguðum starfslokum. Eftir standa um 10 virkir dagar til að ljúka öllum verkefnum þessa þings ef starfsáætlun á að haldast, bæði til umræðna í þingsal og eins til nefndarstarfa.

Hæstv. forseti boðaði okkur breytingu á áður ákveðinni starfsáætlun úr forsetastóli á síðasta fundi og það er auðvitað vel að forseti reyni að halda þingmönnum upplýstum um tilhögun mála hér en hitt vekur athygli að það bólar ekki á neinu frá hæstv. ríkisstjórn hvað það varðar að hún komi á framfæri óskum sínum um afgreiðslu mála af forgangslista eða tilkynni hvaða mál megi að ósekju bíða frekari umfjöllunar á seinni þingum. Þvert á móti berast nú á borð okkar þingmanna mjög síðbúin frumvörp, jafnvel um umdeild mál, og ætlast er til þess að við þingmenn, og þar á meðal stjórnarandstæðingar, greiðum því atkvæði að slík máli fái að koma á dagskrá með afbrigðilegum hætti. Ég held að menn hljóti að sjá réttmæti þess að við förum fram á það að einhverjar upplýsingar verði nú veittar um það hvort hæstv. ríkisstjórn hyggst leita eftir einhverju samstarfi um tilhögun mála undir þinglokin, sérstaklega þá hvað varðar þau mál sem hæstv. ríkisstjórn telur að hún þurfi að fá afgreidd og hvaða mál ekki. Maður verður að ætla að ríkisstjórnin hafi einhverja meðvitund í þeim efnum sjálf. Ef ekki, þá er ekki seinna vænna að hún fari að hugsa sinn gang.

Þessi athugasemd mín, virðulegur forseti, snýr aðallega að því að ég óska eindregið eftir því að við þingmenn förum að fá skýrari línur í það hvers megi vænta um framhaldið og þinglokin.

[13:33]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Nú liggur það fyrir að hingað eru enn þá að berast ný mál og áttu þó að liggja fyrir samkvæmt starfstilhögun þingsins miðað við 1. apríl sl. Okkur er það alls ekki ljóst í stjórnarandstöðunni hvernig framhaldið verður á þessu þingi og ég spyr hæstv. forseta hvort hann viti til þess að fleiri mál séu að koma inn, jafnvel í stærri kantinum og jafnvel umdeild mál, sem við eigum svo að taka afstöðu til áður en þingi lýkur. Mér telst svo til að það séu um það bil 10 fundadagar eftir í þinginu, hæstv. forseti.

Ég geri athugasemd við það hvernig virðist horfa um störf þingsins að þessu leyti og vildi fara fram á það að hæstv. forseti gerði okkur grein fyrir því ef hann vissi til þess að ríkisstjórnin væri á leiðinni inn með fleiri mál, og hvaða mál það væru þá.

[13:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér er ekki kunnugt um að fleiri mál séu á leiðinni. Ég taldi á hinn bóginn að það mundi greiða fyrir þingstörfum að flýta nefndardögum og hefur það legið í loftinu (Gripið fram í.) um alllangt skeið, einhverjar vikur, að ég mundi leggja það til.

[13:34]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir þær athugasemdir sem fram hafa komið um það að mál eiga að vera komin hér í dreifingu 1. apríl. Við þurfum að fara að skipuleggja mjög vel þessa síðustu daga, þá fáu starfsdaga þingsins sem eftir eru.

Hins vegar er þeim tveimur málum sem hér er verið að biðja um afbrigði fyrir í dag þannig háttað, og sérstaklega þá frumvarpi frá hæstv. landbúnaðarráðherra um Lánasjóð landbúnaðarins, að ráðherra hafði samband við formenn þingflokka og óskaði eftir því að afbrigði yrðu veitt. Samfylkingin verður við því. Það gerum við á þeim forsendum að við teljum mjög nauðsynlegt að þetta mál komist í umræðu í nefndinni en ekki síður að það fái þá umfjöllun úti í þjóðfélaginu og umsagnir sem nauðsynlegt er að berist áður en Alþingi tekur afstöðu til málsins.

Hið sama gildir í raun um stefnuna í fjarskiptamálum. Við munum styðja afbrigði í þessum tilvikum. Eftir samræður við hæstv. ráðherra og formenn þingflokka mun þingflokkur Samfylkingarinnar styðja þessi afbrigði en, hæstv. forseti, ég óska eindregið eftir því fyrir hönd þingflokks Samfylkingarinnar að fyrir þingflokksfundi á mánudag, þegar tveir nefndadagar hafa verið, liggi fyrir með hvaða hætti skipulagið verður og hvaða mál á að afgreiða fyrir þinglok.

[13:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það vekur athygli mína að hæstv. forsætisráðherra er í salnum en hefur ekkert til málanna að leggja. Þaðan er engin skilaboð að fá um það hvað hæstv. ríkisstjórn hyggst fyrir í þessum efnum. Nú mátti hæstv. forsætisráðherra væntanlega glöggt skilja það af máli okkar sem hér töluðum fyrir hönd stjórnarandstöðunnar að við vorum ekki síst að inna eftir því hvort hæstv. ríkisstjórn hefði einhver áform uppi, mundi sýna einhverja viðleitni til þess að leita eftir samkomulagi hér og samstarfi um þinglokin. En hæstv. forsætisráðherra hefur greinilega ekkert inn í þau orðaskipti að leggja.

Varðandi þingmál sem hér eru að koma fram, fjarskiptatillögu og síðan ákaflega síðbúið og sennilega lítt undirbúið frumvarp frá hæstv. landbúnaðarráðherra, er mjög bagalegt að slík mál séu að koma hingað loksins þegar langt er komið fram yfir þann frest sem liggur fyrir í lögum og öllum á að vera kunnugur, að þingmál, þar með talin stjórnarfrumvörp, eiga helst að koma fram fyrir 1. apríl. Þetta er þeim mun hlálegra í tilviki hæstv. landbúnaðarráðherra sem það varð tilefni umræðna í vetur að ekkert, bókstaflega ekkert, kæmi frá hæstv. ráðherra. Landbúnaðarnefnd var verklaus og felldi niður fundi lengst af vetrar. Nú loksins koma afurðirnar af búinu og þá eru þær eins og raun ber vitni. Ég hef allan fyrirvara þegar málatilbúnaðurinn er með þessum hætti.

Það er að sjálfsögðu, herra forseti, eins og fram kom hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur allt í góðu lagi með að greiða fyrir því að mál komi fram og séu kynnt eða þau gangi til nefndar en það gegnir öðru máli ef á bak við liggur ásetningur um að knýja síðan undir lok þingsins fjölda umdeildra og illa undirbúinna mála í gegn, ef þá á að setja í gírinn, setja færibandið í gang. Það er meðal annars gagnvart slíku sem við viljum verja okkur hér, stjórnarandstæðingar.

[13:38]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon beindi engri fyrirspurn til mín. Hann beindi máli sínu til hæstv. forseta og ég hef að sjálfsögðu átt samtöl við hæstv. forseta um þessi mál.

Við munum að sjálfsögðu vinna að framgangi mála með hefðbundnum hætti á Alþingi eins og við höfum ávallt gert. Ég vil upplýsa hv. þingmann og aðra þingmenn um að það eru engin önnur mál sem munu koma frá ríkisstjórninni á þessu þingi sem við munum leggja áherslu á að verði lokið. Tvö mál voru afgreidd frá ríkisstjórninni í morgun en við gerum ekki ráð fyrir því að þau verði afgreidd sem lög frá Alþingi að þessu sinni. Eitt mál var afgreitt að tillögu minni frá ríkisstjórninni á ríkisstjórnarfundinum þar á undan og við gerum ekki ráð fyrir að nein frekari mál muni koma fram sem við leggjum áherslu á að verði lokið.

Hins vegar eru fjölmörg mál í nefndum sem er mikilvægt að verði lokið, búið að leggja mikla vinnu í. Ég vænti þess að það skýrist betur að loknum nefndardögum þannig að við gerum okkur þá betur grein fyrir því hvernig við getum lokið þingi með þeim hætti að þau mál sem skipta sköpum nái fram að ganga. Þau eru mörg, það er rétt. Mörg þeirra hafa komið of seint fram en ég vænti þess að við munum eiga gott samstarf um það, eins og endranær, á Alþingi.

[13:40]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil bæta við að ég átti fund með formönnum þingflokka nú fyrir þennan fund og þá urðum við ásátt um að hittast á mánudaginn, eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Suðurk., Margréti Frímannsdóttur, og fara yfir málin.

[13:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum að sjálfsögðu beint óskum okkar til forseta þingsins en jafnframt höfum við krafið ríkisstjórnina um upplýsingar um forgangsröð hennar. Hæstv. forsætisráðherra kemur í pontu og talar eins og að til stefnu séu margir mánuðir. Til stefnu eru 10 eða 11 þingdagar og fyrir þinginu liggja mörg mál sem eru mjög viðamikil. Ég nefni t.d. frumvarp um Ríkisútvarpið sem mundi umturna þeirri stofnun og svipta starfsmenn hennar mikilvægum réttindum, ef að lögum yrði. Ég nefni samkeppnislög sem gera ráð fyrir grundvallarbreytingum á því sviði. Ég nefni skattlagningu orkufyrirtækja, annað stórmál sem hér liggur fyrir þinginu, og vakin hefur verið athygli á því að ríkisstjórnin er í dag að biðja um afbrigði fyrir því að koma fleiri stórmálum inn í þingið. Hvers konar vinnubrögð er verið að kalla á? Það er eðlilegt að þeirri spurningu sé beint, ekki aðeins til stjórnar þingsins, heldur til ríkisstjórnarinnar um hver forgangsröð hennar sé. Hvaða mál eru það sem hún leggur áherslu á að fá til umræðu í þinginu, og hver ekki?

Það er rétt sem fram kemur hjá hæstv. forseta þingsins, hann hefur óskað eftir umræðum um þessi mál, en það er mjög hljótt um forgangsröð ríkisstjórnarinnar. Það er eðlilegt að spurt sé um hana úr ræðustól.

Loftferðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 699. mál (EES-reglur). — Þskj. 1057.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Skipan ferðamála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 735. mál (heildarlög). — Þskj. 1097.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]

5. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 49 shlj. atkv. að taka það til meðferðar og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, PHB, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, StB, UMÓ, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMagn, BBj, EKH, EOK, GAK, GÁS, GÖrl, KJúl, MÞH, MÁ, RG, SKK, ÖS) fjarstaddir.

6. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 48:1 atkv. að taka það til meðferðar og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, UMÓ, VS, ÞKG, ÞSveinb.

nei: JBjarn.

6 þm. (GAK, KolH, MÞH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁMagn, BBj, EKH, GÁS, GÖrl, KJúl, RG, ÖS) fjarstaddir.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 6. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 46:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb.

nei: JBjarn.

5 þm. (KolH, MÞH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMagn, ÁMM, BBj, EKH, GAK, GÁS, GÖrl, KJúl, RG, UMÓ, ÖS) fjarstaddir.

Höfundalög, 1. umr.

Stjfrv., 702. mál (EES-reglur). — Þskj. 1060.

[13:45]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er samið á vegum menntamálaráðuneytisins. Meginefni þess er höfundarréttur og skyld réttindi í upplýsingasamfélaginu. Tilefnið er m.a. setning tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundarréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.

Það er rétt að fara kannski aðeins yfir aðdraganda tilskipunarinnar en með tilkomu netsins hefur höfundarréttur-inn orðið enn alþjóðlegri en áður. Í desembermánuði 1996 í Genf samþykktu 120 þjóðir á ráðstefnu Alþjóðahugverka-stofnunarinnar tvo samninga til þess að takast á við þau vandamál sem fylgja hinni nýju tækni og eru þeir af þeim sökum í daglegu tali kallaðir internet-samningar WIPO. Annars vegar er samningur um réttindi höfunda og hins vegar samningur um réttindi listflytjenda og framleiðenda hljóðrita. Báðir samningarnir gengu í gildi á árinu 2002 þar sem tilskilinn fjöldi ríkja, þ.e. 30, hafði þá fullgilt samning-ana. Með tilskipuninni um höfundarrétt í upplýsingasamfé-laginu gefa ESB-ríkin og EFTA-ríkin innan EES forskrift að samræmingu höfundarréttar síns til þess að mæta kröfum internet-samninga WIPO.

Sameiginlega EES-nefndin samþykkti tilskipunina sem breytingu á XVII. viðauka EES-samningsins um hugverka-réttindi á fundi sínum 9. júlí 2004 og varð tilskipunin hluti af EES- samningnum 10. júlí 2004. Þegar hefur verið lögð fram á yfirstandandi þingi tillaga til þingsályktunar um staðfestingu framangreindrar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2004, um breytingu á XVII. við-auka við EES-samninginn, sem fjallar um hugverkaréttindi.

Auk þess að laga EES-réttinn að ákvæðum WIPO-samninganna er tilskipuninni um höfundarrétt í upplýsinga-samfélaginu almennt ætlað að samræma frekar höfundarrétt á EES-svæðinu til þess að misræmi í löggjöf ríkjanna hafi ekki skaðleg áhrif á starfsemi innri markaðarins. En tilskip-unin um höfundarrétt í upplýsingasamfélaginu er sú sjötta í röðinni og hin umfangsmesta fram til þessa.

Meginþættir og helstu nýmæli tilskipunarinnar eru:

Í fyrsta lagi felur frumvarpið í sér útvíkkun á einkarétti rétthafa til eftirgerðar. Tekin eru af öll tvímæli um það að einkarétturinn til eftirgerðar nær einnig til eintaka á staf-rænu formi. Rétthöfunum er þannig áskilinn einkaréttur til að heimila eða banna, með beinum eða óbeinum hætti, tímabundið eða varanlega, eftirgerð með hvaða hætti sem

er og í hvaða formi sem er í heild eða að hluta, þar með talið á stafrænu formi.

Einkarétturinn til eftirgerðar er veittur höfundum vegna verka þeirra, listflytjendum vegna upptakna á flutningi þeirra, framleiðendum hljóðrita vegna hljóðrita þeirra, framleiðendum frumupptakna kvikmynda vegna frumrita og afrita af kvikmyndum þeirra og útvarpsfyrirtækjum að því er varðar upptökur á útvarpi þeirra, hvort sem útsendingar eru um þráð eða þráðlaust, þar með taldar útsendingar um kapal eða gervihnött.

Að mati höfundarréttarnefndar eru ákvæði 3. gr., samanber 2. gr. gildandi laga, nægilega víðtæk til að fela í sér allt framangreint eins og nánar kemur fram í greinargerð með frumvarpinu.

Í tilskipuninni er í öðru lagi mælt fyrir um einkarétt til miðlunar verka til almennings og einkarétt til að gera annað efni aðgengilegt almenningi. Í hinu síðarnefnda felst réttur höfunda til að heimila eða banna hvers konar miðlun verka sinna til almennings, um þráð eða þráðlaust, þar með talið að gera verk sín aðgengileg almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkunum á þeim stað og á þeirri stund sem hann sjálfur kýs. Hér er átt við miðlun til almennings sem er ekki staddur á þeim stað þar sem miðlunin fer fram, t.d. á netinu. Einkaréttur til þess að gera annað efni en höfundaverk aðgengilegt almenningi er veittur rétthöfum hinna skyldu réttinda.

Að mati höfundarréttarnefndar er hugtakið birting, samkvæmt ákvæðum 3., 4., 5. og 6. mgr. 2. gr. gildandi laga, svo víðtækt að það telst fela í sér allt framangreint eins og kemur einnig fram í greinargerðinni.

Tilskipunin áskilur í þriðja lagi höfundum einkarétt til þess að heimila eða banna hvers konar dreifingu til almennings á frumritum eða afritum verka þeirra með sölu eða á annan hátt. Samkvæmt gildandi íslenskum höfundalögum má líta svo á að dreifingarréttur höfundar sé talinn vera hluti af einkarétti hans til birtingar á verki, sjá 3. gr., sbr. 2. mgr. 2. gr. höfundalaga.

Tilskipunin felur jafnframt í sér að tekin skuli upp svokölluð evrópsk tæmingarregla. Í tæmingu dreifingarréttar felst í reynd að réttur höfundar til þess að hamla dreifingu verka sinna á markaði fellur niður þegar búið er að selja fyrsta eintakið af verkinu, enda standi höfundur sjálfur að sölunni. Yfirleitt er litið svo á að tæming dreifingarréttarins sé alþjóðleg, nema annað sé sérstaklega ákveðið, þ.e. að ef verk er komið löglega í dreifingu einhvers staðar í heiminum geti höfundur ekki stöðvað frekari dreifingu. Svæðisbundin tæmingarregla, eins og hin evrópska tæmingarregla samkvæmt tilskipuninni, hefur það hins vegar í för með sér að höfundi er áskilinn réttur til þess að hamla dreifingu innan EES nema fyrsta eintak þess hafi verið selt eða með öðrum hætti framselt innan svæðisins. Sem dæmi um beitingu hinnar evrópsku tæmingarreglu má nefna að höfundur, sem sett hefur eintök verks síns á markað í Bandaríkjunum, getur ákveðið að þeim eintökum megi ekki dreifa á EES-svæðinu.

Í norrænum höfundarrétti hefur til þessa verið byggt á reglunni um alþjóðlega tæmingu, en nú ber að taka upp evrópska tæmingarreglu. Samkvæmt tilskipuninni um höfundarrétt í upplýsingasamfélaginu gildir tæming dreifingarréttarins aðeins um áþreifanleg eintök höfundaverks, en kemur ekki til álita þegar um þjónustu er að ræða og þá einkum beinlínuþjónustu.

Í fjórða lagi geymir tilskipunin ákvæði um þær takmarkanir sem höfundar og rétthafar skyldra réttinda þurfa að sæta eða geta þurft að sæta á þeim einkaréttindum sem þeim eru tryggð með tilskipuninni. Takmarkanirnar þjóna þeim megintilgangi að auðvelda notendum, í sérstökum tilvikum, aðgang að efni sem fellur undir vernd höfundarréttar. Í forsendum tilskipunarinnar er lögð á það áhersla að endurmeta þurfi gildandi undantekningar frá réttindum og takmarkanir á þeim með hliðsjón af hinu nýja rafræna umhverfi. Bent er á að sá munur sem er á undantekningum og takmörkunum í ríkjunum hafi bein, neikvæð áhrif á starfsemi innri markaðarins fyrir höfundarrétt og skyld réttindi. Til þess að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins beri að skilgreina slíkar undantekningar og takmarkanir á samræmdari hátt.

Samræmingin að því er lýtur að undantekningunum er því aðallega fólgin í tveimur atriðum:

Í fyrsta lagi var tekin upp ein undantekning frá einkaréttindunum sem skylt er að gera. Þessi undantekning heimilar, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, tímabundnar og tilfallandi eftirgerðir, sem verða til í tækniferli, til dæmis við umferð gagna á netinu, og var nauðsynleg vegna þess að einkarétturinn til eftirgerðar í 1. gr. var skilgreindur svo víðtækt að hann nær meðal annars til þess háttar eftirgerða.

Í öðru lagi var sett í tilskipunina skrá um tuttugu valfrjálsar undantekningar á einkaréttinum til eftirgerðar og einkaréttinum til miðlunar til almennings. Þessi skrá er tæmandi. Undantekningar í landslögum, sem ekki falla undir þessa skrá, ber því að fella úr gildi eða breyta þeim. Þess mun ekki gerast þörf að fella alveg niður neinar undantekningarheimildir sem nú eru í höfundalögunum, en í ýmsum tilvikum þarf að laga undantekningar að skilyrðum sem áskilin eru í tilskipuninni. Þær breytingar eru einkum bundnar við að notkun fari ekki fram í tilgangi sem skilgreina má sem fjárhagslegan.

Í fimmta lagi hefur tilskipunin að geyma ákvæði um vernd tæknilegra ráðstafana. Með beitingu slíkra ráðstafana er ætlun rétthafa að koma í veg fyrir óheimil not af efni. Dæmi um tæknilega ráðstöfun er afritunarvörn á hljómdiskum og mynddiskum. Annars konar tæknileg ráðstöfun er til dæmis aðgangsstýring að efni á netinu, en allmikið er tíðkað að aðgangur að efni sé háður samningsskilmálum, meðal annars um greiðslu áskriftar, og ekki veittur öðrum en þeim sem hafa fengið úthlutað lykilorði.

Óheimilt rof á tæknilegum verndarráðstöfunum og óheimil eftirgerð tæknilega verndaðs efnis hefur leitt til þess að óhjákvæmilegt er talið að veita tæknilegum ráðstöfunum rétthafa sérstaka vernd. Skylt er að veita lögvernd gegn því að farið sé fram hjá hvers konar skilvirkum tæknilegum ráðstöfunum, enda viti viðkomandi aðili eða hafi fulla ástæðu til að vita að hann stefnir að því marki. Tilteknar ráðstafanir til undirbúnings því að fara fram hjá þess háttar ráðstöfunum skulu einnig vera óheimilar.

Þrátt fyrir víðtæka skilgreiningu á því hvað teljast vera „tæknilegar ráðstafanir“ eru það þó ekki allar þess háttar ráðstafanir, sem verndar eiga að njóta. Það skilyrði er sett

að ráðstafanirnar teljist vera „skilvirkar" þannig að tæknilegar ráðstafanir, sem naumast eru nema til málamynda og auðvelt er að sniðganga, njóta ekki verndar

Ljóst er að sú lögvernd skilvirkra tæknilegra ráðstafana sem ákvæðum frumvarpsins er ætlað að tryggja tekur eingöngu til þeirra atriða er falla undir einkaréttindi höfunda og annarra rétthafa. Ákvæðum frumvarpsins um vernd tæknilegra ráðstafana er með öðrum orðum ekki ætlað að vernda ýmsar ráðstafanir útgefenda hljóð- og myndrita til að skipta heiminum upp í tiltekin markaðssvæði eða stjórna því að endurmiðlun slíkra verka geti aðeins fram farið í tölvum með stýrikerfi af tiltekinni gerð. Þvert á móti nær lögvernd tæknilegra ráðstafana er tengjast áþreifanlegum eintökum hljóð- og myndrita eingöngu til þess að varna óheimilli eftirgerð þeirra. Hafi eigandi hljóð- eða myndrits eignast það með lögmætum hætti og tæknilegar ráðstafanir varna honum að nýta það vegna framangreindra atriða telst vera um óheimila aðgangsstýringu að ræða sem ekki nýtur verndar að höfundarrétti. Við slíkar aðstæður kann eigandanum, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, að vera heimilt að sniðganga hinar tæknilegu ráðstafanir.

Í sjötta lagi hefur tilskipunin að geyma ákvæði um vernd upplýsinga um réttindaumsýslu. Vernda skal rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu sem höfundar og aðrir rétthafar, sem ákvæðið verndar, setja á verk sín og annað efni. Með upplýsingum um réttindaumsýslu er átt við upplýsingar sem rétthafar veita og sem auðkenna verk eða annað efni og auðkenna höfundinn eða aðra rétthafa eða upplýsingar um skilyrði og skilmála fyrir notkun verka eða annars efnis. Æskilegt þykir að rétthafar setji rafrænar upplýsingar um réttindaumsýslu á efni sitt. Slíkar upplýsingar eru hluti af ráðstöfunum rétthafa til að varna ólögmætum aðgangi að verkum og efni sem nýtur verndar samkvæmt höfundalögum og varna ólögmætri eftirgerð þess, jafnframt sem þær eru til þess fallnar að greiða fyrir samningum um afnot og eins til þess að fylgjast með notkun efnis.

Eins og yfirlitið að framan um efni tilskipunarinnar ber með sér tekur hún sérstaklega á þeim vandamálum sem hin stafræna tækni hefur í för með sér fyrir eigendur höfundarréttar og skyldra réttinda, fyrst og fremst að því er varðar tónlist og kvikmyndir og þá ekki síst vegna möguleika til *dreifingar slíkra verka á netinu.*

Þessi tækni gefur möguleika til svo fullkominnar afritunar verka og annars efnis á stafræna miðla, t.d. á geisladiska, að afrit ná fullum gæðum frumrita. Með tilkomu netsins skapast ný tækifæri til víðtækrar dreifingar efnis sem nýtur höfundarréttarverndar. Í því felast hættur fyrir höfunda og útgefendur því unnt er að miðla útgefnum verkum á stafrænu formi á augabragði heimshorna á milli með slíkum gæðum að ekki verður greint á milli frumrita og afrita verkanna. Er sú hætta einkum fyrir hendi með svonefndum skráardeiliforritum og skráarsvæðum sem gefa notendum netsins og annarra netkerfa kost á því að deila sín á milli afritum verndaðra verka um jafningjanet, samhliða vistun þeirra á skráarmiðlurum. Talið er að verk sem þannig er miðlað á milli aðila án heimildar rétthafa séu einkum tónlistar- og kvikmyndaverk, auk hugbúnaðar. Það gefur augaleið að sporna verður við því að hin nýja tækni, sem gagnast höfundum, öðrum rétthöfum og öllum almenningi með margvíslegum hætti, sé notuð til óheimillar hagnýtingar á efni sem nýtur höfundarréttarverndar.

Auk hagsmuna höfunda, flytjenda og framleiðenda eru þjóðhagslegir hagsmunir síst minni. Í nútímaþjóðfélögum er framlag vöru og þjónustu, sem byggist á höfundarrétti, til þjóðarframleiðslunnar mikið og fer sífellt vaxandi. Í nýlegri bók kemur fram að framlag menningar til landsframleiðslu sé 4%, sem sé meira en öll veitustarfsemi og nær þrefalt meira en landbúnaður annars vegar og ál- og kísilframleiðsla hins vegar. Jafnframt kemur þar fram að 5 þúsund manns starfi við menningu hérlendis, sem er álíka fjöldi og starfar í útgerð annars vegar og hótel- og veitingarekstri hins vegar.

Aðrar helstu breytingar sem frumvarp þetta felur í sér frá gildandi höfundalögum eru breytingar á ákvæðum laganna um skilyrði réttarverndar varðandi útgáfu verka og listflutnings hér á landi og atriði sem ráða því hvort verk njóta vernda eða eigi, þ.e. vegna svokallaðra tengslaskilyrða. Þá er bætt við nokkrum ákvæðum um takmörkun á höfundarréttinum og önnur ákvæði þar að lútandi skerpt og skýrð.

Við undirbúning breytinganna á höfundalögum vegna ákvæða tilskipunarinnar um höfundarrétt í upplýsingasamfélaginu og nokkur önnur atriði hafa þau ráðuneyti hjá Norðurlandaþjóðunum, sem með höfundarréttarmálefni fara, haft með sér samráð. Er löng hefð fyrir því að Norðurlandaþjóðirnar leitist við að hafa sem mest samræmi í höfundalöggjöf sinni. Við samningu frumvarpsins hefur sérstaklega verið höfð hliðsjón af ýmsum ákvæðum í frumvarpi Dana til breytinga á höfundalögum þeirra sem lagt var fram í danska þjóðþinginu 2. október 2002 og varð að lögum 11. desember sama ár.

Ég vil taka fram að frumvarp þetta er fyrsti áfangi í heildarendurskoðun höfundalaga sem er orðin brýn vegna hraðrar lagaþróunar á sviði höfundarréttar. Áætlað er að að heildarendurskoðun höfundalaga muni taka allnokkurn tíma. Því var ákveðið að draga þá þætti út úr endurskoðuninni er snúa að innleiðingu tilskipunarinnar og mæla fyrir þeim sérstaklega í frumvarpinu.

Höfundarréttarnefnd sem er menntamálaráðherra til ráðuneytis í höfundarréttarmálefnum skv. 58. gr. höfundalaga *hefur farið yfir drögin að frumvarpinu og gert á því* ýmsar breytingar. Er frumvarpið síðan lagt fram á Alþingi eins og höfundarréttarnefnd leggur til að það verði samþykkt.

Virðulegi forseti. Í greinargerð með frumvarpinu er farið ítarlega yfir hverja efnisgrein frumvarpsins fyrir sig. Ég vil vekja athygli hv. þingmanna á þeirri ágætu greinargerð sem fylgir með frumvarpinu þar sem farið er nánar yfir helstu breytingar og mælt fyrir um útfærslu á höfundarréttarlögunum.

Ég hef rakið ítarlega efni frumvarpsins. Eins og fram hefur komið er megintilgangur frumvarpsins að lögfesta ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um samræmingu tiltekinna þátta höfundarréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu. Með tilskipuninni og frumvarpinu er áréttaður einkaréttur höfunda, flytjenda og framleiðenda til að stjórna eftirgerð og birtingu stafrænna eintaka af verkum sínum og öðru efni, einkum á netinu. Í því felast

mikilvægir hagsmunir, ekki síst þjóðhagslegir eins og ég hef þegar rakið. Jafnframt tel ég að leitast hafi verið við að gæta jafnvægis milli hagsmuna rétthafa og notenda með því að viðhaldið er núverandi undantekningum í höfundalögum með þeim breytingum sem tilskipunin kallar á. Enn fremur hef ég reifað sjónarmið um túlkun og beitingu nýrra tæknilegra verndarráðstafana þar sem tekið er sanngjarnt tillit til hagsmuna notenda.

Að gerðum þeim breytingum sem hér eru lagðar til að höfundalögum er rétt að ítreka að tímabært er að fram fari heildarendurskoðun á lögunum. Er að því stefnt að hún geti hafist síðar á árinu.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntamálanefndar og 2. umr.

[14:02]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er mikið mál að vöxtum á ferðinni sem kemur inn á margt. Ýmsar athugasemdir og tillögur komu fram í bréfi frá félaginu Netfrelsi vegna frumvarps til laga um breytingu á höfundalögum og barst okkur þingmönnum í morgun. Þeir koma inn á mörg atriði sem lúta að rétthöfum annars vegar og notendum hins vegar og telja greinilega að það halli töluvert á notendur í málinu. Að mati Netfrelsis mun aukin skerðing á réttindum neytenda, svo sem vegna banns við sniðgöngu tæknilegra ráðstafana einnig hafa letjandi áhrif á sölu og stemma stigu við frekari sköpun. Þeir benda á margt annað sem þeir telja að halli á notendur, t.d. að höfundarréttarnefnd sé skipuð sex fulltrúum rétthafa og einum fulltrúa menntamálaráðuneytisins og því verði að breyta.

En fyrst og fremst vil ég fá viðhorf hæstv. ráðherra til fullyrðinga Netfrelsis um að lagagerð þessi geti haft letjandi áhrif á sölu og stemma stigu við frekari sköpun og því sem félagið bendir einnig á að það halli verulega á notendur og ákvæði rétthafa séu of mikil en notenda fyrir borð borin sem stutt er með margvíslegum rökum í athugasemdum og tillögum við einstakar greinar frumvarpsins.

[14:04]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni að málið er stórt og mikið að vöxtum og tæknilegt mál líka. Við förum í meginatriðum sömu leið og aðrar Norðurlandaþjóðir hafa farið, þ.e. að undirstrika það sem fram kemur m.a. í Evróputilskipuninni, að undirstrika þau réttindi sem rétthafarnir eiga.

Ég fékk líka netpóstinn sem hv. þingmaður vitnaði í og að sjálfsögðu verða neytendur að undirstrika að þeir þurfa að hafa aðgang að ákveðnum réttindum og reyna að verja þau. En ef fara á þá leið sem fram kemur m.a. í netverjapóstinum verða aukin réttindi fyrir neytendur, en að sjálfsögðu á kostnað rétthafanna og má velta því fyrir sér hversu mikil sköpunin verður ef rétthafarnir hafa ekki tryggðan höfundarrétt á sköpunarverkum sínum.

Ég fór held ég alveg ágætlega yfir það í framsöguræðu minni að mikil verðmæti verða til í kjölfar höfundaverkanna og hugverkanna sem skapast hjá listamönnum og öðrum þeim sem eiga höfundarrétt. Ég held að þarna séu hagsmunir sem vegast á, en engu að síður tel ég rétt að undirstrika höfundarrétt listamanna og þeirra sem hafa skapað hugverkin, því ef það á að gefa út algjört frelsi á netinu þannig að höfundarréttur þeirra verði ekki verndaður á þann hátt sem kveðið er á um í tilskipuninni og í frumvarpinu verður lítið um sköpun í framtíðinni.

[14:06]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því að hæstv. menntamálaráðherra kom að því að þetta væri aðeins fyrsti áfangi í endurskoðun höfundalaga og þykir mér miður að ekki skyldi hafa verið stigið skrefið til fulls.

Það er rétt eins og fram kom hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni að höfundarréttarnefnd er skipuð með mjög sérstökum hætti þar sem neytendur koma nánast ekkert að. Ég nefni sem dæmi að lagður er 50 kr. skattur á hvern einasta geisladisk sem er fluttur inn til landsins án tillits til þess til hvers hann er notaður, enda hefur STEF ómældar tekjur af skattinum. Það eru til fyrirtæki á Íslandi sem vilja gjarnan framleiða ýmislegt efni á disk sem kemur höfundarréttarlögum og STEFI ekki nokkurn skapaðan hlut við. Ég nefni kvikmyndafyrirtæki, sem gæti skapað mörg störf, sem eru í samstarfi við önnur Norðurlönd og vinna alla vinnu frá a-ö nema að setja á diskinn, vegna þess að hann kostar 50 kr. hér, en diskurinn með ákomnu efni annars staðar frá Norðurlöndunum er á 30 til 40 kr. Hér er því nokkuð stórt mál á ferðinni.

Ég endurtek það, virðulegi menntamálaráðherra, að mér þykir miður að vinnan skyldi ekki hafa verið stigin til fulls til þess að við hefðum getað skapað hér talsverð störf í þessu. Ég vænti þess að starfinu verði hraðað, því þetta er búið að vera hálfgert ófremdarástand um langan tíma og menn hafa beðið eftir lagabálkinum og að skrefið væri stigið til fulls hvað þetta áhrærir.

[14:08]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með hv. þingmanni að ég hefði kosið að vinnunni hefði allri verið lokið, en eftir að hafa vegið málið og metið sá ég fram á að það hefði ekki náðst á þessu vorþingi. Þó verður að geta þess að ákveðin réttindi eru tryggð í frumvarpinu sem skipta miklu máli og menn telja rétt að hægt verði að fá þau í gegn á þessu þingi, því menn meta einfaldlega hagsmunina það mikla að þeir geti ekki beðið til haustsins. Einnig þurfum við að framfylgja tilskipuninni, það er líka annar punktur.

Ég vil undirstrika það og tek undir með hv. þingmanni að tryggja þarf betri aðkomu neytenda að höfundarréttarmálefnum. Ég held að við komum tvímælalaust til með að líta til þeirrar heimildar sem kveðið er á um höfundarréttarráð, þar sem ég sé fram á að aðkoma neytenda að þessum málefnum verði tryggð og um leið heildarendurskoðuninni er varða málefni höfundarréttar.

[14:09]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þótti gott að heyra svar hæstv. menntamálaráðherra. Það gengur ekki á því herrans ári 2005 að sérhagsmunahópar séu í einhverri nefnd eða störfum fyrir ráðuneyti og eru ekki varðgæsluhundar almennings, heldur eigin hagsmuna. Það gengur ekki. Ég fagna því orðum hæstv. menntamálaráðherra sem sagði áðan að þar verði breytingar á.

[14:09]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir mikla vinnu sem auðsjáanlega liggur að baki frumvarpinu af hálfu ráðuneytis og ekki síður höfundarréttarnefndar. Þess er svo að geta að frumvarpið er nokkuð seint fram komið. Það var lagt fram 11. apríl og er nú í 1. umr. í dag, 19. apríl, en sem kunnugt er eiga þingmál að hafa borist forseta fyrir 1. apríl á hverju ári ef þau eiga að ná í umræðu. Þetta gildir a.m.k. um okkur dauðlega þingmenn og ég tel rétt að geta þessa í tilefni af umræðunni áðan að mér finnst að hæstv. menntamálaráðherra og aðrir hæstv. ráðherrar eigi að virða þá reglu líka.

Danir, frændur okkar, lögleiddu svipaða hluti og hér er gert ráð fyrir árið 2002, en við erum nokkuð á eftir hinum suðlægu þjóðum í þessu efni. Svo mikið að sögn greinargerðarinnar að við hefðum átt að vera búin að ganga frá lögunum fyrir 10. janúar 2005, þ.e. fyrir u.þ.b. þremur mánuðum.

Hér er um að ræða endurskoðun höfundalaga í samræmi við Evróputilskipun frá 2001 sem hefur tekið okkur fjögur ár að eiga við. Að vísu hefur það líka verið sameiginlegt verkefni EES-ríkjanna, þeirra sem eiga samstöðu gagnvart Evrópusambandinu. Aðaláherslan er á höfundarrétt við nýjar aðstæður upplýsingatækninnar. Sú leið virðist farin að beita nokkurn veginn ýtrustu hugsanlegum ákvæðum til þess að tryggja höfundarrétt í hinni stafrænu framtíð.

Höfundarrétturinn er ákaflega mikilsverður og okkur ber að standa vörð um hann í samtíð og framtíð. Á hinn bóginn mega of strangar reglur um höfundarrétt ekki skerða eðlilegt svigrúm almennings sem ekki ætlar sér neins konar hlut af markaðslegum ávinningi höfundar. Höfundarrétturinn má ekki verða svo harðskeyttur að hann stöðvi eðlilega þróun og samskipti á sviði lista og menningar.

Okkur þingmönnum hafa í tilefni af frumvarpinu borist athugasemdir frá félagsskapnum Netfrelsi, sem nefndur var áðan. Þær bera með sér hvin umræðu sem hefur geisað í grannlöndum okkar um þessi efni. Í menntamálanefnd þarf að gá sérstaklega að þeim rökum sem borið hefur hæst í þeirri umræðu á Norðurlöndum og víðar í Evrópu.

Það komu líka athugasemdir frá starfshóp um höfundarrétt á vegum Upplýsingar, sem er félag bókasafns- og upplýsingafræða, fyrir svo skömmum tíma að ég hef nánast ekki náð að lesa þær yfir í heild. Þær varða m.a. rafræna miðlun verndaðra verka á bókasöfnum sem fer t.d. fram við millisafnalán. Þær varða miðlun á stafrænu efni á skólabókasöfnum vegna t.d. fjarnáms og aðgang að stafrænu efni á söfnum til fræðistarfa eða einkarannsókna sem þeim þykir vanbúið um í frumvarpinu. Þær athugasemdir verðum við einnig að skoða ákaflega vel.

Við höfum bundist í félag með Evrópuþjóðum og af þeim ástæðum getum við ekki hagað okkur eins og okkur sýnist þegar um er að ræða alþjóðleg málefni af þessu tagi. Hins vegar hefur það borið við og reynslan hefur sýnt að í ráðuneytunum er ekki endilega gætt að sérstöðu íslensks samfélags þegar kemur að því að færa Evróputilskipanir í íslenskan búning og stundum er ekki gætt að raunverulegum pólitískum vilja hérlendis.

Á Alþingi hefur ekki verið mikil aðstaða til að fara í gegnum mál eins og þyrfti að gera með þeirri forsögu og þeim alþjóðahljómi sem hér um ræðir.

Ljóst er að mikið ríður á að mál af þessu tagi fái ítarlega meðferð í þeirri nefnd sem um ræðir hverju sinni, þar sé tryggt að allir aðilar máls og áhugamenn geti komið að sjónarmiðum sínum, eins og sést á þeim sendingum sem við þingmenn höfum strax fengið. Fyrir því hyggjumst við samfylkingarmenn beita okkur hvað varðar frumvarp þetta um breytingu á höfundalögum sem mælt er fyrir í dag, 19. apríl 2005.

[14:14]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram varðar þetta frumvarp mikilvæga hagsmuni, höfundarréttinn, og frumvarpið gerir ráð fyrir því að styrkja réttindi manna sem hafa skapað og sent frá sér hugverk.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu felur meginefni þess það í sér að innleiða tilskipun frá árinu 2001 sem stafar frá Evrópuþinginu. Það vill þannig til að hér fyrir þinginu hefur verið mælt fyrir tillögu til þingsályktunar um staðfestingu á þessari tilskipun. Sú þingsályktunartillaga hefur verið til meðferðar í utanríkismálanefnd. Fyrir þá nefnd komu helstu hagsmunaaðilar á þessu sviði, svo sem fulltrúar frá Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda, Hagþenki, Rithöfundasambandi Íslands, Myndstefi, Félagi íslenskra bókaútgefenda og Fjölís. Allir þessir aðilar lýstu yfir stuðningi við þetta frumvarp, þ.e. við þær efnisreglur sem fram koma í tilskipuninni og endurspeglast í því frumvarpi sem hér er til meðferðar.

Ég heyrði að hv. þm. Mörður Árnason taldi að rétt væri að taka tillit til sjónarmiða félagsskaparins Netfrelsis. Ég tek í sjálfu sér alveg undir það að því leyti að það er rétt að hlusta á raddir netverjanna. Telur hv. þm. Mörður Árnason í ljósi þessara ummæla sinna að það sé rétt að gera tilslakanir hvað varðar vernd höfundarréttar frá því sem nú er?

[14:17]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það er alveg á mörkunum að ég treysti mér til að ræða við hinn, ekki aðeins vörpulega, heldur líka fluggáfaða og hnífbeitta hv. þm. Sigurð Kára Kristjánsson, um svo hálögfræðileg málefni sem hér eiga í hlut. Ég sagði í ræðu minni að höfundarrétturinn væri ákaflega mikilsvert mál. Hann skapar mikilvægum hópi manna nauðsynleg réttindi. Hér er ekki um það að ræða að skerða höfundarréttinn frá því sem nú er, þetta frumvarp fjallar fyrst og fremst um það hvernig eigi að verja hann í hinni stafrænu tækni sem er nú að umlykja okkur og gerir það enn frekar í framtíðinni. Það eina sem ég benti á var að til eru sjónarmið, sem

hér hafa komið fram og mátti greina í ræðu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, um það að stundum beri að fara varlega í þessu efni. Jafnvel hinn göfuga höfundarrétt er hægt að misnota og fara svo langt með hann að það geti bitnað á öðrum sem ekki stóð til að hegna eða refsa.

Það er í því ljósi sem menntamálanefnd, ég endurtek, menntamálanefnd, væntanlega skoðar þetta frumvarp og kallar til sín þá aðila sem henni sýnist.

[14:18]

Sigurður Kári Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að byrja á því að þakka hv. þm. Merði Árnasyni fyrir hlý orð í minn garð.

Við sem höfum fylgst með þessum höfundarréttarmálum og þjóðmálaumræðunni um höfundarrétt og frelsi netverja til að senda á milli sín og varpa fram á netinu og afrita gögn sem vernduð eru af höfundarrétti vitum að þeir aðilar hafa talað fyrir því að draga úr höfundarréttarvernd og leyfa í rauninni nánast, ef ekki alveg, frjálsan flutning á hugverkum á netinu. Þar á ég ekki bara við tónlist eða slíka listsköpun, heldur snýr þetta líka að myndverkum, hugbúnaði og fleiru sem mér hefur skilist að þessir aðilar vilji afnema vernd á. Hv. þingmaður mælist til þess að hlustað verði á þau sjónarmið. Mér finnst alveg rétt að gera það en við verðum að hafa það í huga að höfundarrétturinn er mikilvægur eins og hv. þingmaður benti á. Það má jafna honum við eignarrétt þeirra sem að þessari sköpun standa.

Þess vegna spurði ég hv. þingmann að því, fyrst hann vill hlusta á þessi sjónarmið og fá fram rök þessara aðila, hvort hann sé þeirrar skoðunar að það eigi að slaka á höfundaverndinni sem núgildandi lög kveða á um. Það er ekki síst á tæknisviðinu þar sem taka verður þessi atriði til gagngerrar skoðunar og kanna verulega. Það er þarna sem hættumar felast fyrir höfundarréttarhafa.

[14:21]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Við hv. þingmaður erum sammála um að hlusta beri á allar þær raddir sem upp hafa komið í þessu efni, skoða þann veruleika sem þróun stafrænnar tækni hefur haft í för með sér, athuga hver viðbrögð séu réttilegust og best í því efni. Það auðvitað takmarkar umræðu okkar að Evrópusambandið og hinar EES-þjóðirnar sem við erum í félagi með hafa komist að ákveðinni niðurstöðu í þessum málum en það á ekki að þýða það að við förum orðalaust í kjölfar þeirra, heldur eigum við að skoða sjálfstætt þetta frumvarp. Við eigum að gera það í menntamálanefnd ef þau tilmæli hæstv. ráðherra verða samþykkt að vísa því þangað án tillits til þess hvað menn kunna að hafa gert í öðrum nefndum.

Það er alveg rétt hjá Sigurði Kára Kristjánssyni, hv. þingmanni, og það vita menn, að þetta hefur verið mikið álitamál. Ég held að við eigum að nálgast það mjög varlega og ekki reyna að búa til gildrur handa hvert öðru hér í salnum. Höfundarrétturinn er mikilvægur en það eru líka til sjónarmið sem segja að hinar ýtrustu kröfur sem gerðar eru í hans nafni til þeirrar nýju tækni sem um ræðir kunni að vera ofætlan, kunni að hitta sjálfar sig fyrir að lokum. Það er auðvitað rétt að hlusta á þau sjónarmið en að sjálfsögðu fyrst og fremst með réttindi höfunda í huga og þá mikilsverðu skipan mála sem menn hafa náð fram hér á síðustu öld og ég hygg á ofanverðri þeirri næstsíðustu um þessi mál.

[14:23]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Já, mál það sem liggur á borðum okkar er nokkuð mikið að vöxtum enda fjallar það um afar flókin mál, höfundarrétt og breytingu á höfundalögum. Orðaskipti þeirra þingmanna sem nú þegar hafa tjáð sig um málið gefa auðvitað til kynna hvers er að vænta í menntamálanefnd. Þar komum við til með að þurfa að vega og meta ólíka hagsmuni og þá ekki hvað síst hagsmuni höfundarréttarhafa annars vegar og hagsmuni neytenda hins vegar.

Sjálf er ég þeirrar skoðunar eftir mjög lauslega yfirferð á frumvarpinu að ákvæði þess séu af hinu góða og það segir auðvitað sína sögu hversu langan tíma hefur tekið í Evrópu að koma þessum tilskipunum sem liggja hér að baki áleiðis og í höfn.

Tilskipunin sem verið er að innleiða með þessu frumvarpi er samþykkt í maí 2001. Það kemur fram í greinargerð þessa frumvarps að það hafi tekið nokkuð langan tíma fyrir menn að sættast á þær niðurstöður sem hún hefur að geyma. Sameiginlega EES-nefndin samþykkti tilskipunina með breytingu á ákveðnum viðauka samningsins á fundi sínum 9. júlí og þar með var tilskipunin hluti af EES-samningnum. Þann 10. júlí 2004 er hún þá orðin hluti af EES-samningnum.

Það kemur líka fram í greinargerðinni að Danir innleiddu þá hluti sem hér um ræðir í sín lög fyrir árslok 2002.

Ekki ætla ég að álasa íslenskum stjórnvöldum fyrir það að hér skuli vera nokkur seinagangur á. Ég skil það mætavel því að ég veit að hér er um yfirgripsmikið mál að ræða. Það er ekki óeðlilegt þó að beðið sé eftir niðurstöðum í Evrópu og fyrirmyndum frá öðrum löndum. Ég held að það sé mjög vel að hér hafi verið litið til Dana í þessum efnum. Höfundarréttarlöggjöf okkar hefur kannski fyrst og síðast tekið mið af dönsku löggjöfinni. Hér virðist mér sem litið hafi verið til Danmerkur einu sinni sem oftar.

Það er alveg ljóst að sú samræming sem hér er verið að reyna að koma á er að mörgu leyti takmarkandi. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að lagðar séu „takmarkanir á eftirgerð, dreifingu og notkun hugverka án samþykkis höfunda og annarra rétthafa". Það er líka lagt til að það verði „að hafa undir höndum, þróa og eiga viðskipti með búnað sem hefur þann tilgang einan að komast hjá tæknilegri afritunarvörn". Sömuleiðis er lagt til að „lögaðilum verði ekki heimilt að gera eintök af birtu verki til einkanota, heldur aðeins einstaklingum". Að lokum er lagt til að „úrskurðarnefnd um fjárhæðir þóknana fái að auki það hlutverk að fjalla um tilvik þar sem aðilar sem nota kennsluefni geta ekki nýtt rétt sinn til efnisins án þess að afritunarvörn sé gerð óvirk".

Fjármálaráðuneytið sem hefur gefið umsögn með þessu frumvarpi segir að að öðru óbreyttu komi þetta frumvarp til með að hafa í för með sér „aukin útgjöld vegna þóknana til höfunda og annarra rétthafa efnis". Það er alveg augljóst að þetta mál kemur til með að hafa ákveðnar afleiðingar í för með sér sem gera það að verkum að rétthafar og þá kannski

ekki síst flytjendur efnis og höfundar ýmiss tölvuefnis koma til með að fá aukinn skerf af höfundalaunum sem hefur hingað til verið erfitt fyrir þetta fólk að sækja. Ég sé ekki annað en að hér sé staðinn vörður um réttindi þeirra sem hafa staðið að baki listflutningi og menningarstarfsemi og þeirra sem hafa lagt á sig ómælda vinnu við að semja efni, hvort það er þá í tónlist eða efni sem ætlað er fyrir tölvur.

Auðvitað er þetta allt saman mjög flókið í hinum nýja heimi upplýsingasamfélagsins og margmiðlunarinnar. Vextir þessa frumvarps og tilskipunarinnar gefa það skýrt til kynna.

Eitt langar mig til að nefna við þessa 1. umr. sem kemur til með að verða talsvert verkefni fyrir menntamálanefnd að setja sig inn í, og það er hugtakanotkun. Það kemur fram í fylgiskjali með þessu frumvarpi þar sem fjallað er um helstu ákvæði tilskipunarinnar og samanburð þeirra við gildandi lög að menn hafa lent í erfiðleikum með að samræma tungumálið eða finna réttu leiðirnar að hugtakanotkuninni. Ég er þeirrar skoðunar að þegar ný löggjöf er sett og ný hugtök innleidd sé það mikið vandaverk. Sá vandi hvílir auðvitað á okkur sem í þessum sal störfum að vanda virkilega vel til verka þannig að ég legg til að við leitum umsagna í þessum efnum til fagfólks í íslensku og fáum umtalsverðar upplýsingar hjá þeim sem best til þekkja í þeim efnum um það hvort í frumvarpinu eru lagðar til einföldustu lausnirnar eða viðunandi lausnir í þeim efnum.

Það er alveg ljóst að menntamálanefnd bíður talsvert verkefni í þessum efnum, sama hvernig á það er litið.

Að lokum vil ég nefna það hér að mér sýnist eftir frekar grunna yfirferð, hæstv. forseti, á þessu máli skynsamlegt að setja inn í frumvarpið það bráðabirgðaákvæði sem hér er lagt til. Það lýtur að 50. gr. b og c í höfundalögunum, með öðrum orðum 12. gr. frumvarpsins, en það eru greinar sem fjalla m.a. um tæknilegar ráðstafanir. Þetta eru greinar sem lúta fyrst og síðast að hinni nýju tækni. Það er eðlilegt að sett sé bráðabirgðaákvæði í frumvarpið, tel ég, sem gerir þeim sem starfa eftir þeim tilteknu greinum kleift að aðlaga sig og okkur hér í þessum sal að skoða þá aftur innan tveggja ára hvernig sú löggjöf sem hér er verið að leggja til að sett verði komi til með að arta sig í samfélaginu.

Hæstv. ráðherra talaði um vægi listflutnings og menningarstarfsemi í þjóðarframleiðslu og hlutdeild menningar og listar í allri okkar efnahagsköku. Það er auðvitað einn verulega stór þáttur í þessu máli sem ég geri ráð fyrir að hv. menntamálanefnd komi til með að skoða. Ég treysti því að við fáum nefndarálit frá menntamálanefnd sem kemur til með að leggja áherslu á þann hlut. Hér er jú þegar öllu er á botninn hvolft verið að efla rétt listflytjenda, efla rétt þeirra sem framleiða efni fyrir t.d. tölvudiska eða hina nýju margmiðlunartækni. Ég held að hér sé til staðar mál sem þarf að skoða verulega vel, fá umsagnir mjög víða að því að svo margir koma að þessum málum. Ég sé ekki annað en að hv. menntamálanefnd hafi mikið verk að vinna. Hún er auðvitað fullfær um það og kemur til með að fá gesti og gott fólk til liðs við sig í þessu flókna og viðamikla máli.

[14:31]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Örstutt. Ég þakka hv. þingmönnum öllum fyrir þessa ágætu umræðu og þann áhuga og skilning sem þeir sýna þessum mikilvægu réttindum sem við erum að fjalla um í þessu frumvarpi, þ.e. hugverkaréttindum og höfundarrétti.

Það er rétt og af því eimir eftir í umræðunni að auðvitað togast á ákveðnir hagsmunir. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir kom ágætlega inn á það að það eru að togast á ákveðnir hagsmunir höfundarréttarhafa annars vegar og hins vegar neytenda. Ég veit og geri mér grein fyrir því að þetta mun koma upp meðal gesta hv. menntamálanefndar sem að sjálfsögðu mun fara gaumgæfilega yfir allar þær athugasemdir sem henni berast vegna þessa mikilvæga máls.

Ég held og ætla ekki að gera það öðruvísi en á þann hátt að ég vonast til þess að hv. menntamálanefnd klári engu að síður þetta mál með tilliti til þeirra mikilvægu hagsmuna sem búa þarna að baki. Ég lagði fram þetta frumvarp núna með þá von í brjósti, án þess að segja þinginu fyrir verkum, að þingið gæti klárað þetta. Það er röskt og gott fólk innan hv. menntamálanefndar sem ég veit að vinnur vel eins og kom fram áðan. Ellegar hefðum við þurft að bíða með þetta til haustsins og jafnvel fram á síðari hluta næsta þings því eftir er umfangsmikil vinna sem lýtur að heildarendurskoðuninni á höfundarréttarlögunum. Ég taldi því í ljósi þeirra hagsmuna sem felast í þessu frumvarpi og tilheyra og falla undir tilskipunina rétt að koma með málið eins og það lítur út núna fyrir hinu háa Alþingi.

Að öðru leyti hef ég ekki mikið meira um þetta mál að segja. Benda má á að menn telja að hagsmunir neytenda hafi ekki skinið nægilega skært í þessu frumvarpi. Þó vil ég benda á eitt atriði þar sem verið er að undirstrika þann rétt sem neytendur hafa og tengist ákveðnu máli sem kom upp í Noregi varðandi DVD-Jón eins og hann er víst kallaður.

Ég vek athygli þingheims á því að lögvernd tæknilegra ráðstafana er tengjast þessum áþreifanlegu eintökum nær eingöngu til þess að varna óheimilli eftirgerð þeirra. Hafi eigandi hljóð- eða myndrits, eins og þessi ágæti DVD-Jón í Noregi, eignast það með lögmætum hætti en tæknilegar ráðstafanir varni honum að nýta það þá má hann brjóta upp þessa vörn í þeim tilgangi að nota það í sinni eigin tölvu. Þarna er verið að undirstrika þau réttindi sem neytendur hafa. Ég held að allir hafi fyllsta skilning á þessu.

Hv. menntamálanefnd mun fara vel yfir þetta og ég bíð og vona þess að hún klári það sem fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 438. mál (hugverkaréttindi). — Þskj. 644, nál. 1130.

[14:34]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanríkismálanefndar á þskj. 1130. Þetta er mál 438, tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2004, um breytingu á XVII. viðauka við EES-samninginn, um hugverkaréttindi.

Hæstv. menntamálaráðherra hefur einmitt lagt fram frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum til þess m.a. að innleiða efni þessarar tilskipunar og það mál var á dagskrá þingsins hér áðan og nokkrar umræður urðu um það. Það frumvarp fer að sjálfsögðu til menntamálanefndar.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 110/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á XVII. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundarréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.

Nefndin fékk til fundar við sig þau Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Jón Vilberg Guðjónsson frá menntamálaráðuneyti, Ásmund Jónsson frá Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda, Sverri Jakobsson og Jón Yngva Jóhannsson frá Hagþenki, Ragnheiði Tryggvadóttur frá Rithöfundasambandi Íslands, Knút Bruun frá Myndstefi og Halldór Þ. Birgisson frá Félagi íslenskra bókaútgefenda og Fjölís.

Með innleiðingu tilskipunarinnar í íslensk lög verður m.a. kveðið á um að höfundum og rétthöfum svokallaðra skyldra réttinda, þ.e. listflytjendum, framleiðendum hljóðrita, kvikmyndaframleiðendum og útvarpsfyrirtækjum, skuli tryggður einkaréttur til hvers konar eftirgerðar verka sinna og nánar tiltekins efnis. Einkaréttur höfunda mun þannig einnig ná til afrita í rafrænu formi. Þá mun höfundum einnig tryggður einkaréttur til hvers konar miðlunar og dreifingar með sölu eða á annan hátt til almennings. Rétthöfum skyldra réttinda, svo sem listflytjendum, framleiðendum og útvarpsfyrirtækjum, skal tryggður einkaréttur til að gera nánar tiltekið efni sitt aðgengilegt almenningi. Þá er gert ráð fyrir að styrkja almennt lögvernd þeirra réttinda sem höfundar og rétthafar skyldra réttinda njóta og taka m.a. á brotum sem felast í að farið sé fram hjá afritunarvörnum.

Hæstv. forseti. Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nefndarálit þetta skrifa hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Sigurður Kári Kristjánsson, Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 604. mál (dreifing blóðs og blóðhluta). — Þskj. 903, nál. 1131.

[14:37]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanríkismálanefndar á þskj. 1131. Þetta er mál 604, tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2004, um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn, þ.e. tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/98/EB frá 27. janúar 2003 um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um breytingu á tilskipun 2001/83/EB.

Nefndin fékk til fundar við sig þau Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti og Ingolf J. Petersen, Hólmfríði Einarsdóttur og Einar Magnússon frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Með innleiðingu tilskipunarinnar í íslensk lög verður markaður rammi um blóðbankastarfsemi. Gæði og öryggi blóðs og blóðhluta án tillits til ætlaðrar notkunar verður tryggt enn betur og frekar komið í veg fyrir útbreiðslu smitsjúkdóma við blóðgjöf. Innleiðing hennar krefst lagabreytingar hér á landi. Heilbrigðisráðherra hefur þegar lagt fram lagafrumvarp til að innleiða efni hennar, þ.e. þskj. 981, 649. mál og er það nú til meðferðar í heilbrigðis- og tryggingnefnd Alþingis.

Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að í nefndaráliti hefur misritast númer lagafrumvarps heilbrigðisráðherra sem ég gat um. Það er mál 649 en ekki 694.

Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nefndarálit þetta skrifa hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Sigurður Kári Kristjánsson, Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 605. mál (fjárhagslegar tryggingarráðstafanir). — Þskj. 904, nál. 1132.

[14:40]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanríkismálanefndar á þskj. 1132. Þetta er mál 605, tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-

nefndarinnar nr. 106/2004, um breytingar á XII. viðauka við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2004 frá 9. júlí 2004, um breytingu á XII. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB frá 6. júní 2002 um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Nefndin fékk til fundar við sig þau Finn Þór Birgisson frá utanríkisráðuneyti og Hallgrím Ásgeirsson frá Seðlabanka Íslands.

Með innleiðingu tilskipunarinnar í íslensk lög verða reglur um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir samræmdar en slíkar ráðstafanir felast í tvíhliða samningum um veðsetningu og framsal verðbréfa og reiðufjár til tryggingar fjárhagslegum skuldbindingum. Tilskipunin er liður í aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins frá 11. maí 1999 um þróun fjármálaþjónustu og fjármagnsmarkaða innan Evrópusambandsins og er meginmarkmið hennar að stuðla að opnari og hagkvæmari fjármagnsmörkuðum og stöðugleika fjármálakerfisins.

Innleiðing tilskipunarinnar kallar á lagabreytingar hér á landi og hefur dómsmálaráðherra þegar lagt fram lagafrumvarp þess efnis sem er á þskj. 1015, 667. mál, og er það nú til meðferðar í allsherjarnefnd Alþingis.

Hæstv. forseti. Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nefndarálit þetta skrifa hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Sigurður Kári Kristjánsson, Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskipti, 1. umr.

Stjfrv., 738. mál (fjarskiptaáætlun o.fl.). — Þskj. 1102. [14:42]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 81/2003, um fjarskipti.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til nokkrar breytingar á fjarskiptalögum nr. 81/2003. Helstu markmið breytinganna eru að lögfesta gerð fjarskiptaáætlunar og koma á fót samráðsvettvangi stjórnvalda og hagsmunaaðila um fjarskiptamál, auk ákvæða um geymslu gagna, um fjarskiptaumferð og upplýsingagjöf til lögreglu í þeim tilgangi að auðvelda rannsókn opinberra mála og draga úr hættu á refsiverðri hegðun á fjarskiptanetum.

Hæstv. forseti. Verulegar breytingar hafa átt sér stað í fjarskiptamálum á undanförnum árum hér á landi sem m.a. hafa leitt til afnáms einkaréttar á fjarskiptamarkaði og aukinnar samkeppni og lægra verðs til neytenda. Breytingar á fjarskiptalögum undanfarin ár hafa miðað að þessu. Frá því að einkaleyfisrekstri ríkisins lauk hefur fjöldi nýrra fyrirtækja komið fram og er ákvæðum laganna um fjarskiptaráð ætlað að skapa vettvang fyrir þau til ráðgjafar við stjórnvöld og til að vinna að framgangi fjarskiptamála í landinu.

Með fyrirhugaðri sölu hlutabréfa ríkisins í Landssímanum hættir ríkið afskiptum af rekstri fjarskiptafyrirtækja. Í þessu breytta umhverfi er nauðsynlegt að stjórnvöld setji framtíðarstefnu og meginmarkmið í fjarskipta- og upplýsingatækni fram með skýrum hætti og er það gert með stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004–2007, Auðlindir í allra þágu, og með tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun sem þegar liggur fyrir á hinu háa Alþingi og lagabreytingin gerir ráð fyrir að fest verði í sessi.

Ég mun á næstunni, raunar í dag, mæla fyrir þingsályktunartillögu um stefnu í fjarskiptamálum.

Frumvarp þetta hefur að mestu verið unnið í ráðuneytinu í samráði við Póst- og fjarskiptastofnun auk þess sem leitað var álits og tillagna helstu hagsmunaaðila auk dómsmálaráðuneytis, ríkislögreglustjóra og Persónuverndar.

Hæstv. forseti. Ég mun nú gera ítarlega grein fyrir helstu breytingum sem fyrirhugaðar eru með frumvarpinu.

Í frumvarpinu er í fyrsta lagi gert ráð fyrir gerð fjarskiptaáætlunar á þriggja ára fresti. Hér er um nýmæli að ræða þar sem lagt er til að fyrir Alþingi verði lögð tillaga til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum á næstu sex árum Ég ákvað í upphafi ársins 2004 að hafist yrði handa um gerð fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005–2010 en með henni er í fyrsta sinn mótuð heildstæð stefna stjórnvalda í fjarskiptamálum á Íslandi.

Breytingar í fjarskiptamálum undanfarin ár og samræmdri fjarskiptalöggjöf í Evrópu, sem m.a. hefur leitt til afnáms einkaréttar á fjarskiptamarkaði og aukinnar samkeppni, kallar á aðra nálgun stjórnvalda að þessum málum en hingað til hefur verið. Nauðsynlegt er að stjórnvöld setji stefnu sína í fjarskiptamálum fram með skýrum hætti og er það m.a. gert með þeirri þingsályktunartillögu sem hér verður til umræðu einnig í dag. Tilgangurinn með þeirri stefnumótun í fjarskiptaáætlun er að skilgreina nánar markmið stjórnvalda í fjarskiptamálum til næstu ára þar sem m.a. er tekið tillit til þarfa samfélagsins. Auk þess er með henni leitast við að ná fram víðtæku samstarfi hagsmunaaðila og stjórnvalda um stefnumótun á þessu sviði. Með samræmdri stefnumótun er m.a. leitast við að auka samkeppnishæfni Íslands, stuðla að framþróun atvinnulífsins, ná fram hagkvæmri nýtingu fjármagns og samræmdri forgangsröðun verkefna á þessum sviðum

Í frumvarpinu er í annan stað gert ráð fyrir því nýmæli að skipað verði sérstakt fjarskiptaráð, en með því er leitast við að koma á sérstökum vettvangi hagsmunaaðila sem verður ráðgefandi fyrir ráðherra við stefnumótun í fjarskiptamálum. Fjarskiptaráð verður jafnframt vettvangur fyrir almenn skoðanaskipti um fjarskiptamálefni fyrir hagsmunaaðila á þessu sviði, enda sitji í því aðilar með víðtæka sérþekkingu á sviðinu. Ýmis fordæmi eru fyrir slíkum samráðsvettvangi á sviði samgöngumála, t.d. siglingaráð og hafnaráð, og fer ekki á milli mála að mjög góð reynsla er af þeirri tilhögun í þeim málaflokkum.

Í þriðja lagi vil ég nefna að í frumvarpinu er kveðið nánar á um skyldur fjarskiptafyrirtækja varðandi hlerunarbúnað en um þær virðist hafa ríkt nokkur óvissa. Kveðið er á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að setja upp hlerunarbúnað í

gildandi reglum Póst- og fjarskiptastofnunar. Fjarskiptafyrirtæki sem ekki hafa fjárfest í búnaði hafa borið það fyrir sig að ekki sé að finna næga stoð í lögum til þess að leggja slíkar skyldur á fyrirtækin. Eðlilegt þykir að fyrirtækin sjálf standi straum af því að byggja upp net sín á þann hátt að þessi aðgangur sé mögulegur. Því er hér lagt til að sett verði ákvæði sem kveði skýrar á um skyldur fjarskiptafyrirtækja í þessum efnum og að allur vafi verði tekinn af um ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra á fjármögnun búnaðar til hlerunar og annarrar gagnaöflunar. Jafnframt þykir rétt, til þess að koma í veg fyrir að þessi skylda verði hindrun í aðgangi að fjarskiptamarkaðnum, að kveða á um að fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild skuli veita öðrum fyrirtækjum aðgang að hlerunarbúnaði ef eftir því er leitað gegn gjaldi.

Í fjórða lagi vil ég nefna að í frumvarpinu er nýtt ákvæði um mat á rétti til greiðslu vegna alþjónustu. Með þessari breytingu er verið að skýra frekar reglur um mat á því hvort markaðsráðandi fyrirtæki eigi rétt á greiðslu úr alþjónustusjóði vegna alþjónustuskyldunnar. Sérstaklega á að skoða hvort byrðin af því að veita þjónustu sé ósanngjörn, það er gert ráð fyrir því að hún geti verið nokkur en að hún megi ekki verða ósanngjörn. Því er kveðið á um að við mat á þessari byrði skuli taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna, þ.e. að einnig verði tekið mið af óefnislegum gæðum eins og viðskiptavild fyrirtækis sem veitir alþjónustu. Annars staðar í Evrópu hefur þessi byrði mátt nema allt að 2% af veltu fyrirtækja með alþjónustuskyldu.

Í fimmta lagi er í frumvarpinu lagt til nýtt ákvæði um reiki og vil ég vekja sérstaka athygli á því. Með þessu ákvæði er kveðið á um tveggja ára biðtíma frá því að farsímastöð er sett upp þar til Póst- og fjarskiptastofnun getur kveðið á um skyldu til samninga um reiki.

Tilgangur reikiákvæðisins í upphafi var að tryggja að unnt væri að koma á virkri samkeppni í farsímaþjónustu á öllu landinu, sem hefur tekist að mínu mati. Landssíminn er nú með 65% en samkeppnisaðilar eru með 35%. Nokkuð skortir þó á að tekist hafi að byggja upp landsþekjandi GSM-farsímanet með fullnægjandi hætti. Þau svæði þar sem GSM-farsímasamband næst ekki eru öll utan þéttbýlis þar sem arðsemin af slíkri framkvæmd er minni. Með þessu ákvæði er leitast við að hvetja fjarskiptafyrirtækin til að byggja upp fjarskiptanet sín og draga úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum skyldusamninga til reikis. Þetta er gert með tveggja ára aðlögun eða forskoti þess fjarskiptafyrirtækis sem tilbúið er til að leggja í uppbyggingarkostnað til útbreiðslu á GSM-farskiptaneti sínu. Þetta skiptir afskaplega miklu máli þegar litið er til þeirrar hörðu kröfu sem er gagnvart fjarskiptafyrirtækjunum um að auka dreifingu í GSM-netinu.

Í sjötta lagi nefni ég skyldu til varðveislu lágmarksskráningar gagna um fjarskiptaumferð. Sú breyting sem lögð er til með nýrri 3. mgr. 42. greinar miðar að því að veita lögreglu og ákæruvaldi nægjanlegt svigrúm til að upplýsa brot með því að tryggja tilvist gagna um fjarskiptaumferð. Breytingin sem hér er lögð til rúmast innan 15. gr. persónuverndartilskipunar ESB um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta. Benda má á að nokkur ríki í Evrópu kveða á um lengri geymslutíma og að nokkur ríki innan ESB hafa þegar lagt fram tillögu í ráðherraráði ESB um að umferðargögn séu varðveitt í 12–36 mánuði.

Með ákvæðinu sem hér er fjallað um er kveðið á um að gögn um fjarskiptaumferð, þ.e. gögn sem tryggja að fjarskiptafyrirtæki geti upplýst hver af viðskiptavinum þess var notandi tiltekins símanúmers, IP-tölu eða notandanafns, auk þess að upplýsa um þær tengingar sem notandinn hefur gert, tímasetningar þeirra, tímalengd, hverjum var tengst og um magn gagnaflutninga, verði varðveitt í eitt ár. Gert er ráð fyrir að þessum gögnum verði safnað og þau varðveitt með þeim búnaði sem þegar er til staðar vegna annarrar vinnslu fyrirtækjanna auk nauðsynlegs geymslurýmis. Ekki er gert ráð fyrir að fjárfest sé í tækjabúnaði til að aðgreina þessi gögn sérstaklega. Þá gera breytingarnar á greininni ráð fyrir að umferðargögnum sé eytt að ári liðnu auk þess sem fjarskiptafyrirtækjum beri að setja sér verklagsreglur um eyðingu gagna í samræmi við tilmæli Persónuverndar.

Í sjöunda lagi vil ég nefna skráningu frelsiskorta. Breytingin sem hér er til umfjöllunar er nýmæli og miðar að því að gera fjarskiptafyrirtækjum skylt, ég endurtek skylt, að halda skrá yfir alla notendur símanúmera í símkerfum sínum, bæði í fastlínu og farsímum, þar með talið svokölluðu farsímafrelsi. Þessi breyting, sem fram er komin að ósk ríkislögreglustjóra, miðar að því að auðvelda rannsóknir lögreglu þegar frelsissímar eru notaðir til refsilagabrota, en með óskráðum númerum er mögulegt að stunda refsiverða hegðun í skjóli nafnleyndar. Þá eru vandkvæði þessu samfara tengd hlustun lögreglu á símtölum, einkum í tengslum við rannsóknir fíkniefnabrota. Óskráð númer eru oft skálkaskjól til afbrota og með breytingunni er reynt að sporna við því.

Það getur hugsanlega verið á brattann að sækja í þessum efnum því að verulegur fjöldi frelsiskorta er í gangi, þ.e. yfir 100 þúsund kort, og ekki er víst að hægt verði að koma í veg fyrir að erlend frelsiskort komist í umferð hér. Ég tel rétt að vekja athygli á að bæði stóru fjarskiptafélögin telja að þau markmið sem að er stefnt með þessu ákvæði náist ekki, m.a. vegna fjölda óskráðra frelsisnúmera sem nú eru í umferð og vegna erlendra óskráðra frelsiskorta sem í framtíðinni verður hægt að nota hér. Nauðsynlegt er að vekja athygli á þessu því að sjálfsögðu hefur verið og verður væntanlega nokkur umræða um þessi ákvæði sem eru komin inn í frumvarpið, eins og fyrr er getið um, að ósk ríkislögreglustjóra af rannsóknarhagsmunum.

Í áttunda lagi vil ég nefna heimild lögreglu til að fá upplýsingar um hver sé eigandi símanúmers og/eða eigandi og notandi vistfangs. Með ákvæðinu, sem er nýmæli, er gert ráð fyrir heimild til handa lögreglu til að afla upplýsinga án úrskurðar dómara um eiganda ákveðins símanúmers og notanda IP-talna með formlegri beiðni þar um. Heimildin nær ekki til aðgangs að upplýsingum um innihald fjarskiptanna eða aðrar tengingar, til þess þarf áfram sérstaka heimild dómstóla sem nauðsynlegt er að undirstrika.

Hér er fyrst og fremst verið að auðvelda lögreglu öflun upplýsinga um eigendur eða notendur númera að því marki sem þeir eru þekktir en ekki aðgang að gögnum um fjarskiptaumferð. Fram að þessu hefur lögregla þurft atbeina dómstóla til þess sem oft er tafsamt og óskilvirkt með því álagi sem því fylgir fyrir réttarkerfið.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgöngunefndar til frekari meðferðar.

[14:57]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra mælti hér fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um fjarskipti. Það eru nokkur atriði sem ég vildi inna hann frekar eftir strax í upphafi.

Í fyrsta lagi þar sem verið er að tala um jöfnunargreiðslur og kröfu vegna alþjónustu þá langar mig til að spyrja hverjar hafa greiðslur verið síðastliðin ár vegna svokallaðra jöfnunargjalda skv. 22. gr. og hver hafa verið framlög til fyrirtækja til að standa undir alþjónustukvöðum? Ég sé í greininni þar sem fjallað er um þetta að þar er talað um að nauðsynlegt sé að kveða nánar á um þessi mál. Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins er sagt, með leyfi forseta:

„Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 137/2004, um beitingu álags vegna vanefnda á greiðslu jöfnunargjalds skv. 5. mgr. 22. gr. fjarskiptalaga, er ekki talin nægjanleg heimild í lögunum til að krefja greiðanda um álag vegna vanefnda á greiðslu gjaldsins."

Það væri fróðlegt að vita hvaða gjöld hér er um að ræða. Hvað hefur verið gerð krafa um og hvað hefur innheimst og hvað hefur runnið til þess að standa undir þessum alþjónustukvöðum?

Þá er hér líka grein sem lýtur að hugtakabreytingu þar sem verið er að breyta hugtakinu „umtalsverð markaðshlutdeild" í „umtalsverðan markaðsstyrk" fyrirtækja á fjarskiptamarkaði. Ég hefði gjarnan viljað heyra hæstv. ráðherra skýra nánar hvað þarna er átt við og hvernig það samræmist öðrum slíkum hugtökum á samkeppnismarkaði og í samkeppniseftirliti.

[15:00]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki hefur enn komið til þess að hér myndaðist öflugur eða stór alþjónustusjóður. Þetta hefur fyrst og fremst snúist um það að Landssíminn hefur að sjálfsögðu sinnt þessari alþjónustuskyldu en í framtíðinni getur farið svo að það verði meira umfang í þessum efnum. Ég hef ekki þær tölur sem hér er um að ræða, enda er varla til þess komið eins og ég sagði að nýta þessar heimildir svo nokkru nemi.

Aðeins varðandi þetta mat á markaðshlutdeildinni, það er verið að endurskilgreina þessa hugmyndafræði og hugtökin. Veruleg vinna er í gangi núna að svokallaðri markaðsgreiningu og verið að meta styrk þessara fyrirtækja og aðstöðu. Ég tel að sú breyting sem hér er lögð til sé líkleg til að gera þessa hluti skýrari og verði til þess að auðvelda Póst- og fjarskiptastofnun að taka á þeim kærumálum og úrlausnarefnum sem til stofnunarinnar koma vegna mats á markaðshlutdeild. Það væri mjög nauðsynlegt og í rauninni mikilvægt fyrir hv. samgöngunefnd að fara rækilega yfir þessa þætti til að skynja þau marghátturðu viðfangsefni sem Póst- og fjarskiptastofnun getur þurft að standa frammi fyrir hvað þetta varðar.

[15:02]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skil áhyggjur hæstv. ráðherra af skilgreiningunum á „markaðsráðandi" og „umtalsverðri markaðshlutdeild". Svo kemur nýtt hugtak, „umtalsverður markaðsstyrkur". Mér finnst mjög mikilvægt að þessi hugtök séu skýrð og að það sé nokkuð samræmt í þessu viðskiptaumhverfi hvað við er átt þannig að ég varpa því hér inn og spyr hæstv. ráðherra: Eru þær breytingar sem hér er verið að leggja til á hugtökum eitthvað samræmdar? Ég tel að það eigi að vera samræmi á hugtökum hvað þetta varðar.

Varðandi greiðslu jöfnunargjaldsins var ég að vísa til greinargerðar með frumvarpinu þar sem talað var um úrskurð yfirskattanefndar um beitingu álags vegna vanefnda á greiðslu jöfnunargjalds. Þetta mál virðist hafa farið það langt að það hefur lent í úrskurði hjá yfirskattanefnd. Þess vegna spyr ég: Hvernig hefur framkvæmdin verið til þessa með innheimtu á jöfnunargjaldi og greiðslu vegna alþjónustu?

Auk þess hefði ég viljað spyrja hæstv. ráðherra um þann ágreining sem hefur komið upp milli Persónuverndar og ráðuneytisins varðandi mörg ákvæði þessa frumvarps sem lúta að hleruninni. Mun ég koma að því í ræðu minni. Mér finnst reyndar þessi hlerunarkafli óhuggulegur. Manni finnst maður vera staddur í einhverjum sögum, jafnvel allt að því skáldsögum eins og frá Stasi-tímanum í Austur-Þýskalandi (Forseti hringir.) án þess að ég þekki til þess persónulega. (Forseti hringir.) Þessi hlerunarárátta, frú forseti, er alvarlegt mál.

[15:04]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem er náttúrlega alvarlegt eru ástæðurnar fyrir því að það skuli þurfa að hlera en ekki viðbrögð samfélagsins við afbrotum. Ég tel að það sé afar mikilvægt fyrir hv. þingmenn að fjalla um þetta út frá því sjónarhorni.

Aðeins út af innheimtu jöfnunargjalds vegna alþjónustunnar. Ég hafði of knappan tíma áðan til að nefna það en nú þegar hefur verið innheimt alþjónustugjald vegna Neyðarlínunnar. Símafyrirtækin eiga öll að greiða tiltekið hlutfall af veltu sinni vegna þeirrar mikilvægu þjónustu sem Neyðarlínan sinnir. Ef símafyrirtækin skila þessu ekki er innheimt með þeim ráðum sem eðlileg eru. Ég veit reyndar ekki nákvæmlega um það en með tilvísun til þess sem hv. þingmaður sagði virðist hafa þurft úrskurði skattyfirvalda til að ná því að innheimta þessi gjöld. Um það hef ég ekki frekari upplýsingar en aðalatriðið er að regluverkið sé skýrt. Út á það gengur sú breyting á fjarskiptalögunum sem við erum að fjalla um núna að hafa þessa hluti skýra og klára.

[15:06]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætlaði einmitt að halda áfram og spyrja hæstv. samgönguráðherra út í hlerunarárátuna. Það kemur fram í 7. gr. frumvarpsins að um er að ræða lágmarksskráningu, þetta sé algert lágmark þannig að e.t.v. er ætlunin að gera eitthvað að hámarki. Í þessu lágmarki sem á að skrá

eru víðtækar upplýsingar, m.a. öll tölvunotkun einstaklings, allar tengingar notandans, tímasetningar, tímalengd, hverjum hann tengist og hvaða gögn hann er að sækja. Mér finnst þetta vera svolítið sérstætt.

Hæstv. ráðherra kom inn á athyglisverðan punkt, þann að það væru ástæður fyrir þessu. Mér finnst kominn tími til að hæstv. ráðherra geri grein fyrir ástæðunum þannig að þær liggi ljósar fyrir áður en frumvarpið verður samþykkt. Mér finnst það vera lágmarkið. Þessi lágmarksskráning er mjög víðtæk og maður veltir fyrir sér hvað eigi að ganga langt.

[15:08]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Að gefnu tilefni vil ég undirstrika alveg sérstaklega að allt sem snýr að hlerun eða upplýsingagjöf um fjarskiptanotkun verður að sjálfsögðu að vera í miklu lágmarki og ekki framkvæmt nema mjög brýn ástæða þyki fyrir hlerun. Út á það gengur þetta allt saman.

Ég endurtek það sem ég kom að fyrr, það er ekki gengið til þess að hlera símtöl nema að undangengnum dómsúrskurði. Það er vegna gruns um refsiverða háttsemi með hjálp fjarskiptanna. Ég tel afar mikilvægt að gæta hófs í þessu öllu saman og ég treysti að sjálfsögðu dómstólum til að meðhöndla þau mál þannig að alls hófs sé gætt. Fjarskiptalöggjöfin þarf hins vegar að tryggja eðlilegan aðgang að þessu. Það er það sem verið er að gera með þeim breytingum á fjarskiptalögunum sem ég hef mælt fyrir.

[15:09]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var ekki miklu nær um ástæður þess að svona víðtæk heimild þurfi að vera í lögum. Mér finnst miður að það liggi ekki ljóst fyrir áður en frumvarpið kemur til umræðu. Ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því að í umræðunni er ætíð verið að minnast á það, a.m.k. annað veifið, að tölvur og tölvutengingar og fjölmiðlar séu að renna saman. Menn fá þá upplýsingar sem hægt er að geyma langan tíma, t.d. um það á hvað fólk er að horfa, um tómstundir og eitt og annað. Mér finnst umhugsunarefni hvort menn eigi ekki að ræða þessar brýnu ástæður og koma með þær hingað. Hvað ef við værum t.d. að ræða um það að fá upplýsingar um þær bækur sem fólk fær lánaðar á bókasöfnum, það sé hægt að geyma það 1–2 ár fram í tímann? Þetta er svona svipað mál og við erum að fara yfir.

Það sem ég ætlaði að spyrja um í seinna andsvari varðar kostnaðinn. Mörg íslensk fjarskiptafyrirtæki eru ekkert mjög stór. Þessi kostnaður hlýtur að liggja ljós fyrir hjá ráðuneytinu áður en það fer að leggja kvaðir á fyrirtæki í landinu. Um hvaða kostnað er að ræða fyrir minni fyrirtæki sem eru að hasla sér völl? Það er fjarstæða sem fram hefur komið að það eigi að leysa málið með því að markaðsráðandi fyrirtæki taki að sér hlerun fyrir yfirvöld í viðkomandi litlum fyrirtækjum vegna þess að þá væri í rauninni verið að gefa markaðsráðandi fyrirtæki beinan aðgang að öllum rekstri fyrirtækisins. Það er barnaskapur að ætla sér að fara í þá hluti. Þess vegna hljóta yfirvöld að vera eitthvað búin að velta fyrir sér hver kostnaðurinn sé við að koma þessum búnaði upp.

[15:12]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það ber að undirstrika mjög rækilega að geymsla gagna er til að nýta þau ef dómsúrskurður kveður á um að svo sé heimilt og leyfilegt. Það er ekki þannig að það sé frjáls aðgangur að þessum gögnum eins og mátti ráða af ræðu hv. þingmanns.

Hvers vegna er þetta gert? Það er vegna þess að lögreglan hefur komist að þeirri niðurstöðu að GSM-símarnir séu notaðir til að skýla sér á bak við við ýmiss konar ólöglegar aðgerðir, sölu á fíkniefnum, alls konar dónasendingar til einstaklinga um GSM-símakerfin o.fl. Það er ekki að ástæðulausu sem ríkislögreglustjóri óskar sérstaklega eftir þessu en við, löggjafinn, verðum að gæta þess að það sé öryggi af þessu öllu saman og að hófs sé gætt. Það er algert grundvallaratriði.

Að sjálfsögðu liggur fyrir að það verður nokkur kostnaður fyrir símafyrirtækin. Við reynum að gera þetta eins hagkvæmt og kostur er með því að setja það skilyrði að markaðsráðandi fyrirtæki þurfi að vera tilbúið til að veita þessa þjónustu þannig að litlu fjarskiptafyrirtækin þurfi ekki að fjárfesta. Það er þá gegn tilteknu hóflegu gjaldi fyrir þá aðstöðu.

Ég held að það sé nauðsynlegt að hv. þingmenn geri sér grein fyrir þeim vandamálum sem fylgja notkun fjarskiptakerfanna og hefur leitt til þess að það er auðveldara fyrir lögbrjóta að athafna sig með því að nota GSM-símakerfið. Ég held að það hljóti að vera sameiginlegur vilji okkar þingmanna (Forseti hringir.) að auðvelda lögreglunni starf sitt til að vinna gegn lögbrotum með hjálp fjarskiptakerfanna.

[15:14]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Frú forseti. Eins og hæstv. samgönguráðherra rakti í framsögu sinni er komið nokkuð víða við í þessu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjarskipti. Um langflest ákvæði þess ætla ég ekki að hafa mörg orð, a.m.k. ekki í 1. umr. Eitt ákvæðið fjallar um gerð fjarskiptaáætlunar sem ég sé ekki annað en að sé mjög æskileg breyting, þ.e. að stjórnvöld geri áætlun til lengri tíma um þessi mál eins og tíðkast svo víða annars staðar í auknum mæli, sem betur fer. Hér er komið inn á skipun fjarskiptaráðs. Hér er komið inn á ákvæði um vernd fjarskiptastrengja í sjó, ákvæði um álagningu og innheimtu álags á jöfnunarsjóðsgjald, ákvæði um mat á rétti til greiðslu vegna alþjónustu, kröfur um skráningu eigenda síma og síðan ýmis ákvæði, m.a. ótímabundin leyfi vegna þráðlauss sendibúnaðar o.fl.

Um það sem ég hef talið upp ætla ég ekki að hafa mörg orð við þessa umræðu. Ég staldraði reyndar svolítið við fjarskiptaráðið og skipan þess. Ákvæðið í 1. gr. um skipan fjarskiptaráðs virkaði svolítið einkennilega á mig. Þar er talað um að samgönguráðherra skipi tvo fulltrúa í fjarskiptaráð án tilnefningar og skuli annar vera formaður en hinn varaformaður. Aðra fulltrúa úr ráðinu skipar ráðherra úr hópi helstu hagsmunaaðila eftir tilnefningu í samræmi við reglur sem hann setur þar um.

Mér finnst í fyrsta lagi þetta ákvæði svolítið óskýrt og opið og löggjafinn vera þarna í raun að skrifa undir nánast

óútfyllta ávísun um skipan þessa ráðs. Ég held að við ættum að skoða það í hv. samgöngunefnd hvort ekki sé hægt að kveða nánar á um skipan ráðsins heldur en þarna er gert. Það er ekkert talað um það hversu margir þeir eiga að vera og maður getur líka velt því fyrir sér hverjir séu helstu hagsmunaaðilar. Eru ekki neytendur á meðal þeirra. Mér þætti eðlilegra að það yrði tiltekið aðeins nánar í þessu ákvæði hvernig þetta ráð ætti að vera skipað. En við skipan ráðsins að öðru leyti og tilganginn með því geri ég ekki athugasemdir og held að það sé bara hið besta mál.

Það eru fyrst og síðast ákvæðin um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita lögreglu upplýsingar og til að fjárfesta í hlerunarbúnaði sem ég geri alvarlegar athugasemdir við og hins vegar skyldu til varðveislu lágmarksskráningar gagna um fjarskiptaumferð í eitt ár sem var komið lítillega inn á áðan í andsvörum. Það er með öðrum orðum einkum 2. gr. frumvarpsins og sú 7. sem ég ætla að gera að umtalsefni við 1. umr.

Í 2. gr. segir að fjarskiptafyrirtæki skuli án endurgjalds tryggja þar til bærum yfirvöldum aðgang að búnaði til hlerunar símtala og annarrar löglegrar gagnaöflunar í fjarskiptanetum sínum eða fjarskiptaþjónustu. Hæstv. ráðherra hefur farið hér yfir það hver sé hugsunin á bak við þetta ákvæði. Við þekkjum þessa umræðu líka m.a. í tengslum við frumvarp sem var til umræðu á þinginu nú nýverið. Ég man ekki hvort það var fyrir áramótin eða hvort það er lengra síðan. En það var alla vega fyrir skömmu síðan sem við ræddum frumvarp sem kom fyrir allsherjarnefnd og frumvarp frá hæstv. dómsmálaráðherra um svipuð atriði. Þar var farið yfir það hvers vegna það væri nauðsynlegt lögreglu að hafa aðgang að svona búnaði. Í sjálfu sér skilur maður alveg rökin fyrir því þó ég telji eitt atriði gríðarlega mikilvægt að þegar verið er að gera svona breytingar því eins og hæstv. ráðherra sagði áðan þá er það hv. Alþingis, þá er það okkar að tryggja að farið sé mjög ítarlega að öllum reglum um persónuvernd í svona málum. Ríkislögreglustjóri vill að sjálfsögðu fá sem opnastar og víðastar heimildir til að rannsaka sín mál. Það er eðlilegt. En það er okkar að tryggja að ekki sé farið út fyrir mörkin í þessum efnum.

Ég tók líka eftir því, a.m.k. ef marka má frétt í Fréttablaðinu nú nýverið, að þar kom fram að Persónuvernd hafi skrifað samgönguráðuneytinu og óskað eftir frumvarpi um breytingar á þessum fjarskiptalögum sem hefur verið lagt fyrir ríkisstjórn. En frumvarpið var ekki sent Persónuvernd til umsagnar, aðeins kynnt munnlega á fundi með stjórnendum stofnunarinnar, segir í þessari umræddu frétt. En í athugasemdum með frumvarpinu sem við ræðum hér segir að frumvarpið hafi veri unnið í samráði við Póst- og fjarskiptastofnun auk þess sem það hefur verið sent til umsagnar helstu hagsmunaaðila og Persónuverndar. Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvort sé réttara. Var frumvarpið sent til umsagnar Persónuverndar eða var það einungis kynnt munnlega fyrir þeim sem hafa með þau mál að gera? Mér finnst mikill munur vera þar á þegar við erum að tala um jafnviðkvæm málefni og við erum að ræða hér. Þetta verður að vera algerlega skýrt. Ég tel reyndar eðlilegt að þetta frumvarp hefði verið unnið í samráði við Persónuvernd ekki síður en það hefur verið unnið í samræmi við Póst- og fjarskiptastofnun vegna þess að það viðkvæma í þessu máli er það sem snýr fyrst og síðast að Persónuverndinni.

Það er ekki aðeins þessi skylda fjarskiptafyrirtækjanna til að tryggja aðgang að búnaði til hlerunar sem er athugasemdaverð heldur ekki síður það að verið er að skylda þessi fyrirtæki til að fjárfesta í slíkum búnaði eða til að tryggja yfirvöldum aðgang að honum. Ég velti því fyrir mér af hverju í ósköpunum sú skylda sé lögð á hendur fjarskiptafyrirtækja. Er raunhæft, virðulegi forseti, að leggja slíka skyldu á hendur litlum fyrirtækjum sem eru að hasla sér völl á þessum viðkvæma markaði? Eins og við vitum hefur það reynst mörgum ansi erfitt og ekki hafa öll fyrirtæki sem það hafa reynt náð að blómstra, því miður, á þeim markaði. Er raunhæft að leggja slíka skyldu á hendur fjarskiptafyrirtækjunum sjálfum? Er ekki nóg að kveða á um að þeim sé skylt að veita aðgang en ekki að þeim sé skylt að tryggja búnaðinn? Af hverju í ósköpunum er þessi búnaður ekki í eigu þar til bærra yfirvalda frekar en að verið sé að tryggja að símafyrirtækin sem slík veiti þennan búnað

Fram hafa komið athugasemdir um þetta frumvarp til okkar þingmanna og ég heyri að í síðasta máli var vitnað í umsagnir félags sem kallar sig Netfrelsi. Þeir hafa líka sent okkur athugasemdir um þetta tiltekna frumvarp. Nú þekki ég ekki til þessa félagsskapar að öðru leyti en því að þeir segja í umsögn sinni að hann sé vettvangur netverja sem vilji tryggja frjálsa umræðu á netinu. Eins og ég segi þá þekki ég ekki mjög til þessa félagsskapar. En ég er að mörgu leyti sammála ýmsum athugasemdum sem koma fram í umsögn þeirra. Þeir mótmæla harðlega öllum fyrirætlunum um að leggja þá byrði á herðar fjarskiptafyrirtækja að útvega hlerunarbúnað því af þessu muni hljótast umtalsverður kostnaður sem mun lenda á viðskiptavinum fyrirtækjanna og ganga þvert á þau sjónarmið að lækka fjarskiptakostnað heimila í landinu. Eðlilegt er að fjarskiptafyrirtæki séu skyldug til að búa svo að fjarskiptanetum sínum að lögreglu sé fært að hlera á þeim netum en búnaður til slíks ætti að vera í eigu yfirvalda, segja þeir um þessi atriði.

Það er fullyrt í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins að eðlilegt þyki að fyrirtækin sjálf standi straum af því að byggja upp net sín á þann hátt að þessi aðgangur sé mögulegur og því er lagt til að sett verði ákvæði sem kveði skýrar á um skyldu fjarskiptafyrirtækja í þessum efnum og allur vafi verði tekinn af um ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra um fjármögnun á búnaði til hlerunar og annarrar gagnaöflunar. Ég set stórt spurningarmerki, virðulegi forseti, við að þetta sé eðlilegt. Ég er ansi hrædd um að þetta sé nokkuð sem við þurfum að taka ítarlega umræðu um í hv. samgöngunefnd, þ.e. hvort eðlilegt sé að leggja þessa skyldu á herðar fjarskiptafyrirtækjunum.

Ég vildi koma lítillega inn á 7. gr. frumvarpsins líka í mínu máli. Þar er verið að gera breytingu á 42. gr. fjarskiptalaganna. Það var komið inn á það áðan í umræðunni að þar er kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki skuli í þágu rannsókna opinberra mála og almannaöryggis varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notenda í eitt ár. Lágmarksskráningin skal tryggja að fjarskiptafyrirtæki geti upplýst hver af viðskiptavinum þess var notandi tiltekins símanúmers, IP-tölu eða notandanafns, jafnframt

því að upplýsa um allar tengingar sem notandinn hefur gert, tímasetningar þeirra, tímalengd, hverjum var tengst, magn gagnaflutnings hvort sem er til eða frá viðkomandi notanda. Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja vörslu framangreindra gagna og er óheimilt að nota eða afhenda umræddar upplýsingar öðrum en lögreglu eða ákæruvaldi í samræmi við ákvæði 3. mgr. 47. gr. og væntanlega þá að undangengnum dómsúrskurði eins og hæstv. ráðherra rakti áðan. Eyða ber umferðargögnunum að þessum tíma liðnum enda sé ekki þörf fyrir þau á grundvelli 2. mgr.

Virðulegi forseti. Þarna er eigi að síður, þrátt fyrir að aðgangur að þessum gögnum eigi ekki að vera heimill nema að undangengnum dómsúrskurði, verið að safna þarna gríðarlegu magni persónuupplýsinga og við það set ég spurningarmerki. Ef við tökum til samanburðar mál sem var hér til umræðu og kom fyrir allsherjarnefnd þá minnir mig að við höfum afgreitt það mál þannig frá allsherjarnefnd og frá þinginu að lokum að heimilt væri að kveða á um hlerun ef hún tengdist tilteknum einstaklingi, að ekki væri heimilt að kveða bara á um hlerun eins og opna heimild. En í þessu fyrirkomulagi, virðulegi forseti, er verið að safna gríðarlegu magni persónuupplýsinga. Maður veltir líka fyrir sér hver hafi þá skyldu að eyða þessum gögnum, hver tryggi að þeim sé eytt að einu ári liðnu o.s.frv. Aftur komum við að þessu mikilvæga atriði sem snýr að Persónuvernd sem hefur með að gera nákvæmlega mál eins og þessi og á að tryggja að eftir tilteknum reglum sé farið. Ég sakna þess að sjá ekki skýrt orðað í frumvarpinu um að Persónuvernd hafi fallist á að þetta megi gera með þessum hætti. Ég hef a.m.k. um það miklar efasemdir, virðulegi forseti, og ef maður skoðar líka umsögn Netfrelsis sem aftur gerir miklar athugasemdir við þessa grein þá segja þeir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Með tillögu þessari að breytingum á 42. gr. fjarskiptalaga er hart vegið að friðhelgi einkalífsins og er Netfrelsi einstaklega mótfallið fyrirhuguðum breytingum. Um er að ræða varðveislu gagna sem ein og sér geta í besta falli verið leiðbeinandi við rannsókn máls. Tilskipun ESB nr. 2002/58/EB“ — sem vísað er í í frumvarpinu að krefjist þessara breytinga — „snýst að mestu leyti um að auka vernd einkalífsins og er því í hæsta máta undarlegt að einu valkostar ákvæði tilskipunarinnar sem áhugi er fyrir að leiða í lög að þessu sinni séu þau ákvæði sem ganga hvað harðast gegn tilgangi hennar. Að gefnu tilefni skal bent á að fyrirhugaðar breytingar myndu hafa í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir fjarskiptafyrirtæki sem á endanum kemur úr vasa neytenda auk þess sem óæskilegt væri að samþykkja breytingar sem þessar án þess að fyrir liggi reglur um varðveislu gagnanna, aðgang að þeim og eyðingu.“ — Undir þetta vil ég sérstaklega taka.— „Í athugasemdum kemur fram að nota megi „búnað sem er nú þegar til staðar,“ en það er fjarri lagi að flest fjarskiptafyrirtæki haldi þessar upplýsingar nú þegar og því munu mörg þeirra þurfa að fjárfesta í búnaði til að standast þessar kröfur.“

Þetta fullyrða þeir í sinni umsögn. Ég hef svo sem ekki gert könnun á því hvað er til í þessu. En ef svo er, virðulegi forseti, þá hljómar þessi skylda afar einkennilega.

Þeir fullyrða líka í umsögn sinni að tilskipun Evrópusambandsins krefjist ekki setningar umræddra lagaákvæða. Ég vil kannski inna sérstaklega eftir því, virðulegi forseti. Er það svo að tilskipunin krefjist innleiðingar þessara lagaákvæða eða erum við að fara lengra en okkur er skylt samkvæmt þessari tilskipun?

Þeir benda líka á að einfalt sé að fela slóðir sínar á netinu og í símkerfinu og að fyrirhuguð breyting mundi einnig leggja þær byrðar á einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir að stunda sambærilega gagnaöflun til verndar sér. Þeir benda á að hægt sé að áframsenda tengingar á netinu í gegnum óteljandi tölvur og einfalt er að áframsenda símtöl gegnum mörg símkerfi. Búast má við aukinni notkun slíkra úrræða sem og auknu framboði slíkrar þjónustu innan lands sem utan væri ákvæði frumvarpsins fært í lög og rannsóknir því torveldaðar. Þetta draga þeir fram í umsögn Netfrelsis.

Virðulegi forseti. Ég held að ýmislegt, einkum það sem snýr að þessum tveimur ákvæðum frumvarpsins, 2. og 7. gr., þurfi að skoða rækilega og skoða betur og það er reynsla mín af því þegar Alþingi hefur verið að fjalla um persónuupplýsingar og meðferð þeirra að þá þarf að stíga mjög varlega til jarðar. Það er í mínum huga lykilatriði að í slíkum málum sé Persónuvernd höfð með í ráðum. Það er hennar hlutverk og til þess er hún til. Ég held að hv. samgöngunefnd þurfi þegar þetta mál kemur þangað til umfjöllunar að skoða ítarlega hvað sé til í því að þarna sé gengið í fyrsta lagi lengra en þörf krefur og hvort við séum að fara út á ystu nöf hvað persónuvernd varðar.

Virðulegi forseti. Ég vil í lokin ítreka spurningar mínar til ráðherra. Er nauðsynlegt samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar að innleiða þessar reglur eða erum við að ganga lengra en tilskipunin kveður á um? Var málið sent Persónuvernd til umsagnar formlega og fékk hún kost á því að tjá sig eða koma með athugasemdir um frumvarpið áður en það kom fyrir hið háa Alþingi og ef svo er hvaða athugasemdir hefur Persónuvernd þá gert við frumvarpið?

[15:30]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir málefnalega ræðu. Hún spurðist fyrir um hvort tilskipunin gerði þessar kröfur. Það er ekki svo að við getum að þessu sinni skýlt okkur á bak við það að tilskipanir geri þessar kröfur. Hins vegar veitir tilskipunin heimild til að setja slíkar reglur. Þessar reglur um hlerun, geymslu gagna o.s.frv., eins og ég hef komið að bæði í ræðu minni og í andsvörum, eru settar inn að ósk ríkislögreglustjóra. Við teljum að þær séu innan þeirra heimildamarka sem tilskipunin setur okkur.

Varðandi persónuverndina þá er það þannig að það er mismunandi hvernig frumvörp eru unnin. Ég lít svo á að það sé ekki skilyrðislaus krafa að ráðherra spyrji Persónuvernd um leyfi áður en hann leggur frumvörp fram í ríkisstjórn sem síðan fara til afgreiðslu í þinginu. Í ráðuneytinu var fundað með fulltrúum Persónuverndar og ég lít svo á að Persónuvernd hafi átt eðlilegan aðgang að samgöngunefndinni. Ég tel eðlilegt að samgöngunefnd vísi svona málum til umsagnar Persónuverndar þannig að ég tel að ráðherra sé á engan hátt skyldugur til að kalla eftir sérstöku leyfi frá Persónuvernd varðandi það sem hann leggur fram fyrir þingið.

Það kom mér hins vegar mjög á óvart að Persónuvernd,

vegna óánægju með ákvæði í frumvarpi, leiti til fjölmiðla fremur en að leita upplýsinga hjá ráðuneyti um tiltekin atriði frumvarpinu sem hér eru til umfjöllunar. Ég tel að það sé ekki eðlilegur framgangsmáti.

[15:32]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hæstv. ráðherra um að auðvitað er það ekki skilyrðislaus krafa og enginn sem gerir þá skilyrðislausu kröfu til ráðherra að hann leiti umsagnar Persónuverndar, jafnvel þótt um sé að ræða mál sem fjalla um persónuvernd. En, virðulegi forseti, það er hins vegar mjög skynsamlegt að gera það. Það er mjög skynsamlegt að leita til þess aðila þegar ráðuneytin undirbúa frumvörp um jafnviðkvæman málaflokk sem við ræðum um hér, að leitað sé til þeirra opinberu aðila sem hefur verið falið það hlutverk að gæta þess að farið sé eftir lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, í þessu tilviki Persónuverndar. Ég held að það hefði verið skynsamlegt og einnig auðveldað mjög vinnuna á hinu háa Alþingi.

Auðvitað mun samgöngunefnd senda málið til umsagnar Persónuverndar, það er nokkuð ljóst tel ég. En ég held eigi að síður að skynsamlegt hefði verið fyrir ráðuneytið að gera það líka, sérstaklega í máli sem þessu, í viðkvæmu máli sem fjallar m.a. um hleranir. Það hefur sýnt sig, eins og ég nefndi áðan, m.a. í máli sem kom frá hæstv. dómsmálaráðherra fyrir nokkru síðan, að ýmislegt getur komið í ljós þegar Persónuvernd fær loksins að koma að málinu og gefa um það umsögn, sem hefði í raun og veru mátt gera í upphafi. Ég tel að það hefðu verið vandaðri vinnubrögð, að gera það í upphafi. Ég tel eðlilegt að vinna málið þannig en ég skil hæstv. ráðherra þannig að ekki hafi verið leitað formlegrar umsagnar heldur hafi málið verið kynnt munnlega eða eitthvað slíkt. Ég held að við ættum að gæta þess við samningu frumvarpa að farið sé ofan í þætti eins og þetta strax í upphafi. Ég held að það mundi auðvelda okkur öllum vinnuna í framhaldinu og væri þinginu og hæstv. ráðherra til sóma.

[15:35]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil undirstrika að fulltrúar ráðuneytis áttu ágætisfund með Persónuvernd í janúar síðastliðnum þar sem farið var yfir efni frumvarpsins. Þar komu fram ábendingar. Hins vegar var ekki farin sú leið að þessu sinni að leita formlegrar umsagnar enda gerðum við ráð fyrir því að Persónuvernd fengi gott tækifæri til að gera sínar athugasemdir fyrir samgöngunefnd.

Hér vegast annars vegar á rannsóknarhagsmunir og svo hins vegar persónuverndarhagsmunir og ég tel í fyllsta máta eðlilegt að hv. samgöngunefnd fari vandlega yfir þetta og leiti allra leiða til að vanda vinnubrögðin eins og nokkur kostur er.

Ég vil bara undirstrika að þessi ákvæði rata inn í frumvarpið að beiðni ríkislögreglustjóra. Ég tel að það sé ekki óeðlilegt þegar fjallað er um fjarskiptalöggjöfina, að samgönguráðuneytið taki tillit til eindreginna óska lögreglunnar, þeirra aðila sem sinna þeim vandasömu verkefnum að vinna að rannsókn á málum þar sem um lögbrot er að ræða.

Engu að síður, eins og ég sagði, vegast hér á hagsmunir þeirra sem eru að rannsaka annars vegar — það þarf að gæta þess að þeir gangi ekki of langt, það er alveg ljóst — og hins vegar persónuverndarhagsmunir sem ég tel að við Íslendingar eigum að varðveita umfram allt annað fram að ystu brún þeirra hagsmuna sem snúa að rannsóknum.

[15:37]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að hæstv. ráðherrar fá kröfur úr ýmsum áttum um að gera ýmsa hluti. Í þessu tilviki er mjög skiljanlegt og eðlilegt að ríkislögreglustjóri geri þessa kröfu, eins og ég tók fram í ræðu minni áðan. Það er hins vegar skylda hæstv. ráðherra og um leið okkar sem tökum málið til meðferðar á Alþingi að tryggja að þegar við förum að slíkum beiðnum eða kröfum sé það gert innan eðlilegra marka.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég er ekki tilbúin að kvitta fyrir, a.m.k. eftir það sem ég hef heyrt hingað til við þessa umræðu málsins, að eðlilegt sé að verða við þessari kröfu þegar hún felur í sér að leggja þungar byrðar á einkafyrirtæki sem starfa á þessum viðkvæma markaði. Það getur þýtt ákveðin fjárútlát fyrir þessi tilteknu fyrirtæki. Eins erum við að tala um mál sem varðar friðhelgi einkalífs einstaklinganna og mér sýnist hugsanlega að gengið sé lengra heldur en nauðsyn krefur við að safna persónuupplýsingum. Allt eru þetta mjög stórir hagsmunir sem vega á móti þeim rannsóknarhagsmunum sem ríkislögreglustjóri telur nauðsynlegt að tryggja.

Auðvitað mun það á endanum verða samgöngunefnd sem fer ítarlega ofan í þessa þætti. Mér sýnist, virðulegi forseti, að ýmsum spurningum a.m.k. sé ósvarað hvað þessa þætti málsins varðar.

[15:39]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Það má segja um frumvarpið sem hér er til umræðu, frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, að oft velti lítil þúfa þungu hlassi. Frumvarpið er sannarlega ekki mikið um sig, einungis 13 greinar að gildistökugreininni meðtalinni en felur í sér ansi stór mál og þau nokkuð mörg.

Í fyrsta lagi vil ég nefna það sem kalla mætti ýmis mál, svo sem ákvæðið um vernd fjarskiptastrengja í sjó, ákvæði um ótímabundið leyfi vegna þráðlauss sendibúnaðar, tilkynningar og þar fram eftir götunum, um gagnsæi kostnaðar og samræmda hugtakanotkun. Þetta eru allt eðlileg og sjálfsögð atriði öll sem gera ekki annað en styrkja fjarskiptaumhverfið.

Í annan stað hlýtur maður að fagna því að með þessu séu skyldur ráðandi fyrirtækja á markaðnum skýrðar og skerptar. Eins og við vitum var lengst af í fjarskiptasögu þjóðarinnar eitt fyrirtæki ráðandi og gerði það með myndarbrag. Með aukinni samkeppni hafa önnur fyrirtæki og þau nokkuð mörg ruðst inn á þennan stöðugt vaxandi markað. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra er Síminn með 65% markaðshlutdeild á móti 35% hlutdeild annarra fyrirtækja og virðist hafa gengið hnökralaust, þótt ekki sé það hnökralaust með öllu. Það er því af hinu góða að enn frekar skuli

skerpt á skyldum ráðandi fyrirtækja á markaði til að örva samkeppni og skapa frekari samkeppnisskilyrði en það er það sem þessi markaður þarf fyrst og fremst á að halda með hagsmuni heildarinnar í huga.

Í þriðja lagi má síðan taka undir það sem hæstv. ráðherra sagði um reikiákvæðið. Það er mjög mikilvægt að skerpa á því. Þó að reikiákvæði í gildandi lögum hafi gegnt hlutverki sínu með prýði og feli að sjálfsögðu í sér mikinn fjárfestingarsparnað þá er það einungis til bóta að skerpa á þeim ákvæðum þannig að þjóðin geti sparað fjárfestingu í stofnbúnaði. Það er í raun það sem býr á bak við ákvæðin um reikisamninga sem eru afskaplega mikilsverðir.

Í fjórða lagi, frú forseti, vil ég nefna það sem hér hefur nokkuð orðið til umræðu, þ.e. um skyldur fyrirtækja á fjarskiptamarkaði gagnvart lögregluyfirvöldum, svo sem krafan um skráningu eiganda síma, skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita lögreglu upplýsingar og þar á meðal skyldu þeirra varðandi hlerunarbúnað sem hér hefur nokkuð verið rætt um, og síðan skyldu til varðveislu lágmarksskráningargagna um fjarskipti í eitt ár. Hér hafa verið töluverðar vangaveltur um eignarhaldið á hlerunarbúnaði, hvort það skuli í höndum símafyrirtækjanna sjálfra eða hins opinbera og má með sanni segja að það séu nokkuð gild rök sem netverjar hjá Netfrelsi hafa haldið fram, að það sé eðlilegt að hið opinbera eigi þetta. Hins vegar má segja að það sé ekki óeðlilegt að hin stærri símafyrirtæki komi sér upp slíkum búnaði og frumvarpið gerir beinlínis ráð fyrir því að þau hleypi minni fyrirtækjum að þeim hlerunarbúnaði þannig að sú kvöð verði ekki hamlandi fyrir ný fyrirtæki sem koma inn á markaðinn.

Á hinn bóginn togast á það eðli netsins að vera frjálst og í raun villt í eðli sínu — það hefur falið í sér mikla upplýsingabyltingu um heim allan — og hins vegar takmarkandi ákvæði eins og hér hefur verið rætt um. Ég tel að persónuvernd sé gert nokkuð hátt undir höfði með þessu frumvarpi því að 7. gr. endar einmitt á því að fjarskiptafyrirtækjum skuli gert skylt að fara eftir þeim leikreglum sem Persónuvernd kann að setja. En að sjálfsögðu er eðlilegt að við í hv. samgöngunefnd förum rækilega yfir þann þátt.

Þótt ég deili auðvitað áhyggjum manna að því leyti að við megum aldrei ganga það langt að öryggi einkalífsins sé ógnað þá megum við hins vegar ekki gleyma því að lögregluyfirvöld eru í blóðugu stríði við harðsvíraða glæpamenn, sérstaklega í fíkniefnaheiminum. Á þeim vígvelli eru farsímar eitt aðalverkfærið eins og fram hefur komið. Ég tel að almennur vilji sé til þess á Alþingi að fara í stríð við fíkniefnaglæpamennina, þann stóra og miskunnarlausa heim sem fíkniefnaheimurinn er. Við megum ekki vera það varkár að við gefum fíkniefnaglæpamönnum algerlega lausan tauminn. Að því leyti get ég ekki annað en tekið undir að settar séu slíkar kvaðir á fjarskiptafyrirtæki, einfaldlega vegna þess að það er nauðsynlegt í þessari blóðugu styrjöld gagnvart fíkniefnaheiminum, hvort sem við það verður tæknilega ráðið eða ekki.Við megum ekki vera það varkár að við gefum fíkniefnaglæpamönnum algerlega lausan tauminn. Við eigum að styðja við lögregluyfirvöld í hinni miskunnarlausu styrjöld sem háð er úti í samfélaginu gegn fíkniefnaheiminum.

Að lokum, frú forseti, kem ég að langstærsta málinu í frumvarpinu og það er fjarskiptaáætlun. Eins og fram hefur komið hefur Síminn lengst af annast uppbyggingu fjarskipta með stjórnun sinni og sjálfstæði. En með sölu Símans og með aukinni samkeppni á þessu sviði er mjög mikilvægt fyrir stjórnvöld að lögfesta fjarskiptaáætlun, rétt eins og við gerum með vegáætlun og þar fram eftir götunum. Það tel ég standa upp úr frumvarpinu og hlýt að styðja að stjórnvöld skuli með Alþingi ætla sér að setja reglulega áætlun um uppbyggingu fjarskipta. Jafnmikilvæg og þau eru í nútímasamfélagi er gífurlega mikið framfaraspor og langþráður draumur að rætast að markvisst og kerfisbundið sé unnið að því samkvæmt áætlun að halda uppi öflugu og metnaðarfullu fjarskiptakerfi. Sú framkvæmdaáætlun sem rædd verður í næsta dagskrárlið ber þess einmitt vott að við ætlum okkur að hafa mikinn metnað og láta Ísland standast samkeppni við aðrar þjóðir hvað varðar fjarskiptamarkaðinn. Það tel ég vera langsamlega mikilvægast í frumvarpinu og styð heils hugar. Það þarf ekki meira um þetta að segja en við munum auðvitað fara rækilega yfir ýmis atriði í hv. samgöngunefnd.

[15:47]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti sem felur í sér margvíslegar breytingar. Sumar eru jákvæðar eins og að leggja eigi fram sérstaka fjarskiptaáætlun á nokkurra ára fresti, sem fram kemur í 1. gr. og ég tel vera mjög jákvætt. Annað tel ég miður í þessu og tel rétt að fara yfir.

Fyrst ber að nefna, eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir kom inn á, að fjarskiptaráð virðist vera ansi opið. Fram kemur að ráðherra skuli skipa tvo fulltrúa án tilnefningar og aðra fulltrúa úr hópi hagsmunaaðila eftir tilnefningu í samræmi við reglur sem hann setur þar um. Það er því allt opið um framkvæmdina og hvernig fjarskiptaráð verði skipað að lokum. Ég tel það algjörlega ótækt og að einhver mynd verði að vera á því hvernig ráðið verði skipað. Ef menn eru með einhverja hugmynd um hlutverk ráðsins hlýtur að vera hægt að ákveða hverjir eigi að sitja í ráðinu.

Ég vara einnig við því að hæstv. ráðherra geri fjarskiptaráð að einhverri stofnun en í gær lagði hann til að gerð yrði enn ein ríkisstofnunin. Þá var það Ferðamálaráð, sem er að einhverju leyti að breytast í Ferðamálastofu og eftirlitsstofnun og ég vara við því að sama verði gert við þetta ráð.

Mér finnst 2. gr. frumvarpsins vera mjög sérstök, að fjarskiptafyrirtæki skuli án endurgjalds tryggja þar til bærum yfirvöldum aðgang að búnaði til hlerunar símtala og annarrar löglegrar gagnaöflunar í fjarskiptanetum sínum. Þegar maður les 7. gr. um hvað eigi að afla víðtækra gagna setur að manni vissan ugg, sérstaklega í ljósi þess að heilmikil umræða var í fyrra um frumvarp hæstv. dómsmálaráðherra, hlerunarfrumvarpið, sem fól í sér að hlera mætti síma án dómsúrskurðar. Hér er verið að gera sama hlutinn að vissu leyti. Verið er að safna saman upplýsingum um alla landsmenn fyrir fram og síðan er hægt að kanna eftir á hvað viðkomandi hafi verið að aðhafast síðasta árið.

Ég tel miklu nær ef lögregluyfirvöld hafa einhverja

grunsemd um refsivert athæfi að þau ákveði að fylgjast eigi með þeim sem liggur undir grun og fara þá að safna gögnum í stað þess að safna gögnum um alla Íslendinga, allt sem þeir aðhafast. Ég fór inn á það í andsvari við hæstv. ráðherra að tölvutækni og fjölmiðlar væru að renna saman og þá væri verið að kanna t.d. ár aftur í tímann hvað viðkomandi væri að horfa á í sjónvarpi. Það er alveg með ólíkindum þegar hæstv. ráðherra kemur með svo víðtækt frumvarp sem gengur mjög nærri friðhelgi einkalífs að hann skuli ekki leita í ríkara mæli álits stofnunar sem þetta heyrir undir. Ég skil ekki hvað hæstv. ráðherra er að fara, nema þá að hann ætli að fara bakdyramegin að því markmiði sem stefnt var að í fyrra þegar hæstv. dómsmálaráðherra vildi fara að hlera síma án dómsúrskurðar, hér er verið að safna öllum gögnum holt og bolt um jafnvel fjölmiðlanotkun ár aftur í tímann. Áður en það er gert þurfa menn auðvitað að leggja fram einhverjar betri röksemdir en hæstv. ráðherra hefur gert. Það kom ósk frá ríkislögreglustjóra. Það hefur ekki komið fram hvaða brot það eru sem hæstv. ráðherra telur að þurfi að hafa eftirlit með ár aftur í tímann í fjölmiðlanotkun í landinu til dæmis. Mér finnst að ráðherra skuldi miklu greinarbetri svör hvað það varðar.

Það kom heldur ekki fram hjá hæstv. ráðherra í andsvari áðan hver kostnaðurinn er sem liggur að baki. Mér finnst að það þurfi að liggja fyrir og kominn tími til þess að Sjálfstæðisflokkurinn fari að hugsa eitthvað um minni fyrirtækin af til. Sum fyrirtæki eru ekki með mjög mikla veltu og ekki nóg með það að kostnaðurinn sé mikill heldur eru kvaðir í 7. gr. að verklagsreglur eigi að vera um það hvernig geyma eigi og hvernig meðferð upplýsinganna eigi að vera. Auðvitað er þetta kostnaður sem leggst á minni fyrirtæki sem velta t.d. 10, 15, 20 millj. og þurfa kannski að fylla út skýrslur daginn út og inn fyrir ríkislögreglustjóra ef honum skyldi detta í hug að rannsaka einhvern sem liggur undir grun.

Mér finnst miklu nær að ríkislögreglustjóri óski eftir því ef einhver liggur undir grun að haft verði eftirlit með honum í staðinn fyrir að hafa eftirlit með allri símnotkun og allri tölvunotkun í landinu. Ég held að hæstv. ráðherra hafi kannski ekki gert sér grein fyrir því sem verið er að fara fram á og hvað þetta eru geysilega mikil gögn.

Verið er að leggja fram fjarskiptaáætlun og ræða um samkeppnishæfni. Þetta er auðvitað eitt af því sem kemur inn á samkeppnishæfni að vera ekki að láta lítil fyrirtæki standa í því að sendast fyrir ríkislögreglustjóra ef honum mögulega dytti í hug að rannsaka einhvern og kanna þá hvort sambærileg fyrirtæki erlendis þurfi að afla þessara gagna.

Framvísa á skilríkjum þegar keypt eru símkort samkvæmt 8. gr. Það er hægt, eins og hæstv. ráðherra kom inn á, að nota erlend símkort. Er þá eitthvert gagn að þessu? Ef glæpamennirnir sem verið er að eiga við eru jafnharðsvíraðir og jafnmikil styrjöld er í gangi og hv. þm. Hjálmar Árnason lét í veðri vaka, ef eiturlyfjastyrjöldin væri blóðug, sem eru mjög dramatískar lýsingar, held ég að hinum harðsoðnu glæpamönnum munaði ekki um að senda einhvern úr landi með Iceland Express og kaupa nokkur símkort. Ég held að menn hafi ekki séð þetta fyrir, enda er gefið til kynna að hæstv. samgönguráðherra hafi ekki einu sinni séð fyrir endann á því hvernig fjarskiptaráð eigi að vera skipað. Ég tel vera ákveðna fljótaskrift á frumvarpinu og að fara þurfi miklu betur yfir þessa hluti.

Engu að síður er vert að fara yfir það að stjórnvöldin sem fara fram á að safna gögnum holt og bolt fyrir fram um heiðvirða borgara, sem eru 99% Íslendinga a.m.k., til þess að eiga við nokkra harðsvíraða glæpamenn, eru sömu stjórnvöld sem leyna okkur og alla landsmenn hverjir greiða t.d. í kosningasjóði. Mér finnst mjög sérstakt að hæstv. samgönguráðherra, sem vill fara að skrá niður ár aftur í tímann hvað fólk er að horfa á, í hvern það hringir og hvað símtalið stendur yfir í langan tíma, telji eðlilegt að leyna kjósendur því hverjir greiða í kosningasjóði Sjálfstæðisflokksins. Sama á við t.d. um Framsóknarflokkinn. Þetta skýtur skökku við.

Eins þegar við ræðum ýmis mál í þinginu, þegar verið er að biðja um skýrslur, það gerðum við í Frjálslynda flokknum ásamt Vinstri grænum, báðum um skýrslu um einkavæðingarnefnd og eitt og annað, m.a. vegna þess að einn nefndarmaður hafði sagt sig með hávaða úr nefndinni. Þá benda sömu stjórnvöld og vilja hlera allt og alla á einhverja heimasíðu. Þetta er með ólíkindum.

Þegar ræða á t.d. fjárhagsleg tengst hæstv. ráðherra við mögulega kaupendur Símans er það jafnvel talinn dónaskapur. En sömu stjórnvöld vilja skrá niður sjónvarpsáhorf og í hvern borgararnir hringja, finnst það eðlilegt, og hvað símtalið stendur yfir lengi. Frú forseti. Ég verð að segja eins og er að ég tel þetta vera mjög öfugsnúið og skjóta mjög skökku við.

[15:58]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var merkilegt að hlusta á hv. þingmann fjalla um kosningasjóðina, hvernig hann gat tengt það málinu, enda er það bara grín það sem stjórnarandstaðan hefur verið að bjóða upp á og sagt: Það er í lagi að gefa í kosningasjóð ef það eru bara 499 þúsund kr., það þarf ekki að skrá það. En það má gefa margar 499 þús. kr. gjafir án þess að það komi til skráningar á flokkana eins og hér hefur verið talað um.

Annað í sambandi við skráningu á upplýsingum. Ég minnist þess að hafa fengið miklar skammir sem formaður samgöngunefndar fyrir að hafa ekki tryggt betri aðgang að eldri gögnum í hugbúnaðarkerfum vegna þess að dæmi kom upp um öfugugga sem voru að misnota kerfið. Það var ekki svo greiður aðgangur að þeim sem höguðu sér þannig gagnvart borgurunum.

Með frumvarpinu er verið að tryggja aðgang í fyrsta lagi, eins og segir í 7. gr., að því máli sem við tókumst aðeins á um. Verið er að tryggja að skjöl verði geymd í eitt ár. Það er með nákvæmlega sama hætti sem verið er að tryggja rétt borgaranna ef þeir verða fyrir óþægindum og síðast en ekki síst ef það þarf lögreglurannsókn í því máli er verið að tryggja að hægt sé að upplýsa málið.

Er þingmaðurinn virkilega að meina að það eigi að loka öllu þessu og engan varði um það hverjir eru að klæmast á netinu, hverjir eru barnaníðingar og hverjir eru með símahótanir og eiturlyfjasölur? Það á allt að vera lokað þannig að menn geti hagað sér nánast eins og fáráðlingar án þess

að opinberir aðilar, lögregla og löggæsla geti komið þar nálægt. Svo ætlar hv. þingmaður að tengja málið því að einhver kosningasjóður Sjálfstæðisflokksins þurfi sérstakrar aðgæslu með. Hvers konar andskotans kjaftæði er þetta?

(**Forseti** (JóhS): Forseti vill biðja hv. þingmann að gæta orða sinna og vera ekki með blótsyrði í ræðustól.)

[16:00]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvað varðar fjármál stjórnmálaflokkanna vona ég að þingmenn almennt geri sér grein fyrir að þetta er ekkert grín. Þetta er háalvarlegt mál. Það er einmitt einn af hornsteinum lýðræðisins að menn viti hverjir greiða í kosningasjóði. Ég vona að sá dagur komi á hinu háa Alþingi að hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins geri sér grein fyrir þessu og einnig að þetta er undantekning í hinum vestræna heimi. Almennt er þetta ekki viðhaft.

Ég var ekki að mæla neinum glæpamönnum bót með því sem ég kom inn á. Ég sagði að rétt væri ef einhver lægi undir grun um fíkniefnasölu eða þess háttar að þá yrði hann rannsakaður en ekki að þjóðin öll lægi undir rannsókn. Málið sem við ræðum í dag snýst um það að verið er að safna gögnum um alla þjóðina vegna þess að það eru einhverjir misindismenn í samfélaginu. Ég tel að það skipti máli að við einbeitum okkur að því að safna gögnum um þá sem liggja undir grun en ekki um alla þjóðina. Það var kjarni máls míns.

[16:02]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í þessu kosningamáli um sjóði pólitískra flokka er það bara skrípaleikur þegar menn tala um að ekki eigi að gefa upp upphæðir undir 499 þús. kr. en upphæðir sem eru 500 þús. kr. eða 500 þúsund og ein króna skuli gefa upp. Við sjáum hvers konar skrípaleikur þetta er.

Í því máli sem hér er verið að fjalla um, frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, þá er alveg ljóst að starfsskilyrði stóru símafyrirtækjanna í dag eru háð því að þar sé til búnaður þar sem hægt er að hlera símtöl. Hins vegar hefur eitt fyrirtæki neitað þessu og telur að ekki sé nógu skýrt kveðið á um það í lögum til að verða við því ef lögregla óskar þess. En hér er bara verið að árétta hluti sem áður hefur verið gengið frá.

Ég verð að segja að mér fannst kveða við allt annan tón hjá hv. þingmanni áðan þegar hann kom upp í ræðustól og svaraði mér í andsvari vegna þess að ég held að hann geri sér fulla grein fyrir því og mér fannst það liggja í orðum hans að hann áttaði sig á því að það er nú þannig í þjóðfélaginu að til að geta verndað borgarann verðum við að eiga aðgang að búnaði til að hlusta símtöl og einnig að skrá verður þau kort sem keypt eru í farsímana og þó að þar séu einhver undanhlaup ef menn geta keypt kort erlendis frá verður bara að bregðast við því með einhverjum hætti. En ég tel að með því sé ekki verið að koma á lögregluríki þar sem menn geta ekki stigið spor öðruvísi en að það sé grandskoðað, að það séu algerir öfgar eins og hv. þingmaður hefur lagt út af því.

[16:04]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Við í Frjálslynda flokknum erum mjög stolt af hinu opna bókhaldi okkar. Við viljum ekki kalla það skrípaleik, alls ekki, heldur teljum við að með því við séum við að fara fram með góðu fordæmi og séum að leggja ákveðinn þunga á það að hitt gangi ekki lengur. Ég lít á hið opna bókhald sem hreinskilna leið en ef hv. þingmaður vill kalla það eitthvað annað en það er býð ég hér með hv. þingmanni að koma á skrifstofu Frjálslynda flokksins og þá getur hann skoðað þetta ágæta bókhald hjá framkvæmdastjóra flokksins, Margréti Sverrisdóttur. Ég vona að hann sjái þá að þetta er eitthvað sem við leggjum mikla alúð við.

En hvað sem því líður og til að ekki sé verið að kalla þessa vinnu okkar sem við leggjum mikla alúð við einhvern skrípaleik vonast ég til að hv. þingmaður og aðrir þingmenn í stjórnarliðinu leggist á sveif með okkur sem viljum koma á lögum og eftirliti með bókhaldi og fjárreiðum stjórnmálaflokkanna vegna þess að það er nútíminn. Ef það gerist ekki á þessu kjörtímabili mun það samt gerast. Auðvitað eigum við að fara í þá vinnu og sameinast um það, frú forseti.

[16:06]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það er um margt fróðleg umræða sem hér hefur farið fram. Komið hefur verið töluvert inn á það sem mestu máli skiptir, sem eru fráleit ákvæði að mínu mati að mörgu leyti að því er virðist við fyrstu skoðun, og það eru ákvæðin sem lúta að varðveislu gagna um fjarskiptaumferð og þar er klárlega að því er virðist vegið að friðhelgi einkalífsins. Um er að ræða ákaflega viðamiklar persónunjósnir þar sem virðist gengið miklu lengra en réttlætanlegt er út frá sjónarmiðum persónuverndar og friðhelgi einkalífsins. Þarna verður að stíga miklu varlegar til jarðar eins og fram hefur komið í máli ýmissa þingmanna í dag. Hér virðist gengið allt of langt bæði í hlerun og gagnaöflun. Um er að ræða svo yfirgripsmikið eftirlit með öllum og sérstaklega í ljósi þess sem blasir við, og við munum ræða síðar í dag í fjarskiptaáætluninni, sem er samruninn sem á sér stað einmitt þessi missirin í miðlun og fjarskiptum þannig að þetta rennur allt meira og minna saman. Fari stjórnvöld almennt að skrá og skrásetja alla notkun á fjölmiðlum og fjarskiptum ár aftur í tímann hjá öllum er um að ræða fráleitar persónunjósnir að mínu mati sem koma aldrei til greina út frá sjónarmiðum persónuverndar og friðhelgi einkalífsins. Þarna verður að ganga miklu skemur, það verður að sjálfsögðu að vera grunur um refsiverða háttsemi til að réttlætanlegt sé að svo langt verði gengið.

Það frumvarp sem hér um ræðir felur í sér ákaflega róttækar breytingar um eftirlit með persónum, um persónunjósnir og hleranir, og hljótum við að verða að ræða það vandlega og breyta því mjög og milda mjög. Það er allt annað mál að veita lögreglu upplýsingar um tiltekin fjarskipti, miðlun o.s.frv. en þarna er gengið allt of langt, þarna er farið of langt yfir mörkin og þó svo að menn séu að sjálfsögðu að setja lög með jákvæð markmið sem eru þau að koma í veg fyrir og vinna gegn alls konar alvarlegum glæpum, eins og sölu fíkniefna, dreifingu klámefnis og fleiri slíkra hluta, verður að finna þarna eitthvert einstigi á milli

rannsóknarhagsmuna og hagsmuna persónuverndar. Samkvæmt þessum frumvarpsdrögum eru þeir síðari að mínu mati fyrir borð bornir. Þarna eru persónuhagsmunir fyrir borð bornir á kostnað rannsóknarhagsmuna þótt að sjálfsögðu sé mikilvægt að ganga þannig fram að auðveldara sé fyrir lögreglu að nálgast þá glæpamenn sem verið er að elta uppi. En það er einfaldlega of langt gengið að safna gögnum um fjölmiðlaneyslu og fjarskipti allra eitt ár aftur í tímann. Slíkt kemur ekki til greina að mínu mati. Þarna verður að finna mörk og stíga miklu varlegar til jarðar en hér um ræðir, enda kannski ekki undarlegt þegar óskir ríkislögreglustjóra hafa verið svo ráðandi við vinnslu frumvarpsins en álits Persónuverndar t.d. ekki leitað í neinni alvöru við vinnslu málsins. Eins og fram kom í umræðunni fyrr í dag hefur Persónuvernd skrifað samgönguráðuneytinu bréf og óskað eftir því að fá að koma miklu meira að þessu máli.

Margt annað er hér býsna róttækt fyrir utan aðgengi yfirvalda að *gögnum og skrásetningu gagnanotkunar aftur í* tímann. Önnur nýmæli eru, eins og hér hefur einnig verið rætt um, notkun símanúmera og kaup á frelsisnúmerum þar sem framvísa þarf skilríkjum. Því er öllu gerbreytt þannig að við kaup símakorts skal framvísa skilríkjum þannig að upplýsingar liggi fyrir um hver sé skráður eigandi allra símanúmera og/eða notandi vistfangs IP-tölu. Þetta hljótum við að skoða *í nefndinni. Það eru vissulega sterk rök fyrir* því að réttlætanlegt sé að ganga svo langt að leggja það til að ekki sé hægt að nota svokölluð frelsiskort með óskráðum númerum sem auðvelda bæði alls konar vitfirringum leið til að leggja fólk í einelti og ráðast gegn fólki, vera með dónaskap og einelti í garð fólks og alls konar slíkan óhugnað. Nafnleysið auðveldar slíku fólki þá ónáttúru með ýmsum hætti þannig að við hljótum að skoða hvort það er réttlætanlegt en þá um leið kemur það upp að auðvitað geta bæði glæpamennirnir og pervertarnir keypt slík númer erlendis en það er vissulega um lengri veg að fara og erfiðara að stunda þessa iðju ef bannað er að selja númer nema þau séu skráð og bannað að selja númer og símakort nema gegn framvísun persónuskilríkja. Við hljótum því að skoða þá breytingu með jákvæðum hætti. En það er, eins og ég nefndi áðan, mikið „stóra bróður" yfirbragð á þessu frumvarpi sérstaklega þegar kemur að varðveislu gagna og við hljótum að viðurkenna að með frumvarpinu, með þessu stóra bróður frumvarpi, sé gengið mjög gegn friðhelgi einkalífsins. Það fer ekki fram hjá neinum sem skoðar málið. Svo viðamiklar eru persónunjósnirnar, svo viðamikið er eftirlitið með borgurunum að það hlýtur að flokkast undir einhvers konar stóra bróður frumvarp þannig að við hljótum að milda þetta ákvæði og endurskoða hversu langt þurfi að ganga án þess að gengið sé harkalega gegn friðhelgi einkalífsins eins og virðist vera lagt til í þessu nokkuð róttæka frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjarskipti.

Einnig hefur verið komið inn á það í dag að félagið Netfrelsi hefur sent vandaðar ábendingar til þingmanna, athugasemdir við það frumvarp sem hér um ræðir, og finnur sérstaklega að því og mótmælir því að fjarskiptafyrirtækjum skuli gert skylt að útvega hlerunarbúnað, að yfirvöld skuli ekki standa straum af því. En alvarlegri ábendingar eru við aðrar greinar frumvarpsins og hér segir, með leyfi forseta:

„Varðveisla gagna um fjarskiptaumferð. Athugasemd við 42. grein.

Með tillögu þessari að breytingum á 42. gr. fjarskiptalaga er hart vegið að friðhelgi einkalífsins og er Netfrelsi einstaklega mótfallið fyrirhuguðum breytingum." — Orðalagið „er hart vegið að friðhelgi einkalífsins" er undirstrikað og ég tek undir að svo virðist nefnilega vera. — „Um er að ræða" — segja þeir áfram, með leyfi forseta: „varðveislu gagna sem ein og sér geta í besta falli verið leiðbeinandi við rannsókn máls. Tilskipun ESB" — og er tilvísað í hana — „snýst að mestu leyti um að auka vernd einkalífsins og er því í hæsta máta undarlegt að einu valkostir ákvæða tilskipunarinnar sem áhugi er fyrir að leiða í lög að þessu sinni séu þau ákvæði sem ganga hvað harðast gegn tilgangi hennar. Að gefnu tilefni skal bent á að fyrirhugaðar breytingar mundu hafa í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir fjarskiptafyrirtæki sem á endanum kemur úr vasa neytenda auk þess sem óæskilegt væri að samþykkja breytingar sem þessar án þess að fyrir liggi reglur um varðveislu gagnanna, aðgang að þeim og eyðingu. Í athugasemdum kemur fram að nota megi búnað sem nú er þegar til staðar en það er fjarri lagi að flest fjarskiptafyrirtæki haldi í þessar upplýsingar nú þegar og því munu mörg þeirra þurfa að fjárfesta í búnaði til að standast þessar kröfur." — Þetta segja þeir *netfrelsismenn um þessa grein frumvarpsins.*

Þeir fjalla um fleiri atriði og margar ábendingarnar sem frá þeim koma virðist mjög vandaðar og góðar. Þetta eru þeir sem standa vörð um þá sem lifa og hrærast á netinu. Hér segir, með leyfi forseta:

„Þau gögn sem varðveita á eru leiðbeinandi um að atburður hafi átt sér stað, t.d. símtal eða sending tölvupósts, en gefa ekki mynd af því hvað fór á milli eða hverjir komu að samskiptunum. Sé litið á t.d. fyrirtæki, stofnun eða skóla gætu notendur bak við eina IP-tölu eða síma skipt tugum eða hundruðum. Gögnin hafa samt sem áður að geyma umtalsverðar persónuupplýsingar og verður að vega það þyngra en nokkra rannsóknarhagsmuni," segja þeir.

Og áfram:

„Einfalt er að fela slóðir sínar á netinu og í símkerfinu. Fyrirhuguð breyting mundi einnig leggja þær byrðar á einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir að stunda sambærilega gagnaöflun til verndar sér. Hægt er að áframsenda tengingar á netinu gegnum óteljandi tölvur og einfalt er að áframsenda símtöl gegnum mörg símkerfi. Búast má við aukinni notkun slíkra úrræða sem og auknu framboði slíkrar þjónustu innan lands sem utan væri ákvæði frumvarpsins fært í lög, og rannsóknir því torveldar."

Þeir sem best til þekkja í netheimum, áttundu heimsálfunni eins og internetið er stundum kallað í dag, segja að sú umfangsmikla persónuupplýsingasöfnun sem hér er lögð til kæmi jafnvel ekki að gagni við rannsóknarhagsmuni og við rannsókn slíkra mála þegar á reyndi. Um leið og slík lagasetning er orðin að veruleika mundu glæpamennirnir og pervertarnir og þeir sem misnota frelsi upplýsingabyltingarinnar einfaldlega finna aðrar leiðir, aðrar glufur, en eftir sætu stjórnvöld með sínar umfangsmiklu persónuupplýsingasafnanir þannig að fullkomlega óréttlætanlegt væri. Og markmiðin ágætu, sem að sjálfsögðu ber að virða og við eigum öll að vinna að, um að efla rannsókn og gæta þess að

auðveldara sé að koma böndum á þessa menn, mundu hvort eð er ekki skila neinum árangri.

Annað sem ég vildi vísa í hér við þessa 1. umr. og kemur fram hjá þeim netfrelsismönnum er athugasemd er varðar 47. gr., upplýsingar um notanda símanúmers eða IP-tölu án undangengins dómsúrskurðar, með leyfi forseta:

„Óréttlæti er eina orðið sem lýsir fyllilega fyrirhuguðum breytingum á 47. gr. Telja verður að hér sé á ferðinni ein sú harkalegasta árás á réttláta réttarmeðferð sem sést hefur. Hafi notandi kosið að vera nafnlaus í sínum fjarskiptum verður að telja eðlilegt að krafa sé gerð til lögreglu að hún leiti heimildar dómara áður en gengið er á rétt notandans til friðhelgi einkalífsins. Það má telja eðlilegan hluta réttlátrar málsmeðferðar að dómari vegi og meti grundvöll þess að óskað sé eftir upplýsingum um hver sé notandi símanúmers eða IP-tölu, m.a. með tilliti til athugasemdanna sem við gerum við fyrirhugaðar breytingar á 42. gr. Réttlát réttarmeðferð og vernd persónunnar er grundvöllur lýðræðis og því sér Netfrelsi sér ekki annað fært en að leggjast alfarið á móti fyrirhugaðri breytingu í sterkustu merkingu þess hugtaks."

Hér er sterkt að orði kveðið og ég tek undir margt af því sem kemur fram í athugasemdum og tilmælum þeirra netfrelsismanna um leið og ég þakka þeim fyrir að senda okkur svo vandaða yfirferð á málinu áður en það kemur hér til umræðu þannig að taka megi tillit til hennar, blanda henni inn í umræðuna og fá viðhorf hæstv. ráðherra til þeirra athugasemda sem þarna koma fram. Hér eru mjög alvarlegar athugasemdir gerðar við frumvarpið, hvernig það vegi að friðhelgi einkalífsins eins og hér segir, og er í öðru lagi „ein sú harkalegasta árás á réttláta réttarmeðferð sem sést hefur". Þetta eru stór orð. Þau hljóta að kalla á viðbrögð yfirvalda, viðbrögð þess hæstv. ráðherra sem flytur frumvarpið. Þetta eru því athyglisverðar athugasemdir sem er mjög vert að gæta vel að.

Ég hef farið yfir þau mál í þessu frumvarpi sem mér finnst mestu máli skipta hér við 1. umr. og vona ég að okkur takist í hv. samgöngunefnd að breyta þessu frumvarpi mjög og tóna niður umfang varðveislu gagna um fjarskiptaumferð og hvernig það að mínu mati vegur að friðhelgi einkalífsins. Við verðum að gæta hófs, leita allra leiða til að auka og efla og koma til móts við rannsóknarhagsmuni en að sjálfsögðu gæta um leið að persónuverndarhagsmunum, að þeir verði ekki algjörlega fyrir borð bornir með þeim árangri að eftir sitji stjórnvöld með umfangsmiklar heimildir til eftirlits með notkun fólks á fjarskiptum og fjölmiðlum, kannski til lítils gagns eða einskis. Glæpamennirnir finna alltaf glufurnar og fara þá aðrar leiðir til að stunda sína óhugnanlegu iðju. Þarna verður að stíga varlega til jarðar og því hlýtur að liggja til grundvallar að grunur um refsiverða háttsemi liggi fyrir áður en heimild er veitt til svo umfangsmikillar öflunar persónuupplýsinga um fjölmiðlun og fjarskipti einstaklinganna. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að mörkin liggi einhvers staðar þar og ekki verði gengið svo langt án þess að fyrir liggi grunur um refsiverða háttsemi.

Hérna virðist gengið allt of langt, við verðum að gæta hófs, verðum að fara varlega, þó svo að engum blandist hugur um að það verði að efla eftirlit upp að einhverju marki, efla aðgengi lögregluyfirvalda að þessum glæpamönnum og svíðingum sem misnota internetið og upplýsingafrelsið og hve auðvelt er að hafa samskipti, níðast á öðru fólki í gegnum fjarskiptin og stunda glæpamennskuna og liðka til fyrir henni í gegnum fjarskiptin. Það á að sjálfsögðu að finna leiðir til að stemma stigu við því án þess þó að safna gögnum um fjölmiðla- og fjarskiptaneyslu hvers einasta Íslendings ár aftur í tímann.

[16:22]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að ræða breytingu á lögum um fjarskipti. Einnig er á dagskrá þessa fundar tillaga til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum. Ég hafði hugsað mér að taka til máls í öðru þessara mála en ákvað nú að gera það undir þessu frumvarpi, bæði vegna þess að ég átti sæti í samgöngunefndinni í fyrra og eins vegna þess að ég sat svokallaða samráðsfundi vegna fjarskiptaáætlunar.

Ég get svo sem tekið undir margt af því sem félagar mínir úr Samfylkingunni hafa sagt í dag, það er ágætt skref að setja upp fjarskiptaáætlun eins og gert er ráð fyrir í lögunum og þingsályktunartillagan fjallar um. Ég verð hins vegar að segja að dálítið eru menn seinheppnir að setja upp fjarskiptaáætlun akkúrat þegar komið er að lokadögum í sölu Símans. Sannarlega hefði verið meiri ástæða til að hafa slíka áætlun uppi meðan nánast allar framkvæmdir hvað varðar fjarskipti í landinu voru á vegum hins opinbera. Auðvitað voru þær áætlanir gerðar á vegum Símans og allt það en kannski hefði verið ástæða til þess að menn hefðu fjallað þá meira um þær áætlanir á Alþingi eins og hugmyndin er að gera núna. Fjarskiptaáætlun hlýtur eðli sínu samkvæmt til framtíðar litið fyrst og fremst að vera hugmyndir hins opinbera og þá stuðningur við einstakar aðgerðir en ekki beinlínis þátttaka. Það eru einkaaðilar og fyrirtæki í landinu sem framkvæma að langstærstum hluta það sem hér verður um að ræða í þessari framtíð.

Samt er hægt að taka undir það að gott sé að leiða saman aðilana eins og hið opinbera vill gera og ég ætla ekki að tala það niður þó að ég sjái ástæðu til að nefna það. Markmiðin sem eru sett hér þykja mér eðlileg, gott að menn skuli setja þau á blöð, en ég hef fyrirvara um framganginn nema því aðeins að með einhverju móti náist verulega gott samstarf með aðilunum á þessum markaði inn í framtíðina.

Ég vildi bara hafa þessa almennu orðræðu hér fyrst en síðan ætlaði ég að ræða pínulítið um það sem hefur kannski verið talað mest um í dag, þessi ákvæði um hlerunarheimildir og -búnað. Ég tel fulla ástæðu til þess að hæstv. ráðherra svari því hvað menn telji að þessar tilfæringar komi til með að kosta og hvernig eigi að greiða þær. Ég hef við það töluvert mikinn fyrirvara að við getum gengið eins langt og þarna er gert ráð fyrir, að safna upplýsingum með svona gríðarlega víðtækum hætti eins og þarna er hugsað. Þetta er ekki bara sveitasíminn hleraður eins og var hér í gamla daga þegar menn hleruðu sér til skemmtunar, heldur er þetta bókstaflega hugsað sem allsherjargagnasöfnun um alla Íslendinga.

Það skal geymt í ár sem safnast. Talað er um að eyða beri umferðargögnum að slíkum tíma liðnum. Þá hlýtur

þessi tími að líða á hverjum degi og ég spyr í því sambandi: Er það tæknilega útfært að það sé hægt að eyða hverjum gögnum hvern dag þannig að þau séu nákvæmlega eitt ár í geymslu? Er það sjálfvirkur búnaður sem sér þá um þá hluti svo að það sé nokkurn veginn á hreinu að þetta sé rétta orðalagið í frumvarpinu?

Ég ætla að minna á umræðu sem fór fram í þjóðfélaginu fyrir nokkrum árum vegna svarts kassa í flugvélum. Það urðu miklar umræður og átök við flugmannastéttina um það hve langt mætti ganga í því að nýta þau gögn sem hægt er að ná út úr þeim tækjum sem þar um ræðir. Ef ég man rétt varð niðurstaðan í því efni sú að ganga eins skammt og hugsanlegt var í því að nýta þessi gögn á kostnað öryggisins.

Ég held að kannski sé hollt fyrir menn að rifja aðeins upp þessa umræðu í samhengi við það að hér eigi að fara að setja upp svartan kassa á öllum heimilum landsmanna til að fylgjast með öllum samskiptum, jafnvel milli heimilismanna. Nú er það þannig að menn tala orðið jafnmikið við ættingja sína og venslamenn í síma eins og einhverja allt aðra og menn telja bara ástæðu til að safna þessu öllu saman.

Ég tek undir það sem menn hafa sagt um þetta, að það sé a.m.k. ástæða til að fara vandlega yfir það hvort glóra sé í að gera þetta. Mér er nær að halda að lögreglan í þessu landi viti nógu mikið um þá sem eru svona vafasamir í þessu samfélagi til þess að vita nokkurn veginn hvern á að hlera. Þess vegna þarf ekki þetta gríðarlega bákn af eftirlitskerfi sem hérna skín í. Ég held að þó að lögreglustjórinn hafi látið sér detta þetta í hug sé a.m.k. full ástæða til að menn fari vandlega í gegnum það hvort verða eigi við því.

Í 7. gr. er talað um lágmarksskráningu gagna og ég spyr: Er skilgreiningin til staðar og mega menn svo safna einhverju hámarki? Eru þeir skyldugir til að safna lágmarkinu en er svo allt í lagi að safna bara hámarkinu, að það sé þá bara allt saman geymt sem um er að ræða? Mér finnst alveg ástæða til að menn átti sig svolítið á þessu.

Svo er það kostnaðurinn því að fjarskiptafyrirtækin eiga að bera hann og ný fjarskiptafyrirtæki sitja þá uppi með þennan kostnað. Ég endurtek það sem ég sagði áðan, það er ástæða til að það komi svolítið skýrar fram hvað menn reikna með að sé þar á ferðinni, þ.e. í kostnaði.

Ég ætlaði að nefna eitt í sambandi við 3. gr., hún fjallar líka um kostnað. Ef fjarskiptafyrirtæki sem telur að alþjónusta sem því er skylt að veita skv. 20. gr. sé rekin með tapi og því ósanngjörn byrði á fyrirtækinu getur það sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar. Hvernig líta menn á þetta ákvæði? Er þetta eins og að sækja um — hvað eigum við að segja — styrk á fjárlögum? Það er ekki eins og það sé einboðið að menn fái þessi framlög. Lítur hæstv. ráðherra þannig á að 3. gr. tryggi fjarskiptafyrirtækjum sem tapa á alþjónustu þá fjármuni sem þau leggja út?

Ég spyr um þetta vegna þess að ég held að þá sé ástæða til að menn leggi líka fram hugmyndir um hvað við getum verið að tala um í upphæðum þarna. Getum við lent í því að ríkissjóður þurfi að greiða út mikla fjármuni með uppbyggingu símkerfis í landinu þar sem vantar upp á, GSM-kerfi, sendingar á tölvugögnum og allt þetta sem hæstv. ráðherra hefur marglýst yfir að sé ástæða til að gera? Á þá að nota eitthvað af söluhagnaði Símans til að tryggja fólki almennilegt samband á hin einstöku svæði, bæði í síma og á tölvutengingum? Þarf síðan líka að greiða fyrir kostnað sem fjarskiptafyrirtækin verða fyrir vegna alþjónustunnar og kannski sitthvað fleira sem virðist geta komið upp vegna þeirra krafna sem eru gerðar til þessara fyrirtækja? Til dæmis hlýtur að vera eðlilegt að spyrja hvort ekki verði gerðar kröfur um það að ríkissjóður borgi þann kostnað sem fyrirtækin verða fyrir vegna hlerunar og geymslu á gögnum sem á að geyma í ár. Hvað telja menn þá að við séum að tala um háar fjárhæðir í þessu sambandi? Ekki geri ég mér grein fyrir því hvað gæti verið þarna á ferðinni.

Hæstv. forseti. Tveir samfylkingarmenn eru búnir að tala á undan mér og ég vísa til þess sem þeir sögðu um málið almennt en ég ætla að ljúka máli mínu með þeim orðum að ég bið hv. nefndarmenn að vanda sig við yfirferð þessa máls, sérstaklega vegna hugmynda um alhliða hleranir. Ég bið menn að setja þetta svolítið í samhengi við aðra umræðu sem hefur farið fram um svipuð málefni. Það voru æðimargir sem samsömuðu sig rökum flugmannanna sem gerðu þá harðsnúnu kröfu að gögn sem yrðu til í flugvélunum, á flugi, væru ekki notuð í dómsmálum af því að þau vörðuðu persónuleg samskipti manna. Svo kemur hæstv. samgönguráðherra með svartan kassa inn á hvert einasta heimili í landinu og leggur til að gögn verði geymd í heilt ár. Ég bið menn að gá að sér.

[16:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kemst ekki hjá því að koma upp í andsvar og gera athugasemdir við samlíkingu hv. þingmanns þar sem hann ber saman annars vegar það sem hann nefndi svarta kassann, sem er í flugvélum og er notaður til að leita eftir skýringum á óhöppum sem verða í flugi, við þann möguleika sem hér er skapaður með þessu frumvarpi þar sem verið er að hlera vegna afbrotamanna. Þá er verið að gera kröfur um geymslu gagna vegna þess að lögregla krefst þess og fær að undangengnum dómi aðgang að gögnum. Þetta er svo gjörsamlega ósambærilegt að það er óhjákvæmilegt annað en gera athugasemdir við það.

Í annan stað vek ég athygli á því að í dag eru þessi gögn öll geymd. Fjarskiptafyrirtækin geyma hvort eð er í tiltekinn tíma gögn vegna allra þessara samtala og fjarskiptanotkunar vegna reikningsgerðar. Með dómi er þá möguleiki á því, og fyrir því eru dæmi, að lögregluyfirvöld hafi aðgang að þessum gögnum, að undangengnum dómi eins og ég segi.

Hér er hins vegar verið að setja það skýrt í lög hvernig á að standa að þessu og ég tel að það hljóti að vera umhugsunarefni hvort á nokkurn hátt sé sambærilegt að nefna þetta tvennt í sömu ræðunni.

[16:37]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst alveg ástæða til að velta þessu fyrir sér. Flugmennirnir gerðu kröfu um það að samskipti þeirra yrðu ekki gerð opinber vegna einhvers konar rannsókna sem færu fram á slysum og ég tel að almenningur í landinu hljóti að eiga a.m.k. álíka rétt og flugmennirnir á

flugvélunum hvað þessa hluti varðar. Þó að þessi fyrirtæki geymi gögn í einhvern tíma vegna þess að þau þurfa að skrá og búa til reikninga fyrir þjónustu sína hafa þau ekki leyfi til að nota þessi gögn, og það á að vera hægt að fylgjast með því hvort menn brjóta af sér hvað þetta varðar.

Hér er hins vegar sú hugmynd uppi að þessi gögn skuli geymd tiltekinn tíma í því augnamiði að það sé hægt að opna þau hvenær sem lögregla gerir um það kröfu. Ég held því ekki fram að það sé ekki hugsanlegt að menn komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé eitthvað sem eigi að verða. Mér finnst bara, og það voru orð mín, ástæða fyrir nefndina til að fara mjög vandlega yfir það hvort svo sé komið að það sé nauðsynlegt að menn gangi svona langt. Er ekki nóg að fá dómsúrskurð til að fylgjast með þeim aðilum sem lögreglan er búin að fá einhverja vitneskju um að ástæða sé til að fylgjast með í staðinn fyrir að fylgjast með hverjum einasta Íslendingi og safna upp gögnum um hann? Ég held að það sé alveg full ástæða til að stíga varlega til jarðar í þessu.

[16:39]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti. Nokkrar þær breytingar sem þar eru lagðar til eru að mínu viti til bóta. Í fyrsta lagi vil ég nefna að það verður bundið í lög að samgönguráðherra leggi fram þingsályktun um fjarskiptaáætlun líkt og gert hefur verið um samgönguáætlun þannig að þar séu dregnar fram áherslur, stefna og markmið í fjarskiptamálum. Það er til bóta. Okkur verður þó sjálfsagt nokkur vandi á höndum að gera slíka áætlun svo að raunhæft sé ef eitt meginfjarskiptakerfi landsmanna verður selt úr höndum þjóðarinnar eins og nú stefnir í. Fjarskiptin eru einn grunnþáttur í samfélagi okkar hvað varðar atvinnu, öll samskipti manna á milli og þróun, þá ekki hvað síst hefur þetta áhrif á búsetuskilyrði, samkeppnishæfni búsetu og atvinnulífs hvar sem er á landinu, þannig að þessi lög taka eiginlega til grunnþátta íslensks samfélags.

Síminn var á sínum tíma stórkostleg innleiðing á tækni sem hjálpaði til við að skapa möguleika fyrir samskipti, móta okkur sem heila þjóð, og einnig samskipti við aðila erlendis. Þetta er í sjálfu sér stórmál sem við erum að fjalla um. Það er hryggilegt til þess að vita að sú ógæfa skuli ætla að reka núverandi stjórnvöld áfram í að selja þetta grunnalmannaþjónustufyrirtæki sem Landssíminn er og hefur verið, selja hann úr höndum þjóðarinnar í stað þess að nýta styrk hans og afl til að byggja upp öflugt og enn öflugra þjónustunet í fjarskiptum. Að því leyti til eru lögin um fjarskipti mjög ólík lögum um t.d. vegi sem við tökum m.a. á í samgönguáætlun. Þar eru vegirnir í eigu þjóðarinnar, meginsamgöngumannvirkin, og sá aðili sem annast framkvæmd, viðhald og þjónustu á vegunum, Vegagerð ríkisins, er í eigu þjóðarinnar og starfar í umboði hennar. Að því leyti til er hér ekki saman að jafna ef fer fram sem horfir. Ef við bærum hins vegar gæfu til þess að hætta við sölu Landssímans, a.m.k. grunnfjarskiptakerfis hans, hefðum það áfram í þjóðareign, gætum við hæglega sett upp fjarskiptaáætlun og fylgt henni eftir. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt að við höfum í huga þegar við ræðum þessi mál.

Við verðum að átta okkur á því hvað við erum með í hendi áður en við köstum því frá okkur og tökum síðan þeim afleiðingum sem það gæti haft í för með sér. Þó að við höfum talið rangt að markaðsvæða raforkukerfið þar sem raforkan er undirstöðualmannaþjónusta í samfélagi okkar völdum við samt að setja upp Landsnet sem annast dreifingu og flutning á rafmagninu á milli landsvæða og innan svæða og einnig dreifiveitur sem dreifa inni á ákveðnum svæðum. Stjórnvöld voru sett upp við vegg og þegar farið hafði verið nánar ofan í þær fyrirætlanir sem stjórnvöld höfðu uppi um einkavæðingu og markaðsvæðingu rafmagnsins ákváðum við að þetta skyldi þó vera áfram í opinberri eigu. Eftir alla einkavæðingardraumana í kringum rafmagnið sáu menn að sér hvað þetta varðaði, sáu að þetta væri ekki hægt og stofnuðu Landsnet um flutning og dreifingu á rafmagni.

Nákvæmlega sömu rök gilda að mínu mati um fjarskiptakerfið. Ýmsir aðilar á orkumarkaðnum áttu sitt eigið flutningsnet áður en þetta var sameinað í Landsnet. Þeir ákváðu í megindráttum að setja sitt flutningsnet inn í þetta sameiginlega Landsnet því að þeir sáu fram á að það væri mjög óhagkvæmt ef þjóðin væri að byggja upp tvöfalt kerfi í flutningskerfinu á rafmagni.

Nákvæmlega sama gildir um fjarskiptakerfið. Ýmsir eru að byggja upp fjarskiptakerfi, leggja fjarskiptanet, einkaaðilar, á arðsemisgrunni. En þeir leggja það eingöngu og alfarið á þeim stöðum og á þeim svæðum þar sem þeir sjá að þeir geta halað inn nægilegt fjármagn til þess að fá greiddan arð af þeirri fjárfestingu sinni. Þeir fjárfesta hvorki né veita þjónustu við t.d. dreifbýlli svæði þar sem þeir ná ekki sömu arðsemi út úr fjárfestingum sínum og haga sér bara eftir því hvar best er að fleyta rjómann. Landssíminn hefur haft þessar skyldur og þess vegna er mjög skrýtið núna þegar verið er að setja upp fjarskiptaáætlun og setja hér lög um fjarskipti að gera það þá undir því ljósi að verið sé að selja Símann. Manni hefði fundist nær að taka á þessum málum, setja stefnu í fjarskiptamálum ekki síst meðan þjóðin á Símann — við vonum að það verði sem lengst — og getur gert til hans kröfur, meðan ráðherra í umboði ríkisstjórnarinnar og Alþingis fer með eitt aðalhlutabréfið í Símanum og getur þess vegna beitt hann húsbóndavaldi þegar ríkisstjórn og Alþingi svo vilja. Enda höfum við þó séð að Síminn hefur skilað miklum arði eða milljarða kr. arði inn í ríkisbúskapinn án þess þó að því sé varið til fjarskiptanna sem hefði þó verið eðlilegt ekki síst í ljósi vanhugsaðra fyrirætlana um sölu á Símanum. Það hefði átt að nota þessi síðustu ár til þess að gera það.

Ég held að það sé mikilvægt, frú forseti, að hafa í huga í hvaða ljósi við erum að ræða þessi mál. Ég kem betur að þessum atriðum í umræðunni um næsta mál sem er tillaga til þingsályktunar um stefnuna í fjarskiptamálum. Þar fer ég ítarlega ofan í þessa þætti, þ.e. að umhverfi fjarskipta væri í allt öðru ferli og öruggara ferli ef þjóðin ætti áfram grunnfjarskiptakerfi Landssímans og gæti gert til þess eðlilegar kröfur og gæti gert áætlun um næstu skref í eflingu fjarskipta. Ef Landssíminn verður einkavæddur og seldur þá er ósköp litlar kröfur hægt að gera og ég kem að því hérna aðeins síðar.

Varðandi síðan þetta frumvarp um breytingu á lögum

um fjarskipti þá hefur hér verið lögð áhersla á ýmis atriði. Ég vil fyrst nefna þetta fjarskiptaráð sem ætlunin er að stofna. Samgönguráðherra á að skipa fjarskiptaráð til þriggja ára í senn og síðan er tíundað hlutverk þess. Það á að vera samráðsvettvangur hagsmunaaðila um bætt fjarskipti o.s.frv. Það er svo sem margt gott um þetta fjarskiptaráð að segja. En því er haldið gjörsamlega opnu hversu margir eigi að vera í þessu ráði eða hverjir eigi að skipa það þannig að þetta er bara opið geðþóttaatriði sem ráðherra fer með. Ráðherra fær að ákveða að eigin geðþótta að því er virðist hvað hann ætlar að hafa marga í þessu ráði og hvernig þeim verður skipað.

Ég hef alltaf verið skeptískur gagnvart svona ráðum sem einhverjir útvaldir fá að sitja í, taldir vera fulltrúar einhverra hagsmunaaðila, því að um leið og maður velur einn þá er annar útilokaður. Oft eru þessi ráð skipuð með þeim hætti að þau eru mjög þröng og þau eru fyrst og fremst bara hagsmunagæsluráð einstakra fámennra hagsmunaaðila. Ég tel að það væri á margan hátt miklu eðlilegra að ráðherra bæri þessa ábyrgð og leitaði ráða hjá þeim sem hann telur nauðsynlegt á hverjum tíma. Hagsmunaaðilar, hvort sem það eru fjarskiptaaðilar, neytendur eða hverjir sem þeir eru, geta á hverjum tíma komið óskum sínum á framfæri við ráðherrann og þá hafa í rauninni allir þar jafnan aðgang. En ef skipað er svona ráð sem milliaðili þá er verið að lengja bilið á milli einstakra hagsmunaaðila, einstakra notenda og samtaka þeirra og ráðherrans og það tel ég rangt. Ég tel það rangt og ég tel að ráðherrann eigi bara að bera beina ábyrgð og eigi ekkert að vera að fá neitt svona ráð sem hann annaðhvort getur skotið sér á bak við ellegar fengið misgóðar hvíslingar frá. Ég tel að þarna sé allt of opin heimild og ónákvæm með þetta ráð. Hvorki er tiltekinn fjöldi eða tiltekið hverjir eigi að skipa það.

Hér hefur mikið verið rætt um hlerunarheimildir sem verið er að veita með þessu frumvarpi, þ.e. að skylda eigi öll fjarskiptafyrirtæki stór og smá, hvort sem þau eru með fjarskipti í gegnum síma, í gegnum tölvu eða annað, þ.e. öll fjarskiptafyrirtæki, til að koma sér upp hlerunarbúnaði. Þetta er að því er virðist hlerunarbúnaður sem nánast á að ganga daginn út og daginn inn til að safna gögnum sem skulu geymast í ár. Þá verður stöðug eyðing líka á móti að ári liðnu.

Mér finnst þessi árátta, hlerunarárátta, þessi njósnaárátta komin alveg hreint út í hreinustu öfgar. (**Samgrh.:** Hlerunar- og njósnaárátta?) Njósnaárátta, já, frú forseti. (Gripið fram í.) Það er ekki hægt annað en kalla þetta njósnaáráttu því ef þetta væri forvitni, ef þetta væri í raun forvitni — ég ber virðingu fyrir forvitni, heiðarlegri forvitni, að vita um hagi nágrannans o.s.frv., þ.e. ef hún er heiðarleg. En þetta er ekki forvitni. Þetta eru njósnir hreint og beint. Þeim er hægt að beita í hvaða tilgangi sem er. (**Samgrh.:** Var það forvitni þegar þú varst að hlera sveitasímann?) Það var forvitni, já, og þá vissu yfirleitt þeir á næstu línum að það væri verið að hlusta. (**Gripið fram í:** Það var ekki bannað.) Það var ekki bannað. Mig minnir einmitt að í lögum sem við vorum að samþykkja fyrir tveimur eða þremur árum síðan hafi verið deilt um það hvort sérstaka heimild þyrfti til þess að taka upp símtöl. Þá var sett ákvæði inn um að það yrði að láta viðkomandi vita fyrir fram ef ætlunin væri að taka símtalið upp. Ég man ekki betur, frú forseti, en það hefði verið mjög mikið rætt þá hvernig og undir hvaða kringumstæðum mætti taka upp símtöl og það mátti alls ekki án þess að hlutaðeigandi vissi að verið væri að taka það upp og þá yrði að láta vita fyrir fram að ætlunin væri að taka það upp nema, eins og stóð í þeim lögum, ef viðkomandi mætti ætla að það væri föst regla að það væri gert.

En nú á að fara að taka upp skipulagðar hleranir á öllu þjóðlífi Íslendinga. En hvernig er þetta nú framkvæmanlegt, frú forseti? Margir eru farnir að kaupa svokölluð frelsiskort eða staðgreiða símtölin sín þannig að þau koma hvergi á skrá hjá viðkomandi fjarskiptafyrirtæki heldur eru þau greidd fyrir fram og staðgreidd þannig að ekki er hægt að rekja þau. Ég held að í auknum mæli fari fólk að staðgreiða fyrir fram símtöl sín og verði með svona frelsiskort.

Hvað með ferðamennina? Í frumvarpinu stendur að ekki megi afhenda venjulegum Íslendingi símkort nema hann sýni persónuskilríki, skírteini með mynd og kennitölu og öllu þess háttar. Hvers konar samfélag erum við að fara út í? Hvað eiga aumingja útlendu ferðamennirnir að segja þegar þeir ætla að fara að kaupa hér símkort og svo segir afgreiðslumaðurinn: „Heyrðu, ég þarf að fá hjá þér persónuskilríki og ég þarf að fá kennitöluna þína og ég verð að skrá þig því að þú ert stórhættulegur um leið og þú ert kominn inn í landið. Ég verð að fá að fylgjast nákvæmlega með þér.“ Hvernig á að framkvæma þetta? Ég er ekki viss um að hv. þingmenn yrðu hrifnir af því ef þeir erlendis væru að kaupa kort og yrðu þar að framvísa persónuskilríkjum og láta skrá sig á hálfgerða sakaskrá í viðkomandi landi til þess að mega kaupa símkort. Frú forseti. Einhvers staðar hljóta að vera takmörk fyrir því alvarlega rugli sem hér er á ferðinni.

Ég minntist á það hér fyrr í andsvari að við hefðum eðlilega hneykslast á leynilögreglunni í Austur-Þýskalandi á sínum tíma, án þess að ég hafi haft neina persónulega reynslu af því aðra en af umræðunni hér, þar sem sagt var að fjöldi fólks var að taka upp og fylgjast með ferðum fólks og hlusta á hvað það sagði samkvæmt bestu tækni þeirra tíma. Við hneyksluðumst á þessu. Eðlilega hneyksluðumst við. En svo hér, og árið 2000 liðið, erum við að fara í enn verra far við að hlera nágrannann.

Sé eitthvað gruggugt á seyði, eitthvað sem er ástæða til að fylgjast með, þá koma bara þar til bær stjórnvöld og óska eftir því að fá að fylgjast með, fá að hlera símtöl viðkomandi samkvæmt dómsúrskurði og borga þá þann kostnað sem því fylgir hjá viðkomandi fjarskiptafyrirtæki. Það er eðlilegt að mínu viti. En maður gengur ekki út frá því fyrir fram að allir Íslendingar séu glæpamenn og því þurfi að fylgja þeim eftir með þessum hætti og síðan eru þeir vinsaðir út að ári liðnu. Og hvernig fer sú vinsun fram? Hún var nú ekkert kræsileg lýsingin af þessum möppum sem lágu fyrir utan hús sýslumannsins í Reykjavík hérna á dögunum. Meðferð þessara upplýsinga og tilgangurinn með þeim verður náttúrlega að vera miklu ríkari en hér er verið að leggja til.

Frú forseti. Ég frábið íslensku samfélagi svona njósna- og hlerunaráráttu sem hér er komin á fullt skrið. Hana verður að stöðva.

[16:59]

Útbýting:

Aðgerðir til að jafna flutningskostnað, 788. mál, fsp. SJS, þskj. 1166.

Eignatengsl og hagsmunaárekstrar hjá viðskiptabönkum, 787. mál, fsp. JóhS, þskj. 1165.

[17:00]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil stinga inn í umræðuna fáeinum orðum um frumvarpið sem hér er til umræðu, um breytingu á lögum um fjarskipti, þar sem lagðar eru til nokkrar breytingar á fjarskiptalögunum frá 2003.

Fyrsta atriðið sem frumvarpið leggur til er að taka upp gerð svonefndrar fjarskiptaáætlunar og skipa fjarskiptaráð. Almennt má segja um þær tillögur að þær séu til bóta. Ég tel rétt að skoða þær í meðförum þingsins með jákvæðu hugarfari, að Alþingi ákveði reglulega áætlun í þessum efnum samkvæmt þeim markmiðum sem menn koma sér saman um. Þau sem nefnd eru í 1. gr. frumvarpsins eru að mínu viti mjög víðtæk þannig að ég sé ekki í fljótu bragði ástæðu til að nefna önnur atriði en þar eru tilgreind. Mér finnst þó að vísu að sum þeirra atriða séu ansi víðtæk og kannski meira vandamál að afmarka þau fremur en að tiltekin atriði kunni að vera út undan eða ekki talin upp í fjarskiptaáætlun. Almennt held ég að það sé til bóta að leitast við að gera slíka áætlun.

Ég vil þó segja að þingsályktanir um þessi efni eru fyrst og fremst stefnumarkandi yfirlýsingar og hafa tilhneigingu til að raskast í meðförum þingsins vegna þess að í þeim felast ekki neinar fjárhagslegar ákvarðanir. Þær koma síðan fram í fjárlögum en við sjáum af samgönguáætlunum, bæði nú og fyrr, að áætlanirnar hafa tilhneigingu til að riðlast, sérstaklega vegáætlun. Skýrasta dæmið um það er samgönguáætlun sem liggur fyrir þinginu og var rædd í síðustu viku. Þar eru lagðar til verulegar breytingar á áætluninni sem samþykkt var fyrir tveimur árum. Það er kannski helsti gallinn við þingsályktanir, að stefnan sem mótuð er á hverjum tíma kann að vera ágæt en hún hefur tilhneigingu til að breytast, og stundum snögglega. Þær eru því ekki mjög áreiðanlegar, áætlanir sem ákveðnar eru með þessum hætti. Þó tel ég, þrátt fyrir þennan galla, til bóta að gera slíka áætlun.

Ég tel fyllstu ástæðu til að þingið taki til athugunar hvernig megi ráða bót á helsta galla þingsályktana af þessu tagi. Það er afleitt mál að þær séu svo viðkvæmar fyrir breytingum og líklegt að þær taki breytingum fljótlega eftir að þær eru samþykktar. Það dregur verulega úr gildi þeirra. Ég hygg að besta leiðin til að reyna að ráða bót á þeim galla væri að tengja fjármögnunina eitthvað við ákvörðunina um stefnuna þannig að líklegra sé að ákvörðun sem tekin er til lengri tíma standist þegar fram líða stundir.

Það er gert ráð fyrir því að fjarskiptaáætlun sé til sex ára. Í sjálfu sér geri ég ekki athugasemd við það. Hana á að endurskoða á þriggja ára fresti en í ljósi vegáætlunar sem er til fjögurra ára og endurskoðuð á tveggja ára fresti má heita öruggt að það sem menn setja niður í sex ára áætlun mun ekki standast. Reynslan af vegáætlun segir okkur að ákvarðanir fyrsta árið muni standast, á öðru ári sé líklegt að þær standist að mestu leyti en það sem áætlað sé lengra fram í tímann standist líklega ekki. Þetta er reynslan af því sem menn ákveða til fjögurra ára. Ég hygg að þegar menn gera áætlun til sex ára sé líklegt að breytingarnar verði meiri en þegar áætlun er til fjögurra ára. Þetta vildi ég nefna til að halda því til haga hver reynslan er af þessum áætlunum. Ég held að formið sé ekki það heppilegasta. Þessi þingsályktun er pólitísk stefnuyfirlýsing en engin skuldbinding sem fylgir henni. Hins vegar held ég að innihaldið, þ.e. áætlanagerðin, sé skynsamleg.

Í öðru lagi, um fjarskiptaráðið, þá tek ég undir það sem hér hefur komið fram að ákvæði um skipan þess eru mjög óljós og þurfa að verða miklu skýrari. Ég beini því til samgöngunefndar að fara yfir það mál og búa í betri búning. Verksvið þess er líka opið. Það er út af fyrir sig ágætlega talið upp í stafliðum a–d en það er hins vegar opið að öðru leyti á tvo vegu, annars vegar er stafliður e, sem kveður á um annað sem ráðherra kann að fela þessu samkeppnisráði. Hins vegar er upptalningin á verkefnum sem það skuli sinna meðal annars, sem opnar fyrir að ráðherra getur ákveðið að eitthvað sem ekki fellur undir þessa upptalningu bætist við sem verkefni. Það finnst mér fullopið til að góður bragur geti talist á lagasetningunni. Það þarf í sjálfu sér ekki að vera ágreiningur um innihaldið af þeim ástæðum.

Ég vil þá víkja að 2. gr. frumvarpsins, sem kveður á um að fjarskiptafyrirtæki skuli án endurgjalds tryggja þar til bærum yfirvöldum aðgang að búnaði til að hlera símtöl og til annarrar löglegrar gagnaöflunar. Varðandi þetta atriði vil ég segja að ég tel eðlilegt að fjarskiptafyrirtækin séu skyldug að heimila lögregluyfirvöldum aðgang að kerfinu eins og þarna er gert ráð fyrir en mér finnst óeðlilegt að leggja kostnaðinn á fyrirtækin sjálf. Ég mæli því með því að ríkið sjálft leggi fram búnaðinn og beri þann kostnað sem af því leiðir. Ég tel það m.a. eðlilegt í ljósi þess hvernig þessi markaður er saman settur, af tveimur mjög stórum fyrirtækjum og síðan öðrum sem eru mjög lítil í samanburði við þau tvö. Við þurfum á smærri fyrirtækjunum að halda til að líklegra sé að þessi fjarskiptamarkaður virki samkvæmt því sem við viljum. Við þyrftum að fá fleiri fyrirtæki til að keppa við þau sem fyrir eru og hvert við annað en það að leggja kvaðir á fyrirtæki virkar íþyngjandi og dregur úr möguleikunum á samkeppni. Ég tel að við megum ekki, í ljósi þess hvernig markaðurinn lítur út í dag, gera kvaðir af þessum toga, þ.e. ef kostnaður við það nemur háum fjárhæðum. Ég hef út af fyrir sig ekki tölur um það en ég geng út frá því að þetta sé umtalsverður kostnaður og ákveðin hindrun fyrir ný fyrirtæki. Auk þess finnst mér það út af fyrir sig eðlilegt sjónarmið að yfirvöldin, sem telja sig þurfa að hafa aðgang að þessum kerfum til að afla upplýsinga, leggi til þann búnað sem til þarf og hafi hann undir höndum og eigi hann.

Í þriðja lagi vil ég víkja að 5. gr. frumvarpsins, um skyldu um reikisamninga, þar sem kveðið er á um að ekki er skylt fyrirtæki að veita öðrum aðgang að nýjum GSM-farsímastöðvum fyrstu tvö árin eftir að þær eru reistar. Ég er ekki alveg búinn að afla mér allra upplýsinga um þetta mál til að átta mig á því að hve miklu leyti þetta er nauðsynlegt, ef hægt er að rökstyðja þetta ákvæði með því að það sé nauðsynlegt til að fyrirtæki sem ræðst í fjárfesting-

una geti aflað tekna fyrir henni áður en samkeppninni er hleypt um viðkomandi fjarskiptastöð. En ég set varnagla um þetta ákvæði. A.m.k. er augljóst mál að það dregur úr samkeppninni og dregur úr möguleikum fyrirtækja á að keppa. Miðað við útbreiðslu GSM-netsins í dag má ætla að nýjar stöðvar séu fyrst og fremst í dreifbýlinu, þar sem ekki hefur verið útbreiðsla á þessu. Ég held að það þurfi a.m.k. að skoða vandlega í nefnd hvaða áhrif þetta kann að hafa á stöðu notenda sem kunna að bætast við. Það kann að vera að önnur sjónarmið eigi við ef ný GSM-stöð er reist í þéttbýli þar sem fyrir eru aðrir möguleikar.

Í fjórða lagi vil ég víkja að 6. gr. frumvarpsins. Þar er vikið að gagnaflutningi frá útlöndum. Þar er fjarskiptafyrirtækjum gert skylt að gefa áskrifendum sem þess óska kost á að sjá hvenær þeir greiða fyrir gagnaflutning frá útlöndum. Þetta fjallar um svonefnt niðurhal, t.d. um sæstrenginn sem menn sækja sér gögn um til útlanda og flytja til landsins. Ég held að við þurfum að skoða þetta mál alvarlega. Að svo miklu leyti sem ég er kunnugur í þessum efnum líta þau þannig út fyrir mér að þeir sem eiga sæstrenginn, þennan nýja, sem ég held að séu Síminn og Og Vodafone fyrst og fremst, hafa bundist samtökum um að rukka íslenska notendur fyrir gagnaflutninga frá útlöndum, einhvers konar landamæragjald. Það er ákaflega óeðlilegt í internetkerfinu sem slíku, sem byggir á því að notandinn geti farið um kerfið, sent gögn og sótt gögn án tillits til landamæra og gjaldskráin sé ekki með landamærastöðvum þar sem menn þurfi að borga sig inn og út úr landinu. Þessi gjaldtaka hefur að mínu viti verið ákaflega óeðlileg. Hún hefur verið íslenskum notendum dýr og hún er ástæðulaus. Þessir gagnaflutningar endurspegla fyrst og fremst þann veruleika sem er óháður vegalengdum og því ætti ekki að vera gjaldtaka við íslensku lögsöguna, þar sem tvö fyrirtæki sem hafa eignarhald á flutningsleiðinni sammælast um að okra á íslenskum neytendum. Það hefur verið gert og íslenski Síminn, fyrirtæki ríkisins, hefur verið í fararbroddi í þeim efnum. Þetta er óeðlilegt ástand að mínu viti og ég tel að svo eigi ekki að vera og íslenska ríkið, sem eigandi Símans og aðili að þessu máli, eigi að beita sér fyrir því að þessi gjaldtaka verði felld niður. Ég skora á hæstv. samgönguráðherra að beita sér fyrir því að svo verði.

Í fimmta lagi vík ég að þessari margumræddu 7. gr. sem heimilar eða skyldar fjarskiptafyrirtæki til að geyma tilteknar upplýsingar um fjarskiptaumferð í allt að eitt ár. Ég held að menn ættu að hugsa sig vandlega um áður en þeir fara inn á þessar brautir. Þarna er ekki verið að setja í lög ákvæði sem tryggi lögregluyfirvöldum rétt eða möguleika á að afla sér gagna eða rannsaka mál. Þarna er gengið miklu lengra. Það á að vera skylda fjarskiptafyrirtækja að geyma viðtækar upplýsingar um notendur í miklum skrám sem lögregluyfirvöld geti síðan gramsað í þegar þeim sýnist. Þetta er algerlega óeðlilegt, virðulegi forseti, jafnvel þó ríkislögreglustjóri fari fram á það. Mér liggur við að segja að í ljósi fyrri tillagna frá því ágæta embætti sé þetta óeðlilegt, að hann skuli fara fram á það. Mér hefur fundist sem þarfir ríkislögreglustjóra fyrir upplýsingar væru svo yfirgengilegar að þær næðu ekki neinu tali, eins og kom fram í frumvarpi á síðasta ári. Enda var það mál snúið niður í þinginu sem betur fer.

Ég spyr bara: Hvernig dettur mönnum þetta í hug, að fara að safna skrám um hvern og einn Íslending sem notar síma til þess að geta gáð að því seinna hvort hann hafi verið að gera eitthvað sem hugsanlega er ólöglegt? Það hlýtur að vera grundvallaratriði að þegar lögregluyfirvöld hefjast handa við að rannsaka atferli einhvers einstaklings liggi fyrir rökstuddur grunur um ólögmætt athæfi. Sú hlýtur að vera forsendan. Það hlýtur að vera forsenda þess að þau yfirvöld fari fyrir dómstóla, leggi grunsemdir sínar þar fram og fái úrskurð sem heimilar rannsókn. (Gripið fram í.)

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að skylda fjarskiptafyrirtæki til að geyma allar upplýsingar án tillits til þess hvort nokkur grunur sé á ferðinni. Það er þar sem gengið er allt of langt að mínu viti, virðulegi forseti. Dettur nokkrum manni annað í hug en að þetta verði misnotað þegar allar skrárnar sem fylla hvern skjalaskápinn á fætur öðrum liggja fyrir? Veit einhver hér inni um það kerfi sem ekki hefur verið misnotað þegar menn hafa safnað viðtækum upplýsingum um einstaklinga? Er einhver hér inni tilbúinn til að fullyrða að það muni ekki verða misnotað?

Nei, það er enginn tilbúinn til þess, virðulegi forseti. Svo mikið vil ég leyfa mér að fullyrða. Ég er alveg viss um að hæstv. samgönguráðherra er það skynsamur að hann mun ekki fullyrða það hér. Við eigum ekki að bjóða hættunni heim. Menn höfðu svona kerfi í kommúnistaríkjunum. Stasi hafði svona kerfi. Það var misnotað og það kom illu orði á þá stofnun. Það mun verða misnotað, þetta kerfi, ég bara leyfi mér að fullyrða það. Lögregluyfirvöld eru ekkert of góð til þess að fara eðlilegar leiðir til að fá heimildir fyrir því að taka upp rannsóknir.

Ég velti fyrir mér hvernig erlend þjóðþing mundu taka á svona ákvæði, hjá milljónaþjóðum þar sem ekki eru einu sinni til þjóðskrár, þar sem allt verður vitlaust í þjóðfélaginu ef menn reifa þau mál að taka upp þjóðskrá eða gefa út persónuskilríki. Það voru háværar umræður og deilur í nokkrum þjóðfélögum árum saman yfir því. Menn telja það persónunjósnir. Hvernig halda menn að umræðan í slíkum þjóðfélögum yrði ef þau sæju tillögu af þessu tagi? (**Gripið fram í:** Í Bandaríkjunum?) Til dæmis í Bandaríkjunum eða Bretlandi. Ég veit að hæstv. samgönguráðherra þekkir umræðuna um persónukortin í Bretlandi.

Nei, virðulegi forseti, við skulum ekki fara að búa til skjalaskápa persónuupplýsinga. Gerum það ekki nema þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um ólögmætt athæfi. Fylgjumst ekki með einstaklingunum fyrr. Það eru mín sjónarmið í þessu máli. Fleira ætla ég ekki að segja um þetta mál. Það er af ýmsum toga, efnið í því, og afstaða mín er þá breytileg eftir þeim efnisatriðum. Að frátöldum þessum hlerunarmálum er ég tiltölulega jákvæður í þessu efni.

[17:20]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég heyri að hv. þingmaður er á þeim sömu nótum og ég var hér í ræðu minni um þessar ofboðslegu persónunjósnir sem verið er að setja í gang. Ég velti líka fyrir mér hvernig þetta væri hjá öðrum þjóðum þar sem þessi viðtæka notkun á kennitölum er alls ekki leyfð. Mér finnst hún ganga hér allt of langt, nánast að hver gjaldkeri í banka geti flett upp reikningsstöðu viðskiptavina í öllum

öðrum viðskiptabönkum.

Hann minntist ekki á hvernig ætti að láta þetta virka í reynd, einmitt þar sem núna gilda ekki samræmdar reglur um heiminn. Ferðamenn koma hingað og þeir ætla að nota símann, þeir vilja kaupa hér símkort og eru þeir þá orðnir lögbrjótar ef þeir vilja ekki sýna eða geta ekki sýnt persónuskilríki? Hvernig ætlum við að safna þeim? Hvernig ætlum við að safna öllum þessu erlendu ríkisborgurum sem koma hingað til landsins?

Eða hvað gerist ef við kaupum okkur kort erlendis og hringjum hingað heim? Hvernig ætlum við að gera það? Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er stærðfræðingur og tölfræðingur og hefur velt þessu mjög fyrir sér. Hvernig eigum við að framkvæma þessa dellu? (Gripið fram í.) Ég spyr. Þótt það sé ekki sanngjarnt að spyrja hv. þingmann er gott að heyra sjónarmið hans af því að hann kom ekki inn á þetta atriði.

[17:21]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að til þess að framkvæma þetta svo að öruggt sé að nái yfir alla verði menn að fara svipaða leið og símafyrirtækin hafa gert. Þau hafa verið með eitthvert landamæragjald á þá sem flytja gögn til landsins. Ég hygg að íslensk yfirvöld yrðu þá að tryggja að allir sem koma með síma inn til landsins hefðu þá þannig að hægt yrði að fylgjast með þeim eða skrá úr þeim þær upplýsingar sem menn telja sig hafa.

Svo eru tölvurnar, menn flytja þær líka á milli landa. Ég held satt að segja að mikil vandkvæði yrðu á að framfylgja þessu, vandkvæði, erfiðleikar og ósanngjarnir hlutir. Lítum t.d. á þetta með erlenda niðurhalið, að vera með gjaldtöku innanlandsfyrirtækjanna til að tryggja sig fyrir erlendri samkeppni. Hún þýðir að íslenskir neytendur geta ekki vistað heimasíður sínar erlendis nema borga fyrir það sérstakt gjald. Þeir geta ekki sótt gögn af heimasíðum erlendis frá, jafnvel þó að þar eigi í hlut íslensk fyrirtæki, nema borga sérstakt gjald. Þessir hlutir eru einfaldlega ósamrýmanlegir þeirri tækni og því samskiptamynstri sem menn eru að tileinka sér í þeim heimi sem er að verða til í ljósi þessarar nýju tækni.

Ég vildi, virðulegi forseti, kannski aðeins bæta því við að ég leggst gegn því að skylda fjarskiptafyrirtækin til að afhenda þessar upplýsingar og halda þeim saman. Mér finnst líka eiga að koma til álita að setja í lögin ákvæði sem takmarki möguleika fjarskiptafyrirtækjanna til að safna þessum upplýsingum og geyma þær af eigin hvötum.

[17:23]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held einmitt að þarna sé atriði sem vanti inn í þessi lög og eigi að setja, þ.e. hvernig eigi að koma í veg fyrir að fyrirtækin geymi þessi gögn, safni þeim hreinlega. Það vantar inn í frumvarpið.

Hv. þingmaður var að velta fyrir sér hvernig við ættum að fara að ef erlendir ríkisborgarar kæmu inn í landið með tölvuna sína og símann sinn. Það er töluvert mikil skráningarvinna að skrá þetta allt saman við komuna til landsins ef þeir eiga síðan að geta farið og keypt frelsiskort á bensínstöðvum og eiga þá að framvísa einhverju nafnskírteini. Margar þjóðir eiga slíkt bara ekki til en hafa reyndar passann sinn, ella kæmust þeir ekki inn í landið.

Sjáið þið það fyrir ykkur að erlendir ferðamenn standi í biðröð við að kaupa símkort og verði að láta fletta upp um sig öllum persónuupplýsingum og skrá sig á íslenskan njósnaralista? Mér finnst það bara alveg fráleitt.

[17:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir mjög athyglisverða umræðu og gagnlega. Það segir okkur að það frumvarp sem hér er til meðferðar er efnismikið og þess vegna mikilvægt að fara rækilega yfir það.

Það eru nokkur atriði sem ég vildi koma inn á, gera athugasemdir við og fjalla örlítið um. Í fyrsta lagi vil ég nefna það sem kom fram hjá nokkrum hv. alþingismönnum um skipan fjarskiptaráðs. Engin gagnrýni kom fram á nauðsyn þess að koma á þessum vettvangi, sem ég tel að sé mikilvægt, en hv. þingmenn veltu fyrir sér samsetningu ráðsins. Ástæðan fyrir því að í frumvarpinu er ekki tilgreint hvaða fulltrúar eigi þarna að vera er að í þessari grein er geysilega mikil hreyfing og mikill breytileiki. Það er alveg augljóst að í þeirri reglugerð sem gert er ráð fyrir að setja verður fjallað um skipan ráðsins að öðru leyti en því sem fram kemur í lögunum. Þar er nauðsynlegt að kalla til fulltrúa símafyrirtækja, neytenda og þeirra sem eðlilegt er að fá til þess að fjalla um fjarskiptamál á þessum vettvangi. Ég tel gagnlegt að nefndin taki þetta til skoðunar og meðferðar og hef ekkert við því að segja.

Hv. þingmenn hafa gert hér mikið að umtalsefni ákvæði 2. og 7. gr., annars vegar varðandi búnað til hlerunar og hins vegar um geymslu gagna. Ég vil koma nánar að því á eftir en fyrst vil ég aðeins fara nokkrum orðum um það sem kom fram hjá hv. þingmanni Kristni H. Gunnarssyni, sem því miður er nú genginn úr salnum, um gildi áætlana.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fjarskiptaáætlun sé samin og hún lögð fram og það er tilgreint í 1. gr. um hvað hún skuli fjalla. Vegna þess sem hv. þingmaður nefndi vil ég nefna að það er alveg deginum ljósara að hér er fyrst og fremst um það að ræða að fjarskiptaáætlun á að móta stefnu og leggja áherslu á meginatriði. Jafnframt er alveg ljóst að slíkar áætlanir eru ekki einhver óumbreytanlegur fasti sem tekur ekki tillit til annarra ytri aðstæðna.

Þingmaðurinn tók til samanburðar samgönguáætlun en það er alveg ljóst að samgönguáætlun verður að taka tillit til fjárlaga hverju sinni, taka tillit til þeirra framlaga sem Alþingi ákveður að skuli fara til tiltekinna verkefna, alveg með sama hætti og aðrar áætlanir sem eru settar fram og samþykktar hér á Alþingi.

Við þekkjum það bara í okkar eigin lífi að við setjum okkur áform og áætlanir um lífsstíl og ýmsa framvindu en allt verður það að taka tillit til aðstæðna hjá hverjum og einum. Hið sama hlýtur að gilda um þessar áætlanir.

Að öðru leyti fagna ég viðbrögðum þingmanna hvað varðar þessi ákvæði en auðvitað þarf að sníða þau að veruleikanum sem við lifum við.

Hvað varðar geymslu gagna er alveg ljóst að símafyrir-

tækin varðveita nú þegar, eins og fram hefur komið í umræðunni, gögn og þeim er safnað. Það er því ekkert nýtt. En í frumvarpinu, eins og fram hefur komið, er gert ráð fyrir ákvæðunum í 2. og 7. gr. að ósk lögregluyfirvalda.

Ég vil að gefnu tilefni vísa til þess að sérstök lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eru í gildi. Þau eru að sjálfsögðu geysilega mikilvæg og afskaplega mikilvægt að Persónuvernd fylgist vel með og sinni vel skyldum sínum. Hvað löggjöfina varðar hljótum við að sjálfsögðu að fara að þeim lögum, enda er beinlínis gert ráð fyrir því í frumvarpinu, sbr. 2. mgr. 7. gr. Ég held því að hv. þingmenn ættu ekki að hafa verulegar áhyggjur af því.

Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram hlýt ég að minna hv. þingmenn á miklar umræður sem fram fóru á síðasta þingi að frumkvæði hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og ætla, með leyfi forseta, að rifja upp hluta úr ræðu hv. þingmanns, sem var að fjalla um fjarskiptalöggjöfina.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Hæstv. forseti. Á Stöð 2 í gærkvöldi kom fram að lög sem Alþingi samþykkti í fyrra, þ.e. fjarskiptalög, auðveldi barnaníðingum iðju sína á netinu. Fram kom einnig að þetta væri mat lögreglunnar sem varaði Alþingi við því að samþykkja lögin. Ríkislögreglustjóri lagði til heimild í lögin í því skyni að varðveita gögn um fjarskiptaumferð í allt að sex mánuði sem samgöngunefnd tók ekki til greina. Staðan er því sú að ekki er hægt að rannsaka netnotkun með eðlilegum hætti vakni grunur um glæpsamlegt athæfi, eins og t.d. þegar reynt er að lokka börn til fylgilags, en lögreglan óttast að löggjöfin eins og hún er nú sé til þess fallin að hvetja til brotastarfsemi á netinu og draga athygli erlendra brotamanna að Íslandi.

Það vekur vissulega furðu að samgöngunefnd hafi ekkert gert með þessar alvarlegu athugasemdir hjá ríkislögreglustjóra, sér í lagi í ljósi þess að hvers konar brotastarfsemi, ekki síst upplýsingar um aðgerðir barnaníðinga á netinu, er orðin óhugnanlega algengur atburður í þjóðfélagi okkar. Ríkislögreglustjóri hefur fengið til rannsóknar flestar tegundir brota á internetinu þar sem niðurstaða hefur oltið á aðgengi að gögnum á netinu. Ríkislögreglustjóri vísar í tilskipun um persónuvernd sem samgöngunefnd lagði ekki til að yrði beitt þar sem segir að ríkið geti í þágu þjóðaröryggis, almannaöryggis, til varnar rannsókn og saksókn afbrota tekið upp í lög úrræði til að tryggja varðveislu gagna í takmarkaðan tíma. Ég gerði samgönguráðherra viðvart um þessa umræðu sem hann gat ekki verið viðstaddur, var á förum til útlanda, en ég tel reyndar að málið snúi að Alþingi og það sé raunar skylda samgöngunefndar að taka það upp og leggja til nauðsynlegar breytingar sem reisi þær girðingar að lögreglan geti með eðlilegum hætti nálgast gögn á netinu sem nauðsynleg eru til að hindra eða rannsaka glæpi. Hvet ég til þess að ákvæði sem ríkislögreglustjóri hefur lagt til verði lögfest áður en þingi lýkur."

Ég held að hv. þingmenn ættu að kynna sér þessa umræðu, ekki síst hv. þingmenn Samfylkingarinnar, samflokksmenn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem tóku þátt í umræðunni. Hv. þm. Þuríður Backman tók þátt í henni og tók undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég held því að hv. þm. Jón Bjarnason ætti að fara í smiðju til hv. þm. Þuríðar Backman áður en hann heldur fleiri ræður um þessi efni.

Ég mátti til með, virðulegur forseti, að rifja þetta upp vegna þess að ég tók mikið mark á athugasemdum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og m.a. þess vegna er frumvarpið komið fram að höfðu samráði við ríkislögreglustjóra sem hafði áður komið þessum ábendingum á framfæri, eins og fram hefur komið fram í umræðunni og fram kom í ræðu minni.

Ég undrast því satt að segja alveg stórlega þau viðbrögð sem hér hafa komið fram hjá hv. þingmönnum. Ég ber mikla virðingu fyrir hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og þeim þingmönnum sem vekja athygli á veikleika í löggjöf okkar. Ég tel það skyldu mína sem samgönguráðherra og ráðherra fjarskiptamála að huga að slíkum ábendingum. Ég vænti þess að hv. samgöngunefnd undir forustu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, sem hefur tekið þátt í umræðunni og vakið athygli á þessu, fari vandlega yfir þessi mál. Ég veit að hann mun leggja sig fram um að finna skynsamlegustu og bestu leiðirnar í málinu, enda frumvarpið samið m.a. að höfðu samráði við formann samgöngunefndar. Ég hef undrast stórlega viðbrögð hv. þingmanna en vona að þeir átti sig á því að þeir eru á fullkomnum villigötum að reyna að gera tortryggileg þau ákvæði sem miða að því að koma í veg fyrir misnotkun á hinu feiknarlega mikilvæga kerfi, fjarskiptakerfinu, og sérstaklega farsímunum.

Virðulegur forseti. Að lokum vil ég ítreka að persónuverndarlöggjöfin er geysilega mikilvæg og öll ákvæði frumvarpsins miða að því að taka tillit til hennar. Öll ákvæði frumvarpsins leggja áherslu á það og er vitnað sérstaklega til þeirra. Með sama hætti tel ég að við þurfum að huga að öðrum liðum í frumvarpinu sem eru til bóta og ég vænti þess að hv. þingmenn vinni að afgreiðslu frumvarpsins í hv. samgöngunefnd í ljósi þeirra upplýsinga sem hér liggja fyrir.

[17:38]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átti sæti í hv. samgöngunefnd á sl. ári og þar fjölluðum við um þær athugasemdir sem hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni. Niðurstaða nefndarinnar var sú að flytja ekki tillögur um þær breytingar sem hæstv. ráðherra er að flytja tillögur um núna, sem hefur haft tíma til þess að skoða hlutina betur frá því að nefndin komst að þeirri niðurstöðu.

Varnaðarorðin sem hér hafa verið töluð bæði af mér og fleirum í dag eiga fullkomlega rétt á sér. Ég vísa til þess að á síðasta ári var herferð á vegum lögregluyfirvalda í landinu þar sem margir voru teknir með alls konar efni, klámefni, barnaklám og hvað það nú var allt saman, án þess að slíkt ákvæði væri til staðar. Ég held að full ástæða sé til þess að menn skoði sig vel um, það var það sem við sögðum flest til í dag, a.m.k. ég, áður en menn setja löggjöf um svo ríka söfnun persónuupplýsinga og verið er að leggja til að verði gert. Hæstv. ráðherra ætti að hægja svolítið á sér því að stundum geta menn farið fram úr sjálfum sér og þurfa þá að sækja stuðning til einhverra sem þeir eru ekki vanir að sækja stuðning til.

[17:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki heyrt af ræðu hv. þingmanns annað en að hann hafi tekið heilmikið mark á þeim athugasemdum sem fram komu hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur á sínum tíma. Ég geri engan mannamun þegar ég fjalla um skoðanir fólks og hvort ég eigi að taka mark á þeim. Ég tel það af hinu góða að nýta reynslu þingmanns á borð við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur til þess að fá frá henni hugmyndir og tillögur um úrbætur á viðkvæmri löggjöf. Ég tel að það sé fullkomlega eðlilegt og hef ekki á nokkurn hátt gefið í skyn eða það sé nokkurt tilefni til þess að efast um að ég sé reiðubúinn til þess að þiggja ráð frá svo reyndum þingmanni eins og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

[17:41]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég man ekki betur en það hafi verið algjör samstaða um það í nefndinni í fyrra að flytja ekki tillögur sem þrýstingur var á um að yrðu fluttar um úrræði af því tagi sem nú eru að koma fram. Þess vegna taldi ég ástæðu til þess að blanda mér í umræðuna af því að ég tel að menn þurfi að fara mjög vandlega yfir það, menn þurfa að vera tilbúnir að standa mjög fast að þeim niðurstöðum sem verða um það sem hér um ræðir því að þetta eru mjög mikilsverð mál.

Ég minni aftur á þá umræðu sem fram fór um aðgang að persónuupplýsingum í kringum málefni flugmanna þegar verið var að rannsaka flugslys. Þar var eingöngu verið að tala um persónuleg samskipti manna sem höfðu verið tekin upp á þar til gerð tæki sem átti að nýta eingöngu í öryggisskyni til þess að koma í veg fyrir slys í framtíðinni. Það ætti að vera ástæða til þess að menn gætu gengið býsna langt þegar um það ræðir, en annað virðist vaka fyrir mönnum nú þegar menn eru tilbúnir til þess að ganga í að safna öllum upplýsingum sem fara um hinar ýmsu samskiptaleiðir nets og síma í landinu og geyma í heilt ár til þess að geta flett því upp hvenær sem mönnum þóknast.

Það kann vel að vera að það verði niðurstaðan en ég vil ekki að það gerist öðruvísi en að menn skoði sig vel um.

[17:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil aðeins gera röksemdafærslu hæstv. ráðherra fyrir nauðsyn þess að beita hlerunum og gagnasöfnun að umtalsefni.

Það er fjarri því að ætla mér eða öðrum að við viljum fara að skapa gróðrarstíu fyrir óleyfilega starfsemi í gegnum netið eða gegnum fjarskiptin, fjarri því, og að ekki sé full ástæða til að beita tiltækum ráðum eftir því sem hægt er til þess að komast að sakhæfu athæfi. Ég hefði þó í þessu sambandi viljað leggja enn meiri áherslu á hina samfélagslegu ábyrgð, uppeldi, samfélagslegt velferðarkerfi sem styrki innviði samfélagsins og geri þeim þannig siðferðislega kleift að standa gegn því mikla áreiti sem öll nútímasamfélög verða fyrir. Það held ég að sé meginmálið, að styrkja innviði samfélagsins til þess að takast á við þetta áreiti og lögregluhundar, lögregluvaktir og hleranir leysa það ekki.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Eru margar aðrar þjóðir með hliðstæðar reglur, svo strangar reglur í að taka upp, geyma fjarskiptasamskipti, hvort sem er í gegnum tölvur eða síma og þar sem krafist er persónuupplýsinga til þess að mega kaupa símkort o.s.frv.? (Forseti hringir.) Hvar eru þær hliðstæður?

[17:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á vettvangi Evrópusamstarfs hefur verið heilmikil umfjöllun um hvernig skapa megi sem mest öryggi í kringum notkun internetsins og fjarskiptanna og mjög víða hafa þing og ríkisstjórnir og aðrir fjallað um það.

Eins og ég gat um fyrr eru þau ákvæði í frumvarpinu sem lúta að aðgangsmöguleikum vegna rannsókna hluti af tilskipun sem heimilar útfærslu á þeim ákvæðum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Mörg lönd hafa lagt lóð á vogarskálarnar í aðdraganda þess að þessar tilskipanir voru settar.

Ég hef ekki við höndina upplýsingar um hvaða þjóðir það eru sem hafa tekið þetta upp en þær eru til. Aðalatriðið er að þessir rammar hafa verið settir á vettvangi Evrópusamstarfsins í formi tilskipana sem við erum að fikra okkur inn í með þeim ákvæðum sem hér er verið að fjalla um.

[17:47]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki að segja að það afsaki okkur að taka upp svo víðtækar hlerunarheimildir eins og hér er verið að leggja til þó að það sé gert í öðrum löndum, en mér finnst samt skipta máli að vita hvaða aðrar þjóðir það eru. Meginþorri þjóða í heiminum, eins og kom fram í umræðunni, er alls ekki með neina þjóðskrá eða nein persónunúmer. Hvers vegna erum við svona miklu hættulegri en aðrar þjóðir?

Ég vísa aftur til þeirrar áherslu Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að styrkja samfélagið, styrkja velferðarþjónustuna, styrkja siðferðisþrek einstaklinganna innan frá frekar en að leggja áherslu á lögregluvaldið.

Mér er spurn og hefur hæstv. ráðherra t.d. velt því fyrir sér hvernig á að fara með þá ferðamenn sem koma hingað til lands og kaupa símakort, frelsiskort, og koma með tölvuna sína og kannski eiga þeir hana ekki einu sinni. Hvernig sér ráðherra þetta í framkvæmd fyrir utan það hversu skynsamlegt er það?

Við viljum náttúrlega ekki skapa möguleika fyrir aukna glæpastarfsemi en við erum samt samfélag einstaklinga og við eigum fyrst og fremst að byggja okkur upp siðferðislega innan frá en byggja ekki upp slíkt lögreglukerfi þar sem nánast hvert einstakt spor okkar er tekið upp eins og hér er verið að leggja til.

Ég ítreka spurningu mína: Hvernig förum við með ferðamenn? Hvað með þær þjóðir þar sem engin slík skráning á íbúum er til?

[17:49]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm.

Jóni Bjarnasyni að auðvitað eigum við að leggja áherslu á að ala unga fólkið upp í guðsótta og góðum siðum. (Gripið fram í.) Það er grundvallaratriði. Hins vegar sitjum við uppi með það engu að síður að það eru ýmsir aðilar sem misnota aðstöðu og þegar um er að ræða að misnota aðstöðu í gegnum fjarskiptakerfin til lögbrota eigum við að búa þannig um hnútana að hægt sé að ná lögbrjótunum og koma í veg fyrir að þeir skjóti sér í skjól þar sem ekki er hægt að ná til þeirra. Frumvarpið gengur út á það.

Aðeins út af þeirri orðræðu að hér sé meira eftirlit en annars staðar, þá efast ég stórlega um það, satt að segja. Hvað varðar frelsiskortin svokölluðu og að menn komi með þau frá útlöndum, þá fjallaði ég alveg sérstaklega um að við náum aldrei utan um það allt saman. Menn geta farið til útlanda og keypt sér kort og það er partur af þeim glufum sem eftir sem áður verða í þessu kerfi öllu, en ákvæðin í frumvarpinu eru tilraunir til að girða fyrir þær keldur sem kunna að vera í kerfinu hjá okkur. Ég hlýt að gera þá kröfu til þingmanna að þeir geti sameinast um að finna leiðir til þess að velja bestu kostina og hv. samgöngunefnd fær að sjálfsögðu það verkefni eftir umfjöllun hér.

[17:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Frumvarp þetta til breytinga á fjarskiptalögum felur í sér nokkra mismunandi efnisþætti sem eðlilega hafa verið ræddir tvist og bast í þessari umræðu. Þar fer fyrst 1. gr. frumvarpsins til breytinga á 2. gr. fjarskiptalaga þar sem stofna á lagastoð fyrir fjarskiptaáætlun þá sem reyndar fylgir svo á eftir á dagskrá þessa fundar og verður væntanlega rædd hér síðar eða einhvern næstu daga, af því að nú hallar degi og menn fara kannski að segja þetta gott í bili.

Ég fagna því í sjálfu sér að slík vinnubrögð séu tekin upp. Það er mjög góðra gjalda vert að hér verði reynt að fara að vinna eftir samræmdri, skipulagðri áætlun á þessu sviði eins og fleirum slíkum. Ég held meira að segja að ég hafi sérstaklega lýst eftir því hér og gagnrýnt það á sínum tíma þegar samræmd samgönguáætlun eða drög að henni litu dagsins ljós að ég saknaði þar fjarskiptaþáttarins og hafi stungið upp á því að það yrði gert. Það má einu gilda hvort það er sjálfstæð áætlun eins og þessi eða hvort hún er færð inn í hina samræmdu samgönguáætlun, sem mér finnst að mörgu leyti eðlilegt og jafnvel fleiri rök mæla með en færri að tengja fjarskiptin og samgöngurnar á ljósvakanum eða í þráðum eða hvernig sem það er öðrum samgöngum. Auðvitað er ákveðin þörf fyrir samræmda heildarsýn á þá hluti að fjarskiptin séu tengd við önnur samgönguform í landinu.

Hvað varðar áætlunina sjálfa þá ræðum við hana á eftir eins og áður sagði, það er best að eyða ekki miklum tíma í það, en því aðeins verður hún þessum málaflokki til framdráttar að alvara liggi að baki og það verði eitthvert kjöt á beinunum á bak við þau fallegu markmið sem þar er auðvelt að setja upp en kannski ekki alveg eins auðvelt að tryggja að gangi eftir og náist.

Í öðru lagi er hér talað um nýmæli, og það er sömuleiðis í 1. gr. frumvarpsins og verður mjög myndarleg 2. gr. fjarskiptalaganna ef svo heldur sem horfir, og þar kemur líka inn ákvæði um fjarskiptaráð. Það er sjálfsagt hin ágætasta hugmynd og ég ætla ekkert að gera lítið úr því að það sé þá eðlilegt að slíkt fyrirbæri sé starfandi á þessu sviði, en ég ætla samt að leyfa mér þann stráksskap að gera örlítið grín að framsetningunni hér, því að maður hlýtur að mega láta eftir sér svolitla gamansemi af og til og nú undir kvöld.

Í fyrsta lagi er það frekar losaralega skilgreint svo ekki sé dýpra í árinni tekið. Það er eiginlega ekki verið að ákveða neitt nema að það skuli verða til svona fjarskiptaráð og að samgönguráðherra skuli a.m.k. hafa í því tvo menn, formann og varaformann, sem hann skipi. Að öðru leyti er þetta skilið eftir opið. Ef valinn væri minimal-kosturinn gæti þetta ráð samanstaðið af tveimur mönnum, formanni og varaformanni, sem samgönguráðherra skipi. Hitt er haft opið að leita til helstu hagsmunaaðila. Það er óskilgreint hverjir það eru og ekki er kveðið neitt á um fjöldann sem þarna gæti komið við sögu. Hann gæti sem sagt verið allt frá tveimur mönnum og upp í guð má vita hvað og þessa vegna marga tugi.

Verkefnið er sömuleiðis losaralega skilgreint eða ekki mjög ítarlega útfært. Þetta ráð á m.a. að vera samráðsvettvangur hagsmunaaðila og það er auðvitað gott, vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis, mikil ósköp, að veita umsagnir um fjarskiptamál, að beita sér fyrir samvinnu við þá aðila, félög og samtök er um fjarskiptamál og öryggi fjalla. Þetta á vonandi ekki að vera neitt óhreint samráð heldur bara samvinna. Svo kemur e-liðurinn: „annað sem ráðherra felur því". Einnig að þessu leyti hefur ráðherra nokkuð frjálsar hendur með að skilgreina verksvið þessa fjarskiptaráðs. Einhvern tíma hefði þetta verið kallað nokkuð rausnarlegt framsal á reglusetningarvaldi til ráðherra en ég er ekki að segja að það sé alvarlegt í þessu tilviki, því það geta varla verið mjög deildar meiningar um það að ágætt geti verið að svona vettvangur sé til og að ráðherra sé í reglugerð treystandi til þess að búa út starfsgrundvöll hans.

Hitt er svo annað mál hvort þetta er alveg í fullu samræmi við frágang af öðrum sambærilegum toga. Ég held að oftast þegar stofnað er til svona formlegs aðila með lagalegt skilgreint hlutverk þá sé það jafnframt nokkurn veginn ákveðið hvernig sá aðili er saman settur. Ég hygg að það sé meginreglan að löggjafinn botni þá málið að því leyti af því að auðvitað geta skapast ágreiningsmál og álitamál og jafnvel orðið úlfúð út af því hverjir fái inni og hverjir ekki. Það má alveg velta því fyrir sér hvort hæstv. ráðherra sé endilega nokkur greiði gerður með því að skilja þann kaleik eftir hjá honum svona algjörlega óútfylltan. Ég minnist þess að stundum voru talsverð átök um hluti sem kannski skiptu ekki neinum sköpum á yfirborðinu en mönnum þótti kannski metnaðarmál að vera með í, eins og t.d. Ferðamálaráði sáluga á sínum tíma þegar það var allstórt batterí. Þá þótti voðalegt niðurlag að missa fulltrúa sinn út úr Ferðamálaráði eða eiga þar ekki innangengt og hagsmunasamtök og landssamtök urðu úfin mjög þegar svo var að þau voru ekki með þar eða setja átti þau út þegar fækkað var í ráðinu eða hvað það nú var.

Þriðji og síðasti efnisþátturinn sem ég ætlaði aðeins að gera að umtalsefni og var kannski aðalástæðan fyrir því að ég fór að blanda mér í umræðuna, sem ég hef fylgst með

bæði úr salnum og af skrifstofu minni, varðar þessar heimildir eða ákvæði til hlerunar og meðferð upplýsinga og gagna sem þar á að safna og geyma. Þá er ég að vitna í fyrri mgr. 2. gr. frumvarpsins og svo í 7. gr. Þar kemur þá fyrst til álita hvort ekki er nauðsynlegt og óumflýjanlegt að leggja þær skyldur á herðar þeim sem annast um fjarskipti að það sé mögulegt að komast í búnað þeirra til að koma við hlerunum þegar talin er brýn þörf til þess og öllum lögformlegum skilyrðum er fullnægt. Ég held að svarið við því hljóti að teljast jákvætt. Ég held að það sé óumdeilt að þær aðstæður geta verið uppi að það sé afar mikilvægt að hægt sé að koma slíku við. Ég leggst að sjálfsögðu ekki gegn því, enda löng hefð fyrir því og það alþekkt fyrirbæri hvað sem um það má segja að öðru leyti og hvernig sem það hefur verið meðhöndlað og notað eða misnotað í gegnum tíðina.

Hitt er svo allt annað mál hvort það á t.d. að ganga þannig frá hlutunum að þeir sem hlerunarinnar krefjast geti alfarið lagt kostnaðinn, óþægindin og framkvæmdina á herðar fjarskiptaaðilans. Það finnst mér vera algerlega sjálfstætt álitaefni og ég hef mikla fyrirvara á því að það sé réttlætanlegt eða verjanlegt að ganga svo langt. Það var allt öðru til að dreifa meðan þessi starfsemi var hér einkaleyfabundin og einn stór opinber aðili varð þá að taka það á sig. Það var að sjálfsögðu allt annar hlutur og í raun bara spurning um hvernig hið opinbera framkvæmdi það.

Hér er komið til sögunnar allt annað umhverfi og í bland lendir þessi kvöð, kostnaður og óþægindi jafnvel á litlum aðilum sem sinna afmörkuðu sviði fjarskipta eða gagnaflutninga. Það getur verið jafnvel tilfinnanlegur kostnaður og óþægindi fyrir þá að sæta slíku og þá held ég að menn verði að gæta sín og fara aðeins yfir það. Þetta er atriði sem ég held að hv. þingnefnd þurfi að athuga mjög vel hvaða afleiðingar mundi hafa ef þetta yrði gert svona. Er það sanngjarnt, er þörf fyrir það o.s.frv.?

Það má jafnvel færa fyrir því viss rök að ef sá sem hlerunarinnar krefst, lögregluyfirvöld yfirleitt auðvitað, eða rannsóknaraðilar, þarf sjálfur að bera einhvern kostnað fari hann vægar í sakirnar og hugsi sig betur um. Það er síður hætta á því að menn fari offari ef þeir þurfa að einhverju leyti sjálfir að taka á sig kostnaðinn eða óþægindin vegna framkvæmdarinnar eða hvað það nú er. Ef það er algjörlega útlátalaust fyrir lögregluyfirvöld eða rannsóknaraðila að heimta hlerun og kostnaðurinn og óþægindin lenda alfarið hjá öðrum er það a.m.k. ekki hvetjandi til þess að fara sparlega með þessar heimildir og beita þeim ekki nema brýna nauðsyn beri til. Þannig ætti það hins vegar að vera. Það á að fara mjög sparlega með þessar heimildir og ekki nota þær nema ríkar ástæður séu til og það sé ástæða til að ætla að ávinningurinn af hleruninni verði umtalsverður í þágu þess að upplýsa mál eða ná sökudólgum.

Svo kemur að þessu með varðveislu gagnanna. Það er sömuleiðis ákaflega viðkvæmt svið. Nú er það að sjálfsögðu þannig eins og hæstv. ráðherra ræddi í ræðu sinni númer tvö, ræðu rétt áðan, að það geta verið ákaflega ríkar ástæður til þess. Nefnd voru alvarleg brot á netinu, verið að reyna að ná til barna í vafasömum tilgangi eða ástunda þar einhverja aðra ólöglega starfsemi og fáir hafa auðvitað samúð með slíkum aðilum. Það breytir ekki hinu, frekar en endranær, að það verður að fara hófsamlega fram í þessum efnum og menn verða að vega og meta saman þá ákaflega vandasömu grundvallarhagsmuni sem þarna rekast á, a.m.k. upp að vissu marki, þ.e. annars vegar rannsóknarhagsmunirnir og vilji okkar til að taka á slíkum málum og uppræta þau, eins og t.d. kynferðislega misnotkun á börnum um netið eða dreifingu klámefnis og annað því um líkt, og svo hins vegar friðhelgi einkalífs manna, það að ekki sé farið offari í söfnun og varðveislu persónugagna. Þetta er auðvitað allt saman orðið sérstaklega viðkvæmt á tímum hinna rafrænu skráninga, rafrænu möguleika, vegna þess að upplýsingamagnið sem menn geta skráð og geymt er nánast ótakmarkað. Að því leyti til eru tímarnir mjög breyttir frá því sem áður var þegar þessa hluti þurfti að varðveita í efnisformi en ekki á rafrænan hátt eins og nú er.

Ef ég tók rétt eftir var meira að segja lagt til að ganga ívið lengra en ríkislögreglustjóri var með hugmyndir um þegar þessi mál voru hér til umfjöllunar fyrir ári eða tveimur og samgöngunefnd hafði það til skoðunar hversu langt ætti að ganga í þessum efnum. Hún valdi, eins og ráðherra benti á, þann kost að taka þá ekki inn þær heimildir sem ríkislögreglustjóri hafði verið með hugmyndir um. Ég heyrði þar nefnda töluna hálft ár, þ.e. hvað varðar tímalengd þess að gögn væru geymd. Hér er núna talað um ár. Það er í sjálfu sér kannski ekki viðkvæmasti þátturinn í þessu, heldur fremur hitt hversu víðtækum gögnum er þá safnað annars vegar og hvernig þau eru sem sagt meðhöndluð hins vegar. Það er það sem ég held að menn þurfi að fara mjög rækilega yfir.

Þessi umræða er auðvitað náskyld því t.d. sem mjög hefur verið uppi á borðunum eftir 11. september 2001, þ.e. hversu langt er réttlætanlegt og verjandi að ganga í söfnun persónuupplýsinga, skráningu þeirra og varðveislu í þágu markmiða sem menn hafa þá sett sér um að berjast gegn alþjóðlegum hryðjuverkum, skipulagðri glæpastarfsemi og öðru slíku. Hversu langt er verjanlegt og réttlætanlegt að ganga undir þeim formerkjum og á grundvelli þeirrar réttlætingar í því að rjúfa friðhelgi einkalífs manna og fara að safna um þá upplýsingum? Þessi viðfangsefni eru geysilega snúin í nútímanum vegna hinnar rafrænu tækni og vegna þess að upplýsingasöfnunar- og geymslumöguleikarnir eru nánast ótakmarkaðir. Þar geta þá elt mann uppi, bara með því að ýtt sé á einn takka, alls konar smáatriði og tittlingaskítur frá löngu liðinni tíð ef reglurnar eru þannig að engin takmörk séu á því hversu lengi slíkt er geymt. Þetta er líka náskylt þeim hlutum sem ræddir voru hér þegar við höfðum á dagskrá hvort Ísland ætti að gerast aðili að Schengen-kerfinu og upplýsingasöfnuninni sem þar er. Þar er á köflum gengið gróflega langt í því að safna persónuupplýsingum og geyma þær. Til dæmis getur aðild manna að rannsókn máls sem vitna leitt til þess að þeir skjóti upp kollinum í því kerfi blásaklausir sjálfir, alsaklausir á allan hátt án þess að nokkur skuggi hafi nokkurn tímann fallið á þeirra mannorð. Af því að þeir eru á skrá sem vitni í máli eða eitthvað slíkt geta þeir allt í einu skotið upp kollinum og það valdið þeim óþægindum. Svona hlutir koma upp. Það eru nefnilega ekki endilega svörtu sauðirnir sjálfir og sökudólgarnir sem fá fyrir ferðina og finna fyrir svona hlutum. Það geta líka verið, og það er ekki síður umhugsunarefni, algerlega saklausir og varnarlausir aðilar sem lenda í svona skráningum, heim-

ilisfólk manna sem sæta hlerunum, skráð t.d. með sama heimilisfang.

Það er mikið umhugsunarefni hvernig öll okkar tilvera og allt okkar líf í dag getur verið rakið frá A-Ö ef því er að skipta, ef menn fara offari í að beita þessari tækni. Það er stórhættulegt, ekki bara að tala í farsíma heldur hafa hann á sér. Það er vitað að stórveldin, a.m.k. Bandaríkin, geta hlerað hvert einasta orð sem sagt er í farsíma, hvar sem er í heiminum, það eru engar nýjar upplýsingar, en það þarf ekki einu sinni til. Þótt menn tali ekki einu sinni í símann, jafnvel þótt slökkt sé á honum nægir að ganga með hann steindauðan í vasanum, svo lengi sem rafmagn er á batteríinu er bókstaflega hægt að rekja ferðir manna fram og til baka alveg eins og fara gerist. (**Gripið fram í:** Og hlera.) Og hlera allt sem menn segja auðvitað ef þeir kveikja á honum og tala í hann.

Það ganga tröllasögur af því að ákveðnir aðilar hafi komist inn í gagnabanka og rakið kortaviðskipti og annað því um líkt. Auðvitað vitum við að það er mögulegt að fara þá leið ef á þarf að halda vegna rannsóknar máls en aðrir segja að þess þurfi ekki einu sinni, það sé hægt að skrá hvert eitt fótmál og rekja með rafrænni tækni af þeim sem til þess hafa nógu öflugan búnað.

Við erum ekki að tala um nein einföld smámál þegar kemur að þessu. Ég hvet til þess að þetta verði skoðað mjög vandlega og yfirvegað. Mér finnst að allsherjarnefnd ásamt með samgöngunefnd ættu sameiginlega að fara yfir þessi mál og fá til sín alla dómbæra aðila, bæði úr fjarskiptageiranum vegna þeirra áhrifa sem þetta kann að hafa þar og íþyngjandi kvaða sem á menn yrðu lagðar og líka síðan aðila af vettvangi Persónuverndar og mannréttinda hvað varðar friðhelgi einkalífs. Ég held að það sé tímans virði sem í það þá færi að skoða þetta vandlega og af yfirvegun. Fyrir mér er þetta ekki mál sem á að þurfa að vera flokkspólitískt eða leggjast í einhverja slíka farvegi, ég held að allir hljóti að vera sammála um að vilja eins og mögulegt er ná fram markmiðunum sem á bak við liggja, að heimila hlerun og upplýsingasöfnun þegar það er talið brýnt, en gera það af eins mikilli tillitssemi við persónuverndarhliðina og mögulegt er.

[18:11]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Það sem stendur upp úr eftir þessa umræðu er að hæstv. samgönguráðherra hefur ekki svarað mjög mikilvægum spurningum með viðunandi hætti, í fyrsta lagi um kostnað vegna þessa eftirlits. Skiptir hann engu máli? Hvers vegna er því ekki svarað? Hefur kostnaðurinn ekkert verið kannaður? Ég benti á það fyrr í umræðunni að sum þessara fyrirtækja væru mjög smá og þess vegna hlýtur að skipta máli þegar hið opinbera leggur kvaðir á fyrirtæki hvað kvaðirnar kosta. Mér finnst það. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því.

Síðan er spurning sem hefur ekki komið fram í umræðunni: Hvaða þjóðir viðhafa viðlíka skráningu og fram kemur í þessu frumvarpi? Það hefur ekki komið fram. Það eina sem hefur komið fram er að þetta er ósk ríkislögreglustjóra og síðan hefur hæstv. ráðherra leitað stuðnings hér í umræðu á þingi hjá ágætum þingmanni sem var að ræða allt annað mál. Þó blandaðist þetta inn í.

Annað sem hefur þó komið fram í umræðunni og er vert að minnast á er að öll þessi njósnaskráning er ekki til að skrá eingöngu niður athafnir þeirra sem liggja undir grun, heldur er verið að skrá niður athafnir okkar flestra, allra landsmanna sem nota tölvur. Það yrði þá skráð hvert við hringjum, hvað símtalið stendur lengi, hvaða tölvum við tengjumst, allar tímasetningar, tímalengd og gagnaflutningar sem eru í gangi. Þetta eru umtalsverðar upplýsingar. Mér finnst vert að fara yfir þetta og vil að menn svari því berum orðum hvaða ástæður liggi að baki. Hvers vegna þarf skráningin og öll þessi upplýsingagjöf að vera svona mikil? Það hefur ekki komið fram.

Annað stendur hér út af. Í frumvarpinu kemur fram að þetta er lágmarksskráning. Hæstv. ráðherra hefur vikið sér undan því að svara hvort þá megi skrá eitthvað enn þá meira, og hvað megi þá skrá. Það er mjög mikilvægt að það komi hér fram. Ef við erum bara að tala um eitthvert lágmark og að það megi þá skrá eitthvað enn þá meira finnst mér það vera alvarlegt.

Eins og áður segir hefur hæstv. ráðherra ekki sótt leiðsögn til Evrópusambandsins, þetta er ekki vegna tilskipunar þaðan ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt í umræðunni. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra: Er ekki eitthvað í Evrópureglum sem kemur í veg fyrir að þessar kvaðir verði lagðar á fyrirtæki? Ef fyrirtæki sem veita sambærilega þjónustu í Evrópu þurfa ekki að skrá niður allt það sem upp er talið í frumvarpinu hlýtur að vera ákveðin mismunun, fyrirtækin standa þá ekki jafnt að vígi í samkeppni. Nú er netið á alheimsmarkaði og það er ekki hægt að líta bara fram hjá því og sópa því út af borðinu.

Ég hef undir höndum bréf frá Inter, samtökum þeirra sem veita þjónustu á þessu sviði, sem gefur til kynna að það sé ýmislegt í tilskipun Evrópusambandsins nr. 31/2000 um að það meini okkur mögulega að leggja þessar kvaðir á viðkomandi fyrirtæki. Það hefur komið fram að hæstv. ráðherra hefur ekkert hirt um að ráðfæra sig við Persónuvernd hvað varðar þetta frumvarp en þó mundi ég segja að til stæði að skrá mjög viðtækar upplýsingar á hvern og einn einstakling í þjóðfélaginu. Þá er í framhaldinu rétt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi kynnt sér það hvort þetta frumvarp brjóti að einhverju leyti í bága við tilskipanir Evrópusambandsins.

Eins og áður segir hefur hæstv. ráðherra engu svarað til um kostnað og hann hefur ekki sagt okkur frá því hér í umræðunni hvort það sé heimild til að skrá eitthvað enn þá meira en lágmarkið sem kemur fram í frumvarpinu. Enn fremur hefur ekki komið fram hvort hæstv. ráðherra hafi skoðað það hvort sambærileg skráning fari fram í öðrum löndum. Mér finnst vera mjög mikilvægt að þetta komi fram í umræðunni.

[18:17]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Óhjákvæmilegt er að koma aðeins inn á nokkur atriði vegna ræðu hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar.

Fyrst er til að taka að ég hef komið inn á það áður og vil ítreka það hér og nú að þau ákvæði sem hér er verið að fjalla um og varða skráningu gagna o.fl. eru innan þeirra

marka sem tilskipun um þessi atriði gefur okkur svigrúm til. Það er ekki ástæða til að vefengja það. (Gripið fram í.) Það liggur alveg fyrir. Það er innan þeirra marka.

Hver kostnaðurinn við hleranir verður er afar erfitt að áætla. Það liggur fyrir að markaðsráðandi fyrirtæki hefur yfir þessum búnaði að ráða og sérstök ákvæði fjalla um það að til þess fyrirtækis megi leita. Ég tel hins vegar að það geti ekki verið þá neitt tiltökumál þó að hv. samgöngunefnd fari rækilega yfir það til þess að kanna betur hver þessi kostnaður er og hvaða byrðar muni leggjast á símafyrirtækin. Ég tel fullkomlega eðlilegt að vísa til þess. En ég hef engar ástæður til að ætla að þetta verði óbærilegar byrðar á fyrirtækjunum.

Varðandi hvaða þjóðir viðhafa þessa skráningu þá hef ég sagt það fyrr í umræðunni að margar þjóðir hafa verið að fjalla um þessi ákvæði tilskipunarinnar. Ég held að langflest ef ekki öll stjórnvöld vilji hafa þessa hluti í góðu lagi til þess að koma í veg fyrir að fjarskiptakerfin séu misnotuð með þeim alvarlegu afleiðingum sem ég rifjaði hér upp með tilvitnun í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hv. þingmaður þrástagast á því sem hann kallar lágmark skráningar. Af því tilefni er nauðsynlegt að rifja upp 7. gr. frumvarpsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Lágmarksskráningin skal tryggja að fjarskiptafyrirtæki geti upplýst hver af viðskiptavinum þess var notandi tiltekins símanúmers, IP-tölu eða notendanafns, jafnframt því að upplýsa um allar tengingar sem notandinn hefur gert, tímasetningar þeirra, tímalengd, hverjum var tengst, magn gagnaflutnings hvort sem er til eða frá viðkomandi notanda.“

Það er því fyrst og fremst verið að leggja það í vald viðkomandi símafyrirtækis að það skrái þær upplýsingar sem tryggja að fyrirtækið geti gefið nauðsynlegar upplýsingar til lögregluyfirvalda að undangengnum dómi. Menn tala í þessari umræðu eins og það geti bara hver sem er komist í þessi gögn. Það er ekki þannig. Það er fjarri öllu lagi. Það er að undangengnum dómi sem menn hafa aðgang að þessum gögnum. Það er auðvitað grundvallaratriði og skiptir miklu máli í öllu þessu samhengi.

Hv. þingmaður efaðist um vilja ráðherra til þess að ráðfæra sig við Persónuvernd. Ég hef getið um það í þessari umræðu áður að fulltrúar Persónuverndar hafa mætt til fundar í ráðuneytinu við undirbúning þessa máls auk þess sem samband var haft við fulltrúa Persónuverndar síðar. Það er óþarfi að gera þau samskipti tortryggileg enda hef ég margítrekað og undirstrikað að persónuverndarlöggjöfin er svo mikilvæg að fram hjá henni verður ekkert gengið enda eru ákvæði frumvarpsins sniðin að sjálfsögðu að þeirri löggjöf eins og eðlilegt er.

Að öðru leyti, virðulegur forseti, þakka ég fyrir þessa umræðu (Forseti hringir.) og vænti þess að þetta frumvarp verði afgreitt fyrir vorið.

[18:23]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hæstv. samgönguráðherra hefur í engu svarað hvaða kostnað þetta hefur í för með sér fyrir fyrirtækin. Mér finnst mjög sérstakt að menn hafi ekkert kannað það. Það virðist eins og það skipti engu máli fyrir Sjálfstæðisflokkinn hvaða kostnað verið er að leggja á fyrirtækin í landinu. Mér finnst það vera með ólíkindum.

Það er ekki eingöngu verið að ræða um búnaðinn heldur snýst þetta einnig um það að verið er að leggja á fjarskiptafyrirtækin að safna upplýsingum og það eigi að vera ákveðnar verklagsreglur. Allt þetta kostar fjármuni. Auðvitað eiga menn að reikna þetta dæmi til enda og fara yfir það í samræmi við stærð og umfang fyrirtækja í landinu. Mér finnst með ólíkindum að hlýða hér á hæstv. ráðherra víkja sér undan því að svara þessu.

Hvað varðar það að þetta brjóti ekki í bága við neinar reglur Evrópusambandsins þá er nú engu að síður bent á það að svo gæti verið með því að leggja þessa kvöð á þessi litlu fyrirtæki og á fyrirtæki sem veita þessa þjónustu. Ef svo er þá er náttúrlega málið dautt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefna í fjarskiptamálum 2005–2010, fyrri umr.

Stjtill., 746. mál. — Þskj. 1111.

[18:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þingsályktunartillögu um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010.

Staða okkar Íslendinga í fjarskiptamálum er góð í alþjóðlegum samanburði. Við búum við afar gott aðgengi að fjarskiptum, hagkvæmt verð og rekstraröryggi kerfa er gott. Skyldur ríkisins, sem skilgreindar eru í fjarskiptalögunum sem alþjónusta, þ.e. aðgangur almennings að grunnfjarskiptaþjónustu, eru nær 100% uppfylltar hérlendis og gerum við betur en flestallar nágrannaþjóðir okkar í þessu efni. Þetta má fyrst og fremst þakka þeirri uppbyggingu sem fjarskiptafyrirtækin hafa staðið að og þeim breytingum sem þessi ríkisstjórn hefur staðið fyrir á undanförnum árum á löggjöf um fjarskipti. Þessi góða staða breytir því ekki að víða má gera betur og við verðum að setja okkur framsækin markmið á þessu mikilvæga sviði og fylgja þeirri hröðu þróun sem er í fjarskiptum og vera helst í fremstu röð.

Hæstv. forseti. Ég ákvað í ársbyrjun 2004 að ráðist yrði í gerð fjarskiptaáætlunar fyrir árin 2005–2010 og að með henni yrðu lögð drög að heildstæðri stefnu í fjarskiptamálum á Íslandi. Í ljósi mikillar umræðu um þróun og kröfur í fjarskiptum ákvað ég að skipa sérstakan stýrihóp til að vinna að gerð þessa verkefnis. Var það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum upplýsingasamfélagsins sem hefur verið unnið eftir undir kjörorðinu Auðlindir í allra þágu. Stýrihópurinn hafði samráð við hagsmunaaðila til þess að mynda brú til þeirra sem annars ættu ekki aðild að þessu mikilvæga starfi. Auk þess var opnað sérstakt umræðuþing á heimasíðu samgönguráðuneytisins sem gerði almenningi og öðrum hagsmunaaðilum sem þess óskuðu mögulegt að koma að skoðunum sínum um gerð og innihald þessarar stefnu í fjarskiptamálum fyrir tiltekið tímabil.

Hæstv. forseti. Hér er um tímamótaverkefni að ræða. Í fyrsta sinn er lögð fram heildarstefna í fjarskiptamálum

þjóðarinnar til næstu framtíðar. Þær stórkostlegu breytingar sem hafa orðið í fjarskiptamálum hér á landi með breyttri fjarskiptalöggjöf undanfarin ár hafa m.a. leitt til afnáms einkaréttar og öflugrar samkeppni á fjarskiptamarkaði. Með þessum breytingum var lagður grunnur að hlutafélagavæðingu Landssíma Íslands og sölu hans. Jafnframt er sú tíð liðin að stjórnvöld geti beitt fyrirtækinu til þess að framkvæma vilja sinn og stefnu í fjarskiptamálum. Fjarskiptaáætluninni sem hér er lögð fram og stefnu tengdri henni er ætlað að taka við sem vettvangur og tæki stjórnvalda til þess að ná fram markmiðum ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma í fjarskiptamálum í breyttu umhverfi fjarskipta almenningi til heilla. Hið breytta umhverfi fjarskipta leiðir til gjörbreyttrar aðkomu stjórnvalda að málaflokknum og tekur fjarskiptaáætlun mið af því. Stjórnvöld verða að tryggja laga- og viðskiptaumhverfi sem tekur mið af samkeppnisreglum. Gæta þarf jafnræðis og gagnsæis við ákvarðanatöku og um leið örva samkeppni. Jafnframt þessu þurfa stjórnvöld að gæta hagsmuna og réttinda neytenda, stuðla að jöfnun verðs og tryggja almenna grunnþjónustu. Mikilvægt hlutverk ríkisins er jafnframt að hafa eftirlit með fjarskiptum en um leið er ríkið stærsti einstaki kaupandinn að fjarskiptaþjónustu.

Fjarskiptalöggjöfin setur stjórnvöldum skorður um afskipti af fjarskiptamarkaði og takmarkar einnig möguleika þeirra til að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki umfram þær sem þegar er kveðið á um í löggjöfinni. Hlutverk stjórnvalda verður m.a. að setja leikreglur á markaði og tryggja eftirlit með því að þeim sé fylgt, öllum landsmönnum til hagsbóta.

Reynslan sýnir að markaðsöflin sjá sér hag í að veita fjarskiptaþjónustu til 90%– 98% landsmanna eftir tegund þjónustu. Dæmi um þetta eru ADSL-þjónusta, GSM-farsímaþjónusta og núverandi dreifing sjónvarps. Þátttaka ríkisins í uppbyggingu fjarskiptaþjónustu afmarkast því við þau verkefni þar sem markaðsaðilar sjá sér ekki fært að veita ásættanlega þjónustu og verð.

Í fjarskiptaáætlun er skýrð aðkoma ríkisins annars vegar og markaðarins hins vegar varðandi þróun fjarskipta hérlendis. Er þar gert ráð fyrir að markaðsaðilar leiði uppbyggingu á fjarskiptamarkaði þar sem þeir treysta sér til. Þar sem markaðnum sleppir koma stjórnvöld að máli með stuðningi við uppbyggingu á grundvelli útboða. Það er alveg ljóst að ekki er ætlunin að ríkið hefji eigin fjarskiptarekstur. Aðkoma ríkisins að uppbyggingu fjarskiptaþjónustu afmarkast því við þau verkefni þar sem markaðsaðilar sjá sér ekki fært að veita ásættanlega þjónustu og verð.

Í fjarskiptaáætluninni er skilgreind nánar aðkoma og markmið stjórnvalda í fjarskiptamálum til næstu ára, auk þess sem gerð er grein fyrir ástandi og horfum í fjarskiptamálum í landinu í ljósi alþjóðlegrar þróunar. Með samræmdri stefnumótun er stefnt að því að auka samkeppnishæfni landsins og stuðla að framþróun atvinnulífs og ná fram hagkvæmri nýtingu fjármagns og samræmdri forgangsröðun verkefna. Einnig er lögð áhersla á að jafna aðgengi landsmanna að fjarskiptum. Að þessu leyti er um mikilvægt byggðamál að ræða, í raun það mikilvægasta á síðari tímum.

Vegna hlutverks fjarskipta við samruna upplýsingatækni og fjölmiðlunar er mikilvægt að endurgreina þá grunnþjónustu sem skal standa landsmönnum til boða þannig allir landsmenn geti tekið þátt í þróun upplýsingasamfélagsins á heimilum, í skólum og í fyrirtækjum. Einnig er mikilvægt að ný skilgreining á grunnþjónustu miði að því að tryggja öllum landsmönnum sem það kjósa aðgengi að fjölmiðlum.

Aðgengi að upplýsingasamfélaginu er ein af forsendum byggðar í landinu. Til að tryggja öllum landsmönnum þau gæði er sú leið farin að skilgreina viðmið hér á landi umfram alþjónustu. Þessi nýju íslensku viðmið kallast samþjónusta. Til samþjónustu telst þjónusta í fastaneti, GSM-farsímaþjónusta og sjónvarpsdreifing í samræmi við það sem segir í áætluninni.

Með þessu vil ég, sem ráðherra fjarskiptamála, fyrst og fremst flýta uppbyggingu þjónustu þar sem hún er lökust, þ.e. í strjálbýli, á miðum og á ferðamannastöðum. Við óttumst að landsbyggðin sitji annars eftir í örri þróun fjarskipta eða að uppbygging þar verði dýrari en ella. Því setjum við fram samræmd markmið um lágmarksþjónustu sem fullnægir kröfum nútímasamfélags.

Í fjarskiptaáætlun eru eftirfarandi meginmarkmið:

Alenningi standi til boða háhraðatenging á heimili sínu til flutnings á tali, mynd og gögnum.

GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum og á helstu ferðamannastöðum.

Dreifing sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins, auk hljóðvarps Rásar 1 og Rásar 2, til sjómanna á miðum við landið og til strjálbýlli svæða verði stafræn um gervihnött.

Þessi markmið auka öryggi landsmanna með því að þétta GSM-netið, tryggja að allir landsmenn geti tekið virkan þátt í upplýsingasamfélaginu og að allir landsmenn til sjávar og sveita hafi aðgang að stafrænu íslensku sjónvarpi. Þessum markmiðum er ætlað að tryggja að Ísland verði áfram í fremstu röð þjóða þegar kemur að fjarskiptum, upplýsingatækni og aðgengi að efni fjölmiðla og upplýsingaveitna.

Ljóst er að markaðs- og tækniþróun næstu ára á fjarskiptasviðinu verður gríðarleg. Kemur þar margt til. Má nefna fyrirhugaða einkavæðingu Landssíma Íslands en með henni má gera ráð fyrir að frumkvæðisafl innan fyrirtækisins losni úr læðingi sem geri því enn frekar kleift að nýta þau tækifæri sem tækni og markaðsþróun bera með sér.

Í öðru lagi má nefna þá byltingu sem orðin er í geymslu og miðlun stafræns efnis í formi talþjónustu með gagnasendingum og fjölmiðlaefni.

Í þriðja lagi veldur aukning á bandbreidd því að nú er raunhæft að flytja sjónvarpsefni um flestar gerðir fjarskiptaneta. Sú þróun mun gerbreyta fjarskiptamarkaðnum og stuðla enn frekar að samruna fjarskipta, upplýsingatækni og fjölmiðlunar.

Kröfum neytenda um aukið val, bætt aðgengi og þjónustu óháð stað og stund verður best mætt með virkri samkeppni í alþjóðlegu umhverfi. Sýnt hefur verið fram á að fjarskiptatækni og þjónusta á fjarskiptanetinu skiptir miklu máli fyrir hagvöxt í nútímasamfélagi. Fyrirsjáanlegt er að þróun upplýsinga- og fjarskiptatækni verður áfram ör og ein af grunnstoðum hagvaxtar. Íslendingar eru þegar í fremstu röð í að nýta sér þessa tækni. Það er staða sem verðugt er að viðhalda og nýta til atvinnuuppbyggingar og

framrásar á nýjum sviðum. Íslendingar verða að vera í fremstu röð þjóða með hagkvæma, örugga, aðgengilega og framsækna fjarskiptaþjónustu. Það er og hefur verið stefna mín sem ráðherra fjarskiptamála.

Hæstv. forseti. Ég mun nú fjalla nánar um meginmarkmið þessarar fyrstu fjarskiptaáætlunar. Með áherslu á forskot er horft til þeirrar byltingar sem nú á sér stað í fjarskiptum og upplýsingatækni og nýtingu nýrra tækifæra. Þess vegna setjum við okkur það markmið að þau tækifæri sem felast í góðum fjarskiptum, góðri menntun og tækniþróun, verði nýtt til að skapa störf og auka hagsæld um landið allt. Aðgengi að háhraðatengingum er lykilatriði í því að geta nýtt sér þjónustu upplýsingasamfélagsins að fullu, þar með talið miðlun stafrænnar sjónvarpsþjónustu.

Mikilvægt er að almenningur, skólar og atvinnufyrirtæki hafi aðgang að öflugum háhraðatengingum til að eiga kost á að njóta og nýta sér kosti upplýsingasamfélagsins. Þetta eru sjónarmiðin að baki því markmiði áætlunarinnar, að allir landsmenn sem þess óska geti tengst háhraðaneti og notið hagkvæmrar og öruggrar fjarskiptaþjónustu og að menntastofnanir verði tengdar öflugu háhraðaneti.

Notkun farsíma er afar mikil hér á landi. Almenningur og fyrirtæki hafa nýtt sér þessa nýju tækni og hefur það haft víðtæk þjóðfélagsleg áhrif þar sem hreyfanleiki er meiri, aðgengi bætt og öryggi aukið. Þrátt fyrir mikla útbreiðslu farsímaþjónustu hérlendis er samband víða gloppótt meðfram þjóðvegum, á ferðamannastöðum og á meginhluta hálendisins. Þetta veldur óþægindum og óöryggi. Mikilvægt er að þétta GSM-farsímanetið. Þrátt fyrir að það hafi ekki verið hannað sem öryggiskerfi gegnir það mikilvægu hlutverki sem öryggistæki fyrir almenning. Það er sú tilfinning sem almenningur hefur. Þetta eru sjónarmiðin að baki þeim markmiðum áætlunarinnar að GSM-farsímaþjónusta verði aðgengileg á þjóðvegi 1 og öðrum helstu stofnvegum, á helstu ferðamannastöðum eins og ég hef getið um áður. Eins er stefnt að því að háhraðafarþjónusta standi til boða um allt land eigi síðar en 2006 og langdræg stafræn farsímaþjónusta standi til boða um allt land og á miðum við landið eftir að rekstri NMT-kerfisins lýkur.

Þegar er hafin umbreyting hliðrænna dreifikerfa sjónvarps yfir í stafræn kerfi. Þessi breyting mun auðvelda sjónvarpsstöðvunum og efnisveitum að miðla efni til almennings og jafnframt munu opnast möguleikar á auknu framboði slíkra aðila til almennings á sjónvarps- og afþreyingarefni. Aðgangur að slíku efni er lykilatriði varðandi búsetuskilyrði víða um land. Þegar er hafinn flutningur frá hliðrænni dreifingu sjónvarps yfir í stafræna tækni sem auðveldar dreifingu efnis og eykur val um leiðir til móttöku. Aðgangur að sjónvarps- og afþreyingarefni er að verða eitt af lykilatriðum við val á búsetu. Þess vegna setjum við okkur þau markmið að allir landsmenn hafi aðgang að gagnvirku stafrænu sjónvarpi, að útvarpað verði um gervihnött fyrir landið allt og næstu mið.

Virkni fjarskiptakerfa og vernd almennings í upplýsingasamfélaginu er afar mikilvæg. Í fjarskiptaáætlun er að finna eftirfarandi markmið varðandi þetta:

Öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og við umheiminn verði tryggt með fullnægjandi varasamböndum.

Öryggi netsins verði bætt svo að almenningur geti treyst á það í viðskiptum og daglegu lífi.

Aðgangur að greiðum, hagkvæmum og öruggum fjarskiptum er mikilvægt fyrir samkeppnishæfni landsins og í raun alla þegna þjóðfélagsins. Mikilvægt er að við Íslendingar sitjum við sama borð og aðrar þjóðir varðandi aðgang og verðlagningu fjarskiptatenginga við útlönd. Einnig er afar mikilvægt fyrir atvinnu- og byggðaþróun í landinu að aðgengi að og verðlagning á fjarskiptaþjónustu sé jöfnuð milli dreifbýlis og þéttbýlis. Þá veltur á miklu að samkeppni á fjarskiptamarkaði innan lands sé virk og þeim stjórntækjum sem stjórnvöld hafa til að örva samkeppni sé beitt með skilvirkum hætti. Þess vegna setjum við okkur eftirfarandi markmið:

Unnið verði að því að bæta laga- og reglugerðaumhverfi og efla eftirlit á fjarskiptamarkaði til að auka samkeppni, gagnsæi og traust.

Stuðlað verði að því að lækka einingarverð í fjarskiptatengingum milli landa.

Stuðlað verði að því að jafna verð á fjarskiptaþjónustu um land allt.

Stuðlað verði að því að bæta aðgengi að hagkvæmum og öruggum fjarskiptakerfum um land allt.

Stuðlað verði að því að fatlaðir geti nýtt sér fjarskipti í upplýsingasamfélaginu.

Hæstv. forseti. Ég hef aðeins fjallað um meginmarkmið áætlunarinnar. Fjarskiptaáætlun snertir með einum eða öðrum hætti flesta ef ekki alla landsmenn. Hún fellur undir ábyrgð margra ráðuneyta og stofnana ríkisins og fyrirtækja í landinu.

Fjármögnun áætlunarinnar mun að sjálfsögðu ráðast af fjárveitingum frá Alþingi en gert er ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur sjóður um framkvæmdirnar og að lagt verði til hans fé úr sölu Símans í samræmi við viljayfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þegar hafa verið unnin drög að sérstakri framkvæmdaáætlun til að hrinda í framkvæmd einstökum þáttum í áætluninni og ábyrgð einstakra aðila skilgreind nánar. (Forseti hringir.) Ég legg ríka áherslu að að við setjum okkur skýra stefnu sem hafi það markmið að auðlindin (Forseti hringir.) sem felst í fjarskiptunum verði í allra þágu.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og samgöngunefndar.

[18:41]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mjög jákvætt að setja sér markmið og það eru vissulega góð markmið í þessari fjarskiptaáætlun. En spurningin sem vaknar í þessu máli er: Er búið að meta kostnaðinn við að ná þessum markmiðum? Það væri fróðlegt ef hæstv. samgönguráðherra gæti gefið upp hvort búið er að kostnaðarmeta markmiðin að einhverju leyti þannig að menn viti að hverju þeir ganga.

Annað er einnig mjög mikilvægt þegar menn setja sér markmið, þ.e. að menn hafi einhver mælanleg viðmið svo þeir sjái hvenær þeir ná árangri. Hver á þá að fylgjast með því og kannski gefa um það skýrslu á Alþingi hvort við höfum náð árangri á þessu sviði?

Ég man eftir byggðaáætlun sem hér hefur iðulega verið rætt um. Þar eru engin viðmið. Þar kemur ekki fram fjöldi

starfa, fækkun íbúa eða fjölgun á viðkomandi svæði. En þegar farið er af stað með slík verkefni er mjög æskilegt að menn setji sér einhverjar mælistærðir þannig að þeir viti hvort náðst hafi árangur en markmiðin séu ekki bara eitthvað út í loftið.

Ég man eftir einu markmiði sem hefur nú ekki náðst, sem var sett af ágætum meindýraeyði. Það var „Rottulaust Ísland fyrir árið 2000". Ég verð að segja það að markmiðin eru göfug, eins og þetta með rottulaust Ísland, en það væri mjög æskilegt ef hæstv. *ráðherra færi yfir það hvernig ætlunin er að meta árangurinn.*

[18:43]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú ekki gott til gjörða ef allir heilbrigðisfulltrúarnir fara á þing, þá verður náttúrlega rottulaust Ísland ekki að veruleika.

En það liggur fyrir að við höfum að sjálfsögðu metið kostnaðinn við þau áform sem hér eru uppi. Annars vegar er um það að ræða að við gerum ráð fyrir því að það kosti um 900 millj. kr. að loka þeim götum á dreifikerfi GSM-kerfisins sem eru á fjölsóttum ferðamannastöðum og meginsamgönguleiðum. Jafnframt er talið að það kosti um 150 millj. kr. að koma á stafrænum sendingum um gervihnött til sjófarenda og þeirra sem búa í mesta dreifbýlinu. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að það verði fyrsti áfanginn í þeirri framkvæmdaáætlun sem gert er ráð fyrir.

Á hitt ber að líta, sem liggur ljóst fyrir, að við leggjum að sjálfsögðu aðallega traust okkar á samkeppni á fjarskiptamarkaði. Við leggjum traust okkar á að með sölu Símans og aukinni samkeppni á þessum markaði muni fjarskiptafyrirtækin keppast um að veita öfluga og góða þjónustu á forsendum þeirra áforma sem hér eru uppi en að sjálfsögðu verði reynt að lágmarka þau nauðsynlegu framlög sem kæmu úr Fjarskiptasjóði af hálfu ríkisins til uppbyggingar háhraðaneta.

Í mínum huga eru það fyrst og fremst fjarskiptafyrirtækin sem eiga að taka til hendinni (Forseti hringir.) enda er um frjálsan markað að ræða. En áformin í áætluninni eru alveg skýr.

[18:45]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgönguráðherra leggur mikið traust á sölu Símans. Ég minni á þann sannleik að maður eyðir ekki sömu krónunni tvisvar sinnum. Menn virðast vera búnir að lofa andvirði Símans í margvísleg verkefni, t.d. í ýmis samgöngumannvirki, að byggja nýtt sameinað sjúkrahús á höfuðborgarsvæðinu og svo má lengi telja. Ég tel að það sé ekki alveg fast í hendi að menn geti farið í öll þau verkefni eingöngu út frá sölu Símans.

Ég vil nota tækifærið af því við ræðum um stefnu í fjarskiptamálum og minnast á grunnnetið. Við höfum einmitt varað við því að selja grunnnetið vegna þess að það muni að öllum líkindum leiða til þess að ýmsar byggðir muni standa höllum fæti á eftir og það sé að mörgu leyti öfugsnúið að setja þessa gulrót, sölu Símans, sem mun líklega leiða til verri þróunar í fjarskiptamálum í hinum dreifðu byggðum, því miður. Það markmið sem hér kemur fram og leiðin að því, þ.e. að selja Símann, fer því ekki alveg saman.

[18:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hægt að fagna því að lögð skuli vera fram stefna stjórnvalda í fjarskiptamálum vonum seinna. Hins vegar veltir maður fyrir sér orðalaginu. Það stendur að stefnan sé að gera þetta og stuðlað verði að þessu og hinu, sem er lofsvert og fallegt, en maður veltir *því fyrir sér hvernig stjórnvöld ætla að framkvæma þetta.* Hver á að framkvæma þennan óskalista ríkisstjórnarinnar? Hvers vegna var þetta ekki gert á síðustu árum? Landssíminn hefur verið að skila milljarðagróða í ríkissjóð. Hvers vegna var Landssíminn ekki krafinn um að koma á GSM-þjónustu á öllum aðalþjóðvegum landsins og stofnvegum og öðrum stöðum þar sem fólk býr? Hvers vegna hefur það ekki verið gert? Ef Síminn verður seldur er þetta hjóm út í loftið, eða hver á að framkvæma þetta?

Hugtakið samþjónusta er voðalega fallegt nýyrði. Hvers vegna var þetta ekki bara sett undir alþjónustu þegar við *samþykktum lögin, alþjónusta, sem verður náttúrlega bara* úrelt vegna þess að hún miðaði við einhverja stöðu sem var fyrir nokkrum árum þegar lögin voru sett og síðan engin þróun meir. Hvers vegna var samþjónustan þá ekki sett í staðinn fyrir alþjónustuna?

[18:50]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fyrri daginn virðist hv. þm. Jón Bjarnason alls ekki hafa áttað sig á því að við störfum innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Við verðum að semja okkur að siðaðra manna háttum í viðskiptum á því svæði og fara að leikreglum.

Fyrsta atriðið sem ég vil nefna í því er að alþjónustan, sem markaðsráðandi símafyrirtækjum á hinu Evrópska efnahagssvæði er gert að sinna, er skýrt skilgreind. Við getum því ekki búið til einhverjar sérstakar reglur hvað þetta varðar á Íslandi.

Í annan stað af því að hv. þingmaður segir: Hvers vegna var ekki búið að gera allt þetta sem við leggjum á ráðin um í fjarskiptaáætluninni? Í fyrsta lagi var margt af því sem við gerum kröfur um í dag ekki til í fjarskiptum fyrir eins og þremur árum. Þess vegna segi ég að við þurfum auðvitað að gæta þess að fylgja þróuninni. Við getum heldur ekki, og það er partur af regluverki hins Evrópska efnahagssvæðis, skipað fjarskiptafyrirtækjum á samkeppnismarkaði að gera eitt eða gera annað. Þetta er viðskiptaumhverfi, samkeppnisumhverfi, sem um er að ræða. Það er því liðin tíð að samgönguráðherra geti gefið fyrirmæli um að eina símafyrirtækið í landinu eigi að gera hitt og þetta.

Ef ekki er um að ræða að framkvæmdir gangi upp á viðskiptalegum forsendum er ekki um það að ræða. Þess vegna förum við þá leið sem fjarskiptaáætlun gerir ráð fyrir.

[18:52]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að fagna þeirri áherslu sem sett er á GSM-væðinguna í viljayfirlýsingu hæstv. ráðherra. Ég minni á að ég hef flutt þingsályktunartillögu í þrjú

eða fjögur ár um þetta atriði og hún kemur nánast orðrétt þarna inn. (**Gripið fram í:** Er það ekki ágætt?) Það er mjög gott. Reyndar tel ég að hægt hefði verið að ganga til framkvæmda miklu fyrr og hefði verið sanngjarnt og eðlilegt að Landssíminn, sem var í meirihlutaeigu þjóðarinnar, hefði byggt upp GSM-þjónustuna, fíra aðeins niður arðsemiskröfunni og láta Símann byggja upp GSM-þjónustuna.

Hitt er svo hræsni að koma með áætlunina núna og ætla samtímis að selja Símann, eina tækið sem hægt er að beita til þess að gera þessa hluti. Hver annar á að gera það ef það ólán vildi til að Landssíminn yrði seldur? Hver annar á þá að framkvæma vilja ríkisins og hver á þá að borga? Þó stofnaður væri einhver tímabundinn sjóður fyrir andvirði Landssímans er hann bara tímabundinn, auk þess sem byggja á hátæknisjúkrahús, vegi og fjarskipti og greiða niður skuldir ríkissjóðs og bara nefndu það, allt fyrir sölu Símans. Það er því svo mikil hræsni að telja fólki trú um að allt sem ég hef hingað til gert ætli ég að gera með því að selja bestu mjólkurkúna úr húsinu.

Ég spyr: Hver á að framkvæma þennan vilja ríkisins? Hvaðan eiga peningarnir að koma, ef svo ólánlega vildi til að Síminn yrði seldur og búið væri að eyða söluandvirði Símans? Þetta er verulegt hræsnistal, herra forseti, því miður verð ég að nota það orð.

[18:54]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það blasir algerlega við að hv. þm. Jón Bjarnason hefur verulegar áhyggjur af því að árangur verði af því uppbyggingarstarfi á sviði fjarskipta sem við stefnum að. Ég er undrandi að hv. þingmaður skuli tala með þeim hætti sem hann gerir. Hver á að framkvæma? Hv. þingmaður hefur verið opinber starfsmaður og sinnt því mikilvæga verkefni að reka stofnun á vegum ríkisins og þær aðferðir sem við höfum í dag eru vel þekktar, þ.e. við gerum ráð fyrir að bjóða t.d. út uppbyggingu GSM-kerfanna á þjóðvegunum. Um það gilda tilteknar reglur og ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún muni leggja til fjármuni í það verkefni.

Ég vil endurtaka það og undirstrika að við treystum að sjálfsögðu fyrst og fremst á það að fjarskiptafyrirtækin sem keppast við að ná viðskiptum til sín sinni þessum verkefnum með sama metnaði og fram kemur í þeirri áætlun sem hér er til meðferðar um uppbyggingu þjónustunnar. Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að svo verði.

Ýmsir hv. þingmenn þekkja vel til reksturs fjarskiptafyrirtækisins Símans og vita hversu mikill kraftur og mikil þekking er innan þess fyrirtækis og það er með ólíkindum hversu mikil gróska er á fjarskiptamarkaðnum hjá þeim fyrirtækjum sem sinna fjarskiptaþjónustu, svo sem eins og Og Vodafone. Ég ber því engan kvíðboga fyrir því að mönnum takist ekki að uppfylla þær kröfur sem verið er að setja um stefnu okkar í fjarskiptamálum.

Umræðu frestað.

Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 537. mál (lífeindafræðingar). — Þskj. 811, nál. 1152.

[18:57]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. heilbrigðis- og trygginganefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meinatækna, nr. 99/1980, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum. Í nefndaráliti er greint frá þeim gestum sem komu á fund nefndarinnar vegna málsins og eins þeim sem skiluðu umsögnum vegna málsins og vísa ég í nefndarálitið um það.

Með frumvarpinu er ætlunin að breyta starfsheitinu meinatæknir í lífeindafræðingur og einnig að fella brott úr lögunum ákvæði um skilyrði þess efnis að meinatæknir starfi á ábyrgð og undir handleiðslu sérfræðings. Þá er jafnframt lagt til að sett verði í lögin heimild til þess að setja reglugerð um sérfræðiviðurkenningu lífeindafræðings.

Nefndin telur breytinguna á starfsheitinu eðlilega þegar litið er til menntunar, aukinnar sérhæfingar, eðlis starfsins og breytinga hjá sambærilegum stéttum. Flestar umsagnir um þetta atriði frumvarpsins hafa verið jákvæðar.

Nefndin fellst á það sjónarmið að samfara aukinni menntun er ekki rétt að gera skilyrðislausa kröfu um að meinatæknar starfi undir handleiðslu sérfræðings eins og verið hefur, frekar en aðrar heilbrigðisstéttir sem bera ábyrgð á störfum sínum sjálfar, heldur að það verði metið sérstaklega hverju sinni. Telur nefndin því fullnægjandi að leyfi frá ráðherra til starfrækslu rannsóknastofu verði grundvallað á faglegu mati landlæknis um hvort uppfylltar séu þær faglegu kröfur sem gera verður til starfseminnar og að læknisfræðilegar rannsóknir verði ekki framkvæmdar annars staðar en þar sem aðbúnaður og sérþekking er fullnægjandi að mati landlæknis.

Loks leggur nefndin til að landlæknir gefi út viðmiðanir um hvernig flokka skuli rannsóknarstofur eftir starfssviði og eðli. Þar komi fram hvaða lækningarannsóknir megi framkvæma á rannsóknastofu í hverjum flokki og hvaða kröfur skuli gera til þeirra.

Nefndin leggur til smávægilega breytingu á frumvarpinu sem varðar einungis málfar og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Í stað orðanna „gera þurfi“ í 6. gr. komi: gera þarf.

Undir álitið rita allir hv. þingmenn í heilbrigðis- og trygginganefnd, auk þeirrar sem hér stendur, þ.e. Drífa Hjartardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Pétur H. Blöndal, Þuríður Backman, Siv Friðleifsdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir.

Í nefndaráliti segir að hv. þingmenn Bjarni Benediktsson og Ágúst Ólafur Ágústsson hafi verið fjarverandi við afgreiðslu málsins, en í stað þess að það standi Ágúst Ólafur, herra forseti, á að standa Einar Karl Haraldsson. Að þeim frátöldum standa allir nefndarmenn í hv. heilbrigðis- og trygginganefnd að áliti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefna í fjarskiptamálum 2005–2010, frh. fyrri umr.

Stjtill., 746. mál. — Þskj. 1111.

[19:00]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Þeirri tillögu til þingsályktunar sem hér er verið að ræða, stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010, má í sjálfu sér fagna með þeim orðum að betra sé seint en aldrei. Ég get tekið undir öll markmiðin sem sett eru í þessari áætlun, enda hef ég á umliðnum þingum oft tekið til umræðu hér á hinu háa Alþingi, bæði í fyrirspurnum og ræðum, ýmislegt sem hér er sett fram sem markmiðslýsing núna á vordögum árið 2005.

Ég sagði: Betra er seint en aldrei. Þessi tillaga er þá kannski líka um leið staðfesting á því metnaðarleysi hæstv. ríkisstjórnar sem hefur verið í þessum málum undanfarin ár. Á ég þá sérstaklega við háhraðatengingar til minni byggðarlaga sem setið hafa eftir í þessari samkeppni og farsímavæðingu GSM-kerfisins á helstu þjóðvegum landsins. Þetta er sannarlega, virðulegi forseti, staðfesting á því að það sem m.a. ég og aðrir hv. þingmenn úr stjórnarandstöðu höfum oft tekið til umræðu á hinu háa Alþingi hefur verið rétt og er staðfest í þessari áætlun. Hún er viljayfirlýsing hæstv. ríkisstjórnar í þessum málaflokki sem, eins og ég segi, er góð svo langt sem hún nær. Hér þarf að sjálfsögðu að koma dálítið kjöt á þessi bein með peningum sem settir verða í málaflokkinn, þ.e. eins og kom fram hjá hæstv. samgönguráðherra, að myndaður verði sjóður við sölu Símans sem verði tekinn frá í þennan málaflokk og þá þingsályktun sem ráðherra hefur hér fylgt úr hlaði.

Það er ákaflega mikilvægt að það sé gert á þann hátt og það verði þannig sýnilegt, komi fram í nefndaráliti samgöngunefndar og komi inn í tillöguna áður en hún verður samþykkt. Hún er ekki nægjanleg, virðulegi forseti, sú markmiðslýsing sem hér er um að þetta fari eftir fjárlögum hvert og eitt ár og í samráði við viðkomandi ráðherra í viðkomandi málaflokkum. Engan veginn verður hægt að gera þetta á þennan hátt.

Ég sagði áðan að betra væri seint en aldrei. Auðvitað hefði verið mjög smart ef þessi áætlun hefði náð frá árinu 2000 eða 2001 til 2010, eða jafnvel 2006. En það er sannarlega mikil framþróun á þessum markaði og í þessari tækni, samanber það að þegar við samþykktum alþjónustukvöðina með ISDN-sambandið var það orðið úrelt kerfi nokkrum missirum síðar. Ég legg því höfuðáherslu á, virðulegi forseti, um leið og ég fagna þessari tillögu og lýsi yfir stuðningi við hana, með þeim eðlilegu fyrirvörum sem gert er, að peningar verði sýnilegir, settir í sjóð sem tekið verði fram að sé sérstaklega í þetta verkefni og veitt verði fé úr. Áðan kom fram hjá hæstv. ráðherra að það kostaði um 1.050 milljónir það fyrsta, þ.e. að GSM-væða þjóðvegi landsins, ef svo má að orði komast, og 150 milljónir stafrænar sendingar um gervihnött til sjófarenda og annarra. Það er auðvitað hneisa að það skuli vera að gerast 2005, 2006 eða 2007, og átti náttúrlega að vera komið fyrir lifandi löngu.

Hér er tekið upp hið fagra nafn samþjónusta sem á að gera okkur kleift að veita fé til að bjóða t.d. út uppsetningu senda við þjóðvegakerfið. Símafyrirtækin geta þá boðið í og aðrir fengið samning í því í gegnum reiki en þá verður það að gerast sem allra fyrst og með þeim peningum sem þarna verða teknir frá en ekki þannig að þegar hið háa Alþingi er að basla við að koma saman fjárlögum á lokadögum þings fyrir jól geti þetta dottið upp fyrir eða verði þannig að ekki verði veitt fé í samþjónustuna. Þessi sjóður verður að vera til, það verður að skilgreina hann og það verður að koma fram að mínu mati í nefndaráliti samgöngunefndar. Til að mynda breiða samstöðu um þetta mál þarf að mínu mati peningahliðin að koma fram í þessu máli.

Þetta vildi ég segja aðeins um þetta en um samþjónustuna ætla ég að segja það sem kemur hér fram að menn eru að finna upp aðferð til að fara í raun og veru lengra en alþjónustukvöðin segir til um. Menn eru að finna leið til þess að Evrópusambandið komi ekki með tilskipunum sínum og eftirlitsstofnunum í bakið á okkur við þær aðferðir sem við erum hér að tala um. Það er með öðrum orðum verið að nota hér aðferð sem er vel þekkt úti um allan heim og kannski sérstaklega á því svæði sem við berum okkur saman við, Evrópu, að bjóða út hluti og athuga hvað fyrirtæki setja upp fyrir að veita ákveðna þjónustu. Í þessu sambandi nefni ég t.d. styrki í áætlunarflug til nokkurra minni staða. Auðvitað sakna ég þess, og vil koma því að enn einu sinni, að hæstv. samgönguráðherra skuli ekki beita sér fyrir sams konar leið gagnvart strandsiglingum. Það eigum við þó vonandi eftir að ræða síðar.

Vegna þess sem liggur fyrir í þessari áætlun spyr ég hæstv. samgönguráðherra einnar spurningar. Hvað á að gera við litlu byggðarlögin þar sem menn eru óþolinmóðir og sætta sig ekki við að sitja í annars flokks tengisambandi gagnvart netinu? Hef ég oft tekið Hrísey sem dæmi. Íbúar þar fóru eigin leið og fjármögnuðu það sjálfir fyrir 2–2,5 millj. kr. að koma sér í háhraðatengingu. Nú á að fara þá leið gagnvart öðrum minni stöðum að bjóða tenginguna út og veita fé í hana. Hvernig á að koma til móts við þá íbúa litlu byggðarlaganna sem sjálfir hafa lagt út peninga, mikla peninga per íbúa, til að tengjast háhraðatengingum eins og gert hefur verið hingað til? Ríkisvaldið var ekki komið fram með svona áætlun eða peninga í þetta sem hér á að gera fyrir nokkrum árum, við getum sagt 2000–2001.

Virðulegi forseti. Tími minn er á þrotum hvað varðar þessa þingsályktunartillögu, það er stuttur tími við 1. umr. Ég fagna því að geta unnið með þetta mál í samgöngunefnd og vil lýsa því yfir að ég er ánægður með það sem hér kemur fram en ítreka það sem ég sagði, um leið og hæstv. samgönguráðherra gengur í salinn: Hér þarf að fylgja (Forseti hringir.) kjötið með, peningahliðin þarf að vera klár.

[19:08]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það eru nýmæli að leggja fyrir þingið tillögu að stefnu í fjarskiptamálum. Ég tel að það sé til bóta að stjórnvöld marki sér stefnu í þeim efnum, eins og kom fram þegar við ræddum fyrr á þessum þingfundi um breytingu á lögum um fjarskipti. Þar er lagt til að sá háttur verði hafður á að setja stefnu til sex ára í senn í fjarskiptamálum.

Í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir er býsna margt sem hægt er að taka undir. Það eru háleit markmið um að koma á fót góðri þjónustu með miklum gæðum til allra lands-

manna, hvort sem litið er til símasambands, tölvusamskipta eða útvarps og sjónvarps. Ef þessi markmið öll ganga eftir verða landsmenn allir býsna vel settir. Ég tel að það skorti í raun ekkert á metnaðinn í þeim markmiðum sem menn setja sér, það væri kannski frekar að menn gætu efast um möguleikann á að ná þeim fram á þeim sex árum sem menn ætla sér til starfans.

Ég vil því lýsa ánægju með markmiðin sem slík, sem eru tilgreind bæði í almennum orðum og að nokkru leyti með nákvæmari hætti í þessu þingskjali. Ég vil þó segja um það sem þar kemur fram að ég tel að menn þurfi að huga vandlega að því að styrkja þann hluta netsins sem er með þræði, ljósleiðara netsins. Það er augljóst mál að ljósleiðaratengingin er langöflugasta tengingin sem völ er á um þessar mundir og miklu öflugri en t.d. fjarskipti í lofti og það er ákaflega þýðingarmikið að samskipti geti farið a.m.k. eftir öllum aðalleiðum eftir ljósleiðarakerfinu. Sá hluti netsins er ákaflega þýðingarmikill og að sama skapi þýðingarmikið að hann nái sem víðast um landið.

Í þessu skjali kemur fram hver munurinn er á hraðanum á ljósleiðara eftir því hvort samskiptin eru flutt eftir ljósleiðara eða með öðrum hætti. Möguleiki er á því, t.d. sá sem nú þykir mjög góður víða um land, ADSL, og sem mörg minni byggðarlög sækjast eftir. Sum hafa fengið og önnur bíða. Samskiptahraðinn eftir ADSL-kerfinu annars vegar og ljósleiðara hins vegar er þannig að ef flutt eru gögn eftir ljósleiðara er það 1.250 sinnum hraðvirkara en ADSL-ið sem þó er líklega átta sinnum hraðvirkara en ISDN. Það skiptir miklu máli um möguleikana sem viðkomandi heimili eða staðir eiga kost á að menn geti flutt gögn eftir ljósleiðara, a.m.k. langleiðina að heimilunum.

Þess vegna legg ég áherslu á það, virðulegur forseti, að menn geri ráð fyrir því í þessum áætlunum að koma á ljósleiðaratengingu um allt land þannig að menn hafi hringtengingu, bæði til að hafa hraðann og öryggið, og mér sýnist á því að skoða kort af útbreiðslu ljósleiðarans að dálítið vanti á. Mér sýnist vanta annars vegar á Snæfellsnesi, að tengja ljósleiðara frá Stykkishólmi og að leiðara norður og vestur í land til þess að hafa þar hringtengingu fyrir byggðarlögin í Stykkishólmi, og hins vegar ljósleiðaratengingu frá Ísafjarðardjúpi, frá Súðavík yfir til Strandasýslu og þaðan niður að Brú í Hrútafirði til þess að staðirnir sem í hlut eiga á Vestfjörðum og í Strandasýslu annars vegar og á Snæfellsnesi hins vegar búi við sæmilega gott öryggi varðandi gagnaflutninga.

Í öðru lagi langar mig að spyrja, og bið hæstv. ráðherra kannski að upplýsa okkur um það síðar í umræðunni ef hann hefur tök á, um kostnað við að ná markmiðum sem hér eru sett og talin væntanlega raunhæf á næstu sex árum. Hingað til hafa þau verið talin óraunhæf vegna kostnaðar, eins og það að útvarpa og sjónvarpa um gervihnött fyrir landið allt og miðin. Það hefur oft verið rætt í þingsölum, sérstaklega að koma sjónvarpi á fiskimið landsmanna, en menn hafa talið ókleift að ná því fram sökum kostnaðar. Hefur eitthvað það breyst sem gerir það að verkum að kostnaðurinn er kannski orðinn viðráðanlegur og því raunhæft að stefna að því að ná þessu markmiði á allra næstu árum?

Ég vil svo, virðulegi forseti, undirstrika það að eitt er að setja sér markmið, sem eru háleit og eftirsóknarvert að ná og ég hygg að almenn samstaða sé um að stefna að, og hitt er að ná þeim fram.

Það er kannski það sem vantar á með þessa þingsályktunartillögu, það er ekki orð um það hvernig eigi að fjármagna (Gripið fram í.) markmiðin, hver eigi að leggja fram það fé. Ég sá ekki í þessu skjali einu orði vikið að kostnaðinum eða hvort í því fælist að ríkið mundi leggja fram eitthvert fé og hvernig ríkið hygðist þá gera það.

Við vitum það úr umræðunni um annað mál, sölu Símans, að menn hafa rætt um að leggja til hliðar í sérstakan sjóð ákveðna fjárhæð, sem ekki hefur verið tilgreint hvað verður há, til að standa straum af því að byggja upp ákveðinn hluta af fjarskiptanetinu, annars vegar GSM-samband um helstu þjóðvegi landsins og ferðamannastaði og hins vegar gagnaflutninga yfir á fleiri staði en nú er mögulegt, m.a. dreifbýli og minni þéttbýlisstaði. Það mun kosta töluvert fé en ég býst við því að hæstv. ráðherra sé með það í huga að sækja kostnað í þann sjóð sem samkomulag hefur orðið um milli stjórnarflokkanna að stofna. Ég vildi gjarnan fá það staðfest þannig að menn hefðu það í umræðunni að það væru áformin. Engu að síður er sá hluti málsins að efna og ná markmiðum ákaflega losaralegur í þessu skjali.

Virðulegur forseti. Mig langar svo að lokum að spyrja hæstv. ráðherra nánar, og biðja hann að fara yfir það ef hann hefur tök á: Hverjir eru þessir helstu stofnvegir landsins sem á að tryggja að GSM-síminn náist á? Það er talað um hringveg 1, en mun það ekki örugglega líka eiga við um Vestfjarðaveginn, þjóðveg 61 og þjóðveg 60?

[19:17]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þessi tillaga til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum er í sjálfu sér tímamótaplagg. Ég verð að segja að það að hafa aðeins átta mínútur til þess ræða hana hér er ansi lítið. Það hefði verið sanngjarnt gagnvart svona viðamiklu máli að lengja ræðutímann til þess að hægt yrði að fara í gegnum þau atriði sem hérna er verið að taka á og líka að ræða frekar um framkvæmdina þar á.

Ég hef áður sagt hér í umræðum um þetta mál að ég tel það góðra gjalda vert að það sé sest niður og gerð úttekt á stöðu fjarskiptamála í landinu, útbreiðslu á hinum ýmsu þáttum. Þó svo að hún hafi kannski svo sem legið fyrir í einhverjum atriðum er nauðsynlegt að taka þetta saman á einn stað og í framhaldi af því jafnframt reyna að meta horfur til næstu ára og setja um það stefnumörkun. Þá tillögu sem við höfum áður rætt hér um breytingu á lögum um fjarskipti sem felur í sér að lögð sé fram fjarskiptaáætlun á ákveðnu árabili, tel ég góðra gjalda verða. Þá verður væntanlega líka greint frá stöðu mála og hvað hefur unnist frá því síðast. Það er því alveg hægt að láta í ljós ánægju yfir þeim atriðum þessa máls. Einnig tel ég á vissan hátt til fyrirmyndar hvernig unnið hefur verið að því að gera þessa úttekt eða áætlun. Fenginn var til þess fjöldi manns úr heimi fjarskipta, neytenda, frá almenningssamtökum, stjórnmálaflokkum o.s.frv. að taka saman bakgrunn þessa máls.

Hitt er svo annað mál að þegar þetta kemur hér fram og hæstv. ráðherra hefur gert grein fyrir því þá kemur þetta

náttúrlega fram eins og óskalisti. Við erum í þeirri stöðu í dag að ríkisstjórnin er að berjast um á hæl og hnakka gegn vilja þjóðarinnar við að selja Landssímann sem er það öfluga tæki sem þjóðin á til að hrinda þeim óskalista í framkvæmd sem hæstv. ráðherra hefur hér mælt fyrir í von um að verði uppfylltur. Því er þessi tillöguflutningur í ákveðnu tómarúmi. Ef hér væri staðfastlega fyrir hendi ásetningur um að halda Landssímanum í þjóðareign þannig að við gætum beint styrk hans til þess að framkvæma allt það góða sem hér er lagt til þá værum við á góðum rekspöl. Þá værum við að feta okkur inn á sama vinnulag og gildir t.d. um vegáætlun, enda má segja að fjarskiptamálin séu hluti af samgöngumálunum og nátengd þróun í vegamálum. Þar gerum við vegáætlun. Þar gerum við framkvæmdaáætlun í vegamálum. Þar höfum við Vegagerð ríkisins til þess að sjá um hina framkvæmdalegu hlið málsins. Alþingi ákveður fjármagn á fjárlögum að því marki sem það er ekki þá bundið í föstum tekjustofnum. Engu að síður er það ákvörðun Alþingis á hverjum tíma. Þannig höfum við tök á málunum. Þannig gætum við líka haft tök á fjarskiptamálunum ef við hefðum Landssímann, hið öfluga fyrirtæki í hendi, og segðum: „Þetta eru þau verkefni sem við ætlum að leggja áherslu á, beita okkur fyrir að verði gerð og til þess rennur fjármagn, annars vegar frá fyrirtækinu sjálfu og hins vegar, ef á vantar, frá ríkissjóði. Það sem gert er er í almannaeign og við höfum þar hönd í bagga.“ Verði hins vegar Landssíminn seldur og við verðum algjörlega upp á einkaaðila komin með framkvæmd af þessum óskalista þá er þetta býsna haldlítið plagg. Þá er þetta bara eins og svona góð skálaræða og hefur litlu meira gildi en það, herra forseti, því miður. Nógu erfiðlega hefur okkur gengið að fylgja vegáætlun. Þó svo hún sé staðfest, bæði fjármagn og framkvæmd, þá hefur hún núna á síðustu þremur árum, á þriggja ára tímabili, verið skorin niður um 6 milljarða kr. Hvaða hald er þá í þessum óskalista ef Landssíminn verður seldur og enginn aðili er í reynd til að framkvæma það sem hér er verið að óska eftir?

Hvers vegna var t.d. ekki arði Landssímans nú í ár beitt til þess að koma einhverju af því sem hér er verið að ræða í framkvæmd? Hvers vegna? Var verið að hlífa honum á einhvern hátt? Það var hirtur út úr honum arður upp á nokkra milljarða króna. Hefði ekki verið nær að beita styrk hans einmitt til þess að gera eitthvað af því góða sem hér er nefnt? En allt á þetta að gera næst, á næsta ári og þarnæsta ári.

Uppbygging GSM-símkerfisins út um land hefur nánast staðið í stað í nokkur ár vegna þess að verið er að búa Landssímann, að því er sagt er, undir sölu, undir markaðsvæðingu og því má ekki leggja á hann að standa í framkvæmdum sem hugsanlega skila ekki uppsettum arði, 15% arði, 25% arði eða hver hann er. En hver er það sem setur arðsemiskröfuna? Það er auðvitað hluthafafundurinn þar sem ríkið á nærri 99%. (**Gripið fram í:** Steingrímur J. Sigfússon er ...) Já, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. En meira að segja hann, sá öflugi þingmaður, var beittur ofbeldi af þeim sem fóru með hlutabréfið. Það var ekki einu sinni haldinn hluthafafundur þegar hann vildi ræða stöðu málanna. (Gripið fram í.) Hvað haldið þið þá að gerist eftir að búið er að selja Símann? Þó hæstv. samgönguráðherra (Forseti hringir.) sé harður af sér þá berst hann nú ekki við vindinn, sérstaklega ef ekkert er í pokanum.

[19:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef áður látið það koma fram að ég tel að þau vinnubrögð sem þessi fjarskiptaáætlun eða þingsályktunartillaga um stefnu í fjarskiptamálum til tiltekins tíma, vísa á eða eru hluti af, séu jákvæð. Það er meira en tímabært að menn taki þetta mikilvæga svið þjóðlífsins sem eru fjarskiptin skipulega fyrir á þennan hátt og reyni að hafa einhverja meðvitund og stefnu og beita sér í því hvernig fjarskiptin þróast og af hvaða gæðum sú þjónusta er sem landsmönnum stendur þar til boða. Það er þeim mun mikilvægara því það eru að verða miklar breytingar í þessum efnum bæði tæknilega og rekstrarlega. Þessi starfsemi byggðist upp um áratuga og alda skeið á grundvelli einkaleyfa. Opinberar stofnanir veittu þessa þjónustu og þetta var skilgreint fyrst og fremst sem þjónusta, sem undirstaða undir aðra starfsemi en ekki sem atvinnurekstur eða gróðavegur. Þetta er nú allt saman á hverfanda hveli og miklum breytingum háð. Fjarskiptasviðið er og hefur á síðustu árum verið mjög undir sem enn eitt svið í samfélaginu þar sem einkavæðingar- og markaðsvæðingaröflin hafa meira og minna náð sínu fram og fært yfir á markaðstorg viðskiptanna, svið sem áður laut fyrst og fremst lögmálum opinberrar þjónustu.

Um það allt saman mætti margt segja en er auðvitað ekki tími til í stuttri þingsályktunartillögu. En það skyldi nú ekki fara svo að menn eigi eftir að sjá að það tapast í öllu falli ýmislegt sem kemur til frádráttar því sem þeir telja að e.t.v. vinnist í þessum efnum. Þegar upp er staðið þá er ég nú ekki búinn að sjá að lítil þjóð í stóru og strjálbýlu landi komi endilega til með að búa við betri og hagkvæmari þjónustu í þessum efnum með því að fara þá leið að reyna að láta markaðinn leysa þetta og lappa svo upp á ágalla hans og þar sem honum er áfátt og það sem hann ekki leysir með opinberu inngripi. Það er auðvitað það sem hér á að reyna að gera. Með viðamiklu regluverki með því að skilgreina kröfur um ákveðna þjónustu og með því að halda síðan úti umfangsmiklu eftirliti með markaðnum er ætlunin að þetta eigi að ganga upp. Reynslan sýnir að á því munu verða brotalamir og árekstrar. Þær þjóðir sem hafa prófað þetta og hafa orðið nokkurra ára, svo ekki sé sagt áratuga, reynslu af því að gera þetta, hafa sannarlega fengið að kynnast því að þetta er ekki allt saman tekið út með sældinni. Hinar fallegu kenningar fræðanna ganga ekki alltaf upp þegar þær reka sig á veruleikann. Það breytir svo engu að sumir eru svo djúpt sokknir í trúarbrögð á þessa aðferðafræði að þá er það veruleikinn sem er skakkur en ekki kenningarnar.

Auðvitað er einkarekstur á sviði fjarskiptamála ekki nýr af nálinni. Þannig var það mjög víða þegar fjarskiptin byggðust upp í árdaga. Þá voru einkaaðilar þar á ferð og í mörgum þróunarríkjum hafa einkaaðilar frá Vesturlöndum um áratuga skeið byggt upp þessa þjónustu, sumpart í umboði stjórnvalda í þeim löndum. Það gæti verið fróðlegt fyrir menn að kynna sér reynslu Suður-Ameríkuþjóða sumra af því að vestræn, amerísk og evrópsk símafyrirtæki

komust þar víða í aðstöðu til að byggja upp og reka fjarskiptakerfi í skjóli einokunar. Þannig áttu t.d. sænskir aðilar að mestu leyti símann í Argentínu og mjólkuðu ekki lítinn arð úr landi um áratuga skeið út á þá eign sína og skildu svo kerfið eftir í rúst og áratugi á eftir tímanum hvað gæði varðaði þegar yfir lauk.

Ég held að þessi áætlun sé góðra gjalda verð og markmiðin eru falleg og að mjög miklu leyti fullnægjandi, en það vantar það sem við á að éta. Það er hverjum manni ljóst sem fer yfir þessa áætlun og markmið hennar að þetta eru bara falleg orð á blaði og það er algerlega skrifað í skýin hvernig stjórnvöld ná þessum markmiðum fram. Hvorki eru settir fram fjármunir né eru stjórnvöld að sækja sér sjálfstæða lagastoð til þess að tryggja að þessi markmið, tímasetningar og lýsingar á gæðum hinnar veittu þjónustu gangi fram. Við vitum af reynslunni að það er ákaflega krókótt og mikil fjallabaksleið að færa þennan rekstur eða þjónustu alfarið yfir á hendur einkaaðila og grípa svo inn í með fjárframlögum og reglusetningu og kröfum um þjónustu vegna þeirra annmarka sem auðvitað eru á því að markaður í samkeppni leysi viðfangsefnið, sérstaklega þegar kemur út á landsbyggðina, strjálbýlli svæðin, þar sem reksturinn er síður ábatasamur.

Á Íslandi mun verða mjög grimmileg fákeppni ef verður af sölu Símans sem nú er undirbúin. Tvíkeppni í besta falli verður hægt að kalla það, að langmestu leyti, á sviði fjarskipta. Reynsla okkar Íslendingar er ekkert sérstaklega góð af því að tveir og þó að það séu þrír aðilar sem skipti slíkum mörkuðum á milli sín og geti með auðveldum hætti samið þar vopnahlé og skammtað sjálfum sér álitlegan arð og verið áskrifandi að honum árum og jafnvel áratugum saman, eins og við þekkjum t.d. úr tilviki olíufélaganna.

Það má líka spyrja hvers vegna sumt af þessu hafi ekki verið gert. Hvers vegna er ekki sumt af því nú þegar í fullum gangi sem hér loksins lítur dagsins ljós í formi fallegra markmiða á blaði, án þess að því sé fylgt eftir með fjárveitingum eða öðru slíku? Hvers vegna er t.d. GSM-kerfið jafngötótt enn þá og raun ber vitni meðfram meginvegakerfinu og gagnvart þjónustuaðilum og íbúum t.d. í strjálbýli landsins? Á það hefur verið bent, um það hefur verið beðið síðastliðin mörg ár, að þarna væru tilfinnanleg göt á ferðinni sem stæði mönnum fyrir þrifum í uppbyggingu atvinnurekstrar, t.d. á sviði ferðaþjónustu, en það hefur ákaflega lítið gerst. Það er fyrst núna sem stjórnvöld hrökkva allt í einu upp þegar fara á að einkavæða Símann. Það skyldi nú ekki vera að þessar ályktanir hér væru að einhverju leyti yfirbót, ég vil ekki beinlínis kalla það kattarþvott en það orð kemur þó í hugann, vegna þess að menn átta sig auðvitað á því að framtíðin er ákaflega ótrygg og það gætir mikillar tortryggni í garð áforma stjórnvalda um einkavæðingu á þessu sviði. Sú einkavæðing er knúin fram í andstöðu við vilja meiri hluta þjóðarinnar sem vill líta á þetta sem þjónustu og vill tryggja þessa hluti með öðrum hætti.

Hæstv. ráðherra bendir á að sá tími sé liðinn sem stjórnvöld geti skipað fjarskiptafyrirtækjum í samkeppni fyrir verkum. Gott og vel. En sá tími er ekki liðinn meðan stjórnvöld eiga Símann og geta t.d. með því létta af honum arðgreiðslu í ríkissjóð á móti beitt honum sem tæki til að ná markmiðum sínum fram. Við erum með tækið í höndunum, við eigum það og við getum með einföldum hætti jafnað þá reikninga ef vilji væri fyrir hendi eða hefði verið fyrir hendi. Það hefur ekki verið gert og það er gagnrýnisvert.

Ég er ákaflega tortrygginn á og því miður svartsýnn á að þetta muni reynast auðvelt og létt verk ef menn fara þá leið sem hér á að fara, jafnvel þó að falleg fjarskiptaáætlun sé sett á blað að nafninu til, það er ekki það sama og að málin séu í höfn, og alveg sérstaklega tryggir hún ekki landsbyggðinni og öllum landsmönnum án tillits til búsetu jafna stöðu í þessum efnum þegar fram í sækir.

[19:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þingmönnum sem tekið hafa til máls í þessari umræðu fyrir þær undirtektir sem fram hafa komið í ræðum þeirra við þingsályktunartillögu þeirri sem hér er til umfjöllunar.

Fyrst vil ég rifja aðeins upp og minna hv. þingmenn, sem spyrja af hverju við vorum ekki búin að gera þetta og hitt og skipa Símanum til verka í þeim efnum, ekki síst vegna þess sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi síðast að við hefðum átt að beita Símanum til verka við uppbyggingu GSM-símakerfa o.s.frv., á það sem fram kemur í skýrslu stýrihópsins sem vann að undirbúningi þessarar þingsályktunartillögu og þeirrar áætlunar sem er til umfjöllunar, en í þeirri skýrslu segir m.a. á bls. 21 um samþjónustu, með leyfi forseta:

„Tilskipun Evrópusambandsins 2002/22/EB skilgreinir alþjónustu sem þá lágmarksþjónustu sem ákveðnum rekstraraðila tal- og gagnaflutninga er skylt að veita öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu. Fyrrgreind tilskipun heimilar ekki að lagðar verði kvaðir á fjarskiptafyrirtæki til að veita þjónustu umfram alþjónustu. Því verður að leita annarra leiða vilji stjórnvöld útvíkka þann ramma."

Þetta er afar mikilvægt ákvæði í allri þessari umræðu. Ég held að almenningur sem fylgst hefur með umræðunni um sölu grunnnetsins og sölu Símans og öllu því, þar sem menn hafa talað eins og það væri sjálfsagt og það væri hægt og það væri eðlilegt að beita Símanum alveg sérstaklega, vegna þess að ríkið ætti meiri hluta í hlutabréfunum, til þess að framkvæma tiltekna stefnu stjórnvalda. Það er algerlega morgunljóst að á grundvelli þeirra tilskipana sem ég vísaði til er það ekki fær leið, heldur er eina færa leiðin sú sem við leggjum til hér, m.a. með hugmyndafræðinni á grundvelli samþjónustu. Hver er hún? Jú, frekar en að taka arðinn út úr Símanum og setja hann inn þar aftur þar sem ríkissjóður er einn af hluthöfum í Símanum — við megum ekki gleyma því að fleiri eiga Símann, ég veit a.m.k. um tvo inni í þingsalnum núna sem eru hluthafar í Símanum, við verðum að taka tillit til þess — en við getum ekki raskað þessum markaði með þeim hætti að skapa Símanum forskot með því að greiða inn í hann hluta af arði ríkisins af hlutabréfi ríkisins. Það er óframkvæmanleg leið, vegna þess að með því er ríkið að skapa Símanum forskot umfram önnur fjarskiptafyrirtæki. Þá förum við þá leið, eins og t.d. með þéttingu GSM-símakerfanna á þjóðvegum landsins og fjölförnum ferðamannastöðum, sem við höfum prýðilega

reynslu af að bjóða út þjónustuna.

Við höfum gert það á mörgum sviðum. Við höfum boðið út framkvæmdir í vegagerð, hafnagerð og á flugvöllum. Við erum að bjóða út þjónustu eins og rekstur ferja, Herjólfur er stærsta dæmið þar um, við erum að bjóða út þjónustu í flugi til jaðarbyggða. Við höfum ekki sett upp ríkisflugfélög. Nei, við höfum boðið út þessa þjónustu og þeir fá sem bjóðast til að framkvæma hana fyrir lægstan ríkisstyrkinn.

Sama verður upp á teningnum hjá okkur með þessari aðferðafræði á sviði fjarskiptanna. Við ætlum okkur að bjóða út GSM-fjarskiptaþjónustu á þjóðvegum og fjölförnum ferðamannastöðum á sömu forsendum. Þeir fá sem eru tilbúnir til að framkvæma verkið fyrir lægstan ríkisstyrkinn.

Ég tel að þetta sé langheilbrigðasta aðferðin. Þá röskum við ekki markaði. Við sköpum ekki samkeppnisforskot, við höfum þetta opið og gegnsætt og ýtum undir samkeppni á þessum markaði. Það er geysilega mikilvægt atriði og ég er alveg sannfærður um að þegar hv. þingmenn átta sig betur á þessari hugmyndafræði muni þeir fallast á þessa leið.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson velti fyrir sér stofnkostnaði við þær framkvæmdir á vettvangi fjarskiptanna sem blasir við að fara verður út í. Ég hef nefnt það áður í þessari umræðu að nú þegar eru það þrjú meginsvið. Það eru úrbætur á sviði GSM-símaþjónustunnar, úrbætur á sviði stafrænna útvarps- og sjónvarpssendinga um gervihnött, og úrbætur á netinu, þ.e. að háhraðatengingarnar verði bættar og sú þjónusta verði aukin um landið.

Ef ég byrja á því síðastnefnda þá er ljóst að við leggjum mjög traust okkar á að tæknin hjálpi okkur og hins vegar að fjarskiptafyrirtækin leggi sig fram um að veita þá þjónustu sem við gerum ráð fyrir að veitt verði, það er auðvitað grundvallaratriði, án þess að til þess þurfi að koma að vera með sérstaka styrki. Við gerum engu að síður ráð fyrir þeim möguleika og þess vegna hefur ríkisstjórnin gert ráð fyrir að stofnaður verði sérstakur fjarskiptasjóður sem taki til þessara verka. Kostnaðurinn við aðgerðirnar hvað varðar háhraðatengingarnar liggur ekki fyrir vegna þess að það er spurning hvar mörkin liggja á milli þess sem fjarskiptafyrirtækin gera sjálfviljug og án nokkurs atbeina og þess sem ríkið þarf með einhverjum hætti að koma að. Ég tel að það sé fullkomlega eðlilegt að við gerum þetta svona og fikrum okkur áfram inn í þá metnaðarfullu veröld sem við erum að marka hér með þessari áætlun.

Í annan stað eru hins vegar stafrænu sjónvarpssendingarnar um gervihnettina. Ríkisstjórnin hefur þegar tilkynnt þá ákvörðun sína að leggja 150 millj. kr. til þeirra aðgerða.

Í þriðja lagi er síðan gert ráð fyrir uppbyggingu á hringveginum þar sem ekki er farsímasamband nú þegar, á fjallvegum á hringveginum og helstu leiðum, t.d. eins og hringtengingin um Vestfirði og norðausturhornið og hringtengingin á Vesturlandi. Á þessum meginleiðum um fjallvegi og víða annars staðar sem ég ætla ekki að tilgreina í smáatriðum. Gert er ráð fyrir að það kosti u.þ.b. 900 millj. kr. að ná þessum áföngum sem yrði í rauninni alger bylting í GSM-símasamböndum. Við höfum lagt þetta niður fyrir okkur í krónum og aurum með þessum hætti. (Gripið fram í.)

Hvers vegna gerum við þetta ekki strax? heyrist utan úr sal. Ég var einmitt að rifja það upp í hliðarsalnum áðan, þegar verið var að kvarta undan því að við værum ekki búin að gera þetta allt, að í ágætu háskólaumhverfi norður í landi, nánar tiltekið norður í Hjaltadal, var dugnaðarforkur við skólastjórn og gerði margt en engu að síður er núverandi ráðamaður á þeim bæ í ani við að framkvæma og koma á margs konar starfsemi sem auðvitað hefði átt að gera í tíð þess fyrri. Það er bara partur af framvindunni hjá okkur að við gerum ekki allt strax og ekki síst á sviði fjarskiptanna vegna þess að þar er þróunin er svo hröð að við höfum ekki undan að áforma að taka upp nýja tækni vegna þess að það er umsvifalaust komin ný til skjalanna. Það þarf því að velja og hafna og gæta sín á að fjárfesta rétt.

Ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun minni að fara ekki af stað með útboð á þriðju kynslóð farsíma á sínum tíma þegar verið var að því í Evrópu allri og ýmsir ágætir hv. þingmenn skömmuðu samgönguráðherrann fyrir að bjóða ekki út þriðju kynslóð farsíma og stórgræða. Morgunblaðið skrifaði leiðara og krafðist þess að samgönguráðherra færi strax í það að bjóða upp leyfi þriðju kynslóðar farsíma. Til allrar hamingju gættum við að okkur og fórum ekki þá leið eins og var gert úti í Evrópu þar sem símafyrirtækin reistu sér hurðarás um öxl með því að taka upp þessa tækni í boði ríkjanna sem veittu þessi leyfi og gátu síðan ekki selt. Við Íslendingar vorum svo heppnir að við fórum ekki þá leið. Við þurfum að horfa vítt um, gera áætlanir fram í tímann en reyna umfram allt að nýta okkur tæknina og láta hana fleyta okkur fram og hjálpa okkur við þessa uppbyggingu.

Virðulegi forseti. Ég held að ég sé búinn að fara yfir þau atriði sem hér var spurt alveg sérstaklega um. Ég vísa því algerlega á bug sem hv. þm. Jón Bjarnason talaði hér um, að hér væri haldlítið plagg. Pappír út af fyrir sig er ekki mikils virði, aðalatriðið er að þeir sem eru við völdin hafi skýra framtíðarsýn. Sú þingsályktunartillaga sem hér liggur fyrir er dæmi um það að stjórnvöld, ríkisstjórnin, hafa mjög skýra sýn á sviði fjarskiptamála og eru studd af þingflokkunum dyggilega. Ég fagna því alveg sérstaklega hvað viðbrögðin við þessari þingsályktunartillögu eru góð engu að síður og þakka hv. þingmönnum sem hér hafa talað fyrir það hversu góðan skilning í rauninni þeir hafa á þeim áformum sem hér eru uppi þó að góðar ábendingar og gagnlegar hafi komið fram í þessari umræðu eins og jafnan er.

[19:47]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta eftir það sem ég sagði í ræðu minni en mig langar að spyrja hæstv. samgönguráðherra út í það sem hann var að tala um, samþjónustuna, að bjóða út þjónustuna, ýta undir samkeppni og allt þetta til þess m.a. að þjóðvegakerfið allt saman verði GSM-vætt, ef svo má að orði komast: Hvað gerði það að verkum að þetta gat ekki gerst fyrir einu, tveimur, þremur eða fjórum árum? Hvað stoppaði hæstv. ríkisstjórn í að koma með þetta nýyrði, samþjónustu, og ætla að fara þá leið sem hér er verið að tala um?

[19:48]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski partur af þróun sem verður í samfélaginu sem skýrir það hvers vegna við erum núna að fjalla um fjarskiptaáætlun, um leið og við erum að fjalla um frumvarp til laga um breytingar á fjarskiptalögunum sem fela það í sér, sem ekki var áður, að það sé lagaskylda að leggja upp slíka áætlun. Réttilega benti hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson á að ekki lægi sérstök lagastoð að baki áformum um gerð fjarskiptaáætlunar en í mjög merkilegri skýrslu um upplýsingasamfélagið, sem hefur verið nefnd Auðlind í allra þágu, var í fyrsta skipti skrifuð inn af samgönguráðuneytinu hugmyndafræðin um það að setja upp þessa fjarskiptaáætlun.

Þróunin hefur verið mikil og hröð í þessu öllu saman. Það er alveg ljóst að ef við hefðum lagt í þann víkinginn að setja upp NMT-senda úti um allar jarðir þegar NMT-farsímakerfið var byggt upp á sínum tíma stæðum við frammi fyrir vanda. Sá búnaður er að verða úreltur. Ég held satt að segja að núna sé alveg rétti tíminn hjá okkur þegar það liggur nokk fyrir að GSM-símatæknin verður þróuð áfram og við getum notað sendana fyrir GSM-símana þangað til þriðja kynslóðin kemur. (Forseti hringir.) Ég held að við séum alveg á réttu róli í þessu og að núna sé fullkomlega eðlilegur tími.

[19:51]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. samgönguráðherra svaraði spurningu minni svo að það væri sennilega þróun sem hefði gert þetta að verkum. Ég held hins vegar að það hafi ekkert átt sér stað í þróun í þessum efnum síðasta ár eða tvö sem geri það að verkum að það sé akkúrat hægt að gera þetta núna. Ég held að það hafi eingöngu verið viljaleysi ríkisstjórnar að hafa ekki gert þetta fyrr. Ég tók í ræðu minni dæmi um íbúa í því litla fallega byggðarlagi sem heitir Hrísey sem tóku sig sjálfir til og borguðu 2–2,5 millj. kr. til þess að koma sér í háhraðatengingar vegna þess að þeir vildu ekki vera annars flokks borgarar. Hríseyingar vildu komast í þessa þjónustu, m.a. út af fjarnámi og öðru, og þeir þurftu að borga þetta úr eigin vasa. Aðrir Íslendingar, hvort sem eru í Stykkishólmi, á Siglufirði eða í Bolungarvík, fengu þetta beint frá þeim aðilum sem þar voru. Nú á hins vegar að setja upp gulrót og bjóða þetta út sem er ágætt.

Ég hef aðra spurningu til hæstv. samgönguráðherra sem ég vona að hann geti svarað mjög skýrt í sínu seinna andsvari: Er það ákvörðun og er hægt að treysta því að af þeim peningum sem koma inn vegna Símans verði tekin frá upphæð — hér hefur verið nefnd talan 1.050 milljónir plús vegna þess að menn vita ekki hvað þarf að borga með háhraðatengingunum — og stofnaður sérstakur sjóður um það sem verður tekið út úr til að fara í þessa framkvæmd? Eða þurfum við að treysta á fjárveitingar Alþingis með fjárlögum hvert og eitt ár? Þetta er mikið atriði og kemur því verulega við hvernig muni vinnast í framtíðinni. Það þarf hreinlega að taka fé frá og það má ekki verða nein barátta viðkomandi samgönguráðherra við hæstv. fjármálaráðherra til að fá einhverjar krónur til að uppfylla það metnaðarfulla plagg sem hér er. Ég lýsi stuðningi við það — ef kjötið fylgir með á beininu.

[19:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst hvað varðar það sem gerðist í Hrísey. Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að þar voru mjög framsýnir menn á ferðinni sem leystu sín mál sjálfir eins og hefur gerst mjög víða um land. Þeir hafa notið arðsins af því. Þeir voru að sækjast í þetta (**KLM:** Og borguðu úr eigin vasa.) og þeir hafa notið arðsins af þessari framsýnu ákvörðun sinni. Hins vegar mun þróunin væntanlega verða í þá áttina að kröfurnar verða meiri, m.a. kröfurnar um enn meiri hraða, þannig að væntanlega mun þeirra tími renna upp eins og annarra hvað þetta varðar.

Hvort ríkisstjórnin hafi tekið ákvörðun um að leggja þessa fjármuni til hliðar? Já, það liggur fyrir. Það var gefin út yfirlýsing um það, um leið og ríkisstjórnin tók ákvörðun um að selja hlutabréfin í Símanum og tilkynnti það var tilkynnt um þann ríflega milljarð sem færi í þetta.

Hins vegar vil ég ekki gera lítið úr því, eins og hv. þingmaður, að Alþingi sé tilbúið til að leggja fjármuni í framfaramál í gegnum afgreiðslu fjárlaga. (Gripið fram í.) Vil ég t.d. benda hv. þingmanni á ákvörðun um það að leggja fjármuni í framkvæmdina í Siglufjarðargöngunum.

[19:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hér er að gerast er í hnotskurn að það á að einkavæða tiltekna starfsemi en um leið viðurkenna menn að markaðurinn muni aldrei leysa þetta verkefni sómasamlega af hendi einn og óstýrður. Þá grípa menn til þeirra ráða að leggja kvaðir á fyrirtækin og skilgreina ákveðna þjónustu sem þau verða að uppfylla. Auðvitað grípa stjórnvöld þar með strax inn í og það er viðurkenning á því að markaðurinn muni ekki leysa þetta með sómasamlegum hætti í þágu allra landsmanna. Þar sem það dugar svo ekki til að skilgreina kröfur um alþjónustu eða samþjónustu eða hvað menn velja nú að kalla það á að beita skattpeningum. Þá á að beita opinberu fé til að stoppa í götin. Þetta er krókótt leið. Þetta vandamál glíma menn víða við á byggðu bóli.

Svíar hafa rætt það mjög mikið hver eigi að leggja síðustu míluna. Þeir hafa þegar reynt að glíma við vandann með þeim aðferðum sem hér á að fara að byrja á á Íslandi. Þeir hafa sett milljarðatugi sænskra króna í að reyna að breiðbandsvæða strjálbýlið í Svíþjóð með takmörkuðum árangri, sem þeir nú sjálfir viðurkenna, vegna þess að það er engin einföld, auðveld lausn á flóknu vandamáli af þessu tagi.

Ég gagnrýni það og tel mig gera það á traustum fræðilegum grunni að ríkið sem eigandi Símans hefði að sjálfsögðu getað á umliðnum árum haft stefnu um það hvernig það fyrirtæki starfaði. Það hefði ekki brotið nein lög, hvorki guðs né manna, ekki hlutafélagalög, ekki samkeppnisreglur. Ríkið hefur því miður ekki markað sér stefnu. Síminn hefur hegðað sér eins og að nú þegar ætti hann einhver annar en hið opinbera. Það hefði að mínu mati verið góð fjárfesting ef Síminn hefði tekið skyldur sínar sem landsfyrir-

tæki alvarlegar á undanförnum missirum og lagt meiri fjármuni í uppbyggingu farsímakerfisins og hraðari breiðbandsvæðingu. Hann stæði sterkari að vígi í dag og með betri ímynd meðal þjóðarinnar.

[19:57]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu minni fyrr í kvöld er staða fjarskiptakerfisins og þjónustunnar á Íslandi með því allra besta sem þekkist í Evrópu. Það er nú ekki verra en það. (Gripið fram í.) Ég get ekki annað en brosað að frammíkalli hv. þm. Jóns Bjarnasonar því að hann getur ekki komist yfir það að við ætlum að fara að umbreyta þessari eign okkar sem Síminn er í aðrar eignir sem gefa enn meiri arð. En hvað um það.

Síminn hefur í gegnum tíðina staðið fyrir feiknarlega öflugri uppbyggingu eins og má lesa út úr þeim orðum mínum að hér er eitt allra öflugasta fjarskiptakerfið sem völ er á. Þar til viðbótar voru teknar ákvarðanir á sínum tíma um að það skyldi vera ein verðlagning í talsímaþjónustu alls staðar. Það er sama verð í farsímaþjónustu alls staðar. Ég stóð fyrir því að ráðuneytið gerði sérstakan samning við Símann um hið svokallaða ADM-net sem tryggði það að verð á gagnaflutningum lækkaði mjög mikið og það varð jöfnuður á svæðunum í verði. Þetta skipti miklu máli. Ég get hins vegar alveg tekið undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að við höfum gert meiri kröfur. Við höfum gert meiri kröfur þrátt fyrir þessa góðu stöðu. Það er það sem við erum að leggja á ráðin um núna og stilla því upp með mjög skipulögðum hætti hvernig við stöndum að þessum úrbótum. Mikilvægustu úrbæturnar núna eru á sviði GSM-kerfisins vegna þess að þar er um að ræða öryggisþætti.

[19:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að Síminn, áður Póstur og sími, er gott fyrirtæki og hefur skilað Íslendingum miklum árangri gegnum áratugina með uppbyggingu sinni. Hann hefur gert ýmislegt vel og alveg fram á þennan dag. Ég bakka samt ekki með það að hann hefur haft afl til að gera enn betur. Það er rétt að kröfurnar sem við gerum eru miklar, sem betur fer vil ég segja því að það er einmitt forsenda þess að við, fámenn þjóð í stóru og strjálbýlu landi, getum búið hér í nútímasamfélagi og verið öll fullgildir þátttakendur í því. Það er ákaflega mikið í húfi. Nógu erfið er barátta hinna minni byggða og landsbyggðarinnar þó að ekki halli meira á menn í þessum efnum en raun ber þó þegar vitni.

Varðandi gjaldskrárbreytingar og landið allt sem eitt gjaldsvæði í talsímaþjónustu getum við rætt þau mál við núverandi hæstv. samgönguráðherra, bæði ég, ræðumaður sem hér talar, og eins sá sem situr á forsetastóli.

Að síðustu vil ég leggja á það áherslu að það er framtíðin og framtíðarþróunin sem hér skiptir öllu máli. Ástandið í núinu er að mörgu leyti bærilegt vegna þeirrar uppbyggingar frá umliðnum árum og áratugum sem við búum að. Jafnvel þó að tæknin breytist og margt nýtt hafi komið til sögunnar skiptir líka áratugauppbygging sem að baki liggur miklu máli og sú pólitík sem þar hefur verið lögð til grundvallar. Áhyggjur mínar liggja í því að það verði torsótt leið að sækja í gegnum markaðinn og hreinan einkarekstur þann jöfnuð og þá tryggingu að landsmenn, án tillits til búsetu, fái um ókomin ár að vera fullgildir þátttakendur í upplýsingasamfélaginu og njóta þar jafns réttar, bæði hvað varðar aðgang og verð. Einhverjir fjármunir í sjóð í eitt skipti núna og einhver fjárfesting, þó að ágæt sé, eru engin trygging fyrir því að eftir fimm ár eða tíu hafi ekki dregið aftur í sundur. Því miður sýnir reynslan frá löndum sem hafa hana, eins og Nýja-Sjáland, að þar liggja hætturnar.

[20:01]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minnist oft á Nýja-Sjáland og hætturnar sem þar má finna og draga lærdóm af. Ég tek algjörlega undir með hv. þingmanni að við gerum miklar kröfur og við eigum að gera miklar kröfur vegna þess að bætt fjarskipti og öflug þjónusta skapar okkur Íslendingum svo mikla möguleika.

Ég held því fram að þau áform sem uppi eru í þeirri áætlun sem er til umfjöllunar sé einhver mesta byggðaaðgerð sem við getum tekist á við. Ég held að það hljóti að geta verið býsna skemmtilegt viðfangsefni fyrir hv. þingmenn að fá slíkt tæki í hendurnar til að bæta búsetuskilyrðin um allt land. Unga fólkið sem býr í dreifbýlinu og einnig hinir eldri nýta sér internetið til að leita sér þekkingar, til náms og til viðskipta. Ferðaþjónustan á t.d. geysilega mikið undir því að fjarskiptin séu örugg, ódýr og aðgengileg. Með „aðgengileg“ á ég við að háhraðatengingar og GSM-símasambönd séu sem víðast sem tryggi viðskiptin. Heimasíður ferðaþjónustufyrirtækja eru meira og minna að verða lykillinn að viðskiptunum. Það eru bein viðskipti með sítengdum samböndum á milli þeirra sem eru að kaupa á markaði úti um allan heim og þeirra í ferðaþjónustu bænda sem selja þjónustu.

Við eigum því mikið undir og þess vegna eigum við að (Forseti hringir.) sameinast um að standa vel að þessum málum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[20:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla að vekja athygli forseta á því að hér hefur staðið fundur linnulaust síðan upp úr hádegi og orðið kvöldsett. Það er reyndar hið fegursta kvöld úti og væri ekki dónalegt að ljúka störfum og ganga út í góða veðrið.

Ég ætla að inna sérstaklega eftir því hvort það eigi að rjúfa þá venju að gefa kvöldmatarhlé þegar svo langt er liðið á kvöld ef enn á að funda og ræða mikil mál. Það kemur mér nokkuð á óvart að forseti skuli ætla að halda mönnum hér sársoltnum við umræður lagt inn í kvöldið eða jafnvel nóttina. Er það virkilega ætlun forseta?

(**Forseti** (HBl)**:** Það er sjálfsagt að verða við því að veita kvöldmatarhlé. Fundi er frestað í hálftíma. Ég vona að það sé nóg. Fundi verður fram haldið 25 mínútur fyrir níu.)

[Fundarhlé. — 20:05]

Lánasjóður landbúnaðarins, 1. umr.

Stjfrv., 786. mál (afnám laganna). — Þskj. 1164.

[20:35]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. Forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um Lánasjóð landbúnaðarins á þskj. 1164, 786. máli. Með frumvarpi þessu er lagt til að landbúnaðarráðherra verði heimilt að selja allar eignir og semja um yfirtöku skulda Lánasjóðs landbúnaðarins. Einnig er gert ráð fyrir því að söluandvirði sjóðsins, að frádregnum kostnaði við sölu og niðurlagningu hans, renni til Lífeyrissjóðs bænda. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að starfsemi sjóðsins verði hætt um næstu áramót. Gert er ráð fyrir því að störf starfsmanna Lánasjóðs landbúnaðarins falli niður frá og með sama tíma og fer um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 70/1998, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þegar starfsemi sjóðsins verður hætt tekur ríkissjóður við öllum réttindum og skyldum sjóðsins gagnvart einstaklingum og lögaðilum. Í athugasemdum við frumvarp þetta segir að gert sé ráð fyrir að einkavæðingarnefnd verði falin framkvæmd sölunnar og að nauðsynlegt sé að fram fari mat á væntanlegum kaupanda þar sem stór hluti skuldbindinga sjóðsins er í formi óuppgreiðanlegra skuldabréfa með einfaldri ábyrgð ríkissjóðs. Þá tel ég einnig mikilvægt í söluferlinu að hugað verði að hag starfsmanna sjóðsins svo og viðskiptavina hans, bændanna í landinu.

Lánasjóður landbúnaðarins var stofnaður á grunni Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja landbúnaðinum aðgang að lánsfé til fjárfestinga á hagstæðum kjörum og stuðla að æskilegri þróun atvinnuvegarins. Miklar breytingar hafa orðið á síðustu árum á innlendum lánsfjármarkaði. Er nú svo komið að bankar og sparisjóðir geta í mörgum tilvikum boðið upp á sambærileg eða hagstæðari lán en Lánasjóður landbúnaðarins. Hefur það valdið samdrætti í útlánum sjóðsins. Þá hafa einnig aukist óútskýrðar uppgreiðslur lána hjá sjóðnum.

Í ljósi þessa ákvað ég í upphafi þessa árs að skipa sérstaka verkefnisstjórn til að fjalla um stöðu og framtíð Lánasjóðs landbúnaðarins. Tilnefndu Bændasamtök Íslands tvo af fimm nefndarmönnum. Einn var tilnefndur af stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins og tveir fulltrúar komu frá landbúnaðarráðuneytinu. Verkefnisstjórninni var falið að endurskoða framtíðarhlutverk og tilgang Lánasjóðs landbúnaðarins í ljósi þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á fjármálamarkaði hér á landi.

Verkefnisstjórnin lauk störfum rétt fyrir páska og skilaði til mín áliti. Þar kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Það er mat verkefnisstjórnarinnar að miðað við núverandi aðstæður komi vart til greina að Lánasjóður landbúnaðarins verði rekinn áfram í óbreyttri mynd. Gjörbreyttar aðstæður á fjármálamarkaði, óvissa um framtíðarskipan búnaðargjalds og samkeppnisstaða sjóðsins sem fjármálafyrirtækis benda ótvírætt í þessa átt.“

Þá var fjallað um málefni lánasjóðsins á búnaðarþingi sem haldið var 6.–10. mars síðastliðinn en þingið samþykkti m.a., með leyfi forseta: „? í ljósi gjörbreyttra aðstæðna á fjármagnsmarkaði verði tæpast forsendur til áframhaldandi innheimtu búnaðargjalds til lánasjóðsins.“

Verkefnisstjórnin mat ályktun búnaðarþings þannig að þingið telji einungis tímaspursmál hvenær hætt verði innheimtu búnaðargjalds til Lánasjóðs landbúnaðarins. Ein af meginforsendum fyrir þessu mati er sú að nokkur hluti viðskiptavina Lánasjóðs landbúnaðarins hefur greitt upp lán sín og flutt viðskipti sín til annarra fjármálastofnana. Því er líklegt að krafan um að hætt verði innheimtu búnaðargjalds til lánasjóðsins verði sterkari eftir því sem fram líða stundir. Það er ljóst að sjóðurinn á í vök að verjast og niðurfelling búnaðargjalds mun að öllum líkindum hafa neikvæð áhrif á eiginfjárstöðu sjóðsins til lengri tíma litið. Þá er það athyglisvert að þótt sú verði raunin að búnaðargjaldið renni áfram til sjóðsins þá verður erfitt að viðhalda eigin fé sjóðsins í breyttu umhverfi en samkvæmt núgildandi lögum ber að viðhalda eigin fé sjóðsins að raungildi.

Hæstv. forseti. Niðurstöðurnar af vinnu verkefnisstjórnarinnar eru í stuttu máli eftirfarandi:

1. Vaxtaáhætta vegna uppgreiðslumöguleika á útlánum sjóðsins en ekki á skuldbindingum hans er veruleg, sérstaklega í ljósi aukinnar samkeppni. Vaxtaáhættan er einkum vegna þess að útlán sjóðsins eru uppgreiðanleg án sérstaks gjalds en lántökur sjóðsins eru í óuppgreiðanlegum skuldabréfum. Uppgreiðslur á útlánum sjóðsins hafa aukist verulega frá júlí á síðasta ári og virðast þær auknu uppgreiðslur halda áfram á þessu ári.

2. Afnám búnaðargjalds mun neyða sjóðinn til að hækka vexti sem mun auka uppgreiðslur enn frekar.

3. Í ljósi lágra og lækkandi langtímavaxta virðist afar takmarkað rými til vaxtahækkana til að mæta rýrnun eigin fjár og virðist það rými bundið við útlán á lægri vöxtum.

4. Niðurstaða útreikninga bendir til þess að eiginfjárstaða rýrni um 2.250 millj. kr. árið 2015 við afnám búnaðargjalds að öðru óbreyttu, þ.e. ef búnaðargjaldið yrði afnumið og sjóðurinn rekinn áfram.

5. Niðurstöður útreikninga eru þær í meginatriðum að vextir útlána sjóðsins þurfi að hækka umtalsvert til að viðhalda raunvirði eigin fjár eða að lágmarki tæp 2%, en lánasjóðnum er skylt að viðhalda eigin fé sjóðsins samkvæmt lögum nr. 68/1997. Það mun enn frekar auka tilhneigingu skuldara til frekari uppgreiðslna. Verkefnisstjórnin taldi því erfitt fyrir lánasjóðinn að viðhalda eigin fé sjóðsins til lengri tíma litið vegna skertrar samkeppnisstöðu og því væri nauðsynlegt að bregðast hratt við.

Líklegt er að stærri viðskiptavinir sjóðsins hverfi fyrstir og minni viðskiptavinir sitji eftir. Auknar uppgreiðslur þýða hækkun á handbæru fé sem leiðir til þess að sjóðurinn þróast í að verða einhvers konar fjárfestingarsjóður með fullar skúffur fjár. Í framreikningum er gert ráð fyrir að uppgreiðslur útlána beinist í auknum mæli að útlánum á hærri vöxtum. Þetta leiðir til þess að meðalvextir útlána

fara lækkandi úr um 4,7% á þessu ári í um 4,05% árið 2015, miðað við niðurstöður verkefnisstjórnar. Sjóðurinn virðist of lítill með tilliti til rekstrarlegrar hagkvæmni.

Hæstv. forseti. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að söluandvirði Lánasjóðs landbúnaðarins renni til styrkingar Lífeyrissjóðs bænda.

Margvísleg rök eru fyrir þessari ráðstöfun en helst ber að nefna að undir lok 8. áratugar síðustu aldar var höfuðstóll Stofnlánadeildar landbúnaðarins orðinn neikvæður. Árið 1978 var tekið upp lánajöfnunargjald, 1%, sem lagt var á alla búvörusölu til viðbótar þeirri gjaldtöku sem fyrir var. Síðari árin var gjaldtakan samtals 2% og lagðist á heildsöluverð auk 0,25% hlutar í búnaðarmálasjóðsgjaldi sem lagt var á verð til framleiðenda. Frá árinu 1998 hefur verið innheimt búnaðargjald og hefur stór hluti þess runnið til Lánasjóðs landbúnaðarins eða um 140 millj. kr. á ári síðustu ár. Eigið fé Lánasjóðs landbúnaðarins hefur því myndast og verið viðhaldið á síðasta aldarfjórðungi af lánaviðskiptum við bændur og innheimtu sjóðagjalda sem bændur hafa borið.

Einnig ber að minnast þess að þegar Lífeyrissjóður bænda var stofnaður, 1971, var ákveðið að taka sérstaklega á málum bænda, sem fæddir voru 1914 eða fyrr. Sjóðnum var ekki gert að greiða þeim lífeyri heldur tók ríkið það á sig að hluta, 62,5%, en Stofnlánadeild var gert að greiða hluta lífeyrisins, 37,5%. Lífeyrissjóði bænda var á hinn bóginn gert að lána Stofnlánadeildinni óverðtryggt um árabil til að mæta þessum kostnaði deildarinnar. Þá er í 11. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, kveðið á um að arð af eigin fé megi einungis „nota til að lækka vexti af útlánum sjóðsins ? nema raungildi sjóðsins hafi rýrnað". Í athugasemd um þessa grein í lagafrumvarpinu sagði á sínum tíma: „Ákvæðið um að arð af eigin fé skuli einungis heimilt að nota til að lækka vexti á útlánum sjóðsins er sett vegna þess að eigið fé er byggt upp með gjöldum sem annars vegar hafa verið lögð á búvöruframleiðendur og hins vegar á búvöruframleiðsluna ..." Það var augljós vilji löggjafans á þessum tíma að bændur landsins skyldu njóta eigin fjár sjóðsins.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, er búnaðargjald einn af tekjustofnum sjóðsins. Í 6. gr. laga nr. 84/1997, um búnaðargjald, sbr. 4. gr. laga nr. 166/2002, um breytingu á þeim lögum, kemur fram hlutfallsleg skipting tekna af búnaðargjaldi eftir afurðum. Ef frumvarpið verður að lögum er ljóst að breyta þarf lögum nr. 68/1997, um búnaðargjald, með áorðnum breytingum, þar sem kveða þarf á um hlut Lánasjóðs landbúnaðarins í búnaðargjaldinu. Þau lög þurfa að taka gildi fyrir 31. desember 2005.

Ég geri ráð fyrir að koma með slíkt frumvarp á þingið í haust eða þegar landbúnaðarráðuneytið í samvinnu við Bændasamtök Íslands hafa komist að nýju samkomulagi um innheimtu búnaðargjalds og ráðstöfun þess.

Ég mæli einnig fyrir breytingum á ýmsum lögum vegna sölu Lánasjóðs landbúnaðarins og niðurlagningu hans sem er nauðsynlegt til samræmis við það sem hér hefur verið rakið. Á þetta við um 47. gr. jarðalaga, 100. gr. laga um lax- og silungsveiði og 28. gr. laga um skógrækt.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbúnaðarnefndar.

[20:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það má sjálfsagt telja það tímanna tákn og hefði einhvern tímann þótt saga til næsta bæjar að hæstv. landbúnaðarráðherra, varaformaður Framsóknarflokksins, flytti frumvarp til laga um að einkavæða Lánasjóð landbúnaðarins, leggja hann niður, selja hann og færa verkefnið yfir í einkarekstur og afskrifa þann félagslega fjárfestingarlánasjóð sem bændur byggðu upp og var um áratugi ein af kjölfestustofnunum í uppbyggingu íslensks landbúnaðar og hefur óumdeilanlega leikið mikið hlutverk.

Að sjálfsögðu er ekkert óumbreytanlegt og nýjar aðstæður geta kallað á nýjar lausnir. Það blasir við mönnum að rekstur Lánasjóðs landbúnaðarins er erfiður í óbreyttri mynd, a.m.k. eins og aðstæður eru í augnablikinu og vegna utanaðkomandi áhrifa á starfsemi hans, sérstaklega þau gylliboð sem sumar bankastofnanir hafa allt í einu séð sér fært að veita vel völdum viðskiptavinum sjóðsins, svipað og ákveðnar bankastofnanir fundu allt í einu upp á síðsumars, að þær gætu boðið almenningi miklu hagstæðari lán til húsnæðiskaupa en þær höfðu áður látið hvarfla að sér. Vel að merkja gerðist það ekki fyrr en sömu bankastofnanir höfðu tapað máli fyrir Eftirlitsstofnun EFTA þar sem þær hugðust knésetja Íbúðalánasjóð með þeim aðferðum. Þegar það tókst ekki fundu bankastjórarnir allt í einu forsendur í sínum ranni til að stórlækka vexti til íbúðalána, fara með hlutfall upp í 90% og síðan 100% um tíma og mætti margt um það segja.

Ég held því að menn ættu í fyrsta lagi áður en þeir hrapa að niðurstöðum í málinu, að greina svolítið ástæðurnar sem að baki liggja og velta því fyrir sér hvers vegna tvísýnar horfur séu um áframhaldandi rekstur stofnlánadeildarinnar um sinn. Er það eitthvað sem er endilega komið til með að vera?

Í öðru lagi verða menn auðvitað að spyrja sig að því, þó svo menn standi frammi fyrir einhverjum erfiðleikum, hvort einfaldasta leiðin að leysa þá erfiðleika sé að gefast upp, leggja niður skottið og gefast upp með það að landbúnaðurinn eigi sér trygga stofnfjármögnun til fjárfestinga og uppbyggingar í greininni sem tryggir aðilum jafnræði og aðgang að fjármagni án þess að þeir þurfi að ganga svipuð göng eftir aðstæðum hver fyrir sína lánastofnun og láta reyna á kjör sín þar.

Ég verð að segja alveg eins og er að þegar maður horfir til reynslunnar sem margir mæra mjög um þessar mundir af einkavæðingu bankanna og einkavæðingu fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, sjávarútvegsins og iðnaðarins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og síðan áfram leiðina í Íslandsbanka, eru tvær hliðar á því máli. Menn bera sig vel á veltitímum á meðan afkoma bankanna er góð og telja sig vera að sigra heiminn, en það er ekki sömu sögu að segja alls staðar á landsbyggðinni þar sem einyrkjar í útgerð eða menn sem eru að baksa við að byggja upp iðnað, utan við 101, segja. Ég geri ráð fyrir að hæstv. landbúnaðarráðherra, þó hann sé ekki nema af Suðurlandinu, þekki það að það hefur ekki verið þrautalaust hjá öllum sem fyrrum gengu að

þessari grunnfjármögnun í atvinnuuppbyggingu sinni vísri. Ég veit dæmi um að menn hafa mátt berjast í bönkum í bókstaflegri merkingu mánuðum og jafnvel missirum saman til þess að fá fyrirgreiðslu til að fjármagna nýsmíði fiskiskipa, þó í boði væri 1. veðréttur í skipinu og jafnvel einhverjar veiðiheimildir að auki. Að vísu lyftist yfirleitt brúnin á bankastjórunum ef hægt er að setja kvóta einhvers staðar að veði.

Jafnvel 1. veðréttur í fínasta skipi varð skyndilega einskis virði þegar búið var að leggja niður Fiskveiðasjóð, svo maður tali ekki um erfiðleika iðnrekstrar úti á landi til að fá fyrirgreiðslu. Það þýðir lítið að bjóða upp á veð í húsnæðinu sem á að byggja eða vélunum sem á að kaupa. Ef póstnúmerið er hærra en 1 vandast málin. Það er því ekki að sækja í þá reynslu þó hún sé auðvitað blendin. Þó stærri fyrirtæki og þau sem eru orðin nægjanlega burðug til að leita jafnvel tilboða í bankaþjónustu komist ágætlega af er ekki slíku að heilsa í öllum tilvikum þegar í hlut eiga smærri einyrkjar í rekstri í sjávarútvegi og iðnaði sem áður nutu mjög góðs af því kerfi sem þar hafði verið uppbyggt. Fiskveiðasjóður skilaði t.d. viðskiptavinum sínum ákaflega hagstæðri fjármögnun í áratugi og endurgreiddi hluta af vaxtagreiðslunum yfirleitt um hver einustu áramót inn á reikning viðskiptavinanna. Það er önnur hlið á því máli sem minna er talað um þegar sigurlýsingarnar vella út úr fjölmiðlunum. Það eru verulegir erfiðleikar ákveðins hluta atvinnugreinanna sem urðu fyrir breytingunum og sérstaklega bundið eftir landshlutum.

Hvað halda menn þá með landbúnaðinn sem er í viðkvæmari og erfiðari stöðu á flestan hátt en eiginlega nokkur önnur atvinnugrein í landinu úti í hinu eiginlega strjálbýli landsins? Það er þá fyrst og fremst það eina veð sem þeir bændur enn hafa sem eiga sínar jarðir sem kynni að verða einhvers metið í dag vegna þess að það er í tísku að kaupa jarðir. Hæstv. landbúnaðarráðherra er ákaflega hrifinn af því að jarðnæði er unnvörpum að komast úr höndum þeirra sem stunda búskap í hendur einhverra stóreignamanna sem finnst fínt að eiga jarðir, jafnvel þó búsettir séu í útlöndum og líti þær eiginlega aldrei augum. En það er önnur saga.

Ég held að landbúnaðurinn gæti átt eftir að reynast í ákaflegra viðkvæmri stöðu þar sem dragi hratt í sundur með þeim sem eru með sínar jarðir best staðsettar þannig að þær séu líklegastar til að halda háu endursöluverði, sem hafa framleiðslurétt í þeim greinum sem búa við hann og fá stuðning frá ríkisvaldinu, og svo aftur hinum sem eru lakar settir, sem búa fjær slíkum svæðum og hafa ekki rótgrónar eignir eða framleiðsluréttindi til að setja að veði. Með öðrum orðum, hvernig verður staða ungra bænda sem ætla að byggja upp á afskekktri bújörð til þess að fá einhverja fyrirgreiðslu? Verður hún mjög burðug? Verður mikill áhugi á að lána í slíkt? Ég held að menn ættu að velta því aðeins fyrir sér áður en þeir taka þá afdrifaríku ákvörðun að slá þetta af.

Ég les það ekki út úr neinum þeim gögnum sem ég hef undir höndum varðandi málið að bændur séu með uppgerðan hug í því. Það er dálítið neyðarlegt að þurfa að lesa það í greinargerð með frumvarpinu þar sem svo er tekið til orða: „Verkefnisstjórnin telur að meta verði ályktun búnaðarþings þannig ...“ Bíddu. Verið er að reyna að ráða í óljóst orðaða ályktun búnaðarþings sem var afgreidd við þær aðstæður að forsendur málsins lágu ekki fyrir, starfshópurinn hafði ekki skilað niðurstöðum.

Ég held því að skoða þurfi málið miklu betur og ræða það, m.a. verði bændum og landbúnaðinum að gefast tóm til þess að fara rækilega yfir hlutina og meta hagsmuni sína og velta því fyrir sér hver vænlegasta kosturinn í stöðunni er. Það er engin slík tímanauð á ferðum að hrapa þurfi stórkostlega að einhverri afdrifaríkri og óafturkræfri ákvörðun, því hún getur reynst það a.m.k. fyrir landbúnaðinn og búsetuna í hinum strjálu byggðum.

Mér finnst dálítið fljótræðislegt satt best að segja, þó menn hafi vaknað upp við vondan draum um áramótin og ráðherra skipað starfshóp í janúar sl., að leggja strax til fyrir miðjan aprílmánuð að gefast upp og selja sjóðinn, gefast upp og einkavæða lánasjóðinn. Ég sé hvergi þá kortlagningu á öðrum mögulegum ráðstöfunum og leiðum sem ég vildi sjá áður en ég veldi á mikilli slíkra kosta. Er ekki eðlilegt að gera það fyrst og leggja málið fyrir í ákvarðanatækum búningi fyrir Alþingi? Ég lít ekki á að það sé hér. Það lyktar af því að menn hafi gefið sér niðurstöðuna meira og minna fyrir fram, menn ráða eitthvert einkafyrirtæki, ráðgjafa og efnahagsspá, sem eðlilega miðað við tíðarandann lætur sér það helst til hugar koma að einkavæða sjóðinn, það er mjög í tísku, og virðist sem aðrir kostir hafi sáralítið verið skoðaðir.

Staðan er þannig að ójafnvægið er innbyggt í starfrækslu lánasjóðsins eins og hún er í dag. Hverjir bera ábyrgð á því? Þeir sem hafa stýrt málum hans undanfarin ár og búið til lánasafn hans og fjármagnað hann með þeim hætti sem raun ber vitni og er ákaflega ógæfulegt auðvitað þegar það blasir við mönnum að þarna geti komið upp stórkostleg hætta á verulegu ójafnvægi í rekstri sjóðsins vegna þess að hann er með föst óuppgreiðanleg lán, fjármagnar sig þannig, en bændur hafa hins vegar möguleika til að greiða upp lán sín og þá getur skapast ójafnvægi í vöxtunum. Sú staða er innbyggð og hverfur ekki þó menn einkavæði sjóðinn. Hver segir mönnum að menn fái einhvern til að kaupa hann sem horfi fram hjá veilunum, lækkar ekki bara söluverðið sem því nemur? Maður skyldi halda það.

Það sem lýtur að bættum rekstri sjóðsins og sparnaði í þeim efnum kemur mönnum auðvitað til góða. En ég skil ekki alveg hver hugsunin er í þessu, ef menn halda að það finnist kaupandi sem horfir fram hjá þessu ójafnvægi og getur tekið þannig við rekstri sjóðsins að sá vandi gufi bara upp. Er það hugsunin? Vill þá hæstv. landbúnaðarráðherra útskýra fyrir mér í hverju sú barbabrella verður fólgin því ég sé ekki af hverju einhver ætti að gera það.

Vandinn er á ábyrgð ríkisins. Lánin eru með einfaldri ábyrgð ríkissjóðs, hin óuppgreiðanlegu skuldabréf, og eru til staðar og þau verður að virða hvernig sem á allt er litið. Séu líkur á því að vaxtastig og vaxtakjör þróist þannig og verði þannig á komandi árum að þarna verði verulegt misræmi á hverfur vandinn ekkert, þá verður einhvern veginn að bera hann og hann mun annaðhvort koma fram í lægra söluandvirði sjóðsins, ef hann verður seldur núna, eða að menn finni svo örlátan og miskunnsaman kaupanda að hann taki þetta yfir. Ég held að það þurfi aðeins að útskýra þetta betur. Ég er ekki hagfræðingur en maður hefur glímt við

þetta dálítið m.a. í gegnum störf sín á þingi í yfir 20 ár og eitthvað segir mér að þetta sé ekki endilega hugsað í botn. Eru menn endilega að leysa vandann með þessu? Hverfur hann? Gufar hann upp í gegnum það að menn finni miskunnsama Samverjann einhvers staðar í fjármálaheiminum til að kaupa vandann af ríkinu sem þarna er til staðar. Við skulum kalla það hættu á eða lýkur á að þarna geti myndast ójafnvægi.

Svo skulu menn muna að það er ekki víst að núverandi vaxtastig og núverandi aðstæður verði um aldur og ævi. Hvað gerist ef gengi krónunnar fellur innan árs, innan hálfs árs jafnvel, um 20–30 af hundraði? Breytast þá ekki aðstæður talsvert? Jú, ætli það ekki. Eigum við þá ekki að kíkja á vextina, hvernig þeir verða þá? Er víst að bankarnir gangi þá um, bjóðandi með sama hætti sömu kjör og þeir hafa verið að gera? Nei, það er ekki alveg víst, aðstæður gætu nefnilega breyst verulega hvað varðar vaxtamuninn milli Íslands og annarra landa og að það verði hægt að gera út á hann í öruggri vissu þess að stóriðjustefnan og skattalækkunarstefnan haldi uppi gengi krónunnar. Ef það bilar aðeins minnkar arðurinn af þeim útvegi, að gera út á vaxtamuninn milli Íslands og annarra landa í skjóli þess að genginu sé haldið uppi með handafli. Það getur mjög margt átt eftir að breytast hér innan jafnvel skemmri tíma en menn virðast gefa sér þegar þeir leggja niður fyrir sér forsendur þessa máls.

Ég held að það sé fljótræðislegt að gefa sér að þetta þurfi endilega að blasa við með sama hætti ef aðstæðurnar teiknast eins upp innan eins árs, jafnvel hálfs. Það er engin slík brennandi brýn nauð eða vá fyrir dyrum að þetta þoli ekki svolitla skoðun, herra forseti. Ég hvet eindregið til þess að það verði gert.

Það eru enda margir aðrir álitlegir möguleikar til þess að takast á við þá hluti sem takast þarf á við varðandi rekstur Lánasjóðs landbúnaðarins. Það er t.d. alveg augljóst mál og það er rétt sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins að þetta er lítil eining og rekstrarkostnaðurinn vill verða allt of hátt hlutfall af ekki stærri einingu þegar svoleiðis er, 80 milljónir eða hvað það nú er af ekki meiri veltu. Þar væri alveg augljóslega hægt að ná miklum samlegðaráhrifum, t.d. með því að samreka Lánasjóð landbúnaðarins og Lífeyrissjóð bænda eða fela einhverri burðugri stofnun á grundvelli samninga, þótt það væri útboð, að forvaxta sjóðinn og halda utan um hann. Annað eins hefur verið gert. Veðdeild Húsnæðisstofnunar sem svo hét í gamla daga var um árabil ekki rekin af Húsnæðisstofnun sjálfri. Reksturinn var boðinn út, reyndar fyrst á grundvelli samninga við Landsbankann en síðustu árin var umsjón hennar boðin út þangað til Íbúðalánasjóður varð til.

Þetta var mjög praktískt fyrirkomulag. Ég kynntist því. Ég sat í stjórn Húsnæðisstofnunar um skeið og tók þátt í því að meta þau mál og fara yfir og ganga frá því með hvaða hætti menn sömdu til ákveðins árafjölda í senn um þennan rekstur. Það var alveg borðleggjandi að það var til mikilla muna hagkvæmara en að reka þetta sem sjálfstæða, litla einingu, með yfirbyggingu, yfirstjórn og öðru slíku.

Önnur leið gæti verið fær, breyta mætti talsvert áherslum sjóðsins, gera upp þann vanda sem þarna er sannarlega til staðar, eða verður, láta bara á það reyna hver hann verður, hann er hvort sem er á ábyrgð ríkisins eins og stendur, en halda eftir ákveðnum grundvallarþáttum í þessari starfsemi sem gætu að verulegu leyti tryggt áfram þau markmið sem gera átti á sínum tíma með stofnlánadeildinni og síðar lánasjóðnum.

Svona grunnfjármögnunarsjóður sem þarf þá e.t.v. ekki að vera með jafnvíðtæka starfsemi og sjóðurinn hefur verið með að undanförnu, t.d. bara þannig að fjárfestingarlánaeining sem rekin væri í tengslum við Lífeyrissjóð bænda veitti jarðakaupalán tengd sjóðfélagalánum sem lífeyrissjóðurinn getur veitt, gæti myndað möguleika fyrir t.d. unga bændur gagnvart jarðakaupum og því að hefja búskap. Þegar menn væru síðan komnir lengra út í reksturinn væru þeir í allt annarri og betri stöðu til að leysa þau mál við viðskiptabanka sinn.

Svo koma að lokum, herra forseti, auðvitað upp margar spurningar sem tengjast þessari sölu, spurningar sem verður að fara rækilega yfir og svara áður en menn halda lengra. Ef menn ætla t.d. að gera þetta sisvona og selja sjóðinn bara einhverjum kaupanda, ætla menn þá að selja bændurna með á fæti og viðskipti þeirra? Ef kaupandinn verður fjármálastofnun sem hefur enga afgreiðslustaði og enga þjónustu á viðkomandi svæðum, segjum að bændur þar séu almennt í viðskiptum hjá sparisjóði en þetta væri Íslandsbanki eða KB-banki — einstöku manni hefur dottið í hug að það sé hugsanlegt að KB-banki eigi að fá hnossið — ætla menn þá að selja bændurna á fæti yfir í viðskiptin við KB-banka og 1. veðrétt í bújörðum þeirra með? Er það þannig sem menn hugsa sér að standa að þessu? Er þetta í raun og veru forsvaranleg leið þegar tekið er tillit til þeirra sérstöku aðstæðna sem hér er við að eiga?

Ég hef m.a. orðið var við það að bændur, margir hverjir, eru mjög órólegir þegar þessi staða fer að renna upp fyrir þeim. Þeir telja þrátt fyrir allt að það fyrirkomulag sem hér hefur verið hafi verið þeim hagstætt. Það er enginn vafi á því að þannig hefur það lengst af verið. Auðvitað hafa vaxtaniðurgreiðslurnar og gjöldin komið þar til. Þau hafa þýtt félagslega eða kynslóðarlega millifærslu innan greinarinnar sem hefur stutt við bakið á þeim ungu, þeim sem eru að byggja sig upp, og að sama skapi hafa þeir rótgrónari og ráðsettari í greininni lagt sitt af mörkum. Eðlilega. Að mínu mati hefur það verið félagslega merkilegt og jákvætt fyrirkomulag og mér er eftirsjá að því. Menn geta svo sagt að það sé allt saman misskilningur og liðin tíð og guð má vita hvað. Ætli menn endi ekki bara með því að fara að tala um hestasláttuvélarnar og moldarkofana ef maður leyfir sér að lýsa því sjónarmiði sínu að það geti verið eftirsjá að félagslegri hugsun og félagslegri samstöðu innan einnar stéttar af þessu tagi? Ég geri það nú samt og tek þá glaður við nafnbótunum sem því fylgja.

Það skyldu þó ekki vera ýmis sannindi sígild þegar betur er að gáð. Það er harmsefni hversu holt er orðið, vissulega, undir stuðningi við þessa hugsun hjá bændum. Maður skilur af hverju það er, vegna þeirra miklu erfiðleika sem greinin hefur gengið í gegnum og vegna þess að sumir hlutar greinarinnar hafa nánast ekki verið í aðstöðu til að fjárfesta eða byggja upp áratugum saman. Eðlilega spyrja menn sig þá t.d. í sauðfjárræktinni sem eru að greiða á löngu árabili þessi gjöld, en greinin er varla í aðstöðu til

þess að fjárfesta eða byggja upp, hvort þeir eigi að búa við þetta endalaust. Það skyldi þó ekki vera að vonin um að þetta breyttist væri m.a. fólgin í því að þá ættu menn tryggan aðgang að fjármögnun til þessara fjárfestinga sem lýtur engum markaðslögmálum þegar komið er út í fjölskyldubúrekstur í strjálbýlinu á Íslandi. Ef það er einhvers staðar í heiminum sem markaðslögmálin og frjáls samkeppni leysa ekki allan vanda er það þar. Þetta ætti nú hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson frá Brúnastöðum að vita.

[21:08]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér hefur hæstv. landbúnaðarráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins mælt fyrir frumvarpi um einkavæðingu og sölu á Lánasjóði landbúnaðarins. Það er lýsandi dæmi um metnað — eða réttara sagt metnaðarleysi — ráðherrans fyrir þessum atvinnuvegi.

Ég vil í upphafi aðeins gagnrýna þau vinnubrögð sem ráðherrann hefur haft við framlagningu málsins.

Lánasjóður landbúnaðarins er í sjálfu sér félagslegt verkefni ríkisins og bænda. Þó að hann eigi að teljast í eigu ríkisins eru það jú bændur sem hafa átt þátt í að fjármagna hann og þess vegna er ráðstöfun á sjóðnum sem slíkum engan veginn bara einkamál ríkisins eða einkavæðingargræðgi Framsóknarflokksins. Maður hefði því getað ætlað að þessar hugmyndir yrðu lagðar fyrir bændur, yrðu t.d. lagðar fyrir búnaðarþing með formlegum hætti, þannig að samtök bænda hefðu getað fjallað um þær. Því er ekki að heilsa. Á nýafstöðnu búnaðarþingi var einungis greint frá því að verið væri að skoða lánasjóðinn, verkefnisstjórn eða hópur væri í að skoða stöðu sjóðsins, en hvorki neinar upplýsingar um þá skoðun né önnur gögn sem gætu skipt máli lögð fyrir þingið til að meta eða taka afstöðu til. Búnaðarþing var haldið 6.–10. mars og þá lágu ekki fyrir nein þau gögn sem ráðherra gæti lagt fyrir búnaðarþing til þess að meta stöðu sjóðsins, enda segir svo í ályktun þingsins, með leyfi forseta:

„Búnaðarþing 2005 hefur fjallað um málefni Lánasjóðs landbúnaðarins. Starfshópur sem landbúnaðarráðherra skipaði til að fara yfir málefni sjóðsins hefur ekki lokið störfum og eftir er að leggja mat á nokkur atriði sem lúta að því hvernig þörf landbúnaðarins fyrir lánsfé verði best mætt á komandi árum.“

Þarna kemur skýrt fram að þessi gögn liggja ekki fyrir þinginu þannig að það getur ekki metið neitt á grundvelli þeirra.

Síðan kemur, eins og hæstv. ráðherra vitnaði í, reyndar ekki í fyrri hluta ályktunarinnar, einungis í seinni hlutann, enda hélt hann að það passaði sér betur, með leyfi forseta:

„Það er skoðun þingsins að í ljósi gjörbreyttra aðstæðna á fjármagnsmarkaði verði tæpast forsendur til áframhaldandi innheimtu búnaðargjalds til lánasjóðsins.“ — Tæpast forsendur, það er ekki tekið dýpra í árinni en að segja það svona. Tæpast forsendur, það er ekki kveðið skýrt á um það.

„Verði það niðurstaða starfshópsins að við þessar aðstæður sé ekki mögulegt að halda áfram rekstri lánasjóðsins, leggur þingið þunga áherslu á eftirfarandi: Stærstur hluti þeirra lána sem bændur hafa tekið hjá sjóðnum er með breytanlegum vöxtum. Tryggja þarf hagsmuni og réttarstöðu skuldara lánasjóðsins ef rekstri hans verður ekki haldið áfram.“

Þarna er á engan hátt kveðið neitt á um eða samþykkt að eigi að leggja hann niður.

Síðan segir:

„Verðmætum lánasjóðsins verði ráðstafað til að styrkja lífeyrisréttindi bænda.“

Ég hef, herra forseti, rætt við bæði stjórnarmenn og búnaðarþingsfulltrúa sem komu að þessari tillögugerð og ályktun og þeir mótmæla því harðlega að í því felist að þeir séu að leggja til að lánasjóðurinn verði lagður niður, hvorki hafi þær forsendur legið fyrir þinginu — skrýtið, svo stutt síðan því lauk — að taka um það ákvörðun, né heldur hafi það verið rætt á nokkurn hátt. Mér finnst mjög langt seilst ef á að nota þessa ályktun m.a. sem röksemd fyrir því að leggja sjóðinn niður og selja hann eins og ráðherra leggur hér til.

Það er líka mjög fróðlegt að sjá skýrslu þessarar verkefnisstjórnar sem ráðherra vitnaði til. Í frumvarpinu stendur að verkefnisstjórnin hafi ráðið fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég hef aldrei heyrt það nefnt fyrr. Þetta er sjálfsagt vænsta fyrirtæki en það væri fróðlegt að fá að vita hjá hæstv. ráðherra hverjir eiga það og reka, bara svona til upplýsingar svo að það sé ljóst. Þetta fyrirtæki, Ráðgjöf og efnahagsspár ehf., var notað til að meta samkeppnisstöðu lánasjóðsins og fjalla um hlutverk hans og framtíðarhorfur.

Ég velti því fyrir mér hvers vegna ekki var leitað til annarra aðila. Tökum t.d. hagþjónustu landbúnaðarins eða hagfræðideild Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Hvers vegna var ekki leitað til aðila sem hafa meiri sérþekkingu á störfum og þörfum landbúnaðarins en ég leyfi mér að draga í efa að fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. hafi? Ég spyr hvers vegna það hafi ekki verið gert og spyr líka hver reki fyrirtækið Ráðgjöf og efnahagsspár ehf. sem þykir svona merkilegt að það skuli vera valið til að gera slíka úttekt sem svo afdrifarík ákvörðun er byggð á, að einkavæða og selja lánasjóðinn. Það er margt í þessu vinnuferli sem setja verður stórt spurningarmerki við. Það læðist óneitanlega að manni grunur í þessu einkavæðingarferli Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins á almannaeigum að ákvörðunin hafi verið tekin, herra forseti, fyrir löngu og síðan leiti menn allra ráða til að staðfæra hana og láta hana ganga upp. Það læðist að manni sá grunur í þessu ferli. (**Gripið fram í:** Hvaða grunur?) Að ráðherra hafi ekki unnið verkin sín.

Þegar litið er á stöðu sjóðsins þá er alveg rétt að hann virðist hafa verið rekinn á frekar metnaðarlítinn hátt undanfarin ár. Það kemur fram í skýrslunni að fjármögnun sjóðsins sé í formi skuldabréfalána sem hann hafi tekið og þau skuldabréf nemi allt að 15 milljörðum kr. eða einhvers staðar á þeirri stærðargráðu, og lánskjörin sem sjóðurinn hefur á þeim eru að viðbættu ríkisábyrgðarálaginu meira en sem nemur 6% vöxtum, sem er óeðlilega hátt miðað við vexti sem eru á markaði núna. Vel má vera að á sínum tíma þegar þessi lán voru tekin hafi það reynst óhjákvæmilegt, en ég spyr: Hefur verið látið á það reyna hvort ekki sé hægt að semja við eigendur þessara skuldabréfa um lækkun á vöxtum þegar vextir sjóðsins eru að meðaltali í kringum 4,5%?

Mér finnst a.m.k. ólíklegt annað en að kaupandi sem kæmi að sjóðnum og keypti hann byrjaði á því að semja um þessi bréf.

Hvernig var það ekki með Spöl? Við ræddum um Spöl fyrr í vetur og þá var einmitt talið að ekki væri hægt að lækka gjaldið í Hvalfjarðargöngunum vegna þess að skuldabréfalánin sem hvíldu á göngunum væru bundin með háum vöxtum og ekki væri hægt semja um lækkun á þeim. En það reyndist þó hægt, bankastofnun gekk í málið og þau voru endurfjármögnuð og endursamið að einhverju leyti um þessar skuldbindingar. *Maður veltir fyrir sér hvort þetta* hafi verið reynt hér, herra forseti.

Það er ábyrgðarhluti þegar verið er með handarsveiflu einni saman, bara af einkavæðingarlöngun Framsóknarflokksins, að einkavæða og selja félagslegan sjóð eins og Lánasjóð landbúnaðarins, selja þar með 1. veðrétt að nánast öllum jörðum í landinu, selja samninga sem bændur hafa gert í þeirri trú að þetta væri sjóður, þetta væri stofnun sem lyti félagslegri forsjá í samstarfi ríkis og bænda. Svo kemur allt í einu einhver einkavæðingarráðherra sem sér það eitt að einkavæða og selja og selur (Gripið fram í.) þau samskipti sem þarna hafa verið gerð við bændur.

Staðreyndin er sú að lánasjóðurinn hefur gegnt gríðarlega miklu hlutverki. Lánareglur sjóðsins hafa verið fullkomlega gagnsæjar. Þar hefur ekki verið nein mismunun, bændur hafa átt jafnan aðgang að þessum sjóði, óháð búsetu, eftir settum reglum. Sjóðurinn hefur verið gríðarlega mikilvægur fyrir uppbyggingu landbúnaðar í landinu. Í viðskiptabönkum þar sem einungis er hugsað um hámörkun á arði á eigin fé er starfað á allt öðrum grundvelli en hjá þessum sjóði. Margir hafa einmitt reynt það nú með viðskiptabankana sem hafa komist í þá aðstöðu að geta deilt og drottnað. Þeir ráða og meta á sínum forsendum hvar lán eru veitt og *á hvaða kjörum þau eru veitt, þeir ákveða það á* sínum forsendum. Það eru því engar líkur til þess að bændur frekar en aðrir geti átt þar einhvern rétt eða samningsstöðu sem heild til lánskjara. Við þekkjum það líka og heyrum um það að sumar jarðir eða sumir bændur eru eftirsóttir til að ná þeim í viðskipti en aðrir ekki. Ég sé ekki fyrir mér að einkavæddur og seldur Búnaðarbanki í höndum viðskiptabanka sem eingöngu hugsar um arðsemi eigin fjár fari að taka á sig samfélagslegar skyldur með því að lána til bænda og bújarða á svæðum sem að mati bankans munu ekki skila hámarksarði af fjármagni hans.

Við skulum líka að skoða hvað hefur t.d. gerst í sjávarútveginum, viðskiptabankinn þar deilir og drottnar. Hann er farinn að stjórna því hvaða sjávarútvegsfyrirtæki fá að lifa og hvaða sjávarútvegsfyrirtæki eru látin deyja, því að fái þau ekki eðlilega fjármagnsfyrirgreiðslu hjá sínum banka hafa þau ekki góðan starfsgrundvöll. Þegar sami banki er kannski orðinn aðalfjármögnunaraðili á vinnslustöðvum í landbúnaði þá getur hann farið að stjórna því hvar hagkvæmast er að framleiðslan fari fram að hans mati. Þegar menn selja slík viðskipti með þeim hætti sem hér gæti orðið sjá menn ekki fyrir endann á því hvernig það færi.

Herra forseti. Mér finnst þetta mál illa undirbúið, verið er að koma aftan að mörgum bændum og reyndar landbúnaðinum í heild með flutningi þessa frumvarps. Ef það gengur svo eftir að lánasjóðurinn verði seldur er verið að koma aftan að bændum sem hafa treyst á hann sem lánasjóð sinn og veitt honum veð í jörðum sínum, 1. veðrétt. Við upplifum það að ýmsir aðilar stunda nú raðuppkaup á jörðum og eru auk þess að kaupa upp framleiðslurétt á mörgum jörðum án þess að búa á þeim. Sú umgjörð sem verið hefur landbúnaðinum ákveðin stoð og stytta og skapað honum traust er að bresta. Þegar svo líka á að selja Lánasjóð landbúnaðarins, sem veitt hefur lán á jafnræðisgrunni til bænda, tel ég að miklir óvissutímar séu fram undan fyrir íslenskan landbúnað við þær aðstæður að ástæðulausu.

Hitt er svo nauðsynlegt að endurskoða sjóðinn og aðlaga hann að öðrum þáttum. Ég hef einmitt lagt til, og reyndar við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, eins og kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að skoða ætti aðra möguleika varðandi framtíð sjóðsins. Skoða ætti hvort samreka mætti hann t.d. með Lífeyrissjóði bænda eða annarri fjármálastofnun þar sem hann hefði áfram ákveðið grunnfélagslegt hlutverk í að veita bændum lán. Það mætti afmarka lánshlutverk hans við ákveðinn grunnstuðning við búskap, við jarðakaup, við frumbýlinga. Það mætti finna honum slíka sérstöðu svipað og verið er að gera t.d. með Íbúðalánasjóð. Það gilda nákvæmlega sömu röksemdir varðandi Lánasjóð bænda og Íbúðalánasjóð að það eru nógir til að slást um feitustu bitana í að lána fjármagn, en ákveðnir hlutar landsins munu verða afskiptir ef svo fer. Íbúðalánasjóður hefur það mikla félagslega hlutverk að gera öllum kleift að hafa aðgang að lánum, óháð búsetu, og sama á einnig við um Lánasjóð landbúnaðarins, hann hefur haft það hlutverk líka.

Herra forseti. Ég tel að frumvarp þetta sé fullkomlega vanbúið, bæði er ekki hægt að keyra þetta mál áfram án þess að það sé gert í mun meira samráði við bændur og auk þess tel ég að kanna eigi miklu betur aðra möguleika fyrir *sjóðinn til þess að bregðast við breyttum aðstæðum*. Ekki eru nema nokkrir mánuðir síðan viðskiptabankarnir fóru að bjóða fjármagn á lægri kjörum og það getur breyst. Og hvað varðar að útstreymi úr sjóðnum hafi verið mikið þá skilst mér að það hafi stöðvast núna á síðustu mánuðum. Hlutverk sjóðsins sem jöfnunaraðili til að veita lán vítt og breitt um landið á jafnréttisgrunni er óbreytt og maður sér ekki neitt í farvatninu sem kemur í staðinn fyrir þau verkefni sjóðsins verði hann seldur.

[21:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þakka þessa umræðu og kannski miklu frekar hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir *um margt prýðilega ræðu og drengilega. Sú síðasta var á* margan hátt með öðrum brag. Stundum finnst manni undarlegt að rígfullorðnir þingmenn skuli tala með eins strákslegum brag og þeir leyfa sér margir hverjir og eins og gert var í síðustu ræðu.

Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að það hefðu kannski þótt fréttir og stórtíðindi ef því hefði verið spáð að varaformaður Framsóknarflokksins og landbúnaðarráðherra stæði hér og flytti frumvarp um að leggja bæri þennan sjóð niður og selja eignir hans. Ég get alveg tekið undir það. Ég hef miklar tilfinningar til þessa sjóðs. Hann hefur verið landbúnaðinum mikilvægur í gegn-

um áratugi. Sjálfur var ég formaður hans um nokkra hríð og sat í stjórn hans, ég sat í stjórn hins nýja lánasjóðs landbúnaðarins þegar hann var stofnaður og ákveðið var að þessi fjárfestingarsjóður landbúnaðarins rynni ekki inn í banka eins og hinir sjóðir atvinnuveganna gerðu. Þeirra tími var þá liðinn. Nú stendur síðasti fjárfestingarlánasjóður atvinnuveganna á þeim tímamótum.

Ég get lýst því yfir að þessi staða er ekki nein óskastaða fyrir mig. Ég hef miklar tilfinningar til sjóðsins og er auðvitað ekki alls kostar áhyggjulaus við þær breytingar. En mér ber skylda til að varðveita þau verðmæti sem þarna eru og láta þau ekki eyðast upp. Í ríkisstjórninni hef ég hef því sett annað markmið á oddinn við þessar breytingar. Bankastarfsemin hefur breyst með þeim hætti að vextir hafa lækkað og verðgildi jarðanna hefur vaxið. Bændurnir hafa náttúrlega ætíð verið skilvísustu menn. Ég minnist þess að þegar ég sat í bankaráði Búnaðarbankans var oft haft orð á því að bankinn hefði aldrei tapað á viðskiptum við bændur. Ég hygg að það sé í stórum dráttum saga hinna bankanna og staðreyndin er sú, hæstv. forseti, þrátt fyrir ummæli hv. þingmanna, að flestir íslenskra bænda eru tryggir viðskiptavinir einhvers viðskiptabanka eða sparisjóðs um leið og þeir hafa sótt réttindi og fjármagn til Lánasjóðs landbúnaðarins og Stofnlánadeildarinnar gömlu. Allt tal um að hér standi menn eftir án nokkurra viðskipta o.s.frv. er því út í loftið.

Ég vil hins vegar hrinda þeim ummælum, ég tel þau ómakleg og ómerkileg, sem hér komu fram í umræðunni að hér standi ráðherra sem sé hrifinn af því að jarðir fari úr höndum bænda yfir til stóreignamanna. Þetta eru ómerkileg orð sem ekki á að þurfa að segja úr ræðustól enda vita hv. þingmenn betur um þær tilfinningar sem ég hef til sveitanna. Ég fagna ekki öllum þeim breytingum en ég fagna því þó að jarðir hafi hækkað í verði. Sveitin er dýrmætari og vinsælli og margir vilja setjast þar að.

Auðvitað vildi ég sjá sem flestar jarðir undir góðum búskap, með ær og kýr þess vegna. En ég fagna hinum nýju greinum landbúnaðarins sem hafa þróast ört á síðustu árum. Ég geri mér grein fyrir því að þessum jörðum fækkar því miður, búin stækka, tæknin breytist o.s.frv. Þetta er þróun sem ég hef ekki leyft mér að stöðva með neinum hætti enda staðan sú að íslensk bú eru á mælikvarða heimsins eða nálægra landa ekki nein stórbú. Ég vil að þetta komi skýrt fram.

Ég vil að það komi fram að bændur hafa fjallað um málið, ekki bara á búnaðarþingi. Síðan málið kom fram og ákveðið var að skoða leiðir til breyta sjóðnum hefur Landssamband kúabænda haldið ársfund og eins Landssamband sauðfjárbænda haldið ársfund. Þeir fundir ályktuðu í svipaða veru.

Hæstv. forseti. Svo að ég lesi það skýrt sem búnaðarþing ályktaði í málinu, því að ég bað búnaðarþing að fara yfir þetta mál alveg sérstaklega og skoða það. Með leyfi forseta, ályktuðu þeir svo:

„Búnaðarþing 2005 hefur fjallað um málefni Lánasjóðs landbúnaðarins. Starfshópur sem landbúnaðarráðherra skipaði til að fara yfir málefni sjóðsins hefur ekki lokið störfum og eftir er að leggja mat á nokkur atriði sem lúta að því hvernig þörf landbúnaðarins fyrir lánsfé verði best mætt á komandi árum. Það er skoðun þingsins að í ljósi gjörbreyttra aðstæðna á fjármagnsmarkaði verði tæpast forsendur til áframhaldandi innheimtu búnaðargjalds til lánasjóðsins."

Svona ályktuðu þeir á búnaðarþingi og hafa ályktað í nokkur ár, með því að búnaðargjaldið yrði fellt niður.

Þeir segja síðan:

„Verði það niðurstaða starfshópsins að við þessar aðstæður sé ekki mögulegt að halda áfram rekstri lánasjóðsins, leggur þingið þunga áherslu á eftirfarandi:

1. Stærstur hluti þeirra lána sem bændur hafa tekið hjá sjóðnum er með breytanlegum vöxtum. Tryggja þarf hagsmuni og réttarstöðu skuldara lánasjóðsins ef rekstri hans verður ekki haldið áfram.

2. Verðmætum lánasjóðsins verði ráðstafað til að styrkja lífeyrisréttindi bænda."

Svo mörg voru þau orð. Hér er lagt til að andvirði þessa sjóðs, ef hann selst og fæst fyrir hann gott verð, renni til lífeyrissjóðsins. Þannig er farið að þessari ályktun.

Hvað fyrra áhersluatriðið varðar, að tryggja þurfi hagsmuni og réttarstöðu skuldara, þá var í umræðum hjá báðum hv. þingmönnum nánast látið liggja að þeim ómerkilega málflutningi að það sé verið að selja jarðir bændanna. Bændurnir eiga jarðir sínar og ég hygg að allir virði það og sem betur fer eru ekki allar jarðir stórskuldugar þannig að bændur ráða jörðum sínum. Ég vil segja um þetta að 1. veðréttur sjóðsins hefur ætíð verið umdeildur og hefur sú gagnrýni ekki síst komið frá bændum sem hafa viljað gefa lánasjóðnum meiri sveigjanleika í útlánum, m.a. með því að gefa eftir 1. veðrétt.

Í sjálfu sér er ekkert að óttast fyrir skilvísa menn, eins og bændur eru upp til hópa, en ég veit að íslenskir bændur eru skilvísir og standa ávallt við skuldbindingar sínar. Ég óttast þetta því ekki, enda munu bændur áfram fara með ráðstöfunarrétt yfir eignum sínum. Ég vona að menn reyni ekki að halda því fram í umræðunni að þessi breyting verði til þess að jarðirnar verði teknar af bændum. Það er náttúrlega bara útúrsnúningur og allt annað mundi liggja fyrir ef af framkvæmdinni verður.

Ég hef fyrir mitt leyti viljað sjá bændur hafa sem ríkastan ráðstöfunarrétt á eignum sínum. Þeir hafa kvartað yfir 1. veðrétti, þeir vinna úti í frá, eiga að fá lífeyrissjóðslán og fá þau ekki o.s.frv. Það hafa verið árekstrar við bankana þeirra og árekstrar við Íbúðalánasjóð og heilmikil átök. En ég sagði í upphafi að eitt það vandmeðfarnasta, sem vaka yrði yfir, væri að bændur eru í bankaviðskiptum. Ég sagði að það yrði að huga að réttindum starfsfólksins í söluferli sjóðsins og ekki síður að réttindum viðskiptavinanna, þannig að ég er meðvitaður um alla þessa þætti. Ég vil að það komi fram.

Síðan reynir hv. þingmaður jafnan að gera lítið úr því ef einhver er fenginn til að skoða verkefni, t.d. þetta fyrirtæki, Ráðgjöf og efnahagsspár ehf., sem ég hygg að séu bara hinir mætustu menn úti í bæ, vel menntaðir á sínu sviði og þekktir sem góðir ráðgjafar og heiðarlegir menn. Nöfn þessara manna, fyrst að hv. þingmaður spyr eftir þeim, eru Sverrir Sverrisson, sem mun hafa doktorsgráðu í hagfræði, og Ingvi Harðarson, svo því sé hér haldið til haga og þeirri spurningu svarað.

Hv. þingmenn fjallaði um óuppgreiðanleg lán. Hv. þm. Jón Bjarnason fór að tala um Spöl, eins og oft áður. Það liggur fyrir að Spölur hefur verið fjármagnaður þannig að hann hefur haft uppgreiðsluheimild á lánum sínum. Það er ljóst að þær skuldir eða þau skuldabréf sem lánasjóðurinn á úti í bæ hjá einstaklingum eru bréf í eigu fyrirtækja og einstaklinga úti í bæ sem sjóðurinn ræður ekki yfir í dag og hefur verið samið um. Það er því erfitt og sennilega engin leið að fara þá leið sem hv. þingmaður stakk upp á, að kalla þau inn og fjármagna sjóðinn upp á nýtt. Ég hygg að sjóðurinn hafi á árunum, þegar verðbólga var aðeins stígandi, tekið einhver lán sem voru aðeins óhagstæðari. Svo hafa vextir lækkað nú seinni árin.

Varðandi samfélagslegar skyldur, sem hv. þingmaður ræddi um, þá tel ég félagshyggju og samfélagslegar skyldur mikilvægar, ekkert síður en aðrir hv. þingmenn. Ég hef barist fyrir þeim í minni pólitík og í raun einnig meðan ég var formaður Stofnlánadeildarinnar og stjórnarmaður í Stofnlánadeildinni. Þá leit ég á þær skyldur sem mjög mikilvægar, ekki síst úr af því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minntist á, að ein kynslóð var í þeim efnum oft að styðja aðra til uppbyggingar. Ég hafði mjög gildar skoðanir gagnvart þessu og ríkulegar og taldi þetta gott á þeim tíma. Nú stend ég hins vegar frammi fyrir því að greinarnar hafa þróast með öðrum hætti. Þeir bændur sem ekkert eru að byggja upp hjá sér, sauðfjárbændur eða bændur í öðrum greinum sem eru búnir að fjárfesta og þess vegna búnir að borga upp skuldir sínar segja í dag: Við viljum ekki borga þetta gjald til að byggja þessi risafjós eða framkvæmdir þeirra stóru. Við viljum frekar fá þennan pening í okkar vasa, segja þeir. Það getur vel verið að þetta sé breytt félagshyggja en það getur líka vel verið að það standist ekki tímans tönn að hafa slíkt kerfi í gangi öllu lengur, ég tala nú ekki um ef það er ekki sátt um það hjá atvinnugreininni eins og fram hefur komið.

Ég geri mér auðvitað vonir um að það fáist gott verð fyrir Lánasjóð landbúnaðarins því að ég er sannfærður um að hann býr yfir heilmiklum verðmætum. Í honum er „good will" til viðskipta. Hann á eigið fé upp á 3,5 milljarða kr. Í honum er mikil þekking á sviði þar sem er mikil gróska í dag, þ.e. fjárfestingum í sveitum. Það kann vel að vera að hann verði rekinn áfram af þeim, hvort sem það verður banki, fjárfestingarsjóður eða hver það verður sem kaupir hann. Það getur vel verið að hann verði rekinn áfram sem jarðadeild sem sérhæfi sig áfram á þessu sviði.

Mér er efst í huga við þessar breytingar að ég geri mér grein fyrir því að aðrir eru tilbúnir að fjármagna framkvæmdir sveitanna, sparisjóðir og bankar landsmanna. Þeir eru tilbúnir til þess og hafa lýst þeim viðhorfum sínum. Þeir hafa, er mér óhætt að segja, allar peningastofnanirnar, stóru bankarnir þrír, viðskiptabankarnir, auk sparisjóðanna, haft samband og gert skýra kröfu um að fá að fylgjast með, geta verið aðilar að þessu ferli, geta tekið við sjóðnum og eignast hann og borgað fyrir hann fé. Ég hef heitið þeim því að jafnræðisregla muni ráða þar, að þetta verði opið og opinbert mál og skýrt jafnræði á milli aðila í þeim efnum.

Stærsta von mín við þessar breytingar er sú að bændurnir fari ekki illa út úr þeim heldur fremur vel. Það getur vel verið að þeir fari mjög vel út úr því þegar annar tekur við þessum sjóði og skuldbreytir (Forseti hringir.) lánum þeirra o.s.frv. En hitt er stærsta málið, hæstv. forseti, að styrkja Lífeyrissjóð bænda, sem er verst setti sjóðurinn. Í dag vantar í hann 2,6 milljarða kr. til að hann nái að standa við skuldbindingar sínar í dag.

[21:43]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji að í ályktun búnaðarþings felist samþykki þingsins fyrir því að sjóðurinn sé seldur með þeim hætti sem hér er lagt til og hvort haft hafi verið nægilegt samráð við Bændasamtökin til að mega ganga fram með þeim hætti sem lagt er til í þessu frumvarpi.

Í öðru lagi langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra út í það sem fram kemur í bréfi verkefnisstjórnarinnar. Hún leggur nánast þennan eina valkost til, þ.e. að selja sjóðinn.

Hún segir að vísu, með leyfi forseta:

„Þá telur verkefnisstjórnin það ekki vænlegan kost að sameina lánasjóðinn öðrum sjóðum eða stofnunum ..."

Það eru ekki settir upp valkostir og þeir metnir út frá tölulegum rökum heldur er þetta bara sett fram sem fullyrðingar. Ég vil spyrja ráðherrann hvort hann vilji ekki endurskoða þetta og kanna aðrar leiðir til að taka á framtíð sjóðsins en með þeim hætti sem þarna er lagt til. Ég get ekki séð að í skýrslu nefndarinnar hafi aðrir valkostir verið settir upp heldur er bara gengið út frá einum og aðrir slegnir út af borðinu með því einfaldlega að segja aðra kosti ómögulega.

[21:45]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að bændurnir geri sér nú almennt grein fyrir því að sjóðurinn er formlega í eigu ríkisins. Þeir virða það við þessa ríkisstjórn og þessa skoðun að menn vilja nota fé sjóðsins til þess að styrkja stöðu lífeyrissjóðsins, þeirra sem reka sjóðinn. Ég er því ekkert að hætta samstarfi við bændurna. Þeir hafa ályktað. Þeir hafa ályktað með skýrum hætti og ég las það hér yfir að þeir komast nánast að þeirri niðurstöðu að hann verði ekki rekinn áfram með þessum hætti og leggja til að þessu verði varið til lífeyrissjóðsins.

Í undirbúningsnefndinni sat og situr formaður Bændasamtakanna, Haraldur Benediktsson, og framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, Sigurgeir Þorgeirsson. Ég mun halda áfram og samstarfi við Bændasamtökin og forustumenn landbúnaðarins er ekkert lokið. Ég ræddi þetta á aðalfundi sauðfjárbænda. Ég ræddi þetta á aðalfundi kúabænda og bað menn um viðhorf þannig að ég held áfram því samstarfi.

Ég vil líka taka það fram, hæstv. forseti, að ég ætla hér ekki að skjóta mér á bak við einhverja nefnd eða ráðgjafa í þessu máli. Það er sem sé mín pólitíska niðurstaða eftir að búið er að fara yfir alla kosti þessa máls mjög rækilega að þetta sé leiðin sem verði að fara við þessar aðstæður. Ég tel að hún sé hyggileg og betri en að láta eigið fé sjóðsins étast upp þegar vilji er til að styrkja lífeyrissjóðinn og að sjóðurinn reki sig ekki með þessum hætti. Starfsemi bankanna í landinu er orðin allt önnur og þeir eru tilbúnir að fjármagna framkvæmdir sveitanna. Vonandi munu þeir gera það vel.

Ég hef auðvitað kannað margar aðrar leiðir. Ég hef kannað þetta með lífeyrissjóðinn sem hér kom nú fram í utandagskrárumræðu við hv. þingmann. Ég fór yfir það mál og hef farið yfir það í mínu ráðuneyti. Það kemur í ljós að lög standa í veginum fyrir þeirri leið að sameina og reka sjóðinn inn í lífeyrissjóðinn. Það gekk því ekkert upp. Þetta er því hin pólitíska niðurstaða sem ég tek fulla ábyrgð á og skýt mér ekki á bak við neinn í þeim efnum og hef stuðning ríkisstjórnarinnar (Forseti hringir.) með mér í því og stjórnarflokkanna hér á þinginu.

[21:48]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held það sé ágætt að það komi skýrt fram að þetta er einmitt pólitísk niðurstaða en ekki fagleg. Þó svo ráðherra hafi látið fara fram þessa vinnu þá er niðurstaðan pólitísk og aðrir möguleikar faglegir eru ekki í sjálfu sér kannaðir. Þetta er ekki metið á þeim forsendum. Þetta er fyrst og fremst pólitísk niðurstaða. Þó ég sé ekki sammála þeirri pólitísku niðurstöðu þá finnst mér ráðherrann maður að meiri að viðurkenna það samt. Það er þá bara pólitísk ákvörðun sem ég er ekki sammála.

Varðandi það að styrkja lífeyrissjóðinn þá vil ég bara benda á að samfélagsleg ábyrgð er á Lífeyrissjóði bænda eins og öðrum lífeyrissjóðum. Það er núna verið að taka á Lífeyrissjóði sjómanna. Það er vitað að Lífeyrissjóður bænda á erfitt og ef heldur áfram að fækka í stéttinni og lífeyrissjóðsfélagar eldast þá mun vandi hans aukast. Þó svo að þarna kæmu 2–3 milljarðar inn í lífeyrissjóðinn í gegnum að selja þessa félagslegu eign sem ég tel nú lánasjóðinn vera þó svo að ríkið teljist eiga hann þá sé ég ekki að sú ráðstöfun leysi það vandamál og viðfangsefni Lífeyrissjóðs bænda til framtíðar. Það verður að taka á þeim þætti áfram. Það er bara samfélagsleg ábyrgð að tekið sé á málum Lífeyrissjóðs bænda óháð Lánasjóði landbúnaðarins, herra forseti.

[21:50]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason er meistari útúrsnúninganna. Þegar ég segi að þetta sé mín pólitíska ákvörðun sem ég hef stuðning við þá er hann fljótur að slá því upp og segja: „Pólitísk en ekki fagleg ákvörðun.“ Þetta er sem sé pólitísk ákvörðun sem er byggð á faglegum rökum margra sem yfir málið hafa farið. Ég hef af fullri ábyrgð leitað álits margra fleiri en hér eru tilgreindir. Ég hef leitað í smiðju þeirra og rætt þessi mál við aðila sem þekkja vel til á peningamarkaði og kunna með þessi mál að fara, fyrrum starfsmanna og til bændanna og peningamanna sem sjá framtíðina. Þetta er sem sé fagleg niðurstaða en pólitísk ákvörðun. Ég vil hafa það alveg skýrt að við höfum legið yfir þessu og lagt í þetta mikla vinnu til að undirbúa það.

Við teljum líka mjög mikilvægt, hæstv. forseti, að þetta mál gangi dálítið hratt fyrir sig því peningastofnun sem ákveðið er að selja eða breyta er viðkvæm. Hún er eins og egg. Hún getur brotnað í þeim meðförum. Hún er mikið verðmæti í dag. Þess vegna þurfa öll svona mál og allar svona breytingar að ganga hratt fyrir sig.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að lífeyrissjóðurinn er veikur en sem betur fer lifa bændur langa ævi. Staðreyndin er sú að við 70 ára aldur eiga þeir tíu árum lengri lífslíkur samkvæmt rannsóknum en aðrir Íslendingar og stafar það sjálfsagt af þeirri hollu fæðu og miklu hreyfingu og lífsgleði sem hefur einkennt þeirra störf. En sú er staða sjóðsins að hún er veik og ég tel mikilvægt að semja um að styrkja (Forseti hringir.) sjóðinn sem allra mest við þessar breytingar.

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10. og 12. mál.

Fundi slitið kl. 21:53.

---

114. FUNDUR

miðvikudaginn 20. apríl,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Fjárhagsleg og stjórnunarleg tengsl ráðherra, fsp. ÖJ, 623. mál, þskj. 934.
2. Sveigjanleg starfslok, fsp. GHall, 691. mál, þskj. 1049.
3. Sala á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf. til almennings, fsp. JóhS, 771. mál, þskj. 1143.

Til menntamálaráðherra:

4. Forgangur í framhaldsskóla, fsp. AKG og MÁ, 380. mál, þskj. 465.
5. Einkareknir grunnskólar, fsp. BjörgvS, 542. mál, þskj. 821.
6. Menningarsamningur fyrir Vesturland, fsp. AKG, 713. mál, þskj. 1071.
7. Æskulýðsmál, fsp. UMÓ, 782. mál, þskj. 1160.

Til iðnaðarráðherra:

8. Atvinnumál í Mývatnssveit, fsp. KLM, 315. mál, þskj. 344.
9. Vaxtarsamningur fyrir Norðurland vestra, fsp. AKG, 680. mál, þskj. 1034.
10. Byggðastofnun, fsp. AKG, 714. mál, þskj. 1072.
11. Kannanir á viðhorfum til orkufrekrar stóriðju, fsp. JBjarn, 772. mál, þskj. 1144.

Til viðskiptaráðherra:

12. Þjónustuskyldur í eldsneytisafgreiðslu, fsp. JBjarn, 773. mál, þskj. 1145.

Til samgönguráðherra:

13. Hellisheiði og Suðurstrandarvegur, fsp. KÓ, 672.

mál, þskj. 1025.

14. Bílastæðamál fatlaðra, fsp. BJJ, 674. mál, þskj. 1027.

15. Tafir á vegaframkvæmdum, fsp. AKG, 736. mál, þskj. 1098.

16. Framkvæmd vegáætlunar, fsp. AKG, 737. mál, þskj. 1099.

17. Jarðgangagerð, fsp. BJJ, 751. mál, þskj. 1116.

Til heilbrigðisráðherra:

18. Flutningur launaútreikninga heilbrigðisstofnana frá landsbyggðinni, fsp. KLM, 631. mál, þskj. 961.

19. Reiðþjálfun fyrir fötluð börn, fsp. ÁMöl, 757. mál, þskj. 1123.

[13:03]

Útbýting:

Fjárframlög til stjórnmálastarfsemi, 57. mál, skýrsla forsrh., þskj. 1169.

Umræður utan dagskrár.

Staða Landspítalans.

[13:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Frú forseti. Deilurnar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi undanfarið rýra traust á hinni mikilvægu þjónustu hans, og þjónusta við sjúklinga er ófullnægjandi. Sparnaðaraðgerðirnar undanfarin ár og deilurnar hafa slæm áhrif á heilsufar sjúklinga og ekki síður á heilsu og úthald starfsfólks spítalans sem býr við síaukið álag og erfiðari vinnuaðstöðu. Sjúklingar verða fyrir skaða eða mistökum á spítalanum, samanber nýlegt svar ráðherra til hv. þm. Ástu Möller. Ástandið ógnar öryggi sjúklinga. Það segir sig líka sjálft að það ýtir undir deilur þegar stöðugt er skorið niður og þrengt að. Starfsmönnum spítalans hefur fækkað og yfirvinna verið minnkuð til að mæta kröfum stjórnvalda sem hafa þá stefnu að fækka legudögum. Það eykur álag á starfsfólk sem er hrjáð af streitu eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær um áfallahjálp fyrir það.

Sparnaðurinn hefur orðið til þess að sjúklingar fá minni þjónustu en áður. Þeir koma inn veikari sem bráðatilvik og eru útskrifaðir fyrr en ella. Þetta hefur gengið vegna frábærs starfsfólksins sem leggur sífellt meira á sig, en það gengur vart lengur.

Uppsafnaður halli spítalans nú um áramótin var 1 milljarður. Þar af voru dráttarvextir 107 milljónir. Hvers vegna greiðir fjármálaráðuneytið ekki jafnóðum til spítalans svo komist sé hjá þeim dráttarvöxtum? Staða ríkissjóðs er þannig að það ætti ekki að skipta máli. Spítalinn fór 1% fram úr fjárheimildum á síðasta ári og rúmur þriðjungur framúrkeyrslunnar er dráttarvextirnir, 107 milljónirnar. Þarna tel ég illa farið með almannafé. Afköst spítalans hafa aukist, kostnaðarsamar nýjungar verið teknar upp, svo sem stofnfrumu- og nýrnaígræðslur, lyfjaverð hefur hækkað og farið fram úr því sem fjárlög gera ráð fyrir. Á föstu verðlagi var rekstrarkostnaður spítalans á síðasta ári nánast sá sami og árið 2000. Framlag til spítalans hefur minnkað á heildarfjárlögum þótt fólki hafi fjölgað á höfuðborgarsvæðinu, þjóðin sé að eldast og þjónustan hafi aukist. Þetta gerir það að verkum að mjög er erfitt að mæta sveiflum eins og flensufaraldrinum nú í byrjun árs þar sem margt eldra fólk lagðist inn, fjölgun fæðinga var um 4% í janúar og febrúar og komur á slysa- og bráðamóttöku jukust um tæp 10%. Vart er raunhæft að reka spítalann áfram á föstum fjárlögum í ljósi þessa. Landspítalinn verður að taka við öllum. Hann getur ekki sent sjúklinga annað og þjónar öllu landinu. Hefur hæstv. ráðherra fylgst með því hvernig þetta kemur niður á sjúklingunum og þjónustunni á spítalanum?

Nýverið lýsir parkinsonsjúklingur í Morgunblaðsgrein ástandinu á taugadeild spítalans. Þar segir m.a.:

„Sl. haust var vinnuumhverfi og aðbúnaður starfsfólks og sjúklinga talinn skelfilegur. Ókunnugum gesti fannst hann vera í sjúkraskýli á stríðstíma. Fólk ýmist sat eða stóð á ganginum, öll legurúm voru í notkun, nokkrir sjúklingar lágu í sjúkrarúmum á þröngum ganginum, fimm göngudeildarsjúklingum stóð aðeins til boða að sitja í stól á ganginum allan daginn, sérfræðilæknar ræddu einkamál sjúklinga úti í horni innan um gesti og gangandi og læknir með hóp læknanema var þar einnig á ferðinni. Vinnuálagið var mjög mikið og þrengslin yfirþyrmandi."

Eftir lestur greinarinnar heimsótti ég deildina og fékk staðfest að svona ástand væri iðulega þar. Tugir parkinsonsjúklinga þarfnast lyfjastillingar þar reglulega og þeir þurfa næði.

Við sameininguna fækkaði rúmum úr 42 í 21 sem væri í lagi ef göngudeildarþjónustan væri viðunandi. Hún er hins vegar afleit í mjög litlu herbergi og sjúklingarnir sitja á ganginum. Fjórða hvert rúm er teppt af sjúklingum sem hafa lokið meðferð og ekki er hægt að útskrifa vegna skorts á hjúkrunarrýmum. Heilablóðfallssjúklingar eru þjálfaðir á ganginum. Sjúklingar leggjast aðeins inn sem bráðasjúklingar svo að ekki er unnt að taka inn af biðlistum og biðin lengist. Ég tel að starfsfólkið sé að gera kraftaverk á hverjum degi við þessar aðstæður en margt þess er að gefast upp á ástandinu, og lykilmenn jafnvel á förum.

Þetta er lýsing af einni deild á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. En er þetta einsdæmi, eða er það dæmigert?

Ég spyr hæstv. ráðherra: Mun hann taka á ástandinu á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem endurspeglast í umfjöllun fjölmiðla um deilur þar? Ef svo er, þá hvernig?

Hér er nú öll umfjöllunin, bara í einn mánuð. Greinilega hafa sparnaðaraðgerðir stjórnvalda bitnað á þjónustunni miðað við þessar lýsingar. Telur hæstv. ráðherra að allir sjúklingar fái þarna viðunandi þjónustu eða bitnar þetta verr á ákveðnum sjúklingahópum? Telur hæstv. ráðherra ástand eins og lýst er á taugadeildinni vera viðunandi? Að lokum, virðulegi forseti: Er lausn á útskriftarvanda spítalans í sjónmáli?

[13:09]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Reykv. s. gerir nokkur atriði í rekstri Landspítala – háskólasjúkrahúsi að umræðuefni. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni og eðlilegt í alla staði, ekki síst þar sem málefni spítalans voru nokkuð til umræðu opinberlega fyrir nokkrum vikum.

Hv. þingmaður spyrt í fyrsta lagi hvort ráðherra ætli að taka á deilum og óánægju á Landspítala – háskólasjúkra-

húsi sem endurspeglast hefur í umfjöllun undanfarið um stjórnkerfisvanda á spítalanum, og ef svo væri, þá hvernig.

Hér er gengið út frá því að stjórnkerfisvandi sé til staðar á Landspítalanum sem leitt hafi til deilna og óánægju. Er hér sennilega vísað til yfirlýsinga yfirlækna, hjúkrunarfræðinga og lyfjafræðinga. Rauður þráður í yfirlýsingum þessum er gagnrýni á svokallað sviðstjórakerfi spítalans. Rétt er að taka fram vegna umræðu um sviðstjórakerfið að því kerfi var í raun komið á á ríkisspítölunum fyrir tveimur áratugum, og fyrir tæpum 15 árum á Borgarspítalanum gamla. Kerfið var endurnýjað fyrir skemmstu og nokkrir talsmenn tiltekins hóps yfirlækna hafa haldið því fram að sviðstjórafyrirkomulagið standist ekki ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Þeir hafa kvartað undan sviðstjórunum eða dregið í efa faglega hæfni þeirra og gagnrýnt stjórn spítalans harðlega á opinberum vettvangi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra staðfesti með lögmætum hætti skipurit spítalans fyrir margt löngu. Í því felst að skipuritið er í fullu samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu. Jafnframt er það svo að lýsing á hlutverki sviðstjóra í greinargerð með skipuriti á starfslýsingu sviðstjóra og lækninga frá 1. október 2000 er í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu. Opinberlega hefur verið látið að því liggja að sviðstjórar lækninga væru handvaldir og ekki gerðar til þeirra viðeigandi hæfniskröfur. Er í þessu sambandi rétt að taka fram að sviðstjórar lækninga eru valdir úr hópi yfirlækna og eðli máls samkvæmt gerðar til þeirra miklar kröfur, enda hafa þeir áður verið hæfnismetnir sem yfirlæknar.

Ég er þeirrar skoðunar að deilur af því tagi sem uppi voru á Landspítala eigi að leysa inni á spítalanum sjálfum og treysti því að stjórnendur og starfsmenn setji niður deilur sínar með hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi. Ég veit ekki betur en að menn hafi fullan vilja til að tala saman. Lýstu forstjóri spítalans, formaður læknaráðs og formaður hjúkrunarráðs vilja sínum til að vinna markvisst að bættum samskiptum innan sjúkrahússins í sameiginlegri viljayfirlýsingu sem þeir sendu frá sér 8. apríl sl.

Hv. 4. þm. Reykv. s. spyr hvort allir sjúkir fái viðunandi þjónustu á Landspítalanum. Virðulegi forseti. Hv. málshefjandi gengur út frá því í spurningunum sem hún beinir til mín að fjárheimildir Landspítala hafi dregist saman. Talað er um aðhaldsaðgerðir, sparnað og hagræðingu. Það er rangt þegar því er haldið fram að spítalanum hafi verið gert að spara og hagræða undanfarin missiri. Heildarframlög með aukafjárveitingum hækkuðu t.d. frá árinu 2002 til ársins 2004 úr 21,4 milljörðum kr. í 25,5 milljarða í fyrra. Það er brýnt að menn hafi þessar staðreyndir hugfastar.

Það er hugsanlegt að hagræðing, sem er alls ekki það sama og sparnaður en umfram allt breytingar á þjónustu, geti í einhverjum tilvikum hafa haft áhrif á sjúklinga og starfsfólk en almennt talað fá sjúklingar góða þjónustu á Landspítalanum. Í alvarlegustu tilvikunum fá þeir þjónustu sem hvergi er hægt að veita annars staðar á landinu. Það er skoðun mín að sjúkir fái viðunandi þjónustu á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og ég treysti stjórnendum spítalans fullkomlega til að forgangsraða verkefnum þannig í rekstrinum að þeir fái þjónustuna sem þurfa á henni að halda.

Það er erfitt verk og tekur á að sameina tvo spítala í einn. Það reynir á stjórnendur og það reynir á starfsmenn Landspítalans. Á sama tíma hefur rekstur spítalans batnað og á sama tíma hefur starfsemin aukist umtalsvert sjúklingum til hagsbóta. Það er von mín að erfiðleikar af þessu tagi séu nú senn að baki og menn geti horft til framtíðar fremur en að láta tímabundna erfiðleika trufla sig. Mér finnst full ástæða til að þakka starfsmönnum fyrir þolinmæðina sem þeir hafa sýnt í sameiningarferlinu.

Hv. þingmaður spyr um taugadeildina sérstaklega. Þar voru mönnunarvandræði fyrr í vetur. Það er mikið álag á deildinni eftir viðræður stjórnenda og starfsmanna í liðinni viku en nú er unnið að því að fullmanna deildina og þegar hafa verið settar fram áætlanir um það hvernig það verður gert. Einnig verður hafin vinna við að skoða húsnæðismál deildarinnar með það í huga að efla dag- og göngudeildarþjónustu. Bind ég vonir við að þau áform sem mér hafa verið kynnt færi aðstæður á taugadeildinni í gott horf.

Síðan er spurt um svokallaðan fráflæðisvanda. Það er ánægjulegt að geta sagt frá því að það hefur dregið verulega úr þeim vanda, (Forseti hringir.) bæði með tilkomu Vífilsstaða og þar að auki er í undirbúningi bygging hjúkrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu (Forseti hringir.) sem munu væntanlega breyta þessari stöðu þegar þau koma í gagnið.

[13:15]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir að taka upp málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss fyrir þingfrestun þar sem mikilvægt er að vekja athygli á margvíslegum vanda í þjónustu og rekstri hátæknisjúkrahússins.

Það er ljóst að á þeim tíma sem liðinn er frá sameiningu sjúkrahúsanna í október 2001 hefur farið saman mikill kostnaður vegna sjálfrar sameiningarinnar, þröngur fjárhagsrammi og því stóraukin krafa um hagræðingu í öllum rekstri. Á þessu tímabili hefur krafan um styttri legutíma, aukna göngudeildarþjónustu og frekari einkarekstur á ýmsum sviðum komið fram af miklum þunga og fer þar saman fagleg hugmyndafræði og krafan um sparnað í rekstri sjúkrahússins. Þessi þróun hefur leitt til aukinnar hjúkrunarþyngdar og inniliggjandi sjúklinga. Að auki hefur ýmis stoðþjónusta verið lögð af í sparnaðarskyni og hefur það komið illa við sjúklinga og starfsmenn. Aukinni hjúkrunarþyngd hefur ekki verið fylgt eftir með fjölgun stöðugilda hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða en aukinn hraði og gegnumstreymi sjúklinga veldur álagi, ekki eingöngu á umönnunarstéttirnar heldur á allar starfsstéttir.

Auk þessa hefur óeining ríkt um innra skipulag stofnunarinnar og hafa málaferli verið í gangi vegna þessa. Stjórnskipunarvandi til lengri tíma skaðar starfsemi og starfsanda stofnunarinnar og því hlýtur það að teljast réttlát krafa að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir lausn sem leiði af sér eðlileg samskipti og frið á vinnustaðnum. Mikið og langvarandi álag, upplifun starfsmanna á að geta eingöngu uppfyllt brýnustu þarfir sjúklinganna eða sinnt nauðsynlegustu verkefnum veldur því að fólk gefst að lokum upp og leitar í önnur störf.

Af miklum rekstrar- og þjónustuvanda Landspítala – háskólasjúkrahúss er starfsmannaflótti líklega alvarlegasti

þátturinn því að velgengni stofnunarinnar hefur byggst á reynslumiklu, tryggu og hörkuduglegu starfsfólki. Ef þróunin heldur áfram mun hún leiða til frekari óhappa og atvika í meðferð sjúklinga sem geta valdið alvarlegum skaða og, hæstv. forseti, með tilliti (Forseti hringir.) til alls þessa tel ég eðlilegt að sú spurning vakni hvert stefni með starfsemi LSH.

[13:17]

Drífa Hjartardóttir:

Herra forseti. Stjórnun og rekstur Landspítala – háskólasjúkrahúss hefur verið mikið til umfjöllunar í fjölmiðlum síðustu vikur. Margt hefur þar verið sagt og skrifað um starfshætti og stjórnsýslu á spítalanum, en hafa ber í huga að það er ekki þrautalaust að sameina tvo spítala í einn. Stjórnendur og starfsmenn þurfa að fá vinnufrið til að vinna sín mikilvægu störf. Þetta er stærsti vinnustaður landsins, á Landspítala – háskólasjúkrahúsi vinna nærri 5 þús. manns og heildarkostnaður spítalans á síðasta ári var 28 milljarðar kr. með þeim aukatekjum sem þeir hafa. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra jókst framlagið til sjúkrahússins frá 2002 til 2004 um 4,1 milljarð.

Það er því rangt að halda því fram að um niðurskurð sé að ræða. Stjórnendur Landspítala – háskólasjúkrahúss hafa verið að bregðast við kröfu um hagræðingu í rekstri, og reksturinn hefur batnað. Það sem þeir hafa gert er að endurbæta verkferla og stefna hefur verið mótuð í helstu málaflokkum. Settir hafa verið á framleiðslumælikvarðar og þjónustan hefur verið kostnaðargreind. Á spítalanum vinnur mjög hæft starfsfólk sem leggur sig allt fram við að veita góða og hagkvæma þjónustu. Afköstin hafa aukist umtalsvert, biðlistar hafa styst verulega og skurðaðgerðum hefur verið fjölgað. Í mörgum sérgreinum er engin bið lengur og í öðrum eðlileg eða viðunandi.

Það má segja að þarna sé allt á réttri leið. Margar nýjungar hafa verið teknar upp á spítalanum eins og stofnfrumu- og nýrnaígræðslur. Reksturinn hefur batnað og það eina sem menn biðja þar um er að fá að halda áfram að vinna að sínu góða starfi án þess að sífellt sé verið með þessar upphrópanir í þjóðfélaginu.

[13:19]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Landspítali – háskólasjúkrahús er fjölmennasti vinnustaður landsins en þar vinna um 5 þús. manns. Það má búast við að á stærsta vinnustað landsins sé ekki eilíf lognmolla, sérstaklega í ljósi þess að framlög til sjúkrahússins hafa staðið í stað frá árinu 1999 á föstu verðlagi. Það er auðvitað ekki rétt að vera að bera saman hér og telja upp einhverja milljarða sem hafa aukist. Auðvitað verður að bera þetta saman á föstu verðlagi, annað er bara vitleysa.

Á sama tíma hafa veigamiklir kostnaðarliðir sjúkrahússins vaxið. Eftirspurn eftir þjónustu hefur einnig vaxið. Það verður að gæta þess að ekki verði slakað á kröfum til þjónustunnar og að öryggi sé til staðar. Þetta hefur leitt til þess að fara hefur þurft í aðhaldsaðgerðir á sjúkrahúsinu og það er tímanna tákn að á sama tíma og farið er í aðhaldsaðgerðir á sjúkrahúsinu eys ríkisstjórnin út fjármagni í hin og þessi gæluverkefni, svo sem að fjölga sendiherrum um tugi prósentna og sækjast eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Hins vegar fást ekki svör á hinu háa Alþingi, fyrirspurn hefur legið fyrir frá því í nóvember um hver kostnaðurinn er við það. En það á að spara á sjúkrahúsunum.

Það er eðlilegt að víðtækur sparnaður og hagræðingaraðgerðir geti aukið vinnuálag á starfsfólk. Þá er mjög mikilvægt að hæstv. heilbrigðisráðherra hafi vakandi auga með og reyni eftir fremsta megni að virkja starfsfólk á jákvæðan hátt til þess að gæta að sparnaði. Einnig skiptir máli að hafa fólk með sér og gæta líka að því að það er ekki hægt að láta fólk hlaupa ætíð hraðar og hraðar fyrir sömu upphæð, það verður að fá einhverja umbun fyrir að taka þátt í sparnaðaraðgerðum stjórnvalda.

[13:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Frú forseti. Það er sannarlega unnið frábært starf við afskaplega erfiðar aðstæður á Landspítalanum. Það er líka staðreynd að varanlegar hagræðingar- og sparnaðarkröfur svo árum skiptir skapa vissulega pressu og þreytu í röðum starfsfólks. Það er einfaldlega staðreynd sem við verðum að horfast í augu við.

Það er líka staðreynd, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að fjármunir til spítalans hafa að raungildi minnkað mitt í miðju góðærinu. Menn geta hins vegar deilt um það endalaust hvort það fjármagn sé frá einum tíma til annars mikið eða lítið. Hitt er ljóst að sparnaðarkröfur birtast m.a. í því, sem mörgum kann að finnast ekki stórt atriði, að skera þurfti niður embætti trúnaðarmanns sjúklinga, sem ég legg mikla áherslu á. Spítali á borð við Landspítalann er ekki bara hátæknisjúkrahús heldur þarf hann að taka til langtum víðtækari þátta, þar á meðal félagslegra og sálfræðilegra og líknarþátta í störfum spítalans.

Frú forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil leggja höfuðáherslu á. Landspítalinn er sannarlega flaggskipið í íslensku sjúkrahúskerfi og langstærsti spítalinn á landinu. Ég held að það sé mikilvægt að hann stækki ekki miklu meira. Ég held að það sé mikilvægt að efla samstarf enn frekar við spítala í kringum höfuðborgarsvæðið, í Hafnarfirði, St. Jósefsspítala, á Akranesi, á Selfossi og í Reykjanesbæ, þannig að þessir spítalar myndi það varnarnet sem mikilvægt er í kringum þetta flaggskip.

Einnig segi ég það, frú forseti, að þetta húsnæði sem við búum hér yfir er búið að plástra ár frá ári áratugum saman og við svo búið má ekki standa. Það þarf að setja niður hið allra fyrsta verkefnaplan tímasett á ár hvenær ráðist verði í og hvenær lokið við byggingu nýs landspítala. Það mun sannarlega bæta aðstöðu starfsmanna, (Forseti hringir.) aðstöðu sjúklinga og lækka, þegar til lengdar lætur, rekstrarkostnað spítalans.

[13:23]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég get í stórum orðum sagt tekið undir allan seinni hluta ræðu síðasta ræðumanns hér um þörfina á samhæfingu sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu, aukið samstarf þeirra á milli og gildi þess að byggja utan um Landspítalann eins og hefur verið unnið að og er unnið að. Von-

andi sjáum við fyrir endann á því hvernig það verður fjármagnað.

Varðandi það umræðuefni sem hv. málshefjandi ber upp í dag má ætla af máli hennar að fjárheimildir til Landspítalans hafi verið að dragast saman. Hv. fyrirspyrjandi talar um sparnaðar-, hagræðingar- og aðhaldsaðgerðir stjórnvalda sem hafi bitnað á þjónustu við sjúklinga. Það er bara ekki svo, frú forseti, að hátæknisjúkrahús landsmanna búi við niðurskurð á fjárheimildum. Eins og hæstv. ráðherra rakti í máli sínu er þjónusta sjúkrahússins í örri þróun, og þjónusta sjúkrahússins tekur jafnörum breytingum. Það er stöðugt verið að leita leiða, auðvitað, til að hagræða í rekstrinum með það að markmiði að nýta sem best þá miklu fjármuni sem ríkissjóður leggur sjúkrahúsinu til með það að markmiði að tryggja að fjármunirnir komi sem flestum sjúklingum sem mest til góða.

Það er líka ljóst að hagræðingaraðgerðirnar hafa í för með sér breytingar, bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk sjúkrahússins. Það liggur í hlutarins eðli að þær hafa áhrif á sjúklinga og starfsfólk. En ég tel það mikinn ábyrgðarhluta af hv. fyrirspyrjanda að láta í veðri vaka að ekki sé veitt viðunandi þjónusta á sjúkrahúsinu. Hv. fyrirspyrjandi veit, eins og mörg okkar hinna sem erum stödd hér í þingsal, að íslenska heilbrigðiskerfið er í fremstu röð meðal þjóða heims. Á hverjum einasta degi eru inni á Landspítala – háskólasjúkrahúsi unnin afrek sem ýmist bjarga lífi fólks eða veita því nýtt líf og aukin lífsgæði.

Það blasir auðvitað við að stjórnendur sjúkrahússins standa frammi (Forseti hringir.) fyrir ýmsum verkefnum í rekstri en sjúkrahúsið hefur 25 milljarða kr. (Forseti hringir.) umleikis á hverju ári og það hefur hækkað um 4 milljarða á síðustu tveimur árum.

[13:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Landspítali – háskólasjúkrahús er langmikilvægasta heilbrigðisstofnun þjóðarinnar og það svo miklu munar. Þetta er kjölfestustofnun, þar enda erfiðustu og sérhæfðustu verkefnin sem enginn annar aðili ræður við eða vill taka að sér í heilbrigðiskerfinu. Hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni til upplýsingar skal þó minnt á að næst Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi að stærð og getu kemur Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Þeim mun bagalegra er, herra forseti, að Landspítalinn skuli hafa búið við þær þrengingar sem raun ber vitni og sannanlegt er undanfarin mörg ár. Þex hér um einhverja milljarðahækkun til eða frá hefur lítið gildi þegar það er, þegar til kastanna kemur, umfang starfseminnar og þörfin sem að lokum stillir af hversu mikla fjármuni Landspítalinn fær. Af hverju er það? Það er vegna þess að hann getur ekki velt vanda sínum og verkefnum yfir á neinn, það er enginn ofan við hann til að senda verkefnin til. Þar er sem betur fer, enn þá a.m.k., engum úthýst þannig að að lokum verður Landspítalinn að glíma við þá hluti. Hann hefur ekki haft nægt rekstrarfé, dregið skuldahala lengstum undanfarin ár. Ýmsar deildir spítalans eru svo tilfinnanlega undirmannaðar að vinnuálag þar er að hrekja fólk í burtu, það er staðreynd.

Í þriðja lagi hefur sameining stóru sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu orðið starfseminni mjög erfið eins og að henni var staðið, eins og hún var undirbúin, þ.e. ekki nógu vel og ekki með einhverri markvissri áætlun um það hvernig ætti þá að ná hagræðingunni fram. Að þessu leyti hefur sagan endurtekið sig frá sambærilegum tilraunum í nágrannalöndunum þar sem of illa undirbúnar sameiningar skila ekki því sem þeim er ætlað. Þær eru ekkert töfraorð ef áætlunin liggur ekki fyrir.

Það er óhjákvæmilegt að veita meira fé, það er óhjákvæmilegt að draga úr álagi á ýmsum deildum og það verður að ná tökum á stjórnkerfisvanda Landspítalans og skapa þar betri starfsmannamóral.

[13:28]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Öllum má vera ljóst að sameining Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur er og hefur verið umfangsmikið verkefni og hefur haft og mun hafa áhrif á allra starfsmenn spítalans. Reynt hefur á alla þætti breytingastjórnunar. Því kemur ekki á óvart að einhverjir starfsmenn séu ósáttir, ekki síst þeir sem hafa staðið frammi fyrir hvað mestum breytingum á starfsumhverfi. Fram hjá því verður ekki litið og við því þarf að bregðast. Því er yfirlýsing forstjóra LSH og formanna lækna- og hjúkrunarráðs spítalans frá 8. apríl sl. mikilvæg en í henni felst að aðilar muni sameiginlega vinna að bættum samskiptum innan spítalans.

Fyrr í þessari viku fékk ég svar hæstv. heilbrigðisráðherra við fyrirspurn minni um öryggi sjúklinga á LSH og tengslin við mönnun innan hjúkrunar. Í svari ráðherra kemur fram að legutími sjúklinga hefur styst verulega á LSH á síðustu þremur árum sem þýðir að inniliggjandi sjúklingar eru almennt veikari en áður. Það felur í sér aukið álag á starfsmenn spítalans. Ábendingar starfsmanna á síðustu dögum styðja þetta.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem koma fram í svari ráðherra hafa stjórnendur spítalans brugðist við þessum breyttu aðstæðum með fækkun sjúklinga á hvern hjúkrunarfræðing á flestum legudeildum spítalans, þ.e. það eru færri sjúklingar á hjúkrunarfræðing en áður. Erlendar rannsóknir benda til þess að á bilinu 3–17% sjúklinga sem leggjast inn á sjúkrastofnanir verða fyrir óhappatilvikum og fylgikvillum vegna sjúkrahúsvistar, sem í mörgum tilvikum hefði verið hægt að koma í veg fyrir. Almennt er þó talið að einn af hverjum 10 sjúklingum lendi í slíkum atvikum og ekkert bendir til þess að staðan hér á landi sé betri en annars staðar, en það verður að segjast að skráningin er ekki í nógu góðu lagi hjá okkur.

Vitað er að skipulag og verkferlar á sjúkrastofnunum og mönnun hjúkrunarfræðinga eru afgerandi þættir þegar öryggi sjúklinga er annars vegar. Mikilvægt er að stjórnvöld hafi hliðsjón af þessu þegar fjárveiting til sjúkrastofnana er ákvörðuð og stjórnendum sé það ljóst við skiptingu fjármagns innan stofnunarinnar.

[13:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim sem tóku þátt í þessari umræðu og hæstv. ráðherra fyrir svörin þó að

ég hafi ekki alls kostar verið ánægð með þau svör sem hann gaf, m.a. hvernig hann ætlar að stilla til friðar á spítalanum. Deilurnar sem þar ríkja skaða starfsemina og það þarf að ríkja friður um svona mikilvæga starfsemi eins og er á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Þar er verið að vinna frábært starf við mjög erfiðar aðstæður, og enginn neitar því að menn hafa búið þar við mjög miklar aðhaldsaðgerðir eins og ég lýsti í fyrri ræðu minni. Það er líka staðreynd að á föstu verðlagi var rekstrarkostnaður spítalans á síðasta árið nánast sá sami og árið 2000. Við verðum auðvitað að bera þetta saman á föstu verðlagi.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann raunhæft að spítalinn búi við föst fjárlög þegar hann getur ekki brugðist við sveiflum í þjónustunni eins og ég lýsti í ræðu minni áðan? Ég fagna því síðan að úrbætur eru fram undan á taugadeildinni og ástandið að lagast. Ég tel að þjónusta við sjúklinga eins og Guðmundur Guðmundsson parkinsonsjúklingur lýsir í Morgunblaðsgreininni sé óviðunandi þannig að þar verður að ráða bót á.

Virðulegi forseti. Við getum talað lengi og mikið um stöðuna á Landspítalanum en ég fagna því ef það á að fara að leysa útskriftarvandann sem hefur verið mikill á spítalanum. Það er nauðsynlegt til að hægt sé að veita þar viðunandi þjónustu til framtíðar.

[13:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Fyrst vil ég leiðrétta eina tölu sem kom fram í upphafsræðu minni, framlög til spítalans fyrir tveimur árum voru 24,1 milljarður og fjárframlög til spítalans hafa hækkað um 1,4 milljarða á tveimur árum. Hins vegar er rekstur spítalans það sem af er árinu í jafnvægi og þess má geta, af því að verið er að tala um hagræðingu og sparnað, að spítalinn er undanþeginn almennri hagræðingarkröfu þetta ár. Við erum með dráttarvaxtamálið sem málshefjandi nefndi réttilega í skoðun.

Það er rétt að mjög gott starf er unnið á spítalanum við erfiðar aðstæður. Þær hafa verið erfiðar undanfarin ár vegna sameiningarinnar sem er farin að skila sér í beinum sparnaði, það er alveg ljóst. Aðalatriðið er þó að sameiningin leiðir til öflugri þjónustu á spítalanum og öflugri þjónustudeilda, þ.e. öflugri sviða sem geta veitt betri og öflugri þjónustu. Það sýnir að biðlistar á spítalanum eru farnir að styttast.

Ég hygg að menn skoði það þegar DRG-kerfið er komið í gagnið — það er að koma á spítalanum — að fjármögnun spítalans verði að einhverju leyti blönduð en þetta er hlutur sem þarf að skoða og leggja niður fyrir sér. Það er verkefnið fram undan.

Varðandi síðan það að stilla til friðar á spítalanum (Forseti hringir.) eins og málshefjandi orðar það, starfsfólk spítalans hefur alveg fullan hug á því (Forseti hringir.) að setja niður þessar deilur. Ég hef fylgst grannt með því og ég vona (Forseti hringir.) að það góða starf sem þar er geti haldist áfram.

Fjárhagsleg og stjórnunarleg tengsl ráðherra.

Fsp. ÖJ, 623. mál. — Þskj. 934.

[13:35]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum hefur átt sér stað meiri tilfærsla á almannaeignum í hendur einkaaðila en dæmi eru um í Íslandssögunni. Um er að ræða verðmæti sem nema gríðarlegum upphæðum, verðmæti sem ekki aðeins eru mæld í peningum heldur einnig í völdum og áhrifum. Þær ríkisstjórnir sem hafa staðið að einkavæðingunni hafa legið undir ámæli fyrir að gæta hagsmuna almennings illa og má í því sambandi benda á söluna á SR-mjöli á 10. áratugnum en ekki síður eru þó alvarlegar ásakanir um að stjórnmálaflokkar hafi hyglað fjármálamönnum og fyrirtækjum sem þeim eru þóknanleg. Þannig hafa verið búnar til söluaðferðir sem tryggja að tilteknir aðilar komist að kjötkötlunum og er þar gjarnan vísað í einkavæðingu ríkisbankanna sem færðir voru upp á silfurfati í árslok 2002.

S-hópurinn svonefndi öðlaðist yfirráð yfir Búnaðarbankanum en S-hópurinn er, sem kunnugt er, gjarnan tengdur við Framsóknarflokkinn og eru fyrir því ærnar ástæður. Landsbankinn hafnaði hjá öðrum aðila, kjölfestufjárfesti eins og ríkisstjórnin kallaði þá sem öðluðust hnossin. Svo ofbauð einum nefndarmanni í einkavæðingarnefnd, frjálshyggjumanninum Steingrími Ara Arasyni, að hann sagði sig úr nefndinni fyrir vikið og gagnrýndi hin pólitísku tök sem höfð voru á við söluna.

Hæstv. bankamálaráðherra Valgerður Sverrisdóttir sagði í sjónvarpsþætti í gær að það væri svo undarlegt að gagnrýnendur virtust beina sjónum sínum að einum þingmanni öðrum fremur þegar tengsl við fyrirtæki sem tengdust einkavæðingunni væru til umræðu. Hver skyldi sá þingmaður hafa verið? Sá maður heitir Halldór Ásgrímsson og er hæstv. forsætisráðherra þjóðarinnar.

Nú verð ég að segja, hæstv. forseti, að ekki þykir mér þetta vera undarlegt. Þvert á móti er það fullkomlega eðlilegt og málefnalegt að beina sjónum að sjálfum verkstjórum einkavæðingarinnar. Sem áður segir eru þeir ábyrgir fyrir ráðstöfun verðmæta og valda. Sjálfir þurfa þeir að vera hafnir yfir allan vafa um annarleg hagsmunatengsl. Þegar svo kemur í ljós að þeir sjálfir beint eða nánustu samherjar þeirra í stjórnmálum eru viðriðnir fyrirtæki sem tengjast einkavæðingunni er fullkomlega eðlilegt að um það sé spurt og upplýsinga og skýringa krafist.

Að mínum dómi er það lykilatriði að við innrætum okkur þá afstöðu að könnun á tengslum stjórnmála og viðskiptahagsmuna sé fullkomlega eðlileg. Þetta er ekki spurning um hnýsni eða illgirni, heldur forsenda þess að við reisum ekki þjóðfélag byggt á spillingu. Þeir stjórnmálamenn sem flæktir eru inn í viðskiptaleg hagsmunatengsl en telja sig ekki hafa neitt að fela í þessum efnum og telja allar gjörðir sínar réttlætanlegar og eðlilegar ættu sjálfir að ríða á vaðið og leggja öll sín spil á borðið. Það gerði Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur. Á heimasíðu danska forsætisráðuneytisins er hægt að fá upplýsingar um tengsl allra ráðherra í dönsku ríkisstjórninni við hvers kyns viðskiptahagsmuni. Þetta er til mikillar fyrirmyndar.

Er ríkisstjórn Íslands reiðubúin að gera slíkt hið sama?

[13:38]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Eins og fyrirspyrjandi, hv. þm. Ögmundur Jónasson, vísar til hefur forsætisráðherra Danmerkur gefið út sérstök fyrirmæli til ráðherra í ríkisstjórn sinni um að birta opinberlega upplýsingar um fjárhagsleg og stjórnunarleg tengsl sín og maka sinna við fyrirtæki. Þetta var gert í kjölfar tveggja hneykslismála sem tengdust mökum ráðherra eða væntanlegs ráðherra. Allir ráðherrar urðu við þessu, nema hvað maki eins ráðherrans neitaði því af prinsippástæðum um friðhelgi einkalífs.

Hér á landi hefur það verið venja að ráðherrar sitji ekki í stjórnum fyrirtækja. Eins á það auðvitað við samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, að ráðherra ber að víkja sæti ef til úrlausnar koma mál sem varða fyrirtæki þar sem ráðherra eða venslamenn hans eiga sérstaklegra eða verulegra hagsmuna að gæta. Veit ég ekki til þess að nokkur mál hafi komið upp hér á landi, a.m.k. ekki í seinni tíð, sem sýni að fyrrnefndar reglur og venjur dugi ekki til að því er ráðherra snertir. Eru ráðherrar þó og verk þeirra stöðugt undir smásjánni af hálfu alþingismanna, dómstóla, umboðsmanns Alþingis, Ríkisendurskoðunar, fjölmiðla og almennings. Ef leita á samanburðar hjá öðrum starfsstéttum má geta þess að samkvæmt dómstólalögum, nr. 15/1998, ber dómara að tilkynna nefnd um dómarastörf um hlut sem hann eignast í félagi eða fyrirtæki. Þessar upplýsingar eru ekki birtar opinberlega eftir því sem ég best veit, heldur er viðkomandi nefnd falið að hafa eftirlit með því að aukastörf dómara og eignarhlutur í fyrirtækjum hafi ekki áhrif á sjálfstæði þeirra og óhlutdrægni.

Það má því spyrja hvort ganga þurfi enn lengra varðandi ráðherra en gert er þegar dómarar eiga í hlut. Mjög ríkar kröfur eru gerðar um sjálfstæði dómara en samt er ekki ætlast til að þeir birti opinberlega upplýsingar af því tagi sem hv. fyrirspyrjandi vísar til. Hlýtur það að helgast m.a. af sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs. Það þarf að íhuga í þessu sambandi að það þyrfti líkast til að ganga nokkuð langt varðandi friðhelgi einkalífs ráðherra og venslafólks hans ef reglur af þessu tagi ættu að hafa eitthvað að segja. Hvað sem öðru líður ættu að mínu mati að gilda sömu reglur um alþingismenn og ráðherra að þessu leyti. Má reyndar segja að ríkari ástæða sé til að skoðuð sé staðan varðandi alþingismenn því að um þá gilda ekki hæfisreglur stjórnsýslulaga. Ég tel eðlilegt að forsætisnefnd Alþingis taki málið til umfjöllunar og móti tillögur um hvaða reglur skuli gilda í þessum efnum um alþingismenn sem væru þá jafnhliða um ráðherra.

Eins og fram kemur í skýrslu minni til Alþingis sem dreift hefur verið í dag um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi og starfsumhverfi stjórnmálaflokka á Íslandi hef ég ákveðið að skipa nefnd allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi er fjalla mun um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi og einkum og sér í lagi fjármál og fjárreiður stjórnmálaflokka. Hef ég sent bréf til formanna allra flokka þar sem þeir eru beðnir um að tilnefna fulltrúa í nefndina. Ég tel að þessi nefnd geti jafnframt verið góður vettvangur stjórnmálaflokkanna til að fjalla um upplýsingaskyldu stjórnmálamanna um fjárhagsleg eða stjórnunarleg tengsl sín við fyrirtæki og samtök.

[13:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég fagna því sem fram kom í máli hæstv. forsætisráðherra. Hann hvetur til þess að þetta mál verði tekið upp í forsætisnefnd og að forsætisnefnd væntanlega setji þá reglur varðandi þau atriði sem hér eru nefnd eins og fjármálaleg og stjórnmálaleg tengsl við fyrirtæki og fleiri atriði sem lúta að siðareglum alþingismanna sem þjóðþingin í kringum okkur hafa fyrir löngu tekið upp. Ég minni á að í fjögur ár hef ég flutt tillögu til þingsályktunar um að settar verði siðareglur fyrir alþingismenn. Á þessu þingi er sú tillaga flutt ásamt þingmönnum úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokknum þannig að ég hvet til þess að málið verði tekið upp í forsætisnefnd í samræmi við þá tillögu sem ég hef flutt.

Ég fagna því líka að loksins liggur fyrir skýrsla forsætisráðherra sem svar við skýrslubeiðni okkar í Samfylkingunni um fjármál stjórnmálaflokkanna sem hefur tekið eitt og hálft ár að svara. Ég vænti þess að hún verði tekin til umræðu á næstu dögum og þær hugmyndir sem koma fram hjá hæstv. forsætisráðherra.

[13:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Svör forsætisráðherra við spurningu málshefjanda, hv. þm. Ögmunds Jónassonar, valda vonbrigðum þó að vissulega kæmu fram að öðru leyti jákvæðar fréttir í máli hans. Það að vísa til þess að hér sé ekki hefð fyrir því að ráðherrar sitji í stjórnum fyrirtækja og þeir víki þegar um hagsmunaárekstra er að ræða er auðvitað ekkert svar. Það er enn síður svar að reyna að skýla ráðherrum sem fara með framkvæmdarvald, eru ekki kosnir til þess og fara þar á meðal með framkvæmdarvald þegar kemur að einkavæðingu ríkisfyrirtækja, á bak við þingmenn. Það er heldur ekkert svar við þeirri spurningu hvort hæstv. forsætisráðherra sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að fara dönsku leiðina. Ísland hefur algera sérstöðu í þessum efnum, að ekki skuli gilda hér lög um fjármál stjórnmálaflokka og það skuli ekki vera hér nein hefð fyrir því að veita svona upplýsingar. Þar verðum við að taka okkur á. Ef við ætlum að þroska hér áfram opið lýðræðissamfélag verðum við að vinna bót á þessu til að hlutirnir séu hafnir yfir allan vafa. (Forseti hringir.) Þetta snýst ekki um að sanna misnotkun, heldur að hafa hlutina í lagi og að þeir séu hafnir yfir vafa.

[13:45]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég fagna eindregið yfirlýsingum hæstv. forsætisráðherra og vona að hér verði verkin látin tala en þetta ekki svæft í nefnd. Ég er sammála honum um að sömu reglur þurfi að gilda um þingmenn og ráðherra. Ég vona að þær reglur verði svo gagnsæjar að hér þurfi þingmenn ekki framar að leggja fram jafnpersónulegar og að mörgu leyti óþægilegar spurningar til einstakra samþingmanna eins og ég þurfti að gera hér á dögunum í tengslum við einkavæðingu Símans. Í Danmörku og Noregi gilda reglur af þessu tagi. Þar upplýsa menn um eignarhlut fyrir hálfa millj. kr. eða meira í fyrirtækjum, í hvaða stjórnum þeir sitja og ef þeir þiggja gjafir fyrir umfram 20 þús. kr. frá

einhverjum aðila. Við hljótum að geta sett okkur slíkan ramma hér.

Sömuleiðis er það fagnaðarefni ef hér á að setja löggjöf um fjármál stjórnmálaflokkanna. Það er löngu tímabært að hreinsa andrúmsloftið og að stjórnmálaflokkarnir geri hreint fyrir sínum dyrum. (Forseti hringir.) Ég trúi því að við höfum ekkert að fela í þeim efnum. En skýrar reglur (Forseti hringir.) þarf til að forðast spillingu í þessu efni, virðulegur forseti.

[13:46]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Lykilatriðið um traust og virðingu á löggjafarsamkomunni og um trúverðugleika þingmanna liggur í orðinu gagnsæi, gagnsæi um hugsanleg eigna- og hagsmunatengsl þingmanna. Við teljum að það auki trúverðugleika þingsins og þingmanna að slíkar reglur séu fyrir hendi. Þingflokkur Framsóknarflokksins hefur þegar sent forseta þingsins bréf um og óskað eftir því að forsætisnefnd setji slíkar reglur, auk þess sem þingflokkurinn hefur ákveðið að eiga frumkvæðið að því að setja sér slíkar reglur og ráðast í það að birta opinberlega upplýsingar um fjárhag og eignir og eftir atvikum eignarhlut þingmannanna í atvinnurekstri, þóknun fyrir önnur launuð störf, aðild að hagsmunasamtökum og upplýsingar um gjafir, hlunnindi og boðsferðir.

Lykilatriðið er gagnsæi og við höfum ákveðið í þingflokki Framsóknarflokksins að ríða á vaðið, en aðlaga síðan þær upplýsingar að þeim reglum sem forsætisnefnd setur ef og þá þegar af því verður.

[13:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir svörin. Þau lofa góðu. Ég er almennt séð hlynntur því að hafa sem mestar upplýsingar og mest gagnsæi. Það slær á sögusagnir og kjaftasögur og gróusögur sem oft fara út um víðan völl og gera miklu meira úr hlutunum en tilefni eru til.

Þingmenn eru kosnir á Alþingi til að gæta hagsmuna. Sumir eru hér fyrir verkalýðsfélög, aðrir fyrir sveitarfélög o.s.frv. en þeir hagsmunir liggja fyrir og þurfa að vera gagnsæir þannig að menn viti hvar þingmaðurinn stendur.

Í sambandi við eignatengsl sem menn horfa mikið á vil ég benda á skuldatengsl sem eru miklu alvarlegri. Ef menn eiga að gefa upp eignir sínar ættu þeir ekki síður að gefa upp skuldastöðu sína þannig að menn viti hverjum þeir eru virkilega háðir.

[13:48]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Trúnaður og ímynd þingmanna og ráðherra skiptir, held ég, afar miklu máli og raunar meginmáli gagnvart því starfi sem þeir eru kosnir til og einnig gagnvart þjóðinni. Stöðug umræða um að á Alþingi eða innan ríkisstjórnar sé verið að beita vafasömum vinnubrögðum við sölu á almannafyrirtækjum og hygla einstaka aðilum hlýtur að vera mjög slæm, og er það.

Það ætti ekki að þurfa að fá úrskurð frá forsætisnefnd til þess að ráðherrar sæju það réttast að hafa öll sín mál uppi á borðinu. Ég tel einboðið að bæði þingmenn og ráðherrar eigi að gera grein fyrir því við kjör sitt á þing (Forseti hringir.) hver hagsmunastaða þeirra og eignastaða sé, (Forseti hringir.) og skuldastaðan sömuleiðis. Það á ekki að vera neitt leyndarmál, herra forseti.

[13:49]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Yfirlýsing hæstv. forsætisráðherra áðan fannst mér fyrir margar sakir merkileg og ég fagna henni að sjálfsögðu. Við í Frjálslynda flokknum höfum um árabil mælt fyrir því að fjármál stjórnmálaflokkanna yrðu opnuð og að þar yrði fullkomið gegnsæi. Þetta gegnsæi á að sjálfsögðu einnig að gilda um ráðherra og þingmenn. Mér finnst að það eigi að vera hverjum og einum sem situr á hinu háa Alþingi í sjálfsvald sett að gefa þessar upplýsingar. Margir þingmenn eru til að mynda með eigin heimasíður og þar ætti þeim að vera í lófa lagið að birta þær upplýsingar sem þeir vilja.

Hæstv. forsætisráðherra minntist á skýrslu sem hefur verið deilt út í þinginu. Ég var að blaða í gegnum hana, reyndar á handahlaupum meðan umræðan fór hér fram, og þar kemur m.a. fram að fjárframlög lögaðila til stjórnmálaflokka hafa aukist úr 200 milljónum árið 1998 samkvæmt skattframtölum í 700 milljónir á síðasta ári. Þarna er um háar tölur að ræða og verður mjög fróðlegt að fá að vita hverjir eru að gefa fé til (Forseti hringir.) stjórnmálaflokkanna með þessum hætti.

[13:51]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. forsætisráðherra um að þingmenn og ráðherrar leggi spilin á borðið hvað varðar fjárhagsleg tengsl sín og hagsmuni, og einnig að stjórnmálaflokkarnir opni bókhald sitt. Það er orðið löngu tímabært. Því miður eru þó nýleg verk framsóknarmanna ekki til þess fallin að yfirlýsingin sé trúverðug, þ.e. mér finnst hún ekki áreiðanleg í ljósi upplýsinga í fjárlaganefnd um einkavæðingu bankanna fyrir nokkrum árum.

Þegar utanríkismálanefnd fór síðan yfir það hvernig staðið var að stuðningsyfirlýsingu Íslands við árásina á Írak var fengið aflátsbréf frá prófessor uppi í Háskóla Íslands fyrir 75 þús. kall. Verkin lofa því miður ekki góðu hvað varðar efndir í þessu máli.

[13:52]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég fagna þessari hófstilltu og jákvæðu umræðu um það mikilvæga mál sem við ræðum hér og einkanlega lýsi ég yfir ánægju með það að hæstv. forsætisráðherra og fulltrúi Framsóknarflokksins, Jónína Bjartmarz, hafi komið fram með jafnafdráttarlausa yfirlýsingu og hér um ræðir, lýsi þannig yfir stuðningi við málatilbúnað okkar jafnaðarmanna til margra ára. Það vekur hins vegar athygli að hæstv. forsætisráðherra vísar þessu máli á hendur forsætisnefnd þingsins. Ég sit þar og mun taka það mál vænt-anlega að mér og gera það af miklum krafti. Á hinn bóginn er það óvanalegt og vekur upp þá spurningu hvort vera

kunni að forsætisráðherra eigi í erfiðleikum með samstarfsflokkinn í þessum efnum, og þess vegna þurfi hann að skáka þessu máli inn í þingið. Því væri mikilvægt að heyra frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins hvort þeir séu ekki sammála þessum allsherjarkór sem hér virðist vera á ferðinni.

[13:53]

Fyrirspyrjandi (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt að heyra hve sammála allir virðast um að opna eigi allt upp á gátt. Það er svolítið skrýtið að það skuli þá ekki hafa gerst fyrr. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra svörin. Staðreyndin er sú að Ísland er í sérflokki fyrir það við hve lokað kerfi við búum. Alls staðar annars staðar á Norðurlöndunum og í Bretlandi, svo að dæmi séu tekin, þykir sjálfsagt mál að upplýsingar um hagsmunatengsl ráðherra í ríkisstjórnum séu öllum aðgengilegar.

Tilefnið í Danmörku, segir hæstv. forsætisráðherra, fyrir því að reglur voru settar voru hneykslismál. Ef við þurfum hneykslismál til að fá tilefni til að setja reglur eru þau ærin til, og vék ég að nokkrum í inngangi mínum áðan.

Ég er sammála því að svipaðar reglur eigi að gilda um þingmenn, og að sjálfsögðu þarf að opna reikninga stjórnmálaflokkanna svo að ganga megi úr skugga um hvort einkavinir launi velgerðarmönnum sínum veitta pólitíska greiða.

Þetta er brýnt hagsmunamál. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum fyrir löngu opnað alla okkar reikninga þannig að þeir eru öllum aðgengilegir og ljósir. Ég tel ekkert því til fyrirstöðu að ríkisstjórnin setji þegar í stað sambærilegar reglur og Danir hafa sett, aðgengilegar á heimasíðu danska forsætisráðuneytisins, um hagsmunatengsl ráðherra í ríkisstjórninni. Það eina sem skortir á að það verði gert hér er viljinn til þess.

Ég fagna því hins vegar að hæstv. forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, lýsir yfir vilja til að stíga skref í þá átt og læt ég það vera lokaorð mín að fagna því skrefi.

[13:55]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er eðlilegt og nauðsynlegt að stjórnmálaflokkarnir ræði þessi mál saman. Stjórnmálaflokkarnir á Alþingi hafa til þess vettvang í forsætisnefnd þingsins. Ég er á margan hátt undrandi á því hve lítil umræða virðist hafa farið fram þar um þessi mál. Auðvitað hefði forsætisnefnd fyrir löngu getað sett reglur um þessi mál. Ég vek líka athygli á því að einstakir þingflokkar geta sett sjálfum sér slíkar reglur. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það. Það hefur þingflokkur Framsóknarflokksins ákveðið að gera, og það er verið að vinna í því. Ég mun að sjálfsögðu undirgangast það eins og aðrir þingmenn. Þetta er kannski ekki svo óskaplega erfitt eins og mér heyrist vera hjá mörgum þingmönnum hér.

Að sjálfsögðu er mikilvægt að þarna séu samræmdar reglur og ég vænti þess að forsætisnefnd fjalli ítarlega um þessi mál og nái vonandi niðurstöðu um reglur sem eru í samræmi við það sem gengur og gerist í kringum okkur. Ég tel líka eðlilegt að sú nefnd sem fjallar um hugsanleg fjárhagsleg tengsl stjórnmálaflokkanna fjalli um þessi mál. Þetta verða hins vegar að vera reglur sem byggja á því að hér er um að ræða lýðræðisleg samtök sem eru undirstaða lýðræðisins í landinu og taki tillit til þess að það er nauðsynlegt að þessi starfsemi eigi sér stað. Það er það sem mér finnst skorta á í þjóðfélaginu. (Forseti hringir.) Það er eins og mönnum finnist þetta nánast óþörf starfsemi (Forseti hringir.) sem þurfi ekkert fjármagn að fá.

Sveigjanleg starfslok.

Fsp. GHall, 691. mál. — Þskj. 1049.

[13:58]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Hæstv. forseti. Hinn 9. maí árið 2000 samþykkti Alþingi þingsályktun þar sem skorað er á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að móta tillögur um að auka sveigjanleika íslenskra launamanna við starfslok. Leitað var eftir tilnefningu í nefndina og voru sjö aðilar úr atvinnulífinu, bæði fulltrúar verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda og fulltrúar frá ríki, skipaðir í þessa nefnd. Í skipunar- og erindisbréfi nefndarinnar frá 12. júní 2001 er verkefni hennar m.a. svo lýst:

„Nefndin skal gera grein fyrir vandkvæðum og álitamálum sem uppi eru varðandi fyrirkomulag starfsloka.

Nefndin skal fjalla um valkosti og mögulegar breytingar varðandi fyrirkomulag starfsloka og ráðstafanir sem slíkar breytingar myndu útheimta, t.a.m. varðandi iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði og lífeyrisgreiðslur.“

Nefndin skilaði af sér 4. október 2002 og lagði m.a. þetta til, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að breytingar verði gerðar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að hægt sé að fresta töku lífeyris til allt að 72 ára aldurs án þess að ávinningur réttinda stöðvist.“

Hún lagði einnig til:

„Nefndin telur mikilvægt að bein tengsl séu milli aukins svigrúms lífeyrisþega og flýtingar starfsloka annars vegar og réttinda og greiðslna úr lífeyrissjóðum og frá almannatryggingum hins vegar. Þessi tengsl þurfa að vera einstaklingum algjörlega ljós þegar þeir taka ákvarðanir um hvenær vinnumarkaður er yfirgefinn og taka lífeyris hefst.“

Og:

„Nefndin telur að æskilegt sé að sem mestur sveigjanleiki sé fyrir hendi til að einstaklingar geti ákveðið að hefja töku lífeyris að hluta eða geti gert hlé á töku lífeyris ef slíkt hentar þeim, t.d. vegna endurmenntunar.“

Enn fremur kemur hér fram:

„Nefndin telur einsýnt að skoða þurfi sérstaklega leiðir til að bregðast við sérstökum þörfum þeirra sem nálgast eftirlaunaaldur. Bent hefur verið á að vandi ýmissa stétta felist í álagi sem erfiðara er að mæta með hækkandi aldri og skertu starfsþreki eldra fólks, þannig séu t.d. annmarkar á að eldri starfsmenn geti sinnt ýmsum störfum sem fela í sér andlegt og líkamlegt erfiði.“

Eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, skilaði nefndin af sér árið 2002. Af því tilefni vil ég beina fyrirspurn til hæstv. forsætisráðherra:

Hyggst ráðherra vinna þeim tillögum framgang sem nefnd á vegum ráðuneytisins lagði til í lokaskýrslu sinni frá 4. október 2002, um að auka sveigjanleika launamanna við starfslok?

[14:00]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Nefnd sú sem hv. fyrirspyrjandi Guðmundur Hallvarðsson vísar til lagði fram þrjár megintillögur varðandi sveigjanleg starfslok launþega.

Í fyrsta lagi lagði nefndin til að starfsmenn geti frestað starfslokum allt til 72 ára aldurs sem eftir atvikum mætti binda sérstökum skilyrðum um starfsþrek viðkomandi starfsmanns og getu hans til að valda starfinu. Nefndin lagði jafnframt til að hægt væri að fresta töku lífeyris til allt að 72 ára aldurs án þess að ávinningur réttinda skerðist.

Í annan stað taldi nefndin koma til álita að skylda lífeyrissjóði á almennum markaði til að heimila töku lífeyris frá 60 ára aldri hafi starfsmaður unnið sér meginhluta fullra lífeyrisréttinda. Ávallt skal þó refsa tryggingafræðilega fyrir skammtöku lífeyris.

Í þriðja lagi mælti nefndin með að starfsmenn geti minnkað við sig vinnu og hafið hlutatöku lífeyris eftir að tilteknum aldri er náð. Þó skal sett gólf á hvað skerða má hefðbundin eftirlaun sem óhjákvæmilega leiðir af hlutatöku lífeyris til að útiloka fátækt á efri árum sem rekja mætti til hlutatökunnar.

Ofangreindar hugmyndir miða allar að því að auka valfrelsi starfsmanna á vinnumarkaði sem mest. Nefndin hafði það að leiðarljósi að ekki myndist óæskilegir hvatar til snemmtöku eða seinkunar lífeyris á íslenskum vinnumarkaði og áfram verði miðað við að þorri landsmanna ljúki störfum við 67 ára aldur.

Þá lagði nefndin áherslu á að enginn beri kostnaðinn af snemm- eða hlutatöku lífeyris nema starfsmaðurinn sjálfur og að hann geri sér fullkomlega ljóst hver áhrifin verði á eftirlaun hans í framtíðinni. Lög og reglur hér á landi um starfslok og réttindi launþega við starfslok eru tiltölulega einföld og skýr og ekki hefur verið sérstakur ágreiningur um túlkun þeirra eða framkvæmd.

Vissulega hafa heyrst þær raddir að ekki sé rétt að knýja fólk til að láta af störfum meðan það hefur enn gott starfsþrek og vilja til að halda áfram atvinnuþátttöku. Í hina áttina lýtur gagnrýnin að því að fólk eigi þess ekki kost að hætta atvinnuþátttöku fyrr en nú er. Á það ber hins vegar að líta að lífeyriskerfið hefur eflst á undanförnum árum. Almennur sparnaður og eignamyndun hefur aukist. Af þessum sökum hafa skapast betri forsendur fyrir því að einstaklingar búi við aukinn sveigjanleika og frelsi varðandi ákvarðanir um hvernig þeir hátta töku lífeyris. Möguleikar og hvati til viðbótarlífeyrissparnaðar hefur verið aukinn verulega á undanförnum árum og munar þar mestu um framlag atvinnurekandans. Líklegt er að starfsmenn muni nota þennan möguleika í framtíðinni til að draga úr vinnu. Áhrifa viðbótarlífeyrissparnaðar á starfslokaákvarðanir mun gæta í auknum mæli með tímanum og þungi þeirra verður orðinn verulegur eftir 10–20 ár.

Frá því að skýrsla fyrrgreindrar nefndar var lögð fram í október 2002 hefur þrýstingur frá hagsmunaaðilum á stjórnvöld verið takmarkaður við að breyta lögum um fyrirkomulag töku lífeyris. Breyting á lögum í þá átt að fresta starfslokum til 72 ára aldurs er vandasöm og erfitt að finna meðalhóf og viðmiðunarmörk.

Ég sé því ekki ástæðu á þessu stigi til að breyta gildandi lögum í þá átt sem nefndin lagði til heldur vil ég bíða og sjá hvort styrking lífeyrissjóða og áhrif viðbótarlífeyrissparnaðar muni ekki á næstu árum mæta þeirri gagnrýni sem fyrr var nefnd. En að sjálfsögðu munum við taka það til athugunar ef lífeyrissjóðirnir almennt vilja ekki bíða eftir því og fara út í einhverjar slíkar breytingar.

[14:05]

Ásta Möller:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að taka þetta mál upp. Það er mikil ástæða til þess að halda þessu á lofti og því meiri ástæða sem tímar líða. Þátttaka í atvinnulífi er stærri hluti af sjálfsmynd Íslendinga en hjá flestum öðrum þjóðum og hvergi í heiminum er atvinnuþátttaka hjá fólki á sjötugs- og áttræðisaldri jafnmikil og á Íslandi. Eldri borgarar búa almennt við betri heilsu og geta vænst þess að ná hærri aldri en foreldrar þeirra, kynslóðin á undan þeim, og þeir sem nú eru komnir á hefðbundinn eftirlaunaaldur eða eru að færast yfir á þetta æviskeið gera meiri kröfur til virkrar þátttöku í þjóðfélaginu en þeir sem á undan þeim fóru.

Öldruðum fer hratt fjölgandi. Þeir sem eru 65 ára og eldri eru um 12% þjóðarinnar í dag og verða tæplega 20% eftir 30 ár. Það er því augljóslega þjóðfélagslegt hagræði af því að verða við óskum og kröfum fjölmennra hópa eldri borgara um að gefa kost á sveigjanlegri starfslokum en þeim er gefinn kostur á nú. Þess vegna eru svör hæstv. forsætisráðherra ákveðin vonbrigði. Ég hvet hann til þess að skoða málið nánar.

[14:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka frummælanda og fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn því hún er mjög þörf. Fólk verður sífellt eldra og það er heilbrigðara í sinni elli og fyrir marga er vinnan lífsgæði, hluti af lífinu. Nám og vinna gefur fólkinu gildi og við ættum að skoða miklu frekar þá leið að fólk geti unnið lengur en þá í minna mæli á hverjum degi, t.d. hálfan daginn eða þrjá daga í viku eða eitthvað slíkt. Til þess þarf að breyta öllu kerfinu varðandi greiðslu lífeyris. Við þurfum að breyta líka viðhorfum atvinnulífsins. Reyndar er það svo að mörg íslensk fyrirtæki hafa veitt fólki heimild og leyfi til að vinna lengur og nýtt krafta þess fram í háan aldur og það er dálítið sérstakt hér á landi. En það eru bara einstök fyrirtæki sem þetta gera. Það eru ákveðin lífsgæði fyrir viðkomandi aðila að geta unnið lengur þó að hann geti ekki unnið eins krefjandi starf.

[14:07]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að svar hæstv. forsætisráðherra olli mér ákveðnum vonbrigðum því ég tel að þetta mál hafi verið nokkuð vel unnið og ígrundað að höfðu samráði við marga hópa í atvinnulífinu, bæði atvinnurek-

endur og fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar. Ég tel að full þörf sé á þessu. Eins og hefur komið hér fram hjá hv. þingmönnum þá er það ákveðinn valkostur að geta átt lengri starfsævidag ef fólk vill. Í sumum kjarasamningum og lögum um opinbera starfsmenn er svo kveðið á um að menn skuli hætta við ákveðinn aldur án tillits til heilsufars eða óska þeirra sjálfra.

Ég tel því í ljósi atvinnumarkaðarins á Íslandi líka og þarfarinnar fyrir mannafl oft og tíðum, t.d. um þessar mundir, að full ástæða sé til þess að fleiri aldraðir fái að taka þátt í atvinnulífinu ef heilsa og geta leyfir og auðvitað þá að þeirra eigin ósk.

Engu að síður þakka ég hæstv. forsætisráðherra þetta svar. Ég veit þá hvernig staða málsins er en vænti þess að innan ekki langs tíma verði þessi afstaða forsætisráðherra og ráðuneytisins endurskoðuð miðað við þær staðreyndir sem blasa við varðandi stöðu aldraðra í ljósi betri heilsu og óska þeirra sjálfra um lengri starfsdag.

[14:09]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það liggur að sjálfsögðu ljóst fyrir að starfsemi lífeyrissjóðanna er til stöðugrar umræðu og stöðugrar endurskoðunar. Það er nú þannig að aðilar vinnumarkaðarins hafa mjög mikið um það að segja hvernig starfsemi lífeyrissjóðanna er háttað. Aðilar vinnumarkaðarins hafa á undanförnum árum lagt mikla áherslu á viðbótarlífeyrissparnaðinn sem tæki til að auka þennan sveigjanleika og stjórnvöld hafa komið til móts við þessar óskir og atvinnulífið í heild sinni. Það eiga sér alltaf stað umræður um þessi mál milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Svo mun verða áfram.

Ég tel mjög mikilvægt að því er varðar allar breytingar að þá liggi fyrir skýr vilji atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar í þessu máli. Lífeyrissjóðirnir eiga við ákveðinn vanda að etja eins og kunnugt er þannig að ég vil ekki útiloka breytingar af þessu tagi eins og hér hefur komið fram. Ég vil taka það skýrt fram.

Ég benti einungis á að sá þrýstingur sem hefur verið í þessum málum á undanförnum árum hefur farið minnkandi. Ég tel að það sé ekki síst vegna þess að viðbótarlífeyrissparnaðurinn hefur komið til og á eftir að vaxa. Menn líta náttúrlega vonaraugum til þess í framtíðinni að geta búið við þann sveigjanleika sem hann býður upp á.

Sala á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf. til almennings.

Fsp. JóhS, 771. mál. — Þskj. 1143.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Sú sterka fjöldahreyfing sem nú hefur myndast undir forustu Agnesar Bragadóttur um kaup almennings á hlut í Símanum er ekki síst uppreisn fólks gegn því að fólki finnst að fáeinir útvaldir fjárfestar og fyrirtækjasamsteypur séu að sölsa undir sig eignir almennings á útsöluverði. Gjarnan er nefnt að nokkrar stórar viðskiptasamsteypur hafi hagnast um marga tugi milljarða á ári á kaupum á viðskiptabönkunum og það stendur auðvitað líka í þjóðinni hvernig fáir kvótakóngar hafa á umliðnum árum og áratugum eignast fiskimiðin. Þetta er undirrótin að herópi sem nú kemur fram hjá almenningi sem endurspeglast í þeirri fjöldahreyfingu almennings sem vill hafa möguleika á að kaupa Símann.

Í þeim skilmálum sem settir hafa verið fram vegna kaupa á Símanum, sem er stærsta einstaka einkavæðingin sem ráðist hefur verið í, hefur svo verið búið um hnútana að einungis stórir fjárfestar og fyrirtækjasamsteypur ættu möguleika á þeim kaupum. Þeim sem hreppa þetta hnoss er síðan ætlað að vera nokkurs konar heildsalar að góssinu til almennings. Fráleitt er að almenningur fái fyrst að kaupa hlutabréf á árinu 2007 þannig að viðskiptasamsteypurnar og stórir fjármagnseigendur geti grætt á almenningi. Fólki er nóg boðið og það er skýringin á þeirri fjöldahreyfingu sem nú hefur myndast sem vill komast strax að sölu Símans. Fólk vill ekki þurfa að bíða til ársloka 2007 og að verulegur hluti af því kaupverði sem almenningi þá býðst renni í vasa stóru fjármagnseigendanna.

Það er mín skoðun að ef fjöldahreyfingunni tekst ekki að safna tilskildum hlutafjárloforðum eigi stjórnvöld að breyta skilmálum sínum og heimila almenningi strax að kaupa hlutabréf. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort það komi til greina í ljósi þess áhuga sem almenningur hefur sýnt á kaupum í hlutabréfum í Landssíma Íslands að breyta skilmálum fyrir söluna þannig að almenningur eigi strax kost á að kaupa hlutabréf. Sömuleiðis vil ég spyrja hvers vegna ekki hafi verið gert ráð fyrir því að almenningur fengi strax rétt á að kaupa hlutabréfin og hver sé skýringin á því að þeir fjárfestar sem eignast fyrirtækin þurfi ekki að selja til almennings fyrr en í árslok 2007.

Það er ekki bara hægt að slá því fram, eins og forsætisráðherra hefur gert, að það rýri verðmæti Símans um 20–25% ef almenningur fær strax að fjárfesta í Símanum. Þessi prósentutala hefur m.a. verið dregin í efa af forsvarsmönnum fjöldahreyfingarinnar og ekki er hægt að lesa um forsenduna eða rökin fyrir þessu í skýrslu framkvæmdanefndar um einkavæðingu vegna þessarar sölu vegna þess að þar er lítið minnst á sölu hlutabréfanna til almennings eða hvaða áhrif hún hafi.

Hæstv. forsætisráðherra skuldar líka skýringu á því af hverju þessi leynd hvíli yfir þessari skýrslu fyrirtækisins Morgan Stanley og hvort hún verði gerð opinber. Það er alveg nauðsynlegt, hæstv. forseti, að þingmenn fái tækifæri til þess að fara yfir þessa skýrslu og þau rök sem þar eru sett fram, m.a. það sem snýr þar (Forseti hringir.) að hlutabréfakaupum almennings.

[14:15]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu sem annast undirbúning og framkvæmd sölu á hlutabréfum í Landssíma Íslands hefur í samráði við ráðgjafa nefndarinnar, Morgan Stanley í London, lagt til að fyrirtækið verði selt í heilu lagi. Ákveðin skilyrði eru sett sölunni, m.a. þau að um hóp kjölfestufjárfesta verði að ræða og ekki minna en 30% heildarhlutafjár verði boðið almenningi og öðrum

fjárfestum til kaups fyrir árslok 2007 og félagið samhliða skráð í Kauphöll Íslands. Þannig er aðkoma almennings við kaup á Símanum tryggð. Þá má ekki gleyma að haustið 2001 var 24% hlutafjár boðið almenningi og minni fjárfestum til kaups. Eins og við munum gekk salan ekki sem skyldi og aðeins 2.588 aðilar skráðu sig fyrir um 5% hlutafjár, enn þá færri eða 2,26% greiddu hlut sinn. Hlutur almennings í Símanum nú er um 1,2% og bak við þann hlut standa rúmlega 1.100 einstaklingar.

Almenningur mun því hafa og hefur haft tækifæri á að eignast hlut í Símanum. Þá gerir fyrirkomulag nú ráð fyrir að hópur einstaklinga geti sameinast um kaup á hlut í fyrirtækinu eins og þróun mála síðustu tveggja vikna sýnir. Ég hef einmitt rætt við forsvarsmenn slíks hóps og fagnað framtaki þeirra sérstaklega. Þá geta fjöldasamtök eins og lífeyrissjóðir auðveldlega tekið þátt í sölunni.

Markmið ríkisins með sölu á hlutabréfum sínum í Símanum er ekki síst af tvennum toga: að sem hæst verð fáist fyrir eignarhlut ríkisins og staða ríkissjóðs verði þannig enn frekar styrkt almenningi til hagsbóta og félagið verði skráð hérlendis og almenningi þannig gefinn á ný kostur á að eignast hlut í fyrirtækinu. Það er mat færustu sérfræðinga að sú sölutilhögun sem ákveðin hefur verið sé best til þess fallin að ná þessum markmiðum. Með sölu á eftirstandandi hlut ríkisins í heilu lagi er talið að hæst verð náist á hvern hlut. Talið er að það geti numið 20%–25%. Skilyrði um skráningu í kauphöll tryggir svo aðkomu almennings. Viðmiðun tímamarka við ekki síðar en árslok 2007 er talinn hæfilegur tími í því sambandi.

Framkvæmd sölunnar er á forræði framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Söluferlið er hafið. Það verður að vera gegnsætt og trúverðugt og jafnt yfir alla að ganga. Um það hljótum við að vera sammála. Formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu hefur tjáð mér að fyrirkomulag sölunnar hafi verið kynnt og auglýst hérlendis sem og á Evrópska efnahagssvæðinu og að mikill fjöldi aðila, innlendir sem erlendir, hafi þegar óskað eftir útboðsgögnum. Þeir aðilar yfirfara útboðsgögnin vitanlega í samræmi við þær leikreglur sem settar hafa verið.

Að minni beiðni fjallaði framkvæmdanefnd um einkavæðingu um erindi áðurnefnds hóps einstaklinga um framlengingu á fresti til að skila inn óbindandi tilboðum. Þó ekki hafi verið unnt að verða beint við þeirri beiðni ákvað nefndin engu að síður að framlengja frestinn til 17. maí með tilliti til almennra aðstæðna. Gefst því öllum mögulegum bjóðendum rýmri tími til að gaumgæfa gögnin.

Út af skýrslu Morgans Stanleys hef ég óskað eftir því við framkvæmdanefnd um einkavæðingu að fjallað verði um möguleika þess að birta tillögur Morgans Stanleys að sölufyrirkomulagi. Ég legg reyndar áherslu á að tillaga Morgans Stanleys verði birt sem og önnur meginatriði í skýrslu þeirra. Við höfum að sjálfsögðu ekkert að fela í þessu sambandi. Hins vegar inniheldur skýrsla Morgans Stanleys trúnaðarupplýsingar m.a. gagnvart þriðju aðilum, t.d. nöfn áhugasamra aðila og fleira sem vitanlega er ekki hægt að opinbera. Ég hef fullan skilning á þessu og það hljóta hv. alþingismenn sömuleiðis að hafa. Ríkisendurskoðun mun hins vegar nú þegar hafa ótakmarkaðan aðgang að skýrslunni sem og öðrum gögnum málsins eins og fram hefur komið og mun hafa eftirlit með framkvæmd sölunnar á Símanum.

[14:20]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég harma það að hæstv. forsætisráðherra skuli enn leggjast gegn því að almenningur, hver og einn Íslendingur, geti strax keypt hluta í Símanum. Það er ástæða til þess því það er almenningur í landinu sem hefur myndað eignina. Símnotendurnir sem hafa um ára og áratuga skeið greitt reikninga sína hafa myndað það eigið fé sem verið er að selja og alveg lágmark að hver og einn Íslendingur geti gert kauptilboð í hlut í Símanum nú þegar og þurfi ekki að mynda sérstök félög um það.

Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra vegna umræðunnar um Morgan Stanley hvort hann telji ekki eðlilegt að Ríkisendurskoðun sinni eftirlitshlutverki sínu með því að kaupa alþjóðlega ráðgjöf um tillögur Morgans Stanleys óháð áliti á þeim tillögum og ákvörðun um sölutilhögunina, hvort það sé ekki mikilvægt að Ríkisendurskoðun hafi fjármagn og bolmagn til að fá óháða alþjóðlega ráðgjöf í þessu efni til að sinna eftirlitinu.

[14:21]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég fagna því ánægjulega og skemmtilega framtaki sem hópur einstaklinga hefur sýnt með því að bjóða í Símann og mjög skemmtilegt hve þátttakan hefur orðið mikil í því. Hins vegar verður að benda á að menn geta ekki lofað hækkun á gengi fram í tímann eins og sums staðar hefur komið fram. Það er útilokað og eins er mjög varasamt fyrir einstaklinga að taka lán til að kaupa hlutabréf því það er áhætta í hlutabréfum og þarf að benda á það. Þó að menn horfi mikið til bankanna sem hafa farið í útrás og þess vegna hagnast mikið verða menn líka að hafa í huga að önnur dæmi eins og járnblendið, Landssmiðjan og fleiri hafa ekki gengið og gengið meira að segja illa. Menn sem kaupa í þessu þurfa því að átta sig á því að þetta er áhætta. En ég fagna framtakinu. Það er mjög skemmtilegt.

[14:22]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þjóðin á meginhluta Símans. (Gripið fram í.) Sala Símans er keyrð fram gegn vilja þjóðarinnar. Skoðanakannanir síðustu ára hafa sýnt að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er andvígur sölu Símans, nú síðast 76%. Tveir af hverjum þremur og líklega nærri því þrír af hverjum þremur framsóknarmönnum eru andvígir sölu Símans. Það eru aðeins forsætisráðherra og örlítill hópur í kringum hann sem er fylgjandi sölunni.

Almenningur gat stoppað sölu Símans árið 2001 með því að kaupa ekki hlutabréf vegna þess að það átti að vera forgangur. Nú neyðist almenningur til að kaupa Símann af sjálfum sér til að reyna að bjarga honum og halda honum áfram í almannaeigu. Ég tel, herra forseti, að fara eigi fram þjóðaratkvæðagreiðsla um sölu Símans þannig að almenningur fái að taka ákvörðunina formlega miðað við skoðanakannanir. Það er hæsta máta eðlilegt og sanngjarnt að þjóðin greiði atkvæði um sölu Símans áður en lengra er haldið.

[14:23]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mikill ábyrgðarhluti hjá stjórnvöldum að fá sem mest fyrir Símann en það er m.a. eitt af markmiðum sölunnar. Ég fagna hinum mikla áhuga á Símanum og að nú eigi að leysa úr læðingi milljónatugi sem notaðir verða til að treysta innviði samfélags okkar.

Margir hafa reynt að gera söluna ótrúverðuga. Er það algerlega úr lausu lofti gripið enda hafa andstæðingar sölu Símans ekki getað notað nein rök í málflutningi sínum. Fram kom í máli hæstv. forsætisráðherra áðan að Ríkisendurskoðun hefur aðgang að öllum gögnum um söluferlið og við treystum að sjálfsögðu þeirri stofnun Alþingis til að fylgjast með því.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hæstv. forsætisráðherra sagði í máli sínu áðan að það ætti jafnt yfir alla að ganga í málinu og það er einmitt það sem ég er að leita eftir. Ég vek athygli á því að hæstv. forsætisráðherra svaraði ekki spurningu minni þar sem spurt var um hvort til greina kæmi að breyta skilmálum fyrir söluna þannig að almenningur eigi strax kost á að kaupa hlutabréfin.

Það gæti verið niðurstaðan að fjöldahreyfingunni takist ekki að safna tilskildum hlutafjárloforðum og í því tilviki er ég að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvort hann sé tilbúinn til að breyta skilmálunum. Einkavæðingarnefnd eða ríkisstjórnin er ekki skuldbundin af því að taka þeim tilboðum sem berast og því gætu forsætisráðherra eða einkavæðingarnefnd sem hæglegast auglýst þetta aftur og breytt skilmálunum þegar tíminn er útrunninn.

Hæstv. forsætisráðherra hefur þær skyldur við almenning að gera allt sem í hans valdi stendur til að almenningur komist strax að því að kaupa hlutabréfin eins og almenningur óskar og eins og fjöldahreyfingin gefur til kynna að hópur einstaklinga hefur áhuga á. Því vil ég ítreka þá fyrirspurn sem hér er lögð fram hvort hann sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að breyta skilmálunum í þeim tilvikum sem ég lýsti áðan.

Það er nauðsynlegt að skýrsla Morgans Stanleys verði birt. Ég fagna því að hæstv. forsætisráðherra er jákvæður fyrir því að birta skýrsluna og spyr hæstv. forsætisráðherra hvenær megi eiga von á því að það verði gert. Hæstv. ráðherra talar um að ákveðnar trúnaðarupplýsingar séu í skýrslunni en ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra hvort hann væri reiðubúinn til þess að efnahags- og viðskiptanefnd fengi skýrsluna eins og hún liggur fyrir í trúnaði vegna þess að það er afar mikilvægt að eyða allri tortryggni sem gæti ríkt í málinu ef aðeins hluti skýrslunnar verður birtur. Þess vegna legg ég áherslu á að efnahags- og viðskiptanefnd fái að skoða skýrsluna í heild sinni.

[14:26]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég tel að þær trúnaðarupplýsingar sem hér er verið að ræða um, eins og nöfn áhugasamra hugsanlegra kaupenda skipti ekki neinum sköpum í sambandi við mat á málinu. Hins vegar vænti ég þess að skýrslan verði birt að öðru leyti sem fyrst því ég hef lagt á það áherslu að allt ferlið sé eins opið og gagnsætt og kostur er.

Hins vegar er það svo að þegar ferli hefur verið sett í gang verður það að standa. Það er ekki hægt að breyta útboði á Evrópska efnahagssvæðinu í miðju ferli. (**JóhS:** Það er hægt að endurtaka útboðið.) Það er ekki hægt að breyta því í miðju ferli. Menn verða að vera trúverðugir, það verður að skapa traust í þessu sambandi.

Fyrir liggur að almenningur getur komið að málinu og það er í gangi vinna hjá samtökum sem ætla sér að bjóða í Símann. En ég vil benda hv. þingmanni á að það þarf líka að gæta hagsmuna almennings að fá sem hæst verð fyrir eignir ríkisins. Ég veit ekki betur en hv. þingmenn séu áhugasamir að gera sem mest í nafni ríkisins, framkvæmdir og annað og að halda því fram að það sé ekki að gæta hagsmuna almennings að fá sem hæst verð fyrir Símann — eða áttum við hunsa ráðgjöf Morgans Stanleys og láta sem ekkert væri, láta okkur það lynda þó að miklu lægra verð fengist fyrir Símann? Nei, að sjálfsögðu gerðum við það ekki. Við unnum að málinu samkvæmt ráðgjöfinni, faglega og með hagsmuni almennings í huga.

Flutningur launaútreikninga heilbrigðisstofnana frá landsbyggðinni.

Fsp. KLM, 631. mál. — Þskj. 961.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Fyrirspurnin sem ég hef lagt fyrir hæstv. heilbrigðisráðherra er um flutning launaútreiknings og launabókhalds heilbrigðisstofnana frá landsbyggðinni og hingað suður og hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. Er áætlað að flytja launaútreikninga og launabókhald sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva frá landsbyggðinni í miðlægt kerfi?

2. Eru hugmyndir um að flytja önnur verkefni frá sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum landsbyggðarinnar til Reykjavíkur?

Virðulegi forseti. Ástæða fyrirspurnarinnar eru auðvitað áhyggjur fjölmargra forstöðumanna og starfsmanna sjúkrahúsa vítt og breitt um landið og heilsugæslustöðva sem óttast að verið sé að stíga fyrstu skref í að flytja launaútreikningana og kannski ýmislegt annað á eftir hingað suður í eitt stórt miðlægt kerfi. Með öðrum orðum virðist þetta eiga að ganga þannig fyrir sig að vinnuskýrslur verði sendar suður, reiknuð út laun, laun lögð inn hjá viðkomandi starfsmanni og launaseðillinn sendur í pósti frá Reykjavík. Ef til vill verða síðar stimpilklukkur viðkomandi stofnana beintengdar hingað suður.

Þetta er að mér skilst í hinu nýja kerfi ríkisins sem er bókhalds- og mannauðskerfi, þó ég skilji ekki almennilega það nafn. Þetta virðist vera einhver miðstýringarárátta og miðstýringarkerfi og kom fram í einni ríkisstofnun þar sem þingmenn Norðausturkjördæmis voru að funda í morgun að þar hafa þeir ekki séð útprentun reikninga eða bókhalds síðan í mars 2004 eftir að kerfið var tekið upp.

Virðulegi forseti. Það getur líka gerst með þessu að

„fjárráðin séu tekin af forstöðumönnum stofnananna“ vítt og breitt um landið, sérstaklega á landsbyggðinni vegna þess að þetta eru 70–80% af rekstrarkostnaði stofnananna og þeir hafa ekki lengur pening til að velta eins og gert hefur verið hingað til í 15 og upp í 20–30 daga. Þetta er ástæðan fyrir því að fyrirspurnin er lögð fram.

Um áramótin 2002–2003 voru stjórnir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva lagðar niður og stjórnin flutt suður. Nú virðast mér launaútreikningarnir vera fluttir suður, síðar kannski bókhaldið og fólk óttast að þetta séu aðeins fyrstu skref í frekari flutningi suður í miðlægt kerfi frá stjórnun sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva í formi starfshóps sem þar vinnur.

[14:32]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Launakerfi ríkisins og BÁR, bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins, voru orðin gömul kerfi. Launakerfið var að stofni til frá árinu 1976 og BÁR-kerfið frá 1986. Þrátt fyrir að bæði kerfin hafi reynst traust og áreiðanleg hafa þau ekki fylgt örri tækniþróun. Í þau vantar ýmsa kerfishluta sem nú þykir nauðsynlegt og sjálfsagt að slík kerfi bjóði upp á. Má þarf nefna kerfi eins og starfsmannakerfi, verkbókhald og birgðakerfi. Í ljósi þessa og þarfa ríkisstjórnar fyrir samstæðar upplýsingar til að hafa heildarsýn yfir ríkisreksturinn var tekin ákvörðun um endurnýjun launa- og fjárhagskerfa ríkisins.

Innleiðing nýrra fjárhags- og mannauðskerfa fyrir ríkisstofnanir stendur yfir. Af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur sú ákvörðun verið tekin að allar stofnanir ríkisins fari í hið nýja mannauðskerfi. En þess ber að geta að fyrir eru í gamla launakerfinu allar stofnanir ríkisins að frátöldum hluta heilbrigðisstofnana, þ.e. Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og heilbrigðisstofnunum úti á landi eða þar sem sjúkrahús og heilsugæslur eru rekin saman í einni stofnun. Sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar um land allt, Landspítali – háskólasjúkrahús og aðrar ríkisstofnanir sem tilheyra heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu eru fyrir í miðlægu launakerfi ríkisins.

Innleiðing hins nýja mannauðskerfis hefur ekki í för með sér flutning verkefna frá stofnunum enda fer öll skráning og úrvinnsla fram í stofnununum sjálfum. Hvað mannauðskerfið varðar mun öll launavinnsla og allt launabókhald eftir sem áður fara fram í hverri stofnun fyrir sig. Sú breyting verður hins vegar á með innleiðingu kerfisins að prentun launaseðla og útsending launaseðla fer fram miðlægt fyrir allar ríkisstofnanir. Það verður því breyting á varðandi útprentun og útsendingu launaseðla hjá starfsfólki Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, St. Jósefsspítala Hafnarfirði og heilbrigðisstofnunum úti á landi þar sem sjúkrahús og heilsugæsla eru rekin saman í einni stofnun.

Útprentun og útsending launaseðla alls annars starfsfólks ríkisins hefur fram til þessa verið miðlæg og verður það áfram. Gildir það til að mynda um starfsfólk skóla, sýslumannsembætta og stofnana fatlaðra. Þess ber að geta að engin breyting verður á framlögum stofnana vegna innleiðingar þessarar nýju fjárhags- og mannauðskerfa.

Síðan er spurt: „Eru hugmyndir um að flytja önnur verkefni frá sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum landsbyggðarinnar til Reykjavíkur?“

Með vísan til fyrra svars fylgir enginn tilflutningur verkefna innleiðingu nýrra fjárhags- og mannauðskerfa. Það hafa ekki verið áform um flutning verkefna frá heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni til Reykjavíkur.

[14:35]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Sú ákvörðun sem tekin var, fyrir líklega um þremur árum, að breyta skipulagi sjúkrahúsanna og heilsugæslustöðvanna úti á landi með þeim hætti að heimamenn hefðu enga aðkomu að stjórn þeirra var að mínu viti röng, enda lögðumst við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs alfarið gegn henni. Það er mikilvægt að þessi þjónusta sé sem nátengdust heimafólki, bæði skipan hennar og stjórnun.

Eftir að heimamenn hafa enga aðild að stjórn sjúkrahúsanna úti á landi og forstöðumennirnir heyra beint undir ráðherra í Reykjavík hefur ráðherra eða ráðuneytið tekið að deila þar og drottna. Heimamenn eru takmarkað með í ráðum og hafa enga stjórnsýslulega aðkomu að því sem gerist, samanber umræðuna um sjúkrahúsin og heilsugæslustöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu sem kom flatt upp á fólk. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég spyr ráðherra hvort hann vilji ekki breyta því og leyfa heimamönnum að halda manni í stjórn, (Forseti hringir.) halda þannig tengslum þótt forsjáin sé á ábyrgð ríkisins.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir svör hans við þeim spurningum sem ég hef sett fram. Ég skil svör hans þannig að ekki eigi að færa vinnu, störf eða verkefni, frá heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum yfir í miðlæga miðstýringarkerfið í Reykjavík. Ég fagna því og hvet til að menn standi vörð um þá nærstjórnun, ef svo má að orði komast, sem er í heilbrigðisstofnunum víða úti á landsbyggðinni. Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að það sé betra að stjórna því í nálægð fremur en stjórnin sé langt frá.

Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn, virðulegi forseti, var m.a. sú að framkvæmdastjórum heilbrigðis- og sjúkrastofnana var kynnt að þetta yrði óbreytt. Það kom seinna upp að það væri ekki tæknilega hægt að hafa þetta í því kerfi sem það hafði áður verið og þess vegna væri þetta gert nú.

Ef til vill, virðulegi forseti, er þetta allt saman eftir kröfum frá fjármálaráðuneytinu og heilbrigðisráðuneytið sé frekar máttlaust að sporna gegn því að svo verði. En ég ítreka að ég fagna því sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur sagt, að þetta eigi ekki að verða til að færa störf, starfsemi eða eftirlit, frá landsbyggðarsjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum hingað til Reykjavíkur. Ég vona að það muni t.d. ekki koma upp að reikningar sem greiða á á viðkomandi stofnunum verði settir í eitthvert rafrænt form, sendir suður og greiddir þar. Ég óttast að þá haldi þetta áfram smátt og smátt þar til hið opinbera kemur og segir: Nú er búið að færa svo mikið suður í hið miðlæga „glæsilega“ kerfi að nú

getum við fækkað störfum eða minnkað vinnuna á þessum stofnunum úti á landi. Það yrði miður.

[14:39]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég endurtek það sem ég sagði í svari mínu, að það stendur ekki til að færa störf frá heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni hingað suður.

Hins vegar vil ég mótmæla því harðlega sem hv. 8. þingmaður Norðvest. heldur fram, að heilbrigðisráðuneytið deili og drottni í heilbrigðisstofnunum úti á landi enda gerir þingmaðurinn ekki neina tilraun til að rökstyðja mál sitt. Það er alvarlegt að fella í ræðustól sleggjudóma af slíku tagi. Í þessum stofnunum eru vissulega framkvæmdastjórnir sem starfsmenn þeirra skipa, lækningaforstjóri og hjúkrunarforstjóri eins og í öðrum stofnunum og heimamenn vinna við þessar stofnanir. Það er greið leið fyrir sveitarstjórnir á viðkomandi svæði að fylgjast með enda beinlínis kveðið á um það í þeim lögum sem um þessar stofnanir gilda. Þar eru ákvæði um að sveitarstjórnir fylgist með en vilji menn hins vegar breyta þessu og taka ábyrgð á rekstri þessara stofnana þá höfum við lýst vilja okkar til að að flytja heilsugæslu og öldrunarþjónustu til sveitarfélaganna. Ég vona að hv. þingmaður styðji það ef það yrði til þess að bjarga þeim stofnunum frá hinu voðalega miðstjórnarvaldi sem hann telur að sé í heilbrigðisráðuneytinu.

Reiðþjálfun fyrir fötluð börn.

Fsp. ÁMöl, 757. mál. — Þskj. 1123.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Mér er það glöggt í minni, frá landsmóti hestamanna 2002 sem fór fram í Skagafirði, þegar Önnu Bretaprinsessu var færður hestur að gjöf með þeim orðum að hann væri ætlaður til þjálfunar fatlaðra barna í heimalandi hennar. Þetta var ekki í fyrsta sinn og örugglega ekki í síðasta sinn sem sérstakir eiginleikar íslenska hestsins voru dregnir fram með þessum hætti.

Við Íslendingar erum stoltir af íslenska hestinum og erum meðvitaðir um fjölþætta eiginleika hans og notkunarmöguleika. Íslenski hesturinn þykir sérlega vel fallinn til reiðþjálfunar fatlaðra og ræður þar bæði bygging hans og eðliseiginleikar. Hann er fremur smávaxinn með góða lund og ólíkar gangtegundir hans eru gagnlegar við hæfingu og þjálfun fatlaðra. Þessum sérstöku notkunarmöguleikum hans í þágu fatlaðra hefur hins vegar ekki verið hampað innan lands né stuðst við þróun þeirra svo kunnugt sé.

Reiðþjálfun er viðurkennd meðferð innan sjúkraþjálfunar og er henni beitt víða um lönd. Sjúkraþjálfarar hafa sérmenntað sig til að beita slíkum aðferðum. Heilbrigðiskerfi ýmissa nálægra landa taka með ýmsum hætti þátt í að greiða reiðmeðferð. Þannig er reiðmeðferð viðurkenndra reiðþjálfara greidd að fullu í Finnlandi og fyrir ákveðna sjúklingahópa í Danmörku. Svíar greiða fyrir meðferð barna í reiðþjálfun og í Noregi greiðir Tryggingastofnunin reiðmeðferð eins og fyrir aðra sjúkraþjálfun í hóp.

Erlendar rannsóknir benda til þess að reiðþjálfun hafi áhrif á hreyfifærni með ýmsum hætti. Hún eykur hreyfifærni í neðri hluta líkama og samræmir vöðvasamdrætti auk þess sem hún verkar á stjórn og jafnvægi líkamans. Rannsóknir á börnum með heilalömun benda til þess að reiðþjálfun bæti m.a. líkamsbeitingu, göngugetu, minnki vöðvaspennu, auki jafnvægi, minnki orkunotkun og bæti grófhreyfifærni þeirra. Sýnt hefur verið fram á að reiðþjálfun fatlaðra barna hafi ekki aðeins góð áhrif á líkamsburði og líkamlega færni barna heldur virki hún einnig hvetjandi á börnin vegna þeirrar ánægju sem þau fá út úr slíkri þjálfun.

Síðustu sumur hafa sérhæfðir sjúkraþjálfarar beitt reiðþjálfun fyrir fötluð börn, m.a. í sumarbúðum Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í Reykjadal, með það að markmiði að auka líkamlega getu og vellíðan þeirra með afar góðum árangri og með sérstakri ánægju þeirra. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á þessum sérstöku notkunarmöguleikum íslenska hestsins og hvernig nýta má hann sem tæki í sjúkraþjálfun fatlaðra barna þannig að færni þeirra aukist. Jafnframt varpa ég þeirri spurningu til hæstv. heilbrigðisráðherra hvort hann muni beita sér fyrir því að reiðþjálfun verði viðurkennt meðferðarform við sjúkraþjálfun fatlaðra barna og njóti greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins með einhverjum hætti.

Að lokum vil ég þakka hæstv. heilbrigðisráðherra fyrir að bregðast snöggt við og svara spurningu minni í dag.

[14:44]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Hv. 2. þingmaður Reykv. n., Ásta Möller, beindi til mín fyrirspurn um hvort ég mundi beita mér fyrir því að reiðþjálfun yrði viðurkennt meðferðarform við sjúkraþjálfun fatlaðra barna og nyti greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins.

Fatlaðir hafa um árabil notað hesta í frístundum og hafa margir talið sig hafa gagn af, auk þeirrar ánægju sem það hefur veitt. Meðal annars hafa hestar verið notaðir fyrir fatlaða á Reykjalundi.

Á síðustu árum hafa sjúkraþjálfarar veitt völdum hópi barna með heilalömun reiðþjálfun á vegum Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í sumardvöl í Reykjadal í Mosfellsbæ. Þeir telja árangur meðferðarinnar góðan, meðal annars hafi meðferðin góð áhrif á höfuð- og boljafnvægi barnanna auk þess að teygja á og mýkja spastíska vöðva í læri. En spasmi í lærum er oft mikið vandamál hjá börnum með heilalömun og gerir þeim erfitt um vik með hreyfingu. Þá hafa börnin einnig mikla ánægju af þjálfuninni. Þetta er í samræmi við reynslu og rannsóknir af þessari meðferð annars staðar. Víða erlendis hefur þetta meðferðarform verið viðurkennt sem hluti af sjúkraþjálfun og verið greitt að einhverju leyti af opinberum tryggingum á sama hátt og önnur sjúkraþjálfun fyrir tiltekna hópa fólks.

Nú nýverið tókust samningar milli Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Félags sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir sjúkraþjálfun. Í samningnum er tilgreint í hverju meðferð sjúkraþjálfara er fólgin og er reiðþjálfun ekki meðal þeirra meðferðarforma sem þar eru upp talin. Reiðþjálfun er held-

ur ekki tiltekin í þeim þjónustusamningum sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur gert við endurhæfingarstofnanir, þar sem sjúkraþjálfarar starfa. Ekki hafa komið fram sérstakar óskir hvað þetta varðar frá viðkomandi félagi og stofnunum.

Erindi hefur hins vegar borist frá sjúkraþjálfurum sem unnið hafa með reiðþjálfun barna með ósk um að Tryggingastofnun taki þátt í greiðslu fyrir slíka meðferð fyrir tiltekinn hóp barna, á sama hátt og fyrir meðferð hjá sjúkraþjálfurum á stofu. Ráðuneytið hefur það erindi til skoðunar nú og mun leggja mat á árangur og kostnað af reiðþjálfun barna en reiðþjálfun er talsvert kostnaðarsamari en sjúkraþjálfun á stofu. Hvort sú niðurstaða leiði til breytinga á reglum um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í sjúkraþjálfun er of snemmt að segja til um nú. En eins og áður segir erum við í ráðuneytinu að skoða þetta mál.

[14:46]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Ég hef til að mynda heyrt vel látið af starfsemi Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra sem fer fram í Mosfellsdal. Þessi starfsemi er víða um land en mætti vera enn víðar og þetta mál er enn ein rökin á málflutningi okkar sem viljum bæta aðstöðu hestamanna. En auðvitað verður aðstaðan að vera til staðar.

Ég vil vekja athygli á því að engin reiðhöll er frá Skagafirði og austur um að Hellu og því er Norðausturkjördæmið afar illa sett. Ég vona því að reiðhöll verði reist sem fyrst á Akureyri til að byrja með og þá væri hægt að fara af stað með myndarlegt starf sem m.a. innihéldi reiðþjálfun fyrir fötluð börn. En það er að sjálfsögðu heppilegra þegar stunda á slíka starfsemi og slíka þjálfun að aðstæður séu eins og best verður á kosið.

[14:47]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Möller fyrir að bera þetta mál inn á þing. Ég þekki það úr starfi mínu á *Hólum að þar vorum við einmitt með námskeið bæði fyrir* reiðkennara og einnig starfsmenn sem störfuðu með fötluðu fólki í tengslum við að nýta hross til þess að þjálfa þetta fólk auk þess sem þetta gefur því andlega ánægju. Ég veit ekki annað en þetta starf hafi haldið áfram. En auðvitað er þetta kostnaðarsamt, t.d. þessi sérþjálfun. Fólk er sérþjálfað. Það þarf að hafa góða almenna reiðmennskukunnáttu og kennsluþekkingu á hesti auk þess að vera sérþjálfað og hafa sérþekkingu varðandi fatlað fólk. (Forseti hringir.) Ég tek heils hugar undir þá hvatningu sem hv. þm. Ásta Möller bar hér fram um (Forseti hringir.) þetta mál um að þetta verði opinbert (Forseti hringir.) þjálfunarverkfæri.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Ásta Möller):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir svör hæstv. ráðherra og þátttöku þingmanna í umræðunni. Það er augljóst af svörum hæstv. ráðherra að hann hefur góðan skilning á þessu máli. Ég hef jafnframt skilning á því að það þurfi ákveðinn tíma til þess að skoða þetta innan ráðuneytisins.

Ástæða þess að ég vek athygli á þessari meðferð og möguleikum hennar er að ég hef átt þess kost að fylgjast með jákvæðum áhrifum slíkrar meðferðar á litla stúlku sem er bæði líkamlega og andlega fötluð.

Stjórnvöld hafa á síðustu árum lagt fram mikið fjármagn til þess að bæta stöðu og veg íslenska hestsins jafnt innan lands sem utan. Stjórnvöld hafa jafnframt dregið fram þá ágætu eiginleika hestsins sem nýtast í þágu fatlaðra eins og ég nefndi í ræðu minni áðan. Hins vegar hefur þessum sérstaka þætti varðandi eiginleika íslenska hestsins ekki verið fylgt eftir með neinum hætti hér á landi svo kunnugt sé. Því væri áhugavert að leggja í tilraunaverkefni til þess að sannreyna þetta notagildi íslenska hestsins í þágu fatlaðra barna með sérstökum fjárstuðningi. Það mætti t.d. gera með greiðsluþátttöku í meðferð sjúkraþjálfara í reiðþjálfun fatlaðra barna við sérstakar aðstæður eins og ég hef bent á að nágrannar okkar á Norðurlöndum gera með góðum árangri.

En fyrst og fremst bið ég um skilning á þessu málefni og ég tel mig hafa heyrt í máli hæstv. ráðherra að hann sé fyrir hendi og vonast til þess að niðurstaðan við því erindi sem liggur núna fyrir í ráðuneytinu verði jákvæð.

Jafnframt tel ég ástæðu til þess að vekja athygli umboðsmanns íslenska hestsins á þessu máli og jafnframt landbúnaðarráðherra sem hefur nú þótt nokkuð stórtækur í að styðja við íslenska hestinn. Þarna er vettvangur sem hann gæti þá jafnframt beitt sér í og útvíkkað svið sitt.

[14:51]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda og þeim sem hafa *tekið til máls fyrir umræðuna um þetta mál. Ég tek undir* það sem fram hefur komið að hér er um mjög gott mál að ræða og ég tek undir það sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að ánægja þeirra sem hafa notið þessarar þjálfunar er mikil. Ég hef í raun ekkert við það að bæta sem ég sagði í svari mínu. Við erum að skoða þetta mál í ráðuneytinu og við þurfum að skoða þetta með tilliti til þess hvaða svigrúm við höfum. En ég held að engum blandist hugur um að hér *er um mjög jákvætt mál að ræða og ég heyri að þeir þing*menn sem hafa tekið þátt í umræðunni eru þeirrar skoðunar og ég þakka það.

Atvinnumál í Mývatnssveit.

Fsp. KLM, 315. mál. — Þskj. 344.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Virðulegi forseti. Sú fyrirspurn sem ég er að fylgja úr hlaði til hæstv. iðnaðarráðherra var lögð fram 11. nóvember árið 2004 og er því orðin töluvert gömul. Hún var að sjálfsögðu lögð fram vegna þess að þá var orðið ljóst að Kísiliðjunni í Mývatnssveit yrði lokað, en henni var lokað 1. desember síðastliðinn eins og menn muna. Við það töpuðust í Mývatnssveit 50 störf og að því er menn telja 30–50 afleidd störf eða 80–100 störf alls í Mývatnssveit, Húsavík, Akureyri og e.t.v. víðar. Þetta er af þeirri stærðargráðu að

þetta er svipað og ef 2.700 manns hefðu misst vinnu sína í Kópavogi t.d.

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, hefur mikið gerst síðan þessi fyrirspurn var lögð fram og m.a. hafa verið haldnir 14 fundir á hinu háa Alþingi þar sem fyrirspurnum hefur verið svarað. Með því að segja þetta er ég ekki að gagnrýna hæstv. iðnaðarráðherra fyrir að hafa ekki svarað þessari spurningu fyrr. Ég vil taka það skýrt fram að við höfum verið í góðu sambandi um þetta mál og verið sammála um að geyma þessa fyrirspurn á ýmsum stigum vegna þess að annars gæti það kannski spillt fyrir ýmsum úrlausnarverkefnum sem var verið að vinna að í Mývatnssveit að sögn hæstv. ráðherra.

Þessi spurning sem hér er lögð fram er, eins og ég segi, kannski orðin úrelt. En það má spyrja um ýmislegt annað í þessu sambandi. Það kemur t.d. í ljós núna að 16 manns eru á atvinnuleysisskrá í Skútustaðahreppi, þar af tveir karlar, og það kemur fram að mjög margir karlmenn sem misstu vinnuna sína í verksmiðjunni á aldrinum 30–65 ára hafa farið austur á land að vinna við þá miklu uppbyggingu sem þar er. En það er ekki óskastaða. Það er neyðarúrræði og ekki æskilegt til frambúðar og ekki hægt að treysta á að menn fari svo langan veg sem frá Mývatnssveit og austur til þess að sinna vinnu í 10–13 daga samfellt með löngum vinnudögum. Sveitarstjórn áætlar að tekjur sveitarfélagsins geti dregist saman um 30% vegna þessa máls þó að það sé ekki komið fram af þeim ástæðum sem ég var að nefna hér áðan.

Virðulegi forseti. Í utandagskrárumræðu við iðnaðarráðherra 8. desember síðastliðinn upplýsti hún að það væri búið að taka upp samstarf við sveitarstjórn Skútustaðahrepps. Mig langar að spyrja í hverju það samstarf hafi verið fólgið og hvort það sé enn þá. Þar kom líka fram að nokkrar verkefnahugmyndir væru til skoðunar og mig langar að vita hverjar þær voru og hverjar þær eru. Það kom líka fram að þetta væri gert til að tryggja búsetu í Mývatnssveit (Forseti hringir.) og væri verið að vinna að því með öðrum fagráðuneytum. Mig langar til að fá að vita hvaða fagráðuneyti það séu og hvaða verkefni þar sé um að ræða.

[14:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og rætt var á Alþingi þann 8. desember síðastliðinn og hv. þingmenn þekkja þá hefur rekstri Kísiliðjunnar hf. verið hætt. Kísilgúrvinnsla úr Mývatni heyrir því sögunni til.

Aðdragandi þessa er sá að árið 2000 lét meðeigandi ríkisins í Kísiliðjunni hf., World Minerals, í ljós það álit að rekstri verksmiðjunnar yrði fljótlega hætt. Fyrir því lágu tvær meginástæður, í fyrsta lagi þróun markaðar sem hefur dregist mjög saman og söluverð lækkað, og í öðru lagi stæði verksmiðjan frammi fyrir miklum endurnýjunarkostnaði sem ekki væru forsendur til að ráðast í.

Í þessari erfiðu stöðu var það algjört forgangsverkefni iðnaðarráðuneytisins að leita allra leiða til að afleiðingar yfirvofandi lokunar Kísiliðjunnar yrðu sem mildastar fyrir atvinnu- og menningarlíf og mannlíf í héraðinu. Hugmyndir Allied EFA um kísilduftsverksmiðju féllu vel að þessum sjónarmiðum ráðuneytisins og á grundvelli áætlana þeirra var verksmiðjan seld þeim. Nýir eigendur Kísiliðjunnar unnu í hartnær fjögur ár að þróun framleiðsluferla og rekstri tilraunaverksmiðju í Noregi. Sú þróunarvinna gekk vel og var lokið með góðum árangri. Eftir stóð að tryggja fjármagn til byggingar og rekstrar verksmiðjunnar. Sú vinna var komin á lokastig þegar lykilfjárfestinum snerist hugur á síðustu metrunum. Þetta kom öllum sem að þessu máli komu, öðrum fjárfestum, heimamönnum og ráðuneytinu, algjörlega að óvörum.

Við því varð þó ekkert gert en strax hafist handa við að leita annarra leiða til atvinnuuppbyggingar og þá fyrst og fremst horft til þess að nýta byggingar og innviði verksmiðjunnar sem gerði staðsetningu við Mývatn álitlega. Alls voru skoðaðir átta kostir. Fjórir þeirra voru fljótlega metnir álitlegastir og vilji er til þess að styðja við bakið á þeim öllum með einum eða öðrum hætti. Einn þessara kosta var þó metinn sýnu bestur en það er bygging verksmiðju sem framleiðir vörubretti úr endurunnum pappír og pappa. Hér er um að ræða nýjung sem byggir á einkaleyfum og reyndum framleiðsluaðferðum. Framleiðslan er umhverfisvæn og fellur því vel að ímynd Mývatns. Frumkvöðlarnir hafa kynnt þessa framleiðslu fyrir heimamönnum og undirritað hefur verið viljayfirlýsing á milli landeigenda Reykjahlíðar ehf., iðnaðarfrumkvöðlanna, heimamanna og iðnaðarráðuneytisins um að ganga til samstarfs sem hefur að það markmiði að í húsnæði Kísiliðjunnar við Mývatn verði starfrækt verksmiðja sem framleiði vörubretti úr endurunnum pappírsafurðum.

Í viljayfirlýsingunni segir m.a., með leyfi forseta:

„Áætlanir gera ráð fyrir að verksmiðjan taki til starfa í tveimur áföngum og allt að 18 manns fái þar vinnu í lok fyrsta áfanga en færri bætist við í þeim síðari. Eigendur Kísiliðjunnar hafa selt landeigendum Reykjahlíðar ehf. þær byggingar sem nýtilegar eru fyrir hina nýju iðnaðarstarfsemi. Jafnframt eru viðræður hafnar á milli iðnaðarfrumkvöðlanna og landeigenda Reykjahlíðar ehf. um sameiginlega aðkomu þeirra að óstofnuðu félagi um starfsemina. Stefnt er að því að starfsemin geti hafist á þessu ári."

Við þetta er aðeins því að bæta að iðnaðarráðuneytið hefur falið Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins að ganga til samninga við frumkvöðlana um kaup á 200 milljónum kr. í hlutafé sem yrði framlag ríkisins í fjármögnun þessa verkefnis.

Hvað varðar atvinnuástandið í Mývatnssveit þá keyra, eins og kom fram hjá hv. þingmanni, margir karlmenn austur á land til að starfa þar og auðvitað er það ekki lausn til frambúðar heldur vonandi tímabundin. Ég get sagt að ástandið er í sjálfu sér ekki eins slæmt og maður hefði getað ætlað miðað við það að þessi stóri vinnustaður þurfti að loka og hætta starfsemi. Fólkið sýnir þarna mikla þolinmæði og við vitum öll að núverandi ástand verður ekki til frambúðar. Því bind ég miklar vonir við að af þessu verkefni sem ég hef hér lýst geti orðið.

[15:00]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega erfið staða í sérhverju byggðarlagi þegar svo ber við að fyrirtæki hætta starfsemi af einhverjum ástæðum, hvort sem það er af þeim ástæðum

sem reyndin varð í Mývatnssveit eða af öðrum, eins og við þekkjum úr öðrum byggðarlögum. Í sjávarútvegi taka fyrirtæki ákvarðanir um breytingar á starfsemi sinni, flytja atvinnu á milli byggðarlaga í kjölfar eigendabreytinga o.s.frv. Ég tel að mörgu leyti eðlilegt að iðnaðarráðuneytið hlutist til um þessi mál og aðstoði heimamenn við að byggja upp önnur atvinnutækifæri og finna leiðirnar eftir því sem kostur er.

Ég legg hins vegar áherslu á að ráðuneytið geri ekki greinarmun á því af hvaða ástæðum þessi staða kann upp að koma, geri ekki greinarmun eftir atvinnugreinum eða stöðum.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra fyrir þau svör sem hér hafa komið fram og þær upplýsingar um nýsköpun í atvinnumálum í Mývatnssveit sem hér hefur verið fjallað um eins og með þá verksmiðju sem á að byggja vörubretti úr endurunnum pappír. Þeirri hugmynd og þeim mönnum sem ætla að byggja það upp fylgja góðar óskir frá mér um að vel takist til. Það er gott ef kannski 20–25 manns fá vinnu við það þegar seinni áfanga verður lokið.

Ég held að ég hafi heyrt rétt, og tek þá undir og fagna því ef ég heyrði rétt, að ríkisstjórnin hafi tekið ákvörðun um að Nýsköpunarsjóður ætti að kaupa 200 millj. kr. hlutafé í því fyrirtæki sem verður stofnað utan um þessa starfsemi. Finnst mér góður bragur þar á en tek auðvitað undir það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var að tala um, ég hefði viljað sjá það víða um landið þar sem atvinnumál eru í uppnámi, hvort sem það er út af því að verksmiðjan sem ríkið átti, eins og hér, eða fiskvinnslufyrirtæki eru að leggja upp laupana eða draga saman seglin. Ríkið ber náttúrlega meiri ábyrgð á þeirri verksmiðju sem var í eigu þess.

Ég fagna því sem hér hefur komið fram og held að það sé mjög mikilvægt að iðnaðarráðuneytið og hæstv. ríkisstjórn fylgist betur með hinum litlu byggðarlögum. Ég tek skýrt fram og segi að þetta er í raun og veru módel sem við eigum að nota og eigum ekki að vera hrædd við.

Mig langar hins vegar að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra vegna þess að hún á eftir að koma í seinni ræðu: Kemur til greina af hálfu hæstv. *iðnaðarráðherra að við skoðum* það að kaupa hið gjaldþrota fyrirtæki úti í Noregi sem var að vinna að kísilduftsverksmiðjunni, (Forseti hringir.) þær viðskiptahugmyndir og framleiðsluferla sem er búið að þróa þar til að setja m.a. upp (Forseti hringir.) hér á landi?

[15:04]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ef ég byrja á að svara því sem kom fram hjá hv. þingmanni núna í lokin tel ég ekki að það muni koma til þess að ríkið kaupi þetta fyrirtæki. Það er ekki þannig nú á dögum að ríkið hafi frumkvæði að rekstri sem þessum. Þetta er iðnaðarstarfsemi og miðað við það að einkaaðilar töldu reksturinn ekki geta gengið og ekki vera arðbæran þegar þessir nýju eigendur komu að, Allied EFA, tel ég ekki líkur á því að ríkið hafi frekari möguleika á því að láta þessa starfsemi ganga upp. Vissulega eru þetta allt saman mikil vonbrigði en ég held að við bætum okkur ekkert á að vera að tala um fortíðina í þessum efnum. Það er mikilvægt að tala um framtíðina og það verkefni sem nú er efst á baugi.

Ég vil þá tala aðeins skýrar en ég gerði áðan ef það hefur eitthvað misskilist. Það er ekki búið að taka ákvörðun um að Nýsköpunarsjóður kaupi hlutafé fyrir 200 millj. kr. í þessari framleiðslu, heldur er það til skoðunar hjá Nýsköpunarsjóði. Mér er kunnugt um að þeir eru að fara yfir þetta mál á faglegum forsendum og hafa m.a. skoðað starfsemi sem er í raun tilraunastarfsemi og fer fram erlendis. Ég tel að miðað við allt það sem komið hefur fram í málinu séu miklar líkur á því að af því verði að ríkið taki þarna þátt í starfseminni með þessu móti.

Til að brúa þetta bil hefur verið í gangi starfsemi í Mývatnssveit sem hefur verið styrkt af stjórnvöldum. Hún er nokkuð nýstárleg og heitir „Snow Magic“. Þar hefur verið mikið byggt úr snjó og þar fram eftir götunum. Ég veit að sumum finnst þetta kannski svolítið fáránlegt en engu að síður (Forseti hringir.) er þetta eitt af því sem við þó höfum reynt að gera. Eins mætti nefna kvikmyndaupptöku sem þarna hefur farið fram á þessu tímabili.

Vaxtarsamningur fyrir Norðurland vestra.

Fsp. AKG, 680. mál. — Þskj. 1034.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Eins og flestum er kunnugt er Norðurland vestra meðal þeirra svæða á landinu sem eiga í hvað mestri vök að verjast varðandi *íbúaþróun, og brýn þörf er á* að skipulega verði gengið til verka í uppbyggingu nýrra atvinnugreina. Raunin er að í hvert sinn sem auglýst er starf fyrir menntaða einstaklinga á Norðurlandi vestra, en það er því miður allt of sjaldan, sækja fjölmargir um, jafnt frá höfuðborgarsvæðinu sem annars staðar.

Nýlega var t.d. auglýst ráðgjafarstarf á Sauðárkróki þar sem 60 sóttu um og annað starf á Hvammstanga sem sex vel hæfir einstaklingar sóttu um. Það er því ekki þannig að menntað fólk vilji ekki búa úti á landi, heldur vantar störf *fyrir það. Þar á hið opinbera að koma að, bæði með því að* beina starfsemi opinberra stofnana út á landsbyggðina, úthluta verkefnum og styðja heimamenn í viðleitni þeirra við að auðga starfaflóruna. En mér er kunnugt um að þar er við ramman reip að draga og þó að stundum séu höfð uppi góð orð og jákvætt viðmót þegar erindi eru borin upp er látið þar við sitja. Til dæmis hafa Blönduósingar gengið bónleiðir til búðar í viðleitni sinni til að byggja upp þjónustu við matvælaiðnað. Þeim er alls staðar vel tekið í stjórnsýslunni og þeir fara á hvern fundinn á fætur öðrum — en þar við situr. Þannig mega hlutir ekki ganga fyrir sig, frú forseti. Það er lítilsvirðing við fólk að virða hvorki þarfir þess né aðstoða það þegar það reynir að klóra í bakkann og snúa við óheillaþróun í kapp við tímann.

Gerður hefur verið byggðaþróunarsamningur við Vestfirði, vaxtarsamningur við Eyfirðinga og nú síðast vaxtarsamningur við Sunnlendinga. Ég minni enn á þau orð núverandi forsætisráðherra fyrir um ári síðan að röðin væri

komin að Norðurlandi vestra. (**Gripið fram í:** Norðvesturkjördæmi.) Norðvesturkjördæmi, sagði hann, já. Ég spyr því hæstv. iðnaðarráðherra og byggðamálaráðherra:

1. Er fyrirhugað að gera vaxtarsamning fyrir Norðurland vestra, svipaðan þeim sem gerður hefur verið fyrir Vestfirði og verið er að gera fyrir Suðurland og Vestmannaeyjar? Ef svo er, hvenær?

2. Hefur komið fram ósk frá Norðurlandi vestra um gerð vaxtarsamnings?

[15:09]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Við gerð vaxtarsamnings Eyjafjarðarsvæðisins var við það miðað að starfsemi hans næði ekki einungis til Eyjafjarðarsvæðisins, heldur einnig til annarra svæða á Norðurlandi, þar með talið til Norðurlands vestra. Þegar unnið var að þeim samningi komu m.a. að því starfi aðilar á vestanverðu Norðurlandi þar sem ekki var ætlunin að takmarka starfsemina við Eyjafjarðarsvæðið, heldur skyldi starfsemin ná beint eða óbeint til Norðurlands í heild enda byggir eðli og starfsemi vaxtarsamninga á öflugu samstarfi á tiltölulega stórum svæðum.

Markmið vaxtarsamninga er að efla byggðarkjarna með því að byggja á styrkleikum svæða og skilvirku samstarfi einkaaðila og opinberra aðila. Útfærslan er að erlendri fyrirmynd og nokkuð nýstárleg. Áhersla er lögð á samkeppnishæfni atvinnulífs þar sem byggt er á markaðstengdum aðgerðum, stefnumörkun fyrir vaxtargreinar á svæðinu, samstarfi aðila á viðkomandi sviði með netsamstarfi, klösum og stuðningsverkefnum.

Eitt meginatriðið í starfsemi vaxtarsamninga er að efla samstarf á viðkomandi svæði. Því er afar mikilvægt að fyrirtæki og aðilar á Norðurlandi vestra, sem og Norðurlandi sem vilja taka þátt í starfsemi vaxtarsamnings Eyjafjarðar, komi þeim áhuga á framfæri. Gert er ráð fyrir því í vaxtarsamningi Eyjafjarðar að nýir aðilar geti komið að stjórn þess samnings sé fyrir því áhugi, svo sem á Norðurlandi vestra. Þess má geta að aðilar á Norðurlandi, t.d. Ferðamálasamtök Norðurlands sem ná til alls Norðurlands, og háskólinn á Hólum taka þegar þátt í starfsemi vaxtarsamnings. Starfsemi hans verður kynnt frekar á öllu Norðurlandi á næstunni.

Á næstunni er einnig fyrirhugað að kynna vaxtarsamninginn á Norðurlandi vestra og þá möguleika sem hann opnar fyrir aðila á svæðinu. Af framangreindum ástæðum er ekki gert ráð fyrir sérstökum vaxtarsamningi fyrir Norðurland vestra þar sem þegar er gert ráð fyrir slíkum möguleika innan vaxtarsamnings Eyjafjarðar. Slíkt kallar á samræmingu, samvinnu og samninga milli atvinnuþróunarfélaga á svæðinu við vaxtarsamning Eyjafjarðar. Þessu til viðbótar er þess að geta að það er mun meiri ávinningur fyrir minni svæði að tengjast vaxtarsamningum nærliggjandi svæða, stærri svæða, og nýta sér ávinning af slíku starfi en með gerð smárra vaxtarsamninga á afmörkuðum svæðum, enda umfang og stjórnun slíkra samninga nokkuð viðamikið. Komi fram að eftirspurn eftir þjónustu vaxtarsamningsins verði meiri en ráð er fyrir gert í upphafi munu stjórnvöld endurmeta stöðu, rekstur og stuðning við starf á þessu sviði.

Hvað varðar svar við síðari spurningunni er það að segja að formlegt erindi um það efni hefur ekki borist ráðuneytinu en þessi mál og önnur tengd hafa verið rædd óformlega á fundum, m.a. við stjórn Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Ráðuneytið er hins vegar ávallt til viðræðu um atriði er styrkt geta stöðu Norðurlands vestra á þessu sviði ef eftir því verður óskað.

[15:12]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er eitt vandamál við það að hafa vaxtarsamning fyrir þessi svæði sameiginleg. Það vill þannig til að Tröllaskagi liggur þarna á milli. Samgöngur yfir eða í gegnum eru ekki mjög góðar. Ég tel reyndar að ef menn hefðu einhverja áætlun í hendi sér um það hvernig ætti að bæta þær samgöngur gæti kannski orðið líklegra að menn fyndu leið til að koma sér niður á vaxtarsamning sem mundi skipta miklu máli. Ég er á þeirri skoðun að skoða þurfi vandlega að tengja saman Skagafjörð og Eyjafjarðarsvæðið með betri samgöngum en gert er ráð fyrir núna. Það ætti að taka inn í þessa hluti og ef menn sæju fram á það væri örugglega hægt að finna leiðir til að vinna saman fram að þeim tíma sem samgöngur batna á svæðinu.

[15:14]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að bera þessa fyrirspurn fram og tek undir þau sjónarmið sem fram koma í fyrirspurninni.

Ég hef eins og hv. þingmaður Jóhann Ársælsson verulegar efasemdir um að við núverandi aðstæður sé mögulegt að líta svo á að Skagafjörður og Eyjafjörður séu eitt atvinnusvæði. Ég held að huga þurfi að endurbótum á samgöngum til að gera slíkt mögulegt og það er sorglegt til þess að vita að Héðinsfjarðargöng munu ekkert leggja af mörkum til að gera Eyjafjörð og Skagafjörð að einu atvinnusvæði. Ég hygg að það væri skynsamlegt að skoða möguleika svæðisins á Norðurlandi vestra til orkuframleiðslu og notkunar þeirrar orku með stóriðju og ég hygg að iðnaðarráðuneytið gerði vel í því að styrkja þann möguleika sem liggur í augum uppi á álveri við Húnaflóa með orkuframleiðslu úr Skagafirði og Húnavatnssýslunum.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Það er ekki verra en vant er þegar rætt er við hæstv. byggðamálaráðherra um Norðurland vestra. Hún beinir alltaf sjónum að Eyjafjarðarsvæðinu en fyrirspurn mín laut ekki einungis að Skagafirði, hún lýtur að Norðurlandi vestra og ég ætla að benda hæstv. ráðherra á að það eru greiðari samgöngur suður til Reykjavíkur úr Vestur-Húnavatnssýslu en til Akureyrar enda sækja Húnvetningar þjónustu sína þangað.

Það er að sjálfsögðu gott mál og sjálfsagt og menn gera það að eigin frumkvæði að vinna saman að þeim málum þar sem það er æskilegt og eðlilegt, eins og t.d. í ferðamálum og starfsemi háskólana, í menntamálum að ýmsu leyti, en að öðru leyti þarf að sinna þessu kjördæmi sérstaklega, og ekki hvað síst Húnavatnssýslunum þar sem atvinnulíf er

mjög bágborið, meðaltekjur líklega þær lægstu á landinu enda sauðfjárrækt mjög mikil. Það eina sem getur komið þessu svæði til bjargar er að ríkisvaldið aðstoði sveitarfélögin við uppbyggingu atvinnulífs. Þar hefur skollaeyrum verið skellt við og fólk í rauninni dregið á asnaeyrunum með því að taka því ljúflega á fundum en gera svo ekki neitt.

Þetta er ósvinna, hæstv. forseti, og það er óskiljanlegt að byggðamálaráðherra skuli ekki láta sig varða öll svæði landsins jafnt, heldur verða ber að því hvað eftir annað að beina sjónum einungis að örfáum stöðum á landinu — og alltaf sömu stöðunum.

[15:17]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mér finnst þetta vera fullyrðingar sem eiga ekki rétt á sér. Hv. þingmaður heldur því fram að ég geri byggðarlögum mishátt undir höfði og sniðgangi sérstaklega ákveðið kjördæmi, eða mér finnst hún vera að segja það. Því fer bara víðs fjarri.

Það er hins vegar mikilvægt að sveitarfélögin á viðkomandi svæðum standi sig og að þau hafi eitthvert frumkvæði gagnvart ríkisvaldinu ef þau hafa áhuga á samstarfi við það. Þegar um það hefur verið beðið af hálfu sveitarfélaga á þessu svæði að eiga fundi með okkur í iðnaðarráðuneytinu hefur að sjálfsögðu verið orðið við því. Það er ekki lengra síðan en í gær að ég átti fund með sveitarstjórnarmönnum úr Húnavatnssýslu þannig að það stendur ekki á því. Það vil ég að sé algerlega klárt.

Ég ítreka að það er ekki endilega það besta fyrir Norðurland vestra að farið verði í vaxtarsamningsvinnu fyrir það svæði einangrað. Það er það sem ég vil leggja mikla áherslu á. Það starf býður upp á að það séu sterkir aðilar í hópnum og þó svo að Tröllaskagi sé erfiður yfirferðar, bæði hvað varðar samgöngur og andlega, er það þannig með þetta samstarf eins og klasasamstarf að það er ekki spurning um að keyra á milli svæða. Þetta er samstarf sem á sér að miklu leyti stað um netið. Svo vil ég líka taka fram að því miður hafa fyrirtæki og aðilar á gamla Norðurlandi vestra verið mjög óduglegir að sækja um styrki, t.d. í sjóðinn Átak til atvinnusköpunar.

Byggðastofnun.

Fsp. AKG, 714. mál. — Þskj. 1072.

[15:19]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Í 2. gr. laga um Byggðastofnun segir svo, um hlutverk stofnunarinnar, með leyfi forseta:

„Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni.

Í samræmi við hlutverk sitt vinnur stofnunin að undirbúningi, skipulagi og fjármögnun verkefna og veitingu lána með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Stofnunin getur einnig tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum."

Þessi stofnun hefur því ákaflega mikilvægu hlutverki að gegna, virðulegi forseti, ekki síst á síðustu árum þegar þróun byggðar í landinu hefur farið alvarlega úr skorðum án þess að stjórnvöld bregðist við af alvöru. Allir þekkja þá þróun sem orðið hefur á fjármálamarkaði og m.a. gert það að verkum að lántakendur hafa flutt lán sín á milli stofnana í leit að betri kjörum en eftir standa stofnanir með langtímalán sem ómögulegt er að greiða upp nema með ærnum uppgreiðslugjöldum. Afleiðingin er taprekstur viðkomandi stofnana og á síðasta ári tapaði Byggðastofnun 370 millj. kr. samkvæmt fregnum. Ljóst er að þörf fyrir fyrirgreiðslu Byggðastofnunar er mikil, sérstaklega á þeim svæðum sem mest hallar á og verst standa. Ég spyr því hæstv. ráðherra:

Hvernig hyggst ráðherra byggðamála bregðast við fyrirsjáanlegum fjárhagserfiðleikum Byggðastofnunar í kjölfar breytinga á fjármálamarkaði?

[15:22]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Staða Byggðastofnunar er erfið. Tap af reglulegri starfsemi stofnunarinnar á árinu 2004 var 385 millj. kr. og 340 millj. kr. árið 2003. Af taprekstri undanfarinna ára leiðir að eiginfjárstaða stofnunarinnar hefur rýrnað mikið sem rekja má til mikilla útlánatapa. Mikið tap og há framlög á afskriftareikning hafa haft þær afleiðingar að eiginfjárhlutfall stofnunarinnar hefur lækkað úr 11,8% í árslok 2002 í 9,5% í árslok 2004. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, má eiginfjárhlutfall ekki fara niður fyrir 8% af áhættugrunni. Af þessu má ljóst vera að í óefni stefnir ef starfsskilyrði stofnunarinnar batna ekki.

Byggðastofnun hefur haft nokkra sérstöðu á lánamarkaði að því leyti að hún hefur lögskilgreint starfssvæði og hlutverk. Markmiðið hefur verið að styrkja búsetu á landsbyggðinni með lágmarksaðgengi að lánsfé. Í samræmi við það hefur stofnunin veitt lán á hagstæðari kjörum en viðskiptabankarnir hafa gert. Lánveitingarnar hafa verið til lengri tíma en gengur og gerist, þ.e. 50–100% lengri, og lántakendur hafa fengið lengri aðlögun fram að fyrsta gjalddaga en tíðkast í almenna bankakerfinu auk þess sem stofnunin hefur verið þolinmóðari við innheimtu. Öll þessi sérkenni hafa skipt máli fyrir atvinnulífið á landsbyggðinni enda hefur Byggðastofnun margsinnis komið að málum sem viðskiptabankarnir hafa ekki haft áhuga fyrir.

Atvinnulífið á landsbyggðinni hefur átt undir högg að sækja og má ljóst vera að útlánatöp stofnunarinnar endurspegla einmitt þá stöðu. Þá hefur staða Byggðastofnunar enn versnað síðustu missirin í kjölfar aukins framboðs fjármagns frá viðskiptabönkunum. Sterkustu lántakendur Byggðastofnunar hafa átt kost á endurfjármögnun lána hjá stofnuninni á hagstæðum kjörum og hafa uppgreiðslur lána af þessum sökum verið talsverðar. Við þetta hefur lánasafn Byggðastofnunar veikst.

Iðnaðarráðuneytið og stjórnendur Byggðastofnunar hafa fylgst náið með þessari þróun og fundað um hana. Í mars sl. þegar uppgjörið fyrir árið 2004 lá fyrir var endanlega ákveðið að fá utanaðkomandi sérfræðing til að fara yfir stöðu Byggðastofnunar og greina kosti varðandi mögulega framtíðarþróun stofnunarinnar. Það er ráðgjafarfyrirtækið Stjórnhættir ehf. sem ráðuneytið hefur fengið til verksins. Til skoðunar er tekin öll starfsemi Byggðastofnunar sem í grófum dráttum má skipta í tvennt. Annars vegar er fjármálastarfsemi og hins vegar er rannsóknar- og þróunarstarf sem m.a. beinist að áætlunargerð og starfsemi atvinnuþróunarfélaga. Bæði þessi meginverksvið verða metin og skoðuð með tilliti til fjármálamarkaðarins almennt og þeirra sem vinna að sambærilegum rannsóknum og þróunarverkefnum. Greiningin mun bæði beinast að ytri þáttum í starfsumhverfi og innri þáttum starfseminnar. Lögð verður áhersla á að kortleggja starfsemi annarra sem sinna svipuðum eða sambærilegum verkefnum og Byggðastofnun, greina á hvaða sviðum þörf fyrir þjónustu stofnunarinnar er mest og hvar hún á mestan möguleika á að marka sér sérstöðu í framtíðinni. Við greiningu á innri starfsemi Byggðastofnunar verður einkum lögð áhersla á gæði í úrlausn verkefna, hagkvæmni í rekstri og faglegri hæfni þannig að hægt sé að meta á hvaða sviðum stofnunin hefur mestan möguleika á að skila árangri. Á grundvelli þessarar greiningar mun ráðuneytið skoða þá kosti um þróun Byggðastofnunar og verkefni hennar sem líklegastir eru til varanlegs árangurs. Reynt er að varpa ljósi á hvaða leiðir eru best til þess fallnar að stofnunin nái markmiðum sínum á komandi árum.

Að þessari greiningarvinnu lokinni verður tekin ákvörðun um hugsanlegar breytingar á starfsemi Byggðastofnunar. Stefnt er að því að verkefni þessu verði efnislega lokið nú í sumar.

[15:26]

Drífa Hjartardóttir:

Frú forseti. Staða Byggðastofnunar hefur vissulega verið erfið síðustu missiri en þess má geta að upp á síðkastið hefur verið aukin eftirspurn aftur eftir lánsfé frá Byggðastofnun. Þegar Lánasjóður landbúnaðarins verður lagður niður, ef frumvarp sem liggur frammi verður samþykkt, er það mitt álit að vel komi til greina að Byggðastofnun breyti reglum sínum og fari að lána til landbúnaðar. Þá er sérstaklega verið að koma til móts við þá sem hafa áhyggjur af því að bankarnir vilji ekki lána á hin veikari svæði. Það hefur verið ákveðin verkaskipting á milli Lánasjóðs landbúnaðarins og Byggðastofnunar og þegar lánasjóðurinn verður lagður niður kemur aukið hlutverk fyrir Byggðastofnun á móti. Byggðastofnun hefur miklu hlutverki að gegna og það er mjög mikilvægt að staða hennar verði styrkt. Það er þörf fyrir hana áfram til að styrkja byggðir landsins.

[15:27]

Kristján L. Möller:

Virðulegur forseti. Ég hefði helst viljað hafa 102 mínútur, eða 101 mínútu reyndar eins og ég sé núna, í staðinn fyrir eina mínútu til að ræða um Byggðastofnun að þessu sinni. Hæstv. iðnaðarráðherra sagði að staða Byggðastofnunar væri erfið. Það er sannarlega rétt. Ásókn í lánsfé hefur aukist, segir stjórnarmaður í Byggðastofnun. Ég hef hins vegar þá sögu að segja, því miður, að mér virðast allt of margir kvarta yfir því að fá ekki fyrirgreiðslu hjá Byggðastofnun hvað varðar lán. Þegar Byggðastofnun setur það svo fram sem ástæðu fyrir höfnun að viðkomandi fyrirtæki standi ekki undir afborgun lána eða hafi ekki nægjanleg veð, sem er rangt að mati rekstrarmanna sem hafa verið að vinna þau gögn, er þetta mjög alvarlegt mál.

Ég vil spyrja hæstv. iðnaðarráðherra hvort ekki sé komin ástæða til að breyta Byggðastofnun þannig að lánaþátturinn kannski minnki, og þar með tapáhættan, en meira fé komi inn til þess að kaupa hlutafé í lífvænlegum fyrirtækjum á landsbyggðinni, hlutafé sem verður svo til sölu um leið og einhver vill kaupa það þannig að Byggðastofnun geti farið út úr því og (Forseti hringir.) lagt inn í nýtt fyrirtæki.

[15:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er örugglega ástæða til að skoða málefni Byggðastofnunar og ég fagna því að verið sé að gera það. Það eru mörg verkefni sem Byggðastofnun annast sem þarf að annast til framtíðar en auðvitað er ekkert endilega víst að það sé í bestum farvegi eins og það er núna.

Hvað varðar lánastarfsemina hef ég haft þá skoðun nokkuð lengi að miklu nær væri að hið opinbera beindi sér að því að styrkja aðila á landsbyggðinni en að standa í einhverri lánastarfsemi. Bankakerfið gæti komið með meira fjármagn út á land sem mundi gerast þegar menn fengju styrki til tiltekinna verkefna. Þannig væri hægt að koma betri rekstrargrundvelli undir þær nýjungar eða atvinnustarfsemi sem menn vildu styrkja en annars er til staðar. Þá væru bankarnir tilbúnir til að koma með í slaginn.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég tók eftir því í útlistun hæstv. ráðherra að hlutverk hins utanaðkomandi sérfræðings átti ekki að vera að skoða stöðu stofnunarinnar með tilliti til lögbundins hlutverks hennar, þ.e. ekki hvernig hún gæti best sinnt sínu lögbundna hlutverki, sem ég tel þó mjög mikilvægt. Það þótti mér athyglisvert, að markmiðið sé ekki að gera henni kleift að sinna því.

Það er auðvitað hárrétt ábending sem hv. þm. Kristján L. Möller kom fram með áðan, að Byggðastofnun þarf að geta keypt hlutafé og þannig auðveldað uppsetningu nýrra atvinnugreina á landsbyggðinni. En hvorki er hún fær um það né að veita styrki til uppbyggingar atvinnumála sem nokkru nemi, svo litlu fjármagni er úthlutað til stofnunarinnar.

Hv. þingmenn tala um að stofnunin þurfi að fá aukið hlutverk. Að mínu mati hefur hún yfrið nóg hlutverk, það er ekki vandamálið. Vandamálið er að hún hefur ekki aðstæður til að sinna þessu hlutverki almennilega og það er verkefni sem hæstv. ráðherra þarf að láta vinna og beita sér fyrir að henni verði gert kleift að gera.

[15:32]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir ýmsar ráðleggingar sem hér hafa komið fram í sambandi við Byggðastofnun. Ég heyri að hv. þingmenn eru hlynntir því að þessi stofnun geti haldið áfram rekstri sínum og eflst frekar en hitt. Það sem ég er að segja með því að greina frá starfi sem er í gangi er að við teljum að sjálfsögðu mikilvægt í iðnaðarráðuneytinu að þessi stofnun hafi hlutverk og sinni því mikilvægasta á landsbyggðinni. Ef hún sinnir landsbyggðinni betur með því að breyta eitthvað þessari starfsemi verður að sjálfsögðu tekið til athugunar hvort þá sé rétt að gera þarna einhverjar breytingar. Það er ekki þannig með þessa stofnun frekar en aðrar að þær hafi verið settar á stofn óbreyttar til allrar framtíðar, við hljótum alltaf að þurfa að velta fyrir okkur nýjum möguleikum.

Hvað varðar það að kaupa hlutafé veit ég að það tókst, eða ég trúi því að mjög vel hafi tekist til um þær 350 milljónir sem stofnunin fékk til kaupa á hlutafé í sprotafyrirtækjum. Ég hlakka til að fylgjast með því eftir einhver missiri hvernig tekist hefur til og hversu mörg ný störf hafa orðið til í framhaldi af þeim hlutafjárkaupum. Það þýðir að það þarf að leggja stofnuninni til fjármagn af hálfu ríkisvaldsins til að hún sé megnug að fara út í slíkt þar sem tekjurnar hafa dregist mjög mikið saman út af því hvernig lánastarfsemin hefur verið að breytast. Ég tek undir það með hv. þingmanni sem talaði, stjórnarmanni í Byggðastofnun, að það hefur verið meiri aðsókn núna í lán aftur og það er ágætt.

Það er líka talað hér um styrki. Auðvitað væri gaman að geta gert ýmsa hluti en okkur eru nú einhver takmörk sett, almennt miðað við fjárlög. Aðalatriðið er að við (Forseti hringir.) förum í þessa vinnu og reynum að fara málefnalega yfir stöðuna og framtíðarhorfur.

Kannanir á viðhorfum til orkufrekrar stóriðju.

Fsp. JBjarn, 772. mál. — Þskj. 1144.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Það er mjög í tísku að gera skoðanakannanir um viðhorf fólks til ýmissa hluta. Það er sérstaklega athyglisvert þegar það eru opinberir aðilar sem gera slíkar skoðanakannanir. Ég tel mjög gagnlegt að gera skoðanakannanir til að kanna viðhorf til hinna ýmsu mála og bendi t.d. á skoðanakannanir sem hafa ítrekað verið gerðar á undanförnum þremur árum um það hvort þjóðin eigi að selja Símann. Árið 2002 vildu yfir 60% þjóðarinnar að Síminn væri áfram í opinberri eigu, og nú í ár, bæði í febrúar og mars, sýndu viðamiklar skoðanakannanir, gerðar af Gallup og Félagsvísindastofnun, að milli 70 og 80% af aðspurðum vildu ekki selja grunnfjarskiptakerfi Símans. Viljinn var mjög afdráttarlaus. Þá má spyrja hvort stjórnvöld vilji ganga gegn svo afdráttarlausum vilja.

En það voru líka gerðar kannanir á Norðurlandi um viðhorf til álvera. Hæstv. ráðherra fór þar um héruð og kynnti niðurstöður skoðanakönnunar sem iðnaðarráðuneytið hafði beitt sér þar fyrir, könnunar Norðlendinga til álvera.

Í framhaldi af því langar mig til að spyrja hæstv. iðnaðarráðherra nokkurra spurninga:

1. Hve mikið fjármagn hefur iðnaðarráðuneytið til ráðstöfunar til að kynna orkufreka stóriðju á þessu ári?

2. Hvað kostuðu kannanir sem ráðherra lét gera nýverið á afstöðu Norðlendinga til álvera og stórvirkjana í fjórðungnum?

3. Telur ráðherra að fullnægjandi mynd fáist af viðhorfum Norðlendinga til ólíkra leiða við atvinnuuppbyggingu með því að spyrja einungis um afstöðu fólks til álvera?

Það var eini iðnaðurinn sem spurt var um, það var bara spurt um álver og síðan stórvirkjanir til álvera.

4. Hyggst ráðherra standa fyrir sambærilegum könnunum á afstöðu Norðlendinga til uppbyggingar í öðrum atvinnugreinum og taka þá fyrir eina og eina atvinnugrein í senn eins og ráðherra gerði með álframleiðsluna?

Ég tel mjög mikilvægt að átta sig á hvernig héraðið upplifir ímynd sína og áherslur. Til dæmis hefði mátt spyrja: Viljum við byggja upp ferðaþjónustu og viljum við gera stórátak í uppbyggingu á ferðaþjónustu á svæðinu? Viljum við gera stórátak í uppbyggingu á matvælaiðnaði á svæðinu? Það er hægt að spyrja svo margs til þess að fá heildarsýn (Forseti hringir.) yfir vilja íbúanna eða (Forseti hringir.) hvernig þeir sjá ímynd sína.

[15:37]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Sem svar við fyrstu spurningunni: Samkvæmt sundurliðun á fjármálum ríkisaðila í A-hluta fjárlaga fyrir árið 2005 hefur iðnaðarráðuneytið samtals 19,7 millj. kr. til ráðstöfunar í iðnaðarrannsóknir og stóriðju. 5 millj. kr. af þeirri fjárhæð eru veittar til rannsókna á samfélagslegum áhrifum virkjana og álversframkvæmda á Austurlandi. Hluti fjárveitingarinnar fer til greiðslu lögfræðiþjónustu vegna samningagerðar sem og ferðakostnaðar. Á árinu 2005 hefur ráðuneytið áætlað að 6 millj. kr. af fjárveitingunni fari í kynningar gagnvart erlendum fjárfestum.

Það var Gallup sem gerði könnunina sem hér er um rætt og hún kostaði 1.050 þús. kr. án virðisaukaskatts.

„Telur ráðherra að fullnægjandi mynd fáist af viðhorfum Norðlendinga til ólíkra leiða við atvinnuuppbyggingu með því að spyrja einungis um afstöðu fólks til álvera?"

Svarið er eftirfarandi: Nei, enda var það ekki tilgangurinn með viðhorfskönnuninni. Fyrir liggur að nokkur erlend álfyrirtæki hafa sýnt áhuga á að skoða möguleika á að byggja álver á Norðurlandi. Fyrir liggur jafnframt að misvísandi skilaboð hafa borist um áhuga á því meðal Norðlendinga hvort reisa eigi álver á Norðurlandi. Á undanförnum árum hefur verið unnið að undirbúningi stóriðjulóða í Eyjafirði og við Húsavík í samstarfi ráðuneytisins og heimamanna, og sveitarstjórn Skagafjarðar hefur óskað eftir stuðningi ráðuneytisins við sambærilegan undirbúning í Skagafirði. Í þessari stöðu taldi ég nauðsynlegt að kanna hug íbúa á þessum svæðum til stóriðju á þremur stöðum á Norðurlandi áður en lengra yrði haldið. Niðurstöður könnunarinnar gefa haldgóðar vísbendingar en þeim er ekki ætlað að vera neinn stóridómur um hvort, hvar eða hvenær álver verður byggt á Norðurlandi.

„Hyggst ráðherra standa fyrir sambærilegum könnunum á afstöðu Norðlendinga til uppbyggingar í öðrum atvinnugreinum og taka þá fyrir eina og eina grein í senn?“

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur sett ráðuneytunum eftirfarandi fjögur markmið í starfsemi þeirra á tímabilinu 2004–2007:

1. Að auka fjölbreytni atvinnulífsins og bæta samkeppnisstöðu Íslands.
2. Að treysta búsetu á landsbyggðinni.
3. Að nýta auðlindir þjóðarinnar skynsamlega.
4. Að bæta leikreglur viðskiptalífsins.

Að þessum markmiðum er unnið og árangurinn leynir sér ekki. Markvisst þróunarstarf og nýting sóknarfæra í atvinnulífinu auk eflingar menntunar og menningar er áberandi í þessum markmiðum ráðuneytisins. Fjölbreytni atvinnulífs á Norðurlandi hefur aukist með eflingu menntastofnana á Akureyri og á Hólum, Nýsköpunarmiðstöðvar á Akureyri og framkvæmd byggðastefnu almennt. Ekki er vafi á að svokallaður vaxtarsamningur eins og nýverið var gerður fyrir Eyjafjarðarsvæðið á eftir að efla byggðarkjarna og treysta búsetu á Norðurlandi.

Ég vil því leggja áherslu á að ýmislegt er í farvatninu annað en stóriðja og ekki ástæða til að gera lítið úr því.

Svo að ég svari spurningu hv. þm. Jóns Bjarnasonar beint tel ég að svo stöddu ekki vera tilefni til að kanna hug Norðlendinga til einstakra aðgerða til uppbyggingar í öðrum atvinnugreinum lið fyrir lið í viðhorfskönnun. Ráðuneytið hefur í samvinnu við heimamenn metið og forgangsraðað verkefnum sem eru talin hafa mikla þýðingu fyrir samfélagið. Þetta eru m.a. rannsóknarverkefni og nýsköpunarstarfsemi á sviði auðlindalíftækni sem byggir á þekkingu í hefðbundnum atvinnugreinum í sjávarútvegi og landbúnaði. Stóriðjan hefur nokkra sérstöðu fyrir það að vera afar áhrifamikil aðgerð til eflingar atvinnulífi, ekki síst vegna margfeldisáhrifa á flestum sviðum samfélagsins en um leið umdeild vegna umhverfisáhrifa. Því gegnir þar öðru máli og ástæða til að stíga skrefin í takt við vilja íbúa viðkomandi svæða.

[15:42]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Íbúar á þeim svæðum þar sem stóriðja hefur verið sett niður hafa svarað því mjög afdráttarlaust að þeir vilja að slík starfsemi sé til staðar. Þeir hafa svarað því með því að alls staðar þar sem stóriðja hefur verið sett niður, hvort sem er hér á höfuðborgarsvæðinu, norðan Hvalfjarðar eða núna á Austfjörðum, hefur það leitt til fólksfjölgunar. Þetta segir okkur að fólk vill vinna í stóriðjunni, enda er það þannig sem ég og hv. þingmaður vitum mætavel, sem erum þingmenn Norðvesturkjördæmis þar sem stóriðja er einmitt staðsett, að fólk sækist eftir vinnu á þessum stöðum. Þetta eru góðir vinnustaðir og þess vegna eigum við að einhenda okkur í að reyna að efla stóriðju þar sem forsendur eru fyrir því að hún geti risið, m.a. á hinu gamla Norðurlandi vestra.

Við ályktuðum um það á Alþingi að það ætti að setja stóriðju sem næst upptökum meginorkuöflunarsvæðisins. Þær forsendur eru til staðar á Norðurlandi vestra, þess vegna á að rísa þar stóriðja. Ég trúi því ekki að hv. þingmaður (Forseti hringir.) muni leggjast gegn því að slík mikilvæg uppbygging á atvinnulífinu á þessu svæði (Forseti hringir.) geti átt sér stað. Það er mikil þörf á slíkri uppbyggingu.

[15:43]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Stóriðja er mjög afstætt hugtak. Hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson ætti að vita hver hefur verið stóriðja Norðvesturkjördæmis fram til þessa og líka hver stóriðja Norðausturkjördæmis hefur verið fram til þessa. Það er að sjálfsögðu sjávarútvegur, en einnig landbúnaður.

Því miður er það þannig, virðulegi forseti, að þeir flokkar sem nú eru við völd á Íslandi, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, hafa markvisst valdið gríðarlegu tjóni á sjávarútvegi í þessum landshlutum með sínu miðstýrða, sósíalíska kvótakerfi. Það er bara staðreynd. Þar á verður ekki gerð bragarbót fyrr en þessum flokkum hefur verið komið frá völdum, ég er alveg búinn að gera mér grein fyrir því eftir að hafa setið á Alþingi í tvö ár. Það þarf að gera nauðsynlegar breytingar á þessu kerfi þannig að litlu sjávarþorpunum umhverfis landið verði á ný færður sá sjálfsagði réttur sem þau höfðu mann fram af manni, þ.e. að nýta sínar bestu og dýrmætustu náttúruauðlindir á sínum eigin forsendum án afskipta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég fagna í sjálfu sér þeim orðum hæstv. ráðherra að hún geti vel séð að önnur starfsemi geti blómgast og dafnað á Norðvesturlandi og Norðurlandi en bara álver. Ég fagna því líka að ráðherrann geri sér grein fyrir því að einhæf spurning um álver, sem Norðlendingar eru sem betur fer ekkert hrifnir af, segir ekki allt um hvernig atvinnulíf íbúarnir vilja sjá til framtíðar.

Varðandi orð hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar eru menn farnir að rugla svo með stóriðju, menn eru farnir að kalla allt stórt stóriðju. Mennta- og rannsóknastarfsemi í Skagafirði útvegar miklu fleiri störf, störf fyrir hámenntaða einstaklinga, en einhver verksmiðja sem krefst mikillar raforku þannig að uppbygging í Skagafirði hvað þetta varðar, fiskvinnslan og starfsemin þar, er gríðarlega stór atvinnustaður. Það er gríðarlega mikilvægt þannig að menn geta kallað það í sjálfu sér stóriðju en það sem hér var verið að tala um voru álver og stórar vatnsaflsvirkjanir.

Ég bendi t.d. á að Blönduós hefur viljað líta á sig sem matvælabæ og óskað eftir að fá stuðning af hálfu ríkisvaldsins til að byggja sig upp sem slíkan og rannsóknastöð í matvælavinnslu. Ferðaþjónusta er vaxandi grein og ein stærsta atvinnugrein þjóðarinnar. Þetta svæði allt á gríðarlega möguleika í ferðaþjónustu. (Forseti hringir.) Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að fólk átti sig á því og laði fram sjónarmið íbúanna (Forseti hringir.) ef þörf er á en bindi sig ekki bara við einn þátt, álver.

[15:47]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég held að ég verði að segja það einu sinni enn að það er ekki þannig að ég bindi mig við einn

þátt, sem sé álver. Það er engin hugmynd svo vitlaus í atvinnumálum að mínu mati að ekki sé ástæða til að skoða hana þannig að það er allt uppi á borðinu í sambandi við atvinnukosti á landsbyggðinni. Það er útúrsnúningur þegar hv. þingmaður staglast á þessu. Þetta mundi hann vita ef hann hefði getað mætt á einhvern af þeim fundum sem ég boðaði til á Norðurlandi nýlega.

Svo vil ég leiðrétta eitt, það er talsverður áhugi á Norðurlandi fyrir álveri. Það er vægt til orða tekið og þetta veit hv. þingmaður líka.

Af því að hann talaði um störf fyrir hámenntað fólk er það þannig t.d. fyrir austan að margir tugir háskólamenntaðra manna fá vinnu við álverið á Reyðarfirði. 70–80 háskólamenntaðir einstaklingar munu fá þar vinnu þegar sú starfsemi hefst. Þessu þarf líka að halda til haga.

Hv. þm. Magnús Þór Hafsteinsson er náttúrlega með sjávarútvegsrulluna sína og talar um að ríkisstjórnin sé með sósíalískt kvótakerfi. Það kerfi sem er hér við lýði er einmitt markaðskerfi. Hins vegar biður Frjálslyndi flokkurinn um sósíalískt kerfi því að hann biður um að kvótanum verði útdeilt á staðina af hálfu ríkisvaldsins og síðan verði það bara að ráðast hvort sú starfsemi sé (Gripið fram í.) rekstrarbær eða ekki. (**MÞH:** ... sókn í sjávarútvegsmálum sem þú ert að tala um.)

Í sambandi við stóriðju almennt í Norðvesturkjördæmi sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson talaði um hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um það hvar hugsanlegt álver mundi rísa og þess vegna tjái ég mig ekki frekar um það hér, enda er það ekki mitt að ákveða það.

Þjónustuskyldur í eldsneytisafgreiðslu.

Fsp. JBjarn, 773. mál. — Þskj. 1145.

[15:49]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Einn af grunnþáttum í þjónustu við hvert samfélag, einstaklinga og atvinnulíf er gott aðgengi að eldsneyti, olíum og bensíni. Þetta er ekki aðeins fyrir íbúa á viðkomandi svæðum vítt og breitt um landið, heldur líka fyrir ferðamenn og aðra sem fara um. Þess vegna er mikilvægt að olíu- og bensínafgreiðslustöðvar séu sem víðast, eigi til nægilegar birgðir og geti afgreitt eldsneyti þegar þess er óskað.

Margar eldsneytisafgreiðslustöðvar hafa tekið þann kost að vera með sjálfsafgreiðslu og þá þarf að vera með t.d. vísakort. Í sumum tilvikum eru menn með kort sem aðeins er hægt að kaupa hjá viðkomandi olíufyrirtækjum til að nota hjá þeim. Þetta hefur valdið vandkvæðum vítt og breitt um landið, t.d. í strjálbýli, bæði fyrir íbúana en ekki síst fyrir ferðamenn sem ekki geta þá keypt eldsneyti á bíla sína nema með því að nota ákveðið kort. Ekki er hægt að staðgreiða eldsneytið. En þessi afgreiðsla er líka háð því að bæði rafmagn og sími séu í lagi, og skemmst er að minnast fréttar sem birtist í blöðum í aprílbyrjun. Ég er með úrklippu úr Fréttablaðinu 11. apríl vegna ástands á Vopnafirði þar sem ekki var hægt að afgreiða þar bensín eða dísilolíu frá morgni miðvikudags og fram eftir degi vegna bilunar í símalínu, eins og stendur í fréttinni. Aðeins er hægt að kaupa eldsneyti á Vopnafirði í sjálfsala og ef hann bilar er ekki hægt að kaupa eldsneyti í byggðarlaginu en Vopnafjarðarhreppur telur á áttunda hundrað íbúa. Þarna var sjálfsalinn háður ISDN-tengingu sem bilaði umræddan dag en komst í lag aftur samdægurs. Þessi afgreiðsla er sem sagt háð bæði rafmagni og símtengingum og er þá hættulegt ef það bilar.

Þess vegna leyfi ég mér að spyrja ráðherra:

1. Telur ráðherra koma til greina að setja reglur um lágmarksþjónustu í eldsneytisafgreiðslu í fámennum byggðarlögum utan alfaraleiða?

2. Telur ráðherra koma til greina að gera kröfur um lágmarkseldsneytisbirgðir í byggðarlögum sem geta einangrast vegna óveðurs eða náttúruhamfara?

3. Kemur til greina að gera olíufélögum skylt að hafa á eldsneytisafgreiðslustöðvum sínum öryggisbúnað sem geri kleift að afgreiða eldsneyti þótt þar verði rafmagns- eða símasambandslaust um stundarsakir? (Forseti hringir.)

[15:52]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Til að fá gleggri upplýsingar um hvort veður og hamfarir séu alvarlegt vandamál við sölu eldsneytis hér á landi og eins hver skipting eldsneytissölu sé milli ökutækja annars vegar og annarrar notkunar hins vegar hafði ráðuneytið samband við öll olíufélögin. Þrátt fyrir skamman svarfrest sáu þrjú þeirra stærstu sér fært að veita umbeðnar upplýsingar.

Samkvæmt lauslegri áætlun mun sala eldsneytis frá bensínstöðvum til ökutækja nema rétt innan við einum þriðja af heildarnotkun eldsneytis í landinu. Afgreiðsla til skipa, flugvéla, verksmiðja og iðnaðar beint frá birgðastöðvum eða frá sérútbúnum bifreiðum mun því nema rúmum tveimur þriðju af heildarnotkun eldsneytis hér á landi. Bensín er eingöngu leyfilegt að selja af neðanjarðartönkum og því nánast eingöngu selt á bensínstöðvum. Gasolía er hins vegar einnig afgreidd á lausa ofanjarðartanka. Því er ljóst að þegar rafmagns- eða símasambandsleysi stöðvar tímabundið afgreiðslu eldsneytis á bensínstöðvum á almennt að vera hægt að hafa aðgang að gasolíu. Því verður ekki séð að tímabundið rafmagns- eða símasambandsleysi geti skapað neyðarástand, enda ætti ætíð að vera hægt að halda dísilbílum gangandi. Eru reyndar flestar bifreiðar björgunarsveita og slökkviliða dísilknúnar.

Aðspurð töldu olíufélögin sig ekki hafa orðið vör við að símasambands- eða rafmagnsleysi hefði skapað erfiðleika við sölu eldsneytis á starfsstöðvum þeirra á landsbyggðinni. Fram kom hjá þeim að unnt væri, ef neyðarástand skapaðist, að nálgast eldsneyti með handdælum þótt straums nyti ekki við. Þá töldu þau að birgðastýringu væri þannig háttað að ekki hefði komið til þess að vetrarveður reyndu á öryggisbirgðir eldsneytis. Í ljósi þessara upplýsinga er erfitt að koma auga á nauðsyn þess að gera ríkari kröfur til seljenda eldsneytis en seljenda annarrar vöru eða þjónustu hvað varðar uppsetningu og rekstur neyðarþjónustu. Hvaða rök væru þá fyrir því að undanskilja dagvöruverslun kröfum um að eiga ávallt á lager tilteknar lágmarksbirgðir svokallaðra nauðsynjavara eða að skylda grunnskóla til að bjóða upp á

kennslu hvernig sem viðrar? Mér er til efs að neytendur væru stjórnvöldum þakklátir fyrir slíkar kvaðir sem óhjákvæmilega mundu hafa í för með sér hækkun vöruverðs og lakari lífskjör af þeim sökum.

Á undanförnum árum hafa kröfur til reksturs bensínstöðva verið auknar, m.a. til búnaðar og mengunarvarna. Á síðasta þingi var lögfest hlutlæg skaðabótaábyrgð, m.a. vegna bensínstöðva, og við meðferð hvers máls munu olíufélögin hafa lýst þeim áhyggjum að lagasetningin mundi hafa neikvæð áhrif á litlar bensínstöðvar í dreifbýli. Hefur þeirrar þróunar orðið vart í nágrannalöndum okkar að útsölustöðum eldsneytis hefur fækkað stórlega og ekki er ástæða til að ætla annað en þróunin verði sú sama hérlendis. Tel ég ekki ástæðu til að hraða þeirri þróun með setningu íþyngjandi reglna umfram það sem nauðsynlegt er.

[15:56]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Þetta var hálffurðulegur málflutningur. Hæstv. viðskiptaráðherra dró inn matvöruverslanir og grunnskóla og fór að bera það saman við bensínstöðvar úti á landi. Ég átta mig ekki alveg á þessu.

Bensínstöðvar eða stöðvar sem selja bensín og gasolíu eru að selja eldsneyti á farartæki þannig að fólk komist leiðar sinnar. Ég hef rekið mig á það á ferðum mínum um landið að á sumum stöðum er erfitt að nálgast olíu eða bensín. Mér finnst alveg sjálfsagt mál að stjórnvöld leggi þær kvaðir á olíufélögin, sem hafa orðið uppvís að því að arðræna þjóðina um margra áratuga skeið með ólöglegu verðsamráði og eru með einokunaraðstöðu í olíusölu hér á landi, að þau sjái til þess að þegnarnir geti nálgast eldsneyti á farartæki sín þegar á þarf að halda. Það er mjög skaðlegt fyrir litla staði að geta ekki tryggt eldsneytissölu og veldur því að þeir fá á sig mjög neikvæðan stimpil og er kannski ekki á bætandi af mörgum ástæðum sem of langt mál er að fara út í hér. Það er mjög slæmt fyrir ímynd þessara staða þegar til að mynda ferðamenn lenda í stórkostlegum vandræðum með jafneinfaldan hlut og að kaupa sér eldsneyti á bíla sína. Þetta verður (Forseti hringir.) einfaldlega að laga.

[15:57]

Fyrirspyrjandi (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Mér þykir hæstv. ráðherra taka þessu máli af óþarflegri léttúð. Hún ber þetta saman við daglegar neysluvörur. Ég vil ekki að gera lítið úr mikilvægi þeirra en þakka innlegg hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar sem ég tel að hafi verið miklum mun málefnalegra en hæstv. ráðherra.

Eldsneyti er einn af grunnþáttum í atvinnulífi okkar og daglegu lífi. Ég hef verið á fundum ferðaþjónustunnar t.d. á Vestfjörðum og á Norðausturlandi þar sem látnar hafa verið í ljósi þungar áhyggjur af því að olíuafgreiðslustöðvum fækkar og afgreiðslutími þeirra styttist. Það er ekki hægt að fá afgreitt nema eiga sérstök kort eða þá greiðslukort og þetta getur takmarkað mjög þjónustustig þessara svæða fyrir ferðaþjónustu. Ég tel alveg ástæðulaust af hæstv. ráðherra sem er líka atvinnu- og byggðamálaráðherra að fjalla um þetta mál af þeirri léttúð sem ráðherrann gerði.

Þetta er líka öryggismál, sum byggðarlög eru þannig sett að þau geta einangrast af veðurfarslegum völdum, og rafmagn og sími geta farið eins og dæmið frá Vopnafirði sannar. Það kom líka fram í fréttinni að ekki hefði verið hægt að dæla af viðkomandi eldsneytisdælu handvirkt. Þess vegna er ég að draga athyglina að þessari grundvallaralmannaþjónustu þó að hún sé í höndum einkaaðila, að þeir hafi samfélagslegum skyldum að gegna sem ég tel mikilvægt að gæta að og hafa í huga, m.a. þau atriði sem ég nefndi.

[16:00]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég efast ekkert um að þetta sé sett fram af jákvæðni og með það í huga af hv. þingmanni að bæta þjónustuna við landsmenn. Auðvitað vildum við öll gera það. En í þessu tilfelli verðum við að hafa það í huga að ef við setjum þær kvaðir á fyrirtækin að standa undir lágmarksþjónustu kemur það fram í verðinu. Það er viðkvæmi þátturinn í málinu. Ég geri mér alveg grein fyrir því hvernig ástandið er og hvernig breytingin hefur verið á síðustu árum hvað það varðar að nú eru færri afgreiðslustaðir en áður og margir þeirra bjóða ekki upp á þjónustu í raun heldur er þar um sjálfvirka afgreiðslu að ræða.

Það atriði sem mundi skipta miklu máli, fyrst að hér var talað um ferðamenn, er að upplýsingar liggi fyrir á þessum stöðum um hvar næsta afgreiðsla sé þannig að ferðamann, sem jafnvel geta verið þingmenn, lendi ekki í því að verða alveg bensínlausir. Mér finnst slíkar upplýsingar vera mjög af skornum skammti.

Það sem ég vildi segja hérna var fyrst og fremst það að við getum ekki sett kvaðir á þessi fyrirtæki öðruvísi en að það komi fram í verðinu. Ég tel ekki að hér sé um neitt stórkostlegt vandamál að ræða. Þó að hv. þingmaður komi með þetta mál inn í þingið er þetta ekki stórkostlegt vandamál að mínu mati, ekki þeir þættir sem hann spurði um.

[16:02]

Útbýting:

Græðarar, 246. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1173; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1174.

Úrvinnslugjald, 686. mál, nál. umhvn., þskj. 1175.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 495. mál, frhnál. umhvn., þskj. 1172.

Út af dagskrá voru tekin 4.–7. og 13.–17. mál.

Fundi slitið kl. 16:03.

115. FUNDUR

miðvikudaginn 20. apríl,
að loknum 114. fundi.

Dagskrá:

1. Höfundalög, stjfrv., 702. mál, þskj. 1060. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjarskipti, stjfrv., 738. mál, þskj. 1102. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stefna í fjarskiptamálum 2005–2010, stjtill., 746. mál, þskj. 1111. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1164. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 438. mál, þskj. 644, nál. 1130. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
6. Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 604. mál, þskj. 903, nál. 1131. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
7. Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 605. mál, þskj. 904, nál. 1132. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
8. Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 537. mál, þskj. 811, nál. 1152. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni Magnússon félmrh., 11. þm. Reykv. n.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Guðni Ágústsson landbrh., 3. þm. Suðurk.

[Fundarhlé. — 16:07]

Höfundalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 702. mál (EES-reglur). — Þskj. 1060.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fjarskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 738. mál (fjarskiptaáætlun o.fl.). — Þskj. 1102.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Stefna í fjarskiptamálum 2005–2010, frh. fyrri umr.

Stjtill., 746. mál. — Þskj. 1111.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Lánasjóður landbúnaðarins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 786. mál (afnám laganna). — Þskj. 1164.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Breyting á XVII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 438. mál (hugverkaréttindi). — Þskj. 644, nál. 1130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EKH, EOK, GHH, GAK, GÖg, GunnB, JÁ, JónK, KÓ, KolH, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SP, StB, UMÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
31 þm. (ÁMagn, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KJúl, KHG, KLM, LB, MÁ, SÞorg, SJS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1177).

Breyting á II. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 604. mál (dreifing blóðs og blóðhluta). — Þskj. 903, nál. 1131.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:17]
Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EKH, EOK, GHH, GAK, GÖg, GunnB, JÁ,

JGunn, JónK, KÓ, KolH, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SP, StB, UMÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
30 þm. (ÁMagn, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JBjart, KJúl, KHG, KLM, LB, MÁ, SÞorg, SJS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1178).

Breyting á XII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 605. mál (fjárhagslegar tryggingarráðstafanir). — Þskj. 904, nál. 1132.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BjarnB, DJ, DrH, EKG, EKH, EOK, GHH, GAK, GÖg, GunnB, JÁ, JGunn, JónK, KÓ, KolH, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SKK, SigurjÞ, SP, StB, UMÓ, VS, ÞSveinb, ÞBack.
30 þm. (ÁMagn, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GÖrl, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JBjart, KJúl, KHG, KLM, LB, MÁ, SÞorg, SJS, ÞKG, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1179).

Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 537. mál (lífeindafræðingar). — Þskj. 811, nál. 1152.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1152 samþ. með 33 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 16:21.

---

116. FUNDUR

miðvikudaginn 20. apríl,
kl. 5 síðdegis.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Hellisheiði og Suðurstrandarvegur, fsp. KÓ, 672. mál, þskj. 1025.
2. Tafir á vegaframkvæmdum, fsp. AKG, 736. mál, þskj. 1098.
3. Framkvæmd vegáætlunar, fsp. AKG, 737. mál, þskj. 1099.

Til menntamálaráðherra:

4. Æskulýðsmál, fsp. UMÓ, 782. mál, þskj. 1160.
5. Einkareknir grunnskólar, fsp. BjörgvS, 542. mál, þskj. 821.
6. Forgangur í framhaldsskóla, fsp. AKG og MÁ, 380. mál, þskj. 465.
7. Menningarsamningur fyrir Vesturland, fsp. AKG, 713. mál, þskj. 1071.

[17:03]

Útbýting:

Útflutningur á ferskum botnfiski, 756. mál, svar sjútvrh., þskj. 1167.

Hellisheiði og Suðurstrandarvegur.

Fsp. KÓ, 672. mál. — Þskj. 1025.

[17:03]

Fyrirspyrjandi (Kjartan Ólafsson):

Frú forseti. Frá því að þessi fyrirspurn var lögð fram hefur mikið vatn runnið til sjávar og m.a. hefur samgönguáætlun 2005–2008 litið dagsins ljós. Það kunna því að vera gögn sem ég fer hér yfir sem hafa tekið nokkrum breytingum frá því að sú áætlun kom fram.

Það er ánægjulegt að sjá að framkvæmdir eru hafnar í Svínahrauni þar sem nú verður lagður 2+1 vegur frá Skíðaskálabrekku vestur fyrir Litlu kaffistofu ásamt mislægum gatnamótum við Þrengslaveg. Með þessari framkvæmd leggjast af þrjár afleitar beygjur.

En betur má ef duga skal þar sem umferðaraukningin á leiðinni yfir Hellisheiði hefur verið langt umfram það sem allar áætlanir gerðu ráð fyrir og einnig umfram það sem 1+1 vegur ber þegar umferðin er hvað mest. Þessa auknu umferð má m.a. rekja til breyttra atvinnuhátta á svæðinu, stóraukinnar umferðar ferðamanna, innlendra sem erlendra, þar með talin sístækkandi sumarhúsabyggð fyrir austan fjall auk mikilla afþreyingarmöguleika af margvíslegum toga. Einnig má benda á að Orkuveita Reykjavíkur er nú að hefjast handa við byggingu Hellisheiðarvirkjunar og mun leggja áherslu á að kynna ferðamönnum virkjunina og reiknað er með allt að 250 þúsund heimsóknum gesta árlega.

Einnig er augljóst að íbúafjölgun er veruleg á Stór-Árborgarsvæðinu, sem ég kalla svo, en íbúafjölgun hefur ekki fyrr verið neitt í líkingu við það sem nú er og ekkert bendir til annars en að svo verði áfram. Af þessu má ráða að vegurinn yfir Hellisheiði verður að fá verulegt fjármagn næstu árin til að anna þessu mikla álagi. Þá er og ljóst að tvær aðrar leiðir frá stórhöfuðborgarsvæðinu létta á umferðarþunga yfir Hellisheiðina en það er Gjábakkavegur, sem nú er inni í samgönguáætlun, og svokallaður Suðurstrandarvegur. Sá síðarnefndi er kominn að hluta í útboð og mikilvægt er að það verkefni haldi áfram eins og áætlanir hafa gert ráð fyrir. Því vil ég spyrja hæstv. samgönguráðherra:

1. Hver er áætlaður kostnaður við að

a. bæta þriðju akrein við 3 km kafla þar sem Hellisheiði er hæst,

b. bæta þriðju akrein við 5,5 km kafla frá Litlu kaffistofunni að Lögbergsbrekku?

2. Hver er áætlaður kostnaður við að leggja Suðurstrandarveg frá Þorlákshöfn í Selvog eftir að lokið hefur verið tengingu við Þorlákshöfn?

[17:06]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Kjartani Ólafssyni fyrir að fá tækifæri til að svara þeim spurningum sem hv. þingmaður ber hér upp vegna þeirrar miklu umræðu sem farið hefur fram um nauðsynlegar vegabætur á þessu svæði, þ.e. yfir Hellisheiði annars vegar og um Suðurstrandarveg hins vegar. Þær umræður hafa farið nokkuð geyst, að mér hefur fundist, og margir hafa talað eins og ekkert væri um að vera í framkvæmdum á þessu svæði, en eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda eru í gangi framkvæmdir á báðum þessum svæðum.

Spurt er í fyrsta lagi hver sé áætlaður kostnaður við að bæta þriðju akrein við 3 km kafla þar sem Hellisheiði er hæst.

Svar mitt við þeirri spurningu er að þar sem hvorki liggur fyrir hönnun á hugsanlegri breikkun né þversniðsmælingar af núverandi vegi er stuðst við grófa áætlun, samanber svar við fyrirspurn frá Björgvini G. Sigurðssyni á þskj. 862, mál 574. Þar er gefinn upp áætlaður kostnaður á hvern kílómetra um 34 millj. kr. Þessi umræddi kafli á Hellisheiðinni er um 2,7 km á lengd og ætti að vera einna ódýrast að breikka hann á þessari leið. Kostnaður gæti því verið rétt undir 100 millj. kr. að endurbæta þennan tæplega 3 km vegkafla á Hellisheiðinni þar sem hún er hæst.

Í öðru lagi er spurt hver sé kostnaðurinn við að bæta þriðju akrein við 5,5 km kafla frá Litlu kaffistofunni að Lögbergsbrekku.

Svar mitt er að með hliðsjón af ofangreindu og því að breikka þarf eina brú á þessum kafla, megi álíta að kostnaður verði rúmlega 200 millj. kr. við endurbætur á þessum vegkafla. Með vegriði milli aksturstefna má áætla að þessi kostnaður hækki um u.þ.b. 10 millj. kr. á hvern kílómetra.

Í þriðja lagi er spurt hver sé áætlaður kostnaður við að leggja Suðurstrandarveg frá Þorlákshöfn í Selvog eftir að lokið hefur verið tengingu við Þorlákshöfn.

Frá Selvogi að fyrirhuguðu hringtorgi við Þorlákshöfn eru um 15 km. Kostnaður við þennan áfanga ásamt hringtorgi og lýsingu við það er áætlaður um 360 millj. kr. Þetta er það svar sem ég vil gefa hv. fyrirspyrjanda um kostnað við endurbætur á þessum vegkafla.

Eins og fram kom í ræðu hv. þingmanns og fyrirspyrjanda eru nú þegar hafnar framkvæmdir í Svínahrauni eða Kristnitökuhrauni, eins og við munum væntanlega nefna það hraun ekki síður. Þær framkvæmdir eru geysilega mikilvægar og þar er um að ræða endurbætur sem fela í sér mislæg gatnamót og tengingu við Þrengslaveginn. Þessi breyting mun stytta leiðina yfir Hellisheiði. Síðan er búið að bjóða út framkvæmdir við fyrsta áfangann á Suðurstrandarvegi þannig að unnið er fullum fetum að endurbótum á þessu svæði.

Vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið þar sem menn hafa haft uppi stór orð um svik vegna framkvæmda á Suðurstrandarvegi er algerlega ljóst, og ég undirstrika það hér og nú, að sú mikla áhersla og í rauninni sú mikla áherslubreyting sem hefur orðið þar sem harðari krafa er gerð um að flýta framkvæmdum við tvöföldun Reykjanesbrautar og flýta framkvæmdum á Hellisheiði þá er alveg ljóst og ætti hvert mannsbarn að sjá hvar sem er á landinu að á sama tíma og við erum að draga úr framkvæmdum í vegagerð hljótum við (Forseti hringir.) að leggja áherslu á þær framkvæmdir sem við erum að vinna að núna. Menn geta því ekki gert ráð fyrir að Suðurstrandarvegur fái einhvern sérstakan forgang umfram þær framkvæmdir sem ég nefndi fyrr.

[17:12]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Það er engu líkara en að hæstv. samgönguráðherra hafi ekki hlustað á þau loforð sem búið er að spila undanfarna daga þar sem hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra lofuðu því fyrir kosningar að Suðurstrandarvegur yrði kláraður innan 18 mánaða og það ætti ekki að hafa nein áhrif á aðrar vegaframkvæmdir í því kjördæmi. Ég held að hæstv. samgönguráðherra ætti að hlusta betur á þau orð sem þar voru sögð.

Mér finnst undarlegt geðleysi í hv. þm. Kjartani Ólafssyni að standa hér og spyrja hvað kosti að leggja spotta af þessum sama vegi, Suðurstrandarvegi, sem ætti að vera búinn ef staðið hefði verið við þessi kosningaloforð. Ég held að nær væri að standa hér og spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra ætlar sér, með þeirri þingsályktunartillögu sem búið er að leggja fram um samgöngumál, að svíkja þau loforð sem hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra gáfu kjósendum og íbúum á þessu svæði?

Að endingu vil ég segja, út af fréttaflutningi undanfarna daga, að það er alrangt sem fram hefur komið, m.a. hjá hæstv. forsætisráðherra, að þingmenn Suðurkjördæmis hafi sammælst um að hætta við framkvæmdir á Suðurstrandarvegi.

[17:13]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Það eru gríðarleg vonbrigði að Suðurstrandarvegur skuli hafa dottið fyrirvaralaust út úr vegáætlun, horfið þaðan nánast sporlaust.

Ég vil líka nota tækifærið hér til að benda á að stjórnarþingmenn í Suðurkjördæmi, þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, eru eins og lufsur í þessu máli. Þeir virðast ætla að láta þetta yfir sig ganga eins og ekkert sé. Þeir taka ekki til máls í umræðum um vegáætlun, þegja þunnu hljóði, eru hér á samsærisfundum með útvöldum sveitarstjórnarmönnum úr kjördæminu til að ráðskast um það hvort fara eigi í Suðurstrandarveg eða ekki. Síðan kemur það eins og skrattinn úr sauðarleggnum að þessi vegur hafi verið sleginn af. Málið hefur ekki verið rætt við okkur þingmenn í kjördæminu og það ætti að vera fyrsta forgangsverk samgönguráðherra, ef hann vill ná sátt um þessi mál, að sjá til þess að málið fari í gegnum almennilega umræðu við þingmenn kjördæmisins. Svona vinnubrögð hljóta að vera með öllu ólíðandi.

[17:14]

Fyrirspyrjandi (Kjartan Ólafsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir þau svör sem hér voru gefin. Það kom reyndar fram í þeim að þetta væri gróf áætlun um þessa vegspotta, sem svo voru nefndir hér áðan, efst á Hellisheiðinni en með því að ná þeim erum við að sjá fram á veginn frá Hveragerði vestur fyrir Lögbergsbrekku sem 2+1 veg. Það er auðvitað mikil vegbót fyrir utan svo það að við fáum mislæg gatnamót, það er augljóst.

En betur má ef duga skal, eins og ég sagði. Það þarf að hyggja að langtímaáætlun hvað þennan veg varðar og auðvitað horfum við til lengri tíma um það að þessi vegur verði 2+2 og þá að Selfossi. En það er ekki inni á þeirri áætlun sem er verið að kynna hér.

Gagnvart Suðurstrandarvegi er rétt að það komi hér fram að fjármunir hafa verið lagðir í þann veg og til eru fjármunir í hann sem mundu duga fyrir áfanganum frá Þorlákshöfn að Selvogi. Það eru u.þ.b. þeir fjármunir sem hafa verið settir í veginn. Ég lít svo til að það fjármagn liggi fyrir og að einvörðungu sé verið að fresta þeim framkvæmdum. (**MÞH:** Hvað með loforðin?) (Gripið fram í.)

[17:16]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Það verður að segjast alveg eins og er að málflutningur hv. þm. Jóns Gunnarssonar, ég tala nú ekki um hv. þm. Magnúsar Hafsteinssonar, er með öllu óforsvaranlegur, alveg ótrúlega ómerkilegur málflutningur. Hér koma menn upp og lýsa því að þeir hafi ekki verið þátttakendur í þeirri ákvörðun að færa til fjármuni af fjárveitingu Suðurstrandarvegar til þess að framkvæma endurbætur á Hellisheiði. (Gripið fram í.)

Þetta er alveg ótrúlega ómerkilegur málflutningur og er ekki sæmandi mönnum sem vilja láta taka sig alvarlega í umræðu á Alþingi og í ákvarðanatöku um vegamál. Það kom beiðni frá hv. þingmönnum Suðurkjördæmis (**Gripið fram í:** ... taka lán ...) um að færa fjármuni úr Suðurstrandarvegi — menn nota ekki sömu peningana nema einu sinni — til þess að fara í framkvæmdir við mislæg gatnamót á Hellisheiðinni. (**Gripið fram í:** Hvar eru peningarnir ...?) Þær áherslur sem þar koma fram liggja auðvitað algerlega ljósar fyrir, enda held ég að Suðurnesjamenn t.d. leggi svo ríka áherslu á tvöföldun Reykjanesbrautarinnar og íbúar á Suðurlandi á framkvæmdir á Hellisheiðinni að það blasir algerlega við að það eru þær framkvæmdir sem fólk í þessu kjördæmi vill að hafi forgang. Ég er algerlega sammála því að þar liggja mikilvægustu framkvæmdirnar á sviði umferðaröryggismála. Málflutningur á borð við það sem hv. þm. Jón Gunnarsson hefur leyft sér að viðhafa hér er algerlega óforsvaranlegur og hv. þingmanni til skammar. (**Gripið fram í:** En loforð?)

Tafir á vegaframkvæmdum.

Fsp. AKG, 736. mál. — Þskj. 1098.

[17:18]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Þó að miklum fjárhæðum sé varið til vegaframkvæmda árlega er það þó svo að á mörgum svæðum landsins er mjög langt í land með að ástand vega sé viðunandi miðað við þær kröfur sem við gerum í dag, bæði hvað varðar öryggi á vegum, gerð vega með tilliti til vetrarfærðar og burðargetu þeirra.

Sem dæmi er nærtækt að nefna veginn milli Hólmavíkur og Brúar í Hrútafirði en á þeim vegarkafla eru 14 einbreiðar brýr, 13 blindhæðir og þrír staðir þar sem árlega verða umferðarslys og fjöldi óhappa. Vegasamgöngur á Vestfjörðum almennt eru langt frá því að geta talist viðunandi, sérstaklega ef tillit er tekið til hins fyrirsjáanlega stóraukna álags sem verður á vegunum á næstu árum vegna þess að þungaflutningar eru nær allir að flytjast á vegakerfið og að litið er til ferðamennsku sem vaxtarsprota í fábreyttu atvinnulífi.

Það hefur vakið athygli mína að umtalsverð fjárhæð er árlega afgangs af framkvæmdafé Vegagerðarinnar og virðist fara hækkandi frá ári til árs. Með tilliti til hinna miklu verkefna sem bíða í samgöngumálum, ekki aðeins á Vestfjörðum heldur einnig á öðrum landsvæðum, t.d. á norðausturhorni landsins, sviður að sjá að ekki virðist framkvæmt fyrir þá upphæð sem heimild er fyrir í fjárlögum.

Ég spyr því hæstv. samgönguráðherra:

Eru dæmi um að vegaframkvæmdir hafi dregist fram yfir áramót vegna þess að undirbúningi framkvæmda hefur ekki verið lokið í tæka tíð? Ef svarið er jákvætt, hvaða helstu framkvæmdir er um að ræða og hvað tefur helst fyrir í undirbúningsvinnunni?

[17:20]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur fyrir þessa fyrirspurn. Hún er athyglisverð og mjög gagnlegt er, held ég, fyrir hv. þingmenn að gera sér grein fyrir einmitt þeim staðreyndum sem blasa við þegar fyrirspurninni er svarað.

Hv. þingmaður spyr:

„Eru dæmi um að vegaframkvæmdir hafi dregist fram yfir áramót vegna þess að undirbúningi framkvæmda hefur ekki verið lokið í tæka tíð? Ef svarið er jákvætt, hvaða helstu framkvæmdir er um að ræða og hvað tefur helst fyrir í undirbúningsvinnunni?“

Öðru hvoru kemur fyrir að ekki tekst að hefja framkvæmdir við verk á þeim tíma sem áætlað hefur verið. Ástæður þess geta verið margþættar en nefna má samninga við hagsmunaaðila, umfangsmikið umhverfismat, deilur út af mati á umhverfismálum og kærur út af því, auk þess sem í sumum tilfellum reynist verkhönnun framkvæmda tímafrekari en áætlað hefur verið þegar öllu undirbúningsferli, umhverfismatsferlinu, er lokið.

Sem dæmi um framkvæmdir sem hér um ræðir, framkvæmdir sem dregist hafa, má nefna Gjábakkaveg þar sem kæruferli hefur verið býsna langt, sem og úrskurðarferli, vegna þess að þær framkvæmdir sem eru nærri Þingvallaþjóðgarðinum hafa verið að mati margra þess efnis að margar kærur hafa komið sem hafa þannig tafið framkvæmdir. Þess vegna hafa fjárveitingar ekki nýst, heldur setið eftir sem geymdar fjárveitingar.

Sama er með Suðurstrandarveginn, hann fór ekki af stað af sömu ástæðum. Reykjanesbraut um Garðabæ, þar er um það að ræða að ekki liggur enn þá fyrir að hægt sé að fara af stað með þær framkvæmdir vegna deilna um legu vegarins. Þá má nefna Dettifossveg og hringveg um Norðurárdal í Skagafirði þar sem deilur hafa staðið yfir við landeigendur og sveitarstjórn um legu þess vegar. Þar er um að ræða part af hringvegi þar sem eru fjórar einbreiðar brýr sem á að leggja af með því að þar komi nýr vegur.

Þetta eru þær framkvæmdir sem ég vil nefna alveg sérstaklega sem hafa tafist af þessum tilgreindu ástæðum. Þess vegna hafa fjármunir sem hafa verið til staðar ekki nýst og eru þær fjárveitingar þá færðar á milli ára.

Það er náttúrlega nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að samgönguáætlun og vegakafli þeirrar áætlunar er afar mikilvæg áætlunargerð. Í mörgum tilvikum, langflestum, er það þannig að vegaframkvæmdir ná yfir mörg missiri og mörg ár og þess vegna þarf að gera glöggar áætlanir um kostnað og allan undirbúning og afla fjármuna til framkvæmdanna. Þá er oft og tíðum reynt að færa á milli ára ef það þykir henta framkvæmdaframvindunni. Þegar framkvæmdir síðan komast af stað, og ekki síst þegar um það er að ræða að framkvæmdir hafi tafist og fjárveitingar safnast upp, er e.t.v. í mörgum tilvikum hægt að bjóða verk út með þeim hætti að verktíminn verði enn styttri en áður hafði verið áætlað. *Í mörgum tilvikum tekst það en síðan er það* þó þannig að verk geta verið það umfangsmikil að verktímann er ekki hægt að stytta þrátt fyrir að fjármunir séu til reiðu til framkvæmdanna.

Það eru margar hliðar á þessu en ég held að það sé afar gagnlegt fyrir hv. þingmenn að fá þessa mynd upp á borðið sem hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir hefur spurst fyrir um. Ég held að það sé gagnlegt fyrir okkur að velta þessu fyrir okkur og spyrja kannski spurningarinnar: Erum við að ganga of langt í vinnuferlinu í umhverfismati? Ég tel það varla en kæruferlið hins vegar er afar erfitt.

[17:26]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hæstv. samgönguráðherra svaraði hér spurningum um hvað gæti valdið töfum á vegaframkvæmdum og hvernig með væri farið. Hæstv. ráðherra nefndi Suðurstrandarveg sem varð til þess að ég gat ómögulega á mér setið að ræða aðeins þann veg. Hæstv. ráðherra sagði að yfirleitt væru fjárveitingar færðar á milli ára ef um tafir væri að ræða á vegaframkvæmdum þar sem búið væri að ákveða fjármuni.

Örlög sumra fjárveitinga verða að þær koma ekki til baka. Þær eru teknar að fullu og öllu aftur af hæstv. ráðherra og ríkisstjórn, og fjármunir sem búið er að lofa skila sér þá ekki ef um tafir verður að ræða og veguринn sleginn af um langt árabil, eins og nú eru að verða örlög þessa Suðurstrandarvegar.

Það er mikill munur á því þegar tafir verða á vegi og þingmenn ákveða að taka að láni fjármuni sem ætlaðir voru í eina framkvæmd og setja í aðra, í trausti þess að það sé eitthvað að marka hæstv. ráðherra þegar þeir gefa út fjárveitingar, og því að slá framkvæmdir af að fullu um langan tíma.

[17:27]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra greinargóð svör. Tilefni þessarar fyrirspurnar er að ég tók eftir því að af framkvæmdafé Vegagerðarinnar á síðasta ári voru rúmir 3 milljarðar í afgang sem ekki nýttust og mér sýndist sem sú upphæð færi hækkandi ár frá ári. Ég hef reyndar lagt fram skriflega fyrirspurn til hæstv. ráðherra um það efni þannig að ég mun þá fljótlega sjá hver þróunin er.

Það er hins vegar svo, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, að þegar maður horfir upp á þessa þróun hlýtur maður að velta fyrir sér hvort ekki sé hægt að breyta málum á einhvern hátt þannig að við getum nýtt það fé sem við höfum heimild til að nýta árlega, jafnmikið og við eigum eftir ógert í vegaframkvæmdum á Íslandi. Það eru auðvitað, eins og hæstv. ráðherra sagði, ýmis dæmi sem tefja fyrir, nýjungar í lögum eins og t.d. umhverfismat. Þá er spurningin hvort við þurfum ekki að breyta vinnuferlinu á einhvern þann hátt að við getum komist hjá því að sitja uppi með vannýtt fé ár eftir ár. Oft er það, held ég, þannig að tafir eru fyrirsjáanlegar, við vitum nokkurn veginn oft og tíðum hvort við erum að skipuleggja á svæðum þar sem er ágreiningur eða deildar meiningar um vegarlegu eða yfirleitt hvort það eigi að vera vegur. Við stöndum t.d. væntanlega *frammi fyrir því á Vestfjörðum bráðlega.*

Eins og ráðherra hæstv. sagði eru margar framkvæmdir þannig að þeim er áfangaskipt og þá er spurningin hvort ekki sé hægt að flytja fé á milli (Forseti hringir.) framkvæmda til að hægt sé að nýta það upp.

[17:29]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Fyrst vil ég nefna að alltaf eru einhver dæmi þess að fluttir séu fjármunir með samþykkt þingmanna viðkomandi kjördæmis á milli verkefna ef þannig stendur á. Til dæmis eru dæmi um að tilboð eru lægri en áætlanir hafa staðið til þó að raunar sé fátítt að það nemi stórum fjárhæðum. Þá er hægt að nýta og færa til en síðan er það fellt inn í við afgreiðslu annaðhvort fjárlaga næsta árs eða við afgreiðslu samgönguáætlunar. Þannig er staðið að því. En ekki er um það að ræða að settar séu af stað nýjar framkvæmdir sem ekki eru á áætlun fyrir fjár-

muni sem eru geymdir vegna þess að framkvæmdir einstakra verka hafi ekki farið af stað. Að sjálfsögðu verður að fara að öllum þeim reglum um fjárhæðir ríkisins sem eðlilegt er að sé farið eftir.

Ég vildi aðeins nefna að það er ekki bara að verkum seinki vegna umhverfismatsaðgerða heldur einnig vegna þess að oft á tíðum er hönnun flóknari. Dæmi um það er vegurinn um Garðabæ, Reykjanesbrautin. Síðan geta komið upp deilur við sveitarstjórnir, að þær gefi ekki framkvæmdaleyfi. Dæmi um það er vegtengingin Þverárfjallsvegur niður til Sauðárkróks þar sem deilur hafa staðið innan sveitarstjórnar um hvernig sá vegur ætti að liggja, en nú (Forseti hringir.) liggur endanleg niðurstaða fyrir þar sem betur fer.

Framkvæmd vegáætlunar.

Fsp. AKG, 737. mál. — Þskj. 1099.

[17:32]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Eins og fram kom í fyrirspurn minni áðan hafa vaknað hjá mér spurningar um nýtingu fjár á vegáætlun. Vegáætlun er gerð til margra ára í senn en eftir sem áður virðast vera einhverjir hnökrar á undirbúningi framkvæmda þegar til kastanna kemur og framkvæmdir tefjast því oft og iðulega.

Nú geta auðvitað legið ástæður til þess að framkvæmdir tefjist án þess að Vegagerðin fái nokkuð við það ráðið, eins og t.d. smíði brúar yfir Gönguskarðsá við Sauðárkrók, sem hæstv. ráðherra minntist á áðan. Þar hefur meiri hluti sjálfstæðismanna og vinstri grænna ekki getað komið sér saman um hvaða legu innkeyrsla í bæinn á að hafa og hafa vísað málinu sennilega fimm sinnum aftur til skipulags- og samgöngunefndar. En það er sennilega og vonandi einstakt stjórnleysi í einu bæjarfélagi.

Það verður hins vegar að velta því fyrir sér hvort Vegagerðin er að einhverju leyti undirmönnuð, hvort ný lög, t.d. um umhverfismat, geri það að verkum að breyta þurfi vinnulagi til þess að fjármagn geti nýst sem mest á því ári sem heimild fæst til að nýta það, t.d. með því að hafa tilbúin verk á nokkurs konar varaframkvæmdalista eða hvað annað sem hægt er að taka til bragðs.

Ég spyr því hæstv. samgönguráðherra:

1. Hvaða kröfur eru gerðar til stöðu undirbúnings vegaframkvæmda þegar fjárheimilda er leitað?

2. Eru verk á vegáætlun þar sem undirbúningi er lokið og verkin tilbúin til útboðs án þess að fjárheimild liggi fyrir?

3. Hefur komið til álita að breyta forgangsröðun verkefna þegar verk tefjast?

4. Hvað tekur undirbúningur fyrir nýframkvæmdir hjá Vegagerðinni að jafnaði langan tíma, annars vegar fyrir lagningu vega, hins vegar brúarsmíð?

[17:34]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður spyr: „Hvaða kröfur eru gerðar til stöðu undirbúnings vegaframkvæmda þegar fjárheimilda er leitað?“

Svar mitt er þetta: Að lágmarki þarf að liggja fyrir skilgreining verkefnisins áður en verk er sett inn á vegáætlunarhluta samgönguáætlunar. Fyrir verk sem eru á tveimur fyrri árum áætlunar er æskilegt að fyrir liggi frumhönnun eða verkhönnun, sem væri auðvitað æskilegt ef það er hægt.

Í annan stað er spurt: „Eru verk á vegáætlun þar sem undirbúningi er lokið og verkin tilbúin til útboðs án þess að fjárheimild liggi fyrir?“

Svar mitt er þetta: Fjárheimildir eru gefnar út fyrir verk sem eru með fjárveitingu á vegáætlun viðkomandi árs. Undantekning frá þessu er ef áætlanir benda til þess að kostnaður við verkið verði meiri en fjárveiting.

Í þriðja lagi er spurt: „Hefur komið til álita að breyta forgangsröðun verkefna þegar verk tefjast?“

Svar mitt er þetta: Fyrir kemur að framkvæmdaröð sé breytt ef verk með fjárveitingu á vegáætlun dregst af einhverjum ástæðum.

Í fjórða lagi er spurt: „Hvað tekur undirbúningur fyrir nýframkvæmdir hjá Vegagerðinni að jafnaði langan tíma, annars vegar fyrir lagningu vega, hins vegar brúarsmíð?“

Svar mitt er þetta: Undirbúningur vegna nýframkvæmda Vegagerðarinnar tekur eðli málsins samkvæmt mjög mislangan tíma eftir stærð og eðli verks. Ekki er unnt að gefa upp neinn „eðlilegan tíma“, meðaltíma í því sambandi. Þetta á bæði við um vega- og brúargerð. Almennt má segja að þessi tími hafi verið að lengjast að undanförnu vegna krafna um meira og flóknara samráð við ýmsa aðila og á það ekki síst við um þegar slíkar framkvæmdir eru inni í þéttbýli þar sem búið er að skipuleggja og byggja kannski þétt upp að viðkomandi vegarstæði. Þá þarf að taka tillit til mjög margra þátta, svo sem eins og hljóðvistar, þar sem upp hefur komið mjög aukin krafa til veghaldara um hljóðvistaraðgerðir í tengslum við hönnun vega í þéttbýli.

[17:37]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við höfum verið að leggja á það mikla áherslu á undanförnum árum að takast á við ýmsar lagfæringar á vegakerfinu sem einkum snúa að einbreiðum brúm, hættulegum köflum, svokölluðum svartblettum, o.s.frv.

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég undrast svolítið hversu hægt okkur miðar þó að vissulega sé verið að vinna við einbreiðar brýr og annað slíkt. Þarna er oft á tíðum ekki um framkvæmdir að ræða sem kalla á mjög mikið fé og heldur ekki mjög flókna hönnun þegar verið er að skipta út einbreiðum brúm, búa til ræsi eða jafnvel nýjar brýr þar sem er um tiltölulega litlar framkvæmdir að ræða. Ég undrast það að við skulum ekki fara hraðar (Forseti hringir.) í þessum verkum.

[17:38]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Manni finnst eiginlega undarlegt að þegar verk tefjast skuli ekki vera farið í önnur verk sem liggur fyrir að verður að vinna í framhaldinu.

Ég ætla að taka sem dæmi aftur brúna yfir Gönguskarðsá við Sauðárkrók. Þetta þref og þjark er búið að standa yfir allt þetta kjörtímabil. Búið var að taka ákvörðun á síðasta kjörtímabili um legu brúarinnar eins og hún mun væntanlega liggja eftir þær mörgu hringferðir sem við vorum að lýsa áðan.

En það er ekki einungis þetta verk sem er eftir til að þessi mikla vegabót sem Þverárfjallsvegur er nýtist að fullu, heldur á líka eftir að ljúka hluta vegarins, þ.e. eftir að komið er niður í Gönguskörð og til Sauðárkróks. Þar er vegurinn enn þá niðurgrafinn og snjóar oft í hann fyrir utan að þarna er aurbleyta og hann hefur reynst hættulegur á sumrin og auk þess stórskemmt bíla. Þess vegna fyndist manni þetta alveg dæmigerð framkvæmd sem ætti að fara í í staðinn fyrir að bíða alltaf eftir að pólitíkusarnir á Sauðárkróki geti komið sér saman.

Það er skoðun mín að það ætti að reyna taka til endurskoðunar vinnulagið við framkvæmdir hjá Vegagerðinni með það í huga að hafa ætíð til reiðu verkefni sem hægt er að fara í ef verk tefjast af fyrirsjáanlegum eða ófyrirsjáanlegum orsökum.

[17:40]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Trúlega hefur rótin að þessari fyrirspurn verið margumræddur vegur um Þverárfjall og Gönguskörð. En ég vil að gefnu tilefni vegna ræðu hv. þingmanns segja að það væri ekki skynsamlegt að fara af stað með framkvæmdir á öðrum pörtum þessa vegar vegna þess að flöskuhálsinn um fullkomna nýtingu þessarar leiðar var brúin þarna um og vegurinn sem liggur niður að þéttbýlinu. Það var svo mikill munur á þessum tveimur leiðum að ekki var hægt að taka neinar ákvarðanir um aðrar framkvæmdir að mínu mati án þess að fyrir lægi endanleg lega þessa vegar.

Nú liggur þetta fyrir og verður ekki aftur snúið. Ég er mjög sáttur við þá niðurstöðu, tel að þar hafi verið valin besti kosturinn, og kannski var ástæða til þess að þreyja þorrann og góuna og þvermóðska samgönguráðherrans hafi leitt til þess að loksins fékkst niðurstaða um að fara þá leið sem er best fyrir byggðina en umfram allt best fyrir vegfarendur, og þar ofan í kaupið ódýrari svo nemur 30–40 milljónum. Niðurstaðan er því fengin og vonandi verður hægt að bjóða þetta verk út strax og búið er að vinna hönnun en þegar búið er að taka ákvörðun um hvar brúin á að liggja þarf að hanna mannvirkið og ekki verður það boðið út fyrr en því verki er lokið.

Niðurstaða er fengin. Það er aðalatriðið í mínum huga.

[Fundarhlé. — 17:42]

[18:00]

Útbýting:

Fjárveitingar til framkvæmda Vegagerðarinnar, 703. mál, svar samgrh., þskj. 1170.

Heimild til að afsala Landsvirkjun vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar, 789. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 1181.

Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, 537. mál, þskj. 1180.

Æskulýðsmál.

Fsp. UMÓ, 782. mál. — Þskj. 1160.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Una María Óskarsdóttir):

Hæstv. forseti. Æskulýðsmál eru málaflokkur sem því miður hefur ekki hlotið mikla umræðu á hinu háa Alþingi. Lög um æskulýðsmál eru frá árinu 1970 og því orðin 35 ára gömul. Það segir sig sjálft að þessi lagabálkur er orðinn úreltur og full þörf er á að endurskoða hann. Því vil ég beina nokkrum spurningum um málið til hæstv. menntamálaráðherra.

Hvað líður endurskoðun nýrra æskulýðslaga sem nefnd um endurskoðun þeirra átti að skila til ráðherra 1. september 2004? Enn fremur leikur mér forvitni á að vita hvert hlutverk æskulýðsráðs eigi að vera í framtíðinni og hvernig velja eigi í það ráð. Eins og menn vita er unnið gott æskulýðsstarf hér á landi. Nefna má starf frjálsra félagasamtaka eins og ungmennafélaganna í landinu, öflugt skátastarf, tómstundastarf, félagsmiðstöðvar sem starfræktar eru í sveitarfélögum og svo mætti áfram telja. Þessir aðilar hafa lagt metnað sinn í að byggja upp öflugt æskulýðsstarf og fylgja takti tímans án þess að grundvallarreglur um uppeldi og góð samskipti séu fyrir borð bornar. Framboð, framþróun og fjölbreytni í æskulýðsstarfi eru ekki síður mikilvæg en framboð, framþróun og fjölbreytni í íþróttastarfi.

Hæstv. forseti. Þegar unnið er að endurbótum laga um æskulýðsmál skyldi maður ætla að heppilegast væri að leita liðsinnis, skoðana og reynslu þeirra aðila sem sinna því mikilvæga æskulýðsstarfi sem fram fer hér á landi. Því vil ég spyrja hæstv. menntamálaráðherra hvaða samvinna hafi verið höfð við sveitarfélögin í landinu við endurskoðun laganna. Þá vil ég einnig spyrja um starf æskulýðssjóðs og vil fá að vita hver skipar stjórn sjóðsins og eftir hvaða vinnureglum er farið við þá skipun. Einnig vekur það eftirtekt að eftir því sem ég best fæ séð hafa úthlutanir úr æskulýðssjóði til kristilegs starfs verið 30 af 57 eða 52,6% úthlutana sjóðsins frá því að hann var stofnaður 2004. Hvers vegna er það svo?

[18:03]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður og fyrirspyrjandi hefur beint til mín fimm spurningum er lúta að íþrótta- nei, æskulýðsmálum og æskulýðsstarfi.

Varðandi fyrstu spurninguna: „Hvað líður endurskoðun laga um æskulýðsmál?“ er rétt að geta þess að síðla árs

2003 var skipuð nefnd á vegum ráðuneytisins sem fékk það hlutverk að gera tillögur um nýja löggjöf um æskulýðsmál. Í erindisbréfi nefndarinnar var m.a. tekið fram að nefndin hefði til hliðsjónar við vinnu sína skýrslu og tillögur nefndar sam vann úttekt á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks á Íslandi fyrir ráðuneytið.

Nefndin hefur skilað mér tillögum sínum um frumvarp að nýjum æskulýðslögum með ítarlegri greinargerð. Nefndina skipuðu bæði fulltrúar ráðuneytisins sem sinna æskulýðsmálum en jafnframt fulltrúar þeirra sem best þekkja til æskulýðsmála hér á landi, eins og til að mynda Ásta Möller, varaþingmaður og formaður nefndar sem vann skýrsluna um úttekt á á stöðu félags- og tómstundamála ungs fólks, Stefán Bjarkason, framkvæmdastjóri í Reykjanesbæ, og Ólafur Jóhannsson sóknarprestur.

Frumvarp um ný æskulýðslög eru nú til frekari skoðunar innan ráðuneytisins en þau munu ekki verða lögð fyrir yfirstandandi þing.

Önnur spurningin er: „Hvert á hlutverk æskulýðsráðs að vera og hvernig á að velja í ráðið?“ Hlutverk þess er samkvæmt tillögum nefndarinnar nokkuð breytt frá núgildandi lögum og meiri áhersla er nú lögð á stefnumarkandi og ráðgefandi hlutverk þess gagnvart málaflokknum og er starfsemi æskulýðsráðs afmörkuð betur en áður. Skal ráðið vera stjórnvöldum til ráðgjafar í æskulýðsmálum, gera tillögur um áherslur og stefnumótun í málaflokknum, veita umsagnir um mál er varða æskulýðsstarfsemi, leitast við að efla æskulýðsstarfsemi félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga og stuðla að samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál, efna til funda og ráðstefna um æskulýðsmál, taka þátt í erlendu samstarfi í æskulýðsmálum, stuðla að þjálfun og menntun félagsforustufólks og leiðbeinenda og stuðla að æskulýðsrannsóknum auk annarra þeirra verkefna sem fjallað er um í lögunum nú þegar eða sem ráðuneytið hugsanlega kann að fela þeim. Æskulýðsráð skal skipað tíu fulltrúum, sex skulu valdir af fulltrúum æskulýðssambanda, tveir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og ráðherra skipi síðan tvo menn, formann og varaformann. Hefð hefur skapast um að fulltrúar æskulýðsfélaga hafi verið tilnefndir á fundi æskulýðsráðs og hefur það fyrirkomulag gefist ágætlega að mínu mati.

Varðandi þriðju fyrirspurnina: „Hvaða samvinna hefur verið höfð við sveitarfélögin um endurskoðun laganna?“ Þá er rétt að geta þess að við undirbúning að frumvarpinu hafði nefndin náið samráð við öll helstu samtök á sviði æskulýðsmála auk Sambands íslenskra sveitarfélaga, auk þess sem drög að frumvarpinu voru kynnt þeim á formlegum fundi. Þá sat í nefndinni Stefán Bjarkason sem starfar að æskulýðsmálum fyrir Reykjanesbæ.

Fjórða fyrirspurnin er: „Hver skipar stjórn æskulýðssjóðs og eftir hvaða vinnureglum er farið við þá skipun?“ Samkvæmt reglum um æskulýðssjóð, nr. 113/2004, er stjórn sjóðsins skipuð sömu mönnum og skipa Æskulýðsráð ríkisins. Það skipa frá 1. janúar 2005 Júlíus Aðalsteinsson formaður, skipaður án tilnefningar, en aðrir aðalfulltrúar eru Eyrún Björk Jóhannsdóttir, Stefán Már Gunnlaugsson og Einar Lee, skipuð samkvæmt kosningu kjörfundar æskulýðssamtaka, og Stefán Bjarkason, skipaður samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Það er síðan hlutverk mitt samkvæmt reglum sjóðsins að úthluta styrkjum úr sjóðnum að fengnum tillögum stjórnar.

„Hvers vegna hafa 30 af 57 úthlutunum úr æskulýðssjóði runnið til trúarlegs starfs frá því að sjóðurinn var stofnaður 2004?“ spyr hv. þingmaður. Samkvæmt reglum sjóðsins er það hlutverk æskulýðssjóðs að styrkja sérstök verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka sem unnin eru fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra, þjálfun æskulýðsleiðtoga og leiðbeinenda til virkrar þátttöku í æskulýðsstarfi, nýjungar og tilraunir í félagsstarfi barna og ungmenna og samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka á sviði félagsstarfa. Styrkir eru ekki veittir til árvissra eða fastra atburða í félagsstarfi svo sem þinga, móta eða þess háttar atburða eða ferðahópa. Umsóknir í æskulýðssjóð og sem falla undir reglur sjóðsins hafa verið hlutfallslega fleiri frá kristilegum æskulýðsfélögum. Til að mynda voru við síðustu úthlutun alls 39 umsóknir sem féllu undir reglurnar. Þar af voru umsóknir frá kristilegum æskulýðsfélögum rúmlega helmingur þeirra eða alls 20 umsóknir. Við úthlutun fengu 16 kristileg samtök styrkveitingu, þ.e. 41%, og önnur samtök því 59% svo sem skátar, Félag framhaldsskólanema, samráðshópur ungliðahreyfingar stjórnmálaflokkanna, björgunarsveitir o.fl.

[18:08]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Mismæli hæstv. ráðherra í upphafi eru eiginlega talandi dæmi um hve íþróttir eru ofarlega í huga fólks þegar máli er vikið að tómstundum ungmenna. Ég ætla ekki að kasta rýrð á íþróttastarf, ég hef stutt það dyggilega og staðið að sjálfboðaliðastarfi og geri enn, en sem kennari fyrr á árum varð ég auðvitað mjög oft vör við að íþróttir höfða ekki til allra. Það eru ekki allir sem geta stundað íþróttir og hafa ekki áhuga á þeim og þess vegna vil ég nota þetta tækifæri til að leggja áherslu á hversu mikilvægt það er að veita markvissan stuðning til fjölbreytts annars konar tómstundastarfs því að við vitum það allar sem hér erum hversu tómstundir eru mikilvægar fyrir heilbrigði og farsælt uppeldi barna.

[18:09]

Fyrirspyrjandi (Una María Óskarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Hún upplýsti áðan að nefnd sú sem ætlað var að endurskoða æskulýðslög hafi skilað frumvarpi ásamt greinargerð.

Ástæður fyrir spurningum mínum eru m.a. þær að ég hef verið að reyna að spyrjast fyrir um frumvarpið og þessa endurskoðun. Eftir því sem ég best veit hafa þeir aðilar sem sitja í æskulýðsráði hvorki upplýsingar um hvert efni frumvarpsins er né greinargerðar með því og þess vegna tel ég mjög mikilvægt að ráðherrann upplýsi mjög fljótlega hvernig þetta frumvarp er úr garði gert. Hún sagði áðan að frumvarpið væri breytt og ég spurði þeirrar spurningar hvaða samvinna hefði verið höfð við sveitarfélögin um þetta mál. Ég tel að sveitarfélögin og fulltrúar þeirra þurfi að vita hvernig ætlunin er að breyta æskulýðslögum vegna þess að starfið í sveitarfélögunum í þessum geira er mjög umfangsmikið.

Varðandi fjórðu spurninguna sem ég spurði, um æsku-

lýðssjóðinn, þá kemur það fram á vef ráðuneytisins að í stjórn æskulýðssjóðs sitji þeir sem eru í æskulýðsráði. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef skipa þrír aðilar þessa stjórn og það er ekki samkvæmt þeim reglum sem gilda eiga um stjórn sjóðsins. Þeir gera tillögur til ráðherra hverjir fá úthlutað úr sjóðnum.

Ráðherra upplýsti að umsóknir vegna trúarlegs starfs væru mjög margar í sjóðinn. Ég vil aftur á móti segja að þó að umsóknir vegna trúarlegs starfs séu margar í sjóðinn finnst mér skipta mjög miklu máli að úthlutanir úr honum nái til breiðari hóps umsækjenda og vil því með þessum orðum skora á ráðherra að upplýsa sveitarfélög og alla þá aðila sem starfa í æskulýðsgeiranum um þetta frumvarp. Einnig mælist ég til þess við hæstv. ráðherra að úthlutanir úr æskulýðssjóði nái til breiðari hóps í framtíðinni.

[18:11]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Mismæli og ekki mismæli í upphafi máls míns. Vissulega eigum ekki að skammast okkur fyrir að tala um íþróttir og æskulýðsmál í sömu andrá. Það er nú einu sinni svo að íþróttir eru tómstundir en aftur á móti er það ekki svo að allar tómstundir séu íþróttir og við verðum að hafa það í huga. Við vitum mætavel að íþróttir falla ákveðnum hópum en svo eru aðrar tegundir tómstunda sem henta öðrum betur. Við verðum einfaldlega að taka tillit til þess í okkar kerfi að bjóða tækifæri fyrir alla sem taka tillit til þarfa einstaklingsins hverju sinni. Ég held að okkur hafi tekist að byggja upp slíkt kerfi og er þá sérstaklega með sveitarfélögin í huga.

Ég vil undirstrika að nefndin hafði mjög náið samstarf við sveitarfélögin og það var líka starfsmaður sveitarfélaganna í þeirri nefnd sem skipuð var og falið var það hlutverk að móta tillögur fyrir nýtt frumvarp til æskulýðslaga. Við erum að fara vel yfir það. Mikið samráð var haft og margir fundir haldnir. Þegar frumvarpið kemur síðan til kasta þingsins verða þessir aðilar að sjálfsögðu kallaðir aftur fyrir nefndina og það fá allir greiðan aðgang að því að koma sjónarmiðum sínum og tillögum á framfæri við þá sem fara yfir málið á hinu háa Alþingi þannig að allra eðlilegra leikreglna er gætt.

Varðandi umsóknir og þá sem sækja um styrki þá held ég að rétt sé að hafa það hugfast, hvort sem það er í æskulýðssjóðnum eða annars staðar í hinu margháttaða og oft flókna og allt of flókna sjóðakerfi ríkisins, að enginn má ganga að því gefnu að menn eigi sérstakt tilkall til þess fjármagns sem í sjóðum ríkisins er hverju sinni. Að sjálfsögðu ber okkur sem förum með stjórnun og stefnumótun að hafa það hugfast að fara reglubundið yfir úthlutanir og yfir þær reglur sem einstaklingar og lögaðilar þurfa að fara eftir varðandi umsóknir.

Forgangur í framhaldsskóla.

Fsp. AKG og MÁ, 380. mál. — Þskj. 465.

[18:14]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Ég fylgi úr hlaði fyrirspurn þeirrar sem hér stendur og hv. þm. Marðar Árnasonar. Nefnd sem í áttu sæti fulltrúar framhaldsskóla og menntamálaráðuneytis og lauk störfum síðla vetrar 2003 var sammála um að væri aðsókn í framhaldsskóla meiri en fjárveitingum næmi væri eðlilegt að forgangsraða nemendum, enda eina raunhæfa úrræði skólanna þegar allt kemur til alls. Fjármagn til framhaldsskóla er ítrekað ónógt miðað við aðsókn að þeim og jafnvel þó að ráðuneytið hafi undirritað samning við framhaldsskóla um tiltekinn fjölda sem hverjum og einum er heimilt að taka inn er ekki veitt fjármagni til þeirra sömu skóla í samræmi við það heldur er tekin einhliða ákvörðun um að í fjöldanum einum saman felist stærðarhagkvæmni. Það er þó ekkert gefið þar sem allt eins getur staðið svo á að skipta þurfi upp hópum þegar komið er upp í tiltekinn fjölda og fjöldinn hafi því í för með sér aukinn kostnað.

Framhaldsskólarnir eru ítrekað settir í þá stöðu að þurfa að velja milli þess hvort þeir veiti umsækjendum skólavist eða að standa við fjárlög. Hvor ákvörðunin sem tekin er felur í raun í sér lögbrot. Sem betur fer hefur fjöldi eldri nemenda vaxið frá ári til árs, þ.e. þeirra sem sækja um vist í framhaldsskóla oft eftir nokkurra ára þátttöku í atvinnulífinu. Það er fagnaðarefni því að ómenntað vinnuafl er ekki það sem heppilegast er fyrir framtíð íslensks atvinnulífs. Það ber því að taka vel á móti þessu fólki ekki síður en nýnemunum.

Ég tek skýrt fram að það er skoðun mín og Samfylkingarinnar að fagna beri öllum þeim sem sækja um skólavist í framhaldsskóla, jafnt nýútskrifuðum úr grunnskóla sem eldri einstaklingum, og að veita eigi þeim ókeypis skólavist. Sú er ekki raunin í dag þar sem aldur ræður í raun af hverjum tekin eru gjöld fyrir nám, samanber nemendur öldungadeilda og fjarnemendur á framhaldsskólastigi. Ég spyr hæstv. ráðherra:

1. Hverjar voru niðurstöður nefndar um fjarnám og forgang í framhaldsskóla sem lauk störfum síðla vetrar 2003?

2. Hvaða reglur gilda af hálfu ráðherra um forgangsröð nemenda sem sækja um skólavist í framhaldsskóla? Taka þær mið af niðurstöðum nefndarinnar?

[18:16]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir spyr mig tveggja spurninga:

„1. Hverjar voru niðurstöður nefndar um fjarnám og forgang í framhaldsskóla sem lauk störfum síðla vetrar 2003?

2. Hvaða reglur gilda af hálfu ráðherra um forgangsröð nemenda sem sækja um skólavist í framhaldsskóla? Taka þær mið af niðurstöðum nefndarinnar?“

Hinn 7. ágúst 2003 skipaði þáverandi menntamálaráðherra starfshóp um framkvæmd fjarkennslu á framhaldsskólastigi. Hópurinn skilaði niðurstöðum í desember 2003 í

formi innanhússkýrslu, en meginniðurstaða hópsins var sú að ekki væri ástæða til að skilja fjarkennslu frá öðrum kennsluformum sem viðhöfð eru í skólakerfinu. Þetta leiddi til þess að um fjarkennslu gilda almenn ákvæði framhaldsskólalaga og reglugerð á grundvelli þeirra.

Dreif- og fjarkennsla hefur eins og við þekkjum mætavel aukist og blómgast í núverandi lagaumhverfi frá því að Hagstofa Íslands tók að skrá fjarnám sérstaklega frá 1997 og til ársins 2004. Á þeim tíma hefur hún u.þ.b. tífaldast hvað nemendafjölda varðar, úr rúmum 200 nemendum í nálega 2.200 nemendur á árinu 2004, sem er gríðarleg aukning. Í þeirri tiltölulega frjálsu þróun liggur margvísleg hagkvæmni fyrir skólana og einstaklingana sem ég tel ekki ástæðu til að binda á klafa regluverks umfram annað skólastarf, heldur fái fjarkennslan að þróast með öðrum kennsluformum á jafnréttisgrundvelli. Við sjáum að sú þróun hefur verið jákvæð.

Niðurstöður starfshópsins breyttu þannig heldur engu um þær almennu reglur sem unnið hefur verið eftir við innritun í framhaldsskóla. Skólarnir taka við þeim nemendum sem þeir hafa rými fyrir og fjárheimildir eru fyrir á fjárlögum hverju sinni. Fyrst hefur verið gengið frá innritun þeirra sem eru í skólunum í óslitnu námi og skila valblöðum og staðfestingargjöldum. Næst hafa nýnemar úr grunnskólum verið innritaðir og samkvæmt lögum er innritun í framhaldsskóla í höndum skólameistara og hefur ráðuneyti menntamála að jafnaði ekki afskipti af framkvæmd innritunar nema til þess að tryggja, ef því er að skipta, öllum grunnskólanemendum tækifæri til þess að hefja nám í framhaldsskóla, a.m.k. á árinu sem þeir ljúka grunnskólanum.

[18:19]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Hæstv. ráðherra sagði að fjárheimildir ættu að ráða sem þýðir með öðrum orðum að það eiga ekki allir að fá aðgang að framhaldsskóla því fjárheimildir til þess að veita öllum aðgang eru ekki nægilegar. Þá er það klárt.

Það er mikið ánægjuefni hve fjarkennsla og dreifnám hefur aukist. Hins vegar þurfa þeir sem stunda fjarnám á framhaldsskólastigi oft á tíðum að greiða háa upphæð fyrir hverja einustu einingu sem þeir taka. Í þessu felst mikið misrétti gagnvart þeim sem hafa framhaldsskóla við bæjardyrnar hjá sér, sem eru því miður ekki allir Íslendingar og ekki allir í akstursfæri við framhaldsskóla, auk þess sem oft á tíðum er fullorðið fólk að reyna að bæta menntunarstig sitt með því að stunda slíkt fjarnám.

Mér finnst því brotið mjög á jafnrétti eða jafnræði fólks til náms og vildi að þeim sem það kysu yrði gert kleift að stunda fjarnám án þess að greiða fyrir það sérstaklega, en það er því miður ekki svo.

Að öðru leyti þakka ég hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það var ágætt að fá það á hreint hvernig reglur ráðuneytið hefur.

[18:21]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er hægt að koma upp í púlt og misskilja. Ég ætla ekki hv. þingmanni að rangtúlka, en ég vona að þetta hafi bara verið misskilningur af hálfu hv. þingmanns, því það er alveg ljóst að stefna ríkisstjórnarinnar hefur verið sú og er sú að allir eigi greiðan aðgang að framhaldsskólum landsins. Hins vegar hafa ekki allir framhaldsskólar landsins blankó tékka að fjárlögum, þannig eru vinnubrögð okkar ekki á hinu háa Alþingi, heldur verða menn einfaldlega að vinna eftir ramma og síðan verðum við eins og hefur tíðkast fram til þessa í ráðuneytinu að reyna að koma til móts við þær þarfir og þá mismiklu fjölgun sem framhaldsskólarnir verða fyrir eftir því hvar þeir eru á landinu. Það er alveg ljóst að þörfin á suðvesturhorninu er mun meiri. Það er meiri þrýstingur hér vegna fjöldans og við verðum einfaldlega að taka á þeim verkefnum.

Ég lít á þetta sem jákvæð verkefni, því það er alveg rétt sem hv. þingmaður sagði áðan að það er mikið fagnaðarefni að þeim er að fjölga sem sækja sér framhaldsskólanám og við þurfum að fjölga þeim einstaklingum því við sitjum aðeins eftir hvað það varðar miðað við aðrar þjóðir. Það er jákvætt verkefni sem við erum að taka á. Það er alveg ljóst að ef við stöndum frammi fyrir því í ráðuneyti menntamála að þurfa einhverjar fjárveitingar vegna aukinnar aðsóknar í framhaldsskóla á hausti verður að sjálfsögðu að koma til móts við þá aukningu á þann hátt að hægt sé að leysa það mál, því framhaldsskólar landsins eru og eiga að vera öllum opnir.

[18:23]

Útbýting:

Eftirlit og þvingunarúrræði Umhverfisstofnunar, 688. mál, svar umhvrh., þskj. 1176.

Lánatryggingasjóður kvenna, 679. mál, svar félmrh., þskj. 1171.

Menningarsamningur fyrir Vesturland.

Fsp. AKG, 713. mál. — Þskj. 1071.

[18:23]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Í byggðaáætlun frá mars 1999 er lögð áhersla á að efla menningu á landsbyggðinni og í kjölfarið var Byggðastofnun falið að leiða undirbúningsvinnu við gerð menningarsamninga. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi tóku þátt frá upphafi og hugmyndir starfshóps að skipulagi voru kynntar fyrir sveitarstjórnarmönnum á Vesturlandi í júní 2001. Þar var skipulag og innihald menningarsamnings á Austurlandi höfð til fyrirmyndar. Þáverandi menntamálaráðherra svaraði bréfi frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi þann 29. júní 2001 á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðuneytið er reiðubúið til viðræðna við yður um samstarf á grundvelli sérstaks samnings sem byggist á sömu grundvallarsjónarmiðum og samningur ráðuneytisins við sveitarfélög á Austurlandi."

Drög að menningarsamningi voru samin í samvinnu ráðuneytis og SSV með gildistíma til ársloka 2005 og er dagsetning á lokum gildistíma gott vitni um tímann sem þetta er búið að taka án þess að samningur hafi verið undirritaður. Ítrekað hefur verið vakið máls á málinu á Alþingi,

m.a. af þeirri sem hér talar, en án árangurs og fyrirspurn frá SSV var send til ráðherra þann 16. mars sl. Ár eftir ár er vitnað til þess að fjármagn sé ekki fyrir hendi á fjárlögum, en ekki hefur verið unnið í að fá því breytt. Segir það allt sem segja þarf um áhugann og viljann. Nú síðast hafa samningar við Austfirðinga verið endurnýjaðir.

Nú eru til samningar milli ráðuneytisins við Ísafjarðarbæ og Vestmannaeyjar um menningarhús við Hafnarfjörð og Hafnarfjarðarleikhúsið um starfsemi leikhússins, menningarsamningur við Akureyrarbæ og menningarsamningur við sveitarfélög á Austurlandi, en enn hefur ekkert markvert gerst í samningamálum við SSV.

Spurningin er hvað veldur því að samningur við þetta landsvæði er dreginn svo á langinn sem raun ber vitni og hversu lengi á þetta að ganga svo til að fundnar séu nýjar og nýjar tylliástæður til að ljúka ekki verkinu?

Ég spyr því hæstv. ráðherra:

1. Hvað líður gerð menningarsamnings fyrir Vesturland?

2. Hvenær er áætlað að hægt verði að undirrita menningarsamning milli menntamálaráðuneytisins og Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi?

[18:26]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Eins og hv. þingmaður kom inn á hefur staðið til í nokkur ár að undirrita menningarsamning við sveitarfélögin á Vesturlandi á grundvelli skýrslu um menningarmál á því svæði og viðræðna milli fulltrúa ráðuneytisins og sveitarfélaganna.

Ég svaraði fyrir nokkru fyrirspurn sem beint var til mín um menningarsamning við Eyþing og kom þá inn á að það liggur fyrir í ráðuneytinu að ganga til viðræðna á ný við Vestlendinga, en með breyttum forsendum af hálfu ríkisins. Þær forsendur eru fyrst og fremst þær að allir samningsaðilar beri ábyrgð, bæði fjárhagslega og faglega, en slíkur samningur með þeim áherslum var undirritaður nýlega við Austlendinga og var þar nokkuð mikil breyting á frá fyrri samningi við Austlendinga. Samkomulag hefur tekist á milli menntamálaráðuneytis og samgönguráðuneytis að bæði ráðuneytin verði aðilar menningarsamninganna sem ríkið mun gera og þannig nái samningarnir einnig til menningartengdrar ferðaþjónustu.

Ég vil í þessu sambandi nota tækifærið og greina þingheimi jafnframt frá því að Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur sent ráðuneytinu fyrir hönd allra sveitarfélaga á Vestfjörðum ósk um samstarf við ráðuneytið um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu á Vestfjörðum. Þegar ráðuneytið hóf undirbúning að viðræðum við Vestlendinga árið 2001 um menningarsamning var það vilji menntamálaráðuneytis að Vestfirðingar yrðu einnig aðilar slíks samnings. Því var svarað til af hálfu Vestlendinga að þeir mætu stöðuna svo eftir óformlegar viðræður við Vestfirðinga að hentugra væri að hvor landshluti fyrir sig ynni að undirbúningi menningarsamnings, en þær forsendur gætu hins vegar breyst með nýrri kjördæmaskipan.

Ráðuneytið mun nú í viðræðum sínum við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Fjórðungssamband Vestfirðinga óska eftir því að þeir skoði formlega hvort ekki getið verið flötur á samstarfi þeirra í þessum málaflokki með einn samning í huga. Fyrir liggur að gerðir hafa verið tveir menningarsamningar sem í gildi eru, þ.e. við Akureyri um þátttöku ríkisins í menningarlegri atvinnustarfsemi og við Austfirðinga um menningarmál. Þá hafa eftirtalin sveitarfélög óskað eftir menningarsamningi við ríkið, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Eyþing – Samtök sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Samband sunnlenskra sveitarfélaga og Fjórðungssamband Vestfirðinga. Öll þau sveitarfélög hafa lagt fram menningarstefnu sína til grundvallar viðræðum.

Því má segja að sveitarfélög á öllu landinu, að undanskildum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi ásamt Norðvesturlandi, hafa óskað eftir slíku samstarfi.

Skoðun mín er að ekki eigi að gera marga menningarsamninga og ekki eigi einungis að miða slíka samninga við samtök sveitarfélaga á landinu, heldur eigi þeir að ná til eins stórra landsvæða og hægt er og gefa þannig sveitarfélögum tækifæri á að vinna saman að þessum málaflokki með nýjum hætti og nýrri hugsun. Austfirðingar hafa t.d. skipt landsvæði sínu allt frá Höfn í Hornafirði að Vopnafirði í fjögur samstarfssvæði.

Ég hef sannfærst um að menningarsamningar sem þessir eru byggðarlögum í landinu mjög mikilvægir í atvinnusköpun. Það kemur best í ljós við lestur metnaðarfullrar stefnumótunar þeirra. Samningarnir eru líka mikilvægir fyrir ráðuneytið og stjórnvöld þar sem þeir gefa fólki tækifæri til sköpunar og landsmönnum öllum tækifæri á að njóta fjölbreytilegrar menningar um land allt. Ráðuneytið er einnig sannfært um að menningarmál munu í auknum mæli skipta máli í atvinnusköpun á landinu og til þess þurfi stuðning stjórnvalda.

Alþingi hefur lagt metnað sinn í að tryggja varðveislu menningararfsins og ég tel menningarsamningana stuðla að aukinni menningarsköpun, nýsköpun á sviði lista og menningar sem einnig þurfi að hlúa að.

Á fjárlögum 2005 er ekki gert ráð fyrir fleiri menningarsamningum en þegar hafa verið gerðir. Sé miðað við að sambærilegar fjárveitingar yrðu veittar til hvers og eins landsfjórðungs og Austurlands, má ætla að þær séu ekki undir 100 millj. kr. árlega. Undirbúningur fyrir fjárlagagerð innan ráðuneytis er hafin, en það er borin von að menntamálaráðuneytið geti gengið til samstarfs við fleiri sem óskað hafa eftir samstarfinu, nema fjárveitingar komi til á fjárlögum. Því get ég í raun ekki svarað fyrirspyrjanda því til á þessari stundu hvenær undirritun menningarsamnings við Vesturland fari fram. Það byggist á viðræðum við aðila, sem og hvort fjárveitingar muni fást.

Hv. þingmaður nefndi að það væru alltaf dregnar fram einhverjar tylliástæður til að skáskjóta sér undan samningagerð. Það er alveg ljóst að það er eindreginn vilji minn að gera þessa samninga og ljóst að Vesturland hefur og mun hafa þar forgang og það svæði, vonandi í samstarfi við Vestfirðinga, en það er ekki hægt að kalla það tylliástæðu þegar fjárlög ráða ferðinni eins og hv. þingmaður veit mætavel. Fjárlög eru lög eins og öll önnur frumvörp sem eru samþykkt á hinu háa Alþingi.

[18:30]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Frú forseti. Þetta hljómar allt einhvern veginn mjög kunnuglega, því miður, breyttar forsendur, fjárlög hljóta að ráða, ekki er gert ráð fyrir þessu á fjárlögum 2005 o.s.frv. Að sjálfsögðu veit ég þetta allt. Ég veit líka að það kemst ekkert á fjárlög nema barist sé fyrir því að hlutirnir komist á fjárlög. Ég geri ekki ráð fyrir að Vestlendingar ætlist til þess að fá undirritaðan samning á morgun sem taki gildi næsta dag. Ég reikna með að þeir yrðu bara sælir og glaðir ef samningur yrði undirritaður á þessu ári og hann gengi í gildi með nýjum fjárlögum á næsta ári. Það tel ég eðlileg vinnubrögð.

Ég tel það hins vegar ekki eðlileg vinnubrögð að ganga ekki í verkin og ljúka þeim. Ég tel heldur ekki eðlilegt að lofa einhverju í byggðaáætlunum og fyrir kosningar og klára ekki verkið. Mér finnst það með fádæmum að gengið hafi verið að þessu verki með hangandi hendi allt frá 2001 og alltaf verið að finna eitthvað nýtt og nýtt til. Nú eru það breyttar forsendur, verið er að fá ráðuneyti samgöngumála inn í það og síðan á að taka Vestfirðinga með í dæmið og gott ef ekki Norðlendinga vestri líka. Þetta samstarf þessara svæða, það er búið að ræða það í hópi þessara sveitarfélaga. Þau telja ekki tímabært að haga málum þannig, enda held ég að hver einasti maður hljóti í rauninni að sjá að það er allt of þungt í vöfum að vera með heilt kjördæmi undir í þessum málum.

Ég ætla að nota síðustu mínúturnar til þess að brýna hæstv. ráðherra til að ganga að þessu verki og ég trúi ekki öðru en hæstv. samgönguráðherra sé fús til að bretta upp ermar þannig að það fáist gengið frá því á þessu ári.

[18:32]

Menntamálaráðherra (Þorgerður K. Gunnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er ekki hægt að tala alltaf um að verið sé að breyta og breyta forsendum. Það er ljóst að frá upphafi var verið að fara fram á það að Vestfirðingar og Vestlendingar mundu athuga þetta saman, (Gripið fram í.) að eftir breytta kjördæmaskipan yrði það athugað. Það er eðlileg krafa af hálfu ráðuneytisins að menn reyni að vinna meira og betur saman með það í huga að við þurfum að nýta skattfé sem kemur frá einstaklingum og lögaðilum í samfélaginu. Menn verða að hafa það hugfast að sú nýting verði sem best.

Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að halda áfram þróun þessara samninga. Samningurinn sem upphaflega var gerður við Austlendinga hefur tekið miklum breytingum og að mínu mati jákvæðum breytingum. Við erum að fá fleiri ráðuneyti inn í þetta sem bera ábyrgð, m.a. á menningartengdri ferðaþjónustu. Við reynum að skoða þetta vítt og breitt yfir og erum að öðlast reynslu frá fyrri samningum sem við metum síðan inn í gerð nýrra samninga. Það er alveg ljóst að þessi nýi samningur leggur líka meiri skyldur á herðar sveitarfélaganna, enda kom það skýrt fram í máli þeirra sem komu að samningnum á Austurlandi að sveitarfélögin meta hann mjög mikils. Þess vegna sáu þau hag sinn í því að koma sjálf með aukið fjármagn inn í samninginn.

Það er ósköp eðlilegt, og ég ætla rétt að vona að hv. þingmaður ætli sér það, að menn vegi og meti hlutina með það í huga að skoða hvaða þróun er æskilegust fyrir hönd þeirra sem koma með skattféð inn í ríkiskassann.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 18:34.

---

117. FUNDUR

mánudaginn 25. apríl,
kl. 4 síðdegis.

Dagskrá:
Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Davíð Oddsson utanrrh., 2. þm. Reykv. n.,
Sigríður A. Þórðardóttir umhvrh., 6. þm. Suðvest.

Fjarvistarleyfi:
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[16:00]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Einari K. Guðfinnssyni, þingflokksformanni Sjálfstæðisflokksins, dagsett 22. apríl:

„Þar sem Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra, 1. þingmaður Suðvesturkjördæmis, er á förum til útlanda í opinberum erindum og getur því ekki sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, Sigurrós Þorgrímsdóttir, taki sæti hans á Alþingi á meðan."

Sigurrós Þorgrímsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[16:00]

Útbýting:

Bensíngjald og meðalútsöluverð bensíns, 790. mál, fsp. PHB, þskj. 1200.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, 435. mál, nál. utanrmn., þskj. 1196.

Fjarsala á fjármálaþjónustu, 482. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1186; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1187.

Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, 537. mál, þskj. 1180.

Miðlun vátrygginga, 551. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1184.

Skattskylda orkufyrirtækja, 364. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1183.

Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, 35. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1188; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1189.

Verðbréfaviðskipti, 503. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1190; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1191; brtt. JóhS og LB, þskj. 1192.

Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 295. mál, nál. umhvn., þskj. 1193; brtt. umhvn., þskj. 1194.

Virðisaukaskattur, 159. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1185; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1195.

Fundi slitið kl. 16:03.

---

118. FUNDUR

þriðjudaginn 26. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 704. mál, þskj. 1062. — Fyrri umr.
2. Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis, stjtill., 705. mál, þskj. 1063. — Fyrri umr.
3. Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons, stjtill., 722. mál, þskj. 1080. — Fyrri umr.
4. Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 606. mál, þskj. 905, nál. 1133. — Síðari umr.
5. Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 537. mál, þskj. 1180. — 3. umr.
6. Úrvinnslugjald, stjfrv., 686. mál, þskj. 1044, nál. 1175. — 2. umr.
7. Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, stjfrv., 295. mál, þskj. 322, nál. 1193, brtt. 1194. — 2. umr.
8. Græðarar, stjfrv., 246. mál, þskj. 257, nál. 1173, brtt. 1174. — 2. umr.
9. Virðisaukaskattur, stjfrv., 159. mál, þskj. 159, nál. 1185, brtt. 1195. — 2. umr.
10. Miðlun vátrygginga, stjfrv., 551. mál, þskj. 832, nál. 1184. — 2. umr.
11. Fjarsala á fjármálaþjónustu, stjfrv., 482. mál, þskj. 736, nál. 1186, brtt. 1187 og 1201. — 2. umr.
12. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 503. mál, þskj. 767, nál. 1190, brtt. 1191 og 1192. — 2. umr.
13. Skattskylda orkufyrirtækja, stjfrv., 364. mál, þskj. 419, nál. 1183 og 1204, brtt. 1203. — 2. umr.
14. Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frv., 35. mál, þskj. 35, nál. 1188, brtt. 1189. — 2. umr.
15. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, stjfrv., 495. mál, þskj. 940, frhnál. 1172, brtt. 925. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Björn Bjarnason dómsmrh., 4. þm. Reykv. n.,
Margrét Frímannsdóttir, 1. þm. Suðurk.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. s.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:32]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá Kristjáni L. Möller, varaformanni þingflokks Samfylkingarinnar, dagsett 26. apríl 2005:

„Þar sem Katrín Júlíusdóttir, 9. þingmaður Suðvesturkjördæmis, getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda óska ég eftir því, með vísan til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 2. varamaður á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi, Valdimar L. Friðriksson framkvæmdastjóri, Mosfellsbæ, taki sæti á Alþingi á meðan en 1. varamaður á listanum er staddur erlendis og næst ekki til hans að svo stöddu."

Valdimar L. Friðriksson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný. Er litið svo á að það sé heimilt að Valdimar L. Friðriksson taki sæti á Alþingi ef enginn hreyfir andmælum.

[13:33]

Útbýting:

Fjarsala á fjármálaþjónustu, 482. mál, brtt. JóhS og LB, þskj. 1201.

Skattskylda orkufyrirtækja, 364. mál, brtt. GÖrl, þskj. 1203; nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1204.

Upplýsingaréttur um umhverfismál, 791. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 1205.

Athugasemdir um störf þingsins.
Fjárframlög til Mannréttindaskrifstofu Íslands.

[13:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér hafa borist um það upplýsingar að eftir eftirrekstur hafi utanríkisráðuneytið loksins svarað umsókn Mannréttindaskrifstofu Íslands um rekstrarstyrk á þessu ári. Er beiðninni synjað. Sagt er að þess í stað eigi að styrkja eða efla mannréttindi á alþjóðavettvangi með því að kosta hálfa stöðu hjá ÖSE. Áður hafði dómsmálaráðuneytið ráðstafað 2,2 millj. kr. af þeim 4 sem þar eru á fjárlögum til að efla mannréttindastarfsemi. Niðurstaðan er sem sagt sú að ráðuneytin tvö til samans ráðstafa annars vegar 2,2 millj. kr. og hins vegar 0 millj. kr. til reksturs Mannréttindaskrifstofunnar sem hefur undanfarin mörg ár haft 8 millj. kr. eyrnamerktar á fjárlögum af hverjum gengu samkvæmt samningi 1,2 millj. til Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands.

Þessi afgreiðsla er með þvílíkum endemum, herra forseti, í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór á þingi fyrir áramótin þegar meiri hlutinn tók fjárveitingar út af fjárlögum sérmerktar til Mannréttindaskrifstofunnar en vísaði þess í stað á að sækja ætti um styrki á óskipta fjárlagaliði þessara tveggja ráðuneyta. Hér er verið að skera algerlega niður við trog, kippa grundvellinum undan þessari stofnun, þessari miðstöð mannréttindabaráttunnar á Íslandi sem er fulltrúi Íslands í norrænu og alþjóðlegu samstarfi sem stjórnvöld hafa sjálf talið sér til tekna á alþjóðavettvangi að styrkja með fjárveitingum, þar á meðal nú síðast þegar eftirlitsnefnd Sameinuðu þjóðanna með borgaralegum og stjórnmálalegum mannréttindum yfirheyrði fulltrúa stjórnvalda um nákvæmlega þetta atriði. Þá er því lofað að af þessum óskiptu fjárveitingaliðum muni ganga fjármunir til reksturs Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Afgreiðsla meiri hlutans á Alþingi var auðvitað hneyksli, að setja Mannréttindaskrifstofuna í þá stöðu að þurfa að knékrjúpa um fjárveitingar ráðuneytum sem hún á einmitt m.a. að veita aðhald. Afgreiðsla ríkisstjórnarinnar er reginhneyksli og ég krefst þess, herra forseti, að frumvarp okkar þingmanna stjórnarandstöðunnar (Forseti hringir.) um fjáraukalög þar sem rekstur Mannréttindaskrifstofunnar verði tryggður (Forseti hringir.) komist á dagskrá og verði afgreitt fyrir þinglausnir.

[13:36]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Þau tíðindi sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flytur þurfa í sjálfu sér ekki að koma á óvart. Það lá fyrir við fjárlagagerðina að af hálfu tveggja hæstv. ráðherra, þeirra Davíðs Oddssonar og Björns Bjarnasonar, var gerð aðför að Mannréttindaskrifstofunni. Það eru, herra forseti, litlir karlar sem ekki þola málefnalega gagnrýni á störf sín og beita almannafé og opinberu valdi til að refsa þeim aðilum sem reyna að halda uppi lýðræðislegri umræðu í landinu.

Öryrkjabandalag Íslands er einn aðilanna að Mannréttindaskrifstofunni og við höfum kynnst því, öryrkjar á Íslandi, að það er takmarkaður skilningur á mannréttindahugtakinu hjá ríkisstjórninni. Oftar en einu sinni hefur þurft að reka hana upp í Hæstarétt og fá hana þar dæmda fyrir mannréttindabrot. Að menn gengju beinlínis fram og refsuðu þeim sem voguðu sér að halda til haga mannréttindasjónarmiðum og sjónarmiðum andstæðum ýmsum fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar, þá ekki síst hæstv. dómsmálaráðherra í nokkrum málum á síðasta þingi, datt mér satt að segja ekki í hug. Ég vona að þetta sé einhver allsherjarmisskilningur og að þingið sjái sóma sinn í því að Mannréttindaskrifstofa Íslands fái sama fjármagn og helst meira og hún hefur haft á síðustu árum því þar hefur sannarlega verið unnið þarft, gott og heilt verk fyrir land og þjóð.

[13:38]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ef til er einhver starfsemi eða stofnun sem á að vera óháð framkvæmdarvaldinu um fjárveitingar eru það þeir aðilar sem falið er það hlutverk af löggjafanum að hafa í frammi eftirlit og aðhald gagnvart þessu sama valdi. Verkefni Mannréttindaskrifstofu eru mannréttindi og að mannréttindunum á nú að þrengja með því að svelta þessa stofnun. Mannréttindastofnun fékk á sínum tíma 8 milljónir, 4 frá dómsmálaráðuneyti og 4 frá utanríkisráðuneyti. Þar af gengu 1.200 þús. til Mannréttindaskrifstofu Háskóla Íslands. Alls hafði hún þannig á sínum snærum 6,8 millj. kr.

Nú er þetta framlag fært niður í rúmar 2,2 millj. kr. Þetta er að sjálfsögðu reginhneyksli og grafalvarlegt mál og nú er að sannast það sem við í stjórnarandstöðunni vöruðum við á sínum tíma, að ríkisstjórnin mundi leggja upp í hefndarleiðangur gagnvart þessari stofnun. Það er nú að sannast. Þetta er ekki síðasta orðið sem sagt verður um þetta málefni í þingsalnum.

[13:39]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það verður skemmtilegt eða hitt þó heldur að lesa skýrslurnar sem nú verða skrifaðar um stöðu mannréttindamála í lýðveldinu og lýðræðisríkinu Íslandi þegar hingað koma þar til sendar nefndir til að gera úttekt á því sem hér má betur fara. Við höfum ekki staðið okkur það vel hingað til — en þó haldið úti Mannréttindaskrifstofu með tiltölulega litlum kostnaði sem unnið hefur mikið og gott starf fyrir þingið og fyrir þjóðina. En það dugar ekki, hún skilar nefnilega ekki réttum álitum, þessi Mannréttindaskrifstofa. Hún skilar ekki álitum sem henta þeim meiri hluta sem hér ræður nú. Þá verður þeim ekki skotaskuld úr því, hæstvirtum, verð ég víst að segja, ráðherrum, Davíð Oddssyni og Birni Bjarnasyni, að leggja það niður sem þeim ekki hentar.

Við höfum séð það áður, hæstv. forseti, og nú má Mannréttindaskrifstofa skrimta á 2 millj. kr. Allir sem hér sitja vita hvað það þýðir. Það þýðir að í raun er verið að leggja hana niður án þess að sú ákvörðun sé tekin með þeim hætti sem í raun ætti að gera, og væri miklu heiðarlegra og betra af þeim mönnum sem ekki vilja halda úti mannréttindastarfi hér á landi að segja það.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. forsætisráðherra hafa greinilega ekki mikið til málanna að leggja hér. Þögn þeirra er sjálfsagt samþykki við því að koma svona fram við helstu miðstöð mannréttindamála á Íslandi þar sem mannréttindabaráttan, eftirlit með stjórnvöldum og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi, hefur verið samræmd á Íslandi síðustu 10 árin. Mannréttindaskrifstofa Íslands var stofnuð á afmælisárinu 1994 og tengdist m.a. endurskoðun stjórnarskrárinnar og nýjum mannréttindakafla hennar. Því var fagnað hátíðlega á síðasta ári að nú væru 10 ár liðin, 10 ára farsælt starf væri að baki sem allir voru stoltir af og ánægðir með. Að utanríkisráðuneytið og þess vegna dómsmálaráðuneytið sem telja sér sérstaklega til tekna í skýrslum og yfirheyrslum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að framlag íslenska ríkisins til mannréttindamála sé m.a. fólgið í þessum fjárstuðningi við Mannréttindaskrifstofu Íslands skuli svo koma svona fram er með endemum.

Hvað segja talsmenn meiri hlutans í fjárlaganefnd, hv. þm. Magnús Stefánsson, ofan í ræðurnar um jólin um að þetta væri ekki skerðing, þetta væri bara kerfisbreyting, fyrirkomulagsbreyting? Ætla menn að vera þær lyddur að sitja undir því að svona verði komið fram, að menn hefni sín með þessum hætti, þjóni lund sinni svona?

Hæstv. utanríkisráðherra og hæstv. dómsmálaráðherra, Davíð Oddsson og Björn Bjarnason. Það er illa komið fyrir Alþingi Íslendinga ef það er svo marflatt að menn láta bjóða sér þetta. Ég endurtek kröfu mína, virðulegur forseti, það er ekki samkomulag við mig um eitt eða neitt um þetta þinghald fyrr en frumvarp okkar formanna stjórnarandstöðuflokkanna er búið að koma á dagskrá, til umræðu og afgreiðslu þannig að það liggi þá ljóst fyrir að þetta sé annaðhvort á ábyrgð meiri hlutans með formlegum hætti eða þá, sem vonandi verður, að menn láti ekki þessa skömm yfir okkur ganga, þennan álitshnekki og þessa hneisu (Forseti hringir.) sem það verður auðvitað á alþjóðavettvangi að standa svona að mannréttindamálum á árinu 2005.

[13:43]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Mér finnst mjög einkennilegt að hæstv. utanríkisráðherra skuli vera hér staddur og reyna samt ekki að útskýra þennan niðurskurð. Það er 75% niðurskurður. Hvað veldur því að það eigi að fara í þennan mikla niðurskurð til Mannréttindaskrifstofunnar? Við því fást engin svör. Það er ekki eins og að þessir ágætu herrar séu alltaf að spara. Ísmoli er sendur úr landi með ærnum tilkostnaði, sendiherrum fjölgað um 75% en ef það eru mannréttindamál þarf að spara, um heil 75%. Það er kannski til að vega upp kostnaðaraukninguna af sendiherrunum, herra forseti. Það skyldi þó aldrei vera.

Mér finnst mjög sérstakt að verða vitni að þessari þögn og þessu málleysi hæstvirtra ráðherra.

Ég vil einnig vekja athygli á því að hér liggur fyrir fyrirspurn sem er enn ósvarað frá því um miðjan nóvember, fyrirspurn um kostnað við að Ísland sæki um inngöngu í öryggisráðið. Það er eins og að aldrei sé tími hjá hæstv. utanríkisráðherra til að svara því en ég vona að hann sjái sóma sinn í því að svara fyrir kostnaðinn. Jafnframt vona ég að þegar hann finnur einhverja matarholu svari hann því hvað valdi því að fara þurfi í 75% niðurskurð. Mér finnst vera lágmarkskrafa að hann reyni í einhverju að útskýra þennan sparnað sinn.

[13:45]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það hefur áður komið fram, bæði á vettvangi utanríkismálanefndar og opinberlega, að kostnaður við öryggisráðsframboð er áætlaður um 600 millj. Það hefur komið fram opinberlega, ég hygg að hv. þingmaður viti það. Það hefur því ekki verið neitt leyndarmál (Gripið fram í.) hversu nákvæm sem sú tala er. Þetta hefur komið fram opinberlega og menn þekkja þá tölu, um 600 millj. kr.

Varðandi hitt málið verð ég að segja að vegna þess málatilbúnaður sem hér var hafður uppi og vegna þeirra svigurmæla og dylgja sem hér voru látin falla ætlaði ég hreinlega að láta það fram hjá mér fara að taka þátt í umræðum af því tagi og fara niður á það plan sem hér var, eiginlega þingsins vegna, að taka ekki þátt í því. Mér fannst þetta vera sett fram með þeim hætti að það væri ekki neinn sómi þings að þeirri framgöngu nema síður væri, þeim stóryrðum og svigurmælum og dylgjum sem hér voru látin falla af hv. þingmönnum. Það er svo sem ekki í fyrsta sinn sem þingmenn gera það.

En fjármununum, vegna þess sem hv. þingmaður sem síðast talaði sagði, verður öllum varið af hálfu utanríkisráðuneytisins til mannréttindamála.

[13:46]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta var mjög ómálefnalegt framlag af hálfu hæstv. utanríkismálaráðherra. Fram hefur komið að verið er að skera fjárveitingar til Mannréttindastofnunar niður við trog. Hún hafði áður haft fjárveitingar sem nema 6,8 millj. kr. Alls hafði verið varið 8 millj. kr. til Mannréttindastofnunar og gengu 1.200 þús. til Mannréttindastofu Háskóla Íslands.

Nú er utanríkisráðuneytið að falla frá stuðningi við stofnunina sem áður nam 4 millj. kr. Við teljum þetta vera grafalvarlegan hlut. Við höfum sagt og gerðum það á sínum tíma að ríkisstjórnin væri að hefna sín vegna gagnrýni, mjög málefnalegrar gagnrýni sem kom frá stofnuninni í garð ríkisstjórnarinnar vegna fjölmiðlalaganna og vegna annarra frumvarpa sem frá núverandi ríkisstjórn hafa komið. Þetta er málefnaleg umræða af okkar hálfu. Við höfum fært málefnaleg rök fyrir afstöðu okkar. Við höfum krafið ríkisstjórnina svara og þetta er það sem við fáum frá hæstv. utanríkismálaráðherra landsins. Það veldur svo sannarlega vonbrigðum.

[13:48]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Þá hefur hið háa Alþingi fengið tilsögn í prúðmennsku frá hæstv. utanríkisráðherra og eflaust ekki vanþörf á. Þó er ástæða til að ætlast til þess af hæstv. utanríkisráðherra að hann sýni Alþingi Íslendinga þá prúðmennsku að gera grein fyrir því hvers vegna fjárveiting til Mannréttindaskrifstofunnar er skorin niður af ríkisstjórn þeirri sem hann veitir forustu í raun réttri úr 8 millj. kr. í 2,2

millj. kr. eftir að sama skrifstofa hefur á liðnum þingvetri leyft sér að gagnrýna efnislega og harðlega nokkur áform sem hæstv. dómsmálaráðherra hafði uppi í lagafrumvörpum á Alþingi.

Þetta lítur því miður þannig út að verið sé að refsa Mannréttindaskrifstofu og þeim lögfræðingum sem þar starfa með niðurskurði á fjárveitingum fyrir að hafa uppi og halda frammi málefnalegum sjónarmiðum í lýðræðislegri umræðu. Það er mikilvægt að hæstv. utanríkisráðherra sýni okkur þá prúðmennsku, okkur sem yngri erum og hann þarf að veita sérstakt tiltal um hvernig eigi að hegða sér þætti vænt um ef hann vildi sýna okkur þann heiður að gera grein fyrir því hvernig á þessu stendur og reyndi að sýna okkur fram á að ekki sé verið að refsa Mannréttindaskrifstofu fyrir að hafa haldið uppi málefnalegri gagnrýni á störf ríkisstjórnarinnar.

Um annað er ekki beðið og ég trúi, hæstv. forseti, að það séu ekki dylgjur af neinu tagi heldur einföld og prúð ósk til hæstv. utanríkisráðherra um að hann svari málefnalegum fyrirspurnum á málefnalegan hátt.

[13:50]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér finnst skjóta skökku við þegar hæstv. utanríkisráðherra kemur og ásakar þá þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hafa tekið upp þetta mikilvæga mál um ómálefnalega framkomu. Hvað er ómálefnalegra í þessum sal en þegar hæstv. ráðherra kemur hingað og í reynd neitar að svara?

Það er fullkomlega málefnalegt af stjórnarandstöðunni, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rakti áðan, að koma og spyrja: Hverju sætir það að þau loforð sem voru gefin af ráðherrum, af þingmönnum stjórnarliðsins við afgreiðslu fjárlaga fyrir jól hafa verið brotin? Okkur eru öllum í fersku minni þær umræður sem þá fóru fram. Þá var því haldið fram af okkar hálfu að Mannréttindaskrifstofan væri mikilvægur burðarás í lýðræðinu hér á landi vegna þess að hún veitir stjórnvöldum aðhald. Okkur þótti ósæmilegt að skrifstofan og forusta hennar þyrfti að koma bónarveg að þeim ráðunautum og því stjórnvaldi sem hún á að veita aðhald. Þá var hins vegar fullyrt að fjármagn yrði ekki skorið niður heldur yrði því komið eftir öðrum leiðum til hennar. Það átti að gerast með því að sótt yrði sérstaklega um það til viðkomandi ráðherra.

Nú bregður svo við að þegar það er gert bresta loforðin, fjármagnið kemur ekki og í reynd er verið að skrúfa fyrir starfsemi Mannréttindaskrifstofunnar. Þá er fullkomlega eðlilegt að við komum og spyrjum hæstv. ráðherra: Hverju sætir þetta? Það gengur ekki fyrir hæstv. utanríkisráðherra að koma hingað og svara út og suður öllu nema því að gefa skýringar á hvað veldur þessu. Ég spyr hæstv. utanríkisráðherra: Hvers vegna er hann að skrúfa fyrir Mannréttindaskrifstofuna með þessum hætti og hvers vegna efna menn ekki það sem var sagt af stjórnarinnar hálfu fyrir jól?

[13:52]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. málshefjandi spurði mig ekki um eitt eða neitt. Hann fullyrti um ákveðinn hlut og síðan krafðist hann þess að forseti sæi til þess að frumvörp yrðu rædd með tilteknum hætti. Síðan hafði hann í hótunum um að stöðva annars allan málatilbúnað á þinginu eins og menn heyrðu. Hann spurði mig ekki um neitt sérstakt.

Ég kannast ekki við að hafa gefið nein loforð hér sem ég hafi svikið. Ég bið hv. þingmann að koma þá með þau og benda á þau ef hann vill halda því fram. Það hef ég hvergi gert.

Í annan stað vil ég nefna að á vormánuðum, í mars-, aprílmánuði, við fjárlagavinnu var lagt til af hálfu utanríkisráðuneytisins á þeim tíma að sú skipan skyldi verða á, sem varð, að fjármunir til mannréttindamála yrðu ákveðnir með sérstökum hætti frá ráðuneytinu en yrði ekki sjálfkrafa fjárveiting til tiltekinnar stofnunar. Ef menn taka tímaröðina í þeim efnum er það löngu fyrir þann tíma sem dylgjur nokkurra hv. þingmanna ganga út á. Tímaröðin er öfug þannig að dylgjurnar falla um sjálfar sig.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1201 og 1203. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Tilhögun þingfundar.

[13:54]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forseti vill geta þess að gert er ráð fyrir að atkvæðagreiðsla verði klukkan hálfsjö í kvöld. Síðan verður matarhlé milli sjö og átta og fundi fram haldið klukkan átta í kvöld nema dagskrá ljúki fyrir þann tíma.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, fyrri umr.

Stjtill., 704. mál. — Þskj. 1062.

[13:55]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2005 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 17. janúar og 15. febrúar sl.

Samningur þessi, sem kveður á um allar heimildir hvors aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hins á þessu ári, er samhljóða samningi aðila frá því í fyrra. Gerir samningurinn ráð fyrir að aðilar semji fyrir 20. júní 2005 um veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á loðnuvertíðinni sem stendur frá þeim degi til apríl 2006. Er eins og áður við það miðað að veiðiheimildir færeyskra nótaskipa á þessu tímabili verði um 30.000 lestir enda breytist forsendur varðandi leyfðan heildarafla og önnur atriði er máli skipta ekki í verulegum atriðum.

Í samningnum er eins og í samningi aðila frá fyrra ári

kveðið á um að færeyskum skipum sé heimilt á loðnuvertíðinni 2005–2006 að veiða allt að 10.000 lestir af loðnu innan lögsögu Íslands úr veiðiheimildum sem fengnar eru með samningum færeyskra og grænlenskra stjórnvalda. Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2005. Þá er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.300 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á þessu ári.

Loks er í samningnum kveðið á um að hvor aðili skuli veita tveimur skipum, sem skráð eru í landi hins aðilans, leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á þessu ári.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögu þessari vísað til hv. utanríkismálanefndar.

[13:57]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Tillagan til þingsályktunar var kynnt nánast í forkynningu í utanríkismálanefnd á dögunum. Farið var yfir efnisatriði hennar til að freista þess að greiða málinu leið innan þings og í nefnd. Í fljótu bragði hygg ég að ég geti lýst því yfir að við í Samfylkingunni erum öll af vilja gerð til þess að málið verði unnið hratt og vel innan nefndar þannig að þinginu verði unnt að ljúka afgreiðslu þess á yfirstandandi þingi, enda nauðsynlegt. Það hefur gerst á liðnum árum, ef ég man rétt, að samsvarandi staðfesting á samningum hafi komið seint og um síðir til kasta þingsins og löngu eftir að samningar hafa tekið gildi og veitt hefur verið eftir þeim.

Nú er því hins vegar ekki þannig háttað. Meginatriði málsins liggur í dagsetningunni 20. júní og ytri umgjörð málsins er sambærileg frá því sem verið hefur. Ég vil þó halda því til haga að í greinargerðinni er sá fyrirvari hafður á að ef forsendur breytast hvað varðar leyfðan heildarafla eða önnur atriði sem hugsanlega geta valdið verulegum breytingum á hlutdeild Færeyinga í heildarafla á Íslandsmiðum verði þess freistað með öllum ráðum að réttar nefndir þingsins verði hafðar með í ráðum áður en nýjar ákvarðanir verði teknar í þá veru. Þá á ég ekki síst við sjávarútvegsnefnd þingsins og eftir efnum og aðstæðum utanríkismálanefnd þingsins.

Að öðru leyti ítreka ég að það mun ekki standa á okkur í Samfylkingunni að klára málið fljótt og vel.

[13:59]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Því ber að fagna að við afgreiðum nú samninginn milli Íslands og Færeyja um veiðar í lögsögu ríkjanna, gagnkvæmar veiðar, á sama ári og samningurinn nær til, en ekki eins og áður þegar við vorum nánast að afgreiða samninga sem þegar höfðu verið uppfylltir að öllu leyti vegna þess að tíminn sem þeir náðu til var liðinn. Ber að þakka að málið skuli berast inn á vorþinginu en ekki síðar.

Það eru hins vegar ýmsar breytingar að eiga sér stað í lífríkinu í Norðurhöfum og einnig að því er varðar aflabrögð úr þeim stofnum sem við erum m.a. að fjalla um. Það má t.d. minna á síðustu loðnuvertíð sem endaði reyndar með allt öðrum hætti en menn höfðu gert ráð fyrir og upplýst er að loðnugangan sem lengst fór austur af landinu skilaði sér ekki á miðin suðaustur og suður af landinu eins og gert hafði verið ráð fyrir. Þar af leiðandi stöndum við uppi með verulegar breytingar á heildarafla úr loðnustofninum á þessari vertíð og auðvitað er ekki fyrirséð hvernig útkoman verður á þeirri næstu, en undanfarin ár hefur ekki verið mikil veiði á sumar- og haustvertíðum á loðnu. Þetta er nokkuð sem ég held að við neyðumst til að skoða alvarlega.

Þó að hér sé kannski verið að tala um tiltölulega lítinn afla af loðnu þá erum við samt að tala annars vegar um 30 þúsund lestir og hins vegar 10 þúsund eða um 40 þúsund lestir í veiðum færeyskra skipa úr loðnustofninum innan íslenskrar lögsögu og það skiptir máli, sérstaklega ef að heildarveiðin fer að dragast saman og verða allt öðruvísi en menn gerðu ráð fyrir. Ég vildi láta þetta koma fram. Ef hæstv. utanríkisráðherra hefur þær upplýsingar væri fróðlegt að fá að vita hvort í þeim viðræðum eða erindaskiptum sem getið er um í þessari þingsályktunartillögu hafi eitthvað hafi komið fram um að menn hafi rætt m.a. loðnuveiðarnar og nýtingu loðnustofnsins á þessari vertíð og fyrirsjáanlega nýtingu á þeirri næstu. Við skulum ekki gleyma því að það var t.d. alls ekki fyrirséð snemma á síðastliðnu hausti að við mundum yfirleitt ná að hefja loðnuveiðar þá. Ég spyr hvort þessar umræður hafi farið fram á milli aðila með tilliti til breytinga á heildarafla.

Annað atriði sem mér finnst líka skipta verulegu máli að við veltum fyrir okkur er auðvitað sú spurning sem við stöndum frammi fyrir nú eftir 25 ára árangursleysi við stjórn fiskveiða, þ.e. sérstaklega hvað varðar uppbyggingu þorskstofnsins og hvernig við ætlum við að taka á því vandamáli. Það tengist að mínu viti nýtingu á loðnustofninum á komandi árum og missirum þar sem ég hallast sífellt meira að því að við þurfum að skoða bræðsluveiðar á loðnu upp á nýtt með tilliti til þess hvort við ætlum að ná upp verðmætasta stofni okkar, þorskstofninum, og hvernig við munum fara í það. Ég ætla ekki að ræða nánar um þá hlið málsins hér og nú þótt fullt tilefni væri til þess, en ég held að engum blandist hugur um að með það árangursleysi sem við okkur blasir varðandi stýringu á botnfiskveiðum okkar þar sem þorskstofninn er okkar langverðmætasti stofn, þá þurfum við auðvitað að skoða allar hliðar þessa máls og samningurinn við erlendar þjóðir um nýtingu á loðnustofninum mun örugglega koma inn í það mál og á ég þá líka við Norðmenn.

Síðan er annað atriði í þessum samningi sem kveður á um fiskveiðar og það varðar kolmunnaveiðar en skipum við kolmunnaveiðar er heimilt að stunda þær innan lögsögu beggja ríkjanna og hefur það verið okkur Íslendingum mjög verðmætt á undanförnum árum að geta stundað þær veiðar innan færeyskrar lögsögu. Nú er upplýst að nýtingin á kolmunnastofninum er verulega meiri en menn gera ráð fyrir að geti verið til langframa. Norðmenn eru þar stórtækastir, hafa sennilega veitt nú þegar yfir hálfa milljón tonna úr kolmunnastofninum. Ég sá það líka í Morgunblaðinu í morgun, því virðulega blaði, að þar var upplýst af norskum útgerðarmanni að veiðar á kolmunna á þessari vertíð hefðu farið fram mun norðar og vestar en áður hefur verið, þ.e. í lögsögu Evrópusambandsins. Nefnt var svæðið norðvestur

af Rockall. Ber þá auðvitað að horfa til þess að þar með er verið að nálgast íslenska lögsögu verulega með þessar vetrarveiðar á kolmunna sem ekki hefur verið áður því þær hafa oft farið fram vestur af Írlandi og á því svæði að langmestu leyti. Þetta bendir til þess að hegðun kolmunnastofnsins sé að verða eitthvað öðruvísi en verið hefur á undanförnum árum og stendur það líklega í sambandi við aukinn sjávarhita og breytingu á fæðuskilyrðum. En allt að einu, þetta er veruleg breyting. Ef við ætlum að horfa til þess í framtíðinni að breyta loðnuveiðum okkar að einhverju leyti þá eigum við auðvitað að gera það meðan við höfum frjálsan aðgang að kolmunnastofninum því þar getum við auðvitað bætt okkur upp þá tilfærslu sem við þyrftum að taka varðandi loðnuveiðarnar, enda kemur það fram í Morgunblaðinu í morgun í viðtali við formann LÍÚ, Friðrik Arngrímsson. Hann segir einmitt að við höfum ekki verið af krafti í kolmunnaveiðunum vegna þess að við höfum verið að sinna loðnuveiðunum.

Hæstv. forseti. Ég held að þetta séu allt mál sem við þurfum að hugleiða vel og ég spyr þess vegna hæstv. utanríkisráðherra líka að því hvort hann viti til þess að í viðræðum aðila og erindaskiptum hafi farið fram einhver nánari skoðun á málinu varðandi kolmunnaveiðarnar, hvernig við munum standa að því samkomulagi í framtíðinni miðað við nýtingu okkar og annarra.

[14:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekkert nema gott um þennan samning eða framlengingu á þessum árlega samningi Íslands og Færeyja að segja hvað varðar samskipti okkar, einkum á sviði veiða á uppsjávarfiskum sem hér eiga við, en það gefur þó fullt tilefni til að ræða ýmis tengd atriði og eftir atvikum inna hæstv. ráðherra eftir hlutum sem eru knýjandi um þessar mundir.

Það fyrsta sem ég vil segja er að það er auðvitað enginn vafi á því að gagnkvæm vinsamleg samskipti Íslands og Færeyja hafa skilað báðum þjóðum miklum árangri. Framan af var það auðvitað þannig að Færeyingar nutu kannski fyrst og fremst góðs af því að hafa veiðiréttindi á íslenskum miðum án þess að um mikla gagnkvæmni væri að ræða. En það er hollt fyrir þá sem um tíma töluðu fyrir því að skera niður eða jafnvel afnema með öllu þessi veiðiréttindi Færeyinga, á árum þegar við þurftum sjálfir að skera niður þorskveiðiheimildir okkar, að fara yfir það hversu hagstæð í raun og veru þessi samskipti hafa síðan orðið okkur Íslendingum hin síðari ár. Ég minnist þess vel að meira að segja forustumenn LÍÚ féllu í þá gryfju á köflum á 9. áratugnum að krefjast þess að veiðiheimildir yrðu með öllu teknar af Færeyingum sem þá voru fyrst og fremst í þorski og tegundum sem veiddust á línu, eins og löngu, lúðu og öðrum slíkum.

Þegar veiðar hófust aftur á norsk-íslensku síldinni utan lögsögu Noregs eða úti í Síldarsmugunni og árin þar á eftir kom það heldur betur á daginn að hagstætt var fyrir Ísland að eiga góða granna í austri þar sem voru Færeyingar og a.m.k. eitt árið veiddum við mestallan hlut okkar af norsk-íslensku síldinni nyrst í færeysku lögsögunni á grundvelli þeirrar gagnkvæmni sem þá var búið að ná samkomulagi um milli Íslands og Færeyja. Það hjálpaði okkur síðan til að undirbyggja kröfur okkar í samningaviðræðum um þann stofn.

Nú er staðan því miður þannig að hvorki eru fyrir hendi samningar milli þjóðanna sem aðild eiga að málinu hvað varðar norsk-íslensku síldina né kolmunnann. Það er mikið áhyggjuefni og ég held að ástæða sé til að ræða það, m.a. í samhengi við samskipti okkar og Færeyinga því að báðar þjóðir eiga þarna verulegra hagsmuna að gæta og að verulegu leyti sameiginlegra, því að andstæðingar okkar í þessum efnum og í samningaviðræðunum og okkar erfiðustu mótherjar þar eru Norðmenn og eftir atvikum síðan Evrópusambandið sem heldur jafnframt uppi óbilgjörnum kröfum. Það verður líka að segjast eins og er að mann undrar á köflum óbilgirnin svo ekki sé sagt ósvífnin. Ég vona að ég megi nota það orð hér þó að hæstv. utanríkisráðherra sé viðstaddur, að taka svo stórt upp í mig að kalla það ósvífni t.d. þegar Norðmenn reyna á bak við tjöldin að gera sérsamning við Evrópusambandið og fá það til að fallast á hærri hlutdeild sína í norsk-íslensku síldinni án þess að tala við hina aðila að samskiptunum.

Varðandi kolmunnastofninn er ástandið mjög alvarlegt þar sem nú eru komnar fram vísbendingar sem menn hafa reyndar því miður búist við, jafnvel undanfarin ár þó að það hafi látið á sér standa sem betur fer og ekki komið fram fyrr en núna, að nú sé stofninn tekinn að gefa eftir vegna hinnar gríðarlegu veiði úr honum á undanförnum missirum. Þá verður ástandið auðvitað þeim mun alvarlegra ef menn halda áfram að veiða stjórnlaust og mun meira en ráðgjöfin kveður á um.

Þá má velta því fyrir sér hvort Ísland og Færeyjar gætu, ef menn stæðu saman um það, og mögulega jafnvel fleiri þjóðir, þrýst á um að þarna takist samningar og beitt til þess t.d. þeim möguleikum sem eru fólgnir í löndunarbanni á a.m.k. þeim tegundum sem ekki hefði samist um veiðar á í báðum löndunum, þ.e. gagnvart utanaðkomandi aðilum, og mögulega jafnvel látið það ganga lengra og sagt þá upp eða a.m.k. semja ekki, framlengja ekki samninga um aðra hluti eins og t.d. samninga okkar við Norðmenn um loðnuna. Það fer að muna verulega um það ef skip geta ekki landað afla á bræðslufiski, sem eru við veiðar af því tagi hér vestarlega í norðanverðu Atlantshafinu, ef hafnir eru lokaðar í þeim efnum eða verksmiðjur bæði á Íslandi og í Færeyjum. Það má auðvitað segja að með því færum við auðvitað vissa fórn ef við fáum ekki þann afla til vinnslu en við torveldum þá Norðmönnum, Evrópusambandsríkjum eftir atvikum eða jafnvel Rússum, verulega þessa nýtingu og það er auðvitað engin ástæða til að við greiðum fyrir því að þeir geti haldið áfram veiðum langt umfram það sem ráðgjöf stendur til á stofnum sem eru jafnvel á niðurleið eins og kolmunninn. Ég held að ástæða sé til að skoða jafnvel slíka hluti hvort ekki megi útfæra samstarf ríkjanna að þessu leyti og kanna hvort Færeyingar væru tilbúnir í sameiginlegar aðgerðir með Íslendingum sem gengju jafnvel lengra en þau gagnkvæmu skipti á veiðiréttindum í loðnu, síld, kolmunna, makríl og fleiri tegundum sem við höfum verið að ræða hér um og semja um. Að sjálfsögðu eru þetta ekki hlutir sem menn mundu kannski beinlínis boða úr ræðustóli á Alþingi heldur eitthvað sem menn þyrftu að fara yfir í trúnaðarsam-

tölum bak við tjöldin.

Mér finnst ástæða til að velta þessum hlutum upp um leið og ég undirstrika það og endurtek að ég held að í gagnkvæmum og góðum samskiptum Íslands og Færeyja sé mikill fengur og við eigum að viðhalda þeim og þó að í einhverjum mæli séu í þeim gamla góða anda að við séum ekki endilega að krefjast þar fullkomins endurgjalds, eins og auðvitað á ekki við enn sem komið er um þau 5–6 þúsund tonn af botnfiski sem Færeyingar hafa enn leyfi til að veiða við Ísland og eru þeim gríðarlega mikilvæg, eru m.a. undirstaða bátaútgerðarinnar eða línuútgerðarinnar í fjölmörgum smærri byggðarlögum í Færeyjum, en skiptir það ekki þeim sköpum í okkar stóra fiskveiðidæmi að það sé tilefni til að draga úr því eða breyta því.

Ég tel að eigum við tvímælalaust að rækta áfram þessi samskipti og jafnvel horfa til þess vegna aðstæðna sem nú eru uppi í samskiptum fiskveiðiþjóðanna nyrst í Atlantshafinu og í Norðurhöfum að útfæra það enn frekar, ef það mætti verða til þess að mynda öflugri blokk eða samstöðu um aðgerðir til að þrýsta á samkomulag varðandi þær tegundir sem enn er ósamið um.

undirstaða bátaútgerðarinnar eða línuútgerðarinnar í fjölmörgum smærri byggðarlögum í Færeyjum en skiptir ekki þeim sköpum í okkar stóra fiskveiðidæmi að það sé tilefni til að fara að draga úr því eða breyta því.

Sem sagt, ég tel að þsesi samskipti eigum við tvímælalaust að rækta áfram og jafnvel horfa til þess, vegna aðstæðna sem nú eru uppi í samskiptum fiskveiðiþjóðanna nyrst í Atlantshafinu og í Norðurhöfum að útfæra það enn frekar ef það mætti verða til þess að mynda öflugri blokk eða samstöðu um aðgerðir til að þrýsta á samkomulag varðandi þær tegundir sem enn er ósamið um.

[14:15]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir umfjöllun þeirra um málið. Ég hef engu nýju að bæta við málið efnislega enda um staðfestingu á hlutum sem við höfum búið við um hríð að ræða. Ég get algjörlega tekið undir það sem hér hefur verið sagt af hálfu hv. þingmanna og nú síðast hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að þó að mönnum hafi verið vorkunn nokkur þegar við urðum að skera þorskafla okkar niður um allt að 50%, ef ég man rétt, að menn skæru einnig niður afla til vina okkar Færeyinga tel ég að við höfum gengið jafnvel of langt í þeim efnum þá. Að minnsta kosti voru uppi kröfur, sem ég man líka mjög vel eins og hv. þingmaður, sem gengu mjög langt og ég man ekki betur en hafi gengið alla leið.

Sem betur fer var ekki eftir þeim ráðum farið á þeim tíma og ég tel að það hefði verið mikið óheillaspor ef menn hefðu jafnvel í þrengingum sínum þá létt sér örlítið róðurinn með því að ganga á vináttugjörninginn við Færeyinga og fagnaðarefni að það skyldi ekki hafa verið gert. Ég býst við að Færeyingar meti það. Við skulum heldur ekki gleyma því að okkar ágætu frændur gengu í gegnum miklar hremmingar, enn þá harðari jafnvel og harðskeyttari en við gengum í gegnum með miklum mannflótta frá eyjunum sem hafa sem betur fer gengið til baka að verulegu leyti á undanförnum árum.

Ég get líka tekið undir það, þó að ég vilji auðvitað tala varlega, að ég hef ekki verið mjög ánægður með sífelldar kröfur okkar ágætu frænda, Norðmanna, út af norsk-íslensku síldinni vegna þess að við höfum verið að ganga til móts við þær kröfur fram að þessu að nokkru og ekkert lát á. Það koma alltaf nýjar og nýjar kröfur og ekki bara nýjar og nýjar kröfur heldur nýjar og nýjar einhliða ákvarðanir gagnvart okkur. Það er ómögulegt annað en að lýsa a.m.k. yfir vonbrigðum yfir því svo ekki sé fastar að orði kveðið í þeim efnum.

Norðmenn telja sig hins vegar hafa þar góðan málstað og færa rök fyrir því með vitnun í það hvar aflinn veiðist helst um þessar mundir á undanförnum árum og þar fram eftir götunum. Það þekkja menn í þessum sal, sumir hverjir allnokkru betur en ég, býst ég við, og þarf ég ekki að fara í gegnum það.

Ég held líka að það sé eiginlega mesta furða hvað kolmunnastofninn hefur haldið miðað við þá miklu ásókn sem í hann hefur verið. Þar hafa menn auðvitað verið að heyja sín „réttindi" með veiðum sínum fyrst ekki hefur verið neitt samkomulag sem hægt hefur verið að byggja á. Við höfum tekið fullan þátt í því, enda hefði það líka verið með vissum hætti, þó ekki gagnvart stofnunum, en af okkar hálfu ábyrgðarleysi ef við hefðum einir setið hjá í þeirri fastsetningu á nýtingu aflans sem gjarnan er miðað við þegar loks næst samkomulag um nýtingu hans. Menn hafa því verið í nokkrum vanda í þeim efnum.

Ég tek undir þau sjónarmið sem fram hafa komið hjá hv. þingmönnum varðandi þá hliðarþætti sem þeir nefndu til sögunnar og mér hefur ekki þótt að neinu leyti óeðlilegt að væru einmitt nefndir til sögunnar í umræðunni. Einnig færi ég hv. þingmönnum þakkir fyrir að hafa haft góð orð um að fylgja málinu eftir í gegnum þingið á viðeigandi stöðum eftir því sem tími og kraftar endast á þeim tiltölulega fáu þingdögum sem eftir lifa.

[14:20]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan lögsögu okkar og Færeyinga á þessu ári. Þetta er að mér sýnist hefðbundinn samningur. Í þetta skipti hefur samningurinn hreinlega verið afgreiddur með bréfaskiptum á milli Íslands og Færeyja sem er kannski vitnisburður um það hversu gott andrúmsloftið er nú á milli okkar og Færeyinga í þessum málum. Það hafa ekki farið sendinefndir á milli landa til að semja, ef svo má segja, á formlegum samningafundum, heldur fæ ég ekki betur séð en að menn hafi einfaldlega leyst þetta í bróðerni. Það er að sjálfsögðu mikið fagnaðarefni að okkur skuli lynda vel við nágranna okkar í fiskveiðimálunum. Það er annað og miklu betra upp á teningnum þegar Færeyingar eru annars vegar en þegar til að mynda viðskipti við Norðmenn eru uppi á borðinu. Þar eigum við nú í illvígum deilum, bæði um norsk-íslensku síldina, þar sem veiðar hefjast brátt, en einnig varðandi kolmunnann, eins og fram hefur komið í fyrri ræðum í dag.

Ég ætla ekki að fara mikið út í þá sálma hér og nú, vil bara minna á að Færeyingar hafa reynst okkur afskaplega vel í uppsjávarveiðunum. Þeir hafa sýnt okkur mikinn skilning, þeir hafa leyft okkur að veiða kolmunna í lögsögu sinni þar sem við höfum þurft að komast að þeim stofni. Ég

hygg að skipin okkar sem eru nú á kolmunnaveiðum séu einmitt að veiðum í færeysku lögsögunni. Þetta hefur gagnast okkur ákaflega vel, við höfum getað stundað þarna veiðar og oft á tíðum mjög góðar veiðar. Við höfum einnig getað fengið aðgang að löndunum hjá Færeyingum. Við höfum líka fengið að veiða norsk-íslenska síld í færeyskri lögsögu þegar hún var að ganga í fyrsta skipti yfir hafið eftir margra áratuga fjarveru. Það skipti okkur mjög miklu máli og var mjög dýrmætt fyrir okkur einmitt til að afla okkur samningsstöðu í viðræðum, m.a. við vini okkar Norðmenn.

Það er margt annað í þessum geira sem vekur vonir um að við getum átt enn þá meiri og betri samskipti við Færeyinga á þessum sviðum en verið hefur. Íslensk fyrirtæki eru að hasla sér völl í Færeyjum. Í gær að mig minnir sáum við til að mynda mjög jákvæða frétt um að Samskip hefðu verið að kaupa þar upp frystigeymslu fyrir fisk sem hægt verður að landa í framtíðinni, ekki síst úr íslenskum skipum.

Við erum að sigla inn í mjög spennandi tíma hvað varðar norsk-íslensku síldina. Sá stofn er í mjög örum vexti og margt sem bendir til þess að hann muni nú í auknum mæli taka upp fyrri göngur sínar yfir norðaustanvert Atlantshaf, frá ströndum Noregs yfir til Íslands og Færeyja yfir sumartímann. Þá verður mjög dýrmætt fyrir okkur og vígstöðu okkar, ef svo má segja, að eiga góð samskipti við vini okkar og frændur í Færeyjum.

Ég vil lýsa því yfir að ég er mjög ánægður með að samningurinn skuli liggja fyrir til samþykktar á hinu háa Alþingi. Ég á ekki von á öðru en að þingsályktunartillagan fái góða og skjóta afgreiðslu fyrir þinglok í ár og að hin ágætu samskipti okkar við Færeyinga verði áfram vísir að því sem koma skal, því við þurfum á Færeyingum að halda ekki síður en þeir á okkur þegar fiskveiðimál og fiskveiðistjórn eru annars vegar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis, fyrri umr.

Stjtill., 705. mál. — Þskj. 1063.

[14:24]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar viðbótarsamnings nr. 14 við mannréttindasáttmála Evrópu, um breytingu á eftirlitskerfi sáttmálans sem gerður var í Strassborg 13. maí 2004.

Vinna við gerð viðbótarsamnings nr. 14 hófst í kjölfar ákvörðunar ráðherranefndar Evrópuráðsins í nóvember árið 2000 um að leita þyrfti leiða til að auka skilvirkni Mannréttindadómstóls Evrópu svo markmiðum sáttmálans um vernd mannréttinda í Evrópu yrði náð. Breytingar á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans voru orðnar mjög knýjandi vegna gífurlegrar fjölgunar og uppsöfnunar kærumála sem berast dómstólnum ár hvert og hann hefur ekki undan að ljúka. Hefur fjöldi kærumála fjórfaldast á undanförnum tíu árum. Meginástæða fjölgunar kærumála er mikil fjölgun aðildarríkja að sáttmálanum, sem eru nú 45 talsins og ná þau yfir landsvæði með rúmlega 800 milljónir íbúa sem hafa allir beina kæruheimild til dómstólsins.

Helstu breytingar á mannréttindasáttmála Evrópu, sem viðbótarsamningur nr. 14 kveður á um, eru eftirfarandi:

1. Kveðið er á um að einn dómari, í stað þriggja dómara nefndar áður, geti ákveðið að kæra frá einstaklingi sé ekki tæk til efnislegrar meðferðar. Gert er ráð fyrir að við slíka ákvarðanatöku verði sérstakir skýrslugerðarmenn dómaranum til aðstoðar. Þess ber að geta að um 90% allra mála sem berast dómstólnum komast ekki í gegnum fyrstu skoðun og er vísað frá.

2. Málsmeðferð verður einfölduð í tilvikum þar sem dómstóllinn þarf að leysa úr svonefndum „endurteknum málum", þ.e. málum þar sem dómstóllinn hefur þegar leyst úr sambærilegum álitaefnum. Í stað þess að efnisdómur í þessum tilvikum verði kveðinn upp af sjö dómara deild, eins og reglan hefur verið um alla efnisdóma fram að þessu, verður nægilegt að þriggja dómara nefnd leysi úr þessum málum.

3. Bætt er við nýju skilyrði fyrir því að kæra teljist tæk til efnismeðferðar. Samkvæmt því skal vísa kæru frá vegna meints brots ef ekki verður séð að kærandi hafi orðið fyrir umtalsverðu óhagræði. Umræddu skilyrði verður þó ekki beitt ef virðing fyrir mannréttindum krefst þess að efni kæru sé skoðað eða ef um er að ræða mál sem innlendur dómstóll hefur ekki fjallað um á tilhlýðilegan hátt.

Framangreind atriði stefna öll að því að auka vinnusparnað og stytta þann tíma sem dómstóllinn þarf að verja í bersýnilega ómeðferðarhæf mál eða síendurtekin álitaefni svo hann geti einbeitt sér í ríkari mæli að raunverulegum og mikilvægum álitaefnum um brot á ákvæðum sáttmálans. Hafa ber í huga að við gerð umræddra breytinga á eftirlitskerfi sáttmálans var þess gætt að raska á engan hátt rétti sérhvers einstaklings til að kæra meint mannréttindabrot til Mannréttindadómstóls Evrópu þegar innlend réttarúrræði hafa verið tæmd. Viðbótarsamningur nr. 14 var samþykktur og lagður fram til undirritunar á ráðherrafundi Evrópuráðsins í Strassborg hinn 13. maí 2004. Ísland var í hópi þeirra ríkja sem undirrituðu viðbótarsamninginn sama dag og nú hefur 41 ríki undirritað samninginn og sjö þeirra jafnframt fullgilt hann. Viðbótarsamningurinn öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er öll aðildarríki mannréttindasáttmálans hafa fullgilt samninginn. Þegar mannréttindasáttmáli Evrópu var lögfestur hér á landi var farin sú leið að lögfesta hann í heild sinni ásamt viðbótarsamningum við hann, sbr. lög nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu.

Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur á yfirstandandi þingi lagt fram frumvarp til laga um breyting á þessum lögum vegna þeirra breytinga á sáttmálanum sem viðbótarsamningur nr. 14 felur í sér.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögu þessari vísað til hv. utanríkismálanefndar.

[14:28]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Þingsályktunartillagan var kynnt á fundi utanríkismálanefndar sl. föstudag og farið yfir efni hennar. Ég ætla ekki að verja löngum tíma í ákvæði þingsályktunar-

tillögunnar og breytingar á skipan mála hjá Mannréttindadómstólnum í Strassborg er varðar fjölda dómara og önnur praktísk atriði sem hér eru rakin og miða að því að auka skilvirkni og starfshætti dómsins, en staldra við meginefni máls að minni hyggju, sem er fjórða atriði í athugasemdum við þingsályktunartillögu þessa og varðar efnisatriði máls.

Þar er vikið að því að viss þrenging er til staðar hvað varðar skilyrði dómsins til að taka mál til efnisumfjöllunar og þar nefnt að vísa skal frá kæru vegna meints brots ef ekki verður séð að kærandi hafi orðið fyrir umtalsverðu óhagræði. Jafnframt er sleginn sá varnagli að því umrædda skilyrði, sem er nýtt af nálinni, verði þó ekki beitt ef virðing fyrir mannréttindum, eins og þau eru skilgreind í sáttmálanum og viðbótarsamningum við hann, krefjist þess að efni kæru sé skoðað ef um er að ræða mál sem innlendur dómstóll hefur ekki fjallað um á tilhlýðilegan hátt.

Enn fremur er þess getið að fyrst um sinn verði ákveðinn yfirgöngutími þannig að deildir og yfirdeild dómstólsins muni á fyrstu árunum eftir gildistöku þessa ákvæðis þessa viðbótarsamnings móta þau sjónarmið sem byggt verður á við beitingu þess þannig að samræmd framkvæmd skapist á því sviði sem verði fordæmisgefandi fyrir nefndir eða staka dómara þaðan í frá við ákvörðun um meðferðarhæfi.

Hér er náttúrlega kjarni máls og ég vil láta þess getið að ég hygg að varlega verði að fara í að þrengja mjög svigrúm dómsins til þess að taka á mikilvægum álitaefnum. Við þekkjum það að Mannréttindadómstóllinn hefur um margt á síðari tímum fengið aukið vægi í almennu eftirliti með mannréttindum í aðildarríkjum að Mannréttindadómstólnum og -sáttmálanum. Þess vegna þarf að stíga mjög varlega til jarðar ef menn ætla að feta þá slóð að þrengja þessi skilyrði mjög. Ég tel, eins og ég segi, mikilvægt að íslensk yfirvöld fylgist mjög vel með og geri það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að svo verði ekki, þótt á hinn bóginn séu það fullgild rök sem koma hér einnig fram að kærufjöldi hefur aukist mjög mikið í stækkuðu upptökusvæði dómstólsins. Þess vegna eru það gild rök að menn reyni að straumlínulaga skipan mála og tryggja það a.m.k. að ekki líði allt of langur tími frá því að erindi kemur þangað inn þar til það verður afgreitt.

Það er kannski enn þá verri hlið á meðferð þessara mála að afgreiðsla þeirra, hvort sem hún er jákvæð ellegar hitt, að viðkomandi kæruefni er tekið til meðferðar, dragist úr hömlu. Að öðru leyti hygg ég að af hálfu okkar samfylkingarmanna verði þessari þingsályktunartillögu tekið með velvilja en vil þó undirstrika það að við verðum á varðbergi hvað varðar hugsanlegar þrengingar á hæfi til efnisumfjöllunar hjá dómstólunum.

[14:32]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir undirtektir hans við þennan málatilbúnað. Ég tel að færð hafi verið fyrir því fullgild rök að með því að skipa rútínumálum, endurtekningarmálum og minni háttar málum í ákveðinn farveg eigi einmitt að gefast ríkari tími til að taka til efnismeðferðar þau vandamál er mannréttindi snerta með raunverulegum hætti þannig að vönduð efnismeðferð slíkra hluta verði fær. Vegna ofurálags á dómendum við núverandi skipan og mikinn fjölda mála má færa fyrir því rök að ekki gefist nægilegt tóm og skilyrði til að gera það með myndarlegum hætti.

Hitt er annað mál sem ég hef aðeins verið að velta fyrir mér upp á síðkastið, hvort ekki sé orðið dálítið ankannalegt hversu mjög Mannréttindadómstóllinn hefur eiginlega breyst í eins konar þriðja stigs áfrýjunardómstól gagnvart innlendum dómstólum hér á landi og annars staðar, jafnvel þannig að hann velti fyrir sér upphæðum vegna skaðabóta og þess háttar og kemst að öðrum niðurstöðum varðandi upphæðir í þeim tilvikum en innlendur réttur. Maður veltir fyrir sér hvort það sé sú tegund úrskurðar í mannréttindamálum sem dómstóllinn eigi að vera í, hvort hann eigi ekki að líta til hinna stærri prinsippa varðandi mannréttindamál frekar en breytast í einhvers konar venjulegan áfrýjunarrétt gagnvart innlendum rétti. Það held ég að hafi aldrei verið meiningin og í raun mundi það naumast standast framvísun valds innan þess ramma sem fullveldinu er markaður af stjórnarskrá ef það gerðist með þeim hættinum. Við viljum gjarnan vera undir þá sök seld að fá leiðbeiningar um takmarkað tilfelli er að mannréttindum lúta þó að við teljum auðvitað mannréttindi hér vera í a.m.k. mjög góðu lagi miðað við það sem annars staðar gerist og þekkt er fremur en, eins og ég segi, að um sé að ræða annað áfrýjunarstig gagnvart álitamálum sem innlendir dómstólar eiga að fjalla um.

Þetta vil ég láta koma fram, þessar vangaveltur sem hafa búið um sig, með mér a.m.k., á undanförnum missirum.

[14:36]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Örstutt. Ég hef ekkert við þetta innlegg hæstv. ráðherra að athuga en vil hins vegar undirstrika það að ég tók mjög undir það að einmitt þessi rútínumál og þær breytingar sem gerðar eru á samsetningu dómara og fjölda þeirra hverju sinni væru aðlagaðar að nýjum veruleika, stórauknum fjölda kærumála af ýmsum tegundum, en vildi þó hins vegar halda því mjög ákveðið til haga að sú nýskipan um hin stærri mál sem getið er um í lið 4 í athugasemdum með frumvarpi þessu leiddi ekki til að það væri þó þrenging á þeim málum sem teljast stór eða lítil eftir efnum og ástæðum og hafa fengið þar efnisumfjöllun. Það er eins og ég sagði mjög mikilvægt einmitt að þessi rútínumál verði afgreidd inn eða út úr dómnum mjög hratt og vel. Á því hefur verið talsverður misbrestur.

Ég get í sjálfu sér tekið undir vangaveltur hæstv. ráðherra um þetta viðbótardómstig gagnvart lýðræðisríkjum sem eru með þroskað og þróað dómsvald. Ég hygg þó að þau séu ekkert allt of mörg þegar saman eru dregin, þau mál sem héðan hafa borist og fengið efnisafgreiðslu hjá dómstólnum á liðnum árum. Þau mál sem um ræðir hafa með réttu vakið talsverða athygli en ég held þó að þetta hafi ekki skapað neinn sértækan vanda, a.m.k. ekki í dómskerfi okkar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons, fyrri umr.

Stjtill., 722. mál. — Þskj. 1080.

[14:37]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um heimild til handa ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Líbanons sem undirritaður var í Montreux í Sviss þann 24. júní 2004.

Samningurinn við Líbanon kveður á um tollfrjáls viðskipti með iðnaðarvörur, þar með talinn fisk og aðrar sjávarafurðir. Þegar samningurinn öðlast gildi munu EFTA-ríkin afnema alla tolla og aðrar hindranir að því er varðar þær vörur sem samningurinn tekur til en Líbanon mun afnema tolla á tilteknu aðlögunartímabili sem hefst árið 2008 og lýkur árið 2015. Tollar á sjávarafurðir munu þó falla niður að langmestu leyti árið 2008.

Ákvæði eru einnig í samningnum um vernd hugverkaréttinda, þjónustuviðskipti og úrlausn deilumála. Í samningnum er ekki fjallað heildstætt um fjárfestingar og var því samhliða gerður sérstakur tvíhliða samningur milli Íslands og Líbanons um vernd fjárfestinga.

Samhliða fríverslunarsamningi gerðu EFTA-ríkin hvert og eitt tvíhliða landbúnaðarsamning um tollalækkanir fyrir ýmsar óunnar landbúnaðarvörur eins og tíðkast hefur við gerð fríverslunarsamninga. Viðskipti milli Íslands og Líbanons eru ekki mikil í dag en tækifærin eru fyrir hendi. Reynslan sýnir að viðskipti aukast oft í kjölfar fríverslunarsamninga sem Ísland hefur gert í félagi við hin EFTA-ríkin þannig að þeir hafa virkað hvetjandi á viðskipti milli aðildarríkja samningsins.

Að samningnum við Líbanon meðtöldum hafa EFTA-ríkin nú gert fríverslunarsamninga við 13 ríki með samtals rúmlega 280 millj. íbúa en til viðbótar samning við Evrópusambandið. Enn fremur var undirritaður samningur við Túnis í desember 2004 og bíður hann fullgildingar samningsaðilanna.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði þessari tillögu vísað til hv. utanríkismálanefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 606. mál (almenningsflug og Flugöryggisstofnun). — Þskj. 905, nál. 1133.

[14:40]

Frsm. utanrmn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Í fjarveru formanns utanríkismálanefndar mæli ég fyrir nefndaráliti utanríkismálanefndar á þskj. 1133. Þetta er mál nr. 606, tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2004 frá 9. desember 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu.

Nefndin fékk til fundar við sig þau Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Sigurberg Björnsson frá samgönguráðuneyti og Þorgeir Pálsson og Kristján Þorbergsson frá Flugmálastjórn. Reglugerðin lýtur að stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og skilgreinist sem verkefni sem henni eru falin en stofnuninni er að hluta til ætlað að taka við hlutverki Flugöryggissamtaka Evrópu sem Ísland er aðili að.

Flugöryggisstofnuninni verður falið að gefa út eða meta gildar tegundarviðurkenningar flugvéla og flugvélahluta.

Talið er að töluverðir hagsmunir séu bundnir þátttöku Íslands í Flugöryggisstofnuninni en aðildin gefur Íslandi m.a. færi á að hafa áhrif á mótun reglna og styðja við útrás íslenskra flugfélaga.

Hæstv. forseti. Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt og undir nefndarálit þetta skrifa hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigurður Kári Kristjánsson, Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir en hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ritar undir nefndarálitið með fyrirvara.

[14:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli framsögumanns stend ég að nefndaráliti utanríkismálanefndar með fyrirvara og ég vil gera lítillega grein fyrir því í hverju sá fyrirvari er fólginn. Ísland á í sjálfu sér ekki margra annarra kosta völ en að gerast aðili að þessari evrópsku flugöryggisstofnun eins og málum er háttað því að hún er að taka við verkefnum Flugöryggissamstaka Evrópu sem Ísland hefur verið aðili að og sem að sjálfsögðu hefur verið veigamikið atriði og mikilvægur aðili í framkvæmd þessara mála.

Það eru hins vegar ýmsir álitaþættir sem koma upp þessu máli samfara sem ég sé ástæðu til að ræða hér og ég geri fyrirvara við. Það fyrsta er einfaldlega það að hér er samevrópsk stofnun, Flugöryggissamtök Evrópu, að renna inn í eða verða að Evrópusambandsstofnun. Evrópusambandið er sem sagt að taka inn undir stofnanauppbyggingu sína þetta samevrópska hlutverk sem áður var í Flugöryggissamtökum Evrópu. Þá koma auðvitað upp álitamál eða núningsfletir af því tagi sem deilum ullu í samningaviðræðunum um hina nýju flugöryggisstofnun. Það var fyrst og fremst tvennt sem þar var upp á teningnum af Íslands hálfu og deilt var um, annars vegar ágreiningur um kostnað, að hve miklu leyti EFTA-ríkin bæru kostnaðinn af starfsemi stofnunarinnar úr því að um væri að ræða stofnun sem væri í stofnanakerfi Evrópusambandsins, og svo hins vegar sú krafa EFTA-ríkjanna að þau hefðu atkvæðisrétt í þessari nýju stofnun eins og þau höfðu haft í Flugöryggissamtökunum og verið fullgildir aðilar á allan hátt í.

Það er skemmst frá því að segja að uppskeran varð ekki mikil af viðleitni Íslendinga í samningaviðræðunum. Ég skal ekki fara nákvæmlega með það hvernig þessu er varið með kostnaðinn en ég veit ekki til annars en að Íslendingar borgi fullkomlega sinn hluta miðað við eðlilegar skiptareglur en hvað varðaði atkvæðisrétt í stofnuninni var svarið einfaldlega þvert nei. Hér er svo sagt að það sé í samræmi við reglur EES-samningsins.

Þetta er auðvitað ekki eina dæmið, hvorki fyrsta og örugglega ekki það síðasta, þar sem svipuð þróun er að verða, þar sem Evrópusambandið er að knýja fram svipaða þróun, um að samevrópsk verkefni sem áður hafa verið á grunni sérstakra samninga, hvort sem þau eru er á sviði flugmála, mannréttindamála eða slíkra hluta. Evrópusambandið tekur þá hluti einfaldlega til sín, leggur undir sig samevrópskar stofnanir eða samevrópsk samtök og knýr önnur Evrópuríki til að tengjast þeim á þann hátt sem er þá í boði, EFTA-ríkjunum eftir atvikum í gegnum EES-samninginn eða með hliðstæðum hætti og eftir því sem EES-samningurinn býður upp á, a.m.k. Íslandi, Noregi og Liechtenstein, gegn því að menn borgi sinn hluta að fullu í rekstrarkostnaði stofnana án þess þó að fá í þeim fullgild réttindi.

Þetta er að sjálfsögðu, herra forseti, ekki sérstaklega spennandi fyrirkomulag. Þetta er ekki sérstaklega hagfelld niðurstaða fyrir okkur og hlýtur t.d. að vakna sú spurning hvort ekki sé ástæða til þess í svona tilvikum að reyna frekar að berjast fyrir því að samevrópskar stofnanir, samevrópsk samvinna af þessu tagi sem nær út fyrir landamæri Evrópusambandsins, hve vítt sem þau liggja, fái að halda stöðu sinni.

Hvað mundu t.d. Íslendingar segja ef Evrópusambandið kæmi einn góðan veðurdag og segði: Það er óþarfi að starfrækja Evrópuráðið og Mannréttindadómstól Evrópu? Við getum bara tekið við þessu og farið með þetta inn í stofnanakerfi Evrópusambandsins. Þær þjóðir sem ekki eiga aðild að Evrópusambandinu verða þá að semja með einhverjum hætti um stöðu eða aðild undir því fyrirkomulagi. Ég er hræddur um að þar með þætti mönnum farið að þrengjast nokkuð um en í raun má taka sem dæmi margar hliðstæður af því tagi, þar sem samstarf Evrópuríkja hefur áður verið á samevrópskum grunni og allra Evrópuríkja, sem landfræðilega teljast til Evrópu, þar með talið Rússland, ríki við Svartahaf og Tyrkland og fleiri slík, sem geta talist til Evrópu og jafnvel rúmlega það, hafa verið aðilar að.

Þetta er að öðru leyti sá fyrirvari sem ég hef á um þetta mál. Mér finnst niðurstaðan ekki vera sérstaklega spennandi eða sérstaklega hagstæð okkur þó að rétt kunni að vera að það sé um fátt annað að ræða en að láta sig hafa það að fara inn í þessa nýju Flugöryggisstofnun á þeim grunni sem í boði er.

Hitt er svo annað mál að þarna afsölum við okkur ákveðnu sjálfstæði sem við höfum haft í okkar höndum varðandi samstarf við önnur ríki, tegundaviðurkenningar á flugvélum og flugvélahlutum og fleira í þeim dúr, sem menn ganga núna formlega frá. EFTA-ríkin eiga að skuldbinda sig til að láta ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar gilda og gefa ekki lengur út slíkar viðurkenningar sjálf.

Nú er það ábyggilega rétt, sem fram kemur í fylgiskjölum með frumvarpinu, að í aðalatriðum geti þetta fyrirkomulag orðið okkur og öllum Evrópuríkjum hagstætt, að þetta sé samræmt og gert á einum stað. En ég held að þó verði að hugleiða og velta því fyrir sér hvort þessu geti líka fylgt ókostir hvað varðar samskipti, t.d. við önnur flugsvæði. Ég hef ekki farið yfir það sjálfur eða haft aðstöðu til að kynna mér eða fara yfir það í þaula, sem sérfræðingar hafa sjálfsagt gert, að í þessu séu engar þær hættur eða gryfjur sem við þurfum að hafa áhyggjur af. Það væri gott og vel. En svo mikið þekki ég til sögunnar frá fyrri tíð að oft gat það komið sér vel fyrir Ísland að hafa ákveðið svigrúm í þessum efnum og geta hagað málum eftir eigin þörfum. Eru náttúrlega frægust að því leyti samskipti okkar við Bandaríki Norður-Ameríku í flugmálum og umtalsverð réttindi sem við náðum út á sérstöðu okkar og í bland út á að geta hagað uppbyggingu mála á okkar eigin forsendum og þátttöku okkar í alþjóðasamstarfi. Íslensk flugfélög á sinni tíð voru sum aðilar að Alþjóðasambandi flugfélaga en önnur ekki, sem er náttúrlega kapítuli út af fyrir sig sem ástæðulaust er að rekja hér. En þeir sem þekkja til ævintýrisins mikla í fluginu yfir Norður-Atlantshafið hjá Loftleiðum vita til hvers ég vísa.

Það getur verið ástæða til að skoða ýmis slík mál og hugleiða. Ég hef hvorki aðstöðu til né gögn undir höndum til að gera endanlega upp við mig hvort þetta sé einhlítt og rakið mál. Þess vegna hef ég kosið að hafa þennan fyrirvara á um stuðning minn við málið, sem ég hef nú gert grein fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 537. mál (lífeindafræðingar). — Þskj. 1180.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úrvinnslugjald, 2. umr.

Stjfrv., 686. mál (vaxtatekjur og frestun umbúðagjalds). — Þskj. 1044, nál. 1175.

[14:52]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

Málið er ekki flókið, það gengur í stuttu máli út á tvennt. Annars vegar snýst það um tekjur af úrvinnslugjaldi, þ.e. þær tekjur sem fást af því gjaldi, að úrvinnslusjóðir fái að njóta vaxtatekna af því, sem hlýtur að vera réttlætismál. Allir nefndarmenn voru sáttir við það enda er það, eins og ég sagði, virðulegi forseti, eðli málsins samkvæmt réttlætismál og verður vonandi frekar til að lækka gjöldin í nútíð og framtíð.

Hér er svo önnur breyting sem er ekki jafnánægjuleg. Hún felur það í sér að fresta gildistöku hluta laganna frá 1. september 2005 til 1. janúar 2006. Þar er í stuttu máli verið að fresta gildistökuákvæði sem heimilar gjaldtöku á pappírs-, pappa- og plastumbúðir. Ástæðan fyrir því, sem kom fram í máli gesta nefndarinnar, er að 15% reiknireglan sem miðað var við í lögunum væri ónákvæm. Stefnt var að því að leggja fram nýtt frumvarp í haust með nákvæmari reiknireglum. Þrátt fyrir að nefndin hafi ekki verið sátt við að þurfa að fresta þessu aftur þá er það mat nefndarinnar að betra sé að vanda til verksins. Hún leggur áherslu á vinnu við smíði nýrra reiknireglna og aðra vinnu sem nauðsynleg er í því sambandi, svo sem að breytingu á tölvukerfum, verði lokið á tilsettum tíma svo að ekki þurfi að koma til frekari frestunar.

Virðulegi forseti. Í stuttu máli leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir nefndarálitið skrifa auk mín hv. þingmenn Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnar Birgisson, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir. Hv. þingmenn Kristinn H. Gunnarsson, Mörður Árnason og Sigurjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 2. umr.

Stjfrv., 295. mál. — Þskj. 322, nál. 1193, brtt. 1194.
[14:55]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess.

Nefndin fékk á sinn fund Sigríði Auði Arnardóttur og Ingibjörgu Halldórsdóttur frá umhverfisráðuneyti; Arnbjörn Vilhjálmsson, skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu; Svein Sæland frá Bláskógabyggð; Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Bjarna Helgason frá Félagi jarðeigenda við Þingvallavatn. Umsagnir bárust nefndinni frá Helga Þórssyni og Sveinbirni Dagssyni.

Frumvarp þetta var lagt fram á 130. löggjafarþingi en þá var jafnframt lagt fram af hálfu forsætisráðherra frumvarp til laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum sem var samþykkt, sbr. lög nr. 47/2004. Á því þingi var fyrrnefnda frumvarpið sent til umsagnar og bárust nefndinni umsagnir frá Helga Þórssyni, Grímsnes- og Grafningshreppi, Félagi jarðeigenda við Þingvallavatn, Veiðimálastofnun, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Orkustofnun, Landgræðslu ríkisins, Landmælingum Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur, Þjóðminjasafni Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Veiðifélagi Þingvallavatns, Náttúrufræðistofnun Íslands og Bláskógabyggð. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu á því þingi og er nú lagt fram að nýju að mestu efnislega óbreytt.

Tilgangur frumvarpsins er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Nefndin fagnar frumvarpinu en telur rétt að gera nokkrar breytingar á því.

Í 3. gr. frumvarpsins er m.a. fjallað um skyldu ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd vatnsverndar. Nefndin leggur til að fallið verði frá því að ráðherra verði heimilt að kveða í reglunum á um að þeir þættir sem taldir eru upp í greininni séu háðir sérstöku leyfi ráðherra. Þess í stað leggur nefndin til að í fyrrnefndar reglur um framkvæmd vatnsverndar verði sett ákvæði, a.m.k. um þá þætti sem taldir eru upp í greininni, t.d. jarðrask, byggingu mannvirkja og borun eftir vatni, auk reglna um flutning og meðferð hættulegra efna. Af þessu leiðir að 4. málsliður 1. mgr. 3. gr. á ekki lengur við en hann fjallar um heimild ráðherra til að binda leyfi ákveðnum skilyrðum. Nefndin leggur til að í stað þess ákvæðis komi nýtt efnisákvæði sem heimili sveitarstjórn að binda byggingar- og framkvæmdaleyfi, sem hún gefur út á grundvelli skipulags- og byggingarlaga, skilyrðum um verndun vegna framkvæmda innan verndarsvæðisins enda séu skilyrðin í samræmi við ákvæði frumvarpsins og reglur sem settar eru á grundvelli 1. mgr. Telur nefndin nauðsynlegt að sveitarstjórnum sé í lögum um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess falin heimild til að binda umrædd leyfi skilyrðum svo að tryggja megi þau verndarsjónarmið sem að öðru leyti koma fram í frumvarpinu. Með þessu telur nefndin að komið sé að nokkru til móts við sjónarmið sveitarfélaganna á svæðinu um að auka hlutverk þeirra frá því sem er í frumvarpinu. Þá leggur nefndin til að 3. mgr., er kveður á um að ákvarðanir samkvæmt greininni skuli birta í Stjórnartíðindum, verði hnýtt aftan við 2. mgr., er verður 3. mgr., enda eingöngu um að ræða ákvarðanir samkvæmt þeirri málsgrein þegar tekið hefur verið tillit til annarra breytinga sem nefndin leggur til varðandi 3. gr.

Nefndin leggur til breytingu á 4. gr. frumvarpsins þess efnis að fiskeldi verði alfarið bannað í eða við Þingvallavatn. Telur nefndin ekki ástæðu til að opna fyrir slíka starfsemi á svæðinu.

Þá leggur nefndin til orðalagsbreytingar í 2. mgr. 5. gr. Í fyrsta lagi að í stað orðanna „til framkvæmda á ráðstöfunum“ komi „ráðstafana“ og í öðru lagi að kveðið sé skýrar á um grundvöll dagsektarheimildarinnar, þ.e. að hann sé bæði lögin og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim. Notast er við sama orðalag og í 1. mgr. 5. gr. hvað þetta varðar.

Loks leggur nefndin til breytingu á 6. gr. frumvarpsins þannig að tiltekið sé um hvað þær greinar í lögum um náttúruvernd fjalla sem vísað er til. Telur nefndin þá breytingu gera ákvæðið skýrara og vera til bóta.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Í örstuttu máli eru helstu breytingarnar gerðar til að reyna að koma til móts við þá gagnrýni sem fram kom hjá sveitarstjórnum á svæðinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og landeigendum, sem töldu að verið væri að flækja stjórnsýsluna og að óeðlilegt væri að það vald sem áður hefði verið á hendi sveitarfélaga, samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, færðist til ráðherra. Nefndin tók undir þessi sjónarmið og með þessum breytingum er reynt að koma til móts við þau.

Í annan stað er um að ræða aukna vernd, ef þannig má að orði komast, með því að koma alfarið í veg fyrir að hægt verði að fara út í fiskeldi í vatninu. Sömuleiðis er vísað í þær greinar í lögum um náttúruvernd sem fjallað er um í

frumvarpinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með fyrrnefndum breytingum. Undir nefndarálit þetta skrifa auk mín hv. þingmenn Kristinn H. Gunnarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnar Birgisson, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir, Mörður Árnason og Þórunn Sveinbjarnardóttir. Hv. þingmaður Rannveig Guðmundsdóttir og Sigurjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[15:01]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þá vinnu sem hefur farið fram í hv. umhverfisnefnd og þær breytingartillögur sem hér eru lagðar fram. Ég tel mikilvægt að skýr ákvæði séu um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, að sérstök lög séu um það svið eins og hér er komið fram með.

Ég vil einnig fagna því að sveitarfélögin hafi meira vald og hafi meira um skipulag og svæðið að segja og að ábyrgðin á verndun svæðisins sé að hluta til á ábyrgð sveitarfélaganna. Ég tel að það sé mjög mikilvægt og það sé þá alveg skýrt hver skilyrðin eru á skipulagi hvað varðar úthlutun svæða í kringum vatnið og að óheimilt sé að vera með fiskrækt í eða við vatnið og önnur slík ákvæði sem hér eru komin inn í sem breytingartillögur með frumvarpinu, þannig að fyrirvari sé alveg skýr hvað varðar ábyrgð sveitarfélaganna og þeirra sem koma að framkvæmd þessara laga.

Ég fagna þessu frumvarpi og þá sérstaklega vinnu umhverfisnefndar við vinnslu frumvarpsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Græðarar, 2. umr.

Stjfrv., 246. mál. — Þskj. 257, nál. 1173, brtt. 1174.

[15:03]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. heilbrigðis- og tryggingaefnd. Það er 246. mál, frumvarp til laga um græðara.

Á nefndaráliti á þskj. 1173 er gerð grein fyrir þeim gestum sem komu á fund nefndarinnar vegna þessa máls og jafnframt eru taldir upp þeir sem skiluðu nefndinni umsögnum vegna frumvarpsins.

Markmiðið með frumvarpinu er að stuðla að öryggi þeirra sem leita eftir heilsutengdri þjónustu græðara með því að setja starfseminni ákveðinn ramma og er ætlunin að koma á fót frjálsu skráningarkerfi fyrir græðara í umsjá Bandalags íslenskra græðara. Skilyrði skráningar eru m.a. þau að uppfylla menntunarkröfur fagfélags innan bandalagsins og hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi eða ábyrgð veitta af viðskiptabanka eða sparisjóði. Í nefndarálitinu kemur fram að ætlunin sé ekki sú að græðarar verði ný heilbrigðisstétt heldur er einungis verið að setja ramma um starfsemi græðara, koma á virku eftirliti og stuðla þannig að öryggi og gæðum þeirrar þjónustu sem græðarar veita og auðvelda notendum að nálgast upplýsingar um starfsemi þeirra.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu og varða þær fyrstu orðalag, m.a. að í stað orðsins heilbrigðiskerfis sem notað er í frumvarpinu verði notað orðið heilbrigðisþjónusta sem leggur áherslu á þjónustuna sem veitt er. Nefndin telur að samkvæmt frumvarpinu sé skilgreining á þjónustu græðara of þröng þar sem svo virðist sem hún skuli bundin við meðferð á líkama fólks. Því leggur nefndin til orðalagsbreytingu sem felur í sér víðari skilgreiningu og fangar innihald starfseminnar betur.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Bandalag íslenskra græðara og landlæknir hafi eftirlit með þeim sem uppfylla kröfur fagfélags en vilja standa utan þess og fá skráningu sem græðarar. Nefndin leggur til að eftirlit með þeim verði einungis hjá bandalaginu en ekki hjá landlækni enda er eftirlit landlæknis almennt takmarkað við heilbrigðisstéttir auk þess eftirlits sem ákvæði læknalaga um skottulækningar fela í sér.

Í 3. gr. frumvarpsins er einnig ákvæði um að ráðherra geti ógilt aðild félags að skráningarkerfinu ef það uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem reglugerð kveður á um. Nefndin telur að einnig þurfi að binda í lög ákvæði um afskráningu einstaklinga, þ.e. ef þeir uppfylla ekki lengur skilyrði skráningar enda geta þeir staðið utan félaga en verið skráðir græðarar samkvæmt frumvarpinu og leggur nefndin því til breytingartillögu þess efnis.

Í 3. gr. frumvarpsins er að auki kveðið á um að ráðherra skuli með reglugerð kveða á um þær kröfur sem fagfélög verða að uppfylla til að eiga aðild að skráningarkerfinu og fyrirkomulag skráningar, upplýsingar um starfsgrein, vistun og viðhald skráningarkerfisins o.fl. Leggur nefndin til að ráðherra kveði þar einnig á um hvernig aðgangi almennings að skrá um græðara skuli háttað enda ekki skýrt kveðið á um það í frumvarpinu.

Nefndin ræddi nokkuð muninn á bótareglum græðara og löggiltra heilbrigðisstétta en hann felst einkum í því að um starfsemi innan heilbrigðisþjónustunnar gilda lög um réttindi sjúklinga, og lög um sjúklingatryggingu, sem kveða á um hlutlægan rétt sjúklinga til bóta óháð sök starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar. Um starfsemi græðara gilda hins vegar almennar reglur skaðabótaréttar og bera þeir því ábyrgð á því tjóni sem þeir kunna að valda með gáleysi í störfum. Leggur nefndin til þá breytingu á 4. gr. frumvarpsins að orðið mistök verði fellt brott þar sem það fellur undir gáleysi í skaðabótarétti.

Starfsemi græðara er mjög mismunandi og felur í sér mismikil inngrip í heilsu einstaklinga. Nefndin telur að einstökum félögum eða einstaklingum gæti reynst erfitt eða jafnvel ógerlegt að uppfylla áskilnað frumvarpsins um starfsábyrgðartryggingu eða bankaábyrgð og gæti það því takmarkað úr hófi möguleika einstaklinga til skráningar í hið frjálsa skráningarkerfi græðara sem er megininntak frumvarpsins.

Leggur nefndin því til þá breytingu á 4. gr. frumvarpsins að ráðherra verði heimilt að meta gilda annars konar tryggingu en ábyrgðartryggingu frá vátryggingafélagi eða ábyrgð veitta af viðskiptabanka eða sparisjóði, þó með því skilyrði að hún veiti sjúklingum sambærilega vernd. Þannig gæti

ráðherra t.d. metið sem fullnægjandi tryggingu stofnun sjóðs innan fagfélags eða öflun starfsábyrgðartryggingar fyrir félagsmenn viðkomandi félags.

Í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að um meðferð upplýsinga fari samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar sem græðarar vinna með eru í mörgum tilvikum viðkvæmar persónuupplýsingar og verður því að gera mjög ríkar kröfur til öryggis þeirra. Leggur nefndin því til þá breytingu á frumvarpinu að kveðið verði skýrt á um að um öryggi upplýsinganna fari einnig samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og enn fremur reglum settum með stoð í þeim lögum.

Þá var rætt ákvæði 7. gr. frumvarpsins um að heilbrigðisstofnun sé heimilt að koma til móts við óskir sjúklinga sem vilja nýta sér heilsutengda þjónustu græðara. Leggur nefndin áherslu á að heilbrigðisstofnanir móti sér stefnu um hvenær skuli orðið við slíkum óskum og að kveðið verði skýrt á um það að kostnaður við þjónustuna greiðist af sjúklingi sjálfum. Þá leggur nefndin til þá breytingu að fái sjúklingur á heilbrigðisstofnun meðhöndlun græðara verði meðferðin skráð sérstaklega í sjúkraskrá sjúklings.

Loks var nokkuð rætt um ákvæði 7. gr. frumvarpsins um takmarkanir á heilsutengdri þjónustu græðara og telur nefndin þær eðlilegar. Þar er m.a. kveðið á um að meðferð alvarlegra sjúkdóma skuli einungis veitt af löggiltum heilbrigðisstarfsmanni nema sjúklingur óski eftir þjónustu græðara eftir samráð við lækni og skal græðari í slíkum tilvikum fullvissa sig um að slíkt samráð hafi verið haft. Nefndin leggur áherslu á að samráð samkvæmt greininni lýtur að samskiptum græðara við heilbrigðisstarfsmann og minnir á ábyrgð þeirra gagnvart þeim sem þeir meðhöndla. Þá telur nefndin að greinin tryggi sjálfsákvörðunarrétt sjúklinga, minni þá á ábyrgð á eigin heilsu og feli í sér að það sé eftir sem áður ákvörðun sjúklings að leita eftir þjónustu græðara en að samráð feli í sér að það sé hans að upplýsa lækni og eftir atvikum heilbrigðisstarfsmenn um það.

Heilbrigðisnefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef þegar gert grein fyrir og lagðar eru til í þingskjali 1174.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal skrifar undir álitið með fyrirvara.

Hv. þingmenn Þuríður Backman, Bjarni Benediktsson og Guðrún Ögmundsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álitið rita auk framsögumanns hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Pétur H. Blöndal, með fyrirvara, Einar Karl Haraldsson og Una María Óskarsdóttir.

[15:10]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. formanni heilbrigðis- og trygginganefndar fyrir góða framsögu og skýringar á breytingartillögum frá heilbrigðis- og trygginganefnd. Eins og fram kom í máli formanns var ég fjarverandi við afgreiðslu málsins og vil því láta þá skoðun mína koma fram að ég er mjög sátt við frumvarp til laga um græðara. Ég tel að það hafi verið vandaverk að finna þá leið sem rík sátt væri um meðal hinna ólíku hópa sem munu í náinni framtíð geta kallað sig græðara. Þetta er mjög litrík flóra mismunandi starfsstétta sem hefur fjölgað ört á undanförnum árum og sem almenningur er mjög duglegur við að nýta sér til heilsubótar og lækninga. Því er ljóst að með þeirri öflugu starfsemi utan heilbrigðiskerfisins sem sjúklingar margir hverjir nota í dag sem eðlilegan hluta af meðferð og jafnvel erfiðri meðferð, eins og meðferð við krabbameini, þá þarf að koma á ákveðnum samskiptareglum og ramma utan um þessa starfsemi.

Ég held að með þessu frumvarpi um græðara, sem vonandi verður að lögum, ríki sátt og þetta sé prýðileg aðferð til að koma til móts við þarfir þessara ólíku starfsstétta og ekki síður sjúklinga og að með frumvarpinu sé reynt að gæta öryggis sjúklinganna og standa vörð um faglega þjónustu.

Það eru nokkur atriði sem ég vildi nefna, hæstv. forseti. Vil þá fyrst nefna að það er til í dæminu að einstaka heilbrigðisstofnanir nota það sem við höfum fram til þessa kallað óhefðbundnar meðferðir, eins og t.d. nálastungur þar sem þær eru notaðar í lækningaskyni, jafnt eða þannig að þær jafngilda öðrum aðferðum og má þar t.d. nefna deyfingar. Ef læknir velur frekar nálastunguaðferð til deyfinga frekar en hefðbundna aðferð sem hefur tíðkast fram til þessa, deyfingar með lyfjum, þá fyndist mér það mjög óeðlilegt ef sjúklingur þyrfti að greiða fyrir nálastunguaðferðina en ekki hina hefðbundnu aðferð. Ég tel að það eigi að skoðast mjög alvarlega, að það sé í raun og veru val starfsmannanna hvora aðferðina þeir noti og þá í samráði við sjúklingana, til hvaða meðferðar sé gripið, þ.e. að þetta sé val. Þá muni það ekki kosta sjúklinginn meira ef t.d. nálastunguaðferðin er notuð frekar en hefðbundnar deyfingaraðferðir, ef ég nota þetta eina ákveðna dæmi.

Ef þær aðferðir sem læknar taka upp og velja, aðferðir sem við erum hérna að flokka undir starfsemi græðara, eru útfærðar af starfsmönnum heilbrigðisþjónustunnar með viðurkennda menntun og inni á heilbrigðisstofnunum á það að vera val en ekki aukakostnaður. Ef sjúklingur er með sérþarfir eða sérkröfur eða óskar eftir þjónustu sem er umfram það sem stofnunin veitir getur aftur á móti verið fyllilega eðlilegt að hann greiði þá fyrir sérstaklega. En ég vil að þetta komi hér fram og óska eftir því að þarna verði fyllsta réttlætis og jafnræðis gætt meðal sjúklinganna.

Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa byrjunina á 7. gr.Takmarkanir á heilsutengdri þjónustu græðara er fyrirsögnin á henni: .

„Meðferð vegna alvarlegra sjúkdóma skal einungis veitt af löggiltum heilbrigðisstarfsmönnum. Þetta gildir þó ekki ef sjúklingur óskar eftir þjónustu græðara eftir samráð við lækni. Græðari skal í slíkum tilvikum fullvissa sig um að samráð hafi átt sér stað."

Það er þetta með samráðið. Ég tel að það sé erfitt að túlka alveg hreint út í hörgul hvað samráð er, hvort það sé eingöngu það að sjúklingur hafi látið lækni vita af því að hann ætli í meðferð hjá græðara eða hvort sjúklingur túlki samráð eingöngu þannig að læknir ráðleggi ákveðna meðferð. Því er það sérstaklega tekið fram í nefndarálitinu að ábyrgðin liggi hjá sjúklingnum, að hans sé valið og að í raun sé nægilegt fyrir sjúklinginn að tilkynna lækni um fyr-

irhugaða meðferð hjá græðara og það sé það samráð sem krafist sé. Þetta samráð er ekki, eins og margir telja, fyrir atbeina læknis eða að læknir vísi á græðara. Það er ekki alveg ljóst hvort þetta er í raun tilkynningarskylda sjúklingsins til læknisins, að láta hann vita í hvers konar meðferð hann er hjá græðurum.

Ég held að fyrirvarinn hvað varðar öryggi sjúklinganna sé alveg nægilega skýr, að ef um alvarlega sjúkdóma er að ræða megi græðari ekki ráðleggja fólki að hætta lyfjameðferð eða annarri meðferð sem það hefur hafið hjá löggiltu heilbrigðisstarfsfólki. Eins er það að ef græðarar verða varir við sjúkdóma eða einhverja kvilla sem þeir ráða ekki við ber þeim að vísa sjúklingi til heilbrigðisstarfsmanna. Ég held að þetta sé mjög skýrt og í rauninni einfalt í frumvarpinu og í þeim breytingum sem gerðar hafa verið af hv. heilbrigðisnefnd. Eins skýrir nefndarálitið enn frekar hvað löggjafinn á við með þessu frumvarpi.

Verði frumvarpið að lögum nú á vorþingi, sem ég reikna fastlega með, tel ég að það þurfi tvö til þrjú ár til að reyna sig og sanna áður en í ljós kemur hvort við höfum ekki fundið þarna réttan farveg fyrir þessa þjónustu. Ég reikna í raun og veru ekki með að miklar athugasemdir komi fyrsta kastið við það fyrirkomulag sem hér er verið að leggja til og ég vona að skráningarkerfið verði farsælt og að fundin verði leið til að auglýsa skráða græðara sem bjóða þjónustu sína þannig að almenningur og sjúklingar viti fyrir fram hverjir eru skráðir í Bandalag íslenskra græðara og hverjir ekki.

[15:20]

Útbýting:

Áfengislög, 676. mál, nál. allshn., þskj. 1206.

Skattskylda orkufyrirtækja, 364. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1202.

[15:21]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég skrifa undir þetta nefndarálit um frumvarp til laga um græðara með fyrirvara. Ég er í sjálfu sér sammála frumvarpinu að því leyti að það færir upp á yfirborðið starfsemi sem er meðal allra þjóðfélaga og allra samfélaga manna, hefur sennilega alltaf verið til, og kemur á ákveðnu kerfi til að skrá það og halda utan um það.

Hins vegar verð ég að benda á að það er ákveðinn munur á milli hefðbundinna og óhefðbundinna lækninga og sá munur felst í því að hefðbundnar lækningar styðjast við raunvísindi sem viðurkennd eru meðal flestra þjóða heims, eiga uppruna sinn hjá vestrænum þjóðum og byggja á því að settar eru fram ákveðnar vísindakenningar sem sannaðar eru með tilraunum. Tilraunirnar skulu vera endurtakanlegar þannig að hver og einn geti staðfest kenninguna með því að endurtaka tilraunina.

Þetta á ekki við um óhefðbundnar lækningar. Þær hafa ekki verið staðfestar, þær eru ekki sannaðar og þar af leiðandi geta menn ekki treyst þeim. Það er ekki þar með sagt að þær séu hugsanlega ekki réttar. Við erum ekki búin að fá fulla mynd af heiminum með raunvísindum okkar og það er sífellt verið að gera nýjar og nýjar uppgötvanir. Við eigum enn þá mjög langt í land með hafa endanlega kannað allan heiminn og fundið svör við öllum spurningum. Þess vegna er ekki útilokað að einhverjar þeirra aðferða sem beitt er í óhefðbundnum lækningum séu réttar þó að þær hafi ekki verið vísindalega sannaðar. Þar á ég t.d. við nálastungur.

Ég vildi benda á að vera kann að einhver haldi að óhefðbundnar lækningar séu þá í einhverjum skilningi sannaðar en þær eru ekki sannaðar með aðferðum raunvísindanna.

Svo er það önnur saga að eflaust mættu hin hefðbundnu læknavísindi reyna að sanna meira af óhefðbundnum aðferðum og beita til þess vísindalegum aðferðum, sanna hvort þær aðferðir sem hafa sýnst duga fólki vel í lengri tíma hafi vísindalegan bakgrunn. Það mætti skora á læknavísindin og hefðbundna lækna að taka fyrir ýmis mál eins og nálastungur og annað slíkt og reyna að byggja upp kenningar í kringum slíkar óhefðbundnar lækningar og staðfesta þær með rannsóknum.

[15:24]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi óhefðbundnar lækningar í ræðu sinni sem ég tók við mér vegna þess að þeir sem hafa setið lengi í heilbrigðisnefnd vita að þetta frumvarp er komið fram vegna vinnu sem fór í gang í heilbrigðisráðuneytinu í kjölfarið á þingsályktunartillögu sem margir úr heilbrigðisnefndinni stóðu að fyrir að ég held tveimur árum.

Sú þingsályktunartillaga fjallaði um svokallaðar óhefðbundnar lækningar og framan af held ég að það hafi verið vinnuheitið, samheitið yfir þá þjónustu sem þetta frumvarp nær til, en síðan varð almenn samstaða um það í undirbúningsnefndinni sem skiladi skýrslu og vann drögin að frumvarpinu að óhefðbundnar lækningar væru ekki réttnefni. Til að mynda eru nálastungurnar, sem hefur verið komið inn á hérna í ræðum um þetta mál, mjög hefðbundnar lækningar annars staðar í heiminu. Ég nefni bara Kína sem dæmi.

Niðurstaðan úr þessu öllu saman varð því að þetta skyldi heita „heilsutengd þjónusta" en ekki óhefðbundnar lækningar og það er það sem frumvarpið tekur til.

Ég ítreka það aftur, af því að við erum að tala um hvað er hefðbundið og hvað ekki, að þeir sem þetta frumvarp tekur til, græðararnir, verða ekki ný heilbrigðisstétt. Græðarar er samheiti yfir þá sem veita svokallaða heilsutengda þjónustu. Hugsunin með frumvarpinu og ákvæðunum um skráningarkerfið var að greina á milli þeirra sem margir hverjir eru með margra ára háskólanám að baki í sínu fagi og svo hinna sem einhverjir mundu kalla skottulækna eða jafnvel fólks sem er með nokkurra klukkustunda eða nokkurra daga námskeið sem grundvöll fyrir þeirri þjónustu sem það veitir. Þetta er megininntakið í frumvarpinu og mér fannst rétt að hafa orð á þessu með þetta heiti, óhefðbundnar lækningar.

[15:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að tekist hafi að breyta íslenskunni á þessum tveim árum en fyrir mér eru þetta enn þá óhefðbundnar lækningar og hefðbundnar lækningar. Annars vegar byggja þær á raunvísindum og hins vegar ekki á raunvísindum. Í fyrra fallinu byggja þær á tilraunum sem gerðar eru, lyfja-, læknis-, sálfræðitilraunum o.s.frv., og hins vegar byggja þær ekki á tilraunum sem hægt er að

endurtaka. Ef svo væri væru þær orðnar hefðbundnar lækningar og viðurkenndar sem slíkar. Ef nálastunguaðferðirnar væru orðnar sannanlegar með tilraunum væru þær orðnar hefðbundnar lækningar og það má vel vera að þær verði það einn góðan veðurdag.

[15:27]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli framsögumanns skrifa ég undir nefndarálitið án fyrirvara og er málinu mjög fylgjandi. Ég kom aðallega hérna upp til að minna á það að hér er að ljúka vinnu sem farið var í eftir samþykkt Alþingis á þingsályktunartillögu vorið 2002. Þá hafði þáverandi hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir flutt þessa þingsályktunartillögu a.m.k. í tvígang, jafnvel oftar, og ég var meðflutningsmaður hennar á því þingmáli. Ég fagna því að svona vel hafi tekist til.

Það kom reyndar fram í andsvari rétt áðan að þingsályktunin fjallaði um stöðu óhefðbundinna lækninga og gekk öll vinnan undir því heiti þar til menn komust að þeirri niðurstöðu að kalla þetta frumvarp til laga um græðara. Ég tel það vera mjög góða niðurstöðu og að þar hafi menn fundið gott orð yfir þennan hóp.

Í þessu nefndaráliti er auðvitað farið yfir alla þætti málsins og vinnuna í heilbrigðis- og trygginganefnd. Þar er ítrekað hvert markmiðið með þessu frumvarpi er, það er til að stuðla að öryggi þeirra sem leita eftir heilsutengdri þjónustu græðara. Það er verið að setja þeirri vinnu og þeirri starfsemi ákveðinn ramma og koma á frjálsu skráningarkerfi fyrir græðara sem Bandalag íslenskra græðara muni síðan annast.

Ég vil ítreka að þarna er ekki verið að gera þann fjölbreytta hóp sem fellur undir græðara að nýrri heilbrigðisstétt, eins og komið hefur fram í umræðunni og getið er hér í nefndarálitinu, heldur er verið að setja ramma um starfsemi þeirra.

Varðandi umræðuna um óhefðbundnar og hefðbundnar lækningar tókum við hana aðeins í nefndinni og ég held að við séum allflest sammála um að þarna séu náttúrlega nokkuð óljós mörk. Eru nálastungurnar dæmigert mál því að þær eru hefðbundnar lækningar í Austurlöndum en hafa fallið undir óhefðbundnar lækningar hér. Það er aldrei að vita nema þetta verði orðnar hefðbundnar lækningar einhvern tíma þannig að skilin eru mjög óljós.

Ég fagna þessu frumvarpi og því að það sé komið hér til afgreiðslu og muni verða að lögum á næstu dögum. Ég minni á að þetta frumvarp er komið fram í framhaldi af þessari þingsályktun og einnig það að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin ákvað fyrir nokkrum árum að ráðast í stefnumörkun á þessu sviði og leggja þar nokkrar meginlínur. Hún var með hvatningu til aðildarríkja sinna um að móta eigin stefnu. Þarna er okkar stefna komin fram í þessu frumvarpi, sem er vel.

Ég ætla ekki að hafa þetta mál lengra en þakka fyrir alla þá vinnu sem hér hefur verið lögð af mörkum og lýkur sem sagt með þessu nefndaráliti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 159. mál (samskráning hlutafélaga). — Þskj. 159, nál. 1185, brtt. 1195.

[15:31]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, frá efnahags- og viðskiptanefnd, á þskj. 1185.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elmar Hallgrímsson og Jón Guðmundsson frá fjármálaráðuneyti, Bernhard Bogason og Gunnar Gunnarsson frá KPMG og Guðrúnu Þorleifsdóttur og Sigurjón Högnason frá embætti ríkisskattstjóra. Auk þess fékk nefndin skriflegar umsagnir um málið frá þessum aðilum og fleirum.

Í frumvarpinu er lagt til að félögum innan sömu samstæðu verði heimilað, að uppfylltum skilyrðum um eignarhald, reikningsár og fleira, að samskrá sig á virðisaukaskattsskrá. Tilgangurinn er sá að gera félögum sem skipt hafa rekstrareiningum sínum í móður- og dótturfélög mögulegt að vera ein skattaleg eining og skila sameiginlega virðisaukaskatti. Líkt og segir í athugasemdum við frumvarpið eru réttaráhrif samskráningar félaga á virðisaukaskattsskrá þau að með tilliti til virðisaukaskatts skoðast starfsemi samskráðra félaga sem ein starfsemi og viðskipti milli samskráðra félaga bera ekki virðisaukaskatt umfram það sem væri ef starfsemi þeirra væri öll á einni hendi. Með þessu ætti að nást fram einhver hagræðing í viðskiptum án þess að hreyft sé við ábyrgð félaga á skattskilum.

Heimild til samskráningar samkvæmt frumvarpinu er takmörkuð við skráningarskyld hlutafélög og einkahlutafélög. Þetta gagnrýndu nokkrir umsagnaraðilar. Eftir fundi um málið samþykkti nefndin að fela þeim aðilum sem komu á fund hennar að kanna sameiginlega þann möguleika að útvíkka gildissvið ákvæðisins umfram það sem lagt er til í frumvarpinu, m.a. með tilliti til laga nágrannaríkja. Niðurstaða þeirrar vinnu barst nefndinni í formi breytingartillögu sem lögð var fyrir nefndina af hálfu fjármálaráðuneytisins. Á fundi nefndarinnar var staðfest að ráðuneytið hefði haft samráð við embætti ríkisskattstjóra og fulltrúa KPMG og að allir þessir aðilar teldu útvíkkun til bóta og hún skapaði ekki vandkvæði í framkvæmd.

Það er niðurstaða meiri hlutans að mæla með útvíkkun á efni frumvarpsins þannig að skráningarskyld félög samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna og óskráningarskyld félög geti verið samskráð á grunnskrá virðisaukaskatts með heimild skattstjóra en ella væri frumvarpið til takmarkaðra bóta. Slíkri samskráningu er ekki ætlað að veita félögum innskattsrétt vegna óskráningarskyldrar starfsemi. Um innskattsrétt slíkrar samstæðu gilda ákvæði II. kafla reglugerðar um innskatt, nr. 192/1993, sbr. 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Með þessari breytingu á frumvarpinu gæti samstæða, í nafni móðurfélags, fengið sérstaka skráningu vegna byggingar og sölu fasteignar og frjálsa skráningu vegna útleigu atvinnuhúsnæðis, en slíkum skráningum yrði eftir sem áður haldið aðgreindum frá öðrum skráningum á grunnskrá virðisaukaskatts.

Samskráningin kæmi ekki alfarið í veg fyrir að samskráðum félögum bæri að innheimta virðisaukaskatt í viðskiptum sín á milli enda er ekki gert ráð fyrir að 11. gr. laganna verði breytt. Dæmi um tilvik þar sem skila ber virðisaukaskatti af viðskiptum milli samskráðra félaga á grundvelli 4. efnismálsgreinar 1. gr. frumvarpsins er t.d. ef eitt samskráðu félaganna rekur bókhaldsstofu og selur bókhaldsþjónustu í atvinnuskyni. Meðal viðskiptavina eru tvö hinna samskráðu félaga, annað þeirra stundar virðisaukaskattsskylda starfsemi en hitt starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskattsskyldu samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laganna. Samstæðunni ber að skila virðisaukaskatti í ríkissjóð af andvirði bókhaldsþjónustunnar í þágu síðarnefnda félagsins, en ekki hins fyrrnefnda. Skilaskyldan er bundin við það að félagið sem innir þjónustuna af hendi eða afhendir vöru stundi þá starfsemi í atvinnuskyni og eigi sem slíkt innskattsrétt. Ef hins vegar félag innan samskráðrar samstæðu innir af hendi bókhaldsþjónustu fyrir önnur félög í samstæðunni, án þess að selja í atvinnuskyni slíka þjónustu út fyrir raðir samstæðunnar, hefur sú þjónusta ekki í för með sér skilaskyldu á sama hátt.

Meiri hlutinn leggur til að lögin komi til framkvæmda 1. júlí næstkomandi.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þingmenn Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson, Una María Óskarsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson.

[15:37]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Með frumvarpinu er lagt til að félögum innan sömu samstæðu verði heimilt að samskrá sig í virðisaukaskattskrá. Markmiðið er að opna á þá einföldun fyrir félögin að vera ein skattaleg heild en samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu má ekki ætla að frumvarpið hafi áhrif á tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti. Er því um að ræða eðlilega viðleitni og þjónustu hins opinbera í þágu fyrirtækja sem í dag þurfa að skipta upp félögum sínum vegna núverandi skattalaga.

Umsagnir sem bárust til efnahags- og viðskiptanefndar um málið voru almennt jákvæðar og verður samþykkt frumvarpsins að teljast fyrirtækjum, sem af rekstrarlegum ástæðum þurfa að skipta rekstri í tvö eða fleiri félög, til þæginda og hagræðis. Þingflokkur Frjálslynda flokksins mun styðja frumvarpið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Miðlun vátrygginga, 2. umr.

Stjfrv., 551. mál (EES-reglur). — Þskj. 832, nál. 1184.

[15:38]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um miðlun vátrygginga frá efnahags- og viðskiptanefnd, sem er á þskj. 1184.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóru Margréti Hjaltested frá viðskiptaráðuneyti, Ólaf Darra Andrason frá ASÍ, Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Rúnar Guðjónsson frá Fjármálaeftirliti, Andrés Magnússon frá Félagi íslenskra stórkaupmanna og Írisi Ösp Ingjaldsdóttur frá Neytendasamtökunum.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um heildarlög um starfsemi vátryggingamiðlara og miðlun vátrygginga. Við gerð frumvarpsins hefur verið stuðst við ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 115/2003 frá 26. september 2003, um breytingu á IX. viðauka við EES- samninginn, með því markmiði að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/92/EB frá 9. desember 2002, um miðlun vátrygginga.

Frumvarpið skiptist í meginatriðum í tvo hluta, annars vegar reglur er lúta að starfsemi vátryggingamiðlara og hins vegar reglur er lúta að starfsemi vátryggingaumboðsmanna. Reglurnar eru að miklu leyti sambærilegar og spegla kaflarnir hvor annan. Í frumvarpinu eru gerðar auknar kröfur til vátryggingamiðlara auk þess sem skilgreining á hvað telst vera vátryggingamiðlun er rýmri en í gildandi lögum og með frumvarpinu er stefnt að verulega aukinni neytendavernd.

Frumvarpið tekur enn fremur til starfsemi endurtryggingamiðlara. Endurtryggingamiðlarar eru þó undanþegnir ákvæðum frumvarpsins um upplýsingaskyldu.

Frumvarpið er unnið af nefnd skipaðri af viðskiptaráðherra í maí 2002. Umsagnir um málið eru á heildina litið jákvæðar og mæla umsagnaraðilar með samþykkt þess. Þó gera sumir þeirra athugasemdir við einstök ákvæði og hefur nefndin farið yfir þær á fundum sínum með gestum.

Nefndin telur að með gildistöku frumvarpsins verði staða vátryggingamiðlara skýrari og sterkari hér á landi en verið hefur hingað til. Þó telur nefndin mikilvægt að kannað verði hvort jafna megi enn frekar stöðu vátryggingamiðlara og stöðu vátryggingafélaga og umboðsmanna þeirra, m.a. hvað varðar upplýsingaskyldu þessara aðila.

Hv. þingmaður Jóhanna Sigurðardóttir skrifar undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Orðið „jafnan“ í 1. mgr. 32. gr. falli brott.

Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þingmenn Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson, Jóhanna

Sigurðardóttir, með fyrirvara, Lúðvík Bergvinsson, Una María Óskarsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarsala á fjármálaþjónustu, 2. umr.

Stjfrv., 482. mál (EES-reglur). — Þskj. 736, nál. 1186, brtt. 1187 og 1201.

[15:42]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd, sem er að finna á þskj. 1186.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þóru Margréti Hjaltested frá viðskiptaráðuneyti, Jóhannes Gunnarsson og Írisi Ösp Ingjaldsdóttur frá Neytendasamtökunum og Guðrúnu Þorleifsdóttur frá embætti ríkisskattstjóra. Umsagnir um málið bárust að auki frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Verslunarráði, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Símanum, Fjármálaeftirlitinu, Kauphöll Íslands og Seðlabanka Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði lög um fjarsölu á fjármálaþjónustu en sérlög um þetta efni hafa ekki verið sett hér áður. Frumvarpið er samið til að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002, varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur, og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2003, frá 16. maí 2003, um breytingu á IX. viðauka og XIX. viðauka við EES-samninginn.

Frumvarpið byggist á vinnu nefndar viðskiptaráðherra um innleiðingu framangreindrar tilskipunar sem í voru skipaðir fulltrúar ráðuneytisins og ýmissa félagasamtaka. Eitt meginmarkmið frumvarpsins er að auka neytendavernd við gerð samninga um fjármálaþjónustu í fjarsölu en sala slíkrar þjónustu fer í vaxandi mæli fram með þeim hætti.

Nefndin leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

Að orðalag 1. mgr. 2. gr. verði gert skýrara.

Að fyrirtækjaskrá verði bætt við þær skrár sem taldar eru upp í 5. gr. frumvarpsins þar sem slíkt er eðlilegt út frá grundvallarhlutverki þeirrar skrár auk þess sem það bætir stöðu neytenda að vera upplýstir um þá skrá.

Að aukin skylda verði lögð á seljanda til að upplýsa á skýran hátt hvað geti legið til grundvallar verði samnings ef ekki er hægt að gefa upp nákvæmt verð samkvæmt fyrri málslið 3. tölulið 6. gr. og 3. tölulið 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Auk þess er lagt til að orðalagi fyrri málsliðarins verði breytt.

Að gildistöku laganna verði frestað til 1. júní verði frumvarpið samþykkt en með því er þjónustuveitendum veittur tími til að undirbúa sig og aðlagast auknum skyldum en nefndin telur slíkt svigrúm til þess fallið að tryggja góða framkvæmd laga sem þessara. Rýmri tíma þarf ekki að veita enda settu umsagnaraðilar ekki út á gildistökuákvæði frumvarpsins og þjónustuveitendur sem hér starfa virðast vel upplýstir um efni frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á þingskjali 1187.

Hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið. Fyrirvari hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur lýtur að sönnunarbyrði þeirra sem selja fjármálaþjónustu í fjarsölu og að heimild Fjármálaeftirlits til að birta athugasemdir ef brotið er ítrekað eða gróflega gegn lögunum. Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu en áskilur sér þó rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson, Jóhanna Sigurðardóttir með fyrirvara, Lúðvík Bergvinsson með fyrirvara, Una María Óskarsdóttir og Ögmundur Jónasson með fyrirvara.

[15:46]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með ákvæðum þessa frumvarps er ætlunin að styrkja innri markaðinn og auka neytendavernd eins og fram kemur í þessu frumvarpi, en verið er að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins um fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur. Ég vil fara nokkrum orðum um þetta frumvarp og þær breytingar sem ég flyt ásamt hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni.

Ég held að það sé alveg ljóst, herra forseti, að þær miklu tæknibreytingar og öru sem verið hafa á umliðnum árum og missirum og sífjölbreyttari þjónusta á fjármálamarkaði við neytendur með auknu valfrelsi og miklu framboði á fjármálaþjónustu kalli á að við búum við markvissa og góða löggjöf til að tryggja öryggi og hag neytenda og að því miðar þessi lagasetning.

Ákvæði þessa frumvarps fela það vissulega í sér að verið er að tryggja hér neytendavernd og styðjum við í Samfylkingunni þetta frumvarp en leggjum samt til breytingartillögur til þess að styrkja ákvæði þessara laga og þar með neytendavernd enn frekar. Það er mikilvægt í þeirri fjölskrúðugu flóru fjármálatilboða að regluverk sé skýrt og að samningsskilmálar um kaup á vöru og þjónustu séu aðgengilegir og að neytendum sé ljós sú áhætta sem viðskipti geta haft í för með sér.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu koma fram reglur í tilskipuninni um neytendavernd við fjarsölu á fjármálaþjónustu, þ.e. þegar neytandi og söluaðili hittast ekki þegar fjármálaþjónustan er markaðssett og gengið frá samningum. Fjarsala getur t.d. farið fram í síma, með bréfaskiptum og tölvupósti á netinu svo dæmi sé tekið. En með fjármálaþjónustu er átt við alla bankaþjónustu og lánveitingar, vátryggingar, fjárfestingar og greiðslur.

Í þeirri breytingartillögu sem ég ætla nú að fara yfir eru

hert ákveðin ákvæði í þessu frumvarpi til samræmis við það sem Fjármálaeftirlitið lagði til og Neytendasamtökin, en meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar tók ekki tillit til þess eða taldi ekki ástæðu til þess.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingartillögu við 20. gr. Athugasemd kom frá Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið styður meginefni frumvarpsins en setti fram eftirfarandi athugasemd og ábendingu, og les ég orðrétt hér upp úr umsögn Fjármálaeftirlitsins, með leyfi forseta:

„Vegna fyrirhugaðs eftirlits lagði Fjármálaeftirlitið til í umsögn sinni til viðskiptaráðuneytis, þegar frumvarpið lá fyrir í drögum sumarið 2004, að auk tilvísunar í lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi yrði Fjármálaeftirlitinu veitt bein heimild til að birta opinberlega viðvörun um fjármálafyrirtæki sem ítrekað eða með grófum hætti brytu gegn ákvæðum laganna. Ákvæði um slíkt er ekki að finna í frumvarpinu sem nú er til umsagnar. Slík heimild mundi að mati Fjármálaeftirlitsins gera eftirlit skilvirkara og bæta stöðu neytenda. Jafnframt væri það í samræmi við auknar heimildir til gegnsæis í starfsemi Fjármálaeftirlitsins sem fyrirhugaðar eru í frumvarpi því til breytinga á verðbréfaviðskiptalögum sem nú er til meðferðar hjá Alþingi."

Fjármálaeftirlitið vitnar hér líka til að sambærilegar reglur gilda í lögum um fjármálaviðskipti, en 7. mgr. 107. gr. laga um fjármálafyrirtæki hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa."

Við teljum að Fjármálaeftirlitið hafi fært góð rök fyrir þessari tillögu þannig að við leggjum til á þingskjali 1201 að við 20. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Brjóti þjónustuveitandi gróflega eða ítrekað gegn lögum þessum er Fjármálaeftirliti heimilt að birta opinbera viðvörun vegna þess."

Síðan leggjum við til breytingu sem bæði Fjármálaeftirlitið og Neytendasamtökin lögðu til. Í umsögn Fjármálaeftirlitsins er vísað í umsögn til viðskiptaráðuneytisins, en þar var hvatt til þess að nýtt yrði heimildarákvæði 15. gr. tilskipunar 2002/65/EB til að leggja sönnunarbyrði á þjónustuveitanda hvað varðar upplýsingaskyldu hans og samþykki neytanda.

Rökin sem Fjármálaeftirlitið setur fram eru eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þjónustuveitandi hefur betri aðstöðu heldur en neytandi til að tryggja sönnun þegar sala er undirbúin, samskipti eiga sér stað að hans frumkvæði og/eða þegar gengið er frá sölu. Vakin skal athygli á því að sú leið hefur ekki verið farin í frumvarpi því sem nú er til umsagnar."

Við tökum undir þessi rök sem Fjármálaeftirlitið setur fram og tökum upp tillögu þeirra sem lögð er til í breytingartillögu okkar, þ.e. að á eftir 10. gr. komi ný grein, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þjónustuveitandi ber sönnunarbyrði fyrir því að upplýsingar hafi verið veittar í samræmi við efni þessa kafla."

Þetta er breytingartillagan sem bæði Fjármálaeftirlitið og einnig Neytendasamtökin hafa lagt áherslu á.

Ég vek athygli á því að Neytendasamtökin hafa sett fram fjölmargar breytingartillögur við þetta frumvarp sem ástæða hefði verið til að skoða nánar. Nefni ég bara eina til viðbótar þeim sem hér hefur verið lýst. Hún varðar 16. gr. frumvarpsins. Þar er að finna afar mikilvægt ákvæði um greiðslu með greiðslukorti. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fyrirtæki sem gefa út greiðslukort skulu setja skýrar reglur um það hvernig neytandi getur óskað eftir afturköllun á greiðslu hafi greiðslukort hans verið misnotað við gerð fjarsölusamnings sem ákvæði þessara laga taka til. Jafnframt skal þar kveðið á um hvernig endurgreiða skuli neytanda vegna ólögmætrar misnotkunar á greiðslukorti hans."

Hér er vissulega um afar mikilvæga grein að ræða sem kveður á um hvernig með skuli farið ef greiðslukort eru misnotuð. Neytendasamtökin telja réttilega og benda á að það sé eðlilegra að Fjármálaeftirlitið, þá í samráði við Neytendasamtökin, setji slíkar reglur fremur en, eins og lagt er til í frumvarpsákvæðinu, að það séu fyrirtækin sem gefi út greiðslukortin sem skuli setja þessar reglur. Þeir leggja til breytingu á því. Við höfum ekki tekið upp þessa breytingartillögu. En það er full ástæða til þess að skoða hana áður en þetta mál fær endanlega afgreiðslu í þinginu.

Loks vil ég benda á, virðulegi forseti, að Seðlabankinn gerði ákveðnar athugasemdir við þessa grein sem ég hef nokkrar áhyggjur af og tel að ástæða hefði hugsanlega verið til að skoða betur. Ábendingar Seðlabankans eru í þá veru að þeir benda á að í lögum um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum sé ákvæði sem takmarki mjög rétt neytenda samkvæmt því ákvæði sem er í því frumvarpi sem við erum að leggja til. Þetta er afmarkandi ákvæði og í frumvarpinu er ekki vísað til þess að það sé ákvæði í öðrum lögum sem takmarki rétt neytenda umfram það sem gert er ráð fyrir í þessu ákvæði. Þar er verið að lýsa rétti viðkomandi ef greiðslukort hans er misnotað. En síðan er annað ákvæði í öðrum lögum, þ.e. þeim lögum sem ég nefndi, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, sem takmarkar þennan rétt eða þetta öryggi sem neytandinn hefur samkvæmt þessu ákvæði í frumvarpinu.

Seðlabankinn segir, með leyfi forseta, og þar eru þeir að vísa í þetta ákvæði sem kveður á um hvernig með skuli fara ef greiðslukort er misnotað:

„Í 16. gr. segir að fyrirtæki sem gefa út greiðslukort skuli setja skýrar reglur um hvernig neytandi geti óskað eftir afturköllun á greiðslu hafi greiðslukort hans verið misnotað við gerð fjarsölusamnings. Jafnframt skuli þar kveðið á um hvernig endurgreiða skuli neytanda vegna ólögmætrar misnotkunar á greiðslukorti hans."

Síðan segir í 3. mgr. 4. gr. laga um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, með leyfi forseta:

„Í greiðslukerfum er skylt að skilgreina hvenær greiðslufyrirmæli teljast vera komin til kerfisins og er afturköllun þeirra óheimil eftir tímamark það sem tiltekið er í reglum kerfisins."

Síðan lýsa þeir þeim greiðslukerfum sem hér gilda. Svo kemur niðurstaða þeirra:

„Af þessu leiðir að ákvæði 3. mgr. 4. gr. laga ... takmarkar rétt neytenda skv. 16. gr. frumvarpsins. Ekki væri hægt að veita neytendum þann rétt að afturkalla greiðslu með debetkorti, sem fellur undir reglur 789/2003, eftir að greiðslan hefur verið staðfest af JF-kerfinu og skráð á JK-reikning nema um sé að ræða augljós mistök, sbr. 10. gr. reglna nr. 789/2003 sem hægt væri að leiðrétta innan sama bankadags. Að óbreyttu yrði því að taka tillit til þessa í reglum þeim sem útgefendum greiðslukorta er ætlað að setja skv. 16. gr. frumvarpsins."

Mér þótti slæmt að sjá að þarna væri ákvæði sem takmarkaði það öryggi sem þetta ákvæði á að tryggja neytendum og þeim sem verða fyrir því að greiðslukort þeirra sé misnotað. Það hefði átt að skoða þetta, að mínu mati, nokkuð nánar og a.m.k. að vísa þá með tilvísun í þessi lög um greiðslufyrirmæli þannig að lagatextinn sé skýr og þeim sem eru að ganga úr skugga um rétt sinn samkvæmt þessum lögum sem hér er verið að setja sé þá beint inn á önnur lög sem takmarka þennan rétt. Ég held að það væri mikilvægt til þess að tryggja réttaröryggi.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frumvarp. Ég legg áherslu á þær breytingartillögur sem við höfum flutt í þessu efni og er reiðubúin að draga þær til baka til 3. umr. ef ég finn í umræðu um þetta mál að einhver vilji sé fyrir því að skoða þær frekar í efnahags- og viðskiptanefnd milli 2. og 3. umr. eða að skoða þá ábendingu sem fram kemur hjá Neytendasamtökunum, sem ég tel afar réttmæta, um að það séu ekki fyrirtækin sem gefa út greiðslukort sem setji skýrar reglur um framkvæmd á þessu ákvæði 16. gr. sem ég var að lýsa heldur verði það Fjármálaeftirlitið.

[16:00]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Eitt af meginmarkmiðum þessa frumvarps er aukin neytendavernd við gerð samninga um fjármálaþjónustu í fjarsölu en sala slíkrar þjónustu fer í vaxandi mæli fram með slíkum hætti. Svo segir í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar.

Ég sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur máli þessu með fyrirvara. Eru þær ástæður helstar að breytingartillögur sem hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir og Lúðvík Bergvinsson leggja fram við þetta mál eru að mínu mati réttar og góðar. Fáeinar breytingar koma þar fram á nokkrum greinum frumvarpsins og eru þær í takt við umsögn Fjármálaeftirlitsins um málið og nokkuð samhljóma.

Í annan stað hef ég fyrirvara við málið sökum umsagnar frá Seðlabanka Íslands sem er að mínu viti athugunarverð, en samkvæmt Seðlabankanum, ef umsögnin er rétt skilin, munu lög þessi sem tryggja eiga aukið öryggi til neytenda eingöngu ná til fjarsölu á fjármálaþjónustu til þeirra sem greiða með kreditkorti en ekki að öllu leyti til þeirra sem greiða með debetkorti. Í raun má því segja að hér sé um að ræða ákveðið öryggi og neytendavernd sem nær kannski hálfa leið en ekki alla. Beini ég því eindregið til nefndarmanna að skoða þessa umsögn frá Seðlabankanum til hlítar svo hægt verði að finna leið með einum eða öðrum hætti og tryggja þar af leiðandi rétt þeirra neytenda sem greiða með debetkorti.

Að öðru leyti styð ég málið í heild sinni, enda um aukna neytendavernd að ræða og ekki vanþörf á í þeirri miklu flóru sem einkennir fjarsölu á fjármálaþjónustu í dag og fer vaxandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 2. umr.

Stjfrv., 503. mál (EES-reglur). — Þskj. 767, nál. 1190, brtt. 1191 og 1192.

[16:03]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum. Nefndarálitið er að finna á þskj. 1190.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hrein Hrafnkelsson og Þóri Skarphéðinsson frá viðskiptaráðuneyti, Pál Gunnar Pálsson, Elínu Jónsdóttir og Guðbjörgu Bjarnadóttur frá Fjármálaeftirliti, Helgu Hlín Hákonardóttur og Sólveigu Ágústsdóttur sem mættu fyrir hönd Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, Þórð Friðjónsson og Ragnar Jónsson frá Kauphöll Íslands og Óttar Pálsson frá laganefnd Lögmannafélags Íslands.

Með frumvarpinu eru innleiddar þrjár tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins um markaðssvik, útboðs- og skráningarlýsingar og yfirtökur auk undirtilskipana framkvæmdastjórnarinnar um markaðssvik og útboðs- og skráningarlýsingar. Tilskipanirnar um markaðssvik og útboðs- og skráningarlýsingar eru innleiddar að hluta en gert er ráð fyrir að í reglugerðum og reglum Fjármálaeftirlitsins verði tilskipanirnar innleiddar að fullu. Tilskipanirnar þrjár eru hluti af þeirri ætlan Evrópusambandsins að skapa skilvirkan sameiginlegan innri markað með fjármálaþjónustu.

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um töluverðar breytingar á ákvæðum gildandi laga en efnislegar breytingar eru e.t.v. ekki eins miklar og virðist við fyrstu sýn. Fyrst og fremst er lagt til að ákvæði laganna verði gerð ítarlegri en í sumum tilfellum eru auknar skyldur lagðar á markaðsaðila. Þá er einnig að finna í frumvarpinu tillögur um auknar heimildir Fjármálaeftirlits sem felast m.a. í heimild til að birta opinberlega niðurstöður í málum eða athugunum auk rýmkunar heimilda til íhlutunar í viðskipti.

Á fundi nefndarinnar með umsagnaraðilum óskuðu nefndarmenn eftir því við fulltrúa viðskiptaráðuneytisins og laganefndar Lögmannafélagsins að þeir ynnu breytingartillögur og þá í samvinnu við aðra hagsmunaaðila eftir því sem við ætti. Nefndinni bárust drög að breytingartillögum sem þessir aðilar unnu saman og byggir hún álit sitt að nokkru leyti á þeim.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar, fyrst og fremst orðalagsbreytingar þar sem tillit er tekið til ábendinga sem fram komu í umsögnum:

1. Að orðið „annarra" er fellt út og aðrar orðalagsbreyt-

ingar gerðar á skilgreiningu á opinberri fjárfestingarráðgjöf.

2. Að tilvísunum í 8. og 36. gr. verði breytt vegna breytinga sem felast í frumvarpinu.

3. Að b- og c-liðum 4. gr. verði breytt og orðalag þeirra samræmt.

4. Að líkindaregla svokölluð í 3. mgr. b-liðar (37. gr.) 5. gr. verði þrengd með því að fella út skilyrði í einstökum töluliðum í þeim tilgangi að gera regluna skýrari.

5. Að tímamörk 3. mgr. e-liðar (40. gr.) 5. gr., er varða skyldu tilboðsgjafa til að bjóða tilboðsþegum viðbótargreiðslu, bjóði tilboðsgjafi betra verð í félag að loknum tilboðsfresti, verði styttur úr sex mánuðum í þrjá.

6. Að skerpt verði á skyldu aðila til að tryggja að hann geti staðið við tilboð sitt með því að fella brott orðin „reyna að" í 5. mgr. e-liðar 5. gr.

7. Að í 1. mgr. g-liðar 5. gr. verði í stað „ófyrirsjáanlegra atvika" notað „óviðráðanlegra atvika" ásamt hugtakinu „force majeure" innan sviga til nánari skýringar.

8. Að tvær nýjar greinar bætist við frumvarpið. Í þeirri fyrri er lagt til að breytt verði orðalagi 35. gr. gildandi laga, þar sem ákvæði frumvarpsins um lýsingar eru strangari en gildandi ákvæði hvað varðar endursölu þegar útgefinna bréfa. Í þeirri seinni er lagt til að 36. gr. laganna verði felld brott þar sem ákvæði þeirrar greinar verður úrelt við gildistöku frumvarpsins.

9. Að í upptalningu 22. gr. verði bætt við nýjum lið er vísi til brota á upplýsingaskyldu, frestun upplýsingaskyldu og lögmæta miðlun innherjaupplýsinga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Hv. þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Hv. þingmenn Össur Skarphéðinsson og Gunnar Birgisson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara, Una María Óskarsdóttir, og Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

[16:09]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Við fulltrúar Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd styðjum þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti í megindráttum, en í því eru lagðar til ýmsar breytingar á lagaákvæðum um markaðs- og innherjasvik, yfirtöku og útboð sem styrkja lög um verðbréfafyrirtæki. Einnig er ákvæði sem styrkir Fjármálaeftirlitið sem kveður á um gagnsæi í eftirliti þess með verðbréfaviðskiptum, að það verði aukið, sem er til mikilla bóta. Einnig er ástæða til að fagna að eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins eru auknar í samræmi við tilskipun um markaðssvik og að Fjármálaeftirlitið geti, undir ákveðnum kringumstæðum, stöðvað atvinnustarfsemi tímabundið eða að skipulegur verðbréfamarkaður geti stöðvað tímabundið viðskipti með fjármálagerninga.

Þó að hér sé verið að styrkja eftirlit með fjármálamarkaðnum er ýmislegt sem betur mætti fara, virðulegi forseti, og ástæða til að styrkja enn frekar ákvæði þessara mikilvægu laga um fjármálamarkaðinn en ekki er að öllu leyti farið að þeim tillögum sem eftirlitsstofnunin, Fjármálaeftirlitið, sem fylgjast á með verðbréfamarkaðnum, leggur til.

Fjármálaeftirlitið er ein þýðingarmesta eftirlitsstofnunin í stjórnsýslu okkar, ásamt Samkeppnisstofnun og Ríkisendurskoðun. Umfang eftirlitsins er stöðugt að aukast með auknum umsvifum á fjármálamarkaði, bæði innlendum og erlendum og útrásum fyrirtækja á erlendum markaði. Brýnt er að Fjármálaeftirlitið hafi þau úrræði sem til þarf til að skapa eðlilegar leikreglur og heilbrigt umhverfi í fjármálakerfi okkar. Sífellt bætast líka ný verkefni á Fjármálaeftirlitið, m.a. með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. En ástæða er til að halda því til haga að ekki er gert ráð fyrir fjármagni vegna þess kostnaðarauka sem verið er að setja á Fjármálaeftirlitið með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, og hefur Fjármálaeftirlitið bent á það.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu sem fylgir með frumvarpinu er gert ráð fyrir 15 millj. kr. kostnaðarauka en lögin eiga að taka gildi á miðju ári. Ekki var gert ráð fyrir þessum viðbótarkostnaði þegar við fjölluðum um fjárhagsgrundvöll Fjármálaeftirlitsins fyrir jólin, þótt á það væri bent að frumvarp væri á leiðinni sem kallaði á aukin útgjöld hjá Fjármálaeftirlitinu frá miðju þessu ári. Leggja verður áherslu á að gert verði ráð fyrir þessum kostnaði við næstu fjárlagagerð eða næst þegar fjallað verður um fjárhagsgrundvöll Fjármálaeftirlitsins, en eins og þingmenn þekkja eru það eftirlitsskyldir aðilar sem standa straum af kostnaði Fjármálaeftirlitsins.

Ég vil nú lýsa þeim breytingartillögum sem ég flyt við frumvarpið ásamt hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni en þær eru eins og ég gat um áður í samræmi við umsögn og álit Fjármálaeftirlitsins.

Breytingartillagan í 1. tölul. snertir yfirtökuskylduna í 5. gr. frumvarpsins, þ.e. 5. gr. b (37. gr.) þar sem kveðið er á um hvenær tilboðsskylda stofnast í skráðu hlutafélagi. Þar vil ég vitna til þess sem um þetta ákvæði segir hjá Fjármálaeftirlitinu, með leyfi forseta:

„Í b-lið 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um hvenær tilboðsskylda stofnast í skráðu hlutafélagi. Í 3. mgr. greinarinnar er sett fram löglíkindaregla fyrir því að samstarf verði talið vera fyrir hendi. Fjármálaeftirlitið kom því sjónarmiði á framfæri við undirbúning frumvarpsins að til þess að yfirtökureglur næðu því markmiði sínu að kveða á um yfirtökuskyldu þegar skráð félag væri undir yfirráðum tengdra aðila væri æskilegt að það hlutfall sem kveðið er á um í 3. tölul. 3. mgr. nýrrar 37. gr., þ.e. 5. gr. frumvarpsins, væri 20% atkvæðisréttar í stað eins þriðja hlutar. Að mati Fjármálaeftirlitsins er eðlilegt að miða við 20% þegar metið er hvort samstarf sé fyrir hendi og benda má á í því sambandi að ársreikningalög skilgreina 20% eignarhlutdeild í félagi sem hlutdeildarfélag og líta því á slíka hlutdeild sem verulega eignarhlutdeild, sem er til þess fallin að hafa áhrif á rekstur viðkomandi félags. Að mati Fjármálaeftirlitsins eru verulegar líkur á að sameiginlegir hagsmunir stofnist mun fyrr en við yfirráð (40% eignarhlut) eða einn þriðja hluta at-

kvæðisréttar."

Við tökum undir þessi sjónarmið, ekki síst vegna þess að fram kom á fundi efnahags- og viðskiptanefndar hjá fulltrúum Fjármálaeftirlitsins og forstöðumönnum þess að þeir legðu áherslu á að miða við 20% í staðinn fyrir þriðjung og að slíkt ákvæði væri sett í lög vegna nokkurra mála sem komið hafa upp í gegnum tíðina og orkað hafa tvímælis. Fjármálaeftirlitið hefur legið undir ágjöf fyrir að taka ekki á þeim málum sem það gat ekki af því að það hafði ekki lagastoð til þess. En í nokkrum slíkra mála sem hafa snert yfirtöku og tengsl aðila í því sambandi var einmitt kallað eftir viðbrögðum Fjármálaeftirlitsins og hefði verið hægt að taka á þeim málum í fortíðinni ef það hefði verið í lögum það sem Fjármálaeftirlitið er að gefnu tilefni að kalla eftir, þ.e. að miða við 20%.

Hér á landi er sannarlega þörf fyrir slík ákvæði, ekki síst vegna smæðar markaðarins og mikilla eignatengsla milli félaga. Núgildandi lög eru þannig að yfirtökuskylda myndast ekki fyrr en eftir að samanlagður eignarhluti eins aðila myndar a.m.k. 40% atkvæðisréttar í félagi, en í frumvarpinu er verið að skilgreina nánar tengslin og í hvaða tilvikum megi beita því. Þó er ekki gengið eins langt og Fjármálaeftirlitið er að kalla eftir, þ.e. að miðað verði við 20%.

Það hefur áður verið hægt að fara í kringum ákvæðið, t.d. gátu tengd félög samanlagt átt yfir 40% eða jafnvel 50% eða 60% hlut án þess að yfirtökuskilyrði myndaðist og mjög tengd félög gátu samanlagt átt meira en 40% í félagi. Á þessu er vissulega verið að taka nú með því að skilgreina hvað teljast tengdir aðilar og með því er verið að auka vernd minni hluthafa.

Ég tel engu að síður að of skammt sé gengið og vísa þar til reynslunnar, eins og ég sagði, að Fjármálaeftirlitið sætti ákúrum fyrir að taka ekki á málum sem þeir hefðu getað gert ef tengsl hefðu verið skilgreind við 20% atkvæðisrétt en ekki þriðjung eins og gert er ráð fyrir í nýju ákvæði í frumvarpinu. Það er ástæða til að ítreka það að af einhverjum ástæðum hefur þótt ástæða til að miða við 20% þegar skilgreint er hvað telst hlutdeildarfyrirtæki, en það er nú í lögum miðað við 20% og ljóst að veruleg ítök skapast við slíkan eignarhlut. Einnig má benda á að í Bretlandi er miðað við 20%, eins og lagt er til í þeirri breytingartillögu sem ég mæli fyrir, en reynslan sýnir að svo stór hluti er ráðandi hlutur í tengslum milli aðila eins og Fjármálaeftirlitið hefur bent á. Það er einmitt mat Fjármálaeftirlitsins, eins og ég var að lýsa og fram kemur í umsögninni að verulegar líkur séu á að sameiginlegir hagsmunir stofnist mun fyrr en við yfirráð miðað við 40% eignarhlut eða 1/3 atkvæðisréttar.

Það kemur einmitt fram, eins og ég lýsti áðan í umsögninni, að verulegar líkur séu á því að sameiginlegu hagsmunirnir stofnist fyrr. Ég hefði talið að það hefði líka átt að skoða yfirtökuskylduna sem miðar við samanlagðan eignarhlut við a.m.k. 30% atkvæðisréttar þó vissulega þurfi líka að horfa til þess að þrenging á yfirtökuskylduákvæði geti leitt til að skráðum félögum í Kauphöll fækki.

Ég vil líka vekja athygli á því sem fram kemur í umsögn Fjármálaeftirlitsins þar sem þeir kalla eftir því að geta beitt stjórnvaldssektum við markaðssvik.

Í umsögn Fjármálaeftirlitsins segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði 14. gr. tilskipunar 2003/6/EB um markaðssvik, um heimildir eftirlitsaðila til að beita stjórnvaldsaðgerðum og stjórnvaldssektum er ekki innleitt með þessu frumvarpi. Mat ráðuneytisins og niðurstaða nefndarinnar sem um tilskipunina fjallaði var sú að um stærra málefni væri að ræða en svo að unnt væri að ljúka því án verulegra tafa fyrir frumvarpið í heild."

Virðulegi forseti. Ég botna ekki í síðustu athugasemdinni, að þetta sé svo stórt mál að ekki hefði verið unnt að ljúka því án verulegrar tafar fyrir frumvarpið vegna þess að aðeins er um eina tilvísun í grein í lögunum að ræða sem fjallar um stjórnvaldssektir, eins og fram kemur í 3. tölulið breytingartillögunnar sem við flytjum, og því fyrst og fremst spurning um vilja til að bæta þessu við.

Fjármálaeftirlitið hefur heimild til stjórnsýslusekta ef formreglur um innherjaviðskipti eru brotnar. Þá heimild fékk eftirlitið árið 2003 og hefur því verið beitt einum 15 sinnum en heimild til sekta er á bilinu 10 þús. til 2 millj., en sektir Fjármálaeftirlitsins í þeim tilvikum sem ákvæðinu hefur verið beitt eru á bilinu 50–750 þús. Heimildin er aftur á móti ekki til staðar ef um er að ræða markaðssvik eins og markaðsmisnotkun sem felst í því að hafa áhrif á gengi skráðra verðbréfa eða ef einhver hefur átt viðskipti á grundvelli innherjaupplýsinga. Þau mál þarf nú að fara með fyrir dómstóla sem er svifaseint og þungt í vöfum og því er full ástæða til þess að veita Fjármálaeftirlitinu tæki til þess að hafa eftirlit með því að markaðssvik viðgangist ekki með því að veita því heimild til þess að beita stjórnvaldssektum við markaðssvik. Út á það gengur 3. töluliður breytingartillagnanna sem ég mæli fyrir, virðulegi forseti.

Ég er sannfærð um að það mundi hafa veruleg varnaðaráhrif gegn markaðsmisnotkun ef Fjármálaeftirlitið hefði þessa heimild og held að það sé hreinlega ekkert annað en fyrirstaða hjá ráðuneytinu sem dregur greinilega lappirnar í þessu efni þegar sagt er að um sé að ræða stærra málefni en svo að unnt sé að ljúka því án verulegrar tafar fyrir frumvarpið í heild. Flytjum við því þessa breytingartillögu þar sem kveðið er á um heimild Fjármálaeftirlitsins til þess að beita stjórnvaldssektum þegar um er að ræða markaðssvik, t.d. ef viðskipti hafa farið fram með verðbréf á grundvelli innherjaupplýsinga, en brýnt er að Fjármálaeftirlitið hafi slíkt úrræði sem veita mundi markaðnum mikið aðhald og treysta að heilbrigðar leikreglur gildi á verðbréfamarkaðnum.

Loks vil ég fjalla um þá breytingartillögu sem fram kemur í 2. tölulið er snýr að 20. gr. frumvarpsins, sem merkt er e (72. gr.), um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlits. Fram kemur í greininni, með leyfi forseta, að:

„Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er varða ákvæði laga þessara, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir."

Sú breytingartillaga sem við leggjum til er að í staðinn fyrir að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum verði því skylt að gera það og teljum að þó að það komi inn þarna orðið „skylt" í stað „heimilt" er ákveðinn varnagli til staðar sem kveður á um að þeim sé ekki skylt að birta opinberlega niðurstöður í málum ef slík

birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu og varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutaðeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Við teljum að þetta sé skýrara en að hafa slík heimildarákvæði. Það er þá hægt að ganga að því sem vísu að slíkar upplýsingar séu alltaf birtar opinberlega nema í þessum undantekningartilvikum.

Fjármálaeftirlitið hefur ekki hingað til fjallað opinberlega um einstök mál eða málefni einstakra eftirlitsskyldra aðila nema mælt sé fyrir um upplýsingaveitingu í lögum og eftirlitsskyldir aðilar eða almenningur hefur því ekki haft aðgang að niðurstöðum í einstökum málum nema þær hafi verið birtar af öðrum aðilum en Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið, eins og fram kemur í greinargerðinni með frumvarpinu, hefur oft sætt gagnrýni vegna þessa og nefnt í því sambandi að varnaðaráhrif af aðgerðum Fjármálaeftirlitsins og niðurstöðum þess séu lítil og aðgerðir þess í einstökum málum stuðli ekki nægilega að bættri framkvæmd á fjármálamarkaði í heild vegna þess að þó að Fjármálaeftirlitið sé að taka á málum sem ganga gegn lögum, t.d. um verðbréfaviðskipti, verður almenningur lítið var við þetta eða aðrir eftirlitsskyldir aðilar þar sem Fjármálaeftirlitið hefur ekki haft heimild til þess að birta niðurstöðu sína í einstökum málum. En aðilar á markaði, eins og fram kemur, hafa einmitt á undanförnum vikum talað fyrir auknum heimildum til handa Fjármálaeftirlitinu til slíks gegnsæis eins og verið er að boða.

Það væri ástæða til þess að hafa um þetta mörg orð. Ég hef áður fjallað um mikilvægi þess að Fjármálaeftirlitinu væri gert skylt að birta slíkar niðurstöður í málum sem það er að skoða og hér er vissulega komið til móts við það. En við leggjum til, virðulegi forseti, að þetta verði skylda en ekki heimilt, eins og ég nefndi áðan.

Ég tel ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fjalla frekar um frumvarpið. Við styðjum efni þess með þeim breytingartillögum sem við höfum lagt til, sem eru afar mikilvægar og ég tel að muni styrkja verulega markaðinn og gera hann trúverðugri og heilbrigðari á allan hátt ef gengið er til móts við þær breytingar sem við leggjum til sem munu styrkja Fjármálaeftirlitið verulega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattskylda orkufyrirtækja, 2. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 419, nál. 1183, 1202 og 1204, brtt. 1203.

[16:27]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja frá meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar, sem er að finna á þskj. 1183.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson, Jón Guðmundsson og Guðmund Guðbjarnason frá fjármálaráðuneyti, Hauk Eiríksson frá Hitaveitu Suðurnesja, Stefán Pétursson og Örlyg Þórðarson frá Landsvirkjun, Guðmund Þóroddsson og Hjörleif B. Kvaran frá Orkuveitu Reykjavíkur, Eirík Bogason frá Samorku, Bjarna Einarsson frá Múlavirkjun, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Sigurjón Högnason frá embætti ríkisskattstjóra, Pál H. Hannesson frá BSRB, Þórð Skúlason og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Ingunni S. Þorsteinsdóttur og Gylfa Arnbjörnsson frá ASÍ.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar nýrra raforkulaga, nr. 65/2003, sem fela í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Einn megintilgangur frumvarpsins er að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði. Samkvæmt frumvarpinu verður bæði raforkustarfsemi orkufyrirtækja og sala á heitu vatni skattskyld. Í frumvarpinu er ekki kveðið á um skattskyldu vatnsveitna sveitarfélaga en slíkar veitur geta orðið skattskyldar ef þær eru reknar í hlutafélagaformi eða á annan hátt með takmarkaðri ábyrgð sveitarfélaga.

Samkeppni í rekstri orkufyrirtækja hefur aukist á síðustu árum og það eru ekki aðeins ríki og sveitarfélög sem standa að slíkum fyrirtækjum heldur standa einnig einstaklingar að byggingu og rekstri orkuveitna. Orkuveitur sem einstaklingar standa að eru skattskyldar með venjulegum hætti og standa því verr í samkeppninni.

Lagt er til að skattskyldan taki fyrst til rekstrarársins 2006 með álagningu árið 2007.

Þar sem frumvarp þetta felur í sér skattlagningu á fyrirtæki sem ekki hafa áður sætt álagningu tekjuskatts og eignarskatts er nauðsynlegt að setja ákvæði um endurmat, fyrningarstofn og stofn til söluhagnaðar vegna þeirra fjárfestinga sem þessir aðilar hafa lagt í fyrir gildistöku laga þessara til að gera skattlagningu þeirra jafnsetta skattlagningu annarra skattaðila, auk reglna sem banna yfirfærslu á rekstrartapi sem kann að hafa myndast á rekstrarárinu 2005 eða fyrr. Um þessa þætti hefur nefndin fjallað nokkuð ítarlega með gestum og fallist á þær tillögur sem gerðar eru í frumvarpinu og rökstuðning að baki þeim.

Erfitt er að meta áhrif þessara breytinga á orkuverð og arðsemi orkufyrirtækja en mörg orkufyrirtæki, sérstaklega þau stærri, standa nú í miklum framkvæmdum og munu vegna þess tæplega mynda skattskyldan hagnað á næstu árum.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum breytingum:

a. Orðin „um tekjuskatt og eignarskatt“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr., 1. og 7. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 5. gr. falli brott.

b. Í stað orðanna „um tekjuskatt og eignarskatt“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. 1. gr., 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. komi: nr. 90/2003.

Undir nefndarálit þetta rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson og Una María Óskarsdóttir.

[16:31]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í athugasemdum við

lagafrumvarpið er það lagt fram í kjölfar þess að árið 2003 voru sett ný raforkulög og er tilgangur frumvarpsins að afnema þær undanþágur sem orkufyrirtæki hafa haft frá tekjuskatti og eignarskatti. Fyrrnefnd raforkulög voru sett með það að markmiði að koma á samkeppnismarkaði í orkumálum landsmanna í samræmi við orkumálatilskipun Evrópusambandsins. Einn liður í því var að hluta orkufyrirtækin niður þannig að vinnsla, flutningur og dreifing raforku færi fram í þremur aðskildum fyrirtækjum til að auka svonefnt gagnsæi í rekstri orkufyrirtækjanna. Þrátt fyrir ítrekuð og vel tímanleg varnaðarorð Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um það vandræðaástand sem til yrði í orkumálum á Íslandi hirti ríkisstjórnin ekki um að fá undanþágu frá tilskipuninni vegna aðstæðna hér á landi. Hér er því komið enn eitt frumvarpið sem miðar að því að fækka agnúum hins nýja fyrirkomulags. Athygli vekur að starfshópur fjármálaráðherra hefur glímt við þetta verkefni frá því í desember árið 2000.

Fyrsti minni hluti leggst eindregið gegn frumvarpinu, fyrst og fremst vegna þess að það byggist á hugmyndum um markaðsvæðingu í almannaþjónustu og skattapólitík sem er andstæð hagsmunum almennings. Mun ég nú gera nánari grein fyrir þeirri afstöðu og öðru sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði teljum athugavert við frumvarpið.

Orkufyrirtæki á Íslandi eru ekki aðeins ólík að stærð heldur einnig að því leyti að sum þeirra fást ekki aðeins við smásölu á raforku heldur einnig dreifingu og sölu á heitu vatni, jafnvel einnig venjulegu neysluvatni. Það á t.d. við um Orkuveitu Reykjavíkurborgar. Þau eiga það hins vegar flest sameiginlegt að starfsemi þeirra snýst um að koma tilteknum lífsnauðsynjum til almennings eftir veitukerfum sem komið var á fót með samfélagslegu framtaki á vegum ríkis og sveitarfélaga. Þetta eru fyrirtæki sem fást við almannaþjónustu sem hefur lengi verið talin sjálfsagður hluti af mannsæmandi lífi á Íslandi og aðstaða þeirra veitir þeim svokallaða náttúrulega einokun á sínu sviði. (**Gripið fram í:** Hvar var Verslunarráðið?) Ja, það er nú það. Nú er það orðið bann í landinu að efna til samfélagslegs átaks og allt sem byggt hefur verið upp á slíkum grundvelli skal bútað niður, eyðilagt og fært út á markaðstorgið.

Á þessum hugmyndafræðilegu forsendum hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð ávallt lagt ríka áherslu á að slík veitustarfsemi sé í sameign fólksins sem nýtir þjónustuna og að hún sé rekin þannig að almenningur geti bæði búið við mikið öryggi og lágmarksgjaldtöku.

Breytingar ríkisstjórnarinnar á skipan raforkumála á síðustu árum hafa gengið gegn þessu markmiði. Er í því sambandi skemmst að minnast stórfelldra gjaldskrárhækkana um land allt um síðustu áramót eftir að orkufyrirtækjum var gert að reikna sér arð af starfseminni og láta hvern einstakan þátt starfseminnar standa undir sjálfum sér upp á krónur og aura. Það gefur augaleið að verði þetta skattheimtufrumvarp að lögum munu orkufyrirtækin velta þeim álögum beint út í verðlagningu sinnar þjónustu og hækka gjaldskrár sínar enn frekar.

Í álitsgerðum sem efnahags- og viðskiptanefnd hafa borist frá samtökum launafólks, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og orkufyrirtækjunum kveður alls staðar við þennan sama tón, þau eindregnu varnaðarorð að nái frumvarp ríkisstjórnarinnar fram að ganga og verði það lögfest sé það ávísun á gjaldhækkanir á þessu sviði.

Í reynd er hér á ferðinni frumvarp um aukna skattlagningu almennings sem nú hefur í rétt tíu ár verið látinn bera sívaxandi hlutfall af heildarskattbyrði allra framteljenda í landinu. Gerðar hafa verið ýmsar breytingar á skattkerfinu á Íslandi. Þær hafa flestar verið fyrst og fremst í þágu fyrirtækja og stórefnafólks en ekki hugað að hagsmunum þeirra sem minnstar tekjurnar hafa. Á sama tíma njóta stóriðjufyrirtæki áfram sérstaks útsöluverðs á raforku til sinnar starfsemi og endalausra skattfríðinda en hvort tveggja er í boði almennings samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Í þessu ranglæti kristallast skattstefna ríkisstjórnarinnar sem eigi að síður lætur í veðri vaka að hún reyni stöðugt að bæta lífskjör almennings með breyttri skattheimtu. Það sem gerir þetta skattheimtufrumvarp sérstakt er að það miðar að því að færa ríkinu auknar tekjur með nýrri skattlagningu á lífsnauðsynjar sem fram til þessa hafa verið undanþegnar skatti. Enginn getur verið án rafmagns, húshitunar eða annarrar þjónustu sem almenningur sækir til þeirra fyrirtækja sem hér eiga í hlut.

Fyrsti minni hluti telur einnig rétt að vekja máls á því að engin tilraun er gerð til að viðurkenna þann mikla mun sem er á tilteknum tegundum virkjana í umhverfislegu tilliti heldur er lagður sami flati skatturinn á alla aðila. Eðlilegra hefði verið að hvetja með einhverjum hætti til umhverfisvænnar orkuvinnslu úr því að efnt er til þessarar skattlagningar á annað borð. Þannig er það mjög athugavert að skattleggja eigi t.d. smáar rennslisveitur til jafns við risavaxnar vatnsaflsvirkjanir með stórum uppistöðulónum.

Fyrsti minni hluti telur frumvarpið sýna enn og aftur hversu misráðið það var af ríkisstjórninni að leggja í þá vegferð að markaðsvæða jafnmikilvæga almannaþjónustu og veitustarfsemi landsmanna. Nær væri að hefja vinnu við að vinda ofan af þeim vandamálum sem sú markaðsvæðing hefur nú þegar haft í för með sér heldur en að auka enn frekar á þá mismunun og ringulreið sem af henni hefur hlotist.

Okkur hefur borist fjöldinn allur af álitsgerðum frá hagsmunaaðilum, frá samtökum í atvinnulífi, eins og ég gat um áðan, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og frá orkuveitum og ætla ég að víkja að ýmsu sem ég tel nauðsynlegt að vekja máls á við þessa umræðu.

Alþýðusamband Íslands, stærstu samtök launafólks á Íslandi, hafa uppi mjög ákveðin varnaðarorð. Í álitsgerð Alþýðusambandsins er m.a. vikið að greinargerð frumvarpsins þar sem því er haldið fram að markmiðið með lögunum sé að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði í takt við almenn samkeppnissjónarmið. Síðan segir í álitsgerð Alþýðusambands Íslands, með leyfi forseta:

„Þegar nánar er gáð þá felast í þessu frumvarpi verulegar breytingar á skattalegu umhverfi veitufyrirtækja, fyrirtækja sem hafa verið í eigu sveitarfélaga og hafa veitt þjónustu sem hingað til hefur verið litið á sem samfélagslega þjónustu."

Alþýðusamband Íslands heldur áfram, með leyfi forseta:

„Með gildistöku nýrra raforkulaga, nr. 65/2003, urðu miklar breytingar á umhverfi raforkufyrirtækja. Umrædd

lög fela í sér aðskilnað milli framleiðslu, flutnings, dreifingar og sölu á raforku ásamt því að markaðsleg arðsemiskrafa er sett á rekstur þeirra. Í kjölfar síðustu breytinga á raforkumarkaði, sem tóku gildi um síðustu áramót þegar flutningur og dreifing á raforku var aðskilin, urðu miklar hækkanir á raforku. Orkufyrirtækin rökstuddu hækkanirnar með auknum kostnaði sem þau höfðu orðið fyrir við kerfisbreytinguna á raforkumarkaði. Breytingarnar á raforkumarkaði eru ekki að fullu komnar til framkvæmda. Um næstu áramót verður sala á raforku að fullu gefin frjáls. Reynsla annarra þjóða sýnir að það muni taka raforkumarkaðinn allnokkurn tíma að ná nýju jafnvægi. Því er það óráðlegt að ráðast í aðrar umfangsmiklar breytingar á umhverfi orkufyrirtækja án þess að áhrif nýrra raforkulaga verði komin í ljós."

Alþýðusambandið er að vara við því að ráðist sé í þessa skattkerfisbreytingar núna vegna þess að uppi sé mikil óvissa í þessum geira og það sé ekki enn komið fram hvað muni henda, hverjar verði afleiðingar þeirra umfangsmiklu breytinga sem gerðar hafa verið á raforkugeiranum. Við þær aðstæður, segir Alþýðusamband Íslands, er ráðlegt að staldra við.

Enn fremur segir í álitsgerð Alþýðusambandsins, með leyfi forseta:

„Það er vert að benda á í þessu sambandi að þrátt fyrir að markmið nýrra raforkulaga sé að auka samkeppni á orkumarkaði er ljóst að hún mun verða takmörkuð. Skýrist það af smæð markaðarins og landfræðilegri legu landsins. Það er því líklegt að hér á landi muni í besta falli ríkja fákeppni á raforkumarkaði. Það eru sterkar líkur á því að fyrirtækin muni nýta sér þessar aðstæður á markaði og velta útgjöldum vegna tekju- og eignarskatts út í verðlag á orku og það mun koma mest niður á almennum neytendum. Þessar krefisbreytingar mun koma verst niður og harðast niður á almennum neytendum. (**Gripið fram í:** ... formaður efnahags- og viðskiptanefndar ...)

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram" — segir enn fremur, með leyfi forseta, í þessari álitsgerð — „að erfitt er að leggja mat á áhrif þessara breytinga á raforkuverð og arðsemi orkufyrirtækja. Alþýðusambandið telur það óásættanlegt að ráðist verði í frekari umbreytingar á orkumarkaði án þess að lagt verði mat á áhrif þeirra fyrir neytendur.

Alþýðusambandið leggur því til að frumvarpið verði ekki samþykkt."

Alþýðusambandið er að mælast til þess við Alþingi að við samþykkjum ekki þetta frumvarp.

Það er tvennt sem ég vil staldra ögn við. Alþýðusambandið bendir á að vegna smæðar markaðarins, vegna legu landsins — það er aðskilið frá hinum stóru mörkuðum í Evrópu — þá sé líklegt að hér verði annað uppi á teningnum en gerist á meginlandi Evrópu, svo dæmi sé tekið.

Ég held reyndar að hið sama sé að gerast í Evrópu varðandi fákeppnina og er líklegt að eigi sér stað hér á landi. Að öllum líkindum verða þetta þegar fram í sækir, ef fram fer sem horfir, örfá fyrirtæki í landinu sem sinna þessu verkefni. Hið sama er að gerast í Evrópu. Þar er samkeppnin minni en menn gerðu ráð fyrir. Nýbúið er að gera skýrslu á vegum Evrópusambandsins um þróun raforkumarkaðarins eftir að haldið var út á þessa braut markaðsvæðingar og niðurstaða þeirrar könnunar er sú að um sé að ræða minni samkeppni á þessu sviði en menn höfðu ætlað, miklu minni samkeppni á þessu sviði en menn höfðu ætlað.

Hitt sem ég vil staldra við í þessu sambandi er sá lærdómur sem við eigum að draga af þessu máli varðandi samskipti okkar við Evrópusambandið. Íslensk stjórnvöld gleypa nánast allt hrátt sem frá Brussel kemur. Það átti við í þessu tilviki. Það fór ekki einu sinni fram á því skoðun, athugun, hvort það væri möguleiki fyrir Íslendinga að sækja um undanþágu frá þessum tilskipunum. Það var ekki skoðað. Það fór engin rækileg skoðun fram á því og ekki heldur — og auðvitað átti það að vera forsenda þessa — var kannað hverjir væru raunverulegir hagsmunir Íslands í þessu efni. Er eftirsóknarvert fyrir okkur að taka upp þessar tilskipanir Evrópusambandsins á þessu sviði? Ég hef miklar efasemdir um það. Vandinn við Evrópusambandið er nefnilega sá að þar eru menn mjög alhæfingarsamir og miðstýringarárátttan er í hámarki eins og menn þekkja. Þar skal eitt gilda um alla, ein regla um alla, gagnstætt því sem t.d. tíðkast í Bandaríkjunum þar sem hvert ríki, hver borg jafnvel, getur ákveðið fyrir sig hvernig hún skipar sínum málum, hvernig hún skipuleggur raforkuframleiðslu og sölu á raforku. En öllum ríkjum í Evrópusambandinu er gert að hlíta sömu reglum. Menn ákváðu þar að halda út á braut markaðsvæðingar raforkugeirans með því að byrja á því að búa til markaðseiningar í framleiðslunni, í dreifingunni og í sölunni. Þetta var fyrsta skrefið. En að sjálfsögðu var alltaf yfirlýst stefna að halda með þessa starfsemi út á markaðstorgið.

Ég hef einhvern tímann sagt frá því að þegar ég á sínum tíma heimsótti Orkubú Vestfjarða þá spurðum við aðkomumenn stjórnendur og starfsmenn í þeirri stofnun hvort þeir teldu það til góðs fyrir Orkubú Vestfjarða að aðgreina bókhaldið með þeim hætti sem þeim var gert, á milli framleiðslu, dreifingar og sölu. Það fannst öllum þetta út í hött, ekkert annað en fyrirhöfn og kostnaður. En við verðum að gera þetta, sögðu menn, einfaldlega vegna þess að þetta er skipun frá Brussel. Við verðum að hlíta henni. Miðstýringarárátttan í Brussel er varasöm. Ég tel að sá lærdómur sem við eigum að draga af þessu máli sé að vera gagnrýnni þegar skóflað er í okkur tilskipunum frá Brussel. Við eigum að skoða það á gagnrýninn hátt hvað henti okkur, þá hvað það er sem við komumst ekki undan að framfylgja vegna skuldbindinga okkar í gegnum EES-samninginn og svo hitt hverju við getum hugsanlega komist hjá að framfylgja með því að sækja um undanþágu. Það hefðum við að mínum dómi og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði átt að gera í þessu máli. Þetta var um umsögn Alþýðusambands Íslands.

BSRB sendi efnahags- og viðskiptanefnd álitsgerð um frumvarpið og leggst algerlega gegn samþykki þess, algerlega gegn því að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi röksemd og ætla ég, með leyfi forseta, að vitna í umsögn BSRB:

„Með nýjum orkulögum er stefnt að markaðsvæðingu orkugeirans. Ekki er líklegt að á Íslandi verði í fyrirsjáanlegri framtíð mikil samkeppni á þessu sviði. Þvert á móti er líklegt að fákeppni verði uppi á teningnum og lítil hvatning

þar af leiðandi fyrir orkufyrirtæki að halda niðri kostnaði í samkeppni um notendur.“

Hér kveður mjög við sama tón og heyrist frá Alþýðusambandi Íslands. Enn segir, með leyfi forseta:

„Þegar hafa breytingar vegna laga um endurskipulagningu raforkugeirans haft í för með sér hækkun á raforkuverði og er fyrirsjáanlegt af framangreindum ástæðum að auknum kostnaði verði áfram velt yfir á notendur. Þá má nefna að stórnotendum í stóriðju er veittur afsláttur af orkuverði, iðulega í föstum samningum auk þess sem þeir búa við skattfríðindi. Skattálögur á orkuiðnaðinn munu enn auka á þá mismunun sem almennir notendur búa við annars vegar og stóriðjan hins vegar.“

Væri nú ekki rétt, hæstv. forseti, að staldra ögn við þetta, við þá staðreynd að ríkisstjórninni og þeim meiri hluta sem hún styðst við á þingi finnst alveg sjálfsagt að leggja stóriðjufyrirtækin, Alcan, í bómull, veita þeim afslátt og veita þeim fríðindi, þessum aðilum, en skirrast ekki við að skattleggja almenning og láta almenning borga brúsann af niðurgreiddu rafmagni til stóriðjurisanna?

Ég tek undir það sem hér kemur fram að skattálögur á orkuiðnaðinn muni enn auka á þá mismunun sem almennir notendur búa við annars vegar og stóriðjan hins vegar. Enn fremur segir í álitsgerð BSRB, með leyfi forseta:

„Þá er rétt að nefna að orkuveitur eru margar í eigu sveitarfélaga sem hafa af þeim arð. Skattlagning orkugeirans eins og frumvarpið gerir ráð fyrir mun veita fjármunum í ríkissjóð. Afleiðingarnar munu verða þær að möguleikar sveitarfélaganna til að beina fjármagni úr orkustofnunum sínum inn í aðra samneyslu á vegum sveitarfélagsins verða minni fyrir vikið.

Afstaða BSRB er eindregið sú að grunnþjónusta á borð við raforku og hitaveitu svo og almennar vatnsveitur eigi að vera í eigu ríkis og sveitarfélaga og reksturinn undir handarjaðri hins opinbera. Slík þjónusta á að vera undanskilin skattlagningu. Í samræmi við þetta leggst BSRB gegn samþykkt þessa frumvarps.“

Undir þetta ritar fyrir hönd BSRB Svanhildur Halldórsdóttir. Það var Ingunn S. Þorsteinsdóttir hagfræðingur sem ritaði undir álitsgerð Alþýðusambands Íslands.

Í niðurlagsorðum í álitsgerð BSRB er komið að atriði sem hefur stundum verið svolítið umdeilt, þ.e. að hvaða marki eigi að heimila orkufyrirtækjum að taka arð, að mynd arð af starfsemi sinni og þá hvað skuli gera við þann arð. Ég vil ítreka það sjónarmið sem ég hef oft sett fram að hér legg ég ekki að jöfnu fyrirtæki eða starfsemi sem er í eigu opinberra aðila og er rekin af opinberum aðilum annars vegar og hins vegar starfsemi sem er rekin af einkaaðilum og fengju þar af leiðandi arðinn ofan í eigin vasa. Mér finnst ekkert rangt við að orkufyrirtæki sem hefur aðgang að ódýrri orku, við skulum segja heitu vatni eins og við gerum í Reykjavík, veiti arðinum af þessari starfsemi eða því sem kann að vera umfram og peningum og sjóðum sem safnast upp í fyrirtækinu eða stofnuninni inn í samfélagið, í aðra samfélagslega þjónustu — það finnst mér hið eðlilegasta mál — til að fjármagna barnaheimili og skóla og stofnanir fyrir aldraða og þar fram eftir götum. Síðan tökumst við á um það á pólitískum vettvangi hvernig með þá peninga skuli farið. Það er mikið rétt. Það er á þessu mikill grundvallarmunur í mínum huga, þ.e. hvort það er opinber aðili í eigu almennings og rekinn á vegum samfélagsins sem er að fá þennan arð og veita honum inn í samfélagslega uppbyggilegt starf eða hvort um er að ræða einkaaðila sem hafa fjárfest í starfseminni og ætla að draga út úr henni peninga. Síðan getum við náttúrlega farið inn í enn flóknari mynd og sagt: Það er ekki um sama að ræða þegar samkeppnin er mjög mikil og er sannanlega að koma notandanum til góða eða ef um er að ræða einokunarfyrirtæki, nánast einokunarfyrirtæki þar sem eigandinn, fjárfestirinn, hefur nánast sjálftökurétt ofan í vasa notandans. Þessi mynd getur því verið nokkuð flókin að þessu leyti. Ég vil leggja áherslu á þetta sjónarmið að mér finnst eðlilegt að sveitarfélag eða ríki hafi arð af starfsemi sem er rekin á vegum samfélagsins.

Samband íslenskra sveitarfélaga sendi frá sér allítarlega greinargerð og þar er að finna mjög ákveðin varnaðarorð til löggjafans. Ég held að sé ástæða til að fara nokkuð rækilega í þessa umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. febrúar sl., barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja ...“

Þar segir að í grundvallaratriðum séu efnisatriðin skýr í frumvarpinu, að í 2. gr. séu orkufyrirtæki skilgreind sem fyrirtæki sem stundi vinnslu, dreifingu, flutning, sölu og afhendingu á raforku og heitu vatni og að undir gildissvið laganna falli því ekki aðeins raforkufyrirtæki heldur einnig hitaveitur. Hér er kominn þáttur sem við þurfum að staldra við. Undir þessi lög og undir þessa skattskyldu falla einnig hitaveiturnar. Þar er verið að stíga enn eitt skref sem ég tel vera mjög varasamt. Nú á líka að skattleggja hitaveiturnar. Það er rétt að ég taki það fram áður en ég svona sleppi þessari hugsun sem ég var að setja fram hér áðan um millifærslur innan þessa kerfis frá orkugeiranum, að taka arðinn þaðan og færa hann út í samfélagið, að ég tel að það eigi að hafa allt landið undir þegar raforkan er annars vegar. Mér kemur þetta í hug þegar vikið er að heitu vatni sem sum svæði búa við í ríkum mæli og önnur ekki. Mér finnst að við eigum að líta á Íslendinga sem eina þjóð, raforkukerfið sem heildstætt og að jafna eigi kjör landsmanna sem kostur er hvað varðar rafmagn og hita, vatn og slík grundvallargæði.

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga segir, með leyfi forseta:

„Í skattskyldunni felst að nefnd fyrirtæki munu greiða tekjuskatt, sem á lögaðila nemur nú 18%, og eignarskatt, sem að gildandi lögum er 0,6%, en áform eru uppi um að fella niður. Frumvarpið hefur eðli máls samkvæmt ekki áhrif á greiðslu tryggingagjalds.“

Það má segja að eignarskatturinn falli ekki inn í þessar röksemdir heldur af þessum ástæðum. Það er ráðgert að hann falli niður. Áfram segir, með leyfi forseta:

„Setning raforkulaga á árinu 2003 fól í sér innleiðingu á ákveðinni samkeppni á raforkumarkaði. Segja má að skattlagning raforkufyrirtækja til samræmis við önnur fyrirtæki á samkeppnismarkaði sé afleiðing þess. Sambandið hefur ekki beitt sér sérstaklega gegn skattlagningu raforkufyrir-

tækja. Þó skal bent á að raforkufyrirtæki eru að stórum hluta í eigu sveitarfélaga. Aukin skattlagning á rekstur raforkufyrirtækja mun eðli máls samkvæmt hafa áhrif á það verð sem raforkunotendur greiða."

Hér kemur með öðrum orðum fram að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki beitt sér sérstaklega gegn því að raforkufyrirtæki séu skattlögð en bendir jafnframt á að skattlagningin muni sjálfkrafa leiða til þess að verð til raforkunotenda muni hækka.

Ég held áfram, með leyfi forseta:

„Þær auknu álögur renna beint til ríkissjóðs en ekki til sveitarfélaganna eða fyrirtækja þeirra. Frá sjónarhóli neytenda mun ákvörðun um hækkun raforkuverðs vera á ábyrgð og að frumkvæði raforkufyrirtækjanna sjálfra, þrátt fyrir að raunveruleg ástæða sé sú skattlagningarbreyting sem hér um ræðir. Þá má einnig benda á að vandséð er að umrædd ráðstöfun, þ.e. skattlagning orkufyrirtækja, muni koma neytendum til góða. Samkeppni milli raforkufyrirtækja er enn sem komið er mjög takmörkuð og ekki verður séð að breyting sem þessi muni hafa áhrif á samkeppnishæfni annarra fyrirtækja gagnvart raforkufyrirtækjunum."

Ég verð að skjóta því inn að mér hefði fundist, eftir þennan lestur, að út frá þessum röksemdum hefði Samband íslenskra sveitarfélaga átt að leggjast gegn því almenna viðhorfi að raforkufyrirtæki væru skattlögð vegna þess að þetta eru almenn gæði. Þetta lýtur að almenningi, hækkar byrðarnar sem hvíla á almenningi. Svo er vikið að öðrum þætti sem síðan er komið nánar inn á, að þetta breytir fjárhagslegu samspili ríkis og sveitarfélaga. Skatturinn fer inn í ríkissjóð en arðurinn sem rennur til sveitarfélaganna verður hugsanlega minni fyrir vikið. Eins og hér er bent á eru flestar orkuveiturnar í eigu sveitarfélaganna. (**PHB:** Nema þau selji þær.) Nema þau selji þær, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hann er ákafur talsmaður þess að grunnþjónustan í landi verði öll færð á markaðstorgið. Sjálfstæðisflokkurinn, a.m.k. sá armur Sjálfstæðisflokksins sem hv. þm. Pétur H. Blöndal er í forsvari fyrir, vill fyrst og fremst þjóna fjárfestum, þjóna íslenskum bröskurum sem eiga sér þann draum heitastan að komast yfir grunnþjónustuna í landinu. Þeir vilja fá raforkuna, þeir vilja fá vatnið, heitt og kalt, og síðan ætla þeir að færa sig inn eftir spítalaganginum og taka skólana. Þeir munu ekki láta staðar numið fyrr en öll grunnþjónustan í landinu er komin í þeirra hendur. Þess vegna var þetta frammíkall. Að mati hv. þingmanns býður framtíðin ekki upp á annað en að þessi þjónusta öll verði færð í hendur fjárfestum, fyrirtækjum sem hafi það fyrst og fremst að markmiði að skila arði í stað þess að veita notendum góða þjónustu og hyggja að notagildinu.

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga segir enn fremur:

„Sambandið leggst hins vegar alfarið gegn þeirri fyrirætlan sem fram kemur í frumvarpinu að hitaveitur verði skattskyldar með sama hætti og raforkufyrirtæki."

Með öðrum orðum, Samband íslenskra sveitarfélaga er ekki andvígt þeirri almennu stefnu að skattleggja raforkufyrirtæki, það kemur fram þrátt fyrir nokkuð mótsagnakenndan rökstuðning því að hann hnígur allur í þá átt að það sé óhyggilegt og komi sér illa fyrir notendur. En sambandið er afdráttarlaust í því að það leggst algerlega gegn því að hitaveitur verði skattskyldar. Þeir færa fram röksemd fyrir því, með leyfi forseta:

„Verður ekki séð að nokkur rök séu fyrir því að setja hitaveitur undir sama hatt og raforkufyrirtæki að þessu leyti enda starfa hitaveitur ekki í samkeppnisumhverfi. Engar breytingar hafa orðið á löggjöf um starfsemi hitaveitna eða rekstrarumhverfi þeirra að öðru leyti sem kalla á slíka skattlagningu. Sveitarfélög eða samtök þeirra sem reka hitaveitur hafa einkaleyfi til slíks rekstrar samkvæmt 30. gr. orkulaga, nr. 58 frá 1967. Í því felst m.a. einkaleyfi til að annast dreifingu eða sölu heits vatns eða gufu til almenningsnota á tilteknu veitusvæði frá jarðhitastöðvum eða hitunarstöðvum með öðrum orkugjafa. Ekki er því um að ræða neins konar samkeppnislega þætti í starfsemi hitaveitna. Löggjöf um hitaveitur byggir á þeim grundvelli að um sé að ræða rekstur samfélagslegrar þjónustu og eðli rekstrarins og náttúruauðlindarinnar er einnig með þeim hætti að samkeppni, hvort sem er við aðrar hitaveitur, rafmagn eða aðra orkugjafa, er í raun ekki fyrir hendi.

Fræðilega má hugsa sér að ein orkutegundin keppi við aðra um hylli neytenda. Sú er þó ekki raunin hvað varðar raforku og heitt vatn. Heitt vatn til húshitunar er almennt það mikið hagkvæmari lausn en aðrir orkugjafar að í reynd verður ekki rætt um samkeppni á þessu sviði. Vegna tilkominna eðlisþátta, svo sem einkaleyfa og einnig vegna takmarkana sem möguleikar á dreifingu á heitu vatni fela í sér, er mjög fjarlægt að hugsa sér samkeppni milli hitaveitna innbyrðis. Skattlagning á starfsemi hitaveitna þjónar því engum tilgangi, hvorki samkeppnislegum né öðrum. Þá er slík skattskylda í hróplegu ósamræmi við þá meginreglu sem fram kemur í 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Með vísan til framangreinds er lagt til að frumvarpinu verði breytt á þá leið að í stað orðsins „orkufyrirtæki" í lögunum komi orðið raforkufyrirtæki. Þá er lögð til sú breyting á 2. gr. laganna að orðin „og heitu vatni" í lok greinarinnar falli brott.

Að lokum vill sambandið vekja athygli Alþingis á því að breyting á skattalegri stöðu hitaveitna, sem ekki verður séð að styðjist við nein efnisleg rök, felur í raun í sér meiri háttar breytingu á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Slíkar breytingar þarfnast ítarlegri umræðu við sveitarfélögin en fram fer til þessa."

Undir þetta álit frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga ritar Þórður Skúlason framkvæmdastjóri sambandsins.

Hér er vikið að ýmsum mjög athyglisverðum þáttum og greinargóð rök færð fyrir því að óhyggilegt sé að skattleggja heita vatnið. Það er m.a. bent á að heita vatnið sé ekki í samkeppnisrekstri við raforku að því leyti að heita vatnið er miklu hagkvæmari kostur og svo miklu ódýrari að þar verður aldrei um jafnræði að ræða. Þar er ekki um samkeppni á sambærilegum grundvelli að ræða.

Svo er eitt, sem bent er á í álitsgerð Sambands íslenskra sveitarfélaga, að eðli máls samkvæmt flytja menn ekki heitt vatn um langan veg. Af þeim sökum verður ekki um samkeppni að ræða milli staða í mikilli fjarlægð.

Ég staldraði við það fyrr í álitsgerðinni, sem hnykkt er á undir lok álitsgerðar Sambands íslenskra sveitarfélaga, að hér eru að verða breytingar á fjárhagslegum samskiptum

ríkis og sveitarfélaga. Þessar breytingar eru ríkinu í hag en sveitarfélögunum í óhag vegna þess að sveitarfélögin hafa minna og minna svigrúm til að taka verðmæti úr þessum fyrirtækjum og veita í aðra samfélagslega þjónustu vegna þess að ríkið mun taka skatt af hagnaðinum og færa þá peninga inn í ríkissjóð með þessum afleiðingum. Þá segir Samband íslenskra sveitarfélaga: Þarf ekki að ræða þessi mál? Þurfa menn ekki að setjast niður og ræða þessi mál? Ég ítreka það sem hér kemur fram undir lok álitsgerðar Sambands íslenskra sveitarfélaga: „Slíkar breytingar þarfnast ítarlegri umræðu við sveitarfélögin en farið hefur fram til þessa."

Á ekkert að hlusta á þetta? Skiptir þetta engu máli? Hér er talað fyrir hönd allra sveitarfélaga á Íslandi. Skiptir það ríkisstjórnina og stjórnvöld engu máli? Menn reyna að knýja þetta hér í gegn á skömmum tíma, enda þótt frumvarpið hafi komið tiltölulega snemma fram miðað við margt sem frá ríkisstjórninni kemur. Álitsgjafar fengu bréf í byrjun febrúar.

Hér segir að Samband íslenskra sveitarfélaga hafi fengið bréf 10. febrúar. Þetta er mjög gott. (**LB:** Þá var ekkert farið að hlýna að ráði.) Þá var ekkert farið að kynna hlýna. Þetta þykir tiltölulega langur frestur en ég tel að breytingar af þessu tagi eigi að fá miklu, miklu betri undirbúning. Við þekkjum það, í mörgum þeim ríkjum sem við berum okkur gjarnan saman við, t.d. Norðurlöndin, að þegar ráðist er í grundvallarbreytingar gefa menn málunum góðan tíma. (**LB:** Er ekki Pétur bara að fara að selja?) Er ekki hv. þm. Pétur H. Blöndal bara að fara að selja? Jú, það liggur nefnilega mikið á að selja. Það er mergurinn málsins. Það á að reyna að koma þessari þjónustu, þessari starfsemi sem hraðast út á markaðstorgið, það er staðreynd málsins. (**Gripið fram í:** Ríkisstjórnin á skamman líftíma eftir þannig að þeim liggur á.) Það skulum við vona, að ríkisstjórnin eigi skamman líftíma eftir.

En talandi um málefni sem þurfa að fá góðan tíma til umfjöllunar vil ég minna þingið og hæstv. forseta á að hér fyrir þinginu liggur fjöldinn allur af frumvörpum, ekki bara þetta stóra mál sem umturnar skattkerfinu gagnvart orkugeiranum, heldur fjöldi annarra mála. Þar eru mjög stór mál þar sem ríkisstofnanir eru slegnar af eða skapaðar nýjar, lagaumgjörð breytt og menn ætla á örfáum dögum að afgreiða málið. Ég vísa þar í samkeppnislög. Menn eru í alvöru að tala um að gera samkeppnislög að lögum áður en þing fer heim eftir fáeina daga. Menn eru í alvöru að gæla við þá hugmynd, (Gripið fram í.) og það þrátt fyrir að verkalýðshreyfingin á Íslandi andmæli, ASÍ, BSRB og Neytendasamtökin vara við því. Hér höfum við síðan frumvarp sem Samband íslenskra sveitarfélaga, öll sveitarfélögin í landinu í reynd, andæfir. Það kallar á ítarlegri umræðu um samskipti ríkis og sveitarsjóða áður en því er hrundið fram. Það kemur fram í álitsgerð Sambands íslenskra sveitarfélaga að miklu meiri umræðu þurfi á milli ríkis og sveitarfélaga til að hnýta þá enda sem lausir eru áður en ráðist er í þessar breytingar.

Þær koma ekki til framkvæmda í næstu viku, þær gera það ekki. En mönnum liggur hins vegar á að knýja þetta í gegn og ég spyr: Er það vegna þess að menn óttast umræðuna? Er það vegna þess að menn óttast málefnalegar umræður um þessi mál? Hvernig skyldi standa á því að hér skuli reynt að keyra í gegn lagabreytingar sem nánast allir sem að málunum standa vara við, allir. Samt skal það gert. Þá er eðlilegt að spurt sé: Er það vegna þess að menn óttist málefnalegar umræður, við þá aðila sem vara við þessum kerfisbreytingum, að ríkisstjórnin leggur svo mikla áherslu sem raun ber vitni að hraða þessu í gegn?

Um hverja er ég að tala? Ég er búinn að vitna í álitsgerðir Alþýðusambands Íslands sem leggst gegn þessum breytingum. Ég er búinn að vitna í álitsgerð frá BSRB sem leggst gegn þessum breytingum og ég er nýbúinn að fara rækilega yfir umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem leggst einnig gegn þessum breytingum. (**LB:** Samtök atvinnulífsins styðja það, ég fann eina.) Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson fann eina álitsgerð, ég gæti trúað að það væru tveir sem styðja frumvarpið. Ég gæti best trúað að Verslunarráðið auk Samtaka atvinnulífsins styddi þetta mál. Hvernig skyldi standa á því að aftur og ítrekað hafa áheyrendapallar í þinginu — þeir eru ekki þéttsetnir núna — verið þéttsetnir á valdatíma núverandi ríkisstjórnar? Af hálfu hverra? Hverjir hafa setið þessa bekki? Það er launafólk og öryrkjar. Það eru hagsmunaaðilar af því tagi. Minnast menn þess að stjórn Verslunarráðsins hafi setið á bekkjunum eða að stjórn Samtaka atvinnulífsins hafi vermt þessa stóla? Aldrei. Hvers vegna ekki? Vegna þess að þeir vita sem er að hagsmuna þeirra er gætt í þessum sal. Þeir þurfa ekkert á því að halda að horfa gagnrýnum augum niður í salinn. Þeir vita að hv. þm. Birgir Ármannsson situr hér og gætir hagsmuna þeirra og Pétur H. Blöndal og félagar þeirra í Sjálfstæðisflokknum með dyggri aðstoð Framsóknarflokksins. Vegna þess að það eru að sjálfsögðu þessir tveir flokkar sem standa fyrir þeim kerfisbreytingum sem nánast öll verkalýðshreyfingin á Íslandi og sveitarfélögin í landinu vara við.

Hvað skyldi Reykjavíkurborg segja um frumvarpið? Hvað vill Reykjavíkurborg gera við frumvarpið? (**Gripið fram í:** Hún ætlar að selja Landsvirkjun.) Selja Landsvirkjun? Það er staðreynd að innan Reykjavíkurborgar hafa verið deildar meiningar um það mál. Þar hefur íhaldið náttúrlega verið á þeim brókunum að selja allt, lifandi og dautt þannig að það þarf ekki að koma nokkrum manni á óvart, en við erum mörg á því ... (Gripið fram í.) Það er ekkert einhlítt í því efni, það vita menn. Við erum mörg á þeirri skoðun þegar kemur að því að hugsa um raforkuna, eins og ég gat um áðan, að eignarhald á fyrirtækjum sem þjóðin hefur komið sér upp í áranna rás á síðari hluta síðustu aldar heyri allri þjóðinni til. Það gerir það og því á að taka ábyrgt á málum þegar hugað er að eignarhaldi á þeim stofnunum. Reykjavíkurborg tekur einmitt mjög ábyrgt á þessu máli. Þar er Orkuveita Reykjavíkur umsagnaraðili og borgarráð Reykjavíkur tekur undir umsögn Orkuveitunnar.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi Landsvirkjun. Landsvirkjun ályktaði reyndar um málið og var furðulega hógvær í skoðunum sínum en ekki var sjónarhornið mjög vítt frekar en fyrri daginn. Það var fiskræktarsjóður, held ég, sem Landsvirkjun staldraði helst við, sá ofsjónum yfir því að greitt yrði í fiskræktarsjóð og það yrði að koma í veg fyrir það hrikalega ranglæti. En Landsvirkjun sem hefur verið gert að þjóna erlendum stóriðjuhagsmunum gerist hógvær

þegar frumvörp ríkisstjórnarinnar eru annars vegar og það er hálfdapurlegt fyrir þá ágætu menn sem þar starfa. (**Gripið fram í:** R-listinn stýrir þar stórum hlut.) R-listinn stýrir stórum hlut í Landsvirkjun. Já, það er alveg rétt, en sannleikurinn er hins vegar sá að það er ríkisstjórnin sem hefur haft forgöngu um þau verkefni sem Landsvirkjun hefur tekið sér á hendur og R-listinn hefur litlu ráðið þar. Þó hafa verið deildar meiningar eins og við þekkjum og menn muna kannski frægar atkvæðagreiðslur þegar greidd voru atkvæði um heimildir til Kárahnjúkavirkjunar, en ég skal ekki fara lengra út í þá sálma. Ég get alveg fullvissað hv. þm. Pétur H. Blöndal um að fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í stjórn Landsvirkjunar og sá sem hér stendur tala einum rómi í þessum málum.

Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur er komið nokkuð víða við. Þar er í fyrsta lagi, eins og reyndar ýmsir aðrir álitsgjafar gera, rætt allítarlega um endurmat eigna, hvaða reikniaðferðum eigi að beita við endurmat eigna þegar skattstofnar eru ákveðnir. Það var umræða sem var ágætlega tekin í nefndinni. Þar sýndist sitt hverjum en ég ætla ekki að staldra við þá þætti heldur fyrst og fremst þau atriði í þessu frumvarpi sem ég tel vera gagnrýniverð og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Hér segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir að orkufyrirtæki greiði framvegis tekjuskatt og eignarskatt en þau hafa verið undanþegin greiðslu þessara skatta fram til þessa. Í bréfi til fjármálaráðuneytisins hefur Orkuveita Reykjavíkur lýst sig andvíga markmiðum frumvarpsins, m.a. af eftirtöldum ástæðum:

Skattlagning á orkufyrirtæki mun óhjákvæmilega leiða til hækkunar verðs þar sem núverandi gjaldskrá gerir ekki ráð fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta. Í athugasemdum við frumvarpið kemur ekki fram hvaða áhrif þessi skattlagning hefur á orkufyrirtækin og ekki kemur fram hvaða breytingar verða á gjaldskrá fyrirtækjanna verði frumvarpið að lögum."

Stöldrum aðeins við þetta. Það kemur með öðrum orðum ekki fram í athugasemdum við frumvarpið nein áætlun um hvaða áhrif þessi skattlagning komi til með að hafa á verðlag. Það er engin áætlun um áhrifin á verðlagninguna. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Orkuveita Reykjavíkur er með samninga um orkusölu til stóriðju sem gilda í 20 ár. Samningar þessir hafa verið gerðir fyrir hvatningu ríkisins og engir fyrirvarar af þess hálfu um að gera þurfi ráð fyrir skattlagningu til framtíðar. Arðsemisútreikningar sem gerðir hafa verið í góðri trú vegna stórframkvæmda hafa ekki gert ráð fyrir greiðslu þessara skatta. Forsendur gerðra samninga og arðsemi þeirra raskast verulega verði frumvarp þetta að lögum."

Þetta er kjarni málsins hefði ég haldið. Hér kemur fram að Orkuveitan í Reykjavík hafi gert samninga við stóriðjufyrirtæki til 20 ára. Það hafi verið gert að áeggjan ríkisvaldsins án nokkurra fyrirvara af þess hálfu um að til skattlagningar gæti komið í framtíðinni. Nú er það hins vegar að gerast og þá segir Orkuveitan að arðsemisútreikningar sem gerðir hafi verið í góðri trú vegna stórframkvæmda hafi ekki gert ráð fyrir greiðslu þessara skatta. Forsendur gerðra samninga og arðsemi þeirra raskist verulega verði frumvarp þetta að lögum.

Mér finnst að ríkisvaldið hljóti að þurfa að taka slík varnaðarorð alvarlega og við bíðum þess að heyra í fulltrúa Frjálslynda flokksins, hv. þm. Gunnari Örlygssyni, talsmanni Frjálslynda flokksins. Hann hefur lagt fram tillögu sem hann mun gera grein fyrir á eftir, sem ég hef mikinn áhuga á að kynna mér nánar, um frestun á þessum aðgerðum. Það bíður síns tíma en rímar við það sem orkufyrirtækin segja. Þau benda á að þau séu búin að gera sínar áætlanir. Þær byggja á tilteknum forsendum sem til eru orðnar m.a. fyrir áeggjan ríkisvaldsins, orkusölusamninga við stóriðju og þar fram eftir götunum og nú raskast öll áætlanagerð þeirra nái þetta frumvarp um skattlagningu fram að ganga. Síðan segir Orkuveita Reykjavíkur, með leyfi forseta:

„Orkuveita Reykjavíkur er í eigu fjögurra sveitarfélaga sem hafa haft af henni arð. Möguleikar Orkuveitunnar til arðgreiðslna til eigenda sinna skerðast verulega ef til skattgreiðslna kemur. Ljóst er að sveitarfélögin eru ekki undir þann tekjumissi búin."

Þar er komin skýringin á efasemdum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem, nota bene, leggst ekki gegn þeirri hugmynd í grundvallaratriðum að orkufyrirtæki verði skattlögð. Það vill láta endurskilgreina skilgreininguna þannig að þau taki einvörðungu til raforkufyrirtækja en heita vatnið sé undanskilið, en bendir jafnframt á að án þess að gera hliðarráðstafanir muni skattlagningin nú, á þeim forsendum sem hún er kynnt, koma í bakið á sveitarfélögunum. Þau munu verða af arði sem frá orkufyrirtækjunum kemur og gengur til samfélagslegrar þjónustu en þessum verðmætum verði beint inn í ríkissjóð. Sveitarfélögin segja þess vegna: Ræðum málið og göngum frá því áður en lögin eru sett. Ég tek undir það.

Síðan bendir Orkuveita Reykjavíkur á að eignarskatturinn komi ekki til framkvæmda því að Alþingi hafi þegar samþykkt að eignarskattur einstaklinga og lögaðila falli niður við áramótin 2005/2006 en síðan segir, með leyfi forseta:

„Til að raska ekki samkeppnisstöðu orkufyrirtækja er nauðsynlegt að kveða á um að sömu reglur gildi um skattskyldu þeirra og skatthlutfall óháð því hvert rekstrarformið er."

Þetta er að sönnu til umhugsunar og mun ég hlusta eftir röksemdum sem fram koma hvað þennan þátt varðar síðar við umræðuna en Orkuveita Reykjavíkur leggur áherslu á að það eigi ekki að mismuna eftir rekstrarformi. Ég vil þó ítreka þá skoðun mína að ég legg ekki að jöfnu samfélagsþjónustu sem rekin er á vegum og í eigu samfélagsins og þjónustu sem er einvörðungu til þess sköpuð að mynda arð hjá eigandanum. Hér segir undir lokin í álitsgerðinni frá Orkuveitu Reykjavíkur sem borgarráð Reykjavíkur gerir að sinni, með leyfi forseta:

„Flestar orkuveitur landsins eru með fjölþætta starfsemi svo sem rafmagnsdreifingu, rafmagnsframleiðslu, hitaveitur, vatnsveitur og fleiri starfssvið. Mikilvægt er að sömu reglur gildi óháð því hver starfsemin er sem verið er að skattleggja. Mjög kostnaðarsamt er fyrir fyrirtækin þegar mismunandi reglur gilda við mismunandi starfsemi." — Undir þetta skrifar Guðmundur Þóroddsson forstjóri.

Ég hef ákveðnar efasemdir um þessa athugasemd frá

Orkuveitu Reykjavíkur. Ef það verður ofan á að samþykkt verði lög sem opni á skattskyldu raforkunnar þá er ekki þar með sagt að við viljum skattleggja hitaveiturnar, sem er reyndar innifalið í þessari lagasmíð, að við viljum líka skattleggja kalda vatnið. Þótt Orkuveita Reykjavíkur skipuleggi sig þannig og henni hafi verið falið að sinna veitustarfsemi almennt, heitu vatni og köldu auk raforkunnar, er ekki þar með sagt að við kaupum það eða ég geri það ekki að þar með hljótum við líka að þurfa að skattleggja kalda vatnið. Það er athugasemd sem ég get ekki skrifað upp á þó að hún sé að mörgu leyti skiljanleg frá hendi þeirra aðila sem reka þetta fyrirtæki og vilja búa við ákveðna einsleitni í sínu umhverfi þannig að ein regla gildi um allt. Það eru ákveðin hagkvæmnissjónarmið sem búa þar að baki þó ég sé þeim alls ekki sammála. Mér finnst hins vegar að slíka þjónustu, sem fyrst og fremst er þjónusta á gæðum sem allir þurfa að nýta, eigi að undanskilja skatti. En auðvitað vitum við hvað þarna býr að baki. Það á að markaðsvæða alla þessa starfsemi og síðan er reist sú mikla herhvöt og réttlætiskrafa sem frá þessum stríðsmönnum braskaranna kemur að eitt skuli yfir alla ganga. Ég kaupi ekki þá röksemd.

Hvað skyldi Hitaveita Suðurnesja segja? Er hún á þeim buxunum að samþykkja eða leggja blessun sína yfir frumvarp ríkisstjórnarinnar? Nei, aldeilis ekki, ef taka má mið af niðurlagsorðum í umsögn Hitaveitu Suðurnesja.

Þar segir, með leyfi forseta:

„Hitaveita Suðurnesja hf. er að mestu leyti í eigu sveitarfélaga. Nokkuð ljóst er að þau gera ákveðnar arðsemiskröfur til fyrirtækisins. Til að mæta auknum álögum er líklegt að hækka þurfi orkuverð. Að þessu framansögðu er rétt að benda á að Hitaveita Suðurnesja hf. hefur gert samninga um orkusölu til stóriðju til allt að 20 ára. Þegar þessir samningar voru gerðir var ekki gert ráð fyrir í arðsemisútreikningum að breytingar yrðu á skattalegu umhverfi orkufyrirtækja. Af því leiðir að álögur á aðra notendur munu að líkindum aukast og vill Hitaveita Suðurnesja hf. benda á, að með nýjum raforkulögum er nýlega búið að auka álögur verulega sem á aðlögunartíma hafa leitt til um 15% hækkunar raforkuverðs og enn meira þegar fram líða stundir."

Undir álitsgerðina frá Hitaveitu Suðurnesja ritar forstjóri fyrirtækisins, Júlíus J. Jónsson.

Hér kemur fram að nýbúið er að ráðast í breytingar sem hafa leitt til 15% hækkunar raforkuverðs og að ekki sé alveg ljóst hvað enn sé í þeim kortum og forstjórinn varar við því að ráðast í breytingu sem augljóslega muni leiða til hækkunar á raforkuverði. (Gripið fram í.) Hafa menn ekki melt þær upplýsingar sem fram hafa komið? Ég held að það sé enginn áhugi á því. Ég held að það sé enginn áhugi á því að skoða málefnalega þær röksemdir sem fram koma. Menn ætla sér að gera þetta. (Gripið fram í.) Það liggur svo á að koma þjónustunni út á markaðstorgið.

Hér eru sömu ábendingar og fram koma hjá Orkuveitu Reykjavíkur hvað varðar skuldbindingar inn í framtíðina. Hitaveita Suðurnesja segir að búið sé að ganga frá samningum um orkusölu til stóriðju til allt að tveggja áratuga og byggir alla útreikninga og áætlanir í samræmi við óbreytt skattumhverfi. Er þetta skiljanlegt sjónarmið, að vilja búa við öryggi hvað þetta snertir í framtíðinni? Alcoa fannst það eðlilegt. Hverjum öðrum fannst það eðlilegt líka? Ríkisstjórninni. Ríkisstjórninni fannst það eðlilegt þegar samið var við Alcoa um raforkuverð og um forsendur raforkuverðs og um skattlagningu. Þar voru gefin fyrirheit um að skattlagningu á Alcoa yrði ekki breytt, þótt sköttum á Íslandi yrði breytt skyldi það fyrirtæki undanþegið. Hvers vegna? Vegna þess að Alcoa vildi búa við öryggi í þessum efnum og ríkisstjórninni fannst það sjálfsagt og eðlilegt. En þegar Hitaveita Suðurnesja á í hlut, þegar Orkuveita Reykjavíkur á í hlut (**Gripið fram í:** Og almenningur.) og almenningur, og þegar Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á það og BSRB og ASÍ er það blásið út af borðinu. Þá skiptir það ekki nokkru máli. En elsku, litla Alcoa sem liggur í bómullinni, þar er skilningurinn fyrir hendi. Þegar Íslendingar eiga hins vegar í hlut, íslenskur almenningur, íslensk raforkufyrirtæki, sveitarfélögin í landinu, þá er blásið á það. Það er það sem er að gerast.

Að lokum langar mig til að víkja að einni röksemd sem hefur verið sett fram í málinu af hálfu stjórnarsinna og hún er þessi: Orkufyrirtækin á Íslandi, sem koma til með að verða skattlögð ef þetta verður að lögum, eru flest í miklum fjárfestingum. Þannig er einnig búið um útreikninga á skattstofnum að þau þurfi ekki mikið að óttast í fyrstu. Þá segja menn: Það er ekkert að óttast, það verður engin breyting, vegna þess að þegar allt kemur til alls er verið að skattleggja hagnað.

Við þessu er tvennt að segja. Í fyrsta lagi er verið að ráðast í kerfisbreytingar til langs tíma. Það er ekki verið að tjalda til einnar nætur og því þarf að hugsa málin til langs tíma, með langtímasjónarmið í huga.

Í annan stað hefur hagnaðurinn, sem skattlagður verður og er fyrir hendi og hefur verið fyrir hendi og verður það að einhverju leyti, gengið til samfélagsins, til sveitarfélaganna. Þau benda ekkert síður en orkufyrirtækin á áætlanir sínar og rekstrarforsendur sínar. Þau hafa gert ráð fyrir þessum fjármunum og verðmætum inn í samfélag sitt og það er verið að svipta þau þeim tekjum, draga úr þeim alla vega.

Þegar þetta þrennt er allt skoðað saman, áætlanir og útreikningar og forsendur orkufyrirtækjanna, sem eru ekki bara að hugsa til næstu tveggja, þriggja ára heldur eru þau að vísa í samninga sem hafa verið gerðir til tveggja áratuga eða jafnvel lengur, þau þurfa að hyggja að þessu. Síðan þegar horft er til sveitarfélaganna og sjónarmiða þeirra og svo náttúrlega almennings, sem kemur til með að borga brúsann.

Eigum við ekki aðeins að staldra við þegar okkur er bent á og við erum minnt á að raforkan hefur farið hækkandi vegna kerfisbreytinga, um 15%, segir Hitaveita Suðurnesja? Er á bætandi? ég bara spyr. Er á bætandi vegna þess að ein ríkisstjórn er komin með þá skrúfu á sálina að taka verði allan raforkugeirann og markaðsvæða hann hið fyrsta og helst selja hann allan og þess vegna verði að búa til einsleitt skattumhverfi?

Eigum við ekki aðeins að hugsa hvaða afleiðingar þetta kemur til með að hafa? Eigum við ekki að taka til greina varnaðarorð sem til okkar er beint frá hagsmunasamtökum almennings, Alþýðusambandi Íslands, BSRB og Sambandi íslenskra sveitarfélaga? Hefur verið það vel búið að sveitarfélögum og eru þau það ánægð í skiptum sínum við ríkisvaldið að ástæða sé til að blása líka á þetta? Blása á það

þegar þau biðja okkur um að fara varlega í þessum efnum og taka og klára þá umræðu sem fram hefur farið og hefur ekki verið lokið um stöðu sveitarfélaganna. Það er nefnilega umhugsunarvert þegar skoðaður er annars vegar hagur ríkissjóðs og hins vegar sveitarfélaganna og hvernig hann hefur þróast á undangengnum áratug, hve ólíku er þar saman að jafna. Annars vegar hefur ríkinu tekist að færa skuldir sínar niður sem hlutfall af landsframleiðslu en hlutur sveitarfélaganna hefur versnað. Er það vegna þess að sveitarfélögin eru verr rekin? Það held ég ekki. Það er vegna þess að verkefnum hefur verið hlaðið á sveitarfélögin án þess að því fylgi nægilegir tekjustofnar þannig að þau geti risið undir skyldum sínum.

Við þekkjum það og fylgdumst með því í kennaraverkfallinu, og þá var þetta mjög í brennidepli, að sum sveitarfélög bjuggu við svo erfiðan fjárhagslegan hlut að þau áttu erfitt með að verða við eðlilegum og réttmætum kröfum launafólksins, kennaranna. Ég held að það hafi verið réttmæt sjónarmið, ég held að það hafi verið rétt, þau áttu það. Þess vegna lögðum við fram tillögur um lagabreytingar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í tengslum við kjarasamningaumræðuna þess efnis að fjárhagslegur hlutur sveitarfélaganna yrði réttur. Aukið framlag kæmi til þeirra, það var ein tillagan. Önnur var sú að jafnframt því sem tekjuskatturinn yrði lækkaður yrðu auknar heimildir sveitarfélaganna til útsvars til þess að auðvelda þeim sveitarfélögum, þeim bæjarfélögum sem reyndist róðurinn erfiðastur að ná tökum á þeirri erfiðu stöðu sem þau voru í, ekki aðeins gagnvart kennurum heldur almennt gagnvart starfsmönnum sínum og gagnvart rekstri samfélagsþjónustunnar.

Hæstv. forseti. Ég fer að ljúka fyrri ræðu minni um málið. Ég vænti þess að hér í ræðustól muni stíga fulltrúar meiri hlutans á Alþingi, hvort sem það eru ráðherrar eða þingmenn úr meiri hlutanum sem ríkisstjórnin styðst við, og skýra fyrir okkur hvers vegna Alþýðusambandið hefur rangt fyrir sér, útlista það fyrir okkur hvers vegna BSRB hefur rangt fyrir sér og hvers vegna Samband íslenskra sveitarfélaga fari með fleipur, því að væntanlega finnst mönnum það ef ganga á þvert á þær yfirlýsingar og ráðleggingar sem frá þeim koma, hvers vegna Orkuveita Reykjavíkur fer með rangt mál, því ég geng út frá því að menn líti svo á að þessar alvarlegu athugasemdir séu út í loftið sem fram koma frá Orkuveitu Reykjavíkur, að ógleymdri Hitaveitu Suðurnesja sem bendir á að þetta setji málin á þeim bænum í fullkomið uppnám.

Ég geri mér hins vegar fyllilega grein fyrir því að ríkisstjórn og stjórnarmeirihluti, sem vill gleðja Samtök atvinnulífsins og Verslunarráð Íslands, er náttúrlega að gera góða hluti með þessu frumvarpi og ýmsum öðrum sem frá núverandi ríkisstjórn hafa komið.

Ég mun fylgjast rækilega með umræðunni og sérstaklega er tilhlökkunarefni að heyra röksemdir stjórnarmeirihlutans fyrir því að auka álögur á almenning með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

[17:45]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir þessa stuttu og snörpu ræðu sem var held ég í einn klukkutíma og tæplega fimmtán mínútur. Hann talaði hér um það, ef ég skil hann rétt — ég held ég geri það alveg — að viðhorf vinstri grænna séu þau að orkufyrirtækin eigi að vera í sameign og samfélagsþjónustu. Áhersla þeirra er á mikið öryggi og lágmarksgjaldtöku og svo eru þeir algjörlega á móti þessari stóriðjustefnu.

Nú er það bara þannig að Vinstri grænir, þessi flokkur sem er kannski ekkert sérstaklega stór, stýra í Reykjavík orkufyrirtæki. En þar hafa menn ekki þessi viðhorf. Þeir eru með sína fulltrúa í stjórn, ágætis fulltrúa, og eru líka í meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Þar er ekki nein áhersla lögð á lágmarksgjaldtöku enda var hv. þingmaður kominn í mótsögn við sjálfan sig þegar hann talaði um að það væri líka sjálfsagt að taka stórar upphæðir út úr fyrirtækjunum því það er þvert á það markmið að vera með lágmarksgjaldtöku. (Gripið fram í.) Rangt hjá hv. þingmanni. Hvað sem því líður þá liggur það fyrir að menn hafa notað þetta fyrirtæki til að fara út í samkeppnisrekstur, ævintýrafjárfestingar sem má ekki rannsaka þrátt fyrir að menn hafi keypt verðlaus fyrirtæki á 250 millj. kr. svo eitt dæmi sé tekið. En vinstri grænir hafa stoppað opinbera rannsókn á því.

Orkuveita Reykjavíkur ber ábyrgð á því að álver er í Hvalfirði. Vinstri grænir tóku átt í því og voru með nákvæmlega sömu áherslur og Landsvirkjun hvað það varðar.

Að koma hér upp og tala um sameign og samfélagsþjónustu, mikið öryggi og lágmarksgjaldtöku og vera á móti stóriðjustefnu er allt í lagi, en ekki ef það er einn af vinstri grænum. Það er algjörlega fráleitt því þar sem þeir hafa völdin þá er farið í þetta á fullu.

[17:48]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Alveg sjálfsagt, við skulum nefnilega ræða þetta. Við skulum ræða það hverjir í þessu landi hafa helst staðið í fæturna gagnvart stóriðjustefnunni á Íslandi. Það er Vinstri hreyfingin – grænt framboð. Það hefur hún gert í þessum sal. Það hefur hún gert í þeim sveitarstjórnum sem hún á aðild að, hvort sem það er í Skagafirði eða í Reykjavík eða annars staðar. Þetta eru staðreyndir.

Það er engin mótsögn af minni hálfu að vilja veita góða þjónustu á góðu verði og vilja hins vegar taka hluta af þeim hagnaði sem myndast út úr starfseminni. Það er engin mótsögn í því.

Ég hef verið talsmaður þess að hægt verði að taka verðmæti út úr þessu fyrirtæki sem öðrum og flytja þau yfir í aðra uppbyggilega samfélagslega þjónustu. Ég hef verið talsmaður þess öllum stundum. Það er hins vegar staðreynd að Vinstri hreyfingin – grænt framboð talar einum rómi, hvort sem er á Alþingi eða í sveitarstjórnum sem við eigum (**GÞÞ:** Ævintýrafjárfestingar.) aðild að. Við tölum einum rómi. En að sjálfsögðu eru uppi mismunandi áherslur í því samstarfi sem við eigum. (**GÞÞ:** Ævintýrafjárfestingar.) Við erum hins vegar talsmenn umhverfisverndar og við erum sá flokkur sem hefur haft uppi varnaðarorð gagnvart stóriðjunni, hér sem annars staðar.

[17:49]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hv. þingmaður nefndi ekki einu orði ævintýrafjárfestingar sem vinstri grænir hafa staðið í og neita opinberri rannsókn á þó full ástæða sé til þess. Ef einhvern tímann er ástæða til þess að rannsaka eitthvað, einhverjar fjárfestingar opinberra aðila, þá er það Línu.net ævintýrið sem menn ætluðu að setja að hámarki 200 milljónir í en settu í á milli 5 og 6 milljarða. Hverjir bera ábyrgð á því? Jú, virðulegi forseti, það eru líka vinstri grænir sem hafa lagt sig fram við að koma í veg fyrir rannsókn á því. Ef einhver trúir því þegar þessir aðilar koma hér eða Samfylkingin og vilja fá opinbera rannsókn á öllu milli himins og jarðar þá skyldu þeir skoða þeirra eigin gerðir.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson og vinstri grænir bera ábyrgð á stóriðju í Hvalfirði, hvorki meira né minna. Um það var algjör samstaða í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og þar situr fulltrúi vinstri grænna. Það var algjör samstaða í stjórn Reykjavíkurborgar, borgarstjórn, og þar eru fulltrúar vinstri grænna. Ekki eitt einasta orð heyrðist gegn stóriðjustefnunni þegar menn voru að ræða slíkt. Ekki eitt einasta orð, virðulegi forseti. Þetta er hreint og klárt. (**JÁ:** Farðu nú að tala um skattahækkanirnar.)

Ég hvet hv. þingmann til að útskýra það af hverju vinstri grænir neita og hafa notað lýðræðisleg bolabrögð, ef þannig má að orði komast, til að koma í veg fyrir að skoðaðar verði þessar ævintýrafjárfestingar í Línu.net og sambærilegum hlutum. Ég hvet hv. þingmann til þess að upplýsa það. Á sama hátt, virðulegi forseti, hvet ég hann til að útskýra fyrir okkur af hverju vinstri grænir studdu stóriðjuna í Hvalfirði.

[17:52]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vinstri hreyfingin – grænt framboð, hvort sem er á Alþingi eða í sveitarstjórnum, varar við stóriðjustefnunni. Við höfum beitt áhrifum okkar alls staðar þar sem við höfum komið því við (**GÞÞ:** Nei.) til þess að gera það. (**GÞÞ:** Þetta er rangt.) Er hv. þingmaður að tala um Tryggva Friðjónsson fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í stjórn Orkuveitunnar og hans viðhorf? (Gripið fram í.) Við skulum bara fara rækilega í þessa umræðu. Ég frábið mér þessi hróp og þessar dylgjur sem koma hér frá hv. þingmanni um þetta efni. (**GÞÞ:** Þetta er staðreynd.) Staðreyndin er sú að við höfum ekki lagst gegn málefnalegri skoðun á framkvæmdum á vegum Orkuveitu Reykjavíkur. Það er staðreynd. (**GÞÞ:** Nei.) Það er líka staðreynd (**GÞÞ:** Þetta er rangt.) að fulltrúar okkar í Orkuveitu Reykjavíkur hafa verið þeir aðilar sem hafa varað við (**GÞÞ:** Samþykkt.) því að fara út á braut þá sem kalla má áhættufjárfestinga. En hver er það sem talar? (Gripið fram í.) Hver er það sem talar svona alveg niður í innyflin og er að hneykslast yfir því að opinberir aðilar ráðist í áhættufjárfestingar? Það er fulltrúi stjórnmálaflokks sem hefur ráðist í stærstu áhættufjárfestingu Íslandssögunnar (Gripið fram í.) upp á mörg hundruð milljarða króna (Gripið fram í.) við Kárahnjúka, vegna þess að það er ekkert annað en áhættufjárfesting sem ég hef stundum sagt að Jósef Stalín hefði veitt orðu fyrir því um önnur eins ríkisafskipti (**GÞÞ:** Svaraðu ...) af hálfu nokkurrar ríkisstjórnar hefur ekki verið að ræða hér (**GÞÞ:** Svaraðu spurningunum.) í sögunni. (**GÞÞ:** Svaraðu spurningunum.) Búinn að því. (**GÞÞ:** Nehe-hei.)

[17:54]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á marga hluti í ítarlegri ræðu sinni áðan. Til að mynda kom hann inn á þær breytingar sem urðu á raforkumarkaði en þær breytingar eru einmitt grunnurinn að því máli sem við erum að ræða hér. Ég ætla ekkert að draga úr því að þessar breytingar voru erfiðar og eru erfiðar. Við höfum ávallt haldið því fram að þegar reynsla verður komin á þetta þá verði þetta endurskoðað og staðan metin.

Það er alveg ljóst að margir hafa fengið mjög háa rafmagnsreikninga. Margir hafa fengið leiðréttingar. En það er nú bara þannig að aflesturinn gefur ekki rétta mynd og þess vegna verðum við að gefa þessu tíma.

Hv. þingmaður talaði einnig um fyrirskipanir frá Brussel. Þetta er nokkuð sem við erum að taka upp samkvæmt því. En ég vil halda því hér til haga að samkvæmt málflutningi þeirra sem stóðu í þessu máli á sínum tíma — þeir halda því fram — þá var gengið eins langt og hægt var á sínum tíma varðandi þessa undanþágu og trúi ég því vel. Hins vegar get ég alveg tekið undir með hv. þm. Ögmundi Jónassyni þegar hann spyr hvort við séum of ginnkeypt fyrir öllum þessum tilskipunum. Hvað með t.d. Frakka sem eru búnir að fá, held ég, eitthvað, heyrði ég síðast, um 100 dóma frá ESA og gera ekkert með þá og það gerist ekki neitt. Ég held að þetta séu atriði sem við getum hugleitt.

Ég hlýt að koma aðeins inn á orð hv. þingmanns um stóriðjustefnuna. Vinstri hreyfingin – grænt framboð getur ekki firrt sig allri ábyrgð varðandi uppbyggingu í Hvalfirði sem ég er mjög ánægð með. Það er jú þannig að það er greinilega ekki sama hvar uppbyggingin er. Nú horfum við fram á stækkun í Hvalfirði og í Straumsvík. Og það heyrist ekkert. En hvað mega Austfirðingar þola frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði? Það er gjörsamlega óþolandi að ekki skuli gilda sama um alla hjá flokki sem segist standa í fæturna í áróðri gegn stóriðjustefnu.

[17:56]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það gildir sama um allt og alla. Ég hef t.d. fyrir mitt leyti flutt hér margar ræður um efnahagsleg áhrif af stóriðjustefnunni almennt og hversu skaðleg hún er fyrir íslenskt atvinnulíf, auk þess sem hún valdi náttúruspjöllum. Varðandi síðasta atriðið þá höfum við staðið þessa vakt. Það verður ekkert af okkur tekið. Þó menn langi mikið til að gera það þá er það staðreynd að við höfum staðið þessa umhverfisvakt og við höfum gagnrýnt stóriðjustefnuna hvort heldur hér á þingi eða í sveitarstjórnum sem við höfum átt aðild að.

Um hin atriðin sem hv. þingmaður víkur að er þetta að segja. Það er ekki komin reynsla á þær kerfisbreytingar sem

framkvæmdar voru á raforkumarkaði. Það er alveg rétt. Það á eftir að koma í ljós hver endanleg niðurstaða verður, hverjar endanlegar afleiðingar verða. Það sem menn veðja þá á væntanlega, til að reynslan verði góð, er að samkeppni á þessu sviði eigi eftir að færa okkur einhverjar hagsbætur. Það sem er hins vegar að gerast í Evrópu, og ekki er aðeins líklegt að gerist hér heldur í Evrópu líka, er að samkeppnin og þær hagsbætur sem hún veitir láta á sér standa. Það myndast örfá fyrirtæki sem skipta markaðnum á milli sín og það er ekki um neina samkeppni að ræða. Þvert á móti þá gerist það eftir að þessi fyrirtæki hafa verið sett í einkahendur að arður er tekinn út í óhóflegum mæli þannig að það bitnar einnig á notandanum. Í þessum kortum liggja því ekki þær umbætur og þær hagsbætur sem menn vilja vera láta.

Varðandi það hvort gengið hafi verið eins langt og hægt var varðandi raforkutilskipunina. Ekki sá ég þess merki. Menn eru að staðhæfa þetta núna. Hæstv. forsætisráðherra hefur gert það. Ég sá þess ekki merki. Ég fylgdist (Forseti hringir.) mjög vel með þessari umræðu og tók þátt í henni í þingsalnum þegar hún fór hér fram (Forseti hringir.) á sínum tíma.

[17:58]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins um raforkumarkaðinn. Vissulega er það rétt að þegar farið er út í slíkar breytingar þá vonum við að sjálfsögðu að samkeppnin muni aukast. Ég er þess fullviss að svo muni verða. Þetta er í rauninni svipuð umræða og var þegar bankarnir voru seldir. Þá voru hér höfð uppi mikil stóryrði um að þetta yrði alveg hræðilegt fyrir okkur neytendur, fyrir viðskiptavini bankanna, að þjónustugjöldin mundu fara upp úr öllu valdi, vextirnir upp úr öllu valdi o.s.frv. Þar stóðum við líka frammi fyrir því sama og við stöndum frammi fyrir hér að þá voru bankarnir gerðir skattskyldir, reyndar þegar þeim var breytt í hlutafélög. Þessu frumvarpi tengist líka það jafnræði sem verður að gilda. En hvað gerðist? Jú, vextirnir hafa lækkað og ég vil segja um bankana að ég tel að samkeppnin hafi svo sannarlega sannað sig þar.

Aðeins aftur um stóriðjuna af því að við hv. þm. Ögmundur Jónasson erum alls ekki sammála um stefnuna þar. Ég fagna því að Vinstri hreyfingin – grænt framboð skuli, að hans sögn, standa sína vakt. En ég hef ekki þá tilfinningu að sami málflutningur sé viðhafður gagnvart uppbyggingu stóriðju á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi. Það er ekki sama hvar á landinu störfin myndast. Það er ekki bara við Vinstri hreyfinguna – grænt framboð að sakast heldur önnur samtök, til að mynda umhverfissamtök og fleiri.

Ég segi fyrir mitt leyti að mér finnst gott að við getum gert eitthvað, að stjórnvöld geti gert eitthvað til að laða að stórfyrirtæki vegna þess að við getum ekki byggt upp hér öflugt velferðar- og menntakerfi án þess að hafa öflugt atvinnulíf og ég tel að stjórnvöld hafi staðið sig virkilega vel í því.

[18:00]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Spurningin er einmitt um hvort arður verður af framkvæmdunum. Menn deila um hvort yfir höfuð verði arður af þessum framkvæmdum og telja jafnvel að það verði bókhaldslegt tap, eins og við mörg teljum. Ég tel að það verði bókhaldslegt tap af þessum framkvæmdum fyrir austan og þær séu einhver óskynsamlegasta ráðagerð sem hugsast getur til að skapa störf í landinu. Hún er dýr og óhagkvæm, auk þess sem hún eyðileggur náttúruna.

Varðandi samkeppnina þá heyrðist mér talsmaður Framsóknarflokksins segja okkur að öll samkeppni og markaðsvæðing væri til góðs. Minnumst bankanna. Ég er hræddur um að þar séu ekki öll kurl til grafar komin. (**Gripið fram í:** Eins og hver?) Eins og hver? (**Gripið fram í:** Rökstutt.) Rökstutt? Ég skal gera það. Bankarnir lækkuðu vexti sína. Hvenær gerðu þeir það? Þeir gerðu það 11 dögum eftir að ESA-dómstóllinn hafði hafnað því að úthýsa Húsnæðisstofnun af íslenskum húsnæðismarkaði. Ellefu dögum síðar fara bankarnir niður með vextina af því að þeir ætluðu sér inn á þennan markað. Þeir voru búnir að ná veiðiheimildunum í sjónum undir sig og nú voru það heimilin í landinu sem átti að ná. (**Gripið fram í:** Af hverju gátu þeir lækkað vextina? Það var út af útrás.) Eigum við nú ekki að skoða þegar öll kurl eru til grafar komin hvernig þessari þjóð, sem er í þann veginn að slá heimsmet í skuldum, við erum þriðja þjóð í heiminum hvað varðar skuldir landsmanna, þjóðarbúsins í heild sinni, þriðja þjóðin í heiminum á eftir Finnlandi og Nýja-Sjálandi. Eigum við ekki að spyrja að leikslokum?

Er það endilega til góðs fyrir íslenskt samfélag að taka alla þá starfsemi, alla þá grunnþjónustu sem byggð var upp í landinu á síðustu áratugum, henda út á markaðstorg og segja: Við skulum bara sjá hvað setur. Það er hins vegar sú stefna sem Framsóknarflokkurinn hefur illu heilli fylgt í tjóðrinu frá íhaldinu.

[18:02]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti vill taka fram vegna beiðni fyrr á fundinum, er óskað var eftir viðveru hæstv. iðnaðarráðherra, að hæstv. ráðherra er með fjarvistarleyfi í dag. Hún er erlendis og getur því ekki verið við þessari umræðu.

[18:03]

Útbýting:

Ferðamál, 678. mál, nál. samgn., þskj. 1209.

Kynning á íslenska kvótakerfinu, 635. mál, svar sjútvrh., þskj. 1182.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 479. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1207; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1208.

Lokafjárlög 2002, 440. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 1197.

Lokafjárlög 2003, 441. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 1198; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 1199.

Sumarbústaðir í eigu ríkisins o.fl., 622. mál, svar fjmrh., þskj. 1168.

[18:04]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Það var afar athyglisvert að hlýða á ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem fór vandlega yfir málið sem við ræðum hér um, þ.e. skattskyldu orkufyrirtækja. Hann dró fram sjónarmið sem skipta miklu máli í umræðunni. Hann dró fram kjarna þessa máls, þ.e. að hér er verið að hækka álögur á almenning í landinu. Um það snýst málið, að hækka álögur á almenning, hækka hitaveitureikningana og hækka vatnsveitureikningana líkt og orðið hefur með hækkun á rafmagnsreikningunum í samræmi við þær skipulagsbreytingar sem átt hafa sér stað.

Þessi staðreynd er afar athyglisverð í því ljósi að það er ekki langt síðan hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar fór með himinskautum í fögnuði, gleði og ánægju yfir því að eignarskattar skyldu lagðir af. Það var einhver mesti hamingjudagur sem hv. þingmaður hafði upplifað á hinu háa Alþingi. Það eru ekki margar vikur síðan sú gleði ómaði í þingsalnum. Slíkar hugmyndir og markmið virðast fara fyrir lítið þegar kemur að almenningi, hitaveitureikningum og öðru slíku sem þorri almennings þarf að greiða. Þegar kemur að hinum útvöldu hjá ríkisstjórninni þá er gleði og hamingja.

Eins og hér hefur verið farið vandlega yfir eru í raun aðeins tveir aðilar sem fagna þessu máli. Það ætti ekki koma á óvart hverjir þeir eru. Það er Verslunarráðið og Samtök atvinnulífsins. Enda, eins og hér var dregið fram í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, hafa fulltrúar þeirra verið fámennir á áheyrendapöllum í þingsalnum við að mótmæla því sem hér fer fram. Þeir vita mætavel að í þessum sal eru þingmenn sem gæta vandlega að hagsmunum þeirra. Þeir þurfa ekki að mæta og mótmæla eða vera með einhvern hávaða. Þeir hafa sína fulltrúa á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég ætla að gera grein fyrir nefndaráliti 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Auk mín stendur að því hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Margt af því sem kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar viljum við gera að okkar. Við tökum undir margt af því sem fram kom í máli hans þrátt fyrir að við höfum viljað hafa okkar eigið nefndarálit enda áherslumunur hjá okkur varðandi ákveðin atriði þessa máls. Heilt yfir erum við þó samstiga í málinu. Okkur þykir miður að ætlunin sé að hækka á lögur á almenning í þessu landi. Hér er, eins og nafnið gefur til kynna, um skattahækkanir á orkufyrirtæki að ræða. Hér er aðeins um að ræða frumvarp til laga um skattahækkanir, sem hv. þm. Pétur Blöndal talaði fyrir í upphafi 2. umr. um þetta mál. Það verður að teljast afar athyglisvert í ljósi þess að hv. þingmaður hefur gefið sig út fyrir að vera talsmaður skattalækkana. Hið sama á við um hv. þm. Birgi Ármannsson, sem einnig er í salnum. Þessir hv. þingmenn hafa látið í veðri vaka að þeir væru fyrst og síðast talsmenn skattalækkana en standa keikir með þessu máli, þrátt fyrir að nánast allir sem um hafa fjallað leggist gegn þessum hugmyndum. Þeir liggja yfir einhverjum upplýsingum sem við hin höfum ekki fengið og aðeins Verslunarráðið virðist hafa áttað sig á, enda liggur fyrir umsögn frá Verslunarráði og Samtökum atvinnulífsins á sömu nótum og heyrast frá ríkisstjórninni og meiri hlutanum á hinu háa Alþingi. Þessir aðilar hafa náð virkilega vel saman í þessu máli og standa þétt saman um að hækka álögur á almenning í þessu landi. Út á það gengur þetta mál númer eitt, tvö og þrjú.

Eins og ég sagði, virðulegi forseti, ætla ég að gera grein fyrir nefndaráliti 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Með gildistöku nýrra raforkulaga, nr. 65/2003, urðu miklar breytingar á umhverfi raforkufyrirtækja. Umrædd lög fela í sér aðskilnað milli framleiðslu, flutnings, dreifingar og sölu á raforku, ásamt því að gerð er markaðsleg arðsemiskrafa á rekstur þeirra. Í kjölfar síðustu breytinga á raforkumarkaði, sem tóku gildi um síðustu áramót þegar flutningur og dreifing á raforku voru aðskilin, urðu miklar hækkanir á raforkuverði. Í umsögn Hitaveitu Suðurnesja hefur m.a. komið fram að þessar hækkanir nemi um það bil 15% eða svo þannig að hér er um verulega hækkun að ræða sem rekja má beint til þeirra skipulagsbreytinga sem hæstv. ríkisstjórn stóð fyrir.

Orkufyrirtækin rökstuddu hækkanirnar með auknum kostnaði sem þau hefðu orðið fyrir við kerfisbreytinguna á raforkumarkaði. Breytingar á raforkumarkaði eru ekki að fullu komnar til framkvæmda. Um næstu áramót verður sala á raforku að fullu gefin frjáls. Reynsla annarra þjóða sýnir að það muni taka raforkumarkaðinn allnokkurn tíma að ná nýju jafnvægi. Því er óráðlegt að ráðast í aðrar umfangsmiklar breytingar á umhverfi orkufyrirtækja án þess að áhrif nýrra raforkulaga verði að fullu komin í ljós.

Virðulegi forseti. Það er lykilatriði í þeirri umræðu sem hér kom fram og vakti sérstaka athygli mína í andsvari áðan þar sem hv. þm. Dagný Jónsdóttir, varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar, lýsti því svo að menn ætluðu að láta sig vaða í þessa kerfisbreytingu, þ.e. að skattleggja hitaveitur og vatnsveitur í landinu, sjá hver reynslan af því verður og endurskoða síðan lögin með tilliti til þeirrar reynslu. Hér virðist hugmyndafræðin fyrst og fremst sú að láta vaða og sjá svo til hvað út úr því kann að koma. Það á að gera tilraunir á almenningi og sjá til hvernig málin æxlast og þróast. Við höfum leitað eftir því í efnahags- og viðskiptanefnd að fyrir okkur verði lögð sú vitneskja sem gerir það að verkum að meiri hlutinn á hv. Alþingi er tilbúinn til að vaða í breytingar af þessu tagi þrátt fyrir að flestir þeir sem veita umsögn um málið, svo til allri sérfræðingar, hvar í flokki sem þeir standa, leggist gegn þessu. Þrátt fyrir það er ríkisstjórnin og meiri hlutinn á hinu háa Alþingi harðákveðinn í að keyra þetta mál í gegn.

Það er ekki mikil krafa, virðulegi forseti, að við skulum leita til formanns efnahags- og viðskiptanefndar og óska þess að hann færi fram þau rök sem skipta máli, sem gera það að verkum að meiri hlutinn treystir sér til að halda áfram með þetta mál, jafnilla undirbúið og það er. (Gripið fram í.) Hvergi í nefndarálitinu er að finna nokkur rök fyrir þessu enda segir í niðurlagi nefndarálitsins, af því að hv. þm. Pétur Blöndal nefnir það sérstaklega, að það sé ekki nokkur leið að áætla hvaða afleiðingar þetta muni hafa í för með sér. Með öðrum orðum hefur meiri hlutinn ekki reynt að gera neina viti borna könnun á því hverjar verði afleiðingar af gjörðum þeirra. Það er grafalvarlegt mál, virðulegi forseti, að gera tilraunir með pyngju almennings eins og ætlunin er að gera. Að sjálfsögðu verður það almenningur

sem þarf á endanum að greiða skattinn sem lagður er á orkufyrirtækin. Það er enginn annar sem greiðir þetta. Ég mun fara yfir það síðar í ræðu minni hvaða afleiðingar þetta kann að hafa í för með sér fyrir orkufyrirtækin, sem hafa gert langtímasamninga með lágmarksarðsemiskröfu til stóriðjunnar. Hvaða afleiðingar hefur þessi skattlagning fyrir þau fyrirtæki?

En ég ætla aðeins áfram, virðulegi forseti, að gera grein fyrir áliti 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar:

„Hér verður að hafa í huga að samkeppni á raforkumarkaði verður aldrei mikil. Skýrist það af smæð markaðarins og legu landsins. Það er því líklegt að hér á landi muni í besta falli ríkja fákeppni á raforkumarkaði."

Eins og ég nefndi áðan, virðulegi forseti, og í ljósi reynslunnar af breytingunum á skipulagi raforkumarkaðarins er afar líklegt og nánast fullvíst að fyrirtækin muni velta útgjöldum vegna tekjuskatts yfir á almenning. Ég sé að hv. þm. Gunnar Birgisson, sem er kominn í salinn, tekur þetta sérstaklega til sín.

Virðulegi forseti. Það sem síðan er afar sérstakt og athyglisvert í röksemdafærslu meiri hlutans — af því að hingað í salinn eru komnir nokkrir nýir hv. þingmenn sem ekki sátu hér áðan og hafa kannski ekki áttað sig á því að eitt meginsjónarmiðið sem býr að baki þessum breytingum eru einhvers konar hugmyndir um samkeppni. Þrátt fyrir það á að skattleggja hitaveitur sem byggja fyrst og fremst á einkaleyfum til að nýta heitt vatn og gufu á tilteknum svæðum. En röksemdafærslan sem reynt er að nota, virðulegi forseti, er samkeppnin. — Nú sé ég að yfir andlit hv. þm. Péturs Blöndals færist bros og líklega er það sökum þess að hugmyndafræðin með þessum breytingum er allt önnur. Það á að undirbúa að selja þessi fyrirtæki. Það er í raun og veru undirstaðan og hugmyndafræðin í þessu tiltekna máli, virðulegi forseti, þó að þeir treysti sér ekki til að segja það fullum fetum. Nei. Það eru samkeppnissjónarmið sem hér búa að baki, jafnvel þó að stór hluti af þessari starfsemi sé rekinn undir merkjum einkaleyfa, enda eins og hér hefur komið fram stendur ekki steinn yfir steini í röksemdafærslu meiri hlutans. Það eru í raun aðeins tveir aðilar sem í þessum miklu athugasemdum sem við höfum fengið við frumvarpið taka undir sjónarmið meiri hlutans.

Ég taldi mig, virðulegi forseti, hafa undir höndum afar athyglisverða umsögn Verslunarráðsins og kemur hún nú í ljós í þeim bunka sem ég hef undir höndum. Verslunarráðið er annar tveggja umsagnaraðila sem telja að hér hafi menn virkilega hitt naglann á höfuðið og hvetja eindregið til samþykktar þessa máls, en eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson fór ágætlega yfir í sinni yfirgripsmiklu ræðu áðan er þetta mjög stórt og mikið mál og tekur talsverðan tíma að setja sig inn í það til að átta sig á öllu sem máli skiptir. Þess vegna er afar athyglisvert og ætla ég að leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa umsögn Verslunarráðsins því þar sem Verslunarráðið telur mikilvægt að þetta verði að lögum þá hljótum við að finna röksemdirnar og hugmyndafræðina sem gerir það að verkum að þeir telja þessa leið vera hina einu sönnu og leyfi ég mér að lesa, með leyfi forseta, umsögn Verslunarráðsins sem er svohljóðandi:

„Reykjavík, 21. febrúar 2005.

Efni: Frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja (364. mál).

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð styður það að frumvarpið nái fram að ganga og gerir ekki athugasemdir við einstök ákvæði þess."

Þetta eru önnur tveggja umsagna sem virkilega mælir með samþykkt frumvarpsins. Þrátt fyrir ítarlegan lestur og þó ég sé búinn að lesa þetta nokkrum sinnum, virðulegi forseti, skal ég játa að hér finnast ekki rökin fyrir því að fara þessa leið og hef ég þó farið mjög vandlega yfir umsögnina og litið á bakhliðina einnig hvort þar kunni að finnast sjónarmið sem ekki reynast á framhliðinni en svo var ekki. Menn geta kannski séð þetta, hér er röksemdafærslan frá öðrum tveggja umsagnaraðila fyrir því að þessi leið sé sú rétta að fara og ekki finnast rökin hér, hv. þm. Pétur Blöndal, fyrir því að hækka álögur á almenning í landinu. Ekki finnast rökin í umsögn Verslunarráðsins sem mælir eindregið með þessu enda umsögnin upp á þrjár línur, heilar þrjár línur. (**PHB:** Það er augljóst.) Það er svo augljóst, segir hv. þm. Pétur Blöndal, að hann er ekki einu sinni að segja okkur frá því, okkur hinum sem ekki skiljum af hverju þarf endilega að leggja þetta miklar álögur á almenning í landinu. (**PHB:** Þeir hljóta að vita það.) (**KLM:** Er Pétur að hækka skatta?) Hv. þm. Pétur H. Blöndal sem reið til þings á sínum tíma undir gunnfána skattalækkunar stendur nú hér og segir að það þurfi ekki einu sinni að rökstyðja skattahækkanir, það þurfi ekki einu sinni að rökstyðja þær, það skilji þær allir, hv. þingmaður.

Virðulegi forseti. Ég ætla að halda áfram að gera grein fyrir áliti 2. minni hluta. Hér segir á þingskjali 204 í 364. máli, með leyfi forseta:

„Þá leggst 2. minni hluti alfarið gegn því að hitaveitur og vatnsveitur verði skattlagðar, enda stenst sú skattlagning ekki við nein efnisleg rök." — Og þau rök verða ekki sótt í umsögn Verslunarráðsins eins og hér hefur verið farið mjög vandlega yfir. — „Að óbreyttu munu breytingarnar leiða til þess að allar hitaveitur verða skattskyldar, svo og vatnsveitur sem reknar eru á vegum fyrirtækja sem sameiginlega annast rekstur rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna, svo sem Hitaveita Suðurnesja og Norðurorka. Hún mun leiða til hækkunar á gjaldskrám umræddra fyrirtækja eða til lækkunar á arði sem sveitarfélögin hafa haft af þessari starfsemi. Þá er rétt að taka fram að engin tilraun var gerð til að meta áhrif þessara breytinga á gjaldskrá og algerlega nauðsynlegt að mati 2. minni hluta að slík úttekt fari fram áður en svona kerfisbreyting á sér stað."

Ég nefndi það áðan, virðulegi forseti, og fyrr í ræðu minni að í fyrirspurn eða í andsvari hér áðan — kemur nú ekki hæstv. landbúnaðarráðherra í salinn. Ég er kannski ekki viss um að hann viti hvaða mál hér er á ferðinni, hvað hann er að styðja. Miklar álögur á almenning í landinu, hækkun á reikningum hvað varðar vatn og hita. Hv. þingmaður kinkar kolli og tek ég því þannig að hann hafi þá ekki alveg haft upplýsingar um hvað hér er á ferðinni og geri þá ráð fyrir því að hann leggist á eitt með minni hlutanum á hinu háa Alþingi þegar kemur til atkvæðagreiðslu, því að hæstv. ráðherra var hv. þingmaður ekki fyrir margt löngu og áttum við oft og tíðum ágætt samstarf, sérstaklega í landbúnaðarnefnd fyrir mörgum árum þar sem hæstv. ráð-

herra gegndi þá formennsku og leiddi hana mjög vel og studdi þá þann ráðherra sem þá sat í stóli landbúnaðarráðherra. En hér hefur hæstv. ráðherra tekið nýjan kúrs, nýjan pól í hæðina og ætlar að standa að því að hækka álögur á almenning í landinu og kinkar kolli. Eru þeir þá orðnir samstiga á þeirri leið hv. þm. Pétur H. Blöndal og hæstv. landbúnaðarráðherra.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill spyrja hvort hv. þingmaður eigi langan tíma eftir af ræðu sinni.)

Hv. þingmaður á talsvert eftir af yfirgripsmiklu nefndaráliti sem verið er að fara yfir og er vart hálfnaður með það. Já, ég á talsvert eftir af ræðu minni .

(**Forseti** (ÞBack)**:** Þá vill forseti óska eftir því að hv. þingmaður ljúki ræðu sinni eftir atkvæðagreiðslu og kvöldverðarhlé sem nú verður gert í framhaldi af atkvæðagreiðslunni og taka þá til máls eftir matarhléið.)

Að sjálfsögðu verð ég við því, virðulegi forseti.

Umræðu frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 704. mál. — Þskj. 1062.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:31]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis, frh. fyrri umr.

Stjtill., 705. mál. — Þskj. 1063.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:32]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons, frh. fyrri umr.

Stjtill., 722. mál. — Þskj. 1080.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:33]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Breyting á XIII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 606. mál (almenningsflug og Flugöryggisstofnun). — Þskj. 905, nál. 1133.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:34]
Tillgr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KÓ, KolH, KLM, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SJS, StB, UMÓ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

19 þm. (BJJ, BjörgvS, BBj, BH, GÁS, HÁs, HHj, JBjarn, JBjart, KHG, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1210).

Meinatæknar og heilbrigðisþjónusta, frh. 3. umr.

Stjfrv., 537. mál (lífeindafræðingar). — Þskj. 1180.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:35]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EKH, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SJS, StB, UMÓ, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

18 þm. (BJJ, BjörgvS, BBj, BH, GÁS, HÁs, HHj, JBjarn, JBjart, KHG, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1211).

Úrvinnslugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 686. mál (vaxtatekjur og frestun umbúðagjalds). — Þskj. 1044, nál. 1175.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:35]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, frh. 2. umr.

Stjfrv., 295. mál. — Þskj. 322, nál. 1193, brtt. 1194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:37]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1194,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1194,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1194,3 samþ. með 45 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1194,4 (ný 6. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Græðarar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 246. mál. — Þskj. 257, nál. 1173, brtt. 1174.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:40]
Brtt. 1174,1 samþ. með 45 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1174,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1174,3 samþ. með 44 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1174,4 samþ. með 45 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1174,5 samþ. með 45 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1174,6 samþ. með 45 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
8.–11. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 159. mál (samskráning hlutafélaga). — Þskj. 159, nál. 1185, brtt. 1195.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:45]
Brtt. 1195,1 samþ. með 45 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1195,2 samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Miðlun vátrygginga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 551. mál (EES-reglur). — Þskj. 832, nál. 1184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:46]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–31. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1184 samþ. með 44 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
33.–66. gr. og ákvæði til bráðabirgða samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Fjarsala á fjármálaþjónustu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 482. mál (EES-reglur). — Þskj. 736, nál. 1186, brtt. 1187 og 1201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:49]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1187,1 samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1187,2 samþ. með 43 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1187,3 samþ. með 45 shlj. atkv.
6.–10. gr., svo breyttar, samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1201,1 felld með 26:19 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁRJ, EKH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, UMÓ.

18 þm. (BJJ, BjörgvS, BBj, BH, GÁS, HÁs, HHj, JBjarn, JBjart, KHG, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [18:51]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Frumvarpið sem við ræðum eykur neytendavernd og 1. töluliður breytingartillagnanna við frumvarpið á greinilega líka að auka neytendavernd. Hins vegar felst í honum neikvæð sönnunarbyrði, þ.e. menn þurfa að sanna að þeir séu saklausir. Það rekst á réttarríkið sem við viljum öll hafa og ég segi nei.

11. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1187,4 samþ. með 45 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
13.–19. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1201,2 felld með 26:19 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁRJ, EKH, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, UMÓ.

18 þm. (BJJ, BjörgvS, BBj, BH, GÁS, HÁs, HHj, JBjarn, JBjart, KHG, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

20. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

21.–22. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1187,5 (ný 23. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

24. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 503. mál (EES-reglur). — Þskj. 767, nál. 1190, brtt. 1191 og 1192.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:57]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þingmenn Samfylkingarinnar styðja frumvarpið en við flytjum breytingartillögur sem styrkja enn frekar eftirlit með fjármálamarkaðnum og aðgerðir gegn markaðssvikum og einnig tillögur um að auka gegnsæi markaðarins. Breytingartillögurnar fela í sér að miða yfirtökuskyldu sem stofnast í skrá við hlutafélagið þegar tengsl eru skilgreind við 20% í stað þriðjungs atkvæðisréttar. Það er í samræmi við tillögur Fjármálaeftirlitsins því að á umliðnum árum hafa margsinnis komið upp tilvik þar sem kallað hefur verið eftir aðgerðum Fjármálaeftirlitsins og hægt hefði verið að taka á ef 20% viðmiðið hefði gilt um yfirráð tengdra aðila. Þess vegna leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á að fá inn breytingartillögurnar.

Í annan stað er kveðið á um í breytingartillögunum að Fjármálaeftirlitið fái heimild til stjórnsýslusektar vegna markaðssvika og Fjármálaeftirliti verði skylt en ekki bara heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum sem Fjármálaeftirlitið tekur til athugunar eða rannsóknar.

Þessar breytingartillögur flytjum við en að öðru leyti styðjum við frumvarpið.

Brtt. 1191,1 samþ. með 45 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1191,2 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1191,3 samþ. með 45 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1192,1 felld með 25:16 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁRJ, EKH, EMS, GÖg, JÁ, JóhS, JGunn, KolH, KLM, LB, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, UMÓ.

3 þm. (GAK, GÖrl, MÞH) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BJJ, BjörgvS, BBj, BH, EOK, GÁS, HÁs, HHj, JBjarn, JBjart, KHG, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1191,4 samþ. með 45 shlj. atkv.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1191,5 (tvær nýjar greinar, verða 7.–8. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

6.–19. gr. (verða 9.–22. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1192,2 felld með 24:18 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁRJ, EKH, EOK, EMS, GÞÞ, GÖg, JÁ, JóhS, JGunn, KolH, KLM, LB, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, UMÓ.

3 þm. (GAK, GÖrl, MÞH) greiddu ekki atkv.

18 þm. (BJJ, BjörgvS, BBj, BH, GÁS, HÁs, HHj, JBjarn, JBjart, KHG, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SP, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

20. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1192,3 felld með 26:15 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁRJ, EKH, EMS, GÖg, JÁ, JóhS, JGunn, KolH, KLM, LB, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, UMÓ.

3 þm. (GAK, GÖrl, MÞH) greiddu ekki atkv.

19 þm. (BJJ, BjörgvS, BBj, BH, GÁS, HÁs, HHj, JBjarn, JBjart, KHG, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SP, SJS, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1191,6 samþ. með 44 shlj. atkv.

21. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1191,7 samþ. með 44 shlj. atkv.

22. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.

23.–25. gr. (verða 26.–28. gr.) og ákv. til brb. samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 19:05]

Skattskylda orkufyrirtækja, frh. 2. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 419, nál. 1183, 1202 og 1204, brtt. 1203.

[20:31]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) (frh.):

Virðulegi forseti. Þegar ég gerði hlé á máli mínu fyrir atkvæðagreiðslu, um kl. hálfsjö, var ég kominn nokkuð langt með að fara yfir nefndarálit 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar að því er varðar skattskyldu orkufyrirtækja. Ég hafði farið yfir það að með breytingunum er ljóst að verð á heitu vatni og öðrum nauðsynjavörum til heimilanna mun klárlega hækka. Einnig hafði ég farið yfir að þau sjónarmið, sem eru fyrst og fremst samkeppnissjónarmið, sem meiri hlutinn á hinu háa Alþingi notar til að rökstyðja það að fara þessa leið eiga vitaskuld ekki við þegar kemur að hitaveitum og vatnsveitum.

Ég reyndi í fyrri hluta ræðu minnar að fara yfir þetta og um leið að kalla eftir þeim sjónarmiðum sem að baki þessu standa, því hvorki í nefndaráliti né umsögnum þeirra aðila sem telja mikilvægt að málið verði að lögum koma fram sjónarmið og rök sem hægt er að segja að standi undir því að fara þessa leið. Kannski kom besta lýsingin sem við höfum fengið á málinu fram hjá varaformanni efnahags- og viðskiptanefndar, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur. Hún sagði einfaldlega að rétt væri að fara þessa leið og sjá hvað út úr því kemur og meta reynsluna síðar, því fram kemur í áliti meiri hlutans á mjög skýran hátt að engin rannsókn eða könnun hefur verið gerð á því hvaða afleiðingar það muni hafa að skattleggja orkufyrirtæki eins og vatns- og hitaveitur. Það liggur því fyrir að ætlunin er að leggja auknar álögur á heimilin í landinu.

Ég var kominn að þeim stað í ræðu minni þar sem ég vildi vekja sérstaka eftirtekt á þeirri staðreynd að nú nýverið hafa mörg orkufyrirtækjanna gert langa, stóra og mikla samninga við stóriðjur með fast verð með tiltekna arðsemiskröfu sem ekki verður breytt á þessum tíma. Þar er gert ráð fyrir ákveðinni arðsemi sem væntanlega verður skattlögð, sem mun þýða að ef menn ætla að viðhalda sömu arðsemiskröfu þarf að leita í aðra vasa til að ná henni fram. Þá er ekki nema í einn vasa að fara, þ.e. vasa almennings því almenningur notar ekki nema um það bil 20% af því rafmagni sem framleitt er og restin fer til stóriðju. Þess vegna er alveg furðulegt að þessi leið skuli farin í málinu að algerlega óathuguðu máli. Það er ekki eins og okkur liggi á vegna þess að ætlunin er sú að þetta verði ekki lagt á fyrr en á árinu 2006. Það er því alveg furðulegt að þetta skuli keyrt fram af slíku offorsi að óathuguðu máli á þann hátt sem hér er ætlunin að vinna þetta vitandi það að engir útreikningar liggja fyrir um hvað þetta þýðir og helstu sérfræðingar okkar spá 10%–15% hækkun á hitaveitureikningum og vatnsreikningum heimilanna. Þetta er sá veruleiki sem við ræðum.

Þegar ríkisstjórnin virðist ekki hafa neitt uppi í erminni til að rökstyðja og styðja málflutning sinn er oft vísað til Brussel og yfirvofandi hættu á því að hingað komi grjótharðir embættismenn til þess eins að kæra okkur uppi á Íslandi, kæra samfélagið. Það er eitt af því sem kemur frá fjármálaráðuneytinu að yfirvofandi hætta sé á því að við verðum kærð og þess vegna sé mikilvægt að fara þessa leið. Þetta er röksemdafærslan sem finnst því ekki fannst hún í umsögn Verslunarráðsins eins og fram kom í fyrri hluta ræðu minnar.

Í nefndaráliti 2. minni hluta er sérstaklega vikið að því hvernig samskipti ríkis og sveitarfélaga endurspeglast í þessu tiltekna máli. Í nefndarálitinu er sérstaklega vakin athygli á því hvernig þetta hefði komið út ef reglurnar hefðu verið til staðar árin 2002 og 2003. Þau veitufyrirtæki sem hér er vakin athygli á eru öll meira og minna í eigu sveitarfélaganna. Þau taka því arðinn út úr fyrirtækjunum og tryggja að lágmarksverð sé á vatni, hita og rafmagni. Þau geta ákveðið hvort þau taki arðsemina út í að tryggja umbjóðendum sínum lægra verð eða taki fjármunina út úr félaginu í formi arðs. En hér, virðulegi forseti, á að taka út verulegar fjárhæðir án nokkurs samráðs við sveitarfélögin, enda virðast þau ekki hafa nokkra stöðu í samskiptum við ríkið. *Ef þetta hefði gilt árið 2002 og 2003 hefði til að* mynda 18% skattur á veitufyrirtækin árið 2002 tekið 708 millj. frá sveitarfélögunum miðað við þau fyrirtæki sem hér eru nefnd sérstaklega, þ.e. Húsavík, Norðurorka, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja. Ríkið hefði tekið 708 millj. frá sveitarfélögunum, einungis miðað við þessi fjögur félög.

Nú ætlar ríkissjóður að leggja til rúmlega milljarð á ári næstu þrjú árin yfir til sveitarfélaganna. Ef þetta hefði gilt árið 2002 erum við að tala um nettó 400 millj. því ríkið er búið að ná til baka 708 millj. Í þessu endurspeglast enn og aftur framkoma ríkisvaldsins gagnvart sveitarfélögunum. Ég skil því vel að hv. þm. Pétur H. Blöndal reynir að skýla sér á bak við blöð og bækur sem hann getur fundið til lestrar í þingsalnum.

Einnig kemur fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga að þeir hafa leitað eftir formlegum viðræðum við ríkisvaldið um aðgerðina. Það gleymist kannski stundum í umræðunni að sveitarfélögin eru sjálfstæður aðili sem eru tilgreind sérstaklega sem stjórnsýslustig í stjórnarskránni. En það breytir engu. Lög eru sett yfir hausinn á sveitarfélögunum hvenær sem er og breytir engu þótt þau mótmæli harðlega. Á þau mótmæli er á engan hátt hlustað.

Víðast hvar í löndunum í kringum okkur er miklu meira samstarf og samráð milli ríkis og sveitarfélaga en hér er það ríkisvaldið, meirihlutavaldið. Hér er það valdið og við ráðum og gerum hvað okkur dettur í hug jafnvel þó hækka eigi álögur á almenning í landinu án þess að nokkuð liggi fyrir um að skynsamlegt sé að fara þá leið. Við skulum bara gera þetta, við skulum sjá hvernig þetta gengur og svo skulum við reyna að læra af reynslunni. Skítt með það þó almenningur hafi þurft að greiða 10%–15% hærra verð fyrir hita, vatn og rafmagn.

Þó að ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson deilum ekki skoðunum í öllu er það vissulega sjónarmið sem hann kom með inn í umræðuna að verið er að skattleggja lífsnauðsynjar, það er verið að skattleggja vatn, hita og rafmagn. Fullyrða má að fátt er mikilvægara í nútímasamfélagi en þær lífsnauðsynjar og við hljótum að spyrja: Hvað kallar á þessa aðgerð *nákvæmlega núna? Líklega hefur ríkissjóður* aldrei nokkurn tíma haft aðrar eins tekjur og nú og við

hljótum að spyrja: Hvað kallar á það að seilast enn dýpra í vasa almennings meðan aðrir þurfa ekki að greiða af sínu? En í þessu máli eins og svo mörgum öðrum leiða Samtök atvinnulífsins og Verslunarráðið för. Hugmyndir þeirra, viðhorf þeirra, hugmyndafræði þeirra er það sem verður að veruleika á hinu háa Alþingi.

Á stundum höfum við séð í nefndarálitum frá ýmsum nefndum í þinginu að vikið er sérstaklega að því að umsagnir um mál hafi verið sérlega jákvæðar. Í þessu tilviki er hver einasta umsögn neikvæð ef þessir tveir aðilar eru undanskildir. Menn hljóta því einnig að spyrja: Af hverju er ekki vikið sérstaklega að því í álitinu? Af hverju er ekki vikið sérstaklega að því að öll samtök launafólks í landinu eru þessu andvíg? Af hverju er ekki vikið sérstaklega að því að talsmenn neytenda eru þessu andvígir? Það er ekki talið hæfa í þessu tilviki.

Það er kannski ástæðulaust og þjónar ekki miklum tilgangi að vekja enn og aftur athygli á því en hinir miklu meistarar úr Verslunarráðinu eru með umsögn upp á þrjár línur þar sem þeir mæla eindregið með því að þetta verði að lögum.

Síðan er hitt sjónarmiðið sem hefur verið haft uppi, ekki samkeppnissjónarmiðið heldur jafnræðissjónarmiðið, þ.e. að eitt skuli yfir alla ganga vegna þeirra virkjana sem til eru í landinu í einkaeigu. Það er sjónarmið sem virkilega er hægt að horfa á. En ef það hefði átt að jafna þessa aðstöðu, hefði ekki verið rétt að jafna þetta á hinn veginn, þ.e. að skoða hvort það hefði verið möguleiki að afnema skatta á þessi fyrirtæki? (Gripið fram í.) Ég sagði: Hefði ekki verið nær að skoða það að fara þá leið? Það liggur fyrir að sú tiltekna leið sem meiri hlutinn hér ætlar að fara hefur ekkert verið skoðuð. Það kom fram í nefndinni, það hefur komið fram í umræðunni að menn ætla að renna blint í þetta, fara blint inn í þennan farveg og skoða reynsluna af því hvernig hafi reynst að seilast ofan í vasa almennings og sækja þangað meira fé þegar fram líða stundir.

Ég hlýt að spyrja hv. þm. Pétur H. Blöndal hvernig hann telji að þau fyrirtæki sem hafa gert langtímasamninga við stóriðju muni tryggja arðsemiskröfu sína eftir að þetta verður að lögum. Þau geta ekki gert það nema á einn veg. Það er ekki nema í einn hóp að leita. Það er almenningur. Það haggar ekki ró hv. þm. Péturs Blöndals þó að þessi veruleiki sé uppi á borðinu. Þó er rétt að halda því til haga að þó að breytingar kunni að verða á skattskyldu orkufyrirtækja og að þær breytingar hafi áhrif á almenning í þessu landi getum við huggað okkur við það að Alcoa er a.m.k. undanskilið þar sem sérstök ákvæði eru þess efnis að það skipti engu hvort einhverjar breytingar verði á skattumhverfinu eða ekki. Alcoa stendur a.m.k. í óbreyttri stöðu. Þegar kemur að almenningi á hins vegar allt annað við.

Virðulegi forseti. Þegar verið er að gera svona grundvallarskipulagsbreytingar í umhverfi sem skiptir jafnmiklu og orkugeirinn, eins og á skipulagi og sölu á heitu vatni og köldu og rafmagni, verður að gera þá lágmarkskröfu til stjórnvalda að þau hafi farið vandlega yfir þær. Það er ekki rík, ekki stór og ekki mikil krafa. Það er eðlileg krafa. En meiri hlutinn á hinu háa Alþingi bregst ekki í þessu frekar en mörgu öðru. Forgangsröðunin er skýr, hugmyndafræðingarnir eru klárir, Verslunarráðið lýsir veginn og meiri hlutinn gengur á eftir.

[20:49]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hlýtt á þessa ræðu alla eins og hún leggur sig. Það er tvennt, í fyrsta lagi segir hv. þingmaður að það séu engin rök í nefndaráliti fyrir þessari breytingu. Það er nú heldur betur. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Einn megintilgangur frumvarpsins er að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði." — Þetta er aldeilis markmið. Það er þekkt að það er mjög mikilvægt að skattalög séu án glufna og gloppna og að skattstofninn sé sem mest án undantekninga. Ég veit ekki betur en að sumir í þingflokki hv. þingmanns séu þeirrar skoðunar líka.

Síðan segir líka að samkeppni í rekstri orkufyrirtækja hafi aukist og að orkuveitur sem einstaklingar standa að séu skattskyldar með venjulegum hætti og standi því verr í samkeppninni. Ég hélt að hv. þingmaður væri svo voðalega hlynntur samkeppni. Hann hefur oft talað á þeim nótum. Hann segir að það séu álögur á almenning. Þá vil ég bara benda á það að ríkisstjórnin hefur lækkað skatta á fyrirtæki úr 50% niður í 30% og síðan í 18%. Það þýðir að þá á að vera létting á almenning með nákvæmlega sama hætti, á öll fyrirtæki í landinu. Við höfum verið að létta álögur á almenning með nákvæmlega sömu rökum.

Hv. þingmaður segir að ég vilji selja. Það er ekki ég, það er R-listinn sem vill selja í Reykjavík. Hann vill selja Landsvirkjun, ég veit ekki betur. Og varðandi samkeppnina vil ég benda á það að orkufyrirtæki stunda alls konar starfsemi, m.a. að rækta risarækjur í samkeppni við fiskeldi í landinu. Ég tel mjög eðlilegt að þessi fyrirtæki borgi skatta nákvæmlega eins og öll önnur fyrirtæki í landinu og það sé heilsteypt skattalöggjöf án undantekninga. Þessi fyrirtæki hafa verið í gífurlegum framkvæmdum undanfarin ár og þau munu ekki borga mikla skatta á næstu árum vegna mikilla afskrifta.

[20:51]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo að hv. þingmenn og aðrir velkist ekki í vafa um það — hér er verið að hækka skatta. Hér er verið að leggja á skatta. Jafnvel þó að í fortíðinni hafi skattar einhvern tíma verið lækkaðir er með þessu verið að hækka skatta.

Ég nefndi það líka í ræðu minni, og hv. þingmaður valdi að sneiða mjög fram hjá því, að leita hefði mátt annarra leiða til að skapa það jafnræði sem hér er verið að tala um. Þetta er algerlega ókannað og engar rannsóknir hafa farið fram á því hvaða afleiðingar þetta hefur í för með sér, alveg eins og hér kom fram hjá varaformanni hv. efnahags- og viðskiptanefndar. Við skulum bara gera þetta, svo sjáum við til hvað kemur út úr því. Þá munum við skoða reynsluna og reyna að læra af henni, hendum okkur út í og sjáum til hvort við sökkvum eða ekki.

Hvað varðar samkeppnina sérstaklega ætla ég að leyfa mér að segja að ég hef afskaplega litla trú á því að í þessum

geira verði nokkur samkeppni. Það verður í besta falli fákeppni, og ekki aðeins það — til þess að einhver vottur af samkeppni gæti átt sér stað, einhver vottur, yrði að vera mjög öflugt eftirlit og mikið aðhald til að nokkurt vit gæti verið í því. Ég hef ekki nokkra trú á því vegna fámennis og landfræðilegrar legu að hér verði nokkur einasta samkeppni í orkugeiranum. Niðurstaðan er sú, eins og ég sagði áðan, að það eru ekki ein einustu rök fyrir því að fara þessa leið.

Kannski lýsti Verslunarráðið þessu best í þremur línum án þess að segja nokkurn skapaðan hlut.

[20:53]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er verið að loka skattaglufu. Það er verið að færa þessi fyrirtæki undir sama hatt og öll önnur fyrirtæki í landinu, matvörufyrirtæki og flutningafyrirtæki sem öll borga skatta af tekjum sínum, hagnaðinum, 18% reyndar núna sem sumum finnst vera fulllágt. Sumir kvarta jafnvel undan því hvað það er lágt. Það er verið að loka þessu og það er verið að gera skattstofninn almennan. Þess vegna er ég eindregið hlynntur þessu.

Matvörufyrirtæki borga skatta. Flutningafyrirtæki borga skatta. Ég skil ekki af hverju þessi fyrirtæki ættu ekki að borga skatta eins og önnur.

Síðan segir hv. þingmaður að hann hafi ekki trú á því að samkeppni myndist í þessari grein. Það getur vel verið að það sé erfitt að koma á samkeppni í raforkugeiranum en þetta er ekki síður stór grein hér á landi en t.d. matvöruverslun. Allir landsmenn eiga viðskipti við orkufyrirtæki á einn eða annan máta þannig að þetta er mjög stór grein. Fámenni á Íslandi ætti ekki að koma í veg fyrir samkeppni þarna frekar en á öðrum sviðum.

Það má vel vera að það séu vandræði við að koma á samkeppni í svona fámennu landi og getur verið erfitt vegna fákeppni. Við verðum a.m.k. ekki með mörg hundruð fyrirtæki á orkusviðinu. Ég tek undir það og endurtek að í nefndarálitinu stendur: „Einn megintilgangur frumvarpsins er að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði.“ Öll fyrirtæki væru þá eins sett, þau sem framleiða risarækjur með þessum hætti og þau sem framleiða risarækjur með öðrum hætti, eða framleiða raforku, eða orku yfirleitt. Einnig á þetta að stuðla að aukinni samkeppni þannig að sum fyrirtæki borgi ekki skatt á meðan önnur gera það. Hv. þingmaður segir að við getum lækkað skatta á þau raforkufyrirtæki sem eru í einkaeigu. Þá lendum við aftur í því að þau fyrirtæki geta verið í samkeppni við önnur fyrirtæki á öðrum sviðum, eins og ég nefndi með risarækjuna.

[20:55]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið afar athyglisvert í þessari umræðu og einkanlega andsvörum hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins að þeir eru farnir að nota þennan ræðustól á hinu háa Alþingi til að veita meiri hlutanum í borgarstjórn Reykjavíkur eitthvert aðhald. Stóllinn hér, ræðustóllinn á hinu háa Alþingi, (Gripið fram í.) virðist notaður í þessu skyni vegna þess að þeir hafa enga trú á minni hlutanum í borgarstjórn Reykjavíkur og þurfa að leggja honum lið héðan. (Gripið fram í.)

Ég hlýt að spyrja hv. þingmann sem er svona upptekinn af því að skattleggja alla skapaða hluti ... (Gripið fram í.) Það sem hér er að gerast er ekkert annað en að verið er að færa arðinn frá sveitarfélögum yfir til ríkisins. Það er ekkert annað. Það er það einasta sem er að gerast. Það eina sem er að gerast er að verið er að færa arðinn frá sveitarfélögum yfir til ríkisins. Við hljótum að spyrja: Hvernig stendur á því að sí og æ skuli ríkið koma svona fram við sveitarfélögin? Það varð fátt um svör í þessum efnum.

Og bara til að hafa sagt það í þessum ræðustól, hv. þingmaður talar um að verið sé að loka öllum glufum. Það liggur fyrir í þessu máli að sumar vatnsveitur munu borga skatt en aðrar ekki, eftir því í hvers konar félagsformi þær starfa. Það stendur ekki steinn yfir steini í málflutningi meiri hlutans á hinu háa Alþingi, og eftir standa hin dásamlegu orð: Við skulum bara gera þetta í þeirri von að það gangi upp. Við skulum læra af reynslunni, við skulum sjá til hvernig þetta endar og ef það fer illa skulum við reyna að bæta þetta síðar meir.

Undirbúningurinn að þessu máli er algerlega fráleitur. Röksemdafærslan er engin. (Forseti hringir.)

[20:58]

Gunnar Örlygsson:

Hæstv. forseti. Með samþykkt frumvarpsins verður enn og aftur vegið harkalega að almenningi í landinu. Þau alvarlegu áhrif sem nýsamþykkt raforkulög hafa haft á orkureikning landsmanna hafa ekki farið fram hjá hinum almenna raforkunotanda. Orkuverð hækkaði til muna, og á vissum landsvæðum svo nemur tugum ef ekki hundruðum prósentna. Umræddar hækkanir á raforkuverði sá hæstv. iðnaðarráðherra ekki fyrir. Í raun komu hækkanir orkureikninga ríkisstjórninni í opna skjöldu sem staðfestir fálleinkunn á hina sömu við meðferð raforkumálsins frá því fyrr á þessu ári.

Nú aftur á móti, virðulegur forseti, stendur þingheimur frammi fyrir nýju þingmáli er varðar skattskyldu orkufyrirtækja. Samkvæmt umsögnum sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur borist við meðferð málsins má með skýrum hætti fullyrða að ef til samþykktar á þessu frumvarpi kemur á hinu háa Alþingi mun raforkuverð í landinu hækka enn frekar. Lengi getur vont versnað og kemur það óneitanlega spánskt fyrir sjónir að þrátt fyrir mikla hagræðingu og stóraukna raforkuframleiðslu í landinu er svo komið að orkureikningurinn til hins almenna notanda fer þessi missirin snarhækkandi. Ábyrgðina ber hæstv. ráðherra iðnaðarmála, Valgerður Sverrisdóttir, og að sjálfsögðu ríkisstjórnin öll sem flýtur sofandi að feigðarósi í þessum efnum.

Hitaveita Suðurnesja segir orðrétt í umsögn sinni þegar vikið er að kaflanum um áhrif á orkuverð, með leyfi forseta:

„Til að mæta auknum álögum er líklegt að hækka þurfi orkuverð.“

Orkuveita Reykjavíkur, sem m.a. er þekkt fyrir að hækka orkureikninga til hins almenna neytanda á höfuðborgarsvæðinu vegna hækkunar á lofthita, mun án efa ekki

láta sitt eftir liggja við breytingar af þessu tagi. Í umsögn Orkuveitunnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Skattlagning á orkufyrirtæki mun óhjákvæmilega leiða til hækkunar verðs þar sem núverandi gjaldskrá gerir ekki ráð fyrir greiðslu tekjuskatta."

Hæstv. forseti. Heitt vatn og rafmagn hefur talist til þjóðargersema í okkar harðbýla landi. Um er að ræða þjóðarauðlindir og er því almenn krafa hjá hinum venjulega manni að stjórnmálamenn í landinu beiti sér af krafti fyrir því að orkuverð á þessum gersemum haldist í lágmarki svo tryggt verði að auðlindir af þessu tagi skili sér með réttmætum hætti til allra Íslendinga. Í dag er til umræðu þingmál, stutt af stjórnarliðum, sem tryggja mun mikinn ósigur hins almenna notanda í formi hærri orkureikninga.

Þegar umræðan víkur að raforkusamningum sem erlendir stóriðjujöfrar eiga með ríkisstjórninni og raforkufyrirtækjum í eigu opinberra aðila þá stendur ekki á útsöluprís til hinna erlendu fyrirtækja og jafnframt er hinum sömu boðin skattfríðindi umfram það sem þekkist til íslenskra félaga og eru slíkir samningar oft bundnir til tíu ára fyrir viðkomandi félög. Þessir samningar eru fastbundnir og verður ekki breytt. Þar af leiðandi mun almenningur í landinu taka á sig í formi hærri orkureikninga allar álögur og kvaðir sem einmitt skattskyldan sem kveðið er á um í frumvarpinu mun kalla yfir orkufélögin.

Svo er nú komið, virðulegur forseti, að hv. þingmenn á Alþingi verða að bera þá siðferðilegu ábyrgð að hugsa fyrst um hag almennings í landinu í stað ofdekurs til hárra herra í atvinnulífinu. Það getur ekki liðist að þingmálið sem hér er til umræðu verði samþykkt óbreytt. Það eru ekki nema nokkrar vikur síðan stóri raforkuskellurinn reið yfir þjóðina. Á nú að bæta gráu ofan á svart?

Vera má að í umræðunni beri stjórnarliðar fyrir sig að ekki sé ástæða fyrir orkufyrirtækin að hækka gjaldskrá sína vegna breytinga af þessu tagi. Er þá vitnað til mikilla fjárfestinga orkufélaga um þessar mundir sem leiða mun af sér yfirfæranlegt tap til næstu 10 eða 20 ára. Þessi rök stjórnarliða breyta því ekki. Það segir í umsögnum orkufyrirtækjanna en þar kemur skýrlega í ljós að orkuverð mun hækka ef frumvarpið verður að lögum. Það er því bæði óábyrgt og vanhugsað af stjórnarliðum að bera þessi rök á borð fyrir hinn almenna raforkunotanda í landinu.

Enn á ný má minna á spádómshæfileika hæstv. iðnaðarráðherra sem brugðust illilega í stóra raforkumálinu. Ráðherranum ber skylda til að leggja árar í bát í spádómi sínum og horfast í augu við raunveruleikann eins og hann blasir við í þessu máli.

Í nefndaráliti meiri hlutans segir orðrétt, með leyfi forseta: „Erfitt er að meta áhrif þessara breytinga á orkuverð og arðsemi orkufyrirtækja ..."

Hvað eru hv. þingmenn að hugsa, virðulegur forseti? Á ekki almenningur að fá að njóta vafans? Getur það talist ábyrg pólitík þegar hv. þingmenn láta frá sér nefndarálit með þessum hætti?

Virðulegur forseti. Hvert erum við að stefna? Það er einkennilegt og að mínu viti rangt þegar umhverfið einkennist orðið af félagslegri aðstoð til stærstu stóriðjufyrirtækja landsins sem jafnan eru í eigu erlendra iðnjöfra, til að mynda í formi skattívilnana og útsöluverðs á raforku. Á sama tíma mælast tugþúsundir Íslendinga undir fátæktarmörkum og þurfa, á góðri íslensku, sannarlega að lepja dauðann úr skel. Himinháir orkureikningar munu sannarlega gera slæmt ástand verra.

Ég hafna alfarið þessu frumvarpi, virðulegur forseti, og hvet frekar til frestunar á málinu til ársins 2012 eins og lagt er til í breytingartillögu sem ég hef sjálfur lagt fram með samþykki þingflokks Frjálslynda flokksins. Í breytingartillögunni sem er á þskj. 1203 segir orðrétt, með leyfi forseta:

„1. 8. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 2013 vegna tekna á árinu 2012 og eigna í lok þess árs.

2. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: Skipa skal nefnd árið 2009 sem meti áhrif skattskyldu samkvæmt lögum þessum á orkuverð."

Með öðrum orðum er í breytingartillögunni kveðið á um mikilvægi þess að sett verði á fót nefnd á miðju næsta kjörtímabili sem fær það verk að kryfja til mergjar áhrif breytinga af þessu tagi á orkuverð í landinu. Annars er hætt við stóru slysi sem mun fyrst og síðast bitna á almenningi í landinu.

Í nefndaráliti meiri hlutans segir að einn megintilgangur frumvarpsins sé að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði. Þessi rök eiga ekki og geta ekki rökstutt þá ákvörðun sem fylgja mun samþykkt frumvarpsins með þeim hætti sem lagt er til í nefndaráliti meiri hlutans. Það er miklu frekar umhugsunarefni, virðulegur forseti, hvort ekki sé vert að kryfja til mergjar þann möguleika að einkafélög í orkuframleiðslu starfi undir sömu skattalöggjöf og núverandi orkufyrirtæki í opinberri eigu starfa við í dag. Með því að snúa blaðinu við með þessum hætti er megintilgangi frumvarpsins náð og það sem meira er ekki á kostnað hins almenna raforkunotanda í landinu.

Fyrr í dag óskaði ég eftir viðveru hæstv. iðnaðarráðherra við þessa umræðu. Samkvæmt fregnum sem ég hef fengið sá hún sér það ekki fært sökum ferða erlendis og ber að skilja það. Í nefndaráliti meiri hlutans kemur fram eins og áður segir, virðulegur forseti, að erfitt sé að meta áhrif þessara breytinga á orkuverð og arðsemi orkufyrirtækja. Það hlýtur að teljast eðlileg krafa að almenningur njóti vafans í málinu. Hvernig hyggst iðnaðarráðherra mæta þessari fullyrðingu úr nefndaráliti meiri hlutans um að erfitt sé að meta áhrif frumvarpsins á orkuverðið? Ætlar ríkisstjórnin ekki að bregðast við á einhvern hátt? Kemur til greina hjá ríkisstjórninni að snúa blaðinu við og heimila orkufyrirtækjum í einkaeigu að njóta sömu skattalaga og eru í dag gagnvart orkufyrirtækjum í eigu hins opinbera?

Virðulegur forseti. Það hefur sannarlega komið á óvart að við umræðuna í dag sem hefur staðið í fleiri klukkutíma hefur lítið sem ekkert borið á þingmönnum Framsóknarflokksins. Síðast þegar ég athugaði það voru þeir ekki einu sinni á mælendaskrá í þessu máli, hv. þingmenn Framsóknarflokksins sem bera höfuðábyrgð á þeim málum sem dunið hafa yfir þjóðina að undanförnu með nýsamþykktum raforkulögum. Nú á að bæta gráu ofan á svart. Það kemur fram í umsögnum við málið frá orkufyrirtækjum að breytingin mun leiða af sér hærra orkuverð. Það hlýtur að teljast ábyrg pólitík að kanna þau orð betur.

[21:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir með hv. síðasta ræðumanni að það er nokkur skaði að við skulum ekki fá hæstv. iðnaðarráðherra til að vera við umræðuna til fróðleiks, skemmtunar og gagnsemi fyrir utan þá aðra ábyrgðarmenn þessa máls sem gætu verið hæstv. fjármálaráðherra og einhvers staðar ætti að vera formaður þingnefndar sem fjallað hefur um málið en ég kem ekki auga á í salnum í bili. Þetta skattahækkunarfrumvarp verkar því svolítið munaðarlaust. Kannski vilja foreldrarnir eitthvað lítið við krógann kannast. Hugsanlega hafa menn ekki mikinn áhuga á að fara í málefnalegar umræður um málið eða forsvara það mikið.

Þetta mál er allrar athygli vert, ekki síst vegna þess samhengis sem það er í við fleiri breytingar sem hafa orðið í orkumálum í landinu á undanförnum mánuðum og árum. Þetta er holdgetið afkvæmi, eða næstum því má segja, þeirrar einkavæðingar eða markaðsvæðingar raforkukerfisins sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir. Menn bera þar að vísu fyrir sig tilskipun Evrópusambandsins um sameiginlegan markað með raforku og hafa út af fyrir sig nokkuð til síns máls í því. Þó er það nokkuð viðurkennt að af Íslands hálfu var ekki mikið gert í því til að reyna að fá annaðhvort varanlegar undanþágur frá þeirri tilskipun eða heimildir til að framkvæma hana með hliðsjón af íslenskum aðstæðum eins og ýmsar aðrar Evrópuþjóðir þar sem sérstaklega háttar til um, hafa fengið að gera.

Þessi ágæta markaðsvæðing orkugeirans hefur leitt til þess að rafmagnsverð í landinu hefur þegar hækkað verulega. Það er orðið óumdeilt. Menn eru að vísu með alls konar skýringar eftir á, þegar hækkanirnar urðu þvert á það sem lofað var, og tala þá um að það sé ekki að marka enn þá þar sem þetta geti verið uppsafnað og erfitt að lesa úr gjaldskránum og þarna sé tilfærsla o.s.frv. Þeir dómbærir menn á þetta sem ég hef helst náð sambandi við, menn sem gerþekkja þennan geira og kunna á þessa reikninga, segja að það sé enginn minnsti vafi á því að að meðaltali sé að verða umtalsverð raunhækkun á raforkuverði í landinu vegna þessara breytinga þó að hún komi misjafnlega niður. Þó að finna megi dæmi um einhverjar lækkanir er hitt miklum mun algengara að menn fái verulegar hækkanir og allt upp í gríðarlegar hækkanir, þeir sem hafa hitað stór hús með rafmagni á köldum svæðum.

Þetta á sér allt skýringar sem í sjálfu sér liggja ljósar fyrir. Það gat hvaða hugsandi maður sem er sagt sér að þetta leiddi til hækkana. Það er svo gersamlega borðleggjandi vegna þess að allmargir nýir kostnaðarliðir bætast einfaldlega ofan á þá sem fyrir voru í kerfinu. Hæstv. iðnaðarráðherra er, sem vel að merkja er nú upplýst, með fjarvist og er erlendis, og skylt að taka það fram sem sannara er, og þá þýðir ekki að fást um það þótt hæstv. ráðherra geti ekki mætt hér til umræðunnar. Það er þá væntanlega einhver annar ráðherra í ríkisstjórninni sem ber ábyrgð á þessu máli og flytur það hér en þeir leggja það ekki orðið í vana sinn, hæstv. ráðherrarnir, að vera í þinginu, maður er að verða tiltölulega vanur því að ráðherrabekkirnir séu tómir. En það blasti auðvitað við hverjum manni að þessar hækkanir eru að verða.

Það má nefna þrjá og kannski frekar fjóra skýringarþætti sem eru þarna augljóslega til staðar í þeim efnum af hverju raforkuverðið hlaut að hækka. Því er ég að rekja þetta, virðulegur forseti, að ég tel að það eigi erindi inn í samhengið sem við erum að ræða hér, um að bæta svo ofan á allt sem fyrir er og orðið er viðbótarhækkunartilefnum á raforkuverð til almennings, sem er með því að skylda fyrirtækin til skattgreiðslna sem engir aðrir borga að lokum þegar upp er staðið en notendurnir.

Í fyrsta lagi kosta auðvitað uppskipti orkufyrirtækjanna fjármuni. Það kostar að framkvæma þá breytingu. Orkufyrirtækin sjálf kalla það öfug samlegðaráhrif. Það þarf að skipta upp starfseminni, aðgreina stjórnkerfið, stofna ný fyrirtæki, aðskilja algerlega bókhald þeirra og þar fram eftir götunum. Hve mikil þessi öfugu samlegðaráhrif eru er kannski erfitt að segja en þau eru annars vegar fólgin í tilteknum einskiptiskostnaði sem fellur á núna og hins vegar í ákveðnum viðbótarrekstrarkostnaði vegna þess að fleiri einingar eru reknar.

Í öðru lagi er alveg ljóst að þessari málamyndamarkaðs- og samkeppnisvæðingu í orkugeiranum, sem auðvitað verður fyrst og fremst til málamynda vegna augljósra, landfræðilegra og líffræðilegra aðstæðna á Íslandi, fylgir mikill eftirlitskostnaður. Þannig er það alls staðar og alveg sérstaklega ef menn reyna að einkavæða veitustarfsemi og aðra slíka starfsemi sem lýtur að verulegu leyti lögmálum náttúrulegrar einokunar. Þá þarf mikið eftirlit til að koma í veg fyrir að menn misbeiti þeirri stöðu sinni þar sem samkeppnin er eins og hver annar roknabrandari, þar sem í besta falli getur orðið um algera fákeppni að ræða og þar á ofan eru þetta opinberir aðilar.

Í þriðja lagi er búið að lögskylda orkufyrirtækin til að taka arð út úr rekstrinum, til að reikna sér í þrepum, vaxandi og að lokum fullan arð miðað við alla þá eiginfjárbindingu sem í rekstrinum er og greiða sér hann á ári hverju. Það er ekki lengur eitthvað sem menn eiga val um heldur eru menn beinlínis skyldaðir til þess. Hverjir halda menn að borgi þennan arð sem þannig verður árlega tekinn út úr rekstrinum aðrir en notendurnir? Engir? Þá kemur að þessu frumvarpi, herra forseti, til viðbótar þessu, ofan á þessi tilefni til hækkunar á raforkuverði, sem sannarlega eru orðin, ætla menn svo að skella skattskyldu orkufyrirtækjanna. Það finnst mönnum nauðsynlegt að gera af því að annars sé þetta ekki alvörumarkaðsvæðing, alvörumarkaður, alvörubisness.

Þarna er þá í fyrsta lagi horft fram hjá því að eigendurnir eru opinberir aðilar sem eru þá að verulegu leyti að greiða sjálfum sér skattinn. Þá verður að vísu ákveðin tilfærsla í þeim skilningi að sveitarfélög eru stórir eigendur að orkufyrirtækjunum, ýmist á móti ríkinu eða í gegnum sínar eigin veitur, en það er ríkið sem á að fá skattinn. Að svo miklu leyti sem þar verður tilfærsla á verður hún frá sveitarfélögum til ríkisins. Er það þá það sem menn þurfa helst á að halda um þessar mundir? Er ríkið svona illa haldið og sveitarfélögin svona vel stæð? Það mætti ætla það. Að minnsta kosti hafa kröfur sveitarfélaganna um úrbætur í fjármálum sínum ekki fengið mikið brautargengi og mætti nú margt segja um það hvernig sveitarfélögunum hefur tekist í hagsmunagæslu sinni í þeim efnum.

Ég verð að segja alveg eins og er að maður fer nú að hætta að nenna því að bera mikið blak af því batteríi, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og hvernig það hefur staðið á verðinum eða kannski öllu heldur sofið, eða eigum við að nota aðra líkingu, staðið í ístaðinu, ekki með burðugri hætti en svo að það er nú algerlega að snarast á klárnum. Þess vegna undrar það mann t.d. í þessu tilviki að Samband íslenskra sveitarfélaga skuli ekki taka grjótharða afstöðu gegn þessu máli. Nei. Það er verið að kvarta undan því og leggjast alfarið gegn því að hitaveitur séu skattlagðar eins og raforkufyrirtæki, en þeir virðast ekki hafa kjark þar á bænum til þess að berja bara í borðið og segja: Nú er nóg komið, hingað og ekki lengra. Orkufyrirtækin sjálf í eigu sveitarfélaganna eru miklu harðari í afstöðu sinni, t.d. Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja, heldur en yfirhagsmunagæsluaðilinn sjálfur, Samband íslenskra sveitarfélaga. Vekur manni nokkra undrun. Þessi tilfærsla þarna verður í þá átt.

Það langalvarlegasta í þessu máli, virðulegi forseti, er auðvitað svikamyllan sem er innbyggð í skipulag og hlutföll orkumálanna á Íslandi. Það er hin eitraða svikamylla sem almenningur er búinn að búa við frá því virkjun hófst í þágu erlendrar stóriðju hér í landinu illu heilli þannig að það var gert inni í einu og sama fyrirtækinu, að virkja bæði fyrir almenna notendur og almennan markað innan lands og stóriðjuna. Það bókhald hefur aldrei fengist hreint. En verðhlutföllin, þau liggja nokkuð fyrir. Það er í besta falli þannig að Landsvirkjun fær einn þriðja af því verði til stóriðjunnar sem hún fær þegar hún selur í heildsölu til annarra stórra innlendra kaupenda. Það má kallast gott ef það nær því. Þessi hlutföll hefur undanfarin ár mátt lesa út úr ársskýrslum Landsvirkjunar þangað til núna að ég tók mér ársskýrsluna í hönd og sé allt í einu mér til mikillar undrunar að horfið er út úr ársskýrslunni aðgreining orkusölu og tekna til stóriðju annars vegar og almennra notenda hins vegar, sem ég held ég muni rétt að var í skýrslunum alveg þangað til á síðasta ári. Hvers vegna skyldi það nú vera, herra forseti? Getur verið að það sé að verða eitthvað viðkvæmt að sýna þetta?

Staðan er þannig að Landsvirkjun eða orkumarkaðurinn á Íslandi hefur verið að selja núna um 70% af orku sinni til stóriðju. Nú er það hlutfall að hækka ört, fer í 80–85% á næstu þremur árum eða svo, almenni markaðurinn, þ.e. almenningur og innlendir notendur sem ekki flokkast til stóriðju, kaupa afganginn. Þeir hafa þá verið að kaupa um þriðjung núna að undanförnu. Tekjurnar hafa komið inn akkúrat í öfugum hlutföllum. Það sýnir mönnum hvernig þessi hlutföll eru. Nú á enn að draga þarna í sundur.

Þá kemur að því að útsöluprísarnir til stóriðjunnar eru bundnir til langs tíma, til 20 ára, jafnvel lengur. Verðviðmiðunin er föst. Það er heimsmarkaðsverð á áli í tonnum per dollar, eða í dollurum per tonn. Þar verður engu um þokað nema þá þegar kemur að endurskoðunar- eða uppsagnarákvæðum í þeim samningum. Þar eru engir skattar reiknaðir inn. Engir. Enda var ekki gert ráð fyrir þeim þegar þannig var samið. Verðin voru skrúfuð niður í þvílíkt botnlágmark eins og allir vita að það hvín og syngur í öllu saman. Þær væru ekki merkilegar tekjurnar sem væru að rúlla inn hjá Landsvirkjun í dag ef hún hefði ekki verið svo stálheppin að fá þessa hækkun á álverði sem hefur verið að ganga yfir heiminn núna að undanförnu, sérstaklega vegna mikils hagvaxtar í Kína. Þá væru það nú ekki háar tölur í íslenskum krónum, a.m.k. meðan gengið er eins og það er, sem væru að koma inn núna.

Hvað gerist þá þegar skattlagningargreiðsluskylda verður lögð á þessi orkufyrirtæki, eins og t.d. Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja, sem eru nýbúin að semja um afhendingu á miklu magni orku á föstum lágum verðum til 20 ára, án þess að reikna þar inn nokkrar skattgreiðslur? Hver getur borgað skatta af mögulegum hagnaði fyrirtækjanna? Almenningur. Almenni notandinn. Þetta blasir við.

Það er sem sagt ekki verið að hækka skatta almennt á viðskiptavinum orkufyrirtækjanna, vegna þess að sumir þeirra eru undanþegnir, þeir eru varðir af samningum á föstum verðum, enda segja þær eftirfarandi í umsögnum sínum, bæði Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja, og kveða alveg skýrt að orði. Með leyfi forseta, segir í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur, í 3. og 4. tölul. á bls. 7 í nefndaráliti 1. minni hluta, hv. þm. Ögmundar Jónassonar.

„Skattlagning á orkufyrirtæki mun óhjákvæmilega leiða til hækkunar verðs þar sem í núverandi gjaldskrá gerir ekki ráð fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta.

Orkuveita Reykjavíkur er með samninga um orkusölu til stóriðju sem gilda í 20 ár. Samningar þessir hafa verið gerðir fyrir hvatningu ríkisins og engir fyrirvarar af þess hálfu að gera þurfi ráð fyrir skattlagningu til framtíðar. Arðsemisútreikningar sem gerðir hafa verið í góðri trú vegna stórframkvæmda hafa ekki gert ráð fyrir greiðslu þessara skatta.“

Sama nokkurn veginn orðrétt, a.m.k. efnislega, segir Hitaveita Suðurnesja. Þá vitum við náttúrlega að það sama gildir um Landsvirkjun. Ekki er reiknað með neinum sköttum í samningnum stóra um útsöluna miklu frá Kárahnjúkum. Reyndar er reiknað með sáralitlum arði líka. Fyrirtækið verður því ekki mikið gróðafyrirtæki fyrstu árin.

Sama er ef menn eiga að taka þessa hluti alvarlega þá er þetta svona, að stóru kaupendurnir allir eins og þeir leggja sig eru út úr myndinni. Það geta engir tekið á sig þennan skatt nema þeir sem eftir eru, það eru almennu notendurnir í landinu. Ósvífnin í málinu er í raun og veru margföld þegar þetta er skoðað í réttu ljósi, að þessi skattahækkun eða skattgreiðslur geta eðli málsins samkvæmt eingöngu lent á hinum almennu notendum, þeim hinum sömu og fengu á sig hækkanirnar um áramótin. Finnst hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, sem hefur verið að fara svolítið um kjördæmið trúi ég og hitt einn og einn framsóknarmann, kannski reiða framsóknarmenn í Eyjafjarðarsveit sem hafa nýlega fengið rafmagnsreikningana sína, finnst henni tilhlökkunarefni að fara næst norður og ræða við þá um næstu hækkun, sem leiði af því að nú hafi snillingunum dottið það í hug að leggja skatta á orkufyrirtækin sem stóriðjan að sjálfsögðu er undanþegin og engir geta borgað nema þeir sem eftir eru, almennu notendurnir? Það er mikil snilld að dengja þessu ofan í kaupið.

Maður veltir því fyrir sér hvort mönnum sé alveg sjálfrátt, menn séu með fullri meðvitund þegar þeir ræða þessum hlutum svona upp. Hvað lá nú á í þessu tilviki? Hafa menn fengið einhverjar klögur? Er eitthvað sem

skyldar Ísland til að fara að skattleggja orkufyrirtækin þó við höfum tekið upp þessa orkutilskipun Evrópusambandsins? Nei, það er ekki þannig, það er alveg á hreinu. Við erum ekki aðilar að Evrópusambandinu og EES-samningurinn færir okkur ekki inn undir tollabandalag og skattasamræmingu Evrópusambandsins, það er ekki svo. Við erum að vísu bundin af samkeppnislögunum, en meðan við mismunum ekki fyrirtækjunum innbyrðis á þessu sviði er okkur stætt á að hafa þessa hluti eins og við kjósum.

Jafnvel þótt menn fari og nöldri eitthvað og reyni að kæra þetta mætti láta á það reyna, því það er ansi hart og ansi langt gengið ef ekki má láta starfsemi af þessu tagi sem í eðli sínu er veitustarfsemi og auðvitað almannaþjónusta ef allt er með felldu gagnvart skilgreiningum og er í opinberri eigu ríkis og sveitarfélaga, búa við það skattalega umhverfi sem við svo kjósum. Það væri þá hægt að hafa á þeim 2% tekjuskatt ef einhverjum liði betur með það. En það er ekkert, nákvæmlega ekkert sem segir að þetta þurfi að gerast si svona.

Þetta frumvarp er líka mjög illa undirbúið, herra forseti. Það er með miklum endemum að sjá það meira að segja í greinargerð með frumvarpinu og auðvitað taka umsagnaraðilar það margir óstinnt upp að það sé nánast ekki hægt að reikna neitt út hvaða áhrif frumvarpið hafi. Eiginlega er bara skotið út í loftið með það. Engar forsendur liggja fyrir um hver geti orðið líkleg áhrif þess á afkomu orkufyrirtækjanna hverjar skattgreiðslurnar geti orðið. Þær forsendur vantar meira og minna. Auðvitað hefur þetta tekið miklum breytingum og það er erfitt að sjá það nákvæmlega fyrir sér. En eru það þá kannski ekki rök fyrir því að doka nú aðeins við? Væri nú ekki ráð að leyfa orkugeiranum að jafna sig eftir síðustu köldu sturturnar, þ.e. kerfisbreytinguna um áramótin og ýmislegt fleira sem þar hefur verið að dynja á mönnum áður en farið er út í þetta?

Það sem ég óttast að vísu mest, herra forseti, er að það hlálega verði aðallega upp á teningnum að stóru orkufyrirtækin öll komi nánast ekki til með að borga neina skatta næstu tíu árin, það verði fyrst og fremst minnstu orkufyrirtækin sem þarna gætu átt í hlut, sem gætu átt eftir að búa við þolanlega afkomu vegna þess að þau eru fyrst og fremst að selja almennum notendum á sínu svæði orku og veita þeim þjónustu. Sérstaklega geti þetta átt við ef hitaveitur verða látnar vera þarna undir áfram eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ég hef því miður ekki mikla trú á að hún Landsvirkjun okkar verði þannig gróðafyrirtæki á næstu tíu árum eða svo að hún borgi mikla skatta. Ætli verði ekki frekar ástæða til að hafa áhyggjur af hinu gagnstæða? Hvernig halda menn að efnahagsreikningurinn þar líti út ef gengi krónunnar fellur um 20–30% innan árs? Segjum nú að til viðbótar fari álverðið kannski niður, niður í þá 1.550 dollara á tonn sem áætlanirnar gerðu ráð fyrir? Þá fer nú að harðna á því.

Ég er heldur ekki viss um að samningar Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja eigi eftir að færa þeim myljandi gróða fyrstu árin, þó það sé að vísu öðruvísi dæmi þegar byggðar eru gufuaflsvirkjanir sem hafa hlutfallslega lægri stofnkostnað bak við framleidda orkueiningu en hins vegar meiri rekstrarkostnað þegar frá líður, jafnari og meiri inn í framtíðina, þannig að dæmið lítur betur út í byrjun en á sér minni von um góðan hagnað að lokum heldur en vatnsaflsvirkjanirnar.

Frumvarpið er illa undirbúið og vanhugsað að mínu mati. Það er nánast óboðlegt af hæstv. iðnaðarráðherra sem aðila að þessu máli í ríkisstjórninni að standa að því ofan í þau ósköp sem hér gengu yfir um áramótin og á mánuðunum fyrir áramótin, þau hroðalegu vinnubrögð sem menn standa núna frammi fyrir og eru uppvísir að, að koma svo með þetta í viðbót eða samþykkja að þetta sé lagt fram. Mér finnst það alveg með ólíkindum satt besta að segja, herra forseti, hversu lítinn metnað menn hafa fyrir sjálfs sín hönd og verka sinna að láta hafa sig út í slíkt eða standa að slíku.

Þetta frumvarp um aukna skattlagningu almennings er að mínu mati alveg herfilega misráðið plagg, misráðin ráðagerð, enda stendur ekki á því að nánast allir umsagnaraðilar finna því allt til foráttu að þetta sé afgreitt. Þannig leggjast stærstu samtök launamanna gegn því. Orkufyrirtæki sveitarfélaganna mótmæla því harðlega og reyndar ýmsir fleiri sem ég sé ekki ástæðu til að endurtaka eða rekja hér því grein mun hafa verið gerð fyrir því í fyrri ræðum hér um málið.

Ég sé svo sem ekki ástæðu til, virðulegur forseti, að fara um þetta kannski fleiri orðum. Ég tala hér yfir svo til tómum bekkjunum því aðstandendur málsins eru meira og minna allir flúnir af hólmi. (**PHB:** En formaður og varaformaður?) Alla vega ekki ... (**PHB:** En formaður og varaformaður nefndarinnar?) Já, þeir eru komnir til sögunnar núna sem gleður mig mjög. Hæstv. fjármálaráðherra er ekki hér og hæstv. iðnaðarráðherra er ekki hér. (**PHB:** Á forræði þingsins.) Hv. þm. Pétur Blöndal, ég hef heyrt þetta frammíkall áður, að mál af þessu tagi séu á forræði þingsins. Ætli fjárveitingarnar til Mannréttindaskrifstofu Íslands hafi ekki verið á forræði þingsins? (Gripið fram í.) Já, já, það tókst nú hönduglega eins og dæmin sanna. Það tókst hönduglega. Ætli við höfum ekki einhvern grun um það, hv. þingmaður, sem þekkjum sæmilega til í stjórnmálunum hverjir það séu sem ráða þegar til kastanna kemur og hinn auðsveipi meiri hluti hæstv. ríkisstjórnar, sem er sá slappasti sem ég hef upplifað hér á mínum rúmu tveimur áratugum á þingi, af öllu slöppu, ætti nú ekki að vera að ybba mikið gogg þegar ýmis mál hér ber á góma. (Gripið fram í.)

Ég man ekki betur líka en að einn og einn þingmaður og einn og einn sjálfstæðismaður hafi verið eitthvað að nöldra úti í bæ, jafnvel á þingi, um þessa breytingu í orkumálunum. Er það ekki rétt munað um oddvita minni hlutans í borgarstjórn Reykjavíkur, þ.e. að þar hafi gerst þau undur og stórmerki að þeir bara sameinuðust Pontíus og Pílatus, eða hvað það nú heitir, og oddviti meiri hluta og minni hluta voru sammála um það í umræðum um málið á vettvangi borgarstjórnar Reykjavíkur að auðvitað hefði Ísland átt að reyna að fá varanlega undanþágu frá þessu og það ætti að athuga það þó seint væri. Einhverjir þingmenn Sjálfstæðisflokksins sögðu hið sama eða a.m.k. lýstu hugrenningum í sömu átt og það gekk sú saga að menn væru lítt hrifnir í þingliðinu ýmsir á þessum breytingum. En þetta var keyrt í gegn. (Gripið fram í.) Ég er nú að tala um sjálfa (Gripið fram í.) markaðsvæðinguna, orkutilskipunina. Það er undanfari þessa, hv. þingmaður. En þetta var keyrt í gegn

og menn létu sig hafa að samþykkja það.

Það er ánægjulegt að í þetta skiptið er hv. þm. Pétur Blöndal svona einstaklega glaður yfir skattahækkunum. Hann er nú stundum þekktur fyrir annað. En hér brosir hv. þingmaður út í sal, ræður vart við sig af kæti og kallar fram í í stráksleg gamansemi yfir því að hér skuli vera á dagskrá þetta skattahækkunarfrumvarp á almenning þar sem almennir raforkunotendur eiga að taka að sér að greiða alla skattana, líka fyrir stóriðjuna af því hún er undanþegin þeim á grundvelli langtímasamninga um útsöluverð á rafmagni á grundvelli þessa furðulega kerfis sem ólán okkar Íslendinga hefur orðið að byggja inn í skipan raforkumála okkar. Við sjáum því lítið til lands í þeim efnum að hér lækki eitthvað raforkuverðið til almennra notenda eins og það auðvitað ætti að geta gert. Staðreyndin er sú að ef allt væri með felldu á Íslandi þá ættum við að geta búið við eitthvert hagstæðasta raforkuverð til almennra notenda sem þekktist á byggðu bóli. Það eru meira en allar forsendur til þess hér. Það hefur engin þjóð í heiminum, liggur mér við að segja, aðrar eins aðstæður til þess að búa við hagstæðan sjálfbæran orkubúskap og Íslendingar. En við höfum hressilega klúðrað því hvað varðar stöðu hinna almennu notenda. Það er hlálegt en satt að það skuli þurfa verulegar niðurgreiðslur úr ríkissjóði t.d. til þess að raforkuverð til garðyrkjubænda á Íslandi sé ekki hærra en í Hollandi. Finnst hv. þm. Pétri Blöndal að það sé bara allt í lagi? (**Gripið fram í:** Vantar samkeppni) Það vantar samkeppni, já. Það var lóðið. Það vantar samkeppni. Hún er þá líkleg til að lækna þetta eða hitt þó heldur. Hvað fylgdi samkeppnisfrumvarpinu hérna um áramótin um markaðsvæðingu raforkunnar? Voru það ekki viðbótargreiðslur úr ríkissjóði upp á nokkur hundruð milljónir þar sem átti að auka niðurgreiðslurnar til almennings til húshitunar og auka niðurgreiðsluna til garðyrkjubænda til þess að rafmagnsverðið hjá þeim hækkaði ekki enn meir en ella hefði orðið? Það voru fyrstu áhrif samkeppninnar sem við upplifðum. Samkeppni hvað? Heldur hv. þm. Pétur Blöndal að hann fái einhvern til þess að trúa því að það séu forsendur fyrir eiginlega samkeppni í orkumálum á Íslandi eins og staðan er þar, á þessum litla algerlega lokaða orkumarkaði hér úti í miðju Atlantshafinu, þar sem keppendurnir eru svona tveir og hálfur kannski, ef svo má að orði komast, og ríkið og sveitarfélögin sameiginlega eiga fyrirtækin sem öllu ráða og öllu skipta? (Gripið fram í.) Já, en ætli það verði nú ekki handleggur að selja þetta eins og menn hafa komið fjármálum þeirra nú um sinn?

Þetta frumvarp er alveg með ólíkindum, herra forseti. Það sýnir hvernig kreddan getur borið menn fullkomlega ofurliði. Öll skynsemissjónarmið eru látin lönd og leið og menn standa berir að hlutum eins og þeim sem hér blasa við hverjum manni, að það er alveg einstaklega ólánlegt hvernig þetta hlýtur að leggjast og hvernig byrðin af þessum skattgreiðslum, að svo miklu leyti sem einhverjar verða, eru dæmdar til að lenda á herðum almennra notenda einna sem kaupa að vísu aðeins lítinn hluta orkunnar en leggja til mikinn meiri hluta teknanna engu að síður. Ofan á það fyrirkomulag bætast því byrðarnar af þessum skattgreiðslum. Ofan á það lendir kostnaðurinn af Evróputilskipuninni og markaðsvæðingunni frá því um síðustu áramót. Ég óska stjórnarþingmönnum og ekki síst stjórnarþingmönnum af landsbyggðinni eða þeim sem þekkja til þar alveg innilega til hamingju með þessa viðbót við kraftaverk sín frá því um síðustu áramót.

[21:37]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur ekki á óvart þegar þessi þingmaður tekur til máls um orkumál, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, að hann geri of lítið og nánast ekkert úr því hagræði sem við höfum haft af því á undanförnum áratugum að efna hér til stórvirkjana og stóriðju. Hann minntist á það að hann hefði sest hér á Alþingi fyrir rúmum 20 árum, 1983. Ætli það hafi ekki verið rétt um þær mundir sem þær tekjur sem við Íslendingar höfðum af álverinu í Straumsvík höfðu greitt upp allan stofnkostnaðinn við Búrfellsvirkjun þannig að við áttum hana eftir það gratís og tekjurnar af henni léttu undir með okkur þegar við héldum áfram virkjunum á öðrum stöðum. Ég hygg að hv. þingmanni sé þetta mætavel kunnugt. Ég hygg líka að hann viti það vegna þess að rétt á þeim tíma sem hann var að koma á þing þá hafði þáverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifur Guttormsson, farið með flokkssystkin sín upp á Kárahnjúka og á það svæði til þess að sýna þeim hvernig hann sá í hyllingum fram undan mikið orkuver rísa með stóriðju niður á Reyðarfirði og skildi um þær mundir þann mikla arð og þann mikla hagnað sem við Íslendingar höfum haft af stórvirkjunum og stóriðju. Á hinn bóginn get ég sagt hv. 5. þm. Norðausturkjördæmis Steingrími J. Sigfússyni til hróss að hann hefur ævinlega verið andvígur álverum, andvígur stóriðju. Ég hygg að það eigi eftir að koma á daginn nú að hann sé jafnandvígur því eins og áður að álver og stóriðja rísi á Norðurlandi vegna þess að hann ímyndar sér að á því muni allir Norðlendingar tapa og af því að hann ímyndar sér að þá þyrftu Norðlendingar að greiða hærra orkuverð en ella sem er auðvitað tóm vitleysa.

[21:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður telur að það hafi staðið þannig um 1983 þegar undirritaður tók sæti á Alþingi að Búrfellsvirkjun hafi verið um það bil búin að greiða sig upp. Hv. þingmaður er nú ekki vel að sér í sögunni. Er hv. þm. Halldór Blöndal búinn að gleyma því að ítrekað á áttunda áratugnum sérstaklega varð að hækka raforkuverðið til almennra notenda til að forða Landsvirkjun frá gjaldþroti vegna þeirra ótrúlega lélegu samninga sem gerðir voru í upphafi við Ísal og hverjum ekki fékkst breytt fyrr en nefndur Hjörleifur Guttormsson, þáverandi iðnaðarráðherra, hafði sannað svindl á fyrirtækið, hækkun í hafi, og fyrirtækið valdi það til að komast hjá dómi í alþjóðlegum gerðardómstóli í New York að gangast inn á samninga um verulegar greiðslur og hækkanir á raforkuverðinu? Þetta liggur fyrir. Þetta er skjalfest. Þetta er sannað. Það vita auðvitað allir sem þekkja til þessarar sögu að samningarnir sem voru gerðir um raforkuframleiðsluna upphaflega til Ísals voru algjörlega út úr öllu korti. Menn notuðu þá m.a. til réttlætingar þeim að það væru síðustu forvöð að reyna að selja eitthvað af rafmagni á Íslandi af því að kjarnorkan

væri að koma og verða svo ódýr að hún væri að leysa þetta allt af hólmi. Milljarðarnir sem hins vegar hafa komið í kassann, tikkað í kassann síðan vegna þess að það tókst að fá þessu verði breytt og það hækkað, hafa skipt miklu máli. Þar á einn maður, Hjörleifur Guttormsson, öllum öðrum meira hrós skilið nema ef vera skyldi fyrir hans helsta aðstoðarmann Inga heitinn R. Helgason.

Það sem ég var aðallega að leggja hér áherslu á — en ég er alveg tilbúinn í umræður við hv. þingmann um málin almennt — var sú óskaplega villa að ganga ekki frá því strax í byrjun að framleiðslan til stóriðjunnar væri í sérfyrirtækjum, algerlega aðskilin og truflaði ekkert fjárfestingar og verð á (Forseti hringir.) hinum almenna notendamarkaði.

[21:41]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar farið er að tala um Hjörleif Guttormsson sem helsta brautryðjanda stóriðjuframkvæmda og stóriðjurekstrar hér á landi þá minnir það á þegar menn úr svipuðum flokki töluðu um Jósef Stalín sem mesta friðarhöfðingja veraldarinnar fyrr og síðar. (**SJS:** Ja, hérna ...) Það er auðvitað svo ... (**SJS:** Góða kvöldið.) Já, gott kvöld. Ég (Gripið fram í.) vil taka það sérstaklega fram (**Gripið fram í:** ... ekki forseti þingsins ...) að ... Forseti þingsins talaði, já, og er nýbúinn að lesa ýmsar bækur m.a. eftir nóbelsskáld okkar Halldór Laxness þar sem minnst er lítillega á þennan mikla leiðtoga friðarins fyrir austan. Ef hv. þingmaður hefur ekki lesið Halldór Laxness þá get ég vísað honum á ýmsar góðar bækur, t.d. Gerska ævintýrið, Fótatak manna og ýmislegt annað þar sem þessu er lýst, eða Í austurvegi t.d. Þar eru nú heilu friðarræður Jósefs Stalíns teknar upp og má svo sem vitna í ýmsa aðra menn úr því gamla Alþýðubandalagi og gamla Kommúnistaflokki sem hafa kunnað mjög að meta þann mann. Það voru einmitt menn úr þessum sama flokki sem stóðu harðast og fastast gegn stóriðjuframkvæmdum og stóðu gegn því að virkjað yrði við Búrfell.

Eins og fram kom hjá hv. þingmanni áðan þá fór nú svo eins og fyrir séð var að orkusalan frá þeirri virkjun borgaði hana að fullu og öllu og hefði auðvitað gert það hvort sem það fyrirtæki hefði verið sérstakt eða ekki því auðvitað hefði þurft hlutafé til að koma ef það fyrirtæki hefði sérstaklega verið stofnað til þess að reisa þá virkjun. Það stendur því og það er ljóst að sá mikli arður og þau miklu auðævi sem við eigum í Landsvirkjun eru vegna stórvirkjana. Því vilja líka ýmsir (Forseti hringir.) reisa nú á Norðurlandi álver við Skjálfanda eða Eyjafjörð eins og hv. þingmaður veit.

[21:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera trú hv. þingmanns Halldórs Blöndals að við værum hér lepjandi dauðann úr skel ef ekki hefði komið til hin erlenda stóriðja. Það er þá öll trúin og öll virðingin sem hv. þingmaður ber fyrir öðru atvinnulífi í landinu, fyrir öðrum atvinnugreinum, fyrir nýjum atvinnugreinum sem hafa verið að blómstra hér í þessu landi. Það er eins og þær skipti allar saman engu máli, að það sé ekkert nema stóriðjan sem hafi nokkurn tímann fært hér nokkra björg í bú. (**HBl:** Hvað segir þingmaðurinn um stóriðju ...) Ég sagði ekki, hv. þingmaður, að Hjörleifur Guttormsson væri helsti brautryðjandi stóriðju í landinu. Það var útúrsnúningur hv. þingmanns. (Gripið fram í.) Það sem ég sagði var að það væri Hjörleifi Guttormssyni öðrum mönnum fremur að þakka að það tókst að knýja fram hækkanir (**Gripið fram í:** Gróða?) á raforkuverðinu frá Straumsvík til Landsvirkjunar. Það var sú sögulega staðreynd sem ég var hér að rifja upp og hún stendur. Hún verður ekki hrakin. Hún er algerlega borðleggjandi.

Varðandi afstöðu manna hér fyrr á tíð til erlendrar stóriðju þarf ég í sjálfu sér ekki að svara hér fyrir. Ég þarf ekki að svara hér fyrir menn sem voru í öðrum flokkum á annarri öld. Varðandi meginákerslu vinstri manna og þeirra sem andæfðu stóriðjunni eins og að henni var staðið á tímum Búrfellsuppbyggingarinnar þá hygg ég að þeir hafi haft þá afstöðu að þeir væru á móti orkuútsölu til erlendrar stóriðju og að þeir vildu að Íslendingar sjálfir hefðu frumkvæði að uppbyggingu iðnaðar til að nýta orkuna. Ætli þetta sé nú ekki nokkurn veginn að láta þessa menn njóta sannmælis, auk þess sem margir þeirra höfðu áhyggjur af umhverfinu þá þegar. Þegar svo forseti Alþingis, virðulegur þingmaður Halldór Blöndal, kemur hér með Jósef Stalín eina ferðina enn til þess að reyna nú að hengja þann kóna ofan á mínar herðar þá dæmir það sig sjálft. Aumingja blessaður maðurinn að hafa nú ekkert málefnalegra að leggja inn í umræður um þetta mál en að nefna til sögunnar þann níðing (Gripið fram í.) sem var afhjúpaður í ræðu austur í Moskvu þegar ég var á fyrsta aldursári.

[21:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil segja fáein orð um þetta mál. Auðvitað er það hluti af því ferli sem stjórnvöld hafa sett af stað vegna samkeppnisvæðingar á raforkumarkaðnum. Ég ætla ekki að endurtaka umræðuna um tilurð þess leiðangurs en ég kemst þó ekki hjá því að segja að mér finnst menn flýta sér of hratt. Fólkið í landinu er enn þá í óvissu um afleiðingarnar af fyrsta skrefinu í hinni svokölluðu samkeppnisvæðingu sem á svo að ganga yfir allt um næstu áramót. Ég tel mikils vert að rugga þessum bát ekki meira en þarf.

Ég tel að menn séu að flýta sér of mikið með því að klára þessi mál líka til viðbótar núna. Það getur ekki legið svo á að koma á skattlagningu á þessi fyrirtæki sem ekki hafa borgað skatta fram að þessu, að koma með þá lagasetningu beint í kjölfarið á hinni fyrri. Ég held að það væri til bóta að menn létu þetta mál bíða fram á næsta vetur. Þá væru menn a.m.k. búnir að sjá afleiðingarnar af breytingunni sem orðin er. Ég held að gott væri að menn fengju líka að lifa næstu áramót áður en þeir taka afstöðu til þeirra hluta sem hér er verið að leggja til. Um næstu áramót ætti að vera farið að sjást í hvort einhvers konar samkeppni á raforkumarkaði geti komið almenningi til góða . Mér er það ekki ljóst og ég held að sé ekki nokkrum manni ljóst í dag hvort þessir hlutir muni ganga eftir eins og menn vona.

Ég hef nú stundum sagt það áður í umræðu um þennan samkeppnisgeira sem þarna á að verða til að ég hef áhyggjur af því að hluti þeirrar samkeppni verði þannig að hún

muni koma mönnum mjög á óvart. Það er veruleg hætta á því að það verði til samkeppni um afgangsraforku, viðbótarraforku, t.d. á góðum sumrum, eða af því menn hafi virkjað pínulítið meira en orkumarkaðurinn geti tekið við. Þá er þessi markaður ekki venjulegur heldur er búið að fjárfesta í sjálfum virkjununum og allur stofnkostnaðurinn er kominn. Framleiðslukostnaður á raforku er nánast enginn þegar stofnkostnaðurinn er kominn. Þetta þýðir að eigi fyrirtæki orku sem þau geta selt þá er hægt að selja hana fyrir mjög lítinn pening, einfaldlega vegna þess að allt er betra en ekkert þegar menn hafa allan kostnaðinn á sér hvort sem er.

Ég bið menn að útskýra fyrir mér hvernig eigi að koma í veg fyrir að hér verði seld raforka á algjörum spottprísum þegar þannig hagar til. Ef ekki, hvar er þá samkeppnin? Þetta er áhyggjuefni sem menn hafa ekki lagt á sig að ræða í sölum Alþingis síðan farið var að ræða þessa einkavæðingu framtíðarinnar sem hér er stefnt að.

Það má líka velta fyrir sér þeirri skattlagningu sem hér er á ferðinni. Eins og ég sagði er ég á móti því að menn komi með hana nú strax. Ég tel reyndar að í framtíðinni verði ekki undan því vikist að búa til svipað umhverfi í þessum rekstri eins og öðrum rekstri í landinu, einfaldlega vegna þess að það hefur verið ákveðið að almennir aðilar, einkafyrirtæki, komi inn í framleiðslu og sölu á raforku. Þá er auðvitað ekki hægt annað en hafa álíka skattaumhverfi fyrir þau fyrirtæki. Það segir samt ekki að ganga þurfi það mál núna, á meðan menn eru ekki búnir að átta sig á því hvernig hlutirnir muni ganga fyrir sig.

Við höfum séð að hjá einstökum fyrirtækjum, orkuframleiðslufyrirtækjum í landinu, hafa orðið hækkanir. Hjá Orkuveitu Suðurnesja segja menn að hækkunin hafi verið 15%. Við höfum heyrt héðan og þaðan af landinu af fólki sem hefur verið að fá reikninga. Þar er talað um verulega miklu meiri hækkanir. Reynslan á þessa hluti er ekki komin. Þess vegna finnst mér menn ganga allt of hratt fram með því að klára þau mál sem hér er lagt til að verði afgreidd í þinginu.

Það er alveg hárrétt sem hér hefur komið fram að samningar um stóriðju eru til langs tíma. Fyrirtækin sem hér á að skattleggja, þ.e. Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja, eru öll með langtímasamninga um sölu á orku til stóriðju. Þeir langtímasamningar gera ekki ráð fyrir því að greiddir séu skattar af tekjunum með þeim hætti sem hér er lagt til. Það hlýtur að vera umhugsunarefni hvort stjórnvöld geti gengið fram með þeim hætti gagnvart orkufyrirtækjunum eins og ætlunin er að gera. Þarf ekki að setjast yfir það hvort ekki eigi að ganga til móts við þessi fyrirtæki hvað varðar þá samninga sem gerðir hafa verið. Það er hægt að velta því fyrir sér á ýmsan máta. Það er t.d. augljóst að ef Landsvirkjun á að hala inn fjármuni til viðbótar fyrir þeim sköttum sem hér er gert ráð fyrir að verði lagðir á þá verða þeir ekki sóttir annað en í almenna raforkusölu Landsvirkjunar á innanlandsmarkaðnum. Það gæti hækkað raforkuverð almennings verulega.

Sveitarfélögin hafa mótmælt þessu á þeim forsendum. Þau hafa bent á að þessi fyrirtæki eru mörg hver í eigu sveitarfélaganna. Þau hafa farið mjög ákveðið fram á það að hitaveiturnar verði undanþegnar. Það er skiljanlegt vegna þess að auðvitað eru einkaleyfi á bak við hitaveiturnar og ekki um neina samkeppni um orkusöluna að ræða þar sem einkaleyfin eru.

Ég tel að hér hafi menn gengið of hratt fram og eigi að doka við. Það er mín skoðun að best væri að þessu máli yrði lagt, afgreiðslu þess frestað og að menn tækju málið upp aftur eftir næstu áramót. Eins og ég sagði áðan ætti þá að vera betur komið í ljós hvernig mál hafa skipast hvað varðar orkuverð. Þá ætti líka að vera komið betur í ljós hvort einhvers konar samkeppnisumhverfi er að verða til í raforkugeiranum. Þá ætti almenningur í landinu líka að vera búinn að átta sig svolítið á því nýja umhverfi sem hér er að skapast.

Hér væri hægt að hafa langt mál um þetta efni. Ég ætla ekki að gera það. Ég tel að ég hafi komið því á framfæri sem ég ætlaði mér. Ég ætlaði fyrst og fremst að leggja til að menn veltu fyrir sér af fullri sanngirni hvort skynsamlegt væri að klára þessi mál með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég tel einsýnt að menn eigi ekki að gera það og að frestun fram á næsta vetur væri skynsamlegasta niðurstaðan. Ég ætla ekki að endurtaka það, hæstv. forseti.

[21:56]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga sem mun beinlínis hafa þær afleiðingar að auknar álögur leggist á fólkið í landinu. Jafnframt er mjög líklegt að þær álögur komi misjafnlega niður og komi verst niður á köldustu svæðum landsins, þeim svæðum sem oft hafa verið nefnd köld svæði, þar sem ekki finnst jarðvarmi, sem er algengasti orkugjafinn til húshitunar og er í langflestum tilfellum verulega til hagræðis fyrir þá íbúa sem hans fá notið. Þetta er þekkt staðreynd á Íslandi.

Ég hefði einnig haldið, virðulegi forseti, að það væri þekkt að ekki er með auðveldum hætti hægt að koma á beinni samkeppni í sölu á heitu vatni til húshitunar. Manni sýnist a.m.k. sem það sé mun erfiðara en í þeirri tilraun sem nú er verið að gera með því að koma á samkeppni á raforkumarkaðnum. Reyndin er sú að niðurstaðan af þeim frumvörpum sem hér hafa verið keyrð í gegn, til breytinga á raforkulögum, er að raforkuverð hefur hækkað víða á landinu og hækkað mjög misjafnlega eftir svæðum. Orkukaup einstaklinga í raforku eru verðlögð með ýmsum hætti. Þau eru m.a. dýrari fyrir íbúa þar sem eru færri en 200 íbúar í sveitarfélagi.

Ég verð að segja eins og er, hæstv. forseti, að sú niðurstaða sem fram kemur í athugasemdunum sem ég ætla að leyfa mér að vitna í, með leyfi forseta, vekur margar spurningar sem rétt er að ræða áður en maður snýr sér að öðru í þessu frumvarpi. Í athugasemdum við lagafrumvarp þetta segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar nýrra raforkulaga, nr. 65/2003, sem fela í sér heildarendurskoðun á löggjöf um vinnslu, flutning, dreifingu og sölu raforku. Frumvarpið er samið af starfshópi sem fjármálaráðherra skipaði 11. desember 2000 um skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það fyrir augum að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði í takt við almenn samkeppnissjónarmið."

Síðan segir:

„Það var niðurstaða starfshópsins" — eftir fimm ára

starf — „að rökréttast væri að skoða starfsemi orkufyrirtækja heildstætt en ekki einungis raforkustarfsemina, enda ýmsum vandkvæðum bundið í skattalegu tilliti, vegna þess hversu blandaður rekstur orkufyrirtækjanna er, að skilja á milli kostnaðar vegna sölu á raforku annars vegar og heitu vatni hins vegar. Jafnframt taldi starfshópurinn nauðsynlegt að orkugeirinn sem heild byggi við sambærileg skattaleg skilyrði, ekki síst út frá almennum samkeppnissjónarmiðum."

Virðulegur forseti. Ég held að það sé alveg nóg fyrir hvern venjulegan Íslending að lesa eingöngu þetta. Hér er verið að segja að menn fari af stað í þá vegferð sem við erum hér að ræða, um skattlagningu og skattskyldu orkufyrirtækja, leggi af stað með það fyrir augum að bæta þessu inn á raforkufyrirtækin í kjölfar þeirra misheppnuðu aðgerða, vil ég segja, sem hæstv. iðnaðarráðherra stóð fyrir og við höfum rætt nokkrum sinnum í sölum Alþingis. Menn komast þá að þeirri niðurstöðu að af því að orkufyrirtækin starfi á fleiri sviðum en bara við að selja raforku skuli fara í skattlagningu á hitaveitunum líka. Ætli næst verði þá ekki farið í skattlagningu á vatnsveitunum sem sum fyrirtæki reka einnig? Hvernig á að meta hagkvæmni þess þegar fyrirtæki eins og Hitaveita Reykjavíkur getur lagt í sama skurðinn hitaveitulögn og vatnsveitulögn svo að eitthvert öfgadæmi sé tekið þegar verið er að bera saman fyrirtæki sem eru í rekstri? Sums staðar er bara um raforkufyrirtæki að ræða og á sumum svæðum landsins, einkanlega hinum köldu, er eingöngu verið að kaupa raforku til húshitunar.

Bara þessi aðstöðumunur landsmanna gerir það að verkum að þeir greiða mjög mismunandi verð fyrir og hafa mjög mismunandi kostnað af því að kynda heimili sín. Það er mjög mismunandi eftir einstökum landsvæðum hvaða hlutfall launa fólks fer í það að kynda húsnæði sitt.

Niðurstaða þessa starfshóps var að það væri sennilega erfitt að skattleggja bara raforkufyrirtækin ef það ætti að fara þessa leið. Af því að þau væru í blönduðum rekstri skyldi bara skattleggja allt. Sú varð niðurstaðan.

Þessi ríkisstjórn skattalækkunarstefnunnar sem hefur verið að hæla sér svo mikið af því að lækka skatta hér á landi, sem eins og við vitum hefur mistekist svo hrapallega að það hefur eingöngu komið hátekjufólkinu til góða og lágtekjufólkið setið eftir, er núna á sérstakri vegferð í því að hækka skatta. Hún fer lengra í því verki sínu en lagt var af stað með í upphafi. Þá átti vegferðin eingöngu að ná til raforkufyrirtækja en nú hefur hún ákveðið að skattleggja alla orku svo að allir fái nú að borga viðbótarskattahækkun.

Það er von að hv. þm. Pétur Blöndal gleðjist yfir þessu. Hann var ofboðslega glaður og velti sér um í dauðum laufblöðum þegar við vorum í umræðunni um lækkun skatta á haustþinginu þó að honum væri margsýnt fram á hversu hörmulega misjafnlega það kæmi út eftir því hve háar tekjur fólk hafði. En látum það liggja á milli hluta.

Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að það hefði náttúrlega verið langbesta niðurstaðan ef menn hefðu ákveðið í efnahags- og viðskiptanefnd sem fjallaði um þetta mál að réttast væri að setja það bara í salt, geyma það.

Verð ég ekki að segja að það sé alveg dásamleg viska sem kemur út úr þessum starfshópi fjármálaráðuneytisins? Hann kemst að þeirri niðurstöðu eftir nærri fimm ára starf að af því að sennilega takist ekki að skattleggja bara raforkufyrirtækin skuli skattleggja alla sem eru með einhvers konar starfsemi að því er snýr að þessari almannaþjónustu varðandi hitaorku, hvernig svo sem menn ætla að fara að því að sýna fram á forsendurnar sem gefnar voru í upphafi starfsins í þessum starfshópi. Í kjölfar nýrra raforkulaga sem átti að efla samkeppni átti að sýna hvernig þeirri samkeppni yrði komið við í hitaveitulögnunum. Ég er ekki alveg búinn að átta mig á því, hæstv. forseti. Það kann að vera að sú samkeppni geti orðið virk í raforkugeiranum þó að ég dragi það í efa. Það er þó a.m.k. hugsað þannig að í framtíðinni geti almenningur samið við hvern sem er sem selur rafmagn. Ég sé þó ekki hvernig það getur náð til hitaveitufyrirtækjanna.

Mér finnst, virðulegi forseti, að í þessu máli sé enn frekar verið að skipta þessari þjóð upp í tvo hópa. Annar hópurinn býr á köldu svæðunum, kaupir dýrustu orkuna til að halda húsum sínum heitum og var að fá á sig verulegar hækkanir í kjölfar lagasetningar iðnaðarráðherra. Þó var upplýst í sölum Alþingis að sú lagasetning ylli sáralítilli, ef nokkurri, hækkun á raforkuverði. Niðurstaðan hefur reynst allt önnur.

Ég veit ekki hvernig er með stjórnarþingmenn en ég veit að við í Frjálslynda flokknum fáum annað slagið tölvupósta. Síðast í dag, 26. apríl, fékk ég einn sendan. Í þessum póstum er yfirleitt verið að segja okkur hvernig hækkun á raforkuverði kemur út á landsbyggðinni. Þessi tölvupóstur sem ég er hér með frá deginum í dag er frá Grundarfirði. Þar segir:

„Ég bý í Grundarfirði. Samkvæmt því hefur rafmagnið hjá mér hækkað um 5.000 kr. á mánuði, eða um 25%. Á sama tíma hafa laun mín sem sjómanns lækkað um svipaða prósentu. Þetta finnst mér ekki vera óveruleg hækkun eins og stjórnarþingmenn hafa haldið fram."

Þetta segir í þessu bréfi, með leyfi forseta.

Þetta er bara einn af fjölmörgum pappírum sem við fáum í stjórnarandstöðunni en ég veit ekki hvernig stjórnarþingmönnum vegnar í því að fá svona upplýsingar. Þetta er ekki versta dæmið sem við höfum fengið í hendur. Til eru dæmi um meiri hækkanir en hér var sagt frá. Þetta er afleiðingin af raforkulögunum, afleiðingin af því sem þar var keyrt í gegn. Ég minni á það að við hv. þm. Steingrímur Sigfússon lögðum fram breytingartillögu á haustmánuðum við það mál og lögðum til að þau lög tækju ekki gildi fyrr en eftir ár þannig að menn hefðu tíma til að skoða hvaða afleiðingar þau hefðu. Þá þyrftu menn ekki að vera að fást vandamál sem þegar væru skollin á fólkinu með tilheyrandi kostnaði, heldur gætu menn reiknað sig inn í það hvað þau þýddu. Þá hefðum við getað náð að gera einhverjar ráðstafanir úr því að menn lögðu svo mikið kapp á að keyra fram þau lög að það var ekki nokkur leið að halda í sér hlandinu, virðulegur forseti, verð ég að segja til þess að láta það ekki bitna á fólkinu í landinu eins og nú hefur skeð.

Í kjölfarið erum við svo að ræða skattálögur á orkufyrirtækin. Hvar skyldi það enda ef það gengi fram? Það er ekki að sjá annað en að hv. stjórnarliðar ætli að keyra þetta mál fram með meirihlutavilja sínum á Alþingi. Miðað við þær umsagnir sem okkur hafa borist og miðað við það sem maður getur sjálfur lagt niður fyrir sér varðandi það þegar

aukinn kostnaður er lagður á fyrirtæki í orkugeiranum mun það þýða að þau setja hann að öllu jöfnu út í verðlagið. Það verður sem sagt neytandinn sem borgar hærra verð, alveg nákvæmlega eins og gerðist með raforkulögunum, alveg nákvæmlega eins og mun halda áfram að gerast í raforkulögunum þar sem krafan um arðsemi er inni.

Krafan um aukna arðsemi mun leiða til þess að orkufyrirtækin þurfa að ná inn meiri hagnaði á komandi árum. Ef skattlagning orkufyrirtækjanna bætist svo við mun það þýða enn þá dýrari orku til neytendanna, þeirra sem kaupa hitaorkuna. Það verður dýrara að kynda húsin og dýrast þar sem það er dýrast fyrir. Það sýnist mér vera, hæstv. forseti, vegna þess að krafan í frumvarpinu er að orkufyrirtækin skuli ná inn hagnaði og greiða arð. Þau greiða væntanlega ekki arð nema þau hafi álögurnar þannig á orkuna að það sé hagnaður í fyrirtækjunum. Þau geta ekki staðið undir því. Síðan kemur krafan um að borga tekjuskatt til viðbótar sem mér sýnist að allt að einu muni enn hækka álögur á almenning.

Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti: Er ykkur stjórnarliðum ekki sjálfrátt? Þið sjáist engan veginn fyrir í þessum verkum. Trúa menn ekki svona pappírum? Trúa menn ekki orkureikningum eins og þeim sem ég er með í höndunum? Ætla stjórnarliðar að halda því fram að þeir pappírar sem þegnar þessa lands eru að senda okkur þingmönnum séu blekking? Þessi orkureikningur, hæstv. forseti, er frá Rafmagnsveitum ríkisins. Hann er ekki einsdæmi eins og ég gat um. Það er algjörlega ljóst að mínu viti að gangi þetta eftir, verði þessi lagasetning gerð núna á Alþingi um skattskyldu orkufyrirtækja, mun það aðeins þýða það að orkuverð hækkar enn frekar. Er ekki nóg komið?

Þar sem við erum farin að reikna með því í stjórnarandstöðunni að stjórnarliðum sé alls ekki sjálfrátt í þessum málum og sjáist ekki fyrir í keppni sinni við að finna upp nýjar álögur á almenning og nýja skattskyldu sem almenningur borgar höfum við í Frjálslynda flokknum, þ.e. okkar fulltrúi sem er áheyrnarfulltrúi í efnahags- og viðskiptanefnd, lagt fram tillögu um það að ef stjórnarliðar leggja svona ofurkapp á að samþykkja þessi lög verði virkni laganna a.m.k. frestað. Við leggjum til að lögin komi alls ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 2012, þá með skattlagningu á árinu 2013 vegna tekna á árinu 2012, ef af yrði.

Við leggjum einnig til að bráðabirgðaákvæði verði bætt við þetta frumvarp um það að á árinu 2009 verði skipuð sérstök nefnd til að meta áhrif skattskyldu samkvæmt þessum lögum, það verði sem sagt lagt mat á það samkvæmt tillögu okkar áður en lögin koma til framkvæmda hvað þetta þýðir í reynd eftir landsvæðum, eftir því hvort um er að ræða hitaveitusvæði eða raforkusvæði þar sem fólk býr eingöngu við raforku til að halda hita á húsum sínum, og þjónustusvæðum þeirra fyrirtækja sem þá verða að þjónusta landsmenn að þessu leyti.

Það eru boðaðar breytingar af hendi stjórnvalda á orkumarkaðnum. Hæstv. iðnaðarráðherra hefur látið hafa það eftir sér að rétt væri að stefna að sameiningu orkufyrirtækja hér í landi og sameina Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða og Rarik í eitt fyrirtæki, þannig að fyrirhugaðar eru verulegar breytingar af hendi stjórnvalda.

Við skulum vona, hæstv. forseti, að þegar næst verður kosið til Alþingis í landinu falli núverandi ríkisstjórn svo landsmenn þurfi ekki að eiga von á því að menn ætli að keyra slík mál fram án nánari skoðunar. Breytingartillaga okkar gengur auðvitað fyrst og fremst út á það að lögin komi ekki til framkvæmda og menn taki sér tíma til að sjá hvernig málin munu þróast á næstu árum, hvort okkur takist m.a. í hv. Alþingi að koma með lagfæringar á raforkulögunum þannig að þar verði meiri jöfnuður en hefur fylgt þeirri lagasetningu og það takist með annaðhvort niðurgreiðslum eða breytingum á umhverfinu að gera það að verkum að íbúar landsins fái ekki á sig svo geysilega mismunandi hækkanir á orkukostnaði heimilanna eins og reyndin er í kjölfar raforkulaganna.

Ef núverandi ríkisstjórn fer í sameiningu orkufyrirtækjanna á næstu tveimur árum, sem sagt á þessu kjörtímabili, held ég að það væri líka gott að við hinkruðum með allar breytingar varðandi skattskyldu orkufyrirtækja þangað til það skref væri stigið, sem ég vona að verði ekki. En miðað við verk ríkisstjórnarinnar er ekki von á því að menn snúi af þeirri braut sem mörkuð hefur verið að þessu leyti hvað sem það kostar neytendur í landinu. Það er ekki verið að hugsa um það. Það er hið skrýtna í málinu. Það er ekki verið að hugsa um hag fólksins almennt í landinu við breytingarnar. Það virðist eingöngu vera farið út í þetta á þeim forsendum að ná skattlagningu á orkufyrirtækin almennt og eins og ég gat um í upphafi máls míns komst nefndin að þeirri niðurstöðu að rétt væri að skattleggja öll orkufyrirtækin af því að það væri sérstaklega erfitt að skattleggja bara raforkufyrirtækin. Þess vegna var hitaveitufyrirtækjunum bætt við og sennilega bæta menn vatnsveitunum við líka innan tíðar og skyldi nú ekki vera að ég væri sannspár í því að menn ætluðu að fara þangað líka.

Að öllu samanlögðu, hæstv. forseti, er niðurstaða okkar í Frjálslynda flokknum sú að best væri að láta málið sofna og það færi aldrei lengra en í 2. umr. En af því að því er ekki að treysta að vit ráði för hjá stjórnarliðum komum við með þá breytingartillögu að lögin taki ekki gildi fyrr en að loknum verulegum árafjölda og áður en þau taki gildi verði málið skoðað á nýjan leik og metið hvaða áhrif mundu verða af slíkri breytingu miðað við starfsumhverfi orkufyrirtækja í landinu þá og orkuverð til neytenda.

Niðurstaða mín, hæstv. forseti, af málinu er í stuttu máli sú að mér sýnist enn á ný verið að auka mismunun í landinu og að aðgerðin muni bitna harðast á þeim svæðum þar sem orkuverðið er hæst, að óbreyttum lögum um að öll orkufyrirtæki skuli ná arði miðað við raforkulögin mun krafan um skattgreiðslur einnig bætast þar við. Þó svo gert sé ráð fyrir að sum fyrirtæki séu í það miklum fjárfestingum og hafi það miklar afskriftir að þau muni ekki fara að greiða skatta á næstunni er það ekki algilt og kemur fram bæði í umsögn Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrir liggur í umsögnum að fyrirtæki telja að kostnaðurinn muni fara beint út í verðlagið. Fyrirtækin ráða því hvernig þau setja fram kostnaðaráætlanir sínar um orkuverðið og sporin frá síðasta hausti og dæmið á orkureikningnum sem ég var að veifa áðan, sem er bara einn af mörgum sem við höfum fengið senda, sýnir að full ástæða er til að fara varlega. Þess vegna skulu það vera lokaorð mín, hæstv. forseti, að mælast til þess að fulltrúar ríkisstjórnarinnar í hv. Alþingi skoði

hug sinn vandlega og athugi hvort ekki sé eðlilegt að flýta sér hægt. Flas er sjaldan til fagnaðar og ég held að reynslan af setningu raforkulaga og þær afleiðingar sem hafa fylgt því víða á landinu, einkum á köldu svæðunum og dýrustu orkusvæðunum, séu dæmi um að við fórum nokkru offari við setningu raforkulaganna.

Það er auðvitað hægt að halda því fram að mönnum gefist tími til að lagfæra eitthvað í framtíðinni og vonandi gera menn það. En ég á eftir að sjá að þeir sem þegar hafa fengið orkureikninga fái endurgreiðslu og lagfæringu á stöðu sinni. Staðan hefur enn ekki verið lagfærð hjá fólkinu sem hefur fengið tugprósentna hækkun þó svo það sé látið í veðri vaka annað slagið í þessum ræðustól.

[22:22]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Við ræðum frumvarp sem er afleiðing breytinga á raforkumarkaði sem er afkvæmi Framsóknarflokksins. Það er mjög sérstakt að verða vitni að því í dag og í allri umræðunni að enginn framsóknarmaður skuli taka til máls vegna þess að ég hélt einmitt að þeir væru stoltir að koma hingað og leiðrétta umræður, því menn hafa ítrekað bent á að breytingarnar valda mikilli hækkun á þeim sem síst skyldi sem er afleiðing stefnu hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, um að koma á einhverri markaðsvæðingu í þessum geira. Vel að merkja er þetta markaðsvæðing opinberra fyrirtækja þar sem fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sitja að mestu leyti.

Það er óverjandi að senda fólki þessa reikninga sem eru óskiljanlegir. Ég er með rafmagnsreikning frá Rafmagnsveitu ríkisins sem var sendur manni á níræðisaldri á Skagaströnd sem sýnir 160% hækkun vegna hins nýja fyrirkomulags á raforkumarkaði og frumvarpið um skattlagningu mun enn auka á hækkunina. Ég krefst þess að framsóknarmenn sýni dug og útskýri fyrir fólki sem hlýðir á umræðuna hvað sé í gangi. Ég sé að hv. þm. Dagný Jónsdóttir er í salnum og hún getur ef til vill útskýrt þetta. Hvers vegna er verið að senda fólki þessa háu reikninga með 160% hækkun?

Starfsmaður Rariks hafði samband við mig og sagði að þetta væri misskilningur, að þetta væri ekki svo mikil hækkun. En hvers vegna skýrir hann það þá ekki út fyrir fólkinu sem er að fá reikningana? Maður á níræðisaldri er að fá reikninga með 160% hækkun. Það skilur enginn neitt í þessu, enda hefur það m.a. komið fram í samtölum og bréfasendingum að ekki er útséð um hver hækkunin er. Samt sem áður ætlar Framsóknarflokkurinn að hækka meira, enn og aftur, og maður furðar sig á því hversu langt á að ganga gagnvart fólki á landsbyggðinni vegna þess að þeir sem greiða hæstu orkureikningana munu einmitt verða mest fyrir barðinu á þessu. Ég skora á hv. stjórnarþingmenn að greiða atkvæði með breytingartillögu okkar í Frjálslynda flokknum sem byggir á því að skattskyldan muni ekki koma til framkvæmda fyrr en árið 2012. Þá er hægt að sjá fyrir endann á þeirri vitleysu sem nú er uppi, senda 18 blaðsíðna reikninga.

Fólk af Snæfellsnesinu hafði samband við mig í dag. Kannski er það misskilningur en það er að fá 25% hækkun. Ég tel miklu frekar að stjórnarþingmenn ættu að koma í veg fyrir misskilning og útskýra fyrir fólki hvað sé í gangi. Hvers vegna er verið að hækka svona mikið? Hæstv. iðnaðarráðherra var í þessum ræðustól og talaði um einhverja 100 kr. hækkun, en því miður var það ekki 100 kr. hækkun, það var ekki 1.000 kr. hækkun heldur tugþúsund kr. hækkun á neytendur landsins. Ég botna ekki í því hvað er í gangi. Svo þegar lagt er fram frumvarp um að fresta þessu liggur svo á að hækka verðið og koma á auknum sköttum að það er ekki við neitt ráðið. Maður fer að halda að þingmönnum stjórnarinnar sé ekki sjálfrátt í hækkunaráráttu á fólkið, nema það sé misskilningur að verið sé að hækka raforkuna um 25% á Snæfellsnesi eins og fram hefur komið í umræðunni og símtali. Það var hringt í mig í kvöld. Það er verið að hækka um 20–25%. Þetta er algerlega óskiljanlegt.

Sjálfstæðismenn hafa komið hér, og verður að virða það, og reynt að verja skattahækkunina. Að vísu vitnuðu þeir í Hjörleif Guttormsson, það voru helstu rökin, og í löngu genginn mann, Jósef Stalín, sem var fæddur á 19. öld og dáinn um miðja 20. öld eftir því sem ég best veit. Það eru helstu rök Sjálfstæðisflokksins fyrir skattahækkuninni. Maður skilur ekkert í því að menn komi ekki og reyni að útskýra hvað liggur á og af hverju menn láta ekki breytingarnar á raforkumarkaðnum ganga yfir áður en Sjálfstæðisflokkurinn fer í enn eina skattahækkunina. En búið er að boða aðra skattahækkun. Það er verið að hækka dísilolíuna, það á að setja á hana mikla skatta sem er hluti af skattaáráttu Sjálfstæðisflokksins. Þegar ég sé hv. þm. Dagný Jónsdóttur í salnum minnir það mig á skólagjöldin sem var eitt af baráttumálum Framsóknarflokksins um síðustu áramót, að hækka þau, það voru álögur sem voru hækkaðar á almenning og svo má lengi telja.

Að vísu voru skattar eitthvað lækkaðir hjá þeim sem hafa hæstu tekjurnar. Ekki var farin sú leið sem við í Frjálslynda flokknum og stjórnarandstaðan vildum fara, að hækka skattleysismörkin. Nei, skattprósentan var lækkuð eitthvað lítillega og það er mjög sérstakt. Þegar verið að ræða skattaáráttu Sjálfstæðisflokksins hvað varðar raforku, dísilolíu, skólagjöld og áfengisgjöld, skerðingu vaxtabóta og hækkun á aukatekjum ríkisins, veltir maður fyrir sér hvernig standi á þessu. Jú, staðreyndin er sú að umsvif hins opinbera hafa aldrei verið meiri en nú og hafa aukist gríðarlega í valdatíð Sjálfstæðisflokksins. Flokkurinn sem segist ætla að minnka báknið hefur á síðustu dögum þingsins boðað að setja á stofn nýja ríkisstofnun, Ferðamálastofu, sem á að hafa eftirlit líkt og Fiskistofa. Auðvitað kostar þetta fjármagn og það er verið að taka það af m.a. þeim sem nota rafmagn og skattleggja þá sem nota dísilolíu á bíla sína.

Það gengur ekki að boða skattalækkanir á sama tíma og verið er að auka útgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. Það er staðreynd sem blasir við öllum að ef menn ætla að draga úr tekjum ríkissjóðs verður að draga úr útgjöldum. Það þýðir ekki að auka útgjöld og ætla að draga úr tekjum. Það gengur ekki upp. Ég vona sannarlega að Sjálfstæðisflokkurinn fari að átta sig á að það gengur ekki að blása út báknið á sama tíma og draga á saman tekjurnar, en sú er raunin að þó að tekjuskattsprósentan sé lækkuð lítillega þá er klipið af annars staðar. Verið er að hækka rafmagnið, hækka skattana á orkufyrirtækin og dísilolíuna, komugjöld á heilbrigðisstofnanir eru hækkuð, vaxtabætur eru lækkaðar og eitt og annað gert til að ná upp

í gatið. Það er raunin.

Snúum okkur aftur að raforkunni. Það er mjög sérstakt að boða hér markaðsvæðingu þar sem um er að ræða opinber fyrirtæki og þegar hlutaðeigandi forstjórar, sumir hverjir, eru allt í einu komnir í markaðsumhverfi sjá þeir náttúrlega ekkert annað en hækkun, að það þurfi að hækka. Nú er verið að gefa þeim enn eina ástæðuna fyrir því að hækka þegar verið að skattleggja orkufyrirtækin. Auðvitað má skoða það seinna meir þegar þessar breytingar eru gengnar yfir en það er miklu nærtækara nú að láta þessar breytingar á raforkumarkaðnum ganga yfir, fyrst farið var í þær á annað borð, heldur en að fara þá að skattleggja. Maður skilur ekkert í þessu.

Staðreyndin er sú að hinn svokallaði samkeppnismarkaður í raforkunni er í rauninni einungis lítið brot af öllum orkumarkaðnum, um 10% eru samkeppnismarkaður. Hitt verður allt selt í föstum samningum sem ekkert verður hreyft við. Öll skattlagningin á raforkuna mun því lenda á þessum 10%, á neytendum í landinu, minni fyrirtækjum og venjulegum fyrirtækjum. Það verður ekki hreyft við föstu stóriðjusamningunum. Auðvitað er ekki skynsamlegt á meðan þessar breytingar ganga yfir, svokölluð markaðsvæðing, að gefa enn eina ástæðu til að hækka raforkuna.

Það er margt sem bendir til þess og öll rök hníga að því að ef allt væri í lagi, ef ekki væri pottur brotinn hvað varðar verðmyndun á orkunni, raforkunni sérstaklega, þá ætti orkuverð að lækka en ekki hækka til almennings. Þjóðin er að eignast öflugar og betri virkjanir sem ætti að leiða til þess að skila neytendum landsins hagstæðara orkuverði. Þess vegna þarf í rauninni að fara ofan í saumana á því hvers vegna við sjáum ekki lægra orkuverð. Það væri mjög athyglisvert ef þingmenn stjórnarinnar kæmu í þá umræðu og útskýrðu fyrir fólkinu í landinu hvers vegna orkuverð til almennings lækkar ekki heldur hækkar jafnvel um tugi prósenta, ríkisfyrirtæki eru að senda óskiljanlega orkureikninga, jafnvel upp á 18 blaðsíður, til fólks víða um land sem fela í sér 160% hækkun. Þetta er óskiljanlegt. Það er kominn tími til að stjórnarþingmenn og hæstv. iðnaðarráðherra útskýri fyrir þjóðinni hvað er í gangi. Það skilur enginn hvað er í gangi. Ástæðan er e.t.v. sú að gerðir hafa verið óhagstæðir samningar við stóru iðnfyrirtækin. Ég sit í iðnaðarnefnd og þar kom fram á fundi að allar líkur bentu til þess að rafveiturnar, sem eru stórir kaupendur, séu að greiða allt að þrisvar sinnum hærri upphæð en stóriðjan. Hvernig stendur á því? Hver er munurinn á því að selja rafveitu, Rarik, mikla orku á einu bretti eða einhverju ágætu álveri? Hvernig er hægt að útskýra að það kosti þrisvar sinnum meira að selja stórnotanda sem heitir Rarik sömu orku og verið er að selja einhverju álveri? Það er alveg óskiljanlegt.

Ég sakna þess enn, og ég vona að bætt verði úr því, að framsóknarmenn komi og útskýri hvað sé í gangi því að staðreyndin er sú að fólk um land allt skilur þetta ekki. Það er löngu tímabært að Framsóknarflokkurinn útskýri fyrir fólki sem er að fá rafmagnsreikninga frá flokknum og hæstv. iðnaðarráðherra inn um dyralúguna hvað sé í gangi. Hvers vegna er það að borga 20% hærra verð fyrir orkuna? Hvar er hagræðingin í þessu kerfi? Hvenær fer hinn almenni notandi í Grundarfirði, á Skagaströnd, Borðeyri og víðar að sjá lækkaðan orkureikning en ekki hækkaðan orkureikning frá hæstv. iðnaðarráðherra? Ég vonast til þess að þeir orkugreiðendur sem fara næstu daga með reikninginn sinn í banka til að greiða hann minnist þess hver sendi þeim reikninginn. Það eru Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn sem eru að fara í einhverja markaðsvæðingu sem er í rauninni hvorki fugl né fiskur vegna þess að aðeins er verið að markaðsvæða lítið brot af orkumarkaðnum og allur kostnaður sem því fylgir lendir á neytendum. Það er óskiljanlegt og ég skora enn og aftur á fólk sem er að fara með reikninginn að minnast þess hver sendi þeim reikninginn. Það er í raun og veru enginn annar en hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir.

[22:39]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka þá ágætu umræðu sem hér hefur staðið í dag og kvöld. Það er orðið langt liðið á kvöldið, klukkan að ganga 11, en hér hefur margt ágætra sjónarmiða verið reifað í þessu máli. Ég ætla að reyna að auka þar aðeins við en tel eðlilegt að það komi fram við upphaf ræðu minnar að sá sem hér stendur á í senn sæti í stjórn Landsvirkjunar og sömuleiðis um þessar mundir í borgarstjórn Reykjavíkur og gætir á þeim vettvangi auðvitað þeirra hagsmuna sem þar liggja og varða þetta mál. Er rétt og eðlilegt að þeir sem mál mitt heyra hafi það í huga þegar þeir meta þau sjónarmið sem ég set fram.

Ég vil í fyrsta lagi lýsa almennt jákvæðri afstöðu til þess málefnis sem hér er á ferðinni, skattlagningu á þá starfsemi sem hér er undir, þ.e. raforkuþáttinn, og ég held að það sé miklu eðlilegra að tala um það, sem það er, sem auðlindagjald. Við höfum í þinginu og hinni pólitísku umræðu oft rætt um auðlindagjöld á auðlindir lands og sjávar. Það hefur því miður verið mikil andstaða hjá stjórnarflokkunum við slík gjöld á auðlindir sjávarins en hér er ríkisstjórnin greinilega að fara fram með auðlindagjaldskröfu á bæði auðlindir í vatnsafli og varmaorku sem í landinu eru. Í dag eru í sjálfu sér ekki gerðar rentukröfur af hálfu ríkisins til þeirra auðlinda og það er sú stefnubreyting sem hér er kynnt að gerðar séu arðsemiskröfur til þessara auðlinda eins og til annarra auðlinda í landinu og annarrar starfsemi í landinu. Ég held út af fyrir sig að það sé óhjákvæmileg þróun hvað raforkuiðnaðinn varðar, sérstaklega nú eftir að hann hefur verið markaðsvæddur, og kunni jafnvel að þurfa að koma til umfjöllunar hvort í því efni þurfi að ganga lengra þegar fram líða stundir, vegna þess að í raforkuiðnaðinum blasir núna við algerlega nýtt umhverfi. Hver sem er getur nú keypt orkufyrirtæki á Íslandi, innlendir aðilar sem erlendir, og eignast þá starfsemina og þær auðlindir sem þau fyrirtæki eru að nýta.

Eftir að frelsi hefur verið gefið á þessu sviði og samkeppni innleidd hafa menn engar varnir við því að þessar eignir, virkjanirnar og dreifikerfin, geti komist í hendur til að mynda alþjóðlegra fyrirtækja sem í sjálfu sér skila engri rentu inn í þjóðarbúið eða arðsemi. Til þessa hefur þessi iðnaður verið skattfrjáls vegna þess að hann hefur verið í opinberri eigu Íslendinga, almannaeigu Íslendinga. Nú hefur ríkisstjórnin afnumið þá skipan og í raun og veru gert þennan iðnað að verslunarvöru á hinum alþjóðlega fjár-

magnsmarkaði eins og hverja aðra vöru á þeim markaði. Því er auðvitað til lengri tíma litið óhjákvæmilegt annað en að gerðar séu kröfur til þess að orkufyrirtækin skili tekjuskatti í ríkissjóð og almannasjóði og jafnvel auðlindagjaldi þar að auki, þannig að við séum trygg með það, Íslendingar, til langrar framtíðar að njóta þó einhverra ávaxta af auðlindum okkar enda þótt virkjanirnar og auðlindirnar kunni að verða í eigu alþjóðlegra fyrirtækja þegar fram líða stundir eftir að ríkisstjórnin hefur með þessum hætti breytt skipun orkumála þannig að orkan er ekki lengur í almannaeigu alfarið heldur komin inn á hinn alþjóðlega peningamarkað.

Ég tel óhjákvæmilegt að horfa til þessara breytinga þegar við fjöllum um þetta málefni. Ég held þó að það orki miklu fremur tvímælis að láta þessa skattlagningu einnig ná til hitaveitnanna í landinu. Það vekur á sinn hátt athygli að ríkisstjórn undir forustu hæstv. utanríkisráðherra Davíðs Oddssonar fari fram með þá stefnu. Það hefur löngum verið sjónarmið okkar Reykvíkinga að það ætti ekki að refsa okkur úr ríkissjóði með gjöldum og álögum fyrir að hafa forsjálni. Íbúar í Reykjavík byggðu snemma á síðustu öld upp hagkvæma og góða hitaveitu. Það er augljóslega nokkur stefnubreyting, a.m.k. af hálfu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, að beita sér fyrir því á Alþingi að taka upp skattlagningu á hitaveituna í Reykjavík með þessum hætti í landssjóð því að það mun auðvitað leiða til hækkunar á verði heita vatnsins í Reykjavík. Það er þess vegna nýr skattur á Reykvíkinga sem ríkisstjórnin er að innleiða.

Það hlýtur að horfa sérstaklega við þegar um lögbundna einokunarstarfsemi er að ræða, eins og hitaveitustarfsemina, og horfa öðruvísi við en með samkeppnisiðnað á alþjóðlegum fjármálamarkaði eins og raforkuiðnaðurinn er núna orðinn. Ef við ætlum að skattleggja hitaveiturnar með þessum hætti, ætlum við þá að skattleggja almenningssamgöngurnar? Ætlum við að skattleggja slökkviliðin eða aðra almannaþjónustuna í landinu almennt og yfir höfuð? Það gegnir einfaldlega öðru máli um hitaveitu þar sem engin samkeppni er, þar sem fyrirtæki í almannaeigu keppast við að veita þessa þjónustu á sem lægstu verði. Það eru ríkar ástæður fyrir því að þessi starfsemi hefur lengi verið undanþegin. Þess vegna er eðlilegt að í umsögnum um það frumvarp sem hér liggur fyrir gæti meiri andstöðu við að skattleggja hitaveiturnar en raforkuiðnaðinn sjálfan. Ég held að sú andstaða sé eðlileg og tel út af fyrir sig ótímabært að skattleggja hitaveiturnar með þessum hætti. Til þess þyrfti að vinna málið allt miklu betur.

Ég held að skynsamlegast væri, virðulegur forseti, að láta þetta mál liggja yfir sumarið, vinna betur að undirbúningi þess og reyna að skapa um það betri samstöðu en nú er vegna þess að þetta mál er að mörgu leyti dæmigert um hversu illa er oft staðið að lagafrumvörpum frá hæstv. ríkisstjórn um mikilsverð mál.

Nú er það þannig að ef við ætlum að byggja varnargarð við einhverja höfn landsins, leggja flugbraut eða reisa virkjun, þá leggjumst við í miklar rannsóknir á vegum hins opinbera. Við setjum upp líkön til að líkja eftir veðri og vindum og ýmiss konar aðstæðum til þess að glöggva okkur á afleiðingum þess sem við erum að fara að gera, hvort sem það er að leggja flugbraut, reisa varnargarð eða ráðast í virkjun. Við ráðumst í miklar úttektir og setjum sérfræðinga, mánuðum saman og stundum árum saman, í rannsóknir og undirbúningsvinnu til að geta sem best áttað okkur á áhrifunum af því sem við ætlum að gera, hinum verklegu áhrifum, hinum fjárhagslegu áhrifum, áhrifum á umhverfið og þannig gætum við áfram talið.

Þegar hins vegar kemur að Alþingi að ákveða eitthvað sem varðar fjármál fólks, fjárhag heimilanna í landinu og afkomu, þá virðist vera hægt að henda inn frumvörpum og hafa nokkuð loðna umsögn um það hvað þau muni þýða fyrir fjárhag fólksins í landinu, fyrir fjárhag heimilanna og þær áætlanir sem heimilin hafa gert. Síðan er þessum málum bara ruslað í gegn.

Við höfum um þetta, virðulegur forseti, nýlegt dæmi sem oft hefur verið vitnað til í þessari umræðu. Það verður að segja eins og er, að það var auðvitað fyrir neðan allar hellur, þ.e. hvernig staðið var að frumvarpinu um raforkumálin sem er náskylt þessu máli og vekur upp hjá mönnum þá tortryggni að í þessu frumvarpi muni líka reynast mikill kostnaðarauki fyrir heimilin í landinu eins og raforkulögin reyndust vera. Þar var borðleggjandi að ráðist væri í aukinn kostnað við að framleiða, dreifa og selja raforku og sá kostnaður mundi lenda á heimilunum í landinu. En það var ekki við það komandi að reiknað væri út og rannsakað gaumgæfilega hvað það þýddi nákvæmlega fyrir heimilin í landinu. Þess vegna standa menn uppi nokkrum vikum eða mánuðum síðar, undrandi, hissa og hneykslaðir á dæmum sem berast til þingmanna af landsbyggðinni um margvísleg áhrif þessara ákvarðana. Það er ekki fullnægjandi, virðulegur forseti, að við sýnum heimilunum í landinu, fólkinu í landinu og fjárhag þess, ekki sömu virðingu og við sýnum t.d. umhverfinu eða verklegum framkvæmdum, að við skulum ekki rannsaka og kanna til hlítar hvaða áhrif breytingar sem þessar hafi á fjárhag heimilanna áður en við tökum þær til afgreiðslu.

Nú tel ég ljóst af þessu frumvarpi að þegar fram líða stundir muni það leiða til nokkurra þúsunda króna útgjaldaauka fyrir hvert heimili í landinu á ári. Ég held að það sé alveg einboðið að skattur þessi muni hlaupa á einhverjum hundruðum milljóna króna á ári hverju þó að það verði kannski lítið fyrstu árin, á meðan stærstu fyrirtækin eins og Landsvirkjun eða Orkuveitan eru í miklum afskriftum af nýlegum framkvæmdum eða framkvæmdum sem þau standa í akkúrat núna. En ég held að það sé ljóst að þessi skattur muni hlaupa á hundruðum milljóna króna. Það er hárrétt sem fram kom hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni við umræðuna fyrr í dag, að stóriðjufyrirtækin munu ekki borga það. Þessi fyrirtæki eru bundin í samningum við stóriðjuna áratugi fram í tímann og geta í engu breytt verði þeirrar orku. Það hefur að vísu óveruleg áhrif á arðsemi einstakra framkvæmda. Mig minnir að áhrifin á arðsemi Kárahnjúka séu einhvers staðar á bilinu 0,5–1% sem er ekki verulegt. En ef menn ætla að hafa sama arð af Landsvirkjun og áætlanir gerðu ráð fyrir áður þá verður það ekki Alcoa sem borgar það sem upp á vantar frá upphaflegu áætlunum heldur hlýtur að þurfa að senda þann reikning til almennings. Sama hlýtur að eiga við um Orkuveituna, Hitaveitu Suðurnesja og aðra þá aðila sem kunna að vera bundnir í langtímasamningum þótt þessir séu helstir.

Það er auðvitað talsvert mál ef orkureikningar heimil-

anna í landinu hækka um þúsundir króna á hverju ári. Það er verulegt mál og þó að kerfisbreytingin í sjálfu sér sé jákvæð er slæmt að hún sé sett fram svo einhliða, sem einhliða skattahækkun á almenning og á heimilin í landinu. Þó að kerfisbreytingin, að þessi fyrirtæki sitji við sama borð og önnur í að borga tekjuskatt, kunni að vera jákvæð þá yrðu auðvitað að koma á móti einhverjar ívilnandi aðgerðir fyrir almenning þannig að hann væri jafnsettur eftir. En þetta er auðvitað lýsandi fyrir skattapólitík þessarar ríkisstjórnar. Stjórnarmeirihlutinn hefur nýverið samþykkt alls kyns frumvörp um að falla frá eignarsköttum, falla frá hátekjusköttum, að lækka tekjuskattinn með þeim hætti að best komi fyrir þá sem eru hæst launaðir. En svo á að leggja nokkuð flatan orkuskatt á heimilin í landinu með hinni hendinni, þ.e. hátekjuskattinn á að fella niður en heimilin í landinu, hvort sem þau eru efnuð eða efnalítil, eiga að fara að borga nokkrum þúsundum krónum meira fyrir heitt vatn og rafmagn. Það sýnir auðvitað með öðru hvernig þessi ríkisstjórn vinnur. Hún vinnur að því að flytja byrðarnar í samneyslunni af tekjuhærri hópum og á hina tekjulægri. Það er engum blöðum um það að fletta, virðulegi forseti.

Þessi málatilbúnaður er líka að sumu leyti ákaflega skýrt dæmi um hve illa stjórnarmeirihlutinn stendur að framgangi mála, stundum sjálfsagðra framfaramála. Það má vel færa rök fyrir því að það sé nauðsynlegt, eins og ég hef farið yfir, til lengri tíma að leggja tekjuskatt á raforkuiðnaðinn í landinu og að slík auðlindagjöld séu heilbrigð fyrir þjóðarhaginn allan. En það verður ekki gert með þessu móti. Það verður ekki gert í andstöðu við sveitarfélögin. Það er ekki gert með einhliða skattahækkunum á almenning. Ríkisstjórn sem vill vinna í þágu þjóðarinnar hlýtur að ræða slík áform við sveitarfélögin í landinu, ræða þau í þjóðfélaginu og ná sátt og samstöðu um einhverjar aðgerðir sem meiri hluti þeirra sem að málinu koma getur verið nokkuð sáttur við. Verði um óhóflegar hækkanir á verði til almennings að ræða kæmu einhverjar ívilnanir á móti eða sveitarfélögunum yrði bættur skaðinn með öðrum þáttum í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Það er ekki boðlegt að halli meira á sveitarfélögin í hinum fjárhagslegu samskiptum við ríkið en er nú þegar. Menn þekkja hvernig það er. Tekjuskiptunum er þannig háttað að sveitarfélögin í landinu eru rekin með bullandi tapi og ríkissjóður með bullandi hagnaði. Á nú enn að auka á það bil með því að hirða skattfé í ríkissjóð af sveitarfélögunum gegn vilja þeirra? Það virðist ekki ráðlegt. Það sýnist miklu farsælla að reyna að tala fyrir framfaramálum með þessum hætti og stilla fram í sem mestri sátt við þá sem mest eiga undir, sveitarfélög í landinu sem ríkisvaldið skiptir miklu máli að séu öflug og gott samstarf við um að veita öfluga og góða grunnþjónustu. Ég held að það verði ekki gert nema með því að takmarka þetta við raforkuiðnaðinn og grípa til ráðstafana sem bæta annaðhvort sveitarfélögunum eða almenningi þær hækkanir sem óhjákvæmilega hljóta að öðrum kosti að leiða af þessu frumvarpi.

[22:57]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var fróðleg ræða og ágætlega farið yfir ýmislegt sem fylgir því þegar menn ætla að reyna að skattleggja orkugeirann. Það er rétt hjá hv. þingmanni að það er mun erfiðara og óeðlilegra, sé eingöngu litið á þetta mál út frá samkeppnissjónarmiðum, að ná skattlagningunni fram varðandi hitaorkuna, þ.e. þar sem hitaveitur eru til staðar heldur en í raforkukerfinu þar sem þó er stefnt að samkeppni þó að maður dragi það í efa. Maður efast um að hún verði í reynd þegar upp verður staðið og að almenningur njóti þeirrar samkeppni.

En ég vil líka horfa á málið út frá hinu sjónarmiðinu, að ef menn telja eðlilegt, eins og mér fannst koma fram í máli hv. þingmanns, að stefna til skattlagningar í raforkugeiranum þá segi ég: Við verðum að horfa til þess að þar sitji Íslendingar við sama borð, að mönnum sé ekki mismunað í skattlagningu. Það er þannig að stór hluti landsmanna neyðist til að kynda hús sín með raforku. Þar af leiðandi sýnist mér að ef ná ætti upp einhverri „sanngirni" í skattlagningu á raforkufyrirtækin sem síðan færi út í verð til almennings þá yrðu allir landsmenn að sitja við sama borð. Það yrði að undanskilja algerlega orku til húshitunar, bæði hitaveitumegin og raforkumegin. Þetta vildi ég sagt hafa og spyrja hv. þingmann hvort ég hafi ekki skilið orð hans rétt að þessu leyti.

[22:59]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Jú, það er rétt skilið hjá hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni, að þetta var mín meining. Ég get tekið undir þau sjónarmið sem hann setur fram um húshitun með rafmagni. Ég held að þeir sem hafa kynnt sér hinn gríðarlega kostnað við að kynda hús sums staðar í landinu hafi skilning á því að slíkan kostnað er ekki hægt að leggja á fólk. Við hljótum að þurfa að koma að því úr sameiginlegum sjóðum landsmanna og gerum það auðvitað með niðurgreiðslum á húshitunarkostnaði. Því eru engin efni til að skattleggja þá starfsemi sérstaklega því að af henni er enginn arður eins og staðan er í dag.

[23:01]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér hefur verið rætt allítarlega við 2. umr. frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Enn einn liðurinn í þeim aðgerðum ríkisstjórnarinnar er að markaðsvæða raforkubúskapinn, þessa almannaþjónustu landsmanna sem við höfum verið svo stolt af að byggja upp. Ekki einungis á þar að taka raforkubúskapinn, heldur einnig hitaveiturnar.

Við höfum á undanförnum missirum farið í gegnum hið lærdómsríka ferli markaðsvæðingar raforkukerfisins og höfum í vetur alloft rætt þær afleiðingar sem þjóðin og einstakir neytendur standa frammi fyrir þegar sopið er seyðið af þeim aðgerðum. Það er stórhækkað raforkuverð og óvissa um framtíðina hvað það varðar. Þegar hæstv. ráðherrar, hvort sem er iðnaðarráðherra eða aðrir ráðherrar í núverandi ríkisstjórn, hafa verið spurðir hvort ætlunin hafi verið að þetta færi svo hefur svarið verið að þetta hafi alls ekki verið ætlunin og þeim hafi komið fyllilega á óvart að rafmagnið hafi hækkað um 20, 30, 40% og jafnvel meira eftir síðustu áramót þegar lögin komu til framkvæmda. Á þetta var þó allt rækilega bent, ekki síst af þingmönnum

Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, í aðdraganda málsins. Við röktum mjög ítarlega afleiðingarnar sem yrðu af markaðsvæðingu raforkukerfisins. Og enn eru okkur að berast fregnir af gríðarlega háum raforkureikningum sem fólk er að fá þessa dagana, raforkureikningum sem sýna hækkanir upp á tugi prósentna frá síðasta ári.

Bóndi úr Skagafirði hringdi í mig í dag og sagði mér að rafmagnið hefði hækkað hjá sér um 90 þús. kr. á ársgrundvelli. Hann hafði leitað eftir skýringum og þær var engar að fá nema hliðstæðar skýringar og hæstv. iðnaðarráðherra gaf í þinginu fyrr í vetur, að veturinn hefði verið svo kaldur að rafmagnsreikningurinn væri svona hár, hann mundi lækka strax og hlýnaði í veðri. Mjög gáfulegt svar hjá hæstv. iðnaðarráðherra, ekki satt, virðulegi forseti? Þetta eru svör sem duga ekki neytendum til að sætta sig við þær aðgerðir sem hér eru á ferðinni.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur ítrekað sagt að þessi markaðsvæðing eigi ekki að þýða hækkað verð á raforkunni. Reyndin hefur verið önnur og það má segja að þeir reikningar sem fólk er nú að fá, margt hvert miklu hærri en áður hefur verið, séu í rauninni herkostnaður einkavæðingar þessarar ríkisstjórnar og þá sérstaklega ráðherra Famsóknarflokksins með hæstv. iðnaðarráðherra í einkavæðingarbroddinum.

Nú er að koma nýtt frumvarp um að auka enn á gjöld almennings. Það á að skattleggja orkufyrirtækin, leggja á þau tekjuskatt — og hverjir borga brúsann? Jú, það er aftur sami almenningur. Stóriðjan, stórnotendurnir eru með áratuga samninga um fastbundið orkuverð, a.m.k. orkuverð sem ekki breytist hvað þetta varðar, og þess vegna verða álögurnar einungis á hinn almenna notanda. Þetta er skattstefna ríkisstjórnarinnar í hnotskurn, að þykjast lækka skatta — sem er reyndar lækkun skatta á hátekjufólki, lækkun skatta á fyrirtækjum í almennum samkeppnisatvinnurekstri — og hækka skatta á lágtekjufólki, hækka álögur á almannaþjónustu eins og að auka skatta á orkufyrirtæki, þá orku sem almenningur notar. Þetta er sú skattstefna sem rekin er í reynd. Það er stöðugt verið að hygla þeim sem hafa meira, en hinum sem hafa minna er íþyngt með sköttum.

Í því ítarlega nefndaráliti sem hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur lagt inn, þingmaður Vinstri grænna í efnahags- og viðskiptanefnd, er rakin stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í orkumálum. Þar er lögð áhersla á að raforkan og hitaorkan eru meðal grunnþátta almannaþjónustunnar sem á í sjálfu sér að stuðla síðan að öflugu atvinnulífi sem á að vera stoð og stytta heimilanna. Þessi almannaþjónusta á að vera á sem hagkvæmustu verði. Hún er í sjálfu sér ekki tekjustofn ríkisins. Þar greinir okkur á, þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og þingmenn markaðshyggjuflokkanna, einkavæðingarflokkanna, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, sem vilja einmitt gera almannaþjónustuna að tekjustofni fyrir ríkissjóð eins og hér er verið að gera. Áður hefur verið minnst á að verið er að leggja skatta á sjúklinga — sjúklingar eru tekjustofn, nemendur í framhaldsskólum og háskólum eru tekjustofn en þegar verið er að lækka skattana eru fundnir þeir sem hafa langhæstu tekjurnar, burðarásarnir svokölluðu. Á þeim eru gjöldin lækkuð og það endurspeglast í þessu frumvarpi og er algerlega í andstöðu við stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Hv. þm. Helgi Hjörvar gerði því skóna í ræðu að þetta væri eins konar auðlindagjald, þessi 18% skattur. Ég er ekki sammála því. Það er tvennt ólíkt. Ef menn eru að hugsa um auðlindagjald hlýtur það að vera á orkueiningu sem tekin er og þá hlýtur líka að vera gerður þar á munur hvers konar orku verið er að taka. Reyndar ætti það líka að gerast í þessari skattlagningu. Ef verið er að fara út í skattlagningu á annað borð ætti að mismuna eftir því hver uppruni orkunnar er. Hv. þm. Ögmundur Jónasson kemur einmitt inn á það í nefndaráliti sínu. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Fyrsti minni hluti telur einnig rétt að vekja máls á því að engin tilraun er gerð til að viðurkenna þann mikla mun sem er á tilteknum tegundum virkjana í umhverfislegu tilliti heldur er lagður sami flati skatturinn á alla aðila. Eðlilegra hefði verið að hvetja með einhverjum hætti til umhverfisvænnar orkuvinnslu úr því að efnt er til þessarar skattlagningar á annað borð. Þannig er það mjög athugavert að skattleggja eigi t.d. smáar rennslisvirkjanir til jafns við risavaxnar vatnsaflsvirkjanir með stórum uppistöðulónum."

Þetta tel ég vera mjög mikið atriði, herra forseti, ekki síst þegar fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að vegna þess að stærsti orkunotandinn, Landsvirkjun, er að ráðast í svo mikið af óhagkvæmum virkjunum mun hann ekki skila neinum hagnaði á næstu árum. Þess vegna mun Landsvirkjun engan skatt þurfa að borga, það orkufyrirtæki sem gengur hvað harðast fram í að ráðast í virkjanir sem eru hvað skaðlegastar í umhverfislegu tilliti. Landsvirkjun mun samkvæmt þessum lögum hafa rétt til að safna upp tapi sem verður orðið verðmæti í sjálfu sér þegar einhver annar kaupir. Þá verður tap Landsvirkjunar orðið kannski aðalverðmæti, a.m.k. eitt af meginverðmætum, kaupandans. Hugsið ykkur hversu vitlaust þetta er.

Hefur hæstv. forseti áttað sig á því hvers konar della er hér á ferðinni? Það er ekki þessi 18% tekjuskattur sem verið er að sækjast eftir. Nei, það er verið að búa til seljanleg verðmæti úr töpum virkjana eins og Landsvirkjunar. Þegar draumur hæstv. ríkisstjórnar gengur upp, ef Landsvirkjun verður seld einhverjum aðila sem á skattskyldan hagnað, getur kaupandinn nýtt þetta uppsafnaða tap Landsvirkjunar á móti hagnaði sínum og þannig komist hjá því að greiða eðlilega skatta til ríkisins. Sjáið þið skollaleikinn? Sér forseti skollaleikinn? Forseti er glöggur maður. Þarna magnast upp annars vegar fáránlegar framkvæmdir af hálfu Landsvirkjunar sem hefur verið bent á að væru svo óhagkvæmar að Landsvirkjun hefði ekki neitt lánstraust nema með tilkomu ríkisábyrgðarinnar. Hér er hins vegar verið að setja í lög að tapið verði eitt af þessum seljanlegu verðmætum vegna þessara fáránlegu skattalaga sem hér er verið að innleiða. Fáránleikinn í þessu er algjör.

Hins vegar eru veitur sem eru reknar af skynsemi og skila örlitlum hagnaði til eigenda sinna skattlagðar. Það má taka dæmi af Orkuveitu Húsavíkur sem var til umræðu fyrr í vetur. Samkvæmt upplýsingum í nefndaráliti 2. minni hluta skilar Orkuveita Húsavíkur árið 2003 20 millj. kr. í hagnað, Norðurorka 66 millj. kr. Þessi orkufyrirtæki eru allt í einu orðin skattskyld. Eru það þessi orkufyrirtæki sem

verið er að elta?

Ég hafði samband við Skagafjarðarveitur sem eru með hitaveitur í Skagafirði og hefðu betur líka rekið Rafveitu Sauðárkróks sem var illu heilli seld burt. Bara það fyrirtæki mun þurfa að fara að borga kannski 1–2 millj. kr. í skatta til ríkisins af starfsemi sinni. Er það þetta sem verið er að sækjast eftir, herra forseti, þessar veitur? Mér er spurn. Er ekki nóg komið með að seilast til þeirra veitna sem sveitarfélög eiga, þeirra fáu veitna sem sveitarfélög eiga í landinu? Það eru veitur sem skapa rekstur, atvinnu og umsvif í sveitarfélagi sínu. Eru þær veiturnar sem er nauðsynlegt núna að elta uppi? Ég hefði viljað fá svör við því hjá formanni iðnaðarnefndar sem hlýtur að hafa gaumgæft það hvar þessi skattlagning kemur niður. Ekki kemur hún niður á Landsvirkjun, ekki niður á stóriðjunni því að þar eru langir samningar langt fram í tímann. Ekki lendir hún á þeim. Þessi gjörningur er allur hinn torkennilegasti og hugarfarið á bak við hann alveg með ólíkindum.

Það hefði verið fróðlegt ef hæstv. iðnaðarráðherra hefði upplýst okkur í þessari umræðu um það sem brennur á mörgum í dag, þ.e. hvenær komi auknar endurgreiðslur vegna húshitunar á þeim svæðum þar sem ekki eru hitaveitur. Hvenær verður þessu fólki svarað um það hvort gerðar verði leiðréttingar á orkureikningunum hjá því? Þetta brennur á fólki úti um sveitir landsins og úti um byggðir landsins. Fólk er ekki að óska eftir aukinni skattheimtu til að þurfa að borga meira.

Herra forseti. Ég hefði viljað fá betur útlistað — væntanlega kemur hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar hingað í lokin til að gera grein fyrir þessu — ég vil fá betur útlistað hvernig orkufyrirtæki eins og Landsvirkjun, eins og Rarik og jafnvel Orkubú Vestfjarða koma út úr þessum lögum. Það er upplýst í textanum að Landsvirkjun muni ekki skila hagnaði á næstu árum. Það væri fróðlegt að vita hvert verði hið uppsafnaða tap sem kaupandi er að kaupa eftir tvö, þrjú, fjögur ár. Gæti formaður hv. efnahags- og viðskiptanefndar svarað því hvernig þessi lög koma út fyrir Landsvirkjun næstu árin? Mér finnst alveg ótækt að við séum að setja lög sem fyrst og fremst snúa að því að gera þessum fyrirtækjum kleift að safna upp tapinu og gera það að verslunarvöru. (**Gripið fram í:** Það er hægt að kaupa tap.) Ég veit það, kaupa tap. Þá höfum við þetta. Landsvirkjun ræðst í eina óhagkvæmustu virkjun sem til er í norðurálfu, Kárahnjúkavirkjun sem er að setja hana á hausinn. Hún hefði ekki fengið til þess fjármagn nema ríkið gengi í ábyrgð. Þess var krafist hér að þetta væri sjálfstætt fyrirtæki þannig að það yrði að standa undir sér á eigin forsendum fjárhagslega. Því var hafnað og það látið hvíla á Landsvirkjun. Nú á svo að búa til lög sem gera það kleift að safna upp þessu tapi af þessari óhagkvæmu virkjun og þessari óhagkvæmu starfsemi Landsvirkjunar til að gera það svo seljanlegt til aðila sem hugsanlega, ef vilji ríkisstjórnar gengur eftir, kaupir Landsvirkjun að einhverjum árum liðnum og á þá skattskyldan hagnað sem hann getur varið í að jafna upp á móti tapinu. Er þetta eitt af því sem vakir fyrir mönnum með þessu frumvarpi, herra forseti?

Það er rétt að ítreka það að Vinstri hreyfingin – grænt framboð er andvíg þessari stefnu sem hér er verið að leggja upp með varðandi það að leggja skatta á almenningsfyrirtæki eins og orkufyrirtækin eru. Þetta eru fyrirtæki sem fást við almannaþjónustu sem hefur lengi verið talin sjálfsagður hluti af mannsæmandi lífi á Íslandi og aðstaða þeirra veitir þeim svokallaða náttúrulega einokun á sínu sviði. Svo stendur í nefndaráliti 1. minni hluta, hv. þm. Ögmundar Jónassonar, og, með leyfi forseta, vil ég lesa áfram:

„Á þessum hugmyndafræðilegu forsendum hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð ávallt lagt ríka áherslu á að slík veitustarfsemi sé í sameign fólksins sem nýtir þjónustuna og að hún sé rekin þannig að almenningur geti bæði búið við mikið öryggi og lágmarksgjaldtöku.

Breytingar ríkisstjórnarinnar á skipan raforkumála á síðustu árum hafa gengið gegn þessu markmiði. Er í því sambandi skemmst að minnast stórfelldra gjaldskrárhækkana um land allt um síðustu áramót eftir að orkufyrirtækjum var gert að reikna sér arð af starfseminni og láta hvern einstakan þátt starfseminnar standa undir sjálfum sér upp á krónur og aura."

Herra forseti. Ég held að ég ljúki ræðu minni með því að vitna til síðustu orða í ágætu nefndaráliti hv. þm. Ögmundar Jónassonar, fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í efnahags- og viðskiptanefnd. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fyrsti minni hluti telur frumvarpið sýna enn og aftur hversu misráðið það var af ríkisstjórninni að leggja í þá vegferð að markaðsvæða jafnmikilvæga almannaþjónustu og veitustarfsemi landsmanna. Nær væri að hefja vinnu við að vinda ofan af þeim vandamálum sem sú markaðsvæðing hefur nú þegar haft í för með sér heldur en að auka enn frekar á þá mismunun og ringulreið sem af henni hefur hlotist. Því er lagt til að frumvarpið verði fellt."

[23:22]

Kristján L. Möller:

Herra forseti. Við ræðum við 2. umr. frumvarp um skattskyldu orkufyrirtækja sem hefur verið í vinnslu í efnahags- og viðskiptanefnd. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur gert grein fyrir afstöðu samfylkingarfólks í nefndinni með nefndaráliti sem hann rakti í dag. Þar er m.a. rætt um hinar miklu hækkanir sem hafa átt sér stað eftir breytinguna sem gerð var á raforkulögum um aðskilnað milli framleiðslu, flutnings og dreifingar og sölu á raforku, en einnig var þá gerð markaðsleg arðsemiskrafa á rekstur þeirra sem var að vísu tala sem var sett frekar lág eftir baráttu manna. Á þeim tíma var það álit allra sérfræðinga og annarra sem m.a. komu fyrir iðnaðarnefnd sem ég átti þá sæti í að prósentutalan hvað varðaði arðsemiskröfu væri það mikilvægasta. Á þessum tíma var líka talað um að raforkuhækkun gæti í mesta lagi orðið 1–2%. Út frá þeim gögnum byggði ég m.a. þá afstöðu mína að styðja þau lög sem þar voru sett fram e.t.v. illu heilli og vegna þess að komið hefur á daginn að gögn og annað sem til nefndarinnar barst var rangt. Sagt er að brennt barn forðist eldinn og þess vegna segjum við samfylkingarfólk: Ekki meir, ekki meir. Hingað og ekki lengra. Við teljum óráðlegt að ráðast í aðrar umfangsmiklar breytingar á umhverfi orkufyrirtækja áður en fullkomin áhrif nýrra raforkulaga verða komin í ljós.

Talað var um samkeppni og ég held að ég hafi sagt í umræðu um raforkulögin að það er ákaflega sérstakt að við

skulum vera að búa til þennan mikla lagabálk um samkeppni á raforkumarkaði þegar aðeins er verið að tala um 10% af heildarframleiðslu raforku á Íslandi þegar Kárahnjúkavirkjun verður komin í notkun. En því miður töldu menn sig þurfa að ganga þessa göngu. Það kom m.a. fram að ekki væri hægt að fá undanþágu frá apparatinu í Brussel vegna þessara mála. En ég legg höfuðáherslu á það, virðulegi forseti, að í þeim gögnum sem bárust iðnaðarnefnd m.a. frá iðnaðarráðuneyti, Orkustofnun og öðrum og aðilum sem komu til fundar við nefndina var aldrei varað við því að það mundi gerast sem svo er að koma á daginn nú með raforkuhækkun. Kannski má segja sem svo að það sé Alþingi til vansa að gögnin skuli ekki vera betri. Mér er ákaflega minnisstætt þegar ég ásamt nokkrum öðrum nefndarmönnum í iðnaðarnefnd reyndum að fá til nefndarinnar aðila sem ekki höfðu komið að undirbúningi og gerð frumvarpsins á sínum tíma. Það var þrautin þyngri að finna aðila hér á þessu landi til að koma óvilhallir fyrir nefndina hvað þetta varðar. Mér er ákaflega minnisstætt þegar við héldum að við værum komnir með aðila frá háskólanum en það kom svo á daginn, virðulegi forseti, að þeir höfðu líka verið í undirbúningsvinnu við að búa til það frumvarp. Þetta vildi ég segja í upphafi vegna þess að það er ákaflega mikilvægt að það komi fram að aldrei var varað við því að það gæti gerst sem svo hefur komið á daginn að er að gerast í sambandi við raforkuhækkun (Gripið fram í.) sem ég ætla að koma síðar að og fjalla um. Meðal annars ætla ég að gera að umtalsefni hér það sem birst hefur í blöðum um miklar hækkanir, en svo kemur í ljós að þær eru ekki eins háar og þar var talað um. Samt sem áður eru þær miklu meira en nóg fyrir þá íbúa sem þurfa að fá þessa holskeflu yfir sig.

Ég ætla líka að segja, virðulegur forseti, að það er með ólíkindum að menn skuli hafa hugarflug til þess að ætla að skattleggja hitaveitur og vatnsveitur með raforkufyrirtækjunum og er mér hulin ráðgáta hvernig þeir geta talað um að samkeppni verði og að verið sé að búa til samkeppni í sölu á heitu vatni. Alla vega get ég ekki ímyndað mér að Hitaveita Suðurnesja, svo tekið sé dæmi, muni fara að selja heitt vatn norður á Siglufirði eða annars staðar þó svo að þar renni heitt vatn í pípum. En það getur hins vegar gerst með raforkuna og allt það. Það er alveg með ólíkindum hvernig menn ætla að setja þetta saman.

Virðulegi forseti. Upp í huga minn kemur annað atriði þar sem mér finnst stjórnarmeirihlutinn vera að troða í gegnum Alþingi samþykktum og breytingum á ýmsum lögum þar sem hlutirnir eru ekki sagðir réttum orðum eða kannski allt er ekki sagt. Kemur þá upp í hugann breyting á þungaskattskerfi yfir í olíugjald og að olíugjaldið verði í 45 kr. eins og stendur í frumvarpinu. Ég gat hvergi lesið það, virðulegi forseti, að ofan á þessar 45 kr. mundi leggjast virðisaukaskattur sem m.a. gerir það að verkum að olían mun 1. júlí næstkomandi fara upp í 111–113 kr. lítrinn og verða töluvert dýrari en bensín. Sá ávinningur sem menn ætluðu að ná með olíugjaldinu, þ.e. fjölga litlum dísilbílum í landinu, mun því engan veginn ganga eftir. Leigubílstjórar t.d. sem keyra 70–80 þús. km á ári eiga eftir að fá á sig 500–600% hækkun 1. júlí næstkomandi og er alveg stórfurðulegt að sitja í bíl og heyra leigubílstjóra sem eru að fara að endurnýja bíla sína panta sér bensínbíla. Ég segi þetta hér, virðulegi forseti, sem dæmi um það hvernig mál fara hér í gegn. Ef menn hafa ekki töluvert mikið hugarflug og séu töluvert mikið að láta sér detta í hug hvaða smugur geta verið þarna inni þá getur svona löguðu verið smyglað inn.

Ég minnist þess, virðulegi forseti, þegar forstjórar orkufyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu geystust fram í fjölmiðla og töldu að með raforkulögum væri verið að hækka raforkureikning höfuðborgarbúa um 15, 20 og upp í 30%. Síðan hefur það ekki gengið eftir. Ég sagði áðan að sú breyting sem þarna var gerð hafi haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir íbúa í dreifbýli, nokkra íbúa í þéttbýli, fólk sem notar rafmagn til að hita híbýli sín.

Ég sagði áðan að alls konar sögur hefðu birst m.a. í dagblöðum. Á Skagaströnd að mig minnir voru reikningar upp á einar 18 blaðsíður en seinna kom í ljós að það var fyrir nokkrar eignir. Hækkunin þar var talin mjög mikil en búið að leiðrétta það að mér skilst þannig að hún er ekki eins há lengur. Það er erfitt að meta hver hækkunin er nákvæmlega því Rafmagnsveitur ríkisins lesa af á misjöfnum tíma og rukka fyrir það sem búið er að eyða yfir veturinn en sumarnotkunin, sem er lægri, er ekki komin inn.

Það sem er óyggjandi, virðulegi forseti, um hækkun er útprentun frá Rarik fyrir einn viðskiptavin þess fyrirtækis í þessu tilfelli á norðausturhorni landsins, á Raufarhöfn, þar sem Rarik var beðið um að reikna út miðað við nýju taxtana hvað viðkomandi orkukaupandi þyrfti að borga fyrir að hita hús sitt eftir breytinguna. Það er 25% hækkun, úr rúmum 160 þús. kr. í rétt tæpar 205 þús. kr. Þetta eru útreikningar miðað við sömu gefnu forsendur, eyðslu upp á tæpar 55 þús. kwst. á ári sem er mikil notkun og höfum það í huga að sú kwst. notkun lækkar niður í 30 þús. kwst. sem nýtur niðurgreiðslu frá ríkissjóði, vegna þess að þegar hæstv. iðnaðarráðherra var að reyna að krafsa yfir verk sitt, ætla ég að segja, var talan lækkuð og bættust við 100 millj. kr. vegna þess að sjálfstæðismenn voru ekki tilbúnir að veita hærri upphæð í niðurgreiðslupottinn að mér skilst á framsóknarmönnum. Þetta gerir það að verkum að íbúarnir fá hinar miklu hækkanir á sig. Og það eru sannarlega kaldar kveðjur frá Framsóknarflokknum og hæstv. iðnaðarráðherra, sem er jafnframt ráðherra byggðamála, til fólks sem er að fá þessa reikninga inn til sín núna og er að sjá hækkanir í þessum dúr. Hinar köldu kveðjur eru studdar af Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokkurinn er m.a. að senda bændum svona reikninga vítt og breitt um landið. Þetta eru hryllilegar kveðjur Framsóknarflokksins til bænda, sem menn hafa stundum talið að tengdust saman. Því miður fær oft eldra fólk reikningana sem býr kannski í töluvert stóru húsnæði sem getur verið illa einangrað og það þýðir ekkert fyrir hæstv. iðnaðarráðherra að segja að það eigi að hjálpa fólki að meta hvernig það eigi að einangra hús sín og bæta það til þess að lækka orkureikninginn vegna þess að það getur kostað hundruð þúsunda að einangra hús sín betur og það tekur langan tíma að borga niður þá fjárfestingu.

Mér er kunnugt um íbúa á Raufarhöfn sem sótti um lán til Íbúðalánasjóðs til að skipta um glugga í húsi sínu til að spara orku en fékk höfnun vegna þess að það væri ekki veð fyrir því. Þess vegna vara ég við samþykkt frumvarpsins,

um skattlagningu orkufyrirtækja, líkt og fulltrúar Vinstri grænna, Frjálslynda flokksins og Samfylkingar hafa gert. Eins og fram kemur í nefndaráliti minni hlutans væri þetta um 1 milljarður kr. árið 2002 og 2003 sem fyrirtækin hefðu borgað í tekjuskatt til ríkissjóðs sem auðvitað hefði verið tekinn og lagður ofan á neytendur í viðbót. Svo kemur hæstv. félagsmálaráðherra og gumar af einhverjum peningagjöfum til sveitarfélaganna í landinu. Það sem gefið er með vinstri hönd er tekið jöfnum höndum með þeirri hægri. Árásargirni hæstv. ríkisstjórnar á íbúa landsbyggðarinnar og sveitarfélögin í landinu er með ólíkindum og kemur allt fram í ágætu nefndaráliti þeirra hv. þingmanna Lúðvíks Bergvinssonar og Jóhönnu Sigurðardóttur. 1 milljarður kr.

Virðulegi forseti. Ég vara enn einu sinni við samþykkt frumvarpsins og ég trúi því ekki að hv. stjórnarþingmenn sem tilheyra ríkisstjórnarflokkunum ætli enn einu sinni að standa að slíkum árásum á íbúa landsbyggðarinnar sem þetta er vegna þess að þeir skattar sem fyrirtækin þurfa að borga munu skila sér í hækkun orkuverðs. Nóg er komið af álögum á þá íbúa landsbyggðarinnar sem þurfa að nota raforku til að hita hús sín, hafa notið niðurgreiðslna hingað til en fá þær lægri en áður og minni ég nú á þann tíma sem er á klukkunni.

[23:38]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir flest sem fram kom hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller. Hann byrjaði á að segja að ekki hafi verið flutt nein varnaðarorð við vinnslu og samþykkt raforkufrumvarpsins. Það er ekki rétt. (**KLM:** Frá hendi stjórnvalda.) Já, frá hendi stjórnvalda í þinginu. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vöruðu mjög alvarlega við því á öllum stigum ferilsins í markaðs- og einkavæðingarferlinu. Ég man enn þá eftir því hvað ég var hissa á því hve hv. þm. Kristján L. Möller var glaður við hæstv. iðnaðarráðherra þegar hún var búin að mæla fyrir þessu ferlega skaðlega frumvarpi, raforkulögum. En það er fagnaðarefni að sjá og heyra hv. þingmann viðurkenna að þarna var um veruleg mistök að ræða og hann vildi meira að segja kalla blekkingu af hálfu stjórnvalda. Alla vega lét hann blekkjast.

Alla tíð, alveg frá fyrstu hendi höfum við varað við því sem þarna var að gerast og sagt að það væri blekking að segja að þetta þýddi ekki aukinn kostnað. Meira að segja við gildistökuna síðast lögðum við til að henni yrði frestað meðan menn væru að sjá hvaða afleiðingar það hefði. Það er ekki svo að ekki hafi verið varað við. En hitt er alveg rétt að þetta hefur verið keyrt áfram í fullkominni blindni og það má vel vera að hægt sé að taka undir orð þingmannsins um að það hafi næstum verið beitt blekkingum til að keyra málið fram af hálfu stjórnvalda og af hálfu ráðgjafa hæstv. iðnaðarráðherra.

[23:40]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur kannski ekki komið nógu vel fram hjá mér að ég átti að sjálfsögðu við fulltrúa stjórnvalda og fulltrúa iðnaðarráðuneytisins sem mötuðu okkur í iðnaðarnefnd af gögnum og öðru slíku. Aðvörunarorðin komu, eins og ég sagði áðan frá orkufyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Þau voru hrakin vegna þess að þau voru ekki rétt, enda hefur það ekki gengið eftir sem þau sögðu. Þeir fulltrúar sem töluðu þar voru með mjög háa arðsemiskröfu.

Ég held að ég geti fullyrt, virðulegi forseti, að meira að segja fulltrúar Vinstri grænna vöruðu ekki við þeim ósköpum sem hafa komið fram í hækkun raforkuverðs. Aðvörunarorðin voru hefðbundin frá Vinstri grænum vegna tilskipunar frá Evrópusambandinu vegna hugsanlegrar einkavæðingar og allt það sem við erum stundum ósammála um, eins og það að leyfa orkufyrirtækjum að breyta sér í hlutafélög eða selja hitaveitur líkt og gert var í Skagafirði og Siglufirði m.a. með stuðningi ágætra manna þar. Ég held því að meira að segja Vinstri grænir hafi ekki getað ímyndað sér þau ósköp sem hafa gengið eftir í prósentuhækkunum á íbúa á landsbyggðinni.

[23:41]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er bara misminni. Hv. þingmaður hefur þá ekki heyrt rétt og hlustað eftir. Við vöruðum mjög rækilega við þessu og sögðum að mikilvægt væri að orkufyrirtækin yrðu í eigu ríkis og sveitarfélaga eða almannafyrirtækja þannig að þessi staða kæmi ekki upp.

Við börðumst einmitt gegn arðsemiskröfunni. Hugsið ykkur t.d. Orkubú Vestfjarða sem nú síðast við tilskipunina vildi stilla arðsemiskröfu sinni í fullkomið lágmark og er knúið til þess af Orkustofnun, sem er eftirlitsaðilinn af hálfu iðnaðarráðherra, að hækka arðsemiskröfuna vegna þess að það er krafa að á næstu árum hækki arðsemiskrafan stig af stigi. Hver ætlar að borga það? Það eru neytendur. Við erum því enn bara í fyrsta fasa af hækkunarferlinu og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum rækilega bent á reynslu annarra þjóða í þessum efnum. Það á eftir að koma enn meira fram þegar farið verður að keyra inn á hagræðinguna, sem bitnar á afhendingaröryggi. Við erum því bara í fyrsta fasa og ég fagna því, herra forseti, að hv. þm. Kristján L. Möller og aðrir góðir þingmenn Samfylkingarinnar séu að koma í hóp með okkur þingmönnum Vinstri grænna, þó að seint sé, og berjist gegn markaðsvæðingunni og hinni gríðarlegu hækkun raforkuverðs sem kemur í kjölfar aðgerða ríkisstjórnarinnar og er rétt að byrja.

[23:43]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður nefnir arðsemiskröfuna. Ég varaði mjög við því að menn mundu spenna upp arðsemiskröfuna, sem einn af fulltrúum Samfylkingarinnar í iðnaðarnefnd. Mér dettur í hug í þessum töluðum orðum að við reyndum mikið í iðnaðarnefnd að fá uppgefið hvað Landsnet yrði verðlagt á í raforkukerfinu. Það var útilokað að fá þau gögn. Ég fullyrði að þau gögn voru til á þeirri stundu þó við í iðnaðarnefnd gætum ekki fengið þau vegna þess að þær tölur komu ótrúlega fljótt fram eftir gildistöku laganna.

Við fulltrúar Samfylkingarinnar vöruðum einnig mjög við að arðsemiskrafan yrði spennt upp vegna þess að þá

ræddu menn fyrst og fremst um það hver arðsemiskrafan yrði. Ef hún yrði spennt of hátt mundi þetta hækka, annars væri hún að sjálfsögðu lægri og það var m.a. það sem fulltrúar orkufyrirtækjanna á höfuðborgarsvæðinu litu til.

Má ég líka minna á það, virðulegi forseti, að það var ákaflega furðulegt þegar Rarik setti orkustundir sínar á 3,40 kr. en var skikkað til að hækka það upp í 3,65 kr. vegna þess að annars mundu þeir ekki njóta neins úr niðurgreiðslupottinum. Það var ákaflega furðulegt.

Virðulegi forseti. Vegna þess að hv. þingmaður nefnir þetta allt saman hef ég sagt það og sagði það í umræðu um lögin að það voru fögur markmið með raforkulagabreytingunni eins og um jöfnun raforkuverðs og annað slíkt. Það voru fögur markmið sem hafa því miður ekki gengið eftir. Þar bera auðvitað stjórnarflokkarnir höfuðábyrgð, m.a. það að koma ekki til iðnaðarnefndar með þau gögn sem svo hafa komið eftir á sem urðu þess valdandi að hinar miklu hækkanir eru að ganga yfir íbúa landsbyggðarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 3. umr.

Stjfrv., 495. mál (rjúpnaveiðar, sölubann og takmörkun veiða). — Þskj. 940, frhnál. 1172, brtt. 925.

[23:46]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir framhaldsnefndaráliti um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

Ég ætla ekki að fara í löngu máli um forsögu þessa máls en í örstuttu máli tengist þetta fyrst og fremst veiðum á rjúpum. Í kjölfar umdeilds veiðibanns sem hæstv. þáverandi umhverfisráðherra setti á kom núverandi umhverfisráðherra síðasta haust á nefnd milli helstu hagsmunaaðila og aðila sem að málinu koma. Þeirri nefnd var falið að koma með reglur í tengslum við veiðistjórn og þá var ekki einungis vísað til veiða á rjúpu heldur líka annarra fuglategunda. Markmiðið með þeim reglum sem nefndin fjallaði um og var samþykkt úr nefnd eftir 1. umr. var að hér yrðu eins og áður sagði, virðulegi forseti, fleiri úrræði fyrir umhverfisráðherra við að beita veiðistjórn þar sem markmiðið er að sjálfsögðu sjálfbær þróun ef þannig má að orði komast.

En hvað sem því líður komu ágætistillögur frá hv. þm. Halldóri Blöndal á milli umræðna sem ákveðið var að taka inn í nefndina og nefndin fór yfir og fékk á sinn fund Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Davíð Egilson og Trausta Baldursson frá Umhverfisstofnun og Sigmar B. Hauksson frá Skotveiðifélagi Íslands.

Í fyrrgreindum breytingartillögum er í fyrsta lagi lagt til að veiðitími á öndum verði styttur, í öðru lagi verði heimilt að skjóta skúma nærri æðarvarpi eins og kjóa og í þriðja lagi að veiðitími á rjúpum verði styttur.

Hvað varðar styttingu á veiðitíma anda taldi fulltrúi Náttúrufræðistofnunar Íslands að breytingin væri óþörf, ráðherra hefði í núgildandi lögum heimild til að stytta veiðitímann og því þyrfti ekki lagabreytingar til. Einnig benti hann á að allar umræddar andategundir sem heimilt er að veiða væru farfuglar nema stokkönd og toppönd að hluta og aðeins lítill hluti þessara stofna hefði hér vetursetu. Ef ástæða þætti til að takmarka veiðar á þessum tegundum frekar mætti vernda þær svæðisbundið samkvæmt heimildum í núgildandi lögum, sbr. 1. mgr. 18. gr. laganna og 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Fulltrúar Umhverfisstofnunar töldu einnig að breytingin væri óþörf og bentu á að ástand stofna væri breytilegt milli ára og því væri nauðsynlegt að framkvæmdarvaldið hefði svigrúm til að meta veiðitímabilið enda yrði tryggt að ákvörðunin byggðist á faglegu mati á ástandi stofnsins á hverjum tíma.

Varðandi skúminn lagðist Náttúrufræðistofnun alfarið gegn því að heimilt yrði að skjóta skúm nærri æðarvarpi eins og kjóa þar sem um 35% af heimsstofni skúms og 93% af varpstofninum á Norðurlöndum verpur hér á landi. Með lögum nr. 63/1954 hafi skúmur verið friðaður en þó hafi verið heimilt samkvæmt þeim lögum að veiða hann á tímabilinu 15. ágúst til 19. maí ár hvert og samkvæmt lögum nr. 33/1966 á tímabilinu frá 1. september til 31. mars ár hvert. Það skipti þó litlu máli þar sem skúmur sé lítið á landinu á þeim tíma. Frá gildistöku laganna frá 1994 hafi skúmur í raun verið alfriðaður þar sem heimild til að aflétta friðuninni hafi ekki verið beitt frá þeim tíma. Telur stofnunin engin rök til að breyta þeirri stefnu. Í þessu sambandi mætti einnig nefna að Íslendingar hefðu alþjóðlegum skuldbindingum að gegna. Þá var bent á 3. mgr. 7. gr. laganna sem kveður á um heimild ráðherra til að veita tímabundið leyfi til að veiða dýr sem talin eru valda tjóni og að meðan sú undanþáguheimild hefði jafnlítið verið nýtt til veiða á skúm og raun ber vitni væri ástæðulaust að rýmka veiðiheimildirnar með lagabreytingu. Fulltrúar Umhverfisstofnunar tjáðu nefndinni að stofnmat Náttúrufræðistofnunar væri hinn vísindalegi grunnur sem Umhverfisstofnun byggði tillögur sínar á um veiðar á einstökum tegundum.

Hvað varðar styttingu á veiðitíma á rjúpu taldi fulltrúi Náttúrufræðistofnunar að breytingin væri óþörf. Fulltrúar Umhverfisstofnunar töldu að heimildirnar í framlögðu frumvarpi nægðu.

Með hliðsjón af framangreindu telur nefndin ekki ástæðu til að mæla með samþykkt breytingartillögunnar en, virðulegi forseti, telur nauðsynlegt að kannað verði hvort ástæða sé til að friða ákveðin svæði. Eins og áður hefur komið fram er heimild innan laga fyrir ráðherra að gera slíkt.

Í 2. umr. gætti nokkurs misskilnings varðandi a-lið 2. tölul. í breytingartillögum nefndarinnar, þ.e. hvort sölubann væri því aðeins leyfilegt að einhver önnur takmörkun væri líka notuð. Það er skilningur nefndarinnar að sölubannsheimildin sé sjálfstæð heimild og því megi beita henni hvort sem er einni eða með öðrum takmörkunum. Til að koma í veg fyrir fyrrgreindan misskilning leggur nefndin til að orðin „innan leyfilegs veiðitímabils“ verði felld brott og samhliða því verði gerð smávægileg orðalagsbreyting þannig að í stað orðsins „stofnsins“ komi „viðkomandi stofns“. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt

með eftirfarandi breytingum:

Í stað orðanna „enda sé talið nauðsynlegt vegna ástands stofnsins að takmarka veiðar innan leyfilegs veiðitímabils“ í 1. efnismgr. 3. gr. komi: enda sé talið nauðsynlegt vegna ástands viðkomandi stofns að takmarka veiðar.

Gunnar Birgisson og Kolbrún Halldórsdóttir skrifuðu undir álitið með fyrirvara. Þórunn Sveinbjarnardóttir og Sigurjón Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta skrifa Guðlaugur Þór Þórðarson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Gunnar Birgisson, með fyrirvara, Kjartan Ólafsson, Kolbrún Halldórsdóttir, með fyrirvara, Kristinn H. Gunnarsson, Mörður Árnason og Rannveig Guðmundsdóttir.

[23:52]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. umhverfisnefnd fyrir mjög góða vinnu í þessu máli sem lætur ekki mikið yfir sér en hefur hins vegar reynst þannig að í gegnum tíðina hafa verið skiptar skoðanir um rjúpnaveiðar. En ég tel að hér hafi tekist að sameinast um að setja þær reglur sem nauðsynlegar eru til að tryggja það að veiðarnar verði sjálfbærar í framtíðinni og ef talning á rjúpu leiðir ekkert óvænt í ljós í sumar og stofninum fjölgar ætti að vera hægt að leyfa veiðar í haust að því tilskildu að niðurstaða talningar verði fullnægjandi.

Ég vil gera að sérstöku umtalsefni þá umfjöllun í nefndaráliti umhverfisnefndar að kannað verði hvort ástæða sé til að friða ákveðin svæði. Þessi umfjöllun nefndarinnar kemur í kjölfarið á umfjöllun um breytingartillögu sem hv. þm. Halldór Blöndal lagði fram við 2. umr. Þær breytingartillögur voru allrar athygli verðar og Náttúrufræðistofnun telur að það geti verið nauðsynlegt að takmarka skotveiðar á helstu lindarsvæðum þar sem hópar anda halda til á vetrum til að draga úr truflun sem veiðarnar kunna að hafa á sjaldgæfar og friðaðar tegundir. Hafa ber t.d. í huga að erfitt getur verið að greina friðaðar tegundir úr stórum andahópum, sérstaklega þegar skotið er í rökkri. Á þetta benti hv. þm. Halldór Blöndal sérstaklega.

Samkvæmt 53. gr. laga um náttúruvernd getur umhverfisráðherra friðað slík svæði fyrir skotveiðum að fengnum tillögum eða áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar. Ég tel að gild rök mæli með því að veiðar á öndum á helstu lindarsvæðum verði takmarkaðar frekar en gert hefur verið og hef ég þegar óskað eftir tillögum frá Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun þar að lútandi og beðið um að þeim verði komið til ráðuneytisins fyrir 1. júní nk.

[23:55]

Halldór Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir að hafa brugðist við og skrifað Náttúrufræðistofnun bréf þar sem knúið er á um að ákveðin lindarsvæði verði friðuð þannig að ekki verði haldið áfram andaveiði á slíkum svæðum. Það liggur fyrir þar sem menn hafa verið staðnir að verki.

Ég minntist á það í ræðu minni á dögunum að mynd hefði birst af státnum veiðimanni á netinu þar sem hann var með nokkra straumandarsteggi í fanginu. Það hafa líka verið sendir inn til Náttúrufræðistofnunar vængir af friðuðum öndum sem skotveiðimenn áttuðu sig ekki á að væru friðaðar. Það liggur því alveg ljóst fyrir að verið er að skjóta friðaðar endur meira og minna allan veturinn. Þetta vita menn gjörla.

Ég tek undir það sem hæstv. ráðherra sagði að þegar verið er að skjóta endur í rökkri þá auðvitað vita menn ekki hvað þeir eru að skjóta og má mjög velta því fyrir sér hvort ekki sé kominn tími til að setja ákveðnar reglur um að bannað sé að skjóta fugla eftir að fer að rökkva. Þeir geti flogið í friði að sínu náttbóli án þess að að þeim sé ráðist þar og finnst mér rétt að það sé athugað af Náttúrufræðistofnun og við öll höfum það til athugunar framvegis.

Ég vakti athygli á því við 1. og 2. umr. málsins að farið er að ganga að andaveiðum og fuglaveiðum með miklu skipulegri hætti en áður hefur verið. Sérstakir veiðihundar eru þjálfaðir til að leita uppi endur, gæsir og rjúpur. Ef maður flettir upp á netinu er hægt að sjá þar státinn veiðimann sem er að auglýsa það að hann skuli vera leiðsögumaður fyrir erlenda veiðimenn. Á einni myndinni stendur hann fyrir framan milli 20–30 grænhöfða sem hann hefur skotið og á næstu mynd eru það rauðhöfðar sem urðu fyrir valinu þannig að hann bindur sig ekki bara við stokköndina eða grænhöfðann heldur taldi ég þar um 20 rauðhöfða dauða fyrir framan hann. Það er því alveg ljóst að farið er að ganga að andaveiðum með miklu skipulegri og ákveðnari hætti en áður hefur verið. En eins og hæstv. ráðherra sagði hefur ráðherra falið Náttúrufræðistofnun að athuga nú um þessi mál, þau gögn sem fyrir liggja og hvort ekki sé rétt að friða þau lindarsvæði sem viðkvæmust eru en einmitt eftir áramótin þegar ár, vötn og læki fer að leggja er þýðingarmikið að við bregðumst við og komum náttúrunni til hjálpar og bjargar.

Ég vil líka taka fram að ég hef orðið fyrir vonbrigðum með að nefndin skuli ekki taka undir þá tillögu mína að heimilt sé að skjóta skúm í æðarvarpi. Við vitum að skúmurinn er að færa út lönd sín og er miklu víðar en áður var. Hann er orðinn mjög áberandi t.d. í Héraðsflóa sem var aðallega kjóabyggð áður, þetta eru skyldir fuglar. Við vitum að skúmurinn er kominn norður. Hann er jafnvel á Sigríðarstaðarsandi í Húnavatnssýslum og við vitum að hann er að fara vestur á bóginn og ég fékk fréttir af því um daginn að hann væri kominn í Rangárvallasýslu, væri á söndunum þar. Við vitum að ef við ferðumst um landið á varptímanum þá sjáum við skúminn uppi um heiðar. Hann er að sækja heiðagæsarunga á fjöll og hann sveimar yfir Grímseyingum til að ná sér þar í lunda eða annan bjargfugl. Þó að skúmurinn eigi sér ekki óðul víða í Evrópu og sé mest af honum hér á landi er það síður en svo að hann sé í einhverri hættu. Miklu fremur má segja að þeir fuglar séu í hættu sem nálægt honum eru og sögusagnir um það í Álftaveri, Meðallandi og Landbroti að svo kunni að vera að eitt mannslát þar megi rekja beint til skúmsins þannig að hann er ekki einungis hættulegur smáfuglum.

Út af því sem hæstv. ráðherra sagði og út af þeim góðu undirtektum sem ég fékk í máli hennar hef ég ákveðið að draga breytingartillögur mínar til baka líka með hliðsjón af því að ég beindi þeim orðum mínum í ræðu minni þegar ég

mælti fyrir tillögunum til ráðherra að kannski væri skynsamlegra að nýta þær heimildir sem væru í lögum um friðun, veiðar og vernd á villtum fuglum. En um leið og ég lýsi þessu yfir bíð ég þess að sjá hver niðurstaða Náttúrufræðistofnunar verður og ljóst að ef ég verð fyrir vonbrigðum hef ég áfram rétt til að bera fram tillögur um breytingar á lögum á Alþingi og mun þá gera það. En eins og málið liggur fyrir nú tel ég rétt að doka við og dreg til baka þær breytingartillögur sem ég hef lagt fram, herra forseti.

Við vitum að skúmurinn er kominn norður. Hann er jafnvel á Sigríðarstaðasandi í Húnavatnssýslum og við vitum að hann er að fara vestur á bóginn og ég fékk fréttir af því um daginn að hann væri kominn í Rangárvallasýslu á söndunum þar.

Við vitum ef við ferðumst um landið á varptímanum, þá sjáum við skúminn upp um heiðar. Hann er að sækja heiðargæsaunga á fjöllum. Hann sveimar yfir þeim Grímseyingum til að ná sér þar i lunda eða annan bjargfugl. Þannig að við vitum að þó skúmurinn eigi sér ekki óvini víða í Evrópu, sé mest af honum hér á landi, þá er það síður en svo að hann sé í einhverri hættu. Miklu fremur má segja að þeir fuglar séu í hættu sem nálægt honum eru. Sögusagnir um það í Álftaveri, Meðallandi og Landbroti að svo kunni að vera að eitt mannslát þar megi rekja beint til skúmsins. Þannig að hann er nú ekki einungis hættulegur kannski smáfuglum.

Út af því sem hæstv. ráðherra sagði út frá þeim góðu undirtektum sem ég fékk í hennar máli, þá hef ég ákveðið að draga mínar breytingartillögur til baka, líka með hliðsjón af því að ég beindi þeim orðum mínum í ræðu minni þegar ég mælti fyrir tillögunum til ráðherra, að kannski væri skynsamlegra að nýta þær heimildir sem væru í lögum um friðun, veiðar og vern á villtum fuglum.

Um leið og ég lýsi þessu yfir þá auðvitað bíð ég þess að sjá hver niðurstaða Náttúrufræðistofnunar verður og það er auvitað ljóst að ef ég verð fyrir vonbrigðum þá hef ég áfram rétt til þess að bera fram tillögur um breytingar á lögum hér á Alþingi og mun þá gera það. En eins og málið liggur fyrir nú þá tel ég rétt að doka við og dreg til baka þær breytingartillögur sem ég hef lagt fram, herra forseti.

[00:02]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Þetta var fróðleg ræða og leitt að við í umhverfisnefnd skyldum ekki sjá okkur fært að leggja inn í þessa umræðu fleiri fuglategundir og dýra. Það var mjög rætt í nefndinni að gagnlegt væri að fara yfir allt sviðið. Það sem ákveðið var í nefndinni var hins vegar að binda sig við rjúpuna með örlítilli undantekningu, að gefnu tilefni úr góðu frumvarpi sem hér var flutt á þinginu, en lengra komust menn ekki. Ég var t.d. áhugamaður um að breyta ákvæðum þessara laga um hrafninn, sem ég tel óþörf og grimmileg og ber hag hans fyrir brjósti eins og sumir endurnar og aðra fugla.

Það sem kom mér hins vegar á óvart í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndal var að hann áskildi sér rétt til að flytja frumvarp — hann þarf ekki að áskilja sér það því að hann hefur rétt til þess meðan hann er þingmaður á þinginu — ef hann væri ekki sammála tillögum og áliti Náttúrufræðistofnunar. Er það þá þannig að hv. þm. Halldór Blöndal geri fyrir fram fyrirvara við vísindalegar niðurstöður þeirrar stofnunar sem á að gefa Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneytinu hinn vísindalega grunn til að standa á?

[00:04]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að svara þessu mörgum orðum. Í fyrsta lagi er frumvarpið sem hér liggur fyrir almennt og á ekki bara við rjúpur. Ég benti hv. þingmanni á það, að mig minnir við 2. umr. málsins, að þetta frumvarp varðar aðrar tegundir einnig. Það er ekki bundið við rjúpuna eins og menn geta fullvissað sig um sem lesa frumvarpið.

Í annan stað þykir mér út af fyrir sig áhugavert að hv. þingmaður skuli telja nauðsynlegra að friða hrafninn en endur. Það er kannski vegna þess að hv. þingmanni þyki hrafninn greindari en aðrir fuglar og leggi mikið upp úr greind fugla og manna. Þá er kannski rétt að minna hann á að sú var skoðun Ólafs Friðrikssonar að grænlenski hrafninn væri greindari en sá íslenski.

Í þriðja lagi vil ég aðeins segja að við hér sem erum kjörnir til Alþingis eigum að fara eftir samvisku okkar en ekki eftir reseptum utan úr bæ.

[00:05]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Ég efast ekki um að samviska Halldórs Blöndals hlýtur að vega þyngra ef hún er sett á vogarskál og hinum megin vísindatillögur Náttúrufræðistofnunar. Það er út af fyrir sig dónaskapur að halda öðru fram.

Varðandi hrafninn og endurnar þá er það að segja að mikilvægt er, þegar menn ræða lög og sérstaklega þegar þeir leggja fram frumvarp, að þeir skilji anda laganna. Munurinn á hrafninum annars vegar og öndunum hins vegar í þessum lögum er sá að endurnar eru friðaðar, að vísu með heimildum ráðherra til þess að afnema þá friðun. Það er hrafninn ekki. Það eru fuglar og dýr í þessum lögum sem ekki eru friðuð. Þess vegna væri nær að ræða sérstaklega málefni hrafnsins en andanna, ef við erum að tala um lagabreytingar, vegna þess að ráðherra hefur fyrir heimildir til að alfriða þær endur sem ráðherra vill, að fengnum tillögum að vísu frá Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun. Ráðherra hefur ekki heimild til þess að friða hrafninn, hvorki á svæðum á einhverjum tímabilum, eða með nokkrum einasta hætti, nema með sérstakri lagabreytingu. Þess vegna tel ég að nær væri að tala um hrafn og reyndar fleiri skepnur en endur.

[00:06]

Halldór Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér láðist að geta þess áðan að ég hef rætt við ýmsa sérfræðinga í Náttúrufræðistofnun um þær breytingartillögur sem ég flutti og frumvarpið sem við ræðum hér um. Þar sem það eru einkasamtöl get ég ekki vísað til neinna einstakra þeirra en ég get fullvissað hv. þingmann um að á Náttúrufræðistofnun fyrirfinnast þeir sérfræðingar sem eru sammála mér um að nauðsynlegt sé að friða ákveðin lindarsvæði og eru sammála mér um að ótrúlegt sé

hversu hart er gengið er fram af ýmsum við veiðar á villtum fuglum.

Menn hafa þar ýmsir miklar og þungar og ríkar áhyggjur af því hvernig fuglaveiðar hér á landi hafa verið auglýstar. á netinu, bæði erlendis og hér á landi. Þar er enginn munur gerður á tegundum. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, var þar flaggað með straumandarsteggi. Ég hygg að okkur þyki flestum nokkuð mikið um þegar veiðimaðurinn hefur, eins og ég sagði áðan, meira en 20 dauða rauðhöfða í kringum sig og meira en 20 grænhöfða.

Þetta eru ekki veiðar sem Íslendingar stunduðu með slíkri grimmd áður. Skipulagning þessara veiða og sá mikli þrýstingur og þær miklu auglýsingar sem hafðar eru í frammi til þess að fá menn á þær veiðarnar eru með ólíkindum.

Við vitum að þeir sem hafa byssuleyfi erlendis hafa leyfi til að koma til Íslands og skjóta fugla. Þeir þurfa að vísu að hafa með sér leiðsögumann en við vitum líka að það hefur sést til þeirra. Við vitum að stóra-toppönd, húsönd og aðrir slíkir fuglar hafa legið særðir eftir þegar farið hefur verið yfir svæði af slíkum mönnum.

[00:09]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er að sumu leyti heimilislegt að vera komin svo langt inn í nóttina, fram yfir miðnætti, og hlusta á 2. þm. Norðaust., Halldór Blöndal, halda ræður um friðun anda. Ég deili ýmsum hugrenningum hv. þingmanns í þessum efnum. Ég er einn þeirra þingmanna og kannski eini þingmaðurinn sem lýsti stuðningi við hæstv. umhverfisráðherra Siv Friðleifsdóttur á sínum tíma, þegar hún ákvað að koma á þriggja ára veiðibanni á rjúpu. Ég er enn þeirrar skoðunar að við hefðum að ósekju mátt halda út það þriggja ára tímabil þótt ég felli mig fullkomlega við þá málamiðlun sem frumvarpið sem hér um ræðir felur í sér. Ég tel hana vera skynsamlega. Ég tel hana unna af ígrundun af hv. umhverfisnefnd, sem skoðaði málið til hlítar, ekki einungis eftir 1. umr. heldur líka eftir 2. umr.

Ég var því miður fjarverandi við 2. umr. málsins og raunar við afgreiðslu þess frá nefndinni fyrir 2. umr. Ég stóð því ekki að nefndaráliti nefndarinnar á þskj. 906 en á framhaldsnefndarálitinu sem hér er til umræðu, og eins og hv. þingmaður, formaður umhverfisnefndar, Guðlaugur Þór Þórðarson gat um, þá rita ég undir það framhaldsnefndarálit með fyrirvara.

Fyrirvari minn lýtur að tvennu má segja. Ég nefndi í upphafi máls míns að ég er þeirrar skoðunar að vel hefði mátt halda út þriggja ára alfriðunartímabil á rjúpu. Við vitum að við talningu á rjúpunni vorið 2004 kom það fram að stofninn hefði tvöfaldast á milli áranna 2003 og 2004. Samkvæmt upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands bendir allt til þess að álíka stórt stökk verði í stofninum í vor, sem er auðvitað fagnaðarefni og afar athyglisvert, sérstaklega þegar haft er í huga að veiðarnar eru eini þátturinn í stofnstærð rjúpunnar sem við getum haft einhver áhrif á. Hinar náttúrulegu sveiflur getum við ekki haft áhrif á en veiðarnar getum við haft áhrif á. Ég tel að ef við hefðum haft biðlund í eitt ár til þá hefðum við séð enn betur áhrif friðunarinnar. Ég tel að það hefði verið gott að öðlast þá þekkingu. Þriggja ára veiðibannið hefði haft aukna þýðingu til að meta þau áhrif sem veiðibann hefur með einhverri vissu. En málamiðlunin sem hér er lögð er að mínu mati engu að síður ásættanleg. Ég set mig alls ekki upp á móti henni.

Varðandi hitt atriðið sem ég hef fyrirvara við, þá er það sölubannið sem ég hef vikið að oftar en einu sinni í þingræðum þegar þessi mál hafa verið til umfjöllunar. Ég hef ákveðnar efasemdir um að sölubann eitt og sér haldi. Ég ber nokkurn ótta í brjósti varðandi möguleika fólks á að stofna til einhvers konar svartamarkaðssölu á íslenskri rjúpu, sem eðli málsins samkvæmt er ekki merkt upprunalandi þegar hún er komin á disk neytenda, t.d. á veitingahúsi. Ég hefði verið höll undir þá leið sem Náttúrufræðistofnun Íslands lagði upphaflega til, að jafnframt sölubanni yrði bannaður innflutningur á erlendri bráð, erlendum fugli, sem væri sambærilegur við íslensku rjúpuna. Þar mun fyrst og fremst átt við grænlenskar rjúpur. Þær gætu mögulega ratað inn á markaðinn. Þær eru mjög svipaðar íslensku rjúpunni og ekkert sem kæmi í veg fyrir það í sjálfu sér að menn seldu íslensku rjúpuna sem grænlenska, nema þá að innflutningsbann væri í gildi.

Um þetta segir í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem send var umhverfisnefnd og dagsett er 24. febrúar síðastliðinn, með leyfi forseta:

„Náttúrufræðistofnun hefur áður lýst þeirri skoðun að sölubann þurfi að ná til innfluttra dýra sömu tegundar enda sé, svo dæmi sé nefnt, erfiðleikum háð að þekkja í sundur íslenskar og grænlenskar rjúpur og möguleiki að smygla íslenskum rjúpum inn á markað á þeim forsendum. Náttúrufræðistofnun getur þó fallist á til reynslu það fyrirkomulag sem lýst er í frumvarpinu. Tryggja þarf að reglum um uppruna vottorð og pökkun á innfluttri villibráð sé framfylgt. Í því sambandi hvetur Náttúrufræðistofnun til þess að reglugerð um sölu, innflutning og útflutning villtra dýra sem kveðið er á um í 7. gr. núgildandi laga verði sett sem fyrst og áður en rjúpnaveiði hefst á nýjan leik."

Í þessu sambandi vil ég, hæstv. forseti, hvetja hæstv. umhverfisráðherra til að setja þessa reglugerð sem allra fyrst og sömuleiðis undirstrika það sem álit Náttúrufræðistofnunar að fyrirkomulagið sem við erum að innleiða hér sé einungis til reynslu. Til þess að við getum metið þá reynslu sem við fáum af þessu fyrirkomulagi þarf auðvitað virkt eftirlit. Ég hvet hæstv. umhverfisráðherra til að tryggja að það verði viðhaft og stundað svo það verði alveg ljóst á hvern hátt þetta fyrirkomulag nýtist okkur og hvort það gagnast okkur til fulls, eins og við auðvitað vonum. Virkt eftirlit og öflug reglugerð mundi hjálpa í þeim efnum. Þetta eru í meginatriðum þeir fyrirvarar sem ég hef við málið, þeir eru í sjálfu sér ekki alvarlegir en ég vildi þó að þeir kæmu hér fram.

Ég vil svo einungis hnykkja á sjónarmiði mínu varðandi breytingartillöguna sem umhverfisnefnd gerir við 3. gr. frumvarpsins, en hún varðar 17. gr. laganna. Þar er gert ráð fyrir að orðalagið verði eins og segir í breytingartillögu nefndarinnar: „enda sé talið nauðsynlegt vegna ástands viðkomandi stofns að takmarka veiðar". Ég vil bara taka það fram til þess að það sé sagt hér að það hlýtur að felast í orðanna hljóðan að það sé Náttúrufræðistofnun Íslands sem kemur til með að meta stofnstærðina eða ástand stofnsins.

Það hlýtur að vera Náttúrufræðistofnun Íslands sem er sá aðili sem, eðli máls samkvæmt, sér um það mat. Ég lít því svo á og ég tel að það sé skilningur umhverfisnefndar að það sé í verkahring Náttúrufræðistofnunar Íslands að meta stofnstærðina og ástand stofnsins.

Hvað varðar friðun ákveðinna svæða og málefni það sem hv. þm. Halldór Blöndal tók upp hér, hann nefndi sérstaklega ákveðin lindarsvæði sem þörf væri á að friða fyrir þeim veiðimönnum sem láta sér detta í hug að skjóta endur, rauðhöfða eða grænhöfða, þá vil ég taka undir með hv. þingmanni og reyndar ítreka það sem ég sagði við 1. umr. að ég held að það sé mjög mikilvægt að hæstv. umhverfisráðherra haldi rjúpnanefndinni við efnið hvað þetta varðar. Eins og hún sagði í upphafi ræðu sinni þegar hún fylgdi málinu úr hlaði og reyndar í ræðu sinni áðan líka, er meiningin að tillögur um griðlönd og friðuð svæði að þessu leyti eigi eftir að líta dagsins ljós. Ég tel mjög mikilvægt að rjúpnanefndinni verði falið þetta verkefni áfram og því fyrr sem slíkar tillögur líta dagsins ljós, því betra. Við verðum að viðurkenna að hér er um viðkvæma stofna að ræða sem við berum ábyrgð á. Við þekkjum hnignun lífkerfisins, ekki bara hér á landi heldur út um allan heim, vegna ágangs mannsins. Hluti af þeim ágangi er auðvitað veiðiálag.

Hæstv. forseti. Eitt atriði hefur ekki verið nefnt í þessari umræðu, ég var ekki viðstödd 2. umr. en ég veit a.m.k. að nú við 3. umr. hafa ekki verið nefnd þau sjónarmið sem Bændasamtök Íslands hafa viljað koma að í umræðu um málið. Mér finnst eðlilegt að sanngirni sé gætt í þeim efnum. Umhverfisnefnd bárust umsagnir frá Bændasamtökum Íslands og raunar líka ályktun frá búnaðarþingi sem leiðir í ljós grundvallarmun á sjónarmiðum bænda annars vegar og sportveiðimanna hins vegar. Ég held að full ástæða sé til fyrir okkur að hugleiða nánar sjónarmið bænda í þessum efnum. Ég er ekki að segja að ég geri þau að mínum, alls ekki, en hins vegar tel ég að þeir hafi ákveðinn hefðarrétt í þessum efnum sem sé kannski ekki alveg sjálfgefið að afnema.

Í umsögnum sínum fjalla bændur um það að ásókn sportveiðimanna í veiðar á fuglum hafi farið vaxandi á seinni árum. Þeir viðurkenna að það geti gefið bændum og öðrum landeigendum aukna möguleika til tekjuöflunar af hlunnindum ef vel tekst til með skipulag og eðlilega nýtingu, en þeir telja jafnframt að með aukinni ásókn í fuglaveiðar hafi komið fram að ýmsir þeir sem sportveiðar stunda sætti sig illa við umráðarétt bænda yfir þessum hlunnindum. Bændur segja að þetta hafi stundum leitt af sér árekstra og jafnvel kærur. Jafnframt kemur fram í greinargerð sem nefndinni barst frá búnaðarþingi að þær hugmyndir sem koma fram í frumvarpinu sem hér er fjallað um séu mörgum bændum lítt þóknanlegar. Menn telja jafnvel að þær séu sumar hverjar óframkvæmanlegar, eins og t.d. sölubannið á rjúpu sem bændur leggjast mjög gegn. Þeir taka fram að bændur eða landeigendur kjósi að veiða sjálfir á lendum sínum og selja afurðirnar og það hafi þeir gert árum og áratugum saman og þeim finnist því fráleitt að banna sölu á rjúpu og telja það kalli einungis á svokallaðan svartan markað.

Bændasamtökin telja jafnframt nauðsynlegt að forðast að tekið verði upp skipulag og reglur sem bjóði upp á sífelldar deilur og árekstra og því sé nauðsynlegt að til komi skipulegar og samræmdar aðgerðir. Síðan tala bændur um hugmyndir sem þeir hafi um að stofna einhvers konar samtök sem gætu líkst samtökum sem þeir hafa nú þegar og eru við lýði um lax- og silungsveiði. Þeir hefðu í huga að slík samtök gætu haft það hlutverk að vinna hugmyndum þeirra brautargengi hjá stjórnvöldum og telja útilokað að þetta mál komist í farsælan farveg nema bændur sjálfir komi að og móti framtíðarfyrirkomulag og séu þokkalega sáttir við þann farveg sem málið verður sett í.

Ég nefni þetta hér af sanngirnisástæðum. Ég tel eðlilegt að hæstv. umhverfisráðherra, sem er einmitt viðstödd umræðuna hér og ég vil þakka það — það er virðingarvert á þessum síðustu og verstu tímum þar sem gagnrýnt hefur verið hér í dag að við söknum oftar en ekki ráðherra í 2. eða 3. umr. mála — ég tel eðlilegt að ráðherra fái þessi sjónarmið Bændasamtakanna með sér í nesti og geti skoðað þau í sínum ranni. Hún veit auðvitað að þarna eru ólík sjónarmið sem tekist er á um, en eins og ég sagði þá held ég að bændur og aðrir landeigendur séu kannski ekki alveg búnir að segja sitt síðasta í þessum málum.

Hæstv. forseti. Ég vil ljúka máli mínu á því að vitna í bréf frá ástríðufullum veiðimanni sem skrifaði umhverfisnefnd. Gísli Páll Pálsson heitir hann og fagnar því að þetta mál skuli nú vera til lykta leitt og hann komi til með að geta skotið nokkrar rjúpur í jólamatinn fyrir næstu jól. Hann fjallar hér um athyglisverðan hlut sem varðar styttingu eða stýringu veiðitíma og þá sérstaklega þá stýringu sem heimilar umhverfisráðherra að beina veiðum inn á ákveðinn hluta dags. Gísli Páll Pálsson er að fjalla um kvöldveiðar á gæs. Hann segir í bréfi sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég stundaði slíkar veiðar fyrir allmörgum árum og oft á tíðum sá maður lítið hvað var verið að skjóta á og í mörgum tilfellum missti maður særða fugla út í myrkrið. Slíkt veiðibann er að mínu mati afar mikilvægt og mundi veiðiálag minnka og gæsirnar fengju frið á náttstað. Það er sennilega auðveldara fyrir gæsina að finna nýtt beitarland að degi til heldur en að finna sífellt nýjan og nýjan náttstað þó að ég hafi ekki neinar vísindalegar rannsóknir til þess að styðja mál mitt."

Ég vitna í þetta bréf, hæstv. forseti, sem er til marks um það hversu margir hafa sýnt málinu áhuga og hversu margir hafa komið að máli við nefndina og skrifað nefndinni hugrenningar sínar og langanir og þrár í þessum efnum.

Eins og hv. þm. Halldór Blöndal gat um í ræðu sinni er þetta mál líka tilfinningatengt. Ég er engin undantekning þar frá. Hv. þm. Halldór Blöndal hafði áhyggjur af skúminum í æðarvarpinu en mig langar að minna á að það eru fleiri en skúmurinn sem næla sér í gæsarunga uppi á heiðum. Ég minni á það að það eru a.m.k. 600 gæsahreiður sem koma til með að fara undir vatn í væntanlegu Hálslóni, ef það verður einhvern tímann að veruleika. Það er því ekki bara skúmurinn sem er frekur til fjörsins í þessum efnum, það er ekki síður maðurinn, hvort heldur hann fer um með byssur eða stórvirkjanir á hálendinu.

[00:25]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bregðast sérstaklega við umfjöllun hv. síðasta ræðumanns um Bændasamtökin og aðkomu þeirra. Eins og þingmönnum er kunnugt var rjúpnanefndinni falið að koma með tillögur og drög að frumvarpi á sínum tíma. Fulltrúi Bændasamtakanna á þar sæti og stóð að þessum tillögum með rjúpnanefndinni. Tillagan um sölubannið sem er í frumvarpinu er komið frá rjúpnanefndinni. Ég vil að það sé alveg skýrt.

[00:25]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir að koma með þessar upplýsingar. Þær eru vissulega athyglisverðar og gagnlegar í þessari umræðu. Það er þá alveg ljóst að fulltrúi Bændasamtakanna stendur að þessum tillögum með rjúpnanefndinni. Það er ánægjulegt og gott til þess að vita, þó svo þar sé þá skoðanaágreiningur við niðurstöðu búnaðarþingsins.

Eins og ég sagði áðan geri ég ekki að þessi sjónarmið búnaðarþings að mínum, alls ekki, en þótti rétt að geta um þau í ræðu minni þar sem þau höfðu ekki komið fram áður í umræðunni.

[00:26]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá málefnalegu og góðu umræðu sem búin er að vera hér í nótt um þetta mál. Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu í lokin. Ég held, ef maður fer yfir málið í heild sinni og ég segi það bara frá eigin brjósti, að það sé afskaplega mikilvægt að hér verði sjálfbærar veiðar á þeim fuglum og dýrum sem þola slíkt. Ég heyri það og það er ekkert nýtt, við finnum það í nefndinni og bara með því að vera til, að það séu ýmsar tilfinningar sem bærast hjá fólki þegar kemur að slíkum hlutum og það er eðlilegt og tilfinningarök eru líka rök. Það er hins vegar mjög mikilvægt þegar við nálgumst þetta mál, löggjafinn og hæstv. ráðherra, og ég efast ekki um að það verði, að menn reyni að gera það með eins vísindalegum hætti og mögulegt er. Sem betur fer erum við með kerfi sem ég veit ekki hvort er einstakt í heiminum en a.m.k. hefur það gengið afskaplega vel, og það er veiðikortakerfið sem hefur gengið framar björtustu vonum. Það er mjög gott og auðvelt að nálgast upplýsingar um t.d. veiðar á fuglum fyrir almenning og sjá hvernig það hefur þróast. Það er eitthvað sem menn þurfa að skoða og hafa til hliðsjónar í þessu efni.

Ég lít á slíkar veiðar sem afskaplega mikil gæði og þær eru í mínum huga hluti af íslenskri menningu, við getum kallað það veiðimenningu eða hvað það er. Við erum enn þá veiðiþjóð og við lifum af veiðum, það er ekkert flóknara en það. Þrátt fyrir ýmislegt gott sem er að gerast í þjóðfélaginu, útrás á öllum sviðum, þá er grunnurinn samt sem áður enn þá sá á Íslandi að við lifum af veiðum þó svo að sífellt færri vinni við slíkt.

Það eru mikil gæði að geta notið náttúrunnar á þennan hátt og að vera í þeim góðu tengslum við náttúruna sem veiðimenn eru, það þekki ég sjálfur. Það liggur hins vegar alveg fyrir að gera verður mjög miklar kröfur til þeirra aðila sem nýta slík gæði, umgengni þeirra verður að vera góð og virðing þeirra fyrir bráðinni og umhverfinu verður að vera til staðar. Eðli málsins samkvæmt eigum við að sjálfsögðu, ef við sjáum fram á að einhver hætta sé á ferðum með ákveðna stofna, að grípa til aðgerða, verndunaraðgerða. Ég held að allir eigi að vera sammála um það. Það skiptir hins vegar miklu máli allra hluta vegna að umræðan sé málefnaleg og byggð á traustum rökum. Þannig held ég að náist best sátt og bestur árangur, því það er engum til hagsbóta, hvorki veiðimönnum né þjóðinni, að við göngum of nærri ákveðnum stofnum.

Þó að mjög margt sé í þessum lögum sem má skoða og þó að margir fletir séu á þeim lít ég svo til að þessi sátt sem hefur náðst meðal aðila — ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að hafa haft frumkvæði að því að koma þessari nefnd af stað, ég held að það hafi verið afskaplega skynsamlegt skref. Þær reglur sem við sitjum uppi með núna eru miklu betra tæki til að takast á við veiðistjórnun en við höfum haft áður.

Ég heyrði hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að hún hafði ákveðnar áhyggjur af sölubanni. Það eru viðhorf sem við þekkjum en samt sem áður er þetta ekki eitthvað sem við Íslendingar erum að finna upp, þetta er almenna reglan í öðrum löndum. Það er almenn regla að það sé sölubann á veiðibráð. Áhyggjur eru kannski eðlilegar þegar við erum að byrja — ef út í það verður farið yfirleitt, engar ákvarðanir hafa verið teknar um slíkt, það er ráðherra sem ákveður. Ef út í það verður farið vona ég að það muni ganga ágætlega.

Ég þakka fyrir þessar góðu umræður og þakka nefndinni fyrir afskaplega gott samstarf. Ég vonast til þess að það starf sem hefur verið unnið hér og sú löggjöf sem vonandi verður samþykkt á næstu dögum verði liður í því að hér verði hægt að stunda áfram sjálfbærar veiðar í góðri sátt við þjóðina. Það er auðvitað algjört grundvallaratriði.

[00:32]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka undir síðustu orð hv. ræðumanns, hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, og segja að það er auðvitað gott ef við náum sátt um það hvernig við viljum umgangast íslenska náttúru, samt með þeim hætti að við séum ekki að leggja af veiðar og eðlilega náttúrunýtingu. Ég tek undir þau sjónarmið og fagna því að menn nái saman um að reyna að standa að veiðum á rjúpu og öðrum fugli með eðlilegum hætti. Ég vonast vissulega til að þetta verði okkur öllum til farsældar í framtíðinni og megi samt tryggja að nýtingin haldi áfram með eðlilegum hætti.

Það er kannski hægt að ramma þessa umræðu inn með vísukorni sem ég hripaði niður áðan. Ég læt það vera lokaorð mín við þessa umræðu, eitthvað á þessa leið:

Við friðum vetrarlendurnar,
þar sem að sofa endurnar,
við heftum dálítið fjendurna
sem til veiða nota hendurnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 14. mál.

Fundi slitið kl. 00:34.

---

119. FUNDUR

föstudaginn 29. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.,
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Hjálmar Árnason, 6. þm. Suðurk.,
Jónína Bjartmarz, 6. þm. Reykv. s.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvest.,
Sigurður Kári Kristjánsson, 10. þm. Reykv. n.,
Steingrímur J. Sigfússon, 5. þm. Norðaust.,
Valgerður Sverrisdóttir iðnrh., 1. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 8. þm. Suðvest.

Minning Helga Bergs.

[10:30]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Helgi Bergs, verkfræðingur og fyrrverandi alþingismaður, andaðist í fyrrinótt, aðfaranótt fimmtudags 28. apríl, áttatíu og fjögurra ára að aldri.

Helgi Bergs var fæddur 9. júní 1920 í Reykjavík. Foreldrar hans voru hjónin Helgi Bergs forstjóri og Elín Jónsdóttir Bergs, fædd Thorstensen, húsmóðir. Hann lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum í Reykjavík 1938 og prófi í efnaverkfræði í Tækniháskóla Danmerkur í Kaupmannahöfn 1943. Að prófi loknu var hann deildarverkfræðingur við skólann 1943–1945, sinnti þar rannsóknum. Árin 1945–1952 var hann verkfræðingur hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga í Reykjavík, forstöðumaður tæknideildar þess frá 1948, einkum við skipulagningu ullar- og fiskiðnaðar samvinnufélaganna, hafði meðal annars umsjón með endurbyggingu ullarverksmiðjunnar Gefjunar á Akureyri og skipulagningu dreifikerfis Olíufélagsins hf. Hann var framkvæmdastjóri iðnsýningarinnar í Reykjavík 1952. Verkfræðingur hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna við skipulagningu hraðfrystihúsa í Tyrklandi var hann 1953–1954, formaður Íslenskra aðalverktaka sf. 1954–1960 og framkvæmdastjóri Sambands íslenskra samvinnufélaga 1961–1969. Hann var bankastjóri Landsbanka Íslands 1971–1988.

Helga Bergs voru falin ýmis trúnaðarstörf jafnframt aðalstarfi og skal hér getið nokkurra þeirra. Hann var í bankaráði Iðnaðarbankans 1953–1959 og í stjórn Iðnaðarmálastofnunarinnar 1962–1966. Í miðstjórn Framsóknarflokksins var hann frá 1962 og ritari flokksins 1962–1972. Hann var í stjórn Fiskveiðasjóðs 1971–1972, 1978–1980 og 1982–1986. Formaður stjórnar Viðlagasjóðs var hann 1973–1976. Hann var formaður stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins 1974–1978 og formaður Bessastaðanefndar 1989–1998.

Í alþingiskosningunum 1963 var Helgi Bergs kjörinn þingmaður Framsóknarflokksins í Suðurlandskjördæmi, átti sæti á Alþingi til 1967. Í haustkosningunum 1959 og kosningunum 1967 hlaut hann sæti fyrsta varaþingmanns flokksins í kjördæminu, tók þá sæti á sex þingum, sat á tíu þingum alls.

Helgi Bergs hlaut staðgóða menntun undir ábyrgðarmikið ævistarf. Verkfræðikunnátta hans nýttist honum vel í forustu við verklegar framkvæmdir á ýmsum sviðum. Starfsferill hans, sem hér hefur verið rakinn að nokkru, sýnir það traust sem hann naut til vandasamra verka.

Helgi Bergs komst til frama í flokki sínum, Framsóknarflokknum. Á Alþingi átti hann sæti í efri deild og var í sjávarútvegsnefnd, fjárhags- og viðskiptanefnd og iðnaðarnefnd deildarinnar. Hann lét einkum til sín taka efnahags- og atvinnumál og málefni samvinnuhreyfingarinnar voru honum jafnan hugleikin.

Mannkostir hans og dugnaður komu einkar vel í ljós þegar hann valdist til forustu Viðlagasjóðs sem var stofnaður til að bæta tjón af völdum eldgossins í Vestmannaeyjum. Það starf rækti hann með afburðum vel.

Undir lok starfsævinnar tók Helgi Bergs að sér formennsku Bessastaðanefndar sem stóð fyrir framkvæmdum á forsetasetrinu Bessastöðum. Það starf rækti hann sem önnur af alúð.

Ég bið háttvirta alþingismenn að minnast Helga Bergs með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Tilkynning um forföll varamanns.

[10:34]

Forseti (Sólveig Pétursdóttir):

Forseta hefur borist símskeyti frá 1. varamanni Samfylkingarinnar í Suðvest., Ásgeiri Friðgeirssyni, um forföll.

[10:34]

Útbýting:

Almannatryggingar, 792. mál, frv. UMÓ, þskj. 1225.

Álbræðsla á Grundartanga, 707. mál, nál. iðnn., þskj. 1220.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 396. mál, nál. iðnn., þskj. 1221.

Fjarsala á fjármálaþjónustu, 482. mál, þskj. 1216.

Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, 667. mál, nál. allshn., þskj. 1224.

Græðarar, 246. mál, þskj. 1213.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 648. mál, nál. allshn., þskj. 1218.

Ótímabært og óeðlilegt kynlíf unglinga, 793. mál, þáltill. UMÓ, þskj. 1226.

Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, 583. mál, nál. sjútvn., þskj. 1222.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 732. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1223.

Vatnalög, 413. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1219.

Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 295. mál, þskj. 1212.

Virðisaukaskattur, 159. mál, þskj. 1214.

Utanríkismál, munnleg skýrsla utanríkisráðherra, ein umr.

[10:36]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Hinn 1. apríl síðastliðinn voru 150 ár frá því að Íslendingar fengu fullt verslunarfrelsi. Jón Sigurðsson forseti og fylgismenn hans gerðu sér grein fyrir mikilvægi frjálsrar verslunar fyrir íslenskt samfélag. Verslunarfrelsi markaði að þeirra mati upphaf betri tíðar. Jón Sigurðsson sagði, með leyfi forseta:

„Því aðeins geta þjóðirnar til fulls þekkt sig sjálfar, að þær þekki einnig aðrar þjóðir, gefi nákvæman gaum að öllu lífi þeirra og framförum og taki dæmi þeirra og reynslu sér til eftirdæmis og viðvörunar.“ — Og enn sagði Jón, með leyfi forseta: „Þá hefir menntunin verið mest, þegar mestar hafa verið utanferðir og Íslendingar átt mest viðskipti við önnur lönd; þó ekki við eitt land, heldur mörg.“

Jón Sigurðsson hitti eins og endranær naglann á höfuðið. Ég tel við hæfi, virðulegi forseti, af þessu tilefni að hefja mál mitt með því að fjalla um utanríkisviðskiptamál.

Á undanförnum árum hafa verið stigin markviss skref til að leysa íslenskt atvinnulíf úr fjötrum hafta og ríkisafskipta. Skattar hafa verið lækkaðir og framlög til rannsókna og þróunar aukin, sem hefur leitt til hærra menntunarstigs þjóðarinnar. Í alþjóðlegum samanburði er reglulega frá því greint að Ísland sé í fremstu röð ríkja varðandi ákjósanlegt viðskiptaumhverfi. Það er fagnaðarefni.

Öflugir lífeyrissjóðir og einkavæðing bankanna ásamt auknu viðskiptafrelsi hafa skapað svigrúm til útrásar íslensks atvinnulífs. Reistar hafa verið traustar stoðir undir sjávarútveginn. Með kvótakerfinu er fiskur veiddur og seldur samkvæmt framboði og eftirspurn á mörkuðum. Það leiðir til aukins aflaverðmætis. Áhrif samdráttar í afla eru því minni en áður, þar sem stöðugleiki hefur tekið við af ringulreið.

Allir þessir þættir og reyndar mun fleiri hafa átt ríkan þátt í að skapa grundvöll íslenskrar útrásar. Framleiðni hefur aukist og fjölbreyttari störf orðið til í landinu svo sem á hugbúnaðarsviðinu, í lyfjageiranum, á fjármálamarkaðnum, í líftækni og svo mætti áfram telja. Á sama tíma er atvinnuleysi með því minnsta sem þekkist. Sókn íslenskra fyrirtækja erlendis byggir því á traustum grunni og aðstæður þeirra hérlendis eru með þeim bestu í heiminum.

Samhliða aðgerðum innan lands hafa gæfurík skref verið stigin í utanríkisviðskiptum. Ákvörðunin um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu hefur reynst farsæl. Við njótum á þessu svæði að langmestu leyti sömu viðskiptakjara og 27 önnur Evrópuríki með tæplega 500 milljóna manna markað. Samningurinn hvílir á traustum stoðum. Það kom glöggt í ljós við síðustu stækkun efnahagssvæðisins. Aðildarríkin sýndu þá í verki að þau styðja samninginn. Hann verður áfram traust undirstaða samskipta og viðskipta Íslands við Evrópu.

Evrópumál eru til umræðu í nefnd sem forsætisráðherra skipaði á síðastliðnu ári og fulltrúar allra flokka á Alþingi eiga aðild að. Nefndinni er ætlað að greina aðalatriði mála og helstu staðreyndir til að auðvelda umræðu á réttum forsendum um Evrópumálin.

En sjóndeildarhringur viðskipta Íslendinga nær út fyrir Evrópu. Þátttakan í Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA, hefur verið farsæl og EFTA-ríkin hafa gert fríverslunarsamninga við 14 ríki fyrir utan Evrópusambandið. Samningaviðræður eru nú í gangi við Suður-Afríku og fleiri ríki í þeim heimshluta. Fríverslunarviðræðum við Suður-Kóreu miðar vel og samningar við Tæland hefjast í Reykjavík í maí. Óformlegar viðræður hafa farið fram við ýmis önnur ríki, þar á meðal Bandaríkin og Kína, en erfiðlega hefur gengið að ljúka samningum við Kanada. Það ætti ekki að koma á óvart að það eru oft stærri ríki sem óskað hafa eftir fríverslunarsamningum við EFTA-ríkin. Þau standa samanlagt að 2% heimsviðskipta sem er álíka mikið og hjá Mexíkó, sem hefur um 100 milljónir íbúa.

EFTA-ríkin hafa í vaxandi mæli leitað eftir fríverslun við Asíuríki. Áður fyrr fetuðu þau fremur í fótspor ESB við gerð fríverslunarsamninga, en slíku er ekki til að dreifa í Asíu enda hefur ESB ekki samið um fríverslun í þeim heimshluta. Það er heldur ekki sjálfgefið að hagsmunavarsla EFTA-ríkjanna og ESB fari alltaf saman. Stefnt er að fríverslun milli Íslands og Kína fyrir árið 2007 og unnið að viljayfirlýsingu um samningaviðræður þar að lútandi. Nú þegar er fjárfestingasamningur í gildi milli ríkjanna, ferðamálasamningur var gerður í fyrra og nýlega var undirritaður einn umfangsmesti loftferðasamningur sem gerður hefur verið af Íslands hálfu.

Hvað varðar næsta nágrenni Íslands, þá finnum við til sérstakrar samkenndar með frændum okkar Færeyingum. Það er því gleðiefni að innan tíðar verður undirritaður fríverslunarsamningur á milli Íslands og Færeyja sem er umfangsmesti samningur af því tagi sem Ísland hefur gert. Hann nær til búvara og samkvæmt honum verða Íslendingar og Færeyingar jafnt settir í viðskiptalegu tilliti í löndum hvorra annarra. Markmiðið er að Grænland geti einnig gerst

aðili að þessum samningi í náinni framtíð.

Þótt tvíhliða og svæðisbundið viðskiptasamstarf sé mikilvægt er einnig lykilatriði að efla alþjóðlegt viðskiptasamstarf. Fríverslun er leiðin til betri lífskjara fyrir alla. Niðurstaða svonefndrar Doha-samningalotu á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar mun hafa áhrif víða um heim. Viðskiptahindrunum verður rutt úr vegi, tollar á iðnvarning munu lækka, og skýrari leikreglur verða settar um alþjóðaviðskipti, sem gagnast einkum smærri ríkjum. Íslensk stjórnvöld hafa lagt ríka áherslu á að viðskiptahamlandi ríkisstyrkir í sjávarútvegi verði afnumdir og hefur dregið úr andstöðu ýmissa ríkja í þessu efni.

Þjónustuviðskipti eru sá þáttur alþjóðaviðskipta sem er í örustum vexti og mikilvægt er að árangur náist varðandi þennan viðskiptageira. Þá er ljóst að niðurstaða yfirstandandi samningalotu mun stórauka viðskipti milli ríkja með landbúnaðarafurðir. Gera má ráð fyrir að útflutningsbætur verði afnumdar, dregið verði úr markaðshvetjandi ríkisstuðningi og tollar verði lækkaðir og markaðsaðgengi muni aukast. Mikilvægt er hins vegar að Doha-lotan taki tillit til sérstöðu og viðkvæmni landbúnaðar á jaðarsvæðum. Þar hefur Ísland sömu sjónarmið og mörg önnur ríki. Fyrirsjáanlegt er að ef Doha-lotunni lýkur eins og til stendur í lok næsta árs, þá hefur það áhrif á opinberan stuðning við íslenskan landbúnað.

Alþjóðaviðskiptin hefur haft mikil áhrif á starfsemi utanríkisþjónustunnar. Hún hefur á undanförnum missirum endurskipulagt og aðlagað þjónustu sína við atvinnulífið. Hluti af þeirri endurskipulagningu var að koma á stórauknu samstarfi við Útflutningsráð en sú samvinna hefur mælst vel fyrir hjá fyrirtækjum. Með þessum breytingum er ljóst að íslensk fyrirtæki geta notað net sendiráða og viðskiptafulltrúa á erlendri grund á enn virkari og áhrifaríkari hátt en áður.

Ferðaþjónustan er í stöðugri sókn og skapar um 15% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Margir opinberir aðilar, svo sem utanríkisþjónustan, Útflutningsráð og Ferðamálaráð, koma að landkynningu. Það er sjónarmið þeirra sem að þessum málum koma að eðlilegt sé að auka bæði samvinnu og samhæfingu í markaðs- og landkynningarmálum til að nýta sem best bæði mannafla og fjármagn sem til þessara mála er varið. Tilgangurinn með stofnun sérstakrar skrifstofu ferðamála og viðskiptaþjónustu í utanríkisráðuneytinu um síðustu áramót var að gera þessum málaflokki hærra undir höfði, sem mun skila bættri þjónustu við fyrirtækin í landinu og þá ekki síst á vettvangi ferðamála.

Virðulegi forseti. Aðstoð Íslands við þróunarríki fer vaxandi og er orðinn mikilvægur þáttur í íslenskri utanríkisstefnu. Framlag Íslands til þróunarsamvinnu á þessu ári verður um það bil 0,2% af vergri landsframleiðslu en þróunaraðstoð OECD-ríkjanna er að meðaltali 0,25%. Stefnan er að á árinu 2009 nái aðstoð Íslands 0,35% af vergri landsframleiðslu. Væri miðað við þetta hlutfall og landsframleiðslu ársins 2004 hefði þróunaraðstoðin þá numið þremur milljörðum króna. Aukinni aðstoð verður varið í samræmi við áherslur sem er lýst í sérstakri skýrslu sem lögð hefur verið fram á Alþingi til kynningar.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands undirbýr um þessar mundir aðstoð við tvö ný samstarfsríki, Srí Lanka og Níkaragva auk þeirra fjögurra Afríkuríkja þar sem stofnunin starfar þegar. Þróunaraðstoðinni er einnig beint til margra annarra mikilvægra verkefna þar á meðal til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna og sjóðs á vegum samtakanna um málefni kvenna, auk framlaga til matvælaáætlunarinnar. Ísland mun enn fremur styðja þróunarstarf Sameinuðu þjóðanna með þeim hætti að senda unga íslenska sérfræðinga til starfa á vegum samtakanna í þróunarlöndum. Hér er um að ræða sérstakt verkefni sem ætlað er að kveikja áhuga ungs fólks á þróunarmálum. Þá hefur þátttaka Íslands í samstarfi Alþjóðabankans og fleiri alþjóðastofnana við þróunarlönd í sjávarútvegsmálum þegar verið aukin og tengsl Íslands við smáeyþróunarríki efld með sérstökum styrktarsjóði á okkar vegum.

Í þróunarsamvinnu Íslands við sunnanverða Afríku á undanförnum árum hefur reynst nauðsynlegt til þess að aðstoðin skili betri árangri en ella að reka sendiskrifstofur í Úganda, Malaví, Mósambík og Namibíu. Ísland hefur haft sendiherra í þessum heimshluta með aðsetur í Mósambík. Sendiráðið verður af hagkvæmnisástæðum flutt til Suður-Afríku um næstu áramót. Það veldur áhyggjum þegar horft er til pólitískrar og efnahagslegrar þróunar víða um heim á undanförnum áratugum hversu ríkin í Afríku sunnan Sahara hafa almennt staðið í stað eða þeim jafnvel hrakað þrátt fyrir stórfellda þróunaraðstoð.

Árið 1990 höfðu 227 milljónir Afríkubúa undir einum bandaríkjadal til framfærslu á dag en áætlað er að árið 2015 verði fjöldinn að óbreyttu komin í 340 milljónir. Ástæðurnar eru margþættar og sem betur fer má víða binda vonir við að úr rætist, en ljóst er að slæmir stjórnarhættir hafa valdið miklum skaða. Það er til dæmis með ólíkindum að Zimbabwe, sem áður var eitt efnaðasta ríki sunnanverðrar Afríku, skuli nú vegna harðstjórnar og spillingar vera á meðal þeirra fátækari. Það er á ábyrgð þróunarríkja að koma á lýðræði og mannréttindum sem eru forsendur bættra stjórnarhátta. Um leið er það skylda þróaðra ríkja að styðja viðleitni í þessa átt í þróunarlöndum. Annað væri ekki bara sóun á fjármunum sem fara til þróunaraðstoðar, heldur einnig svik við íbúa þróunarríkjanna. Íslensk stjórnvöld hafa meðal annars horft til stjórnarfars við ákvarðanir um þróunarsamstarf.

Stofnun Afríkusambandsins endurspeglar vilja Afríkuríkja til að taka á málum eigin heimsálfu og störf eftirlitssveita sambandsins í Darfúr-héraði í Súdan er fyrsta prófraunin. Þá getur framkvæmd friðarsamkomulagsins við uppreisnarmenn í Suður-Súdan orðið vegvísir að því að skálmöldinni í Darfúr ljúki. Með það í huga hafa íslensk stjórnvöld lofað 65 milljóna króna framlagi til endurreisnar í Súdan. Enn er of snemmt að segja hvernig til tekst en ljóst er að á meðan samfélag þjóðanna veltir vöngum yfir hvað skuli til bragðs taka, halda fjöldamorð, nauðganir og eyðilegging áfram í Darfúr og milljónir manna eru á flótta. Samtímis tekur Súdan sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna þar sem Zimbabwe situr reyndar einnig sem og fleiri ríki þar sem mannréttindi eru fótumtroðin.

Súdan er landfræðilega og menningarlega á mörkum sunnanverðrar Afríku og Miðausturlanda og í landinu birtast meginvandamál beggja heimshluta. Líkt og verið hefur víða í Afríku eru slæmir stjórnarhættir dragbítur á efna-

hagslega og félagslega þróun flestra ríkja í Miðausturlöndum. Andstætt því sem gerist víða annars staðar í heiminum þá fjölgar fólki í Miðausturlöndum sem er undir fátæktarmörkum. Skýrslur Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna staðfesta að orsakanna er fyrst og fremst að leita í stjórnarháttum sem og samfélagsgerð. Lýðræðislegir og skilvirkir stjórnarhættir eru því lykillinn að framförum og öryggi í Miðausturlöndum. Vel heppnaðar kosningar í Írak í janúar síðastliðnum og ótvíræð hvetjandi áhrif þeirra á nágrannaþjóðir eru því mikið fagnaðarefni. Áhrifanna hefur ekki síst gætt í *Líbanon síðustu vikurnar. Stundum virðist gefið í* skyn að íbúar Miðausturlanda kæri sig ekki um lýðræði að vestrænni fyrirmynd. Slíkt er fjarstæðukennt og endurspeglar fordóma sem þjóna einungis afturhaldsöflum. Áhersla vestrænna ríkja á að koma verði á lýðræði og tryggja mannréttindi í þessum heimshluta hefur vissulega fengið hljómgrunn á meðal íbúanna að undanförnu.

Nú eru liðin rúm tvö ár frá innrásinni í Írak og þótt pólitískar umbætur hafa tekist betur en margir þorðu að vona þá hefur endurreisnarstarfinu miðað hægar. Það stafar nær einvörðungu af árásum hryðjuverkamanna. Það er því hvort tveggja pólitísk og efnahagsleg nauðsyn á því að Írökum verði gert kleift að tryggja eigið öryggi. Það er í raun forsenda endurreisnar og brottflutnings fjölþjóðlega herliðsins. Íslensk stjórnvöld ákváðu þess vegna að leggja af mörkum til þjálfunar írakskra öryggissveita á vegum Atlantshafsbandalagsins í Írak.

Fyrir botni Miðjarðarhafs hefur það ræst sem margir spáðu að fráfall Yassers Arafats mundi skapa nýtt tækifæri til lausnar deilna Palestínumanna og Ísraelsmanna vegna þess að hann hefði um árabil verið þrándur í götu friðar. Palestínumenn hafa gengið til forsetakosninga og myndað hæfa ríkisstjórn og í Ísrael hefur ný samsteypustjórn tekið við völdum, sem hefur ákveðið brottflutning ísraelska hersins og landnema frá Gaza-svæðinu. Hvort tveggja eru skref sem gefa tilefni til varkárrar bjartsýni en ljóst er að öfgaöfl munu áfram reyna að blása í glæður ófriðar. Nú skiptir meiru en nokkru sinni að palestínska stjórnin haldi áfram að stuðla að friði með því að koma í veg fyrir hryðjuverkaárásir á Ísrael. Jafnframt verða stjórnvöld í Ísrael að standa við skuldbindingar í svonefndum vegvísi til friðar varðandi *landnemabyggðir á Vesturbakkanum.*

Í Afganistan hefur ríkisstjórninni í Kabúl tekist að treysta stöðu sína og stefnir að lýðræðislegum þingkosningum á komandi hausti. Þetta helst í hendur við vaxandi umsvif friðargæsluliðs Atlantshafsbandalagsins með sérstökum endurreisnarsveitum víða um landið. Eftir að síðustu starfsmenn Íslensku friðargæslunnar fara frá alþjóðaflugvellinum í Kabúl eftir rúman mánuð, mun Ísland hefja þátttöku í endurreisnarsveitum í norðurhluta Afganistans með Norðmönnum og Finnum og í vesturhlutanum með Lithá-um, Lettum og Dönum. Gert er ráð fyrir að framlag Íslands á hvorum stað verði tveir sérbúnir jeppar og átta til níu manna lið. Með þessum hætti verður Ísland þátttakandi í skipulagi og framkvæmd endurreisnarstarfs í Afganistan. Í þessu felst m.a. að friðargæsluliðar fara um og kanna aðstæður í þorpum og sveitum og gera tillögur um úrbætur til viðeigandi hjálparsamtaka og alþjóðastofnana. Á þeim stöðum sem íslensku friðargæsluliðarnir koma til með að starfa eru samgöngur mjög erfiðar og reynsla Íslendinga kemur að gagni. Ég vil nefna í þessu samhengi að unnið er að því að semja frumvarp til laga um Íslensku friðargæsluna og búa til siðareglur fyrir liðsmenn hennar. Gert er ráð fyrir að frumvarpið verði lagt fram í haust.

Jákvæð þróun mála í Afganistan hefur að nokkru leyti fallið í skugga vaxandi spennu í samskiptum nágrannaríkisins Írans annars vegar og samfélags þjóðanna hins vegar. Viðleitni til að stemma stigu við útbreiðslu kjarnavopna beið hnekki þegar Indland og Pakistan gerðu tilraunasprengingar og misvísandi yfirlýsingar stjórnvalda í Norður- Kóreu reyna enn frekar á þolrifin. Íran er aðili að samningnum gegn útbreiðslu kjarnavopna og því skuldbundið til að nýta kjarnorku einungis í friðsamlegum tilgangi undir eftirliti Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. Undanbrögð íranskra stjórnvalda í þessu efni eru staðreynd. Þá er ljóst að smíði þau kjarnavopn færu önnur ríki að dæmi Írans. Það gæti eyðilagt samninginn gegn útbreiðslu kjarnavopna og aðrar alþjóðlegar aðgerðir til að stemma stigu við fjölgun kjarnavopnaríkja. Þá er ónefnd spennan sem fylgja mundi því að klerkastjórnin í Íran réði yfir kjarnavopnum. Það er því uppörvandi að á vettvangi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar virðist samstaða um að halda írönskum stjórnvöldum að skuldbindingum sínum enda er þetta prófraun fyrir stofnunina og samninginn. Viðleitni þriggja aðildarríkja Evrópusambandsins, Bretlands, Frakklands og Þýskalands, til að finna diplómatíska lausn er lofsverð og mikilvægt er að bandarísk stjórnvöld styðja þessa nálgun. Eftir stendur spurningin um hvernig bregðast skuli við haldi írönsk stjórnvöld áfram að leika tveimur skjöldum. Enn fremur má spyrja hversu langt eigi að ganga í samningum sem styrkja stöðu klerkastjórnarinnar á kostnað lýðræðisafla.

Gjöreyðingarvopn í höndum skálkastjórna og annarra óábyrgra ríkja er mesta öryggisógn sem steðjar að mannkyninu um þessar mundir ásamt hættunni á að hryðjuverkamenn eignist slík vopn. Ekki verður dregið úr þessari ógn eða henni bægt frá nema með nánu samstarfi ríkjanna í Atlantshafsbandalaginu. Sameiginlegir öryggishagsmunir þeirra eru ekki minni nú en áður.

Gagnlegar umræður um stöðu og framtíð evrópskra ör*yggis- og varnarmála hafa haldið áfram* með hliðsjón af aðlögun Atlantshafsbandalagsins og þróun samrunaferlisins innan Evrópusambandsins, en augljóst samhengi er þarna á milli. Atlantshafsbandalagið er og verður hornsteinn öryggis og varna aðildarríkjanna, enda vilja mörg aðildarríkja ESB engar breytingar í því efni. Það á ekki síst við nýju aðildarríkin sem treysta á bandalagið um öryggi sitt vegna þess að í því felast tengslin yfir hafið til Bandaríkjanna. ESB getur hins vegar tekið að sér tiltekin verkefni, einkum á sviði friðargæslu, og þá er eðlilegt að það geti leitað til Atlantshafsbandalagsins um liðsafla og búnað.

Um nokkra hríð hefur staðið til að viðræður hæfust milli Íslands og Bandaríkjanna um varnarmálin, en það hefur dregist. Því valda tafir sem hafa orðið á undirbúningi bandarískra stjórnvalda fyrir viðræðurnar. Sem fyrr liggur til grundvallar af Íslands hálfu að hér á landi þurfi að vera lágmarksvarnarviðbúnaður. Jafnframt eru stjórnvöld reiðubúin að semja um það við Bandaríkjamenn hvernig Íslend-

ingar geti tekið meiri þátt í kostnaði við rekstur Keflavíkurflugvallar.

Í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin árið 2001 og Íraksstríðsins hefur verið unnið mikið og þarft starf á vettvangi Sameinuðu þjóðanna við að skilgreina hverjar séu helstu ógnir við frið í veröldinni og reynt að leita leiða til að tryggja að samtökin nýtist betur en verið hefur í baráttunni gegn þessum hættum. Fyrir stuttu kynnti Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, skýrslu sína um þróun, öryggi og mannréttindi. Þar er meðal annars að finna tillögur um hvernig samtökin eigi að taka á alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi, útbreiðslu gereyðingarvopna, fátækt, farsóttum og skipulagðri glæpastarfsemi. Niðurstöður og tillögur Kofi Annans um öryggismálin staðfesta áherslur margra vestrænna ríkja á undanförnum árum, þar á meðal Íslands, einkum hvað lýtur að ógninni sem stafar frá alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi og útbreiðslu gereyðingarvopna. Framkvæmdastjórinn bendir einnig á að stundum kunni að þurfa að bregðast við með fyrirbyggjandi hernaðaraðgerðum. Hann hvetur öryggisráð Sameinuðu þjóðanna til að ná samstöðu um ákveðnar viðmiðunarreglur við hvaða aðstæður það gæti heimilað hernaðaraðgerðir. Af skýrslu Annans má ráða að náist ekki samstaða um þetta muni staða öryggisráðsins veikjast. Með öðrum orðum að taki Sameinuðu þjóðirnar ekki á þeim öryggisvanda sem er mest aðkallandi, þá dæmi þær sig úr leik. Í tilefni af 60 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna munu leiðtogar aðildarríkjanna koma saman í haust og þar verður tekin afstaða til tillagna framkvæmdastjórans. Ísland mun sem fyrr leggja sitt af mörkum til þessarar mikilvægu umræðu.

Áfram er unnið að undirbúningi að framboði Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Áleitnar spurningar hafa þó komið upp í mínum huga varðandi kostnað við framboðið og setu Íslands í ráðinu árin 2009 og 2010. Ljóst er að á brattann verður að sækja gegn keppinautunum, en auk Íslands eru Austurríki og Tyrkland í framboði til þeirra tveggja sæta sem tilheyra Vesturlandahópnum svonefnda. Það er óneitanlega miður að honum skuli ekki hafa tekist að komast að samkomulagi um að einungis tvö ríki væru í framboði þannig að smærri aðildarríkjum gæfist kostur á að taka þátt í störfum öryggisráðsins án þess að þurfa að leggja í dýra og erfiða kosningabaráttu. Í utanríkisráðuneytinu var gerð kostnaðaráætlun upp á rúmar 600 milljónir króna vegna kosningabaráttunnar og setunnar í ráðinu. Gera verður ráð fyrir að þegar líði á kosningabaráttuna aukist harkan í henni enn frekar en orðið er og þar með kostnaðurinn. Af þessum ástæðum öllum hefur framboð Íslands verið til skoðunar, sem lýkur á næstu vikum. Ef halda á framboðinu áfram má ekki bíða mikið lengur með að hefja kosningabaráttuna af fullum krafti.

Í fyrrnefndri skýrslu Kofi Annans er að finna merka og löngu tímabæra tillögu um að bæta umfjöllun um mannréttindamál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Núverandi fyrirkomulag heimilar ríkjum sem virða mannréttindaskuldbindingar að vettugi að sitja við sama borð og önnur. Það er fáránleg tilhögun, sem gerir samtökin ótrúverðug og gagnslítil. Tillaga framkvæmdastjóra gerir ráð fyrir að stofnað verði nýtt mannréttindaráð, einungis opið þeim sem væru reiðubúnir til að uppfylla ströngustu kröfur í þessum efnum. Ráðinu er ætlað að starfa allt árið, fylgjast með málum og taka á mannréttindabrotum. Þessi tillaga Kofi Annans nýtur eindregins stuðnings íslenskra stjórnvalda og verður vonandi að veruleika.

Sameinuðu þjóðirnar reiða sig réttilega mikið á stuðning ýmissa svæðisbundinna samtaka. Þannig gegnir Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu mikilvægu hlutverki í stuðningi við lýðræðislega stjórnarhætti, m.a. með kosningaeftirliti, sem nauðsynlegt er að efla enn frekar. Jafnvel minni samtök en Öryggis- og samvinnustofnunin stuðla beint eða óbeint að öryggi og stöðugleika og má í því sambandi nefna að Ísland tekur fljótlega við formennsku í Eystrasaltsráðinu. Þá er ónefnt það sem má ef til vill telja árangursríkasta svæðissamstarf fyrr og síðar, þ.e. Norðurlandasamstarfið, sem verður eftir sem áður lykilatriði í íslenskri utanríkisstefnu.

Herra forseti. Undirbúningi málsóknar fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag gegn Noregi vegna Svalbarðamálsins miðar vel. Fyrir liggur ítarleg og vönduð álitsgerð virts erlends sérfræðings sem leitað var eftir í þessu skyni og er hún nú til skoðunar í ráðuneytinu. Jafnframt hafa verið haldnir tvíhliða samráðsfundir um málið með ýmsum aðildarríkjum Svalbarðasamningsins og fleiri fundir eru áætlaðir á næstunni. Viðkomandi ríki hafa sýnt málinu mikinn áhuga en ljóst er að þau þurfa að taka afstöðu til þess með hvaða hætti þau munu gæta hagsmuna sinna sem aðildarríki samningsins í væntanlegu dómsmáli.

Tildrög ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um undirbúning málsóknar gegn Noregi eru sem kunnugt er ítrekuð brot norskra stjórnvalda á Svalbarðasamningnum. Um þverbak keyrði á síðasta ári þegar norsk stjórnvöld komu í veg fyrir framlengingu síldarsamningsins og takmörkuðu í kjölfarið með ólögmætum hætti síldveiðar á Svalbarðasvæðinu í því skyni að styrkja eigin stöðu og veikja stöðu hinna aðilanna að síldarsamningum. Slík misbeiting norskra stjórnvalda á meintum fullveldisréttindum sínum á Svalbarðasvæðinu er óásættanleg. Svo virðist að málsókn sé eina leiðin til að tryggja réttmæta hagsmuni Íslands á svæðinu.

Herra forseti. Sem endranær er það tilgangur íslenskrar utanríkisstefnu og markmið utanríkisþjónustunnar að gæta hagsmuna og velferðar lands og þjóðar. Það verður áfram best gert í samstarfi við bandamenn og önnur lýðræðisríki um að tryggja frið og frelsi í heiminum.

[11:01]

Össur Skarphéðinsson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir ræðu hans. Hún var yfirgripsmikil og að mörgu leyti fróðleg þó að ég sem stjórnarandstæðingur hafi verið ósáttur við margt sem í henni kom fram. Í henni var þó að því er virtist að finna fyrirboða mikilvægrar stefnubreytingar sem varðar öryggisráðið eins og ég mun ræða á eftir. Ég hjó hins vegar eftir því að hæstv. ráðherra hóf mál sitt á því að hrósa ríkisstjórn sinni sérstaklega fyrir einkavæðingu og fyrir alveg sérlega vel heppnaða framkvæmd kvótastefnunnar í sjávarútvegi.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það voru margir sem auðguðust vegna einkavæðingarinnar og vegna kvótakerfisins en það voru ekki allir, og það er líka önnur hlið á

þessu máli. Það er sú græðgisvæðing viðskiptalífsins sem hefur fylgt í kjölfar einkavæðingarinnar. Ég sýti það ekki sem frjálslyndur jafnaðarmaður að við erum á leið úr umhverfi þar sem ákveðin forsjá hins opinbera einkenndi atvinnu- og viðskiptalíf yfir í aukið frelsi. Það er hluti af alþjóðavæðingunni en markaðsöflin sem leika eins og logi um samfélagið hafa líka dekkri hliðar fyrir marga, eins og við vitum. Það er ýtt undir óhóflega neyslu og menn safna skuldum hennar vegna, og það eru ekki allir sem koma heilir úr þeim leik, hæstv. forsætisráðherra. Þetta er hluti af alþjóðavæðingunni en í tilefni af þessum orðum sem hæstv. ráðherra hóf mál sitt á er rétt að það komi fram að við jafnaðarmenn teljum að besta svarið við þessari græðgisvæðingu sem hefur siglt í kjölfar einkavæðingarinnar sé einmitt að tefla fram þessum gömlu alþjóðlegu grundvallarreglum sem jafnaðarstefnan byggir á. Þess vegna leggjum við áherslu á að önnur sýn taki við af sýn þessarar ríkisstjórnar með sterkari áherslu á velferðarkerfið, útrýmingu fátæktar og aukinn jöfnuð.

Herra forseti. Einn merkilegasti kaflinn í ræðu hæstv. utanríkisráðherra fjallar um framboð Íslands til öryggisráðsins. Þetta framboð er það sem bar hæst af hálfu forvera hans og það má segja að það hafi um missira skeið verið eitt stærsta verkefni utanríkisþjónustunnar. Málið á sér ákaflega langan aðdraganda af hálfu sitjandi ríkisstjórnar. Fyrrverandi utanríkisráðherra ræddi það fyrst í þessum sölum 1998, og haustið 2003 fjallaði ræða hans um utanríkismál að mestu leyti um framboðið. Það er athyglisvert þegar maður skoðar þessar umræður að af hálfu utanríkisráðuneytisins var hvorki rætt um kostnað við málið né möguleika okkar til að ná kjöri og þar með hvort það væri messunnar virði að ráðast í mjög dýrt framboð. Síðan hafa vaknað áleitnar spurningar um kostnaðinn sem aldrei hefur almennilega verið svarað í þessum sölum.

Ég rifja það upp að það var varaformaður fjárlaganefndar, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem í janúar sl. kastaði því fram á opinberum vettvangi að framboðið væri ekki þess virði að ráðast í það vegna þess að óvíst væri um árangur og vegna þess að það væri gríðarlega kostnaðarsamt. Hv. þingmaður, einn af virtustu þingmönnum stjórnarliðsins, sagði að það gæti kostað 800–1.000 milljónir og það er athyglisvert að þremur dögum síðar svaraði hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson fyrirspurn í þinginu frá formanni VG og sagði í tilefni af þeim upplýsingum sem höfðu komið fram í fjölmiðlum dagana á undan, með leyfi forseta:

„Ég er því þeirrar skoðunar að sá kostnaður sem hefur verið talað um í fjölmiðlum síðustu daga sé fjarri lagi.“

Þarna er svo fast að orði kveðið að hæstv. forsætisráðherra talar eins og hann hafi glögga sýn á kostnaðarhliðina og viti nákvæmlega um hvað hann er að tala. En viti menn, herra forseti, um þremur vikum síðar segir hæstv. utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, að kosningabaráttan ein kunni að kosta 500 millj. kr. og síðan muni kostnaðurinn við sjálfa setuna hugsanlega vera allt að 200 millj. kr. Þá er farið að slaga hátt í þær 800 millj. kr. sem þingmenn voru að tala um og sem hæstv. forsætisráðherra vísaði á bug. Og ræða hæstv. utanríkisráðherra áðan rímaði algjörlega við þetta. Þar talar hann um kostnað upp á 600 millj. kr. og segir síðan að sá kostnaður sé líklegur til að aukast verulega þegar aukin harka færist í baráttuna. Ég spyr hæstv. ráðherra: Var það þá ekki rétt sem þingmaður hans, Einar Oddur Kristjánsson, sagði fyrr í vetur, að baráttan kynni að kosta 800–1.000 millj. kr.? Var þá ekki rangt það sem hæstv. forsætisráðherra sagði?

Ég spyr líka hæstv. utanríkisráðherra hvort það sé rétt tilfinning sem ég hef að engar kostnaðaráætlanir hafi verið gerðar þegar ráðist var í framboðið og þær áætlanir hafi ekki legið fyrir fyrr en eftir að núverandi hæstv. ráðherra tók við. Hæstv. ráðherra hefur bersýnilega miklar efasemdir um það hvort rétt sé að ráðast í þetta framboð vegna dýrleikans sem því fylgir og óvissunnar um árangurinn. Ég vísa til þess að það er ekki langt síðan aðstoðarmaður hans, Illugi Gunnarsson, sagði í fjölmiðlum að það væri algjörlega vonlaust að spá fyrir um niðurstöðuna. Ég deili þessum efasemdum með hæstv. ráðherra í ljósi hinna nýju upplýsinga um kostnaðinn.

Ég hef miklar efasemdir um að það sé 1.000 millj. kr. virði að ráðast í kosningabaráttu þegar ekki er samstaða í Vesturlandahópnum um framboð, og ég vísa til reynslu Svía fyrir nokkrum árum. Mig langar þess vegna í tilefni af orðum hæstv. ráðherra að spyrja hvort það sé til alvarlegrar íhugunar af hans hálfu að hætta við framboðið sökum þessarar óvissu og sökum þess hvað það kostar mikið.

Ég og hæstv. ráðherra og við flest sem erum í þessum sölum erum sammála um gildi fríverslunar sem hæstv. ráðherra reifaði töluvert. Alþjóðleg sýn okkar jafnaðarmanna felur í sér að viðskiptafrelsið sé besta leiðin til að hjálpa fátækum þjóðum að brjótast til bjargálna. Við Íslendingar vorum sjálf fátæk þjóð en það var öflug barátta okkar fyrir fríverslun með fisk sem átti ekki sístan þátt í því að við urðum auðug. Alþjóðahreyfing jafnaðarmanna berst með sama hætti fyrir því að fátækari þjóðir heims, þróunarríkin, fái í auknum mæli aðgang að mörkuðum hinna ríkari. Ég held, herra forseti, að það sé ein besta þróunarhjálpin sem hægt sé að veita og sú varanlegasta.

Ég vil líka segja það í tengslum við þessa umræðu að aðildin að EFTA og síðan EES var líklega besta kjarabótin sem þessi þjóð náði fram eftir að hún hlaut sjálfstæði. Hér á landi höfum við séð það aftur og aftur, bara allra síðustu missirin, hvernig það viðskiptafrelsi sem við náðum þá fram þrátt fyrir harða andstöðu margra leiddi til þess að þegar sjávarútvegurinn allt í einu lenti í harðri samkeppni, nýrri og óvæntri samkeppni úr austri, gat svo að segja í vetfangi — ég kalla það vetfang þegar ég tel missiri — skipt úr frystingu á sjó og landi yfir í framleiðslu á ferskum útflutningi. Hann hefði ekki getað brugðist svona við nema út af því frelsi sem samið var um í ríkisstjórn sem jafnaðarmenn áttu sæti í á sínum tíma, nota bene með hæstv. núverandi utanríkisráðherra.

Því er ekki að leyna að okkur sem höfum starfað innan vébanda þingmannanefndar EFTA hefur oft fundist vera lítill kraftur og lítið sjálfstæði í EFTA sem stofnun við að ryðja nýjum samningum braut. Þegar maður skoðar hvernig EFTA hagar sér kemur í ljós að mynstur þess er sama mynstur og ESB. En hvað eru Íslendingar að gera núna? Þeir eru í mikilvægri útrás. Hvað er það sem er bakhjarl útrásarinnar? Það er smæðin. Smæðin er allt í einu orðin

kostur okkar af því að hún færir okkur sveigjanleika og hreyfanleika. EFTA á líka í krafti sömu smæðar að beita þessum sveigjanleika og hreyfanleika í að sýna sjálfstæði og gera samninga við ný lönd, nýjar þjóðir sem ESB hefur ekki endilega beint sjónum sínum að. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði hérna áðan. Viðskiptalegt afl EFTA er það mikið að við erum eftirsóknarverð og það vantar á frumkvæði EFTA í þessum málum.

Þá kem ég að spurningunni um Kanada sem brennur mér á vörum. Ég tók þátt í því sem þingmaður hér að eiga viðræður við kanadíska þingmann 1998 um fríverslun við Kanada. Þeir komu til okkar, vildu fríverslun, vildu ekki gera fyrst samning við ESB. Kjörið tækifæri fyrir EFTA til að ná þarna ákveðnu forskoti. Það eru átta ár síðan. Hvað hefur gerst? Ekkert.

Ég hef spurt um þetta áður hér og það hefur glitt í það í svörum ráðherra að fyrirstaða sé í Noregi. En nú erum við búin að bíða í átta ár og þess vegna spyr ég hæstv. utanríkisráðherra: Ef það er fyrirstaða í Noregi til að gera þennan mikilvæga samning, er þá ekki kominn tími til að við íhugum að gera tvíhliða samning Íslands og Kanada? Mér þætti vænt um að hæstv. ráðherra mundi svara þessu fyrir mig.

Það var einna merkilegast í ræðu hæstv. ráðherra hvað hann dvaldi lítið við varnarmálin. Við vitum öll að miklar viðsjár hafa verið í öryggis- og varnarmálum. Bandaríkjamenn hafa verulega breytt viðbúnaði sínum hérlendis að undanförnu og það virðist einboðið að þeir ætli sér frekari samdrátt, ef ekki brottför. Núverandi ríkisstjórn hefur því miður ekki sinnt því verki að skilgreina varnarþarfir Íslands í næstu framtíð þó að það sé alveg ljóst að hættur og ógnir í þeim efnum séu allt aðrar en áður. Þetta verk þarf að vinna. Það höfum við í Samfylkingunni margsinnis lagt áherslu á. Menn semja ekki um neitt nema vita fyrst hvað þeir ætla að semja um. Við í Samfylkingunni teljum að það felist í samningnum frá 1951 að Bandaríkin eigi ekki að geta gert breytingar á vörnum lofthelginnar án samráðs við Íslendinga. Það er hins vegar ekki gefið að slíkar loftvarnir felist til frambúðar í tilteknum fjölda flugvéla af ákveðinni gerð á Keflavíkurflugvelli. Í þessu efni þarf að skilgreina framtíðarþarfir. Það hefur ekki verið gert.

Hæstv. ráðherra sagði í áramótagrein sinni að öryggi og óvissa færu ekki saman, og það er hárrétt. Þessi óvissa er ekki síst erfið fyrir byggðarlögin syðra sem eiga erfitt með að grípa til viðbragða vegna þeirra áhrifa sem óvissan og samdrátturinn hafa á þau. Og það verður varla sagt að óvissan hafi minnkað við þær 20 sekúndur sem hæstv. ráðherra dvaldi við þetta efni í ræðu sinni. Það hefur ekkert gerst. Það er ekkert að gerast. Hæstv. ráðherra fór í heimsókn til Bush forseta í fyrra og hafði gaman af og hann boðaði í framhaldi af því viðræður. Þær töfðust, fyrst vegna forsetakosninga, svo vegna innsetningar, svo vegna nýs ráðherra og nú var hér í vikunni varaaðstoðarutanríkisráðherra sem sagði að vonandi hæfust viðræður á næstunni. Herra forseti. Gaman væri ef hæstv. utanríkisráðherra eyddi öðrum 20 sekúndum á eftir til að skýra örlítið fyrir okkur hver hin raunverulega staða í þessu máli er.

Að lokum, herra forseti, er mál sem mig langar að biðja hæstv. utanríkisráðherra fyrir. Við lásum um það í fréttum í síðustu viku að 300 þús. börn eru stríðsmenn í ýmiss konar skuggastyrjöldum þessa heims, í Úganda, Srí Lanka, Kólumbíu og víðar. Það kom fram að af þessum 300 þús. barnahermönnum eru 40% ungar stúlkur. Það kemur í ljós að þær fara langverst út úr þessu. Þær eru ekki bara drepnar og limlestar, heldur sæta þær kynlífsþrælkun, þeim er nauðgað. Einmitt vegna þess stigmaþema og bannfæringar sem í sumum samfélögum hvílir yfir þeim sem lenda í slíku eru þær bannfærðar í sínu litla samfélagi. Þær eiga sér ákaflega lítla von. Vesturlönd hafa ráðist í ákveðið hjálparstarf og komið upp heimilum og áfangastofnunum til að hjálpa barnastríðsmönnum. Og það kemur í ljós að einungis 4% af þeim ungu hermönnum, sumum niður í átta ára sem fara í gegnum þessar stofnanir sem við höfum styrkt, eru stúlkur. Það sýnir hve slæmt hlutskipti þeirra er. Mig langar að biðja hæstv. utanríkisráðherra fyrir það að taka þetta mál upp á vettvangi Norðurlandaþjóðanna, sem hafa oft haft lofsvert frumkvæði að hjálparstarfi, og gera gangskör að því að þau sameiginlega leggi fram tillögu á alþjóðavettvangi um að ráðist verði í sérstakt átak til að hjálpa stúlkubörnum og unglingsstúlkum sem hafa lent í þeirri óhæfu að vera neyddar til hernaðar með öllu sem því fylgir.

[11:16]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Mig langar til að byrja á því að ræða tvö málefni sem snerta utanríkisráðuneytið og embættisfærslu hæstv. utanríkisráðherra. Að öðru málefninu vék hæstv. ráðherra í ræðu sinni, hinu ekki. Hann vék að svokallaðri friðargæslusveit í Afganistan. Að starfsemi Mannréttindaskrifstofu Íslands vék hann hins vegar ekki þótt ærið tilefni væri til. Ég ætla að fjalla lítillega um þetta tvennt.

Eins og hér hefur komið fram hefur verið ákveðið að skera niður við trog framlag til Mannréttindaskrifstofunnar og lítum við í stjórnarandstöðunni á það sem grafalvarlegt mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands var sett á laggirnar árið 1994 og að henni standa ýmis almannasamtök, Amnesty International, Barnaheill, Rauði krossinn, Öryrkjabandalagið, UNIFEM, Samtökin '78, Hjálparstarf kirkjunnar og mörg fleiri. Framan af átti þessi stofnun í miklum fjárhagserfiðleikum en samkomulag var gert um það í kringum áramótin 1997/1998 að styrkja undirstöður stofnunarinnar og skyldi stefnt að því að framlag til hennar skyldi vera á bilinu 10–15 millj. kr. Þetta mark hefur aldrei náðst. Það var farið upp í 6 milljónir og síðan upp í 8, og málið leit sæmilega út þar til það gerist á þessu ári að horfið er frá því að veita stofnuninni annan stuðning en 2,2 millj. kr. Upphaflega kom fram í fjárlögum að frá utanríkisráðuneytinu skyldu koma 4 milljónir og 4 milljónir frá dómsmálaráðuneytinu.

Dómsmálaráðuneytið skilgreindi framlag sitt upphaflega í fjárlagafrumvarpi sem framlag til mannréttindamála en utanríkisráðuneytið í upphaflegum drögum sem framlag til Mannréttindaskrifstofu. Því var breytt og sama orðalag tekið upp og hjá dómsmálaráðuneytinu. Síðan kemur það fram núna nýlega að þetta framlag frá utanríkisráðuneytinu á ekki að ganga að neinu leyti til stofnunarinnar en þess í stað verði hálf staða hjá ÖSE fjármögnuð með þessum peningum.

Mannréttindaskrifstofa Íslands sinnir mjög mikilvægu hlutverki. Hún annast fræðslustarf í skólum, aflar gagna, birtir upplýsingahefti og er að koma upp mikilvægum gagnagrunni, en hún er líka andlit Íslands út á við í mannréttindamálum. Hún sendir skýrslur fyrir okkar hönd til Sameinuðu þjóðanna, hefur samskipti við sambærilegar systurstofnanir annars staðar á Norðurlöndunum og annars staðar í heiminum. Er það hneisa fyrir Ísland ef við bætum ekki úr þessu. Ég ætla ekki að hafa mjög stór orð um þetta þótt ærin ástæða sé til. Því hefur verið haldið fram að ríkisstjórnin væri að láta stofnunina gjalda verka sinna, en hún hefur verið gagnrýnin á ýmis umdeild frumvörp sem frá stjórnvöldum hafa komið. Ég nefni fjölmiðlalögin, mjög umdeild útlendingalög og lög um meðferð opinbera mála sem dæmi. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. utanríkisráðherra hvort hann sé reiðubúinn að beita sér fyrir endurskoðun á afstöðu ríkisstjórnarinnar í þessu efni.

Hitt atriðið sem ég vildi víkja að í upphafi máls míns lýtur að svokallaðri friðargæslu í Afganistan sem er í reynd hluti af viðbúnaði NATO í því ríki og hefur verið gagnrýnt af okkar hálfu. Höfum við viljað beina fjármunum og orku Íslendinga inn á önnur svæði en þau sem Bandaríkjaher hefur farið um. Við höfum viljað að okkar hlutverk yrði annað en eins konar hreinsunardeild fyrir ameríska herinn.

En það eru alvarlegir hlutir sem lúta að þeim einstaklingum sem sinnt hafa þessu starfi og nú er að koma á daginn að þeir einstaklingar sem slösuðust fyrir fáeinum mánuðum þegar alvarlegur atburður átti sér stað í Kabúl eru ekki tryggðir. Þetta eru fréttir sem verið er að greina frá í fjölmiðlum. Í morgunútvarpi var viðtal við formann Landssambands slökkviliðsmanna, Vernharð Guðnason, þar sem hann lýsti áhyggjum af þessum málum og sagði bagalegt að stéttarfélagi slökkviliðsmanna sem þarna hefðu átt í hlut hefði ekki verið heimilað að halda utan um málið því að einstaklingunum hefði verið gert að segja sig úr stéttarfélagi sínu og ganga í annað.

Í ræðu hæstv. utanríkisráðherra kemur fram að til standi að senda sérstaka sveit manna, 8–9 manna sveit, með jeppa sem fari um stríðssvæðin í Afganistan og sinni þar eftirlitsstarfi. Og nú spyr ég: Verður stéttarfélagi þessara einstaklinga, sem eru lögreglumenn og eru félagar í Landssambandi lögreglumanna, auðveldað eða gert kleift að halda utan um réttindi þessara manna? Þá er ég að hugsa um tryggingar og annað sem snýr sérstaklega að kjörum þeirra og réttindum. Ég hef leitað eftir upplýsingum um þetta efni hjá Óskari Bjartmarz, formanni Landssambands lögreglumanna, en hann vildi það eitt um málið segja að landssambandið legði ríka áherslu á að koma að þessum málum og teldi það hagsmunamál, að sjálfsögðu fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga en einnig fyrir stjórnvöld, að sjá til þess að vel sé á málunum haldið.

Þá ætla ég, herra forseti, að víkja að einstökum þáttum í ræðu hæstv. utanríkisráðherra. Hann kemur allvíða við þótt ekki sé ræðan mjög á dýptina. Í upphafi talar hann um viðskipti og víkur sérstaklega að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki í þeim kór sem syngur þessum viðskipta- og pólitíska samningi lof vegna þess að í honum felst afsal á lýðræðislegum réttindum. Það verður að segja um núverandi hæstv. utanríkisráðherra að hann er a.m.k. ekki ógagnrýnin rödd í þeim kór og ég tek undir það sem hann segir í ræðu sinni, við þurfum jafnan að hafa heiminn allan undir. Við eigum ekki að einskorða okkur við þennan litla hluta hans þegar við hyggjum að viðskiptahagsmunum Íslands. Í ræðu sinni vék hann að samningum sem til stæði að gera við Tæland og Kína sem óumdeilanlega, þó að það séu ekki hans orð, en mín, eru ein stærsta þrælakista heimsins. Það er af sem áður var þegar stjórnvöld voru gagnrýnin í garð Kína og mannréttindabrota þar. Nú geta Vesturlönd og hinn ríki heimur hagnast á þessu fólki, á verkamönnum í Kína sem búa við skert réttindi, og ég hef áður gert að umræðuefni innan þings og utan. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort einhver ákvæði sem snerta félagsleg réttindi verkafólks séu fyrirhuguð í þeim fríverslunar- og viðskiptasamningum eða samningsdrögum sem eru á vinnuborði utanríkisráðuneytisins nú í tengslum við þessi mál.

Hæstv. utanríkisráðherra víkur að því að Íslendingar beiti sér fyrir því af alefli að ríkisstyrkir í sjávarútvegi verði afnumdir og áður hefur verið talað um þetta sem mikið mannréttindamál og jákvætt framlag Íslendinga á alþjóðavettvangi. Ég hef áður lýst miklum efasemdum við þetta og tel það ekki sæmandi fyrir Íslendinga að þvinga þjóðir sem sumar hverjar styrkja sjávarútveg sinn, í sumum tilvikum til að styrkja byggðaþróun, í sumum tilvikum til að styrkja vistvænar veiðar, og við skulum ekki gleyma því að verksmiðjubúskapur, verksmiðjurekstur stórra skipa á höfum úti, óstyrktur af hinu opinbera, er ekki alltaf til góðs. Við eigum ekki að hugsa hlutina í svart-hvítu í þessum efnum. Við eigum að vega og meta hlutina í ljósi aðstæðna hverju sinni. Stundum á slíkur samfélagslegur stuðningur rétt á sér, í öðrum tilvikum ekki þannig að ég ítreka fyrri efasemdir mínar um þessa stefnu.

Það er talað um að efla framlag Íslendinga til þróunarsamvinnu. Það er gott og það er æskilegt þó að við séum ekki á einu máli um það í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði annars vegar og ríkisstjórnin hins vegar hvernig við verjum þessu framlagi okkar, sérstaklega þegar kemur að svokölluðu friðarstarfi. Það beinist að okkar mati í allt of ríkum mæli inn í starf tengt hernaðaruppbyggingu eða hreinsistarf eftir bandaríska herinn. Ég mundi ekki mæla með þessum texta sem innleggi í fræðirit um stjórnmál og samtímasögu. Það á við bæði um yfirlýsingu hæstv. ráðherra um Afríku og hlutskipti fátækra ríkja á þeim slóðum, og ekki síður um þær alhæfingar sem er að finna um málefni Miðausturlanda. Það er vikið að slæmum stjórnarháttum í Suður-Afríku og allar ófarir álfunnar eru skrifaðar á slæma menn á borð við Mugabe og fleiri í Saír. Það er rétt að stjórnarhættir í Afríku hafa verið og eru víða mjög gagnrýniverðir og eiga án efa þátt í slæmu hlutskipti margra ríkja. Við skulum samt ekki gleyma hinu, að þessi fátæku lönd sem sum hver búa yfir miklum auðlindum hafa þurft að sæta því að fjölþjóðlegir auðhringar og stórveldi heimsins hafa sölsað þessar eigur þeirra undir sig. Það hafa þeir því miður gert með hjálp alþjóðlegra stofnana á borð við Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þegar ræður og framlag hæstv. utanríkisráðherra er skoðað á þeim fundum er það ekki til að hrópa húrra fyrir. Fulltrúar okkar á slíkum fundum hafa hvatt menn til þeirra dáða að stilla

þessum fátæku ríkjum upp við vegg, þvinga þau til að einkavæða grunnþjónustu á borð við raforkukerfi og fært þau þannig upp á veisluborð alþjóðlegu auðhringanna.

Hinar vel heppnuðu kosningar í Írak hef ég ekki tíma til að ræða í þessari umferð. Það er nýbúið að koma þar á stjórn og erfitt að skilja orðalagið um þann kafla. Varðandi lýðræðisvakninguna í Miðausturlöndum get ég upplýst hæstv. utanríkisráðherra um, af því að hann víkur sérstaklega að Líbanon og þeim áhrifum sem Írakskosningarnar hafa haft þar, að þar í landi voru kosningar og einnig í Jórdaníu, Jemen og víðar löngu á undan kosningum, sem svo eru kallaðar, í Írak.

Ég ætla í síðari ræðu minni að víkja að Palestínu, gereyðingarvopnum og kjarnorkuvopnum í höndum skálkastjórna. Ég mun koma nánar inn á það í minni síðari ræðu og hef grun um að ég þurfi að fjölga eitthvað í þeim hópi sem ég tel a.m.k. að falli undir þá skilgreiningu. Sumir nánustu bandamenn hæstv. utanríkisráðherra sem sitja á valdastóli í Washington kunna að komast í þann hóp. (Forseti hringir.) Að sjálfsögðu mun ég ræða ítarlega um framboð Íslands til öryggisráðs (Forseti hringir.) Sameinuðu þjóðanna sem ég hef miklar og mjög vaxandi efasemdir um. Ég mun víkja nánar að því í (Forseti hringir.) síðari ræðu minni.

[11:31]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir ræðuna sem kom í það minnsta mér mjög á óvart. Ég held að ég hafi aldrei heyrt hv. þingmann standa hér og ræða utanríkismál án þess að eyða öllum sínum tíma í Írak. Það var eitthvað minna um það í þetta skiptið. En mig langar að spyrja hv. þingmann aðeins út í það mál.

Nú liggur fyrir að nokkrar milljónir manna tóku þátt í kosningunum í Írak. Kannski finnst einhverjum það sjálfgefið en í þessu tilfelli hættu nokkrar milljónir manna lífi sínu til þess að fá að njóta þeirra sjálfsögðu mannréttinda. Virðulegi forseti. Þetta fólk hætti lífi sínu. Ég held að það sé ekki hægt að halda öðru fram en að það sé afskaplega skýr vitnisburður um að fólkið sé frelsinu fegið. Ég vil þess vegna spyrja hv. þingmann, virðulegi forseti, hvort þessar kosningar og það að milljónir manna hafi hætt lífi sínu til að nýta sér sjálfsögð mannréttindi, hafi einhver áhrif á afstöðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar til málsins. Mér þætti fróðlegt að heyra það og bíð spenntur eftir svarinu.

[11:33]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að gera hv. þingmanni það til geðs að fjalla nokkuð rækilega um Írak í síðari ræðu minni. Ég hef engar efasemdir um að yfirgnæfandi meiri hluti íbúa í Írak, eins og í öllum öðrum ríkjum heimsins, vilji lifa í friði og spekt við lýðræðislegar kosningar og vilji búa við lýðræðislegt stjórnarfar. Ég hef engar efasemdir um það. Hins vegar voru þessar kosningar, sem menn eru að mæra, í skötulíki. Ég skal fara nánar yfir það í síðari ræðu minni á eftir.

Kosningarnar fóru fram í skugga einhverra alvarlegustu og svívirðilegustu mannréttindabrota sem framin hafa verið í heiminum. Forsætisráðherrann, sem hafði verið komið til valda af hálfu innrásarhersins, Allawi, hafði sjálfur, prívat og persónulega, gerst sekur um að fara inn í fangelsi í Bagdad og skjóta eigin hendi átta unga menn í höfuðið. Þetta fær ekki einu sinni umræðu á Vesturlöndum. Þetta kom að vísu fram í fréttum en mönnum þykir þetta nánast ekki fréttnæmt.

Við berum óbeina ábyrgð á þeim atburðum sem fara fram og hafa átt sér stað í Írak og þar með talið hryllilegum og svívirðilegum verkum og mannréttindabrotum sem hafa verið framin í fangelsum í Írak, Abu Ghraib og fjölmörgum öðrum fangelsum í Írak. Ég hef lagt mig nokkuð fram um að kynna mér það sem er að gerast í þessu landi, lesa greinar sem hafa verið birtar, skrifaðar af mönnum sem þekkja vel til mála. (Forseti hringir.) Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég mundi fara sparlega í yfirlýsingar um mannréttindi í því landi.

[11:35]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hv. þingmaður treysti sér ekki til að svara spurningu minni. Í ofanálag, virðulegi forseti, kom hv. þingmaður og gerði lítið úr því að *milljónir manna hefðu hætt lífinu til að njóta sjálfsagðra* réttinda. Hann gerði lítið úr því og talaði um kosningar í skötulíki, gerði lítið úr þeim fjölda fólks sem þar tók þátt í kosningunum. Svo einfalt er það mál.

Talandi um ábyrgð þá liggur það fyrir, virðulegi forseti, að ef hv. þingmaður hefði fengið að ráða væri Saddam Hussein við völd í Írak. Það er ekkert flóknara en svo að þannig væri málum komið.

Hv. þingmaður gat ekki einu sinni verið maður til að tala af virðingu um þetta fólk, sem loksins er búið að fá eitthvert frelsi. Ég held því ekki fram að öll markmið hafi náðst með Írak (Forseti hringir.) en án nokkurs vafa er mikilsvert að fólk fái frelsi.

[11:37]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fróðlegt að kynnast framlagi Sjálfstæðisflokksins til þessarar umræðu um utanríkismál, því málefnalega framlagi. Ég vil upplýsa hv. þingmann um að ég ber mikla virðingu fyrir Írökum og fólki almennt í heiminum. En ég ber litla virðingu fyrir þeim sem réðust á Írak í skjóli lyga sem nú hafa verið upplýstar. Menn lugu því til að gereyðingarvopn væru í landinu og þegar þau reyndust síðan ekki vera fyrir hendi þá breyttu menn forsendum innrásarinnar. Þetta hefur verið rakið stig af stigi. Það er gagnvart því fólki sem ég ber afskaplega takmarkaða virðingu en ég ætla þó að virða hv. þingmann með því að koma nánar inn á þetta efni (Forseti hringir.) í síðari ræðu minni í dag.

[11:38]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel á þessu stigi rétt að svara tveimur atriðum sem hv. þingmaður nefndi sem snúa að friðargæslunni og tryggingamálum þeirra. Myndin af því atriði hefur skekkst aðeins vegna þess að það er tvíþætt. Þessir menn

eru tryggðir en síðan kemur að hinum þættinum, sem er hin almenna bótaregla Tryggingastofnunar ríkisins. Það eru tveir aðskildir þættir. Mennirnir eru auðvitað tryggðir.

Mér þykir lakara að fjallað sé um seinna málið þannig að Tryggingastofnun treysti sér ekki til að úrskurða þessum mönnum bætur, m.a. á grundvelli svara frá utanríkisráðuneytinu. Ég tel fyrir mitt leyti að þessir menn séu aldrei í neinu frii. Friðargæslumenn eru ekki í frii. Þeir verða allar stundir að vera viðbúnir hinu óvænta og þegar þeir fá tilmæli um að gegna ákveðnum störfum þá er það ekki svo að menn geti undan því vikist með góðu móti. Ég er þeirrar skoðunar að þessir aðilar hafi ekki verið í neinu frii og vil gjarnan og vonast til þess að við áfrýjun málsins verði tekið á málum þeirra af meiri sanngirni.

Varðandi Mannréttindaskrifstofuna, sem svo er nefnd, þá var það svo að tillagan kom frá utanríkisráðuneytinu á vormánuðum á síðasta ári um að breyta þar um og þegar það sást síðan ekki í fjárlagatillögum þá var því breytt. Því er haldið fram að við séum að hefna okkar vegna umsagnar um fjölmiðlafrumvarpið. Mér er svo sem sama hvort menn trúa mér eða ekki en ég hef ekki séð þessar umsagnir, hef ekki leitað eftir þeim og veit ekki út á hvað þær ganga. Voru ekki þúsundir umsagna sem komu um það efni? Ef menn halda að þetta sé virkilega þannig að við séum að elta það uppi þá þurfum við væntanlega að elta uppi einhver hundruð manna sem gáfu einhverjar umsagnir. En menn mega ekki fara niður á þetta plan í umræðunni.

[11:40]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fullyrða að hundruð manna hafi verið elt uppi en ég held því fram að í áranna rás hafi ýmsir þurft að gjalda sinna skoðana og afstöðu í valdatíð ríkisstjórnanna undanfarinn hálfan annan áratug.

Menn spyrja hvað valdi því að framlag til Mannréttindaskrifstofu Íslands skuli skorið niður við trog. Málefnalegar upplýsingar er ekki að fá frá hendi stjórnvalda um það efni. Það er skýringin á því að getgátur eru uppi.

Ég vil ekki keyra það mál í fastari hnút. Ég ætla að leyfa mér að vera bjartsýnn á að stjórnvöld skoði hug sinn og hlusti á þau sjónarmið sem fram hafa komið innan þings og utan, að Mannréttindaskrifstofa Íslands gegni mikilvægu hlutverki í þjóðfélaginu og sem andlit Íslands út á við og að henni verður veittur fjárhagslegur stuðningur þannig að hún geti risið undir verkum sínum.

Varðandi yfirlýsingu hæstv. utanríkisráðherra gagnvart einstaklingum sem sinntu skyldustörfum í Kabúl þá fagna ég henni. Ég fagna þeirri yfirlýsingu. Hún er mjög mikilvæg og ég er hæstv. ráðherra hjartanlega sammála að því leyti.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geti fallist á að mikilvægt sé að stéttarfélögum verði gert kleift að koma að samkomulagi eða samningum um réttarstöðu og kjör þeirra starfsmanna sem sendir eru á vettvang með þessum hætti. Vísa ég þar sérstaklega á Landssamband slökkviliðsmanna og Landssamband lögreglumanna, (Forseti hringir.) m.a. varðandi fyrirhugaða för til Afganistans sem ég (Forseti hringir.) er ekki sérstaklega hrifinn af sjálfur. En það er önnur saga.

[11:42]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig bein aðkoma stéttarfélaganna að því dæmi ætti að vera þótt menn séu valdir til slíkra verkefna vegna sérstakrar þekkingar þeirra á tilteknum málaflokkum sem eiga að nýtast við uppbygginguna í Afganistan. Ég er nú að hugsa þetta með þessum hætti hér.

Varðandi Mannréttindaskrifstofuna þá vil ég vekja athygli á því að aðilar eins og Amnesty International, sem er aðili að þessari skrifstofu, hefur sagt opinberlega að afar þýðingarmikið sé að stofnun af þessu tagi njóti ekki opinberra styrkja. Gagnvart utanríkisþjónustunni þá tel ég að það fjármagn sem hún hefur úr að spila eigi að nýtast á erlendum vettvangi. Þar er mikil þörf á stuðningi við mannréttindamál. Sem betur fer er staðan hér hjá okkur ekki svo slæm sem sumir vilja vera láta.

[11:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá spyr ég: Hvaðan á skrifstofan að njóta styrkja? Ekki fær hún mikið fjármagn frá Öryrkjabandalaginu. Varla frá Amnesty International, sem er ekki aflögufært eða Barnaheill. Þannig mætti áfram telja. Frá Hjálparstarfi kirkjunnar? Rauði krossinn lumar hugsanlega á einhverri krónunni, en fjárstuðningur verður að sjálfsögðu að koma frá opinberum aðilum enda sinnir stofnunin verkefnum sem við Íslendingar viljum að sé sinnt, að sómasamlega sé gengið frá skýrslum um mannréttindamál sem sendar eru til Sameinuðu þjóðanna og sendar eru út í heim, auk þess sem stofnunin sinnir mikilvægu fræðsluhlutverki.

Ég tel að það eigi að koma fjárstuðningur frá hinu opinbera en hins vegar eigi að búa svo um hnútana að skýr skil séu á milli framkvæmdarvaldsins og þessarar stofnunar að þessu leyti.

Varðandi, aðeins í (Forseti hringir.) örfáum orðum, aðkomu stéttarfélaganna þá tel ég mjög (Forseti hringir.) mikilvægt að hún sé tryggð og öllum til hagsbóta, að réttindum þeirra sem sendir á vettvang til að sinna öryggisstörfum.

[11:45]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi fá að víkja einmitt að þessum tveimur atriðum sem hér hafa verið rædd. Það ber nýrra við að talsmaður Vinstri grænna skuli bera hagsmuni íslensku friðargæslunnar fyrir brjósti. Hingað til hefur sá flokkur fundið starfsemi hennar flest til foráttu og talað jafnvel um friðargæsluliða sem hermenn, gráa fyrir járnum.

Það er hins vegar fagnaðarefni að Vinstri grænir hafi séð að sér og ég minni á í þessu sambandi að fyrir skömmu var í þinginu rætt um jafnréttismál í Íslensku friðargæslunni sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir var málshefjandi að og hæstv. utanríkisráðherra tók vel í það mál. En það er eins og að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi ekki tekið eftir því að hæstv. utanríkisráðherra boðar í ræðu sinni frumvarp um Íslensku friðargæsluna þar sem væntanlega verður tekið betur á réttarstöðu friðargæsluliðanna. Ég vildi benda hv. þingmanni á þetta atriði og spyr hvort það hafi farið fram hjá honum.

Að öðru leyti fagna ég þessum sinnaskiptum hv. þingmanna Vinstri grænna um mikilvægi Íslensku friðargæslunnar.

Varðandi umræðuna um mannréttindamál er alveg ljóst að íslensk stjórnvöld hafa ávallt lagt sérstaka áherslu á mannréttindamál og að tryggja beri mannréttindi um allan heim óháð stjórnarfari, menningu, félagslegu umhverfi eða trúarbrögðum. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur Ísland m.a. lagt fram tillögur, og utanríkisráðherra hefur almennt gert mannréttindamál að umtalsefni á alþjóðavettvangi.

Ég held að ég geti fullyrt að á Íslandi fari fram opin og upplýst umræða um mannréttindamál og það er fáránlegt að halda því fram að framlag Mannréttindaskrifstofu Íslands sé tengt skoðunum skrifstofunnar á einstökum málum. Hins vegar er alltaf vandasamt að ákveða hvernig takmörkuðum fjármunum skuli varið.

[11:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég harma þá útúrsnúninga sem fram koma í máli hv. formanns utanríkismálanefndar Alþingis. Hún segir að það beri nýrra við að ég og við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði berum hag starfsmanna Íslands á erlendum vettvangi fyrir brjósti og segir að við höfum áður gagnrýnt svokallaðar öryggissveitir í Afganistan, að það fari ekki saman.

Ég hef margoft vikið að öryggi þessara einstaklinga. Hér í ræðustól og í opinberri umræðu á liðnum mánuðum hef ég margoft einmitt vikið að tryggingamálum og hagsmunum einstaklinganna. Ég hef átt viðræður við talsmenn stéttarfélaganna sem þessir einstaklingar hafa átt aðild að og við höfum rætt um réttindamál þeirra. Ég hef komið hér upp til að reyna að styðja þá viðleitni sem þeir hafa í frammi til að búa svo um hnúta að réttindi þessa fólks séu tryggð. Að rugla saman annars vegar hernaði og herjum og hins vegar þeim einstaklingum sem koma þar við sögu er alveg út í hött, og alveg fráleitt. Ímyndar hv. þingmaður sér að ég hatist út í alla sem komið hafa nálægt hermennsku eða verið gert að gegna einhverjum störfum af því tagi? Því fer fjarri. Það hefur ekkert breyst í afstöðu okkar til aðildar okkar að starfinu í Afganistan sem er undir handarjaðri NATO og þess að þessir einstaklingar séu þannig skilgreindir sem hermenn. Við höfum gagnrýnt það mjög ákveðið.

Varðandi þann hluta í ræðu hæstv. ráðherra þar sem hann vék að fyrirhuguðu frumvarpi um friðargæsluna fór hann ekkert fram hjá mér fremur en margt annað í ræðunni. (Forseti hringir.) Ég íhuga hana. Ég er einvörðungu að leggja (Forseti hringir.) áherslu á mikilvægi þess að búið sé vel að réttindum þessa fólks.

[11:49]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst furðulegt þegar hv. þingmaður reynir að halda því fram að hér sé um útúrsnúning að ræða. Hann er þá sjálfur með útúrsnúninga þegar hann talar um að hægt sé að skilja að málefni einstaklinga og réttindamál þeirra og svo starfsemi Íslensku friðargæslunnar. Það er staðreynd að hv. þingmenn Vinstri grænna hafa fundið starfsemi Íslensku friðargæslunnar allt til foráttu og það þarf ekki annað en að fletta upp í ræðum þingmanna á hinu háa Alþingi til að sjá hvaða afstöðu þeir hafa til þessara mála. Og þeir hafa aldrei viljað viðurkenna mikilvægi þeirrar starfsemi við enduruppbyggingarstarf og lýðræðisþróun í ríkjum sem á því þurfa að halda, eins og í Afganistan og öðrum ríkjum.

Hæstv. forseti. Ég vísa þessari ræðu hv. þingmanns algjörlega til föðurhúsanna. Afstaða hv. þingmanna Vinstri grænna hefur komið skýrt fram í (Forseti hringir.) sölum Alþingis.

[11:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri þá kröfu að formaður utanríkismálanefndar Alþingis finni þessum orðum sínum stað. Hún segist, hv. þingmaður, hafa flett upp eða það sé hægt að fletta upp í þingtíðindum ummælum sem sýni að við berum ekki hag þessa fólks fyrir brjósti. (Gripið fram í.) Starfsemi, það er allt annar handleggur. Við höfum gagnrýnt það að Íslendingar skuli taka þátt í þessu hreingerningarstarfi í Afganistan. Við höfum gagnrýnt það mjög ákveðið, og við höfum viljað beina þróunarstarfi okkar og framlagi til friðarmála inn í allt annan farveg. Ég hef haldið um þetta margar ræður á þingi, skrifað blaðagreinar og tjáð mig um þetta opinberlega. Ég hef hins vegar aldrei látið að því liggja að ég vilji þessum mönnum eitthvað illt, (Forseti hringir.) þessum einstaklingum, og ég krefst þess að hv. þingmaður (Forseti hringir.) finni þessum alvarlegu ásökunum og (Forseti hringir.) orðum sínum stað. Ég krefst þess.

[11:52]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanríkisráðherra fór vítt og breitt yfir í upphafsræðu sinni áðan eins og venja er reyndar þegar hæstv. utanríkisráðherra flytur árlega skýrslu sína um utanríkismál. Það var komið víða við. Ég verð þó að segja að einn kafli ræðu hæstv. utanríkisráðherra olli mér verulega miklum vonbrigðum. Það er lítil klausa þar sem fjallað er um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs. Þar var fátt bitastætt að finna enda var það mikla og erfiða deilumál sem hefur tröllriðið að ég hygg alþjóðastjórnmálum um áratuga skeið aðeins afgreitt með stuttum kafla sem kannski tók rétt tæpa mínútu að flytja.

Hér er að finna fullyrðingu um að fráfall Yassers Arafats hafi valdið því að nú sé friðvænlegra á þessu svæði en verið hefur og þar segir líka orðrétt, með leyfi forseta: „Nú skiptir meiru en nokkru sinni að palestínska stjórnin haldi áfram að stuðla að friði með því að koma í veg fyrir hryðjuverkaárásir á Ísrael. Jafnframt verða stjórnvöld í Ísrael að standa við skuldbindingar í svonefndum vegvísi til friðar varðandi landnemabyggðir á Vesturbakkanum."

Þetta er allt og sumt, samandregin niðurstaða, ályktun eða skoðun hæstv. utanríkisráðherra á því hvað ber að gera á því svæði til að reyna að stilla til friðar. En því miður er vandamálið miklu flóknara en svo að hægt sé að afgreiða það í örfáum setningum og það er líka miklu alvarlegra en svo að afgreiða megi það með þessum hætti.

Það er nefnilega þannig að ég er tiltölulega nýkominn frá þessu svæði eftir að hafa dvalið þar í eina viku í kynnisferð ásamt fleiri þingmönnum og ég hygg að hæstv. utanríkisráðherra deili ekki þeirri reynslu með mér að hafa komið á þau svæði og séð hvernig umhorfs er þarna í raun og veru, (**Utanrrh.:** Ég hef komið þrisvar þangað.) þ.e. til Palestínu og verið Palestínumegin. — Gott og vel, hæstv. utanríkisráðherra hefur komið þrisvar þangað en hann hefur kannski ekki komið þangað nýlega því þarna hafa gerst stórir og mjög alvarlegir hlutir á skömmum tíma.

Hæstv. utanríkisráðherra nefndi í ræðu sinni að jákvæð þróun mála í Afganistan hefði að nokkru fallið í skugga vaxandi spennu á öðrum svæðum. Ég hygg að neikvæð þróun í Palestínu og Ísrael hafi að verulegum hluta fallið í skugga annarra atburða, til að mynda í Afganistan og Írak á undanförnum missirum og athygli heimsbyggðarinnar hafi beinst frá Ísrael og Palestínu yfir til Íraks og Afganistans. Það er í sjálfu sér kannski ekki skrýtið en það er afskaplega sorgleg staðreynd því að mjög alvarlegir hlutir hafa verið að gerast í Palestínu og líka í Ísrael. Ég ætla ekki að fara að varpa sök í sjálfu sér á einn né neinn. En ég vil bara koma því að í ræðu minni að það sem er að gerast þarna er algerlega óásættanlegt og það skiptir í raun engu máli hvar í pólitík við stöndum, hvaða stjórnmálaflokkum við tilheyrum. Við hljótum öll, og það er reynsla mín eftir þessa ferð með þingmönnum annarra flokka, að andmæla því sem er þarna að gerast.

Hér er ég að sjálfsögðu að tala um hvernig Ísraelsmenn koma fram vilja sínum og valdi gagnvart Palestínumönnum. Það er ekki hægt að sitja þegjandi og hljóðalaust og horfa upp á það gerast sem er þarna á seyði. Þar er til að mynda verið að reisa þennan skelfilega aðskilnaðarmúr sem er gríðarlegt steinsteypumannvirki sem teygir sig fleiri hundruð kílómetra, múr sem er reistur á landi þjóðar sem var hernumin, og það held ég að allir séu sammála um, í sex daga stríðinu árið 1967. Ísraelsmenn halda enn þá þeim svæðum sem þeir lögðu undir sig þá. Þarna er verið að reisa þennan hroðalega múr á landi hinnar hernumdu þjóðar. Meira að segja er verið að reisa þennan múr með þeim hætti að hann umlykur landnemabyggðir sem Ísraelsmenn hafa komið sér fyrir á í hinu hernumda landi sem er í andstöðu við alþjóðalög. Þjóð sem hernemur aðra þjóð má ekki flytja inn íbúa sína inn á hið hernumda land til að koma þar upp eins konar nýlendum eða hreinlega til að leggja undir sig land hinnar hernumdu þjóðar. Þetta er einfaldlega bannað, en þetta eru Ísraelsmenn að gera. Og nú eru þeir að reisa múr í kringum þessar landnemabyggðir til að geta innlimað þau svæði síðan inn í Ísrael. Múrinn er 10 metra hár, á honum eru myndavélar og búið er að ryðja upp svæði sitt hvorum megin við hann, margra metra belti. Þar er búið að ryðja um koll bæði húsum, akurlendum og öðrum mannvirkjum í eigu Palestínumanna bótalaust. Búið er að setja upp gaddavírsgirðingar og víggirta varðturna. Það eru op á múrnum með vissu millibili þar sem hægt er að hleypa í gegn herliði frá Ísrael og inn í Palestínu hvenær sem Ísraelsmönnum þóknast. Þarna er hreinlega verið að brjóta mjög alvarlega á mannréttindum og réttindum þjóðar. Ég tek ekki gilda þá afsökun Ísraelsmanna að þeir séu að gera þetta til að verjast hryðjuverkaárásum Palestínumanna. Ég get ekki skrifað upp á að verið sé að innleiða svona miklar þjáningar yfir þjóð sem telur milljónir manna vegna þess að menn kjósa að verjast hryðjuverkaárásum sem hafa vissulega kostað einhver mannslíf. En menn telja sig vera að gera þetta til að verjast hryðjuverkaárásum. Þetta er engin lausn á vandanum. Þetta verður aldrei nein lausn á vandanum. Það var engin lausn í Berlín á sínum tíma að skipta borginni þar í tvennt með múr. Það var engin lausn, það vitum við.

Það var heldur engin lausn í Varsjá á sínum tíma að skipta borginni þar í hluta með múr. Á báðum stöðum sauð upp úr. Í Varsjá endaði þetta í blóðugri uppreisn, í Berlín leystu menn málið með friðsamlegum hætti. Við vitum ekki hvað mun gerast í Ísrael og Palestínu. En ég er alveg sannfærður um eftir að hafa komið þangað og séð þær aðstæður sem þarna ríkja, að þetta svæði er tifandi tímasprengja fyrir heimsfriðinn. Þarna mun fyrr eða síðar sjóða upp úr og draga til stórra og mjög alvarlegra tíðinda. Þarna eru báðar þjóðir komnar inn í vítahring ofbeldis og kúgunar sem engan endi virðist ætla að taka. Það er heldur ekki að sjá að vilji sé meðal stórvelda sem gætu haft áhrif á þessa atburðarás, sem gætu hugsanlega stillt þarna til friðar og fengið menn til að setjast niður, fengið Ísraelsmenn til að fallast á að Palestínumenn hafa réttindi, þeir eiga þetta land, Palestínu, og fengið báða aðila til að viðurkenna tilvist hvor annars og fengið þessi ríki til að fallast á að þarna skuli ríkja landamæri eins og eru á milli allra siðmenntaðra þjóða. Bandaríkjamenn virðast ekki af einhverjum ástæðum hafa það bolmagn eða vilja til að skikka Ísraelsmenn til að koma vitinu fyrir Ísraelsmenn. Þetta er að sjálfsögðu mjög stór harmleikur.

Það sem olli mér kannski mestum vonbrigðum í ræðu hæstv. utanríkisráðherra var það að ég hefði gjarnan viljað heyra hann tala svolítið skýrar um afstöðu okkar Íslendinga, um afstöðu íslensku ríkisstjórnarinnar til þessara mála, jafnvel koma með einhverjar tillögur um hvað við getum lagt af mörkum til að létta fólki þarna lífið, jafnvel kannski lagt okkar litla lóð á vogarskálarnar til að þessi mál verði leyst.

Frændur okkar og nágrannar, Norðmenn, hafa um margra ára skeið verið mjög virkir á þessu svæði með utanríkisþjónustu sína, verið mjög virkir í því að reyna að fá þessa aðila til að setjast að samningaborðinu og ræða saman, verið mjög duglegir við að reyna að létta fólki þarna lífið, til að mynda með hjálparstarfi, með því að senda þangað nokkurs konar gæsluliða til að fylgjast með ástandinu og reyna að sjá til þess að báðir aðilar sitji á sér þannig að ekki sjóði upp úr. Það er í sjálfu sér mjög vandasamt verk. Bara frá því að ég var þarna fyrir mánuði hafa Ísraelsmenn fellt þó nokkuð marga Palestínumenn, síðast í gær. Talandi dæmi um það hversu mikil púðurtunna þetta er er að palestínskur leigubílstjóri í borginni Hebron þar sem við komum, Íslendingarnir, og urðum fyrir frægu grjótkasti, ók óvart á ísraelskan hermann. Ísraelsku hermennirnir byrjuðu strax að skjóta. Þegar upp var staðið voru ísraelsku hermennirnir bæði búnir að skjóta leigubílstjórann og líka félaga sinn sem varð fyrir bílnum. Svona er ástandið þarna. Það má ekkert út af bera til að allt fari í bál og brand.

Það er mikið svikalogn sem nú varir þó að menn hafi

setið þarna við eins konar óformlegt vopnahlé um tveggja mánaða skeið. Við höfum séð hvernig Ísraelsmenn hafa aftur og aftur nánast misst tök á ástandinu. Þó að þeir hafi yfirburði hvað varðar vopn og vígtól alls konar hygg ég að ef Palestínumenn tækju sig til, og tala nú ekki um ef þeir fengju ríkin í kring sem líka sitja á ófriðarstóli við Ísraelsmenn og hafa gert allt frá dögum sex daga stríðsins virkilega til að hjálpa sér, gæti allt þarna farið í bál og brand. Þá er heimsfriðnum hreinlega ógnað.

Það er mín skoðun að við Íslendingar ættum að kynna okkur þessa hluti betur, kynna okkur betur það sem er að gerast þarna. Við fórum þangað um daginn, þingmenn allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins. Ég vil nota tækifærið núna til að hvetja þingmenn Sjálfstæðisflokksins til að fara í svipaða ferð til að kynna sér ástandið sem er með þeim hætti að maður verður eiginlega að sjá það til að trúa því. Ég er alveg sannfærður um að ef þingmenn Sjálfstæðisflokksins fara suður eftir og sjá ástandið með eigin augum munu þeir koma til baka og vera sammála okkur hinum um að þetta geti ekki gengið. Ég held að við Íslendingar gætum lagt eitthvað af mörkum þarna, til að mynda með því að senda hjálparliða, reyna að aðstoða Palestínumenn í menntamálum og heilbrigðismálum. Við getum líka reynt að tala máli þeirra við Bandaríkjamenn og reynt að sveigja Bandaríkjamenn í þá átt að reyna að hafa áhrif á Ísraelsmenn.

Ég hygg líka að við ættum að íhuga það mjög alvarlega hér á Alþingi Íslendinga að lýsa hreinlega yfir fullum stuðningi við sjálfstæði Palestínu, við rétt Palestínumanna til að búa sjálfstæðir í sínu eigin ríki, eins og þeir hljóta að hafa fullan rétt til. Þá værum við á vissan hátt að gera svipaða hluti og við gerðum á sínum tíma þegar löndin við Eystrasalt voru að rífa sig undan oki og hernámi Sovétmanna. Við Íslendingar eigum nefnilega ávallt að ganga fram fyrir skjöldu og mótmæla því þegar aðrar þjóðir eru hernumdar.

Það er ekki hægt að fallast á það núna árið 2005 að ríki í heiminum sýni nágrönnum sínum yfirgang og ofbeldi, til að mynda með hernámi, tala nú ekki um ef hernámið varir áratugum saman. Það á að vera sjálfsagður réttur allra þjóða að lifa frjálsar í sínu eigin landi. Þann rétt eigum við Íslendingar ávallt að verja. Það er mín bjargfasta trú og skoðun, og sú skoðun hefur ekki gert neitt annað en að styrkjast á undanförnum vikum.

[12:05]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður var að skora á aðra þingmenn að fara í sambærilega ferð og hann hefur farið sjálfur til hins viðkvæma svæðis fyrir botni Miðjarðarhafsins. Ég gat ekki séð af ræðu hans að sjóndeildarhringur hans hefði víkkað eða hann gæti fjallað um þetta mál af einhverju jafnvægi og sanngirni. Því fór fjarri. Ég vil nú ekki segja að hann hafi notað þess háttar málatilbúnað og munnsöfnuð eins og hann gerði þegar hann talaði frá þessu svæði sem var auðvitað fyrir neðan allar hellur og til skammar fyrir hv. þingmann. Hann fjallaði hins vegar núna um hryðjuverk gagnvart Ísraelsmönnum og sagði: Það urðu einhver hryðjuverk og einhverjir dóu. Það var öll umfjöllunin hjá hv. þingmanni. Slag í slag hafa verið sprengdar upp rútur með skólabörnum, slag í slag hefur verið farið inn á veitingastaði þar sem almenningur hefur verið að borða í friðsamlegum tilgangi. Slag í slag. Einhverjir dáið, sagði þingmaðurinn.

Ísraelsmenn hafa ekki ráðist á óbreytta borgara. Það hefur hins vegar komið fyrir að óbreyttir borgarar hafa fallið þegar ráðist hefur verið á vígamenn og hermenn. Því miður er það svo af hálfu Palestínumanna sem þar fara fyrir að þar er gagngert og systematískt ráðist á óbreytta borgara. Það hét í máli þessa hv. þingmanns einhver hryðjuverk og að einhverjir hefðu dáið. Svo er þessi maður að setja ofan í við aðra þingmenn og krefjast þess að þeir ferðist til þessara staða til að öðlast víðsýni. Því fer fjarri að þessi hv. þingmaður hafi öðlast nokkra víðsýni af nokkru tagi, eins og heyrðist á ummælum hans yfir hafið þegar þingmaðurinn sjálfur var staddur á þessum slóðum og varð sjálfum sér til skammar.

[12:07]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja þó að hæstv. utanríkisráðherra telji að ég hafi orðið mér til skammar þegar ég sagði, og ég hygg að það séu þau orð sem hann er að vitna til, að sá aðbúnaður og sú meðferð sem Ísraelsmenn beita Palestínumenn minnti um margt á aðferðir nasista gagnvart gyðingum á árum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Það er nefnilega þannig — og ég held að hæstv. utanríkisráðherra hafi ekki deilt þeirri reynslu með mér — að ég hef séð þennan múr. Ég hef séð hvernig Palestínumenn búa hvern einasta dag við kúgun af hálfu Ísraelsmanna. Ég hef séð hvernig heil þjóð þarf að búa við það að hermenn sem hafa hernumið hennar eigið land stunda það að stöðva ferðir allra borgara, hvernig heilu borgirnar eru múraðar inni með þessum hrikalega múr, hvernig mannréttindi eru brotin hvern einasta dag. Ísraelsmenn geta tekið Palestínumenn til fanga, sett þá í fangelsi í sex mánuði, æ ofan í æ án dóms og laga. Fólk hefur dáið meðan það beið eftir því að komast í gegnum varðstöðvar Ísraelsmanna. Það komst ekki undir læknishendur. Fólk líður mikla neyð. Börn Palestínumanna eru á vergangi í borgum þeirra. Hefur hæstv. utanríkisráðherra farið þangað og séð þetta með eigin augum? Veit hann virkilega hvað hann er að tala um? Ég efast um það.

Mér gekk ekkert illt til með því að leggja til að þingmenn Sjálfstæðisflokksins færu suður eftir til að skoða þetta. Ég veit að í þeim flokki er margt ágætisfólk og ég er alveg sannfærður um að ef það sæi það sem við sáum yrði því hreinlega ofboðið. Það var þetta sem ég átti við.

Ef ég fæ ekki að segja mínar skoðanir með þeim hætti sem ég gerði, nota sterk lýsingarorð til að lýsa mjög sterkum áhrifum sem ég verð fyrir, verður bara svo að vera.

[12:09]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi hv. þingmaður sýndi og staðfesti það sem ég sagði áðan, hann kann ekki að skammast sín. Hann gekk meira að segja svo langt að endurtaka úr þessum ræðustóli svívirðileg ummæli sín og beit höfuðið af skömm

sinni. Þessi hv. þingmaður hefur reyndar áður sýnt að hann kann ekki að skammast sín en ég hygg að hann hafi aldrei úr þessum ræðustóli lotið jafnlágt, og sennilega enginn þingmaður í sögu þessa þinghúss fyrr eða síðar.

[12:10]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Gott og vel, virðulegi forseti. Mér gæti hreinlega ekki verið meira sama. Ég stend við hvert einasta orð. Meðferð Ísraelsmanna á Palestínumönnum er ekkert annað en svívirðileg kúgun. Það er algerlega ólíðandi að þjóð sem hernemur aðra þjóð skuli komast upp með það áratugum saman að fara með hana með þeim hætti sem Ísraelsmenn eru að gera í dag. Það er ekkert annað en svívirðileg kúgun. Það er ekki hægt að verja það. Þetta minnir á þær aðferðir sem við urðum vitni að á sínum tíma, fyrir 60 árum í Evrópu. Það gerir það hreinlega.

Ég hef mikið af efni sem sannar þetta, ótal myndir. Ég hef sýnt þessar myndir. Ég veit ekki hvort hæstv. utanríkisráðherra hefur séð þær. Ég efast hreinlega um að hann hafi kynnt sér málið. Ég efast stórlega um það. Þá vil ég líka nota tækifærið hér til að hvetja hann til að gera það, hvetja hann þá til að ferðast þarna suður eftir til að sjá það sem er að gerast á þessum slóðum. Það er hreinlega óverjandi. Hernámslið nota ávallt sömu aðferðir til að kúga þær þjóðir sem þau komast yfir. Þetta höfum við séð í mannkynssögunni allt frá tímum Rómverja. Þetta er að gerast þarna núna. Í svona málum sem eru gleymd, og virðast vera gleymd, þarf maður oft að hrópa hátt til að ná eyrum fólks. Ég hygg að það hafi tekist núna og ég er ákaflega stoltur af því.

Það þarf að segja heimsbyggðinni frá þessu. Það þarf að segja fólki frá þessu. Það er íslenskum stjórnvöldum hreinlega til skammar ef þau ætla ekki að gera neitt, ef þau ætla að láta það líðast að Ísraelsmenn komist upp með það sem þeir eru að gera núna gegn palestínsku þjóðinni. Það er til hreinnar skammar.

[12:13]

Sólveig Pétursdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að segja að ég undrast mjög þessi ummæli hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar. Ég hygg að hv. þingmenn sem hér eru staddir geri það jafnhliða. Það er auðvitað ljóst að þessum orðum hans verður að vísa til föðurhúsanna.

Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir greinargóða ræðu um utanríkismál en í máli hans birtust á mjög skýran hátt öll hin fjölbreyttu verkefni sem takast þarf á við á vettvangi utanríkismála. Útrás íslensks viðskiptalífs undanfarin ár eru aðdáunarverð. Sú umgjörð sem sköpuð hefur verið utan um atvinnulífið að undanförnu ber gott vitni um styrka stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Stjórnarflokkarnir fögnuðu 10 ára afmæli um daginn og það er sérstaklega ánægjulegt að heyra nær daglega fréttir af landvinningum íslenskra fyrirtækja á erlendri grund.

Baráttan gegn hryðjuverkum hefur tekið verulegan tíma, hæstv. forseti, og náð athygli alþjóðastofnana, stjórnmálamanna og fræðimanna undanfarin missiri. Þannig hefur Atlantshafsbandalagið t.d. ákveðið að gera baráttuna gegn hryðjuverkum að forgangsmáli innan bandalagsins. Bæði NATO og aðildarríki þess þurfa að gera ráð fyrir hugsanlegum árásum með sýkla-, efna- og geislavopnum og hafa tiltækar viðbragðsáætlanir.

Nýlega samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna nýjan alþjóðasamning um baráttu gegn notkun á kjarnorkuvopnum. Samningurinn er mikilvægt skref í átt að fullkomnum lagaramma í baráttunni gegn hryðjuverkum og mun vafalaust skipta verulegu máli við að hindra hryðjuverkamenn í að komast yfir gereyðingarvopn með skelfilegum afleiðingum.

Mjög mikilvægt er að tryggt sé að öll meðferð geislavirkra efna sé trygg og örugg og notuð í friðsamlegum tilgangi eins og við orkuframleiðslu. Efni mega hvorki vera aðgengileg óviðkomandi aðilum né skaðleg fyrir umhverfið.

Á ráðstefnu um gereyðingarvopn sem ég sótti í Helsinki fyrr í þessum mánuði var varað við því að ef hryðjuverkasamtök kæmust yfir gereyðingarvopn mundu þau nota þau. Fram kom einnig að þrátt fyrir að erfitt væri að nýta vopnin væri ekki ósennilegt að sú staðreynd ein að hryðjuverkamenn hefðu slík vopn undir höndum væri nægileg til að valda ógn og skelfingu og ógna öryggi mannkynsins. Jafnframt kom fram að ný kynslóð hryðjuverkamanna væri að vaxa upp. Hingað til hafa hryðjuverkamenn almennt verið tilbúnir í sjálfsmorðsárásir og þannig gert yfirvöldum erfitt að vinna gegn þeim. Hin nýja kynslóð mun vera minna reiðubúin að fremja sjálfsmorð og er því líklegri til að reyna að komast yfir vopn sem unnt er að beita úr fjarlægð. Ég tel ósennilegt að nokkurt ríki sé reiðubúið að afhenda hryðjuverkamönnum gereyðingarvopn. Hins vegar hafa ákveðin ríki eða óstöðugar ríkisstjórnir skotið skjólshúsi yfir slíka menn, en aðsetur í einhverju ríki er forsenda þess að slík starfsemi þrífist.

Fundur formanna utanríkismálanefnda Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna var haldinn í Reykjavík í september á síðasta ári. Richard Lugar, formaður utanríkismálanefndar Bandaríkjaþings, var sérstakur gestur fundarins. Hann kynnti ítarlega svonefnda Nunn-Lugar áætlun sem felur í sér aðstoð við fyrrum Sovétlýðveldin við að gera óskaðleg gereyðingarvopn sem þar er að finna og koma í veg fyrir dreifingu þeirra. Gríðarlegt magn gereyðingarvopna var að finna í ríkjum gömlu Sovétríkjanna og var varðveislu þeirra og öryggi mjög ábótavant. Nunn-Lugar áætlunin sem er aðallega fjármögnuð af Bandaríkjunum hefur kostað um 400 milljónir bandaríkjadala á ári frá árinu 1991. Fyrir atbeina hennar hefur á sjöunda þúsund kjarnaodda verið eytt og á þriðja þúsund annarra tækja og tóla tengdum gereyðingarvopnum hefur verið eytt eða gert óskaðlegt. Þá leiddi áætlunin til þess að öllum kjarnavopnum var skilað til Rússlands frá Úkraínu, Kasakstan og Hvíta-Rússlandi. Áætlunin hefur nú verið víkkuð út fyrir fyrrum Sovétríkin og er um 50 milljón bandaríkjadölum varið til þess árlega. Þetta þýðir m.a. að hægt verður að taka fyrir svæði í Miðausturlöndum og Asíu. Þetta verkefni er ákaflega mikilvægt og ekki á færi margra þjóða að standa að, vegna þess hversu flókið og kostnaðarsamt það er, en kemur allri heimsbyggðinni til góða. Norðurlöndin og Evrópusambandið hafa þó reynt að taka á ýmsum vandamálum, m.a. í Norðvestur-Rússlandi, en þar er veruleg hætta á ferðum enda mikið magn af úrelt-

um og ónýtum búnaði sem geymir geislavirkan úrgang.

Í þessu sambandi er rétt að nefna áhyggjur alþjóðasamfélagsins af ríkjum eins og Íran, Norður-Kóreu og Pakistan. Á fundi í Evrópuráðsþinginu í Strassborg síðastliðinn þriðjudag voru málefni Írans til umræðu. Þar lýsti ég þeirri skoðun minni að stjórnvöld í Íran hefðu sýnt það á undanförnum árum að þau hikuðu ekki við að fara á svig við alþjóðlegar skuldbindingar sínar á sviði kjarnorkumála og hefðu ásamt Norður-Kóreu valdið miklum áhyggjum á alþjóðavettvangi. Tilraunir Frakklands, Þýskalands og Bretlands til að fá Íran að samningaborðinu og ákvörðun Bandaríkjastjórnar um að styðja frumkvæðið er lofsvert. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að klerkastjórnin í Teheran hefur lengi leitast við að valda óstöðugleika í mörgum ríkjum Miðausturlanda og stutt hryðjuverk sem hafa spillt fyrir friðarferlinu fyrir botni Miðjarðarhafs. Loks lýsti ég þeirri skoðun minni að hugsanlega væri að skapast tækifæri til að draga úr sókn Írana í gereyðingarvopn með því að efla viðskipti og fjárfestingar en viðhalda þó pólitískum þrýstingi.

Ástandið í Norður-Kóreu er áhyggjuefni. Ríkið hafði heitið því að hætta tilraunum til framleiðslu kjarnavopna en snerist öndvert gegn alþjóðasamfélaginu með uppsögn samnings um bann við dreifingu kjarnavopna. Aðild Kína og Rússlands er mikilvæg en í ljósi spennu í Austur-Asíu vekja sameiginlegar heræfingar Kína og Rússlands sem eru fyrirhugaðar í lok ársins nokkra furðu.

Ég átti þess kost að fara í opinbera heimsókn til Kína í janúar. Sú heimsókn var mjög vel heppnuð og sýndi hversu stórkostlegt land Kína er bæði sögulega og menningarlega auk þess að vera einstaklega áhugaverður ferðamannastaður. Hvað viðskipti áhrærir er ljóst að mikil uppbygging hefur átt sér stað í Kína og landið býður upp á mikla möguleika. Hitt er jafnljóst að þeirra bíða mörg krefjandi verkefni, ekki síst á sviði mannréttindamála.

Málefni Tævans og Kína hafa verið í brennidepli að undanförnu og í mars síðastliðinn átti ég þess kost að heimsækja Tævan. Það var ánægjulegt að sjá þær öru framfarir og miklu uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað. Samskiptavandi Kína og Tævans skyggði þó óneitanlega á heimsóknina. Ég tel afar mikilvægt að friðsamleg lausn finnist á þessu vandamáli hið fyrsta. Jafnframt því tel ég að stuðla beri að auknum gagnkvæmum viðskiptum milli landanna þ.e. Tævans og Íslands.

Hæstv. forseti. Staða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna hefur verið stöðugt til umfjöllunar síðastliðið ár. Í samræmi við áratugalangt og vinsamlegt samstarf Íslands og Bandaríkjanna er ákaflega mikilvægt að þjóðirnar leysi þessi mál hið allra fyrsta. Eins og hæstv. utanríkisráðherra gat um í ræðu sinni hefur staðið til að viðræður hæfust milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda. Afstaða okkar í málinu hefur alla tíð verið skýr. Hér þarf að vera lágmarksviðbúnaður. Ísland sem NATO-ríki getur ekki verið eitt án varna enda væri Ísland þannig veikur hlekkur í varnarkeðju Atlantshafsbandalagsins. Þótt kalda stríðinu sé lokið hafa orðið til nýjar ógnir eins og ég ræddi áðan. Komið hafa fram hugmyndir um að Ísland taki að auka þátt í greiðslu kostnaðar við rekstur Keflavíkurflugvallar. Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að skoða það enda hefur hlutverk Keflavíkurflugvallar breyst undanfarin ár og ekkert náttúrulögmál að við tökum takmarkaðan þátt í kostnaði. Hins vegar er það alger lágmarkskrafa að hér verði trúverðugar varnir með tilliti til legu og hlutverk landsins, mikillar flugumferðar og fyrirsjáanlegrar aukinnar skipaumferðar á Norður-Atlantshafi.

Fyrstu lýðfrjálsu kosningarnar í Írak fór fram í janúar og fyrsta lýðræðislega kjörna ríkisstjórnin í Írak í hálfa öld hefur nú verið skipuð. Þetta eru góð tíðindi en brýnt er að takist að lægja öldur ófriðar sem ríkt hafa í Írak af völdum uppreisnarseggja. Framlög Íslands til áframhaldandi uppbyggingarstarfs og þjálfun írakskra öryggissveita er mikilvægt skref til að tryggja frið og stöðugleika í Írak.

Í undirbúningi er frumvarp til laga um Íslensku friðargæsluna, en störf hennar hafa verið í brennidepli að undanförnu. Tryggja þarf áframhaldandi framþróun friðargæslunnar, en starfsemin hefur almennt gengið vel og verið okkur til sóma. Nauðsynlegt er hins vegar að hafa traustan lagaramma um starfsemina, m.a. um réttarstöðu friðargæsluliða. Ég vænti þess að um þetta mál verði þverpólitísk samstaða á Alþingi, m.a. vegna ræðu og orða hv. þm. Ögmundar Jónassonar hér fyrr í umræðunni.

Utanríkismálanefnd fjallaði ítarlega um Íraksmálið í vetur. Sérstök athugun fór fram á stuðningi Íslands við innrásina í Írak. Nefndin aflaði ítarlegra gagna, kallaði gesti á sinn fund og fór vel yfir allar staðreyndir málsins. Niðurstaðan var sú að um var að ræða pólitíska ákvörðun sem tekin var af þar til bærum aðilum í samræmi við íslensk stjórnlög.

Ég tek undir sjónarmið hæstv. utanríkisráðherra um framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna en hann hafði áður kynnt utanríkismálanefnd framboðs- og kostnaðaráætlun. Að mínu mati er nauðsynlegt að breyta innra skipulagi öryggisráðsins og Ísland hefði svo sannarlega margt til málanna að leggja þar. Eftir að tilkynnt var um framboð Tyrklands er ljóst að á brattann verður að sækja fyrir Ísland. Leggja þarf hlutlægt mat á möguleika okkar að ná sæti í öryggisráðinu, áður en endanleg ákvörðun um kosningabaráttu er tekin.

Hæstv. forseti. Hinn 1. maí í fyrra stækkaði Evrópska efnahagssvæðið og eru ESB-ríkin nú orðin 25 í stað 15 áður. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því í umræðunni hvernig Evrópukortið lítur út eftir stækkunina. Ytri landamæri Evrópusambandsins liggja nú utar en áður og ný ríki eru orðin næstu nágrannar Evrópusambandsins og eiga landamæri að ytri landamærum ESB og þar með EES-svæðisins. Evrópusambandið hefur unnið að nýrri áætlun um nýja nágranna ESB. Hin nýja nágrannastefna Evrópusambandsins er því jákvætt skref í að tryggja enn frekar frið og öryggi, en með því að styðja við lýðræðisþróun og stöðugleika á aðliggjandi svæðum er enn frekar byggt undir frið og komið í veg fyrir skipulagða glæpastarfsemi.

Nýr stjórnarskrársáttmáli Evrópusambandsins býður staðfestingar aðildarríkja ESB en ekki er sjálfgefið að hann verði samþykktur. Stjórnvöld sumra ríkja róa nú lífróður við að afla fylgis kjósenda við hina nýju stjórnarskrá.

Aðildarviðræður við Búlgaríu og Rúmeníu eru langt komnar. Verði aðild þeirra samþykkt njóta þau þess vafasama heiðurs að vera fátækustu ríki ESB og EES. Aðildar-

viðræður við Tyrkland vekja upp ýmsar spurningar, m.a. um hvert Evrópusambandið stefnir og hvort unnt sé að samræma og sætta ólík sjónarmið múslimaríkis og hinna Evrópuríkjanna. Hugsanlegt er þó að aðild Tyrklands gæti byggt brú milli þessara tveggja menningarheima.

Hæstv. utanríkisráðherra lýsti auknum framlögum Íslands til þróunarríkja og þróunarsamvinnu almennt. Utanríkismálanefnd hefur einmitt látið þessi mál til sín taka og átti m.a. mjög áhugaverðan fund með Þróunarsamvinnustofnun Íslands fyrr á þessu ári. Ég tel að það verði fróðlegt og árangursríkt fyrir nefndarmenn í utanríkismálanefnd og jafnvel þingmenn alla sem láta sig þessi mál varða að slást í för með sérfræðingum ÞSSÍ þegar farið er í vettvangsheimsóknir á staði þar sem starfsemi stofnunarinnar fer fram.

Starfsemi UNIFEM er sérstaklega lofsverð. Út hafa komið mjög athyglisverðar en jafnframt hrollvekjandi skýrslur um stöðu og hlutverk kvenna, aðstæður þeirra í stríði og fátækt, kynbundið ofbeldi og mannréttindabrot. Þær sýna svo ekki verður um villst að hlutverk kvenna er mjög mikilvægt við að halda samfélögum saman og taka ábyrgð á enduruppbyggingu eftir stríð og hamfarir. Ljóst er að hamfarirnar í Asíu höfðu gríðarleg áhrif á stöðu kvenna og barna. Konur voru t.d. stór hluti farandverkamanna í Tælandi og hafa sameinuðu þjóðirnar lagt áherslu á að grafast fyrir um afdrif þeirra og veita stuðning. Ofbeldi gegn konum er eitt af erfiðustu og útbreiddustu vandamálunum í heiminum í dag. Talið er að það sé jafnvel einn stærsti heilsufarsvandi kvenna í dag sem eyðileggur líf, fjölskyldur og samfélög. Þá er HIV-smit nátengt ofbeldi gegn konum og aukin tíðni HIV-smits meðal kvenna er verulegt áhyggjuefni. Þekkt er hvernig skipulögðu ofbeldi er beitt gegn konum í stríði og þær verða oft mjög illa úti. Þrátt fyrir það eru konur almennt lykillinn að enduruppbyggingu samfélaga eftir að stríðsátökum er lokið. Rödd þeirra heyrist þó lítið á alþjóðavettvangi og ef ekki væri fyrir starfsemi UNIFEM er hætt við að konur lægju almennt óbættar hjá garði.

Hæstv. utanríkisráðherra minntist á starfsemi Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, en þess má geta að á Íslandi er rekin sérstök skrifstofa UNICEF á Íslandi og þar er unnið að fjáröflun fyrir Barnahjálpina og fjölmörgum mikilvægum verkefnum hér innan lands. Í sambandi við Barnahjálpina er rétt að vekja athygli á þeim árangri sem hefur náðst í menntun barna í þróunarlöndum þótt enn sé langt í land. Munur á skólagöngu drengja og stúlkna er enn þá allt of mikill. Í tengslum við Barnahjálpina er rétt að geta þess að aukin menntun stúlkna er ákaflega mikilvæg því í tengslum við starfsemi Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna hefur m.a. komið í ljós að því meiri sem menntun stúlkna er því líklegri er að þær njóti betri heilsu og séu færari að sjá börnum sínum farborða. Jafnframt kemur í ljós að þær eignast færri börn og börn þeirra eru almennt heilsuhraustari en börn kvenna sem litla sem enga skólagöngu hafa fengið. Í þessu sambandi má minnast á verkefni Matvælaáætlunarinnar, Skóli fyrir mat, sem hvetur börn til að mæta í skólann gegn matargjöfum. Barnahjálpin hefur einnig vakið sérstaka athygli á barnaþrælkun, en talið er að um 246 milljónir barna séu í ánauð vinnuþrælkunar. Börn allt niður í fimm ára gömul eru þannig notuð við ýmiss konar vinnu. Þau eru þannig svipt barnæskunni og grundvallarréttindum barna. Á þessum málum verður við að taka. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu en það er ljóst að utanríkismálin eru fjölskrúðugur og spennandi vettvangur og það er óhætt að gera ráð fyrir því að opin umræða um utanríkismál eigi eftir að verða dýpri og meira krefjandi í nánustu framtíð.

[Fundarhlé. — 12:29]

[13:30]

Útbýting:

Fullnusta refsinga, 336. mál, nál. allshn., þskj. 1230; brtt. allshn., þskj. 1231.

Greiningar- og ráðgjafarstöðvar, 754. mál, svar félmrh., þskj. 1234.

Póst- og fjarskiptastofnun, 794. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 1238.

Störf rannsóknarnefndar flugslysa 2004, 795. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1239.

Störf rannsóknarnefndar sjóslysa 2004, 796. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1240.

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, 677. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1228; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 1229.

Veiðikortasjóður, 634. mál, svar umhvrh., þskj. 1233.

Viðgerðir á varðskipunum Ægi og Týr, 642. mál, svar dómsmrh., þskj. 1232.

[13:31]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Frú forseti. Mig langar í máli mínu um munnlega skýrslu hæstv. utanríkisráðherra að drepa á fáeina punkta, bæði það sem hæstv. ráðherra kom inn á í ræðu sinni og einnig annað sem ég tel að þurfi að ræða. Vonandi fást einhver viðbrögð við því. Ég vona að hæstv. utanríkisráðherra sjái sér fært að vera við umræðuna, hann er væntanlega á leiðinni.

Með skýrslu hæstv. utanríkisráðherra fylgdi skjal sem ber yfirskriftina Stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu 2005–2009. Enginn þeirra þingmanna sem talað hefur í umræðunni til þessa hefur gert skjalið að umræðuefni, en ég leit svo á að það væri uppistaðan í því sem hæstv. utanríkisráðherra væri að segja og skjal sem að sjálfsögðu þyrfti að ræða á þingi en ekki bara í hv. utanríkismálanefnd.

Frú forseti. Án nokkurs vafa er brýnasta verkefni stjórnmálamanna á okkar dögum að leysa stóran hluta mannkyns úr viðjum fátæktar, en rúmur milljarður jarðarbúa skrimtir á innan við 70 kr. á dag. Hlutverk Íslands í þessu efni er jafnmikilvægt og annarra vestrænna ríkja þótt stærri séu. Ríki heims hafa enda sett sér markmið sem miða að því að útrýma fátækt, tryggja að mannréttindi séu virt og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Þessir þrír þættir; mannréttindi, útrýming fátæktar og sjálfbær nýting náttúruauðlinda, verða ekki aðskildir.

Svo að markmiðunum sem ríki heims hafa sett sér í þúsaldaráætlun Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt voru árið 2000 og einnig samþykktum Beijing-ráðstefnunnar um réttindi kvenna verði náð á fyrri hluta þessarar aldar verða að-

ildarríki Sameinuðu þjóðanna hvert og eitt að gera framkvæmdaáætlanir um hvernig þau hyggist leggja sitt af mörkum. Íslensk stjórnvöld þurfa að mínu viti að vinna slíka framkvæmdaáætlun, tímasetja markmið hennar og ráðstafa fjármunum til hennar að sjálfsögðu. Slík áætlun ætti að vera grunnur að samvinnu okkar við fátæk ríki og grundvöllur málflutnings Íslands hjá stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Slík áætlun á einnig að stefna að því að ná markmiði Sameinuðu þjóðanna, sem við höfum samþykkt að undirgangast, að hlutfall vergrar þjóðarframleiðslu sem fer til þróunarsamvinnu verði 0,7%.

Mikilvægt er einnig að stjórnvöld efli skilning almennings á orsökum fátæktar og þekkingu almennings á aðstæðum fólks í snauðustu löndum heims. Með fræðslu má opna augu fólks fyrir nauðsyn þess að allir axli ábyrgð á því að útrýma örbirgð, enda eru örlög fólks hinum megin á hnettinum samtvinnuð okkar hvort sem okkur líkar betur eða verr.

Afnám misréttis gegn konum gengur eins og rauður þráður í gegnum þau markmið sem Sameinuðu þjóðirnar hafa sett sér á nýrri öld. Hlutskipti kvenna og baráttan fyrir fullum mannréttindum þeirra verður að vera kjarninn í utanríkisstefnu Íslendinga, því annars nást aldrei háleit markmið sem sett hafa verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eða annars staðar.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur í tæpan aldarfjórðung unnið að tvíhliða verkefnum með fátækustu ríkjum heims, flest hafa verið í Afríku. Nú hyggst stofnunin færa út kvíarnar til Srí Lanka og Nikaragúa. Ásamt því að auka framlög til verkefna á vegum ÞSSÍ er einnig tímabært að huga frekar að fjölhliða verkefnum á þessu sviði. Í því skyni þarf að efla samstarf ÞSSÍ og frjálsra félagasamtaka og gera nauðsynlegar breytingar á lögum um þróunarsamvinnu. Einnig þarf að huga betur að beinum framlögum til verkefna á vegum stofnana Sameinuðu þjóðanna, eins og kemur reyndar fram í stefnumörkun þeirri sem hæstv. ráðherra lagði fyrir, því sú reynsla sem býr meðal starfsfólks og stofnana Sameinuðu þjóðanna nýtist mjög vel.

Á grundvelli framkvæmdaáætlunar í þróunarsamvinnu, sem ég hef lagt til að stjórnvöld eigi að semja, eiga stjórnvöld að marka stefnu um þátttöku okkar í starfi Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins einnig. Mikilvægt er að Ísland veiti þeim stofnunum aðhald og verði málsvari þeirra sem ekki eiga sæti í stjórnum þeirra og eiga oftar en ekki undir högg að sækja gagnvart Alþjóðabankanum eða Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Það er hlutverk okkar, frú forseti, að sjá til þess að rödd þeirra veiku, rödd þeirra fátæku, heyrist innan þeirra stofnana eins og annars staðar á alþjóðlegum vettvangi.

Í stefnumiði því sem hér liggur fyrir um þróunarsamvinnu segir, með leyfi forseta: „Hvað ein þjóð aðhefst hefur áhrif á aðrar."

Það er hverju orði sannara og óhætt að fagna því að þetta stefnumið skuli hafa verið lagt fram til kynningar þannig að hv. þingmenn geti farið yfir og væntanlega rætt ítarlegar og betur á fundum hv. utanríkismálanefndar.

Ég verð þó að segja og ítreka það sem ég hef áður sagt að stefnumið í slíku stefnuplaggi þarf að fylgja einhvers konar framkvæmdaáætlun sem er bæði tölusett og tímasett og setur stjórnvöldum skýr verkefni og markmið til að vinna eftir. Þetta snýst ekki bara um betri vinnubrögð, þetta snýst einnig um að allir viti hvað er í gangi. Þannig er líka auðveldara að hafa yfirsýn og veita stjórnvöldum sannarlega aðhald í þeim verkefnum sem þau starfa að.

Ég hef, ásamt þingmönnum úr öllum stjórnmálaflokkum sem sæti eiga á Alþingi, lagt fram tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar um mótun stefnu á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki. Tillagan var einnig lögð fram í fyrra og er nú lögð fram aftur nokkuð breytt, en því miður hefur ekki unnist tími til að mæla fyrir henni á hinu háa Alþingi í vetur. Þar leggja flutningsmenn til við stjórnvöld að sett verði á fót sérfræðinganefnd sem vinni út frá tilteknum markmiðum sem að mörgu leyti samrýmast þeim markmiðum sem sett hafa verið fram í stefnumiðum um þróunarsamvinnu, þó e.t.v. séu áherslurnar ekki alveg þær sömu. Þó eru þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna meðal annars lögð til grundvallar; nauðsyn þess að efla menntun, mannréttindi og frelsi kvenna og stúlkubarna um allan heim, nauðsyn þess að efla heilsugæslu og samvinnu við frjáls félagasamtök.

Mér þætti ráð að sú tillaga sem hér liggur fyrir fengi afgreiðslu á hinu háa Alþingi í vetur þannig að hægt væri að vinna frekar það stefnumið sem hér liggur fyrir um þróunarsamvinnu og setja niður framkvæmdaáætlun til langs tíma, hvort sem það eru næstu fjögur ár eða jafnvel næstu tíu ár, þannig að fyrir liggi nákvæmlega hvernig Ísland og íslensk stjórnvöld hyggist standa að þessu. Það er margt gott sem fram kemur í því stefnuplaggi sem hæstv. ráðherra hefur lagt fyrir, en að mínu viti er það ekki nógu ítarlegt að því leyti að það er svolítið abstrakt og það er ekki sagt um það nákvæmlega hvernig við ætlum að ná markmiðunum, en m.a. með því að útfæra þetta nýtum við líka þá fjármuni betur sem við verjum til þróunarsamvinnu. Ég hygg að við í þessum sal séum öll sammála um að nýta þurfi þá vel, ekki síst í ljósi þess að nú hafa stjórnvöld lofað og staðið við að hækka framlög til þróunarsamvinnu og þau munu hækka umtalsvert á næstu árum. Ég tel mjög brýnt að þeim fjármunum sé vel varið og að um það sé þverpólitísk samstaða hvers konar verkefni og hvers konar vinnu við förum í, því eins og allir vita erum við náttúrlega að ráðstafa skattfé Íslendinga í samvinnuna.

Svo það gleymist ekki í umræðunni er í þingsályktunartillögunni, sem ég hef gert að umræðuefni og þingmenn úr öllum flokkum flytja með mér, lagt til að stefnan verði sett á að framlag Íslands nái 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu árið 2015, eftir tíu ár. Þá mundum við halda svipuðum hraða í aukningu framlaga eins og verið hefur á undanförnum missirum og árum næstu tíu árin. Auðvitað þýðir það að vinna þarf mjög vel í því hvers konar verkefni við tökum að okkur. Það hittir þannig á að það er sama árið og aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hyggjast ná þúsaldarmarkmiðum sínum og ég hygg að það væri vel við hæfi að við næðum markmiðinu á sama tíma.

Hæstv. utanríkisráðherra gerði Íslensku friðargæsluna að umræðuefni. Mig langar að víkja lítillega að henni en hún hefur áður verið rædd í dag. Í stefnumiðum um þróunarsamvinnu er talað um að þróa þurfi leiðir í friðargæslunni og samvinnunni. Hvort það þýðir að þróa eigi frekar leiðir í

þær áttir sem hæstv. utanríkisráðherra hefur tilkynnt okkur í dag, þ.e. að auka þátttöku Íslands í friðargæsluverkefnum sem krefjast vopnaburðar og eru á stríðssvæðum skal ég ekki segja, en vil hins vegar taka það fram við umræðuna að eins og komið hefur á daginn í fréttaflutningi gengur ekki að þeir sem við sendum af landi brott til verkefna sem þessara, hættulegra verkefna, séu ekki nógu vel tryggðir. Ég veit að verið er að vinna í þessu og að hæstv. ráðherra hefur lýst skoðun sinni á því, en það má benda á það í umræðunni að m.a. fyrir hjálparstarfsmenn á vegum Alþjóða Rauða krossins er keypt sérstök trygging sem hægt er að kaupa hjá tryggingafélögum um allan heim býst ég við. Hún er auðvitað dýr og mikil, en það er trygging sem tryggir fólk sem starfar á átakasvæðum. Það segir sig sjálft að það þarf að gera það líka fyrir íslenska friðargæsluliða. Ég held að það hafi kannski minnst með það að gera í hvaða stéttarfélagi þeir eru, þetta er bara spurning um að staðið sé þannig að flutningunum og störfum þeirra að sómi sé að og öll réttindi fólksins séu tryggð.

Einnig vil ég víkja að umhverfismálunum, frú forseti. Þau hafa verið gerð lítillega að umræðuefni í dag. Nú hefur komið á daginn í nýlegri könnun sem gerð var hér á landi að 75% Íslendinga, ¾ hlutar þjóðarinnar, hafa áhyggjur af hugsanlegum og yfirstandandi loftslagsbreytingum. Þetta er mjög hátt hlutfall. Fólki er greinilega ofarlega í huga staða umhverfismála og ástandið á jörðinni, ekki bara í okkar nánasta umhverfi heldur um allan heim. Ég held að fólk skynji almennt mjög ríka ábyrgð okkar á því hvernig fram vindur, bæði í samningum um umhverfisvernd, á alþjóðlegum vettvangi og einnig hér heima fyrir um hvernig við getum tekið á því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda til þess að vinna gegn loftslagsbreytingum.

Í ljósi þessarar niðurstöðu er óneitanlega ankannalegt að lesa það sem birt er á heimasíðu ráðuneytisins og ræður þeirra sem þar starfa og tala fyrir hönd Íslands á alþjóðlegum vettvangi. Það er eins og menn vilji draga úr því að loftslagsbreytingar hafi þau áhrif sem þau eru í raun hafa og vísindamenn um allan heim hafa staðfest, m.a. í miklum skýrslum á borð við þá sem unnin var á vegum Norðurskautsráðsins á síðasta ári. Íslendingar höfðu m.a. forgöngu um gerð hennar. Nú eru sendiherrar Íslands farnir að tala um „mögulegar loftslagsbreytingar", svo ég þýði nú beint úr ensku. Ég velti því fyrir mér hvort þeir hafi verið að lesa skáldsögur eftir Michael Crichton eða einhverja fleiri um að kannski sé þetta bara ekki að gerast, á meðan vísindalegar sannanir benda til annars. Ábyrgð okkar er engu minni en ábyrgð annarra þjóða í því að vinna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum. Það verðum við að gera.

Ég sé, frú forseti, að tími minn er því miður á þrotum. Mig langar í blálokin að spyrja hæstv. utanríkisráðherra um hugsanlegan vopnaviðskiptasáttmála. Ég veit að Ísland styður gerð hans en ég vildi inna hæstv. ráðherra eftir því hvað hafi verið gert frá því að stuðningi var lýst yfir við gerð slíks sáttmála í desember 2003. Hvað hefur verið gert á vegum ráðuneytisins til þess að vinna að því að fá aðrar þjóðir með í það mikilvæga verkefni að tempra vopnaviðskipti?

[13:47]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér þau atriði sem hæstv. utanríkisráðherra fór yfir í ræðu sinni. Af mörgu er að taka í þeim efnum. Einnig mætti koma inn á talsvert af þeim atriðum sem hæstv. ráðherra nefndi ekki.

Ég ætla að byrja á að víkja að því sem hann sagði um fríverslun. Það er ljóst af máli hans að hann metur fríverslun og gildi hennar mikils. Það má taka undir það að ákveðnu marki. Í mínum huga eru hliðarnar á fríverslunarsamningum gjarnan tvær. Það er jú vitað að félagsleg réttindi verkafólks eiga til að verða undir þegar hin frjálsu viðskipti flæða yfir álfurnar. Það er þekkt hvernig stórfyrirtæki og fjölþjóðlegir auðhringar nýta sér aðstæður í fátækari ríkjum til að hámarka gróða sinn en það er eðli máls samkvæmt oft á kostnað þeirra fátæku ríkja sem hafa talið sig auka hagsæld sína með því að opna dyr sínar fyrir auðhringunum. En þeir eiga það til að plata ríkisstjórnir til að gera hluti eins og að einkavæða almannaþjónustu á borð við rafveitur og vatnsveitur.

Frú forseti. Það er skoðun mín að íslensk stjórnvöld þurfi að opna augu sín fyrir þessari neikvæðu hlið á fríversluninni. Þau þurfa að eyða meiri orku í að skoða og gagnrýna slíkt framferði, fremur en að dásama fríverslun gagnrýnislaust og einhliða. Í mínum huga ber okkur skylda til að láta okkur einhverju skipta félagsleg réttindi verkafólks í þeim löndum sem við stundum viðskipti við. Ég efast um að í þeim fríverslunar- og viðskiptasamningum sem hæstv. utanríkisráðherra gerði að umtalsefni í ræðu sinni sé slíkra réttinda getið að nokkru marki. Eða hvað sjá íslensk stjórnvöld fyrir sér í þessum efnum? Er t.d. ætlunin að halda slíku til haga af hálfu EFTA-landanna gagnvart, eigum við að segja, Tælandi eða Kína, sem hæstv. ráðherra nefndi í ræðu sinni? Það væri gaman að fá að vita hjá hæstv. ráðherra hvort slíkt sé á döfinni, að það eigi að gera einhverjar athugasemdir varðandi réttindi verkafólks, t.d. í Kína sem hæstv. ráðherra bindur miklar vonir við að við getum átt öflug viðskipti við í framtíðinni.

Þá er þess líka að gæta, frú forseti, að Dohasamningarnir, á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, hafa verið harðlega gagnrýndir á alþjóðlegum vettvangi. Gagnrýnendur þeirra hafa verið sammála um að þeir samningar muni yfirleitt gagnast þeim best sem eru best settir fyrir. Hæstv. ráðherra talaði um að þeir komi smærri ríkjum afar vel. Það kann vel að vera að það eigi við um smærri ríki í löndum Evrópu en ég veit að það á ekki við um öll ríki veraldarinnar. Það á alls ekki við um mörg ríki Afríku eða Asíu. Fulltrúar frá þeim löndum, kannski ekki endilega ríkisstjórnunum en jafnvel frá frjálsum félagasamtökum, hafa lýst verulegum efasemdum um að samningarnir sem eru nú í burðarliðnum í samningalotunni sem hófst í Doha komi til með að nýtast fátækari ríkjum í þessum álfum.

Ég leyfi mér, frú forseti, í þessu sambandi að vitna til orða indverska arkitektsins, rithöfundarins og mannréttindafrömuðarins Arundhati Roy sem hefur ritað margt og mikið um misnotkun vestrænna ríkja á fátækari ríkjum veraldar, svo sem Indlandi. Í bók sinni Power Politics fjallar hún um skeytingarleysi Vesturlanda gagnvart menningu fátækra ríkja veraldar og þörf t.d. Indverja til að afsanna

stöðugt skilgreiningu Vesturlandabúa á sér. Þar segir hún eitthvað ógnvænlegt lúra út við sjóndeildarhringinn; það sé ekki stríð, ekki þjóðarmorð, ekki þjóðernishreinsanir, ekki hungursneyð og ekki farsóttir, heldur eitthvað sem hafi á sér andlit hversdagslegra viðskipta. Það skorti dramatíska ásjónu þjóðarmorðanna og hungursneyðarinnar. Það sé litlaust fyrirbæri, búi til lélegt sjónvarpsefni, sýsli með hluti eins og störf, peninga, vatnsbirgðir, rafmagn og landeyðingu, en það hafi líka að gera með tilfærslu eigna á skala sem eigi sér fáar hliðstæður í veröldinni. Þetta fyrirbæri, sem lúrir þarna og ógnar við sjóndeildarhringinn í augum Arundhati Roy, er alþjóðavæðingin, alþjóðavæðing stórfyrirtækjanna og ríku Vesturlandanna, sem að hennar mati eru eingöngu að hugsa um eigin hag.

Frú forseti. Í mínum huga leikur ekki nokkur vafi á því að við eigum að hlusta á rödd Arundhati Roy og annarra mannréttindafrömuða sem fjalla um þessi mál frá sjónarhóli hinna fátæku ríkja, sem þetta fólk þekkir vel af eigin raun og sér hvert stefnir í þessum efnum. Það er ekki allt gott eða jákvætt sem er að gerast í þessum efnum. Íslensk stjórnvöld bera að mínu mati skyldur að þessu leyti. Við þurfum að opna augu okkar fyrir þessum neikvæðu hliðum. Við þurfum að úttala okkur um þær, hafa þessi sjónarmið á hreinu og hafa þau með í ræðum okkar, líka þegar hæstv. utanríkisráðherra flytur ræður sínar í lokuðum sal á Alþingi Íslendinga. Þessi rödd berst líka út í samfélagið. Það skiptir máli að við tölum hreint út í þeim efnum.

Eitt af því sem mér er hugleikið um þessar mundir, af því ég hef getið um mannréttindamálin, eru málefni Mannréttindaskrifstofu Íslands. Við höfum átt nokkrar snerrur um þau mál. Ég hef gagnrýnt íslensku ríkisstjórnina fyrir að vera að gera hrapalleg mistök í því hvernig fjárveitingum til Mannréttindaskrifstofunnar er nú háttað. Ég ítreka að mér finnst það fullkomlega óeðlilegt, og ekki bara mér, að ríkisstjórnin skuli leyfa sér að ætla að vera ritstjóri mannréttindaverkefna á þeim nótum sem hún ætlar sér greinilega með því að auglýsa eftir verkefnum mannréttindasamtaka og ætla að setja upp einhverjar kríteríur sem fjárveitingum verði stýrt eftir. Það er ljóst, af þeim fjárveitingum sem hafa gengið, bæði frá dómsmálaráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu, til mannréttindamála á þessu ári að Mannréttindaskrifstofa Íslands er ekki í náðinni. Þeirra verkefni fá ekki náð fyrir augum hæstv. ráðherra.

Mér finnst það miður og mikil synd að svo skuli vera, sérstaklega þegar litið er til þess að hæstv. ráðherrar fara fögrum orðum um félagasamtökin sem starfa á vettvangi mannréttindamála á Íslandi. Það gera þeir. En Mannréttindaskrifstofa Íslands er regnhlíf þessara frjálsu félagasamtaka sem starfa á sviði mannréttindamála. Mannréttindaskrifstofa Íslands starfar eftir þeim línum sem þau einstöku félagasamtök leggja. Hún hefur ákveðið skilgreint verksvið sem er almennara heldur en hinna einstöku félaga og félagasamtaka. Hún samræmir að hluta til störf þeirra. Hún stendur fyrir ráðstefnum og málþingum og síðast en ekki síst skoðar hún með gagnrýnum huga það sem íslensk stjórnvöld gera í mannréttindamálum, ekki hvað síst hér innan lands.

Hæstv. ráðherra á ekki að kveinka sér undan því þótt hér komi þingmenn og haldi því fram að framferði stjórnvalda í garð Mannréttindaskrifstofunnar litist af hefnigirni. Það vita allir sem vilja vita að Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur gagnrýnt íslensk stjórnvöld fyrir frumvörp sem hafa verið lögð fram á síðustu árum, t.d. útlendingalögin. Stjórnvöld fengu á sig mjög harkalega gagnrýni og urðu líka að bakka með ýmislegt sem þau settu fram í því frumvarpi. Þannig hlýtur að vera eðlilegt að menn varpi fram þeirri spurningu og vilji þá fara aftur til fyrra horfs, þ.e. þess horfs sem eðlilegt hlýtur að teljast í þessum efnum, hvort Alþingi eigi ekki sjálft að veita Mannréttindaskrifstofu fé til starfa síns en ekki einstakir ráðherrar. Mannréttindaskrifstofa Íslands á ekki að vera sett undir ritstjórn hæstv. utanríkisráðherra eða hæstv. dómsmálaráðherra. Hún á að fá óumdeilda fjárveitingu frá 63 þingmönnum í þessum sal. Hún á að fá að stjórna sjálf, í gegnum þau félagasamtök sem að henni standa, þeim verkefnum sem hún tekur að sér.

Þetta held ég að stjórnvöld eigi að hafa ofarlega í huga, ekki hvað síst í ljósi þess að nýlega voru send til okkar, frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna, tilmæli um að standa okkur betur í að hrista af okkur slyðruorðið í nokkrum tilteknum atriðum er varða mannréttindamál.

Eins og þeim sem hér sitja er kunnugt er mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna m.a. með það verkefni að skoða hvernig ríkisstjórnir aðildarríkjanna standa sig í mannréttindamálum. Við fengum senda skýrslu frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna nú á dögunum nú nýlega. Ég hef kannað það í dómsmálaráðuneytinu en það er ekki búið að láta þýða hana þannig að ég hef ekki opinbera þýðingu á þessari skýrslu. Í henni er að finna nokkrar ávirðingar sem hæstv. ríkisstjórn þarf auðvitað að taka hjarta sínu nær og skoða. Hún þarf að taka sig á í mörgum málum. Ég get nefnt hér, þótt henni sé hælt fyrir ákveðna hluti líka, t.d. að Jafnréttisstofu hafi verið komið á laggirnar og að við reynum að standa vörð um kynbundinn launamun og fleira, að í skýrslunni eru nokkrar ávirðingar sem við þurfum að svara, t.d. þær að íslensk stjórnvöld hafa enn ekki hirt um að lögleiða samning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, sem hefur verið ákveðin krafa um frá mannréttindasamtökum á Íslandi að þau geri og er orðið sannarlega tímabært.

Jafnvel þó að við höfum talið okkur hafa lögleitt mannréttindaákvæði og mannréttindasáttmála Evrópu þá segir mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna að nokkur ákvæði í samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi séu annars eðlis og taki á öðrum málum en mannréttindasáttmáli Evrópu, þannig að hér sé enn verk að vinna fyrir íslensk stjórnvöld.

Sömuleiðis er átalin skilgreining íslensku hegningarlaganna á hryðjuverkastarfsemi. Hún er sögð ónákvæm. Hún er sögð mjög víðtæk. Í þessari skýrslu segir að lögmætum og eðlilegum aðgerðum í lýðræðisríki geti stafað ákveðin hætta af þeim ákvæðum sem íslenska ríkisstjórnin hefur fært hér í lög. Þá er t.d. verið að tala um þátttöku í venjulegum mótmælagöngum og eðlilegum mótmælaaðgerðum. Fyrir þetta er íslenska ríkisstjórnin átalin. Það hefur svo sem verið nefnt áður í þessum sal að þetta ákvæði, sem sett var í lög á sínum tíma varðandi hryðjuverkastarfsemi, sé ámælisvert og þurfi að taka til endurskoðunar. Hér er það staðfest.

Sömuleiðis gerir þessi skýrsla nauðganir að umfjöllun-

arefni. Menn gera athugasemdir við það að fjöldi tilkynntra nauðgana á Íslandi sé mikill samanborið við fjölda málsókna vegna nauðgana. Nefndin minnir á að þó að sekt verði að vera hafin yfir vafa til að sakfelling geti átt sér stað þá eigi vafinn ekki að vera hindrun í kæruferlinu sjálfu. Það er jú í verkahring okkar að standa vörð um slíka hluti. Það skiptir verulegu hluti að ríkisstjórnin skoði hvers vegna dæmdum málum í nauðgunarmálum fjölgar ekki þegar við sjáum að nauðgunarmálum sem koma inn á borð til lögregluyfirvalda fjölgar. Þeim hefur fjölgað gríðarlega á undanförnum árum en enn stendur fjöldi dóma í stað. Þetta gerir mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna að umtalsefni í skýrslu sinni.

Nefndin fagnar þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í því augnamiði að styðja við þolendur heimilisofbeldis en lýsir áhyggjum af því að þeim sé kannski ekki nægilega vel fylgt eftir. Þar gera menn sérstaklega að umtalsefni nálgunarbannið og spyrja sig hvort ákvæðið sem við höfum í íslenskum lögum varðandi nálgunarbann sé nægilega virkt og hvort því sé nægilega vel fylgt eftir að það virki sem skyldi.

Nefndinni er kunnugt um þær breytingar á almennum hegningarlögum sem ætlað er að taka á mansali en hún lýsir áhyggjum af því að það virðist vera vaxandi mansal á Íslandi, bæði að Ísland sé það sem kallað er transit-land fyrir mansal og líka eru vísbendingar um að stúlkur sem dansa hér í nektarklúbbum séu tengdar einhverjum glæpahringjum sem stundi mansal til kynlífsþrælkunar. Auðvitað verða íslensk stjórnvöld að hlusta á þessa nefnd sem hefur yfirsýn yfir það sem er að gerast í veröldinni og hefur uppi ákveðið eftirlitshlutverk í þessum efnum. Ég brýni hæstv. utanríkisráðherra og ríkisstjórnina alla til þess að taka þau tilmæli sem koma frá mannréttindanefndinni alvarlega og sjá til þess að þetta mál verði skoðað ofan í kjölinn og þessum atriðum öllum svarað á málefnalegan hátt hið allra fyrsta.

Virðulegur forseti. Ég sé að ég hef ekki tíma fyrir meira í þessari ræðu í þessari lotu. Ég geyma því fleiri hugmyndir sem ég hafði hugsað mér að reifa til seinni ræðu minnar.

[14:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður gagnrýndi alþjóðavæðinguna. Fyrir u.þ.b. 20–30 árum var atvinnuleysi í Indónesíu um 50% og þeir sem voru atvinnulausir fengu engar bætur enda ekkert velferðarkerfi þar. Þeir lifðu sem sagt við engar tekjur og voru skínandi fátækir og algjörlega háðir neyðarhjálp fjölskyldumeðlima. Síðan var erlendu fjármagni hleypt inn í landið og nú er nokkuð mikil atvinna í Indónesíu, þar er reyndar enn þá dálítið atvinnuleysi en miklu minna en var. Fólkið fær laun, þó að þau séu reyndar mjög lág á okkar mælikvarða, og það getur lifað. Er þetta eitthvað slæmt í huga hv. þingmanns?

Hv. þingmaður minntist ekkert á Írak og ég saknaði þess. Vill hv. þingmaður enn þá að Saddam Hussein sé við völd og gerir hún lítið úr þeim kosningum þar sem fólk í Írak, almennir borgarar, lögðu sig í lífshættu til að kjósa?

[14:03]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Að sjálfsögðu er það ekki slæmt að atvinnuleysi í Indónesíu sé minna nú en það var (Gripið fram í.) og það kann að vera að hluta til afleiðing alþjóðavæðingarinnar. Ég sagði heldur ekki að hún væri alslæm. Ég sagði hins vegar að á henni væru tvær hliðar og við yrðum að opna augu okkar fyrir skuggahliðinni, við mættum ekki alltaf tala eins og allt væri í lukkunnar velstandi í alþjóðavæðingunni því það er ekki svo. Þar eru ámælisverðir hlutir í gangi, misnotkun stórfyrirtækja, eða vill hv. þingmaður að stórfyriræki komist upp með að einkavæða rigningarvatnið eins og gerst hefur í Suður-Ameríku? Finnst hv. þingmanni í lagi að stórfyrirtæki fari svo gjörsamlega út yfir öll velsæmismörk að fátækt fólk í Brasilíu hafi ekki tök á því að drekka vatn? Finnst honum það í lagi? Mér finnst það ekki. Þetta er líka afleiðing alþjóðavæðingar.

Málið er að það eru tvær hliðar á alþjóðavæðingunni. Mér finnst hæstv. ríkisstjórn horfa einhliða á þessi mál og hafa tilhneigingu til að loka augunum fyrir skuggahliðinni. Það vil ég ekki gera, ég vil vinna að því að hæstv. ríkisstjórn opni augu sín fyrir skuggahliðum alþjóðavæðingarinnar.

Varðandi söknuð hv. þingmanns eftir Íraksumræðu þá get ég glatt hann með því að ég á eftir seinni ræðu mína og ef hann hefur biðlund til að sitja í salnum getur hann heyrt sjónarmið mín í þeim efnum. Um það hvort ég hefði viljað að Saddam Hussein sæti enn að völdum þá vísa ég þeirri spurningu á bug, hún er fullkomlega ómálefnaleg. Það sem ég hef ævinlega sagt um Írak er að þar hefði átt að fara að alþjóðlegum samþykktum. Þær voru ekki um það að Saddam Hussein héldi áfram völdum, en þær voru heldur ekki um það að Bandaríkin og Bretland réðust þangað inn til að murka lífið úr óbreyttum borgurum eins og þeir eru búnir að vera að gera.

[14:05]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Frú forseti. Afleiðingar alþjóðavæðingar eru í stórum dráttum mjög jákvæðar alls staðar. Vissulega eru til gallar á því eins og öðru og vissulega þarf að standa vörð um að þeir komi ekki upp. Varðandi regnvatn einhvers staðar, það er náttúrlega bara spurning um lagasetningu í viðkomandi landi og hefur ekki nokkurn skapaðan hlut með alþjóðavæðingu að gera. Menn geta lagt undir sig auðlindir og allt mögulegt burt séð frá alþjóðavæðingunni.

Hins vegar um það að ummæli mín um Írak séu ómálefnaleg. Það var jú þannig að menn höfðu beðið Saddam Hussein kurteislega að víkja frá völdum í heilan áratug. Í heilan áratug var búið að samþykkja hverja ályktunina á eftir annarri og aldrei gerðist neitt. Það væri örugglega enn þá svo og þessi maður hefði örugglega ekki orðið við þeirri kurteislegu beiðni að láta af völdum núna frekar en þá. Þetta er því ekki ómálefnaleg spurning og ekki ómálefnaleg ummæli. Ég veit ekki betur en hv. þingmaður hafi aftur og aftur gagnrýnt innrásina í Írak og það segir okkur að ef sú innrás hefði ekki verið framkvæmd væri Saddam Hussein þar enn þá við völd.

[14:06]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er erfitt að eiga málefnaleg skoðanaskipti við hv. þingmann um þetta mál þegar hann hangir í því að þetta sé spurning um hvort ég sé stuðningsmaður Saddams Husseins eða ekki. Ég er ekki stuðningsmaður Saddams Husseins og hef aldrei verið. Ég hef aldrei stutt neina harðstjóra, hvorki í huga mínum né hjarta, og það kem ég vonandi aldrei til með að gera. Þannig horfi ég á málin. Það breytir hins vegar engu um ólögmætt árásarstríð Breta og Bandaríkjamanna í Írak og sjónarmið mín og skoðanir mínar á því árásarstríði. Ég veit t.d. að konur undir stjórn Saddams Husseins höfðu það ekkert mjög skítt. Þær gátu unnið, þær gátu farið í háskóla, þær gátu keypt bíla, en þær geta það ekki í dag. Þær eru bundnar inni á heimilum sínum og þora ekki út fyrir hússins dyr af ótta um líf sitt og barnanna sinna. Þær eru fangar í eigin landi með börnin sín og fjölskyldur sínar að reyna að sjá fyrir þeim og það eru afar veikburða tilburðir. — Hv. þingmaður hristir höfuðið og skælbrosir yfir þessu, en þetta er bara málið eins og það er í dag. Ég hef upplýsingar mínar frá alveg áreiðanlegum heimildum, frá konum sem búa og starfa í Írak. Hv. þingmaður þarf því ekkert að skælbrosa eða hrista höfuðið yfir þessu. En þetta sem ég segi nú er heldur ekki stuðningsyfirlýsing til Saddams Husseins.

[14:08]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður Kolbrún Halldórsdóttir talaði um það áðan að konur hefðu notið meiri réttinda þegar Saddam Hussein var við völd. Hvaðan hefur hún þær upplýsingar? Við getum jú sagt sem svo að það hafi verið ákveðið jafnrétti í Írak á þeim tíma vegna þess að allir voru kúgaðir jafnt, jafnt konur sem karlar. En hvers vegna eru konur inni á heimilum í dag? Það er ekki vegna þess að það sé stefna stjórnvalda sem eru kosin á lýðræðislegan hátt. Það er vegna hryðjuverkamanna sem hafa þessi áhrif á borgara í Írak. Þess vegna þarf að taka til höndum og hjálpa fólkinu í þessu ríki við uppbyggingu á borgaralegu samfélagi og efla lýðræði.

Ég stóð hér aðallega upp vegna þess að mér fannst mjög sérstakt hvernig hv. þingmaður talaði um mannréttindamál og spyr hvort hún telji að íslensk stjórnvöld taki ekki alvarlega þær athugasemdir sem hún fór hér yfir, og hvort hv. þingmaður sé ekki sammála því mati sem er almennt á Íslandi á alþjóðavettvangi, þ.e. að Ísland sé lýðræðisríki þar sem mannréttindi eru höfð í hávegum. Það er það álit sem við njótum. Hún nefndi sérstaklega mál eins og t.d. nauðgunarmál í sambandi við skýrsluna þar sem fjölgað hefur mjög kærum til lögreglu. Ég tel að ástæðan sé sú að við höfum verið með opna umræðu á Íslandi og leitað eftir úrræðum til að taka á þessum málum og sem betur fer hefur það orðið til þess að fórnarlömb í slíkum málum þora að kæra þessi mál. Svo er aftur annað mál ástæðan fyrir því hvers vegna dómar eru færri. Við vitum vel að sönnunarbyrði í slíkum málum er erfið og vissulega þarf að halda áfram að skoða þau mál, (Forseti hringir.) en það er líka verið að gera það.

[14:10]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spyr hvort ég telji að íslensk stjórnvöld taki ekki alvarlega þær ábendingar sem koma frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna. Ég sagði ekkert um það í ræðu minni að ég teldi að þau kæmu ekki til með að taka þær alvarlega. Ég benti bara á að það eru tilefni til þess að gefa íslenskum stjórnvöldum ábendingar og tilmæli af því tagi sem ég fór yfir í ræðu minni. Það hlýtur að vera vegna þess að íslensk stjórnvöld hafi ekki að öllu leyti staðið sig nægilega vel á hinn alþjóðlega mælikvarða í þeim mannréttindamálum sem þessi nefnd er að skoða. Þessi nefnd skoðar mannréttindamál í öllum ríkjum veraldarinnar, bæði þeim fátæku og þeim ríku. Ríki fá auðvitað mislanga lista af ávirðingum frá þessari nefnd. Ég geri ekki ráð fyrir að listinn sem við fáum sé mjög langur en í mínum huga er hann alvarlegur af því að við eigum að standa okkur betur en svo að við séum yfir höfuð að fá einhverjar ákúrur frá nefndinni. Í mínum huga stendur íslenska ríkisstjórnin sig ekki nægilega vel í mannréttindamálum meðan hún fær tveggja blaðsíðna lista frá mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna um áminningar. Af hverju er ríkisstjórnin ekki búin að lögleiða samninginn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi? Henni hefur áður verið bent á að það þurfi að gera. Ég held að margt megi betur fara í þessum efnum jafnvel þó að við njótum ákveðins álits hvað þetta varðar í alþjóðasamfélaginu.

Varðandi hins vegar stöðu kvenna í Írak þá var hv. þingmaður á sama fundi og ég með Eve Ensler sem kom hingað til lands fyrir skemmstu og sagði okkur ákveðnar sögur frá fyrstu hendi af konum í Írak. Ég held að það sem ég sagði varðandi stöðu þeirra nú og fyrr sé alveg í takt við það sem hún sagði okkur, þannig að við höfum tekið þessa umræðu annars staðar en í þessum sal. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef, sem koma úr fleiri en einum ranni, þá tel ég mig ekki fara með neitt fleipur (Forseti hringir.) í því sem ég sagði í ræðu minni.

[14:13]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þori að fullyrða að við stöndum okkur mjög vel á Íslandi í samanburði við önnur ríki í mannréttindamálum. Við tökum þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna í mannréttindamálum, við skilum reglulega skýrslum um framkvæmd mannréttindasamninga sem við erum aðilar að.

Hv. þingmaður nefndi sérstaklega mansalsumræðuna áðan. Ef við lítum aðeins á hvað hefur verið gert hér á landi í þeim efnum þá er það ábyggilega meira en gert hefur verið í flestum ríkjum. Hún nefndi sérstaklega ákvæði í hegningarlögum. Það er sérstakt ákvæði sem gerir mansal refsivert í íslenskum hegningarlögum. Við erum líka aðilar að Palermo-samningnum sem er mjög mikilvægur í því að vinna gegn skipulagðri glæpastarfsemi, sem mansalið einmitt er, og það skiptir mjög miklu máli að hafa samhæfða lögfræðilega skilgreiningu á þessum glæp þannig að hægt sé að berjast gegn honum.

Við tókum þátt í norrænu samstarfi sem fjallaði sérstaklega um baráttu gegn mansali. Gefnar voru út tvær skýrslur um þessi mál, bæði í sambandi við vændi og mansal sem er

auðvitað oft tengt saman. Í seinni skýrslunni var líka komið með margvíslegar tillögur til úrbóta sem unnið hefur verið að. Ég vil vísa þessari umræðu á bug og endurtaka að ég tel að við stöndum okkur mjög vel í þessum málum og að Ísland sé í hávegum haft sem lýðræðisríki þar sem mannréttinda er gætt í hvívetna.

[14:14]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað ekkert óeðlilegt við það að hv. þingmaður, formaður utanríkismálanefndar, reyni að verja ríkisstjórnina í þessum efnum og halda fram ágæti hennar hvað þetta varðar og ég dreg ekkert úr því að við höfum gert ýmislegt, við erum búin að vera dugleg að ýmsu leyti. En að sumu leyti höfum við ekki gengið nægilega langt að mínu mati. Þar er t.d. mansalið eitt atriði í þessum efnum.

Við vitum núna eftir upplýsingar frá lögreglu að erlendum konum fjölgar á nuddstofum sem kenna sig við erótík, þeim fjölgar í dansklúbbunum sem eru enn þá til staðar illu heilli og bara þetta eru vísbendingar um að mansalið geti verið hér án þess að við vitum af því eða án þess að við opnum augu okkar fyrir því. Í mínum huga er því ekki verið að gera nægilega mikið meðan við höfum vísbendingar af þessu tagi.

Eitt af því sem mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna bendir okkur á er að við þurfum að taka okkur á í þessu efni. Það nægir ekki að hafa þá grein sem sett var inn í hegningarlögin, það þarf meira til. Eitt af því sem við þurfum að gera er að opna augu okkar fyrir því að það þarf að tengja vændi og mansal saman. Í hvaða tilgangi eru konur seldar á milli landa? Í þeim tilgangi að stunda vændi. Íslensk stjórnvöld hafa lokað augum sínum fyrir því og halda að hægt sé að fjalla um mansal sem einangrað fyrirbæri en í mínum huga er það alls ekki hægt.

Varðandi Palermo-samninginn, það er alveg rétt, við erum aðilar að honum og við hv. þingmaður höfum átt orðaskipti um hann áður í þessum sal. En hvers vegna erum við ekki búin að lögleiða hann? Hvers vegna er ekki búið að innleiða ákvæði Palermo-samningsins í íslensk lög? Það er ein af þeim ávirðingum sem íslenska ríkisstjórnin á fyllilega skilið að fá úr þessum ræðustóli. Ég krefst þess að íslenska ríkisstjórnin fari að lögleiða Palermo-samninginn. Það þýðir ekkert að veifa honum og monta sig af honum ef hann fær ekki lagagildi á Íslandi.

[14:17]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þetta er búin að vera um margt athyglisverð umræða hér í dag og ég vil þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir góða og gagnmerka ræðu. En ég verð að segja nákvæmlega eins og er að þessi síðasta umræða er búin að vera um margt athyglisverð.

Það er náttúrlega alveg ótrúlegt og ég held að það hljóti, virðulegi forseti, að vera sérstakt að til séu stjórnmálamenn í hinum vestræna heimi og þó víðar væri leitað sem eru að reyna að gera sérstakan kvenréttindafrömuð úr Saddam Hussein. Það liggur alveg fyrir að báðir alþýðubandalagsflokkarnir, Vinstri grænir og Samfylkingin, hafa gert þetta hér úr þessum ræðustóli og annars staðar. Hér talaði hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir um það hreinlega að þetta hefði nú verið betra þegar Saddam Hussein hefði verið hvað varðaði konur í Írak og sagði að konur gætu ekki farið núna út úr húsi í Írak.

Virðulegi forseti. Ég vil benda á að í nýrri ríkisstjórn Íraks eru sjö konur. Og ég vil benda á að milljónir manna hættu lífi sínu við að fara út úr húsi til að greiða atkvæði í síðustu kosningum í Írak, bæði karlar og konur. Ég held að stjórnarandstöðunni væri nær að tala ekki eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði og nefndi — ég skrifaði það niður eftir honum — að kosningarnar í Írak hefðu verið í skötulíki, þegar milljónir manna hættu lífi sínu þar sem búið var að hóta því og að einhverju leyti var framkvæmt að þeir sem tækju þátt í kosningunum mundu jafnvel gjalda þess með lífi sínu af hálfu hryðjuverkamanna. Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom hér upp og sagði að þetta hefðu verið kosningar í skötulíki. Í sama andsvari talaði hann um að hann bæri virðingu fyrir fólki. (**ÖJ:** Það ber enginn virðingu fyrir hernámi.) Sá aðili, virðulegi forseti, sem segist bera virðingu fyrir fólki og kallar það að það hætti lífi sínu fyrir einhverjar kosningar í skötulíki, ég segi að slíkur málflutningur gangi ekki upp. Kaldi raunveruleikinn er sá að ef alþýðubandalagsflokkarnir hefðu haft sitt fram væri Saddam Hussein enn þá við völd í Írak, það liggur alveg fyrir.

Í ræðu hæstv. utanríkisráðherra er farið yfir nokkra þætti, m.a. öryggismálin. Nú er það ekki svo að sá sem hér stendur sakni kalda stríðsins, því fer víðs fjarri, en það liggur hins vegar alveg fyrir að þær ógnir sem við stöndum frammi fyrir í dag, þó að þær séu allt öðruvísi, eru í raun engu minni en þær voru þá. Það var að mörgu leyti einfaldara að átta sig á ógninni þegar kalda stríðið var, en núna stöndum við frammi fyrir því að með tiltölulega lítilli fyrirhöfn geta aðilar, hópar, komið sér upp kjarnorkuvopnum og öðrum gereyðingarvopnum og hika ekki við að beita þeim gegn saklausu fólki eins og við þekkjum.

Ég styrkist alltaf í þeirri trú minni, það tengist því að hér var rætt um þróunarmálin, og ég tek undir það með þeim þingmönnum sem talað hafa úr flestum flokkum og sömuleiðis hæstv. utanríkisráðherra, að það er afskaplega mikilvægt og er siðferðileg skylda okkar að reyna að bæta hag þeirra jarðarbúa sem hafa hvað minnst, því að það er svo sannarlega stór hluti þeirra sem hefur það skelfilegt. Og það er skelfilegt á okkar tímum að horfa fram á að jafnvel milljónir manna á ári hverju deyi úr hungri og hafi ekki í sig og á. (Gripið fram í.)

En ég styrkist í þeirri trú minni að mjög erfitt sé að koma á öryggi og friði í heiminum og mannsæmandi lífskjörum nema mannréttindi séu virt í viðkomandi löndum. Það er auðvitað umhugsunarefni og við hljótum að líta til þess sem kemur fram í ræðu hæstv. ráðherra, og ég vil leyfa mér að vitna í, með leyfi forseta:

Þar segir: „Það veldur áhyggjum þegar horft er til pólitískrar og efnahagslegrar þróunar víða um heim á undanförnum áratugum hversu ríkin í Afríku sunnan Sahara hafa almennt staðið í stað eða þeim jafnvel hrakað þrátt fyrir stórfellda þróunaraðstoð. Árið 1990 höfðu 227 milljónir Afríkubúa undir einum bandaríkjadal til framfærslu á dag

en áætlað er að árið 2015 verði fjöldinn að óbreyttu komin í 340 milljónir."

Þetta segir okkur að augljóslega er ekki sama hvernig staðið er að málum og við sjáum svo sem mýmörg dæmi víðs vegar um heiminn um að það fer mjög mikið eftir því hvernig stjórnarfar er í viðkomandi landi og hvernig menn haga sér líka í innanlandsmálum hvernig til tekst. Við sjáum ýmis dæmi um ríki sem hafa verið á fátækum svæðum sem hafa samt sem áður komið málum þannig fyrir að þeim hefur vegnað vel.

Ég lít svo á að það sé líka siðferðileg skylda okkar, fyrir utan að það er okkar hagur eins og allra, að stuðla að fríverslun í heiminum. Ég er afskaplega sáttur við það að sjá og geta tekið einhvern veginn þátt í því á vettvangi EFTA, þar sem ég sit í þingmannanefnd EFTA, að EFTA hefur verið kröftugt og sérstaklega á síðustu missirum í að klára fríverslunarsamninga við ýmis lönd. Í ræðu hæstv. ráðherra er einmitt farið yfir hvað EFTA hefur verið að gera í Asíu. Svo sannarlega finnst mér líka mikið fagnaðarefni að við séum að tengjast vinum okkar og frændum Færeyingum styrkari böndum með fríverslunarsamningi. Ég tel að því meiri samskipti sem við höfum við þessa vini okkar, Færeyinga og Grænlendinga, því betra og við eigum alveg sérstaklega að rækta samskipti okkar við þær góðu þjóðir. Þó svo að við eigum eðli máls samkvæmt ekkert að binda okkur við það, við eigum að hafa góð samskipti við allar þjóðir, en það að rækta frændsemina við þessar þjóðir finnst mér vera mjög mikilvægt. (**Gripið fram í:** Hvað með Kanada?)

Ég tel, og það kemur fram í ræðu hæstv. ráðherra, að grundvöllurinn að velgengni okkar á undanförnum árum og við getum í rauninni litið á meira en undanfarin ár, við höfum tilhneigingu til þess að gleyma að um aldamótin 1900 vorum við fátækasta þjóð í Evrópu að því er talið var, en núna stöndum við hins vegar í allt öðrum sporum. Við höfum gert þetta m.a. með ákveðnum breytingum á íslensku efnahagslífi og breytingum sem ég vonast til að gangi aldrei til baka, þ.e. með auknu frjálsræði í efnahagslífinu, lækkun skatta, einkavæðingu og öðru slíku. Það er okkar lán að við höfum haft stjórnmálamenn sem hafa þorað að koma þeim breytingum áleiðis.

Ég sé fram á að næstu skref hjá okkur, þó að við séum ekkert búin hvað það varðar, þá held ég að það væri markmið í sjálfu sér að við reyndum að skilgreina betur viðskiptastefnu Íslands og á einhverju árabili mundum við halda áfram að lækka tolla og vörugjöld, eins og þó hefur verið gert, og jafnvel að hafa það sem markmið að afleggja þá á sem flestum vöruflokkum algjörlega. Ég held að það mundi bara ýta undir viðskipti og hagvöxt hér og þá held ég að ekki sé nauðsynlegt að binda okkur við samninga Alþjóðaviðskiptastofnunar, WTO, eða aðra þá viðskiptasamninga sem við gerum því að það er hagur þeirrar þjóðar sem opnar lönd sín fyrir viðskiptum að gera slíkt. Þá er ég ekki að vísa til þess að það eigi við alla hluti. Stærsti hlutinn af vörugjöldum er af ökutækjum, bensíni og dísilolíu, sömuleiðis áfengisgjald og tóbaksgjald. Ég átta mig alveg á því að það gilda öðruvísi hugmyndir á bak við þau gjöld. Til dæmis eru áfengis- og tóbaksgjöld partur af öðrum hugmyndum, heilbrigðisforsendum og öðru slíku, og ætla ég ekki að ræða það nú. Sömuleiðis veitir okkur ekki af fjármunum sem við nýtum af vörugjöldum af ökutækjum og eldsneyti til að byggja upp vegakerfi okkar, því að þó að við höfum náð byltingu á undanförnum árum hvað það varðar er enn þá mjög mikið eftir. Við erum fámenn þjóð í stóru landi og þar eru stór verkefni fram undan og ég sé ekki að þau klárist á næstu árum þótt við héldum áfram með sama krafti og við höfum gert fram til þessa.

Ég held að mjög æskilegt sé að við ræðum á vettvangi þingsins hvernig við viljum standa okkur í þróunaraðstoð og hvernig við viljum standa að henni. Það er augljóst að ekki hefur allt gengið upp hjá Vesturlöndunum hvað það varðar. Ég vitnaði í klásúlu úr ræðu hæstv. ráðherra sem er bara ein enn staðfestingin á því að þrátt fyrir að menn hafi staðið að aðstoð hefur það ekki skilað sér. Það er auðvitað til lítils ef það skilar sér ekki til þessa fátæka fólks í þessum heimshlutum og við verðum því að vera gagnrýnin á það hvernig við stöndum að þróunaraðstoð.

Á síðasta þingi fór ég til New York í aðalstöðvar Sameinuðu þjóðanna og fylgdist þar með störfum þingsins. Það var um margt mjög athyglisvert. Það var t.d. mjög athyglisvert að heyra fulltrúa frá Afríku ræða þar þessi mál. Mér er minnisstætt þegar fulltrúar þeirra ríkja héldu þar miklar ræður sem í stuttu máli gengu út á að það þyddi lítið að vera að hugsa um einhverja þróunaraðstoð, hún væri góð og blessuð og sjálfsagt og mikilvægt að standa að henni, en vesturveldin, ríku þjóðirnar þyrftu að opna markaði sína ef ætti að koma málum þannig fyrir að menn gætu lifað sómasamlegu lífi í þessum löndum og að þær þjóðir yrðu efnahagslega sjálfstæðar í raun.

Við þurfum ekki annað en að líta til okkar eigin lands og setja okkur í þau spor að við sem erum fyrst og fremst útflutningsþjóð, þó svo að við séum að skjóta styrkari stoðum undir efnahagslífið og fleira, byggjum enn þá afkomu okkar að mjög stórum hluta á útflutningi á matvælum, í þessu tilviki fiski, og við værum ekki með þau lífskjör sem við erum með í dag ef markaðir hjá þeim þjóðum sem við berum okkur saman við væru lokaðir fyrir vörur okkar, það er bara svo einfalt. Ef menn væru með gríðarlega tolla og vörugjöld á þeim vörum þá væri erfitt að halda uppi lífskjörum hér á Íslandi. (Gripið fram í.) Það liggur þess vegna alveg fyrir að við þurfum að líta gagnrýnin á slíka þætti hjá okkur. Ég efast ekki um að alger samstaða er meðal þingmanna og þjóðarinnar að reyna að hjálpa vinum okkar sem búa víðs vegar um heiminn og búa við mismunandi lífskjör, sum mjög slæm, en það er ekki sama hvar það er gert og hvernig. Einn þáttur í því að bæta lífskjör þeirra er að opna markaði okkar fyrir þeirra vöru. Við eigum eðli málsins samkvæmt að huga að því hvernig við getum haft gott fordæmi í þeim efnum. Ég átta mig alveg á að þar koma inn mörg sjónarmið og í mörg horn er að líta í því efni, en maður mundi ætla að það að lækka innflutningshöft, hvaða nöfnum sem þau nefnast, á ýmsum vörum, ég tala nú ekki um á vörum sem eru ekki einu sinni framleiddar hér á landi, hlyti að vera skref í rétta átt, bæði gott fyrir íslenskt efnahagslíf og svo sannarlega mundi það hjálpa því fólki sem stendur að framleiðslu á slíkum vörum.

[14:31]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er leiður plagsiður hjá hv. þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að leggja okkur, sem höfum leyft okkur að andæfa innrásinni í Írak, orð í munn. Hér kemur hv. þingmaður gapandi upp í ræðustól og heldur því fram að ég hafi sagt að Saddam Hussein hafi verið afskaplegur kvenréttindafrömuður. Hvenær sagði ég það? Ég sagði það ekki. Ég hef aldrei hugleitt það að hann hafi verið kvenréttindafrömuður, mér dettur það ekki í hug. Ég veit alveg við hvaða misrétti konur í arabalöndunum búa. Hins vegar leyfði ég mér að segja að konur í Írak kvarta undan ástandinu sem er í dag og segja fullum fetum: Við höfðum það ekki svona slæmt meðan Saddam Hussein var við völd, áður en innrásarherir Bandaríkjamanna og Breta ruddust hér inn. Það er ekki þar með sagt að þær hafi haft það afskaplega gott. Það sagði ég ekki. En í dag er það þannig að konur hætta sér ekki út á götur, þær vilja ekki sjá börnin sín úti á götum, þær eru fangar inni á eigin heimilum.

Þannig er það. Ástandið fyrir þessar konur hefur ekki skánað. Það hefur versnað. Ég var ekki að tala um neitt annað í andsvari mínu áðan við hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur því enga ástæðu til að leggja meira út af orðum mínum eða leggja mér orð í munn á þann hátt sem hann gerði hér áðan.

Hvers vegna þurfa almennir borgarar í Írak að hætta lífi sínu þó að þeir fari út að kjósa? Hvers vegna er það? Það er vegna þeirrar ógnaraldar sem þar ríkir nú. Sú ógnaröld er hönnuð og sköpuð af innrásarliðinu breska og bandaríska undir stjórn Bush og Blairs. Það er ekki lengra síðan en örfáir dagar að íröksk þingkona — hv. þingmaður vill gera mikið úr að nú séu sjö konur á íraksk þinginu — var myrt á heimili sínu.

Konum í Írak er ekki óhætt.

[14:34]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo að því sé til haga haldið sagði ég að sjö konur væru í írösku ríkisstjórninni. (Gripið fram í.) Bara til að upplýsa hv. þingmann gat fólk ekki, hvorki konur né karlar, kosið í landi Saddams Husseins. Svo einfalt er það. Það liggur alveg fyrir hreint og klárt að ef alþýðubandalagsflokkarnir á þingi hefðu haft sitt fram, Vinstri grænir og Samfylkingin, væri Saddam Hussein enn þá við völd. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Hér kemur hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir upp, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, og þau eru að reyna að sannfæra okkur um það með einstöku dæmum að konur hafi haft það betra þegar Saddam Hussein var við völd. Ef hv. þingmenn vilja gera það gera þeir það bara. Það er ekkert flóknara. En ég held að það sé ekki til neitt skýrara dæmi um það hversu vonlítill málflutningur þeirra er. Ef þau halda hér ræðu eftir ræðu þar sem þau leggja áherslu á að konur hafi haft það miklu betra hjá Saddam Hussein leyfi ég mér að halda því fram að þau séu að reyna að gera Saddam Hussein að ákveðnum kvenréttindafrömuði. Svo einfalt er það. (Gripið fram í.)

Ég vil benda á það, sem er frekar augljóst, að konur jafnt sem karlar í Írak eru í fyrsta skipti að fá rétt til að kjósa. Þrátt fyrir að hryðjuverkamenn hafi hótað að drepa þau ef þau mundu kjósa komu þau milljónum saman til að kjósa. Milljónum saman.

[14:36]

Kolbrún Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Konur í Írak eins og allir aðrir borgarar í Írak vildu breytt líf, vildu nýtt líf, vildu bætt líf, en þær hafa ekki fengið það. Borgararnir hafa ekki fengið lýðræði. Þeir hafa ekki fengið öryggi. Þeir hafa ekki fengið það sem bandalagsþjóðirnar voru að lofa upp í ermarnar á sér að fólk mundi fá. Óöldin sem ríkir í stríðinu í Írak er þvílík að fólki er ekki lengur óhætt. Eins og ég er búin að segja hér aftur og aftur vogar fólk sér ekki út á götu og ef það gerir það samt á það á hættu að týna lífinu.

Þó svo að það fái að kjósa einhverja ríkisstjórn sem er með herkjum hægt að skrapa saman á þessum nótum sem gert hefur verið er ekki þar með sagt að menn séu hér bara í lukkunnar velstandi og allt sé orðið fínt og gott. Menn mega ekki láta eins og svo sé. Það er oft og tíðum eins og hv. þingmaður og aðrir stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins haldi að nú sé bara beinn og breiður vegur í Írak og lýðræðið handan við hornið. Það er ekki þannig.

Það sem hefði þurft að gera í Írak var ekki að ráðast inn með menn gráa fyrir járnum á þeim nótum sem gert var. Það er hægt að beita öðrum aðferðum. Meðal annars hafa konur í Írak bent á það að aðrar aðferðir hefðu verið farsælli til að koma Saddam Hussein frá völdum en með aðferðum herjanna sem vinir hv. þingmanns beittu.

Svo vil ég bara að lokum segja, virðulegi forseti, að það að hv. þingmaður skuli standa í ræðustóli árið 2005 og tala um alþýðubandalagsflokkana á þingi lýsir engu öðru en hans eigin skringilegheitum, vil ég segja, því að sjálf hef ég aldrei verið í neinum flokki sem heitir þessu nafni. Ég er í flokki sem heitir Vinstri hreyfingin – grænt framboð. (Forseti hringir.) Ég bið hv. þingmann að kenna mig við þann flokk og engan annan því að í engum öðrum flokki hef ég setið en þeim.

[14:38]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst út af þessu varðandi alþýðubandalagsflokkana. Ég skil vel að hv. þingmenn séu viðkvæmir fyrir því að þeir séu kenndir við þann flokk. Ég er stundum kallaður íhaldsmaður og þá er verið að vísa til þess að fyrirrennarar Sjálfstæðisflokksins voru Íhaldsflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn og þeir sameinuðust árið 1929. Ég upplýsi það hér með að ég var aldrei í Íhaldsflokknum en það er ekkert til að skammast sín fyrir að vera tengdur þeim flokki.

Hins vegar liggur alveg fyrir að bæði Vinstri grænir og Samfylkingin eru komin frá Alþýðubandalaginu en ég skil vel að það sé viðkvæmt að minnast á það. Ég hef ekki tíma í andsvarinu til að fara yfir það allt saman — þótt ég hefði allan sólarhringinn mundi það ekki nægja mér.

Ég hef gaman af því hvað hv. þingmaður er algjörlega með það á hreinu hvaða skoðanir konur í Írak hafa, hvorki meira né minna. Ég man ekki hversu margar milljónir þær

eru. Þær augljóslega tala allar einum rómi. Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir er algjörlega með það á hreinu hvaða skoðun það er.

Ef menn trúa því, virðulegi forseti, að það hefði verið hægt að tala Saddam Hussein til og biðja hann kurteislega um að hætta að stýra landinu er það auðvitað bara þannig. Ég hef sjálfur ekki nokkra trú á því að svo hafi verið. Ég veit ekki hvaða öðrum aðferðum var hægt að beita til að koma honum frá. Ég veit ekki til þess að neinn hafi komið með slíkar hugmyndir sem væru framkvæmanlegar.

Virðulegi forseti. Enginn hefur haldið því fram að allt sé slétt og fellt og orðið eitthvað fullkomið í Írak. Því ferð víðs fjarri. Við skulum vona að þessi fyrstu skref sem voru stigin í lýðræðisátt — ég vil ekki gera lítið úr lýðræðinu í Írak og mér þykir algjör vansæmd við þetta fólk sem var að hætta lífi sínu með því að taka þátt í kosningum að gera það. Þetta er mjög merkilegt skref.

[14:40]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem hér upp í tvennum tilgangi, í fyrsta lagi að þakka hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni fyrir málefnaleg ummæli um nauðsyn þróunarsamvinnu. Það styður það sem áður hefur verið sagt í dag í þessari umræðu og einnig væntanlega þau stefnumið sem hæstv. utanríkisráðherra lagði fram.

Hv. þingmaður gerði einnig að sérstöku umtalsefni það sem hæstv. ráðherra hafði áður sagt um pólitískt ástand og ástandið í sunnanverðri Afríku, Afríku sunnan Sahara eins og stundum er sagt. Vissulega er það ekki gott. Þar hefur spilling vaðið uppi, kúgun, harðstjórar og þar fram eftir götunum, því miður, í allt of mörgum löndum. Eitthvert versta dæmi sem við höfum um það núna er Robert Mugabe sem einu sinni var frelsishetja en hefur núna kúgað þjóð sína til ólífis, liggur mér við að segja.

Það er önnur ástæða, frú forseti, fyrir ástandinu í þessum löndum, alnæmisfaraldurinn. Hann herjar á Afríkubúa með þeim áhrifum og þeim árangri — sem náttúrlega er ekki árangur — að það er eins og að stríð herji í hverju landi vegna þess hverjir falla fyrir alnæminu. Það er unga fólkið og það eru foreldrarnir. Það eru milljónir munaðarlausa barna í Afríku sunnan Sahara. Það er talið að núna sé 15 milljón börn í Afríku undir 18 ára aldri munaðarlaus vegna alnæmisins og að þau verði árið 2010 a.m.k. 18 milljónir, munaðarlausu börnin. Það eru 25 milljónir sýktar af HIV-veirunni. Það sem er verst í þessu, þó að það sé með örfáum undantekningum, er að ekki hefur verið gripið til aðferða sem duga, því miður.

[14:43]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur fyrir andsvar hennar. Það er í sjálfu sér erfitt að svara því þar sem það var ekkert í því sem ég var sérstaklega ósammála. Ég held að við séum sammála um þetta verkefni sem fram undan er. Við Íslendingar þurfum að leggja lóð okkar á vogarskálarnar.

Þetta sem hv. þingmaður nefndi varðandi alnæmisfaraldurinn er skelfilegra en orð fá lýst. Án þess að ég ætli að reyna að gera mig að nokkrum sérfræðingi í því veit ég bara það litla sem ég hef lesið um þær aðstæður og ástæður sem eru vægast sagt hrikalegar. Þessi álfa hefur stundum verið kölluð, svo að ég vísi í ensku, virðulegi forseti, „the lost continent" sökum þess hve hægt hefur gengið þrátt fyrir ýmsa tilburði til að laga ástandið þar. Ég fór einu sinni til Suður-Afríku þegar ég var í stjórn aþjóðasamtaka ungra mið- og hægrimanna. Einhverra hluta vegna var mér falið að fylgjast með Afríku og hjálpa þar til við að stofna samtök. Bara það að fylgjast með, það að hitta þetta fólk og heyra frá fyrstu hendi, ræða hlutina í heimalandi þess, varð mér mjög minnisstætt. Þó að ekki væri annað en bara að kveikja á sjónvarpinu og fylgjast með fréttatímanum og sjá hvað var í gangi þar, í samanburði við það sem maður sér í öðrum löndum, er lífsreynsla út af fyrir sig. Það eru svo ofsalega mörg vandamál sem þarf að taka á í þessum heimshluta. Þó að sem betur fer sé líka vin í eyðimörkinni eru stór verkefnin þar.

[14:46]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að andsvör megi einnig nota til uppbyggilegra ummæla og umræðu á hinu háa Alþingi og vona að ég hafi ekki rangt fyrir mér í því. Það sem hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði í sínu svari undirbyggir það sem reynt hefur verið að benda á í þessari umræðu um nauðsyn ekki bara þróunarsamvinnunnar heldur þess að verkefnavalið sé gott og framkvæmdaáætlunin liggi fyrir. Það eru mörg verkefni, mjög mörg verkefni.

Baráttan gegn útbreiðslu alnæmis er eitt af því mikilvægasta sem við getum unnið að og það er án nokkurs vafa það verkefni sem, held ég, leggur ríkustu skyldur á herðar alþjóðasamfélagsins nú um stundir því þessi faraldur eirir engum og hann kemur verst niður á þeim sem minnst mega sín eins og tölurnar um munaðarlaus börn í sunnanverðri Afríku segja okkur. Ég vil hvetja hv. þingmenn — við höfum held ég öll fengið skýrslu frá UNICEF sem ber heitið Barnæskunni ógnað eða Childhood under threat — að kynna sér umfjöllunina um alnæmi og áhrif þess á barnæsku afrískra barna og taka svo vandaða afstöðu til þess hvaða verkefni við eigum að styðja helst í þróunarsamvinnu við önnur lönd.

[14:46]

Útbýting:

Efnisnámur, 799. mál, fsp. VF, þskj. 1243.

Gegnumlýsingartæki fyrir tollgæsluna, 798. mál, fsp. GHall, þskj. 1242.

Miðlun vátrygginga, 551. mál, þskj. 1215.

Spilafíkn, 797. mál, fsp. GHall, þskj. 1241.

Tilmæli fastanefndar Bernarsáttmálans, 800. mál, fsp. KolH, þskj. 1244.

Örbylgjusamband við Raufarhöfn, 750. mál, svar samgrh., þskj. 1236.

[14:47]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Hæstv. utanríkisráðherra hefur hér lagt fram

sína árlegu munnlegu skýrslu um utanríkismál, farið þar víða um, en ekki djúpt kannski í hvern hlut fyrir sig frekar en við er að búast í stuttri skýrslu eins og þessari.

Ég ætla á þeim skamma tíma sem gefinn er til að ræða efni skýrslunnar aðallega að fjalla um tvö atriði hennar, annars vegar Íslensku friðargæsluna og kannski helst stöðu þeirra einstaklinga sem gegna þar störfum og hins vegar langar mig að fara aðeins yfir og ræða við hæstv. utanríkisráðherra um viðræður okkar eða viðræðuleysi við stjórnvöld í Bandaríkjunum um varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna og um starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli.

Það fylgir því alltaf ákveðin eftirvænting á hverju ári þegar utanríkisráðherra leggur fram skýrslu sína hér að sjá á hvaða málefni og hvaða hluti hæstv. ráðherra leggur áherslu og kannski ekki síður vekur oft athygli það sem ekki er í skýrslunni. Maður veltir þá fyrir sér af hverju ekki er farið dýpra í sum mál en raun ber vitni.

Ég ætla að byrja á því, frú forseti, að fara aðeins í gegnum það sem snýr að Íslensku friðargæslunni í skýrslu hæstv. utanríkisráðherra. Það kemur fram í henni að nú eigi að senda hóp íslenskra friðargæsluliða til starfa í norður- og vesturhluta Afganistans. Það kom líka fram að unnið er að því að semja frumvarp til laga um Íslensku friðargæsluna og búa til siðareglur fyrir liðsmenn hennar. Í skýrslunni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Eftir að síðustu starfsmenn Íslensku friðargæslunnar fara frá alþjóðaflugvellinum í Kabúl eftir rúman mánuð, mun Ísland hefja þátttöku í endurreisnarsveitum í norðurhluta Afganistans með Norðmönnum og Finnum og í vesturhlutanum með Litháum, Lettum og Dönum. Gert er ráð fyrir að framlag Íslands á hvorum stað verði tveir sérbúnir jeppar og átta til níu manns."

Það kemur líka fram, og hæstv. ráðherra nefnir það í þessum kafla og í því samhengi sem hér er verið að tala um, að unnið sé að því að semja frumvarp til laga um Íslensku friðargæsluna. Ég verð að segja alveg eins og er að það er í raun óskiljanlegt miðað við hvernig Íslenska friðargæslan hefur verið að þróast að ekki sé fyrir löngu búið að leggja fram slíkt frumvarp til að ná utan um starfsemi friðargæslunnar eins og hún er. Það hlýtur að vera óþolandi staða fyrir þá sem starfa í friðargæslunni að vita í raun ekki með skýrum hætti um sína stöðu, um sína stöðu gagnvart lögum, um til hvers er af þeim ætlast og eftir hvaða reglum þeir eiga að starfa.

Mér finnst, frú forseti, í raun með ólíkindum að heyra nýjustu fréttir um að liðsmenn friðargæslunnar séu ekki tryggðir á eins yfirgripsmikinn og góðan hátt og mögulegt er við störf sín erlendis í öllum aðstæðum, alltaf, alls staðar, nýjustu fréttir um að friðargæsluliðar sem særðust í Chicken Street í Kabúl þurfi nú að reyna að sækja tryggingar til Tryggingastofnunar ríkisins og upplifa þar höfnun vegna þess að þeir hafi ekki verið tryggðir í frítíma eins og það er kallað. Ég efast ekkert um að starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins reyna að fylgja þeim reglum sem þeim hafa verið settar og þeir þurfa að vinna eftir sérstaklega ef það er rétt sem fram hefur komið í fréttum að utanríkisráðuneytið virðist hafa látið Tryggingastofnun í té þá túlkun að liðsmenn friðargæslunnar hafi verið í fríi við þær aðstæður sem þeir lentu í.

Ég verð að segja, frú forseti, að hæstv. utanríkisráðherra verður að taka strax á þessu máli, eyða allri óvissu þessara manna um eðlilegar bætur fyrir líkamstjón og miska. Svona mál eiga að mínu viti ekkert erindi í hinu almenna tryggingakerfi Tryggingastofnunar ríkisins. Þrátt fyrir góð orð hæstv. ráðherra hér við skýrsluflutning sinn um að þetta mál þyrfti að skoða, þetta mál væri í farvegi þá er ekki hægt að mínu viti að beina þessum mönnum í þann farveg að sækja um, eins og hver annar sem orðið hefur fyrir vinnuslysi, til Tryggingastofnunar ríkisins og láta jafnframt fylgja miða um að þeir hafi nú ekki verið í vinnunni heldur í fríi. Síðan þurfa þeir að sæta því að reyna að sækja sinn rétt frekar til úrskurðarnefndar almannatrygginga. Mér finnst þetta í raun lýsa virðingarleysi fyrir þeim störfum sem þetta fólk er að inna af hendi fyrir okkur hina á erlendri grundu við hættulegar aðstæður. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. utanríkisráðherra taki á þessu máli. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. ráðherra segi eins og hann hefur áður sagt: „Svona gera menn ekki." Hæstv. ráðherra hefur örugglega það afl og þá stöðu sem þarf til þess að koma þessum málum í eðlilegt horf og það strax þannig að það þurfi ekki að velkjast í almannatryggingakerfinu með öllum þeim málum sem þar eru.

Annar kafli í ræðu hæstv. ráðherra sem ég bíð alltaf spenntur eftir er kaflinn um varnarsamvinnuna við Bandaríkin og hvernig gengur í þeim viðræðum sem fyrir dyrum hafa staðið við Bandaríkjamenn um framtíð varnarsamningsins.

Ég bað hæstv. ráðherra um utandagskrárumræðu 16. nóvember í fyrra þar sem ég óskaði eftir því að ræða við hæstv. ráðherra um framtíð varnarsamningsins og hvernig gengi að eiga samskipti við Bandaríkjamenn út af honum. Hæstv. ráðherra hefur ekki enn séð sér fært að eiga þessa umræðu við mig utan dagskrár og þar sem þingið er að verða búið og því fer að ljúka innan nokkurra daga sé ég mér ekki annan kost færan en að ræða þetta að einhverju leyti nú undir skýrslu hæstv. utanríkisráðherra. Ég verð þó að segja eins og er að ég skil það betur nú en áður þegar ég sé skýrslu hæstv. ráðherra og átta mig á því hversu hrikalega lítið er í raun að frétta af þessum málum að hann hafi ekki viljað taka þessa umræðu á Alþingi vegna þess að í raun hefur ekkert verið að gerast og ekkert er að frétta. Ég skil ekki endalaust langlundargeð og mér liggur við að segja undirlægjuhátt íslenskra stjórnvalda gagnvart bandarískum stjórnvöldum í þessu máli þegar ekkert er að gerast.

Við stöndum nú hér 29. apríl árið 2005. Þá segir í skýrslu hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Um nokkra hríð hefur staðið til að viðræður hæfust milli Íslands og Bandaríkjanna um varnarmálin, en það hefur dregist. Því valda tafir sem hafa orðið á undirbúningi bandarískra stjórnvalda fyrir viðræðurnar. Sem fyrr liggur til grundvallar af Íslands hálfu að hér á landi þurfi að vera lágmarksvarnarviðbúnaður. Jafnframt eru stjórnvöld reiðubúin að semja um það við Bandaríkjamenn hvernig Íslendingar geti tekið meiri þátt í kostnaði við rekstur Keflavíkurflugvallar."

Þetta er í raun kaflinn um varnarsamvinnuna eða varnarsamninginn og hver staðan er í honum.

Mig langar, með leyfi forseta, að fara aftur til 29. apríl ársins 2004, þ.e. akkúrat eitt ár frá deginum í dag, en þá spurði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hæstv. þáverandi utanríkisráðherra hvort eitthvað væri að frétta af þessum viðræðum við Bandaríkjamenn eða viðræðuleysi eins og hv. þingmaður kallaði það. Þá svaraði hæstv. þáverandi utanríkisráðherra Halldór Ásgrímsson að því miður biðum við enn eftir frekari viðbrögðum Bandaríkjamanna í málinu. Þegar maður les svar hæstv. fyrrverandi utanríkisráðherra við spurningu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þá er það nánast það sama og stendur núna í skýrslu hæstv. utanríkisráðherra Davíðs Oddssonar. Á heilu ári virðist afskaplega lítið hafa gerst, alla vega sem hægt er að segja frá eða setja niður á blað.

Ég hef oft tekið þetta málefni upp í ræðustól Alþingis og reynt með öllum mögulegum hætti að særa fram einhver svör um það hvernig gangi að semja við Bandaríkjamenn og þegar færi hefur gefist til eða einhverjir þeir áfangar orðið að maður hefur haldið að nú færu hlutirnir að gerast þá hef ég yfirleitt reynt að ýta við því að spyrja á Alþingi og reyna að fá svör. Þetta gerðist eftir fundinn sem hæstv. þáverandi forsætisráðherra sem nú er utanríkisráðherra átti með Bush Bandaríkjaforseta sumarið 2004. Þá voru menn bjartsýnir á að nú færi þetta að gera sig og það væri búið að ræða þetta við Bush, hann vissi nákvæmlega um hvað málið snerist og nú færu hlutirnir að gerast. En það gerðist ekki neitt annað en að ákveðið var að ræða þetta við utanríkisráðherra Bandaríkjanna sem þá var Colin Powell.

Þann 2. nóvember sama ár spurði varaþingmaður af Suðurnesjum, hv. þm. Böðvar Jónsson, hæstv. utanríkisráðherra hvort nokkuð væri að frétta af þessu máli og sagði þá að í síðustu viku hefðu borist fréttir af því að verið væri að flytja mikið af hergögnum úr landi og óskaði eftir því að hæstv. utanríkisráðherra svaraði hvort nokkuð væri að frétta af samningum við Bandaríkjamenn. Þá svaraði hæstv. ráðherra því að hann hefði átt fund með forseta Bandaríkjanna meðan hann hefði starfað sem hæstv. forsætisráðherra og þar hefði verið ákvarðað að málin skyldu ganga til utanríkisráðherra Bandaríkjanna Colins Powells og hæstv. utanríkisráðherra upplýsti að hann mundi hitta hann að máli 16. þess mánaðar, þ.e. í nóvember 2004, og sagði svo, með leyfi forseta:

„Vona ég að á þeim fundi megi takast að færa þetta mál í fastari farveg þannig að úr óvissu gagnvart varnarstöðunni dragi og að vissa ríki í þeim efnum sem allra fyrst."

Þetta var 2. nóvember árið 2004 og þetta voru þær væntingar sem hæstv. utanríkisráðherra fór með út til fundar við Colin Powell. Eftir þann fund þegar ljóst var að málið hafði lítið þokast var það að frétta af því að embættismenn þjóðanna ættu að taka upp samningaviðræður í janúar á þessu ári, í janúar árið 2005. En þegar ekki var útlit fyrir að hæstv. utanríkisráðherra vildi taka við mig utandagskrárumræðu um þessi efni þá fór ég í óundirbúna fyrirspurn þann 22. nóvember og spurði hæstv. utanríkisráðherra hver hefði orðið niðurstaða af fundinum við Colin Powell og sagði þá að ég teldi mig tilneyddan til þess að spyrja þessara spurninga í óundirbúinni fyrirspurn vegna þess að fréttirnar af fundinum hefðu verið svona í véfréttastíl, að þar hefði verið sagt að telja megi, að mönnum finnist og menn voni og treysti o.s.frv.

Spurningin til hæstv. utanríkisráðherra á þessum tíma, 22. nóvember, var: Hvað er í raun að frétta af þessum fundi? Megum við vænta þess á næstunni að fá einhverjar frekari fréttir en verið hafa af fundinum eða er niðurstaðan svo óljós að ekki sé hægt að skýra frá með beinum hætti einhverri niðurstöðu af fundinum annarri en þeirri að menn ætli að tala saman aftur í janúar?

Hæstv. ráðherra svaraði því til að fundurinn hefði verið mjög eðlilegt framhald af fundinum sem hann átti með Bush. Ákveðið hefði verið að færa málið á nýjan leik í farveg á vettvangi utanríkisráðuneytanna en það hefði verið á vettvangi forsætisráðherra og forseta Bandaríkjanna.

Hæstv. utanríkisráðherra sagði að fundurinn með Powell hefði verið mjög jákvæður, afar góður og mikilvægur fundur og gengið mjög í rétta átt. Niðurstaða hans var sú að nú hæfust embættismannaviðræður á þeim grundvelli sem við höfum rætt, sagði hæstv. utanríkisráðherra, að loftvarnir verði tryggðar en jafnframt ákveðið með hvaða hætti eðlilegt þætti að íslensk stjórnvöld kæmu inn í rekstrarþætti Keflavíkurflugvallar vegna breytts umfangs borgaralegrar starfsemi á flugvellinum. Hæstv. utanríkisráðherra sagði þá að málið væri komið í heilbrigðari farveg.

Þetta var, eins og ég sagði áðan, 22. nóvember 2004. Viðræður á embættismannastigi áttu að hefjast í janúar á þessu ári. Nú er að nálgast 1. maí. Við fáum skýrslu frá hæstv. utanríkisráðherra sem segir ekki neitt annað en að viðræður hafi í raun ekki enn þá hafist.

Ég verð að segja, frú forseti, að niðurstaða mín, eftir að hafa farið í gegnum þessar umræður og það sem sagt hefur verið og skrifað um samningaviðræður um varnarsamning við Bandaríkin, þá er bara ekkert að gerast. Þar er ekkert að gerast sem hægt er að setja fingurinn á og segja að við séum að þokast eitthvað nær því að ná niðurstöðu við ríkisstjórn Bandaríkjanna. Óvissan hefur í raun aldrei verið meiri því að það er dregið verulega úr starfsemi varnarliðsins. Það er gert án þess að samráð sé haft við íslensk stjórnvöld því að í hvert skipti sem spurt er koma þau af fjöllum, að það hafi ekki verið með þeirra vilja, vitund eða í samningum við þau sem ákveðið hefði verið að hætta þessari starfsemi, draga úr henni eða segja upp þessum fjölda starfsmanna. Því hlýt ég að nota þetta tækifæri og spyrja hæstv. utanríkisráðherra enn einu sinni, í fullri vinsemd: Er ekki von til þess að eitthvað fari að þokast í niðurstöðu um varnarsamninginn, framtíð hans og framtíðarumsvif á Keflavíkurflugvelli?

[15:02]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það sem hv. þingmaður nefndi, um Íslensku friðargæsluna og tryggingamál þeirra, þá hefði hann ekki þurft að spyrja þannig ef hann hefði verið viðstaddur í þingsalnum þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson spurðist fyrir um þessi atriði. Ég svaraði því mjög afdráttarlaust og þegar hv. þingmaður spyr um þau atriði þá vísa ég til þeirra svara gagnvart því sem hann spurði síðan um hér í sinni ræðu.

Varðandi viðræður, viðræðuleysi og slappan framgang stjórnvalda, eins og það var efnislega orðað af hv. þing-

manni, um varnarviðbúnað í Keflavík verð ég að minna hv. þingmann á það að það var nú svo að Bandaríkin tilkynntu einhliða í maí fyrir tveimur árum, árið 2003, að þoturnar og þar með hugsanlega, ef sú yrði niðurstaðan, allur varnarviðbúnaður mundi hverfa innan mánaðar frá Keflavík. Viðbrögð íslenskra yfirvalda urðu til þess að af þeim fyrirætlunum varð ekki og hefur ekki enn orðið. Það er enginn vafi í mínum huga um að hið sérstaka og nána samband sem náðst hafði milli íslenskra og bandarískra yfirvalda, ekki síst við bandaríska forsetann, varð til þess að sú varð niðurstaðan og einmitt sú afstaða sem ríkt hefur til að mynda af hálfu þess sem hér stendur í þeim efnum.

En hv. þingmaður sem nú talaði hefur nýlega lýst því yfir í blaðagrein að hann styðji til formennsku í Samfylkingunni formann sem lengi hefur haft á sinni stefnuskrá að varnarliðið skuli hverfa frá Keflavík. Hann hefur lýst því yfir í blaðagrein að hann styðji til formennsku í Samfylkingunni formannsefni sem lengi hefur haft á sinni stefnuskrá — ég hef oft heyrt hana leggja það til — að varnarliðið skuli hverfa úr Keflavík. Það er mjög fróðlegt að sjá að hv. þingmaður skuli gera það.

[15:05]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Æ, ég varð fyrir vonbrigðum með svar hæstv. ráðherra. Varðandi fyrri hlutann og friðargæsluna þá sat ég úti á skrifstofu minni með opið sjónvarp og hlustaði á orðaskipti hæstv. utanríkisráðherra og hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Mér fannst hæstv. ráðherra ekki svara því með skýrum hætti hvernig tryggingamálum þeirra manna sem særðust við skyldustörf úti í Kabúl væri háttað. Ég heyrði ekki annað en að sagt væri að það mál væri í farvegi. Það virðist vera í þeim farvegi að búið er að vísa því til úrskurðarnefndar almannatrygginga. Þessir menn virðast sem sagt ekki njóta annarra eða betri trygginga en aðrir ef um vinnuslys er að ræða, jafnvel þótt þeir séu sendir á ófriðarsvæði til að gegna þar störfum, þar sem líf og limir eru í hættu nánast allan daginn.

Það er rétt sem kemur fram hjá hæstv. utanríkisráðherra. Það var ótrúleg yfirlýsing sem kom frá bandarískum stjórnvöldum rétt fyrir kosningar, um að þeir ætluðu bara að hætta öllum varnarviðbúnaði. Þvílíkt virðingarleysi gagnvart íslenskum stjórnvöldum sem artað höfðu þennan varnarsamning öll þessi ár, með gagnkvæmri virðingu og í gagnkvæmu samstarfi, að stjórnvöld í Bandaríkjunum létu sér detta í hug, tíu dögum fyrir kosningar á Íslandi, að tilkynna til stjórnvalda að nú væru þeir bara hættir. Verið bara bless. Hæstv. utanríkisráðherra, sem þá var forsætisráðherra, tók vel á því máli, ég hef aldrei dregið úr því. En það verður að halda áfram. Það þýðir ekki að stoppa og halda þessu máli algjörlega í limbói. Menn verða að ljúka málinu á einhvern hátt. Þessi óvissa er óþolandi með öllu. Óvissan er verst. Menn geta ekkert brugðist við ef þeir vita ekki hvað er fram undan.

Ég ætla ekki að svara fyrir formannskandídat í Samfylkingunni, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, en oft hef ég nú heyrt hana tala á öðrum nótum en hæstv. utanríkisráðherra heldur fram úr ræðustól Alþingis.

[15:07]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er nú ekki mikið fyrir að mæla til útgjalda en ég legg til að sjónvarpstæki á skrifstofu hv. þingmanns verð bætt. Það virðist a.m.k. eitthvað að talinu sem kemur út úr því apparati. Ég svaraði hv. þm. Ögmundi Jónassyni með mjög afgerandi hætti hvað þetta efni varðar.

Varðandi varnarmálin og þá þætti hefur tekist að koma þeim að á æðstu stöðum í Bandaríkjunum og það hefur öllu máli skipt. Það hefur verið gert í beinum samtölum, ekki bara einu sinni heldur oftar en einu sinni, við forseta Bandaríkjanna. Það hefur verið gert með atbeina tveggja aðalritara Atlantshafsbandalagsins fyrir atbeina íslenskra stjórnvalda. Það hefur síðan verið gert með símtölum og samtölum við núverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Það hefur verið gert með símtölum og samtölum við fyrrverandi og núverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Að halda því fram að ekki hafi verið unnið að þessu máli af festu og einurð, þó að ekki hafi það enn verið leiddar til hafnar þær viðræður sem við væntum að gætu hafist í janúar síðastliðnum. Það eru sannarlega ekki merki um að við höfum ekki haldið stíft og hart á málum.

Það vekur hins vegar undrun að hv. þingmaður skuli ekki hafa áhyggjur af því að formannskandídat í Samfylkingunni, sem hv. þingmaður styður, skuli ætíð, jafnan og alltaf hafa lýst því yfir að hún telji að varnarviðbúnaðurinn í Keflavík sé gamall. Það var ekki á þeim tíma sem hún studdi friðarhreyfingarnar og starfaði á vettvangi Alþýðubandalagsins og Kvennalistans. Það var ekki á þeim tíma. Það hefur jafnan verið og síðast í umræðunni í kringum kosningarnar, sem hv. formannsefni var forsætisráðherraefni Samfylkingarinnar. Hún hlýtur að vekja athygli á Suðurnesjum, þessi afstaða hv. þingmanns í framboðsmálum til formennsku í Samfylkingunni.

[15:09]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, það er rétt, að það hefur vakið athygli á Suðurnesjum að sá sem hér stendur styðji Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í formannsslag í Samfylkingunni. Það má kannski segja að hæstv. utanríkisráðherra hafi að einhverju leyti sett fót undir þau orð sem ég lét frá mér í blaðagrein, þ.e. að andstæðingar Samfylkingarinnar ættu ekki að ráða því hvern við kysum sem formann í Samfylkingunni heldur ættum við, sem værum flokksbundin í þeim flokki og hefðum kjörgengi og atkvæðisrétt, að gera upp við okkur hvern við vildum hafa sem formann en láta sem vind um eyru þjóta orð andstæðinga okkar úr öðrum flokkum um það hvað þeim hugnaðist í þessum efnum.

Ég hef unnið með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í framtíðarhópnum um stefnumótun Samfylkingarinnar. Ég hef engar áhyggjur af stefnu Samfylkingarinnar í öryggis- og varnarmálum og engar áhyggjur af stefnu Samfylkingarinnar í málefnum varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli því að ég veit að sú stefna gengur ekki gegn hagsmunum Suðurnesja.

Hæstv. utanríkisráðherra sagði: Hvað er þingmaðurinn að fara? Er ekki verið að vinna, er ekki verið að gera eitthvað? Ég er búinn að eiga bein samtöl við Bush oftar en

einu sinni, tala við tvo aðalritara, núverandi og fyrrverandi aðalritara NATO, búinn að eiga samtöl og símtöl við fyrrverandi og núverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Colin Powell og Condoleezzu Rice.

Ég spyr á móti: Getur verið ásættanlegt, eftir að málið er búið að vera á þessu háa stigi allan þennan tíma, að það gerist ekki neitt? Sjáum við fram á að sú afstaða sem bandarísk stjórnvöld lýstu þegar þau sögðu án fyrirvara: Við erum farin, verið þið bless, að sú afstaða sé kannski ákveðið virðingarleysi við Íslendinga og það virðingarleysi haldi áfram (Forseti hringir.) í þeim samræðum sem nú eru í gangi?

[15:11]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanríkisráðherra skýrsluna sem hann gaf þinginu í dag og tækifærið sem við, hv. þingmenn, höfum til að ræða heilan dag um utanríkismál. Þau samskipti og þau viðskipti sem við eigum í dag eru ekki lengur aðeins innan lands heldur erum við á flestum sviðum tengd þeim málaflokki sem segja má að séu utanríkismál, þ.e. öll samskipti okkar Íslendinga við aðrar þjóðir, það er bæði hvað varðar samningsbundna aðild, t.d. að Norðurlandasamvinnunni, EFTA, EES, Sameinuðu þjóðunum og svo NATO, svo ég nefni hina stærri samninga, svo og aðild okkar að mikilvægum alþjóðasamtökum sem eru hluti af umhverfi okkar eins og kemur fram að hluta til í skýrslu hæstv. utanríkisráðherra.

Hvað varðar NATO vil ég lýsa því yfir að ég fagna því að mín kynslóð nái hugsanlega að upplifa að herinn á Keflavíkurflugvelli fari alfarið og þótt fyrr hefði verið. Ég hefði viljað sjá það gerast í opnum samningum og tímasettum þannig að allir viti að hverju er gengið, hvenær flugvélar færu o.s.frv. Menn vissu hvenær búast mætti við því að síðasti hermaðurinn yfirgæfi völlinn. Það er mjög mikilvægt. Ég tel það ámælisvert að íslensk stjórnvöld skuli ekki hafa unnið að kröftugri og markvissri uppbyggingu á svæðinu með tilliti til þess að allur þessi fjöldi hermanna, starfsmanna og maka þeirra á hersvæðinu er að hverfa. Það verður að koma eitthvað í þeirra stað eigi ekki að verða atvinnuhrun og erfiðleikar á Suðurnesjum. Það er því fagnaðarefni að svo vel skuli ganga hjá flugfélögum okkar. Ferðalöngum til landsins hefur fjölgað mikið sem hefur sjálfkrafa fjölgað atvinnutækifærum á þessu svæði, en það hefur ekki verið með atbeina ríkisstjórnarinnar eða í tengslum við brottför hersins. Ég tel að þarna þurfi fleira að koma til. Við verðum að læra af reynslunni, að byggja ekki framtíðaruppbyggingu í atvinnumálum á Suðurlandi eingöngu við flugafgreiðsluna, þótt hún sé mun fjölbreyttari en þjónustan við herinn, heldur verði fleiri stoðir settar undir atvinnu á Suðurlandi.

En það er fleira en þessir mikilvægu samningar og samtök sem við erum bundin. Í utanríkismálum verðum við einnig að fylgjast með þróun heimsviðskiptanna, hvernig þau breytast nú mjög hratt og hvernig við þá sem þjóð stillum okkur inn á þá alþjóðavæðingu sem siglir fyrir fullum byr um heiminn og hvort við tökum þessu sem sjálfsögðum hlut, eða allt að því eins og náttúruhamförum, að ekki sé hægt að komast undan alþjóðavæðingunni. Eða sláum við varnagla og vökum fyrir því að undir merkjum alþjóðavæðingarinnar hafa alþjóðleg stórfyrirtæki í dag mjög mikil völd, bæði viðskiptalega og ekki síður að þau hafa getað sett sig niður eftir vild til að nýta ódýran vinnukraft? Þau leita inn á svæði þar sem ríkisstjórnir eru veikar og löggjafinn er veikur, þar sem þau hafa í skjóli stærðarinnar og styrkleika síns getað stundað, mörg hver, mannréttindabrot eins og fyrirtækið Nike, sem framleiðir fótboltaskó, hefur orðið að viðurkenna að hafa gert. Það eru fleiri slík stórfyrirtæki sem framleiða góða og ódýra vöru sem við kaupum inn til landsins en þessu lága verði hafa því miður fylgt ýmsir svartir blettir sem ég tel að við þurfum að vera miklu meira vakandi fyrir en við höfum verið fram til þessa. Þessi fyrirtæki nýta sér veik kjara- og félagsleg réttindi verkafólks á þessum svæðum.

Ég tel að í þessu ljósi verðum við að gæta þess að standa vörð um íslenska framleiðslu og samkeppni íslensks iðnaðar og þá í samkeppni við innflutning á vörum frá láglaunasvæðum. Nú ber á óróleika innan Evrópusambandsins vegna þessa þar sem það er ljóst að iðnaður í mörgum Evrópulöndum er hreinlega að hrynja og brotna niður vegna lágvöruframleiðslu frá þróunarríkjum eða Asíuríkjum og síðasta dæmið er vefnaðarvara sem er hreinlega að hverfa úr framleiðslu í Evrópu. Þetta er nokkuð sem að öllum líkindum er erfitt að varast en við þurfum að vera vakandi yfir og standa þannig að íslensku framleiðslunni að hún geti sem lengst og best staðið í samkeppni í alþjóðavæðingunni sem nýtir sér að hægt er að fá fólk til að vinna fyrir minna en dollar á dag.

Í ræðu hæstv. utanríkisráðherra, sem ég hef hér undir höndum, er víða komið við og erfitt að gera því öllu skil. Með tilliti til þess sem ég var að rekja hér varðandi hin alþjóðlegu stórfyrirtæki vil ég ítreka að við þurfum að standa vörð um sjálfbæra þróun og af því tilefni þarf að líta á sjávarútveginn hér á landi. Ég get ekki tekið undir orð hæstv. utanríkisráðherra þegar hann segir að reistar hafi verið traustar stoðir undir sjávarútveginn. Eins og ástandið er í efnahagsmálum þjóðarinnar í dag eiga mörg fyrirtæki hreinlega í miklum rekstrarerfiðleikum og sum hver eru allt að því á barmi gjaldþrots vegna sterkrar stöðu krónunnar. Þetta er vonandi tímabil sem stendur stutt yfir en við getum greinilega ekki talað um sjálfbæra þróun í sjávarútvegi okkar eins og hann er stundaður í dag.

Það eru tvö atriði sérstaklega sem ég vil nefna, ástandið fyrir botni Miðjarðarhafsins og stuðningur okkar við innrásina í Írak. Eins og hér hefur komið fram var ég í því þingmannaliði sem heimsótti Palestínu um páskaleytið. Það var vikuferð og kynnisferð sem hafði djúpstæð áhrif, a.m.k. á mig og ég held á okkur öll. Þegar ég lít til baka tel ég að hvað mest áhrif hafi haft á mig að vera búin að fylgjast með ástandinu inni á þessu svæði í fréttum og af greinaskrifum. Þrátt fyrir að hafa heyrt af ástandinu á þessu svæði hafði ég ekki gert mér grein fyrir því hversu alvarlegt það er. Þá vil ég líta til palestínsku þjóðarinnar, og ég er ekki að gera lítið úr aðstæðum þeirra sem búa í Ísrael því að þar er líka mikil spenna og óróleiki og vanlíðan, en aðstæður palestínsku þjóðarinnar eru algjörlega óviðunandi eins og þær eru í dag.

Að sitja í herteknu landi þar sem fólki er gert ómögulegt að stunda búskap, eiga viðskipti, ferðast á milli, fá nauð-

synlega þjónustu öðruvísi en að vera innan afmarkaðra lokaðra svæða eða þurfa að fara yfir vegi sem eru vaktaðir eða komast ekki yfir vegi af því að það er búið að girða þá af til að tryggja öryggi þeirra sem búa á landtökusvæðunum er skelfilegt. Allt þetta gerir fólki, sem óskar þess heitast að lifa eðlilegu lífi, ómögulegt að framfleyta sér, enda er 60–70% atvinnuleysi og hver kynslóðin á fætur annarri vex upp við mikið andlegt og oft og tíðum líkamlegt ofbeldi. Það getur ekki annað en leitt af sér enn meira ofbeldi og þá er ég að hugsa um svæðið í heild því að þetta er púðurtunna sem springur ef friðarferli er ekki sett í gang.

Ég tel að þetta svæði sé í raun og veru lykillinn að heimsfriði. Ef þarna brjótast út meiri átök en verið hafa og friðnum verður ógnað mun það hafa áhrif á öll nærliggjandi ríki.

Í þessu sambandi er vert að geta þess að inni í Jerúsalem er gamla borgin, gamla Jerúsalem, innlimuð borgarmúrunum og innan þessa litla svæðis, borgarmúranna, eiga fulltrúar hinna kristnu kirkjudeilda, múslimar og gyðingar sín svæði. Þetta jafnvægi hefur ríkt í gegnum aldirnar en nú er það að riðlast og ef það gerir það, sem allt bendir til að sé farið af stað, mun ófriðarástand breiðast út um allan heim. Þarna er vagga íslamstrúarinnar og hinnar kristnu trúar og ef hún ruggar mun öll heimsbyggðin rugga.

Sömuleiðis tel ég mikilvægt að við séum mjög gagnrýnin á alla íhlutun í innanríkismál sjálfstæðra ríkja þegar í hlut eiga hvort heldur er alþjóðleg stórfyrirtæki eða afskipti stórveldanna. Þá vil ég nefna sérstaklega Bandaríkin. Helsta hvataþjóð þess að fara með árás inn í Írak var sú bandaríska. Það er ljóst að vinnslan við olíubirgðir heimsins hefur þegar náð hámarki að dómi margra sérfræðinga og það er talið að ekki séu til neinar nýjar verulegar lindir sem hægt er að ganga í. Þetta mun hafa víðtæk áhrif á alla heimsbyggðina, og heimsbyggð án olíuvinnslu mun hafa áhrif á öll samskipti. Olía og drykkjarvatn munu verða rótin að innrásum og stríðsátökum komandi ára. Því er enn mikilvægara að vera vakandi fyrir þeirri ástæðu sem gefin er upp varðandi afskipti af innanríkismálum þjóða sem búa (Forseti hringir.) yfir auðlindum og því nauðsynlegt að stuðla að sjálfbærri þróun um allan heim.

[15:27]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Hæstv. utanríkisráðherra hóf ræðu sína á því að minnast þess að 1. apríl voru 150 ár síðan Íslendingar fengu fullt verslunarfrelsi. Það er rétt sem fram kom að Jón Sigurðsson forseti lagði mikla áherslu á verslunarfrelsi og kynnti sér allt sem hann komst yfir viðvíkjandi verslunar- og hagsögu Íslands. Jón Sigurðsson hamraði stöðugt á að einokunarverslun væri til ills. Hæstv. utanríkisráðherra ætti að íhuga þessi varnaðarorð Jóns Sigurðssonar gagnvart einokunarverslun og frjálsum viðskiptum.

Við í Frjálslynda flokknum gerum okkur fulla grein fyrir gildi frelsis og heiðarlegrar samkeppni á sviðum viðskipta. Á Íslandi eru því miður nýleg dæmi um samráð og samráðssvik stórra fyrirtækja sem ógna hag almennings. Svikasamráð olíufélaganna er landsmönnum í fersku minni. Ekkert hefur verið gert til að efla Samkeppnisstofnun þrátt fyrir að upp hafi komist ítrekað um samráð.

Hvers vegna ætli það sé? Ætli það sé vegna þess að þessi svikasamráð séu svo nátengd stjórnarflokkunum, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokknum? Það skyldi aldrei vera. Fyrir þessu þingi liggur nefnilega frumvarp sem á að veikja Samkeppnisstofnun, ekki styrkja. Þrátt fyrir mikil hættumerki leggja stjórnarflokkarnir fram frumvarp sem mun veikja Samkeppnisstofnun ef það verður að lögum. Mér finnst það íhugunarvert og vil minna enn á ný á orð Jóns Sigurðssonar forseta um að koma beri í veg fyrir einokun og tryggja verslunarfrelsi.

Það er rétt að stjórnvöld hafa minnkað höft á ýmsum sviðum viðskiptalífsins og ber að þakka það. Hins vegar ber að minnast á að sömu stjórnvöld hafa þanið út ríkisútgjöld og fest höft, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi og fjötrað þessar atvinnugreinar. Það er með ólíkindum. Þeir stjórnmálamenn sem hafa gengið hvað harðast fram eru einmitt oddvitar ríkisstjórnarflokkanna, hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson og hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson. Nú hefur miðstýringaráráttan og haftastefnan gengið svo langt fram að bændur eru sviptir atvinnufrelsi í eigin landi og á eigin jörðum. Það er með ólíkindum að flokkur sem kennir sig við frelsi og ber á borð hér skýrslu þar sem hann þakkar afrakstur stefnu síðustu ára aukins frelsis skuli hefta bændur landsins svo mjög að þeir geti ekki einu sinni sótt vinnu í jarðir sínar. Mér finnst það skrýtið. Þetta á ekki saman. Menn mega ekki nýta auðlindir í fjöruborði sínu fyrir þessum flokkum.

Fyrr í umræðunni kom berlega fram hve hæstv. utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, virðist vera illa upplýstur bæði um átakanlegt ástand á herteknum svæðum Ísrael í Palestínu og um undirstöðuatvinnuveg landsmanna, sjávarútveginn. Í ræðu ráðherrans var því haldið fram að með núverandi kvótakerfi Sjálfstæðisflokksins væri fiskur veiddur og seldur samkvæmt eftirspurn á mörkuðum. Þetta er einfaldlega alrangt hjá hæstv. ráðherra og ég furða mig á því að hann sé svona illa upplýstur og skuli bera þetta á borð hér á hinu háa Alþingi. Til þess að upplýsa hæstv. ráðherra og hann komi ekki með þvílíka vitleysu enn á ný hingað í þessa sali skal það tekið fram að einungis fimmti hver þorskur fer á fiskmarkað innan lands, 20%, og einungis 7% af karfaaflanum fer á fiskmarkaði.

Staðreyndin er sú að stefna Sjálfstæðisflokksins í sjávarútvegi hefur beðið skipbrot, staðreyndirnar tala sínu máli. Í nýlegri opinberri skýrslu frá því í nóvember sl. kemur fram að á því tímabili sem var til skoðunar hefur framleiðni dregist saman eða staðið í stað í fiskveiðum og fiskiðnaði. Öllum er ljóst að kvótakerfinu hefur algjörlega mistekist við að byggja upp þorskstofninn og er nýleg vitneskja úr togararalli því miður enn ein vitneskjan um hve stefna Sjálfstæðisflokksins er vonlaus, enda er heildarveiði þorskafla á því tímabili sem flokkurinn hefur stjórnað veiðum á síðustu tólf árum aldrei verið minni, hæstv. ráðherra. Hún hefur aldrei verið minni frá því að Íslendingar fengu fullveldi árið 1918.

Þá hef ég einnig farið yfir það tímabil þar sem nasistar komu í veg fyrir veiðar, þeir hafa verið hér fyrr í umræðunni. Það er mjög mikið áhyggjuefni að kafbátahernaður nasista virðist ekki hafa megnað að koma í veg fyrir veiðar

í sama mæli og fiskveiðistefna Sjálfstæðisflokksins. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti. vill biðja hv. þingmann að gæta að orðum sínum.)

Ég skal gera það. Ég biðst afsökunar ef ég hef gengið of langt, frú forseti.

Hvers vegna er ég að bera þetta á borð í umræðu um utanríkismál? Ástæðan er sú að hæstv. ráðherrar og stjórnvöld hafa verið að draga upp einhverja glansmynd af þessari stefnu sem er svo vitavonlaus sem raun ber vitni. Því miður hef ég ekki verið að ýkja, þetta eru bara hreinar og klárar staðreyndir sem ég hef borið hér á borð. Ég hef m.a. beint þeirri spurningu að ráðherrum hversu háum fjárhæðum hafi verið varið til að kynna þessa vonlausu stefnu erlendis. Ég hef því miður ekki fengið svör við því, enda virðast þetta vera mjög viðkvæmar upplýsingar. Það er áhyggjuefni í alþjóðasamstarfi að Íslendingar séu að útbreiða þessa vitleysu og í rauninni er þetta ljótur leikur hjá stjórnvöldum að gera þvílíkt, að draga upp falska mynd.

Á dögum Jóns Sigurðssonar voru vissulega meiri höft á verslun en að sama skapi má segja að meira atvinnufrelsi hafi verið í sjávarútvegi og landbúnaði. Atvinnugreinarnar hafa verið fjötraðar af núverandi stjórnarflokkum og engum vafa undirorpið í mínum huga að það verður mjög erfitt fyrir landbúnaðinn að bregðast við alþjóðaviðskiptaskuldbindingum framtíðarinnar vegna þess að landbúnaðarkerfið er í beingreiðslum og skuldbindingar um að það verði að draga saman. Næstu ár verða erfið fyrir landbúnaðinn og sérstaklega fyrir kerfið og menn verða að fara að horfa fram á veginn og skoða þær tillögur sem Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt fram í landbúnaðarmálum, þ.e. að koma fremur á grænum styrkjum og fjölskylduvænum byggðastyrkjum í stað þess að vera að tengja styrki til landbúnaðarins í framleiðslustyrki. Það gengur einfaldlega ekki.

Ég hef fulla trú á því að ef við förum réttar leiðir hvað varðar landbúnaðinn á hann góða framtíð fyrir sér, en þá þarf hann að losna úr þessu miðstýrða kvótakerfi sem Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn virðast vera einhuga um að koma landbúnaðinum í. Þá getur landbúnaðurinn farið að framleiða hágæðavöru á alþjóðamarkað í stað þess að vera bundinn niður og niðurnjörvaður í einhverja lítra og kílógrömm sem má framleiða á hverju býli. Þessi búskapur minnir óneitanlega á áætlunarbúskap sem var stundaður austur frá, frú forseti, fyrir nokkrum áratugum.

Ég get tekið undir ýmislegt í skýrslu hæstv. utanríkisráðherra og ég get tekið undir að mikilvægt sé að horfa til þess að bíða eftir því hvað kemur út úr Evrópunefndinni sem var skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka hér á þinginu og nota þá vinnu sem þar verður unnin til þess að taka upplýsta ákvörðun um framtíðarskipan sambands Íslands og Evrópusambandsins.

Ég get einnig tekið undir þá skoðun sem fram kemur að við eigum að horfa út fyrir Evrópusambandið og út til annarra landa og ekki eingöngu að binda sjóndeildarhring okkar við Evrópusambandið. Einnig er vert að taka undir það að við eigum að leggja mun meiri áherslu á nágrannaþjóðir okkar, samstarf við Færeyinga og Grænlendinga og reyna einnig að læra af ýmsum góðum hlutum sem þeir hafa fram að færa.

Frú forseti. Það sem ég vil einnig minnast á er mikil útþensla utanríkisráðuneytisins. Vissulega hafa ríkisútgjöld þanist gríðarlega út á síðustu árum sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. Á föstu verðlagi frá árinu 1998 virðist vera samkvæmt upplýsingum frá upplýsingaþjónustu Alþingis sem útgjöld til utanríkisráðuneytisins hafi aukist um 2,3 milljarða. Mér finnst það vera mjög háar upphæðir. Auðvitað eru ýmis verkefni þar ágæt og að horft sé til mannréttindamála og þess háttar víðs vegar um heiminn, mér finnst það vera jákvætt, því að vissulega er víða pottur brotinn hvað varðar mannréttindi víða um heim. En það er mjög sérstakt að sömu stjórnvöld sem leggja svo mikla áherslu á mannréttindastarf víða um heim þoli ekki umræðu um mannréttindi og eitt og annað sem því viðkemur á Íslandi, þola ekki upplýsta gagnrýni og reyna að koma í veg fyrir hana með því að stoppa opinber fjárframlög til Mannréttindaskrifstofu Íslands, um 75%, það hefur komið fram. Mér finnst að menn eigi einmitt þá frekar, og ég vona að menn sjái að sér, að hæstv. utanríkisráðherra sjái að sér í þessu máli og þakki fyrir gagnrýni á þessu sviði þannig að Ísland verði leiðandi á þeim sviðum. Og þegar menn senda fulltrúa — sendiherrum hefur fjölgað mikið á síðustu árum, um 70%, ef ég man rétt — þegar þeir senda þessa ágætu sendiherra út um víðan völl þá geti þeir sagt að hlutirnir séu til fyrirmyndar heima hjá sér, að það sé til fyrirmyndar á Íslandi og þar sé starfandi mannréttindaskrifstofa sem er gagnrýnin og menn verði einfaldlega að þola þá gagnrýni.

Ég sé að tími minn er að renna út. Hæstv. utanríkisráðherra segir að það kosti 600 milljónir að sækja um aðild að öryggisráðinu. Ég hef reynt að fá þetta fram og ég þakka fyrir að þær upplýsingar séu loksins komnar fram hérna á þinginu. Ég beindi þessari spurningu um miðjan nóvember, ef ég man rétt, til hæstv. utanríkisráðherra en hann hefur ekki séð sé fært einhverra hluta vegna að svara henni. En ég verð að segja að mér finnst þessum fjármunum mjög illa varið og ég tel að Íslendingar ættu að verja þeim miklu frekar til annarra verkefna. Það segi ég vegna þess að ég tel að við höfum einfaldlega ekki mikið vit á því sem fram fer og þeim ákvörðunum sem öryggisráðið á að fjalla um. Öryggisráðið á einmitt að fjalla um hættuástand, taka ákvörðun um hvort fara eigi með ófriði á hendur öðrum þjóðum. Það verður að segjast eins og er að við erum tæplega 300 þúsund og það eru ekki margir sérfræðingar á því sviði. Við eigum miklu frekar að horfa til þeirra verkefna sem við ráðum við og getum lagt þjóðum heimsins lið í stað þessa að vera að þvælast í einhverjum verkefnum eins og í öryggisráðinu þar sem við verðum að treysta á okkar ágætu bandamenn, Bandaríkjamenn. Því miður hefur stjórnarstefnan þar síðustu árin ekki verið til þess fallin að afla okkar þjóð vinsælda víða um heim, því miður, frú forseti.

[15:43]

Jón Bjarnason:

Virðulegi forseti. Við ræðum utanríkismál og hæstv. utanríkisráðherra hefur flutt Alþingi munnlega skýrslu sína um framvindu utanríkismála eða framvindu mála sem íslensk utanríkisþjónusta hefur beitt sér fyrir og staðið að og tekið þátt í á alþjóðavettvangi.

Það er náttúrlega augljóst mál að þegar við hlýðum á þá

ræðu og skýrslu utanríkisráðherra speglast þar bæði áhersla og stefna núverandi ríkisstjórnar í utanríkismálum, að sjálfsögðu. Sum þau atriði sem hæstv. utanríkisráðherra hefur dregið hér upp í utanríkismálum ganga svo sannarlega í berhögg við t.d. stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í utanríkismálum og einmitt þar speglast þær andstæður.

Þó eru ákveðin atriði í ræðu utanríkisráðherra sem ég vil hér taka undir. Ég styð vissar áherslur sem þar eru dregnar fram, m.a. í ferðamálum og á alþjóðavettvangi. Þar er einmitt lögð áhersla á og áréttað hið gríðarlega mikilvægi ferðaþjónustunnar í íslensku efnahagslífi. Þar er minnst á að um 15% af nettógjaldeyristekjum þjóðarinnar komi frá ferðaþjónustunni og allar líkur benda til að forsendur séu fyrir því að þær bara haldi áfram að aukast, og nokkuð með svipuðum hraða og á síðustu árum.

Ég tek undir þær áherslur sem þar eru dregnar upp og harma reyndar að á fjárlögum þessa árs skuli hafa verið skornar niður á annað hundrað milljónir króna fjárveitingar til markaðssetningar í ferðamálum erlendis. Það er ekki alveg í takt við áherslur hæstv. utanríkisráðherra. Engu að síður er þó ástæða til að taka undir þau orð sem sett eru fram í ræðu ráðherrans.

Annað atriði sem er minnst á í ræðu hæstv. utanríkisráðherra er að unnið sé að fríverslunarsamningum við Færeyjar. Í undirbúningi er samningur við Grænland um fríverslun. Eins og hæstv. ráðherra tók fram í ræðu sinni er ávallt gleðiefni að ganga frá jákvæðum samningum sem báðir aðilar eru ánægðir og sáttir með við nágranna okkar eins og Færeyinga og Grænlendinga. Ég tek heils hugar undir þær áherslur sem hæstv. utanríkisráðherra dregur fram varðandi Færeyjar og Grænland.

Ýmis fleiri atriði getur líka verið ástæða til að fara jákvæðum orðum um, herra forseti, en ég ætla þó að víkja hér að öðru.

Ég sagði í upphafi að það væri mikill munur á ákveðnum meginatriðum í utanríkisstefnu þessarar ríkisstjórnar og þeirrar stefnu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur í utanríkismálum. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnu Íslands í alþjóðasamskiptum þar sem rakin eru grunnatriði í utanríkisstefnu sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð vill hafa sem hornstein fyrir utanríkismál á vegum íslensku þjóðarinnar. Með leyfi forseta langar mig til að vitna hér aðeins í tillögu til þingsályktunar sem þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa flutt. Þar segir:

„Alþingi ályktar að hagsmuna Íslands verði best gætt með því að landið varðveiti sjálfstæði sitt og fullveldi og standi utan ríkjasambanda en hafi við þau sem besta samvinnu með sérsamningum án aðildar. Þannig verði sjálfstæð og óháð staða landsins nýtt til að treysta samskiptin við ríki, bandalög og markaði beggja vegna Atlantshafsins og við aðra heimshluta. Sérstök áhersla verði lögð á þátttöku í vestnorrænu og norrænu samstarfi og aðra svæðisbundna samvinnu í okkar heimshluta, þátttöku í starfi Sameinuðu þjóðanna, starfi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og starfi Evrópuráðsins.

Vegna EES-samningsins og annarra framtíðarsamskipta við Evrópusambandið verði af Íslands hálfu leitast við að þróa þau í átt til tvíhliða samninga um viðskipti og samvinnu.“

Í ályktun okkar var einnig einmitt lagt til að kosin yrði nefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka til að vinna með ríkisstjórninni við nánari útfærslu slíkrar stefnumótunar. Hvort sem var vegna þessarar áherslu í tillögu okkar eða með öðrum hætti til komið ákvað núverandi utanríkisráðherra, þáverandi hæstv. forsætisráðherra, Davíð Oddsson, að skipa nefnd á ákveðnu sviði utanríkismála, þ.e. varðandi tengsl og samskipti Íslands við Evrópusambandið, bæði í nútíð og framtíð, hvað gæti best beðið okkar þar.

Ég tel að sú tillaga að skipa þá nefnd hafi verið einmitt mjög gott innlegg í þróun og stefnumörkun í íslenskum utanríkismálum.

Ég leyfi mér í þessu sambandi að benda á að það er skoðun mín, og fleiri þingmenn Vinstri grænna hafa einmitt lagt hana fram, að telji menn að EES-samningurinn sé orðinn íþyngjandi, óþægilegur eða þjóni ekki hagsmunum okkar á viðunandi hátt eigum við að sjálfsögðu að kanna hvort þróa megi þann samning upp í tvíhliða samning milli Íslands og þá Evrópusambandsríkjanna, sem og þá að þróa tvíhliða samninga við önnur ríki heimsins. Þeir samningar yrðu gerðir á forsendum samningsaðilanna sem þar ættu hlut að máli og ég tel að gæti orðið farsælt.

Ég vil síðan aðeins víkja að öðru atriði í utanríkismálunum. Nokkrir sem hafa tekið til máls í þessari umræðu hafa lýst för sinni til Palestínu og Ísraels nú nýverið. Ég verð að segja hér að þessi ferð var mjög áhrifarík, fyrst og fremst að koma til þessa ríkis, Palestínu-/Ísraelsríkis, sem ég las um sem barn, eins og fleiri. Jafnhliða sem við lásum Íslandssöguna, um Snorra Sturluson og landnámið og alla Íslandssöguna, lásum við biblíusögurnar, og Hebron, Betlehem og Dauðahafið voru nánast alveg jafnnærri okkur og Reykholt og Skálholt, a.m.k. lásum við það jöfnum höndum og hrifumst með. Þess vegna var afar áhrifaríkt að koma á þessar slóðir og finna að maður á vissan hátt þekkti sig.

Það var líka áhrifaríkt að ferðast á meðal þessara þjóða, bæði á meðal palestínsku þjóðarinnar og þeirrar ísraelsku. Þá rifjaðist upp forsagan um stofnun Ísraelsríkis sem gerðist í lok síðustu heimsstyrjaldarinnar, þegar henni lauk og þjóðir heimsins voru að gera upp þau dapurlegu og hryllilegu atriði í þeirri harmsögu allri, seinni heimsstyrjöldinni, sem voru helförin gegn gyðingum. Þá var ákveðið að stofnað skyldi Ísraelsríki árið 1948 og Sameinuðu þjóðirnar beittu sér fyrir því árin 1947 og 1948.

Árið 1947 er hið palestínska land afhent Sameinuðu þjóðunum og eftir umfjöllun þar lögðu Sameinuðu þjóðirnar til stofnun tveggja ríkja á þessu landi, Ísraelsríkis og Palestínu. Nágrannalöndin voru náttúrlega ekki hrifin af þessari skipan og upphófust þá deilur og stríð sem standa enn. Í stríði tapa alltaf allir.

Þegar við vorum að ferðast um hið palestínska ríki sáum við hvernig þessu hertekna landi hefur verið skipt upp í svæði með múrum, það var verið að múra einstaka borgir inni. Jarðirnar voru fyrir utan múrana. Í einni borg sem við komum var bara eitt meginhlið sem var vaktað en annars var hún alveg hringgirt. Íbúarnir voru afgirtir frá fjölskyldum sínum sem voru utan múranna, frá löndum sínum og

jörðum og atvinnu sinni. Fólkið sem var utan múranna var afgirt frá því að sækja skóla, sjúkrahús eða aðra almenna þjónustu og þá fylltist maður að sjálfsögðu mikilli depurð, ekki síst þegar rökin sem leidd eru fyrir þessu eru þau að þetta þurfi að gera í öryggisskyni. Í öryggisskyni þarf að ryðja land meðfram þessum gríðarlega háa múr, a.m.k. 400 metra land beggja megin við múrinn, þar sem enginn má koma. Þar var svokallað öryggissvæði. Ef menn missa boltann sinn inn á þau svæði eiga þeir á hættu að verða skotnir eins og nýlegt dæmi í fréttum sannar. Þá verður maður dapur og mjög sorgmæddur.

Þegar við komum inn í Jerúsalem og fórum þar inn í þann borgarhluta sem Ísraelsmenn ráða og inn í stórverslun sem þar var, miklu stærri en við þekkjum hér, voru þar vopnaðir verðir við allar dyr. Til að komast inn í þessa verslun þurftum við nánast að afklæðast og allt var gegnumlýst. Bara Ísraelsmönnum var hleypt inn í þessa verslun og svo öðrum þeim sem voru talið óhætt að sleppa þarna inn, eins og í þessu tilfelli okkur Íslendingunum. Inni í versluninni voru alls staðar hermenn með alvæpni. Allt þetta var gert í öryggisskyni og til að vernda friðinn.

Friður — undir þessum kringumstæðum getur aldrei orðið friður. Við upplifðum þennan gríðarlega ótta sem alls staðar var, meðal Ísraelsmanna og Palestínumanna. Palestínumenn hafa ekki einu sinni yfir landi að ráða. Það er verið að tala um heimastjórn Palestínu í ákveðnum borgum en landinu ráða Ísraelsmenn og þeir ráða hvenær þeim þóknast að taka af þeim þetta sjálfstjórnarvald, ef það má kalla það svo, sem er bara sjálfstjórnarráð.

Bæjarhlutar Palestínumanna voru lokaðir og fólk stóð í biðröðum til að komast út og inn úr bænum sínum. Þeir urðu kannski að bíða klukkutíma eða lengur og máttu ekki fara á bílnum sínum yfir.

Herra forseti. Þetta öryggi sem er nú í Ísrael og Palestínu er ógnun við heimsfriðinn. Að byggja upp öryggi með þessum hætti getur aldrei leitt til friðar. Bygging þessara múra í Ísrael og Palestínu er mér hryllingur. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. utanríkisráðherra hér: Hafa Íslendingar (Forseti hringir.) mótmælt á alþjóðavettvangi byggingu þessara aðskilnaðarmúra í Palestínu og Ísrael (Forseti hringir.) sem er ein mesta ógnunin við heimsfriðinn að mínu mati, a.m.k. á þessu svæði?

[15:58]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs í annað sinn í dag, fór yfir nokkur atriði í fyrri ræðu minni, átti sitthvað ósagt.

Fyrst langar mig til að víkja að tveimur þáttum sem hafa komið til umræðu síðan ég stóð í pontu. Annars vegar átti ég ósagt nokkur orð við hv. formann utanríkismálanefndar þingsins, Sólveigu Pétursdóttur, en hún sagði í ræðu sinni eða í andsvari við mig að það skyti skökku við að Vinstri hreyfingin – grænt framboð bæri fyrir brjósti hag friðargæslunnar, en þá hafði ég rætt sérstaklega tryggingar þeirra einstaklinga sem urðu fyrir sprengju í Kabúl ekki alls fyrir löngu og hefur verið til umræðu í fjölmiðlum. Ég tók þetta mjög óstinnt upp og sagði að við hefðum alla tíð borið hag þessara einstaklinga fyrir brjósti, við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, og frábið mér svona tal. Ég ætla að gera þetta mál upp hér og nú.

Hv. þingmaður sagði, með leyfi forseta:

„Það ber nýrra við að talsmaður Vinstri grænna skuli bera hagsmuni Íslensku friðargæslunnar fyrir brjósti.“

Ég andmælti þessu.

Síðan sagði hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, með leyfi forseta:

„Mér finnst furðulegt þegar hv. þingmaður reynir að halda því fram að hér sé um útúrsnúning að ræða. Hann er þá sjálfur með útúrsnúninga þegar hann talar um að hægt sé að skilja að málefni einstaklinga og réttindamál þeirra og svo starfsemi Íslensku friðargæslunnar.“

Hæstv. forseti. Ég tel að hægt sé að skilja þetta tvennt að. Við höfum á málefnalegum forsendum andmælt þátttöku okkar í svokölluðu „friðargæslustarfi“ í Afganistan — sem ég set rækilega innan gæsalappa — annars vegar og hins vegar fjallað um hagsmuni þeirra einstaklinga sem í hlut eiga.

Hæstv. utanríkisráðherra var mjög afdráttarlaus í yfirlýsingum sínum í dag hvað varðar réttindamál einstaklinganna og er ég sammála því sem fram kom hjá honum, að við aðstæður af því tagi sem hér er um að ræða er að sjálfsögðu ekki hægt að greina á milli þess sem fólk gerir í afmörkuðum vinnutíma og hins sem er utan vinnutímans. Auðvitað rennur þetta allt saman í eitt. Ég fagnaði því þá og geri enn og ítreka að jákvætt er að utanríkisráðuneytið sé með þetta mál til frekari skoðunar á þessum forsendum.

Hitt atriðið sem ég vildi víkja að voru athugasemdir hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. Hann harmaði að ég skyldi ekki hafa dvalið lengur við ástandið í Írak í ræðu minni, en ég hef ekki úr meiri tíma að moða en aðrir þingmenn, 15 mínútum, og þarf að koma víða við. Hann gagnrýndi í ræðu sinni síðan að ég hefði talað um að kosningarnar í Írak hefðu verið í skötulíki og vafasamt að tala um þær í sama orðinu og lýðræðislegar kosningar eins og við þekkjum til. Ég stend að sjálfsögðu fyllilega við þetta. Staðreyndin er sú engu að síður, eins og hann benti á, að margar milljónir manna tóku þátt í kosningunum en þeim var að sjálfsögðu mjög ábótavant. Það er ekki hægt að halda frjálsar kosningar í hersetnu landi. Ég nefni það eitt að í borginni Falluja, þar sem einhverjir alvarlegustu stríðsglæpir hernámsliðsins voru framdir, voru engar kosningar haldnar. Þar var ekkert fólk á kjörskrá, enda hafði fjórðungur úr milljón íbúa borgarinnar verið hrakinn á brott og hefur núna í seinni tíð verið að flytja smám saman til baka, sennilega innan við 100 þúsund manns. Þetta er aðeins eitt dæmi.

Talið er að af 27 milljónum sem menn ætla að byggi Írak hafi 13 milljónir skráð sig á kjörskrá og þar af var kjörsókn 58% og þá erum við að tala um 7,5–8 milljónir manna. Auðvitað var það mikill fjöldi fólks sem tók þátt í þessum kosningum, ég ætla ekki að gera lítið úr því, enda efast ég aldrei og hef aldrei efast um vilja þeirrar þjóðar, almennings í því landi til að búa við frelsi og lýðræði, að sjálfsögðu ekki.

En ég gæti nefnt fjöldann allan af dæmum um kosningarnar þar sem þeim var ábótavant. Það er alkunna að kjörsóknin var mest í Kúrdahéruðunum norðan til og á svæðum sjíta-múslima í Suður-Írak, en í miðhluta landsins sem er að mestu byggður súnní-múslimum var kosningaþátttakan lak-

ari, bæði vegna þess að fjöldi þeirra sniðgekk kosningarnar og sums staðar kom skálmöld í veg fyrir að hægt væri að halda kjörfund yfirleitt. Svo er þess að geta að í norðurhlutanum, þar sem kosningaþátttaka var allmikil í Kúrdahéruðunum og í þeim héruðum þar sem Kúrdar eru ráðandi, gerðu þeir sig því miður seka um að koma í veg fyrir að fjöldi fólks af öðrum þjóðarbrotum gæti notið kosningarréttar, en talið er að kosningarréttur hafi verið hafður af á milli 200 og 400 þúsund Assyríumönnum sem búa á þessu svæði og fleiri hópa mætti einnig nefna.

Þessa get ég vegna þess að hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson óskaði sérstaklega eftir því að ég tjáði mig nánar um kosningarnar í Írak og hvað byggi að baki staðhæfingum mínum um að kosningarnar hefðu verið í skötulíki. Ég ítreka að í hernumdu landi er ekki hægt að halda frjálsar kosningar og það sannaðist í Írak. Síðan er það allt annar handleggur að fjöldi manns tók þátt í þessum kosningum og er það lýsandi vitnisburður um hvað fólkið vill að sjálfsögðu, en þessu tvennu getum við ekki ruglað saman.

Síðan langar mig til að víkja að nokkrum þáttum í ræðu hæstv. utanríkisráðherra og þá fyrst kannski að víkja að niðurlagsorðum ræðunnar.

Hann segir þar, með leyfi forseta:

„Herra forseti. Sem endranær er það tilgangur íslenskrar utanríkisstefnu og markmið utanríkisþjónustunnar að gæta hagsmuna og velferðar lands og þjóðar."

Að sjálfsögðu. Þetta hef ég engar efasemdir um.

Síðan heldur áfram, með leyfi forseta:

„Það verður áfram best gert í samstarfi við bandamenn og önnur lýðræðisríki um að tryggja frið og frelsi í heiminum."

Það er nú þetta með bandamennina okkar. Ég veit ekki til hverra hæstv. utanríkisráðherra er að vísa, væntanlega til NATO-ríkjanna og hinnar vígfúsu sveitar sem stóð að baki Bandaríkjamönnum við innrásina í Írak, að baki þeim Bush og Blair, forsætisráðherra Bretlands. Í þeim hópi má nefna fjölda ríkja, Erítreu, Albaníu, Makedóníu, Rúanda, Georgíu, Úkraínu og Úganda. Eða það mætti nefna hjálparkokkana frá innrásinni í Afganistan eins og Úsbekistan, Túrkmenistan, Pakistan og aðra útverði mannréttinda í Mið-Asíu.

En þess má geta, svo ég taki eitt dæmi um mannréttindi og af því að vísað er til þess í samhenginu „frelsisbarátta" að World Press Freedom setti upp lista 167 ríkja með tilliti til mannréttinda og þar kom bandaríki hæstv. utanríkisráðherra, Davíðs Oddssonar, Erítrea númer 163 af 167 þegar meta átti frelsi og mannréttindi þar innan borðs. En nóg um þetta.

Það er vikið að Doha-lotunni og fagnað samningum um þjónustu og sagt að vonir standi til að þeim samningum eða Doha-lotunni ljúki og hugsanlega á þessu ári. Þessir samningar hafa gengið í rauninni afskaplega illa, sigldu í strand fljótlega eftir Doha-fundinn í Katar. Þá endurskoðuðu menn hernaðarlist sína, hvernig þeir ættu að haga sér gagnvart almenningi í heiminum sem hefur reist miklar mótbárur gegn þessum samningum og það var ákveðið að fara með þær inn í leynilegan farveg, sveipa þær leynihjúp eins og kostur væri þannig að einstök ríki reistu kröfur á hendur öðrum og héldu fullri leynd yfir því. Evrópusambandsríkin afsöluðu sér samningsumboði í hendur framkvæmdanefndar bandalagsins, sem hélt mjög leynilega á sínum málum. Upplýst hefur verið um þetta annað veifið hvaða kröfur framkvæmdanefndin hefur verið að reisa á hendur öðrum ríkjum í heiminum. Það varð mikið uppistand í Bretlandi þegar í ljós kom að krafan var sett á einkavæðingu vatns, m.a. í þróunarríkjunum.

Við höfum eflaust verið tilneydd til að taka þátt í þessu leynimakki. Samtök launafólks hafa gert sitt til að reyna að fá málin fram í dagsljósið og ég verð að segja að starfsmenn utanríkisráðuneytisins sem sinna þessum málum hafa gert það mjög vel miðað við þann ramma sem þeim er settur að þessu leyti. En ég vil ítreka að mér finnst fráleitt og óásættanlegt að alþjóðasamningar fari fram með þessum hætti þar sem verið er að taka á grundvallarmálum sem snerta hagsmuni okkar og þjóðarhag.

Síðar í ræðu hæstv. utanríkisráðherra er fjallað um velheppnuðu kosningarnar í Írak og Kabúl og síðan er komið inn í gereyðingarvopnin og þar er bent á þá hættu sem stafar af Norður-Kóreu og Íran, að þessar þjóðir séu hugsanlega að brjóta alþjóðlegar skuldbindingar um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna. Það er alvarlegt mál, ég tek undir það, það er mjög alvarlegt mál. Okkur ber að vinna að því að reyna að draga úr hættunni á útbreiðslu kjarnorkuvopna og það er alveg rétt sem segir í ræðu hæstv. utanríkisráðherra að „gjöreyðingarvopn í höndum skálkastjórna og annarra óábyrgra ríkja er mesta öryggisógn sem steðjar að mannkyninu um þessar mundir ásamt hættunni á að hryðjuverkamenn eignist slík vopn."

Ég vil bæta fleirum í þennan hóp sem ég tel að í hugmyndum hæstv. ráðherra rúmi ekki Bandaríkjamenn og aðrar þjóðir sem hafa þessi vopn undir höndum og vil minna á að Bandaríkjamenn eru eina þjóðin í heiminum sem hefur beitt kjarnorkuvopnum gegn annarri þjóð. Það var gert í ágúst 1945 gegn Japan, drápu í sprengingunum á Nagasaki og Hírósíma 100 þúsund manns og mörg hundruð þúsund manns örkumluðust og dóu síðan í kjölfarið og áhrifanna gætir enn. Og Bandaríkjamenn verja þessa gjörð sína enn þá.

Síðan er ástæða til að minna á að Bandaríkjastjórn sagði upp ABM-samningum, Anti-Ballistic Missile Treaty, sem var gerður 1972. Bandaríkjamenn eða Bush gerði það á fyrstu metrunum í embætti sínu og síðan hafa þeir lagst gegn samningum um bann við tilraunum gegn kjarnorkuvopnum. Þessu hefur hæstv. utanríkisráðherra engar áhyggjur af og ekki heldur tilraunum sem gerðar hafa verið á vegum annarra ríkja, Ástralíu, Suður-Kóreu. Ég er upplýstur um það af hálfu sérfræðinga íslenska ríkisins að þar sé ekki saman að jafna því sem sé að gerast í Íran. Það má vel vera, ég ætla ekki að fella neinn dóm um það, en hitt veit ég að menn leggja það ekki að jöfnu í sínum pólitísku dómum þegar í hlut eiga ríki sem eru hliðholl Bandaríkjunum og önnur.

Þá kem ég að því sem ég því miður hef allt of lítinn tíma til, það er öryggisráðið. Ég vil spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvort hann sé sammála mér að því leyti að við gætum varið þeim fjármunum sem eiga að fara í tilraunir okkar til að komast í öryggisráðið og tilkostnað í tengslum við það betur til annarra mála. Það er t.d. unnið að hafbotnssáttmála

fyrir Sameinuðu þjóðirnar, við höfum sett framlag og vinnu inn í það verkefni. Eigum við ekki frekar að nota þessa peninga á sviði af þessu tagi, efla rannsóknir hér heima við háskóla og aðrar rannsóknarstofnanir í stað þess að vera að streða þetta að komast inn í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna? Værum við ekki að verja peningum okkar á markvissari hátt til að láta gott af okkur leiða á alþjóðavettvangi með þeim hætti? Það væri fróðlegt að heyra svar hæstv. utanríkisráðherra um það efni.

[16:14]

Útbýting:

Bókhald, 478. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1249.

Lífeyrissjóður bænda, 696. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1227.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 732. mál, nál. 1. minni hluta sjútvn., þskj. 1246.

Verðbréfaviðskipti, 503. mál, þskj. 1217.

[16:14]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Mig langaði til að koma hér upp í dag öðru sinni til að fjalla aðeins nánar um ræðu hæstv. utanríkisráðherra sem hann flutti í morgun um utanríkismál. Það er nú þannig til háttað á minni skrifstofu að sjónvarpið virkar og ég hef því getað fylgst með umræðum í dag og mér hafa þótt þær bæði áhugaverðar og fyrir margt athyglisverðar. Það hefur kannski blásið mér í brjóst, veitt mér innblástur til að koma hingað í annað sinn, ég skal ekki um það segja.

Hæstv. utanríkisráðherra hóf ræðu sína hér í morgun m.a. á því að tala um Evrópusambandið og þar hygg ég nú, þó að við séum ósammála um ástandið í Palestínu, að við séum nokkuð sammála um pólitíkina varðandi Evrópusambandið. EES-samningurinn hefur verið okkur til gæfu og ég sé enga ástæðu til þess að við Íslendingar séum neitt að daðra við inngöngu í þetta samband.

Mig langar núna, af því að rétt vika er til þingkosninga í Bretlandi, til að vekja athygli á því að Íhaldsflokkurinn, þ.e. systurflokkur eða bróðurflokkur hæstv. utanríkisráðherra í Bretlandi, hefur meitlað og mótað nýja stefnu í sjávarútvegsmálum. Innan Íhaldsflokksins eru öfl sem eru mjög ósátt, og hafa ávallt verið, við aðild Breta að Evrópusambandinu. Gríðarleg óánægja ríkir á Bretlandseyjum, bæði í Skotlandi og líka sunnar í Bretlandi, með hina svokölluðu sameiginlegu fiskveiðistefnu Evrópusambandsins. Breski Íhaldsflokkurinn hefur farið í þessa kosningabaráttu núna með svokallaðan grænan pappír sem hann kynnti fyrr í vetur. Sá inniheldur nýja fiskveiðistefnu, nýja fiskveiðipólitík sem breskir íhaldsmenn vilja innleiða á Bretlandseyjum.

Sú pólitík líkist mjög þeirri sem við í Frjálslynda flokknum höfum verið að boða, líkist mjög þeim áherslum sem við höfum viljað leggja á fiskveiðistjórnarmál, sjávarútvegsmál hér á Íslandi. Það er náttúrlega fyrir marga hluti nokkuð athyglivert að einmitt Sjálfstæðisflokkurinn skuli í lengstu lög halda áfram að verja þá sjávarútvegsstefnu sem fylgt hefur verið hér á landi í tvo áratugi þrátt fyrir að það hafi sýnt sig að hún hafi ekki skilað því sem hún átti að skila. Ég get alveg sagt: Því miður. Ég ætla ekki að segja að menn hafi ekki lagt af stað með góðar áætlanir og fögur fyrirheit en því miður hefur fæst af því gengið eftir. Ég held að við verðum bara að fara að viðurkenna það. Sérstaklega í ljósi nýjustu fregna af ástandi og horfum þorskstofnsins verðum við að fara að viðurkenna að þetta hefur alls ekki gengið upp hjá okkur. Við erum ekki á þeirri vegferð sem við ætluðum í þegar við lögðum af stað fyrir rúmlega 20 árum.

En nóg um það, virðulegur forseti, ég ætla ekki að eyða dýrmætum mínútum í að þvarga yfir þessu, það verður að bíða betri tíma, en mig langar aðeins til að fara yfir helstu atriðin í nýrri sjávarútvegsstefnu breska Íhaldsflokksins okkur öllum til upplýsingar. Það kerfi byggist sem sagt á því að breskir íhaldsmenn vilja hverfa frá kvótastýrðum fiskveiðum í botnfiski, eins og við viljum gera í Frjálslynda flokknum, þeir vilja taka upp sóknarstýrt fiskveiðikerfi. Þeir vilja líka leggja blátt bann við brottkasti á fiski og það höfum við að sjálfsögðu hér við Ísland líka þó að það hafi reyndar verið vandamál um margra ára skeið. Þeir vilja leggja áhersluna á lokun veiðisvæða til að vernda fiskstofna og það er liður í því sem við í Frjálslynda flokknum höfum boðað ásamt því að vera með sóknarstýrt kerfi, þ.e. að við getum lokað ákveðnum svæðum til að vernda fiskstofna eða hluta fiskstofna, til að mynda hrygningarstofn fyrir veiðum þegar hann er að hrygna. Þeir vilja líka loka svæðum tímabundið og það er að sjálfsögðu aðferð sem okkur hugnast. Þetta eru aðferðir sem hafa verið notaðar hér á Íslandi, þ.e. lokun svæða til lengri tíma og síðan til skemmri tíma í bland við kvótakerfið hér á landi.

Breskir íhaldsmenn leggja áherslu á að notuð séu veiðarfæri sem hafa góða kjörhæfni, geta þá veitt ákveðnar tegundir eða ákveðna stærð af fiskum. Þetta höfum við haft hér líka í kvótakerfinu. Við í Frjálslynda flokknum viljum leggja svolítið öðruvísi áherslur á þessi mál en gert hefur verið í fiskveiðistjórn hér við land fram til þessa, m.a. leggja meiri áherslu á svokallaðar krókaveiðar þegar verið er að veiða tegundir botnfiska. Ég ætla ekki að fara nánar út í það.

Íhaldsmennirnir vilja leggja áherslu á að það verði lágmarksstærðir á fiski, að menn hafi einhver viðmiðunarmörk eins og við höfum reyndar hér í kvótakerfinu. Þeir vilja að sjálfsögðu að bátar verði háðir veiðileyfum og það viljum við einnig í Frjálslynda flokknum þó að við viljum hafa þetta tiltölulega rúmt í minnsta flotanum enda teljum við að minnstu bátarnir í strandveiðiflotanum verði aldrei nein ógn við neina fiskstofna. Það eru aðrir þættir eins og veðurfar og þess háttar sem hafa hömlur.

Þetta eru helstu liðirnir í nýrri fiskveiðistefnu breskra íhaldsmanna. Það sem skilur fyrst og fremst á milli þess sem við höfum hér við land og þess sem þeir vilja innleiða við Bretlandsstrendur er að þeir vilja afnema kvótastýringuna og telja að það sé miklu vænlegra fyrir breskt þjóðfélag og þá sérstaklega sjávarbyggðirnar því að fiskveiðar hafa þrátt fyrir allt verið mikilvægar á ákveðnum svæðum við Bretlandseyjar. Þó að þær skipti mjög litlu máli í heildartilliti fyrir þjóðfélagið allt eru þær mjög mikilvægar til að mynda í Norðaustur-Skotlandi, í sjávarbæjunum þar. Þangað hef ég komið og orðið var við þessa miklu óánægju, ekki síst með árangursleysi fiskveiðistjórnar Evrópusambandsins sem er algjör hryllingur og hefur verið lengi, það vitum við.

Ég bið bara allar góðar vættir að hjálpa mér ef sú fiskveiðistjórn ætti eftir að hellast yfir okkur hér á Íslandi því að þó að það hafi verið slæmt hér yrði það enn verra ef Evrópusambandið kæmist með puttana í það, það er alveg á hreinu.

Það er sem sagt mikil óánægja með árangursleysið en líka er mikill ótti við það að þjóðir sunnan úr álfunni, sunnan úr Evrópu, sæki norður á bóginn og leggi undir sig mið heimamanna. Þetta er raunveruleg og mjög alvarleg hætta sem blasir við fólki á Bretlandseyjum, þ.e. að þjóðir eins og Spánverjar og Portúgalar sem búa yfir miklum fiskveiðiflotum sæki norður á bóginn. Mér hefur verið tjáð það í þessum sjávarútvegsbæjum að það sé stöðugur þrýstingur af hálfu þessara þjóða að fá að komast norður á bóginn, komast í Norðursjóinn, fá að veiða norður af Bretlandseyjum allt upp að færeysku lögsögunni og jafnvel enn lengra. Bretar eiga mjög í vök að verjast, Skotar einkum og sér í lagi, andspænis þessum þrýstingi frá Evrópusambandinu.

Í það heila, virðulegi forseti, fagna ég því að það er ekkert að sjá í þessari ræðu sem gefur tilefni til að óttast að ríkisstjórnin ætli neitt að fara að daðra við aðild að Evrópusambandinu.

Tíminn líður hratt, herra forseti. Mig langaði til að koma inn á annað mál. Það eru náttúrlega ótal mörg athyglisverð mál sem hæstv. utanríkisráðherra minntist á í ræðu sinni í morgun sem hefði verið gaman að ræða svolítið nánar. Ég kom aðeins inn á ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs í fyrri ræðu minni. Það er eitt mál einkum og sér í lagi sem mig langar til að ræða, sem enginn hefur minnst á fram til þessa, og það eru þau atriði sem hæstv. utanríkisráðherra kom inn á í lokaorðum sínum. Þar er á ferðinni stórmál, mjög ánægjulegt að ríkisstjórnin skuli hafa hafið vinnu við það að undirbúa málsókn okkar fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag gegn Noregi vegna hins svokallaða Svalbarðamáls. Þetta hygg ég, virðulegi forseti, að sé kannski eitt mikilvægasta utanríkismál okkar Íslendinga um þessar stundir. Ég er í raun og veru ekki í neinum vafa um það. Þarna eru í húfi alveg gríðarlegir hagsmunir, framtíðarhagsmunir, fyrir okkur Íslendinga. Norðmenn eru að reyna að slá eign sinni á gríðarlega stórt svæði, bæði landsvæði og hafsvæði norðaustur af okkur, og á þessum svæðum eru miklar auðlindir, ekki bara fiskstofnar heldur líka olía og gas.

Norðmenn gera sér mjög vel grein fyrir því að þarna eru miklar auðlindir. Nýverið kom út stór og viðamikil skýrsla á vegum utanríkisráðuneytisins í Noregi, skýrsla upp á einar 130 blaðsíður. Það var nefnd sérfræðinga sem skilaði af sér vinnu sem hófst fyrir réttu einu og hálfu ári, að ég hygg, og þar er einmitt bent á það að á þessum svæðum sé að finna mikilvægar auðlindir með tilliti til olíu, kola og einnig gass.

Það er mín bjargfasta trú og skoðun að við Íslendingar eigum að sýna Norðmönnum fulla hörku í þessu máli og eigum að halda áfram ótrauð að undirbúa málsókn fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag gegn Norðmönnum því að ég hygg að við munum ekki vinna þetta mál öðruvísi en fyrir dómstólum. Það er alveg fullreynt, að ég tel, að Norðmenn muni nokkuð gefa eftir. Þeir hafa verið vanir að beita fyrir sig klókindalegri pólitík sem gengur út á það að ávinna sér eins konar hefðarrétt, fara hljóðlega um í von um að engir mótmæli svo alvarlega að eftir verði tekið. Þetta hefur tekist ágætlega fram að þessu. Þeir hafa náð eins konar þegjandi samkomulagi við Rússa sem virðast jafnvel vera með þeim í einhverju samkrulli um þessi mál sem síðan gengur þá út á það að halda hinum fyrir utan. Evrópusambandið virðist ekki hafa sýnt þessu mjög mikinn áhuga, enda hefur kannski Evrópusambandinu verið mútað með veiðikvótum í Barentshafi í gegnum árin. Þá standa einungis eftir Íslendingar og ég hygg að það hljóti að verða hlutverk okkar að fá skýra niðurstöðu í þetta mál, mjög skýra niðurstöðu um það hver eigi í raun og veru tilkall til yfirráða á Svalbarða og hafsvæðinu þar allt í kring.

Hæstv. utanríkisráðherra talar nokkuð skýrt um þetta mál í ræðu sinni, mun skýrar og ítarlegar um þetta mál en mörg önnur mál sem hann kom inn á þar á undan. Ég verð að segja að ég hef líka fylgst með fréttum það sem af er degi og mér finnst undarlegt að enginn fréttamiðilll skuli hafa greint frá þessu starfi og lagt áherslu á það að beina kastljósinu einmitt að þessu máli. Hér er á ferðinni mjög mikilvægt og stórt mál. Það passar líka vel inn í árstíðina, nú er að koma vor og síldin að ganga hér yfir. Enn er ógengið frá samningum um skiptingu síldarinnar við Evrópusambandið, Norðmenn og Færeyinga, og það er að sjálfsögðu einnig mjög stórt utanríkismál því að þessi síldarstofn er í mjög örum vexti, verð á síld afskaplega hagstætt um þessar mundir og þarna því um gríðarleg verðmæti að ræða.

Í það heila, virðulegi forseti, fer þessari umræðu að ljúka reikna ég með. Ég vil að lokum lýsa undrun minni á því að við höfum ekkert séð til ferða þingmanna Famsóknarflokksins í þessari umræðu í dag. Ég held að Framsóknarflokkurinn eigi eina fjóra fulltrúa í utanríkismálanefnd Alþingis, enginn þeirra hefur sést við umræður í dag. (Gripið fram í.) Mér þykir þetta mjög skrýtið því að fyrrverandi utanríkisráðherra og núverandi hæstv. forsætisráðherra er jú formaður Framsóknarflokksins og ég hygg að það hefði ekki skaðað að hv. þingmenn Framsóknarflokksins, hins ríkisstjórnarflokksins, hefðu komið hingað, látið ljós sitt skína og tekið þátt í umræðum og þá um leið að sjálfsögðu staðið fyrir máli sínu. Utanríkismálin eru mjög mikilvægur málaflokkur, þar er af mörgu að taka og það er hægt að hreyfa við ótal mörgum mikilvægum þjóðþrifamálum í umræðu á svona degi. Þetta hygg ég að sé alvarlegur afleikur hjá vinum okkar í Framsóknarflokknum. Við skulum bara vona að þeir sitji á skrifstofum sínum og að sjónvarpstækin þeirra séu í lagi þannig að þeir hafi þá a.m.k. vitað hvað fór hér fram og hvernig púlsinn er í utanríkismálaumræðu (**Gripið fram í:** Sammála því.) á Íslandi í dag.

Það er engin ástæða fyrir stjórnmálaflokk að hætta að fylgjast með utanríkismálum þó að hann ráði ekki lengur yfir utanríkisráðuneytinu.

[16:28]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið við lok þessarar umræðu til að þakka mönnum fyrir málefnalega umfjöllun um þau efni sem hér hafa verið til umfjöllunar. Auðvitað hefur sitt sýnst hverjum eins og verða vill um ýmis málefni en þó er það svo að einnig hefur verið allgóð sátt um stór atriði sem skipta miklu fyrir hag og heill íslensku þjóðarinnar.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék að fríverslun við Kanada og spurðist fyrir um hvers vegna tafist hefði að fjalla um það mál og hvort Norðmenn hefðu staðið þar í vegi. Það er alveg rétt að það hefur tafist að ljúka fríverslunarsamningi við Kanada, fyrst og síðast vegna þess að það hefur valdið erfiðleikum hjá Kanadamönnum sjálfum. Það hefur með vissum hætti tengst áhyggjum sem þeir hafa haft af skipasmíðaiðnaði sem þeir töldu að stæði höllum fæti gagnvart áður ríkisstyrktum iðnaði af því tagi hjá Norðmönnum. Við höfum reynt að vinna sérstaklega ákveðið að þessu máli og við teljum að nú séu glufur að opnast. Nýlega kom út skýrsla um utanríkisviðskiptamál í Kanada þar sem lýst er framtíðarmarkmiðum og fyrirætlunum og í henni er talað um að ganga þurfi frá samningi sem legið hefur fyrir um EFTA-ríkin. Um þessar mundir virðist því vera ákveðinn áhugi á málinu af hálfu Kanada og við skulum vonast til að það geti gengið eftir.

Varðandi það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson kom inn á í sínum tveimur ræðum — ég fjallaði aðeins reyndar í andsvörum um ákveðna þætti í fyrri ræðu hans og mun því ekki endurtaka það — hann vék að kosningum í Írak, og orðalag hans um að þær kosningar væru í skötulíki fannst mér ganga fulllangt. Fannst mér reyndar að hann drægi nokkuð úr því orðalagi í seinni ræðu sinni og viðurkenndi að þátttakan hefði verið athyglisverð, a.m.k. að svo stór hópur manna við þessar aðstæður tæki þátt, þó að hann benti á að á ýmsum svæðum í landinu hefðu verið annmarkar og verr gengið en á öðrum. Hann dró fram skýringar á þeim þáttum sem ég út af fyrir sig get flestar tekið undir. Menn þekkja þá þætti sem þar réðu mestu um að kosningaþátttaka var dræmari en til að mynda í meginatriðum í Norður-Írak og Suður-Írak, auk þess sem kynþáttaskipting var augljóslega fyrir hendi í kosningunum.

Reynsla mín af að taka þátt í umræðum eða vera viðstaddur umræður um þessar kosningar er að fulltrúar þjóða sem höfðu til að mynda miklar efasemdir um framgöngu hinna staðföstu þjóða í Írak og miklar efasemdir um að tímabært hefði verið eða fullreynt á því stigi sem innrásin var gerð í Írak, að tímasetningin hefði verið rétt, undirbúningur nægur, röksemdir fullnægar eða lögmæti í lagi, svo að nokkrir þættir séu nefndir til sögunnar, hafa á þeim fundum sem ég hef séð til þeirra bersýnilega undrast hversu mikil þátttakan í kosningunum var og hversu ákveðið fólk gekk þar fram. Þrátt fyrir hótanir og ógnanir af margvíslegu tagi var það tilbúið til að sýna að það hefði tekið þátt í kosningunum, veifaði blámerktum fingrum — lítill hluti af bláu hendinni — í gleði sinni yfir þessum kosningum og því að fá að taka þátt. — Þetta var nú óþarft innskot hjá mér og átti ekki við.

Auðvitað er það svo, og maður skilur það vel, að þetta fólk sem er ekki mikið öðruvísi en við þrátt fyrir annan aðdraganda að tilverunni um langa hríð hefur glaðst yfir því að fá tækifæri til að hafa bein áhrif á þróun mála hjá sér.

Hv. þingmaður nefndi reyndar til sögunnar fréttir, eins og hann sagði, um starfandi forsætisráðherra í Írak að hann hefði sjálfur og persónulega líflátið menn í fangelsum. Eftir því sem ég best veit voru þetta sögusagnir sem hvergi hafa fengist staðfestar. Kannski er fullmikið sagt að kalla þetta fréttir en slíkar sögusagnir voru á kreiki.

Vegna þess sem hv. þingmaður nefndi um Íraksstríðið og taldi til ýmsar þjóðir sem honum fannst bersýnilega ekki mikið koma til — þótt hann segði það ekki — hefði hann mátt nefna aðrar þjóðir fyrst honum bersýnilega þótti þær virðulegri og voru ónefndar, eins og Danmörk, Pólland, Ítalía, Spánn, Ástralía, Bretland, Ísland o.s.frv. Það er reyndar athyglisvert, þrátt fyrir að ekki sé auðvelt að taka ákvörðun í ofsafengnum umræðum, taka þátt eða styðja aðgerð af þessu tagi, nauðsynlega aðgerð af þessu tagi, að kjósendur hafa þrátt fyrir allt — ef Spánn er undanskilinn og þar voru þessar sérstöku aðstæður, sprengiárás fáum dögum fyrir kosningar — blásið þeim stjórnum sem hafa tekið þessar erfiðu ákvarðanir byr í seglin í kosningunum á eftir, svo sem í Danmörku og Ástralíu. Svo virðist líka vera að gerast í Bretlandi þrátt fyrir ýmsa erfiðleika hjá Blair. Það er athyglisvert að þessar þjóðir fá byr og á Íslandi var styst í kosningarnar en ríkisstjórnin sem var í hópi hinna staðföstu ríkja hélt velli. Allt er þetta a.m.k. athyglisvert.

Varðandi það sem hv. þingmaður nefndi um gereyðingarvopnin og notkun Bandaríkjamanna á sprengjum hljótum við öll að harma það sem gerðist í Nagasaki og Hiroshima og þau hörmungarörlög sem saklausir borgarar í stórum stíl urðu fyrir þar á einu lifandi augabragði og þeir sem fjær stóðu í áratugi þar á eftir. Það fólk dó ekki til einskis, þó að við hörmum örlög þess, vegna þess að menn sáu a.m.k. þann hrylling sem þessar sprengjur geta valdið og eru þær þó smásmíði á við þau vopn sem eru fyrir hendi í dag af sama tagi. Því var haldið fram að hörmungarnar í langvarandi bardögum hús úr húsi, götu úr götu í Japan, miðað við hörku sem þar hefði verið sýnd, hefðu verið mannfrekari og óhuggulegri. Ég hygg að það hafi verið rök Bandaríkjamanna sem hafa varið þær óhuggulegu sprengingar sem þarna urðu, eða eigum við að segja réttlætt þær sem er ekki auðvelt mál að gera. Eins og við hörmum örlög þessa fólks, saklausra borgara oftast nær í þessum tilvikum, langflestum tilvikum, er það svo að sá viðbjóður sem þessar sprengjur eru kristölluðust með þeim hætti að ég vona að slíkum vopnum verði aldrei beitt í henni veröld.

Þegar við tölum um skálkaríkisstjórnir og þess háttar benti hv. þingmaður á að það er kannski flókið að draga þjóðir í dilka. Menn kunna að hafa skoðanir á því en hafa þá kannski í því sambandi reynt að halda sig við ríkisstjórnir sem verða að fara að lögum og lýðræði og lúta niðurstöðum kosninga. Það er a.m.k. sá hemill sem hefur að okkar mati verið drýgstur í slíkum efnum.

Við sáum að þó að Saddam Hussein beitti ekki kjarnorkuvopnum, hefði ekki yfir þeim að ráða, beitti hann öðrum sambærilegum vopnum gagnvart börnum og konum í Kúrdistan, í héruðum Íraks, með ægilegum afleiðingum. Það höfum við séð gerast. Afleiðingar þess fyrir hann voru engar innan lands. Ekkert lýðræðisríki, enginn lýðræðislegur foringi hefði nokkru sinni haft afl til þess og staðið eftir án þess að vera fangelsaður í kjölfarið. Á þessu er ákveðinn munur.

Ég vona að ég hagi ekki orðum mínum með þeim hætti að ég sé að réttlæta nokkurn skapaðan hlut af þessu tagi. Vel má vera að mér hafi fipast eitthvað orðalagið, en hv. þingmenn vita að það var ekki meiningin á neinn hátt.

Varðandi öryggisráðið sem hv. þingmaður nefndi þá hef

ég farið yfir það í þessari umræðu vegna þess að þetta er heilmikil ákvörðun. Það má segja að ég beri fyrir mitt leyti ekki síðri ábyrgð á því en aðrir í stjórnarliðinu, jafnvel meiri býst ég við sem forsætisráðherra þegar á stað var haldið, að það var gert og að þessu stefnt. Á því hefur út af fyrir sig ekki orðið breyting. Það hefur hins vegar gerst að nú horfum við fram á það að þetta er ekki eins létt leið og við kannski vonuðumst til að hún yrði. Við leituðum eftir því við Austurríkismenn að ná samkomulagi við þá, að þeir gætu fært sig aftar þannig að slagurinn yrði auðveldari. Við erum nýbúin að fá upplýsingar um að Kanada ætlar ekki að styðja okkur í þessari baráttu. Það voru heilmikil vonbrigði, Kanada mun styðja Austurríkismenn.

Fyrstu vangaveltur í ráðuneytinu um kostnað voru miklu hærri en þær tölur sem við erum að horfa á núna. Auðvitað má segja að það sé ákveðin tilhneiging við fyrsta mat að hengja alla pinkla sem hægt er á aðgerðir af þessu tagi. Vel má vera að sú kostnaðaráætlun sem nú hefur verið gerð geti staðist. Ég tel þó rétt að setja þann fyrirvara að sagan kennir okkur að þegar ekki verður lengur aftur snúið með baráttu af þessu tagi og hún harðnar getur maður þurft að segja: Nú, ef við setjum ekki í þetta 100, 200, 300, 700 milljónir í viðbót tapast þær 300, 400, 500 milljónir sem við höfum þegar sett í dæmið. Hvað gera menn þá? Ég er ekki að segja að ég muni standa frammi fyrir því, aðrir menn en ég kunna að standa frammi fyrir því verkefni. En það væri mjög kjánalegt á þessu stigi málsins að ræða ekki þau mál opinskátt. Ég gerði það í utanríkismálanefnd og ég hef viljað gera það hér.

Síðan kemur spurningin sem var beint til mín af hálfu hv. þingmanns, hvort þessum peningum yrði ekki betur varið í aðra þætti. Um það má vissulega deila eins og alla aðra forgangsröðun en ef við verjum í þetta 500–600 milljónum og komumst ekki einu sinni inn er þeim peningum væntanlega illa varið miðað við flest önnur verkefni. Ef við eyðum í þetta mörg hundruð milljónum, 400, 500, 600 milljónum, og komumst síðan ekki einu sinni inn í öryggisráðið til að halda þar uppi reisn sjálfstæðra þjóða — sem við viljum gjarnan keppa að og ég tel að sé göfugt markmið í sjálfu sér — er erfitt fyrir mig að standa hér og segja: Þeim peningum var ekki illa varið miðað við ýmis önnur mikilvæg verkefni og útgjöld sem við vildum gjarnan fara í.

Tíminn líður. Varðandi það sem hv. þingmaður sem hér talaði síðast, Magnús Þór Hafsteinsson, sagði um fiskveiðistefnu íhaldsmanna í Bretlandi verð ég að viðurkenna að ég hef ekki kynnt mér þá stefnu sérstaklega. Er hún mér ókunnug. Á hinn bóginn verður að segja það eins og er með fullri virðingu fyrir þeim flokki, Íhaldsflokknum í Bretlandi, að hann hefur ekki góða sögu í sjávarútvegsmálum gagnvart Evrópusambandinu. Í plöggum sem voru gerð opinber eftir 30 ár kemur fram að Edward Heath, sem var leiðandi í baráttunni fyrir inngöngu í Evrópusambandið, hélt meðvitað fram glansmynd gagnvart fiskveiðibæjum í Bretlandi þegar hann var að tryggja inngöngu í Evrópusambandið. Það hefur nú verið upplýst að þarna var haldið að mönnum glansmynd gegn betri vitund þannig að sá ágæti flokkur, með fullri virðingu fyrir honum, á ekki glæsta fortíð í sjávarútvegsstefnumálum þegar Evrópusambandið á í hlut. Það verður bara að segja það eins og er.

[16:43]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er það misskilningur að ég hafi verið að draga eitthvað í land varðandi ummæli mín um kosningarnar í Írak þegar ég sagði að þær hefðu verið í skötulíki. Auðvitað mætti hafa miklu stærri orð um það. Það kom mér ekki á óvart að kosningaþátttaka var mikil og að fólk vildi kjósa. Það er bara lýðræðislegur vilji friðelskandi fólks að koma á eðlilegu stjórnarfari. Það má segja að ef þátttakan var 7,5–8 milljónir hafi hún verið mikil miðað við aðstæður að þessu leyti. Samanborið við það sem gerist í okkar heimshluta er þetta hins vegar ekki mikið. Það er talið að 13 milljónir hafi verið á kjörskrá og 58% þeirra hafi kosið en langt undir helmingi kosningarbærra manna tók þátt í kosningunum.

Um lygarnar og ósannindin í tengslum við árásina á Írak og hernámið og stríðsglæpina, pyntingar í fangelsum o.s.frv., má hafa langt mál. Sömuleiðis um Allawi forsætisráðherra. Það eru ekki sögusagnir, þetta voru fréttir sem voru sagðar í fjölmiðlum á Vesturlöndum, þegar hann myrti nokkra unglinga í fangelsi í Írak en það hefur ekki þótt þess virði að kanna á okkar bæjum.

Ég vil víkja aðeins að umræðunni um kjarnorkuvopn. Ég ætla ekki að leggja neinn annan skilning í orð hæstv. ráðherra en ég tel að búi að baki þeim eins og þau eru meint frá innstu hjartans rótum. Hættan við kjarnorkuvopn, hver svo sem hefur þau á hendi, er einmitt sú að menn telji sig vera að koma í veg fyrir aðra og stærri ógæfu með að beita þeim. Þess vegna eru þau ekki aðeins hættuleg í höndum þeirra sem maður telur vera skálka, heldur í höndum allra.

Mér var það mikið áhyggjuefni, og meira en það, það var hálfgert (Forseti hringir.) áfall þegar ég heyrði fulltrúa bandaríska (Forseti hringir.) sendiráðsins í Reykjavík lýsa því að þetta hefði verið heppilegt og að það væri engin eftirsjá (Forseti hringir.) yfir því á þeim bænum að hafa beitt þessum vopnum.

[16:45]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandamálið varðandi kjarnorkuvopnin og útbreiðslu þeirra er, ef það gengur eftir, að ríki sem eru skuldbindandi aðilar að samningi um takmörkun á útbreiðslu kjarnorkuvopna geta án stórra vandkvæða brotið gegn þeim samningi. Þá er hætt við því að önnur ríki gangi hinn sama veg. Síðan er þá hættan í framhaldinu að eftir því sem þessum ríkjum fjölgi geti kjarnorkuvopn borist þaðan í einni eða annarri mynd, svokallaðar skítugar sprengjur eða hvað það er kallað, til aðila sem kannski ólíkt ríkjum væru tilbúnir til að beita þeim vopnum gegn saklausum almenningi, til að mynda á Vesturlöndum. Það er hætta sem hlýtur að vera raunveruleg.

Hitt er svo annað mál að ríki taka auðvitað eftir því að þau virðast njóta meiri virðingar ef þau eiga kjarnorkuvopn. Ef þau eru búin að koma sér upp þeim vopnum er afskaplega flókið og erfitt að koma því til leiðar að þau haldi þeim vopnum ekki lengur. Það var mikið áfall þegar bæði Pakistanar og Indverjar sprengdu kjarnorkusprengjur fyrr en menn höfðu búist við að fyrir lægi að þeir hefðu komið sér upp slíkum vopnum. Eftir að það hefur gerst er flókið

að stemma stigu við útbreiðslu þeirra eða aukningu, hvað þá að ganga til baka. Það hefur þó tekist eftir hrun Sovétríkjanna með samningum eins og gagnvart Úkraínu. Það tókst líka í Suður-Afríku þar sem þessum vopnum var sannanlega eytt en það er ekki auðvelt í framkvæmd.

[16:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir að mér finnst áhyggjuefni að ríki skuli ætla að brjóta samkomulag sem þau hafa gerst aðilar að um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna. Ég legg þó jafnframt áherslu á að ég hef áhyggjur af kjarnorkuvopnum, hver svo sem hefur þau á hendi, og minni á að eitt ríki í heiminum hefur beitt þessum vopnum, Bandaríkin. Þau viðhalda enn þeirri kenningu að það sé réttlætanlegt að beita kjarnorkusprengjunni og segja að beiting hennar í Japan árið 1945 hafi orðið til góðs. Menn sem hugsa á þennan veg, eða gera það einu sinni, gætu gert það aftur.

Staðreyndin er sú að Bandaríkjamenn eru að segja sig frá samningum sem gerðir hafa verið á liðnum árum og áratugum, t.d. ABM-samningnum sem gerður var 1972, og hafa hafið áætlanir sem kenndar voru við stjörnustríð fyrr á tíð, um vopnvæðingu úti í himingeimnum. Bandaríkin neita að gerast aðilar að samningi um bann við tilraunum með kjarnorkuvopn.

Bandaríkjastjórn sú sem nú stýrir því mikla og volduga ríki hlýtur að vera okkur ekki síður áhyggjuefni en skálkarnir sem hæstv. utanríkisráðherra nefnir svo, og reyndar set ég þann stóra skálk George Bush rækilega inn í þann hóp og undir þá skilgreiningu.

[16:49]

Útbýting:

Ársreikningar, 480. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1250; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1251.

Happdrætti, 675. mál, nál. allshn., þskj. 1252; brtt. allshn., þskj. 1253.

Fundi slitið kl. 16:50.

120. FUNDUR

mánudaginn 2. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Skattskylda orkufyrirtækja, stjfrv., 364. mál, þskj. 419, nál. 1183, 1202 og 1204, brtt. 1203. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, stjfrv., 495. mál, þskj. 940, frhnál. 1172, brtt. 925. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Virðisaukaskattur, stjfrv., 159. mál, þskj. 1214. — 3. umr.
5. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 503. mál, þskj. 1217. — 3. umr.
6. Miðlun vátrygginga, stjfrv., 551. mál, þskj. 1215. — 3. umr.
7. Fjarsala á fjármálaþjónustu, stjfrv., 482. mál, þskj. 1216. — 3. umr.
8. Græðarar, stjfrv., 246. mál, þskj. 1213. — 3. umr.
9. Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, stjfrv., 295. mál, þskj. 1212. — 3. umr.
10. Úrvinnslugjald, stjfrv., 686. mál, þskj. 1044. — 3. umr.
11. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 435. mál, þskj. 641, nál. 1196. — Síðari umr.
12. Ferðamál, stjtill., 678. mál, þskj. 1032, nál. 1209. — Síðari umr.
13. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 648. mál, þskj. 980, nál. 1218. — 2. umr.
14. Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, stjfrv., 667. mál, þskj. 1015, nál. 1224. — 2. umr.
15. Áfengislög, stjfrv., 676. mál, þskj. 1029, nál. 1206. — 2. umr.
16. Happdrætti, stjfrv., 675. mál, þskj. 1028, nál. 1252, brtt. 1253. — 2. umr.
17. Fullnusta refsinga, stjfrv., 336. mál, þskj. 379, nál. 1230, brtt. 1231. — 2. umr.
18. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, stjfrv., 479. mál, þskj. 733, nál. 1207, brtt. 1208. — 2. umr.
19. Ársreikningar, stjfrv., 480. mál, þskj. 734, nál. 1250, brtt. 1251. — 2. umr.
20. Bókhald, stjfrv., 478. mál, þskj. 732, nál. 1249. — 2. umr.
21. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 396. mál, þskj. 503, nál. 1221. — 2. umr.
22. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 707. mál, þskj. 1065, nál. 1220. — 2. umr.
23. Vatnalög, stjfrv., 413. mál, þskj. 546, nál. 1219. — 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Ágúst Ólafur Ágústsson, 10. þm. Reykv. s.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Birkir J. Jónsson, 9. þm. Norðaust.,
Einar K. Guðfinnsson, 4. þm. Norðvest.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Geir H. Haarde fjmrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.

Minning Gils Guðmundssonar.

[10:31]

Forseti (Jónína Bjartmarz):

Gils Guðmundsson, rithöfundur, fyrrverandi alþingismaður og forseti sameinaðs Alþingis, er látinn. Hann andaðist föstudaginn 29. apríl, níræður að aldri.

Gils Guðmundsson var fæddur í Hjarðardal innri í Önundarfirði 31. desember 1914. Foreldrar hans voru hjónin Guðmundur Gilsson bóndi og Sigríður Hagalínsdóttir húsmóðir þar. Hann ólst upp í foreldrahúsum við búskap og sjósókn fram yfir tvítugsaldur. Árið 1935 hóf hann nám í Kennaraskóla Íslands og lauk kennaraprófi vorið 1938.

Hann var kennari við íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar í Haukadal í Biskupstungum 1938–1940 og við unglingaskóla í Garði og Sandgerði 1940–1941. Afgreiðslumaður í Sandgerði var hann 1941–1943. Árið 1943 fluttist hann til Reykjavíkur.

Um þær mundir hófst sá ferill sem varð meginþáttur í ævistarfi Gils Guðmundssonar. Hann fór að skrá og birta á prenti margs konar þjóðlegan fróðleik. Hann var afkastamikill rithöfundur og stundaði einkum ritstörf og blaðamennsku á árunum 1943–1956. Árið 1956 varð hann framkvæmdastjóri menntamálaráðs og Bókaútgáfu Menningarsjóðs og gegndi því starfi til 1978. Fyrst rita frá hans hendi voru Frá ystu nesjum: vestfirskir sagnaþættir sem komu út í sex bindum 1942–1953. Næst kom út Skútuöldin í tveimur bindum 1944 og 1946. Ritstjóri Sjómannablaðsins Víkings var hann 1945–1954. Nokkru síðar hóf hann að taka saman minnisverð tíðindi á Íslandi á 20. öld og öldinni á undan og sá hann um átta bindi þess vinsæla bókaflokks. Hið síðasta kom út 1986. Ótalinn er hér fjöldi rita sem hann stóð að útgáfu á.

Gils Guðmundssyni voru falin ýmis trúnaðarstörf jafnframt aðalstarfi og verða nokkur þeirra talin hér. Hann var formaður Rithöfundasambands Íslands 1957–1958, skipaður 1962 formaður stjórnar Minningarsjóðs Kristjáns Jónssonar Fjallaskálds, kosinn 1966 í þjóðhátíðarnefnd til að minnast ellefu alda Íslandsbyggðar 1974. Árið 1968 var hann skipaður í endurskoðunarnefnd laga um friðun Þingvalla og um náttúruvernd, og skipaður 1971 í fiskveiðilaganefnd. Hann var formaður nefndarinnar. Í Norðurlandaráði var hann 1971–1974 og 1978–1980, í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar 1972–1983, í Þingvallanefnd 1972–1980 og í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs 1977–1987. Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sat hann 1970 og á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna 1974–1975.

Gils Guðmundsson var einn forvígismanna við stofnun

Þjóðvarnarflokks Íslands árið 1953, var ritari flokksins 1953–1960 og varaformaður 1960–1962. Hann skipaði efsta sæti á lista flokksins í Reykjavík í alþingiskosningunum 1953, hlaut kosningu og sat á Alþingi til 1956. Árið 1963 tók hann aftur sæti á Alþingi, þingmaður Alþýðubandalagsins í Reykjaneskjördæmi, og sat á þingi til 1979. Alls sat hann á 20 þingum. Hann var forseti neðri deildar 1971–1974, fyrri varaforseti sameinaðs þings 1974–1978 og forseti sameinaðs Alþingis 1978–1979.

Gils Guðmundsson var traustur drengskaparmaður. Hann var vel máli farinn, flutti lengi vel erindi í útvarp og annað dagskrárefni og hlaut vinsældir meðal hlustenda. Í störfum sínum á Alþingi naut hann reynslu sinnar og þekkingar af atvinnulífi Íslendinga til sjávar og sveita. Í málflutningi var hann rökfastur og fundvís á kjarna hvers máls. Hann var röggsamur og réttlátur í forsetastóli.

Gils Guðmundsson átti við sjúkleika að stríða síðustu æviárin. Hann tók þó eftir föngum þátt í störfum Félags fyrrverandi alþingismanna og var á nýliðnum vetri kjörinn heiðursfélagi þess.

Ég bið háttvirta alþingismenn að minnast Gils Guðmundssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[10:36]

Útbýting:

Fjárframlög til lögreglunnar á Akureyri, 749. mál, svar dómsmrh., þskj. 1235.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 698. mál, nál. samgn., þskj. 1254; brtt. samgn., þskj. 1255.

Lyfjanotkun barna, 671. mál, svar heilbrrh., þskj. 1237.

Skattskylda orkufyrirtækja, frh. 2. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 419, nál. 1183, 1202 og 1204, brtt. 1203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:39]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Alþingi hefur borist fjöldi álitsgerða vegna þessa máls og að undanskildum álitsgerðum Verslunarráðsins og Samtaka atvinnulífsins eru þær flestar mjög gagnrýnar á málið og beina því til Alþingis að þetta þingmál verði ekki lögfest en það gengur sem kunnugt er út á það að skattleggja raforkugeirann.

Með þessu frumvarpi, ef það verður að lögum, er stigið enn eitt skrefið í þá átt að markaðsvæða raforkugeirann í landinu. Hér er um að ræða grunnþjónustu sem tekur til lífsnauðsynja og mjög ólíklegt að á þessu sviði skapist virkur markaður sem komi til með að færa verðlagið niður. Út á það m.a. gengur gagnrýni verkalýðssamtakanna í landinu sem leggjast mjög eindregið gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Mjög alvarleg gagnrýni kemur einnig frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem bendir á að þetta komi til með að þrengja fjárhag sveitarfélaganna. Fjármunir verða færðir í ríkissjóð þegar fram líða stundir, við þurfum að horfa á málið til langs tíma, en að sama skapi mun minna ganga til sveitarfélaganna sem fram til þessa hafa mörg hver fært arð út úr orkugeiranum inn til samfélagsþjónustunnar til að fjármagna hana. Það eru mörg önnur atriði sem fram koma í álitsgerðum sem Alþingi hafa borist og við leggjum áherslu á að meiri hlutinn á Alþingi endurskoði hug sinn. Við munum að sjálfsögðu í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi þótt við munum styðja breytingartillögur sem fram hafa komið frá Frjálslynda flokknum þar sem reynt er að gera þó það besta úr þessu máli.

[10:41]

Lúðvík Bergvinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða skattahækkunarfrumvarp ríkisstjórnarinnar. Nú er ætlunin að hækka álögur á vatn, hita og rafmagn. Þar er borið niður í þessu tiltekna frumvarpi.

Þeir sérfræðingar sem komu á fund hv. efnahags- og viðskiptanefndar töluðu allir um að þetta mundi leiða til hækkunar. Það liggur einnig fyrir að ríkisstjórnin hefur ekki lagt í neina vinnu, enga, til að kanna hvaða afleiðingar þetta kunni að hafa í för með sér.

Í yfirferð efnahags- og viðskiptanefndar var einnig á það bent að langtímaraforkusamningar við stóriðju gera það að verkum að engar breytingar verða á þeim samningum. Hækkunin mun nánast alfarið falla á almenning í þessu landi og ekki aðeins það heldur hefur einnig verið bent á að hækkunin muni leiða til mikillar tilfærslu á fjármunum frá sveitarfélögum yfir til ríkisins. Í samhljóða ályktun og bókun borgarráðs fyrir nokkrum dögum segir m.a., með leyfi forseta:

„Samkvæmt samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga hefði þessi skattlagning orkufyrirtækja sveitarfélaga numið um 1,1 milljarði króna á árunum 2002 og 2003."

Það er því alveg ljóst að með þessum aðgerðum er vegið að sveitarfélögunum og ríkið er á nokkurn hátt að kalla til sín þá fjármuni sem það nýlega hefur verið gert samkomulag við sveitarfélögin um að láta þau hafa.

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að Samfylkingin mun ekki styðja þetta mál og mun því segja nei.

[10:43]

Gunnar Örlygsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Hér kemur til atkvæðagreiðslu frumvarp frá fjármálaráðherra um skattskyldu orkufyrirtækja. Megintilgangur frumvarpsins er sá að samræma skattalöggjöf á sviði raforku, þ.e. á orkufyrirtæki, í landinu. Við meðferð málsins í efnahags- og viðskiptanefnd lagði ég fram þá hugmynd að hægt væri að nálgast megintilgang frumvarpsins með öðrum hætti en gert er með þessu frumvarpi, þ.e. að heimila einkafyrirtækjum sem eru í orkuframleiðslu í landinu, sem sagt ekki í opinberri eigu, frekar að starfa undir sömu skattalöggjöf og orkufyrirtæki í opinberri eigu gera í dag. Þar með yrði megintilgangi frumvarpsins náð.

Það kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans um þetta

mál, virðulegi forseti, að erfitt sé að meta áhrif breytinga á orkuverð og arðsemi orkufyrirtækja. Þetta eru mjög óábyrg orð að mínu mati, frú forseti, sérstaklega í ljósi þess að umsagnir sem hafa borist efnahags- og viðskiptanefnd um málið frá orkufyrirtækjum í opinberri eigu eru öll samhljóma um það að orkuverð í landinu muni hækka ef til samþykktar á þessu frumvarpi kemur í óbreyttri mynd.

Við í Frjálslynda flokknum munum greiða atkvæði á móti þessu frumvarpi. Engu að síður munum við leggja fram breytingartillögu sem miðar að því að gildistaka frumvarpsins í heild sinni frestist frá 2006 til 2013 og að í millitíðinni, þ.e. á miðju næsta kjörtímabili, árið 2009, verði skipuð nefnd sem kanni rækilega og fari ofan í kjölinn á því hvaða áhrif breytingar af þessu tagi muni hafa á orkuverð í landinu.

Brtt. í nál. 1183 samþ. með 25:23 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, UMÓ, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GÁS, HBl, JGunn, MS, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

1.–5. gr., svo breyttar, samþ. með 25:23 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, UMÓ, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GÁS, HBl, JGunn, MS, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

6.–7. gr. samþ. með 25:23 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, StB, UMÓ, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GÁS, HBl, JGunn, MS, SP, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1203,1 felld með 26:9 atkv. og sögðu

já: GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁMagn, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, UMÓ, VS, ÞKG.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GÁS, HBl, JGunn, MS, ÞSveinb) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 26:24 atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, UMÓ, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞBack, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GÁS, HBl, JGunn, MS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Brtt. 1203,2 felld með 28:9 atkv. og sögðu

já: GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ÁMagn, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DrH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HHj, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SP, StB, UMÓ, VS, ÞKG.

13 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, GÖg, JÁ, JóhS, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GÁS, HBl, JGunn, MS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46:4 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, StB, UMÓ, VF, VS, ÞKG, ÖS.

nei: JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GÁS, HBl, JGunn, MS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 495. mál (rjúpnaveiðar, sölubann og takmörkun veiða). — Þskj. 940, frhnál. 1172, brtt. 925.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:50]

Brtt. 925 kölluð aftur.

Brtt. í nál. 1172 samþ. með 49 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, StB, UMÓ, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GÁS, HBl, JGunn, KHG, MS, ÞSveinb, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1259).

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 159. mál (samskráning hlutafélaga). — Þskj. 1214.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:50]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, StB, UMÓ, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HBl, JGunn, MS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1260).

Verðbréfaviðskipti, 3. umr.

Stjfrv., 503. mál (EES-reglur). — Þskj. 1217.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:52]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, JóhS, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, StB, UMÓ, VF, VS, ÞKG, ÖJ.

20 þm. (AKG, ArnbS, ÁRJ, BJJ, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, MS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Ég tel rétt, virðulegi forseti, að það komi fram við þessa atkvæðagreiðslu að meiri hlutinn felldi tillögur okkar, fulltrúa Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd, sem Fjármálaeftirlitið kallaði eftir til að vernda betur hag smærri hluthafa með því að kveða á um að tilboðsskylda myndaðist við 20% eignarhluta, sem er ráðandi eignarhluti í tengslum milli aðila, í stað þriðjungs eins og stjórnarflokkarnir leggja til í frumvarpinu. Með því að fella þessa breytingartillögu var gengið gegn hagsmunum smærri hluthafa. 20% ákvæðið er nauðsynlegt vegna smæðar markaðarins og mikilla eignatengsla. Hefur Fjármálaeftirlitið legið undir ámæli fyrir að taka ekki á málum sem nokkrum sinnum hafa komið upp á liðnum árum. Þeir gátu það ekki þar sem þetta viðmið var ekki til staðar.

Það er því afar óeðlilegt að fella þessa tillögu. Það styrkir hag stórra hluthafa og stóru viðskiptasamsteypnanna en gengur gegn hagsmunum fjöldans, þ.e. smærri hluthafa. Auk þess felldi meiri hlutinn breytingartillögur okkar um að Fjármálaeftirlitið fengi heimild til að beita (Forseti hringir.) stjórnvaldssektum við markaðsmisnotkun.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1261).

Miðlun vátrygginga, 3. umr.

Stjfrv., 551. mál (EES-reglur). — Þskj. 1215.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, StB, UMÓ, VF, VS, ÞKG, ÖJ.

16 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HBl, JGunn, MS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1262).

Fjarsala á fjármálaþjónustu, 3. umr.

Stjfrv., 482. mál (EES-reglur). — Þskj. 1216.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, StB, UMÓ, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HBl, JGunn, MS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1263).

Græðarar, 3. umr.

Stjfrv., 246. mál. — Þskj. 1213.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, StB, UMÓ, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HBl, JGunn, MS, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1264).

Úrvinnslugjald, 3. umr.

Stjfrv., 686. mál (vaxtatekjur og frestun umbúðagjalds). — Þskj. 1044.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:54]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DrH, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SP, SJS, StB, UMÓ, VF, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

15 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GÁS, HÁs, HBl, JGunn, KHG, MS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1265).

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 435. mál (vinnutímatilskipunin). — Þskj. 641, nál. 1196.

[10:55]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanríkismálanefndar á þskj. 1196, máli 435, tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XVIII. viðauka við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/88/EB frá 4. nóvember 2003 um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma

Nefndin fékk til fundar við sig þau Ernu S. Hallgrímsdóttur frá utanríkisráðuneyti, Gylfa Kristinsson frá félagsmálaráðuneyti, Bjarna Þór Eyvindsson frá Samtökum unglækna, Gunnar Björnsson frá fjármálaráðuneyti, Guðríði Þorsteinsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Ragnar Árnason frá Samtökum atvinnulífsins.

Vinnutímatilskipunin felur í sér lágmarksreglur um skipulag vinnutíma að teknu tilliti til öryggis og heilbrigðis starfsmanna. Tilskipunin gildir um daglegan og vikulegan lágmarkshvíldartíma, árlegt orlof, um hlé og hámarksvinnutíma á viku og tiltekna þætti í tengslum við næturvinnu, vaktavinnu og vinnumynstur. Vinnutímatilskipunin hefur verið innleidd í íslenskan rétt að því er flestar starfsgreinar varðar. Efni vinnutímatilskipunar mun nú taka til allra atvinnugreina ef sérreglur hafa ekki verið settar um þær, svo sem um farmenn.

Innleiðing tilskipunar þessarar kallar á lagabreytingar hér á landi en að meginstefnu til hefur það verið gert nú þegar með breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum, og lögum um orlof, nr. 30/1987, með síðari breytingum. Þá er einnig mögulegt að innleiða efni hennar með kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins.

Við meðferð málsins í nefndinni var einkum rætt um lækna í starfsnámi. Ákvæði vinnutímatilskipunarinnar hefur enn sem komið er ekki verið innleitt hvað lækna í starfsnámi varðar en með samþykkt þessarar tilskipunar er ljóst að grípa verður skjótt til aðgerða. Ljóst er að vinnutími unglækna er oft og tíðum mjög langur sem hlýtur að koma niður á bæði læknum og sjúklingum.

Hins vegar þarf líka að sjá til þess að þeir fái næga starfsþjálfun.

Af þeim sökum telur nefndin brýnt að löggjafinn, stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins bregðist við og geri nauðsynlegar breytingar sem fyrst en tilskipunin virðist veita nokkurt svigrúm hvað nokkrar stéttir varðar, þar á meðal heilbrigðisstarfsmenn.

Hæstv. forseti. Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt og undir nefndarálit þetta skrifa hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Dagný Jónsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Jónína Bjartmarz, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Ögmundur Jónasson, en sá síðastnefndi ritar undir nefndarálitið með fyrirvara.

[10:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er varla hægt að láta þessa umræðu fara fram án þess að á það verði aðeins drepið hvernig Íslendingar standa að vígi gagnvart innleiðingu þeirra þátta þessarar tilskipunar sem þegar hafa verið til umfjöllunar á Alþingi áður, þá auðvitað sérstaklega hvað varðar málefni lækna í starfsnámi. Þar háttar einmitt svo til um þessar mundir að Ísland er komið í ónáð og hefur nýtt, og meira en

nýtt, alla þá fresti sem það hefur til að hrinda þeim hlutum í framkvæmd. Auðvitað hefði verið ánægjulegra ef samhliða þessu máli hefði verið hægt að upplýsa um það hvernig búið væri að hrinda því í framkvæmd og takast á við það á íslenskum heilbrigðisstofnunum, einkum og sér í lagi stóru sjúkrahúsunum þar sem læknar eru í starfsnámi, Landspítala – háskólasjúkrahúsi og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, hvað varðar breytingar á rekstri þar, mönnun deilda og annað því um líkt sem þetta kemur inn á.

Fyrst má segja um þessa vinnutímatilskipun almennt, eða þessar samevrópsku reglur, um ýmis ákvæði sem varða öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, rétt starfsmanna og þar með talið til eðlilegs hvíldartíma, að þarna var á ferðinni samræming á reglum sem voru auðvitað að verulegu leyti til staðar í löggjöf ríkja. Sérstaklega átti það við um Norðurlöndin sem með sinn tiltölulega þróaða vinnumarkað voru í flestum tilvikum jafn vel, og í sumum tilvikum betur, sett en þessi vinnutímatilskipun hafði í för með sér. Sumt af því á sér langan aðdraganda, annað skemmri. Það fór þó auðvitað ekki hjá því að reglurnar höfðu áhrif á einstakar stéttir og hvað Íslendinga varðaði muna menn sjálfsagt umræður um þau áhrif sem þetta hafði á flutningastarfsemi í landinu og hvíldartíma bílstjóra. Auðvitað eru aðstæður hér sérstakar og þetta getur komið mismunandi við eftir starfsgreinum og eftir þeim aðstæðum sem þar er við að búa.

Sjómannastéttin og farmannastéttin eru að hluta til með sérreglur í þessum efnum eins og kunnugt er og þannig mætti fara yfir það hvernig þetta kom við einstaka hópa. Langmestu áhrifin held ég að verði þó að segja að þetta hafði eða átti að koma til með að hafa á t.d. lækna, bæði sérfræðinga í starfi og lækna í starfsnámi. Þegar þessar reglur komu til framkvæmda og ekki voru neinar undanþágur til að styðjast við, hvað varðaði t.d. sérfræðinga á sjúkrahúsum, varð að gera hér talsverðar ráðstafanir sem kostuðu nokkur fjárútlát vegna þess að það vaktakerfi sem hafði verið við lýði án hvíldartíma fékk ekki staðist eftir að hinar nýju evrópsku reglur um hvíldartíma komu til sögunnar. Sérstaklega kom þetta við reksturinn á minni deildum, á fámennum sérhæfðum deildum þar sem kannski 3–4 sérfræðingar gengu vaktir og erfitt var um vik að uppfylla ákvæðin um lágmarkshvíldartíma nema með ráðningu viðbótarstarfsmanna.

Ég minnist þess t.d. að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri þurfti að fara í allverulegar breytingar og fá þó nokkrar fjárveitingar til að mæta þessum áhrifum. Það tókst og engum finnst það annað en sjálfsagt í dag að menn tókust á við þessar breytingar og leystu úr þeim. Þeim mun undarlegra er það, frú forseti, að enn er allt í þoku hvað varðar þann þátt málsins hér sem snýr að læknum í starfsnámi, sem sagt læknakandídötum sem lokið hafa grunnnámi í læknisfræði en eru að vinna á spítölunum kandídatsár sitt eða eru lagðir af stað í sérnám sem felst í vinnu á deildum. Sáralítið virðist hafa gerst í þessum málum árum saman og ég held að það hljóti að verða að segjast að þær upplýsingar sem komu fram í utanríkismálanefnd um þetta efni og vörðuðu stöðuna á t.d. Landspítala – háskólasjúkrahúsi vekja verulega undrun í ljósi þess hversu langan tíma menn hafa haft til að búa sig undir og glíma við þetta. Í aðalatriðum virtist mér málið standa á nákvæmlega sama stað og það gerði fyrir tveimur ef ekki þremur árum þegar utanríkismálanefnd var með þessi mál síðast til umfjöllunar af sambærilegum ástæðum, að verið var að innleiða breytingar eða nýja hluti sem vörðuðu vinnutímatilskipunina.

Auðvitað er það alveg út úr öllu korti að menn skuli ekki hafa undirbúið a.m.k. þessar breytingar þannig að fyrir liggi nú áætlun um það hvernig menn vinni sig út úr þessu og komist hjá því að sæta kærum og klögumálum sem er þó í mínum huga ekki aðalatriði þessa máls heldur hitt, að hið forneskjulega fyrirkomulag sem þarna hefur viðgengist er úr takti við allt sem ætti að viðgangast í nútímanum. Það er algerlega fráleit hugsun að þessi einstaki hópur manna, læknar í starfsnámi, sé einhver sérstök vinnudýr sem notað sé út úr umfram eiginlega alla aðra og að öll viðhorf um lágmarkshvíld og að menn séu sæmilega upplagðir í vinnu sinni séu látin lönd og leið í þessu tilviki frekar en öðrum. Það er mjög hlálegt að menn skyldu ráðast í nauðsynlegar breytingar vegna lækna og sérfræðinga en ekki ráða við að gera þetta hvað varðar lækna í starfsnámi.

Í þessu tilviki er væntanlega út af fyrir sig ekki um annað að ræða en að staðfesta þessa ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar og falla frá fyrirvörum hvað hana snertir. Það er samt ómögulegt annað en að nefna þessa stöðu málsins í sömu andrá. Nú man ég ekki alveg nákvæmlega hvar kærumál á hendur Íslandi fyrir vanefndir á þeim þáttum vinnutímatilskipunarinnar sem fyrir lágu eru á vegi staddar en það er gott ef ekki að kærumál sé beinlínis lagt af stað í EES-ferlinu, þ.e. að allar undanþágur, málflutningur og rökstuðningur sé tæmt og ekkert annað eftir en að Ísland fái úrskurð í hausinn. Það þarf ekki endilega að vera heimsendir í mínum huga, sérstaklega ekki ef menn hafa góðan málstað gagnvart því máli sem reynir á fyrir hinu evrópska kerfi, en það er afar dapurlegt að það skuli vera hlutur af þessu tagi sem verður e.t.v. fyrstur til að draga Ísland alla leið á endastöð og að við fáum sem sagt slíkan dóm eða slíkan úrskurð vegna vanefnda á innleiðingu gerðar af þessu tagi.

Ég sé fyrir mitt leyti, frú forseti, kannski ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð en held að það sé alveg óhjákvæmilegt að vakin sé athygli á þessu. Auðvitað væri eðlilegt að hæstv. ráðherrar sem fara með framkvæmd þessara mála hér, svo sem hæstv. félagsmálaráðherra sem fer með vinnuverndarmál og hæstv. heilbrigðisráðherra, gerðu einhverja grein fyrir því hvernig þessi mál eru á vegi stödd og hvernig Ísland hugsar sér að standa að verki í þessum efnum allra næstu mánuðina. Það kom lítið fram um þetta, að segja má ekki neitt, í framsöguræðu formanns utanríkismálanefndar og mér finnst ekki boðlegt að Alþingi fari í gegnum þetta mál án þess að staðan sé rædd og upplýst. Auðvitað væri eðlilegt að þess væri óskað að hæstv. ráðherrar gerðu grein fyrir því hvernig staða málsins er metin af hálfu stjórnvalda og hvað sé að frétta af þeim bænum um þessi mál.

[11:08]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur gert ágætlega grein fyrir sjónarmiðum okkar í þessu máli og hann vék sérstaklega að stöðu unglækna sem hefur verið

það sem er einna gagnrýniverðast varðandi vinnutíma og lög og reglur sem um hann gilda. Ég sat fund utanríkismálanefndar þegar þetta mál var afgreitt úr nefnd og gerði það með fyrirvara. Mig langar í örfáum orðum að gera grein fyrir á hverju fyrirvari minn byggist.

Ég sé að utanríkismálanefnd hefur leitað umsagnar ýmissa aðila og fengið aðila á sinn fund til að fjalla um málið. Þar á meðal er fulltrúi unglækna, frá Samtökum unglækna eins og samtökin heita. Síðan er fulltrúi frá fjármálaráðuneytinu, fulltrúi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og fulltrúi frá Samtökum atvinnulífsins. Ég spyr: Hvernig stendur á því að Alþýðusamband Íslands er ekki fengið til að segja sitt álit, BSRB, BHM og önnur samtök sem hafa látið þessi mál til sín taka? Eðlilegast hefði verið að leita einnig til þessara heildarsamtaka, tel ég vera.

Þessi samtök eiga aðild að ráðgjafarnefnd EFTA og svona málefni fara í gegnum það ferli. Ég þekki það vel því að fulltrúi BSRB á sæti í þeirri nefnd en ég er formaður þeirra samtaka sem kunnugt er og fylgist nokkuð náið með málum. Fulltrúi samtakanna hefur verið að benda á ýmsar breytingar sem hafa átt sér stað á vinnutímatilskipuninni innan Evrópusambandsins sjálfs. Vinnutímatilskipunin á sér alllanga sögu en hér á landi var hún fest í kjarasamninga árið 1997. Hún var innleidd með kjarasamningunum það ár af aðilum vinnumarkaðar og er markmiðið að stuðla að umbótum, einkum að því er varðar vinnuumhverfi til að tryggja aukið öryggi og heilsuvernd starfsmanna. Ákvæðin eru jafnframt í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Menn þekkja margir efni þessara laga en nú er það svo að hjá Evrópusambandinu hafa legið fyrir drög um að breyta vinnutímatilskipuninni og er það gert m.a. með tilliti til dóma sem hafa fallið en tillögurnar sem fram hafa komið eru hins vegar frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins en ekki verkalýðssamtökunum. Þau hafa gagnrýnt þær hugmyndir sem uppi eru á vinnuborði framkvæmdastjórnarinnar.

Í gildandi tilskipun er viðmiðunartímabil við útreikning á meðalvinnutíma á viku fjórir mánuðir. Í undantekningartilvikum er heimilt að lengja tímabilið í sex mánuði eða í 12 mánuði en þá með heildarsamningum, þ.e. samningum sem gerðir eru á milli aðila vinnumarkaðarins. Í vinnutímasamningunum frá 1997 var samið um sex mánuði sem meginreglu en jafnframt að það verði heimilt með kjarasamningum að lengja tímabilið í 12 mánuði. Þá þarf staðfestingu heildarsamtakanna til.

Samkvæmt breytingum sem ég gat um og eru komnar frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins yrði meginreglan áfram sú að viðmiðunartímabilið skuli ekki vera lengra en fjórir mánuðir. Hins vegar er lagt til að lengja megi viðmiðunartímabilið í 12 mánuði en það er ekki lengur skilyrði að til þess þurfi samninga aðila vinnumarkaðarins, heldur samráð eða „consultation" eins og það er orðað á ensku. Það hefur verið gagnrýnt af heildarsamtökum launafólks í Evrópu, ETUC, European Trade Union Confederation, að verið sé að fella niður þennan öryggisþátt þar sem oft hefur verið haldið fram af hálfu vinnuveitenda að samráð þýði ekki það sama og samkomulag.

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að þessar tilskipanir eru stöðugt að taka breytingum og það er mikilvægt fyrir Íslendinga að fylgjast mjög vel með því sem er að gerast á þessum vettvangi. Við höfum EFTA-nefnd þingsins sem á að sinna slíkum málum en því miður gerðist það í upphafi þess þings sem nú situr að fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var settur út úr þeirri nefnd, eða náði öllu heldur ekki kjöri inn í hana, og tel ég það afar slæmt því að reynslan sýnir okkur að frá fulltrúum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs koma oft gagnrýnin sjónarmið auk þess sem við lögðum okkur sérstaklega eftir því að kynna okkur hvað var að gerast á þeim vettvangi sem lýtur sérstaklega að stöðu launafólks. Ég er ekki að gefa það í skyn að aðrir geri það ekki, sinni ekki sínum störfum, ég segi hins vegar að að þarna komu fram mikilvæg viðhorf sem ég óttast að verði ekki kynnt á fundum nefndarinnar eftir að aðild okkar að henni lauk.

Ég styð að öðru leyti þetta þingmál og er einfaldlega að gera almennar athugasemdir um vinnulagið og brýna okkur í því að fylgjast mjög vel og á gagnrýninn máta með því sem er að gerast á vettvangi Evrópusambandsins og snertir okkur sérstaklega.

[11:15]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Nokkur orð varðandi þessa tilskipun, XVIII. viðauka við EES-samninginn, um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, vinnurétt og jafnrétti kynjanna, sem við ræðum hér um og þá sérstaklega út frá vinnutíma unglækna í starfsnámi.

Í raun hefðum við ekki þurft að hafa þessa tilskipun fyrir framan okkur og til afgreiðslu á þinginu til þess að ganga með nokkru öryggi inn í breytingar á vaktafyrirkomulagi, þá sérstaklega á stóru sjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu, þar sem unglæknar eru flestir, mest mæðir á þeim og mest er treyst á vinnuframlag þeirra við allt skipulag og starfshætti sjúkrahúsanna. Það er löngu tímabært að taka það mál sérstaklega til endurskoðunar. Það kostar jú umtalsverða fjármuni en öllum er fyrir löngu orðið ljóst að breyta þarf vöktum unglækna í starfsnámi þannig að þeir fái eðlilega hvíld og vinnuframlag þeirra verði eðlilegt. Þá er ég ekki eingöngu að tala um þeirra eigin heilsu og úthald í námi heldur ekki síður um öryggi sjúklinganna og öryggi allra sem vinna á sjúkrahúsunum. Það segir sig sjálft að illa fyrir kallaðir unglæknar, vansvefta og þreyttir, eru ekki jafnhæfir til að taka erfiðar ákvarðanir og sinna vandasömum verkum, sem gerist oft.

Það er löngu tímabært að fara í þessa vinnu. Ég hefði talið það eðlilegt og heppilegt við þær aðstæður sem nú eru uppi, þar sem mál hafa verið í gangi hvað varðar réttarstöðu unglækna, að upplýst væri við þessa umræðu hver framvinda málsins er, hvenær þeir megi búast við leiðréttingu á vinnutíma sínum og starfstilhögun.

Tilskipunin gæti náð til fleiri starfsstétta og þá er ég að vísa til starfsstétta sem hafa sex tíma vaktir, eru á sólarhringsvöktum og vinna eingöngu sex tíma í senn þannig að eðlilegur svefn næst aldrei, djúpur svefn næst ekki vegna svo örra breytinga. Slíkt fyrirkomulag tíðkast á nokkrum vinnustöðum, eins hjá hinu opinbera. Ég tel að það sé nokkuð sem verður að fara yfir líka, hvernig sex tíma vaktir koma niður á heilsu starfsmanna og vinnu þeirra. Svefn er

nauðsynlegur öllum og djúpsvefninn sérstaklega þannig að vinnutilhögun með sex tíma vöktum er til lengri tíma mjög slítandi og heilsuspillandi.

Tilskipunin varðar bæði daglegan og vikulegan lágmarkshvíldartíma og einnig vinnuvernd. Varðandi vinnuvernd allra starfandi manna þá minni ég á að þeir ættu að hafa rétt á heilbrigðu vinnuumhverfi, heilbrigðu lofti. Ég hvet til þess að með þessari tilskipun sé horft til reyklausra veitingahúsa og matsölustaða þannig að starfsmenn og þjónar vinni við heilbrigðara andrúmsloft en margir þeirra búa við í dag. Reyklaust umhverfi er hluti af þessu og allir ættu að sitja þar við sama borð og eiga rétt á að vinna í reyklausu umhverfi.

[11:21]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. þingmanna um málið sem hér er rætt vil ég láta þess getið, m.a. vegna athugasemda hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem gerði athugasemd við val á gestum á fund nefndarinnar, þ.e. að enginn hafi komið frá ASÍ en fulltrúi Samtaka atvinnulífsins hafi mætt, að Alþýðusambandinu var boðið að senda fulltrúa á fundinn þegar málið var til umræðu en gat því miður ekki sent neinn á þeim tíma. Fulltrúi unglækna var boðaður og hélt fram sjónarmiðum unglækna.

Vinnutímatilskipunin eykur réttindi launafólks. Samtök atvinnulífsins gerðu ekki athugasemdir við efni hennar og gera verður ráð fyrir að Alþýðusambandið og fleiri launþegasamtök komi að málinu þegar það verður innleitt í íslenskan rétt með lögum eða kjarasamningum. Við höfum fengið formlegar athugasemdir frá ESA út af þessu máli og ég held að 1. ágúst á síðasta ári hafi verið lokafrestur í þessu máli þannig að við því þarf að bregðast.

Nokkuð hefur verið rætt um málefni unglækna í þessu sambandi. Unglæknum hefur verið haldið utan við vinnuverndarlöggjöfina hingað til, þar sem ekki hefur verið samkomulag um breytingar á vinnufyrirkomulagi. Það var skipuð nefnd af heilbrigðisráðherra fyrir nokkrum árum til að skilgreina lækna í starfsnámi í skilningi vinnutímatilskipunarinnar. Sú skilgreining hefur legið fyrir frá árinu 2003 og mun samræmast efni tilskipunarinnar að mati heilbrigðisráðuneytisins.

Hins vegar hefur verið ágreiningur milli lækna og ráðuneytis um skilgreininguna. Langar vaktir, t.d. sólarhringsvaktir hafa tíðkast lengi, einkum hjá unglæknum. Unglæknar hafa tekið lengstu vaktirnar en sérfræðingar hafa reyndar einnig verið viljugir til þess að taka fleiri og lengri vaktir. En í hnotskurn snýst málið um hvaða þjónustu heilbrigðiskerfið vill veita og með hvaða kostnaði. Hér vegast á sjónarmið um skipulag vinnutíma, lágmarkshvíld og tekjur lækna. Væntanlega þarf einnig að taka tillit til þess að unglæknar fái næga starfsþjálfun; meiri vinnu, meiri þjálfun.

Ef dregið yrði úr vinnu unglækna þyrfti væntanlega að bæta við öðrum læknum sem gætu aukið kostnað heilbrigðiskerfisins ef halda ætti uppi sama þjónustustigi. Þetta mál snýst væntanlega líka um að læknar og stjórnendur heilbrigðisstofnana verða að sætta sig við það að fara eftir vinnutímalöggjöfinni, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Þótt kerfið hafi reynst ágætlega áður fyrr hefur vinnuálag á heilbrigðisstofnunum aukist mikið og kröfur til starfsmanna eru miklar. Ef vinnutími er of langur eykst hættan á lakari þjónustu og mistökum.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég vekja athygli á því sem kemur fram í nefndaráliti allra nefndarmanna í utanríkismálanefnd í þessu máli. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Við meðferð málsins í nefndinni var einkum rætt um lækna í starfsnámi en ljóst er að vinnutími unglækna er oft og tíðum mjög langur sem kemur bæði niður á læknum og sjúklingum. Af þeim sökum telur nefndin brýnt að löggjafinn, stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins bregðist við og geri nauðsynlegar breytingar sem fyrst en tilskipunin virðist veita nokkurt svigrúm hvað nokkrar stéttir varðar, þar á meðal heilbrigðisstarfsmenn."

Þessa athugasemd taldi utanríkismálanefnd rétt að láta koma fram í nefndaráliti.

[11:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni, formanni utanríkismálanefndar, fyrir þessi svör og þessar skýringar, sem eru fullnægjandi um sumt en annað tel ég eftir sem áður gagnrýnisvert. Enda þótt fulltrúa Alþýðusambandsins hafi verið boðið að koma til fundar er svo að sjá að önnur heildarsamtök hafi ekki einu fengið málið til umsagnar. Ég tel að svo hafi ekki verið og þeim hafi ekki verið boðið að sækja fund nefndarinnar. Þar vísa ég í BSRB og BHM, þótt mér sé ekki kunnugt um hvort BHM hafi fengið þetta mál til umsagnar.

Málið snertir að sjálfsögðu allan vinnumarkaðinn, bæði í einkarekna og opinbera geiranum. Þetta eru mál sem menn hafa að sjálfsögðu látið sig mjög varða. Ég er því fylgjandi að ákveðinn sveigjanleiki verði í skipulagi vinnunnar. Það er nokkuð sem oft hefur verið íslenska tarnaþjóðfélaginu til góðs, að geta lagað sig að aðstæðum sem uppi eru hverju sinni. En þá er spurningin hvort það sé gert á jafnræðisgrundvelli, að menn semji um málin en sé ekki samkvæmt einhliða valdboði að ofan.

Með þessu er ég ekki að gagnrýna íslensk stjórnvöld en ég vek athygli á því að þær breytingar sem verið er að gera á vettvangi Evrópusambandsins á þessum vinnutímatilskipunum eru ófullnægjandi að mínu mati. Þær byggja á einhliða ákvörðunarvaldi atvinnurekandans þar sem áður hafði verið gert ráð fyrir samkomulagi á milli aðila. Þá er ég að vísa í viðmiðunartímabilið sem vinnutíminn skal grundvallaður á.

[11:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég verð að endurtaka að ég er óánægður með að það skuli ekki liggja fyrir af hálfu íslenskra stjórnvalda við afgreiðslu þessara breytinga á vinnutímatilskipuninni eitthvað um hvernig menn hugsa sér framhaldið í þessum efnum, þá alveg sérstaklega hvað varðar unglækna eða lækna í starfsnámi.

Það er að sjálfsögðu alveg rétt að ýmis sjónarmið vakna í því máli, sem lúta bæði að stöðu okkar litlu eða fámennu

eininga, sérhæfðum deildum og eins hvað varðar það að menn fái næga starfsþjálfun og reynslu. Þetta snertir einnig ósköp einfaldlega mannlega þætti eins og þá að það kann að vera freistandi fyrir menn að vinna frekar í lengri lotum í senn og fá svo lengri hvíldartíma á milli, fá t.d. heilar helgar o.s.frv. Mér er vel kunnugt um að menn horfa á ýmis vandamál af því tagi sem snúa að báðum aðilum, bæði að stofnunum, spítölunum og líka að unglæknunum sjálfum.

En það er ósköp einfaldlega hvorki málefni Landspítala – háskólasjúkrahúss, Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri eða annarra slíkra heilbrigðisstofnana eitt og sér né er það alfarið málefni unglæknanna hvernig frá þessu er gengið. Við þurfum að undirbúa það að uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar um lágmarkshvíldartíma og um hámarkslengd vinnuviku. Við höfum til þess skamman tíma og erum þegar í ónáð með að gera það þannig að það uppfylli skilyrði þeirrar aðlögunar sem veitt var. Hámarksaðlögunartíminn var settur átta ár og á hann gengur nú. Og þá og því aðeins er aðildarríkjum heimilt að nýta hann að það sé gert í samræmi við þær takmarkanir, þau skilyrði og þau þrep sem innbyggð eru í hann. Því er ekki til að dreifa hjá okkur Íslendingum. Nánast engu hefur verið breytt í þessum efnum enn þá og þarf auðvitað að takast á við það.

Hér eru líka viðkvæmir kjaralegir þættir undir. Að sjálfsögðu hafa læknar ekki hug á því að breytingarnar verði þannig framkallaðar að þær kalli á kjararýrnun. Það hlýtur hver og einn að skilja að markmið þeirra er að um breytingarnar verði samið þannig og frá þeim gengið að þeir haldi launum sínum. Það mun þýða nokkur viðbótarfjárútlát hjá heilbrigðisstofnunum. Það er algerlega óumflýjanlegt, rétt eins og það gerði þegar ákvæði vinnutímatilskipunarinnar voru innleidd hvað varðar lækna og sérfræðinga. Þá stóðu menn einfaldlega frammi fyrir því að það var ekki um annað að ræða en að taka á reksturinn þann kostnað sem þessu var samfara.

Ég hefði talið, frú forseti, æskilegt að heyra eitthvað frá stjórnvöldum um það hvernig málin standa að þessu leyti og hvað menn eru að hugsa sér að gera á næstu mánuðum og vikum. Það má auðvitað segja að það hafi staðið upp á okkur í utanríkismálanefnd að krefja menn betur svara um það og fá meiri upplýsingar um það. Við reyndum það þó upp að vissu marki með viðtölum við forsvarsmenn stofnana og unglækna en það skilaði þessu sem er a.m.k. mat mitt á stöðunni að menn séu ekki hænufeti nær því að hrinda þessu í framkvæmd en þeir voru fyrir tveimur árum. Það er auðvitað alveg óásættanlegt og við hljótum að ætla okkur að fylgja því betur eftir á næsta þingi eða svo að einhver markviss áætlun verði sett í gang um það hvernig breytingunum verður fyrir komið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ferðamál, síðari umr.

Stjtill., 678. mál (heildartillaga 2006–2015). — Þskj. 1032, nál. 1209.

[11:32]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um tillögu til þingsályktunar um ferðamál.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda aðila. Í tillögunni er sett fram áætlun í ferðamálum á tímabilinu 2006–2015. Tillagan er unnin fyrir ráðherra af stýrihópi sem hann skipaði haustið 2003 og sem aftur hafði samráð við vettvang hagsmunaaðila þar sem þátt tóku fulltrúar fjölmarga aðila sem starfa í ferðaþjónustu eða í tengslum við hana víðs vegar um landið, auk fulltrúa stjórnmálaflokka.

Tillagan skiptist annars vegar í inngangskafla þar sem sett eru fram meginmarkmið hennar og hins vegar í kafla með nánari skilgreiningu á markmiðum um rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar, kynningarmál, nýsköpun og þróun, menntun, rannsóknir, grunngerð, fjölþjóðastarf, gæða- og öryggismál og umhverfismál. Nefndin leggur til að kaflar tillögunnar, að inngangskafla undanskildum, verði númeraðir.

Við yfirferð málsins voru nefndinni kynntar nokkrar grunnskýrslur sem unnar hafa verið á síðustu árum á vegum samgönguráðuneytis og mynda grunn að áætluninni. Nefndin telur mikilvægt að haft verði í huga við alla meðferð málsins hvaða grunn skýrslurnar mynda í málinu. Skýrslurnar eru:

Íslensk ferðaþjónusta: Framtíðarsýn,
Auðlindin Ísland,
Menningartengd ferðaþjónusta,
Heilsutengd ferðaþjónusta.

Nefndin telur mikilvægt að Alþingi samþykki áætlun í ferðamálum þar sem slíkt skapar öryggi fyrir þessa mikilvægu og ört vaxandi atvinnugrein. Undir það tóku allir sem komu á fund nefndarinnar. Nefndin telur rökrétt að þessari tillögu verði fylgt eftir með framkvæmdaáætlun þar sem m.a. komi fram tímaáætlun og kostnaður við einstaka liði.

Á fundum nefndarinnar kom fram að nefndarmenn töldu einn mikilvægan þátt vanta í tillöguna en það er styrking byggða. Efling ferðaþjónustunnar er takmörkum háð ef ekki dafnar byggð um allt land. Jafnframt er ferðaþjónustan ein þeirra greina sem mikið getur lagt til styrkingar búsetu um allt land. Nefndin leggur til breytingu í þessu tilliti.

Þá leggur nefndin til að orðalagi í 4. tölulið kaflans um rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar verði breytt þannig að ljóst sé að ekki er verið að mæla gegn því að opinberir aðilar komi að ferðamálastarfsemi heldur einungis lögð áhersla á að þess sé gætt að réttmætri samkeppni á markaði verði ekki raskað.

Loks leggur nefndin til að orðalagi 4. töluliðs kaflans um grunngerð verði breytt þannig að ljóst sé að ekki sé stefnt að því að hafa öll umferðarmerki á mörgum tungumálum heldur aðeins þau sem óskiljanleg eru útlendingum. Markmiði um að umferðarmerki séu auðskiljanleg fyrir útlendinga verður best náð með því að fylgja alþjóðlegum stöðlum þar sem það er hægt. Nefndin leggur til að tillagan

verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

1. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo: Náttúra Íslands, sterk byggð, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála.

2. 4. tölul. í kaflanum Rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar orðist svo: Opinberir aðilar raski ekki samkeppnisstöðu einkarekinnar ferðaþjónustu.

3. 4. tölul. í kaflanum Grunngerð orðist svo: Merkingar í samgöngukerfinu verði bættar og þess gætt að þær séu auðskiljanlegar fyrir erlenda ferðamenn.

4. Kaflar í tillögunni að undanskildum inngangskafla verði númeraðir.

Hv. þingmenn Björgvin G. Sigurðsson og Bryndís Hlöðversdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Hv. þingmaður Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir álitið rita hv. þingmenn Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Guðjón Hjörleifsson, Guðjón A. Kristjánsson, Kristján L. Möller og Magnús Stefánsson.

[11:36]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er vel þegar við förum fram með stefnumótun til nokkurra ára og málin þróast á þann veg að menn eru að mestu leyti sammála um hana eins og gerðist í því máli sem við ræðum, um ferðamál. Nefndin náði saman um áherslur þingsályktunartillögunnar og auðvitað afar ánægjulegt þegar slíkt gerist.

Hins vegar þarf þó nokkuð til að koma til að ná fram þeim markmiðum sem þingsályktunartillagan til áranna 2015 mælir fyrir um en þar er m.a. vikið að því, sem nefndin var algerlega sammála um, að efla byggðina í landinu og viðhalda henni. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar og hef oft sagt það í þessum ræðustól að ég teldi að það væri íslensku þjóðinni afar mikilvægt til framtíðar litið að byggðin færi ekki halloka í landinu, að við héldum landinu í byggð og gætum þar af leiðandi eflt okkur sem ferðamannaland framtíðarinnar. Við erum í fullri alvöru að tala um að innan ekki margra ára, 10 ára eða svo, verði hér milljón ferðamenn á hverju einasta ári. Við þurfum auðvitað að taka á móti þeim og dreifa þeim um landið og hafa möguleika til að gera það með eðlilegum hætti.

Það er varla hægt að tala um ferðamennsku og framtíðarhorfur í þeirri atvinnugrein án þess að víkja í örstuttu máli að samgöngumálum þó að ég ætli ekki að gera það að meginefni máls míns um þessa ályktun um ferðamál. Þó er það staðreynd sem við stöndum því miður frammi fyrir að landshlutarnir eru mjög misjafnlega settir að því er varðar samgöngur og samgöngumál. Ég vænti þess að alþingismenn og þjóðin öll hafi tekið eftir því hvernig vestfirskir vegir eru um þessar mundir, nánast ófærir, aðalþjóðleiðir inn á norðanverða Vestfirði svo dæmi sé tekið. Það verður ekki við það unað til framtíðar að málin séu þannig. Því miður blandast umræðan samgönguáætluninni sem við munum væntanlega taka til umfjöllunar fyrir lok þessa þings, en þar er ákveðið að hægja á afar nauðsynlegum framkvæmdum.

Hæstv. forseti. Ég var þeirrar ánægju aðnjótandi í gær að keyra til Hornafjarðar á degi verkalýðsins og hitta þar fólk og flytja þar mál mitt sem ég var beðinn um. Ég verð að segja eins og er að mér leið ákaflega vel að keyra hinn teppalagða veg alla leið til Hornafjarðar, 457 km minnir mig, án þess að fara nokkurn tíma út á malarveg. Að vísu eru enn þá nokkrar einbreiðar brýr á leiðinni en víðast er aðkeyrslan að þeim með þeim hætti að það sést til þeirra og yfir þær flestar nokkuð langt þannig að það er ekki eins og um blindbeygjur eða sérstakar beygjur að brúm sé að ræða. Ég verð að segja að ég er afar sáttur við það sem tekist hefur að gera varðandi þjóðleiðina í Suðurkjördæmi að þessu leyti. Ég hafði því miður ekki tíma til að renna inn á neina afleggjara og skoða þá vegna þess að þetta er nokkur ferð að fara en það er auðvitað mjög ánægjulegt þegar heill landshluti býr við að komast nánast endanna á milli í kjördæminu án þess að þurfa nokkurn tíma út á malarveg að fara. Ég óska þeim í Suðurkjördæmi til hamingju með þennan góða áfanga í vegamálum.

Með sama hætti veit ég að sanngjarnir þingmenn í Suðurkjördæmi líta til okkar í Norðvesturkjördæmi með nokkurri vorkunn. Þeir mundu eflaust vilja styðja okkur í að við kæmumst upp úr drullunni. Við förum kannski í fyrsta áfanga ekki fram á meira en að við förum upp úr moldardrullunni sem allra fyrst. Þá verð ég að segja að ég er afar vonsvikinn með að fresta eigi framkvæmdum í samgönguáætluninni og færa til framkvæmdafé á svæðum þar sem engin þensla er mælanleg, á svæðum sem vissulega hafa verið að reyna að bæta sig í ferðamennskunni og hafa reynt að laða til sín ferðamenn til að efla atvinnustig í landshlutunum og á svæðum þar sem t.d. aðalatvinnuvegurinn, sjávarútvegur, hefur dregist saman og aflaheimildin minnkað. Ég ætla ekki að fara að rökræða það hér, en þetta er staðreynd.

Ég vænti þess að hv. þingmenn muni eftir skýrslu Byggðastofnunar sem kom út árið 2001, ef ég man rétt, sem sýndi samhengi þess þegar aflaheimildir fara úr byggðarlögum og fækkun íbúa, en á árunum 1995–2000 færðust til aflaheimildir frá Ísafirði og Hnífsdal upp á 9 þús. þorskígildi og þær drógust saman um tæp 50%. Á sama tíma fækkaði störfum í fiskvinnslu á þeim stöðum um 430, fóru úr 660 minnir mig og niður í um 200 störf. Íbúunum fækkaði einnig um 433 á sama tíma. Í lokaorðum skýrslunnar, ég man þau glöggt, sagði að ljóst væri að beint samhengi væri á milli atvinnunnar, fækkun aflaheimilda og fólksfækkunar á viðkomandi landsvæðum. Þess vegna hafa Vestfirðingar og aðrir víða á landinu, á Norðvesturlandi, Norðausturlandi og við Breiðafjörð verið að líta til ferðamennskunnar, hvernig efla mætti atvinnustigið í landinu að því er varðar ferðamennsku.

Mikið hefur verið talað um að reyna að efla ferðamennskuna og menn hafa lagt verulega á sig í þeim efnum. Sveitarfélögin hafa gert það, þau hafa verið að reyna að styrkja sín svæði með upplýsingaöflun og auglýsingum og styrkja samtök sem unnið hafa að uppbyggingu ferðaþjónustu o.s.frv. Ríkið hefur vissulega gert það líka. Við skulum ekki gleyma því að settir voru verulegir fjármunir í að auglýsa upp ferðamennskuna í kjölfar þess bakslags sem varð í ferðamennsku almennt í heiminum eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum á sínum tíma. Ég held að það hafi út af fyrir sig verið rétt ákvörðun að gera það og að við höfum notið

þess í þó nokkrum mæli. Við upplifðum það á síðasta ári að fá að meðaltali nánast þúsund ferðamenn á hverjum einasta degi eða þar um bil í heimsókn til Íslands

Hér er því vissulega um vaxandi atvinnugrein að ræða og ber að horfa til þess sem við getum gert til þess að styrkja ferðamennskuna og efling hennar er auðvitað talsvert háð því, að mínu viti, að byggðin í landinu haldist. Það er mikils virði fyrir okkur Íslendinga að byggðin veikist ekki og að staðarþekking, þekking á svæðum landsins, og söguþekking sé til staðar í byggðunum og að fólkið sem þar býr búi yfir þessari þekkingu, ásamt auðvitað menningu sinni og sögu atvinnuháttanna, og geti með skilmerkilegum hætti komið slíku á framfæri við ferðamenn sem vilja sækja okkur heim.

Það er að mínu viti algjörlega ljóst að þegar ferðamönnum fjölgar svo hratt sem hér hefur gerst á undanförnum árum ber okkur að horfa til þess að við verðum að dreifa ferðamönnum um landið. Til þess þurfum við m.a. góðar samgöngur, alla vega þurfum við öruggar samgöngur á helstu leiðum milli landsvæða, þó svo að samgöngurnar séu breytilegar innan svæðanna, enda sækja náttúrlega sumir ferðamenn í að fara vegslóða sem við erum jafnvel að leggja niður. Við megum heldur ekki gleyma því að ferðamenn vilja oft fara yfir fjöll í stað þess að fara í gegnum þau eins og við viljum. Það sýnir líka kannski hvað við erum sein í hugsun að þessu leyti að sums staðar höfum við ekki haft rænu á að halda vegum akfærum yfir fjöllin þar sem við höfum gert jarðgöng. Ég nefni göngin undir Breiðadals- og Botnsheiðar þar sem ferðamenn kynnu að hafa áhuga á að keyra í rólegheitum yfir heiðina og njóta útsýnisins, en við sem ferðumst á milli staða A og B förum í gegnum fjöllin og fögnum því í hvert skipti þegar það tekur tíu mínútur að rúlla þessar leiðir.

Það er auðvitað ýmislegt hægt að gera til að auka möguleika ferðamannanna. Ég nefni t.d. svæði eins og Strandir sem þarf mikið á því að halda vegakerfið verði lagfært. Ég nefni t.d. sem hugsanlega ferðamannaleið, sumarleið úr Ófeigsfirði á Ströndum og yfir í Ísafjarðardjúp sunnan Drangajökuls, sem gæti búið til nýjan hring fyrir ferðamenn þannig að þeir þyrftu ekki að keyra norður Strandirnar og sömu leið til baka, heldur gætu valið sér nýjan ferðamannahring. Ég nefni að halda við sumarleiðum þannig að þær séu færar öllum venjulegum bílum yfir sumartímann þó að þær lokist að sjálfsögðu að hausti þegar fer að snjóa og ekki er ætlast til að þeim sé haldið opnum.

Ég held að við þurfum að huga að þessu öllu við skipulag ferðaþjónustunnar til framtíðar. Þetta er líka þáttur í því sem samgöngunefnd var sammála um að bæta inn í ályktunina, þ.e. orðunum „sterk byggð" í 1. tölul. 1. mgr. ályktunarinnar sem hljóðar nú svo: „Náttúra Íslands, sterk byggð, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála." Nefndin var sammála um að bæta þessum orðum við og vekja sérstaka athygli á því að sterk byggð væri í raun og veru stór þáttur í því að viðhalda atvinnustigi á landinu og hafa möguleika á því að taka við þeim fjölda ferðamanna sem hingað koma væntanlega á næstu árum og áratugum.

Ég held að um það sé enginn ágreiningur í þjóðfélaginu að við viljum efla ferðamannaþjónustuna og horfum til þess að sú þjónusta verði sífellt stærri atvinnuvegur í landinu. Við skulum líka minnast þess að ef við stöndum vel að verki í ferðamannaþjónustunni erum við líka þar með að stórum hluta að vernda náttúru okkar, náttúruminjar og náttúrusögu landsins. Við þurfum að horfa til þess þegar við ætlum að hafa góðar tekjur af ferðamennskunni að náttúran er okkur mikils virði, þó að við munum alltaf eftir sem áður þurfa að vega og meta nýtingu hennar til heilla fyrir þjóðina, vonandi, ef við stígum þar rétt og skynsamleg skref.

Ég vil líka minna á það sem segir hér þingsályktunartillögunni: „Unnið verði markvisst gegn leyfislausri starfsemi og skattsvikum." Þetta var slagorð dagsins í gær, 1. maí, að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi sem rífur niður kjör launafólks í landinu og ekki bara það heldur hefur afar neikvæð áhrif á öllum sviðum fyrir þjóðfélagið. Ég held að verkalýðshreyfingin sé algjörlega sammála um að standa vörð um það að koma í veg fyrir að svört atvinnustarfsemi vaxi hér á landi, hvort heldur er í verktakaþjónustu eða í ferðamannaiðnaðinum og ferðamannaþjónustunni. Ég ætla rétt að vona að þjóðin öll sé sammála því og því sjónarmiði sem við erum að setja fram í þessari þingsályktunartillögu hvað þetta varðar.

Við þurfum að jafna álaginu á landið og út á það gengur aðalþemað í þessari ræðu minni að ég tel að til þess að gera það þurfum við að halda landinu í byggð. Við þurfum góðar samgöngur, við þurfum að koma fólki vetur, sumar, vor og haust út um landið og geta sýnt fólki það sem í boði er.

Ég vil líka láta þess getið, hæstv. forseti, að ég tel að á sumum ferðamannasvæðum sem eru mjög eftirsótt, eins og t.d. Hornstrandir, verði í framtíðinni að bjóða upp á meiri þjónustu. Við getum ekki endalaust fjölgað ferðamönnum inn á þetta svæði án þess að bjóða upp á ýmsa þjónustu sem nauðsynleg er. Það hefur auðvitað komið fram í könnunum að ferðamenn gera kröfu til þess að fá meiri þjónustu á þessum svæðum, bæði hreinlætisþjónustu og aðra aðstöðu. Við verðum að mæta þessari þróun og ferðirnar verða þá bara að vera dýrari sem því nemur, enda kann að vera að við þurfum að stýra fjölda ferðamanna inn á viðkvæmustu svæðin með skynsamlegum hætti. Þá er eðlilegt að hluti af þeirri stýringu verði til þess að við bjóðum þjónustu og seljum hana án þess að við séum að setja bein höft á fjölda ferðamanna. Það er algjörlega ástæðulaust að fólk geti ekki fengið eðlilega hreinlætisaðstöðu og þjónustu á ferðaleiðum sínum, a.m.k. á vissum áfangastöðum þar sem fólk getur gengið að því. Við neyðumst til að horfa á þetta og tala um það. Það verður ekki við það unað í framtíðinni að við höfum ekki aðstöðu fyrir ferðamenn að þessu leyti. Við þurfum auðvitað að byggja það upp samhliða því að við þurfum að byggja upp þjóðvegakerfið og sumarleiðir sem hægt er að fara yfir háannatímann því það mun dreifa ferðamönnunum um landið.

Ég verð að segja að eitt vekur mér nokkurn ugg, hæstv. forseti, þegar við erum almennt að afgreiða þingsályktanir í hv. Alþingi, en það er sú yfirlýsing hæstv. 1. forseta hv. Alþingis, Halldórs Blöndals, sem hann lét falla í þessum ræðustól þegar við vorum í umræðu um þingsályktun sem hafði verið samþykkt samhljóða á Alþingi, því að mér fannst hæstv. forseti leggja út af því að þingsályktanir væru

ekki merkara plagg en svo að þær héldu varla gildi sínu á milli kjörtímabila. Ég ætla að leyfa mér að vitna í umræðu sem hér fór fram og hv. þm. Halldór Blöndal tók þátt í þegar við vorum að ræða Þróunarsjóð sjávarútvegsins og þingsályktun um að hann hefði varðveisluhlutverki að gegna varðandi gömul skip, en það var þingsályktun sem hafði verið samþykkt samhljóða í Alþingi. Þá sagði hæstv. forseti þingsins, með leyfi forseta:

„Þó að Alþingi hafi samþykkt eitthvað í fyrndinni þá koma kosningar og nýir alþingismenn. Það er staðnaður hugsunarháttur að halda að þeir menn sem sitja á hinu háa Alþingi í dag séu bundnir við ályktun sem samþykkt var fyrir fimm árum."

Ég held að við verðum að velta þessum orðum fyrir okkur og þessum skilningi forseta Alþingis því að við erum að fara að samþykkja tillögu til þingsályktunar til ársins 2015. Ég vænti þess að við þingmenn sem erum að vinna þetta sameiginlega í ágætu samstarfi í samgöngunefnd, undir handleiðslu góðs formanns okkar, hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, þar sem við erum að ná samstöðu, ég vænti þess auðvitað að við séum að undirgangast þessar þingsályktanir sem stefnumótun fyrir framtíðina. Þó að vissulega geti komið upp sú staða og atriði að menn þurfi að breyta þá held ég að við hljótum að líta svo á að þingsályktun sem samþykkt er sé ekki bara nánast ómerkt plagg sem við þurfum ekki neitt með að gera, eins og mér fannst vera niðurstaðan þegar við vorum að ræða um stöðuna varðandi varðveislu gamalla skipa, að ekki þyrfti að líta neitt til þess sem Alþingi hafði samþykkt hér samhljóða í atkvæðagreiðslu og með það væri svo sem lítið gerandi.

Vissulega hef ég alltaf gert mér grein fyrir því, hæstv. forseti, að við þingmenn getum auðvitað komið fram með tillögur að lagabreytingum hvenær sem er og breytt málatilbúnaði. Ég verð hins vegar að segja að ég hef hingað til, þangað til ég heyrði þessa atkvæðaskýringu hæstv. forseta þingsins, staðið í þeirri meiningu að þegar Alþingi væri búið að samþykkja einhverja stefnumótun væri það ályktun sem ríkisstjórnin þyrfti eitthvað með að gera, vegna þess að það er jú svo að Alþingi á að vera yfir framkvæmdarvaldinu.

Ég vildi aðeins láta þessa getið í þessari umræðu. Ég mun örugglega víkja að þessu síðar í fleiri umræðum þegar við erum að samþykkja þingsályktanir, vegna þess að mér finnst það dálítið á skjön við það sem maður hefur talið ef það er svo að enda þótt við séum öll sammála í þingsalnum um að ákveðnir hlutir gangi eftir og felum það ríkisstjórninni, eins og við gerum yfirleitt með samþykkt þingsályktana, þá erum við að samþykkja stefnu fyrir hönd Alþingis en það er jú framkvæmdarvaldið sem á að reyna að fylgja þeirri stefnu. Ef við eigum að hafa það að leiðarljósi að eftir tvö ár getum við litið svo á að viðkomandi þingsályktun hafi svo sem ekkert gildi vegna þess að, eins og ég sagði áðan þegar ég vitnaði í eftirfarandi, með leyfi forseta: „Þó að Alþingi hafi samþykk eitthvað í fyrndinni þá koma kosningar og nýir alþingismenn." Það er auðvitað hárrétt, auðvitað gerist það.

Ég vildi láta þessa getið vegna þess að mér fannst þetta vera þau skilaboð til okkar hv. þingmanna að þó að við samþykktum eitthvað sem þingsályktun og vilja þingsins þá værum við ekki svo bundin af því, það væri alla vega nokkuð sem menn skildu ekki binda sig við, alla vega ekki á milli kjörtímabila. Ef maður leggur út af þessari túlkun þá er ekkert með samgönguáætlun að gera t.d. eftir tvö ár. Ég vona svo sannarlega að við í stjórnarandstöðunni verðum þá komin til valda og getum farið öðruvísi í málin en núverandi ríkisstjórn með niðurskurði núna þrjú ár í röð á fjárveitingum og síðan aftur innspýtingu verulega á árunum 2007 og 2008, svo mikla innspýtingu að ég býst jafnvel við því að þau tilboð sem við fáum á árunum 2007 og 2008 í verklegar framkvæmdir verði verulega há og að af því tapist miklir fjármunir að fara svona í málin eins og við erum að leggja upp með vegna þess að það er þannig í dag að þau tilboð sem Vegagerðin hefur verið að fá hafa verið góð fyrir ríkið og Vegagerðina. Þau hafa verið undir kostnaðaráætlun, enda mælum við ekki þenslu alls staðar á landinu þótt hún mælist sums staðar, hæstv. forseti, og hef ég komið að því oft í ræðum mínum bæði um fjárlögin og annað að ég tel ekki mikla þenslu að finna í Norðvesturkjördæmi. Ég hygg að hið sama gildi um norðausturhorn landsins þó að mikið sé um að vera á Miðausturlandi. En þó mikið sé um að vera á Miðausturlandi þá fækkaði vissulega íbúum Djúpavogs og Hornafjarðar á undanförnum fimm árum um 190, um 45 á Djúpavogi og 145 á Hornafirði. Ekki er það vegna þess að þessir staðir séu óaðlaðandi eða neitt slíkt. Þetta eru staðir í fögru umhverfi með góð hafnarskilyrði og ættu að hafa alla möguleika til að blómstra. Ég vona svo sannarlega að sú þróun sem hefur verið síðustu fimm ár snúist sem allra fyrst við.

Ég tek þetta bara sem dæmi til að minna á að þó að mikið sé um að vera á Miðausturlandinu og menn muni vonandi njóta þess í framtíðinni að þar komi nýr atvinnuvegur þá teygir það sig ekki sig mjög langt út frá Miðausturlandinu, alla vega ekki eins og horfur eru. Það kynni hins vegar að breytast með verulega bættum samgöngum svo ég nefni það nú einu sinni enn varðandi þjóðvegina.

Ég er sammála þeirri stefnumótun sem við leggjum hér upp með í þingsályktun um ferðamál. Ég held að hún marki okkur ágætan ramma fyrir framtíðina og ég vonast til þess að við sem erum að samþykkja þessa tillögu og leggja hana til, höfum vilja til að reyna að vinna eftir henni á næstu árum. Auðvitað koma nýir tímar og nýir menn. Ég held að það sé gott fyrir ferðaþjónustuna ef samkomulag næst um stefnumótun sem ferðaþjónustan telur sig geta búið við. En þá verður líka að vera vilji til þess að reyna að vinna eftir henni. Hér er vissulega vikið m.a. að samgöngum, t.d. í þeim kafla ályktunarinnar sem heitir Grunngerð. Þar segir í 5. lið:

„Aðgengi að skilgreindum „seglum" verði tryggt allt árið, sbr. skýrsluna Auðlindin Ísland."

Ég hef viljað líta svo á að sérhver landshluti væri ákveðinn segull og síðan væru innan hvers landshluta ákveðnir seglar. Ef okkur á að takast að dreifa ferðamönnunum landið, sem ég held að sé bráðnauðsynlegt ef við ætlum að taka á móti þeim fjölda ferðamanna sem við eigum von á, þá þurfum við að hafa gott aðgengi að því sem hér er kallað skilgreindir seglar. Það er algerlega ljóst að meginmálið í því er að okkur takist á næstu árum, ekki áratugum heldur næstu árum, að bæta samgöngukerfið verulega, sérstaklega

þar sem vegakerfið er slíkt að erlendir ferðamenn sem eru búnir að leigja sér lítinn bíl til að ferðast um landið lendi ekki í því að vegurinn sem þeir ætluðu að fara sé ófær fyrir þannig farartæki, að þeir sitji uppi með það.

Það er dauðans alvörumál að taka á samgöngumálunum. Ég segi, og ætla að láta það verða lokaorð mín í þessari umræðu um ferðamál, að það er algerlega óásættanlegt að búa við vegakerfi eins og það er sums staðar á landinu í dag, þar sem það dettur niður í algert drulluforæði og er nánast ekki akfært þegar þannig fer um tíðarfar á landinu.

[12:07]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er til síðari umræðu tillaga til þingsályktunar um ferðamál. Hv. formaður samgöngunefndar, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, hefur greint frá nefndarálíti sem nefndin öll stendur að og sýnir að þessi tillaga er um margt góð svo langt sem hún nær.

Við fyrri umræðu nefndi ég að vinnan við þessa tillögu um ferðamál, um helstu sýn og markmið í ferðamálum, var um margt góð. Í henni tóku margir þátt. Fagaðilar, stjórnmálaflokkar og hinir ýmsu aðilar í samfélaginu sem láta sig ferðamál varða og koma beint að þeim, unnu við að skilgreina ákveðna grunnþætti ferðaþjónustunnar og markmið og sýn fyrir íslenska ferðaþjónustu. Þetta er í sjálfu sér tímamótavinna og alveg fyllilega tímabær því ferðaþjónustan er sá atvinnuvegur sem hefur vaxið hvað hraðast á síðustu árum. Hún hefur vaxið að meðaltali síðustu tvo áratugi um 6% á ári eða eitthvað nálægt því. Hún er að verða önnur til þriðja stærsta atvinnugrein landsins, mæld í fjölda starfa og eins í að skaffa útflutningstekjur. Hún er auk þess sú atvinnugrein sem er hvað ábatasömust fyrir þjóðarbúið, þ.e. innlend aðföng, laun og önnur aðföng, eru í miklum meiri hluta. Innflutt aðföng eru sáralítill hluti miðað við aðrar atvinnugreinar í útflutningsverðmætum ferðaþjónustunnar. Hún hefur því gríðarlega mikla sérstöðu og við hana eru bundnar miklar væntingar um eflingu og vöxt. Því er orðið svo rækilega tímabært að ætla ferðaþjónustunni eðlilegan og nauðsynlegan sess í atvinnulífi þjóðarinnar, í efnahagslífinu, við ráðstöfun á náttúruauðlindum og einnig þar sem hún útvegar fólki fjölbreytta vinnu sem krefst fjölbreyttrar þekkingar. Það er svo sannarlega tímabært að setja henni ramma eins og gert er með þessari þingsályktunartillögu.

Það er ánægjulegt fyrir okkur þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem leggjum áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlindanna — við leggjum áherslu á ímynd landsins á grundvelli náttúru og menningar — að einmitt þetta atriði er haft númer eitt í þeirri ályktun sem hér liggur fyrir. Ég ætla aðeins fara yfir þá meginþætti sem lagðir eru til að móti umgjörð og framtíðarsýn íslenskrar ferðaþjónustu. Gert ráð fyrir að þessi þingsályktun spanni tímabilið frá 2006–2015 og að þar verði unnið út frá eftirgreindum markmiðum:

Í fyrsta lagi að náttúra Íslands, menning þjóðarinnar og fagmennska, auk sterkrar byggðar, verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála. Það er ánægjulegt að sjá að þetta er einmitt sett númer eitt. Ég mun í umfjöllun minni um þessa þingsályktunartillögu einmitt halda mig mjög við þessa þætti. Auk þess eru þarna talin upp eðlileg og sjálfsögð atriði eins og að tryggð verði samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni. Það er hárrétt áhersla. Í þriðja lagi á að jafna álagi vegna ferðaþjónustu á landið og íbúa þess og stefna að því að það verði innan þolmarka í samræmi við niðurstöður rannsókna. Þetta er heldur betur tímabært ákvæði um að skipulega eigi að jafna og dreifa álaginu vegna komu ferðamanna um landið og þá líka á hinn veginn að breikka framboð á eftirsóttum þáttum og skaffa atvinnu sem víðast um land. Þessi þáttur er því líka gríðarlega mikilvægur. Svo verður ímynd Íslands sem ferðamannastaðar byggð upp og varin.

Öll þessi atriði sem ég hef talið upp eru gríðarlega mikilvæg og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fögnum þeim áherslupunktum sem eru settir þarna fullkomlega í forgrunn við mótun framtíðarsýnar og áherslna í íslenskri ferðaþjónustu.

Frú forseti. Ég tel að eftir að þessi tillaga verður samþykkt, sem við leggjum eindregið til í sjálfu sér, þá verði næsta skrefið að vega þessa þætti inn í sameiginlega heildarstefnu ríkisins í atvinnumálum, í efnahagsmálum og í umhverfismálum því að staðreyndin er sú að nú er hrópleg þversögn á milli þessara áherslna, náttúru Íslands, menningar þjóðarinnar og samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar, við þá stefnu sem þessi ríkisstjórn rekur í atvinnumálum. Það er hrópleg þversögn þar á milli og verður þess vegna fróðlegt að sjá hvernig þessari ályktun um ferðamál reiðir af hjá þessari ríkisstjórn. Hver er staðan t.d. varðandi náttúru Íslands?

Fjöldamargir staðir sem hafa grundvallarþýðingu hvað varðar náttúruverðmæti, til að laða að ferðamenn og sýna, liggja undir þeim hamri að verða teknir frá til stórvirkjana. Þegar tveir aðilar keppast um að ná undirtökum eða njóta forgangs þá halda menn að sér höndum. Tökum sem dæmi að nú er tekist á um Langasjó. Langisjór og svæðið við vestanverðan Vatnajökul er ein af dýrustu náttúruperlum landsins. Þar eru náttúruperlur í seilingarfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, frá þeim stað þar sem ferðamennirnir koma fyrst inn í landið og er þess vegna eitt af þeim svæðum sem kjörið væri til að byggja upp og búa undir að taka á móti ferðamönnum árið um kring. Áherslan á að taka Langasjó í forgang fyrir ferðaþjónustu er fyllilega í samræmi við þá þingsályktunartillögu sem hér er flutt, sem hæstv. samgönguráðherra hefur borið inn í þingið og við höfum til afgreiðslu.

Hins vegar er annar aðili jafnframt að vinna að því að taka þessi sömu náttúruverðmæti og setja þau í stórar vatnsaflsvirkjanir og framleiða rafmagn fyrir erlenda stóriðju, fyrir utan það að sú erlenda stóriðja sem hefur verið að byggjast upp virðist skapa afar lítinn þjóðhagslegan ábata miðað við þann kostnað sem lagður er í hana. En þarna er annar aðili að keppast um sömu grunnþættina og við ætlum að byggja okkar ferðaþjónustu á. Hver fer að byggja upp ferðaþjónustu, leggja í kostnað við markaðssetningu og annað á slíkum náttúruperlum þegar á hinn bóginn eru í ríkisstjórninni draumar um stóriðju á sömu svæðum? Það þýðir að þá treystir enginn sér til að leggja fjármagn í að skipuleggja neina aðra atvinnustarfsemi.

Sama má segja um Þjórsárver, sem eru ein af dýrustu

náttúruperlum Íslands, sem tekist hefur verið á um. Stóriðjuráðherrarnir, álráðherrarnir, vilja fá Þjórsárverin til að virkja þau með Norðlingaölduveitu. En jafnframt eru Þjórsárverin, fyrir utan að vera ein af dýrustu náttúruperlum okkar sem ósnortið víðerni sem hefur gildi á heimsmælikvarða, hluti af ímynd náttúru Íslands sem við kynnum sem hornstein ferðaþjónustu okkar.

Í þessari þingsályktunartillögu er lögð áhersla á að náttúra Íslands sé hornsteinn íslenskrar ferðaþjónustu. Samtímis er keyrt á sömu mið til að eyðileggja náttúruverðmæti í þágu stórra vatnsaflsvirkjana og erlendrar stóriðju. Þarna stangast sjónarmiðin verulega á og í grundvallaratriðum. Eðlilega eru menn stopp og í flestum tilfellum verða þeir aðilar að lúffa sem vilja byggja upp ferðaþjónustuna á grundvelli náttúrunnar þannig að hér er heldur betur handleggur að taka til.

Hæstv. samgönguráðherra kemur með ágæta tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu í ferðamálum sem byggir á náttúru Íslands. Hæstv. iðnaðarráðherra og aðrir áliðnaðarráðherrar þessarar ríkisstjórnar keyra á sömu náttúru til að virkja hana og framleiða rafmagn fyrir erlenda stóriðju.

Hver þekkir ekki umræðuna um Dettifoss? Þar er tekist á um hvort virkja skuli þau fljót og þá er sagt: Það væri hægt að hleypa vatni á hann yfir ferðamannatímann. Frú forseti. Það er himinn og haf milli þeirra áherslna sem hér eru lagðar fram í ferðamálum og þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin í rekur í atvinnumálum, stefnunni gagnvart sömu náttúruauðlindum og hér er um að ræða.

Tökum t.d. umræðuna í Skagafirði. Þar er tekist á um hvort virkja eigi Héraðsvötnin, stífla jökulárnar í Skagafirði, í þágu erlendrar stóriðju. Jafnframt hafa þær sömu ár og sömu vötn í mörg ár myndað grunn fyrir þá ímynd sem Skagafjörður hefur mótað sér, unnið fyrir og markaðssett fyrir ferðaþjónustu, fyrir matvælaiðnað, fyrir menntun, fyrir háskólanám. Sú ímynd er orðin svo sterk að hún sjálf hefur orðið mikið markaðsgildi og er fullkomlega í samræmi við þær áherslur sem hæstv. samgönguráðherra leggur upp með í ferðamálum og öll samgöngunefnd Alþingis er sammála um að skuli vera númer eitt í uppbyggingu ferðaþjónustu á Íslandi, þ.e. á náttúru Íslands. En svo kemur raunveruleikinn hjá ríkisstjórninni, að taka sömu vötn og nýtt hafa verið til ferðaþjónustu og ímyndarsköpunar, taka sömu vötn, stífla árnar, búa til stórar vatnsaflsvirkjanir og framleiða rafmagn fyrir erlenda stóriðju sem litlum ábata skilar en eyðileggur þá ímynd sem aðrar atvinnugreinar þarfnast.

Frú forseti. Það þarf heldur betur að taka til hendi. Ég hef spurt hæstv. samgönguráðherra hvort hann hafi í raun fengið stuðning innan ríkisstjórnarinnar við þessa þingsályktunartillögu. Eða er það kannski eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson var að ýja að, að þingsályktunartillögur sem þessar séu bara samþykktar upp á punt á Alþingi og síðan ekkert meira gert með þær? Síðan veður ríkisstjórnin áfram með allt aðrar áherslur. Hann nefndi dæmi um það. A.m.k. tel ég að í þessari góðu tillögu, þingsályktunartillögu um ferðamál, þar sem lögð er áhersla á náttúru Íslands, menningu þjóðarinnar, öfluga byggð og fagmennsku, sé náttúran númer eitt í uppbyggingu ferðaþjónustu. En í framkvæmd hjá ríkisstjórninni er raunveruleikinn allt annar. Það er gengið á sömu náttúruauðlindir og þær eyðilagðar í þágu stóriðjustefnu, álverksmiðja o.s.frv. Það er mikil nauðsyn að þetta verði skýrt ítarlega, hvaða stefna í raun ræður eða hvort við erum að samþykkja eitthvert puntplagg og síðan haldi ríkisstjórnin áfram með stóriðjustefnu sína.

Hvert er næsta atriðið sem hér er lögð áhersla á, frú forseti? Það er að tryggja samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri af greininni. Samkeppnishæfni — við spurðum um það í nefndinni hvort hægt væri að fá nánari skilgreiningar á samkeppnishæfninni, hvað væri átt við. Var þar horft á ýmsa þætti, bæði innlenda og erlenda þætti? Voru það aðstæður hér sem voru öðruvísi en erlendis sem skekktu samkeppnisstöðuna? Við því var ekki gott að fá svör.

Eitt vitum við þó. Í þeim fjölmörgu yfirlýsingum sem við höfum fengið frá Samtökum atvinnulífsins, frá Samtökum ferðaþjónustunnar og frá fjölmörgum atvinnugreinum kemur fram að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar, með þessu gríðarlega háa gengi sem m.a. er til komið vegna stóriðjuframkvæmdanna, er hvað hættulegust íslenskri ferðaþjónustu um þessar mundir. Bara fyrir skömmu var einmitt fjallað um ályktun frá aðilum í ferðaþjónustunni þar sem fram kom að vegna hás gengis krónunnar og lágs gengis á erlendum gjaldmiðlum stæði ferðaþjónustan frammi fyrir auknum vanda í sumar. Það hefur dregið úr pöntunum frá útlöndum vegna þess að gengið er svo óhagstætt, gengið sem er keyrt upp með stóriðjuframkvæmdunum, framkvæmdum sem ganga á sömu náttúruperlur og við erum að leggja til að notaðar verði til sjálfbærrar ferðaþjónustu. Í hinu efnahagslega tilliti, stefnu í atvinnumálum, gengur ríkisstjórnin þvert á hagsmuni ferðaþjónustunnar. Þar er önnur ástæða, frú forseti, til að krefja ríkisstjórnina svara um hvort hún ætli að breyta um stefnu. Við þingmenn Vinstri grænna viljum að stefnunni verði breytt, að farið verði af þessari stóriðjubraut. Þessi tillaga til þingsályktunar sem hér er til umfjöllunar og samgöngunefnd er sammála um að samþykkja gengur þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum og efnahagsmálum. Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Það er ekki bæði hægt að keyra upp stóriðjustefnu og ætla líka að halda í sömu náttúruperlur, halda í fjölbreytt atvinnulíf. Það er ekki hægt. Annað hvort verður undan að láta og reyndin hefur verið sú að ferðaþjónustan og náttúruperlurnar hafa orðið undan að láta.

Ég minnist þess, frú forseti, að í ræðu hæstv. utanríkisráðherra um utanríkismál, sem hann flutti á föstudaginn, var eitt atriði sem laut að ferðamálum og að markaðssókn í ferðamálum erlendis. Hæstv. ráðherra lagði áherslu á að gera þyrfti átak í þeim efnum. Þar er ég sammála hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddssyni. Það þarf að gera átak í þeim efnum. En ríkisstjórnin er að gera þveröfugt. Með atvinnustefnu sinni er skrúfað upp hágengi og öðrum atvinnugreinum eins og ferðaþjónustunni rutt burt. Auk þess minnist ég þess frá síðustu fjárlögum að á þeim voru fjárframlög til markaðsmála í ferðaþjónustu erlends skorin niður um á annað hundrað milljóna kr. og þótti ekki úr mjög háum söðli að detta. Það eru áherslurnar í ferðamálum í raun, frú forseti. Mér er nær að óttast að þessi tillaga til þingsályktunar, ágæt tillaga um ferðamál, lúti þeim örlögum sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson gaf í skyn, að

þetta væri bara puntplagg sem ekki væri talin nein ástæða fyrir stjórnvöld að standa við. Það er alvarlegt mál.

Í þessari tillögu til þingsályktunar er síðan farið í fleiri atriði, frú forseti. Það er minnst á að ferðaþjónustunni verði sköpuð rekstrarskilyrði sambærileg við rekstrarskilyrði í samkeppnislöndunum. Þetta er mjög góð stefnumörkun. Við spurðum að því í samgöngunefnd og óskuðum eftir að fá einhvern samanburð á samkeppni ferðaþjónustunnar hér og erlendis, hvort það væri mismunun í gjöldum af hálfu ríkisins, mismunun í skattlagningu, hvort það væri mismunun í grunnstoð. Við þekkjum það t.d. úr skipasmíðaiðnaðinum að í samkeppnislöndunum í kringum okkur er veittur þróunarstuðningur til skipasmíðaiðnaðar. Hann er bannaður hér, ekki heimill, hefur ekki verið heimill. Hver er munurinn á aðkomu ríkisins að uppbyggingu ferðaþjónustu í öðrum löndum? Við höfum ekki fengið svar við þessu. Þetta tel ég mjög mikilvægt. Það hefur svo litla þýðingu að setja orð á blað um að ferðaþjónustunni verði sköpuð rekstrarskilyrði sambærileg við rekstrarskilyrði í samkeppnislöndunum ef ekkert er síðan gert til að kanna hvort það sé mismunun, í hverju hún sé þá fólgin og hvað hægt sé að gera. Þetta tel ég að þurfi að gera, frú forseti, áður en við afgreiðum þessa tillögu endanlega. Annars er þetta hálfmarklaust.

Af hálfu nefndarinnar var einnig óskað eftir upplýsingum um framkvæmdaáætlun. Það var upplýst að þeir sem höfðu komið að efnisöflun fyrir þessa tillögu hefðu líka gert tillögu um framkvæmdaáætlun og kostnaðaráætlun. Við óskuðum eftir því að fá þessar tillögur nefndarinnar en þær hafa enn ekki borist. Tillaga án framkvæmdaáætlunar og án fjárhagsáætlunar er í sjálfu sér ósköp lítil virði, a.m.k. hvað varðar það þegar verið er að taka á svona atriðum eins og hér sem öll kosta peninga, sem öll krefjast forgangs umfram eitthvað annað. Ég tel mjög mikilvægt, frú forseti, að við fáum þessar skýrslur inn í umræðuna áður en við ljúkum þessu máli hér, skýrslur um tillögu nefndarinnar um framkvæmdaáætlun og tillögu nefndarinnar um fjárhagsáætlun. Mér skilst að hugmyndin sé að tillaga til þingsályktunar um ferðamál hafi hliðstæða stjórnsýslulega stöðu og tillaga um samgöngumál, langtímaáætlun í samgöngumálum. Tillaga um áætlun í samgöngumálum væri ansi lítils virði ef ekki fylgdi þar tímasett framkvæmdaáætlun og hvað hver þáttur kostaði. Mér finnst vanta með þessari tillögu bæði framkvæmdaáætlun og kostnaðaráætlun til að hún geti verið nægilega trúverðug og líka á einhvern hátt skuldbindandi fyrir Alþingi. Eins og hún er núna er hún bara falleg orð og yfirlýsingar, og gott með það, en engin atriði um framkvæmdir eða fjármál sem geta skuldbundið Alþingi til að fylgja þessari tillögu eftir.

Það er lögð áhersla á kynningarmálin og hvaða atriði skulu vera grunnþáttur í kynningu á íslenskri ferðaþjónustu. Það held ég að sé einmitt mjög mikilvægt, að ímynd Íslands út á við sem ferðamannalands verði á einhvern hátt samræmd. Við þekkjum það að einn sterkur aðili sem sker sig úr, velur eitthvert ákveðið atriði og kynnir á erlendum markaði getur bæði styrkt alla hina en getur líka skaðað þá. Ísland er ekki það stórt og við leggjum upp ákveðnar forsendur á hverju við byggjum ferðaþjónustu okkar. Kynningarstarfið á Íslandi erlendis er mjög mikilvægt, mikilvægt að það sé samhæft og enginn einn ætti að fá að skera sig úr og fara kannski að markaðssetja eitthvað sem kemur öðrum illa. Ég ætla ekki að nefna dæmi. Við þekkjum það úr umræðunni hér. Það hefur meira að segja verið rætt á þingi þar sem t.d. hefur verið gagnrýnt að stórir aðilar í ferðaþjónustu láti að því liggja að það væri einhver sérstök upplifun að kynnast íslenskum stúlkum eða kvenfólki í næturlífi Reykjavíkurborgar og að það væri sérstakt aðdráttarafl í ferðaþjónustu. Um það hefur verið deilt hvort þetta sé einhver máti til að kynna Ísland sem ferðamannaland. Ég tel ekki. Ég tel að það eigi ekki að vera þetta. Þetta sýnir bara hvað það er mikilvægt að einn aðili rjúfi sig ekki út úr þeirri heildarmynd sem við viljum að gerð sé hvað varðar íslenska ferðaþjónustu, enda er sett í lið númer eitt að fagmennska og gæði ráði för í kynningu og þróun á ferðaþjónustunni.

Í kynningarmálunum er því í þingsályktunartillögunni lögð áhersla á, með leyfi forseta:

„Áfram verði unnið að uppbyggingu ímyndar Íslands og hún varin með því að leggja áherslu á eftirfarandi þætti í kynningarstarfi ferðaþjónustunnar:

a. einstaka og fjölbreytta náttúru“ — sem er sett númer eitt í hver skuli vera hornsteinn í kynningarstarfi á íslenskri ferðaþjónustu. Einstök og fjölbreytt náttúra. Hvernig harmónerar þetta við stefnu ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum, í þeirri stefnu helst að stífla og eyðileggja flestöll stærri vatnsföll á Íslandi sem eru grunnþáttur í náttúru landsins?

Liður númer tvö er umhverfisvernd, liður númer tvö sem skal vera áhersluatriði í kynningarmálum er umhverfisvernd. Þetta er aldeilis nokkuð sem hæstv. ríkisstjórn þarf að fara að kynna sér því ekki hefur skilningur hennar á hugtakinu umhverfisvernd verið svo hátt uppi á pallborðinu á undanförnum árum, síður en svo. Ég held að hvaða skoðun sem menn hafa á ágæti stóriðjuframkvæmdanna og stórvirkjananna hæli fáir hæstv. ríkisstjórn fyrir áherslu í umhverfisvernd, ef það er þá nokkur. Að minnsta kosti er þar ekki nægilega vel á spilum haldið. Í þessari tillögu er sem sagt gert ráð fyrir að umhverfisvernd sé númer tvö, b-liður á eftir einstakri náttúru. Síðan koma önnur atriði, lögð áhersla á menninguna, þjóðina, fagmennskuna, gæði og öryggi, heilsu og hreinleika, gestrisni, myndræn auðkenni og slagorð sem byggja á þessu sem ég hef rakið.

Öll þessi atriði, frú forseti, eru svo fyllilega í samræmi við stefnu og áherslur Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í ferðaþjónustu. Þess vegna fögnum við þeim áherslum sem hér eru dregnar fram og lagðar til grundvallar í uppbyggingu á íslenskri ferðaþjónustu en bendum aftur á að allar þessar áherslur eru nánast í beinni þversögn við áherslur ríkisstjórnarinnar sem hugsar um það eitt hversu hratt sé hægt að stífla íslensk vatnsföll og byggja þar stóriðju þó að sömu náttúruperlur séu grunnþættir fyrir uppbyggingu íslenskrar ferðaþjónustu.

Nefndinni bárust allmargar umsagnir um þessa þingsályktunartillögu um ferðamál og það verður að segjast að almennt eru þær mjög jákvæðar, fagna framtakinu með þessari þingsályktunartillögu og að hafin sé svona afgerandi stefnumörkun fyrir uppbyggingu íslenskrar ferðaþjónustu. Ég ætla hér á eftir að fara aðeins inn í nokkur þau atriði. Það sem kannski hefði þurft að vera í þingsályktunartillögunni væri að skilgreina betur hver ætti að vera grunn-

þáttur hins opinbera í uppbyggingu íslenskrar ferðaþjónustu.

Ferðaþjónustan sem atvinnugrein er mjög ung borið saman við aðrar atvinnugreinar, tökum landbúnað, sjávarútveg og á vissan hátt margar iðngreinar. Ferðaþjónustan er ung og hefur alls ekki náð að byggja upp höfuðstól í fagþekkingu, rannsóknum eða mannvirkjum og slíku. Berum hana saman við sjávarútveginn sem er á áratugum búið að byggja upp af hálfu hins opinbera, byggja hafnir vítt og breitt um landið og eina stærstu rannsóknastofnun Íslands sem þjónar sjávarútveginum. Margs konar fagþekking hefur verið byggð upp í sjávarútveginum sem hann byggir grunn sinn á. Sama er í landbúnaðinum, áratugum saman hefur þar verið byggður upp samfélagslegur grunnur fyrir þessar atvinnugreinar sem þær byggja verkefni sín og störf á. Ferðaþjónustan hefur það ekki. Hún er ekki með neina stóra rannsókna- og þróunarstofnun að baki sér með áratugareynslu í uppbyggingu ferðaþjónustu. Hún er ekki með stofnbúnað eins og hafnir og aðra sterka samfélagslega þætti sem byggðir hafa verið upp. Þetta skortir hana þannig að ég tel að það hefði þurft að fara inn og segja: Hvað ætlar hið opinbera að gera, ríki og sveitarfélög? Hvað verða þau að gera? Það eru ákveðnir grunnþættir. Það er minnst á markaðsstarfið, sameiginlegt markaðsstarf fyrir allt Ísland. Það finnst mér eiga að vera að stórum hluta á ábyrgð hins opinbera meðan verið er að vinna þessa grein upp í að verða rekstrarlega sjálfbær eins og aðrar atvinnugreinar.

Smátt og smátt hafa upplýsingamiðstöðvarnar byggst upp um landið, þó allt of hægt. Það er skorið svo við nögl, það fjármagn sem væri eðlilegt að þessar upplýsingamiðstöðvar fengju, upplýsingamiðstöðvar sem reknar væru á ábyrgð hins opinbera og fjármagnaðar af ríki og sveitarfélögum sem miðluðu upplýsingum til allra jafnt. Ég held að það sé eitt af þeim lykilatriðum sem hið opinbera þarf að gera í íslenskri ferðaþjónustu. Þetta hefur gengið allt of hægt og hér duga engin góð orð. Þarna þarf fyrst og fremst fjármagn, og fjármagn til ferðaþjónustunnar hefur verið af svo nánasarlega skornum skammti á undanförnum árum miðað við stærð og mikilvægi greinarinnar að það er ekki vansalaust. Einmitt uppbygging á upplýsingamiðstöðvum vítt og breitt um landið er grunnatriði. Ég tel að það hefði átt að nefna í þingsályktunartillögunni hvar meginatriðin væru þar sem hið opinbera ætti að koma inn. Hið opinbera á ekki að koma inn í að reka hótel eða greiðastaði en það verður að skapa grunn til að hægt sé að reka hótel á viðkomandi stað.

Hið sama er t.d. um að búa út staði til að taka á móti fólki. Það er talið að innan tíu ára geti erlendir ferðamenn hér orðið 1 milljón. Það gerist ekki af sjálfu sér að búa landið undir að taka á móti þessu fólki. Ég hefði viljað sjá í þessari þingsályktunartillögu formlega áherslu af hálfu ríkisins, þ.e. hins opinbera, átak í að búa landið undir að taka á móti þessu fólki, búa út staði sem væru eftirsóknarverðir á sviði náttúru og menningar eins og lögð er áhersla á og nefnt í þessari þingsályktunartillögu. Það er ekki nóg að nefna það og segja það, heldur verður líka að gera það og það gerist ekki nema með fjármagni. Það gerist ekki nema með því að maður vilji gera það. Og þennan framkvæmdavilja vantar í þingsályktunartillöguna.

Meginhluti ferðamannaþjónustunnar á sér stað í kringum höfuðborgarsvæðið. Líklega er ferðaþjónustan einn stærsti atvinnuvegur á Reykjavíkursvæðinu, einstæður atvinnuvegur, en það er ekki nóg. Ég held að hið opinbera verði að hjálpa til við að stýra ferðamennskunni út um land til skilgreindra viðfangsefna í náttúru og menningu. Ekki fara að reka hótel en skapa grunninn og styðja við markaðsstarfið.

Um áramótin kom hópur af rússneskum ferðamönnum, sem ég kynntist af tilviljun. Þeir voru vel auðugir og vildu eiga góða daga í viku til tíu daga. Það skipti ekki meginmáli hvað það kostaði en þeir vildu fá að upplifa ákveðna dagskrá sem hafði verið sett upp. Norðurljósin, fara á hestbak, í Bláa lónið og Gullfoss og Geysi og ýmislegt sérstakt í sambandi við mat.

Fyrir utan Reykjavíkursvæðið voru öll hin atriðin sótt fyrir austan fjall. Það er alveg sjálfsagt að byggja upp góða ferðaþjónustu fyrir austan fjall en á þessum tíu dögum fór hópurinn í sex daga austur fyrir fjall, fór að Gullfossi og Geysi og á Þingvöll. Þar var farið á hestbak, leitað að norðurljósunum og borðaður einhver sérstakur matur. Hellisheiðin var því aðalferðamannaleið þessa fólks. Það fór hana tólf eða fjórtán sinnum. Engum datt í hug í skipulaginu að hægt væri að fara á Akranes, í Borgarnes eða í Reykholt. Fara á hestbak í Borgarfirði t.d. Nei, þetta var allt skipulagt með þeim hætti að farið var tólf eða fjórtán sinnum yfir Hellisheiðina, gott og vel, til að sækja þessi afmörkuðu atriði í prógramminu.

Þetta er gott og blessað, en við byggjum ekki alla ferðaþjónustuna okkar upp með þessum hætti. Þess vegna verður ríkið að koma inn í þessa grunnþætti skipulags ferðamála og aðstoða við að stýra ferðaþjónustunni, líka til að nýta mannvirkin og vegina. Í þingsályktunartillögunni er hvergi komið inn á með neinum afgerandi hætti hvernig ríkið ætlar að koma og mynda þennan grunn fyrir ferðaþjónustuna í landinu. Það segir okkur að þingsályktunartillagan er ekki nógu vel undirbyggð og treyst. Það eru falleg orð á blaði um stefnumörkun, sem ég hef hælt, en aftur á móti er lítið farið út í framkvæmdina.

Ég vil aðeins í þessu sambandi minnast á vegamálin. Í vegamálum höfum við vegáætlun. Það er gerð langtímaáætlun í vegamálum og skammtímaáætlun til tveggja og fjögurra ára. Það er sett niður hvaða vegi á að takast á við á næstu tveimur árum, fjórum árum og í tíu ára áætlun og jafnframt áætlað hvað hver kafli kostar. Síðan er líka gerð áætlun um hversu miklu fjármagni er ætlað að verja í vegáætlun. Þetta eru góð vinnubrögð og ég hefði viljað sjá hliðstæð vinnubrögð hvað varðar ferðamál, að við gerðum áætlun um ferðamál til tíu ára, eins og hér er lagt til, og síðan yrði gerð önnur skemmri áætlun til tveggja eða fjögurra ára þar sem nefnd yrðu þau atriði sem hið opinbera ætlaði að beita sér fyrir, tímasett, og fjármagnið sem væri varið til þeirra. Með slíkum vinnubrögðum kæmumst við á einhvern vinnuhæfan grunn í einum stærsta atvinnuvegi þjóðarinnar.

Hvað sem um vegáætlun má segja er hún þó grunnur til að vinna á, þó svo að við lendum stöðugt í því að ríkisstjórnin skeri niður fjármagn til vegamála, niðurskurður á sl. ári var tæpir 2 milljarðar og aftur var 2 milljarða niðurskurður á þessu ári og aðrir 2 milljarðar á næsta ári. Það er

því 6 milljarða niðurskurður í vegamálum á þriggja ára tímabili, sem sýnir kannski forgangsröðun og áherslur núverandi ríkisstjórnar því fátt er mikilvægara í ferðamálum en einmitt vegirnir. Það er eiginlega dapurt að horfa á þessa þversögn, annars vegar er falleg tillaga til þingsályktunar um ferðamál, staðreyndin að ferðamál og ferðaþjónusta eru að verða einn stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar og sá sem skilar hvað mestum nettógjaldeyristekjum til þjóðarbúsins sem byggir á því að nýta landið allt, náttúruperlur þess, vegina, gestrisnina og allt sem landið og þjóðin hafa upp á að bjóða, og ekki hvað síst vegina.

Þá velur ríkisstjórnin að skera niður framlag til vegamála. Það er ekki aðeins skorið niður framlag til stofnveganna, til þjóðveganna, til þjóðvegar eitt, heldur er líka fjármagnið til byggðaveganna, héraðsveganna, safn- og tengiveganna skorið niður, þeirra vega sem liðast inn til dala og út til stranda og eru einmitt líka einn af hornsteinum fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu úti um allt land. Sveitavegirnir sem liggja inn til dalanna, út til strandanna eru að sjálfsögðu þeir vegir sem það fólk sem þar býr verður að nota daglega til að stunda vinnu, til að koma börnum í skóla og gæði þeirra ráða miklu um búsetuhæfni staðanna. En vegirnir eru líka grundvöllur fyrir uppbyggingu fjölbreyttrar ferðaþjónustu á þessum landsvæðum. Það sýnir hug ríkisstjórnarinnar til ferðamála að einmitt þessir vegir eru líka skornir niður, það litla fjármagn sem er til safn- og tengiveganna er skorið niður og þar með líka skertir möguleikar á eflingu og þróun ferðaþjónustunnar á þeim svæðum.

Frú forseti. Ég hef einmitt lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um að safn- og tengivegirnir, héraðsvegirnir fái sérstakt aukið fjármagn til að mæta kröfunum. Þeir hafa dregist aftur úr á undanförnum árum, setið eftir í áherslum í vegamálum. Ég hef því lagt þunga áherslu á það í umræðunni um samgöngumál að veitt verði sérstakt fjármagn til þess að byggja upp safn- og tengivegina til sveita. Ekki aðeins til að styrkja og efla þá byggð sem þar er fyrir fólk sem er að sækja vinnu, aka börnum í skóla langan veg, heldur einnig til þess að treysta ferðaþjónustuna á þeim svæðum. Þessir slæmu malarvegir, illa uppbornir, þar sem þyrlast upp ryk, holóttir og gegnblautir í rigningu er ekki fyrir ferðamenn, ég tala ekki um erlenda ferðamenn og reyndar ferðafólk til þess að keyra þessa vegi svo viðunandi sé, fjarri því. Það er slysahætta og hvorki bílar eru búnir til að keyra á þessum vegum né fólk vant að keyra á þeim og engin sérstök sæld að keyra í sumarfríinu sínu úti um land í þéttum rykmekki eða í blautum og forugum vegunum eins og raunin er allt of víða.

Þess vegna hef ég lagt áherslu á það við afgreiðslu vegamála og er vel til fallið að taka það í áhersluna um ferðamál að gert verði átak í uppbyggingu á þessum sveitavegum, þessum safn- og tengivegum, þessum innanhéraðsvegum sem hafa dregist mjög aftur úr bæði í viðhaldi og uppbyggingu á síðustu árum en gegna lykilhlutverki fyrir vöxt, viðgang atvinnulífs og búsetu og ekki síst ferðaþjónustu á þessum stöðum. En ríkisstjórnin velur að skera niður framkvæmdir til vegamála og það er framlag þeirra til ferðamála.

Frú forseti. Ýmsum öðrum atriðum hefði verið hægt að koma að, eins og stefnu varðandi hálendið, varðandi ferðamennsku á hálendinu, varðandi vörslu og leiðsögn um mestu náttúruperlur landsins. Þar höfum við verið að byggja upp kunnáttumenn, menntaða leiðsögumenn sem hafa færni og kunnáttu til þess að taka að sér leiðsögn á héraðsvísu, á landsvísu um hálendið. Við höfum landverði og skálaverði. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (SP)**:** Forseti vill spyrja hv. þingmann hvort hann sé að ljúka ræðu sinni vegna þess að til stendur að gera hlé á þingfundi klukkan eitt.)

Ég þigg, frú forseti, að gera hlé á ræðu minni og halda áfram síðar.

(**Forseti** (SP)**:** Forseti telur að hægt sé að veita nokkrar mínútur ef það dugar hv. þingmanni.)

Frú forseti. Ég held að við tökum bara matarhlé. Ég á eftir um korter af ræðu minni.

[Fundarhlé. — 12:59]

[15:00]

Útbýting:

Nýframkvæmdir í vegagerð, 719. mál, svar samgrh., þskj. 1245.

Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, 801. mál, frv. iðnn., þskj. 1248.

Tollalög, 493. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1256; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1257.

[15:00]

Jón Bjarnason (frh.)**:**

Frú forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsályktunar um ferðamál. Ferðaþjónustan er orðin einn stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar og sá atvinnuvegur sem vex hvað hraðast núna. Hún skiptir gríðarlega miklu máli í öllu atvinnulífi og við hana eru bundnar miklar vonir og væntingar. Þessi tillaga til þingsályktunar um ferðamál er í rauninni fyrsta alvörutilraunin til þess að setja ferðamálum umgjörð af hálfu þingsins og marka stefnu og áherslur í ferðamálum til lengri tíma. Það er í sjálfu sér tímamótavinna sem hér er verið að taka á af hálfu Alþingis. Í ræðu minni fyrr í dag gerði ég grein fyrir ýmsum grunnatriðum varðandi málið og vakti athygli á því að númer eitt er lögð áhersla á að náttúra Íslands, menning þjóðarinnar, sterk byggð og fagmennska sé undirstaða og forsenda og hornsteinn íslenskrar ferðaþjónustu.

Það var einn þáttur sem ég átti eftir að ræða um og það var einmitt ýmislegt varðandi fagmennskuna. Ég var rétt kominn að því að minnast á stöðu leiðsögumanna og leiðsagnarmálin um landið, um stöðu landvarða og annarra sem gegna veigamiklu hlutverki í að gæta þessara náttúruverðmæta sem jafnframt eru eitt höfuðaðdráttaraflið fyrir ferðamenn.

Ég hefði talið að í þessari þingsályktunartillögu hefði átt að nefna sérstaklega hálendi landsins, að um það þurfi að setja sérstaka umgjörð. Lögð er áhersla á áframhaldandi uppbyggingu þjóðgarða í tillögunni og að stuðla að ferðaþjónustu sem samþættir útivist og náttúruvernd. Það er mjög gott. Ég er sammála því að leggja þarf áherslu á mikilvægi þjóðgarðanna og að þjóðgörðum eða verndarsvæð-

um, svæðum sem eru sérstök náttúruvætti, séu gerð sérstök skil í þingsályktunartillögunni, en ég tel að skýra þurfi fagmennskuna sem lögð er áhersla á í tillögunni hvað varðar upplýsingar, leiðsögn og annað.

Það komu ágætar ábendingar frá Landssambandi björgunarsveita sem bentu á hversu mikilvægt það væri að það sé skipulagður formlegur farvegur í að fræða fólk sem væri að fara t.d. inn á hálendið og ekki síst að gæta þess að slíkar ferðir séu undir formlegri leiðsögn, að ekki sé þar fólk á ferð, jafnvel í hópum, án þess að þar sé leiðsögn, án þess að með í hópnum sé aðili sem kunni ekki aðeins á náttúruna og þekki söguna og menninguna sem verið er að upplifa, heldur viti einnig hvernig bregðast skuli við ef eitthvað gerist.

Á það var bent sérstaklega, bæði af hálfu Landssambands björgunarsveita og Félags leiðsögumanna og einnig fleiri aðilum, að skoða þurfi hvort hleypa eigi hópum erlendis frá, t.d. erlendum ferðaskrifstofum með hópferðir um hálendið, án þess að gert sé skylt að leiðsögumaður sé í hópnum sem annaðhvort hefur fengið menntun og viðurkenningu frá íslenskum aðilum og sé þá Íslendingur eða erlendir leiðsögumenn sem hafi hlotið staðfestingu hér á landi. Umgengni sem hafa þarf á hálendinu er svo sérstök að mér finnst að skoða eigi hvort sett verði um það sérstök lagaumgjörð og er það nefnt hér.

Hvergi er heldur nefnd í þessari þingsályktunartillögu staða menntunar leiðsögumanna eða annarra slíka fagaðila sem ég tel að skipti lykilmáli í uppbyggingu á faglegri ferðaþjónustu eins og lögð er áhersla á í þingsályktunartillögunni. Mér finnst að líka hefði átt nefna stöðu landvarðanna eða hvernig menn ætla bæði að varðveita en einnig að koma á framfæri og sýna náttúruvætti sem einmitt er lögð áhersla á að sé ein meginundirstaðan í ferðaþjónustunni og við erum öll sammála um.

Á þetta er líka lögð áhersla í umsögn Vegagerðarinnar. Þar er einmitt lögð áhersla á að hópar sem fara um landið, sérstaklega í óbyggðum, séu undir þeirri faglegu leiðsögn að bæði sé hægt að njóta hinnar villtu náttúru og vera einnig kunnugt um öryggisatriði og þær hættur og tálmanir sem á vegi geta orðið til þess að forðast þar vandræði og slys. Þessi atriði finnst mér líka að hefði átt að nefna frekar í þingsályktunartillögunni.

Ég hef áður minnst á það hér og ætla að ítreka það undir lok ræðu minnar, frú forseti, að tillögu til þingsályktunar um ferðamál sem hér er lögð fram, og samgöngunefnd er sammála um og stendur að, þó svo við hefðum viljað sjá þar mörg atriði ítarlegri, hefði þurft að fylgja aðgerðaáætlun, tímasett framkvæmdaáætlun og kostnaðaráætlun. Skýra hefði þurft betur út hver hlutur eða þáttur hins opinbera ætti að vera, þ.e. þáttur ríkisins í að byggja upp grunnþætti ferðaþjónustunnar. Mér finnst að það þyrfti að koma betur fram. Það hefði átt að vera leiðsögn um að gerðar yrðu afmarkaðar áætlanir, héraðsbundnar áætlanir í ferðamálum sem styddust við og nytu þeirrar megintillögu sem þingið samþykkti, á grunni þessarar almennu þingsályktunartillögu sem hér er lögð fram. Ég vil benda á að t.d. í Norðvesturkjördæmi, sem ég kem úr, hefur verið lögð vinna í svæðisbundnar stefnumarkanir í ferðamálum fyrir Vestfirði, Skagafjörð, Húnavatnssýslur, Borgarfjörð, Dali, Snæfellsnes og Hvalfjörð o.s.frv. Mér hefði fundist að í þessari tillögu mætti vera leiðsögn um að á grundvelli þeirrar hugmyndafræði og stefnumörkunar sem hér er lögð fram, yrðu unnar stefnumarkandi héraðsbundnar áætlanir um átak í ferðaþjónustu.

Ég vil benda á, frú forseti, að ég hef einmitt lagt fram tillögu til þingsályktunar um sérstakt átaksverkefni í ferðamálum fyrir Norðvesturkjördæmi, sem á margan hátt er samhljóma þeim megináherslum sem lagðar eru fram í þessari tillögu, en þar er fyrst og fremst gengið út frá möguleikum og aðstæðum innan þess kjördæmis. Til dæmis legg ég þar áherslu á að nýta skagfirsku vötnin, Héraðsvötnin, jökulárnar, til uppbyggingar ferðaþjónustu en ekki til virkjana og bendi á hversu mikilvægt er að eyða þeim þversögnum sem eru á því að einn ríkisaðilinn ætlar að virkja en annar ætlar að nýta viðkomandi auðlind til ferðaþjónustu. Þetta þurfum við að fá aðgreint.

Frú forseti. Þessi tillaga til þingsályktunar um stefnumörkun og áætlun í ferðamálum er allra góðra gjalda verð, ég hef lýst hér skoðun minni á því, en henni verður að fylgja fjármagn og tímasett verkáætlun. Tryggja verður að ferðamálin fái sinn sess í atvinnulífi þjóðarinnar, tryggja verður að ferðaþjónustan eigi líka forgang að náttúruperlunum, að hún þurfi ekki að víkja skilyrðislaust undan ef stóriðjan kallar á einhvern fallegan foss, eins og hún hefur orðið að gera á undanförnum árum í stóriðjuæði ríkisstjórnarinnar. Þessi tillaga til þingsályktunar um ferðamál krefst þess að ferðaþjónustan fái sinn viðurkennda sess í atvinnu- og menningarlífi þjóðarinnar og í 1. tölul. 1. mgr. hennar stendur einmitt: „Náttúra Íslands, sterk byggð, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála.“ Þann rétt og þá kröfu viljum við gera fyrir íslenska ferðaþjónustu að hún fái þá forgangsröðun að náttúra Íslands, sterk byggð, menning þjóðarinnar og fagmennska verði hornsteinn hennar í næstu framtíð.

[15:12]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Ástæða er til að nefna í upphafi að það er fagnaðarefni að fyrir Alþingi skuli nú liggja tímamótaályktun að mörgu leyti um ferðamál þar sem fögur fyrirheit og háleit markmið eru fram sett og tímabær mjög þó svo að hægt sé að fara mörgum orðum um það hvernig menn ætla að hrinda þeim í framkvæmd, en það er seinni tíma mál.

Hér kemur margt mjög merkilegt fram. Í fyrsta sinn er þessum mikilvæga atvinnuvegi okkar markaður rammi, heildstæður rammi þar sem sett eru fram markmið á hinum ýmsu sviðum er lúta að ferðaþjónustunni. Vöxturinn í ferðaþjónustunni hefur verið feikilegur á liðnum árum og eiginlega undraverður miðað við hvað ýmislegt ætti kannski að hafa haldið aftur af þeirri þróun, eins og gengið og hryðjuverkaárásir erlendis, í Bandaríkjunum o.s.frv., en engu að síður hefur verið mikill vöxtur í ferðaþjónustunni. Síðasta ár fjölgaði erlendum ferðamönnum hér á landi um 13,5% og gistinóttum um 7% á landsvísu. Greinin er þar af leiðandi sífellt mikilvægari fyrir íslenskt þjóðarbú. Ferðaþjónustan er nú þegar orðin ein af þremur öflugustu stoðunum í íslensku efnahagslífi og aflaði á síðasta ári u.þ.b. 40

milljarða kr. í erlendum gjaldeyri. Hér er því um að ræða mikinn atvinnuveg fyrir okkar Íslendinga og því löngu tímabært að við mörkum heildstæðan og skynsamlegan ramma utan um atvinnuveginn þar sem þeir sem hyggjast hasla sér völl innan ferðaþjónustunnar eða hafa gert það nú þegar, eigi þess auðveldan kost.

Það er líka margt sem hægt er að gagnrýna og ber að taka til þegar við ræðum þetta hérna, af því að á sama tíma og umfang ferðaþjónustunnar og vöxturinn hefur verið jafnmikill og orðinn er — til að mynda jukust, eins og ég sagði, gjaldeyristekjur af ferðamönnum um 5,4% á milli áranna 2003 og 2004, og slíkar tölur mætti aðrar tína til um aukningu og umfang ferðaþjónustunnar í íslensku atvinnulífi — þá stendur greinin að mörgu leyti á veikum grunni. Gangi markmið þingsályktunartillögunnar um ferðamál sem við ræðum í dag eftir mun það breytast að mörgu leyti.

Um leið og mikill uppgangur er í greininni og auknar tekjur af henni eru margar ógnanir sem hún stendur frammi fyrir einnig. Við fyrri umr. spurði ég hæstv. samgönguráðherra alveg sérstaklega út í ályktun sem kom fram frá aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar fyrir nokkrum dögum, þar sem samtökin lýstu miklum vonbrigðum með að dregið skyldi úr opinberum framlögum til markaðsmála í ferðaþjónustunni á sama tíma og greinin er að berjast við að standa af sér mikla tekjurýrnun vegna sterks gengis krónunnar.

Í ályktuninni segir, með leyfi forseta:

„Fáar atvinnugreinar á Íslandi eru jafnberskjaldaðar fyrir gengissveiflum og ferðaþjónustan og því brýn þörf á að hún búi við mikinn skilning opinberra aðila. Skorað er á stjórnvöld að efla á ný markaðssókn á mörkuðum og að haldið verði áfram öflugu samstarfi hins opinbera og atvinnugreinarinnar.“

Hér er tekið afdráttarlaust til orða og ljóst að Samtök ferðaþjónustunnar eru mjög óánægð með framgöngu stjórnvalda hvað varðar þátttöku hins opinbera í framlögum til markaðsmála. Hæstv. ráðherra gaf ekki mikið fyrir þessa ályktun í sjálfu sér og vildi meina að þess væri í reynd ekki þörf. Það er nú önnur umræða þó að nauðsynlegt sé að hafa það til hliðsjónar hvernig umhverfi ferðaþjónustunnar er í dag þegar við ræðum það í síðari umræðu um ferðamál hvernig best verði að marka stefnu í ferðamálum, ferðaþjónustunni, þessum stóra og mikla atvinnuvegi sem stefnir jafnvel í að verða stærsti atvinnuvegur Íslendinga ef spár ganga eftir, að innan nokkurra ára verði ferðamenn sem koma til Íslands komnir yfir eina milljón talsins, sem er í sjálfu sér heilmikið verkefni fyrir okkur að skipuleggja hvernig eigi að taka á móti þeim fjölda, hvernig við getum dreift þeim ferðamannafjölda yfir árið þannig að kjölfestan eflist í atvinnugreininni og hún detti ekki mikið til niður yfir veturinn en svo sé allt vitlaust að gera á sumrin, og einnig til að stuðla að því að starfsfólk við greinina eigi að því að ganga að geta starfað við hana allt árið um kring.

Hér eru meginmarkmiðin sem Alþingi leggur til í tillögunni að fela samgönguráðherra og öðrum ráðherrum viðkomandi málaflokka. Þar er margt tínt til sem er athyglisvert og vonandi að gangi eftir. Þar er sérstök áhersla lögð á náttúru landsins og menningu þjóðarinnar, enda eru það þeir þættir sem langflestir ferðamenn hljóta að vera að sækjast eftir og sækja heim þegar þeir ákveða að koma til Íslands. Allir þekkja þann mikla ferðamannafjölda sem hefur t.d. verið frá Þýskalandi í gegnum þá miklu landkynningu sem íslenski hesturinn hefur verið víða um Evrópu og reyndar í Norður-Ameríku líka núna um árabil og áratuga skeið. Þó svo að á ýmsu hafi gengið í útflutningi á íslenska hestinum hefur skapast sérstakt samfélag í Evrópu í kringum íslenska hestinn þar sem íslenski hesturinn er í brennidepli og í hávegum hafður. Allir þekkja heimsmeistaramótin sem eru umfangsmikil og glæsileg og haldin í Evrópu annað hvert ár, held ég. Út frá slíkum menningartengdum hlutum koma hingað þúsundir ferðamanna á hverju ári, enda er það undirstrikað hér að náttúran og menning þjóðarinnar verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála.

Þá er lögð áhersla á að tryggð verði samkeppnihæfni ferðaþjónustunnar sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni og hlýtur að vera undirliggjandi.

Þá er sérstaklega lagt til að ferðaþjónustunni verði sköpuð rekstrarskilyrði sambærileg við rekstrarskilyrði í samkeppnislöndunum.

Ísland verði í forustu í umhverfisvænni ferðaþjónustu og því verði fylgt eftir með uppbyggingu þjóðgarða með því að stuðla að ferðaþjónustu sem samþættir útivist og náttúruvernd. Það er markmið sem ég vil sérstaklega taka undir og gera að umtalsefni. Ég er alveg viss um að rekstur og stofnun þjóðgarða getur haft mjög mikil tækifæri í för með sér fyrir okkur Íslendinga, bæði til að vernda náttúruna og í öðru lagi til að nýta hana með sem best og skynsamlegast. Þjóðgarðastofnun fylgir bætt aðgengi að náttúruperlunum. Miklar vonir eru bundnar við Vatnajökulsþjóðgarð og heilmikil uppbygging sem lítur út fyrir að fari fram í kringum hann í sveitarfélaginu Hornafirði og menn hyggja þar á háleit markmið eins og stofnun jöklaseturs. Svo er ýmislegt annað sem kemur þar í sambandi við þjónustu og aðra menningu eins og Þórbergssetrið á Hala í Suðursveit, sem stefnir í að verða mjög mikill ferðamannasegull á næstu árum. Þar er byggt á þeirri stórmerkilegu menningu sem er að finna í verkum Þórbergs Þórðarsonar, þess mikla meistara.

Menningartengd ferðaþjónusta og þjóðgarðar eru þeir lykilþættir sem við vonandi hljótum að leggja til grundvallar og vekur að sjálfsögðu aftur upp umræðu um umfang virkjana og stóriðju til hliðar við ferðaþjónustuna og hvort þetta fari saman og hvenær virkjana- og stóriðjuuppbyggingin fari að skaða verulega og alvarlega uppbyggingu ferðaþjónustunnar. Um leið og við vinnum og göngum frá þessari þingsályktunartillögu um ferðamál hljótum við og íslensk stjórnvöld einnig að leiða hugann að því að kannað verði og það verði kortlagt skynsamlega og skipulega hvenær og hve mikið umfang hinnar hefðbundnu stóriðju má vera þannig að það fari ekki að skaða alvarlega ímynd landsins sem ferðamannalands. Þar tel ég að tækifærin liggi fyrst og fremst í skynsamlegri ferðamannauppbyggingu.

Hér er að finna eigin sóknarfæri hinna dreifðu byggða, bændanna víða um land, þ.e. að byggja upp hvers konar ferðaþjónustu. Ferðaþjónustubúskapur er orðinn að stórum atvinnuvegi í mörgum sveitum landsins og hefur í rauninni snúið vörn margra sveitanna til sóknar aftur þar sem bændur og búalið hafa fundið sér ný tækifæri til að byggja á. Menningartengd ferðaþjónusta úti um byggðir landsins

hlýtur því að vera okkar meginkeppikefli.

Markaðsmálin nefndi ég áðan og þau eru mjög mikilvæg, að ferðaþjónustan fái til þess fjármagn, bæði frá hinu opinbera og atvinnulífinu, til að kynna þau mál sem mikilvægust eru.

Í markmiðunum er bent á að:

„Íslandi sé komið á framfæri sem heild með almennri kynningu bæði innan lands og erlendis.

Í allri kynningu sé lögð áhersla á að dreifa umferð/álagi yfir tíma og á svæði.

Samstarf hagsmunaaðila í ferðaþjónustu styrki innviði greinarinnar og efli markaðssetningu landsins sem heildar.

Opinberir fjármunir verði nýttir að stærstum hluta til samstarfsverkefna í kynningarmálum."

Það er þarna sem stjórnvöld hafa verið að draga úr og Samtök ferðaþjónustunnar hafa gagnrýnt það mjög harkalega að hið opinbera skuli vera að draga úr framlögum til kynningar og markaðsmála á sama tíma og öll þau stóru sóknarfæri blasa við greininni og ég nefndi hérna áðan að ferðaþjónustan væri nú þegar orðin ein af þremur öflugustu stoðunum í íslensku efnahagslífi og hefði aflað á síðasta ári u.þ.b. 40 milljarða kr. í erlendum gjaldeyri allt saman tekið, fluggjöld og fararkostnaður allur þar inni.

Þá segir hér að liggja þurfi fyrir rannsóknir og áætlanir um aðkomu opinberra aðila í þeim geira.

„Ferðamálaráð vinni náið með aðilum í greininni að markaðsstarfi og framþróun með það að markmiði að þjónusta við ferðamenn verði heilsársatvinnugrein og skapi þannig fleiri örugg og vel launuð störf."

Það hlýtur að vera stóra verkefnið eða eitt af stóru verkefnunum í ferðaþjónustunni á allra næstu missirum að byggja atvinnuveginn upp sem heilsársgrein sem detti ekki niður yfir veturinn og sé þannig stabílli að öllu leyti. Leiðir að því eru að sjálfsögðu fjölmargar en ég vildi sérstaklega gera að umtalsefni eina, sem er menntunarmálin. Menntunarmálin innan ferðaþjónustunnar skipta verulega miklu máli til að efla greinina á allan hátt, bæði til að gera hana móttækilegri fyrir því að starfrækjast sem heilsársatvinnugrein og margt annað.

Hérna segir að menntun þurfi að taka mið og þróast í samræmi við síbreytilegar þarfir ferðaþjónustunnar og sérstök áhersla lögð á að allt nám á lægri skólastigum opni möguleika til frekara framhaldsnáms. Ég held nefnilega að tækifærin liggi í því að stofna fleiri styttri námsbrautir í kringum ferðaþjónustuna þar sem ákveðnir þættir sem lúta að ferðaþjónustunni verði gerðir að réttindanámi í gegnum styttri námsbrautir sem námsmaðurinn og hver sá sem það tekur geti alltaf byggt frekar ofan á síðar og leiðin liggi alltaf þannig að nemendurnir geti bætt ofan á menntun sína þar til þeir útskrifast með einhver frekari starfsréttindi, fleiri starfsréttindi, stúdentspróf, tæknipróf eða eitthvað slíkt, þannig að það verði alltaf auðvelt að fara aftur inn í skólana og byggja ofan á greinina.

Af því að ferðaþjónustan er mikill atvinnuvegur úti um allar hinar dreifðu byggðir landsins skiptir algjöru meginmáli að mínu viti að efla símenntunarstöðvarnar, að fjarnámið verði eflt með öllum tiltækum ráðum. Nú búa margar símenntunarstöðvarnar við mjög þröngan kost. Þeim er mismunað mjög eftir því hvort þær eru kallaðar símenntunarstöðvar eða háskólasetur þó svo að starfsemi þeirra sé mjög sambærileg. Þá er ég ekki að segja að það sé gert of vel við þær símenntunarstöðvar sem fái meira en hinar, þvert á móti, það þarf að samræma og efla þær sérstaklega þannig að þær fái greitt fyrir það fjarnám á háskólastigi sem þær veita hundruðum ef ekki þúsundum Íslendinga nú þegar. Það þarf því að efla símenntunarstöðvarnar töluvert og fjarnámið skiptir þarna miklu máli. Mikilvægt er að fjölbrautaskólarnir um allt land taki upp áfanga í styttri námsbrautum, eins og ég nefndi áðan, að búnar verði til styttri námsbrautir og sérstök fög utan um hvers konar þjónustu og eflingu starfsnáms sem lýtur sérstaklega að þessari atvinnugrein. Það er vísir að því í mörgum skólum eins og Verkmenntaskólanum á Akureyri og í mörgum fjölbrautaskólum víða um land þar sem vel hefur til tekist og hefur án vafa bætt ferðaþjónustuna nú þegar og eflt umhverfi hennar töluvert.

Það þarf að efla þetta sérstaklega og eins og segir í tillögunni: „Gæði menntunar skal tryggja með sérhæfingu menntastofnana þar sem við á." Og þá sérstaklega fjarnámið. Símenntunarstöðvarnar og fræðslunetin hafa nú þegar opnað fjölda fólks úti um allt land ótrúlega mörg ný tækifæri til að bæta við þekkingu sína og lengja skólagöngu og auka réttindi sín og gerir fjölda Íslendinga kleift að starfa og menntast og stunda nám í heimabyggð sinni, sem fólk mundi annars ekki fara út í af því að það tæki sig ekki upp og flytti um langan veg til að stunda námið. Þessar símenntunarstöðvar og fræðslunet skila hundruðum manna á hverju ári í gegnum ýmiss konar nám og fjarnám í háskóla hvers konar þannig að við þurfum að efla þetta verulega. Menntunarframboð stjórnvalda þarf að taka mið af þeim þörfum sem uppi eru í greininni en fullyrða má að þar sé um að ræða mjög mikla þörf á hvers konar réttindanámi en það þarf að greina og draga saman sérstaklega.

Þá þarf að taka tillit til kostnaðar fyrirtækjanna í tengslum við starfsnámið, segir í tillögunni, og námsbrautir framhaldsskóla og sérskóla tengist svo sem kostur er þannig að ekki myndist blindgötur eða óþörf skörun námsbrauta og skólastiga. Háskólanám í ferðamálum byggist í vaxandi mæli á þeim grunni sem lagður er á framhaldsskólastigi, þannig að við inntöku nemenda verði tekið tillit til menntunar og/eða reynslu á sviði ferðamála.

Þá segir í tillögunni að tryggja verði aðgengi að hröðu fjarskiptaneti við fjarnámið. Þar komum við að öðrum mjög mikilvægum þætti í öllu sem kemur að bæði uppbyggingu ferðaþjónustunnar úti um allt land og hvers konar byggða- og sanngirnismálum, að það þarf að sjálfsögðu að tryggja það að allir landsmenn hafi aðgengi að háhraðatengingum, háhraðaneti. Við blasir að þar sem ekki er um að ræða fyrsta flokks eða viðunandi háhraðatengingar er ekki um það að ræða að fólk annars vegar stundi fjarnámið eða byggi upp þau öflugu tækifæri sem þar er að finna. Það hlýtur því að koma sérstaklega inn í þetta og fyrir þinginu liggur metnaðarfull fjarskiptaáætlun til næstu tíu ára þannig að það hlýtur að koma þar inn sem mikið meginmál að efla háhraðatengingarnar um allt land.

Lesa mátti frétt af því í morgun að sveitarfélögin þrjú í Rangárvallasýslu hefðu gert með sér samkomulag og samið við fyrirtækið eMax um að byggja upp háhraðatengingar í

sveitarfélögunum í sumar, á næstu vikum og mánuðum. Þar er um að ræða frumkvæði sveitarfélaganna sjálfra, sem er mjög lofsvert og þakkarvert. Þar hafa stjórnvöld alls ekki staðið sig í stykkinu og í raun svikið þúsundir Íslendinga um aðgengi að upplýsingabyltingunni, mörgum árum eftir að hún hófst. Ég harma að ekki skuli hafa verið gengið fram af meiri skörungsskap þegar kemur að háhraðatengingunum og að stór hluti landsmanna þurfi að sætta sig við mjög lakar tengingar eða reddingar sem standast ekki samanburð við það sem ætti að gera. Að þessu hefði þurft að hyggja sérstaklega.

Í tillögunni sem hér er til umræðu eru vel tíunduð annars vegar þau markmið sem áætlunin byggir á og hins vegar leiðir til að fylgja þeim eftir. Í kaflanum um nýsköpun og þróun, sem er mikill lykilkafli, segir um markmiðin, með leyfi forseta:

„Nýsköpun og þróun í greininni auki arðsemi allt árið *með bættri nýtingu fjárfestinga.*

Áhrif nýsköpunar á vöxt íslenskrar ferðaþjónustu verði rannsökuð.

Sífelld endurnýjun og endurmat ferðaþjónustunnar eigi sér stað.

Vöru- og þjónustuþróunarferlar verði mótaðir til hagnýtingar fyrir íslensk ferðaþjónustufyrirtæki."

Leiðirnar sem hér er bent á eru, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld taki virkan þátt í nýsköpunar- og vöruþróunarstarfi ferðaþjónustunnar, sbr. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar."

Það er akkúrat þarna sem marga rekur í vörðurnar. Í þessari áætlun eru sett fram mjög háleit markmið á ýmsum sviðum, hvort sem lýtur að rannsóknum á aðstæðum ferðaþjónustunnar, menntunarmálum, grunngerðinni, gæða- og öryggismálunum, rekstrarumhverfi atvinnugreinarinnar, kynningarmálum eða nýsköpun og þróun. En að mörgu leyti er það ekki mjög trúverðugt þar sem hvergi kemur fram hvort þessu fylgir fjármagn, hvað stjórnvöld ætli að verja miklum fjármunum til að ná markmiðunum. Þessu hlýtur hæstv. ráðherra að þurfa að gera skil við umræðuna, þ.e. hvernig stjórnvöld ætli að fylgja þessu eftir og hvort þetta plagg muni hafa þá þýðingu sem það þarf að hafa til að byggja undir þennan mikilvæga atvinnuveg.

Margar athyglisverðar tölur hafa komið fram sem er fróðlegt er að skoða í þessari umræðu, m.a. um vaxandi gjaldeyristekjur af ferðaþjónustunni, þrátt fyrir hina sterku krónu. Í rauninni er stórmerkilegt að greinin hafi haldið áfram að vaxa af fullum krafti þrátt fyrir þá stöðu sem uppi er. En eyðsla innan lands jókst um 1,5 milljarða kr. á síðasta ári og gjaldeyristekjur ferðaþjónustunnar voru rúmlega 39 milljarðar kr. og jukust um 5,4% frá árinu á undan. En aukningin var að stærstum hluta sögð vegna eyðslu erlendra ferðamanna innan lands, sem var heilir 26 milljarðar kr. á árinu 2004.

Um eyðslu erlendra ferðamanna segir í frétt í Morgunblaðinu frá 11. mars 2005, með leyfi forseta:

„Eyðsla erlendu ferðamannanna innan lands jókst um 6,31% og fargjaldatekjur um 3,77%, samkvæmt upplýsingum Samtaka ferðaþjónustunnar. Voru fargjaldatekjur í fyrra alls 13 milljarðar. ... Sérstaklega þó frá Evrópu og þar er líka mestur vöxtur. Þetta bendir því til þess að þeir ferðamenn sem hafa verið að koma í auknum mæli frá Evrópu, hafa meira til ráðstöfunar eftir að hingað er komið, ..."

Þá segir að framboð á afþreyingu og vöruvali í ferðaþjónustunni hafi aukist innan lands á allra síðustu árum og ferðamenn eyði töluvert meiri fjármunum innan lands en áður. Hins vegar er bent á að skýringin á auknum gjaldeyristekjum sé ekki vegna þess að hækkanir hafi orðið á þjónustunni og tölur sýni að ekki hafi verið um miklar verðhækkanir að ræða, hvorki á veitingum né á ferðum. Ferðamenn eru eyða meira og nýta meira innviði ferðaþjónustunnar.

Að mati Samtaka ferðaþjónustunnar má halda því fram að gjaldeyristekjurnar á seinasta ári hefðu verið röskum tveimur milljörðum meiri ef gengið hefði haldist óbreytt en miklar sveiflur í gengi séu fyrirtækjunum mjög erfiðar. Þá hafi gengiskarfa Seðlabankans lækkað um rösklega 10% síðustu sex mánuði og ljóst að fyrirtæki sem seldu ferðir til *Íslands 2005 á föstu verði fyrir nokkrum mánuðum séu* búin að tapa stórum hluta álagningar sinnar. Áframhaldandi hátt og jafnvel hækkandi gengi íslensku krónunnar er að þeirra mati alvarleg ógnun við afkomu fyrirtækjanna. Þess vegna leggja Samtök ferðaþjónustunnar sérstaka áherslu á að hið opinbera haldi a.m.k. í við fyrri framlög til markaðs- og kynningarmála en dragi ekki úr eins og reyndin hefur verið.

Það er einnig fróðlegt að skoða farþegatölur sem er að finna á vef Samtaka ferðaþjónustunnar en þar segir, með leyfi forseta:

„Fram til ársloka 2000 var talning erlendra ferðamanna til landsins framkvæmd af starfsmönnum sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli fyrir hönd Útlendingaeftirlitsins. Þær tölur er hægt að nálgast á vef Útlendingaeftirlitsins ... Við gildistöku Schengen-sáttmálans var ekki lengur skylda að framvísa vegabréfi við komu til landsins frá löndum innan svæðisins og því var talningu hætt. Frá febrúarmánuði 2002 var aftur farið að telja ferðamenn sem fara um Keflavíkurflugvöll af sömu starfsmönnum, en nú fyrir hönd Ferðamálaráðs. Sú breyting var gerð að nú eru farþegar taldir við brottför, því þar þurfa menn að framvísa einhverjum persónuskilríkjum og því hægt að sjá þjóðerni farþeganna. Niðurstöður þeirrar talningar eru aðgengilegar og reglulega uppfærðar á vef Ferðamálaráðs."

Tölurnar yfir komur til Keflavíkurflugvallar á síðasta ári eru athyglisverðar og er t.d. fróðlegt að skoða þróunina yfir erfiðustu mánuðina, vetrarmánuðina á árabilinu 2000–2005. *Árið 2000 voru komur til Keflavíkurflugvallar* 17.800 tæplega og fjórum árum síðar, árið 2004, voru þær orðnar 27.128. Aukningin á þessu fjögurra ára bili var mjög mikil í janúarmánuði og sama má segja um alla mánuðina. En í janúar 2004 komu hingað fleiri ferðamenn en fjórum árum áður og aukningin hefur verið töluverð yfir vetrarmánuðina og jafnvel meiri hlutfallslega.

Samtals komu til Keflavíkurflugvallar árið 2000 540 þúsund ferðamenn en árið 2004 voru þeir orðnir 692 þúsund, þannig að komunum fjölgaði verulega á þessu árabili. Sama mætti segja þegar rýnt er í tölur um gjaldeyristekjur af ferðamönnum, eins og ég nefndi áðan. Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum hafa aukist mikið á fáum árum. Séu tekin til viðmiðunar árin 1989 og aftur 2004 þá hefur

aukning tekna verið talsverð. Árið 1989 voru tekjur alls rúmir 9 milljarðar kr. en árið 2004 voru þær tæplega 40 milljarðar kr. Tekjuaukningin á einum og hálfum áratug er því mjög gleðileg. Þess vegna er sérstök ástæða til að styðja með öllum ráðum við bakið á þessari grein og ef markmið þessarar þingsályktunartillögu um ferðaþjónustuna nást þá er vel gert. Sá rammi sem margir hafa verið að kalla eftir á liðnum árum væri a.m.k. kominn fram þannig að menn vissu að hverju þeir gengju á næstunni, þekktu grunngerð atvinnugreinarinnar til framtíðar og hvernig stuðningi við hana yrði hugsanlega háttað.

Þegar kemur að grunngerðinni segir í áætluninni að umferðarmiðstöðvar verði nýttar til að tengja og samræma allar tegundir almenningssamgangna og bættrar þjónustu við ferðamenn. Þá leiðir maður hugann að því hvernig framtíðarfyrirkomulagið verði varðandi innanlandsflug á næstu árum, hvort það verði fært úr Vatnsmýrinni eða verði þar áfram. Ef það yrði fært, yrði það þá fært til Keflavíkur og þá þyrfti að huga að því hvernig ætti að tengja milli Keflavíkur og Reykjavíkur þannig að innanlandsflugið verði áfram kostur fyrir almenning og ferðamenn.

Við höfum rætt töluvert um samgöngumálin og aukna umferð þar sem mest er traffíkin, bæði almennings, íslenskra ferðamanna og útlendra ferðamanna. Umferðin hefur aukist í samræmi við fjölgun ferðamanna. Til að mynda hefur umferðin austur fyrir fjall aukist um meira en 70% á vel innan við áratug. Við blasir við að vegakerfið er sprungið þegar álagið er sem mest en sem betur fer er á áætlun að bæta þar töluvert úr. Vonandi munu þær áætlanir ná fram að ganga. En um leið slá menn á frest og svíkja landsmenn um aðrar samgöngubætur sem margoft hefur verið lofað, eins og Suðurstrandarveg. Um þá leið var gerð sérstök samgönguáætlun vegna kjördæmabreytinganna. Sá vegur hefði skapað mikil tækifæri fyrir suðurströndina alla til uppbyggingar ferðamannaþjónustu og var sérstaklega litið til þeirra samgöngubóta til að tengja saman kjördæmið og skapa nýja möguleika. Ferðaþjónustan á þessu svæði hefur beðið eftir þeim vegi enda mundi hann opna nýja leið austur fyrir fjall með suðurströndinni, þar sem ferðamenn, bæði innlendir og erlendir, gætu farið aðra leið en þeir þurfa nú að fara og nýtt sér allt aðra tegund af ferðamennsku.

Það er óhætt að taka undir með þeim sem sagt hafa að þessi tillaga til þingsályktunar sé fagnaðarefni. Það hefur skort skýran lagaramma, markmiðaramma, utan um uppbyggingu ferðaþjónustunnar sem hefur vaxið feikilega á liðnum árum og er orðin ein af helstu atvinnugreinum okkar. Hins vegar er margt sem þarf að lagfæra og breyta þannig að ramminn sé með þeim hætti að ferðaþjónustan geti dafnað og vaxið sem sú öfluga atvinnugrein sem hún hefur orðið á undanförnum árum. Fjölgun ferðamanna er stórmerkileg og tekjuaukningin í greininni einnig en þó er margt sem þarf að lagfæra og breyta.

Ferðaþjónustan hefur á sumum landsvæðum að mörgu leyti tekið við af hefðbundnum landbúnaði, sem hefur átt undir högg að sækja á síðustu árum og lagst af í miklum mæli. Búin hafa þjappast saman og breyst. Búskaparhættir allir hafa breyst verulega en uppgangur ferðaþjónustunnar hefur verið vítamínsprauta fyrir sveitirnar og hinar dreifðu byggðir. Hægt væri að nefna mörg dæmi um hvernig uppbygging ferðaþjónustunnar hefur tekist til víða úti á landi. Segja má að hún sé núna undirstaða byggðar á einstökum svæðum þar sem hefðbundnar greinar gegndu áður stóru hlutverki. Á mörgum stöðum hefur vel til tekist en auðvitað er uppbyggingin mörgum erfið og margir sem hafa teflt á tæpasta vað við að byggja upp þjónustu þar sem umferðin hefur meira og minna einungis verið á sumrin en lítið við að vera í greininni að vetrinum. Ferðaþjónustubúskapur hefur sums staðar tekið við, er víða undirstaða samfélagsins og er örugglega stór liður í að halda hreinlega stórum landsvæðum í byggð. Vísast væru mörg landsvæði nánast komin í eyði ef ekki væri um að ræða öfluga uppbyggingu ferðaþjónustunnar.

Það má segja að góðar samgöngur, nútímaleg samskipti, fjarskiptatækni, verulega aukin og bætt menntun og öflug landkynning séu undirstaða uppbyggingar ferðaþjónustunnar til framtíðar. Ef markmið þeirrar áætlunar sem við ræðum hér nást þá gæti margt batnað verulega innan greinarinnar. Tækifærin eru mörg og hægt að efla mjög ferðaþjónustuna frá því sem nú er, gera hana að heilsársatvinnugrein þar sem starfar fólk með sérstök réttindi, sérstakt starfsréttindanám sem stendur þar með enn þá betur undir greininni. Það þarf að skapa ferðaþjónustunni þau skilyrði að í henni sé ekki of mikil áhættufjárfesting þannig að oft sé teflt á tæpasta í fjárhag manna til að fara í umfangsmikinn rekstur af því tagi. Eins og fram kom í máli hæstv. samgönguráðherra og margra annarra við fyrri umræðu þarf að sjálfsögðu fyrst og fremst að lengja ferðamannatímann, gera ferðaþjónustuna að heilsársatvinnugrein. Það skiptir öllu máli til að auka vægi hennar enn og gera umhverfi hennar betra.

Eins og ég nefndi áðan þarf sérstaklega að huga að menntun starfsfólks í greininni. Það helst mjög í hendur við lengingu ferðaþjónustutímans því þar sem greinin hefur mestan part verið starfrækt yfir sumartímann, þrjá, fjóra, fimm mánuði á ári, hefur hún byggst að miklu leyti á ungu fólki sem er að vinna í skólahléum sínum og í vaxandi mæli á erlendu vinnuafli sem er mjög fjölmennt núna á mörgum hótelum landsins og stendur að mörgu leyti undir uppbyggingu og sókn ferðaþjónustunnar, þ.e. erlent vinnuafl. Er í sjálfu sér fagnaðarefni að það skuli hafa tekist svo vel sem raun ber vitni. En að sjálfsögðu þarf að búa því fólki góðar aðstæður og gera því eins og öðrum sem hingað koma, bæði Íslendingum og innflytjendum og nýjum Íslendingum, tækifæri til að menntast, læra íslenskuna, læra fög sem tengjast ferðaþjónustunni þannig að það verði enn hæfara og öflugra starfsfólk sem dvelji við greinina. Það þarf um leið og ferðaþjónustutíminn er lengdur að mennta mannskapinn og koma þar með á miklu meiri festu í starfsmannaveltuna þannig að hún sé ekki með þeim hætti að inn komi ungt fólk sem hefur litla þekkingu og stoppar mjög stutt við. Það þarf að fjölga fagfólkinu til að bera uppi ferðaþjónustuna sem mundi að sjálfsögðu sjálfkrafa efla greinina umtalsvert, bæta alla þjónustu og allt umhverfi í kringum ferðamennina, bæði innlenda og útlenda. Menntun starfsfólksins mun tvímælalaust auka festuna og tryggja að upp kæmu hópar af fagfólki í ferðaþjónustunni sem væru að stunda sitt fag og gerði það að verkum að auðveldara

væri að gera greinina að heilsársatvinnugrein sem skiptir náttúrlega öllu máli. Ég kom áðan sérstaklega og frekar inn á menntunarmálin sem er tæpt töluvert á í ályktuninni.

Ferðaþjónustan er borin uppi af fólki um allt Ísland, hringinn í kringum landið. Fólk út um hinar dreifðu byggðir sem sér hana sem nýjan atvinnumöguleika eftir að hinar hefðbundnu greinar hafa lagst af. Þess vegna þurfum við að standa vel að menntunarframboðinu, sérstaklega gegnum fjarnámið og símenntunarstöðvarnar sem hæstv. menntamálaráðherra hefur ekki tekið utan um. Hæstv. ráðherra hefur ekki staðið við bakið á símenntunarstöðvunum þannig að nokkur sómi sé að, heldur eru þær á það miklu undanhaldi að þeir sem standa undir rekstri t.d. símenntunarstöðvanna á Suðurnesjum og Suðurlandi hafa látið í það skína að fái þær ekki verulegt aukið og fast fjármagn þá leggist t.d. háskólanám í gegnum fjarnám þeirra af. Það væri mikið högg t.d. fyrir uppbyggingu ferðaþjónustunnar þar sem margir eru að nýta sér þessi tækifæri til að menntast frá sínum heimilum og heimabyggðum án þess að þurfa að taka sig upp og fara burt til náms sem þeir mundu kannski aldrei hafa tækifæri til að gera. Því er mikilvægt að starfsemi símenntunarstöðvanna verði skilgreint upp á nýtt, umhverfi þeirra samhæft og þær fluttar að sjálfsögðu undir menntamálaráðuneytið eins og önnur menntun í landinu. Þetta er að mörgu leyti nýtt menntunarstig sem þarf að búa um eins og aðra menntun í landinu. Þær eru á fjárlögum þar sem það ræðst frá ári til árs hversu miklu er varið til greinarinnar. Það þarf að efla þeirra umhverfi umtalsvert.

Það er ástæða til að vona að þessi umræða verði til þess að umhverfi símenntunarstöðvanna verði eflt ætli menn sér í alvöru að fylgja eftir þeim markmiðum sem fram koma í þeirri þingsályktunartillögu um ferðamál sem við ræðum í dag. Það verður að gera þeim kleift að búa við betra fjárhagslegt atlæti þannig að þær geti staðið undir þeim kröfum sem við eigum og þurfum að gera til þessara nýju menntastofnana sem hafa opnað dreifðu byggðunum, fólki út um allt land og líka á höfuðborgarsvæðinu, ótrúlegan fjölda tækifæra til að skapa ný tækifæri í hvers konar uppbyggingu á smáiðnaði og þjónustu og ekki síst hvað varðar uppbyggingu ferðaþjónustunnar. Því er mjög mikilvægt að taka það inn í þessa umræðu hér hvernig stjórnvöld ætli raunverulega að standa að þeim menntunarmálum sem eru kynnt í tillögunni. Ætli menn sér í alvöru að láta þau markmið ganga eftir þarf að skýra það og skilgreina og hæstv. ráðherra hlýtur að leggja sérstaka áherslu á að menntunarúrræðin um allt Ísland verði efld þannig að hægt sé að standa undir þeim markmiðum sem hér eru nefnd, með leyfi forseta:

„Menntun taki mið af og þróist í samræmi við síbreytilegar þarfir ferðaþjónustunnar.

Allt nám á lægri skólastigum opni möguleika til frekara framhaldsnáms.

Fjarnám verði í boði þar sem við á."

Ef það er raunverulegur vilji stjórnvalda að efla fjarnámið og gera það að raunverulegum kosti til að efla ferðaþjónustuna og standa við bakið á uppbyggingu þeirrar greinar þá þarf að bæta hið bráðasta úr umhverfi símenntunarstöðvanna.

Þá segir, með leyfi forseta:

„Dregið verði úr misræmi námskostnaðar í „réttindanámi".

Menntunarframboð stjórnvalda taki mið af þarfagreiningu á hverjum tíma.

Gæði menntunar skal tryggja með sérhæfingu menntastofnana þar sem við á."

Það er mjög mikilvægt að nota hina fjölbreyttu og góðu framhaldsskóla sem við eigum hringinn í kringum Ísland til að byggja upp sérhæft nám þar sem tilteknir skólar einbeita sér sérstaklega að styttri námsbrautum sem koma að ferðaþjónustunni og eru að byggja undir þá grein eins og við höfum þá séð í Menntaskólanum í Kópavogi, Verkmenntaskólanum á Akureyri og mörgum öðrum skólum. Þess vegna er vonandi að ekki verði úr tillögum sem hæstv. menntamálaráðherra hefur lagt til um að skerða stúdentsprófið einhliða og vinna þar með gegn sérhæfingu og fjölbreytileika skólanna, þeirra menntastofnana, eins og hér segir, „þar sem við á".

Leiðir þær sem tíundaðar eru hér að þessu markmiði í menntamálum eru, með leyfi forseta:

„Aukið tillit verði tekið til kostnaðar fyrirtækja í tengslum við starfsnám.

Námsbrautir framhaldsskóla og sérskóla tengist svo sem kostur er þannig að ekki myndist blindgötur eða óþörf skörun námsbrauta og skólastiga.

Háskólanám í ferðamálum byggist í vaxandi mæli á þeim grunni sem lagður er á framhaldsskólastigi, þannig að við inntöku nemenda verði tekið tillit til menntunar og/eða reynslu á sviði ferðamála."

Þarna er um að ræða mjög mikilvægt atriði sem ætti að eiga við í allri okkar menntauppbyggingu, þ.e. að reynsla fólks af vinnumarkaði verði metin sérstaklega þegar það fer í skóla til að ná sér í réttindi hvort sem það er starfsnám eða nám til stúdentsprófs og þá verði reynsla fólks af vinnumarkaði metin til eininga þannig að það stytti námstímann og fólk fái sanngjarnt mat á þeirri þekkingu sem það hefur aflað sér sjálft. Eins og allir vita er skólagangan ekki nema lítill hluti af menntun hvers og eins. Hins vegar er skólinn rammi utan um þau réttindi sem einstaklingarnir geta aflað sér og byggir þar af leiðandi undir tækifærin sem bæði fólk og fyrirtæki geta nýtt sér t.d. við að byggja upp ferðaþjónustuna.

Að lokum vil ég nefna annað sem skiptir miklu máli. Það viðkemur rannsóknum á stöðu greinarinnar. Í markmiðslýsingunni segir, með leyfi forseta:

„Rannsóknir í ferðaþjónustu verði í samræmi við þarfir greinarinnar og styðji við framkvæmd ferðamálaáætlunar.

Unnið verði úr rannsóknum og niðurstöðum þeirra og þær túlkaðar á hagnýtan hátt þannig að þær nýtist greininni sem best.

Þjóðhagsleg áhrif ferðaþjónustunnar verði skilgreind."

Eins og fram hefur komið í þeim tölum sem ég hef vísað ítrekað í við þessa umræðu í dag þá þarf að kortleggja sérstaklega þjóðhagsleg áhrif af því þau eru orðin feikilega mikil. Komi það til á einhverjum tímapunkti t.d. að uppbygging stóriðju og stórvirkjana sé farin að skaða og vinna gegn greininni þá er það stóralvarlegt mál af því þjóðhagsleg áhrif ferðaþjónustunnar eru svo mikil. Þar koma sérstaklega upp í hugann undarlegar fyrirætlanir stjórnvalda

um að skerða náttúruperlur á heimsmælikvarða eins og hin verðmætu Þjórsárver. Því þarf að skilgreina þjóðhagslegu áhrifin og taka það sérstaklega inn í að virkjana- og stóriðjuuppbyggingin skaði ekki þessa mikilvægu grein sem til lengri tíma litið er miklu mikilvægari en ávinningurinn af stóriðjunni.

Leiðir sem eru lagðar til í þessu samhengi eru þessar í tillögunni, með leyfi forseta:

„Hluta þeirra fjármuna er nýsköpunar- og þróunarsjóður ferðamála fær til ráðstöfunar skal varið til rannsókna í ferðamálum.

Starfrækt verði gagnamiðstöð er vinni að söfnun, úrvinnslu og túlkun gagna til hagnýtingar fyrir bæði opinbera aðila og einkaaðila innan greinarinnar.

Hlúð verði að hvers kyns grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum í ferðamálafræði."

Það hefði verið mjög fróðlegt að sjá nánari útlistun og útskýringu á þessu, hvernig eigi að standa að þessu og hvernig eigi að nýta mennta- og vísindastofnanir okkar til að taka þátt í þessu. Markmiðin eru alla vega háleit. Það er ágætt, komi hæstv. ráðherra með skýrar leiðir til að fylgja þessu eftir.

Eins er mikilvægt að hyggja vel að gæða- og öryggismálunum í greininni en þar hefur stundum eða oft verið pottur brotinn. Kemur tillagan sérstaklega inn á það að þjónustan á Íslandi sé umfram væntingar ferðamanna um gæði og öryggi þannig að gestir til landsins verði fljótir að átta sig á þeim þáttum grunnskipulags þjóðfélagsins sem að þeim snúa. Það er nauðsynlegt að neytendurnir hafi greiðan aðgang að upplýsingum um forsendur ferðaþjónustufyrirtækja í öryggis- og gæðamálum hvers konar.

Hér er um að ræða, eins og ég segi, metnaðarfulla tillögu sem er að sjálfsögðu tímabær. Þar er að finna fögur fyrirheit og háleit markmið. Staða greinarinnar er að mörgu leyti góð. En margt ógnar henni. Því þarf að skapa mjög skýran ramma utan um starfsemi hennar og rekstrarskilyrði þannig að þau verði sambærileg við rekstrarskilyrði í samkeppnislöndunum, sérstaklega þegar kemur að forustu í umhverfisvænni ferðaþjónustu og uppbyggingu þjóðgarða. Ég er sannfærður um að uppbygging þjóðgarða sé algjört grunnstef í því að efla ferðaþjónustuna til allrar framtíðar um leið og það stuðlar að skynsamlegri nýtingu á náttúruperlunum og verndar þær fyrir öðrum ágangi um leið.

Það er ástæða til að fagna þeim fyrirheitum sem koma fram í þessari tillögu til þingsályktunar um leið og við hljótum að kalla eftir því hvernig stjórnvöld ætla að fylgja hinum háleitu markmiðum eftir.

[15:57]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um ferðamál. Nú liggur fyrir nefndarálit frá samgöngunefnd um þetta mál. Í sjálfu sér er athyglisvert að nefndin skuli svo einhuga í afstöðu sinni sem raun ber vitni. Auðvitað er, eins og fram hefur komið í máli þeirra þingmanna sem hér hafa talað, um mikilvægt mál að ræða. Hér er um atvinnugrein að ræða sem er okkar önnur stærsta atvinnugrein og auðvitað skiptir verulegu máli að vel takist til með ákvarðanir um framkvæmd ferðamála á Íslandi.

Til þess að stytta mál mitt ætla ég bara að lýsa yfir stuðningi mínum eða samsinna því sem hv. þm. Jón Bjarnason sagði í sínu langa máli áðan. Það er auðvitað alvarlegt að þessi þingsályktunartillaga skuli hér fara í gegn án þess að nokkuð sé vitað hvenær möguleg framkvæmdaáætlun, tímaáætlun eða kostnaðaráætlun við framkvæmd hennar, kemur til með að liggja fyrir. Þó nefndin segi í sínu áliti að hún telji rökrétt að þessari tillögu verði fylgt eftir með framkvæmdaáætlun, þar sem m.a. komi fram tímaáætlun og kostnaður við einstaka liði, þá hlýtur Alþingi Íslendinga að verða að fá að hafa einhverja tryggingu fyrir því frá hæstv. samgönguráðherra að svona framkvæmdaáætlun komi til með að líta dagsins ljós og það fyrr en seinna því ekki þarf að segja reyndum þingmönnum sem í þessum sal sitja að hugmynd af þessu tagi og ályktun af þessu tagi er fullkomlega marklaus nema til komi framkvæmdaáætlun með tímasettum markmiðum og kostnaðaráætlun sem tryggi það að hægt sé að hrinda í framkvæmd þeim metnaðarfullu markmiðum sem áætlunin eða þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir.

Ég lýsi yfir sérstakri ánægju minni með það að í fyrsta tölulið ályktunarinnar skuli náttúra Íslands fá þann sess sem hún fær. Auðvitað er vitað að meiri hluti ferðamanna sem sækir okkur heim á hverju ári kemur hingað vegna náttúru Íslands, hinnar sérstæðu náttúru sem er einstök á heimsmælikvarða og verulegu máli skiptir að hún hljóti þann sess og sé viðurkennd eins og gert er í þessari þingsályktunartillögu með því að náttúra Íslands er tiltekin fyrst atriða í fyrsta tölulið. Ég fagna því sérstaklega.

Það sem mér finnst hins vegar gagnrýnisvert við tillöguna sjálfa og reyndar nefndarálit samgöngunefndar er að menn skuli koma sér hjá því jafnrækilega og raun ber vitni að nefna einn grundvallarþátt í þróun ferðamála og í atvinnuveginum sjálfum, þ.e. sjálfbæra þróun. Ég held ég fari rétt með, virðulegi forseti, þegar ég segi að í tillögunni til þingsályktunar og í nefndarálitinu komi hugtakið sjálfbær þróun ekki fyrir einu sinni. Það finnst mér sýnu alvarlegra þegar fylgiskjalið sem þingmenn hafa fengið á sín borð með þessari þingsályktunartillögu er skoðað — það fylgiskjal er að finna í þessari skýrslu um meginmarkmið í ferðamálum 2006–2015 — því víða í því fylgiskjali er talað um sjálfbæra þróun og mikilvægi sjálfbærrar þróunar í þessari stefnumótun. Það er beinlínis gengið svo langt að tala um að það sé að verða bylting í sjálfbærri þróun sem þurfi að taka til skoðunar og taka afstöðu til þegar þróun þessarar atvinnugreinar er skoðuð.

Ef ég fæ að vitna aðeins til þessa fylgiskjals, virðulegi forseti, þá er hér verið að fjalla um aðalfund Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar árið 2001. Í tengslum við þann fund var haldin ráðstefna þar sem tekið var á þremur meginmálefnum ferðamála, þ.e. breytingum á alþjóðlegum ferðamálamarkaði, áhrifum ferðaþjónustu á vernd náttúrulegrar og menningarlegrar arfleifðar og loks áhrifum upplýsingabyltingarinnar. Á þessari ráðstefnu komust menn að þeirri niðurstöðu að þróun nokkurra tiltekinna þátta væri áberandi á heimsvísu og þar er í þriðja sæti byltingin í sjálfbærri þróun.

Niðurstöður þessarar ráðstefnu voru þær að sá drifkraftur aukinnar eftirspurnar sem er til staðar í ferðaþjónustunni

og í ferðamannastraumnum öllum sé vaxandi ráðstöfunartekjur heimila, lengri starfsævi, lægra verð og meiri framleiðni, auk áhrifa tæknilegra, stjórnmálalegra og félagslegra þátta. Ekki síst er það talið áhugavert að fyrirséð er að vöxtur í ferðum til annarra landa verði hvað mestur frá nýjum löndum, svo sem Kína og Indlandi. Það þarf ekki að segja mönnum hvað það þýðir þegar svo fjölmennar þjóðir eru farnar að ferðast í auknum mæli.

Niðurstaða þessarar ráðstefnu er gerð að umfjöllunarefni í því fylgiskjali sem við hér höfum. Mig langar til að vitna orðrétt í fylgiskjalið, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Á ráðstefnunni var komist að þeirri niðurstöðu að eitt mikilvægasta viðfangsefni sem greinin stæði frammi fyrir væri að tryggja sjálfbæra þróun ferðaþjónustu. Markmiðið væri að finna jafnvægi milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra stefnumiða þannig að allir hagsmunaaðilar nytu þeirra hagsbóta sem ferðaþjónustan hefði í för með sér."

Hæstv. forseti. Ég vil nú segja að Alþjóðaviðskiptastofnunin leggur að mínu mati eðlilegri skilning eða réttari skilning í hugtakið sjálfbær þróun en íslensk stjórnvöld gera. Í mínum huga hafa íslensk stjórnvöld þrjóskast við um árabil að viðurkenna hvað við erum að tala þegar sjálfbær þróun er annars vegar. Niðurstaða þessarar ráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar leiðir í ljós að menn átta sig á því að í henni er fólgið jafnvægi á milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra stefnumiða á sama tíma og íslensk stjórnvöld gefa út skilgreiningu á sjálfbærri þróun í sínum bæklingi eða bók Velferð til framtíðar sem gefin var út af umhverfisráðuneytinu árið 2002 í tilefni af ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Jóhannesarborg, en í þeirri bók gefur að líta eftirfarandi skilgreiningu ríkisstjórnar Íslands á sjálfbærri þróun, með leyfi forseta:

„Sjálfbær þróun hefur þrjár meginstoðir: efnahagsvöxt, félagslega velferð og jöfnuð og vernd umhverfisins. Skoða verður þessa þrjá þætti í samhengi og leitast við að hámarka efnahagslega og félagslega velferð án þess að skaða umhverfið."

Hæstv. forseti. Á þessum tveimur skilgreiningum sést að íslensk stjórnvöld eru á villigötum í skilgreiningum sínum á sjálfbærri þróun og þau verða að fara að átta sig á því að sjálfbær þróun fjallar um jafnvægi á milli þessara þriggja þátta. Hún fjallar ekki um efnahagslegan vöxt. Hún fjallar bara um það að það eigi að ríkja jafnvægi á milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra stefnumiða. Það er það meginsjónarmið í hugmyndafræðinni um sjálfbæra þróun sem íslensk stjórnvöld virðast vera að fara á mis við þótt allir vegvísarnir sem þau þykjast vera að reyna keyra eftir beini þeim í þá átt sem ég hér hef sýnt fram á að Alþjóðaviðskiptastofnunin fer við að skilgreina þessa hluti. Það gera auðvitað allar stofnanir Sameinuðu þjóðanna líka á svipuðum nótum og hér kemur fram í greinargerðinni eða fylgiskjalinu með skýrslunni.

Ég ætla að fá að vitna aftur, hæstv. forseti, í greinargerðina eða fylgiskjalið sem fylgir meginmarkmiðum í ferðamálum 2006–2015 og er útgefið af samgönguráðuneytinu. Enn er fjallað um þessa ráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðstefna WTO" — eða Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar — „kallaði eftir heildstæðari og jafnari ... aðkomu að þróun ferðaþjónustunnar og alþjóðlegs átaks í átt til sjálfbærrar þróunar."

Því er alveg ljóst, virðulegi forseti, að þeir sem móta stefnu í löndunum í kringum okkur og í veröldinni sem heild eru með ákall um alþjóðlegt átak í átt til sjálfbærrar þróunar. Íslensk stjórnvöld verða auðvitað að taka þessu ákalli. Í þessu ákalli felst að efnahagsleg stefnumið stjórnvalda eigi að bera í sér m.a. að skapa störf fyrir landsmenn, sem er samhljóma við þær hugmyndir sem koma fram í þingsályktunartillögunni, og skipta þar með arðinum sem ferðaþjónustan gefi af sér. Stefnumiðin þurfa líka að ná yfir félagsleg málefni. Þau þurfa að snúa að þátttöku samfélagsins í ferðaþjónustu og vernd menningararfleifðarinnar og umhverfislegu málefnin verða að snúa t.d. að gróðurárhrifum og verndun fjölbreytni lífríkisins.

Þessi ráðstefna lýsti einnig eftir ráðgjöf til stjórnenda í heimabyggðum við að auka hlut þeirra í þeim hag sem skapast af ferðaþjónustu. Það er í raun líka sambærilegt við sjónarmið okkar hér og þau koma fram í tillögunni og í nefndarálitinu þannig að hér erum við svo sem á pari við ráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. En það er líka lagt mikið upp úr því að samtvinna þurfi lifandi menningararfleifð og óáþreifanleg menningaráhrif í ferðaþjónustutilboð. Þá var lýst áhyggjum vegna erfiðleika við að fá hagsmunaaðila til að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi um leið og þeir komi sér saman um að gera náttúruverndaráform að viðskiptatækifærum.

Þetta er auðvitað mjög mikilvægt, herra forseti, þ.e. að lýst skuli yfir á þessari öflugu ráðstefnu áhyggjum vegna þeirra erfiðleika sem við er að etja þar sem hagsmunaaðilar virðast þverskallast við að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Það er akkúrat það sem ég gagnrýni íslensk stjórnvöld fyrir. Með því að nefna ekki sjálfbæra þróun í sinni þingsályktunartillögu eru þau á ákveðinn máta að þverskallast við, loka augum sínum fyrir því að það sé hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar sem þetta allt saman snúist um. Ég hvet því íslensk stjórnvöld og samgöngunefnd sjálfa til að opna augu sín fyrir því hvaða grundvallarlögmál séu hér að baki og átta sig þá um leið á því að þar með, ef við viðurkennum þau, þá erum við í fullkomnum samhljómi við það sem er að gerast á áhrifamestu stöðum í þessu tilliti á jarðarkringlunni.

Minn stjórnmálaflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, hefur sett fram margvísleg sjónarmið mjög ítarlega um það hvernig við sjáum ferðaþjónustuna þurfa að þróast. Það er einmitt í þeim anda sem ég hef lýst þar sem við göngum út frá hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Þessi sjónarmið okkar koma t.d. fram í tillögu til þingsályktunar um sjálfbæra atvinnustefnu sem menn geta kynnt sér á þingskjali 33 frá 128. löggjafarþingi, en þar gerum við ráð fyrir því að útbúin verði rammaáætlun um sjálfbæra atvinnuþróun á Íslandi með hliðsjón af Dagskrá 21 og Staðardagskrá 21 og vinna að framgangi hennar, m.a. með því að styrkja byggðir landsins með fjölgun starfa og fjölbreyttari atvinnutækifærum á sviði umhverfis- og náttúruverndar. Í þessari þingsályktunartillögu erum við með sérstakan kafla um ferðaþjónustuna þar sem fram koma sjónarmið okkar í þessum efnum, en þar göngum við út frá því að ferðaþjón-

usta og náttúruvernd fari saman. Við teljum að svo geti vel verið enda er náttúran sú auðlind sem ferðaþjónustan byggist á.

Það er mikilvægt, virðulegi forseti, að efla þessa ungu atvinnugrein, ferðaþjónustuna. Við teljum að það verði fyrst og fremst gert með því að efla náttúruverndina. Náttúruvernd er undirstaða þessarar blómlegu ferðaþjónustu. Það hlýtur að vera einfalt að fá þingheim til að viðurkenna þetta samasemmerki, sérstaklega þegar tölulíður 1 í þingsályktunartillögunni frá samgönguráðherra er skoðaður. Því er alveg sérstakt fagnaðarefni, eins og ég sagði áður, að náttúra Íslands skuli vera númer eitt á blaði. En þá verðum við líka að viðurkenna að náttúruvernd er það sem gerir okkur kleift að hafa náttúru Íslands í þeim virðingarsessi sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir.

Ég tel líka að gera þurfi sérstakt átak í atvinnuuppbyggingunni í tengslum við þjóðgarða og friðýst svæði, t.d. með því að fjölga landvörðum og leiðsögumönnum, eins og hefur komið fram í þessum umræðum. Það þarf að styrkja stöðu þeirra og nauðsynlegt er að efla menntun í ferðaþjónustu eins og hv. þm. Björgvin Sigurðsson talaði um í ræðustól á undan mér.

Fyrst og síðast þarf þó að sjá til þess að ferðaþjónusta á Íslandi sé skipulögð og rekin í anda sjálfbærrar þróunar og í sátt við landið. Í mínum huga er aðeins á þann hátt mögulegt að gera ferðaþjónustuna að þeirri blómlegu atvinnugrein til framtíðar sem hugmyndin er að gera hér og gæta þess um leið að náttúra og umhverfi bíði ekki skaða af. Hluti af sjálfbærri ferðaþjónustu er í mínum huga að styrkja menningarsamfélög til að vekja athygli ferðamanna á menningu og sögu viðkomandi þjóðar. Ég tel að Íslendingar eigi þar vannýtta auðlind sem er sjálfsagt að nota til að efla ferðaþjónustuna og í raun kemur þetta sjónarmið líka fram í áliti nefndarinnar sem gerir ráð fyrir því að styrking byggðar, þ.e. sterkar byggðir þurfi að vera með í fyrsta tölulið ályktunarinnar til þess að leggja áherslu á það hversu mikilvægt er að byggðirnar ólgi af lífi, því ekki er nú athyglisvert fyrir ferðamennina að koma að heimsækja þessa náttúruperlu á norðurhjara ef byggðirnar eru ekki til staðar, ef einungis væri um að ræða náttúruperlurnar.

Hæstv. forseti. Ég fagna því að samgönguráðherra hefur látið gera nokkuð margar viðamiklar skýrslur á undanförnum árum um ferðaþjónustuna. Það kemur fram í greinargerð með tillögunni að þær séu hafðar til hliðsjónar við samningu tillögunnar sjálfrar. Það er gott og vel. En þess ber líka að geta að fleiri viðamiklar skýrslur hafa verið gerðar og sem skiptir máli að líta til þegar stefna í ferðamálum er mótuð. Mig langar sérstaklega til að nefna eina skýrslu sem fjallar um gildi hálendisins fyrir ferðaþjónustu og útivist til ársins 2020. Það er skýrsla sem útgefin var í maí 2003 og unnin fyrir Orkustofnun vegna rammaáætlunar vegna nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Sú skýrsla leggur nokkra áherslu á svæðið norðan Hofsjökuls og Vatnajökuls, Síðuvatnasvæðið og Torfajökulssvæðið, en í henni koma fram ákveðin grundvallarprinsipp sem ég held að sé mjög mikilvægt að höfð séu í huga þegar þessi mál eru skoðuð í heild sinni, sérstaklega vilji menn átta sig á því að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar þarf að vera til staðar þegar þessar ákvarðanir eru teknar og stefnan er mótuð.

Ef marka má það sem kemur fram í þeirri skýrslu um gildi hálendisins fyrir ferðaþjónustu og útivist þá sýna kannanir að lítt snortin náttúra Íslands, ekki síst öræfin og óbyggðirnar, sé helsti hvatinn að heimsóknum erlendra gesta til Íslands og ferðalögum Íslendinga um landið einnig. Ferðaþjónusta til framtíðar á Íslandi á því mjög mikið undir því að sú auðlind nýtist greininni sem best án þess að burðarþoli lands verði stefnt í voða eða að arðbærum möguleikum í ferðaþjónustu verði fórnað fyrir minni hagsmuni þegar til lengri tíma er litið. Þessi skýrsla hefur að geyma mjög athyglisverða umfjöllun um það svæði sem um ræðir og ég held að hún geti verið hluti af auðgunarefni, ef svo má segja, fyrir þá sem koma til með að vinna eftir þeirri þingsályktunartillögu sem við hér erum að samþykkja.

Virðulegi forseti. Þegar öllu er á botninn hvolft skiptir verulegu máli að við viðurkennum hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar í þessu ferli öllu saman. Það er verulegur skortur á því. Mér finnst bara verulega til vansa að þingsályktunartillagan skuli ekki nefna sjálfbæra þróun. Ég brýni því hæstv. umhverfisráðherra og þá sem að þessum málefnum koma að vera ekki svona feimnir við að nota þau hugtök sem skipta kannski mestu máli þegar skilningur bæði innlendra og erlendra aðila er vakin á þessum málum. Þá skiptir verulegu máli að við köllum hlutina sínum réttu nöfnum. Það er fyrst og síðast sjálfbær þróun sem þessi atvinnugrein kemur til með að þurfa að reiða sig á. En þá þurfum við líka að skilja hugtakið og við þurfum að vera ófeimin við að nota það jafnt í ræðu sem riti.

[16:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég stenst ekki mátið að leggja nokkur orð í belg í þeirri ágætu umræðu sem hér fer fram, um ferðamál og málefni ferðaþjónustu. Ekki er vanþörf á að málefni þeirrar atvinnugreinar fái hér einu sinni sæmilega, sómasamlega og ítarlega umfjöllun. Mér finnst að vísu sá galli helstur á þeirri umræðu að helstu ábyrgðaraðilar málsins, t.d. hæstv. samgönguráðherra og formaður samgöngunefndar, skuli ekki mega koma því við að vera við umræðuna. Það hefði verið ánægjulegt að sjá þá sýna henni áhuga og þeim sjónarmiðum sem þingmenn reifa í þeim efnum. Þeir verða að eiga það við sjálfa sig, hæstv. ráðherra og hv. formaður samgöngunefndar, hvort þeir eru bundnari af öðru mikilvægara en umræðunni sem hér fer fram.

Margt er gott í þessari þingsályktunartillögu og því vinnuferli sem hún er hluti af. Ég er þá ekki síst að vitna í skýrslu um meginmarkmið í ferðamálum á árabilinu 2006–2015 sem liggur til grundvallar. Þingsályktunartillagan er í raun fyrsti hlutinn af þeirri skýrslu eða því nefndastarfi sem þar er saman dregið og á rót sína að rekja til þess að hæstv. samgönguráðherra Sturla Böðvarsson setti slíka vinnu af haustið 2003. Það má líka segja að þetta sé svolítill angi af því að samræma betur ýmis mál á sviði fjarskipta, samgöngu- og ferðamála sem heyra undir þetta ráðuneyti.

Samhengisins vegna ætla ég að byrja á að drepa á það sem hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, gerði að umtalsefni undir lok ræðu sinnar. Ég tek undir þau

orð og geri að mínum, að ýmislegt sé jákvætt í skýrslunni að finna sem varðar samhengi ferðaþjónustunnar sem atvinnugreinar og umhverfismála og þar sé orðin veruleg bragarbót á frá því sem var í árdaga þegar menn töldu sig geta gert út á náttúru Íslands og að hún seldi sig sjálf. Þá töldu menn að ekki þyrfti að hafa miklar áhyggjur, landið væri stórt, ómengað, ósnortið og væri sem slíkt ótæmandi auðlind og endalaus söluvara, þótt ekki væri síðan alltaf fullt samræmi í því sem menn gerðu eða létu ógert í umhverfismálum á sama tíma. Vitund manna um mikilvægi þess að gæta þessarar auðlindar, náttúrunnar og ímyndar landsins að því leyti, er gjörbreytt frá því sem áður var. Meðvitund þeirra sem starfa í ferðaþjónustunni er almennt orðin mjög rík í þessum efnum. Það er engin tilviljun að í hópi rekstraraðila í ferðaþjónustu, leiðsögumanna og þeirra sem koma að þeim málum, er að finna marga eindregnustu náttúruverndarsinna landsins. Þeir upplifa það daglega í gegnum störf sín hvers virði okkur er hin ósnortna náttúra Íslands, að því marki sem hún er það enn, og ekki síður sú tilfinning ferðamanna um víða veröld og þeirra sem skipuleggja ferðamál og selja þjónustu á því sviði, að til Íslands sé slíka hluti að sækja.

Þó eru aðrir þættir sem mættu vera betur úr garði gerðir en svo að taka það fram að náttúru Íslands skuli vernda og hún skuli, ásamt menningu þjóðarinnar og fagmennsku í rekstri, vera ráðandi þáttur í þróun íslenskra ferðamála, að álagi af ferðaþjónustunni skuli dreift betur, að Ísland eigi að vera í forustu í umhverfisvænni ferðaþjónustu o.s.frv. Aðrir þættir eru heldur magrir og ég tek undir það með síðasta ræðumanni að t.d. skilgreining á því með hvaða hætti menn ætla að tryggja að uppbygging og þróun ferðaþjónustunnar lúti lögmálum sjálfbærrar framvindu á komandi árum er óbotnuð í þessari tillögu. Hér er í raun, eins og reyndar með ýmislegt fleira, fyrst og fremst látið sitja við falleg orð á blaði. En þegar kemur að sundurliðaðri framkvæmdaáætlun eða því hvernig eigi að fjármagna þá hluti sem kosta fjárútlát þá er skilað auðu.

Það er náttúrlega ekki hægt, virðulegu forseti, annað en að vekja athygli á þeirri staðreynd að þessi tillaga til þingsályktunar um ferðamál er flutt af ráðherra í ríkisstjórn sem hefur á sinni samvisku hluti af því tagi gagnvart náttúru landsins og ímynd Íslands á þessu sviði sem raun ber vitni. Við skulum ekki tala neina tæpitungu um það, herra forseti. Þetta er sama ríkisstjórnin og ber ábyrgð á Kárahnjúkavirkjun, Kárahnjúkavandanum í hagkerfinu sem svo er hnyttilega farið að kalla í blaðagreinum. Hún ber ábyrgð á hinni blindu og umfangsmiklu stóriðjustefnu sem er í eðli sínu, í veigamiklum atriðum, a.m.k. eins og hún er framkvæmd og að henni staðið, algerlega andstæð flestöllum jákvæðum markmiðum í þessari tillögu, þ.e. að hlúa að náttúru landsins, gæta hennar, byggja á orðstír Íslands sem lands sem búi að slíkri náttúru, byggja á umhverfisvænni ferðaþjónustu og þar fram eftir götunum.

Þessar mótsetningar, herra forseti, koma náttúrlega strax upp í hugann þegar maður fer að skoða þessi mál. Ég vík kannski betur að þeim síðar í máli mínu en ætla næst að fjalla betur um rekstrarþáttinn og stöðu ferðaþjónustunnar sem greinar. Það vantar ekki upp á að hér er m.a. talað um að það þurfi að skapa henni góð skilyrði.

Í kafla um rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar ræða menn um opinber gjöld af aðföngum og búnaði til ferðaþjónustu, að þau þurfi að samræma við það sem gerist í nágrannalöndunum, að tryggja þolinmótt fé eða fjármagn til fjárfestinga og markaðssetningar. Þar er rætt um að vinna gegn skaðlegum undirboðum eða svartri starfsemi, sem sagt leyfislausri starfsemi, skattsvikum og öðru slíku sem grefur undan löglegum og heiðarlegum rekstri.

Menn hafa eða höfðu áhyggjur af því, að vísu er lögð til breyting á því í nefndaráliti, að opinberir aðilar stundi atvinnustarfsemi í samkeppni við einkarekin ferðaþjónustufyrirtæki. Þar var nokkuð harkalega að orði kveðið. Það var nánast eins og ákveðið hefði verið að úthýsa hinu opinbera af þessum markaði og það mætti hvergi að koma. Ég held að ekki væri hyggilegt að ganga svo langt og orðalagið sem samgöngunefnd leggur til í breytingartillögu sinni er að mínu mati skárra og má þó deila um það. Það er t.d. augljóst að menn eru komnir út í ógöngur ef ekki má nýta áfram hér á landi, eins og gert hefur verið með góðum árangri og gert var, ekki síst á mestu uppbyggingarárum ferðaþjónustunnar, opinbert húsnæði yfir sumartímann til að auka afköstin í ferðaþjónustunni.

Menn geta auðvitað orðið svo heilagir í einhverri misskilinni samkeppnishugsun að þeir máli sig alveg út í horn í þeim efnum, að það megi t.d. ekki nota heimavistarskóla eða annað opinbert húsnæði til reksturs sumarhótela. Vissulega hafa stundum komið upp núningsmál í þeim efnum en þau eru til þess að leysa þau en ekki að fara út í slíkar öfgar. Orðalag í opinberri stefnu um ferðamál sem menn gætu sótt sér stoð í til þess að herja á aðkomu opinberra aðila að nokkru af því tagi gengur náttúrlega ekki. Hvað með tjaldstæði sveitarfélaga, svo dæmi sé tekið, ef þetta orðalag stæði svona? Væri það þá þannig að um leið og einhver aðili setti upp svipaða þjónustu í einkarekstri í nágrenninu þá yrði sveitarfélagið bara að hætta að veita slíka þjónustu á sínum vegum? Nógu vitlaust er það t.d. að sveitarfélag, ekki langt í burtu, ku hafa verið kært fyrir að hafa ókeypis á tjaldstæði. Það væri ekki verjandi samkeppnislagabrot að veita einfaldlega slíka þjónustu án endurgjalds, sem ég sé ekki að sé stórkostlegur glæpur ef það má vera til þess að laða að ferðamenn og koma því sveitarfélagi betur á kortið í ferðaþjónustu, sem var í því tilviki að byggja sig upp og koma sér af stað. Ég sé ekki að það sé heldur neinn glæpur að bjóða ferðamönnum einfaldlega upp á það, ef menn kjósa svo í einu sveitarfélagi, að veita slíka þjónustu án endurgjalds. Þannig að þessu orðalagi þarf að hyggja og ég fagna því að þó skuli gerð tilraun til að laga það með breytingartillögu meiri hlutans.

Rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar ræðst að öðru leyti af ýmsu, t.d. þeim liðum sem nefndir eru hér og taldir upp í töluliðum 1–5 undir fyrirsögninni Rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar. En þar er ekkert minnst á og ekkert komið inn á, og hvergi í þessari tillögu, sambúð ferðaþjónustunnar við aðrar atvinnugreinar, annað atvinnulíf og efnahags- og gengisstefnuna í landinu, sem er auðvitað það stóra sem ferðaþjónustan stynur undan núna, þ.e. sambúð hennar við Kárahnjúkavandann í efnahagsmálunum, við hina glórulausu stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur keyrt upp þenslu í hagkerfinu og þrýst gengi krónunnar upp í tengsl-

um við varnaðaraðgerðir efnahagsstofnana eins og Seðlabankans til að verja stöðugleikann sem valda ferðaþjónustu sem og öðrum samkeppnis- og útflutningsgreinum miklum erfiðleikum um þessar mundir. Þeir erfiðleikar fóru að gera verulega vart við sig á síðari hluta síðasta árs. Þá fóru ferðaþjónustuaðilar einfaldlega að merkja það að veltan dróst saman í viðskiptum sem þeir töldu sig ganga að sæmilega vísum vegna bókana og áætlana. Þetta hefur síðan ágerst á þessu ári.

Menn verða að varast að einblína á ferðamannafjöldann. Það er fleira sem skiptir máli en sú tala erlendra ferðamanna sem kemur til ársins, það skiptir kannski ekki síður og jafnvel enn þá frekar máli hve miklu þeir síðan eyða meðan á dvöl þeirra stendur og hversu mikið situr eftir í landinu af þeim fjármunum sem þeir höfðu handa á milli. Það segja mér glöggir menn á þessu sviði að sé kannski besti og næmasti mælikvarðinn á samkeppnisstöðu landsins í raun, þ.e. þróun meðaleyðslu ferðamannsins í heimsóknum til landsins. Það er mælt út frá viðbótarkaupum eða kaupum ferðamanna á varningi, minjagripum eða hvað það nú er, sem þeir telja sig hafa ráð á að láta eftir sér þegar þeir koma til landsins. Ferðin sjálf er yfirleitt pöntuð með löngum fyrirvara og greitt inn á hana á grundvelli fyrirhugaðs fasts umsamins verðs en svo kemur að þeim fjármunum sem ferðamaðurinn hefur handa á milli og hefur áætlað að eyða í ferðinni, án þess að ég haldi því endilega fram að allir séu svo nákvæmir að þeir hafi það útreiknað upp á krónu og aura, en þeir koma með tiltekin verðmæti, oftast í mynt síns eigin lands og þegar þeir skipta henni þá ræður gengið í þeirri yfirfærslu því hvaða kaupmátt þeir hafa gagnvart þjónustu og varningi í landinu. Það liggur í hlutarins eðli. Sá næmi mælikvarði fór að slá verulega út á síðari hluta meginferðamannatímans á síðasta ári. Þá fóru ýmsir þjónustuaðilar, svo sem minjagripaframleiðendur, framleiðendur iðnvarnings og annars sem er mikið selt í ferðaþjónustunni, að verða varir við að draga fór úr þeim kaupum sem vænta hefði mátt miðað við fjölda ferðamanna.

Hér ráða aðstæður sem eru að verulegu leyti heimatilbúnar og hæstv. ríkisstjórn ber höfuðábyrgð á að hafa skapað, með stóriðjustefnu sinni, skattalækkunarstefnu sinni og fleiri aðgerðum og ekki síður aðgerðaleysi. Þó eru fyrst og fremst þrír meginþættir sem skýra þensluna og erfiðleikana sem við er að glíma í hagkerfinu núna, þ.e. stóriðjustefnan, skattalækkanirnar og ástandið á fasteignamarkaði, eins og kunnugt er. Þetta stafar Seðlabankinn m.a. mjög skýrt í sínum ritum og ríkisstjórnin eða stjórnvöld bera verulega ábyrgð á öllu þessu þótt þau verði ekki borin þeim sökum að stjórna alfarið því sem sjálfstæðar fjármálastofnanir gera á markaði, en þau hafa samt með stefnu sinni og gegnum starfsemi Íbúðalánasjóðs ákveðin áhrif þar.

Virðulegur forseti. Veltutölur, verðlagning og útreikningar á þessari grein eru að sjálfsögðu næmir fyrir því þegar við umreiknum hlutina í íslenskar krónur, hvernig gengið er skráð. Það á auðvitað við um allar sambærilegar greinar þannig að menn ættu að hafa það í huga í þessum efnum þegar þeir bera hlutina saman.

Fróðlegt væri að fara betur yfir ýmis atriði í þessu sambandi, virðulegur forseti, og þá ekki síst að blaða í skýrslunni sem er til grundvallar og dregur að verulegu leyti fram upplýsingar úr skýrslu sem Hagfræðistofnun háskólans gerði um þjóðhagsleg áhrif ferðaþjónustu. Sem betur fer hefur mönnum miðað heilmikið áleiðis við að greina stærð ferðaþjónustunnar, að draga hana út úr í athugunum á þjóðhagslegum áhrifum einstakra atvinnugreina. Það getur augljóslega verið umdeilanlegt í ýmsum tilvikum hvað eigi að flokka beint sem ferðaþjónustu og hvað tilheyri öðru atvinnulífi þegar um samsettar atvinnugreinar er að ræða. Nærtækustu dæmin þar eru t.d. samgöngur, menning, afþreying eða gististaðir og annað því um líkt. Að hve miklu leyti er þetta til staðar vegna ferðaþjónustunnar sem slíkrar, þ.e. tengt því að innlendir og erlendir ferðamenn noti sér þjónustuna og að hve miklu leyti er þar um að ræða annað atvinnulíf? Þá byggja menn á ákveðnum rannsóknum eða könnunum og nota tiltekin viðmiðunarhlutföll sem eru skásta aðferðin til að reyna að átta sig á og meta umfang greinarinnar. Þar hefur mönnum farið verulega fram frá því fyrir um 15 árum, þegar sáralitlar aðgreindar eða niðurbrotnar þjóðhagslegar upplýsingar um ferðaþjónustuna sem slíka lágu fyrir.

Ég minnist þess hve fátækleg gögnin voru sem menn höfðu handa á milli á árunum 1989–1990 þegar unnið var í framtíðarstefnumótun á sviði ferðamála, m.a. í nefnd sem þáverandi hv. alþingismaður Hjörleifur Guttormsson veitti forstöðu. Eitt af atriðunum sem tilgreint var í erindisbréfi þeirrar nefndar var einmitt að reyna að meta og átta sig á, betur en áður hafði verið gert, þjóðhagslegu umfangi og mikilvægi greinarinnar. Þá voru ákaflega fáar aðgreindar upplýsingar fáanlegar í hagskýrslum. Það sem menn höfðu helst var einföld talning á erlendum ferðamönnum sem komu til landsins og fjöldi gistinátta. En mönnum hefur miðað heilmikið áfram í þessum efnum og þær upplýsingar eru ákaflega fróðlegar. Enn er ég fyrst og fremst að vitna til þess sem fram kemur í fylgiskjali með þessari tillögu að ferðamálaáætlun og þar er aðallega stuðst við skýrslu sem Hagfræðistofnun háskólans vann.

Enginn má skilja orð mín svo að þeir aðilar sem sinntu gagnasöfnun á þessu sviði á árum áður, svo sem Þjóðhagsstofnunin sáluga og Hagstofan, hafi ekki unnið sitt verk samkvæmt bestu samvisku en í raun var ferðaþjónustan tæpast skilgreind sem eiginleg eða sjálfstæð atvinnugrein fyrr en fyrir 15 árum. Menn litu á þetta sem aukabúgrein, svo ég segi ekki hobbí eða áhugamál. Það kom mönnum því í opna skjöldu þegar farið var að reikna það betur út og athuga hversu mikilvæg hún var í raun og veru orðin, strax á þessum tíma, á árunum 1985–1990, svo maður tali ekki um stöðuna eins og hún er í dag.

Auðvitað er það ævintýri líkast, herra forseti, þegar skoðað er að atvinnugreinin skuli hafa vaxið að meðaltali um 6% á ári, miðað við aðsókn erlendra ferðamanna, á 45 ára tímabili. En þannig er það að meðaltali, að frá því um 1960 hefur ferðaþjónustan vaxið um 6% á ári mælt út frá fjölda erlendra ferðamanna og er engin ástæða til að ætla að innlendir ferðamenn séu eftirbátar í því. Sem betur fer hafa ferðalög Íslendinga um eigið land einnig aukist verulega. Helgarferðir innan lands hafa komið til sögunnar og bætt verulega afkomu ferðaþjónustunnar yfir vetrartímann. Það væri ágætt að menn hefðu það í huga að þetta jafngildi því að fjöldi ferðamanna, í þessu tilviki erlendra ferðamanna,

tvöfaldist á rúmlega 10 ára fresti, þ.e. á 12 ára fresti.

Velta þessarar greinar í þjóðhagsbúskapnum kemur mönnum líka í opna skjöldu. Menn eru með tölur úr skýrslum yfir hreinar gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu og þær hafa verið að þokast upp úr 30 og í áttina að 40 milljörðum kr. síðustu árin. En þá er bara um að ræða hin beinu áhrif, beinar gjaldeyristekjur, ef við erum að tala um erlenda ferðamenn. Ef við hyggjum jafnframt að umsvifum, þ.e. heildarumsvifum greinarinnar í hagkerfinu, kemur annað og meira í ljós. Þannig segir í greinargerðinni að veltan sem verður til í hagkerfinu vegna erlendra ferðamanna — þar munu menn notast gögnin frá árinu 2002 frekar en 2003 en það skiptir ekki öllu máli því að stærðargráðan er eftir sem áður sú sama — megi ætla að sé um 45 milljarðar kr., þ.e. hún er þá sjálfsagt komin yfir 50–55 milljarða kr. í dag. Síðan eru notaðar ýmsar aðferðir til að áætla óbein og afleidd áhrif af þessari veltu og þá koma satt best að segja ótrúlegar tölur í ljós. Þannig fá menn út, með því að nota ákveðna margfaldara, þ.e. þeir hjá Hagfræðistofnun háskólans, að heildarumsvif í hagkerfinu vegna útgjalda erlendra ferðamanna séu vel yfir 90 milljarðar kr. Það munar um minna. Þá eru menn að vísu komnir með bæði bein, óbein og afleidd áhrif.

Þetta er gott að menn ræði og hafi í huga þegar ferðaþjónustan á í hlut, að hún dreifir afrakstri sínum eða áhrifum mjög vel um hagkerfið og er að því leyti með allra heppilegustu atvinnugreinum. Hún byggir á aðföngum og þjónustu frá fjölbreyttum og mjög breiðum hópi aðila í þjóðfélaginu og að sama skapi dreifist afrakstur inn mjög víða þegar margir eru þátttakendur í eða njótendur þeirrar veltu sem koma erlendra ferðamanna, og þess vegna ferðalaga Íslendinga um eigin land, skapar þegar upp er staðið, gegnum hin beinu og óbeinu og afleiddu áhrif eins og rannsóknir Hagfræðistofnunar háskólans á heildarveltuumsvifum í hagkerfinu sýna. Þegar þeir taka síðan innlenda ferðamenn með í reikninginn, þ.e. ferðalög Íslendinga um eigið land, þá bætist við velta upp á um 15 milljarða kr. og með sömu margfeldisáhrifum, með því að nota sömu margfaldara, fer það upp í 30 milljarða kr. Þá eru þessi heildarveltuumsvif sem koma erlendra ferðamanna til landsins og ferðalög Íslendinga um eigið land valda í íslenska hagkerfinu komin upp í 120 milljarða kr. og munar um minna í hagkerfi sem veltir um 800–850 milljörðum í ár, þ.e. ef við tökum landsframleiðsluna sem að vísu er kannski ekki alveg sambærilegar mælieining í þessu tilviki og verður að hafa fyrirvara. En þetta sýnir mönnum stærðargráðuna sem hér er á ferðinni.

Hví er ég að rekja þetta, virðulegi forseti? Það er m.a. vegna þess að ég held að það sé kominn tími til þess að Íslendingar, ráðamenn sérstaklega, sem hafa með ákvörðunum sínum, aðgerðum eða aðgerðaleysi bein áhrif á hlutina, átti sig á stærð og þjóðhagslegu mikilvægi ferðaþjónustunnar. Það er með ólíkindum að menn skuli hafa komist upp með það fram undir síðustu ár að tala um ferðaþjónustuna eins og hreina aukagetu sem engu máli skipti og að hagsmunum hennar væri hægt að ýta til hliðar án rökstuðnings þegar von hefur verið á einhverri fabrikku. Þá skiptir engu máli að það kynni að hafa áhrif og jafnvel skaðleg áhrif á hagsmuni þessarar stóru og miklu vaxtargreinar sem hefur staðið upp úr öllu öðru íslensku efnahagslífi og atvinnulífi samfellt í 40 ár. Það er þannig. Það má finna kannski afmörkuð dæmi um tímabil þar sem einstakar greinar, t.d. þjónustuiðnaður við sjávarútveg, lyfjaiðnaður eða annað því um líkt, hafa skotist hratt upp á stjörnuhimininn. En ef við tökum þetta langa tímabil bið ég menn um að nefna mér grein sem vaxið hefur annað eins að meðaltali á 35–45 ára tímabili og ferðaþjónustan hefur gert. Ég held að það dæmi sé ósköp einfaldlega ekki til og tel algerlega á hreinu að þetta er vaxtargrein íslensks atvinnulífs númer eitt.

Það er full ástæða til að hamra svolítið á þessu í ljósi umræðna um að í ferðaþjónustu séu ekki þeir hagsmunir sem menn þyrftu að gera sér rellu út af í tengslum við ákvarðanir á öðrum sviðum sem eru beinlínis andstæðar atvinnugreininni. Að því leyti hefur gætt ótrúlegrar tilhneigingar fram á síðustu ár til að gera lítið úr, svo ég segi það eins og það kemur mér fyrir sjónir, þeim miklu áhrifum sem vöxtur þessarar greinar hefur fært inn í þjóðarbúið. Það kann að hluta til að vera vegna þess að áhrif hennar eru býsna ósýnileg eða dulin. Þau koma í það ríkum mæli fram í óbeinum og afleiddum áhrifum í öðrum atvinnugreinum. Það þarf sérstakar rannsóknir til að draga fram hve stór þáttur ferðaþjónustunnar er í vexti í samgöngukerfinu, menningu, afþreyingu, iðnaði og öðru slíku.

Annar þáttur þessa máls sem mér finnst líka ástæða til að draga sérstaklega fram, herra forseti, og er komið ágætlega inn á í greinargerðinni, eru auðvitað byggðaáhrifin og byggðasjónarmiðin í þessum efnum. Kannski liggja vænlegustu möguleikar okkar Íslendinga sem yfir höfuð í boði eru til að reisa merki einhverrar árangursríkrar og raunverulegrar byggðastefnu — sem verulega hefur skort upp á að væri til staðar í landinu, hún hefur mest verið á pappírunum hingað til — í ferðaþjónustunni fyrir utan eflingu menntunar og bætts aðgengis að menntun og bættum samgöngum í landinu og þetta er náttúrlega allt nátengt. Það er enginn vafi á því að sem atvinnugrein hefur ferðaþjónustan í sér fólgna gríðarlega jákvæða möguleika til þess að styrkja búsetu og bæta lífskjör og afkomu manna vítt og breitt úti í byggðum landsins. Það eru einfaldlega allra hagsmunir, það blasir við. Það er ekki verið þar að taka eitt af einhverjum og færa það öðrum. Það sem málið snýst um er að reyna að hafa jákvæð áhrif á og stýra vexti og þróun ferðaþjónustunnar þannig að byggðarlög og landshlutar sem ekki hafa nema að takmörkuðu eða að mjög litlu leyti verið þátttakendur í þeim vexti undanfarið verði það alveg sérstaklega á komandi árum. Það er bráðnauðsynlegt fyrir alla. Það er náttúrlega þarft og nauðsynlegt fyrir viðkomandi byggðarlög en það er bráðnauðsynlegt fyrir landið í heild og þar kemur aftur bæði að umhverfisáhrifunum og mikilvægi þess að dreifa álagi ferðaþjónustunnar um landið og gera landið allt og íbúa landsins alls að þátttakendum í þessari grein þannig að álagið verði hvergi óviðráðanlegt og ekki hljótist stórkostleg spjöll af.

Þá snýst þetta auðvitað um að draga úr þeirri miklu samþjöppun ferðaþjónustunnar og þeim toppum sem verða á suðvesturhorninu, fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu og í höfuðborginni, og jafna þessum straumi, þessu álagi út um landið, auðvitað ekki síst á hámarksálagstímanum en í raun

og veru líka jöfnum höndum að gera þetta í formi heilsársuppbyggingar og heilsársferðaþjónustu. Ferðaþjónustan er líka að þessu leyti ákaflega heppileg vegna þess að hún byggir í eðli sínu á staðbundnum fyrirbærum þar sem staðbundin aðföng eru það aðdráttarafl sem dregur ferðamennina á svæðið hvort sem það er náttúrufegurð, sérstakt mannlíf, menning eða hvað það er. Það eru yfirleitt í eðli sínu fyrirbæri sem ekki verða flutt burtu og í sumum tilvikum eru það einmitt hagsmunir ferðaþjónustunnar að varðveita menningu og einkenni þeirra svæða sem í hlut eiga eins og þau eru.

Það er t.d. ekkert út í loftið að menn í Sviss og víðar í Ölpunum leggja þá ríku áherslu á að varðveita búskaparmunstur og ásýnd þeirra svæða. Af hverju skyldi það vera að menn leggja svona mikið upp úr því að varðveita t.d. smábúskap í Ölpunum þar sem eru kýr á beit með bjöllur um hálsinn eða hvað það nú er? Jú, það er af því að þetta er óaðskiljanlegur hluti af þeirri ímynd, þeirri menningu og þeirri ásýnd svæðanna ásamt náttúrunni auðvitað sem dregur ferðafólk að. Það er varan sem seld er um allan heim, fegurð Alpanna með snævi krýndum fjallatoppum og grænum grösum í bröttum hlíðum þar sem kýr og geitur eru á beit með bjöllu um hálsinn og bændur í pokabuxum að stugga við þeim og reka þær til, svo maður lyfti sér aðeins upp í skáldlegar hæðir á lýsingum á þessu án þess að ég ætli að fara að jóðla. Ég lofa því.

Að öllu gamni slepptu, virðulegi forseti, liggur byggðaþátturinn í þessu máli þannig að það er nánast hvergi eins rakið að menn reyni að slá tvær flugur í einu höggi og hlúa að uppbyggingu einnar atvinnugreinar um leið og þeir horfa til hinna jákvæðu áhrifa sem það geti haft í byggðarlegu tilliti. Það er fallega um þetta fjallað í þingsályktunartillögunni að ýmsu leyti en það er með sömu veikleikum þegar kemur að því að tilgreina það sem við á að éta. Til dæmis hvernig menn ætli að hrinda þeim hlutum í framkvæmd, hvað menn ætli að gera beinlínis til að láta hlutina þróast á þennan veg, til þess að stappa stálinu í menn og til þess að hvetja menn til uppbyggingar og fjárfestinga, þá er fáu til að dreifa. Ég held t.d. að setja hefði þurft miklu meiri kraft í fjárveitingar til uppbyggingu innviða, sérstaklega í samgöngumálum á þeim svæðum þar sem það stendur mönnum mest fyrir þrifum en verið er að gera samtímis í vegáætlun eða samgönguáætlun sem hér er líka til umfjöllunar. Vissulega er verið að sýna þar lit. Það er jákvætt svo langt sem það nær að ferðaþjónustuvegir séu komnir þar inn sem sérstakur vegaflokkur þó að reyndar sé síðan, þegar á hólminn er komið, fært undir þau formerki fjárveitingar í ýmsa venjulega vegi sem komu okkur þingmönnum sumum á óvart að skyldu allt í einu flokkaðir sem slíkir. Vegir sem eru ósköp einfaldlega venjulegar tengingar milli byggða eða jafnvel vegir innan byggða sem hafa verið eknir í áratugi svo ekki sé sagt aldir og menn höfðu kannski ekkert sérstaklega tengt ferðaþjónustunni fram að því að þetta skýtur upp kollinum núna. Það er t.d. alveg augljóst mál að heilsársvegasamgöngur meðfram Jökulsá á Fjöllum þannig að menn komist að Dettifossi helst beggja megin frá er klassísk og augljós ferðamannaleið. Sérstaklega er ekki hægt að rífast um það þeim megin sem slíkur vegur er í raun alls ekki til staðar þ.e. að vestan. Það verður ekki um það deilt að sú uppbygging er auðvitað alveg sérstaklega í þágu ferðaþjónustunnar, enda er ekki byggð á leiðinni og megintilgangur þess að leggja þann veg er að koma ferðamönnum að þeim náttúrugersemum sem þar er að sjá, Dettifossi og auðvitað fyrirbærunum í Jökulsárgljúfri.

Það má líka segja að framkvæmdir t.d. í nágrenni við Gullfoss og Geysi, að gera þar betur í samgöngumálum en menn hefðu kannski gert ella byggðarinnar einnar vegna, megi flokka undir ferðaþjónustu. Þannig gæti líka átt við um margt fleira. Ég held líka að eyrnamerkt fjármagn til markaðsaðgerða þurfi að vera til staðar í ríkulegum og myndarlegum mæli. Það er eitt af fáum tækjum sem stjórnvöld virkilega geta beitt án þess að mismuna aðilum að því tilskildu að sjálfsögðu að það sé vel undirbyggt og rökstutt og þjóni þeim yfirlýstu og samþykktu markmiðum Alþingis t.d. eins og hér er verið að leggja niður um þróun í greininni, að beita slíkum tækjum t.d. til sérstakrar markaðssetningar á byggðarlögum sem verið er að reyna að draga með og hjálpa á legg sem fullgildum þátttakendum í ferðaþjónustu. Þar erum við ekki endilega alltaf að tala um stórar fjárhæðir.

Við þekkjum það sjálfsagt, mörg hver, sem höfum kynnst því baksi sem menn í afskekktum byggðum standa frammi fyrir, þeim barningi þegar þeir eru hreinlega að sinna lágmarksþörfum í þessum efnum eins og að gefa út einn bækling, að þröskuldurinn þar sem er næstum óyfirstíganlegur getur ósköp einfaldlega verið prentkostnaður upp á nokkur hundruð þúsund krónur. Það er þannig. Ég þekki dæmi um lítil ferðamálasamtök sem hafa farið bónleið til búðar, hafa verið að baksast við að reyna að fá fjárstuðning, kannski fengið eitthvað örlítið en þó ekki nóg. Það er mönnum næstum ofviða og menn safna skuldum af því einu að gefa út í lágmarksupplagi kynningarbækling á því sem í boði er á sviði ferðaþjónustu í viðkomandi byggðarlagi. Jafnvel bara tiltölulega litlir fjármunir sem gengju til að styrkja sérstaklega slíka hluti og kannski á eitthvað stærri mælikvarða, t.d. að vera með sérstakan stuðning í gangi til að efla heilsársþjónustuna þar sem hún er að komast á legg úti um landið, er auðvitað gríðarlega mikilvægt vegna þess að það dregur einmitt straum ferðamannanna út um landið á þeim árstíma sem hefur verið hvað erfiðastur fram að þessu. Ég nefni þar sem dæmi hina stórmerkilegu uppbyggingu sem verið hefur í Mývatnssveit á allra síðustu árum í þeim efnum þar sem allt í einu eru farnir að koma erlendir ferðamenn, jafnvel frá fjarlægum löndum eins og Japan, um hávetur til þess að horfa þar á norðurljósin, ekki til þess eins auðvitað en megintilgangur ferðarinnar er kannski sá að komast í slíka náttúru og slíkt umhverfi og eiga einhverja von í því, ef menn eru heppnir með veður, að fá að sjá norðurljós dansa á himni. Þetta eru hlutir sem eru geysilega mikilvægir og skiptir miklu máli að hægt sé að standa vel við bakið á. Þá er aftur og aftur komið að því sama, það eru peningarnir, það eru fjármunirnir, það eru möguleikarnir á því að gera það sem gera þarf.

Ég ætla að nefna hérna, eins og Kató gamli, til að gleyma því ekki í þessari ræðu frekar en öðrum, mitt gamla og nýja áhugamál í þessum efnum þar sem ég er algerlega sannfærður um að stendur okkar ákaflega fyrir þrifum og það er að hafa ekki beinar millilandaflugsamgöngur, a.m.k.

einhvern hluta ársins, frá fleiri stöðum en Keflavík og þetta litla sem er frá Reykjavík, sem sagt héðan af suðvesturhorninu einu. Það er alveg augljóst mál, það er alveg sama hvernig við veltum því öllu saman fram og til baka, að langróttækasta aðgerðin, og sú sem mundi hafa mest að segja í sambandi við að dreifa álagi og þar með um leið tekjum og afrakstri ferðaþjónustunnar út um landið, væri að taka ferðamennina inn í landið eða flytja þá aftur frá landinu á fleiri stöðum þannig að uppbygging ferðalaganna breyttist og sá flöskuháls og sú uppsöfnun eða samþjöppun allra ferðalaga sem að óbreyttu verður sjálfkrafa á suðvesturhorninu og höfuðborgarsvæðinu, ef þessu væri eitthvað hægt að breyta. Nú stendur beinlínis í skýrslunni — þeir eru að vísu ákaflega varkárir í orðum þessir menn, enda miklir markaðssinnar eins og kunnugt er og voru með upphaflega textann þannig að banna ætti ríkinu að koma nokkurs staðar nálægt ferðaþjónustu sem einkaaðilar kynnu að vilja sinna. Það á að breyta því sem betur fer, en það er sama varkárnin á ferðinni þegar segir hér, með leyfi forseta:

„Því geti mögulega verið verjandi fyrir hagkvæmnissakir að stjórnvöld aðstoði markaðssetningu þeirra héraða hérlendis sem hafa verið síður vinsæl meðal ferðamanna og niðurgreiði ferðamannastraum til landsins utan háannar þegar fjárfestingar í greininni eru vannýttar.“ — Þetta er í raun og veru það sem ég var að ræða hér. Svo segir: „Einkum þyrfti að beina ferðamannastraumnum frá Reykjavík og til landsbyggðarinnar.“

Þetta er skiljanlegt mannamál. Og hver væri róttækasta og vænlegasta aðgerðin í þeim efnum? Jú, það væri auðvitað að reyna að stuðla að því að heilsárs eða a.m.k. hluta úr ári beinar samgöngur til og frá einhverjum ferðamannasvæðum, sem væntanlega yrðu á meginlandi Evrópu eða Bretlandseyjum til að byrja með, ættu sér stað annars staðar en frá Keflavík. Ég tel að stjórnvöld hafi allt í höndunum sem þau þurfa í þeim efnum, a.m.k. eftir samþykkt þessarar þingsályktunartillögu og þeirra skilgreininga og markmiða sem þar eru sett. Það er alveg prýðilegt að festa þetta þá bara í sessi. Það mætti að vísu kveða fastar að orði að mínu mati og óþarft að vera með neina hálfvelgju eða óþarfa varkárni í þeim efnum. Það getur ekki orðið neinum til tjóns og eingöngu allri ferðaþjónustunni í landinu til góðs ef, vel að merkja, vöxtur hennar á komandi árum verður í einhverjum mæli í því formi að ferðamenn annaðhvort komi og fari til og frá landinu eða komi inn á einn stað og fari frá öðrum. Þá held ég að menn hljóti að horfa til Akureyrar og Egilsstaða í fyrstu umferð og við getum notað sem dæmi um hvaða gildi þetta muni hafa, þau miklu áhrif sem eru af komum Norrænu til Austfjarða. Það dæmi sýnir auðvitað hvers virði það er að fá ferðamennina, hversu mikils það svæði nýtur sem fær þá til sín með fulla vasa fjár, tekur á móti þeim og býður þeim upp á þjónustu sína fyrstu sólarhringana sem þeir eru í landinu. Margir þeirra fara aldrei neitt lengra, eru kannski innan Austurlandsfjórðungs eða á norðaustanverðu landinu þá viku sem þeir stoppa.

Nú skilur ferðaþjónusta að vísu ekkert endilega í öllum tilvikum mikið eftir sig ef menn koma vel nestaðir á sínum bíl og jafnvel birgir af bensíni. Þá er ekki endilega víst að það séu nein ósköp. Þó er það alltaf það sem það er sem er þjónustan í kringum þessa starfsemi og einhverju eyða menn yfirleitt. Jafnvel þó þýskir séu komast menn varla hjá því að kaupa sér kaffibolla einhvers staðar. En svo er það allt upp í hitt að auðvitað eru veruleg umsvif tengd því að fá menn þessa leiðina inn í landið.

Sama vitum við að menn hafa upplifað á þeim takmörkuðu tímabilum þar sem hefur verið slíkt beint flug á Egilsstaði og á Akureyri þó að þær tilraunir, því miður, fram að þessu hafi verið gerðar af vanefnum og ekki tekist sem skyldi. Nú eru að vísu um það fréttir að enn eigi að reyna í þessum efnum og væri fróðlegt að heyra hvort hæstv. samgönguráðherra hefur eitthvað af því það að segja hér hvort stjórnvöld séu að fylgjast með og eftir atvikum að reyna að styðja við bakið á því sem er verið að reyna enn á ný og varðar beint millilandaflug og þá er sérstaklega talað um Egilsstaði að vísu. En mér er reyndar kunnugt um að þar er einnig verið að skoða ýmsa slíka möguleika til og frá Akureyri.

Ég held líka að það sé kannski orðið tímabært að hugsa ýmislegt upp á nýtt og í nýju ljósi í þessum efnum. Ég hef lengi séð fyrir mér að t.d. bæði Egilsstaðir og Akureyri gætu verið miklu stærri þátttakendur í flugsamgöngunum til nágrannasvæðanna á Vestur-Norðurlöndum heldur en þau þó eru. Það er að vísu þannig að sögulega og landfræðilega liggur beint við að Akureyri hefur alltaf tengst talsvert samgöngum sérstaklega til norðurhluta austurstrandar Grænlands, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri veitir þar þjónustu og samgöngur hafa tengst þangað. Það er stutt frá Egilsstöðum til Voga í Færeyjum og lægi að mörgu leyti beint við að eitthvert flug kæmist á þar á milli. Það gæti verið möguleiki í þeim efnum að það flugfélag íslenskt sem fyrst og fremst sinnir innanlandsflugsamgöngum og samgöngum til nærsvæðanna, sem sagt Flugfélag Íslands, væri framkvæmdaaðili í slíku tilviki ef Flugleiðir, móðurfélagið, sér sér ekki hag í því. Möguleikarnir gætu að mínu mati verið ærnir.

Ég sæi ekkert því til fyrirstöðu í þessu tilviki að við færum þá leið, ef það reyndist vænlegur kostur, sem Grænlendingar hafa farið gagnvart okkur. Þeir semja einfaldlega við íslenska aðila um að veita þjónustu í flugi til Grænlands og styrkja það með opinberu fé á tilteknum samningstíma. Íslendingar gætu alveg farið sömu leið ef það reyndist hagkvæmari lausn að semja t.d. við færeyska flugfélagið sem hefur yfir að ráða millilandaflugvélum af heppilegri stærð um að veita tiltekna þjónustu eða styrkja þá í að veita tiltekna þjónustu. Það gæti vel komið í ljós að það væri vænlegur kostur. Ég held að þetta sé atriði sem menn megi ósköp einfaldlega ekki gefast upp við að skoða og hafa sífellt í huga, þ.e. að reyna að finna leiðir til að taka einhver skref og ýta undir einhverja þróun í rétta átt í þessum efnum.

Alltaf kemur maður þá til baka og að þessu sama. Spurningin er um það hvaða fjármagn eru menn tilbúnir til að leggja í uppbyggingu og í stuðning af því tagi. Það fer því miður minnkandi ef eitthvað er akkúrat á þessu ári þegar við erum að ræða þingsályktunartillögu um stefnumótun í ferðamálum til langs tíma í fyrsta sinn og auðvitað er svolítið dapurlegt að aðstæðurnar skuli þá einmitt vera slíkar. Ég held að það verði ekki sótt nein rök í það að minni þörf sé fyrir slíkt fé núna en var kannski árin eftir atburðina 11.

september 2001 eins og stundum heyrist, þegar kraftur var settur í markaðssetningu íslenskrar ferðaþjónustu og að hluta til var tengdur henni eða eyrnamerktur henni, sem að sjálfsögðu var hið besta mál, að þörfin sé ekki lengur fyrir hendi í þeim efnum. Það fer allt eftir því hvernig menn nálgast málin og er þá ekki bara hægt að horfa til þess að það er kannski af öðrum ástæðum og nýjum og breyttum eins og sumum þeirra sem við erum hér að ræða enn þá meiri þörf fyrir að taka á í þeim efnum.

Herra forseti. Ég held ég fari að láta þessar hugleiðingar mínar nægja um málið. Ég tek að sjálfsögðu undir það sem margoft hefur verið sagt að það er margt jákvætt í þessari vinnu, í þessu ferli og ýmislegt fallega orðað og vel sagt í tillögugreininni. En veikleikarnir eru þessir sem margoft hefur verið komið hér inn á, að þegar kemur að framkvæmdinni og afli hlutanna þá er í raun skilað auðu þannig að það er skrifað í skýin hvernig mönnum gengur á komandi missirum og árum við að afla fjár og að ráðast í aðgerðir sem gætu gert það að verkum að þau markmið sem hér eru sett náist fram. Það munu þau sjálfsagt örugglega ekki gera að fullu en því meira sem hlutirnir þokuðust í rétta átt þeim mun betra.

[17:05]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Við ræðum tillögu til þingsályktunar um ferðamál. Hún hefur verið hér rædd í dag, en eins og fram hefur komið er þetta í fyrsta sinn sem sá háttur er hafður á að leggja fram samræmd markmið í ferðamálum og á áætlunin að ná frá árinu 2006–2015 og verið er að vinna í anda þess sem hefur verið unnið í samgönguráðuneytinu. Þar er lögð fram samræmd samgönguáætlun þar sem allir þræðir samgöngunetsins koma saman í einni heildaráætlun og er það gott. Því er mjög ánægjulegt að þessi þingsályktunartillaga skuli vera komin fram. Ég vil þakka fyrir alla þá vinnu sem liggur að baki því hún er mikil og nær til margra ára og hafa mjög margir komið að málum. Þingsályktunartillagan byggir á rannsóknum, skýrslum og úttektum þannig að í þessu liggur mikil vinna og í raun liggur mikill metnaður hér að baki.

Ég tel að til þess að uppfylla þau markmið sem hér eru lögð fram og standa undir þeim metnaði sem birtist í þessari þingsályktunartillögu hefði verið heppilegt að tengja saman samgönguáætlun og þessa áætlun í ferðamálum með einhverjum hætti þannig að það væri sýnilegra í ferðaáætluninni hvernig uppbygging ferðaþjónustunnar um hinar dreifðu byggðir megi ganga eftir með tilliti til framkvæmdar vegáætlunarinnar. Eins og við höfum margrætt í þessum sal þá erum við núna að vinna að samgönguáætlun og þar með vegáætlun. Það er verið að draga úr framkvæmdafé vegáætlunar og sá niðurskurður næstu tvö árin kemur ekki síst niður á þeim stöðum sem við teljum að þurfi aukið fjármagn til vegaframkvæmda til að geta svo byggt upp ferðaþjónustu.

Það er líka mjög ámælisvert að með þessari markmiðsáætlun skuli ekki vera settar skýrari tímasetningar heldur opnar eins og hér til 2015. Áætlunin er ekki sett niður í þrengri tímaramma og það heldur ekki getið um þá sem eiga að fylgja eftir ákveðnum þáttum eða vera ábyrgir fyrir því að ákveðin markmið gangi upp sem hér eru nefnd. Ég lít því svo á að þetta sé í raun frumraun, þ.e. að samþætta marga þætti ferðaþjónustunnar sem samgönguráðuneytið og samgönguráðherra bera ábyrgð á og það hljóti því að vera síðari tíma mál að vinna þetta frekar, þ.e. ef við ætlum að taka mark á þingsályktunartillögu sem þessari. Í mínum huga er alveg ljóst að ef þingsályktunartillaga er samþykkt á hinu háa Alþingi þá er það ríkisstjórnarinnar að framfylgja henni og hún stendur þar til annað verður ákveðið á Alþingi, annaðhvort með nýrri þingsályktunartillögu eða breytingum á viðkomandi áætlun. Því stenst ekki að segja að þingsályktunartillögur séu ómarktækar, að ef kosningar verði á milli sé ekki mark takandi á samþykktum fyrri þinga. Samkvæmt því eru þingsályktunartillögur marklausar. En það er ekki svo, herra forseti, því sem Alþingi samþykkir á ekki að breyta nema ástæða þyki til og þá með breytingum m.a. með þingsályktunartillögum sem afgreiddar eru á hinu háa Alþingi. Það er mikilvægt þegar lagt er í jafnmikla vinnu og þessa að hugur fylgi máli og að tillagan sé þá þannig úr garði gerð að virkilega sé hægt að vinna eftir henni. Það er ekki nóg að vinna að markmiðssetningum. Þær verða líka að geta staðist og mega ekki stangast á við önnur markmið.

Nú hefur núverandi ríkisstjórn haft mjög ákveðin markmið hvað varðar stóriðju og uppbyggingu stóriðju í landinu og markmiðssetning þessarar þingsályktunartillögu stangast í mörgum atriðum á við markmið hæstv. ríkisstjórnar. Það fer ekki saman að byggja upp ferðaþjónustu til að varðveita einstaka og fjölbreytta náttúru og stuðla að umhverfisvernd sem byggir á vitund um menningu og þjóðina o.s.frv. ef stóriðjustefnunni linnir ekki og það hið allra fyrsta.

Stóriðjustefnan hefur þegar haft hamlandi áhrif á uppbyggingu ferðaþjónustunnar á ákveðnum svæðum á landinu og það eru þau svæði sem tekist er á um í dag varðandi nýtingu vatnasvæða. Má nefna þar Skagafjörð og eins uppsveitir Suðurlands þar sem menn horfa til þess að beina ferðamönnum inn að Langasjó og á miðhálendið. En þeir geta ekki framkvæmt slík markmið eða markaðssett slíkar ferðir vegna þess að uppi eru áform um að nota Langasjó, svo ég nefni dæmi, sem miðlunarlón. Frekari áhersla á stóriðju og uppbygging ferðaþjónustu fer því ekki saman á mörgum sviðum. En þetta varðar ekki bara ákveðin svæði heldur gengur stóriðjustefnan þvert á uppbyggingu sjálfbærrar ferðaþjónustu og sjálfbærrar atvinnustefnu. Ég nefni Miðausturland þar sem miklar framkvæmdir eru í gangi núna bæði vegna Kárahnjúkavirkjunar og eins vegna byggingu álvers á Reyðarfirði. Þessi umsvif hafa nú þegar haft neikvæð áhrif á jaðarsvæðin fyrir austan. Þar hefur fólki fækkað. Því er mjög mikilvægt að styrkja jaðarsvæði stórframkvæmdanna á Austurlandi nú þegar með tilliti til ferðaþjónustu inn á þau svæði. Heimamenn hafa þar margt í huga en hafa ekki bolmagn til að hrinda í framkvæmd. Því er mjög mikilvægt að horfa til þessara svæða að þessari þingsályktunartillögu samþykktri. Ég geri fastlega ráð fyrir að við samþykkjum hana á þessu þingi og þá er mikilvægt að horfa til þessara svæða sem standa svo veik í dag.

Ferðaþjónustan er orðin ein mikilvægasta atvinnugreinin í landinu. Þetta er mikil vaxtargrein og kemur inn á mjög mörg svið atvinnulífsins. Ef við horfum á spá um fjölgun

ferðamanna er því spáð að innan fárra ára megum við búast við einni milljón ferðamanna á ári. En þetta er ung atvinnugrein á mörgum sviðum og hún hefur ekki að fullu komið undir sig fótunum. Ef við horfum til hinna dreifðu byggða þar sem ferðaþjónustan er að ná fótfestu er bændagisting að byggjast upp og ýmis þjónusta sem ekki hefur verið þar til staðar sem er sérstaklega ætluð og höfðar til ferðamanna. Við verðum að gefa þessari atvinnugrein lengri tíma til að sanna sig áður en við beitum úrtöluröddum og látum það heyrast eins og í dag að það sé ekkert á ferðaþjónustunni að byggja, hún standi völtum fótum, lág laun og láglaunastörf séu í slíkri þjónustu og þess vegna verðum við að horfa frekar til annarra þátta en til ferðaþjónustunnar. Ég tel það vissulega eðlilegt að til að byrja með meðan menn eru að fjárfesta og koma sér af stað megi ekki allir búast við háum launum en ferðaþjónusta gefi vonandi góðar og eðlilegar tekjur þegar frá líður og sérstaklega þegar vel er staðið að atvinnugreininni af hinu opinbera.

Þessi þjónusta er einna styrkust á höfuðborgarsvæðinu og á nokkrum þéttbýliskjörnum úti um land þar sem ferðamenn hafa verið hvað fjölmennastir og kemur það til af staðsetningu millilandaflugs á flugvellinum í Keflavík og hóteluppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu og síðan þeirri þjónustu sem veitt er héðan af höfuðborgarsvæðinu. Eins nefni ég Akureyri, að þeir aðilar sem hafa stundað þessa þjónustu hvað helst hafa eðlilega haldið sig innan svæðisins. En nú er komið að þeim tímapunkti að samþjöppunin er orðin of mikil í dag, of mikið álag er á ákveðna ferðamannastaði eða vinsæla staði, náttúruperlur eins og Gullfoss og Geysi, og eins er orðin mikil örtröð á fáa staði sem veita þjónustu fyrir ferðamenn. Það er því mikilvægt að dreifa enn frekar leiðum ferðamanna um landið. Það styrkir byggðina og stuðlar að sjálfbærri þróun bæði atvinnugreinarinnar og byggðanna. Því er mikilvægt að hið opinbera, og þá vísa ég til hæstv. samgönguráðherra, styrki vel og styðji við þá tilraun sem er að fara í gang með beint millilandaflug milli Kaupmannahafnar og Egilsstaða sem verður vikulega nú í sumar og er áætlað á hálfs mánaðar fresti næsta vetur, því það skiptir máli fyrir landið allt að ferðamenn dreifist um það og möguleiki sé til að byggja upp frekari þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Eins og ég sagði áðan hefði verið æskilegt að innan samgönguráðuneytisins hefði verið tekið tillit til samgönguáætlunar og þetta tengt saman því að þegar við erum að tala um uppbyggingu á ferðaþjónustu, eins og verið er að gera á Norðausturlandi, hefur ferðaleiðin austan og vestan Jökulsár á Fjöllum og leiðin að Dettifossi verið vinsæll áningarstaður ferðamanna. Reynt hefur verið að byggja upp ferðaþjónustu á þessu svæði en þar hefði þurft að koma til verulegt fjármagn til að byggja upp vegina bæði austan og vestan megin Jökulsár þannig að hægt sé að fara með rútur upp að Dettifossi og svokallaðan demantshring því það þýðir lítið að tala um uppbyggingu ferðaþjónustunnar ef ekki er hægt að komast með ferðamennina um.

Þegar við tölum um dreifingu hafa flestir ferðamenn komið yfir sumartímann. Áhersla hefur verið lögð á að lengja ferðamannatímann og ég tel að við eigum mikla möguleika á að markaðssetja vetrarferðir hingað til lands og þá ekki síst til að skoða norðurljósin. Þau er helst hægt að skoða utan raflýsinga þannig að þar koma margir staðir til greina fyrir utan suðvesturhornið. Eins er eftirsóknarvert fyrir marga að kynnast íslenskri vetrarveðráttu og er spennandi valkostur miðað við t.d. sólarlandaferðir okkar Íslendinga. Það sem við sækjumst eftir er hugsanlega eitthvað sem þarlendir eru orðnir þreyttir á svona til langframa og finna tilbreytingu í því að leita í íslenska veðurfarið og veðráttuna.

Ekki má heldur gleyma fleiri samgöngutækjum sem koma til landsins því Norræna gengur hingað allt árið um kring. Það væri mjög æskilegt ef hægt væri að stuðla að frekari komu ferðamanna með Norrænu og uppbyggingu ferðaþjónustu í kringum hana.

Hæstv. forseti. Hv. þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa farið vítt og breitt yfir þingsályktunartillöguna og komið með nokkrar ábendingar sem ég vona að verði teknar til greina þegar til nánustu framtíðar er litið því að þingsályktunartillagan er góð svo langt sem hún nær en til þess að hún verði markviss þarf að bæta um betur, þ.e. setja tímaáætlanir og fjármagn til greinarinnar. Ef við lítum á kannanir sem hafa verið gerðar vegna komu ferðamanna til landsins og þeir spurðir hvers vegna þeir hafi valið Ísland nefna flestir náttúruna og einstakt land og eins að Ísland er nýr valkostur hvað varðar aðgengi almennings því að fargjöld hafa lækkað og Ísland hefur verið markaðssett betur en áður þannig að áhugi erlendra ferðamanna hefur aukist á landinu. Ég tel að það sem flestir eru að sækjast eftir þessum þáttum, sem sé náttúru landsins, þá verðum við að varast að spilla þeirri ímynd sem við höfum í markaðssetningunni því að það yrði mjög fljótt holt undir markaðssetningunni ef upplifun ferðamannanna er önnur en lýst er og það mun þá koma fljótlega í bakseglin á ferðaþjónustunni.

En það er eitt sem við þurfum að hafa í huga varðandi framtíðarskipulagningu ferðaþjónustunnar og ferðamála hér á landi að það er mjög líklegt að við séum búin að ná hámarksolíuvinnslu í dag. Það er erfitt að finna fleiri stórar olíulindir. Því er spáð að olíuframleiðslan muni úr þessu fara minnkandi og því sé nauðsynlegt að leita að öðrum orkugjöfum. Við höfum treyst á komur erlendra ferðamanna með flugi og skipum og það munum við gera áfram. En það er mjög líklegt að ef og þegar kemur að því að bensín og olía hækka í verði muni það hafa áhrif á fjölda ferðamanna sem hingað koma, og hverjir það verða sem koma þegar ekki verður lengur um lággjaldafargjöld að ræða eins og er í dag og því muni markaðssetningin vera til annarra hópa en er í dag og vistvæn þjónusta, sjálfbær þróun og náttúruvernd verði því enn ofar á blaði hjá okkur í framtíðarskipulagningu ferðamála en við höfum áður sett fram. Ég vil benda hæstv. forseta á sem mér finnst vera mjög ámælisvert miðað við markaðssetninguna og áherslu á náttúruvernd í þessum meginmarkmiðum í ferðamálum næstu tíu árin, að hugtakið sjálfbær þróun kemur ekki fyrir í markmiðssetningunni en kemur fram í einum liðnum í greinargerð í fylgiskjali. Ég tel að til að standa undir væntingum og til að vera sjálfum okkur trú og mæta breyttri heimsmynd í raun þegar kemur að því að olíulindir heimsins minnki og ekki verði sama aðgengi að hráefninu eins og er í dag þá muni það alveg óhjákvæmilega hafa áhrif á ferðaþjónustuna hér á landi

sem og annars staðar í heiminum. Þetta er spá sem er ekki það langt fram í tímann að mikilvægt er að taka tillit til þess þegar gerð er svona langtímaáætlun með þessari þingsályktunartillögu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:29]

Útbýting:

Háskólasetur á Akranesi, 802. mál, þáltill. JBjarn, þskj. 1269.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 2. umr.

Stjfrv., 648. mál (eftirlitskerfi samningsins). — Þskj. 980, nál. 1218.

[17:29]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fulltrúa frá dómsmálaráðuneytinu en umsagnir bárust vegna málsins frá Persónuvernd, ríkissaksóknara, Alþýðusambandi Íslands og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að 14. viðauki við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 (mannréttindasáttamála Evrópu) verði lögfestur. Meginefni viðaukans varðar breytingar á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans, einkum hvað varðar meðferð kæru á fyrstu stigum og fullnustu dóma dómstólsins, en helsti tilgangur viðaukans er að auka skilvirkni Mannréttindadómstóls Evrópu svo að markmiðum sáttmálans verði náð.

Gildistaka ákvæða samningsviðaukans auðveldar dómstólnum að takast á við þann mikla fjölda kæra sem reynast ótækar til efnismeðferðar og í vissum tilvikum mun einn dómari geta tekið ákvörðun um frávísun kæru í stað þriggja dómara nefndar áður. Þá er bætt við nýju skilyrði fyrir því að kæra teljist tæk til efnismeðferðar þannig að vísa skal kæru frá ef ekki verður séð að kærandi hafi orðið fyrir umtalsverðu óhagræði vegna meints brots. Þá verður hægt að afgreiða „endurtekin mál" með skilvirkari hætti en áður þar sem þriggja dómara nefnd fær heimild til að dæma í málum þar sem dómstólinn hefur áður leyst úr sambærilegum álitaefnum, í stað sjö dómara deildar nú. Auk þess verður unnt að ljúka máli með sátt á öllum stigum í stað þess að það sé eingöngu hægt í málum sem eru tæk til efnismeðferðar eins og nú er.

Aðrar breytingar sem samningsviðaukinn felur í sér lúta einna helst að því að sjálfstæði dómara er aukið með lengri kosningu, til níu ára í stað sex ára áður, auk þess sem ráðherranefndinni eru veitt ný úrræði varðandi eftirlit með fullnustu dóma og Mannréttindadómstólnum falið hlutverk við fullnustu þeirra. Þá verður Evrópusambandinu heimilað að gerast aðili að mannréttindasáttmálanum.

Nefndin leggur til smávægilegar breytingar á fylgiskjali, en í því er texti samningsviðaukans felldur inn í megintexta sáttmálans sjálfs. Breytingarnar lúta eingöngu að samræmingu á orðalagi þannig að orðin „samningur" og „samningsviðauki" verði notuð í stað orðanna „sáttmáli" og „viðbótarsamningur".

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem fram kemur í fyrirliggjandi þingskjali 1218.

[17:32]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Hér erum við að ræða frumvarp til laga um að lögfesta 14. viðauka við samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem er undir öðru nafni þekktur sem mannréttindasáttmáli Evrópu. Stjórnarandstaðan í allsherjarnefnd styður þetta mál í efnisatriðum sínum enda var ljóst að Mannréttindadómstóllinn þurfti að bregðast við hinum aukna fjölda mála sem berast honum á hverju einasta ári. Um 45 þúsund mál bárust Mannréttindadómstólnum á síðasta ári en það jafngildir um það bil 1000 málum á hvern dómara sem situr við þann rétt. Á síðasta ári féllu um 720 dómar.

Þessar breytingar lúta því að auka skilvirkni dómstólsins og gera honum fært að mæta þeim málum sem honum ber að gera og þarf að gera með betri hætti. Hins vegar vekur þetta mál fleiri spurningar í víðari samhengi. Við vitum að alls hefur íslenska ríkið verið kært 23 sinnum til Mannréttindadómstóls Evrópu frá árinu 1967. Sjö sinnum hefur ríkið tapað. Þrettán sinnum hafa mál ekki þótt tæk til meðferðar og þrisvar sinnum hefur verið gerð sátt án dóms. Í þeim málum sem íslenska ríkið hefur tapað fyrir þessum mikilvæga dómstóli eru þættir sem snerta alveg grundvallarréttindi borgaranna. Má þar nefna neikvætt félagafrelsi, milliliðalausa sönnunarfærslu, mál sem snertir tjáningarfrelsi, aðskilnað framkvæmdarvalds og dómsvalds, vanhæfisreglur o.s.frv. Þetta vekur okkur auðvitað til umhugsunar hvort víða sé pottur brotinn þegar kemur að mannréttindamálum og aðgerðum íslenska ríkisins.

Við vitum að Hæstiréttur Íslands hefur ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hafi brotið stjórnarskrá. Má þar nefna öryrkjadómana, Valdimarsdóminn, gagnagrunnsdóminn og fleiri. Það virðist vera árlegur viðburður hér á landi að ríkisstjórnin fái a.m.k. einn hæstaréttardóm í hausinn. Þetta þekkist ekki á hinum Norðurlöndunum. Ég held t.d. að einungis einu sinni hafi danski hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að danska ríkið hafi gerst sekt um að brjóta stjórnarskrá. Við þurfum því að skoða þetta mál í samhengi, bæði þau stjórnarskrárbrot sem íslenska ríkið er að fremja og þau mál sem eru að berast til Mannréttindadómstólsins.

Við sjáum líka að ástæða er til að huga að þessum málaflokki, mannréttindum. Við sjáum viðhorf stjórnarflokkanna til Mannréttindaskrifstofu Íslands þar sem grundvellinum var einfaldlega kippt undan þeirri skrifstofu með því að skrúfa fyrir fjárveitingu skrifstofunnar á fjárlögum. Síðan vildi ráðuneyti utanríkis- og dómsmála hafa um það að segja hvaða mál Mannréttindaskrifstofan ætti að skoða hverju sinni. Þetta er alveg ótæk aðferðafræði og sýnir viðhorf stjórnvalda til mannréttinda að mínu mati. Öll umræða um þennan mikilvæga málaflokk er mjög vandmeðfarin.

Við þurfum að átta okkur á því að þegar þrengt er að mannréttindum er réttlætingin iðulega afskaplega fögur. Þetta er gert í góðum tilgangi. En við þurfum að átta okkur á því að frelsið fer yfirleitt hægt og rólega. Það fer ekki allt í einu þannig að við þurfum að spyrna við þegar kemur að þessum mikilvægu málaflokkum sem snerta mannréttindi. Við sáum ákveðið viðhorf til mannréttinda birtast í ræðu hæstv. dómsmálaráðherra á málþingi Lögfræðingafélags Íslands og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands sem hann hélt 26. september 2003 þar sem 50 ára afmæli gildistöku mannréttindasáttmála Evrópu var fagnað. Þar talaði hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason þvert á almenna skoðun um að mannréttindasáttmáli Evrópu hafi svokallað stjórnarskrárígildi þar sem almenn löggjöf eigi að vera túlkuð í ljósi hans. Þessari kenningu sem flestir fræðimenn hallast að var hafnað af hæstv. dómsmálaráðherra. Hæstv. dómsmálaráðherra talaði um lögfræðilega óskhyggju þeirra sem láta berast með tískustraumum jafnvel frá Strassborg, eins og hann orðaði það. Það mátti ráða af orðum hæstv. ráðherra þvert á allar meginkenningar lögfræði að hann hafnaði hinu lifandi eðli mannréttindasáttmálans og það mátti ráða af hans orðum að það ætti aðeins að túlka mannréttindasáttmálann út frá orðanna hljóðan. Þetta er afskaplega forneskjulegt viðhorf og gamaldags sem flestir fræðimenn hafa hafnað enda þarf samningur eins og mannréttindasáttmáli Evrópu og túlkun hans að þróast í takt við breytta tíma.

Í þessari ræðu hæstv. ráðherra kemur fram ákveðið viðhorf sem ég hef margoft varað við. Þetta viðhorf endurspeglast í hinum og þeim frumvörpum sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórn er að leggja hér fram. Það er ekki langt síðan hæstv. dómsmálaráðherra lagði fram frumvarp um breyting á lögum um meðferð opinberra mála þar sem megininntakið var að leyfa símhleranir án dómsúrskurðar. Sem betur fer spyrnti þingið þar við og þessu var hægt að breyta. En á sama þingi kom fram afskaplega afturhaldssamt frumvarp um útlendinga sem því miður var samþykkt með mjög umdeildum reglum, t.d. hinni svokölluðu 24 ára reglu sem sterkar líkur eru á að vegi að mannréttindum. En það á eftir að koma í ljós.

Við höfum átt umræður í þingi við þingmenn stjórnarflokkanna um hvort það sé réttlætanlegt að starfsmenn þurfi að skrifa undir ráðningarsamninga þess eðlis að þeir þurfi að þola skilyrðislausa lífsýnatöku til að fá viðkomandi starf. Þetta tók ég upp á síðasta þingi og þar mætti ég gríðarlegri andstöðu stjórnarþingmanna er þar kom fram viðhorf stjórnarþingmanna um að þetta væri hinn eðlilegasti hlutur í heimur. Ég algerlega ósammála því að sjálfsögðu. Nú á næstunni mun frumvarp hæstv. samgönguráðherra um svokallaðar IP-tölur og vefnotkun verða rætt. Það eru að sjálfsögðu margar spurningar tengdar því frumvarpi. Þetta mál er enn þá til meðferðar í samgöngunefnd en það hefur heyrst í umræðunni að hugsanlega sé ástæða til að hafa áhyggjur af því og menn hafa bent á það í greinaskrifum að með IP-tölu að vopni sé hægt að fylgjast með netnotkun einstaklinga og tengja þá við heimsókn á ákveðna heimasíðu eða ákveðin ummæli á internetinu. Gagnrýnisraddir hafa bent á að það hljóti að vera eðlilegt, á sama hátt og um símtöl, að lögreglan þurfi dómsúrskurð til að nálgast þessar upplýsingar. En þetta frumvarp er sem sagt núna til meðferðar og á eftir að fá ítarlegri umfjöllun, en þetta hringir viðvörunarbjöllum í ljósi reynslu okkar af frumvörpum ríkisstjórnarinnar.

Varðandi þetta frumvarp hæstv. samgönguráðherra kom fram í umræðunni í síðustu viku að fulltrúi lögreglunnar sagði að hann teldi ekki rétt að ónáða dómstólana, eins og hann orðaði það, til að fá dómsúrsskurð, til að fá upplýsingar um þessar svokölluðu IP-tölur. Það sýnir sömuleiðis einnig það viðhorf sem okkur ber að varast.

Mannréttindi eru heilög og algild. Við þurfum að átta okkur á því að frelsið hverfur hægt og rólega. Tilgangur skerðinga á persónuréttindum er iðulega réttlættur með fögrum fyrirheitum. Bent er á glæpamenn, hryðjuverkahóp, umhverfisógnanir o.s.frv. þegar menn réttlæta slíkar skerðingar. Það er mikilvægt fyrir þingið að líta mjög gagnrýnum augum á frumvörp sem koma frá framkvæmdarvaldinu sem á einhvern hátt skerða eða vega að þessum réttindum. Við höfum því miður vítin til að varast. Hér er mikið í húfi og við höfum hina svokölluðu sakaskrá íslenska ríkisins fyrir framan okkur, bæði gagnvart Hæstarétti og gagnvart Mannréttindadómstóli Evrópu. Í þessu máli eins og svo mörgum öðrum þurfum við að fara varlega.

[17:42]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég vil að gefnu tilefni ítreka það að með því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar er einungis verið að lögfesta 14. samningsviðauka mannréttindasáttmálans. Eins og ég vék að í framsögu minni áðan er þessum viðauka fyrst og fremst ætlað að auka skilvirkni Mannréttindadómstólsins með þrennum hætti. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu sem liggur fyrir þinginu hefur málafjöldi fyrir dómstólnum margfaldast undanfarin ár og alveg augljóst er að við þessu þurfti að bregðast með þeim aðgerðum sem viðaukinn m.a. felur í sér.

Að öðru leyti hlýt ég að gera athugasemdir við að í tengslum við þetta afmarkaða mál skuli tekin upp umræða um fjöldamörg önnur mál sem eru þessu þingmáli algerlega óviðkomandi. Hv. þingmaður vísar í ræður manna sem haldin eru við tilefni allt önnur og ótengd þessum 14. viðauka mannréttindasáttmálans. Mér fannst vera farið hér um víðan völl. Mér fannst þetta vera kannski ágætis framboðsræða en afskaplega lítið hafa með þetta þingmál að gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, 2. umr.

Stjfrv., 667. mál (EES-reglur). — Þskj. 1015, nál. 1224.

[17:44]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir.

Nefndin hefur fengið á sinn fund fulltrúa dómsmálaráðuneytisins ásamt Hallgrími Ásgeirssyni lögfræðingi sem

tók þátt í að semja frumvarpið. Jafnframt komu á fund nefndarinnar fulltrúar Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja og Fjármálaeftirlitsins. Umsagnir bárust frá Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Fjármálaeftirlitinu.

Þessu frumvarpi er ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/47/EB um samninga um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir í íslenskan rétt, en ákvörðun um að fella tilskipunina inn í XII. viðauka við EES-samninginn var tekin í sameiginlegu EES-nefndinni 9. júlí 2004.

Eins og getið er um í nefndarálitinu er markmið tilskipunarinnar að stuðla að opnari og hagkvæmari fjármagnsmörkuðum og stöðugleika fjármálakerfisins og efla þannig frelsi í þjónustu og fjármagnsflutningum á sameiginlega markaðnum fyrir fjármálaþjónustu.

Ég tel ekki ástæðu til að fara ítarlega yfir það nefndarálit sem hér liggur fyrir. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt og gerir einungis eina minni háttar orðalagsbreytingu sem finna má á þskj. 1224 þar sem lögð er til breyting við 2. gr. 9. tölul. frumvarpsins eins og þar segir. Með þeirri breytingu leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 2. umr.

Stjfrv., 676. mál (áfengi til iðnaðarnota og í atvinnuskyni). — Þskj. 1029, nál. 1206.

[17:46]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fundað með fulltrúum dómsmálaráðuneytisins og farið yfir umsagnir sem bárust frá Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Í frumvarpinu er lagt til að handhöfum leyfa til innflutnings eða heildsölu áfengis í atvinnuskyni verði heimilt að selja eða afhenda fyrirtækjum áfengi til iðnaðarnota, en slík heimild er ekki til staðar í núgildandi áfengislögum. Það fyrirkomulag hefur sætt talsverðri gagnrýni. Auk þess er lagt til að settur verði skýrari grundvöllur að heimild dómsmálaráðherra til setningar reglugerðar um fyrirkomulag á veitingu leyfa til innflutnings, heildsölu eða framleiðslu áfengis í atvinnuskyni.

Nefndin telur eðlilegt að þeim sem fengið hafa leyfi ríkislögreglustjóra til innflutnings eða heildsölu áfengis verði heimilt að selja eða afhenda það áfengi fyrirtækjum sem hyggjast nota það við iðnaðarframleiðslu og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti, 2. umr.

Stjfrv., 675. mál (heildarlög). — Þskj. 1028, nál. 1252, brtt. 1253.

[17:48]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um happdrætti.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila m.a. frá dómsmálaráðuneytinu sem og ýmsa hagsmunaaðila sem leitað var til og ýmist veittu umsagnir umbeðið eða óskuðu eftir því að fá að koma á fund nefndarinnar og hreyfa sjónarmiðum sínum vegna málsins.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði heildarlög um happdrætti. Lengi hefur verið rætt um endurskoðun núgildandi laga um happdrætti og hlutaveltur, nr. 6/1926, og styrkingu lagagrundvallar happdrættisrekstrar. Eftirlitsstofnun EFTA hefur m.a. gagnrýnt það fyrirkomulag að hér skuli happdrættisstarfsemi bundin við íslensk fyrirtæki. Með frumvarpinu er komið til móts við þessar athugasemdir og í 3. gr. þess segir að leyfi til að reka happdrætti eða hlutaveltu megi einungis veita félagi, samtökum eða stofnun sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, að öðrum nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Ekki er þó hróflað við þeirri meginreglu að happdrættisstarfsemi sé háð leyfi dómsmálaráðuneytisins og áfram er gert ráð fyrir sérlögum um peningahappdrætti og vöruhappdrætti, svo sem lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, lögum um Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, lögum um Happdrætti fyrir Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, lögum um getraunir, lögum um talnagetraunir, og lögum um söfnunarkassa.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu sem ég ætla að fara yfir.

Í 2. gr. sem fjallar um starfrækslu happdrætta segir að óheimilt sé að reka happdrætti nema með leyfi ráðherra eða öðruvísi sé mælt fyrir í lögunum. Nefndin telur rétt að mælt sé fyrir um í lögunum sjálfum hver sé tilgangur þeirrar meginreglu að banna happdrættisstarfsemi, en ráða má bæði af frumvarpsákvæðum og greinargerð með frumvarpinu að hann sé að halda uppi allsherjarreglu og hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning.

Í samræmi við þetta er í breytingartillögu á þskj. 1253 lögð til breyting við 2. gr. eins og þar segir að 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: „Til þess að halda uppi allsherjarreglu og hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning er óheimilt að reka happdrætti nema með leyfi ráðherra eða öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum þessum.“

Í 3. gr. er að finna ákvæði um leyfisveitingar til reksturs happdrættis og segir í 2. mgr. að leyfi fyrir happdrætti megi ekki veita sama aðila oftar en tvisvar sinnum á hverju almanaksári. Nefndin leggur hins vegar til að heimilt verði að veita sama aðila happdrættisleyfi allt að þrisvar sinnum á sama almanaksári. Þótt það hafi ekki komið fram hjá umsagnaraðilum að með því að takmarka leyfisveitingu við tvö skipti árlega taldi nefndin rétt að ráðherra hefði svigrúm til að veita þriðja leyfið þar sem þær aðstæður gætu komið upp að það gæti komið sér vel. Það kom reyndar fram á fundum með hagsmunaaðilum að þær kringumstæður gætu

skapast í starfsemi þeirra að sérstakt tilefni gæfist til að vera með viðbótarhappdrætti og þykir ekki annað eðlilegt en að ráðherra hafi það svigrúm sem slíkt getur kallað á til að heimila þriðja leyfið á sama almanaksárinu. Nefndin bendir á að með þessari breytingu er einungis verið að heimila leyfisveitingu og hún muni áfram fara eftir mati hverju sinni.

Nefndin leggur til tvær breytingar á 5. gr. frumvarpsins. Annars vegar leggur nefndin til að ákvæði 1. mgr. um að happdrættisleyfi sé heimilt að binda því skilyrði að útgjöld til auglýsinga verði ekki umfram ákveðið mark verði fellt brott. Með hliðsjón af því að frumvarpið tekur einkum til smærri happdrættanna sem ekki verja miklu fé til auglýsinga telur nefndin óþarft að hafa ákvæði sem þetta í lögunum. Nefndin telur hins vegar eðlilegt að þetta verði aftur tekið til athugunar við endurskoðun sérlaga um peningahappdrætti sem boðað hefur verið að verði tekin til endurskoðunar næsta haust. Þetta er í sjálfu sér í samræmi við umfjöllun í greinargerð sem fylgir frumvarpinu þar sem fram kemur að þessari reglu væri einkum beint að því happdrætti sem rekið væri samkvæmt sérlögunum, en ég hygg að það hafi verið orðað þannig í greinargerðinni að það væri heppilegt að hafa ákvæði þessa efnis í almennu lögunum. Eftir að hafa fengið ábendingar frá hagsmunaaðilum er nefndin þeirrar skoðunar að rétt sé að fella þetta brott enda eru aðstæður mjög mismunandi hjá einstökum leyfishöfum og í sumum tilvikum kann ákvæðið eins og það birtist í frumvarpinu að vera nokkuð íþyngjandi. Um þetta var þó nokkuð erfitt að spá vegna þess að gert var ráð fyrir að ráðherrann fengi þarna opna heimild til að setja reglur án þess að það væri nægilega gagnsætt að mati nefndarinnar hvað lagt yrði til grundvallar þegar mörkin yrðu ákvörðuð í þessu efni.

Nefndin leggur til að sölutímabil happdrættis megi að hámarki vera þrír mánuðir í stað tveggja mánaða samkvæmt frumvarpinu. Á móti verður felld brott heimild til að framlengja sölutímann um einn mánuð ef sérstakar ástæður mæla með því, þ.e. frumvarpið gerði ráð fyrir að almenna reglan væri tveir mánuðir með þeirri undantekningu þó að hægt væri að sækja um viðbótarsölumánuð. Nefndin telur rétt að almenna reglan verði þrír mánuðir og gerir tillögu um að möguleikinn á framlengingu verði felldur niður. Þetta er gert með hagsmuni smærri happdrættanna í huga sem selja einkum miða með því að ganga í hús, en slíkt ferli getur tekið nokkurn tíma. Með breytingunni er því eytt óvissu um það hvort leyfi til sölu fyrir þriðja mánuðinn fáist. Þá bendir nefndin á að hjá umsagnaraðilum kom almennt fram að þriggja mánaða sölutímabil væri nægilega langt.

Í 7. gr. frumvarpsins er ákvæði um að hlutfall verðmætis vinninga af heildarsöluverði útgefinna miða í hverjum einstökum happdrættisflokki skuli að lágmarki vera 35%. Athygli nefndarinnar var vakin á því að þessi breyting gæti haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir þá fjáröflun sem smærri happdrættin standa fyrir og jafnframt fyrir þá aðila sem vegna sérstöðu sinnar eru meira háðir auglýsingum um sína starfsemi en aðrir. Því telur nefndin rétt að þetta hlutfall verði lækkað niður í það sem tíðkast hefur til langs tíma, eða 16,67%.

Nefndin áréttar að ákvæði 10. gr. frumvarpsins varðandi sérstakan kostnað sem stofnað er til vegna eftirlits er heimildarákvæði og ljóst að kostnaði við eftirlit verður ekki velt yfir á leyfishafa nema að gefnu tilefni. Um þetta sköpuðust nokkrar umræður í nefndinni og þótti dálítið óljóst í hvaða tilvikum leyfishafar mættu gera ráð fyrir að stofnað yrði til sérstaks kostnaðar sem þeim yrði gert að greiða. Eftir að hafa farið yfir þetta atriði með fulltrúum dómsmálaráðuneytisins varð það niðurstaða nefndarinnar að hreyfa ekki við texta frumvarpsins en árétta það í nefndarálitinu að sérstakur kostnaður sem stofnað er til vegna þessa eftirlits, verði hann umtalsverður, verði ekki velt yfir á leyfishafana nema sérstakt tilefni hafi verið til eftirlitsins. Með því er átt við að allt reglubundið eftirlit mundi ekki falla undir þessa reglu, þ.e. þá reglu að hægt sé að velta kostnaðinum yfir á leyfishafana. Þetta undirstrikast eða ætti að vera nokkuð ljóst með því að í 10. gr. er fjallað um sérstakan kostnað og þar með telur nefndin að tryggt sé að þar sé ekki átt við allan venjulegan kostnað.

Þá leggur nefndin áherslu á að við endurskoðun sérlaga um peningahappdrætti sem boðuð er í greinargerð með frumvarpinu verði sérstaklega tekið til skoðunar hverjir skuli bera ábyrgð á fyrirbyggjandi aðgerðum gegn spilafíkn og hvernig þeirri ábyrgð verði háttað.

Loks beinir nefndin því til dómsmálaráðuneytis að æskilegt sé að í reglugerð sem fyrirhugað er að sett verði samkvæmt lögunum verði það gert að skilyrði að vinningshlutfall í hverju happdrætti fyrir sig komi fram á öllum útgefnum miðum. Þetta er atriði sem kom fram í umfjöllun um frumvarpið í nefndinni og varð það sameiginleg niðurstaða nefndarinnar að beina því til dómsmálaráðherra sem væntanlega getur tekið það til skoðunar hvort þessi útfærsla er möguleg, þ.e. að á hverjum seldum miða komi fram hvert vinningshlutfallið er. Nefndarmenn voru almennt sammála um að það væri framfaraspor ef hægt væri að koma slíkri reglu á.

Með þeim breytingum sem ég hef nú gert grein fyrir leggur nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

[17:59]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu nefndarálit um frumvarp til laga um happdrætti. Var einhugur í allsherjarnefnd um það nefndarálit sem hér liggur fyrir og þær breytingartillögur sem hv. formaður nefndarinnar gerði grein fyrir.

Yfirleitt koma happdrætti til umræðu í hv. allsherjarnefnd einu sinni á ári og það tengist þá oft fjárlögum og því einkaleyfi sem verið hefur á peningahappdrættum en þetta mál er fyrst og fremst um leyfisskyld happdrætti. Hér er líka um að ræða tilskipun frá EES og í rauninni Eftirlitsstofnun EFTA eða ESA en verið er að setja þetta mál í það horf að ESA uni því og við séum að gera eins og á að gera. Komið er til móts við þá gagnrýni sem fram hefur komið með þeim tillögum sem er að finna í frumvarpinu.

Við fengum marga gesti á fund nefndarinnar eins og hv. formaður skýrði frá og áttum mjög góðar samræður við þá. Ýmsar tillögubreytingar sem frá þeim komu höfum við gert að okkar og er það fyrst og fremst að hnykkja á tilgangi

slíkra laga sem hér eru til umræðu.

Einnig var talsvert rætt um leyfin fyrir happdrættin. Þau góðgerðarfélög sem eru með happdrætti, hvort sem það eru Gigtarfélagið, Krabbameinsfélagið, skátarnir eða Blindrafélagið svo eitthvað af því sé nefnt, þurfa að sækja um leyfi fyrir hverju og einu happdrætti. Talað er um að veita þau í mesta lagi tvisvar á ári en síðan var opnað fyrir það með breytingartillögu að ef eitthvað sérstakt standi til, eins og afmælisár eða eitthvað slíkt, sé möguleiki fyrir þriðja skiptinu líka inni í myndinni.

Í upphaflega frumvarpinu var rætt um 35% vinningshlutfall og við það gerðu allir sem til okkar komu miklar athugasemdir. Það kom kannski ekki nægilega fram af hverju sú tala var fundin út frekar en einhver önnur. Nefndin kemur því með breytingartillögu um að það verði í rauninni eins og það var áður, að vinningshlutfallið verði tæp 17% og jafnframt að það komi fram á miðunum. Þarna er verið að tala um ákveðið lágmark en það er ekkert sem segir að þeir sem eru með happdrætti geti ekki haft vinningshlutfallið hærra, þannig að það truflar ekki.

Ég hef verið ein af þeim, ásamt eflaust mörgum fleiri, sem eru þeirrar skoðunar að gera þurfi heildarendurskoðun á öllum þessum málum og hafa peningahappdrættin og allt slíkt í einum lagabálki. Það er ekki núna. Við höfum líka talað um að afla tölfræðilegra upplýsinga bæði um hlutfall vinninga og hvernig þessi mál öll ganga fyrir sig en það bíður betri tíma þegar við ræðum þessi mál aftur.

Það skiptir líka mjög miklu máli, eins og eflaust verður rætt aðeins á eftir, að vernda þá sem haldnir eru spilafíkn. Það kom fram að kannski er eðli þeirra happdrætta sem hér um ræðir ekki slíkt að sá hópur mundi sækja mjög í þau. Talsvert var rætt um happdrætti á netinu og hvernig hægt væri að sporna við þeim en það er mál sem verður að skoða síðar.

Það voru líka áhyggjur af því að ef t.d. Alþjóða rauði krossinn kæmi hingað færu happdrætti eða peningar að fara úr landi. Það er líka leiðrétt í þessum lögum. Einnig komu upp ýmsar spurningar varðandi t.d. það sem er verið að draga um hjá útvarpsstöðvunum og hvort það teldist til happdrætta eða ekki. Niðurstaðan varð sú að gera ákveðnar breytingar til samræmis við umsagnir og það sem gestir komu á framfæri við nefndina.

Afstaða nefndarmanna var eindregin og við stöndum öll að því áliti og þeim breytingartillögum sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

[18:04]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Eins og kom fram í máli hv. formanns allsherjarnefndar ríkti bæði vilji og skilningur nefndarmanna á þeim umsögnum og athugasemdum sem við fengum til nefndarinnar frá hagsmunaaðilum sem reka happdrætti. Það er því ljóst að nefndin tók inn talsvert mikið af breytingum og breytingartillögum sem frá þeim aðilum komu og er það auðvitað vel. Við fengum fjölda gesta á okkar fund og fór fram afar fróðleg umræða. Margar af þeim athugasemdum sem nefndinni bárust lutu ekki beinlínis að ákvæðum þessa frumvarps heldur miklu frekar að ákvæðum í öðrum lögum, þ.e. sérlögum um peningahappdrætti sem eru til endurskoðunar í dómsmálaráðuneytinu, eins og hæstv. dómsmálaráðherra gat um í flutningsræðu sinni og sömuleiðis er tíundað í greinargerð með frumvarpinu.

Það má auðvitað til sanns vegar færa sem fram hefur komið að ákveðin rök eru fyrir því að setja öll lög um happdrætti í einn lagabálk. Þá er ég með í huga heildarlög þar sem fram kæmu t.d. heildarviðhorf löggjafans til happdrætta. Þar yrði skilgreind þörfin fyrir opinbert utanumhald og sömuleiðis þörfin fyrir fyrirbyggjandi aðgerðir gegn spilaáráttu eða spilafíkn og hömlur gegn því að hægt sé að höfða til barna, fatlaðra eða þeirra sem sárlega eru peningaþurfi um ríkidæmi og lausn allra fjárhagserfiðleika með þátttöku í happdrætti.

Um eitt þessara atriða fjallaði nefndin dálítið og ég er afar ánægð með að inn í nefndarálitið skuli hafa ratað eftirfarandi setning, með leyfi forseta:

„Þá leggur nefndin áherslu á að við endurskoðun sérlaga um peningahappdrætti sem boðuð er í greinargerð með frumvarpinu verði sérstaklega tekið til skoðunar hverjir skuli bera ábyrgð á fyrirbyggjandi aðgerðum gegn spilafíkn og hvernig þeirri ábyrgð verði háttað."

Það er auðvitað mjög mikilvægt að sérstaklega í þeim happdrættum sem alið geta á spilafíkn sé tiltekið á hvern hátt hið opinbera ætlar að koma til móts við þarfir þeirra sem eiga um sárt að binda eða rata í erfiðleika vegna spilafíknar. Ljóst er að spilafíkn er vaxandi vandamál ekki bara hér á landi heldur alls staðar í kringum okkur og sömu lögmál virðast gilda um hana hér og annars staðar. Hins vegar verður að segjast eins og er að ekki eru allar tegundir happdrættis jafnhættulegar í þessum efnum. Það má segja að flokkahappdrættin sem sjaldan er dregið í, happdrætti sem hafa fyrst og fremst vörur sem vinninga eru kannski ekki svo aðlaðandi fyrir spilafíkla, hafa ekki neina beina þýðingu við myndun þessarar áráttu. Hins vegar má segja að skafmiðahappdrættin, bingóin, tombólurnar og svo öll peningahappdrættin, lottóið og slíkt falli frekar að þeim skilmálum eða þeim atriðum sem þurfa að vera til staðar þegar áhrif spilafíknar eru til skoðunar. Segja má um sérstök ákvæði um ábyrgðina á fyrirbyggjandi aðgerðum að kannski sé eðli málsins samkvæmt réttara að slík ákvæði komi inn í þau lög sem eru nú til endurskoðunar heldur en akkúrat þetta frumvarp sem hér er fjallað um.

Í umsögn um frumvarpið frá Samtökum áhugafólks um spilafíkn er getið um þessi atriði og eitt af þeim atriðum sem kemur fram í umsögninni varðar það að auðvitað þurfi að vera ljóst hvers konar tegundir happdrættis það eru sem þessi lög ná raunverulega yfir. Samtökin benda okkur á að nauðsynlegt sé að taka af allan vafa um það í reglugerð og við tökum undir það í nefndarálitinu. Samtök um spilafíkn segja að það að tala eingöngu um happdrætti sem almennt hugtak valdi ákveðnum ruglingi þar sem tilboð til almennings um að græða stórfé á margvíslegan annan hátt en eftir hefðbundnum happdrættisleiðum virðist eiga að falla undir þessi lög nema um þau gildi sérlög. En þá spyr maður sig hvort þessi lög gildi um bingó, tombólur og ýmiss konar skafmiða. Þetta er að mati þeirra sem standa að Samtökum áhugafólks um spilafíkn of óljóst og ýtir að þeirra mati undir þörf fyrir einn heildstæðan lagabálk.

Ég tel eðlilegt að starfsfólk dóms- og kirkjumálaráðu-

neytisins sem hefur þessi mál til skoðunar taki mið af þessari umsögn og öðrum þeim sem komu til nefndarinnar við umfjöllun málsins því að hér eru afar þarfar ábendingar sem skiptir máli að komist í hendur þeirra sem eru að endurskoða lögin.

Það er grafalvarlegt mál hversu spilafíknin hefur náð tökum á mörgu fólki og mörgum á Íslandi ekki síður en í nágrannalöndum okkar og það er auðvitað eðlilegt að opinberir aðilar viðurkenni þá ábyrgð sem á þeim hvílir í þessum efnum og tryggi að forvarna sé gætt og þær séu unnar skipulega og í opinni samvinnu við þá sem standa t.d. að þessum samtökum áhugamanna um spilafíkn því það er ákall um það í samfélaginu að út í slíkar forvarnir sé farið og það finnst mér vera rétti vettvangurinn að gera þegar við erum að fjalla um happdrætti og lagaramma um þau.

Að öðru leyti má segja að góð sátt hafi verið um málið í nefndinni. Ég fagna því og finnst að vinnan í nefndinni hafi leitt það af sér að með breytingartillögunum sem við leggjum fram held ég að við séum með nokkuð skothelt frumvarp sem hv. formaður nefndarinnar lagði til áðan að verði samþykkt og ég sé ekki að meinbugir verði á því hjá löggjafarsamkundunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullnusta refsinga, 2. umr.

Stjfrv., 336. mál. — Þskj. 379, nál. 1230, brtt. 1231.
[18:12]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um fullnustu refsinga.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Stefán Eiríksson frá dómsmálaráðuneyti, Valtý Sigurðsson fangelsismálastjóra, Brynhildi G. Flóvenz og Guðrúnu D. Gunnarsdóttur frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Þóri Oddsson vararíkislögreglustjóra, Margréti Steinarsdóttur frá Alþjóðahúsi, Mjöll Helgadóttur frá Aðgát, félagi aðstandenda fanga, Helga Gunnlaugsson frá Háskóla Íslands, Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá Lögmannafélagi Íslands og Helga I. Jónsson frá dómstólaráði. Umsagnir bárust um málið frá Helga Gunnlaugssyni prófessor, trúnaðarráði fanga á Kvíabryggju, embætti ríkislögreglustjóra, Afstöðu, Alþjóðahúsi, dómstólaráði, Fangelsismálastofnun ríkisins, Lögmannafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Aðgát, félagi aðstandenda fanga og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um stjórn og skipulag fangelsismála og fullnustu refsinga hér á landi, en lögunum er ætlað að leysa af hólmi lög um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, og önnur ákvæði laga og reglugerða þar sem fjallað er um fullnustu refsinga. Í frumvarpinu er miðað að því að gera gildandi reglur um fullnustu refsinga skýrari og styrkja lagastoð ýmissa ákvæða, auk þess sem nokkur nýmæli eru lögð til. Frumvarp sama efnis var lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi, en varð ekki fullrætt. Í frumvarpi því sem nú er til umfjöllunar hefur verið tekið mið af athugasemdum sem bárust á 130. þingi. Í störfum nefndarinnar hefur jafnframt komið í ljós að auk þessa hefur viðamikil stefnumótun við framtíðaruppbyggingu fangelsismála átt sér stað og er enn í gangi. Nefndin telur að frumvarpið falli ágætlega að þeirri framtíðarsýn sem kynnt hefur verið og fagnar því að við stefnumótun í fangelsismálum sé horft til lengri tíma.

Nefndin ræddi ákvæði frumvarpsins ítarlega á fundum sínum. Meðal þeirra atriða sem hvað mesta umræðu fengu meðal nefndarmanna voru vistun gæsluvarðhaldsfanga með afplánunarföngum, menntunarkröfur til forstöðumanna fangelsa, gerð meðferðar- og vistunaráætlunar, heilbrigðisþjónusta í fangelsum, fyrirkomulag fullnustu dóma með samfélagsþjónustu, leit á gestum fanga, agaviðurlög í fangelsum og fyrirkomulag reynslulausnar.

Þetta eru þau atriði sem hvað mesta umfjöllun fengu en ég held að óhætt sé að segja að á þeim fundum sem haldnir voru vegna málsins hafi fátt ekki verið rætt sem viðkemur því sem málið fjallar um. Jafnframt er rétt að geta þess að nefndin fór á fyrra ári í ferð að Litla-Hrauni og ég held að hægt sé að fullyrða að sú ferð hafi m.a. komið að ágætum notum í tengslum við þá vinnu sem nefndin stóð í vegna þessa máls. Þar gafst nefndinni m.a. tækifæri til að ræða við fulltrúa fanganna og fangaverði, skoða aðstöðu og fara yfir ýmislegt sem tengist málinu og kom það bæði að notum á fyrra þingi þegar sambærilegt mál var til umfjöllunar sem og við þá vinnu sem nefndin lagði í vegna þessa máls.

Nefndin er sammála því sjónarmiði sem fram kom í nokkrum umsögnum að vistun gæsluvarðhaldsfanga með afplánunarföngum sé óheppileg, samanber heimildarákvæði 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Af þessu tilefni kallaði nefndin eftir upplýsingum um afstöðu fangelsisyfirvalda til þessa málefnis. Þær skýringar fengust að húsakostur fangelsa hér á landi byði ekki upp á annað fyrirkomulag. Með hliðsjón af því telur nefndin sér ekki fært að leggja til breytingar á þessu að svo komnu máli, en tekur undir þá framtíðarsýn sem birtist í skýrslu Fangelsismálastofnunar frá 26. janúar 2005 um uppbyggingu fangelsanna. Þar er sett fram hugmynd um sérstaka gæsluvarðhaldsdeild með 12 klefum sem yrði í fyrsta lagi nýtt sem gæsluvarðhald fyrir fanga í einangrun samkvæmt dómsúrskurði og ákvörðun lögregluyfirvalda og í öðru lagi sem skammtímavistun fyrir fanga í svokallaðri „lausagæslu“, þ.e. fanga sem sæta gæsluvarðhaldi án einangrunar. Þar sem fjöldi fanga í gæsluvarðhaldi er mjög breytilegur mætti opna og loka deildinni til hagræðis eins og fjallað er um í umræddri skýrslu. Í henni kemur jafnframt fram að stofnunin telji eðlilegast að þeir fangar sem sæta lausagæslu í lengri tíma verði vistaðir á Litla-Hrauni eins og verið hefur, þó þannig að komið yrði upp aðskildri deild fyrir þá, en vinna og nám færi saman með afplánunarföngum. Nefndin tekur undir það mat stofnunarinnar að afar brýnt sé að fangar sem sæta lausagæslu í langan tíma geti stundað fjölbreytilega vinnu, nám eða annað uppbyggilegt starf til jafns við afplánunarfanga. Um þetta atriði er það meginniðurstaða okkar eftir að hafa fengið ábendingar og tekið þær til umfjöllunar, fundað með fulltrúum ráðuneytisins og fangelsismálastjóra að að svo komnu máli séum við ekki í þeirri aðstöðu að gera í lögum breytingar í þessu efni heldur verði þær fyrst og fremst að

fylgja þeirri uppbyggingu fangelsanna sem fram undan er og að mati nefndarinnar er mjög aðkallandi að ráðist verði í nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja úrlausn á þessum efnum sem ég er hér að fjalla um hvort sem það verður með byggingu nýs fangelsis eða með því að gera ráðstafanir í þeim fangelsum sem fyrir eru.

Nefndin tók til skoðunar hvort gera ætti frekari menntunarkröfur til forstöðumanna fangelsa. Í umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram að áherslu bæri að leggja á mikilvægi hæfis við ráðningar forstöðumanna. Að mati nefndarinnar kemur frumvarpið á engan hátt í veg fyrir að svo geti verið. Eins og fram kom í umsögnum telur nefndin vissulega æskilegt að þeir sem ráðast til starfa við forstöðu fangelsa hafi menntun á sviði félagsvísinda og stjórnunar, en telur jafnframt að fleira geti skipt máli, svo sem starfsreynsla. En menntun á sviði félagsvísinda og stjórnunar var nokkuð sem fjallað var um í umsögnum til nefndarinnar og bent á eða lagt til við nefndina að hún gerði breytingartillögur í þá átt að slík menntun yrði gerð að skilyrði fyrir forstöðumenn við ráðningar forstöðumanna fangelsa. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að leggja ekki til breytingar á 5. gr. frumvarpsins sem fjallar um þetta efni með þessum rökstuðningi.

Nefndin fagnar því að í 7. gr. frumvarpsins skuli heimildir starfsmanna fangelsa til valdbeitingar tæmandi taldar.

Nefndin telur það nýmæli sem lagt er til í 17. gr. frumvarpsins, að við upphaf afplánunar skuli Fangelsismálastofnun í samvinnu við fanga gera meðferðar- og vistunaráætlun sem skuli endurskoða eftir atvikum meðan á afplánun stendur, mikið framfaraskref og til þess fallið að refsivistin beri fremur keim af betrun en refsingu. Nefndin lítur svo á að ef vel takist til geti þetta fyrirkomulag leitt til þess að minna reyni á íþyngjandi úrræði auk þess sem föngum verði gert auðveldara að fóta sig í samfélaginu á nýjan leik að refsivist lokinni.

Í 22. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um heilbrigðisþjónustu í fangelsum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin aflaði sér hefur orðið nokkur bragarbót í þeim efnum undanfarið. Nefndin tekur undir það sem fram kemur í áðurnefndri skýrslu Fangelsismálastofnunar að mikilvægt sé að við framtíðaruppbyggingu fangelsanna verði tryggt að sjúkradeild fyrir sakhæfa fanga sem þurfa á bráðameðferð að halda, m.a. vegna alvarlegra persónuleikaraskana, sé til staðar, og telur þetta meðal brýnustu úrlausnarefna í fangelsismálum. Þá hefur umboðsmaður Alþingis talið það annmarka á lögum að ekki sé skýrt kveðið á um hver eigi að bera kostnað af tannlæknaþjónustu fanga. Nefndin tekur undir þetta en er jafnframt sammála því sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að ekki þyki rétt að kveða á um kostnað af heilbrigðisþjónustu við fanga í lögum um fullnustu refsinga. Taka verði afstöðu til þess á öðrum vettvangi, svo sem í lögum eða reglugerðum sem varða sjúkratryggingar einstakra hópa í þjóðfélaginu. Nefndin leggur áherslu á að brugðist verði við athugasemdum hvað þetta varðar og beinir því til stjórnvalda að tryggja föngum nauðsynlega tannlæknaþjónustu meðan á vistunartíma þeirra stendur.

Þessi tvö atriði sem hér er rætt um, þ.e. annars vegar sjúkradeild fyrir sakhæfa fanga og hins vegar heilbrigðisþjónustan almennt og kannski þá sérstaklega tannlæknaþjónusta, eru atriði sem fengu nokkra umfjöllun í nefndinni. Ég vil ítreka það sem ég hef sagt að um er að ræða afar brýn úrlausnarefni þar sem nefndin taldi hendur sínar dálítið bundnar, þ.e. úrlausnarefnin féllu kannski ekki beint undir það þingmál sem nefndin var til meðferðar en af þeim sökum og að gefnu tilefni eftir að hafa farið yfir þessi atriði beinir nefndin því til stjórnvalda að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja heilbrigðisþjónustu í fangelsunum með viðunandi hætti.

Í 39. gr. er fjallað um rétt fanga til útiveru og tómstunda en þar er gert ráð fyrir að lágmarkstími fanga til útiveru og ástundunar tómstundastarfa, líkamsræktar og íþrótta í frítíma sé ein og hálf klukkustund á dag í stað einnar klukkustundar samkvæmt núgildandi lögum. Með þessari breytingu er stigið mikilvægt skref til rýmkunar en nefndarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að þessi tími væri enn rýmri. Þannig var það rætt í störfum nefndarinnar hvort gera ætti breytingu á frumvarpinu í þá veru að auka þennan tíma jafnvel upp í tvo klukkutíma eða enn lengri tíma en nefndin virðir það mat fangelsisyfirvalda að aðstæður í fangelsum landsins bjóði ekki í öllum tilvikum upp á frekari útivist og áréttar að hér er um lágmarksrétt að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun verður svigrúmið meira alls staðar þar sem því verður við komið. Mér finnst sjálfsagt að geta þess að á fundi með fangelsismálastjóra kom fram einlægur áhugi hans á því að hámarka þennan útivistartíma eftir því sem aðstæður bjóða upp á á hverjum stað fyrir sig og var ekki annað að heyra á fangelsismálastjóra en hann hefði mikinn skilning á mikilvægi þess fyrir fanga almennt að geta nýtt sér útivistarmöguleika og tómstundamöguleika og að tryggð væri nokkur fjölbreytni í því efni þar sem því verður við komið og helst þá að sjálfsögðu í öllum fangelsum.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu sem ég ætla að fara yfir.

Í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins segir að fangaverðir eigi rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Í umsögnum koma fram athugasemdir við þetta ákvæði þess efnis að ekki væri nógu skýrt hver ætti að greiða bæturnar og á hvaða grunni þær væru byggðar auk þess sem afmörkun bótaskyldunnar væri óljós. Til að taka af allan vafa í þessum efnum telur nefndin rétt að breyta ákvæðinu til samræmis við sambærilegt ákvæði lögreglulaga þar sem segir að ríkissjóður skuli bæta lögreglumönnum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

Í 12. gr. núgildandi laga um fangelsi og fangavist segir að fangi sem lagður er inn á sjúkrahús teljist taka út refsingu meðan hann dveljist þar nema hann hafi sjálfur bakað sér veikindin á ótilhlýðilegan hátt eftir að hann hóf afplánun. Í frumvarpinu er ekki að finna sambærilegt ákvæði en í 12. gr. þess segir að afplánun skuli vera samfelld en þó sé heimilt að gera hlé á henni ef sérstakar ástæður mæli með því. Hléið skuli bundið skilyrði um að aðili gerist ekki brotlegur meðan á því stendur. Nefndin telur nauðsynlegt að ákvæði sama efnis og nú er í 12. gr. laga um fangelsi og fangavist verði áfram til staðar til að taka af öll tvímæli um að dvalartími fanga á sjúkrahúsi teljist til refsitímans en

ekki sé um hlé á afplánun að ræða og leggur nefndin því til breytingu á 12. gr. til að tryggja þetta.

Í 16. gr. er að finna ákvæði um upphaf fullnustu í fangelsi og þar segir að læknir skuli skoða fanga við upphaf afplánunar. Nefndin telur rétt að bæta við þessa grein ákvæði þess efnis að læknisskoðun skuli einnig fara fram ef þörf krefur meðan á afplánun stendur, en fyrirséð er að slíkt skilyrði verði að finna í nýjum evrópskum fangelsisreglum sem fyrirhugað er að verði samþykktar í desember 2005.

Nefndin telur rétt að gera breytingar á ákvæði 3. mgr. 17. gr. sem segir að við upphaf afplánunar skuli fanga heimilt að tilkynna aðstandendum sínum og lögmanni um afplánunina nema ástæða sé til að ætla að það hafi áhrif á öryggi eða almenna reglu í fangelsinu eða brýnar ástæður mæli því í mót. Nefndin bendir á að hér sé eingöngu um að ræða þá fanga sem koma handteknir til afplánunar og telur ekki ástæðu til að ætla að slík tilvik sem talin eru upp í greininni gætu komið til og leggur því til að henni verði breytt á þann veg að fanga verði heimilt að tilkynna áðurgreindum einstaklingum um afplánunina eins fljótt og auðið er eftir upphaf hennar.

Ákvæði 27.–31. gr. frumvarpsins um samfélagsþjónustu fengu töluverða umræðu í nefndinni með hliðsjón af afstöðu Fangelsismálastofnunar annars vegar og dómstólaráðs hins vegar, en dómstólaráð hefur gert verulegar athugasemdir við núgildandi fyrirkomulag samfélagsþjónustu og telur að ákvæði um hana eigi heima í almennum hegningarlögum frekar en lögum um fangelsi og fangavist. Þannig telur dómstólaráð það vera hlutverk dómstóla en ekki Fangelsismálastofnunar sem stjórnvalds að taka ákvörðun um það hverjir séu hæfir til að fullnusta refsingu með samfélagsþjónustu að uppfylltum öðrum nánar tilteknum lögmætum skilyrðum. Fangelsismálastofnun telur hins vegar að það fyrirkomulag sem tíðkast hafi allt frá árinu 1995 hafi gefist vel og að heimild til að fullnusta refsingu með samfélagsþjónustu hafi nýst sem mikilvægt stýritæki í fangelsismálum. Nefndin telur ljóst að vel hafi tekist til með fullnustu refsinga með samfélagsþjónustu, en sjónarmið dómstólaráðs fengu engu að síður nokkurn hljómgrunn meðal nefndarmanna. Nefndin telur þó að forsenda þess að ráðist verði í grundvallarbreytingar af því tagi sem dómstólaráð leggur til sé fagleg úttekt á kostum og göllum hvors kerfis um sig og framkvæmdinni hingað til, sem og því hvort núgildandi fyrirkomulag stangist á einhvern hátt á við meginreglu íslenskrar stjórnskipunar um þrískiptingu ríkisvaldsins en það sjónarmið kom fram í umsögnum sem nefndinni bárust að svo kynni að vera. Af þessum sökum beinir nefndin þeim eindregnu tilmælum til dómsmálaráðuneytis að slík úttekt verði gerð sem allra fyrst. Með hliðsjón af framangreindu telja nefndarmenn ekki tímabært að ráðast að svo stöddu í þá útvíkkun sem lögð er til á samfélagsþjónustukerfinu í frumvarpinu, þannig að heimilt verði að fullnusta allt að níu mánaða langan dóm eða dóma með samfélagsþjónustu, sé um fangelsisrefsingu samkvæmt fleiri en einum dómi að ræða eða hluti fangelsisrefsingar skilorðsbundinn. Því leggur nefndin til breytingu á ákvæði 27. gr. frumvarpsins þess efnis að enn um sinn verði það skilyrði þess að menn séu hæfir til samfélagsþjónustu að þeir hafi ekki hlotið meira en sex mánaða dóm, jafnvel þótt hluti refsingar sé skilorðsbundinn eða um fangelsisrefsingu samkvæmt fleiri en einum dómi sé að ræða, eins og núgildandi lög gera ráð fyrir.

Ég held og ég vona að þetta orðalag í nefndarálitinu sé nægilega skýrt til þess að greina frá þeim álitaefnum sem nefndin stóð frammi fyrir í tilefni af þeim umsögnum sem bárust um þetta atriði. Til að fylgja þessu aðeins nánar eftir má kannski segja að þetta álitamál hafi ekki komið neinum á óvart vegna þess að hér er um gamalkunnugt álitaefni að ræða, þ.e. hvorum megin hryggjar ákvörðun um samfélagsþjónustu eigi að liggja, hjá dómstólunum eða á fullnustustiginu. Það er alveg ljóst að jafnstór álitamál og það sem hér er verið að fjalla um er afar erfitt að leiða til lykta í nefndarstarfi á þinginu, vegna þess að til að taka ákvörðun um jafnstór álitamál og hér eru á ferðinni þarf umfangsmikla rannsóknarvinnu og töluvert mikla lögfræðilega skoðun, auk þess sem ég teldi rétt að samanburður við önnur lönd og, eins og nefndarálitið gerir ráð fyrir, úttekt á kostum og göllum hvors kerfis fyrir sig þurfi að fara fram.

Ég er þeirrar skoðunar að tekist hafi mjög góð lending í málinu með því að vísa því áfram til ráðuneytisins eða beina þeim eindregnu tilmælum eins og nefndarálitið segir til ráðuneytisins að láta slíka úttekt fara fram og fara ofan í kjölinn á þeim álitaefnum sem eru uppi.

Í framkvæmd hefur fullnusta refsingar með samfélagsþjónustu aðeins falið í sér að mönnum sé gert að stunda fyrir fram ákveðna vinnu. Samkvæmt ábendingu frá Fangelsismálastofnun telur nefndin hins vegar rétt að í ákveðnum tilvikum sé sá möguleiki fyrir hendi að menn geti tekið samfélagsþjónustuna út í meðferð, svo sem viðtalsmeðferð hjá áfengisráðgjafa eða sálfræðingi. Því leggur nefndin til breytingu á ákvæði 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins þess efnis. Sá hluti sem fullnustaður er með slíkri meðferð má þó aldrei nema meira en einum fimmta hluta samfélagsþjónustunnar.

Þegar dómþoli mætir í fangelsi til afplánunar fangelsisrefsingar að frádreginni gæsluvarðhaldsvist er helmingur og tveir þriðju hlutar refsitímans reiknaðir út að gæsluvarðhaldsdögunum meðtöldum, en það eru þau tímamörk sem reynslulausn miðast við. Því þykir mega kveða skýrar á um það í 5. mgr. 31. gr. frumvarpsins að aðeins sé um óafplánaðar eftirstöðvar að ræða við rof á samfélagsþjónustu þegar reiknað er hlutfall afplánunar eftirstöðva og leggur nefndin til breytingu þess efnis.

Í 33. gr. frumvarpsins er ákvæði sem fjallar um heimsóknir til fanga. Þetta atriði kom mjög til umræðu á fyrra þingi er nefndin var með frumvarp sama efnis til umræðu og hélt sú umræða áfram við meðferð þessa máls, enda er um mjög viðkvæmt efni að ræða. Með hliðsjón af áliti umboðsmanns Alþingis frá 14. október 2004 í máli nr. 4138/2004 í tilefni af synjun um heimsókn í fangelsi leggur nefndin til breytingar á ákvæðinu þess efnis að forstöðumaður fangelsis geti ákveðið að heimsóknir tiltekinna manna fari fram undir eftirliti starfsmanns eða í öðrum vistarverum fangelsis, eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga, enda sé ástæða til að ætla að heimsóknin verði misnotuð eða trufli ró, reglu eða öryggi í fangelsi. Þá verði forstöðumanni heimilt að banna tilteknum mönnum að heimsækja fanga eins og gert er ráð fyrir í

frumvarpinu, en að því tilskildu að rökstuddur grunur liggi fyrir um þær ástæður sem að framan greinir. Ákvörðun um heimsóknarbann skal rökstudd skriflega. Þá er lögð til orðalagsbreyting á lokamálsgrein 33. gr. sem leiðir af framangreindum breytingum. Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun er framkvæmd þessara mála þegar komin í þann farveg sem nefndin leggur til, enda nokkur tími liðinn síðan umboðsmaður gerði athugasemd við fyrirkomulag banns við heimsóknum.

Nefndarmenn ræddu einnig almennt um heimild til leitar á gestum fanga. Slík leit getur annars vegar verið leit í ytri fötum og hins vegar líkamsleit, enda samþykki gestur það. Ef gestur veitir ekki samþykki sitt má synja um heimsóknina eða láta hana fara fram undir eftirliti starfsmanns, í öðrum vistarverum fangelsis eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga. Nokkrar athugasemdir bárust við þetta ákvæði sem hníga að því að hér sé um að ræða íþyngjandi aðgerð sem geti fælt gesti frá heimsóknum til fanga, auk þess sem um sé að ræða skerðingu á persónurétti gestanna. Nefndin bendir á að ákvæði þetta hefur verið mildað til muna frá sambærilegu ákvæði núgildandi laga og reglugerðar og telur að með því hafi verið komið til móts við framangreind sjónarmið að miklu leyti. En menn greinir nokkuð á um það með hvaða hætti eigi að framkvæma leit sem almennt má segja að menn séu sammála um að eðlilegt sé þurfi að fara fram í tengslum við heimsóknir í fangelsi og þar takast á sjónarmið um hvort nægilegt sé að leitin fari fram á fanganum sjálfum eftir að heimsóknin hefur átt sér stað, eða hvort rétt sé eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu og nefndin hefur fyrir sitt leyti komist að niðurstöðu um að ekki eigi að breyta, þ.e. að leit geti farið fram á gesti.

Í 36. og 37. gr. frumvarpsins eru ákvæði um símtöl og bréfaskipti fanga. Athugasemdir komu fram í umsögnum um að möguleikinn á því að setja það skilyrði að símtal eða bréfaskipti færu fram á tungumáli sem fangavörður skildi takmarkaði um of rétt þeirra fanga sem hefðu annað móðurmál en íslensku. Samkvæmt hinum tilvitnuðu ákvæðum skal hins vegar kalla til túlk fari samskiptin ekki fram á tungumáli sem fangavörður skilur. Nefndin hefur fengið þær upplýsingar að hér sé um að ræða úrræði sem sé eingöngu beitt í undantekningartilvikum, en engu að síður mikilvægt að sé til staðar. Nefndin leggur áherslu á að þessum ákvæðum verði ekki beitt í sparnaðarskyni eða vegna þess að fangelsi geti ekki sinnt eftirliti sínu nægjanlega og telur því ekki ástæðu til breytinga hvað þetta varðar. Til að taka af allan vafa um að ákvörðun um að hlusta á símtal skuli tilkynnt fanga áður en símtalið fer fram leggur nefndin þó til að ákvæði 3. mgr. 36. gr. verði breytt á þann veg að þetta komi afdráttarlaust fram.

Í 40. gr. er að finna sérákvæði um erlenda fanga og túlkaþjónustu við þá. Nefndin telur rétt að bæta við greinina ákvæði um rétt erlends fanga til að hafa samband við lögmann sinn með aðstoð túlks þegar þurfa þykir.

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um að sýna skuli sérstaka gát við mat á því hvort fanga skuli veitt leyfi ef hann á ólokið máli í refsivörslukerfinu sem telst sérlega gróft. Nefndin telur eðlilegt að slíkt ákvæði verði lögfest og leggur til breytingar á 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins þess efnis. Tillaga nefndarinnar samræmist þeirri framkvæmd sem verið hefur hvað þetta varðar, en í 1. mgr. 3. gr. núgildandi reglugerðar um leyfi afplánunarfanga til dvalar utan fangelsis segir að leyfi til dvalar utan fangelsis skuli ekki veitt ef hætta sé á að fangi muni misnota það. Í 2. mgr. eru síðan tilgreind þau sjónarmið sem leggja skal til grundvallar við mat á hættunni, en sú grein er nánast samhljóða þeirri sem nefndin leggur til að verði tekin upp í 2. mgr. 45. gr. frumvarpsins. Nefndin bendir á að í þessum efnum er ekki hægt að notast við eitt algilt viðmið, alltaf þarf að fara fram einstaklingsbundið mat á því hvort réttlætanlegt sé að veita fanga dagsleyfi. Því telur nefndin eðlilegt að Fangelsismálastofnun hafi möguleika á að synja mönnum um dagsleyfi á þessum forsendum, en bendir jafnframt á að slík synjun sætir kæru til dómsmálaráðuneytis.

Í 51. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um afturköllun leyfis til dvalar utan fangelsis og rof á skilyrðum þess. Þar eru taldar upp mögulegar ástæður þess að slíkt leyfi kunni að vera afturkallað, svo sem hegðun fanga eða önnur atvik sem verða eftir að ákvörðun um leyfi er tekin og áður en leyfi kemur til framkvæmda og hefðu komið í veg fyrir leyfisveitinguna ef þau hefðu þá verið kunn. Síðan er tekið fram að sömu ástæður eigi við ef ástæða sé til að ætla að fangi muni misfara með leyfið. Nefndin telur rétt að taka skýrt fram að hér þurfi að vera um rökstudda ástæðu að ræða og leggur til breytingu á greininni þess efnis.

Nefndin leggur til þá breytingu á 52. gr. frumvarpsins að í stað þess að meginreglan verði að fangi skuli ekki vera viðstaddur leit í klefa sínum skuli hann að jafnaði viðstaddur slíka leit. Fyrirhugað er að nýjar evrópskar fangelsisreglur verði samþykktar í desember 2005 og fyrirséð að í þeim verði meginreglan í þessum efnum sú að fangi skuli að jafnaði viðstaddur leit í klefa sínum. Því telur nefndin rétt að stíga skrefið strax til fulls við setningu heildarlaga um fullnustu refsinga.

Í 57. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um agaviðurlög. Í 2. tölul. 1. mgr. er að finna heimild til að svipta fanga helmingi dagpeninga um ákveðinn tíma sem viðurlög við agabrotum fanga. Nefndin tekur undir það sem fram kom í umsögnum að dagpeningum sé ætlað að standa straum af kostnaði fanga við persónulega umhirðu sína svo sem við kaup á sápu og tannkremi, og telur rétt að fella brott framangreinda heimild. Rétt er að taka fram að þessi heimild hefur jafnframt verið í núgildandi lögum. Þá segir í 4. tölul. 1. mgr. að einangrun í allt að 30 daga sé ein tegund þeirra agaviðurlaga sem notast megi við í fangelsum. Nefndin bendir á að einangrun er einungis beitt í undantekningartilvikum og telur það ekki samrýmast nútímaviðhorfum í fangelsismálum að hafa heimild sem þessa of víðtæka. Sams konar heimild er að finna í núgildandi lögum, en samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað sér hefur hún ekki verið nýtt til fulls um langt skeið. Með hliðsjón af þessu telur nefndin rétt að takmarka heimild til að setja fanga í einangrun við 15 daga í stað 30 daga eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í 2. mgr. 59. gr. er fjallað um þau tæki sem nota má við vistun fanga í öryggisklefa. Eftir að hafa aflað upplýsinga um þörf á þessum búnaði telur nefndin rétt að fót- eða handjárn verði felld brott úr upptalningu á þeim tækjum sem heimil eru við slíka vistun og leggur til breytingu á

ákvæðinu þess efnis. Rétt er að taka fram að í greininni er fjallað um þau tæki sem nota má við vistun fanga í öryggisklefa af þeirri ástæðu er ekkert sem kemur í veg fyrir að fót- eða handjárn séu notuð er fangi er færður í öryggisklefa.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir þeim möguleika að veita mönnum sem afplána refsingu fyrir alvarleg afbrot reynslulausn að liðnum helmingi tímans. Í framkvæmd er slíkt sjaldan gert, en samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun hefur í algjörum undantekningartilvikum verið vikið frá reglunni, svo sem þegar um mjög alvarleg veikindi fanga er að ræða. Því þykir rétt að lögfesta undanþágu í 2. mgr. 63. gr. um heimild til þessa að því gefnu að mjög sérstakar persónulegar ástæður fanga mæli með því og framkoma hans og hegðun í refsivistinni hafi verið með ágætum. Þá hefur erlendum föngum sem afplána refsingu fyrir alvarleg afbrot að jafnaði verið veitt reynslulausn að liðnum helmingi refsitímans að því gefnu að fyrir liggi ákvörðun Útlendingastofnunar um brottvísun þeirra úr landi að afplánun lokinni. Nefndin telur nauðsynlegt að slík undanþága verði jafnframt lögfest í 2. mgr. 63. gr.

Í 4. mgr. 63. gr. frumvarpsins kemur fram að synja megi fanga um reynslulausn á þeim forsendum að hann hafi ekki vísan samastað eða vinna eða önnur kjör nægi honum ekki til framfærslu. Nefndin telur að ekki sé rétt að synja fanga um reynslulausn á þessum grundvelli og leggur því til að þessi forsenda verði felld brott úr frumvarpinu. Nefndin bendir þó á mikilvægi þess að Fangelsismálastofnun og viðkomandi sveitarfélög hafi gott samráð um úrræði fyrir þá einstaklinga sem engan samastað eiga. Þá getur í einhverjum tilvikum verið um að ræða fanga sem telja verður óráðlegt að veita reynslulausn, t.d. fanga sem afplána fangelsisrefsingu fyrir alvarleg brot og hafa sýnt af sér mjög ámælisverða hegðun í afplánun, svo sem ofbeldishneigð, eða eru að öðru leyti taldir hættulegir öðrum. Lagt er til að slík ákvörðun verði ekki tekin nema fyrir liggi áhættumat sálfræðings eða önnur gögn sem styðji slíka ákvörðun. Þá þurfi að kynna fanga um leið og honum er tilkynnt um synjunina hvaða skilyrði hann þurfi að uppfylla svo hægt sé að endurskoða ákvörðunina. Nefndin bendir á að hér er um mjög íþyngjandi ákvörðun að ræða og því eðlilegt að hún verði lögfest með skýrari hætti en frumvarpið gerir ráð fyrir. Ég tel að hér sé um að ræða breytingartillögu og efnisreglu sem sé eitt dæmið um þá áherslu í málinu um að reglur um fullnustu refsinga beri fremur keim af betrun en refsingu í sjálfu sér, en hér er um að ræða nokkuð viðkvæmt efni sem ég tel að hafi fengist góð niðurstaða í eftir vandlega yfirlegu.

Nefndin leggur til að regla 7. mgr. 5. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma verði lögfest, en þar kemur fram að hafi dómþoli ekki hafið afplánun refsingar megi veita honum reynslulausn af henni að því tilskildu að hann hafi áður afplánað a.m.k. jafnlanga refsingu. Refsingin sem reynslulausnin er þá veitt af má einvörðungu vera vegna afbrota sem framin eru fyrir fyrri afplánun og viðkomandi má ekki hafa verið dæmdur fyrir afbrot framin eftir að þeirri afplánun lauk, auk þess sem öðrum skilyrðum um veitingu reynslulausnar þarf að vera fullnægt. Fangelsismálastofnun hefur stuðst töluvert við þessa heimild, en orðalag greinarinnar er hins vegar óljóst og tekur samkvæmt orðanna hljóðan ekki til þeirra tilvika þegar menn hafa þegar hafið afplánun. Nefndin leggur til að reglan verði lögfest með nýrri málsgrein sem bætist við 63. gr., en með breyttu orðalagi sem taki jafnframt til þeirra sem hafi þegar hafið afplánun.

Ég vil að lokum þakka nefndarmönnum í allsherjarnefnd gott samstarf um að koma þessu máli hingað aftur inn á þingið með þessu nefndaráliti og með þeim breytingartillögum sem hér er lagt til að verði gerðar á frumvarpinu. Þetta hefur verið það mál sem hefur fengið mesta efnisumfjöllun í störfum nefndarinnar í vetur. Þetta mál hefur jafnframt verið í töluverðan tíma í undirbúningi í ráðuneytinu. Mér þykir því mjög ánægjulegt að tekist hafi samstaða í nefndinni um framgang málsins og ítreka að nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef nú farið yfir.

Umræðu frestað.

[18:48]

Útbýting:

Almenn hegningarlög, 67. mál, nál. allshn., þskj. 1273; brtt. allshn., þskj. 1274.

Loftferðir, 699. mál, nál. samgn., þskj. 1275; brtt. samgn., þskj. 1276.

Skipan ferðamála, 735. mál, nál. samgn., þskj. 1271; brtt. samgn., þskj. 1272.

Vatnalög, 413. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 1270.

Út af dagskrá voru tekin 9. og 18.–23. mál.

Fundi slitið kl. 18:50.

---

121. FUNDUR

þriðjudaginn 3. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 435. mál, þskj. 641, nál. 1196. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

2. Ferðamál, stjtill., 678. mál, þskj. 1032, nál. 1209. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

3. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 648. mál, þskj. 980, nál. 1218. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, stjfrv., 667. mál, þskj. 1015, nál. 1224. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Áfengislög, stjfrv., 676. mál, þskj. 1029, nál. 1206. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Happdrætti, stjfrv., 675. mál, þskj. 1028, nál. 1252, brtt. 1253. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Fullnusta refsinga, stjfrv., 336. mál, þskj. 379, nál. 1230, brtt. 1231. — Frh. 2. umr.

8. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, stjfrv., 479. mál, þskj. 733, nál. 1207, brtt. 1208. — 2. umr.

9. Ársreikningar, stjfrv., 480. mál, þskj. 734, nál. 1250, brtt. 1251. — 2. umr.

10. Bókhald, stjfrv., 478. mál, þskj. 732, nál. 1249. — 2. umr.

11. Tollalög, stjfrv., 493. mál, þskj. 753, nál. 1256, brtt. 1257. — 2. umr.

12. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 696. mál, þskj. 1054, nál. 1227. — 2. umr.

13. Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, stjfrv., 295. mál, þskj. 1212. — 3. umr.

14. Skattskylda orkufyrirtækja, stjfrv., 364. mál, þskj. 1258. — 3. umr.

15. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 396. mál, þskj. 503, nál. 1221. — 2. umr.

16. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 707. mál, þskj. 1065, nál. 1220. — 2. umr.

17. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 698. mál, þskj. 1056, nál. 1254, brtt. 1255. — 2. umr.

18. Skipan ferðamála, stjfrv., 735. mál, þskj. 1097, nál. 1271, brtt. 1272. — 2. umr.

19. Loftferðir, stjfrv., 699. mál, þskj. 1057, nál. 1275, brtt. 1276. — 2. umr.

20. Almenn hegningarlög, frv., 67. mál, þskj. 67, nál. 1273, brtt. 1274. — 2. umr.

21. Samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum, þáltill., 568. mál, þskj. 856. — Fyrri umr.

22. Rannsóknir á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf, þáltill., 569. mál, þskj. 857. — Fyrri umr.

23. Samstarf vestnorrænna landa í orkumálum, þáltill., 570. mál, þskj. 858. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvest.

Fjarvistarleyfi:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðaust.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 4. þm. Reykv. s.,
Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Geir H. Haarde fjmrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurk.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.

[10:30]

Útbýting:
Skattskylda orkufyrirtækja, 364. mál, þskj. 1258.
Uppboðsmarkaðir sjávarafla, 677. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1277.

Breyting á XVIII. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 435. mál (vinnutímatilskipunin). — Þskj. 641, nál. 1196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:32]
Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KHG, KLM, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.
20 þm. (ArnbS, ÁRJ, BJJ, BjörgvS, BH, EOK, GHH, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, JGunn, KÓ, KolH, LB, MÞH, MS, MÁ, ÞBack, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1279).

Ferðamál, frh. síðari umr.

Stjtill., 678. mál (heildartillaga 2006–2015). — Þskj. 1032, nál. 1209.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:32]
Brtt. í nál. 1209 samþ. með 42 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
16 þm. (ArnbS, ÁRJ, BjörgvS, BH, EOK, GHH, GHall, GÁS, HBl, HjÁ, JGunn, KolH, LB, MÞH, MS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1280).

Mannréttindasáttmáli Evrópu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 648. mál (eftirlitskerfi samningsins). — Þskj. 980, nál. 1218.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:33]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1218 samþ. með 48 shlj. atkv.

Fylgiskjal, svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 667. mál (EES-reglur). — Þskj. 1015, nál. 1224.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:35]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1224 samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
3.–13. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Áfengislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 676. mál (áfengi til iðnaðarnota og í atvinnuskyni). — Þskj. 1029, nál. 1206.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]
1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Happdrætti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 675. mál (heildarlög). — Þskj. 1028, nál. 1252, brtt. 1253.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1253,1 samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1253,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1253,3 samþ. með 46 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1253,4 samþ. með 47 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
8.–13. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Tilhögun þingfundar.

[10:40]

Forseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Forseti vill tilkynna að gera má ráð fyrir frekari atkvæðagreiðslum seinna á þessum degi.

Fullnusta refsinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 336. mál. — Þskj. 379, nál. 1230, brtt. 1231.

[10:40]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Við erum að fjalla um frumvarp til laga um fullnustu refsinga og nefndarálit því tengdu. Það er nú komið úr hv. allsherjarnefnd og í gær mælti formaður nefndarinnar fyrir nefndaráliti sem allir nefndarmenn allsherjarnefndar standa að. Ég tel rétt að fara aðeins yfir málið sérstaklega vegna þess að umræðu var frestað í gær og málið ekki klárað fyrir klukkan sjö.

Margir þekkja þetta frumvarp. Það á sér örlitla hrakfallasögu. Það var flutt hér fyrir tveimur þingum og fór inn í nefnd. Það var mikil gagnrýni á það og það var dregið til baka og fór aftur í vinnslu og það er kannski mesta gæfa þessa máls. Það er búið að vinna gríðarlega vel í hv. allsherjarnefnd að þessu máli. Tekið hefur verið mikið tillit til umsagna og ekki hvað síst tekið tillit til sjónarmiða fangelsismálastjóra þannig að þarna hefur farið fram mikil og góð fagleg vinna sem er alltaf af hinu góða í svona stórum málaflokki. Það er líka erfitt oft með svona málaflokk sem fjallar um okkar smæstu bræður og afar mikilvægt er að vel sé á málum haldið.

Við getum líka sagt sem svo um þau mál sem voru áður í reglugerðum og ekki sýnileg öðrum en þeim sem voru að vinna með þau að nú er það allt komið upp á borðið og málið afar gegnsætt og ætti að vera auðvelt að vinna eftir þeim lögum sem hér er verið að samþykkja.

Það er líka mjög ánægjulegt að fram er komin afar skýr og ákveðin framtíðarsýn í fangelsismálum. Við getum sagt sem svo að lykilorðið sé betrun í stað refsingar og það er mikið fengið með því. Það verður líka að segjast eins og er að nýr fangelsismálastjóri hefur gríðarlegan metnað fyrir hönd þessa málaflokks.

Við erum með talsvert af breytingartillögum sem eru allar jákvæðar og í rauninni fyrst og fremst til þess að undirbyggja frumvarpið betur. Ég ætla að tæpa á nokkrum málum sem við erum með breytingartillögur við og ræddum sérstaklega í nefndinni, t.d. að vistun gæsluvarðhaldsfanga með afplánunarföngum sé afar óheppilegt fyrirkomulag. Þetta hefur líka með það að gera hvaða framtíðarsýn við sjáum í uppbyggingu fangelsanna. Mikið hefur verið talað um uppbyggingu fangelsis á Hólmsheiðinni. Það mál virðist núna vera komið í einhvern annan farveg, en samkvæmt Fangelsismálastofnun ríkisins hefur fangelsið á Hólmsheiðinni verið á óskalistanum og hvernig það síðan yrði byggt upp, með móttökudeildum, almennum deildum, afeitrunar- og meðferðardeild og sjúkradeild. Hins vegar heyrum við núna að ákveðnar umræður séu um það að kannski ætti að byggja meira upp á Litla-Hrauni og breyta þar innbyrðis.

Við vitum að það á að loka fangelsinu í Kópavogi. Þá þarf að finna nýtt úrræði fyrir kvenfangana. Við vitum að það þarf að leggja Skólavörðustíginn niður. Það húsnæði er orðið gamalt og uppfyllir ekki nokkur skilyrði og líka samkvæmt nýjum hugmyndum um meðferðaráætlun og afeitrunar- og meðferðardeild þurfum við að sjá nýtt húsnæði varðandi það hvernig við tökum á því. Eins varðandi sjúkradeildina hafa verið hugmyndir uppi um að hafa sérstaka sjúkradeild fyrir sakhæfa geðsjúka fanga. Það er afar brýnt að við getum haft slík úrræði. En því miður tekur fullnusta refsinga auðvitað ekki á þessu máli en þetta er að sjálfsögðu inni í umræðunni. Ég vil taka undir eiginlega hvert orð hjá fangelsismálastjóra varðandi þessar hugmyndir. Við þekkjum það líka að fangelsið á Litla-Hrauni er fyrst og fremst öryggisfangelsi en þar á að gera núna ráð fyrir afeitrun og meðferð líka, sem er afar brýnt.

Það er margt praktískt sem þarf að skoða varðandi þá uppbyggingu. Ég og við öll í nefndinni teljum að taka þurfi á því máli og koma með heildartillögur. Kannski sjáum við það í komandi fjárlögum. Við ræddum einnig menntunarkröfur forstöðumanna fangelsanna. Við lögðum mikið upp úr því og nefnum það í nefndaráliti að séð verði til þess að þeir hafi sem besta menntun en jafnframt verði reynsla ekki hunsuð heldur komi hún líka sterklega inn.

Varðandi valdbeitingar, sem áður voru í reglugerð en eru núna komnar inn í lögin, þá eru þær núna taldar tæmandi. Það er afar mikilvægt að það sé algjörlega skýrt hvað má gera og hvað má ekki gera við fanga.

Við fögnum því nýmæli sem er í 7. gr. frumvarpsins, að við upphaf afplánunar skuli Fangelsismálastofnun í samvinnu við fangann gera meðferðar- og vistunaráætlun. Þetta er afar brýnt og verður endurskoðað eftir þörfum á meðan á afplánun stendur. Þetta er stórt framfaraskref. Þarna sjáum við í raun strax hugmyndafræðina um að betrun er lykilhugtakið, að við reynum að fá menn — þetta eru í 95% tilfella karlar — a.m.k. ekki verr stadda út úr fangelsinu en þegar þeir fóru inn.

Það var auðvitað talsvert rætt um heilbrigðisþjónustuna í fangelsunum en lög um heilbrigðisþjónustu þurfa í raun að taka sérstaklega á þessu. Við fullnustu refsingu er veitt almenn heilbrigðisþjónusta. En það er t.d. afar brýnt með alla sértæka þjónustu að hún sé mjög skýr og góð samvinna sé milli fangelsanna við þau sjúkrahús sem eru í grennd við þau. Við vitum vel að það er gott samkomulag við sjúkrahúsið á Suðurlandi og eins varðandi Sogn. Þetta þyrfti að vera skýrara en kannski er erfitt að kveða á um það í þessum lögum. Það þyrfti að kveða á um það í lögum um heilbrigðisþjónustu.

Tannlæknamál voru mikið rædd og hnykkt er á þeim málum í álitinu, varðandi tannlæknaþjónustu við fanga. Þeir fá í hæsta lagi greiddar 30 þús. kr. á ári, sem er afar lítið. Tannheilsa þessa hóps er mjög slæm þegar í fangelsið er komið og mjög brýnt að taka á því. Því er einnig beint til heilbrigðisráðherra, að tryggja þurfi eftir föngum nauðsynlega tannlæknaþjónustu á meðan á vistunartímanum stendur. Á árum áður gengu oft sveitarfélög og félagsþjónusta sveitarfélaga í einstaka mál, þ.e. ef fólk var illa statt í þessum málum. En nú er því ekki að fagna. Það er búið að loka fyrir allt slíkt í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það þarf að taka sérstaklega á því í lögum um almannatryggingar. Mér datt í hug að í tengslum við mál sem nú er til umræðu í heilbrigðisnefnd, um tannlæknaþjónustu fyrir 67 ára og eldri, hefðum við í raun átt að skjóta stoðum undir tannlæknaþjónustu við fanga. Heilbrigðisnefnd mundi síðan kannski hafa frumkvæðið að því þar sem talsvert er af sama fólki í heilbrigðisnefnd og í allsherjarnefnd. Það er afleitt að þetta skuli vera svona. Við þurfum að gera eitthvað í þessu. Þetta eru kannski ekki lögin til þess að taka á því en við vildum hnykkja á þessu.

Í 39. gr. laganna er fjallað um útiveru og tómstundir. Við erum með breytingartillögu um að hækka útivistartímann í eina og hálfa klukkustund úr einni. Þetta er að vísu bara lágmarkið sem talað er um. Það er mikill vilji fyrir því að sá tími verði aukinn í eins ríkum mæli og hægt er að koma við á hverjum stað. Að sjálfsögðu er útivistartími meiri á Kvíabryggju enda aðstaðan önnur. Aðstaðan á Litla-Hrauni er ekki jafngóð hvað varðar eftirlit en þetta hefur fyrst og fremst með það að gera að vera með eftirlit á útivistarsvæðum. Með ákveðnum vilja á að vera hægt að breyta ýmsu þarna og það er mikill vilji fyrir því í Fangelsismálastofnun. Þarna er einungis kveðið á um lágmarkið.

Í breytingartillögunum áréttum við rétt fangavarða til bóta og jöfnum stöðu þeirra við stöðu lögreglumanna sem skaðast við störf.

Við leggjum einnig til breytingu á 12. gr., sem er afar mikilvæg. Þegar fangar hafa lagst inn á sjúkrahús þá hefur það í raun lengt fangavistina, þ.e. sá tími sem viðkomandi fangi var á sjúkrahúsi bættist alltaf aftan við. Með breytingunni mun svo ekki verða og er það mjög til bóta fyrir viðkomandi einstakling.

Við leggjum til að í upphafi afplánunar skuli læknir skoða fanga, sem er í takt við þær nýju evrópsku fangelsisreglur sem við eigum von á núna í lok ársins. Það má segja að þetta frumvarp taki örlítið mið af því þannig að ekki þurfi að koma með breytingar á því eftir að það frumvarp kemur fram, frumvarp um evrópskar fangelsisreglur. Við höfum því líka reynt að vera dugleg að sjá fram í tímann.

Í nefndinni var mikið rætt um samfélagsþjónustuna. Þeir þingmenn sem hér eru í salnum þekkja umræðuna um að samfélagsþjónustan eigi að vera hluti af refsivörslukerfinu þannig að það sé dómstólanna að velja hvort menn séu dæmdir í fangelsi eða í samfélagsþjónustu. Við höfum hins vegar haft þennan hátt á og í raun má sjá að samfélagsþjónustan er liður í úrræðum fangelsanna. Það var ákveðið að snúa ekki til baka með það heldur hafa samfélagsþjónustuna áfram á könnu Fangelsismálastofnunar, þannig að unnið sé innan fangelsanna með það hverjir fari í samfélagsþjónustuna. Þetta fer líka eftir því hversu miklir dómar hvíla á hverjum einstaklingi en nefndin beinir þeim eindregnu tilmælum til dómsmálaráðuneytisins að gerð verði úttekt á þessum málum sem allra fyrst, að á meðan úttektin er gerð á samfélagsþjónustukerfinu verði ekki um neina útvíkkun að ræða. En við ræddum um í nefndinni hvort samfélagsþjónusta gæti staðið í níu mánuði í stað sex. Við ákváðum að víkka það ekki frekar á meðan úttektin hefur ekki verið gerð.

Það er líka búið að setja inn að menn geti verið í viðtalsmeðferð í samfélagsþjónustunni. Það er mjög jákvætt ný-

mæli og er ætlað til þess auka möguleikana á að fólk komi sterkara út.

Einnig var mikið rætt um heimsóknir og heimsóknarbönn. Við höfum lagað þau mál talsvert og haft til hliðsjónar álit umboðsmanns Alþingis. Það þarf að vera rökstuddur grunur sem gera þarf grein fyrir ef banna á einstaklingum að koma í heimsókn í fangelsi eða hafa heimsóknir þannig að ekki sé um snertingu að ræða.

Varðandi erlenda fanga og túlkaþjónustu þá er afar brýnt að setja slík ákvæði inn. Það fjölgar í þeim hóp fanga, bæði vegna burðardýra og annarra þátta. Nefndin hvetur til þess að þar verði kallaðir til túlkar eftir þörfum og ekki sparað í þeim efnum.

Það er líka rætt um það, varðandi leit í klefa, að fangi sé að jafnaði viðstaddur þegar leitin fer fram. Það er líka mjög mikilvægt og mun eflaust líka koma inn í evrópsku lögin um fangelsi og fangavist.

Við erum búin að stytta einangrunina. Hún var áður 30 daga en við höfum fært hana niður í 15 daga. 15 dagar eru mjög langur tími í einangrun.

Við erum líka búin að fella niður notkun á fót- og handjárnum í öryggisklefa. Það er ekki talin nauðsyn á því þannig að hér er um verulega rýmkun að ræða.

Nefndin fjallaði talsvert um reynslulausnina og gerði breytingu á því að í 4. mgr. 53. gr. kemur fram að synja megi fanga um reynslulausn á þeim forsendum að hann hafi ekki vísan samastað eða að vinna eða önnur kjör nægi honum ekki til framfærslu. Við teljum ekki rétt að synja fanga um reynslulausn á þessum grundvelli. Þar verður að koma til samstarf félagsmálayfirvalda og fangelsismálastofnana. Það er afar brýnt. Við getum ekki haldið fólki lengur í fangelsi en þurfa þykir vegna erfiðra félagslegra aðstæðna. Þannig er mjög brýnt að þetta sé áréttað og við áréttum það í nefndarálitinu.

Ég hef nú gert grein fyrir því helsta í breytingartillögum okkar. Þær eru margar og ég ráðlegg þingmönnum að fara vel yfir greinargerðina. Nefndin lagði mikla og góða vinnu í málið. Við höfum, eins og fram kemur í nefndarálitinu, fengið marga gesti og farið á fundi. Þessi nefnd hefur farið á Litla-Hraun þannig að í raun var auðvelt að ræða málin í samhengi í því umhverfi sem málið snýst um. Þar þarf að taka til hendinni og þótt þetta mál taki ekki til þess þá er afar brýnt, eins og ég nefndi hér í upphafi máls míns sem tengist fjárlögunum, að skoða vandlega uppbyggingu fangelsanna og hvað við sjáum fram á í þeim efnum. Það er afar brýnt þegar um er að ræða löggjöf sem tekur mjög heildstætt og mjög málefnalega á stöðu þessa viðkvæma hóps.

Ég árétta það og vil hvetja fjárlaganefndarmenn sem hér sitja og eins hæstv. dómsmálaráðherra til að sjá til að fram verði sett áætlun varðandi heildaruppbyggingu í fangelsismálum. Ég fyrir mína parta vil sjá fleiri úrræði eins og Kvíabryggju eða þannig umhverfi. Ég tel að það væri hollara öllum að vera í slíku umhverfi en í öryggisfangelsi ef því verður við komið. Ég er þeirrar skoðunar að of margir séu í öryggisfangelsi sem gætu verið í opnara fangelsi.

Eins þarf að tryggja betri aðgang að námi og vinnu í meðferðaráætlunum. Þar með ættum við möguleika á að móta heildstæða stefnu um að fá einstaklingana betri út en þegar þeir fóru inn. Þetta á auðvitað ekki við um alla einstaklinga, þetta er þannig hópur, en margir ættu að eiga þá möguleika og ég vil meina að það geti gert gæfumuninn í samfélagi okkar. Það er afar ánægjulegt að til starfa sé kominn fangelsismálastjóri með sterka sýn á málaflokknum og mikla réttlætiskennd gagnvart þeim viðkvæma hópi sem hér er um fjallað. Því ber að fagna.

En hvað varðar fullnustuna þá er ekki ágreiningur um þetta með uppbygginguna, það er eitthvað sem við verðum að taka á í fjárlögum og fá frá dómsmálaráðuneytinu. Síðan þarf að breyta heilbrigðislögum varðandi þjónustu við fanga, bæði hvað varðar sérþjónustuna og tannlæknaþjónustu. Það á ekki við í þessu máli en við áréttum samt í nefndaráliti okkar hve brýnt það er.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara nánar út í þetta. Eins og fram hefur komið undirrituðum við öll, allir nefndarmenn, nefndarálitið út frá framtíðarsýn okkar með betrun í stað refsinga að leiðarljósi.

[11:00]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Þetta frumvarp fékk mjög góða umfjöllun í allsherjarnefnd. Vil ég þakka formanni nefndarinnar fyrir ágæta fundarstjórn í þessu máli. Ég hef áður minnst á það að hún hefur ekki alltaf verið til fyrirmyndar og finnst mér þá rétt að taka fram þegar menn standa sig vel og þegar vinna þeirra er til eftirbreytni.

Þetta frumvarp sem hér er að verða að lögum að öllum líkindum er framhald af máli sem var flutt á síðasta þingi og var dregið til baka sem ég tel hafa verið gott mál. Það frumvarp var mjög slæmt og mér finnst einmitt til eftirbreytni þegar slæm mál eru dregin til baka. Mér finnst að það ætti að vera svo í fleiri málum.

Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Þó að það snerti eingöngu, að því er virðist fyrst, fanga, eitthvað á annað hundrað manns, snertir það miklum mun fleiri, aðstandendur fanga og börn. Það skiptir mjög miklu máli að hér sé vandað til verks. Einnig skiptir máli að menn gæti að fórnarlömbum afbrota.

Segja má að þetta frumvarp snerti allt þjóðfélagið. Fangar fara aftur út í samfélagið og því skiptir mjög miklu máli að ákveðin betrun eigi sér stað, að menn snúi a.m.k. ekki verri til baka út í þjóðfélagið en þeir voru þegar þeir fóru inn í fangelsið. Mér finnst leiðarljósið í þessu frumvarpi vera að huga að betrunarþættinum.

Frumvarpið er vissulega því marki brennt að það tekur mið af núverandi aðstæðum í fangelsunum. Þessi knappi lágmarksútivistartími, einn og hálfur tími, tekur t.d. mið af þeirri aðstöðu sem er á Litla-Hrauni. Því miður býður hún ekki upp á, eftir því sem við vitum best, rýmri útivistartíma þó svo að allir sem koma að málum vilji rýmka hann.

Einnig má segja að vistun gæsluvarðhaldsfanga á Litla-Hrauni sé vegna aðstöðuleysis. Samkvæmt almennum viðmiðunum, mannréttindaviðmiðunum, er ekki tilhlýðilegt að vista gæsluvarðhaldsfanga með afplánunarföngum. Þetta frumvarp gerir þó ráð fyrir því og er það vegna þessa aðstöðuleysis. Ákvörðun um samfélagsþjónustu er hjá fangelsisyfirvöldum og segja má að það sé að einhverju leyti vegna þeirrar aðstöðu sem fyrir er. Ég tel að mörgu leyti mjög vafasamt að samfélagsþjónustan sé einhvers konar

ventill á fangelsiskerfið, ef fangelsin eru að yfirfyllast sé kannski mögulega hægt að stýra flæðinu inni í fangelsin með því að ákvarða um samfélagsþjónustu. Ástæðan fyrir því að þessu var ekki breytt nú er að það þarf að fara í frekari vinnu að mínu mati til að koma ákvörðun um samfélagsþjónustu til dómstólanna þar sem ég tel hana eiga heima.

Það sem skiptir öllu máli í fangelsismálum er að menn hafi það í huga að fangar fara aftur út í þjóðfélagið. Það ber að líta til þess að þeir snúi ekki til baka í fangelsin. Því miður sýna nýlegar rannsóknir að nokkuð stór hluti fanga, þ.e. 35% þeirra sem luku afplánun, hlaut dóm innan fimm ára á ný. Ég tel til mikils vinnandi að reyna að lækka þetta hlutfall.

Annað áhyggjuefni er að svo virðist sem yngri afbrotamenn séu líklegri til að vera dæmdir á ný en þeir sem eldri eru. Þess vegna ber að efla rannsóknir á því hvernig við getum dregið úr því að fólk fari í fangelsi. Ég ítreka að það er ekki mín skoðun að við tryggjum framfarir og lögum öll mein þjóðfélagsins með því að fylla fangelsin, heldur að unnið verði að því, bæði með forvarnastarfi og öðru, að komast hjá því að fólk lendi á þessari braut. Það er og á að vera neyðarúrræði að fólk fari í fangelsi.

Þetta frumvarp er til bóta og við í Frjálslynda flokknum styðjum það.

[11:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég tel það sérstakt fagnaðarefni að svo góð samstaða hafi tekist um afgreiðslu þessa mikilvæga máls og ég vil lýsa ánægju minni með þróunina í meðförum þess frá því að frumvarp kom fram á síðasta þingi sem sætti allmikilli gagnrýni og augljóslega var ekki til þess fallið að skapa þá samstöðu sem nú hefur tekist. Ég held að þau vinnubrögð sem hér hafa verið ástunduð ættu að vera mönnum hvatning til að gera slíkt hið sama í fleiri tilvikum, leyfa málum að hafa eðlilega meðgöngu, taka á móti athugasemdum og sjónarmiðum sem fram koma og vinna þau í rólegheitum og af yfirvegun. Það veitir að mínu mati ekkert af að vönduð lagasmíð af þessu tagi, heildarlöggjöf um málaflokk eins og hér á við um fangelsismál, hafi meðgöngu upp á 2–3 ár, jafnvel frá því að fyrstu frumvarpsdrög eru kynnt eða sýnd á Alþingi. Þetta má hæstv. ríkisstjórn og einstakir hæstv. ráðherrar alveg sérstaklega hafa í huga þessa dagana því að enn eru uppi áform um að keyra í gegnum þingið nokkur umdeild frumvörp sem sáust jafnvel fyrst á borðum þingmanna eftir að frestur rann út í aprílbyrjun til að flytja hér mál.

Er ekki nokkuð á sig leggjandi til að ná árangri í málum af því tagi sem bersýnilega er að nást hér? Um þann vandasama og viðkvæma málaflokk sem fangelsismálin eru er sem sagt orðin góð þverpólitísk samstaða og það ég best veit allgott andrúmsloft í kringum málið úti í þjóðfélaginu þó að auðvitað séu athugasemdir gerðar af ýmsum við einstaka þætti. Það kann að vera að dómstólaráð, svo að dæmi sé tekið, sé ekki alveg sátt við að viðhafa það fyrirkomulag um ákvarðanir um samfélagsþjónustu sem hér á að hafa, þ.e. að þær séu í höndum Fangelsismálastofnunar. Það er þá einhver málefnalegur áherslumunur sem menn eru búnir að fara rækilega yfir og hafa komist að rökstuddri niðurstöðu um. Það er ólíku saman að jafna þegar svoleiðis háttar til eða þegar keyra á mál í gegn í krafti meiri hluta og gefa sér ekki tíma til að vinna þau fram til samkomulags og bæta þau.

Það eru nokkur atriði sem ég sé ástæðu til að nefna hér og varða framþróun á þessu sviði. Ég tek undir að tilfinning mín er að nýr forstjóri Fangelsismálastofnunar sé að vinna mjög gott starf. Sú framtíðarstefnumótun sem þar hefur verið unnin og er áfram unnið að er brýn og löngu tímabær. Viðhorf hafa sem betur fer breyst mikið í þessum efnum og menn nálgast nú þessi mál frá báðum áttum jöfnum höndum eins og rétt og skylt er, þ.e. annars vegar eru þær ákvarðanir samfélagsins að hneppa menn í fangelsi og láta þá sæta refsingu en hins vegar er auðvitað staða fangans, réttindi hans og mannréttindi sem líka verður að hafa í huga. Auðvitað er ekki síst von manna að hægt sé að aðstoða hann við að bæta ráð sitt þannig að vistunin geti orðið raunveruleg betrunarvist en ekki bara hörð refsing í anda hugsunarinnar um auga fyrir auga og tönn fyrir tönn sem endar með ósköpum eins og kunnugt er. Ef menn endurtaka slíkt verða fáir líkamspartar eftir hjá þeim sem í hlut eiga og í lenda.

Ég tel að samfélagsþjónustan sé geysilega mikilvægur þáttur þegar í hlut eiga vægari afbrot og menn eru að afplána vægari refsingar eins og á við í þeim tilvikum. Það ræðir auðvitað ekki um það að menn afpláni refsingu sína fyrir stórfellda glæpi og langa fangelsisdóma með samfélagsþjónustu en þetta á einmitt oft við um kannski fyrstu afbrot af vægari sortinni. Þá held ég að sú hugsun sem að baki liggur og sá þroski sem menn vonandi geta tekið út í gegnum það að horfast í augu við sjálfa sig og leggja sitt af mörkum í formi samfélagsþjónustu geti verið mjög gagnleg. Þetta hefur víða verið þróað og reynt mikið í sambandi við afbrot ungmenna. Aðrar þjóðir hafa viðhaft þetta um langt árabil og víða, að talið er, með verulegum árangri.

Það er auðvitað eitt vandamál í þessum efnum sem þýðir ekki annað en að horfast í augu við. Það tengist m.a. samfélagsþjónustunni, aðstöðu fanga til náms, útivistar og vinnu, og það eru húsnæðismálin, aðbúnaður fanga og sú umgjörð sem þessum málaflokki er búin af hálfu stjórnvalda og sérstaklega auðvitað fjárveitingavaldsins. Það er ósköp einfalt mál og blasir við hverjum manni sem reynir að kynna sér þetta eitthvað að það stendur framþróun á þessu sviði fyrir þrifum að ekki skuli hafa verið bætt betur úr aðstöðu hvað þetta snertir. Það þarf auðvitað einfaldlega að afleggja elstu fangelsin sem á engan hátt svara kröfum tímans eins og fangelsið við Skólavörðustíg og væntanlega einnig kvennafangelsið í Kópavogi. Önnur hafa verið endurnýjuð eða er verið að endurnýja þau, eins og fangelsið á Akureyri. Síðan hafa lengi verið uppi kröfur um að byggt yrði nýtt fangelsi og það þarf að vera praktískt mögulegt að aðskilja betur vistun gæsluvarðhaldsfanga frá afplánunarföngum. Þetta allt saman rekur sig á að úrbætur sárvantar í aðstöðunni. Ég held að til að botna þetta viðfangsefni sem að hluta til er undir í þessari lagasmíð verði menn að fara að reka af sér slyðruorðið og láta eitthvað róttækt gerast í þeim efnum á allra næstu árum.

Ég vil nefna einn þátt enn sem ekki varðar kannski þetta beint en er því þó náskyldur og tengdur og það er aðbúnað-

ur hvað varðar vistun ósakhæfra afbrotamanna eða þeirra sem vista þarf í öryggisvistun. Þar er sömuleiðis um algerlega ófullnægjandi aðstöðu að ræða. Ég er sérstaklega að tala um réttargeðdeildina á Sogni. Það leiðir til þess að vistmenn þar eru á köflum fluttir yfir í almenn fangelsi og vistaðir þar ef þeir þurfa að vera í öryggisgæslu. Það er auðvitað ákaflega óheppileg samblöndun, ekki síður slæm og jafnvel enn verri en sú sem ég nefndi áður um að gæsluvarðhaldsföngum og afplánunarföngum sé blandað saman.

Það eru brotalamir í þessu hjá okkur sem nú snúa meira að praktískum hlutum og þeirri umgjörð sem þessari starfsemi er búin heldur en að það sé sú stefna sem framfylgt er eða að viljinn sé ekki til staðar til að gera vel. Ég held að þar hafi orðið mikil og ánægjuleg framför eins og það slær mig við að kynna mér þær hugmyndir sem hér eru fram settar og komið er ágætlega inn á, bæði í greinargerð með frumvarpinu og einnig í nefndaráliti allsherjarnefndar þar sem vísað er til þess sem nefndin hefur verið að kynna sér.

Ég vil nefna líka þá breytingu að þegar menn koma til vistunar sé gerð meðferðar- og vistunaráætlun sem geti til að mynda falið í sér að hluti af afplánuninni felist í meðferð til að ná tökum á áfengis- og vímuefnaneyslu. Þarna eru menn að reyna að takast á við þessa hluti samhliða með þeim hætti sem ég held að sé til fyrirmyndar og mikil framför fólgin í.

Þeir þættir, eins og samfélagsþjónustan, meðferðar- og vistunaráætlunin, möguleikar fanga til að stunda vinnu og aðra viðurkennda starfsemi og síðan að stunda nám og starfsþjálfun meðan á vistun stendur eru allt saman hlutir sem horfa í rétta átt og þarf að styrkja.

Ég held að líka sé búið að taka hér betur á ýmsum þáttum sem snúa að mannúðarsjónarmiðunum og mannréttindasjónarmiðunum, enda munu þeir aðilar sem sérstaklega hafa skoðað málið og höfðu gagnrýni fram að færa á hið fyrra frumvarp, á 130. þingi, vera mun sáttari við þá útgáfu sem hér er á ferðum og þær breytingar, kannski ekki síst eftir þær breytingar sem allsherjarnefnd leggur til að gerðar verði í fjölmörgum töluliðum.

Allt er þetta nú harla gott, frú forseti, og horfir til réttrar áttar þannig að ég held að ekki sé ástæða til að hafa um það öllu fleiri orð.

Ég endurtek og lýsi eftir því að það sem stendur upp á stjórnvöld, upp á Alþingi og fjárveitingavaldið, er að botna þetta mál með myndarlegu átaki á næstu árum í að stórbæta aðstöðuna þannig að hún torveldi ekki þróun á þessu sviði í rétta átt, í þá átt sem við viljum stefna með þessi mál, sem sagt að aðstaðan bjóði upp á þróun málaflokksins frá innilokunarhugmyndafræðinni. Það getur ekki verið markmið að menn séu geymdir einhvers staðar í dimmum kjöllurum, helst í hálfgerðum kulda og sagga. Stefnan hlýtur að vera hið gagnstæða, að reyna með örvandi aðstæðum og með því að styðja við bakið á mönnum að hvetja þá til að nota tíma sinn vel til að ná tökum á málunum, tökum á lífi sínu, og þá þarf til þess aðstöðu sem býður upp á slíkt.

[11:20]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að setja á langa ræðu um frumvarp til laga um fullnustu refsinga og það nefndarálit sem mælt hefur verið fyrir. Ég vil þó segja að ég tel, og hef haldið þeirri skoðun á lofti í allsherjarnefnd, að frumvarpið feli í sér verulega mikla réttarbót eða í rauninni byltingu á þessu sviði sem er náttúrlega, eins og hér hefur komið fram, mjög viðkvæmt og margir aðilar í þjóðfélaginu hafa skoðun á. En engin spurning er um það að með lögfestingu þessa frumvarps erum við komin í þá stöðu sem ekki hefur verið uppi áður að þær réttarheimildir og réttarreglur sem gilt hafa í þessum málaflokki eru orðnar miklu skýrari en áður var. Það mun liggja miklu nánar fyrir með afdráttarlausari hætti hver réttindi fanga eru og hverjar skyldur þeirra eru, það sama má segja um refsivörslukerfið, þ.e. starfsmenn Fangelsismálastofnunar og fangelsanna og valdmörk þeirra gagnvart föngunum.

Ég ætla ekki að fara neitt nánar út í það. Ég tel að hér séum við komin með heildstæðan lagabálk sem tekur á öllum þeim meginatriðum sem máli skipta í þessum málaflokki. Ég hygg að í meðferð þeirra sem að málinu hafa komið, bæði innan hv. allsherjarnefndar og öðrum þeim sem um málið hafa fjallað, sé ljóst að hér vegast á varðandi þessar reglur hagsmunir ýmissa hópa, í fyrsta lagi fanga, í öðru lagi refsivörslukerfisins og í þriðja lagi almennra borgara. Þá á ég við kannski tjónþola eða fórnarlömb þeirra sem hafa lent í að á þeim hefur verið brotið eða aðstandendunum. Þessir þrír hópar hafa mjög sterkar skoðanir á þessum málaflokki. Ég held að segja megi að við meðferð málsins hafi af sanngirni verið tekið tillit til sjónarmiða allra þessara hópa þrátt fyrir að auðvitað átti maður sig á því að einstakir hópar hefðu viljað hafa viss atriði öðruvísi en fram kemur í frumvarpinu og þeim breytingum sem allsherjarnefnd leggur til að á því verði gerðar milli 1. og 2. umr.

Ég held að það sé rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir að auðvitað þurfum við að huga að framtíðinni í þessum málum og ég held að allir sé sammála um að huga þurfi að bættum húsakosti í þessu kerfi og huga að byggingu nýs fangelsis. Ég held að þetta sé málaflokkur sem alltaf hlýtur að vera til endurskoðunar, m.a. með hliðsjón af breyttum aðstæðum í fangelsunum, breyttum húsakosti o.s.frv. Það sama má segja um aðra mikilvæga þætti í refsivörslukerfinu eins og stöðu fíkniefnamála innan fangelsanna. Það þarf að hafa vökult auga með öllum þeim þáttum sem koma hér til skoðunar og skipta máli varðandi fangelsin í landinu.

Ég vildi koma hingað upp, frú forseti, vegna þess að ég á sæti í hv. allsherjarnefnd en var erlendis á fundi Norðurlandaráðs í Eistlandi þegar málið var tekið úr nefndinni og gat því ekki verið við afgreiðslu nefndarálitsins eins og þar kemur fram, en ég vildi lýsa því yfir að ég hef farið yfir nefndarálitið og tekið þátt í meðferð þessa máls í nefndinni nánast að öllu leyti og vildi að það kæmi fram að ég er samþykkur nefndarálitinu eins og það hefur verið lagt fram.

Ég taldi rétt, frú forseti, að taka það sérstaklega fram við umræðu um málið.

[11:25]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að koma hér upp og þakka fyrir góða vinnu og þær breytingar sem gerðar hafa

verið á lögum um fullnustu refsinga sem áður voru lög um fangelsi og fangavist og ég tel að allar þær breytingar sem hér koma fram séu jákvæðar. Eins og hv. þingmenn muna var lagt fram frumvarp á síðasta þingi sem ekki varð fullrætt og því vísað í raun og veru til baka eða hæstv. dómsmálaráðherra tók það aftur til frekari vinnslu. Ég tel það mjög jákvæð vinnubrögð miðað við þá hörðu gagnrýni sem kom á það frumvarp, sem var afar fljótfærnislega unnið frumvarp og ekki í nokkru tekið tillit til þeirra óska sem fram höfðu komið, hvorki frá aðstandendum fanga, föngum sjálfum né öðrum þeim aðilum sem hafa fjallað um málefni fanga utan Fangelsismálastofnunar.

Hæstv. ráðherra kaus að taka það frumvarp til baka og láta leggja vinnu í að fara yfir þær umsagnir sem borist höfðu og þær athugasemdir sem höfðu verið gerðar og nýr forstöðumaður Fangelsismálastofnunar kom að vinnu þessa nýja frumvarps. Það verður að segja þeim til hróss að mikil breyting hefur orðið, ekki bara á þeim texta sem sést í frumvarpinu, heldur kemur fram ótvíræð viðhorfsbreyting fangelsismálayfirvalda til starfsemi fangelsanna frá því sem áður var. Það er einstaklega jákvætt.

Nefndin hefur líka, miðað við það nefndarálit sem hér liggur frammi og þau gögn sem að baki liggja, farið mjög vel yfir frumvarpið og unnið það sérstaklega vel.

En þetta er aðeins áfangi á leið til betri vegar vegna þess að þær breytingar sem lagðar eru til geta ekki að fullu komið til framkvæmda nema að tekið sé sérstaklega á húsnæðismálum fangelsanna. Það er alveg ljóst að Hegningarhúsið við Skólavörðustíg er orðið þannig að það er útilokað að nota það miklu lengur en gert hefur verið og í raun hefur það verið í notkun lengur en ég tel eðlilegt vera og er það á undanþágu núna sem var veitt í febrúar 2004, undanþágu til tveggja ára, og það er þriðja undanþágan til tveggja ára sem veitt er á undanförnum árum. Gerðar hafa verið alvarlegar athugasemdir við þetta húsnæði, bæði af innlendum aðilum, eftirlitsaðilum, heilbrigðiseftirliti, en ekki síður af þeim eftirlitsnefndum sem hafa komið t.d. frá Evrópuráðinu og skoðað fangelsið, og hafa verið gerðar mjög alvarlegar athugasemdir við aðbúnað fanga og vistarverur fanga en einnig varðandi vinnuaðstöðu þeirra sem þar starfa.

Það er ekkert sem segir í dag að það sé í raun og veru nokkur von til úrbóta vegna þess að við höfum ekki séð í fjárlögum neinar ákvarðanir varðandi uppbyggingu nýs fangelsis. Meðan það er ekki gert er haldið áfram að starfa í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, sem er á undanþágum og hefur komið fram í svari hæstv. ráðherra við fyrirspurnum mínum að ekki sé mögulegt að tímasetja á nokkurn hátt hvenær hugsanlega því fangelsi verði lokað.

Hegningarhúsið á eingöngu að vera móttökufangelsi, en er það ekki í raun. Þar dvelja menn sex mánuði og jafnvel lengur. Þar er ekkert við að vera, engin afþreying, engin vinna og engin aðstaða til eins né neins. Það er lítil von til bata hjá einstaklingi sem gert er að dvelja í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, allt að sex mánuði af afplánun sinni og jafnvel lengur, á meðan hann dvelur þar. Það eru engin meðferðarúrræði. Stór hluti fanga sem koma þar inn, eins og fram kom í svari hæstv. dómsmálaráðherra við fyrirspurn minni, eru háðir fíkniefnum, eiturlyfjum og áfengi. Það á við um langstærstan hluta þessara fanga. Í Hegningarhúsinu er enginn möguleiki til meðferðar.

Það var mjög sárt að sjá í fréttatíma Sjónvarpsins viðtal sem tekið var við Bjarnþóru M. Pálsdóttur, sem er varaformaður Fangavarðafélags Íslands. Hún hefur mótmælt aðstöðunni í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og segir að þeir fangar sem þangað komi og eigi við fíkniefnavanda að etja eigi litla batavon. Bjarnþóra Pálsdóttir, varaformaður Fangavarðafélagsins, segir, með leyfi forseta, í svari við spurningu fréttamanns:

„Og ef við tökum Hegningarhúsið sem dæmi, sem er móttökufangelsi. Hingað koma flestir fangar sem eru að mæta í úttekt. Þá koma þeir margir hverjir mjög illa á sig komnir líkamlega og andlega eftir langvarandi neyslu. Og af því að þeim er ekki boðið upp á neina almennilega meðferð við fíknarvandamálum sínum þá er í rauninni bara ástandinu viðhaldið með lyfjaneyslu ... Og þeir náttúrulega koma þá bara alveg eins út aftur. Þeir eru í rauninni búnir að vera svona hálfpartinn í neyslu hérna inni því það er ekkert við að vera, það er enginn skóli. Þannig að dagurinn hjá þeim líður bara með því að þeir sofa ... og reyna að úthugsa hvernig þeir geti smyglað fíkniefnum. Það er ekkert markmið með því að vakna á morgnana."

Vistin í Hegningarhúsinu er ekki alltaf skammvinn. Um það segir Bjarnþóra, með leyfi forseta:

„Í raun þá eru einstaklingar hérna sem að vistast í upp undir sex mánuði og í dag" — þegar þetta viðtal var tekið — „er einstaklingur sem er búinn að vera hérna síðan í haust. Þannig að reyndin er ekki sú að menn séu stutt hér."

Þetta er algerlega óviðunandi, virðulegi forseti, að ekki sé tekið á því í fjárlögum íslenska ríkisins, að bæta húsnæðisþörf fangelsanna. Það er algerlega útilokað. Í mars fór heilbrigðiseftirlitið í Reykjavík og mældi koltvísýringsmengun í klefum í Hegningarhúsinu. Í sumum tilvikum var hún tvöfalt meiri en hún mátti vera þótt „fullkomin loftræsting" væri á klefunum, þ.e. opinn gluggi alla nóttina. Þarna hafa verið gerðar alvarlegar athugasemdir um leið og undanþága til starfseminnar er veitt. Ég efa stórlega að heilbrigðiseftirlitinu sé stætt á því að endurnýja undanþáguna varðandi fangelsið í Hegningarhúsinu eftir ár þegar hún rennur út.

Hið sama má segja um kvennafangelsið, þ.e. fangelsið í Kópavogi sem reyndar er ekkert réttnefni að kalla kvennafangelsi. Þar eru vistuð bæði karlar og konur. Einnig má nefna fangelsið á Akureyri. Hvort tveggja eru byggingar sem þyrfti að loka og færa starfsemina annað. Þessu hefur fangelsismálastjóri, Valtýr Sigurðsson, lýst yfir aftur og aftur til að ítreka þörfina fyrir nýtt fangelsi en viðbrögðin eru lítil. Um leið og maður hlýtur að fagna nefndaráliti og niðurstöðum allsherjarnefndar og breyttum viðhorfum sem koma fram í nefndarálitinu, í frumvarpinu og í vinnunni við frumvarpið áður en það kom til umfjöllunar á Alþingi þá harmar maður það jafnhliða að engin merki sjáist um að hér rísi nýtt fangelsi. Enn erum við að tala um fjarlægan draum.

Þá kemur að atriði sem snýr kannski ekki að allsherjarnefnd og hæstv. dómsmálaráðherra. Það snýr a.m.k. að heilbrigðisráðherra, þ.e. heilbrigðisþjónustan í fangelsunum. Það hefur margítrekað verið bent á þörfina t.d. fyrir aukna geðheilbrigðisþjónustu í fangelsum. Þess eru dæmi að mjög veikum einstaklingum, sem hafa ítrekað reynt

sjálfsvíg innan veggja fangelsa, hafi verið vísað frá geðdeildum, þeir hafi verið fluttir mjög veikir á geðdeild, geðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, verið vísað þaðan klukkutíma síðar og lokaðir inni í öryggisgæslu fangelsis, þá fyrst og fremst til að gæta þeirra eigin öryggis en án þess þó að fá fullkomna þjónustu eða þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Nýverið var bætt við hálfri stöðu við fangelsið á Litla-Hrauni, þ.e. geðlæknisþjónustan var efld á Litla-Hrauni. Í frétt um það mál frá 30. mars segir, með leyfi forseta:

„Ákveðið hefur verið að ráða geðlækni til starfa í fangelsið á Litla-Hrauni. Staðan verður auglýst á næstu dögum en einnig er stefnt að því að bæta geðþjónustu fyrir almenning á Suðurlandi sem hingað til hefur þurft að sækja slíka þjónustu til Reykjavíkur.

Mikið hefur verið fjallað um aðbúnað í íslenskum fangelsum í fjölmiðlum að undanförnu og um stöðu sakhæfra manna sem eiga við geðræn vandamál að stríða. Sex til átta fangar með geðræn vandamál afplána dóma í fangelsum hér að jafnaði og sagði forstjóri fangelsismálastofnunar í fréttum Sjónvarps á dögunum að sláandi skortur væri á aðstöðu fyrir fanga með geðræn vandamál.

Nú hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að veita heilbrigðisstofnun Suðurlands fjárveitingu til þess að ráða geðlækni til starfa að Litla- Hrauni. Um er að ræða hálfa stöðu geðlæknis en áður var geðlæknir í 25% stöðu þar. Málið hefur að sögn Sveins Magnússonar, skrifstofustjóra í heilbrigðisráðuneytinu, verið á dagskrá þar í um tvö ár. Staðan verður auglýst á næstu dögum ..." Eftir því sem ég best veitt er umsóknarfrestur einmitt að renna út þessa dagana.

Eins og fram kemur í fréttinni eru sex til átta fangar mjög veikir og eiga við alvarleg geðræn vandamál að stríða, fyrir utan þá sem þurfa á geðlæknisþjónustu að halda en ekki eru taldir eins alvarlega veikir. Það hefur komið fram hjá landlækni að líklega væri besta lausnin, sem við þingmenn Suðurkjördæmis höfum reyndar oft bent á, að byggja upp legudeild við Sogn. Réttargeðdeildin á Sogni hýsir ósakhæfa geðveika afbrotamenn en hefur einnig tekið til sín um lengri eða skemmri tíma einstaka fanga sem eru sakhæfir en eiga við alvarleg geðræn vandamál að stríða.

Við höfum margoft bent á að fyrir liggja teikningar um stækkun og breytingu á húsnæðinu við Sogn. Þar væri um að ræða pláss þar sem hægt væri að hýsa a.m.k. þá sex eða átta einstaklinga sem veikastir eru hverju sinni. Kostnaðurinn við þessar breytingar var á sínum tíma metinn um 29 millj. kr. Þetta hefur komið fram í skýrslum sem gerðar hafa verið, sérstaklega eftir að fangelsismálastjóri og landlæknir höfðu ítrekað bent á þann vanda sem við væri að etja varðandi sakhæfa geðveika afbrotamenn og einnig þá sem eru á götum úti en hafa verið í fangelsi um lengri eða skemmri tíma. Sumir eru komnir á götuna og eiga við alvarleg geðræn vandamál að stríða og er hvergi hægt að hýsa. Á þetta hefur ítrekað verið bent og á það er bent í lokaskýrslu nefndar sem fjallaði um málið en þar var talað um Sogn sem vænlegan kost. Engu að síður var tekin ákvörðun um það að byggja upp á Kleppi en nýta ekki þá möguleikana á Sogni og það verður að segjast eins og er, að það vantar gífurlegt fjármagn í viðhald á byggingum á Sogni.

Á Sogni er sérþekking og þar starfar mjög gott fagfólk sem hefur langa reynslu af meðferð ósakhæfra afbrotamanna og jafnframt sakhæfra sem eru geðveikir. Ég tel því eðlilegt að hið fyrsta verði farið í að byggja þar upp þannig að ekki þurfi að koma til þess sem fram kemur hjá forstöðumanni Fangelsismálastofnunar, Valtý Sigurðssyni. Í bréfi til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sem sent var síðasta sumar rekur Valtýr sögu fanga sem hafði síðasta sumar verið í miklum geðsveiflum og ítrekað reynt sjálfsvíg. Að mati læknis taldist ástand hans orðið mjög ótryggt og var hann því sendur á bráðageðdeild Landspítalans. Klukkutíma síðar var fanginn sendur í Hegningarhúsið og vistaður í einangrunarklefa af öryggisástæðum. Hann var síðan sendur á réttargeðdeildina á Sogni.

Valtýr segir einnig að dæmi séu um að föngum sem sendir hafi verið á geðdeild hafi verið snúið við á tröppunum eða þeir sendir aftur í fangelsið eftir nokkra klukkustundir. Hver er réttur veikra einstaklinga í fangelsum? Hver er réttur þeirra innan heilbrigðiskerfisins? Hann á að vera tryggður samkvæmt lögum en þetta er samt sem áður niðurstaðan. Valtýr Sigurðsson fangelsismálastjóri hefur starfað í rúmt ár við Fangelsismálastofnun og eins og fram hefur komið í umræðunum hafa orðið verulegar úrbætur í fangelsismálum á þessum stutta tíma og viðhorfin breyst. En það er alveg ljóst að forstöðumaður Fangelsismálastofnunar Íslands fer ekki í fjölmiðla með setningar eins og þessar og ritar ekki bréf til hæstv. heilbrigðisráðherra án þess að fyrir liggi ríkar ástæður. Á meðan enn bólar ekkert á nýju fangelsi þar sem gæti risið meðferðardeild, á meðan enn bólar ekki á því að settar séu fjárveitingar í uppbyggingu á legudeild fyrir geðsjúka, sakhæfa einstaklinga, þá mun þetta ástand vera viðvarandi. Þá munu geðsjúkir einstaklingar áfram verða vistaðir í kvennafangelsinu í Kópavogi þar sem ekki er heldur nokkur aðstaða til að sinna þeim. Það hefur samt verið gert.

Nýlegt dæmi er um að eina úrræðið með mjög veika konu sem þar dvaldi var að senda hana til vistunar í fangelsið á Litla-Hrauni. Kannski er það framtíðin, að hægt sé að bæta aðstöðuna þar þannig að hægt sé að hafa bæði kynin á Litla-Hrauni og jafnframt skapa aðstöðu til þess að þau geti stundað vinnu, nám og fengið viðunandi heilbrigðisþjónustu. En sú aðstaða er ekki fyrir hendi í dag þannig að þar er um neyðarúrræði að ræða sem gerðar hafa verið miklar athugasemdir við af skyldfólki hennar.

Hér er stigið stórt skref en aðeins eitt af mörgum sem þarf að taka til að raunverulegar úrbætur í fangelsismálum verði að veruleika. Jafnhliða þessu þarf að tryggja í lögum aðkomu heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis og ráðherra að málefnum fanga og tryggja að staðið sé vel að málum. Þótt úrbætur hafi verið einhverjar á undanförnum mánuðum þá eru þær ekki nærri nógu miklar. Þessi staða sem á að koma á við fangelsið á Litla-Hrauni uppfyllir engan veginn þær þarfir sem þar eru til staðar. Eðlilegt væri að starfandi væru a.m.k. 2–3 geðlæknar í fullu starfi sem sinntu fangelsunum á Litla-Hrauni og á Sogni. Það hlýtur að þurfa að berjast fyrir því að bæta þar við enn frekar.

Uppbygging fangelsanna, ný fangelsisbygging, er líka forgangsmál. Ég treysti því að þeir einstaklingar sem hafa unnið jafn vel og raun ber vitni í allsherjarnefnd með þetta

frumvarp og núverandi hæstv. dómsmálaráðherra beiti sér fyrir því við undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár að farið verði af stað við uppbyggingu fangelsis. Góður lagabókstafur eins og hér er verður ekki að neinu ef aðstaðan til framkvæmdanna er ekki fyrir hendi. Það þýðir ekkert að segja að fangar eigi rétt á vinnu, námi og rétt til að stunda tómstundir meðan á afplánun stendur, að afplánun eigi að vera betrun og eigi að leiða til betrunar fyrst og fremst. Það þýðir ekki að setja slíkt fram í frumvarpi eða samþykkja slík lög ef ekki er aðstaða fyrir hendi til að framfylgja lögunum.

[11:44]

Jónína Bjartmarz:

Frú forseti. Ég á það erindi helst upp í ræðustólinn að lýsa yfir stuðningi við frumvarpið. Það háttar svo til að þó að ég eigi sæti í allsherjarnefndi var ég fjarverandi þegar málið var afgreitt úr nefndinni og stend þar af leiðandi ekki að því sem nefndarmaður samkvæmt nefndarálitinu en kom að vinnu nefndarinnar í málinu.

Hv. þm. Bjarni Benediktsson, framsögumaður og formaður allsherjarnefndar, hefur rakið forsögu frumvarpsins og fór líka yfir þær breytingar sem nefndin leggur til á frumvarpinu og gerði það ágætlega þegar umræðan hófst og er litlu við það að bæta. Það sem ég vildi koma inn á er forsaga málsins, að upphaflega var lagt fram frumvarp af hálfu dóms- og kirkjumálaráðherra á síðasta þingi, frumvarp að heildarlögum um fullnustu refsinga. Það fór svo um það mál að það hafði ekki verið sent til umsagnar áður og ekki höfðu aðrir komið að því en starfsmenn ráðuneytisins. Málið var síðan sent út til umsagnar og á grundvelli þeirra viðbragða sem urðu við frumvarpinu, eins og það lá fyrir, var ákveðið að fara ekki fram með það heldur leggja fram nýtt frumvarp á þessu þingi sem nú hefur verið gert.

Með frumvarpi þessu er verið að leitast við að setja heildarlög um réttindi og aðbúnað fanga í fangelsum hér á landi og m.a. verið að lögfesta ákvæði um fullnustu refsinga sem hafa bæði verið í reglugerðum og eins í starfsreglum fangelsa.

Það kemur fram í athugasemdum við lagafrumvarpið og er skýrt tekið fram að nýja frumvarpið er unnið í samstarfi við Fangelsismálastofnun. Á vegum stofnunarinnar hefur samhliða því sem unnið var að endurgerð þessa frumvarps verið unnið að því að fram færi stefnumótunarvinna og í þeirri stefnumótunarvinnu var samin skýrsla um markmið í fangelsismálum og um framtíðaruppbyggingu fangelsanna. Í þeirri skýrslu er tekið á mjög mörgum mikilvægum álitamálum sem hafa verið í almennri umræðu í þjóðfélaginu mörg undanfarin ár sem varða framkvæmd laga um fullnustu refsinga. Mig langar, frú forseti, að vísa til þessarar skýrslu en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Tilgangur með rekstri fangelsa er að fullnusta refsidóma samkvæmt efni þeirra þannig að dæmdir menn taki út þá refsingu sem þeim hefur verið ákvörðuð í dómi. Fangelsismálastofnun telur að það sé meginmarkmið með fangelsun að hún fari fram með öruggum hætti þannig að réttaröryggi almennings sé tryggt og tilætluð sérstök og almenn varnaðaráhrif fangelsisvistarinnar séu virt.

Að lokinni refsivist snýr fangi aftur út í samfélagið og því er þjóðfélagslega hagkvæmt að draga úr líkum á endurkomu hans í fangelsi vegna nýrra afbrota. Fangelsismálastofnun telur mikilvægt að sett verði þau markmið að föngum verði tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að fyrir hendi verði aðstæður og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við vandamál sín. Til að ná fram þessum markmiðum þarf að setja fram einstaklingsbundna áætlun um framvindu afplánunarferils sérhvers fanga í upphafi refsivistar. Áætlun þessi fæli í sér þætti eins og áhættumat, meðferðarþörf, getu til náms og/eða vinnu, sálfræðilegan, félagslegan og annan stuðning. Eftir þessari áætlun yrði síðan unnið með viðkomandi fanga á afplánunartímanum af menntuðu og þjálfuðu starfsfólki og áætlunin endurskoðuð reglulega. Þegar kemur að lokum afplánunar viðkomandi yrði stuðlað að því, í samvinnu við fangann, að hann ætti fastan samastað, hefði góð tengsl við fjölskyldu og/eða vini, kynni að leita sér aðstoðar og næði að fóta sig í samfélaginu."

Það segir með réttu í athugasemdum við frumvarpið að við afgreiðslu þess sé nauðsynlegt að líta til þessarar skýrslu og þeirra sjónarmiða um framtíð fangelsismála sem þar er að finna. Það segir líka að dóms- og kirkjumálaráðherra muni á grundvellli skýrslunnar og með vísan til þess hver verður afgreiðsla frumvarpsins móta tillögur um næstu skref varðandi byggingu nýs fangelsis.

Ástæðan fyrir því að ég vitna til þessarar skýrslu er að meginefni sú að í henni er að finna ákveðna hugmyndafræði sem mönnum þótti skorta í frumvarpinu sem fram kom á síðasta þingi um hver markmiðin með refsingum skuli vera, að það séu tvíhliða makmið, annars vegar að fullnusta refsidóma og hins vegar hljóti fangelsisrefsingin að miða að því að fækka endurkomum, fækka þeim tilfellum að einstaklingar lendi aftur í fangelsi vegna nýrra afbrota. Það eru þessi samhliða markmið. Það má segja að frumvarpið allt taki mið af þessu og það sé miðað við að mæta þessum tvenns konar markmiðum og jafnframt að þær breytingartillögur sem allsherjarnefnd leggur til með nefndarálitinu miði allar að því sama. Það segir í athugasemdunum að við afgreiðslu frumvarpsins verði tekið mið af því við mótun næstu skrefa varðandi byggingu nýs fangelsis. Það liggur alveg ljóst fyrir og kemur fram í nefndaráliti allsherjarnefndar að það eru tiltekin takmörk sem byggingarnar sem við búum við setja okkur varðandi m.a. efni frumvarpsins. Þannig er t.d. nefnt í nefndarálitinu hversu óheppilegt það sé, eins og komið hefur fram í mörgum umsögnum, að vista gæsluvarðhaldsfanga með afplánunarfanga. Ástæðan fyrir því að það er gert í dag er sú að húsakostur fangelsa hér á landi býður ekki upp á annað fyrirkomulag. Úr þessu verður ekki bætt nema með viðbótarbyggingum og viðbótarfjármagni til fangelsismálanna.

Í öðru lagi var ræddur í nefndinni réttur fanga til útiveru og tómstunda. Hann hefur samkvæmt reglunum verið ein klukkustund á dag og spurt var hvort ekki væri ástæða til að rýmka hann í eina og hálfa klukkustund á dag. Þá kom aftur fram sú afstaða hjá þeim sem starfa hjá Fangelsismálastofnun og nefndarmönnum að það væri mikilvægara að þessi tími væri rýmri, en aðstæður í fangelsum landsins bjóði ekki í öllum tilvikum upp á frekari útivist. Það eina sem

nefndin getur gert er að árétta að þetta sé lágmarksréttur fanga sem beri að virða. En þetta er enn eitt dæmið um að það er húsakosturinn og aðbúnaðurinn sem kemur í veg fyrir að hugsanlega væri hægt að ganga lengra í því að tryggja ákveðin lágmarksréttindi fanga í þessum lögum.

Í þriðja lagi, og það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hafði mörg orð um áðan í ræðu sinni, er okkur þessi þröngi stakkur sniðinn með tilliti til heilbrigðisþjónustu í fangelsunum. Eitt brýnasta úrlausnarefnið í fangelsismálum, sem m.a. allsherjarnefnd tekur undir í nefndaráliti sínu, er að tryggja að í framtíðaruppbyggingu fangelsanna verði reist sjúkradeild fyrir sakhæfa fanga sem þurfa á bráðameðferð að halda, m.a. vegna alvarlegra persónuleikaraskana og annarra geðsjúkdóma. Þetta held ég að sé eitt brýnasta viðfangsefnið og eins og ég sagði er þetta enn eitt dæmið um að það þarf aukið fjármagn inn í þennan málaflokk til að hægt sé að tryggja að til staðar séu viðeigandi byggingar og aðbúnaður til að tryggja föngum sem eru að taka út refsivist m.a. þá heilbrigðisþjónustu sem þeir eiga rétt á.

Hitt sem mig langar aðeins að vekja athygli á er að fangar bæði fyrir og eftir að þeir fara í afplánun eiga sama rétt og allir aðrir samkvæmt almannatryggingalögum til greiðsluþátttöku í þeirri þjónustu sem þeir fá samkvæmt reglum almannatryggingalaga um sjúkratryggingar.

Af því að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir nefndi enn og aftur bréf sem forstöðumaður Fangelsismálastofnunar hafði sent hæstv. heilbrigðisráðherra þá velti ég því fyrir mér hvort þetta sé fyrst og fremst vandi sem leysa eigi á vegum heilbrigðisráðuneytisins og beina eigi spjótum þangað eða hvort þetta sé málefni sem heyri eingöngu undir dómsmálaráðuneytið. Mér segir svo hugur að þetta sé málefni sem þessi tvö ráðuneyti þurfi að leysa í sameiningu og það sýnir okkur enn og aftur hvernig tiltekin málefni geta lent á gráu svæði þegar þau eru á verksviði fleiri en eins ráðherra og fleiri en eins ráðuneytis. Til að geta tryggt föngum sérstaka heilbrigðisþjónustu, hvort heldur það er geðheilbrigðisþjónusta eða annað, inni í fangelsunum þarf aðbúnaðurinn fyrst og fremst að vera til staðar vegna þess að þó svo að menn afpláni refsivist eiga þeir sama rétt á heilbrigðisþjónustu og allir aðrir. Hins vegar í þeim dæmum þar sem menn búa við bráðan vanda og leita hefur þurft lausna og þeir hafa verið sendir á viðeigandi stofnanir, t.d. geðdeild Landspítala – háskólasjúkrahús, þá er alveg ljóst að með því fyrirkomulagi sem þar er, með auknu göngudeildarstarfi og minni innlögn, eru ekki aðstæður til að taka á móti föngum með tiltekin geðvandamál. Þess vegna legg ég áherslu á þegar talað er um heilbrigðisþjónustu fanga að það sé fyrst og fremst vandamál sem leysa þurfi sameiginlega, a.m.k. af þessum tveimur ráðuneytum, og að menn hafi frekar þá aðkomu að málinu að hvetja til samstarfs til að lausn fáist á því.

Frú forseti. Fyrst og fremst vil ég lýsa yfir stuðningi við frumvarpið almennt og fullum stuðningi við allar þær breytingartillögur sem hv. allsherjarnefnd leggur til á málinu sem ég tel allar vera til mikilla bóta. Meðal annars vegna skorts á fjármagni, vegna þess að ekki er búið að ljúka því að móta heildarstefnu um uppbyggingu fangelsa á Íslandi, eru okkur settar ákveðnar hömlur í frumvarpinu um hvaða réttindi og aðbúnað við getum tryggt föngum, ég ætla ekki að endurtaka það, en ég hef þegar nefnt nokkur tilvik, eins og aðstöðuna til útiveru og hreyfingar, og heilbrigðisþjónustuna.

[11:56]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um fullnustu refsinga. Ég er einn af þeim þingmönnum sem eiga sæti í allsherjarnefnd og hef þar af leiðandi unnið að þessu nefndaráliti. Það eru nokkur atriði sem ég vildi fara yfir. Það er búin að vera ágæt og gagnmerk umræða um frumvarpið og ég ætla ekki að fara út í endurtekningar en það eru þó atriði sem ég vil aðeins koma inn á sem mér finnst ekki hafa komið fram í umræðunni og ég vildi aðeins bæta við.

Ýmis nýmæli koma fram í frumvarpinu sem er ástæða til að fagna og því er ég auðvitað einn af þeim sem styðja samþykkt þessa frumvarps. Eitt af þeim nýmælum sem ég vil aðeins ræða, vegna þess að það tengist öðrum þáttum sem hér hafa verið til umræðu, er það sem nefndin bendir á og lagt er til í 17. gr. frumvarpsins, að við upphaf afplánunar skuli Fangelsismálastofnun í samvinnu við fanga gera meðferðar- og vistunaráætlun sem skuli endurskoða eftir atvikum meðan á afplánun stendur. Talað er um að þetta sé mikið framfaraskref en síðan komum við að þeirri staðreynd að þær aðstæður sem menn búa við í fangelsunum er ekki eins og best má vera. Mig langar aðeins að fara inn á þá umræðu og inn á þá braut vegna þess að í nefndarálitinu er m.a. verið að vitna í skýrslu Fangelsismálastofnunar frá 26. janúar 2005 um uppbyggingu fangelsanna. Það er ýmislegt sem fara þarf yfir þegar við ræðum húsnæðismál og þær aðstæður sem búa þarf fangelsunum. Þar þarf í rauninni að vera samhljómur á milli fangelsisyfirvalda og heilbrigðisyfirvalda. Mér virðist að svo sé ekki að öllu leyti hvað þetta varðar. Það eru svolítið deildar meiningar innan þessara tveggja stofnana og ég tel ástæðu til að fara svolítið nánar yfir það. Meðal annars má vitna í ráðstefnu sem haldin var á Hótel Örk þar sem þessir aðilar lýstu þeirri skoðun sinni að heilbrigðisyfirvöld vilji taka og samhæfa þjónustu fyrir ósakhæfa fanga sem eru geðsjúkir og svo aftur sakhæfa en fangelsisyfirvöld vilja aðgreina þetta.

Þær staðreyndir liggja fyrir að það þarf að byggja yfir þessar stofnanir og við þurfum að reyna að átta okkur á hvernig við samhæfum best þessa þætti, annars vegar þann þátt er fangelsismálayfirvöld eiga að inna af hendi og hins vegar heilbrigðisþáttinn. Staðreyndin er auðvitað sú, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, að það þarf að byggja nýtt fangelsi. Það þarf að byggja og finna úrræði og þar er auðvitað fleiri en einn kostur. Það er einmitt það sem ég vil koma inn á. Talað hefur verið um að byggja nýtt fangelsi á Hólmsheiðinni. Það er auðvitað gríðarlega dýr framkvæmd, það er ný stofnun, ný stöð með öllu því sem slíkt útheimtir og allur sá rekstrarkostnaður sem hlýst af því að búa til nýja stöð. Við vitum að það er gríðarlega dýrt, það er sólarhringsvakt og allt sem tilheyrir, allur sá yfirstjórnarþáttur sem þar kemur til og það er rekstrarkostnaður sem er viðvarandi fyrir skattgreiðendur í landinu. Vegna þess að ég nefndi skýrslu Fangelsismálastofnunar vildi ég aðeins reifa þetta í þessari umræðu og í framhaldi

af því sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir ræddi um, hvort ekki sé rétt að samþætta núverandi stofnanir og starfsstöðvar frekar en gert er.

Það kom fram á fyrrnefndri ráðstefnu á Hótel Örk að fulltrúar frá heilbrigðisyfirvöldum vildu byggja við réttargeðdeildina á Sogni og sameina þar úrræði fyrir ósakhæfa og sakhæfa geðsjúka einstaklinga. Þar er orðin mikil fagþekking á þessu sviði og því væri rétt að nýta hana fyrir þennan málaflokk alfarið.

Það háttar líka þannig til á Litla-Hrauni sem er eitt okkar stærsta fangelsi að það er tiltölulega auðvelt að stækka þá einingu og byggja við það hús og samnýta þá geðlæknisþjónustu sem veitt yrði á báðum þessum stöðum. Varðandi fullnustu refsinga hefur fyrr í umræðunni jafnframt komið fram sú hugmynd hvort ekki mætti hafa aðstöðu fyrir alla gæsluvarðhaldsfanga á Litla-Hrauni með því að efla Héraðsdóm Suðurlands og færa til hans þau verkefni að hann hafi meira með rannsókn mála að gera en hann gerir í dag og rannsókn mála á landsvísu. Þá er ég að tala um að stórefla Héraðsdóm Suðurlands þannig að hann geti tekið að sér almenna rannsóknarvinnu varðandi gæsluvarðhaldsfanga hér á landi

Frú forseti. Ég fer inn á þá braut hér að við reynum að samhæfa úrræði sem við þurfum að hafa varðandi vistun fanga, bæði sakhæfra og ósakhæfra, að við reynum að samhæfa þá þjónustu og gera hana sem hagkvæmasta. Ég bendi jafnframt á að efla mætti Héraðsdóm Suðurlands þannig að hann gæti tekið að sér frekari rannsóknarvinnu og þá gætum við séð þessum málaflokki betur borgið, bæði húsnæðislega, faglega og kostnaðarlega fyrir skattgreiðendur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 2. umr.

Stjfrv., 479. mál (aðild og viðmiðunarlaun). — Þskj. 733, nál. 1207, brtt. 1208.

[12:04]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 2/1997, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, með síðari breytingum. Nefndarálit þetta er frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd og er á þskj. 1207.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneytinu og Þóreyju S. Þórðardóttur frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þá fékk nefndin skriflegar umsagnir frá fleiri aðilum, þar á meðal frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvær efnisbreytingar á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Annars vegar er lagt til að stjórn sjóðsins verði veitt afmörkuð heimild til að ákvarða viðmiðunarlaun sem iðgjöld sjóðsins eru greidd af. Hins vegar er lagt til að skilyrðum um aðild að sjóðnum verði breytt og þau gerð skýrari en nú. Vegna bakábyrgðar ríkisins er mikilvægt að ákvæði laganna um aðild séu skýr og einnig er nauðsynlegt að stjórn sjóðsins geti ákveðið þau viðmiðunarlaun sem iðgjöld sjóðfélaga eru greidd af. Nefndin leggur áherslu á að í frumvarpinu eru skilyrði aðildar að lífeyrissjóðnum ekki rýmkuð og skilyrðin sem þar eru lögð til geta ekki tekið til annarra lífeyrissjóða.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Heimild til aðildar að sjóðnum samkvæmt ákvæði 2. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að hún nái til þeirra sem heimild höfðu til aðildar að sjóðnum við árslok 2004 í stað þess að taka aðeins til þeirra sem áttu aðild á þeim tímapunkti. Tilgangur breytingarinnar er fyrst og fremst sá að gæta þess að skerða ekki rétt þeirra sem voru í fullgildu ráðningarsambandi við þá vinnuveitendur sem falla undir lögin en greiddu af einhverjum ástæðum ekki í sjóðinn, t.d. ef sjóðfélagi var í launalausu leyfi. Þessi tillaga byggist m.a. á umsögnum sem bárust nefndinni frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

2. Orðalagi 1. efnismgr. 2. gr. verði breytt svo skýrt verði að tímamörk og öll skilyrði hennar taki jafnt til allra sem átt geta aðild að sjóðnum, hvort sem þeir eru í starfi við hjúkrun hjá stjórnvöldum, sjálfseignarstofnunum eða styrktar- eða líknarfélögum.

3. Þær málsgreinar 17. gr. laganna sem vísa til lagaskila 1997 falli brott eða verði lagfærðar til samræmis við efni frumvarpsins. Vegna þess hve breytingarnar eru miklar er tillaga að breyttri 17. gr. laganna tekin upp í heild í breytingartillögu nefndarinnar.

4. Gildistökutíma verði breytt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, númer 1208. Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Ásta Möller, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Una María Óskarsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ársreikningar, 2. umr.

Stjfrv., 480. mál (EES-reglur, reikningsskilastaðlar). — Þskj. 734, nál. 1250, brtt. 1251.

[12:08]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Nefndarálitið er að finna á þskj. 1250.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elvu Ósk Wiium og Guðmund Guðbjarnason frá fjármálaráðuneyti, Skúla Eggert Þórðarson og Bryndísi Kristjánsdóttur frá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins, Pál Gunnar Pálsson, Ragnar Hafliðason og Guðmund Jónsson frá Fjármálaeftirliti, Indriða H. Þorlákssson ríkisskattstjóra, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði, Lilju Steinþórsdóttur

frá Seðlabanka Íslands, Hrefnu Ösp Sigfinnsdóttur og Bryndísi Ösp Valsdóttur frá Kauphöll Íslands og Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, ásamt Vigni Rafni Gíslasyni og Albert Ólafssyni frá reikningsskilaráði.

Í frumvarpinu er lagt til að tekin verði upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 78/660/EBE og nr. 83/349/EBE, og breytinga á þeim nr. 2001/65/EB og 2003/51/EB, og reglugerðar nr. 1606/2002/EB að því er varðar ársreikninga félaga með takmarkaða ábyrgð og samstæðureikningsskil þeirra.

Í samræmi við reglugerðina sem verið er að innleiða eru í frumvarpinu ákvæði um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem verða sérstakur kafli í lögum um ársreikninga. Við innleiðingu reglugerðarinnar hér á landi öðlast texti hennar lagagildi í heild sinni. Af bókun I um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið leiðir að reglugerð nr. 1606/2002/EB tekur til allra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins.

Með alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er í þessu sambandi átt við þá reikningsskilastaðla sem IASC hefur þróað og gefið út og þá reikningsskilastaðla sem síðar verða gefnir út af IASB og framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt með formlegum hætti og birt.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að við samningu þess hafi þrjú meginmarkmið verið höfð í huga:

1. Að reglugerð Evrópuráðsins og þingsins (EB) nr. 1606/2002, frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, verði veitt lagagildi hér á landi.

2. Að taka upp ákvæði tilskipunar nr. 51/2003/ESB, en markmið hennar er að nútímavæða reikningsskil annarra félaga en þeirra sem taka upp alþjóðlega reikningsskilastaðla.

3. Að færa ársreikningalögin til nútímalegs horfs, á sama hátt og Danir gerðu við endurútgáfu ársreikningalaga sinna, sbr. dönsk lög nr. 448/2001.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1606/2002/EB, eins og hún hefur verið aðlöguð, ber félögum sem hafa verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamörkuðum innan EES að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) við gerð samstæðureikninga sinna fyrir hvert reikningsár sem hefst 1. janúar 2005 eða síðar.

Í frumvarpinu er valin sú leið að ganga öllu lengra en lágmarkskröfur reglugerðarinnar gera ráð fyrir varðandi skyldu félaga til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS/IFRS) og gerir nefndin ekki athugasemdir við það eða sjónarmið sem þar liggja að baki.

Eftirlit með notkun alþjóðlegra reikningsskilastaðla er mikilvægur þáttur en í umsögnum og í máli gesta kom fram mikil gagnrýni á hvernig því er háttað í frumvarpinu. Samþykkti nefndin því að skoða þann þátt sérstaklega.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Orðið „ársreikningur" verði notað í stað „reikningur" í 8. tölul. 2. gr. eins og annars staðar í lögunum.

2. Skilgreiningu á hugtakinu „settar reikningsskilareglur" verði bætt inn í frumvarpið frekar en að hún standi aðeins í athugasemdum við frumvarpið.

3. Að orðalag 14. gr. verði gert nákvæmara um við hvaða kringumstæður skuli eignfæra óefnisleg réttindi.

4. Felld verði brott heimild skv. 15. gr. frumvarpsins til að skuldfæra tillögur stjórnar um greiðslu arðs og er það í samræmi við viðteknar venjur. Upplýsingar um tillögur stjórnar geta komið fram sem skýringar við eigið fé og hvaða áhrif það hefur á eigið fé í árslok.

5. 16. gr. laganna falli brott en efni hennar hefur verið tekið upp í ákvæði frumvarpsins.

6. Það verði valkvætt hjá félögum sem eignfært hafa óefnisleg réttindi í samræmi við efni 14. gr. frumvarpsins hvort þessar eignir verða afskrifaðar kerfisbundið í allt að 20 ár eða hvort þær verða metnar árlegar í samræmi við settar reikningsskilareglur alþjóðlega reikningsskilaráðsins.

7. Orðalagi 23. gr. verði breytt og „bókfært verð" notað í stað „kostnaðarverðs" og „framreiknaðs kostnaðarverðs" og það megi hækka til markaðsverðs við þær aðstæður sem tilteknar eru í greininni.

8. Fallið verði frá tvískiptu eftirliti með beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Nefndin leggur til að ársreikningaskrá hafi eftirlit með öllum félögum sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýta sér heimild til beitingar þeirra, sbr. 56. gr. J. Ársreikningaskrá geti krafist upplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftirlitið, eins og vinnuskjöl sem varða reikningsskilin frá stjórn, framkvæmdastjóra og endurskoðanda félagsins. Lagt er til að ársreikningaskrá geti kallað til aðila með sérfræðiþekkingu til aðstoðar við eftirlit og jafnframt í einstökum tilvikum falið sérfróðum aðilum eftirlit sem ársreikningaskrá er falið samkvæmt lögum þessum. Það gildir t.d. um Fjármálaeftirlitið að því er varðar þau félög sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Um slíka framkvæmd yrði þá gerður sérstakur samningur sem m.a. miðaði að því að tryggja samræmi varðandi framkvæmd eftirlits á þessu sviði. Það er einnig lagt til að ársreikningaskrá skuli birta niðurstöður hvers eftirlits sem framkvæmt hefur verið samkvæmt greininni. Lagt er til að innheimt skuli umsýslu- og eftirlitsgjald og skal það gjald vera föst fjárhæð á hvert móðurfélag og föst fjárhæð á hvert dótturfélag innan samstæðu. Gjaldið skal standa straum af kostnaði, m.a. við skráningu félaga sem er skylt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eða nýta sér heimild til þess, sbr. 56. gr. J, kostnaði vegna utanumhalds með ársreikningum og lista yfir félög sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, kostnaði við eftirlit með þeim félögum sem nýta sér heimild, sbr. 56. gr. J, að þau beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í fimm ár samfleytt hið minnst,a og kostnaði við að veita upplýsingar og þjónusta almenning vegna þessara félaga.

9. Fjöldi ársverka sem miða skal við skv. 59. gr. laganna verði 50 ársverk en ekki 25.

10. Tenging endurskoðunar við samningu ársreiknings samkvæmt frumvarpinu verði felld brott þar sem það tvennt þarf ekki að fara saman.

11. Orðið „endurskoðunarreglur" verði notað í stað „endurskoðunarstaðla" þar sem slíkir staðlar hafa ekki verið innleiddir ólíkt reikningsskilastöðlum.

12. Fjármálaráðherra verði heimilað að gefa út alþjóðlega reikningsskilastaðla sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt að verði innleiddir í reikningsskil fyrirtækja sem fara eiga eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum Alþjóðareikningsskilaráðsins. Verður það gert með birtingu þeirra með reglugerð sem ráðherra setur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í þingskjali 1251.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu en áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Ögmundur Jónasson og Helgi Hjörvar skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Undir álitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Una María Óskarsdóttir, Ögmundur Jónasson og Helgi Hjörvar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókhald, 2. umr.

Stjfrv., 478. mál (ársreikningar o.fl.). — Þskj. 732, nál. 1249.

[12:17]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum, frá efnahags- og viðskiptanefnd og er það á þskj. 1249.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Elvu Ósk Wiium og Guðmund Guðbjarnason frá fjármálaráðuneyti, Skúla Eggert Þórðarson og Bryndísi Kristjánsdóttur frá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins, Pál Gunnar Pálsson, Ragnar Hafliðason og Guðmund Jónsson frá Fjármálaeftirliti, Indriða H. Þorlákssson ríkisskattstjóra, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði, Lilju Steinþórsdóttur frá Seðlabanka Íslands, Hrefnu Ösp Sigfinnsdóttur og Bryndísi Ösp Valsdóttur frá Kauphöll Íslands og Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda ásamt Vigni Rafni Gíslasyni og Albert Ólafssyni frá reikningsskilaráði.

Málið var afgreitt samhliða máli 480, frumvarpi til laga um breyting á lögum um ársreikninga. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um bókhald til samræmis við þær breytingar sem verið er að gera á lögum um ársreikninga en ákvæði bókhaldslaga taka til annarra félaga en þeirra sem falla undir lög um ársreikninga.

Í frumvarpinu er lagt til að félögum, sjóðum og stofnunum, flestum sameignarfélögum og samlögum, svo og bókhaldsskyldum einstaklingum, sem falla ekki undir ákvæði laga um ársreikninga eða ákvæði annarra laga um reikningsskil, verði heimilað að fara eftir ákvæðum laga um ársreikninga sem eru öllu ítarlegri og kröfuharðari en III. kafli í lögum um bókhald.

Umsagnir sem bárust nefndinni um málið voru jákvæðar enda eru þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eðlilegar að teknu tilliti til máls 480.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Í stað orðanna „þessari málsgrein“ í efnismálsgrein bliðar 16. gr. komi: 1. mgr.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Helgi Hjörvar og Ögmundur Jónasson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Una María Óskarsdóttir, Ögmundur Jónasson og Helgi Hjörvar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 2. umr.

Stjfrv., 696. mál (hækkun iðgjalds, aldurstenging réttinda o.fl.). — Þskj. 1054, nál. 1227.

[12:20]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd og er það að finna á þskj. 1227.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf Pál Gunnarsson frá fjármálaráðuneyti, Sigurbjörgu Björnsdóttur frá Lífeyrissjóði bænda og Ernu Bjarnadóttur frá Bændasamtökum Íslands. Umsagnir sem bárust nefndinni um málið voru jákvæðar.

Í frumvarpinu er lagt til að víkka úrræði stjórnar Lífeyrissjóðs bænda til að mæta breyttri stöðu sjóðsins. Tryggingafræðileg úttekt hefur sýnt að staða sjóðsins hefur versnað mjög á síðustu árum og að framtíðarskuldbindingar hans eru mjög þungar, svo sem lýst er í athugasemdum við frumvarpið. Þá eru einnig lagðar til breytingar sem taka mið af búvörusamningi. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Una María Óskarsdóttir, Ögmundur Jónasson og Helgi Hjörvar.

[12:22]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég setti nafn mitt undir nefndarálitið með því frumvarpi sem hér var talað fyrir á þeirri forsendu að það er stjórn lífeyrissjóðsins sem fer þess á leit við Alþingi að við veitum þarna ákveðnar lagaheimildir.

Þess er einnig að geta að umsagnaraðilar um frumvarpið úr heimi lífeyrissjóðanna hafa verið jákvæðir en mig langar að gera af þessu tilefni grein fyrir afstöðu minni til þeirra atriða sem verið er að óska eftir heimild til að breyta. Með þessari lagasetningu erum við í rauninni ekki að taka ákvörðun um hvað gert verður, aðeins að opna á heimild, m.a. til að aldurstengja lífeyrisgreiðslur. Þetta er nokkuð sem hefur verið á döfinni hjá ýmsum lífeyrissjóðum síðustu árin. Ákvörðun hefur verið tekin í nokkrum stórum lífeyrissjóðum og í desember á síðasta ári gerði Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins samkomulag sín í milli um að

stefna í þessa átt með alla lífeyrissjóði sem Alþýðusambandið hefur innkomu í.

Ég fyrir mitt leyti hef miklar efasemdir um þau hyggindi sem hér eru sögð búa að baki og fyrir það fyrsta hef ég gagnrýnt vinnulagið. Menn hafa sagt að ef lífeyrissjóður eða stórir lífeyrissjóðir verða aldurstengdir með þessum hætti mun þrýstingur aukast á aðra lífeyrissjóði að fara sömu leið. Ég held að nokkuð sé til í þessu, einfaldlega vegna þess að ef hreyfanleiki er á milli sjóðanna, ég tala ekki um ef hann er aukinn frá því sem nú er, getur myndast mjög mikið misvægi. Þá er hætt við því t.d. að ungt fólk leiti inn í lífeyrissjóði þar sem aldurstenging er fyrir hendi en leiti eftir því að skipta yfir í sjóði sem eru byggðir á meðaltali á efri árum þegar iðgjöldin yrðu orðin rýrari í hinum aldurstengda sjóði sem einstaklingurinn var í fyrir. Þetta er fyrsta atriðið sem ég vil nefna að breyting á einum stað er mjög líkleg til að valda þrýstingi á breytingar á öðrum stöðum einnig. Þess vegna hefði verið æskilegra og er æskilegt vegna þess að ekki er búið að taka þessa ákvörðun í öllum lífeyrissjóðunum sem Alþýðusambandið á innkomu í, það er ekki enn búið að gera það, ekki er búið að hrinda þessum tilmælum í framkvæmd að minnsta kosti, þá er einboðið að menn setjist saman, fulltrúar allra lífeyrissjóðanna og þeirra samtaka sem koma að lífeyrissjóðunum og ræði hvað hyggilegt er að gera í þessum málum. Meðal þeirra efnisatriða sem ég mundi vilja vekja athygli á í slíkri umræðu, og hef reyndar þegar gert á opinberum vettvangi, er að spyrja í fyrsta lagi: Hvað er það sem kallar á þessa breytingu? Hvað nákvæmlega er það sem kallar á þessa breytingu? Er verið að verja lífeyrissjóðinn á einhvern hátt með slíkum breytingum eða er það rétt sem sumir halda fram að heildarpakkinn eigi að vera svipaður að verðmæti í aldurstengdu kerfi og í meðaltalskerfi? Hvað er hið rétta í þessu efni? Er það rétt sem margir hafa haldið fram að ekki sé munur á þessu tvennu, kostnaðinum, þannig að það sé í rauninni ekki verið að verja lífeyrissjóðinn í fjárhagslegu tilliti þannig? Ef hitt er hins vegar upp á teningnum, ef hitt vakir hins vegar fyrir mönnum að verja fjárhagslega hagsmuni sjóðsins á einhvern hátt, þá þarf að ræða það og sýna fram á á hvern hátt það er gert.

Ef hið fyrra er rétt í málinu, að heildarverðmæti þessara tveggja kerfa, aldurstengds og óaldurtengds kerfis sé svipað, þá þarf að skoða hinar pólitísku afleiðingar, hinar félagslegu afleiðingar slíkra kerfisbreytinga. Ég spyr t.d.: Hvernig kemur svona lagabreyting út fyrir konur sérstaklega? Það er staðreynd að konur eru bundnar yfir börnum og búi í ríkari mæli en karlar, þrátt fyrir skref sem verið er að reyna að stíga í jafnréttisátt þá er staðreynd að konan, móðirin, er í ríkari mæli en karlinn bundin yfir heimili og þar af leiðandi frá vinnu á þeim árum sem lífeyrisiðgjöldin væru hvað verðmætust. Reyndar er í barneignarorlofi greitt inn í lífeyrissjóði, það er staðreynd þannig að það kemur á móti. En engu að síður þegar heildardæmið er gert upp er þetta konum í óhag.

Í annan stað spyrjum við um fólk sem fer í langskólanám. Fólk sem er í langskólanámi kemur seint inn í lífeyrissjóðina og er þar ekki á þeim árum sem iðgjöldin yrðu allra verðmætust. Þetta er því langskólagengnu fólki og langskólamenntun í óhag að fara inn á þessa braut, þ.e. að aldurstengja lífeyrisiðgjöldin. Eins og kunnugt er byggir hugsunin á því að iðgjöld sem eru greidd inn á unga aldri eða á fyrstu starfsárum einstaklingsins eru í lífeyrissjóðnum í mjög langan tíma og hlaða þar upp vöxtum og skapa arð í heimi fjármálanna þannig að fyrir bragðið verða þau dýrmætari í sjóðnum og menn vilja reikna þetta síðan inn í réttindin sem einstaklingurinn fær. Eldri manneskja sem borgar á fullorðinsárum í lífeyrissjóð á sína eign eða framlag sitt skemur í sjóðnum, það ávaxtast í skemmri tíma og þess vegna á að meta það minna, meta slík lífeyrisiðgjöld minna.

Ég hef um þetta mjög miklar efasemdir og legg áherslu á að umræða um þetta hefur ekki farið fram nema í mjög litlum og lokuðum hópum. Stjórnir lífeyrissjóða og fámennir hópar hafa rætt þetta. Ég get hins vegar sagt frá því að í BSRB, þar sem ég þekki nokkuð vel til, hefur verið stofnað til mikillar umræðu um þetta mál. Lífeyrismál eru þar uppi á borði — reyndar á það við um verkalýðshreyfinguna í heild sinni — mjög oft á fundum. Eftir að þessari hugmynd var hreyft, um aldurstengingu lífeyrisréttinda og samningurinn gerður sem ég vitnaði í, í desember síðastliðnum, hefur orðið lífleg umræða um þetta innan BSRB. Þar eru miklar efasemdir um að fara þessa leið. Hvatt hefur verið til þess að verkalýðshreyfingin og samtök atvinnurekenda taki upp viðræður og endurskoði fyrri ákvarðanir hvað þetta snertir.

Á þessu vildi ég einfaldlega vekja athygli við umræðuna, þótt í þessu frumvarpi felist engin ákvörðun um að Lífeyrissjóður bænda fari inn á þessa braut. Í því felst engin ákvörðun um slíkt. Með því er einvörðungu verið að afla lagaheimildar til að ráðast í þessa breytingu. Stjórn sjóðsins óskar eftir því, Landssamtök lífeyrissjóða mæla með því að við samþykkjum frumvarpið og ég mun greiða atkvæði með því. En ég vildi engu að síður koma þessari ábendingu á framfæri.

Einnig hefur verið rætt um að lífeyrissjóðurinn hafi heimild til að breyta kjörunum. Þetta er nokkuð sem margir lífeyrissjóðir hafa staðið frammi fyrir og að þessu leyti standa lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna betur, að réttindin þar eru föst stærð en iðgjöldin eru breytileg. Þá er hugsunin sú að launamaðurinn, og síðar lífeyrisþeginn, viti að hverju hann gengur en síðan verði að stilla iðgjöldin eftir atvikum eftir því hvernig tekst að ávaxta pundið í lífeyrissjóðunum.

Að sjálfsögðu eru deildar meiningar um það í verkalýðshreyfingunni og í þjóðfélaginu almennt hve mikla fjármuni eigi að leggja í sparnað. Sumir leggja áherslu á að fá meira í vasann meðan einstaklingurinn er starfandi og þá fari minna til efri áranna. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að leggja mikið til hliðar, leggja mikla peninga til efri áranna þannig að fólk geti notið þeirra með sæmilega traustan fjárhag. Mér finnst það skipta mjög miklu máli og ég er á þeirri skoðun. En ég virði hitt sjónarmiðið að sjálfsögðu, að það eigi ekki að leggja of mikið í sparnað en beina þeim mun fleiri krónum niður í vasa launamannsins á meðan hann er í starfi.

Ég vík að þessu vegna þess að sumir lífeyrissjóðir eiga hreinlega ekki annarra kosta völ en að skerða réttindi. Þau standa frammi fyrir atvinnurekendavaldi sem hefur mjög

eindregið lagst gegn því að iðgjöldin í lífeyrissjóðina séu hækkuð. Ég nefni t.d. Lífeyrissjóð sjómanna og fleiri lífeyrissjóði. Þá er niðurstaðan sú, gegn slíkri afstöðu, að skerða verður kjörin.

Ég er reyndar á þeirri skoðun að til séu þeir lífeyrissjóðir sem ríkisvaldinu beri að veita aðstoð og hugsa þá sérstaklega til Lífeyrissjóðs sjómanna. Mér verður hugsað til málflutnings og málafylgju hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar, formanns Frjálslynda flokksins, sem barist hefur fyrir því þing eftir þing að ríkisvaldið komi inn með fjárstuðning í Lífeyrissjóð sjómanna. Hann hefur í því sambandi minnt á, og fengið stuðning okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði við það, að upp úr 1980 voru gerðir kjarasamningar við sjómenn sem kváðu m.a. á um stuðning við lífeyrissjóðinn en það hafi ekki verið efnt. Þess vegna er ærið tilefni til að taka það mál upp, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hefur ítrekað gert á þingi. Ég segi aftur að við höfum stutt það mjög eindregið.

Síðan er til önnur leið fyrir ríkisvaldið að koma að lífeyrissjóðunum og veita þeim stuðning. Það tengist örorkunni. Ástandið er vissulega misjafnt en í öllum lífeyrissjóðum vegur örorkan sífellt þyngra í útgjöldum lífeyrissjóðanna. En sérstaklega í þeim lífeyrissjóðum þar sem fólk starfar við erfið og hættuleg störf, þar sem menn slasast í starfi, er þessi byrði orðin mjög mikil. Í Lífeyrissjóði sjómanna, ég held að ég muni það rétt, eru t.d. á milli 40 og 50% af öllum greiðslum úr sjóðnum í örorkubætur.

Hafa ber í huga að fjöldi þeirra sem sækja um örorkubætur og þurfa að fara á örorkubætur fer mjög vaxandi. Um þetta var nýlega birt skýrsla og þetta hefur verið talsvert í fréttum. Ástæðuna fyrir þessu telur Öryrkjabandalagið — og ég er sammála því mati — að ástandið á vinnumarkaði eigi þar drjúgan hlut að máli. Vinnumarkaðurinn er orðinn miklu erfiðari og grimmari en áður var. Það sem meira er, þótt atvinnuleysi á Íslandi sé ekki hlutfallslega mikið í samanburði við það sem gerist í mörgum öðrum löndum, þá liggjum við í kringum 2–4%, um 3%. Það er mikið á Íslandi, landi sem vart þekkti atvinnuleysi nánast frá lokum seinna stríðs og fram á tíunda áratuginn, að undanskildum síðustu árum sjöunda áratugarins þegar síldin brást og margir voru knúnir til að flýja land, a.m.k. tímabundið. En þá var atvinnuleysi aldrei meira en í hæsta lagi 0,5–1% sem var yfirleitt tímabundið, um nokkurra mánaða skeið.

Þetta hefur verið að breytast. Núna höfum við um 3% viðvarandi atvinnuleysi. Hvað þýðir það? Það þýðir að fólk, sem í reynd hefur misst orkuna til að vinna og er öryrkjar í læknisfræðilegum skilningi, þráast við. Það vill halda sér á vinnumarkaði, vill ekki fara á örorkubætur, vill vera áfram í starfi en sér enga glætu. Það gefst að lokum upp vegna þess að það er búið að vera lengi á atvinnuleysisbótum og gefst hreinlega upp. Ég held að þetta séu staðreyndirnar í málinu.

Hvað gerist þá? Í mjög mörgum tilvikum fær fólk þá greiðslur úr tryggingakerfinu og úr lífeyrissjóðunum. Þannig er það. Verkalýðshreyfingin hefur lagt áherslu á að samtök á vinnumarkaði, verkalýðshreyfing, atvinnurekendur og ríkisvald, taki upp viðræður um þetta efni og þá hugsanlega breytta aðkomu ríkissjóðs og ríkisins að því að fjármagna örorkubætur, a.m.k. að að hluta til taki ríkið á sig greiðslur sem lífeyrissjóðirnir greiða núna. Ég ítreka að sérstaklega á þetta náttúrlega við um tiltekna sjóði sem þurfa sárlega á aðstoð ríkisins að halda til þess að forða megi því að almenn réttindi í lífeyrissjóðunum verði skert.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Það sem ég hef sagt hér er í óbeinum tengslum við frumvarp þetta. En tilefnið er það að Lífeyrissjóður bænda hefur leitað eftir lagaheimild til þess að gera tvennt, að taka upp aldurstengd iðgjöld og opna á möguleika á að breyta réttindum. Ég styð frumvarp á þeirri forsendu að stjórn Lífeyrissjóðs bænda óskar eftir því og umsagnaraðilar mæla með því. En sjálfur hef ég miklar efasemdir um að þessum heimildum verði beitt. Það er önnur saga.

[12:42]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið haldin mjög lærð ræða með ágætri yfirferð yfir málefni lífeyrissjóðanna. Það er mjög fróðlegt að hlusta á hv. þm. Ögmund Jónasson sem er lífeyrissjóðunum vel kunnugur og maður lærir mikið af því að hlusta á hann fara yfir þessi mál.

En það var mjög athyglisvert sem kom fram í ræðu hv. þingmanns í sambandi við örorkubætur, að þær séu orðnar um helmingur greiðslna úr lífeyrissjóðum. Það vekur mann til umhugsunar. Eins ræddi hann um ástandið á vinnumarkaðnum og hvort það væri vegna þess að vinnumarkaðurinn sé grimmari núna en áður. En gæti það ekki líka verið, hv. þingmaður, að það sé vegna þess að áður fyrr vildi fólk ekki skrá sig atvinnulaust þótt það væri atvinnulaust? Allt umhverfið hefur breyst og það þykir ekki nein skömm lengur að skrá sig atvinnulausan, sem þótti skömm áður fyrr. Fólk vildi ekki viðurkenna það. Nú eru þessi réttindi svo sjálfsögð að fólk leitar eftir þeim án þess að skammast sín fyrir það. Sem betur fer er kominn annar hugsunarháttur í þeim efnum.

Það er nánast ekkert atvinnuleysi hér á landi. Í fyrsta skipti, frá því að ég fór að skipta mér af pólitík, þá er staðan sú í Vestmannaeyjum að þar er verið að hugsa um að sækja fólk annað til að vinna af því að þar er nánast ekkert atvinnuleysi. Auðvitað vitum við að það er alltaf einhver ákveðinn hluti af fólki sem er á atvinnuleysisbótum sem ætti kannski frekar að vera á örorkubótum. Ég held að við eigum að gera meira af því, í stað þess að setja ungt fólk á örorkubætur, að hjálpa því til að leita sér að vinnu og þjálfa það til starfa. Ég held að það verði aldrei gert of mikið af því að hjálpa fólki til sjálfsbjargar.

[12:44]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er hjartanlega sammála þeirri grundvallarafstöðu að það sé aldrei of mikið gert af því að hjálpa fólki til sjálfsbjargar. Bæði er mikilvægt að aðstoða fólk sem er atvinnulaust við að fá starf og einnig er mikilvægt að leggja áherslu á endurhæfingu, að fólk sem fer á örorku verði ekki afskrifað þar til eilífðarnóns. Í sumum tilvikum kunna aðstæður, heilsufar að breytast eða að hægt er að finna lækningu o.s.frv.

Það er líka alveg rétt sem hv. þingmaður benti á, að afstaða fólks til margvíslegra bóta hefur breyst að því leyti að fólk lítur á þær sem sjálfsögð og eðlileg réttindi. Það á ef-

laust einnig við um atvinnuleysisbæturnar. En ég held, varðandi örorkuna og atvinnuleysisbætur, að það sem fyrst og fremst vakir fyrir því fólki sem er á mörkum þess að geta unnið og þess að heilsan bresti, sé hið almenna viðhorf á Íslandi, að vilja helst halda sér sem lengst inni á vinnumarkaði. Þegar vinnumarkaðurinn gerist grimmari og óbilgjarnari er fólki hins vegar þröngvað til þess að gefast hreinlega upp og lýsa sig sjúkt og óvinnufært.

[12:46]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér fer fram afskaplega áhugaverð umræða. Ég var nýverið á ráðstefnu í Kaupmannahöfn um veikindafráveru starfsfólks, sem var mjög áhugaverð. Þar kom fram að veikindaforföll starfsmanna á vinnumarkaði, t.d. í Noregi og í Svíþjóð, eru gríðarlega mikil. Ein af ástæðunum er t.d. sú að það er mjög erfitt að segja fólki upp. En hér á Íslandi er vinnumarkaðurinn sveigjanlegri þannig að fólk á auðveldara með að ná sér í vinnu og skipta um vinnu. Fólk er frekar veikt í hinum löndunum, frekar en að leita sér að öðrum starfa. Það þorir ekki út á vinnumarkaðinn. Sem betur fer eru Íslendingar mjög vinnusamir og flestir ná sér í vinnu mjög fljótt af því að vinnumarkaðurinn á Íslandi er mjög sveigjanlegur. Ég held að það sé mjög mikilvægt.

Af því að ég minntist á þessa ráðstefnu þá kom þar auðvitað fram, sem við vitum, að Íslendingar vinna allra þjóða mest og allra þjóða lengst. Það er líka mjög merkilegt og skemmtilegt við Íslendinga hvað þeir vinnusamir og hafa mikla ánægju af vinnu sinni. Þess vegna ættum við alltaf að líta til þess að fólk fái að vinna meðan það hefur ánægju og þrek til að starfa. Þess vegna eru sveigjanleg vinnulok afskaplega mikilvæg, bæði að fólk geti hætt fyrr ef það kýs en eins að halda áfram lengur því að nú verður margt fólk 80–100 ára gamalt og hefur oft fullt vinnuþrek langt yfir sjötugt.

[12:48]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sveigjanleiki í hinum síðastnefnda skilningi er jákvæður, sveigjanleg starfslok er nokkuð sem samtök launafólks hafa rætt mikið um. Það er athyglisvert að í þeirri umræðu komu upp mismunandi viðhorf milli ungs fólks og eldra fólks. Unga fólkið vill gjarnan hafa lágan lífeyrisaldur en þegar komið er á þennan aldur leggur fólk áherslu á sveigjanleg starfslok og að það geti hætt síðar.

Varðandi sveigjanleika á vinnumarkaði þá vil ég nú ekki hafa hann of sveigjanlegan og ekki of mikla teygju í reglunum, a.m.k. þegar kemur að réttindum launafólksins. Þar má ekki verða meiri sveigja, t.d. eins og lagt var til fyrir ekki svo ýkja löngu, að hægt væri að segja fólki upp skýringalaust o.s.frv. Ég veit hins vegar að það er ekki það sem hv. þingmaður meinti, alls ekki.

Ég held að það sem skiptir máli á Íslandi sé að afstaðan til vinnunnar hefur verið mjög jákvæð. Ég tel mikilvægt að varðveita þann jákvæða anda. Þess vegna er dapurlegt að okkur takist ekki að ráða bót á atvinnuleysinu, útrýma atvinnuleysi. Ég held að skýringin á því að hlutfallslega færra fólk er öryrkjar hér á landi en t.d. á hinum Norðurlöndunum sé atvinnuþátttakan, að við höfum búið við góða atvinnuþátttöku og lítið atvinnuleysi í langan tíma. Þar með hafa fleiri rúmast á vinnumarkaði. Þetta samhengi allt þarf jafnan að hafa í huga.

Ég þakka hv. þingmanni fyrir ágætar ábendingar.

[12:50]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér málefni sem snýr að einum lífeyrissjóði, Lífeyrissjóði bænda. Ég ætla hins vegar í þessari ræðu að fjalla almennt um stöðu lífeyrissjóðsmála og víkja m.a. að máli sem við lukum umræðu um áðan, um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Ég ætla að leyfa mér í upphafi máls að fullyrða að með því sem við erum að gera í dag á Alþingi, þ.e. ef við samþykkjum þessi tvö frumvörp, þá séum við að framlengja ákveðna mismunun milli fólks. Ég veit ekki hvort sú mismunun kemur til af því að misjöfn viðhorf séu til kynja í þjóðfélaginu sem lengi hafi viðgengist. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga er upprunninn í kvennastétt, hjúkrunarfræðingar hafa lengstum verið konur og makar hjúkrunarfræðinga lengst af verið karlmenn. Í lögunum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga er ákvæði sem segir að makar hjúkrunarfræðinga fái 70% makalífeyri en ekki 50% eins og við erum að tala um í sambandi við Lífeyrissjóð bænda og eins og reglurnar eru í Lífeyrissjóði sjómanna. Hvað þá að talað sé um það sem nú er búið að setja inn í samþykktir sumra lífeyrissjóða, að makalífeyrir sé að fullu greiddur í þrjú ár, síðan að hálfu í þrjú ár og síðan sé því lokið. Þannig er það í sumum lífeyrissjóðum.

Ég held að það sé ágætt að við förum svolítið efnislega í þessa umræðu. Við erum að tala um að lífeyrisréttur fólks í þessu landi er lögbundinn misjafn. Ég ætla að halda því fram í þessari umræðu að í þessu tilfelli sé hann lögbundinn eftir kynjum. Það er greinilegt að menn hafa horft á maka hjúkrunarfræðinganna og tryggt þeim betri lífeyri en almennt er í lífeyriskerfinu með því að tryggja þeim 70% réttindi. Ég ætla að lesa hvernig um málið er búið í 11. gr. laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Ég ætla að taka það fram að ég vildi ekki taka þessa umræðu áðan í umræðum um réttindi í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga því að þá hefðu menn sjálfsagt talið að ég legðist gegn þeim réttindum. Þess vegna tek ég þessa umræðu hér.

Í 11. gr. áðurnefndra laga segir, með leyfi forseta:

„Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi og á þá makinn rétt til lífeyris úr sjóðnum eftir að iðgjaldagreiðslum til sjóðsins er lokið.“

Allt í lagi með þetta. Síðan segir:

„Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok,“

Síðan segir:

„Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfélagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið.

2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátið og upphaf

lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.

3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk."

Að þessum skilyrðum uppfylltum á maki hjúkrunarfræðings 70% lífeyrisrétt. Við erum ekki að tala um það varðandi Lífeyrissjóð bænda, því miður. Mér býður í grun að þessi ákvæði hafi kannski verið sett inn á sínum tíma vegna þess að menn hafi litið til þess að makar hjúkrunarfræðinga væru yfirleitt karlmenn. Ég vek athygli á þessu og tel fulla ástæðu til að ræða þetta mál gaumgæfilega en þó er ekki um það að ræða að ég sjái neina ástæðu til þess að draga úr réttindum í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga. En ég efast mjög um það, virðulegur forseti, að það sé nokkur sanngirni í útfærslunni á Lífeyrissjóði bænda, á Lífeyrissjóði sjómanna né mörgum öðrum lífeyrissjóðum.

Ég ætla að nefna eitt nýlegt dæmi úr Lífeyrissjóði sjómanna. Ég ætla ekki að nefna nafnið. Fyrir örfáum vikum lést sjóðfélagi í Lífeyrissjóði sjómanna fyrir 60 ára aldur. Sá einstaklingur hafði í fjöldamörg ár verið einn af mestu aflaskipstjórum þessa lands. Vegna þess að hann hafði ekki náð 60 ára aldri voru ekki komin til greina þau réttindi að fá lífeyri úr Lífeyrissjóði sjómanna enda maðurinn í fullu starfi. Hann hafði sem sagt greitt í lífeyrissjóðinn af háum launum sínum sem skipstjóri í áratugi og maki hans á núna rétt á að fá hluta af þeim lífeyrisgreiðslum sem hann hafði áunnið sér. Makinn fær samkvæmt því, ef ég man rétt, fullan lífeyri í þrjú ár og hálfan lífeyri í þrjú ár, að því gefnu að hjónin hafi ekki átt barn undir 18 ára aldri við andlát makans.

Þetta er sem sagt staðan og þá renna öll önnur réttindi sem einstaklingur hefur áunnið sér í lífeyrissjóðinn. Þetta held ég að menn þurfi að fara að endurskoða. Í þessu frumvarpi, um Lífeyrissjóð bænda, erum við m.a. að fjalla um að setja inn:

„Upphæð elli- og örorkulífeyris skv. 9. og 10. gr. er hundraðshluti af grundvallarlaunum, sbr. 1. mgr., samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum. Upphæð makalífeyris skv. 11. gr. skal vera 50% lægri."

Við erum sem sagt að lögbinda að eiginkonur bænda, ef karlinn fellur frá, fái 50% lægri lífeyri en makinn hafði áunnið sér. En raunin er sú, virðulegur forseti, að hjá þeirri starfsstétt sem við ræðum hér um, bændum, hefur fólk yfirleitt unnið saman að bústörfunum. Ég verð að viðurkenna að ég þekki þau mál ekki nákvæmlega en ég tel reyndar að það hafi verið afar misjafnt hvernig bændur fóru að því að telja fram tekjur sínar og greiða í lífeyrissjóð. Ég held að það hafi verið afar misjafnt. Mér býður í grun að margar eiginkonur bænda eigi lítinn lífeyrisrétt sjálfar í lífeyrissjóði, þó að ég viti það ekki. Þá erum við að horfa til þess að viðkomandi konur, ef við tölum um kvenkyns makann í þessu tilfelli, eigi margar hverjar lítinn lífeyrisrétt og jafnvel minni lífeyrisrétt en bændurnir, sem eiga þó tiltölulega lítinn lífeyrisrétt. Það hefur komið fram í svari við fyrirspurn hv. þm. Drífu Hjartardóttur á Alþingi. Talnaglöggir menn á Alþingi hafa talið að meðallífeyrir bænda úr lífeyrissjóði sé um 15–17 þús. kr.

Eiginkonurnar eiga eftir fráfall makans að fá 50% af því, hæstv. forseti. Finnst hæstv. forseta og þingmönnum að hér sé um að ræða mikið réttlætismál þar sem ríki jafnræði með konum og körlum? Er það svo? Á ég að trúa því að í þingsalnum muni konur greiða þessu ákvæði atkvæði? Eigum við að trúa því eftir alla jafnréttisumræðuna? Ég tók þátt í jafnræðisumræðu sem hæstv. forseti, sem nú situr í forsetastól, stóð fyrir fyrir nokkru. Við ræddum um jafnréttismál (Forseti hringir.) og ég tel að hér séum við líka, hæstv. forseti, að ræða málefni sem snúa að jafnrétti fólks. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti hafði ætlað sér að gera hlé á þessum fundi í um 30 mínútur til klukkan hálftvö. Forseta heyrist að þingmaðurinn sé ekki nálægt því að ljúka máli sínu þannig að honum stendur til boða að halda ræðunni áfram að loknu matarhléi.)

Ég þigg það, virðulegi forseti. Það má kannski bjóða upp á kaffihlé líka.

[13:02]

Útbýting:

Tollalög, 493. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1286.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 732. mál, nál. 2. minni hluta sjútvn., þskj. 1278.

[Fundarhlé. — 13:02]

[13:30]

Útbýting:

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 698. mál, brtt. JBjarn, þskj. 1287.

Hundar og sóttvarnir, 740. mál, svar landbrh., þskj. 1247.

Loftferðir, 699. mál, brtt. JBjarn, þskj. 1288.

Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 295. mál, brtt. GÞÞ, þskj. 1295.

[13:31]

Guðjón A. Kristjánsson (frh.)**:**

Hæstv. forseti. Áður en ég gerði hlé á ræðu minni vakti ég athygli á því að í málefnum um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, sem var til umræðu áðan, eru ágæt ákvæði sem kveða á um að maki hjúkrunarfræðings eigi rétt á 70% af launum við fráfall maka. Ég tel að það séu góð réttindi og sanngjörn.

En í frumvarpinu um Lífeyrissjóð bænda á að lögbinda það að makar bænda eigi við fráfall bóndans aðeins 50% réttindi, eins og segir í 8. gr. frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðin „sbr. 3. mgr. 6. gr." í 1. mgr. falla brott.

b. 2. mgr. orðast svo: Upphæð elli- og örorkulífeyris skv. 9. og 10. gr. er hundraðshluti af grundvallarlaunum, sbr. 1. mgr., samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum. Upphæð makalífeyris skv. 11. gr. skal vera 50% lægri."

Hér er verið að lögfesta það með frumvarpinu að eftirlifandi makar bænda fái aðeins 50% af þeim lífeyrisrétti sem bóndinn hefur áunnið sér.

Ég vék að því áðan og vitnaði í svar til hv. þm. Drífu Hjartardóttur frá fjármálaráðherra um að meðalréttindi í Lífeyrissjóði bænda væru sennilega í kringum 17 þús. kr. Hér ætlum við að fara að lögbinda það að makar bænda fái 50% af þeirri upphæð, þ.e. 8.500 kr. ef við tökum meðaltalið í Lífeyrissjóði bænda. Það er kannski rétt að láta þess getið að í svarinu kom fram að mig minnir að hæsta lífeyrisgreiðsla til bænda þegar ekki var talað um örorkubætur er um 45 þús. kr. út úr Lífeyrissjóði bænda.

Ég ætla að endurtaka þau orð mín sem ég sagði áðan, hæstv. forseti, að mig undrar það ef hv. þingkonur, sem oft hafa talað um réttindi kvenna, ætla virkilega að lögfesta þetta með þessum hætti. Ég tala ekki um okkur karlana ef við gætum hunskast til að fylgja þeirri sannfæringu okkar að konur eigi að standa jafnfætis körlum. Mér finnst það vægast sagt mjög slæm þróun að verið sé að festa þetta í lög varðandi Lífeyrissjóð bænda, stétt sem á mjög slök lífeyrisréttindi, að þar geti aðeins orðið um þetta að ræða. Ég tel að við séum að gera ákveðin mistök.

Ég vil líka lýsa þeirri skoðun minni að ég tel almennt að verkalýðshreyfingin í landinu, samtök sjómanna og bændur eigi að krefjast þess að hækka makalífeyrinn upp í það sama og er í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna og þess að við lagfærum réttindi þeirra en séum ekki alltaf að skerða þau. Það hefur verið gegnumgangandi lagasetning í Alþingi þegar við höfum komið að lífeyrismálum þessara stétta að við höfum frekar verið að skerða réttindin. Frumvarpið gengur m.a. út á það. Það er verið að opna á það að breyta megi ákvæðum er lúti að iðgjöldum sjóðfélaga og það er verið að opna á aldurstengda lífeyristengingu. Ég hef reyndar á seinni árum myndað mér þá skoðun að eftir að við fórum að búa til séreignarsjóði til viðbótar hinum almennu samhjálparsjóðum — en Lífeyrissjóður bænda sem við ræðum hér er samhjálparsjóður sem og Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna — eftir að við fórum að búa til séreignarsjóði og greiða sérstaklega til þeirra tel ég enn minni ástæðu til að fara í aldurstengdu lífeyrisréttindin.

Við hljótum að þurfa að spyrja okkur, hæstv. forseti: Hversu mikið ætlum við að draga úr samhjálparreglunni í hinum almennu lífeyrissjóðum? Þó að það megi vissulega finna fyrir því rök að þeir sem greiða lengst í lífeyrissjóðina og greiða þangað inn ungir fái kannski ekki algjörlega fullan útreikning miðað við inngreiðslutímann, þá er ekki eftir svakalega stórum upphæðum að slægjast í því. Ég sá nýlega útreikning varðandi aldurstengdu réttindin í Lífeyrissjóð sjómanna að þessu leyti. Þar munaði hámark einhverjum 6–7 þús. kr. á mánuði eftir því hvort menn voru að taka útreikning tryggingafræðinga á aldurstengdri innvinnslu eða hreinni samhjálparinnvinnslu eins og hefur verið í lífeyrissjóðnum í mörg, mörg ár.

Við megum heldur ekki gleyma því að lífeyrissjóðirnir eru þannig uppbyggðir að þegar einhver fellur frá sem á engan maka og hefur ekki verið í sambúð á enginn rétt til lífeyrisbótanna nema börn undir 18 ára aldri, þau eiga jú rétt. Að öðru leyti erfist ekki neitt úr samhjálparsjóðum. Þar af leiðandi fellur auðvitað talsvert af fé í samhjálparsjóðina eftir þeirri aðferð að fólk deyr án þess að nýta réttindi sín.

Almennt eru samhjálparsjóðirnir byggðir þannig upp að reiknaðar eru út ákveðnar staðreyndir miðað við lífslíkur þjóðarinnar. Þjóðin hefur verið að eldast og fleira fólk lifir lengur þannig að lífslíkurnar eru að aukast. Ef við tökum eitthvert einfalt dæmi og segjum að fólk hafi almennt lifað til áttræðs sem er útreiknaður lífaldur Íslendinga og að fólk megi byrja að taka lífeyri sextugt, eins og dæmi eru um t.d. í Lífeyrissjóði sjómanna og í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, sem ég mun víkja betur að á eftir, þá er það þannig í Lífeyrissjóði sjómanna, virðulegi forseti, að ef við sem höfum starfað á sjó byrjum að taka lífeyri 60 ára tökum við hann með ákveðinni skerðingu sem mig minnir að séu 24% miðað við það að við hefðum annars tekið hann við 65 ára aldur. Útreikningurinn byggir á því að ef tveir menn hafa greitt jafnt í Lífeyrissjóð sjómanna alla sína ævi og eiga þar sömu réttindi og annar byrjar að taka lífeyri 60 ára og hinn 65 ára séu báðir búnir að fá sömu upphæð út úr lífeyrissjóðnum við hinn útreiknaða lífaldur þjóðarinnar sem hefur lengi verið miðaður við 80 ár, eins og ég nefndi. Það skiptir því ekki máli hvort menn byrja að taka lífeyrinn 60 ára eða 65 ára, báðir ná að taka út sömu upphæð úr lífeyrissjóðnum sínum.

Með þeirri aðferð var verið að gera hina svokölluðu 60 ára reglu í Lífeyrissjóði sjómanna hlutlausa, þ.e. verið var að setja það í lög að það skipti ekki máli fyrir heildarútgreiðslu úr sjóðnum miðað við lífslíkurnar hvort sjómaður tæki lífeyrinn 60 ára eða 65 ára, hann mundi enda á sömu upphæð miðað við lífslíkur. Þetta var gert eftir að sú staða kom upp í Lífeyrissjóði sjómanna að ríkið ætlaði ekki að bera neina ábyrgð á þeim lögum sem sett voru á hv. Alþingi um það og var félagsmálapakki til sjómanna á sínum tíma eftir 1980, að sjómenn ættu rétt til lífeyris úr lífeyrissjóði frá 60 ára aldri miðað við að hafa starfað 25 ár til sjós.

Það kom aldrei króna frá ríkinu með þeim lögum. Þau voru sett sem sérstakur félagsmálapakki, eins og ég sagði áðan, og síðan voru ekkert nema endalaus svik á þeirri vegferð sem eftir var. Lífeyrissjóður sjómanna fór í mál við ríkið um þessi atriði og var talið að krafan á ríkið sem aðrir sjóðfélagar höfðu neyðst til að taka á sig væru 1,4 milljarðar kr. Ríkinu var stefnt fyrir það en því miður vannst ekki það mál. Niðurstaðan varð sú að félagsmálapakkinn, gjöfin frá Alþingi á sínum tíma varðandi 60 ára regluna var borguð af öðrum lífeyrissjóðsþegum í Lífeyrissjóði sjómanna upp á 1,4 milljarða kr. Þannig fór um efndina á þeirri gjöf til íslensku sjómannastéttarinnar og var sama við hvaða fjármálaráðherra var rætt á þeim árum sem ég starfaði hjá Farmannasambandinu, það var aldrei hægt að ná krónu upp í þetta loforð.

Ég vildi nefna þetta hér, virðulegi forseti, því að það er oft verið að tala um að við höfum fengið einhver sérstök réttindi og fengið einhverjar sérstakar tilfærslur frá ríkinu. Einu tilfærslurnar sem komu frá ríkinu í Lífeyrissjóð sjómanna var þegar við stunduðum gengisfellingar á árum áður, þá kom stundum nokkur upphæð úr gengismunarsjóði sem sett var í lífeyrissjóðinn. En búið var að taka tillit til þeirrar inngreiðslu þegar krafan um 1,4 milljarðana var sett fram.

Hæstv. forseti. Ég geld mikinn varhuga við hinni aldurstengdu útfærslu sem verið er að leggja til í lífeyrissjóðunum og finnst að það þurfi að skoða þá hugsun miklu, miklu betur og tillögur áður en menn fara að framkvæma

þær almennt. Ég geri mér grein fyrir að lífeyrissjóðirnir eru því miður á fullri ferð að setja svona reglur. Ég hefði viljað að málið væri gaumgæft miklu betur og sé ekki ástæðu til þess, eins og ég sagði áðan, eftir að þeir eru farnir að taka upp greiðslur í séreignarsjóði að vinna áfram að því að skerða sameiginlegu samhjálparréttindin í þeirri deild lífeyrissjóða sem eiga að byggja á samhjálp.

Það er annað atriði sem ég held að skipti miklu máli að við ræðum í sambandi við lífeyrislöggjöfina og lífeyrisreglurnar og það er örorkuþátturinn. Hv. þm. Ögmundur Jónasson vék réttilega að honum í morgun og minnti á það að örorkuþátturinn er mjög mismunandi eftir því í hvaða lífeyrissjóðum menn eiga réttindi og eftir því í hvaða starfsgrein þeir hafa starfað. Öfgafyllsta dæmið sem ég man eftir, get rifjað það upp eftir minni, var samanburðurinn á Lífeyrissjóði sjómanna annars vegar, sem greiðir um 45% í örorkuþáttinn, og hins vegar Lífeyrissjóði starfsmanna Búnaðarbankans sem ég held að hafi greitt 0,2% eða einhver örfá prósent, langt innan við 10% í örorkubætur á þeim tíma sem ég skoðaði tölurnar. Þetta dregur það fram að örorkan er auðvitað meiri hjá þeim sem þurfa að leggja á sig talsvert líkamlegt erfiði við vinnu sína og þegar það er mikil áhætta við störfin og menn sitja uppi með það.

Þá kemur auðvitað grundvallarspurningin, hæstv. forseti: Er það ásættanlegt að starfsstéttir landsins séu settar á svo mismunandi stall í réttindum sínum að sumir lífeyrissjóðir skuli bera framreikningin af örorkuþættinum óbættan með þeim hætti sem reglur lífeyrissjóðanna segja til um en að aðrir lífeyrissjóðir, vegna þeirra starfsstétta sem þar eru og vegna þess að störfin eru allt annars eðlis, þurfi ekki að bera þennan þátt? Ég held að það sé kominn meira en tími á það og miklu nær að skoða það og reyna að átta sig á því hvort ekki þurfi að jafna þessi réttindi í lífeyrissjóðunum hvað varðar örorkuþáttinn. Ég held að hér hefði líka þurft að ræða örorkuþáttinn í sambandi við Lífeyrissjóð bænda að ég tali ekki um Lífeyrissjóð sjómanna.

Það liggur algerlega fyrir að það er margt sem við þurfum að skoða varðandi lífeyrismál þjóðarinnar, ef við erum á annað borð að leitast við að láta fólk sitja við sama borð. Það hlýtur að vera hlutverk okkar því að jafnrétti þegnanna er tryggt í stjórnarskrá. Við hljótum að leitast við að þegnar landsins búi ekki við geysilega misjafna stöðu varðandi réttindi sín þegar þeir hafa lokið ævistarfi sínu og að í einum lífeyrissjóði þurfi ekki endalaust að skerða réttindi, m.a. til þess að taka á kostnaði sem hlýst af örorkuþættinum, en í öðrum sé hægt að hækka réttindi vegna þess að þar er örorkubyrðin sáralítil. Þetta er mál sem mér finnst þurfa að taka til mjög gaumgæfilegrar skoðunar, virðulegi forseti.

Ég tek undir það sjónarmið sem kom fram í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar í morgun að að það eigi að sækjast eftir því að starfsstéttir í landinu greiði meira í lífeyrissjóð frekar en minna til að tryggja réttindi sín í ellinni. Það er auðvitað sú þróun sem hægt og rólega hefur átt sér stað hér á landi og opinberir starfsmenn hafa haft forustu þar og allt gott um það að segja. Ég mælist til þess að aðrar starfsstéttir líti til þeirra réttinda sem opinberir starfsmenn hafa og sæki á um að ná réttindum sínum upp að þeim réttindum, en ekki öfugt að stefna að því að skerða réttindi starfsmanna ríkisins til að jafna þau til móts við þau réttindi sem eru í hinum almennu lífeyrissjóðum.

Ég hafna því, hæstv. forseti, að við lögbindum það í þessu frumvarpi um Lífeyrissjóð bænda að makar bænda skuli hafa 50% makalífeyri. Ég er búinn að nefna stöðu bændastéttarinnar varðandi lífeyrismál og hún er ekki neitt til að hrópa húrra fyrir og langur vegur í að bændastéttin nálgist þann gullvagn sem ríkissáttasemjari, Ásmundur Stefánsson, minntist á að ellilífeyrisþegar í landinu stæðu frammi fyrir á komandi árum. Það er langur vegur í að það náist hjá sumum starfsstéttunum.

Ég vek athygli á því að við fjöllum hér um tvö lífeyrismál, annars vegar um lífeyrismál hjúkrunarfræðinga, sem ég er algjörlega samþykkur, og hins vegar frumvarp þetta um Lífeyrissjóð bænda. Ég held það skjóti svolítið skökku við, virðulegi forseti, þegar við annars vegar skoðum Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga sem tryggir mökum 70% makalífeyri, að við séum þá hins vegar að lögfesta 50% makalífeyri hjá bændastéttinni. Við eigum jú að gæta þess að allir séu jafnir fyrir lögunum í landinu og lögin mismuni ekki fólki og starfsstéttum. Eins og ég sagði áður kann það að vera arfur frá eldri tíð varðandi lögin um hjúkrunarfræðinga, því að vafalaust hafa makar hjúkrunarfræðinga lengst af verið karlmenn, þetta var kvennastétt þó að það sé kannski að breytast.

Hæstv. forseti. Mér finnst ástæða til að ræða annan þátt þessara mála en það eru tryggingabætur almannatrygginga og tenging lífeyrisréttinda og lífeyrisinnvinnslu við bætur úr almannatryggingum. Nú er það þannig að þegar fólk hefur töku úr lífeyrissjóði skerðast hinar samsettu bætur, lágmarksbætur almannatrygginganna, samkvæmt reglu sem nú er í gildi og er 0,45% skerðing, var áður 0,67%, en var lækkað sem betur fer fyrir nokkrum árum en samt sem áður er það svo að nánast önnur hver króna sem fólk fær úr lífeyrissjóði sínum tapast með beinni skerðingartengingu við almannatryggingakerfið og bæturnar sem þar eru greiddar. Eigi fólk lífeyrisréttindi, sem við erum ekki að tala um í þessu tilfelli varðandi Lífeyrissjóð bænda þar sem hæsti lífeyrisþeginn er með 45 þús. kr., ef staða fólks er sú að það eigi t.d. 110 þús. kr. lífeyrisrétt þá fer staðan að verða sú varðandi réttinn úr tryggingunum að sá lífeyrisréttur er nánast búinn að eyða upp öllum almannatryggingabótunum, hinum samsettu lágmarksbótum ellilífeyrisþegans.

Eins og fólk veit eru hinar samsettu bætur ellilífeyrisins samsettar úr grunnlífeyri, sem er að mig minnir u.þ.b. 23 þús. kr., tekjutryggingu sem er u.þ.b. 45 þús. kr. og síðan á fólk rétt á sérstakri heimilisuppbót og getur þar að auki átt til viðbótar rétt á sérstakri tekjutryggingu. Það er oft talað um að bætur einstaklings, samsettar lágmarksbætur einstaklings geti hæstar orðið í kringum 93 þús. kr. (**Gripið fram í:** Lægstar.) Lægstar, vildi ég sagt hafa, samsettar lágmarksbætur. Ef viðkomandi aðili á hvergi neins staðar rétt í lífeyrissjóði þá er það greiðslan sem kemur frá Tryggingastofnun. Eins og ég gat um áður að fái fólk 10 þús. kr. úr lífeyrissjóði byrjar skerðingin að virka, að mig minnir. Ég man ekki eftir að sé nein upphæð sem fólk má þéna eftir að skerðingunni var breytt í 0,45% (Gripið fram í.) 48 þús. upplýsir hv. þingmaður. Til er ég í að skoða það, alltaf skal hafa það sem sannara reynist, en svona er staðan, hæstv. forseti.

Mér finnst einnig þurfa að skoða það í Lífeyrissjóði bænda, sem við ræðum hér, þegar því er velt hér upp að taka upp aldurstengda réttindainnvinnslu. Eins og ég gat um áður tel ég að það þurfi að skoða miklu betur almennt séð, ekki bara varðandi Lífeyrissjóð bænda.

Ég hygg að það sé líka svo, hæstv. forseti, að bændakonur hafi minni lífeyrisrétt almennt en karlkyns bændur. Við erum því ekki að tala hér um 17 þús. kr. að meðaltali, heldur eitthvað verulega minna en það.

Síðan er rétt að segja frá því til upplýsingar af því að við erum að fjalla hér um tvö frumvörp um lífeyrissjóði á sama deginum, annars vegar Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga og hins vegar Lífeyrissjóð bænda, að í 22. gr. laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga segir, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. mgr. 8. gr. á sjóðfélagi, sem náð hefur 55 ára aldri við gildistöku laga þessara, rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 60 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum ...“ o.s.frv.

Þetta er auðvitað regla sem sett var inn á sínum tíma þegar þessi lög voru sett. En þarna var verið að tryggja að hjúkrunarfræðingar gætu tekið óskertan lífeyri frá 60 ára aldri. Ber að fagna því að slík réttindi skuli hafa verið sett inn í lögin um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga á sínum tíma. Menn hafa verið framsýnir þar að hugsa til þess að tryggja þessi réttindi í lögum án þess að um skerðingu á réttindum væri að ræða.

Virðulegur forseti. Það sem ég hef gert að umtalsefni í þessu máli er að draga það fram að réttur fólks eftir starfsstéttum hér á landi er mjög misjafn. Ég hef þá tilhneigingu, sem gamall forustumaður í stéttarfélagasamtökum, að vilja frekar sækja á um réttindi fyrir þær stéttir sem lakar eru staddar en að ljá því máls að keyra niður réttindi þeirra sem hafa betri réttindi til að jafna þau við þá sem lakar eru settir. Ég vil árétta það við lok ræðu minnar að þó að ég hafi verið að benda á lögin um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga er ég alls ekki að draga þá umræðu hér inn vegna þess að ég vilji skerða þau réttindi. Ég hefði miklu frekar viljað að við stefndum að því með lagasetningu eða öðrum aðgerðum að tryggja að aðrar stéttir gætu nálgast sams konar rétt og að makalífeyririnn væri 70% eins og í lögum um hjúkrunarfræðinga.

Það hefði auðvitað verið fróðlegt ef upplýst hefði verið úr þessum ræðustól hver makalífeyririnn í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er — ég hef því miður ekki lögin um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins fyrir fram mig — það hefur kannski einhver þingmaður sem kemur hér í ræðustól síðar þá tölu í minni sínu þannig að það verði upplýst.

Ég hefði talið að eðlilegt að sækjast eftir betri réttindum en ekki að vinna sífellt í þá veru að skerða réttindi. Ég er andvígur þeirri stefnumótun að við séum að draga úr réttindum í lífeyrissjóðunum.

Ég hef nú að mestu leyti vikið að því, hæstv. forseti, sem ég vildi ræða varðandi þetta mál. Í lok ræðu minnar vil ég segja að ég tel að við alþingismenn eigum að skoða þessa stöðu, hvort okkur er stætt á því að setja þegnunum svo mismunandi lög, hvort við verðum ekki að horfa til þess að hífa frekar upp þær stéttir sem lakar eru settar og láta þær hafa betri réttindi hvað varðar makalífeyri og lífeyrisréttindi almennt og horfa til þess að lagfæra stöðu bændastéttarinnar, lagfæra stöðu sjómanna, m.a. að því er varðar örorkukostnað lífeyrissjóðanna, og reyna að tryggja að við horfum ekki upp á þá stöðu eins og mér sýnist staðan í Lífeyrissjóði sjómanna vera, að þar geti menn dáið frá innvinnslu réttinda sinna upp á nokkuð góðar upphæðir, jafnvel hátt í 200 þús. kr. lífeyrisrétt, án þess að eftirlifendur eigi rétt til þeirra nema maki í þrjú ár full réttindi og síðan hálf í þrjú ár í viðbót. Ég held að það sé óásættanlegt.

Það hefur auðvitað verið þannig að eiginkonur sjómanna hafa oft verið heimavinnandi, gætt bús og barna og hafa ekki eignast sérstök lífeyrisréttindi. Þess vegna er svona regla enn ósanngjarnari gagnvart eiginkonum sjómanna sem hafa kannski á langri starfsævi ekki starfað úti á vinnumarkaðnum.

Ég held að ég láti þetta nægja við þessa umræðu en furða mig svolítið á því að nefndarmenn í hv. efnahags- og viðskiptanefnd, sem fjölluðu um þetta lagafrumvarp um Lífeyrissjóð bænda, skuli ekki hafa staldrað við þessa 50% reglu sem verið er að festa í lög að því er varðar maka bænda, sérstaklega með tilliti til þess hversu réttindi bændanna eru algjörlega út úr öllu korti eins og kom réttilega fram í svari við fyrirspurn hv. þm. Drífu Hjartardóttur þegar fjármálaráðherra svaraði því hver réttindi bænda væru. Ef eiginkonurnar eiga svo að fá 50% af 17 þús. kr., sem er meðaltalið, þá sjá allir hvaða rétt við erum að tryggja þeim.

Ég segi það alveg í fúlustu alvöru: Ég skora á alþingiskonur í þessum þingsal að skoða þetta mál upp á nýtt, fara fram á það.

[14:02]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var dálítið skrýtin ræða hjá hv. þingmanni. — Hv. þingmaður, ég er í andsvari.

Fyrst vil ég geta þess að upphaf makalífeyris í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, sem hv. þingmanni var tíðrætt um, er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga eins og hjá öllum opinberum starfsmönnum í B-deild LSR, ekki bara hjúkrunarfræðingum, auk 20%. Ef maðurinn er með lítinn áunninn rétt, búinn að starfa stutt, kannski um tíu ár, þá er þetta samtals 30%. Hv. þingmaður ætti að kynna sér þetta nákvæmlega.

Til viðbótar fá menn að sjálfsögðu frá Tryggingastofnun. Á heimasíðu Tryggingastofnunar segir að tekjutryggingin byrji að skerðast við 48 þús. kr. á mánuði í tekjur. Menn geta því haft 48 þús. kr. úr lífeyrissjóði, yfirleitt öllum lífeyrissjóðum og Lífeyrissjóði bænda án þess að skerðast neitt. Þeir fá það til viðbótar við það sem Tryggingastofnun greiðir.

Auk þess sem í lögum um Lífeyrissjóð bænda segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Sjóðfélagar skulu vera allir bændur og makar þeirra sem starfa að búrekstri.“

Makarnir eru allir tryggðir líka ef þeir starfa að búrekstri, sem yfirleitt er. Þeir eru því allir tryggðir til ellilífeyris og fá makalífeyri að auki.

[14:03]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að hafa

þessar áhyggjur eins og ég. Mér finnst þær hins vegar ekki vera í sömu veru og ég hafði.

[14:04]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Rétt skal vera rétt. Þegar menn tala um að staða Lífeyrissjóðs bænda sé slæm þá er hún það vissulega, fólk á mjög lítinn rétt. Ég hef bent á það í þessum ræðustól að að meðaltali var ellilífeyririnn undir 15 þús. kr. fyrir síðasta ár. En það er líka vegna þess að menn hafa greitt af mjög lágum launum.

Talandi um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, vissulega er mismunandi réttur milli opinberu sjóðanna og almennu sjóðanna. Það er vitað og þekkt og allir eiga að vita það. En þá ættu menn líka að minnast á það að örorkulífeyrir frá B-deild LSR og opinberu sjóðunum er afskaplega lélegur því að hann miðast við áunninn lífeyrisrétt. Það er ekki framreikningur eins og t.d. hjá Lífeyrissjóði sjómanna. Örorkulífeyrir Lífeyrissjóðs sjómanna er margfalt betri en örorkulífeyrir frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Þetta er því mismunandi eftir sjóðum, en menn þurfa að geta þess líka sem er miður. Maður sem er búinn að borga í tíu ár hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fær 20% af launum sem örorkulífeyri meðan hjá Lífeyrissjóði sjómanna fengi hann framreikning og gæti fengið 60–70% af þeim háu launum sem greidd eru inn í þann sjóð.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 14:08]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1287 og 1288. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 696. mál (hækkun iðgjalds, aldurstenging réttinda o.fl.). — Þskj. 1054, nál. 1227.

[14:28]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum. Hér hafa orðið allmiklar umræður um stöðu Lífeyrissjóðs bænda sem slíks og stöðu hans líka gagnvart öðrum lífeyrissjóðum í landinu. Þær breytingar sem hér er verið að gera eru í sjálfu sér ekki neitt stórvægilegar sem slíkar. Það er verið að auka heimildir sjóðsins bæði til þess að innheimta iðgjöld og einnig til að rýmka útgreiðslur eða greiðslu lífeyris. Ég kem hér fyrst og fremst til þess að taka undir og vekja ítrekaða athygli á stöðu lífeyrissjóðsins, þ.e. hversu hann er í raun veikur. Það ætti ekki að þurfa að koma á óvart. Staðreyndin er sú að í gegnum árin hafa lífeyrissjóðsgreiðslurnar og greiðslur í Lífeyrissjóð bænda verið hluti af samningi á milli ríkisvaldsins og Bændasamtakanna. Afurðaverð til bænda og einnig verð á landbúnaðarvörum til neytenda hefur lengst af verið samningsatriði, annars vegar á milli ríkisins og bænda og líka verið hluti af því að stýra kaupgjaldi og verðlagi í landinu. Oft hefur verið gripið inn í verðlagsforsendur á landbúnaðarvörum þegar hefur átt að hafa áhrif á verðbólgu, slá á verðbólgu, stýra kaupmætti þannig að laun og verðlagsmyndun í landbúnaði hefur oft verið hluti af miklu stærra dæmi. Lífeyrissjóður bænda sem slíkur er því bara eitt afsprengi af því ráðslagi sem hefur verið um áratuga bil. Auk þess hefur staða bænda verið sú að þeir eru í öðru orðinu atvinnurekendur þó svo að gerður hafi verið þessi samningur við ríkið um verð og að hluta til kaup og kjör í landbúnaði.

Ég er að leiða líkur að því að staða Lífeyrissjóðs bænda hvíli á félagslegri ábyrgð, á ábyrgð ríkisins þannig að hin erfiða staða lífeyrissjóðsins nú kemur í sjálfu sér ekkert á óvart, alls ekki, og það er í rauninni skylda ríkisins, skylda samfélagsins að taka á vanda þess lífeyrissjóðs þannig að hann geti veitt þeim þegnum landsins sem eiga rétt í sjóðnum sambærileg lífeyriskjör og annars staðar tíðkast í samfélaginu.

Mér sýnist því vera mjög brýnt að taka mál Lífeyrissjóðs bænda upp í stærra samhengi en hér er verið að gera og finna honum öruggan framtíðarsess, framtíðarstöðu. Það er einmitt vikið að því í greinargerð með þessu frumvarpi að aldurssamsetning sjóðfélaga sé með þeim hætti að stór hluti sjóðfélaga er í eldri kantinum. Tiltölulega stór hluti er þegar kominn á þann aldur að mega þiggja lífeyri úr sjóðnum eða er að komast á þann aldur að svo fari þannig að hinn hlutinn sem er áfram stór og virkur greiðandi í sjóðinn verður hlutfallslega minni. Þetta er líka vandi þessa sjóðs og speglar ákveðna samfélagsbreytingu í landinu sem hefur að hluta til verið drifin áfram með stjórnvaldsákvörðunum í breyttu atvinnu-, efnahags- og búsetumynstri beint og óbeint. Þess vegna er hin erfiða staða sjóðsins og viðfangsefni hans ekki eingöngu mál bænda heldur ekki síður mál samfélagsins alls.

Þess vegna vildi ég segja hér að það er mjög brýnt að málefni sjóðsins séu tekin upp í heild sinni til þess að finna honum varanlegan sess og varanlega framtíð. Þó að verið sé að leggja inn í hann einhverjar lítils háttar upphæðir til styrktar sjóðnum er það engan veginn fullnægjandi til þess að hann fái staðið undir því hlutverki og því verkefni sem honum er falið.

Hér hefur verið rætt um rétt á makalífeyri t.d. Kveðið er á um að lífeyrisréttindi maka skuli einungis vera um 50% af reiknuðum réttindum aðalsjóðfélaga. Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kom einmitt inn á það að þau séu miklu lakari en gerist hjá ýmsum öðrum sjóðum. Nú er í sjálfu sér ekki verið að breyta því í þessu frumvarpi heldur er þetta nú þegar svo í gildandi lögum. Þar stendur í 13. grein, með leyfi forseta:

„Upphæðir makalífeyris skv. 11. gr. skulu reiknaðar á sama hátt en með margföldunarstuðli sem er 50% lægri."

Þessi ákvæði um 50% yfirfæranlegan makalífeyri eru nú þegar í gildandi lögum. Engu að síður er fyllilega ástæða til að það sé skoðað og hefði verið alveg fyllilega tilefni til

þess að gera það nú um leið og verið er að breyta þessum ákvæðum sjóðsins sem við erum hér að fjalla um því að sé þarna á ferðinni misrétti eða með öðrum orðum sé þarna ekki um jafngild réttindi maka að ræða og tíðkast í öðrum sjóðum þá er sjálfsagt, finnst mér, að það sé kannað hvernig megi leiðrétta það.

Frú forseti. Ég ætla annars ekki að fara neitt ítarlega í þessi atriði. Það hefur verið gert mjög rækilega hér. Hv. þm. Ögmundur Jónasson fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í efnahags- og viðskiptanefnd sem hefur fjallað um þetta mál þar hélt hér mjög ítarlega ræðu þar sem hann fór í gegnum lífeyrissjóðsmálin almennt og síðan sértækt hvað laut að Lífeyrissjóði bænda. Ég hef því engu við það að bæta öðru en þessu að ég tel mjög brýnt að lög um Lífeyrissjóð bænda séu tekin upp í heild sinni og skoðuð með það að markmiði að réttur sjóðfélaga þar sé fyllilega sambærilegur við það sem gerist hjá bestu lífeyrissjóðum landsins. Vinnandi stéttir samfélagsins, hvort sem það eru sjómenn, verkamenn, bændur, iðnverkafólk, skrifstofufólk eða hverjir sem eru, allir eiga að hafa góð lífeyrisréttindi og við þurfum ekki síst að taka á réttindum bænda og bændafólks í þessum efnum. Ég ítreka það að ég tel að það eigi að endurskoða sem allra fyrst lög um Lífeyrissjóð bænda í þessu augnamiði. En það ætti jafnvel að kanna núna milli 2. og 3. umr. hvort við hefðum átt líka að skoða þessi 50% ákvæði um rétt makalífeyris og breyta því þá í þessari meðferð ef það þætti mögulegt og rétt. Það er mjög slæmt ef um mikinn mismun á réttindum fólks er að ræða hvað þetta varðar á milli einstakra sjóða.

[14:39]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram ágæt og fróðleg umræða um lífeyrismál almennt en tilefnið er þingmál sem lýtur sérstaklega að Lífeyrissjóði bænda. Sannast sagna hafði ég ætlað að sýna fyrirhyggju með því að kveðja mér hljóðs af því að ég sá að hv. þm. Pétur H. Blöndal var kominn á mælendaskrá og taldi líklegt að ég hefði einhverju þar við að bæta. En hann sem formaður efnahags- og viðskiptanefndar ætlar greinilega að hafa síðasta orðið og er ekkert nema gott um það að segja. Það má vel vera að ég eigi eftir að koma upp í andsvari við hann.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar um mikilvægi þess að huga að málefnum Lífeyrissjóðs bænda. Lífeyrissjóðurinn hefur staðið höllum fæti og það er mjög mikilvægt að hið opinbera komi að stuðningi við þann lífeyrissjóð og löggjafanum ber að skoða alla lagaumgjörð sem snerta réttindi og kjör íslenskra bænda. Ég vil taka undir þau orð og þá hvatningu hv. þm. Jóns Bjarnasonar.

Annað sem hann sagði og ég er einnig alveg sammála er að það er nauðsynlegt að stefna að því að jafna lífeyriskjörin í landinu en þó þannig, og á það legg ég ríka áherslu, að þessi jöfnun eigi sér stað upp á við, að kjör þeirra sem eru lakari verði færð að því sem best gerist í landinu og þá er ég kannski fyrst og fremst að horfa til opinbera lífeyriskerfisins.

Það urðu mikil átök um lífeyrismál á níunda áratugnum og fram yfir miðjan tíunda áratuginn, en þá var sett ný rammalöggjöf um lífeyrissjóði og lífeyrissjóður opinberra starfsmanna fór einnig inn í nýtt lagaumhverfi. Gamli tíminn er því smám saman að fjara út, þ.e. B-deild svokölluð í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, en nýtt fyrirkomulag er tekið við sem byggir á sömu grunnprinsippum, grunneigindum og aðrir lífeyrissjóðir í landinu. Þannig gerist það að þróunin er öll í sömu átt en barátta launafólks fyrir traustum lífeyrissjóðum hefur orðið þess valdandi að lífeyrisréttindin hafa almennt verið bætt en ekki úr þeim dregið eins og margir hafa viljað.

Um það stórmál sem komið er að hér, aldurstengingu lífeyrisréttinda, átti ég kannski það eitt ósagt í fyrri ræðu minni að ég hef grun um að þeir sem vilja færa lífeyriskerfið í átt að einstaklingsbundnum samningum séu áhugasamir um þessar breytingar. Hvers vegna? Vegna þess að við færumst nær því að horfa á iðgjöld, ávöxtun og réttindi hvers einstaklings. Við stígum ekki það skref til fulls að sjálfsögðu með slíkri breytingu, aldurstengingu lífeyrisréttinda. Við erum þar fyrst og fremst að tala um hópa. En verður og yrði þar látið staðar numið? Einhvern tíma hefur verið vísað í það að konur lifa almennt lengur en karlar. Eiga þær fyrir bragðið að hafa rýrari lífeyrisrétt? Nei, ég held ekki. Það er nefnilega viljinn í landinu að halda samtryggingarkerfinu sem traustustu.

Margir séreignarhyggjumenn, þeir sem vilja fara með lífeyriskerfið í áttina að séreignarsparnaði, telja sig mjög klóka fyrir sína eigin hönd, að þeir tryggi sjálfum sér betri réttindi. Þetta er alrangt. Þeir eru hins vegar afskaplega velviljaðir afkomendum sínum. Þeir munu sjálfir fá minna í sinn hlut þegar þeir komast á lífeyri, einfaldlega vegna þess að þeir fá í sinn hlut réttindi sem sá sem fellur frá skilur eftir. Þess vegna er samtryggingin traustari og þess vegna verður lífeyrir til þeirra sem lifa hærri. Í séreignarkerfinu skilja menn þetta eftir inn á séreignarreikningum og þegar þeir falla frá þá fá afkomendur þeirra að njóta þess.

Séreignarfyrirkomulagið rýrir ellilífeyri þeirra sem fara á ellilífeyri en fyrir bragðið skilja þeir hugsanlega meira eftir til afkomenda sinna. Menn eru því ekkert afskaplega klókir fyrir eigin hönd þegar allt kemur til alls. Þessi hugsun, að sundurgreina einstaka hópa og síðan einstaklinginn, hnígur öll í þessa átt. Ég hef um þetta miklar efasemdir.

Varðandi makalífeyrisréttinn þá hefur hann tekið breytingum. Hann breyttist t.d. í opinbera kerfinu og eins er það reyndar með barnalífeyrinn. Þær breytingar voru að mörgu leyti til góðs tel ég hafa verið. En sú leið sem var farin í opinbera kerfinu, í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins varðandi makalífeyri, var að þar var sett eins konar sólarlag inn í kerfið, eins konar brú á milli kynslóða. Þar hugsuðu menn sem svo:

Við erum að fara inn í samfélag þar sem báðir aðilarnir, karlinn og konan, eru útivinnandi. Það er af sem áður var, að konur væru heima og nytu ekki lífeyrisréttinda. Þetta er að breytast og fyrir bragðið voru menn reiðubúnir að breyta makalífeyrisréttinum en viðurkenndu að þarna væri ekki saman að jafna eldri kynslóðinni og hinni yngri.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta núna. Ég beini þeim varnaðarorðum til allra þeirra sem véla um málefni lífeyrissjóðanna að taka ekki ákvarðanir um aldurstengingu lífeyrisréttindanna án þess að um það fari fram mjög ítarleg umræða.

Af því ég sé að framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands er á þingpöllum þá vil ég hrósa því félagi og málgagni þess fyrir rækilega og vandaða úttekt á lífeyrismálum. Þar er sérstaklega vakin athygli á aldurstengingu lífeyrisréttinda og farið mjög kerfisbundið í þá umræðu. Í blaðinu er m.a. rætt við Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða, og fleiri aðila. Þar er hreyft umræðu sem ég tel að eigi að fara fram í þjóðfélaginu almennt. Við höfum tekið hana upp á vettvangi samtaka launafólks, verið með ágæta umræðu innan BSRB, en hún er rétt að hefjast og henni er sannarlega ekki lokið af okkar hálfu.

[14:48]

Kjartan Ólafsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er verið að ræða frumvarp til laga um Lífeyrissjóð bænda. Margt hefur komið fram í þessari umræðu og umræðan er ágæt í sjálfu sér. Það er þeim ljóst sem hafa hlustað á umræðuna að það hafa komið upp vandamál með lífeyrisréttindi bænda sem hafa aðild að þeim sjóði. Þar kemur margt til, eins og við þekkjum. Reglurnar og lögin um sjóðinn voru með þeim hætti að menn borguðu ekki inn af fullum launum. Það var ákveðið þak á inngreiðslum til sjóðsins og auk þess fækkar í þessari atvinnugrein þannig að það eru færri sem borga í sjóðinn og mun fleiri sem þiggja greiðslur úr sjóðnum. Það er margt fleira sem mætti tína til sem gerir það að verkum að þessi sjóður er í þeirri stöðu sem raun ber vitni. Það er mjög slæmt mál. Ég tek undir það.

Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. Ögmund Jónasson, þar sem hann nefndi áðan að stjórnvöld bæru vissa ábyrgð, sem ég tek undir. En spurning mín til hans er: Með hvaða hætti og hvernig fyndist honum að stjórnvöld ættu að taka á með þessari ágætu atvinnugrein og hvað er til úrlausna í sjálfu sér?

Ég vil að það komi fram að ég er ekki sammála hv. þingmanni um að það sé ekki rétt og eðlilegt og æskilegt fyrir bændur að greiða samhliða í frjálsa lífeyrissjóði. Ég vil hvetja menn til þess þrátt fyrir að þeir séu bundnir samkvæmt lögum því að vera í Lífeyrissjóði bænda og borga þar inn. Ég hvet bændur samt sem áður til að borga í frjálsa sjóði og hafa þar aukasjóð þegar fram í sækir.

[14:50]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni fyrir að lýsa því almenna viðhorfi að lífeyrisréttindi bænda séu ekki einvörðungu á þeirra ábyrgð heldur beri samfélagið allt ábyrgð á málum þeirra.

Hvaða leiðir nákvæmlega skuli fara til að treysta lífeyriskjör bænda og lífeyrissjóði þeirra kann ég ekki að nefna en ég get hins vegar nefnt leiðina sem má fara að því marki. Hún byggir að sjálfsögðu á nánu samstarfi og samvinnu við samtök bænda. Ég held að þar eigi að hafa sömu vinnureglu og við viljum hafa í Samtökum launafólks, að efnt sé til náins samráðs með bændum og fulltrúum þeirra og síðan ríkisvaldinu um leiðir að þessu marki. Ég tel reyndar að skoða þurfi margt í kjaraumhverfi bændastéttarinnar. Þetta væri vissulega einn mjög mikilvægur liður í slíkri endurskoðun.

[14:52]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Hér hefur að mörgu leyti farið fram fróðleg umræða um lífeyriskerfið almennt og það er mjög gott, að þetta skuli vera rætt og ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir frumkvæðið að því.

Síðustu skoðanaskiptin sem fóru fram í andsvörum voru mjög athyglisverð. Þar kom fulltrúi ríkisstarfsmanna, formaður BSRB, og vildi endilega hækka öll réttindi uppávið, hvað sem það kostaði. Ríkið borgar. Einn af landsbyggðarþingmönnum bænda vill líka bæta kjör bænda (**JBjarn:** Þingmaður þjóðarinnar.) hvað sem það kostar og láta guð almáttugan borga, þ.e. ríkið. Nú er það svo, (Gripið fram í.) herra forseti, að það er yfirleitt hinn almenni launþegi sem greiðir alla skatta og skyldur í þessu þjóðfélagi. Ef við ætlum að velta einhverjum byrðum yfir á ríkið þá verður það hinn almenni launþegi, félagsmaður í ASÍ og félagsmaður í BSRB, hinn almenni launþegi sem greiðir það og jafnvel þótt fyrirtæki sé látið greiða það. Á endanum kemur það fram þannig að ráðstöfunarlaunin verða lægri.

Það er nefnilega þannig að guð almáttugur hefur ekki haft það fyrir sið að borga fyrir ríkið á Íslandi. Almenningur í landinu greiðir það allt saman. Menn hafa bæði gert kröfu á ríkið fyrir hönd sjómanna og bænda og ég veit ekki hvað. Þetta er voðalega auðvelt en það er í rauninni krafa BSRB á ASÍ-félaga að borga nú brúsann. Þannig er nú það.

Það hefur lítið verið rætt um það að þjóðin verði langlífari. Það kostar alla þjóðina 1% í hærra iðgjaldi í lífeyrissjóði sem reyndar er að forminu til greitt af atvinnurekendum. En þeir gætu að sjálfsögðu hækkað öll laun í landinu um þá krónutölu ella. Svo er aukinn örorkulífeyrir sem kostar þjóðina annað prósent. Þjóðin er núna farin að borga 2% af öllum launum vegna lengri lífaldurs og örorku. Þetta kemur niður á fólki sem er að vinna, eignast börn og koma sér upp húsnæði.

Það sem við ræðum hér er í fyrsta lagi möguleiki stjórnar Lífeyrissjóðs bænda til að hækka iðgjaldið upp í eitthvað hærra á sjóðfélaga, þ.e. bændur, og möguleiki stjórnar til að hækka iðgjaldið úr 6% í eitthvað hærra fyrir launagreiðandann, sem er merkilegt nokk hjá bændum ríkissjóður. Það byggir á búvörusamningum. Ríkið borgar 250 millj. kr., eins og kemur fram í frumvarpinu, á ári inn í Lífeyrissjóð bænda sem atvinnurekandi. Mjög merkilegt.

Í frumvarpinu er jafnframt getið um það að þetta skuli nota til að gera stjórninni kleift að taka upp aldurstengd lífeyrisréttindi. Hvað þýðir það? Það er kannski það sem við ættum að ræða nákvæmast hvað þýða aldurstengd lífeyrisréttindi?

Þannig er að iðgjald sem tvítugur maður borgar stendur í 45 ár á vöxtum hjá lífeyrissjóðnum þar til hann hefur töku ellilífeyris við 65 ára aldur, ef við gerum ráð fyrir því. Iðgjald sem sextugur maður borgar stendur ekki nema í fimm ár, sem þýðir það að réttindin sem ungi maðurinn ætti að fá ættu að vera margfalt hærri en réttindin sem hinn aldraði fengi fyrir sama iðgjald. Það er reyndar um þrefalt hærra sem hinn yngri ætti að fá að öllu jöfnu. Þá væri kerfið í lagi. Hingað til hafa menn haft jafnaðariðgjald fyrir alla aldurshópa. Allir hafa borgað jafnt og fengið sömu réttindi, jafnt hinn sextugi sem hinn tvítugi.

Herra forseti. Sjóðir með mikið af ungu fólki, ég nefni sem dæmi Lífeyrissjóð verslunarmanna en mjög margir byrja í Lífeyrissjóði verslunarmanna ungir og starfa í svona fimm, sex eða tíu ár, og fara svo í aðra sjóði, háskólasjóði og marga aðra, Lífeyrissjóð bænda o.s.frv. Vegna þess arna þá eru réttindin sem þetta fólk fær miklu meiri en rétturinn sem því er gefinn, þ.e. það ætti að fá mikið hærri réttindi. Sá lífeyrissjóður stendur mjög vel og getur borgað hærri lífeyri fyrir sama iðgjald.

Annar sjóður, ég nefni þá Lífeyrissjóð bænda sem dæmi, sem er með mikið af öldruðum félögum, veitir hins vegar of mikil réttindi fyrir sama iðgjald og hann stendur illa. Þá þarf að skerða sjóðfélaga, bara af því þeir eru í lífeyrissjóði með mikið af öldruðum sjóðfélögum. Þetta hef ég í um 20 ár talað um sem tímasprengjuna sem íslenska lífeyrissjóðakerfið býr við. Það að menn skuli hljóta mismunandi lífeyrisrétt á endanum eftir því hvað fólkið við hliðina á því í lífeyrissjóðnum er gamalt. Það gengur ekkert upp.

Hugsum okkur bónda sem vinnur á býli sínu og hann er giftur konu sem við skulum segja að vinni í kaupfélaginu. Konan borgar í Lífeyrissjóð verslunarmanna, þar sem er mikið af ungu fólki, og karlinn borgar í Lífeyrissjóð bænda, þar sem mikið er af gömlu fólki. Þau eru bæði skylduð til þess með lögum frá Alþingi að borga í þessa sjóði. Þau hafa ekkert val. Vegna þess hve mikið er af gömlu fólki í Lífeyrissjóði bænda þá þarf að skerða lífeyrisgreiðslur til bóndans, bara af því hann var skyldaður til að borga í þann sjóð. En konan sem borgaði í Lífeyrissjóð verslunarmanna, var skylduð til þess og mátti ekki borga í neinn annan lífeyrissjóð, fær uppbót af því hún er í lífeyrissjóði sem vill svo til að í er mikið af ungu fólki, sem þýðir að hún fær uppbót fyrir sama iðgjald og bóndinn, maðurinn hennar, borgaði inn í Lífeyrissjóð bænda. En greiðslur til bóndans eru skertar. Þetta segir mér að svona kerfi gangi ekki til lengdar, enda sjáum við það núna. Það fer eftir aldurssamsetningu sjóðfélaga hvort lífeyrisréttindi þeirra eru skert eða ekki, en alls ekkert eftir þeirri ávöxtun sem stjórn sjóðsins nær.

Ég minni á það þegar Lífeyrissjóður verkstjóra var sameinaður öðrum sjóðum í Sameinaða lífeyrissjóðinn þá þurfti að skerða réttindin um 25%, það þurfti að skerða lífeyrisréttindi verkstjóra um 25% vegna þess að sjóðfélagar voru flestir orðnir gamlir. Einstaka verkstjóri var ungur en það skipti ekki máli.

Þetta er sú tímasprengja sem menn eru núna að reyna að vinda ofan af með því að taka upp aldurstengd lífeyrisréttindi. Sú umræða kom ekki upp allt í einu eða í lokuðum hópi. Ég veit ekki betur en að ASÍ hafi rætt þetta á mörgum þingum. Þetta er búið að vera í umræðunni hjá Landssamtökum lífeyrissjóða í lengri tíma, enda var þetta vandamál þekkt. Einn lífeyrissjóður hefur haft þetta alla tíð, þ.e. Lífeyrissjóður verkfræðinga. Að meðaltali kemur þetta nákvæmlega eins út en vandinn er sá að við erum með misgamla lífeyrissjóði. Ef þeir væru allir jafngamlir þá gætum við haft þetta meðaliðgjald, eins og verið hefur. Þetta hefur alltaf verið vitað.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson hann hreyfði því líka að konur yrðu öðruvísi tryggðar. Vissulega. Konur lifa lengur. Þar af leiðandi er ellilífeyrir þeirra dýrari en ellilífeyrir karlmanna. En makalífeyrir þeirra er hins vegar ódýrari því að makinn er yfirleitt yngri og lifir mikið skemur. Hann er karlmaður yfirleitt, þ.e. maki kvenna. Þannig held ég að þetta upphefjist nokkurn veginn, hvort á móti öðru, þ.e. (Gripið fram í.) ódýrari makalífeyrir kvenna á móti dýrari ellilífeyri.

Langskólagengið fólk, það er rétt, byrjar starfsævina miklu seinna, en oft og tíðum vinna menn með námi og öðlast réttindi þar þann tíma. Á tímabili var líka greitt í lífeyrissjóð af lánunum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Ég skil ekki af hverju það var tekið í burtu og af hverju það er ekki tekið upp aftur því ákveðið gat myndast í réttindavinnslu fólks við það að fara í nám.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson gat þess að hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vissi lífeyrisþeginn að hverju hann gengi af því að réttindin eru föst en iðgjaldið er breytilegt. En aumingja skattgreiðandinn veit ekki að hverju hann gengur. Það er vitað að ef vextir á fjármagnsmarkaði fara niður fyrir 3,5%, sem stefnir hraðbyri í, til góðs fyrir alla lántakendur í landinu og alla launþega sem eru að fjármagna íbúðarhúsnæði sitt, þá muni þurfa að skerða lífeyri hjá öllum almennu lífeyrissjóðunum því að þeir hafa engan bakhjarl. Það munar gífurlega miklu um það þegar vextir fara niður í 2,5% á markaðnum, það þyrfti því að skerða mjög mikið.

Á sama tíma mun þurfa að hækka iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, bara si svona, hækka skattgreiðslurnar á þetta sama fólk í ASÍ. Á sama tíma og verið er að skerða það á að hækka skattgreiðslur til að halda uppi háum réttindum hjá opinberum starfsmönnum. Ég er hræddur um að það sé þriðja tímasprengjan í dæminu, en þær eru nokkrar. Það er t.d. tímasprengja milli A- og B-deildar, því að B-deildarfólkið fær lífeyrisréttindi sem hækka eins og laun, og þau hafa hækkað alveg gífurlega undanfarið, á meðan A-deildarfólkið fær lífeyrisréttindi sem hækka eins og verðlag, miklu minna. Það á eftir að koma í ljós að opinberir starfsmenn uppgötva þetta og það er ein tímasprengjan í viðbót. Það er mikið af svona misræmi í kerfinu.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson talaði mikið um Lífeyrissjóð bænda og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Hann gleymdi að geta þess að örorkulífeyrir hjá opinberu sjóðunum, Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, B-deild, er afskaplega lélegur. Hann miðast nefnilega við áunnin réttindi. Maður sem er búinn að starfa í fimm ár hjá ríkinu og fær 2% fyrir hvert ár fær 10% af launum sem örorkulífeyri, það eru nú öll ósköpin. Sá lífeyrir er skammarlega lakur. En menn hafa ekki viljað snerta á honum vegna þess að þá rugga menn bátnum. Þetta á við um B-deildina.

Hins vegar ef við tökum Lífeyrissjóð sjómanna, maður sem búinn er að starfa sem sjómaður í fimm ár fær framreikning, ef þetta er ungur maður fær hann framreikning til 67 ára aldurs, að mig minnir. Hann fær framreikning til enda starfsævinnar og getur fengið mjög myndarlegan örorkulífeyri, 50–60% af launum, af oft og tíðum mjög háum launum sem greitt er af í Lífeyrissjóð sjómanna. Þetta gleymdi hv. þingmaður að nefna líka. Það er því alls konar misræmi í þessu kerfi fram og til baka.

Mig langar til, herra forseti, að ræða rétt aðeins um sam-

spil Tryggingastofnunar og lífeyrissjóða. Maður sem fær ekki neitt neins staðar, ekki úr lífeyrissjóði, tekjur eða annað slíkt og býr einn, fær núna í dag — ég fór í Reiknhildi Tryggingastofnunar á tr.is — 104. 445 kr. á mánuði í lífeyri frá TR og síðan er dreginn skattur frá því, þannig að hann er með 93 þús. kr. til ráðstöfunar á mánuði. Þetta er algjört lágmark, þessi maður hefur engar tekjur neins staðar frá.

Ef hann er með meðallífeyri frá Lífeyrissjóði bænda, sem við erum að ræða hér um, þar sem meðalellilífeyrir er 15 þús. kr. og menn hafa verið að býsnast yfir, hann er reyndar mjög lágur, en ef hann er gefinn inn í þetta sama reikniforrit hjá Tryggingastofnun ríkisins 180 þús. kr. á ári fær hann 97.695 kr. á mánuði plús 15 þúsund kr. úr lífeyrissjóðnum, og hann er með 112.695 á mánuði fyrir skatt. Ég vil minna á að það er nokkuð svipað og nokkrir taxtar Eflingar eru fyrir fulla vinnu, þ.e. lífeyrisþegi sem er með meðalellilífeyri frá Lífeyrissjóði bænda er með tekjur á mánuði sem svara til dagvinnulauna samkvæmt taxta Eflingar. Svo geta menn náttúrlega rætt um hvort þau séu ekki lág.

Ef þessi maður fær 50 þúsund kr. á mánuði úr lífeyrissjóði, sem er ekki sérstaklega óalgengt, fær hann frá Tryggingastofnun 82 þús. kr. og hann er með 132 þús. kr. fyrir skatt í tekjur. Þetta vil ég að menn hafi í huga áður en þeir ræða mikið fleira. (**ÖJ:** Þetta eru bara milljónerar!) Nei, ég segi það ekki, milljónerar, en þeir eru a.m.k. með tekjur sem eru yfir töxtum Eflingar. Og það vill svo til, því miður, að það er fjöldi manns í þjóðfélaginu sem fær taxta Eflingar, þó að þingmenn kannist kannski ekki við það.

[15:05]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef verið að reyna að ráða í þennan málflutning og ég hef velt því fyrir mér hvort hv. þm. Pétur H. Blöndal sé óvenjulega hugrakkur eða óvenjulega dómgreindarlaus maður. Ég hallast helst að hinu síðarnefnda.

Hann stillir dæmi sínu þannig upp að almennt launafólk á ASÍ-markaðnum sé að greiða fyrir launafólkið í opinbera kerfinu. Þetta er hræðilegt ranglæti, segir hann, og úr þessu þarf að sjálfsögðu að bæta.

Nú langar mig til að spyrja hv. þm. Pétur H. Blöndal: Hvernig greiddi hann atkvæði í þingmannafrumvarpinu þar sem hann skammtaði sjálfum sér og ráðherrunum réttindi sem eru ekki að nokkru leyti sambærileg við það sem tíðkast í þjóðfélaginu, hvorki á almennum vinnumarkaði né á hinum opinbera? Ráðherra í ríkisstjórninni ávinnur sér 6% á ári. Fólk í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ávinnur sér 2% af grunnlaunum og í A-deildinni 1,9% af heildartekjum. Í almennum lífeyrissjóðum er þessi ávinnsluprósenta 1,4–1,6%, á því bili. Hana þyrfti að bæta, tel ég, og það þyrfti að hækka einfaldlega iðgjöldin sem þessu nemur vegna þess að ég er því fylgjandi að fólk leggi til efri áranna.

Ég vek athygli á þessu furðulega misræmi í málflutningi hv. þingmanns, þessum furðulega dómgreindarskorti þegar hann setur mál sitt fram. Eða er hv. þingmaður ekki hluti af þessu samfélagi? Eiga að gilda allt önnur rök um hann (Forseti hringir.) og þá sem verma stólana í þessum sal? Hvers vegna þessar kveðjur til almenns launafólks á Íslandi?

[15:07]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú taka fram að þetta er ekkert persónulegt. (**ÖJ:** Nú, ekki persónulegt.) Það getur vel verið að ég sé dómgreindarlaus en ég studdi frumvarpið um Lífeyrissjóð þingmanna á sínum tíma vegna þess að kjör flestra þingmanna eru skert með því, þeir borga hærra iðgjald, 5% í staðinn fyrir 4%, og þetta er ákveðin samræming sem gerir það léttara að breyta lífeyrisréttindum þingmanna yfir í það sem er hjá almennum launþegum. Ég hef í tvígang flutt frumvörp um það að lífeyrisréttindi þingmanna verði eins og hjá almenningi í landinu. (**ÖJ:** Það er sýndarmennska.) Ég hef í tvígang flutt það frumvarp. Hv. þingmaður hefur aldrei flutt frumvarp um það, aldrei nokkurn tíma. (**ÖJ:** Sýndarmennska.) Hv. þingmaður hefur aldrei flutt frumvarp um að lífeyrisréttindi þingmanna verði skert eða minnkuð. Ég hef hins vegar flutt um það frumvarp í tvígang og það er engin sýndarmennska. Ég barðist fyrir því að fá það samþykkt og ég mun flytja það væntanlega aftur, þannig að ég vil að þingmenn séu með lífeyrisréttindi eins og almenningur í landinu.

Hins vegar eru öll laun opinberra starfsmanna greidd með sköttum eða útsvari þannig að þau eru greidd af almenningi og fyrirtækjum í landinu og það sem fyrirtækin greiða í skatt geta þau ekki greitt í laun. Við erum því að segja að launafólk í landinu stendur undir skattgreiðslum beint eða óbeint og þegar opinberir starfsmenn búa við þannig kerfi að réttindin eru föst en iðgjaldið breytilegt munu álögur á almenning hækka þegar þarf að skerða lífeyri hjá almennu sjóðunum. Ef ávöxtun á markaði fer niður fyrir 3,5%, sem ég vona að gerist ekki en allt stefnir í, þá fáum við eina tímasprengjuna enn þegar við þurfum að auka álögur á hið vinnandi fólk, fólkið sem er að koma upp börnum og húsnæði og á stundum ekkert voðalega gott og hefur stundum ekki mikil auraráð þegar þarf að hækka álögur á það fólk til að borga hin föstu lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna á sama tíma og lífeyrisréttindi þess eru skert.

[15:09]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi studdi hv. þingmaður frumvarp sem veitti honum sjálfum umframréttindi miðað við aðra í þjóðfélaginu og þykist síðan með sýndarmennskumálatilbúnaði vilja stefna í einhverja allt aðra átt.

Réttindi þingmanna voru ekki skert. Það er valkvætt fyrir hvern og einn að velja það kerfi sem þjónar hans hagsmunum sem best.

Síðan þetta gamaldags viðhorf um opinberan rekstur og opinbera starfsmenn og þá sem sinna öðrum verkum í þjóðfélaginu. Þetta er gamaldags úrelt viðhorf. Það að leggja málin þannig upp að þeir sem sinna starfi í menntakerfinu eða í heilbrigðiskerfinu, að sjúkraliðinn á öldrunardeild Landspítalans sé á framfærslu hjá samfélaginu, hjá fólki sem sinnir öðrum störfum í landinu, þetta er náttúrlega afskaplega niðurlægjandi. Ekki fyrir starfsmanninn, heldur

fyrir þann þingmann sem talar svona. Þetta eru úrelt gamaldags viðhorf sem eiga ekki nokkra stoð í veruleikanum.

Við lifum í samfélagi sem skiptir með sér verkum. Sumir starfa á almennum vinnumarkaði, í verslunum, sjómennsku eða í öðrum störfum, aðrir sinna öðrum hlutverkum í heilbrigðisþjónustunni, í skólakerfinu, og þetta á að heyra sögunni til að tala á þennan hátt niður til fólks.

Um efnisþætti sem fram komu hjá hv. þingmanni varðandi starfsaldurstengingarnar eða aldurstengingarnar í lífeyriskerfinu, það er ekki rétt að um þetta hafi farið fram víðtæk umræða. Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðskerfanna, lýsti því yfir hjá okkur að hann væri í fyrsta skipti að koma á almennan fund að taka þátt í umræðu um þessi mál þegar hann kom á fund hjá BSRB.

Þegar breyting er gerð á einum stað í kerfinu og hún muni hafa afleiðingar annars staðar í kerfinu, (Forseti hringir.) það er einmitt það sem við erum að vara við. Við erum að hvetja til þess að menn fari ekki á út á þá braut án þess að víðtækt samráð fari fram um það í öllu kerfinu.

[15:12]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tvígang hef ég flutt frumvörp um að lífeyrisréttindi þingmanna verði eins og gerist í almennu sjóðunum en að þeir fái launahækkun sem því nemi. Það að ég studdi frumvarp til þingmanna var að það frumvarp gerir réttindi þingmanna sambærilegri við almenna markaðinn að einhverju leyti og auk þess var ég akkúrat á mörkunum að ég hvorki græddi né tapaði á breytingunni. Yngri þingmenn töpuðu á henni og eldri þingmenn græddu en (**ÖJ:** En ráðherrar?) reyndar er það valkvætt. Ráðherrar græddu töluvert mikið sumir hverjir.

En ég hef alla vega í tvígang flutt frumvörp um að breyta þessu en hv. þingmaður hefur aldrei flutt frumvarp um þetta og ekki þingsályktunartillögu né nokkurn skapaðan hlut um lífeyrismál. (**ÖJ:** Sýndarmennska.)

Að þetta sé gamaldags og úrelt sjónarmið, auðvitað vinna opinberir starfsmenn mjög þarft verk og ég er ekkert að gera lítið úr starfi þeirra, alls ekki, þeir vinna sumir hverjir afskaplega vel. (Gripið fram í.) Herra forseti, get ég fengið frið til að halda ræðuna fyrir persónulegum ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Ég bið hv. þingmenn að gefa ræðumanni tækifæri til að ljúka máli sínu.)

Að þetta sé gamaldags og úrelt sjónarmið, það er bara þannig að opinberir starfsmenn fá laun sín með skatttekjum, það er sama hvernig menn snúa því og venda. Þeir vinna margir mjög þarft starf og standa virkilega fyrir sínu þannig að þeir þurfa ekkert að skammast sín fyrir það. En þegar menn eru stöðugt að gera kröfur á ríkissjóð um að bæta stöðu Lífeyrissjóðs bænda, bæta stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna o.s.frv. þá verða þeir að átta sig á því að þeir eru að gera kröfu á hinn vinnandi mann hvort sem það er opinber starfsmaður eða ASÍ-maður. (Gripið fram í.)

Um almennan fund, ég veit ekki hvort aðalfundir ASÍ eru almennir fundir, það er kannski einhver lokuð klíka. En þeir hafa verið að ræða um lífeyrismál aftur og aftur og þeir hafa haft í gangi lífeyrisnefndir þannig að mér finnst hv. þingmaður gera heldur lítið úr starfi þeirra.

[15:14]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við þjóðfélagsþegnar greiðum geysilega margt með sköttum, það er einfaldlega svo, hv. þm. Pétur H. Blöndal. Við kaupum þjónustu opinberra starfsmanna og greiðum hana með þeim tekjum sem ríkið hefur, þar á meðal sköttum. Ég veit ekki betur en að menn séu nokkuð sammála um að við þurfum þá þjónustu sem opinberir starfsmenn veita okkur í þjóðfélaginu, hvort sem það er á heilbrigðissviði eða á öðrum sviðum þjóðfélagsins, menntasviði, almennri opinberri þjónustu, þjónustu sveitarfélaga o.s.frv. Það er bara eins og það er og breytir ekki, finnst mér, umræðunni að við munum alltaf kaupa þjónustuna á því verði sem hún er á.

Það er hins vegar rétt að minna á að fyrr á árum voru laun opinberra starfsmanna yfirleitt lægri en á almenna vinnumarkaðnum. Vegna hvers? Vegna þess að menn sögðu að opinberir starfsmenn — sem rétt var — hefðu miklu betri lífeyrisrétt en aðrir landsmenn. Þetta veit hv. þingmaður alveg jafn vel og ég, að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna voru miklu betur tryggð en annarra launþega.

Við tölum um frumvarpið um Lífeyrissjóð bænda og reynum að tryggja stöðu þeirra. Ég vil spyrja: Hvers vegna setjum við ekki inn 8% í staðinn fyrir 6%, eins og nánast allar aðrar stéttir í þjóðfélaginu hafa verið að semja um? Hvers vegna er það, hv. þingmaður? Við þurfum jú vissulega að taka á stöðu bænda og ég geri mér grein fyrir hvaðan þessi 2% til viðbótar mundu koma. (Forseti hringir.) En þannig er það bara.

[15:16]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þetta síðasta — því að þetta var eiginlega ekki andsvar, þetta var meðsvar — þá kemur fram í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið að ríkissjóður greiðir 234 millj. á ári í lífeyrissjóðinn, sem eru 40 millj. fyrir hvert prósent, 2% til viðbótar mundu því þýða 80 millj. á ríkissjóð. Og hver skyldi greiða það? Það eru náttúrlega launþegar í ASÍ, sjómenn, bændur og opinberir starfsmenn sem mundu borga þessar 80 millj. (Gripið fram í.) Þetta er hluti af búvörusamningi. Um þetta verður því fjallað í búvörusamningi þegar þar að kemur.

Varðandi það að opinberir starfsmenn hafi haft lægri laun á tímabili, er það rétt. Það var reyndar ekki langur tími, kannski 10–15 ár, en laun þeirra hafa hækkað óskaplega mikið undanfarið, og það er svo sem ágætt nema það eykur kostnað ríkisins mikið. Þau hafa hækkað mikið meira en laun annarra í þjóðfélaginu nema kannski lífeyrisþega.

En að hækka þetta nú þegar upp í 8% mundi þýða 80 millj. á ári á skattgreiðendur, sjómenn, Vestfirðinga og aðra launþega. Við þurfum því að gæta okkar pínulítið í útgjöldunum því að allt er þetta greitt með sköttum og mér sýnist þegar ég tala við kjósendur mína í Reykjavík og úti á landi líka að menn séu ekki voðalega hrifnir af skattbyrðinni sem þeir þurfa að borga.

[15:18]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var gott að hv. þingmaður vék að

skattbyrðinni í lok máls síns, því að við vorum einmitt að gera skattalækkanir sem hv. þingmaður var afar ánægður með. Hvernig komu þær út? Þær komu langbest út fyrir þá sem hafa hæstu launin sem þýðir að þeir sem hafa lægri laun bera hlutfallslega hærri skattbyrði.

Ég verð að segja alveg eins og er að það fer svolítið í taugarnar á mér þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal er að tala um að þessi stétt eða hin borgi. Það sem við kaupum í samneyslu fyrir ríkið og greiðum með sköttum eða öðrum kvöðum sem lagðar eru á þegna landsins, hvort sem það eru fyrirtæki eða einstaklingar, er auðvitað allt borgað með sköttum og tekjum. Það er ekki verið að leggja hlutfallslega meira á eina stétt en aðra nema vegna þess að skattkerfið er uppbyggt eins og það er og hv. þingmaður vildi alls ekki hækka persónuafsláttinn til þess að jafna tekjudreifinguna í landinu svo að þeir sem hafa lægri tekjur hefðu það betra en þeir hafa það í dag. Það var farið akkúrat hina leiðina, að fella hátekjuskattinn niður og lækka svo flatt prósentu á skatta. Þannig var verið að lækka sérstaklega skatta hjá þeim sem hafa hærri tekjur. Þetta veit hv. þingmaður prýðilega, töluglöggur maðurinn. Þannig er það bara.

Ég held því að hægt væri að snúa umræðunni yfir í að tala um það sem þeir menn sem ráða hafa verið að aðhafast í þessum þingsal. Þeir hafa verið að færa til álögurnar af hátekjufólkinu yfir á lágtekjufólkið. Það er ekki hægt að mótmæla því, hv. þingmaður.

[15:20]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum lagt til ýmsar skattalækkanir eins og t.d. skatta á hagnað fyrirtækja, það var lækkað úr 50% niður í 18% og tekjur ríkissjóðs hafa stórvaxið. (Gripið fram í.) Kakan hefur stækkað svo mikið að ríkissjóður hefur meiri peninga til að borga lífeyri í gegnum Tryggingastofnun o.s.frv. og borga opinberum starfsmönnum hærri laun. Þess er vænst að þegar skattur á einstaklinga verður lækkaður um 4% að hinn venjulegi launþegi, ASÍ-maðurinn, fari loks að koma að góðærinu, að þá muni hvatinn til þess að afla sér hærri tekna með því að stunda menntun eða annað slíkt, skipta um starf, sá hvati verði meiri og kakan muni stækka og tekjur ríkissjóðs muni ekki lækka eins mikið og skattalækkunin gefur til kynna. Þetta er trú okkar og það hefur sýnt sig að hún er rétt. Skattalækkanirnar geta því skilað ríkissjóði meiru vegna þess að kakan stækkar, og það hefur verið stefnan undanfarin ár að gera einmitt það.

En talandi um lífeyrissjóðina og hinar 80 millj. sem hv. þingmaður gerði kröfu um að verði skellt á ríkissjóð sisvona, þá eru það útgjöld og menn þurfa að átta sig á því að öll aukaútgjöld ríkissjóðs þýða meiri skattbyrði svona eða hinsegin, á sjómenn, á Vestfirðinga. Ég held að meðallaun hjá ASÍ-manni séu um 260–270 þús. kr. á mánuði, sá maður fær þegar skattalækkanirnar ná í gegn að fullu 10, 12 þús. kr. meira á mánuði til ráðstöfunar. (Gripið fram í.) Ég er ekki að tala um það, ég er að tala um að hinn venjulegi launþegi hjá ASÍ fær 10–12 þús. kr. meira í ráðstöfun og hann hefur alveg nóg við þá peninga að gera.

[15:22]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Við ræðum við 2. umr. um Lífeyrissjóð bænda og nefndarálit frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Eins og fram hefur komið lýtur frumvarpið að því að verið er að víkka úrræði stjórnar Lífeyrissjóðs bænda vegna þess hve staða sjóðsins er slæm. Aldursskipting sjóðfélaga er og hefur alltaf verið mjög óhagstæð miðað við flesta aðra lífeyrissjóði og frumvarpið á að koma til móts við þá stöðu þannig að hægt sé að bregðast við henni. Verið er að hækka mótframlag frá ríkinu, eins og fram hefur komið, úr 6% í 7%.

Ég vil lýsa ánægju minni með frumvarpið. Mér finnst það vera liður í réttlætisátt og er ánægð með það sem næst fram með því.

Mig langar til þess að geta um svar sem ég fékk frá hæstv. fjármálaráðherra sem mér finnst mjög mikilvægt að komi fram í umræðunni. Ég spurði hæstv. fjármálaráðherra hve margir sjóðfélagar fengju nú greitt úr Lífeyrissjóði bænda.

Svarið er þannig: Árið 2004 fengu að meðaltali 3.668 lífeyrisþegar greiddan lífeyri úr sjóðnum í hverjum mánuði. Þar af fá sumir fleiri en eina tegund lífeyris. Heildarlífeyrisgreiðslur í janúar 2005 námu 57.270 þús. kr.

Einnig var spurt um fjölda sjóðfélaga. Fjöldi virkra eða greiðandi sjóðfélaga á árinu 2003 var 3.530 og þá hafði þeim fækkað úr 4.283 frá árinu 2002. Ástæðu fækkunarinnar má rekja til laga nr. 140/2002, um breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Samkvæmt þeim var hætt að skipta iðgjöldum sjálfkrafa milli hjóna og sambýlisfólks en við það fækkaði greiðandi sjóðfélögum töluvert. Virkum sjóðfélögum hefur hins vegar fækkað jafnt og þétt mörg undanfarin ár eða um 5–10% á ári. Það var ekki hægt að gefa upp hve margir greiðandi sjóðfélagar voru árið 2004, en þetta er auðvitað afleiðing af því að bændum fækkar ár frá ári og hefur sú þróun verið lengi.

Mig langar líka aðeins að geta um það hvernig lífeyrisgreiðslurnar skiptast. Lífeyrisþegar sem fá eingöngu greiddan lífeyri vegna búskapartíma, þ.e. greitt að fullu úr ríkissjóði, eru 13 karlar, sem fá að meðaltali 14.590 kr., það eru fimm konur sem fá að meðaltali 15.108 kr., eða samtals til beggja kynjanna 14.734 kr.

Í makalífeyri sjóðfélaganna er enginn karl en þar eru 145 konur og þær fá að meðaltali 13.329 kr. Lífeyrisþegar sem fá greitt vegna áunninna réttinda, uppbót vegna búskapartíma þeirra sem fæddir eru 1914 og fyrr meðtalin. Þá kemur í ljós að 1.592 karlar fá meðalgreiðslur 18.049 kr., konur eru 1.065 og meðalgreiðslur þeirra eru 10.751 kr. eða um 5 þús. kr. lægri en karlanna og samtals til beggja kynja um 15 þús. kr.

Makalífeyrir, þar eru karlar 44 sem fá meðalgreiðslur 6.404 kr., konur eru þar 718 og meðalgreiðslur eru 8.446 kr.

Örorkulífeyrir er þannig að flestir fá 0–10 þús. kr. eða 44. Þeir sem fá hæst fá um 52 þús. kr., sem eru þrír talsins. 145 karlar fá örorkulífeyri og meðalgreiðslur til þeirra eru 20.709 kr. Konur eru þar 235 og meðalgreiðsla er 19.235 kr. Samtals fá 380 manns greiddan örorkulífeyri og þetta eru tæpar 20 þús. kr.

Ég vildi koma svarinu sem ég fékk frá fjármálaráðherra að því að ég held að það víkki aðeins út umræðuna sem hér hefur farið fram.

En vegna þess sem fram kom hjá hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni áðan varðandi skattana vil ég koma því að að við höfum verið að lækka skatta fyrir allan almenning. Allir njóta góðs af skattalækkununum. Kaupmáttur hefur vaxið ár frá ári og ég held að það sé ekki hægt að finna nokkurt annað ríki þar sem fólk hefur það jafngott og við Íslendingar. Það er alltaf verið að reyna að bæta hag þeirra sem standa verst og við því erum við að bregðast með því að bæta Lífeyrissjóð bænda. Eins munum við styrkja hann með sölu á Lánasjóði landbúnaðarins. Allt verður þetta til þess að stuðla að því að bændur fái greiddar sæmilegri eða betri lífeyrisgreiðslur en þeir hafa fengið hingað til.

[15:28]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef lesið svarið sömuleiðis og þetta eru skelfilega lágar tölur og væri hræðilegt ef fólkið hefði ekkert annað til að lifa af. En eins og ég gat um áðan er það ekki svo og mér finnst ekki rétt að koma með svona upplýsingar án þess að geta um heildarmyndina, hvað fólk fær til að lifa af í heildina.

Ég gat þess áðan að maður sem býr einn og fær meðallífeyri, sem er 15 þús. kr. á mánuði, fær til viðbótar frá Tryggingastofnun ellilífeyri, tekjutryggingu, tekjutryggingarauka og heimilisuppbót, samtals 97.695 kr. frá Tryggingastofnun ef hann er með 15 þús. kr. úr lífeyrissjóði. Hann fær sem sagt 112.695 kr. á mánuði, rúmar 112 þús. kr. til að lifa af. Það er heildarmyndin og það er það sem menn þurfa að tala um. Menn eiga ekki að tala alltaf um einn og einn þátt, tala t.d. bara um að heimilisuppbótin sé 18 þús. kr., heldur tala um heildarmyndina, það sem fólkið fær í vasann. Svo borga þeir að sjálfsögðu skatt af þessu eins og aðrir launþegar, en við erum að tala um tekjur upp á 112 þús. kr. rúmar á mánuði fyrir bónda sem er einnitt með meðallífeyri, 15 þús. kr. á mánuði.

[15:30]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skoða heildarmyndina, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal. Við erum auðvitað að skoða heildarmyndina, við erum að ræða um Lífeyrissjóð bænda sem er einn lélegasti lífeyrissjóður landsins.

Ég hef fylgst mjög vel með lífeyrisgreiðslum til bænda í mörg ár og ég hef séð hvað makar bænda fá, ekkjur. Það eru smánarlegar upphæðir eins og ég gat um áðan. Þrátt fyrir að fá viðbót frá ríkinu er þetta ekki til að hrópa húrra fyrir. Þegar búið er að taka skatta af 112 þús. kr. er ekki mikið eftir.

Við verðum líka að átta okkur á því að fólk sem hefur misst heilsuna er á lágum örorkubótum, er kannski með, ég hef séð dæmi um það, 80–90 þús. kr. úr að spila á mánuði, fólk sem er ekki einu sinni orðið sextugt, og það er auðvitað ekki gott, hvorki fyrir sjálfsmyndina né annað, að leggja ekki meira til heimilis síns en það.

[15:31]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við verðum alltaf að skoða alla myndina, það sem fólk fær í vasann, ekki bara einstaka þætti. Það kemur fram í þeirri skýrslu sem nýverið var birt um fjölgun öryrkja að þeir eru margir hverjir, sérstaklega hjá lágtekjufólki, með töluvert hærri ráðstöfun en þeir höfðu áður en þeir urðu öryrkjar. Þeir eru með hærri ráðstöfunartekjur, og umtalsvert hærri ef þeir eru með börn, en þeir höfðu sem launþegar áður. Þeir hagnast sem sagt á því fjárhagslega að verða öryrkjar. Það þarf því vissulega að líta á alla heildarmyndina.

Mér skilst að laun bænda margra hverra, sérstaklega sauðfjárbænda, séu ekkert voðalega há, ég hugsa að þeir nái margir hverjir ekki 112 þús. kr. nettó á mánuði þannig að þeir eru kannski að fá í ellilífeyri meira en þeir höfðu áður sem tekjur.

[15:32]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal, þetta er einmitt staða margra bænda. Þó að sumir hafi það mjög gott, fá þeir sem bera lakast úr býtum hærri greiðslur mánaðarlega þegar þeir komast á ellilífeyri, ellilaun, og það er bara gott. Verið er að varpa ljósi á hve margir það eru sem fá mjög lítið úr þessum lífeyrissjóði, það er það sem um er að ræða. Við því erum við að bregðast, að bæta Lífeyrissjóð bænda, og það er aðalatriðið að þeir fái aðeins meira úr lífeyrissjóði sínum en þeir hafa gert hingað til. Þetta eru náttúrlega ekki neinar upphæðir þegar litið er á þessar tölur hér og það er engin afsökun þó að fólk fái greitt frá Tryggingastofnun, Lífeyrissjóður bænda er samt mjög lélegur.

[15:33]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef kannski tekið rangt eftir en mér fannst ég heyra að hv. þingmann segja að réttindi í Lífeyrissjóði bænda hefðu hækkað úr 6% í 7%. (Gripið fram í.) Verður samkvæmt þessu, segir hv. þingmaður.

Það er víða búið að semja um þessa breytingu, úr 6% í 7% og síðan í 8% á almenna vinnumarkaðnum. Ég held að það sé rétt sem segir í athugasemdum við frumvarpið að almennt er það svo á vinnumarkaðnum. Á að skilja þessi orð hv. þingmanns þannig að hún hafi vitneskju um að gerður verði samningur milli ríkisins annars vegar og Bændasamtakanna hins vegar um að þessar prósentur hækki úr 6% í 7% og síðan úr 7% í 8%, þannig að það verði þá samræmi á almenna vinnumarkaðnum við það sem sagt er í greinargerðinni? Ef svo er fagna ég því.

[15:35]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég sagði var að með frumvarpinu er verið að hækka mótframlög ríkisins úr 6% í 7%. Til þess að breyta því þarf að gera það í búvörusamningi eða eins og fram kemur í umsögn um frumvarpið frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins:

„Mótframlag atvinnurekenda í sjóðinn er nú 6% og er greitt af sjóðfélaga eða ríkissjóði sé samið um það í búvöru-

samningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Ríkissjóður greiðir árlega 234 millj. kr. í lífeyrissjóðinn samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2005 vegna mjólkur- og sauðfjárframleiðslu, eða um 40 millj. kr. fyrir hvert prósent atvinnurekenda.

Verði frumvarpið að lögum leiðir það ekki sjálfkrafa til aukinna útgjalda ríkissjóðs þar sem framlög í sjóðinn eru bundin samningum."

Nýr mjólkursamningur mun taka gildi 1. september í haust og nú er í smíðum nýr búvörusamningur í sauðfjárframleiðslunni. En ég vil bara ítreka aftur að ég tel þetta til bóta þó að ekki sé farið upp í 8%, en eins og fram hefur komið eru þessar upphæðir fastar í búvörusamningi en það er verið að hækka framlagið.

[15:36]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir er formaður landbúnaðarnefndar og bóndi og starfar innan Bændasamtakanna og veit sjálfsagt vel hvað þar hefur verið rætt. Því fagna ég þeim upplýsingum sem hún veitir hér úr ræðustól um hækkun mótframlags úr 6% í 7% og er vonandi stefnt að því að það verði 8% eins og er almennt stefnt að í kjarasamningum launþega, ég vona sannarlega að þetta sé rétt mat hjá hv. þingmanni en ég sé það hvergi neins staðar í lagatextanum. Hins vegar má lesa í athugasemdum hvað það er á almennum vinnumarkaði og eins má lesa það í umsögn fjármálaráðuneytisins hvað hvert prósentustig kostar, þ.e. 40 milljónir fyrir hvert prósent, og síðan að útgjöld vegna sjóðsins séu bundin samningum.

Ég skil það því svo að um þetta hafi verið rætt og menn telji góðar vonir til þess að þetta verði fest í samningi milli Bændasamtakanna og ríkisins.

[15:37]

Drífa Hjartardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það verður náttúrlega að hafa í huga að búvörusamningur milli Bændasamtakanna eða búgreinanna og ríkisins þarf alltaf að fara til umfjöllunar í hv. Alþingi og samningurinn er ekki endanlega frágenginn fyrr en Alþingi er búið að samþykkja hann.

Ég vil ítreka það aftur að ég tel að frumvarpið, verði það að lögum, sé til mikilla bóta fyrir bændur landsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 493. mál (heildarlög). — Þskj. 753, nál. 1256 og 1286, brtt. 1257.

[15:39]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1256 um frumvarp til tollalaga frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Lilju Sturludóttur, Jónu Björk Guðnadóttur og Elmar Hallgrímsson frá fjármálaráðuneyti, Sigurð Jónsson frá Samtökum verslunar og þjónustu ásamt Lilju Jónasdóttur hrl. og Einari Baldvin Axelssyni hrl., Óttar Pálsson hrl. frá Lögmannafélagi Íslands, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði, Ernu Guðmundsdóttur frá BSRB og Hörð Daníelsson frá Tollvarðafélagi Íslands. Auk þess að funda með gestum fór nefndin ítarlega yfir umsagnir sem bárust um málið.

Í frumvarpinu er gerð tillaga að nýjum tollalögum en gildandi tollalög eru frá 1987. Mikil framþróun hefur orðið á þessu tímabili, t.d. hvað varðar rafræna tollafgreiðslu og aukna þjónustu tollmiðlara. Það er því eðlilegt að lögin séu endurskoðuð í þessu tilliti.

Á árinu 2001 fól fjármálaráðherra nefnd að vinna drög að nýjum tollalögum. Undir lok 130. löggjafarþings lagði hann svo fram til kynningar frumvarp til tollalaga. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á þessu máli frá því að frumvarpið var kynnt á síðasta þingi og m.a. verið tekið tillit til ýmissa ábendinga hagsmunaaðila.

Frumvarpið telur 198 greinar auk ákvæðis til bráðabirgða og tollskrár sem er fylgiskjal með frumvarpinu. Tollskrá kom ekki til athugunar í nefndinni að þessu sinni heldur var sjónum beint að efnisákvæðum frumvarpsins. Helstu nýmæli í frumvarpinu eru talin upp í 27 liðum í athugasemdum við frumvarpið. Efni frumvarpsins er nokkuð víðtækt þar sem það tekur ekki aðeins til tollafgreiðslu á vöru heldur einnig atriða eins og skipan tollvarða, verkaskiptingar milli lögreglu og tollstjóra og heimilda tollyfirvalda til að afla upplýsinga.

Í umsögnum og máli gesta kom fram gagnrýni á nokkur atriði. Má þar nefna heimild tollstjóra til að endurákvarða tolla og gjöld, að ekki væri gengið enn lengra í rafvæðingu tollskjala, skyldu tollmiðlara til að geyma afrit skriflegra gagna, að tollumdæmum sé ekki fækkað í eitt, saknæmisskilyrði og þyngd refsinga. Þessi atriði hefur nefndin skoðað vandlega en getur aðeins tekið undir gagnrýni að nokkru leyti, svo sem um þrengingu saknæmisskilyrða sem hún leggur til að verði færð þar sem við á úr venjulegu gáleysi í stórfellt gáleysi. Þá gerir nefndin einnig að tillögu sinni að ákvæðum um vexti á tolla og gjöld sem endurákvörðuð eru verði breytt.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Skilgreint verði hver er ábyrgðaraðili fars samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, sem útgerðarmaður eða flugrekandi þess.

2. 7. gr. verði breytt. Annars vegar verði fellt brott skilyrði um erlent lögheimili þess sem flytur inn vöru tímabundið og fær lækkun eða niðurfellingu tolla af þeim sökum. Er m.a. mælt með þessu með hagsmuni íslenskra stúdenta erlendis í huga. Hins vegar verði bætt við nýrri málsgrein er heimili tímabundinn innflutning tengivagna, sem skráðir eru erlendis. Þarna er helst um að ræða vagna sem fluttir eru inn tímabundið til vöruflutninga, svo sem á fiski.

3. Smásendingum verði bætt við upptalningu 1. mgr. 26. gr. en ýmis smávara er gjarnan send stök, t.d. með hraðsendingu.

4. Ákvæði 2. mgr. 30. gr. verði breytt og það gert skýrara og fyllra. Mælir nefndin m.a. með að bætt verði inn skyldu til að láta í té upplýsingar um farþega fars en samkvæmt upplýsingum nefndarinnar er þessara upplýsinga nú

krafist m.a. í tengslum við fíkniefnaeftirlit.

5. Ákvæði 2. mgr. 125. gr. verði breytt og það fært að hluta til samræmis við sambærilegt ákvæði í lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem nú heita Lög um tekjuskatt.

6. 182. og 183. gr. um upptöku farartækja o.fl. falli brott.

7. Saknæmisskilyrðum verði breytt þannig að miðað sé við ásetning eða stórfellt gáleysi í stað einfalds gáleysis.

8. Leiðréttar verði nokkrar tilvísanir í frumvarpinu og orðalag nokkurra greina lagfært. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali, númer 1257.

Undir nefndarálit meiri hlutans skrifa hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Una María Óskarsdóttir og Gunnar Birgisson.

[15:45]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Hér er fjallað um frumvarp að nýjum tollalögum en núgildandi tollalög eru nokkuð gömul, frá árinu 1986. Frá þeim tíma hafa orðið miklar breytingar, framfarir og tækniþróun sem gefur fullt tilefni til endurskoðunar á lögunum. Hér er um mikinn lagabálk og doðrant að ræða og tók nokkurn tíma fyrir nefndina að fara yfir frumvarpið.

Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar gerir ýmsar breytingartillögur við frumvarpið eins og það var lagt fram. Flestar þeirra eru að mati minni hlutans til bóta. Engu að síður flytjum við hér sérstakt nefndarálit, minni hlutinn, en minni hlutann skipa ásamt mér hv. þingmenn Lúðvík Bergvinsson, Ögmundur Jónasson og Helgi Hjörvar.

Það komu fram ýmsar umsagnir um þetta mál, sumar með alvarlegum athugasemdum varðandi efni frumvarps til tollalaga. Eftir umfjöllun nefndarinnar um þetta mál og yfirferð yfir umsagnir er ljóst að minni hluti nefndarinnar telur að skoða þurfi margt í tollalögum og tollaumhverfinu betur og mikilvægt sé að til þessara nýju tollalaga sé vandað eins og frekast er kostur.

Í minnihlutaálitinu nefnum við að umsagnaraðilar sem komu á fund nefndarinnar og sendu inn umsagnir gerðu mjög alvarlegar athugasemdir og gagnrýndu ákvæði frumvarpsins. Samtök verslunar og þjónustu, Tollvarðafélagið, BSRB og embætti skattrannsóknarstjóra, svo dæmi séu nefnd.

Við gerum í nefndaráliti okkar grein fyrir gagnrýni okkar á frumvarpið sem lýtur að verkaskiptingu milli tolls og lögreglu. Það varðar sakarskilyrði, það varðar heimild tollstjóra til endurálagningar tolla og gjalda, það varðar tollumdæmin og ábendingar tollvarða um skilgreiningu á tollvarðarstarfinu. Við gerum athugasemdir við þessi atriði.

Ég vil aðeins, áður en ég fer í þessar ábendingar okkar og gagnrýni, fara aðeins yfir það sem fram kemur í umsögnum Samtaka verslunar og þjónustu. Ég ætla ekki ítarlega í einstakar umsagnir en vil gefa smá sýnishorn af þeim alvarlegu athugasemdum sem komið hafa fram.

Í umsögn Samtaka verslunar og þjónustu segir að, með leyfi forseta: „? þrátt fyrir ýmsar umbætur sem felist í frumvarpi til tollalaga sem hér er til umræðu, væru þar jafnframt alvarlegir annmarkar sem stangast á við framkvæmd tollalaga í dag og gera það nær óvinnandi fyrir tollmiðlara að sinna starfi sínu.“

Þeir segja einnig orðrétt, með leyfi forseta, í umsögn sinni:

„Meðal grundvallaratriða sem rétt þykir að nefna hér sem almenna athugasemd er að skipting landsins í tollumdæmi er fráleit ráðstöfun og veldur margs konar erfiðleikum sem eitt tollumdæmi mundi ekki skapa.“

Ég vil líka vitna í umsögn sem unnin er af lögmannsstofunni LEX-NESTOR og LOGOS lögmannaþjónustunni, en þeir aðilar fóru yfir frumvarpið fyrir hönd umbjóðenda sinna, sem voru: Samskip hf., Eimskipafélag Íslands ehf., Jónar Transport hf. og TVG-ZIMSEN hf. Þessir aðilar, ásamt Samtökum atvinnulífsins, Samtökum verslunar og þjónustu og Samtökum kaupskipaútgerða tóku höndum saman síðasta vor, þ.e. sennilega fyrir ári síðan, í þeim tilgangi að koma að athugasemdum og þrýsta á um breytingar á frumvarpinu. Þeir nefna í umsögn sinni að tekið hafi verið tillit til einhverra breytinga frá fyrri frumvarpsdrögum sem lögð hefðu verið fram á þingi.

Þeir segja svo orðrétt í umsögn sinni:

„Telja þessir aðilar að umrætt frumvarp (493. mál) engu að síður í verulegum atriðum stangast á við núgildandi verklagsreglur skipafélaganna og starfsemi tollmiðlara og telja jafnframt frumvarpið í stórum atriðum brotthvarf til fortíðar auk þess að fela í sér skuldbindingar og kvaðir sem geta kippt fjárhagsgrundvelli undan fyrirtækjum í landinu svo ekki sé talað um starfsemi tollmiðlara sem sé hreinlega í hættu verði frumvarpið óbreytt að lögum.“

Þetta er náttúrlega engin smágagnrýni sem hér kemur fram og eðlilegt að við í minni hlutanum stöldrum aðeins við þetta og meiri hlutinn geri á þessu töluverðar breytingar sem er, eins og ég nefndi áðan, til bóta.

Í þessari umsögn, sem dagsett er 7. mars 2005, segir í lokin, með leyfi forseta:

„Varðandi frumvarpið í heild sinni er þess að geta að félögin telja vissulega að sumar þær breytingar sem þar eru lagðar til séu til úrbóta en þau telja að margar af þeim tillögum sem fram koma í frumvarpinu, varðandi framkvæmd tollafgreiðslu og starfsemi farmflytjenda og tollmiðlara, samrýmist ekki nútímaviðskiptaháttum og stangist í raun á við framkvæmdina eins og hún er í dag. Einnig telja þau að óeðlilegar kröfur séu lagðar á farmflytjendur, tollmiðlara og starfsmenn þeirra hvað varðar refsiábyrgð. Verði frumvarpið að lögum óbreytt telja félögin nær óvinnandi veg fyrir tollmiðlara að sinna starfi sínu.“

Ég ætla að láta þetta nægja af tilvitnunum í þessar umsagnir en ég mun fara yfir umsögn Tollvarðafélags Íslands síðar í máli mínu.

Varðandi verkaskiptingu milli tollembættanna og lögreglu getum við þess að við teljum að það atriði í frumvarpinu þurfi miklu meiri athugunar við en liggur að baki frumvarpinu, þ.e. þessi verkaskipting og valdmörk milli lögreglu og tollstjóra. Afar mikilvægt er að öllum sé ljóst frá frumstigi hver eigi að fara með mál og dugar að benda á þau vandkvæði sem upp komu vegna rannsókna á samkeppn-

islagabrotum fyrir nokkrum missirum. Oft er erfitt að ákvarða alvarleika og eðli tollalagabrota og æskilegt að lagatexti sé sem allra skýrastur um hvaða brot skuli rannsökuð af lögreglu og hver af tollstjórum. Ákvæði frumvarpsins um þetta hafa sýslumenn m.a. gagnrýnt. Fyrir dyrum hefur staðið heildarendurskoðun á ákvæðum laga um meðferð opinberra mála og telur minni hlutinn að eðlilegra væri að skoða verkaskiptingu milli lögreglu og tollyfirvalda í tengslum við þá endurskoðun frekar en að binda nú í lög umdeilda verkaskiptingu sem líklegt er að verði að breyta innan fárra ára, hvort sem það verður vegna endurskoðunar á lögum um meðferð opinberra mála eða fækkunar tollumdæma.

Í nefndaráliti okkar komum við aðeins inn á sakarskilyrði. Í frumvarpinu er refsiábyrgð tollmiðlara, farmflytjenda og annarra sem koma að innflutningi hert frá gildandi rétti og miðað við að venjulegt gáleysi sé nægjanlegt til að fella sakarábyrgð á einstaklinga, sbr. 172. gr. Þetta gagnrýndu umsagnaraðilar eins og Samtök verslunar og þjónustu harðlega. Skattrannsóknarstjóri færði aftur á móti í umsögn sinni rök fyrir því að rétt væri að breyta refsiskilyrðum í 172. gr. til samræmis við skilyrði laga um tekjuskatt og eignarskatt þannig að ekki þurfi að sanna ásetning svo að brot geti varðað fangelsisrefsingu, sérstaklega ef brot er stórfellt. Þetta sýnir mismunandi áherslur sem menn leggja í þessu efni varðandi sakarskilyrði, annars vegar aðilar eins og Samtök verslunar og þjónustu í eina áttina og síðan skattrannsóknarstjóri í aðra átt.

Minni hlutinn telur sakarskilyrði laganna þarfnast verulegrar endurskoðunar og að ekki sé mögulegt fyrir nefndina að endurskoða þau ákvæði svo vel sé nema fyrst fari fram samanburður við ákvæði annarra laga á sviði skattaréttar og refsiréttar. Við teljum að sú skoðun þurfi að fara fram áður en sakarskilyrði verða bundin í lög með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu sem meiri hlutinn hefur að vísu flutt breytingartillögu um.

Við förum aðeins yfir heimild tollstjóra til endurálagningar tolla og gjalda og teljum að ákvæði frumvarpsins um endurálagningu tolla og gjalda verði að rannsaka nánar. Ýmsir umsagnaraðilar gagnrýndu þessi ákvæði og hvöttu til þess að frumvarpið yrði ekki afgreitt á þessu þingi heldur yrði unnið milli þinga að ásættanlegri lausn fyrir bæði ríki og innflytjendur enda ljóst að endurálagning allt upp í sex ár aftur í tímann getur valdið innflytjendum verulegum rekstrarvanda. Hefði verið rétt að skoða þessar heimildir nánar í samhengi við lög um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Við förum aðeins yfir það sem fram kemur í umsögnum ýmissa aðila sem leggja til að tollumdæmum verði fækkað frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Slík breyting hefur lengi verið til umræðu og er af mörgum talin nauðsynleg, m.a. til að ná fram samræmi í framkvæmd laganna. Menn telja skorta á það. Í upphaflegu frumvarpi til tollalaga, sem dreift var til kynningar undir lok 130. þings, var gert ráð fyrir töluvert ólíku skipulagi tollyfirvalda en því sem nú er lagt til. Í frumvarpinu sem lagt var fram á 130. þingi var gert ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík færi með tollamálefni í umboði ráðherra og tollumdæmum yrði fækkað úr 26 í níu. Við umfjöllun málsins í nefndinni kom fram að fallið hefði verið frá fækkun tollumdæma m.a. vegna þess að til stæði að skoða mögulegar breytingar í þessum efnum á næstunni í samhengi við endurskoðun annarra stjórnsýslusviða, svo sem lögreglu og sýslumanna.

Minni hlutinn telur að gera þurfi ítarlega úttekt á kostum þess og göllum ef fækka á tollumdæmum og meta sérstaklega áhrifin á landsbyggðina, m.a. hvort færa mætti einhver verk tollgæslunnar sem nú eru unnin í Reykjavík út á land þó að umdæmum hennar verði fækkað. Í heild teljum við og höfum rök fyrir því, þ.e. að þessi mál eru í skoðun og við teljum að áðurnefnd úttekt þurfi að fara fram á kostum þess og göllum að fækka umdæmum, að það hefði átt að fresta afgreiðslu þessa máls og skoða málið allt í víðara og stærra samhengi.

Við getum þess einnig, virðulegi forseti, í nefndaráliti okkar að rétt hefði verið að ræða ítarlegar en kostur gafst á um muninn á milli vaxta sem einstaklingar verða að greiða til ríkis vegna vangreiddra gjalda og skyldu ríkisins þegar það þarf að endurgreiða oftekin gjöld. Þennan mismun þarf að skoða í samhengi við önnur lög á skattasviði. Það snertir ekki bara þessi tollalög heldur þarf að skoða þetta í heild. Nefndin ræddi þetta nokkuð og ég heyrði það á meiri hluta nefndarinnar og formanni nefndarinnar að hann telur að skoða þurfi þetta nánar. Þetta er einn lítill þáttur í tollafrumvarpinu sem snertir önnur lög einnig, önnur lög á skattasviði. En við töldum ástæðu til að halda þessu til haga í nefndaráliti okkar.

Loks nefnum við þá athugasemd sem fram kom frá tollvörðum. Við teljum að rétt hefði verið að að taka tillit til ábendinga Tollvarðafélagsins og BSRB um skilgreiningu á tollvarðarstarfinu og á hvaða forsendum heimilt er að fela öðrum en tollvörðum tollgæsluvald. Og þá er ég komin að umsögn Tollvarðafélags Íslands sem ég vil grípa aðeins niður í, með leyfi forseta. Þeir fjalla um skipun tollvarða í umsögn sinni og segja orðrétt, með leyfi forseta:

„Í 46. gr. frumvarpsins er gerð breyting þess efnis að tollstjórar skipi tollverði til fimm ára og eru þar meðtaldir aðaldeildarstjórar og deildarstjórar en þeir voru áður skipaðir af fjármálaráðherra. Er það álit stjórnar Tollvarðafélags Íslands að um afturför sé að ræða. Telur félagið að miðað við þær breytingar sem gerðar hafa verið á skipun mannaráðninga hjá ríkinu á síðustu árum til að auka faglegan þátt ráðningar og jafnræðis, til að tryggt sé að alltaf verði um að ræða faglegt mat á umsækjendum, verði skipun æðstu yfirmanna tollgæslu áfram í höndum fjármálaráðuneytisins. Fjármálaráðuneytið hefur á sínum vegum starfsmannaskrifstofu með sérhæfðum starfsmönnum á þessu sviði. Telur því félagið að til að tryggt að áfram verði faglega staðið að ráðningu yfirmanna tollgæslu verði sú skipan sem verið hefur áfram í höndum fjármálaráðherra."

Síðar í umsögn sinni segja þeir, með leyfi forseta:

„Í 2. mgr. 46. gr. er tiltekið að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsheiti tollvarða. Þessi texti er í núverandi lögum frá 1987 án þess að ráðherra hafi sett þessa reglugerð. Hefur þetta ákvæði verið rætt við ráðherra og stjórn Tollvarðafélags Íslands og er vonandi að reglugerðin verði sett áður en lögin taka gildi."

Sú ósk Tollvarðafélags Íslands hefur varla gengið eftir og hvetjum við auðvitað til þess að eftir þessari ábendingu

verði farið og að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsheiti tollvarða, eins og margoft hefur verið kallað eftir.

Loks segir í umsögn Tollvarðafélagsins, með leyfi forseta:

„Jafnframt er í 2. mgr. ákvæði um að ekki megi skipa aðra sem tollverði en þá sem lokið hafa prófi frá Tollskóla ríkisins eða hafi sambærilega menntun. Með bréfi til fjármálaráðuneytisins frá 17. des. 1998 var óskað eftir skilgreiningu á þessu atriði. Ekkert svar hefur borist þannig að greinilega er ekki auðvelt að svara þessu."

Það er eðlilegt, virðulegi forseti, að mati okkar í minni hlutanum að kallað sé eftir því af hálfu Tollvarðafélagsins að fjármálaráðuneytið svari því, að þeir skilgreini hvað átt er við með „sambærilegri menntun" og hvetjum við einnig til þess að fjármálaráðuneytið svari Tollvarðafélaginu. Við teljum það algjört lágmark í stjórnsýslunni að erindum og bréfum af þeim toga sem ég hef lýst sé svarað. Þrátt fyrir að óskað hafi verið eftir því 1998 segir í umsögninni, með leyfi forseta: „Ekkert svar hefur borist þannig að greinilega er ekki auðvelt að svara þessu."

Þessu vildi ég halda til haga vegna þess að ég tel þetta vera sanngirni, þær óskir sem hér koma fram hjá Tollvarðafélaginu, að réttarstaða þeirra sé ljós að því er þetta varðar.

Niðurstaða okkar, virðulegi forseti er þessi:

Við meðferð frumvarpsins gafst nefndinni ekki nokkur kostur að vinna í og fara yfir tollskrá sem er fylgiskjal með frumvarpinu en bæði Neytendasamtökin og nokkrir innflytjendur hvöttu til ítarlegrar endurskoðunar á henni.

Minni hlutinn telur rétt að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað og nefndin vinni að því í samráði við fulltrúa hagsmunaaðila og framkvæmdarvaldsins að bæta frumvarpið og samræma það betur öðrum lögum þannig að það geti orðið sá grundvöllur að innflutningsviðskiptum sem því er ætlað að vera.

Virðulegi forseti. Við teljum að hér vanti verulega upp á. Skoða þarf ýmis atriði í frumvarpinu eins og ég hef lýst, svo sem verkaskiptingu milli tolls og lögreglu, sakarskilyrði, tollembætti og skiptingu tollumdæmanna, málefni tollvarða og heimild tollstjóra til endurálagningar tolla og gjalda svo eitthvað sé nefnt. Við munum því ekki standa að þessu frumvarpi, skilum séráliti og munum sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins.

[16:02]

Útbýting:

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 591. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1291; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1292.

Neytendastofa og talsmaður neytenda, 592. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1293; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1294.

Samkeppnislög, 590. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1289; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1290.

Stuðningur við íbúa á herteknum svæðum í Palestínu og Sýrlandi, 760. mál, svar utanrrh., þskj. 1267.

Útgjöld til jafnréttismála, 682. mál, svar forsrh., þskj. 1266.

[16:03]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er viðamikill lagabálkur á ferðinni, frumvarp til tollalaga, og hefur verið gerð nokkur grein fyrir málinu af hálfu formanns efnahags- og viðskiptanefndar, hv. þm. Péturs H. Blöndals, en hann talaði fyrir munn meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er efnahags- og viðskiptanefnd klofin í málinu og skilum við í minni hlutanum sameiginlegu nefndaráliti en undir það rita ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Helgi Hjörvar og sá sem hér stendur.

Í rauninni er hér ekki á ferðinni mál sem á að þurfa að valda stórfelldum deilum. Þó eru ýmis atriði sem okkur hafa þótt gagnrýniverð og annað sem við hefðum viljað láta skoða betur en gert er. Sérstaklega óánægður er ég með hve lítið menn hafa verið reiðubúnir að taka tillit til sjónarmiða sem fram koma frá samtökum starfsmanna, annars vegar Tollvarðafélagi Íslands og BSRB, en þessir tveir aðilar eru reyndar náskyldir því að Tollvarðafélag Íslands á aðild að BSRB. Það sem þarna er bent á í álitsgerðum þeirra samtaka lýtur sérstaklega að réttindum tollvarða. Eins og fram kom hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hefur staðið nokkuð í stappi hin síðari ár að fá viðurkennda skilgreiningu á starfi tollvarða. Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vék reyndar nokkuð að var skrifað bréf til fjármálaráðuneytisins í desembermánuði árið 1998 og óskað eftir skýringu á ákvæði núgildandi tollalaga, 10. gr.

Þar segir, með leyfi forseta, m.a.:

„Hver sá sem skipaður er til starfa sem tollvörður skal hafa lokið prófi frá tollskóla eða hlotið sambærilega menntun."

Síðan segir í bréfi Tollvarðafélags Íslands, með leyfi forseta:

„Vill TFÍ með bréfi þessu fara þess á leit við ráðuneytið að það skýri afstöðu ráðuneytisins á orðasambandinu „sambærileg menntun" í þessari lagagrein."

Undir skrifar gjaldkeri TFÍ, Guðbjörn Ármannsson.

Síðan þetta gerðist eru liðin sjö ár en ekkert bólar á svari frá ráðuneytinu. Ráðuneytið hreinlega svarar ekki þessu erindi. Þegar grannt er skoðað kemur í ljós að þetta ákvæði er að finna í nýja tollalagafrumvarpinu. Nú er það komið í 46. gr. frumvarpsins, en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ráðherra skipar tollstjórann í Reykjavík til fimm ára í senn og skal hann fullnægja sömu hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti.

Tollstjóri skipar tollverði til fimm ára í senn. Tollstjóri ræður aðra starfsmenn við embætti sitt. Hver sá sem skipaður er til starfa sem tollvörður skal hafa lokið prófi frá Tollskóla ríkisins eða hlotið sambærilega menntun."

Síðan segir að ráðherra setji í reglugerð nánari fyrirmæli um starfsheiti tollvarða.

Það sem tollverðir óskuðu eftir var einfaldlega að sett yrði í tollalögin, 1. gr. frumvarpsins þar sem tekið er á margvíslegum skilgreiningum, eftirfarandi klásúla, með leyfi forseta:

„Hver sá sem ráðinn hefur verið tímabundið sem tollvörður eða hefur lokið prófi frá Tollskóla Íslands og hefur verið skipaður sem tollvörður."

Hér er komin tillaga frá Tollvarðafélaginu um skilgreiningu á tollverði.

Á þetta var ekki hlustað og meiri hluti nefndarinnar ekki reiðubúinn að setja þessa skilgreiningu í lögin.

Ég vek athygli á annarri lagagrein sem lýtur að skilgreiningu og heimildum til að hafa með höndum tollgæsluvald, sem er ígildi lögregluvalds, að í 147. gr. frumvarpsins er að finna svohljóðandi orðalag, með leyfi forseta:

„Tollstjórar, löglærðir fulltrúar þeirra og tollverðir fara með tollgæsluvald samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaráðherra er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum tollstjóra tollgæsluvald tímabundið til að sinna sérstökum verkefnum.

Lögreglumenn fara með tollgæsluvald þegar þeir annast eða aðstoða við tollgæslu.

Skipshafnir varðskipa fara með tollgæsluvald þegar þær annast eða aðstoða við tollgæslu.

Þeir sem kvaddir eru tollgæslunni til aðstoðar lögum samkvæmt fara með tollgæsluvald meðan þeir gegna starfinu.“

Það sem Tollvarðafélagið og BSRB vildu láta gera í þessari lagagrein er að skýrt væri að það væru ekki allir fulltrúar tollstjóra sem færu með tollgæsluvald og var gerð tillaga um að 1. mgr. orðaðist svo, með leyfi forseta:

„Tollstjórar, löglærðir fulltrúar þeirra er sinna tollgæslumálum, og tollverðir fara með tollgæsluvald.“

Það er svolítið sérkennilegt að ákveðin tilhneiging er til þess að líta svo á að hópi með tiltekna menntun skuli fengin víðtæk verkefni á sama tíma og menn horfa mjög rækilega í það þegar um aðra hópa er að ræða. Nú erum við með Tollskóla ríkisins, við erum með sérstaka skilgreinda menntun fyrir tollverði, en lögfræðin er að sjálfsögðu víðfeðm og tekur til margra sviða. En það er nægjanlegt að hafa lögfræðipróf upp á vasann, vera kominn í vinnu hjá tollinum, þá er tollstjóra eða yfirmönnum þar í sjálfsvald sett að fela slíkum aðilum tollgæsluvald. Ég skil ekki hvers vegna ekki er hægt að verða við þeim óskum Tollvarðafélagsins og BRSB um að skilgreina verksviðið aðeins ítarlegar með þessum hætti.

Það er annað sem ég veit að tollvörðum er ofarlega í huga og það eru lífeyrisréttindin. Þeir leggja áherslu á það í umsögn sinni að löggjafinn hugi að því að koma til móts við tollverði á sama hátt og samið var um við Landssamband lögreglumanna ekki alls fyrir löngu. Það væri þá fjármálaráðuneytið sem annaðist slíka samninga en síðan þyrfti lagabreyting að koma til eins og gerðist með Landssamband lögreglumanna.

Í röksemdum sínum fyrir þessu hafa tollverðir bent á að tollverðir og lögreglumenn vinni iðulega hlið við hlið og séu að fást við sömu, a.m.k. mjög sambærileg verkefni, t.d. í Leifsstöð í Keflavík og víðar, en búi við þessa mismunun hins vegar, séu að uppistöðu til í sama kjara- og réttindakerfinu en réttindin mjög mismunandi að þessu leyti.

Það er þannig með lífeyrisréttinn að um hann hefur verið samið og breytingar gerðar á honum eftir að samkomulag hefur verið gert á vettvangi heildarsamtaka. En varðandi kröfur lögreglumanna á sínum tíma um að stytta starfsaldurinn höfðu þeir að baki sér og á bak við sig stuðning heildarsamtakanna BSRB. Þetta hafði verið baráttumál lögreglumanna um langan aldur, að stytta starfsævina í þennan endann, einfaldlega vegna þess að álagið og kröfurnar sem gerðar eru til starfsins hentuðu ekki einstaklingum sem væru komnir upp fyrir tiltekin aldursmörk.

Auðvitað má segja það um aðra hópa líka. Ég tel mjög brýnt að horfa til starfshópa sem sinna erfiðum störfum t.d. í heilbrigðiskerfinu, í heilsugæslunni og á spítölunum. Ég horfi til stétta á borð við sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga og annarra slíkra sem vinna allan sólarhringinn og allan ársins hring við mjög erfiðar aðstæður oft og tíðum, sumt fólgið í aðstæðunum sjálfum, sumt í eðli starfans. Það er erfitt að sinna mjög veiku fólki og ósjálfbjarga fólki og mikið álag þegar vinna þarf allan sólarhringinn, nætur jafnt sem daga. Það er ekki leggjandi á fólk sem er orðið mjög fullorðið að sinna þessum erfiðu störfum.

Ég tel að huga eigi að því að rýmka þessi aldursskilyrði fyrir fleiri hópa en lögreglumenn eina, en fagnaði því mjög og geri enn í hjarta mínu að þeir skyldu ná því fram, en það gerðu þeir svo sannarlega með stuðningi heildarsamtaka sinna .

Það eru fleiri atriði sem samtök launafólks gera athugasemdir við í þessu frumvarpi, t.d. segir hér í álitsgerð BSRB, með leyfi forseta:

„Í 3. mgr. 46. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild til að setja mann tímabundið til starfa sem tollvörð vegna orlofstöku, veikinda- og slysaforfalla eða tímabundinna leyfa tollvarða. Þá er heimilt að setja mann tímabundið meðan tekin er ákvörðun um að skipa hann að fullu eða meðan hann stundar nám við tollskólann. BSRB bendir í þessu sambandi á lög um tímabundna ráðningu starfsmanna nr. 139/2003 og 41. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en rétt væri að vísa í framangreind lög í greinargerð með frumvarpinu til að árétta lengd tímabundinnar ráðningar en mikið er um það að tollverðir séu settir tímabundið til margra ára í senn.“

Ég vík að þessu sérstaklega því þetta er náttúrlega atriði sem þarf að taka til skoðunar, ekki bara hjá tollinum heldur víða í hinu opinbera kerfi, en um það var samið á sínum tíma, gert var samkomulag um það á sínum tíma að tímabundnar ráðningar ættu að vera fyrir bí, þetta tíðkaðist í mörgum stofnunum, og gekk samkomulagið út á að eftir eitt ár skyldi einstaklingurinn hafa réttindi á borð við fastráðinn mann og aldrei skyldi tímabundin ráðning vara lengur en í tvö ár. Út á það gekk samkomulagið sem gert var.

Það eru fleiri atriði sem er að finna í umsögnum samtaka launafólks og í umsögnum annarra aðila einnig, en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert mjög skilmerkilega grein fyrir þessum athugasemdum og ætla ég ekki að endurtaka þær, en fara nokkrum orðum um efnisþætti minnihlutaálits okkar. Við bendum á að í frumvarpinu eru gerðar tillögur um ýmsar breytingar frá gildandi tollalögum og áréttum að komið hafi fram það margar athugasemdir í umfjöllun nefndarinnar að greinilega þurfi að skoða frumvarpið betur áður en það verður afgreitt frá Alþingi. Hér segir í álitsgerðinni, með leyfi forseta:

„Tollalög eru þess eðlis og varða slík réttindi að mikilvægt er að til þeirra sé vandað svo sem frekast er unnt. Ýmsir gestir nefndarinnar og umsagnaraðilar, þar á meðal Samtök verslunar og þjónustu, Tollvarðafélagið, BSRB og

embætti skattrannsóknarstjóra gagnrýndu ákvæði frumvarpsins."

Við teljum að með þeim breytingartillögum sem koma frá meiri hlutanum sé þessum ábendingum ekki svarað, þessari gagnrýni er ekki nægilega svarað til þess að við treystum okkur til að eiga aðild að sameiginlegu áliti nefndarinnar.

„Meðal veigamikilla atriða sem minni hlutinn telur þarfnast mun meiri íhugunar en liggur að baki frumvarpinu er verkaskipting og valdmörk milli lögreglu og tollstjóra. Af umsögnum að dæma er augljóst að ákvæði er þetta varða, þar á meðal 185. gr., eru ekki nægilega skýr. Afar mikilvægt er að öllum sé ljóst frá frumstigi hver eigi að fara með mál og dugar að benda á þau vandkvæði sem upp komu vegna rannsókna á samkeppnislagabrotum fyrir nokkrum missirum. Oft er erfitt að ákvarða alvarleika og eðli tollalagabrota og æskilegt að lagatexti sé sem allra skýrastur um hvaða brot skuli rannsökuð af lögreglu og hver af tollstjórum. Ákvæði frumvarpsins um þetta hafa sýslumenn m.a. gagnrýnt. Því er ólíklegt að mikið samráð hafi verið haft við þá við gerð frumvarpsins ..."

Við minnum á þau óljósu landamæri sem reyndust vera á milli aðila, rannsóknaraðila, þegar samkeppnislagabrot komu upp. Síðan er vikið að sakarskilyrðum í álitsgerð okkar, minnihlutaáliti okkar, og heimildum tollstjóra til endurálagningar tolla og gjalda, og um vexti segir m.a. í álitsgerð minni hlutans, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn telur að rétt hefði verið að ræða mun ítarlegar þann mun sem er á milli vaxta sem einstaklingar verða að greiða til ríkis vegna vangreiddra gjalda og svo skyldu ríkisins þegar það þarf að endurgreiða oftekin gjöld. Þennan mismun þarf að skoða í samhengi við önnur lög á skattasviðinu."

Um tollembætti segir, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn vill líka benda á að umsagnaraðilar leggja til að tollumdæmum verði fækkað frá því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Slík breyting hefur lengi verið til umræðu og af mörgum talin nauðsynleg, m.a. til að ná fram samræmi í framkvæmd laganna. Í upphaflegu frumvarpi til tollalaga, sem dreift var til kynningar undir lok 130. þings, var gert ráð fyrir töluvert ólíku skipulagi tollyfirvalda en því sem nú er lagt til. Í frumvarpinu sem lagt var fram á 130. þingi var gert ráð fyrir að tollstjórinn í Reykjavík færi með tollamálefni í umboði ráðherra og tollumdæmum yrði fækkað úr 26 í níu.

Við umfjöllun málsins í nefndinni kom fram að fallið hefði verið frá fækkun tollumdæma m.a. vegna þess að til stæði að skoða mögulegar breytingar í þessum efnum á næstunni í samhengi við endurskoðun annarra stjórnsýslusviða, svo sem lögreglu og sýslumanna.

Minni hlutinn telur að gera þurfi ítarlega úttekt á kostum þess og göllum ef fækka á tollumdæmum og meta sérstaklega áhrifin á landsbyggðina, m.a. hvort færa mætti einhver verk tollgæslunnar sem nú eru unnin í Reykjavík út á land þó að umdæmum hennar verði fækkað."

Hér erum við með öðrum orðum ekki að taka mjög eindregna afstöðu og nánast enga afstöðu með því fyrirkomulagi sem skuli vera til frambúðar en segjum að þessi mál þurfi öll að skoða og við viljum að þar sé horft til hagsmuna landsbyggðarinnar og þá hvort mögulegt sé að flytja einhver verkefni sem unnin eru í Reykjavík út á land. Ég held reyndar að menn þurfi að vanda sig mjög vel þegar slíkt er gert einfaldlega vegna þess að dæmin hræða, sagan hræðir. Teknar hafa verið stofnanir og þær bókstaflega rifnar upp með rótum og fluttar til. Hefur það komið miklu raski, óþarfaraski á þá starfsemi og á þær stofnanir og orðið til mikill vandræða fyrir starfsfólkið. Ég held að það sé miklu heppilegri hugsun, nálgun, að dreifa verkefnum. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða starfsemi sem tekur til landsins alls, við skulum taka starfsemi á borð við vegagerð og tollgæslu, þá tel ég að byggðastefnan eigi að felast í því að efla kjarnana, þjónustukjarnana, starfskjarnana á landsbyggðinni í stað þess að taka höfuðstöðvar eða miðstöð stjórnsýslunnar og flytja hana til oft nauðuga viljuga. Það hefur því miður allt of oft gerst, enda held ég að stjórnvöld hafi áttað sig á að það hafi ekki verið til góðs að viðhafa slík vinnubrögð.

Þá er þess að geta að í minnihlutaáliti efnahags- og viðskiptanefndar tökum við undir ábendingar Tollvarðafélagsins og BSRB um skilgreiningu á tollvarðastarfinu og á hvaða forsendum heimilt er að fela öðrum en tollvörðum tollgæsluvald, en þetta er atriði sem ég vék að í upphafi máls míns og skýrði hvað lægi að baki og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór einnig ítarlega yfir málin og tölum við algjörlega einum rómi hvað þetta snertir eins og reyndar önnur atriði varðandi þetta þingmál. Í niðurstöðu okkar segir síðan, með leyfi forseta:

„Við meðferð frumvarpsins gafst nefndinni ekki nokkur kostur að vinna í og fara yfir tollskrá sem er fylgiskjal með frumvarpinu en bæði Neytendasamtökin og nokkrir innflytjendur hvöttu til ítarlegrar endurskoðunar á henni.

Minni hlutinn telur rétt að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað og nefndin vinni að því í samráði við fulltrúa hagsmunaaðila og framkvæmdarvaldsins að bæta frumvarpið og samræma það betur öðrum lögum þannig að það geti orðið sá grundvöllur að innflutningsviðskiptum sem því er ætlað að vera."

Hæstv. forseti. Þessar athugasemdir sem við gerum eru allar þess eðlis að unnt hefði verið að koma til móts við þær, í sumum tilvikum erum við einfaldlega að hvetja til umræðu og skoðunar eins og t.d. varðandi tollumdæmin og stærð þeirra. Í öðrum tilvikum hefði verið mjög auðvelt að verða við einföldum, sjálfsögðum og réttlátum kröfum sem fram hafa komið frá Tollvarðafélaginu og BSRB um skilgreiningu á tollvarðastarfinu og annað af þeim toga.

Eins og ég segi þá er þetta mál ekki þess eðlis að það kalli á miklar deilur eða mikil átök. Þetta er viðamikið mál og þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Starfsmenn ráðuneytisins hafa unnið ágætt starf svo og nefndasviðið í tengslum við þetta frumvarp eins og mörg önnur og ber að sjálfsögðu að þakka það.

Eins og fram kom hjá fyrsta flutningsmanni minni hlutans, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, getum við ekki stutt frumvarpið, við munum sitja hjá við afgreiðslu þess, enda verður það að vera á ábyrgð stjórnarmeirihlutans sem er ákveðinn í að málið verði lögfest núna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 2. umr.

Stjfrv., 396. mál (skattskylda orkufyrirtækja, breyting ýmissa laga). — Þskj. 503, nál. 1221.

[16:31]

Frsm. iðnn. (Kjartan Ólafsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá iðnaðarnefnd um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

Nefndin hefur fjallað um málið, sem er eins konar bandormur við fjölmörg lög, og fengið til sín gesti, hagsmunaaðila og ýmsa aðra sem nefndin leitaði til.

Í nefndarálitinu segir:

Frumvarpið er lagt fram samhliða frumvarpi til heildarlaga um skattskyldu orkufyrirtækja sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur haft til umfjöllunar. Miða frumvörpin tvö að því að samræma skattalegt umhverfi raforkufyrirtækja með það að markmiði að tryggja jafnræði og samkeppni á þessu sviði. Gerir frumvarpið um skattskyldu orkufyrirtækja ráð fyrir að vinnsla, dreifing, flutningur, sala og afhending á raforku og heitu vatni verði skattskyld frá og með 1. janúar 2006. Í samræmi við það gerir frumvarp það sem hér er til umfjöllunar ráð fyrir að ýmsar skattundanþágur sem kveðið er á um í sérlögum um einstök orkufyrirtæki og lögum um raforkuver verði aflagðar. Nefndin átti sameiginlegan fund með efnahags- og viðskiptanefnd þar sem helstu hagsmunaaðilar voru kallaðir til og frumvörpin rædd samhliða.

Með hliðsjón af þeim breytingum sem ráðgerðar eru í frumvarpi til laga um skattskyldu orkufyrirtækja leggur nefndin til að frumvarp það sem hér er til umfjöllunar verði samþykkt óbreytt.

Þess skal getið að Þuríður Backman var viðstödd afgreiðslu málsins sem áheyrnarfulltrúi og er hún andvíg áliti þessu. Aðrir nefndarmenn samþykkja nefndarálitið, þeir eru auk mín: Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður, Bjarni Benediktsson og Dagný Jónsdóttir. Hv. þingmenn Jóhann Ársælsson, Einar Már Sigurðarson og Sigurjón Þórðarson skrifa undir nefndarálitið með fyrirvara.

[16:33]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það kann að vera að einhverjum sem fylgjast með störfum Alþingis finnist liggja beint við, vegna þess að við erum sammála þessu nefndaráliti, að við styðjum breytingar á lögum á orkusviði. En það er ekki svo einfalt. Það var ekki ágreiningur um það í iðnaðarnefnd að ef það frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja yrði að lögum þá yrði þetta frumvarp, um breytingar á lögum á orkusviði, líka að lögum. Þegar ljóst var að efnahags- og viðskiptanefnd mundi afgreiða frumvarp um skattskyldu orkufyrirtækja var ekki um annað að ræða en að það mál færi úr nefndinni sem við erum hér að ræða um, því að í því felast breytingar sem þurfa að fylgja hinu frumvarpinu. Þetta vildi ég að kæmi fram í upphafi míns máls en þar fyrir utan vildi ég segja fáein orð um þessi tvö mál því að þau fylgjast að.

Ég hef reyndar sagt það áður í sölum Alþingis að ekki sé tímabært að gera þær breytingar sem fólgnar eru í frumvarpinu um skattskyldu orkufyrirtækja. Það er nóg að minna á þá óvissu sem er nú uppi eftir breytingar á lagaumhverfi orkufyrirtækja í landinu, þar sem enginn veit enn um hversu mikið raforkuverð mun hækka. Eitt er þó ljóst, að það hækkar meira og minna um allt land vegna breytinga á starfsumhverfi sem þar hafa orðið. Það er því meira en lítið undarlegt að menn skuli vilja ganga þessa göngu til enda, með skattskyldu orkufyrirtækjanna, og bæta þeim hækkunum sem því fylgja ofan á þá hækkun á orkuverði sem fyrirséð er að muni ganga yfir.

Ég sé ástæðu til að halda að mönnum sé ekki alveg sjálfrátt með að ganga svo hart fram í þessu. Það er í raun ekki neitt sem rekur á að þetta gerist akkúrat núna. Það væri t.d. miklu skárra að sætta sig við að menn skoðuðu þetta mál á næsta ári þegar allar breytingarnar eru komnar fram, þegar hið svokallaða samkeppnisumhverfi er orðið með þeim hætti sem til er stofnað. Þá ætti að koma í ljós hvaða þróun verður með raforkuverð í landinu. En svo mikið liggur mönnum á að það má ekki bíða eftir þessu heldur er stjórnarmeirihlutinn ákveðinn í að koma skattskyldu á þessi orkufyrirtæki.

Eins og allir vita eru orkufyrirtækin í eigu sveitarfélaganna í landinu, að langmestum hluta. Það er t.d. mjög athyglisvert að sjá að þeir fjármunir hefðu komið í ríkissjóð á síðustu tveimur skattárum, hefðu allir komið frá fyrirtækjum í eigu sveitarfélaganna. Það eru ekkert litlir fjármunir, milli 1.100 og 1.200 millj. kr. hefðu farið í ríkissjóð frá þessum fyrirtækjum ef ég man þetta rétt. Þetta ætla menn sér að gera á sama tíma og sveitarfélögin í landinu kveina undan því að hafa ekki næga fjármuni til að sinna skyldum sínum.

Það er ástæða til að kalla eftir því að þeir sem styðja meiri hlutann á Alþingi útskýri betur fyrir þingi og þjóð hvers vegna mönnum liggur svona á og hvers vegna það er forgangsverkefni stjórnarmeirihlutans að skattleggja fyrirtæki sveitarfélaganna með þeim hætti sem hér er um að ræða. Ég vil fá að heyra meira um það. Ég tel að þetta sé ekki góð pólitík og mér finnst það óábyrgt af þeim sem hér stjórna málum að ætla að bæta þessari skattbyrði ofan hækkun á raforkuverði sem mun ríða yfir og allir vita að er að verða að veruleika. Það er ljóst sums staðar. Ég mundi halda að við værum að tala um hækkun á raforkuverði um að meðaltali, miðað við þær upplýsingar sem ég hef, ekkert minna en svona 10%. Sums staðar er það miklu meira en sums staðar líka minna, sem betur fer.

En mörg af þessum fyrirtækjum tóku mark á því þegar því var til þeirra beint að halda aftur af sér við hækkun á orkuverði. Við eigum eftir að sjá hækkanir hjá þeim fyrirtækjum, líklega strax á næsta ári. Þá kemur í ljós hvort einhvers konar samkeppni verður um að tryggja sér viðskiptavini í framtíðinni og hvort eitthvað slíkt hefur áhrif á verðlagninguna eftir að þetta umhverfi er komið á í raforkugeiranum.

Það hvarflar að manni að Orkuveita Reykjavíkur er stærsta fyrirtækið sem þarna á hlut að máli, sem mundi greiða hæsta skattinn í ríkissjóð. Það hvarflar að manni að sumir sem styðja meiri hlutann telji ágætt að geta seilst í vasa Reykvíkinga í gegnum skattlagningu á Orkuveitu Reykjavíkur. En þeir eru reyndar að seilast í vasa fleiri en Reykvíkinga því að það eru fleiri sem eiga það fyrirtæki.

Það er mikið umhugsunarefni að menn skuli ætla sér að skattleggja hitaveiturnar í landinu eins og ákveðið er að gera með þessu fyrirkomulagi, hitaveitur sem hafa einkaleyfi til að þjónusta fólkið sem kaupir af þeim heitt vatn. Þetta er auðvitað bein skattahækkun, bein orkuverðshækkun sem fylgir þessu fyrirkomulagi.

Ég tel að hér séu á ferðinni allt of lítið hugsaðar aðgerðir. Ég geri mér grein fyrir því, ég hef sagt það áður en vil endurtaka það, að í framtíðinni þurfi að komast á svipað fyrirkomulag í raforkugeiranum eins og í öðrum fyrirtækjarekstri í landinu. Ef það á að vera samkeppnisumhverfi í þessum geira þá þarf auðvitað líka að vera skattaumhverfi sem er sambærilegt við aðra atvinnustarfsemi í landinu.

En það tekur tíma að koma á því fyrirkomulagi sem hér er að stefnt. Það mun taka þó nokkur ár. Nú eru þessi fyrirtæki, eins og ég sagði áðan, að langstærstum hluta til í eigu sveitarfélaganna. Hér er einfaldlega verið að taka ákvarðanir um að skattleggja fólkið í sveitarfélögunum því að ekki munu sveitarstjórnirnar geta gert annað en að vísa þessari hækkun á neytendur sína. Það getur vel verið að mönnum finnist það ágætt, að geta komist í vasann hjá þeim sem versla við Orkuveitu Reykjavíkur en þarna eiga fleiri hlut að máli.

Hér er, hæstv. forseti, á ferðinni ótímabær breyting og ég verð að segja eins og er, að mér finnst að þeir sem ættu að standa í ístaðinu hafi ekki gert það. Ég beini því m.a. að Framsóknarflokknum vegna þess að Framsóknarflokkurinn á aðild að stjórn borgarinnar og þeir sem verða fyrir barðinu á þessari skattahækkun eru fyrst og fremst Reykvíkingar. Þeir munu þurfa að borga fleiri hundruð milljóna á ári í skatt af rekstri orkufyrirtækis, ekki bara skatt af rekstri fyrirtækisins heldur og af hitaveiturekstrinum. Hins vegar virðist sem framsóknarmönnum finnist það allt í góðu lagi. Mér finnst að þeim ætti ekki að finnast það.

Ég hefði talið affarasælast að menn hefðu látið málin liggja og biðu a.m.k. þangað til þeir hefðu yfirsýn yfir afleiðingar af öðrum breytingum á raforkusviðinu, og lágmarkið hefði verið að menn hefðu séð til fram á árið 2006 til að sjá árangurinn af þessum hlutum áður en lengra væri haldið. Hvernig á því stendur að menn hafa haldið áfram þessari göngu núna með bundið fyrir augun skil ég ekki, en mér finnst að það sé a.m.k. þannig að framsóknarmenn skuldi Reykvíkingum útskýringu á því hvers vegna þeir styðja niðurstöðuna. Já, og reyndar öðrum sem nota þjónustu fyrirtækisins, því þeir eru æðimargir í nágrannasveitarfélögum höfuðborgarinnar.

Hæstv. forseti. Ég ætlaði ekki að hafa langt mál um þetta. Ég vildi að það væri ekki misskilið að stuðningur okkar við nefndarálit frá iðnaðarnefnd þýddi það að við styddum að breytingarnar gengju í gegn núna, það er ekki þannig. Við erum hins vegar raunsæir og vitum að verði málið sett í gegn og gangi til enda í sölum Alþingis verða þær breytingar á lögum á orkusviði sem um var fjallað í iðnaðarnefnd að ganga fram ásamt þeim breytingum. Ég vona að menn sjái að sér og fresti því að málin gangi yfir þangað til þeir sjá betur hvernig breytingar á orkusviði virka að öðru leyti og hversu miklar hækkanir verða á raforkuverði hjá neytendum um allt land.

[16:47]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum á orkusviði. Ég er formaður í hv. iðnaðarnefnd en var því miður í opinberum erindagjörðum á vegum Alþingis á þeim tíma sem frumvarpið var tekið út úr hv. iðnaðarnefnd, en kom vissulega að umfjöllun um málið í aðdraganda þess.

Frumvarpið tengist óneitanlega nýjum raforkulögum og nýskipan raforkumála í landinu og með það í huga að það samkeppnisumhverfi sem stjórnarflokkarnir hafa viljað innleiða í raforkukerfið og reyndar Samfylkingin líka, tveir stjórnarandstöðuflokkar hafa aftur á móti verið á móti kerfisbreytingunni, Vinstri hreyfingin – grænt framboð og Frjálslyndi flokkurinn. Í raforkumálunum hafa því þrír stærstu stjórnmálaflokkar landsins staðið hlið við hlið og gengið taktfast saman þá leið að koma á samkeppnisumhverfi á raforkumarkaði. Við erum m.a. að eyða mismuni í opinberum rekstri og einkarekstri í þessum geira, því það er nú einu sinni þannig að raforkufyrirtæki hér á landi eru ekki öll í eigu opinberra aðila. Raforkufyrirtæki eru jú í eigu ríkisins og í eigu sveitarfélaga en við finnum fjöldamörg einkafyrirtæki á raforkumarkaði, raforkubændur, vítt og breitt um landið sem munu verða í samkeppni við þá aðila. Við getum tekið Múlavirkjun sem dæmi og fleiri virkjanir hringinn í kringum landið sem munu framleiða inn á kerfið í framtíðinni. Það segir sig náttúrlega sjálft, og þeim fer fjölgandi sem telja það, sem betur fer, að það er ekki hægt fyrir einkafyrirtækin að standa í samkeppnisrekstri við ríkið og sveitarfélög ef þau sitja ekki við sama borð í þeim efnum. Það kemur mér mjög á óvart að forustumaður Samfylkingarinnar í hv. iðnaðarnefnd, hv. þm. Jóhann Ársælsson, skuli ekki fylgja okkur stjórnarliðum í málinu, því hér er verið að jafna aðstöðumun á milli fyrirtækja annars vegar í opinberri eigu og hins vegar einkaaðila á þessum markaði.

Hæstv. forseti. Ég vil gera það að umtalsefni, því hv. þingmaður þekkir vel til á Vesturlandi og við vorum sammála um að afgreiða ný raforkulög, að við gátum farið í stækkun álversins á Grundartanga vegna þeirra breytinga. Fyrir breytingu á raforkulögunum hafði Landsvirkjun einkarétt til framleiðslu vegna stóriðju en í dag geta sem betur fer glæsileg fyrirtæki eins og Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja framleitt raforku vegna framkvæmdanna. Það skipti mjög miklu máli fyrir íbúa á Vesturlandi að raforkulögin náðu fram að ganga vegna þess að ef einkaleyfið hefði ekki verið afnumið hefði verið mjög erfitt fyrir fyrirtækin að framleiða raforku vegna framleiðslunnar. Við skulum hafa það í huga að sú stækkun sem mun eiga sér stað á Grundartanga mun skapa 200 störf við álverið og líklega annað eins af afleiddum störfum. Hér er því trúlega um eitt stærsta byggðamál að ræða fyrir Vestlendinga allt frá árinu 1998 þegar álverið var reist. Það gekk ekki hávaðalaust fyrir sig eins og hv. þingmenn muna kannski, en núverandi stjórnarflokkar börðust mjög fyrir því og það er ekki á mönnum að heyra í dag að þeir sjái eftir því að þetta glæsilega fyrirtæki hafi risið á sínum tíma á Grundartanga.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson talaði um að vegna breytinganna á lögunum værum við að fara að hækka

raforkureikning Reykvíkinga og við framsóknarmenn bærum sérstaka ábyrgð þar sem við stöndum í forustu R-listans, ásamt reyndar fleiri flokkum sem sæti eiga á Alþingi og ég held að okkur gangi ágætlega í því samstarfi. Ég tel að sá málflutningur sem hv. þingmaður viðhafði sé að nokkru leyti á misskilningi byggður vegna þess að stærstu orkufyrirtæki landsins, það kom mjög skýrt fram á sameiginlegum fundi iðnaðarnefndar og efnahags- og viðskiptanefndar, við fjölluðum sameiginlega um málið, með forsvarsmönnum Landsvirkjunar, Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur að trúlega munu fyrirtækin ekki greiða tekjuskatt næstu 7–10 árin í það minnsta vegna mikilla framkvæmda í tengslum við stækkun álversins á Grundartanga og mikilla framkvæmda Landsvirkjunar vegna álversins á Austurlandi.

Miðað við hvernig hv. þingmaður lagði upp mál sitt mátti á honum skilja að fljótlega yrði að hækka raforkureikning á íbúum höfuðborgarsvæðisins vegna breytinganna. Það er ekki alls kostar rétt. Það kom mjög skýrt fram hjá forustumönnum fyrirtækjanna að þetta mun ekki hafa nein áhrif á rekstur fyrirtækjanna næstu 7–10 árin í það minnsta. Það er staðreynd málsins. Svo geta menn deilt um hvað gerist eftir 7 eða 10 ár. Við höfum sem betur fer hagræðingarkröfu í nýjum raforkulögum sem gera ráð fyrir að við reynum að reka raforkukerfi landsmanna með hagkvæmni að leiðarljósi þannig að það verði ekki dýrt í rekstri og muni skila sér þar af leiðandi í lægra raforkuverði til landsmanna allra og fyrirtækja í landinu.

Vegna þeirrar umræðu sem átti sér stað áðan, m.a. um hækkun á raforkuverði á landsbyggðinni, vil ég halda því til haga að það mál er að sjálfsögðu til skoðunar, það hefur margoft komið fram. (Gripið fram í.) En hv. þingmenn gleyma því, enda hafa þeir ekki fram að þessum degi, alla vega hef ég ekki heyrt það að hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar sé mikið umhugað um atvinnulíf á landsbyggðinni, en það er staðreynd málsins að raforkuverð til fyrirtækja á landsbyggðinni hefur lækkað í kjölfar nýrra raforkulagabreytinga. Það þykir hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar eins og hv. þm. Jóni Bjarnasyni algjört aukaatriði því umhverfi atvinnulífsins á landsbyggðinni er ekkert aðalatriði í þessu samhengi. (Gripið fram í.)

Ef ég mætti klára mál mitt, hæstv. forseti, vil ég segja að þar sem menn tengja þessa breytingu á lögunum nýskipuðum raforkulögum, þá mun sú breyting sem stjórnarflokkarnir hafa lagt til varðandi markaðsvæðingu á raforkukerfinu og hagræðingu því samfara hafa góð áhrif til lengri tíma litið. Það er hagræðingarkrafa í rekstri fyrirtækjanna sem mun skila sér í lægra raforkuverði til landsmanna til lengri tíma litið.

Við horfðum á það árin 1998–2000 í umræðum um einkavæðingu bankanna að það væri rosalegt glapræði að ganga þá vegferð til enda. Bankarnir greiddu engan tekjuskatt í þá daga til ríkisins. Hvað ætli þeir greiði í ár? 15–20 milljarða? Því miður var stór hluti af stjórnarandstöðunni á móti þeirri framför sem þá átti sér stað. Bankamarkaðurinn í dag og fjármálamarkaðurinn er sem betur fer einn af veigameiri þáttum í undirstöðuatvinnugreinum landsbyggðarinnar ásamt sjávarútvegi og öðrum iðnaði. Ég vil halda því til haga að þeir voru á móti þeirri breytingu sem átti sér stað á bankakerfinu þá, rétt eins og margir hverjir stjórnarandstæðingar eru á móti þeim breytingum sem nú eiga sér stað á raforkukerfi landsmanna.

Sagan mun náttúrlega dæma okkur í þeim efnum. Sagan hefur dæmt okkur hvað varðar einkavæðingu á ríkisbönkunum. Trúlega hefur aldrei verið eins mikill kraftur í íslensku viðskiptalífi og í dag. Aldrei hefur íslenskur almenningur notið eins lágra vaxta, hvort sem það er á húsnæðismarkaði eða á öðrum sviðum, þar ríkir gríðarleg samkeppni. Það voru engir hamingjudagar þegar ríkisbankarnir voru og hétu og margir hv. alþingismenn sátu þar í ráðum og stjórnum, svo heppilegt sem það var.

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa því yfir að ég styð að frumvarpið verði gert að lögum frá hv. Alþingi. Hér er um framfaraspor að ræða. Við erum að jafna mismun á milli einkaaðila og opinberra aðila á þessum markaði. Við getum ekki búið svo um hnútana að einkafyrirtæki á raforkumarkaði, raforkubændurnir, standi verr að vígi en opinberir aðilar, ríki eða sveitarfélög. Slíkt gengur ekki.

[16:58]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var mjög sérkennileg ræða sem hv. þingmaður flutti og ég tel að ég verði að leiðrétta ákveðnar rangfærslur. Ég vonast til þess að hv. þingmaður muni leggjast á sveif með okkur í stjórnarandstöðunni og fresti gildistöku skattskyldunnar þegar hann áttar sig á því að hann hefur farið með rangt mál um að breytingarnar á skattskyldu fyrirtækjanna muni ekki leiða til hækkunar. Fram kemur, vegna þess að það virðist hafa farið fram hjá hv. þingmanni, að orkufyrirtækin a.m.k. segir Orkuveita Reykjavíkur í umsögn að skattlagning orkufyrirtækja, með leyfi forseta: „muni óhjákvæmilega leiða til hækkunar verðs þar sem núverandi gjaldskrá gerir ekki ráð fyrir greiðslu tekju- og eignarskatts.“

Nú þegar ég hef upplýst hv. þingmann um umsögnina vonast ég til þess að hann leggist á sveif með okkur í stjórnarandstöðunni. Í umsögn frá Hitaveitu Suðurnesja segir: „Til að mæta auknum álögum er líklegt að hækka þurfi orkuverð.“ Mér finnst náttúrlega mjög hjákátlegt og mjög sérkennilegt að menn hafi ekki lesið betur umsagnir um þau frumvörp sem þeir eru að flytja og eru formenn iðnaðarnefndar, frú forseti.

(**Forseti** (SP): Forseti vekur athygli hv. þingmanna á því að þeir hafa aðeins eina mínútu til að halda ræðu sína.)

[16:59]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kannast vel við umsagnir þeirra fyrirtækja sem hv. þingmaður nefndi, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja. Hins vegar kom það mjög skýrt fram á fundi sem hv. iðnaðarnefnd Alþingis og hv. efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis átti með þessum aðilum þar sem þeir voru spurðir að því hvenær þeir mundu greiða eignarskatt í framtíðinni, að það yrði ekki í fyrsta lagi fyrr en eftir 7–10 ár vegna þeirra miklu framkvæmda sem þeir standa í á Vesturlandi og Austurlandi. Hv. þingmenn Vinstri grænna, ég horfi hér framan í hv. þm. Ögmund Jónasson, hafa verið mishrifnir af því en þeir verða bara að eiga það

við sig. Ef þeir stæðu ekki í þeim framkvæmdum þyrftu þeir að fara að greiða allverulega skatta. Þá fyrst færu raforkureikningar Reykvíkinga og fleiri landsmanna að hækka. Það kom mjög skýrt fram í máli forsvarsmanna fyrirtækjanna að það verður ekki af skattlagningunni fyrr en eftir sjö ár í það minnsta.

[17:00]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst mjög einkennilegt að hv. þingmaður horfi ekki til lengri tíma. Verið er að hækka orkuverð, það kemur skýrt fram í umsögnum, og ef þetta er samkeppnismál, eins og virðist koma fram hjá hv. þingmanni, hefði einfaldlega mátt lækka skattbyrðina á þau fyrirtæki sem eru í samkeppni við opinberu fyrirtækin. En hér er verið að hækka skatta og við verðum ítrekað vör við það þessa dagana að verið er að hækka skatta, það stendur til að hækka skatta á dísilolíu á næstu dögum. Ég tel að það hefði verið miklu skynsamlegra að bíða með þessa skattahækkun til að átta sig betur á hvað umrædd kerfisbreyting á raforkumarkaðnum hefur mikla hækkun í för með sér áður en menn fara að hækka skatta í ofanálag. Ég tel að það sé skynsamlegt en ekki að hækka skatta beint ofan í kerfisbreytingu (Forseti hringir.) sem mun hækka og hefur hækkað gjöld á neytendur.

[17:02]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mjög sérkennilegt að hlusta á málflutning Frjálslynda flokksins í þessu máli, flokks sem gefur sig út fyrir að vera hægra megin í íslenskri pólitík, eins og heyra má hjá ákveðnum þingmönnum þess flokks um starfsemi Íbúðalánasjóðs, Ríkisútvarpsins og fleiri þátta. Nú kemur allt í einu hv. þingmaður flokksins hér upp, Sigurjón Þórðarson, og talar á móti þeim breytingum sem við erum að fara að gera á raforkumarkaðnum. Þessum flokki, sem á að vera hægra megin í íslenskri pólitík, er þá ekkert umhugað um raforkubændur í landinu. Honum er ekki umhugað um það umhverfi sem við ætlum að búa íslenskum raforkubændum. Eiga ríki og sveitarfélög að vera stikkfrí hvað varðar skattskyldu í rekstri sínum en eiga svo einkaaðilarnir, sem hv. þingmaður segir sinn flokk standa fyrir, að borga skatt? Hvers lags málflutningur er þetta? Hvílíkt stefnuleysi.

[17:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég trúi því ekki að hv. þingmaður átti sig ekki á að auðvitað hefur þetta bein áhrif strax. Halda menn að það hafi ekki áhrif á arðgreiðslur, t.d. frá Orkuveitu Reykjavíkur, þegar búið er að ákveða að borga þurfi 18% skatt af öllu sem um er að ræða? Halda menn virkilega að ekki sé tekið tillit til þess hver hinn raunverulegi grundvöllur er undir fyrirtæki þegar verið er að ákveða arðgreiðslur frá því?

Mér fannst hv. þingmaður svolítið óheppinn þegar hann nefndi Múlavirkjun sem er í byggingu og hefur ekki selt neitt rafmagn enn þá, að vísu er búið að gera samning um að selja það, en það er ekki hætt við því að það fyrirtæki fari að borga tekjuskatt á næstunni. Hér er um að ræða tekjuskatt en ekki eignarskatt, ég býst við að hv. þingmaður hafi mismælt sig áðan þegar hann talaði um eignarskatt. (**BJJ**: Já.) Það er ekki þannig að það séu margar raðir af einkafyrirtækjum í gangi þarna sem þurfa að fara að borga skatt. Það er ekki svo.

Ég tel að svara eigi þeirri spurningu: (Forseti hringir.) Hvers vegna liggur mönnum svona á að heimta skatt af sveitarfélögum sem eiga fyrirtæki?

[17:04]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hv. þm. Jóhann Ársælsson, sem stóð að þessum breytingum á raforkuumhverfi hér á landi fyrir áramótin og greiddi atkvæði með þeim breytingum, þeirri kerfisbreytingu sem hér hefur átt sér stað, hvort hann vilji ekki fylgja okkur til enda í þeim breytingum. Er hv. þingmaður að segja hér úr ræðustól Alþingis að honum finnist að einkaaðilar sem reka virkjanir sínar í samkeppni við ríki og sveitarfélög eigi ekki að sitja við sama borð og ríki og sveitarfélög?

Ég vil líka spyrja hv. þingmann að því hvort hann hafi ekki heyrt það sama og ég frá forsvarsmönnum Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja eða Landsvirkjun að þeir muni ekki borga neinn tekjuskatt næstu sjö til tíu árin í ljósi mikilla framkvæmda. Það er alveg á hreinu. Það kom mjög skýrt fram á sameiginlegum nefndafundi efnahags- og viðskiptanefndar og iðnaðarnefndar þingsins. Ég vil þá heyra það úr ræðustól Alþingis að menn beri brigður á þau orð sem þar féllu.

[17:05]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki betur en það sama hafi gengið yfir fyrirtæki í þessum bransa og ég geri ekki ráð fyrir að breyting verði á því. Það er bara spurning hvenær menn setja þessa breytingu á. Ég er búinn að segja það hér áður að það kemur að því að það þurfi að gera það. En að menn skuli ekki einu sinni geta séð fram úr því hvaða áhrif sú breyting sem nú þegar er búið að ákveða hefur á þennan bransa allan saman áður en menn hefja þessa göngu og skattheimtu. Það er alveg augljóst að fyrirtækin sem hér um ræðir og hafa verið að borga arð út úr rekstrinum til eigendanna, þ.e. sveitarfélaganna, munu auðvitað ekki geta gert það með sama hætti þegar grundvellinum hefur verið breytt. Menn hljóta að taka mið af því hvaða skattumhverfi er búið að setja þarna á og það mun auðvitað þýða það að menn þurfa að draga úr arðgreiðslunum.

Ég held að það væri fróðlegt að hv. þingmaður teldi upp eitthvað af þeim fyrirtækjum sem hann hefur áhyggjur af (Forseti hringir.) og þurfa að fara að borga skatt.

[17:07]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er svo sem ekki miklu við þetta að bæta en það er alveg ljóst að ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson höfum verið nokkuð sammála að þessu leyti um þær breytingar sem við höfum verið að gera á raforkuumhverfinu. Það er jafnframt alveg ljóst að þessi fyrirtæki munu

ekki borga skatta á næstu árum. Allir eru sammála um það. Hvers vegna göngum við ekki þessa leið til enda? Það var líka alveg vitað að þessi breyting væri óhjákvæmileg í ljósi breytinga á raforkulögunum. Svo greinir okkur, mig og hv. þingmann, greinilega á um hvenær það eigi að gera en ég sé því ekkert til fyrirstöðu að það verði gengið í það strax, enda styð ég það frumvarp sem hér liggur fyrir þinginu.

[17:08]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var sérkennilega ræða sem hv. þm. Birkir J. Jónsson hélt yfir okkur áðan. Hér er aðeins verið að fjalla um frumvarp sem í rauninni er mikil samstaða um í iðnaðarnefnd, þ.e. að það verði að fylgja ef frumvarpið um skattskyldu orkufyrirtækja verður samþykkt. Það var því undarlegt að hv. þingmaður notaði þetta tækifæri til þess að hjóla hér í allt og alla að því er mér finnst algjörlega að ástæðulausu.

Ég lít þannig á að þetta sýni fyrst og fremst það að hv. þingmaður er ekki fyllilega sáttur við hvernig að þessum málum hefur verið staðið en handjárnin á stjórnarliðinu gera það auðvitað að verkum að hann verður að standa hér keikur og styðja þetta allt saman. Það virðast helst vera raforkubændur sem hv. þingmaður hefur áhyggjur af og telur að hægt sé að bæta hag þeirra verulega með þeim frumvörpum sem hér liggja fyrir. Ég verð að spyrja hv. þingmann að því hvað það er sem bætir hag raforkubænda með því að takmarka verulega tekjumöguleika sveitarfélaganna. Þetta er sérkennilegasta tenging sem ég hef heyrt lengi.

[17:09]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekkert feiminn að koma hér upp og svara hv. þm. Einari Má Sigurðarsyni því að ég get skilið að Samfylkingin skuli vera í dálitlum vanda í þessu máli vegna þess að hún hefur stutt allar þær breytingar sem við höfum verið að gera á raforkumarkaði hér á landi. Nú er allt í einu viðsnúningur á og fyrir því fæ ég ekki viðhlítandi rök. Þegar hv. þingmaður kvartar undan því að ég komi hér upp og hjóli í allt og alla, eins og hann orðaði það, hlýtur það að segja sína sögu að málstaðurinn er veikur, menn eru ekki samkvæmir sjálfum sér, menn eru ekki samkvæmir þeim gjörðum sem þeir hafa staðið að, nú síðast rétt fyrir áramótin.

Ég vil að lokum spyrja hv. þingmann að því hvort hann sé þá í hjarta sínu sammála því að fyrirtæki í eigu ríkisins og sveitarfélaga verði undanþegin skatti á meðan einkaaðilar á þessum markaði séu skattskyldir. Er sanngirni í því?

[17:10]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er óþarfi að svara aftur spurningum sem Jóhann Ársælsson er búinn að svara. Ég vil hins vegar halda áfram þar sem frá var horfið í ræðu minni áðan vegna þess að hv. þingmaður hefur nokkuð fylgst með og stundum tekið til máls hér varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga. Telur hv. þingmaður ekki eðlilegt að þau samskipti séu skoðuð örlítið í þessu samhengi líka? Telur hv. þingmaður ekki að ástæða sé til þess að læra örlítið af því þegar við tókum hin nýju raforkulög í gildi? Þar voru auðvitað ýmsir gallar sem hv. þingmaður þekkir nokkuð vel frá störfum sínum í iðnaðarnefnd og þess vegna held ég að hægt hafi verið að draga a.m.k. þann lærdóm af því ferli öllu að við ættum að gefa okkur nægan tíma til að fara yfir hlutina.

Það er alveg ljóst að skattlagning orkufyrirtækja þýðir lægri tekjur til sveitarfélaga, arðgreiðslur til þeirra munu minnka, orkureikningar munu hækka á almenning og þar af leiðandi líka draga úr tekjumöguleikum sveitarfélaganna, þ.e. í skattlagningu á almenning. Hér er því enn einu sinni verið að fara þá leið í samskiptum ríkis og sveitarfélaga að skerða hlut sveitarfélaga til tekjuöflunar.

[17:11]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér ræðum við hliðarfrumvarp við annað frumvarp, um skattlagningu orkufyrirtækja, og höfum farið inn á það svið að tala um skattgreiðslurnar og jafnræðið. Ég heyrði hv. þm. Birki J. Jónsson segja áðan að nokkur fyrirtæki, stærstu fyrirtækin minnir mig að hann hafi nefnt, Landsvirkjun og fleiri stærri fyrirtæki, mundu ekki greiða skatta á næstu árum vegna þess að þau hefðu það mikið af uppsöfnuðum kostnaði og tapi og að þetta væri gert til að jafna aðstöðu fyrirtækjanna. Þá spyr ég: Hvað með fólkið? Munu þau fyrirtæki sem ekki eru skuldum vafin fara að greiða skatta og taka það út í orkuverðinu? Ég sé ekki hvar þau eiga að taka það annars staðar.

[17:13]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um ýmsar breytingar sem verða í kjölfarið á breytingum á skattskyldu orkufyrirtækja. Þó svo að við í Frjálslynda flokknum séum fylgjandi þessum breytingum, ef skattskyldan verður að lögum, þýðir það ekki að við styðjum skattskyldu orkufyrirtækja. Ég gerði mér nokkrar vonir um það fyrr í umræðunni, eftir ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, að hér yrði breyting á, að Framsóknarflokkurinn mundi e.t.v. falla frá því að skattleggja orkufyrirtækin.

Það kom fram hjá hv. þingmanni að vegna þess að þetta muni einungis leiða til hækkunar einhvern tíma í framtíðinni en ekki á næstu árum þá sé þetta ekki eitthvað til að hafa áhyggjur af. En nú hafa ýmsir bent á hér í umræðunni að þetta muni án efa hafa áhrif strax til hækkunar á neytendur. Það er því aldrei að vita nema framsóknarmenn falli frá þessu frumvarpi, að hækka orkuna og hætta við að skattleggja orkufyrirtækin. Það væri fróðlegt ef hv. þm. Birkir Jón Jónsson segði okkur frá því á eftir í umræðunni að ef það yrði raunin að þetta leiddi strax til hækkunar, hvort hann yrði þá andsnúinn frumvarpinu um skattskyldurnar. Mér finnst vera einhverjar líkur til þess þó að ég telji þær ekki miklar, vegna þess að skattskyldan og allar þessar breytingar á orkufyrirtækjunum er hugarfóstur framsóknarmanna. Það er hugarfóstur hæstv. iðnaðarráðherra að koma á þessum breytingum sem hafa því miður leitt til talsverðrar hækkunar. Ég hef nefnt það fyrr í umræðunni að hækkanirnar hafa numið tugum prósentna. Eldri maður á Skagaströnd fékk reikninga upp á 160% hækkun, maður á níræð-

isaldri sem skilur ekkert í reikningum sem koma frá ríkisfyrirtæki upp á 16 eða 18 blaðsíður.

Mér finnst tími til kominn að framsóknarmenn slaki aðeins á í þessum breytingum og hlusti á rödd skynseminnar, hlusti á það sem við í Frjálslynda flokknum höfum sagt, að það er rétt að doka við, enda höfum við lagt fram frumvarp þess efnis að fresta skattskyldunni til þess að sjá hvað þessar breytingar sem búið er að fara í valda mikilli hækkun á neytendur.

Það kom hér fram í umræðunni að hv. þingmaður hafði miklar áhyggjur af hugtökunum vinstri og hægri og að Frjálslyndi flokkurinn skilgreindi sig hægra megin við vinstri, og af því að flokkurinn skilgreindi sig þannig þá væri hann algerlega fylgjandi frumvarpi framsóknarmanna, óskynsamlegu frumvarpi.

Ég held að ég verði að upplýsa hv. þingmann um að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn eru á mjög skrýtinni vegferð vegna þess að það má sjá á flokkum hvað þeir eru langt til hægri á því hvað þeir hafa mikinn hluta af útgjöldum, hvað þeir vilja hafa að hið opinbera snúist í miklu af umsvifum þjóðfélagsins. Það verður að segjast, því miður, að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa aukið ríkisútgjöld gríðarlega sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Þess vegna orkar tvímælis t.d. að kalla Sjálfstæðisflokkinn hægri flokk þar sem hann hefur aukið ríkisútgjöld gríðarlega.

Það sem við höfum gagnrýnt og gagnrýnum einmitt varðandi þetta frumvarp um skattskyldu orkufyrirtækja sem við ræðum núna, er að verið er að leggja skattana á þá sem síst skyldi. Þar skilur kannski á milli Frjálslynda flokksins og Sjálfstæðisflokksins að Sjálfstæðisflokkurinn hefur í auknum mæli lagt byrðar á smælingjana og aflétt byrðum af þeim sem hafa það betra. Það sjáum við svo skýrt einmitt í þessu frumvarpi, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, að staðreyndin er sú að skattbyrðin mun eingöngu, ef t.d. horft er á raforkumarkaðinn, leggjast á almenna notendur, minni fyrirtæki í landinu og almenna neytendur, á meðan stórnotendur og stóriðjan hafa samið um það fyrir fram að þeir muni ekki greiða skatta og hafa fast orkuverð. Öll hækkunin mun því lenda á þeim sem síst skyldi.

Það er nú staðreyndin í málinu að hlutur almennra notenda og minni fyrirtækja er alltaf að verða minni og minni í raforkukerfinu. Hann verður í kringum 10–15%, þegar allar áætlanir sem liggja fyrir, af öllum raforkumarkaðnum. Afgangurinn verður hjá stóriðjunni, þ.e. 85–90%. Það er gengið frá því að skattahækkanirnar sem Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn eru að boða nú munu allar lenda á almennum neytendum í landinu.

Okkur í Frjálslynda flokknum finnst þetta vera mjög ófugsnúið og viljum að menn doki við, átti sig á því hvað fyrirhugaðar breytingar valda mikilli hækkun áður en þeir fara að leggja á nýjar álögur. Mér finnst það mjög mikilvægt sérstaklega í ljósi þess að ef við skoðum aðrar breytingar sem verið er að gera, t.d. í skattamálum, sést að verið er að auka byrðarnar hlutfallslega á þá sem hafa lægri launin og aflétta þeim af þeim sem hafa hærri launin. Það er alveg sama upp á teningnum í þessu máli. Hér er verið að auka álögur á almenna notendur. En stórfyrirtækin hafa þegar samið sig fram hjá þessu.

Við í Frjálslynda flokknum höfum ekki einungis bent á að það beri að huga að því hvernig við öflum tekna heldur höfum við einnig bent Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum á að þeir hafi farið offari í ýmsum útgjöldum. Sem dæmi má nefna að í tíð Framsóknarflokksins hefur utanríkisþjónustan blásið út gríðarlega mikið. Mér finnst að menn eigi að velta fyrir sér áður en þeir fara í svona gríðarlega mikil útgjöld hvort þetta sé rétt. Er rétt að auka útgjöld til utanríkisþjónustunnar á örfáum árum um 2.300 milljónir árlega? Frá árinu 1998 til 2005 hefur ríkisstjórnin varið 2.300 milljónum meira árlega. Hv. þm. Birkir Jón Jónsson ætti að huga að þessu. Þetta eru miklar og háar upphæðir. Að velta þessu á almenna notendur í raforkukerfinu, hækka skatta og auka skattbyrðina á þeim sem hafa lægstu launin finnst mér ekki vera rétt og þar skilur á milli. Ég vona að hv. þingmaður átti sig á því að þó svo að við skilgreinum okkur hægra megin við miðju viljum við ekki fara í svona skattlagningu. Við viljum miklu frekar horfa til þess hvernig við minnkum þessi ríkisumsvif. (**Gripið fram í:** Hvernig þá?)

Ég var að benda á það, hv. þingmaður, að t.d. utanríkisþjónustan hefur aukist um 2.300 milljónir á föstu verðlagi. Síðan hef ég bent hér ítrekað á ýmsa þætti í umræðunni á síðustu dögum, t.d. þegar Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að stofna nýjar ríkisstofnanir eins og Ferðamálastofu og auka eftirlit á ýmsum sviðum. Ég nefni sem dæmi mikið dekurverkefni Framsóknarflokksins á sviði orkumála, þ.e. að færa mikið eftirlit t.d. til Orkustofnunar. Ég tel það ekki rétt að vera að auka eftirlitsbáknið í Reykjavík meira en þörf er á. Í frumvarpi til vatnalaga kemur t.d. fram að þar eigi að taka við tilkynningum um leyfisskyldar jafnt sem óleyfisskyldar mögulegar framkvæmdir við vötn og eitt og annað. Áður en menn fara í svona breytingar eiga þeir að huga að því hvað þær kosta.

Það gilda lög í landinu sem hæstv. utanríkisráðherra hafði forgöngu um að samþykkja, lög um opinberar eftirlitsreglur. Þessi lög kveða á um það að áður en farið er í nýtt eftirlit eigi að huga að nauðsyn þess. Ég hef séð það, því miður, að þessi lög eru þverbrotin hér í lagasetningunni á þingi og ég mun fara yfir það í fleiri ræðum að þarna er einmitt leið, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, til þess að spara í ríkisútgjöldum. Það þýðir ekki eingöngu að hækka skattana til þess að fara í einhver dekurverkefni. Ef menn leita fleiri leiða má t.d. benda á að verið er að fjölga sendiherrum. Þetta kostar peninga. Þetta kostar mjög mikla peninga. Ég tel miklu nær að ríkið einbeiti sér að öðrum verkefnum en að vera að þenja út eitt og annað. Það er umhugsunarvert að í stað þess að hæstv. utanríkisráðherra framfylgi þessu barni sínu, lögum um opinberar eftirlitsreglur, þá var sýnd mynd í ríkissjónvarpinu á dögunum, Opinberun Hannesar. Ég tel miklu nær að stjórnmálamenn einbeiti sér frekar að því að framfylgja reglum sínum og hugarfóstrum í stað þess að festa bara á filmu afleiðingar kerfis sem þeir hafa búið til sjálfir.

Það verður mjög fróðlegt þegar við förum í umræðu um vatnalögin að skoða þessi mál, hvernig menn ætla að skrá allar framkvæmdir og hvernig hæstv. iðnaðarráðherra hefur hugsað sér að framfylgja þessum lögum.

Margt er mjög sérstakt í þessum raforkumálum. Ef mað-

ur sýnir fyllstu sanngirni þá tel ég að stjórnarflokkarnir eigi nú þegar þeir senda neytendum um allt land hærri reikning að íhuga að reyna að útskýra fyrir fólki hvers vegna þessar hækkanir eru og tala hreint út. Ég vil þakka hv. þm. Birki Jóni Jónssyni fyrir nokkuð góða ræðu því hann var einlægur í þessu hækkunartali sínu. Honum fannst rétt að hækka raforkuna vegna ójafnrar samkeppni raforkubænda við Landsvirkjun.

En það má benda framsóknarmönnum á að fær er önnur leið en að hækka á almenna neytendur út af nokkrum raforkubændum. Það má kannski líta á þetta á hinn veginn. Það má líta til þess hvort ekki megi lækka skattana á raforkubændurna. Mér finnst að framsóknarmenn eigi að huga að því að í stað þess að horfa alltaf til skattahækkana þá megi jafnvel fara hina leiðina og lækka skatta á raforkubændur. Ef það er úrslitaatriðið hjá framsóknarmönnum að þetta snúist um raforkubændur og þess vegna þurfi að hækka raforkuna um allt land þá tel ég að þeir ættu að staldra við og hlýða á skynsaman málflutning okkar í Frjálslynda flokknum og skoða hvort ekki sé eðlilegt að fresta gildistökunni. Það liggur ekki svo mikið á. Fyrst að hv. þingmaður upplýsti okkur um að þetta muni ekki færa ríkissjóði neinar tekjur akkúrat núna og þetta skipti þess vegna engu máli, hvers vegna ekki þá að fresta skattahækkuninni (Gripið fram í.) ef þetta skiptir engu máli? Það væri áhugavert ef framsóknarmenn upplýstu okkur um það. Ef þetta skiptir engu máli fyrir ríkissjóð hvers vegna má þá ekki bara fresta þessu og skoða það hreint út sagt hverjar afleiðingarnar af breyttu umhverfi í raforkumálum verði á raforkureikning landsmanna?

Ég nefndi þennan ágæta herramann á Skagaströnd sem fékk 160% hækkun á sínu raforkuverði og hann áttar sig ekkert á því. Ég hef nú komið með þessa reikninga á borð hv. iðnaðarnefndar og fengið síðan símtöl m.a. frá Snæfellsnesi þar sem menn eru að tala um 20–25% hækkun. Mér finnst í raun að Framsóknarflokkurinn ætti að leggja meiri áherslu á að útskýra fyrir fólki hvers vegna þurfti að hækka og hve hækkunin er mikil vegna þess að þegar þeir koma í þennan ræðustól þá segja þeir að þetta sé ekki svo mikil hækkun. Hver er hækkunin? Það þarf að koma betur fram hvað verið er að skattpína fólkið mikið. Mér finnst að það þurfi að koma fram.

Við höfum heyrt þetta hérna í annarri umræðu, í þessari villandi umræðu um dísilolíuna. Þar var því haldið fram að hagstæðara yrði að keyra dísilbíla. En nú eru áhöld um hvort það sé hagstæðara vegna þess að skattahækkunarárátta Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins á almenning er svo mikil. En síðan þegar kemur að þeim sem betur hafa, svo sem þeim sem njóta hæstu launanna og stóriðjunnar, þá má ekki taka neina skatta. Þá eru þeim allar bjargir bannaðar.

Þessi útgjaldaaukning ríkissjóðs setur þá auðvitað í vanda. Ég vonast til þess að Framsóknarflokkurinn hugi að því, því að á flokksþingi sínu hafði hann ákveðna samþykkt einmitt um að þessar breytingar á raforkumarkaðnum hefðu ekki afdrifaríkar afleiðingar. Ég vona að hv. þingmaður leiðrétti mig ef það er ekki ein af samþykktum flokksins. Mér finnst að menn eigi að virða þetta. Það gengur ekki að hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, komi í þennan ræðustól og tali um einhverjar hundrað kr. hækkanir, svo eru það ekki þúsund kr. hækkanir heldur tugþúsund kr. hækkanir. Það gengur ekki að koma svona fram. Eins gengur það ekki hjá sjálfstæðismönnum að gefa það í skyn að olían, dísilolían, sé ekkert að hækka. Síðan hækkar hún og verður miklum mun dýrari en bensínið. Það skilur enginn neitt í þessu.

Ég vonast til að neytendur sem fara nú og fylla bíla sína af dísilolíu eftir miklar verðhækkanir Sjálfstæðisflokksins átti sig á því hver er að hækka hjá þeim. Það er auðvitað Sjálfstæðisflokkurinn, hæstv. fjármálaráðherra, Geir Haarde. Um leið og verið er að dæla er í rauninni verið að dæla í ríkissjóð. (**BJJ:** Allir vondir.) Allir vondir, segir hv. þm. Birkir Jón Jónsson. Það sem ég er að útskýra og kom fram í svari er að ójöfnuður er að aukast. (Gripið fram í.) Það kom hérna fram og var meira að segja reiknað út af hæstv. fjármálaráðherra, það var reiknaður út sérstakur stuðull. Þetta eru því miður staðreyndir.

Það sem er alvarlegt, og ég vona að hv. þingmaður átti sig á því, að þegar ég óskaði eftir því að hæstv. fjármálaráðherra reiknaði út hver ójöfnuðurinn yrði þegar flokkarnir, stjórnarflokkarnir, væru búnir að ná fram breytingum sínum á sköttum, þá bara voru allar reiknivélar stopp í ráðuneytinu. Það er svolítið sérstakt og það er eins og menn viti í raun og veru af þessu. Hægt er að reikna hagvöxt áratugi fram í tímann, en ef beðið er um að reikna ójöfnuð eitt eða tvö ár frammí tímann, þá eru allar reiknivélar stopp í fjármálaráðuneytinu. Það er einmitt hluti af þessu máli, að verið er að hækka orkuna á almenna neytendur og minni fyrirtæki á meðan stóriðjan mun ekki greiða þessa skattahækkun sem Framsóknarflokkurinn er svo stoltur af, eins og heyra mátti í ræðu hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, það er mergurinn málsins.

Það sem við í Frjálslynda flokknum leggjum mikla áherslu á er að menn reyni nú að einangra dæmið þannig að við áttum okkur á því að þær hækkanir sem verða núna verði ekki vegna skattbreytinga, heldur verði þær vegna breytinga sem Framsóknarflokkurinn hefur beitt sér af alefli fyrir í breytingum á raforkumarkaði, en vera ekki að bæta skattpíningu ofan á þessar breytingar sem valda svona mikilli hækkun á töxtum hjá fólki víða um land.

Eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. þingmanns geri ég mér vissar vonir um að menn ætli að falla frá þessari hækkun, vegna þess að boðað var í umræðunni að ef hækkunin verður einhvern tímann í framtíðinni á fyrirtæki og almenning eins og fram kemur í umsögnum, eins og hann túlkar umsagnirnar, þá er þetta í lagi, en ef þetta muni strax leiða til hækkunar, þá sé hv. þingmaður andvígur og Framsóknarflokkurinn andvígur þessu frumvarpi. Þess vegna hef ég vissar vonir um að Framsóknarflokkurinn muni falla frá frumvarpinu. Ég vonast til að stjórnarflokkarnir taki þessar ábendingar mínar með velvilja, hvernig eigi að stemma stigu við ríkisútgjöldum, og stöðva þessa þenslu og þá vitleysu að vera að sækja um í öryggisráðið og þenja út um 2.300 milljónir árleg útgjöld utanríkisráðuneytisins, þetta er vitleysa, fólki finnst það, fólk er að tala um þetta. Og ég vonast til að stjórnarflokkarnir hugsi um það áður en þeir fara að setja upp nýjar ríkisstofnanir hver eigi að greiða þetta.

Frú forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[17:36]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða mjög mikilvægar lagabreytingar. Þetta er angi af umræðu sem á sér stað um heim allan, markaðsvæðingu grunnþjónustu á borð við raforku, vatn og hita. Þetta er nokkuð sem tekist er á um nánast um alla heimsbyggðina og þar skiptast menn í fylkingar. Það er frjálshyggjuvængurinn annars vegar og félagshyggjuvængurinn hins vegar. Það sem kom mér svolítið á óvart við umræðuna fyrr í dag var hve talsmaður Framsóknarflokksins, hv. formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, kom afdráttarlaust fram í þessu máli og afdráttarlaust niður í málflutningi sínum á hægri vængnum, með frjálshyggjusjónarmiðum. Hann setti mál sitt upp í eins konar réttlætisformúlu. Við værum að koma á réttlæti í landinu. Það væri nefnilega þannig að sumir aðilar, einkaaðilar sem væru að hasla sér völl á sviði raforkumála í raforkuframleiðslu, eru skattlagðir ef þeir eru einkafyrirtæki, en opinberi reksturinn er undanþeginn skattlagningu. Úr þessu þarf að bæta með því að skattleggja alla jafnt. Þetta er vissulega það sem býr að baki þessum kerfisbreytingum og hugmyndum, þ.e. að færa þennan geira allan inn á samkeppnissvið og að sambærilegar reglur og gilda þar eigi við á þessu sviði.

Hitt atriðið sem hv. þingmaður vék að var um ágæti þessara kerfisbreytinga. Mig langar til í nokkrum orðum að fara um báða þessa þætti.

Fyrst að markaðsvæðingunni almennt og hvernig hún gerist og er smám saman að gerast á sífellt fleiri sviðum. Þetta gerist þannig að starfsemi sem hefur verið á vegum hins opinbera er endurskilgreind og færð úr einu lagaumhverfi í annað. Við skulum taka dæmi um hafnir. Hafnirnar á Íslandi heyrðu áður undir, nú man ég ekki alveg hvort ég fer rétt með, ætli það hafi ekki verið Siglingastofnun sem hefur haft umsjón og eftirlit með þeim, en síðan var gerð breyting á lögum um hafnir þar sem m.a. var heimilað að gera hafnir að hlutafélögum. Þá gerist það að hafnirnar færast jafnframt undir annan eftirlitsaðila. Hver skyldi það hafa verið annar en Samkeppnisstofnun? Ég minnist þess að hafa átt viðræður við hæstv. samgönguráðherra um það efni þegar ég sagðist óttast að þessi kerfisbreyting þegar fram liðu stundir — við þurfum að hugsa alla þessa kerfisbreytingar með langtímasjónarmið í huga — þegar til framtíðar væri litið teldi ég að erfiðara yrði um vik að koma til móts við þarfir hafna í fámennum byggðarlögum þar sem peningar væru ekki eins miklir og í þéttbýlinu, t.d. á suðvesturhorninu. Hæstv. ráðherra sagði að ég þyrfti ekkert að óttast þetta, það væri pólitískur vilji til að stuðla að byggðaþróun og menn mundu passa upp á hafnirnar.

Hinu gleymdi hann að með lagabreytingunum, kerfisbreytingunum, er honum og fjárveitingavaldinu settur ákveðnari rammi og reistar ákveðnari skorður. Reistar eru ákveðnar skorður við því hvað þeir geti gert. Hvernig gerist það? Jú, þegar ákveðið er að veita fjárstuðning til lítillar hafnar er hætt við því að stóra höfnin, ef hún er þannig sinnuð og vill fá pening sjálf, kæri fyrir Samkeppnisstofnun meint ójafnræði. Svona gerast hlutirnir. Þetta er að gerast smám saman á nánast öllum sviðum. Evrópusambandið hefur haft þann hátt á að setja ákveðnar grunnreglur og síðan er það að færast í vöxt að dómstólar úrskurði þessar reglur. Einstaklingar eða fyrirtæki kæra oft vegna meints brots á samkeppnisreglum, að ekki sé jafnræði með mönnum og þeim sé mismunað, síðan eru það dómstólarnir, oft og tíðum hægri sinnaðir dómstólar sem úrskurða markaðsöflunum í vil. Þetta er að gerast núna á fleiri og fleiri sviðum. Stöðugt er verið að sækja t.d. að Ríkisútvarpinu og ríkisútvarpsstofnunum víðs vegar í Evrópu. (**Gripið fram í:** Við stöndum vörð um það.) Við stöndum vörð um það, segir hv. þingmaður, þá samþykkjum við nú ekki það frumvarp sem liggur fyrir þinginu. Við þurfum að gefa okkur betri tíma til þess og eigum eftir að ræða það mikið og mjög ítarlega áður en yfir lýkur, það er alveg ljóst.

Spurningin er alltaf sú hvað við ráðum við. Við þurfum að sníða lög og lagarammann þannig að ekki þrengi að fjárveitingavaldinu, að lýðræðislegum ákvörðunum um það sem við viljum sameinast um að gera. Þess vegna fyrir hafnirnar, fyrir útvarpsstöðvarnar eða hver sem í hlut á.

Þetta er grunnurinn líka eða grunnþátturinn í deilunni um þjónustutilskipun Evrópusambandsins. Það er ekki bara upprunalandsreglan sem menn hafa svolítið einblínt á, heldur eru líka þættir sem snúa að þjónustunni, hvernig eigi að skilgreina hana og að hvaða marki hún eigi að fara yfir á markaðstorgið og þá hvort skilgreiningin eigi að taka til velferðarþjónustu eins og er í núgildandi drögum að þjónustutilskipuninni. Þetta skiptir nefnilega mjög miklu máli. Enn eitt sviðið sem menn eru að föndra við þessa hugsun alla, er náttúrlega Alþjóðaviðskiptastofnunin með sína GATS-samninga.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum sett fram mjög ítarlegt þingmál, þingsályktunartillögu, í mörgum liðum um hvernig við Íslendingar eigum að snúa okkur í þessu máli. Við erum með ýmsar ábendingar, t.d. tillögu um að við berjumst fyrir breytingu á 1. gr. GATS-samningsins þar sem vikið er að skilgreiningum á þjónustu. Ég ætla að fara aðeins yfir þetta, vegna þess að þetta skiptir máli í samhengi við það sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson sagði áðan um markaðsvæðingu raforkugeirans.

Í b-lið 3. mgr. 1. gr. GATS-samningsins er skýrt hvaða þjónusta er talin falla undir hann. Þar segir, með leyfi forseta:

„„Þjónusta“ á við þjónustu á öllum sviðum nema þjónustu sem opinber yfirvöld veita“.

Þarna er skilgreining í GATS-samningnum á þjónustu. Við fyrstu sýn, í fyrstu setningunni, má ætla að þetta taki ekki til opinberrar þjónustu, velferðarþjónustu eða annarrar samfélagslegrar þjónustu, því að hér segir, og ég endurtek, með leyfi forseta:

„„Þjónusta“ á við þjónustu á öllum sviðum nema þjónustu sem opinber yfirvöld veita“.

Á ensku, sem er eina tungumálið sem samningurinn hefur lagalegt gildi á, segir, með leyfi forseta:

„„Services“ includes any service in any sector except services supplied in the exercise of governmental authority.“

Í c-lið 3. mgr. I. gr. er þessi skilgreining skilyrt með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta:

„„Þjónusta“ sem opinber yfirvöld veita er þjónusta sem

hvorki er veitt á viðskiptalegum grunni né í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur.“

Ég ætla ekki að þreyta menn með því að taka þetta upp á ensku en þarna er sem sagt sett niður almenn skilgreining, almenn regla, og síðan kemur viðbótin sem segir: Nema um sé að ræða að opinbera þjónustan eigi í samkeppni á þessu sviði við annan aðila.

Sem sagt, ég endurtek:

„„Þjónusta“ sem opinber yfirvöld veita er þjónusta sem hvorki er veitt á viðskiptalegum grunni né í samkeppni við einn eða fleiri þjónustuveitendur.“

Bæði í Evrópusambandinu og einnig Alþjóðaviðskiptastofnuninni í GATS-samningunum er verið að takast á um þessar skilgreiningar. Fleiri alþjóðastofnanir hafa farið inn á þessa braut, eins og OECD með svokölluðum MAI-samningum, Multilateral Agreement on Investment, sem var slátrað vegna mikillar andstöðu verkalýðshreyfingarinnar, það var í kringum aldamótin sem það kom fram. Menn eru því sífellt að færa starfsemi innan úr grunnþjónustunni út á markað og kalla síðan á réttlæti, að sömu reglur gildi og hafa síðan lagalegan grunn eða samningsbundinn grunn til að fylgja kröfum sínum eftir. Síðan eru kórar réttlætisraddanna. Við heyrðum eina áðan, hv. þm. Birkir J. Jónsson, fulltrúi Framsóknarflokksins við umræðuna sem kallar ... (Gripið fram í.) Nei, þetta voru ekki félagshyggjusjónarmið vegna þess að hér er verið að kalla á réttlæti á mjög vafasömum forsendum vegna þess að með þessu er verið að grafa undan almannaþjónustunni. Það sem fram kemur í álitsgerðum frá verkalýðshreyfingunni og frá almannasamtökum er einmitt þetta, að menn segja að þetta sé grunnþjónusta í samfélaginu og það eigi ekki að líta á hana sem hverja aðra verslunarvöru, hvort sem það er rafmagn, vatn eða hiti, það eigi einfaldlega að fara öðruvísi með.

Síðan koma náttúrlega margvísleg önnur sjónarmið til viðbótar. Menn benda á að það sé afskaplega vafasamt að skattleggja heita vatnið t.d., það sé ekki samkeppni á milli heits vatns og rafmagns. Þar búi mismunandi landsvæði við mjög ólík skilyrði eins og við þekkjum. Vatnið er svo miklu ódýrari og betri kostur en hinn, raforkan, að það er ekki nein samkeppni sem verður þar á milli. Stóra spurningin er svo: Verður hér einhver samkeppni? Vegna þess að þegar bent er á verðhækkanir á rafmagni hafa menn sagt: Ja, bíðið við, við skulum sjá, þetta á eftir að jafna sig, þetta mun lagast síðar. Forsenda þess að það gengi eftir, að sá yrði veruleikinn er sú að hér verði það mikil samkeppni að það komi til með að færa verðlagið niður. Ég hef reyndar alltaf haft efasemdir um að samkeppnin á öllum sviðum skili okkur þessu vegna þess að menn gleyma oft að reikna tilkostnað við samkeppnina; tvö símafyrirtæki, tvö stjórnkerfi, tvær yfirbyggingar, auglýsingakostnaður og annað af því tagi. Þetta eru hlutir sem menn gleyma iðulega að reikna inn í tilkostnaðinn af samkeppninni.

Það er náttúrlega mikil hörmungarsaga að rifja þetta upp allt saman. Við fórum í gegnum umræðuna um raforkulögin sl. haust og þá komu fram mjög eindregin andmæli frá okkur í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði þar sem við vöruðum við þessu. Bæði erum við í grunninn ósammála því að færa grunnþjónustuna yfir á markaðssvið, að markaðsvæða hana. Síðan bentum við einfaldlega á annmarkana sem væru á því líka í framkvæmd. Í þriðja lagi héldum við því fram að hér mundi ekki myndast samkeppnismarkaður heldur mundu einokunarfyrirtæki skipta með sér markaðnum.

Þetta var allt sem kunnugt er gert á forsendum tilskipunar Evrópusambandsins sem fyrirskipaði úr miðstöð sinni í Brussel að um alla heimsbyggðina, um allt Evrópusambandið skyldi sami háttur hafður á, að sundurgreina í bókhaldi fyrirtækjanna framleiðslu, dreifingu og sölu á rafmagni og það gilti einu hvort menn væru í Munchen eða á Vestfjörðum. Það er bara sama regla alls staðar óháð aðstæðum og vilja fólks, þar gilti reglustikuhugsun eins og fyrri daginn.

Þetta var gert þvert á vilja manna og eftir á kom hver maðurinn á fætur öðrum og óskaði þess að við hefðum reynt að leita eftir undanþágu. Ég tók eftir því í umræðu ekki alls fyrir löngu að hæstv. forsætisráðherra sagði að slíkt hefði verið gert. Ég hefði gaman af að sjá staðfestingu á því eða skjalfestingu, einhverjar sönnur færðar á það. Ég hef fylgst mjög vel með þessum málum, átti í senn sæti í EFTA-nefnd þingsins, tók þátt í umræðu þegar tilskipunin kom hingað inn í formi þingsályktunar fyrst. Við gagnrýndum þá þessar breytingar og óskuðum eftir því að leitað yrði eftir undanþágu. Það voru ekki nokkur einustu viðbrögð nema menn séu bara núna svona seint að komast að raun um hvað þeir hugsanlega hugsuðu þá. Það er náttúrlega ekki nógu gott, þetta þarf að vera til í bókum eða einhverjum yfirlýsingum ef menn ætla að láta taka sig alvarlega að þessu leyti.

Þegar raforkulögin, sá pakki var til umræðu í þinginu var hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, síður en svo hnuggin yfir þeirri staðreynd eða því sem henni hafði verið sagt, hvað sundurliðun fyrirtækjanna og arðsemiskröfur einstakra eininga mundu hafa í för með sér. Hæstv. ráðherra sagði m.a. þetta við umræður um málið, með leyfi forseta:

„Þótt þetta sé mikil vinna er þetta ekki einhver óvinnandi vegur. Í rauninni finnst mér hafa verið skemmtilegt að fást við þetta mál og ég er alltaf jafnsannfærð um að það eigi fullan rétt á sér og það verði til þess að bæta raforkukerfi okkar. Nú verða hlutirnir miklu meira uppi á borðinu. Við aðgreinum rekstrarþætti og ég leyfi mér að segja að mjög margt í þessu kerfi hefur verið dálítið ósýnilegt og kannski ekki alveg skilvirkt fram til þessa.“

Þetta var tilvitnun í hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, í umræðu um þessi mál.

Þetta er allt að verða mjög sýnilegt núna, alla vega þeim sem fá rafmagnsreikningana, og það hlýtur að vera óskaplega skemmtilegt fyrir fólk að fá að greiða reikninga úr hinu skilvirka kerfi hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur. Rarik hækkaði gjaldskrá sína um 3,5% um áramótin og síðan um 6%, samanlagt jafngildir það 9,71% hækkun. Hækkunin bliknar hins vegar í samanburði við það sem hefur gerst sums staðar annars staðar eins og t.d. á Vestfjörðum þar sem hækkunin er talin í tugum prósenta, sums staðar 40% frá því sem áður var.

Stundum hefur hæstv. iðnaðarráðherra sagt að þetta hafi allt verið fyrirsjáanlegt og svo næsta dag er sagt að þetta hafi ekki verið fyrirsjáanlegt og óskiljanlegt að orkufyrir-

tækin séu að hækka reikningana. Innst inni held ég að ráðherrann hafi séð vitleysuna og í hvaða ógöngur ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur tekist að koma raforkumálum landsmanna með náttúrlega dyggri aðstoð Evrópusambandsins. Hæstv. ráðherra var ekkert að leyna því við umræður 26. nóvember á síðasta þingi að margir hefðu reynt að hafa vit fyrir ríkisstjórninni. Hæstv. iðnaðarráðherra landsins, Valgerður Sverrisdóttir, sagði þá m.a., með leyfi forseta:

„Það er heldur ekkert launungarmál að það voru ekkert óskaplega margir aðdáendur frumvarpsins hér á landi þegar það kom fyrst fram. Það er eiginlega alveg stórmerkilegt að það skuli þó hafa náð að verða að lögum og vera komið á þann stað í stjórnsýslunni sem raun ber vitni. Ég er þó alltaf jafnhamingjusöm með frumvarpið og lögin og ég held að það hljóti að segja sína sögu."

Já, það segir náttúrlega mikla sögu. En hvort sú saga fjallar um frumvarpið eða hæstv. ráðherra er svo annað mál. (**Gripið fram í:** Þú verður að segja okkur söguna.) Ég er búinn að vera að segja söguna. Sagan er sú að búið er að innleiða breytingar sem fólk hefur trúað á, þó ekki meira en svo að ráðherranum, helsta talsmanni og forgöngumanni lagabreytinganna, (Gripið fram í.) fannst ótrúlegt að málið væri komið eins langt og raun ber vitni. En þeir hafa verið svo margir, viljugir verkamennirnir, að leggja hönd á plóg.

Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að mér kom á óvart hve afdráttarlaus talsmaður Framsóknarflokksins var í þessum efnum og á hve afdráttarlausan hátt hann setti sig og sinn flokk á markaðshyggjuvænginn, á frjálshyggjuvænginn, á peningahyggjuvænginn (Gripið fram í.) í þeirri umræðu sem fram fer, ekki bara hér á landi heldur um allan heim. Við félagshyggjumenn höfum hins vegar viljað hafa allt aðrar áherslur í málinu og við höfum reynt að hafa vit fyrir ríkisstjórninni og forða því að farið verði út á þessa braut, en menn halda ótrauðir áfram. Ég velti því fyrir mér eftir að ég hlustaði á hv. þingmann hvar Framsóknarflokkurinn mun láta staðar numið. Verður það í raforkumálunum? Það er greinilegt að nú á að fara að skattleggja rafmagnið og heita vatnið, Framsóknarflokkurinn vill skattleggja heita vatnið líka. Hvað meira?

Nú er það að færast í vöxt að einkaaðilar hasli sér völl innan velferðarþjónustunnar, innan öldrunarþjónustunnar og í heilbrigðiskerfinu annars staðar. Fyrirtæki munu reka þá þjónustu og verða væntanlega skattlögð. Þýðir það ekki að skattleggja þarf Landspítalann? Þarf ekki að skattleggja Landakot? Á ekki að skattleggja öldrunardeildina á Landakoti svo að réttlæti Framsóknarflokksins verði fullnægt? Þurfum við ekki að gera það? Og skólana? Alls staðar þar sem einkaaðilar hasla sér völl og hefja rekstur hljótum við að þurfa að leita eftir slíku réttlæti.

Munurinn á því sem er að gerast núna og fyrr á tíð er að starfsemi utan opinbera geirans á velferðarsviðinu var og hefur verið rekinn af sjálfseignarstofnunum sem eru sprottnar upp úr samtökum sjúklinga og verkalýðshreyfingar, Hrafnista, SÍBS o.s.frv., og er í rauninni mjög áþekk opinberum rekstri og lýtur sömu lögmálum. Það er sama réttinda- og kjaraumhverfið og sömu skilmálar sem þessar stofnanir og þessi starfsemi býr við. Munurinn annars vegar á þessu og hins vegar því nýja fyrirkomulagi sem Tony Blair og Framsóknarflokkurinn hafa gerst forgöngumenn um, er að færa sífellt fleiri svið velferðarþjónustunnar út á markaðstorgið. Tony Blair er með einkaframkvæmdina eins og við þekkjum. Þá er hugmyndin sú að fjárfestar fjárfesti, leggi peninga sína í velferðarþjónustuverkefni til þess að hafa af þeim arð. Þetta er munurinn. Þetta er munurinn á einkaframkvæmdinni hjá Tony Blair annars vegar og Hrafnistu eða DAS. Þar er markmiðið ekki að hafa arð af starfseminni, heldur einvörðungu að setja peningana til að veita þjónustu og í frekari uppbyggingu. (Gripið fram í.) Samt einkaframkvæmd? Nei, þetta er ekki sambærilegt við einkaframkvæmd. Einkaframkvæmdin er fyrirtæki á vegum aðila sem ætla að hafa af henni arð. Hún er rekin á markaðsgrundvelli. Meira að segja er það orðið svo í Bretlandi að einkaframkvæmdarfyrirtækin, starfsemin, er komin á eftirmarkað. Menn eru farnir að selja skóla og fangelsi í stórum stíl á eftirmarkaði. Það er alveg makalaust. Þá kemur í ljós hve stífar skorður löggjafanum eru settar.

Sagt var frá því í sjónvarpsþætti miklum í Bretlandi fyrir nokkrum dögum að skólamáltíðir í Bretlandi væru orðnar hættulega bágbornar og sjónvarpið — ég held að það hafi verið BBC — fór að rannsaka þetta og lagði svolítið í það. Það kom í ljós að skólaeldhúsin eru öll komin í einkahendur, í bisnessfarveginn, og það var farið að skoða matinn, t.d. kalkúnaréttina. Þeir hétu vissulega því nafni og voru bara nokkuð vinsælir, nema það var ... (**GAK:** Ísafjarðarkaupstaður er að fara sömu leið.) Að fara sömu leið, það er nefnilega það. Þeir gætu betur fengið að horfa á þennan ágæta sjónvarpsþátt frá Bretlandi sem sýndi að í kalkúnaréttinum, sem var óskaplega bragðgóður fannst krökkunum, var bara ekkert kalkúnakjöt. (**Gripið fram í:** En góður samt.) Hann var góður en hann var heilsuspillandi að því að talið er. Eins var í öðrum svokölluðum kjötréttum, þar var ekkert kjöt. Það varð mikið uppistand í kjölfarið, Verkamannaflokkurinn rankaði við sér og vildi gera eitthvað í málinu. En viti menn, það var búið að semja við þessi fyrirtæki 20–30 ár fram í tímann. Menn höfðu ekki sett þessa skilmála inn í samningana, höfðu tekið menn trúanlega, og það er hótað lögsóknum ef hreyft verður við þessum samningum.

Ég nefni þetta sem dæmi um hve þrengjandi ákvarðanir sem við erum að taka um lagaumhverfi almannaþjónustunnar geta verið þegar til framtíðar er horft. Við erum að þrengja að lýðræðislegu valdi, það er málið, með því að taka starfsemi sem verið hefur í opinberum rekstri og lotið almannavilja, lýðræðislegum vilja, og færa hana yfir á markaðstorg þar sem samkeppnislög gilda. Það er í því samhengi sem ég er að vísa í GATS-samningana, í þjónustutilskipun Evrópusambandsins, í skilgreiningar og reglur sem OECD hefur viljað setja o.s.frv. Þetta er nefnilega umræða sem skiptir okkur raunverulega máli. Það skiptir raunverulega máli hvernig við skilgreinum grunnþjónustuna í landinu.

Þá erum við komin að upphafspunkti ræðu minnar að það er alveg rétt sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson sagði, að grunnurinn að þessum lögum eða grunnhugsunin að baki þessara laga er að færa þessa starfsemi inn í sambærilegt umhverfi og önnur „fyrirtæki" í landinu búa við. Við erum sem sagt að taka almannaþjónustu, grunnþjónustu í landinu,

og færa hana yfir í samkeppnisumhverfi. Þá þurfum við að hugsa það mál alveg til enda, vegna þess að hið sama mun gerast og gagnvart skólaeldhúsunum í Bretlandi að einkaaðilinn, sem kominn er með starfsemi í hendur eða hefur verið gert að búa við einhver tiltekin lög og ákvæði þeirra, lætur það ekki gerast átölulaust eða án þess að sækja rétt sinn ef löggjafinn ætlar að þrengja að honum á einhvern hátt á síðari stigum.

Mér finnst það óneitanlega skammsýni líka þegar menn benda á að vegna skuldsetningar og fjárfestinga sem fyrirtækin og orkustofnanirnar hafa ráðist í komi þær ekki til með að greiða skatta á allra næstu árum. Mér finnst þetta vera skammtímahugsun. Við erum að ráðast í kerfisbreytingar til langs tíma og þannig eigum við að hugsa. Við eigum ekki að hugsa í mánuðum eða árum, við eigum að hugsa til lengri tíma. Er kerfisbreytingin sem er hér á döfinni til góðs? Ég ætla ekki að fara nánar út í þá umræðu núna, ég mun gera það við umræðuna um skattlagningu orkufyrirtækja sem er á dagskrá þingsins síðar í kvöld en þar kemur fram að öll almannasamtök í landinu vara við þessu og biðja okkur um að staldra við og hugsa okkar gang.

Öll sveitarfélögin í landinu vara við þessu líka. Þau biðja okkur um að staldra við og hugsa okkar gang. Þau gera það á mismunandi forsendum. Samband íslenskra sveitarfélaga leggst t.d. ekki alfarið gegn því að skattlagningartæki sé beitt. Sambandið segir að það þurfi hins vegar fyrst að ganga frá ýmsu í samskiptum ríkis og sveitarfélaga varðandi fjármál því það sé sýnt að skattlagning orkufyrirtækjanna muni herða að sveitarfélögunum, skerða þeirra hlut. Það er ljóst að Orkuveita Reykjavíkur, svo dæmi sé tekið, hefur fært borgarsjóði mikla peninga í tímans rás sem hafa gengið til almennrar uppbyggingar og reksturs á velferðarþjónustunni í landinu. Þessir peningar munu skerðast. Síðan er hitt sem Framsóknarflokkurinn þarf náttúrlega að svara fyrir og það er þetta ótrúlega stóriðjudekur. Framsóknarflokkurinn er tilbúinn að leggja stóriðjurisana í bómull, hlúa að þeim eins og ungbarni, það má ekki hrófla við þeim, veita þeim skattafslátt, veita litla Impregilo skattafslátt, (Gripið fram í.) Alcan er það nú reyndar sem ég ætlaði að nefna, eða Alcoa á Austurlandi, og þessi fyrirtæki, stóriðjufyrirtæki, fá skattafslátt. En á kostnað hvers? Á kostnað almennings og á kostnað litlu fyrirtækjanna.

Reyndar verð ég að segja — ég get ekki svarið það, segir hv. þm. Birkir Jón Jónsson stundarhátt. Nei, menn hafa átt erfitt með að trúa þeirri hagfræði sem Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa boðið okkur upp á í tengslum við stóriðjumálin. Ég vék að stóriðjunni hér fyrst og fremst til að minna okkur á að í umsögnum orkufyrirtækjanna og í umsögnum sveitarfélaganna er vísað sérstaklega í samninga sem hafa verið gerðir m.a. við stóriðjuna. Þar eru menn iðulega bundnir og geta sig hvergi hreyft varðandi þá, en við vitum náttúrlega á hverjum þetta kemur til með að bitna, þetta kemur til með að bitna á hinum almenna neytanda.

Ég er ekki í hópi þeirra sem eru mjög andvígir skattlagningu, alls ekki. Ég er skattasinni, ég vil hafa skatta. Ég vil hafa allháa skatta vegna þess að mér finnst betra að fjármagna velferðarþjónustuna í gegnum almenna skattlagningu í stað þess að láta notandann greiða fyrir hana beint, sjúklinginn eða skólanemann eða hver sem það er. Ég er fylgjandi því og yfirgnæfandi meiri hluti Íslendinga er á því máli líka. Íslendingar almennt vilja fjármagna velferðarþjónustuna með sköttum í stað notendagjalda. En þegar kemur að grunnþjónustu á borð við rafmagn, heilsugæslu, skóla og annað af því tagi finnst mér vera fráleitt að skattleggja þá þjónustu. Reyndar liggur það til grundvallar afstöðu minni að ég tel að þessi þjónusta eigi öll að vera á hendi hins opinbera, vegna þess að þegar hún er komin í einkahendur þá fara að gilda önnur lögmál.

Menn deildu um það hér á sínum tíma hvort eðlilegt væri að heimila orkufyrirtækjum, raforkufyrirtækjum, veitufyrirtækjum, að færa arð inn í sveitarsjóðina, inn í almenna sjóði, hvort það yrði ekki að vera klippt og skorið þarna á milli að menn greiddu einvörðungu fyrir veitta þjónustu, fyrir þann tilkostnað sem hlytist af því að veita þessa þjónustu. Ég hef verið algerlega andvígur því sjónarmiði. Mér finnst sjálfsagður hlutur að færa peninga á milli ef svo ber undir eins og gert hefur verið í Reykjavík. Öðru máli gegndi hins vegar um fyrirtæki sem hafa verið einkavædd, þá eru hugmyndir mínar um arðtöku orðnar allt aðrar. Það var m.a. á þeim forsendum sem okkur tókst í stjórnarandstöðunni og fyrir atbeina verkalýðshreyfingarinnar, BSRB var mjög kröftugt í því efni, að koma í veg fyrir eða reisa ákveðnar skorður við því að vatnsveiturnar yrðu einkavæddar með því að setja hámark á arðinn sem út úr þeim fer þannig að þær verði ekki eins fýsilegur fjárfestingarkostur. Við hefðum reyndar viljað hafa lögin þannig að ekki væri heimilt að gera vatnsveitur að hlutafélögum en þetta varð þó ofan á og skárri niðurstaða.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri. Ég er búinn að koma nokkuð víða við. Ég er búinn að vísa í alþjóðlega samninga, þjónustutilskipun Evrópusambandsins og GATS og fleira. Við fyrstu sýn kynni einhver að ætla að verið væri að fara út um víðan völl og hugsanlega einhverjir útúrsnúningar, en það er ekki. Hæstv. landbúnaðarráðherra er hér í hliðarsölum. Ég hef aldrei grunað hann um mikla hægri villu, alls ekki, og hefði viljað rækta þá þætti í hans pólitíska fari sem horfa til félagshyggjunnar og til vinstri, vegna þess að þar tel ég alltaf vera vaxtarmöguleikana á þeim bænum og hörmulegt til þess að vita í hvaða félagsskap hæstv. ráðherra hefur verið undanfarin 10 ár eins og haldið var upp á í frægum kvöldverði í ráðherrabústaðnum fyrir fáeinum dögum þar sem ríkisstjórnin splæsti í mat og drykk til að gera sér glaðan dag og fagna miklum sigrum.

Ég tel vera samhengi á milli þess sem við erum að gera hér og þess sem er að gerast í alþjóðaumhverfinu, þeim samningum sem við eigum hlut að og hvet til þess að við stígum mjög varlega til jarðar, vegna þess að það er ekki svo auðvelt að snúa til baka eftir að skrefin eru tekin. Alþjóðastofnanirnar hafa girt sig og varið sig með dómstólum, t.d. á vegum GATS, á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Þar er sett niður sérstök úrskurðarnefnd sem vegur og metur hvað ríkjum er heimilt að gera og hvað ekki. Þegar við erum búin að ráðstafa einhverju valdi eða senda einhverjar ákvarðanir frá okkur er ekki svo auðveldlega aftur snúið. Menn geta átt yfir höfði sér skaðabótakröfur og það

er ekki svo auðvelt við að glíma.

Ég veit að hv. þm. Birki J. Jónsson þyrstir í að heyra meira af þessum vangaveltum og þessum fróðleik, en því miður veit ég að margir hv. þingmenn vilja komast að í ræðustólnum. Ég hef einnig grun um að hv. þm. Birkir J. Jónsson hafi kannski eina athugasemd eða jafnvel tvær við það sem ég hef haft hér fram að færa.

[18:18]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hin 42 mínútna ræða sem hv. þm. Ögmundur Jónasson flutti hér var yfirgripsmikil. Hann flutti að mörgu leyti ágætt mál og ræðan var vel skipulögð. Í fyrstu orðum ræðu sinnar talaði hv. þingmaður um að ég væri mikill frjálshyggjumaður og væri á frjálshyggjuvæng íslenskra stjórnmála. Svo skilgreindi hann sig sem mikinn félagshyggjumann. Ég vil hafna þessu.

Hvernig ætla menn að skilgreina hvað er frjálshyggja og hvað er félagshyggja þegar við horfum á það í dag að stjórnvöld verja 1.200 millj. til niðurgreiðslu á raforku víða um land? Ef ég væri svona mikill hægri maður ætti ég að vera í hjarta mínu á móti þeim niðurgreiðslum sem hafa lækkað raforkuverð á síðustu 10 árum víða um land, sem hefur haft gríðarlega mikla þýðingu fyrir dreifbýlið. Við höfum aldrei varið jafnmiklum fjármunum til niðurgreiðslu á raforkureikningum landsmanna eins og við gerum nú. Svo vil ég að hver dæmi fyrir sig hvort það sé frjálshyggja eða félagshyggja.

Hæstv. forseti. Ég hnaut um eina setningu hjá hv. þingmanni sem var um þá uppbyggingu sem nú á sér stað, og þar greinir okkur dálítið á, m.a. uppbygginguna á Austurlandi, að þetta sé uppbygging á kostnað almennings. Nú erum við að fara í stækkun á Grundartanga. Það skiptir greinilega engu máli að margir hagfræðingar hafa haldið því fram að framkvæmdirnar hafi skipt gríðarlega miklu máli fyrir íslenskt atvinnulíf. Án þess að uppbygging eigi sér stað í íslensku atvinnulífi getum við ekki fylgt því eftir sem Framsóknarflokkurinn vill standa vörð um, heilbrigðiskerfið og velferðarkerfið. Vinstri grænir vilja reyndar eyða og eyða, en þeir koma aldrei með neinar úrlausnir sem leiða til þess að tekjur ríkissjóðs aukist til þess að standa undir velferðarkerfinu.

[18:20]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er náttúrlega komið efni í ræðu og ég óska eftir orðinu í aðra ræðu, en ég ætla samt aðeins að svara hv. þingmanni.

Í fyrsta lagi er það rangt að Vinstri hreyfingin – grænt framboð vilji bara eyða og eyða og komi aldrei með tillögur um fjármögnun. Það er rangt. Við höfum lagt fram skattafrumvörp um breytingar og breyttar áherslur í skattkerfinu og verðum ekki sökuð um þetta.

Varðandi það hvort stóriðjan sé á kostnað almennings höfum við deilt um það nokkuð oft í þessum sal. Menn hafa oft gleymt því þegar þeir eru að fagna auknum umsvifum á Austurlandi núna, sem skipta að sjálfsögðu það fólk máli sem þar kemur nærri, að þær eru fram til þessa allar með lánsfé á ábyrgð Íslendinga. Þetta eru lánspeningar. Þetta eru ekki einhverjir aðilar að koma inn með þessa peninga, þetta er lánsfjármagn. Og stóra spurningin er þessi, og um það hafa deilurnar staðið, hvort arðurinn af fjárfestingunum muni nægja til þess að greiða skuldirnar og færa okkur ávinning í kjölfarið. Það sem við höfum gagnrýnt er að þjóðhagslega hafi það dæmi aldrei verið gert upp af hálfu stjórnvalda. Ég reyndi margoft í efnahags- og viðskiptanefnd að spyrja ráðgjafastofnanir ríkisstjórnarinnar, Seðlabankann og aðrar ráðgjafastofnanir hvort útreikningar hefðu farið fram á virðisauka framkvæmdanna. Það hafði ekki verið reynt að reikna það út, en allir hagfræðingar sem komu á fund nefndarinnar og voru ekki svo ógæfusamir að starfa fyrir Framsóknarflokkinn eða vera í nefnd fyrir hann eða ríkisstjórnina voru gagnrýnir í garð framkvæmdanna, hægri vinstri.

Ég hlustaði á hv. þingmann (Forseti hringir.) og dró ályktanir af orðum hans og mun víkja að þeim aftur í síðara andsvari.

[18:22]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var athyglisverð ræða að mörgu leyti í ljósi þess að ég komst að því sem mér bjó í grun áður en ég fór í andsvar við hv. þingmann, að báðir þessir flokkar vilja standa vörð um velferðarkerfið. Samt sem áður hafa hv. þingmenn Vinstri grænna verið á móti 500–700 manna vinnustað á Austurlandi, fjölgun starfa sem mun skila sér í gríðarlega auknum tekjum fyrir þjóðarbúið. Hvernig ætlum við að verja fjármununum sem koma m.a. af framkvæmdunum við stækkun á álverinu á Grundartanga? Við ætlum að verja þeim til nýsköpunar. Við ætlum að stórauka framlög til nýsköpunarmála á næstu árum hér á landi. Við ætlum að stórauka framlög til menntamála hér á landi.

Það er mjög ódýr pólitík að standa í ræðustól Alþingis og tala um að við eigum að auka framlög til þessara málaflokka, til heilbrigðismála, til félagsmála, til menntamála, til nýsköpunar; við verðum að eiga fyrir þessu, enda höfum við rekið ríkissjóð á umliðnum tíu árum með verulegum hagnaði. Við höfum minnkað skuldastöðu ríkissjóðs sem hlutfall af þjóðarframleiðslu um helming, úr 34% ofan í 17%. Þetta kemur ekki af sjálfu sér. Ég held að hv. þingmaður verði að viðurkenna það. Þessir tveir flokkar vilja standa vörð um velferðarkerfið. Leiðir þessara tveggja flokka að því markmiði eru gjörólíkar.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson vill fara leið ríkisbúskapsins, að ríkið standi vörð og reki ákveðna þjónustu í samfélaginu, jafnvel raforkuna og allt þetta, sem ég get að mörgu leyti tekið undir, en hann var t.d. algjörlega á móti því að við mundum einkavæða bankana eins og raunin varð á sem hefur verið að skila þjóðarbúinu tugum milljarða króna á undanförnum árum.

[18:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mun náttúrlega víkja að þessum efnisatriðum í síðari ræðu minni.

Við þurfum að eiga næga fjármuni til að reka velferðarþjónustuna, það er rétt. Ég tel hins vegar að þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur gengist fyrir á sviði stóriðju muni

ekki skila okkur þeim fjármunum. Um það stendur deilan.

Við töldum að í stað þess að ráðast í þessar ríkisframkvæmdir, þetta eru framkvæmdir á vegum og á ábyrgð ríkisins, ég held að hv. þingmaður eigi að fara varlega í að tala um ríkisrekstrarsinna í því efni. Við höfum hins vegar viljað styrkja annars konar iðnað, annars konar uppbyggingu til þess að skapa verðmætin í landinu.

Síðan er hitt. Hv. þingmaður talaði um vilja Framsóknarflokksins til að niðurgreiða raforku og niðurgreiða hitt og þetta. Menn hafa talað um heilbrigðiskerfið og velferðarkerfið í því samhengi. Ég tel þetta vera svolítið úrelta nálgun vegna þess að peningamennirnir og fjárfestar sem vilja fjárfesta í velferðarþjónustunni, t.d. á sviði heilbrigðismála, vilja gjarnan að skattborgarinn greiði þetta allt saman. Þeir vilja jöfnun og millifærslur. Þeim er það ekkert andsnúið. Þeir vilja hins vegar hafa arðinn út úr þessu. Þannig hefur það gerst í Bandaríkjunum, svo dæmi sé tekið, að heilbrigðisþjónustan þar hefur orðið sú dýrasta í heiminum. Ætlum við þá að horfa á ríkisútgjöldin og segja: Sjáið þið hvað þeir eru miklir vinstri menn, félagshyggjumenn, Bandaríkjamenn. Þeir eru með svo dýrt heilbrigðiskerfi. Þeir verja svo drjúgu hlutfalli af landsframleiðslu sinni til heilbrigðismála. Sjáið þið hvað þeir eru vinstri sinnaðir. Þetta er röng og vafasöm nálgun. (Forseti hringir.)

Ég mun koma nánar að öðrum þáttum, einkavæðingu bankanna og öðru sem hv. þingmaður vék að í síðari ræðu minni í kvöld.

[18:27]

Útbýting:

Almannatryggingar, 587. mál, nál. JBjart o.fl., þskj. 1296.

Erfðabreytt bygg, 762. mál, svar landbrh., þskj. 1268.

Fjáröflun til vegagerðar, 720. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1299; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1300.

Umræðu frestað.

Fullnusta refsinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 336. mál. — Þskj. 379, nál. 1230, brtt. 1231.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:30]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1231,1 samþ. með 39 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
7.–11. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1231,2–15 samþ. með 42 shlj. atkv.
12.–82. gr., svo breyttar, samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 479. mál (aðild og viðmiðunarlaun). — Þskj. 733, nál. 1207, brtt. 1208.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:34]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1208,1 (ný 2. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1208,2 samþ. með 47 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Ársreikningar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 480. mál (EES-reglur, reikningsskilastaðlar). — Þskj. 734, nál. 1250, brtt. 1251.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:36]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1251,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
3.–6. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1251,2–8 samþ. með 46 shlj. atkv.
7.–49. gr., svo breyttar, samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1251,9 (ný grein, verður 50. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
50. gr. (verður 51. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1251,10.a samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1251,10.b samþ. með 48 shlj. atkv.
51. gr. (verður 52. gr.), svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
52.–53. gr. (verða 53.–54. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 1251,11–13 samþ. með 48 shlj. atkv.
54.–74. (verða 55.–75. gr.), svo breyttar, og fskj. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Bókhald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 478. mál (ársreikningar o.fl.). — Þskj. 732, nál. 1249.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:40]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1249 samþ. með 47 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
17.–20. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 493. mál (heildarlög). — Þskj. 753, nál. 1256 og 1286, brtt. 1257.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:43]

Brtt. 1257,1 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, GunnB, HBl, JGunn, KolH, KHG, MÞH, MS, StB) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, GunnB, HBl, JGunn, KolH, KHG, MÞH, MS, StB) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, GunnB, HBl, JGunn, KolH, KHG, MÞH, MS, StB) fjarstaddir.

Brtt. 1257,2–27 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KLM, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, GunnB, HBl, JGunn, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, StB) fjarstaddir.

7.–181. gr., svo breyttar, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, GunnB, HBl, JGunn, KolH, KHG, MÞH, MS, StB) fjarstaddir.

Brtt. 1257,28 (182.–183. gr. falli brott) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, GunnB, HBl, JGunn, KolH, KHG, MÞH, MS, StB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [18:46]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Það frumvarp sem við ræðum núna er að mörgu leyti tilraun til að gera skattalögin mannúðlegri og rökréttari og hv. efnahags- og viðskiptanefnd vann í þeim anda. Hér er lagt til að fellt verði niður ákvæði sem hljóðar svo og er úr gömlum lögum og er í gildandi lögum:

„Ef um stórfellt brot er að ræða eða sakir eru að öðru leyti miklar er heimilt að gera upptæk farartæki sem notuð hafa verið til þess að fremja brot. Upptaka er heimil þótt sökunautur sé annar en eigandi farartækis ef sannað þykir að eigandinn hafi vitað eða mátt vita í hvaða skyni nota átti farartækið."

Þarna er verið að gera farartækið meðsekt í broti. Þetta ákvæði hefur verið lengi í gildi og hv. efnahags- og viðskiptanefnd lagði til að það yrði fellt úr gildi. — Ég segi já.

Brtt. 1257,29–31 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, GunnB, HBl, JGunn, KolH, KHG, MÞH, MS, StB) fjarstaddir.

184.–198. gr. (verða 182.–196. gr.), svo breyttar, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BBj, BH, EOK, GHH, GÁS, GunnB, HBl, JÁ, JGunn, KolH, KHG, MÞH, MS, StB) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. og viðauki I samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, BjörgvS, EMS, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, GunnB, HBl, JGunn, KolH, KHG, MÞH, MS, StB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHH, GÁS, GunnB, HBl, JGunn, KolH, KHG, MÞH, MS, StB) fjarstaddir.

Lífeyrissjóður bænda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 696. mál (hækkun iðgjalds, aldurstenging réttinda o.fl.). — Þskj. 1054, nál. 1227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:51]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 18:52]

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 396. mál (skattskylda orkufyrirtækja, breyting ýmissa laga). — Þskj. 503, nál. 1221.

[20:01]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum á orkusviði sem tengist í raun öðru máli um skattlagningu orkufyrirtækjanna. Frumvarpið er að mörgu leyti nokkuð athyglisvert, sérstaklega í ljósi þess að ríkisstjórnin ætlar með málið í gegnum þingið tiltölulega stuttu eftir að sett hafa verið ný raforkulög í landinu. Við höfum meira að segja nýlega breytt þeim raforkulögum og okkur var sagt hér í þinginu af hæstv. iðnaðarráðherra og fleiri stjórnarliðum að breytingarnar á raforkulögunum, til þess að koma á því sem kallað hefur verið virk samkeppni hér á landi á raforkusviði, yrðu ekki tilefni til neinnar sérstakrar hækkunar á raforkuverði.

Síðan hefur það einmitt komið í ljós sem fylgifiskur raforkulaganna að orkuverð hefur víða breyst verulega og bitnar sérstaklega illa á köldum svæðum landsins þar sem menn þurfa að kynda hús sín með raforku. Sagt var héðan úr þessum ræðustól að lagabreytingarnar mundu ekki kalla fram nein sérstök hækkunartilvik á orkureikningum fólks eða að hámarki 1–3%, vegna þess að það væru engin tilefni til þess að hækka raforku af þeirra völdum. Þess vegna kom það auðvitað mörgum á óvart þegar niðurstaðan varð sú að fólk er að fá orkureikninga sem eru 25% og upp í 40% hærri en þeir voru áður, einkum á þeim svæðum þar sem ekki eru hitaveitur og fólk þarf að kynda hús sín með raforku. Þetta kom ríkisstjórninni í opna skjöldu að nokkru leyti og var reynt að bregðast við þessu með auknum niðurgreiðslum, en það hefur engan veginn dugað til sem sést á orkureikningum fólks. Sú tilfærsla sem orðið hefur bitnar því miður harkalega á neytendum og hún bitnar á þjóðinni misjafnlega eftir landsvæðum og misjafnlega milli dreifbýlis og þéttbýlis. Dregin hefur verið sérstök lína milli dreifbýlis og þéttbýlis miðað við 200 íbúa og í byggðarlögum með undir 200 íbúa er orkuverðið hærra en á þéttbýlli svæðunum.

Það einkennilega við málið er að hjá íbúum sem horfa hver á annan yfir tiltölulega mjóan botn á firði, eins og innst í Ísafirði, í Ísafjarðarkaupstað, breyttist orkureikningurinn hjá öðrum íbúanum sem er sunnan við botn fjarðarins vegna þess að hann hafði tengst annarri dreifingarstöð, en hinn sem er hinum megin við fjörðinn telst í þéttbýli og greiðir allt annað orkuverð. Þetta er eitthvert furðulegasta dæmi sem ég hef heyrt um. Ég þarf eiginlega, til að vera alveg viss, að gera mér ferð á þessi heimili þegar ég kem til Ísafjarðar og spyrjast fyrir um hvort þetta sé svona hjá þessum nágrönnum sem kílómetri skilur að, reyndar sjór þegar flóð er en fjara þegar fjarað er út. Þá er hægt að ganga þvert yfir á milli bæjanna án þess að nota veginn. Ég þarf að spyrjast fyrir um hvort þetta sé virkilega ein af hinum einkennilegu uppákomum sem fylgt hafa breytingum á raforkulögunum.

Það er ekki nema von, hæstv. forseti, að fólkið í landinu uni illa slíkri lagasetningu og slíkri lagabreytingu. Ég hef jafnvel heyrt um að fólk sé að spá í að fá vini og ættingja til að skrá sig í ákveðna heimilissveit, í ákveðnu kauptúni, til að koma tölunni þar upp í 201. Hvað skyldi gerast þá? Þá telst svæðið orðið til þéttbýlis, ef hægt er að koma því svo fyrir.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst afleiðingin af raforkulögunum alveg stórfurðuleg og furðuleg dæmi sem maður heyrir þar um og þarf að sannreyna áður en maður getur fullyrt það nákvæmlega að svona sé í pottinn búið. En þetta held ég að sé sannleikanum samkvæmt.

Nú ræðum við hins vegar frumvarp um breyting á ýmsum lögum á orkusviði, sem er í raun fylgifrumvarp annars frumvarps um skattskyldu orkufyrirtækja. Breytingarnar sem eiga að verða á lögunum eru upptaldar í frumvarpinu, þær eru:

Breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

Breyting á lögum nr. 10/2001, um stofnun hlutafélags

um Hitaveitu Suðurnesja, með síðari breytingum.

Breyting á lögum nr. 159/2002, um stofnun hlutafélags um Norðurorku, með síðari breytingum.

Breyting á lögum nr. 40/2001, um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, með síðari breytingum.

Breyting á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum.

Breyting á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum.

Breyting á lögum nr. 60/1981, um raforkuver, með síðari breytingum.

Við fjöllum því um lög um öll orkufyrirtæki landsins sem hafa á annað borð sérlög um starfsemi sína.

Formaður iðnaðarnefndar greindi frá því í umræðu fyrr í dag að það væri ekkert hættulegt að fara þannig í málin eins og hér er lagt upp með, að innleiða skattskyldu orkufyrirtækjanna. Rökin fyrir því voru þau, og held ég að ég fari nokkurn veginn rétt með, kannski ekki orðrétt, en rökin voru þau að mörg þeirra orkufyrirtækja sem ég hef nefnt og vitnað til væru í það miklum framkvæmdum og væru það skuldsett, væru með það mikinn óuppgerðan kostnað og tap og fjárfestingar að engar líkur væru á því að fyrirtækin færu að borga skatt á næstu árum. Ég held jafnvel að það hafi verið nefnt að það væri ekki fyrr en eftir 2010 sem mörg fyrirtækjanna færu að borga tekjuskatt.

Ég er ekki viss um, virðulegur forseti, að þetta séu réttar upplýsingar eða haldbærar. Mér er nær að halda að fyrirtæki eins og Landsvirkjun, sem er í geysilegum framkvæmdum, muni ekki fara að greiða skatta samkvæmt frumvarpinu á næstu árum. En ég gæti vel trúað því að önnur fyrirtæki færu að gera það mun fyrr en 2010. Ég velti t.d. fyrir mér Orkubúi Vestfjarða sem hefur ekki staðið í neinum sérstökum stórframkvæmdum á undanförnum árum, þó að lagfærð hafi verið stífla við virkjun norður í Steingrímsfirði og vissulega verið unnið að viðhaldi o.s.frv. er ekki hægt að segja að menn hafi staðið þar í mikilli öflun nýrrar raforku með tilheyrandi stíflumannvirkjum og virkjunum.

Ég hygg því að sú lagabreyting sem hér er verið að tala um, um skattskyldu orkufyrirtækja, muni, eins og lögin um raforkulögin sem við kláruðum fyrir áramót, koma mjög misjafnlega niður á íbúum landsins. Með nákvæmlega sama hætti og raforkulögin komu mjög misjafnlega niður á heimilum landsins miðað við hvar þau voru staðsett á landinu og hvort þau voru að nota raforku til húshitunar eða höfðu til þess aðra orkugjafa.

Reyndar er ætlast til þess í frumvarpinu um skattskyldu orkufyrirtækja að skattlagningin nái einnig til orkufyrirtækja að því er varðar heitt vatn. Hér er því verið að búa til nýjan tekjustofn fyrir ríkið.

Ég velti því satt að segja fyrir mér, virðulegur forseti, hvernig hugsunin í skattstefnu ríkisstjórnarinnar er. Ég er alveg steinhættur að botna í því hvernig þetta á að virka, fæ ekkert samhengi í þetta lengur.

Hér á haustdögum var boðuð skattalækkunarstefna, hún var keyrð í gegn, sem sneri að því að lækka tekjuskatt um eitt prósentustig flatt á allar tekjur, sem auðvitað kom þannig út að þeir fengu mestu skattalækkun í krónutölu sem hæstar höfðu tekjurnar en þeir minnst sem lægstar höfðu tekjurnar. Fyrir þessu voru færð ákveðin rök af hendi stjórnarliða sem við keyptum ekki í stjórnarandstöðunni og töldum mikið óráð að fara svona í skattamálin vegna þess að verið væri að auka hlutfallslega skattbyrðina á láglaunafólkinu, það fengi miklu minni lagfæringar en ef við hefðum t.d. hækkað persónuafsláttinn og reynt að hækka skattleysismörkin þannig. Þeir sem lægri hafa tekjurnar hefðu fengið sömu krónutölulækkun með þeirri aðferð eins og þeir sem hærri hafa tekjurnar. Nei, því var hafnað og þessi leið farin.

Síðan ræðum við frumvarpið og tengd frumvörp um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði sem er afleiðing af því að fara á að skattleggja orkufyrirtækin. Hvar skyldi sú skattlagning lenda? Hún lendir ekki sem uppbót í tómum vösum fólks, það er alveg ljóst.

Það gæti endað með því að fólk sem hefur litlar tekjur neyddist til að sækja um félagslega aðstoð vegna þess að þegar tekist hefur að skattleggja orkufyrirtækin til viðbótar við þá kröfu sem var í raforkulögunum að fyrirtækin ættu að skila arði, stighækkandi arði á nokkrum árum, þá mun það koma þannig út að hækkunin sem fyrirtækin setja á raforkuverðið eða hitaorkuna þar sem eru orkuveitur með heitt vatn, sú skattlagning, fer ekkert eftir tekjum. Hún verður miðað við þá notkun sem fólk þarf að nota til að kynda hús sín. Það er auðvitað svo, virðulegur forseti, að sá sem hefur lágu tekjurnar þarf að kynda húsið sitt alveg jafnt og sá sem hefur háu tekjurnar. Þar af leiðandi verður þessi skattlagning með þeim hætti, sem er alveg öfugt við það sem ríkisstjórnin gerði þegar hún kom með flötu skattprósentuna, að nú skulu allir af því að verið er að hækka álögurnar borga jafnt, lágtekjumaðurinn sem kyndir 150 fermetra húsið sitt og hátekjumaðurinn sem kyndir 150 fermetra húsið sitt. Þeir þurfa að nota svipaða orku til að halda húsum sínum heitum séu þeir á sama svæði.

Það er alveg kristaltært, virðulegur forseti, að það kemur miklu meira við pyngjuna hjá lágtekjumanninum að kynda húsið sitt þegar búið er að hækka orkutaxtana til þess að ná inn þeirri arðsemi og tekjum sem gert er ráð fyrir í raforkulögunum með því að bæta skattlagningunni við. Það liggja fyrir yfirlýsingar frá orkufyrirtækjunum um að þau muni hækka taxta sína. Þau eiga ekkert annað svar við þessari skattlagningu.

Við stöndum uppi með það að vera að búa til álögur sem koma í krónutölu jafnþungt niður á lágtekjumanninum og hátekjumanninum. Ef taxtinn fyrir að kynda 150 fermetra hús á mánuði hækkar um 5 þús. kr., þarf sá sem hefur 100 þús. kr. tekjur að borga hækkun sem er þá 5% af tekjum hans, brúttó, til viðbótar við annan orkukostnað, en sá sem hefur hins vegar helmingi meiri tekjur, 200 þús. kr., borgar ekki nema 2,5% í viðbót og þannig auðvitað koll af kolli eftir því sem við förum upp eftir launastiganum og 0,5% hækkun hjá þeim sem hefur milljón á mánuði. Svona er þetta, virðulegur forseti, og það segir sig sjálft að það munar meira um 5 þús. kr. hjá hundrað þúsund króna manninum en hjá tvö hundruð þúsund króna manninum, svo við höldum nú ekki áfram lengra upp.

Með þessum frumvörpum erum við að búa til álagningu sem tekur ekki neitt mið af greiðslugetu fólks eða tekjum þess. Við erum bara að búa til álagningu sem mun leggjast

á orkugjaldið hvort sem orkan er í formi raforku eða heits vatns. Þessi skattastefna er látin leggjast af fullum þunga á láglaunamanninn, þ.e. jafnt á alla sama hvaða tekjur menn hafa. En þegar verið var að lækka skattana var séð til þess að hátekjumaðurinn fékk miklu meira, tugum prósenta meira í krónutölu en sá sem lægstar hafði tekjurnar. Þetta er staðreynd þessa máls.

Virðulegi forseti. Ég er því nokkuð hugsandi og hissa á hvers konar ringulreið gildir í þessari stefnu ríkisstjórnarinnar, nema við verðum að líta svo á í stjórnarandstöðunni að þetta sé allt viljandi gert, að það sé alveg sérstakt markmið núverandi ríkisstjórnar að auka álögur á lágtekjufólk í landinu og efla greiðslugetu og afkomu þeirra sem hærri hafa tekjurnar. Skyldi það vera?

Ég átta mig alls ekki á þeirri miklu ákefð sem er í því að koma þessu máli fram ef maður á að taka mark á orðum hv. formanns iðnaðarnefndar um að orkufyrirtækin, flest hver, séu það skuldsett og séu í það miklum framkvæmdum að þau muni hvort sem er ekki borga skatta. Ég held reyndar að það sé ekki rétt. Sum orkufyrirtækin munu byrja að borga skatta og þau munu láta allan kostnað sem á þau fellur, hvort sem það er vegna skatta eða vegna þess að þau þurfa að sýna sérstakan arð og skila honum til ríkisins sem arðgreiðslu, koma fram í orkuverðinu. Það er nefnilega svo að orkufyrirtækin hafa bara tekjur sínar af því sem þau selja, úr orkunni, hvort sem það er raforka eða heitt vatn. Þaðan taka þau tekjurnar og þar myndast tekjugrunnurinn að langmestu leyti. Þó að vissulega muni kannski vera hægt að hagræða einhvers staðar í orkugeiranum munu tekjurnar alltaf koma af sölu raforku og hita. Það er staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Þess vegna verð ég, hæstv. forseti, að lýsa mig algjörlega andvígan því sem hér er verið að gera.

Við fluttum um það breytingartillögu í Frjálslynda flokknum að ef ríkisstjórnin ætlaði að keyra þetta mál fram, þá gæfu menn sér a.m.k. tíma og frestuðu virkni laganna fram yfir 2012. Það hefði ekki átt að vera hundrað í hættunni með það úr því að formaður iðnaðarnefndar lýsti því yfir áðan að lögin mundu hvort sem er ekki hafa neina skattavirkni fyrr en eftir 2010. Það hefði verið hægur vandinn að fresta virkni laganna fram yfir 2012 og taka upp þá tillögu sem við lögðum til, að skipa nefnd á árinu 2009 sem færi yfir hvaða áhrif skattlagningin hefði á orkuverð í landinu, að menn reyndu að meta það áður en virkni laganna kæmi til framkvæmda. (**Gripið fram í:** Hvar er formaður iðnaðarnefndar?) Formaður iðnaðarnefndar er ekki staddur hér, ég veit ekkert hvar hann er. Ég sé hins vegar formann þingflokks framsóknarmanna og býð hann velkominn. Hann hefur hlustað vandlega, ég hef tekið eftir því, og gáði meira að segja í vasa sína áðan þegar ég var að tala um að þetta væru greiðslur sem kæmu úr vösum venjulegs fólks. (**JBjarn:** Hann var að leita að stefnu Framsóknarflokksins.) Nú, var hann að því, hv. þingmaður? Ég áttaði mig ekki á að hann væri að leita að henni, ég hélt að hann væri að gá að fjárhag sínum.

Þetta er hinn kaldi veruleiki sem við stöndum frammi fyrir. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég átta mig ekki á því ofurkappi sem menn leggja á það að koma þessum lögum öllum fram sem tengjast orkuverði og orkulagabreytingunni jafnvel þó að formaður iðnaðarnefndar lýsi því yfir að sennilega muni lögin ekki hafa neina virkni vegna þess að fyrirtækin séu svo skuldsett. Þetta minnir mann næstum á það sem maður gæti ímyndað sér að menn þyrftu að að flýta sér og leggja jafnmikið kapp á og það er ef þeir væru að missa refi sína út úr búum og þyrftu að hlaupa á eftir þeim á fullri ferð til þess að bjarga verðmætum. Það á auðvitað ekki við í þessu máli, hæstv. forseti.

Hvers vegna menn fara svona í þetta mál fæ ég varla skilið. Mig undrar það að við skulum vera að ræða hér viðbótarlagasetningu sem getur haft viðbótaráhrif til þess að hækka orkuverð í landinu og getur haft þau áhrif að við aukum enn þá meira á slaka stöðu þess fólks sem býr á köldustu svæðum landsins og þarf mesta orkunotkunina. Ég hélt að engin þörf væri á því, hæstv. forseti, að reyna frekar á það að skipta þjóðinni í tvo hópa, þá sem búa á heitum svæðum og njóta heita vatnsins og hafa þar af leiðandi hingað til verið með mun lægri orkukostnað af kyndingu íbúða sinna og húsa, og svo hinn hluta landsmanna sem býr á köldum svæðum og þarf að nota nánast eingöngu raforku til að halda húsum sínum heitum. Þetta þýðir einfaldlega að þarna mun bilið enn vaxa og enn aukast kostnaður þeirra sem búa á köldu svæðunum, því það er jú vitað að orkuverð hitaveitnanna, margra hverra, er miklu lægra við kyndingu á húsum en raforkuverðið víða út um land þar sem ekki er kostur á annarri orku.

Ég spyr mig líka að því, hæstv. forseti, hvers vegna þetta var svona mikið kappsmál eins og kom fram í ræðu formanns iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, að þessi lög og tengd lög sem við erum að ræða hér væru bráðnauðsynleg til þess að jafna stöðu þeirra fyrirtækja sem framleiða raforku, jafna stöðu milli þeirra sem eiga einkarafstöðvar og selja inn á landsnetið og annarra stærri fyrirtækja, vegna þess að eins og staðan er í dag borguðu fyrirtækin sem þau lög ná til, og ég taldi upp í þessari ræðu minni, ekki skatta en einkarafveitur borguðu skatta ef þau hefðu þannig afkomu. Það gerist sennilega ekki einn, tveir og þrír, vegna þess að þeir raforkubændur sem hafa verið að koma á fót virkjunum til þess að selja inn á dreifinet orkuveitnanna í landinu, hafa margir verið að fjárfesta mikið og byggja sínar virkjanir og eru vafalaust skuldsettir til einhverra ára þó að ég geri mér vissulega vonir um að innan fárra ára fari þessar virkjanir að mala eigendum sínum gull.

Ef það er svo, sem ég held, að þær virkjanir sem menn eru að setja á fót, einstaklingar eða hlutafélög sem einstaklingar eiga, muni hvort sem er ekki borga skatta á næstu árum vegna fjárfestinga sinna, þá hefði mönnum náttúrlega verið í lófa lagið að koma á jafnrétti milli aðila, meðan verið væri að skoða málin betur og íhuga þau betur en mér finnst vera gert hér með því að keyra lögin í gegn, með því að bæta inn lagagrein sem segði að a.m.k. næstu fimm árin borguðu virkjanir einstaklinga ekki tekjuskatt og þar með hefði mönnum gefist ráðrúm til að skoða þessi mál, fara vandlega yfir þau og reyna að átta sig á hvaða afleiðingar fylgdu þessari skattlagningu á orkufyrirtækin.

Eins og ég sagði áðan óttast ég mjög að þetta komi misjafnlega niður á landsmönnum, það komi verr niður á hinum köldu svæðum landsins en þar sem orkan er ódýrari,

þetta muni bætast við orkutaxtana eins og orkufyrirtækin hafa reyndar lýst varðandi frumvarpið um skattskyldu orkufyrirtækja. Ég þykist vita það að formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, hafi kynnt sér umsagnir orkufyrirtækjanna varðandi skattskyldufrumvarpið. Þar er því einfaldlega lýst að fyrirtækin muni innan skamms þurfa að setja þessar álögur út í orkuverðið. Ég hefði haldið að við gætum tekið eitthvert mark á því sem í slíkum umsögnum er.

Ef hitt er rétt sem hv. þm. Birkir J. Jónsson sagði áðan, að fyrirtækin væru mörg svo skuldsett og hefðu verið í það miklum fjárfestingum að þau mundu hvort sem er ekki borga tekjuskatt á næstu árum, sé ég ekki heldur hvað okkur liggur svona rosalega mikið á. Af hverju gefum við okkur ekki aðeins tíma til að skoða þessi mál og velta því fyrir okkur: Hafa þau þær afleiðingar að orkuverð hækkar til fólksins til viðbótar við það sem kom með raforkulögunum? Er ekki rétt að við komumst út úr þeim vanda sem vissulega varð til við raforkulögin og kemur misjafnlega niður í dreifbýli og þéttbýli o.s.frv., og tökum okkur einhver ár til að skoða það og alla vega lenda því máli, annaðhvort með auknum niðurgreiðslum eða öðrum lagfæringum sem ásættanlegar gætu talist áður en við förum þá leið sem hér er lögð til?

Þetta vildi ég sagt hafa um málið og ætla ekki að orðlengja þetta mikið meira en tel að öllu jöfnu að málin sem við ræðum og tengjast skattskyldu orkufyrirtækja muni hækka orkuverð í landinu. Það er hlutur sem ég er ekki tilbúinn í, allra síst í ljósi þess sem fylgdi með sem afleiðing af raforkulögunum.

Ég hef orðað það svo, hæstv. forseti, þegar menn eru með þennan flýti í lagabálkunum að snúa raforkunni, orkulögunum og svo núna skattlagningu orkufyrirtækjanna, hvort menn sjáist ekki fyrir. Hvað liggur svona á? Ég hef ekki fengið neinar sérstakar skýringar á því. Enn síður finnst mér hafa komið gildar skýringar eftir að hv. þm. Birkir J. Jónsson sagði okkur í dag að það mundi hvort sem er ekki verða um neinar greiðslur að ræða vegna þess að fyrirtækin væru hvort sem er svo skuldsett og með taprekstur að það yrðu ekki neinar sérstakar skattgreiðslur og þar af leiðandi væri ekkert sem menn mundu setja út í verðlagið.

Þá vil ég enda ræðu mína á því að spyrja enn og aftur hv. formann iðnaðarnefndar: Af hverju liggur svona á að koma frumvarpinu í gegn ef það er satt og rétt sem sagt var í þessum sal í dag að það yrði hvort sem er ekki um neinar skattgreiðslur að ræða vegna skuldsetningar fyrirtækjanna? Ég dreg reyndar í efa að það sé alveg hárrétt því ég held að fyrirtækin séu misjafnlega skuldsett. En ef það er rétt, hv. þingmaður, (**Gripið fram í:** Ávarpa forseta.) þarft þú að gefa skýringar á því hvað liggur svona á. (Gripið fram í.)

[20:35]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum á orkusviði. Ræðumönnum hefur verið mjög tíðrætt um þá pólitísku stefnubreytingu sem verið er að taka gagnvart orkumálum í landinu. Allt til þess að farið var í markaðsvæðingu og einkavæðingu á raforkukerfinu hefur verið litið á rafmagn og hitaveitu sem hluta af almannaþjónustu í landinu. (Gripið fram í.) Nei, það er alveg hárrétt að framsóknarmenn hafa þarna snúist um sjálfa sig og ég kem að því seinna hversu dapurt það er að upplifa hvernig forusta Framsóknarflokksins hefur snúist gegn grundvallarhugsjónum sínum sem flokkurinn hefur byggt á í áratugi og fer að styttast í heila öld, en nú síðustu árin er verið að ganga gegn þeim hugsjónum sem flokkurinn var upphaflega byggður á, þ.e. á samvinnuhugsjóninni, á því að byggja upp sterka og öfluga almannaþjónustu sem skóp nánast grundvöll fyrir atvinnulíf og gott mannlíf í landinu. Samvinnuhugsjónin, félagshyggjan hefur gert þjóðina svo öfluga, svo efnahagslega stönduga sem raun ber vitni. En forustumönnum Framsóknarflokksins þótti nóg komið og fóru út í markaðsvæðingu og einkavæðingu almannaþjónustunnar og nú tölum við um rafmagnið og hitaveituna.

Sá liður sem nú er tekinn fyrir er skattlagning almannaþjónustunnar, nú skal hún verða skattskyld. Að mati forustumanna Framsóknarflokksins, ekki kjósenda Framsóknarflokksins, a.m.k. ekki þeirra sem studdu hann við síðustu alþingiskosningar, þeir kjósendur voru ekki að kjósa forustu Framsóknarflokksins til þess að ganga svo gegn almannahagsmunum eins og markaðsvæðingu raforkukerfisins, það er alveg víst.

Frú forseti. Þó að það komi ekki beint málinu við er fróðlegt að sjá að í síðustu skoðanakönnun, án þess að ég sé endilega að gera mikið úr skoðanakönnunum, virtist koma í ljós að ráðherrar Framsóknarflokksins, sérstaklega þeir sem bera hvað harðast fram einkavæðingarstefnu flokksins, njóta æ minna fylgis og æ minni stuðnings, ekki bara þjóðarinnar allrar heldur (Gripið fram í.) einnig innan síns eigin flokks. Án þess að ég ætli að fara að gera það að sérstöku umtalsefni gæti það samt verið vísbending um að forustumenn Framsóknarflokksins, þeir sem leiða einkavæðingarstefnu Framsóknarflokksins, njóti ekki til þess stuðnings kjósenda.

Er skemmst að minnast þess, frú forseti, í þessu sambandi líka, til að benda ungum og vonandi vaxandi þingmönnum Framsóknarflokksins á að t.d. í einkavæðingu á öðru almannaþjónustufyrirtæki, Símanum, þar sem teknar hafa verið nokkrar skoðanakannanir síðan 2002 og sumar mjög víðtækar sem hafa sýnt að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er andvígur einkavæðingarstefnu Framsóknarflokksins í Landssímamálinu, milli 70% og 80% af þjóðinni eru andvíg einkavæðingarstefnu Framsóknarflokksins. Nú síðast bæði í könnun Gallups og könnun Félagsvísindastofnunar, sem gerðar voru í mars virtust nærri fjórir af hverjum fjórum framsóknarmönnum vera andvígir einkavæðingarstefnu Framsóknarflokksins. (Gripið fram í.) Já, þannig að innan skekkjumarka eru það einungis forustumenn flokksins sem eru að leiða einkavæðingarstefnuna því að um 80% af þeim sem spurðir voru eru andvígir þessu. Fyrir unga þingmenn Framsóknarflokksins hlýtur þetta því að vera eitthvað til að skoða, á hvaða vegferð flokkurinn er.

Við ræðum raforkumálin. Ég held að það séu fá dæmi eins hrapallegs ferils í einkavæðingu almannaþjónustunnar og við höfum upplifað í gegnum rafmagnið. Þegar þetta var keyrt í gegn á síðasta þingi, markaðsvæðing á raforkukerfinu, var þetta dásamað. Þetta skyldi leiða til lækkunar á raforkuverði, þetta skyldi leiða til aukins afhendingaröryggis,

þetta skyldi leiða til alls þess góða sem ekki hafði enn gerst. Ég minnist mjög hástemmdra yfirlýsinga frá hæstv. einkavæðingarráðherra og markaðsvæðingarráðherra og byggðamálaráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra, sem hefur það hlutverk að fara fyrir einkavæðingarvagni Framsóknarflokksins. Þá var þetta það besta af öllu sem hægt var að gera.

Nú, þegar við upplifum fyrsta smjörþefinn af því sem er að gerast í einkavæðingarfasanum, sem kom til framkvæmda um síðustu áramót, þá ... (Gripið fram í.) Jú, smjörþefur getur verið ágætur en stundum getur hann líka verið súr. En um síðustu áramót þegar fyrst var að koma til framkvæmda þessi einkavæðingardraumur Framsóknarflokksins mátti sjá fyrirsagnir eins og þessa: „Raforkuverð á landsbyggðinni áhyggjuefni." Hér er vitnað í Þorvald Jóhannsson, framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Síðan er í grein hans rakin hækkun á rafhitun o.fl.

Hér er líka önnur grein frá þeim tíma þegar stefna Framsóknarflokksins í orkumálum var að koma til framkvæmda. Hér stendur: „Hvenær er lækkun hækkun og hvenær er hækkun lækkun." Hér er sjálfsagt verið að vitna í orðaskýringar hæstv. iðnaðarráðherra sem vissi aldrei nákvæmlega hvenær hún var að tala um hækkun og hvenær hún var að tala um lækkun.

Í Morgunblaðinu þann 9. janúar fjallar Kristófer Már Kristinsson um áhrif einkavæðingarstefnu Framsóknarflokksins í raforkumálum. Meira að segja einn af öflugustu forustumönnum Framsóknarflokksins, Alfreð Þorsteinsson, getur þess í viðtali að Orkuveita Reykjavíkur sjái sér skylt að fylgja kröfu um að hækka orkuverð vegna ákvarðana Framsóknarflokksins.

Ég er með fleiri greinar og yfirlýsingar hringinn í kringum landið þar sem fólk ber sig mjög illa undan þessum áhrifum og hvernig stefna Framsóknarflokksins er að koma fram. Nýverið hafði ég samband við sveitarstjórann á Skagaströnd, sem er á svæði þar sem ekki er hitaveita, og hann sagði að hækkun á raforkuverði hjá almennum notendum þar, þótt búið væri að taka tillit til lækkunar vegna endurgreiðslu vegna húshitunar, mundi vera 10%–25%. Hjá mörgum bændum, m.a. þeim sem voru með marktaxta, afltaxta sem sagt var upp og hurfu, er líka um að ræða gríðarlega mikla hækkun í mörgum tilvikum. Þetta er sá veruleiki sem við stöndum frammi fyrir þegar stefna Framsóknarflokksins í raforkumálum birtist í raun.

Hæstv. iðnaðarráðherra, sem hefur helst svarað fyrir þessi mál af hálfu Framsóknarflokksins af því að ráðherrann hefur verið sá sem dregið hefur einkavæðingarvagninn, hefur sagt að þetta sé tóm vitleysa og þetta sé allt misskilningur. Upptakan á markaðsvæðingunni eigi ekki að leiða til neinnar hækkunar, samkeppnin og hin nýju rekstrarform eigi að skila þessu margfalt til baka þannig að hækkanirnar séu fullkomlega ástæðulausar.

Frú forseti. Ég get rakið fleiri dæmi um hvernig hin nýja einkavæðingarstefna í orkumálum virkar. Ég hefði viljað heyra frá formanni iðnaðarnefndar sem lýsti því yfir í umræðu í vetur, þegar þessi mál voru til umræðu í lok janúar og byrjun febrúar, að hann ætlaði að taka þessi mál mjög föstum tökum í nefndinni og fara þar í gegnum hvaða forsendur væru fyrir hækkununum, sem margir voru þá að lenda í og gátu ekki fengið svör við, og ætlaði líka að fara í gegnum það hvernig við því yrði brugðist.

Ég hygg að t.d. íbúar á stöðum eins og Skagaströnd, sem ég nefndi áðan, séu orðnir býsna langeygir eftir því til hvaða ráða iðnaðarnefnd með formann sinn í broddi fylkingar ætlar að grípa til að koma í veg fyrir að rafmagn hækki á þeim stöðum sem ég m.a. nefndi vítt og breitt um landið, og skýringar á því hvers vegna rafmagnið hækkar enn. Ég held að það væri mjög mikilvægt áður en þingið fer í sumarhlé að það sé skýrt fyrir fólki, því að þeir reikningar sem hafa verið að berast hafa bæði verið illskiljanlega uppsettir og það eina sem þeir hafa sýnt og fólk tekur eftir er niðurstöðutalan á reikningunum sem sýnir gríðarlega hækkun á rafmagni þvert ofan í gefin fyrirheit. Enda var það alveg ótrúlegur málflutningur þegar því var haldið fram að rafmagnið þyrfti ekkert að hækka, t.d. þegar stofnað var til nýs milliliðar sem skýrður var Landsnet, sem góðu heilli var þó sett þannig í lög, a.m.k. fyrst um sinn, að yrði algerlega í opinberri eigu. Það var ekki ætlun hæstv. iðnaðarráðherra í upphafi. Ætlun iðnaðarráðherrans var að þetta yrði markaðsvætt fyrirtæki. Það var svo af hálfu Alþingis sem það tókst að beygja þá stefnu út í það, a.m.k. fyrst um sinn, að þetta skyldi vera fyrirtæki í opinberri eigu. Ráðherrann hélt því þó fullum fetum fram, og gerir sjálfsagt enn, að það að stofna heilt fyrirtæki, millilið í raforkumálum eins og Landsnet, leiddi ekki til neins aukins kostnaðar. Trúverðugleikinn í málflutningnum hefur því verið alveg með ólíkindum.

Ég held að við hljótum líka að krefjast þess í umræðunni, frú forseti, að gerð verði grein fyrir því áður en þing fer í sumarleyfi hvernig tekið verður á rafmagnsmálunum og þeim hækkunum sem nú dynja yfir. Ég er með viðtal í höndunum sem tekið var við hv. þm. Einar K. Guðfinnsson í Bæjarins besta 25. janúar sl. sem ber yfirskriftina „Þingmenn verða að vinda sér í að leysa það vandamál sem upp er komið". Hvers var þá verið að vísa til? Það var verið að vísa til hinna gríðarlegu rafmagnshækkana sem fólk upplifði á fyrstu mánuðum ársins eftir að hin nýja skipan raforkumála kom til framkvæmda. Í viðtalinu rekur þingmaðurinn það hvernig hann upplifir breytingarnar og segir að þetta hafi alls ekki verið eins og gert hafi verið ráð fyrir.

Ég leyfi mér að vitna í orð hv. þingmanns í Bæjarins besta 25. janúar sl., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Eins og fram hefur komið í fréttum kynnti Orkubú Vestfjarða nýja gjaldskrá sína í síðustu viku og hækkar raforkukostnaður heimila í dreifbýli um allt að 40–50% eða um 60–70 þús. kr. á heimili. Einar segir að málið hafi verið rætt í stjórnarflokkunum undanfarna daga og það sé óhjákvæmilegt að við því vandamáli sem upp er komið verði brugðist."

Ég get ekki séð að búið sé að bregðast við því að fullu. Rætt hefur verið um að koma að nokkru til móts við hækkanir við húshitun en þó er það fjarri miðað við það sem er.

Síðan segir áfram í þessu ágæta viðtali við hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sem hefur réttilega þungar áhyggjur af því sem er að gerast, með leyfi forseta:

„Undanfarin ár höfum við náð ágætum árangri við lækkun húshitunarkostnaðar sem m.a. hefur leitt til þess að þetta

mál, sem var mál málanna á stjórnmálafundum þegar ég var að hefja minn pólitíska feril á árunum upp úr 1990, hefur varla verið til umræðu á liðnum árum. Nú gerist það hins vegar að þessum árangri er á einni nóttu stefnt upp í loft og við það verður ekki unað."

Er það nema von að þingmanninum blöskri að baráttumál félagshyggjumanna — því að það eru félagshyggjumenn í Sjálfstæðisflokknum líka — undanfarna áratugi, eins og það að jafna húshitunarkostnað, gufi upp á einni nóttu með samþykkt þessara nýju raforkulaga, áratuga baráttа sem hv. þingmaður rekur.

Áfram segir í viðtalinu við hv. þingmann, sem stendur flest enn óhaggað, ríkisstjórnin hefur ekki breytt svo miklu þar um:

„Það var ekkert sem gaf okkur sem stóðum utan iðnaðarnefndar tilefni til að ætla að þetta yrði niðurstaða málsins og ég veit að svo var einnig um þá er sátu í iðnaðarnefnd. Það er hins vegar svo að verið er að gera gjörbreytingar á raforkukerfinu og hverfa frá möguleikunum á því að jafna orkukostnað innan kerfisins. Afleiðingarnar eru ljósar. Því verða stjórnmálamenn að bregðast við og ég bendi á að til eru 900 millj. á fjárlögum sem ætlaðar eru til jöfnunar á raforkukostnaði til húshitunar. Dugi sú upphæð ekki verður einfaldlega að bæta við hana þannig að tryggt verði að þessi ósköp dynji ekki yfir."

Þetta segir hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og hefur eðlilega þungar áhyggjur af því sem þarna er að gerast.

Að mínu viti er ekki enn búið að taka á þessu máli sem formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins gerir þarna að svo alvarlegu umtalsefni. Það er ekki búið að taka á því að fullu, fjarri því, alla vega miðað við þær fréttir sem við fáum vítt og breitt af landinu.

Auðvitað hefur rafmagn í sumum tilvikum lækkað á fyrirtækjum í þéttbýli á svæði Rariks sem voru með óhóflega hátt raforkuverð. En það getur ekki verið að ætlunin hafi verið að kerfið leiddi til þess að rafmagn stórhækkaði á öðrum aðilum.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson lýkur viðtalinu þannig, með leyfi forseta:

„Það sjá allir að þetta getur ekki gengið. Við getum ekki unað því að verðhækkanir upp á kannski 45% nái fram að ganga. Það eru aðilar sem eru að fá verðlækkanir, sérstaklega atvinnufyrirtækin." — Eins og ég nefndi. — „Það er auðvitað ávinningur sem ekki má gleyma, en það breytir því ekki að lækkun húshitunarkostnaðar er gamalt baráttumál okkar margra og við getum ekki látið ávinning af margra ára vinnu okkar í þeim efnum þurrkast út á einni nóttu út af einhverjum skipulagsbreytingum sem dúkka upp vegna Brussel-tilskipana."

Hann vitnar til Brussel-tilskipunarinnar um að hér skuli vera tekinn upp samkeppnismarkaður á rafmagni, hér uppi á þessu eylendi, á þessari eyju, Íslandi, sem er náttúrlega fáránlegt. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænt framboðs bentum á það á sínum tíma og höfum ítrekað bent á það að óvíst er að við hefðum þurft að taka upp þá Evróputilskipun ef við hefðum gáð að okkur í tíma. En stefna Framsóknarflokksins hefur verið sú að ganga hvað harðast í að framfylgja öllum tilskipunum Evrópusambandsins eins og nokkur kostur er og ganga auk þess og draga einkavæðingarvagninn eins hratt og þeir hafa getað. Er það furða þó að hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni blöskri í þessu ágæta viðtali sem var við hann í Bæjarins besta 25. janúar sl.?

Málið sem formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins varpar þarna upp er enn þá óleyst. Það er ekki enn búið að gefa þeim íbúum landsins sem fá miklu hærri rafmagnsreikninga nú en áður svör um hvernig tekið verður á málum þeirra.

Frú forseti. Þessi vandamál eru komin upp bara vegna fyrsta stigs markaðsvæðingarinnar og lýsa sér með þessum hætti sem ég hér hef rakið. Þau vandamál hafa enn ekki verið leyst, nema þá að það sé bara ætlunin sem mann uggir að fólk taki á sig þessar hækkanir, að þetta sé fórnarkostnaðurinn sem verður að taka fyrir einkavæðingu raforkugeirans sem Framsókn beitir sér svo öfluglega fyrir og til þess að greiða niður orkuverð til stóriðjunnar.

Nú er bara keyrt áfram. Nú stöndum við hér frammi fyrir lögum, breytingum á ýmsum lögum á orkusviði sem verið er að setja samhliða því að verið er að gera orkufyrirtækjum, raforkufyrirtækjum, hitaveitum, skylt að borga skatta, borga tekjuskatta af starfsemi sinni.

Ég hlustaði á viðtal í morgun — mig minnir að það hafi verið í morgun — við mann frá Samtökum iðnaðarins og hann einmitt tók undir þau orð okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að skattar á almannaþjónustufyrirtæki verða ekki endanlega greiddir nema af neytendum. Enginn annar kemur til með að greiða þessa skatta sem lagðir eru á fyrirtækin, enginn annar en neytendur. Því gefur augaleið að hér er enn verið að efna til hækkunar á orkuverði áður en menn eru einu sinni búnir að sjá fyrir endann á því sem var.

Frú forseti. Orkumálastjóri Kaliforníu heimsótti okkur árið 2003. Ég hef áður vitnað í hann. Þá var einmitt frægt að einkavædda raforkukerfið í Kaliforníu hrundi og ríkið varð að leysa það aftur til sín. Hver var ástæðan fyrir því að það hrundi? Jú, í kjölfar einkavæðingarinnar höfðu þeir sem eignuðust það mergsogið það, tekið út úr því fjármagn, höfðu ekki haldið því við. Það gekk í ákveðinn tíma. En það gat ekki gengið endalaust þannig að raforkukerfið hrundi og ríkið varð að leysa aftur til sín þetta einkavædda raforkukerfi. Í viðtali við þennan ágæta mann á Stöð 2 30. ágúst árið 2003 í upphafi einkavæðingar raforkukerfisins hér segir, með leyfi forseta:

„Orkumálastjóri Kaliforníu ræður Íslendingum eindregið frá því að einkavæða orkuiðnað sinn. Hann segir að rafmagnsleysið í Bandaríkjunum á dögunum hafi verið einkafyrirtækjum að kenna.

Hann hefur verið ráðgjafi tveggja bandaríkjaforseta í orkumálum og veitir nú forstöðu sérstakri orkunefnd sem er að bæta úr orkuskorti sem lengi hefur hrjáð Kaliforníu. Freeman hefur ákveðnar skoðanir á hvar orkumálum sé best komið. David Freeman varar Íslendinga eindregið við því að láta Evrópusambandið reka sig út í að einkavæða raforkuna eða orkumál yfirleitt. Hann segir að það sé það sem hafi valdið mestri bölvun í Bandaríkjunum."

Svo er orðrétt vitnað til Davids Freemans orkumálastjóra í þessu viðtali, með leyfi forseta:

„Það olli okkur vandræðum að heittrúaðir boðberar frjáls markaðshagkerfis og afnáms sérleyfa komu þeirri vit-

lausu hugmynd inn hjá okkur að sala á raforku gæti farið fram í einkageiranum. Það gekk ekki. Það olli fólki hugarangri þegar í ljós kom að fjárfestingar í dreifikerfum raforku höfðu verið vanræktar. Við vitum öll að dreifikerfi raforku er viðkvæmt en ef rafmagnið fer þá er hægt að koma því aftur á næsta dag. Ég hef á tilfinningunni að núverandi rafkerfi Íslendinga sé mjög gott." — Þetta var áður en einkavæðingarferlið fór af stað hér, frú forseti. — „Af hverju ættuð þið að einkavæða það? Verð á raforku er mjög hagstætt hér á landi og orkuvinnslan er mjög umhverfisvæn. Það er mér ráðgáta hvers vegna fólk vill laga það sem er ekki bilað."

Þetta sagði David Freeman orkumálastjóri Kaliforníu í upphafi einkavæðingarferils Framsóknarflokksins á raforkukerfinu hér.

Síðan segir í viðtalinu, með leyfi forseta:

„Freeman hefur ekki sérstakar áhyggjur af því að hryðjuverkamenn ráðist á rafveitukerfið í Bandaríkjunum."

Hann er spurður að því hvort hryðjuverkamenn geti ekki ráðist á rafveitukerfið í Bandaríkjunum og hvort mikil hætta á því sé yfirvofandi. Þá sagði David Freeman orkumálastjóri Kaliforníu, orðrétt, með leyfi forseta, í þessu viðtali:

„Hryðjuverk eru alþjóðlegt vandamál. Nýlegt rafmagnsleysi var ekki af völdum hryðjuverkamanna. Það þurfti ekki hryðjuverkamenn til að finna út hvernig ætti að loka fyrir rafmagnið til 50 milljóna manna. Við vorum einfær um það með vanrækslu og trassaskap fólks á hinum frjálsa markaði sem trúði því að markaðurinn leysi allan vanda. Stjórnvöld eiga að bera ábyrgðina á rafmagninu."

Þannig lauk orkumálastjóri Kaliforníu viðtali sínu í ágúst árið 2003 eftir sára reynslu af einkavæðingu raforkukerfisins í Kaliforníu. Þá veltir maður eftirfarandi fyrir sér: Úr því einkavæðing raforkukerfisins í Kaliforníu gekk svona illa hvað mælir þá með einkavæðingu raforkukerfisins á Íslandi, eyríkinu Íslandi? Enda, eins og kemur fram í þessu viðtali, átti hann ekki orð yfir þær fyrirætlanir Íslendinga að einkavæða, markaðsvæða raforkukerfið hér. En því miður lét forusta Framsóknarflokksins sem stýrði einkavæðingu raforkunnar sér ekki segjast. Hún var eins og kerruklár sem er búið að setja á hlífar beggja megin við augun þannig að ekkert sést nema örlítil rás beint fram. Það var hennar vegur í markaðsvæðingu raforkukerfisins og þann kerrugang hélt hún sig við. Nú erum við að uppskera. En þetta er bara byrjunin. Við sem fylgdumst með og tókum þátt í þessari umræðu skildum að hér átti það að fylgja eftir að gera aukna arðsemiskröfu til fyrirtækjanna. Það átti að krefja þau um að setja aukna arðsemiskröfu út í verðlagið. Hún átti að fara stighækkandi, byrja lágt en síðan mátti hækka. Ég minnist þess að í umræðunni í svokallaðri nitján manna nefnd sem ég sat í fyrir hönd þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs kom fram hjá markaðshyggjumönnunum sem leiddu þessa umræðu af hálfu iðnaðarráðuneytisins og Orkustofnunar að stefna ætti að því að ná svona 12–15% arðsemiskröfu inn í raforkugeirann innan ákveðins tíma og þegar því væri náð væri hægt að fara að tala um að einkavæða og selja fyrirtækin og að þessu skyldi stefnt. En það var ekki aðeins að menn skyldu taka arðsemiskröfuna heldur átti líka að fara í hagræðinguna innan frá og hverjar voru hagræðingarhugmyndirnar? Jú, þær voru að lengja afskriftartímann á mannvirkjunum og sem þýðir að það átti að skera niður viðhaldið og ná þannig meiri peningum út úr fyrirtækjunum. Þetta átti líka markvisst að gera. Við erum bara rétt í byrjuninni. En það alvarlegasta er kannski að fyrirtækin þurftu ekki, það var ekki hægt að leggja þá kvöð á orkufyrirtækin, framleiðslufyrirtækin að sitja með eða vera með orkubirgðir, varabirgðir. Það var ekki hægt að gera það í þessum lögum þegar komið var út í svona samkeppnisumhverfi. Núna eru Landsvirkjun og orkufyrirtækin skyldug til þess að skaffa landsmönnum orku og verða þess vegna að birgja sig upp, eiga raforkubirgðir, orkubirgðir í uppistöðulónum eða á annan hátt til þess að geta mætt breytilegri stöðu í orkunotkun. En með markaðsvæðingu rafmagnsins er þessi krafa tekin af þeim. Aðeins Orkuveita Reykjavíkur hefur sett það í stefnumið sín að einn megintilgangur reksturs Orkuveitu Reykjavíkur sé að skaffa notendum sínum örugga og ódýra orku. Í stefnumörkun og skilmálum Orkuveitu Reykjavíkur er það sett að það sé meginhlutverk Orkuveitu Reykjavíkur að sjá neytendum sínum fyrir öruggri, nægri og ódýrri orku. Þetta ákvæði fékkst ekki sett í raforkulögin hvað varðaði önnur fyrirtæki. En þetta var gert hjá Orkuveita Reykjavíkur og það var ekki hvað síst fyrir tilverknað fulltrúa Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í orkustefnunefnd Reykjavíkur að þetta kom inn og þegar menn sáu þetta svart á hvítu þótti sjálfsagt að þetta væri sett þar inn.

Frú forseti. Ég nefni þetta vegna þess að við erum rétt að byrja á þessu ferli sem við stöndum frammi fyrir í kjölfar ákvörðunar um að markaðsvæða raforkukerfið. Nú þegar stöndum við frammi fyrir þeim vanda að raforkuverð hefur snarhækkað til stórs hóps neytenda og þeim orðum og þeirri kröfu sem m.a. hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins setti fram, og ég hef hér vitnað til, um að þingmenn verði að vinda sér í að leysa þetta vandamál sem upp er komið, er enn þá ósvarað. Ég bíð eftir því að hv. þm. Birkir J. Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, skýri frá því hvernig á þessum málum verði tekið og hvort þetta sé það sem íbúum á Skagaströnd eða annars staðar úti á landi sem eru nú með í höndunum himinháa orkureikninga, verður gert að standa undir. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** ... missir svo marks þegar ...) Hv. þm. hefur áhyggjur af því og ég veit að hv. þingmanni líður illa undir því að hlusta á þetta enda er þetta líka þvert á stefnu Framsóknarflokksins gamla sem ég kynntist í æsku og sem byggði á félagshyggju (Gripið fram í.) og samhjálp. En nú er allt annað upp á teningnum.

Nú komum við að þessum skattamálum. Næsta skrefið er að leggja á skatta, að þessi almannaþjónusta verði að greiða skatta. Hv. þm. Birkir J. Jónsson lýsti hinni nýju stefnu, nýfrjálshyggjunni í Framsóknarflokknum, ágætlega í ræðu sinni fyrr í dag þegar hann sagði að þetta væri svo mikilvægt núna og nauðsynlegt til þess að jafna samkeppnina, þ.e. að leggja skatt á orkufyrirtækin, að láta landsmenn, almenna notendur greiða skatt af ... (**Gripið fram í:** Fyrirtækin ...) Fyrirtækin greiða skattinn. En eins og ég sagði áðan þá verða það neytendur sem borga hann því fyrirtækin hafa ekki aðra peninga en þá sem koma frá neytendum. Ekki held ég að það sé öðruvísi, frú forseti. Ekki spretta

þessir peningar á trjánum.

Maður veltir fyrir sér samkeppnisstöðunni sem hv. þingmaður er að tala um. Þetta er jú almannaþjónusta og kostnaðurinn lendir á neytendum. Varðandi stóriðjuna, sem Framsóknarflokkurinn hefur rekið sem sitt eina og aðalbaráttumál síðustu árin, stóriðja og aftur stóriðja, þá er búið að ganga frá raforku- og orkusamningum til næstu 20, 25, 30 ára. Ekki verður verði á raforku til hennar breytt. Það fer nú að nálgast kannski 70% af raforkuframleiðslunni og jafnvel meira sem bundið er í stóriðju, sem ekki borgar þessa hækkun sem verður af skattheimtunni. Hver er það þá sem borgar? Jú, það eru einmitt bændur, íbúar á stöðum eins og Skagaströnd, íbúar vítt og breitt um landið, sem taka á sig þessa skatta. Það eru þeir sem þessi skattur er lagður á, ekki stóriðjan sem er eins og heilög kýr hjá Framsóknarflokknum.

Má ég þá spyrja, frú forseti, hvort hv. þingmaður og formaður iðnaðarnefndar hafi velt því fyrir sér hvernig er háttað fjármögnun þeirra almannaþjónustufyrirtækja sem verið er að leggja skatt á. Bíddu við, er Landsvirkjun ekki með ríkisábyrgð á öllum sínum skuldbindingum? Er ekki Rarik í eigu ríkisins og þar af leiðandi fullkomlega á ríkisábyrgð? Er ekki Orkubú Vestfjarða á ríkisábyrgð o.s.frv.? Eru ekki þær hitaveitur og orkuveitur í eigu sveitarfélaga með ábyrgð eigenda sinna? Jú, þannig er þessi staða fyrir, sem hv. þingmaður hefur áhyggjur af og kallar mismunun. Þetta eru nefnilega almannaþjónustufyrirtæki sem hafa verið byggð upp. Í rauninni ætla menn að leggja skatt á ríkisábyrgðina, ekki satt?

Hv. þingmaður hafði þungar áhyggjur af stöðu raforkubænda sem stofna til lítilla virkjana hjá sér, sem við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs styðjum mjög eindregið, uppbyggingu vistvænna, sjálfbærra smávirkjana. Við teljum einmitt að koma eigi til móts við þær samkeppnislega og það sé hægt að gera með öðrum hætti. Ég minni á að við beittum okkur mjög fyrir því að staða þeirra yrði jöfnuð hvað varðar innmötunargjaldið, sem sett var inn á Landsnetið, þar sem fyrir lá að gera ætti þeim nánast ómögulegt að selja inn á Landsnetið með því að krefja smávirkjanir um svo há gjöld. Ég veit ekki betur en það hafi verið þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem börðust hvað harðast fyrir því að komið yrði til móts við þá. Þeir hafa bent á að þeir séu líka að keppa við ríkisábyrgðir hjá öðrum raforkufyrirtækjum.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson minntist á það í ágætri ræðu sinni áðan, þar sem hann var að fjalla um þetta mál, að það hefði mátt undanþiggja þessar virkjanir einstaklinga og bænda tekjuskatti um ákveðinn tíma, mönnum væri í lófa lagið að gera það. Það þyrfti ekki að samþykkja hér lög um að gjörbreyta skattaumhverfi almannaþjónustufyrirtækja til að leiðrétta þann mun.

Maður veltir því fyrir sér í þessu samhengi, frú forseti, að það hefur komið fram að stórfyrirtæki eins og Landsvirkjun mun ekki greiða tekjuskatt á næstu árum vegna þess að hún hefur ráðist í svo óhagkvæmar virkjanir sem gætu sligað hana ef ekki kæmu til ríkisábyrgðirnar, gríðarlegur ríkisstuðningur sem skiptir milljörðum króna. Það þarf til að gera Landsvirkjun þetta kleift. Ríkið styrkir Landsvirkjun um milljarða króna. Ef það hefði ekki komið til hefði hún t.d. alls ekki getað farið í þessa fáránlegu framkvæmd, Kárahnjúkavirkjun. Upphaflega var rætt um að stofnað yrði sjálfstætt fyrirtæki um Kárahnjúkavirkjun og hún ætti þá að bera sig á eigin forsendum því að rafmagnið ætti hvort eð er fara til eins fyrirtækis. En svo þegar kom í ljós að það yrði aldrei hægt og mundi aldrei bera sig þá þurfti bæði að halda í ríkisábyrgðina, því að annars hefði hún bara verið óframkvæmanleg, og gera alla notendur í landinu ábyrga og greiða niður þá fáránlegu fjárfestingu.

Nú á til viðbótar að fara að leggja tekjuskatt á fyrirtæki sem munu á næstu árum ekki skila neinum hagnaði. En þau munu skila sínu tapi. Mig langar til að spyrja hv. formann iðnaðarnefndar, af því að ég er ekki alveg inni í því hvernig þetta reiknast út: Hvenær byrjar þetta tap að telja? Frá hvaða ári getur Landsvirkjun skráð eða farið að færa skattskylt tap? Hversu mikið er það miðað við núverandi rekstrarstöðu fyrirtækisins, hversu mikið er árlegt skattskylt tap Landsvirkjunar? Ég hefði viljað fá upplýsingar um það. Þetta skiptir gríðarlegu máli. Þessi lög, komi þau til framkvæmda, ná núna fyrst og fremst til lítilla veitna í eigu sveitarfélaga, lítilla veitna, staðbundinna veitna. Það þykir sérstök ástæða til að láta þær borga nokkur hundruð milljónir króna til ríkisins af starfsemi sinni. Skatturinn mun ekki ná til þessara stóru fyrirtækja sem fá að safna upp tapi. Og þegar einhver annar aðili ... (Gripið fram í.) Já, og ekki síst þessi stóru og óhagkvæmu fyrirtæki.

Ég vil fá svar við því, frú forseti: Frá hvaða tíma verður stóru fyrirtækjunum heimilt að færa skattskylt tap og hversu mikið miðað við rekstur, t.d. Landsvirkjunar í dag, miðað við ársreikning síðasta árs? Hversu há er sú upphæð sem Landsvirkjun getur fært sem skattskylt tap og hversu lengi má safna skattskyldu tapi upp? Við þekkjum dæmi um að þegar fyrirtæki er selt þá situr kaupandinn gjarnan uppi með heilmikinn skattskyldan hagnað og getur þá nýtt tapið fyrirtækisins sér til skattfrádráttar. Þess vegna skiptir miklu máli í þessari umræðu, og kannski er verið að gera þetta vegna þess, að gefa fyrirtækjunum færi á að safna tapinu. Hraðinn sem settur er í að keyra þetta mál áfram getur ekki bara verið til þess að ná peningum af nokkrum þeirra sveitarfélaga sem hafa rekið hitaveitur og rafveitur með örlitlum hagnaði, örfáum hitaveitum sem eru þannig reknar. Það getur varla verið markmiðið. Ég leyfi mér að spyrja hv. formann iðnaðarnefndar: Er það bara markmiðið að ná í þau fyrirtæki, ná í skattana frá þeim? Miðað við stöðuna árið 2003 þá eru það Húsavík, Norðurorka, Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja og slíkar hitaveitur sem eiga að borga. Það er verið að elta þau. Þetta skiptir miklu máli.

Hv. þingmaður minntist á að þetta væri til að jafna samkeppnisstöðuna. Hann opnaði þar sýn á áframhaldandi stefnu Framsóknarflokksins í einkavæðingarmálum. Er ekki hægt að segja það nákvæmlega sama um sjúkrahúsin? Sjúkrahúsin hafa að mati Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs verið einn af hornsteinum almannaþjónustunnar. En við vitum líka að það eru til sjálfstætt starfandi læknar, læknar sem hafa tekið sig saman um einkarekstur á ákveðnum þáttum í heilbrigðiskerfinu og hafa sjálfsagt af því hagnað. Það er þá bara eðlilegt, samkvæmt stefnu Framsóknarflokksins, að sjúkrahúsin fari að greiða tekjuskatt,

verði skattskyld samkvæmt nákvæmlega sömu röksemd og hv. þingmaður beitti hér gagnvart almannaþjónustunni í raforkumálum. Ég leyfi mér því að spyrja hv. þingmann: Hvenær ætla framsóknarmenn að leggja það til? Verður það á þessu þingi eða því næsta, að sjúkrahúsin verði gerð skattskyld til þess að jafna samkeppnisstöðuna á heilbrigðissviði? Það hlýtur að vera næsta skrefið ef Framsóknarflokkurinn fylgir áfram einkavæðingarstefnu sinni.

Frú forseti. Hvorki í umræðunni né í nefndaráliti frá meiri hlutanum hafa fengist haldbærar skýringar á því hvers vegna eigi að keyra þetta fram. Við vitum af einkavæðingaráráttu Framsóknarflokksins og að þetta er til þess að fullnægja henni en allar þessar aðgerðir í raforkumálum nú á síðustu missirum hafa leitt til þess að víða hefur rafmagnið hækkað og nú á að gera hagnaðinn skattskyldan. (Gripið fram í.) Já, hv. þingmaður er órólegur yfir þessu enda á hann kannski engin rök. Ég bíð spenntur eftir því að heyra svör hv. þingmanns, formanns iðnaðarnefndar, við því sem ég hef hér spurt um.

Ég spyr hvernig og hvenær verði brugðist við þeim gríðarlegu hækkunum sem dunið hafa á stórum hópi landsmanna, hækkunum á rafmagnsverði í kjölfar markaðsvæðingar raforkukerfisins. Því hefur ekki verið svarað. Ég vil fá svör við því hvenær og hvernig verði brugðist við því. Ég sé, frú forseti, að þingmaðurinn dæsir enda býst ég við að flokkur hans hafi lítinn áhuga á því að leysa þar úr.

Síðan ítreka ég spurningar mínar, sem ég hef borið fram, um nánari skýringu á hvers vegna er verið að keyra þetta í gegn. Hvenær mega menn fara að færa rekstrartap og hversu lengi má safna upp skattskyldu rekstrartapi, hve mörg ár líða áður en það fyrnist? Hversu háar upphæðir væri hér um að ræða, t.d. hjá fyrirtækinu Landsvirkjun, miðað við rekstrarafkomu þess fyrirtækis á síðasta ári? Mér finnst þetta skipta miklu máli í því umhverfi sem hérna er verið að búa til. Er verið að búa hér til lög fyrir almannaþjónustufyrirtæki til að safna upp rekstrartapi sem hægt verður að selja öðrum fyrirtækjum sem sitja uppi með hagnað og geta sléttað hann út með rekstrartapinu á móti?

Frú forseti. Ég vík nú að fleiri atriðum í málinu sem er hér til umræðu, um breytingar á lögum varðandi skattskyldu orkufyrirtækja. Ég spyr og ítreka þá spurningu: Hvers vegna á að ráðast fyrst og fremst á örfáar veitur sveitarfélaganna? Er þetta liður í áframhaldandi einkavæðingu almannaþjónustunnar? Hvar verða mörkin dregin næst?

Ég hef áður vitnað til orkumálastjóra Kaliforníu sem varar mjög afdráttarlaust við markaðsvæðingu raforkukerfisins. Hann lýsti henni sem mesta skaðræðisvaldi sem yfir Kaliforníu hefði dunið. Ég ætla að ljúka ræðu minni með því að vitna aftur í orð Davids Freemans orkumálastjóra, það sem hann segir í viðtali við Stöð 2 30. ágúst 2003:

„Af hverju ættuð þið að einkavæða orkukerfið? Verð á raforku er mjög hagstætt hér á landi og orkuvinnslan er mjög umhverfisvæn. Það er mér ráðgáta hvers vegna fólk vill laga það sem ekki er bilað."

Síðan vitnar hann til þess þegar rafmagnið fór af Kaliforníu og stjórnvöld þurftu að leysa til sín aftur hið markaðsvædda og einkavædda raforkukerfi. Hann segir um það, með leyfi forseta:

„Það þurfti ekki hryðjuverkamenn til að finna út hvernig ætti að loka fyrir rafmagnið til 50 milljóna manna. Við vorum einfær um það með vanrækslu og trassaskap fólks á hinum frjálsa markaði sem trúði því að markaðurinn leysti allan vanda. Stjórnvöld eiga að bera ábyrgðina á rafmagninu." Þetta voru lokaorð orkumálastjóra Kaliforníu sem mælti þau eftir að hafa reynt það sem hér um ræðir. En þennan veg skal forusta Framsóknarflokksins arka, þjóðinni til óheilla, frú forseti.

[21:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með þessari umræðu, sem hefur staðið síðdegis og fram undir kvöld, um skattlagningu orkufyrirtækja. Þetta frumvarp sem við ræðum nú, um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði, er hluti af pakka sem er markaðsvæðing orkugeirans, orkufyrirtækjanna, skattlagning þeirra og svo breytingar á ýmsum lögum sem af því leiða, samanber það að orkufyrirtækin hafa verið undanþegin slíkum greiðslum. Þetta svið hefur verið undanþegið skatti og satt best taldi ég að um það ríkti algjör samstaða. Ég minnist þess varla að hafa heyrt á það minnst fyrr en nú á síðustu mánuðum eða missirum að eitthvað væri að því fyrirkomulagi að þessi almannaþjónusta væri undanþegin skattgreiðslum, þannig að menn væru ekki að skattleggja sjálfa sig ef svo má að orði komast.

Nú eru breyttir tímar. Að mörgu leyti var sérstaklega athyglisvert í umræðunni í dag að fylgjast með framlagi formanns iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar, þegar hann kom í ræðum og andsvörum ákaflega glaðbeittur, brattur mundu menn segja svona á venjulegri íslensku og hnarreistur mætti jafnvel segja svo ekki sé nú sagt sperrtur. En öll þessi orð komu mér í hug þegar ég fylgdist með hv. þingmanni skeiða í ræðustólinn aftur og aftur og halda ræður eða fara í andsvör við aðra ræðumenn. Það skein af hv. þingmanni gleðin og ánægjan með það sem Framsóknarflokkurinn beitir sér fyrir í þessum efnum og það er gott. Það er gott þegar mönnum líður vel og þeir eru sáttir við það sem þeir eru að gera. Það er auðvitað til fyrirmyndar að menn komi hreint til dyranna og sýni fölskvalausar tilfinningar af því tagi sem hv. þm. Birkir Jón Jónsson gerði í dag. Það er líka gott fyrir kjósendurna því að þá átta þeir sig á því hvað er á ferðinni.

Gleði Framsóknarflokksins yfir því að markaðsvæða og undirbúa að einkavæða þetta svið almannaþjónustu á Íslandi hefur satt að segja verið ákaflega athyglisverð. Við munum að hæstv. iðnaðarráðherra, frú Valgerður Sverrisdóttir, hefur aftur og aftur komið geislandi af gleði í ræðustólinn og lýst því yfir hversu mikið fagnaðarefni henni væri að beita sér fyrir þessu. Síðan vill auðvitað hv. þm. Birkir Jón Jónsson ekki vera minni spámaður. Hann fylgir foringja sínum, hæstv. iðnaðarráðherra, og er ljómandi af ánægju yfir því að leggja sitt lóð á vogarskálarnar, að leggja sína vinnu fram í þessu skyni í þessum leiðangri.

Það er hins vegar allt annað mál hvort þetta á eftir að reynast það mikið þjóðráð sem hv. þingmenn telja. Það er allt annað mál hvort þjóðin mun upplifa þetta með sama hætti og mér býður í grun að svo verði ekki. Það er allt ann-

að mál hvort þetta standist það að vera sett undir mæliker og horft á það í ljósi reynslunnar, hvort sem hún er héðan fengin eða annars staðar frá. Ég hygg að í raun standist þetta mál ekki á einn eða neinn hátt þegar betur er að gáð, nema á þann einan að þetta þjónar markaðsnýfrjálshyggjukreddunni. Þetta er að sjálfsögðu liður í því að umbreyta samfélögunum í anda nýfrjálshyggjunnar þannig að færa til landamærin milli þess sem er hugsað og rekið á félagslegum forsendum og hins sem er í einkageiranum, fyrir fjármagnið, fjármagnseigendurna, til að hagnast á því, til að taka sér arð út úr starfseminni. Það eru þessi landamæri sem hafa verið að færast til.

Stærstu átök stjórnmálanna í heiminum í dag og undanfarin 15–25 ár hafa staðið um nákvæmlega þetta, að fjármagnsöflin, drifin áfram af stórfyrirtækjunum og áhættufjármagninu, hinu hreyfanlega gráa áhættufjármagni heimsins sem vill mikinn gróða hratt, hafa drifið þá pólitík að færa landamærin til að útvíkka þau svið sem markaðurinn hafi til að athafna sig á og taka til sín gróða af. Þetta er angi af þeim slagsmálum.

Ísland fetar með þessu í fótspor ríkja sem hafa sum hver, önnur ekki, farið inn á þessa braut á undanförnum árum. Það er komin reynsla af því hvernig það hefur tekist og hún er vægast sagt blendin. Það er mjög athyglisvert að svo sterkt er þetta trúboð, svo öflug eru þau öfl sem á bak við standa og ýta þessu áfram, að reynslan skiptir engu máli. Ef það er þannig að reynslan er slæm, t.d. af einkavæðingu raforkukerfanna bæði austan hafs og vestan, hvað segja frjálshyggjumennirnir þá? Þá er veruleikinn skakkur en kenningin er rétt. Það er bara veruleikinn sem er skakkur. Það er samt rétt að gera þetta þó að það takist illa og gefi slæma raun, þótt menn verði meira og minna rafmagnslausir og þótt afhendingaröryggið minnki. Þótt verðið hækki þá er þetta samt rétt. Það er vegna þess að það stendur ekki til að efast um kennisetninguna. Hún er heilög. Það er þá bara veruleikinn sem ekki hegðar sér rétt í samræmi við hana. Svo langt getur menn borið í þessum efnum.

Hér er í raun um klassískt svið að ræða sem gefur gott tækifæri til að hugleiða þessi efni, þ.e. framleiðsla, dreifing og sala eða afhending á raforku, til ljósa og húshitunar og almennra nota í samfélaginu, þótt við tökum bara þann þátt og látum stóriðjupakkann liggja á milli hluta í bili. Þetta eru í fyrsta lagi daglegar þarfir sem við öll megum illa án vera í nútímasamfélagi. Það stöðvast nánast allt á nútímaheimili eða í nútímafyrirtæki ef ekkert rafmagn fæst. Það er ekki þægileg staða sem kemur upp um hávetur ef rafmagnið til að halda húsinu heitu eða a.m.k. lýsa það upp kemur ekki. Hvernig er svo sambúð kaupendanna við afhendingaraðilana í þessu tilviki? Jú, hún er þannig að það liggur yfirleitt bara ein raflína inn í húsið, rétt eins og það liggur ein vatnsleiðsla og einn símaþráður. Í hvaða stöðu er þá kaupandinn gagnvart þessum eina aðila sem á lögnina inn í húsið hans, ef í harðbakkann slær og ef búið er að afhenda þetta allt saman einkaaðilum í markaðsvæddu, fullkomlega markaðsvæddu kerfi? Hann reynist ekki vera í merkilegri stöðu til að semja. Hann verður að kyngja því sem að honum er rétt og borga það sem upp er sett. Það er reynslan, að þar sem menn hafa farið offari og einkavætt veituþjónustu eða almannaþjónustu af þessu tagi hefur reynslan orðið mjög blendin og víða mjög slæm. Í fyrsta lagi má einfaldlega sjá það af þeim mælikvarða að menn neyðast yfirleitt til þess að taka á sig miklar hækkanir á verði. Þegar frá líður koma aðrir hlutir til sögunnar eins og græðgin, sem oft er fylgifiskur þessara breytinga hjá þeim sem hafa nýlega keypt til sín úr opinberri eigu veitufyrirtæki af þessu tagi. Þeim liggur svo á að ná hagnaði, ná fjárfestingu sinni til baka og rúmlega það, að þeir sjást yfirleitt ekki fyrir og stytta sér leið í sambandi við það að halda innviðunum við, að endurnýja og fjárfesta til þess að ná fullnægjandi öryggi í kerfinu.

Frægast er nú sennilega dæmið frá Skandinavíu, þegar mönnum lá svo mikið á að græða eftir að búið var að markaðsvæða raforkumarkaðinn þar, er menn gáfu sér ekki tíma til að fylla uppistöðulónin. Mönnum lá svo mikið á að selja rafmagn suður til Evrópu til að græða peninga að þeir máttu ekki vera að því að vorleysingar og sumarregnið fyllti uppistöðulónin. Þeir lögðu upp með þau hálftóm þegar kom fram á vetur. Afleiðingin varð auðvitað orkuskortur og gríðarlegar hækkanir þegar kuldaköst komu um hávetur. Þannig tvöfaldaðist, þrefaldaðist eða fjórfaldaðist allt í einu raforkuverð í Skandinavíu á lausamarkaðnum vegna orkuskorts, af því menn voru á sama tíma bundnir af samningum um að afhenda orku suður á bóginn.

Rafmagnsleysið á austurströnd Bandaríkjanna, hörmungarnar í Kaliforníu, rafmagnsleysið á Kaupmannahafnarsvæðinu, þetta þekkja menn frá nýliðnum missirum og hinar óhemjulegu verðhækkanir á Norðurlöndum. Þannig mætti áfram telja. Eru menn eitthvað að velta þessu fyrir sér hér? Hafa stjórnarliðar komið með einhver málefnaleg rök og farið yfir það hvernig menn ætluðu að reyna að læra af þessum mistökum og koma í veg fyrir að þau endurtækju sig? Nei, það er ekki einu sinni rætt. Það þarf ekki að rökstyðja þetta. Þetta er bara „af því bara". Þetta bara á að gerast.

Ég verð að segja eins og er, að mér finnst þetta á köflum hafa verið einhver aumlegasti málflutningur sem ég hef lengi heyrt. Menn hafi ekki einu sinni borið það við að eiga um þetta sæmilega rökfastar og málefnalegar umræður. Hver eru rökin fyrir því að gera t.d. það sem nú á að leggja ofan á markaðsvæðinguna frá því fyrir áramótin, þ.e. að bæta því við að að skattleggja orkugeirann? Hvað er orkugeirinn hér? Hann er að uppistöðu nánast algerlega opinber fyrirtæki, fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga. Í raun ákveður ríkið að fara að borga sjálfu sér skatt. Þar verður að vísu einhver tilfærsla frá sveitarfélögum til ríkis, að svo miklu leyti sem þessi skattur verður einhvern tímann greiddur. En það er nánast hlálegt þegar menn, eins og hv. þm. Birkir Jón Jónsson gerði, færa það fram sem meginröksemdir fyrir þessu að það sé svo ósanngjarnt að einkaaðilar verði að borga skatt en ekki hið opinbera. Bíddu, er það eitthvert vandamál? Er ekki hægt að fara í hina áttina eins og bent hefur verið á? Jú, það hélt ég nú. Auk þess væri hægt að fara margar millileiðir í þessum efnum. Það væri t.d. hægt að hugsa sér að hafa skatta á samkeppnisþáttunum en undanskilja áfram hitt. Hér eru margar leiðir færar hér. En ríkisstjórnin velur þá einföldustu, þá hráustu, þá ódýrustu, að skella þessu öllu saman undir skatt.

Ætli það sé ekki nóg sem orðið er í raforkuverðshækk-

unum nú þegar út af þessu brölti og eru þó ekki öll kurl komin til grafar. Það liggur algjörlega ljóst fyrir að raforkuverðið í landinu á eftir að hækka verulega að raungildi á næstu árum vegna hækkaðrar arðsemiskröfu sem er innbyggð í kerfið. Menn eru bara komnir hálfa leið núna og þykir þó nóg um. Að vísu er farið í alls konar skógarferðir og leiðangra til þess að reyna að drepa því á dreif að rafmagnsverðið hafi hækkað með breytingunum um síðustu áramót. En ég held að almenningur verði ekki blekktur í þeim efnum, rafmagnsreikningarnir tala sínu máli. Ég hef ekki enn þá séð einn einasta reikning þar sem einhver umtalsverð lækkun er á ferðinni. Ég sá á einum stað að menn töldu sig vera að fá kannski 5% lækkun. En ég hef séð marga seðla þar sem hækkunin er fleiri tugir prósenta, og á þeim endanum sem er hvað tilfinnanlegastur, hjá t.d. þeim sem kynda upp húsnæði á köldum svæðum í landinu, gamalt fólk sem situr eftir í stórum húsum langt yfir þeim viðmiðunarmörkum sem færð hafa verið niður til þess að hafa svolítið af þessu fólki í sambandi við endurgreiðslur á raforkuverði.

Það er auðvitað undarlegt að sjá mann eins og hv. þm. Birki J. Jónsson koma hér og bera sig svona vel. Ég tala ekki um ef hann er veikur ofan í kaupið, að hann skuli hafa orku í að koma hér svona glaðbeittur og hnarreistur og vera svona ánægður með þetta allt saman. Ég hélt að það væri meira bein í nefinu á framsóknarmönnum, þá á ég við fyrrum framsóknarmenn og stuðningsmenn úti um landið, að þeir hefðu látið sína menn hafa það og látið sína menn heyra það. Mér var a.m.k. sagt að það hefðu þeir gert í Eyjafjarðarsveit, það hefðu einhverjir framsóknarmenn verið að þvælast þar, og þeir hefðu fengið að heyra að það væri ekki almenn ánægja þar á bæ með raforkureikningana sem frú Valgerður, hæstv. iðnaðarráðherra, væri að senda inn um lúgurnar þessa dagana.

En Framsókn er svona ofboðslega ánægð með þetta, hún er svona hrifin af þessu, hún er svona stolt af þessu, að taka þessa almannaþjónustu, sem svo hefur verið skilgreind alveg fram undir síðustu ár, og færa hana yfir í einkagróðaviðskiptaumhverfið, gera þetta sem sagt að bisness. Í staðinn fyrir þjónustu kemur bisness. Markmiðið verður ekki fyrst og fremst að veita þjónustuna, ekki að njóta arðsins af því að almennir notendur, almenningur og iðnaður t.d., fái þjónustuna á góðu verði, hafi aðgang að henni. Nei. Það er arðurinn til eigendanna, til fjármagnsins sem er bundið í fjárfestingunni sem nú skiptir sköpum.

Er þetta ekki flokkurinn sem sagði einhvern tíma: Fólk í fyrirrúmi? Er það ekki rétt munað. (Gripið fram í.) Já. Það þarf greinilega að fara að hugsa þetta eitthvað upp á nýtt. Er það ekki „fjármagn í fyrirrúmi" sem ræður og væri réttnefni þegar hlutirnir eru svona hugsaðir? Að þetta sé orðinn gróðavegur þar sem fyrsta boðorð er að skila eigendunum arði. Ég hefði haldið það.

Svo er sagt að þetta sé gert til samræmis. Ég þykist hafa heyrt það rétt í dag að formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkir J. Jónsson, talaði sérstaklega um samræmisrökin. Það væri ósanngjarnt að einkaaðilar þyrftu kannski að borga þennan skatt ef opinber orkufyrirtæki gerðu það ekki. Þannig er auðvitað hægt að feta sig áfram þessa slóð. Ef menn ákveða fyrst hvert þeir ætla að fara er enginn vandi auðvitað að búa sér til slík rök. Maður tekur eitt skref og segir svo: Heyrðu, það kallar á það næsta. Heyrðu, við ákváðum að markaðsvæða þetta og þá verðum við auðvitað líka að setja þetta undir skatt.

Við skulum velta fyrir okkur hversu langt menn ætla að fara með þá röksemdafærslu. Það er ákaflega fróðlegt að velta því fyrir sér. Er það þá þannig að á einhverju því sviði sem hefur verið skilgreint sem þjónusta og þar sem veitendurnir eru opinberir aðilar, að um leið og einhver einkarekstur hefur þar göngu sína komi samræmisrökin. Heyrðu, þetta er svo ósanngjarnt. Nú verðum við að setja þetta út yfir hina opinberu þjónustuveitendur líka.

Við getum notað þau rök til þess að segja: Heyrðu, við verðum að taka upp skatta í heilbrigðiskerfinu. Það er kominn einkarekstur í heilbrigðiskerfinu. Það eru hér sjálfstætt starfandi sérfræðingar, það eru hérna litlar skurðstofur úti í bæ. Þetta er rekið sem einkahlutafélög. Þau eru lögaðilar og skattaðilar. Bíddu, þetta er ósanngjarnt. Landspítalinn verður að fara að borga skatt.

Hvar ætla menn að stöðva sig af? Hafa framsóknarmenn hugsað þetta alveg til enda? Eru þeir alveg vissir um að þetta sé rétta leiðin og ætla þeir að fara alla leið? Það er alveg ótrúlegt að heyra málflutning af því tagi sem ég hlustaði á í dag úr munni hv. þm. Birkis J. Jónssonar, vegna þess að þetta var hreinn, ómengaður, tær frjálshyggjuboðskapur, þetta var hrein, ómenguð, tær hægri röksemdafærsla. Ég veit ekki hvort hv. þingmaður er þeirrar skoðunar í hjarta sínu, en hann hefur alla vega sótt rökin þangað, það er á hreinu. Kannski er það bara þannig að að sumu leyti. — Ég held reyndar að Framsóknarflokkurinn sé orðinn mesti markaðshyggjuflokkurinn á Íslandi, ég held það. Þá er það bara allt í fína lagi. En það er eins gott að það liggi fyrir og það er eins gott að sá flokkur komist ekki upp með neitt múður og eitthvert tal um fólk í fyrirrúmi ef hann er í raun orðinn helsti hagsmunagæsluaðili og helsti baráttumaður fyrir hreinum, ómenguðum nýfrjálshyggjumarkaði í landinu. Þannig verðum við auðvitað að lesa í hlutina þegar við sjáum að þetta er sá flokkur sem drífur núna áfram einkavæðinguna og er svona glaðbeittur og sáttur við að leggja hvert sviðið á fætur öðru undir.

Hvað er næst á dagskrá, hvað er nú í farvatninu? Það er einkavæðing fjarskiptanna í landinu, almannaþjónustu sem lýtur lögmálum náttúrulegrar einokunar, markaðsráðandi risi sem á grunnnet fjarskiptanna í landinu, Síminn. Er ekki Framsókn alveg jafnhamingjusöm og glöð yfir því að markaðsvæða þetta og setja þær aðstæður í hendur á einkaaðilum að geta skammtað sér alveg óheyrilegan gróða ef mönnum sýnist svo í ljósi þeirrar nánast einokunaraðstöðu sem Síminn auðvitað hefur og kemur til með að hafa um mörg ókomin ár, hvernig sem þróunin verður á fjarskiptamarkaði?

Það er gott að línur séu skýrar í pólitíkinni, um það erum við sammála, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson. (Gripið fram í.) Það er gott að línur séu skýrar í pólitíkinni (**Gripið fram í:** Við erum sammála um miklu meira en það ...) Þess vegna er fínt að Framsóknarflokkurinn hætti að villa á sér heimildir, það er fínt að Framsóknarflokkurinn komi út úr skápnum, (Gripið fram í.) það er fínt að það liggi fyrir að Framsóknarflokkurinn er orðinn mesti hægri

flokkur á Íslandi. (**Gripið fram í:** Heyr, heyr.) Það er bara þannig. (Gripið fram í.)

Fyrr í umræðunni var vitnað um það að hægri stjórnmálamaður frá Kaliforníu, það voru hér á ferð þingmenn og þar á meðal repúblikani frá Kaliforníu, var langt til vinstri miðað við Framsókn þegar kom að umræðum um einkavæðingu í orkumálum. Hann og orkumálastjóri Kaliforníu báðu Íslendinga þess lengstra orða að fara ekki út í sama fen og þeir hefðu lent í með orkumálin og gæta að sér. (**Gripið fram í:** Hvað með Samfylkinguna?) Samfylkingin er mjög að þroskast í þessum efnum og komast til réttrar áttar, (Gripið fram í.) það er auðheyrt þó ekki væri nema af frammíköllum sem hér eru.

Frú forseti. Ég ætla aðeins að víkja að efnisáhrifum frumvarpsins eftir því sem þau verða. Eitt sem hefur verið svolítið kostulegt í umræðunni er að hv. málsvari stjórnarflokkanna hér, sérstaklega Framsóknarflokksins, formaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Birkir J. Jónsson, endurtók speki, sem vissulega er rétt að kom fram í umfjöllun iðnaðarnefndar, að það væri með öllu óvíst að stóru orkufyrirtækin, sem auðvitað eru 99% af því sem við tölum um, kæmu til með að borga neina skatta næstu sjö til jafnvel tíu árin. Það er af augljósum ástæðum, ástæðum sem allir sjá. Þau fyrirtæki eru að ráðast í gríðarlegar fjárfestingar um þessar mundir, a.m.k. stóru risarnir þrír. Við vitum líka, þó að um það séu kannski eitthvað deildar meiningar, að arðsemi þeirra fjárfestinga er ákaflega tvísýn. Sérstaklega á það auðvitað við um aumingja Landsvirkjun og Kárahnjúkana.

Þá kemur upp athyglisverður flötur í málinu, sem reyndar hv. þm. Jón Bjarnason nefndi líka: Hver verða raunverulegu áhrif af lagasetningunni nú ef fyrirtækin verða hvort sem er ekki með afkomu næstu árin sem þýða ekki neinar skattgreiðslur? Verða þau kannski fyrst og fremst að safna upp tapi? Gæti það farið svo ef Landsvirkjun býr við gríðarlegt bókhaldslegt tap næstu tvö, þrjú, fjögur, fimm, sex árin — sem mér segir því miður hugur um að kunni að verða — að þá geri hún ekki annað en að safna upp gríðarlega miklu tapi? (Gripið fram í.) Hún hefur nógar afskriftir þó að afkoman væri í sæmilegu lagi. En ef það bætast við neikvæðir fjármagnsliðir í stórum stíl á næstu missirum vegna gengisbreytinga, svo ég tali ekki um, frú forseti, ef álverið lækkaði líka færi að harðna á dalnum.

En þó að ekkert gerist nema líklegar gengisbreytingar er alveg ljóst að útkoman getur orðið gríðarlegt bókhaldslegt tap hjá Landsvirkjun. Verða þá kannski áhrifin af þessu fyrst og fremst þau að mynda innstæður til frádráttar frá mögulegum skattgreiðslum í framtíðinni hjá þessum fyrirtækjum, þegar eða ef afkoma þeirra batnar síðan og þau fara að skila hagnaði? Hverjir eru þá að taka byrðarnar á sig? Það eru skattgreiðendur, því að tímasetningin skiptir auðvitað máli hér. Ef það er alveg fyrirsjáanlegt að fram undan er langt taptímabil hjá stóru orkufyrirtækjunum vegna afskrifta, ég tala ekki um ef við bætist óhagstæð þróun ytri skilyrða eins og þeirra að fjármagnsliðir verði neikvæðir á næstu árum, þá myndast innstæður sem skattgreiðendur í landinu fá á sínar herðar, því að þá skila sér ekki til samneyslunnar þær skattgreiðslur af fyrirtækjunum sem ella hefðu átt að gera þegar þau fara að hafa afkomu.

Er kannski tilgangurinn sá? Getur verið að einhverjir séu jafnvel að hugsa um að Landsvirkjun verði söluvara, hún verði fremur solvent og söluvara árið 2010, ef hún á þá uppsafnaða 15 milljarða eða eitthvað, segjum x, í frádráttarbært tap frá skattgreiðslum? Nú man ég ekki nákvæmlega hvernig fyrningarreglurnar á þessu eru í augnablikinu í lögum um tekju- og eignarskatt, en það er fljótlegt að fletta því upp. Þær hafa verið rýmkaðar á undanförnum árum, a.m.k. hvað tímamörk og því um líkt varðar, þó að skilyrðin hafi verið þrengd sem upphaflega giltu um að menn máttu valsa um með uppsafnað tap á milli fyrirtækja óháð því í hvaða atvinnurekstri þau voru. Tekið var á því smátt og smátt og frægast var auðvitað þegar tekið var á því rétt eftir að framsóknarmenn seldu tap Tímans yfir í annað fyrirtæki rétt fyrir áramótin áður en þetta breyttist. Það væri fróðlegt fyrir hv. þm. Birki J. Jónsson að kynna sér þá sögu til dæmis, af því að hann er svo ánægður með flokkinn sinn og telur hann alltaf hafa hreinan skjöld.

Verði áhrifin einhver verða þau auðvitað í þá átt að tilfærsla verður á tekjum frá sveitarfélögum til ríkis vegna eignasamsetningar fyrirtækjanna og hún er ekki líkleg til að breytast í verulegum mæli á allra næstu árum, það er bara veruleikinn. Það er ósköp einfaldlega þannig að fæst fyrirtækjanna eru þannig stödd að það væri engin minnsta glóra í því að reyna að fara að breyta eignasamsetningu þeirra eða selja þau. Auðvitað getur ríkið verslað við sveitarfélögin um hlut þeirra í Landsvirkjun ef svo bæri undir, en ég hef enga trú á því að Landsvirkjun verði t.d. einkavædd næstu sjö til tíu árin eins og búið er að búa í haginn í því fyrirtæki nú um stundir.

Það langalvarlegasta í sambandi við skattlagninguna og gerir það að verkum að ég hef þurft að klípa mig í handlegginn til að taka þetta alvarlega er auðvitað sú staða sem blasir við hverjum heilvita manni, að einu greiðendurnir, einu þolendurnir í þessu tilviki sem geta orðið eru hinir almennu viðskiptavinir raforkufyrirtækjanna, þ.e. almenni markaðurinn sem stefnir í að verða ekki nema um 20% mælt í orkukaupum í fyrirsjáanlegri framtíð, jafnvel minna. Þetta liggur náttúrlega í því að fyrirtækin eru búin að gera samninga um orkusölu til stóriðju á frægum útsöluverðum, það er hlegið að því úti um alla Evrópu. Norðmenn ætla ekki að ná sér niður þegar þeir heyra hvert verðið til stóriðju á Íslandi er í dag. Það er rétt um þriðjungur af verðinu í Noregi og þar liggur verðið fyrir. Það dytti náttúrlega engum manni í hug á norska Stórþinginu að láta bjóða sér að þau spil væru ekki uppi á borðum. Það er vitað að viðmiðunarverð í slíkum samningum í Noregi í dag og endurnýjun slíkra samninga er yfir 30 aurar norskir á kwst. Það dettur engum minna í hug. Við erum því að tala um u.þ.b. þriðjunginn af því sem viðgengst í Evrópu og innan við helming af því sem er í Bandaríkjunum í þessum verðum. Og þetta er fast, þessu verður ekki hnikað næstu 15, 20, 25 árin, alveg upp undir 30 ár held ég að lengsti samningurinn sem sé í gildi sé núna. Kannski eru í honum endurskoðunarákvæði eftir eitthvað styttri tíma, en ramminn er sem sagt sá að búið er að semja 25 og allt upp í 40 ár fram í tímann um útsöluprísana miðað við heimsmarkaðsverð á áli og það eru engar skattgreiðslur reiknaðar inn í það dæmi, engar. Glænýir samningar á Hellisheiðinni og í Svartsengi taka ekki mið af og reikna ekki með neinum skattgreiðslum.

Hver er þá niðurstaðan? Að svo miklu leyti sem skattana kemur til með að þurfa að greiða á komandi árum lendir það á herðum almenna notendamarkaðarins af því að stóriðjan er undanskilin. Þetta er bara veruleikinn, þeim staðreyndum verður ekki hnikað. Ég bið hv. þm. Birki J. Jónsson að koma og reyna það. Veri hann velkominn. Nei, ætli það megi ekki taka mark á t.d. umsögnum Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja en bæði fyrirtækin hamra sérstaklega á þessu.

Orkuveita Reykjavíkur segir, með leyfi forseta:

„Orkuveita Reykjavíkur er með samninga um orkusölu til stóriðju sem gilda í 20 ár. Samningar þessir hafa verið gerðir fyrir hvatningu ríkisins og engir fyrirvarar af þess hálfu um að gera þurfi ráð fyrir skattlagningu til framtíðar."

Ríkið er að hvetja fyrirtækin til að fara út í þessi viðskipti og setur enga fyrirvara af sinni hálfu um að fyrirtækin megi búast við breyttu umhverfi. Svo koma menn bara og segja: Ja, samræmisins vegna þarf að setja þetta undir skatt. Það eru rökin, dugar. Það á reyndar að ganga býsna langt í þessum efnum eins og kunnugt er því að það á að leggja skattskylduna á orkufyrirtæki í víðri merkingu, þ.e. þetta á að taka bæði til afhendingar á raforku og heitu vatni.

Það er hlálegt að skoða þetta í samhengi. Ég heyrði hæstv. forsætisráðherra í sjónvarpsfréttum þar sem haft var eftir honum á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins í dag. Þar var forsætisráðherra að tala um eftirlegukindur í skattamálum eins og stimpilgjald. Missti hv. þm. Birkir J. Jónsson af leiðtoga sínum í dag þar sem hann var að tala um eftirlegukindurnar í skattkerfinu sem ætti eftir að hreinsa út, eins og stimpilgjald? Hvað segir í athugasemdum við frumvarpið sem hv. þingmaður er svona ánægður með?

Þar segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu felst að undanþága framangreindra fyrirtækja frá greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarfélaga fellur niður, þ.m.t. greiðsla stimpilgjalds."

Auðvitað verður að hafa það með. Auðvitað eiga orkufyrirtækin að fara að greiða stimpilgjaldið, skárra væri það, nema hvað? Stimpilgjaldið, þennan fína skatt sem hæstv. forsætisráðherra Halldór Ásgrímsson var að tala um í dag. Ekki er því alltaf mikið samræmi í hlutunum, satt best að segja.

Það er tiltölulega auðvelt að sýna fram á þetta, að því miður eru vegna þeirra innbyggðu skekkja — ég vil kalla það meinsemda — sem eru í orkubúskap okkar Íslendinga, sem væri tilefni til að fara í rækilegar rannsóknir á, eru auðvitað alveg háskalegar veilur innbyggðar í kerfið. Hætturnar sem uppbyggingunni eru samfara, eins og því miður var lagt upp með þetta og menn hafa haldið áfram, eru alltaf að aukast vegna þess að þetta er í einum potti. Það á jafnvel að reyna að súrra þetta enn rækilegar saman og koma þessu enn rækilegar á herðar almennings með áformunum sem nú eru fram undan um að sameina Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða í Landsvirkjun. Það er náttúrlega rosalegasta smiðshöggið sem Framsókn ætlar að reka á málið.

Hvað er þar á ferðum? Jú, það er það á ferðum að það á að krækja sér í eigið fé Rariks og Orkubús Vestfjarða og aðganginn að almenna markaðnum sem á bak við fyrirtækin liggur til þess að draga það inn í púlíuna, til þess að hafa það undir líka til að bera herkostnaðinn af lágu verðunum til stóriðjunnar. Þá fyrst er þetta orðið almennilega fullkomnað þegar hægt er að leggja notendamarkaðinn allan eins og hann leggur sig undir í þessu samhengi. Þá verður almenningur fyrst kominn rækilega með þetta á herðarnar og þar með taldir Vestfirðingar, sem nutu þess fram undir síðustu missiri að vera með um 10% lægra raforkuverð en önnur svæði landsins eða Rarik-svæðin, vegna þess að þeir voru nokkuð sjálfstæðir í þessum málum. Þeir þurftu ekki að niðurgreiða ofan í aðra aðila. Og ekki stærri markaður en Vestfirðir með þeim rekstrarkostnaði sem því hlýtur að vera samfara að dreifa orku á slíku svæði og ekki nema með um 40–50% eigin framleiðslu voru samt að ná þessum árangri. Það segir sína sögu.

Fyrirtækið er prýðilega rekið og hefði í fyllingu tímans skilað eigendum sínum vaxandi arði ef menn hefðu ekki verið þeir aumingjar að láta taka það upp í skuldir sveitarfélaganna til að halda þeim á floti og fleyta þeim áfram nokkur ár í viðbót, illa stöddum sveitarfélögum á Vestfjörðum vegna vanda sem spratt af allt öðrum ástæðum, vegna byrða út af félagslegu húsnæði og öðru slíku. Yfirgengileg ráðstöfun. Hvers eiga raforkunotendur á Vestfjörðum að gjalda að þurfa nú að fá á sínar herðar byrðarnar af þessu líka? Hækkanirnar vegna markaðsvæðingar, hækkanir á komandi árum vegna hærri arðsemiskröfu og hækkanir ofan á allt saman vegna þess að nú á að fara að skattleggja orkugeirann. Það er ljóta útreiðin og þetta verður fullkomnað ef Framsókn fær vilja sínum framgengt þegar sameining fyrirtækjanna Landsvirkjunar, Rariks og Orkubús Vestfjarða verður að veruleika. Ég vil enn þá fá að segja „ef", frú forseti. Ég á eftir að sjá kappana, þingmenn Norðvesturkjördæmis leggjast svo endanlega flata og biðjast afsökunar á tilveru sinni, þá sem tilheyra stjórnarliðinu, að þeir láti það í viðbót við allt annað yfir sig ganga.

Frú forseti. Það fyrirtæki sem mestu máli skiptir í þessu er fyrirtækið Landsvirkjun. Ég er með alveg glænýja ársskýrslu þess fyrirtækis í höndunum, ákaflega fallegt rit. Ég verð að vísu að játa að það er með talsvert öðrum blæ en undanfarin ár vegna þess að a.m.k. síðasta ár og ég held ein tvö, þrjú síðustu ár hefur ársskýrsla Landsvirkjunar verið eins og kynningarrit frá Þjóðminjasafninu. Þá var Landsvirkjun svo mikið í mun að sýna gæsku sína, gjafmildi og velvilja í garð menningar og mannlífs í landinu, þar á meðal stuðning sinn við Þjóðminjasafnið, að þetta var miklu líkara einhverju kynningarrit frá Þjóðminjasafninu en ársreikningi frá Landsvirkjun. Nú er þetta hins vegar skreytt ákaflega fallegum og skemmtilegum vatnslitateikningum sem gefa þessu glaðvært yfirbragð og það er vel.

Það er ástæða til að staldra aðeins við og velta vöngum yfir stöðu þessa risafyrirtækis okkar í orkumálum ef við erum að spá í það hvaða horfur eru í þessum efnum hvað varðar afkomu á komandi árum og hvaða áhrif þetta er líklegt til að hafa. Ekki er gögn um það að sækja í frumvarpið eða fylgiskjöl með því eða nefndarálit meiri hlutans. Nei, frú forseti, því er ekki að heilsa.

Þvert á mótir segir í umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um málið, með leyfi forseta:

„Frumvarpið snýr að tekjuhlið ríkissjóðs en afar erfitt er að áætla hvaða tekjum þessi skattlagning muni skila." — Þetta er nokkuð vel að orði komist. — „Reikningsskil orku-

fyrirtækja hafa á ýmsan hátt verið á annan veg en tíðkast í skattskilum almennra fyrirtækja, sérstaklega varðandi eignamat og fyrningar. Samræmd gögn um skattalegt uppgjör fyrir orkufyrirtækin liggja því ekki fyrir. Auk þess gerir frumvarpið ráð fyrir að fram fari skattalegt endurmat á mannvirkjum og öðrum eignum sem mun hafa veruleg áhrif á skattalega niðurstöðu þessara fyrirtækja. "

Þó segir:

„Varla er hægt að reikna með verulegum tekjuskatti frá fyrirtækjum í þessum geira í næstu framtíð ef tekið er mið af afkomu þeirra um langt árabil. Skuldsett orkufyrirtæki sem leggja í mikinn tilkostnað við fjárfestingar á komandi árum samhliða hægfara vexti í tekjustreymi munu væntanlega ekki greiða tekjuskatt um hríð heldur mynda yfirfæranlegt rekstrartap."

Ja-há. Það er þá sem sagt rétt. Spáin er í raun upp á það að einu áhrifin af þessu þegar kemur að stóru aðilunum fyrst um sinn verði að mynda yfirfæranlegt rekstrartap. Eru þá refirnir skornir til þess? Er þetta kannski þegar allt kemur til alls ekki búhnykkur fyrir ríkissjóð? Er þetta björgunarleiðangur, er það kannski veruleikinn? Það er kannski þörf á. Hvernig ætli málin standi hjá Landsvirkjun með fjárfestingarnar við Kárahnjúka? Hvað ætli milljarðarnir séu margir sem hafa bæst við vegna þeirra aðstæðna sem þar hafa komið upp, vegna þess hversu hroðvirknislega menn stóðu að undirbúningi og hönnun mannvirkja, vegna þess að menn gerðu ekkert með aðvaranir og varnaðarorð um jarðfræðilegar aðstæður í stíflubotninum og fleira í þeim dúr? Víst er að þar eru milljarðar á ferðum.

Það er reyndar fleira, frú forseti, sem gefur manni tilefni til þess að staldra við og velta fyrir sér stöðu fyrirtækisins. Það er skaði að hæstv. iðnaðarráðherra, frú Valgerður Sverrisdóttir, eða hæstv. fjármálaráðherra, sem mætti gjarnan vera við umræðuna, séu ekki einhvers staðar nærri. Ég velti því fyrir mér: Hafa hæstv. ráðherrar rýnt í ársreikninga Landsvirkjunar? Hafa þingmenn gert það? Hafa menn lesið það sem þar kemur fram ef menn vanda sig og reyna að skilja það sem þar er verið að segja? Jú, jú, það er myndarlegur bókhaldslegur hagnaður á árinu, hann er drjúgur, upp á 7 milljarða. En hvað gerist þegar rekstrarhliðin er skoðuð? Handbært fé frá rekstri minnkar um milljarð milli ára. Það er á niðurleið. Bíddu, það geta varla verið góðar fréttir. Það er skammgóður vermir að skila jákvæðum fjármagnsliðum þegar hinar eiginlegu mælieiningar sem segja til um hvað er að koma út úr rekstrinum eru allar í hina áttina. Hvernig verður útkoman miðað við þetta ef fjármagnsliðirnir snúast við? Það er það sem ræður fyrst og fremst hinni bókhaldslegu niðurstöðu hjá fyrirtækinu eins og við sjáum á því að þó að rekstrarhagnaður sé svipaður milli ára hjá samstæðunni 2004 og 2003 upp á 3,5 milljarða er hagnaðurinn eitt árið 1,5 milljarðar en á áttunda milljarð hið næsta, af því að fjármagnsliðir stökkva upp úr 1,2 milljörðum upp í 6,7 milljarða.

En það eru aðrir og enn alvarlegri hlutir, frú forseti, sem ég staldra við þegar ég fletti þessum ársreikningum og ég fer að spyrja mig að því: Bíddu, er eitthvað mikið að, er eitthvað verulega mikið að í þessu fyrirtæki? Hafa menn skoðað bls. 19 í ársreikningum Landsvirkjunar? Hafa menn skoðað það sem þar er sagt um útkomuna á afleiðusamningum fyrirtækisins? Það er ástæða til að gera það. Þetta eru opinber gögn sem liggja fyrir á prenti þannig að það er ekki úr vegi að ræða það í þessu samhengi.

Ég verð að segja alveg eins og er að maður er steini lostinn, trúir varla sínum eigin augum þegar maður les þetta. Þar er nú rætt um að Landsvirkjun, eins og önnur móðins og flott fyrirtæki, geri afleiðusamninga. Það er mikil íþrótt, sérstaklega hjá nýlega útskrifuðum viðskiptafræðingum, svokölluð áhættustýring og afleiðusamningar. Þessir afleiðusamningar eru gerðir vegna þeirra áhættuþátta í rekstri Landsvirkjunar sem eru fyrirferðarmestir. Hverjir eru þeir? Þeir eru vaxtakostnaður eða vaxtabreytingar, það eru gengisbreytingar eða gengisáhætta og það eru breytingar á álverði.

Það kemur í ljós að Landsvirkjun er með afleiðusamninga, er með áhættustýringu og reynir að verja sig, eða þannig er það a.m.k. fram sett á yfirborðinu, gagnvart öllum þessum áhættuþáttum, og það sem reyndar meira er, það er ekki bara í því skyni að draga úr áhættunni sem þessar aðferðir eru notaðar. Það er sem sagt unnið með afleiður hjá fyrirtækinu Landsvirkjun, annars vegar vegna áhættustýringarinnar, þetta sem ég fór yfir áðan, og hins vegar í svokölluðum markaðsviðskiptum sem stunduð eru í hagnaðarskyni, segir hér á bls. 29 í útskýringum við tölulið 17 í ársreikningum Landsvirkjunar.

Hvað er verið að segja þarna? Landsvirkjun er farin að stunda hrein markaðsviðskipti, brask, til þess að reyna að græða á þeim, til hliðar við rekstur fyrirtækisins, til hliðar við það að reyna að verja sig vegna eigin áhættuþátta fyrir áföllum. Það er ekki hægt að lesa annað út úr þessu. Ég spyr: Hvar stendur það í lögum um þetta opinbera fyrirtæki að það eigi að stunda slíka starfsemi? Eru þeir farnir að keppa við fjárfestingarsjóði eða aðra slíka sem eru að leika sér í þessum efnum? Það má spyrja að því. Og hver er þá útkoman?

Það kemur í ljós að þessir samningar sem fyrirtækið hefur gert og er þó dálítið erfitt að lesa saman annars vegar skýringarnar í ársreikningnum sjálfum og hins vegar í einstökum töluliðum, að neikvætt gangvirði þessara afleiðusamninga er í fyrsta lagi neikvætt upp á 2,5 milljarða kr. í árslok 2004 hvað varðar sölutekjur fyrirtækisins. Það þýðir væntanlega á mannamáli að afleiðusamningarnir sem áttu að verja fyrirtækið fyrir miklum sveiflum í álverði hafa kostað fyrirtækið 2,5 milljarða í tekjutapi. Landsvirkjun hefði fengið 2,5 milljörðum meira í tekjur ef þessir samningar hefðu ekki verið fyrir hendi, ef þeim hefði bara verið sleppt. Þannig les ég út úr þessu. En það er ekki bara að menn hafi tapað á þessu því að gangvirði annarra afleiðusamninga í árslok 2004 er líka neikvætt um 340 millj. kr. og þar af námu vaxtaskiptasamningarnir 295 millj. kr. í tap og gjaldmiðlaskiptasamningar og framvirkir samningar um kaup og sölu á gjaldeyri voru neikvæðir um 45 milljónir. Ef maður tekur þessar tölur saman hefur Landsvirkjun tapað þarna 2.840 milljónum, eins og þetta stendur í árslok 2004, á þessum æfingum. Það munar um minna. Það eru engir smáaurar. Einhvern tíma verður það að borgast með einum eða öðrum hætti. Það lendir á einhverjum að lokum.

Þegar farið er í útskýringar við einstaka töluliði hér aftar segir um afleiðuviðskipti að hagnaður eða tap af afleiðu-

samningnum sé fært í rekstrarreikning. Afleiðusamningar sem notaðir eru til að verja framtíðarviðskipti eru færðir í ársreikninginn á sama tímabili og viðskiptin sem varin eru. Síðan að yfirlit um þessa opnu afleiðusamninga og gangvirði þeirra sé að finna í skýringum nr. 17.

Förum þá í skýringar nr. 17 undir liðnum áhættustýring. Þar kemur fram að Landsvirkjun er að baksa með þetta hvort tveggja, áhættustýringu vegna viðskipta sinna og hins vegar svokölluð markaðsviðskipti. Útkoman er sem sagt sú, þegar þetta er allt saman skoðað, og vitna ég þá beint í útskýringarnar í tölulið 17 á bls. 29 og 30, að í fyrsta lagi segir hér um gjaldmiðlaskiptasamninga að þeir hafi verið gerðir vegna langtímaskulda og sé gangvirðið neikvætt um 287 millj. kr. en bókfærð hrein skuld vegna sömu samninga 278 milljónir. Það munar ekki miklu hvor talan er tekin.

Í öðru lagi segir að vaxtaskiptasamningar hafi verið gerðir og að þeir séu einkum hugsaðir til þess að hverfa frá breytilegum vöxtum í fasta vexti. Hvernig er útkoman þar? Gangvirði þessara samninga er neikvætt um 295 millj. kr. í lok ársins 2004.

Síðan hafa verið gerðir framvirkir samningar um kaup og sölu á gjaldeyri og þar er gangvirðið neikvætt um 36 millj. kr. Og loks, samningar um álverð til þess að verja sölutekjur hafa verið gerðir og er óinnleyst gangvirði þeirra neikvætt um 2.500 millj. kr., 40 milljónir bandaríkjadala í árslok 2004.

Ef maður leggur þessar tölur saman, sem ég skal að vísu taka fram að ég veit ekki hvort er heimilt að gera eins og þær eru settar upp hér samkvæmt orðanna hljóðan í þessum útskýringum en það er erfitt að ráða annað, þá er þessi tala ekki 2.840 milljónir heldur 3.118 milljónir sem þetta stendur neikvætt nú um áramótin í bókhaldi Landsvirkjunar.

Þá fer maður að velta fyrir sér hvað sé á ferðinni. Hverjir báru ábyrgð á þessum gerningum? Hvað er verið að gera inni í þessu fyrirtæki? Ég fer að velta því fyrir mér oftar og oftar eftir því sem fleira og fleira af þessu tagi kemur fram, hvort sem það varðar frammistöðu Landsvirkjunar og sérfræðinga hennar varðandi undirbúning og hönnun mannvirkjanna við Kárahnjúka eða þessar æfingar sem birtast okkur úr rekstri fyrirtækisins í ársreikningunum. Er eitthvað mikið að á þessum bæ? Er eitthvað mjög mikið að?

Nú minnist ég þess ekki að hafa heyrt einhverja stjórnendur, hvorki háttsetta né millisetta stjórnendur, láta af störfum þarna vegna axarskafta eða reginmistaka í starfi. Maður hefði nú látið það hvarfla að sér að einhver hefði orðið að axla svolitla ábyrgð ef útkoman er virkilega sú að upphæð einhvers staðar á stærðargráðunni 2,85 til 3,1 milljarður kr. hefði tapast í þessum æfingum, og algjörlega sýnd veiði en ekki gefin að nokkuð af því náist til baka. Það er auðvitað hægt að hugsa sér það að einhvern tíma skili samningarnir einhverju til baka þegar þróunin snýst við sem þeir áttu að glíma við, en það er lítið í hendi með það. Tímasetning og innihald þessara samninga hefur greinilega ekki verið mjög heppilegt í ljósi þess hvernig þróunin hefur verið.

Það er eins og mig minni að fyrirtækið Landsvirkjun hafi stundum fyrr verið seinheppið í æfingum sínum af þessu tagi. Einhvern tíma man ég eftir því að það kom alveg árabil þar sem Landsvirkjun tókst einhvern veginn alltaf að færa langtímaskuldir sínar á milli gjaldmiðla þannig að hún tapaði á þeim, veðjaði stanslaust á rangan hest í þeim efnum. Gott ef stjórnarformaðurinn var þó ekki jafnframt bankastjóri Seðlabankans á þeim árum. Það var rokkað á milli dollara og punda og svissneskra franka og japanskra jena og það var einhvern veginn eins og mönnum tækist alltaf að tapa á þróuninni. Það er mikið lánleysi ef þetta ætlar að fylgja fyrirtækinu um aldur og ævi og ad infinitum. (Gripið fram í.) Nei, við skulum svo sannarlega vona ekki því það er mikið í húfi, vegna þess að á bak við þetta eru engir nema raforkunotendurnir og skattgreiðendurnir í landinu. Þetta er nefnilega ekki þannig að stjórnendur Landsvirkjunar eða hæstv. iðnaðarráðherra séu að hætta sínu eigin fé í þessu dæmi. Þetta eru fjármunirnir okkar. Það er þjóðin sem skattgreiðendur og það er þjóðin sem eigendur að fyrirtækinu, allur almenningur og íbúar Reykjavíkurborgar og Akureyrar sérstaklega, og það er þjóðin sem raforkunotendur sem eru með alla áhættuna á sínum herðum. Þess vegna kemur það okkur öllum við hvernig þarna er staðið að máli. Það eru sömu aðilar sem verða þolendur gagnvart þeim breytingum sem hér er verið að innleiða.

Frú forseti. Ég sá ástæðu til að fara aðeins yfir þessa hluti og það væri auðvitað ástæða til að gera það betur. Það væri full ástæða til að skoða t.d. stöðu hinna stóru orkufyrirtækjanna með sambærilegum hætti og reyna að velta fyrir sér framtíð þeirra, a.m.k. hljótum við að láta það eftir okkur að fara ofan í saumana á því sem beinlínis er ríkisins í þessum efnum. Ríkið ætti náttúrlega að reyna að átta sig á hvaða gagn það er að gera sér með breytingum af þessu tagi áður en lengra er haldið og hvaða skynsemi og vit og glóra er í því að setja þessa skattskyldu inn einmitt núna, hvaða þörf er á því, hvaða skynsemi er í því og hvaða áhrif og afleiðingar hefur það. Þessu er öllu ósvarað.

Þó er það þannig ef maður leggst í að rýna í hlutina að þá byrjar að skýrast ákveðin mynd. Ég held að sú mynd sé að fyrst og fremst er líklegt að þetta komi til með að skapa fyrirtækjunum, og þá sérstaklega Landsvirkjun, möguleika til þess á tapárunum sem fram undan eru að byrja að safna saman því tapi og eiga það upp í mögulegar skattgreiðslur eða sem gulrót ef kæmi til einkavæðingar fyrirtækisins eftir fimm til tíu ár. Auðvitað er það atriði sem væntanlegir kaupendur kíkja á, hvort fyrirtækið á uppsafnað og geymt, gríðarlegt skattalegt frádráttarbært tap þannig að það geti orðið með myljandi gróða í nokkur ár án þess að borga þurfi af því eina einustu krónu í ríkissjóð. Það er að sjálfsögðu hlutur sem skiptir máli.

Þessar aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar njóta takmarkaðrar hylli meðal þjóðarinnar, það hefur margkomið fram. Hæstv. ríkisstjórn er hér, eins og í reyndar mörgum fleiri tilvikum á undanförnum missirum, í raun og veru að keyra sína leið. Það hefur einhvern veginn smátt og smátt þróast þannig að forkólfarnir í ríkisstjórninni eru alveg hættir að hafa af því miklar áhyggjur hvort þeir séu að ganga gegn þjóðarviljanum. Það er aukaatriði að því er virðist í þeirra máli. Maður veit ekki hvort það er vegna þess að þeir reikna ekki með að verða mjög mikið lengur í embætti og það muni ekki koma að miklum skuldadögum hjá þeim en það gerir það væntanlega hjá flokkum þeirra. Það er margt sem bendir til

þess að þeir reikningar verði býsna þungir þegar þar að kemur. Skoðanakannanir sýna a.m.k. ekki neina bullandi, myljandi ánægju með frammistöðu framsóknarráðherranna um þessar mundir.

Hvernig var þetta með Íraksstríðið? Voru ekki 80–85% þjóðarinnar, endurtekið í skoðanakönnunum, algjörlega andvíg stefnu ríkisstjórnarinnar eða formanna stjórnarflokkanna? Jú, mig minnir það. Hvernig er þetta með Símann? Hafa skoðanakannanir ekki endurtekið sýnt að 60–70% þjóðarinnar eru andvíg einkavæðingunni á þeim forsendum sem ríkisstjórnin leggur upp með hana? Hvernig var það í fjölmiðlamálinu? 80% þjóðarinnar voru á móti ríkisstjórninni þar eða a.m.k. 70% Og hvernig ætli það sé í þessum málum? Ætli sé almenn ánægja og hrifning með einkavæðingarbröltið sem hefur leitt til stórhækkunar á raforkuverði og nú á að bæta skattlagningu ofan á það? Nei, ég mundi giska á að það væri svipað, að það væru kannski 20% þjóðarinnar sem bara af trúarástæðum fylgdu stjórnarherrunum í þessu. Ég þori að veðja miklu, að það er a.m.k. örugglega meiri hluti þjóðarinnar andvígur þessu. Það finnur maður hvar sem maður fer að menn eru búnir að fá meira en nóg af þessu.

Framganga ríkisstjórnarinnar og hrokinn í þessum efnum er aldeilis með hreinum ólíkindum. Svo þegar þessi mál eru rædd og menn standa frammi fyrir óvinsældum gerða sinna þá er það allt misskilningur, þá hefur þjóðin ævinlega misskilið það. Hún hefur misskilið þetta svona hrottalega. Nei, það er samt Framsókn sem hefur rétt fyrir sér. Allt hitt er misskilningur.

Þetta er eins þegar hæstv. iðnaðarráðherra er spurður út í vatnalögin og hina hörðu andstöðu, ekki bara okkar í stjórnarandstöðunni heldur flestallra umsagnaraðila um málið. Hvað segir hæstv. iðnaðarráðherra? Misskilningur. Allir hafa misskilið málið. Stjórnarandstaðan, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Bændasamtökin, veiðiréttarhafar o.s.frv. Allir saman misskilið þetta. Eini aðilinn sem hefur skilið þetta rétt er Framsókn. Þetta er alltaf svona. Þannig eru rökin og málflutningurinn.

Þetta er örugglega allt saman allsherjarmisskilningur með skattlagningu orkufyrirtækjanna, er það ekki? Hv. þm. Birkir Jón Jónsson var í fullu fjöri í dag við að útmála hve stórkostlegt þetta væri og þeir sem ekki styddu málið væru á móti atvinnulífinu. Það kom í dag, var það ekki, að þetta væri mikil blessun fyrir atvinnulífið? Það er náttúrlega gamalkunnugur frasi hjá Framsókn að ef menn styðji ekki hvaðeina sem þeir vilja og hve umdeilt sem það er þá séu hinir sömu á móti framförum. Til dæmis eru allir þeir sem ekki skrifa upp á kvótakerfi Framsóknarflokksins í sjávarútvegi vondir menn. Þeir eru á móti sjávarútveginum og á móti landsbyggðinni. Þannig setur Framsókn þetta upp. Ef þjóðin er eitthvað að nöldra þá hefur hún misskilið þetta.

Ég ætla að vona að þjóðin haldi áfram að misskilja þetta, sérstaklega í næstu kosningum. Þá ætla ég að vona að þjóðin misskilji þetta alveg í botn hvað Framsókn snertir og láta hana finna til tevatnsins, hún á ekkert annað skilið.

Ég tel, frú forseti, að þetta stappi nærri því að geta kallast skemmdarverk, skemmdarverk á innviðum íslensks samfélags, að fara út í markaðsvæðingu, og jafnvel að hluta til í framhaldinu í einkavæðingu, og skattlagningu á þeirri almannaþjónustu sem hér á að innleiða. Á sama hátt hika ég ekki við að kalla það skemmdarverk að einkavæða Símann. Það er auðvitað ekki annað en skemmdarverk, að selja undan okkur það sem við höfum haft og getað nýtt til að byggja hlutina upp, jafna aðstöðumun og tryggja landsmönnum öllum tiltekna þjónustu af tilteknum gæðum, með ágætum árangri.

Auðvitað mætti árangurinn vera betri. Hann gæti verið betri, sérstaklega í raforkukerfinu. Ef ekki hefði verið hin óhagkvæma og dýra sambúð almenna notendamarkaðarins við stóriðjuna þá væri augljóst mál og borðleggjandi að rafmagnsverð til almennra notenda á Íslandi gæti verið til mikilla muna lægra en það er í dag. Það sér hver heilvita maður. Það er augljóst. En því miður hafa menn haldið áfram og hlaðið nýjum og nýjum og skuldum á fyrirtækin sem menn halda svo áfram að bogna undan og sér ekki fyrir endann á því. (Gripið fram í.) Það sér ekkert fyrir endann á því, því miður.

Raforkuverð er því miður allt of hátt til almennra notenda á Íslandi. Það er t.d. merkilega dýrt og óhagstætt fyrir almennan iðnað, smærri notendur í iðnaði, að kaupa rafmagn á Íslandi. Það er eiginlega fráleitt að það skuli vera miklu ódýrara að framleiða gufu með svartolíu eða elda á gasi en að kaupa rafmagn á Íslandi, þar sem allar aðstæður eru til þess að raforkuverð sé það langlægsta í heiminum. Það ætti auðvitað að vera það. Finnst hv. þm. Birki Jóni Jónssyni bara allt í góðu lagi með að gera þurfi sérstakar ráðstafanir og nota niðurgreiðslur frá ríkinu til að ná raforkuverði til garðyrkju í landinu niður í það sem það er í samkeppnislöndunum? Það er veruleikinn. Þegar þetta var skoðað af nefnd fyrir um tveimur árum, sem sérstaklega átti að fara ofan í að skoða starfsskilyrði garðyrkjunnar og bera saman við samkeppnislöndin, þá var útkoman sú að það þurfti verulegar niðurgreiðslur eða afslætti til að ná rafmagnsverðinu niður í það sem það var í Hollandi, bara til lýsingar í gróðurhúsum, dælingar eða hvað sem það nú var. Þetta er veruleikinn.

Auðvitað er þetta alveg absúrd. Það hefur nánast ekkert land í heiminum eins góðar aðstæður til að vera með virkilega hagstætt raforkuverð, sérstaklega til almennra notenda, eins og Ísland, vegna hinna geysilegu möguleika sem við höfum til að framleiða rafmagn fyrir okkur sjálf með fjölbreytilegum smærri og meðalstórum virkjunum, sem geta verið mjög hagkvæmar. Þetta vita náttúrlega bændur.

Hvernig stendur á því að það er svona myljandi hagstætt fyrir bændur að ráðast í þá fjárfestingu að reisa litla heimavirkjun þótt samkvæmt kenningunum eigi að vera ákveðin stærðarhagkvæmni í virkjunum? Eftir því sem þær eru minni má búast við að stofnkostnaðurinn sé hlutfallslega hærri, miðað við framleiðsluverðmæti. Það ætti a.m.k. að taka lengri tíma að afskrifa fjárfestinguna áður en hún færi að skila arði. Samt er það svo að langflest dæmi sem maður sér um sæmilega hagkvæma heimarafstöð ganga út á að menn séu komnir á núll eftir um tíu ár. Eftir það fá þeir rafmagnið fyrir brotabrot af því sem þeir yrðu að borga fyrir rafmagn frá samveitum. Það er þannig. Ég hef séð marga svona reikninga og meira að segja staðið í að gera þá sjálfur. Þetta er ósköp venjuleg viðmiðun, að það taki niður í átta og upp í tólf, fimmtán ár, sem menn þurfa þá að reikna

sér kannski fullt verð, miðað við það sem þeir borga samveitunum í dag. En eftir það fá þeir svo til ókeypis rafmagn. Það er nánast ekkert fyrirbæri undir sólinni hagkvæmara en velheppnuð rennslisvirkjun sem gengur sjálfvirkt árið um kring án vandkvæða og rekstrarkostnaðurinn er fyrst og fremst fólginn í því að skipta um legur á fimm ára fresti ef allt gengur vel. Eftir að fjárfestingin, stofnkostnaðurinn, er einu sinni afskrifaður getur þetta malað árum og áratugum saman með hverfandi kostnaði. Þannig ætti þetta að geta verið og í raun er það þannig.

Sogsvirkjanirnar, sem eru sem slíkar fyrir löngu afskrifaðar, eru þvílíkar gullkvarnir ef almennir notendur fengju að einhverju leyti að njóta þess — það eru þeir sem hafa afskrifað þær og borgað þær niður — þá gæti rafmagnsverðið verið brot af því sem það er í dag. Við fáum það aldrei. Menn fá það ekki vegna þess að þessu er alltaf sökkt í nýjum skuldum, vegna nýrra stórvirkjana sem ofan í kaupið standa tæplega undir sér eða í besta falli komast í núllið. Þetta er nú kerfið eins og það er, því miður. Það þýðir ekkert fyrir menn að mótmæla því að þetta sé svona.

Hvers vegna hurfu allar hugmyndir um að byggja Kárahnjúkavirkjun í sjálfstæðu fyrirtæki út af borðinu, gufuðu upp eins og dögg fyrir sólu? Fjármálastjóri Landsvirkjunar viðurkenndi hvers vegna það var. Hann sagði auðvitað ósköp einfaldlega að það mundi aldrei ganga upp nema hún yrði byggð inni í stóru púllíunni þannig að allar eignir og tekjur Landsvirkjunar stæðu á bak við fjárfestinguna.

Frú forseti. Ég fer nú að stytta mál mitt hvað úr hverju, a.m.k. í fyrri ræðu minni um þetta frumvarp um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, sem er hluti af pakkanum um skattskyldu orkufyrirtækja og markaðsvæðingu orkugeirans sem við höfum verið með í höndunum á Alþingi meira og minna undanfarin missiri og er ekki víst að allt sé nú búið enn. Eins og ég segi þá hefur Framsóknarflokkurinn hugsað sér að reka smiðshöggið á þetta, það væri kannski nær að segja náðarhöggið, veita almennum raforkunotendum í landinu náðarhöggið, með því að sameina svo á endanum Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða. Þá fyrst fá menn að finna til tevatnsins og sjálfsagt eiga eftir að gefast ýmis tækifæri til að ræða þessi mál betur og ítarlegar á Alþingi, bæði á þessum vordögum og á næstu þingum. Því miður, liggur mér við að segja, því að það er auðvitað engum sérstakt skemmtiefni að þurfa að hafa þetta í höndunum endalaust. En það er næsta víst, eins og ónefndur íþróttafréttamaður mundi segja, að við eigum eftir t.d. eftir að sjá frumvarpið um sölu og dreifingu á raforku og allan þann pakka inn á þingið aftur og aftur.

Það er ljóst að verðlagning og raforkuverðshækkanir eiga líka eftir að koma við sögu. Ef það reynist ekki haldbær útskýring að reikningarnir, sem hafa verið að koma undanfarnar vikur, eftir fyrstu mánuði eða fyrsta árshluta þessa árs, séu bara eitthvert uppsafn og ekki marktækir, ef þetta reynist nú í alvörunni þannig að í næstu reikningum standi áfram tugprósentna hækkun hjá fjölmörgum notendum raforku, þá hef ég á tilfinningunni að það fari að hvína dálítið í og Framsókn neyðist til þess að hörfa eitthvað undan og játa sig sigraða fyrir dómi reynslunnar í þeim efnum, að þetta hafi ekki verið eins og iðnaðarráðherrann sór og sárt við lagði að þessi breyting væri öllsömul útlátalaus, öllum til góðs og blessunar og engin tilefni til hækkunar á raforkuverði þótt menn færu í þessa markaðsvæðingu. Annað hefur þegar komið á daginn, frú forseti.

Svo langar mig til að spyrja í lok ræðu minnar, frú forseti, hvernig það sé með hæstv. ráðherra. Ef ég man rétt þá ræddum við skattskyldu orkufyrirtækja við 2. umr. án þess að hæstv. iðnaðarráðherra væri við. Getur hæstv. forseti staðfest að það sé rétt munað? Ég sé að það mál er á dagskrá þessa fundar, 3. umr. um það mál. Ég trúi því ekki að ætlunin sé að við ræðum þessi mál til loka á þinginu án þess að hæstv. ráðherrar, helst bæði hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. fjármálaráðherra, séu viðstaddir. Ég óska eindregið eftir því að hæstv. iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra verði gert viðvart um að áhugi sé á því að þeir séu viðstaddir þessa umræðu eigi hún að standa eitthvað lengur fram eftir kvöldinu.

(**Forseti** (JBjart): Forseti mun bregðast við ósk hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og koma þeim boðum til beggja hæstv. ráðherra sem þingmaðurinn nefndi.)

[22:42]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það má segja að umræðan um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði hafi orðið töluvert lengri og viðameiri en flestir gerðu ráð fyrir. En ástæða þess er auðvitað sú að hv. þm. Birkir J. Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, hélt ræðu fyrr í dag þar sem farið var víða og skotið í allar áttir. Það er óhjákvæmilegt að mæta þeirri ræðu með viðeigandi hætti. Það kallar á að yfir málið sé farið nokkuð gaumgæfilega. Það er augljóst að hv. þingmaður, þrátt fyrir að vera formaður iðnaðarnefndar, hefur misskilið ýmislegt. Ég hef reyndar þá kenningu að það sem fram kom í ræðu hv. þingmanns hafi lýst því að hv. þingmanni sé ekki jafnrótt varðandi þessi mál og hann lét í skína. Ég skildi mál hans þannig að það væri mikill óróleiki og undirliggjandi óánægja með ýmislegt í framkvæmdinni og það hvernig að þessu öllu saman er staðið, sérstaklega hve hratt þessi mál eru keyrð í gegn og hve illa hefur verið að þeim staðið.

Frú forseti. Ég taldi líklegt að menn hefðu lært ýmislegt af raforkulögunum. Ýmislegt var sagt þegar þau voru keyrð í gegn og talið nauðsynlegt að drífa sig mjög við þá afgreiðslu. Það var gefið í skyn að þau þýddu ekki, þótt þau lög færu í gegn, að orkureikningar landsmanna mundu hækka. Raunin hefur orðið allt önnur og ýmislegt bendir til þess að varanlegar hækkanir séu mun meiri en menn hafa séð að undanförnu. Þetta töldu margir að yrði mönnum lexía þannig að næstu skref yrðu stigin varlega og vandað betur til verka.

Það kom hins vegar fram, m.a. hjá hv. þm. Birki J. Jónssyni, að allar þessar hækkanir væru til skoðunar og menn þyrftu því ekki að hafa af þeim miklar áhyggjur. Ég tel að margir þekki slíkt orðalag, að það þurfi að skoða hluti og ýmislegt hafi komið á óvart en síðan er auðvitað reynt að gleyma öllu saman.

Í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar kom m.a. fram að þeir reikningar sem almenningur hefði fengið að undanförnu gefi til kynna að um verulega hækkun sé að ræða og mun meiri en ýmsir vilja a.m.k. viðurkenna. Einu skýring-

arnar á því sem borist hafa inn í þingsal eru þær að orkufyrirtækin hafi tekið viðmið af þyngstu mánuðunum og framreiknað þá. Það er eiginlega með ólíkindum að árið 2005 skuli mönnum boðið upp á slíkar skýringar. Það hlýtur að vera einfalt mál að miða við annað en þyngstu mánuði ársins. Öll þessi orkufyrirtæki búa yfir þeirri þekkingu að það ætti ekki að vera mikill vandi að breyta þeim áætlununum miðað við það hvernig árið kemur út í heild sinni. Það má framreikna slíkar niðurstöður á marga vegu ef áhugi er til staðar og í raun er með ólíkindum að menn hafi ekki beitt sér fyrir því. Þess í stað nota menn orðalagið á borð við að þetta sé til skoðunar og almenningur eigi að bíða í rólegheitum eftir því hvernig hlutirnir koma út.

Það var fleira sem hv. þingmaður kom inn á í ræðu sinni. Til að byrja með voru helstu röksemdir fyrir því að keyra þyrfti í gegn það frumvarp sem er tengt því sem við erum hér að ræða, þ.e. breytingar á ýmsum lögum á orkusviði sem tengjast beint frumvarpinu um skattskyldu orkufyrirtækja. Meginskýringin sem formaður iðnaðarnefndar gaf á því var að það væru einkafyrirtæki í samkeppni við hin stóru orkufyrirtæki og það væru sérstaklega hinir litlu raforkubændur sem þyrfti að hugsa um í þessu samhengi. Þessu var svarað strax í andsvörum og hv. þingmaður hljóp *þá í aðra vörn og var kominn svo langt í vörninni að* þessi skattheimta væri nauðsynlegt til þess að verja velferðarkerfið og fullyrti í andsvari við, ef ég man rétt hv. þm. Ögmund Jónasson, að þeir hv. þingmenn báðir tilheyrðu flokkum sem vildu verja velferðarkerfið og þess vegna skildi hv. þingmaður ekki að hv. þm. Ögmundur Jónasson skyldi ekki einnig vera talsmaður þess að umrædd skattheimta á orkufyrirtækin næði fram að ganga, vegna þess að það væri nauðsynlegt til að verja velferðarkerfið. *Þetta er eiginlega* sú lengsta þrautarganga í vörn fyrir þessum málum sem ég hef heyrt og dæmir sig að sjálfsögðu sjálf.

Hvað með þá fyrstu skýringu að hér væri verið að verja samkeppni í orkuframleiðslu? Það væri þá lágmark að eingöngu væri verið að horfa til raforkuframleiðslunnar sem vissulega er í einstaka tilfellum rekin í samkeppni og einstaka einkafyrirtæki hafa verið að framleiða, en það er ekki látið staðar numið þar heldur er m.a. einnig verið að leggja skatta á framleiðslu á heitu vatni, þannig að hitaveiturnar eru ekki undanskildar. Varla eru þar miklir einkaaðilar eða smábændur að kljást við hin stóru fyrirtæki. Hér er því beintenging við hinn almenna borgara sem mun auðvitað að lokum borga reikninginn. Það hefur komið fram í umsögnum fjölda aðila að þetta mun að sjálfsögðu ekki þýða neitt annað en hærri raforkureikninga og ekki bara það, heldur mun þetta líka skerða verulega tekjur fjölmargra sveitarfélaga, þ.e. þeirra sveitarfélaga sem hafa verið að reka þessi orkufyrirtæki. Þau hafa flest hver getað borgað arð til eigenda sinna, þ.e. sveitarfélaganna, sem þar með hafa getað fært arðgreiðslur til samfélagsþjónustunnar sem þau hafa boðið upp á og þar af leiðandi getað staðið sig mun betur í þjónustunni við íbúa í sveitarfélögunum.

Það er ekki aðeins að þær arðgreiðslur munu minnka og þar af leiðandi minnka tekjur sveitarfélaganna og veikja þau þar með. Þrátt fyrir að nú sé í gangi átak sem kallast efling sveitarstjórnarstigsins er samt sem áður farið svona bakdyramegin gagnvart sveitarfélögunum og tekjur þeirra hreinlega minnkaðar en ekki bara það, heldur liggur það ljóst fyrir að þegar orkureikningarnir hækka enn meir en þeir hafa þó gert nú þegar vegna þeirra laga sem væntanlega verða keyrð hér í gegn í vor, þá er augljóst mál að það takmarkar líka aðra tekjumöguleika sveitarfélaganna, vegna þess að allir eru þessir peningar sóttir í sömu vasana, þ.e. í vasa almennings. Það er eiginlega alveg með ólíkindum að þetta mál, í ljósi þess sem ég sagði áðan m.a. um raforkulögin, skuli vera svo illa undirbúið og illa unnið eins og kemur í ljós. Meðal annars hafa engar rannsóknir eða kannanir verið á því gerðar hvernig þetta muni koma út varðandi gjaldskrár orkufyrirtækjanna. Það er allt eins í málinu, undirbúningur allur í skötulíki og enginn vilji virðist vera til þess að standa almennilega að málinu.

Ekki nóg með að þessi skattur komi á almenning og ýmsir segja: Ja, það eru nú fleiri kaupendur orkunnar en almenningur. — Mikið rétt. Stærstu kaupendurnir eru stóriðjan, en stóriðjusamningarnir eru gerðir til langs tíma og eru ekki gerðir með neinum fyrirvara um slíka skattheimtu. Orkufyrirtækin eiga því enga möguleika á að leggja álag á þá taxta vegna skattheimtunnar. Þetta mun þar af leiðandi eingöngu leggjast á almenning. Eins og sumir umsagnaraðilar hafa bent á er þetta býsna harkalegt gagnvart þessum *fyrirtækjum vegna þess að ýmsir samningar* sem gerðir hafa verið hjá orkufyrirtækjunum hafa beinlínis verið gerðir með sérstakri hvatningu stjórnvalda. Stjórnvöld hafa aldrei á það minnst að von sé á því að fyrirtækin þurfi að borga skatta, þess vegna væri auðvitað eðlilegt að hafa slíkan fyrirvara í samningunum. En það er ekki til staðar. Undirbúningurinn að þessu leytinu til er því einnig afar undarlegur.

Hv. þm. Birkir J. Jónsson kom líka með það að menn *þyrftu nú ekki að vera að hafa miklar áhyggjur af þessu, því* það hefði komið fram hjá öllum stærstu orkufyrirtækjunum að næstu sjö til tíu árin mundu þau ekki greiða þessa skatta vegna þess að rekstrarlegt tap yrði þann tíma vegna stórframkvæmda og annars þess háttar. (Gripið fram í.) Það er auðvitað sérkennilegt að hv. þm. Birkir Jón Jónsson skuli nota þetta m.a. sem skýringu og ástæðu fyrir því að keyra málið hér í gegn vegna þess að ef þetta er ekki að skila af sér neinu næstu sjö til tíu árin hlýtur maður enn frekar að spyrja: Hvað liggur þá svona á ... Hvaða æðibunugangur er þetta? (**LB:** Það er ekki nokkur leið að fá svör við þessu nema ...) Það er rétt, hv. þingmaður, það er eiginlega óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. forseta hvort a.m.k. framsögumaður nefndarinnar sé ekki hér í húsi. Það er eiginlega alveg lágmarkskrafa að framsögumaður sé til staðar, sem er nú reyndar einhver vara-varaframsögumaður, því ég sé það á nefndarálitinu að formaður nefndarinnar var ekki á fundi nefndarinnar og ef ég man rétt var hann staddur erlendis í opinberum erindagjörðum, það er ekkert við því að segja, en varaformaður nefndarinnar, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, keyrði þetta mál í gegn í nefndinni og er síðan skráður sem framsögumaður, en ég veit ekki betur en hann sé fjarri þingi og ef ég man rétt mælti hv. þm. Kjartan Ólafsson fyrir málinu, þ.e. vara-varaframsögumaður í nefndinni og sýnir hvernig ástandið er orðið hjá stjórnarliðum, að það eru mörg varadekkin sem þarf til þess að hér sé hægt að mæla fyrir málum.

Frú forseti. Er hægt að fá upplýsingar um hvort fram-

sögumaður nefndarinnar er einhvers staðar í kallfæri? (**LB:** En iðnaðar- og viðskiptaráðherra.) Góðar fyrirspurnir koma héðan úr þingsal ...

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti hefur þegar óskað eftir því að framsögumaður málsins, hv. þm. Kjartan Ólafsson, komi í þingsal.)

Eru þá góðar líkur á því að hv. þingmaður sé það nálægur að búast megi við honum á næstu mínútum?

Rétt er að upplýsa hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, sem kallaði hér fram í, um það að ræðumaður sem var næstur á undan mér, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, óskaði einmitt sérstaklega eftir því að kannað væri með hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. fjármálaráðherra, hvort það væri ekki tryggt þegar málið um skattskyldu orkufyrirtækja, sem er á dagskrá, kæmi á dagskrá, þá yrðu hæstv. ráðherrar örugglega mættir, því hv. þingmaður rifjaði það upp að 2. umr. um málið hefði farið fram án þess að hæstv. iðnaðarráðherra væri viðstaddur. Ég tel því víst að frú forseti tryggi það að þegar það mál kemur fyrir verði hæstv. ráðherrar hér.

Frú forseti. Ég fagna því að hv. þm. Kjartan Ólafsson, sem er í forsvari fyrir nefndina í þessu máli, er nú kominn í salinn. Eins og komið hefur fram í máli mínu hefur þetta mál farið töluvert víðar í umræðunni en gert var kannski ráð fyrir í upphafi, ekki vegna þess að hv. þingmaður hafi í framsöguræðu sinni út af fyrir sig kallað á það, heldur gerðist það hins vegar skömmu síðar í umræðunni að hv. þm. Birkir J. Jónsson, formaður iðnaðarnefndar, sem eins og ég sagði áðan gat ekki verið á þeim fundi nefndarinnar þegar nefndarálitið var afgreitt, fór hér mikinn og kallaði á það að málið yrði rætt nokkuð gaumgæfilega og ýmislegt upplýst í því sem ég hugsa að flestir hv. þingmenn hafi talið að margir vissu en kom síðar í ljós að formaður nefndarinnar hafði eitthvað misskilið.

Ég var þar staddur í ræðu minni þegar ábending kom til mín utan úr sal um að eðlilegt væri að einhver sem hugsanlega gæti svarað spurningum væri viðstaddur. Ég þarf því að endurtaka spurningu mína sem var afskaplega einföld og var um það hvað lægi á í þessu máli öllu saman. Það hafði nefnilega komið fram m.a. í ræðu hv. þm. Birkis J. Jónssonar, formanns iðnaðarnefndar, að samkvæmt upplýsingum sem komu fram á sameiginlegum fundi með iðnaðarnefnd og efnahags- og viðskiptanefnd, þá töldu stærstu orkufyrirtækin að þau mundu ekki fara að greiða þessa skatta fyrr en í fyrsta lagi eftir sjö til tíu ár, þ.e. miðað við stöðu þeirra í dag, burt séð frá þeim framkvæmdum sem hugsanlega verða síðan ákveðnar á þeim árum, en bara miðað við það sem búið væri að ákveða í dag væri framkvæmdastaðan þannig að væntanlega yrði halli á þessum fyrirtækjum þennan tíma og þau mundu þar af leiðandi ekki greiða þennan skatt fyrr en í fyrsta lagi eftir sjö til tíu ár. Þess vegna er eðlilegt að maður spyrji ef þetta er nú ein af vörnunum í málinu: Hvað liggur þá á? Hver er ástæðan fyrir því að ekki er hægt að vinna frumvörp almennilega, í fyrsta lagi ekki af ráðuneyti og í öðru lagi ekki af þingnefndum? Æðibunugangurinn er slíkur að t.d. liggur það fyrir að engin vinna hefur verið lögð í að kanna hvaða þýðingu þetta frumvarp eða þessi lög ef þau verða samþykkt hafa á t.d. gjaldskrár orkufyrirtækja. Ekkert slíkt liggur fyrir. Menn verða því að geta sér til um hvernig þetta verður.

Orkufyrirtækin hafa svarað því afskaplega skýrt: Þetta þýðir ekkert annað en hærri reikninga til fólksins. Það er eina leiðin fyrir fyrirtækin til að borga þennan skatt, það er að hækka gjöldin á neytendur, þ.e. almenning, ekki alla neytendur, ekki alla sem fá orku frá fyrirtækjunum. Nei, vegna þess að fyrir liggja samningar við stærstu kaupendur til mjög langs tíma, þar sem enginn fyrirvari er á því að hækka megi þá samninga vegna skattheimtu. Þetta er ekki haft í samningunum vegna þess m.a. eins og komið hefur fram frá fyrirtækjunum, að þeir samningar hafa flestir verið gerðir vegna hvatningar frá stjórnvöldum. Stjórnvöld hafa aldrei á það bent að líkur séu á því að á þessu tímabili muni síðan verða komið aftan að fyrirtækjunum og skattheimtan aukin. Þetta mun því að sjálfsögðu leggjast af fullum þunga á hinn almenna notanda. Það er önnur hliðin í þessu.

Einnig er ástæða til að hv. þm. Kjartan Ólafsson, framsögumaður iðnaðarnefndar, svari því hvernig þetta kemur heim og saman við það metnaðarfulla átak hæstv. félagsmálaráðherra um að efla sveitarstjórnarstigið, þegar einnig er komið aftan að sveitarfélögunum og arðgreiðslur sem þau hafa fengið, þ.e. tekjur sem þau hafa fengið af orkufyrirtækjum sínum, munu augljóslega minnka. Tekjur sveitarfélaganna minnka þar með og um leið minnka möguleikar þeirra á því að sækja meiri tekjur til hins almenna notanda vegna þess að orkureikningarnir verða hækkaðir.

Frú forseti. Fram kemur í ágætu nefndaráliti frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar að það sé sérkennileg tilviljun að þegar þessi skattur er reiknaður út frá þeim tölum sem til eru um útkomu nokkurra veitufyrirtækja sveitarfélaga árin 2002 og 2003 og 18% skatturinn reiknaður á það, þá virðist hann gefa rúmlega milljarð eða tæplega 1,1 milljarð.

Það vill svo til, eins og segir í þessu ágæta nefndaráliti, með leyfi forseta:

„Í ljósi nýgerðs samkomulag ríkis og sveitarfélaga um aukin framlög ríkisins til sveitarfélaga sem nemur rúmum milljarði króna á ári árin 2006–2008 er ljóst að þessi breyting hefði veruleg áhrif á fjármál sveitarfélaganna."

Hér er því um sambærilega tölu að ræða. Þegar nýbúið er að gera samning við sveitarfélögin um að bæta örlítið fjárhagsstöðu þeirra vegna þess að það er sameiginlegt mat ríkisvaldsins og sveitarfélaganna að það þurfi að gera vegna erfiðrar stöðu sveitarfélaganna er bara mætt næsta dag með eitt lítið frumvarp sem kippir öllu til baka jafnharðan. Það er ekki skrýtið þó það sé ekki mikið traust á milli sveitarfélaganna og ríkisvaldsins, enda hefur það komið fram í máli og umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga að þau telji breytingarnar fela í sér meiri háttar breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Reyndar fór sambandið fram á sérstakar formlegar viðræður um málið við fulltrúa ríkisins. En svo mikið liggur á að það er ekki einu sinni tími til þess að ræða við fulltrúa sveitarfélaganna um breytingarnar. Sveitarfélögunum er því enn einu sinni gefið langt nef. Þau eru ekki virt viðlits. Nei, það er gerður samningur einn daginn og sama upphæð svo tekin til baka örfáum dögum síðar með einu litlu frumvarpi sem á að keyra í gegn á miklum hraða. Það virðist því algjörlega ljóst að því miður er málið ekki tilbúið til afgreiðslu. Það er vonandi að

stjórnarmeirihlutinn átti sig á því áður en þingi lýkur í vor og fresti málinu, þó ekki væri nema fram á haust þannig að tími gæfist til að fara yfir málið, átta sig á því hvað það þýðir, ég tala ekki um að sveitarfélögunum væri sýnd sú virðing m.a. í ljósi þess að það er í gangi hið merka átak um eflingu sveitarstjórnarstigsins og nýbúið að ganga frá fjármálalegum samningi um fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þó sumarið væri ekki nýtt til nema þeirra þátta væri það töluvert skref.

Frú forseti. Það er rétt að minna á það af því ég nefndi það áðan að flestir væntu þess að raforkulögin væru örlítið víti til að varast, þ.e. að menn mundu læra af því hvernig ætti að umgangast þennan markað sem er býsna stór og viðkvæmur og að menn mundu vanda sig miklu meira. Ég tala ekki um í ljósi reynslu ýmissa annarra þjóða, að það tekur nokkurn tíma fyrir raforkumarkaðinn að ná jafnvægi að nýju eftir slíkar breytingar sem gerðar hafa verið og við erum nú að ganga í gegnum. Það er því hægt að sækja reynslu til annarra þjóða. Þess vegna hlýtur það að blasa við að það er óráðlegt að ráðast í aðrar umfangsmiklar breytingar á sama umhverfi orkufyrirtækjanna án þess að öll áhrifin séu komin í ljós og hægt sé að mæta þeim, en ekki sé verið að flækja ástandið með enn fleiri breytingum á meðan þetta gengur yfir og markaðurinn á engan hátt búinn að ná jafnvægi.

Ég sagði áðan að breytingarnar mundu væntanlega hafa þær afleiðingar að allar hitaveitur yrðu skattskyldar, svo og vatnsveitur sem reknar eru á vegum fyrirtækis með sameiginlegan annan rekstur rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna, svo sem Hitaveita Suðurnesja og Norðurorka. Þau fyrirtæki lenda í þessu og ljóst hvaða afleiðingar það hefur.

Þess vegna endurtek ég að það er algjörlega með ólíkindum að ekki skuli hafa verið lögð vinna í að kanna hvaða áhrif breytingin hefur á gjaldskrár fyrirtækjanna. Eins og ég sagði einnig áðan hafa orkufyrirtækin bent á þá einföldu staðreynd að þetta hefur hrein og klár áhrif í þá átt að gjaldskráin mun hækka og eingöngu hjá hinum almenna borgara.

Frú forseti. Það er nauðsynlegt að fara einnig yfir nokkrar umsagnir sem bárust í tengslum við frumvarp til laga um afnám undanþágu orkufyrirtækja frá greiðslu tekjuskatts og eignarskatts sem liggur til grundvallar því frumvarpi sem við ræðum nú. Fyrsta umsögn sem ég ber niður í er umsögn Alþýðusambands Íslands. Síðan koma hér umsagnir hver af annarri en fyrstu umsagnirnar eru frá Alþýðusambandi Íslands og BSRB, þ.e. frá langstærstu samtökum launafólks, sem eru þar af leiðandi fulltrúar hins almenna borgara, fulltrúar þeirra sem munu þurfa að greiða reikninginn þegar upp er staðið. Ég leyfi mér að vitna orðrétt í umsögn Alþýðusambands Íslands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í kjölfar síðustu breytinga á raforkumarkaði, sem tóku gildi um síðustu áramót þegar flutningur og dreifing á raforku var aðskilin, urðu miklar hækkanir á raforku. Orkufyrirtækin rökstuddu hækkanirnar með auknum kostnaði sem þau hefðu orðið fyrir við kerfisbreytinguna á raforkumarkaði."

Það er rétt í þessu samhengi, frú forseti, að rifja það upp að þegar raforkulögin fóru í gegn var almennur rökstuðningur stjórnarmeirihlutans að af þeim breytingum mundi enginn sérstakur kostnaður verða og þar af leiðandi væri alger óþarfi að hækka reikninga til almennings, það mundi ekki gerast. Niðurstaðan varð samt sem áður sú sem sýnir auðvitað hversu illa var staðið að málinu og hve undirbúningurinn var lítill. Enn einu sinni er svo farið af stað og undirbúningurinn sambærilegur, jafnslakur og stjórnarliðar vita ekkert hverjar afleiðingar verða.

Frú forseti. Í umsögn Alþýðusambands Íslands segir einnig, með leyfi forseta:

„Reynsla annarra þjóða sýnir að það muni taka raforkumarkaðinn allnokkurn tíma að ná nýju jafnvægi. Því er óráðlegt að ráðast í aðrar umfangsmiklar breytingar á umhverfi orkufyrirtækja án þess að áhrif nýrra raforkulaga verði komin í ljós."

Hér eru aðvörunarorð afskaplega kurteis, en skýr. Það gengur auðvitað ekki að trekk í trekk skuli sömu stjórnvöld koma með frumvörp sem keyrð eru í gegn með miklum hraða, svo miklum hraða að í fyrsta lagi ná ráðuneytin ekki að undirbúa málin fyllilega áður en þau eru lögð fram og í öðru lagi er nefndum ekki gefinn nægilegur tími til að fara yfir ýmsar hliðar málsins til að átta sig m.a. á því hvaða áhrif þetta hefur á gjaldskrá orkufyrirtækja.

Að lokum segir í umsögn Alþýðusambands Íslands, með leyfi forseta:

„Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að erfitt er að leggja mat á áhrif þessara breytinga á raforkuverð og arðsemi orkufyrirtækja. Alþýðusambandið telur það óásættanlegt að ráðist verði í frekari umbreytingar á orkumarkaði án þess að lagt verði mat á áhrif þeirra fyrir neytendur.

Alþýðusambandið leggur því til að frumvarpið verði ekki samþykkt."

Stærstu samtök launafólks hafa farið yfir málið og áttað sig á því hverjir þurfa að borga reikningana. Niðurstaðan er því einföld: Það á ekki að samþykkja frumvarpið.

Umsögn BSRB er á margan hátt svipuð. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þá er rétt að nefna að orkuveitur eru margar í eigu sveitarfélaga sem hafa af þeim arð. Skattlagning orkugeirans eins og frumvarpið gerir ráð fyrir mun veita fjármuni í ríkissjóð."

Fjármunirnir fara því frá sveitarfélögunum í ríkissjóð. Í kjölfar þess að gerður er samningur við sveitarfélögin um að bæta örlítið fjárhagslega stöðu þeirra eru fjármunirnir teknir til baka á öðrum vettvangi, eins og ég hef áður bent á.

Áfram segir í umsögn BSRB, með leyfi forseta:

„Afleiðingarnar munu verða þær að möguleikar sveitarfélaganna til að beina fjármagni úr orkustofnunum sínum inn í aðra samneyslu á vegum sveitarfélagsins verða minni fyrir vikið."

Þetta er auðvitað skýrt. Þetta er einfalt. Auðvitað hljóta þeir sem frumvarpið sömdu og þeir sem vilja keyra það í gegn að átta sig á því að þær afleiðingar blasa við, þó svo að vinna sé ekki lögð í að reikna út hversu mikið þetta er, eins og eðlilegt hefði verið, blasir þessi staðreynd auðvitað við.

Þess vegna segir í lok umsagnar BSRB, með leyfi forseta:

„Í samræmi við þetta leggst BSRB gegn samþykkt þessa

frumvarps.“

Ég hef vitnað til umsagna stærstu samtaka launafólks, stærstu umbjóðenda þeirra, almennings, sem mun greiða reikninginn. Þau komast að þeirri einföldu en skýru niðurstöðu að það eigi ekki að samþykkja frumvarpið um skattskyldu orkufyrirtækja.

Ekki er hægt að segja að þau samtök séu almennt á móti skattheimtu eða á móti því að ríkisvaldið hafi tekjur og að sveitarfélögin hafi tekjur, vegna þess að þessi samtök leggja líka mjög mikla áherslu á að efla og styrkja velferðarkerfið og vita að sjálfsögðu að til þess þarf fjármagn, en telja eðlilegra að aðrar leiðir séu farnar til þess.

Herra forseti. Ég benti á það áðan að rökstuðningur hv. þm. Birkis J. Jónssonar um að sérstaklega væri verið að hugsa um raforkubændur með allri þessari frumvarpssmíð ætti sér enga stoð. Þetta ætti þá sannarlega ekki við í hitaveitunum ef við gæfum okkur að þetta væri rétt hjá hv. þingmanni og að við værum ekki að kljást við raforkuna. Það hefði því átt að undanskilja þær. En það er ekki aldeilis verið að því. Þetta kemur auðvitað mjög skýrt fram í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem eru rekstraraðilar hitaveitnanna og hafa eðlilega verulegar áhyggjur af því hvernig málið er að þróast, en því miður — fulltrúar sveitarfélaganna voru ekki virtir viðlits, það var ekkert við þá talað þrátt fyrir að þeir hafi farið fram á að við þá væri rætt til að yfirfara stöðuna í hinum fjárhagslegu samskiptum ríkis og sveitarfélaga því það var ekki svo lítið sem sumir hæstv. ráðherrar hreyktu sér af í þingsal að nú væri enn einu sinni búið að mæta sveitarfélögunum og nú væri framtíðin björt og glæsileg hjá þeim í fjárhagslegu tilliti. (Gripið fram í.) Já. Nei, það er einfalt, það er bara komið með frumvarp skömmu síðar og öllu kippt til baka. Þegar sveitarfélögin vekja athygli á því er enginn tími til þess að ræða við þau einu sinni. Nei, nei, það þarf ekkert við þau að ræða, það liggur svo mikið á að klára málið. Það þarf ekki að reikna neitt út. Það þarf ekki að rökstyðja eitt eða neitt. Nei, það skal bara keyrt áfram veginn greiða án þess að taka tillit til eins eða neins. (**Gripið fram í:** ... bíða í sjö ár ...) Það var býsna magnað að hv. þingmaður notaði það sem rökstuðning.

Ég vænti þess að hv. þm. Kjartan Ólafsson muni svara því skilmerkilega á eftir hvers vegna það liggur svona mikið á þrátt fyrir að það virðast ekki koma neinar greiðslur í ríkissjóði, að það reyni ekkert á skattheimtuna miðað við upplýsingar hv. þingmanns, formanns iðnaðarnefndar, fyrr en eftir sjö til tíu ár. (**Gripið fram í:** Forseti getur ...) Já, hv. þingmaður, það er aldrei að vita hvaða upplýsingar leynast á forsetastóli, en það er býsna erfitt að ætlast til þess að framsögumaður iðnaðarnefndar þurfi að vísa til þess hv. þingmanns sem gegnir nú virðulegri stöðu hæstv. forseta til að bjarga sér, en ef svo er bendi ég hv. þm. Kjartani Ólafssyni á það að ég mun ekki gera við það neinar athugasemdir þó hv. þingmaður laumist á bak við mig og hvíslist á við hæstv. forseta ef einhverjar upplýsingar eru þar sem ekki eru fyrir hendi hjá hv. þingmanni og framsögumanni iðnaðarnefndar. Ef hv. þingmaður telur sig þurfa að nálgast upplýsingar til að geta svarað þeim örfáu einföldu spurningum sem ég hef spurt er auðvitað rétt að vekja athygli hv. þingmanns á því að væntanlega eru ýmsar upplýsingar til staðar á forsetastóli.

En ég var að ræða um hitaveitur. Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga er frekari rökstuðningur fyrir því sem ég sagði. Þar segir, með leyfi forseta:

„Undir gildissvið laganna falla því ekki aðeins raforkufyrirtæki heldur einnig hitaveitur.“

Það er algjörlega nauðsynlegt að formaður iðnaðarnefndar átti sig á þessu svo okkur verði ekki boðið upp á að hlusta frekar á rökstuðning eins og þann sem við fengum að heyra fyrr í dag um að fyrst og fremst væri verið að jafna samkeppnisstöðu raforkubænda við hin stóru orkufyrirtæki.

Einnig segir í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, með leyfi forseta:

„Sambandið leggst hins vegar alfarið gegn þeirri fyrirætlan sem fram kemur í frumvarpinu að hitaveitur verði skattskyldar með sama hætti og raforkufyrirtæki.“

Síðar segir, með leyfi forseta:

„Heitt vatn til húshitunar er almennt það mikið hagkvæmari lausn en aðrir orkugjafar að í reynd verður ekki rætt um samkeppni á þessu sviði.“ — Rökstuðningurinn um að verið sé að jafna samkeppni á því ekki við hér. — „Vegna tiltekinna eðlisþátta, svo sem einkaleyfa og einnig vegna takmarkana sem möguleikar á dreifingu á heitu vatni fela í sér er einnig mjög fjarlægt að hugsa sér samkeppni milli hitaveitna innbyrðis.“ — Það er auðvitað mjög fjarlægt og ógjörningur á flestum svæðum landsins. — „Skattlagning á starfsemi hitaveitna þjónar því engum tilgangi, hvorki samkeppnislegum né öðrum.“

Skattlagningin þjónar engum tilgangi. Þetta er því algjörlega óskiljanlegt og ekki hægt að skilja þetta á neinn annan hátt en að því miður séu vinnubrögðin svo óvönduð að menn hafi ekki skoðað allar hliðar málsins þegar menn bitu það í sig að það þyrfti að drífa þetta í gegn.

Að lokum segir í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, með leyfi forseta:

„Að lokum vill sambandið vekja athygli Alþingis á því að breyting á skattalegri stöðu hitaveitna, sem ekki verður séð að styðjist við nein efnisleg rök, felur í raun í sér meiri háttar breytingu á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Slíkar breytingar þarfnast ítarlegri umræðu við sveitarfélögin en farið hefur fram til þessa.“

Herra forseti. Ef maður á að gera einhverjar athugasemdir við orðalagið, þá er það allt of kurteisislegt. Það er verið að ganga þvert á það samkomulag sem nýlega er búið að gera og sveitarfélögin eru enn einu sinni ekki virt viðlits þegar verið er að hafa veruleg áhrif á fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Það er ánægjulegt að sjá að í dyragættina kemur mikill áhugamaður um samskipti ríkis og sveitarfélaga, sérstaklega í fjárhagslegu tilliti, og sérstakur áhugamaður um eflingu sveitarstjórnarstigsins. (**Gripið fram í:** Að austan.) Að sjálfsögðu er hv. þingmaður ættaður að austan en búsettur í Vestmannaeyjum og hefur stundum látið í sér heyra um að það sé til skammar hvernig að þessum málum er staðið. Hv. þingmaður gerði ýmsar athugasemdir einmitt við nýjasta samkomulagið sem gert var á milli ríkis og sveitarfélaga, þ.e. sem klínt var faktískt upp á sveitarfélögin því þau höfðu lítið um það að segja, það var bara sagt: Þið fáið þetta eða ekki neitt. Hv. þingmaður ætti að gefa sér tíma á

þessum vordögum til að fara nákvæmlega yfir þetta mál og átta sig á því að verið er að gefa sveitarfélögunum kinnhest, stóran og mikinn. Verið er að gera verulega breytingu á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og verið að taka allt það til baka sem þó var rétt til sveitarfélaganna í síðasta samningi.

Herra forseti. Margar fleiri umsagnir hafa borist vegna málsins. Ég hef farið yfir umsagnir annars vegar hinna fjölmennu samtaka launafólks, fulltrúa neytendanna. Fulltrúar rekstraraðilanna, þ.e. sveitarfélögin sem verða auðvitað fyrir gífurlegri skerðingu hafa gert mjög sterkar og alvarlegar athugasemdir. Ég á eftir einn hóp, orkufyrirtækin. Þau gera einnig gífurlegar athugasemdir. (**Gripið fram í:** En Verslunarráð?) Það er athyglisvert, hv. þingmenn, að ég er ekki með umsögn frá þeim. (**Gripið fram í:** Þeir eru fylgjandi málinu.) Ég held að það sé rétt hjá hv. þingmanni að Verslunarráð sé býsna ánægt með þessa skattheimtu, þó að það ágæta ráð virðist almennt vera afskaplega óánægt með skattheimtu er eins og þessi skattheimta sé þeim eitthvað sérstaklega hugleikin. Væntanlega er það byggt á þeim rökum að verið sé að jafna samkeppni, eins og hv. þm. Birkir J. Jónsson hefur haldið fram.

Ég vek athygli á því sem fram kom í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga að það er býsna langsótt og flókið og væri fróðlegt að fá Verslunarráð í lið með hv. þm. Birki J. Jónssyni að færa rök fyrir því að það sé myljandi samkeppni í hitaveitum landsins. Það væri gaman að átta sig á því hvar hún á sér stað. (**Gripið fram í:** ... reknar með einkaleyfum.) Þær eru reknar með einkaleyfum og reknar af sveitarfélögunum þannig að þetta er auðvitað býsna langsótt og sérkennilegt. Ég get því eiginlega ekki afsakað þetta á annan hátt en ég hef áður gert, að flumbruhátturinn sé svo mikill að aðilar hafi ekki haft tíma til að fara almennilega yfir málið og átta sig á stærð þess og hvaða afleiðingar það hefur. Enda hefur það komið fram að það hefur ekki verið farið yfir það hvað þetta þýðir í fjármálalegu tilliti og hvaða álögur er verið að leggja á fólk til að standa undir þessu og hversu miklar tekjur sveitarfélögin eru að missa örlítið fram í tímann. Það er ekki ónýtt fyrir menn þegar þeir eru að gera slíkar breytingar að hugsa kannski örlítið meira en bara um gærdaginn, horfa kannski eitthvað fram í tímann. Þessi ákafi er auðvitað (Gripið fram í.) já, sérkennilegur þegar það liggur fyrir í upplýsingum frá formanni iðnaðarnefndar að ekki sé gert ráð fyrir neinum tekjum fyrr en eftir 7–10 ár.

Herra forseti. Ég ætla að víkja örlítið, stuttlega þó, að umsögnum orkufyrirtækja. Hér eru tvær ágætar umsagnir, annars vegar frá Orkuveitu Reykjavíkur og hins vegar frá Hitaveitu Suðurnesja. Ég hef valið kafla úr þeim þannig að það séu engar endurtekningar heldur sitt hvort sviðið.

Í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur segir að þeir hafi komið frá sér athugasemdum þar sem orkuveitan hafi lýst sig andvíga markmiðum frumvarpsins og mun ég geta nokkurra þeirra. Það er rétt að geta þess að einnig hefur borist umsögn frá Reykjavíkurborg þar sem hún lýsir yfir stuðningi við umsögn Orkuveitu Reykjavíkur, þannig að umsögn Orkuveitu Reykjavíkur er í raun einnig umsögn Reykjavíkurborgar. Athugasemdirnar sem orkuveitan gerir þegar hún er að lýsa sig andvíga markmiðum frumvarpsins eru m.a. þessar, með leyfi forseta:

„Skattlagning á orkufyrirtæki mun óhjákvæmilega leiða til hækkunar verðs þar sem í núverandi gjaldskrá gerir ekki ráð fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta. Í athugasemdum við frumvarpið kemur ekki fram hvaða áhrif þessi skattlagning hefur á orkufyrirtækin og ekki kemur fram hvaða breytingar verða á gjaldskrám fyrirtækjanna verði frumvarpið að lögum.“

Athugasemdirnar eru, mér liggur við að segja háðulegar, að það þurfi að koma fram í umsögnum að frumvarpinu fylgi í raun engar upplýsingar um það hvaða áhrif það muni hafa, verði það að lögum.

En áfram segir í umsögn Orkuveitu Reykjavíkur, með leyfi forseta:

„Orkuveita Reykjavíkur er með samninga um orkusölu til stóriðju sem gilda í 20 ár. Samningar þessir hafa verið gerðir fyrir hvatningu ríkisins og engir fyrirvarar af þess hálfu um að gera þurfi ráð fyrir skattlagningu til framtíðar. Arðsemisútreikningar sem gerðir hafa verið í góðri trú vegna stórframkvæmda hafa ekki gert ráð fyrir greiðslu þessara skatta. Forsendur gerðra samninga og arðsemi þeirra raskast verulega verði frumvarp þetta að lögum.“

Hér kemur því mjög skýrt fram frá þessu stóra fyrirtæki að samningarnir sem gerðir hafa verið m.a. um stóriðju gilda í 20 ár, samningar gerðir með sérstökum áhuga og hvatningu ríkisins án þess að látið sé í það skína að hugsanlega muni verða lagður skattur á allt saman.

En áfram heldur umsögn Orkuveitu Reykjavíkur, með leyfi forseta:

„Orkuveita Reykjavíkur er í eigu fjögurra sveitarfélaga sem hafa haft af henni arð. Möguleikar Orkuveitunnar til arðgreiðslna til eigenda sinna skerðast verulega ef til skattgreiðslna kemur. Ljóst er að sveitarfélögin eru ekki undir þann tekjumissi búin.“

Enn einu sinni eru færð rök fyrir því sem ég hef verið að segja, að sveitarfélögin eru skilin eftir með tekjumissi og það í kjölfar þess að staðið var í samningagerð í hátt á annað ár á milli ríkisins og sveitarfélaga til að bæta örlítið fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna. Nei, sú litla lagfæring skal tekin til baka í frumvarpi í kjölfarið. Og þegar sveitarfélögin óska eftir viðræðum um að fara yfir málið berst ekki einu sinni svar. Við þau skal ekki rætt.

Þá kemur að síðustu umsögn sem ég ætla að gera að umtalsefni í ræðu minni í kvöld frá Hitaveitu Suðurnesja. Hún fjallar m.a. um fyrningu á tapi og kem ég þá aftur að hinni mögnuðu röksemd formanns iðnaðarnefndar um að orkufyrirtækin stóru hefðu sagt að miðað við stöðuna í dag mundu þau væntanlega ekki borga skattinn fyrr en eftir 7–10 ár.

Hitaveita Suðurnesja fer örlítið ofan í það mál og segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt er heimilt að flytja skattalegt tap á milli rekstrarára, þó með þeirri takmörkun að það fyrnist á 10 árum. Mikil sveifla er í afkomu orkufyrirtækja sem oft á tíðum orsakast af miklum gengissveiflum og háum fjármagnskostnaði við byggingu nýrra orkuvera. Við teljum því mikilvægt að skattalegt tap fyrnist ekki.“

Herra forseti. Hér kemur enn ein athugasemdin. Engin

rök voru færð fyrir því, a.m.k. ekki á þeim sameiginlega fundi sem við í iðnaðarnefnd sátum með efnahags- og viðskiptanefnd, af hverju ekki væri tekið tillit til þessara óska. Með þeim skýringum sem hér koma fram virðast vera færð nokkuð sterk rök fyrir því að fyrirtækin geti fært þetta á milli vegna þess að það eru svo miklar sveiflur bæði í rekstri og ýmsum viðmiðunum hjá fyrirtækjunum.

Herra forseti. Í lok umsagnar Hitaveitu Suðurnesja, sem verður síðasta tilvitnun mín í kvöld, segir, með leyfi forseta:

„Nokkuð ljóst er að þau gera ákveðnar arðsemiskröfur til fyrirtækisins“ — þ.e. sveitarfélögin sem eiga Orkuveitu Suðurnesja. — „Til að mæta auknum álögum er líklegt að hækka þurfi orkuverð. Að þessu framansögðu er rétt að benda á að Hitaveita Suðurnesja hf. hefur gert samninga um orkusölu til stóriðju til allt að 20 ára. Þegar þeir samningar voru gerðir var ekki gert ráð fyrir í arðsemisútreikningum að breytingar yrðu á skattalegu umhverfi orkufyrirtækja. Af því leiðir að álögur á aðra notendur munu að líkindum aukast og vill Hitaveita Suðurnesja hf. benda á að með nýjum raforkulögum er nýlega búið að auka álögur verulega sem á aðlögunartíma hafa leitt til um 15% hækkunar raforkuverðs og enn meira þegar fram líða stundir.“

Herra forseti. Hér er enn einu sinni bent á að verið er að auka álögur á almenning með öllum þeim breytingum sem gerðar hafa verið og boðaðar eru. Allt fellur þetta því að því sama, þessir merkilegu stjórnarflokkar sem mynda meiri hluta á Alþingi og guma af því að þeir séu sérstakir skattalækkunarflokkar og hafa boðað það í aðdraganda kosninga, hafa komið reglulega inn í þingsali með frumvörp um ákveðnar breytingar á sköttum og hafa eiginlega aldrei vakið athygli nema á annarri hlið þeirra mála, þ.e. þegar þeir hafa boðað einhverjar lækkanir hafa þeir ætíð fylgt því eftir með hækkunum á víð og dreif. Ekki nóg með það, herra forseti, heldur hefur verið á það bent og ég geri ráð fyrir að ekki verði erfitt að benda á það á þessu ári að enn eru hækkanirnar miklu meiri en lækkanirnar. Þessi hækkun nú mun auðvitað bætast í það mikla safn. Þeir stjórnmálaflokkar sem hér mynda meiri hluta og gera ítrekaðar tilraunir til að koma þeim skilaboðum til almennings að þeir séu sérstakir skattalækkunarflokkar, sem þeir eru að vísu til ákveðinna hópa og hafa staðið sig býsna vel í að lækka skatta á þeim sem hafa það hvað best í samfélaginu, eru óvart skattahækkunarflokkar og það er auðvitað sérstaklega athyglisvert í ljósi margra loforða sem gefin voru fyrir síðustu alþingiskosningar.

Herra forseti. Það hefur nokkrum sinnum verið farið yfir þau mál í þingsal og ég geri ráð fyrir að endurtaka þurfi þau áður en þetta ár er úti. Ég ætla ekki að taka þann kafla í kvöld en verði ástæða til þess er auðvitað hægt að gera það í þessari umræðu því að enn á ég eftir aðra ræðu og enn eigum við eftir að ræða frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja. Það gefst því væntanlega tækifæri til að fara betur yfir málið, verði ástæða til þess.

Ég vona, herra forseti, og það verða lokaorð mín, að sú umræða sem átt hefur sér stað eftir að hv. þingmaður, formaður iðnaðarnefndar, mælti hér fyrr í dag verði þó til þess að a.m.k. sá hv. þingmaður hafi fengið töluvert af upplýsingum í umræðunni þannig að væntanlega verða röksemdir hans öðruvísi en þær voru í dag.

[23:32]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef hlustað af mikilli gerhygli á ræðu hv. þingmanns sem hefur nú staðið alllengi. Eftir því sem á ræðu hans leið verð ég að játa að mér varð æ órórra vegna þess að ég gat ekki heyrt betur en að hv. þingmaður væri að mæla gegn frumvarpi sem hann sjálfur skrifar hér upp á.

Sannleikurinn er sá að hv. þingmaður las hér upp úr alls konar umsögnum til að gera þetta þingmál allt sem tortryggilegast. Að minnsta kosti hlýt ég, virðulegi forseti, að ályktа sem svo að ræða hv. þingmanns hafi fjallað um þetta þingmál, eða getur verið að fliss hans hér hafi gefið til kynna að hann hafi verið að fjalla hér um eitthvert annað mál? Hv. þingmaður notaði sínar mörgu mínútur til að tala gegn frumvarpi sem hann mælir hér sjálfur með. Hér kemur fram í nefndaráliti iðnaðarnefndar sem hv. þingmaður stendur að, með fyrirvara þó án þess að geta um nokkrar breytingartillögur, að hv. þingmaður leggi til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Síðan fylgir hann eftir því sjónarmiði sínu, að málinu skuli siglt til hafnar, með þeim hætti að allur málflutningur hans miðar í rauninni að því að tala gegn frumvarpinu. Ég spyr, virðulegi forseti: Hafa nokkur mistök átt sér stað? Getur verið að það hafi gerst, virðulegi forseti, án þess að öðrum þingmönnum hafi verið gerð grein fyrir því, að annað mál sé hér til umræðu, t.d. frumvarpið um skattskyldu orkufyrirtækja sem hefur orðið dálítið tilefni til umræðu í dag og í kvöld? Getur verið að hv. þingmaður hafi einhverra hluta vegna misskilið að það sé þetta dagskrárefni sem átti að ræða, þ.e. frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði? Getur verið að það hafi hent hv. þingmann, þrátt fyrir sína miklu gerhygli og góðu reynslu og mikinn vilja til að fara efnislega yfir mál, að hafa talað hér í röngu máli, að hann sé að fjalla um allt annað frumvarp en það (Forseti hringir.) sem hér er til umræðu og hér er á dagskrá og (Forseti hringir.) hv. þingmaður er í raun og veru að mælast til að verði samþykkt í nefndaráliti sem hann skrifar upp á?

[23:35]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki hissa á því að hv. þingmanni sé nokkuð órótt. Það er auðvitað eðlilegt. Hv. þingmaður hefur farið mikinn, m.a. gefið til kynna að þau mistök sem gerð voru með raforkulögunum og allar þær hækkanir sem fylgdu þeim, sérstaklega í kringum heimabyggð hans á Vestfjörðum, verði auðvitað ekki liðin og þetta muni allt saman verða lagfært, en það bólar nú ekkert á því.

Ég er hér með merka úrklippu úr viðtali við hv. þingmann þar sem þetta kemur allt mjög glögglega fram. Hann gefur auðvitað til kynna að þetta verði ekki liðið og þessu verði öllu breytt. Viðtalið er frá 25. janúar árið 2005. Það er komið fram í maímánuð og ekkert bólar á einu eða neinu. Það er því afskaplega skiljanlegt að hv. þingmaður vilji dreifa þessu máli í allt aðrar áttir og að menn fjalli ekki um það sem meginmáli skiptir.

Það er rétt hjá hv. þingmanni að við hv. þingmenn, ég og Jóhann Ársælsson, skrifum undir frumvarpið sem hér er til umræðu með fyrirvara. Hv. þm. Jóhann Ársælsson gerði ágætlega grein fyrir því fyrr í dag. Ég gerði hins vegar grein fyrir því í byrjun ræðu minnar af hverju nauðsynlegt væri að fara örlítið víðar en eingöngu um þetta frumvarp. Fyrirvari okkar var auðvitað sá að ef svo ólíklega vildi til að frumvarpið um lög um skattheimtu orkufyrirtækja færi í gegn — við treystum því hins vegar að ýmsir galvaskir hv. þingmenn af landsbyggðinni sem vakið hafa sérstaka athygli á því hve illa hefur farið á ýmsum sviðum mundu kannski reyna að koma í veg fyrir það — en ef svo ólíklega vill til verður auðvitað að samþykkja hitt frumvarpið, þannig að fyrirvari okkar var afskaplega einfaldur. Hv. þingmaður, formaður iðnaðarnefndar, gaf ástæðu til þess að við færum svolítið víðar yfir þetta mál og gerð var fyllilega grein fyrir því í inngangi ræðu minnar hvernig á því stæði að menn þyrftu að taka þetta svið allt saman fyrir. (Forseti hringir.) En óróleiki hv. þingmanns er mér ekkert undrunarefni.

[23:37]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var einstaklega skemmtileg röksemdafærsla. Hún gengur út á það að ef frumvarp sem hv. þingmaður er á móti verði samþykkt, þá ætli hann í öryggisskyni, til þess að setja á sig bæði axlabönd og belti, að samþykkja allt annað frumvarp (Gripið fram í.) í trausti þess að frumvarpið sem hann er á móti verði samþykkt. Þetta er í raun og veru röksemdafærsla hv. þingmanns.

Ég hélt satt að segja eitt andartak að ég hefði verið að misskilja eitthvað en hv. þingmaður var svo skýrmæltur í þessum efnum að það liggur alveg fyrir að hv. þingmaður var einfaldlega að segja: Ég er algjörlega á móti hinu frumvarpinu sem liggur hér fyrir sem er forsenda þess að eitthvert vit sé í því að samþykkja þetta sem hér liggur fyrir. Engu að síður ætla ég samt sem áður að samþykkja frumvarp sem síðan leiðir af því frumvarpi sem ég er algjörlega á móti.

Þetta er, virðulegi forseti, hryggjarstykkið í málflutningi hv. þingmanns sem hann segir að sé sjónarmið Samfylkingarinnar í þessum efnum. Hv. þingmaður er með öðrum orðum kominn svo gjörsamlega í hring og í gegnum klofið á sjálfum sér í þessu máli að ég held að ég hafi aldrei séð aðra eins pólitíska loftfimleika og hv. þingmaður fór í gegnum núna í kvöld.

Þetta er auðvitað undarlegt vegna þess að hv. þingmaður hafði drjúgan tíma — mér sýndist á klukkunni að hann hefði talað í 50 mínútur — til að gera grein fyrir málflutningi sínum. Hann hefur dregið hann saman í stuttu máli og er ágætt fyrir fólk að átta sig á því að hann er að mæla með samþykkt frumvarps, hann talar að vísu gegn því í umræðunni, sem byggir á því að samþykkt verði frumvarp sem hann er sjálfur á móti. Það er kjarni málsins. Ég geri ráð fyrir að það geti tekið dálítið langan tíma og það kannski skýrir að hv. þingmaður er 50 mínútur að gera grein fyrir því af hverju hann talar gegn frumvarpi sem hann skrifar sjálfur upp á og mælir með að verði samþykkt.

[23:39]

Einar Már Sigurðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert skrýtið þó að hv. þingmaður vilji ekki skilja þetta mál. Hann er ekki vanur því að menn reyni að liðka fyrir þingstörfum eins og við gerum gjarnan í stjórnarandstöðunni en það þekkja menn ekki ýmsir í stjórnarliðinu, þ.e. með því að afgreiða þetta mál, sem við töldum þó ekki tímabært út af fyrir sig, úr nefndinni. Við vildum ekki gera það að verulegum ágreiningi en höfðum fyrirvara á nefndarálitinu eins og ég sagði áðan.

Óróleiki hv. þingmanns er auðvitað af allt öðrum ástæðum eins og ég vék að áðan. En bara til að menn geti glöggvað sig á hvað það er sem veldur óróleika hv. þingmanns þá segir hér í því merka viðtali sem ég vitnaði til áðan frá 25. janúar á þessu ári, með leyfi forseta:

„Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður og formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, segist ekki trúa öðru en að Valgerður Sverrisdóttir kunngeri í umræðum á Alþingi tillögu til að sporna við mikilli hækkun á húshitunarkostnaði á landsbyggðinni. Þingmenn verða að vinda sér í að leysa það vandamál sem upp er komið." — Svo er talað hér um hvað þetta þýði og síðan er vitnað orðrétt til hv. þingmanns og þar segir, með leyfi forseta:

„Þetta frumvarp átti sér nokkurn aðdraganda. Sett var á fót 18 manna nefnd til þess að útfæra málið frekar. Fulltrúar allra stjórnmálaflokka komu að málinu svo og ýmsir hagsmunaaðilar. Það varð þokkaleg sátt um niðurstöðu málsins og eina andstaðan kom frá fulltrúum orkufyrirtækja á þéttbýlissvæðum suðvestanlands sem töldu að þessi skipulagsbreyting mundi leggja auknar byrðar á þau fyrirtæki til þess að halda niðri húshitunarkostnaði á landsbyggðinni."

Svo segir hér skömmu síðar:

„Einar Kristinn segist ekki treysta sér til þess að tímasetja það hvenær málið verði leyst." — Svo segir orðrétt: „Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra mun flytja á þingi á fimmtudag skýrslu um málið og ég trúi ekki öðru en að í þeim umræðum verði kunngerðar tillögur í málinu. Það sjá allir að þetta getur ekki gengið. Við getum ekki unað því að verðhækkanir upp á kannski 45% nái fram að ganga. Það eru aðilar sem eru að fá verðlækkanir, sérstaklega atvinnufyrirtæki." (Forseti hringir.) — Og svo áfram.

Herra forseti. Ég held að þetta skýri fyllilega óróleika hv. þingmanns.

[23:42]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég finn mig knúinn til þess að kveðja mér hljóðs um fundarstjórn forseta eftir að hafa hlýtt á ræður og andsvör þeirra sem hér voru á undan því að mér virðist á þessum tímapunkti, þar sem við erum að nálgast miðnætti, að menn séu óvissir um hvaða mál sé á dagskrá. Þannig er fyrir komið í þinginu að menn deila um hvaða mál sé á dagskrá og hvers konar ræður séu fluttar. Ég held að það sé orðið mikilvægt, virðulegi forseti, að við reynum að ná betur utan um dagskrána, förum vandlega yfir hana og reynum að átta okkur á hvert við ætlum að halda héðan.

Þá verð ég að segja það einnig eftir að hafa hlýtt á þessa umræðu og kannski ekki síst formann iðnaðarnefndar, hv.

þm. Birki Jón Jónsson, sem ekki er lengur í húsinu, þegar hann lýsti því yfir í ræðu sinni að frumvarpið sem við ræðum og þau frumvörp sem hér eru til meðferðar muni ekki hafa áhrif á ríkissjóð næstu 7–10 árin, að við hv. þingmenn hljótum að spyrja: Hvað liggur þá á að ræða þetta mál inn í nóttina, inn í myrkrið á þessum vordögum sem nú eru að ganga í garð?

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, er ekki síður ástæða til að vekja á því sérstaka eftirtekt að í húsinu er ekki lengur nokkur fulltrúi ríkisstjórnarinnar — þá á ég við hvorki formaður iðnaðarnefndar né hæstv. iðnaðar- og viðskiptaráðherra — til þess að svara þeim spurningum sem vakna í umræðunni. Því hlýt ég að hvetja hæstv. forseta til að skoða það mjög vandlega þar sem þessi umræða hefur staðið í um sjö klukkustundir eða svo hvort ástæða sé til að halda henni mikið lengur áfram. Spurningin er náttúrlega sú hvort áframhaldandi umræða muni upplýsa málið frekar en orðið er, a.m.k. á meðan enginn fulltrúi hv. iðnaðarnefndar eða hæstv. viðskiptaráðherra er á staðnum til að svara þeim spurningum sem vakna.

Ég vil því hvetja virðulegan forseta til að hugleiða það mjög vandlega hvort ekki sé kominn tími á það að við ljúkum þessum fundi og getum þá mætt snemma í fyrramálið til að halda umræðunni áfram og þá í þeirri von að þeim fjölmörgu spurningum sem hér hefur verið vakið máls á verði svarað. Það er vitaskuld tilgangslaust að stjórnarandstaðan haldi umræðunni áfram út í hið óendanlega ef engin verða svörin og engar verða skýringarnar aðrar en þær að þessi frumvörp muni ekki hafa nein áhrif næstu 7–10 árin. Við stöndum hér í pontu í þingsal klukkutíma eftir klukkutíma og fáum engin skilaboð um hvert skuli haldið.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að við látum hér staðar numið þannig að menn komi vel úthvíldir og hressir til frekari umræðu á morgun og hvet hæstv. forseta til að skoða þessar hugmyndir mjög vandlega.

[23:45]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Í tilefni af orðum hv. þingmanns vill forseti geta þess að hér hefur verið og er við umræðuna framsögumaður meiri hluta iðnaðarnefndar sem mælti fyrir nefndaráliti meiri hlutans, hv. þm. Kjartan Ólafsson. Hv. formaður iðnaðarnefndar fór heim fyrir nokkru vegna veikinda. Hæstv. iðnaðarráðherra er kunnugt um að þessi umræða er í gangi þannig að þeim skilaboðum hefur verið komið á framfæri.

[23:45]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. þingmanni Lúðvík Bergvinssyni og leggja til að við gerum hlé að þessari umræðu. Hún hefur staðið í alllangan tíma og ljóst er að henni er hvergi nærri lokið. Það eru sjö þingmenn á mælendaskrá. Þá vil ég minna á að óskað hefur verið eftir viðveru hæstv. ráðherra, iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur, við þessa umræðu en það bólar hvergi á ráðherranum. En ég skil mætavel að ríkisstjórnin vilji helst láta afgreiða þetta mál í kyrrþey og með sem minnstri sýnilegri umræðu.

Það má heita undarlegt hversu litla umfjöllun þetta mál hefur fengið í fjölmiðlum landsins miðað við hversu grafalvarlegt mál er á ferðinni. Staðreyndin er sú að öll helstu samtök launafólks á Íslandi hafa ályktað gegn frumvarpinu og varað við því. Öll sveitarfélögin í landinu og samtök þeirra vara við þessu frumvarpi. Almannasamtök vara almennt við þessu frumvarpi. Orkufyrirtækin vara einnig við þessu frumvarpi og segja okkur hverjar afleiðingar það muni hafa með hækkandi raforkuverði sem muni fyrst og fremst bitna á almennum neytendum. Eins og við þekkjum er stóriðjan öll í bómull ríkisstjórnarinnar.

Það er þessum aðilum sem hæstv. iðnaðarráðherra, sem er helstu ábyrgðaraðili fyrir þessu frumvarpi með fullri virðingu fyrir formanni og varaformanni iðnaðarnefndar sem hafa verið við umræðuna, sem hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir sýnir vanvirðu með því að vera ekki við umræðuna. Þessi samtök ályktuðu öll gegn frumvarpinu og færa ítarleg rök fyrir máli sínu en hæstv. ráðherra sér ekki ástæðu til að vera viðstödd umræðuna, hvað þá að svara þeirri gagnrýni sem fram er komin.

Hæstv. forseti. Ég ítreka að ég tek undir með hv. þingmanni Lúðvíki Bergvinssyni. Ég tel hyggilegt að láta staðar numið. Klukkan er að nálgast tólf. Það hefur verið boðað til fundar í nefndum þingsins í fyrramálið. Nefndarfundir hófust snemma í morgun. Ég held að hyggilegt væri, líka af þeim ástæðum, að gera hlé á þessum fundi nú. Það eru heppilegri og skynsamlegri vinnubrögð í þinginu að gera svo, fyrir utan þá grófu fyrirlitningu sem hæstv. ráðherra sýnir þinginu (Forseti hringir.) og umsagnaraðilum með því að vera ekki viðstödd umræður um þetta þingmál.

[23:49]

Guðjón A. Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að víkja að vinnulaginu sem nú er notast við. Menn voru flestir á nefndafundum í morgun, hygg ég, um hálfníu. Ef ég veit rétt þá er boðaður fundur í fyrramálið í samgöngunefnd, menntamálanefnd og landbúnaðarnefnd klukkan 8.30.

Umræðan hefur staðið síðan hálfellefu í morgun, erum komin á fjórtánda tímann, hæstv. forseti, og farið að nálgast miðnætti. Mér hefði fundist eðlilegri vinnubrögð að fara að huga að því, og vil mælast til þess við hæstv. forseta að svo verði gert, hvort ekki væri rétt að fara að ljúka þessum fundi, miðað við þá vinnu sem á að leysa af hendi í fyrramálið og þá síðar um daginn. Ég held að það væri rétt, virðulegu forseti.

Ég verð líka að taka undir þær óskir og ábendingar sem hér hafa komið fram, að það er náttúrlega nokkuð sérstakt að haga umræðunni þannig um svo mikið álitamál eins og við erum hér að ræða en ráðherra málaflokksins, raforkumálanna í heild sinni, hæstv. iðnaðarráðherra, láti ekki svo lítið að vera við umræðuna, jafnvel þótt óskað hafi verið eftir því. Það væri fróðlegt að fá að vita hvort ekki hafi verið komin boð til iðnaðarráðherra um að mæta til umræðunnar. Ég veit að það hafa komið fram óskir um það. Eftir því sem ég best veit var iðnaðarráðherra fyrr í kvöld ekki mjög langt héðan, í Iðnó. Það ætti því varla að vera ofverkið að láta hana vita að menn hafi óskað eftir nærveru hennar.

Ég tel nauðsynlegt að fjalla nánar um málið í ljósi þeirr-

ar umræðu sem farið hefur fram um þær afleiðingar sem geta orðið af slíkri lagasetningu, m.a. þeim að orkuverð hækki enn í landinu umfram það sem þegar er orðið. Sú hækkun kom ýmsum á óvart á sínum tíma og nú á þetta að bætast við. Miðað við allar viðvaranir sem samtök sem gáfu umsögn um þetta mál, sveitarfélög og orkufyrirtæki, þá held ég að stjórnarflokkarnir hljóti að taka mark á því, þótt þeir taki ekki mikið mark á okkur þingmönnum stjórnarandstöðunnar í þessu máli og láti ekki svo lítið að reyna að svara neinum af spurningum okkar.

[23:52]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill í tilefni af ummælum hv. þingmanns ítreka að boðum hefur verið komið til hæstv. iðnaðarráðherra um að eftir nærveru hennar hafi verið óskað við þessa umræðu.

[23:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Varðandi það að boðum hafi verið komið til hæstv. iðnaðarráðherra þá er það gott og vel. En nú er líklega liðin um klukkustund eða svo frá því ég setti þá ósk fram úr ræðustóli, að hæstv. ráðherra yrði kvaddur til umræðunnar ef ætlunin væri að halda henni eitthvað áfram. Það er auðvitað ekki nema hálf sagan sögð, að hæstv. ráðherra hafi verið gert viðvart um að nærveru hennar sé óskað. Ef ráðherra verður ekki við því að koma til umræðunnar þá er bara eitt að gera, þ.e. að fresta umræðunni. Það er algild þingvenja, að ef ráðherrar hafa ekki það við að reyna að greiða götu mála sinna í gegnum þingið, sérstaklega á síðustu dögum, þá þurfi ekki að vorkenna þeim varðandi það hvað verður um þeirra mál. Þeir hafa ekki við neina nema sjálfa sig að sakast ef þeir láta ekki svo lítið sem að sýna sig í þingsal. Þeir eiga auðvitað að sinna þingskyldum sínum eins og aðrir háttvirtir þingmenn.

Ég setti þessa ósk m.a. fram vegna þess að þegar við ræddum þetta mál og tengd mál fyrir nokkrum dögum, rúmri viku síðan, þá var hæstv. iðnaðarráðherra ekki til staðar til þess að eiga mætti við hana skoðanaskipti um þetta stóra mál, skattlagningu orkufyrirtækja og breytingar á ýmsum lögum sem því tengjast. Mér er þetta mjög í minni vegna þess að ég óskaði eftir ráðherranum úr þessum ræðustól og fékk gulan miða í pontuna með fallegri rithönd hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur þar sem hún upplýsti mig um að iðnaðarráðherra væri því miður erlendis og væri með fjarvist. Ég lét mér það lynda, geymdi miðann svona til öryggis og hugsaði: Nú, gott og vel.

En það getur ekki gengið að allur þessi stóri málapakki sem varðar skattlagningu orkufyrirtækja og breytingar á lögum sem honum tengjast fari í gegnum þingið, bæði við 2. og 3. umræðu, án þess að hæstv. ráðherra láti sjá sig. Það gengur ekki.

Varðandi hitt málið, fylgimálið sem er næst á dagskrá, þá gæti hæstv. ráðherra væntanlega vísað til þess að það sé flutt af hæstv. fjármálaráðherra og hafi verið til umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd en það á ekki við um þetta mál. Þetta mál varðar hreint og klárt hæstv. iðnaðarráðherra, er bandormur sem varðar breytingar á ýmsum lögum á orkusviði. Það er þess vegna málefnaleg og vel rökstudd krafa sem allar hefðir mæla með að orðið sé við að þessari umræðu sé ekki fram haldið og verði ekki lokið án þess að hæstv. ráðherra sé viðstaddur.

Með fullri virðingu fyrir framsögumanni iðnaðarnefndar sem hér hljóp í skarðið, hv. þm. Kjartani Ólafssyni, þá er nú mannfallið þvílíkt að framsögumaður á nefndaráliti er titlaður varaformaður iðnaðarnefndar, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Hann er fjarri góðu gamni, mjög fjarri góðu gamni. (Gripið fram í.) Formaður (Forseti hringir.) iðnaðarnefndar er skriðinn heim lasinn þannig að þetta mannfall meiri hlutans (Forseti hringir.) leiðir sjálfkrafa til þess, að mínu mati, forseti, að við ættum að segja þetta gott í bili.

[23:56]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að taka undir það að hæstv. iðnaðarráðherra ætti að mæta til að ræða þessi mál og í raun og veru bæði málin. Þau eru í raun og veru bæði á hans forræði. Þótt það heiti ekki svo að forminu til þá er þetta allt saman tengt þeirri breytingu á raforkusviðinu sem við höfum verið að fjalla um fyrr. Það málefni sem er nú er til umræðu er miklu frekar fylgifrumvarp síðara málsins sem á að ræða á eftir. Kannski hefði verið eðlilegt að menn hefðu rætt þessi mál saman og að hér hefðu þá verið mættir þeir sem til svara ættu að vera, þ.e. hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. fjármálaráðherra einnig, vegna skattamálanna sem hér eru á ferðinni. En þannig er því ekki háttað.

Eins og kom fram áðan eru líka fjarri þeir sem ættu að svara fyrir afgreiðslu málsins úr nefnd, bæði formaður iðnaðarnefndar og varaformaður nefndarinnar, eru fjarri góðu gamni. Ég held þess vegna að nokkur rök séu fyrir því að menn haldi ekki mikið lengur áfram með þá umræðu sem hér fer fram né að taka til umræðu næsta mál á dagskránni í framhaldi af þessu, sem er engan veginn fyrirsjáanlegt því að nokkrir eru enn á mælendaskrá í þessu máli og þá er hitt málið eftir til umræðunnar. Það er þó að mörgu leyti miklu flóknara og viðameira. Þar eru breytingar á lögum á ferðinni en í því máli sem nú er til umræðu er brottfall laga alfarið á dagskránni en það fylgir þá hinu frumvarpinu.

Mér finnst tími til kominn að menn setji botninn í þessa umræðu og finni sér þann tíma sem hentar hæstv. ráðherra eða öðrum þeim sem hér ættu að vera við umræðuna.

Ég sé ástæðu til þess að nefna það, vegna þeirrar umræðu sem fram fór á undan í síðustu ræðum, en hv. þm. Einar Guðfinnsson gerði mikið úr því að afstaða okkar væri undarleg í þessu máli, að við skyldum hafa samþykkt að afgreiða það út úr nefndinni. Það segir ekkert um það að við styðjum málið heldur fyrst og fremst að ef það mál sem á að ræða hér við 3. umr. á eftir þessu máli fer í gegnum þingið þá eru engin rök fyrir öðru en því að þetta mál fái afgreiðslu í þinginu.

[23:59]

Einar K. Guðfinnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér hafa menn velt því fyrir sér hvort það mundi gera umræðunni gagn eða yrði til að upplýsa hana frekar að halda þessari umræðu áfram. Mitt svar er: Já, ég er sannfærður um það, þegar ég horfi yfir þann glæsilega hóp sem á eftir að tala hér á eftir, að þegar maður verð-

ur búinn að hlýða á þær umræður, sem verða kannski eitthvað fram eftir kvöldi og kannski eitthvað fram yfir miðnættið úr þessu, þá við verðum miklu betur upplýst um þetta mikla mál. Þess vegna væri að mínu mati, virðulegi forseti, langheppilegast að við mundum komast að þeirri spaklegu niðurstöðu að hætta að ræða um formið og taka til við að fjalla um efnisatriði málsins að nýju, þannig að við sem hlýðum á en hyggjumst ekki taka þátt í umræðunni getum orðið ögn betur upplýst um það sem hér er um að ræða.

Ég held að það væri ekkert ofverkið okkar að halda því áfram núna fram eftir nóttunni vegna þess að þetta er mál af því taginu sem við höfum verið að ræða hér núna lengi dags. Því væri æskilegt að hafa samfellu í umræðunni þannig að við sæjum svona yfir allt sviðið, fyrir nú utan það að þetta er líka ákveðin aðferð við það að greiða fyrir umræðunni um hitt stóra málið, (Gripið fram í.) skattskyldu orkufyrirtækja. Okkur sem höfum hlustað á umræðuna í dag er ljóst að búið er að fara nokkuð um sviðið í þessum efnum. Það er búið að auðvelda þetta. Þetta er eins konar undanfari eins og talað er um stundum varðandi skíðin. Nú er því miklu auðveldara að fást við umræðuna um hitt málið. Við erum einfaldlega búin að taka úr okkur töluverðan hroll í málinu.

Ég hvet því til þess, virðulegi forseti, að við höldum einfaldlega áfram fram eftir. Eins og við þekkjum sem setið höfum fáein ár á þingi þá er það nú yfirleitt þannig þegar fer að líða nær þinglokum að þá eru haldnir kvöldfundir. Ég held að þetta sé sá fyrsti sem við höfum haldið í þessari lotu og ekkert er við því að gera að við höldum aðeins lengur áfram og tökum til við þetta mál.

Málið hefur verið afgreitt út úr nefndinni í góðu samkomulagi. Hér er um að ræða einróma samþykkt iðnaðarnefndar á málinu. Að vísu eru fyrirvarar þriggja hv. þingmanna. En engir þingmenn lýsa sig andvíga þessu frumvarpi þannig að það á að vera hægt að ljúka þessari umræðu í prýðilegri sátt. Þeir þingmenn sem ég veit að vilja auka við umræðuna með því að halda fáeinar ræður til viðbótar mundu auðvitað gera okkur hinum mikinn greiða með því að þær ræður yrðu nú haldnar og við upplýst um þetta mál.

Það er alveg rétt sem að ... (Gripið fram í.) Ég játa í svari mínu við spurningunni sem borin var fram hér nokkrum sinnum í umræðunni, þ.e.: Mun það upplýsa betur umræðuna að hún haldi núna áfram? Já, það mundi gera það og þess vegna eigum við auðvitað að halda þessari umræðu nú tafarlaust áfram.

[00:02]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Við höfum rætt hér frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum á orkusviði. Þetta er grundvallarbreyting á þeirri lagaumgjörð sem orkuveiturnar hafa unnið eftir. Mjög skiptar skoðanir eru um ágæti þessara breytinga og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum reyndar þeim mjög andvígir. Þó höfum við varpað fram ákveðnum spurningum. Ég hef borið upp hér beinar spurningar sem lúta að efnisatriðum þessa frumvarps um áhrif á einstakar hitaveitur og rafveitur sem lögin taka til, bæði í nútíð og til lengri tíma. Ég hef ekki fengið svör við þeim enda er kannski bara á valdi ráðherrans að geta svarað þessum spurningum.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur forsjá á þessu máli og þó það hafi komið til þingnefndar — ég er ekki að gera lítið úr hv. nefndarmönnum iðnaðarnefndar — þá eru þarna engu að síður atriði sem hafa grundvallarþýðingu. Því er á engan hátt hægt að ljúka þessari umræðu án þess að ráðherra komi og svari þeim spurningum sem ég hef borið fram.

Hitt frumvarpið sem lýtur að breytingu á skattskyldu orkufyrirtækja er á forræði fjármálaráðherra. Það er eðlilegt að hæstv. fjármálaráðherra verði viðstaddur þá umræðu líka. En núna erum við að ræða lög sem eru á forræði iðnaðarráðherra og þess vegna fer ég fram á það, herra forseti, að þessari umræðu verði frestað ellegar að iðnaðarráðherra mæti hér til að svara. Hins vegar tel ég rétt að málinu verði frestað til morguns þannig að þá verði hægt að fá svör frá iðnaðarráðherra við þeim spurningum sem hérna hafa verið bornar fram. Það er alveg lágmark. Þetta er mjög alvarlegt mál, þ.e. að breyta lögum um margar hitaveitur og rafveitur og er afdrifaríkt fyrir framtíðina. (Forseti hringir.) Þess vegna er í hæsta máta eðlilegt að iðnaðarráðherra verði hér (Forseti hringir.) til svara áður en umræðunni lýkur.

[00:06]

Helgi Hjörvar *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að lýsa nokkurri undrun minni á þeim starfsháttum sem forseti stendur hér fyrir í þinginu í kvöld. Það er núna, trúi ég, þrettán og hálf klukkustund síðan settur var fundur í efnahags- og viðskiptanefnd í morgun. Ég verð að segja að lengri starfsdagur er vart boðlegur nokkrum þingmanni en þrettán og hálf stund við umfjöllun um alvarleg og mikilvæg mál þar sem gerhygli, svo notuð séu orð hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, er nauðsyn hverjum þingmanni og varla boðlegt að halda þessum fundi miklu lengur áfram, einkum þegar til þess er horft að boðað er til funda í þremur þingnefndum í fyrramálið klukkan hálfníu eða að átta stundum liðnum. Ég held að það sé algerlega nauðsynlegt fyrir okkur sem störfum í þessum sal að háttvirtur forseti, virðulegur forseti, geri okkur grein fyrir því hversu langan starfsdag við eigum hér fyrir höndum, hvort það er ein klukkustund eða tvær eða þrjár eða fjórar eða fimm, eða hvenær umræðu ljúki hér.

Hér hefur sömuleiðis eðlilega verið kallað eftir því að ýmsir hv. þingmenn séu viðstaddir umræðuna, m.a. hæstv. iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir sem hér er því miður fjarri góðu gamni. Ég verð þó nokkuð að auka á þann lista, virðulegur forseti, því ég er að koma af fundi í borgarstjórn Reykjavíkur. Í borgarstjórn Reykjavíkur kom það í ljós við umræðu um þetta sama mál og hér er á dagskránni að aðeins tveir borgarfulltrúar í Reykjavík, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson og hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason, styðja þetta frumvarp. En gervallur borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er algerlega andvígur þeim svívirðilegu skattaálögum sem hér er verið að leiða inn á Reykvíkinga enda hafa sjálfstæðismenn í Reykjavík gjarnan staðið dyggan vörð um að Hitaveitan í Reykjavík verði ekki skattlögð og notendur hennar í landssjóð sérstaklega umfram aðra starfsemi.

Ég hlýt að kalla eftir því að hæstv. dómsmálaráðherra

Björn Bjarnason sé hér viðstaddur umræðuna og geri grein fyrir sínum sjónarmiðum og þá ekki síður hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sem jafnframt er stjórnarmaður í Orkuveitu Reykjavíkur og hefur sem slíkur undirgengist þá skyldu að gæta hagsmuna Orkuveitu Reykjavíkur í hvívetna, en hefur hér við atkvæðagreiðslu greitt sérstaklega atkvæði með því að skattleggja skuli fyrirtækið um verulegar fjárhæðir sem óhjákvæmilega munu bitna á borgurum í Reykjavík.

Ég kalla eftir því, virðulegur forseti, ef ætlunin er svo fráleit að halda hér áfram umræðunni fram á nótt, (Forseti hringir.) að þessir tveir hv. þingmenn verði kallaðir hér (Forseti hringir.) til umræðunnar og þeim gert viðvart um að þeirra sé hér óskað.

[00:09]

Sigurjón Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég er nokkuð hissa á því að þú verðir ekki við ósk okkar um að fresta fundi.

(**Forseti** (BÁ): Forseti.)

Já, ég er steinhissa á því að forseti verði ekki við ósk okkar og svari því ekki hversu lengi eigi að halda fundi hér áfram. Mér finnst það bara virðingarleysi við okkur hv. þingmenn að því er ekki svarað hvað þingfundur á að standa hér lengi yfir.

Í öðru lagi er ég steinhissa á því að formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins skuli koma hér upp og taka ekki undir ósk okkar. Hvers vegna er það nú? Jú, það hefur komið fram í umræðunni. Hv. þm. Einar Már Sigurðarson upplýsti hér að hv. þingmaður, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, hafi skrifað merka grein eða verið í viðtali hjá BB þar sem hann segist nú ætla aldeilis að taka á málum og krefja hæstv. iðnaðarráðherra svara. Síðan þegar hann kemur hingað þá virðist hann frekar ganga erinda þess að málið verði afgreitt þannig að hæstv. iðnaðarráðherra svari ekki neinu. Og það er með ólíkindum að hæstv. iðnaðarráðherra sjái ekki sóma sinn í því þegar hér er verið að ræða hennar hjartans mál, að koma á breyttu skipulagi í raforkumálum, að koma hér og útskýra hag þjóðarinnar af því að hér eigi að hækka rafmagnið, hækka álögur á landsmenn. Hvað hefur hæstv. ráðherra að fela? Hvers vegna er hún ekki hér og útskýrir það fyrir þjóðinni? Ég get sagt það að fólk bíður eftir því að fá svör. Það óskar eftir að því verði svarað hvers vegna verið sé að hækka álögur á rafmagnið. Það botnar ekkert í þessu.

Þessari umræðu er framhaldið vegna þess að hv. þingmenn í stjórnarandstöðunni fá engin svör, herra forseti. Þess vegna er skynsamlegt að fresta umræðunni þannig að það fáist svör, að menn séu ekki hér að tala út í tómið.

Mér finnst það eðlileg krafa og virðing við fólkið í landinu sem fær reikninginn frá Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum, að það fái einhver svör frá hæstv. ráðherra í stað þess að fá þögnina eina. Ég tel að ráðherrar sem haga sér svona séu í rauninni ekki að þjóna hag fólksins. Ég óska eftir því að þeir komi hér hreint fram og svari því hverra erinda þeir ganga með því háttalagi sínu að svara ekki fyrirspurnum um hækkaða rafmagnsreikninga sem Framsóknarflokkurinn er að senda inn um lúgur landsmanna. Það væri óskandi að hv. formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins greindi okkur nú frá því (Forseti hringir.) hvað það er sem breytir skyndilega afstöðu hans þannig að hann vilji nú (Forseti hringir.) bara hlaupa í gegnum umræðuna án þess að fá nokkur svör. (Forseti hringir.)

[00:13]

Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hóf þessa umræðu fyrir nokkru síðan þegar ég reyndi að kalla fram viðhorf hæstv. forseta til þess hvort og hvernig hann hygðist halda þessum fundi áfram. Mér þætti óskaplega vænt um ef hæstv. forseti gæti upplýst okkur um hvaða hugmyndir hann hefur um áframhald þessa fundar?

(**Forseti** (BÁ): Forseti vill geta þess að hann hefur í hyggju að fylgjast aðeins með framvindu umræðunnar til þess að meta það hversu lengi verður haldið áfram hér í nótt og kannski er fullsnemmt að segja um það akkúrat á þessari stundu.)

Virðulegi forseti. Ég get vel skilið að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson vilji leiða þessa umræðu inn í nóttina. Hann ræddi um að menn skyldu halda áfram efnisumræðu en tala ekki um formið. Hins vegar skiptir umgjörðin máli vegna þess að þau rök sem við höfum fengið fyrir því að þessi mál eru keyrð áfram eru þess eðlis að við höfum vakið upp spurningar, en engin hafa verið svörin, og kannski ekki síst vegna þess að umgjörð umræðunnar er þannig að þeir sem helst búa yfir svörunum eru ekki viðstaddir umræðuna.

Við hljótum að velta því fyrir okkur að ein grunnsjónarmiðin sem búa að baki þeim hugmyndum sem við hér ræðum eru samkeppni á þessu sviði. En stór hluti þess rekstrar sem nú á að skattleggja byggir á einkaleyfum þannig að enginn er samkeppnin. Hér er einnig um það að ræða að öll helstu samtök launafólks, neytendasamtök, fulltrúar orkufyrirtækjanna og fleiri, mæla gegn þessum álögum. Hér erum við að tala um að hita- og orkureikningar landsmanna og vatnsreikningar hækki — að mati orkufyrirtækjanna, nota bene, því að ríkisstjórnin hefur ekki látið fara fram neitt mat á því hvaða afleiðingar þetta hafi í för með sér — fyrirtækin meta þetta þannig að þetta sé 10–15% hækkun á öll heimili í landinu.

Mér finnst ekkert óeðlilegt að við köllum eftir viðhorfum, sjónarmiðum og rökum fyrir því að fara þessa leið. Þau rök sem er að finna í greinargerðinni og komið hafa fram í umræðunni halda einfaldlega ekki. Við hljótum að halda áfram að kalla eftir upplýsingum sem gera það að verkum að við getum rætt málið á þeim nótum að við áttum okkur á því hvað býr að baki.

Mér finnast, virðulegi forseti, öll rök sem við höfum sett fram hníga að því, það eru málefnaleg sjónarmið, að það sé tilgangslaust að halda umræðunni áfram fyrr en við fáum hv. þingmenn í salinn til að veita okkur svör við þessu. Annars erum við bara, (Forseti hringir.) virðulegi forseti, að tala út í nóttina án þess að upplýsa neitt í umræðunni. Til þess fer umræðan fram að við getum orðið upplýst um mál og til að hv. þingmenn geti tekið afstöðu á grundvelli samvisku sinnar.

[00:16]

Ögmundur Jónasson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um eins konar bandorm um breytingar á raforkulögum, sem er fylgifrumvarp við stjórnarfrumvarp sem gerir ráð fyrir skattlagningu á raforkufyrirtækin í landinu, mjög umdeilt frumvarp sem hefur mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Sá ágæti maður, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, kvaddi sér hljóðs fyrir stundu til að gera lítið úr þeirri umræðu sem farið hefur fram í dag af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hann telur sig í stöðu til þess, fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans, að senda háðsglósur til stjórnarandstöðunnar. Hann segir að hér sé mikið mannval og að farið hafi fram geysilega fróðleg umræða í dag og um að gera að halda áfram inn í nóttina. (**EKG:** Er það háð?) Þetta er háð, já, vegna þess að við í stjórnarandstöðunni höfum óskað eftir því að þeir sem eru ábyrgir fyrir þessu makalausa lagafrumvarpi sem liggur fyrir þinginu komi og svari fyrir sig, svari þeirri gagnrýni sem fram hefur komið.

Ef það þykir ómerkileg umræða af okkar hálfu, sem ég tel ekki vera, þá á hið sama við um þær umsagnir sem Alþingi hafa borist, frá launafólki, heildarsamtökum launafólks, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, frá einstökum sveitarfélögum og frá orkufyrirtækjunum í landinu. Getur verið að ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum finnist þessir aðilar hreinlega ekki svaraverðir og boðlegt að bjóða upp á umræðu að næturlagi á meðan þjóðin sefur, (**LB:** Það er betra fyrir þá.) að þannig eigi að afgreiða þetta mál?

Ég skil ósköp vel að þeir sem hafa slæma samvisku og telja sig flytja illt mál vilji helst afgreiða þau í kyrrþey. Ef það er svo að stjórn þingsins ætli að fara að vilja stjórnarmeirihlutans í þessu efni og efna til ófriðar í þinginu þá skulu menn hafa ófriðinn vegna þess að okkur er alvara með að óska eftir að hlé verði gert á þessum fundi. Núna.

[00:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Helga Hjörvar, að það mætti gera athugasemdir við og velta fyrir sér vinnulaginu á hinu háa Alþingi. Það vill svo til að við vorum að greiða atkvæði um vinnutímatilskipun Evrópusambandsins, breytingar á henni eða viðauka, á fundi fyrr í dag. Þar er talað um 11 klukkustunda lágmarkshvíldartíma á sólarhring, sem Alþingi hefur samþykkt að landsmenn almennt, að vísu með einni eða tveimur skammarlegum undanþágum þar sem eru unglæknar, skuli njóta.

Það er orðið nokkuð sýnt að ef svo heldur fram sem horfir næst það ekki á þessum sólarhring, að þeir þingmenn sem mættu til funda upp úr átta í morgun og eiga að gera það aftur á svipuðum tíma á þeim degi sem nú er byrjaður fá ekki þann lágmarkshvíldartíma.

Vegna ummæla hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, sem stendur í vörninni fyrir stjórnarliðið, þá get ég sagt fyrir mig, af því að ég er ýmsu vanur í umræðum og fundahöldum á þingi, að mér væri ekki að vanbúnaði að ræða þetta mál áfram inn í nóttina að því tilskildu að umgjörð umræðunnar væri sómasamleg. Hún er það ekki. Nú er liðið hátt á aðra klukkustund frá því að óskað var eftir því að hæstv. iðnaðarráðherra, ábyrgðaraðili þessa máls, kæmi til umræðunnar. Það bólar ekkert á hæstv. iðnaðarráðherra. Það koma einu sinni skilaboð um hvers sé að vænta í þeim efnum.

Hæstv. iðnaðarráðherra er í borginni, hún var hér handan götunnar í kvöld að bjóða upp á veitingar í Iðnó. (Gripið fram í.) Það er ekki þannig að það sé sjálfgefið að hæstvirtir ráðherrar taki sér sjálfdæmi um hvenær þeir sinni þingskyldum sínum eða verði við óskum um að mæta til umræðu í málum sem þeir bera ábyrgð á. Svo lengi sem ég verð á þingi mun a.m.k. ég reyna að halda uppi þeirri hefð að ráðherrar standi hér fyrir máli sínu.

Formaður iðnaðarnefndar er farinn heim lasinn. Varaformaður iðnaðarnefndar er í útlöndum. Hér er notast hér við íhlaupaafleysingarframsögumann og því haldið fram að þannig sé sóma meiri hlutans borgið í iðnaðarnefnd. Forseti Alþingis er í útlöndum. Varaforseti Alþingis er ekki hér, (**Gripið fram í:** Hann er í útlöndum.) er í útlöndum. Með fullri virðingu fyrir forsetunum þá er þetta frammistaðan hjá stjórnarliðinu og meiri hlutanum. Þetta eigum við stjórnarandstæðingar að láta bjóða okkur. Það er auðvitað ekki einasta ástæða til þess. Þetta er engin frammistaða og það er enginn svipur á þessu. Galtómir ráðherrabekkir hér í allan dag (Gripið fram í.) og ekki nokkur einasti ráðherra hefur látið svo lítið sem sjá sig frá því að líða tók á daginn, nema bara þegar farið var í atkvæðagreiðslur sem þurfti að tímasetja mörgum klukkutímum fyrir fram þannig að hæstvirtir ráðherrarnir mættu láta svo lítið að líta við í þinghúsinu.

Nei, herra forseti, það fer að harðna í þessu ef forseti hættir ekki þrjóskunni og hættir þessum fundi, gerir hlé á umræðunni. Ég ráðlegg forseta eindregið að fara að taka svolítið mark á óskum okkar.

[00:22]

Helgi Hjörvar *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Virðulegur forseti svaraði ekki fyrri ræðu minni og ég vil þess vegna nota tækifærið og spyrja virðulegan forseta hvort hæstv. dómsmálaráðherra og hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni hafi verið gerð grein fyrir því að nærveru þeirra væri óskað við umræðuna.

(**Forseti** (BÁ): Forseti hefur ekki gert hv. þm. Guðlaugi Þór Þórðarsyni eða hæstv. dómsmálaráðherra grein fyrir því að nærveru þeirra væri óskað.)

Þá er sú ósk þess þingmanns sem hér stendur áréttuð og eftir því óskað að sá afleysingarforseti sem situr á forsetastóli í útlandafjarveru, hv. 6. varaforseti Alþingis ...

(**Forseti** (BÁ): Ég vil minna hv. þingmann á að sá forseti sem situr í forsetastóli hverju sinni gegnir því embætti, kjörinn af þinginu, og frábið mér að hv. þingmaður tali með þeim hætti sem hann gerði.)

Hæstvirtur forseti og virðulegur forseti er beðinn velvirðingar á þeim orðum sem hér féllu en þau féllu í því andrúmslofti að virðulegur forseti virti ekki þann þingmann sem hér stendur svara um það, í fyrri ræðu sinni um fundarstjórn forseta, um hvenær vinnudegi hans lyki. Virðulegur forseti verður að virða þeim þingmanni sem hér stendur það til vorkunnar í því efni að hann er hér á fjórtánda tíma þessa starfsdags — hér hófust nefndarfundir klukkan hálfníu í morgun — og þykir ekki viðunandi að virðulegur forseti

ætli að meta það svona fram eftir nóttunni hversu lengi virðulegur forseti telur eðlilegt að starfsdagur hans standi.

Hér eru nefndarfundir fram undan að átta stundum liðnum. Fyrir hverja stund sem líður á það skerðist svefntími þess þingmanns sem hér stendur og ég verð að segja, virðulegur forseti, að ég skil ekki hvers konar vitleysa þetta eiginlega er. Hér standa alþingismenn, til þess kjörnir af þjóðinni að fjalla um mikilsverð og áríðandi mál. Það mál sem hér er undir varðar fjárhag hvers einasta heimilis í landinu, varðar skattálögur á hvert einasta heimili í landinu. Málefnaleg umfjöllun um það efni getur ekki farið fram að næturlagi eftir að þingmenn hafa unnvörpum unnið 13 og 14 stunda vinnudag og horfa fram á að hér hefjist nefndarfundir að örfáum klukkustundum liðnum.

Ég ítreka afsökunarbeiðni mína til forseta, á að hafa ávarpað hann óvirðulega, en ég verð að játa að á fjórtánda tíma starfsdags míns er nokkuð farið að hlaupa í skap mitt (Forseti hringir.) ef forseti vill ekki gera mér grein fyrir því hvenær starfsdegi mínum ljúki. (Forseti hringir.) Ég óska þess að virðulegur forseti segi mér það.

[00:26]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Hv. alþingismanni til upplýsingar mun forseti meta það, eins og forsetar þurfa jafnan að gera. Hv. þingmaður ætti að þekkja af störfum sínum í öðrum forsetastóli að ekki er með vissu hægt að segja fyrir um endi umræðu af þessu tagi. Forseti fylgist með og metur hvernig umræðunni vindur fram og tekur ákvarðanir í ljósi þess.

[00:26]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Nú er komið nokkuð yfir miðnætti og sumir af þingmönnum þurftu að mæta til vinnu klukkan átta í gærmorgun. Ég þurfti t.d. að fara á fætur upp úr sex til að geta mætt á fund með þingmönnum Vesturlands í Vegagerðinni. Ég ætla svo sem ekki að kvarta neitt undan því. Mér finnst hins vegar undarlega til orða tekið hjá hæstv. forseta að hann ætli að meta það svona eftir því hvernig fram vindur í þessari umræðu hve lengi verði haldið áfram.

Það er nú greinilegt nokkuð hvernig fram vindur. Málinu vindur nákvæmlega ekkert fram og hefur ekki gert það býsna lengi. Hæstv. forseti hlýtur að hafa verið að meta framvinduna eftir því a.m.k. fram að þessari stundu frá því að umræður um fundarstjórn forseta hófust. Ekki hefur stjórnarandstaðan, sem hefur nánast ein haldið uppi umræðum, verið líkleg til að liðka fyrir framvindu málsins eftir þá umræðu sem hér hefur verið í gangi. Það ætti ekki að vefjast fyrir neinum að skilja að þannig mun það verða.

Það er hlaupin hér stífni í menn út af því hvernig að málum er staðið. Stjórnarliðar hafa ekki viljað mæta til umræðunnar til að fara yfir það og útskýra fyrir mönnum hvers vegna þeir vilja ganga þessa göngu til enda. Í umræðunni hefur verið kallað eftir því ítrekað: Hvers vegna þarf að fara í þessa skattlagningu, áður en menn sjá hvaða áhrif verða af breytingum sem ákvarðanir hafa verið teknar um á raforkusviði? Það er ekki einu sinni hægt að fá svör við því, útskýringar á því af hverju liggi svo á. Helstu útskýringarnar sem fram hafa komið eru þær að það verði engin áhrif af þessu fyrr en eftir einhver ár.

Ef svo er, hvers vegna liggur þá svo mikið á? Hvers vegna má ekki meta stöðuna betur þegar menn sjá hverju fram vindur og hvaða álögur leggjast á fólk vegna breytinganna sem búið er að ákveða? Nei, það á að halda áfram og setja þetta mál í gegn sem þýðir auknar álögur, hærra raforkuverð. Það virðist nokkuð augljóst og varla hægt að mæla á móti því enda segja það allir sem hlut eiga að máli, að þannig muni það fara. En stjórnarliðar virðast ekki (Forseti hringir.) menn til þess að mæta til umræðunnar og útskýra málið þannig fyrir okkur að við skiljum það.

[00:30]

Jón Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka þá kröfu mína að annaðhvort verði fundinum frestað ellegar hæstv. iðnaðarráðherra mæti hér. Ég bendi á að þessi fundur er fyrst og fremst fundur þeirra sem eru að ræða málið, ekki fundur hinna sem eru staddir einhvers staðar annars staðar. Það hlýtur því fyrst og fremst að þurfa að virða óskir og ábendingar þeirra þingmanna sem eru hér og láta sig málið varða. Ég held að það sé eðlileg krafa að sjónarmið þeirra ráði og forseti taki fyrst og fremst tillit til þeirra.

Ég hef lagt fram beiðni um að ráðherra komi og svari fyrir þetta mál. Rakið hefur verið hversu grafalvarlegt málið er. Það eru grundvallarathugasemdir frá öllum samtökum launafólks í landinu, frá Bændasamtökunum, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og frá fjöldanum öllum af sveitarstjórnum. Við þingmenn eigum að bera ábyrgð á málinu, hvort sem við styðjum það eða ekki. Þingið ber ábyrgð á málinu í heild. Því er það mjög sanngjörn krafa að hæstv. ráðherra sem ber ábyrgð á málinu komi og svari grundvallarspurningum um málið áður en umræðu lýkur.

Ég hef áður bent á ágætisviðtal við hv. þingmann og formann þingflokks Sjálfstæðisflokksins um vandann sem upp kom varðandi nýskipan raforkumála í janúar og febrúar og er ekki enn leystur. Ég hefði viljað spyrja hæstv. iðnaðarráðherra að því hvenær hún ætli að leysa úr þeim grundvallarvanda sem þar var uppi áður en við tökum á öðru máli sem ráðherrann þarf líka að skýra út, hvernig það kemur niður á neytendum. Eigum við að fá sama svarið þar að afleiðingin hafi komið á óvart eftir á? Ég vil fá svar fyrir fram, alla vega að ráðherrann geti svarað því hverju hún ætlar að svara til fyrir fram og eftir á.

Ég krefst þess, herra forseti, að fundinum verði frestað og orðið verði við óskum þeirra þingmanna sem hér eru virkir og láta sig málið varða.

[00:33]

Einar K. Guðfinnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið sagt að gerð hafi verið tilraun til þess af hálfu stjórnarliða að lauma málinu í gegn. Hvernig má það vera? Málið var sett á dagskrá klukkan hálffimm í dag, ég gætti sérstaklega að því áðan. Þá var hábjartur dagur, sól skein í heiði og hvernig áttu menn þá að lauma málinu í gegn? Fjölmiðlar fylgdust með og auðvitað var málið rætt fyrir opnum tjöldum eins og öll önnur mál í þinginu. Við höfum verið að ræða þessi mál í átta tíma síðan þá og þátttakendur í þeirri umræðu hafa m.a. verið for-

maður iðnaðarnefndar og framsögumaður málsins. Það er því ekki eins og málið hafi verið skilið eftir umkomulaust í þinginu. Það hefur þvert á móti fengið mikla umræðu. Mér varð á að segja að fluttar hefðu verið efnislegar ræður og hér hefði talað mannval mikið og fékk ákúrur fyrir frá hv. formanni þingflokks Vinstri grænna. Ef þetta er eitthvað sem ég get ekki staðið við, að hér hafi verið fluttar efnislegar ræður og verið mikið mannval verð ég auðvitað að standa frammi fyrir því hugsanlega að biðjast afsökunar á því að hafa notað þetta orðfæri um talsmenn stjórnarandstöðunnar. Ef svo er er mér ekki ljúft að biðjast afsökunar á því að hafa kallað hv. þingmenn mannval og ræður þeirra mjög efnislegar. En ef það er bein krafa um að ég biðjist afsökunar og það verði til þess að greiða fyrir þingstörfunum geri ég það auðvitað til þess að hægt sé að halda málinu áfram.

Það hefur líka verið fundið að því sem hæstv. forseti sagði, að hann vildi hlusta á ræður manna til að meta framvinduna. Er þetta ekki dæmi um að hæstv. forseti er að reyna að taka mið af því sem fram kemur í máli hv. þingmanna? Hæstv. forseti er einmitt að reyna að meta stöðuna út frá því sem hv. þingmenn leggja til málsins, hann er auðvitað að leggja sig fram um að ná niðurstöðu í málinu.

Ef hv. þingmenn vilja leggja eitthvað veigamikið mál í umræðuna sem yrði til þess að greiða fyrir umræðunni gerir hæstv. forseti auðvitað rétt í því að reyna að meta stöðuna. Ég treysti hæstv. forseta til þess að komast að skynsamlegri niðurstöðu um það hvernig og hversu lengi við getum haldið umræðunni áfram. Það væri auðvitað langæskilegast og eðlilegast eins og ég færði rök fyrir áðan í ræðu sem ég flutti að við reyndum að taka þessi mál í samfellu og ljúka umræðunni. Ég biðst afsökunar á því að ég kallaði það efnislegar umræður áðan, en ef menn telja að það sé miklu skynsamlegra að ræða þessi mál í tilhlaupum og stökkum er það sjónarmið út af fyrir sig.

Ég tel hins vegar að umræðan hafi orðið til þess að greiða mjög fyrir umræðunni sem á eftir að fara fram um skattskyldu orkufyrirtækja. Það er auðvitað mjög athyglisvert að talsmenn þeirra flokka sem hingað til hafa viljað leggja álögur á atvinnulífið telja að álögur á atvinnulífið að þessu leyti til muni að (Forseti hringir.) lokum koma niður á neytendum. Það verður fróðleg umræða næst þegar við fjöllum um skattamál (Forseti hringir.) atvinnulífsins í landinu.

[00:37]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess að hann gerir ekki ráð fyrir að lengra verði haldið á mælendaskránni en sem ræðu hv. 10. þm. Norðvest. nemur.

[00:37]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Hér hafa verið fluttar margar áhugaverðar ræður, þó svo við í stjórnarandstöðunni söknum þess að fá við þeim svör. Ég mun rekja það í ræðu minni hverju þarf að svara í umræðunni. Það er fjölmargt. Það er fyrst og fremst mjög villandi upplýsingagjöf í tengslum við breytingar á raforkuskipulaginu. Ef við ætlum að halda áfram með þetta skipulag verða stjórnvöld að gera betur grein fyrir hinni villandi upplýsingagjöf. Ég vonast til þess að eiga bandamann í hv. þingmanni og formanni þingflokks Sjálfstæðisflokksins í umræðunni, vegna þess að það er nauðsynlegt að fara yfir það.

Þrátt fyrir þau fáu svör sem við höfum fengið frá stjórnarliðum hafa verið fluttar áhugaverðar ræður, eins og áður segir. Hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson flutti ágæta ræðu um að óvarlegt væri að fara í aukna skattheimtu nú því menn hafa ekki séð fyrir endann á þeim breytingum og þeim hækkunum sem hafa orðið vegna breytts skipulags á raforkumarkaði. Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór yfir að markaðsfyrirkomulagið hafi ekki gefist alls staðar vel þar sem það hafi verið reynt og rakti það með ágætum hætti og fór síðan vel yfir það að Framsóknarflokkurinn væri kominn lengst til hægri, væri nánast orðinn öfgasinnaður markaðshyggjuflokkur. Hv. þingmenn Steingrímur J. Sigfússon og Jón Bjarnason fluttu einnig ágætar ræður um að mögulega væri verið að markaðssetja fyrirsjáanlegt tap Landsvirkjunar. Þessu þarf að svara.

Einnig hafa aðrir flutt hér ágætar ræður og farið yfir þær umsagnir sem fyrir liggja og stjórnarliðar hafa ekki svarað, svo sem hv. þm. Einar Már Sigurðarson. Stjórnarliðar skulda að svara þeim spurningum sem fram hafa komið í umræðunni.

Það er fleira sem þarf að fara yfir. Það er mjög villandi upplýsingagjöf í tengslum við raforkubreytingarnar sem lögfestar voru á 128. þingi. Í fylgiskjali með því frumvarpi voru sett fram skýr markmið þar sem því var lofað að ekki yrði hækkun á raforku til almennings, heldur mundi raforkuverð lækka um 3% á ári á árabilinu 2001–2010. Það hefur ekki verið staðið við þetta, heldur þveröfugt. Við höfum séð hækkun til almennings. Það er áhyggjuefni. Þegar búið er að lofa lækkun með skýrslu sem kom út 1996 og var fylgiskjal við frumvarp á 128. þingi þegar raforkubreytingarnar voru lögfestar, þegar þær ganga ekki eftir og við sjáum hækkun er kominn tími til þess að stjórnvöld svari því hvað fór úrskeiðis.

Ég er með upplýsingar frá Orkustofnun, enn og aftur, frá árinu 2004. Þá er ekki verið að lofa lækkun, heldur eilítilli hækkun. Í ágætri frétt á heimasíðu Orkustofnunar er farið yfir þessi mál. Hæstv. ráðherrar eiga auðvitað að svara því hvað fór úrskeiðis. Fólk á landsbyggðinni og víða um land skilur ekki hvers vegna verið er að hækka rafmagnið þegar breytingarnar eru kynntar fyrst með lækkun, síðan eilítilli hækkun, en þegar það fær reikninginn er tugprósenta hækkun. Þessu þarf hæstv. iðnaðarráðherra að svara.

Ég er með ágæta samantekt frá upplýsingaþjónustu Alþingis þar sem hækkunin er rakin. Á Rarik-svæðinu er liðlega 30% hækkun og 17% hækkun. Stjórnvöld skulda einhver svör af hverju það er hækkun og af hverju það eigi líka að hækka niðurgreiðslur á rafmagni í ofanálag. Það á ekki einungis að færa kostnaðinn á þá sem greiða orkureikningana, heldur einnig á alla skattborgara til að hækkunin fari ekki upp úr öllu valdi og valdi mjög mikilli óánægju, meiri en almenningur þolir. Það er búið að reyna á þanþol almennings.

Því miður svarar hæstv. ráðherra í raun eingöngu með útúrsnúningum og einhverju sem ekkert mark er á takandi.

Lofað var að skýra iðnaðarnefnd frá því hverjar hækkanirnar eru í raun og veru og útskýra fyrir fólki raforkureikninga sem eru algerlega óskiljanlegir. Ég tel að það sé öllum fyrir bestu, sérstaklega hæstv. ráðherra, að koma hreint fram og greina frá því hver áhrifin eru í raunveruleikanum í stað þess að fara inn í sumarið án þess að svara öllum þessum spurningum. Það er hreinn og klár dónaskapur við kjósendur og lýðræðið að vera sífellt að lofa jafnvel lækkun, svo er óveruleg hækkun, nánast ekki nein og jafnvel lækkun á sumum svæðum og þegar til á að taka standa neytendur uppi með hækkun.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa ræðuna mikið lengri en vonast til þess að hæstv. ráðherra mæti til leiks þegar við ræðum fleiri frumvörp sem varða hina breyttu skipan raforkumarkaðarins. Ég ítreka að hæstv. ráðherra skuldar ekki endilega okkur í stjórnarandstöðunni að ræða þessa hluti, hún skuldar fólkinu í landinu að svara fyrir stjórnvaldsaðgerðir sem hafa skilað fólkinu í landinu hækkun þegar búið var að lofa lækkun.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13.–14. og 16.–23. mál.

Fundi slitið kl. 00:45.

---

122. FUNDUR

miðvikudaginn 4. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Alþjóðaumhverfissjóðurinn, fsp. ÞSveinb, 683. mál, þskj. 1041.
2. Samþætting kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi, fsp. ÞSveinb, 685. mál, þskj. 1043.
3. Stuðningur við börn á alþjóðavettvangi, fsp. RG, 741. mál, þskj. 1106.

Til samgönguráðherra:

4. Bílastæðamál fatlaðra, fsp. BJJ, 674. mál, þskj. 1027.
5. Jarðgangagerð, fsp. BJJ, 751. mál, þskj. 1116.
6. Kostnaður af viðhaldi þjóðvega, fsp. AKG, 764. mál, þskj. 1136.
7. Jarðgöng í Dýrafirði, fsp. KHG, 775. mál, þskj. 1149.
8. Jarðgöng til Bolungarvíkur, fsp. KHG, 776. mál, þskj. 1150.
9. Siglufjarðarvegur, fsp. KHG, 777. mál, þskj. 1151.

Til umhverfisráðherra:

10. Hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum, fsp. GHall, 752. mál, þskj. 1117.
11. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála, fsp. GunnB, 755. mál, þskj. 1121.
12. Erfðabreytt bygg, fsp. ÞBack, 761. mál, þskj. 1127.

Til landbúnaðarráðherra:

13. Stuðningur við búvöruframleiðslu, fsp. SigurjÞ, 733. mál, þskj. 1095.
14. Förgun sláturúrgangs, fsp. AKG, 774. mál, þskj. 1146.

Til félagsmálaráðherra:

15. Skuldbindingar vegna einkaframkvæmda í ársreikningum sveitarfélaga, fsp. GunnB, 730. mál, þskj. 1088.
16. Fjárhagsstaða meðlagsgreiðenda, fsp. HHj o.fl., 759. mál, þskj. 1125.
17. Lögheimili í sumarbústaðabyggðum, fsp. ÞBack, 781. mál, þskj. 1159.

Til iðnaðarráðherra:

18. Aðgerðir til að jafna flutningskostnað, fsp. SJS, 788. mál, þskj. 1166.

Til menntamálaráðherra:

19. Einkareknir grunnskólar, fsp. BjörgvS, 542. mál, þskj. 821.

Afturköllun þingmáls.

[10:30]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Borist hefur bréf frá hv. 7. þm. Suðvest., Þórunni Sveinbjarnardóttur, þar sem hún kallar aftur fyrirspurn á þskj. 1042.

[10:31]

Útbýting:

Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, 667. mál, þskj. 1282.

Happdrætti, 675. mál, þskj. 1283.

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 479. mál, þskj. 1302.

Lyfjalög og heilbrigðisþjónusta, 649. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1297; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1298.

Alþjóðaumhverfissjóðurinn.

Fsp. ÞSveinb, 683. mál. — Þskj. 1041.

[10:32]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Virðulegi forseti. Ég legg fyrir hæstv. utanríkisráðherra fyrirspurn um hvað líði aðild Íslands að Alþjóðaumhverfissjóðnum sem einnig hefur verið nefndur Hnattræni umhverfisbótasjóðurinn en enska heiti hans er Global Environment Facility, GEF.

Í skýrslu utanríkisráðherra til hins háa Alþingis í mars árið 2002, fyrir þrem árum, segir, með leyfi forseta:

„Í ljósi árangurs Íslands við lausn íslenska ákvæðisins og fullgildingar Kyoto-bókunarinnar hyggst utanríkisráðuneytið beita sér fyrir því að Ísland gerist aðili að Alþjóðlega

umhverfissjóðnum (Global Environment Facility eða GEF). Sjóðurinn er notaður til að fjármagna ýmis verkefni sem tengjast loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og Kyotobókuninni.

Aðildarríki GEF eru 172 talsins" — þ.e. voru það þá, eru nú 176 — „þar á meðal öll aðildarríki OECD. Hlutverk sjóðsins er að veita þróunarríkjum styrki eða víkjandi lán til verkefna sem varða hnattræn umhverfismál. Þar á meðal eru verkefni er varða íslenska hagsmuni eins og verndun hafsins, ráðstafanir til að draga úr mengun af völdum þrávirkra lífrænna efna og verkefni í þróunarríkjunum sem snúa m.a. að endurnýjanlegum orkugjöfum, eins og jarðhita. GEF hefur aðsetur hjá Alþjóðabankanum í Washington en bankinn, ásamt Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna, eru framkvæmdaaðilar þeirra verkefna sem fjármögnuð eru af sjóðnum."

Ári síðar, í skýrslu hæstv. utanríkisráðherra til Alþingis vorið 2003, er áfram rætt um að gert sé ráð fyrir að Ísland verði aðili að sjóðnum og væntanlega hefur það þýtt að það mundi gerast bráðlega. Við sem vorum svo lánsöm að sækja ráðstefnuna um sjálfbæra þróun í Jóhannesarborg í ágúst 2002 heyrðum þar mikla umræðu um þennan sjóð og um gildi hans. Þá stóð fyrir dyrum endurfjármögnun hans og mörg vonuðum við að Ísland gæti tekið þátt í þeirri endurfjármögnun, en það varð því miður ekki.

Aðilar að þessum sjóði eru nú 176 ríki, þ.e. næstum öll ríki heims, en við erum því miður ekki enn í þeim hópi. Því vil ég spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvað líði aðild Íslands að Hnattræna umhverfisbótasjóðnum.

[10:35]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er rétt sem kemur fram hjá hv. þingmanni að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna geta gerst þátttakendur í Alþjóðaumhverfissjóðnum, þessum sjóði sem aðstoðar þróunarríkin um fjármögnun verkefna sem varða hnattræn umhverfismál. Það er reyndar ekkert í reglum sjóðsins sem segir til um hver skuli vera hlutur hvers aðildarríkis í fjármögnun sjóðsins. Á hinn bóginn hefur frá upphafi verið tekið mið af reglum Alþjóðaframfarastofnunarinnar og samkvæmt þeim yrði kostnaðarhlutur Íslands í Alþjóðaumhverfissjóðnum 0,04%. Þannig mætti gera ráð fyrir að framlag Íslands til sjóðsins yrði að jafnaði 20–25 millj. kr. árlega. Hér er því um að ræða umtalsverðar fjárhæðir, eins og hv. þingmenn heyra.

Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um það endanlega að Ísland gerist aðili að þessum sjóði vegna þess að menn hafa viljað skoða hvaða aðrar leiðir séu færar fyrir Ísland til að leggja af mörkum til þessa málaflokks og jafnframt nýta þá íslensku sérþekkingu sem fyrir hendi er. Þar á meðal er stuðningur við nýtingu jarðhita í þróunarríkjunum. Fyrsta verkefnið af því tagi er reyndar í burðarliðnum sem er samstarf við Níkaragva um þróunarsamvinnu á sviði jarðhita en þar í landi eru miklir möguleikar á nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.

Við þekkjum náttúrlega þá staðreynd að mjög víða á leiðinni vill týnast af þeim fjármunum sem ganga í gegnum hið alþjóðlega sjóðakerfi. Það hefur verið kostur fyrir okkur vegna þess hve tiltölulega lítið, einfalt og gagnsætt kerfi okkar er að geta látið þá peninga sem við látum af hendi rakna skila sér til beinna verkefna en ekki hverfa í einhverja hít þar sem framlag okkar þykir ekki vera merkilegt, ef miðað er við tiltölulega lága prósentu af hinum alþjóðlegu framlögum. Þó að 25 milljónir séu töluverð upphæð á ári hverju að binda til sendingar inn í sjóð af þessu tagi höfum við viljað kanna hvort við getum ekki sjálf nýtt það verkefni með beinum hætti þannig að þeirra verkefna sjái stað. Við erum hins vegar með á okkar mælikvarða gríðarleg framlög sem ganga í gegnum hið alþjóðlega sjóðakerfi víðast hvar og vonumst til að það nýtist þokkalega. Við vitum einnig að uppihald af slíkum alþjóðlegum stofnunum og sjóðum er gríðarlegt og peningar sem hverfa í hítina og skrifræðið koma engum að gagni.

Meginmálið varðandi þann sjóð sem nefndur er til sögunnar er að menn geta gengið í hann hvenær sem þeir vilja. Inntökuskilyrðin eru engin önnur en þau að menn senda bréf og leggja fram fjárframlag sem er ekki út af fyrir sig skilyrt en hin þekkta hefð gerir það að verkum að ekki væri hægt að vera þarna nema leggja fram upphæðir af því tagi sem ég var að nefna, 20–25 millj. kr. árlega.

[10:39]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir svörin. Mér þykir miður að það sé að verða niðurstaða í utanríkisráðuneytinu að gerast ekki aðili að Alþjóðaumhverfissjóðnum. Það eru 176 ríki aðilar að þessum sjóði. Hann tekur sér fyrir hendur og skipuleggur í samvinnu við bæði alþjóðastofnanir, félagasamtök og einkaaðila verkefni í þróunarsamvinnu á sviði umhverfismála um allan heim. Í upplýsingum á heimasíðu sjóðsins segir að hann hafi fjármagnað meira en 1.500 verkefni í 140 löndum.

Þar er einnig sagt, og sá fyrirvari skal vissulega hafður að þar er sjóðurinn að skrifa um sjálfan sig ef þannig má að orði komast, að árangurinn sé góður, stjórnsýslan sé gegnsæ en árangurinn liggi fyrir í þau 13 ár sem sjóðurinn hefur starfað. Ég efa ekki þær upplýsingar fyrr en ég sé aðrar sem afsanna þær.

Þessi tegund þróunarsamvinnu er fjölhliða. Vissulega er þetta þróunarsamvinna og eins og við vitum öll er verið að auka fjárframlög Íslands til þróunarsamvinnu á þessum árum og hinum næstu. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. utanríkisráðherra að það er erfiðara að merkja sér hana en hún ber mjög mikinn og góðan árangur ef henni er vel stjórnað vegna þess að þarna er verið að nýta á mjög skilvirkan og hagrænan hátt, vildi ég leyfa mér að segja, þá sjóði og þá peninga sem alþjóðasamfélagið hefur. Ég hvet hæstv. utanríkisráðherra til að íhuga það betur að gerast aðili að þessum sjóði og nýta til samvinnuverkefna af þessu tagi þá fjármuni sem við erum hvort eð er að hækka til þróunarsamvinnu.

[10:41]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vek athygli á því að í þessu þróunarstarfi okkar eru töluvert miklar fjárhæðir sem einmitt eru nýttar fyrir meðalgöngu alþjóðlegra stofnana og sjóða sem

við erum aðilar að. Það er rétt að við getum notað þetta framlag til að segja við sjálf okkur eða einhverja aðra — þetta er náttúrlega 77% af þessu framlagi: Við höfum hækkað framlag okkar til þróunarsamvinnuverkefna sem nemur 77% af þessari upphæð. Maður veltir samt fyrir sér, af því að við vitum að þó að allir vilji tala vel um þróunarsamvinnuverkefni er almennt viðurkennt, og menn eiga að viðurkenna það, að gríðarlegur hluti af þeim peningum á undanförnum 20–30 árum hefur farið í súginn. Þó að það sé sagt í hálfkæringi að menn taki peninga frá fátæka fólkinu í ríku löndunum til að gefa ríku mönnunum í fátæku löndunum segir það þó því miður mikla sögu, þó auðvitað ekki alla söguna, fjarri því. Þegar menn hittast á norrænum vettvangi og víðar, forustumenn þessara þjóða, í sínum hópi án þess að það séu teknar fundargerðir eru þar mjög oft almennar umræður um það hversu mikið af þessum miklu peningum fari í súginn. Ef allt væri lagt saman sem búið er að leggja til þessara verkefna í 30, 40, 50 ár eru þetta ofboðslegir peningar. Og hve stór hluti af þeim peningum hefur endað inni á reikningum annarra í svissneskum bönkum vilja menn helst ekki hugsa upphátt. Ég er ekki að segja að sjóður af þessu tagi endilega ýti undir það og ég er ekki að segja að þessi sjóður fari illa með peninga sína en það er í eðli svona stórra alþjóðlegra stofnana og sjóða að mikið skrifstofuhald upphefst, þúsundir manna eru í vinnu við það eins og við vitum með Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, árlegir fundir þar sem menn fljúga 5–6 þúsundir saman á 10 daga ráðstefnu um það hvernig eigi að verja þessum peningum. Allt er þetta þekkt og kostar óhemjufé.

Við getum hins vegar með okkar litla gegnsæja kerfi horft á eftir peningunum og séð hvort þeir koma að gagni, horft á það beinhart. Það er freistandi að gera það með þeim hætti.

Samþætting kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi.

Fsp. ÞSveinb, 685. mál. — Þskj. 1043.

[10:43]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar sem samþykkt var í maí á síðasta ári kennir ýmissa grasa. Þar eru utanríkisráðuneytinu falin tvö sérstök verkefni, auk þeirra sem ráðuneytin eiga öll að sinna og mega teljast almenns eðlis.

Annað þessara verkefna er gerð tillagna til ráðherra um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi Íslands.

Ég fagna því, hæstv. forseti, að utanríkisráðuneytið hafi sett þetta verkefni inn í jafnréttisáætlun sína og tekist á hendur það verkefni að vinna þessar tillögur. Á þskj. 1331 frá síðasta löggjafarþingi kemur fram að gerð tillagnanna hafi átt að fara fram á síðasta ári, árið 2004, og til þess hafi verið stofnuð samráðsnefnd utanríkis- og félagsmálaráðuneytis.

Í stuttri fyrirspurn sem þessari gefst ekki tími til að ræða að neinu gagni um gildi þess og nauðsyn að samþætta kynjasjónarmið, ekki aðeins inn í starf fulltrúa Íslands í alþjóðastofnunum eða á alþjóðlegum vettvangi heldur inn í utanríkisstefnuna alla. Það þýðir í raun, hæstv. forseti, að mínu áliti að endurskoða þarf íslenska utanríkisstefnu í heild með tilliti til stöðu og hagsmuna kynjanna. Hvergi er þetta líklega augljósara en í samstarfi norðurs og suðurs, svo sem í þróunarsamvinnu, í samstarfi á vettvangi umhverfismála og svo í baráttunni gegn mansali og kynlífsþrælkun sem vissulega fer fram víða, ekki bara í stjórnkerfinu heldur einnig meðal almennings og meðal frjálsra félagasamtaka.

Það er líka mikilvægt að gera sér grein fyrir því að í hinum hnattvædda heimi sem við búum í og köllum svo er nauðsyn á því að horfa gagnrýnum augum á þau mælitæki sem notuð eru til þess bæði að mæla árangur og stefnumótun í utanríkisstefnu með tilliti til kynjanna. Það er þekkt að konur víða um heim hafa gagnrýnt þau mælitæki og þær aðferðir sem notaðar hafa verið, ekki bara við mótun stefnunnar heldur einnig við mat á henni. Einföldustu hlutir eins og kyngreind tölfræði, t.d. þegar metinn er árangur í þróunarsamvinnu, af því að hann hefur verið til umræðu í dag, virðast ekki vera notaðir, því miður. Oftar en ekki eru áhrif ákvarðana stjórnvalda og alþjóðastofnana á líf kvenna og karla og fjölskyldna þeirra, á hversdagslíf fólks, ekki tekin inn í reikninginn. Þess vegna er mjög brýnt að fara í þessi verkefni og mig fýsir að vita (Forseti hringir.) hvað líður setningu þessa reglna í utanríkisráðuneytinu.

[10:47]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir hefur borið fram eftirfarandi spurningu:

„Hefur ráðherra gert tillögur um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi, eins og kveðið er á um í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar?“

Eins og kom fram í máli hv. þingmanns er einn af mörgum liðum í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára, áætlun frá 2004 til 2008, samþætting kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi. Íslensk stjórnvöld hafa, þar sem við á, haft samþættingu kynjasjónarmiða til hliðsjónar við stefnumörkun á alþjóðavettvangi, svo sem á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þess má geta að í starfsemi norðurskautsráðsins þar sem Ísland gegndi formennsku á tímabilinu 2002–2004 var tekið tillit til samþættingarsjónarmiða eins og kemur glögglega fram í yfirgripsmikilli skýrslu sem kynnt var á ráðherrafundi ráðsins í nóvember sl. Á þeim fundi voru einnig kynntar niðurstöður verkefnis sem fjallar um þátttöku kvenna í ákvarðanatöku við stjórnun auðlindanýtingar sjávar á norðurslóðum.

Í febrúar sl. gaf Þróunarsamvinnustofnun út jafnréttisstefnu sína þar sem samþætting kynja og jafnréttissjónarmiða er höfð í fyrirrúmi. Einnig hefur verið gerð skýrsla um samþættingu kynjasjónarmiða í Íslensku friðargæslunni og vil ég í því sambandi vísa til umræðna sem nýlega fóru fram um það efni hér á þessum háttvirta stað.

Í samræmi við jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar, einnig til fjögurra ára, 2004–2008, var sett á fót nefnd utanríkis- og félagsmálaráðuneytisins til að vinna að gerð tillagna til

ráðherranna um sérstaka vinnu- og aðgerðaáætlun um samþættingu kynjasjónarmiða í alþjóðastarfi og er það hugsað sem framhald og viðbótarverkefni við þau atriði sem ég hef þegar nefnt til sögunnar. Það er á hinn bóginn rétt að gagnaöflun þessarar nefndar hefur tekið mun lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir en nú vonast menn til þess að þessi nefnd megi ljúka störfum síðar á þessu ári, og er það út af fyrir sig á fyrri parti þess tímabils sem þessi starfsemi tekur til. Vænti ég þess að þær tillögur megi nýtast vel við þætti þessara tveggja ráðuneyta sem snúa að jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir þessi ár, 2004–2008.

[10:50]

Fyrirspyrjandi (Þórunn Sveinbjarnardóttir):

Hæstv. forseti. Ég hjó eftir því að hæstv. utanríkisráðherra sagði í svari sínu að tekið væri tillit til kynjasjónarmiða þar sem við á. Það er svo sem gott að heyra, en ég er þeirrar skoðunar að þau eigi alltaf við, þess vegna séum við að tala um heildstæða úttekt og endurskoðun á utanríkisstefnunni með tilliti til þeirra. Þannig skil ég það sem ákveðið var í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar.

Það er rétt sem hér kom fram að í starfsemi norðurskautsráðsins hefur kynjasjónarmiða verið gætt mjög vel og sú vinna öll verið til fyrirmyndar hvað það varðar, enda hefur þess verið gætt í norðurskautsráðinu að hafa samstarf og samráð við grasrótarfélög, samtök frumbyggja og aðra á norðurskautssvæðinu. Einmitt þannig hefur kynjasjónarmiðanna verið gætt vegna þess að þessir aðilar hafa fyrst og fremst staðið vörð um þau og þess sér stað í skýrslu norðurskautsráðsins. Það er vel.

Hæstv. ráðherra sagði í svari sínu að gagnaöflun hefði tekið lengri tíma en menn gerðu ráð fyrir þannig að tillögurnar væru á leiðinni síðar á þessu ári. Ég fagna því en það kemur enn og aftur í ljós, hæstv. forseti, að gagnaöflun vegna þessa málaflokks er alltaf erfið vegna þess að svo virðist sem í stjórnkerfinu sé þess ekki gætt almennt að tölfræði sé kyngreind og henni haldið til haga þannig að hægt sé að nýta hana og nota við stefnumótun og annað það sem þarf að gera.

Stuðningur við börn á alþjóðavettvangi.

Fsp. RG, 741. mál. — Þskj. 1106.

[10:52]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Að hlúa að börnum og æskufólki, eiga úrræði þegar á bjátar og veita börnum jöfn tækifæri til að þroskast og menntast er grunnur að því að upp vaxi heilbrigðir og verðmætir þegnar. Ég er að verða æ sannfærðari um að við Íslendingar eigum að veita til barna þá fjármuni sem við verjum til alþjóðahjálparstarfs. Átakanlegar staðreyndir blasa hvarvetna við um aðstæður barna í hinum ólíku heimsálfum. Alvarlegir sjúkdómar sem hefur verið útrýmt af Vesturlöndum hrjá börn í fátækum löndum. Þekktar eru fréttirnar af götubörnum og örlögum þeirra t.d. í Suður-Ameríku en nýrri eru staðreyndir um að smábörn í Afríku séu að ala önn fyrir enn yngri systkinum vegna alnæmisafleiðinganna og foreldramissis. Börn í flóttamannabúðum verða fyrir alvarlegum misþyrmingum og nauðgunum og eiga erfið uppvaxtarskilyrði sem skapa nýtt vandamál. Enn annað vandamál, flóttabörn, flæðir núna yfir Evrópu.

Meira en 200 milljónir barna stunda vinnu í stað þess að ganga í skóla sem er lykill að mannsæmandi lífi. Hér á þessum morgni vorum við fulltrúar í utanríkismálanefnd að ræða við forstjóra matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna og hann segir okkur að um 300 milljónir barna í heiminum búi við hungur.

Af því að ég nefndi flóttabörnin vil ég taka fram að ég er ekki að vísa til barna í flóttamannabúðum, heldur er um að ræða tvenns konar hópa, annars vegar unglinga sem foreldrar sökum vonleysis senda af stað til Vesturlanda og leggja allt í sölurnar fyrir í von um betri framtíð fyrir börnin sín. Þar er um að ræða ungmenni alveg niður í 12 ára gömul. Hinn hópurinn er mansalið. Börn eru blekkt til að koma til Evrópu eða seld þangað, annars vegar til að nota þau í kynlífsiðnaðinn og hins vegar sem ódýrt vinnuafl. Stundum flýja þessi börn og finnast illa komin á götunni. Tugþúsundir slíkra barna eru nú í Evrópu. Vandamálið er nýtt á Norðurlöndum en þó er það talið telja meira en 2 þús. börn.

Til að taka á málum barna sem lifa við hörmungar heima fyrir þarf peninga og þess vegna langar mig að heyra viðhorf hæstv. utanríkisráðherra til þess að við mótum stefnu um að við notum okkar fjármagn í alþjóðlegu hjálparstarfi á þann hátt að Ísland hjálpi börnum. Við mundum sérgreina okkur í alþjóðlega hjálparstarfinu. Fjármunir sem eru kannski ekki of miklir yrðu miklir við þetta.

[10:55]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir spurningu sem hún hefur lagt fram og hljóðar svo:

„Hver er afstaða ráðherra til þess að íslensk stjórnvöld móti stefnu um að sú aðstoð sem landið veitir á alþjóðavettvangi beinist að börnum?“

Í samræmi við stefnu stjórnvalda hefur Ísland látið sig sérstaklega varða málefni barna á alþjóðavettvangi. Þess má geta að Ísland á aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og hefur Ísland fullgilt báðar viðbótarbókanirnar, annars vegar samninginn sem fjallar um þátttöku barna í vopnuðum átökum og hins vegar þann sem fjallar um sölu barna, barnavændi og barnaklám. Í samræmi við áherslur Íslands gagnvart réttindum barna hefur sú stefna mótast gegnum árin að fjárframlögum sem veitt eru til aðstoðar á alþjóðavettvangi hefur fyrir atbeina Íslands sérstaklega verið beint að börnum. Árið 2005 var framlag Íslands til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna 15,3 millj. kr. en árið 2004 námu framlög Íslands 9,4 millj. kr. þannig að þetta framlag hefur hækkað verulega. Jafnframt samþykkti ríkisstjórnin hinn 7. janúar að veita Barnahjálpinni sérstakt framlag að upphæð 10 millj. kr. til neyðaraðstoðar og uppbyggingar í kjölfar náttúruhamfaranna í Suðaustur-Asíu af völdum flóðbylgjunnar miklu.

Stjórnvöld styðja jafnframt ýmis frjáls félagasamtök sem láta sig varða málefni og réttindi barna. Undanfarin ár

hafa samtökin Barnaheill og ABC Barnahjálp hlotið stuðning, m.a. voru samtökunum Barnaheill veittar 4 millj. kr. árið 2005 til neyðaraðstoðar og uppbyggingar í kjölfar náttúruhamfaranna í Suðaustur-Asíu. Framlög Íslands til alþjóðastofnana eru enn fremur oft nýtt til aðstoðar börnum sérstaklega þótt starfssvið viðkomandi stofnunar sé ekki einskorðað við aðstoð til barna. Sem dæmi má nefna að nýlega styrkti Ísland verkefni á vegum matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna sem felst í því að dreifa skólamáltíðum til barna í Írak. Beinist stuðningur Íslands sérstaklega að stúlkubörnum. Voru veittar 9 millj. kr. til þessa verkefnis.

Þá beinast ýmis verkefni á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands einkanlega að stuðningi við börn. Árið 2005 veitir Þróunarsamvinnustofnun Íslands samtals um 950 þús. bandaríkjadali í verkefni sem beinlínis styðja börn. Umdæmisskrifstofur Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vinna að uppbyggingu grunnskóla á ýmsum svæðum, stuðningskennslu fyrir börn og fleiri verkefnum þess efnis. Einnig má nefna stuðning Þróunarsamvinnustofnunar Íslands við ABC Barnahjálp árið 2005 sem nemur 80 þús. bandaríkjadölum og aðstoð við munaðarlaus börn í Tógó sem nemur 25 þús. bandaríkjadölum.

Starfsemi Íslands á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, ÖSE, hefur einnig tekið mið af þessu en á undanförnum árum hafa íslensk stjórnvöld lagt sérstaka áherslu á baráttuna gegn mansali og kynlífsþrælkun kvenna og stúlkubarna. Hafa stjórnvöld, Bosníunefnd, styrkt baráttu ÖSE gegn mansali og kynlífsþrælkun í Bosníu-Hersegóvínu með sérstöku fjárframlagi sem nemur alls 4,5 millj. kr. Að mati Sameinuðu þjóðanna verða allt að 4 milljónir einstaklinga fórnarlömb mansals á hverju ári og er áætlað að allt að 30% þessara fórnarlamba mansals séu börn undir 18 ára aldri. Þessi verkefni eru mikil og fyrir utan það sem við erum að gera í þessum efnum er aðeins rétt að snerta yfirborðið á þessum miklu vandamálum, svo stór sem þau eru.

Ég lít þannig til varðandi seinni spurninguna sem hv. þingmaður nefndi að í raun sé í gildi stefna af hálfu íslenskra stjórnvalda. Við höfum hagað okkur í samræmi við þá stefnumörkun íslenskra stjórnvalda að láta málefni barna sérstaklega til okkar taka á alþjóðavettvangi og höfum beint fjármunum sem hefðu verið eyrnamarkaðir í annað sérstaklega til verkefna sem snúa að börnum. Ég tel að slík stefnumörkun eigi að vera fyrir hendi með þessum hætti. Miðað við spurninguna sem hv. þingmaður nefndi er út af fyrir sig ekkert athugavert við að marka það enn frekar en nú er gert í raun.

[11:00]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka utanríkisráðherra mjög vel fyrir þetta svar. Mér fannst það einlægt og það vekur með mér vonir um að við séum kannski á líkri línu með það að æskilegt sé fyrir Ísland að einbeita sér að takmörkuðum, fáum verkefnum og reyna ekki að vera eins og stórþjóðirnar að setja peninga alls staðar. Ég veit að það er kallað eftir þessum framlögum úr mjög mörgum ólíkum áttum.

Mér finnast mörg verkefni sem Ísland hefur staðið að vera mjög mikilvæg, eins og t.d. Bosníuverkefnið sem hæstv. utanríkisráðherra nefndi. Það var mjög gott og það var þýðingarmikið og ég held að mjög margir hafi vitað um það á þeim stað að Ísland var að vinna merkilegt brautryðjendastarf þarna.

Mér finnst skipta mjög miklu máli að við getum stutt frjáls félagasamtök eins og Barnaheill og eins líka skólamál í Írak. Það var mjög merkilegt að heyra í samtali sem við áttum í morgun að meira að segja fátæk lönd eru að leggja fram einhverja fæðu sem svo stofnunin útbýtir á þeirra eigin svæði í þeirra eigin landi. Við í utanríkismálanefnd höfum heimsótt Þróunarsamvinnustofnun og við heyrum það, eins og það er rétt, að peningarnir skila sér betur en oft og tíðum þegar verið er að setja þá bara inn í tiltekin svið í einhverjum löndum. Þeir eru ekki þeirrar skoðunar að það eigi að einbeita sér að konum bara, eða bara börnum. Það er auðvitað miklu áhugaverðara að taka þátt í fjölmörgum umfangsmiklum verkefnum.

En ég er alveg viss um að við erum í dag að takast á við miklar afleiðingar örbirgðar og vonleysis, m.a. með hryðjuverkum og öðru, (Forseti hringir.) og Ísland væri að gera mjög góða hluti ef við einbeittum okkur í framtíðinni alfarið að börnunum.

[11:02]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir með hv. þingmanni að það er skynsamlegt og eðlilegt að land sem hefur úr takmörkuðum fjármunum að spila reyni að afmarka og skilgreina verkefni sín með skipulegum hætti þannig að þau beinist að sjáanlegum verkefnum. Ég tel fyrir mitt leyti, og er algjörlega sammála hv. þingmanni, að það eigi að vera veigamikill þáttur í starfsemi okkar að beina þessum verkefnum að börnum og með vissum hætti kannski einnig að konum í tengslum við börnin. Ég tel að það sé ekki neitt skaðlegt fyrir verkefni okkar í heild. Þó að ég sé ekki að segja að við eigum að afmarka það eingöngu við þennan þáttinn held ég að áherslan eigi að vera mjög sterk og rík á þessum þætti.

Bílastæðamál fatlaðra.

Fsp. BJJ, 674. mál. — Þskj. 1027.

[11:04]

Fyrirspyrjandi (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Málefni fatlaðra hafa mikið verið í umræðunni í þjóðfélaginu á síðustu árum. Hefur réttarstaða fatlaðra batnað verulega og mörg baráttumál fatlaðra hafa gengið eftir. Samkvæmt lögum hefur Alþingi Íslendinga tryggt þessum þjóðfélagshópi lögbundin réttindi sem eiga að stuðla að því að fatlaðir geti eins og aðrir þegnar samfélagsins lifað eðlilegu lífi.

Ég hef fengið ábendingar um að brögð séu að því að ófatlaðir einstaklingar leggi bifreiðum í stæði sem eru sérmerkt hreyfihömluðum. Oftar en ekki eru þessi stæði merkt mjög greinilega þó að trúlega megi bæta þar úr í einhverjum tilvikum. Þar sem merkingar eru greinilegar er ólíðandi að brotið sé á þessum rétti hreyfihamlaðra. Í raun er ekki

hægt að leggjast lægra í umferðinni en í brotum af þessu tagi. Þau skerða oftar en ekki ferðafrelsi hreyfihamlaðra og þannig er gengið á lögbundin réttindi þessa þjóðfélagshóps.

Eins og staða mála er í dag heyrir ákvörðun um gjald vegna brota af þessu tagi undir viðkomandi sveitarstjórnir eða þá bílastæðasjóði sem viðkomandi sveitarfélög reka. Nú eru uppi hugmyndir um að hækka gjald vegna þessara lögbrota hér í Reykjavík upp í 2.500 kr. Ég er hins vegar ekki á því að heilar 2.500 kr. séu há upphæð í þessu samhengi þar sem sá sem brýtur þessi lög getur oftar en ekki fengið verulegan afslátt af gjaldinu greiði hann innan tiltekins tíma.

Hæstv. forseti. Ég get tekið sem dæmi hvernig farið er með sambærileg mál í öðrum löndum. Í Bandaríkjunum er þessum réttindum fatlaðra fylgt strangt eftir og þar er mikil lotning borin fyrir þessum sjálfsögðu réttindum hreyfihamlaðra. Algengar sektir í Bandaríkjunum geta oft numið 250–300 dollurum, sem eru um 15–20 þús. ísl. kr.

Hæstv. forseti. Hvað getum við gert á Alþingi til þess að brotum af þessu tagi fækki? Úrræði okkar í þessu samhengi eru þau að stuðla að því að gera merkingar við stæði hreyfihamlaðra greinilegar þannig að ómögulegt sé að leggja þar af misgáningi. Ég vil sjá verulega hækkaðar sektir líka við brotum af þessu tagi. Sektirnar verða að nema upphæðum sem fólk munar um, 10–20 þús. kr. væri í því samhengi ásættanlegt að mínu mati.

Því hef ég lagt fram fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra á þessa leið:

Telur ráðherra koma til greina að ráðuneyti hans ákveði upphæð sektar fyrir brot á umferðarlögum þegar ófatlaður einstaklingur leggur bifreið í stæði sem merkt er fötluðum?

[11:07]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Birki J. Jónssyni fyrir þessa fyrirspurn sem ég tel að hafi heilmikla þýðingu, m.a. til þess að vekja athygli á þessari sérstöðu sem fötluðum á að vera búin í umferðinni með reglum um stæði fatlaðra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

„Telur ráðherra koma til greina að ráðuneyti hans ákveði upphæð sektar fyrir brot á umferðarlögum þegar ófatlaður einstaklingur leggur bifreið í stæði sem merkt er fötluðum?“

Fyrst er rétt að benda á að ekki er um að ræða sekt, heldur viðbótarstöðugjald fyrir að leggja í stæði merkt fötluðum. Um umferðarlagabrot gilda lög nr. 50/1987. Í XIV. kafla laganna er kveðið á um viðurlög við brotum gegn lögunum. Samkvæmt 100. gr. þeirra skulu brot varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum en þó eru brot skv. 108. gr., sem fjallar m.a. um bílastæði fatlaðra, undanþegin refsingu nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra aðila að óþörfu og valdið óþægindum fyrir umferðina. Þá segir í 100. gr. að sektir allt að 300 þús. kr. fyrir brot á lögum skuli ákveða í reglugerð sem ráðherra setur að fengnum tillögum ríkissaksóknara.

Í framangreindri 108. gr. eru einmitt tilgreind þau brot sem þingmaðurinn spyr um. Í b-lið 1. mgr. 108. gr. er vísað til h-liðar 28. gr. umferðarlaga en í henni segir að eigi megi stöðva ökutæki eða leggja því á merktu stæði fyrir bifreiðar fatlaðra. Sé það hins vegar gert er aðeins um gjaldlagningarákvæði að ræða, skv. 108. gr. laganna, en ekki sektir. Í 5. mgr. þeirrar greinar segir að ráðherra ákveði fjárhæð gjaldsins en fari álagning fram á vegum sveitarfélags geti sveitarstjórn þó ákveðið fjárhæðina í gjaldskrá sem ráðherra svo staðfestir.

Framkvæmdin í dag er þannig í Reykjavík að álagning fer fram hjá sveitarfélagi, sbr. gjaldskrá nr. 381/2000. Í 2. gr. þeirrar gjaldskrár er gjald vegna stöðvunarbrota í Reykjavík, sem eru stöðvunarbrotsgjald samkvæmt a-lið 108. gr. umferðarlaga, að fjárhæð 2.500 kr. Rétt er að benda á að nú er hafið samstarf Bílastæðasjóðs og lögreglunnar í Reykjavík um aukið eftirlit með stæðum fatlaðra á einkalóðum, þ.e. lóðum sem m.a. eru framan við verslanir. Í heilsíðuauglýsingu og baksíðufrétt í Morgunblaðinu þann 1. apríl er þetta kynnt en þar segir á baksíðu að aukið verði eftirlit með bílastæðum fatlaðra.

Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins munu Bílastæðasjóður og lögreglan taka á næstunni upp eftirlit með notkun bifreiðastæða fyrir hreyfihamlaða eða við lóðir verslana og þjónustufyrirtækja og ætlunin er að áminna fólk í einhvern tíma. Að þeim tíma liðnum mun gjald verða lagt á hvern þann sem brýtur gegn framangreindu ákvæði, þ.e. þessar 2.500 kr. Samkvæmt upplýsingum frá Bílastæðasjóði Reykjavíkur hefur eftirlit með stæðum fatlaðra í hinu almenna gatnakerfi verið mjög virkt og gjald ávallt lagt á þegar um brot er að ræða.

Að endingu vil ég vísa til þess sem að framan segir og svara spurningunni á þann veg að ekki stendur til að ráðuneytið breyti núverandi fyrirkomulagi, enda er það fastsett annars vegar í löggjöfinni og svo hins vegar í þessum reglugerðum. Ég tel þó að þetta sé eitt af þeim atriðum sem sé alveg óhjákvæmilegt að taka upp við endurskoðun umferðarlaga. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því en ég geri ráð fyrir því að umferðarlög verði til meðferðar á haustþingi. Ég tel að þetta sé verkefni sem þurfi að líta til og breyta þá fyrirkomulagi ef það er talið henta. En ég legg áherslu á að þetta er í höndum borgaryfirvalda að þessu leyti og ég veit ekki annað en að þar sé lögð, eins og fyrr kom fram, mikil áhersla á að tryggja (Forseti hringir.) þessi réttindi fatlaðra í umferðinni.

[11:12]

Valdimar L. Friðriksson:

Herra forseti. Bílastæðamál fatlaðra hafa verið mikið í umræðunni að undanförnu. Ástæðan er sú staðreynd sem hér hefur verið nefnd að ófatlaðir einstaklingar eiga það til að leggja ökutækjum sínum í bílastæði sem eru sérmerkt fötluðum.

Ég kom að máli við eina fatlaða manneskju, Hönnu Kristleifsdóttur, sem er bundin við hjólastól og að hennar sögn er hér mikið vandamál á ferðinni, e.t.v. meira en við hin gerum okkur grein fyrir. Þetta heftir vissulega för þeirra og aðgengi að ýmsum stofnunum og verslunum, sérstaklega þá á álagstímum, á stórhátíðum og um helgar. Samkvæmt umferðarlögum má eigi stöðva ökutæki á sérmerktum stæðum fyrir fatlaða. Ég tel í þessu sambandi bráðnauðsynlegt að teknar verði upp háar fésektir í þeirri trú að slíkar sektir

hafi ákveðinn fælingarmátt til að tryggja að fatlaðir (Forseti hringir.) hafi greiðan aðgang.

[11:13]

Fyrirspyrjandi (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim sem tóku þátt í umræðu um þetta mikilvæga mál, að mínu mati, og þakka sérstaklega þau viðbrögð hæstv. samgönguráðherra að til greina komi að taka það upp samhliða fyrirhugðum breytingum á umferðarlögum. Þetta er mjög mikilvægt mál fyrir hreyfihamlaða einstaklinga í landinu. Það er mjög ómerkilegt að horfa upp á það þegar ófatlaðir einstaklingar leggja í vel merkt stæði sem ætluð eru hreyfihömluðum einstaklingum. Hér er verið að skerða ferðafrelsi þessa þjóðfélagshóps og Alþingi ber að taka ákveðið frumkvæði í þessu samhengi.

Ég geri mér grein fyrir því, hæstv. forseti, að eins og staða mála er í dag heyrir ákvörðun þessa gjalds undir viðkomandi sveitarstjórnir. En ef viðkomandi sveitarstjórnir sjá ekki ástæðu til þess að sektir við brotum af þessu tagi verði hærri en 2.500 kr., sem menn fá afslátt af ef þeir greiða innan tiltekins tíma, í því skyni að menn hætti að brjóta þessi lög, að menn hætti að ganga á þessi lögbundnu réttindi fatlaðra, er mjög mikilvægt að Alþingi Íslendinga taki frumkvæði í málinu. Ég heiti á hæstv. samgönguráðherra að beita sér fyrir því að ákvörðunarvaldið verði fært í hendurnar á Alþingi þegar við breytum umferðarlögum á komandi þingi. Hér er um mjög mikið hagsmunamál að ræða fyrir fatlaða einstaklinga.

[11:15]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Til að skýra betur hvernig þessi framkvæmd er vil ég geta þess að framkvæmd gjaldtökunnar í Reykjavík, samkvæmt þeirri reglugerð sem þar er í gildi og er staðfest af ráðherra að fenginni tillögu viðkomandi sveitarfélags, er þannig að heimildin í 108. gr. er nýtt á þann hátt að á síðasta ári bættist við 28 daga hækkun á stöðubrotum eins og þeim að leggja í stæði hreyfihamlaðra. Það gjald er í grunninn 2.500 kr. frá árinu 2000 en eftir 14 daga hækkar ógreitt gjald um 50% og fer í 3.750 kr. og nú hækkar ógreitt gjald aftur eftir 28 daga frá álagningu í 5.000 kr. Samfara 28 daga hækkuninni kom inn þriggja daga afsláttur þannig að sá sem t.d. leggur í stæði hreyfihamlaðra getur sloppið með greiðslu upp á 1.950 kr.

Mér er það alveg ljóst að finna þarf leiðir til að koma í veg fyrir að þessi stæði, sem eru greinilega og rækilega merkt fyrir fatlaða, séu ekki tekin til notkunar þeirra sem ekki eru fatlaðir og nauðsynlegt bæði fyrir viðkomandi sveitarfélög og ráðuneytið, ég tala nú ekki um lögreglu, að finna leiðir til að koma í veg fyrir þá stöðu.

Ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda og þakka honum fyrir þessa fyrirspurn og undirstrika það að ef talin er ástæða til mun þetta mál verða tekið upp til sérstakrar skoðunar í tengslum við endurskoðun á umferðarlögunum, og ég vænti þess að sjálfsögðu að það verði í góðu samstarfi við viðkomandi sveitarfélög.

Jarðgangagerð.

Fsp. BJJ, 751. mál. — Þskj. 1116.

[11:18]

Fyrirspyrjandi (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Mikil umræða hefur verið um jarðgangagerð hér á landi að undanförnu, svo vægt sé til orða tekið. Bættar samgöngur eru undirstaða blómlegrar byggðar enda er það svo að byggðarlögin vítt og breitt um landið knýja nú á um samgöngubætur, kannski ekki síst í gerð jarðganga.

Nú eiga sér stað miklar boranir í tengslum við gerð Kárahnjúkavirkjunar. Þar eru göng heilboruð og eru afköstin margföld á við hina hefðbundnu aðferð þar sem sprengt er úr bergi. Mikil umræða á sér nú stað á Austurlandi um tengingu byggðarlaganna þar. Þetta er fjölkjarnasvæði, mörg sveitarfélög eru á Austurlandi, tiltölulega smá sveitarfélög, sem mikilvægt er að tengja til þess að mynda heildstætt atvinnusvæði.

Mikið frumkvæði á sér stað á Austurlandi í þessum efnum. Til að mynda hafa sveitarfélög á Austurlandi gert samning við Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri um að gera mat á jarðgangatengingum á Austurlandi, þ.e. arðsemismat og mat á samfélagslegum áhrifum þeirra framkvæmda á Austurland og nær þessi athugun allt frá Lóni í Hornafirði norður til Vopnafjarðar. Margar fyrirhugaðar framkvæmdir hafa verið nefndar, svo sem fyrirhuguð jarðgöng undir Hellisheiði sem mun tengja vonandi Vopnafjörð og Hérað. Jafnframt er búið að stofna áhugamannahóp á Austurlandi sem kallast Samgöng, en það er hópur sem vill skoða til framtíðar litið hvort hægt sé að gera svokölluð miðfjarðagöng, sem eru göng frá Eskifirði yfir í Norðfjörð, frá Norðfirði yfir í Mjóafjörð og úr Mjóafirði til Seyðisfjarðar. Hugmyndin er svo í framhaldinu að tengja þessi miðfjarðagöng Fljótsdalshéraði eða Héraðinu þannig að þetta yrði að einu heildstæðu atvinnusvæði.

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir að hér er um mjög kostnaðarsamar framkvæmdir að ræða, en ég er einn af þeim sem halda því samt sem áður fram að gerð jarðganga hér á landi sé arðbær til framtíðarinnar litið og hafi mjög mikilvæg byggðarleg áhrif. Því er mikilvægt að skoða alla hugsanlega kosti í því samhengi hvernig við förum í framkvæmdir af þessu tagi. Nú er það ljóst að erlendis er notast í nokkrum mæli við þá bortækni sem nú er nýtt við Kárahnjúka og ég veit til þess að aðilar í áhugamannahópnum Samgöng hafa haft áhuga á því að leita til þeirra aðila sem þar eru að bora við gerð Kárahnjúkavirkjunar, hvort mögulegt sé að nýta þá tækni í því samhengi og því beini ég áðurgreindri fyrirspurn til hæstv. ráðherra.

[11:21]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Það fer ekki á milli mála að mikill áhugi er fyrir jarðgangagerð á Íslandi um þessar mundir. Á þessum degi svara ég sex fyrirspurnum, fjórar þeirra snúast um jarðgöng, þannig að það gefur smámynd af því sem þingmenn bera fyrir brjósti.

Hv. þm. Birkir J. Jónsson spyr:

„Hefur ráðherra kannað kosti þess að nýta þá bortækni

sem nú er m.a. notuð við gerð Kárahnjúkavirkjunar við gerð lengri vegganga á Íslandi?"

Þetta er eðlileg og áhugaverð spurning. Svar mitt er svohljóðandi: Vegagerðin fylgist vel með þróun í gerð vegganga víðs vegar í heiminum og leggur áherslu á að viða að sér allri þeirri þekkingu sem fært er. Sú tækni sem nú er notuð við gerð jarðganga Kárahnjúkavirkjunar, þ.e. svokölluð heilborun, er vel þekkt og hefur m.a. verið skoðuð við undirbúning lengri vegganga hér á landi.

Val á bortækni í hverju einstöku verkefni er þó í höndum verktaka hverju sinni. Vegagerðin lýsir fyrst og fremst í útboðum sínum hvernig mannvirki verktakinn skuli skila í verklok en ekki hvaða tæki skuli nota við framkvæmdina. Þegar kemur að útboði næstu jarðganga gefst verktökum færi á að nýta og bjóða fram þá tækni sem þeir telja henta. Er ekkert því til fyrirstöðu að nýta heilborun innan þeirra marka sem útboðslýsingar munu setja.

Ég hvet því að sjálfsögðu, og hef gert það áður hér úr þessum ræðustól, verktaka til að huga vel að möguleikum og nýta þau tæki sem til staðar eru hverju sinni á landinu. En þegar til kastanna kemur verður þetta að sjálfsögðu mat þeirra verktaka sem bjóða í hvaða tæki þeir geti notað til að gera viðkomandi mannvirki sem ódýrast.

Það er nú tilgangurinn einmitt með útboði á slíkum framkvæmdum að leita hagkvæmustu leiða, hafa ekki rígbundið verkfyrirkomulag, og á það er bent í svari mínu við þessari fyrirspurn. Ég endurtek það og hvet verktaka að sjálfsögðu, sem kunna að fylgjast með þessum umræðum hér á hinu háa Alþingi, að skoða alla kosti.

Í tengslum við fyrirspurnina vil ég hvetja hv. þingmenn, áhugamenn um jarðgangagerð, til að kynna sér, hafi þeir ekki nú þegar gert það, mjög athyglisverða grein sem birtist í Morgunblaðinu 28. apríl sl. og er skrifuð af verkfræðingnum Ísleifi Jónssyni. Greinin fjallar m.a. um hversu mikla þýðingu það hefur hvernig jarðlögin eru sem á að bora í gegnum. Hann vekur athygli á að ekki er alls staðar á vísan að róa með jarðlögin, þau eru mismunandi frá einum landshluta til annars og þá sérstaklega þegar kemur að því að bergið er misjafnlega gamalt að sjálfsögðu og þar af leiðandi misjafnlega lekt, sem er kannski hið stóra atriði, ekki síst ef bora á undir sjávarbotni.

Ég vil að lokum vekja athygli hv. þingmanna aftur á þessari grein og hvet þá til að kynna sér hana.

[11:25]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa forvitnilegu og mikilvægu fyrirspurn. Í kjördæmi mínu, Norðvesturkjördæmi, háttar þannig til að þriðjungur þess, þ.e. Vestfjarðahlutinn, býr við allsendis ófullnægjandi samgöngur, sama hvort um er rætt samgöngur inn á svæðið eða samgöngur innan svæðisins. Þegar við ræðum um samgöngur innan svæðisins fullyrði ég að við getum aldrei talað um fullnægjandi samgöngur fyrr en við erum búin að bora mörg jarðgöng, í fyrsta lagi til að tengja norður- og suðurhluta svæðisins og einnig til að tengja svæðið innan þeirra hluta, eins og reyndar er bent á í fyrirspurnum síðar í dag.

Ég hvet því til og tek undir með hv. fyrirspyrjanda að mikilvægt er að augu séu höfð vel opin fyrir því að fylgjast með framförum í bortækni og er reyndar nokkuð viss um að Vegagerðin (Forseti hringir.) stendur sig vel í því efni.

[11:27]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að halda þessu máli á lofti. Það er alveg ljóst að við verðum að leita allra leiða til að gera jarðgangagerð á Íslandi ódýrari og þar af leiðandi hagkvæmari. Það er mjög brýnt að tengja sveitarfélögin enn frekar saman og mynda þannig stærra atvinnusvæði. Við horfum upp á það til að mynda á Austurlandi hvað það er brýnt að þessi jaðarsvæði fái betra aðgengi að þeim miklu framkvæmdum sem eiga sér stað þar núna, og er þess vegna mjög áhugavert að fylgjast með hugmyndum heimamanna um framkvæmdir þar. Einnig eru slíkar væntingar uppi á Norðurlandi með gerð Vaðlaheiðarganga þar sem væri hægt að tengja Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur saman og sameinast þar um uppbyggingu stóriðju á Norðurlandi.

Ég held því að við verðum að halda áfram á þessari leið. Við höfum verið að verja miklum fjármunum í jarðgangagerð og þær framkvæmdir hafa tekist afar vel og fólk er mjög þakklátt fyrir þær framkvæmdir og þess vegna brýnt að halda þessu máli á lofti.

[11:28]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég að eyða þeim stutta tíma sem ég hef til að ræða um þær samgöngubætur sem verða við það að gera jarðgöng víðs vegar um landið, sérstaklega þar sem menn eru þá að fara úr mikilli vegahæð og niður. Ég kem hins vegar hér upp til að hæla og þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir það sem hann sagði um verktaka sem munu bjóða í, þ.e. að þeir verði ekki skikkaðir til að bjóða eingöngu í að vinna þetta á gamla mátann, að sprengja, heldur sé verktökum frjálst að bjóða fram aðra tækni eins og bortæknina. Ég lýsi miklum stuðningi við það og vænti þess að í væntanlegu forvali fyrir næstu jarðgöng, Héðinsfjarðargöng, verði boðið upp á þennan möguleika. Ég hvet, eins og hér kom fram hjá hæstv. samgönguráðherra, verktaka og aðra til að nýta sér þá tækni sem komin er hingað til lands vegna framkvæmda á Austurlandi. Vænti ég þess að við munum þá (Forseti hringir.) væntanlega og vonandi sjá algjörlega nýjar tölur hvað þetta varðar.

[11:29]

Fyrirspyrjandi (Birkir J. Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið þátt í umræðunni og þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir ágæt svör. Það er mjög brýnt að við skoðum þetta vandlega, og ég efa það ekki að Vegagerðin fylgist mjög vel með framförum á þessu sviði víða um heim í gerð jarðganga.

Það var alveg hárrétt sem hæstv. samgönguráðherra benti á áðan að náttúrlega þarf að vekja áhuga þessara aðila að bjóða í verk af þessu tagi, ef það getur leitt til þess að gerð jarðganga víða um land verði ódýrari en nú er og þar af leiðandi hagkvæmari.

Því er það mjög athyglisvert og áhugavert ef áhugamannahópurinn Samgöng sem ég nefndi í fyrri ræðu minni

mundi vekja áhuga þeirra aðila sem nú m.a. stunda boranir við gerð Kárahnjúkavirkjunar að koma að tilboðum líkt og varðandi Héðinsfjarðargöng eða aðrar samgöngubætur á Austurlandi.

Hv. þm. Dagný Jónsdóttir kom inn á Vaðlaheiðargöng sem er mjög mikilvæg framkvæmd, sem verður gerð trúlega í einkaframkvæmd og mun þar af leiðandi ekki kosta ríkissjóð háar upphæðir, en það er gríðarlega mikilvæg samgöngubót til að gera Þingeyjarsýslur og Eyjafjarðarsvæðið að einu atvinnusvæði. Við alþingismenn þess kjördæmis og annarra kjördæma höfum verið að beita okkur fyrir því að efla atvinnu á því svæði, m.a. með uppbyggingu iðnaðar á svæðinu sem mun hafa mjög mikil áhrif á Þingeyjarsvæðið og Eyjafjarðarsvæðið í heild sinni, vegna þess að því er ekki að leyna að í Þingeyjarsýslum stendur byggð í ákveðinni vörn og það er mjög mikilvægt að við reynum að leita allra leiða til að efla það svæði og þar munu Vaðlaheiðargöng gegna mjög mikilvægu hlutverki.

Ég þakka fyrir svar hæstv. ráðherra.

[11:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Allt er það rétt sem hér hefur komið fram. Hv. þingmenn hafa ekki dregið úr því sem ég sagði í svari mínu að áhugi fyrir jarðgöngum og jarðgangagerð er mikill. Það blasir við. Áhugi Íslendinga almennt er alveg geysilega mikill fyrir endurbótum á samgöngukerfinu og það er verið að gera mjög mikið um allt land og á höfuðborgarsvæðinu í því að endurbæta samgöngukerfið. Það er auðvitað einn hængur á þessu og hann er sá að við höfum takmarkaða fjármuni. En þetta er sá þáttur í innviðum okkar sem ég tel að við eigum að leggja mikla áherslu á.

Í tengslum við og í umræðum um nauðsyn þess að setja meiri fjármuni til vegagerðar koma alltaf upp öðru hvoru úrtöluraddir, ályktanir, og hvaðan helst síðustu dagana? Jú, þær koma af höfuðborgarsvæðinu þar sem sveitarstjórnir, nú síðast úr Hafnarfirði, vekja alveg sérstaka athygli á hversu mikilvægt sé að setja meiri fjármuni inn á höfuðborgarsvæðið.

Í svari mínu við fyrirspurn sem liggur fyrir þinginu kemur það hins vegar fram að framlögin á höfuðborgarsvæðið hafa verið að aukast mikið. Oft og tíðum, og því miður, er slíkum ályktunum beint gegn geysilega mikilvægum framkvæmdum á landsbyggðinni sem ekki síst snúast um að auka umferðaröryggi. Ég harma slíkar ályktanir.

Kostnaður af viðhaldi þjóðvega.

Fsp. AKG, 764. mál. — Þskj. 1136.

[11:34]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Það er alkunna að þungaflutningar eru u.þ.b. að flytjast alfarið á þjóðvegakerfi landsins. Ökumenn sem leið eiga um þjóðvegina kannast örugglega margir við óhugnaðinn sem fylgir því að mæta stórum flutningabílum, jafnvel með tengivagn á þröngum og krókóttum vegi. Vegirnir eru ekki byggðir fyrir það álag sem fylgir þessum mikla þunga, þeir missíga og slitna miklu fyrr en áður. Það er ógnvænlegt að sjá sveifluna sem er á stórum bílum þegar þeir aka um þau svæði þar sem vegurinn er eins og bylgjótt vatnsyfirborð. Það geta allir ímyndað sér hættuna sem er á ferðinni þegar tveir háir bílar mætast á slíkum vegarkafla. Þá er það tilviljun sem ræður hvort bílarnir sveiflast hvor frá öðrum eða í áttina hvor að öðrum, en ef svo hittist á er hætta á að þeir skelli saman. Þá er stórslys líklegt. Bílveltur hafa auk þess verið talsvert tíðar á vegaköflum þar sem missig er mikið og vegkantar lélegir.

Það virðist augljóst að þróun þungaflutninga kallar á umtalsverða aukningu á viðhaldi vega og raunin er sú að á heilu landsvæðunum eru vegir taldir u.þ.b. að eyðileggjast vegna þessa. Má þar nefna veginn frá Brú í Hrútafirði til Hólmavíkur sem er ekki fyrir þetta búinn og stórhættulegur. Vegurinn á milli Reykjavíkur og Norðurlands vestra er á sama hátt víða mjög lélegur vegna missigs og er stórhættulegur.

Ég spyr því hæstv. samgönguráðherra:

Hefur þörf fyrir stóraukið viðhald þjóðvega á næstu árum vegna aukinna þungaflutninga verið metin? Ef svo er, hver er áætlaður kostnaður? Ef svo er ekki, er það fyrirhugað?

[11:36]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Önnu Kristínu Gunnarsdóttur fyrir þessa fyrirspurn sem er mjög gagnleg og mikilvægt fyrir hv. þingmenn að fá upplýsingar um og fara yfir, en hún spyr:

„Hefur þörf fyrir stóraukið viðhald þjóðvega á næstu árum vegna aukinna þungaflutninga verið metin? Ef svo er, hver er áætlaður kostnaður? Ef svo er ekki, er það fyrirhugað?“

Svar mitt er svohljóðandi:

Fjármagn til viðhalds er ákveðið hverju sinni í vegáætlun til fjögurra ára. Sú áætlun er einmitt til umfjöllunar í þinginu og til meðferðar í hv. samgöngunefnd. Að sjálfsögðu er fylgst er með ástandi vega og viðhaldsþörf á hverju ári og aðgerðum er beint þangað sem þörfin er talin mest og lögð upp áætlun, viðhaldsáætlun, sem síðan er unnið eftir. Þungaflutningar hafa aukist mikið á síðustu árum og er ekki fyrirséð að neinar stórar breytingar verði þar á næstu árum til viðbótar við þá stökkbreytingu sem varð eftir að strandflutningar lögðust af, en eins og fram hefur komið áður í þinginu er veruleg aukning á landflutningum í tengslum við það. Á tilteknum svæðum er það meira en á öðrum svæðum og t.d. á Djúpvegi vestur á firði verður aukningin töluvert mikil vegna þess hversu sjóflutningar hafa verið umfangsmiklir til Vestfjarða.

Að meðaltali er varið um 1.400 milljónum til viðhalds vega með bundnu slitlagi á hverju ári og er talið að sú upphæð nægi til þess að halda í horfinu miðað við núverandi flutninga, þ.e. þá flutninga sem á vegunum eru eftir þær miklu breytingar sem það að leggja af sérstakar strandsiglingar hefur í för með sér. Vegagerðin hefur farið mjög vandlega yfir þetta og þetta er niðurstaðan.

Unnið er að ýmiss konar gagnaöflun og rannsóknum til þess að unnt verði að meta betur viðhaldskostnað vega. Það

er verkefni umdæmanna, Vegagerðarinnar, að fara yfir þetta á hverju svæði og ég legg mjög ríka áherslu á að fylgst sé grannt með viðhaldsþörfinni. Það hefur verið svo þann tíma sem ég hef verið samgönguráðherra að ég hef lagt mikla áherslu á að ekki sé dregið úr viðhaldi veganna og þá sérstaklega þjónustu yfir vetrartímann, en viðhald slitlaga er mjög mikilvægt og þess vegna hef ég ekki talið skynsamlegt að draga úr fjármagni til þeirra framkvæmda.

Nú standa yfir útboð á viðhaldi og endurnýjun slitlaga. Nýlega er búið að opna tilboð í endurnýjun slitlaga í Norðvesturkjördæminu af því það var sérstaklega nefnt hér og ég veit að hv. þingmaður, fyrirspyrjandi, hefur áhuga á að vita um það. Það komu ágætlega hagstæð tilboð í það verk. Þar sjáum m.a. við fram á, af því það var nefnt, verulega miklar framkvæmdir við endurnýjun slitlaga, breikkun slitlaga á veginum vestur á firði, um Strandir og Djúp. Vegagerðin lítur mjög vandlega til þess og leggur áherslu á að sinna þessu viðhaldi og þessari þjónustu til að bregðast við vaxandi og aukinni umferð.

[11:40]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að þetta mál skuli vera tekið upp á Alþingi þó að í stuttri fyrirspurn sé.

Að mig minnir erum við að vinna með í samgönguáætlun tillögu frá Vegagerðinni um 100 millj. kr. vegna aukins viðhalds á þjóðvegum með slitlagi vegna þungaflutninga. Í þessum stutta tíma gefst ekki tími til að ræða það. Hins vegar hefur hæstv. samgönguráðherra fallist á að ræða við mig utan dagskrár, ef tími vinnst til á þeim fáum dögum Alþingis sem eftir eru, um framtíðarstefnu ríkisstjórnarinnar í strandsiglingum.

Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, eftir skoðun á þeirri ágætu skýrslu þar sem þetta kemur fram að ríkisstjórnin eigi að beita sér fyrir að strandsiglingar verði teknar upp að nýju. Með viðræðum við sveitarfélögin um lækkun gjalda, hafnargjalda, og með því að taka peninga úr ríkissjóði sem annars fara í aukið viðhald þjóðvega og hafa hreinlega útboð á ákveðnum siglingaleiðum á ströndinni og beina þungaflutningum, eins og flutningi á frystum fiski og öðru slíku, á strandsiglingar í staðinn fyrir að hafa þá á þjóðvegum landsins.

[11:42]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þarna er hreyft máli sem engin spurning er að menn þurfa að beina sjónum sínum mjög sterkt að á næstunni og núna. Það er ekki bara að þjóðvegirnir séu að eyðileggjast undan þessu aukna álagi heldur eru þeir engan veginn þannig gerðir að þeir þoli þessa flutninga. Þeir eru of mjóir, það er ekki bara viðhaldið sjálft heldur þarf að endurnýja verulega stóra hluta af þjóðvegum landsins vegna þess að þeir eru of mjóir. Ég held því að það sé ekki bara viðhaldið sjálft sem þarna þarf að skoða, heldur þurfi að skoða í hve mikla endurnýjun þurfi að fara á þjóðvegum landsins vegna þess álags sem þarna er að aukast með svona greinilegum hætti.

Ég vona að einhverju leyti fari þessir flutningar aftur til sjós en það er ekkert sem liggur fyrir að það gerist, a.m.k. á næstunni.

[11:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir að eins og mál hafa þróast í flutningum hér á landi þá hafa þjóðvegirnir orðið fyrir barðinu á þeim, þ.e. þyngd flutninganna sem fer um þjóðvegina er nánast að eyðileggja þá vegi sem alls ekki þola þetta álag. Því miður búum við að því í Norðvesturkjördæminu að vera með mikið af gömlum vegum og malarvegum. Það verður að segjast alveg eins og er að eins og ástandið er þá er illa við það búandi. Það liggur algjörlega fyrir að setja verður miklu meiri fjármuni í aukið viðhald en ég legg þó áherslu á að það verði farið hraðar og markvissar í uppbyggingu þeirra vega sem eru langt á eftir tímanum miðað við það álag sem á þeim er. Þar verður að gera átak við að koma vegunum á bundið slitlag.

[11:44]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil minna á að við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs eigum tillögu um strandsiglingar sem er til meðferðar í samgöngunefnd. Mér þykir nánast ámælisvert ef hún kemur ekki út í nefndinni til umræðu aftur í þinginu, svo oft kemur þetta mál upp.

Nú þegar strandsiglingar hafa verið lagðar niður, a.m.k. tímabundið eða að mestu, hefur flutningurinn náttúrlega færst í auknum mæli yfir á þjóðvegina. Það er ábyrgðarhluti að láta svo gríðarlega mikla flutninga fara upp á þjóðvegina, t.d. um Vestfirðina, frá Ísafirði um Ísafjarðardjúp, inn Strandir og svo aftur um suðurfirðina. Þessir vegir bera alls ekki þennan þunga. Ég skora því á ráðherra að taka mál strandflutninganna upp og auk þess að taka líka myndarlegar á þessum vegum.

Ég vil líka minnast á og spyrja hæstv. ráðherra um en það er viðhald á safn- og tengivegum þar sem umferðin hefur aukist (Forseti hringir.) líka og þungaflutningar, en þar er viðhaldið í mjög (Forseti hringir.) slappt og lélegt.

[11:45]

Fyrirspyrjandi (Anna Kristín Gunnarsdóttir):

Herra forseti. Hæstv. samgönguráðherra sagði að 1.400 millj. kr. væri varið árlega til viðhalds vega og að það væri talið nægja miðað við aukna þungaflutninga.

Ég spyr mig: Er þetta raunveruleg þörf eða eru menn úti á landsvegunum að forgangsraða miðað við takmarkað fjármagn sem sett er til viðhalds vega á fjárhagsáætlun?

Mig langar líka til þess að vita: Hve mikil hefur aukningin á fjármagni til viðhalds vega verið á síðustu árum síðan sú breyting varð sem við ræðum?

Það vill svo til að í gær ræddi ég við mann sem hefur atvinnu af því að flytja sorp. Hann sagði mér að aukinn kostnaður við rekstur hans vegna olíugjaldsins yrði væntanlega á einu ári um 2,5 millj. kr. Svipað mun væntanlega verða varðandi völuflutninga. Sú staðreynd hlýtur enn að benda okkur á að nauðsynlegt er að taka málið til rækilegrar endurskoðunar, einnig flutningana á sjó.

Ég tek undir með hv. þm. Kristjáni L. Möller að það er

algjörlega ófært að hafa alla þungaflutningana á landi. Það er ekki nauðsynlegt að flytja alla hluti samdægurs á milli staða. Margir hlutir geta farið á sjó og það hlýtur að vera þjóðhagslega hagkvæmt að stuðla að því að við komum eitthvað af þungaflutningunum af vegunum.

[11:47]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir umræðuna og þann skilning og þann stuðning sem þeir sýna þörfinni á að tryggja samgöngukerfið og sérstaklega vegakerfið.

Aðeins út af því sem fram kom hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller og hv. þm. Jóni Bjarnasyni um sjóflutninga, að það voru skipafélögin sem tóku ákvörðun um að hætta strandsiglingunum. Að vísu er enn þá siglt lítillega við ströndina, aðallega til Vestfjarða, en ástæðurnar sem tilgreindar voru fyrir þeirri stóru ákvörðun á hjá Samskipum fyrir nokkrum missirum og síðan Eimskip voru auknar kröfur um hraða í flutningum. Skipafélögin voru því að bregðast við kröfum markaðarins. Ég er algerlega ósammála því sem fram kom hjá hv. þm. Kristjáni L. Möller að við eigum að taka mikilvæga fjármuni sem við ætlum að nota í uppbyggingu vegakerfisins og þjónustu á vegakerfinu og færa í það verkefni að greiða niður sjóflutninga, sjóflutninga sem skipafélögin telja hvorki hagkvæma né að þeir uppfylli kröfur neytenda og þeirra sem eiga í viðskiptum við flutningafyrirtækin.

Ég tel því að við séum ekki á réttu róli hvað það varðar að hefja skipaútgerð ríkisins að nýju. Það er liðin tíð. Ég held að við eigum við fyrst og fremst að beina sjónum okkar að uppbyggingu vegakerfisins og bæta það allt hvað af tekur með (Forseti hringir.) auknum fjármunum.

Jarðgöng í Dýrafirði.

Fsp. KHG, 775. mál. — Þskj. 1149.

[11:50]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar hafa lengi verið í umræðunni á Vestfjörðum og á Alþingi. Árið 1999 var tekin saman skýrsla um jarðgangakosti að tilstuðlan Vegagerðar ríkisins og um göng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar segir í skýrslunni að jarðfræðilegar aðstæður séu nokkuð góðar, jarðgöng gætu orðið um 5,1 km á lengd og gangamunnar í 70 m hæð báðum megin. Áætlaður kostnaður á þáverandi verðlagi væri um 2,3 milljarðar kr. fyrir göngin, forskála og nýja vegi sem samtals eru áætlaðir um 7 km. Sú jarðgangagerð yrði verulega hagstæð, hún mundi stytta leiðina um 25 km, auk þess sem sparast mundi vegagerð sem að öðrum kosti verður að ráðast í út Arnarfjörðinn og kostar nálægt 1 milljarði kr.

Í skýrslu Vegagerðarinnar segir, með leyfi forseta:

„Ætla má, að göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, ásamt vel uppbyggðum vegi yfir Dynjandisheiði og góðri vetrarþjónustu þar og á Gemlufallsheiði, mundi tryggja nokkuð öruggar heilsárssamgöngur milli suðurfjarðanna og Ísafjarðarsvæðisins.“

Ein af aðalástæðunum fyrir því að mjög er sótt á um að ráðist verði í þessa framkvæmd er að nauðsynlegt er að tengja Vestfirði saman sem eitt samgöngusvæði til að efla styrk svæðisins með svipuðum hætti og menn leitast við að gera á Austurlandi og í Eyjafirði.

Niðurstaða höfunda skýrslu Vegagerðar ríkisins var sú að mæla með þremur jarðgangakostum sem þeir töldu rétt að ráðast í. Í fyrsta lagi þann sem ég spyr um, milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, í öðru lagi milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar og í þriðja lagi milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Nú er að ljúka jarðgangagerð á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Fara á að bjóða út, öðru sinni reyndar, jarðgangagerð milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar en ekkert bólar á að ráðist verði í þau þriðju sem Vegagerðin mælti með, milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.

Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. samgönguráðherra: Hvernig miðar undirbúningi að jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar?

[11:53]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þingmaður spyr: „Hvernig miðar undirbúningi að jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar?“

Svar mitt er svohljóðandi: Unnið hefur verið að jarðfræðirannsóknum vegna jarðganga á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Fyrsta skýrsla um jarðfræði svæðisins liggur nú þegar fyrir. Einnig hefur verið unnið að staðsetningu gangamunna og lega jarðganga er að mestu ákveðin, sem skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli að ekki standi neinar deilur um það svo þekkt sé.

Rannsóknir til undirbúnings framkvæmda hefjast hins vegar þegar ákvarðanir um tímasetningu liggja fyrir. Það er mat Vegagerðarinnar að við höfum nægan tíma til að vinna að frekari undirbúningi og frekari rannsóknum þannig að hægt verði að fara í framkvæmdir við jarðgöngin sem hér voru nefnd af fyrirspyrjanda þegar jarðgöngin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar um Héðinsfjörð verða komin vel á veg. Ég hef því gert ráð fyrir því og lýst því yfir sem vilja mínum að jarðgöngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar verði næsta verkefni. Það þarf auðvitað að tryggja að ekki standi á undirbúningi þess verks, en framvinda verksins og undirbúningur er í eðlilegu horfi að mínu mati.

Gert er ráð fyrir að endurskoða 12 ára samgönguáætlun strax á næsta ári. Hluti af þeirri endurskoðun felst í að endurmeta jarðgangaáætlunina. Að sjálfsögðu mun samgönguráð hafa samráð við þingmenn kjördæmanna um þá vinnu. Gert er ráð fyrir að verulegur hluti af vinnunni verði á árinu 2006 og árið 2007 verði lögð fram endurskoðuð langtímaáætlun.

Ég lít því svo til að ferillinn sé allur á eðlilegu róli og ekki eigi að þurfa að standa á undirbúningi þegar kemur að því að hefja framkvæmdir við jarðgöngin.

[11:56]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka umræðuna. Málið sem hér um ræðir er gamalt baráttumál Vestfirðinga. Ég vek athygli

á því að á sínum tíma var hið faglega mat Vegagerðarinnar að setja bæri göngin í sama flokk og þau göng sem þegar hafa verið ákveðin eða þegar er verið að vinna að.

Á þeirri stuttu stundu sem ég hef til umræðu ætla ég einungis að nefna einn hlut varðandi jarðgöng í Dýrafirði, sem ég tel ákaflega þýðingarmikið að menn hafi í huga, að þegar farið verði í göngin verði það gert með þeim hætti að menn sjái algjörlega fyrir sér lausnina á vegagerðinni úr Dýrafirði og alla leið vestur á Barðaströnd. Það er ákaflega þýðingarmikið að menn skoði þetta í samhengi. Það er ekki nægjanlegt að fá göngin milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, við þurfum líka að leysa leiðina úr Arnarfirði yfir á Barðaströnd. Að mínu mati verður það ekki gert með hefðbundinni uppbyggingu á vegi eins og við þekkjum hann núna yfir Dynjandisheiðina. Það verður annaðhvort gert með frekari jarðgangagerð ellegar með uppbyggingu á verulegum vegskálum á þessari slóð, því við verðum auðvitað að gera þetta þannig að það séu heilsárssamgöngur (Forseti hringir.) fyrir alla bíla, allt árið um kring.

[11:58]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Ég á sama erindi upp í ræðustól og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, að leggja áherslu á að samgöngur milli norður- og suðurhluta Vestfjarða verða ekki komnar í gott horf fyrr en búið er að leggja jarðgöng einnig undir Dynjandisheiði. Þar er um að ræða háa heiði. Þar er veðravíti oft á vetrum. Framtíðin er í jarðgöngum. Ég legg því áherslu á að kostnaðarmat við göng undir Dynjandisheiði verði gert samhliða því að skoða jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.

[11:59]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Göngin milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar hafa verið að ég vissi best í þeirri röð að fyrst væru göngin fyrir austan tekin, síðan reyndar göngin til Siglufjarðar, þau skjótast inn, en alveg tvímælalaust ættu þessi göng að vera næst. Þá finnst mér vera afar mikilvægt að hefja nú þegar undirbúning að því að gera göngin tilbúin til útboðs og til vinnu þannig að við stöndum ekki í sömu sporum og við stöndum nú með vegagerðina t.d. á sunnanverðum Vestfjörðum fyrir Breiðafjörð. Þar er ekki hægt að fara í framkvæmdirnar vegna þess að undirbúningnum og nauðsynlegum ferli er ekki lokið.

Ferillinn tekur tíma og þess vegna legg ég áherslu á að hafist verði handa þegar í stað að undirbúa göngin til framkvæmda þannig að þau séu tilbúin þegar fé og tími er kominn. Það er of seint að hefja undirbúninginn þá.

[12:00]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það hefur lengi verið ljóst, og sérstaklega Vestfirðingum, hversu mikil nauðsyn væri á því að tengja saman byggðirnar á norður- og suðurfjörðunum og menn hafa ævinlega sett stefnuna á að fá jarðgöng undir fjöllin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. En það þarf líka að huga sérstaklega að því þegar þar er komið í gegn hvernig leysa eigi framhaldið. Við höfum auðvitað litið á þessa tengingu sem megintengingu til suðurfjarðanna norðan að og öfugt sunnan að. Þess vegna þarf að skoða vandlega hvar við ætlum að leggja áherslurnar í framhaldi af Dýrafjarðargöngunum. Þar er ekki nema um tvær leiðir að velja, annaðhvort Dynjandisheiðina og lagfæra veginn þar eða, sem ég held að sé raunhæfari kostur, að skoða frekari gangagerð til að tengja svæðin saman.

[12:01]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Það er mikilvægt að sem fyrst liggi fyrir pólitísk ákvörðun um hvort menn ætli að ráðast í þessa jarðgangagerð eða ekki. Fyrir liggur yfirlýsing ráðherra um vilja hans en ekki liggur fyrir yfirlýsing ríkisstjórnarinnar. Ég verð að segja, herra forseti, að það er orðið brýnt að ríkisstjórnin tali skýrt í þessum efnum. Hún hefur unnið þannig á síðustu árum að það er ástæða til að hafa nokkrar áhyggjur af því hvernig ákvarðanir eru teknar um röð verkefna að þessu leyti til.

Á milli þeirra þriggja verkefna sem ég taldi upp að nefnd Vegagerðar ríkisins hafi dregið fram sem þau verkefni sem fyrst og fremst ætti að ráðast í, var ráðist í jarðgöng undir Almannaskarð. Hvað segir í skýrslu Vegagerðar ríkisins um þann valkost? Um þann valkost segir í þessari skýrslu, herra forseti: „Jarðgöng koma þarna varla til álita fyrr en eftir 30 ár.“ Engu að síður er þessi kostur kominn inn og er verið að ljúka því verki núna. Einn kostur af þeim þremur sem dregnir voru út úr er ekki enn kominn af stað. Ekki er enn búið að taka pólitíska ákvörðun um hvort ráðast eigi í hann.

Ég er alveg sammála hæstv. samgönguráðherra um að það er ekkert að vanbúnaði með frekari rannsóknir og engin ástæða til að ráðast í þær fyrr en ákvörðun liggur fyrir, en ég legg ríka áherslu á að hún liggi fyrir. Alþingi mun þurfa að taka afstöðu til málsins áður en kemur að kosningum, herra forseti. Lögð verður fyrir þingið tillaga um að ráðast í þessa framkvæmd og ég mun gera það, virðulegur forseti, ef hæstv. samgönguráðherra gerir það ekki fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Það verður ekki beðið lengur eftir ríkisstjórninni í þessum efnum, virðulegi forseti.

[12:03]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka í aðalatriðum fyrir umræðuna sem orðið hefur um þessa fyrirspurn. Ég vil taka alveg sérstaklega undir það sem hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson sagði um göng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar að auðvitað verður að hugsa þá framkvæmd sem heildarlausn fyrir samgöngur úr Dýrafirði yfir á Barðaströndina, annars nýtist hún ekki.

Að öðru leyti vil ég segja, virðulegur forseti, að ég hef miklu meiri áhyggjur af því hvernig Kristinn H. Gunnarsson talar en af því hver afstaða ríkisstjórnarinnar er til uppbyggingar á landsbyggðinni. Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á hana. Kristinn H. Gunnarsson fékk þann trúnað að hafa með Byggðastofnun að gera en allir þekkja hvernig það fór. Þessi talsmáti og ræðuhöld hv. þingmanns eru náttúrlega með ólíkindum, að vera með hótanir hér um sjálfstæðan tillöguflutning. Hvers virði er hann? Hvernig hefur

verið með tillöguflutning hv. þingmanns?

Ég legg áherslu á að ná víðtækri sátt og samkomulagi alþingismanna um framvinduna í samgöngumálum, en ég tel að það sé ekki líklegt til árangurs að einstakir þingmenn reyni í hverju einasta máli að rífa sig út úr samstöðu félaga sinna.

[12:05]

Útbýting:

Bókhald, 478. mál, þskj. 1304.

Sumardvalarheimili fyrir fatlaða, 803. mál, fsp. VF, þskj. 1306.

Jarðgöng til Bolungarvíkur.

Fsp. KHG, 776. mál. — Þskj. 1150.

[12:05]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Í ljósi síðustu ræðu hæstv. samgönguráðherra þar sem hann fann sérstaklega að því að þingmenn lýsi áformum um að flytja tillögur á þingi þá vil ég segja að mér fannst hún bæði ómakleg en lýsandi fyrir það sem hæstv. ráðherra telur að þingmenn eigi að gera fyrst og fremst. Ég er ekki sammála honum um hlutverk þingmanna í þeim efnum og tel að það sé hlutverk þeirra og þeir séu til þess kosnir að fylgja fram málum, tala fyrir þeim, bera fram tillögur eða fyrirspurnir eftir atvikum.

Ég hyggst nú bera fram eina fyrirspurn, þó að ég viðurkenni, virðulegi forseti, að ég athugaði ekki hvort hæstv. samgönguráðherra líkaði að fá fyrirspurnina, en látum það einu gilda. Fyrirspurnin er um samgöngubætur til Bolungarvíkur.

Fyrir 25 árum var gerð skýrsla um stöðu mála þar en vegurinn um Óshlíð var mjög frumstæður á þeim tíma, illfær bæði vegna legu vegarins, snjóflóða og grjóthruns. Þá var fenginn norskur sérfræðingur, sem Norem heitir, til þess að leggja mat á mögulega jarðgangagerð eða aðra kosti og niðurstaðan varð sú að leggjast gegn því að þá yrði ráðist í jarðgöng til að bæta úr samgöngum til byggðarlagsins. Ástæðan var einfaldlega sú að menn höfðu ekki tiltrú á þeim framkvæmdum sem jarðgöng eru, tæknin var ekki komin það langt að menn sæju að þetta væri raunhæfur kostur og menn töldu kostnaðinn verða svo miklu meiri en að byggja upp veginn eins og síðar var ákveðið að gera.

Vegurinn sem nú er og byggður var í framhaldi af þeim ákvörðunum sem teknar voru upp úr 1980 hefur að mörgu leyti reynst vel. Hann er fjölfarnasti millibyggðavegur á Vestfjörðum og einn allra fjölfarnasti vegur utan höfuðborgarsvæðisins með um nærri 700 bíla umferð á dag að jafnaði á ári. Hins vegar fylgja þeim vegi enn sömu ókostir og voru í upphafi að það verða snjóflóð á veginum og það er grjóthrun. Nýlega varð vinnuvélareigandi, sem var að störfum á Óshlíðinni, fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að lenda í grjóthruni sem minnir okkur á þá hættu sem er stöðugt fyrir hendi á þessum vegi og menn sjá sem þarna keyra um nánast daglega að grjót liggur á veginum eða hefur fallið niður úr fjallinu og hoppað yfir veginn og skemmt hann. Áminningin er því stöðugt fyrir hendi. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að núverandi fyrirkomulag sé ekki varanleg lausn heldur verði að ráðast í jarðgöng (Forseti hringir.) og spyr því hæstv. ráðherra þeirrar spurningar sem er að finna á þingskjali 1150 um það efni.

[12:09]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að leggja fram þessa fyrirspurn sem er gagnleg og nauðsynlegt að fá fram þau atriði sem ég mun nú svara. Spurt er:

„Styður ráðherra þau sjónarmið að vegsamgöngur við Bolungarvík verði um jarðgöng þegar horft er til framtíðarlausnar og ef svo er, hvar telur ráðherra að þau göng eigi að vera?“

Svar mitt er svohljóðandi: Jarðgöng til Bolungarvíkur hafa af og til komið til skoðunar en á sínum tíma var ákveðið að byggja upp veg um Óshlíð með þeim hætti sem þekkt er í dag. Ef litið er til framtíðar er ekki ólíklegt að jarðgöng muni leysa Óshlíðarveg af hólmi en ekki hefur verið tekin nein afstaða til staðsetningar slíkra mannvirkja.

Í maí 2002 var birt greinargerð vinnuhóps um öryggismál Djúpvegar milli Súðavíkur og Bolungarvíkur en ég beitti mér fyrir því að sá vinnuhópur var settur til verka. Í hópnum voru Gísli Eiríksson, umdæmisverkfræðingur Vegagerðarinnar, Jón Helgason, verkfræðingur hjá Vegagerðinni, Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri fyrir hönd Bolungarvíkur, Ágúst Björnsson, sveitarstjóri í Súðavíkurhreppi, og síðar Friðgerður Baldvinsdóttir fyrir hönd Súðavíkurhrepps.

Hvað varðar Óshlíð voru niðurstöður hópsins þær að stefna skuli áfram að byggingu vegskála en með möguleika á að skipta síðar yfir í jarðgöng milli Seljadals og Kálfadals frekar en að byggja marga skála. Slík göng yrðu um 1,5 km á lengd og vegurinn yrði áfram um Óshlíð að öðru leyti. Vegagerðin mun í framhaldinu kanna áfram ýmsa möguleika í þessu sambandi í ljósi þeirrar reynslu sem hefur aflast.

Ég legg ríka áherslu á að áfram verði unnið að endurbótum á Óshlíðarvegi og tel eðlilegt að jarðgangakosturinn verði metinn að nýju við endurskoðun samgönguáætlunar til tólf ára, en eins og fyrr hefur komið fram hér mun sú vinna hefjast strax á næsta ári. Ég tel afar mikilvægt að við lærum af reynslunni um uppbygginu vegarins um Óshlíð og nýtingu þess búnaðar sem þar hefur verið komið upp og hvernig vegskálarnir hafa nýst en tel eins og hér segir í svari mínu að huga þurfi að þeim kosti og þeim möguleika að þarna verði jarðgöng.

Ýmsir ágætir menn, heimamenn, hafa bent á jarðgangakost þarna. Ég vil t.d. vekja athygli hv. þingmanna á greinum sem birst hafa á vefnum bb.is, m.a. frá Elíasi Jónatanssyni, og ég tel að Vegagerðin, þegar hún fer að huga að næstu skrefum í þessu, þurfi að leita samráðs við þá heimamenn sem best þekkja þarna til og kalla þá til sem best þekkja uppbyggingu og þjónustu á vegum þarna á svæðinu.

Ég tel að við þurfum að leita allra leiða til að tryggja uppbyggingu vegarins um Óshlíð sem best og það komi að sjálfsögðu til álita, eins og fyrr segir, að leysa það með jarðgöngum.

[12:13]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari umræðu og fagna sérstaklega yfirlýsingu hæstv. samgönguráðherra um að jarðgangakostur verði metinn að nýju á þessu svæði. Það er alveg ljóst mál að þó að við höfum fengið þarna gríðarlega miklar vegabætur á undanförnum áratugum þá höfum við ekki fundið hina varanlegu góðu lausn á þessu vegasambandi og þess vegna verðum við að vinna þessi mál áfram.

Það eru auðvitað ýmsir kostir til sem bent hefur verið á, bæði dýrir kostir og eins er hægt að benda á kosti sem hægt er að vinna smám saman sem eru ódýrari. Þetta er hins vegar hlutur sem við erum ekki búin að komast að niðurstöðu um, hvorki við heimamenn né aðrir. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að við setjum þessa vinnu af stað til þess að við séum þá tilbúin til að taka ákvörðun um framhaldið þegar við erum búin að komast að sameiginlegri niðurstöðu um þessi mál.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á að það er alveg ljóst mál að frekari samgöngubætur á veginum sem núna liggur um Óshlíð er önnur meginforsenda fyrir því að hægt sé að hugsa sér að komið geti til frekari sameiningar sveitarfélaga á þessu svæði. (Forseti hringir.) Það er einfaldlega hlutur sem menn verða að horfa á blákalt því að þetta er veruleikinn sem við stöndum frammi fyrir.

[12:14]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Þessi umræða varpar enn frekar ljósi á það hvers vegna þingmönnum leikur hugur á að vita sem nánast um framþróun í bortækni, því að ekki er einungis um að ræða þau göng sem hér hafa verið nefnd í umræðunni í morgun heldur bíða okkar mörg fleiri verkefni.

Ég ætla að leyfa mér að nefna hér ein göng til viðbótar á Vestfjörðum, þ.e. göngin á milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Það hittist þannig á í vetur að ég hitti fréttamenn sem voru staddir á Ísafjarðarflugvelli, þá nýkomnir frá Súðavík, og þeir höfðu beðið á veginum í heilan klukkutíma vegna þess að fallið höfðu átta snjóflóð úr Súðavíkurhlíð á veginn þegar þeir áttu þar leið um. Þetta dæmi sýnir betur en margt annað hversu nauðsynlegt og lífsnauðsynlegt það er að fá miklu fleiri jarðgöng í landinu.

[12:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Vegagerðin um Óshlíð sannar það að þrátt fyrir allkostnaðarsamar framkvæmdir hefur ekki fundist fullnægjandi lausn þar og ég styð að að því verði unnið að bæta þar úr.

Annars hlýt ég að vekja athygli á því að hér eru ræddar allmargar fyrirspurnir frá stjórnarþingmönnum um jarðgangaframkvæmdir hér og jarðgangaframkvæmdir þar, allt hin þörfustu mál. Menn velta jafnvel fyrir sér bortækni, sem ég held að við ættum að láta sérfræðingana um og ættum ekki að hafa of miklar áhyggjur af. Hlutverk okkar er fyrst og fremst að reyna að skaffa peninga til að hægt sé að ráðast í eitthvað af þeim fjölmörgu framkvæmdum sem stjórnarþingmenn hafa verið að spyrja um um allt land, á Austurlandi, Miðnorðurlandi og Vestfjörðum. Þetta eru stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar sem eru með í höndunum vegáætlun sem skorin er niður upp á tæpa 6 milljarða kr. á þriggja ára tímabili, 2004–2006. Mér finnst, virðulegur forseti, að það hljóti að vera einhver takmörk fyrir því hversu langar umræður og margar fyrirspurnir menn geti lagt hér fram um óskalista sína þegar menn standa pólitískt ábyrgir að því að skera niður framlög til vegamála eins og raun ber vitni.

[12:17]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Vegurinn um Óshlíð er eiginlega skólabókardæmi fyrir okkur til að læra af. Hann er tilraun sem hefur sýnt að vegagerð undir þeim kringumstæðum sem þar eru og einnig í Súðavíkurhlíð getur ekki gengið eins og lagt hefur verið upp með. Þess vegna er það í raun og veru alveg furðulegt að við séum þegar byrjuð að grafa skápa úr Súðavíkurhlíð í stað þess að reyna að horfa til framtíðarlausna með því að tengja þessar byggðir saman með jarðgöngum.

Þá komum við einmitt að því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék að áðan og það er fjármagn. Þar stöndum við auðvitað frammi fyrir því að ríkisstjórnin er að skera niður framkvæmdir, verið er að færa framkvæmdir af árunum 2004, 2005 og 2006. Það er auðvitað í algjörri andstöðu við þær áherslur sem við þurfum að leggja í jafnarðbærum framkvæmdum og vegasamgöngurnar eru.

[12:18]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Þessi umræða sannar svo ekki verður um villst hversu mikið skortir á að við fylgjum eftir bæði þeim áætlunum sem við höfum sett hér á undanförnum árum um vegaframkvæmdir, ekki síst á Vestfjörðum og Norðausturlandi, þeim svæðum sem þó er viðurkennt að standi langt að baki öðrum landshlutum. Samt leyfa menn sér, stjórnarliðar, hæstv. ráðherra, að skera niður um tugi ef ekki hundruð milljóna króna framlög sem ráðgert var að setja í vegina um Vestfirði og skera niður vegáætlun á þriggja ára tímabili um 6 milljarða kr.

Hér kom formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins og reyndur þingmaður Vestfjarða og talaði um gamla drauma. Já, þeir eru nú að verða býsna gamlir draumarnir um samgöngubætur á Vestfjörðum og ef fram fer sem horfir munu þeir margir hverjir eldast (Forseti hringir.) enn meir, því miður.

[12:19]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ágæt svör við fyrirspurn Kristins H. Gunnarssonar í þessum efnum.

Það var athyglisvert að hlusta á þingmenn Vinstri grænna sem komu hér pirraðir upp og eru pirraðir yfir því að stjórnarliðar skuli voga sér að spyrja spurninga í fyrirspurnatíma á hinu háa Alþingi, tala hér eins og stjórnarandstaðan eigi einhvern einokunarrétt á fyrirspurnum til framkvæmdarvaldsins. Hvers lags málflutningur er þetta eins og hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni? Hann vill bara eiga þennan ræðustól einn og sér, tala eins og á útifundi, hrópa

og kalla. (Gripið fram í.) Og hér koma hróp og köll utan úr salnum, hæstv. forseti.

Ég vil áskilja mér þann rétt að koma hér með fyrirspurnir til framkvæmdarvaldsins og það eru köld skilaboð frá hv. þingmanni til Austfirðinga, þegar við erum að hreyfa hér mjög þörfu máli, eins og ég gerði áðan, (**Gripið fram í:** ... peninga.) og hér talar hann um peninga. Ég veit ekki betur en við höfum verið að tala um Sundabraut á hinu háa Alþingis. Er ekki ætlunin að fara í þá miklu framkvæmd? Ég veit ekki betur en að ráðherrar í ríkisstjórninni (Forseti hringir.) hafi einmitt upplýst það í fyrirspurnatíma af þessu tagi.

[12:20]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég ætla að taka fram að ég er ekki pirraður en ég ætla að upplýsa að þeir sem eru með fyrirspurnir og benda á ýmsar framkvæmdir ættu að íhuga það þegar þeir eru að samþykkja niðurskurð. Það fer ekki saman að samþykkja niðurskurð og ýta síðan hinn daginn á eftir framkvæmdum. Ég held að menn verði að gera sér það ljóst.

Það hefur orðið mikill niðurskurður á fjármunum til vegagerðar. Ef farið er aftur til 2001 þá er liðlega 30% minna fé sem hlutfall af ríkisútgjöldum varið til vegamála á árinu 2005 en árið 2001. Eins er varðandi viðhald á vegum, það eru tölur hér frá upplýsingaþjónustu Alþingis sem gefa skýrt til kynna að það er mikill samdráttur þrátt fyrir alla þungaflutningana á vegunum. Ég vona að hv. þm. Birkir Jón Jónsson átti sig á að það fer ekki saman. Ef bæta á vegina eða koma á nýjum samgöngubótum (Forseti hringir.) kostar það fjármuni og það verður að verja fé til þess.

[12:22]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Við ræðum eins konar mínísamgönguáætlun á þessum morgni. Við ræddum samgönguáætlunina í hv. samgöngunefnd í morgun og hér eru umræður sem eru framhald af því, jarðgangagerð og bortækni, viðhald þjóðvega, jarðgöng í Dýrafjörð og nú til Bolungarvíkur, og svo ræðum við um Siglufjarðarveg á eftir. Þykist ég þess fullviss að þar verði eitthvað rætt um jarðgöng líka, ef ég þekki hv. fyrirspyrjanda rétt í þeim efnum.

Það er auðvitað alvarlegast, virðulegi forseti, að árið 2005 tökum við Íslendingar í notkun þriðju alvörujarðgöngin á Íslandi og nefni ég þá Ólafsfjarðargöng, Vestfjarðagöng og Fáskrúðsfjarðargöng í þeim efnum. Ég segi, virðulegi forseti, að Strákagöng til Siglufjarðar og Oddsskarðsgöng fyrir austan eru lélegar tilraunir til jarðgangagerðar vegna þess að þar var bara ekki notuð nútímatækni. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál.

Ég tek undir það sem hæstv. samgönguráðherra sagði áðan að auðvitað er ekki ólíklegt að í náinni framtíð verði rætt um (Forseti hringir.) jarðgöng til Bolungarvíkur, þess ágæta staðar. Ég minnist þess þegar ég var þar fyrir 30 árum (Forseti hringir.) að ég skildi ekki af hverju ekki var rætt um það í staðinn fyrir viðgerð á Óshlíð.

[12:23]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir umræðuna sem hefur orðið um þessa fyrirspurn. Ég heyri að það er almennur skilningur á því að gera þurfi bragarbót í samgöngumálum til Bolungarvíkur þó að ekki sé ljóst hvort allir eru þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að ráðast í jarðgöng.

Ég vil hvetja efasemdarmenn í þeim efnum til að kynna sér málið betur og sérstaklega hæstv. samgönguráðherra. Í mínum huga er enginn efi á því að ekki verður hægt að koma á öruggum samgöngum til staðarins öðruvísi en að ráðast í jarðgöng. Tilraunin frá 1980 er fullreynd, ákvörðun sem menn tóku út frá fjárhagslegum sjónarmiðum og því að menn höfðu ekki trú á bortækninni sem þá var uppi. Menn mega ekki láta þau mistök endurtaka sig í nýjum ákvörðunum, menn verða að taka þær út frá því sem þeir vita og sjá að reynst hefur vel annars staðar.

Ég er ekki hrifinn af þeim hugmyndum sem Vegagerðin hefur reifað um þrenn stutt jarðgöng í Óshlíðina, einhvers konar bútasaum, hugmyndir sem eru settar fram á sömu forsendum og Norem-hugmyndirnar forðum, vegna þess að menn eru að reyna að spara. Menn eru ekki að leitast við að finna lausn til að leysa vandann varanlega heldur að komast eitthvað áleiðis fyrir lítið fé. Þó að það sé góðra gjalda vert að menn vilji gera slíkt væru menn að mínu viti að gera sömu mistökin á nýjan hátt ef þeir ætluðu sér að leysa vandann að hluta til eins og hugmyndir eru með jarðgöng milli Seljadals og Kálfadals. Það er ekki varanleg lausn, virðulegi forseti. Menn eiga að sýna þessu máli sambærilegan metnað og þeir sýna þegar þeir ákveða að leysa samgöngur til eyðifjarðarins Héðinsfjarðar.

[12:25]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ekki veit ég hvort áform þeirra sem lögðu á ráðin um að leggja svokölluð Héðinsfjarðargöng hafi verið tengd því sérstaklega að komast í Héðinsfjörð, eins og skilja mátti á hv. fyrirspyrjanda sem hér talaði.

Ég vil bara leiðrétta það sem kom fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni þar sem hann flokkaði mig í hóp einhverra sérstakra efasemdarmanna um nauðsyn þess að bæta samgöngur til Bolungarvíkur. Ég átta mig ekki á hvernig hann fann það út úr ræðu minni eða svari mínu. Ég gerði grein fyrir hvaða áform þar eru uppi, en það er auðvitað ekki hægt að víkja því algjörlega til hliðar að búið er að fjárfesta þarna mjög mikið í vegskálunum sem að ýmsu leyti hafa nýst prýðilega þó að þeir leysi ekki þörfina fyrir betri og öruggari samgöngur um Óshlíðina. Það er alveg ljóst og þess vegna kom fram í svari mínu að nú þarf að leggja á ráðin um næsta áfanga endurbóta. Bent var á þá hugmynd m.a. að þarna yrðu gerð stutt jarðgöng til að leysa það mál og þar með að nýta þá feiknarlega dýru fjárfestingu sem vegskálarnir eru.

Að öðru leyti þakka ég þessa umræðu enn og aftur og mikinn áhuga hv. þingmanna á jarðgangagerð og sérstaklega samgöngubótum sem skipta auðvitað mjög miklu máli fyrir okkur.

Siglufjarðarvegur.

Fsp. KHG, 777. mál. — Þskj. 1151.

[12:28]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fyrirspurn, með leyfi forseta, til samgönguráðherra:

Telur ráðherra að Siglufjarðarvegur, frá Fljótum um Almenninga og Strákagöng til Siglufjarðar, geti áfram verið greiðfær heilsársvegur í fyrirsjáanlegri framtíð og hvað þarf að verja miklu fé til þess að svo verði?

Það er fyllsta ástæða til að leita eftir afstöðu ráðuneytisins til vegarins, m.a. í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í skýrslu um sigsvæði á Siglufjarðarvegi sem Vegagerðin lét taka saman fyrir nokkrum árum og menn geta kynnt sér á vef Vegagerðar ríkisins.

Í niðurstöðum þeirrar skýrslu segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Í Almenningum við utanverðan Skagafjörð er að finna að minnsta kosti sex stór berghlaup og eru alla vega þrjú þeirra á töluverðri hreyfingu enn í dag."

Neðar í niðurstöðukaflanum segir, með leyfi forseta:

„Eins og mæliniðurstöður Vegagerðarinnar sýna er mjög mikið framskrið á öllu þessu svæði, en mest er það þó í sigsvæði sem nefnt er Skógar. Þar nemur að meðaltali mesta hreyfing allt að 60 cm á ári. Ef það er bakreiknað frá þeim tíma sem vegurinn var lagður þá nemur heildarframskriðið rúmlega 21 m."

Og enn, svo að ég vitni annars staðar í niðurstöðukaflann, með leyfi forseta:

„Svæðið norðan við Kóngsnef ber öll ummerki þess að þar sé einnig töluvert framskrið en þó nokkuð frábrugðið. Þar liggur vegurinn mun nær brún hlaupsins og hægt er að fullyrða að þar sé töluverður undangröftur sjávar óðfluga að grafa undan vegstæðinu. Hlíðin neðan við veginn er öll sprungin og rifin og er töluverð hætta á að stór stykki falli úr vegstæðinu. Mesta framskrið á þessu svæði nemur að meðaltali um 26 cm á ári en það eru um 7 m síðan vegurinn var lagður."

Svo vitna ég að lokum hér, með leyfi forseta:

„Eins og sést á þessu þá eru það þrjú megin framskriðsvæði innan berghlaupanna á Almenningum sem hafa teljandi áhrif á vegstæðið. Greinilegt er þó af ummerkjum að víðar er töluverð hreyfing á efnismössum sem hafa þó ekki bein áhrif á vegstæðið í dag. Ljóst er að á svæði 1 er mikil hætta á því að stór stykki geti sigið niður eða hlaupið fram úr núverandi vegstæði og nágrenni þess. Við slíka atburði gæti vegurinn spillst eða orðið ófær um tíma en núverandi vegstæði einnig einfaldlega orðið ónýtt. Um þá hættu sem umferð um veginn stafar af þessu þarf ekki að fjölyrða." — Segir í skýrslu Vegagerðarinnar.

[12:31]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spyr: „Telur ráðherra að Siglufjarðarvegur, frá Fljótum um Almenninga og Strákagöng til Siglufjarðar, geti áfram verið greiðfær heilsársvegur í fyrirsjáanlegri framtíð og hvað þarf að verja miklu fé til þess að svo verði?"

Svar mitt við spurningunni er já. Það er reiknað með því að um Almenninga og Strákagöng geti áfram verið tenging við Siglufjörð á sama hátt og verið hefur undanfarin ár og þar með greiðfær heilsársvegur. Það er að vísu nokkur viðbótar viðhaldskostnaður á veginum vegna sigs miðað við það sem almennt gerist og gert ráð fyrir að svo verði áfram. Kostnaðurinn hefur að meðaltali numið 2–3 millj. kr. á ári.

Vegagerðin fylgist grannt með hreyfingum á veginum og lagfærir jafnóðum það sem aflaga fer. Skriðurnar í Almenningum eru vissulega einn af þeim stöðum á landinu þar sem meiri háttar rask getur orðið, en jarðfræðingar telja að skriðurnar þarna hafi verið á hreyfingu í nokkur þúsund ár og hegðunin geti verið svipuð í nokkur þúsund ár til viðbótar. Eftir að Héðinsfjarðargöng verða komin í notkun hafa Siglfirðingar einnig tryggar samgöngur til austurs, en það verða 78 km á milli Siglufjarðar og Akureyrar.

Í þessu tilliti er nauðsynlegt að rifja það upp að á sínum tíma þegar verið var að fjalla um samgöngubætur til Siglufjarðar m.a. var skoðað hvaða kostir væru bestir. Sett var á laggirnar af forvera mínum í stóli samgönguráðherra, Halldóri Blöndal, svokölluð Lágheiðarnefnd, sem skoðaði hvort byggja ætti upp veginn um Lágheiði og tengja þannig Eyjafjarðarsvæðið og nýta veginn um Almenninga áfram til Siglufjarðar, hvort leggja ætti göng úr Fljótunum eða leggja göng úr Siglufirði um Héðinsfjörð til Ólafsfjarðar og nýta veginn um Almenninga. Skrifuð var greinargerð um valkostina og í hópnum sem fór yfir málið voru fulltrúar úr Skagafirði, Eyjafirði, Siglufirði og frá Vegagerðinni. Niðurstaðan af allri þeirri vinnu var sú að velja þann kostinn að jarðgöng yrðu um Héðinsfjörð úr Siglufirði til Ólafsfjarðar. Með því mundi Eyjafjarðarsvæðið eflast mjög og jafnframt yrði tenging yfir í Fljót, yfir til Skagafjarðar, um veginn um Almenninga.

Þá þegar lá því allt fyrir sem nú liggur fyrir og hv. fyrirspyrjandi vísaði til og liggur frammi sem skýrsla frá Vegagerðinni. Það er því út af fyrir sig ekkert nýtt þarna á ferðinni og lá allt saman fyrir þegar ákvarðanir voru teknar um að fara í svokölluð Héðinsfjarðargöng. Þetta vildi ég að kæmi fram í tengslum við þá fyrirspurn sem hv. þingmaður lagði fyrir.

[12:35]

Kristján L. Möller:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svarið og get tekið undir eiginlega allt sem þar kom fram. Þegar rætt er um vegagerð til Siglufjarðar er sú saga ansi skrautleg, ef svo má að orði komast, og hvet ég hv. þm. Kristin H. Gunnarsson til að lesa þá sögu, eins og t.d. 20, 30 ára sögu Siglfirðinga að fá vegtengingu við landskerfið, kringum 1920/30 fjárframlag bæjarsjóðs Siglfirðinga og einstaklinga til að búa til Skarðsveginn sem var gerður með haka og skóflu 1940. Sá vegur og sú vegtenging til Siglufjarðar var ófær frá fyrstu snjóum og fram á vor. Þeirri einangrun lauk með gerð Strákaganga sem opnuð voru 1967.

Nú, virðulegi forseti, hillir hins vegar loksins undir framtíðarlausn, framtíðarvegagerð með gerð Héðinsfjarðarganga og vil ég nota tækifærið og þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir kröftugan og öflugan stuðning við að

koma því verki í gang, bæði með samþykkt jarðgangaáætlunar árið 2000 og samgönguáætlunar 2003. (Forseti hringir.)

Hins vegar tel ég, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) dálítið skrýtið hvernig hv. þingmaður er að fiska í gruggugu vatni (Forseti hringir.) í Norðvesturkjördæmi, kannski sérstaklega í Fljótum eða einum bæ Fljóta.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn að virða ræðutíma.)

[12:37]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég tel að bæta þurfi samgöngur við Siglufjörð vegna þess að vegurinn um Strákagöng og Almenninga er óviðunandi og verður óviðunandi og er stórhættulegur. Ég tel hins vegar að röng leið hafi verið farin með því að fara Héðinsfjarðarleiðina. Ég tel að það hefði átt að fara inn í Skagafjörð og síðan úr Skagafirði inn í Eyjafjörð, þannig að samgöngubæturnar nýttust öllu Norðurlandi vestra.

Ég tel því að það sé röng mynd sem verið er að draga upp að hægt verði að halda við þeim vegi um Almenninga sem nú er. Við vitum að það er mjög kostnaðarsamt og það hlýtur að verða erfiður biti í háls að kyngja þegar vegafé er af jafnskornum skammti og við vitum.

[12:38]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Ég held að flestir séu sammála um að réttast hefði verið að fara með jarðgöng úr Fljótum til Siglufjarðar í stað þess að ráðast í þær framkvæmdir að fara með veg fyrir Almenninga og gegnum Strákagöng á sínum tíma.

Fram hefur komið í umræðunni að vegurinn fyrir Almenninga og Strákagöng til Siglufjarðar muni þurfa verulegt viðhald í framtíðinni. Besta framtíðarlausnin varðandi vegasamgöngur fyrir Skagafjörð, Siglufjörð og Eyjafjörð hefði verið að mínu mati að tekin hefðu verið jarðgöng í gegnum Fljót til Siglufjarðar og einnig varanleg leið úr Fljótum til Ólafsfjarðar og þaðan inn á Eyjafjarðarsvæðið. Það hefði verið besta og skynsamlegasta tengingin að mínu mati.

Ég tel að þó svo að menn ráðist í Héðinsfjarðargöng, (Forseti hringir.) ef af verður, þurfi líka að horfa til bættra samgangna úr Fljótum og yfir til (Forseti hringir.) Eyjafjarðarsvæðisins.

[12:39]

Birkir J. Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgönguráðherra fyrir svörin. Ljóst er að á sínum tíma var gerð úttekt á öllum mögulegum tengingum Siglufjarðar á Tröllaskaga. Vegagerðin komst að þeirri niðurstöðu að arðbærast væri að fara þá leið sem hæstv. ríkisstjórn og ríkisstjórnarflokkar ætla að standa við, enda var gert skriflegt samkomulag milli sveitarfélaganna við utanverðan Eyjafjörð og ríkisins á sínum tíma og mjög alvarlegt ef menn ætla að ganga á bak orða sinna.

Það er mjög athyglisvert þegar andstæðingar framkvæmdanna tala um að það kosti jafnvel milljónatugi aukalega að halda við Siglufjarðarvegi. Nú hefur komið í ljós að það eru 2 eða 3 millj., það eru öll ósköpin. Einnig er athyglisvert í dag þegar við höfum hlustað á hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson tala um tvenn jarðgöng á Vestfjörðum, sem hann ætlast að sjálfsögðu til að menn nái samstöðu um, að hann skuli svo tala gegn annarri svipaðri framkvæmd á landsbyggðinni og tala þá framkvæmd niður.

[12:40]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Ég átta mig ekki alveg á umræðunni. Framsóknarmenn eru að takast á og síðan er verið að spyrja út í veg á leið til Siglufjarðar. Nú vill svo til að ég fer þennan veg nokkuð oft, sérstaklega fór ég hann oft á meðan ég starfaði fyrir norðan. Mér finnst vegurinn býsna góður miðað við ýmsa aðra vegi og einkum miðað við vegi bæði á Ströndum og í Ísafjarðardjúpi. Ég átta mig því ekki alveg á því hvað er í gangi, hvers vegna mönnum er svona umhugað um þennan veg sem kostar einungis 2–3 millj. að halda við, eins og upplýst hefur verið. Mér finnst að menn eigi að tala skýrt en ekki í hálfkveðnum vísum um það hvort menn séu að ræða þennan veg vegna andstöðu sinnar við Héðinsfjarðargöng. Mér finnst það vera miklu nær, í stað þess að vera að spyrja um ástand vega hér og þar, sérstaklega í ljósi þess að ástand vega er miklu verra t.d. á Ströndum og í Ísafjarðardjúpi.

[12:41]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að hæstv. ráðherra sagði að ekkert nýtt hefði komið fram frá því að tekin var afstaða til þess hvernig leggja ætti göngin um Héðinsfjörð. Það er auðvitað ekki rétt. Það sem hefur gerst síðan er að allir strandflutningar eru að leggjast af og allir flutningar frá Siglufirði munu halda áfram að fara um gamla veginn, gegnum Strákagöng og Almenninga. Ég held þess vegna að það þurfi að fá aðeins skýrari svör um það hvað þurfi til að þessi háttur verði á í framtíðinni, því nýi vegurinn um Héðinsfjörð verður ekki notaður fyrir vöruflutninga miðað við hlutina eins og þeir gerast í dag. (**Gripið fram í:** ... Akureyrar.) Akureyri, það er ekki hægt að útskipa frá Akureyri, það er ekkert vöruhótel þar. Ef það væri gætum við fagnað því að þetta væri allsherjarlausn. Ég tel að það sé engin ástæða til að rífast lengur um Héðinsfjarðargöng, þau koma, en menn verða auðvitað að halda áfram og borga allan brúsann.

[12:43]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Það kom mjög skýrt fram hjá hæstv. ráðherra að hann telur ekki þörf á að hafa áhyggjur af þessum vegi. Það er út af fyrir sig svar. Ég vil þó benda á það sem fram kemur í skýrslu Vegagerðarinnar um veginn, að þeir telja að mikil hætta sé á því að stór stykki geti sigið eða hlaupið fram úr veginum og vegurinn orðið ófær eða ónýtur. Það er mér ekki nóg að hæstv. ráðherra vísi þessu á bug með því að að segja að hann telji að þetta muni ekki gerast. Það verður að leggja fram einhver ný gögn í málinu sem

breyta niðurstöðum sérfræðinganna sem gerðu úttekt á málinu.

Gefum okkur að frekari rannsóknir hafi verið gerðar og menn hafi komist að þeirri niðurstöðu að það sé engin hætta þarna á ferðum. Þá liggur fyrir að menn eru að ráðast í vegagerð til að tengja Siglufjörð við Eyjafjörð án þess nauðsyn sé á að bæta samgöngur við staðinn, vegna þess að þær eru þá taldar fullkomnar og fullnægjandi. Menn eru þá að setja 7–9 milljarða kr. í framkvæmd, auk kostnaðar við að tvöfalda Ólafsfjarðargöng til að koma nýrri tengingu við stað sem er í fullkominni tengingu fyrir. Menn verða að hafa það í huga.

Hitt getur líka verið að menn séu bara að segja eitthvað annað núna, en síðar þegar Héðinsfjarðargöng verða komin fyrir vind muni það verða sett fram sem krafa strax og hitt er komið svo langt að það verði ekki aftur snúið og sagt: Vegurinn um Almenning er þannig að það er ekki hægt að búa við það, við verðum að fá göng við Fljót. Það gæti nefnilega verið að hv. þm. Kristján L. Möller yrði fyrsti maður til að bera fram þá kröfu og kannski ekki að ástæðulausu að ég nefni hann sérstaklega í því samhengi.

[12:45]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég tel að þessi umræða hafi verið gagnleg og nauðsynlegt að fara yfir þetta. Ég hef ekki fullyrt neitt um að náttúruhamfarir geti ekki orðið hér á landi. Það er alls staðar nánast og við þekkjum það. Því er rétt að hafa ekki uppi nein stór orð um það.

Hins vegar vil ég undirstrika það sem ég sagði hér fyrr, að ákvarðanir um þessar útfærslur voru teknar að undangenginni ítarlegri vinnu og þær tillögur voru gerðar af þeim aðilum í Eyjafirði og Skagafirði og Siglufirði og á vettvangi Vegagerðarinnar sem þekktu vel til og lögðu fram þessar hugmyndir í því ljósi að nýta veginn um Almenninga. Það er nauðsynlegt að það komi skýrt fram.

Ég minnist þess satt að segja ekki að umræða um þann veg hafi orðið þegar ákvarðanir voru teknar um að Siglufjarðargöng yrðu svokölluð inni í jarðgangaáætluninni og síðan í samgönguáætlun. Ég hef ekki reyndar flett því upp. En ég man ekki eftir að ég sem samgönguráðherra stæði frammi fyrir þeim spurningum, t.d. frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. (Gripið fram í.) Það hefur út af fyrir sig ekkert breyst síðan, eins og ég sagði. (**JÁ:** Strandsiglingarnar ...) Já, hv. þm. Jóhann Ársælsson kallar hér fram í að strandsiglingar séu farnar. En það er auðvitað siglt á hafnir eftir sem áður. Ég held að fyrir flutninga til Eyjafjarðarsvæðisins þá fari ekkert á milli mála að hagkvæmast (Forseti hringir.) verði að nýta hafnaraðstöðuna góðu í Siglufirði í framtíðinni og göngin síðan inn til Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins.

Hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum.

Fsp. GHall, 752. mál. — Þskj. 1117.

[12:47]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég átti orðastað við fyrrverandi umhverfisráðherra um sama mál fyrir rúmu ári síðan. Þá kom fram að til stæði að vinna að þessu máli varðandi óreiðuskip í höfnum. Það kom í ljós hjá umhverfisnefnd Hafnasambands sveitarfélaga sem hafði gert könnun á langlegu- og reiðileysisskipum í höfnum á Íslandi að á þeim tíma lá 161 skip að brúttóþyngd tæp 37 þúsund tonn, ónotað, ónýtt eða úrelt í höfnum landsins. Það má ljóst vera að það er æðikostnaðarsamt fyrir hafnir sem hafa eytt miklu fjármagni í gerð hafna og viðlegu fyrir fiskiskip að liggja svo uppi með svo stóran flota í óreiðu sem raun ber vitni.

Auðvitað vakna spurningar í þessu sambandi. Hvernig má vera að slíkur floti óreiðuskipa safnast í höfnum? Hver er ábyrgð útgerðar? Hvers vegna eru hafnir ekki betur vakandi og gera auknar kröfur um að svona skip séu fjarlægð? Kannski gefur lagalega umhverfið ekki tilefni til þess að ganga að útgerðum sem eiga þessi skip og kemur þá margt til greina, t.d. að útgerðin sé ekki lengur til en hafi skilið skipið eftir í reiðileysi í viðkomandi höfn.

Af þessu, virðulegi forseti, hefur sprottið fram í mínum huga spurning til hæstv. umhverfisráðherra um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu. Það hefur líka komið fram að allmörg skipsflök eru við fjörur landsins og hefur verið af þeim hin mesta óprýði.

Þess vegna hef ég lagt fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra:

1. Hvað líður áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu og kostnað sem af því leiðir sem gera skal samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004?

2. Hvað má ætla að um mörg skip sé að ræða og hver er heildarbrúttóþyngd þeirra í höfnum á Íslandi?

3. Hvað má ætla að séu mörg skipsflök við strendur landsins sem þarf að fjarlægja?

[12:50]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Í ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, segir, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðherra skal í samvinnu við Umhverfisstofnun, samgönguráðherra, Hafnasamband sveitarfélaga og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga gera áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða af skipsflökum og skipum í óreiðu og kostnað sem af því leiðir. Skal sú áætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2005 og koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2006. Hreinsun skal lokið fyrir árslok 2008."

Umhverfisráðuneytið fól starfshópi, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í sömu lögum og ætlað er að undirbúa gildistöku laganna, að annast málið. Á vegum starfshópsins sem samanstendur af fulltrúum umhverfisráðuneytis, samgönguráðuneytis, Umhverfisstofnunar, Sambands íslenskra

sveitarfélaga og Samtaka atvinnulífsins hefur verið unnið að frekari undirbúningi málsins. Ljóst er að skilgreina þarf hvað átt er við með skipsflökum og skipum í óreiðu í skilningi laganna. Markmið laganna er að vernda haf og strendur gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafs og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda, samanber nánar 1. gr. laga nr. 33/2004. Þess vegna þarf að skilgreina hugtakið út frá markmiðum laganna, þ.e. að um sé að ræða skipsflök og skip í óreiðu við strendur landsins og á hafnarsvæðum, út frá þeirri hættu sem hafi og ströndum getur stafað af þeim með hliðsjón af mengun. Sem stendur er unnið að skilgreiningu hugtaksins og jafnframt skiptingu skipa í óreiðu í flokka eftir stærð. Enn fremur þarf að lista nákvæmlega hvaða skip geta valdið mengun hafs og stranda innan hafna annars vegar og á ströndum hins vegar. Ljóst er að hafi og ströndum stafar ekki mengunarhætta af öllum skipum sem liggja bundin í höfnum eða eru strönduð. Viðbúið er að setja þurfi nákvæmari ákvæði í hafnalög til þess að takast á við þetta vandamál með skip í óreiðu í höfnum. Eins og ég hef þegar sagt er *litið svo á samkvæmt lögum um varnir gegn mengun* hafs og stranda að þar sé átt við skip í óreiðu eða skipsflök sem mengunarhætta stafar af, en Siglingastofnun skilgreinir skip sem fara ekki aftur á sjó eða hafa ekki verið í rekstri í fimm ár og eru afskráð sem afmáð skip. Þessar skilgreiningar fara ekki saman og því er nauðsynlegt að skilgreining samkvæmt lögum nr. 33/2004 liggi skýr fyrir áður en hægt er að gera áætlun um hreinsun stranda og hafnarsvæða og leggja mat á kostnað við verkið.

Ætla má að fjöldi skipa sem falla undir skilgreiningu Siglingastofnunar, þ.e. afmáð skip, sé rúmlega 100 og heildarbrúttóþyngd þeirra sé rúmlega 20 þúsund brúttótonn. Í þessari tölu er þó að finna skip sem greidd eru hafnargjöld af í dag án þess að þau fari á sjó og óvíst er að fari nokkurn tíma á sjó aftur.

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar liggja við landið 30–40 skipsflök. Í sumum tilvikum kann að vera að meiri hætti stafi af því að fjarlægja skip en að láta það liggja kyrrt enda er gert ráð fyrir því í 20. gr. laga nr. 33/2004 að sé talið ill- eða ógerlegt að fjarlægja strandað eða sokkið skip sé heimilt að leggja fram beiðni til Umhverfisstofnunar um að það skuli liggja óhreyft þar sem það er. Þá skal fylgja áhættumat þar sem gerð er grein fyrir umhverfislegum ávinningi ásamt kostnaði við að fjarlægja hið sokkna skip.

Það er því ekki fyllilega ljóst sem stendur hversu mörg skipsflök við strendur landsins er nauðsynlegt að fjarlægja. Áðurnefndur starfshópur mun gera tillögu til umhverfisráðuneytisins um þann þátt um leið og tillaga kemur fram um óreiðuskip í höfnum eins og ég hef raunar þegar getið um.

[12:55]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra mjög greinargóð og skelegg svör hvað þetta áhrærir. Það er mikið verk að vinna og ég geri mér alveg grein fyrir því að margt þarf að samræma og skoða áður en hafist er handa. Allt ferlið fram undan og hvað hefur gerst áður en til þessa kom kallar hins vegar á ýmis svör.

Í fyrsta lagi hlýtur að vakna spurning um hvort ekki sé eðlilegt að úreldingargjald sé sett á skip eða að útgerðinni sé gert skylt að sjá svo um að skipið verði annaðhvort tekið í slipp og hoggið upp eða aðrar ráðstafanir gerðar.

Ég minnist þess að í umræðunni sem fór hér fram fyrir ári síðan var mikið um það rætt hvort eðlilegt væri að hreinsa skipin vel að innan með tilliti til mengunar og sökkva þeim á einhverjum ákveðnum tilteknum stað hér við ströndina því þau gætu jafnvel nýst sem uppeldisstöðvar fyrir fisk. Það er kannski mál sem mætti líka huga að.

Hins vegar hlýtur að vakna spurning líka um ábyrgð tryggingafélaga þá skip verður til í fjöru. Hvernig er ábyrgð tryggingafélaganna? Nú reikna ég með að þetta sem nú stendur til af hálfu ráðuneytanna sem vinna hér í samstarfi veki spurningu um á hverja þessi kostnaður eigi að leggjast og hvers vegna. Þetta er mikið umhugsunarefni og auðvitað á ábyrgð útgerðarmanna í sambandi við eyðingu skipa sem þeir eru hættir að nota.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að hér er stórmál á ferðinni sem ekki er auðvelt viðureignar. Því verður að fara með gát og það er gott að heyra hjá hæstv. umhverfisráðherra að hér eru varlega sporin stigin.

[12:58]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir að hreyfa þessu máli. Það er alveg ljóst að þetta er töluvert verkefni. Þetta voru grundvallarspurningar sem hann velti hér upp um það hverjir eiga að greiða fyrir aðgerðir af þessu tagi. Það er auðvitað grundvallarspurning. Hann nefndi einnig að jafnvel væri eðlilegt að setja einhver úreldingargjöld á skip eða gera útgerðum skylt að fjarlægja þau þegar hætt er að nota þau og þau fjarlægðu þau þá til förgunar.

Það er unnið að þessum málum mjög markvisst og tillögurnar liggja fyrir innan tíðar þannig að þessi mál eru í ágætum farvegi. Ég vænti þess að viðunandi lausnir finnist.

Út af dagskrá voru tekin 11.–19. mál.

Fundi slitið kl. 12:59.

123. FUNDUR

miðvikudaginn 4. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 648. mál, þskj. 1281. — 3. umr.
2. Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, stjfrv., 667. mál, þskj. 1282. — 3. umr.
3. Áfengislög, stjfrv., 676. mál, þskj. 1029. — 3. umr.
4. Happdrætti, stjfrv., 675. mál, þskj. 1283. — 3. umr.
5. Fullnusta refsinga, stjfrv., 336. mál, þskj. 1301. — 3. umr.
6. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, stjfrv., 479. mál, þskj. 1302. — 3. umr.
7. Ársreikningar, stjfrv., 480. mál, þskj. 1303. — 3. umr.
8. Bókhald, stjfrv., 478. mál, þskj. 1304. — 3. umr.
9. Tollalög, stjfrv., 493. mál, þskj. 1305. — 3. umr.
10. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 696. mál, þskj. 1054. — 3. umr.
11. Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, stjfrv., 583. mál, þskj. 874, nál. 1222. — 2. umr.
12. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 677. mál, þskj. 1030, nál. 1228 og 1277, brtt. 1229. — 2. umr.
13. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 732. mál, þskj. 1094, nál. 1223, 1246 og 1278. — 2. umr.
14. Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, stjfrv., 295. mál, þskj. 1212, brtt. 1295. — 3. umr.
15. Skattskylda orkufyrirtækja, stjfrv., 364. mál, þskj. 1258. — 3. umr.
16. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 396. mál, þskj. 503, nál. 1221. — Frh. 2. umr.
17. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 707. mál, þskj. 1065, nál. 1220. — 2. umr.
18. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 698. mál, þskj. 1056, nál. 1254, brtt. 1255 og 1287. — 2. umr.
19. Skipan ferðamála, stjfrv., 735. mál, þskj. 1097, nál. 1271, brtt. 1272. — 2. umr.
20. Loftferðir, stjfrv., 699. mál, þskj. 1057, nál. 1275, brtt. 1276 og 1288. — 2. umr.
21. Almannatryggingar, stjfrv., 587. mál, þskj. 879, nál. 1296. — 2. umr.
22. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 720. mál, þskj. 1078, nál. 1299, brtt. 1300. — 2. umr.
23. Almenn hegningarlög, frv., 67. mál, þskj. 67, nál. 1273, brtt. 1274. — 2. umr.
24. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, frv., 801. mál, þskj. 1248. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Geir H. Haarde fjmrh., 1. þm. Reykv. s.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Halldór Blöndal, 2. þm. Norðaust.,
Jón Kristjánsson heilbrrh., 4. þm. Norðaust.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.

[13:33]

Útbýting:

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 648. mál, þskj. 1281.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fjárframlög til Mannréttindaskrifstofu Íslands.

[13:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar við þeirri gagnrýni sem hún hefur sætt vegna atlögunnar að Mannréttindaskrifstofu Íslands hafa hvorki verið mikil né stórmannleg. Fyrir liggur að dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra nota úthlutunarvald sitt sem þeim var illu heilli fengið af meiri hluta Alþingis fyrir síðustu jól til að skera fjárveitingar til Mannréttindaskrifstofunnar niður við trog þannig að grundvelli er bókstaflega kippt undan rekstri hennar. Dómsmálaráðherra skilyrðir það litla fjármagn sem hann lætur renna til skrifstofunnar. Utanríkisráðherra lætur hana ekki hafa krónu og virðist ekki telja að það komi neinum við nema sjálfum sér hvernig hann fer með fjárlagaliðinn. Hæstv. forsætisráðherra og fyrrverandi utanríkisráðherra skríður í felur.

Kröfu okkar formanna stjórnarandstöðuflokkanna um að taka frumvarp okkar um aukafjárveitingu til Mannréttindaskrifstofunnar yfir fjáraukalög á dagskrá er hafnað. Forsætisráðherra hefur nú nýlega hafnað því að vera til svara fyrir ríkisstjórnina í umræðum utan dagskrár. Ég sendi forseta þingsins og hæstv. forsætisráðherra beiðni um að fá að ræða málið utan dagskrár úr því að dagskrármálið fæst ekki tekið fyrir og fékk svohljóðandi svar frá forsætisráðherra eða ritara hans, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra vísar málinu frá sér til dómsmála- og utanríkisráðherra þar sem þeir fara með þessi mál.“

Virðulegi forseti. Á ég þá að biðja um tvær utandagskrárumræður, aðra á utanríkisráðherra og hina á dómsmálaráðherra? Hvaða ráð eru til að fá málið tekið upp með eðlilegum hætti og láta á það reyna hvort meiri hluti Alþingis styður það að starfsemi Mannréttindaskrifstofunnar verði rústað með þessum hætti þvert ofan í svardaga um hið gagnstæða við fjárlagaafgreiðsluna fyrir jól? Málið varðar samskipti Alþingis og framkvæmdarvaldsins beint og er algerlega óásættanlegt að þingið ljúki störfum án þess að hægt sé að taka það til umræðu.

[13:36]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Málið hefur verið rætt töluvert í þinginu, bæði við tækifæri eins og þetta, sem er ekkert athuga-

vert við að sé gert, af hálfu hv. þingmanns og fleiri þingmanna og eins var það rætt í tengslum við umræðu um störf um utanríkismál fyrir fáeinum dögum. Allmikill tími fór einnig í þá umræðu og ekkert athugavert við það heldur. Menn hafa því ekki verið að koma sér undan umræðu um málið og miðað við umfang málsins held ég að þetta hafi fengið mjög eðlilega og góða umræðu hér.

Ég hef svarað því áður að ég tel eðlilegt að framlag utanríkisráðuneytisins gangi til reksturs mannréttindamála á vettvangi þess ráðuneytis. Ráðuneytið mun ekki verja minni fjármunum til mannréttindamála en áður og reyndar hefur það verið gert í vaxandi mæli í tíð fyrirrennara míns og því verður haldið áfram. Það hefur verið vaxandi þungi á þann málaflokk af hálfu Íslands og enginn að draga úr því.

Það má vel vera að hin ágæta Mannréttindaskrifstofa hafi unnið að þörfum mannréttindamálum. En það er svo skrýtið að í öllum þessum umræðum hefur aldrei verið upplýst með hvaða hætti hún hefur bætt mannréttindi hér á landi. Ég vona að hún hafi gert það á undanförnum árum.

[13:37]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir kröfu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að það frumvarp sem formenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa lagt fram á Alþingi verði rætt. Það er þinginu til vansa hvernig staðið hefur verið að fjárveitingu til Mannréttindaskrifstofu Íslands og vísvitandi reynt að skerða möguleika hennar til starfsemi. Þetta er mjög leiðinleg og ljót meðferð á samþykkt sem Alþingi gerði á miklum hátíðisdegi árið 1994 á Þingvöllum. Ég held að við þyrftum áður en þingið lýkur störfum í næstu viku að taka frumvarpið, sem er fyrst og fremst um 10 millj. kr. fjárveitingu til Mannréttindaskrifstofu Íslands, það er ekki flóknara en svo, að við þyrftum að taka það til umræðu og afgreiðslu í þinginu og reyna þannig að rétta hlut þingsins hvað varðar framlög til mannréttindamála og standa betur að verki en við höfum gert.

[13:38]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Frú forseti. Það er tilefni til að hafa áhyggjur af viðhorfi ráðamanna til mannréttinda hér á landi. Ítrekað fáum við frumvörp og aðgerðir sem ættu að vekja þingheim til umhugsunar á hvaða vegferð við erum. Nú síðast aðgerðir gegn Mannréttindaskrifstofu Íslands eftir gagnrýni hennar á sum lagafrumvörp ríkisstjórnarinnar og loks ákvörðun stjórnarmeirihlutans um að neita að taka umrætt þingmál á dagskrá.

Ég vil hins vegar líta á aðgerðirnar í stærra samhengi. Hvert frumvarpið á fætur öðru, sérstaklega frumvörp frá hæstv. dómsmálaráðherra, ber þess merki að ætíð skal ganga eins langt og hægt er á kostnað mannréttinda og persónuréttinda. Skemmst er að minnast á frumvarp ráðherrans um að heimila hleranir án dómsúrskurðar. Svo kom frumvarp um útlendinga sem enn fleiri töldu að væri mannréttindabrot, frumvarp ráðherrans um fangelsismál sem birtist í fyrra var svo vont að ráðherrann neyddist til að draga það til baka og að lokum tókst ráðherra rétt fyrir jól að skerða almennan rétt borgaranna til gjafsóknar einmitt í þeim málum þar sem reynir á mannréttindi.

Hugsanlega má rekja frumvörpin og hugmyndafræðina til ræðu hæstv. dómsmálaráðherra sem hann hélt á málþingi Lögfræðingafélags Íslands og Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands þann 26. september 2003. Í þeirri ræðu hafnaði hæstv. dómsmálaráðherra þeirri almennu skoðun fræðimanna í lögfræði að löggjöf ætti að vera túlkuð í ljósi mannréttindasáttmálans. Í ræðunni kom fram hjá hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Allt tal um að mannréttindasáttmálinn hafi nokkurs konar stjórnarskrárígildi er einungis lögfræðileg óskhyggja þeirra sem láta berast með tískustraumum jafnvel frá Strassborg."

Af orðum hæstv. dómsmálaráðherra má ráða að hann telji einnig að einungis eigi að túlka mannréttindasáttmálann frá orðanna hljóðan sem er þvert á allar almennar fræðikenningar sem kenndar eru í lögfræði. En sú hugmyndafræði fulltrúa ríkisstjórnarinnar getur þó vel útskýrt af hverju staða Mannréttindaskrifstofu Íslands er með þeim hætti sem hún er nú í og af hverju umrætt þingmál fæst ekki rætt á þingi.

[13:41]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er engu líkara en hæstv. utanríkisráðherra gangi um með olíubrúsa til að hella á það bál sem þegar er farið að loga á Alþingi vegna óánægju þingmanna, sérstaklega stjórnarandstöðunnar, vegna þeirrar óvissu sem skapast hefur um þinglokin og ómarkvissra vinnubragða af hálfu ríkisstjórnarinnar. Nú segir hæstv. utanríkisráðherra okkur að hann hafi miklar efasemdir um ágæti Mannréttindaskrifstofunnar yfirleitt og það sé hennar að sanna að hún hafi unnið verk sín vel.

Hæstv. forseti. Nú verður ekki vikist undan því að taka þessa umræðu á markvissan og skipulegan hátt. Ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hefur neitað okkur um slíka umræðu. Fram hefur komið að fyrir liggur frumvarp í þinginu og hefur legið fyrir frá því í haust um viðbótarframlag til Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ég hef ítrekað það á fundum með formönnum þingflokka og stjórn þingsins að málið verði tekið til umræðu. Þegar engin jákvæð viðbrögð urðu við því setti Vinstri hreyfingin – grænt framboð fram ósk um að utandagskrárumræða færi fram um málið. Hæstv. forsætisráðherra neitar og vísar á aðra ráðherra, þorir greinilega ekki að taka upp málið sem snertir að sjálfsögðu ríkisstjórnina alla og er á ábyrgð hennar allrar. Það er krafa okkar að það frumvarp sem hefur beðið frá því í haust um málefni Mannréttindaskrifstofunnar verði rætt fyrir þinglok.

[13:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Í fyrsta lagi væri fróðlegt að heyra hæstv. forsætisráðherra útskýra þá nýju hefð í stjórnarframkvæmd að forsætisráðherra víki sér undan að svara fyrir mál sem falla undir mörg ráðuneyti. Ég hélt að það væri órofa hefð í Stjórnarráði Íslands að ef mál varðaði fleiri en eitt ráðuneyti, ef skera þyrfti úr deilum milli ráðuneyta eða viðfangsefnin lægju þannig að þau vörðuðu málin almennt í

Stjórnarráðinu væri það forsætisráðherra Íslands sem svaraði fyrir ríkisstjórnina. Er hæstv. forsætisráðherra búinn að segja af sér a.m.k. í þessu máli? Hvað veldur hinni óskaplegu hlédrægni hæstv. forsætisráðherra og feimni þegar kemur að þessu máli? Það skyldi ekki vera hinn vondi málstaður ríkisstjórnarinnar og að kjarkur hæstv. forsætisráðherra sé ekki meiri en svo að hann kjósi að fara í felur og þori hvorki að tala við fréttamenn um málið né svara fyrir það á Alþingi.

Varðandi ummæli hæstv. utanríkisráðherra um að það geti vel verið að Mannréttindaskrifstofa hafi unnið ágætt starf en hann þekki ekki dæmi þess, þá hvet ég hæstv. utanríkisráðherra til að ræða við sessunaut sinn, hæstv. forsætisráðherra og fyrrverandi hæstv. utanríkisráðherra, sem hefur á alþjóðavettvangi hrósað sér af stuðningi við einmitt Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ríkisstjórn Íslands sem þá var undir forustu hæstv. utanríkisráðherra Davíðs Oddssonar taldi sér það sérstaklega til tekna í skýrslugerð til eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi að hér væri stutt myndarlega við bakið á Mannréttindaskrifstofu Íslands, samræmingaraðila á sviði mannréttindabaráttu, fulltrúa Íslands í norrænu samstarfi á sviði mannréttindamála, fulltrúa Íslands í samskiptum við Sameinuðu þjóðirnar á sviði mannréttindamála.

Þetta er ekki bara einhver kontór úti í bæ. Þetta er hin opinbera samræmingarskrifstofa mannréttindabaráttu í landinu sem Amnesty International, Öryrkjabandalagið, UNIFEM og aðrir slíkir aðilar standa á bak við og þjóðin tekur sjálfsagt að sér að bjarga málinu og forða landinu frá þeirri hneisu sem framganga ríkisstjórnarinnar ella stefnir í að verði.

[13:45]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Vegna ummæla sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson lét frá sér fara held ég að það séu ekki ný sannindi að mannréttindasáttmálinn hafi ekki stjórnarskrárígildi hér á landi, a.m.k. mundi sérhver lögfræðingur vita að þá þyrfti að setja lögin um hann með sérstökum hætti og hafa kosningar á milli. Allir lögfræðingar mundu vita það, það fer ekkert á milli mála. Ég vona að hv. þingmaður sé ekki að afhjúpa það að þetta hafi farið fram hjá honum.

Varðandi það sem beint er hæstv. forsætisráðherra hefur umræðan verið sú hér að hæstv. dómsmálaráðherra og ég höfum gengið fram í málinu með einhverjum annarlegum hætti. Menn hafa látið að því liggja slag í slag og þess vegna er sjálfsagt að taka umræðuna um það við okkur. Maður er ekkert að biðjast undan því að fara í þá umræðu. Til þess hafa refirnir verið skornir. Ég skil hv. þm. Ögmund Jónasson svo að ég gangi hér um með olíubrúsa og helli olíu á eldinn. Þetta er ekki mikill eldur, held ég, en þetta er eitt af því sem menn ræða í þinglokin.

Ég hef líka vakið athygli á því að félag eins og Amnesty International, sem á aðild að Mannréttindaskrifstofunni, hefur lagt áherslu á að þess háttar stofnanir eigi ekki að búa við opinber framlög, að það sé meginatriði að þess háttar stofnanir búi ekki við opinber framlög. Ég held að það sé ágætisábending að slíkar stofnanir eigi ekki að búa við opinber framlög. Ég sá í ræðu 1. maí að sá ágæti lagabróðir minn, Skúli Thoroddsen, lýsti því yfir fyrir hönd einhverra, ég man ekki hverra, að þeir hygðust sjá um þessa ágætu skrifstofu af sinni hálfu þar til Steingrímur J. Sigfússon og þeir tækju við stjórnartaumunum í landinu. (**SJS:** Sem verður fljótlega.) Sem verður víst fljótlega, heyrist kallað hér.

[13:47]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur ekki enn tekið við en það verður fljótlega og þá minnka áhyggjur þeirra herramanna sem sitja hér á hægri hönd.

Ég sit í fjárlaganefnd fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Þar var málið rætt mjög ítarlega í haust. Allt til þess tíma hefur Mannréttindaskrifstofan fengið fjárveitingar beint á fjárlögum Alþingis. Alþingi hefur kveðið á um það. Nú var ákveðið að það færi undir ráðuneytin. Í fjárlaganefnd var sagt að hér væri aðeins um formbreytingu að ræða, ekki eðlisbreytingu. Sama minnir mig að hv. formaður fjárlaganefndar hafi sagt þegar gerð var grein fyrir afgreiðslu fjárlaga í haust. Hv. formaður fjárlaganefndar, Magnús Stefánsson, sagði a.m.k. í viðtali nú á dögunum að hann hefði ekki vitað annað en að hér væri bara um formbreytingu að ræða en ekki að skera ætti niður fjárveitingar til stofnunarinnar.

Ég vil því ítreka það að þannig leit fjárlaganefnd á hlutina og þegar nefndin lagði málið fyrir þingið var litið svo á að hér væri um formbreytingu að ræða en ekki niðurskurð. Allt annað kemur síðan á daginn, og ég dreg í efa, miðað við þá umræðu eins og ég upplifði hana, að hæstv. ráðherrar, utanríkisráðherra og dómsmálaráðherra, hafi rétt til þess gagnvart þinginu að skera fjárveitinguna niður í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór bæði innan fjárlaganefndar og á Alþingi um málið, staðfesting á því að hér væri um formbreytingu að ræða en ekki að skera ætti starfsemina og stofnunina niður við trog. Það var ekki sagt við afgreiðslu fjárlaga á haustdögum og ég dreg í efa að þeir hafi stjórnsýslulega heimild til að koma fram með þessum hætti gagnvart þinginu.

[13:49]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Í tilefni orða hæstv. utanríkisráðherra um Amnesty International, sem hæstv. ráðherra segir að gefi út þær yfirlýsingar að samtök á sviði mannréttindamála eigi ekki að þiggja opinbert fé, þá veit hæstv. ráðherra vel að þau ummæli Amnesty lúta að alheimssamtökunum Amnesty, en hann getur ekki yfirfært yfirlýsingu þeirra á allt mannréttindastarf.

Amnesty International á aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands alveg eins og Barnaheill, Rauði krossinn, Hjálparstofnun kirkjunnar, UNIFEM og Öryrkjabandalagið. Hæstv. ráðherra veit auðvitað vel að hér er um samræmingaraðila að ræða, skrifstofu sem er að hluta til regnhlíf en að hluta til fulltrúi þessara samtaka í starfi Sameinuðu þjóðanna, í starfi á vettvangi norrænu þjóðanna og sem slík er hún afar mikilvæg.

Í ljósi þeirrar umræðu sem fram fór árið 1994 um mannréttindi almennt hér á landi og í ljósi samþykkta sem gerðar

voru á þingfundi á Þingvöllum 1994 tók skrifstofan að sér hið opinbera hlutverk sem hún hefur sinnt af reisn hingað til, þ.e. að eiga samræður og samráð við sambærilegar skrifstofur á alþjóðavettvangi. Löggjafarsamkundan, Alþingi Íslendinga og við, fulltrúar þjóðarinnar, höfum ákveðið að þessi samræmingarskrifstofa eigi að vera til staðar. Við höfum látið henni í té fjármagn. Núna krefjast ráðherrarnir þess að þeir fái að ritstýra verkefnum allra mannréttindasamtaka, þar með talið þessarar skrifstofu. Við skulum viðurkenna að skrifstofan lýtur öðrum lögmálum en öll hin mannréttindasamtökin og við skulum viðurkenna að það er eðlilegt að löggjafarsamkunda þjóðarinnar láti þeirri skrifstofu í té fjármuni.

[13:51]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það er leitt til þess að vita að athyglisgáfa hæstv. utanríkisráðherra sé orðin svo slök sem raun ber vitni í ræðustólnum að hann hafi ekki orðið var við vaxandi mannréttindastarf og umræðu í landinu. Hann hefði t.d. getað kynnst því í gagnrýninni og vitundarvakningunni um borgaraleg réttindi þegar Falun Gong málið reið hér sem hæst yfir og gagnrýndar voru lögregluaðgerðir hans hér og erlendis í því sambandi. Hann hefði getað kynnst því þegar umræða um tjáningarfrelsið stöðvaði fjölmiðlafrumvarpið á síðasta ári. Hann hefði getað kynnst því þegar dómsmálaráðherra, Björn Bjarnason, var gerður afturreka með frumvarp um refsingar, um meðferð fanga o.fl. Hann hefði getað kynnst því þegar ýmsar tillögur í þinginu um óhemju miklar heimildir til handa lögreglunni í rannsóknum voru gerðar afturreka á mannréttindaforsendum og hann hefði getað kynnst því í hæstaréttardómum Hæstaréttar Íslands um mannréttindabrot gegn öryrkjum þar sem ríkisstjórn hans hefur aftur og aftur verið gerð afturreka með ákvarðanir sínar.

Hæstv. utanríkisráðherra hefur svipt Mannréttindaskrifstofuna fjárveitingum sínum án þess að færa efnislegar röksemdir fyrir þeirri sviptingu. Hún hefur séð um alþjóðleg samskipti fyrir okkur á þessu sviði og nú hefur hæstv. utanríkisráðherra bitið höfuðið af skömminni með því að lýsa því hér yfir að hann hafi svipt þessa skrifstofu fjárveitingum sínum án þess að hafa kynnt sér starfsemina, því að hæstv. utanríkisráðherra stóð hér í ræðustólnum og lýsti því yfir að hann hafi ekki kynnst sér gjörla þá starfsemi sem fram fer í stofnuninni sem hann er nýbúinn að svipta fjárveitingum sínum. Auðvitað afhjúpar það að hér er aðeins um pólitískar refsiaðgerðir að ræða gegn Mannréttindaskrifstofunni sem hefur leyft sér að vera óþægur ljár í þúfu ráðamanna, pólitískar refsiaðgerðir eins og svo margir hafa mátt þola áður, margar stofnanir og (Forseti hringir.) embættismenn og jafnvel sóknarprestur hæstv. utanríkisráðherra.

Fjárhagslegar tryggingarráðstafanir, 3. umr.

Stjfrv., 667. mál (EES-reglur). — Þskj. 1282.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (BjörgvS, BBj, BH, EOK, GHH, GAK, GÁS, HBl, JónK, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, SP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1308).

Áfengislög, 3. umr.

Stjfrv., 676. mál (áfengi til iðnaðarnota og í atvinnuskyni). — Þskj. 1029.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

15 þm. (BjörgvS, BBj, BH, EOK, GHH, GAK, GÁS, HBl, JBjarn, JónK, LB, MÞH, MS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1309).

Happdrætti, 3. umr.

Stjfrv., 675. mál (heildarlög). — Þskj. 1283.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP,

SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
14 þm. (BjörgvS, BBj, BH, EOK, GHH, GAK, GÁS, HBl, JónK, LB, MÞH, MS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1310).

Fullnusta refsinga, 3. umr.

Stjfrv., 336. mál. — Þskj. 379.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
14 þm. (BjörgvS, BBj, BH, EOK, GHH, GAK, GÁS, HBl, JónK, LB, MÞH, MS, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1311).

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga, 3. umr.

Stjfrv., 479. mál (aðild og viðmiðunarlaun). — Þskj. 1302.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (BjörgvS, BBj, BH, EOK, GHH, GAK, GÁS, HBl, JónK, LB, MÞH, MS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1312).

Ársreikningar, 3. umr.

Stjfrv., 480. mál (EES-reglur, reikningsskilastaðlar). — Þskj. 1303.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
13 þm. (BjörgvS, BBj, BH, EOK, GHH, GAK, GÁS, HBl, JónK, LB, MÞH, MS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1313).

Bókhald, 3. umr.

Stjfrv., 478. mál (ársreikningar o.fl.). — Þskj. 1304.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
12 þm. (BjörgvS, BBj, BH, EOK, GHH, GAK, GÁS, HBl, JónK, MÞH, MS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1314).

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 493. mál (heildarlög). — Þskj. 1305.

[13:58]
Lúðvík Bergvinsson *(um fundarstjórn)*:
Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að taka til máls í þessu tiltekna máli en ég gerði mér ekki grein fyrir að þetta gengi svona hratt fyrir sig og hef því ekki gögnin undir höndum. Ég óska því eftir því að umræðu verði frestað örlítið þar til gögnin berast.

Umræðu frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 3. umr.

Stjfrv., 696. mál (hækkun iðgjalds, aldurstenging réttinda o.fl.). — Þskj. 1054.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

15 þm. (BjörgvS, BBj, BH, EOK, GHH, GHj, GAK, GÁS, HBl, JónK, MÞH, MS, RG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1315).

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 3. umr.

Stjfrv., 648. mál (eftirlitskerfi samningsins). — Þskj. 1281.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, DJ, DO, DrH, EKG, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (BjörgvS, BBj, BH, EOK, GHH, GAK, GÁS, HBl, JónK, MÞH, MS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1316).

Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, 2. umr.

Stjfrv., 583. mál (verksvið Veruþróunar- og markaðssjóðs). — Þskj. 874, nál. 1222.

[14:00]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um frumvarp um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins. Frumvarpið tekur á heimild stjórnar til sjóðsins um að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi.

Á sínum tíma var stofnaður sjóður, Veruþróunar- og markaðssjóður síldarútvegsins, sem hafði þann tilgang að efla veruþróun síldarafurða ...

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti biður þingmenn um að gefa gott hljóð í þingsal.)

... og efla markaðssókn fyrir síldarafurðir. Það er mat stjórnar sjóðsins að hagsmunir síldarútvegsmanna liggi í fleiru en veruþróun og öflun nýrra markaða fyrir síldarafurðir og gerir þetta frumvarp ráð fyrir enn frekari útvíkkun á verksviði stjórnar sjóðsins. Ég er því algjörlega sammála.

Sjávarútvegsnefnd fékk afrit af skipulagsskrá Veruþróunar- og markaðssjóðs síldarútvegsins ásamt ársreikningum fyrir árið 2004. Þá kom fram að eignir sjóðsins þann 31. des. 2004 eru rúmar 88 millj. kr. Í umsögn um frumvarpið frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að eigið fé sé 150 millj. kr. Ég kannaði hvernig stæði á þessu ósamræmi en það reyndist vera vegna þess að sjóður til síldarrannsókna á vegum Hafró var með eigið fé upp á 150 millj. kr. en það er ekki sami sjóður og við erum að ræða um og tengist á engan hátt þessu frumvarpi. Nefndarmönnum sjávarútvegsnefndar hefur verið gerð grein fyrir þessu.

Virðulegi forseti. Ég mun kynna hér nefndarálit sjávarútvegsnefndar um þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43 29. maí 1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Hafrannsóknastofnun, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssambandi smábátaeigenda.

Með frumvarpinu er lagt til að heimildir svonefnds Veruþróunar- og markaðssjóðs síldarútvegsins sem stofnsettur var með lögum nr. 43/1998 til að efla veruþróun síldarafurða og afla nýrra markaða fyrir síldarafurðir verði rýmkaðar þannig að sjóðnum verði jafnframt heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi.

Sjávarútvegsnefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Jón Bjarnason var viðstaddur afgreiðslu málsins og er hann samþykkur áliti þessu með fyrirvara. Undir nefndarálitið rita hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Dagný Jónsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir, Una María Óskarsdóttir, og Jón Gunnarsson, Jóhann Ársælsson og Magnús Þór Hafsteinsson með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði frumvarpinu vísað til 3. umr.

[14:03]

Jón Gunnarsson *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég óskaði eftir því að fá að veita andsvar við ræðu hv. síðasta ræðumanns en sökum kliðs í salnum heyrði ég lítið af fyrri hluta ræðu hans. Mér sýndist þó að hann færi að mestu yfir það nefndarálit sem liggur fyrir í þessu máli.

Eins og fram kemur hjá honum ritar sá sem hér stendur undir álitið með fyrirvara. Hann snýr að því að þarna er verið að taka sjóð sem varð til þegar síldarútvegsnefnd var lögð niður með lögum á árinu 1998 og breyta tilgangi hans. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun en nú er verið að breyta tilgangi hans á þann veg að ekki eru lengur kvaðir á honum að hann styrki eingöngu veruþróunar- og markaðsstarf í síldarútveginum.

Mig langar að spyrja hv. formann sjávarútvegsnefndar sem hér mælti fyrir áliti nefndarinnar hvort hann telji eðlilegt og sjálfsagt í svona dæmum að menn taki sig til og

breyti með lögum tilgangi sjóðs sem verður til af fjármunum ákveðins útvegs, eða hluta útvegs, eins og hér er verið að gera. Ég veit að sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og hefur stjórn og svo virðist vera sem ástæðan fyrir því að þetta kom upp núna sé sú að stjórninni þyki ekki næg verkefni sem hægt er að styrkja.

Ég spyr hv. formann sjávarútvegsnefnar hvort hann telji eðlilegt að verði fjármunir til í einni grein verði þeim eytt annars staðar eins og hér er verið að gera ráð fyrir með þessari breytingu á lögum.

[14:05]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hér séu menn að fara að víkka starfsemi sjóðsins, afla nýrra markaða fyrir síldarafurðir, en það var rætt töluvert í nefndinni hvort þetta ætti yfirleitt að falla undir hana þar sem þetta væri sjálfstæður sjóður þar sem fjármagn kæmi annars staðar frá. Það er eðlilegt að þetta mál verði þá tekið upp síðar og það má alveg deila um aðkomu okkar að því. Lögin eru hins vegar til staðar og því erum við að gera þetta.

[14:06]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gat ekki heyrt á andsvarinu hvort hv. formaður sjávarútvegsnefndar teldi eðlilegt að gera þetta svona. Ef hann telur það þætti mér vænt um að hann færi í seinna andsvari sínu aðeins yfir það hvað réttlætir það.

Annað sem ég velti fyrir mér og við veltum fyrir okkur í nefndinni er að í þessu frumvarpi er fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins með umsögn eins og venjulega um frumvörp. Þar kemur fram að eigið fé sjóðsins sé 150 millj. kr. en nefndarmenn hafa einnig undir höndum ársreikning þessa sjóðs frá síðasta ári og þar kemur fram að eigið fé sjóðsins sé liðlega 88 millj. kr. Munar þarna tæpum helming. Auðvitað hefur maður kynnst því í fjárlagagerðinni að oft og tíðum geti munað talsvert miklu á tölum sem koma frá fjármálaráðuneytinu en það er þó ansi mikill munur að í ársreikningi standi að eigið fé sjóðsins sé 88 milljónir en í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að það sé 150 milljónir. Þetta er of mikill munur til að hægt sé að halda að þarna sé bara einhver kommu- og punktamunur. Mig langar að biðja hv. formann að gera okkur grein fyrir því hvort hann viti í hverju þetta liggur.

Ég á eftir ræðu á eftir í sambandi við þetta og tel fulla ástæðu til að ræða málið aðeins nánar. Þó að margir haldi og líti kannski þannig til við 2. umr. að þetta sé ekki stórmál er ýmislegt í þessu sem þarf að hyggja að og margar spurningar vakna þegar þetta er lesið yfir. Vonast ég til að fá svör við þeim við umræðuna.

[14:08]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í ræðu minni áðan að tölurnar frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins voru ekki réttar. Þar var sagt að eignir sjóðsins væru 150 milljónir, við könnuðum þetta, gerðum smáhlé á fundi hjá okkur, og þá kom í ljós að miðað við ársreikninga eru eignir 88 milljónir. Þetta ósamræmi liggur í því að sjóður til síldarrannsókna á vegum Hafró stendur í 150 milljónum og þar var misskilningurinn. Það eru því ekki til nema 88 milljónir í þetta verkefni sem óskað er að fara í.

Það er verið að ræða um að rýmka þessar heimildir. Menn vilja fara að styrkja nýsköpun, rannsóknir, fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir þennan sjóð.

[14:09]

Jón Gunnarsson:

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga eins og fram hefur komið um breytingu á lögum nr. 43 frá því í maí 1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins, eins og þau lög heita.

Það kemur fram strax í heiti laganna hvað þarna er um að vera og m.a. er verið að taka hluta af þeim peningum sem til voru í síldarútvegsnefnd og stofna sjóði í þágu síldarútvegsins. Með því frumvarpi sem hér liggur fyrir er verið að hverfa frá þessu upprunalega markmiði og breyta lögunum með þeim hætti að nú megi styrkja nánast hvað sem er í sjávarútvegi. Veltir maður þá fyrir sér hvort ekki væri nær, úr því að svo er, að sameina þennan sjóð einhverjum öðrum sjóðum sem hafa nákvæmlega sama hlutverk. Í svari hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar við spurningu minni um mat fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins á því hvað til væri í sjóðnum kom fram að sjóðirnir eru orðnir svo margir að það er farið að rugla þeim saman.

Ég hefði gaman af því að fá svar við því hjá hv. framsögumanni nefndarinnar hvernig á því stendur að menn prenta þá ekki upp svona álit áður en til umræðu kemur. Hvernig stendur á því að látið er standa í frumvarpi til laga að eignir ákveðins sjóðs sem verið er að fjalla um séu 150 milljónir þegar búið er að fara í gegnum það og komast að því að þær eru ekki nema 88. Af hverju leiðrétta menn ekki svona í texta, af hverju láta menn svona lagað fara í gegn á þingskjölum? Svo stendur þetta óleiðrétt. Getur verið að tíminn til að moka málum út úr nefnd sé orðinn það lítill og flumbrugangurinn það mikill að menn gefi sér ekki einu sinni tíma til að snyrta svona hortitti af texta eins og þarna kemur fram?

Auðvitað er það rétt sem fram kom hjá formanninum að þegar við fórum að skoða þetta og bera saman við ársreikning sjóðsins gat þetta ekki staðist. Formaður brást snöfurmannlega við og athugaði með hvaða hætti þetta væri, en svörin voru þau að þetta væri einhver annar sjóður á vegum sjávarútvegsins sem hefði með síldarrannsóknir eða eitthvað svoleiðis að gera. Auðvitað fannst manni þetta hálfklént svar en vissi, þar sem tíminn var stuttur og formaður hafði reynt að fá þetta svar símleiðis, að kannski var ekki við meiru að búast á þeim tíma.

Þegar síldarútvegsnefnd var lögð niður á árinu 1998 var stofnað hlutafélag um þær eignir sem síldarútvegsnefnd átti og einnig var ákveðið að taka fjármuni út úr nefndinni og leggja til tveggja sjóða sem annars vegar áttu að vera vöruþróunar- og markaðssjóður og hins vegar sjóður til síldarrannsókna. Ef maður fer í gegnum lögin á þeim tíma sem ákveðið var að stofna hlutafélag um síldarútvegsnefnd og stofna þessa tvo sjóði skín alveg skýrt í gegn, í gegnum

lagatextann, gegnum umræðuna og gegnum öll þau gögn sem hægt er að kynna sér í þessu máli, að það átti einmitt að passa upp á að þeir fjármunir sem var verið að taka sérstaklega út úr síldarútvegsnefndinni yrðu notaðir til að efla síldarútveg á landinu, en ekki til neins annars.

Nú er liðinn það langur tími og einhverra hluta vegna virðist mönnum það að afla markaða fyrir síld eða stunda vöruþróun og rannsóknir á síld ekki nógu göfugt verkefni fyrir sjóðinn, sem var þó sérstaklega stofnaður til þess, og vilja þá fara að þynna út eða breiða þennan sjóð yfir önnur svið í sjávarútvegi. Ég hef verulegar efasemdir um að það sé skynsamlegt, sérstaklega þegar við veltum því fyrir okkur að síldin er jú að koma upp aftur og síldarafurðir eru mikilvægur hluti af sjávarafurðum landsins. Ég er alveg viss um að með aukinni síldveiði og sérstaklega með styrkingu norsk-íslenska síldarstofnsins verði full ástæða til að leggja verulegt fé einmitt í markaðsþróun og markaðsöflun. Ef veiðar koma til með að aukast mikið og framleiðsla sömuleiðis hlýtur að þurfa að afla markaða til að selja þessa síld. Það er ekki til neins að vera að framleiða sjávarafurðir hverju nafni sem þær nefnast ef ekki er markaður fyrir hendi til að taka við þeim og borga fyrir þær það verð sem þarf til að hægt sé að reka þann iðnað almennilega.

Eitt vakti athygli mína þegar ég fór í gegnum frumvarpstextann. Í 1. gr. segir að það eigi að koma nýr málsliður sem orðist svo, með leyfi forseta:

„Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi."

Þarna er meira að segja vikið verulega frá hlutverki sjóðsins eins og það var, þ.e. til vöruþróunar og markaðsöflunar. Nú er það nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi. Það er verið að breiða þennan sjóð sem eingöngu var til vöruþróunar á síldarafurðum og markaðsöflunar fyrir síldarafurðir út á hinn mikla akur í sjávarútvegi þar sem allt er undir. Er hugsanlegt að þessi sjóður fari þá að styrkja rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar eins og aðrir sjóðir sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið? Getur verið að með þessu séu menn að velta fyrir sér að útvíkka starfssvið sjóðsins svo mikið að í raun og veru verði hægt að ganga í hann að einhverju leyti til að fara í hefðbundnar rannsóknir sem annars ættu að vera greiddar úr ríkissjóði?

Maður hlýtur að velta þessu fyrir sér þegar maður sér hve mikil breyting verður á hlutverki sjóðsins ef það frumvarp sem við erum að ræða hér verður að lögum.

Á árinu 1998 ákváðu menn að nú skyldi síldarútvegsnefnd lögð niður og stofnað hlutafélag sem mundi nefnast Íslandssíld hf., hlutafélag um þá starfsemi sem áður var í síldarútvegsnefnd. Sjávarútvegsráðherra var falið með lögunum að annast undirbúning að stofnun þessa nýja hlutafélags. Hlutverkið sem Íslandssíld hf. átti að hafa með höndum var að annast viðskipti með síldarafurðir og aðrar sjávarafurðir og hvers konar aðra starfsemi sem því tengist. Það var heimilt að breyta tilgangi félagsins á hluthafafundi. Íslandssíld hf. tók við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar við stofnun félagsins, öðrum en þeim sem ráðstafað var í þessa tvo sjóði sem ég minntist á áðan.

Síðan vitum við hvað gerst hefur. Það er ekki lengur til neitt sem heitir Íslandssíld hf. Ef ég man rétt sameinaðist Íslandssíld SÍF, er orðin partur af því og eigendur Íslandssíldar hf. þar með eigendur að stærri hluta í SÍF.

Hvað voru menn að hugsa þegar þeir ákváðu að leggja niður síldarútvegsnefnd? Jú, menn ákváðu að stofna hlutafélag sem átti að sinna viðskiptum með síldarafurðir, opnuðu reyndar á það að þetta félag gæti líka verið að selja aðrar afurðir og að 75% af eignum síldarútvegsnefndar ættu að renna inn sem hlutafé í þetta félag, ekki allt saman. Menn ákváðu að það ætti ekki að taka allar eignir síldarútvegsnefndar og gera að hlutafé í Íslandssíld hf., heldur yrðu 25% af heildareignunum undanskildar og yrðu ekki hlutafé í þessu nýja fyrirtæki. Ráðherra skipaði matsnefnd til að meta eignir og skuldir síldarútvegsnefndar til að miða upphæð hlutafjár við þannig að hægt yrði að ákvarða hve mikið ætti að renna í sjóðina.

Það er því alveg ljóst að það hefur verið metnaður og vilji til þess af hálfu síldarútvegsins á þessum tíma að taka frá hluta af fjármunum síldarútvegsnefndar til að sinna vöruþróun og markaðsöflun.

Hverjir voru það sem eignuðust þessa hluti í Íslandssíld hf.? Jú, það voru síldarsaltendur sem höfðu greitt lögmæta söluþóknun af útfluttri síld samkvæmt lögum sem um það giltu og það var ákveðið að þeir væru eigendur að 85% hlutafjár í félaginu við stofnun þess. Íslandssíld sjálf átti að eiga 10% af hlutafé félagsins og síðan á Lífeyrissjóður sjómanna í hlutfalli við fjölda sjómanna í hverjum sjóði við gildistöku laganna 5% í Íslandssíld. Ekki hef ég fylgst það vel með að ég viti hvort þessi eignarhlutur Lífeyrissjóðs sjómanna hefur haldið sér í SÍF eða hvort þetta hefur verið selt út á einhverju tímabili en þarna er alveg auðséð að menn eru vitandi vits að skipta þessum fjármunum með þessum hætti, vitandi og metandi það að ýmsir komu að því að leggja þessa fjármuni inn í síldarútvegsnefnd á sínum tíma og voru auðsjáanlega að reyna að finna út hvernig ætti að meta eignir hvers og eins þegar ákveðið var að stofna Íslandssíld hf.

Það var sagt að hlutdeild hvers aðila skyldi miðast við hlutfall verðmætis útfluttrar síldar viðkomandi aðila á vegum síldarútvegsnefndar á árunum 1. janúar 1975 til 31. desember 1997.

Í 6. gr. laga um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins er kveðið á um að halda skuli stofnfund fyrir 1. ágúst 1998 og, eins og áður sagði, að þetta nýja félag taki þá við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar, öðrum en þeim sem ákveðið var að ráðstafa í sjóðina tvo sem ég kem að á eftir.

Það var kveðið á um það á þessum tíma eins og oft var í lögum að fastráðnir starfsmenn síldarútvegsnefndar skyldu eiga kost á starfi hjá Íslandsmarkaði. Þetta var hefðbundið í lögum á þessum tíma. Síðan segir í 8. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Stofna skal sjóð sem skal renna til síldarrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Sjóðurinn skal vera í vörslu Hafrannsóknastofnunarinnar. Stofnfé sjóðsins skal vera 110 millj. kr. af eigin fé síldarútvegsnefndar. Ráðstöfun fjár úr sjóðnum skal háð samþykki sjávarútvegsráðherra

og skal árleg ráðstöfun miðast við að ekki sé gengið á eigið fé sjóðsins."

8. gr. segir til um stofnun þessa sjóðs sem fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins var að meta þegar við spurðum hvernig stæði á því að það væri mismunur á þeirra mati og síðan ársreikningi Vöruþróunar- og markaðssjóðs síldarútvegsins. Það er sem sagt til sjóður sem hafði 110 millj. kr. stofnfé, stærri sjóður í upphafi en þessi Vöru- og markaðsöflunarsjóður, sem á að ganga til síldarrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar og menn ákveðið að styrkja þær rannsóknir með eigin fé síldarútvegsnefndar með þeim hætti sem þar kemur fram.

Af hverju er menn þá núna að tala um að sjóðurinn sem átti að gera eitthvað allt annað eigi líka að fara að styrkja rannsóknir? Af hverju leggja menn þá ekki bara til að steypa t.d. þessum tveimur sjóðum saman og að verksvið þeirra væri þá að stunda síldarrannsóknir og einnig að afla markaða og styrkja vöruþróun í síld? (**EOK:** ... makríl.) Það getur vel verið að sniðugt sé að útvíkka sjóðinn að einhverju leyti þannig að hann taki til uppsjávarfiska almennt en hér er verið að leggja til, eins og fram kemur í nefndaráliti nefndarinnar sem minni hlutinn er með fyrirvara á, að þetta verði breitt út miklu þynnra en þar um segir.

Síðan kemur 9. gr. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofna skal sérstakan sjóð sem hefur þann tilgang að efla vöruþróun síldarafurða og afla nýrra markaða fyrir síldarafurðir. Sjóðurinn skal vera sjálfseignarstofnun. Stofnfé sjóðsins skal vera 80 millj. kr. af eigin fé síldarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsráðherra skal annast gerð skipulagsskrár fyrir stofnunina sem skal staðfest af dómsmálaráðuneyti, sbr. lög nr. 19/1988."

Í 10. gr. segir: „Sjóður sá sem um er rætt í 8. gr. skal undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem þeir nefnast. Framlag til sjóðs þess sem um er rætt í 9. gr. skal undanþegið tekjuskatti."

Það kemur alveg skýrt fram í 9. og 10. gr. í lögunum um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins hvað menn ætluðu sér að gera með þeim fjármunum sem verið var að ráðstafa í þennan seinni sjóð. Stofnfé sjóðsins var 80 millj. kr. í upphafi, 110 milljónir voru settar í síldarrannsóknir og alveg auðséð að menn vildu skipta þarna á milli þannig að hluti fjármunanna færi til rannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar og hún hefði með þann sjóð að gera en síðan væri svona sjálfseignarstofnun sett á laggirnar sem gæti veitt styrki bæði til vöruþróunar og leitar að nýjum mörkuðum.

Í framhaldi af þessu er sjóðnum sett skipulagsskrá, heitir reyndar skipulagsskrá Vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóðs síldarútvegsins. Ég tek eftir því í þessu frumvarpi hér til laga að í athugasemdum við það er alltaf talað um Vöruþróunar- og markaðssjóð síldarútvegsins en skipulagsskráin hefur annað nafn á þessum sjóði og það er nafnið sem sjálfseignarstofnunin notar en ekki það nafn sem kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu. Það getur vel verið að þetta sé ástæðan fyrir því að þegar starfsmenn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins fóru að fletta því upp vegna umsagnar um þetta frumvarp hvert eigið fé sjóðsins væri hafi akkúrat sú ónákvæmni sem þarna kemur fram orðið til þess að þeir flettu upp eigin fé annars sjóðs en þess sem við erum að ræða hér.

Það kemur alveg skýrt fram í skipulagsskránni að sjóðurinn skuli heita Vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóður síldarútvegsins og ákveðið að hann mundi hafa heimilisfang og varnarþing í Reykjavík.

Í 2. gr. skipulagsskrár er farið yfir það í samræmi við þau lög sem ég var að fara yfir áðan að eigið fé sjóðsins skyldi vera 80 millj. kr. og höfuðstóllinn 10 millj. kr. Í samræmi við lögin eru sjóðnum sett markmið í skipulagsskrá. Þau eiga að vera að efla vöruþróun og markaðsöflun á síldarafurðum samkvæmt nánari ákvæðum skipulagsskrárinnar. Það fer sem sagt ekkert á milli mála, hvorki í lögunum né skipulagsskránni, að þetta er hið þrönga hlutverk sjóðsins og hefur verið frá stofnun.

Í 4. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Markmiðum sjóðsins skal m.a. náð með veitingu styrkja vegna kostnaðar tengdum vöruþróun og markaðsöflun fyrir síldarafurðir, svo sem kostnaðar vegna rannsókna, tækjakaupa, kynninga og auglýsinga."

Þarna er verið að tala um markaðsrannsóknir. Þarna er verið að tala um þróun á nýjum tækjabúnaði vegna síldarútvegsins. Þarna er verið að tala um kynningu á síldarafurðum á nýjum mörkuðum og það er opið á það að styrkja jafnvel auglýsingar söluaðila sem selja síldarafurðir. Þarna er ekkert verið að tala um rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar. Það er mikill munur á því sem stendur í skipulagsskránni um hlutverk sjóðsins og síðan hinu sem verið er að leggja til í frumvarpi til laga sem við fjöllum hér um.

Hverjar eru tekjur þessa sjóðs? Jú, eftir að búið er að leggja 80 milljónirnar inn í sjóðinn sem stofnframlag sem sjóðurinn síðar ávaxtar, og má ekki ganga um of á höfuðstól, eru ávöxtunartekjurnar af þessu stofnfé, fjárframlög og gjafir, ef einhverjar eru, og aðrar tekjur ef um það er að ræða. Útgjöldin eru einnig skilgreind í skipulagsskránni og þar segir að gjöld hans séu útgjöld og kostnaður við að sinna verkefnum sjóðsins, almennur rekstrarkostnaður hans og önnur útgjöld, ef um þau er að ræða.

Í skipulagsskránni er tekið fram að gæta skuli hagsýni í hvívetna við meðferð eigna og fjármuna sjóðsins. Fé sjóðsins skuli ætíð ávaxta á tryggan og arðbæran hátt og ekki skuli ráðstafa hærri fjárhæð á ári hverju en sem nemur árstekjum sjóðsins auk 1/10 af upphaflegu eigin fé sjóðsins að frádregnum höfuðstól, samanber það sem stendur í 2. gr. Sjóðurinn má sem sagt á hverju ári styrkja vöruþróunar- og markaðsstarf um 8 millj. kr. plús árstekjurnar sem í hann koma vegna ávöxtunartekna.

Það er kveðið á um hvernig stjórn þessarar sjálfseignarstofnunar skuli skipuð. Segir í 8. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Í stjórn Vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóðs síldarútvegsins eiga sæti fjórir menn og fjórir til vara. Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félag síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi skulu hvort um sig tilnefna tvo stjórnarmenn og tvo til vara til tveggja ára í senn. Stjórnin skal kjósa sér formann."

Sjóðstjórnin á síðan að funda þegar þurfa þykir en ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Sú lágmarkskrafa er sem sagt sett

að á sex mánaða fresti hittist stjórnin, væntanlega til að fara yfir ef um umsóknir er að ræða og hvernig taka eigi á þeim. Afl atkvæða ræður úrslitum þannig að það þarf hreinan meiri hluta í stjórninni til að ákveða með hvaða hætti fjármunum sjóðsins skuli varið svo lengi sem menn gera það innan þeirra reglna sem skipulagsskráin setur. Það segir einnig að sjóðstjórnin skuli setja sér starfsreglur. Hún á að stýra daglegum rekstri sjóðsins og ræður öllum málefnum hans til lykta með þeim takmörkunum sem greindar eru í þeirri skipulagsskrá sem ég er að fara hér yfir, þ.e. það má ekki ganga um of á eigið fé sjóðsins. Stjórnin ber ábyrgð á því að meginmarkmiðum sjóðsins eins og þeim er lýst í 3. og 4. gr. í stofnskránni verði náð að svo miklu leyti sem kostur er.

Sjóðstjórnin getur ráðið sér framkvæmdastjóra Vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóðs síldarútvegsins sem verður gjaldkeri sjóðsins, hafi prókúruumboð og sjái um bókhald og fjárreiður sjóðsins eða ákveði vistun sjóðsins á annan hátt og hvernig ávaxta skuli fé hans. Síðan er kveðið á um að sjóðstjórnin skuli fela löggiltum endurskoðanda að annast endurskoðun bókhaldsins.

Í 13. gr. er kveðið nánar á um skipulagsskrána fyrir þennan sjóð. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytis á skipulagsskránni. Á staðfestingardegi skal Vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóður síldarútvegsins taka til starfa."

Nú væri gott að hv. formaður sjávarútvegsnefndar hlustaði á seinni hluta greinarinnar því þar segir:

„Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki sjávarútvegsráðherra og tekur breytingin gildi þegar hún hefur hlotið staðfestingu dómsmálaráðuneytis."

Samkvæmt þessum orðum í skipulagsskránni og þeim lagatexta sem ég fór yfir áðan má gera ýmsar breytingar á hlutverki sjóðsins án þess að breyta lögum eins og verið er að gera hér, svo lengi sem menn fara ekki út úr síldarútveginum. Það er það sem segir alveg skýrum stöfum, að menn verða að halda sig við síldarútveginn og það sem að honum snýr en menn geti þar farið í annað en upprunalega var hugað að. Nefni ég þá sérstaklega t.d. frystar síldarafurðir. Við sem erum eldri en tvævetur í fiskiðnaði vitum að síldarútvegsnefnd var á sínum tíma í kringum síldarsöltun og síldarsaltendur sem þar voru inni en mér er til efs að ekki mætti breyta skipulagsskránni hér þannig að sjóðurinn gæti farið að styrkja vöruþróun, markaðsöflun, þróun tækjabúnaðar, rannsóknir á markaði, nýjar umbúðir, nýjar vinnsluaðferðir o.s.frv., einnig í frystri síld, ekki bara í saltaðri síld eða söltuðum síldarafurðum.

Ef við horfum á þróunina sem verið hefur í veiðum á norsk-íslenska síldarstofninum og þá þróun sem orðið hefur á vinnslu síldar og um borð í vinnsluskipum þar sem síld er að mestu leyti fryst hefði ég einmitt talið kannski sniðugt að velta því fyrir sér andartaksögn hvort ekki væri rétt að halda þessum sjóð sérstaklega til haga fyrir síldarútveginn, ekki bara söltun síldar heldur líka frystingu. Ég sé í fljótu bragði ekki betur, miðað við lögin eins og þau voru sett á sínum tíma, á árinu 1998, og skipulagsskrána sem sett var í kjölfarið og staðfest af dómsmálaráðuneytinu, en það hefði verið hægt án þess að breyta lögunum. Spurning er hvort það sé ekki nær anda þeirra laga sem sett voru, nær hugmyndum þeirra manna sem stóðu að því að taka fjármuni út úr síldarútvegsnefnd þannig að það yrði ekki hlutafé fyrirtækjanna í einhverju framtíðarfyrirtæki, til að tryggja vöruþróun og markaðsöflun. Þessir menn vissu að ekki var hægt að ganga að mörkuðum vísum. Markaðir komu og markaðir fóru og stundum var erfitt ástand á mörkuðum í Austur-Evrópu og þá björguðu stundum gamlir hefðbundnir markaðir í Vestur-Evrópu síldarsöltuninni á þeim tíma. Menn vissu að þeir yrðu að vera á tánum við að afla markaða fyrir síld og ef markaður lægi ekki fyrir þegar vinnslan ætti sér stað, hvort sem um var að ræða frystingu eða söltun, sátu menn uppi með miklar birgðir sem oft var erfitt að selja. Þá gat tekið langan tíma, sérstaklega ef verkið gekk vel í Noregi, að losa sig við umframbirgðir af síld sem ekki voru seldar fyrir fram eða jafnóðum og þær voru framleiddar.

Menn sáu nefnilega á þessum tíma og skildu að fjármunum til vöruþróunar og rannsókna var vel varið. Það er í tísku núna að tala um rannsóknar- og þróunarkostnað fyrirtækja og nauðsyn þess að fyrirtæki séu með ákveðinn hluta af veltu sinni í R&D eins og sérfræðingarnir kalla það, research & development. Þetta eru ekki ný vísindi. Þeir sem stóðu að því að leggja niður síldarútvegsnefnd á sínum tíma ákváðu að ráðstafa hluta af þeim fjármunum sem þar voru til, og ekki litlum fjármunum, 110 millj. kr. í annan sjóðinn og 80 millj. kr. í hinn. Á þeim tíma voru þetta miklir fjármunir. Það er alveg sama á hvorn sjóðinn við lítum í dag, þrátt fyrir að búið sé að veita styrki og slíkt eins og úr vöruþróunarsjóðnum og markaðsöflunarsjóðnum hefur höfuðstóllinn verið óskertur og virðist hafa tekist nokkuð vel til um það. Ef menn vilja hætta því að styrkja vöruþróun og markaðsöflun sérstaklega í síldarafurðum er tekið á því í skipulagsskránni. Þeir sem hana settu gerðu sér grein fyrir því að ekkert er eilíft. Hvað er sagt í 14. gr. um það ef menn vilja hætta og leggja niður þennan sjóð? Jú, þar segir, með leyfi forseta:

„Sjóður þessi verður lagður niður sé stjórn hans einhuga um það og að fenginni umsögn sjávarútvegsráðherra. Sjávarútvegsráðuneytið tekur þá við öllum eigum sjóðsins til ráðstöfunar og varðveislu. Eignunum verður aðeins ráðstafað í samræmi við markmið sjóðsins sbr. 3. og 4. gr."

Þarna eru þeir sem settu sjóðinn á laggirnar enn og aftur að tryggja það að þessir fjármunir fari ekki í eitthvað annað en þeim var ætlað að fara í. Jafnvel þó að stjórnin væri einhuga um að leggja niður sjóðinn skyldu fjármunirnir ganga til sjávarútvegsráðuneytisins sem tæki við öllum eignum sjóðsins til ráðstöfunar og varðveislu og gæti einungis ráðstafað þeim í samræmi við þessa staðfestu skipulagsskrá og *í samræmi við þau markmið sem hér koma fram.*

Getur verið að þessi grein sé ástæða þess að nú vilja menn breyta lögunum? Það þarf nefnilega að breyta lögunum til að hunsa vilja þeirra sem gerðu þetta á sínum tíma. Það er ekki nægjanlegt að fara í gegnum skipulagsskrána því hún heimilar ekki að menn taki þessa fjármuni og setji þá í rannsóknir á vinnslu á karfa eða grálúðuútbreiðslu einhvers staðar á vegum Hafrannsóknastofnunar. Ríkið kemur að þeirri vinnu með öðrum hætti. Ríkið sér Hafrannsóknastofnun fyrir, eða á að sjá Hafrannsóknastofnun fyrir, nægum fjármunum til að stunda þær rannsóknir sem nauðsynlegt er að stunda í þessum mikilvæga atvinnuvegi okkar.

Það á ekki að vera að seilast í svona sjóð til að opna fyrir það að hugsanlega fari hann að styrkja ýmsar rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar eða annarra.

Það eru kannski ekkert voðalega miklir peningar í þessum sjóði í dag þó að þeir hafi verið talsverðir þegar þeir voru settir í hann á sínum tíma. (**Gripið fram í:** Þetta er tiltekið.) Það eru samt sem áður 88 millj. kr. til í sjóðnum. Ég veit að verðbréfagúrúum einhverjum og stórrekstrarmönnum sem eru vanir að höndla með hundruð milljóna á degi hverjum, og þúsundir, þykir þetta ósköp rýr sjóður og rétt í vasann setjandi. Þetta eru þó fjármunir upp á þessa upphæð og eyrnamerktir sérstaklega í þetta verkefni. Ekki hafa komið fram nein rök, hvorki í umræðum á Alþingi né í starfi nefndarinnar, sem útskýra af hverju þörf er fyrir að ásælast þessa fjármuni í annað en í upphafi var búist við að þeir ættu að fara í, af hverju sú þörf hefur risið og af hverju stjórn sjóðsins er að leggja það til, væntanlega, við sjávarútvegsráðuneytið að útvíkka hlutverk hans. Það var rætt í nefndinni að hugsanlega væri það vegna þess að svo lítið væri sóst eftir styrkjum. Ég hef enga trú á því að ef opnað yrði fyrir það að hægt væri að styrkja rannsóknir á markaði fyrir bæði saltaða og frysta síld, ef opnað yrði á að hægt væri að styrkja auglýsingar, markaðssókn inn á nýja markaði, styrkja sérstaklega nýjungar í tækjum og þróun á þeim eins og heimilt er samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins, væru ekki einhverjir til að sækjast eftir þeim fjármunum, að fá þá styrki. Ég neita einfaldlega að trúa því að dýnamíkin sé ekki meiri í þessari grein en svo að menn þurfi að fara að opna þennan sjóð fyrir fleirum vegna þess að þeir sem eiga rétt á styrkjum úr honum sæki ekki um þá. Ég held að þá væri nær að sjóðurinn færi í markaðsöflun fyrir sjálfan sig og fyndi sér viðskiptavini til að leggja góðum málum lið.

Ársreikningur fyrir árið 2004 liggur fyrir og sýnir það okkur kannski að sjóðurinn er vel rekinn og vel hugsað um að skila hlutum frá sér á vandaðan hátt eins og þarf að vera þegar farið er með sjóði, hvort sem þeir eru á vegum fyrirtækja, einstaklinga eða ríkisins. Í reikningnum kemur fram að sjóðurinn greiddi út einn styrk á árinu 2004, að fjárhæð 8 millj. kr. Það kemur líka fram að vaxtatekjur og verðbætur af eignum sjóðsins námu 7,1 millj. kr. að frádregnum fjármagnstekjuskatti. Eignir sjóðsins í árslok nema 88,2 milljónum.

Það kom fram í 10. gr. laga þegar verið var að leggja niður síldarútvegsnefnd og stofna Íslandssíld hf. og þessa tvo sjóði sem ég hef gert að umtalsefni að menn vildu að sjóðurinn yrði undanþeginn tekjuskatti. Menn sáu fyrir sér að kannski væri rétt að vera ekki að leggja skatta á sjóð sem hefði það göfuga markmið að styðja við vöruþróun og markaðsöflun fyrir afurðir síldarútvegsins. Sjóðurinn hefur ekki sloppið undan fjármagnstekjuskatti. Hann borgar sín 10% af fjármagnstekjum til ríkisins aftur og er þar af leiðandi orðinn skattgreiðandi hjá ríkinu þó að lögin hafi kannski ekki gert ráð fyrir því þegar þau voru sett. En þarna virðist stjórn sjóðsins hafa ákveðið að greiða út einn styrk upp á 8 millj. kr. sem er 10% af upprunalegum höfuðstól sjóðsins en ekki að nýta sér þá heimild sem skipulagsskráin gerir ráð fyrir og greiða út 7,1 millj. sem eru tekjurnar að frádregnum fjármagnstekjuskatti.

Einhverra hluta vegna, kannski vegna skorts á umsóknum, virðist starfsemi sjóðsins hafa legið í láginni en það kostar samt svolítið að reka hann. Þó að ég eigi ekki von á að stjórnin hafi þurft að koma oft saman kostar samkvæmt rekstrarreikningi tæpar 864 þús. kr. að reka sjóðinn, laun og launatengd gjöld. Annar rekstrarkostnaður er upp á 551 þús. Það er um 1.200–1.300 þús. kr. rekstrarkostnaður á sjóðnum þrátt fyrir að lítið komi inn af umsóknum og ein umsókn sé afgreidd á árinu öllu.

Ég held sem sagt, frú forseti, að það sem sé verið að gera hér sé skref í ranga átt. Ég tel að þarna sé verið að breyta lögum í þá veru að gjörbreyta ráðstöfun þeirra fjármuna sem teknir voru til hliðar þegar ákveðið var að gera síldarútvegsnefnd að hlutafélagi. Ég held líka að það gæti orðið þannig innan ekki mjög langs tíma að síldarútvegurinn í þeirri styrkingu sem hann er þyrfti á þessum fjármunum að halda og sæi kannski svolítið eftir þeim ef þetta frumvarp yrði að lögum og farið yrði að ráðstafa þessum fjármunum í óskyldan iðnað.

Það voru síldarútvegsmenn sem bjuggu til þessi verðmæti á sínum tíma. Það var síldarútvegurinn, aðallega síldarsöltunin, sem bjó til þau verðmæti sem fólgin voru í síldarútvegsnefnd og alveg auðséð að þegar ákveðið var að leggja síldarútvegsnefnd niður vildu þeir sem að henni stóðu og höfðu búið til þessa fjármuni að sá hluti þeirra sem hér um ræðir færi til að afla markaða og stunda rannsóknir og vöruþróun fyrir síldarafurðir.

Það er kannski ekki miklu við þetta að bæta, frú forseti, í fyrri ræðu minni en ég mundi þó vilja hvetja hv. formann sjávarútvegsnefndar til að velta því fyrir sér með okkur hvort ástæða sé til að vera að gera þetta, hvort ekki sé nær að láta þá fjármuni í friði sem þarna eru, vera ekki að opna á að hægt verði að nota þá til allra mögulegra og ómögulegra hluta nánast, heldur að leggjast á sveif með okkur í stjórnarandstöðunni sem höfum velt þessu máli talsvert mikið fyrir okkur og tryggja það að öflugur síldarútvegur, t.d. í Vestmannaeyjum, eigi möguleika á því að sækja um styrki í þennan sjóð.

Það eru ekki orðnir svo margir staðir á landinu. Það eru Austfirðirnir og Vestmannaeyjar og svolítið vestur um sem eru talsvert í síldariðnaði. Ég veit að frystiskipin eru komin til viðbótar og hafa kannski ekki bólfestu í neinni höfn meðan á því stendur, en væri ekki með aukinni síld, síldveiði, síldarvinnslu og síldargengd, ráð fyrir fyrirtæki eins og í Vestmannaeyjum að eiga möguleika á því að sækja í þennan sjóð og að sjóðurinn sé þá til að styðja við síldarútveginn en ekki allt annað? Ég hlakka til, frú forseti, að heyra ræður sem ég vona að hv. formaður sjávarútvegsnefndar fari í og fari aðeins betur yfir það með okkur og fyrir okkur af hverju þurfi að breyta þessu.

Ég tel mig hafa farið yfir það í nokkuð löngu máli, rakið hvernig þessi sjóður varð til og hvaða hugsun var á bak við það að hann var settur á laggirnar. Mér finnst ég ekki hafa fengið nægilega greinargóð svör við því af hverju kasta eigi núna fyrir róða öllum þeim hugmyndum og hugsjónum sem lágu að baki þegar menn settu þennan sjóð á laggirnar. Hver er hin knýjandi þörf til þess? Af hverju þarf að gera þetta? Þetta eru spurningar sem ég vona að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson svari af því að mér fannst hann ekki svara mínu stutta andsvari. Ég er reiðubúinn að ræða þetta tals-

vert miklu lengur við hann eftir að hafa heyrt sjónarmið hans.

[14:49]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Gunnarsson spurði af hverju við hefðum ekki prentað álitið upp á nýtt vegna upplýsinga frá fjármálaskrifstofu. Ég taldi vera nóg að þetta kæmi fram í framsögu minni. Ég man ekki eftir því að í nefndarálitinu höfum við verið að minnast á fjármálaskrifstofuna.

Hann talaði um hvort það væri flumbrugangur í sjávarútvegsnefnd við að koma þessu máli út. Sjávarútvegsnefnd lauk störfum sl. miðvikudag með þau mál sem komu frá ríkisstjórn og er sennilega mjög tímanlega miðað við aðrar nefndir. Frestun á þessari umræðu varð vegna beiðni manna sem eru í sjávarútvegsnefnd en voru staddir erlendis. Við hefðum þess vegna getað tekið þessa umræðu á mánudaginn þannig að við höfum haft nógan tíma, og allan þann tíma til að koma saman. Ég vísa þessu frá.

Það var í hléi á fundi í sjávarútvegsnefnd sem ég hringdi upp í sjávarútvegsráðuneyti og fékk þær upplýsingar að þarna væri um mistök að ræða. Ég held að ég muni meira að segja bókhaldsnúmerið á sjóðnum með þessum 150 milljónum, 05-210 minnir mig að það hafi verið ef menn vilja fara í fjárlögin. Þarna urðu mannleg mistök og þó að þessi tala standi í þessu skjali fara menn ekki að eyða meiru en eigið fé segir til um.

Hv. þm. Jón Gunnarsson las upp athugasemdir sem ég ætla að fá að gera líka, með leyfi forseta:

„Sjóðurinn lýtur alfarið stjórn síldarútvegsmanna, enda er hann byggður upp fyrir það fé sem þeir greiddu til síldarútvegsnefndar af verðmæti útflutnings síldarafurða á þessum tíma.“

Svo las hv. þm. Jón Gunnarsson í viðbót:

„Er hér lagt til að nýjum málslið verði bætt inn í ákvæðið þannig að stjórn sjóðsins verði almennt heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi.“

Hann las hins vegar ekki síðustu setninguna: „Er það í samræmi við vilja stjórnar sjóðsins.“

Það er stjórnin sem hefur forræði yfir þessum sjóði, aðilarnir sem greiddu í sjóðinn. Ég fagna því að við erum að fá viðbótarfé í rannsóknir. Það fé getur náttúrlega líka nýst í síldarrannsóknir. Þetta fer í alhliða rannsóknir og það er mjög ánægjulegt. Þessir aðilar vilja þetta. Hv. þingmaður ræddi um síldarrannsóknir fyrir Vestmannaeyinga. Það er stjórnarmaður sem er framkvæmdastjóri (Forseti hringir.) fyrirtækis í Vestmannaeyjum sem er í stjórn þarna.

[14:51]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Á þingi má aldrei ganga svo mikið á að við getum ekki sent frá okkur skjöl sem eru með réttustu staðreyndunum sem við þekkjum. Ég hélt satt að segja að þegar fyrir lægi að það væri villa í þingskjali mundu þeir sem hefðu með þingskjalið að gera, í þessu tilviki hv. formaður sjávarútvegsnefndar, ganga í að leiðrétta það.

Flumbrugangur í störfum sjávarútvegsnefndar. Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson sagði að sjávarútvegsnefnd hefði lokið störfum á þessu þingi. Ég verð að vera honum algjörlega ósammála. Það er rétt sem fram kom hjá honum að það er búið að afgreiða þau mál sem frá ríkisstjórninni komu. Þau hafa gengið fyrir og búið er að afgreiða þau öll út. (Gripið fram í.) En hvað með þingmannamálin sem vísað hefur verið til sjávarútvegsnefndar? Þau hafa ekki einu sinni verið rædd í sjávarútvegsnefnd. Ef svona góður tími er, af hverju förum við þá ekki yfir þingmannamálin og umsagnir ef þær eru komnar og reynum að afgreiða þau út úr nefndinni, ekkert síður en mál ríkisstjórnarinnar?

Það eru fjórir einstaklingar í stjórn sjóðsins, það er rétt hjá hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni. Stjórn sjóðsins getur lagt til að breyta hlutverki hans og hefur auðsjáanlega gert það en eftir að hafa farið í gegnum lögin um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd, farið í gegnum skipulagsskrána fyrir sjóðinn og farið í gegnum þær hugmyndir sem lágu að baki því að taka part af verðmætum síldarútvegsnefndar og stofna þessa tvo sjóði finnst mér að þeir sem hafa með þetta að gera og taka ákvörðunina, sem erum við á Alþingi úr því sem komið er, reyni að virða þann vilja sem kemur fram í þessum stofnskjölum.

[14:54]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi eðlilegt að gera grein fyrir þessari leiðréttingu hjá fjárlagaskrifstofu varðandi mismun á eigin fé sjóðsins í framsöguræðu minni.

Ég sagði í andsvari áðan að við hefðum tekið út þau mál sem ríkisstjórnin hefur verið með. Störfum í sjávarútvegsnefnd er ekki lokið, ég minntist ekki á það. Það verða haldnir fundir og farið yfir umsagnir um þau mál sem ekki er búið að afgreiða. Svo verður bara að koma í ljós hvort þau verða afgreidd úr nefnd eða ekki.

[14:54]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Hjörleifssyni fyrir að segja það hér að við munum fyrir þinglok fara yfir umsagnir um þingmannamál sem komið hafa til sjávarútvegsnefndar. Ég fagna því að það skuli gert. Ég veit ekki hvort hv. þingmaður getur upplýst okkur um það í umræðunni fyrst hún fer inn á þessar brautir hvort við getum vænst þess að þingmannamálin verði afgreidd út úr nefndinni þannig að hægt sé að taka þau fyrir jafnvel fyrir þinglok. Eitt þingmannamál hefur verið afgreitt út úr sjávarútvegsnefnd eftir því sem ég best veit á þeim tíma, fyrsta þingmannamálið á þessu þingi. Er það kannski til marks um að það er góður vilji hjá formanni sjávarútvegsnefndar til að þingmannamál sem inn koma hljóti vandaða umfjöllun og sofni ekki eða stoppi í nefndinni, eins og virðist vera regla hjá okkur á þingi með þingmannamál, hvort sem þau koma frá stjórnarandstöðuþingmönnum eða stjórnarþingmönnum. Þykir mér það ansi mikil linka hjá stjórnarþingmönnum mörgum sem leggja fram þingmál í upphafi þings og koma því jafnvel á dagskrá og til nefndar að láta sér það lynda að þau liggi þar heilt þing án þess að vera afgreidd út úr nefndinni og aftur inn til þingsins.

Eins og kom fram í máli hv. þingmanns ganga ríkis-

stjórnarfrumvörp fyrir. Það er ekkert að gera í þinginu meðan ekki er búið að hrúga inn neinum frumvörpum frá ríkisstjórninni. Við sitjum þá aðgerðalaus í nefndum oft og tíðum en síðan þegar þau loksins koma er slegið í klárinn og gert það sem verið er að gera þessa dagana. Þetta eru einmitt þeir dagar sem mestu mistökin verða við lagasetningu. Ég átta mig ekkert á því af hverju er svona knýjandi þörf til að fara að breyta lögum um þessa síldarútvegsnefnd á síðustu dögum þingsins þegar allt er upp í loft og mikil hætta á því að menn geri einhver mistök í tímapressu. Ég tel enga þörf á því að afgreiða þetta mál.

[14:57]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er til 2. umr. frumvarp til laga um breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins. Þetta frumvarp er svo sem ekki mikið að vöxtum. Það er einungis tvær greinar.

1. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi.“

Í 2. gr. stendur síðan: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Þetta lætur svo sem ekki mikið yfir sér, frú forseti, en það er ástæða til að kafa dýpra í þetta mál. Ég gerði það því að mér fannst í sjálfu sér merkilegt að það skyldi þurfa að taka fyrir sérstaklega á Alþingi svo litla skipulagsbreytingu eða breytingu á hlutverki sjóðs sem raun ber vitni og flytja um það sérstakt frumvarp með öllu því sem tilheyrir. Því fór ég að velta fyrir mér hvað lægi að baki. Í athugasemdum með frumvarpinu stendur, með leyfi forseta:

„Með 9. gr. laga nr. 43/1998, um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins, var stofnaður sérstakur sjóður (Veruþróunar- og markaðssjóður síldarútvegsins) og hljóðar greinin þannig:

„Stofna skal sérstakan sjóð sem hefur þann tilgang að efla veruþróun síldarafurða og afla nýrra markaða fyrir síldarafurðir. Sjóðurinn skal vera sjálfseignarstofnun. Stofnfé sjóðsins skal vera 80 millj. kr. af eigin fé síldarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsráðherra skal annast gerð skipulagsskrár fyrir stofnunina sem skal staðfest af dómsmálaráðuneyti, sbr. lög nr. 19/1988.““ — Það eru lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Þessi sjóður er stofnaður í ágúst 1998 með staðfestri skipulagsskrá. Í samræmi við hana hafa félög síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi tilnefnt menn í sjóðinn, fjóra menn samtals. Þessi sjóður lýtur alfarið stjórn síldarútvegsmanna, „enda er hann byggður upp fyrir það fé sem þeir greiddu til síldarútvegsnefndar af verðmæti útfluttra síldarafurða á sínum tíma“ segir í greinargerð með frumvarpinu, með leyfi forseta.

„Stjórn sjóðsins telur að hagsmunir síldarútvegsmanna liggi í fleiru en veruþróun og öflun nýrra markaða fyrir síldarafurðir. Þá hafa tiltölulega fáir aðilar sótt um styrki úr sjóðnum frá stofnun hans. Því hefur stjórnin lagt til við sjávarútvegsráðuneytið að verksvið sjóðsins verði víkkað. Er hér lagt til að nýjum málslið verði bætt inn í ákvæðið þannig að stjórn sjóðsins verði almennt heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi. Er það í samræmi við vilja stjórnar sjóðsins.“

Frú forseti. Þetta er gott og blessað svo langt sem það nær. Í meðferð sjávarútvegsnefndar fengum við ýmsar umsagnir með þessu máli þar sem aðilar töldu sitt hvað um ágæti þess að breyta skipulagsskránni með því að víkka út verksvið sjóðsins og gera hann meira að almennum úthlutunarsjóði, þó ekki alveg jólagjafasjóði, en hlutverk hans yrði orðið mjög vítt eins og ég hef hér lýst. Þó komu þarna athugasemdir sem var alveg ástæða til að taka mark á, athugasemdir umsagnaraðila sem greinilega þekktu vel til og gátu gefið umsagnir á faglegum forsendum. Ég vil t.d. vitna til umsagnar Landssambands smábátaeigenda um málið. Sú umsögn er dagsett 19. apríl 2005 og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er lagt til að „Veruþróunar- og markaðssjóður síldarútvegsins“ fái víðtækara hlutverk en verið hefur. Í stað þess að einskorða styrkveitingar úr sjóðnum við að efla veruþróun og markaðsstarf síldarafurða er lagt til að honum verði heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi.

Í fylgiskjali með frumvarpinu frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að eigið fé sjóðsins sé 150 milljónir.“ — Í umræðunni hefur komið fram, frú forseti, að þar er um einhvern misskilning að ræða af hálfu fjármálaráðuneytisins. Hv. þm. Jón Gunnarsson hefur gert grein fyrir því án þess þó að fyllilega hafi verið skýrt hvernig sá mismunur kom inn. Ég kem að því síðar í ræðu minni. En áfram segir í umsögn Landssambands smábátaeigenda um málið, með leyfi forseta:

„Landssambandi smábátaeigenda – LS – finnst skorta í frumvarpið upplýsingar um starfsemi „Veruþróunar- og markaðssjóðs síldarútvegsins“. Í athugasemdum með frumvarpinu koma engar upplýsingar fram um sjóðinn, hvaða verkefni hann hefur styrkt, hvaða árangurs styrkveitingar hafa leitt til og þess háttar upplýsingar sem nauðsynlegt er að hafa við höndina þegar umsögn er veitt. Þá verður það að teljast óviðunandi að ekki séu veittar upplýsingar um fjárhagsstöðu sjóðsins í frumvarpinu. Aðeins í fylgiskjali með frumvarpinu frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins kemur fram að eigið fé sjóðsins sé 150 milljónir.“ — Ég ítreka að hér hefur verið rakið að það er ekki rétt tala.

Enn segir í umsögn Landssambands smábátaeigenda:

„Umsögn LS ber því nokkurn keim af upplýsingaskorti.

Það er skoðun LS að auka eigi áherslu á veruþróun og markaðsmál í sjávarútvegi. Á sl. missirum hefur komið í ljós að í þeim þáttum er það helst þar sem skórinn kreppir. LS leggur því til að frumvarpið hljóti ekki afgreiðslu.“ — Ég vek athygli forseta á því að Landssamband smábátaeigenda leggur til að frumvarpið hljóti ekki afgreiðslu. — „LS telur að starfsemi sjóðsins eigi að vera óbreytt, starfa á þröngu sviði í stað þess að dreifa kröftunum til þeirra þátta sem lagt er til í frumvarpinu.“

Ég tel þessa athugasemd Landssambands smábátaeigenda, frú forseti, afar þýðingarmikla og hún fellur að þeim kjarna og þeirri stefnu sem ég hef sjálfur verið að móta mér

eftir því sem ég hef kynnt mér málið frekar. Það á ekki að vera að fletja starfsemi svona sjóða út með þessum hætti, og ég kem nánar að því síðar. Ef það er samdóma álit allra þeirra sem hlut að eiga að slíkir sjóðir geti ekki gegnt því hlutverki lengur sem þeim var upphaflega gert að gegna með tilurð sinni og skipulagsskrá á frekar að leggja þá niður og láta féð renna til þeirra aðila sem gert er ráð fyrir að gerist ef sjóðurinn er lagður niður. Þá verður upphaflegt tilefni að vera horfið. Það er ótækt að víkka verkefni sjóðsins út og suður og út um allt. Þá tel ég að verið sé að misþyrma þeim möguleikum og markmiðum sem aðilar eru almennt að setja með stofnun slíkra sjóða. Stofnun slíkra sjóða er um afmörkuð mál, og það er þessi sjóður.

Frú forseti. Ekki hvað síst á grundvelli þessarar umsagnar Landssambands smábátaeigenda lék mér sérstök forvitni á að kynna mér tilurð sögunnar á bak við þennan sjóð. Ég verð að viðurkenna að ég var ekki það þingreyndur að ég þekkti þá sögu. Ég kannaði bakgrunninn í stofnun þessa sjóðs, og eins og hv. þm. Jón Gunnarsson rakti á þetta sér langan aðdraganda og langa sögu. Verum minnug þess að síldveiðar og síldarútvegur var einn öflugasti atvinnuvegur landsmanna um áratugi og hafði afgerandi áhrif á þjóðartekjurnar, síldveiðarnar fyrir norðan og austan, síldveiðarnar út af Vestfjörðum, síldveiðarnar í Húnaflóa og svo mætti telja. Þetta var gull Íslands. Því miður lentum við í ógöngum sem margir aðrir gullgrafarar lenda í, þá grafa menn undan sér útsæðið. Síldin hvarf af Íslandsmiðum með alvarlegum afleiðingum fyrir efnahagslíf þjóðarinnar eins og við þekkjum, tímabundið sem þjóðin hefur þó sem betur fer risið frá. Síldarútvegurinn, síldveiðarnar voru um áratugi ... (**Gripið fram í:** Siglufjörður.) t.d. var Siglufjörður mikill síldveiðibær. Hver þekkir ekki sögu Siglufjarðar? Siglufjörður skaffaði um tíma nálægt 30% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar (Gripið fram í.) sem fara í gegnum útskipun frá Siglufirði. Það var að megninu til síld. (Gripið fram í.) Við þekkjum sögu fleiri, Hjalteyrar, Skagastrandar, Djúpuvíkur, (**Gripið fram í:** Raufarhöfn.) Ingólfsfjarðar, Raufarhafnar, þannig að það er ekki aðeins í efnahagslegu tilliti sem síldveiðarnar hafa gegnt svona gríðarlegu lykilhlutverki, heldur líka í atvinnusögu og menningarsögu þjóðarinnar á síðustu öld og reyndar fyrr. Menn skyldu fara varlega í að ganga kæruleysislega um sjóði sem hafa verið stofnaðir afmarkað, t.d. um síldarútveg og síldarvinnslu. Ég kem að þessum atriðum betur síðar, frú forseti.

Ég skoðaði lögin um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins. Þau eru frá 28. maí 1998 og vil ég aðeins rekja forsöguna að þessu. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Stofna skal hlutafélag er nefnist Íslandssíld hf. Ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög, taka til Íslandssíldar hf. ef annað leiðir ekki af lögum þessum. Sjávarútvegsráðherra annast undirbúning að stofnun félagsins.“

Síðan er rakið hlutverk Íslandssíldar hf. og m.a. hvert skuli vera eigið fé Íslandssíldar hf. og hvernig farið skuli með hlut. Síðan kemur um ráðstöfun á ákveðnu fjármagni og þar segir í 8. gr. þessara laga sem samþykkt voru á Alþingi 28. maí 1998, með leyfi forseta:

„Stofna skal sjóð sem skal renna til síldarrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar. Sjóðurinn skal vera í vörslu Hafrannsóknastofnunarinnar. Stofnfé sjóðsins skal vera 110 millj. kr. af eigin fé síldarútvegsnefndar. Ráðstöfun fjár úr sjóðnum skal háð samþykki sjávarútvegsráðherra og skal árleg ráðstöfun miðast við að ekki sé gengið á eigið fé sjóðsins.“

Síðan komum við að 9. gr., frú forseti. Þar stendur:

„Stofna skal sérstakan sjóð sem hefur þann tilgang að efla vöruþróun síldarafurða og afla nýrra markaða fyrir síldarafurðir. Sjóðurinn skal vera sjálfseignarstofnun. Stofnfé sjóðsins skal vera 80 millj. kr. af eigin fé síldarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsráðherra skal annast gerð skipulagsskrár fyrir stofnunina sem skal staðfest af dómsmálaráðuneyti, sbr. lög nr. 19/1988.“

Síðan stendur í 10. gr.:

„Sjóður sá sem um er rætt í 8. gr. skal undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem þeir nefnast. Framlag til sjóðs þess sem um er rætt í 9. gr. skal undanþegið tekjuskatti.“

Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því, frú forseti, að hér væri verið að stofna tvo sjóði. Það var verið að stofna tvo sjóði á grundvelli eigna síldarútvegsnefndar. Að vísu brá okkur nokkuð í sjávarútvegsnefnd að sjá umsögn fjármálaráðuneytisins um þennan sjóð sem við erum að fjalla um, sjóð í þágu síldarútvegsins. Þá kom allt önnur tala um eignirnar en við gátum fundið að væri raunin eftir öðrum leiðum. Þegar grennslast var fyrir um það hvernig þessi misskilningur gæti verið kominn til virtist sem þeir hefðu spurst fyrir um einhvern annan sjóð hjá Hafrannsóknastofnun. Ég var alveg grandalaus fyrir því að þessir sjóðir tengdust á nokkurn hátt. Við spurðum að vísu um það og mig minnir að ég hafi lagt það til í hv. sjávarútvegsnefnd að send yrði sérstök fyrirspurn til Hafrannsóknastofnunar um hvaða sértækir sjóðir væru í vörslu hennar sem lytu að hinum ýmsu verkefnum. Ég minnist þess að ég bað um það og hefði gjarnan viljað fá það sem fyrst inn í umræðuna. Þegar maður fer síðan að lesa um stofnun þessara sjóða er í raun verið að stofna tvo sjóði. Það er verið að stofna einn sjóð sem skal renna til síldarrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar, og samkvæmt lögunum skal stofnfé þess sjóðs skal vera 110 millj. kr. af eigin fé síldarútvegsnefndar, og síðan er verið að stofna annan sjóð, sérstakan sjóð sem hefur þann tilgang að efla vöruþróun síldarafurða og afla nýrra markaða fyrir síldarafurðir. Sjóðurinn skal vera sjálfseignarstofnun.

Mér finnst að úr því að farið er að taka á þessu máli hefði nefndin átt að taka báða þessa sjóði fyrir. Báðir þessir sjóðir verða til við ákveðið uppgjör, ákveðin tímamót sem eru í umgjörð og rekstri síldarútvegsins. Þeir verða báðir til með skilgreindum hlutverkum hvor um sig. Við hefðum átt að taka þá báða til meðferðar og spyrja: Er ástæða til að taka þessa ákvörðun sem tekin var árið 1998 til endurskoðunar í heild sinni um stofnun þessara sjóða, ekki bara taka annan sjóðinn eins og við erum hér að gera? Við erum bara að taka annan sjóðinn hér.

Hitt segir mér svo líka talsvert um þau markmið sem aðstandendur hafa í huga þegar verið er að stofna þessa sjóði. Þeir hafa í huga mjög aðgreind verkefni sjóðanna. Þess vegna finnst þeim ástæða til að stofna tvo sjóði, eða ég les

það út úr þessari ákvörðun, með afar afmörkuðum verkefnum hvors um sig. Það lýsir að mínu viti einbeittum vilja og ákveðnum markmiðum sem vinna átti að. Þess vegna tel ég að það sé í fullkominni þversögn við þau markmið sem sett voru á sínum tíma að taka nú annan sjóðinn og víkka verksvið hans nánast út í það óendanlega. Það er verið að víkka það út að hann eigi að styrkja nýsköpun, rannsóknir, fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi. Viðfangsefnið er gott, en erum við ekki komin býsna langt frá þeim verkefnum sem þessum sjóði var ætlað að sinna?

Mér fannst mjög athyglisvert að við værum aðeins að fjalla um afmarkaðan þátt þeirra ákvarðana sem teknar voru árið 1998 þegar stofnaðir voru tveir sjóðir á grundvelli eigna síldarútvegsnefndar, en við erum aðeins að fjalla um annan sjóðinn. Mér er ekki kunnugt um með hvaða hætti grein hefur verið gerð fyrir starfsemi þessa sjóðs sem síldarútvegsnefnd ákvað að fela Hafrannsóknastofnun forsjá yfir, þ.e. hvernig honum yrði ráðstafað. Ég á ekki von á öðru en að það sé gert mjög faglega en markmiðið á sínum tíma var mjög afdráttarlaust.

Frú forseti. Ég leit á ræður sem fluttar voru af þessu tilefni á sínum tíma. Þannig vill til að þá var Þorsteinn Pálsson sjávarútvegsráðherra og mælti hann fyrir frumvarpi um stofnun þessara sjóða. Þar eru raktir ítarlega hagsmunir þeirra sem komu að síldarútvegsnefnd á sínum tíma, bæði útgerðarmanna, síldarsaltenda og söluaðila á síld sem mynduðu þetta apparat og sem mynduðu líka hinn hugmyndafræðilega bakgrunn fyrir verkefni þessara sjóða. Ekki er ástæða til að gera lítið úr því. Ég vil leyfa mér að vitna aðeins í ræðu þáverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra, Þorsteins Pálssonar, sem var haldin 16. mars árið 1998, m.a. um að stofna hlutafélag um síldarútvegsnefnd og um stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að matsnefnd skipuð af sjávarútvegsráðherra meti verðmæti eigna síldarútvegsnefndar. Þá er gert ráð fyrir að hlutafélagið taki, við stofnun félagsins, við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum síldarútvegsnefndar, öðrum en þeim sem renna til sjóðs til síldarrannsókna og í vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóð, sem lagt er til að verði stofnaðir. Rétt þykir að stofnfé Íslandssíldar hf. miðist við að Íslandssíld hf. fái, með hliðsjón af eðli starfseminnar og markaðsaðstæðum, traustan rekstrargrundvöll.

Eins og áður er vikið að er gert ráð fyrir að tveir sjóðir verði stofnaðir, annars vegar síldarrannsóknasjóður og hins vegar vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóður. Lagt er til að síldarrannsóknasjóðurinn renni til síldarrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar en síldarrannsóknir eru nær eingöngu stundaðar af Hafrannsóknastofnuninni. Með hliðsjón af því að fé sjóðsins á samkvæmt frumvarpinu alfarið að renna til Hafrannsóknastofnunarinnar þótti eðlilegt að sjóðurinn verði í vörslu hennar. Lagt er til að stofnfé síldarrannsóknasjóðsins nemi 110 millj. kr. Tekið var mið af hlutdeild þeirra aðila sem ekki eiga rétt á hlutafé, þ.e. gjaldþrotaskiptum í búi þeirra er lokið eða félagi þeirra hefur verið slitið með öðrum hætti en samruna við önnur félög, en það eru um 20–25% af eigin fé félagsins. Gert er ráð fyrir að vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóðurinn verði ekki eign ríkissjóðs heldur sjálfseignarstofnun. Lagt er til að stofnfé sjóðsins verði 80 millj. kr. Eðlilegt er að tryggja eftirlit með því að sjóðurinn verði starfræktur í samræmi við skipulagsskrána og er því lagt til að sjóðurinn starfi samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. lög. nr. 19/1988. Þar sem sjóðurinn er stofnaður með lögum er eðlilegt að skipulagsskrá sjóðsins sé undirbúin af sjávarútvegsráðherra. Með stofnun framangreindra sjóða þykir tryggt að fé síldarútvegsnefndar renni til málefna sem eru til hagsbóta fyrir síldarútveginn þannig að nýsköpun, sókn í vöruþróun og markaðssetningu og stöðug og góð rekstrarskilyrði iðnaðarins verði sem best tryggð.“

Í ræðu sinni, frú forseti, sem ég tel að eigi að vera mjög mikilvægt lögskýringargagn fyrir því sem verið er að gera, leggur ráðherrann þunga áherslu á að þarna séu á ferðinni aðgerðir sem renni til málefna sem eru til hagsbóta fyrir síldarútveginn þannig að nýsköpun, sókn, vöruþróun, markaðssetning og stöðug og góð rekstrarskilyrði síldariðnaðarins verði sem best tryggð.

Mér finnst þurfa brýna nauðsyn til ef ganga á á svig við eða breyta í grundvallaratriðum markmiðum sem sett eru fyrir stofnun þessara sjóða. Ég tók af handahófi, frú forseti, líka ræðu eins hv. þingmanns í þessari umræðu sem ég vil vitna til. Það er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sem fjallar um þetta mál en hann segir, með leyfi forseta:

„Sjálfsagt má lengi deila um það hvernig ráðstafa á þessum eignum. Hitt tel ég að sé þó tæplega umdeilanlegt að þeir sem lagt hafa mest af mörkum og byggt upp þær eignir sem til skipta eru í síldarútvegsnefnd séu framleiðendur eða viðskiptaaðilar nefndarinnar á liðnum tíma. Það er þá frekar að menn mundu velta fyrir sér þeim hlutföllum sem eru þarna sett upp hvað varðar annars vegar eigendur eða framleiðendur liðins tíma og hins vegar þann hlut sem fyrirtækið sjálft, Íslandssíld hf., á að eignast til endursölu.

Varðandi sjóðina verkar það kannski fljótt á litið svolítið flókið að það skuli þurfa að stofna til tveggja sjóða í þessu skyni, annan til að styrkja rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar og hinn til að efla vöruþróun síldarafurða en sjálfsagt eru fyrir því rök að menn hafi talið heppilegra að halda þessu tvennu aðgreindu.“

Í þessari umræðu kemur einmitt fram að það eru mjög þröng og ákveðin markmið sem hvorum sjóði eru sett. Annars hefði verið lagt í einn sjóð, að mínu viti, þar sem verið hefðu tiltölulega víð markmið um styrkveitingar. (**BJJ:** Á sjóðurinn að geta styrkt Síldarminjasafnið?) Þetta er alveg hárrétt vangavelta, frú forseti, hjá hv. þm. Birki J. Jónssyni sem grípur fram í og nefnir Síldarminjasafnið á Siglufirði. Ég kem að því nánar seinna í ræðu minni. Sjóðnum eru sett mjög ákveðin markmið og allir þeir, ég hef litið á fleiri ræður sem voru fluttar af þessu tilefni þegar verið var að stofna þessa tvo sjóði, sem tóku til máls leggja áherslu á að þarna er verið að horfa til mjög sérgreindra verkefna þessara sjóða.

Ég vil nefna það hér að ég er ekki að ásaka nefndarformann eða aðra í nefndinni um að hafa ekki komið með þessi gögn inn í nefndina, alls ekki. Ég fór sjálfur af stað af því að mér lék forvitni á að vita um tilurð þessa sjóðs. Þá fór ég ofan í sögu hans. Maður fór að hugsa, sjóðir sem voru byggðir upp með aðgreind markmið á félagslegum

grunni hinna ýmsu atvinnugreina hafa einmitt gert mjög sérgreint gagn. Þá var ég minnugur umræðu sem við tókum hér fyrir skömmu síðan um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Ég sé að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson kinkar kolli. Þar tókum við líka umræðu um sjóð sem var stofnaður fyrir skilgreint hlutverk sem ég reyndar dreg mjög í efa að hafi verið skynsamlegt. Það var að úrelda fiskiskipin og banna skipum að veiða. En á þingi fyrir einum tveim, þrem árum, eða líklega fjórum, var samþykkt að Þróunarsjóður sjávarútvegsins kæmi að því að styrkja atvinnusögu sjávarútvegsins. Þegar lagt var fram frumvarp um að leggja sjóðinn niður gripum við eðlilega til þess, þingmenn, og vildum að Alþingi stæði við samþykkt sína um að verja fjármagni frá Þróunarsjóðnum til að koma að atvinnusögunni, endurgerð og varðveislu skipa eða annarra atvinnu- og menningarsögulegra verðmæta. Í því tilviki þótti þó meiri hluta Alþingis tilhlýðilegt að ganga gegn fyrri einróma samþykkt Alþingis og láta sjóðinn renna í heilu lagi inn til Hafrannsóknastofnunar til rannsókna í sjávarútvegi. Það er gott verkefni í sjálfu sér en engu að síður þykir mér óeðlilegt hversu eðlilegt þótti að taka þennan sjóð og slátra honum með þessum hætti. Ég leyfi mér að taka mér það orð í munn, það var verið að slátra honum, slá hann af. Þetta er tungutak sem við í sveitinni skiljum.

Þá fer maður líka að velta fyrir sér þessum sjóðum, síldarútvegssjóðunum. Þó að síldin hafi nú um tíma horfið af miðunum og veiðar á síld hafi gegnt minna hlutverki að undanförnu en á nokkrum áratugum áður og ég hef rakið fyrr í ræðu minni berum við von í brjósti um endurkomu síldarinnar. Það er líka ýmislegt sem bendir til að síldin sé að koma aftur og ná sér upp sem veiðistofn og muni ganga á Íslandsmið. (**Gripið fram í:** Hærra hitastig.) Hærra hitastig, það gæti a.m.k. verið. Það er allt sem bendir til þess, og við hljótum að bera þá von í brjósti að síldin komi á miðin og við náum að vera með það farsæla fiskveiðistjórn og umgengni um sjávarauðlindina að síldarstofninn fái vaxið á ný.

Þó að þessi sjóður sé ekki stór nú getur hann samt áfram gegnt því hlutverki sem honum var ætlað og jafnvel mætti hugsa sér að auka þar í ef ástæða væri til til að halda honum við efnið. Hafi markmið með stofnun þessara sjóða á sínum tíma verið gilt hefur í sjálfu sér ekkert breyst í þeim efnum að *mínu mati, síður en svo. Ef eitthvað er hef ég frekar* styrkst í þeirri trú að þessi sjóður sem lýtur að því að stuðla að rannsóknum í síldveiðum eigi að fá að halda sér sem slíkur, einmitt til síldarrannsókna. Ég held t.d. að nú þegar séu komin sérhæfð verkefni sem sjóðurinn gæti tekið upp á arma sína. Síldin er að ganga inn á grunnslóð, t.d. fyrir Norðurlandi og þar væri vel hægt að taka afmörkuð rannsóknarverkefni á hátterni og magni síldarinnar, nú þegar hún er að koma þar inn aftur. Sjóðurinn gæti einbeitt sér að því einmitt núna.

Hinn möguleikinn er, eins og hv. þm. Birkir J. Jónsson kallaði fram í og var ágætisframmíkall, frú forseti, að ef ekki þykir ástæða til að sjóðurinn gegni lengur þessu sértæka hlutverki sínu varðandi síldarrannsóknir eru síldveiðarnar svo stór hluti af atvinnu- og menningarsögu þjóðarinnar og mannvirkin sem tengjast síldarútveginum og síldarvinnslunni svo söguleg verðmæti að okkur ber skylda til að halda þeim til haga, halda þeim við og bera fram. Það er t.d. mjög forvitnilegt og ég held öllum mjög eftirminnilegt sem koma í síldarverksmiðjurnar á Djúpuvík og fá að sjá þau gríðarlegu mannvirki sem þar voru byggð á örskömmum tíma í raun. Þau voru rekin þar um tíma með alveg ótrúlegum afköstum. Ég held að öllum sem koma að hinum gríðarlegu mannvirkjum sem standa við botn Reykjarfjarðar sé mjög mikill lærdómur að fá að labba þar í gegn undir góðri leiðsögn fjölskyldunnar í Djúpuvík. Ef ekki er lengur ástæða til að verja fjármunum svona sjóðs til síldarrannsókna gæti hann vel haft skyldur gagnvart þessum menningarverðmætum, einmitt þeim mannvirkjum og síldarútvegsplássum sem skópu þjóðarauðinn í áratugi á síðustu öld. Þessi sjóður er m.a. ávöxtur þess. Því skyldum við ekki skila einhverju af þessum peningum til baka til að halda sögunni og menningarverðmætunum við og gera þau þannig að hægt sé að sýna þau ferðamönnum og halda til haga í atvinnusögu þjóðarinnar?

Það eru fleiri staðir vítt og breitt um landið, sértækir staðir sem áttu gríðarlegan þátt í að byggja upp auð Íslendinga úr silfri hafsins. Okkur ber skylda til að halda þessum sögu- og menningarverðmætum til haga. Ef á annað borð á að breyta reglum þessa sjóðs sem ég er ekki samþykkur eða hef mikla fyrirvara við hefði líka mátt taka þennan þátt inn í ráðstöfun fjárins frá þessum sjóði. Það hefði t.d. verið fínt að fá fjármagn úr honum til að búa út eins og ég hef nefnt síldarverksmiðjuna í Djúpuvík, þau gríðarlegu mannvirki sem þar eru, og forvitnilegt að skoða, sjá og upplifa og reyna að setja sig inn í það sem þar hefur farið fram. Þannig er víðar. Menn hafa nefnt Hjalteyri líka án þess að ég telji mig geta farið í tæmandi upptalningu. Engu að síður ber þjóðin öll siðferðislegar skyldur og ábyrgð á þessu öllu. Þetta eru verðmæti sem tilheyrðu síldarútveginum og atvinnulífinu á sínum tíma og við eigum að varðveita þau.

Frú forseti. Ég var á þessu nefndaráliti með fyrirvara og ég viðurkenni hér að ég hafði ekki sett mig inn í forsögu málsins þegar það var afgreitt út úr nefnd. Takmarkaðar upplýsingar komu inn og ég leitaði mér ekki þá þegar upplýsinga um forsöguna, taldi þetta ekki vera slíkt stórmál, taldi reyndar að þetta væri mál sem ætti ekki að koma inn á borð Alþingis, mál sem ætti bara að afgreiðast milli sjávarútvegsráðherra og viðkomandi stjórnar sjóðsins. Eftir að *hafa farið í gegnum bakgrunninn skynja ég þungann í þeirri* umræðu sem var að baki þessara gjörða og gjörninga og stofnunar þessara sjóða. Hér var ekki verið að stofna einn sjóð, hér var verið að stofna tvo sjóði. Í umræðunni höfum við bara rætt um einn sjóð, bara þennan sjóð sem var stofnaður með sérstakri skipulagsskrá um vöruþróun síldarafurða og að afla nýrra markaða fyrir síldarafurðir.

Ég hefði viljað fá hinn sjóðinn sem var stofnaður um sama leyti og átti að renna til síldarrannsókna á vegum Hafrannsóknastofnunar líka inn í þessa umræðu. Ég tel að sú ákvörðun á sínum tíma að stofna þessa tvo sjóði á grundvelli eigna síldarútvegsnefndar hafi verið vel ígrunduð ráðstöfun og það sé því rangt gagnvart okkur hér nú á Alþingi að ganga aðeins inn á annan sjóðinn og breyta verkefnasviði hans gegn mjög afdráttarlausum yfirlýsingum og skilgreindum markmiðum sem honum voru sett í byrjun. Við ætlum að taka okkur vald til að breyta honum og fletja út.

Ég tel það mjög ósanngjarnt gagnvart þeim markmiðum sem sjóðurinn var stofnaður undir. Einnig finnst mér að hinn sjóðurinn sem stofnaður var um leið til síldarrannsókna ætti að vera hér til umræðu þannig að við tækjum báða þessa sjóði saman, allan þennan gjörning sem var verið að gera á eignum síldarútvegsnefndar á sínum tíma eigum að ræða í heild sinni en ekki svona í bútum.

Frú forseti. Ég hef farið í gegnum nokkur atriði sem ég vildi koma að varðandi þetta mál. Eftir því sem ég hef farið dýpra inn í það er ég meira og meira efins um að þingið eigi að afgreiða það. (**JGunn:** Hvað með ráðherra?) Það er von að hv. þm. Jón Gunnarsson spyrji um ráðherrann. Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. ráðherra hefur farið ofan í forsöguna. Ég get virt honum það til vorkunnar hafi hann ekki gert það, án þess að ég ætli neitt að fullyrða um það. Forsaga þessa máls er byggð upp á mjög grundvöllum forsendum sem við höfum að mínu viti enga heimild til (**Gripið fram í:** Ráðherra ... vöruþróun ...) að vera að hrófla við með svona aðgerð. Það eru þegar komin næg afmörkuð verkefni til að rannsaka og þróa vöruafurðir úr síld, eins og þessi sjóður var upphaflega stofnaður til, og ég er nú þeirrar skoðunar að ekki eigi að breyta skipulags- eða verkefnaskrá þessa sjóðs heldur láta hana standa óbreytta og krefjast þess og hvetja aðstandendur sjóðsins til að beita honum í þágu þeirra markmiða sem hann var stofnaður til, frú forseti.

[15:43]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þegar maður lítur á frumvarpið skyldi maður í upphafi ætla, ef maður þekkti ekki söguna, að um tiltölulega lítið mál væri að ræða. Eins og tveir hv. síðustu ræðumenn, hv. þingmenn Jón Gunnarsson og Jón Bjarnason, hafa rakið skilmerkilega er málið ekki alveg eins einfalt og það virðist í upphafi þegar litið er á þetta litla frumvarp sem hér er til umræðu.

Síldveiðisaga Íslendinga er mjög fróðleg og fullt tilefni til að velta henni fyrir sér. Hér ræðum við um það að þeir sem síldarútveginn stunduðu mynduðu samtök síldarsaltenda á Norðurlandi og Norðausturlandi og samtök síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Þeir höfðu með sér samtök til margra ára. Á vegum þeirra störfuðu oft frábærir einstaklingar sem höfðu geysilega mikið til síldarútvegsins að leggja og auðvitað þjóðarinnar. Þó að ég fari ekki sérstaklega að minna á þá sem oft voru nefndir síldarspekúlantar á fyrri hluta síðustu aldar ætla ég samt að leyfa mér að minna á einn mann sem lengi hafði með síldarútveginn að gera, stóð fyrir okkur í samningum og stóð að sókn inn á nýja markaði og lagði íslensku þjóðarbúi geysilega mikið til ásamt því að vera margfróður um síldina og hegðun hennar. Þessi maður heitir Gunnar Flóvenz og starfaði á vegum síldarútvegsnefndar áratugum saman. Liggja eftir hann margar mjög merkilegar greinar um þróun síldveiðanna hér við land, síldarútveginn, vöruþróun og markaðssókn að því er varðar íslensku síldina.

Við erum reyndar að tala um að við Ísland hafi síldarútvegurinn verið byggður á veiðum á þremur síldarstofnum, þ.e. íslensku vorgotssíldinni, íslensku sumargotssíldinni og síðan norsk-íslensku síldinni svokallaðri.

Það er algjörlega rétt sem hér var vikið að í ræðum manna að á árum áður voru Íslendingar ákaflega háðir síldarútveginum um afkomu sína og síldarútvegurinn skipti sköpum um það hvernig tekjur Íslendinga komu út á sumum árum. Hér var réttilega nefnt að Siglufjörður lagði þjóðarbúinu til allt að 30% af tekjum þess á ákveðnu tímabili. Auðvitað hafa mörg fleiri sjávarþorp notið síldarinnar í gegnum árin og áratugina. Síldarútvegurinn hefur alltaf verið mjög breytilegur vegna þess að síldin er kenjóttur fiskur. Mig minnir að Jakob Jakobsson hafi skrifað ansi góða samantekt um síldina, grein eða kver sem hann kallaði „Síldin veður og kveður" og greinir frá sögu þessa merkilega fisks og hvaða stöðu hann hafði í afkomu þjóðarinnar og hvernig við nýttum þessa fisktegund.

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram hjá fyrri ræðumönnum um að ástæða sé til að staldra við og skoða það sem hér er verið að gera. Hér er verið að taka sérmerktan sjóð sem hefur sérstaka reglugerð og var ætlaður til ákveðinna verkefna, þó ekki þrengri reglugerð eða starfsreglur um hann en svo að hægt er að breyta reglum sjóðsins innan núverandi regluverks um sjóðinn og taka upp aðeins víðtækari verkefni en þó með þeirri takmörkun að það fari ekki út fyrir það svið að styrkja síldarútveginn og þróun síldarafurða, ef það er hægt að orða það svo.

Ég velti því mér, þegar núna er lagt til að opna starfsemi sjóðsins með þeim hætti sem segir í athugasemdum við frumvarpið, að sjóðnum verði fengið það hlutverk að afla nýrra markaða fyrir síldarafurðir eins og var og vöruþróun síldarafurða. Til viðbótar á að rýmka þær þannig að sjóðnum „verði almennt heimilt að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi". Ég velti því fyrir mér þegar kemur að kynningarstarfinu hvort menn séu að finna nýjan tekjustofn til að kosta hið fræga útbreiðslustarf stjórnvalda á íslenskri sjávarútvegsstefnu, „bestu fiskveiðistjórn í heimi".

Eins og orðalagið hér er opið sýnist mér að ekkert sé því til fyrirstöðu að nota sjóðinn til að kosta ferðalög fólks um veröldina til að kynna það kerfi sem við höfum deilt um í 20 ár og sumir hafa kallað „heimsins besta kvótakerfi". Aðrir sem hafa verið að horfa á árangurinn hafa hins vegar talið að kerfið hafi ekki skilað okkur neinum marktækum árangri. Við sitjum sem sagt enn þá á sama stað varðandi uppbyggingu aðalfiskstofns okkar, þorsksins, eins og við gerðum þegar við tókum stýringu fiskveiðanna upp. Því miður hefur enginn sýnilegur árangur orðið af því.

Ég hefði talið að við ættum að flýta okkur hægt við að marka sjóðnum svo opið starfssvið sem hér er gert, að nánast sé hægt að fara með sjóðinn í allar áttir, eins og lagt er til miðað við að reglurnar verði rýmkaðar. Ég held að líka sé rétt að segja að farið sé á skjön við þá hugsun sem varð til þegar sjóðurinn var stofnaður, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir úr þessum ræðustól þar sem menn fara verulega út fyrir það svið sem þó var talið að menn gætu opnað á.

Það er beinlínis talað um það í reglugerðinni um sjóðinn að verði hann lagður niður skuli samt sem áður nota peningana til ákveðinna hluta sem tengjast því verkefni sem hann var stofnaður til. Ég tel að við séum að öllu samanlögðu að fara á skjön við upphaflegan tilgang sjóðsins og

séum að opna heimildina miklu meira en mér finnst eðlilegt og sanngjarnt miðað við það hvað sagt er um sjóðinn verði hann lagður niður og hvernig þá eigi að nota fjármagnið.

Ég velti fyrir mér, ekki síst í ljósi þess að sjávarútvegsráðuneytið hefur yfir fjöldamörgum sjóðum að ráða, hefur áhrif á þá og hefur nýlega stofnað Verkefnasjóð sjávarútvegsins sem fékk miklar tekjur út úr Þróunarsjóðnum hvort nokkur ástæða sé til þess yfirleitt að vera að breyta starfsemi sjóðsins með lagasetningu eins og hér er verið að gera, heldur sé hægt að útvíkka störf hans svo framarlega sem litið er til síldarútvegsins og nýtingar síldar ásamt því að efla atvinnustig sem tengist síldarvinnslu og síldveiðum. Þetta sýnist mér að væri allt heimilt innan núverandi reglugerðar ef vilji stjórnarinnar er að opna frekar.

Oft hefur sóknin verið erfið varðandi markaðsstöðu íslensku síldarinnar, þá kannski sérstaklega hinnar hefðbundnu afurðar sem við framleiddum um áratugi úr síldarstofnunum sem við stunduðum veiðar á hér við land, þ.e. þegar á annað borð var unnin manneldisafurð úr síldinni og síld söltuð niður í tunnur. Við höfum oft átt undir högg að sækja við markaðssetningu á saltsíldinni.

Það eru komnir margir nýir nýtingarmöguleikar á síld, menn flaka hana, skera ofan í gaffalbita og koma henni þannig í saltlegi og kryddlegi á markað. Menn eru farnir að vinna síldina mun meira en áður var. Þar til viðbótar er frysting á síldarafurðum og lagersöfnun á frosinni síld sem er þá hráefni sem er tilbúið í alls konar framhaldsvinnslu, síldarrétti, niðurlagningar, niðursuðu o.s.frv. Þetta held ég að allir Íslendingar þekki og ég trúi því varla að til sé sá Íslendingur sem ekki hafi smakkað síldarafurð af einhverju tagi, annaðhvort úr niðursuðudós, niðurlagningu í krukku, reykta síld eða saltaða, að ógleymdum öllum þeim síldarsalötum og sérverkunum sem menn hafa fundið upp á undanförnum áratugum.

Það verður líka að segjast eins og er að sumar aðrar þjóðir eru okkur Íslendingum framar í þessum efnum, reyndar framar okkur á ýmsum sviðum við fullnýtingu á vöru og nefni ég þar t.d. til þorsklifur sem þjóðir eins og Ungverjar og Úkraínumenn sjóða niður í dósir í sérstökum kryddlegi. Ég leyfi mér að fullyrða að það er eitthvert besta viðbit með brauði sem hugsast getur og algjörlega ónauðsynlegt að nota nokkurt einasta smjör, Smjörva, Léttu eða neitt ofan á brauðið. Það er hægt að nota afurðina beint eins og hún kemur fyrir og er þetta eitt besta álegg á brauð, oft kallað pasta, síldarpasta o.s.frv. Hið sama má segja um lifrina.

Það er fjöldamargt sem við getum gert og það verður að segjast eins og er að við Íslendingar höfum ekki á undanförnum árum gert mikið af því að reyna að sjóða síldina niður eða koma henni í það vöruform að flytja megi hana vítt og breitt um veröldina, líka inn á þau svæði heimsins þar sem er mun hlýrra veðurfar en hér á landi og erfiðara að geyma matvöru og þar sem niðursuðuvaran er það geymsluform sem þekkist best. Þess vegna held ég að sjóðurinn, eins og hann er, hafi alveg feikinæg hlutverk og megi innan þeirra heimilda sem reglur sjóðsins hafa í dag, án breytinga á lögunum með því frumvarpi sem við ræðum, finna sjóðnum mörg og margvísleg verkefni. Mig rennir grun í að kannski hafi ýmsir sem hafa verið með hugmyndir um veiðar og nýtingu á síld og úrvinnslu úr síldarafurðum ekki áttað sig á því og hreinlega ekki vitað af því að sjóðurinn væri til. Ég er nærri viss um það, hæstv. forseti.

Í þessu sambandi langar mig að minnast á að það hefur verið svo á hverju ári eftir að sjór fór að hlýna við Vestfirði og fyrir norðan land að þar kemur síld oft snemma sumars inn á firðina og víkurnar. Að gömlum sið töldu menn sér heimilt að nýta síldina þegar hún óð með ströndinni, svo nærri að varla þurfti annað en að fara á árabát rétt út frá bryggjunni til að leggja síldarnet og nýta þannig síldaraflann. Fyrir því hefur verið aldahefð, held ég, að nýta síldina með þeim hætti, a.m.k. eftir að Íslendingar áttuðu sig á því að hægt væri að veiða síldina, bæði í net og með snurpunótum, mjög nálægt ströndinni. Hverjir skyldu hafa kennt Íslendingum þá nýtingu síldarinnar? Jú, það er þjóðin sem við deilum mest við núna varðandi nýtingu norsk-íslenska síldarstofnsins, Norðmenn sem komu hingað á þarsíðustu öld, á 19. öldinni, og kenndu okkur að nýta síldina, kenndu okkur að veiða hana og kenndu okkur að fara þannig höndum um síldaraflann að koma mætti honum óskemmdum á markaði erlendis, þannig að síldin var söltuð.

Menn höfðu svokölluð síldarupphlöð þar sem menn fengu aðgang að jörðum bænda eða jarðeigenda og greiddu þá landeigendunum sérstakan skatt eða gjald fyrir að fá að nýta þá aðstöðu að veiða síld frá landi hans og hafa aðstöðu til að veiða og verka síldina. Þetta varð til þess á 19. öldinni að Íslendingar lærðu þessar síldveiðar og sáu að þarna var auðvitað hægt að fá mikil verðmæti og tryggja þannig að fiskstofninn, silfur hafsins, sem gekk með ströndinni væri gerður að verðmætri vöru og nýttur. Það er svolítið merkilegt að í íslenska lagasafninu eru enn þá sérstök ákvæði sem beinlínis taka á því að veita mönnum rétt til að nýta síld. Það þótti mikið mál að ef síld gengi í firði hefðu allir rétt til veiðanna. Ég endurtek, hæstv. forseti, að þá hefðu allir rétt til veiðanna. (**JBjarn:** ... fyrir ári.) Ég veit það, hv. þm. Jón Bjarnason. Ég tel að það hafi verið dálítið slys að menn skyldu una því að láta banna sér þetta.

Ég dreg mjög í efa að sjávarútvegsráðuneytið eða Fiskistofa hafi nokkurn þann rétt að banna mönnum síldveiðar. Í lögum um fjarðaveiði manna segir eitthvað á þá leið, hæstv. forseti, að banna má mönnum fjarðaveiði nema síldveiði sé. Lögin tryggja því tvennt, nokkurn forgang manna að fjarðaveiði sinni, þ.e. íbúum fjarðarins sem áttu nokkurn forgang að fjarðaveiði sinni samkvæmt þessum lögum, þó ekki ef það var síld. Síldina áttu allir að fá að veiða, enda lá mikið við að nýta síldargöngurnar þegar þær gengu í firðina og gera úr þeim verðmæti og ekki á vísan að róa að síld héldi sig mánuðum saman í ákveðnum fjörðum. Þess vegna var það beinlínis tryggt í lögum að allir skyldu eiga rétt til síldveiðarinnar. Menn gátu hins vegar þurft að gjalda afgjald til landeigenda ef þeir voru að nýta aðstöðuna til að stunda síldveiðar og draga þannig björg í bú fyrir þjóðina en urðu þá að nýta land annarra manna, landeigenda, bænda þess vegna, og greiða þeim sérstakt afgjald sem var yfirleitt greitt í hlutfalli við það sem framleitt var á viðkomandi stöðum.

Stundum var bændum greitt þetta í fjármunum en stundum í því að þeir fengu ákveðinn tunnufjölda til sín. Það var ekki að ástæðulausu sem lögin voru sett. Þau voru sett

vegna þess að þó að Íslendingar hefðu ekki náð miklum tökum á síldveiðum fyrr en Norðmenn komu hingað og byrjuðu að stunda þessar veiðar var mönnum ljóst að síldin var ekki í fjörðunum allt árið. Hún hvarf yfirleitt að vetrarlagi þótt hún kæmi jafnan aftur að vori og væri yfir sumarið og oft langt fram á haust.

Þessa sögu höfum við séð í nútímasíldveiðum okkar, og ekki mjög langt síðan að síldveiði hér við land, þ.e. úr okkar stofni, fór nánast öll fram inni á fjörðum austan lands, innfjarðar en ekki utan fjarðanna. Síðan er það auðvitað svo, eins og oft hefur verið sagt um síldina og var notað í fyrirsögn á grein Jakobs Jakobssonar, Síldin veður og kveður, að hún breytti göngum sínum og lagðist út á dýpri miðin og breytti einnig göngum sínum síðustu árin miðað við það sem hafði verið hér í þó nokkra áratugi áður. Er nú síld farin að veiðast vítt og breitt í kringum landið, bæði við suðvesturhornið og við Látragrunn, Víkurál, fyrir Norðurlandi, Vestfjörðum, norðaustanlands og austanlands. Veiðin er aftur komin í það far að síldin er miklu víðar en áður var. Þá kemur upp þessi skringilega staða þegar síldin fer aftur að ganga í flóa og firði norðan lands á sumrin að þeir menn sem áður höfðu áratuga og alda gamlan rétt sem reyndar er enn þá í íslenska lagasafninu að sérstaklega er fundið að því þegar menn fara með net og veiða sér nokkur tonn til nytja. Þeir eru annaðhvort að veiða í beitu þannig að þeir megi gera út frá þorpunum út á þær fiskveiðiheimildir sem þeir hafa samkvæmt kvótalögunum eða til eigin nota, hvort sem menn vilja salta sér síld í nokkrar tunnur og eiga til eigin nota eða hvernig svo sem menn vilja nýta síldina.

Ég tel að eins og lögin eru framkvæmd núna og eftirlitsþættir sé það mjög neikvætt fyrir framþróun í síldarútveginum, síldveiðum og þar með úrvinnslu síldarinnar. Ég held að það væri jákvætt ef mönnum væri ekki meinað að nýta síldina við strendurnar fyrir framan túnin sín. Menn eru yfirleitt að veiða síldina í lagnet eða í besta falli í einhverja reknetastubba. Þarna er ekki um mikið magn að ræða en það kann vel að vera að í þorpunum norðan lands og vestan og víðar megi taka upp einhvers konar vinnslu úr afurðunum ef mönnum væri það frjálst. En þá kemur kerfið með sína rosalegu taugaveiklun um að hér fari allt á annan endann ef veidd eru einhver örfá hundruð eða þúsundir tonna úr síldarstofninum.

Þetta er afar einkennilegt sjónarmið. Ég hefði talið að sá sjóður sem við ræðum hefði að mörgu leyti næg hlutverk til þess að takast á við í framtíðinni og þyrfti ekki að marka honum svo víðan bás sem nú er verið að gera um að hann geti farið í fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi út og suður. Ég óttast mest að Don Kíkóta-fræðimennirnir sem ferðast um veröldina á vegum íslenska ráðuneytisins til að kynna íslenska sjávarútvegskerfið verði látnir hafa aðgang að sjóðnum. Það óttast ég mest. Er ég nærri viss um að þeir sem sjóðinn stofnuðu á sínum tíma mundu snúa sér við í gröfinni ef slíkt yrði hlutverk sjóðsins að menn væru í trúboði með sjóðinn út um víða veröld.

Nóg er nú samt af fíflaskapnum í því að reyna að halda því fram að við séum með heimsins besta kvótakerfi og alveg stórfurðulegt að við skulum eiga þrælmenntaða menn sem telja sér trú um að sú sé raunin. Það er þó aldrei svo að jafnvel samtök útvegsmanna séu ekki að vitkast þó nokkuð að þessu leyti. Þau lýstu því nýlega yfir að kvótakerfið hefði ekkert með uppbyggingu fiskstofna að gera. Það var fyrir nokkrum dögum þegar við vorum að tala um þorskstofninn. Þau sögðu að það væri fyrst og fremst hagrænt kerfi til að ná hagnaði í sjávarútvegi og hefði ekkert með uppbyggingu fiskstofna að gera. Mjög merkileg yfirlýsing, sérstaklega ef maður rifjar upp ræðurnar sem fluttar voru á árum áður, og þarf ekki að fara langt aftur í fortíðina hjá forustumönnum íslenskra útvegsmanna sem töldu að kvótakerfið væri alveg sérstakt tæki til að byggja upp fiskstofna. Þeir eru sem sagt búnir að henda þeirri hugsun og búnir að gefa út allt aðra yfirlýsingu um tilgang kvótakerfisins.

Þetta var útúrdúr, og þó ekki, frú forseti. Þetta var smápartur af söguskoðun.

Ég vék að því áðan að á seinni hluta 19. aldar voru Norðmenn hér mjög stórtækir við síldveiðar og kenndu okkur Íslendingum nýtingu og veiðar á síld. Reistar voru veiðistöðvar og úthöld vítt við landið og síðar voru einnig reistar síldarbræðslur. Við sáum það, Íslendingar, að mönnum tókst oft að græða mjög vel á þessum útvegi. Þar áður höfðu auðvitað hvalveiðarnar verið hér við land, og voru lengi þó að við Íslendingar bönnuðum hvalveiðar mjög snemma á síðustu öld vegna þess að við töldum að of hart væri gengið með veiðum annarra þjóða í nýtingu hvalastofnanna.

Það er kannski líka svolítið umhugsunarefni, að það skyldi nánast vera örfáum árum eftir að við bönnuðum hvalveiðarnar vegna þess að nánast sæist ekki hvalur við Ísland, stórhvalur. Það sem gerðist upp úr 1920 var að þorskstofninn tók alveg ofboðslegan vaxtarkipp, óx sem aldrei fyrr og veiðin á þorskinum var komin upp í 500 þús. tonn upp úr 1930. Skyldi hafa verið eitthvert samhengi á milli þess að hvalurinn var hér í algjöru lágmarki vegna mikillar veiði Norðmanna og nýtingar og þess að hér kom upp gríðarlega stór þorskstofn eftir að hvalurinn hafði verið veiddur með þeim gassagangi sem fór með í veiðina, ef svo má segja. Norðmenn færðu sig til fram og til baka um landið til að nýta hvalinn. Þetta er ákaflega merkilegt þegar maður setur það í samhengi, annars vegar hvalveiðarnar og hins vegar hin geysilega mikla uppbygging þorskstofnsins sem varð eftir að hvalveiðunum lauk vegna þess að þær voru löngu hættar að vera arðbærar. Það var svo lítill hvalur við landið. Ef ég man rétt var það í kringum 1915 sem við bönnuðum hvalveiðarnar og þá sjáum við að strax upp úr 1920 fór þorskurinn að stækka verulega.

Það er rétt að draga þetta hér inn því að við erum auðvitað líka, þegar við erum að nýta fiskistofnana okkar, að tala almennt um samspilið í náttúrunni og hvernig það spilar með náttúrufarinu við landið og hvernig það hefur áhrif á stöðu sjávarbyggðanna, rétt fólksins og afkomu. Ég vék að því áðan að ég teldi að það væri afar misráðið hjá sjávarútvegsráðuneytinu og Fiskistofu að ganga þannig að mönnum sem væru að veiða sáralítið magn af síld við strendurnar, á sínum fjörðum og víkum, að það framtak væri nánast bannað vegna þess að mönnum væri hótað með kröfunni um að kaupa kvótann af einhverjum öðrum. Ég tel í raun og veru að strandveiðarnar hafi þarna ákveðinn rétt sem menn eigi ekki að láta taka frá sér alveg barátttulaust.

Það er nú svo með sögu sjóða í sjávarútvegi á Íslandi að

þar er af mörgu að taka. Þar er alls ekki sama hvernig á er haldið og hvernig menn fara með. Ég segi þetta vegna þess að hér erum við að ræða sjóðinn sem síldarútvegurinn bjó til. Hér á árum áður var til Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins og því miður hafa sumar greinar sem greiddu inn í þann sjóð farið talsvert halloka á undanförnum árum. En ég minnist þess að það var mikill uppgangur t.d. í rækjuveiðum fyrir mörgum árum og verksmiðjurnar sem þá unnu rækjuna tóku sig til og leigðu fjölda báta til þess að gera út á rækjuveiðar og afkoman var góð, enda hefðu menn ekki getað staðið í því að leigja flotann og taka við skipunum nánast allslausum og breyta þeim til rækjuveiða nema vegna þess að afkoman var þokkaleg í þeim veiðum. Því var það að á tímabili voru greiddar verulegar upphæðir inn í verðjöfnunarsjóðinn, m.a. í rækjudeildina, af þeim sem gerðu út þessa báta.

Svo var það að við settum kvóta á rækjuveiðarnar og þá kom kvótinn á bátana, ekki á þá sem höfðu lagt fram allan kostnaðinn við að búa til veiðireynsluna. Tilfærslan varð þannig að margar verksmiðjanna sem höfðu greitt hvað mest inn í verðjöfnunarsjóðinn vegna rækjunnar fengu sáralítið og ekkert út úr sjóðnum þegar þar að kom. Það voru einhverjir allt aðrir, m.a. þeir sem áttu bátana og höfðu fengið úthlutað kvótareynslu, en ekki þeir sem höfðu lagt til allan tilraunakostnaðinn og veiðikostnaðinn. Þetta nefni ég hér vegna þess að það er ekki sama hvernig á er haldið þegar við tölum um sjóði sem eiga að hafa ákveðið hlutverk og það er ekki sama hvernig við förum með þau mál.

Þess vegna tek ég undir orð tveggja síðustu ræðumanna, hv. þingmanna Jóns Bjarnasonar og Jóns Gunnarssonar, um að við skulum fara varlega þegar við skoðum þessi mál. Það er ekki sama hvernig skref við stígum að þessu leyti. Ég veit að jafngóður drengur og hv. þm. Guðjón Hjörleifsson áttar sig á því sem við erum að segja í þessari umræðu, að þó að málið hafi virst lítið þegar það kom inn í sjávarútvegsnefnd og auðvelt að afgreiða það hefur það margar hliðar eins og við höfum verið að rekja hér og það kann að vera að við ættum að fara varlega. Það sem einu sinni var gott er ekki víst að verði alltaf gott.

Ég minnist þess í því sambandi að við fengum kynningu á færeysku fiskveiðistefnunni á landsfundi Frjálslynda flokksins fyrir nokkru. Fyrirlesarinn var spurður að því, þegar hann var búinn að fara yfir það hvernig málin gengju til í Færeyjum og hvað þeir væru ánægðir með fiskveiðikerfi sitt, hvort hann teldi ekki rétt að Íslendingar væru með eins kvótakerfi og Færeyingar eða fiskveiðistjórnarkerfi, það er sóknardagakerfi í Færeyjum. Þá svaraði hann því til hann vissi nú ekki um það, hann vissi bara eitt að fiskveiðistjórnarkerfið í Færeyjum væri mjög gott fyrir Færeyinga en hann væri ekkert viss um hvernig Íslendingum tækist að vinna í svoleiðis kerfi. Það er nefnilega ekki sama frá hvaða hlið menn horfa á hlutina.

Úr því að ég fór að minnast á Færeyinga er auðvitað rétt að nefna það að einmitt vegna þess hversu auðveld og góð samskipti við höfum við Færeyinga hefur okkur tekist á undanförnum árum að ná okkar hlutdeild í norsk-íslenska síldveiðistofninum. Við skulum minnast þess að þegar við vorum að byrja að veiða aftur núna eftir langt hlé úr norsk-íslenska síldarstofninum þá fengum við m.a. aðgang að færeysku lögsögunni og það skipti ekki svo litlu máli fyrir okkur þegar við vorum að reyna að semja við Norðmenn vegna þess að þar höfðum við aðgang að síldinni vegna þess hvernig hún gekk á þeim tíma.

Þetta skulum við hafa í huga og minnast þess að síldarútvegurinn, sem lagði sjálfkrafa á sig skuldbindingar til þess að standa að markaðs- og þróunarstarfi og hafði með sér sérstök samtök, síldarútvegssamtökin, síldarútvegsnefnd, stóð auðvitað í því árum saman að reyna að tryggja íslensku þjóðinni sem best verð og sem fjölbreyttasta markaði fyrir afurðir sínar. Við eigum þessum mönnum mikið að þakka. Ég hef stundum sagt úr þessum ræðustóli að uppbygging íslensku þjóðarinnar á síðustu öld hafi öll verið sótt í sjó, allur arðurinn sem fór til þess að breyta íslenska þjóðfélaginu úr því að vera bændaþjóðfélag og yfir í nútímaþjóðfélag, var allur í sjó sóttur og þar átti auðvitað síldveiðin ekki minnstan þátt. Það skiptir því verulegu máli, hæstv. forseti, hvernig við umgöngumst slíka auðlind og hvaða metnað við höfum til þess að gera úr henni verðmæti og vöru.

Því segi ég þetta að mér finnst við vera að fara dálítið glannalega í opnunina á heimildum í þessum sjóði, að það sé ástæðulaust að fara jafnopið í það og við gerum, ekki síst með tilliti til þess að í reglum sjóðsins eins og hann er þá er hægt að framkvæma þó nokkra opnun, þó takmarkandi að því er snýr að þeim meginmarkmiðum sjóðsins að horfa til eflingar síldariðnaðarins og markaðsstarfs og annars sem koma megi síldarútveginum og þar af leiðandi byggðunum til góða. Ég lít svo á, hv. formaður sjávarútvegsnefndar, Guðjón Hjörleifsson, að eins og reglugerðin er í dag sé þetta þó nokkuð opið fyrir byggðir landsins að því er þetta varðar.

Þá minni ég auðvitað á að í Vestmannaeyjum, þaðan sem hv. formaður er, er nú ekki svo lítil verstöð, staðsett á einhverjum bestu fiskimiðum Íslands þar sem síldin er líka og hrygnir og gengur. Þar hafa verið gerðar tilraunir með að veiða hrognafulla síld til að gera úr henni sérstaka markaðsvöru. Það er því fjöldamargt sem við getum gert til þess að auka nýtingu síldarinnar og nota þennan sjóð til og mér er nær að halda, eins og ég sagði áður í ræðu minni, að menn hafi ekki alveg vitað að hægt væri að sækja í þennan sjóð til útbreiðslu- og markaðsstarfs.

Það þarf alltaf ákveðið frumkvæði, ákveðna hugmyndaauðgi til að finna nýjar leiðir og marka ný spor. Stefna sjóðsins er skilyrt og mér finnst við fara dálítið mikið á skjön við stefnuna sem sett var um sjóðinn og við ganga með nokkrum hætti gegn markmiðunum ef við opnum þetta of mikið.

Ég vék aðeins að því áðan, hæstv. forseti, að sjávarbyggðirnar í kringum Ísland hafa í gegnum árin og áratugi og aldir haft mikla og góða afkomu af því að nýta síldaraflann og gera úr honum vöru og við eigum auðvitað minjar um það. Þar ber auðvitað hæst síldarbæinn Siglufjörð. Það er mjög ánægjulegt að þar skuli hafa verið sett á fót sérstakt síldarminjasafn um þá sögu alla. En það sýnir kannski þröngsýnina í þessari ofstjórn að á síðasta sumri vildu Siglfirðingar fá að veiða nokkrar síldar í firðinum, þeir sáu vaðandi síld rétt fyrir framan bryggjurnar, og fengu ekki. Hvílík ofstjórn í einu ríki. Ég held að þeir hefðu átt að vitna í

gömlu lögin um að eigi má banna mönnum veiðar í fjörðum sínum ef það er síldveiði. Síldveiðin er nefnilega frjáls en heimamenn áttu forgang til annarrar veiði. Öllum var frjáls síldveiðin og þar af leiðandi tel ég að Siglfirðingum hefði líka verið frjálst að veiða þessa síld síðastliðið sumar sem og öðrum þeim íbúum strandbyggðanna sem hafa nytjar af því að veiða síld hvort sem er til beitu eða manneldis.

Með ofstjórn okkar á þessum aðgangi þar sem menn eru kannski að veiða örfá tonn er í raun og veru verið að hefta það að frumkvæði manna fái að njóta sín. Það er oft þannig að það er hjá smærri aðilunum, sem stunda tiltölulega litlar veiðar, sem hugmyndirnar fæðast og menn brydda upp á nýjungum. Ég tel að eins og lögin eru framkvæmd í dag séum við að hefta það að fólk sem gæti farið inn á nýjar brautir við nýtingu síldarinnar fái að aðhafast eitthvað í þá veru með því að fá að nýta þann síldarafla sem er nærri ströndinni.

Ég minni á það, hæstv. forseti, að á Íslandi býr núna fjöldi fólks frá öðrum löndum, frá Póllandi, frá Eystrasaltslöndunum. Þetta eru þjóðir sem búa að langri hefð við síldveiðar og síldarnýtingu. Þar af leiðandi má vissulega vænta þess að hægt væri að afla nokkurrar þekkingar til nýsköpunar, m.a. hjá nýbúum landsins, og ég hef oft haldið því fram, eins og fjöldamargir aðrir þingmenn í þessum ræðustól, að við hefðum hag af því, Íslendingar, að fá þekkingu annars fólks inn í þjóðfélagið. Það gæti auðgað þjóðfélagið og eflt það og aukið tekjur og bætt afkomu þegar fram í sækir, en þá megum við ekki sjálf vera með svo þröngar skorður og skrýtnar túlkanir að allar athafnir manna séu bannaðar nema þeir borgi einhverjum öðrum fyrir það eins og málum er komið í dag þegar trillukarlinn þarf að kaupa síldarkvótann af öðrum.

Ég minntist áðan á þann merka mann, Gunnar Flóvenz, sem stóð að því að sjá um síldarútflutning fyrir íslensku þjóðina áratugum saman, mjög merkur maður að mínu viti og maður sem sá til þess að við Íslendingar héldum oft mörkuðum okkar og náðum skynsamlegum samningum um sölu á síld þegar aðrar þjóðir náðu þeim ekki. Það er algjörlega ljóst að þekking hans varð oft og tíðum til þess að okkur tókst að gera verðmæti úr síldveiðum okkar og síldarförmum sem komu hér á land umfram það sem verið hefði ef hans hefði ekki notið við. Þess vegna held ég að íslenska þjóðin eigi þessum manni margt að þakka, enda var þetta nánast ævistarf hans og eftir hann liggja mörg skrif, blaðagreinar og önnur rit um síldina og síldarútveginn.

Þess vegna held ég, hæstv. forseti, að við séum á rangri braut við að festa þau lög í sessi sem við erum hér að ræða. Það væri ástæða fyrir jafn vel gefinn mann og Guðjón Hjörleifsson, hv. formann sjávarútvegsnefndar, að taka þetta mál til endurskoðunar, skoða það út frá hagsmunum hinna minni sjávarbyggða og minni útgerða með það að leiðarljósi að þessi sjóður gæti orðið til þess að efla útveginn og efla nýsköpun. Ég mundi vilja taka þátt í því með hv. formanni sjávarútvegsnefndar að fá einhverja skynsamlega túlkun á því frá ráðuneyti og Fiskistofu að menn mættu nú hafa ákveðið frelsi til síldveiða án þess að það teldist beinlínis lögbrot og það þyrfti að vera að elta menn um það hvort þeir væru að veiða 10 eða 15 tonn á minni bátum frá sjávarbyggðunum. Þetta vildi ég nú segja, hæstv. forseti, og held að það sé bara mikið mál fyrir okkur að við lokum ekki allan frumkvæðisrétt inni í höftum, boðum og bönnum.

Ég minntist áðan á síldarbæinn Siglufjörð sem hefur staðið vel að því að skrá sögu síldveiðanna og búið til um það sérstakt safn. Er það vel, en ég minni líka á það að sums staðar á landi hér, eins og t.d. í Djúpuvík á Ströndum, eru leifar þessa mikla iðnaðar, miklar húsbyggingar, og væri fróðlegt mjög ef hægt væri að búa svo um hnúta að þar mætti sýna fólki það sem gert hefur verið. Það hafa þeir sem núna eru í Djúpuvík á Ströndum gert og unnið að og er mjög þakkarvert að fólk skuli hafa kraft og frumkvæði til að gera slíkt.

Saga síldveiðanna hér við land er mjög merkileg og nýting síldaraflans skiptir miklu máli fyrir okkur, líka í þeim tíma sem við lifum, þ.e. þó að við höfum miklu meiri tækni og miklu meiri getu til að veiða síldina skiptir geysilega miklu máli að við nýtum síldina sem mest til manneldis. Það höfum við svo sem verið að gera í talsvert auknum mæli, m.a. um borð í skipum sem veiða síldina og vinna á hafi úti og eru þar af leiðandi að gera úr henni manneldisvöru, fyrir utan það að tækni síldveiðiskipanna til að geyma síldina kælda og koma með hana til lands hefur gert það að verkum að aflinn er verðmætari en ella væri.

Það er fjöldamargt, virðulegur forseti, sem þessi sjóður sem við erum hér að ræða tengist sem við getum velt fyrir okkur. Þess vegna segi ég það enn á ný að ég tel að við eigum að staldra við og afgreiða þetta mál ekki með þeim hætti sem hér er gert, ekki opna þetta út um allar koppagrundir hvað megi gera með þennan sjóð. Sérstaklega mundi það fara í taugarnar á mér ef það yrði til þess að kynningarstarf á „heimsins besta kvótakerfi" yrði það sem gleypti upp þennan sjóð og menn væru að senda fulltrúa út um víða veröld til að segja fólki frá því að við séum með svo rosalega gott kvótakerfi sem hafi þó ekki náð nokkrum einasta árangri við að byggja upp aðalfiskstofn okkar. (**JBjarn:** Heldur síður.) Já, hv. þm. Jón Bjarnason, það er algjörlega rétt hjá þér, heldur síður. Við sitjum fastir í fari þess að ná ekki neinum afrakstri.

Þar komum við auðvitað að ákveðnu máli sem líka tengist síldveiðunum vegna þess að vera kann að við þurfum að endurskoða veiðar okkar á loðnustofninum til að eiga möguleika á að byggja upp okkar verðmætasta stofn í betri mæli en gert hefur verið. Það er skynsamlegt ef við þurfum að takast á við það að gera það meðan við höfum sem mestan aðgang að öðrum veiðum og öðrum verkefnum fyrir uppsjávarveiðiskipin. Það er talið að nú sé að alast upp við Noreg einhver stærsti síldarárgangur sem von er á og menn hafa séð í norsk-íslenska síldarstofninum. Það má reikna með því að innan fárra ára verði hægt að stunda miklu meiri veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum en gert hefur verið hingað til og a.m.k. að auka síldveiðarnar. Við erum líka að stunda kolmunnaveiðar í verulegum mæli þannig að við höfum talsvert svigrúm til að færa áhersluna kannski úr bræðsluveiðunum á loðnu yfir til veiða og nýtingar á öðrum stofnum.

Svo megum við ekki gleyma því að sjórinn hér við land hefur verið að hlýna á undanförnum árum. Lífríkið hefur verið að gjörbreytast, sem mjög ýtir undir þá von að þegar

norsk-íslenska síldin sækir vestur á við til ætisleitar muni hún á endanum ganga í miklu magni inn í íslensku lögsöguna, eins og áður var fyrir Norðurlandi, Norðvesturlandi og Norðausturlandi. Þessu getum við átt von á innan tiltölulega fárra ára og getum í raun og veru ekkert spáð í það öðruvísi en svo að þegar hitaskilyrðin verða til staðar ætti ekki að vera nein heftun á því fyrir norsk-íslensku síldina að ganga hér til lands því að kalda tungan í Austur-Íslandsstraumi ætti þá ekki að hefta göngur hennar.

Þá erum við komin að því að taka kannski upp allt aðra nýtingu og meiri manneldisnýtingu á norsk-íslenska síldarstofninum en við gerum í dag. Ég vil láta þá skoðun mína í ljósi, hæstv. forseti, að gangi þetta eftir finnst mér sjálfgefið að þeir staðir sem áður fengu að nýta afla úr norsk-íslenska síldarstofninum, fyrir áratugum síðan, og byggðust upp á því verði ekki algjörlega útilokaðir frá því að taka þátt í því ævintýri sem þá gæti átt sér stað og þeirri verðmætasköpun. Það held ég að við ættum að hafa í huga og að mínu viti er það ekki svo að við höfum gefið norsk-íslenska síldarstofninn til einhverra örfárra manna um aldur og ævi. Við gætum fengið hér miklu meiri afla og allt öðruvísi síldargöngur en við höfum búið við undanfarna áratugi og þá síldargöngu sem væri í líkingu við það sem var hér á árum áður þegar síldveiðar hófust t.d. norður af Húnaflóa í júní, norður undir ísrönd, eins og ég var iðulega þátttakandi í upp úr 1960. Þá var farið í júníbyrjun norður undir ísrönd og byrjað að veiða síldina norður af Hornbjargi og norður af Húnaflóa.

Þetta er auðvitað allt saman breytingum háð og ég held að við eigum að horfa svolítið til þess að við getum mjög fljótlega átt von á því að síldveiðarnar hér við land breytist verulega að þessu leyti. Svo megum við heldur ekki gleyma því að okkar íslenski stofn hefur líka verið að leita inn á flóa og firði norðan lands og vestan í meiri mæli á undanförnum árum en kannski hafði verið einhverja áratugi þar á undan. Þar höfum við líka ákveðna nýtingarmöguleika.

Hæstv. forseti. Ég held að þetta litla frumvarp sem við erum hér að ræða sé mál sem við eigum að taka til betri athugunar. Ég er búinn að fara vítt og breitt um í sögu síldveiðanna, hef svo sem ekki rætt mikið um síldarútvegsbæina, ég hef nefnt Siglufjörð, en þeir voru auðvitað fjöldamargir aðrir. Ég geri ráð fyrir að allir kunni vísuna um Dalvík og Dagverðareyri, þann skemmtilega texta, og við kunnum örugglega líka marga fleiri texta sem tengdust síldveiðinni. Allt er þetta brot af sögu okkar og menningu.

Ég hef haft þá skoðun, hæstv. forseti, að það geti verið ákaflega fróðlegt fyrir erlenda ferðamenn ef siglt er með þá út á vaðandi síldartorfur. Ég hygg að sárafáir íbúar Evrópulandanna hafi nokkurn tíma séð það, að undanskildum kannski nokkrum Norðmönnum og Dönum. Þar er partur af lífríkinu. Við erum að sýna hér hval með þó nokkrum árangri, að ég tel, og með vaxandi síldargengd mun lífríkið verða fjölbreyttara. Það getur verið mjög fróðlegt að sýna fólki sem aldrei hefur séð vaðandi síld þessa óhemjuflekki sem geta verið á sjónum.

Þá megum við heldur ekki gleyma því að einhver frægasti hvalur síðustu áratuga, háhyrningurinn Keikó, sem hv. formaður sjávarútvegsnefndar þekkir náttúrlega vel úr Vestmannaeyjum, er jú síldaræta. Sú hvalategund, háhyrningarnir, er síldarætur alveg í heilum hópum. Háhyrningarnir haga göngum sínum um íslenska hafsvæðið og reyndar önnur hafsvæði í samræmi við göngur síldarinnar og nýtingu hennar. Það er fjöldamargt sem tengist síldargöngum, síldveiðum og nýtingu síldarinnar og er ekki bara bundið við kannski það sem við höfum verið að gera á árum áður. Túristinn sem vill sjá náttúru og vill sjá sjávarfar og það lífríki sem hægt er að bjóða upp á þar hefur aldrei fengið að sjá slíkt. Hann getur orðið algjörlega uppnuminn við að fá að sjá slík fyrirbæri. Þess vegna held ég að það megi jafnvel horfa til þess að almennar skoðunarferðir til sjávarins, ekki bara á hval heldur öðru lífríki, geti verið sú söluvara sem megi gagnast okkur varðandi ferðamennskuna. Á þetta eigum við að horfa alveg blákalt.

Mér finnst t.d. mjög merkilegt að fara um borð í skip erlendis sem eru með glerbotn og sigla um hafsvæði til að sýna lífríkið neðan sjávar. Við erum ekki komin af stað í þessa þróun hér svo neinu nemur, ekki mér vitanlega. Við höfum þó að sumu leyti einhver bestu svæði til að sýna botnlífríkið sem hugsast getur. Á ég að nefna eitthvert svæði sem er afar áhugavert að þessu leyti, t.d. Breiðafjörð? Og hvers vegna Breiðafjörður? Það er vegna þess að sjávarföllin eru svo geysilega mikil, allt að sex metra munur flóðs og fjöru sem þýðir að það er hægt að sýna allt annað lífríki á flóði en fjörunni í svona túristaferðum. Í hreinum og tærum fjörðum Íslands er hægt að sýna lífríkið á mjög fjölbreyttan hátt með skipum sem hafa góðan glerbotn og sigla á hægri ferð. Í Breiðafirði hagar svo til að menn geta verið að skoða kannski dýpi á fjörunni sem þeir ella sæju alls ekki og lífríki sem ekki væri hægt að bjóða upp á annars staðar þar sem sjávarföllin eru miklu minni, eins og t.d. í Húnaflóa. Þar eru sjávarföllin miklu minni en í Breiðafirði. Á móti kann að koma að sjórinn í Húnaflóa er yfirleitt mun tærari en í Breiðafirði vegna þess að það er miklu meiri þörungagróður í Breiðafirðinum, hafið verður oft dekkra og þetta er auðvitað háð skyggninu í sjónum. Þess vegna er nýting sjávarins mjög fjölbreytileg og ekki hægt að útiloka neitt í þeim efnum.

Ég held í raun og veru að við Íslendingar séum kannski svolítið á eftir, kannski jafnvel aftarlega á merinni miðað við það sem margar aðrar þjóðir gera í því að sýna lífríki sjávarins og selja aðgang að því. Við höfum okkar hreinu náttúru og höfum gert allt of lítið af því að selja hana tengda sjónum en gert mikið af því að reyna að selja hana til hálendisins. Ég hef stundum sagt það í þessum ræðustól að eitt meginverkefni okkar Íslendinga á næstu árum verði að dreifa ferðamönnum um landið, koma í veg fyrir það að þeir séu á tiltölulega fáum stöðum og að ágangur verði þar af leiðandi of mikill á ákveðna ferðamannastaði. Ég held að við eigum að horfa til þess að þetta er mjög áhugaverður kostur. Ég hvet þá sem eru í ferðamennsku til að hugleiða þetta og fara að kynna sér með hvaða hætti má opna inn á sýningarferðir niður í sjóinn en ekki bara það sem er á yfirborðinu.

Hæstv. forseti. Nýting sjávarins og nýting náttúrunnar í heilu lagi er auðvitað nokkuð sem skiptir okkur verulegu máli. Þó að við séum hér að mestu leyti að tala um síldarnýtinguna og sjóðsstofnun út frá því sem stofnað var til með síldarnýtingu eru ýmsir möguleikar sem hægt er að

horfa til sem tengjast síldveiðum og síldargöngum eins og ég hef vikið hér að í máli mínu.

Þess vegna hvet ég til þess að formaður sjávarútvegsnefndar, hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, líti nú á þetta mál upp á nýtt og velti því hreinlega fyrir sér hvort það sé nokkur ástæða til þess að fara með það í gegnum þing á þessum vordögum. Þetta er ekki stórt mál í texta en á því eru ýmsar hliðar eins og við höfum verið að velta upp í þessari umræðu og ég vona að ræða mín hafi m.a. gert það að verkum að hér hafi verið dregin fram ýmis sjónarmið sem menn geta velt fyrir sér. Margt mætti kannski betur fara ef við hugsuðum okkur betur um. Ég veit alveg upp á mína tíu fingur, hæstv. forseti, að það fer ekkert á hliðina þangað til í haust þó að við látum þetta mál bíða, ekki nokkur skapaður hlutur.

Ég held að ég láti þetta nægja í bili. Það getur vel verið að ég taki aftur til máls ef mér finnst ástæða til. Það eru auðvitað svo fjöldamargar upplýsingar sem tengjast síldarnýtingunni og síldarútveginum sem væri ástæða til að koma á framfæri úr þessum ræðustól og gefa fólki tækifæri á því að kynnast svolítið íslensku síldveiðisögunni, nýtingu síldarinnar og framtaki þeirra manna sem að því stóðu á sínum tíma en ég held að ég láti núna máli mínu lokið.

[16:48]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Guðjóni Arnari Kristjánssyni fyrir mjög yfirgripsmikla ræðu. Ég skal viðurkenna að ég var orðinn svangur þegar hann var búinn að tala um alla síldarréttina og alla þá möguleika sem kæmu með síldinni og við Jón Bjarnason fórum fram í eldhús og ætluðum að fá síld en hún var ekki til og við fengum því skyr í staðinn.

Það er smámisskilningur í þessu. Forræðið er ekki hjá okkur. (**Gripið fram í:** Við verðum að samþykkja lagabreytingu.) Já, við verðum að samþykkja lagabreytingu en þetta er sjálfseignarstofnun, sjávarútvegsráðherra á að annast skipulagsskrá og þar eru breytingarnar á skipulaginu. Það eru félög síldarsaltenda sem tilnefna í stjórn, fjögurra manna stjórn. Það eru síldarsaltendur á Norður- og Austurlandi og Suður- og Vesturlandi og sjóðurinn lýtur alfarið stjórn síldarútvegsmanna, enda er hann byggður upp fyrir það fé sem þeir greiddu til síldarútvegsnefndar af verðmæti útfluttra síldarafurða á sínum tíma. Þetta er ekki sjóður sem tilheyrir okkur, ríkinu eða Hafró. Þetta er sjálfstæður sjóður sem er með stjórn aðila, síldarútvegsmanna. Heimildin er ekki okkar. Við erum að gefa svigrúm til að menn nýti það fé sem þeir eiga, styrki nýsköpun, rannsóknir, og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi. Það er kannski stóra málið í þessu. Ef þetta væri sjóður innan okkar kerfis tækjum við kannski umræðuna á öðrum forsendum.

[16:50]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. formanni sjávarútvegsnefndar fyrir greinargóðar og málefnalegar upplýsingar við þessa umræðu. Ég geri ekkert lítið úr þeim orðum sem hér féllu af hans hálfu um það hvernig við þyrftum e.t.v. að taka á einhverri lagabreytingu að því er varðar þennan sjóð. Út af fyrir sig hafna ég því ekki ef menn þurfa eitthvað að laga til en ég vara hins vegar við því, og ætla bara að segja það sem mitt lokasvar í þessu, að við opnum þetta svo mikið að það megi nánast gera hvað sem er með sjóðinn.

[16:51]

Útbýting:

Almannatryggingar, 587. mál, brtt. ÁRJ o.fl., þskj. 1320; brtt. ÞBack, þskj. 1321.

Útflutningur hrossa, 727. mál, nál. DrH o.fl., þskj. 1317.

[16:51]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við erum að ræða mikilsverð mál, mál sem tengjast breytingu á fyrirkomulagi sjóðs sem var stofnaður þegar síldarútvegsnefnd var lögð niður. Mér finnst að það þurfi að koma fram í umræðunni að verið er að breyta hlutverki sjóðsins, verið að breyta hlutverkinu mjög mikið. Það er verið að fara í að breyta því þannig að það eigi að styrkja nýsköpun, fara í rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf.

Það er hægt að ganga að því vísu að þegar verið er að ræða sjávarútvegsmál er enginn framsóknarmaður viðstaddur, og ekki einu sinni þótt verið sé að ræða mjög mikilsverð sjávarútvegsmál sem snerta nýsköpun og rannsóknir. Enginn framsóknarmaður er viðstaddur umræðuna. Það er eins og að þeir forðist þessa umræðu. Mér finnst mjög sérstakt að svo er allt annað upp á teningnum þegar á að ræða hér stórvirkjanir eða álver, þá eru allir framsóknarmenn komnir í salinn á augabragði og jafnvel varamenn líka. Þegar hins vegar á að ræða sjávarútvegsmál, nýsköpun, rannsóknir, fræðslu og eitt og annað eru þeir horfnir. Ég spyr hvort framsóknarmenn hafi engan áhuga á þessum málaflokki lengur. Að vísu hefur komið fram ítrekað að þeir vilja engu að síður framfylgja lögum í sambandi við kvótakerfið sem formaður flokksins er guðfaðir að, vilja fylgja þeim hart eftir og ganga svo hart fram að þeir hafa jafnvel gengið að eigum bænda. Mér finnst mjög mikið áhyggjuefni fyrir flokkinn að geta gengið fram með þeim hætti að eira engu, eingöngu til að halda í eitthvert kerfi.

Það skiptir miklu máli að fara vel yfir þetta frumvarp. Ekki verður annað séð en að gerð hafi verið mikil mistök við framlagningu þess vegna þess að í því kemur fram að eigið fé sjóðsins sem á að breyta sé 150 millj. kr. Þegar betur er að gáð og farið í samþykktir sjóðsins kemur fram að eigið fé er eingöngu 80 millj. kr. Það sem er einnig merkilegt og er vert að fara yfir er að þegar frumvarpið var sent út var það með villandi upplýsingum. Það er auðvitað áhyggjuefni að þeir sem hafa veitt umsagnir, svo sem Landssamband smábátaeigenda, hafa veitt umsögn um frumvarp sem er ekki rétt. Mér finnst sanngjarnt að formaður sjávarútvegsnefndar sendi frumvarpið út á ný með réttum upplýsingum þannig að menn séu ekki látnir koma með umsagnir um eitthvað sem stenst ekki. Mér finnst það ekki vera rétt. Menn eiga að vanda betur til verka.

Það sem ég óska eftir áður en hlutverki sjóðsins verður breytt er að menn geri aðeins betur grein fyrir sjóðnum, fyrir þeim verkefnum sem sjóðurinn hefur staðið í. Ég hef minnst á það á göngunum við formann sjávarútvegsnefndar að hann komi með upplýsingar um það hvaða verkefni

þessi sjóður hefur styrkt. Að vísu hefur formaður sjávarútvegsnefndar nefnt hér eitthvað á þá leið að sjóðurinn komi honum ekki beint við. Samt sem áður er hið háa Alþingi að breyta reglum um hann og mér finnst að formaður sjávarútvegsnefndar eigi að útskýra þetta betur. Hvers vegna erum við að setja þessi lög ef hann segir að Alþingi hafi ekkert með sjóðinn að gera? Ég átta mig ekki á þessu vegna þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér er hlutur þess sem við erum að setja reglur um hlutur þeirra sem urðu gjaldþrota. Ríkið fer með þann eignarhluta og er að ráðstafa honum í markaðsstarf samkvæmt lögum sem nú eru í gildi. Nú er ætlunin að breyta hlutverki þess hlutar og mér finnst að formaður sjávarútvegsnefndar verði að útskýra þetta betur vegna þess að frumvarpið var sent út með villum.

Einnig tel ég rétt að formaðurinn sem hefur eflaust kynnt sér alla anga þessa máls útskýri betur fyrir okkur 8. gr. skipulagsskrár sjóðsins en þar segir að í stjórn Vöruþróunar- og markaðsöflunarsjóðs síldarútvegsins eigi sæti fjórir menn, og fjórir til vara, Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félag síldarsaltenda á Suður- og Vesturlandi skuli hvort um sig tilnefna tvo stjórnarmenn og tvo til vara til tveggja ára. Mér finnst að formaður sjávarútvegsnefndar eigi þá að fara yfir þennan félagsskap vegna þess að hann hefur haldið því blákalt fram að þetta komi okkur lítið við. Samt sem áður kemur hann fram með frumvarp þar sem hann vill breyta hlutverki sjóðsins. Maður áttar sig í rauninni ekki á þess konar málflutningi.

Ég er á því að þetta komi okkur við, enda væri ég varla í þessum sporum, hér í ræðustóli, að ræða þetta mál ef það kæmi okkur ekkert við. Þess vegna finnst mér eðlilegt að gerð verði grein fyrir því til hvaða verkefna þessi sjóður hefur varið fé og hver afrakstur þeirra verkefna sé. Síðan er eðlilegt að formaður sjávarútvegsnefndar geri grein fyrir því hvers vegna þurfi að víkka út starfsemi sjóðsins, hvað er það sem kallar á að þessum 80 milljónum sem eru í sjóðnum verði allt í einu varið til allt annarra verkefna? Hvað er það sem kallar á? Það hefur ekki komið fram.

Ég tel mikilsvert að við skoðum það og séum ekki með einhvern sérsjóð hér þar sem sitja, miðað við upplýsingar mínar, útvegsmenn sem eru nátengdir stórfyrirtækjum. Þeir eru Haraldur Sturlaugsson sem mér skilst að hafi setið í stjórn fyrir Granda, Pétur Hafsteinn Pálsson fyrir Vísi, Björgólfur Jóhannsson, gott ef ekki fyrir Samherja, og Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson fyrir Vinnslustöðina. Þarna eru þeir komnir með einhvern markaðssjóð og sitja í stjórn hans, gott og vel. En nú á að víkka þennan sjóð út í það að verða nýsköpunar- og rannsóknasjóður og væri gott ef formaður sjávarútvegsnefndar gerði okkur grein fyrir þeim mun sem á að verða á þessum sjóði, rannsókna- og nýsköpunarsjóði, sem er þá eingöngu fyrir þá stórútgerðarmennina sem sitja í þessum sjóði og eru með 80 milljónir, og síðan t.d. AVS-sjóðnum, Aukið virði sjávarfangs. Sá sjóður hefur einnig það hlutverk að styrkja nýsköpun og rannsóknir. Það væri mjög gott að fá yfirlit yfir það hvers vegna þessir peningar eru ekki einfaldlega settir í þann sjóð, hvers vegna þessi leið er valin. Þar sitja einnig ágætir útvegsmenn. Hvers vegna menn eru með einn mínísjóð þarna og svo annan stærri, Aukið virði sjávarfangs, fær maður ekkert fram hér í umræðunni. Mér finnst það vera mikilsvert mál og mjög mikilvægt líka upp á það að vel sé farið með þessa fjármuni svo að þeir gagnist einmitt til nýsköpunar og rannsókna. Þegar verið er að setja fé í þessi verkefni má það ekki vera einhver klúbbur manna sem gerir það, heldur eiga verkefnin að vera valin til að skapa þjóðinni auð og þekkingu í framtíðinni.

Auðvitað vekur þetta upp margar spurningar, einnig um fræðsluna sem þetta á að fara í og kynningarstarf. Nú höfum við stofnanir og söfn og eitt og annað. Siglufjörður hefur verið nefndur hér og þar er síldarminjasafn, mjög merkilegt. Mér finnst að þá ætti skoða og fara vel ofan í það hvort e.t.v. mætti leysa þennan sjóð upp og veita fjármunina beint í Síldarminjasafnið. Fyrst við erum að ræða um það er eðlilegt að minnast hér á ákveðið atvik sem varð ekki alls fyrir löngu, fyrir rúmu ári, sem sýnir kannski hvernig fyrir þessum atvinnuvegi er komið. Safnstjórinn sótti um að veiða eitt tonn af síld og fékk ekki leyfi. Þá var kerfið svo heilagt hjá kvótaflokkunum að blátt bann var lagt við því, þó var (**Gripið fram í:** Vaðandi.) vaðandi síld alveg upp að bryggju safnsins. Mér fannst það mjög merkilegt og sérstakt og sýna í rauninni öngstræti þessa kerfis. Ef menn væru samkvæmir sjálfum sér og væru með fræðslu- og kynningarstarf gæti mögulega eitt verkefnið verið einhvers konar styrkur til kvótaleigu fyrir Síldarminjasafnið. Það væri þá eftir öðru í þessu vitlausa kvótakerfi og -stjórn Sjálfstæðisflokksins sem hefur engu skilað. Það hefur verið farið yfir það hér að þetta kerfi hefur verið kynnt með opinberum fjármunum en ekki hafa fengist upplýsingar um hve miklum fjármunum hefur verið varið til kynningarstarfsins. Þó hefur verið spurt um það hér á þingi en þetta virðist vera eitthvert laumuspil. Þá væri fróðlegt að fá að heyra hjá formanni sjávarútvegsnefndar hvort hann sjái fyrir sér að fjármunir úr þessum sjóði fari til kynningarstarfs á kerfi sem hefur ekki neinu skilað.

Við höfum farið hér lítillega yfir það að frá því að þetta kerfi var tekið upp er þorskafli orðinn helmingi minni en fyrir daga þess. *Það sést glöggt ef maður lítur aftur í tímann* til þeirra ára sem það hefur verið við lýði. Samt nota menn opinbera fjármuni til að fara í kynningarstarf og jafnvel er gefið til kynna hér með nýju frumvarpi að það eigi að fara í enn frekara kynningarstarf. Mér finnst það vera áhyggjuefni og ég er ekki tilbúinn að standa að samþykkt slíks frumvarps. Það finnst mér að þurfi að komast á hreint áður en atkvæði verða greidd um frumvarpið, þ.e. að menn ætli ekki að fara að kynna þessa vitleysu. Mér fyndist það illa gert gagnvart öðrum þjóðum.

Ef menn líta t.d. eingöngu á þau ár sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur haldið um stjórnartaumana í sjávarútvegsráðuneytinu er árangurinn hræðilegur. Mér finnst vert, fyrst ég hef formann sjávarútvegsnefndar í salnum, að fara lítillega yfir það. Á þeim árum hefur aflinn aldrei verið minni frá því að Íslendingar öðluðust fullveldi. Ef maður tekur tólf ára tímabil aftur í tímann og skoðar árangurinn er hann réttnefnt árangursleysi. Það sem er mest sláandi er að á því tólf ára tímabili sem seinni heimsstyrjöldin fellur inn í og miðin voru friðuð af þýskum kafbátum var árangurinn meiri. Mér finnst þetta vera áhyggjuefni. Maður spyr sig í framhaldi af því, þegar á að fara í rannsóknastarf sem kem-

ur hér fram með þessa fjármuni, hvort þetta sé örvænting, að nú eigi að nota þessa fjármuni til að fá aðra að rannsóknastarfinu en þá sem hafa verið með ráðgjöfina hingað til. Það væri fróðlegt ef hv. formaður sjávarútvegsnefndar greindi frá því hvort sú sé kannski hugmyndin með útvíkkun sjóðsins.

Uppi hafa verið gagnrýnisraddir, m.a. hefur fyrrum þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Kristinn Pétursson á Bakkafirði, gagnrýnt þetta ráðslag og skrifað merkar greinar sem hefur oftar en ekki verið látið ósvarað. Ætla menn nú að laumast til þess að nota þessa fjármuni til að kanna kenningar hans — eða þá að skoða og rannsaka hvort rétt sé að ráða t.d. merkan fiskifræðing, Jón Kristjánsson, sem er einn helsti ráðgjafi Færeyinga hvað varðar fiskveiðistjórn? Þar hafa Færeyingar náð árangri en því miður hafa menn ekki viljað hlýða á ráð hans hér og ekki einu sinni viljað skoða hvort hann hafi rétt eða rangt fyrir sér. Menn reyna að þegja þetta í hel. Ætla menn að nota þessa fjármuni til að skoða rannsóknir hans? Mér finnst að það þurfi að koma fram. Þá gæti ég samþykkt þetta frumvarp, þ.e. ef menn ætluðu að fara í rannsóknastarf og skoða nýjar leiðir. En mér finnst að það þurfi að koma betur fram í greinargerðinni hvað menn ætla að gera með þessa fjármuni og einnig þarf auðvitað að koma fram hvað menn hafa gert við þennan sjóð hingað til og hver árangurinn hefur verið af þeim fjármunum sem hafa verið veittir úr sjóðnum, hverju þeir hafa skilað landi og þjóð.

Ef skoðum aðra sjóði, t.d. AVS-sjóðinn, er mjög til fyrirmyndar hvernig þeir gera grein fyrir þeim fjármunum sem þeir hafa veitt í verkefni. Mér finnst það vera réttlát krafa að ef menn eru að veita til rannsóknastarfs eða kynningarstarfs reyni þeir að einhverju leyti að meta árangurinn og skila þá inn skýrslum hvað það varðar.

Vonandi fáum við nánari upplýsingar um þetta hér í umræðunni. Ég tel það mikilsvert þannig að við látum ekki þetta frumvarp fara í gegn, sérstaklega vegna þess að hér er um nýsköpunar- og rannsóknastarf að ræða sem er mjög mikilvægt að efla. Það sem ég hef oft bent á og jafnvel skrifað grein um er að mér finnst mjög mikilvægt þegar menn eru að veita fjármuni í rannsóknir og nýsköpun að þeir veiti ekki bara peningana eitthvað og eitthvað. Ég hef trú á heiðarlegri samkeppni, ekki eingöngu á sviði viðskipta heldur einnig á sviði hugmynda. Ef menn hafa góðar hugmyndir fram að færa og einhverjar hugmyndir að rannsóknum eiga þeir að geta sett þær í eitthvert gagnrýnið ferli þar sem hugmyndirnar eru metnar og vegnar. Það eru kallaðir samkeppnissjóðir um rannsóknir og það skiptir verulegu máli að við séum ekki að króa peninga af í þessum sjóðum, 80 milljónir í þessum og einhverjar aðrar milljónir í AVS-sjóðnum, heldur að menn reyni frekar að taka mið af gagnrýni. Þannig verða hugmyndir að rannsóknum vegnar og metnar á vísindalegum forsendum en ekki eingöngu á því hvað fjórum forstjórum finnst um hugmyndirnar. Einnig verður að vera eitthvert aðhald, að menn skili skýrslum sem sýni fram á árangurinn.

Eins og áður segir skiptir mjög miklu máli að fá fram hvaða verkefni hafa verið unnin, hverju þau hafa skilað og hverjir fá fjármunina þannig að það sé hægt að vega og meta hvort það eigi að breyta hlutverki sjóðsins. Við megum ekki samþykkja hér breytingu á sjóðnum án þess að vita hvort það sé skynsamlegt. Mér finnst það vera skynsamleg og mjög eðlileg krafa sem ég vona að hv. formaður sjávarútvegsnefndar taki undir, og ef hann hefur ekki þessar upplýsingar undir höndum óska ég þess að hann afli sér þeirra, komi svo í umræðuna á ný og veiti okkur þær upplýsingar til að við getum staðið með honum að samþykkt frumvarpsins.

Ef ekki er hægt að fá þessar upplýsingar verður einfaldlega að fresta málinu. Það liggur ekkert á þessu — nema þá að eitthvað sé svo aðkallandi. Til dæmis hefur það nú komið fram, sem við eigum vonandi eftir að ræða, að það er ákveðið uppnám varðandi uppbyggingu þorskstofnsins og kannski á að leggja alla fjármunina í að reyna að fá betri vitneskju um hvernig menn ætli að bjarga því sem bjargað verður þar. Ég vonast til þess að hv. formaður sjávarútvegsnefndar upplýsi okkur hér um afstöðu sína til þeirra mála sem ég hef spurt hann um.

[17:14]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Sigurjóni Þórðarsyni fyrir innlegg hans í umræðuna. Við erum hérna að afgreiða þessa breytingu af því að sjávarútvegsráðherra skal annast gerð skipulagsskrár. Það er verið að breyta skipulagi. Það er ósk um breytingar á starfsemi sjóðsins og þeir vilja fá heimild til að styrkja nýsköpun, rannsóknir og fræðslu- og kynningarstarf í sjávarútvegi.

Það er vilji stjórnar sjóðsins sem er kosin af síldarútvegsmönnum. Við erum bara tengd þessu máli út af skipulagsskránni, það er ekkert flóknara. Þess vegna verða þessar breytingar. Mér finnst mjög skrýtið að fulltrúi Frjálslynda flokksins skuli ekki vera ánægður með það að menn skuli ætla að setja peninga í nýsköpun og fræðslustarf.

Varðandi umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins urðu þar mannleg mistök. Það fór í bókun að þetta væru 150 milljónir í eigið fé en eru 88 milljónir. Ársreikningar liggja fyrir hjá sjávarútvegsnefnd þann 31. des. 2004 þannig að þetta eru bara mistök sem hafa verið leiðrétt og kynnt nefndinni. Þetta er ekki aðalmálið.

Svo má ekki gleyma því að þetta er sjálfstæður sjóður. Við getum ekki verið að bera saman AVS-sjóðinn hjá sjávarútvegsráðuneytinu og þennan sjóð sem er í sjálfstæðri eign. Við erum að klára þetta mál af því að verið er að breyta skipulagi hjá sjóðnum.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki tíma til að ræða um kvótakerfið í andsvari. Það verður seinni tíma mál.

[17:16]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil ítreka ósk mína um að fá upplýsingar um hvernig fjármunum úr sjóðnum hefur verið varið. Þetta er ekki einkamál einhverra manna í einhverjum félögum. Þá værum við ekki hér að ræða þetta. Það kemur skýrt fram í lögum frá 1998 um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd að þetta er ekkert einkamál.

Það er ekki hægt að láta það daga hér uppi, heldur verðum við að ræða þetta málefnalega. Þegar til stendur að breyta hlutverki sjóðsins verður að koma fram hvernig fjár-

mununum hefur áður verið varið og hvernig menn hyggjast verja þessum fjármunum. Það er eðlileg krafa. Ég vona að formaður sjávarútvegsnefndar sjái sóma sinn í því að koma með almennnilegar upplýsingar um málið þegar hann leggur það fram.

[17:18]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi sjóður er á forræði eigenda. Hann er á forræði þeirra sem hafa greitt í hann. Það er stjórn síldarútvegsmanna sem fer með yfirráð yfir sjóðnum og þeir hafa alfarið ákvörðunarvald um það í hvað þeir setja þessa peninga. Við erum bara að gera breytingu út af skipulagsskrá, það er verið að breyta skipulaginu og setja meiri peninga í rannsóknir og annað, t.d. nýsköpun. Það er verið að víkka út starfsemina.

[17:18]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var fróðlegt andsvar. Lítur hv. formaður sjávarútvegsnefndar virkilega á þá sem eru í stjórn sjóðsins sem eigendur fjárins? Það var ekki annað að heyra. (**GHj:** Fulltrúar ...) Það er bara ekki svo. Þeir eru ekki þarna sem eigendur fjárins eða fulltrúar eigenda. Ef svo væri hefðum við ekkert að gera með þetta, þá væri þetta bara sjálfstætt félag sem við værum ekkert að skipta okkur af. En það er ekki svo.

Ég átta mig í rauninni ekki á því hvað hv. formaður sjávarútvegsnefndar er að tala um í þessu máli og ég vonast til þess að hann komi með þær upplýsingar sem beðið hefur verið um í umræðunni. Í hvað hefur fjármununum verið varið og hver er afrakstur þeirra fjármuna? Hverju hafa þeir skilað?

[17:19]

Útbýting:

Búnaðarlög, 725. mál, nál. landbn., þskj. 1319.

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 591. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1328.

Gæðamat á æðardúni, 670. mál, nál. landbn., þskj. 1318.

Landbúnaðarstofnun, 700. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1330; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1331.

Lánasjóður landbúnaðarins, 786. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1325; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1326.

Samkeppnislög, 590. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1327.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, 704. mál, nál. utanrmn., þskj. 1324.

Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons, 722. mál, nál. utanrmn., þskj. 1323.

Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis, 705. mál, nál. utanrmn., þskj. 1322.

[17:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það hafa farið fram nokkuð ítarlegar umræður um þetta mál sem er á dagskránni, þ.e. breytingar á lögum um stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegsins.

Þetta er að sumu leyti svolítið undarlegt mál. Það er svolítið skrýtið að Alþingi skuli hafa það hlutverk að vera að breyta reglum í félagi sem í raun og veru er á forræði aðila úti í samfélaginu. Í sjálfu sér er kannski ekkert við því að gera í þetta skiptið. Ég taldi þó að ástæða hefði verið til að skoða það að Alþingi hefði með einhverjum hætti leyst úr þessu þannig að málið kæmi ekki inn aftur síðar. Það gæti auðveldlega gert það vegna þess að það eru sömu rök fyrir því að koma með nýjar breytingar eins og með þessa sem er að koma núna inn. Þetta er umhugsunarefni. Síðan geta menn auðvitað haft allar skoðanir á því hvort eigi að víkka út þetta hlutverk. Þegar maður gáir að því að þessi sjóður er á forræði þeirra sem eru í útveginum og að Alþingi ætlar í raun og veru ekki að skipta sér af stjórn sjóðsins og hefur ekki til þess nein tæki er það líka kannski svolítið undarlegt að Alþingi segi til um það hvernig eigi að nýta þessa fjármuni út í hörgul.

Því verður auðvitað ekki neitað að Alþingi hefur afar stórt hlutverk í stjórn fiskveiða og nýtingu fiskstofnanna við landið og ekki hefur það verið minna hvað varðar nýtingu á ýmsum síldarstofnum en hvað varðar nýtingu á öðrum stofnum við landið. Þess vegna er full ástæða til að hér fari fram umræða af því tagi sem verið hefur í dag og það er líka ástæða til þess við þessa umræðu að rifja svolítið upp þá stöðu sem er uppi. Þeir aðilar sem stjórna núna þeim sjóði sem hér er um að tala eru að einhverju leyti þeir sem nýta núna síldarstofnana þó að það sé ekki algilt. Þetta voru ekki nákvæmlega sömu fyrirtækin sem voru að veiða síld og þau sem voru að vinna hana á sínum tíma og voru þess vegna fyrirsvarsmenn þeirra eigna sem hér eiga hlut að máli.

Alþingi Íslendinga ákvað, ætli það hafi ekki verið árið 1997, að færa þeim sem höfðu þá verið að veiða síld við Ísland norsk-íslenska síldarstofninn að gjöf, alfarið. Það er kannski hægt að segja að það sé í líkingu við það sem hefur verið gert með aðra stofna í landinu, en þó ekki, einfaldlega vegna þess að það er alfarið á vegum ríkisins sem samningar náðust um nýtingu norsk-íslenska síldarstofnsins en ekki vegna þess að einhverjir hafi unnið sér þar inn einhvers konar rétt til veiða, einhverjir útgerðarmenn. Þeir sem höfðu veitt norsk-íslensku síldina áður voru löngu horfnir af vettvangi. Þeir fengu ekki þessi réttindi. Það voru þeir sem voru á staðnum þegar ríkisstjórninni þóknaðist að taka þessa ákvörðun. Það er ekki byrjað að veiða norsk-íslensku síldina aftur fyrr en 1994 og þá er veitt 21 þús. tonn. Mest hefur síðan verið veitt árið 1997 og það voru 220 þús. tonn. Það er akkúrat á þeim árum sem mest var veitt sem úthlutun fór fram.

Það er athyglisvert í því samhengi að skoða hvernig úthlutun veiðiréttar hefur í sumum stofnum við landið orðið þannig að þeir sem fengu úthlutun á sínum tíma eru núna farnir að fá í hendurnar miklu meiri réttindi til veiða en þeir höfðu samkvæmt veiðireynslu á þeim tíma sem úthlutunin fór fram. Það er nokkuð sem var ástæða til að muna eftir, og er, vegna þess að það var aðalröksemdin á sínum tíma fyrir því að útgerðarfyrirtæki á Íslandi ættu að eiga réttinn til að veiða á Íslandsmiðum að þeir hefðu veiðireynslu og

ættu að fá úthlutað samkvæmt henni.

Til gamans er hægt að nefna hér t.d. hvernig veiðireynsla í ýsu var þegar henni var úthlutað árið 1991. Þá var aflamarkið 48 þús. tonn. Núna er það aflamark 90 þús. tonn. Hvar skyldi veiðireynslan vera fyrir helmingnum af ýsuveiðinni sem menn hafa réttindi til að veiða í ár? Þeir fá að veiða nákvæmlega helmingi meiri ýsu en þeir höfðu fengið úthlutað út á veiðirétt sinn. Hvar eru þá rökin sem menn höfðu upphaflega? Svona er hægt að telja þessa hluti upp.

Ég nefni þetta hér vegna þess að við erum að tala um síld og öll berum við þá von í brjósti að norsk-íslenska síldin syndi á Íslandsmið. En hvað gerist þá? Þrír stærstu aðilarnir í útgerð á Íslandi í síld eiga helminginn af kvótanum. Þeir fengu honum úthlutað með þeim hætti sem ég lýsti hérna áðan. Þeir væru að fá úthlutað margfalt því sem þá var til skiptanna.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Telur hv. þingmaður að hann eigi langt eftir af ræðu sinni?)

Hæstv. forseti. Þessi ræða gæti orðið ævintýralega löng ef ég mundi halda hana alla. Til að greiða fyrir þingstörfum hafði ég hugsað mér, af því að ég veit að hér á að hætta um hálfsexleytið og af því að ég komst ekki að í ræðustóli fyrr en þetta, að geyma mér það sem ég hefði helst viljað segja um þessi málefni, líka vegna þess að félagar mínar hafa farið mjög vandlega yfir málið til síðari tíma. Ég mun ekki láta standa á mér að ljúka þessari umræðu.

Vill hæstv. forseti að ég ljúki máli mínu þá núna?

(**Forseti** (ÞBack)**:** Hv. þingmaður ræður því hvort hann gerir hlé á ræðu sinni núna og heldur henni áfram ef málinu er frestað og tekið upp eitthvað síðar, hvort hann lýkur ræðu sinni þá, eða hvort hann óskar eftir að ljúka ræðu sinni núna.)

Hæstv. forseti. Ætli ég hafi ekki bara þann háttinn á að ég hugsi málið þangað til kemur að 3. umr. og ljúki hér máli mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:30]

Útbýting:

Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, 701. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1332; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1333.

Neytendastofa og talsmaður neytenda, 592. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1329.

Út af dagskrá voru tekin 12.–24. mál.

Fundi slitið kl. 17:32.

---

124. FUNDUR

föstudaginn 6. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, stjfrv., 583. mál, þskj. 874, nál. 1222. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Búnaðarlög, stjfrv., 725. mál, þskj. 1083, nál. 1319. — 2. umr.
3. Útflutningur hrossa, stjfrv., 727. mál, þskj. 1085, nál. 1317. — 2. umr.
4. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1164, nál. 1325, brtt. 1326. — 2. umr.
5. Gæðamat á æðardúni, stjfrv., 670. mál, þskj. 1022, nál. 1318. — 2. umr.
6. Landbúnaðarstofnun, stjfrv., 700. mál, þskj. 1058, nál. 1330, brtt. 1331. — 2. umr.
7. Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, stjfrv., 701. mál, þskj. 1059, nál. 1332, brtt. 1333. — 2. umr.
8. Skattskylda orkufyrirtækja, stjfrv., 364. mál, þskj. 1258. — 3. umr.
9. Tollalög, stjfrv., 493. mál, þskj. 753. — Frh. 3. umr.
10. Samkeppnislög, stjfrv., 590. mál, þskj. 883, nál. 1289 og 1327, brtt. 1290. — 2. umr.
11. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, stjfrv., 591. mál, þskj. 884, nál. 1291 og 1328, brtt. 1292. — 2. umr.
12. Neytendastofa og talsmaður neytenda, stjfrv., 592. mál, þskj. 885, nál. 1293 og 1329, brtt. 1294. — 2. umr.
13. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 704. mál, þskj. 1062, nál. 1324. — Síðari umr.
14. Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis, stjtill., 705. mál, þskj. 1063, nál. 1322. — Síðari umr.
15. Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons, stjtill., 722. mál, þskj. 1080, nál. 1323. — Síðari umr.
16. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 677. mál, þskj. 1030, nál. 1228 og 1277, brtt. 1229. — 2. umr.
17. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 732. mál, þskj. 1094, nál. 1223, 1246 og 1278. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.

Tilhögun þingfundar.

[10:30]

Forseti (Halldór Blöndal):

Reiknað er með atkvæðagreiðslu kl. hálfsjö í kvöld og

síðan kvöldmatarhléi milli sjö og átta. Jafnframt að fundur verði haldinn á morgun og hefjist kl. hálfellefu. Hádegishlé í dag verður kl. hálfeitt til kl. hálfþrjú.

Athugasemdir um störf þingsins.

Geðlyfjanotkun barna.

[10:31]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs undir liðnum um störf þingsins vegna svars hæstv. heilbrigðisráðherra við fyrirspurn minni um mikla geðlyfjanotkun barna. Við höfum sett heimsmet í notkun lyfja tengdum athyglisbresti og ofvirkni hjá börnum, segir í svari hæstv. ráðherra þar sem hann vitnar í eftirlitsstofnun Sameinuðu þjóðanna með ávana- og fíkniefnum. Eru tölurnar frá 2003.

Ég spyr: Hvað er að gerast? Eru svona miklu fleiri íslensk börn með þessa sjúkdóma en börn í öðrum löndum? Á Íslandi erum við með 5,27% skilgreinda dagskammta á þúsund íbúa á meðan Danir eru með 0,4%, Norðmenn með 0,35% og Finnar með 0,29%. En við með 5,27%.

Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra svörin og fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að bregðast við þeim alvarlegu upplýsingum sem koma fram í svari hans við þessari fyrirspurn minni. En ég held að meira þurfi til. Þetta ástand er ekki eðlilegt og einhvers staðar er pottur brotinn.

Níu mánaða stúlkubarn var sett á forðatöfluna rítalín SR í forvarnaskyni vegna þess að fjögurra ára bróðir hennar hafði greinst ofvirkur og verið settur á lyf, þrátt fyrir að framleiðandi lyfsins taki fram að það sé ekki ætlað börnum undir sex ára. Þetta kemur fram hjá fjölskylduráðgjafanum Karen Kinchin í Morgunblaðinu í mars sl. en fyrir fjórum árum varaði hún við þeirri þróun sem kemur fram í svari ráðherra ef ekki yrði brugðist við.

Við verðum að skoða aðrar leiðir og ég hvet hæstv. ráðherra til að kalla fleiri til en þær opinberu stofnanir sem hann talar um í svari sínu. Það þarf að spyrja kennara, það þarf að hafa samráð við foreldra og það þarf að tala við samtök þeirra, eins og Velvirk börn, en í þeim eru foreldrar barna sem hafa verið á þessum geðlyfjum en vilja nota aðrar aðferðir, t.d. breytt fæðuval. Og ég minni bara á frétt (Forseti hringir.) í Morgunblaðinu í dag þar sem bent er á lýsi sem mögulegt svar við þessum vanda.

[10:33]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Það svar sem liggur hér fyrir við skriflegri fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur er mjög ítarlegt og rekur þetta mál vel. Það sem kannski er sérstakt við svarið við fyrirspurninni og er ekki algengt er að í fyrirspurninni er einmitt sagt hvaða næstu skref í þessu máli heilbrigðisráðherra hyggist taka. Ég hef ekki neinu við það að bæta núna. Ég mun óska eftir því við landlækni og Miðstöð heilsuverndar barna að skoða á breiðari grundvelli samráð við sálfræðiþjónustu skóla og Félagsþjónustu sveitarfélaga hvernig best verði brugðist við hinni miklu aukningu á athyglisbresti og ofvirkni barna sem virðist hafa átt sér stað að undanförnu. Það er einboðið að í þessu samráði verða fleiri kallaðir til, eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi.

Ég mun einnig beina því til landlæknis og Lyfjastofnunar að kanna hvort eitthvað óeðlilegt sé á seyði varðandi kynningar, ávísanir og notkun þessara lyfja. Ég tel að nú séu möguleikar á því vegna hins nýja lyfjagagnagrunns sem er kominn í notkun hjá landlæknisembættinu. Það á að vera möguleiki að fylgjast með því hvort einhverjar óeðlilegar ávísanir séu á ferðinni hjá einstökum aðilum.

Við munum fylgjast með þessu máli. Það er mjög áríðandi að bregðast við þeirri þróun sem hér er rakin en þetta eru fyrstu skrefin á þeirri leið.

[10:35]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir að taka upp þetta mál undir liðnum um störf þingsins. Það er afar brýnt að við tökum heildstætt á þessum málum og við þurfum líka auðvitað að varast það að foreldrar fái sektarkennd yfir því að hafa börn sín á lyfjum, ég hvet til þess að við dettum ekki í þann pyttinn. Lyf geta verið ágætislausn og geta verið skjót lausn á bráðum vanda en við þurfum jafnframt að hafa heildarsýn fyrir hvert barn. Stuðningur við foreldra er þar af leiðandi afar mikilvægur.

Við sjáum mikilvægi t.d. atferlisþjálfunar hjá einhverfum. Við þurfum að skoða margar leiðir. Við þurfum að fara að greiða niður sálfræðiviðtöl sem eru oft enn þá brýnni en kannski lyfin sjálf þannig að samhliða þessu öllu verðum við að skoða málin heildstætt og jafnframt styðja foreldra við að leita framtíðarlausna en ekki skammta þeim plástur svona til þess að byrja með.

[10:36]

Drífa Hjartardóttir:

Hæstv. forseti. Það er mjög athyglisvert svar sem kemur frá hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur og það sýnir að mjög brýnt er að taka heildstætt á þessum málum.

Á hvaða leið erum við? spyr maður sig þegar maður les þetta svar. Það er óhugnanlegt að lesa það, það er hreinlega óhugnanlegt. Í Tímariti Morgunblaðsins um síðustu helgi var grein um serótónín-sprenginguna. Þar kemur fram að á undanförnum 15 árum hafi notkun á serótónín-geðdeyfðarlyfjum margfaldast jafnt og þétt og það eru ótrúlegar tölur sem maður les hér. Samkvæmt tölum frá Lyfjastofu lyfjamála heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis hefur dagskömmtum SSRI-lyfja á hverja þúsund íbúa hér á landi fjölgað úr 0,96 í 61,86 frá árinu 1989 til 2004. Söluverðmæti umræddra lyfja, reiknað á verðlagi hvers árs, hefur aukist úr 17,5 milljónum á þessum sömu árum í 779 milljónir árið 2004. Er nema von að maður spyrji: Á hvaða leið erum við? Er ekki hægt að leita einhverra annarra leiða en að setja þjóðina nánast alla á geðdeyfðarlyf?

[10:38]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Ég verð að segja að þegar ég las svar hæstv. ráðherra við fyrirspurn hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur um lyfjanotkun barna dauðbrá mér. Hvernig í

ósköpunum getur staðið á því að það sé þörf fyrir okkur hér á Íslandi að ávísa geðlyfjum til barna tífalt til tuttugufalt á við það sem gerist í nágrannalöndunum?

Auðvitað er örugglega þörf fyrir það að ávísa lyfjum í einhverjum tilvikum þegar um ofvirkni og athyglisbrest er að ræða. Þessi mikla aukning á notkun þessara lyfja hlýtur þó að vekja upp áleitnar spurningar. Getur verið að við séum farin að sjúkdómsvæða eðlilega hegðun barna? Getur verið eðlilegt ef barn er ódælt, til vandræða í skóla og fyrirferðarmikið, eins og það var kallað hér í gamla daga, að þá sé ráðið það að ávísa á lyf, ávísa á dóp? Er það það sem við viljum sjá? Ég held ekki.

Svo virðist sem þessi þróun hafi orðið sjálfkrafa. Smátt og smátt hefur þetta verið að aukast. Kostnaðurinn er eitt í þessu sambandi, 376 þús. kr. árið 2002, 129 milljónir árið 2004 í geðlyf fyrir börn.

Ég held að við hljótum að þurfa að staldra við. Við hljótum að þurfa að velta fyrir okkur á hvaða leið við erum. Og við hljótum að þurfa að velta fyrir okkur þeirri áleitnu spurningu: Hverjir eru að ávísa öllum þessum lyfjum til barnanna? Eru það sérfræðingar á því sviði sem um ræðir? Í fæstum tilvikum held ég að um það sé að ræða.

[10:40]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða mjög ískyggilega þróun að mínu viti. Ég er þannig gerður að ég byrja oft að velta fyrir mér ástæðunum frekar en að velta fyrir mér þeim textum sem settir eru á blað að þessu leyti. Ég velti því fyrir mér satt að segja, hæstv. forseti, hvort þjóðfélagið okkar hafi á undanförnum árum verið að breytast með þeim hætti að við sinnum börnunum einfaldlega ekki nógu vel. Við höfum ekki tíma til þess. Allir foreldrar eru vinnandi úti alla daga og síðan er tímastressið við að komast að og frá vinnu, að og frá leikskóla, að og frá skóla o.s.frv. Síðan er þessi endalausa tilhneiging til að setja börnin fyrir framan sjónvarpstækið og stinga spólu í það til að láta þau eyða tímanum.

Ég held að það þurfi að fara að skoða mjög gaumgæfilega hvort ekki sé hægt að finna önnur úrræði en þjóðfélagið okkar býður upp á og eins og það þróast. Það er mín skoðun að ef við höldum áfram á sömu braut og við höfum verið muni þessi vandamál aðeins vaxa. Ég held að við þurfum að líta til fjölskyldunnar, hvernig hún hagar sínu lífi, hvernig vinnutíma er hagað hér á landi og hvernig byggð er upp ákaflega mikil pressa á foreldrana. Það hlýtur eitthvað virkilega að hafa breyst í þjóðfélagi okkar frá því að börnin höfðu meira athafnafrelsi, bæði á heimilum og í sveitum, þannig að þetta er eitthvað sem ég tel að við þurfum virkilega að skoða. Þessi þróun er stórhættuleg fyrir íslenskt þjóðfélag.

[10:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka viðbrögðin við þessu máli. Ég er sannfærð um að ástæðurnar eru margar en það þarf að skoða þetta heildstætt, aðstæður barna, skólann, heilbrigðiskerfið o.s.frv.

Ég vitnaði í fjölskylduráðgjafa áðan. Hún bendir á í grein sinni í Morgunblaðinu að hún þekki að ávísað hafi verið eftir 10 mínútna samtal við geðlækni eða eftir greiningu í gegnum síma. Þá er náttúrlega ekki að furða þótt lyfjanotkun fari úr böndunum. Það þarf margar leiðir, það þarf sálfræðiþjónustu, það þarf að bjóða upp á fjölskyldumeðferð o.s.frv.

Ég velti því fyrir mér hvort það geti haft einhver áhrif að um það leyti sem rítalín- og geðlyfjanotkunin jókst eins og kemur fram í svarinu til mín hætti landlæknisembættið að krefjast þess að læknar þyrftu að sækja um það til embættisins að fá að ávísa rítalíni fyrir þá sjúklinga sem þyrftu á því að halda. Ég vil beina því til hæstv. ráðherra hvort ekki þurfi að koma á slíku eftirliti að nýju þannig að þessar ávísanir fari í gegnum landlæknisembættið eins og var fyrir nokkrum árum en þá fór aðstoðarlandlæknir yfir þær allar.

Ég vil líka benda á kennarana. Ég fékk bréf frá kennara sem sagði mér að það væri með ólíkindum hvað lítið þyrfti til til þess að börn væru sett á rítalín og áþekk lyf og „þau börn sem ég starfa með," sagði hún, „og eru á lyfjum eru oft og tíðum dofin og ekki eins virk og börn ættu að vera í skólanum. Ég er grunnskólakennari og þekki málið af eigin raun og hef menntað mig í Davis-námstækni, sem er aðferð sem nýtist þessum börnum mjög vel." — Þarna er t.d. ein leið.

Sömuleiðis hef ég fengið nokkur bréf frá foreldrum sem benda á það að börnin þeirra hafi misst matarlystina og endað með því að vera komin á 3–4 geðlyf þegar þau eru að ljúka grunnskólanum. Þau hættu með börnin á lyfjunum og hafa þurft að borga 6.500 kr. fyrir sálfræðiþjónustu. (Forseti hringir.) Þetta þurfum við auðvitað að skoða líka því að þetta er ekki boðlegt í okkar góða samfélagi.

[10:45]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég get tekið undir það sem hv. þingmaður segir og ég deili áhyggjum hennar af þessari þróun.

Fyrst vil ég samt taka það fram að lyf geta að sjálfsögðu verið nauðsynleg í mörgum tilfellum. En ég vildi beina því til fólks að vera almennt á verði í þessum efnum. Ég mun láta, í gegnum þær leiðir sem ráðuneytið hefur, láta skoða þessi mál, eins og ég hef tekið fram í skriflegu svari sem hér liggur fyrir.

Ég get tekið undir áhyggjur hv. þingmanna af hraða og annríki nútímasamfélags. Ég held að hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson hafi lög að mæla þegar hann talar um þá hluti, að það sé ein af ástæðunum. Ég get líka upplýst það að við höfum haft áform um það í ráðuneytinu að nota okkar ramma til þess að efla sálfræðiþjónustu í gegnum heilsugæsluna. Við höfum látið það ganga fyrir og höfum eflt þann þátt eftir því sem við höfum haft fjárhagsramma til. Ég tel að það sé nauðsynlegt og sálfræðiþjónustan sé nauðsynlegur þáttur. Ég tel að landlæknisembættið hafi núna tæki í höndunum til að fylgjast með því hvort eitthvað óeðlilegt sé á seyði varðandi ávísanir frá einstöku aðilum. Ég vil ekkert um það segja á þessu stigi en við höfum tækin til að skoða það.

Að öðru leyti deili ég auðvitað áhyggjum með hv. þingmönnum af þeirri þróun sem hér hefur verið rætt um.

(Forseti hringir.) Við munum skoða grannt hvernig við verður brugðist.

Búnaðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 725. mál (afnám mjólkurgjalds). — Þskj. 1083, nál. 1319.

[10:48]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum, frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund B. Helgason og Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti og Halldór Runólfsson frá embætti yfirdýralæknis. Þá bárust umsagnir frá embætti yfirdýralæknis og Bændasamtökum Íslands.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði úr gildi heimild búnaðarsambanda til þess að innheimta sérstakt gjald hjá mjólkurframleiðendum af allri innveginni mjólk í afurðastöð vegna sæðinga mjólkurkúa. Gjaldið er nú 1,7% og er lagt á alla framleiðendur án tillits til þess hvort þeir nýta sér þjónustuna. Telur nefndin mun heppilegra að þeir framleiðendur sem nýta sér þjónustuna greiði fyrir hana enda er séð fyrir framlagi til kynbóta og þróunarverkefna í nautgriparækt í nýgerðum samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðenda sem tekur gildi 1. september 2005.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Einar Oddur Kristjánsson, Lúðvík Bergvinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir þetta nefndarálit rita auk mín hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, Birkir J. Jónsson, Jón Bjarnason, Guðmundur Hallvarðsson og Dagný Jónsdóttir.

[10:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Þetta frumvarp um breytingu á búnaðarlögum sem hér er komið til 2. umr. felur í sér, eins og hv. framsögumaður landbúnaðarnefndar og formaður, Drífa Hjartardóttir, hefur greint frá, að afnema skuli gjald sem hefur verið lagt á alla innvegna mjólk í mjólkursamlögum sem hefur staðið undir eða verið stór hluti af stofn- og rekstrarkostnaði í kynbótastarfi í nautgriparækt og mjólkurframleiðslu, í því félagslega starfi sem þar hefur verið unnið.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið var þessu breytt í síðustu samningum milli ríkisins og mjólkurframleiðenda og framlag til kynbótastarfs í nautgriparækt er breytt með beinum hætti með þeim samningi og þess vegna er þetta gjald fellt niður.

En í greinargerðinni með frumvarpinu segir:

„Í nýjum samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu sem tekur gildi 1. september 2005 er gert ráð fyrir því að ákveðnum fjármunum sé ráðstafað til kynbóta- og þróunarverkefna í nautgriparækt.“

Þó að ég styðji það sem hér er lagt til vil ég þó undirstrika mikilvægi hins félagslega starfs sem mjólkurframleiðendur og nautgriparæktendur hafa staðið að um áratugi. Þar hafa allir lagt sitt af mörkum og er ekki síst þeirri miklu samstöðu bænda að þakka að náðst hafa gríðarlegar framfarir í mjólkurframleiðslu hér á landi, að íslenska kúakynið er fyllilega samkeppnisfært við önnur mjólkurkúakyn erlendis. Þetta kynbótastarf hefur ásamt öðru skilað sér í því að nú hafa verið lagðar á hilluna, vonandi um alla framtíð, hugmyndir um að flytja inn erlend mjólkurkúakyn. Mér finnst rétt að þetta komi fram í þessari umræðu, sú mikla samstaða bænda sem hefur verið um kynbótastarfið og það að þeir hafa samþykkt að ákveðið gjald væri lagt á hvern innveginn lítra mjólkur til að standa undir og styrkja og það starf.

Ég vil líka undirstrika, þó að hér sé lagt að þetta mjólkurgjald sé fellt niður, að ég legg ríka áherslu á að kynbótastarf í mjólkurframleiðslu og nautgriparækt er félagslegt starf sem allir þurfa að taka þátt í til að árangur náist. Þar hafa allir hag af. Ég legg áherslu á að það félagslega starf verði ekki veikt. Núna mun þetta færast yfir í samning við ríkið. Áður báru mjólkurframleiðendur sjálfir ábyrgð á þessu í gegnum gjaldtökuna. Ég dreg í efa að þetta sé rétt ráðstöfun. Samningar við ríkið eru jú bara tímabundnir. Með þessu er opnað fyrir að hægt sé að taka einstök gjöld, staðbundin gjöld fyrir þessa starfsemi. Það segir í lokamálsgreininni, sem ég vil setja vissa varnagla við:

„Þá er jafnframt talið eðlilegt að þeir sem nýta sér þjónustu búnaðarsambanda greiði í auknum mæli beint fyrir veitta þjónustu.“

Í þeirri þjónustu, sem felst í kynbótastarfinu og því að sæðingar á kúm hafi verið framkvæmdar af sæðingarmönnum, hefur kostnaðurinn verið jafn hvar sem félagsmenn eða bændur hafa búið. Þetta hefur verið hornsteinn þess að hið félagslega átak í kynbótastarfinu hefur virkað, að einstök bú væru ekki látin gjalda fjarlægðar frá sæðingarstöð eða þeim stað þar sem kynbótasæðinu er dreift frá. Þess vegna vil ég setja varnagla við áðurnefnda málsgrein í athugasemdunum, herra forseti, þar sem segir að talið sé eðlilegt að þeir sem nýta sér þjónustu búnaðarsambanda greiði í auknum mæli beint fyrir veitta þjónustu. Ég tel þessa grein varhugaverða.

Kynbótastarf gengur ekki nema allir geti starfað á jafnréttisgrunni og séu ekki dregnir í dilka eftir því hverjir teljast hagkvæmir eða óhagkvæmir í því starfi. Ég legg áherslu á að áfram verði unnið á þeim félagslega grunni að bændum og einstökum búum verði ekki mismunað, t.d. eftir staðsetningu eða öðru því sem menn mismuna eftir.

Þetta gjald, sem bændur ákváðu sjálfir að leggja á mjólkurframleiðsluna á félagslegan hátt, 1,7% af afurðastöðvaverði mjólkur, tryggði að verkefnið væri með félagslegum hætti á ábyrgð og í framkvæmd bænda. Núna er verið að breyta þessu þannig að þetta verði hluti af samningum við mjólkurframleiðendur um starfsskilyrði, veitt ákveðnu óskiptu fé til kynbóta og þróunarverkefna í nautgriparækt. Því verður engan veginn séð hvernig einstök bú koma út úr þeim kostnaði verði honum deilt ójafnt niður.

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, að þetta félagslega átak bænda í afurðastöðvum, í ræktunarstarfi, hvort sem það er í nautgriparækt, sauðfjárrækt, hrossarækt eða öðru, þessi félagslega samstaða og félagslegi styrkur,

hefur verið burðarás og drifið þessar framfarir áfram. Þess vegna er varhugavert að gera nokkuð sem veikir þá félagslegu samstöðu, sem felur m.a. í sér að búin og bændur hafa jafnan rétt til þeirrar félagslegu þjónustu sem þeir eru aðilar að, óháð búsetu og öðrum skilyrðum. Ég vil því slá varnagla við því sem hér gæti opnast fyrir.

Ég vil einnig vekja athygli á því að þessu máli þarf að fylgja eftir. Ef þetta gengur eftir þarf að gera breytingar á öðrum lögum sem ekki fylgja með í frumvarpinu. Skoða þarf lög um virðisaukaskatt þannig að greiðslur samkvæmt hinum nýja samningi um mjólkurframleiðslu ýri ekki möguleika búnaðarsambanda og sæðingarstöðva til endurgreiðslu innskatts í rekstri sínum. Búnaðarsamband Skagfirðinga sendi einmitt landbúnaðarnefnd ábendingar um að breyta þyrfti þessum lögum til að innleiða þar ekki misrétti eða aukna skattlagningu, eingöngu vegna þessara breytinga.

Með þessu, eins og segir í ályktun Búnaðarsambands Skagfirðinga, er verið að færa ríkisstuðning milli hólfa, úr hólfinu beingreiðslur, sem eru einstaklingstengdar greiðslur undanþegnar virðisaukaskatti, yfir í almennar niðurgreiðslur á sæðingum sem njóta ekki sérstakra niðurgreiðslna. Að þessu hefði þurft að huga um leið og verið er að breyta þessum lögum og vil ég hér með nota tækifærið og vekja athygli hæstv. landbúnaðarráðherra á því að þessar breytingar þurfa að gerast jafnframt til að ekki verði um mismunun að ræða.

Herra forseti. Þessi atriði vildi ég láta koma fram. Seint verður lögð nóg áhersla á hversu gríðarlegt átak íslenskir bændur hafa gert í kynbótum á búfé sínu, nautgripum og mjólkurkúm. Það hefur verið unnið með félagslegu átaki, allir eru með og allir njóta afrakstursins af góðu starfi. Þar er það ekki þannig að einn fleyti rjómann og hinir leggi hann til. Þetta hefur m.a. leitt til þess að íslenska mjólkurkúakynið er fyllilega samkeppnisfært við það besta sem gerist í öðrum löndum. Í upphafi ferils hæstv. landbúnaðarráðherra núverandi, Guðna Ágústssonar, var einmitt tekist á um hvort flytja ætti inn erlendar mjólkurkýr og hann var á vissan hátt að hluta til hallur undir það þá, lét a.m.k. umræðuna fara býsna langt. Síðan (Gripið fram í.) voru bæði bændur og öll þjóðin sem lét sig málið varða á þeirri skoðun að við ættum að búa að okkar íslenska kúakyni og hafna innflutningi á erlendum mjólkurkúakynum. Það var ekki síst vegna þess góða starfs sem unnið hefur verið. Ég vona að sú breyting sem við erum nú að gera verði ekki til þess að veikja þetta kynbótastarf, því það þarf að halda áfram því að íslenski mjólkurkúastofninn þarf náttúrlega að vera samkeppnisfær á alþjóðavettvangi eins og hann hefur nú unnið sig upp í.

Ég vona að það komi aldrei til að sú umræða fari aftur í gang að opnað verði á innflutning á erlendum mjólkurkúm sem mundi ef leyft yrði og út í það væri farið innan tíðar útrýma íslenska mjólkurkúakyninu, sem þjóðin sýndi í umræðunni sem varð á sínum tíma að hún var algjörlega andvíg og vildi halda í okkar góða íslenska mjólkurkúakyn.

Þó að ég styðji þessa breytingu dreg ég í efa að hún sé til bóta hvað það varðar að standa vörð um félagslegan samtakamátt bænda, landbúnaðarins og kúabænda í að stunda öflugt kynbótastarf í nautgriparæktinni þar sem engin mismunun er gerð á bændum eða búum hvar sem þau eru á landinu og allt gert á félagslegum grunni. Við megum á engan hátt leggja hér til aðgerðir sem veikja það, herra forseti, heldur frekar styrkja og efla og standa bak við hinn félagslega þátt og hið félagslega starf sem landbúnaðurinn byggir einmitt styrk sinn á.

[11:04]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður er nú stokkinn úr salnum en ég vil vekja athygli á því að hann ritar undir nefndarálitið með okkur. Ég vil bara koma því að að það er ekki verið að eyðileggja samstöðu bænda eða eyðileggja eitthvað fyrir kynbótunum. Það hafa verið innheimtar 80 millj. kr. á ári með þessu 1,7% gjaldi en í búvörusamningunum núna eiga 100 milljónir að fara í kynbóta- og þróunarstarf. Þetta er það sem bændurnir sjálfir hafa kallað eftir. Það má geta þess að t.d. í Vestur-Skaftafellssýslu sér dýralæknirinn um sæðingarnar þar í samstarfi og samvinnu við Búnaðarsamband Suðurlands. Þetta er því áfram og verður áfram í framkvæmd á ábyrgð bænda. Það komu engar neikvæðar umsagnir til okkar varðandi málið. Ég tel að þetta sé mjög gott mál og það er ekki verið að eyðileggja eitt eða neitt með því.

[11:06]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg af öll tvímæli um að ég stend að þessu nefndaráliti. Það sem ég er hins vegar að gera er að slá þá varnagla að þarna er á vissan hátt verið að færa til kostnað og félagslega uppbyggingu á mikilvægu starfi sem hefur verið ræktun íslenska kúakynsins, sem áður var að stórum hluta fjármagnað með ákveðinni hlutdeild af afurðastöðvaverði mjólkur en færist nú yfir í að verða hluti af samningi við ríkið.

Það er bara svo því miður, herra forseti, að á æ fleiri sviðum, m.a. líka fyrir tilverknað lagasetningar af hálfu ríkisins, er verið að veikja og brjóta niður félagslegan styrk, félagsleg verkefni sem m.a. landbúnaðurinn hefur byggt upp. Það hefur verið árátta núverandi ríkisstjórnar að brjóta það niður og veikja og þess vegna er ég að slá þessa almennu varnagla og jafnframt að gera grein fyrir hversu mikilvægt þetta gjald er. Þessi þátttaka allra bænda, allra mjólkurframleiðenda með því að greiða sérstakt gjald af innveginni mjólk hefur skipt grundvallarmáli fyrir uppbyggingu á kynbótastarfi í nautgriparæktinni og um það þurfum við að standa vörð.

[11:08]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hlutfallið var 1,7% af innveginni mjólk úr stóru kúabúi og not sama bús á sæðingu. Í dag er verið að greiða fyrir hverja sæðingu. Hvert bú sem notar sæðingu borgar fyrir hana. Núna er þetta samt sem áður þátttaka allra með því að úr búvörusamningnum er verið að taka 100 milljónir og setja í þetta kynbótastarf sem er meira en innheimtist af þessu 1,7% gjaldi af innveginni mjólk.

[11:08]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu félagslega starfi hefur einmitt líka verið lögð áhersla á að bændur greiddu ekki misjafnt gjald fyrir þessa þjónustu eftir búsetu hversu langt sem þeir væru frá sæðingarstöðvum. Ég legg áherslu á að slíkt er einmitt grundvöllur fyrir félagslegt starf.

Síðan vakti ég líka athygli á því, herra forseti, sem þarf að skoða og það er einmitt að þessi breyting, að færa þessar greiðslur til, hefur áhrif á virðisaukaskattsskyldu og færslu á útskatti. Það þarf að huga að því jafnhliða þessum breytingum, ef þær verða samþykktar, sem ég dreg ekki í efa að þingið samþykki.

[11:09]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ágætri ræðu sinni um félagshyggjuna sem ég tek undir með hv. þm. Jóni Bjarnasyni sagði hann eitthvað á þá leið að íslenska kýrin væri orðin fullkomlega samkeppnisfær við aðra kúastofna. Við stjórnmálamennirnir verðum að segja það sem satt er og rétt. Ef hv. þingmaður á við að hún mjólki orðið jafnmikið og sterkustu kúastofnar heimsins þá er það rangt. Íslenska kýrin hefur bætt sig, bæði er það fóðurverkun og kynbætur sem hafa skipt miklu máli á síðustu árum, nú mjólkar hún yfir 5.000 lítra að meðaltali en það eru til kúastofnar sem mjólka yfir 10.000 og jafnvel upp í 12.000 lítra á ári að meðaltali. Það er því ekki rétt.

Hins vegar er það staðreynd málsins að eins og sagt var um hina snjöllu kaupmenn Silla og Valda, ef ég man rétt slagorðið „af gæðunum munuð þið þekkja þá" þá snýr þetta að íslenskum landbúnaði. (**Gripið fram í:** Af ávöxtunum skuluð þið þekkja þá.) Já, af ávöxtunum skuluð þið þekkja þá. Þess vegna á það kannski við íslenskan landbúnað að „af gæðunum skuluð þið þekkja þá". Nú er það að gerast að það er ekki bara lambakjötið sem fer um heiminn, ekki bara hesturinn, ekki bara ullarvörurnar, nýjustu tíðindin í þessum efnum eru að Whole Foods búðirnar í Bandaríkjunum, menn á Ítalíu, í Danmörku, í dýrustu búðum heimsins eru að viðurkenna íslenskan landbúnað. Nú er osturinn, smjörið, ísinn, jógúrtin, að ég tali nú ekki um skyrið og skyrdrykkinn, að fara inn í þessar bandarísku búðir og þessir kaupmenn vilja viðurkenna íslenskan landbúnað og selja þessar vörur dýrt í búðum sínum. Meira að segja vilja þeir að auki fá inn í búðir sínar Nóa – Síríus súkkulaðið af því að það er mjólkurduft frá Blönduósi sem er notað í það súkkulaði.

Hér eru auðvitað stórtíðindi á ferðinni. Þess vegna verða íslenskir bændur alltaf að gera sér grein fyrir því, og Íslendingar, að það er á gæðunum sem við förum þetta, á þessu fjölskylduvæna samfélagi sem rekið (Forseti hringir.) er í sveitunum, í þessu hreina landi og við þær góðu aðstæður sem íslenskur landbúnaður hefur þróast.

[11:12]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú verð ég að hæla hæstv. landbúnaðarráðherra sem hinum góða bóndasyni frá Brúnastöðum. Nú þegar ráðherrann hefur áttað sig á mikilvægu gildi íslenska kúakynsins og er vonandi fullkomlega horfinn frá því að leyfa neins konar tilraunir í því að útrýma honum eða að veikja stöðu íslensku kýrinnar með því að fara að flytja inn erlendar mjólkurkýr. Hins vegar er það svo, herra forseti, af því við erum komin í svo mjög tæknilegar umræður um mjólkurkýr, þá er hagkvæmni hvers kúakyns einmitt háð því hvað það skilar mikilli mjólk og verðmætum fyrir hverja einingu sem lögð er á móti. Það er alls ekkert víst að stóru kýrnar, sem mjólka allmiklu meira, séu hagkvæmari og skili meiri mjólk fyrir hverja einingu fóðurs eða kostnað í húsum eða öðru því um líku, alls ekki. Þannig að það sem ég er m.a. að vitna til er að íslenska kýrin er fyllilega samkeppnisfær við mjólkurkýr annars staðar í heiminum, þó að þær séu miklu stærri og mjólki jafnvel meira, miðað við þann kostnað sem lagður er til og stendur að baki hvers mjólkurlítra, því að ef þetta er stór kýr krefst hún meira viðhaldsfóðurs o.s.frv. Íslenska kýrin hefur því sýnt sig að vera fyllilega samkeppnisfær þegar metinn er kostnaður, framleiðslukostnaður á hvern lítra mjólkur, að ég tali nú ekki um gæðin sem hafa líka sýnt sig að vera sértæk og skipta máli bæði í heilbrigði og læknavísindum.

[11:14]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitt sem Whole Foods búðirnar og þeir menn sem eiga viðskipti við okkur þar viðurkenna er hve bragðgæðin á mjólkinni hér eru mikil og hvað náttúra Íslands er hrein, hvað landbúnaðurinn er fjölskylduvænn. Að þetta sé nokkurs konar „handmade" hér, eins og glervörurnar í Kína eða eitthvað slíkt. Þetta viðurkenna menn og leggja áherslu á. Þess vegna þykir íslenska smjörið hvað gæði og bragð varðar alveg einstakt í hugum þessara sælkera. Hinn menntaði heimur, hinn hræddi heimur vegna verksmiðjubúanna er að leggjast á sveif með landbúnaði eins og hann er rekinn á Íslandi og reyndar víðar. Þarna liggja því tækifæri bændanna, í þessari sérstöðu.

Hins vegar hefur aldrei verið leyfður innflutningur eða skipti á kúakyni hér, það hefur aldrei komið til tals. Menn gera sér grein fyrir að íslenski kúastofninn er afar lítill af því að ef kýrnar fara að mjólka meira, þá fækkar í stofninum. Það getur orðið kynbótalega erfitt horft til framtíðar. Þess vegna ætluðu bændurnir á sínum tíma að gera tilraun og bera saman norska kú, íslenska kú og kannski blendingskú úr þessum tveimur kúakynum til að sjá hvað væri hagkvæmast. Ég var aldrei hræddur fyrir hönd íslensku kýrinnar. Ég tala ekki um þegar þessi heimur blasir nú við okkur.

Af tilrauninni varð ekki, en umræðan heldur auðvitað áfram. Mér finnst samt sem áður að það hafi áunnist á síðustu fimm, sex árum viðurkenning á íslenskum landbúnaðarvörum sem hágæðavörum um heim allan.

[11:16]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra kom á vissan hátt að kjarna málsins. Það vistvæna, umhverfisvæna og fjölskylduvæna búskaparform sem við höfum lagt áherslu á hér á landi er einmitt að fá aukið vægi út um heim og við komum betur að síðar í umræðum í dag hvað varðar fjárhags-

legan stuðning og annað sem er að færast í auknum mæli yfir á þá þætti í landbúnaði.

Þess vegna legg ég áherslu á að í þeim lögum sem við fjöllum um séu allir jafnrétthair, öll bú jafnrétthá í kynbótastarfinu þannig að ekki sé hægt að mismuna búum á nokkurn hátt eftir stærð, legu eða neitt þess háttar. Það skiptir gríðarlega miklu máli. Ég er alltaf feginn þegar ég heyri hæstv. landbúnaðarráðherra lýsa stefnu sinni í ræðustól Alþingis þar sem hann varar við samþjöppun og stórbúarekstri, en síðan verður oft minna úr því þegar komið er út í aðgerðirnar, því ein mesta ógn við mjólkurframleiðsluna í landinu er einmitt uppkaup á greiðslumarki, beingreiðslur og samþjöppun. Það er ein mesta ógnunin sem hæstv. ráðherra þyrfti að taka betur á.

[11:18]

Útbýting:

Landbúnaðarstofnun, 700. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 1335.

Lánasjóður landbúnaðarins, 786. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 1334.

[11:18]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Frumvarpið sem við erum með fyrir framan okkur er ekki langt, örugglega stysta frumvarp sem ég hef séð, en ég hef reyndar ekki verið lengi á þingi. Ég held að það væri ekki hægt að gera það styttra nema ef númer greinarinnar sem á að falla brott væri á bilinu einn til níu og ef gildistími laganna væri maí. Frumvarpið er aðeins tvær greinar. Engu að síður er efni frumvarpsins mikilvægt, því verið er að fella úr gildi gjald af allri innveginni mjólk. Í staðinn eiga bændur að greiða beint fyrir þjónustu við sæðingar. Það er reyndar þróun sem er almennt í gangi á Íslandi að fólk borgi sem mest beint fyrir þá þjónustu sem það fær.

Í nýjustu búvörusamningum við mjólkurbændur er hins vegar gert ráð fyrir að þeir fái styrk til kynbótaverkefna, en eftir því sem mér skilst hefur hluti af gjaldinu einmitt farið til kynbótaverkefna. Það er gott mál, því sá stuðningur sem bændur fá á þann hátt flokkast undir grænan stuðning, sem er heimill af hálfu Evrópusambandsins, en eins og við vitum er ekki hvaða form sem er heimilt í stuðningi við bændur né aðrar atvinnugreinar.

Stuðningur við rannsóknir er ákaflega mikilvægur eins og fram hefur komið. Bændur sæða auðvitað ekki kýr sínar með sæði úr hvaða nauti sem er, ekki frekar en áður fyrr, heldur er verið að leita að tilteknum eiginleikum. Þeir eiginleikar verða kunnir með rannsóknum og eru ræktaðir upp með rannsóknum. Þar getur auðvitað verið um ýmislegt að ræða, bæði er reynt að rækta eiginleika kúa sem mjólka vel. Það eru líka ræktaðir nautgripir til kjötframleiðslu. Á sama hátt og leitast er við að fá fram mikla holdfyllingu í sauðfé með rannsóknum er hið sama gert með rannsóknum á nautgripum, auk þess sem við höfum flutt inn nautgripi til að fá fram gott kjöt og holdmikið, holdmikla gripi. Sæðingaþátturinn er því aðeins hluti af þessu dæmi, herra forseti.

Annað dæmi sem ég vil nefna í rannsóknum á nautgripum varðar kálfadauða. Kálfadauði hefur verið mjög alvarlegt vandamál og vaxandi vandamál á Íslandi undanfarin ár. Rannsakendur hafa beint sjónum sínum mjög að því vandamáli undanfarið, en ekki haft árangur sem erfiði, því miður. Það er því ljóst að beina þarf sjónum mjög að þeim þætti framvegis, jafnvel enn frekar en gert hefur verið hingað til, því það er ekki nóg að sæðing heppnist vel, heldur þarf kýrin að halda kálfinum til að markinu sé náð.

Það sem innheimtist með 1,7% gjaldinu á síðasta ári í það minnsta nam 80 millj. kr., en gert er ráð fyrir 100 millj. kr. framlagi á fjárlögum árið 2006 til kynbótaverkefna samkvæmt samningnum um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar sem tekur gildi í haust, frá og með 1. september, sama dag og frumvarpið á að taka gildi.

Ég skrifa undir frumvarpið eins og meiri hluti landbúnaðarnefndar, reyndar gerðu allir þeir fulltrúar í landbúnaðarnefnd sem voru viðstaddir þegar þetta var afgreitt úr nefndinni það. Ég tel því að málið sé í heildina gott. Mér þykir ánægjulegt að það er að koma aukið fjármagn til rannsókna á íslenskum nautgripum, því eins og ég sagði áðan bíða mörg verkefni og sum þeirra eru afar brýn.

Einnig koma upp ýmis álitaefni þegar verið er að breyta formi á hlutunum. Staða búnaðarfélaganna hefur nokkuð verið rædd í nefndinni, en ég tel heildarmarkmið laganna eðlilegt, að bændur greiði fyrir þá þjónustu sem þeir fá við sæðinguna og standi svo félagslega saman fyrir tilstuðlan ríkisins að rannsóknum.

[11:26]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið tengist málið ýmsum meginþáttum í skipan landbúnaðarmála. Óhætt er að halda því fram að þegar litið er yfir sviðið eru víða blikur á lofti hvað varðar framfarir og fyrirkomulag í málefnum landbúnaðarins. Við höfum áður rætt þá stöðu sem upp kom þegar tilteknir aðilar stofnuðu Mjólku og fóru að framleiða fyrir utan styrkjakerfi landbúnaðarins. Óhætt er að spyrja hvort hið gamla styrkjakerfi eins og við þekkjum það muni riða til falls með þessari þróun og ýmsu öðru því sem er að gerast á sviði landbúnaðarmála. Hvort við munum sjá það miklar meginbreytingar á skipan landbúnaðarmála og stuðningi við búvöruframleiðslu ýmiss konar á næstu árum að kerfið eins og við þekkjum það muni líða undir lok.

Margt styður þá þróun eins og himinhátt verð á mjólkurkvóta, sem gerir nýliðun í þeirri grein mjög erfiða og má segja að það sé ákveðið uppnám hvað varðar nýliðun í framleiðslu á mjólk. Þetta er að færast á miklu færri hendur. Búin eru að stækka feikilega mikið og þar á sér stað mjög hröð og ör þróun án þess að nokkur pólitísk stefnumörkun virðist liggja þar að baki af hálfu hæstv. landbúnaðarráðherra, sem hefur af og til nefnt að heppilegt væri að um væri að ræða lítil eða meðalstór fjölskyldubú en ekki þessar stóru verksmiðjueiningar.

Stjórnvöld hafa ekki staðið sig í að færa styrkjakerfi í landbúnaði til nútímans eða í hina pólitísku umræðu og má segja að með þeim sofandahætti hafi stjórnvöld að því leytinu brugðist bændum og landsbyggðinni. Til að landsbyggðin og landbúnaðargreinarnar séu styrktar með einhverjum hætti verður að viðhalda ákveðinni samfélagssátt um þann stuðning. Af og til hefur komið upp umræða hvort ekki sé eðlilegra og heppilegra að styrkja bændur og lands-

byggðina með þeim hætti að binda þá við svokallaða byggðastyrki í stað framleiðslutengdra styrkja.

Þá umræðu hefur ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks aldrei tekið. Það hefur aldrei verið tekin heildstæð umræða um stöðu mála á sviði landbúnaðarmála, heldur göslast áfram í einu málinu og ekki öðru og horft fram hjá því hvað þarf raunverulega að gera, á meðan aðrar greinar eru lítið studdar.

Við sáum skrípaleikinn í kringum stofnun umboðsmanns íslenska hestsins. Fjármunir voru ekki veittir beint til greinarinnar, til hrossaræktenda, þannig að þeir gætu varið fénu eins og þeir teldu best til markaðsmála og kynningarstarfsemi fyrir íslenska hestinn á erlendri grund. Þetta var einhver skyndihugdetta hæstv. ráðherra sem var hrint í framkvæmd án þess að taka neitt tillit til þeirra sem standa í hrossaræktun og flytja út, enda kom strax fram mjög afgerandi gagnrýni á að verið væri að setja hið litla fjármagn sem væri til staðar til að styðja við greinina í þennan farveg, en ekki að styðja beint við þannig að greinin moði úr þar sem á þarf að halda.

Eins að þeir styrkir sem ég tel að samfélagið eigi að halda úti til að styðja við bakið á landsbyggðinni og landbúnaðinum, þá hljóti það að eiga að vera þannig að við eflum einkaframtak manna sjálfra, eflum einstaklingsframtak bændanna og fólksins sjálfs út um hinar dreifðu byggðir, í staðinn fyrir að njörva það einungis niður með þeim hætti sem hér þekkist og afleiðingarnar þær að sauðfjárræktin er að leggjast á hliðina, algjörlega. Fátækustu íbúar Íslands eru sauðfjárbændur með lítil bú, fyrir utan þá sem þurfa að draga fram lífið á bótum og ellilífeyri. Við þeirri alvarlegu stöðu hefur aldrei verið brugðist. Síðan er þróunin hinum megin sú hvað varðar mjólkurframleiðsluna að þar er framleiðslan að þjappast á örfá stór verksmiðjubú, sem getur vel verið að sé að sumu leyti viðunandi eða ágæt þróun að búin stækki og þeim fækki og framleiðslan verði hagkvæmari o.s.frv.

Menn hljóta einnig að bera þá skyldu gagnvart landsbyggðinni, bændunum og landbúnaðinum að um þá skipan mála sé tekin heildstæð pólitísk umræða og það rætt hér og reifað hvernig best sé að styðja við greinina. Ég er sannfærður um að við eigum með ýmsum hætti að styðja beint og óbeint við landbúnaðinn og landsbyggðina. Ég hefði viljað sjá hæstv. landbúnaðarráðherra, sem er mikill áhugamaður um uppgang og framgang landbúnaðarins almennt, taka einhver skref í þá átt í staðinn fyrir að viðhalda gömlu og að mörgu leyti handónýtu og úreltu kerfi hvað varðar stuðning við landbúnaðinn.

Við þurfum að styðja með öðrum hætti við þetta þannig að stutt sé við bakið á ungum bændum sem vilja hasla sér völl án þess að þurfa að taka tugmilljóna eða hundruð millj. kr. lán í bankastofnunum til að kaupa t.d. mjólkurkvóta á himinháu verði. Menn hljóta að spyrja sig spurninga um þróun mála þar, hvenær nóg sé komið og hvenær verð á mjólkurkvóta er orðið óeðlilega hátt, enda er kvótinn orðinn stærstur hluti af verðgildi bújarða þar sem mjólkurkvóti er til staðar.

Við hljótum því að setja ýmis spurningarmerki við stöðu landbúnaðarmála, þó margt sé þar að sjálfsögðu ágætlega gert og mikill hugur í bændum og mikill uppgangur víða í sveitum. Við ræddum fyrr í haust um ferðamál, ferðaþjónustuna, menningartengda ferðaþjónustu og hvernig margir bændur hafa haslað sér völl þar og náð frábærum árangri við erfiðar aðstæður hvað varðar ferðamál, bændagistingu og uppbyggingu á alls konar ferðatengdri þjónustu. Þar hafa menn unnið mikið og gott starf án þess að stjórnvöld hafi liðkað neitt sérstaklega til fyrir þeim, enda auðvelt að halda því fram að hin eiginlega landbúnaðarpólitík sé stöðnuð og stopp nokkra áratugi aftur í tímann. Það hefur í raun lítið gerst af hálfu stjórnarflokkanna, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, annað en að standa vörð um úrelt kerfi sem svarar með engum hætti kalli tímans, endurspeglar ekki með neinum hætti það ástand sem þarf að vera, þá þróun sem þarf að eiga sér stað, þannig að stutt sé almennt við þá sem vilja hasla sér völl í hinum dreifðu byggðum með byggðatengdum hætti en síður framleiðslutengdum, alla vega ekki eingöngu.

Um þetta vantar allan pólitískan stefnuramma af hálfu stjórnvalda. Ótrúlegt í rauninni að gera sér það í hugarlund að hæstv. landbúnaðarráðherra — segjum sem svo að Framsóknarflokkurinn gjaldi afhroð í næstu kosningum eins og flest bendir nú til að gerist nema eitthvað mikið breytist, — ætli að fara frá án þess að hafa reist sér þann minnisvarða að hafa endurnýjað sáttina um stuðninginn við landsbyggðina og búnaðarframleiðsluna og endurnýja með einhverjum hætti og fært til nútímans þann stuðning, þannig að um megi ríkja víðtæk sátt í samfélaginu, inn í tímann og um framtíð.

Þetta vona ég að hæstv. ráðherra skýri hér í dag og á næstu vikum og missirum, enda mörg mál sem tengjast landbúnaðinum til umræðu í dag, útflutningur hrossa og fleiri mál sem mörg hver eru alveg hreint ágæt og prýðileg, en beina að sjálfsögðu sjónum okkar að því hvernig staðan í greininni er raunverulega.

Eins og ég sagði áðan er hún að mörgu leyti alvarleg, að mörgu leyti góð, en þeir sem kannski hafa einmitt reitt sig hvað mest á stuðninginn, sem eru t.d. sauðfjárbændur, eru að fara mjög illa út úr því. Staðan þar er mjög alvarleg og þeir bera ekki mikið úr býtum.

Eins hljótum við að spyrja spurninga af hverju menn ganga ekki lengra í að styðja við grænu stóriðjuna, garðyrkjuna, með frekari niðurgreiðslu á rafmagni til greinarinnar eins og margoft hefur verið bent á að sé mjög hagkvæmt, enda um að ræða hollustugrein, gjaldeyrissparandi hollustugrein þegar kemur að grænu stóriðjunni, ylræktinni og grænmetisframleiðslunni. Mér er algjörlega hulin ráðgáta af hverju stjórnvöld hafa ekki gengið lengra og rösklegar fram í því að styðja við bakið á grænmetisiðnaðinum um leið og við erum að niðurgreiða stórkostlega rafmagn til erlendrar stóriðjuframleiðslu, þá hafa menn ekki gengið nærri því nógu langt í þessu efni.

Staðan í landbúnaðarmálum er efni í sjálfu sér í margra daga umræður á hinu háa Alþingi og seint sem þau mál verða rædd eða brotin að fullu til mergjar. Það hefur gengið á ýmsu í greininni á síðustu árum. Við sáum þær hremmingar sem hvítakjötsræktendur lentu í þegar bankastríðið stóð sem hæst í þeim málum öllum og hve margir fóru mjög illa út úr því, þó svo að jafnvægi sé að komast á aftur núna. Fyrir okkur sem erum áhugamenn og höfum pólitísk-

an vilja til að styðja myndarlega við landbúnaðinn og hinar dreifðu byggðir til að Ísland allt haldist í byggð, þá verður að gera það með sanngjörnum og eðlilegum hætti þannig að sem flestir hafi aðgang að og það styðji við bakið á ungu og kraftmiklu fólki sem vill hasla sér völl í hinum dreifðu byggðum og um það sé sátt í samfélaginu, að stuðningurinn sé til staðar og stuðningurinn sé með þeim hætti sem um ræðir.

Mjög mikilvægt er að viðhalda sátt um stuðninginn við dreifbýlið en óhætt er að fullyrða að hún sé ekki til staðar í dag, þó svo að þess gæti ekki oft á hinum pólitíska vettvangi, þá kraumar undir niðri og þarf ekki að hlusta grannt eða lengi til að skynja að það er ólga og ekki langt í að neikvæð og harkaleg umræða geti brotist út um stuðninginn við landbúnaðinn. Þess vegna á hæstv. ráðherra og stjórnvöld að sjálfsögðu að hafa forgöngu um að endurnýja samfélagssáttina um nútímalegan stuðning við landbúnaðinn og dreifbýlið sem er sanngjörn og réttlát og geri það gagn sem ætlast er til af henni að hún geri. Ég treysti hæstv. ráðherra ágætlega til þess. Þegar hann settist á ráðherrastól fyrir nokkrum missirum var ég sannfærður um að þarna væri kominn maður sem vildi láta verkin tala og ganga þannig fram að landbúnaðurinn og dreifbýlið nyti þess um langa framtíð. Það getur vel verið að hann hafi fullan vilja til þess og aðgerðir en ég vona að hann noti þetta tækifæri hér í dag til að kynna fyrir okkur hvernig hann vilji sjá þessum málum fyrir komið í framtíðinni. Það er mjög mikilvægt.

Það er að mörgu leyti mjög róttæk og ánægjuleg þróun að eiga sér stað í landbúnaðinum. Mikill uppgangur er t.d. að mörgu leyti í hrossarækt, í ferðaþjónustu og mörgum öðrum greinum, en það þarf að styðja enn þá frekar við bakið á því þannig að það sé auðvelt fyrir ungt og kraftmikið fólk að hasla sér völl.

Það var athyglisverð þróun hér fyrr í vetur þegar Mjólka var stofnuð og þeir tóku sig til og fóru að framleiða fyrir utan hið hefðbundna kerfi og verður fróðlegt að sjá hvernig rekstrargrundvöllurinn verður fyrir þeirri framleiðslu. Vonandi að sjálfsögðu verður hann til staðar og vonandi mun það ganga vel.

Hæstv. ráðherra hlýtur að ætla að skýra þessi mál fyrir okkur í umræðunni í dag og á næstu vikum og missirum, hvernig á að standa að stuðningi um langa framtíð við sveitirnar, dreifbýlið og landbúnaðinn og hvernig hann ætlar að endurnýja samfélagssáttina um þessi mál, af því þar erum við að sjálfsögðu bandamenn í því að styðja á við bakið á greininni, en það þarf að finna þeim stuðningi farveg sem sátt er um og sem mest gagn hljótist af.

[11:40]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ja, nú var eins og Ragnar Reykás væri kominn hér í þingsali. Það var eiginlega með ólíkindum að hlusta á ræðu hv. þingmanns þar sem hann talaði úr og í, annaðhvort var allt í kaldakoli eða allt í himnalagi. Ég vil bara ráðleggja hv. þingmanni ... (**BjörgvS:** Vertu ekki að leggja mér eitthvað til sem ég ekki sagði.) Ég hlustaði á þig, þú sagðir að allt væri í kaldakoli og þetta væri alveg gjörlélegt kerfi og í annan stað var talað um að hér væri bara bullandi uppgangur.

Ef hv. þingmaður hefði mætt á fundi hjá Bændasamtökum Íslands núna í vor, bæði hjá Landssambandi kúabænda og sauðfjárbændum, þá hefði hann orðið var við það að töluverð mikil nýliðun er meðal íslenskra bænda í dag og þar ríkir mikil bjartsýni, því að sannast sagna gengur bara mjög vel víðast hvar í sveitum landsins. Ég hef ekki heyrt annað en að mjög víðtæk sátt væri í samfélaginu að styðja við íslenskan landbúnað, nema kannski einhverjar raddir hjá Samfylkingunni sem vilja það ekki, en segja má að þar séu þó margir sem betur fer líka sem vilja íslenskum landbúnaði allt gott.

Hvað varðar nýjan búvörusamning í mjólk ráðlegg ég hv. þingmanni að heimsækja bændurna í sínu nágrenni og spyrja þá hvort þeir séu ekki ánægðir með nýjan samning, því betri samningur hefur ekki verið gerður við íslenska bændur svo lengi sem maður man eftir. Núna er í farveginum samningur við sauðfjárbændur. Verið er að stíga skref í þá átt að semja við WTO. Allt er verið að gera til að bændur geti náð vopnum sínum til þess að vinna með þegar það kerfi þarf að taka yfir. Verið er að vinna að því og beingreiðslurnar eru mjög gegnsæjar og gegnsæjastur stuðningur sem til er.

[11:43]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var undarleg athugasemd þar sem ég gat ekki heyrt annað en hv. þingmaður væri með þessum orðum sínum að blessa þá stöðu sem uppi er t.d. í málefnum sauðfjárbænda. Grafalvarleg staða. Mjög vond staða. Hvort þingmaðurinn var með þeim orðum sínum og útúrsnúningum að verja það vonda fyrirkomulag og það slæma ástand sem uppi er hjá mörgum sauðfjárbændum, hv. þingmaður hlýtur að skýra það fyrir okkur hér á eftir. Er hv. þingmaður einnig að segja að styrkjakerfið eins og það er núna sé svo gott að ekki eigi að skoða að taka upp byggðatengdan stuðning við aðrar greinar eða þannig að menn hafi jafnvel sjálfval um í hvaða greinar þeir noti hann til að byggja upp atvinnu sína?

Það var alveg með ólíkindum að heyra hjá hv. þingmanni að allt væri í slíku himnalagi að það mætti bara ekki ræða málin á gagnrýnan hátt, sem er fráleitt, þó að margt sé mjög vel gert, eins og ég margsagði hérna áðan, og sérstaklega þar sem bændurnir eru ekki með neinum hætti undir oki framsóknaríhaldsins. En menn hljóta að skoða það hvernig styðja megi betur við bakið á dreifbýlinu og öðruvísi ef þess er kostur, ef svo vill horfa. Var hv. þingmaður virkilega að blessa þá stöðu sem uppi er t.d. í sauðfjárræktinni? Sem er hörmuleg á köflum og margir þeirra lepja dauðann úr skel, eiga mjög erfitt. Ég trúi því ekki að með þessari himnaríkisathugasemd sinni hafi þingmaðurinn verið að blessa það ástand sem þeir bændur búa við.

[11:44]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði einmitt áðan að nú væru sauðfjárbændur að vinna að nýjum búvörusamningi við ríkið. Auðvitað vitum við að það eru ekki allir sem hafa það gott en flestir hafa það ágætt. Staða sauðfjárbænda er mjög misjöfn. Sem betur fer hafa flestir sauðfjárbændur sem eru með

fátt fé vinnu við annað. Staðan er því misjöfn eftir því á hvern er litið.

Þar sem ég var að ræða um mjólkurframleiðendur þá er staða þeirra góð. Þar hefur orðið töluverð nýliðun, en ég tek undir að auðvitað er það áhyggjuefni ef kvótaverðið er allt of hátt, ég get hjartanlega tekið undir það. Það er gríðarlega mikil nýliðun. Það er mikil uppbygging og þessi þróun hefur verið til góðs. Menn eru að stækka bú sín og þau eru þá lífvænlegri á eftir. Ég er alveg viss um að hv. þingmaður er mér sammála um það. Þegar hann lítur á þessi myndarlegu kúabú í kjördæmi okkar á Suðurlandi getur hann örugglega ekki annað en glaðst.

Gerður var í fyrsta skipti samningur við grænmetisbændur, gengið hefur verið til samninga við þá um lækkun á raforkuverðinu, en eins og fram kom hér í vetur greiða þeir mjög hátt raforkuverð. Síðan er mjög margt gott að gerast, t.d. hafa bara breytingarnar sem gerðar voru á jarða- og ábúðarlögunum í fyrra orðið til þess að mjög margir eru að kaupa jarðir, setjast að úti í sveit og vinna við eitthvað annað en borga sína skatta og skyldur til samfélagsins. Ég tel að sú þróun sé mjög góð og það er mikið fagnaðarefni að fá nýtt blóð í sveitirnar sem kemur í staðinn fyrir og meðfram hefðbundinni framleiðslu.

[11:47]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að fá nýtt blóð í sveitirnar sem byggir upp nýjar atvinnugreinar eins og til að mynda í kringum ferðaþjónustuna almennt þar sem mikill uppgangur er víða um land og einmitt rétt að skoða hvernig hægt er að standa myndarlega við bakið á því starfi.

Af því að hv. þingmaður dvaldi við mjólkurkvótaverð og þróun sem á sér stað þar þá er hún að mörgu leyti ágæt eins og ég sagði í ræðu minni áðan. Það var sjálfsögð og eðlileg þróun að búin stækkuðu og yrðu hagkvæmari en menn hljóta að taka eftir því, sérstaklega út af orðum hæstv. landbúnaðarráðherra sem er leiðtogi ríkisstjórnarflokkanna í landbúnaðarmálum, að hann vill ekki sjá þróunina með þeim hætti, heldur er framtíðarsýn hans að hér séu lítil eða meðalstór fjölskyldubú. Orð í þá veru hafa a.m.k. tvisvar ratað í fréttirnar, höfð eftir hæstv. landbúnaðarráðherra, en hv. þm. Drífa Hjartardóttir varði þessa þróun af nokkrum þrótti og á henni var að heyra að hún taldi hana nánast einungis til góðs og eins og ég sagði er hún að mörgu leyti ágæt og nauðsynleg. Menn hljóta samt að spyrja hvað eigi að ganga langt og hvenær er verð á mjólkurkvóta orðið of hátt, óeðlilega hátt.

Nú eru menn að skuldsetja sig jafnvel áratugi fram tímann til að greiða niður kvótakaupin, þannig að ábatinn af þeim skilar sér ákaflega seint. Bændur, kúabændur sem hafa verið að stækka við sig, byggja upp ný fjós og kaupa meiri kvóta, eru verulega skuldsettir. Það má því lítið út af bregða í greininni þannig að þeir lendi ekki í hremmingum.

Vegna þessarar þróunar, út af vanda og erfiðleikum sauðfjárbænda, út af öllum sprotagreinunum annars staðar úti á landi er kallað eftir framtíðarsýn stjórnvalda í skipan landbúnaðarmála og hvernig viðhalda eigi sáttinni um stuðninginn og hvernig koma eigi þeim stuðningi til greinanna þannig að fleiri njóti og á almennari hátt en nú er.

[11:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Maður má ekki verða reiður eða láta það fara í taugarnar á sér þó að ungur þingmaður tali hér eins og henti hv. þingmann. Maður finnur þó í öðru hverju orði mikinn velvilja til landbúnaðarins og sveitanna og fyrir það vil ég þakka og fagna. Ég minni hv. þingmann á á hvaða rót hann stendur, hann er í Samfylkingunni. Samfylkingin er byggð á Alþýðuflokknum gamla sem hafði það að pólitískri atvinnu að berja bændur undir belti og valda þeim miklum skaða í almenningsáliti í gegnum áratugi. Ég ætla ekki að rifja upp þá sorgarsögu heldur fagna hverjum liðsmanni og það er hv. þingmaður vissulega.

Ég minni hann á að ef hann fer um Suðurland þá sér hann nýja búgarða. Þau eru fleiri hundruð, ný lögbýli sem ég hef skrifað undir. Fólk er að flytja út á land, út af hrossum, trjám, ferðaþjónustu, í sveitina til að lifa þar í menningunni. Glæsileg þróun sem kemur á móts við fækkun og stækkun búa. Kúabúin eru ekki orðin stór á Íslandi að meðaltali, um 130 þúsund lítra bú. Hefði hv. þingmaður farið á landsfund sauðfjárbænda hefði hann fundið þar mikla bjartsýni. Sauðfjárbændur eru að meðaltali tekjulágir en þeir lifa á mörgu öðru, auðlindum, eru með kýr, eru með ferðaþjónustu og gera hitt og þetta annað. Sauðfjárræktin er í mikilli þróun. Þeir þökkuðu núna virkilega fyrir þann búvörusamning sem þeir fengu á sínum tíma og telja hann sitt tæki til þróunar. Lambakjötsneyslan hefur aukist verulega. Mér sýnist landbúnaðurinn vera í mikilli þróun þó að það sé auðvitað hárrétt að þar eru að verða breytingar.

Mér finnst oft að samfylkingarmenn vilji greiða mönnum svona hóla og hæðir, og jafnvel vinstri grænir einnig, fyrir að gera ekki neitt. Þess vegna er mikilvægt að taka ekki stuðninginn frá þeim sem eru að vinna og framleiða mat, en hins vegar liggur það fyrir, hv. þingmaður, og að því er verið að vinna í alþjóðasamningum, WTO-samningunum, að á þessu kerfi öllu verða breytingar. Á öllu þessu kerfi hafa orðið miklar breytingar í minni tíð og mikill stuðningur komið (Forseti hringir.) við nýjar búgreinar og mun ég fara yfir það í seinni ræðu minni.

[11:51]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að ég held að það sé heilmikill velvilji til sveitanna og dreifbýlisins, t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Um það er ég ekki í neinum vafa. Þann velvilja hljótum við að vilja virkja til þess að vel sé staðið við bakið á þeim greinum sem blómstra eða geta blómstrað úti á landi.

Hvað varðar almenningsálitið til bænda þá held ég að enginn einn stjórnmálaflokkur hafi valdið því meiri skaða en Framsóknarflokkurinn í gegnum tíðina. Framganga hans í landbúnaðarmálum hefur oft og tíðum verið með þeim ólíkindum að margir hafa fyllst efa og tortryggni í garð réttmætis þess að standa með þeim hætti að landbúnaði sem hér er gert.

Ég tek fram að ég styð það að það eigum við að gera. Þess vegna kallaði ég eftir því að hæstv. ráðherra skýrði

framtíðarsýn sína, því eins og ég sagði situr það svo í mér þegar hann galt mikinn varhug við þeirri þróun sem var eiga sér stað, a.m.k. að einhverju leyti hvað varðar samþjöppun mjólkurbúa og stærð þeirra. Hann nefndi til að mynda einhvern tíma þann möguleika að binda beingreiðslurnar við tiltekinn lítrafjölda, 500 þús. lítra eða 400 þús. lítra. Ætli meðalbúið framleiði ekki 150–200 þús. lítra á ár? (**Landbrh.:** 130.) 130 þús. lítra, já. Þetta er að breytast, það eru að koma upp bú sem framleiða 400–500 þús. lítra. Sú framtíðarsýn sem ég vil einmitt heyra frá hæstv. ráðherra er þessi: Telur hann að hætta eigi að styðja mjólkurframleiðsluna þegar tilteknum lítrafjölda er náð í framleiðslu? Telur hann að ekki komi til greina, eins og mér heyrist hann tala áðan, að byggðatengja styrkina? Að sjálfsögðu ekki við það að liggja í bælinu og sofa, heldur að binda þá við tiltekin verkefni sem menn þurfa þá að sýna fram á að séu í gangi og tiltekna uppbyggingu á nýrri atvinnu.

[11:53]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jú, vissulega kemur til greina að byggðatengja styrki að einhverju leyti og breyta þeim í græna styrki úr framleiðsluhvetjandi styrkjum.

Til að menn sjái hvað hv. ræðumaður var á rangri leið þá gerði hann garðyrkjuna, grænu stoðirnar að máli. Ég var að rifja það upp og skoða að þegar ég byrjaði sem landbúnaðarráðherra voru eilífar deilur um grænmetisverð. Ég sat fleiri, fleiri Kastljóssþætti og reifst við menn um það. Síðan mörkuðum við stefnu og gerðum langtímasamning til 2011 við þessa stoð sem er nú í örri þróun. Í vetur var enn aukið til raforkuniðurgreiðslu vegna greinarinnar. Hún er í örri þróun í nánd við íbúðarhús hv. þingmanns og um allt Suðurland. Ég finn ekki annað en að friður sé um þennan atvinnuveg.

Hv. þingmaður sá ástæðu til að minnast á hestinn. Það var enginn opinber stuðningur við hestamennskuna þegar ég byrjaði sem landbúnaðarráðherra. Það náðust samningar um að í það færu 40 milljónir á ári. Hv. þingmaður sagði að hestamenn hefðu hvergi komið þar nálægt en Landssamband hestamanna, Félag hrossabænda, Félag tamningamanna og Bændasamtökin skiptu öllu þessu fjármagni í átaksverkefni, stjórn úr þeirra röðum. Sama má segja um Hestamiðstöð Íslands í Skagafirði. Það fór í átaksverkefni hestamennskunni til góða og greinin stjórnaði því eða sú stjórn sem þar var með sveitarfélaginu.

Svo vill hann gera lítið úr umboðsmanni hestsins, sem er samstarfsverkefni með Flugleiðum og KB-banka sem dregur hingað ferðamenn og viðskipti til landsins. Þessi umboðsmaður hefur starfað með Félagi hrossabænda, Félagi tamningamanna, komið að markaðssetningu erlendis og innan lands. Hann er auðvitað eins og stjórnmálamenn umdeildur og ber að vera það. Sitt sýnist hverjum í lífinu. Ég er klár á því að embættið hefur skilað heilmiklu og er að vinna að stórum verkefnum sem verður greininni til framdráttar. Nú er ég að vinna úr þeim stuðningi sem kom á fjárlögum, 25 milljónir. Það verður auðvitað greinin, atvinnugreinin, (Forseti hringir.) áhugamennirnir og aðrir sem koma að því og vinna að því með mér. Þannig að þetta var útúrsnúningur hjá hv. þingmanni.

[11:56]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. landbúnaðarráðherra lýsir því svo afdráttarlaust yfir að hann telji það vel koma til greina að byggðatengja frekar stuðninginn við landbúnaðinn en nú er gert (Gripið fram í.) og það sé hans pólitíski vilji að þau skref verði stigin.

Opinber stuðningur við hrossarækt upp á 40 millj. kr. er ákaflega lítill stuðningur en auðvitað á að þakka það sem gert er. Ég veit að hæstv. ráðherra hefur beitt sér fyrir því að stuðningur við hrossaræktina verði aukinn, enda er hann aðdáandi og njótandi íslenska hestsins sjálfur persónulega, og þekkir þar vel til og er velviljaður í garð hrossaræktarinnar. En auðvitað þarf að koma til miklu meiri stuðningur við greinina, sérstaklega af því útflutningur á hrossum hefur átt í töluverðum erfiðleikum á liðnum árum, þar hefur gengið á ýmsu þó svo að það sé að nást ákveðið jafnvægi núna. Mjög mikill fjöldi hrossa er á erlendri grund. Feikilegur fjöldi íslenskra hesta er úti um alla Evrópu og töluvert í Norður-Ameríku. Við eigum að ganga lengra þar.

Ég ítreka að það gleður mig að heyra að hæstv. ráðherra ætlar að stíga frekari og stærri skref í því að byggðatengja styrkina. Við hljótum að kalla eftir að sú framtíðarsýn verði dregin upp í dag, um leið og hæstv. ráðherra hlýtur að taka af allan vafa um hvernig hann ætlar að vinna að eða þá hamla gegn þeirri þróun sem á sér stað núna í mjólkuriðnaðinum þar sem hann hefur ítrekað gefið til kynna að sú þróun hugnist honum ekki, hann vilji sjá lítil og meðalstór fjölskyldubú en ekki stór verksmiðjubú í ríkum mæli.

Ég hlakka mjög til, virðulegi forseti, að hlýða á ræðuhöld hæstv. ráðherra hér í dag og á næstu vikum um framtíðarsýn hans í skipan landbúnaðarmála.

[11:58]

Kjartan Ólafsson:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum.

Menn hafa farið út um víðan völl, út um skeiðvöll má segja, og hv. þm. Björgvin Sigurðsson fór á kostum, mér fannst hann fara upp af sprettinum en liggja ekki alveg. (Gripið fram í.) Það var ýmislegt sem hann kom inn á og allt annað en það frumvarp sem við ræðum hér, m.a. talaði hann um hestamennsku og má þá minna hv. landbúnaðarráðherra á að framlag ríkisins til hestamennsku er mun meira, vegna þess að það eru ýmsir sjóðir sem styðja við hestamennsku, eins og Framleiðnisjóður landbúnaðarins sem er búinn að leggja tugi milljóna í ákveðið verkefni sem er exemverkefni, en exem hefur háð útflutningi okkar á íslenskum hestum.

Ég ætla nú ekki að hafa fleiri orð um það, frú forseti, en snúa mér að því frumvarpi og nefndaráliti sem hér liggur fyrir varðandi gjald sem verið er að afnema, gjald sem lagt hefur verið á mjólkurframleiðendur. Eins og hér hefur komið fram þá er þetta 1,7% gjald og hefur verið lagt á framleiðendur innan hvers mjólkurbús eða mjólkursamlagssvæðis. Það hefur verið tengt svæðunum og lagt á alla, eins og fram kemur í nefndarálitinu. Það hefur verið lagt á alla þá er leggja inn mjólk þannig að þeir sem ekki hafa verið í sæðingunum hafa jafnframt greitt gjaldið. Ég tel að það hafi

verið ofureðlilegt á sínum tíma. Þá var um að ræða nýja starfsemi og eðlilegt að allir tækju þátt í kynbótastarfinu. Það hafa auðvitað allir notið þess, jafnvel þeir sem hafa verið með heimanaut og farið aðrar leiðir. Ég held að það hafi ekki verið ósanngjarnt þótt sumir hafi haldið því fram.

Mig langar fyrst og fremst að spyrja um tvennt. Þetta gjald hefur verið innheimt, upp á 1,7% og á það verið lagður innskattur. Bændur hafa því borgað 1,7% og svo innskatt ofan á, sem þeir hafa þá getað notað í bókhaldi sínu og haft útskatt á móti.

Nú er spurningin, þegar þetta kemur beint til bændanna í gegnum búnaðarsamning, hvort það er með innskatti eða er sú upphæð sem nefnd er í tengslum við þetta, þ.e. 80 millj. kr., sambærileg með eða án innskatts þannig að bændur standi í raun jafn vel á eftir. Það skiptir máli og þetta vita örugglega formaður landbúnaðarnefndar eða hæstv. landbúnaðarráðherra. Þetta er í raun hliðstætt nefskattinum sem við erum að setja á með frumvarpi til nýrra útvarpslaga. Þar er innskattur en á því verður breyting út af nefskattinum, sem svo er kallaður. Þetta er því mjög hliðstæð breyting.

Seinni spurning mín er: Hvernig verður þessum fjármunum skipt? Eins og ég sagði áðan eru þessi 1,7% innheimt á viðkomandi mjólkursölusvæðum eða mjólkurbússvæðum og nýtt á þeim svæðum þannig að þeir mjólkurframleiðendur sem leggja inn á Suðurlandi, hjá Mjólkurbúi Flóamanna, fá það til rekstrar á kynbótastarfi sínu, á Kynbótastöð Suðurlands í því tilfelli. Hið sama á við á Eyjafjarðarsvæðinu o.s.frv. Mig langar því til að spyrja: Hvernig á að skipta þessum fjármunum? Er ljóst, þegar við samþykkjum þetta, hvernig þessum 100 millj. kr. verður skipt? Verður þeim skipt eftir innleggi eða öðrum reglum? Ég held að það verði að vera á hreinu hvernig þessum fjármunum verði skipt milli viðkomandi svæða.

[12:03]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þetta er ekki mjög stórt mál að vöxtum sem hér er til umræðu, um að fella niður gjald sem tekið er í afurðastöðvunum. Ég veit ekki hvað menn hafa kallað þetta, ætli þeir hafi ekki kallað það sæðingargjald eða eitthvað slíkt? Mér þykir það mjög líklegt miðað við textann. Mér finnst eðlilegt að farin sé sú leið sem hér lagt til og gjaldið fellt niður, enda sé ég á nefndarálitinu að enginn í landbúnaðarnefnd leggst í sjálfu sér gegn því.

Menn hafa rætt nokkuð vítt og breitt um landbúnaðinn í tengslum við málið og ég ætlaði að koma í stuttu máli inn á viðhorf mín í þeim efnum. Ég tel mjög mikilvægt, eins og ég hef reyndar mjög oft sagt í þessum ræðustól, að við horfum til þess í framtíðinni að efla og viðhalda byggð í landinu. Þátt í því tel ég m.a. að breyta greiðslu styrkja í landbúnaði og taka upp það sem ég hef viljað nefna búsetuvæna styrki og byggðastyrki. Þannig yrði breytt því greiðslufyrirkomulagi sem verið hefur í landbúnaðinum, þ.e. hinum svokölluðu beingreiðslum. Vísir að þessu er þegar til staðar í samningnum við mjólkurbændur. Þar koma til svokallaðar gripagreiðslur og grænar greiðslur í framtíðinni. Ég tel að það væri í rétta átt.

Hér hefur verið rætt um sauðfjársamninginn. Þar held ég að við þurfum einnig að horfa til þessara hluta. Ég tel mikilvægt að við reynum á einhvern hátt að útbúa styrki sem tengjast meira búsetu á jörðum í sveitum, tryggja jarðnýtinguna og viðhalda byggðamunstrinu. Eins og ég hef oft sagt held ég að það séu mikil verðmæti í því fólgin fyrir framtíð íslensku þjóðarinnar að byggðin í sveitunum haldi velli og geti þróast. Ég tel að hluti af breytingu á stuðningi við búsetu í sveitum, með því að fara í slíkar útfærslur, sé hluti af þeirri þróun sem þarf að eiga sér stað og efli í raun nýsköpun í sveitum landsins, stuðli að því að fólk hafi frjálsari hendur og meiri möguleika til að finna sér ný og önnur atvinnutækifæri eða atvinnutækifæri til viðbótar við þá hefðbundnu framleiðslu sem við höfum styrkt á undanförnum árum.

Ég hvet til þess að menn hugi að því í framtíðinni að efla styrki sem snúa að viðhaldi byggðar og landnýtingu og þannig hafi bændur í raun nokkuð opnari heimildir til að fá ákveðna styrki til búsetunnar, án þess að þeir séu beinlínis bundnir við að framleiða ákveðið mörg kíló af lambakjöti eða ákveðið magn af mjólk. Þetta held ég að sé mjög æskilegt. Ég heyrði það á svörum hæstv. landbúnaðarráðherra áðan að hann tekur undir þessa hugsun, að þetta þurfi að gera, m.a. með hliðsjón af alþjóðasamningum. Í þeim samningum eru menn stöðugt að vinna og menn telja að þar muni slíkar áherslur koma inn í auknum mæli. Við komumst ekki hjá því að taka mið af því.

Ég held hins vegar að það sé mjög nauðsynlegt fyrir okkur að ákveða sjálf að láta þetta þróast á þennan veg, ákveða sjálf hvert við viljum stefna og efla þannig frumkvæði og möguleika fólks til að setjast að í sveitum landsins. Ég dreg mjög í efa að ofurverð á kvótum, t.d. á mjólkinni, stuðli að því að búsetan í sveitum landsins styrkist og eflist. Ég held að það sé ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af háu mjólkurkvótaverði. Hvernig bregðast menn þá við til að hafa einhver áhrif á að kvótaverðið fari ekki upp úr öllu valdi? Það mætti t.d. hafa áhrif á það með því að hæstv. ráðherra lýsti því yfir að til stæði af hans hálfu að takmarka með einhverjum hætti beingreiðslur inn á bú þegar menn eru komnir yfir það að framleiða ákveðið mikið. Hvað eigum við að segja, 300–500 þús. lítra? Ég veit ekki hvar menn eiga að draga þá línu. En mér finnst alveg sjálfgefið að einhvers staðar dragi menn línu.

Það getur ekki verið svo að við ætlum að safna beingreiðslunum inn á tiltölulega mjög fá stórbú því að ég held að þá verði aldrei friður um útfærsluna. Það verður aldrei friður um það ef menn segja: Við erum á fullri ferð í hagræðingu og ætlum að ná miklum hagnaði út úr búrekstrinum með því að stækka þau. Eru þá einhver rök lengur til þess að þjóðin styrki slíkan hagnaðarrekstur? Ég held að þessi spurning hljóti að koma upp og þeir sem eru í forustu í ríkisstjórninni fyrir landbúnaðarmálum, hæstv. landbúnaðarráðherra og hv. þm. Drífa Hjartardóttir, hljóti að velta fyrir sér hvert við stefnum með þessu lagi og hvort æskilegt sé að í það stefni að til verði kúabú sem fari jafnvel að framleiða hálfa milljón lítra á ári. Eiga þau að hafa beinan aðgang að styrkjum út á það? Einhvers staðar munum við draga þessa línu, hæstv. ráðherra. Nákvæmlega hvar hún er veit ég ekki en það getur ekki verið svo að menn geti endalaust fengið ávísun úr ríkissjóði, hversu stór og öflug sem bú þeirra verða.

Þetta vildi ég sagt hafa um það sem við þurfum að skoða í landbúnaðinum og þróun hans til framtíðar. Við þurfum einnig að sjá til þess að hluti af styrkjum í landbúnaði verði til þess að styrkja búsetu í sveitum almennt, ekki eingöngu að fækka búum heldur einnig að fólk finni hjá sér hvöt til þess að finna möguleika til annarrar tekjuöflunar en að hluta tengist það jarðnýtingu og búsetu fólks í dreifðum byggðum landsins.

[12:11]

Jón Bjarnason:

Virðulegi frú forseti. Umræðan sem hér fer fram er sprottin af kerfisbreytingu sem verið er að gera á einum af félagslegu þáttunum í uppbyggingu kynbótastarfs í nautgriparækt. Sú uppbygging á að verða hluti af samningum milli ríkisins og mjólkurframleiðenda og það hefur leitt af sér umræðu um stöðu og horfur í landbúnaði almennt.

Hæstv. landbúnaðarráðherra lýsti þeirri lífsskoðun að það ættu að vera fjölskyldubú sem byggðu upp grunnatvinnuvegina, í mjólkurframleiðslu, sauðfjárrækt og öðrum aðallandbúnaðargreinunum. Hann taldi að í því fælist framleiðsluöryggi og gæðavottun vörunnar sjálfrar og einnig orðspor hennar og ímynd út á við. Þessu er ég sammála, hæstv. ráðherra.

Hann nefndi að þessi ímynd væri mikilvæg nú þegar við sækjum á erlenda markaði með dilkakjöt og jafnvel líka að menn geti vonandi sótt á erlenda markaði með sérhæfðar mjólkurvörur á grundvelli sértækra gæða íslensku mjólkurinnar. Ég held einmitt að í þessu séu sóknarfærin sem við höfum verið að undirbyggja.

Þá hefur spunnist í umræðuna breyting sem er í undirbúningi á opinberum stuðningi eða grunnstuðningi við landbúnað í ýmsum löndum á grundvelli alþjóðlegra samninga sem nú standa yfir. Ég held að við eigum sem allar fyrst að skoða hvaða áhrif þær hafa á framleiðslu í okkar landbúnaði. Þeir samningar sem hafa verið gerðir við bændur hafa nánast alfarið byggt á magnþátttöku, þ.e. að greitt sé fyrir hverja framleidda einingu. Sá stuðningur er að sjálfsögðu ekki bara til framleiðenda heldur skilar hann sér líka í lækkuðu verði til neytenda þannig að þar er á ferðinni samfélagssáttmáli. Við viljum hafa öflugan og góðan íslenskan landbúnað. Við viljum líka að þær landbúnaðarvörur séu á hóflegu verði til neytenda og með þátttöku ríkisins tryggjum við hvort tveggja. Þetta gera flestöll lönd, ég tala nú ekki um nágrannalönd okkar þar sem jafnvel er gengið enn lengra heldur en við gerum hér.

Í skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið á viðhorfum almennings til þess að viss samfélagsleg ábyrgð sé á landbúnaði hefur sýnt að menn vilja hafa hana. Þetta varðar okkur öll. Það varðar alla íbúa landsins hvernig landbúnað við stundum hér á landi. Við viljum búa við matvælaöryggi og gæði, við viljum halda landinu í byggð og hafa búskapinn umhverfisvænan og sjálfbæran. Ég held að þetta sé sú grunnhugsun sem flestir ganga út frá.

Ég leyfi mér að velta þessu upp og spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra, úr því að hann sjálfur opnaði þá umræðu, hvað er að gerast hjá okkur. Ég man ekki hvort það var hæstv. ráðherra, hv. þm. Kjartan Ólafsson eða hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson, sem minntist á kvótaverðið, þetta háa verð á mjólkurkvótanum. Það er eftir því sem mér hefur skilist af nýjustu fregnum komið yfir 400 kr. á lítrann, 420–430 kr. var mér sagt að lítrinn kostaði núna, sem bændur sem vilja ná í framleiðslurétt verða að greiða. Horfum til þess sem bændur fá fyrir lítrann greiddan frá afurðastöð. Hæstv. ráðherra man þetta ábyggilega miklu betur en ég, en eru það ekki milli 80 og 90 kr. eða þess háttar? Er það ekki eitthvað nálægt því? (**Landbrh.:** Nokkurn veginn.) Hæstv. ráðherra (Gripið fram í.) liðlega 80 kr. sem þeir eru að fá fyrir lítrann. Hver er samsetningin í því verði? Hver er beingreiðslan og hvað er það sem afurðastöðin greiðir? Er það ekki hlutfallið 60 á móti 40 eða eitthvað þess háttar? Hæstv. ráðherra veit þetta eðlilega miklu betur.

Hverjir standa þá undir þessu háa kvótaverði, þessum 420–430 kr. á lítrann af mjólk? Hver er að greiða það? Hvernig ætlar bóndinn að ná inn þeim fjármagnskostnaði sem greiða verður í þeim kaupum? Hann verður að greiða af þessum 420–430 kr. á lítra og það er engin smávegis fjárfesting fyrir rekstrargrunninn. Ég vildi inna hæstv. ráðherra eftir því hvernig hann meti samkeppnisstöðu íslenskrar mjólkurframleiðslu sem verður að greiða fjármagnskostnað af svo háu kvótaverði. Hver stendur straum af þessum kostnaði? Hver greiðir fjármagnskostnaðinn af þessu háa kvótaverði í mjólk? Það getur aldrei verið neinn nema neytandinn. Bóndinn getur yfir takmarkaðan tíma slegið lán og fjármagnað sig á lánum en þegar til kastanna kemur er það neytandinn sem borgar þetta háa kvótaverð. Það er ekki hægt að reka það öðruvísi. Hver er þá samkeppnisstaða íslenskrar mjólkurframleiðslu með þessu áframhaldi?

Frú forseti. Mér finnst að landbúnaðarráðherra hafi ekki tekið á málunum að þessu leyti. Ég trúi því ekki að það hafi verið ætlun hans að við flytum áfram sofandi að þeim feigðarósi sem þetta kerfi hlýtur að bjóða upp á. Hefur ekki kvótaverð á mjólk hækkað um 100 kr. á lítrann eða meira á innan við ári? Það verður stöðugt erfiðara fyrir nýja bændur að kaupa framleiðslurétt. Það er hægt að slá lán en fjármagnskostnaðinn og afskriftirnar af þessum kvóta verður að borga. Hvert er kvótaverðið í Evrópu, í samkeppnislöndum okkar sem við erum að reyna að styrkja framleiðslu okkar til að vera samkeppnisfær við?

Frú forseti. Þetta er grundvallaratriði gagnvart í þeirri sátt, þeim samningi, sem ríkið, þjóðin, hefur gert með bændum um mjólkurframleiðsluna. Ég tel að þeir samningar sem þjóðin er sátt við að gera við bændur byggi á því að uppi verði haldið ákveðnu búskaparmunstri, byggt á fjölskyldubúum, því að landið sé í byggð og að hér sé framleidd góð og örugg vara.

Það sem gerst hefur upp á síðkastið er að einstakir stórir aðilar eru farnir að safna upp framleiðslurétti án þess að þeir nýti hann endilega á búum sínum. Þeir eiga orðið fleiri bú og safna framleiðslurétti, safna beingreiðslum, ríkisgreiðslum. Viðkomandi jarðir geta fallið úr ábúð og búskap þar hætt því að það er ekkert sem bannar, eftir að búið er að kaupa framleiðsluréttinn, að flytja hann á milli jarða. Til viðbótar koma síðan kerfisbundin uppkaup einstakra fjársterkra aðila á jörðum. Það er ekki verið að kaupa upp jörð eða jarðarpart fyrir frístundabústað eða til að stunda aðra starfsemi en landbúnað. Hér hafa orðið raðuppkaup á jörð-

um. Þegar þetta gerist hvort tveggja samtímis, jafnvel með íhlutun sömu aðila, þá er þeirri sátt ógnað, þeim samningi sem gerður var við mjólkurframleiðendur, við bændur. Mér finnst hæstv. ráðherra gera lítið í að bregðast við því.

Ég minni á að ég hef flutt tillögur á Alþingi sem lúta að þessum málum en þær hafa enn ekki verið teknar til umræðu. Þar hef ég lagt til, frú forseti, að sett væru takmörk við því hvað sami lögaðili geti verið handhafi mikils réttar til beingreiðslna. Ég held að það verði að setja þar einhver takmörk, eins og hæstv. ráðherraýjaði reyndar sjálfur að. Það verður engin sátt um það ef stór hluti mjólkurframleiðslunnar fer á örfárra manna hendur. Við höfum séð hið sama gerast í svínaræktinni, þar sem svínakjötsframleiðslan var nánast komin á örfárra manna hendur. Öryggi neytenda og öryggi í framleiðslunni var orðið sáralítið og ef eitthvað kom fyrir í búrekstrinum og búin fóru á hausinn, ef kom upp sjúkdómur, þá var ekki hægt að afgreiða nægilegt magn framleiðslunnar á markaðinn. Út frá öryggissjónarmiðum og út frá búsetu- og framleiðslusjónarmiðum er þetta að mínu viti mjög hættuleg þróun. Ég hef lagt fram tillögu um að menn finni hámark þeirra beingreiðslna sem einn og sami lögaðili geti verið handhafi að þannig að ríkið fari ekki að senda beingreiðslur á örfáa bændur í landinu í mjólkurframleiðslu, með tilheyrandi óöryggi og áhættu í framleiðslunni.

Ég vil einmitt vitna til þess að búnaðarþing ályktaði nýverið og einnig í fyrra um þetta mál. Ég vildi nefna það, úr því að við erum komin út í þessa umræðu, að hjá Búnaðarsambandi Skagfirðinga var haldinn bændafundur á Svaðastöðum 21. janúar 2004. Sá fundur beindi, með leyfi forseta, eftirfarandi til búnaðarþings og búgreinafélaga, þar segir:

„Nú liggur fyrir að gera og/eða endurskoða samninga um rekstrarumhverfi fyrir nautgriparækt, sauðfjárrækt og loðdýrarækt. Í þeirri samningagerð telur fundurinn að megin markmið eigi að vera:

1. Að það fjármagn sem ríkið leggur fram verði notað til að viðhalda og efla byggð í sveitum landsins.

2. Stuðla að því að fjármagnið renni til framleiðslunnar á hverjum tíma og verði raunverulegar tekjur fyrir starfandi bændur."

Í ályktun frá nýafstöðnu búnaðarþingi í mars 2005 var síðan áréttað enn skarpar að: „... sett verði hámarkshlutdeild einstaka framleiðslueininga innan hverrar framleiðslugreinar, byggt á öryggis- og umhverfissjónarmiðum fyrir neytendur og framleiðendur."

Bændasamtökin hafa ítrekað lagt áherslu á að í þessa vinnu verði farið. Ég vil því spyrja hæstv. landbúnaðarráðherra: Hvað líður því að landbúnaðarráðuneytið bregðist við ósk Bændasamtakanna um að finna hvar takmörk á bústærð eða rétti eins lögaðila til beingreiðslna eigi að vera? Það verður að gerast, eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom inn á áðan. Það verður engin sátt um það haldi áfram sem nú horfir. Þá sátt sem verið hefur megum við alls ekki rjúfa enda hefur þjóðin mjög ákveðnar skoðanir á því hvernig landbúnað hún vill stunda.

Hið sama gildir líka um uppkaup á jörðum. Hv. þm. Drífa Hjartardóttir var að hæla sér af því er keyrðar voru í gegn breytingar á ábúðar- og jarðalögum síðasta vor, keyrðar mjög hratt í gegn. Vissulega voru sumir þættir í þeim til bóta og eðlilegir en aðrir voru ekki ígrundaðir. (**DrH:** Það var ekkert keyrt, þetta mál.) Hv. þingmaður er eðlisrösk, hv. þm. Drífa Hjartardóttir, og það skal ekkert af hv. þingmanni skafið en engu að síður var málið um ábúðar- og jarðalögin keyrt áfram allt of hratt og ekki ígrunduð sú staða sem við stöndum frammi fyrir varðandi breytta búskaparhætti.

(**Forseti** (JóhS)**:** Forseti vill geta þess að áform voru um að fresta fundi kl. 12.30. Þess vegna spyr forseti ræðumann hvort hann eigi langt í land með að ljúka ræðu sinni þannig að við mundum þá fresta henni til hálfþrjú.)

Það er helst, frú forseti, að ég hefði viljað fá svör frá hæstv. ráðherra, úr því að þessi atriði eru komin inn í umræðuna.

(**Forseti** (JóhS)**:** Ég geri ráð fyrir því að hæstv. landbúnaðarráðherra svari því þegar þar að kemur.)

Þá fresta ég bara ræðu minni, frú forseti.

[Fundarhlé. — 12:29]

[14:30]

Útbýting:

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 591. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1341.

Neytendastofa og talsmaður neytenda, 592. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1342.

Samkeppnislög, 590. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1340.

[14:31]

Jón Bjarnason (frh.)**:**

Frú forseti. Ég var kominn þar í máli mínu þegar gert var hlé að ég var að beina spurningum til hæstv. landbúnaðarráðherra, sem er rétt ókominn til fundar, þar sem hæstv. landbúnaðarráðherra hafði í umræðunni vakið máls á almennri stefnu í landbúnaðarmálum, sérstaklega hvað lýtur að búsetumunstri, eins og bústærð, uppkaupum á jörðum og þess háttar. Hæstv. ráðherra hafði hefðbundið talað fjálglega um fjölskyldubú og sjálfbæran búskap, um hollustu og góða vöru, en af því tilefni vildi ég einmitt inna hann eftir hvað stjórnvöld hygðust gera varðandi þau raðuppkaup sem nú eiga sér stað á jörðum vítt og breitt um landið þar sem sömu lögaðilar eru farnir að kaupa upp jarðir í mörgum landshlutum og eru jafnframt farnir að kaupa upp framleiðslurétt og beingreiðslurétt og safna þeim.

Eitt af markmiðunum með búvörusamningunum, samningum við mjólkurframleiðendur og sauðfjárbændur hefur verið að tryggja öryggi í framleiðslunni. Jafnframt hefur hið pólitíska markmið legið undir að líka væri verið að tryggja ákveðið búsetumunstur, dreifða búsetu og öfluga byggð um land allt. En fari sú þróun fram sem nú horfir að framleiðsluheimildirnar safnist á æ færri hendur og beingreiðslur ríkisins fari sömuleiðis á æ færri hendur er sú hætta á ferðum að það hrikti í þeim sáttmála og samkomulagi sem gert hefur verið á milli ríkisvaldsins annars vegar og bænda hins vegar. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra og

fylgja því eftir þegar hann kemur hvað ráðuneytið hyggist gera í þessum málum. Á að halda áfram með sama sofandahættinum og láta þetta gerast, tala í öðru orðinu um að vera talsmaður fjölskyldubúanna og gera svo hins vegar ekkert í því þó að þróunin sé að fara í þveröfuga átt?

Hið háa verð sem orðið er á mjólkurkvótanum svokallaða, komið yfir 400 kr., getur að mínu viti ekki gengið. Ef mjólkurframleiðslan og neytendur eiga að fara að borga þann fjármagnskostnað sem bundinn er t.d. í mjólkurkvótaverðinu verðum við á engan hátt samkeppnishæf við erlenda mjólkurframleiðslu. Fyrir bændur sem reka bú eða stofna nýtt bú og kaupa framleiðslukvóta í mjólk eru þetta óheyrilegar fjárfestingar og útgjöld sem ráðast verður í og kostnaðurinn af því getur ekki farið annað en á neytendur í lokin, auk þess sem framleiðslumunstur og samningar á milli ríkis og mjólkurframleiðenda hljóta fyrr eða síðar að fara í uppnám ef þetta heldur áfram. Ég legg áherslu á að ráðherra svari því við umræðuna hvernig hann hyggst bregðast við. Eða á bara ekkert að gera?

Ég hef flutt tvö frumvörp til laga sem liggja fyrir þinginu sem lúta að þessum atriðum, annars vegar frumvarp sem takmarkar að sami aðili geti átt nema einhvern ákveðinn hluta af heildargreiðslumarki í beingreiðslum í landbúnaðarvörum og hins vegar frumvarp sem takmarkar rétt einstaklinga eða lögaðila til að stunda raðuppkaup á jörðum og gerir það jafnframt að skyldu að til þess að mega kaupa jarðir verði að vera skilgreind not og þá landbúnaðarnot. Slík lög eru t.d. í nágrannalandi okkar, Danmörku, slík lög eru líka í Noregi og það er fyllilega ástæða til að við hugum að þessu líka. Ég spyr því hæstv. ráðherra og mun ítreka það þegar hann kemur til fundarins: Hvað hyggst ráðuneytið og stjórnvöld gera varðandi raðuppkaup á jörðum? Samþjöppun á framleiðslurétti, samþjöppun á mjólkurkvóta og raðuppkaup á jörðum eru ein mesta ógnunin sem ég tel að steðji að íslenskum landbúnaði núna og getur veikt innviðina verulega og þann sáttmála sem við höfum gert milli ríkis og bænda, bæði í samningum um mjólkurframleiðsluna og einnig um framleiðslu sauðfjárafurða.

Ég kem að þessu máli síðar, frú forseti, þar sem hæstv. ráðherra er ekki kominn til að svara þeim spurningum sem ég hef lagt hér fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningur hrossa, 2. umr.

Stjfrv., 727. mál (hámarksaldur útflutningshrossa). — Þskj. 1085, nál. 1317.

[14:39]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá landbúnaðarnefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund B. Helgason og Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti og Halldór Runólfsson frá embætti yfirdýralæknis.

Þá bárust umsagnir frá embætti yfirdýralæknis, Bændasamtökum Íslands, héraðsdýralækni A-Skaftafellsumdæmis, héraðsdýralækni Suðurlandsumdæmis, héraðsdýralækni Austurlandsumdæmis, héraðsdýralækni Dalaumdæmis, Sigríði Björnsdóttur, dýralækni hrossasjúkdóma, Búnaðarsambandi Skagfirðinga, Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og Hagþjónustu landbúnaðarins.

Með frumvarpinu er lagt til að felld verði niður ákvæði um hámarksaldur hrossa sem leyfilegt er að flytja úr landi. Ákvæðið þykir ekki hafa neina þýðingu lengur þar sem ítarleg skoðun fer fram á öllum hrossum fyrir útflutning sem framkvæmd er af eftirlitsdýralækni.

Samkvæmt gildandi lögum er óheimilt að flytja út hross nema embættisdýralæknir meti það hæft til útflutnings m.a. með tilliti til dýraverndar og smitsjúkdóma. Nefndin telur með vísan til umsagna sem borist hafa að nauðsynlegt sé að sjónarmið dýraverndar séu tryggð og leggur því til þá breytingu að héraðsdýralækni verði falið að meta sérstaklega ástand útflutningshrossa þegar um eldri hross er að ræða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Við frumvarpið bætist ný grein er verði 2. gr. og orðist svo: Á eftir orðunum „hæft til útflutnings með tilliti til“ í 1. málsl. 2. gr. laganna kemur: aldurs.

Hv. landbúnaðarnefnd leggur þetta til eftir að hafa fengið ágætar ábendingar frá dýralæknum bæði frá Suðurlandi og Norðurlandi. Það er vegna þess að vitað er að flutningur hefur mikil áhrif á hross þó að þau séu flutt með flugvélum eins og gert er í dag en ekki með skipum eins og gert var áður fyrr, en þau eru líka flutt lengra nú en áður. Það má leiða líkur að því að eldri hross séu að jafnaði verr í stakk búin til að þola mikla flutninga og hafi minni aðlögunarhæfni gagnvart nýjum umhverfisaðstæðum en yngri hross. Einnig er hætta á sumarexemi mikil og hætta á alvarlegum smitsjúkdómum þó að ekki hafi verið hægt að sýna fram á að aldur við útflutning sé þar beinn orsakavaldur, en það er almennt svo að aðlögunarhæfni ónæmiskerfisins minnkar með aldrinum. Þessir flutningar eru því erfiðari fyrir eldri hross. Eins óttast dýralæknarnir að stressáhrif, bæði vegna flutnings og umhverfisbreytinga, hafi áhrif á óeðlilegan blóðstatus í hrossum. Því leggur hv. landbúnaðarnefnd til þessa breytingu.

Einar Oddur Kristjánsson, Lúðvík Bergvinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Drífa Hjartardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Birkir J. Jónsson, Jón Bjarnason, Guðmundur Hallvarðsson og Dagný Jónsdóttir.

[14:42]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hv. þingmaður og formaður landbúnaðarnefndar, Drífa Hjartardóttir, hefur mælt fyrir nefndaráliti landbúnaðarnefndar um frumvarp það sem hér liggur fyrir, um breytingu á lögum um útflutning hrossa. Þessi breyting felur í sér að verið er að heimila að flytja út eldri hross en áður hefur verið heimilt, þó með þeirri breytingu, áréttingu sem landbúnaðarnefnd gerir, um að hnykkja á með dýra-

læknisskoðun áður en þau fara úr landi.

Eins og þessi grein hljóðar fyrir þessa breytingu, frú forseti, ég ætla að lesa hér úr lögunum eins og þau standa nú áður en þessi breyting kemur inn, með leyfi forseta:

„Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa. Útflutningshross skulu vera á aldrinum fjögurra mánaða til fimmtán vetra. Þó má flytja úr landi eldri kynbótahross en þá einungis með flugvélum. Óheimilt er að flytja úr landi fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur."

Svona hljóða lögin eins og þau eru núna en verið er að rýmka þau þannig að flytja megi líka út eldri hross en 15 vetra þó að ekki sé um kynbótahross að ræða, en landbúnaðarnefnd hnykkir á með dýralæknisskoðun áður en það er gert.

Landbúnaðarnefnd stendur öll að þessu nefndaráliti. Hins vegar held ég að rétt sé að fara aðeins í gegnum hvers vegna verið er að setja svona varúðarreglur í lög varðandi útflutning á eldri hrossum.

Útflutningur á hrossum og aðbúnaður hrossa í flutningi og erlendis hefur oft mjög verið til umræðu og sem betur fer er stöðugt verið að bæta flutningsmöguleikana hvort sem það er með flugi eða skipi. Aðbúnaður hrossanna í flutningi hefur því stöðugt orðið betri. Þetta eru önnur þau rök sem nefndin hefur til þess að heimila að þetta sé gert.

Hins vegar hefur það líka verið mjög rík tilfinningaleg afstaða meðal hrossaeigenda að ekki eigi almennt að þvæla eldri hrossum um langar vegalengdir kaupum og sölum, t.d. til útlanda. Hross sem eru orðin eldri en 15 vetra eru jú komin á seinni hluta æviskeiðs síns og þess vegna er ekki við því að búast að þau geti verið svo mikið til reiðar mörg ár í viðbót. Hesturinn hefur sem betur fer þá stöðu meðal hrossaeigenda að það er ríkt tilfinningasamband milli manns og hests og speglast það m.a. í þessum varúðarlögum sem sett eru.

Ég tel mig tala fyrir hönd nefndarinnar allrar þegar ég segi — alla vega er ég persónulega þeirrar skoðunar — að það er alls ekki ætlunin á nokkurn hátt að gera lítið úr þessari tilfinningalegu afstöðu til hrossa, því tilfinningasambandi sem er á milli manns og hests. Það er einmitt þetta tilfinningasamband sem er þá hin rökin sem nefndin færir fyrir því að heimila þetta með ströngum skilyrðum eða eins og kom fram í gögnum til nefndarinnar, að einstaklingar sem byggju hér á Íslandi eða hefðu verið hér um langan tíma og ættu fullorðin hross og flyttu svo utan langaði þá til þess að taka hrossin sín með sér. Á þessi tilfinningalegu rök er svo sem hægt að hlýða upp að vissu marki. Hér er ekki verið að gera því skóna að það eigi að verða sérstakur atvinnuvegur eða að styrkja eigi atvinnuveginn, verslun með hross, sem slíkan með því að stunda útflutning á eldri hrossum.

Ég held að það sé rétt að gera grein fyrir umsögnum sem koma frá aðilum um þetta því þetta er greinilega heitt mál og getur verið. Þess vegna er eins gott að brýna framkvæmdarvaldið sem fylgir lögunum eftir um að sýna mikla aðgát og varúð. Á það hefur verið bent líka að ekki hefur verið leitað almennrar umsagnar Dýraverndarfélags Íslands í þessu máli, sem hefði svo sem verið eðlilegt.

Ég ætla að rekja örstutt þau viðhorf sem komu fram gagnvart þessu máli. Í umsögn Katrínar Andrésdóttur, héraðsdýralæknis á Suðurlandi, segir t.d., með leyfi forseta:

„Undirrituð leggst gegn umræddri breytingu.

Ekki hefur verið sýnt fram á að eldri hross þoli flutninga og umhverfisbreytingar sem af þeim stafa jafn vel og yngri hross.

Ýmsar vísbendingar eru hins vegar til þess að flutningar á erlenda grund valdi talsverðu álagi á öll hross. T.d. berast fregnir frá Bandaríkjunum um að blóðstatus nýinnfluttra íslenskra hrossa bendi til álags.

Leiða má líkur að því að eldri hross séu að jafnaði verr í stakk búin til að þola mikla flutninga og hafi minni aðlögunarhæfni gagnvart nýjum umhverfisaðstæðum, enda minnkar aðlögunarhæfni ónæmiskerfisins með aldrinum.

Hættan á sumarexemi er mikil sem og hætta á alvarlegum smitsjúkdómum."

Katrín segir áfram, með leyfi forseta:

„Ég vil því leyfa eldri hrossum að njóta vafans, legg til að felld verði niður undanþága sú sem er í núgildandi lögum varðandi kynbótahross."

Katrín Andrésdóttir, héraðsdýralæknir á Suðurlandi, vill heldur ganga í hina áttina og þrengja heimild til þess að flytja út eldri hross. Hún bendir á að nauðsynlegt sé að rannsaka vísindalega hvernig hrossum reiðir af við komu á erlenda grund og sýni rannsóknir að aldur skipti þar litlu eða engu máli, sé tímabært að taka lög þessi til endurskoðunar.

Þetta er alveg tímabær og réttmæt ábending. Vert er að hafa í huga að umræðan um aðbúnað og heilsufar íslenskra hrossa sem hafa verið flutt út hefur mikla þýðingu fyrir markaðsmál íslenskra hrossa. Þess vegna ber okkur skylda til að sýna mikla varúð til að ganga ekki á það þanþol sem er gagnvart þessari stöðu því að það er einmitt það sem gagnrýnendur okkar eða samkeppnisaðilar erlendis tína til, að íslensk hross þoli illa þennan flutning og meðferð þegar erlendis kemur. Því megum við alls ekki ganga á það þanþol með því að leyfa útflutning á hrossum sem gæti skaðað útflutningsímyndina. Enda tekur Sigríður Björnsdóttir, embættisdýralæknir hrossasjúkdóma, í sama streng og héraðsdýralæknirinn á Suðurlandi Katrín Andrésdóttir og segir, með leyfi forseta:

„Ég tel að frekar þurfi að skerpa á ákvæðum um dýravernd í lögum um útflutning hrossa en slá af þeim. Hugmyndin sem liggur að baki þessum efri mörkum er sú að það sé mikið álag fyrir hrossin að koma í nýtt umhverfi og það sé því vafasamt að leggja þær breytingar á fullorðin hross, það taki því varla. Það er vitað að flutningurinn hefur mikil áhrif á hrossin, þó svo þau séu flutt með flugvélum. Þau eru líka flutt lengra en áður í sumum tilfellum. Leiða *má líkur að því að eldri hross séu að jafnaði verr í stakk búin* til að þola mikla flutninga og hafi minni aðlögunarhæfni gagnvart nýjum umhverfisaðstæðum. Hættan á sumarexemi er mikil sem og hætta á alvarlegum smitsjúkdómum og þó svo ekki hafi verið sýnt fram á að aldur við útflutning sé þar beinn orsakavaldur er það almennt svo að aðlögunarhæfni ónæmiskerfisins minnkar með aldrinum."

Embættisdýralæknir hrossasjúkdóma bendir enn fremur á að komið hafi fram vísbendingar frá Bandaríkjunum um óeðlilegan blóðstatus í hrossum sem við óttumst að séu

stressáhrif vegna langra flutninga. Svo segir í umsögn Sigríðar. Hún leggur til að frekar sé skerpt á undanþágunni varðandi eldri kynbótahross en að vera að auka heimildir.

Í sama streng tekur líka dýralæknirinn hjá embætti yfirdýralæknis, Björn Steinbjörnsson. Hann varar einnig við því að rýmka þessi ákvæði.

Frú forseti. Ég vildi bara geta þess hér að um þetta eru skiptar skoðanir út frá dýraverndarsjónarmiðum eins og ég hef hér rakið en einnig út frá markaðsmálum, þ.e. að ekki sé verið að flytja út hross að ástæðulausu sem geti á einhvern hátt skaðað markaðsímynd íslenskra hross á erlendri grundu. Hross sem eru 15 ára og eldri eiga ekki svo mikið eftir að leggja til eigenda sinna í reiðmennsku og því er alveg sjálfsagt að fara þarna að með gát.

Frú forseti. Ég tek mikið mark á þessum athugasemdum sem hafa komið frá þeim dýralæknum sem þarna þekkja gerst til af þeim sem rannsaka og koma að þessum málum. Bæði héraðsdýralæknirinn á Suðurlandi, Katrín Andrésdóttir, og embættissdýralæknir hrossasjúkdóma, Sigríður Björnsdóttir, slá mikla varnagla við þessu. Þess vegna vil ég í lokin ítreka afstöðu mína. Ég styð í sjálfu sér þetta frumvarp með þeirri breytingu sem var hér lögð fram og hv. formaður landbúnaðarnefndar gerði grein fyrir um að skerpa enn frekar á dýralæknisskoðun á eldri hrossum. En mín skoðun er sú að þarna sé einungis verið að koma til móts við afmörkuð, takmörkuð tilvik fyrst og fremst t.d. þar sem íslenskur eigandi hefur lifað með hrossunum sínum og finnst mikið áluhjálparatriði að taka þau með sér út ef hann er að flytja úr landi og þá með þeim annmörkum og með þeim takmörkunum og með því eftirliti sem ég hef hér rakið af hálfu íslenskra heilbrigðisyfirvalda, þ.e. að það sé fyrst og fremst verið að horfa til þessa mjög afmarkað en alls ekki að það eigi að opna fyrir útflutning á eldri hrossum í atvinnuskyni. Ég vil bara láta það alveg koma skýrt fram í mínu máli að með stuðningi mínum við þetta mál er ég ekki að lýsa stuðningi við að þetta eigi að vera ráðandi viðhorf gagnvart eldri hrossum í almennum útflutningi og markaðsmálum, síður en svo.

Þetta vildi ég láta koma fram, frú forseti, um þetta mál.

[14:56]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Ég verð að segja að þegar ég sá þetta frumvarp fyrst rak mig eiginlega í rogastans því mér fannst ákaflega einkennilegt að sjá á blaði að það væri leyft samkvæmt landslögum að flytja út gamlar hryssur sem hafa haft mikið fyrir lífinu, borið mörgum folöldum og gengið með þau og allt það á meðan ekki er leyft að flytja út geldinga 15 ára og eldri sem ekki hafa annað þurft fyrir lífinu að hafa en bera eigendur sína í einstaka reiðtúr. Þetta leit eiginlega út eins og hið argasta kynbundna misrétti við fyrstu sýn.

Svo þegar maður fer að velta því fyrir sér hvað geti eiginlega legið að baki svona löguðu þá virðist það blasa við að það sem ræður því að hryssur og graðhesta 15 ára og eldri má flytja er sennilega peningahlið málanna því að svoleiðis hesta er væntanlega hægt að selja sæmilegu verði ef um góða gripi er að ræða. En geldingar eru aftur á móti aðeins nýtanlegir eigandanum til ánægju og svo í mat ef einhver vill éta þá í lokin, sem ég held nú að sé reyndar fátítt með uppáhaldshestana.

En það sem veldur því væntanlega að verið er að fara fram á að lögin verði færð í það horf sem hér er gerð tillaga um, þ.e. að það megi líka flytja út 15 ára geldinga og eldri, er að Íslendingar eru talsvert að flytjast á milli landa og hestamenn vilja gjarnan taka með sér hestana sína þegar þeir fara. Það sem ræður þá þessari ósk sem birtist hér í rauninni í lögunum er tilfinningalegs eðlis, þ.e. að eigendurnir vilja ekki skilja eftir besta vininn heima á Íslandi þegar þeir flytja búferlum og ég get nú haft samúð með því sjónarmiði.

Hins vegar kemur fram í umsögnum dýralækna sem veittu okkur umsagnir sínar — því miður bárust þessar umsagnir frekar seint — að þetta er ekkert alveg einfalt mál vegna þess að flutningar og aðsetursskipti hafa mikil áhrif á hesta. Það kemur fram í einni umsögninni m.a. að eldri hestar þola oft og tíðum mjög illa aðsetursskipti, meira að segja á Íslandi, og til eru mjög margar sögur að fornu og nýju um hesta sem fara landshluta á milli, strjúka til fyrri heimkynna. Slík er tryggðin við hin gömul heimkynni, enda vitum við að hesturinn er félagsvera og myndar félagsleg tengsl við hópinn sem hann er í ekki síður en við eiganda sinn.

Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma, segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Leiða mál líkur að því að eldri hross séu að jafnaði verr í stakk búin til að þola mikla flutninga og hafi minni aðlögunarhæfni gagnvart nýjum umhverfisaðstæðum. Hættan á sumarexemi er mikil sem og hætta á alvarlegum smitsjúkdómum og þó svo að ekki hafi verið sýnt fram á að aldur við útflutning sé þar beinn orsakavaldur er það almennt svo að aðlögunarhæfni ónæmiskerfisins minnkar með aldrinum.“

Hún segir jafnframt, frú forseti:

„Það hafa komið meldingar frá Bandaríkjunum um óeðlilegan blóðstatus í hrossum sem við óttumst að séu stressáhrif bæði vegna flutnings og umhverfisbreytinga. Það hefur því miður ekki gefist tækifæri til að rannsaka þetta nákvæmlega en á meðan tel ég rétt að hrossin njóti vafans og að þau aldurstakmörk sem eru í lögum verði virt.

Það má vel hugsa sér að undanþágan fyrir kynbótahross verði felld niður.“

Svoleiðis er nú það, frú forseti. Þessi nefndur dýralæknir sem er sérfræðingur í hrossasjúkdómum og málefnum hrossa leggst gegn því að þetta verði gert.

Björn Steinbjörnsson dýralæknir segir í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Ónæmiskerfi eldri hrossa er ekki jafn vel í stakk búið til að aðlaga líkama þeirra að breyttum umhverfisaðstæðum og yngri hrossa. Hætta er á að eldri hross veikist oftar og verr en yngri hross eftir komu á nýjar slóðir. Atferlisfræðilegar breytingar á högum hrossanna verða einnig miklar. Við þekkjum hérlendis hvað eldri hross taka það nærri sér að flytjast úr umhverfi þar sem þau hafa dvalið langdvölum.“

Katrín Andrésdóttir segir eftirfarandi, sem mér finnst einmitt mjög athyglisverð ábending, frú forseti:

„Ýmsar vísbendingar eru hins vegar til þess að flutningar á erlenda grund valdi talsverðu álagi á öll hross. T.d. ber-

ast fregnir frá Bandaríkjunum um að blóðstatus nýinnfluttra íslenskra hrossa bendi til álags.

Leiða má líkur að því að eldri hross séu að jafnaði verr í stakk búin til að þola mikla flutninga og hafi minni aðlögunarhæfni gagnvart nýjum umhverfisaðstæðum, enda minnkar aðlögunarhæfni ónæmiskerfisins með aldrinum.

Hættan á sumarexemi er mikil sem og hætta á alvarlegum smitsjúkdómum."

Katrín segir að lokum í bréfi sínu:

„Nauðsynlegt er að rannsaka vísindalega hvernig hrossum reiðir af við komu á erlenda grund. Sýni rannsóknir að aldur skipti þar litlu eða engu máli, er tímabært að taka lög þessi til endurskoðunar." Þ.e. að leyfa líka útflutning á geldingum.

Í umsögnum annarra dýralækna við lagafrumvarpið eru ekki gerðar athugasemdir enda eru gerðar kröfur um heilbrigðisskoðun á hrossunum áður en þau eru flutt út. En ábendingar þeirra dýralækna sem ég hef vitnað í beinast að aðstæðum hrossanna og ástandi þeirra í nýjum heimkynnum. Það hlýtur að vera okkur umhugsunarefni, ekki síður en ástand þeirra hér á landi áður en til útflutnings kemur, ef við erum á annað borða að velta fyrir okkur dýraverndunarsjónarmiðum, og það er jú það sem við erum að veifa hér með því að láta dýralækna skoða hrossin og veita þeim vottorð áður en þau fara út.

Ég sagði fyrr í ræðu minni og ég tel að það hafi komið fram á fundum nefndarinnar að ástæðan fyrir því að verið er að fara fram á þessa breytingu sé sú að eigendur vilja fá að hafa með sér dýrin sín þegar þeir flytja út, því að það eru ekki sjáanlegir neinir fjárhagslegir hagsmunir í því að flytja út geldinga sem aftur á móti er þegar verið er að flytja út hryssur og graðhesta. Það hlýtur því eiginlega að vera ástæðan fyrir því að þessi ósk er komin fram og birtist hér í lagafrumvarpi. Ég hef ákveðna samúð með þessum tilfinningatengslum manns og hests og tel að það geti vegið upp á móti álaginu sem hesturinn verður fyrir við það að flytjast á milli landa og í nýtt umhverfi að hann væntanlega flytur með eiganda sínum. Ég stend því að þessu nefndaráliti sem hér birtist en ég geri það jafnframt eiginlega skilyrt þannig að teknar verði upp rannsóknir á afdrifum og líðan íslenskra hrossa erlendis eftir að til nýrra heimahaga er komið. Ég hef þá trú að slíkar rannsóknir séu í farvatninu og að einhverju leyti byrjaðar, því að eins og fram hefur komið hjá ræðumanni fyrr skiptir það máli, ekki bara fyrir dýrið, sem þó vissulega er mikilvægt að dýrinu líði vel eftir að það er komið út, heldur skiptir það líka máli fyrir markaðsmál íslenska hestsins að dýrunum líði sæmilega, bæði líkamlega og andlega. Við vitum t.d. að það hefur skaðað markaðsmál íslenska hestsins hversu illa haldinn hann er oft af sumarexemi eftir að hann er kominn á erlenda grund og við vitum að eldri hross eru verr í stakk búin en yngri hross til að takast á við það, þau hafa minni varnir gegn sjúkdómum, þar á meðal sumarexemi. Þetta eru allt saman veigamikil rök í málinu. Hins vegar kippa eigendur sér sjálfsagt ekki eins mikið upp við það þó að hrossin þeirra, uppáhaldsgripirnir, fái exem og nýir eigendur sem hafa séð þá í sínu fínasta formi heima á Íslandi.

Ég legg traust mitt á að gengið verði í að rannsaka afdrif íslenskra hesta með tilliti til aldurs á erlendri grund, þ.e. hvort í rauninni sé verjandi að flytja út 15 ára hross og eldri. Þrátt fyrir að þau geti verið við ágæta heilsu heima á Íslandi er ekki þar með sagt að heilsufarið verði jafngott eftir að komið er á erlenda grund í allt aðrar aðstæður, meiri hita oft og tíðum, allt aðra fánu, allt aðra flóru og svoleiðis getum við talið upp.

En ég sem sagt stend að þessu nefndaráliti ásamt öðrum nefndarmönnum í landbúnaðarnefnd.

[15:09]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að koma hér upp og segja nokkur orð um það mál er varðar breytingar á lögum nr. 55/2002, um útflutning hrossa. Það vildi þannig til að ég gat ekki verið viðstödd á fundi hv. landbúnaðarnefndar í fyrradag þegar þetta mál var afgreitt. Þá hafði störfum þingsins verið hagað þannig að fundir voru í tveimur nefndum sem ég sit í, umhverfisnefnd og landbúnaðarnefnd, á sama tíma og ég mátti velja og í það skiptið valdi ég umhverfisnefndina. En það varð til þess að ég hafði ekki tækifæri til að fara yfir lokaumfjöllun nefndarinnar. Í raun hafði ekki verið mikið fjallað um málið í nefndinni, enda er það þar eins og annars staðar í nefndum hins háa Alþingis að mörg mál eru oft afgreidd á allra síðustu stundu, á elleftu stundu, og kannski gefst ekki sá tími til umfjöllunar sem þurfa þykir.

Þó að þetta mál, eins og komið hefur fram í umræðunni, láti ekki mikið yfir sér er hér þó um mjög mikilvægt mál að ræða vegna þess að við erum að fjalla um dýravernd, sem vill nú stundum verða afgangsstærð þegar aðrir hagsmunir sem fólki þykja brýnni eru teknir yfir. En í mínum huga snýst þetta mál fyrst og fremst um dýravernd.

Mig langar til að inna hv. formann landbúnaðarnefndar eftir því ef hún gæti gefið upp þær upplýsingar, því að þær eru ekki hér, hvorki í nefndaráliti né í annarri umfjöllun sem ég hef séð um málið í landbúnaðarnefnd, hver fjöldi hrossanna er sem fluttur er út á hverju ári frá Íslandi til annarra landa. Það væri fróðlegt að vita það. Ég hef grun um að þau séu ekki talin í hundruðum heldur jafnvel meira en það, en fróðlegt væri að vita hvað þau eru mörg og hvernig sá hópur skiptist, hvert þau fara helst, af því að eins og hefur komið fram í umræðunni, m.a. í máli hv. þm. Önnur Kristínar Gunnarsdóttur, skiptir þetta mjög miklu máli og við látum okkur varða afdrif hrossanna. Við hljótum að gera það, því að við erum ekki bara að flytja út einhverjar skepnur, við erum flytja út íslenska hestinn sem við erum stolt af og við hljótum að bera hag skepnanna fyrir brjósti jafnt hérlendis sem erlendis.

Ég tek því heils hugar undir þær ábendingar sem komið hafa frá héraðsdýralæknum m.a. um að okkur beri skylda til þess að rannsaka hvað verður um hrossin og í raun afdrif þeirra og líkamlegt ástand á erlendri grund til þess í raun að vita hvernig útflutningurinn fer með þau. Það gerist auðvitað ekki nema það sé rannsakað og til þess veitt fjármagn, en ég hefði haldið að hæstv. landbúnaðarráðherra og fleiri áhugamenn um íslenska hestinn hefðu fullan hug á því að fylgja þessum málum betur eftir.

Það eru auðvitað gífurlegir hagsmunir í húfi. Það eru ekki bara fjárhagslegir hagsmunir þeirra sem flytja út hross-

in heldur einnig orðspor íslenska hestsins á erlendri grund. En ég veit að þeir sem í þessum sal sitja þurfa svo sem ekki að fá neinar sérstakar predikanir um gildi þess hérlendis eða erlendis. Að sjálfsögðu eru líka miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi og þess vegna væri fróðlegt að vita um hvaða fjölda við erum að tala og hvernig það skiptist.

Þá skal þess getið við umræðuna að a.m.k. einn héraðsdýralæknir sem sendi umsögn til nefndarinnar, Björn Steinbjörnsson, héraðsdýralæknir fyrir austan, er alfarið á móti þessari breytingu, segir engin rök hníga til hennar. Annar héraðsdýralæknir, Katrín Andrésdóttir á Suðurlandi, bendir á þá miklu þörf sem er á að rannsaka afdrif hrossanna ef við í raun viljum vita hvað það þýðir eða hvernig það fer með dýrin að flytja þau flugleiðis í flestum tilvikum til útlanda. Aðrar ábendingar hafa svo sem komið fram eins og t.d. frá Sigríði Björnsdóttur, yfirlækni hrossasjúkdóma, um það sem kannski mætti teljast eitthvað sem ætti jafnt við um hross og menn að eftir því sem við eldumst þolum við oftast þvælinginn verr og ég tala nú ekki um að fara í ferðir langar leiðir eða yfir mörg tímabelti. Það á sama við um menn og hross í þeim efnum.

Um leið og ég virði og skil það sem hér hefur verið bent á um tilfinningatengsl mannsins og hestsins, eigandans og hrossins, og að í raun sé, að því er ég hef best skilið á þeirri umræðu sem farið hefur fram í dag, ekki síst verið að veita heimild sem þessa svo eigendur hestanna fái það tilfinningalega svigrúm sem þeir þurfa að hafa, séu þeir fluttir til útlanda og vilji hafa hrossin sín með. Ég get haft fullan skilning á því, frú forseti, en fyrst og síðast hljótum við að hafa í huga vernd og velferð dýranna sjálfra, vernd og velferð hrossanna, og því tel ég nauðsynlegt að við athugum þetta mál betur þegar fram í sækir og tökum þeim tilmælum sem komið hafa, m.a. hjá héraðsdýralæknum, sem í raun hefur ekki unnist tími til að fara nógu vel yfir í landbúnaðarnefnd. En ég þykist viss um að við getum tekið þetta upp aftur að hausti og rætt betur í nefndinni undir stjórn okkar góða formanns og farið betur yfir dýraverndunarmálin og dýraverndunarhliðina á þessu mikilvæga máli.

[15:16]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka þá ágætu umræðu hér hefur farið fram um nefndarálit landbúnaðarnefndar og vil nota tækifærið og þakka nefndarmönnum fyrir afskaplega gott og skemmtilegt samstarf í vetur.

Ég fékk spurningu frá hv. þingmanni um það hve mörg hross væru flutt út. Árið 2004 voru þau 1.578 en fyrir aðeins níu árum voru þau miklu fleiri eða 2.609. Þess má geta að til Austurríkis voru flutt 55 hross, til Belgíu 4, Kanada 3, Sviss 98, Þýskalands 240, Danmerkur 327, Finnlands 121, Færeyja 9, Frakklands 3, Bretlands 16. Til Grænlands voru engin hross flutt núna en hafa verið flutt þangað, til Ítalíu 9, Hollands 19, Noregs 114, Svíþjóðar 450, enda eru Svíar mjög hrifnir af íslenskum hestum og margir Svíar koma hingað og læra að umgangast íslenska hestinn, til Bandaríkjanna 100 og Slóveníu 10.

Ég tek undir með hv. þingmanni að dýraverndarsjónarmiðin ber mjög að hafa í huga. Ég hef varpað því fram og við í landbúnaðarnefnd að auðvitað ættu öll dýraverndarmál að heyra undir sama ráðuneytið og ég tel að það væri mjög gott. En bara til að halda því til haga þá er miklu meira flutt út af ungum hrossum en gömlum. Það er ekki mikið um það heldur aðallega af tilfinningalegum tengslum sem það er gert, því eins og sagt var: „Milli manns og hests og hunds hangir leyniþráður."

[15:18]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Drífu Hjartardóttur fyrir skýr og greinargóð svör sem hún hafði á reiðum höndum. Þetta þýðir í raun að verið er að flytja út fjögur eða fimm hross á dag. Þetta er gífurlegur útflutningur og umsvifin þá eftir því og auðvitað mjög brýnt að ýtrustu dýraverndarsjónarmiða sé gætt eins og fram hefur komið.

Eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir benti á á dýraverndin sem slík heima undir öðru ráðuneyti og fyrst að hún tók það upp við þessa umræðu bendir það náttúrlega enn og aftur á nauðsyn þess að samhæfa og samræma í Stjórnarráði Íslands.

[15:19]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka að það eru líka gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir í húfi og þess er gætt í lögum að engin hross séu flutt út nema eftir nákvæma skoðun. Það er allt stimplað í bak og fyrir, meira að segja með upprunavottorði, hestavegabréfi svokölluðu sem við vorum með í okkar ágætu nefnd á sínum tíma. Við höfum í meðferð þessa frumvarps tekið tillit til ábendinga frá okkar ágætu dýralæknum sem sendu inn umsagnir og það var gert með því að bæta inn „hæft til útflutnings með tilliti til aldurs", þannig að það er ekki neinn ákveðinn hámarksaldur heldur verður sérstaklega tekið tillit til aldurs. Ég held að við höfum með því komið til móts við þær gagnrýnisraddir sem bárust til okkar.

[15:20]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. þingmanni að það verður auðvitað að hafa í huga vernd og velferð hestsins, vaka yfir velferð hans, hvernig um hann er hugsað og hvernig hann er kynntur.

Ég hygg að þetta sé mikið breytt frá fyrstu dögum útflutnings, að nú sé í rauninni enginn hestur seldur úr landi nema frá manni til manns. Þeir sem kaupa hesta, útlendingar, fá Íslendinga, okkar bestu hestamenn til að fara um allar heimsálfur og kynna hestinn og kenna fólki á hestinn og halda utan um hann. Þarna hefur orðið mikil breyting á. Hestar eru ekki lengur fluttir með skipum heldur í flugi og þar er önnur breyting.

Eitt er alveg ljóst að eigendur íslenskra hesta um allan heim eru alveg klárir á því að enginn hestur jafnast á við hesta sem fæddir eru á Íslandi. Þeir eru öðruvísi og þeir eru betri. Það sýnir að útflutningurinn heppnast í flestum tilfellum mjög vel.

Við höfum síðan glímt við þetta sumarexem sem okkar færu dýralæknar hafa verið að rannsaka og lagt mikla vinnu í og vonandi finnst mótefni við því. Yfir því þarf að vaka.

Hitt er svo annað mál að þetta er auðvitað alveg eins með manninn, ef ég fer á sólarströnd reynir það á mig í okkra daga, flug hefur áhrif á mig, jafnvel að fara norður í land, þó að það sé bara Skagafjörðurinn, hefur áhrif á mig svo dæmi sé tekið. (Gripið fram í.) Ja, ekkert alltaf til hins betra, þetta eru löng ferðalög. Það er alveg ljóst í huga hestamanna að kerruflutningar á milli landsfjórðunga geta haft áhrif. Hestamenn fara með hestana sína kannski viku áður en á að keppa á þeim. Þetta vita hestamenn í Evrópu sem þjóta með sína stóru hesta, eða hvers konar hesta sem þeir eiga, landa á milli. Þeir gera það í tíma því að allt reynir þetta á hestinn eins og manninn.

Yfir þessari velferð þarf að vaka eins og kemur fram í umsögnunum og auðvitað þarf að leggja í það bæði peninga og rannsóknir okkar færasta fólks.

[15:22]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég kem einvörðungu upp til að þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir viðbrögðin. Auðvitað er mikill metnaður hjá þeim sem stunda hrossarækt og flytja út hesta og við vitum að orðsporið er að veði. Kannski má til sanns vegar færa að hrossakaup séu ekki lengur þess eðlis sem þau voru einu sinni eða hafi ekki lengur þá merkingu í málinu sem einu sinn var lögð í það orð, þegar menn eru farnir að leggja allan sinn faglega metnað fyrir hönd íslenska hestsins í söluna til útlanda.

[15:23]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það að menn leggja mikinn metnað í þetta starf og vanda sig í markaðssetningunni og það myndast mikið samband á milli kaupenda íslenskra hesta og þeirra bæja eða sölumanna sem selja hestana. Það er mjög mikilvægt. Það þarf ekki annað en að koma t.d. á heimsmeistaramótin — nú verður eitt slíkt haldið í Svíþjóð í sumar — heimsmeistaramót íslenska hestsins. Þar munu koma saman tugir þúsunda manna alls staðar að með hestinn sem þeir elska og fara vel með. Sem betur fer hafa Íslendingar sigrað þessi mót öll síðustu ár. Það sýnir að við erum fremstir með okkar hest enn þá og eigum frábæra knapa og stöndum vel að þessu. Það verða fluttir út hestar einhvern tíma á næstunni fyrir þetta mót, sem verður líklega í ágúst, og þeir standa sig þetta vel, þessir hestar.

Ég hef séð að hestamenn hér, sem óttast auðvitað þetta exem, gefa út mjög rækilegar leiðbeiningar til hestamanna sem eru að kaupa íslenska hestinn, hvernig fara á með hestinn á tíma flugunnar undir miðnættið o.s.frv., hvernig vaka þarf yfir því og taka hann þess vegna í hús o.s.frv. Ég hef komið í hesthús í Evrópu þar sem menn taka hestinn inn, eru með úðunarkerfi, þannig að menn vita þetta allt saman.

Ég ætla ekki að draga úr því sem kom fram hjá hv. þingmanni og fleirum að það þarf að vaka yfir þessari velferð, afla þarf þekkingar og gera þetta sem best úr garði, því að ég er sannfærður um að 1.500 hross flutt út í dag eru meira virði en þegar við fluttum út 3.000. Við fáum meiri peninga fyrir 1.500 en fyrir 3.000 áður. Við erum að selja úrvalshross sem við fáum hátt verð fyrir. Þannig ber auðvitað að þróa þetta starf. Áður fóru menn kannski með heilu hópana út á einhverjar sléttur og ætluðu að selja hrossin þar eins og í stóðréttum Íslands. Það er löngu liðin tíð, þetta er með allt öðrum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður landbúnaðarins, 2. umr.

Stjfrv., 786. mál (afnám laganna). — Þskj. 1164, nál. 1325 og 1334, brtt. 1326.

[15:25]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, með síðari breytingum, frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Eystein Jónsson frá landbúnaðarráðueyti, Guðmund Stefánsson frá Lánasjóði landbúnaðarins, Jón Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Harald Benediktsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Árna V. Kristjánsson frá Sambandi íslenskra loðdýrabænda, Ólaf Pál Gunnarsson frá Lífeyrissjóði bænda, Þórólf Sveinsson frá Landssambandi kúabænda, Jóhannes Sigfússon frá Landssambandi sauðfjárbænda, Harald Benediktsson frá Bændasamtökum Íslands, Aðalstein Þorsteinsson og Herdísi Á. Sæmundsdóttur frá Byggðastofnun og Rögnvald Ólafsson, formann kjaranefndar á búnaðarþingi 2005.

Þá barst umsögn frá Sambandi íslenskra loðdýrabænda.

Með frumvarpinu er lagt til að starfsemi Lánasjóðs landbúnaðarins verði lögð niður frá og með 31. desember 2005 og að landbúnaðarráðherra verði heimilt að selja allar eignir sjóðsins og gera upp skuldir hans. Lagt er til að söluandvirði að frádregnum kostnaði við sölu og niðurlagningu sjóðsins renni til Lífeyrissjóðs bænda.

Meiri hlutinn telur að í ljósi breytts rekstrarumhverfis fjármálastofnana sé nauðsynlegt að bregðast við þeim breytingum sem orðið hafa á rekstri sjóðsins. Bændur hafa í auknum mæli verið að greiða upp skuldir sínar við lánasjóðinn og fært viðskipti sín yfir til viðskiptabankanna og þannig er komið að ekki er fært að reka sjóðinn lengur. Fram kom á fundum að langtímarekstrarlán sjóðsins bera hærri vexti en lán á almennum markaði og að útlán sjóðsins hafa minnkað og uppgreiðslur lána aukist mikið síðustu mánuði, enda ætíð heimilt að greiða lánin upp án uppgreiðslugjalds. Sýnt þykir að bændur telja hagsmunum sínum betur borgið á almennum lánamarkaði.

Telur meiri hlutinn mikilvægt að tryggja þeim bændum fyrirgreiðslu sem vegna búsetu eða búgreinar bjóðast ekki kjör á við þau sem tíðkast á almennum lánamarkaði, t.d. hjá Byggðastofnun. Við teljum það vera verkefni fyrir Byggðastofnun núna í ljósi þess að þar hafa líka orðið miklar breytingar að Byggðastofnun geti komið þarna að, en það hefur verið ákveðin verkaskipting á milli Byggðastofnunar og Lánasjóðs landbúnaðarins, að lánasjóðurinn hefur verið með landbúnaðinn og Byggðastofnun með önnur verkefni á

landsbyggðinni. Við beinum því til stjórnar Byggðastofnunar að hugað verði að þessu og að Byggðastofnun gæti þá lánað jafnt til landbúnaðar og til annarra greina. Þá telur meiri hlutinn rétt að hugað verði að lánamöguleikum óðalsbænda sem eftir breytinguna geta einungis sótt um lán hjá Orkusjóði og Lífeyrissjóði bænda. Í lögum um óðalsbændur hafa þeir aðeins mátt taka lán hjá Lánasjóði landbúnaðarins, Lífeyrissjóði bænda og Orkusjóði og nú standa þessir tveir sjóðir eftir og því þarf að huga að þeirra málum, en eins og flestir vita geta menn nú leyst jarðir úr óðalsböndum ef þeir vilja.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem einungis varða uppsetningu frumvarpsins og er gerð tillaga um þær á þingskjali 1326.

Einar Oddur Kristjánsson, Lúðvík Bergvinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Drífa Hjartardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Birkir J. Jónsson, Guðmundur Hallvarðsson og Dagný Jónsdóttir.

[15:30]

Frsm. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil fyrst átelja þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í málinu. Það var keyrt inn á þing löngu eftir að frestur var útrunninn til að leggja fram mál, sem átti að vera fyrir 1. apríl, og síðan var það afgreitt með afbrigðum til að koma því á dagskrá sem sýnir hve mikill flumbrugangurinn er í málinu.

Landbúnaðarnefnd hafnaði því að senda málið út til heföbundinna skriflegra umsagna, annaðhvort ekki þorað eða eitthvað var það, því var alla vega hafnað. Ég vil því átelja vinnubrögðin harðlega. Hér er um stórmál að ræða sem ekki er hægt að líða svona kæruleysislega meðferð á.

Ég ætla að spyrja: Hvers vegna voru ekki kannaðar fleiri leiðir við að finna Lánasjóði landbúnaðarins rekstrargrundvöll og starfsgrundvöll áfram? Það hefur bara verið lögð til sú eina leið að leggja hann niður og selja eignir hans. Hvers vegna voru ekki kannaðar aðrar leiðir eins og við höfðum bent að ætti að gera, eins og t.d. að samreka og afmarka verkefni hans með Lífeyrissjóði bænda, Byggðastofnun eða öðrum? Hvers vegna var það ekki kannað?

Fram kemur í nefndaráliti meiri hlutans, sem hv. þingmaður gerði sér ekki grein fyrir, að ákveðinn hópur bænda mun standa utan við möguleika á því að fá eðlilega fjármagnsfyrirgreiðslu og lagt til að skoða hvort (Forseti hringir.) Byggðastofnun geti tekið þau verkefni.

[15:33]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Bændur eru almennt mjög góðir lántakendur, þeir standa í skilum hvar sem þeir taka lán. Það eru ekki allar stéttir sem geta hrósað sér af því en þannig orðspor fer af bændum. Ákveðnar greinar í landbúnaði hafa átt í erfiðleikum eins og t.d. loðdýraræktin, en það er alveg gegnumgangandi að bændur hafa staðið í skilum hjá Lánasjóði landbúnaðarins og það geta nefndarmenn vottað eftir yfirferðina.

Það var farið mjög vel yfir málið í landbúnaðarnefnd og fjöldi gesta kom til nefndarinnar. Það kom líka fram að Lífeyrissjóði bænda er óheimilt að taka við Lánasjóði landbúnaðarins, það var allt saman kannað.

Forsaga málsins er að 10. janúar 2005 setti hæstv. landbúnaðarráðherra á stofn verkefnisstjórn sem var falið að endurskoða framtíðarhlutverk og tilgang Lánasjóðs landbúnaðarins í ljósi þeirrar þróunar sem hafði átt sér stað og við höfum rætt um. Staðan var orðin þannig að sjóðnum var að blæða út og það varð að taka á því verkefni. Í verkefnisstjórninni sátu Haraldur Benediktsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Guðmundur Stefánsson, tilnefndur af stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins, og Baldur Erlingsson og Eysteinn Jónsson, fulltrúar landbúnaðarráðuneytisins.

Tillagan kom eftir þá yfirferð og verið að bregðast við tilteknu ástandi. Eins og hv. þm. Jón Bjarnason veit hafa uppgreiðslur úr sjóðnum verið gríðarlega miklar og sjóðurinn getur einfaldlega ekki staðið undir því með það litla (Forseti hringir.) fjármagn sem eftir er þegar búið er að greiða allt þetta upp.

[15:35]

Frsm. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Svo mikill var flumbrugangurinn í vinnunni að það var ekki einu sinni hægt að kynna niðurstöðu nefndarinnar fyrir búnaðarþingi sem haldið var um miðjan mars. Þetta er ekki einkamál ríkisins þó svo að ríkið sé eigandi Lánasjóðs landbúnaðarins. Bændur hafa greitt til sjóðsins og þetta hefur verið einn aðallánasjóður landbúnaðarins um áratugi með Stofnlánadeildina sem forvera sinn. Það er því ekkert sem réttlætir svona flumbrulegt vinnulag.

Varðandi það að kannað hafi verið samstarf við Lífeyrissjóð bænda vil ég benda á að í fyrsta lagi starfar Lífeyrissjóður bænda samkvæmt sérlögum og hægt að kveða á um ákveðin sérverkefni við hliðina á honum, ég hef kannað það, ef vilji er fyrir hendi.

Í öðru lagi upplýsti fulltrúi Lífeyrissjóðs bænda sem kom á fund landbúnaðarnefndar að honum væri ekki kunnugt um að neinar formlegar viðræður hefðu farið fram á milli Lífeyrissjóðs bænda og ráðuneytisins eða annarra út af málinu.

Ég átel öll þau vinnubrögð sem liggja í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um að einkavæða og selja Lánasjóð landbúnaðarins. Einkavæðingarfíkn núverandi ríkisstjórnar á sér engin takmörk, frú forseti, því miður.

[15:37]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé einhver flumbrugangur í öðrum en hv. landbúnaðarnefnd. Ég held að hv. þm. Jón Bjarnason geti bara tekið það orð til sín og verið með sinn flumbruhátt.

Það var farið afskaplega vel yfir málið fyrir páska. Þá héldum við fund, eins og hv. þingmaður hlýtur að muna,

þar sem farið var yfir þetta með verkefnisstjórninni og öll þau gögn sem lágu fyrir kynnt fyrir okkur í trúnaði, þannig að ég vísa orðum hans til föðurhúsanna.

Búnaðarþing 2005 fjallaði um málið. Hópurinn hafði ekki lokið störfum en búnaðarþingsfulltrúar gera sér grein fyrir að það er orðin gjörbreytt aðstaða í lánastarfsemi í landinu og það er verið að viðurkenna þá staðreynd og það veit hv. þingmaður. Það er enginn að gera þetta að gamni sínu, þetta er bara staðreynd, sjóðnum hefur blætt út, hann er of lítill til að hann geti verið rekstrarlega hagkvæmur. Þess vegna er lánasjóðnum best fyrir komið þannig að einhver lánastofnun kaupi sjóðinn og reki hann áfram. Eins og ég sagði áðan eru bændur góðir lántakendur og eftirsóttir af viðskiptabönkunum sem vilja fá þá í viðskipti. En auðvitað lenda alltaf einhverjir í því að vera ekki metnir eins og aðrir, það er misjafnt hvernig lánstraust manna er metið og það breytist ekkert. Lánasjóður landbúnaðarins lánar heldur ekki hverjum sem er, menn verða að uppfylla ákveðin skilyrði til að fá lán hjá honum.

[15:39]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get fallist á það sem fram hefur komið hjá hv. framsögumanni og reyndar í nefndaráliti að mikil þörf var á því að taka með einhverjum hætti á málefnum Lánasjóðs landbúnaðarins. Ákveðið var að fara þá leið sem valin var eftir að sérfræðinganefnd fjallaði um málið og hv. landbúnaðarnefnd. Samt sem áður eru nokkrar spurningar sem ég vil varpa fram.

Þótt skriflegar umsagnir séu ekki margar eru þær þó tvær. Í annarri, frá Sambandi íslenskra loðdýrabænda, kemur fram áhersla á að við breytingu á lánastofnun komi ekki til ný uppgreiðslu-, stimpil- eða lántökugjöld. Það hefur komið fram hjá fleirum sem heimsóttu nefndina að nauðsynlegt sé að líta þannig til með málinu að það verði ekki greidd stimpilgjöld af nýjum lánum við yfirfærslu til annarrar lánastofnunar.

Mér sýnist að lög heimili það ekki. Ef stofnað er til nýrra lána eða yfirfærsla yfir í aðra lánastofnun verði að greiða stimpilgjöld af nýju láni sem og önnur lögbundin gjöld. Mig langar til að spyrja hv. þingmann: Hvernig hefur nefndin hugsað þetta sérstaklega?

Töluverður hópur hefur þurft að greiða í Lánasjóð landbúnaðarins sem ekki er í Lífeyrissjóði bænda. Nokkrir garðyrkjubændur og bændur almennt hafa þurft að greiða gjöldin í sjóðinn en hafa hins vegar kosið að vera fyrir utan Lífeyrissjóð bænda. Hvernig verður farið með málefni þeirra? Er það þannig að gjöldin sem þeir hafa greitt verði bara tekin til að styrkja lífeyrissjóðinn til að greiða öðrum?

[15:41]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Menn geta greitt upp lánin án uppgreiðslugjalds, það er alveg hreinu, og stimpilgjöldin eru óbreytt í lögum eins og þau eru í dag.

Bændur hafa verið að greiða búnaðargjald til Lánasjóðs landbúnaðarins. Það var ekki tekin ákvörðun um að breyta því á þessu stigi, það þarf að reikna það allt saman upp aftur. Bændur hafa einmitt viljað losna við að greiða þetta ákveðna gjald til lánasjóðsins. Búnaðargjaldið fer til Bændasamtakanna í ákveðnum hlutföllum. Þetta er eitt af því sem hlýtur að koma til kasta okkar í haust að breyta, því að með gjaldinu hafa menn verið að greiða niður vexti og ekki allir notið, eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gat um áðan. Ákveðin tegund bænda eins og garðyrkjubændur búa ekki á jörðunum og þeir hafa ekki notið þess að fá fyrirgreiðslu frá Lánasjóði landbúnaðarins. Þetta þarf allt að skoða og var rætt í nefndinni við Bændasamtökin, en þeir báðust undan því að það yrði ákveðið núna með lögum þannig að þeir fengju tíma til að yfirfara málið. Við munum koma með tillögu í haust því auðvitað hlýtur búnaðargjaldið að lækka í kjölfarið á þessu máli.

[15:43]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni svörin. Ég held að það sé nauðsynlegt að ganga frá því áður en til sölu lánasjóðsins kemur sem hugsanlega ein lánastofnun eða fjármálastofnun mun kaupa. Þó að ég sé ekki endilega sannfærð um að fyrir hann fáist miklir peningar er engu að síður verið að styrkja Lífeyrissjóð bænda, sem ekki er vanþörf á. En það verður að hugsa til þeirra sem hafa greitt gjaldið en eru ekki í lífeyrissjóðnum, með hvaða hætti greiðslur komi til baka til þeirra.

Ég vil beina þeirri spurningu til hv. þingmanns: Á að binda þá bændur sem eru nú þegar í Lánasjóði landbúnaðarins til að skipta við þá stofnun sem kaupir lánasjóðinn?

Einnig vil ég ítreka að það hlýtur að vera vilji þingsins að breyta lögum um stimpilgjald vegna þess að þetta er endurfjármögnun lána með því að flytja á milli stofnana. Það er mikil nauðsyn á að breyta lögunum áður en til sölunnar kemur.

Í þriðja lagi held ég að afar mikilvægt sé fyrir þingið, þá sem hafa starfað í landbúnaðarnefnd og fyrir bændur, Bændasamtökin og réttarstöðu þeirra að strax næsta haust verði skýrslu skilað til þingsins um vinnuna, um einstaka þætti sem fram hafa komið í umsögnum um málið. Að spurningar sem hafa vaknað og ekki eru afgreiddar hér verði teknar fyrir fljótlega í upphafi næsta þings þar sem farið verður yfir þróunina, en réttarstaða bænda verður að vera alveg klár.

[15:45]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að þetta er eitthvað sem við þurfum að skoða strax næsta haust, að skoða einmitt stöðu þeirra sem greitt hafa inn í sjóðinn. Eins og ég sagði áðan er hægt að greiða lánin upp hvenær sem er. Það er enginn lántakandi í sjóðnum bundinn, hvert sem sjóðurinn fer, hann getur ráðið því sjálfur og getur greitt upp lán sín án uppgreiðslugjalds hvenær sem er og það hefur líka verið þannig hjá Lánasjóði landbúnaðarins.

[15:46]

Frsm. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta landbúnaðarnefndar um Lánasjóð landbúnaðarins. Að því nefndaráliti stend ég sem er fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í hv. landbúnaðarnefnd.

Hinn 18. apríl sl. var útbýtt hér í þinginu frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins. Frumvarpið felur í sér að heimila landbúnaðarráðherra að selja eignir sjóðsins og leggja hann niður.

Skilafrestur þingmála til að komast á dagskrá þessa þings sem nú stendur og lýkur senn var 1. apríl. Þurfti því að veita afbrigði til að taka málið á dagskrá. Málið kom á dagskrá 19. apríl, daginn eftir að því var útbýtt, og þurfti þá að veita sérstakt afbrigði vegna þess hve skammur tími var liðinn frá útbýtingu þess. Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var andvígur því að þessi afbrigði yrðu veitt þar sem ekki var brýnt tilefni til að keyra þetta mál áfram á svo miklum hraða.

Lánasjóðurinn á sér áratuga sögu. Ef landbúnaðarráðherra var umhugað um að leggja fram frumvarp viðvíkjandi sjóðnum og að það fengi vandaða þinglega meðferð átti honum ekki að vera neitt að vanbúnaði að gera það innan tilskilins frests þingsins.

Á fundi landbúnaðarnefndar 26. apríl kom frumvarpið um sölu Lánasjóðsins á dagskrá nefndarinnar. Undirritaður óskaði eftir að leitað yrði skriflegra umsagna um málið til þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta varðandi sjóðinn eða vilja láta málefni hans sig varða. Það er hin hefðbundna vinna við þingmál sem fara til nefndar. Það kom því mjög á óvart að formaður nefndarinnar hafnaði þeirri beiðni og tilkynnti að meiri hlutinn ætladi sér að keyra málið út úr nefndinni án skriflegra umsagna hagsmunaaðila og annarra sem ég hef hér nefnt. Þessum vinnubrögðum meiri hlutans mótmælti ég harðlega í nefndinni, taldi það alveg fáheyrt að sýna þessu máli svo litla virðingu, telja það svo lítils virði að ekki þyrfti að láta það fá eðlilega og vandaða þinglega meðferð eins og annars er venja til, leita umsagna og gefa til þess hæfilegan frest til að aðilar geti sent inn skriflegar umsagnir. Því var hafnað og ég átel slík vinnubrögð.

Lánasjóður landbúnaðarins var stofnaður með lögum árið 1998 og var hann framhald af Stofnlánadeild landbúnaðarins sem starfaði við hlið Búnaðarbankans. Lánasjóður landbúnaðarins er stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir landbúnaðarráðherra.

Við einkavæðingu og sölu atvinnuvegasjóðanna og ríkisbankanna tókst að forða atvinnuvegasjóði bænda frá hremmingum og stofnaður var Lánasjóður landbúnaðarins. Hlutverk hans er skv. 2. gr. laganna „að tryggja landbúnaðinum aðgang að lánsfé til fjárfestinga á hagstæðum kjörum og stuðla þannig að æskilegri þróun atvinnuvegarins. Sjóðurinn veitir lán til bænda og þjónustufyrirtækja landbúnaðarins, svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.“

Samkvæmt 7. gr. laganna veitir hann lán m.a. til eftirtalinna verkefna: til jarðakaupa, ræktunar, bygginga er varða landbúnað, vatns- og varmaveitna í sveitum, bústofns- og vélakaupa, hagræðingarverkefna og til ýmiss annars atvinnustarfs og nýsköpunar í sveitum.

Lánareglur hans hafa verið fullkomlega gagnsæjar og með starfsemi sjóðsins hefur verið reynt að stuðla að því sem kveðið er á um að sé eina hlutverk hans „æskilegri þróun atvinnuvegarins“. Sjóðurinn gegnir því mikilvægu hlutverki í byggðamálum með því að veita lán til landbúnaðar á jafnræðisgrunni óháð búsetu.

Fulltrúar Bændasamtakanna og Byggðastofnunar sem komu fyrir landbúnaðarnefnd viðurkenndu byggðahlutverk sjóðsins og töldu ólíklegt að viðskiptabankar mundu lána bændum á jafnræðisgrunni óháð búsetu. Í nefndaráliti meiri hlutans er einmitt viðurkennd sú staðreynd að það sé líklegt að aðstaða bænda til að leita lána- og fjármálaþjónustu á hinum almenna markaði verði ójöfn og þess vegna er þar lagt til að kanna möguleikana hjá Byggðastofnun. Yrði sjóðurinn lagður niður töldu þessir gestir að til þyrfti að koma annar sjóður eða félagslegar aðgerðir til að tryggja þeim bændum fjármálaþjónustu sem viðskiptabankar höfnuðu viðskiptum við eða byðu afarkosti. Fulltrúar Byggðastofnunar töldu eðlilegt að þeirri stofnun yrði fengið það hlutverk en þá yrði ríkisvaldið að koma með aukið fjármagn inn í stofnunina ef hún ætti að geta sinnt því hlutverki. Er þá spurning hvað er unnið við að leggja niður lánasjóðinn sem ríkisvaldið ber nú þegar ábyrgð á. Ekki er kveðið á um það í frumvarpinu hvernig á þessu hlutverki sjóðsins verður tekið og er það harðlega gagnrýnt að byggðahlutverk sjóðsins skuli skilið eftir í fullkomnu uppnámi ef þessi lög um að einkavæða og selja sjóðinn ná fram að ganga.

Lánasjóður landbúnaðarins, áður Stofnlánadeildin, hefur átt ríkan þátt í að byggja upp og þróa íslenskan landbúnað. Hann hefur aftur og aftur tekið þátt í aðgerðum til að verja einstakar búgreinar og bændur áföllum og hefur lagt drjúgt af mörkum í að tryggja dreifðan sjálfseignarbúskap vítt og breitt um landið. Lánareglur sjóðsins eru fullkomlega gagnsæjar og bændur hafa haft jafnan aðgang að sjóðnum óháð búsetu. Útlánatöp sjóðsins hafa verið nánast hverfandi. Í gegnum áratugina hefur byggst upp ákveðið munstur í fjármögnun búskapar bænda sem hafa verið grunnlán frá Lánasjóði landbúnaðarins, áður Stofnlánadeildinni, og viðbótarfjármögnun frá næsta héraðssparisjóði, bankaútibúi og afurðastöð.

Þótt einstaka bóndi velji nú að segja upp viðskiptum við sjóðinn vegna þess að hann metur aðra möguleika betri á það ekki við um meginþorra bænda. Og framtíð einstakra peningastofnana er mörgum duttlungum háð. Hafa verður þessa sérstöðu í huga við ákvörðun ríkisvaldsins um sölu á Lánasjóði landbúnaðarins. Hér er um að ræða 1. veðrétt í nánast öllum jörðum á Íslandi. Í flestum tilvikum er íbúðarhúsið og allt land veðsett fyrir hverju einstöku láni, hvort sem það er vegna útihúsabygginga, dráttarvélakaupa eða annars. Í lagafrumvarpinu eru engar leiðbeiningar tilgreindar um hver skuli vera réttur skuldara, viðskiptavina sem í góðri trú hafa bundið áratuga viðskipti sín við sjóðinn. Það er átalið hér að ekki skuli vera nein leiðsögn eða fyrirmæli um hvernig fara skuli með þessa viðskiptasamninga. Verða þeir t.d., eins og áður hefur verið minnst á í umræðunni, bundnir átthagaböndum við væntanlegan kaupanda? Hvernig verður háttað yfirfærslugjaldi eða stimpilgjöldum hjá nýjum aðila ef hann kaupir upp? Hver verður staðan? Nú tíðkast það þegar viðskiptabankar gera viðskiptasamninga

við einstaklinga eða fyrirtæki að þá vilja þeir fá öll viðskipti viðkomandi. Margir bændur úti um land eru líka stórviðskiptavinir sparisjóðanna sinna, sparisjóðanna á Norðausturlandi, Vestfjörðum og víðar. Þegar kaupandi hefur keypt lánasjóðinn er óvíst að bændur hafi sama frjálsræði og frelsi, án þess að ganga á viðskiptakjörin, til að deila viðskiptum sínum við aðila sem þeir hafa gert í áratugi.

Ég heyri að landbúnaðarráðherra gerir lítið úr þessu, frú forseti, og það er hans mál. Ég tel það mikilvægt mál, áratugaviðskiptasambönd við bændur, og ekki eigi að gera lítið úr þeim með einhverju fánýtu hjali og muldri ofan í bringuna, eins og hæstv. ráðherra gerði hér. (Gripið fram í.) Já, já, við eigum allir góða að, syni og feður, hæstv. ráðherra, og mæður og dætur og systur, ef út í það er farið. En ég skal segja ykkur, frú forseti, úr því að hæstv. ráðherra er kominn út í fjölskyldumál, hvernig þetta er í viðskiptasamböndum nú. Það hafði samband við mig maður sem var í sambandi við viðskiptabanka og sjáið nú hvernig hlutirnir gerast á eyrinni. Bankinn bauð honum viðskipti og þann „díl" að ef hann kæmi með öll viðskipti sín í bankann fengi hann þessi tilteknu kjör. Síðan sagði hann líka og var þá með flettiskrá fyrir framan sig: Þú átt líka syni og bræður þarna. Geturðu kannski líka fengið þá til að koma í viðskipti við bankann? Þá skal ég gera þér enn þá betri díl.

Auðvitað er hægt að ganga langt í slíkum viðskiptamálum þó að mér finnist þetta nokkuð langt gengið, en fyrir stórar fjölskyldur, eins og við Guðni eigum, getur þetta svo sem verið mál. Ég nefni þetta til að sýna og undirstrika að það er allt annað umhverfi sem ræður á hinum almenna viðskiptabankamarkaði. Þar ríkja engar gegnsæjar viðskiptareglur heldur ráða einstaklingsbundnir samningar för og þá er ekki víst að allir sitji jafnir við borðið. En það hefur einmitt verið aðal Lánasjóðs landbúnaðarins að hann hefur verið með gagnsæjar reglur og þótt hann í sumum tilvikum hafi ekki getað sinnt ýtrustu fjármagnsþörfum einstakra búa hefur hann veitt almennan grunn sem hefur verið veittur jafnt fyrir alla.

Frú forseti. Að mínu mati er fullkomið ábyrgðarleysi að afgreiða svo opna heimild til sölu á Lánasjóði landbúnaðarins eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Einkakvæðingarspor ríkisstjórnarinnar hræða, ekki skapa þau traust. Hér er þetta bara afgreitt eins og frumvarpið kveður á um, frú forseti, og sagt: „Landbúnaðarráðherra er heimilt að selja allar eignir og semja um yfirtöku skulda Lánasjóðs landbúnaðarins." Það er í sjálfu sér engin leiðsögn um hvernig að skuli farið eða um réttarstöðu viðskiptavinanna.

Í skýrslu sem sérstök nefnd vann á vegum landbúnaðarráðherra, og hér hefur verið minnst á um stöðu lánasjóðsins, er rakinn vandi sjóðsins, m.a. vegna breytts fjármálaumhverfis og nokkuð erfiðrar rekstrarstöðu, minnst á að greidd hafi verið upp lán og einstaka bændur hafi fært sig úr lánasjóðnum og gert samning við aðrar bankastofnanir. Það upplýstist reyndar að verulega hefði hægt á þeim uppgreiðslum. Menn áttuðu sig á að ekki er allt gull sem glóir þó að viðskiptabankar bjóði kannski tímabundið einhver sérstök vildarkjör meðan þeir eru að ná viðskiptum til sín, meðan verið er að brjóta niður þrek lánasjóðsins, hliðstætt því sem við þekkjum núna með Íbúðalánasjóð. Það var gert áhlaup á Íbúðalánasjóð hvað þetta varðar. Sterkir viðskiptabankar geta lagt á sig einhvern ákveðinn fórnarkostnað meðan verið er að brjóta viðskiptin undir sig og þetta voru líka um tíma vandamál Lánasjóðs landbúnaðarins.

Meginþorri bænda er þar samt áfram og hefur ekki breytt til. Ef ekki hefði komið til þessi umræða nú í vetur um sölu sjóðsins tel ég að meiri líkur hefðu verið til að þessar uppgreiðslur hefðu getað staðnæmst og sjóðurinn reynt að ná stöðugleika á ný.

Hitt er alveg rétt sem kemur fram í skýrslunni og hér hefur verið drepið á um stöðu sjóðsins, að vandi hans er að vera fjármagnaður með lánum sem bera milli 5 og 6% vexti og síðan að viðbættu ríkisábyrgðargjaldi er fjármagn sjóðsins sjálfs sem menn eru að lána út með kannski rúmlega 6% vöxtum, og það er allt of hátt. Ég tel að það hefði átt m.a. að leita samninga við þá aðila sem ættu þessi skuldabréf, kanna hvort það væri hægt. Einnig er furðulegt að þetta ríkisábyrgðargjald skuli vera rukkað inn því að í umræðunni hefur komið fram að það hafi verið mjög góð skil. Eins og hv. þm. Drífa Hjartardóttir minntist á og ég get alveg heils hugar tekið undir hafa bændur reynst einhverjir traustustu viðskiptavinir fjármálastofnana og staðið í flestum og meginþorra tilfella og nánast undantekningarlaust við skuldbindingar sínar. Það er fullkomlega athugunarvert að ríkið skuli vera að innheimta ríkisábyrgðargjald af útlánunum, ekki síst þegar það eru bændur sem hafa að stórum hluta fjármagnað þann mismun sem hefur verið í vaxtagreiðslum sjóðsins og gert honum kleift að lána fé á lægri vöxtum.

Mér finnst því að ýmislegt í umgjörð sjóðsins hefði átt að kanna áður en farið var út í svona dramatískar aðgerðir, að leggjast bara með lappirnar upp í loftið, gefast upp, selja sjóðinn og leggja hann niður, eins og landbúnaðarráðherra velur.

Í skýrslunni sem sérstök nefnd vann á vegum landbúnaðarráðherra um stöðu lánasjóðsins er rakinn vandi sjóðsins, eins og ég nefndi áðan. Ekki skal lítið gert úr þeim vanda. En verkefnisstjórn landbúnaðarráðherra leggur bara til þá einu leið að leggja niður sjóðinn og selja eignir hans og skuldbindingar, það er í rauninni eina leiðin sem hún leggur til. Að mínu mati hefði verkefnisstjórnin átt að leggja upp valkosti í framtíðarrekstri sjóðsins sem ríkisvaldið og samtök bænda hefðu getað kynnt sér og tekið afstöðu til. Að mati minni hlutans virðist sem tekin hafi verið ákvörðun um að leggja niður sjóðinn — a.m.k. fær maður sterklega þá tilfinningu — fyrir allnokkru síðan og settur sá ferill í gang sem leiddi til þessarar niðurstöðu. Annars hefði verkefnisstjórnin lagt fleiri valkosti til, hversu góðir sem þeir annars hefðu verið. Þeir hefðu þurft að leggja mat á það því að sjóðurinn er á forsjá ríkisvaldsins.

Því miður, frú forseti, þarf þessi aðferðafræði ekki að koma mikið á óvart í þeirri einkavæðingarfíkn sem heltekur nú ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í mörgum þeim almannaþjónustumálum sem hafa verið einkavædd og stendur til að einkavæða og selja nú á þessum tímum. Nægir að nefna þar sölu Símans þar sem verið er að keyra fram sölu Símans, þess almannaþjónustufyrirtækis sem hefur skilað miklum arði til ríkissjóðs. Skoðanakannanir hafa sýnt að milli 70 og 80% landsmanna eru andvíg sölu Símans, en samt keyra framsóknarmenn og Sjálf-

stæðisflokkurinn söluna fram. Einkavæðingarfíknin á sér engin takmörk og núna lendir Lánasjóður landbúnaðarins undir þeim einkavæðingarhníf Framsóknarflokksins.

Það er vissulega ástæða til að endurmeta verkefni og stöðu Lánasjóðs landbúnaðarins og þar með einnig svokallað búnaðargjald sem bændur greiða til sjóðsins. En það framlag er bundið í lögum og mun því væntanlega gilda út þetta ár að óbreyttu því að ekki liggur fyrir frumvarp til laga um breytingar þar á.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt til að skoðaðar yrðu ýmsar leiðir í rekstri sjóðsins, svo sem að afmarka lánaflokka hans og skera niður stjórnunarkostnað eða að sjóðurinn verði rekinn sem deild í öðrum fjármálastofnunum, t.d. með eða í samstarfi við Lífeyrissjóð bænda, við höfum nefnt það. En vegna hins mikla hraða og þjösnaskapar meiri hlutans í afgreiðslu þessa máls hefur nefndinni ekki gefist tóm til að kanna neinar þessara leiða í rekstri sjóðsins.

Það má og benda á að nú standa yfir alþjóðasamningar um skipan á opinberum stuðningi við landbúnað og verslun með landbúnaðarafurðir. Niðurstaða þeirra viðræðna getur haft víðtæk áhrif á búsetumunstur til sveita, rekstrargrundvöll hinna ýmsu greina landbúnaðarins og jafnframt líka fjárhagslega aðkomu hins opinbera að þróun landbúnaðarins og viðgang hans á næstunni. Þar einmitt gæti lánasjóðurinn í endurskoðaðri mynd, eftir því sem menn þar yrðu ásáttir um, komið til að vera þáttur í.

Þess vegna tel ég það vera mjög óvarlegt og óviturlegt að hlaupa nú til og leggja niður Lánasjóð landbúnaðarins í þeirri viðkvæmu stöðu sem nú er á innlendum peningamarkaði og einnig í alþjóðasamningum um stöðu landbúnaðarins.

Skemmst er að minnast, frú forseti, umræðna á þingi í fyrra og hittiðfyrra um hvernig viðskiptabankar hafa í auknum mæli komið inn í atvinnurekstur og landbúnað. Hver var það sem keyrði fram kjötstríðið fyrir tveimur, þremur árum? Voru það ekki viðskiptabankarnir sem keyrðu það fram? Þeir voru stærstu aðilarnir í eigendum og rekstri á kjúklingabúum, svínabúum, og enn þá hygg ég að það sé viðskiptabanki sem sé stærsti svínakjötsframleiðandinn í landinu. Hvaða rekstrarform og samkeppnisstaða er það þegar viðskiptabankar eru samtímis að veita lán, veita fjármálafyrirgreiðslu til almenns landbúnaðar og standa einnig sjálfir í rekstri á fyrirtækjum eða búum sem eru þar að hluta til í heildarmyndinni og í samkeppni á markaði? Þeir hafa alla stöðu til þess að keyra niður framleiðslukostnaðinn og keyra niður verð, eins og við upplifðum fyrir nokkru síðan að bankarnir væru að gera. Þetta er því ekki svo einfalt með þeim hætti sem við nú búum við að hleypa svona sjóði, svona verkefnum inn á hinn almenna bankamarkað.

Ég var síðast að hlusta á útvarp í dag á viðtal við mann þar sem einmitt var verið að rekja hvað þetta traust til bankanna væri takmarkað. Menn þyrðu ekki með góðar viðskiptaáætlanir eða -hugmyndir inn í bankann af ótta við að hann mundi komast yfir þær, ná þeim af þeim og geta selt svo öðrum. Slíkt samband að viðskiptabankar geti staðið í samkeppnisatvinnurekstri er ólíðandi, frú forseti.

Við þekkjum þetta úr sjávarútveginum þar sem viðskiptabankarnir deila og drottna. Þeir hafa innleyst, keypt til sín sjávarútvegsfyrirtæki, ákveðið kaupendurna, ákveðið lánskjörin á fjármagninu hjá kaupendunum og þannig stýrt, deilt og drottnað. Hliðstæð mynd gæti blasað við okkur einmitt í landbúnaðinum líka, að sami banki væri með bændurna í viðskiptunum, kannski með rekstur á eigin búum eins og við þekkjum í dag. Hann væri líka einn af aðalfjármögnunaraðilum afurðastöðvanna og þá færi hann að beita sömu aðferð við landbúnaðinn eins og hann gerir nú í sjávarútvegi, að deila og drottna, ákveða hvaða bú, hvaða bændur fái eðlilega fjármagnsfyrirgreiðslu til að kaupa framleiðslurétt, til að byggja ný hús, útihús, vegna þess að hann væri að meta það út frá hagsmunum sínum hvernig því væri best fyrir komið, bæði hvað varðar búreksturinn, vinnsluna og dreifingu varanna eins og nú er beitt í sjávarútvegi. Þetta er ekkert grín, þetta er saga sem við þekkjum vítt og breitt um landið.

Hvernig hefði þetta t.d. orðið á Vestfjörðum, þar sem stóru viðskiptabankarnir áttu hlutdeild í að fiskveiðiheimildirnar voru fluttar í stórum stíl frá Vestfjörðum og annað, ef ekki hefðu þar komið til sparisjóðirnir til að standa á bak við einstaklingana í nýrri atvinnusköpun? Þá hefðu þessi byggðarlög staðið frammi fyrir stórkostlegum vanda.

Samþjöppun á peningamarkaðnum, eins og við höfum horft á undanfarið, er því veruleg ógnun við frjálst atvinnulíf í landinu. Það að ætla að fara að setja svona mikilvægan sjóð, þó að hann sé ekki stór, eins og Lánasjóð landbúnaðarins á þetta markaðstorg með 1. veðrétti í öllum jörðum á Íslandi, þar sem hinn nýi aðili getur deilt og drottnað yfir uppbyggingu íslensks landbúnaðar, hvar framleiðsluheimildirnar eru, hver fær lán, hver fær ekki lán, hver fær lán á viðeigandi kjörum og hver ekki, finnst mér ógnvænlegt

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum lagt fram á þinginu tillögu um að starfsemi viðskiptabanka verði einskorðuð við fjármálastarfsemi, að þeir hafi ekki heimild til að stunda atvinnurekstur eða reka atvinnufyrirtæki í samkeppnisrekstri um lengri tíma. Þetta hefur ekki fengist rætt.

Skemmst er að minnast orða hæstv. forsætisráðherra, sem hefur ekki hingað til kallað allt ömmu sína í einkavæðingarferlinu. En hann fjallaði, í ræðu á þingi Samtaka atvinnulífsins að mig minnir, um græðgina í þjóðfélaginu, peningagræðgina í þjóðfélaginu. Bragð er að þá barnið finnur, eins og sagt er. Hann vandaði um við banka og fjármálastofnanir sem stæðu allt í kringum borðið og sömdu við sjálfar sig um kjör og kaup og sölu á atvinnufyrirtækjum landsmanna. Hann var að vara við þessu. Honum leist ekki vel á og þó er hann einn af höfundum þeirrar vegferðar, græðgisvæðingar samfélagsins, sem hann nefndi í ræðu sinni. Sá kafli var ágætur en nokkuð seint í rassinn gripið, eins og sagt er.

Skyldu þetta ekki vera varnaðarorð gegn því að fara hægar í að einkavæða Lánasjóð landbúnaðarins? Sjóðurinn á að starfa a.m.k. út þetta ár, (Gripið fram í.) til næstu áramóta. Hefði ekki verið nær að gefa sér meiri tíma til fara yfir þetta mál í heild sinni? (**KÓ:** Á að setja sjóðinn í sóttkví?) Sjóðurinn er ekki að fara í þrot. Það er rangt. Ef hann væri að fara í þrot þá væri söluvirði hans ekki mikið, áttið ykkur á því. (Gripið fram í.) Það er ekki samtímis hægt að að tala um gjaldþrota sjóð en hins vegar sé hægt að fá fyrir

hann stórfé. Það er fullkomin þversögn í svoleiðis málflutningi.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs höfum lagt fram tillögu á þinginu um að skipuð verði þverpólitísk nefnd til að taka á málefnum landbúnaðarins og tryggja og kanna þróunarmöguleika og áframhaldandi sátt. Sú tillaga liggur einmitt í landbúnaðarnefnd og hefði í sjálfu sér líka verið vel þess virði og nær að við hefðum afgreitt hana áfram inn til þingsins. Tillagan hljóðar svo, frú forseti, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og Bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Sérstaklega verði hugað að því hvernig útfæra megi búsetutengdan grunnstuðning sem hluta af stuðningi við landbúnað og búsetu í sveitum. Markmiðið væri að finna leiðir til fjölbreyttari nýsköpunar og þróunar í atvinnulífi strjálbýlisins, skapa meira jafnræði milli greina, undirbúa nauðsynlegar breytingar vegna nýrra alþjóðasamninga á sviði landbúnaðarmála og taka á vandamálum núverandi landbúnaðarkerfis.“

Mitt ráð væri að samþykkja þessa tillögu og setja þá vinnu í gang og taka fyrir í nefndinni m.a. hlutverk og stöðu Lánasjóðs landbúnaðarins. Það væru hin einu og réttu vinnubrögð, fremur en að gera þetta með þeim hætti sem hér er gert. Þessi tillaga okkar liggur fyrir landbúnaðarnefnd og ég bara ítreka að nær væri að Alþingi afgreiddi hana í stað þess að höggva niður félagslega grunnstoðir landbúnaðarins, eins og gert er með því að einkavæða og selja Lánasjóð landbúnaðarins fyrirhyggjulaust og nánast skilyrðalaust. Mikilvægt er að skoða málefni landbúnaðarins heildstætt og þar með líka framtíð Lánasjóðs landbúnaðarins.

Ég mundi leggja til að þessu frumvarpi, um sölu á Lánasjóði landbúnaðarins, verði vísað til ríkisstjórnarinnar og henni falið að skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og Bændasamtökum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Eitt af verkefnum nefndarinnar yrði að gera tillögur um framtíðarhlutverk og stöðu Lánasjóðs landbúnaðarins.

Frú forseti. Þetta tel ég að væru hin skynsamlegu vinnubrögð í stað þeirra flausturslegu vinnubragða sem hér eru viðhöfð af meiri hlutanum, þ.e. að taka bara ákvörðun um að selja sjóðinn, einkavæða hann og selja hann án þess að taka nokkuð á því hlutverki sem hann hefur gegnt til þessa, byggðahlutverki, jöfnunarhlutverki. Ekki er heldur hugað að stöðu viðskiptamannanna, skuldara sjóðsins. Menn skilja þá bara eftir. Þessi vinnubrögð eru bæði óábyrg og óskynsamleg og því legg ég til að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari vinnslu og við reynum að taka heildstætt á málinu, með heill bænda og landbúnaðarins í fyrirrúmi.

[16:21]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er varla að maður nenni að í andsvar við hv. þingmann en ég verð samt að verja landbúnaðarnefnd. Málið var ekki afgreitt af neinni léttúð eða þjösnahætti, heldur fékk málið mjög góða yfirferð. Eins og fram hefur komið kom fjöldi gesta til nefndarinnar. Við fengum mjög góða yfirferð yfir málið 22. mars, sem hv. þingmaður að sjálfsögðu gat ekki um í sínu máli. Það er mjög mikilvægt að þessu máli ljúki núna í vor.

Staðan var orðin þannig að sjóðnum var að blæða út. Uppkaup hafa verið gríðarlega mikil og þau eru ekki nýtilkomin. Þau hafa líklegast staðið yfir í um tvö ár og með allra mesta móti nú á haustmánuðum. Rökin eru þau að sjóðnum er bara að blæða. Með frumvarpinu er brugðist við ákveðinni staðreynd og við fylgjum því eftir.

[16:22]

Frsm. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki annað en að hin hefðbundnu vinnubrögð við mál sem vísað er til nefndar séu að leitað sé skriflegra umsagna um þau. Það eru hin hefðbundnu vinnubrögð og undirstaða vandaðra vinnubragða. Það er mjög óvenjulegt ef því er hafnað, frú forseti, án nokkurs rökstuðnings. Kannski hefur hv. formaður landbúnaðarnefndar og meiri hluti nefndarinnar ekki þorað það, kannski, en slík vinnubrögð eru undantekning. Ég minnist þess varla að því hafi verið hafnað að senda mál til skriflegrar umsagnar. Eins kom málið seint fram og þurfti að leita sérstakra afbrigða vegna þess að það kom fram á síðasta degi, upp á það að skila því inn til nefndar áður nefndarstörf hófust og er gert var hlé á formlegum fundum þingsins. Þannig er öll aðkoma þessa máls. (Forseti hringir.) Hvernig það er boðið fram ber vott um virðingarleysi og (Forseti hringir.) lítinn áhuga á að það að fái vandaða meðferð.

(**Forseti** (JBjart): Forseti bendir hv. þingmanni á að hann á annan kost á að halda áfram máli sínu.)

[16:23]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málum er æðioft þannig fram komið í þinginu að þau séu ekki send til skriflegra umsagna. Allir þeir sem komu til nefndarinnar hefðu getað skilað skriflegu áliti hefðu þeir kært sig um. Allir sem beðið var um að kæmu til nefndarinnar voru kallaðir til.

En ég mismælti mig áðan og talaði um uppkaup en þá átti ég að sjálfsögðu við uppgreiðslu. Bændur hafa getað greitt upp lán sín hjá sjóðnum hvenær sem er, án þess að fyrir það hafi verið tekið gjald. Það hafa þeir því miður gert í stórum stíl. Það er ekki nein óskastaða okkar að þannig skuli komið. Bændur kjósa bara að færa viðskipti sín yfir til viðskiptabankanna og við því er nú brugðist.

Einnig er ljóst að bændur vilja ekki lengur greiða búnaðargjald til Lánasjóðs landbúnaðarins. Það er staðreynd. Þeir eru frjálsir að því hvað þeir gera og þeir hafa hafnað því að greiða þetta gjald en þegar lánasjóðurinn verður af

(Forseti hringir.) gjaldinu þá eru það hátt á þriðja hundrað milljóna á ári sem sjóðurinn verður án.

[16:25]

Frsm. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það voru engin rök færð fyrir því hvers vegna ekki mátti senda málið til skriflegra umsagna, því var bara einfaldlega hafnað.

Það má vel vera að sjóðurinn hafi brugðist seint við breyttum aðstæðum. Það má vel vera. En í landbúnaðarnefnd voru engir aðrir möguleikar formlega ræddir um hvernig mætti taka á rekstri sjóðsins eða (Gripið fram í.) einstökum verkefnum hans, nema þá að minnst var á að einhver verkefni gætu farið frá honum til Byggðastofnunar, (Gripið fram í.) það er alveg rétt.

[16:25]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alltaf gaman að hlusta á hv. þm. Jón Bjarnason. Já, hv. þingmaður hefur þann eiginleika að reyna að hræða fólk, segja að allt sé að farast og komið á heimsenda. Hann brást harkalega við frammíkalli hjá mér er ég benti honum á að skoða það í fjölskyldu sinni og ræða við hinn snjalla hagfræðing, son sinn Ásgeir Jónsson, og fara yfir peninga- og bankamálin.

Hv. þingmaður talar hér um fyrsta veðrétt og hina ógnvænlegu stöðu. (**JBjarn:** Seldur fyrsti veðréttur.) Það er ekki verið að selja einn einasta veðrétt. Bændur eiga jarðir sínar og skuldir. Allir peningamenn segja: Styrkur bændanna liggur í fyrsta veðréttinum, til að semja um sín mál. Þeir eiga skuldir sínar og jarðir og margir þeirra skulda lítið. Þeir eiga alla möguleika í málinu og fyrsti veðrétturinn er styrkur þeirra.

Síðan liggur fyrir að það er ekki friður um búnaðargjaldið. Fátækir sauðfjárbændur, sem oft eru nefndir hér, sem ekkert eru að framkvæma, vilja ekki borga gjald til að byggja upp stóru fjós o.s.frv. Þannig eru 140 millj. kr. af tekjum sjóðsins farnar og að fara og sjóðurinn mundi bíða verulegt afhroð við þær aðstæður.

[16:27]

Frsm. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra getur talað svona sjóð dauðan og það hefur hæstv. ráðherra gert síðustu vikurnar, sem er mjög alvarlegt mál. Ef hæstv. ráðherra, af sínum sannfæringarkrafti, hefði fylgt málinu eftir á hinn veginn, staðið með sjóðnum og hagsmunum hans, þá væri staðan kannski önnur. Hæstv. ráðherra hefur býsna mikið vald með því í hvaða veruna hann talar.

Ég hef gagnrýnt það að það væri nánast algjörlega talað þannig að sjóðurinn, hlutverk hans og verkefni, ættu sér ekki framtíð. Ég mótmæli því og tel að það hafi ekki verið kannað. Ég átel þann málflutning að engar aðrar leiðir séu til, fyrir utan það að skilja sjóðinn, verkefni hans og viðskiptavini eftir, án leiðsagnar um hvernig með verði farið í lagafrumvarpinu, sem ég tel (Forseti hringir.) mikið kæruleysi.

[16:28]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sem betur fer eru bændur skilvísir menn og eiga sér góðar bankastofnanir jafnframt lánasjóðnum. Ég fór yfir allar leiðir í málinu því að mér þykir vænt um sjóðinn og vil landbúnaðinum allt hið besta. Það var farið yfir allar leiðir.

Það þýðir ekkert að standa með sjóðnum, maður verður að standa með atvinnuveginum. Sjóðurinn skiptir ekki öllu máli í því. Það þarf að finna bestu stöðuna fyrir bændurna til að ná nýrri stöðu í fjármálum sínum og sá tími taki við í landbúnaðinum, eins og gert var í iðnaðinum og sjávarútveginum.

Við þessar aðstæður er ég fyrst og fremst að hugsa um þessa peninga bændanna. Það er vilji ríkisstjórnarflokkanna að leggja andvirði þessa sjóðs inn í veikasta lífeyrissjóðinn, Lífeyrissjóð bænda, og styrkja hann. Það er líka mikilvægt í leiðinni, um leið og bændur ná vonandi sem bestri fjármögnun á lán sín og við verður Lífeyrissjóður bænda styrktur. Þetta eru mikilvæg verkefni sem hér er unnið að. Mér þykir vænt um þennan sjóð og mun sakna hans á margan hátt. (Forseti hringir.) En tíminn er svona. Sagan er svona.

[16:29]

Frsm. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Að mínu viti er sjóðurinn enn á lífi og ráðherrann á ekki að skrifa um hann minningargreinar strax. Ég vil líka minna á að því miður slapp hæstv. ráðherra við að vera nemandi minn. En ég kenndi tveimur bræðrum hans á Hvanneyri á sínum tíma og ég held að þeir hafi haft gott af. Ég hefði helst þurft að geta fengið hæstv. ráðherra sem nemanda. Þá hefði hann (Gripið fram í.) kannski verið enn betri.

Málefni Lífeyrissjóðs bænda eru allt annað mál. Það liggur heldur ekkert fyrir hvaða fjármagn kemur fyrir þennan sjóð þegar búið verður að selja hann. Verðmæti hans felast í hlutverki hans, í viðskiptum hans við bændur. Ég er ekkert viss um að söluverð hans verði svo mikið ef búið er að brjóta hann upp. (**Landbrh.:** Talaðu það ekki niður.) Ég er bara raunsær. Alla vega er það skrýtið hjá ráðherra, annars vegar að tala um að sjóðnum sé að blæða út og hins vegar ætli hann að fá fyrir hann stórfé (Forseti hringir.) til að setja í Lífeyrissjóð bænda. Lífeyrissjóður bænda er allt annað mál.

[16:31]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason flutti hávísindalega ræðu með sínum hætti og niðurstaðan varð náttúrlega eins og alltaf: Það á ekki að gera hlutina svona heldur einhvern veginn öðruvísi.

Það kom mjög skýrt fram í landbúnaðarnefnd hver staða sjóðsins er og menn töldu að það væri mikilvægt að bregðast við. Ég heyri að hv. þingmaður slær á öll þau rök sem þar komu fram. Hins vegar er óvefengjanlegt hver staða sjóðsins er.

Hv. þingmaður talaði fram og til baka um eitt og annað,

en ég spyr, og væri mjög gott að fá beint svar við því: Hvað vill hv. þingmaður nákvæmlega gera í málinu annað en bara skoða málið, skipa nefnd og horfa eitthvað fram í tímann án þess að vita hvert hann ætlar? Hvað vilja Vinstri grænir gera varðandi sjóðinn í þeirri stöðu sem hann er?

[16:31]

Frsm. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður hefur ekki hlustað vel á ræðu mína. Ég tel að það hefði átt að kanna aðra möguleika, hvort hægt hefði verið að finna afmörkuð hlutverk fyrir sjóðinn, sem er hluti af verkum hans nú, og finna leið til að reka hann með öðrum sjóðum.

Ég geri ráð fyrir að hv. þingmaður muni það sem fulltrúar Byggðastofnunar sögðu á nefndarfundi, þar sem voru reyndar líka fulltrúar bænda, að það væri alveg klárt að ákveðinn hluti bænda mundi ekki eiga viðunandi aðgang að fjármagni í gegnum viðskiptabankana og þá var lagt til að stofnuð yrði landbúnaðardeild við Byggðastofnun. Þá segi ég: Það er greinilegt að málin eru bara ekki könnuð ef það á að selja sjóðinn án þess að kanna hvað gæti tekið við hvað varðar einmitt afmörkuð mikilvæg verkefni sjóðsins. Ég vildi að það yrði kannað áður en farið væri að selja sjóðinn.

[16:33]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og venjan er í málflutningi hv. þingmanns kom ekkert svar fram.

Ég vil líka gera athugasemd við annað sem fram kom hjá hv. þingmanni, að það hefði verið tekin ákvörðun um hvaða leið ætti að fara og síðan hafi menn leitað röksemda fyrir henni. Þetta er rangt. Á fundi landbúnaðarnefndar var yfirferð um þetta og skýring á störfum þeirrar nefndar sem vitnað er í og ég bið hv. þingmann að tala ekki með þessum hætti.

Hann talar um einkavæðingarfíkn, eins og hann orðar það. Það er fyrst og fremst verið að reyna að bjarga hagsmunum landbúnaðarins og hagsmunum bænda með því að fara í aðgerðirnar. Það er það sem skiptir máli og ég held að hv. þingmaður hljóti að vera sammála þeim sjónarmiðum. Ég sakna þess mjög að hann skuli ekki tala meira út frá þeim þætti málsins.

[16:34]

Frsm. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef tekið undir að skoða þurfi stöðu sjóðsins og kanna framtíð hans og rekstrarmöguleika. Ég hef einmitt bent á að það hafi ekki verið gert til hlítar.

Ég held, alveg sama hvernig hv. þm. Magnús Stefánsson vill snúa sér út úr málinu, að þetta snúist fyrst og síðast um einkavæðingarfíkn Framsóknarflokksins, því miður, (**Gripið fram í:** Það er rangt.) og að selja þessar eignir. Annars hefði m.a. verið farið rækilegar í að kanna hver framtíðarstaða og framtíðarréttur viðskiptavina sjóðsins yrði. (**Gripið fram í:** Þetta er óábyrgur málflutningur.)

Ég held því miður, frú forseti, að þetta sé það sem fólkið upplifi í landinu, þessa einkavæðingarfíkn. Sala Símans er á næsta leiti þó að mikill meiri hluti þjóðarinnar sé afar andvígur sölu Símans, sem skilar miklu fjármagni í ríkissjóð. Það er varla til það sem ekki á að einkavæða og selja, því miður.

[16:35]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Fyrr í vetur, líklega um mánaðamótin febrúar/mars, gerði ég það að umtalsefni úr þessum ræðustóli undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins hversu seint mál frá landbúnaðarráðuneytinu kæmu til þings og taldi upp mál sem kynnt hefðu verið í upphafi vetrar, sérstaklega okkur fulltrúum í landbúnaðarnefnd, og jafnframt að margir fundir hefðu verið felldir niður vegna þess að ekki væru nein mál til að fjalla um og að margir þeir fundir sem haldnir hefðu verið hefðu verið til að fara í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir úti í bæ en ekki til að fjalla um lagafrumvörp frá ráðuneytinu.

Ég rifjaði líka upp vinnubrögðin síðasta vor þegar við fengum stór mál til þings talsvert löngu eftir að frestur til að skila málum var útrunninn, sem er 1. apríl. Ég get nefnt samninga við mjólkurframleiðendur, sem er samningur til sjö ára upp á 4 milljarða í útgjöld á ári. Ég varaði við því að það sama yrði hugsanlega uppi á teningnum í vor. Það reyndist nákvæmlega rétt niðurstaða sem ég hafði komist þar að, því að við fengum inn stór mál löngu eftir að frestur var útrunninn og meðal þeirra er nákvæmlega það mál sem við fjöllum um í dag, þ.e. um Lánasjóð landbúnaðarins.

Það þurfti að taka málið inn með afbrigðum og Samfylkingin samþykkti að hleypa því áfram í þeirri trú að það yrði til þess að málið fengi vandaða umfjöllun og umsagnir héðan og þaðan úr landbúnaðarkerfinu, frá hagsmunaaðilum. En reyndin hefur orðið sú að málið hefur verið keyrt í gegn og nú liggur fyrir nefndarálit, sem ég skrifa að vísu undir, þar sem ég sá að keyra átti málið í gegn hvað sem tautaði og raulaði og ég taldi rétt að reyna að fá fram þær breytingar sem mér sýndust brýnastar og skrifa undir.

Fram hefur komið í umræðunni að hæstv. ráðherra skipaði nefnd til að fara yfir málefni Lánasjóðs landbúnaðarins þann 10. janúar sl. Ég veit ekki nákvæmlega hvenær sú nefnd skilaði af sér en það kom m.a. fram í máli gesta sem landbúnaðarnefnd fékk til sín að þeir voru orðnir órólegir yfir því hversu seint málið kom til þings því að þeir gerðu sér auðvitað grein fyrir því eins og aðrir að málið þarf að fá vandaða umfjöllun. Tími hefur hins vegar ekki gefist til að senda málið út til umsagnar, heldur komu gestir á fund nefndarinnar og tjáðu sig um málefni sjóðsins auk þess sem við fulltrúar í landbúnaðarnefnd höfum fengið skýrslu í okkar hendur um stöðu sjóðsins.

Það er auðvitað alveg ljóst, frú forseti, að sjóðurinn býr ekki í neinu við aðrar aðstæður en aðrar lánastofnanir hér á landi, eins og t.d. Íbúðalánasjóður, sem hafa þurft að taka lán til lengri tíma og ekki gert sér grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefur á lánamarkaði, þ.e. að útlánsvextir mundu lækka jafnmikið og raun ber vitni. Því háttar þannig til að Lánasjóður landbúnaðarins er m.a. með lán til ársins 2024 á miklu hærri vöxtum en gerast á lánamarkaði í dag, þ.e. útlánsvöxtum, en að sjálfsögðu þarf sjóðurinn að lána út með einhverjum lánamun til að hann geti staðið einn og sér, en

sú er ekki raunin í dag.

Staðreyndir málsins eru líka þannig að lántakendur hjá sjóðnum geta borgað upp lán sín hvenær sem þeim sýnist án uppgreiðslugjalds, en lán sjóðsins eru öll bundin til lengri tíma og ýmist ekki hægt að greiða þau upp eða það er aðeins hægt með mjög óhagstæðum hætti, þ.e. uppgreiðslugjöldum.

Enn einn þátturinn sem kemur til er samþykkt búnaðarþings í þá veru að bændur vilji ekki lengur greiða búnaðargjald til sjóðsins. Það gjald hefur einmitt byggt upp sjóðinn og verið notað til að greiða niður lán til bænda. Þegar svo er komið er auðvitað ekki margt til ráða. Hitt er svo annað mál að þegar maður stendur í þeim sporum sem við stöndum í núna, þ.e. lánasjóðurinn og við sem höfum með málefni hans að gera og málefni bænda þarf auðvitað að hafa ráðrúm til að skoða hlutina vandlega til að tryggja að þeir sem hafa átt hagsmuna að gæta hjá sjóðnum fari ekki illa út úr breytingunni. Við vitum alveg að svo kann að fara. Það eru mismunandi hagsmunir lántakenda sem þarf að hafa í huga.

Ég ætla að nefna sem dæmi að þegar menn eru að flytja lán úr sjóðnum, þó að þeir þurfi ekki að greiða sjóðnum uppgreiðslugjald, þurfa þeir að borga stimpilgjald af nýjum lánum, hjá nýjum lántakanda. Jafnvel þó að þeir séu að færa af hærri vöxtum yfir á lægri vexti felst umtalsverður kostnaður í að flytja lánin. Sem dæmi get ég nefnt að stimpilgjald af 10 millj. kr. láni nemur 150 þús. kr. í dag. Þetta er þó nokkur biti að kyngja, frú forseti, og nokkuð sem þarf að staðgreiða eftir því sem ég best veit og þá þurfa bændur jafnvel að hækka lán sitt sem þessu nemur.

Þarna hefðum við þurft að hafa ráðrúm til að taka á málum þannig að bændur verði ekki fyrir útgjöldum af þessum sökum.

Ég þekki dæmi um bónda sem var að leita sér að fyrirgreiðslu hjá lánastofnun sinni, banka, og það sem honum stóð til boða hjá viðskiptabanka sínum var lán á 9% vöxtum, verðtryggt. Þetta er dæmi um bónda sem er ekki sérstaklega vel í sveit settur, hann er heldur ekki í neinum afdal en hann býr ekki á svæði sem er í tísku að kaupa jörð á til að leika sér á eða hvað það er sem fólk hefur í huga þegar það er að kaupa jarðir á háu verði og bankarnir meta þannig að hægt sé að lána á lægri vöxtum og betri kjörum en í þessu dæmi.

Við þekkjum líka dæmi um búgreinar sem í gegnum tíðina hafa lent í tímabundnum erfiðleikum. Get ég þar nefnt loðdýrabændur. En þar hefur m.a. Lánasjóður landbúnaðarins komið til og veitt þessum bændum ómetanlega fyrirgreiðslu. Loðdýrabændum búnast vel þessa stundina. En það er margt hverfult í henni veröld og ég tel að það þurfi að tryggja að búgreinar sem slíkar, hvort heldur þessi búgrein eða aðrar sem verða fyrir tímabundnum áföllum — ég get líka nefnt að sauðfjárbændur áttu í miklum erfiðleikum fyrir nokkrum árum og þá kom líka Lánasjóður landbúnaðarins til skjalanna og aðstoðaði þá — bæði búgreinar og bændur sem eru verr í sveit settir en þeir sem fá bestu fyrirgreiðsluna hjá bönkunum þurfa að eiga fyrirgreiðslu vísa á svipuðum kjörum og þeir sem fá góð kjör á hinum almenna lánamarkaði.

Mér fannst ásættanleg niðurstaða og ég skrifaði undir nefndarálitið og er aðili að því í trausti þess að gengið verði til þess verks að Byggðastofnun taki að sér það hlutverk að veita þessum aðilum fyrirgreiðslu þegar eða ef á þarf að halda. Nú vitum við að Byggðastofnun á sjálf í vissum erfiðleikum þannig að það kemur til kasta ríkisvaldsins að sjá til þess að henni sé kleift að sinna þessu hlutverki sínu. Forstjóri Byggðastofnunar og stjórnarformaður komu á fund nefndarinnar og þessir tveir aðilar sáu ekkert því til fyrirstöðu að stofnunin tæki þetta hlutverk að sér. Ég treysti því þá að það verði gengið þannig frá málum að stofnunin geti tekið við.

Frú forseti. Þetta finnst mér höfuðatriði í þessu máli, þ.e. að allir bændur eigi kost á viðunandi fyrirgreiðslu, ekki bara þeir sem búa næst þéttbýli eða á svæðum þar sem jarðir eru í háu verði og bankarnir jafnvel ágirnast jarðirnar.

Það er svo aftur á móti annað mál, frú forseti, að ég er svo sem ekki búin að sjá að það fáist endilega hátt verð fyrir sjóðinn. Það var talað um það hér áðan að hæstv. landbúnaðarráðherra væri að tala sjóðinn dauðan og maður á kannski ekkert að tala í þá veruna. Engu að síður verð ég að segja, frú forseti, að sérhver sem er með lán hjá sjóðnum getur farið til annars lánveitanda þannig að sjóðurinn verður ekki seldur með viðskiptavinum sínum. Það eina sem er tryggt að verður selt eru því skuldirnar því að viðskiptavildin, eða hverju nafni sem við viljum kalla það, er auðvitað bara fyrir hendi svo lengi sem sjóðurinn eða stofnunin býður betur en einhver annar. Þannig er það bara í dag. Fólk leitar þangað sem fyrirgreiðslan er best.

Ég óska þess að gott verð fengist fyrir þessi ímynduðu verðmæti eða kannski raunverulegu þannig að hægt væri að styrkja Lífeyrissjóð bænda vel og dyggilega, en hann mun vera rekinn með miklum halla þessa dagana.

Forsendan fyrir stuðningi mínum við þetta mál eins og það er núna er sem sagt sú að öllum bændum verði tryggð viðunandi fyrirgreiðsla og það er á færi ríkisins að gera það með því að gera t.d. Byggðastofnun það kleift með fjármunum. Byggðastofnun treystir sér til þess og ég held að það væri líka ágætt til þess að styrkja starfsemi þeirrar stofnunar.

[16:50]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara halda því til haga að loðdýrabændur hafa ekki aðeins fengið fyrirgreiðslu í gegnum Lánasjóð landbúnaðarins heldur hefur það líka verið gert beint úr ríkissjóði á fjárlögum og mjög oft og mikið og myndarlega. Sem betur fer er staða þeirra miklu betri einmitt vegna þess að ríkissjóður hefur komið að því að hjálpa þeim oft í erfiðri stöðu. Ég vildi bara halda því til haga að það er ekki aðeins í gegnum Lánasjóð landbúnaðarins.

[16:50]

Anna Kristín Gunnarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er alveg fullkunnugt um að ríkið hefur komið að málefnum loðdýrabænda, m.a. þau ár sem ég hef setið á þingi. En mér er líka kunnugt um að bankastofnanir hafa boðið loðdýrabændum betur en lánasjóðurinn í vissum

tilvikum. En svo aftur á móti þegar til átti að taka ákvað Lánasjóður landbúnaðarins að gera enn þá betur en viðkomandi banki sem varð til þess að einstaklingarnir sem ráku viðkomandi bú sátu uppi með mjög óhagstætt lán í bankakerfinu og enduðu með því að þurfa að selja frá sér allt sem hægt var til þess að verða ekki gjaldþrota og hætta búskap.

Þetta dæmi sýnir bara hversu fallvölt tilveran er í hinu almenna bankakerfi. Ekki er nú samúðinni fyrir að fara til þeirra sem þar eru að versla ef svo viðrar, sem aftur á móti hefur tíðkast hjá opinberum stofnunum eins og Lánasjóði landbúnaðarins því að þar eru málin skoðuð með viðskiptavinunum til enda og þróunin tekin inn í dæmið.

Það er alkunna, held ég, að loðdýrabændur hafa átt við mjög langvarandi erfiðleika að etja frá upphafi þeirrar búgreinar á Íslandi en ég vona nú að það sjái fyrir endann á þeim erfiðleikum. Lánasjóður landbúnaðarins skipaði virkilega mikið hlutverk í því að endurreisa loðdýrarækt á Íslandi.

[16:52]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað er tilveran fallvölt og það er eins í atvinnurekstri bænda og öðrum rekstri að ekki er alltaf góðæri. Saga loðdýraræktarinnar hér á landi er sorgarsaga. Reyndar eru ekki mörg loðdýrabú rekin í landinu í dag en þau eru held ég flestöll sem eru rekin í dag sem betur fer rekin af miklum myndarskap og það var mjög gaman að koma einmitt í heimsókn, eins og við í hv. landbúnaðarnefnd gerðum, í Skagafjörðinn fyrir tveimur árum.

En bara til gamans því hér var verið að ræða um hross áðan og þá sagði hv. þingmaður að merarnar beri. En ég held að þær kasti. Þær gera það alla vega á Suðurlandi. Þær kasta á Suðurlandi.

[16:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það skiptir mjög miklu máli að koma því á hreint að hryssur kasti og hefur nú formaður landbúnaðarnefndar kveðið upp úr um það og ekki ætla ég að mótmæla því.

Ég verð að segja að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum þegar ég sá afgreiðslu landbúnaðarnefndar á þessu máli. Mér finnst hún heldur fátækleg, rýr í roðinu, ef ég má nota þá samlíkingu, og málinu sem sagt svona kastað hér inn í þingið aftur með öllum endum óhnýttum. Það felst í nefndaráliti meiri hluta landbúnaðarnefndar — og er það þó ekki mikið að vöxtum — það felst þó augljóslega í því ákveðin viðurkenning á því að það séu ýmis vandamál sem ekki sé séð fyrir hvernig taka beri á. Þá grípa menn til gamalkunnugra aðferða því það er sagt að Byggðastofnun gæti kannski tekið þetta og hitt að sér og svo þyrfti svona að athuga þetta og hitt. Þannig ætla menn að láta sig hafa það að afgreiða málið. Svo koma þeir hér upp með stór orð um þá sem mæla fyrir því að þetta ætti nú kannski að athugast betur, eins og minni hluti landbúnaðarnefndar hefur lagt til í nefndaráliti sínu. Hv. þm. Magnús Stefánsson taldi það nú ekki merkilegan málflutning að menn skyldu vera með úrtölur og ekki vera þá bara með tillögurnar um það hvað ætti að gera í staðinn. En hann er væntanlega sáttur við og telur sóma að framgöngu hæstv. ráðherra og meiri hluta landbúnaðarnefndar sem játar þó upp á sig lausu endana og óvissuna sem því er samfara hvernig hluta bænda muni reiða af þegar þeir allt í einu bara sisvona missa sinn fjárfestingarlánasjóð sem hefur verið náttúrlega hornsteinn uppbyggingar og fjárfestinga í íslenskum landbúnaði um áratuga skeið.

Ég verð að segja alveg eins og er að það finnst mér þá málefnalegri og merkilegri málflutningur að velta steinunum við og spyrja sig hvað sé undir þeim og hvernig við ætlum að takast á við þessa hluti heldur en bara að láta vaða á súðum. Aðgerðir af því tagi að selja eða einkavæða Lánasjóð landbúnaðarins verða ekki auðveldlega aftur teknar. Menn skulu átta sig á því að það er þá eitthvað sem menn gera bara í eitt skipti því að þeir endurheimta hann ekkert út úr einhverjum einkabanka þegar hann er þangað kominn. Því er eins gott að menn fari þá bara vel yfir það hvort þeir séu alveg vissir um að þetta sé rétt skref sem þeir eru hér að taka. Ég hef ekki góða sannfæringu fyrir því nema síður sé. Ég hef miklar áhyggjur af því hvaða afleiðingar það kunni að hafa fyrir þróun þessarar greinar sem er náttúrlega í raun í algerri sérstöðu hvað varðar atvinnugreinar í landinu. Talandi um sjávarútveg eða iðnað hverra fárfestingarlánasjóðir voru einkavæddir á sínum tíma, sameinaðir inn í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og síðan einkavæddir alla leið þá er þó að mörgu leyti ólíku saman að jafna þar og því sem á við hér, þar sem er þessi atvinnurekstur og þessi uppbygging úti í strjálbýli landsins sem býr auðvitað við afar sérstakar aðstæður, að ætla sér bara að takast á við þann vanda sem menn telja að sé nú kominn upp í sambandi við rekstur Lánasjóðs landbúnaðarins með þessari ákaflega einföldu leið eða lausn — ef menn vilja kalla það svo — að gefast upp með rekstur sjóðsins og selja hann. Það finnst mér satt best að segja ekki vera mjög vandaður málatilbúnaður fyrr en menn eru þá búnir að fara í gegnum það og tæma það að engir aðrir vænlegri kostir séu í stöðunni. Þetta er auðvitað voðalega einfalt, þægileg leið og það er komin hefð á hana, að bara selja, einkavæða bara. Framsóknarmönnum er orðið þetta ákaflega tamt enda kunnugt að þeir eru orðnir sennilega mesti markaðshyggjuflokkurinn hér í landi og ganga glaðbeittir til þeirra verka að einkavæða eða markaðsvæða hvert svið almannaþjónustunnar á fætur öðru, raforkumál, fjarskipti eða hvað það nú er. Það er auðvitað tímanna tákn og verður kannski ekki öllu lengra gengið að taka nú Lánasjóð landbúnaðarins og ætla að einkavæða hann fyrir árslok.

Ég hef í fyrsta lagi mjög miklar efasemdir um lausu endana, hvort þeim sé endilega vel komið hjá henni Byggðastofnun. Bíddu, þarf nú kannski ekki líka að líta á það hvernig staða mála er á þeim bæ? Það er eins og mig minni að hér hafi hoppað stjórnarformaður Byggðastofnunar inn á þing sem varaþingmaður og var ekki einhver tillaga þar á ferðinni um að setja stórfellda viðbótarfjármuni inn í Byggðastofnun til að halda henni á fótunum? Það er eins og mig rámi í það. Er hún þá í miklum færum til þess að taka á sig erfið verkefni? (**Gripið fram í:** Hún getur lánað.) Hún

getur lánað, já. En á hvaða kjörum? Ætli það verði framför í því endilega fyrir bændur að fara úr Lánasjóði landbúnaðarins yfir í viðskipti hjá Byggðastofnun eins og kjörin hafa verið á þeim lánum sem ég hef séð boðið upp á þaðan? Það er ég nú ekki viss um. Það má velta því fyrir sér einmitt í því tilviki hvaða þörf sé fyrir rekstur á Byggðastofnun að svo miklu leyti sem hún er þá enn þá lánastofnun vegna þess að hún hefur alls ekki verið í færum undanfarin ár til þess að bjóða hagstæð lán. Það liggur nú bara fyrir. Kannski hefur hún tekið áhættu. Það hafa kannski verið helstu rökin fyrir því að það gæti verið gagn að því að hafa hana og að hún hefði einhverja lánsmöguleika, að hún hafi eðli málsins samkvæmt og verkefnis síns samkvæmt og skyldna sinna vegna stundum verið tilbúin til að lána í áhættusamari verkefni en aðrir. En það hefur svo sannarlega ekki verið ókeypis. Svo mikið er víst.

Það er vissulega svo að það er ákveðinn vandi innbyggður í stöðu Lánasjóðs landbúnaðarins eins og hann er í dag og það er augljóst mál að menn hefðu kannski betur þurft að sjá fyrir því á sínum tíma með sama hætti og menn hafa nú verið að reyna að tryggja stöðu Íbúðalánasjóðs, að það geti verið einhvers konar álag á lán, ef menn eiga rétt á að greiða þau upp, til að verja sjóðinn fyrir misgengi vaxta á fjármögnunarlánum og endurlánum. Það er augljós hætta fyrir starfsemi af þessu tagi ef þar getur skapast mikið misgengi og ég tala ekki um ef menn hafa gengið þannig frá málum, sem er þá auðvitað á ábyrgð stjórnenda sjóðsins að undanförnu, að taka lán sem ekki er mögulegt að greiða upp. Það er mjög alvarlegur hlutur ef menn hafa staðið þannig að málum, en þá er sá vandi þar, þá er hann þarna til staðar. Hugsunin að hann hverfi bara með því að selja sjóðinn, ég vil fá einhvern aðstandanda málsins til að útskýra það fyrir mér. Bíddu, eru einhverjir miskunnsamir samverjar úti á þessum markaði sem eru tilbúnir til að kaupa þennan sjóð algjörlega fullu verði með þessa misgengishættu innifalda? Vill hæstv. landbúnaðarráðherra, sem sjálfsagt er ágætlega að sér í hagfræði, útskýra þetta fyrir mér? Ætlar einhver góðgerðarstofnun bara að taka vandann af sjóðnum, af ríkinu, af eigandanum, af landbúnaðinum? Nei, ætli það hljóti þá ekki að koma fram í verðinu? Bíddu, er þetta þá ekki vandi sem er hvort eð er til staðar og þarf að takast á við? Spurningin er bara hvernig. Er endilega víst að forvöltun þessara fjármuna verði betri við að gera þetta svona en að horfast einfaldlega í augu við vandann og takast á við hann? Og hversu mikill er hann? Ja, það er alveg ósýnt, held ég, vegna þess að ég á eftir að sjá að bændur muni í framhaldinu greiða upp lán sín í eins stórum mæli og þróunin að undanförnu bendir kannski til.

Getur ekki einmitt verið að þar hafi farið þeir bændur sem voru í bestri aðstöðu til þess, þeir sem höfðu bestu veðin til að leggja á bak við viðskipti hjá nýjum aðila eða í banka og þeir sem bankarnir töldu æskilegustu og fýsilegustu viðskiptavinina? Gæti ekki verið að þær færu að þorna eitthvað upp þessar uppsprettur þegar frá líður? Gott og vel. Það skiptir í sjálfu sér ekki öllu máli. Það þarf ósköp einfaldlega að kortleggja þennan vanda og fara yfir hann. Ég sé það ekki í þessu ræfilslega frumvarpi. Það er bara sagt frá því að þessi vandi sé þarna og starf þessarar nefndar haft til marks um það. En ég sé ekki útreikningana á því og ég hef ekki undir höndum eitthvert reikningslegt mat á þessu máli.

Það er eitthvað í þessari hugsun sem ég fæ ekki alveg til að ganga upp, þ.e. að annars vegar sé hægt að nota sem röksemdir fyrir þessum breytingum og þessari aðgerð þennan vanda sem sé innbyggður í sjóðnum, en hins vegar að telja okkur trú um að það sé engu að síður hægt að selja hann á fullu verði og verja allt eigið fé hans eins og ekkert sé að. Það hlýtur að byggja á því að einhvers staðar úti í þjóðfélaginu séu miskunnsamir samverjar tilbúnir til að loka augunum fyrir þessum innbyggða vanda sem geti verið í sjóðnum og kaupa hann á fullu verði engu að síður. En væntanlega eru skuldbindingarnar eins, hver sem eigandinn er, og það verður að virða þau lán sem eru þarna án uppgreiðsluréttar og það verður hinn nýi eigandi að gera, ef hann yfirtekur allt heila klabbið, og hann mun ekki gera það ókeypis. Hann mun reikna það inn í dæmið, annars er hann óvenjulega rausnarlegur.

Það var aðeins nefnt áðan að loðdýraræktin hefði notið góðs af því að gegnum Lánasjóð landbúnaðarins, reyndar aðallega forvera hans Stofnlánadeildina, hefði verið hægt að koma henni til aðstoðar m.a. og beita þessum sameiginlega sjóði bænda í því skyni. Ætli hún sé nú ein um það, þó að það sé vissulega rétt að Stofnlánadeildin og Lánasjóður landbúnaðarins lögðu sitt af mörkum í því. Það skipti mjög miklu máli að lánin voru hjá aðila af því tagi sem laut félagslegu forsvari greinarinnar og hins opinbera og gat tekið þátt í og lagt sitt af mörkum með því að fresta afborgunum og fara í skuldbreytingar o.s.frv. En það er ekki bara loðdýraræktin sem hefur fengið þetta, það er allur landbúnaðurinn, aftur og aftur á umliðnum árum. Sauðfjárræktin og reyndar á köflum bara allir lántakendur í þessum sjóði, þegar erfiðleikaár hafa gengið yfir landbúnaðinn, hafa fengið þar fyrirgreiðslu af því tagi að menn hafa fengið skuldbreytingar og/eða verið heimilað að færa afborganir aftur fyrir og semja sérstaklega um slík kjör. Þetta þekkjum við sem höfum fylgst með þessari sögu nokkuð lengi og vitum vel.

Það er mjög fróðlegt að rifja þá sögu upp og velta henni fyrir sér í sambandi við framhaldið. Hvað ætla menn að gera næst, sem því miður sem verður örugglega ekki bara ef heldur þegar einhver erfiðleikaár, einhverjir erfiðleikatímar ganga yfir einstakar greinar landbúnaðarins eða hann sem slíkan? Þá verður enginn slíkur aðili sem getur ákveðið að fella niður afborganir eða skuldbreyta, og þess vegna með stuðningi opinberra aðila. Þá verður það bara herra markaður sem ræður því og hver og einn bóndi verður að reyna að glíma við það hjá sinni lánastofnun. Menn geta auðvitað sagt að þannig sé það hjá öðrum o.s.frv. En það breytir engu um það að sagan er eins og hún er og hún sannar að mínu mati gildi þess hvers virði það getur verið fyrir atvinnugrein af þessu tagi að eiga sinn fjárfestingarlánasjóð og að það sé hægt að beita slíkum tækjum til stuðnings greininni þegar hún þarf á því halda.

Ég hef áður nefnt það í umræðum um þetta mál að að mínu mati er reynslan af einkavæðingu fjárfestingarlánasjóða annarra atvinnugreina, Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs, mjög blendin. Sérstaklega veit ég dæmi þess og mörg dæmi þess að iðnaðarstarfsemi og iðnrekendur úti um land-

ið, það sem eftir er af þeim, það hefur gengið hressilega á þá undanfarin 10–15 ár. Það má segja að flutningskostnaður og fleiri slíkar ráðstafanir hafi meira og minna stýrt allri iðnaðaruppbyggingu hér á suðvesturhornið að svo miklu leyti sem hún er þá ekki farin áfram til Eystrasaltsríkjanna eða þaðan af lengra í burtu. En svo mikið er víst og það er að stórkostlega hefur þyngst fyrir fæti hjá þeim sem eru að byggja upp iðnaðarstarfsemi úti á landsbyggðinni við að fá eðlilega fyrirgreiðslu og fjármögnun t.d. til húsbygginga. Það er bara mjög erfitt í dag. Bankarnir telja það eins og hvern annan brandara að þeim bjóðist 1. veðréttur í húsnæði ef póstnúmerið er eitthvað verulega hærra en 1. Það bara er þannig.

Ég veit líka mörg dæmi þess að menn hafi lent í miklum barningi með nýsmíðar á fiskiskipum, að fá eðlilega fjármögnun á þær þó að 1. veðréttur væri í boði í jafnhreyfanlegri og endurseljanlegri eign og nýtísku fiskiskipi. Það er bara ekki lengur þannig að menn eigi sinn eigin fjárfestingarlánasjóð sem láni öllum félagsmönnum á jafnræðisgrundvelli á hagstæðum kjörum, eins og það var t.d. í Fiskveiðasjóði áratugum saman. Það skyldi nú ekki vera að það hafi hjálpað dálítið til við uppbyggingu flotans og þróun fiskiðnaðarins í gegnum tíðina? Árangurinn var ekki lakari en það að flest árin fengu menn síðan vaxtaendurgreiðslur inn á viðskiptareikning sinn hjá sjóðnum þegar búið var að gera árið upp og yfirleitt kom í ljós að sjóðurinn þurfti ekki á öllum þeim vaxtamun að halda sem hann reiknaði sér við lánveitingarnar og hafði rétt til að taka. Þá nutu menn þess beint í formi innlagnar á viðskiptamannareikning sinn hjá sjóðnum eða vaxtainnstæðna sem þá mynduðust. Þetta kerfi var ekki lakara en það.

Mér finnst það svolítið uppgjafarlegt og aumingjalegt að velta því ekki fyrir sér hver sé stærðargráða þessa vanda, hvaða leiðir séu til að takast á við hann. Er endilega víst að það sé besti kosturinn að gefast upp og selja sjóðinn? Er það endilega víst, jafnvel þó svo að búnaðarmálasjóðsgjöldin kynnu að heyra sögunni til innan fárra ára? Menn þurfa væntanlega ekki að taka svona óhagstæð lán og þurfa ekki að hafa þau á þeim kjörum að þau séu óuppgreiðanleg, menn þurfa ekki að sitja uppi með allt of háan rekstrarkostnað á þessum sjóði baráttulaust ef einhver vilji er til þess að hjóla í þau verkefni og takast á við þau.

Hvaða leiðir er hægt að fara í því? Það eru margar leiðir færar í því. Það er í fyrsta lagi ósköp einfaldlega hægt að reyna að reka sjóðinn með hagkvæmari og einfaldari hætti. Hægt er að bjóða út og er algengt að bjóða út umsjón með slíkum sjóðum og það hefur oft verið gert. Þannig var það t.d. með veðdeild Húsnæðisstofnunar á sínum tíma, grunnhúsnæðislánadeildina. Það var einfaldlega boðið út, leitað tilboða í umsjón með henni og lengi vel var það Landsbankinn sem bauð þar best. Það var á þeim grunni. Það er t.d. einn kostur sem menn gætu skoðað hvort hægt sé að stórlækka rekstrarkostnað sjóðsins að breyttu breytanda með því að fela umsjá hans einhverjum öflugum aðila sem getur gert það með hagkvæmum hætti sem hluta af miklu stærri starfsemi. Ákaflega nærtækur kostur að velta fyrir sér væru samlegðaráhrifin af því að samreka Lífeyrissjóð bænda og Lánasjóð landbúnaðarins. Gætu þau verið þannig að það munaði umtalsvert í formi lægri rekstrarkostnaðar og hagkvæmni jafnvel fyrir báða aðila? Gæti það komið báðum til góða að færa þessar einingar saman og styrkja þær í leiðinni? Ég sé að mörgu leyti ekkert því til fyrirstöðu að hreinlega væri hægt að sameina þessa starfsemi, kannski þannig að lánastarfsemin yrði einfölduð í leiðinni, að þetta yrðu grunnfjárfestingarlán, jarðakaupalán og lán t.d. til þeirra sem eru að hefja búskap, sem í löndunum í kringum okkur er víða hefð fyrir að sé skipað með sérstökum hætti, en síðan leiti menn kannski til viðskiptabanka sinna með viðbótarfjármögnun rekstrarins eins og gjarnan er gert. Finnar eru t.d. með alveg sérstakt prógramm sem miðar að *því að styðja unga bændur, fólk sem er að hefja búskap.* Það nýtur sérstakra kjara og sérstaks stuðnings sem er fyrir komið í kerfinu. Og veitir nú víst ekki af hér ef einhver endurnýjun á að hefjast eða verða loksins í þessari grein.

Það hefur líka verið nefnt í mín eyru sem hugmynd að kannski væri hægt að færa Lánasjóð landbúnaðarins yfir í einhvers konar sparisjóðsform á vegum bænda og semja um rekstur hans sem hluta af sparisjóðastarfseminni í landinu. Það er t.d. öflugur banki sem sparisjóðirnir reka saman, Sparisjóðabankinn, sem er þeirra fjármögnunarbanki, fjárfestingarbanki. Hann hefur verið ágætlega samkeppnisfær í kjörum og nýtur þar auðvitað stærðar samlegðaráhrifanna af því að vera bakhjarl allrar sparisjóðakeðjunnar í landinu, sem er nú stærsta einstaka viðskiptabankakeðjan, merkilegt nokk, með hæstu markaðshlutdeildina þegar kemur að almenningsviðskiptum í landinu, tæp 30%. Það eru sparisjóðir mjög víða á starfssvæði Lánasjóðs landbúnaðarins, þ.e. úti um héruð landsins, og sennilega væri engin ein bankastofnun betur sett í þeim efnum að eiga fleiri afgreiðslustaði vítt og breitt á svæði viðskiptavina sinna en sparisjóðirnir, *þ.e. ég býst við að þeir séu til samans fleiri og í fleiri landbúnaðarhéruðum* en nokkur einkabankanna þriggja.

Það gætu verið margir möguleikar sem mætti skoða í þessum efnum og ég sé ekki að himinn og jörð væru að farast þó að það væri gert eða hefði verið gert. Nú er það svo að lögin um Lánajóð landbúnaðarins eiga samkvæmt þessu frumvarpi ekki að falla niður fyrr en um næstu áramót. Það má líka velta fyrir sér tímasetningum þessa máls í því sambandi, úr því að það er ekki betur undirbúið og lengra á legg komið en það að vera þá engu að síður að taka þessar lagabreytingar hér í gegn. Ætla menn jafnvel að vera með það í höndunum fram undir næstu áramót að undirbúa sölu á þessum sjóði? Það er ekki mjög heppilegt að vera með mál hans þannig upp í loft í heilt ár og vera þó búinn að gefa sér niðurstöðuna fyrir fram. Það er ekki endilega víst að það verði honum til mikils framdráttar í rekstri á allra næstu mánuðum ef ljóst er að niðurstaðan er eiginlega gefin fyrir fram.

Menn hafa talað fyrir því, margir, ég held ég muni það rétt að ég hafi heyrt hæstv. landbúnaðarráðherra tala digurbarkalega um það, að bændum verði ekki skotaskuld úr því að fá góða fyrirgreiðslu hjá bönkunum, þeir séu skilvísir menn, vissulega er það rétt, og þeim muni bjóðast góð kjör. Menn nefna gjarnan til samanburðar það sem gerst hefur á íbúðalánamarkaði. Ég vara mjög við því að halda að þetta sé á einhvern hátt sambærilegt við það sem gerðist þegar bankarnir fundu ekki aðra leið til að koma Íbúðalánasjóði á *kné en þá að niðurbjóða hann í vöxtum eftir að hafa tapað*

máli gegn honum á evrópskum vettvangi. En það var þá, síðsumars, sem áhugi bankanna á að bjóða hagstæð íbúðalán með hátt lánshlutfall gaus upp, eins og kunnugt er. Hvað er þar á ferðinni? Jú, þar er það á ferðinni að menn greiða upp öll lán sín hjá fyrri lánveitanda, Íbúðalánasjóði. Menn lofa öllum sínum viðskiptum til viðkomandi lánastofnunar og hvað fær hún? Hún fær fyrsta veðrétt í íbúðarhúsnæði. Hvað er fyrsti veðréttur í íbúðarhúsnæði, frú forseti? Jú, það er sérstaklega hagstæð lán þegar kemur að því að útlánakarfa viðskiptabanka er metin og flokkuð í áhættuflokka. Bankarnir vissu vel hvað þeir voru að gera og þeir reyndu að slá margar flugur í einu höggi, ekki bara knésetja Íbúðalánasjóð heldur löguðu þeir líka hjá sér útlánasamsetninguna og fengu grundvöll útlána í nýjum og lágum áhættuflokki þar sem eru fasteignaveðlán á fyrsta veðrétti.

Þessu verður öðruvísi háttað þegar kemur að landbúnaðinum. Þar verður áhættudreifingin enn þá meiri. Hver verður t.d. staða þeirra sem eru á ákaflega landlitlum afskekktum jörðum, til lántöku í þessu tilviki? Hvernig verður farið með ríkisjarðir? Verður mönnum veitt veð og lántökuheimildir eins og ekkert sé þótt um verði að ræða einkabanka sem leita eigi fjármögnunar hjá í þeim tilvikum? Ætli það verði ekki talsverður munur á stórum bújörðum, vel í sveit settum, ég tala nú ekki um ef menn eru með umtalsverð hlunnindi og framleiðslurétt, t.d. í mjólkurframleiðslu, og aftur hinum sem hafa í raun ekkert af þessu og ætla að byggja upp af búskap á afskekktum jörðum? Það skyldi þó ekki vera? Það gæti átt eftir að reynast þannig að menn gengju ekki að hinum góðu lánskjörum vísum, með sama hætti og sumir vilja vera láta.

Auk þess, frú forseti, hafa vextir verið með afbrigðum lágir um skeið. Alþjóðlegir vextir hafa verið í sögulegu lágmarki í nokkur missiri bæði austan hafs og vestan. Það stafar af slaka í hagkerfinu, auðvitað sérstaklega í Evrópu þar sem menn hafa farið með vextina niður undir ekki neitt. Hér innan lands hefur vöxtunum hins vegar verið haldið uppi til að halda aftur af verðbólgu. Þannig hefur skapast það ástand að menn hafa talið sig getað gert út á vaxtamuninn milli Íslands og nálægra landa, tiltölulega öruggir í skjóli þess að stóriðjustefnan og viðleitni Seðlabankans til þess að halda niðri verðbólgu með háum vöxtum geri það að verkum að óhætt sé að gera út á þennan gróðaveg, vaxtamuninn milli Íslands og annarra landa.

Þar af leiðandi hefur tímabundið verið hægt að fleyta hinum lágu erlendu vöxtum inn í landið og út í lánskjörin en það er mikil áhætta því samfara. Það er ekki víst að það verði mjög varanlegt. Núna hafa vextir hækkað um tvö prósentustig í Bandaríkjunum á skömmu tíma. Þeir eru á hraðri uppleið þar. Hefur kannski enginn heyrt fréttirnar af því að vegna mikilla erlendra skulda íslenska þjóðarbúsins, sem fáir tala um en er nú staðreynd engu að síður, þá hafi vaxtabyrðin á örfáum mánuðum þyngst um sjö milljarða króna vegna erlendra skulda, bara í dollurum? Bara í dollurum. Síðasta hækkunin hjá bandarískra seðlabankanum, hjá herra Greenspan, kostar tvo milljarða í viðbót í hærri vöxtum á ársgrundvelli af erlendum skuldum þjóðarbúsins í dollurum. Menn skulu því ekki tala eins og þeir geti gengið að lágum alþjóðlegum vöxtum vísum um aldur og ævi.

Það er mjög hættulegt að meta þessa hluti alla út frá núinu og gefa sér að þannig verði það um aldur og ævi. Það er sko ekki í hendi. Því er að mörgu að hyggja í þessum efnum og menn ættu ekki að rasa um ráð fram.

Ég hef ekki góða sannfæringu fyrir því að styðja það að einkavæða Lánasjóð landbúnaðarins fyrr en aðrir hlutir hafa verið skoðaðir ofan í kjölinn. Ég hefði sjálfur, hefði ég átt að gefa ráð í þessum efnum, látið mér detta flest annað í hug fyrst. Ekki fyrr en ég væri endanlega sannfærður um að aðrar leiðir væru ekki færar færi ég að velta því fyrir mér að leggja hann niður eins og þetta mál snýst um. Þetta er ekkert annað en að leggja niður eða einkavæða þessa starfsemi. Hún hverfur sem slík, verður ekki til. Þetta leysist upp og engum þeim hlutum sem Lánasjóður landbúnaðarins, áður Stofnlánadeild landbúnaðarins, gat komið til framkvæmda verður þá viðkomið eftir að þetta skref verður stigið.

Ég tel, herra forseti, að hér sé langt frá nógu vandaður málatilbúnaður á ferð og þeir hljóta að verða að axla ábyrgð á breytingunni sem hana ætla að gera.

[17:22]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get verið sammála hv. þingmanni Steingrími J. Sigfússyni þegar hann segir að hornsteinn uppbyggingar í landbúnaði hafi verið Lánasjóður landbúnaðarins. Hins vegar hefur staðan breyst og stór hluti lántakanda hefur greitt upp lán sín. Við búum nú við mjög breytt rekstrarumhverfi og vandi sjóðsins er sá að hann er orðinn of lítill. Lánastofnanir í samkeppni við lánasjóðinn bjóða hagstæðari vexti. Einnig er vert að hafa í huga þá staðreynd að bændur vilja ekki greiða lengur búnaðargjald til Lánasjóðs landbúnaðarins til að greiða niður vexti hver fyrir annan. Þannig er staðan.

Hv. þingmaður gerði að mínu mati lítið úr Byggðastofnun. Byggðastofnun hefur getað lánað og haft svigrúm til að lána þótt hún hafi ekki fjármuni núna til styrkja eða hlutafjárkaupa. Hins vegar ættum við fremur að efla Byggðastofnun en að gera lítið úr henni.

Það kom fram í máli lánasjóðsmanna að að óbreyttu þurfi lánasjóðurinn að hækka vexti sína, a.m.k. um 2%, til að viðhalda eigin fé sjóðsins. Sjóðurinn er orðinn of lítill sem rekstrarleg eining. Við fórum vandlega ofan í það hvort hægt væri að reka hann með hagkvæmari hætti. Það var alls ekki talið unnt. Þar vinna sjö manns. Hann er rekinn með eins mikilli hagkvæmni og hægt er. Það er ekki hægt að reka hann með minni tilkostnaði. Hann er bara orðinn of lítill og of dýrt að reka hann til þess að það sé hægt áfram. Þess vegna var þessi ákvörðun tekin.

[17:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég deili ekki um að takast þurfi á við vanda þann sem blasir við hjá Lánasjóði landbúnaðarins. Það er ekki verið að deila um það. Mér er ljóst að hann er sem slíkur mjög lítil eining og að of hátt hlutfall tekna hans fer í rekstur. Það er eiginlega dæmt til að gerast ef haldið er úti lítilli einingu af þessu tagi. Það skapar honum líka augljósan vanda ef búnaðarsjóðsgjöldin falla niður því þau skipta

þar þrátt fyrir allt enn þá miklu máli þótt þau hafi lækkað mikið.

Ég hef reyndar enga sérstaka sannfæringu fyrir því að með breytingum á því fyrirkomulagi hefði ekki áfram getað ríkt samstaða um það innan greinarinnar að þau gjöld væru til staðar. Hins vegar er alveg ljóst að menn horfa til þess að greiðslubyrðin, skoðuð á móti útlánunum, færist til milli greina innan landbúnaðarins. Það er t.d. ljóst að sauðfjárræktin, sem lítið hefur fjárfest undanfarin ár, er nettógreiðandi fremur en þiggjandi á þessu tímabili. En það kann að breytast.

Að mínu mati hefði vel mátt hugsa sér að setja einhverjar skorður við því hve mikil tilfærsla af því tagi geti orðið. Ég ætla a.m.k. ekki að trúa öðru fyrr en mér hefur þá verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti, að félagsþroski bænda hafi minnkað þannig að þeir geti ekki sem slíkir upp til hópa staðið saman um fyrirkomulag af þessu tagi, ef menn lagfærðu það í ljósi aðstæðna.

Síðan vil ég mótmæla því að ég hafi gert lítið úr Byggðastofnun. Það var ekki í mínum huga. (Gripið fram í.) Hún stendur hins vegar illa, það var það sem ég var að segja. Á ekki Byggðastofnun sjálf við umtalsverðan vanda að stríða sem menn þyrftu þá að takast á við fyrst? Það væri a.m.k. æskilegast að gera það áður en upp kemur vandi af þessu tagi, sem menn viðurkenna að geti skapast ef þeir leggja niður Lánasjóð landbúnaðarins. Á að skilja þá bændur sem veikasta hafa stöðuna til að fá hagstæð lán annars staðar eftir á köldum klaka? Þá er þeim (Forseti hringir.) vanda bara sisvona vísað á Byggðastofnun.

[17:26]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram að útlánatöp hafa í reynd ekki verið mikil hjá Lánasjóði landbúnaðarins. Það er ekki þess vegna sem það væri erfitt fyrir Byggðastofnun að taka við þeim bændum sem ekki fá inni hjá lánastofnunum.

Hv. þingmaður velti fyrir sér hvort ekki hefði verið hægt að sameina lánasjóðinn öðrum stofnunum. Verkefnisstjórnin fór ofan í það. (Gripið fram í.) Jú, verkefnisstjórnin fór ofan í það og sagði að fátt benti til þess að slík stofnun gæti boðið bændum betri kjör en þeim bjóðast á almennum lánamarkaði, þótt e.t.v. mætti ná fram einhverjum rekstrarlegum sparnaði við slíka sameiningu. Það var mat verkefnisstjórnarinnar að samkeppnisstaða slíkrar stofnunar yrði ekki betri en staða lánasjóðsins er nú. Í þessu samhengi er einkum hætta á að betri lántakar beini viðskiptum sínum í auknum mæli til bankanna, eins og gerst hefur undanfarið.

Ég held að þetta sé bara viðurkennd staðreynd. Það blasir við að sjóðurinn er kominn í þrot. Sumarið verður notað til að koma honum í sölu og það er ekki betra að draga þessi mál til lengdar.

[17:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála því að það er ekki gott að draga mál af þessu tagi. En það má á móti gagnrýna það að menn fari af stað með svona mál, gera það opinbert og sýna það, fyrr en það er betur undirbúið og menn komnir með það á hreint hvað þeir ætla að gera og geti gert það hratt. Það er auðvitað ekki gott að starfsemi af þessu tagi sé í kastljósi af því tagi sem nú er varpað á lánasjóðinn og verður, kannski fram undir árslok. Það má snúa þessu algjörlega við og segja: Hefðu menn ekki átt að vinna heimavinnuna sína betur og vera klárari á því hvað þeir ætluðu að gera og gera það þá fljótt þegar málið væri gert opinbert með þessum hætti?

Síðan eru innbyggðar í málflutninginn mótsetningar sem enginn hefur getað svarað fyrir, og hæstv. landbúnaðarráðherra gufaður upp eins og stundum áður. Það er ekki auðvelt að láta það ganga upp að segja annars vegar: Þessi sjóður er að komast í þrot og mikinn vanda. En segja hins vegar: Við ætlum að selja hann og fá fullt verð fyrir hann og styrkja Lífeyrissjóð bænda um háar fjárhæðir með söluandvirðinu. (Gripið fram í.) Nei, það er bara eitthvað sem ekki gengur alveg upp í því. Annaðhvort er þessi vandi raunverulegur, áþreifanlegur og útreiknanlegur, hættan á misgengi milli tekinna lána sjóðsins sem ekki eru með uppgreiðslurétti annars vegar og útlánunum hins vegar, eða ekki. Ef vandinn er þarna þá leyfi ég mér að efast um að það gangi um miskunnsamir samverjar úti í fjármálaheiminum íslenska sem séu tilbúnir að baka hann að sér án endurgjalds. Ég hef ekki hitt slíka góðverkamenn. Ég held að þeir í bönkunum séu bara ekki miskunnsamir samverjar, ég hef ekki orðið var við það. Það er eitthvað pínulítið sem gengur ekki alveg upp þarna.

[17:30]

Útbýting:

Matvöruverð, 768. mál, svar viðskrh., þskj. 1285.

Meðferð opinberra mála og aðför, 309. mál, nál. allshn., þskj. 1338; brtt. allshn., þskj. 1339.

Stærð verslunarhúsnæðis, 767. mál, svar viðskrh., þskj. 1307.

Veiting ríkisborgararéttar, 804. mál, frv. allshn., þskj. 1345.

Þjónusta fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur á Íslandi, 805. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 1346.

[17:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum frumvarp um breytingu á lögum um Lánasjóð landbúnaðarins, með síðari breytingum. Ljóst er að Lánasjóður landbúnaðarins á talsvert í vök að verjast. Sjálfsagt verður ekki komist hjá því að gera verulegar breytingar á starfsemi sjóðsins miðað við stöðu hans og jafnvel leggja hann niður eins og verið er að ræða um.

Það verður hins vegar að segjast, hæstv. forseti, þótt ég sé ekki andvígur því að skoða þessi mál og jafnvel fara þá leið sem hér er lögð til að öðrum skilyrðum uppfylltum, þá er ekki þar með sagt að sú málsmeðferð sem hér hefur verið viðhöfð sé beinlínis að mínu skapi. Mér finnst í fyrsta lagi að málið hafi komið ákaflega seint í þingið, löngu eftir að frestur var liðinn. Í öðru lagi tel ég að betra hefði verið að málið hefði verið betur unnið til enda og verið búið að ná nokkurn veginn samkomulagi um það milli stjórnmálaflokkanna um hvernig með málið skyldi farið áður en það

kæmi í þingið og það hefði verið tekið inn á haustdögum, enda falla lögin samkvæmt frumvarpinu ekki úr gildi fyrr en um áramót.

Með sæmilegu vinnulagi og ferli hefði verið hægt að ná sátt um málið, sem ég held að forsendur séu fyrir, því eins og staða Lánasjóðs landbúnaðarins hefur verið að þróast á undanförnum vikum og missirum verður hún ekki varin óbreytt og kannski ekki skynsamlegt að reyna það. Það er ekki þar með sagt að menn séu alveg sáttir við að fara í það opna ferli sem einkavæðingin býður upp á án þess að menn hafi náð saman um ákveðnar reglur og ákveðin skilyrði.

Ég er t.d. ekki viss um að öllum bændum sem eru viðskiptamenn sjóðsins sé nákvæmlega sama um það hvert sjóðnum verður ráðstafað og menn hafa ekki svarað því í umræðunni í hvaða stöðu einstakir bændur lenda þá. Því hefur heldur ekki verið svarað í umræðunni í hvaða stöðu bændur verða með lánamál sín og fyrirgreiðslur sínar á svæðum þar sem jarðir eru kannski taldar verðminni eða á svæðum þar sem byggð á undir högg að sækja.

Ég held að þetta hefði allt þurft að ræða betur og með hvaða formi yrði staðið að niðurlagningunni og hvaða kosti bændur ættu þá í viðskiptum. Það hefur verið talað um að Byggðastofnun gæti hugsanlega komið að málefnum bænda til að lána m.a. bændum inn á jarðir sem viðkomandi bankar eða lánastofnanir mundu e.t.v. ekki vilja taka þátt í endurfjármögnun á. Allt þetta held ég að menn hefðu þurft að reyna að kortleggja miðað við stöðu lántakanda í Lánasjóði landbúnaðarins og velta því upp að við værum ekki að vega að byggð í landinu með þessari aðgerð. Ég óttast svolítið að með því að leggja sjóðinn niður förum við leið án þess að vera búin að búa til lausnir eða vegvísa sem okkur finnast ásættanlegir fyrir hönd bænda, því þeir eru örugglega misjafnlega settir eftir landshlutum og landsvæðum og auðvitað er skuldastaða bænda og hagur þeirra misjafn eins og allra annarra.

Við megum ekki koma bændum í verri stöðu en þeir eru í dag með niðurlagningu sjóðsins. Ég tel að við hefðum þurft að skoða þau atriði mjög vandlega. Við skulum ekki gleyma því að bankarnir hafa verið í viðskiptum í landbúnaðinum. Ég held að allir hljóti að muna eftir bankastríðinu eða bankakapphlaupinu eða hvernig á að orða það sem varð um fugla- og svínabúin á sínum tíma og hvaða staða kom upp þar. Það er ekki á bætandi ef við lendum í einhverjum sérstökum vandræðum með hinar hefðbundnu greinar landbúnaðarins, mjólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu.

Þetta vildi ég sagt hafa. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta. Það liggur auðvitað fyrir að meiri hlutinn vill klára málið með því lagi sem hér er lagt upp með. Ég er búinn að segja mína skoðun á því, ég hefði talið eðlilegt þar sem málið er þannig vaxið eins og ég gat um í upphafi að lögin taka ekki gildi fyrr en um áramót, að þá hefði verið hægt að ná um þetta víðtækari sátt og vinna betur að útfærslunni á bak við tjöldin og koma með málið tilbúið og klára það hér á tiltölulega stuttum tíma. Það held ég að sé alltaf heppilegt að gera þegar við ræðum mál eins og þetta, um lánastofnun og lánaviðskipti einnar stéttar.

Ég hef líka nokkrar áhyggjur af því hvernig þetta muni koma niður á einstökum landsvæðum og hef ekki séð neina kortlagningu á því varðandi stöðu lántakenda í Lánasjóði landbúnaðarins, hvort ákveðin svæði séu þar verr stödd en önnur o.s.frv. Þetta held ég að menn hefðu þurft að skoða og hafa einhverja vegvísa eða viðbrögð við því hvernig með ætti að fara.

Mér finnst rennt svolítið blint í sjóðinn með að fara þá leið sem hér er farin án þess að við vitum hvar viðskiptin lenda eða í hvaða stöðu bændur lenda þegar lögin verða samþykkt.

Að öllu samanlögðu sýnist mér að við hefðum getað unnið að málinu í sumar og undirbúið það vel og náð samkomulagi um það og komið með það tiltölulega vel undirbúið hingað og afgreitt það á stuttum tíma. Ég held að það sé kostur að afgreiða svona mál á stuttum tíma og hafa vegferðina betur kortlagða en hér er gert. Kannski helgast málsmeðferðin aðallega af því að málið kom mjög seint í þing hjá landbúnaðarráðherra og það er auðvitað til mikilla vandræða að fá málið með þessum tímafresti.

[17:39]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er komið að lokum umræðu um málið. Ég vil þakka nefndarmönnum fyrir ágætt starf.

Ég vil svara einu sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson kom inn á varðandi lántakendur sjóðsins, sem hann hefði trúlegast heyrt ef hann hefði verið við umræðuna í dag. (**GAK:** Ég hlustaði á megnið af henni, nema þegar ég var á fundi forseta.) Það hefur ekki verið hægt að greina að það sé meiri vandi á einu svæði en öðrum hjá lántakendum hjá Lánasjóði landbúnaðarins, heldur hefur hann verið miklu meiri á milli greina og hefur loðdýraræktin helst átt undir högg að sækja.

Eins og fram hefur komið eru bændur mjög skilvísir greiðendur í sjóðinn og það er ekki mikið um töp hjá Lánasjóði landbúnaðarins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gæðamat á æðardúni, 2. umr.

Stjfrv., 670. mál (heildarlög). — Þskj. 1022, nál. 1318.

[17:40]

Frsm. landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um gæðamat á æðardúni frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur frá landbúnaðarráðuneyti, Sigurgeir Þorgeirsson, Harald Benediktsson og Árna Snæbjörnsson frá Bændasamtökum Íslands, Sigtrygg Eyþórsson frá XCO, Jónas Helgason frá Æðarræktarfélagi Íslands, Pál Ólafsson og Jón Sveinsson.

Umsagnir bárust frá Gunnlaugi S. Stefánssyni, Jóni Sveinssyni, Búnaðarsambandi Suður- Þingeyinga, Æðarræktarfélagi Íslands, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, Páli Ólafssyni, Bændasamtökum Íslands, Samtökum iðnaðarins, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Æðarræktarfélagi Íslands,

Verslunarráði Íslands, Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og Umhverfisstofnun og Hagþjónustu landbúnaðarins.

Með frumvarpinu er lagt til að allur æðardúnn skuli veginn og metinn af lögskipuðum dúnmatsmönnum eftir fullhreinsun hvort sem hann er ætlaður til dreifingar á innanlandsmarkaði eða til útflutnings. Þá er einnig lagt til að landbúnaðarráðherra gefi út starfsleyfi til dúnmatsmanna, að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna, í stað lögreglustjóra áður.

Á fundum nefndarinnar kom fram að íslenskur æðardúnn er einstök vara og þekkt vörumerki erlendis og undanþeginn t.d. þýskum gæðastöðlum. Hlutdeild íslensks æðardúns á heimsmarkaði er um 80%. Á fundum nefndarinnar og í umsögnum kom fram að hagsmunasamtök telja nauðsynlegt að halda úti því gæðaeftirliti sem verið hefur til þess að tryggja orðspor vörunnar og viðhalda verðmæti hennar og gæðum.

Telur nefndin brýnt að ráðuneytið hugi að markaðsmálum greinarinnar en æðardúnninn er takmörkuð náttúruauðlind og því þarf að viðhalda gæðastaðli og auka verðmæti vörunnar, þannig að virðisaukinn verði meiri hjá æðardúnsbændum.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þingmenn Einar Oddur Kristjánsson, Lúðvík Bergvinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Birkir J. Jónsson, Jón Bjarnason, Guðmundur Hallvarðsson og Dagný Jónsdóttir.

[17:42]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Málið sem við ræðum má kalla allsérstakt. Við erum að tala um náttúruafurð þar sem Íslendingar eiga um 80% hlutdeild í heimsmarkaði. Við erum að tala um náttúruafurð sem krefst mjög mikillar vinnu af bóndanum. Ég get lýst því aðeins hvernig sú vinna fer fram, því ég hygg að það séu ekki allt of margir sem gera sér raunverulega grein fyrir hvað það er mikil vinna sem liggur að baki einu kílói af æðardúni, sem er það magn sem notað er í venjulega sæng.

Bóndinn sem hirðir um æðarvarp býr í haginn fyrir æðarkollurnar á hverju vori með því að snyrta í kringum hreiðrin, hirða úr þeim rusl frá árinu áður, sumir búa til húsahreiður, ýmist úr spýtum eða grjóti. Bóndinn flaggar fyrir fuglana sína, því æðarfuglinn er hrifinn af litskrúðugum flöggum og er hrifinn af því að það sjáist ummerki um að maðurinn hirði um hann á þeim svæðum sem hann velur sér til varps. Bóndinn þarf að fylgjast með því hvenær æðarfuglinn kemur inn og sest upp. Það er ekki alltaf á sama tíma, það fer eftir því hvernig átan er í sjónum hvenær fuglinn sest upp.

Fuglinn þarf að vera búinn að fita sig vel áður en hann sest upp, vegna þess að hann fer ekkert af hreiðrinu í þrjár vikur meðan hann liggur á eggjum til að unga út. Þess vegna er það svo að jafnvel t.d. eins og síðasta vor þegar var hlýtt og gott vor og ýmsir höfðu reiknað með að fuglinn settist snemma upp þá kom hann alls ekki snemma, ekki t.d. innst í ýmsum fjörðum, vegna þess að það vantaði átu. Það getum við væntanlega rakið til ofveiði á loðnu og þar kemur enn einn þátturinn til athugunar fyrir þá sem vilja halda því fram að við högum okkur óskynsamlega, þeir sem halda um stjórnartaumana á fiskveiðistjórnarkerfinu á Íslandi, því að það er ekki einungis þorskurinn sem nærist á loðnu, það eru líka fuglar. Loðna og ungsíld eða kræða eru aðaluppistaðan í fæðu æðarfugls og þegar hana skortir á vorin kemur fuglinn seinna.

Þegar fuglinn er sestur upp kemur bóndinn reglulega í varpið til að gá hvort ekki sé allt í lagi. Fylgjast þarf með því hvort vargur kemur í varpið, bæði minkur og sums staðar getur refur átt greiðan aðgang að því en einnig vargfugl. Þessu þarf öllu að halda í skefjum og um það sér æðarbóndinn.

Hirða þarf dún úr hreiðrunum jafnóðum og fuglinn fer, því að bæði getur dúninn rignt niður og hann getur fokið. Sumir hirða dúninn smám saman, taka lítið eitt í einu frá fuglinum, og þessu safnar bóndinn saman í geymslu og geymir þangað til varpi er lokið. Þá hefst annar verkþáttur sem felst í því að þurrka dúninn, breiða úr honum og þurrka hann og undirbúa hann fyrir hreinsun. Þetta er oft margra daga verk og getur reyndar verið mjög erfitt á þeim svæðum þar sem dúnninn er þurrkaður undir beru lofti og veður og vindar geta verið misjöfn eins og við vitum, en bóndinn þarf að sitja um að fá aðstæður sem henta til þessa verknaðar.

Þegar þessu er lokið hefst grófhreinsun á dúninum sem felst í því að úr dúninum eru hreinsaðar leifar af eggjaskurn, strá og fjaðrir sem hafa fest í honum. Þetta er gert í sérstökum vélum og við hita og er reyndar óþrifaverk, en þetta gerir bóndinn yfirleitt sjálfur og stundum eru ráðnir sérstakir aðilar til að vinna með honum að þessu verki. Þegar þessu verki er lokið er dúnninn síðan fullhreinsaður. Reyndar má skipta fullhreinsun í tvennt. Fyrir suma markaði nægir að fara alveg í gegnum dúninn þannig að ekki sé neitt aukadrasl í honum, engar fjaðrir, ekkert sem ekki er hreinn dúnn, en fyrir aðra markaði þarf að þvo dúninn og þar má nefna Japansmarkað. Á Íslandi hefur ekki verið fundið upp tæki til að þvo dúninn, það er a.m.k. ekki almennt í eigu æðarbænda. Það er eitt af þeim verkefnum sem þyrfti að aðstoða æðarbændur við að þróa þannig að þeir gætu fullunnið þessa vöru sína á þann alfullkomnasta hátt sem til er.

Ég er að rekja þetta ferli til að reyna að gefa örlitla mynd af því hversu mikil vinna liggur að baki hjá bóndanum við hvert kíló af dún. Í einu kílói af æðardúni eru talin 80 hreiður. Þessi mikla vinna skilar bóndanum líklega í dag um 50 þús. kr. fyrir kílóið. Sumum kann að finnast það mikið en mín skoðun er sú að það sé ekki há upphæð miðað við þessa miklu vinnu og miðað við það verð sem fæst fyrir afurðina þegar hún er komin á markað, hvort heldur er í skjólfatnaði eða svefnpokum að ég tali nú ekki um sængunum á Japansmarkaði sem eru, eins og komið hefur fram áður í sölum Alþingis, saumaðar úr fínasta silki og seldar á mörg hundruð þúsund krónur og í sum tilfellum langt yfir milljón.

Það er skoðun mín að það sé afskaplega mikilvægt að bóndinn fái meira fyrir sinn snúð og að æðarbændur á Ís-

landi séu aðstoðaðir við að byggja frekar upp vörpin sín en er núna. Það er reyndar ekkert gert í þeim efnum og það hefur verið bent á það líka að hvergi er neina sérstaka tilsögn að fá í umgengni við æðarvörp. Þeir sem hyggjast koma sér upp æðarvarpi verða að leita til þeirra sem þekkja til, þeirra sem eiga æðarvörp fyrir, til að fá hjá þeim leiðsögn. Það er í sjálfu sér allt í lagi en það væri líka mjög vel til fundið hjá einhverjum landbúnaðarskólanna að taka upp fræðslu í þessu efni því að þetta er búgrein sem er einstaklega heillandi á margan hátt. Þarna er verið að hirða afurð af fuglinum sem hann fellir í hreiðrið, kollan plokkar sjálf dún sem losnar af bringunni á henni þegar hún hefur verpt. Ekki er á neinn hátt verið að ganga nærri fuglinum og þarna er um að ræða ákaflega skemmtilegt nábýli manns og fugls. Æðarfuglinn þolir manninum umgengni við varpið á meðan það stendur yfir ef maðurinn gengur hægt og varlega um og sýnir fuglinum þá tillitssemi að vera ekki með bægslagang eða læti og það er eins og fuglinn skynji að verið er að gera honum til góða og vernda hann.

Ég tel að ef ekki verður séð til þess að dúnn og dúnhreinsun haldist alfarið á Íslandi, eins og verið hefur til þessa, sé sá möguleiki fyrir bí að bóndinn geti fengið meira fyrir afurð sína en nú er. Ég er alveg sannfærð um að verði dúnn fluttur hálfhreinsaður frá Íslandi til fullhreinsunar erlendis þýðir það að sami dúnn kemur ekki til frekari vinnslu á Íslandi. Ég held að það segi sig alveg sjálft. Mín skoðun er sú að það sé kórrétt ákvörðun sem hér er verið að taka, að gera þær kröfur til útflytjenda æðardúns að dúnninn fari út fullhreinsaður á sama hátt og við gerum þær kröfur að dúnn fari fullhreinsaður á markað innan lands.

Það var einmitt sú ákvörðun æðarbænda á sínum tíma að senda aðeins út fullhreinsaðan dún sem gerir það að verkum að íslenskur æðardúnn hefur ákaflega gott orðspor erlendis. Það var einmitt sú staðreynd að á markað erlendis hafði farið lélegur dúnn sem varð til þess að þar varð verðfall. Íslenskir æðarbændur fóru þess á leit við Alþingi að sett yrðu lög sem kvæðu á um að dúnn færi aðeins úr landi fullhreinsaður og enn þann dag í dag er það eindreginn vilji mikils meiri hluta æðarbænda að svo skuli vera. Það styð ég svo sannarlega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landbúnaðarstofnun, 2. umr.

Stjfrv., 700. mál. — Þskj. 1058, nál. 1330 og 1335, brtt. 1331.

[17:55]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta landbúnaðarnefndar um frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund B. Helgason, Eystein Jónsson, Ingibjörgu Ólöfu Vilhjálmsdóttur og Hákon Sigurgrímsson frá landbúnaðarráðuneyti, Halldór Runólfsson frá embætti yfirdýralæknis, Guðmund Stefánsson frá Lánasjóði landbúnaðarins, Jón Magnússon frá fjármálaráðuneyti, Harald Benediktsson og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands, Árna Ísaksson frá embætti veiðimálastjóra, Stefán Vilhjálmsson frá Yfirkjötmati ríkisins, Ólaf Guðmundsson frá aðfangaeftirlitinu og Sigurgeir Ólafsson frá plöntueftirliti.

Nefndinni bárust umsagnir frá fjölmörgum aðilum.

Með frumvarpinu er lagt til að stofnuð verði ný ríkisstofnun, Landbúnaðarstofnun, sem taki við verkefnum aðfangaeftirlits, yfirdýralæknis, veiðimálastjóra, kjötmatsformanns, plöntueftirlits Landbúnaðarháskóla Íslands og ýmsum eftirlits- og stjórnsýsluverkefnum hjá aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytis og Bændasamtökum Íslands. Þá verði aðfangaeftirlitið, embætti yfirdýralæknis, veiðimálastjóri og staða kjötmatsformanns lögð niður.

Meiri hlutinn telur mjög þarft að sameina stofnanir sem þessar, embætti og verkefni á sviði eftirlits og stjórnsýslu innan landbúnaðarins í eina öfluga eftirlits- og stjórnsýslustofnun, enda mikilvægt að stefnt verði að skilvirkari og betri stjórnsýslu og einfaldara og samhæfðara eftirliti. Á fundum nefndarinnar kom fram að verkefni þessara stofnana skarast þó nokkuð og að með sameiningu nýtist þverfagleg sérþekking betur en hingað til.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Fyrsta varðar staðsetningu höfuðstöðva stofnunarinnar en meiri hlutinn telur mikilvægt að starfsemi hennar verði sem næst þeim er nýta þjónustu hennar, þ.e. utan höfuðborgarsvæðisins en leggur til að ráðherra verði falið að ákveða hvar aðsetur hennar verði.

Þá er lagt til að við 2. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um hlutverk Landbúnaðarstofnunar, verði bætt þeim verkefnum sem Landbúnaðarstofnun er falið að annast samkvæmt lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu og getið er í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar og lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Á fundum nefndarinnar var nokkuð fjallað um þær hæfiskröfur sem gerðar eru til forstjóra stofnunarinnar samkvæmt frumvarpinu. Telur meiri hlutinn nauðsynlegt, þegar litið er til þess hversu víðfeðmt starf stofnunarinnar muni verða eftir sameiningu, að leggja til að í stað þess að gera kröfur um að forstjóri skuli vera menntaður dýralæknir með æðri prófgráðu þurfi hann að hafa háskólamenntun og æðri menntun, þ.e. meistaraprófsgráðu eða doktorsgráðu.

Þá leggur meiri hlutinn til breytingar er varða skipulag stofnunarinnar, þ.e. að stofnuninni verði skipt í mismunandi fagsvið í stað skrifstofa eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, og telur að sú breyting sé til þess fallin að skýra að sviðsstjórar eru ráðnir en ekki skipaðir eins og t.d. skrifstofustjórar í ráðuneytum. Meiri hlutinn leggur auk þess til að gert verði ráð fyrir sérstöku sviði sem fer með dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og skal sviðsstjóri þess vera dýralæknir og nefnist þá yfirdýralæknir.

Loks leggur meiri hlutinn áherslu á að hugað verði að því að stjórnsýsla dýraverndarmála verði sameinuð á einum stað í ljósi athugasemda sem nefndinni bárust, m.a. varðandi flutning búfjár.

Loks getur meiri hlutinn ekki látið hjá líða að gagnrýna það hversu seint frumvarpið er fram komið, sérstaklega þegar litið er til þeirra breytinga sem nauðsynlegt er að

leggja til að gerðar verði á frumvarpinu og því frumvarpi sem lagt er fram samhliða og varðar breytingar á lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, til þess að unnt sé að ljúka málinu.

Einar Oddur Kristjánsson, Lúðvík Bergvinsson og Þórunn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Drífa Hjartardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Birkir J. Jónsson, Guðmundur Hallvarðsson og Dagný Jónsdóttir.

[18:00]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Umsögn kom um frumvarpið frá Neytendasamtökunum og mig langar að fá upplýsingar um hvort hv. landbúnaðarnefnd hafi ekkert gert með þá umsögn. Þar er gagnrýnt að verið sé að vista matvælaeftirlit beint undir atvinnuvegaráðuneyti í stað þess að það væri hjá óháðu ráðuneyti. Það væri fróðlegt að fá að heyra hvað formanni landbúnaðarnefndar finnst um það.

[18:00]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst að það fari bara mjög vel á því að matvælaeftirlitið sé vistað undir landbúnaðarráðuneytinu. Það er mitt mat.

[18:01]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég óska eftir því að formaður nefndarinnar rökstyðji það hvers vegna henni finnst það. Er það „af því bara" eða hvernig stendur á því?

[18:01]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er eiginlega alveg undrandi yfir þessari fyrirspurn hv. þm. Sigurjóns Þórðarsonar. Það er ekki nein grundvallarbreyting í rauninni með þessu frumvarpi. Með því er verið að færa saman stofnanir sem hafa verið undir landbúnaðarráðuneytinu í eina stofnun og þar með þetta eftirlit sem hefur verið með matvælum. Ég sé ekkert að því að það sé þarna undir. (Gripið fram í.) Ja, þetta er bara það sama kerfi og verið hefur og ég sé enga ástæðu til að breyta því og er mjög íhaldssöm í þessum efnum.

[18:02]

Frsm. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason):

Frú forseti. Frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun er til 2. umr. og hv. formaður landbúnaðarnefndar, Drífa Hjartardóttir, hefur mælt fyrir áliti meiri hlutans. Ég styð ekki álit meiri hlutans og er með séráliti varðandi þetta mál sem ég ætla nú að gera grein fyrir.

Í lagafrumvarpi um Landbúnaðarstofnun stendur í 1. gr.:

„Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist Landbúnaðarstofnun. Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til."

Síðan stendur í athugasemdum með lagafrumvarpinu, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um að sameina stofnanir, embætti og verkefni á sviði eftirlits og stjórnsýslu innan landbúnaðarins í eina öfluga eftirlits- og stjórnsýslustofnun, Landbúnaðarstofnun. Með þeim hætti nýtist þverfagleg sérþekking betur en hingað til og grundvöllur er lagður að bættri og skilvirkari stjórnsýslu og einfaldara og samhæfðara eftirliti.

Landbúnaðarstofnun er falin framkvæmd ýmissa eftirlits- og stjórnsýsluverkefna samkvæmt lögum sem talin eru upp í 2. gr. frumvarpsins. Með frumvarpinu er lagt til að eftirtaldar stofnanir landbúnaðarráðuneytisins verði lagðar niður: yfirdýralæknir, veiðimálastjóri og aðfangaeftirlitið. Landbúnaðarstofnun er ætlað að taka að sér hlutverk ofangreindra stofnana. Einnig er lagt til að embætti kjötmatsformanns verði lagt niður og starfsemi þess flutt til Landbúnaðarstofnunar og að starfsemi plöntueftirlits flytjist þangað frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Að auki er Landbúnaðarstofnun ætlað að fara með stjórnsýsluverkefni sem Bændasamtök Íslands hafa farið með og varða framleiðslustýringu í landbúnaði, forðagæslu og eftirlit með aðbúnaði búfjár."

Ég rek þetta, frú forseti, því að nauðsynlegt er að átta sig á því hvað hér er á ferðinni.

„Umræddar ríkisstofnanir og embætti hafa flestar aðeins fáum starfsmönnum á að skipa. Hafa sumar unnið nokkuð einangrað eða verið vistaðar að hluta innan annarra stofnana landbúnaðarráðuneytisins."

Ég vek athygli á því, frú forseti, að þetta er texti sem landbúnaðarráðherra ber ábyrgð á.

„Samanlögð velta þeirra samkvæmt fjárlögum 2005 er 505,5 millj. kr. og stöðugildi um 50 talsins. Því til viðbótar kemur kostnaður vegna verkefna sem með samningi hafa verið falin Bændasamtökum Íslands.

Með þessum breytingum skapast möguleiki á að samnýta mannafla betur en hingað til með markvissari stjórnsýslu og eftirliti og jafnframt koma í veg fyrir skörun."

Þetta eru orð hæstv. ráðherra í þessum texta.

„Landbúnaðarstofnun kemur fram sem ein heild sem auðveldar samskipti við aðrar stofnanir innan lands og utan."

Svo lýkur þessari greinargerð í athugasemdunum:

„Það er mat landbúnaðarráðuneytisins að tilkoma Landbúnaðarstofnunar skapi grundvöll fyrir markvissri stjórnsýslu í einföldu og skilvirku eftirlitskerfi sem líklegt er til að ávinna sér traust."

Þetta eru skýringarnar og forsendurnar sem lagt er upp með fyrir frumvarpinu.

Vík ég þá aðeins að því hvernig til tekst.

Eins og ég sagði áður, frú forseti, er með frumvarpinu ætlunin að sameina ýmsar stofnanir, embætti og verkefni á sviði eftirlits og stjórnsýslu innan landbúnaðarins í eina stjórnsýslustofnun, Landbúnaðarstofnun. Þau rök eru færð fyrir þeirri stofnun að, eins og ég vitnaði til áðan, „með þeim hætti nýtist þverfagleg sérþekking betur en hingað til og grundvöllur lagður að bættri, skilvirkari stjórnsýslu og einfaldara og samhæfðara eftirliti".

Frú forseti. Ég get að nokkru tekið undir þessar áherslur

sem frumvarpið felur í sér og þó sérstaklega það að þau verkefni sem hér um ræðir verði áfram á ábyrgð og í forsjá hins opinbera en ekki einkavædd eða framseld á markaði, eins og við höfum mátt búa við í tillögum og framkvæmd ríkisstjórnarinnar á ýmsum öðrum sviðum. Það er því ánægjulegt og ég lýsi því yfir að mér finnst ágætt að hér skuli vera slegin sú stefna að þessi stjórnsýsluverkefni, þau eftirlitsverkefni sem hér um ræðir skuli áfram vera á opinberri ábyrgð.

Í textanum og með breytingartillögu sem meiri hlutinn leggur til er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði heimili hinnar nýju stofnunar. En það er náttúrlega ljóst og mjög skýrt af umsögnum, t.d. frá sveitarstjórnum og búnaðarsamböndum á landsbyggðinni, að mikill áhugi er á að hin nýja stofnun verði utan núverandi þenslusvæða á Suður- og Suðvesturlandi, enda er það áréttað í nefndaráliti meiri hlutans þar sem lagt er til að hún verði utan þeirra stórþenslusvæða sem tengjast höfuðborgarsvæðinu. Er eindregið tekið undir þau sjónarmið, því að hér er um tugi starfsmanna að ræða og þó að störfin séu dreifð vítt og breitt um landið og svo verði að einhverju leyti áfram er ljóst að höfuðstöðvar hinnar nýju stofnunar munu þykja hvalreki á þeim stöðum á landinu þar sem henni yrði valinn staður. Því tel ég eðlilegt, frú forseti, að það sé Alþingi sem velji henni stað en ekki ráðherra.

Ég bendi á að margir landshlutar hafa talið sig fara varhluta af uppbyggingu á opinberri þjónustu, opinberum stofnunum og störfum og við höfum verið að ræða á undanförnum dögum og munum ræða enn þá frekar, t.d. í samgönguáætluninni, hversu mikið álag er orðið á höfuðborgarsvæðið að vera með alla þessa fólksflutninga hingað og allar þessar stofnanir, þannig að að mati íbúanna hér eða stjórnenda þeirra er m.a. vegagerðin að springa og þess vegna er mjög mikilvægt að mínu mati að við hugum núna mjög sterklega að því að ef koma skal á fót nýrri stofnun verði hún utan þessa álagssvæðis. Við sáum af umsögnum, bæði frá Vesturlandi og Norðurlandi, að umsagnir frá sveitarstjórnum og búnaðarsamböndum þar telja mjög eðlilegt að hin nýja stofnun, ef af verður, fari þangað og ég styð það.

Það er hins vegar gagnrýnt hér hversu seint þetta frumvarp er komið fram og það hefur áður verið rætt að vinnubrögðin af hálfu landbúnaðarráðuneytisins gagnvart Alþingi og landbúnaðarnefnd eru á ýmsan hátt forkastanleg, þótt maður fagni því stundum að ekki komi þó fleiri frumvörp þaðan. Engu að síður er það gagnrýnivert að svona stór frumvörp, eins og við ræddum áðan, um Lánasjóð landbúnaðarins og nú Landbúnaðarstofnun, komi svona seint fram. Það hefur því í reynd gefist takmarkað tóm til að vinna þau sem skyldi. Þó svo að málið hafi farið til skriflegra umsagna er gefinn mjög stuttur tími til þess og auk þess mjög stuttur tími hjá nefndinni til að fara yfir þær, og ég gagnrýni það. Það er stórmál þegar verið er að stofna nýja stofnun eins og hér er verið að leggja til og færa til stjórnsýsluverkefni sem eru vistuð annaðhvort hjá sjálfstæðum embættum eða hjá öðrum aðilum, eins og t.d. hjá Bændasamtökum Íslands.

Mörg af þeim embættum og verkefnum sem frumvarpið tekur til hafa einmitt gegnt mikilvægum og sértækum hlutverkum, m.a. í alþjóðlegu samstarfi, eftirliti og vottorðagjöf. Óvænt og breytt skipan mála getur skapað óvissu, ekki síst í alþjóðlegum samskiptum, og þannig skaðað beint og óbeint dýrmæta gagnkvæma viðskiptahagsmuni og önnur samskipti sem við eigum við aðrar þjóðir á grundvelli þessara sérhæfðu verkefna. Má þar nefna yfirdýralæknisembættið, veiðimálastjóra, aðfangaeftirlitið og plöntueftirlitið svo nokkuð sé nefnt, sem ætlunin er að leggja niður sem slíkt og færa þau verkefni undir hina nýju stofnun. Enda eru slegnir varnaglar og það undirstrikað rækilega í umsögnum þessara aðila til nefndarinnar.

Hins vegar er dregið mjög í efa að sameining þessara embætta og verkefna undir eina nýja stofnun leiði sjálfkrafa til sparnaðar eða aukinnar skilvirkni. Almenn reynsla af slíkum tilfæringum hefur verið þveröfug. Með þessum breytingum er teygt á stjórnsýslunni og vegalengdin frá þeim sem vinnur verkin og ber faglega ábyrgð á þeim eykst til æðsta stigs stjórnsýslunnar, sem er ráðherrann. Slíkt leiðir almennt ekki til aukinnar skilvirkni.

Flest þau embætti sem nú er verið að leggja inn í hina nýju Landbúnaðarstofnun, ef af verður, heyra nú beint undir ráðherra, en boðleiðin lengist nú um einn millilið, sem hlýtur að auka kostnað og skriffinnsku. Enda kemur berlega í ljós í umsögn fjármálaráðuneytisins að þar er ekkert raunverulegt mat lagt á stofn- eða rekstrarkostnað hinnar nýju stofnunar. Þrátt fyrir ítrekaðar spurningar í landbúnaðarnefnd hafa ekki fengist nein viðhlítandi svör um áætlaðan stofn- og rekstrarkostnað þessarar nýju stofnunar. Ég gagnrýni það hversu illa þessi þáttur er undirbyggður. Verið er að leggja til nýja stofnun og þó að verið sé að færa til verkefnin hefði engu að síður átt að fylgja mjög ítarleg, greinargóð og raunveruleg fjárhagsáætlun fyrir hina nýju stofnun. Ég tel því þau vinnubrögð vera mjög gagnrýniverð hvað varðar fjárhagslegar ábyrgðir sem verið er að undirgangast með þessa nýju stofnun, hvað það er lítið undirbyggt.

Í umsögn Bændasamtakanna eru hin stjórnsýslulegu verkefni sem þau annast fyrir ríkisvaldið rakin. Þó að velta megi því fyrir sér hvort rétt sé að hagsmunasamtök eins og Bændasamtökin annist svo viðamikil stjórnsýsluverkefni sem raun ber vitni er afar ólíklegt að kostnaður hins opinbera minnki við að færa þau undir hina nýju stofnun. Hjá Bændasamtökunum liggur gríðarlega mikil fagþekking og staðkunnugleiki á þessum sviðum og áratuga trúnaður gagnvart atvinnuveginum, sem mun taka hina nýju stofnun langan tíma að vinna upp með sama hætti.

Þá hefur Samband sveitarfélaga bent á að með þessum lögum er verið að leggja aukna ábyrgð, aukinn kostnað og vinnu á búfjáreftirlitsmenn samkvæmt lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., en kostnaður við búfjáreftirlitsmenn greiðist af sveitarfélögunum.

Í umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar mótmælir sambandið þeirri breytingu sem lögð er til í 27. gr. frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar. Kemur þar fram að stórlega eigi að auka við eftirlitshlutverk búfjáreftirlitsmanna, sem eru samkvæmt lögum nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., starfsmenn sveitarfélaga. Breytingarnar felast í því að búfjáreftirlitsmenn eigi ekki aðeins að hafa eftirlit með aðbúnaði búfjár og fóðrun og sannreyna fjölda bú-

fjár, heldur eigi þeir einnig að hafa eftirlit með því að merkingar á búfé séu í samræmi við reglur þar um. Þetta hlutverk er nú í höndum yfirdýralæknis, sbr. reglugerð nr. 463/2003. Engar skýringar á þessari tillögu er að finna í athugasemdum með frumvarpinu og engar umræður hafa af hálfu landbúnaðarráðuneytisins átt sér stað við sveitarfélögin um þessa breytingu. Ekki verður því séð hvaða röksemdir búa hér að baki. Hafa ber í huga að hér er um augljósan kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin að ræða þar sem fram kemur í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., að kostnaður við búfjáreftirlit greiðist af sveitarfélögum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er um að ræða breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem á sér stað án viðræðna þeirra á milli og án þess að sveitarfélögin fái tekjur til að sinna nýjum lögskyldum. Slík vinnubrögð eru óásættanleg. Sambandið leggur til að felld verði brott 27. gr. frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar."

Þetta er mjög athyglisvert. Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á að með frumvarpinu sé verið að kveða á um aukinn kostnað á sveitarfélögin án þess að á undan hafi farið samningar þar um.

Einnig er rétt að vekja athygli á umsögn frá Bandalagi háskólamanna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vísað er til bréfs yðar, dags. 18. apríl 2005, varðandi umsögn um 700. og 701. mál, frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun og frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar. Beðist er velvirðingar á því að ekki tókst að veita umsögn á þeim vikulanga fresti sem veittur var. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið.

Telja verður að ónógt og síðbúið samráð hafi verið haft við hlutaðeigandi hagsmunaaðila við undirbúning þingmáls þessa á stjórnarráðsstigi.

BHM telur mikilvægast að tryggja í væntanlegum lögum að öll réttindi starfsmanna — svo sem til lífeyris — séu tryggð, bæði vegna stofnunar Landbúnaðarstofnunar og við breytingu á vinnuréttarformi héraðsdýralækna. Nauðsynlegt er sem endranær að skapa sátt um slíkan samruna og kerfisbreytingar.

Loks telur BHM mikilvægt að fagleg stjórnun og faglegt sjálfstæði og inntak sérgreina sé jafn vel tryggt í væntanlegu stjórnskipulagi umræddra málaflokka og nú er.

Undirritaður framkvæmdastjóri og lögmaður BHM hefur setið félagsfund á vegum Dýralæknafélags Íslands, sem á aðild að BHM, og er því bæði undirbúinn og reiðubúinn til frekari álitsgjafar við landbúnaðarnefnd, óski hún eftir því."

BHM gagnrýnir undirbúning málsins og lýsir þarna ósk sinni um að koma að því, en það eru einmitt mjög veik ákvæði í frumvarpinu sem lúta að réttindum starfsmanna við breytingarnar, ef af verður.

Sama er upp á teningnum hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og þeir gagnrýna að ekki sé nægilega kveðið á um réttarstöðu starfsmanna. Í umsögn þeirra segir, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að gengið sé frá málum starfsmanna þeirra stofnana sem lagðar verða niður áður en lögunum er breytt, þannig að starfsmenn viti að hverju þeir ganga.

Starfsmönnum skal bjóða sambærileg störf hjá Landbúnaðarstofnun og leggur BSRB áherslu á að í ákvæði til bráðabirgða sé kveðið skýrt á um það."

Þetta vantar, frú forseti, í frumvarpið. Forstöðumenn stofnana sem verið er að leggja niður bentu einnig á það á fundi með landbúnaðarnefnd að ekkert er kveðið á um hvernig fara skuli með áunnin réttindi, áunnin ráðningarkjör og ráðningarform við breytinguna. Það er gagnrýnivert að ekki skuli kveðið nánar á um þetta í lögunum þegar verið er að breyta störfum og ráðningum fólks sem búið er að vinna við verkefnin í áratugi.

Í umsögn Bændasamtakanna kemur fram að nú þegar er unnið að stórum hluta þeirra verkefna sem verið er að fjalla um hjá þeim. Í bréfi sem Bændasamtökin hafa sent eru einmitt listuð þau mörgu störf og verkefni sem þar eru unnin og eru í uppnámi ef fer fram sem horfir. Ég geri ráð fyrir að hægt sé að semja um þau verkefni áfram, en í umsögn þeirra er dregið mjög í efa að það dragi úr kostnaði eða að vinnan verði skilvirkari við að færa þau frá Bændasamtökunum og undir hina nýju stofnun, það er dregið mjög í efa.

Það er því margt í málinu sem er of illa unnið til að hægt sé að taka undir þau markmið sem sett eru um að þetta eigi að auka hagkvæmni, skilvirkni o.s.frv.

Ég vil líka minnast á, eins og ég gerði í upphafi ræðu minnar, að umsögn fjármálaráðuneytisins um kostnaðarhliðina er í innbyrðis þversögn við sjálfan sig þar sem tölur stangast á bæði innan umsagnar fjármálaráðuneytisins og einnig á milli umsagnar fjármálaráðuneytisins og þeirrar umsagnar sem landbúnaðarráðuneytið hefur sent og fylgir með frumvarpinu. Þar eru allt aðrar tölur í kostnað og skiptir jafnvel tugum milljóna króna sem ber þar í milli, sem sýnir hversu illa þetta er unnið.

Frú forseti. Eins og getur um í nefndaráliti mínu tek ég undir þær áherslur sem dregnar eru upp í frumvarpinu, sérstaklega að verkefnin skuli eiga að vera áfram á opinberri ábyrgð, þó að það sé alltaf umhugsunarefni þegar verið er að stofna nýja ríkisstofnun og beri að ganga mjög vandlega um áður en það er gert. Ég hef dregið fram varúðarorð frá Bændasamtökunum og öllum þeim stofnunum sem hér um ræðir um að þetta sé ekki nægilega undirbúið til að hægt sé að leggja til að samþykkt séu lög sem lúta að því að slá þessum stofnunum og verkefnum saman í eina stofnun. Ég legg því til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari úrvinnslu og betri vinnu þannig að þegar ákvörðun verður tekin um stofnunina verði það gert á grundvelli mun ítarlegri vinnu, bæði hvað varðar fagleg verkefni, skiptingu verkefna, kostnað og staðsetningu. Ég tel að staðsetningin eigi að vera hluti af ákvörðun Alþingis þegar verið er að stofna til eins stórrar stofnunar og um ræðir sem gæti verið með 50–60 manns í þjónustu sinni. Við vitum að eftirlitsstofnanir hafa tilhneigingu til að vaxa og þenjast út og þá skiptir máli hvar stofnunin er niður komin, enda er í umsögnum flestra sveitarfélaga og búnaðarsambanda minna horft á hina faglegu hlið sem snýr að stofnuninni en meira hugsað um hvar henni verður fundinn staður.

Ég dreg í efa, frú forseti, að það séu rök í málinu að málum sé þannig fyrir komið að þau séu mjög óhagkvæm núna. Ég tel að hjá embættum yfirdýralæknis, veiðimála-

stjóra, aðfangaeftirlits og plöntueftirlits sé unnið mjög gott starf á hagkvæman, ódýran og skilvirkan hátt. Sömuleiðis tel ég að þau verkefni sem Bændasamtökunum er falið að vinna séu unnin með mjög skilvirkum hætti og ódýrum, þannig að þau rök fyrir stofnunni að nauðsynlegt sé að gera breytinguna til að auka skilvirkni og draga úr kostnaði tel ég að séu röng og ómakleg. Það má vel vera að það eigi að steypa þessu saman í eina stofnun, en það þarf að vinna það miklu, miklu betur en hér er gert. Því legg ég til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, eins og ég sagði áðan, unnið betur, og komi fyrir þing aftur í haust ef ástæða þykir til.

[18:28]

Útbýting:

Lokafjárlög 2002, 440. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 1347.

Lokafjárlög 2003, 441. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 1348.

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 708. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1349.

Virðisaukaskattur o.fl., 697. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1350; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1351.

[18:28]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Frú forseti. Almennt er ég á því að það geti verið til bóta að setja saman í eina margar litlar stofnanir sem hafa skyld verkefni með höndum svo fremi það sé ekki gert í því skyni að draga starfsemi af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Hér er verið að leggja til að margar stofnanir sem þjónusta landbúnaðinn fari í eina og nefnist Landbúnaðarstofnun og tel ég að það geti vel verið af hinu góða og vona að það heppnist vel. Það er hins vegar rétt sem fram hefur komið hér í umræðunni að það er afar stutt síðan þetta umrædda frumvarp kom fram. Reyndar kemur það fram hér í nefndarálitinu þar sem það er gagnrýnt hversu seint þetta frumvarp er fram komið. Ég hygg nú að það sé fremur fátítt að svona gagnrýni komi fram í nefndaráliti.

Hér er sem sagt verið að setja þjónustu og eftirlitsiðnað við landbúnaðinn í eina stofnun og ég ætla að leyfa mér að vona að með tíð og tíma þýði það hagræðingu og meiri skilvirkni, ég tala nú ekki um ef áfram verður haldið og verkefni sem eru sambærileg þeim sem hér er fjallað um og jafnvel alveg á sama sviði en heyra undir önnur ráðuneyti verði felld undir þessa stofnun. Það hefur verið boðað hér frumvarp um Matvælastofu. Án þess að ég hafi séð það frumvarp frekar en aðrir eða heyrt nákvæmlega um það fjallað þá segir mér svo hugur að ýmislegt á sviði þeirrar fyrirhuguðu stofnunar muni vera á svipuðum nótum og það sem hér er fjallað um. Ég tel að það væri mjög æskilegt að þessar tvær stofnanir væru gerðar að einni með tíð og tíma.

Það kom fram í máli ýmissa gesta sem komu á fund landbúnaðarnefndar, starfsmanna þessara stofnana sem á að sameina m.a., að þeir óttast hversu stuttur tími er fram að því að þessi stofnun á að taka til starfa og telja að undirbúningur verði ekki nógu vandaður vegna þess hversu lítill tími er til þess að undirbúa áður en sameiningin skellur á, ef svo má segja. Það er mjög skiljanlegt sjónarmið því það er ekki eins og allt sé ákveðið þó að þetta frumvarp verði samþykkt. Það á m.a. eftir að finna þessari stofnun stað eins og fram hefur komið í umræðunni. Það er nú ekkert gefið að það gangi hljóðalaust fyrir sig eða á skömmum tíma þó svo að ráðherra eigi það til að bretta upp ermarnar og vera röskur. Ég ætla að hrósa hæstv. ráðherra Guðna Ágústssyni fyrir það að hann hefur nú verið býsna duglegur við að koma upp starfsemi úti á landsbyggðinni, enda má svo sem líka segja að þakka skyldi honum, því að undirstaðan undir landbúnaðarráðuneytinu er auðvitað úti á landi. Því væri allsendis óeðlilegt ef þjónustugreinar við landbúnaðinn væru ekki í miklum mæli úti á landi. Að sjálfsögðu á þessi stofnun að eiga höfuðstöðvar sínar úti á landi þó að starfsemin verði eftir sem áður í langmestum mæli dreifð um allt land. Það segir sig sjálft að héraðsdýralæknar verða starfandi hver í sínu héraði eftir sem áður eins og hingað til.

Helsti gallinn við þetta frumvarp er hversu seint það er fram komið og hversu stuttur tími gefst þar af leiðandi til þess að undirbúa vendilega flutning þessara litlu stofnana saman og í eina. Það þarf sem sagt að bretta upp ermar.

Ég er aðili að þessu nefndaráliti eins og fram hefur komið og Samfylkingin styður þetta frumvarp, þó með þessari athugasemd að það er allt of seint fram komið og hefði þurft að vinnast betur.

[18:35]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Mér finnst, eftir að hafa kynnt mér þetta mál, að það hefði mátt vinna talsvert betur. Ég sé það á þeim umsögnum sem hafa fram komið og öllum þeim breytingartillögum sem eru á þessu frumvarpi að það hefði mátt hafa undirbúninginn betri og einnig hefði frumvarpið mátt koma fyrr inn í þingið. Mér finnst miður að hafa ekki fengið betri svör við þeirri fyrirspurn sem ég beindi til hv. formanns landbúnaðarnefndar Drífu Hjartardóttur og að því skuli ekki svarað með betri rökum hvers vegna ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda Neytendasamtakanna.

Nú er ég ekki að segja að það hefði endilega átt að fara eftir þessum athugasemdum heldur finnst mér að það eigi að svara þeim með rökum en ekki bara með „af því bara“ og „af því að þetta sé svona þá eigi þetta að vera svona áfram“, vegna þess að menn geta ekkert kastað rökum Neytendasamtakanna algjörlega út af borðinu.

Þegar upp er staðið þá fer hagur neytenda og bænda saman. Það skiptir verulegu máli að hlusta á það hvað fulltrúar neytenda segja. Það getur verið að eitthvað í tillögum þeirra sé þess eðlis að ekki eigi að fara að því. En það verður að svara því með einhverjum rökum en ekki bara að slá það út af borðinu með engum rökum.

Rök Neytendasamtakanna eða skoðun þeirra á þessu frumvarpi var sú að vafasamt væri að hafa matvælaeftirlitið undir atvinnuvegaráðuneyti. Það mótast af því að Neytendasamtökin telja að þá geti afstaða eftirlitsins ekki mótast af hag neytenda sem eftirlitið á í raun að gera, heldur af hag atvinnuvegarins eða ráðuneytisins.

Ef litið er yfir þá sögu undanfarinna ára virðist stundum sem svo að stefna landbúnaðarráðuneytisins geti jafnvel gengið þvert á hag bænda og það er ákaflega sérstakt að verða ítrekað vitni að því. Þá hefur komið ljós þetta nána

samband matvælaeftirlitsins í landbúnaðarráðuneytinu og stjórnvalda. Þá hefur maður orðið var við það því miður ítrekað og um allt land að menn hafa verið að breyta reglum og herða matvælaeftirlitið og herða reglur um sláturhús í landinu og búið til svo erfiðar reglur að þær hafa verið illyfirstíganlegar fyrir minni sláturhús í landinu þannig að þau hafa neyðst til að loka. Það hefur m.a. gerst í Búðardal og víðar og þá er ekkert endilega verið að hugsa um hag bænda eða hag neytenda. Þarna eru einmitt rökin fyrir því að skilja á milli og hafa ekki matvælaeftirlitið og atvinnuvegaráðuneyti svo nátengd.

Ég tel að formaður landbúnaðarnefndar ætti að hlýða á það að þetta eru veigamikil rök sem beri að taka tillit til og þegar það er bent á þetta í umsögn þýðir ekkert að kasta henni bara út af borðinu. Svo þegar spurt er á þinginu út í þetta, hvað hafi verið gert með umsögnina, er engu svarað en bara sagt að þetta hafi verið svona og þess vegna eigi þetta að vera svona áfram. En ég tel einmitt að þegar verið er að koma á fót nýrri stofnun eigi menn ekkert endilega að halda í það gamla bara af því að það var svona heldur eigi þeir að hagræða og skoða hvernig þeir geta náð þessu saman og búið til framsækna stofnun landbúnaðinum og neytendum í vil. (**JBjarn:** ... sjálfstæðismönnum ... að stofna svona nýjar ríkisstofnanir?) (Gripið fram í.) Þeim er umhugað um að stofna ríkisstofnanir á sem flestum sviðum. Ég er ekki að segja að þessi stofnun geti ekki leitt neitt gott af sér, alls ekki. En því miður verður maður var við þessi viðhorf sem ég tel forkastanleg, þ.e. að gera ekkert með skoðanir neytenda, kasta þeim bara út af borðinu og svara í engu þegar spurt er æ ofan í æ. Hver er ástæðan fyrir því að ekkert var gert með umsögn Neytendasamtakanna? Það kemur ekki fram.

Mér finnst vert að fara yfir ýmislegt annað í þessu máli. Ákaflega góðar umsagnir komu, m.a. frá dýralækni úr Búðardal, Sigurbjörgu Ólöfu Bergsdóttur, þar sem hún fer yfir ýmis mál sem þarf að lagfæra. Ég vil vitna í umsögn hennar, með leyfi herra forseta:

„Í þessu sambandi finnst mér mikilvægt að færa þarna undir eftirlit með sláturfjárflutningum sem eru í algerum ólestri að mínum dómi. Í hagræðingarskyni eru notaðir sífellt stærri bílar til flutninga, þeir eru látnir fara þvers og kruss yfir varnarlínur í sömu ferðinni án þess að taka tillit til sjúkdómavarna."

Þetta eru stór orð. Þarna sjáum við einmitt afleiðingu stefnu hæstv. landbúnaðarráðherra því um það að slá sláturhúsunum saman segir embættismaður hans að það sé bara farið þvert á allar sjúkdómavarnir. Mér finnst þetta vera mjög alvarlegar ásakanir og mér finnst að menn verði að staldra við þegar þeir fá svona umsagnir og fara yfir þetta betur. Þetta er mjög alvarlegt. Bílarnir eru vanbúnir til flutninga og af þeim leka óhreinindi.

Það er margt að athuga í þessu bæði hvað varðar matvælaeftirlitið og sjúkdómavarnir. Það er pottur brotinn í þessum málum. Það má vera að þessi stofnun verði til að bæta úr. Fróðlegt væri ef hæstv. landbúnaðarráðherra greindi okkur frá því hvort það eigi einmitt með þessari stofnun að taka á þeim málum.

Haustið 2003 bar ég upp í þinginu spurningu um fjárflutninga vegna þess að þá stefndi í þetta brjálæði, flutninga á sláturlömbum þvers og kruss um landið, svo ég vitni nú í embættismann sjálfs hæstv. landbúnaðarráðherra, þegar þetta hófst. Þá var mér tjáð í þinginu að til stæði að setja reglugerð um þessa flutninga. Mér finnst sjálfsagt að menn svari áður en þeir búa til nýja stofnun: Hvar er það mál statt? Er búið að setja reglugerð um sláturflutninga? Af bréfi þessa ágæta embættismanns hæstv. landbúnaðarráðherra að dæma virðist svo ekki vera. Mér finnst það vera íhugunarefni að menn byrja ekki á aðalatriðunum heldur byrji á því að slá saman einhverjum stofnunum en hugi ekki að þeim vandamálum sem blasa við öllum.

Hver bjó til vandamálið? Ég tel einsýnt að það var hæstv. landbúnaðarráðherra sem bjó þetta til með því að taka upp svo strangar reglur að minni sláturhúsin réðu vart við þær. Í ofanálag veifaði hann framan í þessi sláturhús 170 millj. kr. af skattfé almennings til að koma í veg fyrir að fólkið á þessum stöðum, í Búðardal og víðar, kæmist í vinnu. Mér finnst mjög alvarlegt að nota almannafé í að úrelda sláturhús og síðan þegar hann er spurður út í það hvort hann ætli að taka á reglugerðum varðandi fjárflutninga hér haustið 2003 þá gerist ekkert. Allt í einu kemur ný stofnun mögulega, Landbúnaðarstofnun sem er eflaust ágæt.

En því miður virðist sem menn ætli ekki að taka tillit til umsagnar Neytendasamtakanna og ekki einu sinni rökstyðja hvers vegna eigi ekki að gera það.

Það er að mörgu að hyggja í þessu og mér finnst staðsetning stofnunarinnar vera umhugsunarefni. Það hefur komið fram í umræðunni og víðar og ágætri skýrslu frá háskólanum á Bifröst að það er ákveðinn halli. Opinberu störfin eru í meira mæli á höfuðborgarsvæðinu og minna úti á landi. Það hefur komið fram að 27% af skattfénu koma af landsbyggðinni og að einungis 15% er varið á landsbyggðinni. Ég tel að menn eigi að vera opnir fyrir því að staðsetja a.m.k. einhvern hluta þessara stofnana á landsbyggðinni, menn eigi að skoða það með opnum huga.

Herra forseti. Ég vil enn og aftur minna á að það er rétt að taka tillit til óska neytenda og Neytendasamtakanna og slá ekki þær óskir algjörlega út af borðinu, a.m.k. ekki án þess að rökstyðja það, vegna þess að þegar upp er staðið fer hagur neytenda og bænda saman og landbúnaðarins alls.

[18:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitt er rétt í ræðu hv. þingmanns að hagur neytenda og bænda fer saman. Það skilur sá er hér stendur, það skilja bændurnir og það skilja Neytendasamtökin í vaxandi mæli og þau hafa átt prýðilegt samstarf við þann er hér stendur.

Hvað Matvælastofnun varðar, sem ekki hefur verið stofnað til enn, þá er það svo í sumum löndum, og ég nefni Noreg sem dæmi og fleiri lönd, að þar er einmitt talið mikilvægt að atvinnugreinin frá a til ö beri ábyrgð á sér, eftirlitið og ábyrgðin fari saman, að landbúnaðarvaran sem kemur frá bóndanum, ábyrgðin frá haga í maga, sé á sömu hendi til þess að þar geti verið bæði þekking og samstarf og öryggi. Auðvitað kemur vel til greina að Matvælastofnun heyri undir landbúnaðarráðuneytið og væri kannski langeðlilegast að mínu viti að hún yrði staðsett hér.

Hvað varðar þá eilífu tuggu sem kemur fram hjá hv.

þingmanni að landbúnaðarráðherra fækki sláturhúsum þá er það rangt. Sláturhúsin lentu í miklum vandræðum og bændurnir sjálfir. Þar hefur verið hagrætt, það hafa þeir sjálfir gert og þarf ekki meira um það að tala. Ef héraðsdýralæknar gagnrýna það verkefni sem þeir fara með, þeir fara með sjúkdómavarnir og þeir bera fulla ábyrgð á sjúkdómavörnum í kringum búfénaðinn, það er þeirra verkefni, ef þeir eru farnir að senda umsagnir þar sem þeir standa ekki sína vakt er full ástæða til að rannsaka störf þeirra. Og kannski er það svo, eins og hv. þingmaðurýjaði að, að einmitt þessi stofnun, sem hér er að verða stærri og sterkari, á kannski ekki síst eftir að endurskipuleggja þessi störf (Forseti hringir.) og taka fastar á þeim hvað þetta varðar.

[18:49]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo að ég beri blak af þeim ágæta dýralækni sem sendi þessa góðu umsögn, og því miður veit ég sem er að það er margt til í henni og ég veit einnig að það vantar reglugerð til að fara eftir. Ég held að þar standi upp á hæstv. landbúnaðarráðherra að koma með nánari reglugerð um hvernig þessir flutningar eigi að fara fram. Þá er ég sannfærður um að ekki stendur á þessum duglega dýralækni í Búðardal að fara eftir þeim reglum. Ég tel að þar sé pottur brotinn. (Gripið fram í.) Það er hann, dýralæknirinn.

[18:50]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Alveg eins og frú forseti er til þá er það hún dýralæknir og hann dýralæknir. Ég ætla ekki að deila um það. En vegna þess sem hv. þingmaður talaði um þá er verið að rannsaka flutninga á fénaði hjá yfirdýralækni og héraðsdýralæknum og vonandi lýkur því sem fyrst þannig að niðurstaða liggi fyrir. Ég get glatt hv. þingmann með því að margt bendir til að þessir flutningar valdi ekki neinu stressi eða vandræðum, enda eru þeir smáflutningar miðað við það sem gerist í Evrópu. Við mundum kannski staðsetja sláturhúsin öðruvísi ef við hefðum getað raðað þeim niður og haft þau víðar um landið. Ég segi fyrir mig að ég hefði gjarnan viljað það. Mér skilst að Búðardalshúsið, sem hv. þingmaður grætur hér alla daga, muni fara í gang næsta haust. Þá ætla þeir að fylgja eftir þeim reglum sem hv. þingmaður fékkst við á margan hátt í fyrra starfi sínu. Hann ætti því að þekkja eftirlitið og kemur úr þeim geira.

Svo er það náttúrlega helber áróður að bílar aki skítugir um og leki af þeim drullan. Hvaða drulla? Er það ekki drullan af hinum vondu vegum sem við tölum stundum um? (Gripið fram í.) Menn mega ekki gera of mikið úr því að það sé eilíf hætta þó að bílar aki á milli héraða, við megum ekki láta eins og við eigum að hafa lögregluvakt á hverjum hreppa- eða sýslumörkum. Við búum í landi hreinleikans og heilbrigðisins sem hefur mikla sérstöðu á mælikvarða heimsins og þurfum ekki að tala þau lífsgæði niður, því að þau vekja mikla athygli um víða veröld hvað íslenskan landbúnað varðar og sú mikla sérstaða hvað heilbrigðið varðar. Ég vara við slíkum málflutningi.

[18:52]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hæstv. landbúnaðarráðherra eigi að þakka fyrir hreinskilna umsögn. Þegar honum er bent á vandann af hreinskilni og trúmennsku eigi hann að þakka það, á hluti sem eru í ólagi og við vitum öll um. Hæstv. landbúnaðarráðherra veit náttúrlega upp á sig skömmina að hafa ekki sett nánari reglugerð um þá hluti. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Ég tel að menn eigi einmitt að þakka hreinskilnar umsagnir og taka þeim vel og af karlmennsku í stað þess að tala um að hér sé allt svo sérstakt og allt leiki í lyndi. Auðvitað er margt gott og fallegt og það er mjög gott, en það er einu sinni hlutverk eftirlitsmanna og embættismanna að benda á það sem miður fer. Duglegur landbúnaðarráðherra á að geta tekið leiðsögn og lagfært hlutina. Þannig á þetta að ganga. Hæstv. landbúnaðarráðherra á að vera ánægður að fá svona góða umsögn þar sem honum er bent á að hlutirnir séu ekki alveg eins og þeir eiga að vera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, 2. umr.

Stjfrv., 701. mál. — Þskj. 1059, nál. 1332, brtt. 1333.

[18:54]

Frsm. meiri hluta landbn. (Drífa Hjartardóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta landbúnaðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila og umsagnir frá mörgum. Ég mun ekki telja þá upp hér því að þeir eru nákvæmlega þeir sömu og voru á áliti nefndarinnar um stofnun Landbúnaðarstofnunar.

Með frumvarpinu er lagt til að aðfangaeftirlitið, embætti yfirdýralæknis, veiðimálastjóra og kjötmatsformanns verði lögð niður og að verkefni þeirra, ásamt plöntueftirliti Landbúnaðarháskóla Íslands og ýmsum eftirlits- og stjórnsýsluverkefnum hjá aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytis og Bændasamtökum Íslands verði færð til Landbúnaðarstofnunar sem lagt er til að stofnuð verði með frumvarpi sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu.

Meiri hlutinn leggur til þær breytingar á frumvarpi til laga um Landbúnaðarstofnun að ekki verði gerð krafa um að forstjóri stofnunarinnar verði dýralæknir heldur gerðar almennar hæfiskröfur og krafa um háskólamenntun og æðri menntun. Telur meiri hlutinn því nauðsynlegt til að tryggja faglegt mat við innflutning dýra og afurða þeirra að leggja til að titilinn yfirdýralæknir haldist í lögum og enn fremur að dýralæknir veiti forstöðu því sviði sem fer með dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Þá leggur meiri hlutinn einnig til fjölmargar breytingar sem varða málfar og lagfæringar á tilvísunum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á þingskjali 1333.

Einar Oddur Kristjánsson, Lúðvík Bergvinsson og Þór-

unn Sveinbjarnardóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Drífa Hjartardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Birkir J. Jónsson, Guðmundur Hallvarðsson og Dagný Jónsdóttir.

Þar sem þetta er síðasta nefndarálitið frá hv. landbúnaðarnefnd á þessu vorþingi vil ég sem formaður nefndarinnar þakka öllum nefndarmönnum fyrir gott samstarf í vetur og sérstaklega nefndarritara sem hefur verið feikilega dugleg í vandasömu verki. Eins vil ég þakka landbúnaðarráðuneytinu fyrir gott samstarf við nefndina.

[18:56]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frumvarp þetta, um breytingar á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, felur í sér, eins og hv. formaður landbúnaðarnefndar gerði grein fyrir, að verið er að fella úr hinum ýmsu lögum stjórnsýslulega stöðu þeirra embætta sem falla undir hina nýju stofnun, ef af verður.

Í ræðu á undan um frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun gerði ég grein fyrir áliti mínu. Ég tel að málið sé ekki nægilega vel unnið til að það réttlæti að Alþingi samþykki þessi lög. Ég hef lagt til að málinu í heild verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari vinnu og hún komi aftur til þings í haust með málið betur unnið. Hér er verið að leggja niður embætti og stofna nýja ríkisstofnun. Ég hef sagt að það væri í sjálfu sér ágætt að ríkisstjórnin bæri ábyrgð á þessari starfsemi en hún þarf þá líka að gera sér grein fyrir hvað það kostar en svo er ekki.

Það er ein röksemd fyrir þessari aðgerð sem ég vil árétta og mótmæla og hún er að verið sé að auka skilvirkni í störfum þeirra embætta sem hingað til hafa gegnt þessum verkefnum, sem ég hef áður rakið, embætti yfirdýralæknis, veiðimálastjóra, aðfangaeftirlits og plöntueftirlits. Ég vil láta það koma alveg skýrt fram af minni hálfu að ég tel að störf þessara embætta og embættismanna sem hér er verið að tala um hafi verið til fyrirmyndar og séu til fyrirmyndar, þau séu unnin mjög faglega, þau séu unnin eins ódýrt og kostur er og séu skilvirk.

Þau rök fyrir því að leggja þessi embætti niður, að það eigi að leiða til aukinnar skilvirkni og annað sem ég hef hér rakið, tel ég mjög hæpin. Þeir sem þessum störfum sinna sem stendur verða ekki sakaðir um að hafa ekki skilað verkum sínum vel eða skilvirkt. Bent hefur verið á að vafi leiki á því að þau verði yfirleitt skilvirkari þó að þau séu sett í eina stofnun. Boðleiðin frá þeim sem vinna verkin til ráðherrans, sem ber æðstu stjórnsýslulega ábyrgð á vinnu þessara embætta, lengist. Lengri boðleiðir leiða almennt ekki til aukinnar skilvirkni né heldur til hagræðingar. Yfirleitt leiðir slíkt til aukinnar skriffinnsku, herra forseti. Það hefur verið raunin og því skulu hv. þingmenn gera sér grein fyrir þegar þeir greiða atkvæði um málið.

Ég hef lagt til að þessu máli verði frestað, því vísað til ríkisstjórnarinnar og málið unnið betur fyrir næsta þing þannig að þingið viti betur um hvað málið snýst. En verði þetta samþykkt, verði sú raunin, þá vil ég þakka þeim embættum sem lögð verða niður. Þau verða lögð niður fyrir næsta þing. Ég þakka þeim og embættismönnum þar. Vonandi fá þeir starf í hinni nýju stofnun ef af verður en ég vil þakka þeim fyrir mjög góð störf. Þessi embætti hafa gegnt lykilhlutverki á mörgum sviðum í íslenskum landbúnaði, bæði innan lands og í alþjóðlegum samskiptum. Verkefnin verða að sjálfsögðu áfram í hinni nýju stofnun en ekki með sama hætti og áður. Þess vegna er ástæða til að þakka þeim fyrir góð störf, ef svo fer sem horfir, að þetta frumvarp verði samþykkt.

[19:01]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Það var nokkuð athyglisverð ræða sem hv. þm. Jón Bjarnason flutti hér og ég get tekið undir margt sem hann sagði. Í umræðunni hefur komið fram að stofnunum er slegið saman eða þær teknar í sundur. Samkeppnisstofnun er að fara í sundur og svo eru aðrar að ganga saman og svo er búin til einhver ný ferðamálastofa eða fiskistofa eða hvað það er. Það kemur alltaf einhvers konar orðagjálfur í umsögnina, að auka skilvirkni. Hins vegar segir ekkert um hvernig eigi að auka skilvirknina, hvað eigi að laga og hvernig hlutirnir eigi að ganga fyrir sig. Það er eins og alla framtíðarsýn skorti.

Varðandi t.d. þessa stofnun sem við ræðum hér, Landbúnaðarstofnun, þá vita menn ekki einu sinni hvar hún á að vera staðsett. Ég tel að ef menn ætla að ná einhverjum árangri í skilvirkni þá verði að liggja fyrir áætlun og einhver framtíðarsýn. Það virðist skorta. Menn vita ekki einu sinni hvar stofnunin á að vera. Menn vita aðeins að slá á saman stofnununum og að það eigi að skila skilvirkni. Það þarf alls ekki að vera.

Því miður sýna dæmin að það er ekki á vísan að róa með þá auknu skilvirkni sem lofað hefur verið. Menn hafa haldið slíku fram varðandi ýmsar ákvarðanir landbúnaðarráðuneytisins á síðustu árum. Aukin hagræðing, segja menn. Þessu er bara slegið fram. Þegar hæstv. landbúnaðarráðherra fækkaði sláturhúsum og varði til þess almannafé þá var sagt að af því yrði aukin hagræðing, en menn hafa ekkert fyrir sér í því nema eitthvert hálfgildings orðagjálfur.

Þegar farið var út í að úrelda sláturhús þá lágu engir útreikningar fyrir. Menn vitnuðu í gamla skýrslu sem unnin var fyrir eitthvert fyrirtæki en ráðuneytið gerði enga sérútreikninga eða áætlun um hvernig hagræðingunni ætti að ná fram, enda er sláturfé ekið hringinn í kringum landið í trássi við heilbrigða skynsemi og sjúkdómavarnir.

Ég vil ítreka enn og aftur að þegar menn leggja af stað með verkefni upp á hálfan milljarð, eins og Landbúnaðarstofnun, þurfa þeir að hafa einhverja framtíðarsýn. Það þarf eitthvað að búa á bak við þessi orð, skilvirkni og hagræðingu. Svo virðist því miður ekki vera. Ég vonast til að hv. formaður landbúnaðarnefndar, hv. þm. Drífa Hjartardóttir, noti tækifærið og verji örlitlum tíma í að fara yfir hagræðinguna og skilvirknina sem menn sjá fyrir sér í þessu máli. Ég tel það tímabært ef menn ætla að ná fram einhverjum árangri í ríkisrekstrinum. Því miður virðist sem það skipti engu máli. Menn bara nota orðin hagræðingu og skilvirkni án þess að nokkuð sé á bak við það.

Hver er árangurinn, herra forseti? Hann er verri en enginn, enda hefur ríkið þanist út í valdatíð Sjálfstæðisflokksins? Þeir vildu minnka báknið en hafa aukið báknið. Ég ótt-

ast að þessi stofnun, ef menn hafa enga framtíðarsýn þegar menn leggja af stað, gjaldi fyrir það. Menn ættu frekar að sjá fyrir sér hvernig þeir vilji hafa starfsemina, hvar hún eigi að vera, hvort hún eigi að vera í sambandi við háskólann á Hvanneyri eða Hólum og sjá í því samhengi hagræðingarmöguleika. Það virðist því miður ekki verða þannig, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:06]

Skattskylda orkufyrirtækja, 3. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 1258.

[20:00]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Það frumvarp sem við ræðum, frumvarp um skattskyldu orkufyrirtækja, er enn ein laumuskattahækkun ríkisstjórnarinnar sem lögð er á litla manninn í samfélaginu til að afla fjár í ríkissjóð til að standa undir þeim stórfelldu skattalækkunum sem stjórnarflokkarnir hafa staðið fyrir gagnvart hátekjufólki og eignafólki í landinu. Hér á sem sagt að ná í nokkur hundruð milljónir í vasa fólksins í landinu, í vasa almennings, í vasa orkunotendanna, sem leggst nokkuð jafnt yfir allt fólkið í landinu óháð tekjum þeirra og óháð eignum, þannig að hinir skuldugu borga jafnmikið og hinir efnuðu og hinir lágt launuðu borga jafnmikið og hinir hátt launuðu og raunar borgar trúlega barnafólkið hvað mest, enda orkufrekustu heimilin. Ávinningurinn sem af þessu verður, nokkur hundruð milljónir, kannski upp undir milljarður þegar fram líða stundir á ári hverju, gengur svo til þess að fella niður eignarskattinn á eignafólkið, til þess að lækka hátekjuskattinn á hátekjufólkið og til þess að lækka tekjuskattinn flatt á alla þar sem sá sem er með milljón á mánuði græðir jú margfalt ef ekki hundraðfalt á við þá sem litlar hafa tekjurnar.

Nú væri það í sjálfu sér auðvitað framfaramál ef skattkerfið almennt í landinu væri einfaldað og alls kyns undanþágur í því felldar á brott og sömu reglurnar gerðar einfaldari og gagnsærri til að auka skilvirknina í skattkerfinu og réttlætið í skattheimtunni og einfalda alla tekjuöflun ríkissjóðs. Ef skattlagning á raforkuiðnaðinn væri hluti af einhverri slíkri kerfisbreytingu mætti e.t.v. styðja slíkt mál. Hér er hins vegar verið að taka alveg sérstaklega út úr fyrirtæki í almannaeigu, fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna í landinu að mestu leyti og leggja sérstakar skattálögur á þau. Það er auðvitað alveg ljóst hver borgar á endanum þær skattálögur, það er notandinn, það er sá sem borgar rafmagnsreikninginn, hitareikninginn og fyrir vatnið.

Það er kannski hitt atriðið sem er stórlega ámælisvert við þetta frumvarp, leyfi ég mér að segja. Það hófst með því að hér varð svokölluð samkeppnisvæðing í raforkuiðnaðinum á vegum hæstv. iðnaðarráðherra, því við bárum ekki gæfu til að setja fyrirvara við tilskipun Evrópusambandsins um samkeppni í raforkuiðnaðinum og þurftum því að innleiða hana hér, þó ekki nokkur maður utan Íslands hafi enn skilið hvað menn eiga við þegar talað er um samkeppni í raforkuiðnaði á eyju í Norður-Atlantshafi þar sem búa 0,29 milljónir manna. Það er nú einfaldlega þannig að markaður okkar á Íslandi, sem eins og flestir þingmenn þekkja er eyland, er ákaflega smár og ekkert rúm fyrir raunverulega samkeppni á þeim markaði að gagni. Þess vegna höfum við haft þá farsælu skipan að það hafa verið sveitarfélögin í landinu og ríkið með eignarhlut sínum í Landsvirkjun sem hinir opinberu aðilar, sem hafa rekið hér raforkukerfi og reynt að reka það sem almannaþjónustu á lágmarksverði. Nú er þetta sem sagt breytt og raforkuiðnaðurinn hefur verið samkeppnisvæddur. Þá þarf eðlilega að huga að skattlagningu á honum. Í þessu frumvarpi er hins vegar gengið miklu lengra því að inn í þá skattlagningu eru teknar hitaveiturnar og vatnsveiturnar en þau eru ekki samkeppnisfyrirtæki. Þetta eru einokunarfyrirtæki sem allir landsmenn verða að skipta við.

Þær skattálögur sem hér er verið að samþykkja á þessi fyrirtæki munu neytendurnir auðvitað borga, fólkið í landinu, vegna þess að það getur ekki sagt upp heita vatninu, kalda vatninu eða rafmagninu. Það verður einfaldlega að greiða þann reikning sem fyrir það kemur, því að í raun og sann er auðvitað takmörkuð samkeppni á raforkusviðinu þó það eigi að heita svo.

Frumvarpið er líka lagt fram í fullri andstöðu við sveitarfélögin. Það er ótrúlegt hvað ríkisstjórnin leyfir sér að ganga á þessum vetri langt gagnvart sveitarfélögunum. Það vita allir hvernig á fjárhag þeirra hefur verið gengið á undanförnum árum með því að auka álögurnar á sveitarfélögin frá ári til árs, fjölga verkefnum þeirra, draga úr skatttekjum með einkahlutafélagavæðingunni og þannig gætum við áfram talið. Við þessar aðstæður þegar sveitarfélögin eru rekin með umtalsverðum halla og ríkissjóður rekinn með bullandi hagnaði ár eftir ár ákveður ríkið að seilast nú enn í vasa sveitarfélaganna sem ekki standa undir rekstri sínum fyrir og eðlilegt að það mæti andstöðu hjá sveitarfélögunum. Auðvitað mun það bitna á grunnþjónustunni ef menn eru að auka álögur og draga úr möguleikum sveitarfélaganna á því að veita góða grunnþjónustu á meðal landsmanna.

Þessu frumvarpi hlýtur þó sérstaklega að vera beint gegn Reykjavík, því það er nú einu sinni þannig að Reykvíkingar höfðu næga fyrirhyggju á fyrri hluta síðustu aldar til þess að reisa hér hitaveitu sem hefur verið ákaflega hagkvæm í rekstri og það hefur tekist að standa þannig að rekstrinum að hann hefur allur verið hinn hagkvæmasti. Það hefur löngum verið kappsmál þeim sem hafa starfað að stjórnmálum fyrir Reykvíkinga að ekki yrðu af ríkissjóði lagðar sérstakar álögur á þá almannaþjónustu í Reykjavík, að ríkið færi ekki að setja krumlurnar í Hitaveitu Reykjavíkur og margir borgarfulltrúar og borgarstjórar hygg ég úr öllum flokkum sem talað hafa í þá veruna í gegnum tíðina.

Nú virðist það vera svo, virðulegur forseti, árið 2005 að kjördæmið Reykjavík eigi enga þingmenn. Það kemur út af fyrir sig ekki á óvart hvað Framsóknarflokknum viðvíkur, en það virðist ekki vera að neinir þingmenn séu fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík, því hér hafa þeir ákveðið að leggja því lið að setja sérstakar skattálögur á orkufyrirtækin í landinu og þar með á Orkuveitu Reykjavíkur og augljóst

að það verða notendur orkunnar í Reykjavík sem munu þurfa að borga fyrir þær álögur þó það fyrirtæki kunni að geta forðast þær í einhvern tíma með þeim fjárfestingum sem nú eru á þess vegum.

Ég verð við lok máls míns í umræðunni, virðulegur forseti, að fá að auglýsa eftir því hvort í stjórnarflokkunum séu einhverjir þingmenn fyrir kjördæmið Reykjavík og þá hvernig á því standi að þeir leggi lið sitt skattlagningarfrumvarpi á Reykvíkinga sérstaklega með þessum hætti, því það er alveg augljóst að hér er verið að afla fjármuna, kannski til þess að mæta hinum aukna kostnaði við niðurgreiðslur í raforkukerfinu úti á landi eftir hina misheppnuðu breytingar á raforkukerfinu sem ríkisstjórnin stóð fyrir fyrr í vetur og landsmenn þekkja af eindæmum, en þar hækkuðu raforkureikningar fjölmargra heimila langt umfram það sem ríkisstjórnin hafði boðað. Það varð að mæta því með sérstökum umframniðurgreiðslum úr ríkissjóði sem ríkisstjórnin ákvað. Kannski menn hafi ekki fundið önnur ráð til þess að fjármagna það en að fara inn með þennan skatt sem svo augljóslega leggst sérstaklega hart á hagkvæmt rekin orkufyrirtæki Reykvíkinga. Þess vegna er full ástæða til að auglýsa eftir því hvort það séu einhverjir þingmenn stjórnarliðsins sem eru fyrir kjördæmið Reykjavík.

[20:10]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var mjög ánægjulegt að heyra hjá hv. þingmanni að skattar á fyrirtæki auki kostnað almennings, því núverandi ríkisstjórn hefur gert ríkisstjórna mest í því að lækka skatta á fyrirtæki og þar með lækka kostnað á almenning með nákvæmlega sömu rökum.

Varðandi það hvort um sé að ræða atlögu að Reykvíkingum er það stefna núverandi ríkisstjórnar að hafa skattkerfin almenn og algild og sú stefna hefur skilað sér í því að atvinnulífið blómstrar sem aldrei fyrr og greiðir hærri laun sem aldrei fyrr, líka í Reykjavík. Það er sú stefna sem við fylgjum út í hörgul eins og hægt er. Það er sú stefna sem kemur fram í frumvarpinu sem menn hafa verið að auglýsa eftir. Ég gat þess reyndar í 1. umr. í andsvari við hæstv. fjármálaráðherra þegar hann mælti fyrir málinu, í 1. umr. og líka í 2. umr. gat ég þess að þetta væri einmitt meginmarkmiðið, að hafa sambærilega skatta fyrir öll fyrirtæki, ekki bara matvöruverslanir.

Nú er það þannig að fólk verður að kaupa mat. Allir verða að kaupa mat. Af hverju skyldum við ekki með nákvæmlega sömu rökum lækka skatta á matvöruverslanir þannig að þær geti boðið ódýrari mat til almennings? Það mundi virka miklu betur. Svo hafa sumir þingmenn, samþingmenn hv. þingmanns, sagt að 18% skattur á fyrirtæki sé allt of lágur, það eigi að hækka hann. Hvernig fer þetta allt saman? Þetta fer bara ekkert saman.

[20:12]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vissulega hafa skattar á matvöru áhrif á matvöruverð, enda höfum við í Samfylkingunni lagt til að virðisaukaskattur á matvöru verði lækkaður, enda augljóst að hér er hæsta matvælaverð a.m.k. í Evrópu ef ekki í veröldinni allri, það er auðvitað afleiðing af álögunum.

Það sem við erum hér að fjalla um, hv. þingmaður, er ekki atvinnulíf í venjulegum skilningi þess orðs. Þetta er ekki fyrirtæki á markaði. Þetta er almannaþjónusta í opinberri eigu og einokunarstarfsemi. Um einokunarstarfsemi veit hv. þingmaður að það gildir að kostnaðarhækkanir á einokunarstarfsemi, eins og skattálögur þessar, fara beint út í verðlagið og beint til neytendanna. Í samkeppnisumhverfi, í frjálsri samkeppni á markaði, þarf það ekki að henda, slíkum kostnaðarhækkunum kunna menn að mæta með hagræðingu eða öðrum slíkum hlutum. En þegar um einokunarstarfsemi er að ræða verða svona kostnaðarhækkanir beint að verðhækkunum á neytendur.

Það sem er alvarlegt fyrir þingmann úr Reykjavík, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal er, er að hér er verið að refsa Reykvíkingum fyrir að hafa rekið orkufyrirtæki sín með afbrigðum vel, á hagkvæman og öflugan hátt, og þau hafa getað haldið orkuverði niðri áratugum saman. Hins vegar er verið að hygla lélegum rekstri víðs vegar annars staðar í þessu kerfi með sívaxandi niðurgreiðslum. Það ætti auðvitað að vera nóg til þess að formaður efnahags- og viðskiptanefndar og þingmaður Reykjavíkur, Pétur H. Blöndal, legði stein í götu þessa frumvarps og segði: Nei, ekki meiri skattahækkanir á Reykvíkinga, ekki meiri sérstakar skattahækkanir á Reykvíkinga, nóg er nú samt.

[20:14]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sagði að þessi starfsemi væri ekki atvinnugrein í venjulegum skilningi. Ég minni á að fyrir svona tíu árum þá höfðu menn nákvæmlega sömu skoðun á bankastarfsemi. Hana væri ekki hægt að stunda nema opinberir starfsmenn ynnu við að afgreiða peninga yfir diskinn. Nú hefur komið í ljós að sú starfsemi gengur ljómandi vel án þess að vera ríkisrekin. Þetta er atvinnustarfsemi nákvæmlega eins og annað.

Varðandi það að verið sé að refsa Reykvíkingum þá fullyrði ég að þeir skattar sem Orkuveita Reykjavíkur kemur til með að borga vegna þessa frumvarps eru pínulitlir miðað við þá fjárfestingu sem sett var í Línu.net og kostnað við þá eðlisfræðitilraun að reyna að flytja tölvuboð eftir rafstrengjum. Í hana voru settar fleiri þúsund milljónir og það klikkaði.

Þetta nær ekki einu sinni kostnaði við risarækjueldið sem Orkuveita Reykjavíkur stendur í. Orkuveita Reykjavíkur stendur svona vel vegna þess að Reykjavík stendur á hitasvæði þar sem er eitt besta hitaveituvatn í landinu, mjög ódýrt í vinnslu og stendur á gömlum merg vegna framsýni manna sem lögðu hitaveituna, árið 1940 minnir mig. Aðrar hitaveitur þurfa að bora dýpra, fá kaldara vatn og eru ekki eins hagkvæmar. Þær þurfa að leiða vatnið langar leiðir, sem Hitaveita Reykjavíkur gerir reyndar líka, þ.e. frá Þingvöllum. Það að hún skilar hagnaði er vegna þess að hún fær þetta allt saman ókeypis.

[20:16]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur staðfest það sem ég sagði áður, að þegar kemur að orkufyrirtækjunum og hagnaði þeirra þá hefur eitt fyrirtæki sérstöðu umfram önnur, það er og hefur verið Hitaveita Reykjavíkur. Fyrir vikið hafa Reykvíkingar notið lágs orkuverðs í Reykjavík um áratugi. Þess vegna er hér um að ræða sérstakar skattálögur á Reykvíkinga, sem hv. þm. Pétur H. Blöndal beitir sér fyrir á sama tíma og hann beitir sér fyrir því að moka skattpeningum Reykvíkinga í að bora í gegnum fjöll hingað og þangað út um landið, meðan hingað til Reykjavíkur fæst ekki fé til vegaframkvæmda. (Gripið fram í.)

Hv. þingmaður, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, hefur líka verið ákaflega duglegur við að innleiða og auka hér gjaldtöku ríkissjóðs til þess að mæta þeim afslætti sem hátekju- og eignafólkið hefur fengið. Við sjáum t.d. stimpilgjöldin, hvernig tekjurnar af þeim hafa margfaldast á milli ára og hvernig ríkisstjórnin er ófáanleg til að lækka stimpilgjöldin, jafnvel á skuldsetta fólkinu þegar það er að skuldbreyta lánunum sínum. (Gripið fram í.) Við sjáum fasteignamatsgjöldin og ég heyri á hv. þingmanni Pétri H. Blöndal að hér er komið við viðkvæman streng í brjósti þingmannsins því að hann er farinn að kalla hér fram í aftur og aftur. Ég vona bara, virðulegur forseti, að ég fái að halda orðinu því að ég er að rifja upp skattahækkanir, laumuskattahækkanir og gjaldahækkanir ríkisstjórnarinnar, þar sem hver hækkunin hefur rekið aðra. Þetta frumvarp um skattskyldu orkufyrirtækja er bara skattlagning á litla manninn í landinu til að geta gefið hátekjufólki og eignafólki meiri skattafslátt.

[20:18]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Við ræðum hér um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja, frumvarp sem, ef að lögum verður, mun verða slæm sending til íslensku þjóðarinnar. Það er ávísun á hærra raforkuverð til almennra neytenda. Um það ber öllum saman sem að málinu koma og mál þetta snertir, þ.e. orkufyrirtækjum, sveitarfélögum í landinu, hagsmunasamtök almennings, m.a. verkalýðshreyfingunni.

Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði höfum gert rækilega grein fyrir afstöðu okkar til þessa máls. Við teljum að eitt eigi að gilda um velferðarþjónustu og grunnþjónustu sem snýst um lífsnauðsynjar til almennings, eins og raforkan óneitanlega er, vatnið og annað af því tagi og hins vegar hitt sem er eðlileg markaðsvara. Út á það gengur þetta frumvarp, að gera rafmagnið að markaðsvöru.

Þeir sem trúa á markaðinn, hafa á honum ótakmarkaða trú, að hann lækni öll mein hvar sem þau er að finna, telja að samkeppni á þessu sviði muni leiða til lægra raforkuverðs, að fyrirtækin verði betur rekin og þegar þau keppi sín í milli þá muni það valda verðlækkunum á þeirri vöru sem menn vilja gera rafmagnið að.

Það er svo undarlegt að allar þær breytingar sem ráðist hefur verið í af þessu tagi hafa valdið hinu gagnstæða. Raforkuverð hefur hækkað. Raforkuverð fer hækkandi. Kerfisbreytingarnar sem þegar hafa átt sér stað, sem tóku gildi um síðustu áramót, hafa þegar valdið skattahækkunum. Rarik hækkaði gjaldskrá sína um 3,5% um síðustu áramót og síðan fylgdi enn hækkun um 6%, en þetta jafngildir 9,71% hækkun. Sú hækkun bliknar hins vegar í samanburði við nýja rafmagnsreikninga á Vestfjörðum. Þar var víða um að ræða um 40% hækkun. Það var þó breytilegt, sums staðar minna og sums staðar jafnvel heldur meira.

Hæstv. iðnaðarráðherra sem er ábyrg fyrir þessum kerfisbreytingum er hins vegar mjög ánægð með þessi afkvæmi sín, þessi frumvörp sem þegar hafa verið samþykkt og svo þetta sem bíður samþykktar þingsins. Hún sagði í ræðu 26. nóvember á síðasta ári, með leyfi forseta:

„Það er eiginlega alveg stórmerkilegt að það skuli þó hafa náð að verða að lögum“ — hún vísar þar í kerfisbreytingarfrumvarpið — „og vera komið á þann stað í stjórnsýslunni sem raun ber vitni. Ég er þó alltaf jafnhamingjusöm með frumvarpið og lögin og ég held að það hljóti að segja sína sögu.“

Ég hef rifjað þetta nokkrum sinnum upp vegna þess að þetta eru makalaus ummæli. Ráðherrann lýsir furðu yfir því að lagabreytingarnar skuli hafa náð fram að ganga, þá væntanlega vegna þess að þær séu svo vitlausar eða að svo mikil óeining hafi verið um þær en hún sé hins vegar afskaplega ánægð og hamingjusöm með breytingarnar. Nú er fólk að fá í hendur sannanir fyrir því, í formi rafmagnsreikninga, að varnaðarorð stjórnarandstöðunnar, ekki síst Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs því við einn flokka vöruðum mjög eindregið við þessum kerfisbreytingum. (**JBjarn:** Frá upphafi ferlisins alveg.) Frá upphafi þessa ferlis. Við vorum eini flokkurinn hér á Alþingi sem andmælti tilskipuninni þegar hún var fyrst fest í lög. Hún birtist reyndar fyrst sem þingsályktunartillaga, eins og tíðkast með tilskipanir frá hinu Evrópska efnahagssvæði, en þegar það mál kom inn í þingið þá andmæltum við því harðlega, gagnrýndum það og lögðum til að leitað yrði eftir því að Íslendingar fengju undanþágu frá tilskipuninni. Á það var ekki hlustað þótt margir vildu þá Lilju kveðið hafa síðar meir. Nefni ég þar annars vegar hæstv. dómsmálaráðherra Björn Bjarnason og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, varaformann Samfylkingarinnar, sem bentu á síðari stigum á að sennilega hefði verið hyggilegt að biðja um undanþágu frá þessari tilskipun, sem ég er sannfærður um að hefði gengið eftir.

Ég vek athygli á því að hæstv. forsætisráðherra, formaður Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson, hefur sagt að útilokað hefði verið að fá undanþágu frá tilskipuninni. Mér skilst að hann telji að eftir því hafi verið leitað. Ég hef ekki sannfærst um að svo hafi verið. Ég sat sjálfur í alllangan tíma í ráðgjafanefnd EFTA sem fór yfir þessi mál og varð aldrei var við að ríkisstjórnin eða nokkur á hennar vegum óskaði eftir undanþágu frá þessari tilskipun.

Hvað um það. Hún var samþykkt hér á landi og síðan var hafist handa við kerfisbreytingar um síðustu áramót sem hafa þegar leitt til umtalsverðrar hækkunar á rafmagnsverði. Nú bíður næsta skref okkar, þ.e. að færa orkufyrirtækin rækilega út á markaðinn, út á markaðstorgið. Þá skulu sömu reglur gilda um þau og önnur fyrirtæki í landinu og þau gjalda skatta samkvæmt sömu reglum og önnur

fyrirtæki í landinu.

Hvað gerist þá? Málið er sent til umsagnar víðs vegar um þjóðfélagið. Það berast viðamikil gögn og álitsgerðir til þingsins og skiptist í tvö horn með umsagnirnar. Annars vegar er þunnur bunki, umsagnir Verslunarráðsins og Samtaka atvinnulífsins, sem voru mjög ánægð með þessar breytingar og töldu þær til góðs. Hins vegar var þykkur bunki, mjög þykkur bunki, ítarlegar álitsgerðir og röksemdir frá almannasamtökum í landinu, frá verkalýðshreyfingunni, frá ASÍ, frá BSRB, frá Neytendasamtökunum, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og orkufyrirtækjum. Í þeim bunka voru allir á móti. Þar voru undantekningalaust allir á móti, á mismunandi forsendum en allir engu að síður á móti málinu.

Verkalýðssamtökin leggja áherslu á að um sé að ræða lífsnauðsynjar, grunnþjónustu sem ekki eigi að skattleggja og vara við því að skattlagning á orkufyrirtækjum muni leiða til hækkunar á raforkuverði. Frá orkufyrirtækjunum barst síðan staðfesting á því að svo muni gerast. Þau senda frá sér ítarlegar álitsgerðir, t.d. Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja og fleiri aðilar.

Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur er mjög ítarleg og þar er að finna margar röksemdir sem sýna fram á að skattlagning muni leiða til hærra verðs. Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Skattlagning á orkufyrirtæki mun óhjákvæmilega leiða til hækkunar verðs þar sem núverandi gjaldskrá gerir ekki ráð fyrir greiðslu tekju- og eignarskatta. Í athugasemdum við frumvarpið kemur ekki fram hvaða áhrif þessi skattlagning hefur á orkufyrirtækin og ekki kemur fram hvaða breytingar verða á gjaldskrám fyrirtækjanna verði frumvarpið að lögum."

Í næstu efnisgrein er síðan vikið að langtímasamningum orkufyrirtækjanna. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Orkuveita Reykjavíkur er með samninga um orkusölu til stóriðju sem gilda í 20 ár. Samningar þessir hafa verið gerðir fyrir hvatningu ríkisins og engir fyrirvarar af þess hálfu um að gera þurfi ráð fyrir skattlagningu til framtíðar. Arðsemisútreikningar sem gerðir hafa verið í góðri trú vegna stórframkvæmda hafa ekki gert ráð fyrir greiðslu þessara skatta. Forsendur gerðra samninga um arðsemi þeirra raskast verulega verði frumvarp þetta að lögum."

Ég ætla ekki að fara ítarlega yfir umsögn Orkuveitu Reykjavíkur né annarra orkufyrirtækja. Ég gerði það við 2. umr. málsins og vísa í nefndarálit sem ég gerði þá um frumvarpið.

Einn efnisþátturinn enn sem vert er að halda til haga er skatturinn á heita vatninu. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að heita vatnið verði líka skattlagt. Það er nokkuð sem harðlega hefur verið gagnrýnt af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Bent er á að þar sé í raun ekki um samkeppnisvöru að ræða. Menn vilja líta á það í þessu samhengi vegna þess að þar sem heitt vatn er til staðar er raforka engan veginn samkeppnishæf. Heita vatnið er svo miklu hagkvæmari kostur. Heita vatnið er ekki flutt langa vegu til að keppa á fjarlægum slóðum og því er fráleitt, segir Samband íslenskra sveitarfélaga, að hafa heita vatnið þarna inni.

Hér segir í niðurlagi álitsgerðar sambandsins, með leyfi forseta:

„Að lokum vill sambandið vekja athygli Alþingis á því að breyting á skattalegri stöðu hitaveitna, sem ekki verður séð að styðjist við nein efnisleg rök, felur í raun í sér meiri háttar breytingu á fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Slíkar breytingar þarfnast ítarlegri umræðu við sveitarfélög en farið hefur fram til þessa."

Áður var gerð grein fyrir því hvers vegna fráleitt væri að skattleggja heita vatnið. Vikið er að því í þessum niðurlagsorðum og því bætt við að eðlilegt hefði verið að ganga frá samkomulagi við sveitarfélögin um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga áður en þessi breyting er gerð. En grunnhugsunin hjá sveitarfélögunum er sú að með því að skattleggja orkufyrirtækin sé verið að færa fjármuni frá sveitarfélögum til ríkisins. Ríkið kemur til með að taka tekjuskattinn til sín en sveitarfélögin nutu iðulega góðs af arði út úr orkufyrirtækjunum. Arðurinn var veittur inn í fjármögnun velferðarþjónustunnar í sveitarfélögunum eins og dæmi eru um í Reykjavík þar sem mikið fé hefur verið veitt frá Orkuveitunni inn í borgarsjóð til að fjármagna aðra starfsemi þar. Með skattlagningu verður minna til ráðstöfunar og þar af leiðandi segja sveitarfélögin að eðlilegt hefði verið að klára umræðuna um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga áður en þetta yrði lögfest.

Þegar málið var til umræðu við 2. umr. vísaði ég fyrst og fremst í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og Orkuveitu Reykjavíkur en síðan hefur borist bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík þar sem vikið er að þessum málum. Ætla ég að lesa það bréf, með leyfi forseta:

„Á fundi borgarráðs 28. þessa mánaðar" — þetta er skrifað í lok apríl — „var ítrekuð andstaða Reykjavíkurborgar við áform um skattlagningu orkufyrirtækja eins og þau birtast í lagafrumvarpi um málið sem nú er fyrir Alþingi. Samkvæmt samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga hefði þessi skattlagning orkufyrirtækja sveitarfélaga numið um 1,1 milljarði kr. á árunum 2002 og 2003. Allar líkur eru á því að þessi fyrirhugaða skattlagning muni leiða til hækkunar á raforkuverði, heitu vatni og vatnsgjaldi í nánustu framtíð, en skipulagsbreytingar á raforkumarkaði hafa þegar leitt til hækkunar raforkuverðs. Borgarráð mótmælir því harðlega að ríkið fari fram með þessum hætti og krefst þess að viðræður fari fram milli ríkis og sveitarfélaganna áður en lagafrumvarp um skattlagningu orkufyrirtækja verður að lögum."

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að tíunda frekar rök gegn því að samþykkja þetta frumvarp. Mig langar til að segja að það hefur komið mér á óvart við þessa umræðu hversu peningafrjálshyggjusinnuð sjónarmið hafa komið frá Framsóknarflokknum sem hefur dásamað einkavæðingu og markaðsvæðingu á þessu sviði sem öðrum með stjörnur í augunum út af einkavæðingu bankanna. Hann telur að þar hafi ekki verið stigin önnur skref en til góðs, þrátt fyrir þá miklu gagnrýni sem fram hefur komið á það hvernig einkavæðingin var framkvæmd, þá spillingu sem tengdist einkavæðingunni á bönkunum þar sem menn tala fremur um gjöf en sölu á eðlilegum forsendum. Margir heiðarlegir hægri menn, frjálshyggjumenn, hafa gagnrýnt þetta, þeim hefur ofboðið sá máti sem hafður hefur verið á.

Framsóknarflokkurinn er greinilega líka hrifinn af markaðsvæðingu grunnþjónustunnar eins og raforkunnar án þess

að nokkurn tíma hafi verið sýnt fram á hvað gott hún muni leiða af sér. Þess vegna hef ég líka spurt sjálfan mig hvað raunverulegir markaðssinnar, hægri menn, frjálshyggjumenn á borð við t.d. hv. þm. Pétur H. Blöndal, sjái því til hagsbóta að markaðsvæða þennan geira vegna þess að menn eiga svo erfitt með að koma auga á að þarna fari fram raunveruleg samkeppni. Staðreyndin er sú að ef litið er til Evrópu, reynslunnar af markaðsvæðingu raforkunnar í Evrópu, þá hefur hún yfirleitt leitt til hækkunar á rafmagni. Það hefur gerst á Norðurlöndunum og á meginlandinu er sífellt að verða meiri fákeppni á þessu sviði. Fyrirtækin eru að renna saman og í stóra risa sem skipta síðan markaðnum á milli sín.

Hér er mjög ólíklegt að um einhverja virka samkeppni verði að ræða og þess vegna hef ég furðað mig á hve lítil gagnrýnin umræða fer fram um þennan þátt, jafnvel af hálfu markaðssinna. Ég ber alveg virðingu fyrir því sjónarmiði, ég berst harðlega gegn því, ég vil ekki markaðsvæðingu á velferðarþjónustunni eða grunnþjónustu samfélagsins, en jafnvel ef við færðum okkur yfir á þennan hugmyndagrundvöll frjálshyggjumannanna finnst mér skorta á að þeir sýni fram á að það verði raunveruleg samkeppni sem muni færa verðlagið niður. Engu að síður er hægt er að skilja að Sjálfstæðisflokkurinn, sem er markaðshyggjuflokkur, vilji fara inn á þessar brautir, en erfiðara að skilja Framsókn nema þá í ljósi þess að hún hefur gerst undarleg hjálparhella, hækja undir Sjálfstæðisflokknum í einu og öllu og ekkert síður í því sem lýtur að markaðsvæðingu grunnþjónustunnar og velferðarþjónustunnar í landinu.

Þegar upp er staðið erum við hér með þingmál sem mun leiða til, ef það verður að lögum, aukinna álagna á almenning í landinu og það er miður.

[20:38]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er dálítið merkilegt sjónarmið hjá hv. þingmanni að skattar á fyrirtæki valdi kostnaði hjá einstaklingum og almenningi í landinu sem þýðir þá, ef við gagnályktum, að lækkun skatta á fyrirtæki niður í 18% úr 50 þýði þá bætt lífskjör almennings í stórum stíl. Það er mjög ánægjulegt því að það hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar. En ég ætlaði að spyrja hv. þingmann, fyrst það er svona óskaplega erfitt fyrir orkufyrirtækin að borga 18% skatt á hagnað, er sá skattur of hár? Mundi hv. þingmaður vilja lækka hann niður í 15% eða 11% eins og ég lagði til á sínum tíma?

[20:39]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst er þessi furðulega staðhæfing hv. þingmanns að það sé undarlegt að við teljum að skattar á fyrirtæki leiði til hækkunar á vöru, og hvort lækkun tekjuskatta, var það ekki? (Gripið fram í.) muni ekki leiða til bættra lífskjara almennings.

Að sjálfsögðu er það svo að ef fyrirtæki eru skattlögð minna hafa þau meira til ráðstöfunar og það sama gildir um einstaklinga. Ef þeir borga enga skatta hafa þeir meira til ráðstöfunar. Þannig er málið, skoðað þröngt. Hins vegar er ekki hægt að slíta þetta úr samhengi við það sem skattarnir eru notaðir í. Þeir eru notaðir m.a. í að fjármagna velferðarþjónustuna í landinu. Ef það nú gerist, af því að væntanlega ætlum við að hafa áfram sjúkrahús og þá velferðarþjónustu og vatnið og rafmagnið, að vegna skattalækkana þurfi einstaklingurinn að borga meira þegar hann þarf á þessari þjónustu að halda, þá er vandséð að þetta leiði til kjarabóta. Það mun hins vegar hugsanlega gera það hjá þeim sem eru heilbrigðir og búa við góðar aðstæður en hjá hinum sem eru veikir og þurfa á velferðarþjónustunni að halda er þetta tekjuskerðing. Það er náttúrlega mergurinn málsins að skattar eru til þess fallnir og hugsaðir að jafna lífskjörin í landinu, fjármagna velferðarþjónustuna í stað þess að láta einstaklinginn borga beint.

Nú er ég búinn að gleyma spurningunni sem hv. þingmaður beindi til mín. (**Gripið fram í:** 18% ...) 18%, ég vil ekki láta skattleggja þessa grunnþjónustu sem færir okkur lífsnauðsynjar.

[20:41]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Gefum okkur að orkufyrirtækin í landinu borgi skatta sem um munar, eins og menn eru að gefa í skyn, þá getum við notað þá til þess að bæta velferðarkerfið. Við getum byggt fyrir þá spítala, við getum reist fyrir þá hjúkrunarheimili fyrir aldraða, við getum hækkað bætur til öryrkja og ellilífeyrisþega, ekki satt? Er það þá alslæmt? Er ekki einmitt spurningin í hvað skattarnir eru notaðir?

Ég vildi spyrja hv. þingmann um þá ævintýramennska sem einkennt hefur fjárhag Orkuveitu Reykjavíkur, að setja þúsundir milljóna í Línu.Net, eðlisfræðitilraun sem kostaði óhemju og klikkaði, eða ræktun á risarækju, eitthvað því um líkt, hvort ekki sé alveg eins skynsamlegt að skattleggja hagnaðinn þannig að hann renni til velferðarkerfisins frekar en í slík ævintýri.

[20:42]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ríkisstjórn eða stjórnarmeirihluti sem er ábyrgur fyrir stærstu áhættufjárfestingu Íslandssögunnar við Kárahnjúka ætti að fara varlega í að tala á þessum nótum. Spurningin í þessu tilviki snýst um margt. Í fyrsta lagi að verið er að færa fjármuni frá sveitarfélögum til ríkisins án þess að (Gripið fram í.) — sveitarfélögin reka líka velferðarþjónustu — málið sé gert upp í heild sinni.

Hv. þingmaður segir að spurningin sé til hvers skattarnir séu notaðir. Þetta snýst líka um hver er skattlagður. Á að skattleggja sjúkrahúsin? Nú eru þau komin með samkeppnisrekstur á ýmsum sviðum, á þá að láta eitt yfir alla ganga og skattleggja þau? Á að skattleggja skólana? Eigum við að fara með alla þessa þjónustu út á markaðstorg og láta almennar reglur sem þar eru við lýði gilda um alla? Ég held ekki.

Ég vil gera skýran greinarmun á almannaþjónustunni, velferðarþjónustunni og grunnþjónustunni í landinu, sem snýst um lífsnauðsynjar, og hins vegar samkeppnismarkaði.

(**Gripið fram í:** Er maturinn ekki líka ...?) Jú, en við höfum fært hann yfir á markaðstorg. Ég er hins vegar andvígur því að færa raforkuna þangað vegna þess að í matvörunni virkjast þó lögmál markaðarins. Á þessu sviði gerist það ekki. (Gripið fram í.) Reynslan sýnir okkur að þar sem farið hefur verið út á þessa braut gengur það dæmi ekki upp. Ykkur, fylgjendum markaðsvæðingarinnar, hefur ekki tekist að sýna fram á ágæti þessara kerfisbreytinga. Þið trúið bara blint á þessar lausnir.

[20:45]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Við erum að ræða frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja sem er hluti af breytingum sem urðu á raforkukerfi landsmanna eða sem eru að ganga yfir. Ég verð að lýsa því fyrst í ræðu minni að það er mjög óskynsamlegt að fara í þessar breytingar. Það er mjög óskynsamlegt frá mörgum sjónarhólum.

Í fyrsta lagi vil ég nefna það að núna eru miklar breytingar sem hafa leitt til hækkunar á raforkuverði. Hvers vegna erum við þá að koma með enn einn óvissuþáttinn í viðbót? Mér finnst það mjög óskynsamlegt. Það er miklu meira vit í því að staldra við og reyna að átta sig á þeim breytingum sem eru að verða núna án þess að setja inn enn einn áhættuþáttinn sem mun að öllum líkindum leiða til hækkunar.

Mér finnst eitt athyglisvert í umræðunni. Það er að hér er enginn framsóknarmaður. En nú er þessi breyting á raforkukerfinu afleiðing stefnu Framsóknarflokksins. Ég furða mig á því að þeir skuli ekki koma og skýra út bæði fyrir okkur þingmönnum hvað er í gangi og síðast en ekki síst fyrir fólkinu í landinu sem er að fá hærri og hærri rafmagnsreikning. Hvað er í gangi? Hvers vegna koma þeir ekki og útskýra hér fyrir fólki hvað valdi þessari hækkun og hvers vegna menn eru að bæta enn einum þættinum við sem mun leiða til hækkunar? Í stað þess sitja sjálfstæðismenn einir uppi með að verja þessa vitleysu og sjálfur hv. þm. Pétur H. Blöndal sem fagnaði ógurlega þegar hér var verið að lækka skatta ekki fyrir svo löngu ... (**Gripið fram í:** Gerir enn.) já, og hér er hann settur í það að verja skattahækkun en þeir forða sér. Mér finnst það vera ákveðið hugleysi hjá framsóknarmönnum að geta ekki staðið fyrir máli sínu bæði gagnvart okkur þingmönnum en síðast en ekki síst gagnvart þjóðinni sem skilur ekkert í þessum reikningum sem hún er að fá inn um dyralúguna.

Ástæðan fyrir því að ég minni enn og aftur á þetta er sú að villandi upplýsingar hafa ítrekað verið gefnar þegar farið hefur verið í þessar breytingar. Um það má lesa að í upphafi var lofað verðlækkunum, 3% á ári. En síðastliðið vor þegar var verið að ganga frá breytingum á þessu sviði þannig að þessi breytta skipan gæti náð fram að ganga var spáð eilítilli hækkun sums staðar en jafnvel lækkun á öðrum stöðum. En raunin varð sú að það varð mikil hækkun alls staðar. Jú, því miður, og jafnvel tugprósenta hækkun. Það hlýtur að vera mjög erfitt fyrir hv. þingmenn sem styðja breytt skipulag og markaðskerfi að þetta hefur ekki einungis leitt til hærra verðs á orkunni heldur til þess sem verra er, þ.e. það hefur leitt til þess að meira skattfé er notað til þess að áhrifin á reikningana verði ekki svo gífurleg að fólk segi bara: „Hingað og ekki lengra." Það er verið að hækka niðurgreiðslur á rafmagni til þess að fólk sjái ekki hvað þessi breyting hefur valdið mikilli hækkun. (Gripið fram í.)

Af því að maður reynir að sýna andstæðingum sínum í stjórnmálum sanngirni þá vil ég fara yfir rök þeirra. Það verður að segjast eins og er að í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um skattskyldu orkufyrirtækja eru þau mjög fátækleg. Þar kemur fram að einn megintilgangur frumvarpsins sé að tryggja jafnræði í skattalöggjöf á þessu sviði. Hverjir eru það sem ekki hafa setið við sama borð og aðrir í samkeppninni? Það eru raforkubændur. Ég skora á hv. þm. Pétur H. Blöndal að endurskoða þetta. Það hefði verið miklu nær — þá hefði hann líka getað fagnað ef farin hefði verið sú leið — að lækka einfaldlega skattana á raforkubændurna. Þá hefði hann getað notað tækifærið í vor og fagnað eins og hann fagnaði rétt fyrir jól. Í stað þess þarf hann að verja vita vitlaust frumvarp sem mun leiða til enn meiri hækkunar á almenning (Gripið fram í.) og það finnst mér vera slæm staða. Bæði er um að ræða hækkun á reikningnum og hækkun á sköttum til þess að að fólk verði ekki eins vart við áhrifin af vondu kerfi framsóknarmanna sem þeir bjuggu til og eru að búa til. Síðar kemur önnur röksemd, með leyfi forseta:

„Samkeppni í rekstri orkufyrirtækja hefur aukist á síðustu árum og það eru ekki aðeins ríki og sveitarfélög sem standa að slíkum fyrirtækjum heldur standa einnig einstaklingar að byggingu og rekstri orkuveitna."

Þetta eru röksemdirnar. Raforkubændurnir eru notaðir sem skálkaskjól til þess að leggja álögur á landsmenn. Það hefur komið fram hér í umræðunni að þetta muni leiða til þess að um verða að ræða tilfærslur á fé frá sveitarfélögunum og til ríkisins, sem sagt úr einum vasanum í annan. Ég ítreka að það sem er virkilega slæmt við þetta er að í staðinn fyrir að menn sjái og einangri þessa þætti, þ.e. breytt skipulag á raforkumálum, þá rugla menn myndina og koma inn með skattlagningu í þokkabót. Maður skilur ekki hvað þeim gengur til.

Þegar menn eru að tala um samkeppni og eitt og annað á þessu sviði megum við ekki gleyma því og það verður að minna stjórnarþingmenn á það að raforkukerfinu er skipt í þrennt. Það er dreifing. Það er flutningur. Báðir þessir þættir eru einokunarþættir. Eini þátturinn í raforkukerfinu þar sem samkeppni ríkir er framleiðslan. Hún er mest á einni hendi og meginþáttur framleiðslunnar er seldur í föstum samningum. Frumvarpið sem við erum að ræða hér er því bara til óþurftar. Það er óskiljanlegt að menn skuli ekki draga þetta einfaldlega til baka.

Ég verð að virða það við einn hv. þingmann, Birki Jón Jónsson, að hann tók til máls þegar verið var að ræða raforkumálin af miklum krafti. En því miður hefur hann gufað upp. Ég hefði gjarnan viljað ræða við hann vegna þess að hann skammaði okkur í Frjálslynda flokknum fyrir að vera ekki nógu hægri sinnaðir. Ég veit eiginlega ekki hvað hv. þingmanni gengur til með að skamma okkur fyrir það vegna þess að þetta er ekki raunveruleg samkeppni fyrirtækja. Þetta er samkeppni opinberra fyrirtækja. Ég þekki marga framsóknarmenn í Skagafirðinum. Þeim finnst mjög

sérstakt hvað Framsóknarflokkurinn gengur hart fram í einhverju markaðsæði og jafnvel þar sem opinberir aðilar eiga að fara í samkeppni. Ég veit að hv. þm. Pétur H. Blöndal skilur örugglega lítið í þessari samkeppni þar sem opinber fyrirtæki eru að keppa og selja orku í föstum samningum. Það væri mjög fróðlegt að fá það fram hvernig þessi samkeppni virkar þar sem opinber fyrirtæki í eigu ríkisins og sveitarfélaganna eru í harðri samkeppni sín á milli við að selja 90% af orkunni í föstum samningum. Þetta skilur enginn. Ég er markaðssinni og það væri fróðlegt að fá einhver rök fram um hvernig þetta eigi að leiða til lægra verðs eins og var lofað í upphafi. Þegar var farið af stað með þessa breytingu á raforkukerfi landsmanna var því lofað. En raunin er hækkun. Fólk vill fá einhverjar skýringar á því hvers vegna verið er að hækka svona mikið raforkuna þegar það er búið að lofa lækkun. Ég skora á fólk sem er að fá háa rafmagnsreikninga inn um lúguna að minnast þess hver er að senda þeim þessa orkureikninga og þess einnig að Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkurinn sem eru að senda fólkinu þessa reikninga, lofuðu lækkun. En síðan er hækkun, herra forseti.

Ég vonast samt sem áður til þess að menn dragi þetta frumvarp til baka, þannig að raunveruleg áhrif til hækkunar sjáist einfaldlega á breyttu skipulagi í raforkumálum, en brengli ekki myndina með því að skattleggja fyrirtækin.

[20:55]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur verið merkileg og staðið yfir í nokkurn tíma bæði hvað varðar þetta tiltekna mál og önnur frumvörp hliðstæð eða hliðarfrumvörp sem hér eru á ferðinni og lúta að því að tryggja það markmið sem hér er að stefnt, þ.e. að skattleggja orkufyrirtæki. Þegar maður hefur reynt að leita eftir og finna röksemdir hv. þingmanna meiri hlutans á hinu háa Alþingi hafa helst komið upp hugmyndir um að það þurfi að tryggja jafnræði á þessum markaði. Það er ekki nema von að mönnum hafi brugðið við því að flestir þekkja það að ríki og sveitarfélög reka nánast raforkumarkaðinn frá a til ö. Það eru örfáar litlar virkjanir, sem vega nú ekki þungt í orkubúskap landsmanna, sem ekki heyra undir eignarhald annaðhvort ríkis eða sveitarfélaga. Því hljóta menn að spyrja: Af hverju þarf að jafna samkeppni annars vegar orkubúskapar landsmanna í heild sinni við nokkrar litlar virkjanir sem til eru hér á landi? Þessi röksemdafærsla stenst vitaskuld engan veginn. Miklu nær hefði verið að hugleiða þá þær hugmyndir sem komu fram í efnahags- og viðskiptanefnd þess eðlis að nær væri að afleggja skatt á þessar fáu virkjanir sem til eru í stað þess að skattleggja allan orkubúskap landsmanna. Og bróðurparturinn af hinu sem einnig á að skattleggja, þ.e. hita og vatni, er með einkaleyfi þannig að ekki er samkeppninni fyrir að fara þar. Niðurstaðan, virðulegi forseti, er því sú að þær röksemdir sem meiri hlutinn hefur komið fram með halda á engan hátt og ég held að flestir sem hafa hlýtt á þessa umræðu og sett sig inn í hana geri sér fyllilega grein fyrir því að hér er aðeins verið að undirbúa það og auðvelda að í framtíðinni verði hægt að selja þessi fyrirtæki.

Það hefði verið miklu ærlegra og miklu heiðarlegra að koma fram með þær röksemdir og segja frá því að menn vilji og telji að hlutverki sveitarfélaga og ríkisins á þessu sviði sé lokið og nú geti einkaaðilar tekið við. Menn hefðu getað sagt að á sínum tíma hafi engir verið til þess að fjármagna framkvæmdir af þessum toga nema opinberir aðilar, sem og er rétt. En það hefði verið miklu ærlegra og heiðarlegra að segja að hlutverki þeirra á þessu sviði sé lokið og nú sé rétt að fara að huga að breytingu á eignarhaldi í þessum fyrirtækjum í stað þess að koma með fráleitar röksemdir eins og þær sem hér hafa komið fram og hafa verið hraktar svo um munar og eftir hefur verið tekið.

Ég vildi aðeins segja þessi örfáu orð hér í lokin eftir að hafa hlýtt á þessa umræðu, eftir að hafa tekið þátt í henni og eftir að hafa setið í efnahags- og viðskiptanefnd og skrifað þar álit um þetta tiltekna mál. En það er vissulega athyglisvert og umhugsunarefni að hv. þm. Pétur Blöndal sem leiddi vinnuna í efnahags- og viðskiptanefnd, sá hinn sami og fagnaði ógurlega í þá tíð þegar skattalögum var breytt á þann veg að nú sér fyrir endann á eignarskatti, skuli nú leiða þá vinnu að skattleggja hvert einasta heimili í landinu, skattleggja lífsnauðsynjar, skattleggja í raun og veru það sem er svona grundvöllur og undirstaða þess að við fáum notið þess og getum lifað hér á landi við þær aðstæður sem Íslendingum eru oft búnar á veturna. Þetta er afar athyglisvert og vert að hafa í huga að á stundum er það nú þannig að það sem var sagt í gær á ekki endilega við í dag og það hefur vissulega verið dregið fram með mjög skýrum hætti í þessari umræðu.

[21:00]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í andsvari við hæstv. fjármálaráðherra þegar mælt var fyrir málinu sagði ég eftirfarandi, með leyfi herra forseta:

„Þetta er í anda þeirrar stefnu að víkka út og breikka skattstofna og fækka undanþágum og þar með möguleikum til skattsvika, sem við ræddum um fyrr í dag."

Meginmálið er einmitt þetta, að loka skattglufum hjá fyrirtækjum eins og t.d. Landsvirkjun, sem er í fjarskiptum og hefur verið í fjarskiptum í stórum stíl, og Orkuveitunni sem hefur verið í fjarskiptum, setti mörg þúsund milljónir af hagnaði sínum, hagnaði Reykvíkinga í tilraun á fjarskiptum, að flytja tölvuboð með raforkustreng, sem reyndar klikkaði. Það sama fyrirtæki er líka í risarækjueldi í samkeppni við fyrirtæki sem eru í fiskeldi annars staðar og borga skatta.

Það er einmitt þetta sem gerir það að verkum að við erum að loka glufum og komum með almenna löggjöf fyrir öll fyrirtæki og ég hélt að flokkur hv. þingmanns styddi svoleiðis stefnu, að hafa almenna löggjöf í skattamálum. **(Gripið fram í:** ... Landsvirkjun ...)

Varðandi það að selja fyrirtæki er ég ekki sá fyrsti með þá hugmynd. Ég veit ekki betur en að fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, og R-listinn í Reykjavík hafi reynt að selja sinn hlut í Landsvirkjun.

[21:01]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var tvennt sem fram kom í máli hv. þingmanns sem var mjög athyglisvert. Í fyrsta lagi virðist vera sem þetta frumvarp sé fyrst og fremst sett Orkuveitu Reykjavíkur til höfuðs og Orkuveitan hafi verið að stunda starfsemi sem hv. þingmanni hugnast lítt, þ.e. hafi tekið þátt í þróun á fjarskiptamarkaði og fleiri atriðum sem hv. þingmaður telur ekki eiga að heyra til friðar Orkuveitu Reykjavíkur. Það er afar athyglisvert að þetta skuli koma fram og þetta voru röksemdirnar fyrir því að fara þessa leið.

Vert er að hafa í huga að skattlagning þessara fyrirtækja þýðir í raun og veru ekkert annað en að verið er að færa fé frá sveitarfélögum til ríkisins. Það er ekkert annað sem hér á sér stað og endurspeglar enn og aftur viðhorf ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á Alþingi til þeirra sem fara með stjórnina í Reykjavík. Hv. þingmaður staðfestir þetta einfaldlega í því andsvari sem hann veitti.

Hv. þingmaður nefndi það einnig að fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík hefði viðrað þá hugmynd að selja hluti í orkufyrirtæki. Við höfum aldrei tekið fyrir það eða útilokað að það sé mögulegt eða æskilegt. Það höfum við aldrei sagt. Við höfum hins vegar sagt að það hefði verið miklu ærlegra og miklu heiðarlegra af ríkisstjórnarflokkunum og þeim sem að þeim standa hér á hinu háa Alþingi að koma fram og segja þetta berum orðum í stað þess að skýla sér á bak við hin fráleitu rök að skattleggja þurfi orkubúskap landsmanna vegna jafnræðis við nokkrar virkjanir sem ekki heyra undir sveitarfélög eða ríki í landinu. Það var verið að kalla eftir því, verið var að kalla eftir sómasamlegum rökum en ekki þessu skjóli sem þeir hafa reynt að búa sér til í umræðunni.

[21:04]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Frumvarpinu er engan veginn beint gegn Orkuveitu Reykjavíkur. Ég nefndi aðeins þessi tvö dæmi um starfsemi hennar í fjarskiptageiranum og í risarækjueldi sem dæmi um hvernig starfsemin skarast við atvinnugreinar sem eru í samkeppni. Það sýnir einmitt hvernig myndast strax göt í kerfinu þegar skattstofninn er ekki heill í gegn og hvað það er mikilvægt að hafa engar gloppur í skattstofninum. Þetta veit hv. þingmaður enda veit ég ekki betur en flokkur hans hafi margoft lýst yfir stuðningi við slíkt.

Ég svaraði hv. þingmanni í 2. umr. í andsvari nákvæmlega eins, að einn megintilgangur frumvarpsins væri að tryggja jafnvægi í skattalöggjöf á þessu sviði. En svo er umræðan búin að ganga hérna í marga klukkutíma, í fjóra, fimm, sex, sjö klukkutíma, alltaf það sama, hring eftir hring eftir hring, að spyrja að því sama — sem búið er að svara, bæði í 1. og 2. umr. Ég veit ekki hvað á að þurfa að svara oft. Af hverju núna? Nú, til þess að loka glufunum.

Stóriðjan er föst í samningum sínum, segja menn. Það er ekki rétt. Landsvirkjunarsamningarnir fyrstu í Straumsvík eru að renna út. Þá þarf að semja upp á nýtt og örugglega með hærra verði. Það er samkeppni þar líka.

Auk þess hafa menn sagt að það séu svo miklar fjárfestingar sérstaklega hjá stóru fyrirtækjunum, Orkuveitu Reykjavíkur, að þeir muni ekki borga skatta á næstu árum vegna afskrifta. Hvar er þá vandi Orkuveitu Reykjavíkur? Auk þess sem við erum að tala um 18% skatt á hagnað og hagnaður er yfirleitt ekki nema 10% af veltu, og þykir gott, þannig að við erum að tala um 1,8% af verði, ef mjög vel gengur hjá orkufyrirtækjunum.

[21:06]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki nema von að tekið hafi talsverðan tíma fyrir hv. þingmenn að trúa því og kaupa þá röksemdafærslu að verið sé að skapa jafnræði milli orkubúskapar landsmanna annars vegar og nokkurra lítilla virkjana í landinu hins vegar og til að skapa þetta jafnræði þurfi að skattleggja hvert einasta heimili í landinu.

Það þarf heldur ekki að koma hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar á óvart, sem auðvitað hlýða á hv. þm. Pétur Blöndal og fleiri sem hingað ruddust inn á þing með það að vopni (Gripið fram í.) og undir þeim gunnfána að nú skuli lækka skatta, að hv. þingmaður skuli vera helsti talsmaður skattahækkana á hinu háa Alþingi. (Gripið fram í.) Og ekki aðeins þetta, nú nýverið náðist samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu fjármuna frá ríkinu til sveitarfélaga, þótt ekki væri nema sanngjörn jöfnun. Ef þessar reglur hefðu verið við lýði undanfarin missiri væri nánast búið að hreinsa upp þá tilfærslu.

Það liggur einnig fyrir að þetta er gert algjörlega í andstöðu við Samband íslenskra sveitarfélaga, sem hefur lýst þessu tiltekna máli sem hneyksli. En andúðin á Orkuveitu Reykjavíkur, andúðin á þeim sem fara með ferðina í Reykjavík er slík að það blindar sýn. Meiri hlutinn á hinu háa Alþingi er tilbúinn að ganga út í hvaða drullupoll sem er til þess eins að koma höggi á þá aðila. Það er einasti tilgangurinn með þessu tiltekna máli, virðulegi forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 493. mál (heildarlög). — Þskj. 1305.

[21:08]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta tiltekna mál. Þó má segja strax í upphafi að það var unnið ágætlega í efnahags- og viðskiptanefnd og farið ágætlega yfir flest ákvæði frumvarpsins og unnið nokkuð vel og ég tel að málið sé mun betra eftir að það kom úr nefndinni en þegar það kom til nefndarinnar.

Það sem ég vildi vekja sérstaka athygli á er fyrst og fremst það að við vinnslu og meðferð málsins í efnahags- og viðskiptanefnd kom fram að mikil gjá er milli annars vegar tollyfirvalda, þ.e. þeirra sem hafa með að gera gæslu og umsjón með innflutningi hingað til lands og hins vegar þeirra sem flytja vörur til landsins. Það olli mér og fleirum hv. þingmönnum talsverðum vonbrigðum að átta sig á því

að viðhorf þessara aðila hvors til annars er þess eðlis að huga þarf mjög vandlega að þeirri stöðu.

Þeir sem flytja inn vörur til landsins telja að þeir séu allt að því sekir um brot þar til þeim hafi tekist að afsanna það, og þá kannski fyrst og fremst vegna þess að viðhorf ríkisins til þeirra sem flytja vörur inn sé þess eðlis að í rauninni þurfi að endurskoða það frá grunni. Þetta olli mönnum talsverðum vonbrigðum sem voru að vinna í þessu máli í efnahags- og viðskiptanefnd. Reyndar var hugmyndin að leiða þessa aðila saman, þ.e. tollgæsluyfirvöld annars vegar og innflytjendur hins vegar, hins vegar varð ekkert af því. En þetta mál varð tilefni talsverðrar umræðu í efnahags- og viðskiptanefnd.

Við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir erum með sérálit í þessu tiltekna máli og hv. þingmaður gerði ítarlega grein fyrir því sjónarmiði í ræðu sem hún flutti fyrr í umræðunni, þar sem sjónarmið okkar koma fram og einnig það sjónarmið að sú tollastefna sem birtist í þessu lagafrumvarpi er náttúrlega vitaskuld fyrst og fremst á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og eðlilega þarf hún að bera þá ábyrgð án þess að við í minni hlutanum gerum það einnig þar sem við komum lítið sem ekkert að samningu þessa máls. En ég vil þó segja og segja það hv. þm. Pétri H. Blöndal til hróss að farið var vel yfir þessi mál, farið var vel yfir hvert einasta ákvæði. Dregnar voru saman þær athugasemdir sem skiptu máli og ýmislegt í frumvarpinu var lagfært í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar.

En það breytir ekki hinu að frumvarpið er fyrst og fremst á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Þar birtist tollastefna ríkisstjórnarinnar en ekki stjórnarandstöðunnar og af þeim sökum munum við ekki styðja þetta mál þegar það kemur til afgreiðslu heldur lýsa ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og sitja hjá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 10.–17. mál.

Fundi slitið kl. 21:14.

---

125. FUNDUR

laugardaginn 7. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, stjfrv., 583. mál, þskj. 874, nál. 1222. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Búnaðarlög, stjfrv., 725. mál, þskj. 1083, nál. 1319. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Útflutningur hrossa, stjfrv., 727. mál, þskj. 1085, nál. 1317. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1164, nál. 1325 og 1334, brtt. 1326. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Gæðamat á æðardúni, stjfrv., 670. mál, þskj. 1022, nál. 1318. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Landbúnaðarstofnun, stjfrv., 700. mál, þskj. 1058, nál. 1330 og 1335, brtt. 1331. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, stjfrv., 701. mál, þskj. 1059, nál. 1332, brtt. 1333. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Skattskylda orkufyrirtækja, stjfrv., 364. mál, þskj. 1258. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

9. Tollalög, stjfrv., 493. mál, þskj. 753. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

10. Samkeppnislög, stjfrv., 590. mál, þskj. 883, nál. 1289, 1327 og 1340, brtt. 1290. — 2. umr.

11. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, stjfrv., 591. mál, þskj. 884, nál. 1291, 1328 og 1341, brtt. 1292. — 2. umr.

12. Neytendastofa og talsmaður neytenda, stjfrv., 592. mál, þskj. 885, nál. 1293, 1329 og 1342, brtt. 1294. — 2. umr.

13. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 396. mál, þskj. 503, nál. 1221. — Frh. 2. umr.

14. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 707. mál, þskj. 1065, nál. 1220. — 2. umr.

15. Vatnalög, stjfrv., 413. mál, þskj. 546, nál. 1219 og 1270. — 2. umr.

16. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 720. mál, þskj. 1078, nál. 1299, brtt. 1300. — 2. umr.

17. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 704. mál, þskj. 1062, nál. 1324. — Síðari umr.

18. Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis, stjtill., 705. mál, þskj. 1063, nál. 1322. — Síðari umr.

19. Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons, stjtill., 722. mál, þskj. 1080, nál. 1323. — Síðari umr.

20. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 698. mál, þskj. 1056, nál. 1254, brtt. 1255 og 1287. — 2. umr.

21. Loftferðir, stjfrv., 699. mál, þskj. 1057, nál. 1275, brtt. 1276 og 1288. — 2. umr.

22. Skipan ferðamála, stjfrv., 735. mál, þskj. 1097, nál. 1271, brtt. 1272. — 2. umr.

23. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 677. mál, þskj. 1030, nál. 1228 og 1277, brtt. 1229. — 2. umr.

24. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 732. mál, þskj. 1094, nál. 1223, 1246 og 1278. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar Oddur Kristjánsson, 9. þm. Norðvest.,
Guðmundur Hallvarðsson, 8. þm. Reykv. s.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 2. þm. Suðvest.,
Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurk.

[10:31]

Útbýting:

Kynning á íslenskri list í sendiskrifstofum Íslands, 296. mál, nál. utanrmn., þskj. 1353.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla mála fyrir þinghlé.

[10:31]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í áætlunum um störf Alþingis var ekki gert ráð fyrir að fundað yrði í dag, á laugardegi. Þessi fundur er vitnisburður um óöguð vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Enn liggur fyrir þinginu fjöldinn allur af mjög umdeildum málum. Ég nefni skattlagningu á orkufyrirtæki sem er mótmælt af nánast öllum þeim aðilum sem til þekkja í landinu, sveitarfélögunum, verkalýðshreyfingunni og Neytendasamtökum. Allir þessir aðilar gagnrýna það frumvarp. Ég nefni frumvarp til laga um samkeppnismál sem er gagnrýnt af verkalýðssamtökunum, Neytendasamtökum, öllum þeim aðilum sem að málinu koma og til þeirra þekkja. Þetta er hefndarlöggjöf gagnvart samkeppnisyfirvöldum fyrir hve vel þau stóðu sig og hafa staðið sig í olíumálinu og öðrum málum þar sem þau hafa látið til sín taka.

Hæstv. forseti. Við verðum að fá hreinar línur um áætlanir ríkisstjórnarinnar. Hvaða frumvörp ætlar hún að reyna að keyra í gegnum þingið? Og við þurfum að fá svör við óskum okkar um að samið verði um þinglokin.

Ég beini þeirri spurningu til hæstv. forseta: Hve lengi er áætlað að þessi þingfundur standi í dag? Það er óeðlilegt að hann standi lengur en til klukkan fjögur eða fimm eða þar um bil. Samkvæmt venju tíðkast ekki langir fundir á laugardögum. En við þurfum að fá um þetta skýr svör af hálfu stjórnar þingsins.

[10:33]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vona að við séum sammála um það, hv. þingmaður, að það vinnist vel í dag.

[10:33]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þær óskir sem hér hafa komið fram frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að við fáum skýr svör um það hversu lengi sé áætlað að halda áfram í dag, um hversu lengi fundirnir eigi að standa.

Það er rétt eins og kom fram hjá honum að ekki var gert ráð fyrir þessum fundi á starfsáætlun þingsins og við þingflokksformenn höfum ítrekað óskað eftir því á fundum með hæstv. forseta að fá skýr svör um hvernig áætlað sé að skipuleggja störfin fram að þinglokum sem áætluð eru 11. mál. Fjöldi mála er enn óafgreiddur og fjöldi mála er illa unninn og ekki einu sinni undir það búinn að fara í afgreiðslu, eins og hér kom fram.

Hæstv. forseti. Það væri gott að fá skýr svör um það hversu lengi sé áætlað að vera með fundarhöld hér í dag.

[10:34]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð síðustu tveggja ræðumanna hér og fara fram á það við forseta að hann upplýsi okkur um hvernig hann hyggst haga þinghaldinu í dag og hversu lengi hann hyggst láta þennan fund standa, hvort við eigum von á því að vera hér til klukkan fimm, sex eða lengur. Ég held að hæstv. forseti hljóti að geta orðið við þeirri einföldu beiðni okkar að segja okkur hver sé áætlun hans um þinghaldið í dag.

[10:35]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég tel rétt að eiga fund með formönnum þingflokka nú í matarhléi milli klukkan eitt og hálftvö til þess að við getum borið saman bækur okkar og metið stöðuna. Eins og hv. þingmenn vita er oftar en ekki gripið til funda á laugardögum þegar dregur að lokum þinghalds.

Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 583. mál (verksvið Veruþróunar- og markaðssjóðs). — Þskj. 874, nál. 1222.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:35]

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, HHj, KHG, MÞH, SigurjÞ, SJS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GAK, GÖg, GÖrl, JÁ, JóhS, JGunn, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, VF, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, HHj, KHG, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

4 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GÖrl, MÁ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, HHj, KHG, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Búnaðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 725. mál (afnám mjólkurgjalds). — Þskj. 1083, nál. 1319.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Útflutningur hrossa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 727. mál (hámarksaldur útflutningshrossa). — Þskj. 1085, nál. 1317.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1317 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, HÁs, HBl, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, SJS, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (HjÁ*) greiddi ekki atkv.
8 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, HHj, KHG, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.
[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Lánasjóður landbúnaðarins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 786. mál (afnám laganna). — Þskj. 1164, nál. 1325 og 1334, brtt. 1326.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]
Till. í nál. 1334 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 49:6 atkv. og sögðu
já: GAK, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
1 þm. (GÖrl) greiddi ekki atkv.
7 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [10:39]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um um frumvarp til laga um að selja Lánasjóð landbúnaðarins og ég flyt hér frávísunartillögu.

Ég tel að það sé mikilvægt að skoða málefni landbúnaðarins heildstætt og þar með framtíð Lánasjóðs landbúnaðarins. Því legg ég til að frumvarpi um sölu á Lánasjóði landbúnaðarins verði vísað til ríkisstjórnarinnar og henni falið að skipa nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að vera stjórnvöldum og bændasamtökunum til samstarfs og ráðuneytis við mótun nýs grundvallar fyrir búvöruframleiðsluna og gera tillögur um ráðstafanir til að treysta byggð í sveitum. Eitt af verkefnum nefndarinnar verði að gera tillögur um framtíðarhlutverk og stöðu Lánasjóðs landbúnaðarins en ekki bara að leggjast með tærnar upp í loft eins og hér er gert ráð fyrir, leggja hann niður og selja.

Ég segi náttúrlega já, herra forseti, við því að samþykkja þessa tillögu.

1. gr. samþ. með 45:3 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: JBjarn, SJS, ÞBack.
3 þm. (GAK, GÖrl, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁRJ, EOK, EMS, GÞÞ, GHall, GÁS, HHj, JóhS, KolH, KHG, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.

Brtt. 1326,1 samþ. með 45:4 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.
nei: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.
2 þm. (GAK, GÖrl) greiddu ekki atkv.
12 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, GÖg, HHj, KHG, MÞH, MÁ, SigurjÞ, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 48:5 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF,

VS, ÞKG, ÞSveinb.
nei: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (GAK, GÖrl) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, MÞH, SigurjÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1326,2 (ný 3. gr.) samþ. með 48:4 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack.
2 þm. (GAK, GÖrl) greiddu ekki atkv.
9 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, JóhS, KHG, MÞH, SigurjÞ, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1326,3 (4.–5. gr. falli brott) samþ. með 48:5 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
2 þm. (GAK, GÖrl) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KÓ, KHG, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Gæðamat á æðardúni, frh. 2. umr.

Stjfrv., 670. mál (heildarlög). — Þskj. 1022, nál. 1318.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:42]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–5. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Landbúnaðarstofnun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 700. mál. — Þskj. 1058, nál. 1330 og 1335, brtt. 1331.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:44]
Till. í nál. 1335 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 49:5 atkv. og sögðu
já: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
2 þm. (GAK, GÖrl) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [10:43]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Með þessu frumvarpi er ætlunin að sameina ýmsar stofnanir, embætti og verkefni á sviði eftirlits og stjórnsýslu innan landbúnaðarins í eina stjórnsýslustofnun, Landbúnaðarstofnun.

Hægt er í nokkru að taka undir þær áherslur sem frumvarpið felur í sér og þó sérstaklega það að hér er ákveðið að ríkið eða hið opinbera beri ábyrgð á þessum stjórnsýsluverkefnum en þau ekki einkavædd. Hér er því verið að búa til nýja ríkisstofnun.

Hins vegar er það gagnrýnt hversu seint frumvarpið er komið fram og illa unnið. Í umsögn fjármálaráðuneytisins kemur fram að fjárhagsleg hlið þess í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði liggur eiginlega ekki fyrir. Því legg ég til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar og það unnið betur fyrir næsta þing þannig að það geti komið með eðlilegum hætti og ljóst verði hvað við erum að fara þarna að gera.

Brtt. 1331,1 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.

Brtt. 1331,2 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.

7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRJ, EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, MÞH, SigurjÞ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.
7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, LB, MÞH, SigurjÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1331,3 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BÁ, EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, LB, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, LB, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.

Brtt. 1331,4 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞSveinb.
7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, LB, MÞH, SigurjÞ, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.

5. gr. og ákv. til brb. I–II samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, LB, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 701. mál. — Þskj. 1059, nál. 1332, brtt. 1333.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:47]
Brtt. 1333,1 (1. gr. falli brott) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, HjÁ, KHG, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.

2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, LB, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.

Brtt. 1333,2 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ,

JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.

3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.

7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, LB, MÞH, SigurjÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1333,3 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb.

7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, MÞH, SigurjÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1333,4–28 (nýjar greinar, brottfelldar og breyttar) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, MÞH, MÁ, SigurjÞ) fjarstaddir.

4.–40. gr. (verða 4.–53. gr.), svo breyttar, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, LB, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.

41.–44. gr. (verða 54.–57. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VF, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

7 þm. (GAK, GÖrl, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, MÞH, PHB, SigurjÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Skattskylda orkufyrirtækja, frh. 3. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 1258.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:50]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér eru ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn að samþykkja lög um að skattleggja raforkufyrirtækin í landinu. Þetta er óumdeilanlega ávísun á hækkað raforkuverð til almennings í landinu og ekki aðeins raforkuna, líka heita vatnið. Þegar hafa skipulagsbreytingar í markaðsátt, í einkavæðingarátt í raforkugeiranum valdið umtalsverðri hækkun á raforku.

Það var vitað um áhuga Sjálfstæðisflokksins á að einkavæða grunnþjónustu og velferðarþjónustu í landinu. En ég er ekki viss um að kjósendur hafi almennt gert sér grein fyrir því hve langt Framsóknarflokkurinn er reiðubúinn að (Gripið fram í.) ganga í þessu efni. Ég vek athygli á því að hæstv. iðnaðarráðherra var ekki viðstödd umræðu þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um þegar rætt var frumvarp sem tengist þessum skipulagsbreytingum (Gripið fram í.) í raforkugeiranum. Ég vek athygli jafnframt athygli á því að enn á eftir að afgreiða það frumvarp. Það verður væntanlega gert í næstu viku og það verður ekki gert án þess að hæstv. iðnaðarráðherra verði viðstödd þá umræðu og svari þeim fyrirspurnum sem fram hafa komið.

Við munum að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi og einnig hinu sem bíður afgreiðslu í næstu viku.

[10:52]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Með samþykkt þessa frumvarps er verið stofna til nýrrar skattlagningar á fyrirtæki sem síðan mun fara beint út í verðlagið til almennings bæði hvað varðar raforku og hitaorku, þ.e. heitt vatn. Það er algjörlega ljóst að hér er verið að auka álögur á fólk, bæta í álögur sem ekki eru í samræmi við tekjur fólks. Þetta mun koma jafnilla niður á öllum en verst auðvitað á þeim sem lægstar hafa tekjurnar því að hér er um flata skattlagningu að ræða. Þetta er stefna þessarar ríkisstjórnar sem hún hefur sýnt

með því hvernig hún hefur staðið að skattamálum í þessu landi, lækkað skatta sérstaklega á hátekjufólk en kemur núna með flata skattlagningu á lágtekjufólk.

[10:53]

Helgi Hjörvar *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Hér er enn ein laumuskattahækkun ríkisstjórnarinnar á ferðinni. Við þekkjum hvernig hún hefur hagað sinni skattapólitík. Það eru auknar álögur á umferðina í dísilgjaldinu. Það eru auknar álögur í stimpilgjöldum á unga húsnæðiskaupendur og skulduga fólkið. Hér eru auknar álögur á raforku og hitareikninga landsmanna, allt til að safna upp fjármunum til að létta sköttum af eignafólki og hátekjufólki.

Þessi skattur mun leggjast á heimilin í landinu en þó leggst hann sérstaklega á Orkuveitu Reykjavíkur því að Reykvíkingar hafa átt hagkvæmt orkufyrirtæki, Hitaveitu Reykjavíkur, um áratuga skeið og staðið vel að því. Nú á að seilast sérstaklega í vasa Reykvíkinga með þessum skatti á Hitaveitu Reykjavíkur og Orkuveitu Reykjavíkur, á orkuframleiðsluna hér í borginni. Sem þingmaður Reykvíkinga hlýt ég að segja nei við þeirri ásælni ríkisvaldsins. Sérstaklega þegar haft er í huga hvernig ríkisstjórnin hefur svelt sveitarfélögin á liðnum árum, tekið af þeim tekjustofna og lagt á þau aukin verkefni, þá er auðvitað óþolandi að gengið sé fram gegn vilja sveitarfélaganna með þessari skattlagningu á orkufyrirtækin í landinu sem flest eru í eigu sveitarfélaga.

[10:54]

Kristján L. Möller *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er enn ein skattahækkun hæstv. ríkisstjórnar á almenning í landinu eins og hefur komið fram. Þetta mun áfram koma sér illa og sérstaklega fyrir íbúa landsbyggðarinnar, þ.e. breytingar á raforkulögum sem gerðar voru og sem voru m.a. rökstuddar með gögnum frá Orkustofnun og iðnaðarráðuneyti. Orkureikningar þeirra sem kaupa orkuna frá Rarik áttu að lækka um 1,6%, en staðreyndin er sú að það er að hækka um allt að 25% hjá íbúum í dreifbýli.

Menn geta deilt á reikningana sem koma frá orkufyrirtækjunum eins og hæstv. iðnaðarráðherra hefur reynt að gera undanfarið og sagt að þetta sé ekki raunveruleikinn. Raunveruleikinn, virðulegi forseti, er einmitt sá að notendur sem hafa beðið í þessu tilfelli Rarik um að reikna út orkukostnað sinn eftir breytinguna með sömu notkun í kílóvattstundum fá 25% hækkun á orkureikningum sínum, eins og kemur hér fram í undirskrifuðu blaði frá Rafmagnsveitu ríkisins. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. iðnaðarráðherra að segja að þetta verði ekki raunveruleikinn því eitthvað eigi eftir að breytast síðar þegar aðrir orkureikningar koma fram. Hæstv. ríkisstjórn er að taka miklu meira en skattalækkunina, sem hún er oft að guma sér af, af þessu fólki með því að hækka rafmagn til húshitunar. Aumt er þeirra hlutverk. Sérstaklega eru þetta kaldar kveðjur frá Framsóknarflokknum (**Iðnrh.:** ... málið sem er á dagskrá?) m.a. til bænda. Ég tek eftir því, hæstv. forseti, að iðnaðarráðherra er mjög órótt og ég skil það vel. (**Iðnrh.:** ... tala um skatta ...) Við erum að tala um þetta ákveðna frumvarp, virðulegur forseti, og ég skil að vel að orkuráðherrann sem jafnframt kallast byggðamálaráðherra stundum, skammist sín fyrir það sem hér er verið að gera. (Forseti hringir.) Ég segi nei við þessu frumvarpi.

Frv. samþ. með 32:24 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ*, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁRJ, BjörgvS, BH, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (EOK, EMS, GHall, GÁS, KHG, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:57]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem hér er ætlunin að afgreiða gerir ráð fyrir því að leggja áfram auknar álögur á almenning í þessu landi. Hér er um enn eitt skattahækkunarfrumvarpið að ræða og ekki aðeins það, það er ekki aðeins að það eigi að leggja álögur á almenning í landinu heldur einnig að ná til baka stórum hluta þeirra fjármuna sem sveitarfélögin náðu í nýgerðu samkomulagi við ríkisvaldið um að reyna að bæta þeirra stöðu. Það er því ekki aðeins það að hér sé verið að leggja skatta á almenning heldur á að ná þeim fjármunum síðan frá sveitarfélögunum til baka sem nýgert samkomulag gerir ráð fyrir.

Hér er um alveg fráleita stefnu að ræða, virðulegi forseti. Í umræðum hefur komið fram að fyrst og fremst á hér að vega að starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og starfsemi borgarstjórnar í Reykjavík, virðulegi forseti. Við munum ekki að standa að því (Forseti hringir.) að styðja við bakið á ríkisstjórninni í svona aðgerðum og segjum því nei.

[10:58]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Málflutningurinn í þessu máli er með algjörum ólíkindum. Það er verið að tala um að taka tiltekinn atvinnurekstur og flytja hann í sama skattumhverfi og gildir um annan atvinnurekstur. Á hvað minnir þessi málflutningur helst? (Gripið fram í.) Jú, hann minnir á málflutning þeirra sem á sínum tíma lögðust gegn því að skattur yrði lagður á bankana í landinu fyrir 20 eða 25 árum þegar bankarnir í landinu og fjármálastofnanirnar voru settar inn í almenna skattkerfið. (Gripið fram í.) Þeir sem halda því fram að skattur á hagnað eins og hér er verið að tala um, tekjuskattur á hagnað eftir að allur kostnaður hefur verið greiddur, muni hækka verðið á framleiðslunni, þ.e. raforkunni, vita ekki mikið um skattamál eða bókhald. Þeir vita sem sagt ekkert hvað þeir eru að tala um. Þessi málflutningur er allur tóm vitleysa, hv. þm. Ögmundur Jónasson og aðrir sem hér eru að tala. (Gripið fram í.)

Skattstofn orkufyrirtækjanna hefði verið eignir þeirra að stærstu leyti til. (Gripið fram í.) Er ekki búið að fella niður eignarskattinn gegn atkvæðum þeirra sem hér eru að mæla

gegn þessu máli? Eignarskatturinn er horfinn (Forseti hringir.) og þeir sem voru mest á móti því sitja nú uppi með skömmina af því að hafa lagst gegn því.

Herra forseti. (Forseti hringir.) Ég hef lokið máli mínu. Ég segi já.

[11:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Málflutningur hæstv. fjármálaráðherra hér minnir nú helst á það þegar seðlabankastjórinn útskýrði hvaðan peningarnir kæmu til að byggja Seðlabankann forðum. Hann sagði: „Þeir verða til hérna í bankanum." Þetta er svona svipaður málflutningur þegar hæstv. fjármálaráðherra talar um skattgreiðslurnar sem koma af himnum og koma ekki við neinn. Auðvitað verður þarna tilfærsla á fjármunum, t.d. frá sveitarfélögunum til ríkisins. Það sjá allir menn.

Hæstv. ríkisstjórn hefur afrekað það með markaðsvæðingu raforkunnar undir forustu Framsóknarflokksins og hæstv. iðnaðarráðherra Valgerðar Sverrisdóttur að stórhækka raforkuverð í landinu og er þó ekki allt búið enn því þar á eftir að koma til sögunnar hækkandi arðsemiskrafa á komandi árum. Hér á að bæta þessari skattlagningu við á orkufyrirtækin og auðvitað greiða það engir að lokum aðrir en viðskiptavinir orkufyrirtækjanna, hæstv. fjármálaráðherra. Hvaða endemis rugl er þetta? Hvaðan eiga fjármunirnir að koma að lokum til að standa undir þessum skattgreiðslum annars staðar en úr tekjum fyrirtækjanna?

Er þó ekki endilega allt sem sýnist hér. Ætli fyrstu áhrifin af þessu verði ekki þau að mynda innstæður hjá skattgreiðendum í landinu gegnum uppsafnanlegt og frádráttarbært tap (Forseti hringir.) á þessum orkufyrirtækjum næstu árin? Það skyldi nú ekki fara svo? Að heyra hæstv. fjármálaráðherra tala með þessum hætti um (Forseti hringir.) málin er með miklum endemum. (**Fjmrh.:** .. í tapinu.)

[11:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Með þessu frumvarpi er verið að samræma skattlagningu á öll fyrirtæki þannig að orkufyrirtæki borgi skatta eins og önnur fyrirtæki, eins og matvöruverslanir og fleiri. Hér er verið að tala um 18% skatt á hagnað. Hann var einu sinni 50% en hefur lækkað vegna þessarar góðu ríkisstjórnar niður í 18%. Ef hagnaðurinn er 10% af veltu, eins og þykir gott, þá er þetta 1,8% af veltu sem við erum að tala um í hæsta lagi. Allt tal um að verið sé að skattleggja almenning er því út í hött.

Hér er verið að loka glufum í skattkerfinu og það er verið að jafna samkeppni og koma á jafnræði milli aðila sem sumir flokkar vilja, þ.e. að hafa almennt skattkerfi. Ég minni á umræðuna um bankana. Hún var svipuð. Það átti allt að fara niður á við og illa eftir að þeir yrðu hluthafavæddir og einkavæddir og látnir borga skatta. Nú eru þeir orðnir aðalburðarásinn í skattlagningu fyrirtækja í landinu. Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1359).

Tollalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 493. mál (heildarlög). — Þskj. 1305.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:03]

Frv. samþ. með 32:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH*, DJ, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SÞorg, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: RG*.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, SJS, VF, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (BjörgvS, EOK, EMS, GHall, GÁS, JÁ, KHG, MÞH, SigurjÞ) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1360).

Samkeppnislög, 2. umr.

Stjfrv., 590. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 883, nál. 1289, 1327 og 1340, brtt. 1290.

[11:04]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til samkeppnislaga frá meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar og er það að finna á þskj. 1289.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jónínu S. Lárusdóttur, Áslaugu Árnadóttur, Benedikt Árnason og Hrein Hrafnkelsson frá viðskiptaráðuneyti, Stefán Má Stefánsson prófessor, Sigurð Tómas Magnússon frá dómstólaráði og Jóhannes Rúnar Jóhannsson frá Lögmannafélagi Íslands, Ólaf Darra Andrason frá ASÍ, Hrafnhildi Stefánsdóttur frá Samtökum atvinnulífsins, Andrés Magnússon frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Jóhannes Gunnarsson og Írisi Ösp Ingjaldsdóttur frá Neytendasamtökunum, Jón Steindór Valdimarsson frá Samtökum iðnaðarins, Sigríði Á. Andersen frá Verslunarráði, Tryggva Axelsson og Snæbjörn Kristjánsson frá Löggildingarstofu og Georg Ólafsson, Guðmund Sigurðsson, Önnu Birnu Halldórsdóttur, Steingrím Ægisson, Arnar Óðin Arnþórsson og Ásgeir Einarsson frá Samkeppnisstofnun.

Fjallað var um málið samhliða máli nr. 591, frumvarpi til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, og máli 592, frumvarpi til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda. Í þessum þremur frumvörpum er lögð til breyting á skipulagi opinbers eftirlits með samkeppni og markaðsmálum hér á landi. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins er klofið frá eftirliti með samkeppnishamlandi aðgerðum og tengslum aðila á markaði og það falið nýrri stofnun, Neytendastofu. Neytendastofa tekur við þessu eftirliti ásamt nú-

verandi verkefnum Löggildingarstofu auk þess sem þar verður hýst nýtt embætti talsmanns neytenda. Löggildingarstofa verður lögð niður. Samkeppniseftirliti sem stjórnað er af forstjóra og stjórn verður falið allt annað eftirlit með samkeppnismálum á grundvelli samkeppnislaga og Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð verða lögð niður. Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins munu sæta kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Tillögur að breyttu skipulagi eftirlitsins byggjast m.a. á niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis og miða að því að einfalda stjórnsýslu á sviði samkeppnismála. Nefndin var skipuð af viðskiptaráðherra í janúar 2004 og skilaði hún áliti sínu í ágúst sama ár.

Í frumvarpinu eru Samkeppniseftirliti veittar heimildir sem Samkeppnisstofnun hefur ekki í dag. Þar má nefna að stofnunin fær skýrar lagaheimildir til þess að krefjast þess að fyrirtæki sem brotið hafa gegn ákvæðum samkeppnislaga breyti skipulagi sínu en c-liður 17. gr. gildandi samkeppnislaga, sem veitir samkeppnisráði heimild til að grípa til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni, er ekki tekinn upp í frumvarpinu. Þá er Samkeppniseftirliti gert að birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt.

Einnig eru lagðar til nokkrar efnislegar breytingar frá gildandi samkeppnislögum um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna innleiðingar reglugerðar ráðsins nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttmálans og vegna innleiðingar reglugerðar Evrópusambandsins nr. 139/2004, um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, samrunareglugerðin.

Það er álit meiri hlutans að með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu og framangreindum fylgifrumvörpum þess sé verið að efla hlut samkeppnismála og neytendaverndar bæði með bættum reglum og eflingu stofnana.

Við meðferð frumvarpsins í nefndinni hlaut VIII. kafli þess, um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, mikla umfjöllun og þá sérstaklega 27. gr. Þar er kveðið á um að þegar dómstóll fellir úrskurð eða kveður upp dóm um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES-samningsins í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrskurður hans eða dómur ekki brjóta í bága við þá ákvörðun sem Eftirlitsstofnunin hefur tekið. Hann skal enn fremur forðast að fella úrskurði eða kveða upp dóma sem stangast á við ákvörðun sem Eftirlitsstofnunin kann að taka í máli sem hún hefur tekið til meðferðar. Þetta byggist m.a. á markmiði aðildarríkja EES-samningsins um samræmda framkvæmd samkeppnisreglna.

Með þessu ákvæði er lagt til að innleidd verði skuldbinding er leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 og samningi EFTA-ríkjanna um breytingu á framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins. Nefndin hefur ákveðið að leggja til að ákvæðið verði lögfest óbreytt og bendir á eftirfarandi í því sambandi:

Það er meginmarkmið reglugerðar ráðsins nr. 1/2003 um breytingar á framkvæmd samkeppnisreglna Evrópusambandsins að draga úr miðstýringu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á þessu sviði og auka hlutdeild dómstóla í aðildarríkjunum í beitingu þeirra samkeppnisreglna, sem hingað til hefur eingöngu verið á færi framkvæmdastjórnarinnar að beita. Á sama hátt miðar upptaka þessarar gerðar með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr. 130/2004 og viðeigandi breytingu á samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls að því að færa lögsögu í sömu málum til samkeppnisyfirvalda og dómstóla í EFTA-ríkjunum, en hingað til hefur Eftirlitsstofnun EFTA ein fjallað um þau mál. Í því felst að innlendum dómstólum er í reynd fært vald sem að gildandi rétti hefur eingöngu verið á hendi Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins. Að þessu leyti er því gengið töluvert skemur í framsali ríkisvalds en nú gildir. Þó er eftir sem áður gert ráð fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA geti áfram tekið ákvörðun í slíkum málum. Því er sá möguleiki fræðilega fyrir hendi að sama mál reki bæði á fjörur Eftirlitsstofnunar EFTA annars vegar og innlendra samkeppnisyfirvalda og dómstóla hins vegar. Ákvæði 1. mgr. 16. gr. EB-reglugerðarinnar, sbr. 1. mgr. 16. gr. samnings EFTA-ríkjanna og 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins, er ætlað að koma í veg fyrir að þessir aðilar, þ.e. innlendir dómstólar annars vegar og Eftirlitsstofnun EFTA hins vegar, komist að ólíkum niðurstöðum í slíkum tilvikum.

Ákvæði 1. mgr. 27. gr. hefur takmarkað gildissvið. Í fyrsta lagi takmarkast gildissvið hennar af því að innlendir dómstólar þurfa einungis að fara eftir ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA þegar hún hefur tekið ákvörðun í sama máli og er fyrir innlendum dómstólum. Hafi Eftirlitsstofnunin ekki lokið meðferð máls þegar því er stefnt fyrir innlendan dómstól ber honum á sama hátt að forðast að leysa úr því á annan hátt en Eftirlitsstofnunin mundi gera. Líklegra er þó að dómstóll fresti frekari meðferð málsins. Með sama máli er átt við að málsaðilar séu þeir sömu og að það varði sama sakarefni. Í öðru lagi takmarkar það gildissvið ákvæðisins að á það reynir einungis í málum er varða 53. og 54. gr. EES-samningsins, þ.e. þegar fjallað er um brot á samkeppnisreglum EES-samningsins sem hafa áhrif á viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu. Má við þetta bæta að á þeim rúma áratug sem liðinn er frá gildistöku EES-samningsins hefur Eftirlitsstofnun EFTA ekki tekið neina ákvörðun sem beinist að meintum brotum íslenskra fyrirtækja á þessum tilteknu ákvæðum EES-samningsins. Innlendum dómstólum er færð lögsaga í þessum afmörkuðu samkeppnismálum þó hún sé áfram takmörkuð hvað varðar mál sem Eftirlitsstofnun EFTA eða dómstóllinn hafa haft til meðferðar.

Fyrirliggjandi er lögfræðiálit Davíðs Þórs Björgvinssonar, fyrrverandi prófessors, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að það framsal eða takmörkun á sjálfstæði dómsvaldsins, sem í 27. gr. frumvarpsins verður talið felast, geti rúmast innan þeirra heimilda sem löggjafinn hefur samkvæmt þeirri reglu sem talin er gilda hér á landi. Í álitinu er lagt til grundvallar að til sé að íslenskum rétti regla er heimilar löggjafanum framsal ríkisvalds til alþjóðastofnunar í takmörkuðum mæli og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Á hinn bóginn er ekki dregin dul á að vafi ríki um

inntak slíkrar reglu og að ytri mörk heimildarinnar séu alls ekki skýr. Sé hins vegar tekið mið af sjónarmiðum um breytilega skýringu stjórnarskrárinnar fela þau í sér allmikið svigrúm fyrir hinn almenna löggjafa til að skýra og beita stjórnarskránni í samræmi við ríkjandi viðhorf í stjórnmálum í víðum skilningi, almenna þjóðfélagsþróun og þróun alþjóðasamskipta. Ef þessi sjónarmið eru lögð til grundvallar telur nefndin að færa megi fyrir því veigamikil rök að löggjafanum sé játuð heimild til framsals ríkisvalds innan þeirra marka sem lagt er til í frumvarpinu. Samkvæmt því hlýtur það að vera Alþingis sem æðsta handhafa löggjafarvalds og valdamestu stofnunar ríkisins að áskilja sér svigrúm til að móta inntak samskipta við aðrar þjóðir og fjölþjóðlegar stofnanir í framkvæmd og beita þeirri reglu sem hér hefur verið talin gilda um framsal ríkisvalds á þann hátt að íslenska ríkið geti áfram verið virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Orðalagi 10. tölul. 4. gr. verði breytt til samræmis við ákvæði gildandi samkeppnislaga og fyrirliggjandi frumvarps um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins.

2. Ákvæði 5. gr. um hlutverk stjórnar verði breytt og það gert skýrara að aðeins þurfi að bera undir stjórn meiri háttar efnislegar ákvarðanir í einstökum málum eins og niðurstöður mála en ekki ákvarðanir varðandi framkvæmd í einstökum málum, svo sem hvort hefja eigi rannsókn einstakra mála eða ráðast í rannsóknaraðgerð. Einnig er lagt til að stjórn verði gert að setja sér starfsreglur sem skuli birtar en með því vill nefndin tryggja að fylgt verði góðum stjórnsýsluháttum í störfum hennar.

3. Stjórn setji forstjóra starfslýsingu m.a. í þeim tilgangi að tryggja forstjóra ákveðið sjálfstæði og eðlileg samskipti milli hans og stjórnarinnar. Ljóst er að undir stjórn forstjóra munu oft vera vandasöm og viðkvæm mál og þá nauðsynlegt að staða hans og valdmörk séu skýr.

4. Málshöfðun fresti réttaráhrifum ákvörðunar um breytingu á skipulagi en ljóst er að verði slík ákvörðun dæmd ógild er vandasamt eða ómögulegt að leiðrétta hana og vandkvæðum bundið að ákvarða bætur. Því telur nefndin rétt að málshöfðun fresti áhrifum slíkrar ákvörðunar.

5. Ráðherra verði heimilað að skipa stjórn Samkeppniseftirlitsins fyrir 1. júlí þegar sú stofnun tekur til starfa, m.a. svo að stjórn gefist tími til að ráða fólk frá Samkeppnisstofnun.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð hefur verið grein fyrir og gerð er tillaga um á þskj. 1290.

Undir nefndarálit meiri hlutans skrifa hv. þm. Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson og Una María Óskarsdóttir.

[11:18]

Forseti (Birgir Ármannsson):

Forseti vill geta þess að ekki er gert ráð fyrir frekari atkvæðagreiðslum í dag.

[11:18]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Hver hefði trúað því að óreyndu að í kjölfar þess að Samkeppnisstofnun upplýsti um einhvern mesta skandal síðari tíma, þ.e. olíusamráðið, fengjum við fljótlega í kjölfarið fram frumvarp sem gerir ráð fyrir því að stofnunin verði lögð niður? Það kemur í kjölfar þess að upplýst er um mesta samráð sem sögur fara af. Ekki aðeins það, heldur hafa stjórnvöld staðfest sektir upp á 1,5 milljarða vegna þessa samráðs. Viðbrögðin sem við fáum frá hæstv. ríkisstjórn eru að leggja stofnunina niður án þess að nokkur stjórnsýsluúttekt fari fram, án þess að nokkur rannsókn fari fram á því sem í raun og veru ætti að vera undirstaðan þegar við erum að breyta frá gildandi skipulagi. Það vantar alla röksemdafærslu. Reyndar hafa allir helstu sérfræðingar landsins lagst gegn þessum stjórnsýslubreytingum á stofnuninni og gegn því að veikja lögin frá því sem nú er. Hver einn og einasti sérfræðingur sem hefur komið fyrir nefndina hefur lagst gegn þessu. Þeir einustu sem hafa mælt breytingunum bót, þrátt fyrir að gagnrýna þær mjög harðlega, eru Verslunarráðið og Samtök atvinnulífsins, aðrir ekki, enda hafa þessir aðilar um langt skeið talað fyrir því að veikja samkeppnislögin. Nú virðist þeim hafa orðið að ósk sinni.

Við hljótum að spyrja: Hvar brennur hinn mikli eldur? Hvar liggja hin stóru vandamál sem gera það að verkum að ráðast þarf í þessar breytingar? Hvað er það sem knýr á, er þetta forgangsverkefnið í íslensku samfélagi, í íslenskri stjórnsýslu? Er það þarna sem skórinn kreppir? Er þetta virkilega stærsta viðfangsefnið sem við stöndum frammi fyrir, að breyta stjórnsýslu samkeppnisyfirvalda, eftirlitsins, og ekki síður að veikja samkeppnislögin í kjölfar þess að stærsti skandall og mesta verðsamráð sem upp hefur komið á Íslandi var upplýst?

Hvaða skilaboð eru þetta til annarra stjórnvalda og annarra stofnana sem starfa í íslensku samfélagi? Hvaða skilaboð eru það þegar sífellt er vegið að stofnunum sem þramma ekki alveg í takt með stjórnvöldum? Hvaða skilaboð eru þetta?

Við sáum Þjóðhagsstofnun, við sáum Mannréttindaskrifstofuna, við höfðum fregnir af klerki og nú er það Samkeppnisstofnun sem á að leggja niður.

Í þessari umræðu, virðulegi forseti, er mjög mikilvægt að fram komi að í störfum efnahags- og viðskiptanefndar lögðum við ríka áherslu á að reyna að átta okkur á því hvernig hæstv. ríkisstjórnin sér framhald þessara mála. Við lögðum ríka áherslu á það að átta okkur á því hvaða hugmyndir ríkisstjórnin hefur til að mynda um þann forstjóra sem nú situr, þann forstjóra sem leiddi stofnunina í gegnum það að upplýsa um mesta verðsamráð sem hefur komið upp í sögu íslenskrar þjóðar. Hvaða hugmyndir hafa menn um framtíð hans? Hver eru verðlaunin fyrir að leiða stofnunina í gegnum þetta mál og upplýsa um það verðsamráð sem öll þjóðin þekkir nú?

Við gengum hart fram í efnahags- og viðskiptanefnd við að kalla eftir upplýsingum um hvaða hugmyndir menn hefðu. Svörin sem við fengum voru þau að setja yrði sérstakt bráðabirgðaákvæði inn í lögin sem heimilaði stjórn að

ráða og reka starfsmenn svo skjótt sem auðið yrði áður en lögin tækju gildi. Áður en lögin tækju gildi yrði að skipa stjórnina til að ráða og reka starfsmenn. Við héldum áfram og reyndum að fá upplýst hvað yrði um núverandi forstjóra. Svarið sem við fengum var þetta: Það verður að ráða forstjóra svo fljótt sem auðið er til þess að hann geti kynnst starfseminni og starfsfólkinu. Þetta kom fram í umræðum í hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Við fengum aldrei skýr svör um það hvað yrði um þann forstjóra sem leiddi stofnunina í gegnum stærsta mál sem komið hefur upp, og mörg önnur mál. Það kom aldrei fram hvað yrði um þann forstjóra sem hefur byggt upp þessa stofnun í 11 ár.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir er byggt upp á annan hátt en þegar samkeppnislögin upphaflega voru samþykkt. Þar kom skýrt fram að verðlagsstjóri yrði áfram forstjóri Samkeppnisstofnunar. Það kemur ekki fram hér. Það er líka ljóst að ef nýr forstjóri þarf að kynnast málaflokknum og því starfsfólki sem þarna starfar getur hugmyndin ekki verið sú að sami forstjórinn haldi áfram störfum. Ég kalla á það að hæstv. viðskiptaráðherra gefi um það yfirlýsingu hér á eftir, til þess að hreinsa þetta tiltekna mál, hvort hugmyndin sé sú að núverandi forstjóri haldi áfram störfum eða ekki. Þær ályktanir sem við gátum dregið af þeirri umræðu sem fram fór í hv. efnahags- og viðskiptanefnd voru þær að hugmyndin væri ekki sú að sá forstjóri héldi áfram. Það hljóta að vera kaldar kveðjur til forstjóra ríkisstofnunar sem hefur lagt á sig vinnu og leitt þá vinnu sem alþjóð er nú orðin löngu kunn. Aðrir forstjórar ríkisstofnana hljóta að þurfa að hugsa sig vandlega um ef kveðjan yrði sú að í kjölfar þessa stóra máls, olíumálsins, yrði stofnunin lögð niður og forstjórinn látinn fara. (Gripið fram í.) Það hljóta að vera mjög kaldar kveðjur ef sú verður niðurstaðan af þessu stóra máli.

Í allri umræðunni sem fram fór í efnahags- og viðskiptanefnd komu aldrei fram með neinum hætti nokkur haldbær rök sem hægt er að setja fram fyrir þessum breytingum. Þau komu aldrei fram og í raun og veru studdi enginn, ef undan eru skildir þeir tveir aðilar sem ég nefndi áðan, þessar stjórnsýslubreytingar. Það kom einnig fram að engin rannsókn fór fram á því hvers vegna þetta þyrfti að gera og það kom aldrei fram hvar hinn mikli olíueldur brynni. Það kom aldrei fram hvað knýr á um þessar breytingar.

Það var ekki aðeins að Samkeppnisstofnun legðist gegn þessu, Neytendasamtökin, ASÍ og BSRB líka, heldur taldi einnig fulltrúi óháðrar kærunefndar áfrýjunarmála að þessar breytingar væru til þess fallnar að veikja samkeppniseftirlitið og samkeppnislögin. Það sem vissulega vekur furðu í allri þessari umræðu er að okkur var sagt og okkur var kynnt, þegar á laggirnar var sett nefnd til þess að móta stefnu fyrir íslenskt viðskiptalíf, að markmiðið væri að vinna gegn samþjöppun í íslensku viðskiptalífi, gegn fákeppni.

Það var markmiðið, það var það sem lagt var upp með.

Niðurstaðan er sú að allir helstu sérfræðingar landsins á þessu sviði segja að verið sé að veikja eftirlitið og veikja lögin. Við hljótum að kalla eftir því í þessari umræðu, af því að það kom ekki fram í efnahags- og viðskiptanefnd, hvar þessi rök liggja. Hvar liggja þessi sjónarmið, hvar yfirsáust okkur þau merku rök sem standa að baki því og gera það að verkum að þetta er réttlætanlegt?

Virðulegi forseti. Þegar helstu rök sem fram koma í frumvarpinu eru skoðuð og þau sjónarmið sem koma fram í greinargerðinni, sem eru sögð forsenda eða grunnurinn að því að í þessar breytingar er ráðist, kemur í ljós að þar er farið rangt með, þar er snúið út úr þeim orðum forstjóra Samkeppnisstofnunar sem hann lætur frá sér fara í ársskýrslu sinni fyrir árið 2003. Þar eru orð tekin úr samhengi, þau síðan notuð sem grunnur í greinargerð með þessu frumvarpi, virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að lesa röksemdafærsluna sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu og síðan að lesa það sem forstjóri Samkeppnisstofnunar skrifar þannig að hver fyrir sig geti borið saman hvað hér er á ferðinni. Menn þurfa þá ekki að vísa til þess hvað þeir hafa heyrt aðra menn segja, heldur geta bara hlýtt á það sem hér verður lesið.

Ég byrja á því að vitna í greinargerð með frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Kemur fram í ársskýrslu Samkeppnisstofnunar fyrir árið 2003 að 80–90 samkeppnismál biðu úrlausnar hjá Samkeppnisstofnun í byrjun árs 2003, en á því ári var tekin upp formleg forgangsröðun mála hjá samkeppnissviði Samkeppnisstofnunar í samræmi við heimild samkeppnislaga. Var það gert þar sem fyrirséð var að dráttur yrði á að ljúka vinnslu fyrirliggjandi mála innan æskilegs tíma vegna umfangsmikillar vinnu við rannsókn stórra mála. Leiddi þetta til þess að aðilar gátu þurft að bíða í allt að eitt ár áður en málsmeðferð vegna kvartana þeirra gat hafist. Þá segir í skýrslunni að ljóst sé að samkeppnisyfirvöld komist að óbreyttu illa yfir að sinna nauðsynlegum verkefnum og að reynslan sýni að sökum mannfæðar fari reglubundin starfsemi Samkeppnisstofnunar úr skorðum þegar tekist sé á við fleiri en eitt umfangsmikið verkefni í einu.

Í ljósi þessa er nauðsynlegt að gera breytingar á fyrirkomulagi samkeppniseftirlits.“ — Með öðrum orðum virðast þessi skrif forstjóra Samkeppnisstofnunar í ársskýrslu Samkeppnisstofnunar fyrir árið 2003 að óathuguðu máli vera forsenda þeirra breytinga sem hér er ætlunin að ráðast í. Þá er ekki úr vegi, virðulegi forseti, að lesa upp og fara yfir það sem forstjóri Samkeppnisstofnunar skrifaði í ársskýslunni þannig að öllu sé nú til haga haldið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Starfsmannahald hjá Samkeppnisstofnun hefur ekki þróast í samræmi við hin auknu umsvif stofnunarinnar. Það hefur valdið því að aðilar, sem reka mál fyrir Samkeppnisstofnun, hafa oft á tíðum þurft að bíða óheppilega lengi eftir niðurstöðu mála. Í upphafi ársins 2003 biðu 80–90 samkeppnismál úrlausnar hjá Samkeppnisstofnun. Vegna umfangsmikillar vinnu við rannsókn á meintu ólögmætu samráði olíufélaganna og vinnu við önnur stór mál var fyrirséð að dráttur yrði á því að unnt yrði að ljúka vinnslu fyrirliggjandi mála innan æskilegs tíma. Til að takast á við þennan vanda neyddust samkeppnisyfirvöld því til að taka upp formlega forgangsröðun mála hjá samkeppnissviði Samkeppnisstofnunar á árinu 2003. Það var gert í samræmi við heimild í samkeppnislögum. Þetta hafði í för með sér að allnokkrir aðilar, sem með rökum töldu á sér brotið með vísan til samkeppnislaga, þurftu að bíða í allt að eitt ár áður

en málsmeðferð gæti hafist.

Að mati Samkeppnisstofnunar þurfa stjórnvöld að horfast í augu við þá staðreynd að íslenskt viðskiptalíf hefur þróast þannig síðastliðin 10 ár að nauðsynlegt er að hér starfi öflug og virk samkeppnisyfirvöld sem hafi yfir að ráða bestu mögulegu meðulum til að uppræta og koma í veg fyrir samkeppnishömlur.

Löggjöfin sem við búum við er að flestu leyti í samræmi við það sem er nýjast og best í evrópskri samkeppnislöggjöf. Hins vegar er ljóst að samkeppnisyfirvöld komast að óbreyttu illa yfir að sinna nauðsynlegum verkefnum. Reynslan sýnir að sökum mannfæðar fer reglubundin starfsemi Samkeppnisstofnunar úr skorðum þegar tekist er á við fleiri en eitt umfangsmikið verkefni í einu."

Með öðrum orðum, virðulegi forseti, það sem hér er sagt er að skipulag stofnunarinnar, samkeppnislöggjöf, sé með því besta sem gerist í Evrópu. Vegna fjárhagsskorts og mannfæðar og vegna þess að stjórnvöld hafa ekki sinnt stofnuninni er þessi staða hins vegar komin upp hjá samkeppnisyfirvöldum. Þetta segir forstjóri Samkeppnisstofnunar í ársskýrslu sinni fyrir árið 2003.

Hluti þessara orða er tekinn úr samhengi og notaður sem röksemdafærsla fyrir því að leggja stofnunina niður, að veikja samkeppnislögin. Ég held að á mannamáli fari þetta langt með að kallast fölsun. Orð eru tekin úr samhengi í greinargerð með frumvarpinu. Ef maður ber saman það sem stendur í ársskýrslunni og það sem raunverulega kemur fram er með ólíkindum að þessi orð, þar sem lýst er að samkeppnislöggjöfin og skipulagið hér á landi sé með því besta sem gerist í Evrópu, skuli notuð til að leggja stofnunina niður, notuð til að veikja lögin.

Það er með ólíkindum, virðulegi forseti, hvað menn virðast hafa leyft sér í því að færa rök fyrir þessum breytingum. Allir helstu sérfræðingar landsins sem komu fyrir nefndina mæltu þessu í mót, hver einn og einasti. Meira að segja Verslunarráðið og Samtök atvinnulífsins fundu ýmislegt að því máli sem við hér ræðum þó að þau hafi verið einna jákvæðust í umfjöllun sinni.

Að loknum þessum inngangi ætla ég að gera hér grein fyrir nefndaráliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar, en auk mín standa að því áliti hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Helgi Hjörvar.

Samkvæmt athugasemdum sem fylgja frumvarpi viðskiptaráðherra til samkeppnislaga byggist frumvarpið á vinnu nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði til þess að móta stefnu um íslenskt viðskiptaumhverfi. Var nefndinni ætlað að meta hvernig bregðast ætti við aukinni samþjöppun og fákeppni í íslensku viðskiptalífi og með hvaða hætti þróa ætti reglur þannig að viðskiptalífið væri skilvirkt og nyti trausts, eins og segir í athugasemdunum.

Áður en nefndin hóf störf hafði mikið verið rætt hvort völd í efnahagslífinu væru smám saman að færast á fáar hendur. Nefndinni var ætlað að fjalla um þessa þróun og hvernig bregðast mætti við henni með setningu almennra reglna. Í ljósi þeirra markmiða sem nefndin lagði upp með lýsir 1. minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar yfir mikilli furðu á frumvarpi því til samkeppnislaga sem liggur fyrir Alþingi, en öllum sem hafa sett sig inn í þetta mál er ljóst að verði frumvarpið að lögum er um mikla afturför að ræða frá gildandi lögum. Á það jafnt við um stjórnsýsluna og skipulag hennar og tæki sem lögin veita til að hafa eftirlit með virkri samkeppni.

Vegna þess að sagt er að frumvarpið byggi á tillögum nefndar um mótun stefnu fyrir íslenskt viðskiptalíf verður að hafa í huga að við vinnslu þess í viðskiptaráðuneytinu hefur mörgu því verið kastað fyrir róða sem nefndin setti frá sér. Í því sambandi skiptir mestu að í frumvarpinu felst veiking á samkeppnislögum, þvert á markmið og tillögur nefndar viðskiptaráðherra. Að engu er höfð tillaga nefndarinnar um aukin rannsóknarúrræði samkeppnisyfirvalda. Þá eru í frumvarpinu gerðar mun minni hæfiskröfur til þeirra sem skipa skulu fyrirhugaða stjórn Samkeppniseftirlitsins en gert var ráð fyrir í drögum sem kynnt voru 1. október sl. Einnig er bagalegt að úr frumvarpinu hefur verið felld brott mikilvæg tillaga um að samkeppnisyfirvöld geti skotið málum til dómstóla.

Í umsögnum aðila sem komið hafa fyrir nefndina hefur á sannfærandi hátt verið sýnt fram á að allar forsendur sem gefnar hafa verið fyrir stjórnsýslubreytingunum standast ekki nánari skoðun, eins og vandlega er rakið í umsögn Samkeppnisstofnunar og farið verður ítarlega yfir hér á eftir. Þessi staðreynd dregur athyglina að þeirri spurningu hvers vegna ekki var leitað til helstu sérfræðinga þjóðarinnar í samkeppnismálum þegar málið var unnið og nýtt frumvarp til samkeppnislaga mótað. Það vekur mikla furðu þegar málsmeðferðin og vinnubrögðin eru skoðuð að ekki hafi verið leitað eftir áliti og ráðgjöf þess fólks sem best þekkir til.

Eftir stendur því spurningin: Hvers vegna var lagt af stað með það markmið að styrkja ákvæði samkeppnislaga *til að halda uppi eftirliti með virkri samkeppni?* Niðurstaða þeirrar vinnu birtist okkur í því að sjálfstæði eftirlitsstofnunarinnar er skert, lögin verða mun veikari en áður og hvergi er að finna ákvæði sem gera eftirlitsaðilum kleift að takast á við hringamyndun og fákeppni í íslensku viðskiptalífi, þveröfugt við það sem lagt var upp með í upphafi. Því stendur upp á viðskiptaráðherra að koma með viðunandi skýringar á því hvers vegna hugmyndir af þessum toga eru lagðar fyrir þingið til samþykktar. Hvergi er að finna nein haldbær rök fyrir þeim hugmyndum sem hér er ætlað að lögfesta.

Helstu niðurstöður 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar eru í samræmi við álit margra sem veitt hafa nefndinni umsögn. Þær eru eftirfarandi:

Forsendur fyrir tillögum frumvarpa sem lögð hafa verið fram um breytingar á stjórnsýslu í samkeppnismálum fá ekki staðist. Engin rök hafa komið fram sem sýna að núverandi stjórnsýsla samkeppnismála sé óeðlileg og þunglamaleg enda hefur engin úttekt verið gerð á stjórnsýslunni. Þá kemur ekkert fram í frumvarpinu sem styður það að tillögur um breytta stjórnsýslu efli skilvirkni eða geri samkeppnisyfirvöldum betur kleift að sinna verkefnum sínum. Þvert á móti geta þessar tillögur veikt samkeppnisyfirvöld.

Vissulega vekur það mikla athygli að eftir hina miklu gagnrýni sem stjórnvöld hafa sett fram sem rök fyrir þessari stjórnsýslubreytingu, þ.e. að þetta sé þunglamalegt, að aðilar geti ekki flutt mál fyrir samkeppnsiráði, að Samkeppnisstofnun vinni mál og ráðið úrskurði síðan o.s.frv., er engin

eðlisbreyting á þeim hugmyndum sem hér er ætlað að lögfesta og þeim reglum sem nú eru í gildi. Þær hugmyndir sem nú eru uppi eru einfaldlega þær að Samkeppnisstofnun vinni mál og stjórnin úrskurði, stjórnin komi í staðinn fyrir samkeppnisráð en Samkeppniseftirlitið í staðinn fyrir Samkeppnisstofnun.

Að vísu hefur verið fækkað verulega starfsmönnum stofnunarinnar en niðurstaðan er sú að þetta er sama skipulag að undanskildu einu, og það er athyglisvert: Stjórnin hefur afskipti af daglegum rekstri Samkeppniseftirlitsins. Hinni pólitískt skipuðu stjórn er ætlað að hafa eftirlit með daglegum störfum Samkeppniseftirlitsins sem er ekki til staðar í dag, sem gerir það að verkum að Samkeppniseftirlitið verður veikara og ósjálfstæðara frá því sem það er í dag. Þetta er veruleg breyting. (**Gripið fram í:** Er það ekki ætlunin?) Vissulega er það ætlunin. Þetta er veruleg breyting frá því sem nú er, og sú athugasemd sem fram kemur í frumvarpinu er mjög athyglisverð, að stjórninni er ætlað að tryggja að Samkeppniseftirlitið gæti meðalhófs í störfum sínum. Það vekur að sjálfsögðu upp spurninguna: Hefur Samkeppnisstofnun ekki gætt meðalhófs í störfum sínum?

Samkeppnisstofnun heyrir undir meðalhófsreglu stjórnsýslulaga eins og allar aðrar stofnanir. En hvað er það sem kallar á meðalhóf nákvæmlega núna? Hvað er það sem kallar á að bera þurfi meiri háttar ákvarðanir sem stofnunin eða eftirlitið ætlar að ráðast í undir pólitískt skipaða stjórn? Hvað er það sem kallar á þessar breytingar? Hvar brennur hinn mikli eldur? Hvar hefur núverandi Samkeppnisstofnun ekki staðið sig? Hvað er svona stórvægilegt að það sé ástæða til að skera þetta eftirlit upp á þann hátt sem ætlunin er að gera?

Við eigum eftir að ræða síðar á þessu þingi þær breytingar sem ætlað er að ráðast í, þ.e. að færa hluta af Samkeppnisstofnun yfir í Löggildingarstofu og breyta síðan nafninu á því samkrulli öllu saman, sem gerir það að verkum að stærðarhagkvæmni Samkeppniseftirlitsins mun ekki verða söm og fyrr, þ.e. að hægt sé að nýta alla þá starfsemi sem hægt er að nýta í dag þegar ráðist er í stórar aðgerðir. Af hverju erum við ekki upplýst um það hvar hinn mikli eldur brennur? Af hverju erum við ekki upplýst um það hvers vegna þurfi að ráðast í þennan uppskurð? Af hverju er okkur ekki greint frá þessu?

Efnahags- og viðskiptanefnd fór vandlega yfir þetta mál og það er ekki ástæða til að gera lítið úr því en það dregur líka fram með skýrari hætti að í þeirri yfirferð komu engin rök fram sem skýrðu hvers vegna þetta væri nauðsynlegt. Við hljótum að spyrja okkur í þessu samhengi: Hefur stofnunin sem nú er að störfum ekki staðið sig? (**JBjarn:** Hefur staðið sig of vel.) Hvað er það sem er að? Og hvers vegna er snúið svona svakalega út úr orðum forstjóra Samkeppnisstofnunar í ársskýrslunni 2003 og þau orð notuð sem grunnur að þeim breytingum sem hér á að ráðast í? Hvers vegna er þessi leið farin? Þau orð þar sem forstjórinn lýsir því yfir að á Íslandi sé einhver besta löggjöf á samkeppnissviði sem þekkist í Evrópu eru tekin úr samhengi og notuð sem rök fyrir því að veikja lögin og breyta eftirlitinu. Það þarf ótrúlega hugkvæmni til að láta sér þetta til hugar koma.

Forstjórinn var aðeins að benda á eitt í skýrslu sinni, það vantaði fjármagn og mannskap, að öðru leyti gengi starfið mjög vel. Nýverið gjaldféllu sektir upp á 1,5 milljarða sem er afrakstur vinnu þessarar stofnunar sem ætlunin er nú að leggja niður. (**Gripið fram í:** Setja meiri pening í málaflokkinn.) (**BÁ:** Stofna ... stofnun.) Hér kallar fram í fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóri Verslunarráðsins sem lengi hefur talað fyrir því að veikja samkeppnislögin (**Gripið fram í:** Leggja niður.) og ég veit að hv. þingmaður er kátur núna. Hann er kátur með að þeir sjá nú loksins árangur erfiðis síns til margra ára, umræðu um nauðsyn þess að veikja lögin. Ég veit að hv. þm. Birgir Ármannsson er ánægður með þann árangur sem hann telur sig hafa náð fyrir sig og umbjóðendur sína. (**Gripið fram í:** Öllu ...) Enda hefur enginn, að undanskildu Verslunarráðinu og Samtökum atvinnulífsins, tekið undir þessar breytingar, enginn. (**Gripið fram í:** Lögmannafélagið.) Lögmannafélagið fjallaði fyrst og fremst um annað sem ég á eftir að fara yfir síðar í ræðu minni, jafnvel síðar í kvöld eins og gert er ráð fyrir.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, spyrjum við í áliti 1. minni hluta: Hvers vegna er verið að gera minni hæfiskröfur til stjórnarmanna í nýju frumvarpi en þær sem nú gilda um samkeppnisráð? (Gripið fram í.) Hv. þm. Pétur H. Blöndal sem er formaður nefndarinnar kallar hér fram í: Það er margbúið að gera það. Og vitið þið hver rökin eru? Það er fróðlegt að upplýsa hv. þingmenn um það. Það er svo erfitt að finna menn sem uppfylla hæfiskröfurnar. (Gripið fram í.) Við höfum rekið hér samkeppnisráð í 11 ár og það hefur enginn vandi verið, ekki nokkur einasti vandi, en núna í þessum breytingum er svo erfitt að finna fólk. (Gripið fram í.) Sagan einfaldlega geymir það að það hefur ekki verið nokkurt vandamál að manna þetta á þann hátt að yfir allan vafa hefur verið hafið. Það hefur aldrei komið upp að menn hafi talið einhver óeðlileg hagsmunatengsl uppi á borðinu við afgreiðslu samkeppnisráðs á málum, aldrei. (**PHB:** ... komnir í samkeppni.) Það hefur aldrei komið fram. Nú, þegar leggja á stofnunina niður (Gripið fram í.) og veikja samkeppnislögin, er afar mikilvægt að draga úr hæfiskröfum stjórnarmanna. Þá er það eitt mikilvægasta málið sem upp hefur komið að draga úr hæfiskröfum stjórnarmanna. (**JBjarn:** Þarf ekki bara rétt flokksskírteini?) Það er kallað hérna fram í: Þarf ekki rétt flokksskírteini? Ég geri fastlega ráð fyrir því að þegar hæstv. viðskiptaráðherra, ef til þess kemur að hún þurfi að skipa þessa stjórn, muni sjálfsagt m.a. líta til þess. (**Viðskrh.:** Er það reynslan? Hjá samkeppnisráði?) Athyglisvert frammíkall hjá hv. þm. Jóni Bjarnasyni. (**Viðskrh.:** Geturðu nefnt dæmi um það?) (**Gripið fram í:** ... hæfiskröfur.) Ég var að vísa hér til framtíðar og til þess að þær forsendur sem við höfum til að meta framtíðina eru þær að draga á úr hæfiskröfum þeirra sem sitja í stjórn. Það er það einasta sem við höfum um þetta mál.

Hvers vegna skyldum við treysta yfirvöldum í þessu máli í ljósi þess að það á að draga úr hæfiskröfum þeirra sem eiga að hafa daglegt eftirlit? Það er ekki bara að þeir eigi að úrskurða, heldur hafa daglegt eftirlit og veita samþykki fyrir meiri háttar ákvörðunum. Sjálfstæði eftirlitsstofnunarinnar verður miklu minna eftir en fyrir. Við höfum kallað eftir svörum, eins og ég sagði hérna áðan, um

það hvers vegna þurfi að gera þetta. Skýringin sem við höfum fengið er sú að það verður svo erfitt að manna þessa þriggja manna stjórn ef hæfiskröfur eru ríkar. Trúi því hver sem vill, og kaupi þá niðurstöðu hver sem vill, en það er ekki nema von að við, sum hver, séum mjög skeptísk á að þetta sé raunverulega það sem markmiðið er að gera.

Í þriðja lagi höfum við í 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar bent á að í 16. gr. frumvarps til samkeppnislaga, sem er sambærileg 17. gr. gildandi laga, hefur verið felldur brott c-liður 1. mgr. 17. gr. þar sem segir að samkeppnisráð geti gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Þetta er í hróplegri mótsögn við yfirlýstan tilgang endurskoðunar samkeppnislaganna. Ef þetta nær fram að ganga felur það í sér ótvíræða veikingu á samkeppnislögum og takmörkun á möguleikum samkeppnisyfirvalda til að bregðast við alvarlegum samkeppnishömlum sem m.a. stafa af aukinni samþjöppun í viðskiptalífinu. Samkeppnisstofnun leggur til að þetta ákvæði gildandi 17. gr. verði styrkt enn frekar og samkeppnislög þar með gerð að öflugra tæki en þau eru nú til að berjast gegn óæskilegri samþjöppun, hringamyndun og skaðlegri fákeppni í íslensku viðskiptalífi.

Þessi niðurfelling verður kannski ekki rædd nema ég fari einnig yfir næsta punkt sem við erum hér með en í 8. gr. frumvarps til nýrra samkeppnislaga er lögð til breyting þess efnis að Samkeppniseftirlitið skuli birta skýrslur um athuganir sínar á hringamyndun og samþjöppun og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni. Viðbúið er að samkeppnishömlur sem stafað geta af hringamyndun og samþjöppun eigi ekki rót sína að rekja til brota á bannreglum samkeppnislaga, heldur til skaðlegra aðstæðna í skilningi c-liðar 17. gr. gildandi samkeppnislaga. Með því að fella á brott það ákvæði samkeppnislaga er unnið gegn markmiði þeirra breytinga sem lagðar eru til í 8. gr. frumvarpsins en samkvæmt henni væri samkeppnislögum breytt þannig að samkeppnisyfirvöldum bæri að fylgjast með hringamyndun og samþjöppun og grípa til aðgerða gegn þessu. Í 16. gr. frumvarpsins hefur hins vegar eitt helsta tækið til að vinna gegn þessum hömlum á samkeppni verið fellt brott úr lögunum.

Það er einmitt hérna sem kemur fram sú veiking sem við teljum að verið sé að gera á lögunum með því að fella brott þetta ákvæði. (**Viðskrh.:** Hefur það oft verið notað?) Þetta ákvæði hefur ekki verið notað en það breytir ekki því að lögin verða veikt ef heimildir verða teknar út. Ég þakka fyrir frammíkall hæstv. viðskiptaráðherra. Að sjálfsögðu verða lögin veikt ef heimildir og tæki eru felld brott. Þess vegna höfum við hvatt eindregið til þess að þetta verði áfram inni. Þó að ekki reyni á tiltekin lög segir ekkert um það að lögin kunni ekki að hafa þau áhrif sem ætlast er til. Það að ekki sé sífellt verið að fella dóma eða úrskurði á grundvelli tiltekinna ákvæða þýðir kannski að menn virða þá lögin og þau hafi þau áhrif sem ætlast er til. Það er ekki endilega mælikvarði á nytsemi laga hvort það reyni á þau frá degi til dags, heldur kannski miklu frekar að ef ekki reynir á þau séu menn að virða þessar reglur. Skilaboðin sem við erum að senda núna út í samfélagið eru þau að við ætlum að veikja þessi ákvæði. Það er það sem við erum að velta upp í þessari umræðu, og við spyrjum: Úr því að lagt var af stað með það að koma í veg fyrir fákeppni og samþjöppun í íslensku viðskiptalífi, af hverju er þá verið að veikja lögin? Það eru þessi sjónarmið og þessar röksemdir sem við einfaldlega höfum ekki fengið skýr svör við.

Reyndar kom fram í yfirferð efnahags- og viðskiptanefndar yfirlýsing þess efnis að svona ákvæði væri ekki að finna í EES-rétti. Það segir ekkert um það hvernig við viljum sjá okkar reglur. Vegna fákeppni hér og smæðar samfélagsins er það a.m.k. sjónarmið þess sem hér stendur að hér þurfi að vera heldur harðari reglur en veikari. Skilaboðin sem við sendum út í samfélagið eru að verið sé að veikja reglurnar. Það er það sem við gerum verulegar athugasemdir við.

Það er ekki aðeins þetta, heldur gætir hér einnig rökræns ósamræmis. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því í d-lið 8. gr. að hlutverk Samkeppniseftirlitsins verði „að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja; skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni; stofnunin skal birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni þar sem það er nauðsynlegt".

Með því að fella brott þetta ákvæði, einkum í niðurlaginu þar sem segir „grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni", er nánast öllum tækjum eftirlitsins kippt í burtu. Eftirlitið mun ekki hafa þau tæki sem þarf til að grípa til aðgerða. Í reynd er aðeins sýndarmennskan ein uppi og augljóst að ætlunin er ekki sú að grípa til nokkurra einustu aðgerða því að tækið sem hefði mátt nota er tekið út. Einasta tækið sem er þá eftir er ef menn gerast brotlegir. Ef menn gerast brotlegir við þessi ákvæði er það í eina skiptið sem hægt er að grípa til einhverra tiltekinna aðgerða (Gripið fram í.) en ekki ef óæskileg samþjöppun leiðir til ástands sem skaðar samkeppni.

Eins og ég vék að áðan voru röksemdirnar helstar þær að þessar reglur væru ekki í EES-réttinum. Það er rétt. Á hinn bóginn hafa lönd, mörg hver, verið að taka upp þessar reglur sem hér er ætlunin að fella brott. Má þar nefna Bretland, Noreg og nú liggur frumvarp fyrir sænska þinginu þar sem hugmyndin er að taka þetta upp. Þróunin í evrópskum rétti er miklu frekar að taka upp ákvæði af þessum toga en að fella þau brott.

Í upphafi var lagt af stað með þá hugmynd að styrkja og efla samkeppnisreglurnar, efla eftirlitið, koma í veg fyrir fákeppni, samþjöppun o.s.frv. Í framhaldi af hinni miklu umræðu sem fram hefur farið er hið einasta sem gert hefur verið það að veikja lögin. Af þessum sökum hafa menn verið fullir tortryggni um hvað raunverulega búi að baki. Auðvitað vekur það ekki síður upp tortryggni að gripið skuli til þessara aðgerða í kjölfar þess mikla árangurs sem Samkeppnisstofnun hefur náð í störfum sínum. Við vorum a.m.k. ekki upplýst um það í hv. efnahags- og viðskiptanefnd hvar hinn mikli eldur brennur sem knýr á um svo róttækar aðgerðir sem raun ber vitni.

Þá vekur það mikla athygli hjá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar að margar þær hugmyndir sem sú nefnd sem sett var á laggirnar um mótun stefnu fyrir ís-

lenskt viðskiptalíf setti fram hlutu ekki náð fyrir augum hæstv. viðskiptaráðherra þegar frumvarpið var unnið. Það má vekja athygli á því að sú nefnd sem ég vitnaði í lagði til að lögfest yrði ákvæði þar sem samkeppnisyfirvöldum á Íslandi yrði veitt heimild til vettvangsrannsókna á heimilum, landsvæðum og í flutningatækjum í eigu stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis. Við töldum afar mikilvægt að samkeppnisyfirvöld á Íslandi hefðu sams konar heimildir og eftirlitsstofnanir á Evrópska efnahagssvæðinu vegna þess að þróun, hugmyndir og umræður í samkeppnismálum hafa gengið út á það að færa völdin og eftirlitið meira heim í hérað, ef svo má að orði komast. Þess vegna er það í hrópandi ósamræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað að íslenskum samkeppnisyfirvöldum skuli ekki veittar sömu heimildir hvað þetta varðar og samkeppnis- og eftirlitsstofnunum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að það sé alveg ljóst að ef menn stunda verðsamráð í nokkru samræmi við það sem átti sér stað hjá olíufélögunum munu menn geyma gögn annars staðar en á starfsstöðinni. Það er fullreynt, virðulegi forseti, að það er ekki mjög skynsamlegt. Ég mun síðar í máli mínu taka dæmi um það frá Evrópu hversu frumlegir menn hafa verið í því að geyma gögn sem lúta að verðsamráði.

Við megum aldrei gleyma því í allri þessari umræðu að í umræðu um samkeppnislög erum við fyrst og fremst að hugsa um í fyrsta lagi að fyrirtæki á markaði starfi í ögguðu umhverfi. Að minni hyggju er það besta umhverfið fyrir fyrirtæki að starfa í og þau fyrirtæki sem starfa í hvað öguðustu umhverfi eiga mesta möguleika til útrásar og að vinna sér nýja markaði í öðrum löndum. Þau þekkja ögunina sem markaðurinn veitir þeim, það er það sem gerir það að verkum að þau eru líklegri til þess að ná árangri á öðrum mörkuðum, erlendum mörkuðum.

Í öðru lagi felst í samkeppnislögum neytendavernd. Samkeppnislögum er ætlað að tryggja eðlilega verðmyndun á vöru, framboð og eftirspurn, að ekki sé lagður steinn í götu, hvorki þeirra sem vilja selja vöru né hinna sem vilja kaupa. Þetta er grunnurinn að samkeppnisreglunum og þeim markmiðum sem þau stefna að. Að minni hyggju og í ljósi hinnar miklu markaðsvæðingar er forsenda þess að hún gangi upp sú að fyrir hendi séu öflugar samkeppnisreglur og virkt samkeppniseftirlit.

Ég get alveg unnt öðrum þess að hafa þá skoðun að öflugt samkeppniseftirlit sé ekki forsenda þess að markaðurinn virki sem skyldi. Þau sjónarmið eru uppi, til að mynda hafa ungir sjálfstæðismenn talað mjög fyrir því að leggja samkeppnislögin helst niður, svo að ekki sé talað um Verslunarráðið og Samtök atvinnulífsins. Þessir aðilar hafa haft aðra skoðun. Það sem kemur mér í opna skjöldu er að eftir þá þróun sem átt hefur sér stað frá setningu samkeppnislaganna, eftir þær breytingar sem áttu sér stað árið 2000, sem allar, bæði setning samkeppnislaganna, breytingarnar árið 2000 og aðrar breytingar sem hafa átt sér stað, hafa allar gengið út á það að styrkja samkeppnislögin, herða eftirlitið og bæta reglurnar, á núna hins vegar að veikja eftirlitið, veikja stjórnsýsluna og veikja lögin. Það eru svör við þessum spurningum sem við höfum ítrekað kallað eftir en ekki fengið. Eins og ég hef áður nefnt höfum við spurt: Hvar liggja hin miklu bágindi? Hvers vegna þarf að skera eftirlitið upp á þann hátt sem raun ber vitni með tilheyrandi afleiðingum? Vissulega mun svo taka marga mánuði að ná aftur flugi í þeirri starfsemi sem samkeppniseftirlitinu er ætlað að hafa. Það þarf að endurskipuleggja starfsemina og endurmanna hana. Það þarf að endurskilgreina. Og þetta gerist ekkert í einu vetfangi.

Hæstv. ráðherra hefur helst beitt þeim rökum — öllu heldur rökleysu því að hún hefur komið fram í fjölmiðlum og sagt að helstu sérfræðingar þjóðarinnar skildu bara ekki málið. Þeir hefðu bara ekki hugmynd um hvernig málið er vaxið. Það eru einustu rökin sem hæstv. ráðherra hefur sett fram, jafnvel þó að helstu sérfræðingar þjóðarinnar hafi gagnrýnt þetta mjög harðlega. Þá virðist hæstv. ráðherra luma á einhverjum upplýsingum sem aðrir hafa ekki. Einasta röksemdafærsla hennar eða gagnrýnenda þessarar hugmyndar er að þeir skilji ekki málið, þeir séu að snúa öllu á haus. (**Gripið fram í:** Snúa öllu á haus.) Það er það einasta sem hefur komið fram.

Ég mun fylgjast mjög vandlega með því ... (Gripið fram í.) Ég mun fylgjast mjög vandlega með því hér í umræðunni á eftir hvernig hæstv. ráðherra mun rökstyðja mál sitt. Nú munum við kalla eftir rökum, ekki bara upphrópunum í fjölmiðlum eins og verið hefur. Nú verður kallað eftir rökum og við munum hlýða vandlega á málflutning hæstv. ráðherra þegar hún mun hér flytja þingheimi þær röksemdir sem ekki tókst að kalla fram í hv. efnahags- og viðskiptanefnd. (**Gripið fram í:** Er ekki verið að ræða álit nefndarinnar?) Vissulega erum við að ræða álit nefndarinnar. Hins vegar tókst ekki í efnahags- og viðskiptanefnd að draga fram þau rök sem skipta máli. Þess vegna hef ég verið að kalla eftir því að hæstv. viðskiptaráðherra muni koma fram með sjónarmið og rök og upplýsa okkur um það hvar okkur öllum hefur yfirsést, öllum helstu sérfræðingum landsins yfirsést og okkur öllum. (**Viðskrh.:** Hverjir eru þessir sérfræðingar?) Allir helstu sérfræðingar sem komu fyrir nefndina. (**Viðskrh.:** Viltu lesa þá upp?) Hv. þm. Pétur Blöndal las alla upp sem komu fyrir nefndina. Það ætti að vera hægðarleikur fyrir hæstv. ráðherra að rýna í álit meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Sú nefnd sem hér hefur nokkrum sinnum verið vísað til og talin er hafa lagt grunn að þeim hugmyndum sem hér búa að baki, nefnd um stefnumótun fyrir íslenskt viðskiptalíf, lagði til að samkeppnisyfirvöld fengju heimild til að áfrýja úrskurðum áfrýjunarnefndar í því skyni að reyna að tryggja betur almannahagsmuni í samkeppnismálum. Þannig gætu samkeppnisyfirvöld áfrýjað úrskurðum áfrýjunarnefndar teldu þau nauðsyn bera til vegna almannahagsmuna. Þessi hugmynd var kannski ekki útfærð í þaula í umræddri nefnd, hún var ekki útfærð í smáatriðum, en ég held að mjög mikilvægt sé að samkeppnisyfirvöld hverju sinni geti spurt dómstóla grundvallarspurninga ef þau eru ósátt við niðurstöður áfrýjunarnefndar. Samkeppniseftirlitinu er fyrst og fremst ætlað að gæta almannahagsmuna.

Ef niðurstaða stofnunar er slík að menn telji nauðsynlegt að fá svör við frekari spurningum er mikilvægt að samkeppnisyfirvöld hafi þessa heimild. Það er mikilvægt að ekki aðeins þeir sem eru undir skoðun eða eftirliti, þ.e. hinir

kærðu, geti áfrýjað þessum málum, það getur líka verið mikilvægt að samkeppnisyfirvöld geti áfrýjað þessum málum. Er vísað til þess að víða erlendis er þetta í lögunum og fordæmin hér eru einnig til staðar, t.d. í skattamálum. Þar er hægt að fara áfram með mál ef menn telja almannahagsmuni krefjast þess að mál fái frekari skoðun.

Sú hugmynd kom fram í umræddri nefnd en þrátt fyrir að þessar hugmyndir hafi ratað inn í fyrstu drög sem birt voru á heimasíðu viðskiptaráðuneytisins hafa þau ekki ratað inn í það frumvarp sem við ræðum á hinu háa Alþingi.

Eitt af því sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur talað mikið um í þessari umræðu er að staða nýs forstjóra Samkeppniseftirlitsins verði sterkari en staða núverandi forstjóra. Þessu hefur verið mótmælt og mjög efnismikil rök færð að því að staða núverandi forstjóra sé mjög sterk. Hann gegnir starfinu sem embættismaður og sem slíkur er hann varinn af þeim lögum sem um embættismenn gilda. Mjög skýrar reglur gilda um hvernig standa eigi að brottvikningu ef þarf o.s.frv. Þannig er núverandi forstjóri varinn af gildandi lögum.

Í þessu nýja frumvarpi er hugmyndin sú að forstjóri verði ráðinn af þriggja manna stjórn sem hæstv. ráðherra skipar og hann á allt sitt undir þessari stjórn. Stjórnin getur ráðið hann og rekið. Hann verður ekki embættismaður og því verður staða hans veikari, eins og segir hér í áliti 1. minni hluta, með leyfi forseta:

„Ljóst er að staða forstjóra Samkeppniseftirlitsins verður veikari en staða núverandi forstjóra Samkeppnisstofnunar. Hann nýtur ekki þeirrar réttarverndar sem núverandi forstjóri hefur sem embættismaður. Hann nýtur því ekki sama starfsöryggis og sá sem nú gegnir starfi forstjóra Samkeppnisstofnunar. Hann er því ekki eins vel varinn fyrir pólitískum afskiptum og núverandi forstjóri."

Þetta kom mjög skýrt fram hjá þeim sem komu fyrir hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Þetta eru mjög athyglisverð sjónarmið í ljósi þeirra hástemmdu yfirlýsinga hæstv. viðskiptaráðherra í upphafi þegar málið var kynnt að hinn nýi forstjóri mundi njóta miklu meira sjálfstæðis en sá sem nú situr. Við höfum reyndar kallað eftir því í umræðunni hvaða hugmyndir hæstv. viðskiptaráðherra hafi um núverandi forstjóra, hvort hugmyndin sé sú að hann haldi áfram störfum eða verði látinn hætta. (**Viðskrh.:** ... biðja um afskipti hjá stjórninni.) Virðulegi forseti. Hæstv. viðskiptaráðherra kallar hér fram í að það sé eins og verið sé að biðja um afskipti og ætlast þá væntanlega til þess að við hv. þingmenn teljum að hæstv. viðskiptaráðherra muni ekki hafa nein afskipti af því hver ráðinn verði forstjóri Samkeppniseftirlits. Guð láti gott á vita.

Eins og hér hefur komið fram hafa verið dregin fram mjög skýr rök fyrir því að sá forstjóri sem verður ráðinn, hver sem það verður, njóti ekki sömu réttarverndar og sama sjálfstæðis og sá sem nú situr. Það er í hrópandi mótsögn við það sem kynnt var þegar þetta mál var lagt fram. Þá segir hér í áliti 1. minni hluta:

Samkeppniseftirlitið sem ætlunin er að koma á fót nýtur ekki sama sjálfstæðis í daglegum störfum sínum og Samkeppnisstofnun gerir nú því nái þessar breytingar fram að ganga verður að bera allar meiri háttar aðgerðir undir þriggja manna stjórn, sem viðskiptaráðherra skipar án tilnefningar, áður en ráðist er í þær. Í frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að hlutverk stjórnarinnar sé að tryggja að Samkeppniseftirlitið gæti meðalhófs í aðgerðum sínum. Það er því ekki nema von að athygli manna hafi beinst að því hvað hefði gerst ef þetta frumvarp hefði verið orðið að lögum þegar ráðist var til inngöngu í olíufélögin á sínum tíma. Hefði sú aðgerð verið talin í andstöðu við meðalhóf?

Það er kannski ekki nema von að hv. þingmenn velti þessum spurningum fyrir sér því að Samkeppnisstofnun heyrir í dag undir stjórnsýslulögin. Í þeim lögum er kveðið skýrt á um að stofnunin og stjórnvöld skuli fylgja meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Hvers vegna þarf að hnykkja sérstaklega á þessari reglu nú? Hvers vegna þarf að hnykkja sérstaklega á meðalhófsreglunni núna þegar skera á upp stofnunina og breyta lögunum til veikingar eins og áætlanir eru uppi um? Mér finnst ofur eðlilegt að skilja þessa spurningu eftir fyrir hæstv. ráðherra: Hvað gerir það að verkum að það þarf að vera tvöfalt meðalhóf á Samkeppniseftirlitinu miðað við aðrar stjórnsýslustofnanir í landinu? Er það eitthvað í sögunni sem kallar á tvöfalt kerfi á þessari stofnun? Hefur eitthvað það gerst sem veldur því að þetta þarf að gera? Er það eitthvað sem gerir það að verkum að það er ekki aðeins tvöfalt meðalhóf á þessari stofnun, heldur einnig þriggja manna stjórn sem þarf að samþykkja meðalhófið og það þegar ráðast á í tilteknar aðgerðir?

Það er ekkert óeðlilegt, virðulegi forseti, að hæstv. viðskiptaráðherra sé krafin svara um þau sjónarmið sem þarna birtast. Hér er um mjög mikilvæga löggjöf að ræða, lykillöggjöf fyrir viðskiptalíf, almenning og neytendur. Þess vegna er ekki óeðlilegt að menn staldri við það hvers vegna svona meðalhóf plús stjórn skuli sett á samkeppniseftirlit í þessu landi, vel umfram önnur stjórnvöld og stofnanir sem undir ríkisvaldið heyra.

Þá vekur 1. minni hluti athygli á mikilvægi þess að viðurlög við brotum gegn samkeppnislögum séu þannig úr garði gerð að ólögmætur ávinningur verði allur gerður upptækur þegar það á við. Það er ekki að ástæðulausu sem við nefnum þetta sérstaklega því að í títtnefndu olíumáli, sem er kannski sá eldur sem hér virðist undir brenna, kom mjög skýrt fram hjá mörgum hagfræðingum sem komu að því máli að tjón samfélagsins og hagnaður þeirra sem stunduðu þetta samráð hafi verið langt umfram þær sektir sem á félögin voru lögð.

Af því má hæglega draga þá ályktun að það borgi sig að svindla. Það eru þó skilaboð sem við viljum ekki senda út í samfélagið. Við viljum ekki að Alþingi sendi þau skilaboð út í samfélagið að það geti borgað sig að hafa rangt við, jafnvel þó að upplýst verði um brotin. Það eru skilaboð sem við viljum ekki sjá að hv. Alþingi sendi frá sér.

Eins og áður hefur verið vakin athygli á var markmið þeirrar vinnu, sem hófst með skipun nefndar um stefnumótun fyrir íslenskt viðskiptalíf, að móta stefnu og setja reglur sem tækju á fákeppni og óeðlilegum eignatengslum í íslensku viðskiptaumhverfi en það markmið virðist hafa gufað upp á leiðinni. Niðurstaðan er sú að gera stjórnsýslubreytingar á Samkeppnisstofnun sem draga úr afli stofnunarinnar og draga úr möguleikum á að hafa eftirlit með íslensku viðskiptalífi.

Um þetta segir í áliti Samkeppnisstofnunar, með leyfi forseta: „... frumvarpið leggur til grundvallarbreytingar á stjórnsýslu í samkeppnismálum. Að mati Samkeppnisstofnunar er það bagalegt að framangreindar forsendur fyrir þessum breytingum byggjast í aðalatriðum á misskilningi eða röngum upplýsingum um núverandi stjórnsýslu í málaflokknum. Telur Samkeppnisstofnun það gagnrýnisvert að nefnd viðskiptaráðherra hafi kosið að leggja fram þessar tillögur án þess að leita upplýsinga hjá stofnuninni, samkeppnisráði, auglýsinganefnd eða áfrýjunarnefnd samkeppnismála.“ — Með öðrum orðum, þessar hugmyndir eru settar fram án þess að tala við helstu sérfræðinga þjóðarinnar í samkeppnismálum. Það eitt út af fyrir sig er afar athyglisvert. — „Hlýtur almennt að teljast æskilegt að leitað sé upplýsinga um staðreyndir og reynslu þeirra stjórnvalda sem falin er framkvæmd á tilteknum lögum áður en gerðar eru tillögur um að stjórnsýslufyrirkomulagi á því sviði sé gerbylt. Þegar Samkeppnisstofnun fékk í hendur skýrslu nefndar viðskiptaráðherra um íslenskt viðskiptaumhverfi og upphafleg drög að frumvarpi til nýrra samkeppnislaga í september 2004 vakti stofnunin athygli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins á misskilningi og ónákvæmni sem fram kom í skýrslunni og drögunum. Viðbrögð ráðuneytisins fólust í því að gera breytingar á orðalagi í athugasemdum með drögum að frumvarpinu. Samkeppnisstofnun var jafnframt upplýst um það að engar breytingar yrðu gerðar á tillögum um nýtt stjórnsýslufyrirkomulag í samkeppnismálum.

Þar sem helstu forsendur fyrir framangreindum tillögum fá ekki staðist varar Samkeppnisstofnun við því að þær verði lögfestar.“

Það hlýtur að teljast sérstætt og athyglisvert þegar ráðast á í jafnumfangsmiklar og -viðamiklar breytingar og hér er ætlunin að gera að ekki sé rætt við þá sem hafa starfað eftir lögunum allan þennan tíma. Þá er ekki rætt við þá sem hafa framkvæmt lögin. Þá er ekki rætt við þá sem sitja í áfrýjunarnefnd. Það er ekki talað við þá sem hafa þurft að vinna með þessar reglur allan þennan tíma, þá sem hafa átt að vinna eftir þessari stjórnsýslu, eftir þessu skipulagi.

Það er aðeins fullyrt að þetta sé ómögulegt án þess að rætt sé við nokkurn sem unnið hefur í þessum málaflokki í rúman áratug. Það er ekki rætt við þá þegar ráðist er í svona umfangsmiklar breytingar. Þó að ekki væri nema um þetta sem einhverjar skýringar kæmu fram, hvers vegna ekki var rætt við þessa aðila, væri það afar mikið innlegg í þessa umræðu.

Þess ber að geta að hinir sömu aðilar og ekki þótti ástæða til að ræða við höfðu þá nýverið upplýst um stærsta verðsamráð Íslandssögunnar. Það þótti ekki tilefni einu sinni til að ræða við þá.

Eins og ég vakti athygli á í upphafi ræðu minnar eru rökin sem notuð eru í greinargerð fyrir þessum breytingum tekin upp úr skýrslu Samkeppnisstofnunar, ársskýrslu árið 2004, og þeim svo gjörsamlega snúið á haus miðað við það sem þar kemur fram að það á sér vart hliðstæðu. Það á sér vart hliðstæðu hvernig orðunum er snúið á haus. Í þeirri skýrslu er talað um að skipulagið og lögin séu með því besta sem gerist í Evrópu. Í greinargerð hæstv. viðskiptaráðherra kemur fram að þessi sama röksemdafærsla sé notuð til að brjóta stofnunina niður, leggja hana niður og veikja samkeppnislögin. Þetta hlýtur að vera einhvers konar met, þótt ekki væri nema í hugmyndaflugi. Þetta hlýtur að vera einhvers konar met sem á eftir að verða skráð í sögubækur.

Virðulegi forseti. Margir aðilar komu fyrir efnahags- og viðskiptanefnd. (**PHB:** ... óþarfi.) Það er afar mikilvægt að afstaða þeirra komi fram, enda sem fyrr var afstaða allra helstu launþegasamtaka í landinu, Neytendasamtakanna, (Gripið fram í.) samkeppnisyfirvalda, (Gripið fram í.) öll í þá veru að það er mikil gagnrýni á þær hugmyndir sem hér liggja fyrir. Ég ætla að byrja á að fara yfir umsögn Alþýðusambands Íslands en þar eru gerðar verulegar athugasemdir við fyrirliggjandi hugmyndir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til samkeppnislaga, 590. mál.

Á vettvangi ASÍ hefur oft verið ályktað um mikilvægi þess að efla samkeppnislöggjöfina og Samkeppnisstofnun, nú síðast í tengslum við skýrslu Samkeppnisstofnunar um ólögmætt samráð olíufélaganna. Afstaða ASÍ til breytinga á samkeppnislögunum verður að skoðast í þessu ljósi.

Ein helsta breyting sem lögð er til í frumvarpinu er að gert er ráð fyrir að þau verkefni sem nú heyra undir samkeppnisyfirvöld er lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði ekki unnin í sömu stofnun og þau verkefni sem snúa sérstaklega að samkeppnismálum.“

Svo segir áfram um stjórnsýsluna:

„Í greinum 5–7 er fjallað um stjórn Samkeppniseftirlits, skipun hennar og hlutverk. ASÍ telur að hlutverk stjórnarinnar sé ekki skýrt skv. frumvarpinu, að stjórnin geri stjórnkerfið flóknara og um leið óskilvirkara. Einnig kunna að koma upp erfiðleikar vegna hugsanlegra tengsla einstakra stjórnarmanna við þá hagsmuni sem Samkeppniseftirlitið á að sinna. ASÍ leggur því til að ákvæði um skipun og hlutverk stjórnar verði felld út úr frumvarpinu og þess í stað verði sett inn ákvæði þess efnis að forstjóri stofnunarinnar verði skipaður beint af ráðherra.“

Í þessari umsögn kemur skýrt fram ótti ASÍ um að sú stjórn sem ætlunin er að setja á laggirnar verði með óeðlileg afskipti af starfsemi Samkeppniseftirlitsins. Þessa umsögn er ekki hægt að túlka öðruvísi en svo að þeir geri við þetta verulegar athugasemdir.

Þá segir áfram í áliti ASÍ:

„16. gr. frumvarpsins hefur sama tilgang og 17. gr. gildandi samkeppnislaga. Þó hefur sú mikilvæga breyting verið gerð að c-liður gildandi 17. gr. er felldur brott en í 17. gr. segir: „Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn: ... c. aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.“ ASÍ telur að með því að fella brott c-lið 17. gr. verði úrræði samkeppnisyfirvalda til að bregðast við fákeppni og öðrum markaðsbrestum mun veikari en nú er. ASÍ leggur því áherslu á að bætt verði við 16. gr. frumvarpsins nýjum lið sem verði samsvarandi og c-liður 17. gr. gildandi laga.“

Þetta eru sömu sjónarmið og 1. minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar hefur haldið fram alveg frá upphafi, að með því að fella þessa heimild brott sé verið að veikja lögin. Aðrar heimildir sem verða til staðar, ef svo kynni að fara að þetta frumvarp yrði að lögum, eru þegar til staðar í

gildandi lögum. Hér er aðeins verið að fella brott eina heimild og því höfum við sagt fullum fetum: Ef stjórnsýslukaflinn er undanskilinn er verið að veikja lögin.

Áfram segir í áliti ASÍ, með leyfi forseta:

„Samkvæmt tillögum í skýrslunni um íslenskt viðskiptalíf segir: „Lagt er til að samkeppnisyfirvöldum verði veittar ríkari heimildir til vettvangsrannsókna, þar á meðal á heimilum, landsvæðum eða flutningatækjum í eigu stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis og samtaka fyrirtækja. Nefndin leggur þó áherslu á það að vettvangsrannsóknir megi ekki framkvæma nema fyrir liggi dómsúrskurður, sem og að fundin verði leið til að lögreglan, en ekki starfsmenn samkeppniseftirlits, geti séð um framkvæmd vettvangsrannsókna sem fram fara utan starfsstöðva fyrirtækis."

Í drögum að nýjum samkeppnislögum sem kynnt voru 30. september 2004 var ákvæði í samræmi við framangreinda tillögu og heimiladi samkeppnisyfirvöldum að gera húsleit á öðrum stöðum en starfsstöð viðkomandi fyrirtækis, þar á meðal á heimilum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna. Í frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir Alþingi er þetta ákvæði fellt út. ASÍ telur nauðsynlegt að samkeppnisyfirvöld hafi víðtækar rannsóknarheimildir.

ASÍ leggur því til að á eftir 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins komi ný málsgrein" sem hljóðar eins og þar segir.

Hér er ASÍ að taka enn frekar undir þær hugmyndir sem 1. minni hluti hefur í efnahags- og viðskiptanefnd um mikilvægi þess að rannsóknarúrræði séu sem víðtækust og best. Hér er um mjög alvarleg brot að ræða. Það hefur verið athyglisvert í umræðunni hvernig því hefur verið fleygt á loft að samkeppnisyfirvöld fari inn á starfsstöðvar bara þegar þeim dettur í hug. Þannig er það ekki. Samkeppnisstofnun fer aðeins inn á starfsstöðvar að undangengnum dómsúrskurði og hefur heldur ekki gert það nema með aðstoð lögreglu. Það hefur verið afar misvísandi og til þess fallið að draga umræðuna niður þegar því hefur verið haldið fram að samkeppnisyfirvöld hafi farið inn á starfsstöðvar hvenær sem þeim hefur hugnast að gera það. Þau hafa í öllum tilvikum unnið samkvæmt gildandi reglum og lögum um meðferð opinberra mála. Öll umræða um að hættan sé sú að starfsmenn samkeppnisyfirvalda verði úti um allt, hjá ættingjum, fjarskyldum og náskyldum, í sveitum, þéttbýli og dreifbýli, leitandi að gögnum er vitaskuld úr öllu samhengi tekin. En þetta eru m.a. þau rök sem menn hafa sett fram í því skyni að koma í veg fyrir að íslensk samkeppnisyfirvöld hafi sömu heimildir og Eftirlitsstofnun ESA hefur á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hvers vegna er ekki hægt að treysta íslenskum samkeppnisyfirvöldum fyrir sömu heimildum og erlendar eftirlitsstofnanir hafa? Ég ætla að leyfa mér að fullyrða, eins og ég gerði hér áðan, að ef forstjórar fyrirtækja eru í svipuðu verðsamráði og raun bar vitni í olíumálunum verða gögn þar að lútandi ekki geymd á starfsstöðvum. Þau verða geymd annars staðar. (**PHB:** ... Og hvar verða þau þá geymd?) Þau verða alveg örugglega ekki geymd á starfsstöðvum enda ... (**PHB:** Ekki hjá ömmu heldur?) Ég á eftir að fara yfir það. Síðar í máli mínu mun ég fara yfir dæmi um þá hugmyndaauðgi sem menn hafa haft í Evrópu þegar þeir hafa falið samráðsgögn sem þeir hafa ekki viljað að samkeppnisyfirvöld kæmust í. Hugmyndaauðgin í þeim efnum er langt umfram það sem mér og hv. þm. Pétri H. Blöndal hefur nokkurn tíma getað komið til hugar. Meðal annars má nefna að dæmi eru einmitt um að samráðsgögn hafi verið geymd hjá ömmu uppi á háaloftinu en ég mun koma að því síðar þegar ... (Gripið fram í.) Ég mun fara frekar yfir það.

Það er athyglisvert hins vegar í ljósi þess hve gríðarlega alvarleg brotin á samkeppnislögum eru, hvað hér er um stóra hagsmuni að ræða, að verið sé að tóna eftirlitið niður, takmarka rannsóknarúrræðin. Hvað kallar á að takmarka þurfi rannsóknarúrræði umfram það sem varðar önnur brot á íslenskum lögum þegar brot geta verið jafnstór og raun ber vitni og mikil, upp á marga milljarða, þ.e. þegar verðsamráðið er þess eðlis að miklir fjármunir eru hafðir af almenningi? Af hverju eru þessi brot álitin hafa minna vægi en ýmis önnur brot? Ef grunur leikur t.d. á um að einhver hafi brotist inn, tekið gögn og farið með þau eitthvert annað en heim til sín eru engar takmarkanir fyrir því að hægt sé að fá húsleitarheimild til að kanna hvort þýfið kunni að finnast annars staðar en heima hjá eða á starfsstöð viðkomandi. (Gripið fram í.) Það eru engin takmörk fyrir því. Af hverju er verið að takmarka þetta hér þegar um jafnalvarleg brot er að ræða? (**PHB:** Ekki lögregluna.) Hvers vegna er verið að takmarka þetta með þessum hætti? Hv. þingmaður kallar fram í: Ekki með lögregluna. Eitt af því sem sett hefur verið fram í þessari umræðu er að nú sé að störfum nefnd sem fjallar eiginlega um verkaskiptingu milli lögreglu og samkeppnisyfirvalda. Samkeppnisyfirvöldum er ætlað að fara með þennan málaflokk og rannsaka brot gegn þessum lögum. Það verður ekki hægt að hlaupa út og suður og biðja hinn og þennan um dómsúrskurð til að fara inn á annað en starfsstöðvar ef uppi eru hugmyndir eða grunur um að alvarleg brot hafi verið framin.

Hugmyndin sem hér liggur fyrir er sú að tóna þessi alvarlegu brot niður sem er, eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni, í andstöðu við þá þróun sem hefur átt sér stað alveg frá 1993 þegar samkeppnislögin fyrst voru sett. Allar breytingar sem hafa verið gerðar frá þeim tíma hafa verið til þess fallnar að styrkja lögin. En nú ber annað við.

Áfram segir í umsögn ASÍ, nú um IX. kafla sem fjallar um viðurlög, með leyfi forseta:

„ASÍ telur að ákvæði frumvarpsins um viðurlög séu með öllu óásættanleg. ASÍ gerir þá kröfu að inn í samkeppnislög verði sett ákvæði um skilyrðislausa upptöku ólögmæts ávinnings brotaaðila. Í refsilögum er almennt við það miðað að ávinningur brotamanns sé í öllum tilvikum gerður upptækur. Það er því eðlilegt að ákvæði þessa efnis verði sett í samkeppnislög. Það er með öllu óviðunandi að brotaaðili hagnist á broti sínu jafnvel þó að það sannist. Til viðbótar upptöku ólögmæts ávinnings af broti þurfa að koma ákvæði um eðlilegar sektir, þannig að brotlegt fyrirtæki skili ekki einungis ávinningi sínum af brotinu heldur skaðist einnig af háttsemi sinni."

ASÍ tekur einnig undir sjónarmið 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar, eins og ég vék að hér áðan, þ.e. að það sé mikilvægt að Samkeppniseftirlit geti hverju sinni skotið úrskurði áfrýjunarnefndar til dómstóla og leggur til

að lögunum verði breytt í þá veru.

Engar af þeim hugmyndum sem stærstu samtök launamanna í landinu leggja til hafa svo mikið sem komið til álita hjá meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar. Hvergi er að finna í þeim breytingartillögum sem hér liggja fyrir hugmyndir sem koma til móts við viðhorf stærstu samtaka launamanna í landinu. Hugmyndum Verslunarráðsins og Samtaka atvinnulífsins um að takmarka rannsóknarúrræði er hins vegar fylgt eftir í hvívetna. Einn ágætur þingmaður orðaði það líka svo í umræðu um daginn: Við höfum ekki orðið mikið varir við baráttumenn frá þessum samtökum á þingpöllum enda nægt framboð af fulltrúum þeirra hér í umræðunni og við afgreiðslu þingmála. Við höfum ekki séð þá fylla bekkina og pallana á hinu háa Alþingi.

Áfram, virðulegi forseti, ætla ég að leyfa mér að rekja umsagnir sem hafa komið frá samtökum launamanna sem eðli málsins samkvæmt hafa miklar áhyggjur af því hvernig samkeppnislög koma til með að líta út þegar og ef nýtt frumvarp þar að lútandi verður samþykkt.

Í umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta er liður í grundvallarbreytingum sem fyrirhugaðar eru á sviði samkeppniseftirlits og neytendaverndar. ... BSRB telur að meginmarkmið lagabreytinganna séu eftirsóknarverð en varar við of miklum hraða við þessar breytingar. BSRB hefur átt viðræður við fulltrúa annarra samtaka launafólks og Neytendasamtökin og var það samdóma álit þessara aðila að fyrirhugaðar lagabreytingar væru svo óljósar um margt að eðlilegt væri að gefa þessu viðfangsefni betri tíma.

BSRB leggur áherslu á að þegar gerðar eru breytingar á sviði neytendaverndar eigi að huga vel að áherslum verkalýðshreyfingar og þá ekki síður Neytendasamtakanna."

Þetta er athyglisvert sjónarmið, (Gripið fram í.) sérstök áhersla er lögð á að hlýtt sé á verkalýðshreyfinguna og Neytendasamtökin (Gripið fram í.) en í þessu máli eins og flestum náðu þau sjónarmið ekki augum og eyrum meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar. (**PHB:** ... Meira rugl.) Það er afar mikilvægt að hafa hv. formann efnahags- og viðskiptanefndar sem virðist stunda það sama hér á þinginu og hann gerir í hv. efnahags- og viðskiptanefnd, þ.e. að grípa sífellt fram í fyrir þeim sem hefur orðið (**DJ:** Það gerir þú aldrei, ha?) hverju sinni og heyri ég að hv. varaformaður nefndarinnar tekur undir þessi sjónarmið. Það er ánægjulegt að (Gripið fram í.) fulltrúar stjórnarflokkanna skuli loksins haldast hönd í hönd í einhverju tilteknu máli og ber kannski sérstaklega að fagna því. (**KHG:** ... efnahag ...) BSRB leggur ... Ég heyri að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson leggur hér orð í belg og var kannski fullt tilefni til.

En áfram segir BSRB:

„Spyrja má hvort ekki væri eðlilegt að stjórn stofnunarinnar væri fjölmennari í ljósi mikilvægis og að tilnefningaraðilar kæmu að skipan í stjórnina í stað þess að fela ráðherra einum tilnefningarvaldið. Þá væri eðlilegt að gera þær kröfur til stjórnarmanna að þeir hefðu engin eigna- eða viðskiptatengsl sem gætu orkað tvímælis."

Hér eru uppi sömu sjónarmið og við höfum haft í minni hlutanum í þessari umræðu. Við teljum afar mikilvægt að samsvarandi ákvæði séu um þessa tilteknu stjórn eins og gilda núna um formann og varaformann samkeppnisráðs. Það hefur komið fram í umræðunni að meiri hlutinn á hinu háa Alþingi treystir sér ekki til að finna nokkurn mann sem uppfyllti þau skilyrði (Gripið fram í.) að hafa engin eigna- eða viðskiptatengsl sem orkað gætu tvímælis.

„BSRB gerir alvarlega athugasemd við 6. gr. frumvarpsins sem veitir stjórninni heimild til að ákvarða kjör forstjóra. Skýra þarf hvers vegna forstjóri þessarar stofnunar eigi að lúta öðrum reglum en almennt gerist hjá hinu opinbera. Hvers vegna á þessi einstaklingur ekki að heyra til sama kjaraumhverfis og annað starfsfólk í almannaþjónustu?"

Þetta er afar athyglisvert sjónarmið og ég geri ráð fyrir því að við eigum eftir að hlýða á það síðar í umræðunni að meiri hlutinn sem að þessu frumvarpi stendur muni útskýra mjög vandlega fyrir okkur hvaða hugmyndir búi að baki því að þessi leið sé farin í þessu tiltekna frumvarpi. (Gripið fram í.)

„Í 7. gr. frumvarpsins segir að forstjóri Samkeppniseftirlitsins skuli búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á sviði samkeppnismála. Þetta er sjálfsögð krafa," segir BSRB og hægt er að taka undir það. „Því er síðan hnýtt við að forstjórinn skuli hafa háskólamenntun án þess að það sé skilgreint nánar á hvaða sviði hún skuli vera."

Það er orðin mikil lenska í frumvörpum sem koma frá hæstv. ríkisstjórn að tilteknir forstjórar eða starfsmenn sem skulu ráðnir skuli hafa háskólapróf án þess að það sé skilgreint nokkuð frekar. Hvort háskólapróf í grísku eða dönsku skili mönnum mikið áfram í þessu efni veit ég ekki eða hvort hér er verið að sníða reglurnar að einhverjum tilteknum einstaklingum sem menn geta séð fyrir að kunni að geta fengið það starf þekki ég heldur ekki. En það er afar sérstakt að þetta skuli vera gert með þeim hætti sem hér er að gerast aftur og aftur.

„Þetta er fráleitt ákvæði sem ratar þó inn í alla löggjöf sem frá Alþingi kemur nú um stundir og virðist fyrst og fremst eiga að útiloka allt fólk frá embættum hjá hinu opinbera sem ekki hefur háskólagráðu upp á vasann. Þessu mótmælir BSRB.

27. gr. frumvarpsins virðist heimila framsal dómsvalds úr landi en fram til þessa hafa íslenskir dómstólar ekki verið bundnir með svo afgerandi hætti af erlendum dómsniðurstöðum. Þetta ákvæði hlýtur að þurfa rækilegrar skoðunar við áður en það er fest í lög.

Í ákvæði til bráðabirgða segir að starfsmönnum Samkeppnisstofnunar skuli boðið annað starf hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum stofnunarinnar. Hér þarf að standa sambærilegt starf."

Í efnahags- og viðskiptanefnd fór fram talsverð umræða um þennan tiltekna þátt, þ.e. af hverju starfsmönnum er ekki boðið sambærilegt starf. Rökin sem sett voru fram voru þau að það væri stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málum, þegar verið væri að leggja niður stofnanir og setja aðrar á fót, að hafa ekki svona ákvæði inni. Gott og vel, en það er athyglisvert í frumvarpi sem nú liggur fyrir þinginu um Ríkisútvarpið að þar er kveðið á um hið gagnstæða þannig að sú röksemdafærsla að ríkisstjórnin hafi þessa stefnu heldur ekki. Það er kannski það sem kemur minnst á

óvart í þessari umræðu, þ.e. að röksemdafærsla meiri hlutans hér á hinu háa Alþingi haldi ekki. Það verður að telja miklu eðlilegra, og líklegri niðurstöðu að þar rekist hvað á annars horn í þessum efnum. Þetta er athyglisvert og munum við sjálfsagt kalla eftir skýringum á því síðar í umræðunni, einkanlega hjá hæstv. viðskiptaráðherra þar sem þetta kemur fram. Það tengist því að sjálfsögðu. Við höfum reynt að kalla eftir svörum við því hvort ætlunin sé að forstjóri Samkeppnisstofnunar haldi áfram starfi sínu, nýti þá þekkingu sem hann hefur aflað sér í þessu starfi og fái að njóta þess árangurs sem hann hefur náð í starfi. Við höfum kallað eftir því en því miður höfum við engin önnur svör fengið en þau að það sé mikilvægt að ráða stjórn sem fyrst sem geti ráðið forstjóra því að hann þurfi að kynnast starfseminni og starfsmönnunum, eins og fram kom í umræðu í hv. efnahags- og viðskiptanefnd. En við munum kalla eftir frekari skýringum um þetta þegar á umræðuna líður, virðulegi forseti.

Ég er þá kominn hér að umsögn Neytendasamtakanna en þau lýsa því yfir að þau styðji frumvarpið í meginatriðum, eins og hér hefur verið kallað fram í, en gera engu að síður verulegar athugasemdir við frumvarpið sem ekki hefur verið horft mikið til frekar en annarra hugmynda sem hafa komið frá almannasamtökum og samtökum launamanna.

Í umsögn Neytendasamtakanna segir m.a., með leyfi forseta:

„Neytendasamtökin hafa frá því að samtökin gáfu fyrst umsögn um frumvarp til samkeppnislaga talið óþarft að hafa sérstaka stjórn Samkeppnisstofnunar. Neytendasamtökin eru enn sama sinnis. Neytendasamtökin telja eðlilegt að forstjóri Samkeppniseftirlits sé skipaður af ráðherra.

Vert er að vekja athygli á því að starf forstjóra Samkeppniseftirlits er viðkvæmt starf og nauðsynlegt er að setja ákveðna lagavernd fyrir þann einstakling sem gegnir því starfi til þess að hann geti rækt starf sitt sem best og njóti starfsöryggis. Af þeim sökum telja Neytendasamtökin að forstjóri Samkeppnisstofnunar eigi að hafa svipaða lagavernd og hæstaréttardómarar njóta í dag."

Þetta er afar athyglisvert sjónarmið sem Neytendasamtökin setja fram og mundi algjörlega ná yfir það sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur leyft sér að tala um, þ.e. að þetta fyrirkomulag sem hér er uppi muni tryggja sjálfstæði forstjórans og stöðu hans. Neytendasamtökin hafa komið fram með hugmynd sem mundi tryggja þá stöðu enn betur ef sá væri hinn raunverulegi vilji. En það er með þessar hugmyndir eins og aðrar sem koma frá almannasamtökum og samtökum launamanna að ekki hefur þótt ástæða til að skoða þetta.

„Neytendasamtökin telja eðlilegt að forstjóri Samkeppniseftirlitsins fari með mál stofnunarinnar og stofnunin sinni verkefnum sínum með sama hætti og t.d. umboðsmaður Alþingis gerir. Stjórn Samkeppniseftirlits er í raun óþörf og er eingöngu til þess fallin að draga úr skilvirkni. Af þeim sökum ítreka Neytendasamtökin þá afstöðu sína að engin þörf er á að hafa sérstaka stjórn yfir Samkeppniseftirlitinu og það þjónar þeim eina tilgangi að gera stjórnkerfið flóknara og skapar jafnvel erfiðleika vegna hugsanlegra tengsla einstakra stjórnarmanna við aðra hagsmuni en þá sem að Samkeppniseftirlitið á að sinna."

Þau sjónarmið sem hér koma fram eru í reynd sjónarmiðin sem hæstv. viðskiptaráðherra byggir á og sem hún notar til skýringar á nauðsyn þess að skera upp stjórnsýsluna í Samkeppnisstofnun, þ.e. að hún sé of flókin og ekki nægjanlega skilvirk, það sé ekki nægjanlega gott að hafa Samkeppnisstofnun og svo samkeppnisráð. Hvað er síðan gert þegar vinna á úr þessum hugmyndum? Nákvæmlega sama skipulagið er endurskapað að undanskildu því að í stað samkeppnisráðs kemur stjórn og stjórninni er ætlað að hafa daglegt eftirlit með störfum Samkeppniseftirlitsins. Rökin sem notuð eru í upphafi, og reyndar fengin að láni hjá forstjóra Samkeppniseftirlitsins á jafnósmekklegan hátt og raun ber vitni og ég rakti hér áðan, halda engu í þessari umræðu.

„Neytendasamtökin telja óeðlilegt að Hæstiréttur tilnefni menn í áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Neytendasamtökin telja að Hæstiréttur eigi að gegna starfi sínu sem dómstóll en ekki að starfa að stjórnsýsluverkefnum. Slíkt er með öllu óeðlilegt. Neytendasamtökin leggja því til að skipun í áfrýjunarnefnd samkeppnismála verði með þeim hætti að ráðherra skipi til 5 ára í senn þrjá starfandi héraðsdómara og þrjá til vara til að sitja í áfrýjunarnefnd samkeppnismála og skulu þeir hafa góða þekkingu á samkeppnismálum.

Nauðsynlegt er að ráðning forstjóra Samkeppniseftirlitsins og skipan í áfrýjunarnefnd samkeppnismála sé með þeim hætti að hafið sé yfir vafa að þar sé faglega staðið að verki. Neytendasamtökin telja að hér sé svo mikilvægur málaflokkur að flokkspólitískir hagsmunir verði ávallt að víkja fyrir almannahagsmunum þegar um samkeppnismál er að ræða."

Neytendasamtökin telja að hér sé svo mikilvægur málaflokkur á ferðinni að flokkspólitískir hagsmunir megi aldrei dragast inn í þessa umræðu og að almannahagsmunir verði ætíð að ganga framar. Það er athyglisvert að Neytendasamtökin skuli draga þetta sjónarmið fram hér í umræðu um breytingar á samkeppnislögum og þá væntanlega byggir það á því að samtökin hafi af því áhyggjur að flokkspólitískir hagsmunir muni í einhverjum tilvikum verða settir ofar almannahagsmunum.

Áfram segir í athugasemdum Neytendasamtakanna — athugasemdir sem Neytendasamtökin gera reyndar um 16. gr. frumvarpsins eru þær sömu og aðrir hafa gert og 1. minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar líka, þ.e. að afar mikilvægt sé að núgildandi 17. gr., sem hefur verið orðuð svo, verði áfram inni í lögunum en ekki felld brott eins og hér eru hugmyndir uppi um.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann muni senn ljúka ræðu sinni.)

Nei, það er talsvert eftir.

(**Forseti** (HBl)**:** Þá verður gert hlé á fundinum, matarhlé, til klukkan hálftvö.)

[Fundarhlé. — 13:00]

[13:30]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) (frh.):

Virðulegi forseti. Ég var þar kominn í máli mínu þegar ég varð að gera hlé á ræðu minni að ég var að fara yfir helstu umsagnir og annað sem máli skiptir í umræðum um samkeppnismál. Kannski ekki síst er ég enn að leita eftir skýringum, rökum og sjónarmiðum sem gera það að verkum að ákveðið hefur verið að fara þá leið (Gripið fram í.) sem hér birtist í þeim hugmyndum viðskiptaráðherra að leggja niður Samkeppnisstofnun. Við erum að kalla mjög eftir því í þessari umræðu hvort einhverjar breytingar verði á yfirstjórn og forstjóra eftirlitsins. Í framhaldi af því spyrja menn einnig: Hvað er það í starfseminni, hvað er það í umhverfinu og hvað er það sem gerir það að verkum að þegar stofnun eins og Samkeppnisstofnun nær þeim árangri sem alþjóð þekkir og raun ber vitni þurfi að leggja hana niður? (**PHB:** Búið að segja þetta.) Það eru þær spurningar sem ég hef verið að vekja í umræðunni. (Gripið fram í.) Mér fannst mikilvægt að draga hér fram, af því að ég neyddist til að gera hlé á máli mínu, eftir hverju við erum að leita í þessari umræðu, hvað það er sem við viljum fá skýringar á, hvar það er sem olíueldurinn brennur undir þessum málaflokki. Þetta er það sem við erum að leita að og við teljum afar mikilvægt að kalla fram skýringar á því. Enn og aftur lendum við í þeirri stöðu, eins og ég hér rakti fyrir hlé — ég held að það sé afar mikilvægt fyrir þá sem misstu af hluta af ræðu minni fyrir matarhlé að átta sig á því að enn og aftur krefjast almannasamtök, neytendasamtök og allir sem ekki tilheyra tilteknum útvöldum hópi í þessu samfélagi breytinga á þessum hugmyndum. Þeir telja almannahagsmunum ekki best borgið með að fara þá leið sem ríkisstjórnin vill fara. Eftir stendur þá spurningin: Hvað er það sem hrekur menn áfram? Hvar kreppir skórinn?

Í greinargerðinni með frumvarpinu er farin sú fráleita leið að snúa út úr orðum forstjóra Samkeppnisstofnunar til að færa rök að þessum breytingum. Það er náttúrlega eitt út af fyrir sig sem verður að skoða sérstaklega. Það lýsir meiri hugmyndaauðgi og sýnir hversu óforskammaðir menn geta verið þegar verið er að leita að rökum til að finna stað hugmyndum sem menn vilja setja fram. Þess vegna köllum við eftir því, virðulegi forseti, hvað það er, raunverulega, sem gerir það að verkum að það er ástæða til að leggja niður þá stofnun sem nýverið náði þeim árangri að upplýsa um verðsamráð olíufélaganna og hvers vegna við fáum ekki skýr svör um það hvort hugmyndir séu uppi um að breyta um yfirstjórn og forstjóra stofnunarinnar. Það er það sem við höfum kallað eftir.

Ég hef verið að fara yfir sjónarmið þeirra almannasamtaka sem ég hef hér vitnað til í þessari umræðu. Það er einfaldlega þannig að þau eru að gera sömu athugasemdir og við höfum hér gert sem endurspeglast í því hvers vegna verið sé að draga mátt úr eftirlitinu. Hvers vegna er verið að draga mátt úr lögunum? Það eru spurningarnar sem hafa komið fram og það er kallað á svör. (Gripið fram í.) Í þriðja og fjórða og fimmta skipti verður kallað eftir svörum og skýringum á því hvers vegna þessi leið er valin, það verður kallað þar til skýringar berast. Hingað til hafa engin svör borist.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að fara yfir mjög ítarlegt álit Samkeppnisstofnunar sem fylgir nefndaráliti minni hlutans. Hvort ég fari yfir það frá orði til orðs verður að koma í ljós því að sumt af því sem hér er sagt hefur áður komið fram og í ljósi þess að við reynum að tryggja og koma í veg fyrir að þingstörf geti gengið með þeim hætti sem nauðsynlegt er mun ég reyna að gæta að því að endurtaka ekki það sem áður hefur komið fram.

Eins og ég hef dregið fram áður í umræðunni segir í áliti Samkeppnisstofnunar að hún hafi hvergi komið að því að semja þetta frumvarp, hún gaf ekki umsögn um það hvernig lögin hafa virkað, þ.e. áður en þau voru samþykkt, kom aldrei að því að gera grein fyrir því hvernig skipulag stofnunarinnar hefur virkað eða hvernig lögin hafa virkað. Það er fyrst og fremst viðskiptaráðherra sem hefur hlutast til um frumvarpið vegna þess að sú nefnd sem skilaði niðurstöðu hafði uppi aðrar hugmyndir hvað varðar lögin sjálf þó að hún hafi hins vegar komið með hugmyndir um þær stjórnsýslubreytingar sem nú er ætlunin að ráðast í.

Í áliti stofnunarinnar segir, með leyfi forseta:

„Samkeppnisstofnun lýsir yfir ánægju með þann tón sem sleginn er í nefndarálitinu og mati nefndarinnar á mikilvægi traustra samkeppnisreglna og skilvirkra samkeppnisyfirvalda. Þá er að mati Samkeppnisstofnunar mikilvægur skilningur nefndarinnar á þeim aðstæðum sem samkeppnisyfirvöld búa nú við þannig að þau geti ekki að óbreyttum aðstæðum sinnt nauðsynlegum verkefnum. Í því samhengi tekur stofnunin undir tillögur nefndarinnar um að veita meira fjármagn til samkeppnisyfirvalda. Samkeppnisstofnun er almennt sammála því mati nefndarinnar að rétt sé að auka heimildir samkeppnisyfirvalda til að taka á samkeppnislagabrotum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Þá er stofnunin einnig sammála tillögum nefndarinnar um að samkeppnisyfirvöld fái auknar heimildir til vettvangsrannsókna til samræmis við heimildir sem t.d. framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Eftirlitsstofnun EFTA og samkeppnisyfirvöld í Noregi hafa. Samkeppnisstofnun er hins vegar ekki sammála forsendum nefndarinnar fyrir þeim tillögum að breytingum og stjórnsýslu samkeppnismála sem hún setur fram í áliti sínu en virðir það að tillögurnar eru settar fram í því skyni að efla samkeppnisyfirvöld m.a. með auknum fjárframlögum og gera störf þeirra skilvirkari. Nánar er fjallað um tillögur nefndarinnar og forsendur þeirra í umsögn þeirri sem fer hér á eftir.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið vann drög að frumvörpum til breytinga á skipulagi samkeppnisyfirvalda og neytendamála með hliðsjón af niðurstöðu nefndar um íslenskt viðskiptaumhverfi sem áður er vitnað til. Frumvörpin sem voru þrjú talsins birti ráðuneytið opinberlega þann 1. október sl. Eins og vitnað er til í athugasemdum með drögum ráðuneytisins að frumvarpi til samkeppnislaga og í fréttatilkynningu sem það gaf út í tilefni þess að frumvarpsdrögin voru birt byggði ráðuneytið á niðurstöðu nefndarinnar þegar drögin voru samin. Þar segir m.a. að nauðsynlegt sé að efla eftirlit með samkeppnishömlum á markaði. Einstök ákvæði í frumvarpsdrögum ráðuneytisins bera þessu sjónarmiði einnig glöggan vott.

Í athugasemdum með frumvarpsdrögum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins frá sl. hausti segir m.a.: „Í frumvarpi

þessu eru ekki gerðar tillögur um heildarendurskoðun samkeppnislaga heldur eru aðeins lagðar til breytingar sem leiðir af tillögum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis og þær lágmarksbreytingar sem nauðsynlegt er að gera vegna innleiðingar reglugerða Evrópusambandsins á sviði samkeppnisréttar nr. 1/2003 og 139/2004." Nákvæmlega sama orðalag og hér er vitnað til er að finna í athugasemdum með því frumvarpi til samkeppnislaga sem lagt var fyrir Alþingi og hér er til umfjöllunar. Þetta orðalag í athugasemdum var eðlilegt í frumvarpsdrögum ráðuneytisins og í fullu samræmi við einstök efnisákvæði þeirra. Orðalagið gengur hins vegar ekki upp í því samhengi sem það er notað í athugasemdum með því frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi. Til þess hefur verið vikið of mikið frá tillögum tilvitnaðrar nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis og þeim ákvæðum sem voru í frumvarpsdrögum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins sl. haust. Í því sambandi skiptir mestu að frumvarp til nýrra samkeppnislaga felur í sér veikingu á samkeppnislögum þvert á markmið og tillögur nefndarinnar. Kastað hefur verið fyrir róða tillögu nefndar viðskiptaráðherra um aukin rannsóknarúrræði samkeppnisyfirvalda. Þá eru í frumvarpinu gerð mun minni hæfisskilyrði til þeirra sem skipa munu fyrirhugaða stjórn Samkeppniseftirlitsins en gert var ráð fyrir í drögunum sem kynnt voru 1. október sl. Einnig er bagalegt að í frumvarpinu hefur verið felld niður mikilvæg tillaga um að samkeppnisyfirvöld geti skotið málum til dómstóla. ...

Þó að í orði kveðnu virðist stefnt að því með frumvarpi til samkeppnislaga að efla samkeppniseftirlit og styrkja samkeppnisyfirvöld með auknum fjárframlögum þá er það mat Samkeppnisstofnunar að efnisleg breytingarákvæði geri það ekki. Þetta er rökstutt nánar í þessari umsögn" sem ég er hér að lesa upp úr og vísa til. „Það er ótti stofnunarinnar að þær viðamiklu breytingar á stjórnskipulagi samkeppnismála sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu séu ekki til bóta þar sem forsendur fyrir þessum breytingum fá vart staðist. Aukin fjárframlög til málaflokksins og fjölgun starfsmanna munu að sjálfsögðu styrkja samkeppnisyfirvöld og auka afköst þeirra og skilvirkni. Það er hins vegar veruleg hætta á því að lítt undirbúnar tillögur um skipulagsbreytingar og veikingu samkeppnislaga dragi úr þessum jákvæðu áhrifum."

Það er vert að leggja við hlustir þegar sá aðili sem starfað hefur samkvæmt lögunum, starfað samkvæmt skipulaginu, og hefur þurft að vinna samkvæmt þeim reglum sem hafa gilt lýsir því yfir að fyrirhugaðar skipulagsbreytingar séu ekki líklegar til að auka skilvirkni eða árangur á þessu sviði. Það virðist einhvern veginn ekki ná eyrum stjórnarliðsins þó að færð séu ítarleg og vönduð rök fyrir því að hér séu menn að fara leið sem er ekki skynsamleg. Oft og tíðum virðist það vera þannig í umræðunni að litlu sem engu breytir hvaða rök eru færð fram. Það er einfaldlega búið að ákveða einhverja línu. Það breytir engu hvort hrundið sé flestu því sem sett er fram. Það er haldið áfram án þess svo mikið sem líta til hægri eða vinstri eða hlýða á nokkur rök. Svona vinnubrögð draga fram hugrenningar um það á hvaða ferðalagi meiri hlutinn er í þessu tiltekna máli. Lái það hver sem vill þeim sem hér stendur að hann sé afar hugsi og undrandi yfir þeirri leið.

Hér segir áfram í álitinu:

„Í almennum athugasemdum með frumvarpi til nýrra samkeppnislaga er réttilega bent á það að íslenskur samkeppnisréttur sæki um margt fyrirmynd sína til EES/EB-samkeppnisréttar. Nýlega hafa verið gerðar miklar breytingar á þeim rétti ... Hefur t.d. verið breytt því kerfi að fyrirtæki þurfi að sækja til samkeppnisyfirvalda ef þau óska eftir undanþágu frá reglum um bann við samkeppnishamlandi samstarfi fyrirtækja. Fjölmörg EES-ríki, þar með talin Danmörk, Noregur, Finnland og Svíþjóð, hafa gert breytingar á samkeppnislögum sínum og lagað innlendar samkeppnisreglur að EES-reglunum að þessu leyti. Engar slíkar breytingar eru lagðar til í þessu frumvarpi. Samkeppnisstofnun vekur athygli á þessu og telur mikilvægt að hugað verði að sams konar breytingum á íslenskum samkeppnislögum.

Í umsögn þessari verður fyrst fjallað um tillögu frumvarpanna um breytingar á stjórnsýslu. Síðan verður gefin umsögn um frumvarp til samkeppnislaga og þar á eftir verður fjallað um frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum" sem ég mun fara yfir síðar.

Í umsögninni segir, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi til samkeppnislaga, frumvarpi til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, og í frumvarpi til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, eru lagðar til umtalsverðar breytingar á núgildandi skipulagi og stjórnsýslu í samkeppnis- og neytendamálum. Breytingar þessar felast í aðalatriðum í því að Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð verða lögð niður og ný stofnun, Samkeppniseftirlitið, taki við verkefnum Samkeppnisstofnunar og stórum hluta verkefna samkeppnisráðs. Samkeppniseftirlitinu verður skipuð þriggja manna stjórn sem m.a. ræður forstjóra eftirlitsins og er stjórninni ætlað að fylgjast með starfsemi stofnunarinnar og „tryggja enn frekar að meðalhófs sé gætt í öllum aðgerðum" hennar, sbr. orðalag frumvarpsins. Einnig er lagt til að þau verkefni er lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði færð frá samkeppnisyfirvöldum til nýrrar stofnunar sem fer með neytendamál, Neytendastofu. Í því skyni er gert ráð fyrir að ákvæði um þetta eftirlit verði felld brott úr samkeppnislögum og sett um þau sérstök lög.

Tilgangur þessara tillagna er sagður vera að efla eftirlit með samkeppnishömlum. Byggjast tillögur að mestu á niðurstöðum nefndar viðskiptaráðherra um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis. Af skýrslu þeirrar nefndar og ummælum í athugasemdum í ofangreindum frumvörpum má ráða að eftirfarandi meginforsendur liggi til grundvallar þessum hugmyndum að skipulagsbreytingum í samkeppnismálum."

Ég held að það sé afar mikilvægt að hafa í huga að í þessari umsögn er farið vandlega yfir þær röksemdir sem settar hafa verið fram fyrir því að fara þá leið sem hér hefur verið boðuð. Það er afar athyglisvert að stofnun sem heyrir undir viðskiptaráðuneytið skuli kaffæra svo gjörsamlega röksemdafærslu ráðherra. Það er leitun að öðru eins. Hér eru á ferðinni sérfræðingar í málaflokknum, þeir sem hafa starfað í þessu umhverfi allt frá því að samkeppnislög voru

sett. (Gripið fram í.) Vissulega má segja sem svo að þeir séu að fjalla um sitt eigið skipulag en það réttlætir ekki að ekki sé einu sinni aflað upplýsinga um þau sjónarmið sem þar kunna að vera til staðar. (**Gripið fram í:** ... kallaðir fyrir nefndina.) Hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar Pétur H. Blöndal upplýsir að þeir hafi verið kallaðir fyrir nefndina og telur yfirdrifið að helstu sérfræðingar þjóðarinnar í samkeppnismálum skuli þó, fyrir náð og miskunn, hafa fengið að koma fyrir nefndina. Það er afar athyglisvert þegar verið er að setja ný samkeppnislög að helstu sérfræðingar þjóðarinnar skuli fyrir náð og miskunn hafa fengið að koma fyrir hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Það má reyndar bæta við að ekki aðeins stofnunin hafi komið fyrir nefndina, heldur kom einnig fyrir nefndina formaður áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem lýsti að meginstefnu til sömu sjónarmiðum og stofnunin hafði áður lýst. En það haggar í litlu hugarró eða trú hv. formanns efnahags- og viðskiptanefndar, Péturs H. Blöndals, í þessu tiltekna máli. Eins og ég hef áður komið að tókst okkur ekki, þrátt fyrir að leggja mikla vinnu í þetta mál, að draga fram sjónarmið sem réttlæta það að þessi leið skuli vera farin.

Í áliti Samkeppnisstofnunar, sem ég er hér að vísa til og geri grein fyrir, er áfram vísað til þess hvaða sjónarmið hæstv. viðskiptaráðherra hefur sett fram fyrir þessum breytingum. Um þau sjónarmið er síðan fjallað sérstaklega í umsögninni. Sjónarmiðin sem hæstv. viðskiptaráðherra hefur lagt fram fyrir þessum skipulagsbreytingum í samkeppnismálum eru eftirfarandi:

„Núverandi skipulag og stjórnsýsla sé of flókin og tvískipting samkeppnisyfirvalda í Samkeppnisstofnun og ráð sé sérstök og skapi ójafnvægi milli málsaðila.

Eftirlit með samkeppnisreglum sé lítill hluti af störfum Samkeppnisstofnunar.

Samkeppnisyfirvöld hafi ekki getað einbeitt sér nægjanlega að eftirliti með samkeppnisreglum vegna anna við önnur verkefni.

Samkeppnisyfirvöld geti ekki við óbreyttar aðstæður sinnt nauðsynlegum verkefnum."

Þetta eru þau sjónarmið sem hafa verið sett fram og um þau hefur verið fjallað í efnahags- og viðskiptanefnd. Þau hafa öll verið hrakin og þess vegna stöndum við hér og köllum enn eftir sjónarmiðum um það hvers vegna þessi leið er farin.

Hér segir áfram í umsögninni:

„Samkvæmt framansögðu er ljóst að frumvarpið leggur til grundvallarbreytingar á stjórnsýslu í samkeppnismálum. Að mati Samkeppnisstofnunar er það bagalegt að framangreindar forsendur fyrir þessum breytingum byggjast í aðalatriðum á misskilningi eða röngum upplýsingum um núverandi stjórnsýslu í málaflokknum." — Það er athyglisvert að það skuli vera fullyrt að forsendur fyrir breytingunum byggi á misskilningi eða röngum upplýsingum.

„Telur Samkeppnisstofnun það gagnrýnisvert að nefnd viðskiptaráðherra hafi kosið að leggja fram þessar tillögur án þess að leita upplýsinga hjá stofnuninni, samkeppnisráði, auglýsinganefnd eða áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Hlýtur almennt að teljast æskilegt að leitað sé upplýsinga um staðreyndir og reynslu þeirra stjórnvalda sem falin er framkvæmd á tilteknum lögum áður en gerðar eru tillögur um að stjórnsýslufyrirkomulagi á því sviði sé gerbylt. Þegar Samkeppnisstofnun fékk í hendur skýrslu nefndar viðskiptaráðherra um íslenskt viðskiptaumhverfi og upphafleg drög að frumvarpi til nýrra samkeppnislaga í september 2004 vakti stofnunin athygli iðnaðar- og viðskiptaráðherra á misskilningi og ónákvæmni sem fram kom í skýrslunni og drögunum. Viðbrögð ráðuneytisins fólust í því að gera breytingar á orðalagi í athugasemdum með drögum að frumvarpinu. Samkeppnisstofnun var jafnframt upplýst um það að engar breytingar yrðu gerðar á tillögum um nýtt stjórnsýslufyrirkomulag í samkeppnismálum.

Þar sem helstu forsendur fyrir framangreindum tillögum fá ekki staðist varar Samkeppnisstofnun við því að þær verði lögfestar." — Er það síðan rökstutt áfram í þessari umsögn. Fyrsta röksemdin er um að núverandi stjórnsýslufyrirkomulag sé flókið, sérstakt og óeðlilegt.

„Í áliti nefndar viðskiptaráðherra segir að núgildandi tvískipting samkeppnisyfirvalda í Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð sé sérstök og skapi ójafnvægi milli málsaðila og er í því samhengi á það bent að málsaðilar geti ekki flutt mál sín beint fyrir samkeppnisráði. Sökum þessa m.a. vill nefndin leggja niður samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun.

Samkeppnisstofnun fær í fyrsta lagi ekki séð hvað sé sérstakt eða óeðlilegt við núgildandi stjórnsýslufyrirkomulag í samkeppnismálum hér á landi. Jafnframt er ekki ljóst hver sú mælistika er sem heimilar þá ályktun að skipulag samkeppnismála hér á landi sé sérstakt. Í því sambandi verður að hafa í huga að það er mjög mismunandi hvernig einstök aðildarríki EES skipuleggja framkvæmd á samkeppnisreglum. Stjórnsýslufyrirkomulagið er t.d. ekki það sama í Noregi og Svíþjóð eða í Bretlandi og Írlandi. Samkvæmt gildandi lögum annast Samkeppnisstofnun rannsókn samkeppnismála og undirbýr mál í hendur samkeppnisráðs sem hefur það hlutverk að taka ákvarðanir á fyrsta stjórnsýslustigi. Ákvörðunum samkeppnisráðs er unnt að skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og síðar dómstóla. Þetta er í eðli sínu sama stjórnsýslufyrirkomulag og gildir í Danmörku þar sem stjórnvöld samkeppnismála eru samkeppnisstofnun, samkeppnisráð og áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Önnur ríki eins og t.d. Belgía og Frakkland hafa í aðalatriðum einnig farið þá leið að fela sérstakri samkeppnisstofnun að rannsaka mál og samkeppnisráði að taka ákvörðun í samkeppnismálum. Á hinn bóginn notast ríki eins og t.d. Þýskaland og Ítalía við aðra aðferð og fela einu og sama stjórnvaldi að rannsaka og taka ákvarðanir í samkeppnismálum. Að mati Samkeppnisstofnunar er því ekki unnt að rökstyðja breytingar á núgildandi fyrirkomulagi stjórnsýslu með vísan til þess að stjórnskipulagið sé á einhvern hátt sérstakt eða óeðlilegt.

Í skýrslu nefndar viðskiptaráðherra kemur fram að málsaðilar geti ekki flutt mál sitt fyrir samkeppnisráði öðruvísi en í gegnum Samkeppnisstofnun og að þessi „tvískipting í stofnun og ráð skapi ákveðið ójafnvægi milli málsaðila". Samkvæmt þessu virðist nefndin byggja á því að Samkeppnisstofnun sé líkt og fyrirtæki málsaðili fyrir samkeppnisráði. Svo er hins vegar ekki. Samkeppnisstofnun eða starfsmenn hennar eru ekki í stöðu málsaðila gagnvart samkeppnisráði og hafa enga hagsmuni af tiltekinni niður-

stöðu mála. Samkeppnislögin gera sérstaklega ráð fyrir því að Samkeppnisstofnun annist dagleg störf ráðsins og stofnunin taki þátt í fundum ráðsins. Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð eru þannig ekki tvö aðskilin sjálfstæð stjórnvöld heldur eru þau í þeim málum þar sem samkeppnisráð fer með ákvörðunarvald í raun ígildi eins stjórnvalds. Má í þessu samhengi líkja starfsmönnum Samkeppnisstofnunar við starfsmenn ráðuneyta sem undirbúa mál sem ráðherra tekur ákvörðun í. Fáum aðilum stjórnsýslumáls dytti í hug að halda því fram að þeir séu í lakari stöðu gagnvart starfsmönnum ráðuneyta þar sem þeir sitji ekki fundi með ráðherra þar sem stjórnsýslumál eru til lykta leidd. Samkeppnisstofnun hefur enga hagsmuni að verja fyrir samkeppnisráði. Á henni og samkeppnisráði hvílir einfaldlega sú skylda að tryggja að störf samkeppnisyfirvalda leiði til þess að markmið samkeppnislaga náist.

Rétt er að hafa í huga að í máli sem varðaði ólögmætt samráð á grænmetismarkaði var látið reyna á næstum alla þætti varðandi stjórnsýslu samkeppnismála fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála og dómstólum. Því var m.a. haldið fram af málsaðilum að Samkeppnisstofnun væri í stöðu aðila fyrir samkeppnisráði og ójafnvægi væri milli stofnunarinnar og viðkomandi fyrirtækja. Ekki var fallist á nein þessara gagnrýnisatriða. Úrskurður áfrýjunarnefndar, sem staðfestur var af Hæstarétti, sýnir að stjórnsýsla í samkeppnismálum er að þessu leyti fullkomlega eðlileg og sanngjörn. Í nýlegu máli sem varðar ólögmætt samráð olíufélaganna hefur áfrýjunarnefnd samkeppnismála hnykkt á því að stjórnsýslan í samkeppnismálum sé að þessu leyti eðlileg. Umfjöllun um þetta í nefndarálitinu byggir því á misskilningi á núverandi fyrirkomulagi stjórnsýslu í samkeppnismálum og er ekki í samræmi við gildandi rétt. Jafnframt er ljóst að skýrsla nefndarinnar byggir á röngum upplýsingum því samkeppnisráð heimilar fyrirtækjum í alvarlegri málum að koma fyrir ráðið og tjá sig munnlega. Frá mars 2004 hefur öllum aðilum að málum þar sem kemur til álita að beita stjórnvaldssektum, til viðbótar við skriflegar athugasemdir til ráðsins, verið boðið að koma fyrir samkeppnisráð og tjá sig munnlega. Hafa málsaðilar í sektarmálum nýtt sér þetta og þetta fyrirkomulag hefur reynst vel.

Í frumvarpinu er eins og fyrr sagði lagt til að samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun verði lögð niður og verkefni þeirra að mestu falin nýrri stofnun, Samkeppniseftirlitinu. Þá er lagt til að skipuð verði þriggja manna stjórn sem ætlað verði að móta áherslur í starfi Samkeppniseftirlitsins og fylgjast með starfsemi þess. Þá er einnig gerð sú tillaga að Samkeppniseftirlitið beri meiri háttar ákvarðanir undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Eru þessar tillögur sagðar vera til einföldunar á stjórnsýslu samkeppnismála.

Ekki fæst séð hvaða breyting eða einföldun á stjórnsýslu samkeppnismála leiðir í raun af þessum tillögum. Samkvæmt núgildandi reglum tekur samkeppnisráð ákvarðanir í stærri málum og Samkeppnisstofnun afgreiðir minni mál. ... Eins og sjá má af súluritinu" sem er birt í umsögninni „koma árlega um 300 mál til kasta samkeppnisyfirvalda en af þeim eru það eingöngu 40–50 mál sem samkeppnisráð afgreiðir. Þannig hefur samkeppnisráð að meðaltali afgreitt 18% þeirra erinda sem samkeppnisyfirvöldum hafa borist og hefur það hlutfall lækkað síðustu ár.

Í frumvarpi til nýrra samkeppnislaga er tekið fram að þrátt fyrir að bera skuli meiri háttar ákvarðanir undir stjórnina til samþykktar eða synjunar sé það samt sem áður Samkeppniseftirlitið sem verði aðalúrskurðaraðilinn. Samkeppnisstofnun bendir hins vegar á að eftir sem áður mun ákvörðunarvaldið í stærri málum vera í raun í höndum stjórnarinnar þar sem hún getur synjað tillögum Samkeppniseftirlitsins. Er þetta í eðli sínu sama fyrirkomulag og gildir í dag við töku meiri háttar stjórnvaldsákvarðana á fyrsta stjórnsýslustigi í samkeppnismálum.

Samkvæmt framansögðu verður því ekki betur séð en fyrirhuguð staða og hlutverk stjórnar verði í eðli sínu hið sama og hlutverk samkeppnisráðs að þessu leyti. Einnig leiðir af lögbundnu hlutverki samkeppnisráðs að það er verkefni ráðsins að móta áherslur við beitingu og framkvæmd samkeppnislaga. Er þetta sambærilegt við fyrirhugað hlutverk stjórnarinnar. Það sem helst skilur að er að stjórninni er ætlað að fylgjast með rekstri Samkeppniseftirlitsins og ráða forstjóra þess og ákveða honum starfskjör. Er þetta orðað með þeim hætti í frumvarpinu að stjórnin fari með yfirstjórn yfir Samkeppniseftirlitinu. Samkeppnisráð hefur ekki það hlutverk. Nánar er fjallað um áhrif þeirrar breytingar í umfjöllun um 5. gr. frumvarps til nýrra samkeppnislaga" sem fjallað er um síðar í þessu áliti.

„Jafnframt verður það að teljast verulegur ágalli á þessum tillögum að engin sjálfstæð úttekt hefur farið fram á því hvernig núverandi stjórnsýslufyrirkomulag hefur reynst í raun, a.m.k. var hvorki rætt við fulltrúa samkeppnisráðs né Samkeppnisstofnunar sem hafa rúmlega tíu ára reynslu af núverandi fyrirkomulagi. Verður ekki heldur séð að gerð hafi verið könnun á stjórnsýslufyrirkomulagi samkeppnismála annars staðar og hvernig það hafi reynst."

Það eru mjög alvarlegar athugasemdir sem hér koma fram, eins og ég hef reyndar áður vísað til, að á vinnslustigi þessa máls hafi aldrei verið leitað til þeirra sem hafa starfað samkvæmt lögunum, aldrei verið við þá rætt, þeir aldrei spurðir hvernig mál hefðu þróast eða hvernig þetta hefði gengið. En röksemdin fyrir breytingum er fengin með útúrsnúningi á orðum forstjóra stofnunarinnar í ársskýrslu sinni.

Í öðru lagi er það sjónarmið sett fram fyrir þessum breytingum að eftirlit með samkeppnisreglum sé lítill hluti af störfum Samkeppnisstofnunar. Nefndin vísar til starfsemi Federal Trade Commission sem er stofnun alveg eins uppbyggð og Samkeppnisstofnun, þ.e. sú stofnun annast bæði eftirlit með samkeppnisreglum og eftirlit með reglum sem ætlað er að tryggja vernd neytenda. Hafa bandarísk stjórnvöld lýst því yfir að framkvæmd samkeppnisreglna og reglna um neytendavernd styðji hvor aðra og skynsamlegt og gagnlegt sé að þetta hvort tveggja sé gert í einni og sömu stofnuninni.

Í þriðja lagi er talað um að störf að neytendamálum trufli einbeitingu í samkeppnismálum.

„Samkeppnisstofnun fær ekki séð að þessar forsendur [sem voru uppi þegar þetta skipulag var sett á laggirnar] hafi breyst. Jafnframt ber að hafa í huga að tilgangur reglna um gagnsæi markaðarins er ekki síst sá að efla virka samkeppni. Þannig sagði í greinargerð með núgildandi lögum að í „frumvarpinu er lögð áhersla á að efla gagnsæi markaðarins með upplýsingamiðlun enda er það grundvallarfor-

senda fyrir þróun virkrar samkeppni að seljendur og kaupendur vöru og þjónustu beri gott skynbragð á verð, viðskiptakjör, gæði o.fl.“.

Samkeppnisstofnun bendir einnig á í þessu sambandi að samkeppnissvið stofnunarinnar hefur notið sérfræðiþekkingar þeirra sem starfa við neytendavernd og öfugt. Starfsmenn sem vinna að verkefnum tengdum gagnsæi markaðarins hafa gert athuganir sem nýst hafa í samkeppnismálum. Það er t.a.m. mjög gagnlegt varðandi framkvæmd á samkeppnisreglum að hafa beinan aðgang að starfsmönnum sem reyndir eru í að framkvæma verðkannanir. Slíkar kannanir geta gefið mikilvægar vísbendingar í samkeppnismálum. Jafnframt hafa starfsmenn þessara sviða veitt aðstoð við úrvinnslu stærri mála á samkeppnissviði og við framkvæmd húsleita.

Að mati Samkeppnisstofnunar hefur það alls ekki verið svo í reynd að framkvæmd þessara verkefna hjá sömu stofnun hafi reynst illa eða skapað vandkvæði. Þvert á móti hefur þetta gefist vel og alls ekki dregið úr einbeitingu Samkeppnisstofnunar í samkeppniseftirliti né haft áhrif til hins verra á vinnu að óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.“

Fjórðu rökin sem hæstv. viðskiptaráðherra notar fyrir þeim hugmyndum sem hún hefur hér lagt fyrir þingið og meiri hlutinn hyggst lögfesta eru þau að samkeppnisyfirvöld geti ekki við óbreyttar aðstæður sinnt nauðsynlegum verkefnum. Ég held að ekki þurfi að orðlengja það og ég er búinn að fara yfir það fyrr í ræðu minni að meginatriðið, ef menn raunverulega meina það að vilja að samkeppnisyfirvöld geti tekið á þeim málum sem koma upp, er að setja meira fjármagn í stofnunina. Forstjórinn hefur lýst því yfir að núgildandi reglur séu með því besta sem gerist, það eina sem vanti sé mannskapur og fjármagn. Það er það einasta sem þurfi að koma til ef menn vilja hraða málsmeðferð í þessum málaflokki.

Hér segir áfram í umsögn stofnunarinnar, sem er niðurstaðan:

„Samkvæmt framansögðu liggur fyrir að allar helstu forsendur fyrir tillögum frumvarpanna um breytingar á stjórnsýslu í samkeppnismálum fá ekki staðist. Engin rök hafa komið fram sem styðja það að þessar tillögur efli skilvirkni eða geri samkeppnisyfirvöldum betur kleift að sinna verkefnum sínum. Þvert á móti geta þessar tillögur veikt samkeppnisyfirvöld.

Fram kemur í frumvarpi til nýrra samkeppnislaga að nýtt stjórnskipulag í samkeppnismálum sé sambærilegt skipulagi Fjármálaeftirlitsins. Samkeppnisstofnun bendir á að það er verulegur ágalli á þessum tillögum um nýtt stjórnskipulag að engin sjálfstæð úttekt fór fram á því hvernig núverandi fyrirkomulag hefur reynst í raun. Það liggur því ekkert fyrir um það að skipulag Fjármálaeftirlitsins sé á einhvern hátt heppilegra eða skilvirkara en núgildandi stjórnskipulag í samkeppnismálum. Jafnframt liggur ekkert fyrir um það að kerfi sem kann að henta í eftirliti með fjármálamarkaði eigi við í samkeppnismálum.

Í ljósi þessa alls varar Samkeppnisstofnun alvarlega við framangreindum tillögum um breytingar á stjórnsýslu. Stofnunin telur það vægast sagt mjög óheppilegt fyrir samkeppniseftirlit að gerðar séu svo mikilvægar breytingar á samkeppnislögum á gölluðum forsendum. Hætt er við því að slíkt muni ekki skila árangri heldur fela í sér afturför í framkvæmd samkeppnislaga hér á landi. Samkeppnisstofnun leggst vitaskuld ekki gegn breytingum á stjórnsýslu samkeppnismála sem fela í sér framfarir. Til þess að unnt sé að leggja fram tillögur sem stuðla að aukinni skilvirkni og meiri afköstum samkeppnisyfirvalda þarf hins vegar að fara fram vönduð úttekt á núverandi kerfi og reynslunni af framkvæmd þess.“

Virðulegi forseti. Hér hef ég í áliti mínu rakið mjög ítarlega þær athugasemdir sem fyrir liggja um það frumvarp sem hér er ætlunin að fara að lögfesta. Kjarni málsins er sá að núgildandi fyrirkomulag er í góðu lagi. Það virkar, það sýnir árangur, það eina sem skortir er fjármagn til að fjölga starfsmönnum. Þetta hafa menn vitað lengi. Hins vegar liggur fyrir að meiri hlutinn á hinu háa Alþingi hefur lengi haft mikinn áhuga á því að veikja samkeppnislögin og draga úr eftirliti. Þá umræðu hafa bæði Verslunarráðið og Samtök atvinnulífsins leitt til margra ára og nú sjáum við árangur af þeirri umræðu. Nú sjáum við það að fulltrúar þessara hópa hér á Alþingi eru að keyra fram hugmyndir sem hugnast þeim mjög vel. (**Gripið fram í:** Á móti ...) Það er í raun og veru sorglegt að þetta skuli vera gert með þessum hætti, að ekki sé nú minnst á framlag hæstv. viðskiptaráðherra og upphlaup hennar í fjölmiðlum þess efnis að aðrir sem að þessum málum koma skilji þau ekki, hafi misskilið það svo gjörsamlega og snúið öllu á haus, eins og hún sagði um athugasemdir hv. þm. Ögmundar Jónassonar, Helga Hjörvars og Gunnars Örlygssonar í fréttaviðtali ekki alls fyrir löngu. Án þess að koma með nokkuð sem máli skiptir inn í þessa umræðu er valin sú leið að kalla þá sem hafa gert athugasemdir og viljað virkilega efla samkeppnislögin ... Það skiptir viðskiptalífið, almenning og launamenn máli. Það skiptir alla neytendur í þessu landi máli.

Vissulega munum við fylgjast mjög vandlega með því hver framvinda málsins verður. Ef svo illa fer að þetta mál nái fram að ganga á hinu háa Alþingi munum við fylgjast mjög vandlega með því hvernig úr því verður unnið. Auðvitað slær það allan almenning að í kjölfar þess að stofnunin og eftirlitið skilar meiri árangri en áður þekkist skuli koma fram hugmyndir um að leggja stofnunina niður. Enn höfum við ekki fengið skýr svör um það hvaða hugmyndir meiri hlutinn hefur um áframhaldandi störf forstjóra Samkeppnisstofnunar.

Með þessu verður fylgst og eftir þessu verður litið.

[14:11]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einn sá galli á persónu minni að athygli mín dofnar þegar ég hlýði á ræðu sem er lengri en 15–20 mínútur og þar af leiðandi náði ég ekki öllu því sem hv. þingmaður ræddi í sinni löngu og merku ræðu. Það er þó eitt atriði sem ég ætla að koma inn á og það er stjórn fyrirtækisins.

Nú er það þannig að ráðherra ræður og rekur forstjóra Samkeppnisstofnunar og hann gæti — kannski ekki núverandi ráðherra en ráðherra sem væri óbilgjarn — haft afskipti af ákvörðunum og látið forstöðumanninn ... (Gripið

fram í.) Nei, og gæti látið forstöðumanninn vita að það mætti reka hann. Forstöðumaðurinn er gjörsamlega háður ráðherranum með allt sitt lifibrauð. Núna er lagt til að það verði þriggja manna stjórn og þrír menn til vara þannig að ráðherrann yrði að reka fimm manns úr stjórninni ... (**Gripið fram í:** Hver skipar í hana?) Ráðherrann, en þeir eru óháðir eftir það. Þeir eru skipaðir til fjögurra ára þannig að hann á mjög bágt með að reka þá. (Gripið fram í.) Það er mjög erfitt að koma þeim frá þannig að þetta er miklu óháðara fyrirbæri og stjórnskipun en er núna, a.m.k. frá sjónarhorni stjórnmála. Hann yrði sem sagt að reka stjórnina sem ég sé ekki hvernig er hægt og þá kæmu varamenn inn og hann yrði að reka þá líka.

Varðandi hæfisskyldu við skipun stjórnar — menn hafa bent á Fjármálaeftirlitið í því sambandi. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með mjög takmörkuðum hópi fyrirtækja, Samkeppnisstofnun nánast öllum, líka háskólum. Það er því orðið vandséð hvar á að finna menn sem ekki koma nálægt atvinnulífi beint eða óbeint eða eru þátttakendur í því, t.d. sem kennarar við háskóla. Þá er orðið fátt um fína drætti þegar ekki má leita að fólki neins staðar. Þess vegna hafa menn hafa slakað á hæfisskilyrðum en ég vil benda á að í greininni kemur fram að menn skulu uppfylla alls konar skilyrði og mega ekki vera tengdir því máli sem þeir fjalla um.

[14:13]

Frsm. 1. minni hluta (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það reyndist og rétt vera hjá hv. þingmanni að hann virðist ekki geta fylgst með ræðum sem ná yfir tiltekinn tíma. Það er alveg augljóst. Með þeim fyrirspurnum sem hér hafa verið bornar upp staðfestir hann að hann hefur ekki fylgst vandlega með þeirri umræðu sem hér hefur farið fram.

Það kom ítrekað fram í ræðu minni og kemur fram einnig í umsögnum sem fylgja þessu máli að sú réttarvernd sem embættismenn hafa í dag gagnvart afskiptum stjórnmálamanna verður miklum mun meiri en sú vernd sem hugsanlegur verðandi forstjóri hefur sem byggir alfarið á þriggja manna pólitískt skipaðri stjórn — alfarið — sem er skipuð til tiltekins tíma, til fjögurra ára, og forstjórinn á allt sitt undir þeirri pólitískt skipuðu stjórn.

Að setja fram þá fullyrðingu að sú staða gefi honum meira sjálfstæði en sú réttarvernd sem embættismenn í dag hafa — við þeim verður ekki hróflað nema eftir tilteknum lögbundnum leiðum — er algerlega fráleitt. Neytendasamtökin settu reyndar fram athyglisvert sjónarmið þar sem þau lögðu til að forstjórinn hefði svipaða stöðu og hæstaréttardómarar hafa, hann yrði þá ekki settur af nema með dómi. Það er athyglisvert sjónarmið. Ef það er það sem meiri hlutinn raunverulega vill væri eðlilegra að fara þá leið.

Hér hefur verið dregið mjög skilmerkilega fram að réttarstaða þess forstjóra sem tekur við sem á allt sitt undir pólitískt skipaðri stjórn — og ekki bara það, heldur verður hafður undir eftirliti um það að hann gæti meðalhófs í aðgerðum sínum — verður gjörólík því fyrirkomulagi sem viðgengst í dag.

[14:16]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórnin er skipuð og situr svo í fjögur ár. Á þeim fjórum árum hefur ráðherra ekkert yfir henni að segja. Það getur vel verið að hún verði pólitískt skipuð, sérstaklega ef í stjórn komast flokkar sem hafa áhuga á slíku. En eftir að búið er að skipa hana þá er hún óháð ráðherranum. Það er nú einu sinni þannig að fólk hefur sjálfstæðar skoðanir, ekki bara á þingi.

Hv. þingmaður spurði ítrekað, og þá vaknaði athygli mín undir ræðu hans, til hvers þessi vegferð væri farin. Ég hélt að því hefði verið svarað, bæði í greinargerð og í nefndaráliti. En ég get svo sem farið yfir það einu sinni enn. Það er vegna þess að stjórnskipulagið þykir óþarflega flókið. Nú erum við með samkeppnisráð, Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála, sem fjalla um þessi mál. Þetta er mjög flókið fyrirkomulag.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að einfalda þetta, þannig að það sé eitt stjórnvald, Samkeppniseftirlitið, sem hefur eftirlit með öllu. Þannig verða væntanlega úrskurðirnir hraðari og atvinnulífið veit því fyrr hvað má og hvað má ekki. Það er mjög mikilvægt. Ég man ekki betur en að eitthvað sé í gangi gagnvart tryggingafélögunum, sem hefur verið í gangi í átta ár. Þetta er allt of seinvirkt. Hvaða þýðingu hefur það að segja mönnum hvað þeir máttu ekki gera átta árum seinna? Atvinnulífið þarf strax að fá að vita hvað það má gera og hvað ekki. Það er því mikilvægt að þessar stofnanir vinni hratt og vel og að stjórnskipulagið sé ekki óþarflega þunglamalegt frá hendi löggjafans. Þetta er vegferðin, herra forseti, til að skerpa á samkeppninni og gera hana skilvirkari.

[14:17]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta seinna andsvar hv. þingmanns vakti athygli mína og leiðir að vissu leyti í ljós þann veruleika að hv. þingmenn meiri hlutans hafa hugsanlega ekki sett sig nægilega inn í þetta mál til að skilja hvað hér er á ferðinni. Hér er engin breyting frá því sem nú er, að stjórnin tekur yfir hlutverk samkeppnisráðs. (**PHB:** Eitt apparat.) Stjórnin tekur yfir hlutverk samkeppnisráðs. Þetta var eitt apparat, eins og hér er kallað fram í, og verður það áfram. Eðlisbreytingin er því engin.

Hv. þingmaður vísaði hér til mála sem hafa verið lengi í vinnslu. Það er rétt að þau hafa verið allt of lengi í vinnslu. Það hefur ekkert með skipulagið að gera. Það hefur með það að gera að stofnuninni hefur verið haldið fanginni með því að hún hefur ekki fengið það fjármagn sem hún þarf til þess að vinna sína vinnu. Það hefur ekkert með stofnunina eða skipulagið að gera heldur vilja fjárveitingavaldsins. Þar hefur hv. þingmaður ekki farið fremstur í flokki við að tryggja það fjármagn sem nauðsynlegt er til þessarar starfsemi. Rétt skal vera rétt. Menn ættu ekki að færa fram sjónarmið sem hafa ekkert með málið að gera, varpa reyksprengjum til að hylja kjarna málsins. (Gripið fram í.)

[14:19]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í upphafi segja að það hefur verið fróðlegt að hlusta á mál hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar sem hefur farið ítarlega yfir sjónarmið sín við þessa umræðu. Í yfirgripsmikilli ræðu hans komu fram ýmsir þættir sem ég tel fulla ástæðu til að svara og fæ tækifæri til þess síðar í dag. Þó eru tvö atriði sem mér finnst rétt að vekja máls á núna.

Annars vegar er það sú aðferð, sú nálgun sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson velur sér þegar kemur að þessu máli. Hann byrjar á því að gefa sér að verið sé að veikja samkeppnisyfirvöld og veikja samkeppnislög með því frumvarpi sem hér liggur fyrir og fer síðan á mikið flug til að draga ályktanir af þeirri fullyrðingu sinni.

Það er nauðsynlegt að það komi fram við þessa umræðu að yfirlýst markmið ríkisstjórnarflokkanna með frumvarpi þessu er þvert á móti að efla samkeppniseftirlit í landinu. Nú kann að vera að okkur hv. þm. Lúðvík Bergvinsson greini nokkuð á um hvaða leiðir ber að fara í einstökum tilvikum í því sambandi. Hins vegar liggur fyrir að þetta er markmiðið, að efla þá stofnun sem á að hafa með höndum samkeppniseftirlit í landinu. Það eru ráðagerðir um að setja aukið fjármagn til þeirrar stofnunar og ráða inn fleiri sérfræðinga til að sinna þessum málum. Þess vegna er í raun fráleitt að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson haldi því fram að hér séu ríkisstjórnarflokkarnir í einhverri herferð til að veikja samkeppniseftirlit í landinu. Öðru nær, það er verið að efla það með þessum breytingum, bæði skipulagsbreytingum og eins með því að setja aukið fjármagn í þennan málaflokk. Það er það sem skiptir máli af hálfu ríkisstjórnarflokkanna.

[14:21]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég gat greint af þessu andsvari var að hv. þingmaður vildi meina að ég hefði í máli mínu dregið þá ályktun að frumvarpið mundi veikja lögin. Það er rétt, einfaldlega vegna þess að úrræðum fækkar. Það er verið að fækka heimildum frá því sem nú er, verði þetta frumvarp að lögum. Þar af leiðandi hef ég sagt að það veiki lögin.

Í öðru lagi hef ég einnig sagt að þrátt fyrir hástemmd markmið og yfirlýsingar, um að ætlunin sé að efla samkeppniseftirlitið, þá hef ég fært mjög ítarleg rök fyrir því að það markmið muni ekki ganga eftir ef þessi leið verður farin. Það er ekki bara ég sem segi það heldur einnig allir helstu sérfræðingar á þessu sviði sem fyrir nefndina komu. Það er ekki eins og ég sé að finna upp þessi sjónarmið. Þetta hefur einfaldlega verið dregið fram. Það hefur jafnframt verið dregið fram að forsendur stjórnsýslubreytinganna byggja ýmist á misskilningi eða röngum forsendum. Þetta hefur verið dregið mjög skýrt fram.

Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þingmann, af því hann er hér í andsvari: Hvað er það í umhverfinu, í lögunum, sem kallar á þessar breytingar? Það einasta sem samkeppnisyfirvöld hafa kallað eftir er aukið fjármagn og mannskapur. Að öðru leyti er ekki um neinar breytingar þess eðlis að þær séu líklegar til að skila árangri. Þessu höfum við reynt að kalla eftir, að fá skýringar á því hvers vegna skuli halda í þessi áform.

Við þekkjum hin óljósu markmið um að bæta alla skapaða hluti en svo þegar menn fara yfir röksemdafærsluna þá rekst hvað á annars horn. Það er ekki óeðlilegt í þeirri stöðu að við reynum að kalla eftir, eins og hægt er, (Forseti hringir.) sjónarmiðum og röksemdum sem sýni fram á að málið sé trúverðugt.

[14:23]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ljósi síðustu ummæla hv. þingmanns má kannski skilja ræðu hans svo að hann hafi fyrst og fremst verið að kalla eftir sjónarmiðum og ber þá að túlka ýmsar fullyrðingar hans út frá því að hann hafi, svona umræðunnar vegna, viljað vekja athygli á ýmsu.

Varðandi stjórnsýsluna þá vil ég segja, í stuttu máli, að það er verið að einfalda þetta, gera ferlið skýrara með þeim hætti að einn aðili á fyrsta stjórnsýslustigi tekur ákvörðun í málum og síðan eru ákvarðanir kæranlegar til áfrýjunarnefndar eins og áður. Í dag er kerfið þannig að samkeppnisyfirvöld á fyrsta stjórnsýslustigi eru stundum einn aðili, stundum tveir aðilar og úr því hefur orðið til svolítið snúið kerfi sem m.a., eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson bendir á, hefur verið gagnrýnt árum saman af ýmsum samtökum í atvinnulífinu, af fulltrúum þeirra fyrirtækja sem lenda í rannsóknum samkeppnisyfirvalda en ekki síður af fulltrúum kærenda í slíkum málum. Þau sjónarmið eru því löngu þekkt og hafa margoft komið fram.

Það er annað atriði sem ég vil nefna, sem lýtur að því sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson nefnir varðandi innihald 16. gr. frumvarpsins. Hann saknar þaðan ákvæðis úr 17. gr. núverandi laga. Hv. þingmaður tekur það sem dæmi um þá miklu veikingu sem hann telur að felist í frumvarpinu. Þessi veiking er nú slík að því ákvæði sem vísað hefur verið til hefur aldrei verið beitt frá því samkeppnislög voru sett. Því hefur aldrei verið beitt og má halda því fram með gildum rökum að jafnóljóst og óákveðið ákvæði eins og þar er að finna geti verið mjög erfitt í framkvæmd, enda er það þekkt að þegar lagaheimildir stjórnvalda til að taka íþyngjandi ákvarðanir eru veikar, almennar og óljósar, þá er mjög ólíklegt að þeim verði beitt. Það á að taka út ákvæði af því tagi og er ekki verið að veikja lögin með því. (Forseti hringir.)

[14:26]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég rakti í máli mínu að fullyrðingar hv. þingmanns, sem hafa ítrekað hljómað, um að núverandi fyrirkomulag sé flókið eru einfaldlega rangar. Það er einfaldlega um að ræða tvö stig, þ.e. Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð og hins vegar áfrýjunarnefnd. Það er nákvæmlega sama fyrirkomulag og nú eru uppi hugmyndir um þannig að hv. þingmaður verður að setja sig aðeins betur inn í þetta en svo að setja fram þessi sjónarmið.

Hvað hitt atriðið varðar, sem lýtur að því að rétt sé að taka út ákvæði af því að því hafi aldrei verið beitt, þá eru

þau sjónarmið afar athyglisverð. Í því ljósi ætti væntanlega að taka út úr lögum ákvæði sem ekki reynir á. Við hljótum að fagna því að ekki hafi reynt á þetta ákvæði. Við hljótum að telja að forvarnagildi þess sé það mikið að það reyni ekki á það. En að það sé einhver lausn að taka það út úr lögunum og það sé til að styrkja lögin gengur vitaskuld ekki upp á nokkurn hátt. Það eru engin rök fyrir því að halda því fram að af því að ekki hafi reynt á tiltekin tæki eða tiltekin ákvæði í lögunum, sem voru sett í lögin á sínum tíma til að tryggja virka samkeppni, og af því það hafi ekki fallið dómar vegna þeirra, af því að menn hafi ekki fengið sektir eða breytingar verið gerðar á skipulagi fyrirtækja í kjölfarið, þá sé rétt að taka þau út.

Kannski er veruleikinn sá að tilvist þessa ákvæðis geri það að verkum að fyrirtæki og stjórnendur fyrirtækja virði þessar reglur. Það er kannski kjarni málsins, nema að draga megi þá ályktun af málflutningi hv. þingmanns að þar sem ekki reyni á reglurnar þá hljóti þær að vera ónýtar.

[14:28]

Útbýting:

Bætt heilbrigði Íslendinga, 806. mál, þáltill. JBjart o.fl., þskj. 1354.

Landbúnaðarstofnun, 700. mál, þskj. 1357; brtt. DrH, þskj. 1361.

[14:28]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson flutti langa, ítarlega og vel rökstudda ræðu hér áðan. Hún var efnismikil og hún var málefnaleg.

Það vakti athygli mína að fyrstur til andsvara við ræðu hv. þingmanns var formaður efnahags- og viðskiptanefndar, hv. þm. Pétur H. Blöndal. Hann gerði þá játningu að hann væri haldinn þeim galla að geta ekki hlustað á mál manna af athygli nema í 10–15 mínútur. Ég velti því fyrir mér hvort það eigi kannski einnig við um álitsgerðir sem hv. þingmanni berast. Álitsgerð Samkeppnisstofnunar um lagafrumvarpið sem við erum að fjalla um hér er einar 30 síður. Gæti verið að hv. formaður efnahags- og viðskiptanefndar hafi ekki haft þrek til að lesa eins og tvær, þrjár fyrstu síðurnar? Ég bara spyr.

Ég tala fyrir áliti 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar og ætla í nokkrum orðum að gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem þar koma fram.

Þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar til samkeppnislaga er hluti af grundvallarbreytingum sem ríkisstjórnin áformar að gera á skipulagi opinbers eftirlits með samkeppni og markaðsmálum í landinu. Í þessu skyni hafa verið lögð fram þrjú lagafrumvörp. Í fyrsta lagi þetta frumvarp um Samkeppniseftirlit sem að uppistöðu til á að taka við verkefnum Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs. Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð kæmu hins vegar til með að heyra sögunni til. Annað lagafrumvarpið í þessari spyrðu varðar Neytendastofu og talsmann neytenda, en lagt er til að verkefni sem lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði færð frá núverandi Samkeppnisstofnun og sameinuð starfsemi sem nú er á vegum Löggildingarstofu. Þriðja þingmálið er frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Ætla skyldi að leitað hefði verið eftir mjög víðtæku samráði um jafnumfangsmiklar breytingar og þessi lagafrumvörp fela í sér. Það var hins vegar ekki gert. Fram kemur í umsögnum frá helstu almannasamtökum í landinu, sem láta þessi mál til sín taka, ASÍ, BSRB og Neytendasamtökunum, að þau hafi í sameiningu farið yfir fyrirhugaðar breytingar á lagaramma um samkeppni og neytendavernd áður en þau sendu frá sér umsagnir. Niðurstaða þeirra er sú, eins og fram kemur í fylgigögnum sem birtast með áliti þessu, að þótt ekki væri nema fyrir það eitt að margt er óljóst í þessum lögum og margir óhnýttir endar, væri æskilegt að Alþingi gæfi sér rýmri tíma til að afgreiða málin. Lögðu þau því til að málið yrði látið liggja í sumar og þess freistað að ná breiðri, þverpólitískri samstöðu um málið og þá með aðkomu þessara samtaka að slíkri vinnu. Samtökin gagnrýna ekki bara efnistökin og vinnubrögðin heldur einnig einstaka efnisþætti og telja þau margt í þessum frumvörpum vera til óþurftar og í sumum tilvikum að verið sé að stíga skref aftur á bak.

Stjórnarmeirihlutinn ber það fyrir sig að með fyrirhuguðum lagabreytingum, nýjum stofnunum og tilflutningi á verkefnum sé verið að efla neytendavernd og eftirlit með samkeppnismarkaði í þágu neytenda. Við höfum heyrt að stjórnarþingmenn halda þessu blákalt fram í umræðunni. Mesta þekkingu á þessu sviði er óumdeilanlega að finna hjá því starfsfólki sem hefur sinnt þessum málum, það er að segja starfsfólki Samkeppnisstofnunar. Það veit hvar skórinn kreppir og þar af leiðandi hvar helst er úrbóta þörf. Athyglisvert er að sjá hve afdráttarlaus gagnrýni kemur úr þessari átt á lagafrumvörp ríkisstjórnarinnar.

Í umsögn Samkeppnisstofnunar er fjallað um þau markmið sem ríkisstjórnin segist vilja ná með lagabreytingunum. Um þær leiðir sem ríkisstjórnin vill fara til að ná þeim markmiðum sem hún setur segir m.a. eftirfarandi í álitsgerð Samkeppnisstofnunar, með leyfi forseta:

„Að mati Samkeppnisstofnunar er það bagalegt að framangreindar forsendur fyrir þessum breytingum byggjast í aðalatriðum á misskilningi eða röngum upplýsingum um núverandi stjórnsýslu í málaflokknum. Telur Samkeppnisstofnun það gagnrýnisvert að nefnd viðskiptaráðherra hafi kosið að leggja fram þessar tillögur án þess að leita upplýsinga hjá stofnuninni, samkeppnisráði, auglýsinganefnd eða áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Hlýtur almennt að teljast æskilegt að leitað sé upplýsinga um staðreyndir og reynslu þeirra stjórnvalda sem falin er framkvæmd á tilteknum lögum áður en gerðar eru tillögur um að stjórnsýslufyrirkomulagi á því sviði sé gerbylt. Þegar Samkeppnisstofnun fékk í hendur skýrslu nefndar viðskiptaráðherra um íslenskt viðskiptaumhverfi og upphafleg drög að frumvarpi til nýrra samkeppnislaga í september 2004 vakti stofnunin athygli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins á misskilningi og ónákvæmni sem fram kom í skýrslunni og drögunum. Viðbrögð ráðuneytisins fólust í því að gera breytingar á orðalagi í athugasemdum með drögum að frumvarpinu. Samkeppnisstofnun var jafnframt upplýst um það að engar breytingar yrðu gerðar á tillögum um nýtt stjórnsýslufyrir-

komulag í samkeppnismálum."

Önnur varð reyndin því þessi fyrirheit voru svikin. Dagsins ljós litu nú frumvörp sem stokka laga- og stofnanaumhverfið nánast allt saman upp og eru þau í engu samræmi við þær tillögur sem Samkeppnisstofnun höfðu verið kynntar sl. haust, en eins og hér kom fram var stofnuninni sagt og það ítrekað að ekki yrðu gerðar neinar grundvallarbreytingar á stjórnsýslunni. Það sem verra er, hin nýju frumvörp, sem ríkisstjórnin leggur áherslu á að verði nú samþykkt, eru ekki til þess fallin að efla og bæta lögin eins og látið hafði verið í veðri vaka. Um þetta segir í umsögn Samkeppnisstofnunar, með leyfi forseta:

„Í því sambandi skiptir mestu að frumvarp til nýrra samkeppnislaga felur í sér veikingu á samkeppnislögum, þvert á markmið og tillögur nefndarinnar. Kastað hefur verið fyrir róða tillögu nefndar viðskiptaráðherra um aukin rannsóknarúrræði samkeppnisyfirvalda. Þá eru í frumvarpinu gerð mun minni hæfisskilyrði til þeirra sem skipa munu fyrirhugaða stjórn Samkeppniseftirlitsins en gert var ráð fyrir í drögunum sem kynnt voru 1. október sl. Einnig er bagalegt að í frumvarpinu hefur verið felld niður mikilvæg tillaga um að samkeppnisyfirvöld geti skotið málum til dómstóla." — Síðan segir að nánari grein verði gerð fyrir þessu síðar í umsögninni. Áfram segir, með leyfi forseta:

„Þó að í orði kveðnu virðist stefnt að því með frumvarpi til samkeppnislaga að efla samkeppniseftirlit og styrkja samkeppnisyfirvöld með auknum fjárframlögum þá er það mat Samkeppnisstofnunar að efnisleg breytingarákvæði geri það ekki. Þetta er rökstutt nánar í þessari umsögn." — og er vísað þar í umsögn Samkeppnisstofnunar. — „Það er ótti stofnunarinnar að þær viðamiklu breytingar á stjórnskipulagi samkeppnismála sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu séu ekki til bóta þar sem forsendur fyrir þessum breytingum fá vart staðist. Aukin fjárframlög til málaflokksins og fjölgun starfsmanna munu að sjálfsögðu styrkja samkeppnisyfirvöld og auka afköst þeirra og skilvirkni. Það er hins vegar veruleg hætta á því að lítt undirbúnar tillögur um skipulagsbreytingar og veikingu samkeppnislaga dragi úr þessum jákvæðu áhrifum."

Umsögn Samkeppnisstofnunar er mjög ítarleg. Nú kann einhver að halda því fram að starfsfólkið sem starfar innan þessarar stjórnsýslu kunni sjálft að hafa hagsmuna að gæta og sé ósátt við breytingar af þeim sökum. Slíkt ætti þá að koma í ljós þegar málin eru rædd og reifuð á málefnalegum grunni. Hér að framan kom fram að ekki var leitað eftir samvinnu við Samkeppnisstofnun, hvorki forsvarsmenn stofnunarinnar né annað starfsfólk, þegar þetta frumvarp var smíðað. Þegar þessir aðilar fengu að sjá drög að lagabreytingum sl. haust voru athugasemdir þeirra að engu hafðar og þess í stað samin frumvörp með áherslum sem ganga í þveröfuga átt. Sá sem er í aðstöðu til að breyta landslögum og hefur um það forgöngu hlýtur að þurfa að sýna fram á það á málefnalegan og rökstuddan hátt að sú gagnrýni sem fram kemur standist ekki. Í þessu ljósi er rétt að leggja áherslu á að röksemdum Samkeppnisstofnunar, sem fram eru settar í ítarlegu máli og birtast sem fylgiskjal með þessu áliti eins og ég gat um áðan, hefur annaðhvort ekki verið svarað eða á öldungis ófullnægjandi hátt við meðferð málsins í efnahags- og viðskiptanefnd.

Ég vil aðeins staldra við þessi vinnubrögð, sem eru mjög undarleg, og birtast okkur reyndar í ýmsum öðrum málum og við gerð annarra frumvarpa sem eru í nefndum þingsins. Ég nefni t.d. frumvarp um Ríkisútvarpið. Þar var ekki leitað eftir samráði við þá sem gerst þekkja til, hvað þá hagsmunasamtök. Samningum sem gerðir voru við samtök launafólks á sínum tíma er rift einhliða. Þar vísa ég til samninga sem voru gerðir í kringum 1980 á milli BSRB og fjármálaráðuneytisins um aðkomu starfsmanna að stjórn stofnana, í þessu tilviki Ríkisútvarpsins. Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar er öllu slíku ýtt til hliðar út af borðinu og án þess að leitað sé eftir samkomulagi eða samvinnu.

Það sem hér er á ferðinni er greinilega fullkomin vanvirðing gagnvart Samkeppnisstofnun og því fólki sem þar starfar. Og það sem verra er, Samkeppnisstofnun fullyrðir að starfsmönnum stofnunarinnar eða forsvarsmönnum hafi verið kynnt drög og hugmyndir og staðhæft að ekki yrðu gerðar breytingar á sjálfri stjórnsýslunni. Þetta kemur fram í máli forsvarsmanna Samkeppnisstofnunar. Þau fyrirheit eru hins vegar greinilega svikin. (Gripið fram í.) Útilokað að það hafi verið þannig? Það væri þá fróðlegt að sjá hæstv. viðskiptaráðherra koma hingað í pontu á eftir að segja okkur að hér sé um misskilning að ræða eða rangar ásakanir í garð stjórnvalda. Forsvarsmenn stofnunarinnar staðhæfa að þeim hafi verið sýndar aðrar hugmyndir og það staðhæft að ekki yrðu gerðar þær grundvallarbreytingar á stjórnsýslunni sem felast í þessum frumvörpum. Það kemur fram af þeirra hálfu. Það þarf að fá botn í þetta og vonandi ... (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra situr hér og kallar fram í, en ég hvet hana til að sýna ekki þá hógværð í þessu máli að koma ekki í pontu og leiða okkur í allan sannleika um málið. Ef það eru rangar ásakanir sem fram hafa komið í garð stjórnvalda frá Samkeppnisstofnun þá þarf náttúrlega að upplýsa um það. Hæstv. ráðherra verður að koma í ræðustól á eftir og upplýsa þingið um þetta.

Á meðal efnisatriða sem ástæða er til að vekja sérstaka athygli á eru:

Lagaheimildir samkeppnisyfirvalda til eftirlits og aðgerða eru þrengdar, og er þar vísað sérstaklega í 16. gr. frumvarpsins en í henni hefur verið fellt brott ákvæði sem nú er að finna í 17. gr. samkeppnislaga þar sem segir að samkeppnisráð geti gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

Vald til að skipa í stjórn Samkeppniseftirlits er hjá ráðherra einum samkvæmt frumvarpinu en nauðsynlegt hefði verið, að okkar dómi í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, að tilnefningarvaldið væri hjá fleiri aðilum en ráðherra einum. Það tíðkast oft, eins og við þekkjum, að samtökum eða aðilum er falið að koma með tilnefningar í stjórnir samtaka. Þarna mætti hugsa sér Neytendasamtökin t.d., (Gripið fram í.) BSRB, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal, það kæmi vel til álita, og Alþýðusamband Íslands og önnur almannasamtök. (Gripið fram í.) Hv. þm. Pétur H. Blöndal nefnir Verslunarráðið sérstaklega og það kemur kannski ekki mikið á óvart vegna þess að Verslunarráðið og Samtök atvinnulífsins eru nánast einu aðilarnir í landinu sem hafa lýst ánægju með þessi frumvörp. (Gripið fram í.) Efnahags- og viðskiptanefnd bárust ítarlegar umsagnir víðs vegar að.

Annars vegar er stór bunki frá almannasamtökum og þeim aðilum sem sinna neytendavernd, Neytendasamtökunum sérstaklega, sem gagnrýna frumvarpið, og hins vegar litli bunkinn, þar eru bara nokkrar línur þar sem lögð er blessun yfir þessi frumvörp ríkisstjórnarinnar.

Ég held áfram að lesa þau atriði sem ég vil vekja sérstaka athygli á. Ég tel að eðlilegt væri að gera þá kröfu að stjórnarmenn hafi engin eigna- og viðskiptatengsl sem orkað gætu tvímælis. Í þessu efni er slakað á kröfum frá fyrra fyrirkomulagi en í núverandi lögum er krafa um að formaður og varaformaður hafi ekki slík tengsl. Ég skil ekki hvers vegna ekki er hægt að gera slíka kröfu. Þjóðfélagið er nú ekki þannig að nánast hver einasti maður sé kominn á kaf í bisness, ég held að það sé ekki svo. Ég held að t.d. í háskólaumhverfinu sé að finna fólk sem ekki er á kafi í viðskiptum. (Gripið fram í.) Háskólarnir eru í samkeppni hver við annan, segir hv. þm. Pétur H. Blöndal. Þeir eru í samkeppni hver við annan og þess vegna ekki hægt að gera kröfur um viðskiptatengsl.

Það er náttúrlega draumsýn sem hv. þm. Pétur H. Blöndal á, að gera allt þjóðfélagið þannig úr garði að þar sé ein bullandi samkeppni á öllum sviðum. (Gripið fram í.) Það er bara komið, segir hv. þingmaður. Það er nú ekki orðið þannig í menntakerfinu, að uppistöðu til eru skólarnir reknir á vegum samfélagsins, og sama á líka við um heilbrigðisþjónustuna og velferðarþjónustuna almennt. Það er alveg rétt sem hv. þingmaður segir að við erum að færa okkur alltaf nær og nær markaðshyggjunni í þeim efnum. Alþingi var að samþykkja frumvarp í morgun um skattlagningu á orkufyrirtæki og við heyrðum hæstv. fjármálaráðherra segja hér í pontu að það sé fullkomlega eðlilegt að ein lög og sömu reglur gildi um öll fyrirtæki í landinu og þar með grunnþjónustufyrirtækin. Hv. þm. Pétur H. Blöndal tók að sjálfsögðu undir þau sjónarmið. Þetta er pólitísk skoðun og ekkert við hana að athuga nema mér finnst hún arfavitlaus og röng og berst á móti henni eins og ég mögulega get en það er önnur saga. Ég tel eðlilegt að hafa þessa kröfu í lögunum. Það getur hins vegar vel verið að allflestir þeirra einstaklinga sem eru á snærum Framsóknarflokksins eða tengdir þeim flokki séu komnir í bisness, það má vel vera. Framsóknarflokkurinn hefur verið gagnrýndur mjög harðlega fyrir að koma sínu fólki fyrir og framsóknarmenn hafa hagnast vel á einkavæðingunni, einkavæðingarspillingunni. (Gripið fram í.) Ég minnist þess þegar hæstv. ... (Gripið fram í.)

(**Forseti** (JóhS)**:** Ekki samtöl.)

Mér finnst mjög fróðlegt, hæstv. forseti, að hlýða á frammíkall hæstv. viðskiptaráðherra landsins. En ég er alveg sammála hæstv. forseta að það væri náttúrlega eðlilegra að ráðherrann kæmi í pontu og gerði grein fyrir málunum. Ég man eftir því þegar hæstv. viðskiptaráðherra talaði um það hér í ræðustól á sínum tíma að tiltekin fyrirtæki væru framsóknarfyrirtæki, okkar fyrirtæki, held ég að hún hafi orðað það fyrir fáeinum árum. Framsóknarflokkurinn lítur greinilega þannig á að hann eigi viss fyrirtæki og vissa einstaklinga þar með, eigi þá, slær eign sinni á þá. Og ég spyr: Eru allir þeir einstaklingar sem eru á snærum eða vegum Framsóknarflokksins eða tengjast honum á kafi í bisness þannig að ekki sé hægt að finna fólk sem ekki hefur slík hagsmunatengsl til að gæta hagsmuna almennings? (Gripið fram í.)

Hér er annar stjórnarþingmaður sem hefur áhuga á að ræða málin og væri fróðlegt að fá hann hingað í pontu til að ræða um hagsmunatengsl og gera okkur grein fyrir hvers vegna hann stendur að frumvarpi sem dregur úr kröfum að þessu leyti. Þegar samkeppnislögin voru sett á sínum tíma þótti ástæða til að hafa skilyrði af þessu tagi gagnvart formanni og varaformanni stjórnar sem núna er verið að veikja. Það er verið að draga úr því og það væri fróðlegt að fá að heyra nánari röksemdir fyrir þessari breytingu.

Þá er ástæða til að gera athugasemd við 6. gr. frumvarpsins sem gerir ráð fyrir því að stjórn Samkeppniseftirlitsins, sem einhliða er skipuð af ráðherra, ákvarði forstjóranum kjör. Hvers vegna skyldi þessi einstaklingur ekki falla inn í kjaraumhverfi opinberra starfsmanna almennt? Er það til þess að hægt sé að greiða honum hærri laun en almennt gerist í því umhverfi? Eða er það til þess að auðveldara sé að reka hann án tillits til réttinda sem embættismenn í sambærilegri stöðu hafa? Hver er ástæðan fyrir því að þessi einstaklingur er tekinn út úr kjara- og réttindaumhverfi opinberra starfsmanna? Hver er ástæðan? (Gripið fram í.) Finnst hv. þm. Pétri H. Blöndal, formanni efnahags- og viðskiptanefndar, þetta vera æskilegt og rétt?

Ég veit að hv. þm. Pétur H. Blöndal vill helst burt með allt þetta umhverfi eða margar af þeim reglum og lögum sem gilda um opinbera starfsmenn, réttinda- og kjaraumhverfi þeirra. Ég geri mér grein fyrir því, ég hef oft hlustað á ræður hans um það efni. En hvers vegna á taka þennan einstakling? Hann nefnir að forstjóri Fjármálaeftirlitsins búi við svipaðar aðstæður. Er það til þess að þessir menn geti fengið hærri laun, hærri tekjur en annað fólk sem gegnir stjórnunarstöðum hjá ríkinu? Eða er verið að veikja réttindi þessara manna til að auðveldara sé að reka þá? Það er nefnilega auðveldara að reka menn ef þeir eru teknir út úr þessu umhverfi. Það gilda ákveðnar reglur um embættismenn sem eru jafnan skipaðir til fimm ára í senn en hafa trausta stöðu á því tímabili. Þeir þurfa að hafa brotið eitthvað af sér í starfi til að hægt sé að reka þá. Í þessu tilviki væri hins vegar hægt að reka forstöðumanninn með tilskildum fyrirvara, sem er ekki mjög langur. (Gripið fram í.) Það væri fróðlegt að heyra þetta. Hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir er alltaf að kalla hér fram í og það eru mjög áhugaverð ummæli sem frá henni heyrast en ég heyri þau bara ekki öll, ég heyrði ekki það síðasta. Hvað var það sem hæstv. ráðherra var að reyna að koma hér að? (**Viðskrh.:** Ég ætla að halda ræðu á eftir.) Já, gott. Hæstv. ráðherra ætlar að halda ræðu á eftir og skýra þessi sjónarmið og þá óska ég eftir því að heyra skýringuna á þessu. En ég tel þetta vera slæmt, ég tel þetta vera varasamt. Ákveðnar reglur eiga að gilda almennt um opinbera starfsemi og ég hefði talið æskilegt og nauðsynlegt að breyting yrði gerð á frumvarpinu að þessu leyti.

Neytendasamtökin nefna þetta sérstaklega í álitsgerð sinni og benda á að staða forstöðumanns Samkeppniseftirlitsins sé viðkvæm staða og það er alveg rétt. Forstöðumaður Samkeppniseftirlitsins og Samkeppniseftirlitið eru iðulega að taka á málum sem eru erfið og iðulega umdeild og við þekkjum það náttúrlega úr olíumálinu og þessum stóru

samráðsmálum, þessum spillingarmálum sem upp hafa komið.

Þá nefni ég hérna sem hluta af atriðum sem ég tel sérstaka ástæðu til að vekja athygli á að Samkeppniseftirlitið kæmi ekki til með að njóta sama sjálfstæðis og Samkeppnisstofnun gerir nú. Forstöðumaðurinn yrði settur í vasa pólitískt skipaðrar stjórnar og stofnunin þyrfti auk þess að bera allar meiri háttar ákvarðanir undir stjórnina. Stjórninni er síðan ætlað að gæta þess að meðalhófs sé gætt í hvívetna, nokkuð sem forstjórar olíufélaganna og neytendur hefðu án efa skilgreint með mismunandi hætti þegar samráðssvindlið kom upp nú nýlega. Hver skyldi vera ástæðan fyrir því að nú vilja ríkisstjórn og stjórnarmeirihluti festa ákvæði þessa efnis í lög? Hræða dæmin? Og ef svo er, þá hvernig og hvern? Þetta er stóra spurningin. Hvers vegna er verið að festa þetta í lögin? Hvers vegna sjá menn ástæðu núna til að setja ákvæði þessa efnis í lög?

Í breytingartillögum efnahags- og viðskiptanefndar er þessu ákvæði laganna lítillega breytt. (**Gripið fram í:** Meiri hlutans.) Meiri hlutans, þessu ákvæði laganna er breytt í þá átt sem við erum að gagnrýna, það er rétt, en við teljum að þarna hefði þurft að hnykkja betur á. (**PHB:** Allt skynsamlegt tekið til greina.) Allt skynsamlegt tekið til greina, segir hv. þingmaður og formaður efnahags- og viðskiptanefndar og er þar með að dæma umsagnir sem bárust frá Samkeppnisstofnun og starfsmönnum hennar, sem gerst þekkja til þessara mála, frá ASÍ, BSRB, Neytendasamtökunum, sem óskynsamlegt rugl væntanlega, vegna þess að öllu skynsamlegu var svarað jákvætt og gerðar breytingar. En staðreyndin er sú að að uppistöðu til hefur ábendingum og gagnrýni sem fram hefur komið á þessi frumvörp ekki verið svarað á jákvæðan hátt. Það hefur ekki verið orðið við beiðni um breytingar.

Ég ætla að víkja að 27. gr. frumvarpsins sem er vægast sagt mjög vafasöm.

Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þegar dómstóll fjallar um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES- samningsins í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrlausn hans ekki brjóta í bága við þá ákvörðun. Enn fremur skal hann forðast að leysa úr máli á annan veg en þann sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að gera í máli sem hún hefur til meðferðar. Dómstóllinn getur í þessu skyni frestað meðferð málsins. Ákvæði 1. mgr. hefur ekki áhrif á heimild dómstóls til að leita eftir ráðgefandi áliti EFTA- dómstólsins skv. 34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls."

Það er fyrsti hlutinn í þessari grein sem orkar mjög tvímælis. „Þegar dómstóll fjallar um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES- samningsins í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrlausn hans ekki brjóta í bága við þá ákvörðun." Með þessu lagaákvæði yrðu íslenskir dómstólar skyldaðir til að fara eftir niðurstöðum erlendra aðila. Verður ekki annað séð en að með samþykkt frumvarpsins felist framsal dómsvalds úr landi. Um þetta segir m.a. í umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands, með leyfi forseta:

„Laganefndin bendir á að í tilvitnaðri grein felst að íslenskir dómstólar verði bundnir af ákvörðun alþjóðastofnana í máli sem þeir annars eiga lögsögu í. Hér er því um að ræða framsal dómsvalds sem kann að höggva nærri stjórnarskrá. Það er ekki á færi nefndarinnar að gefa álit sitt á þessu álitaefni í ljósi þess skamma tíma sem gafst til að veita umsögn þessa. Verður látið við það sitja að benda á mikilvægi þess að álitaefnið verði gaumgæfilega íhugað í meðferð þingsins."

Nú verður ekki annað sagt, svo menn séu látnir njóta sannmælis, en að menn hafi reynt að gaumgæfa þetta nokkuð. Farið var yfir þetta mál og því skotið einnig til utanríkismálanefndar þingsins þar sem um þetta var fjallað og lögfræðingar og lögspekingar komu á fund okkar. Í þeim hópi var Stefán Már Stefánsson lagaprófessor sem sendi efnahags- og viðskiptanefnd jafnframt álitsgerð í nafni réttarfarsnefndar. Í áliti hans segir m.a., með leyfi forseta:

„Telja verður að álitamál varðandi stjórnarskrána sem hér er við að glíma beri að leysa á grundvelli þeirra meginsjónarmiða sem nefnd sem utanríkisráðherra skipaði 14. apríl 1992 setti fram um það hvort EES-samningurinn eða fylgisamningar hans brytu á einhvern hátt í bága við íslensk stjórnskipunarlög, en nefndin skilaði áliti 6. júlí 1992. Þá ber einnig að hafa í huga tvær fyrrgreindar álitsgerðir um samning milli Íslands og Evrópubandalagsins um Schengen-samstarfið sem einnig fjalla um stjórnskipulegt gildi þess samnings. Samkvæmt þessu verður að telja að fyrrgreind 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins fái vart staðist þar sem:

Farið er inn á nýja braut sem ekki var til áður í EES-samningnum, þ.e. að íslenskir dómstólar verða bundnir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA í samkeppnismálum við tilteknar aðstæður.

Fullveldisframsal það sem hér er gert ráð fyrir verður að skoða í heild og miða við allan EES-samninginn en hann reyndi í upphafi mjög á íslenska stjórnarskrá eins og kunnugt er. Það er með öðrum orðum ekki unnt að líta á fullveldisframsalið varðandi dómstólana nú sem einangrað fyrirbæri. Þetta skiptir máli þegar metið er hvort framsal teljist smávægilegt.

Varhugavert er að rökstyðja umrætt fullveldisframsal með því að það sé takmarkað við tilteknar aðstæður eins og gert er í fyrirliggjandi álitsgerð. Sé haldið áfram á þeirri braut má segja nákvæmlega það sama um flesta hluta EES-samningsins. Hann má greina í sundur í afmarkaða þætti og draga þannig smám saman vald frá íslenskum dómstólum.

Að áliti undirritaðs getur hugsanlegur fjöldi tilvika sem 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins kynni að taka til ekki skipt máli þegar stjórnskipulegt gildi ákvæðisins er metið."

Þetta eru varnaðarorð sem ég tel að þurfi að taka mjög alvarlega og reyndar var það gert í nefndinni. Menn fóru rækilega yfir þetta og ég held að það eigi við um alla nefndarmenn að þeir hafa af þessu áhyggjur, menn gera það ekki brosandi að samþykkja lög, lagaákvæði sem a.m.k. orka tvímælis á þennan hátt.

Ég tel reyndar að við eigum að forðast sem heitan eldinn að stíga skref af þessu tagi því að eins og Stefán Már Stefánsson bendir á leiðir eitt skref af öðru og smám saman erum við að færa valdið út úr landinu. Það er mjög alvarlegur hlutur ef við færum dómsvaldið út úr landinu.

Menn reyndu síðan að réttlæta þetta gagnvart sjálfum

sér, liggur mér við að segja, þannig að það kæmi ekki til þessa, ólíklegt væri að til þessa kæmi, að á þetta reyndi og þetta væri afmarkað við tiltekin einstök mál og hefði ekki fordæmisgildi o.s.frv. Slíkar vangaveltur voru uppi. Ég held að við eigum að taka þessi tilvitnuðu orð Stefáns Más Stefánssonar prófessors alvarlega því að hann varar okkur við því að stíga skref af þessu tagi. Var reyndar með hugmyndir um breytt orðalag en að mínum dómi var innihaldið engu að síður hið sama. Menn voru að velta því fyrir sér hvernig hægt væri að tryggja innihaldið, sama innihald, en með öðru orðalagi. Það er innihaldið hins vegar sem þarna skiptir máli.

Þetta finnst mér að eigi að vera sameiginlegt verkefni okkar allra að glíma við hvernig við getum forðast þetta, að afsala okkur valdinu út úr landinu, og þá náttúrlega sérstaklega dómsvaldinu. Ég vil leggja áherslu á andstöðu okkar við þetta ákvæði.

Þetta eru helstu efnisþættirnir sem fram koma í nefndaráliti mínu og ég ætla að víkja aðeins að þeim umsögnum sem fylgja. Ég ætla ekki að fara mjög ítarlega í þær allar. Það væri að sjálfsögðu hægt að hafa mjög langt mál um þær. Umsögn Samkeppnisstofnunar einnar er upp á einar 30 síður. Ég spurði nú, að fjarstöddum þá formanni efnahags- og viðskiptanefndar, sem upplýsti þingheim um að hann hefði yfirleitt ekki þrek til að hlusta með athygli á ræður manna, a.m.k. ekki þær ræður sem væru lengri en u.þ.b. kortér, hvort hann hefði lesið alla álitsgerð Samkeppnisstofnunar og hvort þetta eigi þá ekki við um skrifaðar skýrslur, hann hafi þrek og athygli, sé vakandi þegar hann fari yfir þær. Þetta segi ég nú í gamansömum tóni að sjálfsögðu.

Umsögn frá Alþýðusambandi Íslands er á þann veg að ASÍ minnir á að sambandið hafi oft álykta um mikilvægi þess að efla samkeppnislöggjöfina og Samkeppnisstofnun, nú síðast í tengslum við skýrslu Samkeppnisstofnunar um ólögmætt samráð olíufélaganna. Segir Alþýðusambandið að afstaða ASÍ verði að skoðast í þessu ljósi.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Ein helsta breyting sem lögð er til í frumvarpinu er að gert er ráð fyrir að þau verkefni sem nú heyra undir samkeppnisyfirvöld er lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði ekki unnin í sömu stofnun og þau verkefni sem snúa sérstaklega að samkeppnismálum.“

Síðan er minnt á að fyrir þinginu liggi þrjú frumvörp, sem ég gat um hér áðan. Síðan er vísað í einstakar greinar og fyrst vikið að 5.–7. gr. þar sem fjallað er um stjórn Samkeppniseftirlits, skipun hennar og hlutverk.

Alþýðusamband Íslands segir, með leyfi forseta, orðrétt:

„ASÍ telur að hlutverk stjórnarinnar sé ekki skýrt samkvæmt frumvarpinu, að stjórnin geri stjórnkerfið flóknara og um leið óskilvirkara. Einnig kunna að koma upp erfiðleikar vegna hugsanlegra tengsla einstakra stjórnarmanna við þá hagsmuni sem Samkeppniseftirlitið á að sinna. ASÍ leggur því til að ákvæði um skipun og hlutverk stjórnar verði felld út úr frumvarpinu og þess í stað verði sett inn ákvæði þess efnis að forstjóri stofnunarinnar verði skipaður beint af ráðherra.“

Alþýðusambandið vill greinilega hafa þessi sýnilegu tengsl. Ég hef skýrt frá sjónarmiði mínu um stjórn stofnunarinnar, ég vil hafa fjölskipað tilnefningarvald, getum við sagt.

Um 16. gr. frumvarpsins segir Alþýðusambandið, með leyfi forseta:

„16. gr. frumvarpsins hefur sama tilgang og 17. gr. gildandi samkeppnislaga. Þó hefur sú mikilvæga breyting verið gerð að c. liður gildandi 17. gr. er felldur brott,“ — nokkuð sem ég fór yfir í umsögn minni áðan, en Alþýðusambandið telur þetta vera slæmt og segir orðrétt, með leyfi forseta:

„ASÍ telur að með því að fella brott c. lið 17. gr. verði úrræði samkeppnisyfirvalda til að bregðast við fákeppni og öðrum markaðsbrestum mun veikari en nú er. ASÍ leggur því áherslu á að bætt verði við 16. gr. frumvarpsins nýjum lið sem verði samsvarandi og c. liður 17. gr. gildandi laga.“

Þetta er mjög í þeim anda sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson skýrði hér áðan og ég hef tekið undir í áliti mínu.

Síðan segir áfram í álitsgerð Alþýðusambandsins, með leyfi forseta:

„Samkvæmt tillögum í skýrslunni um íslenskt viðskiptalíf segir: „Lagt er til að samkeppnisyfirvöldum verði veittar ríkari heimildir til vettvangsrannsókna, þar á meðal á heimilum, landsvæðum eða flutningatækjum í eigu stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis og samtaka fyrirtækja. Nefndin leggur þó áherslu á það að vettvangsrannsóknir megi ekki framkvæma nema fyrir liggi dómsúrskurður, sem og að fundin verði leið til að lögreglan, en ekki starfsmenn samkeppniseftirlits, geti séð um framkvæmd vettvangsrannsókna sem fram fara utan starfsstöðva fyrirtækis.““

Áfram segir um þetta í álitsgerð Alþýðusambandsins:

„Í drögum að nýjum samkeppnislögum sem kynnt voru 30. september 2004 var ákvæði í samræmi við framangreinda tillögu og heimilaði samkeppnisyfirvöldum að gera að gera húsleit á öðrum stöðum en starfsstöð viðkomandi fyrirtækis, þar á meðal á heimilum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna. Í frumvarpinu eins og það liggur nú fyrir Alþingi er þetta ákvæði fellt út. ASÍ telur nauðsynlegt að samkeppnisyfirvöld hafi víðtækar rannsóknarheimildir. ASÍ leggur því til að á eftir 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins komi ný málsgrein, sem yrði svohljóðandi:

„Þegar rökstuddur grunur er um að gögn, sem varða starfsemi fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja og viðfangsefni rannsóknar máls og skipta máli við sönnun alvarlegs brots gegn lögum þessum eða ákvörðunum samkeppnisyfirvalda, séu geymd annars staðar en á starfsstað fyrirtækis, þar með talið á heimilum stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis og samtaka fyrirtækja, getur Samkeppniseftirlitið gert athugun og lagt hald á gögn þar.““

Þetta er náttúrlega stórmál. Ég verð að segja að ég er ekki á einu máli með Alþýðusambandinu hvað þetta snertir. Ég verð að játa að ég hef miklar efasemdir um hvert við stefnum með þjóðfélagið í því að herða á eftirliti og lögregluvaldi. Mér finnst það óhugnanleg tilfinning ef löggjafinn færi lengra inn á þessar brautir. Ég gæti fyrir mitt leyti ekki tekið undir það. Ég vil berjast gegn spillingu, samráðsspillingunni einnig, með því að reyna að opna þjóðfélagið

eins og við mögulega getum, efla þær stofnanir sem eiga að veita samfélaginu aðhald, efla neytendaverndina, efla umræðu um málefni af þessu tagi. En þegar kemur að því að leita inni á heimilum manna þá segi ég stopp. Þá hef ég miklar efasemdir.

Hins vegar vil ég að allar upplýsingar séu sem opin bók. Ég er því fylgjandi að þingmenn og ráðherrar og gefi upplýsingar um fjárreiður sínar og tengsl. Ég tel að stjórnmálaflokkarnir eigi að hafa bókhald sitt galopið til að koma í veg fyrir að menn gjaldi pólitíska vinargreiða með fjárframlagi. Það er mjög mikilvægt, það er spurning um lýðræði. Ég er mjög á öndverðum meiði við unga sjálfstæðismenn sem vilja láta loka skattskýrslurnar niðri og gera þær að leyniplaggi á þeirri forsendu að um sé að ræða svo viðkvæmar persónuupplýsingar að þær eigi ekki erindi út í samfélagið. Ég vil opna samfélagið á öllum vígstöðvum, alls staðar.

En við verðum að stíga gætilega til jarðar og gæta meðalhófs, svo að maður noti það orð. Annars endum við með því að láta svikarana og þá sem óprúttnir eru stýra þjóðfélaginu inn í hart eftirlitssamfélag, nánast lögregluríki. Þetta er stórmál sem við þurfum að taka umræðu um vegna þess að þetta gerist mjög hratt á öllum sviðum, eftirlit með ferðamönnum t.d. og ferðum manna. Bráðum verður hægt að fylgjast með því hvert menn aka, mælar settir í bíla og hægt að sjá hvar þeir hafa farið um landið. Þetta er umræða sem við þurfum að taka í þinginu og í samfélaginu. Ég tel það mjög brýnt.

Hins vegar virði ég hitt sjónarmiðið að sjálfsögðu einnig. Alþýðusambandið horfir í sinni umsögn til þeirra miklu svikamála sem hér hafa komið upp, þar sem fulltrúar olíufélaganna voru í samráði og gerðu um það nákvæmar áætlanir hvernig þeir gætu haft fé af fólki. Ljótustu svikin finnast mér hafa verið leiksýningarnar í kringum útboðin. Þeir þóttust bjóða í verkefni en höfðu í reynd komið sér saman um verðlagið, verðið og hvernig ætti að skipta með sér hagnaðnum eða ránsfengnum. Auðvitað er þetta ránsfengur og ekkert annað. Þetta er náttúrlega samhengi hlutanna. Þá segja menn: Það á að leita allra leiða til þess að upplýsa um brot af þessu tagi.

Ég tek undir nánast allt sem fram kemur hjá Samkeppnisstofnun og í umsögn Samkeppnisstofnunar. Ég vil efla þá stofnun og efla þá starfsemi. (**Viðskrh.:** Það er það sem við erum að gera.) Það er það sem er verið að gera, segir hæstv. ráðherra og er enn með athyglisvert inngrip inn í þessa umræðu. Það verður mjög fróðlegt að hlusta á ræðu hennar á eftir. Ég minni á þau efnisatriði sem ég óska eftir að hún fjalli sérstaklega um, t.d. hvers vegna forstjóri hinnar nýju stofnunar verður tekinn út úr almennu kjaraumhverfi opinberra starfsmanna og hann ekki látinn njóta þeirra réttinda sem embættismenn almennt búa við. Hvers vegna er það gert?

Síðan tek ég undir spurningu sem fram kom hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni: Verður núverandi forstjóri endurráðinn? (**Viðskrh.:** Er það ekki spurning í þessu ...) Það er spurning já, vegna þess að menn velta því fyrir sér hvort hér sé um að ræða hefndaraðgerð gagnvart núverandi samkeppnisyfirvöldum. Það er spurning sem skiptir máli vegna þess að í þessum stofnunum starfa einstaklingar. Ef það er verið að níðast á fólki, níðast á þessum einstaklingum með hefndaraðgerðum þá er það að sjálfsögðu mál sem þarf að ræða og upplýsa. Þess vegna viljum við fá svör við þessu. (Gripið fram í.)

Alþýðusamband Íslands telur að ákvæði frumvarpsins um viðurlög séu með öllu óásættanleg og gerir ASÍ þá kröfu að inn í samkeppnislög verði sett ákvæði um skilyrðislausa upptöku ólögmæts ávinnings brotaaðila.

Í álitsgerðinni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í refsilögum er almennt við það miðað að ávinningur brotamanns sé í öllum tilvikum gerður upptækur. Það er því eðlilegt að ákvæði þessa efnis verði sett í samkeppnislög. Það er með öllu óviðunandi að brotaaðili hagnist á broti sínu jafnvel þó að það sannist. Til viðbótar upptöku ólögmæts ávinnings af broti þurfa að koma ákvæði um eðlilegar sektir, þannig að brotlegt fyrirtæki skili ekki einungis ávinningi sínum af brotinu heldur skaðist einnig af háttsemi sinni."

Þetta stendur í álitsgerð Alþýðusambandsins sem bendir á að í nýlegum úrskurðum Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs varðandi ólögmætt samráð olíufélaganna hafi hinum brotlegu fyrirtækjum einungis verið gert að skila hluta af áætluðum ávinningi sínum.

Fleiri efnisatriði nefnir Alþýðusambandið en að þessu leyti eru ábendingarnar svipaðar og fram koma hjá Neytendasamtökunum.

Í umsögn BSRB kemur fram að fulltrúar samtakanna hafi átt samræður við fulltrúa annarra samtaka launafólks og Neytendasamtökin og það hafi verið samdóma álit þessara aðila að fyrirhugaðar lagabreytingar væru að ýmsu leyti óljósar þannig að eðlilegt væri að gefa þessu viðfangsefni betri tíma.

BSRB ræðir um tilnefningu í stjórnina, telur að hún eigi að vera fjölmennari en gert er ráð fyrir og að tilnefningar eigi að berast úr nokkrum áttum til að tryggja að fleiri en einn aðili komi að skipan stjórnarinnar.

Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta:

„BSRB gerir alvarlega athugasemd við 6. grein frumvarpsins sem veitir stjórninni heimild til að ákvarða kjör forstjóra. Skýra þarf hvers vegna forstjóri þessarar stofnunar eigi að lúta öðrum reglum en almennt gerist hjá hinu opinbera. Hvers vegna á þessi einstaklingur ekki að heyra til sama kjaraumhverfis og annað starfsfólk í almannaþjónustu?" Um þetta spyr BSRB.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Í 7. gr. frumvarpsins segir að forstjóri Samkeppniseftirlitsins skuli búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á sviði samkeppnismála. Þetta er sjálfsögð krafa. Því er síðan hnýtt við að forstjórinn skuli hafa háskólamenntun án þess að það sé skilgreint nánar á hvaða sviði hún skuli vera. Þetta er fráleitt ákvæði sem ratar þó inn í alla löggjöf sem frá Alþingi kemur nú um stundir og virðist fyrst og fremst eiga að útiloka allt fólk frá embættum hjá hinu opinbera sem ekki hefur háskólagráðu upp á vasann. Þessu mótmælir BSRB."

Þetta eru athugasemdir sem hafa verið teknar til greina, hygg ég, a.m.k. varðandi Neytendastofu. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar gerir tillögu um það og það þykir mér hið besta mál.

Síðan er vikið að 27. greininni í umsögn BSRB, sem

virðist heimila, segja samtökin, með leyfi forseta: „? framsal dómsvalds úr landi en fram til þessa hafa íslenskir dómstólar ekki verið bundnir með svo afgerandi hætti af erlendum dómsniðurstöðum. Þetta ákvæði hlýtur að þurfa rækilegrar skoðunar við áður en það er fest í lög."

Þá segir í umsögn BSRB, með leyfi forseta:

„Í ákvæði til bráðabirgða segir að starfsmönnum Samkeppnisstofnunar skuli boðið annað starf hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum stofnunarinnar. Hér þarf að standa sambærilegt starf."

Í sumum tilvikum hefur það verið gert, þegar stofnanir hafa verið lagðar niður eða færðar til eða breytingar gerðar á lagaumhverfinu, að sett hefur verið inn í sjálfan lagatextann að tryggja eigi starfsmönnum sambærilega stöðu. Það er ekki gert í þessu frumvarpi sem er mjög miður.

Í umsögn Neytendasamtakanna er vikið sérstaklega að starfi forstjórans og þeim kjörum og réttindum sem honum eru búin og ég vék lítillega að þessu áðan.

Hér segir, með leyfi forseta, í umsögn frá Neytendasamtökunum:

„Vert er að vekja athygli á því að starf forstjóra Samkeppniseftirlits er viðkvæmt starf og nauðsynlegt er að setja ákveðna lagavernd fyrir þann einstakling sem gegnir því starfi til þess að hann geti rækt starf sitt sem best og njóti starfsöryggis. Af þeim sökum telja Neytendasamtökin að forstjóri Samkeppnisstofnunar eigi að hafa svipaða lagavernd og Hæstaréttardómarar njóta í dag."

Síðan er fjallað um forstjórann og hvernig Neytendasamtökin telja heppilegast að skipa þeim málum. Ég hleyp hér yfir stóra kafla úr álitsgerð Neytendasamtakanna en ætla að vísa hér í hluta af áliti þeirra um viðurlög.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Neytendasamtökin telja með öllu óviðunandi að þeir sem brjóta gegn samkeppnislögum skuli iðulega og venjulegast hagnast á brotastarfseminni. Slíkt er til þess fallið að brotastarfsemi haldi áfram og verði viðtækari. Virkasta leiðin til að draga úr þessari brotastarfsemi er að mati Neytendasamtakanna að ólögmætur ávinningur verði ávallt gerður upptækur auk sekta og heimilda til að sækja þá til saka sem standa að brotunum þ.e. að sérstök ákvæði verði sett í almenn hegningarlög um brot gegn þeim almannahagsmunum sem um ræðir þegar um brot á samkeppnislögum er að ræða."

Þetta er af svipuðum toga og gagnrýni sem kom frá Alþýðusambandinu. Um tengt efni, um 37. gr. frumvarpsins, segir orðrétt í umsögn Neytendasamtakanna, með leyfi forseta:

„Neytendasamtökin telja nauðsynlegt að breyta ákvæðum um sektir í 37. gr. en þar segir að sekt skuli aldrei vera hærri en nemur 10% af veltu síðasta almanaksárs. Neytendasamtökin leggja til að heimilt verði að víkja frá þessu hafi brotastarfsemi staðið í langan tíma. Hugsanlega mætti orða undanþágu með þeim hætti að heimila samkeppnisyfirvöldum að víkja frá þessu ákvæði um hámark sektar hafi brotastarfsemi staðið í þrjú ár eða lengri tíma. Þörfin á þungum sektargreiðslum er þó minni ef ólögmætur ávinningur er ávallt gerður upptækur og ákvæði sett um refsingar þeirra sem standa að brotunum, þ.e. þeirra einstaklinga sem að þeim stóðu. Verði slík ákvæði tekin upp í lög er minni ástæða til að breyta ákvæðum laga um sektargreiðslur."

Ég vildi vekja athygli á þessu sjónarmiði sem fram kemur hjá Neytendasamtökunum.

Í fylgiskjölum með minnihlutaálitinu er umsögn frá Lögmannafélagi Íslands, laganefnd félagsins, sem fjallaði m.a. um 27. gr. og ég hef áður gert grein fyrir. Hér er einnig álitsgerð Stefán Más Stefánssonar prófessors auk að sjálfsögðu mjög ítarlegrar, vandaðrar og yfirgripsmikillar álitsgerðar frá Samkeppnisstofnun.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefur farið mjög rækilega yfir þá umsögn og ætla ég ekki að gera það í fyrri ræðu minni um málið. Ég mun hugsanlega gera umsögnina að umræðuefni í síðari ræðu, en ég ítreka að á meðal vor er hæstv. bankamálaráðherra og samkeppnismálaráðherra landsins. Það verður mjög fróðlegt að hlýða á ræðu hennar á eftir þar sem hún fjallar væntanlega um þá gagnrýni sem fram hefur komið og þær alvarlegu ábendingar, vil ég leyfa mér að segja, sem heyrst hafa frá Samkeppnisstofnun um vinnubrögð af hálfu ráðuneytisins í málinu, að stofnuninni hafi verið kynntar hugmyndir sl. haust með yfirlýsingum þess efnis að ekki yrðu gerðar grundvallarbreytingar á stjórnsýslunni sem hefur reynst vera rangt því að frumvörpin eru ekki í samræmi við það sem fulltrúum stofnunarinnar var kynnt í haust. Þetta staðhæfa þessir aðilar.

Eins er nauðsynlegt að ráðherrann segi hug sinn varðandi þá einstaklinga sem í hlut eiga. Það eru alvarlegar ásakanir að tala um hefndaraðgerðir. (**Gripið fram í:** Hver byrjaði á því?) Hver byrjaði á því? Það getur vel verið að það hafi verið ég eða hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og við stöndum alveg fullkomlega við það. Menn skilja ekki aðfarirnar á annan veg en nákvæmlega þennan.

Ég ætla að láta máli mínu lokið að sinni og mun að sjálfsögðu fylgjast mjög grannt með yfirlýsingum ráðherrans á eftir.

[15:35]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tek undir viðvörun hv. þingmanns við þróun til lögregluríkis þar sem einstakir glæpamenn neyða löggjafann í sífellu til að skerða og þrengja réttindi og einkarétt einstaklinga.

Mig langar til að ræða við hv. þingmann um sérfræðingaveldið. Þjóðfélagið er sífellt að verða flóknara og flóknara og þeir einu sem hafa virkilega vit á samkeppnismálum eru starfsmenn Samkeppnisstofnunar, þeir sem hafa vit á skattamálum eru starfsmenn skattstofa og þeir sem hafa vit á tollamálum eru starfsmenn tollsins.

Telur hv. þingmaður ekki varasamt ef þeir aðilar eiga að hafa mjög mikil áhrif á lagasetningu sem geta hugsanlega þurft að smíða sér vopn í baráttunni við einstaklinga, neytendur og borgara? Gæti það ekki orðið hættulegt ef við tökum of mikið mark á þeim sem standa í baráttunni við einstaklingana og borgarana og þurfa aukin vopn í hendurnar? Hv. þingmaður vísaði mjög mikið til álitsgerðar Samkeppnisstofnunar, sem er einmitt í þeirri stöðu að vita allt um málið og eiga við borgara.

Hv. þingmaður setti spurningarmerki við það að háskólamenn eða háskólamenntun ætti að hafa einhvern for-

gang í stöðuveitingum. Þá nefndi hv. þingmaður hæfisskilyrði til að skipa stjórn. Í áliti umboðsmanns Alþingis frá 30. ágúst 1993 segir að sú hætta geti fylgt mjög þröngum hæfisskilyrðum að þeir sem mesta þekkingu og reynslu hafa á hlutaðeigandi sviði verði útilokaðir frá því að gegna opinberu embætti.

Það er nánast ekkert svið eftir sem ekki á í samkeppni í einhverjum skilningi. Meira að segja háskólarnir eru komnir í samkeppni, grunnskólarnir eru farnir að auglýsa eftir nemendum þannig að það gæti orðið erfitt að finna mann í þjóðfélaginu sem væri algjörlega óháður og kæmi aldrei til álita að Samkeppnisstofnun mundi fjalla um hann eða fyrirtæki hans.

[15:37]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vandi hv. þm. Péturs H. Blöndals er sá að heimur hans er annaðhvort svartur eða hvítur. Það getur verið varasamt að taka mark á þeim sem starfa við tengd málefni eða starfsemi. Þýðir það þá að ekkert mark eigi að taka á þeim? Svart/hvítt.

Það sem ég gat um sérstaklega í máli mínu og kemur fram í álitsgerð minni er að sú spurning komi upp hvort menn séu að standa vörð um eigin hagsmuni. Hvernig finnum við út úr því? Við finnum út úr því með málefnalegri umræðu þar sem rök eru vegin.

Ég verð að segja að mér finnst þau rök sem Samkeppnisstofnun setur fram vera mjög sannfærandi. Ef svo er á að sjálfsögðu að taka tillit til þeirra. Vitanlega á að spyrja þá sem hafa reynsluna og þekkja til mála, sem vita hvar skórinn kreppir og eru þar af leiðandi meðvitaðir um hvar úrbóta er þörf. Auðvitað á að leita álits hjá slíkum aðilum og hlusta grannt á þá. Hér hefur það ekki verið gert í samræmi við heimsmynd hv. þm. Péturs H. Blöndals um hinn svart/hvíta heim.

[15:39]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í frumvarpinu er lagt til að einfalda mjög allt ferlið, hafa eina stofnun í staðinn fyrir tvær og það er kannski eðlilegt að þeir sem hafa starfað undir, vanist og byggt upp ákveðið kerfi hafi á móti því að breyta því kerfi sem þeir hafa byggt upp. Í ljósi þess þurfum við að skoða umsögn Samkeppnisstofnunar.

En hv. þingmaður talaði ekki um það sem ég spurði um, sérfræðingaveldið, hvort það sé ekki orðið hættulegt lýðræðinu að leita of mikið til þeirra sérfræðinga sem eru að framkvæma lög.

Svo kom hann ekki inn á hæfisskilyrði stjórnar, að það séu orðnir fáir einstaklingar ef við ætlum fyrir fram að útiloka menn frá stjórnarþátttöku af því að þeir gætu lent í máli sem Samkeppnisstofnun fjallaði um. Ég ætla að biðja hv. þingmann að nefna mér þá aðila sem ekki kæmu til, ynnu hvorki í háskóla né í stofnunum sem hugsanlega koma undir samkeppniseftirlit.

[15:40]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þóttist hafa talað aðeins um sérfræðingana, um hinn svart/hvíta heim, að það ætti að leita til þess fólks sem hefur sérfræðiþekkingu og hlusta á það og reyna að vega og meta það sem frá því kemur. Ég tel að það hafi ekki verið gert.

Varðandi hæfisskilyrði þekki ég náttúrlega ekki þann hóp sem hv. þm. Pétur H. Blöndal umgengst. En það er til fólk á Íslandi, meira að segja mjög margt fólk, sem er mjög viti borið og prýðilega hæft til að sinna störfum af þessu tagi, sem er ekki á kafi í bisness, það er bara staðreynd. (Gripið fram í.) Það hefur góða þekkingu og það á að leita til þess fólks. Ég tel að svo hafi verið, eins og ákvæði eru um í núgildandi lögum (Gripið fram í.) varðandi stjórn og stjórnarformann.

Síðan aðeins hitt, (Forseti hringir.) það er ekki verið að einfalda kerfið með lagabreytingunum.

[15:41]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í máli sínu kom hv. 9. þm. Reykv. s., Ögmundur Jónasson, inn á ákvæði frumvarpsins, 27. gr., sem snertir dómstólana og samspil dómstóla og samevrópskra stofnana í sambandi við úrlausn tiltekinna samkeppnismála.

Það er alveg rétt sem fram kom í máli hv. þingmanns að það var farið vel yfir þetta í efnahags- og viðskiptanefnd og nefndin átti um þetta fundi með sérfræðingum og ræddi málið einnig með utanríkisnefnd sem hafði til meðferðar sambærilegt ákvæði í þingsályktunartillögu sem felur í sér staðfestingu á þeim EES-gerðum sem lúta að þessu.

Það er líka alveg rétt að þegar við nefndarmenn í efnahags- og viðskiptanefnd nálguðumst efnið gerðum við okkur grein fyrir að niðurstaðan var ekki endilega sjálfgefin, um var að ræða framsal og bindingu fyrir dómstólana með nýjum hætti miðað við það sem áður hefur verið.

Hins vegar er mjög mikilvægt, og það er kannski það sem hafði grundvallaráhrif á niðurstöðu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, að þarna er um að ræða beitingu tiltekinna ákvæða EES-sáttmálans. Lögsagan hefur hingað til alfarið verið hjá hinum evrópsku stofnunum, Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum. Nú er verið að gera þá breytingu að verið er að færa hluta af þeirri lögsögu heim, en í tilteknum afmörkuðum tilvikum verða íslenskir dómstólar bundnir. Það er á þeim forsendum, vegna þess að verið er að taka lögsöguna heim, afsala að hluta til á móti, (Forseti hringir.) sem meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar taldi sér fært að styðja ákvæðið.

[15:43]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að vísa í álitsgerð lagaprófessorsins Stefáns Más Stefánssonar, sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Varhugavert er að rökstyðja umrætt fullveldisframsal“ — sem hann fullyrðir að sé — „með því að það sé takmark-

að við tilteknar aðstæður eins og gert er í fyrirliggjandi álitsgerð. Sé haldið áfram á þeirri braut má segja nákvæmlega það sama um flesta hluta EES-samningsins. Hann má greina í sundur í afmarkaða þætti og draga þannig smám saman vald frá íslenskum dómstólum."

Hann er með mjög ákveðnar fullyrðingar og mjög eindregin varnaðarorð í okkar garð.

Ég efast ekki um vilja manna í nefndinni til að taka þessum ábendingum mjög alvarlega. Það var gert. Ég tel hins vegar að við séum að gera rangt með því að festa ákvæðið í lög og legg meira að segja mikla áherslu á það.

[15:45]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég virði fullkomlega afstöðu hv. þingmanns. Ég bendi hins vegar á að markmiðið með að innleiða þessi ákvæði í íslensk lög er að tryggja samræmda framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins hér á landi og í hinum löndunum. Í því liggja ákveðnir viðskiptalegir hagsmunir að það sé samræmd framkvæmd á EES-svæðinu. Það er af þeim ástæðum sem refirnir eru skornir, ekki vegna þess að menn hafi áhuga á að draga úr úrskurðarvaldi íslenskra dómstóla, langt í frá.

Það er rétt sem kemur fram í álitsgerð Stefáns Más Stefánssonar að varhugavert er að álíta að hér sé um einhverja sjálfvirkni að ræða, þ.e. menn mega ekki líta svo á að við eigum sjálfkrafa að afsala okkur stöðugt meira og meira valdi. Þess vegna verðum við að skoða hvert tilvik fyrir sig, við verðum að taka umræðu hér í þinginu um þetta og vega og meta hvort ástæða sé til að stíga þau skref (Forseti hringir.) hverju sinni sem tekin eru.

[15:46]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar EES-samningurinn var gerður á sínum tíma fór fram mikil umræða í þjóðfélaginu og hér á Alþingi um grundvallaratriði af þessu tagi. Var okkur þá sagt að forsenda samningsins væri sú, og hann væri byggður á þeirri hugsun, að dómsvald yrði ekki framselt út úr landinu. Ég minni á að í efnahags- og viðskiptanefnd sagði Stefán Már Stefánsson prófessor að spurningin snerist um að fara aðrar leiðir en að framselja dómsvaldið úr landinu, sem hann telur að við séum að gera með þessari lagabreytingu, til að ná sama takmarki um einsleitni á markaðnum. Ég tek undir það.

[15:47]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór hér um víðan völl í ræðu sinni, fór yfir nefndarálit 2. minni hluta. Ég verð að segja að mér brá nokkuð við þegar hann velti því upp í ræðu sinni hvort frumvarpið væri samið til höfuðs Samkeppnisstofnun. Þar talaði hann um hefndaraðgerðir vegna olíumálsins svokallaða. Ég verð að viðurkenna að ég skil ekki alveg vangaveltur hv. þingmanns. Þetta eru mjög alvarlegar ásakanir. Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem það kemur fram, þetta var einnig rætt við 1. umr.

Ástæða þess að mér finnst þetta óskiljanlegt er í fyrsta lagi að frumvarpið stefnir að því að efla samkeppnisyfirvöld og það er einmitt þvert á orð hv. þingmanns. Það er verið að styrkja samkeppniseftirlitið, veita aukið fjármagn til samkeppnisyfirvalda, auka sjálfstæði þeirra og gera þau betur í stakk búin til að takast á við verkefni sín hratt og örugglega.

Verði þetta frumvarp að lögum er áætlað að fjárframlög aukist um 60 milljónir og að sérfræðingum verði fjölgað um 7, úr 10 í 17. Ef þetta er veiking finnst mér ansi sterkt til orða tekið.

Vegna ræðu hv. þingmanns vil ég líka minna á að það er einmitt verið að taka hér á fjórum af fimm tillögum þeirrar nefndar sem skipuð var um stefnumótun íslensks viðskiptalífs. Það atriði sem var skilið eftir er ákvæðið um húsleit í heimahúsum, sem er ekki inni í frumvarpinu, og það ætti einmitt að vera í takt við skoðanir hv. þingmanns.

Ég vildi bara koma því að að mér finnst mjög alvarlegt að segja að þetta séu hefndaraðgerðir. Ég held að hv. þingmaður verði að rökstyðja það betur.

[15:49]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom fram í ræðu minni — og ég vísaði jafnframt í umsögn Samkeppnisstofnunar varðandi styrkingu, eða veikingu eftir atvikum — að Samkeppnisstofnun segi að það sé vissulega rétt að þarna komi meira fjármagn og fleiri aðilar en jafnframt séu lögin veikt. Samkeppnisstofnun færir rök fyrir því hvernig það er gert.

Síðan skulum við ekki gleyma því að hluti af starfsemi Samkeppnisstofnunar er færður annað. Hvernig mun þeirri starfsemi reiða af í hinni nýju Neytendastofu þar sem gert er ráð fyrir einum einstaklingi í einhverju undarlegu samkrulli með annarri starfsemi á vegum núverandi Löggildingarstofu sem sinnir rafmagnseftirlitinu o.s.frv.? Það á eftir að koma í ljós hvernig þetta allt muni gera sig.

Gagnrýnin gengur fyrst og fremst út á það að verið sé að veikja stofnunina í stjórnsýslulegu tilliti, auk þess sem verið er að herða á hinum pólitísku tökum á þessari stofnun. Það er rétt sem hv. þingmaður segir, það eru alvarlegar ásakanir að tala um hefndaraðgerðir. Enn þá alvarlegra er samt ef þær reynast vera sannar. Hér hræða dæmin. Við höfum t.d. verið að ræða um Mannréttindaskrifstofu. Þar höfum við líka notað þessi orð.

Ég hef talað um landverði sem voru beittir ofsóknum, bara hreinlega beittir ofsóknum fyrir mótmæli á hálendinu gegn stórvirkjunum. Það er staðreynd. Dæmin hræða. Ferill þessarar ríkisstjórnar er nefnilega ekki góður, hann er ekkert mjög fallegur þegar þessi mál eru skoðuð.

[15:51]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gott að hv. þingmaður virtist aðeins vera að draga í land varðandi lögin sjálf en það þýðir ekki að tala um dæmi úr öðrum málum. Ég vil fá rök varðandi nákvæmlega þetta mál sem hv. þingmaður var að tala um.

Ég vil líka minnast hér í lokin á það að hv. efnahags- og viðskiptanefnd gerði einmitt breytingu á frumvarpinu sem

ég tel vera mjög mikilvæga. Hún fjallar um það að ákvarðanir um niðurstöðu skuli bornar undir stjórn, en ekki á frumstigi þannig að stjórnin hefur ekkert um það að segja hvort hefja eigi rannsókn á einstökum málum. Í tilfelli eins og varðandi olíufélögin hefði aldrei verið hægt að stoppa það mál í stjórn. Þetta finnst mér mjög mikilvægt. (Gripið fram í.)

Ég held að menn þurfi ekki að hafa neinar áhyggjur af því að þessi stjórn muni koma til með að stoppa slík mál, en ég ítreka bara það að ég hef ekki fengið að heyra rök fyrir því að þetta séu hefndaraðgerðir. Mér finnst mjög alvarlegt að slíku sé haldið hér fram.

[15:52]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því fer fjarri að ég sé að draga nokkuð úr fyrri ummælum mínum. Við höfum spurt hvað verði um núverandi starfsmenn og núverandi forsvarsmenn stofnunarinnar. Við bíðum eftir því að hæstv. ráðherra svari því. Það sker úr um það á endanum hvort þessar ásakanir eru réttar eða rangar, að sjálfsögðu.

Ég nefndi dæmi annars staðar úr stjórnsýslunni þar sem fólk var beitt hefndaraðgerðum vegna þess sem það hefur gert. Neytendasamtökin, ég minni á það, segja að það þurfi enga stjórn yfir þessa stofnun. Af hverju eru menn að velta því fyrir sér? Jú, í ljósi þeirra tækja sem stjórninni eru fengin í hendur. Hún á t.d. að sjá til þess að gætt sé meðalhófs, nokkuð sem er ekki að finna í núverandi lögum. Hvers vegna er það sett inn?

Auðvitað skoða menn þessi mál í því samhengi sem við erum í. Við erum nýkomin út úr einhverjum stærstu hneykslum síðari tíma viðskiptasögu, (Forseti hringir.) olíusamráðsins, og auðvitað horfa menn til þess sem þar gerðist og til þess sem sagt hefur verið í kjölfarið, (Forseti hringir.) t.d. af hálfu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, margra.

[15:53]

Gunnar Örlygsson:

Virðulegur forseti. Um alllangt skeið hefur almenningur á Íslandi beðið eftir róttækum aðgerðum frá ríkisstjórn Íslands í samkeppnismálum. Skiljanlega hefur gætt mikillar reiði hjá landsmönnum sökum upplýstra mála frá Samkeppnisstofnun og er þar sérstaklega að minnast milljarða króna stulds sem forráðamenn þriggja olíufélaga gerðu sig seka um gagnvart almenningi í landinu á löngu tímabili.

Fleiri mál hafa verið upplýst af hálfu starfandi samkeppnisyfirvalda sem einnig hafa sviðið augu íslenskra neytenda, svo að vægt sé til orða tekið.

Því hefur lengi verið haldið fram að viðskiptalífinu hafi verið litlar sem engar skorður settar á Íslandi, að í okkar litla landi hafi menn getað sölsað undir sig heilu atvinnugreinarnar. Hringamyndanir hafa verið hér áberandi og samráð undirliggjandi í allmörgum greinum íslensks atvinnulífs.

Allir hlutlausir og vel þenkjandi aðilar eru því sammála að á litlum markaði eigi að ríkja öflugar samkeppnisreglur. Það liggur í augum uppi, og er almennt talið að ríkari tilhneiging sé til samráðs á litlum mörkuðum eins og hér á Íslandi. Sagan staðfestir óumdeilanlega þessa fullyrðingu.

Þau eru illa túlkuð, þau rök sem segja mikilvægt að hamla ekki samruna fyrirtækja svo að úr verði félög, betur búin til útrásar á erlenda markaði. Rökin eru illa túlkuð því það getur ekki talist viðunandi að neytendur greiði herkostnaðinn af útrás viðkomandi markaðsrisa með því að una fákeppni heima fyrir. Til viðbótar má einnig nefna gild rök sem segja almenna óhollustu fólgna fyrir félög að þrífast í fákeppni heima fyrir áður en í útrás er haldið. Sem dæmi um þetta má nefna ríkisflugfélög í Evrópu og víðar sem sum hver fóru í hundana eftir að í útrás var farið. Félögin hreinlega kunnu ekki að starfa í öflugri samkeppni og urðu því undir.

Ef atvinnulífið er skoðað af gaumgæfni kemur í ljós hversu mikil þörf er fyrir öflugt samkeppniseftirlit. Þess er að minnast þegar örfáir menn áttu sjávarútvegsfyrirtækið Brim, Landsbanka Íslands, stærsta fiskikvótann, öflugar verksmiðjur og fiskiskipaflota, og einnig heilt flutningafélag sem ber nafnið Eimskip. Á þessum tíma, fyrir nokkrum missirum, var Eimskip einnig stærsti hluthafinn í Flugleiðum.

Einnig voru hlutdeildir hjá hinum sömu í tryggingafyrirtækjum og jafnvel olíufyrirtækjum. Harðlæstur var þessi viðskiptahringur og ekkert var aðhafst sökum smæðar og fjárþurftar hins íslenska samkeppniseftirlits. Í dag horfum við upp á margvíslegar viðskiptahindranir í íslensku viðskiptalífi sem fyrst og síðast bitna á neytendum svo að ekki sé talað um smærri og meðalstór fyrirtæki. Má þar nefna til sögunnar verslun og þjónustu. Bankarnir þrír starfa náið saman og hvergi að mínu viti bólar á raunverulegri samkeppni á bankamarkaði. Saman eiga bankarnir kreditkortafyrirtækin, saman eiga þeir félagið Lánstraust á Íslandi, Reiknistofu bankanna og umfram allt reka bankarnir þrír saman þægilegan félagsskap sem ber heitið Samtök banka og verðbréfafyrirtækja. Svo virðist sem hin pólitíska stofnun Fjármálaeftirlitið, en hún er undir viðskiptaráðherra sett, sé í heilögu ástarsambandi við Samtök banka og verðbréfafyrirtækja, a.m.k. ef marka má samskipti þessara aðila á undanförnum missirum.

Ekki skal heldur gleyma fjarskiptamarkaði sem mun taka stakkaskiptum eftir sölu Símans og grunnnetsins en að sjálfsögðu kallar aukin einkavæðing á öflugra eftirlit á þessu sviði.

Virðulegur forseti. Dæmin sanna að stórefla þarf samkeppniseftirlit í landinu. Almenningur hrópar á marktækar aðgerðir. Það er einungis eitt sem getur valdið straumhvörfum á þessu sviði og það er virk samkeppni. Virk samkeppni mun ekki líta dagsins ljós eftir þetta duglausa útspil hæstv. viðskiptaráðherra Valgerðar Sverrisdóttur.

Undanfarin ár hafa einungis 20 manns starfað hjá Samkeppnisstofnun, og þar af einungis 6–7 sérfræðingar á samkeppnissviði fyrir utan forstöðumann og yfirlögfræðing. Fólk hlýtur að staldra hér við, einungis 6–7 manns hafa sinnt eftirliti á samkeppnissviði til þessa. (Gripið fram í.) Stofnunin hefur verið alvarlega fjársvelt um árabil og í raun ekki getað sinnt eftirliti sem vera skyldi sökum mannfæðar og fjárþurftar.

Í umsögn Samkeppnisstofnunar til efnahags- og viðskiptanefndar um málið segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Takmörkuð fjárráð Samkeppnisstofnunar hafa komið fram í fáliðuðum hópi starfsmanna eins og vikið er að í hjálagðri áætlun en einnig hefur margs konar innra starf stofnunarinnar liðið fyrir fjárskort. Hér skal sérstaklega bent á tækjabúnað, endurmenntun starfsmanna og þátttöku í erlendu og alþjóðlegu samstarfi samkeppnisyfirvalda."

Enn fremur segir í umsögn Samkeppnisstofnunar, með leyfi forseta:

„Það skal ítrekað að fjöldi og umfang mála sem hafa verið til meðferðar hjá samkeppnissviði hefur ekki verið í samræmi við þann fjölda starfsmanna sem til umráða hefur verið til að sinna málunum. Á meðan unnið hefur verið að flóknum og umfangsmiklum málum, eins og rannsókn á meintu ólögmætu samráði olíufélaganna og rannsókn á samstarfi tryggingafélaganna, hefur orðið sífellt meiri dráttur á úrlausn annarra mála. Fyrir fimm til sjö árum var algengt að til meðferðar hjá samkeppnissviði væru á hverjum tíma 40–60 mál. Á síðustu missirum hafa óleyst mál til meðferðar hins vegar að jafnaði verið 70–80 talsins.

Langmestur hluti þeirra mála sem til umfjöllunar hafa komið hjá samkeppnissviði byggir á aðsendum erindum frá aðilum á markaði sem telja samkeppnislög hér brotin. Umfangsmestu málin sem til umfjöllunar hafa verið hefur þó verið ráðist í að frumkvæði Samkeppnisstofnunar. Sérstakar athuganir á samkeppni og samkeppnisháttum á einstökum mörkuðum hafa aftur á móti alveg setið á hakanum."

Aldrei, svo að vitað sé, hefur verið gerð úttekt á skilvirkni Samkeppnisstofnunar í núverandi mynd. Engu að síður er nú með frumvarpi þessu ráðist í einkennilegar stjórnsýslubreytingar sem valda munu miklu róti og sér ekki fyrir endann á. Það er mjög gagnrýnivert að ráðast í stjórnsýslubreytingar af þessu tagi án fyrirliggjandi úttektar á skilvirkni samkeppnisyfirvalda í núverandi formi. Getur verið að sérstaklega vanti stórátak í starfsmannamálum ásamt opnari heimildum samkeppnisyfirvalda til rannsóknar í ólíkum málum? Samkvæmt frumvarpinu mun forstjóri nýrrar stofnunar, sem bera mun heitið Samkeppniseftirlitið, verða háður pólitískt skipaðri stjórn. Starfsmönnum hinnar nýju stofnunar verður gert að bera allar meiri háttar aðgerðir undir þessa sömu stjórn. Án efa mun sjálfstæði viðkomandi forstjóra veikjast til muna við slíkar breytingar. Þetta sjá allir.

Af hverju vill hæstv. viðskiptaráðherra tryggja að stjórn sem hún sjálf mun skipa muni hafa lokaorðið um allar meiri háttar aðgerðir sem Samkeppniseftirlitið vill ráðast í á hverjum og einum tíma? Það er ljóst að vægi stjórnarinnar verður langtum meira en vægi samkeppnisráðs í dag. Með þessu endurspeglast sú staðreynd að sjálfstæði samkeppnisyfirvalda mun veikjast í stað þess að styrkjast. Í þessu endurspeglast einnig sá vilji framkvæmdarvaldsins að geta gripið fram fyrir hendur starfandi eftirlits og þannig tryggt ákveðna vernd fyrir gamla og trausta vini í atvinnulífinu. (Gripið fram í.)

Virðulegur forseti. Evrópusambandið mælir alls ekki gegn því að einstök ríki hafi strangari reglur í samkeppnislögum. Í raun er ríkjum sjálfrátt gagnvart Evrópurétti að setja sín lög um þessi efni. Bretar ganga til að mynda langtum lengra en við Íslendingar og heimila m.a. símahleranir, eftirför á einstaklinga, húsleit í heimahúsum og margt fleira. Engu að síður er Bretlandsmarkaður margfalt stærri en sá íslenski, en eins og áður hefur verið komið inn á í þessari ræðu er hlutlaust mat almennt á þá leiðina að smærri markaður kalli á öflugra samkeppniseftirlit og rýmri heimildir til aðgerða til þeirra sem fara með rannsóknarvaldið á þessum vettvangi.

Það stingur því óneitanlega í stúf að lagaleg virkni í samkeppniseftirliti sé langtum slakari hér á okkar litla markaði en til að mynda í Bretlandi, en sú þjóð telur a.m.k. 60 milljónir íbúa.

Þannig háttar til að hringanefndin sem hæstv. ráðherra skipaði lagði í tillögum sínum áherslu á að aukin rannsóknarúrræði kæmu til í störfum Samkeppniseftirlitsins. Þær tillögur eru hafðar að engu.

Svo virðist sem hæstv. viðskiptaráðherra sé í varnarhlutverki fyrir atvinnulífið en ekki íslenska neytendur í þessum málum. Engu að síður átti útspil ráðherra að endurspegla aukna neytendavernd. Þingmálin þrjú munu ekki auka neytendavernd í landinu, heldur veikja sjálfstæði og virkni samkeppniseftirlits sem mun á endanum, aftur og aftur, leiða til mikilla fórna sem bitna mun að sjálfsögðu á íslenskum neytendum.

Lykilorðið í umræðunni er orðið samkeppni, að sjálfsögðu. Með virkri samkeppni verða til öflug fyrirtæki. Með fákeppni og máttlausu samkeppniseftirliti er illa farið með fé neytenda heima fyrir og jafnframt er hætt við ofdekri við markaðsrisa sem síðar munu ekki geta sinnt útrásarhugsjónum sínum sökum reynsluleysis af störfum í virkri samkeppni. Öflug og virk samkeppni er öllum til góða, jafnt neytendum sem opinberri stjórnsýslu og síðast en ekki síst sjálfu atvinnulífinu.

Hæstv. ráðherra spilar út skrautspilum á borð við „talsmann neytenda" en enginn veit hvert vægi hans eða hlutverk verður. Þá spilar ráðherra út nýrri stofnun sem bera mun það trúverðuga heiti Neytendastofa en hún mun annast yfirtöku á starfsemi Löggildingarstofu sem verður samhliða lögð niður. Sú stofnun hefur einnig verið bundin alvarlegu fjársvelti um árabil, eins og ítrekað kom fram í máli starfsmanna Löggildingarstofu sem komu á fund efnahags- og viðskiptanefndar um málið.

Virðulegur forseti. Það hlýtur að vera einkennileg stjórnsýsla að blanda saman eftirliti um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins annars vegar og hins vegar eftirliti með rafmagnsöryggi, yfirumsjón með lögmælifræði og hagnýtri mælifræði, það endurspeglar stjórnsýslulegt klúður (Gripið fram í.) í þessu frumvarpi hæstv. ráðherra. Það kemur fram um talsmann neytenda að embætti hans muni kosta 13 millj. kr. (Gripið fram í.) Engu að síður kemur fram í máli embættismanna frá ráðuneyti að hlutverk talsmanns neytenda eigi að vera að kynna neytendum rétt sinn. Hvernig í ósköpunum á talsmaður neytenda að kynna neytendum rétt sinn þegar hann hefur 13 milljónir til umráða? Þar af eru laun hans svo til helmingurinn. Hvers konar stjórnsýslulegt klúður er hér á ferðinni, virðulegur forseti?

Í umsögn Samkeppnisstofnunar er fjallað um þau markmið sem ríkisstjórnin segist vilja ná með lagabreytingunum, um þær leiðir sem ríkisstjórnin vill fara til að ná þeim markmiðum sem hún setur. Segir m.a. eftirfarandi í álits-

gerð Samkeppnisstofnunar, með leyfi forseta:

„Að mati Samkeppnisstofnunar er það bagalegt að framangreindar forsendur fyrir þessum breytingum byggjast í aðalatriðum á misskilningi eða röngum upplýsingum um núverandi stjórnsýslu í málaflokknum. Telur Samkeppnisstofnun það gagnrýnisvert að nefnd viðskiptaráðherra hafi kosið að leggja fram þessar tillögur án þess að leita upplýsinga hjá stofnuninni, samkeppnisráði, auglýsinganefnd eða áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Hlýtur almennt að teljast æskilegt að leitað sé upplýsinga um staðreyndir og reynslu þeirra stjórnvalda sem falin er framkvæmd á tilteknum lögum áður en gerðar eru tillögur um að stjórnsýslufyrirkomulagi á því sviði sé gerbylt.

Þegar Samkeppnisstofnun fékk í hendur skýrslu nefndar viðskiptaráðherra um íslenskt viðskiptaumhverfi og upphafleg drög að frumvarpi til nýrra samkeppnislaga í september 2004 vakti stofnunin athygli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins á misskilningi og ónákvæmni sem fram kom í skýrslunni og drögunum. Viðbrögð ráðuneytisins fólust í því að gera breytingar á orðalagi í athugasemdum með drögum að frumvarpinu. Samkeppnisstofnun var jafnframt upplýst um það að engar breytingar yrðu gerðar á tillögum um nýtt stjórnsýslufyrirkomulag í samkeppnismálum."

Virðulegur forseti. Hér er um hápólitískt mál að ræða. Umræðan öll og sá skýri klofningur sem er á milli stjórnarliða og stjórnarandstöðu í málinu ítrekar og staðfestir pólitískar áherslur stjórnarliða sem einatt á síðustu árum hafa leitt til misskiptingar og ójöfnuðar í þjóðfélaginu. Það er hægt að stórefla íslenskt atvinnulíf, íslenska nýsköpun og almennt hagvöxt í þessu landi án þess að dekra við markaðsrisana sem jafnan greiða fúlgur fjár inn á reikninga stjórnarflokkanna.

Markaðsrisana má ekki styggja, svo einfalt er það.

Herkostnaðurinn af útrás markaðsrisanna skal vera greiddur af almenningi í formi fákeppni og óvirkrar samkeppni heima fyrir. Sú er stefna stjórnarliðanna. Sjálfur er ég ekki ýkja hrifinn af ríkisafskiptum og er jafnan hlynntur einkavæðingu, svo lengi sem grunnþjónusta og frumburðarréttur landsmanna sé ekki lítilsvirtur eða seldur hæstbjóðanda við annarlegar kringumstæður.

Einkavæðingunni og frjálsum markaði verða að fylgja strangar reglur. Hér aftur á móti er sá rangi kúrs valinn að um lítilsvirðingu er að ræða gagnvart íslenskum neytendum og í raun íslensku atvinnulífi.

Þingflokkur Frjálslynda flokksins leggst alfarið gegn samþykkt þessa frumvarps.

[16:10]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sagði: Forstjóri verður háður pólitískt skipaðri stjórn. Nú hef ég farið í gegnum þetta áður í andsvari hér að stjórnin er skipuð til fjögurra ára, þrír menn og þrír til vara, og þetta fólk hefur að sjálfsögðu sínar skoðanir á mönnum og málefnum, eins og annað fólk. Telur hv. þingmaður að forstjórinn sé meira háður þessu fólki en ráðherra sem er pólitískt kjörinn og ræður og rekur forstjórann í dag? Það er þá a.m.k. erfitt að koma stjórninni frá fyrst ef ráðherrann ætlaði að beita sér.

Síðan segir hv. þingmaður: Með virkri samkeppni verða til öflug fyrirtæki. Ég tek hjartanlega undir það. Hvernig stendur þá á því að hv. þingmaður talar alltaf um að fyrirtæki í landinu séu á móti virku samkeppniseftirliti fyrst þau eru svona öflug við að hafa það? Það er mótsögn í þessu.

Síðan segir hv. þingmaður að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að dekra við markaðsrisana sem eru í útrás. Trúir hv. þingmaður þessu virkilega? Trúir hann því að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að dekra við markaðsrisana í útrás með því að veikja samkeppniseftirlitið?

Ég bara spyr: Trúir hv. þingmaður þessu? (Gripið fram í.)

[16:12]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Til þess að gera langa sögu stutta vil ég svara hv. þingmanni og spurningum hans með þessum hætti: Já, ég trúi hverju einasta orði sem ég sagði í ræðu minni. Um leið vil ég nota tækifærið og spyrja hv. þingmann hvort hann telji ekki nauðsynlegt á litlum mörkuðum að vera með öflugt samkeppniseftirlit. Dæmin sanna að á litlum mörkuðum er ríkari tilhneiging til samráðs, ríkari tilhneiging til að fákeppni verði raunin, ríkari tilhneiging til að neytendur beri óþarflega háan fórnarkostnað sökum smæðar markaðarins.

Ég kom inn á það í ræðu minni að Bretar eru með miklu öflugri og rýmri rannsóknarúrræði en nokkurn tíma þekkist á Íslandi. Það kom fram í tillögum hringanefndar að hér ætti að auka á rannsóknarúrræði við störf samkeppniseftirlits í þessu landi. Eftir þeim tillögum var ekki farið. Því spyr ég hv. þingmann: Hvað mælir á móti því að við rýmkum rannsóknarheimildir samkeppnisyfirvalda í landinu og veitum um leið atvinnulífinu það nauðsynlega aðhald sem lítill markaður svo sannarlega krefst?

Mér þætti afar vænt um að hv. þingmaður svaraði því hvað mælir á móti því að við rýmkum um rannsóknarúrræði hjá starfandi samkeppnisyfirvöldum í landinu.

[16:13]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður sagði: Já, að hann trúi því sem hann segir. Nú hefur stundum verið sagt að trúin flytji fjöll, en það er ekki nóg bara að trúa, menn þurfa að sanna svona fullyrðingar. Menn þurfa að færa rök fyrir því og sanna með staðreyndum, ekki bara segja: Staðreyndin er. Það verður ekkert staðreynd við það. Ekki neitt. (Gripið fram í.)

Því miður hef ég gagnrýnt aftur og aftur að þingmenn segja oft í ræðum: Staðreyndin er. Það er eins og allt annað sé ekki staðreynd sem þeir segja.

Varðandi það að rýmka rannsóknarheimildir fór hv. þm. Ögmundur Jónasson ágætlega í gegnum það. Það er framinn einhver glæpur og í kjölfarið kemur löggjafinn og vill þrengja svigrúm einstaklinga, minnka persónufrelsið. Svo er framinn annar glæpur og aftur þrengir löggjafinn að einstaklingnum. Svo er framinn enn einn glæpurinn, t.d. árásin á turnana tvo, og þá á að loka öllum höfnum á Íslandi (Gripið fram í.) í kjölfarið. Alltaf er frelsi einstaklingsins

skert meira og meira. Hvar ætlar hv. þingmaður að enda?

Ég tel frelsi einstaklingsins og það að vernda hann fyrir lögregluríkinu meira virði en það að berjast á móti einhverjum glæpum þó að þeir séu alvarlegir. Þetta er nefnilega mjög vandmeðfarið. Hvað ætlum við að ganga langt í því að búa til lögregluríki?

[16:15]

Gunnar Örlygsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir afar einkennilegt við svar hv. þm. Péturs H. Blöndals við spurningu minni, sem var á þá leið hvort hér ætti að rýmka rannsóknarúrræði hjá starfandi samkeppnisyfirvöldum á Íslandi, að hann fer að tala um hryðjuverk í New York sem áttu sér stað árið 2001. (**PHB:** Líka glæpur.) Með því að opna á rannsóknarheimildir og gefa starfandi samkeppniseftirliti ákveðin verkfæri, (Gripið fram í.) verkfæri sem þau munu aldrei nota (**PHB:** Nú?) nema alvarlegur grunur sé um eitthvert slæmt siðferði eða jafnvel glæp sé að ræða í viðskiptalífinu.

Þetta er aðvörun, (Gripið fram í.) þetta er fyrst og fremst til að tryggja að menn fari eftir starfandi samkeppnisreglum í landinu.

Hér er búið að einkavæða fyrirtæki, virðulegi forseti, en það er eins og þingmenn Sjálfstæðisflokksins geri sér ekki grein fyrir því að frelsinu fylgir ábyrgð. (**PHB:** Við ... þið ...) Það hefur engin ábyrgð fylgt einkavæðingu Sjálfstæðisflokksins og hinum og þessum ríkisstofnunum í gegnum tíðina. Öllu er hleypt út á akurinn, óspenntu, og frumskógarlögmálið skal ráða í einu og öllu á öllum sviðum íslensks samfélags, frelsi einstaklingsins til orða og athafna, og hvað þetta kallast allt saman.

Ekkert mælir á móti því, virðulegur forseti, að við rýmkum rannsóknarheimildir starfandi samkeppnisyfirvalda. Það eru einfaldlega góð skilaboð og neytendum til hagsbóta í þessu landi að svo verði gert. (Gripið fram í.)

[16:17]

Útbýting:

Almenn hegningarlög, 72. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1352; nál. meiri hluta allshn., þskj. 1362; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1363.

Breyting á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna, 614. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1364.

Olígjald og kílómetragjald, 807. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1365.

[16:18]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Umræðan hér í dag hefur verið nokkuð mikil og menn hafa verið að fara yfir, eðlilega, þetta frumvarp til samkeppnislaga. Við höfum lagt mikla vinnu í þetta mál í hv. efnahags- og viðskiptanefnd og skoðað allar hliðar þess. Það er ekki óeðlilegt að það sé mikil umræða um þetta mál vegna þess að umræðan er einnig mikil í þjóðfélaginu um samkeppnismál. Við höfum heyrt á fólki að það vill hafa samkeppnisstofnanir og eftirlitsstofnanir virkar, og þær eiga að sjálfsögðu að gæta hagsmuna okkar sem neytenda.

Þess vegna er mjög mikilvægt að okkur takist vel upp í slíkri löggjöf. Reglurnar þurfa að vera einfaldar, skilvirkar og þær verða að njóta trausts. Löggjöf eins og sú sem við ræðum hér þarf að vera í sífelldri endurskoðun. Við erum í raun ekki að breyta efnisákvæðum samkeppnisreglna, heldur snúa breytingarnar að skipulagi samkeppniseftirlits og viðbrögðum samkeppnisyfirvalda við tilteknum samkeppnisaðstæðum.

Menn hafa rætt um það, bæði hér í dag og eins við 1. umr., að við séum bregðast við einhverju ástandi, þ.e. að það sé eitthvað mikið að hjá núverandi samkeppnisyfirvöldum. (**Gripið fram í:** Já.) Þetta er ekki rétt, og ég sagði það einnig við 1. umr. að við erum að horfa fram á við, við erum í ákveðinni þróun. Það er komin á þetta 10 ára reynsla og það er ekkert óeðlilegt að mál séu tekin upp og skoðuð, enda breytist markaðurinn mjög hratt.

Helstu rökin fyrir þessum lögum eru að það eigi að einfalda stjórnsýsluna. Þessi einföldun er auðvitað mjög sterk rök fyrir þessu frumvarpi, við erum að gera stjórnsýslu á sviði samkeppnismála einfaldari og skilvirkari með því að taka út eitt millistig, þ.e. samkeppnisráð. Það verður eitt stjórnvald, Samkeppniseftirlit, sem mun taka ákvarðanir samkvæmt frumvarpinu. Í dag er það þannig að samkeppnisráð, Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála annast daglega stjórnsýslu á því sviði sem samkeppnislögin taka til. Gegnir samkeppnisráð lykilhlutverki í stjórnsýslu samkeppnismála en það er aðalúrskurðaraðilinn á neðra stjórnsýslustigi. Samkeppnisstofnun undirbýr síðan mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins.

Þrátt fyrir að samkeppnisráð sé aðalúrskurðaraðilinn á neðra stjórnsýslustiginu sér Samkeppnisstofnun að mestu um málsmeðferð þar til ákvörðun er tekin í málinu. Þannig aflar Samkeppnisstofnun gagna, gefur aðilum máls kost á að tjá sig, veita umsögn um málið o.s.frv. Þá getur Samkeppnisstofnun tekið bráðabirgðaákvarðanir í ákveðnum tilvikum, auk þess sem stofnunin fer með ákvörðunarvald á afmörkuðum sviðum samkvæmt nánari reglum sem samkeppnisráð setur.

Framangreint fyrirkomulag hefur þótt óþarflega flókið og tímafrekt. Ekki var að finna sérstakan rökstuðning í lögskýringargögnum fyrir því við setningu samkeppnislaga. Hin nýju samkeppnisyfirvöld voru einfaldlega steypt í mót þáverandi verðlagsyfirvalda. Núverandi fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt og fram hefur komið að milliliðalaus málarekstur hafi verið erfiður þar sem aðilar máls hafa ekki haft beinan aðgang að þeirri stjórnsýslu sem ákvörðunarvaldið hefur, þ.e. samkeppnisráði. Nú er lagt til að samkeppnisráð falli niður og að Samkeppnisstofnun, sem mun kallast Samkeppniseftirlit, muni sjálf hafa ákvörðunarvald. Að öðru óbreyttu ættu aðilum máls þar með að vera tryggð tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum í málarekstri á framfæri við þá sem ákvörðun taka.

Því hefur verið haldið fram í umræðunni í dag og eins við 1. umr. að hér sé um að ræða ákveðnar hefndaraðgerðir, það sé verið að refsa Samkeppnisstofnun fyrir framgang hennar í olíumálinu. Sá málflutningur er alveg með ólíkindum og hér hafa ekki verið færð nein rök fyrir því að segja slíkt. Menn hafa einfaldlega farið út í að nefna dæmi um önnur mál og halda að það geti réttlætt slíkan málflutning.

Ég er því ósammála. Við erum nefnilega að styrkja samkeppniseftirlitið, við erum að verja auknu fjármagni til samkeppnisyfirvalda og sjálfstæði þeirra verður aukið.

Ef það frumvarp sem við ræðum hér verður að lögum er áætlað að fjárframlög til samkeppnisyfirvalda aukist um samtals 60 milljónir, m.a. vegna þess að gert er ráð fyrir að sérfræðingum verði fjölgað um sjö, úr 10 í 17, á tveimur árum. Ef þetta er ekki styrking þá veit ég ekki hvað.

Varðandi sjálfstæði stofnunarinnar í 6. gr. er alveg ljóst að verið er að auka það með frumvarpinu og þá með því að kveða á um að þriggja manna stjórn ráði forstjóra í stað þess að ráðherra ráði forstjóra eins og nú er. Það er lagt til að það verði hlutverk stjórnar Samkeppniseftirlitsins að móta áherslur í starfi stofnunarinnar og fylgjast með starfsemi og rekstri hennar. Í frumvarpinu og breytingartillögu hv. efnahags- og viðskiptanefndar er lagt til að áður en Samkeppniseftirlitið tekur meiri háttar efnislegar ákvarðanir skuli þær bornar undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Þar er átt við ákvarðanir um niðurstöðu mála en ekki ákvarðanir um hvort hefja eigi rannsókn einstakra mála eða ráðast í rannsóknaraðgerð á borð við húsleit.

Þess vegna hefði stjórnin í því tilfelli sem hv. þingmenn eru að vísa hér í hefndaraðgerðir og olíumálið ekki getað stoppað til að mynda húsleitir hjá olíufélögunum.

Þetta stjórnskipulag er sambærilegt skipulagi Fjármálaeftirlitsins og þykir það hafa reynst vel þar.

Virðulegi forseti. Ég vil örstutt koma inn á þá gagnrýni sem heyrst hefur varðandi hæfi stjórnarmanna. Hv. þingmenn hafa velt fyrir sér af hverju ákvæðið hafi verið tekið út þar sem kveðið var á um að stjórnarmenn mættu ekki hafa beinna eða verulegra hagsmuna að gæta í atvinnustarfsemi. Þetta ákvæði þótti of takmarkandi og það gæti orðið erfitt að finna hæfa stjórnarmenn ef það væri til staðar. Það má minna á að umboðsmaður Alþingis benti á það í áliti sínu frá 30. ágúst 1993, um hæfi aðalmanna í samkeppnisráði, að sú hætta gæti fylgt mjög ströngum hæfisskilyrðum að þeir sem mesta þekkingu og reynslu hefðu á hlutaðeigandi sviði yrðu útilokaðir frá því að gegna opinberu embætti. Engu að síður eru strangar reglur um hæfi stjórnarmanna í frumvarpinu. Slíkar reglur eru að sjálfsögðu nauðsynlegar til að tryggja trúverðugleika stofnunarinnar. Kveðið er til að mynda á um að stjórnarmenn skuli hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og menntun sem nýtist á sviði samkeppnismála, og að stjórnarmenn og forstjóri skuli hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega. Stjórnarmenn og forstjóri mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu, þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða samkeppnislög.

Í frumvarpinu eru því strangar reglur um hæfi stjórnarmanna.

Virðulegi forseti. Þetta eru helstu atriðin sem hafa verið gagnrýnd í dag. Ég ætla ekki að fara miklu nánar út í þetta, þetta kom fram í framsögu hv. þm. Péturs Blöndals sem er formaður hv. efnahags- og viðskiptanefndar. Það er staðfastlega skoðun mín að við séum að stíga rétt skref með þessu frumvarpi. Það er mjög mikilvægt að efla samkeppnisyfirvöld og ekki síst í okkar litla landi. Við erum með lítinn markað og það er mikilvægt. Við fórum ítarlega yfir málið í hv. efnahags- og viðskiptanefnd og meiri hlutinn telur það fullunnið.

[16:28]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram í ræðu hv. þm. Dagnýjar Jónsdóttur að hún vildi tryggja hag neytenda. Hvers vegna í ósköpunum er þá í engu tekið tillit til athugasemda Neytendasamtakanna við frumvarpið?

[16:28]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég talaði einmitt um að við yrðum að passa það að eftirlitsstofnanir tryggðu hag neytenda. Það er auðvitað meginmarkmið okkar með þessum lögum. Við teljum, eftir þessa skýrslu sem var gerð um íslenskt viðskiptaumhverfi — þar voru lagðar fram fimm tillögur og í frumvarpinu var tekið tillit til fjögurra þeirra — að við séum á þeirri braut að við séum að tryggja hag neytenda, í fyrsta lagi með því að einfalda stjórnsýsluna, í öðru lagi, og ekki síst, með því að auka fjárframlögin. Það hefur auðvitað verið gagnrýnt síðustu ár, og ég er alveg sammála henni, að samkeppnisyfirvöld hafa þurft meiri fjármuni. Það á að ráða sjö sérfræðinga í viðbót þannig að þeir fara úr 10 í 17. Að sjálfsögðu verður stofnunin miklu betur í stakk búin til að sinna samkeppnismálum og fara í fleiri rannsóknir.

Ég held að ég og hv. þm. Sigurjón Þórðarson séum alveg sammála um að stofnunin þurfi að sinna fleiri rannsóknum. Þetta verður að taka styttri tíma og þess vegna stígum við þessi skref og hjálpum til við það. Það mun að sjálfsögðu skila sér í bættum hag neytenda.

[16:29]

Sigurjón Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það eru því miður kaldar staðreyndir sem framsóknarmenn verða að horfast í augu við að Neytendasamtökin gerðu alvarlegar athugasemdir við þetta frumvarp sem Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn vilja gera að lögum. Þó að menn tali hér fallega um að tryggja eigi hag neytenda er það staðreynd að í engu er tekið tillit til þeirra athugasemda sem samtök neytenda gera við frumvarpið. Mér finnst það mjög alvarlegt.

Hér hefur komið fram að framsóknarmenn hafa borið sig aumlega undan þeirri umræðu sem hlýtur að koma upp, þeirri hreinskilnu umræðu um að þetta frumvarp sé mögulega hefndaraðgerðir. Sú umræða kemur í kjölfarið á olíusamráðsspillingarmálinu sem tengist Framsóknarflokknum beint. Þá á ég við að Olíufélagið Esso tengist með beinum hætti inn í Framsóknarflokkinn. Nú þekkir hv. þingmaður betur en ég innviði Framsóknarflokksins og hún ætti að vita þetta. Þetta er einmitt umræða sem er vert að taka á, og þetta frumvarp er ekki til þess fallið að ráða bót á þessu. Það er jafnvel mikil hætta á því að það hafi þveröfug áhrif. Það er einmitt það sem Neytendasamtökin, sem hv. þingmaður talar um að hún ætli að tryggja, þ.e. hag neytenda,

eru að benda á, að þetta frumvarp muni alls ekki tryggja hag neytenda.

Ég skora á hv. þingmann að fara enn og aftur yfir umsögn Neytendasamtakanna og sjá að frumvarpið þarf að ganga í gegnum vissar endurbætur, það þarf að bæta það til að tryggja hag neytenda.

[16:32]

Dagný Jónsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gott að ég þekki innviði Framsóknarflokksins betur en hv. þm. Sigurjón Þórðarson því að hann virðist svo sannarlega ekki þekkja þá þó að honum verði mjög tíðrætt um Framsóknarflokkinn hér í þingsalnum (Gripið fram í.) og hef ég ekki heyrt nema eina ræðu hjá honum, þ.e. eitt andsvar, síðan ég settist inn á þing þar sem hv. þingmaður minntist ekki á Framsóknarflokkinn.

Ég verð að segja að það er athyglisvert að Frjálslyndi flokkurinn skuli taka undir málflutninginn varðandi hefndaraðgerðir. Mér þykja þetta vera mjög alvarlegar ásakanir. (**SigurjÞ:** Já.) Þetta eru mjög alvarlegar ásakanir. Og enn og aftur fer ég fram á rök. Ég hef ekki heyrt nein rök hér í dag fyrir þessum ásökunum. (Gripið fram í.) Þetta olíumál var að sjálfsögðu mjög umfangsmikið og þar stóðu samkeppnisyfirvöld sig vel. Ég fór yfir það áðan að með þeim breytingum sem hv. efnahags- og viðskiptanefnd gerir erum við að tryggja það að stjórnin muni að sjálfsögðu ekki stoppa af slíkar rannsóknir.

Það er leitt að hv. þingmaður skuli ekki vilja hlusta á svarið, (Gripið fram í.) en ég vil bara segja að þetta eru ósmekklegar ásakanir á Framsóknarflokkinn. Við erum hér að hlúa að neytendavernd, við erum að efla samkeppnisyfirvöld í landinu sem að sjálfsögðu verður til þess að hag neytenda verður betur borgið.

Ég held að ákveðnir flokkar ættu frekar að líta í eigin barm en að vera að ausa hér skömmum og svívirðingum og ásökunum, órökstuddum, yfir Framsóknarflokkinn, og stíga t.d. fram og birta bókhald sitt o.fl. sem ég hef ekki séð. Að segja hér að (Gripið fram í.) Framsóknarflokkurinn sé háður olíufélögunum í landinu er rangt.

[16:34]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Það frumvarp sem hér er komið til 2. umr. gengur á margan hátt þvert á markmið og tillögur sem unnar voru fyrir viðskiptaráðherra um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis. Er þá alveg ljóst, miðað við frumvarpið eins og það var lagt fram og eins og það kemur hér frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, að viðskiptaráðherra var beygð af samstarfsflokknum sem knúði fram meiri háttar breytingar sem skipta sköpum um samkeppniseftirlit og úrræði til að taka á hringamyndun og fákeppni.

Ég hef fylgst nokkuð með þessari umræðu og það hefur vakið athygli mína hve óróleg hæstv. viðskiptaráðherra er við þessa umræðu, og þeir framsóknarmenn sem hér eru, enda held ég að þeim líði ekki vel (**Viðskrh.:** ... svo vel.) með það frumvarp sem hér er komið til 2. umr. Ég velti fyrir mér hvort óróleiki hæstv. viðskiptaráðherra stafi af því að hún hafi e.t.v. — ég vona að hæstv. ráðherra hafi gert það — lesið ítarlega umsögn Samkeppnisstofnunar sem efnahags- og viðskiptanefnd fékk, upp á 30 blaðsíður. Þetta er faglega og vel unnin umsögn þar sem tekið er á ákvæðum frumvarpsins. Raunverulega er þetta frumvarp hæstv. ráðherra tætt þar niður og mjög skýr rök sett fram um það að hér sé verið að veikja Samkeppnisstofnun og draga úr sjálfstæði hennar. Vona ég að hæstv. ráðherra hafi lesið þá umsögn. Hafi hún gert það er ég mjög hissa á því að hún vilji ekki taka tillit til þeirra sjónarmiða, tillagna og ábendinga sem koma fram í þessari ágætu umsögn. (Gripið fram í.)

Raunar minnist ég þess ekki að neinn aðili sem sendi efnahags- og viðskiptanefnd umsögn um málið hafi fagnað þessu frumvarpi, nema ef vera skyldi Samtök atvinnulífsins sem er auðvitað lýsandi fyrir þetta mál sem mun veikja mjög allt samkeppniseftirlit í landinu.

Samkeppnisstofnun hefur í þessari umsögn sinni staðfest það sem ég hélt fram við 1. umr. þessa máls að engin rök liggja fyrir þeirri breytingu á Samkeppnisstofnun sem hér er verið að gera, engin fagleg úttekt hefur farið fram, ekkert samráð verið haft við samkeppnisyfirvöld um þessar breytingar. Er það raunverulega hneisa að stjórnvöld og hæstv. viðskiptaráðherra skuli fara fram með þetta veigamiklar breytingar á samkeppnislögum án þess að fagleg úttekt liggi þar að baki eða að samráð hafi verið haft við þá sem gerst þekkja til, þ.e. samkeppnisyfirvöld.

Samkeppnisstofnun tekur nokkuð á þessu í umsögn sinni og segir, með leyfi forseta:

„Helstu forsendur fyrir tillögum frumvarpanna um breytingar á stjórnsýslu í samkeppnismálum fá ekki staðist. Engin rök hafa komið fram sem sýna að núverandi stjórnsýsla samkeppnismála sé óeðlileg og þunglamaleg enda hefur engin úttekt verið gerð á stjórnsýslunni. Þá kemur ekkert fram í frumvarpinu sem styður það að tillögur um breytta stjórnsýslu efli skilvirkni eða geri samkeppnisyfirvöldum betur kleift að sinna verkefnum sínum. Þvert á móti geta þessar tillögur veikt samkeppnisyfirvöld. Sökum þessa varar Samkeppnisstofnun eindregið við þeim breytingum á stjórnsýslu sem ráð er fyrir gert í frumvörpunum."

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra — og hún skuldar raunverulega þinginu skýringu á því: Hvaða fagleg úttekt liggur að baki þeim breytingum sem hér eru gerðar? Ef hæstv. ráðherra er að vísa í þá nefnd og skýrslu sem var lögð fyrir hæstv. ráðherra á síðasta ári um íslenskt viðskiptaumhverfi hefur ekki verið farið að þeim breytingum sem þar koma fram og mun ég rekja það nánar í máli mínu. Veigamiklar breytingar sem sú nefnd lagði til hurfu á brott úr frumvarpi ráðherrans eftir að Sjálfstæðisflokkurinn hafði fjallað um málið í þingflokki sínum. Það rökstyður auðvitað að hæstv. ráðherra var beygð í þessu máli.

Ég vil aðeins fara nánar út í umsögn Samkeppnisstofnunar sem ég á eftir að vísa oft til í nokkuð ítarlegu máli sem ég þarf að hafa um þetta frumvarp. Í umsögninni er farið yfir forsendur fyrir breytingunum og rökin fyrir þeim þar sem raunverulega er hrakið það sem fram hefur komið um að það sé einhver nauðsyn fyrir þeim breytingum sem er verið hér að gera á samkeppnislögum.

Hér segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur þessara tillagna er sagður vera að efla eftirlit með samkeppnishömlum. Byggjast tillögur að mestu á nið-

urstöðum nefndar viðskiptaráðherra um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis. Af skýrslu þeirrar nefndar og ummælum í athugasemdum í ofangreindum frumvörpum má ráða að eftirfarandi meginforsendur liggi til grundvallar þessum hugmyndum að skipulagsbreytingum í samkeppnismálum.

Núverandi skipulag og stjórnsýsla sé of flókin og tvískipting samkeppnisyfirvalda í Samkeppnisstofnun og — ráð sé sérstök og skapi ójafnvægi milli málsaðila.

Eftirlit með samkeppnisreglum sé lítill hluti af störfum Samkeppnisstofnunar.

Samkeppnisyfirvöld hafi ekki getað einbeitt sér nægjanlega að eftirliti með samkeppnisreglum vegna anna við önnur verkefni.

Samkeppnisyfirvöld geti ekki við óbreyttar aðstæður sinnt nauðsynlegum verkefnum.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að frumvarpið leggur til grundvallarbreytingar á stjórnsýslu í samkeppnismálum," segir hér í umsögninni.

Áfram segir, með leyfi forseta:

„Að mati Samkeppnisstofnunar er það bagalegt að framangreindar forsendur fyrir þessum breytingum byggjast í aðalatriðum á misskilningi eða röngum upplýsingum um núverandi stjórnsýslu í málaflokknum. Telur Samkeppnisstofnun það gagnrýnisvert að nefnd viðskiptaráðherra hafi kosið að leggja fram þessar tillögur án þess að leita upplýsinga hjá stofnuninni, samkeppnisráði, auglýsinganefnd eða áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Hlýtur almennt að teljast æskilegt að leitað sé upplýsinga um staðreyndir og reynslu þeirra stjórnvalda sem falin er framkvæmd á tilteknum lögum áður en gerðar eru tillögur um að stjórnsýslufyrirkomulagi á því sviði sé gerbylt. Þegar Samkeppnisstofnun fékk í hendur skýrslu nefndar viðskiptaráðherra um íslenskt viðskiptaumhverfi og upphafleg drög að frumvarpi til nýrra samkeppnislaga í september 2004 vakti stofnunin athygli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins á misskilningi og ónákvæmni sem fram kom í skýrslunni og drögunum. Viðbrögð ráðuneytisins fólust í því að gera breytingar á orðalagi í athugasemdum með drögum að frumvarpinu. Samkeppnisstofnun var jafnframt upplýst um það að engar breytingar yrðu gerðar á tillögum um nýtt stjórnsýslufyrirkomulag í samkeppnismálum."

Með öðrum orðum, virðulegi forseti, hæstv. ráðherra gaf bara fulltrúum Samkeppnisstofnunar langt nef þegar þeir komu með rökstuddum hætti á framfæri við ráðuneytið og ráðherra ýmsum athugasemdum og tillögum sem þeir höfðu fram að færa við þessa skýrslu nefndar viðskiptaráðherra. Er það raunar furðulegt að hæstv. ráðherra skuli hunsa Samkeppnisstofnun svo mikið sem raun ber vitni.

Það er forkastanlegt að hæstv. viðskiptaráðherra ætli ekkert að gera með umsögn Samkeppnisstofnunar. Það er auðvitað ljóst að það gengur þvert á markmið og tillögur sem unnar voru fyrir viðskiptaráðherra um stefnumótun í íslensku viðskiptaumhverfi þegar ráðherrann stendur nú að því að fylgja fram tillögum sem veikja stofnunina og skerða sjálfstæði hennar.

Það er líka athyglisvert að fara yfir álit Samkeppnisstofnunar varðandi breytingu á stjórnsýslunni sem fram kemur í umsögninni. Þar eru þeir að svara því sem hæstv. ráðherra byggir tillögur sínar á um breytingu á stjórnsýslunni, þ.e. að núverandi stjórnsýslufyrirkomulag sé flókið, sérstakt og óeðlilegt.

Um það segir í áliti Samkeppnisstofnunar, með leyfi forseta:

„Í áliti nefndar viðskiptaráðherra segir að núgildandi tvískipting samkeppnisyfirvalda í Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð sé sérstök og skapi ójafnvægi milli málsaðila og er í því samhengi á það bent að málsaðilar geti ekki flutt mál sín beint fyrir samkeppnisráði. Sökum þessa m.a. vill nefndin leggja niður samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun.

Samkeppnisstofnun fær í fyrsta lagi ekki séð hvað sé sérstakt eða óeðlilegt við núgildandi stjórnsýslufyrirkomulag í samkeppnismálum hér á landi. Jafnframt er ekki ljóst hver sú mælistika er sem heimilar þá ályktun að skipulag samkeppnismála hér á landi sé sérstakt. Í því sambandi verður að hafa í huga að það er mjög mismunandi hvernig einstök aðildarríki EES skipuleggja framkvæmd á samkeppnisreglum. Stjórnsýslufyrirkomulagið er t.d. ekki það sama í Noregi og Svíþjóð eða í Bretlandi og Írlandi. Samkvæmt gildandi lögum annast Samkeppnisstofnun rannsókn samkeppnismála og undirbýr mál í hendur samkeppnisráðs sem hefur það hlutverk að taka ákvarðanir á fyrsta stjórnsýslustigi. Ákvörðunum samkeppnisráðs er unnt að skjóta til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og síðar dómstóla. Þetta er í eðli sínu sama stjórnsýslufyrirkomulag og gildir í Danmörku þar sem stjórnvöld samkeppnismála eru samkeppnisstofnun, samkeppnisráð og áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Önnur ríki eins og t.d. Belgía og Frakkland hafa í aðalatriðum einnig farið þá leið að fela sérstakri samkeppnisstofnun að rannsaka mál og samkeppnisráði að taka ákvörðun í samkeppnismálum. Á hinn bóginn notast ríki eins og t.d. Þýskaland og Ítalía við aðra aðferð og fela einu og sama stjórnvaldi að rannsaka og taka ákvarðanir í samkeppnismálum. Að mati Samkeppnisstofnunar er því ekki unnt að rökstyðja breytingar á núgildandi fyrirkomulagi stjórnsýslu með vísan til þess að stjórnskipulagið sé á einhvern hátt sérstakt eða óeðlilegt.

Í skýrslu nefndar viðskiptaráðherra kemur fram að málsaðilar geti ekki flutt mál sitt fyrir samkeppnisráði öðruvísi en í gegnum Samkeppnisstofnun og að þessi „tvískipting í stofnun og ráð skapi ákveðið ójafnvægi milli málsaðila". Samkvæmt þessu virðist nefndin byggja á því að Samkeppnisstofnun sé líkt og fyrirtæki málsaðili fyrir samkeppnisráði. Svo er hins vegar ekki. Samkeppnisstofnun eða starfsmenn hennar eru ekki í stöðu málsaðila gagnvart samkeppnisráði og hafa enga hagsmuni af tiltekinni niðurstöðu mála. Samkeppnislögin gera sérstaklega ráð fyrir því að Samkeppnisstofnun annist dagleg störf ráðsins og stofnunin taki þátt í fundum ráðsins. Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð eru þannig ekki tvö aðskilin sjálfstæð stjórnvöld heldur eru þau í þeim málum þar sem samkeppnisráð fer með ákvörðunarvald í raun ígildi eins stjórnvalds. Má í þessu samhengi líkja starfsmönnum Samkeppnisstofnunar við starfsmenn ráðuneyta sem undirbúa mál sem ráðherra tekur ákvörðun í. Fáum aðilum stjórnsýslumáls dytti í hug að halda því fram að þeir séu í lakari stöðu gagnvart starfsmönnum ráðuneyta þar sem þeir sitji ekki fundi með

ráðherra þar sem stjórnsýslumál eru til lykta leidd. Samkeppnisstofnun hefur enga hagsmuni að verja fyrir samkeppnisráði. Á henni og samkeppnisráði hvílir einfaldlega sú skylda að tryggja að störf samkeppnisyfirvalda leiði til þess að markmið samkeppnislaga náist." (**Gripið fram í:** Faglegur metnaður.)

Virðulegi forseti. Það er mikil ókyrrð í stjórnarþingmönnum sem hér sitja og þeir grípa sífellt fram í. Ég skil það út af fyrir sig vel, virðulegi forseti, vegna þess að þeim líður ekki vel með þá afurð sem þeir eru að reyna að koma hér áfram og gera að lögum. (Gripið fram í.)

Ég vil halda áfram, virðulegi forseti, að vísa í þessa umsögn Samkeppnisstofnunar. Vonandi fæ ég frið til þess. Ég er að fara yfir rök hennar þar sem hún er að hnekkja því sem sagt er um að núverandi stjórnsýslufyrirkomulag sé flókið, sérstakt og óeðlilegt. Ég held áfram með umsögn um þann þátt málsins en hér segir, með leyfi forseta:

„Rétt er að hafa í huga að í máli sem varðaði ólögmætt samráð á grænmetismarkaði var látið reyna á næstum alla þætti varðandi stjórnsýslu samkeppnismála fyrir áfrýjunarnefnd samkeppnismála og dómstólum. Því var m.a. haldið fram af málsaðilum að Samkeppnisstofnun væri í stöðu aðila fyrir samkeppnisráði og ójafnvægi væri milli stofnunarinnar og viðkomandi fyrirtækja. Ekki var fallist á nein þessara gagnrýnisatriða. (**Viðskrh.:** Búið að því.) Úrskurður áfrýjunarnefndar, sem staðfestur var af Hæstarétti, sýnir að stjórnsýsla í samkeppnismálum er að þessu leyti fullkomlega eðlileg og sanngjörn. Í nýlegu máli sem varðar ólögmætt samráð olíufélaganna hefur áfrýjunarnefnd samkeppnismála hnykkt á því að stjórnsýslan í samkeppnismálum sé að þessu leyti eðlileg. Umfjöllun um þetta í nefndarálitinu byggir því á misskilningi á núverandi fyrirkomulagi í stjórnsýslu í samkeppnismálum og er ekki í samræmi við gildandi rétt. Jafnframt er ljóst að skýrsla nefndarinnar byggir á röngum upplýsingum því samkeppnisráð heimilar fyrirtækjum í alvarlegri málum að koma fyrir ráðið og tjá sig munnlega. Frá mars 2004 hefur öllum aðilum að málum þar sem kemur til álita að beita stjórnvaldssektum, til viðbótar við skriflegar athugasemdir til ráðsins, verið boðið að koma fyrir samkeppnisráð og tjá sig munnlega. Hafa málsaðilar í sektarmálum nýtt sér þetta og þetta fyrirkomulag hefur reynst vel."

Ég vík næst, virðulegi forseti, að mikilvægri breytingu sem ráðherrann er að beita sér fyrir og getur haft mjög alvarlegar afleiðingar, m.a. að draga úr möguleikum stofnunarinnar til að grípa til aðgerða gegn hringamyndun og samþjöppun eða yfirburðastöðu fyrirtækja á markaði. Í umsögn Samkeppnisstofnunar er eindregið varað við þessari breytingu. Í henni kemur fram að það að fella niður ákvæði í 17. gr. c í núgildandi lögum feli í sér ótvíræða veikingu á samkeppnislögum og möguleikum samkeppnisyfirvalda til þess að bregðast við alvarlegum samkeppnishömlum sem stafað geta af óhæfilegri samþjöppun og skaðlegri fákeppni.

Ég trúi því varla að hæstv. ráðherra sé að rengja, eins og mér heyrðist hæstv. ráðherra vera að gera áðan með frammíkalli, það sem Samkeppnisstofnun segir um þetta mál, sú sem best þekkir til. Samkeppnisyfirvöld hljóta að þekkja best hvaða úrræði þau þurfa að hafa til að geta gripið til aðgerða gegn hringamyndun og samþjöppun. Hæstv. ráðherra leyfir sér að gagnrýna og næstum segja (**Viðskrh.:** Nei, nei.) að hér sé bull á ferðinni, að það sé verið að veikja Samkeppnisstofnun með því að fella niður þetta ákvæði. Samkeppnisstofnun segir að hér sé um ótvíræða veikingu á samkeppnislögum að ræða og möguleikum samkeppnisyfirvalda til þess að bregðast við alvarlegum samkeppnishömlum sem stafað geta af óhæfilegri samþjöppun og skaðlegri fákeppni.

Í því umhverfi sem við erum í núna á fjármálamarkaðnum, svo að dæmi sé tekið, er mjög mikilvægt að hafa fyrir hendi slík úrræði sem hér er verið að taka af Samkeppnisstofnun.

Ég vil líka nefna að samkeppnisráð hefur túlkað þetta ákvæði sem á að fella niður svo að það veiti heimild til þess að krefjast uppskipta á fyrirtækjum. Það kom líka fram í umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar og var staðfest af Samkeppnisstofnun að samkeppnisráð hefur túlkað þetta ákvæði sem nú á að fella niður með þeim hætti að það veiti heimild til að krefjast uppskipta á fyrirtækjum en það er það ákvæði í frumvarpinu, nýtt, sem er sett inn og hæstv. ráðherra státar sig af ... (Gripið fram í.) Það var heimild fyrir því í núgildandi samkeppnislögum að krefjast uppskiptingar á fyrirtækjum. (Gripið fram í.) Þetta liggur fyrir sem túlkun samkeppnisráðs á þessum málum sem best ætti að þekkja til mála. Furðu sætir að stjórnvöld ætli að veikja samkeppnislögin með þessum hætti þegar það er yfirlýstur tilgangur nefndar viðskiptaráðherra að leita leiða um hvernig bregðast megi við aukinni samþjöppun í íslensku atvinnulífi. Sá er yfirlýstur tilgangur og markmið með þessum breytingum. Svo er það tæki sem er inni í núgildandi lögum til að bregðst við því numið á brott.

Ég segi, virðulegi forseti, þetta er alvarleg atlaga stjórnvalda gegn neytendum og heilbrigðu samkeppnisumhverfi, enda er þarna gengið erinda stóru viðskiptasamsteypnanna og viðskiptablokkanna sem eru að eignast Ísland. Ég spyr: Hvað vakir fyrir stjórnvöldum að gera slíkt, að ganga hér erinda þessara stóru viðskiptasamsteypna? Ég ætla bara að leyfa mér að segja það sem framsóknarmenn eru greinilega viðkvæmir fyrir hér í þessum sal: Geldur Samkeppnisstofnun fyrir þá vasklegu framgöngu sem hún sýndi í olíumálinu? Það er alltaf svo að ef einhver stofnun eða aðili í stjórnsýslunni leyfir sér að mótmæla með einum eða öðrum hætti stjórnvöldum eða er þeim ekki sammála eða setur eitthvað fram sem stjórnvöld eru ekki sammála um mega þau búast við að hér komi inn frumvarp um að leggja niður þá stofnun.

Við munum eftir Þjóðhagsstofnun. Hún var lögð niður af því að hún var ekki viljalaust verkfæri í höndum stjórnvalda. Við höfum á síðustu dögum verið að ræða um Mannréttindaskrifstofuna. Framlög eru bara tekin af henni af því að hún veitir umsagnir sem eru ekki stjórnvöldum að skapi, og svo mætti áfram telja. Við höfum orðið vitni að þessu í valdatíð ríkisstjórnarinnar og það er bara haldið áfram á þessari göngu, ef einhver hefst eitthvað að í stofnunum í samfélaginu sem stjórnvöldum er á móti skapi er þetta bara leiðin, refsivöndurinn hafinn á loft og viðkomandi látinn gjalda þess.

Það er athyglisvert að eftir að niðurstaðan í olíumálinu lá fyrir seint á síðasta ári voru gerðar grundvallarbreytingar

á því frumvarpi sem nefnd viðskiptaráðherra lagði til í meðferð þingflokka stjórnarflokkanna í málinu og allt í þá átt að veikja Samkeppnisstofnun og draga úr sjálfstæði hennar.

Um þetta atriði sem ég hef hér verið að nefna, 17. gr. c, þar sem verið er að taka út þetta ákvæði, möguleika Samkeppnisstofnunar til að taka á hringamyndun og samþjöppun í atvinnulífinu, er nauðsynlegt að fara yfir hvað Samkeppnisstofnun segir. Hún segir hér, með leyfi forseta:

„Í 16. gr. frumvarps til samkeppnislaga sem er sambærileg 17. gr. núgildandi laga hefur c-liður 1. mgr. 17. gr., þar sem segir að samkeppnisráð geti gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni, verið felldur á brott. Þetta er í hróplegri mótsögn við meintan tilgang með endurskoðun samkeppnislaganna. Ef þetta nær fram að ganga felur það í sér ótvíræða veikingu á samkeppnislögum og takmörkun á möguleikum samkeppnisyfirvalda til þess að bregðast við alvarlegum samkeppnishömlum, sem m.a. stafa af aukinni samþjöppun í viðskiptalífinu."

Það er bara hvorki meira né minna en þetta, það er verið að taka þetta tæki úr höndum Samkeppnisstofnunar. Skil ég ekki, virðulegi forseti, hvað vakir fyrir hæstv. viðskiptaráðherra sem í orði kveðnu hefur haldið því á lofti að við þurfum að búa hér við öflugt samkeppniseftirlit og hefur verið að reyna — þrátt fyrir að það hafi ekki oft gengið vel — að styrkja Samkeppnisstofnun, væntanlega af því að hæstv. viðskiptaráðherra hefur þá trú á Samkeppnisstofnun að hún sé mikilvæg í stjórnsýslu okkar og hefur trú á því að þar hafi verið unnir réttir hlutir. Þess vegna skil ég ekki þann viðsnúning hjá hæstv. viðskiptaráðherra að ganga hér erinda Sjálfstæðisflokksins og stóru viðskiptasamsteypnanna með því að fella út þetta ákvæði.

Hér segir áfram, með leyfi forseta:

„Samkeppnisstofnun leggur til að þetta ákvæði núgildandi 17. gr. verði styrkt enn frekar og samkeppnislög þar með gerð að öflugra tæki en þau nú eru til þess að berjast gegn óæskilegri samþjöppun, hringamyndun og skaðlegri fákeppni í íslensku viðskiptalífi."

Síðar í umsögn sinni fjallar hún um þetta ákvæði og segir, með leyfi forseta:

„Í 17. gr. samkeppnislaga er samkeppnisráði veitt heimild til þess að grípa til aðgerða gegn ýmsum tilvikum sem raska samkeppni. Í a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna er samkeppnisráði veitt heimild til þess að grípa til aðgerða gegn samningum og hvers konar athöfnum fyrirtækja sem brjóta í bága við bannreglur 10.–12. gr. samkeppnislaga. Í b-lið 1. mgr. 17. gr. laganna er samkeppnisráði að tilteknu skilyrði uppfylltu veitt heimild til að grípa til aðgerða gegn athöfnum opinberra aðila sem raskað geta samkeppni. Samkvæmt c-lið ákvæðisins getur samkeppnisráð gripið til aðgerða gegn „aðstæðum sem skaðleg áhrif hafa á samkeppni".

Saman mynda liðir a–c í 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga heildstætt og öflugt kerfi sem gerir samkeppnisyfirvöldum kleift að grípa til aðgerða gegn margvíslegum samkeppnishömlum. Í frumvarpinu er hins vegar umræddur c-liður 1. mgr. 17. gr. laganna felldur brott. Í athugasemdum við 16. gr. frumvarpsins eru tilgreind eftirfarandi rök fyrir þessari veikingu samkeppnislaga:

„Ákvæðið er ekki í samræmi við samkeppnisreglur Evrópusambandsins og ef það yrði haft óbreytt í lögunum ásamt þeim breytingum sem lagðar eru til í 2. mgr. þessarar greinar hefði Samkeppniseftirlitið víðtækari heimildir til að krefjast skipulagsbreytinga en t.d. framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Eftirlitsstofnun EFTA og norsk samkeppnisyfirvöld þar sem heimildin til að krefjast skipulagsbreytinga yrði ekki takmörkuð við að fyrirtæki hefði brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga.""

Tilvitnun lýkur í þessi rök sem sett eru fram í athugasemdum með frumvarpinu fyrir þessari breytingu.

Þessu svarar Samkeppnisstofnun og segir, með leyfi forseta:

„Í almennum athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ef c-liður 17. gr. laganna yrði óbreyttur í lögum yrðu heimildir samkeppnisyfirvalda til skipulagsbreytinga hjá fyrirtækjum of víðtækar. Samkvæmt þessu má ráða að í aðalatriðum liggi tvö sjónarmið til grundvallar þessari breytingu á gildandi lögum.

c-liður 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga er ekki í samræmi við samkeppnisreglur EB.

Heimildir Samkeppniseftirlitsins yrðu of víðtækar og meiri en sambærilegra systurstofnana ef umræddur c-liður 1. mgr. 17. gr. laganna stæði óbreyttur í nýjum samkeppnislögum.

Samkeppnisstofnun telur að hvorug þessara forsendna fyrir veikingu samkeppnislaga standist. Verður nú gerð nánari grein fyrir þessu." — Hún fer fyrst í meint ósamræmi við EES/EB-samkeppnisrétt og segir, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi er ljóst að ákvæði EES-samningsins koma ekki í veg fyrir það að íslensk samkeppnislög feli í sér styrkari reglur til að vinna gegn samkeppnishömlum heldur en þær reglur sem fram koma í samkeppnisákvæðum EES-samningsins. Þannig er það þekkt í samkeppnisrétti að samkeppnislög í t.d. Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi fela í sér strangari reglur heldur en þær sem fram koma í EES/EB-samkeppnisrétti. Í þessu samhengi má benda á að ákvæði 14. gr. íslensku samkeppnislaganna veita samkeppnisyfirvöldum ríkari heimildir en þekkjast í öðrum löndum til að hlutast til um skipulag opinberra fyrirtækja eða fyrirtækja sem njóta verndar jafnframt því að vera í samkeppni.

Fjallað er um lagaleg tengsl samkeppnislaga aðildarríkja EES og EES/EB-samkeppnisréttar í 3. gr. reglugerðar EB-ráðsins nr. 1/2003 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr. sáttamálans. Í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur fram að beiting innlendra samkeppnisreglna megi ekki leiða til þess að bannaðir verði samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkja en hamla ekki samkeppni í skilningi 81. gr. Rómarsáttmála eða uppfylla undanþáguskilyrði 3. mgr. 81. gr. sáttmálans eða falla undir reglugerð sem veitir tilteknum tegundum samninga undanþágu frá bannreglu 81. gr. Síðan segir í ákvæðinu að reglugerðin „kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti samþykkt og beitt á yfirráðsvæði sínu strangari landslögum sem banna eða beita viðurlögum við einhliða athæfi fyrirtækja" sbr. einnig 26. gr. frumvarpsins."

Það er því beinlínis rangt sem haldið er fram í athuga-

semdum með frumvarpi þessu að ákvæðið sé ekki í samræmi við samkeppnisreglur Evrópusambandsins og það komi í veg fyrir að hægt sé að halda þessu ákvæði inni. (Gripið fram í.)

Síðan segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu geta gilt hér á landi strangari samkeppnislög gagnvart samningum og samstilltum aðgerðum fyrirtækja sem ekki hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES. Einnig er beinlínis ráð fyrir því gert í EES-rétti að m.a. hér á landi geti gilt strangari reglur en í EES-réttinum sjálfum varðandi þær samkeppnishömlur sem stafað geta af markaðsráðandi fyrirtækjum. Samkvæmt þessu er það á engan hátt óeðlilegt eða í ósamræmi við EES-samninginn að hér á landi sé að finna heimild í samkeppnislögum til að grípa til aðgerða gegn öflugum fyrirtækjum, þar með talið fyrirmæli um skipulagsbreytingar, sem skapa eða viðhalda aðstæðum sem raska samkeppni, alveg án tillits til þess hvort viðkomandi fyrirtæki hafi brotið gegn banni 11. gr. samkeppnislaga við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. EES-samningurinn felur því ekki í sér rök fyrir því að fella c-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga á brott úr samkeppnislögum."

Síðan segir um þessar meintu víðtæku heimildir samkeppnisyfirvalda, með leyfi forseta:

„Sú forsenda frumvarpsins að heimildir samkeppnisyfirvalda yrðu of víðtækar ef umræddur c-liður 17. gr. yrði látinn halda sér óbreyttur stenst heldur ekki. Fyrir það fyrsta verður að líta til þess að til stuðnings því sjónarmiði að valdheimildir samkeppnisyfirvalda verði að þessu leyti of víðtækar er á það bent í frumvarpinu að heimildin til að krefjast skipulagsbreytinga yrði ekki takmörkuð við að fyrirtæki hefði brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga. Samkeppnisstofnun bendir hér á að gildandi samkeppnislög fela í sér heimild til að krefjast skipulagsbreytinga, sbr. umfjöllunina hér að framan. Ekki er því um að ræða að valdheimildir samkeppnisyfirvalda aukist þótt umræddur c-liður 17. gr. laganna mundi standa óbreyttur í nýjum samkeppnislögum.

Í öðru lagi verður almennt að horfa til þess að ekkert mælir gegn því að Íslendingar setji sér styrkari samkeppnisreglur heldur en gilda annars staðar gagnvart t.d. markaðsráðandi fyrirtækjum og EES-samningurinn felur í raun Alþingi sjálfdæmi um það, samanber framangreint. Landfræðileg einangrun landsins, fámenni og tilhneiging til myndunar fákeppnismarkaða geta falið í sér rök fyrir því að hér á landi gildi enn sterkari samkeppnislög heldur en hjá fjölmennari þjóðum.

Í þriðja lagi er það alls ekki svo að íslensk samkeppnisyfirvöld mundu hafa valdheimildir sem ekki þekkjast annars staðar ef c-liður 17. gr. stæði óbreyttur í nýjum samkeppnislögum. Í þessu samhengi verður að horfa til þess að samkeppnislög ríkja byggja almennt á tveimur meginstoðum. Annars vegar reglum sem ætlað er að koma í veg fyrir að fyrirtæki raski samkeppni með hegðun sinni á markaði og hins vegar reglum sem ætlað er að koma í veg fyrir að fyrirtæki breyti samkeppnislegri gerð markaðarins og dragi úr samkeppni með samruna eða yfirtöku. Íslensk samkeppnislög eru byggð upp með þessum hætti. Þannig koma t.d. fram í 10. og 11. gr. laganna ákvæði sem banna skaðlega hegðun fyrirtækja eins og verðsamráð, markaðsskiptingu og hvers konar misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Í 18. gr. samkeppnislaga kemur hin meginstoðin fram en í ákvæðinu er samkeppnisráði veitt heimild til að grípa til aðgerða í því skyni að hindra að samruni breyti gerð markaða á þann hátt að dragi með alvarlegum hætti úr samkeppni. Samkeppnishömlur geta hins vegar í vissum tilvikum átt rót sína að rekja til annarra atriða en samruna eða brota fyrirtækja á bannreglum samkeppnislaga. Hugsanlegt er t.d. að fyrirtæki sé í slíkri yfirburðastöðu á markaði að tilvist þess í óbreyttu formi geti útilokað eða takmarkað að verulegu leyti samkeppni. Í slíkum tilvikum felst hið samkeppnislega vandamál ekki í brotlegri hegðun viðkomandi fyrirtækis heldur í því að einstök yfirburðastaða þess sem slík raskar samkeppni. Röskun á samkeppni af þessum toga getur hins vegar verið jafnalvarleg fyrir neytendur og sú takmörkun á samkeppni sem leiðir af broti á bannreglum samkeppnislaga. Samkvæmt núgildandi lögum væri unnt að grípa til aðgerða á grundvelli umræddra c-liðar 17. gr. gegn samkeppnishamlandi afstöðu af þessum toga. Þekkt er í samkeppnisrétti annarra þjóða að unnt sé að taka á samkeppnishömlum sem ekki eiga rót sína að rekja til brots á bannreglum eða til samruna fyrirtækja. Dæmi um þetta eru breskur og norskur samkeppnisréttur."

Síðan fer hún yfir breskan samkeppnisrétt og þar er að finna, virðulegi forseti, miklu ítarlegri og strangari ákvæði en eru í 17. gr. núgildandi samkeppnislaga. Samkeppnisstofnun er raunverulega að kalla eftir því að fá ákvæði sem er fyllra og skýrara og feli í sér víðtækari heimildir til að grípa til aðgerða en eru í núgildandi samkeppnislögum. Hæstv. ráðherra bregst hins vegar þveröfugt við og bara nemur á brott þetta ákvæði þannig að þau í Samkeppnisstofnun standa alveg berskjölduð ef þau þurfa að grípa til aðgerða gegn samkeppnishömlum, t.d. gegn hringamyndun eða fákeppni.

Þau segja hér, þar sem þau vitna í breskan samkeppnisrétt, með leyfi forseta:

„Í breskum samkeppnisrétti er að finna mjög víðtækar heimildir til að grípa til aðgerða gegn samkeppnishömlum sem ekki stafa af samruna eða broti fyrirtækja á bannreglum breskra samkeppnislaga. Samkvæmt breskum samkeppnislögum getur breska samkeppnisstofnunin vísað málum til annars stjórnvalds á sviði samkeppnisréttar (samkeppnisnefndin (Competition Commission)) þegar samkeppnisstofnunin telur líkur á því að til staðar séu aðstæður eða einkenni á tilteknum breskum markaði sem takmarki eða raski samkeppni. Aðstæður eða einkenni á viðkomandi markaði eru í þessum skilningi skilgreind sem hvers konar þættir í gerð eða uppbyggingu viðkomandi markaðar og hvers konar hegðun m.a. fyrirtækja sem kaupa og selja vöru á viðkomandi markaði. Breska samkeppnisstofnunin hefur lýst því yfir að mál af þessum toga (market investigations) snúist ekki um rannsókn á því hvort fyrirtæki hafi brotið lög með því að hafa með sér ólögmætt samráð eða misnota markaðsráðandi stöðu. Tilgangur þessara rannsókna sé að kanna hvort samkeppni sé virk á viðkomandi markaði í heild sinni. Þegar slík samkeppnisleg vandamál séu til staðar dugi ekki bannregla breskra samkeppnislaga. Ef samkeppnisnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að

aðstæður á makaði raski samkeppni hefur hún mjög víðtækar heimildir til að grípa til aðgerða. Getur nefndin til að mynda mælt fyrir um uppskiptingu fyrirtækja ef það er talið nauðsynlegt til að tryggja samkeppni. Samkvæmt þessu er alveg ljóst að bresk samkeppnisyfirvöld geta krafist skipulagsbreytinga hjá fyrirtækjum þrátt fyrir að þau hafi ekki brotið gegn breskum samkeppnislögum."

Síðan er farið í norsku samkeppnislögin líka og þar kemur fram að unnt sé að setja reglur gegn viðskiptaháttum, samningum eða aðgerðum sem takmarka eða eru líklegar til að takmarka samkeppni. Þar er jafnframt ekki skilyrði fyrir beitingu þess ákvæðis gagnvart fyrirtækjum að þau hafi brotið gegn bannákvæðum norsku samkeppnislaganna.

Þá kemur niðurstaða Samkeppnisstofnunar. Ég hef leyft mér, virðulegi forseti, að vitna nokkuð ítarlega í þetta álit Samkeppnisstofnunar að því er varðar þessa 17. gr. vegna þess að ég tel að þetta sé eitt af því alvarlegasta sem hæstv. ráðherra er að gera, þ.e. að fella brott þessa grein. Það er mikilvægt að í þingsal komi skýrt fram þau rök sem Samkeppnisstofnun teflir fram fyrir því að það verði ekki gert. Ég held að við munum geta staðið frammi fyrir því að sú staða gæti komið upp að menn muni kannski sjá eftir því að hafa tekið brott þessa 17. gr. c, þegar ekki verður hægt að beita henni gegn hringamyndun eða fákeppni í atvinnulífinu.

Niðurstaðan er sem sagt þessi, með leyfi forseta:

„Samkvæmt framansögðu telur Samkeppnisstofnun að forsendur frumvarpsins fyrir því að c-liður 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga verði felldur á brott úr samkeppnislögum séu rangar. Ef þessi tillaga frumvarpsins nær fram að ganga felur hún í sér ótvíræða veikingu á samkeppnislögum og takmörkun á möguleikum samkeppnisyfirvalda til þess að bregðast við alvarlegum samkeppnishömlum sem stafað geta af óhæfilegri samþjöppun og skaðlegri fákeppni. Þessi veiking á samkeppnislögum mundi þannig koma í veg fyrir að samkeppnisyfirvöld gætu beitt sér gegn þeim samkeppnistakmörkunum sem stafað geta af yfirburðastöðu fyrirtækja á tilteknum mörkuðum. Í því sambandi verður og að hafa í huga að yfirlýstur tilgangur nefndar viðskiptaráðherra var að taka fyrir hvernig bregðast mætti við aukinni samþjöppun í íslensku atvinnulífi. Ein helsta tillaga nefndarinnar til að vinna gegn óæskilegri samþjöppun lýtur að því að samkeppnisyfirvöld hafi skýra heimild til að mæla fyrir um skipulagsbreytingar hjá fyrirtækjum sem m.a. „skapa aðstæður" sem skaðleg áhrif hafa á samkeppni. Því má alveg ljóst vera að sú tillaga frumvarpsins að fella á brott umrætt ákvæði samkeppnislaga er í andstöðu við tillögur nefndar viðskiptaráðherra.

Í d-lið 2. mgr. 5. gr. núgildandi samkeppnislaga kemur fram að eitt af hlutverkum samkeppnisráðs sé að fylgjast með samkeppni á einstökum mörkuðum og kanna eigna- og stjórnunartengsl milli fyrirtækja. Er sagt að þetta skuli gera í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar. Í skýrslu nefndar viðskiptaráðherra var lagt til að bætt yrði við þetta ákvæði málslið þess efnis að Samkeppniseftirlitið skuli birta skýrslur um athuganir sínar og grípa til aðgerða til að stuðla að virkri samkeppni. Er þessi tillaga nefndarinnar tekin upp í 8. gr. frumvarps til nýrra samkeppnislaga, samanber umfjöllun hér að framan. Samkeppnisstofnun vekur athygli á því að viðbúið er að samkeppnishömlur sem stafað geta af hringamyndun og samþjöppun eigi ekki rót sína að rekja til brota á bannreglu samkeppnislaga heldur til skaðlegra aðstæðna í skilningi c-liðar 17. gr. núgildandi samkeppnislaga. Með því að fella á brott það ákvæði samkeppnislaga er verið að vinna gegn markmiði þeirra breytinga sem lagðar eru til í 8. gr. frumvarpsins. Með öðrum orðum þá er lagt til í 8. gr. frumvarpsins að samkeppnislögum verði breytt þannig að samkeppnisyfirvöldum beri að fylgjast með hringamyndun og samþjöppun og grípa til aðgerða gegn þessu. Í 16. gr. frumvarpsins hefur hins vegar eitt helsta tækið til að vinna gegn þessum hömlum verið fellt á brott úr lögunum. Er hér um að ræða einkar skýra innbyrðis mótsögn í frumvarpinu."

Svo mörg voru þau orð, virðulegi forseti, hjá Samkeppnisstofnun um þetta ákvæði, og trúi ég því varla að hæstv. viðskiptaráðherra ætli bara að láta þau faglegu rök sem hér eru sett fram gegn því að felld verði niður þessi 17. gr. sem vind um eyru þjóta, og þeim mun heldur þegar þetta kemur frá þeim sem best þekkja til hvernig standa eigi að samkeppniseftirliti hér á landi.

Það er ástæða til að nefna í þessu sambandi, þegar verið er að veikja samkeppnislögin svo með því að taka út þetta ákvæði, að Morgunblaðið hvatti til þess í ritstjórnargrein nýlega að taka frumvarp viðskiptaráðherra um starfsumhverfi atvinnulífsins til rækilegrar endurskoðunar þannig að lög yrðu sett sem endurspegluðu betur vilja almennings í landinu. Þar var verið að vitna til fjöldahreyfingar Agnesar Bragadóttur um kaup almennings á Símanum og þess getið einmitt í ritstjórnargreininni að stjórnmálamenn væru tregir til að ganga þvert á hagsmuni stóru viðskiptasamsteypnanna. Það er auðvitað full ástæða til að taka undir þessa hvatningu Morgunblaðsins. Skil ég reyndar ekki hvers vegna Morgunblaðið hefur ekki gert þessari ítarlegu umsögn Samkeppnisstofnunar betri skil þar sem verið er að veikja hana, draga úr sjálfstæði hennar og taka upp þau rök sem Samkeppnisstofnun hefur sett fram fyrir því að halda inni þessu ákvæði 17. gr. c, sem er í núgildandi lögum, sem er raunar forsendan fyrir því að hægt sé að taka á hringamyndun og samþjöppun í íslensku atvinnulífi.

Ég vil víkja að öðru ákvæði sem hæstv. viðskiptaráðherra sá ástæðu til að fella út úr tillögum nefndarinnar um íslenskt viðskiptaumhverfi eftir að Sjálfstæðisflokkurinn hafði fjallað um frumvarpið. Svo virðist sem hæstv. viðskiptaráðherra beygi sig fyrir öllu sem fram kemur hjá Sjálfstæðisflokknum og alveg sama þó að það sé til þess fallið að veikja Samkeppnisstofnun eða draga úr möguleikum hennar til að halda hér uppi virku samkeppniseftirliti. Þannig hafa stjórnarflokkarnir sammælst um að fella út mikilvægt rannsóknarúrræði sem nefnd viðskiptaráðherra lagði til á sínum tíma, sem var heimild til vettvangsrannsókna á heimilum stjórnenda fyrirtækja. Samkeppnisstofnun hefur líka mjög gagnrýnt það að fá ekki þetta rannsóknarúrræði. Húsleit hjá stjórnendum fyrirtækja er m.a. heimiluð í norskum lögum og af þeim er afar góð reynsla, virðulegi forseti, og m.a. hafa oft fundist á heimilum forstjóra samráðsgögn sem ekki voru vistuð í fyrirtæki.

Um þetta segir í umsögn Samkeppnisstofnunar, með leyfi forseta ... (Gripið fram í.) Ég held að ekki veiti af, virðulegi forseti, að lesa þetta álit aftur og aftur, og aftur og aftur (**LB:** Sammála því.) til þess að athuga hvort það geti ekki síast inn í höfuðið á hæstv. ráðherra að hún veður í villu með því að taka ekki tillit til þess sem fram kemur hjá Samkeppnisstofnun.

Ég fer nú að taka aftur það sem ég sagði í upphafi máls míns, að hæstv. ráðherra hefði lesið þetta álit. Ég hygg að hún hafi bara ekkert lesið þetta álit og þeim mun frekar er ástæða til að fara ítarlega yfir það í þessari umræðu, virðulegi forseti.

Um húsleitina segir Samkeppnisstofnun, með leyfi forseta:

„Samkeppnisstofnun leggur til að 20. gr. frumvarps til nýrra samkeppnislaga verði breytt og samkeppnisyfirvöldum veitt heimild til vettvangsrannsókna á heimilum, landsvæðum eða flutningatækjum í eigu stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis."

Síðar í umsögninni er farið ítarlegar í þessa grein, og þar segir, með leyfi forseta:

„Í 20. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimildir Samkeppniseftirlitsins til þess að framkvæma húsleit á starfsstöðum fyrirtækja. Ákvæðið er efnislega samhljóða 40. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisstofnun vekur hins vegar athygli á því að í tillögu nefndar viðskiptaráðherra var lagt til að samkeppnisyfirvöldum yrðu veittar ríkari heimildir til vettvangsrannsókna, þar á meðal á heimilum, landsvæðum eða flutningatækjum í eigu stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna hlutaðeigandi fyrirtækis. Taldi nefndin eðlilegt að samkeppnisyfirvöld fengju sams konar heimild til vettvangsrannsókna hjá fyrirsvarsmönnum íslenskra fyrirtækja og Eftirlitsstofnun EFTA mun hafa hér á landi. Í drögum að frumvarpi til nýrra samkeppnislaga sem viðskiptaráðherra kynnti opinberlega 1. október 2004 var þessi tillaga nefndarinnar tekin upp og gerð tillaga í 20. gr. frumvarpsins um sams konar heimild og Eftirlitsstofnun EFTA mun fá hér á landi. Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi hefur þetta nýmæli verið fellt brott."

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að hæstv. ráðherra fari aftur yfir það af hverju hún vill ekki taka þetta ákvæði upp sem var sett fram í nefnd á hennar vegum. Mig minnir að hæstv. ráðherra hafi talað um að nefnd á vegum viðskiptaráðherra og dómsmálaráðherra væri að fjalla um þessi mál. Ef það eru rökin, sem mig minnir að hafi verið, er nauðsynlegt að fá fram, sem ekki var hægt að fá upplýst í nefndinni, hvenær þessi nefnd muni skila af sér. Ég tel að það sé alveg nauðsynlegt að samkeppnisyfirvöld hafi þetta úrræði sem vel hefur gefist t.d. í Noregi.

Hér segir í umsögninni, með leyfi forseta:

„Samkeppnisstofnun leggur til að samkeppnisyfirvöldum verði veitt ríkari heimild til vettvangsrannsókna í samræmi við tillögur nefndar viðskiptaráðherra. Hér ber að hafa í huga að í 22. gr. frumvarpsins er lagt til að Eftirlitsstofnun EFTA verði veitt heimild til vettvangsrannsókna, m.a. á heimilum fyrirsvarsmanna fyrirtækja. Samkeppnisstofnun fær ekki séð að nein rök mæli gegn því að íslensk samkeppnisyfirvöld hafi sömu heimildir. Samkeppnisstofnun bendir einnig á að brot fyrirtækja gegn samkeppnislögum eru oft framin í leynd og erfitt getur verið að sanna þau. Erlendar systurstofnanir Samkeppnisstofnunar og alþjóðasamtök eins og t.d. OECD hafa á undanförnum árum fjallað talsvert um afleiðingar af samkeppnishamlandi samráði keppinauta. Niðurstaðan virðist vera sú að slíkt samráð sé algengara og skaðlegar afleiðingar þess mun meiri og alvarlegri en áður var talið. Í skýrslu OECD er hvatt til þess að aðildarríki styrki viðurlög sín við þessum brotum og beiti t.d. háum sektum til að tryggja að fyrirtæki geti ekki hagnast af slíku athæfi. OECD hefur einnig bent á að reynslan sýni að fyrirtæki ganga sífellt lengra í viðleitni sinni til að fela þessi brot. Bent er í dæmaskyni á mál þar sem stjórnendur hjá stórfyrirtæki gættu þess að geyma allar upplýsingar um samráð á tölvudiski sem falinn var uppi á háalofti heima hjá ömmu eins stjórnandans. Einnig er sagt frá máli þar sem samkeppnisyfirvöld sendu ósk um upplýsingar og í kjölfarið fluttu stjórnendur fyrirtækisins skjöl út á víðavang þar sem það tók daginn að brenna þau í fjórum stórum bálköstum, eins og það er orðað í skýrslu OECD. Þessi aukna vitneskja um afleiðingar og eðli samráðs keppinauta hefur leitt til þess að ýmis ríki hafa breytt samkeppnislögum sínum og styrkt þau. Þannig hafa t.d. Bretar og Írar hert mjög viðurlög og eflt rannsóknarúrræði í þessum málaflokki. Norsk samkeppnisyfirvöld hafa um langt árabil haft heimild til húsleita á heimilum starfsmanna fyrirtækja.

Einnig liggur fyrir að sú breyting á EES/EB-samkeppnisrétti að heimila húsleitir á heimilum fyrirsvarsmanna fyrirtækja byggir á reynslu af málum þar sem í ljós hefur komið að stjórnendur fyrirtækja hafa falið gögn sem varða ólögmætt samráð fyrirtækja á heimilum sínum. Ef ætlunin er að eftirlit með samkeppnisreglum verði nægjanlega virkt hér á landi telur Samkeppnisstofnun blasa við að veita beri þessar auknu rannsóknarheimildir."

Hér kemur fram alveg skýrt og skorinort að víða í löndum sem við berum okkur saman við er verið að styrkja samkeppnislög, samkeppniseftirlit og þau rannsóknarúrræði sem samkeppnisyfirvöld hafa. Hér göngum við í þveröfuga átt. Hæstv. viðskiptaráðherra er í forsvari fyrir stjórnarmeirihlutann að veikja samkeppnislögin og draga úr sjálfstæði þeirra og hunsa þær óskir sem Samkeppnisstofnun er að leita eftir um að fá aukin rannsóknarúrræði.

Ég geri ráð fyrir að hæstv. viðskiptaráðherra hafi lesið skýrslu nefndar sinnar um íslenskt viðskiptaumhverfi en þar er einmitt farið inn á þá nauðsyn að Samkeppnisstofnun fái þetta úrræði. Sé ég ekki ástæðu til að lesa það frá orði til orðs en hér kemur alveg skýrt fram að hún leggur til að lögfestar verði húsleitarheimildir.

Ég vil þá, virðulegi forseti, næst fara inn á breytingu á stjórnskipulagi stofnunarinnar sem nokkuð hefur verið rætt hér. Vekur það furðu hvernig hæstv. ráðherra ætlar að standa að málum. Hv. efnahags- og viðskiptanefnd hefur lítið gert af því að breyta og raunar kemur hér inn ákvæði til bráðabirgða í meðförum nefndarinnar sem er alveg stórfurðulegt og ég mun fara nokkrum orðum um það og óska eftir skýringum hæstv. ráðherra á því ákvæði. Það er alveg ljóst að með þeim breytingum sem hér eru lagðar til á stjórnskipulagi stofnunarinnar er veruleg hætta á pólitískri íhlutun í störf Samkeppnisstofnunar. Í núgildandi lögum er

kveðið á um að stjórnarmenn megi ekki hafa beinna eða verulegra hagsmuna að gæta, þ.e. formaður og varaformaður. Þetta ákvæði er tekið út í frumvarpinu og hæfisskilyrði veikt þannig að viðskiptaráðherra getur skipað þriggja manna stjórn stofnunarinnar, getur skipað í hana þá sem hafa hagsmuna að gæta í atvinnulífinu ef hann svo kýs. Auk þess er kveðið á um að allar meiri háttar ákvarðanir eigi að bera undir stjórnina og með því tel ég að sé skert verulega sjálfstæði stofnunarinnar.

Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar hefur heldur dregið hér úr með því að bæta við nýjum málslið, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Stjórnin skal setja sér starfsreglur, þar sem m.a. skal kveðið á um hvað teljist til meiri háttar ákvarðana." — Að auki hefur hún bætt inn orðinu „efnislegar".

Hér hefur heldur verið dregið úr enda var nauðsynlegt að taka á þessu. Eftir sem áður tel ég að eins og þessi lagarammi er úr garði gerður, og ætlunin er að lögfesta hann, sé veruleg hætta á pólitískri íhlutun í störf Samkeppnisstofnunar.

Ég ætla alveg að taka undir það sem þeir í stjórnarandstöðunni hafa sagt í þessum stól, þeir sem hafa talað á undan mér, að það kemur ekki á óvart að ráðamenn noti þessar breytingar á stjórnskipulagi stofnunarinnar til að setja til hliðar núverandi forustumenn í Samkeppnisstofnun. Hún hefur svo sannarlega, virðulegi forseti, þrátt fyrir þröngan fjárhag stofnunarinnar haldið uppi öflugu eftirliti með samkeppni og rótað upp í heilu atvinnugreinunum sem hafa verið í samsæri gegn hagsmunum almennings. Kannski munu þeir súpa seyðið af því með þessu frumvarpi stjórnarflokkanna sem er raunverulega frumvarp um veikingu á Samkeppnisstofnun.

Í núgildandi lögum er forstjóri valinn af ráðherra en samkvæmt frumvarpinu er hann valinn af þriggja manna ráðherraskipaðri stjórn og líklegt að í henni verði pólitískir fulltrúar. Forstjórinn starfaði áður sjálfstætt en nú þarf hann að bera ákvarðanir undir stjórnina áður en gripið er til aðgerða. En meiri hlutinn hefur aðeins dregið í land og búið er að bæta við orðinu „efnislegar" eins og ég nefndi.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra skýri út (Gripið fram í.) þær breytingar sem hér eru lagðar til í ákvæði til bráðabirgða. (Gripið fram í.) Ég vænti þess, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra hlýði hér á mál mitt þegar ég er að bera undir hæstv. ráðherra spurningar sem ég ætlast til að hæstv. ráðherra svari. Þar sem ég sé nú ekki hæstv. ráðherra vildi ég biðja forseta um að athuga hvort ráðherrann hlýði á mál mitt vegna þess að ég er að bera hér undir hana spurningu. Ég hlýt að ætlast til þess að ráðherrann hlusti þá á það sem ég hef fram að færa vegna þess að hér er um að ræða nýtt ákvæði í ...

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseti hefur orðið þess var að hæstv. ráðherrann hefur setið undir ræðu þingmannsins frá upphafi, og er ekki langt undan.)

(**Gripið fram í:** Formaður nefndarinnar er hér.) Já, ég hef ekkert við formann nefndarinnar að tala. Ég hef við hæstv. ráðherra að tala, (Gripið fram í.) hér er um að ræða nýtt ákvæði sem ekki var inni í frumvarpinu (Gripið fram í.) þegar við ræddum það við 1. umr. Ég hef áhuga á að heyra sjónarmið hæstv. ráðherra um þetta nýja ákvæði sem við erum hér að fjalla um. (Gripið fram í.) Mér er alveg kunnugt um sjónarmið hv. þm. Péturs Blöndals og hef engan áhuga á að hlýða á sjónarmið hans í þessu máli. Ég hef áhuga á að hlusta (Gripið fram í.) á hæstv. ráðherra, hvað hún hefur að segja um þetta nýja ákvæði til bráðabirgða.

Hér kemur fram að starfsmönnum Samkeppnisstofnunar skal boðið — ég er að lesa hér upp úr breytingartillögum meiri hlutans, með leyfi forseta:

„Starfsmönnum Samkeppnisstofnunar skal boðið annað starf hjá þeim stofnunum er taka við verkefnum Samkeppnisstofnunar 1. júlí 2005, þ.e. Samkeppniseftirliti og Neytendastofu. Við ráðstöfun þeirra starfa þarf ekki að gæta 7. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Viðskiptaráðherra er heimilt að skipa þegar stjórn Samkeppniseftirlitsins og skal stjórnin" — og nú kem ég að því —„hafa heimild til að undirbúa gildistöku laganna, þ.m.t. að bjóða starfsmönnum Samkeppnisstofnunar annað starf hjá Samkeppniseftirlitinu, sbr. 1. mgr., eftir 1. júlí 2005."

Ja, hérna.

Virðulegi forseti. Í frumvarpinu sem á hér að gera að lögum er það forstjórinn sem á að ráða starfsmenn. Hann er sjálfur ráðinn af stjórn stofnunarinnar en forstjórinn á að annast daglega stjórn á starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar. Hér á að byrja í þessu nýja samkeppnisapparati á því að það er stjórnin sem á að ráða starfsmenn. Getur þetta gengið, virðulegi forseti? Það var ítarlega farið yfir þetta með starfsmönnum stofnunarinnar og það er alveg ljóst að þeir skilja heldur ekki þetta ákvæði sem hér er verið að setja inn. Rökin fyrir því að verið er setja þetta inn er að eyða eigi óvissu að því er varðar starfsöryggi starfsfólksins og þess vegna þurfi stjórnin að grípa til þess að skipa starfsmenn, en ekki þá forstjórinn.

Ef það á að gera þetta með þessum hætti tel ég mjög varasamt að stjórn stofnunarinnar skipi starfsfólk en ekki forstjóri. Og ef það tekur einhvern tíma að skipa forstjóra á bara að fresta gildistökunni á þessu frumvarpi til haustsins þannig að það verði forstjórinn sjálfur sem ræður starfsfólkið en ekki stjórn stofnunarinnar. Þetta finnst mér mjög alvarleg breyting sem verið er að gera og vil gjarnan fá að heyra álit hæstv. ráðherra á því.

Ég hafði ætlað mér að fara í að ræða nokkuð ítarlega það sem fram kemur og Samkeppnisstofnun er að kalla eftir, að Samkeppniseftirlit geti höfðað mál fyrir dómstólum vilji þeir ekki una úrskurði áfrýjunarnefndar. Ég mun bíða með það þar til í síðari ræðu minni eða við 3. umr. Ég tel að einnig hefði þurft að fara mjög ítarlega yfir 27. gr., um framsal eða takmörkun á sjálfstæði dómsvalds, sem á að keyra hér í gegn. Meiri hlutinn hefur ekki viljað hlusta á breytingartillögu sem Stefán Már Stefánsson hefur gert varðandi þessa grein. Ég tel mjög alvarlegt að gera þetta með þessum hætti, að lögfesta framsal á dómsvaldi. Stefán Már Stefánsson kom með ákveðna breytingartillögu sem fram kemur í umsögn hans og ég tel að efnahags- og viðskiptanefnd hefði átt að taka tillit til hennar þar sem þá væri tryggt að ekki væri verið að brjóta stjórnarskrána sem menn telja að verið sé að gera með því að fara þá leið sem 27. gr. felur í sér.

Ég hefði líka talið ástæðu til að fara ítarlega yfir fjár-

mögnun stofnunarinnar og álit Samkeppnisstofnunar í því efni. Gerð hefur verið lausleg þarfagreining á nauðsynlegum mannafla sem stofnunin þarf að hafa yfir að ráða. Það er ekki farið að þeim tillögum hjá hæstv. ráðherra og þótt verið sé að auka nokkuð fjármagn til stofnunarinnar, um 60 milljónir, hefur komið fram hjá forráðamanni stofnunarinnar og lýst er í þeirri þarfagreiningu sem nefndin fékk að um 100 millj. kr. þyrfti til þess að stofnunin gæti annað þeim verkefnum sem henni eru ætluð.

Þetta eru kaflar í þessu frumvarpi sem ég þarf að fara ítarlega yfir í síðari ræðu minni eða við 3. umr. Ég geri ráð fyrir að fleiri þurfi að komast að hér og nú þannig að ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. En það skal vera ljóst, virðulegi forseti, að þegar þessi ríkisstjórn verður farin frá og Samfylkingin tekin við verður það fyrsta verk okkar að breyta þessum samkeppnislögum, styrkja þau aftur og tryggja Samkeppnisstofnun þann sess sem henni ber í stjórnsýslunni vegna þess að það er ekkert mikilvægara fyrir neytendur og hagsmuni almennings en að hafa sterk samkeppnislög. Hún á að vera eins styrk og kostur er og ekki síðri en í nágrannalöndum okkar. Með þessu frumvarpi er stigið skref aftur á bak og þetta frumvarp er, og það skulu vera lokaorð mín, virðulegi forseti, um að veikja Samkeppnisstofnun og fá tilefni til þess að reka starfsfólk sem hefur staðið sig í stykkinu og gert hluti — þrátt fyrir að stofnunin hafi verið svelt — sem hafa skilað miklu til þess að bæta hér stöðu og hagsmuni neytenda.

[17:35]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom víða við í ræðu sinni og við margt í hennar máli er vert að gera athugasemdir, en tækifæri gefst til að fara ítarlegar í það síðar í þessari umræðu.

Ég tel rétt að staldra við eitt atriði á þessu stigi og það er sjónarmið sem hv. þingmaður reifaði varðandi 16. gr. frumvarpsins sem varðar breytingar sem m.a. fela í sér að samkeppnisyfirvöldum er með skýrum hætti fengin heimild til að skipta upp fyrirtækjum sem hafa gerst brotleg við ákvæði samkeppnislaga. Þarna er um að ræða skýra heimild. Það er rétt sem hv. þingmaður benti á að samkeppnisyfirvöld hafa talið sig hafa þessa heimild en henni hefur ekki verið beitt og það hafa verið efasemdir um að í núverandi ákvæði fælist sú heimild sem þarna er vísað til. En þarna er þetta komið með ótvíræðum hætti inn og mig langar til að spyrja hv. þingmann hvort hún telji ekki að með því að setja þetta fram með þessum hætti sé verið að styrkja þetta ákvæði samkeppnislaganna vegna þess að þarna er verið að gefa skýra heimild sem ekki var fyrir hendi í lögunum áður. Í þessu sambandi er kannski rétt að taka fram að það almennt orðaða ákvæði sem samkeppnisyfirvöld hafa talið að fæli í sér þessa heimild er að mínu mati og margra annarra allt of veikt ákvæði, allt of veik lagaheimild til þess að grípa til jafnafdrifaríkra aðgerða og túlkunin kveður á um.

En þarna er sem sagt komin inn ný skýr heimild sem úrræði fyrir Samkeppniseftirlit í málum af þessu tagi og ég vildi spyrja hv. þingmann hvort hún sé ekki sammála mér um að þarna sé um að ræða styrkingu á þessu ákvæði.

[17:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Það hefur legið fyrir og kom fram í nefndinni að samkeppnisráð hefur túlkað þetta ákvæði 17. gr. c sem verið er að fella niður. Túlkunin hefur verið með þeim hætti að stofnunin hafi nú þegar heimild til þess að skipta upp fyrirtækjum. Með því að lögfesta þetta ákvæði nú sem hv. þingmaður nefnir er bara verið að staðfesta þessa túlkun samkeppnisráðs og samkeppnisyfirvalda þannig að hér er ekki um nein viðbótarúrræði að ræða sem Samkeppnisstofnun hefur ekki í dag.

En um leið notar meiri hlutinn tækifærið til að fella út ákvæði í 17. gr. c sem er afar mikilvægt og ég fór mörgum orðum um í máli mínu og ég fór yfir rökstuðning Samkeppnisstofnunar í því máli. Þeir telja að með því að fella brott þetta ákvæði eins og núna er gert sé verið að koma í veg fyrir að stofnunin geti gripið til aðgerða gegn hringamyndun og samþjöppun.

Samkeppnisstofnun hefur verið að kalla eftir því að styrkja þetta ákvæði, fá skýrari heimildir og styrkja þetta ákvæði og hún vitnar þar t.d. til breskra laga og norskra laga þar sem þetta ákvæði er mjög skýrt enda kannski eitt af mikilvægustu ákvæðum samkeppnislaga. Það er þetta ákvæði sem verið er að fella brott. Það er það sem við gagnrýnum. En Samkeppnisstofnun, og ég ítreka það, er ekki að fá nein ný úrræði til að skipta upp fyrirtæki, ekki nein úrræði umfram þau sem hún hefur í dag. Fyrst og fremst væri Alþingi að staðfesta hér túlkun samkeppnisráðs sem hefur legið fyrir í þessu máli.

[17:40]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ósammála þessari túlkun hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég tel að það sé verið að veita samkeppnisyfirvöldum úrræði sem þau hafa ekki í dag með skýrum hætti. Ég held að það ákvæði sem vísað er til, núverandi c-liður 17. gr. sé það almennt orðaður að hann gefi ekki heimild til þess að grípa til mjög íþyngjandi aðgerða vegna þess að það er almennt viðhorf við túlkun lagaheimilda til stjórnvalda að eftir því sem úrræðin eru meira íþyngjandi því skýrari verður lagaheimildin að vera. Það er viðurkennt sjónarmið við skýringu svona lagaákvæða.

Ég held að fyrir þá sem vilja stífar samkeppnisreglur og mikil úrræði fyrir samkeppnisyfirvöld ætti það því að vera fagnaðarefni að þessi breyting er gerð á 16. gr.

Varðandi síðan c-lið 17. gr. í núverandi mynd held ég að það sé lítil eftirsjá að honum vegna þess, eins og fram hefur komið áður við þessa umræðu, að honum hefur ekki verið beitt þannig að þó að veikingin kunni hugsanlega að vera fyrir hendi varðandi ákvæði lagatextans þá er ekki um að ræða að það sé verið að veikja úrræði sem beitt hefur verið eða hefur reynt á í framkvæmd. Því er mjög langsótt hjá hv. talsmönnum stjórnarandstöðunnar að byggja röksemdafærslu sína um það að það sé verið að veikja samkeppnislögin á því einu að verið sé að fella út þennan c-lið 17. gr.

Um þetta vil ég hins vegar segja það að mikilvægustu liðirnir í samkeppnislögunum eru auðvitað þeir liðir sem lúta að t.d. banni við samráði fyrirtækja, lúta að því að samkeppnisyfirvöld hafi tök á að bregðast við misnotkun á

markaðsráðandi stöðu og að sjálfsögðu er ekki verið að hreyfa neitt við þessum mikilvægustu ákvæðum í þessu frumvarpi. Það eru þessi atriði sem hefur reynt á þegar Samkeppnisstofnun og samkeppnisyfirvöld hafa verið að grípa inn í (Forseti hringir.) á undanförnum árum og það er auðvitað ekkert verið að hreyfa við þeim.

[17:42]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Ég held að hv. þingmaður viti það alveg eins og við í stjórnarandstöðunni að þetta ákvæði var til staðar og er til staðar í 17. gr. c. Það er einungis verið að setja þetta inn sem einhverja friðþægingu fyrir viðskiptaráðherra um leið og var verið að taka út mikilvæg ákvæði sem nefnd viðskiptaráðherra um viðskiptalífið setti fram en sjálfstæðismenn náðu á brott. Því er verið að reyna að finna eitthvert haldreipi fyrir viðskiptaráðherra til að halda í. Þetta er svona einhver sýndarmennska varðandi það að verið sé að styrkja lögin, sem er auðvitað ekki. Það veit hv. þm. Birgir Ármannsson.

Ég hefði viljað að hann hefði eytt fleiri orðum í 17. gr. c. Það er alveg ljóst að hér er fyrst og fremst verið að ganga erinda stóru viðskiptasamsteypanna með því að fella brott þetta ákvæði. Þetta er ákvæði sem bæði Norðmenn og Bretar hafa verið að styrkja mjög í sinni samkeppnislöggjöf. Þeir telja þetta eitt mikilvægasta ákvæðið í löggjöf sinna þjóða til þess að takast á við brot á samkeppnislögum og fákeppni í atvinnulífinu. Samkeppnisstofnun hefur sett fram í sínu máli að það er enn mikilvægara hér í okkar fámenni og þar sem samþjöppun er mikil að hafa þessi úrræði. Þeir eyða löngu máli í umsögn sinni að skýra það og setja fram rök sem eru fagleg um það hve nauðsynlegt er að hafa þetta inni til þess að þeir geti gegnt sínu hlutverki.

Það er alveg rétt sem Morgunblaðið sagði nýlega, að stjórnmálamenn væru tregir til að ganga þvert á hagsmuni stóru viðskiptasamsteypanna. Það eru hagsmunir þeirra að þetta ákvæði fari út og það er fyrst og fremst þeirra erinda sem sjálfstæðismenn eru að ganga, þ.e. að taka þetta ákvæði út til þess að veikja stöðu Samkeppnisstofnunar til þess að taka á hringamyndun og samþjöppun í íslensku atvinnulífi og hafi þeir skömm fyrir það.

[17:44]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður las orðrétt margar síður úr greinargerð eða umsögn Samkeppnisstofnunar, eins og ég sýni hérna. Reyndar vantaði eitt orð, mjög, í upplestri hennar en ég bætti því inn í huganum.

En þetta er nákvæmlega það sama og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson las í morgun eða um hádegisbilið. Það getur vel verið að þingmenn séu svona tregir að það þurfi að lesa tvisvar ofan í þá. (**Gripið fram í:** Já.) (**Gripið fram í:** Í suma.)

Þegar ég minnti hv. þingmann á að málið væri á forræði efnahags- og viðskiptanefndar og við værum að ræða nefndarálit þaðan, frá meiri hluta og 1. og 2. minni hluta, og það væri ekki á forræði ráðherrans þá sagðist hún engan áhuga hafa á sjónarmiðum mínum. Það er hennar fullkomni réttur en ég ætla að vona að það gildi ekki um alla aðra þingmenn. Reyndar betlaði hv. þingmaður aftur og aftur til ráðherrans og vildi endilega fá einhver sjónarmið frá henni. Talandi um ráðherraræði, það er niðurlæging fyrir Alþingi að betla til ráðherrans þegar málið er á forræði þingsins. (Gripið fram í.)

Talandi um pólitísk afskipti af stjórnum Samkeppnisstofnunar þá vil ég lesa hér á þingskjali 342 fyrirspurn til viðskiptaráðherra um könnun á viðskiptaháttum tryggingafélaga og banka frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur:

„Er ráðherra reiðubúinn að leita álits Samkeppnisstofnunar á því hvort ástæða sé til að kanna hvort verðsamráð eða ólöglegir viðskiptahættir tíðkist hjá tryggingafélögunum eða í bankakerfinu, sbr. upphafsákvæði 5. gr. samkeppnislaga?"

Hvað þýðir þetta? Alþingi sjálft er að skora á ráðherrann að hafa afskipti af Samkeppnisstofnun. Þetta er með ólíkindum og þetta er þingskjal. Það liggur fyrir í þingskjölum þingsins að hv. þingmaður skorar á ráðherrann að hafa afskipti af Samkeppnisstofnun. Hv. þingmaður treystir ekki Samkeppnisstofnun.

[17:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var skrýtin ræða. Hv. þingmaður vælir yfir því að ég vilji ekki hlusta á sjónarmið hans en leiti bara eftir sjónarmiðum ráðherrans. Ég hef bara fengið alveg nóg af því að hlusta á sjónarmið hv. þingmanns í efnahags- og viðskiptanefnd í þessu máli. (**PHB:** Segjum tvö.) Hv. þingmaður veit að hann kemur varla með nokkrar breytingartillögur inn í efnahags- og viðskiptanefnd nema ráðherra hafi samþykkt þær. Vinnugangurinn er bara nákvæmlega þannig. (Gripið fram í.) Hv. þingmaður ætlaði t.d. að fá inn breytingartillögu, að taka upp tillögu Stefáns Más Stefánssonar varðandi 27. gr., að dómstólar skuli taka réttmætt tillit til þeirrar ákvörðunar, og fannst þetta vera þessi fína breytingartillaga. En svo þegar hann var búinn að tala við ráðherrann og fara með þetta inn í sinn þingflokk steinhætti hann við allt saman. Hvar var þá sannfæring þingmannsins, hvar var þá þingræðið? Það er nefnilega ráðherraræðið sem ræður, það er nákvæmlega það sem er.

Og að vitna svo í það að ég hafi beint því til viðskiptaráðherra að hún skoðaði það og kæmi með ábendingu, eða hvernig það var orðað, til Samkeppnisstofnunar að skoða olíufélögin. Það sýndi sig að það var heldur betur nauðsyn á því og ráðherrann hefði betur gert það fyrr þegar ég beindi þessari fyrirspurn til hennar, vegna þess að það var á árinu 1998, olíufélögin hefðu þá ekki fengið allt það svigrúm, öll þau ár til að athafna sig í ólöglegri starfsemi ef það hefði verið gert fyrr. Ráðherrann gerði það að vísu síðar en það var bara allt of seint.

[17:48]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Á nefndarfundum hv. efnahags- og viðskiptanefndar er leynd. Þegar ég las þetta álit frá Stefáni Stefánssyni sagði ég að þetta gæti verið sniðugt og ég vildi skoða það. Ég bar það undir þingflokk minn en ekki ráð-

herrann. Þá var mér bent á að þetta ákvæði hefði verið prófað og því hefði verið hafnað, það þýddi ekkert að koma með það. Ég féllst á þau rök. Auk þess áttum við fund með hv. utanríkismálanefnd til að fá enn frekar staðfestingu á þessu.

Þetta er allt ráðherraræðið og það vill svo til að ég ræð ekki einn í mínum þingflokki ef hv. þingmaður skyldi halda það. Ég þarf að bera undir hann ýmis mál. Við erum nefnilega með sameiginlega stefnu.

Varðandi þessa fyrirspurn og afskipti þar sem þingmaður er að krefjast afskipta viðskiptaráðherra, þ.e. framkvæmdarvaldsins, með Samkeppnisstofnun. Mér fannst hv. þingmaður ekki svara því: Hvað átti ráðherra að gera? Átti hún að segja forstjóra Samkeppnisstofnunar að hann hefði ekki staðið sig í stykkinu og hann skyldi fara að rannsaka þetta og hitt? Eru þetta ekki einmitt þau pólitísku afskipti sem menn eru alltaf að gagnrýna? Er þetta ekki akkúrat það? Og er það ekki einmitt þetta sem komið er í veg fyrir með því að hafa stjórn sem hlítir ekki beinu boðvaldi ráðherra?

Ég held að frumvarpið sé mjög til bóta að þessu leyti og hv. þingmaður komi ekki með svona fyrirspurnir eftir það.

[17:50]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er að heyra það í þessum ræðustól og sá það líka í einhverju dagblaði eða fjölmiðli að efnahags- og viðskiptanefnd og nefndir þingsins væru bundnar trúnaði um allt sem fram færi í nefndunum. Ég held að hv. þingmaður ætti að lesa þingsköpin. Það er einungis utanríkismálanefnd sem bundin er trúnaði um það sem sagt er í nefndinni. (Gripið fram í.) Fyrir utan það sem hv. þingmaður nefndi í fjölmiðlum þá var ég að bregðast við því þegar hann hljóp beint í fjölmiðla með það sem nefndin var að ákveða og átti að bera undir þingflokkana og sem hleypti illu blóði a.m.k. í þingmenn Framsóknarflokksins og varð kannski til þess að ákveðið mál lokaðist inni í hans ágætu nefnd.

Varðandi ákvæðið sem þingmaðurinn var líka gerður afturreka með í þingflokknum, um 27. gr., þá segir svo í áliti réttarfarsnefndar, með leyfi forseta, og menn hafa nú viljað skoða það sem sú nefnd segir:

„Hvorki EES-samningurinn né fylgisamningar hans gera ráð fyrir að íslenskir dómstólar séu bundnir við dóma EFTA-dómstólsins eða EB-dómstólsins."

Þess vegna var sú tillaga sem Stefán Már Stefánsson setti fram fyrir nefndina fullkomlega eðlileg og réttmæt og hefði átt að láta reyna betur á það fyrir Eftirlitsstofnun EFTA frekar en að hætta við þetta og taka séns á því að brjóta ákvæði stjórnarskrárinnar eins og mér sýnist stjórnarflokkarnir gera með því að taka ekki tillit til þeirra réttmætu ábendinga og tillögu sem Stefán Már Stefánsson setti fram.

[17:52]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Nú hefur stjórnarandstaðan tjáð sig um þetta mikilvæga mál við 2. umr. og það er óhætt að segja að það hafi ekki margt nýtt komið fram í þeirri umræðu. Ég segi, hæstv. forseti, að þetta ágæta fólk og þessir hv. þingmenn kunna ekki gott að meta þegar verið er að stórauka framlög til samkeppnisyfirvalda um hvorki meira né minna en 60 milljónir þannig að hægt verður að fjölga sérfræðingum sem fjalla um það mikilvæga mál sem er að vinna gegn samkeppnishömlum úr 10 í 17. Þetta er ekki nefnt af þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Samt er búið að halda hér ræður vetur eftir vetur um að það vanti fjármagn til samkeppnisyfirvalda til að þau geti staðið sig í stykkinu. Ég undrast það hversu einsleitur málflutningur hv. þingmanna er og mér finnst hann ekki vera þeim til mikils sóma.

Þetta frumvarp byggir á nefndaráliti eins og allir vita sem kemur frá nefnd sem ég skipaði um stefnumótun íslensks viðskiptalífs. Fjórar af fimm megintillögum nefndarinnar eru í frumvarpinu og það er eingöngu ákvæðið um húsleitina sem ekki er inni. Hvers vegna skyldi það vera? Ég minni á að fyrir u.þ.b. ári svaraði ég fyrirspurn í þinginu um hvort ég teldi að þetta ákvæði ætti erindi inn í samkeppnislög. Ég var ekki sannfærð um það og taldi að ég mundi ekki beita mér fyrir því nema mér væri það skylt samkvæmt tilskipun frá Evrópusambandinu. Ég met mikils friðhelgi heimilisins og fjölskyldunnar. Hverjum dettur í hug að forstjórar fyrirtækja séu það skyni skroppnir að þeir mundu ekki geyma þessi gögn einhvers staðar annars staðar ef þeir vita að hægt er að ráðast inn á heimili þeirra? Ég er ekki að útiloka að þetta verði ekki tekið inn í lög en mér finnst það ekki sjálfsagt, svo mikið er víst.

Því var haldið hér fram að viðskiptaráðuneytið hefði sagt, þegar það kynnti frumvarpið fyrir Samkeppnisstofnun, að ekki yrðu gerðar breytingar á stjórnsýslu stofnunarinnar. Það er bara ekki rétt. Þarna er einhver misskilningur á ferðinni.

Því er haldið fram að þetta frumvarp sé bara bókstaflega hefndaraðgerðir út af olíumálinu. Hvernig geta hv. þingmenn borið þetta á borð? Ég er undrandi. Ekki síst þegar haft er í huga að nefndin sem vinnur í rauninni þær tillögur sem hér er komið fram með er skipuð 27. janúar 2004, hún skilar skýrslu 1. október 2004 og úrskurður samkeppnisráðs vegna olíumálsins er felldur 28. október 2004.

Formaður þeirrar nefndar sem fjallar um þessi mál, þ.e. stefnumótun í íslensku viðskiptalífi, er Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands. Eru hv. þingmenn að halda því fram að þessi maður vinni eins og strengjabrúða í höndum viðskiptaráðherra og komi þá væntanlega bara með álit eins og viðskiptaráðherra hefur pantað? Mér finnst það niðurlægjandi gagnvart þessum virta manni að bera þetta á borð.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði að gerðar hefðu verið grundvallarbreytingar á frumvarpinu eftir að úrskurður samkeppnisráðs hefði verið felldur. Hvaða breytingar voru það? Í fyrsta lagi ákvæðið um húsleitina sem ég var búin að nefna. Í öðru lagi ákvæði um að Samkeppnisstofnun geti gripið til aðgerða gegn aðstæðum á markaði, í c-lið 17. gr. gildandi laga. Það var tekið út og það er búið að útskýra það heilmikið hér af kollegum mínum í stjórnarflokkunum. Í þriðja lagi er það ákvæði um að stjórnarmenn megi ekki hafa beinna eða verulegra hagsmuna að gæta í atvinnustarfsemi. Það er tekið út þar sem það þótti vera of takmarkandi. Í fjórða lagi heimild Samkeppniseftirlits til að fara með mál sem áfrýjunarnefnd hefur úrskurðað um fyrir dómstóla. Það er ekki í samræmi við hefðir okkar að lægra

stjórnvald, þ.e. Samkeppniseftirlitið, getið áfrýjað úrskurði hærra setts stjórnvalds og því var þetta tekið út.

Þetta eru þær grundvallarbreytingar sem hv. þingmaður talar um að hafi verið teknar út eftir að úrskurður var felldur í olíumálinu.

Ég vil aðeins rifja hér upp skipunarbréf nefndarinnar margnefndu, með leyfi forseta:

„Samkvæmt skipunarbréfi var nefndinni meðal annars ætlað að taka fyrir hvernig bregðast mætti við aukinni samþjöppun í íslensku viðskiptalífi og með hvaða hætti þróa ætti reglur þannig að viðskiptalífið væri skilvirkt og nyti trausts.

Nefndin fjallaði m.a. um skipulag samkeppnisyfirvalda og hvernig eftirliti með samkeppnishömlum yrði best fyrir komið. Þá ræddi nefndin um heimildir samkeppnisyfirvalda til að bregðast við brotum á samkeppnislögum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Nefndin fjallaði einnig um fyrirkomulag rannsókna á samkeppnis- og viðskiptaháttum, eignatengsl fyrirtækja og hringamyndun."

Helstu niðurstöður nefndarinnar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis eru, með leyfi forseta:

„Að nauðsynlegt sé að efla eftirlit með samkeppnishömlum á markaði. Var það niðurstaða nefndarinnar að þetta yrði m.a. gert með því að gera störf samkeppnisyfirvalda skilvirkari og veita meira fjármagn til þeirra. Jafnframt lagði nefndin til að þau verkefni er lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði ekki unnin í sömu stofnun og þau verkefni sem snúa sérstaklega að samkeppnismálum."

Þetta er sjálfsagt allt saman bara pólitík og kemur ekkert því máli við að það er dósent við Háskóla Íslands, Gylfi Magnússon, sem er formaður fyrir þessari nefnd (**Gripið fram í:** Ómerkilegt að ...) og ber ábyrgð á þessu nefndaráliti. Já, já, það er sjálfsagt ómerkilegt að nefna hver var formaður þessarar nefndar. (Gripið fram í.) Nú líður hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar illa og þá gleðst ég. Þá veit ég að ég er aðeins að koma við þá. (**ÖJ:** Það er reisn yfir þessari ræðu.)

Það er nefnilega það. Það er búið að tala hér síðan klukkan ellefu í morgun af hálfu stjórnarandstöðunnar og svo ef ég tala og fæ að segja skoðun mína þá er það ekki leyfilegt. Nei, þá er það ómerkilegur málflutningur gagnvart formanni úti í bæ. Er það ekki, hv. þm. Ögmundur Jónasson? Þvílíkt og annað eins.

Ég minnist þess þegar 1. umr. fór fram um samkeppnislagafrumvarpið, þar sem því var haldið fram af stjórnarandstöðunni í hverri ræðunni á fætur annarri að verið væri að veikja samkeppnislögin og samkeppniseftirlitið og þar fram eftir götunum, þá brá ég mér aðeins frá og flutti ávarp á aðalfundi Samtaka verslunar og þjónustu. Á þeim fundi talaði m.a. Jón Ásgeir Jóhannesson. Hann hélt því fram á þeim fundi að það frumvarp sem lægi fyrir þinginu styrkti svo óeðlilega mikið samkeppnislögin og samkeppniseftirlitið að það væri vart verandi á Íslandi í fyrirtækjarekstri.

Þetta kannski sannfærði mig um á þeim drottins degi að ég væri dálítið á réttri leið með þetta mál. Með því að fara einhvern milliveg á milli þess að hlusta á gífuryrðin í stjórnarandstöðunni og þess fulltrúa viðskiptalífsins sem sennilega er átt við þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talar um viðskiptasamsteypur og að ég gangi erinda þeirra. Það voru hennar orð áðan. (**JóhS:** ... Jón Ásgeir.)

Einhverjir sögðu áðan að fróðlegt yrði að heyra ræðu ráðherra en ég er því miður hrædd um að það verði ekki mjög fróðlegt því að það er ekkert nýtt að segja. Það er ekkert nýtt að segja frá 1. umr. Sömu vitleysurnar eru bornar hér á borð af hálfu stjórnarandstæðinga og í sjálfu sér er ekki hægt að segja mikið meira um þetta mál en ég ætla þó að fara yfir örfá atriði sem helst eru dregin fram af hálfu stjórnarandstæðinga.

Það er þá fyrst að engin stjórnsýsluúttekt hafi verið gerð á Samkeppnisstofnun og engar röksemdir fyrir breytingum. Þannig er að áður en frumvarpið var sett fram fór ráðuneytið ítarlega yfir núverandi starfsmannahald og verkaskiptingu Samkeppnisstofnunar ásamt fyrirhuguðu skipulagi Samkeppniseftirlitsins og var Samkeppnisstofnun m.a. falið að gera áætlun um starfsmannahald og skipurit fyrir Samkeppniseftirlitið. Þetta vildi ég að kæmi fram.

Hins vegar hafna ég því sem mér finnst að hafi verið lagt hér til, að Samkeppnisstofnun sem slík eigi að ráða því hvernig löggjafinn gengur frá löggjöf sem varðar þessa stofnun. Það er ekki þannig. Auðvitað koma fram sjónarmið frá stofnuninni, og þau hafa nú heldur betur komið fram, en ekki er þar með sagt að það eigi að ráða ferðinni. Það er ekki þannig sem við vinnum á hv. Alþingi. Það er ekki þannig að Bændasamtökin eða bændur í landinu ákveði nákvæmlega hvernig sú löggjöf lítur út sem varðar bændur eða starfsmenn ríkis og bæja hvernig lög um — þá dettur mér nú í hug BSRB, sem er stundum hér til umræðu — það eru ekki fulltrúar þeirra samtaka sem ákveða starfsmannalögin eða útgerðarmenn lög um fiskveiðistjórn. Við verðum að bera gæfu til þess að horfa aðeins víðar á málin en svo að við hlustum eingöngu á hagsmunaaðila hverju sinni. (**Gripið fram í:** Það er nú svolítið verið að hlusta á útgerðarmenn.) Það getur verið að það sé skoðun hv. þingmanns.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að formaður áfrýjunarnefndar samkeppnismála hefði sagt að með þessum breytingum væri verið að veikja samkeppnislögin og samkeppniseftirlitið í landinu. Haft hefur verið samband við formanninn og hann kannast ekki við að hafa sagt þetta, hér er því ekki farið með rétt mál.

Eitt af því sem haldið er fram í sambandi við verkefni og hlutverk stjórnar er að minni hæfisskilyrði séu hvað varðar stjórnarmenn í eftirlitinu en nú er. Hv. þm. Dagný Jónsdóttir fór yfir þessi mál að einhverju leyti og ég vil halda því til haga. Og vegna þess að því er líka haldið fram að ekki sé miklum erfiðleikum bundið að skipa samkeppnisráð í dag, þá vil ég upplýsa að það hefur verið svolítið mál. Það er ekki einfalt að finna einstaklinga sem ekki eiga einhverra hagsmuna að gæta og þannig mun það eflaust verða áfram. En ekki þýðir að tala um það, við verðum að leysa úr því. Það er hins vegar mjög skýrt eins og hv. þingmenn vita að stjórnarmenn og forstjóri skuli hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega. Þarna verðum við að finna lausnir og vinna málefnalega að hlutum. Ég tel að hv. þingmenn séu að gera þarna allt of mikið úr hlutum sem verður bara að

leysa úr á málefnalegan hátt. Þetta held ég að okkur hafi tekist hvað varðar samkeppnisráð og mun eflaust takast líka í sambandi við Samkeppniseftirlitið og þá stjórn sem þar mun sitja og forstjóra.

Síðan er það þetta margumtalaða mál sem varðar c-lið 17. gr. sem felldur er brott. Því er haldið fram að með því sé ekki hægt að berjast gegn hringamyndun.

Ég vil taka fram að mér fannst ekkert sjálfgefið að taka inn í frumvarpið það ákvæði sem nefndin lagði til að gert yrði að lögum og varðar heimild samkeppnisyfirvalda til að brjóta upp fyrirtæki til að breyta atferli og skipulagi hjá aðilum sem brjóta lög. Hins vegar eftir að ég hafði farið yfir það mál og kynnt mér það og kynnt mér hvað aðrar þjóðir eru að gera í því sambandi, ekki síst Evrópusambandið, taldi ég rétt að taka það ákvæði inn.

Það ákvæði sem var tekið út úr 17. gr. er hins vegar ákvæði sem kom inn í meðförum þingsins þegar upphaflega voru sett samkeppnislög og það hefur stundum verið kennt við hv. þm. *Steingrím J. Sigfússon og ekkert verra ákvæði* fyrir það. En það er hins vegar, eins og hér hefur komið fram, ekki í samræmi við samkeppnisreglur Evrópusambandsins og ef það hefði óbreytt orðið að lögum, ásamt þeim breytingum sem lagðar eru til með 2. mgr. 16. gr. hefði Samkeppniseftirlitið haft víðtækari heimildir hér en framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, það er bara þannig. En það segir ekki að okkur hefði ekki verið heimilt að halda því ákvæði inni, okkur var það svo sannarlega heimilt. En við ákváðum að taka það út vegna þess að það kemur inn annað ákvæði í staðinn.

Ég vil spyrja hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hvort þeir séu þeirrar skoðunar að heimilt eigi að vera að grípa til slíkra aðgerða, róttækra aðgerða, sem eru þær að breyta atferli eða skipulagi hjá fyrirtækjum án þess að viðkomandi fyrirtæki hafi brotið lög. Finnst hv. þingmönnum það sanngjarnt og eðlilegt? Mér finnst það ekki vera eðlilegt. Mér finnst að þetta séu hörð ákvæði og harðar aðgerðir ef út í slíkt er farið og þá eigi það ekki að vera á grundvelli annars en þess að viðkomandi fyrirtæki hafi brotið lög.

Ég var búin að nefna húsleitarheimildina en ég vil einnig taka fram í því sambandi að það er ekki bara að það orki tvímælis að ganga svo langt gagnvart heimilum og fjölskyldum heldur er hér atriði sem þarf að koma fram að í tillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir að það yrði lögregla en ekki samkeppnisyfirvöld sem mundu framkvæma slíka leit.

Nefnd er að störfum á vegum forsætisráðherra sem er að skoða samskipti lögreglu, samkeppnisyfirvalda og Fjármálaeftirlitsins í refsiréttarlegu tilliti og ekki er útilokað að þegar sú nefnd hefur skilað niðurstöðum, sem verður vonandi síðar á þessu ári, verði þetta tekið til skoðunar. En a.m.k. á meðan ekki hefur fengist niðurstaða í því máli hvað varðar þessi refsiréttarlegu ákvæði er að mínu mati ekki mögulegt að setja ákvæði inn í lögin.

Síðan var það ákvæðið sem varðar að Samkeppniseftirlitið fái heimild til að leita til dómstóla með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Þetta var ég búin að koma inn á.

Það er síðan staða forstjórans, að hann sé ekki jafn vel varinn fyrir pólitískum afskiptum. Þannig er, eins og allir þekkja, að forstjóri Samkeppniseftirlitsins verður skipaður af þriggja manna stjórn. Hann verður ekki ráðherraskipaður eins og er í dag. Ef rétt er að nota þetta orðalag, að vera varinn fyrir pólitískum afskiptum, þá tel ég að ekki sé nokkur vafi á því að forstjóri Samkeppniseftirlitsins yrði betur varinn gagnvart hugsanlegum afskiptum pólitíkusa og ráðherra í hinu nýja fyrirkomulagi en í hinu gamla þar sem forstjórinn er ráðinn af ráðherranum. Það snýr því allt á haus hvað varðar málflutning hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar.

Svo er ég spurð hvort forstjóri Samkeppnisstofnunar verði endurráðinn. Hvernig í ósköpunum á ég að svara því? Þarna er verið að biðja mig að hafa pólitísk afskipti af stofnuninni í öðru orðinu en hinu orðinu ekki. Það snýr því allt á haus hvað varðar málflutning hv. stjórnarandstæðinga. Ég eiginlega undrast það, ég segi það aftur, hvernig þeir geta borið allt það á borð sem hér hefur verið borið á borð á þessum klukkutímum sem liðnir eru af umræðunni *og eru nokkuð margir klukkutímar eftir eftir því sem mér* sýnist á mælendaskránni.

Ég ætla ekki að fara frekar ofan í hlutverk stjórnar, búið er að gera það ágætlega af öðrum því að það er svo augljóst að hún mun ekki koma að málum nema á lokastigum en ekki hvað varðar hugsanlegar aðgerðir samkeppnisyfirvalda gagnvart fyrirtækjum.

Frumvarpið felur ekki í sér heildarendurskoðun á gildandi samkeppnislögum, eins og komið hefur fram, heldur er einungis verið að ræða breytingar sem varða niðurstöðu þeirrar ágætu nefndar sem ég skipaði og vann ákaflega gott verk.

Ég vil að síðustu segja, hæstv. forseti, að ég er, eins og hér hefur komið fram, mjög ánægð og stolt yfir því að stjórnarflokkarnir hafa náð samstöðu um svo mikilvægt mál eins og þetta mál er og vil nota tækifærið og þakka efnahags- og viðskiptanefnd fyrir mjög gott starf við frumvarpið og lýsi ánægju með þær breytingar sem lagðar eru til af hálfu meiri hlutans. Við erum að skerpa fókusinn, við erum að leggja áherslu á mikilvægasta málið, sem er það að berjast gegn samkeppnishömlum í viðskiptalífinu og það sem er mikilvægt er að við erum að stórauka fjármagn, fjárframlög til eftirlitsins og neytendamála, sem nemur tugum milljóna og þýðir að hægt verður að fjölga sérfræðingum sem vinna að þessum málum úr tíu í sautján. Þar að auki er verið að auka sjálfstæði samkeppnisyfirvalda og það skiptir *miklu máli*. Það er ekki hægt að halda öðru fram en að verið sé að auka sjálfstæði samkeppnisyfirvalda. Allt það sem heyrst hefur hér í dag um að það sé gagnstætt stenst ekki, enda hafa hv. þingmenn ekki rökstutt það.

[18:13]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hlýtur að vera einsdæmi á Vesturlöndum að viðskiptaráðherra lýsi því yfir í þjóðþinginu að þegar forstjóri eins öflugasta fyrirtækis landsins, Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, telji að offari sé farið í lagasetningu og stjórnvaldsaðgerðum, telji viðskiptaráðherra að hún sé á réttri leið þegar hún vekur slíkar áhyggjur hjá frammámönnum í íslensku atvinnulífi. Er það nema von, virðulegur forseti, að menn hafi áhyggjur af annarleg-

um sjónarmiðum hjá hæstv. viðskiptaráðherra.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna ósk hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur 1998 um skýrslu um olíu- og tryggingafélögin var hafnað. Hvers vegna hafnaði ráðherra þeirri úttekt á þeim tíma? Og í öðru lagi hvort hún sé ekki tilbúin til að lýsa því yfir að þessi kerfisbreyting muni ekki leiða til þess að stjórnendur Samkeppnisstofnunar þurfi að sækja um störfin sín aftur, heldur hvort hún sé ekki tilbúin til að lýsa því yfir (Forseti hringir.) að þeir muni stýra hinu nýja Samkeppniseftirliti eins og þeir nú stýra Samkeppnisstofnun.

[18:14]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu þurfa starfsmenn að sækja um aftur, því það er verið að tala um nýja stofnun sem heitir Samkeppniseftirlit. Ákvæðið sem sett er inn núna af hálfu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar er starfsmönnum í hag, það er til þess að þeir þurfi ekki að bíða í óvissu eftir því að verða ráðnir til nýrrar stofnunar að stjórnin fær það hlutverk að ráða starfsmenn, ekki nýja starfsmenn, heldur þá starfsmenn sem starfa hjá Samkeppnisstofnun á nýjan leik hjá Samkeppniseftirlitinu.

Ég sagði að ég teldi mig hafa verið á réttri leið þegar ég hlustaði sama daginn á stjórnarandstöðuna á hv. Alþingi og einn af öflugustu forstjórum okkar í íslensku viðskiptalífi. Þegar öfgarnar eru miklar trúi ég því að einhvers staðar mitt á milli sé sannleikurinn. Það er a.m.k. skoðun okkar framsóknarmanna.

[18:16]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra svaraði því ekki hvers vegna hún hafnaði rannsókn á olíu- og tryggingafélögunum 1998. Látum það liggja milli hluta enda veit ég ekki hversu miklum tilgangi það þjónar að eiga orðastað við virðulegan hæstv. ráðherra.

Það er sannarlega áhyggjuefni að eftir að stjórnendur Samkeppnisstofnunar höfðu frumkvæði að því að svipta hulunni af samsæri gegn neytendum, samráði olíufélaganna árum saman með milljarðatjóni fyrir neytendur í landinu og fyrir samfélagið allt, verði lyktir málsins ekki þær að þeir stjórnendur séu efldir og hafðir með í ráðum um eflingu á samkeppniseftirlitinu í landinu. Nei, þvert á móti verður það til þess að viðskiptaráðherra gengur fram, leggur niður stofnunina og auglýsir störf stjórnendanna. Það er sannarlega áhyggjuefni, virðulegur forseti, þau skilaboð sem þannig (Forseti hringir.) eru send út til embættismanna hins opinbera.

[18:17]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka fram vegna þess að ég hef kannski ekki gert það úr þessum stóli, en ég tel að Samkeppnisstofnun hafi staðið sig mjög vel í olíumálinu, mjög vel. Það er staðfest af hálfu áfrýjunarnefndar að svo hafi verið. Hins vegar er það tilviljun að þessi mál beri upp á sama tíma, vegna þess, eins og ég fór yfir áðan, að ég skipaði viðskiptalífsnefndina í janúar á síðasta ári en það var ekki fyrr en í október sl. sem úrskurður samkeppnisráðs lá fyrir, á svipuðum tíma og skýrsla nefndarinnar var birt opinberlega. Þetta er því mikil tilviljun. Ef vilji er fyrir hendi hjá hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar er auðvelt að setja eitthvert samband þarna á milli, en það er ósanngjarnt.

[18:18]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var einn þeirra sem biðu með eftirvæntingu eftir því að hæstv. viðskiptaráðherra mundi fjalla um þetta tiltekna mál og upplýsa okkur um sjónarmið sem við höfum ekki fengið og reynt að rökstyðja þá leið sem ætlunin er að fara. Það kom ekkert fram í máli hæstv. ráðherra, ekki nokkur skapaður hlutur sem gerir það að verkum að nokkur leið sé að draga þá ályktun að hæstv. ráðherra sé á réttri leið. Reyndar mun ég ekki í stuttu andsvari geta svarað öllu því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra, en hins vegar vísa ég því alfarið á bug að ég hafi farið með rangfærslur áðan, enda fékk ég það staðfest í samtali við formann áfrýjunarnefndar samkeppnismála um að svo var ekki.

Ég vil þó segja það í umræðunni, virðulegi forseti, að niðurstaða frumvarpsins er nákvæmlega það sem Samtök atvinnulífsins pöntuðu í eigin frumvarpi frá árinu 2002 og nákvæmlega þær hugmyndir sem hæstv. ráðherra er að fylgja fram á hinu háa Alþingi.

[18:19]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er legið á hálsi fyrir að vera málpípa atvinnulífsins og skammast mín ekki fyrir það. Ég hef hins vegar lagt áherslu á að viðskiptalífið þarf að njóta trausts og út á það gengur málið. Það gengur út á að viðskiptalífið þarf að vinna samkvæmt reglum. Við verðum að hafa sterk samkeppnisyfirvöld til að takast á við erfið mál sem upp geta komið þegar fyrirtæki fara ekki að lögum. Verið er að styrkja lagagrundvöllinn með frumvarpinu, verði það að lögum, og það skiptir mjög miklu máli. Það er ekki allt í lagi í íslensku viðskiptalífi, það er bara þannig, því miður. Það eru að gerast stórkostlegir hlutir, flest allir jákvæðir, en það er líka hægt að finna þar neikvæða þætti og við verðum að hafa lög í landinu til að geta tekið á þeim og stofnanir sem hafa það hlutverk verða að hafa fjármagn til að geta unnið verkefni sín.

[18:21]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki mun gefast tími til að fara yfir allt sem hæstv. ráðherra sagði. Ég vil þó leiðrétta eitt sem hæstv. ráðherra sagði, að núverandi forstjóri Samkeppnisstofnunar var skipaður með lögum þegar samkeppnislögin voru sett. Þar af leiðandi var hann ekki skipaður af ráðherra, það var ákveðið í lögum að hann skyldi taka við.

Í öðru lagi lögðu Samtök atvinnulífsins mikla áherslu á

það í skýrslu 2002 að 17. gr. c færi út, að samkeppnisráð yrði fellt niður, leitarúrræðin og málshöfðunin væru ekki til staðar. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það í umræðunni að orðið er nákvæmlega við þeim óskum nú, en það er ekki orðið við óskum Neytendasamtakanna. Það er ekki orðið við óskum launþega í landinu. Ekki er orðið við óskum helstu sérfræðinga á sviði samkeppnismála í landinu. Nei, það er orðið við óskum allt annarra.

Virðulegi forseti. Sem betur fer mun umræðan halda (Forseti hringir.) áfram og þá mun gefast miklu betra tækifæri til að fara yfir það sem hæstv. ráðherra sagði.

[18:22]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður heldur því annars vegar fram að það hafi ekki verið mjög merkilegt sem fram kom í máli mínu, en hins vegar var það svo margt að hann getur ekki brugðist við því í stuttu andsvari. Það er nú eins og það er.

Ég vil halda því fram að c-liður 17. gr. sé bastarður í lögunum, hann er ekki í samræmi við evrópskan rétt og hann kemur inn í nefndarstarfi á sínum tíma þegar lögin voru upphaflega sett. Það sem er kannski mikilvægast er að ákvæðið hefur aldrei verið nýtt. Það segir sína sögu. Nú segja samkeppnisyfirvöld að það sé gríðarlega mikilvægt að hafa ákvæðið í lögunum, en það hefur aldrei verið nýtt. Það er því ákvæðið sem kemur í staðinn sem skiptir máli, þ.e. heimild samkeppnisyfirvalda til að bregðast við gagnvart fyrirtækjum sem brjóta lög. Það er málið.

[18:23]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg augljóst að hæstv. ráðherra gerir ekkert með þetta ítarlega álit Samkeppnisstofnunar, en Samkeppnisstofnun hefur sýnt faglega fram á það á hvers konar villigötum hæstv. ráðherra er og öll rök sem ráðherrann hefur sett fram fyrir breytingunum eru hreinlega skotin í kaf af Samkeppnisstofnun.

Ég ætla að grípa niður í umsögn Samkeppnisstofnunar af því að ráðherrann talar um að hér séu bornar á borð vitleysur. Hér stendur, með leyfi forseta: „Ef þessi tillaga frumvarpsins“ — þ.e. 17. gr. c — „nær fram að ganga felur hún í sér ótvíræða veikingu á samkeppnislögum og takmörkun á möguleikum samkeppnisyfirvalda til að bregðast við alvarlegum samkeppnishömlum sem stafað geta af óhæfilegri samþjöppun og skaðlegri fákeppni.“ Og ekki sé hægt að bregðast við yfirburðarstöðu fyrirtækja á tilteknum mörkuðum.

Telur hæstv. ráðherra virkilega að hér sé bara um vitleysu að ræða? Tekur ráðherrann virkilega ekkert mark á því sem fram kemur í áliti Samkeppnisstofnunar?

[18:24]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst ákvæðið er svona gríðarlega mikilvægt og takmarkar svo mikið möguleika samkeppnisyfirvalda á að bregðast við, hvers vegna hefur ákvæðið aldrei verið notað? Kannski getur hv. þingmaður frætt mig um það.

[18:25]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skyldi þó ekki vera að áhrifin af ákvæðinu, að hafa það í lögunum, hafi virkað. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra kallaði ákvæðið bastarð áðan. Hvenær kom það í samkeppnislögin? Það kom í samkeppnislögin þegar Halldór Ásgrímsson, núverandi forsætisráðherra, var formaður efnahags- og viðskiptanefndar. Tók hann inn þennan bastarð sem hæstv. ráðherra kallar svo?

Ég vil spyrja ráðherrann af því hún hefur ekki svarað mér um starfsfólkið og þetta ákvæði til bráðabirgða: Telur ráðherrann eðlilegt að stjórn Samkeppnisstofnunar, sem er pólitískt skipuð, ráði starfsfólkið, forstjórann og starfsfólkið sem forstjóri á að ráða? Hér er um að ræða stjórn sem hugsanlega hefur hagsmuna að gæta af því hverjir verða skipaðir í hinar ýmsu stöður í Samkeppnisstofnun. Telur ráðherrann virkilega eðlilegt að það verði stjórn stofnunarinnar í upphafi sem skipar allt starfsfólk stofnunarinnar en ekki forstjóri? Ég óska eftir svörum við þessu, virðulegi forseti.

[18:26]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega ekki rétt að halda því fram að þarna sé um allt starfsfólk að ræða. Verið er að tala um það starfsfólk sem vinnur núna hjá Samkeppnisstofnun til að það þurfi ekki að búa við óvissu. Það er verið að gera þetta fyrir starfsfólkið, það er þannig sem við hugsum þetta, að hægt sé að ráða það til nýrrar stofnunar vegna þess að mikilvægt er að hin nýja stofnun geti hafið starfsemi strax í sumar, að lögin taki gildi 1. júlí. Það er ekki gott að hafa óvissu ríkjandi í þessum mikilvæga málaflokki, þess vegna er þetta mjög mikilvægt.

Hv. þingmaður talaði um að ákvæðið sem ég kallaði bastarð í 17. gr. hefði komið inn 1992. Það er rétt að þá var Halldór Ásgrímsson formaður í efnahags- og viðskiptanefnd, þá í stjórnarandstöðu og stóð sig mjög vel eftir því sem mér skilst. Það má vel vera að hann hafi þarna leitað málamiðlana við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon, en (Gripið fram í.) það er lítið til skriflegt um það hvernig ákvæðið komi inn, en það hefur a.m.k. ekki komið að miklu (Forseti hringir.) gagni.

[18:27]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að hæstv. ráðherra er heitt í hamsi og mikið niðri fyrir. Ég hafði reyndar orðið var við það fyrr í dag í áköfum frammíköllum ráðherrans þegar ég flutti ræðu mína og þess vegna bjóst ég við innihaldsríkri ræðu. Það reyndist hins vegar ekki vera, því allri gagnrýni sem hér hefur verið sett fram er ýtt út af borðinu, annars vegar á þeirri forsendu að fólk kunni ekki gott að meta og hins vegar að allir séu að misskilja eðli málsins. Þar með er allri gagnrýni stjórnarandstöðunnar, Samkeppn-

isstofnunar, launþegasamtakanna og Neytendasamtakanna vísað á bug.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig fær hún þann skilning að forstjóri Samkeppniseftirlitsins verði betur tryggður, að starfsöryggi hans verði betur tryggt með því að taka hann út úr kjara- og réttindakerfi opinberra starfsmanna og þeim reglum sem (Forseti hringir.) gilda um embættismenn?

[18:28]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekkert sérstaklega að velta fyrir mér starfsöryggi hins væntanlega forstjóra, mér finnst það ekki vera aðalatriði í málinu. Ég er fyrst og fremst að velta fyrir mér hvort hin nýja stofnun verði ekki sjálfstæðari með því að forstjórinn heyri ekki beint undir ráðherra. Það kom fram áðan og er rétt að ég fór þar með rangt mál að hann var ekki ráðinn af ráðherra í upphafi, en hann heyrir þó beint undir ráðherra og er embættismaður eins og málið er í dag. Það er ekki nóg með að hann heyri beint undir ráðherra, heldur skipar viðskiptaráðherra allt samkeppnisráð án tilnefninga eins og þetta er í dag. Það vill svo til að af því það er enginn þarna sem hv. þingmenn geta tengt við stjórnarflokkana vita þeir ekki einu sinni hverjir eru í samkeppnisráði. Samt er alltaf verið að bera það á mig að ég sé með pólitísk afskipti og það séu náttúrlega mestar líkur á því að í stjórninni verði einhverjir flokkshestar og þar fram eftir götunum. Þetta er allt saman tómt bull.

[18:29]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var afskaplega fróðlegt að hlusta á málefnalegt innlegg ráðherrans í málinu. Þetta er allt saman tómt bull. Ráðherranum kemur starfsöryggi forstöðumannsins ekkert við. Ég heyrði ekki betur en hún hafi sagt það í ræðu sinni áðan að það væri ekki síður tryggt. Ég held því fram að embættismaður ráðinn til fimm ára samkvæmt lögum sem gilda um réttindi opinberra starfsmanna sé betur tryggður, starfsöryggi hans betur tryggt en hinn sem er tekinn út úr þessu kjaraumhverfi.

Varðandi ráðningu nýs fólks er það iðulega gert og er margoft gert að núverandi starfsfólki eru tryggð störf og sambærileg störf. Það væri einnig hægt að gera það í þessu máli ef pólitískur vilji væri til þess.

Að sjálfsögðu er það alltaf val á hvern er hlustað, það getur verið fólgin í því pólitík á hvern er hlustað. Að sjálfsögðu á að hlusta á þá sem gerst þekkja til málanna og það er starfsfólkið sem sinnir þessum málum, (Forseti hringir.) en ráðherrann kýs hins vegar að hlusta fyrst og fremst á Samtök atvinnurekenda og Verslunarráð.

[18:31]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef hlustað á mjög marga í málinu. Ég tel að við höfum vandað okkur við lagasmíðina í viðskiptaráðuneytinu og er, eins og ég sagði áðan, mjög ánægð með útkomuna. Ég er sannfærð um að við erum að gera rétt með því að breyta þessu, með því að skerpa skilin og með því að einblína sérstaklega á mikilvæga þáttinn, sem er eftirlit með samkeppnishömlum. Það er stóra málið. Ég held að við ættum að tala saman eftir eitt ár eða tvö, það á að kjósa eftir tvö ár og þá getur vel verið að við tölum saman aftur, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson. Þá skulum við fara yfir það hvort þetta hafi ekki verið rétt. Það er eðlilegt að stjórnarandstæðingar hafi efasemdir, það er hlutverk þeirra að gagnrýna og þar fram eftir götunum, en í þessu tilfelli er ég með býsna góða samvisku og trúi því að við séum á réttri leið.

[18:32]

Útbýting:

Fjarskipti, 738. mál, nál. HjÁ o.fl., þskj. 1369; brtt. HjÁ o.fl., þskj. 1370.

Framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins, 617. mál, nál. SP o.fl., þskj. 1366.

Samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, 721. mál, nál. þskj. 1367.

Samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, 721. mál, brtt. þskj. 1368.

Samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, 721. mál, brtt. GunnB, þskj. 1372.

Stefna í fjarskiptamálum 2005–2010, 746. mál, nál. HjÁ o.fl., þskj. 1371.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–24. mál.

Fundi slitið kl. 18:34.

126. FUNDUR

mánudaginn 9. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samkeppnislög, stjfrv., 590. mál, þskj. 883, nál. 1289, 1327 og 1340, brtt. 1290. — Frh. 2. umr.
2. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, stjfrv., 591. mál, þskj. 884, nál. 1291, 1328 og 1341, brtt. 1292. — 2. umr.
3. Neytendastofa og talsmaður neytenda, stjfrv., 592. mál, þskj. 885, nál. 1293, 1329 og 1342, brtt. 1294. — 2. umr.
4. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 396. mál, þskj. 503, nál. 1221. — Frh. 2. umr.
5. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 707. mál, þskj. 1065, nál. 1220. — 2. umr.
6. Vatnalög, stjfrv., 413. mál, þskj. 546, nál. 1219 og 1270. — 2. umr.
7. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 720. mál, þskj. 1078, nál. 1299, brtt. 1300. — 2. umr.
8. Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, stjfrv., 708. mál, þskj. 1066, nál. 1349. — 2. umr.
9. Virðisaukaskattur o.fl., stjfrv., 697. mál, þskj. 1055, nál. 1350, brtt. 1351. — 2. umr.
10. Breyting á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna, stjtill., 614. mál, þskj. 918, nál. 1364. — Síðari umr.
11. Framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins, stjtill., 617. mál, þskj. 921, nál. 1366. — Síðari umr.
12. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 704. mál, þskj. 1062, nál. 1324. — Síðari umr.
13. Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis, stjtill., 705. mál, þskj. 1063, nál. 1322. — Síðari umr.
14. Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons, stjtill., 722. mál, þskj. 1080, nál. 1323. — Síðari umr.
15. Kynning á íslenskri list í sendiskrifstofum Íslands, þáltill., 296. mál, þskj. 323, nál. 1353. — Síðari umr.
16. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 698. mál, þskj. 1056, nál. 1254, brtt. 1255 og 1287. — 2. umr.
17. Loftferðir, stjfrv., 699. mál, þskj. 1057, nál. 1275, brtt. 1276 og 1288. — 2. umr.
18. Skipan ferðamála, stjfrv., 735. mál, þskj. 1097, nál. 1271, brtt. 1272. — 2. umr.
19. Samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, stjtill., 721. mál, þskj. 1079, nál. 1367, brtt. 1368 og 1372. — Síðari umr.
20. Stefna í fjarskiptamálum 2005–2010, stjtill., 746. mál, þskj. 1111, nál. 1371. — Síðari umr.
21. Fjarskipti, stjfrv., 738. mál, þskj. 1102, nál. 1369, brtt. 1370. — 2. umr.
22. Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, stjfrv., 583. mál, þskj. 874. — 3. umr.
23. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 677. mál, þskj. 1030, nál. 1228 og 1277, brtt. 1229. — 2. umr.
24. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 732. mál, þskj. 1094, nál. 1223, 1246 og 1278. — 2. umr.
25. Almannatryggingar, stjfrv., 587. mál, þskj. 879, nál. 1296, brtt. 1320 og 1321. — 2. umr.
26. Lyfjalög og heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 649. mál, þskj. 981, nál. 1297, brtt. 1298. — 2. umr.
27. Gæðamat á æðardúni, stjfrv., 670. mál, þskj. 1022. — 3. umr.
28. Landbúnaðarstofnun, stjfrv., 700. mál, þskj. 1357, brtt. 1361. — 3. umr.
29. Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, stjfrv., 701. mál, þskj. 1358. — 3. umr.
30. Búnaðarlög, stjfrv., 725. mál, þskj. 1083. — 3. umr.
31. Útflutningur hrossa, stjfrv., 727. mál, þskj. 1355. — 3. umr.
32. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1356. — 3. umr.
33. Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, stjfrv., 295. mál, þskj. 1212, brtt. 1295. — 3. umr.
34. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 309. mál, þskj. 337, nál. 1338, brtt. 1339. — 2. umr.
35. Almenn hegningarlög, frv., 67. mál, þskj. 67, nál. 1273, brtt. 1274. — 2. umr.
36. Almenn hegningarlög, frv., 72. mál, þskj. 72, nál. 1352 og 1362, brtt. 1363. — 2. umr.
37. Lokafjárlög 2002, stjfrv., 440. mál, þskj. 660, nál. 1197 og 1347. — 2. umr.
38. Lokafjárlög 2003, stjfrv., 441. mál, þskj. 663, nál. 1198 og 1348, brtt. 1199. — 2. umr.
39. Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frv., 35. mál, þskj. 35, nál. 1188, brtt. 1189. — 2. umr.
40. Bætt heilbrigði Íslendinga, þáltill., 806. mál, þskj. 1354. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
41. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, frv., 801. mál, þskj. 1248. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
42. Olíugjald og kílómetragjald, stjfrv., 807. mál, þskj. 1365. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
43. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 804. mál, þskj. 1345. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Árni M. Mathiesen sjútvrh., 1. þm. Suðvest.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson forsrh., 7. þm. Reykv. n.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar utanríkisráðherra við fyrirspurn um innleiðingu EES-gerða.

[10:30]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins í tilefni af því að mér hefur borist í hendur svar hæstv. utanrík-

isráðherra um innleiðingu EES-gerða í íslenskan rétt, en svarið felur í sér mikil tíðindi að mínu mati í Evrópuumræðunni. Í fyrirspurninni óskaði ég upplýsinga um það hversu margar gerðir hefðu stafað frá Evrópusambandinu á tímabilinu 1994–2004, hversu margar þessara gerða við hefðum innleitt á Íslandi á grundvelli EES-samningsins og í þriðja lagi hversu margar þessara gerða hefðu krafist lagabreytinga við innleiðingu á Íslandi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, herra forseti, að fylgismenn þess að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu, bæði innan þings og utan, hafa á síðustu árum haldið því statt og stöðugt fram að við Íslendingar innleiðum meiri hluta af öllum þeim reglugerðum sem Evrópusambandinu stafa inn í okkar rétt. Hafa menn jafnvel gengið svo langt að segja að allt að 80% þess reglugerðafargans sem þar er samþykkt rati inn í lagasafn Íslands. Hafa menn haft það á orði að með aðild okkar að EES-samningnum séum við komin með annan fótinn inn í Evrópusambandið.

Svar hæstv. utanríkisráðherra leiðir allt annan veruleika í ljós. Í svarinu kemur fram að á árunum 1994–2004 samþykkti Evrópusambandið alls 38.936 gerðir, þ.e. reglugerðir, tilskipanir og ákvarðanir. Það vekur athygli að á sama tíma hafa einungis 2.527 gerðir verið teknar upp í EES-samninginn eða um 6,5% af heildarfjölda gerðanna á tímabilinu. Það sem vekur enn meiri athygli er að í einungis 101 skipti hefur innleiðing þessara gerða kallað á lagabreytingar hér á landi sem er langt innan við 0,1% af öllum reglugerðum Evrópusambandsins.

Herra forseti. Þetta eru mikil tíðindi og um leið og ég þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir svarið held ég að það sýni (Forseti hringir.) svo ekki verður um villst að röksemdir þeirra sem telja að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið eru jafnvel vitlausari en hugmyndin sjálf.

[10:33]

Utanríkisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. þingmanni að þetta eru mjög merkilegar upplýsingar og satt best að segja verð ég að viðurkenna að þær komu mér dálítið á óvart líka vegna þess að ég hafði séð einhverjar tölur, sem mér fundust býsna lágar, frá Norðmönnum um að það væru um 18% af tilskipanafjöldanum sem hefðu verið tekin upp í norsk lög. Ég hafði séð þetta einhvers staðar og fannst það tiltölulega lágt einmitt miðað við þær umræður að við tækjum þetta allt hvort sem er upp 70–80%. En staðreyndin er sú að Norðmenn hafa bersýnilega eitthvað yfirtalið þetta þannig að það eru um 6–7% sem við höfum tekið upp af þessum gerðum. Það er rétt að menn skoði samt svarið til þess að menn hafi það allt í hendi því það eru líka skýringar á því af hverju þetta er svona lægra hjá okkur.

Þetta eru mjög merkilegar tölur og einnig það sem hv. þingmaður nefndi um lagasetningarþörfina, að það er aðeins í 101 tilviki á 11 árum sem við höfum orðið að setja slíka hluti í lög. Við sáum það í umræðunum um bresku kosningarnar að undanförnu að þar er verið að tala um að 45% af lögum sem breska þingið setur komi boðsend frá Brussel en þannig er það ekki hjá okkur. Það er auðvitað þannig með þau 6,5% sem við höfum tekið inn í okkar regluverk að við höfum heilmikið um meðferðina á þeim reglum að segja á öllum stigum málsins nema á lokastiginu, sem er hreint formsatriði oftast nær þegar þangað er komið. Fullyrðingar um að við tökum þetta upp allt saman hvort sem er, án þess að hafa áhrif á gerðirnar, eru því algjörlega úr lausu lofti gripnar. Það eru stórkostlega merkilegar upplýsingar sem hér hafa fengist fram við þessa athugun og ég þakka hv. alþingismanni Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir að stofna til þess að þær upplýsingar komi á borð manna.

[10:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir það með fyrirspyrjanda og svaranda, hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni og hæstv. utanríkisráðherra, að þetta eru athyglisverðar upplýsingar og þarft að fá þær hér fram til undirbyggingar upplýstri umræðu um þessi mál á Íslandi rétt eins og gerst hefur í Noregi. Niðurstaðan er sem sagt sú að sá málflutningur sem talsvert hefur vaðið uppi að löggjafarstarf í þeim löndum sem tengjast Evrópusamstarfinu á grundvelli EES-samningsins sé fyrst og fremst ljósritun á gerðum, tilskipunum og ákvörðunum frá Evrópusambandinu, hrynur til grunna með þessum upplýsingum. Í ljós kemur að þetta er öðru nær, satt best að segja er það mun minna sem beint þarf að taka upp í lög hér en maður hefði átt von á, að það skuli hafa gerst í 101 tilviki á þessu tíu ára tímabili EES-samningsins er auðvitað mjög lítið í ljósi þess að Alþingi hefur væntanlega afgreitt á milli 1.000 og 1.500 ef ekki hátt í 2.000 lagabreytingar á þeim tíma, samanber þá venju að hér er oft verið að afgreiða á annað hundrað frumvörp og gera þau að lögum.

Þetta dregur auðvitað fram og undirstrikar þann reginmun sem er á EES-samningnum með öllum hans kostum og göllum annars vegar (Gripið fram í.) og aðild hins vegar. Það er hárrétt hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni sem var líka á móti fleiru í gamla daga, eins og erlendum her og öðru slíku. Þetta undirstrikar þann grundvallarmun sem er á aðild annars vegar og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið hins vegar. (Gripið fram í.) Er ekki í lagi að segja það, hv. þingmaður?

Hvers vegna er það? Jú, það er vegna þess að utan gildissviðs EES-samningsins er landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnan, tollamálin, Evrópusambandið sem tollabandalag, Ísland er undanþegið ákvæðum um heilbrigði dýra og plantna, Ísland þarf ekki að taka upp ákvæði um skipaskurði og járnbrautir og gasviðskipti og fleira þar fram eftir götunum. Það útskýrir auðvitað þann mikla mun sem er á fjölda (Forseti hringir.) bindandi ákvarðana Evrópusambandsins annars vegar og því sem við þurfum að taka upp í landsrétt okkar hins vegar.

[10:37]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það má taka undir að þessar upplýsingar eru ágætar og þarfar inn í umræðuna um hvort Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég er sannfærður um að Ísland á að sækja um aðild að Evrópusambandinu sem allra fyrst og náist samningur við bandalagið eigum við að sjálfsögðu að leggja hann fyrir dóm þjóðarinnar.

Það er fjöldamargt annað en lýðræðisleg aðkoma að lagasetningarferlinu sem knýr á um aðildarumsókn okkar að Evrópusambandinu. Almennir framtíðarhagsmunir Íslands kalla á það, að mínu mati, að við gerumst fullir aðilar að Evrópusambandinu. Hver eiga t.d. viðbrögð okkar Íslendinga að vera þegar Norðmenn sækja um aðild að Evrópusambandinu þriðja sinni og þegar EES-samningurinn þar með líður undir lok? Það væri fróðlegt að heyra viðbrögð þeirra sjálfstæðismanna og vinstri grænna, sem hér tala mjög gegn aðild að Evrópusambandinu, við því hver viðbrögð okkar Íslendinga eiga að vera þegar EES-samningurinn líður undir lok. Það blasir við að hann er á síðustu metrunum, það blasir við að Norðmenn munu sækja um aðild og líklega samþykkja. Menn hljóta að vera með viðbrögð við því hvað gerist þá fyrst við eigum ekki að mati þessara stjórnmálamanna að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Eitthvað hlýtur það að kalla á.

Það væri ágætt að taka það inn í þessa umræðu um hvort Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu sem ég tel að landið eigi hiklaust að gera. Þá væri einnig mjög ánægjulegt og upplýsandi að heyra viðbrögð framsóknarmanna við þessum málflutningi Sjálfstæðisflokksins, samstarfsflokksins í ríkisstjórninni, en Framsókn lýsti sem kunnugt er á landsfundi sínum fyrir nokkrum vikum yfir eindregnum vilja að margra mati til að halda áfram í Evrópuátt, þróun sem hlýtur að ljúka með aðild að Evrópusambandinu. Framsóknarmenn hljóta að skýra sjónarmið sín við þessa umræðu.

[10:39]

Útbýting:

Innleiðing EES-gerða, 770. mál, svar utanrrh., þskj. 1373.

[10:40]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Þetta eru afskaplega merkilegar upplýsingar og ég vil þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir að bera fram þessa fyrirspurn og hæstv. utanríkisráðherra fyrir svarið.

Mér þykir þetta merkilegt í ljósi þess að ég held að ég sé búinn að heyra ég veit ekki hvað oft — ég hef náttúrlega eðli máls samkvæmt ekki talið það saman — að við tökum upp 80% af reglum og lögum Evrópusambandsins. Það hefur maður heyrt reglulega frá þingmönnum Samfylkingarinnar. Nú eru þetta 6,5%.

En áfram halda þingmenn Samfylkingarinnar. Hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson kom hér og hvað sagði hann? Hann sagði: Hvað gerist þegar Noregur gengur inn í ESB? Það er afskaplega athyglisvert að hlusta á þetta. Ég var á fundi með einum af forsvarsmönnum norska verkamannaflokksins um helgina, sem sagði að helstu rök þeirra sem vilja ganga í ESB í Noregi séu hvað þeir eigi að gera þegar Íslendingar ganga inn. Það er það sem syngur þar, því að engin önnur rök eru uppi. Það eru engar líkur á því, að því er virðist, að Noregur sé neitt á leiðinni í ESB. Og því síður, eins og hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson spurði: Hvað gerist þegar EES-samningurinn líður undir lok? Hann er ekkert að líða undir lok. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Það er ekkert sem bendir til þess, ekki neitt. Ég tel að þeir aðilar sem vilja að Ísland gangi í Evrópusambandið ættu að fara með rétt mál. Þeir hafa ekki gert það þegar þeir hafa talað um hve mikið við tökum upp af lögum Evrópusambandsins. Þeir gera það heldur ekki þegar þeir láta að því liggja að Noregur sé að detta inn og því síður, virðulegi forseti, þegar þeir segja að EES-samningurinn sé að renna sitt skeið á enda. Ekkert af þessu er rétt. Ég þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir að benda á þetta.

[10:42]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að þakka hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni fyrir að leggja fram þessa fyrirspurn. Hún dregur fram það sem liggur fyrir og er svo sem vitað og hefur verið lengi. Mig langar, af því að menn eru að verða hér annaðhvort mjög æstir eða mjög glaðir yfir þessu svari, ég veit ekki alveg hvernig ég á að lýsa því, að vitna í þar sem segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu samþykkti Evrópusambandið 38.936 gerðir á tímabilinu." — Þ.e. á síðustu tíu árum. — „Hafa ber í huga að hér er um að ræða heildarfjölda þeirra gerða sem Evrópusambandið hefur samþykkt á tímabilinu, þar með talið gerðir sem felldar hafa verið brott eða hafa engöngu tímabundið gildi. Jafnframt skal árétta að langstærstur hluti þeirra gerða sem samþykktar eru af Evrópusambandinu varða framkvæmd sameiginlegrar landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnu þess en einnig er fjöldi gerða samþykktur á ári hverju er varða framkvæmd utanríkisviðskiptastefnu þess, þar með talið tollamál."

Ég fæ ekki betur séð — og ég vona að þeir sem hafa tjáð sig hér um málið hafi lesið þetta svar allvel, það er ekki mjög langt — en þessi 6,5%, sem gleðja mjög þingmenn Sjálfstæðisflokksins í þessum sal í dag, séu af heildarfjöldanum. En það hefur legið fyrir í u.þ.b. tíu ár að EES-samningurinn nær ekki til allrar starfsemi Evrópusambandsins, það liggur algjörlega fyrir. Það þarf því alla vega að reikna þessa prósentutölu upp á nýtt.

Hins vegar held ég að við getum þá látið þvargi lokið í nefndum Alþingis um að Brussel ráði öllu og að við gerum ekki annað hér en að innleiða gerðir frá Evrópusambandinu, því mikla og vonda og stóra bákni. Það er ekki lítið sem kvartað er undan því, hæstv. forseti, á venjulegum nefndarfundum á hinu háa Alþingi. Nú hljóta hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins að taka glaðir við því litla sem kemur frá Evrópusambandinu.

[10:44]

Dómsmálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég fagna því að þessar upplýsingar eru komnar fram. Þær staðfesta það sem við höfum einnig orðið áskynja í störfum Evrópunefndar sem starfað hefur frá því á síðasta sumri og farið yfir þessi mál. Við höfum líka séð þar að þær tölur sem menn hafa verið að tala um, að allt að 80% af því sem Evrópusambandið ákveði sé innleitt hér, eru algjörlega rangar og þess vegna er mjög mikilvægt að fá þessar tölur inn í umræðuna þannig að menn átti sig á hvernig að þessum málum er staðið.

Nefndin hefur farið yfir þetta og líka hvaða möguleika

við Íslendingar höfum til þess að hafa áhrif á þessar gerðir og koma sjónarmiðum okkar að. Ég held að ég geti sagt, án þess að nefndin hafi komist að eiginlegri niðurstöðu, að það er ljóst að við nýtum ekki öll þau tækifæri sem við höfum í því efni til þess að hafa áhrif á þær gerðir sem snerta fjórfrelsið og samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ég vek athygli á að sá samningur tók gildi fyrir tíu árum og búið er að hrinda honum í framkvæmd og á þeim tíma höfum *við verið að innleiða þessar gerðir og hlutfallslega mun það* minnka sem við þurfum að tala tillit til í störfum Evrópusambandsins miðað við framvindu mála sem þar eru á döfinni.

Ég vil einnig mótmæla því sem fram kom í máli hv. þm. Björgvins G. Sigurðssonar að EES-samningurinn líði undir lok þó að Noregur gangi í Evrópusambandið. Þegar EES-samningurinn var gerður á sínum tíma ætluðu Norðmenn að ganga í Evrópusambandið en höfnuðu því síðan í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það var enginn bilbugur á neinum sem stóð að gerð samningsins að hann mundi halda gildi sínu þótt Norðmenn hefðu þá samþykkt að ganga í Evrópusambandið.

[10:46]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að taka þátt í fögnuði manna yfir því að upplýsingarnar séu fram komnar. Það er afar gott fyrir umræðuna að þær upplýsingar liggi fyrir. Ég verð einnig að viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á því hvað kemur mönnum svona geysilega á óvart í umræðunni. Mér fannst koma fram hjá hv. málshefjanda að kjarni málsins væri að við hefðum ekki tekið allar gerðir Evrópusambandsins upp. Það þarf ekki að koma á óvart, við erum ekki í Evrópusambandinu. Þess vegna höfum við ekki tekið allar Evrópusambandsgerðirnar upp. Við höfum hins vegar tekið upp þær breytingar sem við höfum þurft að taka upp sökum þess að við höfum verið að koma á einsleitum markaði, þ.e. EES-samningurinn hefur það að meginstefnu að gera Evrópska efnahagssvæðið þannig úr garði að það gildi sem líkastar reglur á öllu svæðinu þó að við höfum farið aðra leið.

Ég hlýt því að spyrja hvort það komi mönnum sérstaklega á óvart í umræðunni að við skulum ekki hafa tekið upp allar reglugerðir sem samþykktar hafa verið í Brussel. Það kom mér ekkert sérstaklega á óvart af því að við erum ekki í Evrópusambandinu. EES-samningurinn tekur bara til tiltekins hluta af málinu. Við höfum staðið okkar plikt í þeim efnum og gerum það væntanlega áfram. Við munum ekki taka upp gerðir í landbúnaðarmálum, við munum ekki taka upp gerðir í sjávarútvegsmálum og fleiri málum eins og hér hefur verið rakið.

Það sem eftir stendur í umræðunni, a.m.k. hvað mig varðar, er að ég átta mig ekki á því hvað er svona stórkostlegt í þessu. Ég get hins vegar, ef mönnum líður betur, tekið þátt í hinum óskaplega fögnuði, það er mér alveg að meinalausu. En kjarninn er einfaldlega þessi: Við höfum tekið upp þær reglugerðir sem við höfum átt að taka upp. Við höfum skapað og breytt umhverfinu í viðskiptalífinu eins og við lofuðum að gera með því að undirgangast EES-samninginn. Að öðru leyti erum við ekki í Evrópusambandinu.

[10:48]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hv. þingmenn Samfylkingarinnar hafa spurt: Hvað kom svona á óvart? Það kom t.d. á óvart að við höfum hlustað á málflutning þingmanna Samfylkingarinnar mánuðum og árum saman sem hafa verið að fræða okkur um að það sé miklu betra frá sjónarhóli fullvalda ríkis að ganga í Evrópusambandið af því að við þurfum hvort sem *er að taka yfir 80% af gerðum* og tilskipunum Evrópusambandsins. Út á þetta hefur umræðan gengið. Menn hafa sagt: Við höfum engan aðgang að ákvarðanaferlinu og þess vegna er miklu skynsamlegra fyrir okkur sem fullvalda þjóð að ganga í Evrópusambandið. Þetta eru rökin.

Nú kemur á daginn, sem við auðvitað vissum, að við erum ekki að taka yfir 80%, við erum að taka yfir miklu, miklu minna. Þegar við skoðum þetta sem hlutfall af öllum gerðum, tilskipunum og reglugerðum Evrópusambandsins er þetta brotabrot. Það er auðvitað það sem kemur á óvart, ætti a.m.k. að koma þeim á óvart sem hafa talað með allt öðrum hætti — nema menn hafi verið að tala gegn betri vitund, menn hafi verið að blekkja þjóðina með slíkum málflutningi. Ég ætla ekki að trúa því. Ég ætla einfaldlega að trúa því að upplýsingarnar hljóti að koma mönnum á óvart sem hingað til hafa haldið því fram að Íslendingar hafi verið að taka með sjálfvirkum hætti yfir allar gerðirnar og hafi hvergi komið neinum vörnum við.

Nú blasir við að svo er ekki, að þetta eru rangar upplýsingar. Goðsögnin er orðin blekking, við höfum séð að þetta er einfaldlega rangt. Eins og fram kom í máli hæstv. dómsmálaráðherra höfum við ótal leiðir til þess að hafa prýðilega aðkomu að ákvörðunarferlinu varðandi undirbúning að tilskipunum Evrópusambandsins. Það er með öðrum orðum ekkert sem knýr á um það að við göngum í Evrópusambandið. Við höldum fullveldi okkar með því fyrirkomulagi sem nú er, við höfum tekið og haft markaðsaðgang með EES-samningnum. Við höfum tekið það yfir sem við vildum og það er einfaldlega þannig sem við hljótum að starfa vegna þess að það þjónar íslenskum hagsmunum best og það blasir við. (Forseti hringir.) Blekkingin er algjör í málflutningnum og menn ættu að sjá það á svarinu að það er einfaldlega rangt sem haldið hefur verið fram að við séum einhver stimpilpúði fyrir Evrópusambandið.

[10:50]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson spurði um hvað hefði komið á óvart í svarinu. Það er rétt sem fram hefur komið að það eru upplýsingar um að það er rangt sem haldið hefur verið fram af talsmönnum þess að Ísland gangi í Evrópusambandið að Íslendingar innleiði 80% af öllu regluverki Evrópusambandsins í íslenskan rétt. Þessu hefur verið haldið fram fyrirvaralaust í 10 eða 11 ár, m.a. af þingmönnum Samfylkingarinnar.

Það sem kemur á óvart í svarinu er ekki bara það að áróðurinn var blekking, heldur hafa menn skotið gjörsamlega yfir markið í fyrirvaralausum áróðri sínum fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu. Það sem kemur svo verulega á óvart er hversu lítill hluti af öllum gerðum Evrópusambandsins er innleiddur í íslenskan rétt.

Af því að hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir vísaði til þess að í útreikningunum væri miðað við heildarfjölda þeirra gerða sem Evrópusambandið hefði sett frá sér, þá er það auðvitað gert. Enda hvernig hefur málflutningurinn verið frá Evrópusinnum, bæði innan þings og utan? Hann hefur verið sá að við Íslendingar innleiðum 80% af öllum lögum Evrópusambandsins í lagasafn Íslands án þess að gerðir séu neinir fyrirvarar á því.

Svo kemur hv. þingmaður upp í pontu í umræðunni og talar eins og páfinn og er jafnvel heilagri en hann í þessu sambandi og fer að gera þá fyrirvara núna sem hv. þingmaður hefur ekki séð ástæðu til að gera á síðustu tíu árum. (Gripið fram í.)

Það sem kemur á óvart í málinu, herra forseti, er að það stendur ekki steinn yfir steini og hefur ekki gert í áróðri Evrópusinna fyrir aðild Íslands að Evrópusambandinu á síðustu 10 eða 11 árum. (Forseti hringir.) Við Íslendingar erum ekki að stimpla neinar gerðir í þeim mæli sem haldið hefur verið fram á hinu háa Alþingi.

Samkeppnislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 590. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 883, nál. 1289, 1327 og 1340, brtt. 1290.

[10:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til að rifja pínulítið upp söguna þegar við ræðum frumvarp hæstv. viðskiptaráðherra til nýrra samkeppnislaga sem á að leysa af hólmi þá löggjöf sem unnin var, undirbúin var og sett í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar og markaði auðvitað mikil tímamót í viðskiptaumhverfinu á Íslandi hvað lög og reglur á þessu sviði varðar. Ég er ekki viss um að allir átti sig á því í dag hversu miklar grundvallarbreytingar urðu í málaflokknum þegar ný lög tóku gildi 1. mars 1993 og leystu af hólmi miklu eldri lagaákvæði að stofni til, sem hétu Um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætta viðskiptahætti. Þá hurfu inn á spjöld sögunnar fyrirbæri eins og verðlagsstjóri, verðlagsráð og fleiri slíkir hlutir sem stóðu í eldri lögum.

Ég held að ástæða sé til að rifja þetta aðeins upp, herra forseti, líka hvað varðar vinnubrögð og aðdragandann að því að samkeppnislögin voru sett á sínum tíma. Ég vil sérstaklega leggja áherslu á það að löggjöfin var vandlega undirbúin, hún átti sér umtalsverða meðgöngu. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, sem þá var, tók sér langan tíma í að setja sig rækilega inn í málaflokkinn og afgreiða eftir margra missira umfjöllun um hina nýju heildarlöggjöf á sviði samkeppnismála í landinu, sem tók gildi 1. mars 1993, eins og áður sagði. Mér er þetta mjög í minni vegna þess að ég var þá í efnahags- og viðskiptanefnd og var frá kosningum vorið 1991, og þetta var eitt af fyrstu og stærstu verkefnum sem nefndin fékk í sínar hendur á nýhöfnu kjörtímabili og það var tekinn í þetta rækilegur tími, það var m.a. unnið talsvert í þessu yfir sumarið. Niðurstaðan varð sú að hér var afgreidd í mjög góðri sátt hin nýja heildarlöggjöf sem umbylti auðvitað viðskiptaumhverfinu að þessu leyti.

Ég held að það sé hollt fyrir hæstv. núverandi viðskiptaráðherra og meiri hlutann á Alþingi að rifja þá sögu upp, því að hér á því miður ekki að standa þannig að verki, öðru nær. Það má heita að vinnubrögðin, eins og þau koma mér fyrir sjónir, séu að öllu leyti andstæða þess sem ástundað var í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar. Frumvarpið virðist hafa verið undirbúið með mjög þröngum hætti í þeim mæli sem það víkur frá skýrslu starfshóps sem áður starfaði, og það furðulega er að þetta er gert án samráðs við og að verulegu leyti í andstöðu við þá stofnun sem hefur annast um framkvæmd þessara mála sl. 12 ár, þar sem uppsöfnuð er mest fagþekking og sérþekking í þessum efnum í landinu. Það þarf ekki annað en að lesa umsögn Samkeppnisstofnunar til að sjá það.

Ég vil líka nefna annan hlut sem oft er haldið fram í opinberri umræðu um þessi mál til að hrekja það fyrir mitt leyti, a.m.k. eins og mér er fært. Það er kenningin um að þegar nýju samkeppnislögin tóku gildi 1993 hafi þau eingöngu verið kópíering á Evrópusambandsrétti í þessum efnum og að þau hafi komið til sögunnar vegna þess að menn sáu sig knúna til þess að gera þær breytingar vegna aðildar okkar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta er rangt. Löggjöfin var þegar í undirbúningi á tíma samningaviðræðnanna um aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og í grunninn voru fordæmin sem skoðuð voru og höfð voru til hliðsjónar ekki sótt fyrst og fremst í Evrópusambandsréttinn. Það var fyrst og fremst sótt í löggjöf nágrannalandanna. Skoðaður var danskur og breskur samkeppnisréttur, sem er auðvitað að sínu leyti undir áhrifum frá regluverki Evrópusambandsins en þó að sjálfsögðu ekki nema að hluta til. En að lokum var sú leið sem var valin hér fyrst og fremst sniðin að íslenskum aðstæðum og íslenskum hagsmunum. Vinna efnahags- og viðskiptanefndar á sínum tíma fór fyrst og fremst í að skoða hvaða reglur og rammi væri raunhæfur miðað við íslenskar aðstæður þegar hér á að reyna að skapa virkan samkeppnismarkað á mikilvægum sviðum viðskipta. Hvað býður hinn íslenski markaður í ljósi stærðar sinnar — eða öllu heldur smæðar — og aðstæður hér upp á í þessum efnum, hvaða reglur er raunhæft og skynsamlegt að reyna að viðhafa hér?

Þeir menn sem reyna stundum að færa það sérstaklega til tekna aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu, að það hafi fært inn í landið samkeppnislöggjöf á þessum grunni, þeir þekkja ekki söguna. Þeir vita ekki hver hinn raunverulegi aðdragandi samkeppnislaganna frá 1993 var. Hann var sá að mönnum var auðvitað löngu ljóst, strax á níunda áratugnum, að löggjöfin var orðin úrelt og það voru tekin í áföngum skref á níunda áratugnum og inn á þann tíunda, sem auðvitað gerðu það að verkum að gömlu lögin um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með sínu verðlagsráði og verðlagsstjóra, opinberri verðstýringu o.s.frv. voru auðvitað orðin úrelt.

Þetta var mönnum vel ljóst og þess vegna hafði alllengi verið í undirbúningi að semja landinu samkeppnislög sem væru meira í stíl við það sem gerðist og gengi í löndunum í kringum okkur. Reyndar höfðu verið fluttar um það ýmsar tillögur á þingum áður en þetta starf raunverulega hófst á árunum 1991–1993.

Þetta skiptir máli líka þegar við veltum fyrir okkur eðli

þessarar samkeppnislöggjafar hér. Hver er grundvallarhugsun hennar eða hvaða útgangspunktur var tekinn frá byrjun? Jú, það er sú leið sem varð fyrir valinu og í raun er nokkuð sjálfgefin miðað við íslenskar aðstæður, að það þyddi ekki að reyna að setja í íslenska löggjöf fullkomlega óraunhæf viðmið um stærð eða fjölda aðila á einstökum sviðum viðskipta einfaldlega vegna þess að markaðurinn væri of lítill og það væri ekki hægt að gera þá kröfu eða reikna með því að það væri raunhæft t.d. að svið viðskipta, hvort sem það væri vátryggingastarfsemi eða matvöruverslun eða hvað það nú væri eða samgöngur eða flutningar, byggðust upp þannig t.d. að enginn hefði meiri en svo sem 10–15% markaðshlutdeild, markaðurinn væri ósköp einfaldlega ekki nógu stór til að bjóða upp á arðbæran rekstur miðað við þannig dreifingu og þannig fjölda aðila. Þá sátu menn uppi með það að verða að leyfa hér kannski færri og stærri einingar en endilega væri æskilegt frá hreinum samkeppnissjónarmiðum. Þetta leiddi menn auðvitað að þeirri niðurstöðu að markaðsráðandi staða er ekki bönnuð. Í lögunum eru ekki nein viðmið, hvort sem það væru 15%, 25% eða þriðjungur viðskipta á einhverjum sviðum sem myndi einhver þök, sem samkeppnisyfirvöld geti þá haldið með sínu valdi, ósköp einfaldlega vegna þess að slíkt væri ekki raunhæf leið hér. Það var valin sú leið sem var nokkuð sjálfgefin, að markaðsráðandi staða er ekki bönnuð. Hún brýtur ekki í bága við lögin. Hins vegar gerir hvers konar misbeiting þeirrar stöðu það. Þá kemur að því að við verðum að hafa í höndunum öflug tæki og tól til að glíma við slíkar aðstæður. Þó sögðu menn sem svo: Það geta auðvitað myndast þær aðstæður hér á markaði, það getur orðið þróun sem smátt og smátt sem skapar aðstæður sem eru svo bersýnilega andstæðar frjálsum og góðum viðskiptaháttum og venjum og sem eru svo óhagstæð í samkeppnislegu tilliti séð að það verður að bregðast við þeim. Niðurstaðan varð því sú að hún varð vel yfirveguð og það lá mikil vinna að baki. Markaðsráðandi staða er ekki bönnuð. Það eru ekki sett bein viðmið eða bein viðmiðunarmörk í lögin hvað það varðar hvað einstakir aðilar geti haft með höndum stóran hlut viðskipta á einstökum sviðum. En misbeiting slíkrar stöðu er bönnuð sem og auðvitað hvers kyns brot á góðum samskipta- og viðskiptavenjum og samkeppnisyfirvöld hafa í höndum heimildir til að bregðast við skaðlegum aðstæðum án þess að brot á viðkomandi aðila hafi með beinum hætti sannast. Þetta skiptir mjög miklu máli.

Til viðbótar möguleikum samkeppnisyfirvalda til að grípa inn í og stöðva samruna fyrirtækja ef slíkar breytingar eru beinlínis skaðlegar og leiða til óheyrilegrar samþjöppunar hafa samkeppnisyfirvöld samkvæmt c-lið 17. gr. gildandi laga möguleika á að grípa inn í aðstæður sem eru óhagstæðar. Þess vegna vekur það mikla furðu mína að í frumvarpinu skuli gengið út frá því að fella þessar heimildir Samkeppnisstofnunar niður. Þar með er raskað þeirri grundvallaruppbyggingu laganna sem lagt var upp með 1993. Ég tel að það veiki lögin og ég tel að það séu nánast engin haldbær rök færð fram í greinargerð með frumvarpinu sem réttlæti það að c-liður 17. gr. gildandi laga sé felldur á brott. Hann verður að skoða í þessu samhengi í þessu sögulega ljósi, að menn gera sér grein fyrir því, og gerðu sér á þeim tíma hvað sem líður deginum í dag, að aðstæðurnar eru þannig á okkar litla markaði að menn geta staðið frammi fyrir aðstæðum sem hafa bersýnilega svo skaðleg áhrif á samkeppni að óumflýjanlegt sé að bregðast með einhverjum hætti við.

Þó þetta tæki hafi kannski ekki verið mikið notað hefur það verið þarna og það hefur gefið Samkeppnisstofnun, samkeppnisráði mjög sterka stöðu til að veita mönnum aðhald og það hefur verið talsvert um það rætt hversu langt samkeppnisyfirvöld gætu á grundvelli þessa ákvæðis gengið ef á þyrfti að halda. Að sjálfsögðu yrðu allar aðgerðir samkeppnisyfirvalda við svona aðstæður að uppfylla kröfur um góða stjórnsýslu og hófsamlega framkvæmd. Það mætti að sjálfsögðu ekki beita þessu ákvæði með íþyngjandi hætti nema öll efnisleg rök væru til og virða þá meðalhófsreglu og önnur sjónarmið. En þetta skiptir verulegum sköpum hvað varðar hina lögformlegu stöðu samkeppnisyfirvalda til þess að beita sér gagnvart skaðlegum aðstæðum á þessum markaði.

Veikleiki laganna, eins og hann verður ef frumvarp hæstv. ráðherra nær fram að ganga, verður fyrst og fremst fólginn í því að nánast öll úrræði samkeppnisyfirvalda eru tengd því að sanna brot að undangengnu því að brot hafi verið sannað, að menn séu staðnir að verki beinlínis að hafa misbeitt stöðu sinni. En það er nú hægara sagt en gert og það er nú ekkert smáferli sem undan er gengið eins og dæmin sanna. Ef enginn liður af þessu tagi, engin heimild af þessu tagi er í lögum, hversu mörg ár gæti það þá tekið samkeppnisyfirvöld að taka í lurginn t.d. á aðilum eins og olíufélögunum? Þó þau hefðu sætt rannsókn, þó þau hefðu verið fundin sek samkvæmt því ferli sem lögin bera með sér, þ.e. að samkeppnisráð og síðan áfrýjunarnefnd, ef slíkt væri áfram við lýði, þó allt þetta hefði komist að sinni niðurstöðu og teldi sig hafa sýnt fram á brot þá væri dómstólaleiðin eftir ef menn ... (**Viðskrh.:** Var 17. gr. nýtt vegna olíufélaganna?) Nei, ég var nú ekki að segja það, hæstv. ráðherra, að henni hefði oft verið beitt. En hún er til staðar. (Gripið fram í.) Hún er til staðar og samkeppnisráð hefur oft bent á hana. Samkeppnisráð hefur oft bent á hana, m.a. bréflega. Það hefur verið rætt um hana og lögformlega um það fjallað hvaða stöðu þetta skapi stofnuninni.

Með gagnályktun má auðvitað líka átta sig á því hvaða áhrif það hafi að taka þessa reglu út. Hver er niðurstaðan hvað það varðar í umsögnum um frumvarpið? Nánast allir benda á að þetta hafi í för með sér grundvallarbreytingu á stöðu samkeppnisyfirvalda, veiki hana. Það gera stéttarfélögin, ASÍ, BSRB. Það gera Neytendasamtökin. Það gerir Samkeppnisstofnun sjálf og það gera margir fleiri. Þó svo að þessu ákvæði kunni að hafa verið beitt vægilega fram að þessu er ekki þar með sagt að heimilt sé að gagnálykta svo að það skipti engu máli og megi bara fara út, aldeilis ekki. Það getur haft mikla þýðingu og hefur mikla þýðingu að hafa það þarna. Það er til staðar. Það geta komið upp þær aðstæður að þessu yrði beitt og aðilar vita af því að þetta er svona. Þeir eru því ekki öruggir um sig að gera hvað sem er í skjóli þess að þeir komist upp með það á meðan brotin hafa ekki sannast á þá eins og lögin eiga að vera úr garði gerð ef frumvarpið nær eitt fram að ganga.

Ég held að þetta sé kannski ein varhugaverðasta breytingin, herra forseti, sem þarna á að gera. Ég tel reyndar að

stjórnsýslubreytingin sem slík sé öll mjög lítt ígrunduð og veiki stofnunina. Það er enginn vafi á því í mínum huga að það er missir að samkeppnisráði og áfrýjunarnefnd í þessu sambandi og það er til muna veikari staða að hafa þarna bara þessa stjórn þriggja manna þar sem heldur er dregið úr faglegum kröfum og hæfniskröfum miðað við það sem áður var ætlað og sem skipuð er beint af ráðherra með þessum hætti. Þetta er að mínu mati veikari staða stofnunarinnar en sú sem (**Viðskrh.:** Hvernig er ráðið skipað?) fyrir er og veikari staða en ætti að vera þarna. (**Viðskrh.:** Hvernig er ráðið skipað?) Ráðið er skipað af ráðherra og á grundvelli mjög strangra hæfniskrafna eins og við vitum, hæstv. ráðherra. (**PHB:** Pólitískt?) (**Viðskrh.:** Pólitískt skipað?)

Það er fleiru breytt í þessu efni en bara því. Það er líka breytt samskiptum stofnunar og forstöðumanns og hinnar nýju stjórnar borið saman við það sem áður hefur verið. Stofnunin hefur verið mjög sjálfstæð í störfum sínum og ekki þurft að bera undir einhverja stjórn einstakar aðgerðir sínar eins og þarna á að gera og menn hafa spurt sig að því hvaða áhrif það hefði haft á umliðnum árum ef stofnunin sem slík hefði verið í því hafti sem nú á að hneppa hana í.

Það er enginn vafi á því í mínum huga að þetta veikir stöðuna og það er undarleg niðurstaða að komast að í þessum efnum. Auðvitað mætti velta þar ýmsu fleiru fyrir sér en ég læt nægja að vísa í þann rökstuðning sem áður hefur komið fram tímans vegna í þessum efnum hjá fyrri ræðumönnum og kemur fram í nefndaráliti bæði 1. og 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar þar sem rækilega er yfir þetta farið.

Það voru á sínum tíma ýmis mjög merk nýmæli í samkeppnislögunum og mörg þeirra halda sér í þessum lögum. Ég nefni t.d. þau ákvæði sem komu í fyrsta sinn inn í lög í 20.–22. gr. laganna sem varða auglýsingamál, varða kröfur um gæði auglýsinga. Þar var t.d. gengið frá því að auglýsingar sem höfða skuli til íslenskra neytenda skuli vera á íslenskri tungu. En merkustu nýmælin sem þarna komu voru þó að mínu mati þau sem sneru að vernd barna og ungmenna fyrir innrætandi auglýsingum, þ.e. að auglýsingar megi ekki misbjóða þeim eða gera út á trúgirni barna og unglinga og að bannað sé að sýna í auglýsingum hættulegt atferli eða annað því um líkt sem geti verið slæmt fordæmi fyrir börn. Það á sér ákveðnar sögulegar skýringar að þessi ákvæði komu á endanum inn í samkeppnislög en voru ekki sett í sjálfstæðri löggjöf eins og reyndar hafði nú verið reiknað með. Þannig var að á árinu 1987 eða 1988 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu frá þeim sem hér talar um að undirbúin yrði löggjöf um þetta efni og fyrrverandi viðskiptaráðherra Jón Sigurðsson flutti reyndar frumvarp í þá vegu sem ekki náði fram að ganga. Þegar samkeppnislögin voru svo til umfjöllunar á sínum tíma varð að lokum niðurstaðan að taka þessi ákvæði þarna upp í sérstakar greinar í samkeppnislögum. Síðan hafa þau staðið þar og að sjálfsögðu til mikilla bóta þó að mínu mati hefði jafnvel mátt beita þeim með ákveðnari hætti en gert hefur verið.

Annað mjög merkilegt nýmæli kom inn við setningu samkeppnislaganna í mars 1993. Það var ákvæði til bráðabirgða II sem fól í sér fyrirmæli til Samkeppnisstofnunar um að vinna á sínum fyrstu starfsárum — eða samkeppnisráðs var það nú reyndar — úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja sem starfa á íslenskum markaði. Þetta átti að gera í því skyni að kanna hvort að í íslensku viðskiptalífi væri að finna alvarleg einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað gæti samkeppni. Þetta var sett gagngert þarna inn sem hluti af í raun og veru því heildarsamkomulagi, þeirri heildarniðurstöðu sem varð um afgreiðslu laganna, m.a. vegna þess að menn áttuðu sig á því að miklu máli skipti að greina markaðinn og fylgjast með framvindu hans og að eðli málsins samkvæmt hlytu að vera vissar hættur samfara því að velja þá leið sem valin var með lögunum 1993 á jafnsmáum og lokuðum markaði og um var að ræða á Íslandi. Þetta ákvæði kom síðan efnislega inn í lögin sjálf og ákvæði til bráðabirgða varð í sjálfu sér óvirkt og er fallið brott. Það er búið að efna það og það var gert með þessari skýrslu sem út kom í desember 1994, um stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi, og nú er þetta orðinn hluti af lögbundnu verkefni Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs sem á að yfirfærast samkvæmt frumvarpinu yfir í verkefni Samkeppniseftirlitsins og er það auðvitað vel.

Virðulegur forseti. Að síðustu ætla ég að gera lítillega að umtalsefni það sem kemur með í þetta frumvarp og varðar innleiðingu tiltekinna tilskipana úr hinum evrópska samkeppnisrétti, þ.e. þau ákvæði sem koma í 27. gr. frumvarpsins og eru auðvitað þannig að þó að ekkert annað væri í frumvarpinu en það eina ákvæði, væri ærin ástæða til að staldra við. Það er sem sagt sú útkoma eða uppákoma eða hvað við viljum kalla það að íslenskir dómstólar eiga nú í fyrsta sinn að vera bundnir af niðurstöðum eða ákvörðunum Eftirlitsstofnunar Evrópusambandsins þannig að þeim sé skylt að dæma í samræmi við niðurstöður sem þar eru orðnar, eða jafnvel taka mið af niðurstöðum sem þar eru í fæðingu vegna þess að mál séu til umfjöllunar hjá hinni evrópsku stofnun.

Það má að vísu margt um þetta segja og að sumu leyti er það rétt sem fært er fram af aðstandendum málsins að að hluta til leiðir þetta af því að verið er að draga úr miðstýringu í þessum efnum og færa verkefni inn undir innlend samkeppnisyfirvöld sem áður hafa alfarið tilheyrt hinum sameiginlegu stofnunum Evrópska efnahagssvæðisins. Engu að síður verður afleiðingin sú, sem hlýtur að vera mönnum nokkuð erfið í koki, að innlendir dómstólar eru nú með beinum hætti, með pósitífum hætti skyldaðir til þess að hlíta dómum erlendrar stofnunar. Það hefur aldrei áður staðið í íslenskum lagatextum, nema hvað? Enda er augljóslega um svo hreint framsal að ræða að þessu leyti að það er niðurstaða margra að það sé orðið algjörlega útilokað að túlka stjórnarskrána þannig að hún leyfi slíkt nema með breytingum á henni. (Gripið fram í.) Þá er það sem sagt komið út fyrir rammann sem menn töldu, samanber fjórmenningaálitið fræga frá 1992, hægt að teygja þannig á að hann rúmaði EES-samninginn. Svipað sögðu menn þegar Schengen-innleiðingin var hér á ferðinni, að þá þyrfti enn að teygja rammann en sennilega héldi hann, hann væri ekki að slitna eða brotna. En hvað nú þegar standa á með beinum pósitífum hætti í lagatexta á Íslandi að innlendir dómstólar séu skyldugir til að hlíta dómum þessarar evrópsku stofnunar? Þá er fátt um fína drætti að túlka íslenskuna öðruvísi en að þetta sé samkvæmt orðanna hljóðan og

að valdið hafi beinlínis verið framselt þarna út.

Ég tel að þetta gangi ekki, herra forseti. Ég tel algjörlega óásættanlegt að gefast upp með þessum hætti, að leggjast svona á magann. Ég teldi lágmark að gera þá breytingu á þessu ákvæði laganna að þarna kæmi samræmingarkvöð í staðinn fyrir hina beinu bindingu og láta þá frekar á það reyna hvort þetta teldist fullnægjandi innleiðing af okkar hálfu. Af hverju vilja menn taka áhættuna hér heima gagnvart stjórnarskránni frekar en taka þá upp tafl við hina evrópsku aðila um það hvort við höfum ekki með fullnægjandi hætti fullnægt samningsskuldbindingum okkar með því að tryggja að um samræmingu verði þarna að ræða? Nú veit ég vel að það var sú viðleitni sem Íslendingar voru með að ná inn því orðalagi og á það var ekki fallist, en er það þá þar með sjálfgefið að við þurfum að gefast upp? Er það þannig að Alþingi ætli bara með opin augun að láta alla áhættuna vera þeim megin, að við séum að brjóta íslensku stjórnarskrána frekar en leggja út í það að glíma dálítið við Evrópusambandið eða hina evrópsku aðila um það hvort hins konar orðalag, orðalag sem væri í samræmi við upphaflegu ákvæðin í EES-samningnum þar sem í öllum hliðstæðum tilvikum er talað um samræmingu, um að menn skuldbindi sig til samræmingar þannig að rétturinn sé einsleitur en menn taka hvergi þannig til orða að þeir séu skyldugir til að taka við ákvörðunum hins aðilans? Þannig er grunnhugsunin í uppbyggingu EES-samningsins. Ég held því fram að með þessu séu menn að hverfa frá henni og menn eru þá að viðurkenna í verki það sem auðvitað voru rök margra gegn EES-samningnum á sínum tíma, að hann fengi ekki staðist stjórnarskrána vegna þess að í reynd væri hann of mikið framsal. Er það þá veruleikinn? Er þessi uppgjöf játning á því að þeir hafi haft rétt fyrir sér 1992 sem vöruðu við því og lögðust gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, m.a. á þeim forsendum að hann bryti í bága við íslensku stjórnarskrána?

[11:21]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður þekkir til þessara mála, hann sat í efnahags- og viðskiptanefnd þegar upphaflegu lögin voru sett, 1993, ég geri ekki lítið úr því. Ég tók ekki eftir að hann bæri það á borð hér að stjórnvöld stæðu í hefndaraðgerðum gagnvart Samkeppnisstofnun út af olíumálunum eins og flokksbróðir hans, hv. þm. Ögmundur Jónasson, gerði á laugardaginn, og ég vil þakka honum fyrir það. Mér heyrist því að hv. þingmenn séu að reyna að bakka út úr þeim málflutningi og það er í sjálfu sér virðingarvert. Ég tók eftir því að þannig var líka með hv. þm. Lúðvík Bergvinsson í morgun. Ég fer ekkert frekar út í það.

Það sem ég ætlaði að segja var að hv. þingmaður talar um að hann sjái eftir samkeppnisráði, m.a. vegna þess að þar þurfti ekki að bera hlutina undir neina stjórn. Það vill svo til að samkeppnisráð er skipað af ráðherra, eins og verður með þá stjórn sem kveðið er á um í frumvarpinu, þannig að það er eðlilegt að svo sé ekki. Munurinn er hins vegar sá að samkeppnisráð í dag er ákvörðunartökuaðili á neðra stjórnsýslustigi, þetta pólitíska ráð er ákvörðunartökuaðilinn. Það verður hins vegar ekki í nýja fyrirkomulaginu, heldur er það eftirlitsstofnunin, Samkeppniseftirlitið, sem verður ákvörðunartökuaðilinn. Hins vegar ber það meiri háttar efnislegar ákvarðanir undir stjórnina.

Varðandi c-liðinn sem hv. þingmaður sér mikið eftir í 17. gr. Sannleikurinn er sá að hann er ekki í samræmi við samkeppnisreglur Evrópusambandsins. Þessi liður hefur aldrei verið notaður af samkeppnisyfirvöldum eða dómstólum. Í lögskýringargögnum stendur ekkert um hvað fellur undir þennan lið og hvernig hann skuli notaður. Þetta er ástæðan, það kemur hins vegar annað ákvæði inn í staðinn sem er vel útfært.

[11:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu ekki að draga neitt í land sem hv. þingmenn Ögmundur Jónasson eða Lúðvík Bergvinsson hafa sagt um þetta mál. Það er ekki mitt hlutverk. Í öðru lagi standa þeir fyrir sínu og þurfa enga hjálp frá mér í þeim efnum. Ég minni á að í ræðu minni gagnrýndi ég einmitt hvernig samskiptum ráðuneytisins í undirbúningi þessa máls við Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð hefði verið háttað. Það er auðvitað alveg furðulegt að hæstv. ráðherra skuli bera hér á borð frumvarp sem er í beinni andstöðu við helstu fagstofnun og sérfræðistofnun á þessu sviði í landinu. Það eitt og sér er aldeilis tilefni til grunsemda. Því miður er það auðvitað þannig að það er eiginlega vandfundin útskýring eða rök fyrir því að fara þessa leið önnur en þau sem hv. þingmenn Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson hafa nefnt, að þetta sé hefndarleiðangur gegn Samkeppnisstofnun, sem af einhverjum ástæðum hafi fallið í ónáð hjá hæstv. ríkisstjórn og væri þá ekki fyrsta opinbera stofnunin sem er látin sæta hörðu. Þær hafa týnt tölunni, verið lagðar niður eða fluttar út á land ef þær hafa verið með múður, eins og kunnugt er. Það þarf ekki að rekja alla þá sögu hér.

Það má líka spyrja: Hvert er vandamálið? Hvað kallar á þessar breytingar? Hvert er vandamálið í þessum efnum í dag? Er það stjórnskipulag þessara mála? Eru það störf Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs? Nei, vandamálið er að ekki hefur verið nógu vel búið að þessu starfi. Það hefur búið við fjársvelti. Það er ofhlaðið af verkefnum, það hefur ekki undan. Það er vandamálið. Það væri nær að taka á því.

Varðandi c-liðinn að lokum, þá eru að vísu til lögskýringargögn hvað hann varðar. Ég get vitnað þar í ræðu sem ég hélt þegar verið var að afgreiða samkeppnislögin og sú ræða hefur verið notuð sem lögskýringargagn varðandi þennan c-lið í lærðum ritgerðum lögfræðinga, bara til að upplýsa hæstv. ráðherra um það. Ég held því enn fram að þessi ákvæði eða sambærilegar mögulegar heimildir samkeppnisyfirvalda til að grípa til aðgerða gagnvart ríkjandi ástandi séu nauðsynlegar.

[11:25]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvert er vandamálið? spyr hv. þingmaður. Ég ætla að minna á hvað varð til þess að svokölluð viðskiptalífsnefnd var skipuð af mér. Það var vegna ástands á

markaðnum, vegna þess að við vildum fara yfir það hvort væri ekki hægt að skipuleggja mál þannig og löggjöfina að við ættum léttara með að taka á fákeppni á markaði og ýmsu neikvæðu sem uppi var. Þessi nefnd skilar áliti. Formaður hennar var dósent við Háskóla Íslands, Gylfi Magnússon. Fyrsta atriðið sem gerð er tillaga um í því nefndaráliti er að taka á skipulagi samkeppnisyfirvalda. Þetta er gert af hálfu nefndar sem er skipuð af mér og formaður hennar er dósent við Háskóla Íslands.

Miðað við umræðuna sem hefur verið hér um þetta mál, mætti halda að þessi maður, þessi virti maður í háskólanum sé strengjabrúða í höndum viðskiptaráðherra. (**LB:** Það er ómerkilegt að skýla sér á bak við þetta.) Nú líður hv. þingmanni illa og það er gott. (**LB:** Þetta er mjög ómerkilegt.) Mjög gott að hv. þingmanni líði illa. (**LB:** Það er með ólíkindum að treysta sér ekki til að ...) Þetta er bara staðreynd málsins, svona er þetta og þetta er sannleikurinn í málinu. Þetta er fyrsta atriðið sem lagt er fram sem tillaga af hálfu nefndarinnar. (Gripið fram í.) Ég legg að sjálfsögðu til í þessu frumvarpi að farið verði að þessari tillögu, enda mun Samkeppnisstofnun styrkjast og hún verður sjálfstæðari eftir þessa breytingu. Þetta veit hv. þingmaður, hann þekkir það vel til þessara mála. Hann kýs út af pólitík að halda öðru fram.

[11:27]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. 1. þm. Norðaust. var á köflum með því betra sem heyrst hefur í umræðunni til þessa. Það var ágæt upprifjun sem hv. þingmaður fór í varðandi tilurð samkeppnislaganna. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að gera athugasemdir við þá lýsingu sem ég hygg að sé raunsönn, sérstaklega hvað það varðar að áherslan var á það við samningu samkeppnislaganna að hafa ekki afskipti af stærð fyrirtækja eða markaðshlutdeild sem slíkri, heldur leggja meginþungann á hegðun fyrirtækjanna, þ.e. að koma í veg fyrir að þau hegðuðu sér með þeim hætti að skaðlegt væri fyrir samkeppni, t.d. með samráði eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu, enda eru þetta kjarnagreinar í samkeppnislögunum.

Ég verð hins vegar að vera ósammála hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni varðandi eftirsjá hans af c-lið 17. gr. núgildandi laga sem fellur út með þessu frumvarpi, nái það fram að ganga. Það geri ég einfaldlega vegna þess að ég get ekki séð að þessi grein færi núverandi samkeppnisyfirvöldum að óbreyttum lögum þau úrræði sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon telur. Þetta er almennt orðað ákvæði. Það er óljóst að inntaki. Það er mjög veik heimild til að grípa til íþyngjandi aðgerða. Ég held því að það sé í raun mjög villandi skýring eða lýsing á frumvarpinu að segja að með þeirri lagfæringu að taka út c-lið 17. gr. sé verið að veikja samkeppnislögin.

[11:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um að hv. þingmaður er mér í aðalatriðum sammála um aðdraganda þessa máls á sínum tíma og hvernig þetta var hugsað og uppbyggt. Það er alveg rétt að menn mátu það svo, ég held að það hafi verið raunsætt mat, að stærð hins íslenska markaðar eða öllu heldur smæð hans og eðli að ýmsu leyti og samsetning á þeim tíma, byði ósköp einfaldlega alls ekki upp á það að fara þá leið sem sums staðar er gert að hafa tiltekin stærðarmörk eða viðmiðunarmörk til að styðjast við og reyna að tryggja fjölbreytnina með beinum hætti af því tagi, heldur horfa á hegðun fyrirtækjanna og banna hvers kyns misbeitingu á markaðsráðandi stöðu.

C-liður 17. gr. verður líka að skoðast í því samhengi. Hann var m.a. rökstuddur með því að á þeim tíma voru enn þá mjög öflugar blokkir í íslensku viðskiptalífi, arfur liðins tíma af sögulegum ástæðum. Það var samvinnufélagsrekstrinn öðrum megin og rekstur í einkageiranum hinum megin sem gekk undir ýmsum nöfnum og ég þarf ekki að fara með hér. Menn sögðu: Ja, það er nú ekki fyrirséð hvernig þróunin verður að þessu leyti. Ef þessar blokkir halda saman og jafnvel eflast í hinu nýja opna viðskiptaumhverfi verður nú kannski þröngt fyrir dyrum hjá smábændunum. Og verða þá ekki samkeppnisyfirvöld að hafa einhverja möguleika til að beita sér gagnvart aðstæðum?

Það er mikill misskilningur ef menn halda að einasta leiðin sem samkeppnisyfirvöld hefðu á grundvelli c-liðar 17. gr. gildandi laga sé að fara með illu að fyrirtækjunum. Sú leið var að sjálfsögðu líka rædd að samkeppnisyfirvöld gætu kallað aðila til viðræðna við sig og sagt: Hér stöndum við frammi fyrir aðstæðum sem eru mjög óæskilegar og við sjáum okkur knúna til þess að leggjast í rannsóknir og athuga hvort við verðum að aðhafast eitthvað, ef menn eru ekki fáanlegir til þess að gera tilteknar breytingar. Gott dæmi gæti verið sameiginleg innkaup olíufélaganna eða dreifing, að samkeppnisyfirvöld einfaldlega kalli þessa aðila við viðræðna og segi: Heyriði, drengir góðir, þetta gengur ekki, þessu verðum við að breyta. — Slíkir hlutir geta náðst fram í samkomulagi, þannig að það þarf ekki alltaf átök eða illindi.

[11:32]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem kemur fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að sú mynd sem blasir við okkur í dag er auðvitað að sumu leyti öðruvísi en var árið 1993 þegar lögin voru sett. Það sem líka hefur breyst er að nú er komin tólf ára reynsla á beitingu þessara laga, þess vegna höfum við kannski aðrar forsendur til að meta hvað eigi að vera í lögunum og hvað ekki.

Varðandi þau atriði sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur réttilega áhyggjur af, þ.e. að stórir aðilar á markaði séu svo fyrirferðarmiklir að það valdi samkeppnishamlandi áhrifum, þá hygg ég að þegar grannt er skoðað, vegið og metið hvaða úrræði séu viðeigandi í hverju tilviki nái ákvæði eins og bannákvæði samkeppnislaganna, ákvæði sem varða samráð, ákvæði sem varða misnotkun á markaðsráðandi stöðu yfir afleiðingar þeirra aðstæðna sem upp geta komið vegna þess að einhverjir aðilar verða fyrirferðarmiklir á markaði.

Það er auðvitað líka rétt eins og kom fram í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að ákvæðið sem nú er í 18. gr. hefur auðvitað líka ákveðinn tilgang í því sambandi að tryggja að samruni fyrirtækja sem ýmist eru að ná markaðs-

ráðandi stöðu eða auka markaðsráðandi stöðu sína þurfa að fara með mál sín í gegnum nálarauga samkeppnisyfirvalda, ef við getum orðað það svo. Það er því ekki eins og verið sé að kippa út úrræðum samkeppnisyfirvalda til þess að bregðast við samkeppnishömlum í samfélaginu. Menn mega ekki ganga svo langt að túlka þá breytingu sem hér er lögð til með þeim hætti.

[11:34]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir stutta og markvissa ræðu, sérstaklega þessa sögulegu baksýn hans, skiptingu á Verðlagsstofnun yfir í Samkeppnisstofnun. Ég vil spyrja hann: Getur verið að menn hafi ekki klippt nógu skýrt þar á milli, milli verðlagseftirlits sem er lögbundið samráð og Samkeppnisstofnunar sem á að berjast gegn samráði?

Ég tel mig hafa fréttir af því að forstjóri Samkeppnisstofnunar hafi setið fundi um olíudreifingu og skiptingu sameiginlegra eigna með olíufurstunum lengi vel eftir að nýju lögin tóku gildi, sem er í rauninni samráð.

Þá vildi ég spyrja hv. þingmann um c-lið 17. gr. núgildandi laga, þ.e. að heimilt sé að grípa inn í aðstæður án sektar. Þannig er að fyrirtæki eru oft sameinuð til að ná fram hagræðingu og þá vex verðmæti þeirra en með því að skipta þeim upp gæti það þýtt minni verðmæti. 72. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar, svo með leyfi herra forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Gæti hv. þingmaður hugsað sér að þessi grein stæði áfram en með skaðabótarétti til þeirra sem tapa eignum sínum vegna þeirra aðgerða sem Samkeppnisstofnun gripi til vegna aðstæðna sem þeir eiga enga sök á?

[11:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal að mönnum voru vel ljósir á sínum tíma ýmsir erfiðleikar sem stöfuðu af ríkjandi ástandi í íslenska viðskiptaheiminum þegar nýju samkeppnislögin gengu í gildi. Það var auðvitað ekki hægt að klippa á það allt saman bara á einni nóttu. Ákveðin uppbygging var staðreynd, ákveðinn rekstur fyrirtækja var staðreynd sem menn urðu að horfast í augu við. Það voru hlutir eins og olíufélögin og samstarf þeirra, innkaup og annað því um líkt, sem var bein framlenging af opinberri stýringu og opinberum innkaupum frá Rússlandi á sínum tíma og allt það, sem við þekkjum. Það var staðan í landbúnaðargeiranum og fleiri slíkir hlutir sem voru vissulega ræddir og skoðaðir. Mönnum var ljóst að það mundi taka einhvern tíma að þroska og þróa þetta fyrirkomulag yfir í hið nýja umhverfi og hvað líður einstökum fundum með forstjóra Samkeppnisstofnunar með einhverjum aðilum þarna í árdaga þessa nýja fyrirkomulags, það ætla ég ekki að fara að fella dóma um. (Gripið fram í.) Kannski hefur það tekið lengri tíma en menn vonuðu og æskilegt hefði verið að vinna sig út úr því.

Ég tel að möguleikar samkeppnisyfirvalda til að grípa til aðgerða eins og þeir voru hugsaðir og skilgreindir í c-lið 17. gr. — það sem menn voru fyrst og fremst að hugsa var að það geta blasað við þær aðstæður, mönnum geta orðið ljósar þær aðstæður sem eru bersýnilega skaðlegar fyrir samkeppni á markaði. Þó að þær tengist ekki neinum beinum atburðum, þ.e. séu ekki til komnar beinlínis í augnablikinu vegna sameiningar fyrirtækja og þó að þær séu ekki orðnar ljósar vegna þess að brot hafi sannast, þá kemur að því, hversu langt mega þá samkeppnisyfirvöld ganga til að beita slíkri reglu? Ég nefndi það. Auðvitað verður öll slík framkvæmd að standast kröfur um hófsemd og meðalhóf. Ég útiloka ekki að bætur gætu þurft að koma til. Það gæti orðið samkomulagsatriði eða viðfangsefni dómstóla að skera úr slíku, (Forseti hringir.) ef menn gripu til íþyngjandi aðgerða í þágu þess að tryggja fulla samkeppni, en það hefði einhvern kostnað í för með sér fyrir þolandann.

[11:38]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú höfum við kannski ekki klippt nógu skýrt á milli þessara stofnana fyrr en núna og kannski eru menn núna að gera það sem þeir áttu að gera í árdaga að klippa á milli nýrrar stofnunar og gamallar, sérstaklega í mannahaldi.

Varðandi þetta síðasta með skaðabætur, það yrði dálítið athyglisvert og kannski hefur þessu ákvæði aldrei verið beitt vegna þess að skaðabæturnar gætu orðið himinháar.

[11:39]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Við stöndum nú í 2. umr. um frumvarp viðskiptaráðherra um breytingu á samkeppnislögum og höfum í sjálfu sér komið víða við. Hér var ítarleg umræða á laugardaginn þar sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar komu víða við í ítarlegum ræðum sínum og það má því segja að margt liggi fyrir sem þarf að svara.

Það má lýsa því þannig að kjarninn í ræðum flestra ef ekki allra hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar sem tjáðu sig á laugardaginn hafi verið tvennt. Annars vegar að um væri að ræða veikingu á samkeppnisyfirvöldum og hins vegar veikingu á samkeppnislögum.

Ég verð að lýsa því strax yfir að ég er algerlega ósammála þeirri túlkun og tel að hún styðjist við afar veik rök. Ég held að rétt sé að rifja það upp að markmið þeirra breytinga sem verið er að ráðast í með frumvarpinu er þveröfugt; það er fyrst og fremst verið að vinna að því að efla samkeppniseftirlit í landinu og í því ljósi verður að skoða þessar tillögur.

Þær breytingar sem verið er að leggja til varðandi skipulag og stjórnsýslu samkeppnismála lúta í fyrsta lagi að því að greina á milli þeirra verkefna sem annars vegar snúa að neytendavernd og markaðseftirliti og hins vegar þeim verkefnum sem snúa að hinu beina samkeppniseftirliti. Þessi verkefni hafa til þessa bæði legið hjá Samkeppnisstofnun. Eins og rakið hefur verið á það sér frekar sögulegar rætur frekar en rökrænar en þarna er núna ætlunin að greina á milli.

Samkeppniseftirlitið sjálft verður vistað í nýrri stofnun,

Samkeppniseftirlitinu, sem mun hafa vissulega þrengra en um leið skýrara verksvið en núverandi Samkeppnisstofnun. Verið er að taka ákveðna málaflokka frá og flytja til annarrar stofnunar en eftir standa þau verkefni sem snúa að hinu eiginlega samkeppniseftirliti. Hugsunin með breytingunum er sú að sú stofnun sem hefur það verkefni með höndum geti einbeitt sér að því verkefni.

Það er líka verið að gera þarna ákveðnar breytingar sem lúta að stjórnsýslunni með það að markmiði að gera stjórnsýsluna skýrari og einfaldari. Það verður ótvírætt eftir breytinguna að rannsókn mála og afgreiðsla á fyrsta stjórnsýslustigi verður hjá einum aðila, hjá Samkeppniseftirlitinu. Þær ákvarðanir verða síðan auðvitað kæranlegar til næsta stjórnsýslustigs, áfrýjunarnefndar samkeppnismála, í því er ekki breyting. Breytingin felst í því að það er ótvírætt einn aðili sem tekur allar ákvarðanir á fyrsta stjórnsýslustigi en til þessa hefur myndin verið nokkuð flóknari.

Samkvæmt núgildandi lögum ber Samkeppnisstofnun ábyrgð á sumum ákvörðunum á fyrsta stjórnsýslustigi en samkeppnisráð ber ábyrgð á öðrum ákvörðunum.

Í framkvæmd hefur málsmeðferðin í þeim málum sem lúta ákvörðunarvaldi samkeppnisráðs oftar en ekki borið keim af því að fyrst rækju menn mál sín fyrir Samkeppnisstofnun og síðan fyrir samkeppnisráði. Þegar sú niðurstaða væri fengin væri að lokum hægt að fara með mál fyrir áfrýjunarnefnd. Í raun og veru hefur þetta snúið að þeim aðilum sem hafa verið með mál fyrir samkeppnisyfirvöldum að þeir hafa í mörgum tilvikum upplifað það þannig að stigin hafi verið í rauninni þrjú en ekki tvö.

Þetta er mjög skýrt hvað varðar bráðabirgðaákvarðanir stofnunarinnar. Samkeppnisstofnun tekur bráðabirgðaákvörðun, samkeppnisráð fjallar síðan um þá ákvörðun þegar samkeppnisráð kemur næst saman. Síðan eru þær ákvarðanir kæranlegar til áfrýjunarnefndar. Þarna er menn í rauninni að eiga við þrjá stjórnsýsluaðila í þessu sambandi.

Einnig má benda á að sú breyting hefur átt sér stað með nýjum málsmeðferðarreglum hjá samkeppnisyfirvöldum að eftir að Samkeppnisstofnun hefur lokið rannsókn sinni og skilað niðurstöðum sínum til samkeppnisráðs eiga málsaðilar í stærri málum tækifæri til þess að flytja mál sitt beint fyrir samkeppnisráði. Þetta ber líka keim af því að þarna sé um að ræða þrjú stig en ekki tvö.

Það er heldur ekki til þess fallið að gera núverandi skipulag skýrt, einfalt eða aðgengilegt, að stundum starfa samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun eins og um tvo aðskilda aðila innan stjórnsýslunnar væri að ræða en stundum er eins og um einn aðila sé að ræða. Það er ekki einföld mynd sem blasir við þeim sem þurfa að fara með mál fyrir þessa aðila. Stundum eru samkeppnisyfirvöld á fyrsta stjórnsýslustigi tvískipt og stundum er líkt og um eineðli sé að ræða, þegar Samkeppnisstofnun vinnur verkefni fyrir samkeppnisráð. Á þessu er lögð til breyting, til að skýra hlutina og gera þá einfaldari og aðgengilegri, m.a. til að flýta málsmeðferð í gegnum kerfið.

Sú gagnrýni hefur stundum komið fram á málsmeðferð samkeppnisyfirvalda að aðilar vilji gjarnan eiga kost á að koma málum sínum sem fyrst til dóms til að fá endanlega niðurstöðu í mál. Það er m.a. á þeim forsendum að öll helstu samtök fyrirtækjanna í landinu, svo sem Samtök atvinnulífsins, Verslunarráð, Samtök iðnaðarins og Félag íslenskra stórkaupmanna, hafa fagnað þeim skipulagsbreytingum sem lagðar hafa verið til. Mörg þessara samtaka hafa raunar barist fyrir breytingum í þessa átt árum saman. Ég get nefnt sem dæmi skýrslu sem Verslunarráð skilaði árið 1998 og skýrslu sem Samtök atvinnulífsins skiluðu af sér á árinu 2002. Þar voru lagðar til stjórnsýslubreytingar í þessa veru. Svipuð sjónarmið komu líka fram af hálfu talsmanna atvinnulífsins innan nefndar sem fyrrum viðskiptaráðherra skipaði á árinu 1998, sem var að störfum í hartnær tvö ár. Hún lagði til stjórnsýslubreytingar af þessu tagi. Þær rötuðu hins vegar ekki inn í frumvarpið sem varð að lögum á árinu 2000 um breytingar á samkeppnislögunum. En í því nefndarstarfi komu þessi sjónarmið mjög skýrt fram.

Eins og ég gat um í andsvari á laugardaginn ættu hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að gæta sín á að gera lítið úr öllum sjónarmiðum atvinnulífsins í þessu sambandi. Samkeppniseftirlit beinist eðli málsins samkvæmt að fyrirtækjunum í landinu en það er ekki þar með sagt að fyrirtækin séu öll í hlutverki sakbornings, það er ekki þannig. Fyrirtækin eru líka kærendur í mjög mörgum tilvikum. Þau þurfa gæta hagsmuna sinna í mörgum tilvikum með því að leita til samkeppnisyfirvalda og vekja athygli á brotum sem þau verða fyrir í samkeppni á markaði. Það er því hæpið fyrir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar að ætla að gera lítið úr trúverðugleika hagsmunasamtaka atvinnulífsins í þessu sambandi, með því að segja að þau séu bara fulltrúar þeirra sem óttast að sæta rannsókn.

Það má líka bæta því við að Lögmannafélag Íslands er í meginatriðum jákvætt gagnvart þeim breytingum sem hér eru lagðar til á stjórnsýslu samkeppnismála þótt rétt sé að halda því til haga að Lögmannafélagið gerir athugasemdir við hlutverk eða tilvist stjórnarinnar og telur að það geti flækt málin. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að með þeim breytingum sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur lagt til á frumvarpinu verði komið í veg fyrir allar flækjur í því sambandi þannig að menn eiga ekki að hafa áhyggjur af þeim þætti eins og Lögmannafélagið gerði í umsögn sinni. Segja má að komið hafi verið til móts við athugasemdir af því tagi.

Ég hef varið nokkrum tíma í að fjalla um breytingar á stjórnsýslu samkeppnismála og niðurstaða mín er ótvírætt sú að þær breytingar séu til þess fallnar að auka skilvirkni og skýra verksvið samkeppnisyfirvalda. Þær ganga í þá átt að efla samkeppniseftirlit en ekki að draga úr því, eins og háttvirtir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa haldið fram. Auk þess er ástæða til að minna enn og aftur á að samhliða þeim lagabreytingum sem hér er lagt til að gera hafa stjórnvöld, ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir, lýst yfir vilja sínum til að verja verulega auknum fjármunum til samkeppniseftirlits með því að verja auknum fjármunum til málaflokksins, um sem nemur tugum milljóna króna, sem gefur Samkeppniseftirlitinu kost á að fjölga þeim sérfræðingum sem starfa á því sviði úr 10 eða 11 í dag í 17 þegar þessu kjörtímabili lýkur.

Ætlunin er að setja aukna fjármuni og aukinn kraft í samkeppniseftirlit og það eru því hreinar öfugmælavísur að halda því fram, eins og hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar gerðu á laugardaginn, að með þessum stjórnsýslubreyting-

um sé á einhvern hátt verið að reyna að draga úr, veikja eða jafnvel að lama samkeppnisyfirvöld í landinu. Það bara stenst ekki.

Ég tel ástæðu til að staldra við nokkur önnur atriði í frumvarpinu í máli mínu. Í fyrsta lagi finnst mér mikilvægt að rifja upp nokkur sjónarmið í sambandi við 16. gr. frumvarpsins. Hún er, eins og menn þekkja, að nokkru leyti efnislega samhljóða núverandi 16. gr. en á henni eru gerðar tvær efnislegar breytingar með frumvarpinu. Annars vegar er kveðið á um það með skýrum hætti að ef fyrirtæki brjóti gegn ákvæðum laganna geti Samkeppniseftirlitið mælt fyrir um skipulagsbreytingar að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Eins og verið hefur til þessa gefur greinin yfirvöldum heimild til að mæla fyrir um ýmis atriði sem varða atferli og hegðun fyrirtækjanna, svo sem að banna ákveðnar athafnir, gefa út fyrirmæli um að gera eitthvað, setja viðskiptaskilmála eða eitthvað slíkt. Allt þetta verður áfram til staðar. Það verður til staðar eins og verið hefur til þessa.

Það er hins vegar nýmæli að úrræði yfirvalda verða aukin hvað varðar breytingar á skipulagi sem, eins og hefur komið fram í umræðum, felur í sér samkvæmt viðurkenndum sjónarmiðum í samkeppnisrétti að samkeppnisyfirvöld geti gefið fyrirmæli um innra skipulag fyrirtækja, í vægustu tilvikum skipað mönnum að selja hlutabréf í öðrum fyrirtækjum, jafnvel að stofna sjálfstæð félög um tiltekna þætti starfseminnar og jafnvel hreina uppskiptingu fyrirtækjanna þegar lengst er gengið. Með lagabreytingunni sem við leggjum hérna til eru samkeppnisyfirvöldum ótvírætt fengnar þessar heimildir til að bregðast við brotum fyrirtækja á samkeppnislögum.

Þetta er veruleg breyting. Það er auðvitað rétt að geta þess að þessi breyting er að sjálfsögðu ekki óumdeild. Hún hefur m.a. verið gagnrýnd af ýmsum hagsmunasamtökum í atvinnulífinu sem telja að með þessu sé of langt gengið, m.a. út frá sjónarmiðum um meðalhóf og vernd eignarréttarins. Það er líka rétt að fram komi að samkvæmt hefðbundnum sjónarmiðum í evrópskum samkeppnisrétti, bæði landsrétti einstakra ríkja og í samevrópskum reglum, hafa áherslurnar til þessa fremur beinst að því að grípa til aðgerða gegn atferli fyrirtækja frekar en skipulagi þeirra. Það er meginstefið sem við sjáum í hinum evrópska samkeppnisrétti, að menn horfa fremur á atferli fyrirtækja, hvernig þau hegða sér á markaði, frekar en hvort þau eru svo og svo stór.

Hins vegar er það viðurkennt sjónarmið að þegar fyrirtæki eru stór og markaðsráðandi sé ástæða til að fylgjast enn betur með atferli þeirra, fylgjast með því hvort þau hafa með sér samráð og hvort þau misbeiti markaðsráðandi stöðu sinni. Þau viðhorf hafa auðvitað verið rauði þráðurinn í gegnum íslensku samkeppnislögin eins og fram kom í máli okkar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar áður.

Í þessu sambandi er jafnframt rétt að halda því til haga að þróun hinna samevrópsku reglna varðandi viðskipti milli landa eru í þá átt að auka heimildir samkeppnisyfirvalda til að hafa afskipti af skipulagi fyrirtækja. Það er rétt að það liggi fyrir. Það er einnig rétt að í einstökum Evrópulöndum er að finna slíkar heimildir sem ganga m.a. út á uppskiptingu fyrirtækja. Því hefur hins vegar verið hafnað í öðrum löndum, þannig að því sé líka til haga haldið. Í löndunum í kringum okkur getum við fundið dæmi um hvort tveggja, bæði strangar reglur á þessu sviði og eins reglur sem ekki ganga eins langt og hér er lagt til.

Víðtækustu reglurnar er trúlega að finna í Bretlandi. Um þær hefur nokkuð verið fjallað, m.a. í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar. En annars staðar, t.d. í Noregi, er heimildin til uppskiptingar fyrirtækja alfarið bundin við að samkeppnisyfirvöld séu að bregðast við brotum á þarlendum samkeppnislögum. Það er það sama og við leggjum til hér, sama og t.d. á Írlandi. Þar er miðað við að hægt sé að beita slíkum úrræðum til að bregðast við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Tillögur til lagabreytinga í Þýskalandi sem kynntar voru á síðasta ári ganga út á að heimilt sé að beita skipulagsbreytingum til að bregðast við brotum. Loks má nefna í þessu sambandi að heimildir sem framkvæmdastjórn ESB hefur nýlega fengið, og ESA mun fá í nánustu framtíð, ganga út á að heimild til uppskiptingar fyrirtækja sé bundin við að bregðast við brotum gegn samkeppnisreglum ESB og EES.

Frumvarpið sem við ræðum um hér gerir ráð fyrir sambærilegum ákvæðum og Evrópureglurnar. Sams konar reglur hvað þetta varðar eru svo í Noregi og tillögur uppi um slíkar í Þýskalandi. Það er hins vegar rétt sem komið hefur fram að reglurnar eins og þær liggja fyrir í Bretlandi ganga lengra.

Til að nefna dæmi getum við nefnt að þegar Svíar voru að endurskoða samkeppnislög sín árið 2003 komu upp hugmyndir um að setja inn skýr ákvæði um að þarlend samkeppnisyfirvöld hefðu heimild til að bregðast við brotum og aðstæðum með skipulagsbreytingum. En slíkum reglum var hafnað. Eins og ég segi hafa ýmsar aðferðir verið reyndar í kringum okkur og ef við metum stöðuna í löndunum í kringum okkur, í landsrétti einstakra ríkja, get ég ekki betur séð en að með því að innleiða þá breytingu sem lögð er til í 16. gr. séum við að skipa okkur í hóp þeirra landa sem ganga hvað lengst, ekki allra lengst en við erum meðal þeirra sem ganga hvað lengst varðandi heimildir samkeppnisyfirvalda til að skipta upp fyrirtækjum til að bregðast við brotum.

Áður en ég hverf frá þessu atriði frumvarpsins verð ég að játa að ég hef haft persónulega efasemdir um að við ættum að ganga jafnlangt og gert er í þessu frumvarpi. (**JÁ:** Af hverju að styðja það þá?) Eftir að hafa farið yfir málið, hv. þm. Jóhann Ársælsson, tel ég unnt að fallast á þessa breytingu. Ég tel það unnt. Það geri ég í ljósi þess að heimildin sem felst í 16. gr. er bundin við þau tilvik er fyrirtæki hafa brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga. Ég tel líka mikilvægt að tryggt sé að þessu úrræði verði ekki beitt nema fyllstu sjónarmiða um meðalhóf sé gætt. Meðalhófsregla er beinlínis skrifuð inn í þetta ákvæði eins og það er lagt fram, og mér finnst það afskaplega mikilvægt í þessu sambandi. (Gripið fram í.)

Í þessu sambandi finnst mér líka rétt að geta þess að samkvæmt breytingartillögu sem meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar hefur lagt fram varðandi þessar skipulagsbreytingar er sagt að þær komi ekki til framkvæmda fyrr en að lokinni meðferð dómstóla ef aðilar kjósa að skjóta sínum málum þangað. Enda er alveg ljóst að aðgerðir af þessu tagi, skipulagsbreytingar, jafnvel uppskipting fyrirtækja,

eru óafturkræfar ráðstafanir. Ef dómstóll kæmist að þeirri niðurstöðu að uppskipting fyrirtækis hefði ekki verið nauðsynleg, löngu eftir að hún kæmi til framkvæmda, væri skaðinn í raun skeður. Það er þess vegna mikilvægt réttaröryggissjónarmið sem býr að baki þeirri tillögu meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar og mikilvægt að hún nái fram að ganga.

Í umræðum á laugardaginn áttu sér stað nokkrar umræður um hvort núverandi 17. gr. hefði að geyma heimild af þessu tagi, þ.e. til uppskiptingar fyrirtækja. Það er auðvitað rétt að það komi fram að þeir sem starfa að samkeppnismálum á vegum Samkeppnisstofnunar eru þeirrar skoðunar að lögin veiti þeim þessa heimild. Það er rétt að halda því til haga. Það er líka rétt að halda því til haga að margir lögfræðingar hafa verið allt annarrar skoðunar. Það hefur ekki reynt á þetta fyrir dómstólum þannig að úr því hefur ekki verið skorið.

Hins vegar verður að hafa í huga, þegar ákvæði c-liðar 17. gr. eru skoðuð að þessu leyti, að það er miklum vafa undirorpið að henni yrði beitt í núverandi mynd, til róttækra eða mjög íþyngjandi aðgerða. Heimildin er afar almennt orðuð og opin og ljóst að ef stjórnvald ætlar að grípa til íþyngjandi aðgerða gegn einkaaðila þá þarf lagaheimildin að vera býsna skýr. Það gerir það að verkum að harla ólíklegt er að núverandi c-lið 17. gr. yrði beitt í framtíðinni eitthvað frekar en honum hefur verið beitt síðustu 12 árin. En eins og komið hefur fram hefur því ákvæði ekki verið beitt.

Nú var því haldið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar í mörgum ræðum á laugardaginn að með því að fella niður c-lið 17. gr. væri verið að veikja samkeppnislögin. Þegar spurt hefur verið með hvaða hætti verið sé að veikja lögin með því frumvarpi sem hér er lagt fram þá hefur svarið alltaf verið að verið sé að fella niður c-lið 17. gr. Ég held að það sé eina dæmið, og hv. þingmenn sem hér eru geta leiðrétt mig ef ég fer vitlaust með, sem þeir hafa nefnt um að frumvarpið feli í sér efnislega veikingu frá núgildandi ákvæðum. Þeir hafa vísað til stjórnsýsluþáttarins og við höfum rætt hann áður, en varðandi efnisreglur samkeppnislaganna hygg ég að c-liður 17. gr. sé eina dæmið sem nefnt hefur verið .

Þegar spurt var á laugardaginn hvaða veiking laganna fælist í því að afnema ákvæði sem aldrei hefði verið beitt komu a.m.k. tvívegis ef ekki oftar svör á þá leið að verið væri að draga úr forvarnaáhrifum laganna. Tilvist greinar af þessu tagi, jafnvel þó að henni væri ekki beitt, hefði ákveðin forvarnaáhrif sem gerðu það að verkum að menn á markaði hegðuðu sér skikkanlega. Þetta hljómar allt í lagi en ég efast hins vegar um, ef við skoðum þetta í kjölinn, að það standist. Ég held ekki. Ég held að ef lagaákvæði, reglur laga, eigi að hafa forvarnagildi og koma í veg fyrir að menn hegði sér með einhverjum óskynsamlegum eða óheppilegum hætti verði slík ákvæði að vera harla skýr. Afmarka verður hvaða hegðun það er sem valdið getur afleiðingum sem geta varðað viðurlögum. Það verður að afmarka það. Það er t.d. gert í 10. og 11. gr. sem varða samráð og misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Þar er lýsing á því sem ekki má samkvæmt lögunum, það er lýsing á hegðun sem menn mega ekki sýna af sér og getur falið í sér viðurlög. 17. gr. er ekki þess eðlis. Hún er almennt orðuð, illa afmörkuð og þar er ekki tilgreind nein hegðun sem menn geta forðast að sýna af sér til að koma í veg fyrir að ákvæði c-liðar 17. gr. fari að virka.

Eina hugsanlega sem hægt væri að segja er að tilvist c-liðar 17. gr. feli í sér áminningu fyrir fyrirtæki um að verða ekki of stór vegna þess að það geti haft í eðli sínu samkeppnishamlandi áhrif. En nú höfum við annað ákvæði í lögunum, 18. gr. sem varðar samruna fyrirtækja, sem tekur á þessu. Þar fer fram tékkið á því hvort fyrirtæki eru að verða of stór eða hvort þau eru að ná markaðsráðandi áhrifum eða auka markaðsráðandi áhrif sín. Það er ekki c-liður 17. gr. sem hefur reynt á í þessu sambandi. Það hefur náttúrlega aldrei reynt á hann en það er ekki hann sem kemur til sögunnar í þessu sambandi. Ég held að meint forvarnaeða varnaðaráhrif þessa ákvæðis séu lítil ef þá nokkur. Ég held að önnur ákvæði frumvarpsins, önnur ákvæði núgildandi laga sem ekki er ætlunin að breyta, geti haft mikil forvarnaáhrif. Við þeim er ekki hróflað en ég held að c-liðurinn skipti ekki máli í þessu sambandi.

Ég held að þetta skipti afskaplega miklu máli þegar við metum þetta og þegar við metum málflutning stjórnarandstöðunnar sem, eins og ég kom inn á í upphafi, gengur allur út á að frumvarpið feli í sér leiðangur um að veikja samkeppnisyfirvöld og veikja samkeppnislögin. Ég tel mig hafa komið inn á það í máli mínu að með þeim breytingum á stjórnsýslunni sem við leggjum til sé verið að styrkja stjórnsýsluna. Það er verið að gera hana skýrari, skilvirkari og markvissari og á sama tíma er verið að verja auknum fjármunum til þessara mála. Það er ekki veiking, það er styrking. Ef stjórnarandstaðan hefur það eitt sér til rökstuðnings varðandi efnishlið frumvarpsins að verið sé að taka út c-liðinn, að með því sé verið að veikja samkeppnislögin á Íslandi, þá er sá málflutningur líka afar hæpinn.

Í frammíkalli minnti hv. þm. Lúðvík Bergvinsson mig á eitt atriði sem ég ætlaði reyndar að koma inn á í andsvörum á laugardaginn. Það varðar þær miklu áhyggjur sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa haft í þessari umræðu af því að á einum stað í frumvarpinu og einum stað í greinargerð er vísað til hugtaksins meðalhófs. Það hefur gefið mönnum tilefni til að fara hér á flug í alls konar samsæriskenningum um að nú eigi að slá á puttana á samkeppnisyfirvöldum vegna þess að menn leyfa sér að nefna orðið meðalhóf. Meðalhófsreglan er auðvitað grundvallarregla í íslenskum stjórnsýslurétti. Það er ljóst, bæði samkvæmt stjórnsýslulögum og samkvæmt áratuga lagaframkvæmd á Íslandi að stjórnsýslan verður að gæta meðalhófs í störfum sínum, einkum þegar verið er að taka ákvarðanir sem geta haft íþyngjandi afleiðingar fyrir borgarana. Víða í lögum um stjórnsýsluna er að finna ákvæði þar sem skrifaðar eru inn sérstakar meðalhófsreglur. Þær er að finna í skattalögum, tollalögum, lögum um meðferð opinberra mála og víðar, sérstakar meðalhófsreglur þar sem mönnum finnst ástæða til að árétta að gæta beri hófs við framkvæmd opinbers valds.

Þetta gefur hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar tækifæri til að koma hér upp hvað eftir annað og segja: A-ha, þið ætlið að veikja samkeppnislögin af því að þið ætlið að láta samkeppnisyfirvöld gæta meðalhófs. Þetta er ekki boðlegur málflutningur. Það er ekki boðlegur málflutningur að

þó að sett séu inn ákvæði sem árétta að gæta beri hófsemdar í meðferð opinbers valds, sérstaklega þegar stjórnvöldum er falið verulega íþyngjandi opinbert vald eins og gerist víða í samkeppnislögunum, að ætla þá að draga þá ályktun að með því séu ríkisstjórnarflokkarnir í einhverjum sérstökum hernaði gegn samkeppnisyfirvöldum. Mér finnst það afar langsótt.

Ég ætla, herra forseti, í lok máls míns að víkja örfáum orðum að ákvæðum 27. gr. frumvarpsins. Það er að vonum að sú grein fékk sérstaklega ítarlega skoðun, bæði í hv. utanríkismálanefnd sem hefur haft til meðferðar þingsályktunartillögu um staðfestingu á þeim EES-gerðum sem fela þessa breytingu í sér og eins í efnahags- og viðskiptanefnd þar sem frumvarpið hefur verið til umræðu. Það er kannski rétt áður en lengra er haldið að rifja upp að fyrir u.þ.b. ári fékk efnahags- og viðskiptanefnd til meðferðar frumvarp frá hæstv. viðskiptaráðherra um breytingu í þessa átt. Það var tekið til ítarlegrar umfjöllunar í nefndinni og nefndin var að lokinni þeirri umfjöllun einhuga um að afgreiða ekki frumvarpið, menn höfðu verulegar áhyggjur af þeim þætti.

Það er hins vegar full ástæða til að geta þess að frumvarpið var, eins og það lá fyrir á síðasta vori, með einum mjög veigamiklum hætti frábrugðið því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Það gekk miklu lengra að einu mikilvægu leyti. (Gripið fram í.) Það er, hv. þm. Sigurjón Þórðarson, annað mál, ég er ekki að fjalla um það. Í frumvarpinu sem viðskiptaráðherra lagði fyrir þingið á síðasta vetri og ætlað var að innleiða þau ákvæði sem hér um ræðir varðandi bindingu dómstóla við niðurstöður evrópskra stofnana, var notað orðalagið:

„Dómstóll skal ekki heldur kveða upp dóm sem er í andstöðu við fyrirhugaða ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar í sams konar máli. Dómstóll getur frestað málsmeðferð sinni þar til eftirlitsstofnunin hefur tekið ákvörðun ...“ o.s.frv.

Í gamla frumvarpinu var talað um „í sams konar máli“. Nú er það alveg skýrt í frumvarpinu sem við erum að fjalla um að aðeins er verið að ræða um sama mál, þ.e. ef sú staða kemur upp að mál sem varðar brot á samkeppnisreglum EES-samningsins kemur upp á sama tíma bæði hjá Eftirlitsstofnun EFTA og hjá innlendum dómstóli, þá felur 27. gr. í sér að innlendi dómstóllinn verður annaðhvort bundinn við niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA eða ber að bíða eftir niðurstöðu hans. Það er kjarninn í greininni.

Það er alveg rétt að þarna er með nýjum hætti verið að binda hendur íslenskra dómstóla. Fram hjá því verður ekki litið og í álitsgerð Davíðs Þórs Björgvinssonar prófessors, sem utanríkisráðherra lét vinna í þessu máli, er ítarlega fjallað um það. Þarna er verið að binda hendur íslenskra dómstóla með nýjum hætti. Menn geta deilt um hvort verið er að binda hendur þeirra frekar en nú er eða hvort þetta framsal dómsvalds, ef við viljum kalla það svo, er meira samkvæmt þessu ákvæði en ýmsum öðrum alþjóðlegum skuldbindingum sem Íslendingar hafa undirgengist. Ég hef reyndar efasemdir um að verið sé að ganga að því leyti lengra vegna þess að ég held að íslenskir dómstólar séu á margan hátt efnislega bundnir í meira mæli af ýmsum öðrum alþjóðlegum skuldbindingum sem við höfum undirgengist.

Formlega séð er þetta hins vegar ný aðferð eða ný nálgun og það hefur auðvitað valdið því að mönnum hefur þótt langt frá því sjálfgefið að fallast á þessar tillögur. Sjálfur hef ég haft töluverðar áhyggjur af þessu og þess vegna farið ítarlega yfir rökstuðning með og móti þeirri niðurstöðu sem birtist í þessu frumvarpi. Ég held hins vegar að þegar við skoðum þetta ákvæði og veltum fyrir okkur að hvaða leyti það er bindandi, þ.e. hvaða efnisinnihald er í þessu, þá sjáum við að þetta er ekki mjög íþyngjandi breyting. Þarna er um að ræða að til að þetta ákvæði virki þurfa mjög þröng skilyrði að vera fyrir hendi. Það þarf að vera um að ræða sama mál með sama sakarefni og sömu málsaðilum til meðferðar á sama tíma, annars vegar hjá innlendum dómstóli og hins vegar hjá Eftirlitsstofnun EFTA. Það er ólíklegt að það gerist.

Það er líka rétt að hafa í huga í þessu sambandi að samkvæmt núgildandi reglum gætu þau mál sem hér um ræðir, mál sem varða brot á samkeppnisreglum EES-samningsins, farið í gegnum allt hið evrópska kerfi, Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinn og niðurstaða hans orðið aðfararhæf hér á landi án nokkurs atbeina innlends dómstóls. Breytingin eins og hún liggur hér fyrir gerir því ráð fyrir að lögsaga innlendra dómstóla í málum af þessu tagi sé frekar víkkuð út í heildina en dregin til baka varðandi þau tilteknu þröngu tilvik þegar mál er til meðferðar á báðum stöðum í einu. Þess vegna má segja að það er ekki ástæða til að hafa áhyggjur af efnisinnihaldinu eða efnishlið málsins þó að hin formlega binding sem felst í ákvæðinu sé vissulega á skjön við þá hugsun sem ég og fleiri hafa um fullveldi innlendra aðila. En þetta er ekki efnislega þáttur sem við þurfum að hafa miklar áhyggjur af.

Það er líka mikilvægt að hafa í huga í þessu sambandi, þegar við erum að reyna að meta umfang þess hversu mikið framsal felst í þessu ákvæði, að þegar Norðmenn afgreiddu sams konar breytingu með þessum hætti á síðasta ári — þeir eru auðvitað í sömu stöðu gagnvart Evrópusamvinnunni og við, þeir afgreiddu þetta á síðasta ári — þá var í meðförum norska þingsins litið á þetta sem minni háttar framsal á valdi, ekki meiri háttar framsal heldur minni háttar framsal á valdi. Það ræðst af því að samkvæmt norsku stjórnarskránni er þinginu heimilað með lögum að framselja vald til alþjóðlegra eða yfirþjóðlegra stofnana. Ef um verulegt framsal er að ræða er nauðsynlegt að málið fái meðferð í þinginu með verulega auknum meiri hluta en ekki var litið svo á í þessu máli heldur einungis miðað við venjulegan hreinan meiri hluta.

Allt finnst mér þetta nú gefa tilefni til þess að meta þetta mál svo að við þurfum ekki að hafa þungar áhyggjur af efnisinnihaldi þess, þó að ég skilji og hafi vissulega samúð með sjónarmiðum manna eins og hv. þingmanna Ögmundar Jónassonar og Steingríms J. Sigfússonar sem talað hafa við þessa umræðu og lýst verulegum áhyggjum af þessu. Þessir hv. þingmenn, Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson, hafa verið sjálfum sér samkvæmir í því í langan tíma og þeir flokkar sem þeir hafa verið í hér í þinginu og sá sem þeir eru nú í hafa jafnan haft mikla fyrirvara á þátttöku Íslands í ýmsu alþjóðlegu samstarfi og hafa jafnan talað hávært um fullveldisframsal og framsal til erlends valds þegar Ísland hefur gengið í alþjóðasamtök eða tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi með ýmsum hætti. Þeirra afstaða er þekkt í

þessu. Hún er skiljanleg. Ég er ekki sammála henni í þessu tilviki en afstaða þeirra er skiljanleg.

Mér finnst hins vegar erfiðara að átta mig á afstöðu Samfylkingarinnar í þessu máli sem hefur óskaplega miklar áhyggjur, að því er virðist, af því að þarna sé verið að framselja hugsanlega örlítið brot dómstólavaldsins í tilteknum þröngum tilvikum en virðist engar áhyggjur hafa af því fullveldisframsali sem felst í því að Ísland verði fullgildur aðili að Evrópusambandinu, virðist engar áhyggjur hafa af því. Þeir menn sem telja að við eigum að vera, eins og hv. þm. Björgvin Sigurðsson sagði í morgun „fullir þátttakendur í Evrópusambandinu", hafa óskaplegar áhyggjur af því að við framseljum vald að þessu litla leyti. Mér finnst sú afstaða mjög torskilin. Ég á mjög erfitt með að átta mig á því að menn séu andvígir því að Alþingi afgreiði lög sem fela í sér smávægilegt framsal á mjög þröngu sviði sem ólíklegt er að reyni nokkru sinni á en eru svo tilbúnir til þess að ganga í Evrópusambandið og taka á sig allar þær fullveldisfrelsisskerðingar sem því fylgja. Mér finnst erfitt að átta mig á þeirri afstöðu manna.

Herra forseti. Það eru fleiri atriði sem hugsanlega væri tilefni til þess að koma inn í við þessa umræðu en ég held að við höfum snert við fleiri málum hér í andsvörum og svörum á laugardaginn. Eins getum við komið inn í fleiri þætti að þessu leyti nú síðar í umræðunni og vera kann að ég komi betur inn á það í síðari ræðu minni. En niðurstaða mín er sem sagt með öðrum orðum sú að málflutningur stjórnarandstöðunnar um að frumvarpið sem við erum hér að fjalla um feli í sér veikingu samkeppnisyfirvalda og veikingu samkeppnislaga, að þessar fullyrðingar eigi ekki með neinum hætti við rök að styðjast.

[12:19]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson hefur stundað það í þessari umræðu að koma hér upp og gefa málflutningi manna einkunn. Þess vegna hlýddi ég með mikilli athygli á ræðu hv. þingmanns og fannst reyndar um tíma hún vera heldur tætingsleg, þ.e. í þeim skilningi að hann hefði látið af sinni frjálshyggjubarnatrú, að hv. þingmaður væri eiginlega horfinn frá því erindi sem hann hefur stundum gefið sig út fyrir að eiga á þingi, þ.e. að losa um allar hömlur og skapa hér frelsi einstaklingsins til athafna eins og kostur er. Um tíma reyndi hann að réttlæta lengi vel setningu reglna á þessu sviði. En síðan opnaðist smágátt og hv. þingmaður lýsti því yfir að honum fyndist kannski fulllangt gengið í þessum efnum. Mér fannst ýmislegt í hans málflutningi gefa tilefni til þess að menn muni nú halda einhverjar fleiri ræður í þessu tiltekna máli.

En mig langaði að spyrja hv. þingmann vegna þess að í sjónvarpsþætti í morgun lýsti hæstv. viðskiptaráðherra því yfir að brottfelling þess ákvæðis sem hv. þingmanni var tíðrætt um þýði óneitanlega veikingu samkeppnislaga frá gildandi lögum. Hæstv. viðskiptaráðherra bætti við og sagði að það gengi ekki að stofnun úti í bæ hafi hvaða vald sem er til þess að grípa til aðgerða. Mig langaði að spyrja hv. þingmann hvort þau séu ekki samstiga í þessu tiltekna máli. Hæstv. viðskiptaráðherra sem er nú höfundur þessa frumvarps, höfundur þessara hugmynda, lýsir því yfir að þessi breyting þýði veikingu á reglunum. Hvaða sjónarmið eru það þá sem hv. þingmaður hefur fundið í þessu tiltekna máli eða var það einfaldlega þannig að hæstv. viðskiptaráðherra nennti ekki að halda þessum pótemkíntjöldum fyrir framan frumvarpið öllu lengur?

[12:21]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. viðskiptaráðherra er að sjálfsögðu miklu betur fallin til þess að tjá sig um ummæli sem hún hefur látið falla og ég hef ekki heyrt nema í endursögn hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Ég veit ekki í hvaða samhengi þau ummæli féllu eða hvaða spurningu hæstv. viðskiptaráðherra var að svara þegar hún sagði þetta, ef hún sagði þetta með þessum hætti. Ég ætla ekkert að tjá mig um það.

Ég lýsti hins vegar þeirri skoðun minni í ræðu minni hér áðan nokkuð ítarlega að ég teldi að í niðurfellingu c-liðar 17. gr. frumvarpsins fælist ekki raunveruleg veiking á lögunum og ég fór ítarlega yfir það að þetta ákvæði sem aldrei hefur verið beitt það fæli ekki í sér nein raunhæf úrræði fyrir samkeppnisyfirvöld þannig að sú skoðun stendur af minni hálfu að niðurfelling c-liðar 17. gr. feli ekki í sér neina veikingu á samkeppnislögunum og ég stend við það.

Varðandi hins vegar önnur ummæli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar sem að jafnaði er óspar á að gefa mönnum einkunnir í sambandi við ræðuhöld í þinginu og allt í lagi með það þá verð ég að segja að það er ekkert ósamræmi í því að vera í þeirri stöðu sem ég er í hér í þinginu, þ.e. að vera talsmaður frjáls markaðar en styðja á sama tíma leikreglur og úrræði fyrir yfirvöld þegar aðilar fara ekki að leikreglunum. Ég upplifi mig ekki í neinum vandræðum með þá stöðu vegna þess að meginreglan á auðvitað að vera frelsi í viðskiptum. Meginreglan á að vera sú að þeir sem eru í atvinnurekstri stýri sínum fyrirtækjum án beinna fyrirmæla frá stjórnvöldum. Hins vegar ef menn brjóta gegn leikreglunum þá eiga að vera til úrræði til að bregðast við því.

[12:23]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var alla vega ánægjulegt að fá það fram í morgun að hæstv. viðskiptaráðherra skuli nú hafa viðurkennt að hér er verið að veikja lögin og auðvitað mun sá tími renna upp í þessari umræðu að fleiri munu fylgja í hennar fótspor. Ég geri mér alveg fyllilega grein fyrir því að auðvitað er erfitt fyrir hv. þingmann að reyna að halda því fram hér í umræðunni að svo sé ekki þegar veruleikinn er sá að það er verið að taka heimildir og tæki út úr gildandi lögum með breytingu á lögunum og það þýðir einfaldlega veiking.

Auðvitað getur hv. þingmaður barið hér endalaust höfðinu við stein og sagt að svar sé ekki svart og hvítt sé ekki hvítt. Auðvitað getur hann haldið því áfram og auðvitað vorkennum við hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar honum fyrir að þurfa að standa hér og halda uppi þessum málflutningi. En ég leyfi mér að fullyrða að á endanum muni hv. þingmaður sem hefur margt til brunns að bera viðurkenna

það hér í þessari umræðu að verið er að veikja lögin og að menn láti af þeim málflutningi sem hér hefur verið uppi af hálfu meiri hluta stjórnarliðsins.

[12:25]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það vekur óneitanlega athygli að hjá nefndinni sem undirbjó þetta mál og í fyrstu drögum þessa frumvarps var gert ráð fyrir húsleitarheimildum hjá forstjórum fyrirtækja. Nú hefur stjórnarliðið tekið þessar heimildir út úr frumvarpinu og ég vil inna þingmanninn eftir afstöðu hans til þess. Nú hefur þetta úrræði reynst vel í Noregi og einkennilegt að það skuli hafa verið tekið út. Ég held að afstaða manna til þessa frumvarps taki kannski nokkurt mið af afstöðu þeirra til þeirra aðgerða sem gripið var til gagnvart olíufélögunum. Þannig höfum við séð að talsmenn atvinnulífsins fagna þessari veikingu á Samkeppnisstofnun og samkeppnislögunum, en þeir hinir sömu talsmenn töldu að meðalhóf hefði verið brotið í aðgerðunum gegn olíufélögunum. Ég held að það væri forvitnilegt að heyra hvaða sjónarmið hv. þingmaður hafði um þær aðgerðir á sínum tíma, hvort honum þótti of langt gengið þar og hvort þeim sjálfstæðismönnum hefði þótt óheppilegt ef Samkeppnisstofnun hefði haft húsleitarheimild hjá forstjórum olíufyrirtækjanna og þá hvers vegna.

[12:26]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi meginspurningu hv. þm. Helga Hjörvars um afstöðu mína til húsleitarheimilda á heimilum stjórnenda og starfsmanna fyrirtækja þá er ég í grundvallaratriðum sammála því sjónarmiði sem kom fram hjá hv. þm. Ögmundi Jónassyni hér á laugardaginn þegar hann varaði eindregið við úrræðum af þessu tagi sem gengju mjög nærri friðhelgi einkalífsins og ekki bara einkalífi þeirra stjórnenda fyrirtækja sem hér um ræðir heldur einnig aðstandenda þeirra. Ég hef því mikinn fyrirvara gagnvart tillögum af þessu tagi.

Varðandi tilvísun hv. þingmanns til olíumálsins, sem hefur nú reyndar borið nokkuð á góma í þessari umræðu, er vert að minna á að í olíumálinu svokallaða reyndi á ákvæði þessara laga um samráð sem ekki er verið að hrófla neitt við í þessu frumvarpi. Það er ekki verið að breyta neinu um það. Það er ekki verið að draga á neinn hátt hvorki úr banni við samráði né viðurlögum. Það er reyndar ekki komið inn á það. En það eru engin áform um það að draga neitt úr viðurlögum við brotum af því tagi. Tilvísun manna til olíumálsins í þessu sambandi er því svona til hliðar við kjarna málsins, skiptir ekki máli. Það eru svona pólitískar keilur sem einhverjir menn eru að reyna að slá í því sambandi en snerta kjarna þessa frumvarps ekki á neinn hátt.

Varðandi samkeppnisyfirvöldin þá er ljóst að með þeim breytingum sem hér er verið að leggja til, bæði hvað varðar stjórnsýsluna og eins með því aukna fjármagni sem á að verja til þessa málaflokks, verða samkeppnisyfirvöld á Íslandi enn betur til þess búin að bregðast við alvarlegum brotum eins og samráði eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu en verið hefur.

[12:28]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að vera ósammála hv. þingmanni því kjarni málsins er sá að eftir að Samkeppnisstofnun afhjúpaði samsæri gegn neytendum þá er verið að veikja stofnunina og verið að veikja lögin. Þess vegna innti ég hv. þingmann sem á sínum tíma var starfsmaður Verslunarráðsins eftir því hvort hann sjálfur hefði talið að aðgerðir Samkeppnisstofnunar gegn olíufélögunum hefðu gengið of langt, eða eftir atvikum Verslunarráðsins á þeim tíma, því að það virðist sem svo að þessi veiking á stofnuninni og lögunum eigi sér eingöngu stuðningsmenn í einstökum talsmönnum atvinnulífsins sem sumir hverjir töldu að allt of langt hefði verið gengið gagnvart olíufélögunum. Ég held því að það sé mikilvægt að það komi fram hér við umræðuna. Sömuleiðis spyr ég hvort hv. þingmanni þyki það ekki óheppileg skilaboð til opinberra embættismanna að eftir að þeir hafa afhjúpað svo alvarlegt brot gegn almenningi í landinu sem samsæri gegn neytendum er þá sé niðurstaðan sú að skömmu síðar sé stofnun þeirra lögð niður og störf þeirra auglýst laus til umsóknar. (Gripið fram í.) Hvers konar skilaboð eru það til opinberra embættismanna sem náð hafa gríðarlegum árangri fyrir neytendur í landinu?

[12:29]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt sem fram kom í máli hv. þingmanns að ég, ásamt fleiri mönnum sem tjáðu sig eftir húsleit hjá olíufélögunum árið 2001, gerði athugasemdir við aðferðir við þá framkvæmd. Við gerðum ekki athugasemdir við tilefni rannsóknarinnar eða annað slíkt heldur töldum við að málsmeðferðarreglur og þær leiðbeiningar sem giltu um leitir af þessu tagi væru ekki fullnægjandi.

Síðan reyndi á ákveðna þætti í því máli fyrir dómstólum og Hæstiréttur taldi að samkeppnisyfirvöld hefðu farið að lögum í málinu þannig að ég geri ekki athugasemdir við þá niðurstöðu. En þessi húsleit sætti gagnrýni á sínum tíma vegna þess að í málum af þessu tagi, þegar opinberir aðilar beita valdi sínu, hljóta alltaf að koma til skoðunar spurningar um hvort beitt sé hóflegum aðferðum hverju sinni.

Varðandi aðra þætti vísa ég bara til ræðu minnar áðan. Ég tel að ekki sé verið að veikja lögin og tel alls ekki að þessi yfirvöld veikist. Það er þvert á móti verið að verja auknum krafti og auknum fjármunum í samkeppniseftirlit í landinu.

[12:31]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Birgir Ármannsson talaði um að verið væri að styrkja samkeppnisyfirvöld með þessum hætti. Ég velti alvarlega fyrir mér stjórnsýslulegri stöðu hinnar nýju stofnunar, ef af verður.

Í 6. gr. er lagt til að forstjóri Samkeppniseftirlitsins skuli ráðinn af stjórn stofnunarinnar og stjórn stofnunarinnar ákveði starfskjör forstjóra. Nú er þetta A-hluta stofnun á vegum ríkisins og lýtur lögum þar um, m.a. lögum um fjárreiður ríkisins. Þá veltir maður fyrir sér hvort það veiki ekki stöðu stofnunarinnar að forstjórinn skuli ekki njóta sömu starfskjara, þeirrar starfsverndar sem stéttarfélög á þessum

vettvangi hafa samið um og starfað hefur verið eftir árum saman.

Ég vil vekja athygli hér á umsögn t.d. frá Lögmannafélagi Íslands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Laganefndin bendir á að fullnægjandi kann að vera að hafa einvörðungu forstjóra sem ber ábyrgð á ákvarðanatöku Samkeppniseftirlitsins. Ekki verður að séð að það aukalag sem til verður með því að skapa sérstaka stjórn sé nauðsynlegt, en það gæti hins vegar verið til þess fallið að flækja málsmeðferð og draga úr skilvirkni."

Lögmannafélagið er ábyggilega ekki að segja þetta út í bláinn, herra forseti. Ég leyfi mér því að spyrja hv. þm. Birgi Ármannsson: Er ekki einmitt verið að veikja stöðu forstöðumannsins, eins og Lögmannafélagið bendir að mínu viti réttilega á?

[12:33]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Bjarnason spyr mig ákveðinnar spurningar í þessu sambandi. Það væri einfaldast fyrir mig að svara þessu öllu neitandi vegna þess að ég er algjörlega ósammála þessu. Ég tel að í þeim breytingum sem hér er verið að leggja til felist ekki veiking. Ég get ekki séð að forstjóri ríkisstofnunar verði háðari ráðherra eða síður sjálfstæður í störfum sínum með því að búinn verði til ákveðinn stuðpúði, ef svo má segja, milli ráðherrans og forstjórans. Þar verður sett stjórn, verður til millilið milli ráðherrans og forstjórans.

Í dag er það þannig að ráðherrann velur forstjórann og ráðherrann skipar samkeppnisráð, sem hefur ekki neitt yfir forstjóranum að segja. Hann skipar þar tvo hliðsetta aðila í stjórnsýslunni sem hafa samvinnu með tilteknum hætti.

Nú er verið að breyta þessu þannig að ráðherra skipar stjórnina en hefur ekki afskipti af ráðningu eða starfslokum forstjóra. Því hlutverki sinnir sérstök stjórn. Ég get ekki séð hvernig menn geta litið svo á að í því fyrirkomulagi finnist veiking á stöðu stofnunarinnar. Ég get ekki skilið það. Ég held að þvert á móti sé verið að auka faglegt sjálfstæði stofnunarinnar með þessum hætti ef eitthvað er.

[12:34]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Okkur hv. þingmann greinir fullkomlega á í þessum efnum. Ég veit ekki hvort það er vegna ókunnugleika hjá hv. þingmanni á lögum og reglum, ráðningarkjörum og öðru slíku sem lýtur að opinberum embættismönnum.

Ég vil spyrja: Verður þessi forstjóri opinber embættismaður eða ekki? Mun hann njóta bæði réttarverndar og skyldna sem opinber embættismaður eða ekki? En það er kveðið á um það í lögum.

Í öðru lagi: Hvers vegna, varðandi stjórn Samkeppniseftirlits sem ráðherra á að skipa, er þá ekki sett inn í lögin að það skuli vera samkvæmt tilnefningu einhverra aðila, hlutlausra aðila, neytenda, aðila sem þar eiga hlut að máli? Hvers vegna á ráðherrann að fá þetta vald alfarið en jafnframt að geta skýlt sér á bak við þetta stjórnina varðandi ákvarðanatöku?

Ég er ósammála hv. þingmanni um að þetta verði skilvirkara og sammála Lögmannafélaginu um að verið sé að gera þetta flóknara og óskilvirkara með því sem hér er lagt til.

[12:36]

Birgir Ármannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara þannig að afstöðu Lögmannafélagsins sé til haga haldið í þessari umræðu og orð hv. þm. Jóns Bjarnasonar verði ekki eini vitnisburðurinn um afstöðu þess félags til frumvarpsins (Gripið fram í.) þá er rétt að fram komi að laganefnd Lögmannafélagsins, sem fjallaði um málið, telur að þær breytingar sem boðaðar eru á skipulagi samkeppnismála séu að mörgu leyti til bóta. Þetta er eina atriðið sem þeir gera athugasemdir við. (Gripið fram í.) Já, breytingarnar eru víðtækar og laganefnd Lögmannafélagsins telur að þær til bóta, að þessu atriði undanskildu.

Ég gerði grein fyrir því í ítarlegu máli áðan að með því að setja í lögin, eins og gert er í breytingartillögum meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, að settar verði starfsreglur og starfslýsing sem skýri málið, þá held ég að komið verði í veg fyrir þá flækju sem laganefnd Lögmannafélagsins hefur áhyggjur af varðandi þetta tiltekna þrönga atriði.

Varðandi forstjórann þá er hann eins og aðrir forstjórar ríkisstofnana ráðinn tímabundið og verður það samkvæmt þessu frumvarpi, eins og verið hefur áður.

[12:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér hafa farið fram langar og upplýsandi umræður um þingmálið sem hér er á dagskrá. Mér finnst að þær hafi leitt í ljós að full ástæða sé til að hafa áhyggjur af því að hluti skýringarinnar á því að málið er fram komið í þeim búningi sem það er sé að hér sé einhvers konar hefndarherferð í gangi, að mönnum hafi ekki líkað hvernig þeir sem hafa stjórnað Samkeppnisstofnun hafa gengið fram. Það hlýtur að vera umhugsunarefni og ástæða til að ræða það í sölum Alþingis hvaða mál það eru á undanförnum árum sem hafa mesta athygli vakið í samfélaginu.

Í fyrsta lagi má nefna grænmetismálið sem skók samfélagið á sínum tíma. Síðan eru það auðvitað málefni olíufélaganna, sem er stærsta mál Samkeppnisstofnunar hingað til, hvað sem verður síðar, að ógleymdu máli sem Samkeppnisstofnun gafst upp á, sem voru málefni tryggingafélaganna.

Hvað skyldu þau fyrirtæki sem þarna eiga hlut að máli eiga sameiginlegt, alveg sérstaklega? Jú, þessi fyrirtæki tengjast meira en öll önnur fyrirtæki í samfélaginu stjórnmálaflokkum. Það hafa verið tengsl milli stjórnmálaflokkanna í landinu, sérstaklega stjórnarflokkanna, við þau fyrirtæki sem ég taldi upp. Um það verður auðvitað ekki deilt. Ég nefndi grænmetismálið en þau fyrirtæki sem hafa verið rekin í landbúnaði í tengslum við framleiðslu landbúnaðarafurða í landinu hafa mörg hver tengst einum stjórnmálaflokki sérstaklega og reyndar tveimur stjórnmálaflokkum nokkuð. Framsóknarflokkurinn hefur þar verið fremstur í flokki en Sjálfstæðisflokkurinn átt verulegan hlut að máli.

Það er að mínu viti ekki tilviljun að mönnum hefur þótt ástæða til að fara í endurskoðun á hlutverki Samkeppnisstofnunar, sem lagði til atlögu við öll þessi fyrirtæki. Fyrst

voru það grænmetisfyrirtækin. Að vísu ætlaði Samkeppnisstofnun sér að taka málefni tryggingafélaganna fyrir áður en það tók of langan tíma að vinna að þeim verkefnum og það tókst ekki að sannfæra stjórnvöld um að það þyrfti meiri peninga til starfsemi Samkeppnisstofnunar til að geta unnið að þeim málum sem lægju fyrir. Stofnunin gafst bókstaflega upp á því máli, vegna þess hve langan tíma það hafði tekið. En það er ekki vafi á því að tryggingafélögin hefðu ekki síður átt að fá á sig dóm fyrir samráð en olíufélögin. Um það get ég persónulega vitnað og fjöldi annarra sem hafa átt samskipti við tryggingafélögin á undanförnum árum. (**Gripið fram í:** Er ekki dómstólanna að dæma um það?) Dómstólarnir fengu ekki tækifæri til að dæma vegna þess að Samkeppnisstofnun fékk ekki peninga til að vinna að málum með þeim hætti að hún gæti komið þeim frá sér. Þannig var það mál vaxið.

Það er auðvitað skömm að þessu fyrir hv. Alþingi, þar sem menn vissu vel að það var verið að vinna að þessum málum og vissu vel að það vantaði fjármuni til að það væri hægt að klára þau málefni með þeim hætti sem til þurfti.

Hér hefur staðið yfir umræða um það hvort verið væri að veikja eða styrkja samkeppnisyfirvöld í landinu. Þau á reyndar að brjóta upp í fleiri en eina stofnun sem kann að vera skynsamlegt. En hitt er annað mál sem getur varla farið á milli mála að það getur ekki talist styrking að setja þann sem á að bera mesta ábyrgð á framkvæmd mála undir þriggja manna pólitískt kjörna yfirstjórn. Ég hélt að ekki væri hægt að þræta um slíkt. Það getur ekki verið fólgin í því nein styrking stofnunarinnar.

Það er ekki þannig að ég hafi lesið þetta mál svo vel að ég ætli að fara í fræðilegar þrætur um hvað sé skynsamlegast af þeim ákvæðum sem hér hafa verið til umræðu og felast í þessu lagafrumvarpi. Ég ætla hins vegar að koma að öðru máli sem mér finnst ástæða til að ræða, sem er tvískinnungsháttur inn sem ríkir hér í sölunum gagnvart samkeppni yfirleitt. Hér geta menn velt sér upp úr því hvað sé best að gera til þess að tryggja samkeppni í landinu en á sama tíma er tryggt að samkeppni kemst ekki á í heilu atvinnugreinunum. Það er nákvæmlega enginn áhugi fyrir því að sú samkeppni verði nokkurn tíma til staðar.

Þar mætti telja upp ýmislegt en þar eru auðvitað landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn efst á blaði. Í sjávarútveginum hafa ríkjandi stjórnvöld t.d. ekki viljað hlusta á að tekin verði upp eðlileg samkeppni um þann fisk sem kemur að landi og hann komi á markað. Um það er ekki að ræða. Samkeppnisstofnun hefur t.d. ekki treyst sér til þess að fjalla um það mál. Hvers vegna? Er það ekki á verksviði hennar? Auðvitað er það af pólitískum ástæðum.

Hér hafa stjórnvöld ekki viljað ræða um tillögur sem hafa verið settar fram um að skilið verði á milli útgerðar og fiskvinnslu með einhverjum þeim hætti að til yrði almennilegt samkeppnisumhverfi um þann fisk sem að landi kemur. Hvernig skyldi standa á þessu? Og hvernig er það í landbúnaðinum? Það er með sama hætti þar. Þar má ekki til þess hugsa að til verði einhvers konar samkeppnisumhverfi. Þar á að stýra öllu. Hvað er núna t.d. að gerast þar? Helsta hugsjón manna í sambandi við mjólkurframleiðslu í þessu landi núna er að búa til eitt fyrirtæki sem kaupi allar afurðir af bændum og selji þær allar út á markaðinn. Þetta er sú hugmynd sem er á ferðinni núna í því landi þar sem menn standa hér í ræðustólum og velta því gaumgæfilega fyrir sér hvernig eigi að standa að því að búa til samkeppnisreglur fyrir — fyrir hverja? (Gripið fram í.) Alla vega ekki fyrir sjávarútveginn og ekki landbúnaðinn.

Ég taldi áðan upp þrjú fyrirtækjasvið, í fyrsta lagi grænmetið þar sem menn urðu uppvísir að samráði og þurftu að borga sektir, olíuna þar sem menn hafa orðið uppvísir líka að samráði og hafa auðvitað þurft að borga sektir. Því máli er að vísu ekki lokið fullkomlega. Þó liggur fyrir að þær sektir eru miklu lægri en sá ávinningur sem talið er að fyrirtækin hafi haft þessari starfsemi sinni. Síðan nefndi ég tryggingafélögin sem hafa sloppið. Þetta eru allt saman fyrirtækjahópar sem tengjast með sérstökum hætti stjórnmálaflokkunum í landinu. Tryggingafélögin hafa verið undir sérstökum verndarvæng stjórnvalda alla tíð. Þau hafa fengið sérstakt starfsumhverfi þar sem þau hafa getað myndað sjóði sem þau hafa síðan getað notað til þess að græða á í fjármálaumhverfinu í þessu landi, á lánastarfsemi og öðru slíku. Ég ætla bara að segja þá sögu.

Ég kom nálægt sjávarútvegi töluvert í mörg ár og ég átti samskipti við fjöldamarga útgerðarmenn. Við þurftum oft að ganga frá málum við tryggingafélög. Þessum mönnum var enginn kostur gerður á því að flytja sig milli tryggingafélaga. Ef þú áttir skip af þessari gerð og varst á þessum stað þá skyldir þú sko vera hjá þessu tryggingafélagi. Og færu menn eitthvert annað og færu að bera sig upp með það að þeir hefðu nú áhuga á því að flytja sig milli tryggingafélaga þá var þeim bara sagt góðlátlega að það væri ekki á verksviði viðkomandi að taka þá inn. Síðan voru gerðir samningar um viðhald á skipunum sem tryggingafélögin borguðu. Þetta var allt svona. Ég er algjörlega sannfærður um að það var samráð á milli tryggingafélaganna um þetta einfaldlega vegna þess að svo margir af þessum mönnum sem sögðu mér frá tilraunum sínum til þess að fá betri samninga við önnur tryggingafélög voru ævinlega gerðir afturreka.

Olíufélögin, hvernig voru þau? Ég þekki það líka persónulega. Ég hef sjálfur gert tilraunir til þess að fá samning við olíufélag um mín viðskipti. Það var ekki til í dæminu að hægt væri að fá einhvers konar samning um slíkt. Það var bara sagt: „Við veitum þér hina bestu þjónustu ef þú kemur.“ En það var ekki hægt að fá tilboð af neinu tagi og það var aldrei með neinum hætti komið til móts við viðskiptavini olíufélaganna með einhverri vild. Það var ekki þannig af því að það var auðvitað á ferðinni samráð um það að menn skyldu ekki keppna um viðskiptavinina í öðru en einhvers konar þjónustu sem væri fólgin í öðru en olíuverðinu. Þannig var þetta.

Ekki þekki ég nú grænmetið nógu vel. En það var upplýst hér í því máli að þar höfðu menn aldeilis haft samráð um það hvernig verðlagningin fór fram. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þennan hluta. Ég ætla þó að segja að í sölum Alþingis bera menn býsna mikla ábyrgð á þessu ástandi einfaldlega vegna þess að þessi fyrirtækjahópar hafa verið svona undir verndarvængnum.

Ég ætla að snúa mér aðeins aftur að sjávarútveginum. Hvernig skyldi það hafa verið þegar menn sem bera mikla ábyrgð á viðskiptaumhverfinu í landinu þurftu að taka af-

stöðu til þess að koma hér á þessu svokallaða kvótakerfi og úthlutunum kvóta sem mátti svo selja á markaði? Skyldu þeir einhvern tíma hafa velt því fyrir sér hvers konar samkeppnisumhverfi þeir væru að skapa? Er ekki t.d. hollt að velta því fyrir sér hvers virði veiðiréttarinn er á markaði núna? Veiðiréttarinn er líklega einhvers staðar á milli 350 og 400 eða 450 milljarða virði í dag. Þegar þessi veiðiréttur var búinn til og þeim sem fengu hann í hendur gefinn kostur á því að geta selt hann til þeirra sem vildu koma inn í sjávarútveginn, hvað gerðist þá? Hvers konar samkeppnisaðstöðu fengu þá hinir sem höfðu haft áhuga á því að koma inn í þessa atvinnugrein? Þeir þurftu að keppa við fyrirtækin sem fyrir voru í greininni sem var verið að rétta alla þessa fjármuni í raun. Svo eru menn að velta því upp í dag hve vel þeir hafi staðið sig sem standa upp úr í útgerð í dag. Haldið þið að það sé nú ekki ágætt að fá í tannfé í samkeppninni við þá sem vildu koma inn í atvinnugrein aðrar eins formúur og virði kvótans var og er? Þetta er nú það samkeppnisumhverfi sem Alþingi ákvað að skapa þarna.

Ætli það megi ekki segja líka að í landbúnaðinum sé það svipað, að kvótasetningin í landbúnaði og það að mega selja þau réttindi öðrum bændum hafi valdið því að þeir sem vildu koma inn í atvinnugreinina þyrftu að keppa við tannfé sem ríkisvaldið hefur skákað til þeirra sem fyrir voru upp á æðimarga milljarða ábyggilega að núvirði?

Þetta er nú undarlegt samkeppnisumhverfi sem stjórnvöld skapa og hefði nú verið ástæða til þess að menn hefðu nú kannski velt því svolítið fyrir sér hvað þeir væru nú að gera með þessum inngripum í atvinnulífið sem þarna eru á ferðinni og hvort þetta væri eðlilegt, hvort þetta bryti ekki í bága við samkeppnishugmyndir og hugsun á bak við það að búa til eðlilega samkeppni í samfélaginu. Nei, nei, menn hafa ekki haft neinar áhyggjur af þessu. Þetta hefur bara verið fínt. Ríkisvaldið býr bara til peninga handa þeim sem eru í atvinnugreinunum og hinir skulu „vær så god" bara keppa við það. Þetta er víst í fína lagi. Svo geta menn haldið hér langar ræður um það nákvæmlega hvernig eigi að búa til samkeppnisumhverfi. En það eru ekki miklar áhyggjur af þessu samkeppnisumhverfi.

Síðan er það líka undarlegt hvað varðar þá ríkisstjórn sem nú situr að þegar um er að ræða auðlindir og möguleika til þess að nýta þær þá hafa menn ævinlega fundið einhverjar handvirkar leiðir handa ráðherrum ríkisstjórnarinnar til þess að úthluta. Sérstaklega hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra fengið það hlutverk að úthluta aðilum réttinum til þess að nýta auðlindir landsins, á hafsbotni og aðrar auðlindir sem hægt er að virkja eða nýta í landinu.

Samgönguráðherra hefur líka svona heimildir. Og hvað hefur verið samþykkt helst? Það hefur verið um það að ræða að ráðherra skeri úr um það hverjir eigi að fá þetta. Það á að búa til alveg sérstakan forgang fyrir þá sem rannsaka auðlindirnar. Það má aldrei — það er nefnilega vandinn í málinu. Það er svolítið sérkennilegt, sérstaklega hvað varðar Sjálfstæðisflokkinn — það má aldrei skera úr um það á markaði hver eigi að fá þetta. Það er svolítið furðulegt. Maður hefði nú haldið að sjálfstæðismenn hefðu haft áhuga á því að það væri nú gert. (**Gripið fram í:** Þá er ekki víst að réttur aðili fái.) Það er mikil spurning hvað það er sem menn vilja fá fram með þessu.

Nú er það þannig að í áratugi hefur ríkisvaldið verið að koma réttindum til þess að vinna fyrir ríkið og annað slíkt þannig fyrir að þar eru útboð notuð að langmestu leyti og menn eru alveg sáttir við það. Til dæmis þegar verið er að bjóða út vegagerð eða eitthvað slíkt þá finnst mönnum sjálfsagt að þetta sé gert með útboðum. Kærumálin eru bara uppi um leið og ef einhverjum smáverkum er jafnvel bætt við svona í hagræðisskyni þá eru uppi kærumál eins og skot því að mönnum finnst þetta vera einhver regla sem á algjörlega að vera. En þegar kemur að auðlindum sem ríkisvaldið er að úthluta þá finnst mönnum bara sjálfsagt að það sé bara gert með einhverjum svona fegurðarsamkeppnum eða einhverju vali sem ráðherra á að skera úr um. Ráðherra vill ekki einu sinni hafa reglur sem gera honum kleift að bjóða þetta út, svona ef það kemur upp einhver vandi. Nei, nei, þetta á bara vera svona. Það á bara að vera þannig að hæstv. ráðherra úthlutar ef það verða fleiri en einn eða tveir sem vilja fá réttindin.

Þessi hugsunarháttur er undarlegur. Mér finnst að útrýma þurfi úr lagasetningu á Alþingi reglum þar sem menn líta fram hjá jafnræði þegnanna til þess að nýta réttinn. En þetta hefur sú hæstvirt ríkisstjórn sem nú situr alveg stundað sérstaklega, þ.e. að koma á reglum þar sem hefur verið reynt að finna leiðir fram hjá þessu. Það má finna þetta í fjarskiptalögum og það má finna þetta í lögum um auðlindir á hafsbotni. Það má finna þetta í lagafrumvörpum eins og þeim sem liggja núna fyrir um jarðrænar auðlindir og það má finna þetta í vatnalögum. Alls staðar á leiðin að vera sú að skera úr með einhverjum hætti, en menn forðast eins og heitan eldinn að hægt verði að taka á þessum málum eða að sett sé á skylda til þess að taka á þessum málum út frá jafnræðissjónarmiðum þar sem allir standi jafnir gagnvart því að bjóða þá bara í þau réttindi sem um er að ræða. Þetta finnst mönnum hins vegar algjörlega sjálfsagt (Forseti hringir.) í atvinnugreinum eins og það að þjónusta ...

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti biður hv. þingmann afsökunar á því að grípa inn í en vil inna hann eftir því hvort hann eigi mikið eftir af ræðu sinni því áformað er að gera núna hlé á fundinum milli klukkan eitt og tvö. Þegar hefur einn hv. þingmaður beðið um andsvar við ræðu hv. þingmanns þannig að ef hann nær að ljúka máli sínu á næstu fimm mínútum mundi forseti hafa biðlund en ella vill hann biðja hv. þingmann að gera hlé á sínu máli.)

Hæstv. forseti. Ég á nú ekki mjög langt eftir af ræðu minni. Þó er ákveðinn kafli eftir sem ekki duga fimm mínútur til þess að halda þannig að ég þigg það þá að hæstv. forseti fresti fundi.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti þakkar hv. þingmanni fyrir hans viðbrögð. Nú verður gert hlé á ræðu hans og enn fremur á þessum fundi og honum fram haldið klukkan tvö.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:59]

[14:01]

Útbýting:

Nýjar hitaveitur, 715. mál, svar iðnrh., þskj. 1344.

Samkeppnislög, 590. mál, brtt. LB o.fl., þskj. 1380.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]

40., 42. og 43. dagskrármál voru of seint komin fram. – Samþ. með 54 shlj. atkv. að taka þau til meðferðar.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1380. — Afbrigði samþ. með 54 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Frv. allshn., 804. mál. — Þskj. 1345.

[14:03]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um veitingu ríkisborgararéttar frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd bárust 54 umsóknir um ríkisborgararétt á 131. löggjafarþingi og leggur nefndin til að 17 einstaklingum, sem nefndir eru í þskj. 1345, verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.

Olíugjald og kílómetragjald, 1. umr.

Stjfrv., 807. mál (lækkun olíugjalds). — Þskj. 1365.

[14:05]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi um olíugjald og kílómetragjald sem gengur út á það að koma til móts við þær breytingar sem orðið hafa á heimsmarkaðsverði á olíuvörum á undanförnum mánuðum og gera það að verkum að horfur eru á að dísilolía verði dýrari en bensín frá og með gildistöku laga um olíugjald og kílómetragjald 1. júlí nk. Af þessum sökum hefur verið talið óhjákvæmilegt að gera tillögu um að lækka olíugjaldið sem ákveðið er í lögum 45 kr. hver lítri. Er í frumvarpi þessu lagt til að olíugjaldið verði 41 kr. en það þýðir að útsöluverð dísilolíulítrans gæti orðið u.þ.b. 5 kr. lægra en ella hefði orðið að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Ekki þarf að hafa mörg orð um þetta frumvarp, virðulegi forseti. Við þekkjum öll að frá og með 1. júlí nk. tekur gildi nýtt gjaldtökukerfi á dísilbíla sem leysir af hólmi hið meingallaða þungaskattskerfi sem margir kannast við af eigin raun. Þetta kerfi, hið nýja olíugjaldskerfi, hefur marga kosti umfram þungaskattskerfið, ekki síst þann að með því er hvatt til aukinnar notkunar á dísilolíu og bílvélum sem nota dísilolíu til brennslu sem bæði eru almennt talað núorðið sparneytnari en bensínvélar og eru þar að auki minna mengandi fyrir umhverfið.

Af þessum sökum er það mikilvægt að mínum dómi, herra forseti, að olíugjaldskerfið byrji réttum megin við strikið ef svo mætti segja, með þeim hætti að olíulítrinn verði heldur ódýrari en bensínlítrinn eins og gert var ráð fyrir í upphafi og af þeim sökum er þetta frumvarp flutt. Við gerum það hins vegar með bráðabirgðaákvæði þannig að gert er ráð fyrir að þessi lækkun úr 45 kr. í 41 kr. gildi í sex mánuði, þ.e. til næstu áramóta, en í millitíðinni gefst vafalaust tóm til þess að stilla þau gjöld sem lögð eru á eldsneyti betur af innbyrðis þannig að það sé meira samræmi eða fullnægjandi samræmi í dísilgjaldinu, þ.e. olíugjaldinu sem svo heitir, í bensíngjaldi og svo einnig í kílómetragjaldi því sem lagt verður á þyngstu ökutækin, þ.e. þau sem eru þyngri en 10 tonn. Þessa vinnu þarf að fara í þegar nokkur reynsla er komin af olíugjaldskerfinu nýja, þ.e. á haustmánuðum.

Við gerum ráð fyrir að vegna þessara breytinga megi búast við að tekjutap ríkissjóðs geti orðið um 160 milljónir. Ég tel réttlætanlegt að taka á sig það tekjutap í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru og eru ófyrirsjáanlegar og óviðráðanlegar af okkar hálfu vegna utanaðkomandi aðstæðna.

Ég þakka liðsinni allra þeirra sem hafa greitt fyrir því að þetta mál komi hér fyrir með afbrigðum og treysti því að málið hljóti greiða og örugga leið í gegnum þingið.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efnahags- og viðskiptanefndar þingsins.

[14:08]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að þetta sé ekki í fyrsta skipti sem hæstv. fjármálaráðherra þarf að koma með frumvarp til Alþingis til að laga frumvarpið um olíugjald. Hann nefndi að þungaskattskerfið væri meingallað, ég veit þá ekki hvað kalla á væntanlegt olíugjaldskerfi.

Ég vil í þessu stutta andsvari spyrja hæstv. fjármálaráðherra út í það hvort ekki hafi komið til tals að taka virðisaukaskattinn sem hann ætlar að taka af olíugjaldinu og færa til Vegagerðarinnar líka sem þyddi ef olíugjaldið og virðisaukaskatturinn kæmi þangað að fara mætti með olíugjaldið ofan í 40,50 kr. með virðisaukaskatti og hafa áfram sömu tekjur til Vegagerðarinnar eða um 1.660 milljónir það sem eftir lifir þessa árs, þ.e. frá 1. júlí.

Virðulegi forseti. Það er nefnilega þannig að notendur borguðu ekki virðisaukaskatt af þungaskattskerfinu. Nú boðar hæstv. fjármálaráðherra, og það hefur verið samþykkt á Alþingi, að virðisaukaskattur komi ofan á þessar 45 kr. og þannig er það 1 milljarður á ári sem notendur olíu á bíla munu greiða aukalega sem fer beint í ríkissjóð eins og búið er að eyrnamerkja þetta núna.

Spurning mín til hæstv. fjármálaráðherra er þessi: Ef virðisaukaskatturinn og olíugjaldið færi allt til Vegagerðarinnar mætti fara með olíugjaldið ofan í rúmar 40 kr. og það mundi þýða að dísilolíuverð yrði í kringum 92–93 kr. núna og þá væri markmiðum þeirrar kerfisbreytingar náð sem hæstv. fjármálaráðherra mælti fyrir, þ.e. að hafa þennan

mun á olíuverði og bensínverði. En þrátt fyrir þessa litlu breytingu verður dísilolían samt 3–5 kr. dýrari en bensín, sama hvort það er með fullri þjónustu eða á sjálfsafgreiðslustöðvum.

[14:10]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvaðan hv. þingmaður hefur þær upplýsingar sem hann fór með síðast, en það sem gerist með þessu frumvarpi er að olíugjald plús virðisaukaskattur mun lækka úr 56 kr. á lítrann ofan í 51 kr. Síðan hafa menn það fyrir augum sér á hverjum degi á bensínstöðinni hvað dísilolían kostar í dag og síðan má gera ráð fyrir einhverri þóknun olíufélaganna á lítrann, geri ég ráð fyrir, sem ég veit þó auðvitað ekkert um hver verður.

Þingmaðurinn spurði: Væri ekki hægt að gera ýmislegt við þessa peninga hjá Vegagerðinni ef þetta væri fært þangað, olíugjaldið og virðisaukaskatturinn? Það má svara þessu eins og hverju öðru: Væri ekki hægt að gera ýmislegt ef menn væru aldrei að hugsa um hagsmuni ríkissjóðs? Væri ekki hægt að gera ýmislegt með því að taka þá peninga sem nú renna í ríkissjóð og setja þá í eitthvert annað? Auðvitað væri það hægt en það er ekki það sem við erum að gera hér og þetta frumvarp snýst ekki um það.

Það verður að hafa í huga, virðulegi forseti, að samhliða þessari breytingu sem samþykkt var í fyrra þegar olíugjaldskerfið var tekið upp, var gerð innbyrðis breyting á almenna bensíngjaldinu sem rennur í ríkissjóð og hinu sérstaka bensíngjaldi sem rennur til vegamála. Hvernig var sú breyting? Jú, hún var sú að almenna gjaldið var lækkað og sérstaka gjaldið til vegamála hækkað til þess að vegamálin, vegasjóður og Vegagerðin kæmu á sléttu út úr þessu þannig að olíugjaldskerfið hefði ekki áhrif á tekjuöflun Vegagerðarinnar, hún kæmi á sléttu út úr því og það er væntanlega það sem við öll viljum hér.

Hagsmunir Vegagerðarinnar eru náttúrlega annað mál en sú kerfisbreyting í gjaldtöku sem við erum að fara út í. Með olíugjaldinu erum við að taka upp skynsamlegri gjaldtöku, sem hefur tíðkast í nálægum löndum um margra ára skeið, og við eigum ekki að láta þá staðreynd að sumpart séu tekjur af umferð látnar renna til vegamála hafa áhrif á afstöðu okkar í því máli. Það er fullt af tekjum af umferðinni sem ekki renna til vegamála og þannig verður það auðvitað áfram eins og við vitum, þar á meðal er virðisaukaskatturinn.

[14:12]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með þetta svar vegna þess að hæstv. fjármálaráðherra svaraði því ekki hvort skila ætti virðisaukaskattinum af olíugjaldinu, sem mun nema í kringum 1 milljarði kr. á ársgrundvelli, til baka til kaupenda olíu og lækka þar með olíugjaldið ofan í þá tölu sem ég nefndi og koma þar með dísilolíuverði niður fyrir bensínið þegar þetta kerfi tekur gildi. Því hefur ekki verið svarað.

Hæstv. fjármálaráðherra talar um fimmkallinn sem hann ætlar að lækka þetta verð, eða 4 kr. plús vaskurinn sem gerir 5 kr. Hráolíuverð með fullri þjónustu mun verða tæpar 113 kr. eftir þessa breytingu meðan bensínverðið er 106 kr. Hver verður þá hvati fólks hér á landi til að skipta yfir í dísilbíla? Enginn.

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að fjármálaráðherra upplýsi þingheim um hvort sá milljarður sem hann er að ná í ríkissjóð í formi virðisaukaskatts af olíugjaldinu — takið eftir, hv. þingmenn — sem ekki var greiddur af þungaskattinum, fari inn í þessa tölu eða ekki. Eða á það að vera þannig að skattheimta af þeim sem nota bíla með þessu eldsneyti muni aukast um 1 milljarð á ári eins og tillögurnar gera ráð fyrir?

Þetta er það sem þingheimur þarf að fá svar við, þetta er það sem efnahags- og viðskiptanefnd þarf að fjalla um og við þingmenn að svara, ef við ætlum að fá hin jákvæðu áhrif af olíugjaldinu sem fjallað hefur verið um. Ég ætla ekki að lengja 1. umr. með því að benda á tillögu sem Samfylkingin flutti við olíugjaldsfrumvarpið en var felld. Það voru sennilega bestu tillögurnar til að fjölga dísilbílum á Íslandi á kostnað bensínbíla og spara þjóðarbúinu, en það verður ekki gert, virðulegi forseti, með þessari skattheimtu og okurálagningu á dísilolíuverð, sama hvort það verður fimmkall til eða frá. Ég spyr, virðulegi forseti, um milljarðinn í virðisaukaskattinn. (Forseti hringir.) Verður honum skilað eður ei?

[14:15]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn virðist haldinn þeim misskilningi að virðisaukaskattur sé í einhverjum skilningi markaður tekjustofn til vegamála eða einhverra annarra þátta. Það er auðvitað ekki þannig. Við hljótum að vita það öll hér að virðisaukaskatturinn er almennur tekjustofn fyrir ríkið, almennur skattur sem lagður er á mjög breiðan gjaldstofn og rennur til hinna almennu þarfa ríkissjóðs. Þær eru nú ýmsar eins og við vitum og gerðar ríkar kröfur til útgjalda á öllum sviðum ríkisþjónustunnar.

Það sem auðvitað gerist í þessu eins og annars staðar er að til ákvörðunar kemur eitthvert útsöluverð án virðisaukaskatts og síðan er lagður á það virðisaukaskattur í þessu tilfelli eins og í öllum öðrum tilfellum. Það er bara nákvæmlega þannig og þetta er nákvæmlega eins gert og í bensíninu þar sem reiknað er út bensíngjald og aðrir kostnaðarþættir, innkaupsverð, álagning, flutningskostnaður o.s.frv., og síðan er lagður virðisaukaskattur ofan á það í lokin. Þetta er bara nákvæmlega eins. Ég veit því ekki alveg hvað þingmaðurinn — mér finnst hann vera á hálfgerðum villigötum með þessari spurningu sinni.

Það sem hann er hins vegar líka að halda fram, því að það eru tvö efnisatriði í þessu máli sem hann hefur bent á, er að lækkunin sem ég legg til og mæli fyrir, virðulegi forseti, sé ekki nægileg til þess að koma markmiðum málsins fram, þ.e. koma dísilolíulítranum í verði niður fyrir bensínlítrann. Ég andmæli því. Ég tel að miðað við núverandi forsendur séu allar líkur á því að það takist. En auðvitað vitum við ekki fyrir víst hvernig verðið sveiflast á næstu vikum fram til 1. júlí, það er alveg rétt, við vitum ekkert um það, hvorki ég né hv. þingmaður, það eru aðrir þættir sem þar hafa áhrif. En ég verð þó að segja að það eru frekar líkur á því að gasolíuverð lækki að tiltölu miðað við bensínið held-

ur en öfugt, vegna þess að nú fer í hönd sá tími á heimsmarkaði þar sem dregur úr eftirspurn eftir gasolíu, m.a. til húshitunar og annarra slíkra þátta. Þar fyrir utan vitum við að bensínið er meira unnin afurð, hún er unnin úr dísilolíu eða gasolíu þannig að það er mjög óeðlilegt að hún sé ódýrari en gasolían. En það er önnur saga, virðulegi forseti, sem ekki þarf að fara út í hér.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 2.–41. mál.

Fundi slitið kl. 14:18.

---

127. FUNDUR

mánudaginn 9. maí,
kl. 1.54 miðdegis.

Dagskrá:

Veiting ríkisborgararéttar, frv., 804. mál, þskj. 1345. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]
Of skammt var liðið frá síðustu umr. eina dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 53 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Frv. allshn., 804. mál. — Þskj. 1345.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:20]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 14:20.

---

128. FUNDUR

mánudaginn 9. maí,
að loknum 127. fundi.

Dagskrá:

1. Veiting ríkisborgararéttar, frv., 804. mál, þskj. 1345. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Samkeppnislög, stjfrv., 590. mál, þskj. 883, nál. 1289, 1327 og 1340, brtt. 1290. — Frh. 2. umr.
3. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, stjfrv., 591. mál, þskj. 884, nál. 1291, 1328 og 1341, brtt. 1292. — 2. umr.
4. Neytendastofa og talsmaður neytenda, stjfrv., 592. mál, þskj. 885, nál. 1293, 1329 og 1342, brtt. 1294. — 2. umr.
5. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 396. mál, þskj. 503, nál. 1221. — Frh. 2. umr.
6. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 707. mál, þskj. 1065, nál. 1220. — 2. umr.
7. Vatnalög, stjfrv., 413. mál, þskj. 546, nál. 1219 og 1270. — 2. umr.
8. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 720. mál, þskj. 1078, nál. 1299, brtt. 1300. — 2. umr.
9. Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, stjfrv., 708. mál, þskj. 1066, nál. 1349. — 2. umr.
10. Virðisaukaskattur o.fl., stjfrv., 697. mál, þskj. 1055, nál. 1350, brtt. 1351. — 2. umr.
11. Breyting á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna, stjtill., 614. mál, þskj. 918, nál. 1364. — Síðari umr.
12. Framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins, stjtill., 617. mál, þskj. 921, nál. 1366. — Síðari umr.
13. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 704. mál, þskj. 1062, nál. 1324. — Síðari umr.
14. Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis, stjtill., 705. mál, þskj. 1063, nál. 1322. — Síðari umr.
15. Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons, stjtill., 722. mál, þskj. 1080, nál. 1323. — Síðari umr.
16. Kynning á íslenskri list í sendiskrifstofum Íslands, þáltill., 296. mál, þskj. 323, nál. 1353. — Síðari umr.
17. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 698. mál, þskj. 1056, nál. 1254, brtt. 1255 og

1287. — 2. umr.

18. Loftferðir, stjfrv., 699. mál, þskj. 1057, nál. 1275, brtt. 1276 og 1288. — 2. umr.

19. Skipan ferðamála, stjfrv., 735. mál, þskj. 1097, nál. 1271, brtt. 1272. — 2. umr.

20. Samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, stjtill., 721. mál, þskj. 1079, nál. 1367, brtt. 1368 og 1372. — Síðari umr.

21. Stefna í fjarskiptamálum 2005–2010, stjtill., 746. mál, þskj. 1111, nál. 1371. — Síðari umr.

22. Fjarskipti, stjfrv., 738. mál, þskj. 1102, nál. 1369, brtt. 1370. — 2. umr.

23. Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, stjfrv., 583. mál, þskj. 874. — 3. umr.

24. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 677. mál, þskj. 1030, nál. 1228 og 1277, brtt. 1229. — 2. umr.

25. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 732. mál, þskj. 1094, nál. 1223, 1246 og 1278. — 2. umr.

26. Almannatryggingar, stjfrv., 587. mál, þskj. 879, nál. 1296, brtt. 1320 og 1321. — 2. umr.

27. Lyfjalög og heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 649. mál, þskj. 981, nál. 1297, brtt. 1298. — 2. umr.

28. Gæðamat á æðardúni, stjfrv., 670. mál, þskj. 1022. — 3. umr.

29. Landbúnaðarstofnun, stjfrv., 700. mál, þskj. 1357, brtt. 1361. — 3. umr.

30. Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, stjfrv., 701. mál, þskj. 1358. — 3. umr.

31. Búnaðarlög, stjfrv., 725. mál, þskj. 1083. — 3. umr.

32. Útflutningur hrossa, stjfrv., 727. mál, þskj. 1356. — 3. umr.

33. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1164. — 3. umr.

34. Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, stjfrv., 295. mál, þskj. 1212, brtt. 1295. — 3. umr.

35. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 309. mál, þskj. 337, nál. 1338, brtt. 1339. — 2. umr.

36. Almenn hegningarlög, frv., 67. mál, þskj. 67, nál. 1273, brtt. 1274. — 2. umr.

37. Almenn hegningarlög, frv., 72. mál, þskj. 72, nál. 1352 og 1362, brtt. 1363. — 2. umr.

38. Lokafjárlög 2002, stjfrv., 440. mál, þskj. 660, nál. 1197 og 1347. — 2. umr.

39. Lokafjárlög 2003, stjfrv., 441. mál, þskj. 663, nál. 1198 og 1348, brtt. 1199. — 2. umr.

40. Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, frv., 35. mál, þskj. 35, nál. 1188, brtt. 1189. — 2. umr.

41. Rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu, frv., 801. mál, þskj. 1248. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 1. dagskrármálsins. — Afbrigði samþ. með 54 shlj. atkv.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Frv. allshn., 804. mál. — Þskj. 1345.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DJ, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GÁS, GÁ, GÖg, GunnB, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VF, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (BH, DrH, GHall, GÖrl, HÁs, JóhS, LB, MÞH, SJS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1381).

Samkeppnislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 590. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 883, nál. 1289, 1327 og 1340, brtt. 1290 og 1380.

[14:23]

Jóhann Ársælsson (frh.)**:**

Hæstv. forseti. Umræður hafa staðið nokkuð lengi um þetta mál. Ég hóf ræðu mína hér fyrir hádegi og talaði ekki langt mál þá en í hádegishléi fékk ég upplýsingar sem eru á þann veg að ég á frekar von á að þetta mál gangi eitthvað hraðar fram en það hefur gert, ég á því von á að þessi umræða standi ekki í marga daga í viðbót.

Mig langar til að fara yfir kannski tvö atriði í viðbót. Það kann vel að vera að hv. þingmönnum finnist að þeir hafi heyrt eitthvað af því áður sem ég ætla að fara yfir. Það sem stendur í umsögn Samkeppnisstofnunar og ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í að litlum hluta, ræður miklu um afstöðu mína til þess máls sem hér er á dagskrá.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti óskar eftir betra hljóði í þingsalnum svo hægt sé að nema orð hv. þingmanns sem er í ræðustóli.)

Hæstv. forseti. Í umsögn Samkeppnisstofnunar stendur:

„Tilgangur þessara tillagna er sagður vera að efla eftirlit með samkeppnishömlum. Byggjast tillögur að mestu á niðurstöðum nefndar viðskiptaráðherra um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis. Af skýrslu þeirrar nefndar og ummælum í athugasemdum í ofangreindum frumvörpum má ráða að eftirfarandi meginforsendur liggi til grundvallar þessum hugmyndum að skipulagsbreytingum í samkeppnismálum:

Núverandi skipulag og stjórnsýsla sé of flókin og tvískipting samkeppnisyfirvalda í Samkeppnisstofnun og -ráð sé sérstök og skapi ójafnvægi milli málsaðila.

Eftirlit með samkeppnisreglum sé lítill hluti af störfum Samkeppnisstofnunar.

Samkeppnisyfirvöld hafi ekki getað einbeitt sér nægi-

lega að eftirliti með samkeppnisreglum vegna anna við önnur verkefni.

Samkeppnisyfirvöld geti ekki við óbreyttar aðstæður sinnt nauðsynlegum verkefnum.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að frumvarpið leggur til grundvallarbreytingar á stjórnsýslu í samkeppnismálum. Að mati Samkeppnisstofnunar er það bagalegt að framangreindar forsendur fyrir þessum breytingum byggjast í aðalatriðum á misskilningi eða röngum upplýsingum um núverandi stjórnsýslu í málaflokknum. Telur Samkeppnisstofnun það gagnrýnisvert að nefnd viðskiptaráðherra hafi kosið að leggja fram þessar tillögur án þess að leita upplýsinga hjá stofnuninni eða samkeppnisráði, auglýsinganefnd eða áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Hlýtur almennt að teljast æskilegt að leitað sé upplýsinga um staðreyndir og reynslu þeirra stjórnvalda sem falin er framkvæmd á tilteknum lögum áður en gerðar eru tillögur um að stjórnsýslufyrirkomulagi á því sviði sé gerbylt. Þegar Samkeppnisstofnun fékk í hendur skýrslu nefndar viðskiptaráðherra um íslenskt viðskiptaumhverfi og upphafleg drög að frumvarpi til nýrra samkeppnislaga í september 2004 vakti stofnunin athygli iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins á misskilningi og ónákvæmni sem fram kom í skýrslunni og drögunum. Viðbrögð ráðuneytisins fólust í því að gera breytingar á orðalagi í athugasemdum með drögum að frumvarpinu. Samkeppnisstofnun var jafnframt upplýst um það að engar breytingar yrðu gerðar á tillögunum um nýtt stjórnsýslufyrirkomulag í samkeppnismálum.

Þar sem helstu forsendur fyrir framangreindum tillögum fá ekki staðist varar Samkeppnisstofnun við því að þær verði lögfestar."

Hæstv. forseti. Mér finnst að það sem kemur fram í því sem ég las upp sé það alvarlegt að annaðhvort hljóti menn að verða að hafna þessu og þar með öllu áliti Samkeppnisstofnunar á þessu málefni eða horfast í augu við það að hér séu menn á röngum brautum. Ég hallast að því að þeir sem hafa talað og skrifað þessi orð á blöð hafi manna mest þekkingu á þeim málum sem hér er um að ræða og það sé afar alvarlegt þegar í ljós kemur að stjórnvöld hafa ekki hlustað á það fólk sem þarna hefur talað. Ég er þess vegna á þeirri skoðun að þetta mál hefði þurft að fá nýja skoðun í heild og tel reyndar að Alþingi væri sæmast að vísa því til föðurhúsanna.

Mig langar í lok ræðu minnar, því að það fer nú að styttast í því sem ég ætla hér að segja, að nefna til gamans frétt úr Morgunblaðinu frá 12. febrúar 2002, þar sem stendur í fyrirsögn: „Forsætisráðherra ósammála SUS" — þ.e. Sambandi ungra sjálfstæðismanna — „um Samkeppnisstofnun". Ég ætla ekki að lesa fréttina í heild en, með leyfi forseta, vitna í það sem stóð í henni. Þar er millifyrirsögnin: Mikilvægt að stofnunin hafist að þannig að hafið sé yfir tortryggni.

Þar segir:

„Davíð lagði á það áherslu að Samkeppnisstofnun væri ekki hafin yfir gagnrýni. „Það er afar þýðingarmikið að hún í sínu mikla og mikilvæga verkefni hafist jafnan að þannig að það sé hafið yfir tortryggni. Það tel ég vera rétt og skynsamlegt," sagði hann.

Forsætisráðherra bætti því við að hann hefði verið fylgjandi því að völd Samkeppnisstofnunar yrðu aukin og því hefði verið fylgt eftir á þingi. „Ég hef sagt opinberlega að ég telji að ef aðili er kominn með markaðsráðandi stöðu, til að mynda 60% stöðu á matvörumarkaði í einhverju landi, og það komi fram að slík yfirburðaaðstaða hafi verið misnotuð, þá hljóti ríkisstjórn og þing að velta fyrir sér hvort ekki sé rétt að tryggja að hægt sé að breyta slíkri stöðu."

Hann vísaði enn fremur til þeirra radda sem talið hafa slík inngrip af hálfu stjórnvalda brjóta í bága við stjórnarskrána og sagðist hafa efasemdir um þá túlkun.

„Slíkar heimildir eru víða til í lögum í kapítalískum þjóðfélögum sem svo eru kölluð sem búa við stjórnarskrá sem mjög er svipuð íslensku stjórnarskránni. Þess vegna tel ég að það væri undarlegt ef slíkt mundi brjóta í bága við íslensku stjórnarskrána," sagði forsætisráðherra enn fremur og tók fram að slík lög myndu ekki beinast að einstöku fyrirtæki, heldur yrðu þau að vera með almennum hætti sett, en þó svo að hægt væri að brúka þau í tilfellum sem þessum."

Við þekkjum hvert framhaldið var. Eftir bolludaginn komu til umræðu í Alþingi lagasetningarhugmyndir sem reyndar náðu svo ekki fram að ganga en virtust óumdeilanlega beinast að einu fyrirtæki fremur en öðrum.

Svo segir hér áfram, með leyfi hæstv. forseta, og kemur þá millifyrirsögn:

„Verður stofnuð önnur Samkeppnisstofnun?

Hann tók þó fram" — þ.e. Davíð, hæstv. forsætisráðherra á þeim tíma — „að hér væri hann að lýsa sinni persónulegu skoðun, ekki lægi fyrir samþykkt ríkisstjórnarinnar.

„Ég met störf Samkeppnisstofnunar mikils, tel hana mjög mikilvæga stofnun en hún þarf engu að síður að fara að lögum eins og aðrar stofnanir. Sumir segja jafnvel að það ætti að stofna aðra Samkeppnisstofnun til þess að veita hinni fyrri heilbrigða samkeppni," sagði Davíð Oddsson forsætisráðherra."

Stofna aðra Samkeppnisstofnun. Hér hreyfir fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra þeirri hugmynd að stofna — ekki leggja niður Samkeppnisstofnun heldur stofna aðra til viðbótar svo það verði nú samkeppni á þeim markaði líka. (**Gripið fram í:** Húmoristi.) Davíð Oddsson, hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra, er náttúrlega húmoristi. Það er alveg rétt. En við getum nú svona verið nokkurn veginn viss yfirleitt um það hvort hann er að grínast, a.m.k. sýnist mér að það fari ekki á milli mála eftir því hvort hlegið er að hér í salnum þegar hann lætur koma fram einhverja glettni hér. Ég veit ekki hvort hér var grín á ferðinni. Alla vega var Davíð Oddsson ekki á þeim buxunum þegar þetta er ritað að það ætti að leggja Samkeppnisstofnun niður. Ég geri ráð fyrir því að eitthvað í framhaldi málanna hafi orðið til þess að hæstv. forsætisráðherra fékk þá hugmynd ásamt félögum sínum í ríkisstjórninni að best væri nú að leggja þessa stofnun af og mynda nýjar stofnanir til að taka við af henni. Það er það sem við stöndum núna frammi fyrir að verður gert. Ekki er ástæða til að halda að það vanti meiri hluta í Alþingi fyrir því því reynslan hefur sýnt okkur að í öllum málum nema einu kannski hefur tekist að ná fram meiri hluta með þeim málum sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að ættu að ganga hér fram. Ekki er ástæða til að láta sér detta í

hug að ekki sé meiri hluti fyrir því sem hér er á ferðinni.

Þess vegna er svolítið gaman að rifja það bara upp svona í lokin að hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra hafði þá skoðun að bæta mætti við annarri stofnun og þyrfti ekki að leggja niður þá sem fyrir var. En hæstv. viðskiptaráðherra hefur sem sagt komist að þeirri niðurstöðu að svona ætti nú að búa frekar í pottinn, þ.e. leggja niður þessa stofnun, ráða fólk að nýjum stofnunum. Það hefur ekki fengist hér fram hvort stjórnandi Samkeppnisstofnunar verði starfsmaður hinnar nýju stofnunar sem tekur við. Ég held að það sé mikilvægt að menn viti hvar hugur manna þar stendur til vegna þess að það gæti nú alla vega eytt þeirri tortryggni sem uppi er ef það kæmi skýrt fram að þetta væri ekki atlaga að einhverjum tilteknum stjórnendum. Mér finnst vont við þetta mál að það skuli vera búinn til valdapíramídi í kringum samkeppnismálin sem byggist á því að þriggja manna pólitískt kjörinn hópur eigi að véla um hvernig eigi að standa að þeim málum og að undir þann hóp verði sá embættismaður settur sem hefði þurft að hljóta mikillar friðhelgi í sínum störfum.

Það er galli á þessu máli að svo skuli í pottinn búið. Ég fæ satt að segja ekki skynsamlega skýringu á því. Þó ég hafi hlustað á það sem sagt hefur verið hér þá hefur mér fundist að það vantaði upp á að á því væri góð og trúverðug skýring sett fram.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði við upphaf ræðu minnar núna ætla ég ekki að halda áfram í löngu máli. Ég geri ráð fyrir því að þingmálum fari að vinda hér fram hraðar heldur en kannski áður einfaldlega vegna þess að við höfum fengið fréttir af því að menn séu að finna leið til þess að skipuleggja sameiginlega þinghaldið og ég ætla ekki að standa í vegi fyrir því að mál gangi hér fram og fái þann tíma sem þau þurfa til umræðu og afgreiðslu.

[14:37]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir að Alþingi og forseti fari með löggjafarvald, að önnur stjórnvöld fari með framkvæmdarvald og dómendur fari með dómsvald."

Í 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta:

„Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð."

Fyrir hádegi sagði hv. þingmaður að hann vissi persónulega — og er nokkurn veginn eftir haft — að það hefði átt að dæma tryggingafélögin. Svo segir hann stuttu seinna að þau hefðu sloppið. Hér er sem sagt kveðinn upp dómur. Nú veit ég ekkert um þetta mál. Ég vil taka það fram, frú forseti. Ég hef ekki yfirheyrt tryggingafélögin eða hlustað á vörn þeirra sem þau að sjálfsögðu hafa rétt til að flytja í dómsal. Ég tel að þarna hafi tryggingafélögin verið dæmd úr ræðustól Alþingis. Við þurfum að gæta að stjórnarskránni og þess að hver er saklaus þar til hann er dæmdur og hann á rétt á að verja sig. Hann getur það ekki hér. Ég legg til að hv. þingmaður dragi þessi ummæli til baka.

Varðandi það að lögin séu veikt þá vil ég geta um 72. gr. stjórnarskrárinnar, með leyfi forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Í 17. gr. samkeppnislaga stendur, með leyfi forseta:

„Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn:" Svo er þar liður c, með leyfi forseta: „aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni."

Það er ekkert meir. Það er ekkert um hvers lags aðstæður sé að ræða, ekki hvers lags ástæðu og menn þurfa ekki að hafa gert neitt af sér. Þetta tel ég ekki að sé lagafyrirmæli um ákveðið mál. Þau þurfa að vera mjög skýr. Þetta ákvæði er því tómt. Auk þess þyrfti að koma fullt verð fyrir, þ.e. það yrði að dæma mönnum bætur. (Forseti hringir.) Þetta er því ekki veiking. Þetta er tómt ákvæði.

[14:39]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður vill að ég dragi þau ummæli mín til baka að tryggingafélögin hafi átt samráð. Það dettur mér ekki í hug að gera einfaldlega vegna þess að ég vissi um þetta samráð sjálfur. Þau sluppu að mínu mati. Mér finnst að af því hafi komið fréttir í fjölmiðlum mjög skýrar (Gripið fram í.) einfaldlega vegna þess að tíminn sem samkeppnisyfirvöld tóku í að fara yfir þeirra mál var orðinn allt of langur. Þau hafa hins vegar sektuð fyrir einhverja hluti svona þar fyrir utan þannig að eitthvað hefur nú eins og gengur kannski ekki gengið eins og til var ætlast hvað þau varðar. Ég hef ekki um það sérstök dæmi til að færa fram.

Ég lít ekki þannig á að þó að þingmaður í sölum Alþingis segi skoðun sína á framgangi einhverra fyrirtækja í þessu landi þá eigi að líta á það sem einhverja ákæru og dóm. Ég tel ekki að það sé nein ástæða fyrir mig að taka aftur ummæli um tryggingafélögin einfaldlega vegna þess að það er bara mín sannfæring að þau séu rétt.

[14:41]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú veit ég ekkert um þetta mál eins og ég gat um. Mér finnst mjög alvarlegt þegar í ræðustól á Alþingi er sagt að einhver hafi brotið lög, einhver ákveðinn aðili, einhver ákveðin persóna, ákveðið fyrirtæki, vegna þess að sá aðili á að hafa rétt til þess að verja sig ef það á að dæma hann. Það er grundvallarréttur og hann er tryggður í stjórnarskránni. Sá sem er ákærður og dæmdur með orðum á því að hafa rétt til að verja sig. Alþingi er jú einn af þremur þáttum ríkisvaldsins. Alþingi er löggjafarsamkundan. Mér finnst þetta mjög alvarlegt mál, mjög alvarlegt.

Svo varðandi hitt atriðið, að það sé verið að veikja lögin með því að taka út c-lið 17. gr. núgildandi laga þá færði ég rök fyrir því að þetta ákvæði sé svo opið. Þar stendur bara um aðstæður sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Það er ekkert t.d. sagt hvort félagið eigi að vera með 90% markaðshlutdeild, hvort það eigi að mynda keðju sem spanni allan markaðinn eins og eru dæmi um o.s.frv., hvort það sé með fjölmiðla sem leggja mat á fyrirtækið sjálft o.s.frv. Þetta er galopið ákvæði. Það er varla hægt að beita því vegna þess að samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar skal eignaupptaka eingöngu framkvæmd — og þarf til þess

lagafyrirmæli. Þau þurfa þá að vera skýr. Þau þurfa að segja að ef fyrirtækið nær 90% markaðshlutdeild þá skuli skipta því upp og þá komi bætur fyrir. Þetta ákvæði er því tómt. Það er aldrei hægt að beita því. Menn munu alltaf segja að það vanti lagafyrirmæli í þessu ákveðna tilfelli þar sem er verið að skipta fyrirtækinu upp. Þess vegna hefur þessu ákvæði aldrei verið beitt og því mun ekki verða beitt af því það vantar nákvæm lagafyrirmæli. Fyrir utan það er ég ekki viss um að menn séu tilbúnir til að láta ríkissjóð borga skaðabæturnar.

[14:43]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri fróðlegt að frétta af því, kannski kemur fram í síðari ræðu hv. þingmanns, hvort hann hafi reynt að beita sér fyrir því að þetta ákvæði væri gert skýrara þannig að hægt væri að framfylgja því eða hvort hann hafi raunverulega haft þá afstöðu að þetta ætti ekki heima í lögunum og ætti að taka það út eins og stendur til að gera. Ég er sammála hv. þingmanni að auðvitað þurfa lagafyrirmæli að vera skýr og það þarf að vera hægt að fara eftir þeim. Kannski er ástæðan sú sem hv. þingmaður nefndi að þau hafi ekki verið nógu skýr, en margir hafa sett það fram í ræðum um þetta efni að það að þetta hefur staðið í lögum hafi haft aðhaldsáhrif á markaðinn. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það en mér finnst full ástæða til að líta líka þannig til lagaákvæða og ég býst við að margir geri það, bæði í persónulegum framgangi og rekstri fyrirtækja, að hafa í huga hvaða lög eru í gildi og brjóta þannig ekki gegn þeim. (Gripið fram í.) Þeim lögum sem eru í gildi.

Hæstv. forseti. Síðan varðandi ásakanir um lögbrot. Þær koma oft til umræðu á hv. Alþingi. Ég hef ekki orðið var við að hv. þingmaður brygðist við með þeim hætti eins og hann gerði núna. Menn hafa rætt hér tímunum saman um brottkast á fiski, umgengni við auðlindir sjávar sem væri brot á þeim lögum sem væru í gildi. Hitt og þetta kemur til umræðu á hv. Alþingi, t.d. var verið að tala um útgerðarmenn. Hér var talað um tryggingafélögin. Ekki var nefnt sérstakt tryggingafélag eða neitt slíkt. Ég tel að við höfum fullan rétt og reyndar þá skyldu að ræða um málin eftir þekkingu okkar og ef við höfum reynslu af einhverju að koma því þá til skila hér. Ég tek það ekki til baka (Forseti hringir.) að samráð hafi verið um verðlag á tryggingum og uppskiptingu markaðar á vegum tryggingafélaga.

[14:46]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Við höfum rætt talsvert um samkeppnismálin og fer trúlega að líða að lokum þeirrar umræðu en ég ætla að fá að segja nokkur orð um þau í lokin þegar ljóst er að stjórnarmeirihlutinn ætlar að knýja þetta sorglega mál í gegnum þingið á lokadögum þess og auðvitað er ástæða til að harma það í upphafi máls.

Rétt áðan í svari sínu til mín staðfesti hv. þm. Birgir Ármannsson að hann, fyrir liðlega þremur árum, þá starfsmaður Verslunarráðsins og með Verslunarráðinu, hefði talið að Samkeppnisstofnun hefði farið langt yfir strikið í aðgerðum sínum gegn olíufélögunum í landinu. Verslunarráðið taldi að Samkeppnisstofnun ætti að skila gögnunum sem hún hafði tekið og Verslunarráðið taldi mikilvægt að svona lagað endurtæki sig ekki, eins og Vilhjálmur Egilsson, þáverandi hv. þm. Sjálfstæðisflokksins og framkvæmdastjóri Verslunarráðsins, orðaði það sjálfur í viðtölum, mikilvægt að svona lagað endurtæki sig ekki. En Samkeppnisstofnun vann sín mál fyrir dómum og svipti hulunni af samsæri gegn neytendum í landinu upp á milljarða króna. Lyktir þess máls eru þær að á Alþingi á að setja lög sem þessu fyrrnefnda Verslunarráði eru mjög að skapi en eru öndverð skoðunum Samkeppnisstofnunar. Lyktir þessa máls eru þær að leggja á niður stofnunina sem gekk svona fram með hagsmuni almennings að leiðarljósi og auglýsa störf stjórnendanna laus til umsóknar. Virðulegur forseti. Grímulausari verður sérhagsmunagæslan á hinu háa Alþingi ekki. Það er algerlega kýrskýrt hverjum manni hvaða leiðangur er hér á ferðinni.

Það þótti sem sagt að Samkeppnisstofnun léki lausum hala og hefði óhóflegar heimildir og færi langt yfir strikið og nú eru sett lög til að leggja stofnunina niður, til að auglýsa störf stjórnendanna laus til umsóknar og til að veikja valdheimildir stofnunarinnar. Jafnvel þær heimildir sem lagt var upp með í þennan leiðangur, svo sem um að heimila húsleit á heimilum forstjóra fyrirtækja sem standa að ólöglegum aðgerðum eins og þeim sem olíufélögin voru staðin að, jafnvel slíkar heimildir hafa verið teknar út úr málinu.

Hvernig staðið er að veikingunni hefur efnislega verið rakið ágætlega vel í umræðunni en samt er full ástæða til að fara lítillega yfir nokkur af þeim atriðum. Það er auðvitað í fyrsta lagi gert með þeim einföldu skilaboðum að í stað þess að standa á bak við stofnunina sem svipti hulunni af samsæri gegn neytendum í landinu og láta til hennar aukið fé og hafa samráð við hana um hvernig best væri hægt að efla stjórnsýslu og lagaumhverfi samkeppnismála í landinu þá er stofnunin lögð niður og nánast ekkert samráð við hana haft. Af umsögn hennar er alveg augljóst að þessir færustu sérfræðingar okkar og það fólk sem þar hefur starfað árum saman að hagsmunum neytenda í landinu er að litlu haft. Það er helst að hlustað sé á talsmenn Verslunarráðsins af umsagnaraðilum. Ekkert tillit er tekið til þeirra athugasemda eða breytingar gerðar um efnisatriði sem máli skipta úr umsögnum aðila eins og Neytendasamtakanna og stéttarfélaganna og annarra sem gæta eiga hagsmuna venjulegs fólks í landinu. (Gripið fram í.) En þeim mun betur hlustað á fulltrúa Verslunarráðsins sem fóru í mikinn leiðangur, hv. þm. Pétur Blöndal, til að ráðast að Samkeppnisstofnun, til að mótmæla því að menn leyfðu sér að snerta olíufélögin vegna þess að það mátti ekki, hv. þm. Pétur Blöndal, snerta olíufélögin því þau voru heilagar kýr. Það er alveg ljóst hvað menn uppskera fyrir að snerta heilagar kýr hjá stjórnarliðunum. Þeir uppskera það að stofnunin er lögð niður og störf þeirra eru auglýst laus til umsóknar. Þetta er ekkert mikið flóknara. En það mun auðvitað reyna á það í atkvæðagreiðslum vegna þess að við höfum kynnt breytingartillögu sem lýtur að því að eins verði staðið að ráðningu forstjóra Samkeppniseftirlitsins og Samkeppnisstofnunar á sínum tíma og að starfandi forstjóri í þeirri stofnun verði ráðinn til þess starfs beint eins og menn samþykktu þá. Það kemur í ljós í atkvæðagreiðslu um þá breytingartillögu

hvort það er sannarlega svo að þessi leiðangur sé sérstaklega gerður út til að geta lagt niður störf þessa fólks sem gekk svo hart fram gegn olíufélögunum. Það sýnir sig þá hvort hv. þm. Pétur Blöndal ætlar við atkvæðagreiðslu að standa á bak við það fólk sem þannig svipti hulunni af samsæri gegn neytendum upp á milljarða króna. Það skiptir miklu máli að við þingmenn stöndum á bak við embættismenn sem ganga þannig fram af trúmennsku og svipta hulunni af samsæri gegn fólkinu í landinu. Það skiptir ansi miklu máli.

Við höfum líka fjallað um það hvernig hið pólitíska vald er aukið yfir Samkeppniseftirlitinu frá því sem áður var með Samkeppnisstofnun, ekki aðeins í því óttavaldi sem hæstv. ráðherra skapar sér með því að leggja niður stofnun og störf manna, því að auðvitað eru það skilaboð til hinna nýráðnu um að þeir skuli heldur feta hinn þrönga veginn og hlusta eftir því hvað sagt er í hinu pólitíska landslagi. En án þess að ég ætli að gera hæstv. ráðherra það upp að hann hyggist hafa bein pólitísk afskipti af starfsemi stofnunarinnar þá er alveg ljóst að það skjól sem stjórnendur hennar hafa er minna en það sem er í Samkeppnisstofnun í dag því að ráðningu forstjóra hinnar nýju stofnunar er einfaldlega háttað með öðrum hætti en Samkeppnisstofnunar í dag og þar af leiðandi er staða hans veikari.

Það vekur líka sérstaka athygli að draga eigi úr hæfiskröfum og falla frá hæfiskröfum til stjórnarmanna í hinni nýju stofnun frá því sem nú er í þeirri stofnun sem er í dag. Við vitum öll hvers vegna við gerum hæfiskröfur í tilfellum sem þessum. Það er til að tryggja að þar komi að hinir bestu fáanlegu fagmenn sem við eigum á hverju sviði. Hvers vegna gerum við það? Vegna þess m.a. að við treystum því að fagfólk með mikla hæfni, mikla reynslu og menntun og sem hefur náð árangri á sínu sviði er líklegast til að taka ekki bara réttar ákvarðanir heldur líka sjálfstæðar ákvarðanir. Þess vegna gerum við til að mynda miklar hæfiskröfur til dómara og annarra úrskurðaraðila af ýmsu tagi og þess vegna höfum við gert miklar kröfur um hæfi stjórnarmanna í Samkeppnisstofnun vegna þess að við höfum viljað tryggja sjálfstæði stofnunarinnar. Nú þegar dregið er úr þeim kröfum og ráðherra á að skipa þriggja manna stjórn sem gæta á meðalhófs í rekstri hinnar nýju stofnunar hljótum við um leið að rifja upp deilur Verslunarráðsins sem þetta frumvarp virðist helst vera flutt fyrir — það eru aðeins Verslunarráðið og Samtök atvinnulífsins sem mæla frumvarpinu bót af umsagnaraðilum — að afstaða Verslunarráðsins var alveg skýr, að aðgerðirnar gegn olíufélögunum færu langt út yfir allt meðalhóf. Það er því alveg ljóst í mínum huga að ef stjórnarmennirnir í hinu nýja Samkeppniseftirliti eru eitthvað á svipuðum nótum og Verslunarráðið og Samtök atvinnulífsins og þeir sem nú virðast helst eiga eyru stjórnarliðsins þá verður auðvitað ekki farið í aðgerðir eins og farið var í gegn olíufélögunum. Það skyldi þó ekki vera tilgangurinn með því sem hér er fram sett að tryggja að aðhaldið og eftirlitið með stórfyrirtækjunum fari ekki langt yfir strikið eins og Verslunarráðið sagði um aðgerðirnar gegn olíufélögunum? Það skyldi þó ekki vera tilgangurinn að koma í veg fyrir að svona lagað eins og með olíufélögin endurtaki sig, svo notuð séu orð Vilhjálms Egilssonar, hv. fyrrverandi þingmanns Sjálfstæðisflokksins og framkvæmdastjóra Verslunarráðsins, um þau ægilegu mistök Samkeppnisstofnunar að leyfa sér að fara inn í olíufélögin.

Ég held að engum blandist hugur um með hvaða hætti þetta mál er lagt upp. Svo augljóst er hve illa er hér haldið á hagsmunum neytenda. Við ættum ekki að vera að þrátta um það hér hvort stjórnendur Samkeppnisstofnunar fái að halda vinnunni. Við ættum ekki að vera að þrátta um hvers vegna ekki er tekið mið af athugasemdum og ábendingum stjórnenda Samkeppnisstofnunar. Við ættum einfaldlega að fara að ráðum stjórnenda Samkeppnisstofnunar um það hvernig við getum eflt eftirlitið og sett í það meiri peninga, en það er alveg ljóst að þessari stofnun hefur verið haldið niðri í fjárveitingum um árabil. Þó er hún ein þeirra fáu stofnana sem þrátt fyrir að hafa takmarkaðar fjárheimildir fer ekki yfir fjárveitingar, fer að lögum um ríkisfjármál og fjárreiðulögin og heldur sig innan sinna takmörkuðu heimilda en er þó ekki umbunað fyrir að standa sig svo vel í rekstri heldur hefur henni verið haldið í óbreyttum framlögum, miðað við launakostnað, árum saman. Á fundi fjárlaganefndar síðastliðið haust þegar olíumálið var komið upp upplýsti forstjóri Samkeppnisstofnunar að það vantaði 100 milljónir í rekstrurinn til að stofnunin gæti sinnt lögbundnum verkefnum sínum. Hvað var gert með það? Ekki neitt. Það var ekkert gert með það. Það komu engar 100 milljónir inn í þennan rekstur. En eins og hv. þingmenn vita bannaði fjármálaráðuneytið ríkisstofnunum sérstaklega að ganga á fund fjárlaganefndar og greina frá fjárþörf til einstakra verkefna og kannski það sé hluti af þessu óþægilega sjálfstæði Samkeppnisstofnunar og stjórnenda hennar að þeir hafa ekkert legið á því að fjármuni vanti til að standa undir lágmarkseftirliti með samsærum gegn neytendum og það vanti til þess verulega fjármuni. Það er auðvitað skylda þeirra að vekja athygli á því og mikilvægt fyrir skattgreiðendur í landinu að vita ef vantar upp á fjárveitingar í málaflokkinn.

Virðulegi forseti. Ég veit í sjálfu sér ekki hvað það tjóir að ræða málið áfram. Það hefur verið rakið ágætlega efnislega af hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir okkar leyti sem sátum fyrir hönd Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd við umfjöllun málsins. Sömuleiðis liggur fyrir að það er algerlega staðfastur vilji stjórnarmeirihlutans að knýja málið í gegn og gera engar breytingar á því nema ef vera skyldi að Verslunarráðinu dytti eitthvað í hug á síðustu metrunum sem bæta þyrfti úr í frumvarpinu, ég skal ekki útiloka að tillit yrði tekið til þess. En ég held að við munum sjá í afgreiðslu á breytingartillögu okkar varðandi ráðningu forstjóra hins nýja eftirlits hvort það er ekki í raun og veru svo að hér sé verið að leggja upp í leiðangur til að skipta um karlinn í brúnni af því að hann hafi ekki þótt sigla þann kúrs sem stjórnarflokkunum að ógleymdu hæstv. Verslunarráðinu hefur verið þóknanlegur í málefnum samkeppni og samsæra gegn neytendum.

[15:00]

Valdimar L. Friðriksson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til samkeppnislaga. Málið hefur verið rætt nokkuð mikið síðustu vikur, a.m.k. síðustu daga, og þó nokkuð margar athuga-

semdir hafa komið fram. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að renna yfir þær hér en athugasemdirnar hafa komið úr ýmsum áttum, m.a. frá sjálfu Lögmannafélaginu eins og fram kom fyrr í dag í máli hv. þm. Birgis Ármannssonar.

Ef maður veltir því vendilega fyrir sér hvað þetta frumvarp þýðir, t.d. fyrir forstjóra Samkeppnisstofnunar, þá virðist því að vissu leyti nánast stillt upp gegn honum og hefur það margoft komið fram.

Fjölmargir sérfræðingar hafa gert athugasemdir við frumvarpið svo og félagasamtökin ASÍ, BSRB. Einnig hefur Samkeppnisstofnun sjálf gert athugasemdir. Með leyfi forseta langar mig að rýna í svar við fyrirspurn minni frá því fyrir ári sem beint var til viðskiptaráðherra um Samkeppnisstofnun.

Spurningin var: Hefur á síðustu tíu árum verið gerð úttekt á starfsemi Samkeppnisstofnunar? Í svarinu segir, með leyfi forseta:

„Embætti ríkisendurskoðanda annast árlega endurskoðun á reikningum Samkeppnisstofnunar en á síðustu tíu árum hefur ekki verið gerð stjórnsýsluúttekt á stofnuninni."

Áfram er spurt: Hyggst viðskiptaráðherra grípa til ráðstafana til að auka afkastagetu Samkeppnisstofnunar?

Í svarinu segir m.a., með leyfi forseta:

„Á næstunni má gera ráð fyrir að ný verkefni verði færð til Samkeppnisstofnunar og mun viðskiptaráðherra sérstaklega beita sér fyrir því í ríkisstjórn að fjárframlög til þeirra verkefna verði tryggð."

Frú forseti. Nú, ári seinna, á allt í einu að leggja stofnunina niður. Eitthvað hlýtur að hafa gengið á á þessu eina ári úr því að menn taka svo drastískar ákvarðanir. En það er með þetta frumvarp eins og svo mörg önnur sem meiri hlutinn hefur lagt fram, að því miður eru þau lögð afskaplega seint fram og mörg hver illa unnin. Það er lítið um samráð og þau eru keyrð í gegnum þingið. Í því sambandi, frú forseti, vill sá er hér stendur að endingu gera athugasemdir almennt um störf þingsins síðustu vikur. Það sem ég sagði áðan á við um mörg þeirra mála sem verið hafa til umræðu. Í því sambandi má nefna frumvarp um Ríkisútvarpið sf. sem er það illa unnið, illa ígrundað — margar athugasemdir hafa komið við því — að það yrði okkur í þinginu alls ekki til sóma að keyra það í gegn á þessu þingi.

[15:04]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Ég ætla að fjalla um önnur atriði í þessu frumvarpi en hæst hefur borið í umræðunni í dag og síðustu daga þegar þetta mál hefur verið til umfjöllunar. Ég ætla í rauninni að árétta það sem ég sagði um eitt atriði þessa frumvarps við 1. umr.

Það á að vera alger grundvallarregla við lagasetningu og lagasmíð að þegar menn semja lagafrumvörp, sem ætlast er til að verði samþykkt og felld inn í íslensk lög, að lögin séu skiljanleg þeim sem þau lesa, séu skýr gagnvart þeim sem þurfa að vinna eftir lögunum og hlíta þeim. Þetta eru almenn sjónarmið sem eru viðtekin varðandi lagasetningu en skipta mestu máli þegar löggjafarvaldið setur reglur sem eru íþyngjandi gagnvart borgurunum og ekki síður þegar lögin fela í sér refsiheimildir fyrir hið opinbera.

Þetta frumvarp er að mínu mati skiljanlegt og skýrt að mestu leyti en því miður ekki að öllu leyti. Þegar 22. gr. frumvarpsins er skoðuð kemur þar fram, með leyfi forseta:

„Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framkvæma vettvangsskoðun hjá íslenskum aðilum enda sé fylgt þeim starfsreglum sem settar eru í bókun 3 og bókun 4 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA um störf og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar og samkeppni. Fulltrúum Eftirlitsstofnunar EFTA og fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem fjalla um samkeppnismál, er heimilt að vera viðstaddir og taka þátt í vettvangsrannsóknum sem Samkeppniseftirlitið framkvæmir innan þeirra marka sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fylgisamningar hans setja. Sama gildir um rétt fulltrúa Samkeppniseftirlitsins og framkvæmdastjórnar EB þegar Eftirlitsstofnun EFTA framkvæmir vettvangsrannsóknir hér á landi."

Þetta ákvæði er ekki skýrt. Þegar menn lesa það, þegar hinn almenni borgari les þetta ákvæði án þess að glugga í greinargerð með frumvarpinu þá er honum ómögulegt að átta sig á því hvert efni þessa ákvæðis er. Það er ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu.

Ég nefndi í 1. umr. um frumvarpið að mikilvægt væri að ákvæði 22. gr. yrði tekið upp og það endurskoðað með það að markmiði að fella þau efnisákvæði sem greininni er ætlað að ná fram inn í lagatextann. Þetta ákvæði fjallar um vettvangsrannsóknir yfirvalda hjá fyrirtækjum og einstaklingum en höfundar frumvarpsins hafa ákveðið, í stað þess að taka beinlínis upp í lagatextann hvað í þeirri heimild felst, að vísa til tveggja bókana við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða í bókanir 3 og 4 með samningnum eftirlitsstofnun og dómstóla EFTA um störf og valdsvið eftirlitsstofnana.

Ég tel að almennir borgarar sem lesa þetta ákvæði átti sig ekki á því að með því er þeim aðilum sem eftir ákvæðinu munu starfa veitt heimild til að gera rannsóknir og fara í vettvangsrannsóknir, t.d. á heimilum stjórnenda, framkvæmdastjóra eða annarra starfsmanna, að eftirlitsstofnun geti ákveðið að leita þar. Þetta eru verulega íþyngjandi ákvæði gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum. Ég skil bara ekki hvers vegna hv. efnahags- og viðskiptanefnd tók þetta ákvæði ekki til athugunar, sérstaklega vegna þess að ákvæðin fela í sér íþyngjandi reglu gagnvart þeim sem í hlut eiga.

Eins og ég sagði áðan er það alger grundvallarregla við lagasmíð, sérstaklega þegar um refsiheimildir er að ræða eða íþyngjandi ákvarðanir yfirvalda, að skýrt sé tekið fram í lagatextanum um hvað þær fjalla. Það er ekki síður mikilvægt til að það liggi fyrir hver valdmörk viðkomandi eftirlitsstofnunar eru í hverju tilviki, hversu langt má ganga og við hvaða aðstæður.

Ég tel að þessi tilvísunarregla í 22. gr. frumvarpsins, eins og það er nú, sé ófullnægjandi og uppfylli ekki almenn sjónarmið og skilyrði sem sett eru varðandi skýrleika heimilda eins og þessarar. Þess vegna mælist ég til þess við hæstv. viðskiptaráðherra að verði þessu ákvæði ekki breytt þá muni viðskiptaráðuneytið taka frumvarpið til endurskoðunar hvað þetta ákvæði varðar og útbúa heildstæðan lagatexta um þessar heimildir þannig að í textanum komi skýrt fram um hvað þær fjalla.

Ég sé að hæstv. viðskiptaráðherra er ekki í salnum en ég kom inn á þetta atriði við 1. umr. um frumvarpið og hygg að allir ættu að geta tekið undir það með mér þegar ég segi að hinum almenna borgara sem les lagasafnið er nánast ómögulegt nema hann lesi greinargerðina, sem fæstir gera enda eru þær ekki mjög aðgengilegar almenningi. Almenningur á mjög erfitt með að átta sig á efni og inntaki reglunnar sem fram kemur í 22. gr. Ég beini því til hæstv. viðskiptaráðherra að endurskoða þetta ákvæði laganna, verði því ekki breytt milli 2. og 3. umr.

Það kom reyndar líka fram við 1. umr. um þetta frumvarp að ég er svo sem ekki hlynntur þessari reglu, svo ríkum heimildum. Ég átta mig á því að þeim verður ekki beitt mjög reglulega og vonandi sem sjaldnast. Eins og fram hefur komið leiðir þessi regla af skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum og er ein af reglunum frá Brussel sem maður er ekkert sérstaklega hrifinn af, þótt í dag sé Evrópudagurinn eftir því sem mér skilst af Fréttablaðinu. En ég skora á hæstv. viðskiptaráðherra að taka þetta ákvæði til endurskoðunar þannig að almennir borgarar og þeir sem eiga að hlíta þeim lögum eða reglum sem fram koma í frumvarpinu, verði það að lögum, skilji hvað þar stendur.

[15:13]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er að mínu mati ástæða til að fjalla nokkuð um efni þessa frumvarps sem hér hefur verið til umræðu síðan á laugardag. Segja má að umræðan snúist einkum um tvö aðskilin atriði. Annars vegar eru breytingar sem frumvarpið hefur að geyma á stofnanaþætti samkeppnismála og hins vegar ákvæði 27. gr. frumvarpsins sem lýtur að sjálfstæði íslenskra dómstóla og bindur í lög fyrirmæli til þeirra um að lúta erlendri stofnun við ákveðin skilyrði sem nánar eru tilgreind í frumvarpinu.

Ég vil aðallega beina athygli þingheims að ákvæðum 27. gr. Mér finnast þau vera alvarlegasta málið í frumvarpinu og raunar það stærsta sem við fjöllum um á þessu þingi með allri virðingu fyrir öðrum þingmálum sem borist hafa á borð þingmanna þennan veturinn. Áður en ég vík að því vil ég þó fara nokkrum orðum um stofnanaþátt frumvarpsins og þær breytingar sem þar eru lagðar til.

Það sem mér finnst skipta miklu máli í uppbyggingu Samkeppnisstofnunar, eða þeirrar stofnunar sem á að halda uppi eftirliti með atvinnulífinu hér á landi til að hér sé sú samkeppni sem menn ætlast til, er að stofnunin sé sjálfstæð í störfum sínum og þeir sem þar starfa geti starfað algjörlega óhindrað án fyrirmæla utanaðkomandi aðila. Það held ég að megi segja að hafi verið í ágætu lagi í gildandi lagaumhverfi Samkeppnisstofnunar, eins og hér hefur margoft komið fram, að Samkeppnisstofnun hafi verið sjálfstæð í athugunum sínum og gerðum. Ég sé því ekki ástæðu til að hrófla við fyrirkomulaginu vegna þess að því sé áfátt að því leyti. Ég tel það ekki markmið sem menn eigi að stefna að, að draga úr sjálfstæði stofnunarinnar að þessu leyti.

Breytingarnar sem gera á eru að mínu viti þess eðlis að ég hef a.m.k. sett spurningarmerki, ef ekki meira, við gildi þeirra. Það að leggja niður samkeppnisráð en taka þess í stað upp stjórn er að mínu viti engin einföldun á stjórnsýslu, eins og að er stefnt, miðað við það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. Það kunna út af fyrir sig að vera einhver rök fyrir því að gera slíka breytingu og engin ástæða til að leggjast gegn því í sjálfu sér. En það sem mér sýnist þessi breyting hafa í för með sér er í fyrsta lagi að stjórnin, sem í raun kemur í stað samkeppnisráðs að verulegu leyti, hefur meira hlutverk en samkeppnisráð hefur við að fylgjast með rekstri stofnunarinnar, ráða forstjóra hennar og að setja ákveðin mörk, skil á milli stjórnar og forstjóra. Forstjóri verður ekki lengur embættismaður og sjálfstæður í störfum sínum með skírskotun til þeirrar ráðningar heldur verður hann ríkisstarfsmaður samkvæmt almennum kafla laganna og er undirmaður stjórnar. Sjálfstæði forstjóra breytist því augljóslega verulega við þessa breytingu. Hann er undirmaður stjórnarinnar, ráðinn af stjórninni og lýtur boðum hennar í þeim efnum sem stjórnin hefur vald til að mæla fyrir um.

Ég velti því fyrir mér: Hver er ávinningurinn af þessari breytingu? Ég hef ekki fengið nein svör sem sannfæra mig um að rétt sé að stíga þetta skref. Mér finnst þetta þvert á móti bjóða heim þeirri hættu að forstjórinn eigi töluvert undir valdi og vilja stjórnar í þeim störfum sem hann að öðru leyti á að sinna. Það tel ég ekki breytingu í þá átt að gera hann sjálfstæðan í störfum sínum heldur til hins gagnstæða. Vilji menn stíga þetta skref verða menn að leggja fram einhverjar röksemdir fyrir því að augljós ávinningur verði af breytingunni. Þær röksemdir hef ég ekki séð eða heyrt í þessari umræðu.

Í öðru lagi verður breyting á hæfi þeirra sem eiga að sitja í stjórn frá hæfi þeirra sem í dag sitja í samkeppnisráði. Gildandi lög eru þannig að formaður og varaformaður samkeppnisráðs mega ekki hafa beinna og verulegra hagsmuna að gæta í atvinnurekstri. Það er alveg ljóst. Í þeim frumvarpsdrögum sem kynnt voru í haust var þetta ákvæði á sömu nótum og reyndar gengið áfram sömu braut með því að gera öllum stjórnarmönnum skylt að uppfylla þetta hæfi, sem einungis á við um formann og varaformann samkeppnisráðs í dag.

Í frumvarpinu sem við erum að fjalla um hefur það tekið breytingum, svo miklum að snúið hefur verið yfir á hinn endann og þessi hæfisskilyrði tekin út. Það má vel vera að það geti gengið að menn sitji í stjórn án þess að uppfylla þetta hæfisskilyrði en það hefur a.m.k. það í för með sér að einstakir stjórnarmenn verða að víkja þegar um er að ræða mál sem varðar þá. Auðvitað geta þeir ekki átt við mál sem þeir eiga hagsmuna að gæta í og það er tekið fram í frumvarpstextanum. Ég tel það ekki til bóta að hafa hæfisskilyrði stjórnarmanna þannig að þeir kunni að vera vanhæfir og aðrir verði þá að hlaupa í þeirra skarð á meðan.

Ég tel að eðlilegast hefði verið, ef menn á annað borð vilja breyta fyrirkomulaginu þannig að samkeppnisráð verði fellt niður en stjórn komi í staðinn, að hæfisskilyrðin giltu áfram, enda hef ég ekki upplýsingar um að fundið hafi verið að núgildandi lagaákvæði að þessu leyti. Ég veit ekki til þess að menn hafi gert athugasemdir við þau skilyrði eða að þau hafi hamlað störfum samkeppnisráðs. Þvert á móti eru þær upplýsingar sem ég hef um störf samkeppnisráðs þær að allt hafi gengið ákaflega vel hvað þann þátt málsins

varðar og góður friður verið um störf ráðsins. Ég átta mig því ekki á því hverju menn ætla að ná fram með því að draga úr þessum hæfisskilyrðum, eins og lagt er til í frumvarpinu.

Það verður alltaf að vera einhver ávinningur í málinu og eitthvert vandamál eða einhver efnisatriði sem menn gera grein fyrir að nauðsynlegt sé að bregðast við með þeim hætti sem lagt er til. Mér finnst vanta að gerð sé grein fyrir því hvers vegna menn telja nauðsynlegt að gera þessar breytingar. Breytingar á auðvitað ekki að gera bara breytinganna vegna heldur vegna þess að menn ætli að bæta þá löggjöf sem menn búa við í dag.

Þá tel ég bagalegt að stofnunin hafi ekki heimild til að skjóta málum til dómstóla. Mér finnst eðlilegt að sú heimild sé gagnkvæm og eigi ekki bara við um málsaðila eða fyrirtæki sem hlut eiga að umræddu máli heldur líka stofnunina sjálfa. Báðir aðilar ættu að geta leitað til dómstóla til að fá fram niðurstöðu í máli.

Þá finnst mér þurfa svör við því hvers vegna heimildir hinnar nýju stofnunar til húsleitar ganga skemmra en heimild Eftirlitsstofnunar EFTA. Ég held að það verði að kalla eftir því að gerð verði skýr grein fyrir því, hvers vegna hin innlenda stofnun sem á að vera kjarninn í að halda uppi samkeppni í atvinnulífinu hér á landi, eigi að hafa rýrari og takmarkaðri heimildir til húsleitar en erlend stofnun.

Þessum atriðum, virðulegi forseti, finnst mér vanta verulega á að fram hafi komið sannfærandi rökstuðningur fyrir, þ.e. að rétt sé að grípa til þeirra og gera þá breytingu á gildandi lögum sem lagt er til. Ég held því ekki fram að það leiði allt til lakari niðurstöðu en verið hefur en vek þó athygli á því að það er augljóst að sjálfstæði forstjóra stofnunarinnar er minna samkvæmt frumvarpinu en samkvæmt gildandi lögum. Það er lakara að mínu viti, virðulegi forseti. Ég vil gera athugasemdir við þessar breytingar og láta það koma fram að ég hef ekki sannfærst um nauðsyn þess að ráðast í þær.

Eitt blasir við, að núverandi Samkeppnisstofnun verður lögð niður og að forstjóri hennar mun láta af störfum. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt verða starfslok hjá yfirmanni stofnunarinnar og það liggur alveg fyrir. Síðan fer annar ferill sem í gang, að það verður stofnuð ný stofnun sem ræður sér forstjóra og sú staða verður væntanlega auglýst í fyllingu tímans. Hvort núverandi forstjóri sækir um og hvort hann verður ráðinn vitum við ekkert um. Við getum ekki vitað það á þessu stigi. En það er ljóst að það verða starfslok hjá núverandi forstjóra. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að það þurfa að koma fram gildar skýringar til rökstuðnings eða stuðnings því að ráðast í breytingar af þessum toga.

Ég vil síðan, virðulegi forseti, víkja að 27. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um skyldu íslensks dómstóls til að lúta ákvörðun erlendrar stofnunar. Ákvæðið sem ég geri athugasemdir við í þessari grein er einkum að finna í fyrri mgr. 27. gr. og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þegar dómstóll fjallar um samninga, ákvarðanir eða aðgerðir skv. 53. og 54. gr. EES- samningsins í máli sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur þegar tekið ákvörðun í má úrlausn hans ekki brjóta í bága við þá ákvörðun. Enn fremur skal hann forðast að leysa úr máli á annan veg en þann sem Eftirlitsstofnun EFTA kann að gera í máli sem hún hefur til meðferðar."

Þarna er gengið ákaflega langt í að binda hendur innlends dómstóls við ákvörðun sem erlend eftirlitsstofnun hefur tekið eða kann að taka síðar. Ég tel fyllstu ástæðu til að setja fyrirvara við það hvort með þessu sé gengið það langt í að skerða sjálfstæði íslensks dómstóls og framselja dómsvald úr landi, hvort við séum ekki komin yfir strikið í þeim efnum. Ég tel a.m.k. þess virði að spyrja þeirrar spurningar og ég mun síðan svara henni undir lok máls míns.

Með þessu frumvarpi fylgir greinargerð sem lögmaður nokkur hefur tekið saman. Hún er allítarleg og að mörgu leyti fróðleg en niðurstaða hennar er að Alþingi hafi heimild til að lögfesta ákvæðin eins og lagt er til. Hann setur þó fyrirvara við þá niðurstöðu.

Hér er um að ræða lögfræðing, Davíð Þór Björgvinsson, sem hefur fjallað um þessi mál áður og gert með ágætum að mínu viti. Hann er nú orðinn dómari við dómstól í Strassborg fyrir atbeina íslenskra stjórnvalda og ég tel nauðsynlegt að draga það fram að þar eru tengsl á milli sem kunna að hafa auðvitað áhrif á niðurstöðu eða álitsgerð lögfræðingsins, þótt ég vilji ekkert um það fullyrða. Það er a.m.k. ástæða til að menn viti af því að umræddur lögmaður er orðinn dómari vegna þess að hann var tilnefndur til þess af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Rökstuðningurinn fyrir því að Alþingi geti samþykkt framsal á valdi eins og lagt er til í frumvarpinu er í stuttu máli einhvern veginn þannig að í gildi sé regla, sem hefur að vísu hvergi verið lögfest heldur sé venjuhelguð. Sú regla gefur löggjafanum heimild til að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli. Reglan er sem sé hvergi til, er ekki í stjórnarskránni, er ekki í neinum lögum og á hana hefur aldrei reynt fyrir dómstólum. Reglan er óljós að inntaki og mörk hennar, þ.e. gildissvið hennar, eru mjög óskýr. Þannig má segja að þar séu menn komnir með sérstakan rökstuðning fyrir því að hægt sé að skerða sjálfstæði íslenskra dómstóla. Ég geri athugasemdir við þann rökstuðning.

Til að varpa betra ljósi á rökstuðning Davíðs Þórs Björgvinssonar, ætla ég að lesa, með leyfi forseta, stuttan kafla úr greinargerðinni, sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Færð eru rök fyrir því að ákvæði 27. gr. frumvarpsins hafi talsverða sérstöðu sem geri það að verkum að framsal dómsvalds sem í því verður talið felast rúmast ekki sjálfkrafa innan þess framsals ríkisvalds til alþjóðastofnana sem þegar hefur verið talið heimilt á grundvelli EES-samningsins, sem löggjafinn samþykkti með lögum nr. 2/1993, og álit nefndar utanríkisráðherra frá 1992 fjallar um. Sérstaða 27. gr. frumvarpsins felst m.a. í því að ekki eru dæmi þess að íslenskir dómstólar hafi áður verið bundnir af ákvörðunum alþjóðlegra stofnana við úrlausn mála sem þeir annars eiga lögsögu í."

Ég vek athygli á þessu, að þarna bendir Davíð Þór Björgvinsson á atriði sem skiptir miklu máli. Við göngum með þessu lengra en áður hefur verið gert. Hann segir: „... ekki eru dæmi þess að íslenskir dómstólar hafi áður verið bundnir af ákvörðunum alþjóðlegra stofnana við úrlausn mála sem þeir annars eiga lögsögu í."

Áfram heldur Davíð Þór Björgvinsson:

„Þessu verður ekki jafnað til þess þegar erlendum úrlausnum, þar með talið úrlausnum alþjóðlegra stofnana, er veitt aðfararhæfi hér á landi, né heldur verða þær taldar felast í þeim, enda hafa slíkar fullnustuheimildir aldrei verið skýrðar svo að þær takmarki eða skerði sjálfstæði innlendra dómstóla. Ákvæði 27. gr. frumvarpsins gerir það aftur á móti óneitanlega, þótt í takmörkuðum mæli sé, og skerðir með beinum hætti sjálfstæði dómsvaldsins ...“

Álit Davíðs Þórs er mjög skýrt í þessu, virðulegi forseti. Hann segir:

„Ákvæði 27. gr. frumvarpsins gerir það aftur á móti óneitanlega ... og skerðir með beinum hætti sjálfstæði dómsvaldsins, þar sem dómari verður, þegar tiltekin skilyrði eru fyrir hendi, bundinn af ákvörðun annars aðila ... þegar hann kveður upp sinn dóm. Í áliti nefndar utanríkisráðherra frá 1992 er lögð sérstök áhersla á að ákvæði EES-samningsins eða fylgisamninga hans hefðu ekki þessi eða sambærileg áhrif á sjálfstæði íslenskra dómstóla og voru það talin mikilvæg rök þegar komist var að þeirri niðurstöðu að lögfesta mætti EES- samninginn að óbreyttum stjórnlögum. Sú tegund framsals sem í ákvæðinu felst er því nýmæli í íslenskum lögum.“

Þarna finnst mér koma skýrt fram í hverju breytingin er fólgin, frá þeim skrefum sem við höfum stigið hingað til. Gengið skal lengra en nokkru sinni áður í að setja lög sem binda hendur íslensks dómsvalds og flytja það úr landi. Það erum við að gera, virðulegi forseti. Spyrja mætti: Hvar er heimild Alþingis til að gera slíkt? Ef hún væri fyrir hendi, þá ætti hún að vera í stjórnarskránni. Hjá erlendum ríkjum er hún þar, t.d. í norsku stjórnarskránni sem heimilar löggjafarþinginu framsal á valdi, með tilteknum ákvæðum um aukinn meiri hluta atkvæða þingmanna til þess að tryggja að fyrir framsalinu sé nokkuð víðtækur stuðningur. Við höfum ekkert ákvæði í íslensku stjórnarskránni sem heimilar Alþingi til að setja lög og framselja vald úr landi, hvort sem það er dómsvald eða annað vald. Hvergi.

Eins og fram kemur í greinargerð Davíðs Þórs þá er rökstuðningurinn fyrir því, þrátt fyrir þessa annmarka, að Alþingi geti gert þetta mjög sérstakur, þ.e. að í gildi sé regla sem hvergi er að finna skráða sem heimili það, regla sem íslenskir dómstólar hafa ekki sagt á álit sitt.

Davíð Þór bendir einnig á eitt atriði sem mér finnst skipta máli þegar maður veltir því fyrir sér hvernig íslenskir dómstólar muni taka á þessari reglu, ef til þess kæmi einhvern tímann að mál yrði lagt fyrir íslenskan dómstól þar sem reyndi á þetta ákvæði. Davíð Þór bendir á að tilhneiging Hæstaréttar undanfarinn áratug eða svo hafi verið sú að þrengja að valdheimildum löggjafans, að þrengja að heimildum Alþingis. Við höfum dæmi um að dómstólar hafi fellt dóma sem fengið hafa mikil viðbrögð í þjóðfélaginu og hér á Alþingi, eins og mönnum er eflaust í fersku minni. Tilhneiging dómsvaldsins er því fremur í þá átt að túlka heimildir löggjafans þröngt en rúmt.

Þess vegna segir í áliti Davíðs Þórs Björgvinssonar að ekki sé „mögulegt að spá fyrir um það með neinni vissu hver afstaða íslenskra dómstóla kann að verða til þess álitaefnis“ sem er að finna í 27. gr. frumvarpsins. Þannig er alveg ljóst, herra forseti, að við stígum með þessu lengra en við höfum gert nokkru sinni fyrr í að flytja dómsvald úr landi. Við göngum lengra, ef þetta ákvæði verður lögfest, en við höfum nokkru sinni fyrr gert að þessu leyti og það er fullkomlega óljóst hvort íslenskir dómstólar muni fallast á þetta lagaákvæði. Þvert á móti hníga ýmis rök að því að þeir muni líta á heimildir löggjafans í því skyni þrengri en rýmri. Þetta liggur fyrir, virðulegi forseti.

Ég tel að við séum komin út á hála braut ef Alþingi samþykkir þetta lagaákvæði óbreytt. Varnaðarorðin berast okkur frá umsagnaraðilum, t.d. frá réttarfarsnefnd eins og gert hefur verið grein fyrir áður í umræðunni þannig að ég ætla ekki að fara yfir það að sinni.

Mér finnst þetta úrslitaatriðið þegar staðreyndirnar liggja fyrir okkur. Ég velti því fyrir mér: Segjum að við féllumst á að við mættum stíga þetta skref í ljósi þess að óljós regla hafi gildi sem mæli fyrir um að það skref sem stigið er sé afmarkað. Þá spyr ég: Hvar munum við enda? Hvar munum við enda, virðulegi forseti? Ég fæ ekki betur séð en við munum enda á þann veg að síðan komi frumvarp þar sem gengið verður enn lengra í að flytja dómsvald úr landi, í öðrum málum á öðrum sviðum. Þá munu menn fallast á að löggjafinn hafi það vald ef tillagan telst afmörkuð og skýr. Þannig geta menn farið stig af stigi með þessari röksemdafærslu og endað á að framselja dómsvald, eða jafnvel löggjafarvald, úr landi í miklu ríkari mæli en hér er lagt til. Ég sé í raun engan endi á þeirri vegferð, heldur gætu menn nánast tekið upp Rómarsáttmála Evrópusambandsins að flestu leyti ef ekki öllu leyti með þessari röksemdafærslu og með því að gera það í ákveðnum skrefum.

Með því að fallast á röksemdafærsluna núna munu menn opna fyrir að ganga áfram á sömu braut og þeir hafa engar varnir þegar næsta frumvarp kemur. Þá verður sömu röksemdum beitt og hvernig ættu menn að geta snúið sig út úr því, hafnað þeim og sagt: Ja, það er mitt mat að nú sé komið yfir einhverja gullna línu sem ekki verði gengið yfir? Menn finna ekki rökstuðninginn í því.

Ég held að menn verði að gera málið upp við sig fyrr en seinna. Ég er á þeirri skoðun að í raun geti alþingismenn ekki annað gert en að gera það upp við sig hvort þeir vilja fara af stað í þessa vegferð, sem er í raun framhald af því er menn samþykktu EES-samninginn með viðlíka rökum. Þetta er skref númer tvö.

Það sem ég held að þurfi að vera fyrir hendi er í fyrsta lagi að í íslensku stjórnarskránni sé sagt til um hvernig löggjafinn geti samþykkt framsal á valdi úr landi. Í þeim ákvæðum væru dregin mörkin sem löggjafinn verður að starfa innan. Það er auðvitað engin hemja að löggjafarvaldið búi sér til reglu sem er svo sveigjanleg að menn geta teygt hana til eftir því máli sem er undir hverju sinni og færi bara mörkin að þörfum. Það gengur ekki, virðulegi forseti. Menn verða að stíga skref sem skerða sjálfstæði dómstóla eftir reglum sem hafa hlotið samþykki þjóðarinnar. Alþingi getur að mínu viti ekki sett sér sjálft mörkin hverju sinni og ákveðið sjálft hversu langt eigi að ganga, ákveðið sjálft skrefið hverju sinni hvort málið sé talið rúmast innan einhverra óljósra marka.

Vandi okkar er sá, að því er ég held, að Alþingi hafi gengið býsna langt í að taka sér vald stjórnarskrárgjafans, með því að breytingar á stjórnarskránni eru ekki bornar

beint undir atkvæði þjóðarinnar. Þannig hefur Alþingi síðustu áratugi í raun tekið til sín það vald sem þjóðin á að hafa, sem er að setja landinu stjórnarskrá. Mér finnst Alþingi á þeirri braut að taka sér alltaf meira og meira vald í þessum efnum. Það er núna farið að ræða löggjöf og setja lög sem flytja vald úr landi án þess að gá að því eða bera undir þjóðina, sem á auðvitað að lokum að ráða þessu máli og veita þær heimildir sem alþingismenn eiga að starfa eftir.

Virðulegi forseti. Mín niðurstaða er sú að við getum ekki gengið þessa götu. Við getum ekki fallist á 27. gr. frumvarpsins. Ég mun greiða atkvæði gegn henni og frumvarpinu í heild verði þessi grein í frumvarpinu þegar það kemur til atkvæða.

Ég held, virðulegi forseti, að menn séu á villigötum í þessu efni og erfitt verði að stoppa þróunina ef við förum lengra inn á þá braut sem menn fóru inn á við samþykkt EES-samningsins.

[15:46]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við ræðum um samkeppnismál og ef allt væri með felldu væri hér mikill fögnuður og samheldni meðal þingmanna í því hvernig menn ættu að taka á málum. Menn væru sammála ef allt væri með felldu um að það þyrfti að taka á málum. Því miður er ekki svo. Þrátt fyrir að komið hafi upp stór mál á undanförnum árum virðast menn ekki vera sammála um að auka valdheimildir Samkeppnisstofnunar eða að efla þá stofnun. Nei, því miður. Hér kemur stjórnarmeirihlutinn með frumvarp sem annars vegar skerðir valdheimildir stofnunarinnar, leggur hana niður og ráðgerir að setja á fót nýja stofnun, væntanlega með nýjum forstjóra. Stjórnarliðar hafa ítrekað verið spurðir að því hvort til standi að ráða þann mann sem hefur veitt Samkeppnisstofnun forstöðu undanfarið en það hefur verið fátt um svör. Menn hafa reynt að forðast eins og heitan eldinn að svara því hvort hann komi til greina í það starf. Það kemur e.t.v. ekki á óvart vegna þess að hann hefur gengið þokkalega hart fram í nokkrum málum sem virðast vera viðkvæm fyrir stjórnarflokkana.

Ég hefði talið að menn ættu frekar að efla stofnunina og leita leiða og leita leiða til þess að í þjóðfélaginu geti menn sameinast um að taka á brotum í samkeppnismálum. Því er ekki að heilsa. Menn reyna að keyra í gegn mál þar sem setja á yfirfrakka á forstjóra nýrrar stofnunar, þar sem menn eiga ekki að fara eftir venjulegum hæfisreglum heldur verða allt aðrar reglur sem henta stjórnarmeirihlutanum.

Til þess að skilja hvað er í gangi þá verður maður að skoða söguna. Allt frá því að Samkeppnisstofnun fór í að rannsaka ákveðin mál hafa stjórnarherrarnir, bæði hæstv. dómsmálaráðherra og hæstv. utanríkisráðherra, ítrekað kvartað undan því hvernig Samkeppnisstofnun hefur borið sig að. Það væri í raun nær að núverandi forstjóra yrði veitt einhver verðlaun, einhver umbun fyrir vel unnin störf. Því er ekki að heilsa heldur eru núverandi starfsmenn stofnunarinnar í uppnámi með störf sín. Þess vegna er rétt að fara yfir það hvernig þessi mál hafa þróast. Allt frá því Samkeppnisstofnun hóf rannsókn olíumálsins hafa menn verið með upphlaup sem hafa tengst Sjálfstæðisflokknum sérstaklega.

Þess er skemmst að minnast að sumarið 2003 fóru fulltrúar Samkeppnisstofnunar á fund ríkislögreglustjóra með gögn þar sem þeir greindu frá því að grun sínum um refsivert athæfi. Ríkislögreglustjóri neitaði að taka við gögnunum. Hann hefur verið í miklu uppáhaldi hjá hæstv. dómsmálaráðherra og virðist stundum sem beintenging sé þar á milli.

Þá má minnast þess að hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson taldi vafasamt að sekta olíufélögin — hann hélt því fram í viðtali — vegna þess að það mundi fara út í verðlagið með hækkunum. Það er mjög undarlegt að formaður eins stærsta stjórnmálaflokksins á Íslandi skuli mæla því bót að refsa ekki fyrir alvarleg brot þar sem svikin hafa verið af almenningi, ekki ein milljón, tíu eða tuttugu milljónir, heldur jafnvel milljarðar, þúsundir milljóna hafa verið svikin af almenningi. Formaður eins stærsta stjórnmálaflokksins, hæstv. utanríkisráðherra Davíð Oddsson, gefur í skyn að það eigi ekki að sekta félögin. Þetta er stórfurðulegt og í raun undarlegt í lýðræðisríki að mönnum skuli detta þetta í hug.

Fleiri í þessum ágæta flokki hafa haft þessi mál á hornum sér. Sjálfur hv. þm. Pétur H. Blöndal, þegar ákveðin skýrsla um olíusamráðssvikin sem snerti stjórnarflokkana með beinum hætti, lét hafa eftir sér að mikilvægt væri að finna þann sem hefði lekið skýrslunni. Ekki var það til þess að veita honum verðlaun. Mér þætti það ólíklegt miðað við viðbrögð hæstv. utanríkisráðherra Davíðs Oddssonar við því þegar litli Landssímamaðurinn lak upplýsingum um hvernig vinir Sjálfstæðisflokksins hefðu gengið um Landssímann. Þá var talið réttlætanlegt að reka hann með skömm.

Hvernig ætli standi á því að menn vilji fara þessa leið? Það er vegna þess að Shell er beintengt inn í Sjálfstæðisflokkinn. Það hefur m.a. komið fram hjá prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Hann hefur bent á það að það eru bein tengsl þar á milli. Einnig eru bein tengsl milli Olíufélagsins og inn í Framsóknarflokkinn, frú forseti.

Þegar Samkeppnisstofnun ætlar síðan að taka á brotum þessara félaga, hvað er næsta verk hjá þessum flokkum, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokknum? Það er að leggja stofnunina niður og helst að losna við forstjórann líka. Til að gulltryggja sig algerlega er settur yfirfrakki á næsta forstjóra Samkeppniseftirlitsins, til þess að gulltryggja að honum detti ekki í hug að fara sömu leið. Þannig er það.

Allt er þetta gert undir því yfirskyni að það eigi að einfalda stjórnsýsluna. Ég hef ekki séð þá einföldun enn þá. Það væri fróðlegt ef hv. þingmenn stjórnarliðsins greindu frá því hvað verður einfaldara. Að vísu á að leggja niður samkeppnisráð. Það hefði jafnvel mátt gera það án þess að að leggja niður Samkeppnisstofnun. Menn ættu að koma hreint fram. Ég skora þess vegna á hæstv. utanríkisráðherra að greina okkur frá því að þetta sé eingöngu til að gulltryggja að fyrirtæki flokksins lendi ekki í álíka vanda á ný.

Eitt er a.m.k. víst, þ.e. að Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki mikinn áhuga á samkeppni. Það sjáum við gleggst á því er við höfum rætt um Landssímann, söluna á honum. Fyrirtæki á fjarskiptamarkaði benda á að til að tryggja samkeppni sé rétt að undanskilja grunnnetið. En það gengur ekki heldur vilja menn selja grunnnetið. Hvað gera menn með því að selja grunnnetið með Landssímanum? Jú, þeir

selja einokunaraðstöðu. Ætla menn að selja í raun eða ætla menn að ráðstafa Landssímanum? Auðvitað vaknar grunur um að þar verði ráðstöfun eins og þegar Búnaðarbankanum var ráðstafað til S-hópsins. Það er nú til skoðunar hjá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni en þegar sú skýrsla er lesin, einkavæðingarskýrslan, um hvernig Búnaðarbankanum var ráðstafað, er augljóst að eitthvað var bogið við þá ráðstöfun. Þegar hann var seldur voru valdir flokksmenn og vinir Framsóknarflokksins, síðan fengu menn í fyrstu tveggja mánaða greiðslufrest á stórum hluta af því sem átti að ráðstafa til S-hópsins. Síðan átti að greiða afganginn eftir eitt ár. Menn fengu eins árs gjaldfrest til að greiða fyrir Búnaðarbankann.

Sporin hræða. Þessir flokkar hafa því miður ekki mikinn áhuga á samkeppni eða því að fá hæsta verð. Enda kemur á daginn, nú þegar menn íhuga söluna á Landssímanum, að menn vilja ekki einu sinni veita ákveðnum hópi fjárfesta, fulltrúum almennings sem einmitt kalla sig Almenning, aðgang að gögnum um verðmætamat Landssíma Íslands.

Sporin hræða hvað þetta varðar og fleiri mál hafa komið upp. Nefna mætti mál tryggingafélaganna. En í staðinn fyrir að framsóknarmenn veittu meiri fjármuni til Samkeppnisstofnunar þá var það alls ekki gert. Nú starfar svipaður fjöldi hjá Samkeppnisstofnun og fyrir tíu árum, þrátt fyrir að ítrekað hafi komið upp samráðssvikamál.

Ég tel, og er í raun viss um það, að það sé vegna þess að stofnunin var að rannsaka mál sem fóru of nærri hreiðri stjórnarflokkanna. Þess vegna mátti ekki auka fjárframlagið til þeirra. Við sjáum að menn gáfust upp á að rannsaka mál tryggingafélaganna. Það var ekki vegna þess að menn teldu ekki að pottur hefði verið brotinn hjá tryggingafélögunum. Ég tel miklu frekar að önnur mál, svo sem olíumálið, hafi yfirtekið starfskrafta stofnunarinnar og að ekki hafi náðst að sekta, beita stjórnvaldssektum, í þeim málum vegna þess að þau voru orðin of gömul. Það hefur komið fram.

Megingallinn á þessum samkeppnismálum, þegar er farið yfir lagafrumvarpið, er að stjórnarflokkarnir hafa einfaldlega misst trúverðugleikann. Það er erfitt fyrir stjórnarliða að rökstyðja málið og vera með einhvern málflutning í því, sérstaklega hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem fólk í samfélaginu getur tekið mark á. Það er erfitt þegar litið er til umræðunnar um fyrri mál, svo sem olíusamráðsmálið þess er skýrslan lak út. Þá vildu menn finna lekann en ekki endilega auka fjárframlög til stofnunarinnar til þess að keyra málin í gegn. Það er áhyggjuefni að einungis örfáir menn eru að störfum hjá efnahagsbrotadeild við að rannsaka alvarlegustu mál sem upp hafa komið í samfélaginu. En á meðan vinna yfir 100 manns að eftirliti með sjómönnum í landinu, sem eru 3.500.

Við höfum ítrekað orðið vör við svolítið sérstakar áherslur hjá stjórnarflokkunum. Þær eru óskiljanlegar nema í því ljósi að menn sjái og fari yfir hve nátengd olíufélögin eru Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum. Hið sama á við um tryggingafélögin. Þá sést að menn vilja ekkert vera að rannsaka þetta og vilja í raun leggja niður þá stofnun sem hefur eitthvað átt við þetta. Í öðru lagi vilja þeir gulltryggja það að sú stofnun sem sett verður á fót fari ekkert að fikta í þessum málum svo að menn fái að vera í friði.

Fari maður yfir umsagnir, sem ég gerði af samviskusemi, um þetta frumvarp þá er ekki að sjá að tekið hafi verið mark á t.d. umsögn Neytendasamtakanna. Það er í raun dæmigert að Framsóknarflokkurinn skuli ekkert mark taka á umsögn Neytendasamtakanna. Fyrir skömmu var annað mál á dagskrá, um Landbúnaðarstofnun. Þar átti heldur ekki að taka neitt mark á Neytendasamtökunum.

Hvaðan kemur þetta frumvarp? Ég hef verið að furða mig á því. Mér var bent á ágæta skýrslu en þar er óskalisti, þ.e. í skýrslu frá Samtökum atvinnulífsins. Hún er samin 2002 og má segja að þá, árið 2002, hafi samtökin verið að jafna sig eftir þær rannsóknir sem Samkeppnisstofnun fór í af festu á fyrirtækjum, stórum aðilum innan Samtaka atvinnulífsins. Þeir setja fram óskalista í skýrslu sinni og mætti segja að það frumvarp sem hér er um að ræða sé óskalisti Samtaka atvinnulífsins í skýrslu samtakanna frá því í maí 2002. Þar segir efst á blaði:

„Samkeppnisráð verði lagt niður og Samkeppnisstofnun taki við hlutverki þess.“ — Í frumvarpinu er það reyndar Samkeppniseftirlitið.

Í öðru lagi segir:

„Valdheimildir Samkeppnisstofnunar verði skýrðar og c-liður 17. gr. laganna verði felldur niður.“ — Þetta er einmitt það sem frumvarpið felur í sér.

Í þriðja lagi segir hér:

„Settar verði skýrar reglur um heimild til húsleitar og um framkvæmd slíkrar leitar.“

Menn hafa sem sagt farið í óskalista Samtaka atvinnulífsins, sem er í sjálfu sér allt í lagi, en taka ekkert mark á skýrslu sem sjálfur hæstv. viðskiptaráðherra lét semja og kom út haust. Þar lögð áhersla á að í samkeppniseftirlitinu fái menn rýmkaðar rannsóknarheimildir. Það er ekki tekið mark á því en menn fara í óskalista frá Samtökum atvinnulífsins.

Mér finnst það í raun tímanna tákn að menn taki ekkert mark á Neytendasamtökunum, geri ekkert með umsagnir þeirra en fari eingöngu að tillögum samtaka þeirra sem hafa kannski ekki farið alveg eftir samkeppnislögunum. Ég hefði einmitt talið nær að efla samkeppnislög og auka traust neytenda á því að atvinnulífið fari að lögum. Það er mjög mikilvægt fyrir atvinnulífið að ná á ný trúnaði neytenda. Mér þykir leitt að Samtök atvinnulífsins sjái sér ekki hag í að efla Samkeppnisstofnun og taka undir með Neytendasamtökunum vegna þess að það er hagur neytenda og landsmanna allra að framkvæmd þessara laga verði yfir allan grun hafin.

Ég botna í raun ekki í stjórnarliðinu að leggja fram lagafrumvarp með þessum hætti þegar grunsemdir hafa kviknað um að það eigi að — það var í rauninni staðfest í morgun í sjónvarpinu af sjálfum hæstv. viðskiptaráðherra — veikja núverandi samkeppnislög. Hvers vegna reyna menn ekki frekar að vekja traust neytenda, traust þjóðarinnar á því að farið sé að samkeppnislögum? Ég átta mig ekki á því hvaða tilgangi þetta þjónar. Ég furða mig á því að Samtök atvinnulífsins og stjórnarliðar vilji ekki endurreisa það traust sem á að ríkja milli neytenda, olíufélaganna og til stjórnvalda, á því að menn ætli að fara heiðarlega að í samkeppni.

Ég skora á stjórnarliða að draga þetta frumvarp til baka.

Það er mjög vont og það er vont fyrir þjóðfélagið að sett skuli á fót stofnun sem ekki er hafin yfir grun um verið sé að veikja samkeppnislög í stað þess að menn styrki þá löggjöf og sýni að þeir ætli sér að koma á heiðarlegri samkeppni.

[16:06]

Útbýting:

Barna- og unglingageðdeild, 810. mál, fsp. VF og MF, þskj. 1378.

Kjör umönnunnarbarna í heilbrigðisþjónustu, 809. mál, fsp. VF, þskj. 1377.

Málefni barna með Goldenhar-heilkenni, 811. mál, fsp. VF, þskj. 1379.

Sérsambönd Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, 808. mál, fsp. VF, þskj. 1376.

[16:07]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Umræða um samkeppnismál hefur staðið yfir um nokkurt skeið. Menn hafa reynt að draga fram kjarna málsins og við höfum ekki síst lagt á okkur mikla vinnu í umræðum um málið við að draga fram hvers vegna skuli gera þessar breytingar. Hvað er það sem gerir það að verkum að nauðsynlegt er að skipta hlutunum upp á þann hátt sem raun ber vitni? Hvers vegna þarf að leggja niður Samkeppnisstofnun? Hvað er það sem gerir það að verkum að ljúka þurfi starfsferli forstjóra Samkeppnisstofnunar, þ.e. hvers vegna þarf að segja forstjóra Samkeppnisstofnunar upp, sem nýverið upplýsti eitthvert mesta samsæri sem átt hefur sér stað gagnvart neytendum á Íslandi?

Við höfum leitað svara að þessum spurningum. Við höfum leitað svara. Við höfum spurt hvers vegna þurfi að veikja lögin. Hvers vegna þarf að gera þetta núna á þessum tímapunkti? Hvað er það sem kallar á þessar aðgerðir núna?

Það hefur komið skýrt fram í umræðunni að samkeppnisyfirvöld og allir helstu sérfræðingar í samkeppnismálum komu hvergi nærri undirbúningi frumvarpsins eða vinnunni í aðdraganda þess að frumvarp þetta var samið. Þess í stað var skipuð nefnd, svokölluð viðskiptalífsnefnd — hún hefur fengið það nafn í umræðum um þessi mál. Tillögur hennar hafa sumar hverjar hlotið náð fyrir augum hæstv. viðskiptaráðherra en aðrar ekki. Reyndar náðu aðeins tvær tillögur af þeim sem þessi nefnd skilaði af sér inn í frumvarpið, ef undan eru skildar stjórnsýslubreytingarnar, sem hefur verið dregið skýrt fram í þessari umræðu að engin rök eru í reynd fyrir, forsendur þeirra í besta falli misskilningur og í versta falli þess eðlis að með þeim sé vegið að Samkeppnisstofnun eins og hún er starfrækt í dag.

Það er einnig athyglisvert að í umræðunni hafa aðeins Samtök atvinnulífsins og Verslunarráð staðið vörð um að þetta mál nái fram að ganga. Það er ekki síst athyglisvert í því ljósi að árið 2002, í kjölfar þess að Samkeppnisstofnun fór fræga ferð inn í olíufélögin sem leiddi til niðurstöðu sem flestum er kunnug, sendi Verslunarráðið frá sér gríðarlega harðar athugasemdir og krafðist þess að hæstv. viðskiptaráðherra beitti sér fyrir því að málið yrði fellt niður, að gögnum málsins yrði skilað og rannsókn hafin á nýjan leik. Það er einnig athyglisvert í því ljósi að á þeim tíma var einn þeirra hv. þingmanna, sem hér hefur tekið þátt í umræðunni og talað fyrir þessu máli, starfsmaður Verslunarráðsins. Hann ályktaði á þeim tíma um að málið yrði fellt niður eins og ég rakti áðan og Samkeppnisstofnun skilaði öllum gögnum sem hún hafði sótt inní olíufélögin. Það vekur því athygli að Verslunarráðið skuli hafa gengið hvað lengst í að hvetja til þess að þetta mál gengi í gegn.

Svipuð sjónarmið koma frá Samtökum atvinnulífsins. En þau sömdu árið 2002 sínar eigin hugmyndir, eigin tillögur, drög að nýjum lögum. Þau lögðu fram tiltekinn pöntunarlista um að felld yrðu úr gildandi lögum tiltekin ákvæði. Þar voru samkeppnisráð og c-liður 17. gr. efst á blaði. Það er því ekki nema von að fögnuður ríki í þeim hópum þegar þetta frumvarp er hér til umræðu og skiljanlegt þeir skuli gleðjast yfir því að skuli gengið jafnlangt og raun ber vitni í að veikja samkeppnislögin, leggja niður Samkeppnisstofnun og láta forstjórann fara.

Það þætti sjálfsagt tíðindum sæta einhvers staðar að í framhaldi af því að tiltekin stofnun upplýsi jafnmikið samsæri gegn almannahagsmunum og gert var í þessu tiltekna máli, þ.e. olíumálinu, skuli hún verðlaunuð á þann hátt, hún lögð niður og forstjórinn látinn fara. Þetta er mjög athyglisvert og reyndar ímynda ég mér að slíkt ætti sér ekki auðveldlega stað í öðrum vestrænum lýðræðisríkjum. Þetta er ekki fyrsta stofnunin sem sett er af eftir að ríkisstjórnin hefur gert athugasemdir um starfsemi þeirra. Þeirra stofnana hefur verið minnst við þessa umræðu og ástæðulaust að telja þær upp enn og aftur.

Það var merkilegt sem hv. þm. Valdimar Leó Friðriksson dró fram í umræðunni fyrr í dag. Hann benti á að hæstv. viðskiptaráðherra svaraði því til fyrir ekki margt löngu að engin stjórnsýsluúttekt hefði farið fram á starfsemi Samkeppnisstofnunar. Í raun hefur engin úttekt farið fram á því hvort starfsemin virkar sem skyldi eða ekki. Það er líka athyglisvert að enginn ræddi við samkeppnisyfirvöld þegar málið sem hér er verið að ræða var undirbúið. Þessi niðurstaða virðist því fengin án nokkurrar rannsóknar og það er afar athyglisvert.

Mér finnst mikilvægt að nefna það einnig við þessa umræðu að í sjónvarpsþætti í morgun átti ég orðaskipti við hæstv. viðskiptaráðherra um þessi tilteknu mál, sem er kannski í fyrsta skiptið sem hæstv. viðskiptaráðherra tjáir sig efnislega um hvers vegna lögin eru veikt á þann hátt sem raun ber vitni.

Þar sagði hæstv. viðskiptaráðherra í umræðu um þetta tiltekna atriði svo, með leyfi forseta:

„Þetta ákvæði sem tekið er út, það er galopið og ég segi að það er ekki góð stjórnsýsla að yfirvöld, stofnun úti í bæ, geti farið inn í fyrirtæki án þess að þau hafi brotið af sér."

Hér er reyndar einhver misskilningur uppi hjá hæstv. viðskiptaráðherra því það ákvæði, c-liður 17. gr., felur ekki sérstaklega í sér leitarheimildir eða að hægt sé að fara inn í fyrirtæki án dóms og laga. En það sem er efnislegt í þessu er að hæstv. ráðherra sagði að þetta væri galopið ákvæði og því væri mikilvægt að fella það brott þar sem það að þetta ákvæði væri í lögum gerði það að verkum að heimildir til þess að fara inn í eða gera athugasemdir við starfsemi fyrirtækja væru mjög ríkar. Þar af leiðandi var hæstv. ráðherra í

reynd að viðurkenna að hér er verið að veikja lögin. Reyndar sagði hæstv. ráðherra meira um þetta. En þetta er í stuttu máli kjarni þess sem þar kom fram. Þó má segja sem svo að í umræðunni hafi það verið dregið fram að hér er verið að veikja lögin og leggja Samkeppnisstofnun niður án þess að nokkur vinna hafi kannski í reynd farið fram um það hvort þetta sé nauðsynlegt eða að nokkur rannsókn hafi farið fram á núverandi starfsemi.

Það breytir ekki hinu að farið er að sjá fyrir endann á þessari umræðu og í efnahags- og viðskiptanefnd kom það skýrt fram hjá starfsmönnum samkeppnisyfirvalda og eins Löggildingarstofu að þessar breytingar hafa skapað mikinn óróa hjá starfsmönnum sem þeir vilja að ljúki sem fyrst og starfsmennirnir fái þá umhverfi eða niðurstöðu sem þeir geti búið við þannig að þessu óöryggi linni, ef svo má að orði komast. Þetta sögðu starfsmenn hvort tveggja, bæði fyrir nefndinni og eins í fjölmiðlum, og töldu afar mikilvægt að þessu óöryggi eða ástandi linnti sem fyrst. Meðal annars af þeim sökum og kannski ekki síst sökum þeirrar kveðju sem forstjóra Samkeppnisstofnunar er send með því að leggja stofnunina niður og setur í raun stöðu hans í uppnám í ljósi þess sem á undan er gengið, í ljósi þess að hann hefur haft forustu um að upplýsa mesta samsæri gegn almenningi sem um getur á síðari árum a.m.k., þá höfum við hv. þingmenn, sá er hér stendur, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, hv. þm. Ögmundur Jónasson og hv. þm. Sigurjón Þórðarson lagt fram svohljóðandi tillögu sem við vonumst til að verði samþykkt og kannski tryggi að slá megi á þann ótta og óróa og óöryggi sem nú er innan Samkeppnisstofnunar.

Tillagan er efnislega samhljóða ákvæði sem var í samkeppnislögum árið 1993 þegar þau voru sett. Var þá reyndar önnur ríkisstjórn við völd, ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Í þeim lögum var ákvæði til bráðabirgða þess efnis að þáverandi verðlagsstjóri gæti, ef hann óskaði eftir því, tekið sjálfur við sem forstjóri Samkeppnisstofnunar. Því leyfum við okkur, fjórir hv. þingmenn, að leggja fram tillögu sem bætist við ákvæði til bráðabirgða. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Núverandi forstjóra Samkeppnisstofnunar verður heimilt, kjósi hann svo, að taka við sem forstjóri nýs Samkeppniseftirlits. Ákveði hann að taka stöðuna skal hann tilkynna það nýrri stjórn Samkeppniseftirlitsins um leið og hún hefur verið skipuð.“

Hér er fyrst og fremst, eins og ég nefndi, verið að reyna að tryggja að hægt sé að slá á það mikla óöryggi sem nú er uppi í stofnuninni um framtíðina þannig að starfsmenn sjái að einhver stöðugleiki verði eftir vegna þess að það er náttúrlega stóralvarlegt mál að rífa upp með rótum skipulag sem virkar til þess eins að setja eitthvert annað skipulag á sem umræðan hér hefur dregið fram að er á engan hátt til þess fallið að efla samkeppniseftirlit og samkeppnislög eins og þó er stefnt að ef marka má orð í greinargerð með því frumvarpi sem við hér ræðum.

Við leggjum þessa tillögu fram og vonumst til þess að þetta litla framlag af okkar hálfu geti orðið til þess að slá á það óöryggi sem nú ríkir og kannski gera það að verkum að sjálfstæði forstjóra verði þá áfram svipað eða sambærilegt og það hefur verið. Alþingi tók þessa ákvörðun á sínum tíma og því er ekkert óeðlilegt að Alþingi geri það aftur nú því að í þessari umræðu sem fram hefur farið hefur verið lögð á það mjög rík áhersla að staða forstjóra Samkeppniseftirlits verði mjög sjálfstæð.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem flutti ræðu um það atriði hér áðan lagði einmitt á það gríðarlega ríka áherslu að að óbreyttu, verði frumvarpið samþykkt óbreytt, muni staða forstjóra hins nýja Samkeppniseftirlits ekki verða nándar nærri eins örugg og ekki hafa nándar nærri sama sjálfstæði og staða þess forstjóra sem nú situr. Því leggjum við þessa litlu tillögu fram.

Svona að lokum í þessari umræðu, virðulegi forseti, vil ég segja að þó að ég sé fullur efasemda um þá leið sem ákveðið hefur verið að fara þá vonast ég til þess samt sem áður að eitthvað gott kunni út úr þessu að koma þegar upp er staðið. Ég vonast til þess að sá ótti sem manni býr í brjósti um að forsendur fyrir þessum breytingum haldi ekki eigi ekki við rök að styðjast. Um leið segi ég að mjög vandlega verður fylgst með hvernig framtíðin verður í vinnslu þessa máls og vonast ég til þess að sú mikla vinna sem fram hefur farið undanfarin tíu, ellefu ár verði ekki eyðilögð með hugmyndum eins og þeim sem hér er hugmyndin að samþykkja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 2. umr.

Stjfrv., 591. mál. — Þskj. 884, nál. 1291, 1328 og 1341, brtt. 1292.

[16:24]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, frá hv. meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar, sem er að finna á þskj. 1291.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn gesti eins og getið er um á fyrrnefndu nefndaráliti og hún hefur rætt þetta mál samhliða umfjöllun um mál 590 sem við vorum að ljúka rétt áðan, frú forseti, og mál 592 sem er frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda sem er næsta mál á dagskrá.

Í frumvarpinu er að finna ákvæði um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Það er sá hluti gildandi samkeppnislaga sem klofinn er frá öðru samkeppniseftirliti samkvæmt framangreindum frumvörpum sem byggjast á niðurstöðum nefndar viðskiptaráðherra um íslenskt viðskiptaumhverfi. Megintilgangur frumvarpsins er að efla neytendavernd með því gera ákvæði laganna skýrari og efla eftirlit. Flest ákvæði frumvarpsins er nú að finna í VI. og VII. kafla samkeppnislaga og því er fáar nýjungar að finna í efnisákvæðum þess. Þar eru aftur á móti lagðar til breytingar varðandi eftirlit og stjórnsýslu, en eftirlit er falið Neytendastofu og áfrýjunarnefnd neytendamála.

Meiri hlutinn leggur til að orðunum „reglum og“ verði

bætt inn í d-lið 1. mgr. 22. gr. frumvarpsins um við hvaða brotum megi leggja á sektir og að við frumvarpið bætist ný grein þar sem kveðið verði á um að ákvörðun Neytendastofu verði ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála liggur fyrir. Er það til samræmis við gildandi rétt.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Una María Óskarsdóttir og Gunnar Birgisson.

[16:26]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Það frumvarp sem hér um ræðir er að hluta til afsprengi þeirra hugmynda hæstv. viðskiptaráðherra að skipta upp stjórnsýslu Samkeppnisstofnunar og koma hluta eftirlitsins fyrir hjá nýrri stofnun, Neytendastofu. Fyrsti minni hluti hefur lýst sig andvígan þessari uppskiptingu og telur hana ekki skynsamlega, eins og frekar er rakið í áliti hans um frumvarp til samkeppnislaga, 590. mál.

Frumvarpið hefur að geyma ákvæði sem flest er nú að finna í VI. og VII. kafla samkeppnislaga en í því er lagt til að verkefni sem lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði færð frá samkeppnisyfirvöldum til Neytendastofu. Rökin sem fram hafa verið borin fyrir réttmæti þessarar aðgerðar byggjast fyrst og fremst á því að samnýta megi starfsfólk til þess að sinna verkefnum, sem nú heyra undir Löggildingarstofu og verða færð til Neytendastofu, en nokkrir starfsmenn samkeppnisyfirvalda verða fluttir yfir á Neytendastofu. Hvernig sá flutningur fer fram liggur ekki fyrir. Ýmsir umsagnaraðilar hafa bent á að hefðbundin starfsemi Löggildingarstofu eigi fátt sameiginlegt með neytendavernd og eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum. Um þá gagnrýni vísast til umsagna sem fylgja með áliti þessu.

Fyrsti minni hluti leggst gegn samþykkt frumvarpsins þar sem hann telur að sú breyting á stjórnsýslu samkeppnismála sem það felur í sér veiki mjög eftirlit með virkri samkeppni.

Undir þetta álit skrifa ásamt þeim sem hér stendur, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Helgi Hjörvar.

Þetta mál sem við hér ræðum er, eins og ég rakti í þessu áliti, afsprengi þess að skipta á eftirliti með samkeppnismálum upp og afsprengi þeirrar hugmyndafræði sem varð til í viðskiptaráðuneytinu um að mikilvægt væri að veikja samkeppnislög og veikja allt eftirlit með samkeppnismálum. Þetta tiltekna frumvarp hefur kannski minnst um þetta að segja. En það að þetta skuli fært á þennan hátt er aðeins afsprengi þess sem ég hér áður nefndi og afstaða okkar í Samfylkingunni er í samræmi við það. Við erum andvíg þessum breytingum. Við höfum lýst því hér að við teljum þetta skref aftur á bak. Við höfum einnig lýst þeirri skoðun okkar að einu forsendurnar sem við höfum séð koma upp og kalla á þessa veikingu og þessa breytingu, að einasta málið sem komið hefur upp er hið fræga olíumál sem margoft hefur hér verið nefnt og við teljum það ekki réttlæta það að fara út í þessar breytingar.

[16:29]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ákvæðin sem þetta lagafrumvarp hefur að geyma er flest að finna í VI. og VII. kafla gildandi samkeppnislaga. Í frumvarpinu er lagt til að verkefni sem lúta að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verði færð frá samkeppnisyfirvöldum til Neytendastofu. Samhliða þessu frumvarpi eru lögð fram tvö önnur frumvörp, þ.e. frumvarp til nýrra samkeppnislaga, sem var til umræðu fyrr í dag, og frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, sem kemur til umræðu síðar eða þegar umræðu um þetta frumvarp er lokið. Gagnrýni 2. minni hluta á þetta frumvarp lýtur fyrst og fremst að hinu stærra samhengi og er vísað í umfjöllun 2. minni hluta um frumvarp til samkeppnislaga hvað þetta snertir og þeirra röksemda sem fram hafa komið í umræðu um málið. Annar minni hluti vill vekja athygli á athugasemdum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd frá samtökum launafólks og lúta sérstaklega að mikilvægi þess að vernda börn fyrir óæskilegu áreiti af auglýsingum.

Full ástæða er til að huga alvarlega að því hvernig hægt er að bæta „auglýsingamenninguna" í landinu. Í lögum er að finna ýmis ákvæði um auglýsingar og er að sjálfsögðu mikilvægt að eftir þeim sé farið. Það kann ekki góðri lukku að stýra að setja lög sem síðan eru hunsuð af óprúttnum aðilum eins og þekkist nú varðandi auglýsingar á áfengi. Eflaust ræðst auglýsingasiðferði aðeins að hluta til af lögum en fyrst og fremst af vilja manna til að virða þau og vilja framkvæmdarvaldsins til þess að sjá til þess að lögunum sé framfylgt. Á hvort tveggja hefur skort þar sem áfengisauglýsingarnar eru annars vegar.

Gagnvart einum hópi þarf löggjafinn að standa sérstakan vörð, með skýrum lögum sem síðan þarf að fylgja vel eftir í framkvæmd. Þessi hópur eru börnin. Að þeim er auglýsingum beint í sívaxandi mæli og börn eru einnig í sívaxandi mæli notuð í auglýsingum. Umboðsmaður barna hefur sett fram það sjónarmið að mikilvægt sé að lögfesta skýrari ákvæði um auglýsingar sem beinast að börnum en þau sem er að finna í núverandi löggjöf. Ákvæði þessa efnis er að finna í 22. gr. gildandi samkeppnislaga og er 8. gr. þessa frumvarps samhljóða henni. Umboðsmaður barna vill að hert sé á þessu lagaákvæði og það gert skýrara. Bæði ASÍ og BSRB taka undir ábendingar umboðsmanns barna hvað þetta varðar í umsögnum sínum um frumvarpið og eru þær birtar sem fylgiskjal með þessu áliti.

Áður en ég lýk máli mínu ætla ég að lesa það sem um þetta segir í 8. gr. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Auglýsingar, sem höfða eiga til íslenskra neytenda, skulu vera á íslenskri tungu.

Auglýsingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á að um auglýsingar sé að ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla.

Auglýsingar skulu miðast við að börn sjái þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim.

Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau.

Komi börn fram í auglýsingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er."

Í athugasemdum við 8. gr. segir, með leyfi forseta:

„Hér er í fyrsta lagi kveðið á um að auglýsingar skuli vera á íslensku. Í öðru lagi er mælt fyrir um að auglýsingar skuli þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafi á því að um auglýsingar sé að ræða og að auglýsingar skuli skýrt aðgreindar frá öðru efni fjölmiðla. Loks eru í greininni ákvæði um börn og auglýsingar. Greinin er óbreytt frá 22. gr. samkeppnislaga."

Eins og hér kom fram er um það fjallað í þessari grein að sýna skuli sérstaka aðgát varðandi börnin en umboðsmaður barna leggur áherslu á að þarna sé skýrar að orði kveðið og samtök launafólks taka undir með umboðsmanni Alþingis hvað það snertir.

Það er ljóst að breytingar hvað þetta snertir eru ekki á döfinni nú á síðustu metrum þinghaldsins en ég hvet til þess að þessi lagagrein verði tekin til skoðunar án þess að ég hafi nokkrar tillögur fram að færa um það hvernig orðalagið skuli vera eða hvernig greinin skuli úr garði gerð en ég beini því til efnahags- og viðskiptanefndar þingsins að taka þetta mál til sérstakrar skoðunar á komandi þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neytendastofa og talsmaður neytenda, 2. umr.

Stjfrv., 592. mál. — Þskj. 885, nál. 1293, 1329 og 1342, brtt. 1294.

[16:35]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1293 frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn fjölda gesta sem getið er um í nefndarálitinu.

Fjallað var um málið samhliða máli nr. 590, frumvarpi til samkeppnislaga, og máli 591, frumvarpi til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, sem við ræddum rétt áðan á þessum fundi.

Í frumvarpinu er annars vegar gert ráð fyrir að stofnsett verði ný stofnun, Neytendastofa, og auk þess að við hana starfi talsmaður neytenda. Í nefndarálitinu er farið í gegnum það hvernig Neytendastofa og talsmaður neytenda vinna saman. Talsmaður neytenda mun geta tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að eigin frumkvæði en honum er ekki ætlað að taka stjórnvaldsákvarðanir í verkefnum sem falin eru stjórnvöldum samkvæmt lögum né heldur er honum ætlað að leysa úr ágreiningi kaupenda eða seljenda um einstök atriði eða tiltekin kaup. Talsmanni neytenda er frekar ætlað að taka við erindum frá neytendum, gefa út álitsgerðir og hafa frumkvæði að úrbótum og annast þannig hagsmunagæslu fyrir neytendur.

Meiri hlutinn leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Krafa um að forstjóri Neytendastofu og talsmaður neytenda hafi háskólapróf verði felld brott.

2. Kveðið verði á um rétt talsmanns neytenda til að gera þjónustusamning við Neytendastofu um undirbúning mála fyrir embættið.

3. Ráðherra verði heimilað að skipa tveggja manna undirbúningsnefnd til að undirbúa stofnun Neytendastofu í tengslum við niðurlagningu Löggildingarstofu og Samkeppnisstofnunar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í þingskjali 1294.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Una María Óskarsdóttir og Gunnar Birgisson.

Í umræðunni hefur verið rætt dálítið um Löggildingarstofu og hvers vegna hún er inni í Neytendastofu, en sú umræða byggist sennilega á því að menn eru orðnir svo vanir því að mál og vog séu í lagi fyrir tilstuðlan Löggildingarstofu að þeir eru búnir að gleyma því sem einu sinni var aðalneytendamálið, þ.e. að vog og mál væru í lagi. Það var það sem menn gagnrýndu mest í einokunarverslun Dana og þess vegna er Löggildingarstofa að sjálfsögðu eitt aðalneytendamálið og heyrir mjög rökrétt undir Neytendastofu því að hún gætir þess að þegar ég kaupi eitt kíló af sykri í verslun þá sé það líka eitt kíló af sykri.

[16:38]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Það vekur athygli að meðal tillagna meiri hluta nefndarinnar er það að talsmaður neytenda, svonefndur, hafi rétt til að gera þjónustusamning við Neytendastofu um undirbúning mála fyrir embættið. Hvernig sér meiri hlutinn fyrir sér að þessu verði háttað og hvernig ætli meiri hlutinn sjái fyrir sér að fjárveitingum verði háttað í þessu skyni? Gerir meiri hlutinn ráð fyrir því í fyrsta lagi að það verði sérstök fjárveiting til Neytendastofu, í öðru lagi sérstök fjárveiting til talsmanns neytenda og í þriðja lagi sérstök fjárveiting til þess þjónustusamnings sem honum er heimilt að gera við Neytendastofu?

Þetta er eitt af athugaefnunum í sambandi við þetta skrýtna mál þar sem Löggildingarstofa hefur fengið neytendamálin á sína könnu og búinn hefur verið til sérstakur embættismaður þar til að sinna málefnum neytenda. Þetta þarf að vera alveg skýrt. Ég tek eftir því að þetta er ekkert skýrt og ekkert um þetta talað í þessu nefndaráliti og hv. þm. Pétur Blöndal, sem er framsögumaður nefndarálitsins, minntist ekki einu orði á þetta í ræðu sinni nema að lesa upp úr nefndarálitinu þessa tillögu.

[16:40]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að tals-

maður neytenda njóti aðstoðar Neytendastofu en ekki nánar tiltekið hvernig. Það hefur komið fram ákveðin gagnrýni á þetta í umræðunni og til að bregðast við því var ákveðið að hann gerði þjónustusamning við Neytendastofu þannig að það lægi fyrir hvaða verkefni og hvers hann gæti krafist af Neytendastofu á grundvelli þess þjónustusamnings. Þetta tel ég vera mjög eðlilegt í kjölfar umræðunnar og þess sem kom fram í umsögnum og þar sé hv. efnahags- og viðskiptanefnd að bregðast við umræðunni og því sem bent var á í henni um að þessi samskipti væru óljós. Það er ljóst að talsmaður neytenda, sem er einn maður og hefur ekki mikið umleikis, þarf ákveðna aðstoð og með þessum þjónustusamningi er gert ráð fyrir að hann fái hana frá Neytendastofunni.

Síðan er það annað mál hvernig Neytendastofa á grundvelli þessa þjónustusamnings gerir kröfu eða beiðni um fjárveitingar til sín og ég reikna með að það eigi að rúmast innan fjárveitinga Neytendastofu.

[16:41]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Detta mér nú allar dauðar lýs úr höfði. Þjónustusamningar sem ég hef heyrt um eru gerðir þannig að sá sem stendur öðrum megin samningaborðsins leggur fram fé til þess að sá sem stendur hinum megin reiði fram þjónustu. En hér hefur meiri hlutinn komist að því mikla snillibragði að breyta þessu þannig að sá sem stendur öðrum megin borðsins, hér talsmaður neytenda, gerir samning við Neytendastofu um að hún veiti sér ákveðna þjónustu og borgi hana líka. Ég heyri ekki betur á hv. þm. Pétri Blöndal en að þetta sé svo.

Það sem ég vonaðist til að fá voru þau svör að talsmaður neytenda fengi þá sjálfstæða fjárveitingu til að gera þennan þjónustusamning við Neytendastofu en hann fær hana alls ekki, heldur er það Löggildingarstofan sem í raun og veru gerir þjónustusamninginn við sjálfa sig. Löggildingarstofa gerir þjónustusamning við sjálfa sig um hvernig hún eigi að hjálpa þessum aumingjans talsmanni neytenda og heldur þar með öllu forræði. — Nú eru þau farin að tala saman, forseti, ráðherrann hæstv. og formaður nefndarinnar, þannig að hér virðist hafa komið upp eitthvert vandamál sem þyrfti að leysa úr. — En talsmaður neytenda hefur sem sé ekki sjálfstæðan fjárhag og loksins þegar grillti í að hann fengi einhverja peninga til að gera sína samninga við Neytendastofuna barði hv. þm. Pétur Blöndal þann draug kirfilega niður. Það skal vera þannig að talsmaður neytenda er lítill bírókrat hjá þessari stórmerkilegu Löggildingarstofu sem á síðan að gera þjónustusamning við sjálfa sig um það hvernig hún ætlar að hjálpa honum.

Sér er nú hvert endemið. Heyr Örlygi, var sagt í gamla daga, en þetta verðskuldar kannski ekki svo miklar upphrópanir, þetta ómerkilega þingmál hæstv. ráðherra og þetta ómerkilega svar hv. formanns þeirrar nefndar sem ég man ekki lengur hvað heitir.

[16:43]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skildi nú ekki þessi síðustu lýsingarorð hv. þingmanns. Þetta á ekki að vera svo mikið hjartans mál að menn þurfi að nota svona orðbragð.

Málið er að talsmaður neytenda hefur ákveðna kröfu á Neytendastofu. Samkvæmt því frumvarpi sem hér er lagt til að verði að lögum á hann lagalega kröfu á að fá þjónustu frá Neytendastofu og menn gagnrýndu það að þetta væri opið. Til þess að taka mið af umræðunni og til að taka mið af þeirri gagnrýni sem kom fram í 1. umr. um málið og hjá gestum var brugðist þannig við að hann skyldi gera þjónustusamning. Það er ósköp eðlilegt. Talsmaður neytenda á lagalega kröfu til að fá þjónustu. Mér finnst mjög augljóst að það skýri málið hvaða kröfu hann eigi að gerður sé þjónustusamningur við hann og síðan fari Neytendastofa á fund fjárveitingavaldsins og fái fjárveitingu fyrir eigin rekstri og auk þess þeirri þjónustu sem hann veitir talsmanni neytenda. Ég skil því ekki þau lýsingarorð sem hv. þingmaður hellti út úr sér hér yfir mína persónu og fleiri. Ég vil frekar fá málefnalega umræðu heldur en svoleiðis.

[16:45]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Hér fóru fram allmerkileg orðaskipti áðan sem draga á vissan hátt fram þær hugmyndir sem búa að baki þessum þremur frumvörpum. Þær hafa ekki verið skoðaðar, eru ókannaðar og svo til ekkert ígrundaðar. Þessu er kastað fram og reynt að búa eitthvað til úr þessu öllu. Það verður sérstaklega athyglisvert þegar að því kemur að talsmaður neytenda fer að sækja rétt sinn á hendur forstjóra Neytendastofu vegna þess að hann hafi ekki fengið þá þjónustu sem hann á lagalegan rétt á, eins og hv. þm. Pétur Blöndal nefndi áðan í orðaskiptum sínum við hv. þm. Mörð Árnason.

Hér hefur verið fjallað eitt frumvarp úr þrennunni sem sagan mun væntanlega ekki dæma fallega, enda verður seint sagt að hæstv. viðskiptaráðherra sé ráðherra mikilla sanda og sæva í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Frumvarpið er tvíþætt. Í fyrsta lagi felur það í sér tillögur um að ný stofnun, Neytendastofa, verði sett á fót til að taka við hluta verkefna Samkeppnisstofnunar, sem snúa að eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum, gagnsæi markaðarins og þeim verkefnum sem eru unnin hjá Löggildingarstofu. Í öðru lagi er lagt til í frumvarpinu að sett verði á stofn embætti talsmanns neytenda. Jafnframt er gert ráð fyrir að Samkeppnisstofnun verði lögð niður.

Eins og fram kemur í áliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til samkeppnislaga telur 1. minni hluti breytingarnar á stjórnsýslu samkeppnismála lítt ígrundaðar, byggjast á röngum forsendum og ekki til þess fallnar að styrkja eftirlit með samkeppnismálum. Sú skoðun er rökstudd í áliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til samkeppnislaga og vísast til þess álits.

Síðari hluti frumvarpsins fjallar um stofnun embættis talsmanns neytenda og hlutverk hans. Í athugasemdum með frumvarpinu er greint frá því að markmið viðskiptaráðherra

með þessari breytingu sé að efla starf að neytendamálum og auka neytendavernd.

Fyrsti minni hluti tekur undir mikilvægi þessa markmiðs enda telur hann afar brýnt að stjórnvöld leggi mikla rækt við samkeppnis- og neytendamál nú um stundir þegar samfélagið er á hraðri leið til aukinnar markaðsvæðingar. Þessir þættir, neytenda- og samkeppnismál, eru í raun undirstaða þess að þróunin verði í átt að þeim markmiðum sem að er stefnt.

Fyrsta minni hluta er því nokkur vandi á höndum þegar taka á afstöðu til síðari hluta frumvarpsins — þ.e. stofnunar embættis talsmanns neytenda. Fyrsti minni hluti telur mikilvægt að stjórnvöld láti meira að sér kveða í neytendamálum en þau hafa gert og auki til muna fjárframlög til málaflokksins. Því ber að fagna þeirri ákvörðun stjórnvalda að koma þessu embætti á laggirnar, enda ætti markmiðið að vera að efla neytendavernd. Fyrirmyndir embættis af þessu tagi er að finna annars staðar á Norðurlöndum. Munurinn er þó sá að þar eru embætti talsmanns neytenda sjálfstæð og óháð, með sjálfstæðan fjárhag og mannaforráð sem tryggja að þau séu engum háð við umfjöllun um neytendamál og meðferð mála. Það embætti sem hér er ætlunin að setja á laggirnar hefur ekki það sjálfstæði sem nauðsynlegt er. Embættið mun eiga allt sitt undir starfsemi Neytendastofu og verkefnum sem þar falla til og verða unnin frá degi til dags. Staðsetning embættisins gerir það að verkum að starfsemi þess verður algerlega háð fjárframlögum til Neytendastofu á fjárlögum, en jafnframt því að fara með neytendamál er Neytendastofu ætlað samkvæmt frumvarpinu að fara með mál er varða óréttmæta viðskiptahætti og málefni sem nú heyra undir Löggildingarstofu. Alþýðusamband Íslands telur að vegna annarra verkefna sem Neytendastofu verða falin, þar má nefna rafmagnsöryggismál, öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, yfirumsjón með lögmælifræði og hagnýtri mælifræði auk umsjónar með framkvæmd laga um vog, mál og faggildingu, sé mikil hætta á því að nýja stofnunin hafi ekki nægilegt bolmagn til að efla neytendamál og auka neytendavernd í samræmi við markmið laganna. Nægilegt fjármagn er forsenda þess að þessi skipulagsbreyting nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Við meðferð efnahags- og viðskiptanefndar kom fram að Löggildingarstofa á í erfiðleikum með að sinna verkefnum sínum í dag vegna fjárskorts, auk þess sem fram kemur í frumvarpinu að ætlunin er að lítið fé fylgi þeim sex starfsmönnum sem ætlunin er að flytja frá Samkeppnisstofnun yfir á nýju stofnunina. Flest bendir því til þess að háleit markmið sem greint er frá í athugasemdum með frumvarpinu verði aldrei annað en innihaldslitlar yfirlýsingar og í besta falli skraut í afrekaskrár Framsóknarflokksins fyrir næstu alþingiskosningar, því miður.

Starfsemi embættisins mun augljóslega ráðast af öðrum störfum Neytendastofu og hvernig verkefni starfsmanna verða ákveðin. Samkvæmt þessum hugmyndum verða yfirmenn Neytendastofu tveir, forstjóri og talsmaður neytenda. Forstjóri stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar og ræður aðra starfsmenn. Afar óljóst er hvert hlutverk hins yfirmannsins, talsmanns neytenda, verður innan stofnunarinnar. Flest virðist því benda til þess að embættið verði ekki eins öflugt og umboðsmaður eða talsmaður neytenda á að vera. Þá er hvorki gert ráð fyrir því að talsmaðurinn geti höfðað mál fyrir dómstólum né að hann hafi neitt með almenna stefnumótun í neytendamálum að gera. Því má segja að í besta falli megi leggja þetta mál upp með þeim hætti að um örlítið skref sé að ræða og óljóst til hvers það leiði. Í Danmörku var í upphafi lagt af stað með svipað skipulag en fallið hefur verið frá því þar sem það gekk ekki upp.

Í mörgum umsögnum um frumvarpið hefur verið bent á þessa hluti, auk þess sem athugasemdir hafa verið gerðar við nafngiftina. Í ljósi þess að málið er hluti af framangreindum stjórnsýslubreytingum sem varða eftirlit með samkeppnismálum styður fyrsti minni hluti ekki frumvarpið.

Virðulegi forseti. Málið sem við ræðum hér er eitt af þremur frumvörpum um breytingar sem fyrirhugaðar eru í samkeppnismálum og eftirliti með þeim málum. Sú hugmynd um skipan neytendamála sem þetta mál snýst um er þess eðlis að afar ólíklegt er að hún muni skipta miklu hvað varðar þróun og eflingu neytendamála í landinu, eins ég vakti athygli á. Líkast til verður þetta aldrei nokkuð annað en að Framsóknarflokkurinn geti keypt einhverjar auglýsingar fyrir næstu kosningar til að poppa það upp að þeir hafi að einhverju leyti komið að þessum málum.

Það kemur reyndar ekkert á óvart, miðað við það sem á undan er gengið og það sem frá hæstv. viðskiptaráðherra kemur, að markmiðið sé fyrst og fremst að kasta ryki í augu almennings og segja sér á hendur afrek sem þeir hafa alls ekki unnið.

Ég hef gert grein fyrir áliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar og veit að fleiri þingmenn munu skýra álit Samfylkingarinnar. Ég veit að þar verður ýmislegt dregið fram. Kjarni málsins er hins vegar sá að hér er verið að setja á stofn embætti talsmanns neytenda sem ekki er í reynd ætlað neitt hlutverk og hefur ekki í reynd nokkra stöðu til að ná nokkru fram sem skiptir máli hvað varðar þróun neytendamála. En eins og ég sagði áðan þarf sú niðurstaða ekki að koma nokkrum á óvart.

[16:53]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Frumvarp þetta er hluti af umfangsmiklum breytingum á stofnunum sem sinna eftirliti með viðskiptum og markaðsmálum. Þessar kerfisbreytingar hafa sætt mikilli gagnrýni af hálfu þeirra sem starfa við þessi mál og skiptist gagnrýnin í tvö horn. Annars vegar telja margir þær kerfisbreytingar sem ráðast á í vera til óþurftar, að þær veiki eftirlitskerfið og geri það óskilvirkara. Gagnrýnin gengur einnig í þá átt að lagabreytingarnar séu ekki nægilega grundaðar, þar sé margt óljóst og margir endar óbundnir.

Varðandi þetta frumvarp skal sérstaklega tekið undir hið síðara. Með lagabreytingunni stendur til að sameina Löggildingarstofu og nýtt embætti talsmanns neytenda. Varla er bætandi á raunir Löggildingarstofu með því að gera henni að taka að sér verkefni án nægilegs fjármagns og án skilgreindra verkefna.

Þegar rafmagnseftirlit var einkavætt á síðasta áratug hófst mikil þrautaganga þeirra aðila sem gengist höfðu fyrir

breyttu eftirliti með rafmagni. Raunir þeirra fólust í því að sannfæra landsmenn um að breytingarnar hefðu verið til góðs, þrátt fyrir að dregið hefði úr eftirliti og það orðið hlutfallslega dýrara í framkvæmd en áður var. Hlutverk Löggildingarstofu á þessu sviði var að setja staðla og fela svokölluðum skoðunarstofum að gera úrtakskannanir á því hvort farið væri að settum reglum. Löggildingarstofa hefur reynt að gera sitt besta við erfiðar aðstæður og tekist sæmilega að rækja hlutverk sitt miðað við þá löggjöf og fjármuni sem hún býr við. Reynslan af illa ígrunduðum kerfisbreytingum í rafmagnseftirlitinu ætti að vera víti til varnaðar að því leyti að ekki sé ráðist í umfangsmiklar kerfisbreytingar án þess að þær séu hugsaðar til enda.

Margt bendir til þess að enn eigi að hrapa að ákvörðunum um kerfisbreytingar. Þetta frumvarp bendir því miður til þess að svo sé. Sérstaklega er ástæða til að vara við því að talsmanni neytenda muni hvorki búin aðstaða né fjármagn sem geri honum kleift að rísa undir væntingum sem til þessa embættis yrðu gerðar ef kerfisbreytingarnar ná fram að ganga. Þá er verksvið hans illa skilgreint. Skal í þessu sambandi vísað í umsagnir sem birtar eru sem fylgigögn með þessu áliti og verður lítillega drepið á þær í nokkrum orðum á eftir.

Annar minni hluti hvetur til þess að afgreiðslu lagafrumvarpanna þriggja sem fjalla um lög og reglur á sviði viðskipta og neytendaverndar sem nú liggja fyrir Alþingi verði frestað og þess í stað verði reynt að ná víðtækri sátt og samstöðu um þær lagabreytingar og breytingar í stjórnsýslu sem þörf kann að vera á að gera.

Nú er ljóst að ekki er fallist á neina slíka frestun og að málið verður lögfest á þessu þingi en engu að síður er ástæða til að vekja athygli á þeim sjónarmiðum sem fram koma hjá helstu umsagnaraðilum. Í athugasemdum frá Alþýðusambandi Íslands, sem í reynd gagnrýnir ekki meginmarkmið stjórnvalda með þessum kerfisbreytingum — síður en svo, það gerir enginn — hafa menn efasemdir. Menn hafa almennt efasemdir um að þessi markmið nái fram að ganga með þeim breytingum og því fjármagni sem þeim fylgja.

Hér segir, með leyfi forseta, í álitsgerð Alþýðusambandsins:

„Alþýðusamband Íslands telur að vegna annarra verkefna sem Neytendastofu er ætlað að sinna sem ekki snúa beint að neytendamálum í héðbundnum skilningi, svo sem rafmagnsöryggismálum, öryggi raforkuvirkjana, neysluveitna og raffanga, yfirumsjón með lögmælifræði og hagnýtri mælifræði auk þess að sjá um framkvæmd laga um vog, mál og faggildingu, sé hætta á að nýja stofnunin hafi ekki nægilegt bolmagn til að efla neytendamál og auka neytendavernd í samræmi við markmið laganna. Því er mikilvægt að stofnunin fái nægilegt fjármagn til þess að sinna neytendamálum og neytendavernd.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra skipi talsmann neytenda. Samkvæmt frumvarpsdrögunum er hlutverk talsmanns neytenda í megindráttum sambærilegt og getið er um í 3. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna. Eina frávikið er að talsmanni neytenda er ekki ætlað að beita sér fyrir rannsóknum á sviði neytendamála líkt og umboðsmanni barna er ætlað á sínu sviði, en Neytendastofu er ætlað að sinna því hlutverki. Embættisheitið „talsmaður“ á sér ekki fordæmi hér á landi, en almenningur þekkir hlutverk umboðsmanns í gegnum störf umboðsmanns barna og umboðsmanns Alþingis og hefur embættisheitið umboðsmaður áunnið sér ákveðinn sess á síðastliðnum árum. Erfitt er að sjá fyrir sér að opinber embættismaður geti verið talsmaður ákveðins hóps í þjóðfélaginu. Þess má einnig geta að umboðsmannsheitið er notað yfir sambærileg embætti á Norðurlöndunum. Alþýðusamband Íslands telur því með öllu óeðlilegt og óásættanlegt að nota embættismannaheitið talsmaður neytenda og leggur á það áherslu að notað verði embættismannaheitið umboðsmaður neytenda.“

Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Neytendastofa annist dagleg störf og undirbúning mála fyrir talsmann neytenda. Ekki er gert ráð fyrir að talsmaður neytenda hafi eigið starfslið. Hætta er á að þetta takmarki sjálfstæði embættisins. Komi upp ágreiningur um forgangsröðun mála innan Neytendastofu undir forstöðu forstjóra Neytendastofu eykst hættan á því að mál dagi uppi hjá embættinu. Alþýðusamband Íslands telur eðlilegt að talsmaður neytenda hafi sjálfur heimild til að ráða til sín starfsfólk til að sinna undirbúningi mála og tryggja þannig sjálfstæði embættisins.

Varðandi starf talsmanns/umboðsmanns neytenda þarf að koma skýrar fram í 7. gr. að talsmanni neytenda er ekki ætlað að taka fyrir einstök deilumál milli aðila. En hafa mætti ákvæði ...“ o.s.frv. Ég ætla ekki að rekja þetta nánar en hér er gagnrýnt það heiti sem talsmanninum er valið, eðlilegra að hann héti umboðsmaður. Það er óeðlilegt að embættismaður geti kallast talsmaður hóps í samfélaginu, eðlilegra sé að það séu frjáls félagasamtök sem nýti sér slík heiti. Síðan eru efasemdir um að grauta þarna saman verkefnum sem hvíla hjá Löggildingarstofunni núna og lúta að rafmagnsöryggismálum og öðru slíku við þessa almennu neytendavernd. Þetta eru sjónarmið frá Alþýðusambandi Íslands.

BSRB tekur eins og aðrir undir þau meginmarkmið sem ríkisstjórnin setur sér eða stjórnvöld með þessum kerfisbreytingum en varar við að menn ætli sér um of og bendir á að hraði og fljótræði hafi leitt til slæmra mistaka við uppstokkun í stjórnsýslunni. Í álitsgerð BSRB er vísað í reynsluna af einkavæðingu rafmagnseftirlitsins sem óumdeilanlega var mjög slæm. Það er ekki rétt hjá mér að segja óumdeilanlega, við deildum svolítið mikið um það hvort svo hafi verið en gerðar voru kannanir ... (**Viðskrh.:** Það tókst mjög vel.) Það tókst mjög vel, segir hæstv. viðskiptaráðherra, tókst afskaplega vel enda þótt óumdeilt sé að núna séu skoðaðar færri íbúðir, færri stofnanir, færri fyrirtæki en áður var gert, miklu færri og með hlutfallslega miklu meiri kostnaði auk þess sem starfsemin hefur verið færð frá landsbyggðinni til Reykjavíkur. Það voru rafveiturnar sem sinntu þessum verkefnum — ég er feginn því að hæstv. ráðherra minnti mig á þetta. Það er nauðsynlegt að taka þessa umræðu. Þetta eftirlit, rafmagnseftirlitið, var hjá rafveitunum víðs vegar um landið. Nú er búið til nýtt kerfi þar sem Löggildingarstofan á að setja tiltekna staðla. Hún felur skoðunarstofum að gera úrtak til að kanna að hvaða marki rafverktakar sinni þessum skyldum sínum og fari að þeim

stöðlum sem þeim er gert að starfa samkvæmt.

Þessar skoðunarstofur sem eru mjög fáar, hafa verið tvær til þrjár, eru allar á höfuðborgarsvæðinu. Það fjármagn sem Löggildingarstofan hefur síðan haft til ráðstöfunar til að fjármagna eftirlitið hefur því þurft m.a. að fara í ferðakostnað og dýrar skoðunarferðir. Til eru mörg dæmin um þær víðs vegar um landið. Þetta eftirlit er með öllu ófullnægjandi og sannast sagna hélt ég að flestir viðurkenndu það þó að þeir vonist til þess að kerfið komi til með að ganga upp síðar meir. Ég held hins vegar og er ég þar sammála meiri hluta rafverktaka í landinu — gerð var könnun á afstöðu þeirra sem töldu að skrefið sem stigið var fyrir fáeinum árum hafi verið til ills og vildu breytt samkomulag. (**Viðskrh.:** Hver framkvæmdi þá könnun?) Hver framkvæmdi þá könnun? spyr hæstv. ráðherra. Það voru tveir þingmenn sem gerðu það, hv. fyrrverandi þm. Gísli S. Einarsson og sá sem hér stendur. Við sendum út fyrirspurn til rafverktaka í landinu, fórum eftir skrám sem til er um þá eins og við þekktum þær bestar og til þeirra sem sinna þessum málum sérstaklega og fengum svör til baka sem ég tel hafa verið óyggjandi. Hæstv. ráðherra hefur hins vegar aldrei gert neina slíka könnun. Hún hefur ekki ráðist í neina slíka könnun. Hins vegar var sett niður nefnd til að fara yfir þessi mál á sínum tíma og þar voru fengnir utanaðkomandi aðilar, þar á meðal einstaklingur sem starfaði þá í ráðuneytinu. Hann setti fram minnihlutaálit sem var mjög gagnrýnið. Samstundis og það minnihlutaálit birtist lauk verkefnum þessa einstaklings hjá ráðuneytinu. Það var reyndar í tíð forvera hæstv. ráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, en þá lauk verkefnunum samstundis. Þetta minnir á vinnubrögð núverandi ríkisstjórnar og afstöðu til þeirra stofnana sem hafa leyft sér að gagnrýna ríkisstjórnina eða það sem hún aðhefst.

Minnst er á slæmar afleiðingar einkavæðingar rafmagnseftirlitsins sem var fengið Löggildingarstofu til umsjónar og minnt er á það í umsögn BSRB að fulltrúar Alþýðusambandsins, BSRB og Neytendasamtakanna hafi komið saman til fundar til að ræða þessar kerfisbreytingar og lagt í sameiningu áherslu á að málinu yrði frestað og reynt að skapa breiða þverpólitíska samstöðu um málið þar sem auk þess umræddir aðilar kæmu að.

Einu atriði, sem fram kemur í ábendingum BSRB, hefur þegar verið orðið við í breytingartillögum eftir því sem ég best hef séð og það er að í frumvarpinu sjálfu er gert ráð fyrir að forstöðumaður Neytendastofu skuli hafa háskólamenntun, alveg óskilgreint hver sú menntun sé. Nú er gerð breyting á þessu sem ég tel vera mjög til framfara. Þetta hefur tíðkast í lögum um opinberar stofnanir á undanförnum árum að festa það í lögin að forstöðumenn skuli hafa háskólamenntun. Ekki er sagt í hverju, hvort það er danska, franska, gríska eða fornleifafræði eða hvað það eiginlega er, hvort það er á sviði sem stofnunin starfar, heldur skuli þeir bara hafa háskólamenntun. Eðlilegra er að vísa til þess að forstöðumaður skuli hafa reynslu og menntun sem kemur að gagni í starfinu. Ég tel þetta vera breytingu sem er til góðs og í samræmi við ábendingar BSRB.

Að lokum er svo umsögn þess aðila sem mest kemur að þessum málum, það eru Neytendasamtökin. Neytendasamtökin benda á að þau hafi um árabil barist fyrir stofnun embættis umboðsmanns neytenda til samræmis við það sem þekkist á öðrum Norðurlöndum. Neytendasamtökin benda á að samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi stendur til að setja á fót nýja stofnun, Neytendastofu, til að taka við hluta af verkefnum Samkeppnisstofnunar og þeim verkefnum sem nú eru unnin hjá Löggildingarstofu. Neytendasamtökin taka síðan undir yfirlýst markmið frumvarpsins, þ.e. að efla neytendavernd í landinu en óttast að sú skipan mála sem frumvarpið leggi til sé ekki sú heppilegasta eða sú sem best sé til þess fallin að vernda hagsmuni neytenda. Neytendasamtökin leggja síðan fram tillögur í fimm liðum.

Í fyrsta lagi vilja þau að fallið verði frá heitinu talsmaður og líkt og Alþýðusambandið telja þau eðlilegra að tala um umboðsmann. Neytendasamtökin leggja áherslu á að verkefni Löggildingarstofu verði ekki færð til Neytendastofu þar sem þau samræmast illa verkefnum sem eðlilegt er að slík stofnun sinni. Í þriðja lagi benda Neytendasamtökin á að eðlilegt sé að stefnumótun neytendamála sé hjá viðskiptaráðuneytinu og Alþingi en ekki hjá Neytendastofu eins og ráðgert er með frumvarpinu. Í fjórða lagi leggja Neytendasamtökin til að meginhlutverk umboðsmanns/talsmanns neytenda verði að hafa eftirlit með lögum um óréttmæta viðskiptahætti eins og tíðkast annars staðar á Norðurlöndum og í fimmta lagi lúta aðrar athugasemdir samtakanna því að veita umboðsmanni frekari heimildir til samræmis við það sem þekkist á öðrum Norðurlöndum og efla sjálfstæði hans.

Í þessum umsögnum gætir nokkurs misræmis á milli þeirra aðila sem hér hefur verið vitnað til en þeir eru í grundvallaratriðum sammála um meginstefnuna og sammála um að eðlilegt hefði verið að Alþingi gæfi rýmri tíma og aðkomu fleiri aðila að lagasmíðinni en gert hefur verið.

Ég ætla ekki að fara nánar í þetta. Neytendasamtökin útlista mál sitt á allítarlegan hátt í fylgiskjali sem birtist með því minnihlutaáliti sem ég tala fyrir. Þar er vikið að verkefnum Löggildingarstofu, stefnumótun, eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum og síðan eru athugasemdir við einstakar greinar.

Að lokum þetta. Mér finnst það versta við frumvarpið vera hve óljóst það er þegar kemur að talsmanni neytenda, hvaða nafni sem hann kemur til með að heita í framtíðinni, hver verkefni hans eru, hvert verksvið hans er og hver tengsl hans eru við aðra starfsemi Löggildingarstofu. Mér finnst þetta vera óljóst. Mér finnst frumvarpið hálfgerður bastarður að þessu leyti og út á það ganga reyndar þær athugasemdir sem fram hafa komið. Það eru ekki allir álitsgjafar ósammála þeim grundvallarbreytingum sem verið er að ráðast í. Þeir eru ekki endilega ósammála því en finnst margt vera mjög óljóst í frumvarpinu og ófrágengið og undir þann þátt gagnrýninnar vil ég sérstaklega taka.

[17:12]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um Neytendastofu og talsmann neytenda, það síðasta í frumvarpaþrennu hæstv. viðskiptaráðherra er lýtur að samkeppnismálum og neytendamálum.

Eins og fram hefur komið í ítarlegri og vandaðri yfirferð þingmanna Samfylkingarinnar um þessi mál á þingi teljum

við ýmsu ekki bara vera ábótavant heldur vera sett þannig fram í frumvörpunum sem engan veginn er hægt að samþykkja og því miður verður að segjast að með þetta frumvarp gegnir sama máli þó að í fljótu bragði hefði mátt búast við að hér væri í raun hægt að landa mjög góðu máli, frú forseti.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal tók fram í ræðu sinni að mál og vog hefðu kannski ekki sama gildi og einu sinni á tíma dönsku einokunarverslunarinnar þó að vissulega hefðu þau enn gildi. (Gripið fram í.) Mál og vog hafa enn þá gildi, frú forseti, eins og kom fram í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals en það er svo miklu fleira sem varðar hagsmuni og réttindi neytenda nú á okkar tímum sem ber að gæta að og sem stjórnvöldum ber að gæta sérstaklega að og ber sérstaklega að vernda. Alkunna er að með aðild okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði síðustu tíu ár hefur orðið grundvallarbreyting bæði á löggjöfinni og reglum og lagaumgjörðinni allri má segja um neytendamál hér á landi, neytendavernd og réttindavernd þannig að flest það hygg ég sem fram hefur verið sett og fært í lög af ríkisstjórn á hverjum tíma á síðasta áratug í þessum málaflokki hefur verið bein eða óbein afleiðing þeirra forsagna sem hingað hafa komið í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Við skulum hafa það í huga, herra forseti.

Ýmislegt er við þetta mál að athuga sem ég vildi gjarnan fá tækifæri til að ræða og vil byrja á því frumvarpi er hér um ræðir, þ.e. athugasemdum við það. Þar stendur, með leyfi forseta, þegar verið er að skýra út muninn á heitunum umboðsmaður og talsmaður:

„Felst munurinn aðallega í því að talsmanni neytenda er hvorki ætlað að vinna að stefnumótun á sviði neytendamála eins og títt er með umboðsmenn né er lagt til að talsmaður neytenda vinni að því að gerðar verði rannsóknir á sviði neytendamála. Lagt er til að þessi verkefni verði falin Neytendastofu."

Sjálf geri ég ekki ágreining um heitið „talsmaður neytenda", enda hef ég sjálf lagt fram tillögu til þingsályktunar sem ber það heiti. Ég mun ég víkja að henni síðar í máli mínu. Hins vegar veldur það vonbrigðum að embættið sem slíkt eigi ekki að vinna að stefnumótun á sviði neytendamála og fái ekki það svigrúm sem embættið gæti haft til þess.

Í annan stað verður ekki séð, hæstv. forseti, að um sé að ræða svo mikla eflingu sem haldið hefur verið fram hvað varðar neytendamál. Sú efling sést a.m.k. ekki í fjárframlögum sem áætluð eru vegna þessara breytinga. Það á að flytja starfsmenn frá Samkeppnisstofnun í núverandi mynd yfir á hina nýju Neytendastofu og bræða saman eða gera úr nýja löggildingarstofu. En það verður ekki séð að talsmanninum sem slíkum fylgi neinar teljandi upphæðir eða svigrúm til athafna og aðgerða, sem ég held að sé forsenda þess að embætti talsmanns neytenda geti gert það gagn sem það á að gera og þarf að gera.

Þá komum við að aðalatriði þessa máls, því atriði sem við í Samfylkingunni gerum mestan ágreining um. Samkvæmt frumvarpi hæstv. ráðherra er ekki um sjálfstætt embætti að ræða, með sjálfstæðan fjárhag og sjálfstæð mannaforráð, en það hlýtur að vera forsenda þess að talsmaður neytenda geti staðið undir nafni í stjórnkerfinu, að hann hafi sjálfstæðan fjárhag, sjálfstæð mannaforráð og sé óháður öðrum í stjórnkerfinu um störf sín, gerðir og ákvarðanir. Á þetta er að sjálfsögðu bent í nefndaráliti 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar og þetta er meginmálið í þeim breytingum sem á að gera. Eins og svo oft áður á þessum vinnustað spyr maður sig, eftir að mál hefur farið í nefndarumfjöllun, fengið umsagnir hagsmunaaðila, fengið góðar athugasemdir og vonandi vandaða umfjöllun, hvort ekki skuli tekið tillit til þeirra. Mér þykir það ekki bara sjálfsagt heldur skynsamleg ráðstöfun, fyrst á annað borð á að setja á fót þetta embætti, að gera það með því að tryggja því grundvöllinn sem það þarf að hafa til að starfa að réttindamálum hins almenna neytenda. En það er ekki gert.

Það er heldur ekki niðurstaða meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar að fara að þeim ábendingum sem komið hafa fram við 1. og 2. umr. málsins á hinu háa Alþingi og frá umsagnaraðilum. Það er mjög miður, herra forseti, vegna þess að það hlýtur að vera metnaður okkar sem hér störfum að vanda löggjöfina eins og hægt er og taka mið af skynsamlegum og uppbyggilegum ábendingum. Það veldur mér vonbrigðum að það hafi ekki verið gert í þessu efni og af þeim sökum get ég ekki, frekar en félagar mínir í Samfylkingunni, stutt þetta mál.

Hv. þm. Mörður Árnason spurðist fyrir um þjónustusamninginn sem gera á innan Neytendastofu, þar sem talsmanni neytenda er heimilt að gera þjónustusamning við Neytendastofu um undirbúning mála fyrir embættið. Mér er til efs að í nokkurri annarri ríkisstofnun á Íslandi geri menn þjónustusamninga innan húss. Ég verð að segja að ég skil eiginlega ekki hvernig það á að fara fram. Hvað gerist, herra forseti, ef svo fer, sem stundum gerist við fjárlagagerð, að skorið verði niður til stofnunar, verði flatur niðurskurður eða eitthvað slíkt? Segjum að það eigi að minnka fé til þessara mála, sem við vonum auðvitað að ekki verði ... (Gripið fram í.) Það sem ég reyni að sjá fyrir mér er hvernig þeir samningar gerist innan þessarar stofnunar. Hver er þá staða talsmanns neytenda innan stofnunarinnar? (**PHB:** Fyrirvari um fjárveitingu.) Fyrirvari um fjárveitingu, kallar hv. þm. Pétur H. Blöndal fram í. Að sjálfsögðu starfa allir með þann fyrirvara í huga, það er alveg rétt. En hins vegar afhjúpar þetta ákvæði og breytingartillögur meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar við þetta mál algert ósjálfstæði embættismannsins sem á að heita talsmaður neytenda. Hann mun búa við fjárhagslegt ósjálfstæði og þar af leiðandi faglegt ósjálfstæði. Því spyr maður: Til hvers er farið af stað með þetta? Er þetta svona sýndarembætti, svo hægt sé að segja að hér á landi sé til embætti talsmanns neytenda þótt hann hafi reyndar ekki sjálfstæðan fjárhag og þurfi að semja um það sérstaklega við yfirmann Neytendastofu auk þess að fá aðgang að starfsmönnum Neytendastofu, væntanlega þegar það hentar forstjóra hennar að veita aðgang að þeim. Hvernig á þetta, bara á hinu praktíska sviði, að virka fyrir einn embættismann? (**Viðskrh.:** Talsmaður er sjálfstæður.) Talsmaður er sjálfstæður, kallar hæstv. viðskiptaráðherra Valgerður Sverrisdóttir fram í. (Gripið fram í.) Talsmaður er sjálfstæður. Þetta er eins og að hlekkja mann við vegg og segja: Hann er nú samt frjáls ferða sinna. Þetta eru álíka yfirlýsingar, herra forseti.

Sjálfstæði embættismannsins, eins og sjálfstæði einstaklingsins ef út í það er farið, byggist á fjárhagslegu sjálfstæði svo embættismaðurinn geti sinnt skyldum sínum, lögum og ákvörðunum samkvæmt. Ef það gerist að í heildarfjárveitingum til Neytendastofu þá fari talsmaðurinn illa út úr samningum þar innan húss, hvað þá? Hver er þá ábyrgð stjórnvalda? Hæstv. ráðherra getur auðvitað sagt að hér á landi starfi talsmaður neytenda en það sé því miður alltaf lokað eftir hádegi af því að hann hafi náð svo slæmum samningum við forstjóra Neytendastofu, (Gripið fram í.) þá sé svarað í símann milli 10 og 12. Herra forseti, þetta er náttúrlega ekki fyndið þótt mann langi helst að hlæja að þessu. En ég sé ekki hvernig hæstv. ráðherra og meiri hlutinn ætlar að rökstyðja að talsmaður neytenda sé sjálfstæður í gerðum sínum og ákvörðunum miðað við þessa framsetningu mála, þ.e. með því að gera hann að kontórista á Neytendastofu. Þá hefði ég talið betra, hæstv. forseti, að taka þetta mál til baka og reyna að leggjast yfir það, með þeim sem gerst til þekkja, hvernig sé best að koma þessum málum fyrir, hvernig sé best að tryggja réttindi neytenda og ekki síður að lyfta þessum málaflokki, lyfta málaflokknum eins og gert hefur verið í nágrannalöndum. Þar hefur neytendavernd orðið æ stærra svið, ekki bara innan stjórnsýslunnar heldur líka meðal frjálsra félagasamtaka og meðal almennings.

Í umsögn Neytendasamtakanna um frumvarpið sem hér um ræðir segir, með leyfi forseta:

„Neytendasamtökin leggja áherslu á að verkefni Löggildingarstofu verði ekki færð til Neytendastofu þar sem þau samrýmist illa verkefnum sem eðlilegt er að slík stofnun sinni.

Neytendasamtökin benda á að eðlilegt sé að stefnumótun neytendamála sé hjá viðskiptaráðuneytinu og Alþingi ...

Neytendasamtökin leggja til að meginhlutverk umboðsmanns“ — eins og þau vilja kalla talsmann neytenda — „verði að hafa eftirlit með lögum um óréttmæta viðskiptahætti eins og tíðkast annars staðar á Norðurlöndum.

Aðrar athugasemdir samtakanna lúta aðallega að því að veita umboðsmanni, talsmanni, frekari heimildir til samræmis við það sem þekkist á öðrum Norðurlöndum og efla sjálfstæði hans.“

Eins og kunnugt er er innan Neytendasamtakanna til staðar lykilþekking, reynsla af málefnum íslenskra neytenda. Samtökin hafa sinnt verkefnum, m.a. fyrir stjórnvöld, og sinnt þeim vel. Það má koma fram við þessa umræðu að sum þeirra verkefna hafa verið niðurgreidd af félagsgjöldum félaga í Neytendasamtökunum. Það má einnig koma fram við þessa umræðu að það gerist ekki annars staðar í löndunum í kringum okkur að neytendasamtök séu að stærstum hluta til fjármögnuð með félagsgjöldum en aðeins að brot, líklega eitthvað um 15% af rekstrarfénu, komi frá ríkinu.

Á Norðurlöndunum er þessu þveröfugt farið. Þar álíta stjórnvöld og ríkisvaldið það skyldu sína við neytendur að styðja með öflugum hætti við bakið á frjálsum félagasamtökum og einnig að starfrækja embætti, hvort sem það heitir talsmaður eða umboðsmaður neytenda, sjálfstæðs embættismanns sem geti farið sínu fram í nafni neytenda og réttinda þeirra án þess að vera öðrum háður á markaði eða innan stjórnkerfisins. Það er auðvitað lykilatriði í þessari umfjöllun að svo virðist sem ábendingarnar, hvort heldur frá Neytendasamtökunum, Alþýðusambandi Íslands eða BSRB, hafi því miður ekki skilað sér alla leið til meiri hlutans í hv. efnahags- og viðskiptanefnd.

Ég vil taka undir það sem oft hefur komið fram í málflutningi Neytendasamtakanna og annarra þeirra sem hafa látið sig þessi mál varða, að ef gera á neytendamálum og neytendavernd almennileg skil í stjórnkerfinu, gagnvart neytendum og almenningi öllum, þá getur hún ekki verið aukabúgrein hjá stofnun sem sinni í raun öðrum verkefnum. Það sendir ekki rétt skilaboð út á markaðinn, bæði til fyrirtækja og neytenda. Þetta virkar þannig, herra forseti, að sterk neytendavernd veitir fyrirtækjunum það aðhald sem þau þurfa. Það sem þarf í okkar frjálsa markaðshagkerfi er að styrkja þann hluta þess þar sem neytendur hafa farið halloka gagnvart valdi fyrirtækjanna, ekki síst auglýsingavaldinu og fjárhagslegu valdi þeirra. Það er hlutverk ríkisins að styrkja þann hluta hins frjálsa markaðsbúskapar sem snýr að almenningi, fólki í landinu, okkur sem förum út í búð og kaupum vörur, okkur sem þurfum að gera viðskiptasamninga, kaupa bíla, undirrita skuldabréf og þar fram eftir götunum.

Með því að gera neytendamál að aukabúgrein eins og þau því miður virðast ætla að verða samkvæmt þessum tillögum þá verður þessum málaflokki ekki lyft eins og þarf að gera. Hann verður ekki gerður sýnilegri í samfélaginu, eins og ég hygg að flest okkar séu sammála um að þurfi, hvernig sem við mundum útfæra það að réttur neytenda verði gerður sýnilegur, framarlega í almennri umræðu og gerð þannig skil að enginn fari í launkofa um að það sé ætlun stjórnvalda að standa vörð um þann rétt. Því miður er svo búið um hnútana í þessum tillögum að ekki verður séð annað en að gera eigi embætti talsmanns neytenda að einhvers konar undirembætti, aukabúgrein í Neytendastofu, þar sem talsmaðurinn hafi ekki sjálfstæðan fjárhag og verði því ekki sjálfs sín herra.

Þann 2. nóvember síðastliðinn mælti sú sem hér stendur fyrir tillögu til þingsályktunar um stofnun embættis talsmanns neytenda og sú tillaga fór til hv. efnahags- og viðskiptanefndar. Þar er lagt til að farin verði önnur leið en hér hefur verið valin til að koma á þessu embætti. Á þessum leiðum er í sjálfu sér mjög einfaldur munur. Munurinn er sá að ég og félagar mínir í Samfylkingunni höfum lagt til að embættið sé sjálfstætt, fjárhagslega sjálfstætt og hafi mannaforráð og rísi því undir nafni, herra forseti. Því miður virðast þær hugmyndir sem þar eru viðraðar og þar eru settar fram ekki hafa ratað inn í þá endanlegu niðurstöðu sem varð hjá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Það er miður, herra forseti, því ég held að með skýrari sýn og betri vinnubrögðum hefði í raun verið hægt að ganga frá þessu máli þannig að flestir mættu vel við una. Það hefði ekki þurft að setja á fót embætti talsmanns neytenda með þeim hætti sem hér er gert, með því að setja hann undir Löggildingarstofu og búa til batterí, ríkisstofnun þar sem neytendamálin eru aukabúgrein. Hér hefði verið hægt að standa svo miklu betur að málum, herra forseti, ef pólitískur vilji hefði staðið til þess. Ég tala í þátíð vegna þess að ég geri ráð fyrir því að meiri hlutinn haldi í þessu máli og þetta verði sam-

þykkt að lokum þó aldrei sé að vita. En mér þykir það mjög miður vegna þess að ég hygg að það sé þrátt fyrir allt vilji hv. þingmanna að styrkja réttindi neytenda á markaði og tryggja neytendavernd sem stendur undir nafni og tryggja að stjórnvöld sinni þeim verkefnum sem ber að sinna í þessum efnum, sem þýðir það, forseti, að starfrækt sé embætti talsmanns neytenda sem sé sjálfstæður, engum háður, hafi sjálfstæð mannaforráð og síðast en ekki síst sjálfstæðan fjárhag og þurfi ekki að leita þjónustusamninga innan þeirrar stofnunar sem hann starfar á, leita þjónustusamninga þar til að geta sinnt skyldum sínum. En því miður, herra forseti, virðist það ekki vera niðurstaðan í þessu máli. Því liggur fyrir að í stað þess að komast að ásættanlegri niðurstöðu sem öllum félli þá hefur það orðið niðurstaða meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar að setja embættið á með þessum hætti. Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum mínum með það, herra forseti.

[17:35]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Oft hefur verið kallað eftir því á Alþingi að lögfest yrði hér á landi umboðsmaður neytenda eða talsmaður neytenda. Neytendasamtökin hafa í langan tíma kallað eftir því að komið yrði á fót embætti umboðsmanns neytenda með líku sniði og er á hinum Norðurlöndunum. Þess vegna veldur miklum vonbrigðum sú niðurstaða sem hér stefnir í, þ.e. að lögfesta eigi þetta frumvarp viðskiptaráðherra sem er raunverulega ekkert annað en bastarður og erfitt að sjá hvernig verður í framkvæmd. Kastað hefur verið til höndunum við samningu þessa frumvarps og alveg ljóst er að hæstv. viðskiptaráðherra hefur engan metnað fyrir hönd neytenda við að koma á sómasamlegu embætti sem styrkir hag neytenda. Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að draga í efa að lögfesting á þessu frumvarpi komi til með að styrkja eitthvað neytendavernd í landinu.

Það er afar mikilvægt fyrir þjóðir sem búa við markaðsskipulag, sem er sífellt að aukast hjá okkur, að hafa öfluga neytendalöggjöf og að komið verði á fót embætti umboðsmanns eða talsmanns neytenda. Það hefur vantað í okkar löggjöf í neytendamálum að hafa slíkt embætti sem væri mjög til hagsbóta fyrir neytendur. Hinar Norðurlandaþjóðirnar sem við berum okkur oft saman við í neytendamálum hafa fyrir löngu komið á slíku embætti sem er öflugt og traust og veitt til þess fjármagn þannig að það geti sinnt sínum verkefnum.

Ég held að það hafi margsýnt sig hér á landi að mjög nauðsynlegt er að hafa virka neytendavernd og virkt neytendaeftirlit. Við höfum margsinnis gengið í gegnum það á umliðnum árum og áratugum að heilu atvinnugreinarnar eru bókstaflega í samsæri gegn neytendum. Þar getum við nefnt bæði tryggingafélögin og grænmetisgeirann svo dæmi sé nefnt.

Hv. síðasti ræðumaður hafði forgöngu um það af hálfu okkar samfylkingarþingmanna að flytja tillögu til þingsályktunar í upphafi þessa þings þar sem fram kemur lýsing okkar á því hvernig við viljum hafa slíkt embætti talsmanns neytenda og þar er auðvitað grundvallaratriði, sem ekki er að finna í þessu frumvarpi, að embættið sé sjálfstætt, hafi sjálfstæðan fjárhag og starfsfólk, það hafi forustu um stefnumótun o.fl., m.a. til þess að það geti höfðað mál fyrir dómstólum eins og hægt er hjá embættum umboðsmanna á hinum Norðurlöndum.

Nú er það svo að ég hefði gjarnan viljað skoða það, þó ég sé einn af flutningsmönnum þeirrar tillögu sem Þórunn Sveinbjarnardóttir er 1. flutningsmaður að, að embættið héti umboðsmaður neytenda en ég féllst á það á sínum tíma, á liðnu ári, að þetta yrði sett fram með þessum hætti þó ég hefði gjarnan frekar viljað að embættið héti umboðsmaður neytenda. Það er auðvitað minni háttar mál. Aðalatriðið er efnisinnihaldið og hvað felst í þeirri löggjöf sem sett er um slíkt embætti.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frumvarp. Ég kem aðallega í ræðustól til að lýsa miklum vonbrigðum mínum með þá niðurstöðu sem nú stefnir í. Ég vil þó aðeins fara út í þær umsagnir sem fram hafa komið hjá Neytendasamtökunum, ASÍ og Samkeppnisstofnun sem eru í mörgum atriðum mjög samhljóða. Það er t.d. gagnrýnt hjá öllum þessum aðilum að hér sé verið að hræra saman ólíkum málum með því að fella málefni neytenda sem hafa verið hjá Samkeppnisstofnun undir Löggildingarstofu eins og Alþýðusamband Íslands tekur fram og reyndar Samkeppnisstofnun líka, að verkefni sem Neytendastofu er ætlað að hafa, þ.e. þau verkefni sem Löggildingarstofa hefur haft, snúa ekki beint að neytendamálum í hefðbundnum skilningi. Má þar nefna rafmagnsöryggismál, öryggi raforkuvirkjana, neysluveitna og raflagna, yfirumsjón með lögmælifræði og hagnýtri mælifræði auk þess að sjá um framkvæmd laga um vog, mál og faggildingu. Alþýðusamband Íslands segir í umsögn sinni að hætta sé á að þessi nýja stofnun hafi ekki nægilegt bolmagn til að efla neytendamál og auka neytendavernd í samræmi við markmið laganna.

Nú er ástæða til að halda því til haga hér að fulltrúi Löggildingarstofu eða starfsmanna sem kom á fund efnahags- og viðskiptanefndar sagði aðspurður að Löggildingarstofa hefði búið við mikinn skort á fjármagni og ekki getað með eðlilegum hætti sinnt sínum verkefnum sem eru þessi rafmagnsöryggismál og nú á samkvæmt frumvarpi ráðherra að flytja sex starfsmenn Samkeppnisstofnunar sem hafa sinnt neytendaverkefnum yfir í Neytendastofu. Þegar svo hefur verið um hnútana búið að því er varðar Löggildingarstofu að hún hefur ekki getað sinnt með eðlilegum hætti rafmagnsöryggismálum munu þeir starfsmenn sem þarna flytjast frá Samkeppnisstofnun yfir í Neytendastofu vissulega koma þá til með að verða bara sú viðbót sem nú vantar inn í Löggildingarstofu til að hún geti sinnt sínum verkefnum. Ef forstjóri Neytendastofu, hver sem hann svo verður, leggur mesta áherslu á þann þátt sem snýr að þeim verkefnum sem hafa verið á Löggildingarstofu þá ræður hann þar því ferðinni, þ.e. hvort hann nýtir þann mannskap sem hann fær frá Samkeppnisstofnun í að manna verkefni sem á hefur skort hjá Löggildingarstofu og talsmaður neytenda sem á að skipa þarna sitji einn eftir með sín verkefni. Hann á ekki að hafa stefnumótun með höndum heldur Neytendastofan og forstjóri hennar. Það kom margoft fram í umfjöllun nefndarinnar að þarna gæti verið um verulega skörun að ræða á verkaskiptingu milli talsmanns neytenda sem á að vera svona innan búðar í þessari Neytendastofu og síðan forstjóra Neytendastofunnar. Maður spyr, af því að umboðs-

menn hinna Norðurlandanna hittast iðulega, hvor aðilinn verði fulltrúi Íslands á slíkum fundum. Verður það talsmaður neytenda eða forstjóri Neytendastofu svo tekið sé dæmi af þeim ruglingi sem þarna getur orðið?

Það er ástæða til að halda því vel til haga sem fram kemur í umsögn Samkeppnisstofnunar en þar segir, með leyfi forseta:

„Þá fær Samkeppnisstofnun ekki séð að það verði framkvæmanlegt að starfsmenn Neytendastofu hafi í reynd tvo yfirmenn, forstjóra Neytendastofu og talsmann neytenda. Mikil hætta er á togstreitu tveggja yfirmanna um sama starfsfólk. Í þessu sambandi skal tekið fram að það fyrirkomulag sem lagt er til í frumvarpinu var reynt í Danmörku með slæmri reynslu. Skipulagið var þannig að umboðsmaður neytenda hafði til umráða ákveðið hlutfall af starfi þeirra lögfræðinga sem störfuðu hjá Forbrugerstyrelsen, dönsku neytendastofnuninni. Á árinu 2002 var þessu breytt þannig að umboðsmaður neytenda hafði 9 lögfræðinga til umráða við störf sín, skrifstofustjóra og ritara."

Þarna kemur augljóslega fram að slíkt fyrirkomulag gekk ekki upp í Danmörku þar sem það hefur verið reynt og Samkeppnisstofnun segir í umsögninni að þar hafi skapast ýmis vandamál, t.d. þegar forgangsröðun skaraðist. Það er einmitt það sem ég er að leggja áherslu á. Ef forstjóri Neytendastofu hefur aðrar áherslur en talsmaður neytenda *getur verið um að ræða skörun á forgangsröðun verkefna.*

Ég segi eins og þeir sem hafa verið að gagnrýna það sem fram kemur í breytingartillögum meiri hlutans, að talsmanni neytenda sé heimilt að gera þjónustusamning við Neytendastofu um undirbúning mála fyrir embættið, að ég get ekki séð að það breyti miklu eða taki á þeim vandamálum sem upp geta komið í samskiptum þessara tveggja aðila.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að fram kæmi og líka það sem fram kemur í umsögn Samkeppnisstofnunar. Hún vekur líka athygli á að umboðsmaður neytenda á Norðurlöndum geti höfðað mál fyrir hönd neytenda, hvort heldur er einstakra neytenda eða hóps þeirra, og hún vekur athygli á ýmsu öðru í sinni ágætu umsögn og sömuleiðis Alþýðusamband Íslands. Neytendasamtökin gagnrýna auðvitað mjög þetta fyrirkomulag sem gengur algerlega gegn því fyrirkomulagi sem þeir hafa talað fyrir árum saman að komið yrði á með stofnun umboðsmanns neytenda.

Ég hef ekki heyrt hæstv. ráðherra lýsa því hér hvernig hún sjái að þetta geti gengið upp eins og lagt er til. Það er alveg ljóst að til að tryggja að þetta embætti skili sér í því sem lagt er upp með, þ.e. aukinni neytendavernd, þá er grundvallaratriði að embættið sé sjálfstætt og óháð og hafi sjálft forustu um stefnumótun. Þess vegna tek ég undir það, virðulegi forseti, að málinu hefði átt að fresta og undirbúa það betur, bæði í samráði við Samkeppnisstofnun og Neytendasamtökin, þannig að það sé bærilega úr garði gert. Lítið fjármagn fylgir þessari breytingu. Kostnaður ríkissjóðs eykst aðeins um rúmar 16 millj. kr., þar af 14,5 millj. sem er varanlegur rekstrarkostnaður sem er eingöngu vegna talsmanns neytenda.

Því miður, virðulegi forseti, stefnir í að þetta skili okkur engu í aukinni neytendavernd. Það er miður að loksins þegar slíku embætti er komið á fót sé frá því gengið með þeim hætti að það er í rauninni sýndarembætti. Löggjöfin í kringum talsmann neytenda er bastarður og ég spái því að ekki verði *langt þangað til þessi löggjöf, ef frumvarpið nær fram* að ganga á þessu þingi, verði tekin upp á nýjan leik vegna þess að menn munu fyrr eða síðar reka sig á þau ýmsu vandamál sem upp munu koma í starfi nýrrar Neytendastofu og hjá talsmanni neytenda.

[17:48]

Útbýting:

Eignatengsl og hagsmunaárekstrar hjá viðskiptabönkum, 787. mál, svar viðskrh., þskj. 1384.

Fjármögnun og umsvif ríkisins eftir landshlutum, 812. mál, beiðni um skýrslu KLM o.fl., þskj. 1382.

Tollar á innfluttar búvörur og matvöruverð, 765. mál, svar landbrh., þskj. 1343.

[17:49]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og hv. efnahags- og viðskiptanefnd fyrir störf hennar við málið. Mér finnst hv. þingmenn vera nokkuð svartsýnir. Ég get ekki annað en haldið því fram að þeir séu svartsýnir og mikli þetta óskaplega fyrir sér allt saman, að þetta sé mikið vandamál og vandamál út í gegn, þetta skili okkur engu, *þetta sé sýndarembætti* og þar fram eftir götunum. Mér finnst mjög leiðinlegt að hlusta á þetta og mér finnst að hv. þingmenn hefðu átt að gefa því fyrirkomulagi séns (Gripið fram í.) sem hér er gerð tillaga um. Ég ætla ekki að halda því fram að þetta sé fullkomið. Auðvitað verðum við eins og aðrar þjóðir að þreifa okkur áfram með hvaða fyrirkomulag hentar best hér. En ég vil segja að með stofnun Neytendastofu og embættis talsmann neytenda sé stigið stórt skref í þágu neytenda.

Talsmanni neytenda er ætlað að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd. Hlutverk hans mun m.a. felast í því að taka við erindum frá neytendum, bregðast við þegar hann telur brotið gegn réttindum og hagsmunum neytenda, gefa út rökstuddar álitsgerðir ásamt tillögum um úrbætur, setja fram tillögur um úrbætur á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum er varða neytendur sérstaklega og kynna löggjöf og aðrar réttarreglur er varða neytendamál.

Þetta er heilmikið verkefni og Neytendastofu er ætlað að vinna að stefnumótun á sviði neytendamála auk þess sem stofan mun beita sér fyrir því að gerðar verði rannsóknir á sviði neytendamála.

Það er mikið talað um að ekki sé rétt, og ég veit að það kemur fram í umsögnum, að stofna til embættis talsmanns neytenda heldur er lögð áhersla á heitið umboðsmaður. Sem viðbrögð við því vil ég nefna að talsmaður neytenda hefur það hlutverk að taka við erindum frá neytendum, gefa út álitsgerðir og hafa frumkvæði að úrbótum, nánar tiltekið að vera talsmaður neytenda. Embættisheitið umboðsmaður hefur öðlast ákveðna merkingu í hugum okkar á því tímabili síðan stofnað var til embættis umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna. Það er m.a. ástæða þess að það heiti er ekki notað og ekki gerð tillaga um að það verði notað í sambandi við þessa löggjöf. Ég get ekki séð að það

skipti öllu máli og ég veit að hv. þingmenn Samfylkingarinnar taka undir að það skiptir ekki mestu máli, enda hafa þeir lagt fram þingmál þar sem heitið talsmaður er notað.

Talað er um að talsmaðurinn hafi ekki fastan starfsmann og það séu vandræði í kringum það. Það er hins vegar ástæða til að ítreka að embættið er sjálfstætt og fjárhagurinn er líka sjálfstæður. Hann hefur aðgang að starfsfólki Neytendastofu og er heimilt að gera þjónustusamning við Neytendastofuna eins og hér hefur komið fram. Ég tel enga ástæðu til að gefa sér það fyrir fram að þetta sé svo óskaplega flókið kerfi og erfiðleikum bundið að finna út úr hvernig þessu verður best fyrir komið.

Ég heyrði að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði að álíka fyrirkomulag og hér er lagt upp með hefði mistekist í Danmörku. Sannleikurinn er sá að það er mjög mismunandi hvernig farið er í neytendamál á Norðurlöndunum og hvernig úr þeim er leyst. Það er ekki hægt að finna eitthvert eitt módel sem passar betur við Ísland en annað. Við förum af stað með þetta svona og mér finnst að hv. þingmenn ættu a.m.k. að gefa mér eitt prik fyrir viðleitni. Það er þó verið að stofna til embættis talsmanns neytenda og ég hef trú á því að þetta fyrirkomulag geti gengið. Ef í ljós kemur að svo er ekki verður að bregðast við því en mér finnst þetta vera ákveðinn sigur og ég er hamingjusöm með það ef þetta verður niðurstaða þingsins. Mér finnst ekki sanngjarnt að tala hér um einhverja aukabúgrein og þar fram eftir götunum þó að ég beri ákveðna virðingu fyrir aukabúgreinum og hef sjálf tekið þátt í slíkri starfsemi. Þetta er fyrirkomulag sem við höfum trú á að gangi eftir og ég heyri það og veit að umsagnaraðilar hafa í sjálfu sér samúð með því að í þetta verk er gengið þó að þeir séu efins um útfærsluna.

[17:55]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég virði hæstv. viðskiptaráðherra það til vorkunnar að hafa orðið fyrir vonbrigðum með þau viðbrögð sem þetta frumvarp fékk en ég held að hæstv. ráðherra hefði getað sagt sér sjálf að þetta færi svona. Það sem ég skil ekki í þessu er hvers vegna hæstv. viðskiptaráðherra tekur ekki mark á umsögn sinnar eigin stofnunar, Samkeppnisstofnunar, þar sem m.a. er bent á að þetta fyrirkomulag hafi verið reynt áður, eins og kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, og ekki reynst vel. Færð hafa verið að því rök af umsagnaraðilum og hér í umræðunni að það að hafa talsmann neytenda ekki sjálfstæðan embættismann með því sem því fylgir nái ekki því markmiði sem verið er að reyna að ná.

Ég ætla ekki að saka hæstv. ráðherra um að reyna ekki að ná réttu markmiði og veit vel að hún lætur ekki deigan síga, en það skiptir máli með hvaða hætti það er gert. Hér er ekki verið að fara rétta leið, herra forseti, að áliti okkar í Samfylkingunni og ég mundi ekki kalla það svartsýni. Það er einfaldlega raunsæi á þá stöðu sem uppi er með hliðsjón af þeim ábendingum sem borist hafa, umsögnum og mati þeirra sem best til þekkja. Ég leyfi mér að halda því fram að Samkeppnisstofnun annars vegar og Neytendasamtökin hins vegar séu sérstaklega þeir aðilar í samfélaginu sem best þekkja til þessa málaflokks, með fullri virðingu fyrir öllum öðrum sem sýsla með neytendamál á Íslandi. Þess vegna hefði verið betra að taka tillit til umsagna og ábendinga sem þaðan koma og vinna málið þannig úr garði, herra forseti, að við gætum sameinast um það.

[17:57]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að leiðrétta það að embætti talsmanns er sjálfstætt og hann hefur sjálfstæðan fjárhag þannig að það sé alveg skýrt.

Hv. þingmaður spyr hvers vegna ekki sé tekið mark á eigin stofnun. Þá vil ég segja það sem ég hef sagt áður að við fáum að sjálfsögðu margar ábendingar og margar umsagnir um þetta mál eins og öll önnur mál. Ef það er svo og ef hv. þingmönnum finnst að viðkomandi stofnanir og ákveðnir sérfræðingar eigi að ráða ferðinni kæmi brátt að því að við þyrftum ekkert á Alþingi Íslendinga að halda. Þá ráða bara stofnanir og sérfræðingar. Sumir tala þannig í þessari umræðu að vegna þess að allir sérfræðingar, eins og flokksbróðir hv. þingmanns heldur fram, séu á móti þessu fyrirkomulagi eigi að fara aðrar leiðir og sama segir hv. þingmaður núna, að vegna þess að Samkeppnisstofnun og Neytendasamtökin hafi aðrar skoðanir eigi að fara að vilja þeirra. Ég er gersamlega ósammála hv. þingmanni. Að sjálfsögðu förum við yfir allar skoðanir og öll sjónarmið í þessum efnum en það er Alþingi sem ræður og við verðum að hafa það mjög ákveðið í huga.

[17:59]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega hefur Alþingi lokaorðið við setningu löggjafarinnar. Það fer ekkert á milli mála. En þá ber nýrra við ef ekki er tekið tillit til umsagnaraðila sem við tökum tillit til í vinnu okkar alla daga í þingnefndum Alþingis. Ég sit í þremur þingnefndum, þar er tekið ríkt tillit til þess sem kemur fram í máli sérfræðinga á hverju sviði, m.a. ef það eru starfsmenn ráðuneyta en einnig sérfræðingar frá ríkisstofnunum sem hafa faglega þekkingu á því sem verið er að fjalla um.

Ég held því ekki fram, herra forseti, að það þýði að allt sé tekið gott og gilt sem þaðan kemur af því að það er ekki þannig og við vitum öll að í umfjöllun um mál er það ekki þannig. En þegar lögð eru fram vel ígrunduð, rökstudd og skynsamleg rök, eins og ég held fram að sé gert í þessu máli frá t.d. bæði Samkeppnisstofnun og Neytendasamtökunum, þá ber okkur auðvitað skylda til að íhuga það mjög alvarlega vegna þess að ég held að það sé hluti af hinni faglegu og síðar pólitísku ákvörðun. Það er í raun og veru ekki hægt að gera svo skýr skil þar á milli. En auðvitað er það ábyrgð stjórnmálamannanna þegar allt kemur til alls hvaða ákvörðun er síðan tekin en hún hlýtur að vera byggð á faglegum grunni og með almannahagsmuni að leiðarljósi. Þess vegna lýsi ég því enn og aftur yfir að mér finnst það ekki hafa verið gert í þeirri niðurstöðu sem hér hefur verið fengin af meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar. Það hefur valdið mér vonbrigðum en það verður auðvitað að koma í ljós hvernig það síðan æxlast.

[18:01]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum heyrt að hæstv. viðskiptaráðherra er afar hamingjusöm með þetta frumvarp. Það er ekki neitt nýtt. Yfirleitt er hæstv. ráðherra Valgerður Sverrisdóttir mjög hamingjusöm með frumvörp sín, eins og við minnumst úr raforkugeiranum, þegar hann var endurskipulagður með hrikalegum afleiðingum fyrir landsmenn sem eru að koma í ljós í hækkuðum raforkureikningum. Hún telur að hún eigi að fá prik fyrir viðleitni, segir hæstv. ráðherra. Það fær hún a.m.k. ekki fyrir vinnubrögð. Það er rétt sem fram hefur komið hjá hv. þm. Þórunni Sveinbjarnardóttur að það hefur ekki verið tekið nægilegt tillit til sjónarmiða þeirra sem best til þessara mála þekkja, Samkeppnisstofnunar, Neytendasamtakanna og annarra aðila. Þessir aðilar komu ekki að samningu frumvarpanna og þegar þeir settu sjónarmið sín fram þá var ekki á það hlustað nema í mjög takmörkuðum mæli.

Varðandi heitið „talsmaður neytenda" þá er það fremur svo að það hafði pólitískt inntak en að vera heiti á hlutverki embættismanns, þ.e. samkvæmt minni málkennd. Hins vegar skiptir það kannski ekki öllu máli heldur inntakið í starfinu. Ég spyr hvort það hafi aldrei komið til greina að stofnunin væri með einum talsmanni, umboðsmanni eða hvað það svo sem hann héti. Þegar allt kemur til alls er Neytendastofa að sinna neytendamálum, hvort sem það er rafmagnseftirlit eða öryggismál af því tagi þá er sú hugsun þar að baki. Við erum ekki sammála um hvernig eigi að skipa þeim málum almennt, ég og ráðherra, en ég spyr: Hefur ekki komið til skoðunar að líta heildstætt á stofnunina í stað þess að búa til tvíþætt hlutverk innan veggja sömu stofnunar?

[18:03]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sérstaklega ánægð með að hv. þm. skyldi segja að þessi stofnun mundi sinna neytendamálum. Það hafa ekki allir verið sammála um það. Það var góð yfirlýsing.

Hvað það varðar að fara aðrar leiðir í þessu þá hefur ýmislegt verið skoðað. Ég skil alveg hvað hv. þingmaður á við í sambandi við Neytendastofuna, að þetta ætti bara að vera ein stofnun og hugsanlega væri þessi talsmaður eða umboðsmaður framkvæmdastjóri Neytendastofu. Það væri svo sannarlega ekki út í hött en við förum af stað með þetta svona og við skulum sjá til hvað setur. Ég er þokkalega bjartsýn.

[18:04]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla líka að leyfa mér að enda á bjartsýnisnótum og vonast til að þetta kerfi eigi eftir að ganga upp. Sjónarmið mín, um grundvöllinn að þessum skipulagsbreytingum, eru ekki ný af nálinni. Ég fjallaði um þau við 1. umr. um þetta mál. Gagnrýni mín hefur beinst að ýmsum öðrum efnisatriðum og einnig því að ég tel of marga enda vera óhnýtta í þessu máli og margt óljóst.

En ég ætla að ítreka að að sjálfsögðu vonast ég til að þær kerfisbreytingar sem ráðist er í verði á endanum til góðs. A.m.k. er það hlutverk okkar að reyna að sjá til þess að svo verði. Það er ekki öll nótt úti hvað þetta varðar. Þessi mál eiga að sjálfsögðu eftir að koma aftur til skoðunar, þessar kerfisbreytingar og reynslan af þeim. Þá legg ég áherslu á að efnt verði til samvinnu við þau samtök sem hafa óskað eftir henni, ég vísa til Neytendasamtakanna og samtaka launafólks sem beinlínis hafa óskað eftir samvinnu um þessi mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álbræðsla á Grundartanga, 2. umr.

Stjfrv., 707. mál (fasteignaskattur). — Þskj. 1065, nál. 1220.

[18:06]

Frsm. iðnn. (Kjartan Ólafsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum.

Í nefndaráliti er fjallað um stækkun verksmiðjunnar á Grundartanga og álagningu fasteignagjalda vegna stækkunarinnar. Þar segir:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Andrés Svanbjörnsson frá iðnaðarráðuneyti og Sigurð Óla Kolbeinsson frá Samtökum sveitarfélaga.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á álagningargrunni fasteignaskatts vegna stækkunar á álbræðslu Norðuráls á Grundartanga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, Jóhann Ársælsson, Einar Már Sigurðarson, Sigurjón Þórðarson, Bjarni Benediktsson og Dagný Jónsdóttir.

Eins og fram kemur í nefndarálitinu snýst málið um að stækka verksmiðjuna á Grundartanga og ákveðið, með þeim lögum sem hér er lagt til að verði samþykkt, að skiptingin verði á þann hátt sem fram kemur í frumvarpinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 2. umr.

Stjfrv., 720. mál (uppgjör þungaskatts). — Þskj. 1078, nál. 1299, brtt. 1300.

[18:08]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um

breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, sem er á þskj. 1299.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund ýmsa gesti sem getið er um í umræddu nefndaráliti.

Í frumvarpinu er gerð tillaga um hvernig hátta skuli uppgjöri þungaskatts þegar tekin verður upp innheimta olíugjalds og kílómetragjalds. Þá er einnig kveðið á um hvernig farið skuli með olíubirgðir sem verða í landinu 1. júlí næstkomandi þegar lög um olíugjald og kílómetragjald taka gildi.

Nefndin leggur til breytingar á frumvarpinu sem getið er um í umræddu nefndaráliti. Má geta þess að í 2. breytingartillögu verður það magn af olíu sem hver má eiga samkvæmt frumvarpinu aukið í 5.000 lítra. Að öðru leyti eru tvær tæknilegar breytingar.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali, þskj. 1300.

Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þm. Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Una María Óskarsdóttir og Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Herra forseti. Varðandi það atriði sem ég gat um, að auka magn af olíu sem menn mega eiga úr 1.500 í 5.000 lítra, þá er þess að geta að þetta eru um það bil 10 tankar á stórum vöruflutningabíl. Mörg fyrirtæki nota þetta daglega, þ.e. þetta er dagleg notkun, þannig að það var ákveðið að auka magnið. Auk þess er eftirlitið mjög erfitt þar sem gera þyrfti skoðun á miðnætti 1. júlí.

Þess ber að geta hins vegar í þessu sambandi að menn geta að sjálfsögðu ekki hamstrað olíu fyrir breytinguna. Það eru ákveðin reglugerðarákvæði í öryggisskyni sem varða það hve mikla olíu má t.d. geyma í heimahúsum. Það er yfirleitt bannað og menn þurfa að hafa það í huga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 2. umr.

Stjfrv., 708. mál (verðbréfaviðskipti í minni fyrirtækjum). — Þskj. 1066, nál. 1349.

[18:11]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti, á þskj. 1349, frá efnahags- og viðskiptanefnd um frumvarp til laga um breyting á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund ýmsa gesti sem getið er um í nefndarálitinu.

Tilgangur frumvarpsins er að heimila framangreindum fyrirtækjum að starfrækja verðbréfamarkað þar sem kröfur eru aðrar og vægari en í kauphöll og betur sniðnar að þörfum smærri fyrirtækja. Frekari rökstuðning er að sjá á nefndaráliti sem ég ætla ekki að lesa upp.

Meðal annars næst fram betra verðmat á óskráð hlutabréf en nú er, sem nýtist ýmsum aðilum, svo sem skattyfirvöldum, dómstólum og skiptastjórum. Nefndin telur að margt geti unnist með því að komið verði á fót slíkum markaðstorgum sem um er fjallað í frumvarpinu og að óþarft sé að setja um þau ítarlegri reglur en þar er gerð tillaga um. Réttara er að sjá fyrst hvernig þróunin verður og hvernig markaðsaðilum tekst til áður en ákveðið er hvort setja þurfi ítarlegri lagareglur um markaðstorg.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Háttvirtir þingmenn Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Ögmundur Jónasson skrifa undir álitið með fyrirvara. Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þm. Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Una María Óskarsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 697. mál (vetnisbifreiðar). — Þskj. 1055, nál. 1350, brtt. 1351.

[18:13]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efnahags- og viðskiptanefnd á þskj. 1350, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og fleiri lögum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund ýmsa gesti sem getið er um í nefndarálitinu.

Í frumvarpi þessu er lögð til tímabundin lækkun gjalda fyrir innflutning vetnisbifreiða og sérhæfðra varahluta. Það kom fram við umfjöllun nefndarinnar að bifreiðarnar sem um ræðir eru gríðarlega dýrar í framleiðslu og að þær munu þess vegna eingöngu nýtast til tilrauna næstu árin eða áratugina. Tilgangurinn er sá að gera skatta- og tollaumhverfi hér hagstæðara fyrir slíkar tilraunabifreiðar en bifreiðar almennt.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frumvarpinu eftir nákvæma skoðun.

1. Heimilt verði að fella niður eða endurgreiða að fullu virðisaukaskatt af vetnisbifreiðum og sérhæfðum varahlutum í stað tveggja þriðju hluta svo sem lagt er til í frumvarpinu. Nefndin leggur þessa breytingu til þar sem hún telur mikilvægt að skattaumhverfi hérlendis verði sem hagkvæmast fyrir rannsóknir á þessu sviði svo þær eflist og styrkist. Það kom fram við umfjöllun nefndarinnar um málið að þær tilraunabifreiðar sem um ræðir eru gríðarlega dýrar og ólíklegt að nema örfáar slíkar verði fluttar hingað næstu árin. Tekjumissir ríkisins við þessa breytingu er því óverulegur.

2. Nýtt ákvæði bætist við II. kafla frumvarpsins þess efnis að lækkun vörugjalds af bifreiðum með vélar sem nýta metangas eða rafmagn að verulegu leyti í stað bensíns eða dísilolíu, svokölluðum tvíorkubifreiðum, verði 240.000

kr. en lækkunin er 120.000 kr. samkvæmt gildandi lögum.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um á þskj. 1351.

Hv. þm. Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita auk mín hv. þm. Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Gunnar Birgisson, Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara, Lúðvík Bergvinsson, með fyrirvara og Una María Óskarsdóttir og Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

Ég vil geta þess að í umfjöllun nefndarinnar um þá tilraunastarfsemi sem á sér stað við að innleiða vetni sem orkugjafa eða orkugeymslu fyrir bifreiðar kom fram sterkur vilji nefndarmanna til þess að þær tilraunir gætu gengið fram án þess að ríkið legði stein í götu þeirra. Enn fremur var víkkuð út og hækkuð endurgreiðsla á vörugjöldum vegna bifreiða sem nýta metangas og rafmagn að verulegu leyti. Þetta er hvort tveggja gert í þeim tilgangi að hjálpa til við tilraunir og rannsóknir sem stuðla að því að bifreiðar mengi minna, þ.e. að auka veg bifreiða sem nota orku sem ekki veldur koltvíoxíðmengun, sem menn óttast að valdi hitnun á jörðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna, síðari umr.

Stjtill., 614. mál (eftirlitsstofnun og dómstóll EFTA). — Þskj. 918, nál. 1364.

[18:17]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanríkismálanefndar á þskj. 1364. Þetta er mál 614, tillaga til þingsályktunar um heimild til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2004 og samning EFTA- ríkjanna um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Nefndin fékk til fundar við sig þau Kristján Andra Stefánsson og Finn Þór Birgisson frá utanríkisráðuneyti, Áslaugu Árnadóttur og Jónínu S. Lárusdóttir frá viðskiptaráðuneyti, Davíð Þór Björgvinsson, fyrrverandi prófessor, og Stefán Má Stefánsson prófessor.

Með tillögunni er verið að innleiða nýjar reglur á EES-svæðinu um samruna fyrirtækja eða samfylkingu fyrirtækja eins og það hefur verið nefnt. Eitt meginmarkmiðið með þeim reglum sem hér er verið að taka upp er að Eftirlitsstofnun EFTA fái sömu heimildir til eftirlits með samfylkingum fyrirtækja og framkvæmdastjórn EB hefur verið veitt með nýrri samrunareglugerð Evrópusambandsins til að ESA sé kleift að framfylgja samkeppnisákvæðum EES-samningsins. Hingað til hefur EFTA-ríkjunum verið heimilt að framsenda samrunamál til Eftirlitsstofnunar EFTA en sá möguleiki mun ekki hafa verið nýttur. Það er hins vegar nýmæli að heimilt verður í ákveðnum tilvikum að framsenda samrunamál frá EFTA-ríki til framkvæmdastjórnar EB. Þessar reglur koma aðeins til skoðunar ef samruni hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna. Við rannsókn mála gildir hins vegar almenna reglan um að innlendum réttarfarsreglum verði fylgt ef rannsókn fer fram hér á landi.

Málið var ítarlega rætt á fundum nefndarinnar. Nefndin hélt m.a. sameiginlegan fund með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sem hafði til meðferðar frumvarp til samkeppnislaga. Það frumvarp kveður á um innleiðingu þeirra reglna í landsrétt sem þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir. Samkeppnislagafrumvarpið bíður nú 3. umr. svo ekki er ástæða til að fara ítarlega í efnisatriði þessa máls. Flest efnisatriði ættu að hafa komið fram við þá umræðu.

Meiri hlutinn telur rétt að vekja athygli á því að fremur ólíklegt er að ákvæði samrunareglugerðarinnar komi til framkvæmda á Íslandi vegna skilyrða um veltumörk fyrirtækja sem um ræðir.

Hæstv. forseti. Meiri hluti utanríkismálanefndar leggur til að tillagan verði samþykkt. Undir nefndarálit þetta skrifa hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir, Drífa Hjartardóttir, Gunnar Birgisson og Jónína Bjartmarz, en Rannveig Guðmundsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir rita undir með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins, síðari umr.

Stjtill., 617. mál. — Þskj. 921, nál. 1366.

[18:20]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanríkismálanefndar á þskj. 1366. Þetta er mál 617, tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar og samninga EFTA-ríkjanna um framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004, um breytingu á XIV. viðauka, bókun 21 og bókun 23 við EES-samninginn frá 2. maí 1992, samning EFTA-ríkjanna frá 24. september 2004 um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2004 frá 3. desember 2004, um breytingu á bókun 21 og bókun 23 við EES-samninginn frá 2. maí 1992 og samning EFTA-ríkjanna frá 3. desember 2004 um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Nefndin fékk til fundar við sig þau Kristján Andra Stefánsson og Finn Þór Birgisson frá utanríkisráðuneyti, Áslaugu Árnadóttur og Jónínu S. Lárusdóttir frá viðskiptaráðuneyti, Davíð Þór Björgvinsson, fyrrverandi prófessor, og Stefán Má Stefánsson prófessor.

Þessar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar og

samningar EFTA-ríkjanna miða að því að fella inn í regluverk EES-samningsins og fylgisamninga hans umfangsmiklar breytingar sem nýlega hafa orðið á framkvæmd samkeppnisreglna Evrópusambandsins, m.a. með það að markmiði að draga úr miðstýrðu samkeppniseftirliti og færa það í auknum mæli heim til aðildarríkjanna. Með þeim breytingum sem verið er að gera verður eftirlitsstofnun EFTA tryggðar sambærilegar valdheimildir og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gagnvart aðildarríkjunum í þeim málum sem hér um ræðir.

Í þessum breytingum felst m.a. að samkeppnisyfirvöldum og dómstólum í EFTA-ríkjunum verður heimilt að beita samkeppnisákvæðum EES-samningsins að fullu. Íslensk samkeppnisyfirvöld geta því afgreitt mál á grundvelli samkeppnisreglna EES-samningsins í tilfellum sem áður heyrðu eingöngu undir Eftirlitsstofnun EFTA. Þannig verður valdsvið íslenskra samkeppnisyfirvalda aukið frá því sem hingað til hefur gilt. Þrátt fyrir þetta mun áfram gilda sama verkaskipting milli Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB sem kveðið er á um í 56. gr. EES-samningsins.

Þar sem verið er að fela innlendum samkeppnisyfirvöldum víðtækara vald til að beita samkeppnisreglum EES-samningsins voru sett sérstök ákvæði til að tryggja samræmda beitingu og túlkun reglnanna með það fyrir augum að koma í veg fyrir ólíkar niðurstöður. Í nýju reglunum er því gert ráð fyrir að innlend yfirvöld og dómstólar geti í ákveðnum tilfellum verið bundin af ákvörðunum sem Eftirlitsstofnun EFTA og eftir atvikum EFTA-dómstóllinn hafa tekið í sama máli.

Málið var ítarlega rætt á fundum nefndarinnar, einkum sá þáttur sem varðar hugsanlegt framsal á ríkisvaldi til alþjóðastofnana eða öllu heldur takmörkun á ríkisvaldi. Nefndin hélt m.a. sameiginlegan fund með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sem hafði til meðferðar frumvarp til samkeppnislaga. Þar var m.a. farið yfir lögfræðiálit Davíðs Þórs Björgvinssonar, fyrrverandi prófessors og nú dómara hjá Mannréttindadómstólnum. Þá ræddi nefndin málið einnig við Stefán Má Stefánsson prófessor.

Meginniðurstaða lögfræðiálits Davíðs Þórs Björgvinssonar var að slík takmörkun á ríkisvaldi væri heimil að því gefnu að í íslenskum rétti væri í gildi venjuhelguð regla um heimild löggjafans til að framselja ríkisvald í takmörkuðum mæli til alþjóðastofnana að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Að mati álitsgjafans var talið að slík regla gilti samkvæmt íslenskum rétti en hins vegar væri inntak hennar og ytri mörk alls ekki skýr.

Það er mat meiri hlutans að þar sem hér er um að ræða sams konar mælikvarða á heimild löggjafans til takmörkunar á ríkisvaldi og áður hefur verið beitt við lögfestingu EES-samningsins árið 1993 og við undirbúning að þátttöku í Schengen-samstarfinu 1999 sé unnt að fallast á að Alþingi, sem æðsti handhafi löggjafarvaldsins, hafi heimild til að samþykkja slíka skuldbindingu sem felst í að taka yfir framangreinda reglu. Meiri hlutinn leggur þó áherslu á að ákveðin óvissa ríkir um þessa heimild löggjafans til að takmarka ríkisvaldið. Forsenda meiri hlutans er að til staðar sé slík venjuhelguð regla við túlkun stjórnarskrárinnar sem lýst er ítarlega í lögfræðiáliti Davíðs Þórs Björgvinssonar. Jafnframt telur meiri hlutinn að Alþingi verði einnig að líta til þess hvernig hagsmunum íslensks viðskiptalífs sé best borgið á alþjóðavettvangi en samstarfið á grundvelli EES-samningsins er ákaflega mikilvægt fyrir íslenskt efnahagslíf.

Loks má geta þess að þegar hæstv. utanríkisráðherra mælti fyrir málinu þann 10. mars síðastliðinn lýsti hann þeirri skoðun sinni að brýnt væri að fjallað væri um og leyst úr álitamálum um meðferð valdheimilda ríkisins í samskiptum við aðrar þjóðir og fjölþjóðlegar stofnanir. Þá benti hann einnig á að ákvæði stjórnarskrárinnar um heimildir íslenska ríkisins til að gera samninga við önnur ríki væru einmitt atriði sem stjórnarskrárnefnd forsætisráðherra væri rétt að skoða.

Frumvarp hæstv. viðskiptaráðherra til nýrra samkeppnislaga sem innleiðir efnisreglur þeirra ákvarðana sem þingsályktunartillagan fjallar um hefur fengið ítarlega umræðu á Alþingi svo ekki er ástæða til að fara dýpra í efnisatriði þessa máls þar sem helstu atriði ættu þegar að hafa komið fram við umræðu um það mál. Að öðru leyti vísa ég til nefndarálits meiri hlutans.

Hæstv. forseti. Meiri hluti utanríkismálanefndar leggur til að tillagan verði samþykkt. Undir nefndarálit þetta skrifa hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir, Drífa Hjartardóttir, Gunnar Birgisson og Jónína Bjartmarz en Rannveig Guðmundsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir rita undir með fyrirvara.

[18:26]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil leggja áherslu á þá afstöðu þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs að við vörum við því og mótmælum því að dómsvald sé framselt út fyrir landsteinana eins og hér er verið að gera. Í besta falli er um að ræða álitamál eða óvissu eins og fram kom í máli hv. formanns utanríkismálanefndar.

Ég leyfi mér að vísa í röksemdir sem fram hafa komið hvað þetta snertir frá fulltrúum þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs í umræðu um samkeppnislög, í álit laganefndar Lögmannafélags Íslands og í álitsgerð frá Stefáni Má Stefánssyni, prófessor í lögum, en þar er að finna mjög eindregin varnaðarorð gegn því lagaákvæði og þeim þingmálum sem hér hafa verið til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, síðari umr.

Stjtill., 704. mál. — Þskj. 1062, nál. 1324.

[18:28]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanríkismálanefndar á þskj. 1324. Þetta er mál 704, tillaga til þingsályktunar um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á

árinu 2005.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2005 sem gengið var frá með bréfaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 17. janúar og 15. febrúar 2005.

Nefndin fékk til fundar við sig þá Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti.

Samningur þessi er sams konar og gerður var á síðasta ári og kveður á um allar veiðar á uppsjávarfiski í lögsögu hvors aðila fyrir komandi veiðitímabil. Færeyskum skipum verður sem fyrr heimilt á loðnuvertíðinni að veiða allt að 10 þúsund lestir af loðnu innan lögsögu Íslands. Kveðið er á um gagnkvæmar heimildir skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 2005. Íslenskum skipum verður heimilt að veiða allt að 1.300 lestir af makríl og 2.000 lestir af síld annarri en norsk-íslenskri innan færeyskrar lögsögu á árinu 2005. Þá eru ákvæði um gagnkvæma heimild til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu hvors aðila. Loks er í samningnum kveðið á um gagnkvæma heimild skipa hvors aðila til veiða á norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2005.

Á grundvelli samnings landanna frá 1976 um heimildir Færeyinga til veiða í lögsögu Íslands hefur verið ákveðið að færeyskum skipum verði heimilt að veiða 5.600 lestir af botnfiski við Ísland á árinu 2005 en þar er um óbreyttar veiðiheimildir að ræða frá fyrra ári.

Hæstv. forseti. Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt. Undir nefndarálit þetta skrifa hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir, Dagný Jónsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Gunnar Birgisson, Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis, síðari umr.

Stjtill., 705. mál. — Þskj. 1063, nál. 1322.

[18:31]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanríkismálanefndar á þskj. 1322, 705. mál, um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu viðbótarsamnings nr. 14 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis, um breytingu á eftirlitskerfi sáttmálans.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda viðbótarsamning nr. 14 við sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950 (mannréttindasáttmála Evrópu), um breytingu á eftirlitskerfi sáttmálans, sem gerður var í Strassborg 13. maí 2004.

Nefndin fékk til fundar við sig þau Tómas H. Heiðar frá utanríkisráðuneyti og Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Meginmarkmiðið með viðbótarsamningnum er að auka skilvirkni Mannréttindadómstóls Evrópu svo að markmiðum sáttmálans um verndun mannréttinda í Evrópu verði náð. Þessar breytingar eiga að gera dómstólnum betur kleift að einbeita sér að mikilvægustu álitaefnunum án þess þó að raska rétti sérhvers einstaklings til að kæra meint mannréttindabrot til Mannréttindadómstólsins. Öll aðildarríki mannréttindasáttmálans þurfa að fullgilda viðbótarsamninginn svo hann öðlist gildi og er stefnt að því að fullgildingarferlinu verði lokið innan tveggja ára frá undirritunardegi sem var 13. maí 2004.

Lagt var fram frumvarp til laga um lögfestingu viðbótarsamnings, (þskj. 980, 648. mál) og var málið afgreitt sem lög frá Alþingi þann 4. maí sl.

Hæstv. forseti. Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt. Undir nefndarálit þetta skrifa hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir, Dagný Jónsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Gunnar Birgisson, Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons, síðari umr.

Stjtill., 722. mál. — Þskj. 1080, nál. 1323.

[18:33]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanríkismálanefndar á þskj. 1323, 722. mál, um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og lýðveldisins Líbanons sem undirritaður var í Montreux í Sviss 24. júní 2004.

Nefndin fékk til fundar við sig þau Önnu Jóhannsdóttur og Jóhönnu Bryndísi Bjarnadóttur frá utanríkisráðuneyti.

Í samningnum, sem er af hinni nýju kynslóð fríverslunarsamninga, er kveðið á um afnám tolla á iðnaðarvörum, sjávarafurðum og unnum sjávarafurðum.

Að því er EFTA-ríkin varðar er gert ráð fyrir að þau afnemi tolla af þeim vörum sem samningurinn nær til frá gildistöku hans en Líbanon fái sérstakan aðlögunartíma sem hefst árið 2008 og lýkur 2015. Þó munu tollar á sjávarafurðum falla niður að langmestu leyti þegar árið 2008. Í samningnum er einnig að finna ákvæði um vernd hugverkaréttinda, þjónustuviðskipti og úrlausn deilumála. Sérstakur tvíhliða samningur var gerður um vernd fjárfestinga og viðskipti með landbúnaðarafurðir.

Viðskipti Íslands og Líbanons eru frekar lítil en með gerð fríverslunarsamningsins eru stjórnvöld að skapa tækifæri til viðskipta en markmið EFTA hefur verið að geta boðið fyrirtækjum í EFTA-ríkjunum sömu viðskiptakjör og fyrirtækjum innan Evrópusambandsins bjóðast í ríkjum utan ESB.

Hæstv. forseti. Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan

verði samþykkt. Undir nefndarálit þetta skrifa hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir, Dagný Jónsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Gunnar Birgisson, Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kynning á íslenskri list í sendiskrifstofum Íslands, síðari umr.

Þáltill. SI o.fl., 296. mál. — Þskj. 323, nál. 1353.

[18:35]

Frsm. utanrmn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti utanríkismálanefndar á þskj. 1353, 296. mál, um tillögu til þingsályktunar um kynningu á íslenskri list og hönnun í sendiskrifstofum Íslands.

Með tillögunni er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að móta stefnu til þess að koma íslenskri list og hönnun í sem víðustum skilningi á framfæri í sendiskrifstofum Íslands erlendis enda er eitt af hlutverkum þeirra að sinna menningarmálum. Tillagan stefnir þannig að því að greiða götu íslenskrar listar og nytjalistar á erlendri grund.

Nefndin sendi málið til umsagnar til fjölmargra aðila og fékk til fundar við sig Elínu Flygenring frá utanríkisráðuneyti.

Skemmst er frá því að segja að umsagnaraðilar voru almennt mjög fylgjandi þeirri tillögu sem hér liggur fyrir.

Nefndin telur ljóst að íslensk list og nytjalist eigi fullt erindi á alþjóðavettvangi en það hafa sýningar sem haldnar hafa verið erlendis sýnt okkur svo ekki verður um villst. Utanríkisráðuneytið hefur unnið að svona málum en nefndin fellst á að vel fari á að ríkisstjórnin móti heildstæða stefnu um kynningu á íslenskri list og nytjalist erlendis fyrir tilstilli íslenskra sendiskrifstofa. Við þá stefnumótun verður ríkisstjórnin einnig að ákveða hversu miklum fjármunum skuli varið til kynningarstarfs á hverjum tíma.

Hæstv. forseti. Utanríkismálanefnd leggur til að tillagan verði samþykkt. Undir nefndarálit þetta skrifa hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir, Drífa Hjartardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir Gunnar Birgisson, Jónína Bjartmarz og Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:37]

Útbýting:

Tekjuskattur og eignarskattur, 695. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1385; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1386.

Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, 3. umr.

Stjfrv., 583. mál(verksvið Vöruþróunar- og markaðssjóðs). — Þskj. 874.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gæðamat á æðardúni, 3. umr.

Stjfrv., 670. mál (heildarlög). — Þskj. 1022.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 725. mál (afnám mjólkurgjalds). — Þskj. 1083.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningur hrossa, 3. umr.

Stjfrv., 727. mál (hámarksaldur útflutningshrossa). — Þskj. 1355.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður landbúnaðarins, 3. umr.

Stjfrv., 786. mál (afnám laganna). — Þskj. 1356.

[18:39]

Frsm. minni hluta landbn. (Jón Bjarnason):

Herra forseti. Hér er að koma til 3. umr. frumvarp til laga sem lýtur að því að leggja niður Lánasjóð landbúnaðarins og selja eigur hans. Ég vil við þessa lokaumræðu láta koma skýrt fram það sjónarmið mitt og okkar þingmanna í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að þetta mál er illa unnið og öll meðferð þess í þinginu hefur verið með þeim hætti að óásættanlegt er.

Ég rakti það við bæði 1. umr. og 2. umr. málsins að málið kom fram á allra síðustu dögum þings eftir að frestur til að skila málum hingað inn til eðlilegrar meðferðar þingsins var útrunninn. Í nefnd var því hafnað að senda það út til

skriflegra umsagna eins og hefðbundið er og það keyrt í gegnum nefndina og úr henni án þess að fá þar eðlilega meðferð.

Frumvarpið felur í sér að gert er ráð fyrir að selja eignir Lánasjóðs landbúnaðarins og leggja hann niður. Það á sem sagt að fara að einkavæða og selja 1. veðrétt í nánast flestöllum jörðum á Íslandi.

Fyrir liggur að bændur og bú munu ekki eiga sama aðgang og jafnan aðgang að lánasjóðum, að viðskiptabönkunum. Þar mun verða mismunun á enda er það viðurkennt af hálfu meiri hlutans og er þar velt fyrir sér hvort eigi að fela Byggðastofnun að taka að sér ákveðin byggðahlutverk sem lánasjóðurinn hefur gegnt. Þetta hlutverk Lánasjóðs landbúnaðarins er því fullkomlega skilið eftir í óvissu og má segja að nær hefði verið að skoða betur framtíð og möguleika sjóðsins, afmarka verkefni hans við skilgreind atriði frekar en að leggja hann niður eins og hér er gert. Við höfum bent á að skoða mætti að samreka hann með öðrum sjóðum, Lífeyrissjóði bænda, en ekkert af þessu hefur verið kannað, heldur eingöngu keyrt á það að leggja sjóðinn niður.

Þá hef ég líka gagnrýnt að engin leiðsögn er í frumvarpinu um hvernig með viðskipti bænda skuli farið, hvernig skuli farið með þá samninga sem bændur hafa gert á undanförnum áratugum við lánasjóðinn. Ekkert er þar til leiðbeiningar um hvernig með það skuli farið, hver skuli vera réttur bændanna sem skuldunauta og áratuga viðskiptavina sjóðsins. Engin leiðsögn er um það. Þetta hef ég gagnrýnt og þetta hefur líka verið harðlega gagnrýnt af ýmsum öðrum forustumönnum landbúnaðarins, einnig meðal bænda hjá búnaðarsamböndunum. Það er því margt í frumvarpinu sem að mínu viti og okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs er með þeim hætti að óásættanlegt er að samþykkja þetta eins og það liggur fyrir. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn starfi til næstu áramóta en engu að síður er þessi flýtir. Því hefur verið hafnað að leita annarra leiða í rekstri sjóðsins en allir viðurkenna samt víðtækt hlutverk hans og að þeim hlutverkum sé ekki lokið og eigi þá að mæta því með öðrum hætti.

Herra forseti. Þetta er eins og í mörgu öðru hjá ríkisstjórninni, einkavæðingarfíknin ræður för og nú á að einkavæða og selja Lánasjóð landbúnaðarins, aðgang að 1. veðrétti í nánast öllum bújörðum á Íslandi, áratuga viðskipti og viðskiptasamningar og trúnaður sem bændur hafa átt við lánasjóðinn. Lánasjóðurinn hefur gegnt gríðarlega miklu hlutverki sem slíkur. Margir bændur hafa byggt upp viðskipti sín með þeim hætti að lánasjóðurinn hefur verið ákveðinn grunnur og síðan hefur verið byggt upp með viðskiptum við sparisjóðina, héraðssparisjóðina. Verði hann seldur er líklegt að sami aðilinn sem kaupir muni heimta það og gera þá kröfu eðlilega að þeirra mati að öll viðskipti fari til viðkomandi fjármálastofnunar. Þetta blandaða form sem hefur byggt upp fjármálaþjónustu víða úti um land getur því verið í uppnámi. Þetta hefur ekkert verið athugað.

Það er því mat okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að vísa eigi frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar eins og ég lagði til við 2. umr. og vinna málið betur fyrir næsta haust í trúnaði og góðri samvinnu við bændur, Bændasamtökin og þingið allt. Við höfum lagt til að skipuð væri nefnd þingmanna, allra þingflokka hér á landi og Bændasamtakanna um að skoða hvernig framtíð þessara hluta væri best borgið ásamt endurskoðun á landbúnaðarstefnunni í heild sinni og það er það sem ég held að þurfi að gera, herra forseti.

Því ítreka ég þá skoðun okkar þingmanna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að þetta frumvarp eigi að fella.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, 3. umr.

Stjfrv., 295. mál. — Þskj. 1212, brtt. 1295.

[18:47]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég vil við 3. umr. um verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess árétta mikilvægi þessa máls sem ágæt sátt er um á Alþingi. Við höfum þegar samþykkt breytingartillögur umhverfisnefndar þar sem komið var til móts við athugasemdir ýmissa aðila og tel ég að þær hafi bætt frumvarpið enn frekar.

Á vatnasviði Þingvallavatns er stærsta grunnvatnsauðlind á Íslandi. Talið er að á Þingvalla- og Brúarársvæðinu ofan við Brúarfoss, sem alls er um 1.260 ferkílómetrar, sé um þriðjungur af öllu lindarvatni í byggð á Íslandi. Þessi aðstaða, auk hins sérstaka lífríkis Þingvallavatns, hefur leitt til þess að talið hefur verið nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til að friða og vernda vatnasvið Þingvallavatns og vatnið sjálft. Megintilgangur frumvarpsins er að stuðla að verndun lífríkis Þingvallavatns og vatnasviðs þess. Í frumvarpinu er kveðið á um að óheimilt sé að gera nokkuð það sem getur spillt vatni eða mengað það innan verndarsvæðisins, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn.

Við 1. umr. um frumvarpið urðu nokkrar umræður um fylgiskjal I með frumvarpinu. Í ljósi þeirra umræðna og umsagna sem umhverfisnefnd hafa borist um frumvarpið, vil ég ítreka það sem ég sagði við 1. umr. um málið að fylgiskjal I með frumvarpinu er sjálfstæð skýrsla dr. Péturs M. Jónassonar líffræðings. Hún er unnin af honum og á ábyrgð hans og þarf því ekki endilega að fara saman við skoðanir annarra vísindamanna á þessu sviði eða vera samhljóða sjónarmiðum sérfræðistofnana eða annarra eins og gengur og gerist um slíkar skýrslur. Hér er einkum um að ræða þann kafla skýrslunnar sem fjallar um niturmengun. Mat ráðherra á nauðsynlegum aðgerðum til að tryggja verndun Þingvallavatns mun að sjálfsögðu á hverjum tíma taka mið af bestu þekkingu sérfræðistofnana okkar og vísindamanna.

[18:49]

Frsm. umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég vildi bara tilkynna að ég dreg til baka þá breytingartillögu sem ég hafði kynnt hér af þeirri ástæðu að eftir að vera búinn að skoða málið betur er ljóst að þessi tillaga er algjörlega óþörf. Áhyggjur skógræktar-

manna og ýmissa annarra vegna túlkunaratriðis í fylgiskjali með frumvarpinu eru í rauninni óþarfar. Það liggur hreint og klárt fyrir að hér er ekki um lögskýringu að ræða og er alveg í samræmi við það sem hæstv. ráðherra Sigríður Anna Þórðardóttir kynnti í ræðu sinni á undan.

Í örstuttu máli, og ég ætla ekki að hafa það neitt lengra, þá dreg ég þessa breytingartillögu til baka af þeirri ástæðu að hún er óþörf og er engin ástæða til að setja inn í lög það sem þar þarf ekki að vera.

[18:51]

Mörður Árnason:

Forseti. Ég fagna því að þessi breytingartillaga skuli hafa verið dregin til baka, því að ég held að hún hafi verið óþörf og hefði getað leitt til þess að menn kæmust í einhvern misskilning um þetta mál. Það er augljóst að hefðbundin beitar- og búskaparafnot eru hin hefðbundnu afnot og varða ekki nýjar greinar í landbúnaði.

Í 3. gr. frumvarpsins stendur að umhverfisráðherra setji reglur um framkvæmd vatnsverndunarinnar, með leyfi forseta: „þar með talið um jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, töku jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu og ræktunarframkvæmdir“ og ég sé ekki betur en skógræktin eigi við um þær, þannig að hér er allt ljóst og skýrt og óþarfi að flækja málið frekar sem nú er á síðasta snúningi, gott mál sem menn hafa borið gæfu til að vera sammála um í öllum meginatriðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Stjfrv., 309. mál (sektarinnheimta o.fl.). — Þskj. 337, nál. 1338, brtt. 1339.

[18:52]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allsherjarnefndar um frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála.

Nefndin hefur fengið á sinn fund fjölmarga aðila til að fara yfir þá tvo meginþætti sem frumvarpið fjallar um, annars vegar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, þ.e. sektarinnheimtan, og hins vegar breytingar á lögum um aðför og þar er einkum verið að fjalla um breytingar sem koma við fjárnámsgerðir og með hvaða hætti hægt er að ljúka fjárnámsgerðum þegar ekki næst í gerðarþolann.

Ég hygg að ég láti við það sitja að vísa í þskj. 1338 um þær lýsingar í nefndarálitinu sem snúast um efnisatriði frumvarpsins, en ætla einkum að staldra við tvö atriði sem nánar er fjallað um í nefndarálitinu.

Í fyrsta lagi leggur allsherjarnefnd til að gerð verði breyting á 2. málsl. 4. gr. frumvarpsins. Þar segir að sæki ákærði eða verjandi hans eða talsmaður samkvæmt umboði þing teljist dómur þá birtur fyrir ákærða. Nefndin telur að með þessari heimild gæti verið gengið töluvert nærri réttaröryggi sakborninga, en birting dóms hefur þær lögfylgjur að marka upphaf fjögurra vikna áfrýjunarfrests. Þetta atriði var tekið til þó nokkurrar umræðu í nefndinni og umsagnaraðilar höfðu nokkuð sterkar skoðanir á því. Sú yfirferð nefndarinnar leiddi til þess að lögð er til breyting á þessu ákvæði á þann veg að ef dómur verður ekki birtur fyrir ákærða á dómþingi og honum gerð þar önnur viðurlög en sekt eða upptaka eigna sem svarar til hærri fjárhæðar en áfrýjunarfjárhæð í einkamálum ásamt greiðslu sakarkostnaðar skuli ákærandi láta birta dóm skv. 20. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þetta léttir af þeirri byrði sem ella hefði hvílt á réttargæslumanni sakbornings í málum þar sem áfrýjun hefði komið til greina að þurfa að hafa uppi á dómþolanum til að tryggja að hann nýtti sér þann rétt sem hann hefur til að áfrýja málinu. Þetta atriði vildi ég nefna sérstaklega.

Lagðar eru til nokkrar fleiri breytingar sem er að finna á þskj. 1339 sem varða með einum eða öðrum hætti sektarinnheimtukafla frumvarpsins, m.a. er smávægileg orðalagsbreyting. Auk þess er viðmiðunarfjárhæð hækkuð úr 50 þús. kr. upp í 60 þús. kr. og er nánar fjallað um það í nefndarálitinu.

Hitt atriðið sem ég vildi staldra sérstaklega við í nefndarálitinu lýtur að II. kafla frumvarpsins sem fjallar um breytingu á lögum um aðför, nr. 90/1989. Hér er komið að þeim þætti málsins sem ég held að óhætt sé að segja að hafi tekið rýmri tíma í störfum nefndarinnar. Þarna takast á sjónarmið um hvað skuli gera vegna þess mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir þegar fjárnámsbeiðnir staflast upp hjá sýslumannsembættunum án þess að hægt sé að ljúka gerðunum þar sem illa gengur að ná í fjárnáms- eða gerðarþolana. Í sjálfu sér mætti segja að til væri einföld lausn á því vandamáli sem væri sú að setja stóraukna fjármuni í að tryggja viðveru gerðarþola en fæstir eru á því að það sé skynsamleg lausn á vandanum. Menn greinir hins vegar á um hversu langt megi ganga í að ljúka þessum gerðum án þess að tekist hafi að ná tali af gerðarþolanum sjálfum og hann spurður beint og milliliðalaust um eignastöðu sína.

Það er skemmst frá því að segja að nefndin lagði töluvert á sig til að kanna ólík sjónarmið um það hvernig taka eigi á málinu. Vissulega leggur frumvarpið til eina leið en að sumra mati er hún háð þeim galla að árangurslaust fjárnám án viðveru gerðarþola, eins og tillögur frumvarpsins gera ráð fyrir, getur ekki orðið grundvöllur gjaldþrotaskipta.

Það sjónarmið kom fram í störfum nefndarinnar að það sé galli á þeirri tillögu sem frumvarpið leggur til um þetta atriði og mestur tími nefndarstarfsins fór í að skoða aðrar mögulegar leiðir til að koma til móts við þetta sjónarmið. Ég ætla ekki að fara miklu dýpra ofan í þær vangaveltur eða þau sjónarmið sem takast á um ólíkar leiðir og þær leiðir sem til greina koma í þessu tilliti. Þó er hægt að segja að verði sú leið farin að gera það mögulegt að klára fjárnám, ljúka fjárnámsgerð án þess að náðst hafi til gerðarþolans, er augljóslega mjög mikilvægt að gerðarþolinn hafi tryggar endurupptökuheimildir og að hann geti gert upp skuld sína á síðari stigum hafi hann getu og vilja til þess, til að mynda eftir að krafa um gjaldþrotaskipti er komin fram á grundvelli árangurslauss fjárnáms.

Til að ljúka þessari vinnu vildi nefndin kalla eftir upp-

lýsingum til að skýra betur þá mynd sem við er að etja og þann vanda sem við glímum hér við. Það er skemmst frá því að segja að nefndinni tókst ekki að ljúka þeirri vinnu. Öll nauðsynleg gögn voru ekki komin fram þegar undir lok nefndarstarfsins var komið á þessu þingi. Eins og segir í nefndarálitinu er það til að hindra ekki framgang annarra atriða frumvarpsins sem snúa að hagræði við sektarinnheimtu, og ég hef áður komið hér aðeins inn á, sem nefndin afgreiðir málið frá sér en leggur til að II. kafli verði felldur brott úr frumvarpinu. Því er vísað til dómsmálaráðuneytisins að vinna málið frekar og leggja það að nýju fyrir þingið á komandi haustþingi.

Ég ítreka það sem segir í nefndarálitinu um II. kafla frumvarpsins að hér er á ferðinni afar brýnt úrlausnarefni sem mikilvægt er að komið verði í traustan farveg hið fyrsta.

Nefndin leggur til að frumvarp þetta verði samþykkt með þeim breytingum sem er að finna í breytingartillögum á þskj. 1339. Ágúst Ólafur Ágústsson, Bryndís Hlöðversdóttir og Guðrún Ögmundsdóttir skrifuðu þó undir með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:03]

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 587. mál (tannlæknakostnaður aldraðra, öryrkja og barna). — Þskj. 879, nál. 1296, brtt. 1320 og 1321.

[20:00]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. heilbrigðis- og tryggingnefndar um 587. mál sem er frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Í nefndarálitinu, sem er á þskj. 1296 eru tilgreindir þeir aðilar sem nefndin fékk á sinn fund vegna þessa máls og jafnframt taldir upp þeir aðilar sem skiluðu nefndinni umsögn um málið.

Með þessu máli er lögð til breyting á 37. gr. laga um almannatryggingar sem varðar greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í tannlæknaþjónustu og felur í sér að ákvæði í núgildandi lögum um að sjúkratryggingar greiði ekki fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr elli- og örorkulífeyrisþega verði fellt niður og að nánari reglur um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga verði settar í reglugerð. Þá er enn fremur lagt til að aldursviðmið greiðsluþátttöku sjúkratrygginga barna verði hækkað og miðist við börn yngri en 18 ára.

Nefndin ræddi nokkuð þá breytingu sem frumvarpið felur í sér um að framvegis verði kveðið á um kostnaðarþátttöku sjúkratrygginga í reglugerð. Kom fram á fundum nefndarinnar að gildandi lagaákvæði hefðu komið í veg fyrir sveigjanleika og að bann 37. gr. við greiðsluþátttöku í gullfyllingum, krónum eða brúm hefði staðið í vegi fyrir því að unnt yrði að ná þeim markmiðum varðandi tannheilsu sem að var stefnt í heilbrigðisáætlun til ársins 2010. Markmið heilbrigðisáætlunar er að yfir helmingur fólks 65 ára og eldra hafi a.m.k. 20 tennur í biti.

Þá kom einnig fram að í framkvæmd hefði greiðsluþátttaka sjúkratrygginga í tannlæknakostnaði barna miðast við börn yngri en 18 ára þrátt fyrir að ákvæði 37. gr. miðist við börn yngri en 15 og 16 ára, en að sú framkvæmd hafi byggst á heimild í lokamálsgrein 36. gr. almannatryggingalaga þar sem er heimilt að taka frekari þátt í kostnaði Tryggingastofnunar en mælt er fyrir um í þessari 37. gr. Það kom líka fram að það sama á við um greiðsluhlutfall langsjúkra aldraðra og öryrkja sem dvelja á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum en í framkvæmd hefur greiðsluþátttakan fyrir þessa sem njóta sjúkratryggingar verið 100% af gjaldskrá ráðherra.

Meiri hlutinn fellst á að tilhögun sú að kostnaðarþátttakan verði útfærð í reglugerð verði til þess fallin að auka sveigjanleika og geri ráðherra betur kleift að framfylgja stefnumörkun heilbrigðisáætlunar, tryggja að reglurnar séu í samræmi við þróun nútímatannlækninga, halda útgjöldum innan áætlana og ramma fjárlaga og enn fremur að nýta til fulls og sem best það fjármagn sem ráðherra hefur til framkvæmda í samræmi við markaða stefnu í málaflokknum. Meiri hlutinn vísar til þess í nefndaráliti líka að hann telji þessa tilhögun eðlilegri þegar litið er til ákvæða almannatryggingalaga um aðra heilbrigðisþjónustu, svo sem sérfræðilæknaþjónustunnar, en umfang hennar og réttur sjúklinga ræðst alfarið af samningum Tryggingastofnunar ríkisins við sérfræðilækna en ekki af nákvæmri sundurliðun í lögunum, en hins vegar er kostnaðarhlutdeild sjúklinga er ákveðin með reglugerð og gjaldskrá.

Meiri hlutinn leggur áherslu á mikilvægi þess að hlutfall greiðsluþátttöku almannatrygginga í tannlæknakostnaði verði ekki lægra en nú er og gilt hefur í framkvæmd og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en hv. þingmenn Ágúst Ólafur Ágústsson, Þuríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Að nefndaráliti þessu standa auk framsögumanns hv. þingmenn Drífa Hjartardóttir, Bjarni Benediktsson og Una María Óskarsdóttir, en aðrir hv. þingmenn þrír sem ég taldi upp, Ágúst Ólafur Ágústsson, Þuríður Backman og Guðrún Ögmundsdóttir skrifa undir með fyrirvara eins og fyrr sagði.

[20:04]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Ég skrifaði undir þetta nefndarálit um frumvarp til laga um almannatryggingar, um tannlækningar, með fyrirvara. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs fögnum vitaskuld þeim breytingum sem gerðar eru til þess að auka réttindi sjúkratryggðra, barna og ungmenna, aldraðra og ellilífeyrisþega og þeirri breytingu sem lögð er til, þ.e. að rýmka ákvæði um greiðsluþátttöku varðandi þá möguleika sem eru fyrir hendi núna þannig að þeir eldri sem missa tennur geti fengið sett tannplönt eða fengið endurgreiðslur varðandi aðrar aðgerðir en að láta rífa

úr sér tennurnar og fá sér falskar tennur. Þessu ber að fagna og eru þessar breytingar á lögum um almannatryggingar að hluta til gerðar til þess að geta rýmkað til og komið fleiri aðgerðum að en verið hefur.

Fyrirvari minn er sá ég tel að með frumvarpinu sé verið að vísa til þess að eðlilegt sé að hafa ákvæði um endurgreiðslu úr sjúkrasjóði varðandi tannlækningar í reglugerð svo að meiri sveigjanleiki sé fyrir hæstv. ráðherra til að breyta reglunum með tilliti til nýrra úrræða og eins vegna stöðu sjúkratryggingasjóðs, þ.e. að þá sé hægt að fjölga aðgerðum eða draga saman eftir því sem fjárveitingar segja til um. Eins er um endurgreiðslu úr sjúkrasjóði hvað varðar aðra sérfræðiþjónustu því ákveðnir samningar gilda á milli sérfræðinga og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og því eðlilegt að til þeirra samninga sé vísað í reglugerð.

En nú vill svo til að tannlæknar eru einir af fáum heilbrigðisstarfsmönnum, sérfræðingum, sem samningar hafa ekki tekist við í nokkur ár og hefur ekki verið samningur í gildi frá 1999 að mig minnir. Nú er í gildi gjaldskrá sem ráðherra setur einhliða og sú gjaldskrá hefur ekki fylgt verðlagsþróun. Hún hefur ekki hækkað eins og var meðan samningar voru í gildi og það hefur dregið mjög í sundur á milli gjaldskrár ráðherra og gjaldskrár tannlækna. Ég tel að á meðan þetta ástand varir, sem vonandi linnir nú innan tíðar, sé eðlilegra að binda áfram í lagatexta endurgreiðsluhlutfall sem rétthafar til endurgreiðslu úr sjúkrasjóði eiga rétt á en að öll útfærsla á því hvað sjúklingar eigi rétt á, þ.e. hvers konar tannlækningar sjúklingar eigi rétt á, hvort þetta eru almennar tannlækningar, skorufyllingar, gull, krónur, tannpartar, tannplönt eða hvað það nú er, sé aftur á móti sett í reglugerð.

Hæstv. forseti. Fyrir þinginu liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar. Það er á þskj. 235 og er 229. mál. Við hv. þingmenn Ögmundur Jónasson lögðum það fram í vetur. Þar eru lagðar til breytingar á endurgreiðslu vegna tannlæknaþjónustu. Þar er endurgreiðsluhlutfallið bundið í lagatextanum en vísað til reglugerðar hvað varðar útfærslu og lagt til að þær reglur byggi á endurgreiðsluhlutfallinu sem kemur fram í lagatextanum. Ég tel miðað við þá stöðu sem við stöndum frammi fyrir núna, að ekki sé í gildi samningur, að eðlilegt sé að hafa endurgreiðsluhlutfallið í lagatextanum en annað í reglugerð.

Ég vil einnig benda á að í breytingartillögu sem ég legg fram samkvæmt þessu á þskj. 1321 — það er 587. mál — er lagt til að endurgreiðsluhlutfallið verði nokkru hærra en kemur fram í frumvarpinu, í reglugerðardrögum sem frumvarpinu fylgja. Það er líka einsdæmi að bæði í breytingartillögunum sem hér koma fram og eins í reglugerðarákvæðunum er gengið út frá tekjutryggingu, gengið út frá tekjum einstaklinganna, aldraða og öryrkja, hvað varðar endurgreiðsluhlutfallið.

Ákvæði í lögum um sérstök eyðublöð sem tannlæknar eiga að nota er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Reikningi fyrir tannlæknaþjónustu skal framvísað á reikningsformi sem Tryggingastofnun ákveður."

Ég tel að ef nokkuð sé reglugerðarákvæði þá sé það þessi klausa og legg til að hún falli brott og fari inn í reglugerð.

Hæstv. forseti. Ég vil líka benda á að með því að vísa til reglugerðarinnar og ef sú reglugerð sem fram kemur í frumvarpinu verður sett af hæstv. ráðherra þá kemur þar fram að fyrir tannpartana komi ákveðin föst greiðsla sem geti orðið allt að 80 þús. kr. á ári. En miðað við þá aðgerð sem hér um ræðir er ljóst að mikill munur er á þeirri kostnaðaráætlun sem heilbrigðisráðuneytið setur upp varðandi þessa viðgerð eða tannlækningar og raunkostnaði hjá tannlæknum. Munar þar helmingi eða meira. Þó að maður fagni þessum breytingum finnst mér annmarkar á reglugerðinni, m.a. hvað varðar þessa föstu greiðslu. Ég tel því að réttast væri að gjaldskrá ráðherra mundi liggja það nálægt raunverulegri gjaldskrá tannlækna að hægt væri að miða við ákveðið endurgreiðsluhlutfall en ekki svona fasta tölu.

Hæstv. forseti. Ég mun að svo komnu máli ekki hafa fleiri orð um þessa breytingartillögu sem ég legg fram. Ég styð þá rýmkun sem gerð er hvað varðar endurgreiðslu til aldraða og öryrkja. Ég hvet hæstv. ráðherra og tannlæknastéttina til þess að einhenda sér í að koma á samningum milli þessara aðila svo að hægt sé að fara í þá breytingu sem lögð er til þannig að sjúklingar fái endurgreitt nokkurn veginn miðað við raunkostnað.

[20:14]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. þm. Þuríðar Backman sem stendur að því nefndaráliti, að vísu með fyrirvara, sem ég er nýbúin að mæla fyrir vildi ég bara fyrst og fremst árétta það að umfang greiðsluþátttöku almannatrygginga eða sjúkratryggingganna í tannlæknakostnaði ræðst fyrst og fremst af framlögum á fjárlögum til þessa málaflokks. Það er sá ytri rammi sem ráðherra hefur til að gera ráðstafanir innan málaflokksins. Það er sá rammi sem ræður því hvert umfang tannlæknaþjónustunnar er sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða. Ég vildi líka árétta það sem ég kom inn á þegar ég gerði grein fyrir nefndarálitinu, herra forseti, að þrátt fyrir ákvæðin, greiðsluhlutfallið, eins og 37. gr. almannatryggingalaganna gerir grein fyrir, hefur ráðherra hvað varðar þá sem eru langsjúkir á sjúkrahúsum, dvalar- og hjúkrunarheimilum, og eins varðandi unglingana, gengið lengra með sérstakri heimild í 36. gr. Hann hefur gengið lengra og með því tryggt að sá rammi sem honum er settur í fjárlögum er fullnýttur til að þjónusta þessa sjúklinga og greiða niður tannlæknakostnað þeirra.

Ég held því þess vegna fram, herra forseti, að réttur sjúklinga sé engu betur tryggður með því að hafa greiðsluhlutfallið í lögunum frekar en að hafa það í reglugerð eins og meiri hlutinn styður að verði gert í frumvarpinu sem við erum að ræða. Ég bendi líka á að á ráðherra hvílir líka sú skylda að halda útgjöldunum innan þessara áætlana til hvers af sviðunum fyrir sig og innan ramma fjárlaganna en á honum hvílir enn fremur sú skylda að nýta þetta fjármagn sem best. Og m.a. með þeirri breytingu sem við erum að leggja til hér er hann að tryggja það að hann nýti það til fulls.

[20:16]

Þuríður Backman *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fram hefur komið að hæstv. ráðherra

hefur nú um 45 milljónir úr að spila sem hann ætlar sem betur fer að nýta til þess að auka þjónustu við aldraða og öryrkja og sérstaklega að koma til móts við þarfir þeirra sem vilja bæta ástand tannanna og fá sér tannparta í staðinn fyrir að láta rífa úr sér tennurnar og fá sér falskar.

En þar sem það er fjárhagsrammi sem á að móta stefnuna eða marka það endurgreiðsluhlutfall sem sjúklingar eiga að fá þá tel ég að farið sé öfugt í hlutina, það eigi að meta, horfa á heilbrigðisáætlun og hvaða markmið við setjum okkur, það eigi að horfa á tannheilsu barna og unglinga undir tvítugu, aldraðra og öryrkja og áætla það fjármagn sem þurfi til þess að standa undir þeim kostnaði.

Nokkur undanfarin ár hafa ekki allar fjárheimildir verið nýttar til endurgreiðslu fyrir tannlækningar þannig að sú staða getur líka komið upp, hæstv. forseti, að farið verði í áframhaldandi aðhaldsaðgerðir eða niðurskurð og það getur verið á þessu sviði eins og hverju öðru, og þá er réttur sjúklinganna ekki eins tryggður ef hægt er að breyta endurgreiðsluhlutfallinu eða heimild ráðherra til þess að fara í ákveðnar aðgerðir, samanber þær sem hann leggur til í hjálögðum tillögum í reglugerð og ég styð, en réttindin eru skert frá þeim tillögum sem kynntar eru í reglugerðardrögum. Ég tel því að endurgreiðsluhlutfallið — á meðan ekki eru samningar á milli tannlækna og ráðherra sé tryggara að binda réttindi í lagatexta.

[20:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við ræðum breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 117 frá 1993. Eins og kom fram í nefndaráliti sem mælt var fyrir áðan er verið að leggja til breytingar á almannatryggingalögunum í þá veru að verið er að taka út úr lögunum réttindi til endurgreiðslu á tannlækningum og færa yfir í reglugerð, en reglugerðin hefur fylgt með málinu og eru í henni allnokkrar réttarbætur fyrir bæði elli- og örorkulífeyrisþega. Sömuleiðis er aukinn réttur barna frá því að miða við 16 ár og upp í 18 ár. Samkvæmt reglugerðinni sem fylgir með þingmálinu er verið að auka eða rýmka réttinn fyrir greiðslu á tannlæknavinnu sem ekki var greitt fyrir áður, þ.e. fyrir gullfyllingar, krónur og brýr hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

Þetta er náttúrlega verið að gera til að reyna að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur í heilbrigðisáætlun til ársins 2010 en markmiðin eru þau að yfir helmingur fólks 65 ára og eldra hafi a.m.k. 20 tennur í biti. Það er náttúrlega ljóst að við gætum ekki náð því markmiði ef við ætlum að halda við þær reglur sem giltu og gilda þangað til þessu verður breytt þar sem eldra fólk er í rauninni nánast hvatt til þess að láta rífa úr sér tennurnar frekar en að láta gera við þær, miðað við greiðsluþátttöku almannatrygginga í tannlæknaviðgerðum.

Eins og kemur fram í nefndarálitinu var ég ekki viðstödd þegar málið var afgreitt úr nefndinni en félagar mínir í Samfylkingunni skrifa undir málið með fyrirvara og hefði ég gert slíkt hið sama ef ég hefði setið fundinn, og vil ég gjarnan láta koma fram hver sá fyrirvari er. Sömuleiðis höfum við lagt fram breytingartillögu. En fyrirvarinn er sá að verið er að taka úr lögunum þennan rétt til endurgreiðslu og setja hann inn í reglugerð. Það tel ég vera mjög varhugavert og það hefur sýnt sig að þegar réttindi, sérstaklega í almannatryggingunum, eru í reglugerð er mjög gjarnan gripið til þess ráðs þegar harðnar á dalnum eða ríkisstjórnin telur sig þurfa að spara einhvers staðar að reglugerð sé breytt hjá almannatryggingunum. Þó að verið sé að bæta réttindin í reglugerðinni er rétturinn þarna ekki eins skýlaus og þegar hann er í lögunum því að þá þarf þetta alltaf að koma fyrir þingið og ræðast hér ef verið er að skerða eða auka réttinn, eftir því hvort er, þá þarf að ræða það hér. Það tel ég vera mikilvægt því að það á auðvitað að koma hér upp á borð.

Bæði Samtök aldraðra og Öryrkjabandalagið hafa bent á hvað mikið af réttindum þeirra er í reglugerðum og hvernig það hefur leikið þá. Ég ætla ekki að fara að lesa það allt upp en það kom fram í máli þeirra á nefndarfundi að búið væri að skerða í marga tugi skipta, 50 skipti, skrifaði ég eftir þeim, reglugerðir án samráðs og þar með er verið að skerða réttinn. Ég vil minna á nýlega reglugerð um endurhæfingu, reglugerð um greiðsluþátttöku vegna bifreiðakaupastyrkja og auðvitað má taka margt, margt fleira. Það væri til að æra óstöðugan að taka öll þau atriði þegar verið er að breyta reglugerðunum og það kemur auðvitað aldrei til umræðu í þinginu nema maður veki athygli á því í utandagskrárumræðu eða einhverju slíku.

Þess vegna teljum við að við eigum að halda í að þessi réttindi séu í lögunum og við leggjum fram breytingartillögu, sú sem hér stendur ásamt hv. þingmönnum Guðrúnu Ögmundsdóttur og Ágústi Ólafi Ágústssyni, þar sem við setjum réttindi til endurgreiðslu öll inn í lögin en nánari útfærsla er síðan í reglugerð.

Auk þess að taka þessi atriði sem snúa að elli- og örorkulífeyrisþegunum og eru í reglugerðinni töldum við óeðlilegt að andlega þroskahamlaðir einstaklingar 18 ára og eldri ættu að fá aðeins 90% endurgreiðslu, þannig að við bættum þeim inn í lögin með 100% endurgreiðslu. Ég vil minna á það, eins og komið hefur fram í umræðunni, að þó svo að þessar prósentur á endurgreiðslu séu 100% er það auðvitað ekki 100% þegar upp er staðið vegna þess að hér er verið að miða við prósentutölur af gjaldskrá ráðherra og hún er oftar en ekki mun lægri en sú gjaldskrá sem tannlæknar nota. Þó svo að fólk sé með 100% greiðsluþátttöku frá almannatryggingunum stendur það samt uppi með ákveðinn kostnað í lok aðgerðar.

Í einni umsögninni er einmitt bent á hvernig eldri borgari sem lenti í tannviðgerð og þurfti að greiða fyrir hana stóð uppi með mjög mikinn kostnað. Hann var kominn með rúmar 81 þús. kr. fyrir viðgerð á einni tönn. Við getum ímyndað okkur hversu erfitt það er fyrir ellilífeyrisþega sem er eingöngu með greiðslur frá almannatryggingunum. Þetta er því nokkuð snúið mál enda benda Samtök eldri borgara á að það geti verið ansi flókið fyrir marga að skilja hvernig þessu er háttað.

Landssamband eldri borgara segir einnig í umsögn sinni að það telji ekki líklegt að þessar nýju breytingar dugi til þess að ná þeim markmiðum sem Alþingi setti sér með samþykkt sinni 20. maí, en það verður auðvitað bara að koma í ljós. Það bendir einnig á að alltaf er nokkur fjöldi fólks sem ekki hefur tök á því að veita sér þessa þjónustu vegna kostnaðar. Þetta á ekki eingöngu við um eldri borgara, þetta á við um mjög marga aðra, t.d. þá sem eru at-

vinnulausir og fólk sem er illa statt fjárhagslega. Ég er nýbúin að fá inn á borð til mín mjög slæmt dæmi um slíkt, að fólk sem er með mjög lágar tekjur eða atvinnulaust getur ekki leyft sér að láta gera við tennurnar í sér. Það getur auðvitað orðið dálítið dýrt þegar upp er staðið fyrir samfélagið ef þetta fer að gerast. Einnig er bent á að tannviðgerðir barna þessa fólks, sem þurfa auðvitað tannviðgerðir líka, getur verið allverulegur baggi á heimilum.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna, við gætum vissulega talað um þetta fram eftir nóttu því að það eru ýmis mál sem mætti ræða í tengslum við þessa breytingu. En eins og ég sagði við 1. umr. málsins fagna ég því að ráðherra skuli breyta þessum reglum þannig að fólk geti látið gera við tennurnar í sér og þurfi ekki að láta rífa úr sér allar tennurnar ef þær eru orðnar illa farnar. Það er auðvitað verið að færa þessar reglur að nútímalegri háttum.

Við gagnrýnum það að þessi réttur skuli vera tekinn út úr lögunum og settur inn í reglugerðina og breytingartillaga okkar, sem ég ætla nú ekki að fara að lesa hér orð fyrir orð, liggur fyrir á þskj. 1320. Þar er gert ráð fyrir að þessi endurgreiðsluréttur sé áfram í lögunum og einnig að andlega þroskahamlaðir einstaklingar 18 ára og eldri fái 100% endurgreiðslu en ekki 90% eins og reglugerð ráðherra gerir ráð fyrir. Það er sú breyting sem við gerum en að öðru leyti útfæri ráðherrann málið nánar í reglugerð eins og hann hefur gert með ýmsar aðrar greiðslur. Þó svo að reglurnar eins og þær eru í dag séu í lögunum var nánari útfærsla hjá ráðherranum í reglugerð. Við viljum halda þessum atriðum í lögunum.

[20:29]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði sem ég vildi árétta út af ræðu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur.

Annars vegar, varðandi gjaldskrá tannlækna, benti hv. þingmaður réttilega á að í einhverjum tilvikum munar töluverðu á gjaldskrá ráðherra sem greiðsluþátttakan miðast við og gjaldskrá tannlækna. Nú er það þannig að samningar hafa ekki tekist mörg undanfarin ár við tannlækna þrátt fyrir að gjaldskrá ráðherra hafi verið hækkuð, síðast um 4% og lotið hækkun milli ára. En gjaldskrá tannlækna er frjáls, þeir ráða því sjálfir hvaða gjald þeir taka fyrir sína þjónustu. Aftur á móti hefur komið fram, m.a. í skriflegu svari frá ráðherra varðandi þennan mun, að 10% tannlækna séu þó í takt við gjaldskrá ráðherra og önnur 10% eru ekki nema 10% hærri. Einhverjir möguleikar eru þar til að finna tannlækni til að vinna fyrir sig þessa vinnu samkvæmt þeirri gjaldskrá sem ráðherra tekur mið af.

Hins vegar, af því að fyrirvari hv. þingmanns gengur út á að það sé hættulegt, út frá réttindum hins sjúkratryggða, að færa þessi réttindi í reglugerð. Hv. þingmaður tók dæmi um styrki til bifreiðakaupa sem öryrkjar geta sótt um. Ég vil leiðrétta þann misskilning að það hafi leitt til þess að kjör eða aðstæður öryrkja séu á einhvern hátt fyrir borð bornir. Með þessari sérstöku reglugerð vill svo til að árið 2003 runnu í þetta 164 millj. kr. Árin 2002–2004 hafa farið í þetta tæpar 500 millj. kr. Ef þetta er skerðing á réttindum þá bara skil ég ekki hvað hv. þingmaður er tala um.

Hv. þingmaður slær tilteknum hlutum fram án þess að færa fullnægjandi rök fyrir þeim. Þarna hafa framlögin til að styrkja bifreiðakaup öryrkja þvert á móti stóraukist.

Þetta vildi ég endilega fá að leiðrétta og eins benda á (Forseti hringir.) að ráðherra hefur alltaf gert betur en lögin hafa kveðið á um.

[20:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður rekur málið ansi stutt aftur í tímann. Það vill nú svo til að ég hef fylgst með almannatryggingunum mjög lengi og þekki mörg dæmi um það að í reglugerð hafi réttindi verið skert, þar vil ég t.d. nefna lyfjareglugerðir, þar sem greiðsluþátttaka almannatrygginganna í lyfjakostnaði hefur iðulega verið skert í gegnum reglugerðarbreytingu.

Ég nefndi einnig bifreiðakaupastyrkina enda er svo, og hefur það verið svo undanfarið í tíð þessarar ríkisstjórnar og ríkisstjórna Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, að eftir kosningar hafa greiðslur samkvæmt reglugerðinni verið skertar en síðan hefur þetta aðeins lagast. Þegar komið er að kosningum þá er bætt í en síðan aftur eftir kosningar hefur verið aftur skorið niður og reglugerð breytt, en síðan þegar fer að nálgast aftur kosningar þá hefur þetta lagast. Þetta hefur verið svona. Ef hv. þingmaður vill koma í umræður um það þá get ég alveg tínt til allar þessar reglur og hef meira að segja margar hverjar mjög ljósar í hugskoti mínu. Ég iðulega farið í gegnum þessar breytingar og get rakið það lengra aftur í tímann en hv. þingmaður hefur setið hér á þingi og fylgst með þessum málum.

Ég verð að mótmæla þessu. Þótt þetta hafi lagast eitthvað í seinni tíð, enda hefur verið góðæri í landinu, þá segir reynslan mér og öðrum, svo sem lífeyrisþegum, öldruðum og öryrkjum, að þetta sé síðri réttur vegna þess að reglugerðum er iðulega breytt eftir því hvernig stendur í bólið hjá hverri ríkisstjórn fyrir sig.

[20:34]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að nefna að ég var ekki nógu skýr hér áðan en í mörg undanfarin ár hefur þessi fjárhæð til að styrkja bifreiðakaup aldrei farið upp fyrir 200 millj. kr., fyrr en árið 2003. Þá fór hún upp í rúmar 500 millj. kr. og á árinu 2004 var hún tæpar 500 millj. kr. Hún hafði aldrei farið upp fyrir 200 millj. kr. fram að því.

Fyrirvari hv. þingmanns gengur enn og aftur út á að reglugerðarleiðin sé notuð til að skerða kjör þeirra sem treysta m.a. á greiðslur úr sjúkratryggingu almannatrygginga. Þess vegna vil ég enn og aftur árétta að ástæðan fyrir því að þetta frumvarp kemur fram er sú að sumir kostnaðarliðirnir eru undir áætlun, innan ramma fjárlaganna, og ráðherra er að nýta 45 milljónir, það má kalla það eins konar afgang, til að opna fyrir þessa bættu þjónustu við ellilífeyrisþega með föstu tanngervunum, sem áður var bannað að taka þátt í. Það hefur líka komið fram, við meðferð málsins, að mörg undanfarin ár, með stoð í 36. gr. almannatryggingalaga, hefur ráðherra gert betur. Í staðinn fyrir að greiðsluþátttaka sé bundin við 15 og 16 ára þá hefur

greiðsluþátttakan verið fyrir 18 ára. Sjúkratryggingarnar hafa einnig tekið 100%, samkvæmt gjaldskrá ráðherra, þátt í kostnaði við tannlæknisþjónustu hjá þeim sem eru inni á sjúkraheimilum og eru langsjúkir.

Þvert á móti hefur sveigjanleikinn tryggt betri þjónustu, þjónustu sem er meira í takt við nútímaþróun í tannlækningum og með honum er fjárlagaramminn nýttur til fulls.

Ég ætla að segja það enn og aftur að það er fyrst og fremst fjárlagaramminn, fjárheimildir Alþingis, sem ráða því hvert umfang sjúkratrygginganna er, í tannlæknisþjónustu eins og öðru.

[20:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Ég var ekki, herra forseti, að tala um hvort ráðherra hefði gert betur eða verr. Ég benti á að það er auðveldara að breyta reglum í reglugerð en að þurfa að fara með það í gegnum þingið og taka þá umræðu hér. Þess vegna vilja ráðherrar frekar hafa slíkt í reglugerð, vegna þess að það er þægilegra fyrir þá, ef þeir þurfa að draga saman, að breyta því án þess að það komi athugasemdir við það.

Ég minni á að nýverið, af því hv. þingmaður hefur gert mikið úr því að það sé verið að gera betur við fólk, var reglum um þjálfun fyrir hreyfihamlaða breytt. Þar var aldeilis ekki gert betur við þá. Þar var rétturinn minnkaður og auknar álögur á öryrkja og fatlaða sem þurfa að vera í stöðugri þjálfun. Þetta ætti hv. þingmaður að kynna sér. Þar var réttur inn skertur og álögurnar auknar með reglugerðarbreytingu. Við viljum koma í veg fyrir að svo verði gert með tannlækningarnar, að með því að hafa þær áfram inni í lögunum sé a.m.k. hægt að fara í gegnum umræðurnar á þinginu ef menn hafa slík áform.

[20:37]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég skrifa ekki undir þetta nefndarálit þótt ég eigi sæti í heilbrigðis- og tryggingaefnd og hafi verið viðstaddur þegar málið var afgreitt. Ég er á móti því af tveimur ástæðum.

Í fyrsta lagi kemur fram í greinargerð fjármálaráðuneytisins, fylgiskjali, að óljóst sé hversu stór hluti muni nýta sér þessi réttindi og að 40 þúsund einstaklingar sem falli í þann hóp geti nýtt sér þetta. Sé einungis gert ráð fyrir að 10% þeirra noti réttinn og fái bætur þá gætu útgjöld ríkissjóðs verið 200–240 millj. kr. en ekki 40 millj. kr. eins og hér hefur verið rætt um. Það er í fyrsta lagi af umhyggju fyrir ríkissjóði sem ég stend ekki að nefndaráliti.

Seinni ástæðan er vegna öllu alvarlegra máls. Umræðan á Alþingi gengur út á að öryrkjar eigi alltaf bágt. Það er nánast sama hvernig um er rætt og sama hvað gert er, þeir eiga alltaf bágt. Þannig er það bara. Ef notuð er reiknivél sem Tryggingastofnun ríkisins hefur á heimasíðu sinni, tr.is., og reiknað með því að maður sem hefur 240 þús. kr. á mánuði í tekjur, sé hann 75% öryrki, þá kemur nokkuð merkilegt í ljós. Það er svo merkilegt, herra forseti, að í dag mega menn hafa tekjur þótt þeir séu öryrkjar vegna þess að örorkan miðast eingöngu við læknisfræðilegt mat en ekki tekjutap. Ef maður er með 240 þús. kr. á mánuði þá fær hann tekjutryggingu. Sé hann er fertugur þá fær hann tekjutryggingu og ýmislegt fleira, samtals 4.900 kr. Hann er þá kominn með 245 þús. kr. í tekjur. Ef hann er hins vegar er tvítugur þá horfir málið þannig við að þingmenn, í visku sinni, stóðu að því að koma með aldurstengda örorkuuppbót sem ég var eindregið á móti á sínum tíma. Hún er að mínu mati arfavitlaus. En ef hann er tvítugur þá fær hann aldurstengda örorkuuppbót. Þá fær hann 23 þús. kr. á mánuði til viðbótar. Hann er sem sagt með 263 þús. kr. á mánuði. Þetta geta allir þingmenn reiknað út á tr.is og hafa örugglega gert það og skilja þetta í hörgul að sjálfsögðu.

Þannig að maður með 264 þús. kr. á mánuði fær tekjutryggingu og þar með fær hann þetta, ásamt fjölda annarra bóta, t.d. bílastyrk og annað slíkt. Nú er það þannig að meðallaun, samkvæmt ASÍ-taxta, eru 260 þús. kr. eða voru það fyrir stuttu síðan þegar ég skoðaði það síðast. Þannig er meðaljóninn, vinnandi meðalmaður, með nákvæmlega sömu tekjur. Það stendur ekki til að hann fái þessar bætur sem geta numið 60 þús. kr., 75% af 80 þús., 60 þús. kr. fyrir þessar bætur. Hann þarf að borga tannlækningar sínar að fullu. Hann skal líka borga þetta með sköttunum sínum.

Ég held, herra forseti, að hv. þingmenn hafi í sumum tilfellum skotið langt yfir markið. Þeir ættu að fara að skoða hvað þeir eru búnir að samþykkja og fara öðru hvoru inn á Tryggingastofnun ríkisins og athuga ýmis dæmi, t.d. þessi með öryrkjana. (Gripið fram í.) Vissir hópar eru oftryggðir en aðrir látnir borga. Ég get ekki staðið að þessu af þeirri ástæðu. Það er fjöldi fólks með tekjur undir 240 þús. kr. á mánuði, að maður tali nú ekki um 260 þús. kr. Það er fjöldi fólks og hann skal borga tannréttingar sínar og annað slíkt, gullbrýr og annað, að fullu. En öryrkjar skulu fá afslátt af því að þeir fá tekjutryggingu. Þetta er náttúrlega ekki sanngjarnt eða réttlátt, herra forseti. Þeir sem vinna á fullu og borga auk þess iðgjald í lífeyrissjóð af sínum tekjum, sem öryrkinn gerir ekki, 4% iðgjald, félagsgjald í stéttarfélag sem öryrkinn borgar ekki heldur — öryrkinn fær undanþágu — skulu borga tannréttingar sínar að fullu og auk þess borga með sköttunum sínum fyrir öryrkja. Þess vegna segi ég nei við þessu.

[20:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar bara, áður en við ljúkum umræðum um þetta þingmál, að spyrja hv. framsögumann þessa nefndarálits hvernig á því stendur að það kemur ekki fram í nefndarálitinu að hv. þm. Pétur Blöndal hafi verið viðstaddur afgreiðslu málsins en verið á móti því? (**PHB:** Það er aldrei gert.) Mér hefði fundist full ástæða til þess. (**PHB:** Mér líka.) Það er tínt til hverjir eru fjarverandi og hverjir eru viðstaddir og hverjir eru með fyrirvara. En þegar ákveðinn þingmaður er á móti málinu og er ekki með sérálit þá hefði mér fundist full ástæða til að það kæmi fram að hv. þingmaður væri á móti málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög og heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 649. mál (EES-reglur, blóðbanki, lyfjaeftirlitsgjald o.fl.). — Þskj. 981, nál. 1297, brtt. 1298.

[20:43]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. heilbrigðis- og tryggingnefndar um frumvarp um breytingu á lyfjalögum og lögum um heilbrigðisþjónustu á þskj. 1297.

Í nefndarálitinu eru tilgreindir þeir gestir sem komu á fund nefndarinnar vegna málsins og eins þeir sem skiluðu nefndinni umsögnum.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lyfjalögum sem eru tvíþættar, annars vegar vegna nokkurra nýrra tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins og hins vegar eru lagðar til breytingar á álagningu lyfjaeftirlitsgjalda. Helstu breytingar vegna tilskipananna varða eftirlit Lyfjastofnunar með þeirri starfsemi blóðbanka sem varðar m.a. meðferð, geymslu og meðhöndlun blóðs og blóðafurða, nýja og víðari skilgreiningu á lyfjahugtakinu, ákvæði um gildistíma markaðsleyfa og endurnýjun þeirra auk skyldu til að tilkynna fyrirhugaðan samhliða innflutning lyfs til markaðsleyfishafa lyfsins og Lyfjastofnunar. Breytingarnar sem lagðar eru til á álagningu lyfjaeftirlitsgjalds eru þær að eftirlitsgjaldið er lagt á heildarsölu framleiðenda hér á landi en ekki sölu utan hins innlenda markaðar. Þá er bætt við gjaldtökuheimildum til að standa straum af kostnaði við útgáfu vottorða af ýmsu tagi fyrir lyfjafyrirtæki og við vísindalega ráðgjöf sem felur í sér tímafreka og umfangsmikla tæknilega aðstoð.

Að endingu má nefna af efni frumvarpsins að það eru lagðar til breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu þess efnis að bætt verði við sérstöku ákvæði um blóðbanka inn í lögin um heilbrigðisþjónustu. Þetta ákvæði er komið til vegna innleiðingar á tilskipun um blóð og blóðhluta. Að stærstum hluta eru þetta því tilskipanir sem verið er að leiða í lög.

Nefndin fjallaði sérstaklega um þau ákvæði frumvarpsins sem snerta skyldu heildsala eða dreifingaraðila til að tilkynna Lyfjastofnun og markaðsleyfishafa um allan fyrirhugaðan samhliða innflutning. Kom fram á fundum nefndarinnar að að baki tilkynningaskyldunni, sem er ný og hefur ekki verið til staðar áður, búi öryggissjónarmið og hagsmunir sjúklinga hvort sem um tilkynningu til Lyfjastofnunar eða markaðsleyfishafa sé að ræða. Lyfjastofnun sé þannig nauðsynlegt vegna eftirlitsskyldu sinnar og á grundvelli öryggissjónarmiða að fá tilkynningar um allan innflutning til þess að hún hafi ávallt upplýsingar um hvaða lyf eru flutt inn. Nauðsyn markaðsleyfishafa til þess að fá upplýsingarnar helgast af því að hann ber ábyrgð á framleiðslu sinni og þarf á grundvelli þeirrar ábyrgðar að hafa vitneskju um hvar framleiðsla hans er á markaði. Þannig sé tryggt að rekjanleiki sé fyrir hendi þurfi af einhverjum ástæðum að innkalla tiltekna framleiðslulotu og minnka þá einnig líkur á því að fölsuð lyf komist inn í dreifingarkeðjuna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild til að kveða í reglugerð nánar á um skilyrði samhliða innflutnings og málsmeðferð Lyfjastofnunar við veitingu leyfis til slíks innflutnings. Nefndin ræddi nokkuð hvaða upplýsingar innflytjandi þyrfti að veita markaðsleyfishafa og telur mikilvægt vegna samkeppnissjónarmiða að honum verði einungis gert að veita þær upplýsingar um innflutninginn sem nauðsynlegar eru vegna öryggis. Kom fram á fundum nefndarinnar að ekki væri ætlunin að innflytjandi þyrfti að tilkynna hvaðan hann flytti vöruna eða hversu mikið magn væri keypt. Nefndin fellst á það sjónarmið og leggur jafnframt áherslu á að mikilvægt sé að tilkynningin berist með eðlilegum fyrirvara sem sé sanngjarn fyrir báða aðila, þ.e. innflytjanda eða markaðsleyfishafa.

Þá ræddi nefndin sérstaklega ákvæði 7. gr. frumvarpsins sem heimilar ráðherra að gefa út tímabundin og takmörkuð framleiðsluleyfi og kveða nánar á um skilyrði slíkra leyfa í reglugerð um framleiðslu lyfja. Kom fram á fundum nefndarinnar að framkvæmdin hefði verið sú að í framleiðsluleyfinu kæmi fram til hvaða framleiðslu það tæki auk gildistíma þess, en að talið hefði verið rétt að skjóta lagastoðum undir framkvæmdina og bæta einnig við skilgreiningu á orðinu „framleiðsla“ þar sem lögin eru fáorð um þessar leyfisveitingar. Kom fram að rökin fyrir þessari heimild ráðherra væru þau að þegar nýr framleiðandi hefur vinnslu færi fram úttekt Lyfjastofnunar. Þá væri hugsanlegt að framleiðandi þyrfti að uppfylla einhver atriði, sem ekki snertu framleiðsluna með tilliti til gæða og öryggis, og að Lyfjastofnun teldi það ekki hafa þau áhrif á starfsemina að hún gæti ekki hafist. Í slíkum tilvikum gæti stofnunin brugðist við og mælst til að út yrði gefið bráðabirgðastarfsleyfi til skamms tíma, þannig að framleiðanda gæfist kostur á að lagfæra viðkomandi atriði án þess að það kæmi niður á framleiðsluferlinu.

Nefndin ræddi einnig bráðabirgðaákvæði 9. gr. frumvarpsins og kom fram að ákvæðinu væri ætlað að koma í veg fyrir réttaróvissu. Samkvæmt tilskipun 2004/27/EB er gert ráð fyrir að markaðsleyfi lyfs verði endurnýjað í eitt skipti eftir að löggjöfin tekur gildi í nóvember 2005. Með tilvísun í bréf framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, dagsett 18. febrúar 2005, verður umsókn um endurnýjun að innihalda uppfærð gögn um gæði, öryggi og verkun lyfja, þar með talið allar breytingar sem gerðar hafa verið frá því að markaðsleyfi var veitt. Þá verður samkvæmt tilskipuninni að fara fram mat á ábata og/eða áhættu vegna notkunar lyfsins. Kom fram á fundum að það væri sameiginlegur skilningur innan Evrópusambandsins að lyf með miðlægt markaðsleyfi og með markaðsleyfi veitt með gagnkvæmri viðurkenningu verði endurnýjuð í eitt skipti eftir nóvember 2005.

Nefndin fjallaði um þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um heilbrigðisþjónustu og varða blóðbankastarfsemi. Telur nefndin æskilegt í ljósi sérstöðu blóðbankastarfsemi að skoðað verði hvort um þá starfsemi skuli fjallað í sérstökum lögum og jafnframt skoðuð rök og ástæður fyrir rekstrarlega og/eða fjárhagslega sjálfstæðri starfsemi blóðbanka, m.a. með hliðsjón af ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Í frumvarpinu er ekki sérstaklega kveðið á um meðferð persónuupplýsinga í starfsemi blóðbanka. Hinn almenni lagarammi á þessu sviði eru lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og er þar kveðið á um ákveðnar grundvallarreglur sem gilda við meðferð slíkra upplýsinga,

sem og í lögum um réttindi sjúklinga. Nefndin taldi þrátt fyrir það rétt, þegar litið er til sérstöðu blóðbanka, samanber ákvæði tilskipunarinnar, og þess að um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða, að kveða sérstaklega á um það í frumvarpinu að meðferð persónuupplýsinga í blóðbankanum skuli vera í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglugerðir með stoð í þeim, svo og lög um réttindi sjúklinga. Leggur nefndin í samræmi við það til breytingu á 10. gr. frumvarpsins.

Loks leggur nefndin til að bætt verði sérstöku ákvæði við frumvarpið þar sem fram komi að verið sé að innleiða nýjar gerðir Evrópusambandsins.

Hv. heilbrigðis- og tryggginganefnd leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef nú gert grein fyrir og lagðar eru til í sérstöku þingskjali.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. En undir nefndarálitið rita auk framsögumanns hv. þm. Drífa Hjartardóttir, Pétur H. Blöndal, Una María Óskarsdóttir og Bjarni Benediktsson, og loks Ágúst Ólafur Ágústsson og Þuríður Backman, með fyrirvara ásamt Guðrúnu Ögmundsdóttur.

[20:52]

Guðrún Ögmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Við ræðum hér um nefndarálit um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum og lögum um heilbrigðisþjónustu. Eins og fram kom hjá hv. formanni nefndarinnar, sem mælti fyrir álitinu, er ég ein þeirra sem undirrita nefndarálitið með fyrirvara. Sá fyrirvari á fyrst og fremst við um blóðbanka. Það kemur skýrt fram í nefndarálitinu hvernig þeim málum er fyrir komið í þessum lögum með öðrum tilskipunum og það finnst mér á engan hátt ganga. Það er mjög gott, sem fram kemur í nefndarálitinu, að nefndin var sammála um að það væri eitt af því sem ráðuneytið þyrfti að fara nánar ofan í.

Eins og segir þar, með leyfi forseta:

„Nefndin fjallaði um þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um heilbrigðisþjónustu og varða blóðbankastarfsemi. Telur nefndin æskilegt í ljósi sérstöðu blóðbankastarfsemi að skoðað verði hvort um þá starfsemi skuli fjallað í sérstökum lögum og jafnframt rök og ástæður fyrir rekstrarlega og/eða fjárhagslega sjálfstæðri starfsemi blóðbanka, m.a. með hliðsjón af ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.“

Þegar við fengum þessa EES-samþykkt í hendur eða tilskipunina þá kom í ljós að hún er 34 greinar og margar blaðsíður. Svo ég tæpi á nokkrum þáttum hennar þá er þar t.d. talað um blóðbanka sjúkrahúsa, rýni- og gæðaeftirlit með blóði, gæðastjórnun og innra gæðaeftirlit með blóði, ábyrgð blóðbankanna, skilgreiningar, skráningar, persónuvernd, rekjanleika blóðs, skimun, sjálfboðaliða, hverjir megi gefa blóð og hverjir ekki, prófanir, hvað megi prófa, vernd gegn aðgangi að tölfræðilegum upplýsingum og hverjir, hvar og hvernig eigi að hafa þann aðgang.

Hér er í raun um mjög ítarlegan lagabálk og afar mikilvægan að ræða. Ég vil því endilega hvetja til þess, eins og kemur fram í nefndarálitinu, að því verði sérstaklega beint til heilbrigðisráðherra og heilbrigðisráðuneytis að í þetta mál verði gengið og lögum um blóðbanka verði komið fyrir í sérlögum, þótt auðvitað gildi sem stendur lög um persónuvernd og persónuupplýsingar gagnvart réttindum sjúklinganna þannig að við tryggjum þetta að vissu marki í bili. En eins og tilskipunin er getur engan veginn talist nægjanlegt að það sé gert með einni grein í þessu frumvarpi. Það stenst ekki og er í raun andstætt því gegnsæi sem um er talað.

Ég vona að við eigum eftir að sjá sérstök lög um blóðbanka. Ég veit af vinnunni í ráðuneytinu, að unnið hefur verið að þessari tilskipun að mestu leyti eins og um reglugerð væri að ræða. En ég tel að til að hafa alla hluti uppi á borði þá væri eðlilegt að um þetta giltu sérlög.

En þetta mál er að mörgu leyti gott og fyrirvari minn er fyrst og fremst sá að við hefðum viljað fá ítarleg lög um blóðbanka. Við hefðum þar af leiðandi átt að fella niður 10. gr. frumvarpsins og láta vinna sérlög út frá áðurnefndri tilskipun.

[20:55]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu nefndarálit um breytingu á lyfjalögum og lögum um heilbrigðisþjónustu sem hv. formaður heilbrigðis- og tryggginganefndar hefur gert grein fyrir.

Ég skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara og þær breytingartillögur sem nefndin leggur. Ég vil því gera grein fyrir fyrirvara mínum en hann snýr að blóðbankanum og blóðbankastarfseminni rétt eins og fyrirvari hv. þm. Guðrúnar Ögmundsdóttur.

Tilskipun Evrópusambandsins er mjög ítarleg. Starfsemi blóðbanka er í örri þróun og hefur verið mörg undanfarin ár en þeir gegna mjög mikilvægu hlutverki í heilbrigðisþjónustunni. Þetta er mjög sérhæfð starfsemi og mikilvægt að allt innra eftirlit, allar gæðakröfur og varsla persónuupplýsinga séu í fyllsta samræmi við það sem tilskipun Evrópusambandsins hljóðar upp á. Ég tel því mjög mikilvægt að hæstv. heilbrigðisráðherra taki þegar til við að skoða starfsemi blóðbanka og hvort ekki sé rétt að setja sérstök lög um þá starfsemi.

Hæstv. forseti. Ég vil líka leggja áherslu á að miðað við óbreytt lagaumhverfi tel ég mikilvægt að Blóðbankinn og starfsemi Blóðbankans sé fjárhagslega aðskilin starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss. Ég tel það mikilvægt fyrir starfsemina, fyrir öryggi rekstursins, að það komi ekki til niðurskurðar eða breytinga á starfseminni ef til breytinga kæmi á rekstri eða starfsemi annarra deilda háskólasjúkrahússins frekar en orðið hefur. Mikilvægi starfsemi Blóðbankans fyrir landið, sem sérhæfðrar deildar eða stofnunar, hefur ítrekað komið fram.

Hæstv. forseti. Ég vildi útskýra þennan fyrirvara minn og tel ekki ástæðu til að lengja þessa umræðu neitt frekar. Ég vil þó að það komi fram að ótrúlega góð sátt var í nefndinni varðandi þessar breytingar. Lyfjaiðnaðurinn er atvinnugrein þar sem miklir fjármunir eru undir og rannsóknir, framleiðsla og þróun er mjög dýr. Því eru miklir hagsmunir í húfi og hvað varðar samhliða innflutning á lyfjum þá verða hagsmunaárekstrar en ég tel að sú niðurstaða sem hér er hafi fengist í góðri sátt. Ég trúi því að um starfsemi sem tengist samhliða innflutningi lyfja verði betri sátt eftir þessar breytingar.

[21:00]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kemur í nefndaráliti frá hv. heilbrigðis- og trygginganefnd var ég fjarverandi við afgreiðslu málsins. Ég var við alla vinnslu málsins í nefndinni en hafði ekki tök á að vera viðstödd þann fund þegar málið var tekið út. Ég hefði sett sama fyrirvara og félagar mínir í Samfylkingunni og hv. þm. Guðrún Ögmundsdóttir gerði grein fyrir áðan hefði ég skrifað undir málið. Ég legg áherslu á hve mikilvægt sé að sett verði sérstök lög um blóðbankann. Það kom okkur á óvart þegar í ljós kom að ekki voru til nein sérstök lög um blóðbanka. Þarna eru náttúrlega mjög miklar viðkvæmar upplýsingar á ferðinni og mikil starfsemi sem auðvitað þarf að ríkja ákveðin lagasetning um þó svo að hún heyri núna undir ýmis lög eins og persónuvernd og fleiri þætti.

Ég vil gera grein fyrir því hér að ég er sammála þessari lagasetningu. Þarna er náttúrlega verið að setja í lög ákveðnar tilskipanir frá Evrópu og síðan er verið að taka þarna á fleiri þáttum eins og fram hefur komið hér og kemur fram hér í nefndarálitinu sem ég ætla ekki að orðlengja frekar um. En ég vildi gera grein fyrir afstöðu minni hér vegna þess að ég var ekki viðstödd þegar málið var tekið út úr nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 2. umr.

Stjfrv., 698. mál (farmflutningar). — Þskj. 1056, nál. 1254, brtt. 1255 og 1287.

[21:02]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fengið fjölmarga aðila á sinn fund og farið yfir málið.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem fyrst og fremst miða að því að einfalda og skýra ákvæði laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi. Vandamál hafa komið upp við framkvæmd laganna og var af þeirri sök farið í þá vinnu að einfalda lögin. Lagt er til að fallið verði frá aðskilnaði í lögunum á milli efnisflutninga og vöruflutninga og orðið farmflutningur tekið upp í staðinn. Samkvæmt gildandi lögum er farmflutningur í eigin þágu ekki leyfisskyldur en aðeins ef hann er takmarkaður hluti af rekstri. Í frumvarpinu er lagt til að það skilyrði verði fellt niður og í staðinn miðað við hvort flutningur er í eigin þágu eða stundaður í atvinnuskyni fyrir aðra gegn gjaldi. Þá er í frumvarpinu lagt til að eftirlit með leyfum verði breytt og fært í það form að Vegagerðin taki við ábendingum um brot á leyfisreglum laganna og geti brugðist við með því að leita upplýsinga um þá flutninga sem ökutæki er notað í. Loks er refsiákvæði laganna gert skýrar. Nefndin telur mikilvægt að þeir starfsmenn Vegagerðarinnar sem munu annast eftirlitið fái fræðslu m.a. um hvernig það skuli framkvæmt og valdmörk.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Að leyfishafa verði gert skylt að festa leyfismerki, sem gefið skal út af Vegagerðinni, í framrúðu eða á númeraplötu bifreiðar sinnar.

10. gr. laganna verði breytt og að leyfisskylt verði að reka bifreiðar sem sérútbúnar eru í sérstakar eðalferðir sem boðnar eru ferðamönnum líkt og nú er með bifreiðar sem sérútbúnar eru til fjallaferða. Með eðalferðum vill nefndin ná yfir það sem ýmsir kalla „lúxusferðir“ þar sem boðnar eru til lengri ferða ríkulega búnar bifreiðar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Jón Bjarnason sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu með fyrirvara.

Undir nefndarálitið skrifa Guðmundur Hallvarðsson, Una María Óskarsdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara, Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara, Guðjón Hjörleifsson, Kristján L. Möller, með fyrirvara, Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara og Magnús Stefánsson.

[21:05]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur nú mælt fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga. Þessi lög eru ekki gömul. Þau eru frá árinu 2001 og eftir því sem mig minnir best held ég að ég hafi einmitt bent á að nokkrar brotalamir væru í þessari lagasetningu sem síðan eru berlega að koma í ljós.

Ég styð þetta nefndarálit með ákveðnum fyrirvörum sem ég ætla að gera grein fyrir. Í fyrsta lagi er það í 9. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um vegagerðarmennina. Þar stendur, með leyfi forseta:

„... er eftirlitsmönnum Vegagerðarinnar heimilt að stöðva ökutæki viðkomandi til að kanna um hvernig flutning er að ræða og hvort starfsemi er leyfisskyld. Vegagerðin getur leitað aðstoðar lögreglu við að stöðva ökutæki í þessum tilvikum.“

Þarna er kveðið á um að Vegagerðinni sé heimilt að stöðva ökutæki. Stöðvun á ökutæki er lögregluaðgerð og við þetta hefur m.a. Landssamband lögreglumanna gert verulegar athugasemdir. Það að hafa vald til þess að stöðva bifreið í akstri þýðir að þá er viðkomandi kominn með lögregluvald. Hann er kominn með blátt ljós á bílinn, hefur orðið rétt til þess að beita blikkljósi sem aðeins lögreglan hefur annars heimild til. Eftirlitsmenn Vegagerðarinnar eru í sjálfu sér ekki lögreglumenn. Þeir hafa einmitt bent á þetta, að þeir hafa hvorki til þessa þjálfun, réttindi né tryggingar og svo er ekki tekið fram í starfssamningum þeirra að þeir eigi að gegna löggæsluhlutverki. Þess vegna er um þetta óvissa.

Landssamband lögreglumanna hefur líka bent á þetta. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna til umsagnar Landssambands lögreglumanna sem varar mjög við því að leggja

það á vegaeftirlitsmenn og heimila þeim að beita lögregluvaldi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að við lög ... um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi bætist ný grein ... er kveðið á um skyldu ökumanns til þess að stöðva ökutæki sitt gefi lögregla eða eftirlitsmaður Vegagerðarinnar stöðvunarmerki. Landssamband lögreglumanna telur að ekki sé forsvaranlegt að aðrir en lögreglumenn hafi stöðvunarheimild ökutækja. Þá er ljóst að í þeim tilvikum er 9. gr. frumvarpsins tilgreinir getur lögregla í öllum tilvikum sinnt stöðvun brotlegra ökutækja með fullnægjandi hætti og því ekki þörf á slíkri heimild til handa starfsmönnum Vegagerðarinnar. Þá er bent á að aðeins lögreglumenn búa yfir þekkingu og reynslu um hvernig standa beri að stöðvun ökutækja en rangar aðferðir við slíkt geta haft í för með sér afar alvarlegar afleiðingar fyrir umferðaröryggi á vegum landsins. Í Lögregluskóla ríkisins hljóta lögreglunemar afar nákvæma og ítarlega kennslu og þjálfun í stöðvun ökutækja. Því má ljóst vera að starfsmenn Vegagerðar sem ekki hafa hlotið slíka þjálfun né hafa reynslu af stöðvun ökutækja eru með engu móti í stakk búnir til að taka að sér það verkefni lögreglu."

Ég tel þessa athugasemd frá Landssambandi lögreglumanna mjög alvarlega. Í umsögn frá BSRB, sem er stéttarfélag vegaeftirlitsmanna, er einnig mjög afdráttarlaust tekið undir þessa athugasemd Landssambands lögreglumanna um að vegaeftirlitsmenn verði ekki gerðir að lögreglu.

Þess vegna hef ég lagt fram breytingartillögu, herra forseti, um að þessi setning um að vegaeftirlitsmenn hafi heimild til þess að beita lögregluaðgerð og stöðva ökutæki verði felld niður, þ.e. að orðin „eða eftirlitsmaður Vegagerðarinnar" falli brott þannig að bara lögreglan hafi heimild til þess að beita stöðvunarskyldu og nota til þess lögreglubílaljós og annað því um líkt sem þarf að beita við það og einnig að þurfi að stöðva bifreið þá skuli Vegagerðin leita aðstoðar lögreglu við að stöðva ökutæki í þessum tilvikum.

Herra forseti. Þetta er meginathugasemd mín við þetta frumvarp og nefndarálitið sem hér hefur verið mælt fyrir. Ég tel þetta mjög alvarlegt mál og spyr á hvaða vegferð við séum ef við ætlum að færa vegaeftirlitsmönnum lögregluvald og lögregluskyldur eins og þær að nota forgangsljós á bíl og stöðva bíla á ferð eftir vegunum, beita þannig lögregluaðgerð, en ekkert er á um það kveðið í starfssamningum vegaeftirlitsmanna eða í tryggingum þeirra að þeir hafi slíka heimild.

Ég legg því til, herra forseti, að þetta verði fellt burt úr þessu frumvarpi eins og ég hef gert grein fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, síðari umr.

Stjtill., 721. mál. — Þskj. 1079, nál. 1367 og 1375, brtt. 1368 og 1372.

[21:13]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta samgöngunefndar um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008.

Svo sem kunnugt er er samgönguáætlun mikið þingskjal sem ég þykist vita að þingmenn allir hafi lesið í þaula. Háttvirt samgöngunefnd vann þetta með mjög hefðbundnum hætti. Við fengum hina reglulegu gesti til okkar, einkum frá þeim stofnunum ríkisins sem snerta samgöngur, þ.e. Flugmálastjórn, Siglingastofnun og fulltrúa Vegagerðarinnar, og fórum yfir meginlínur í samgönguáætlun, bæði tekju- og útgjaldahlið. Þar að auki hélt vegamálastjóri ásamt embættismönnum sínum fund með þingmönnum einstakra kjördæma að vanda þar sem áætlunin var skoðuð með þingmönnum kjördæmanna og niðurstöður þeirra funda flutti síðan vegamálastjóri til hv. samgöngunefndar.

Skemmst er frá því að segja, virðulegur forseti, að meiri hluti samgöngunefndar gerir tillögur um óverulegar breytingar á hinu upphaflega þingskjali og eru þær í smærri atriðum, má segja. Lúta þær ekki síst að nafnabreytingum á einstökum vegum. Ég tel ekki ástæðu til þess að lesa þær hér upp en vísa í þskj. 1367 þar að lútandi.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt að meginhluta, en þó með þeim breytingum sem ég gat hér um og eru nefndar á þskj. 1367.

Undir þetta rita auk þess sem hér stendur hv. alþingismenn Arnbjörg Sveinsdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Einar K. Guðfinnsson og Magnús Stefánsson.

[21:16]

Frsm. minni hluta samgn. (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Minni hluti samgöngunefndar harmar að í þeirri þingsályktunartillögu sem hér um ræðir, um samgönguáætlun til næstu fjögurra ára, er lagður til verulegur niðurskurður frá gildandi samgönguáætlun. Heildarniðurskurður á árunum 2005 og 2006 er 5,4 milljarðar kr. að teknu tilliti til vísitölu Vegagerðarinnar. Þessi mikli niðurskurður er umbylting frá digrum kosningavíxlum sem var veifað rétt fyrir kosningarnar 2003 og frægt varð að endemum þegar allt var skorið niður eftir kosningar. Þá átti að gera allt fyrir alla, nú er skorið niður. Niðurskurðurinn mun koma illa niður á ýmsum svæðum. Þremur mánuðum fyrir síðustu þingkosningar kynntu oddvitar stjórnarflokkanna að ríkisstjórnin hefði samþykkt að verja 6 milljörðum kr. næsta eina og hálfa árið til aukinna samgönguframkvæmda og voru ýmis verk talin upp í því samhengi. Nú er komið í ljós að margt af þessu hefur verið slegið af eða frestað inn í framtíðina.

Heildarniðurskurðurinn er að mati okkar í minni hluta samgöngunefndar fjandsamleg aðgerð fyrir byggðina í landinu og er höfuðborgarsvæðið þar alls ekki undanskilið. Sundabraut sem greinilega á að leggja til hliðar er þar að

sjálfsögðu langstærsta og alvarlegasta málið. Hæstv. samgönguráðherra lætur ýmsum spurningum ósvarað í þessari áætlun varðandi Sundabrautina, t.d. hvenær eigi að hefja hönnun mannvirkisins, hvenær framkvæmdir eiga að hefjast, hvenær verklok eru áætluð og hvernig á að fjármagna framkvæmdina. Allt er þetta á reiki og ef ekki fást svör um tímasetningar og áætlanir er ráðherra einfaldlega að snúa baki við Sundabrautinni sem er án efa ein af mest áríðandi vegaframkvæmdum landsins og þá fyrir landsmenn alla

Niðurskurðurinn kemur þó einnig harkalega fram gagnvart öðrum landshlutum en höfuðborgarsvæðinu og er hann í raun óásættanlegur með öllu. Allt tal um byggðastefnu er orðin tóm þegar skera á svo mikið niður í samgöngumálum sem eru langmikilvægasta einstaka málið þegar kemur að hvers konar byggðastefnu. Mikilvægum framkvæmdum er frestað en hvert ár er dýrmætt í mörgum byggðanna þar sem fólk sér ekki fram úr erfiðu ástandi þar sem greiðar samgöngur eru algjört lykilatriði hvort sem litið er til Vestfjarða, Austfjarða eða Vestmannaeyja. Samgöngur eru lykilatriði til að viðhalda og efla byggðina í landinu og því hlýtur að vera spurt, þegar þessi tillaga til samgönguáætlunar er rædd, hvort skynsamlegt sé að skera niður ríkisframlög í þessum málaflokki á meðan ástandið er eins og raun ber vitni. Nei, að sjálfsögðu ekki og það er fráleitt og þarfnast ítarlegra skýringa af hálfu ráðherra þegar kosningavíxlarnir eru fallnir og eftir stendur niðurskurður framlaga á árunum 2005 og 2006.

Dæmi um samdrátt ríkisins á framlögum til vegamála á síðustu árum og áratugum er að árið 1970 voru útgjöld til vegakerfisins sem beint hlutfall af landsframleiðslu 1,35%. Árið 2003 voru útgjöld til vegakerfisins sem hlutfall af landsframleiðslu 1,59%. Árið 2005 eru útgjöld til vegakerfisins sem hlutfall af landsframleiðslu komin niður í 0,92%, sem þýðir 60–70% niðurskurð á framlögum til vegamála sem hlutfall af landsframleiðslu á árunum 2003–2005. Um er að ræða verulegan samdrátt í útgjöldum til vegamála litið til síðustu ára þótt aðeins séu talin þessi tvö ár.

Þetta eru alvarlegar staðreyndir. Að mati minni hlutans á almennt að auka framlög til vegamála og leggja sérstaka áherslu á öflugar tengingar við höfuðborgarsvæðið eins og Sundabraut. Framlög til samgöngumála kalla ekki á veruleg rekstrarframlög í framtíðinni og má fullyrða að í þeim felst sparnaður þegar allt er reiknað. Má þar telja fækkun slysa og ódýrari rekstur bifreiða, minni eldsneytisnotkun með styttri vegalengdum og verulegan tímasparnað vegfarenda sem að sjálfsögðu er mikils virði, sérstaklega þegar litið er til brýnustu framkvæmdanna innan höfuðborgarsvæðisins. Þess vegna er það óskiljanlegt að nú séu útgjöld til vegamála og samgöngumála skorin niður um 5,4 milljarða kr. Það er af sem áður var þegar glitti í kosningarnar handan við hornið.

Minni hlutinn telur að sú lækkun sem lögð er til í tillögunni geti haft miklar afleiðingar á ýmsum svæðum á landinu sem ríkisstjórnin hlýtur að þurfa að bera ábyrgð á.

Að sjálfsögðu er margt jákvætt að finna í þeirri áætlun sem hér um ræðir en þessi heildarniðurskurður gerir hana hins vegar óásættanlega og þannig úr garði að ekki er hægt að styðja áætlunina af því að sá niðurskurður hefur ekki verið rökstuddur með neinum viðunandi hætti. Mörg einstök verkefni er að sjálfsögðu hægt að tína til héðan og þaðan af landinu, framkvæmdir sem búið var að að lofa sérstaklega og má þar nefna Suðurstrandarveg sem var lofað sem sérstakri samgöngubót vegna kjördæmabreytinganna sem áttu sér stað á sínum tíma. Það var sett fram sem sérstök samgönguáætlun, sérstök vegaframkvæmd til að tengja hið nýja kjördæmi saman og átti ekki að hafa áhrif á aðrar framkvæmdir í kjördæminu. Mönnum var ekki stillt upp með það að forgangsraða þeirri framkvæmd fram yfir aðrar af því að stjórnarflokkarnir lofuðu henni sem sérstakri framkvæmd út af kjördæmabreytingunum og fór engin pólitísk umræða fram um að slá öðrum mikilsverðum framkvæmdum innan þess kjördæmis á frest vegna þess.

Í tillögunni er varla minnst á Suðurstrandarveg nema rétt gert ráð fyrir útboði á litlum hluta vegarins. Auk þess átti samkvæmt kosningaloforðum hjá oddvitum stjórnarflokkanna að setja 200 milljónir í lagfæringu á vegi um Hellisheiði og 200 milljónir í Gjábakkaleið og í stóryrtum yfirlýsingum oddvita Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokksins var mikil áhersla lögð á að flýta þessum framkvæmdum sem mest verða mátti. Samkvæmt útskriftum af fréttum frá þessum tíma fullyrti þáverandi hæstv. forsætisráðherra, Davíð Oddsson, til að mynda að að sjálfsögðu sæi fyrir endann á lagningu á Suðurstrandarvegi innan örfárra missira. Allt eru þetta orðin tóm í dag og búið er að svíkja menn um Suðurstrandarveg eins og margar aðrar framkvæmdir í kosningavíxlunum frægu.

Í tillögunni er að sjálfsögðu, eins og ég nefndi áðan, að finna margt jákvætt og þar má nefna að Hellisheiðin og breikkun hennar er komin inn á áætlun. Þar er mikilvægt að gengið sé hratt til verks og sjái fyrir endann á þeim framkvæmdum sem allra fyrst, enda vegurinn mjög fjölfarinn og hættulegur á köflum. Umferðin hefur aukist þar gífurlega mikið á örfáum árum og það þekkja þeir tugir þúsunda íbúa suðvesturhornsins sem eiga heilsárshús og sumarhús einhvers staðar í fjórðungnum og aka þessa leið oft í mánuði árið um kring. Allir þekkja hve umferðarálagið er orðið mikið á veginum og hve hann er orðinn stórhættulegur á köflum. Umferðin hefur til að mynda aukist um 12% einungis á milli áranna 2002 og 2003 á milli Selfoss og Hveragerðis og um heil 70% hefur umferðin aukist yfir Hellisheiðina á síðasta áratug eða svo. Þessari gífurlegu umferðaraukningu verður að svara eins og ráð er fyrir gert hér og ber að fagna því, enda er um að ræða mikið öryggismál og mikið byggðamál. Vegurinn er seinfarinn og hættulegur á köflum þegar álagið er hvað mest og mikilvægt að hrinda breikkun vegarins í framkvæmd sem allra fyrst. Þetta eru nokkur þeirra verkefna sem ber að nefna sérstaklega úr því kjördæmi og mætti tína margt annað til.

Minni hluti samgöngunefndar vísar því ábyrgðinni á þeim harkalega niðurskurði og því hve lítið er lagt til vegamála miðað við útgjöld fyrri ára sem hlutfall af landsframleiðslu alfarið á ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna. Við sjáum engin efnahagsleg rök fyrir því að skera svo grimmt og harkalega niður í framlögum til samgöngumála og alls ekki þegar tekið er tillit til þeirra loforða sem búið var að gefa landsmönnum og kjósendum í aðdraganda síðustu alþingiskosninga og því hve fast var stigið til jarðar í þeim loforðum, hve mikið var sagt, hve miklu var lofað. Enginn rök-

stuðningur hefur komið fram sem réttlætir þau svik við íslenska kjósendur af því að það er ekkert sem blasir við þeim sem því trúðu og því sem fólkinu var sagt.

Af hverju er verið að skera þetta niður núna? Það er engin efnahagsleg vá sem vofir yfir sem mælir því bót að hér sé skorið niður. Þvert á móti, eins og ég nefndi áðan, má frekar fullyrða að veruleg rekstrarframlög til vegamála hafi sparnað í för með sér þegar allt er tekið saman, mikinn sparnað fyrir þjóðarbúið í heild þegar kemur að greiðari götum, greiðari umferð, betri vegum, betri nýtingu á farartækjum, færri slysum og öllu því sem tína má til, enda hefur það gífurlegan kostnað í för með sér þegar alvarleg slys eða minni háttar eiga sér stað, að ekki sé talað um mikilvægi þessara samgönguúrbóta þegar litið er til byggðanna í landinu. Þetta er algjör forsenda fyrir því að byggðir nái að eflast og dafna eða taka við sér þar sem verið hefur mikill samdráttur, mikil fólksfækkun. Í mörgum byggðakjörnum víða um land er algjör meginforsenda að samgöngur séu bættar, að fólkið sjái fram á að bæta eigi samgöngurnar og fólkið upplifi það að standa eigi við stóru orðin sem sett eru fram korteri fyrir kosningar og svikin um leið og búið er að telja upp úr kjörkössunum.

[21:27]

Gunnar Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég mun tala hér fyrir breytingartillögum sem eru breytingartillögur við samgönguáætlun áranna 2005–2008. Þegar þetta var kynnt hér í fyrri umræðu tjáði ég mig um ákveðna hluti sem ég hefði áhuga á að breyta og teldi skynsemi í og plagg mitt liggur hér frammi, breytingar á þessari áætlun. Þetta er þríþætt, í fyrsta lagi flugmálaáætlun, í öðru lagi áætlun fyrir hafnir og í þriðja lagi fyrir vegi.

Það sem breytingarnar hjá mér ganga út á varðandi flugmálaáætlunina er að hætta við lengingu Þingeyrarflugvallar, sem er flugvöllur búinn öllum búnaði og alveg klár í allt, og að 200 milljónir fari í staðinn til lengingar á Egilsstaðaflugvelli. Áætlunarflugi á Þingeyrarflugvöll var hætt fyrir allmörgum árum og nú er hann varaflugvöllur fyrir Ísafjörð. Rökin fyrir því eru þau að flugvélarnar geti ekki lent fulllestaðar á Þingeyri, þær geta ekki verið með nema 30–34 farþega í staðinn fyrir 50. Svo er spurning hvort vélarnar eru alltaf fulllestaðar þegar þær fara á Þingeyri.

Ég aflaði mér upplýsinga um hvað margar lendingar farþegavéla væru á Þingeyri. Á síðasta ári voru þær 19. Farþegar sem fóru um völlinn voru 662, þ.e. til og frá. Það voru einhvers staðar nálægt kannski 20 sæti í hverri vél. Árið 2003 voru 26 lendingar. Það hafa verið um það bil 21 eða 22 sæti. Árið 2002 var afbrigðilegt þar sem framkvæmdir voru við Ísafjarðarflugvöll. Árið 2001 voru þetta 29 lendingar og árið 2000 voru þetta 20 lendingar.

Maður spyr sjálfan sig: Hvers vegna í ósköpunum eru menn að þessu? Ég segi: Menn þyrftu þá að geta sannað að hver einasta vél sem fer þarna vestur þurfi að hafa 50 farþega en þurfi að skilja eftir út af þessu. En samkvæmt þessum tölum er ekki um það að ræða. Mér finnst því ekki vel varið fjármunum að gera þetta svona. Þar að auki kostar 25 milljónir að lengja veginn í kringum flugvöllinn þegar búið er að lengja brautina, 25 milljónir svona í viðbótarálag. Þegar hæstv. samgönguráðherra segir að það sé skynsemi í þessu þá segi ég að ég tel meiri skynsemi í að lengja Egilsstaðaflugvöll og/eða Akureyri. Síldarvinnslan á Neskaupstað verður með gífurlega mikinn útflutning fljótlega í ferskum fiski, þ.e. laxi. Hún verður einn stærsti útflytjandi á svæðinu. Eftir að hafa innt þá upplýsinga kemur í ljós að ef þeir mundu sameinast Samherja og Útgerðarfélagi Akureyringa þá mundu fara þrjár vélar af stærðinni Boeing 757. Núna geta einungis lent fulllestaðar 737 vélar eða tekið á loft af Egilsstaðaflugvelli. Þess vegna tel ég mikla skynsemi að fara með þessa fjármuni þangað til að lengja þessa flugbraut til að gera þennan möguleika eða valkost raunhæfan.

Menn verða að geta fært sönnur á og sýnt fram að hér sé um líf og dauða að tefla í þessum málum þarna fyrir vestan, þ.e. með því að lengja flugbrautina. En fyrir hvað? Það er nú fyrsta versið.

Svo má nefna stofnkostnaðinn og þar náttúrlega greinir mig á við meiri hluta samgöngunefndar og hæstv. samgönguráðherra, virðulegi forseti, um jarðgangaáætlun og jarðgangaáætlun meiri hlutans. Áætlaðir eru 4,5 milljarðar í göng um Héðinsfjörð en það þarf a.m.k. 7 milljarða. Maður spyr sjálfan sig: Er þetta svona rétt bara byrjunin? Á að sá svona kornum eða hvernig á eiginlega að gera þetta? Verður þetta byggt 2000 og eitthvað eða hvað?

Í minni áætlun var smávilla. (Gripið fram í.) Þar vantar fjármuni til að greiða upp Fáskrúðsfjarðargöng og kemur náttúrlega bara til af dreifingu (Gripið fram í.) á jarðgangaáætlun. Það breytir þó ekki neinu því að heildartalan breytist ekki. En með því ... Hv. þm. Kristján Möller hlær hér mikið. (Gripið fram í.) Já, virðulegur forseti. En það mundi þýða að það eru 2,5 milljarðar sem fara í göng úr Fljótum á Siglufjörð sem er áætlað að kosti 3,5 milljarða. Síðan er hugmynd mín að setja 700 milljónir í göng undir Vaðlaheiði. Hluti af því yrði rukkað sem veggjald og yrði tekið í einkaframkvæmd svipað og Hvalfjarðargöng. Ég hef nú tjáð mig um þessi Héðinsfjarðargöng og mér finnst þau afar sérkennileg framkvæmd. Menn hafa talað hér um að þetta hafi verið loforð, það hafi verið gefið hér í hátíðaræðum og þegar kjördæmabreytingin var. Hæstv. samgönguráðherra hefur farið mikinn í fjölmiðlum og sagt að ég væri búinn að samþykkja þetta margoft. Ég hef tjáð mig um það áður hér að ég hef nú ekki verið ánægður, virðulegi forseti, með skiptingu vegafjárins. En nú keyrir um þverbak. Virðulegi forseti. Ef einu sinni er búið að samþykkja vegáætlun þá á það að gilda um aldur ævi samkvæmt því sem hæstv. samgönguráðherra segir. (**Gripið fram í:** Hvers vegna ...?)

Ef af þessu verður þá náttúrlega óska ég Siglfirðingum til hamingju með að geta farið í bíó til Akureyrar og leikhús og annað slíkt. En aðallínan náttúrlega verður Reykjavík–Siglufjörður með alla flutninga. Vegur um Almenninga er afar ótryggur þrátt fyrir fullyrðingar hæstv. samgönguráðherra hér um daginn sem gerði lítið úr því. Væntanlega geta Siglfirðingar staðfest að þessi vegur er afar öruggur samkvæmt því sem hæstv. ráðherra sagði. En ég tek bara ekki nokkurt mark á því. Það er nú bara þannig. (**Gripið fram í:** Já.) Ég kann svolítið fyrir mér í þeim fræðum, virðulegi forseti, og ég veit ekki hvar hann hefur fengið þetta. Það má rekja ýmis dæmi þessu til sönnunar. Það gæti

farið illa í Almenningum og vegurinn á haf út. Við það eru menn hræddir. Tillaga mín er um göng úr Fljótunum yfir á Siglufjörð til að bæta öryggi Siglfirðinga. Þeir komast þessa leið. Ef einungis austurleiðin er tengd yfir til Akureyrar þá eiga menn að keyra sjálfsagt Siglufjörður–Ólafsfjörður og suður. Ef menn hafa mikið fjármagn og ætla að standa við þessi loforð svokölluð þá geta menn tengt alltaf Fljótin við Ólafsfjörð.

Svo vakti eitt athygli mína um daginn. Það var alveg ótrúlegt. Það var verið að bjóða út verkefni yfir Lágheiði upp á einhverjar 100 eða 200 milljónir. Ég man ekki, virðulegur forseti, hvað þetta var mikið og á sama tíma á að fara í göng þarna á milli. Það er margt sem maður botnar ekki í hvað varðar þessa ráðstöfun fjármuna til samgangna á landsbyggðinni.

Þetta var um gangamálin. Menn hafa haft hátt í þessu máli, sumir hverjir og það er svo merkilegt að ef einhverjir aðrir hafa aðra skoðun eða aðrar tillögur um slíka hluti þá þarf það að gerast með einhverjum hávaða og látum og hamagangi. Það bara á ekki að vera möguleiki að hafa aðra skoðun. Mörgum, alls staðar á landinu, blöskrar þetta. Ég er að reyna að leiða þetta með þessari tillögu til betri vegar þannig að menn verði sáttir við þetta. Ég vil hlut Siglufjarðar sem mestan og bestan. En ég skil náttúrlega þingmenn þeirra, virðulegi forseti, þegar þeir berjast fyrir sínu byggðarlagi og ekkert er nema gott um það að segja.

Varðandi síðan aðrar framkvæmdir þá er þetta þannig ef maður tekur þetta saman að höfuðborgarsvæðið fær um 20% af stofnfjárfestingum Vegagerðarinnar á þessum tíma. Restin fer út á land. Við erum með svipaða upphæð hér og Norðvesturkjördæmi þrátt fyrir langtum fleiri kílómetra í Norðvesturkjördæmi, eins og hæstv. ráðherra sagði í Kastljósi í gærkvöldi máli sínu til stuðnings. Honum láðist að taka fram hvaðan tekjurnar kæmu og á hvaða vegum bílarnir hérna á þessu svæði keyra. Þeir keyra aðallega á gatnakerfi bæjanna þrátt fyrir að ríkið sé að rukka þungaskatt og bensíngjald af þessum bílum sem keyra akkúrat á götum bæjarfélaganna. Gaman væri að vita hvort hæstv. ráðherra hafi það á takteinum hvað tekjur af bílaumferð hér á þessu svæði, af þessum 150 þúsund bílum, séu miklar í upphæðum. En það hefur ekki mátt tala um það eða heyra á það minnst. Hér á þetta svæði fara 6,6 milljarðar, 6,5 á Norðvesturland og 10 á Norðausturland samkvæmt tillögunum með göngunum og 3,4 á Suðurland sem mér finnst afskipt miðað við hin kjördæmin, miðað við að þeir eru með tvo mjög erfiða vegi og þunga, þ.e. bæði Reykjanesbraut og Suðurlandsveg auk annarra vega hjá þeim.

Tillaga mín gerir ráð fyrir því að draga úr fjármunum til ganganna með því að fara í göng úr Fljótum yfir á Siglufjörð og síðan verði aukið fjármagn um liðlega 2 milljarða til höfuðborgarsvæðisins. Förum aðeins yfir það í hverju það liggur. Það er næsti kafli í þessu, verkefni á höfuðborgarsvæði.

Í fyrsta lagi er um að ræða hringveg. Það eru gatnamót við Nesbraut, þ.e. Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur. Um þessi gatnamót fer gífurleg umferð og mikil bið er þar. Reiknað með samkvæmt tillögu meiri hluta samgöngunefndar að í þau fari í 103 milljónir árið 2008. En samkvæmt minni tillögu fara þangað 300 milljónir 2007 og 300 milljónir 2008. Talið er að það fari langt með að duga til að byggja þessi gatnamót. Þetta eru svokölluð T-gatnamót þannig að það er lítil tenging hinum megin við.

Svo er það breikkun, Víkurvegur–Skarhólabraut. Það verkefni er í gangi og það er óbreytt. Síðan er viðbót hjá mér á hringveginum, þ.e. tvöföldum Vesturlandsvegar frá Skarhólabraut, þ.e. þar sem núverandi framkvæmdir enda og að Þingvallavegi. Áætlað er að þessi framkvæmd kosti 470 milljónir án þess að taka mislæg gatnamót á leiðinni, en það var búið að tvöfalda í gegnum Mosfellsbæinn og láta þennan kafla halda sér sem þar er á milli hringtorganna, fara síðan niður í Álafosskvosina og upp að Þingvallavegi.

Í Hafnarfjarðarvegi eru gatnamót við Nýbýlaveg árið 2008 upp á 220 milljónir. Ég legg til að þetta verði 315 milljónir og dreifist á árin 2006, 2007 og 2008. Þetta er nú í mínum heimabæ og þarna er lögð til 100 millj. kr. aukning. Sennilega er það þess vegna sem hæstv. samgönguráðherra sagði í útvarpsviðtali í gær að ég væri að taka við bæjarstjóraembætti í Kópavogi og hugsaði eingöngu um Kópavog og væri bara að hugsa um sveitarstjórnarmálin. En ég segi, virðulegur forseti: Margur heldur mig sig. Það þarf ekki nema að fara nema í Norðvesturkjördæmi til að sjá hvernig það er.

Yfirvöld samgöngumála verða að átta sig á því að gífurlegur fjöldi af fólki hefur komið hérna inn á þetta svæði, flutt af landsbyggðinni á þetta svæði og það þarf samgöngumannvirki til að sinna þessu og þar sem byggð heldur áfram að þróast þarf samgöngumannvirki, m.a. þarna á Nýbýlaveginum. Það er að fara í gang núna. Menn verða að fara í framkvæmdir hvort sem þeim líka betur eða verr. Það er ekki hægt að bíða til 2008 með þessa framkvæmd. Það þarf bara ekkert að ræða það. Bæjarfélagið verður því að fara í þessa framkvæmd. Eins er með aðra vegi hér og samskipti við samgönguyfirvöld þar sem hefur ekkert verið hlustað á okkur eitt eða neitt. Við erum sjálfsagt ekki eina bæjarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem er þannig ástatt um.

Síðan er reiknað með að árið 2008 komi 200 milljónir í mislæg gatnamót á Hafnafjarðarveg–Engidal. Það á sem sagt að byrja á þeim gatnamótum þar sem er gífurleg umferð. Þetta er tenging út á Álftanesveg og síðan inn í Hafnarfjörð. Síðan á Reykjanesbraut er Laugarnesvegur–Dalbraut og það er óbreytt. Það eru sem sagt 180 milljónir 2006 og 90 milljónir 2007. Síðan eru það gatnamót við Bústaðaveg — ekki geri ég ágreining um það — árið 2008. Allt eru þetta nauðsynlegar framkvæmdir. Svo eru gatnamót við Stekkjarbakka. Það eru uppgreiðslur á lánum upp á 90 milljónir. Síðan eru það gatnamót við Arnarnesveg. Þar er sama upphæð. En ég reikna með að þetta verði fært fram um eitt ár. Þarna er nákvæmlega það sama að gerast og annars staðar, að byggðaþróun hefur orðið þannig í þessu bæjarfélagi að það verður að flýta þessari framkvæmd ef það á að vera eitthvert vit í þessu. Annars verður þarna öngþveiti.

Síðan er það Fífuhvammsvegur–Kaplakriki, breikkun. Það eru fjárveitingar 2005 og 2006. Það er óbreytt miðað við það sem meiri hlutinn gerir ráð fyrir. Svo eru gatnamót við Vífilsstaðaveg. Þau eru reiknuð 600 milljónir ríflega ár-

ið 2007 og ég geri ráð fyrir að þau komi 2008, eins og það var. Það er búið að færa þetta til. Síðan er það Lækjargata–Kaldárselsvegur. Það eru 150 milljónir núna í ár og ekki geri ég athugasemdir við það. Síðan eru það gatnamót við Urriðaholt í Garðabæ, nýtt hverfi sem á að fara að þróa þar. Menn komast þar ekki út af um leið og þeir tvöfalda veginn nema að hafa þar mislæg gatnamót. Þessar 300 milljónir eru ekki á áætlun meiri hlutans en reiknað er með að þær dugi til að byggja þau.

Síðan er það Krýsuvíkurvegur, sem er vegur frá Hafnarfirði í átt að Krýsuvík. Í dag er það þannig að öll umferð úr efnisnámum, bæði í Vatnsskarði og Undirhlíðum, þarf að fara í gegnum íbúðahverfi í Hafnarfirði. Það vantar því að tengja Krýsuvíkurveginn við Reykjanesbrautina. Reiknað er með 259 milljónum í þetta 2008 frá meiri hlutanum, en ég legg til að teknar verði 200 milljónir árið 2005 og 50 milljónir 2006 til að tengja þetta. Eins og þetta er í dag er þetta mjög erfitt.

Næst er það Nesbrautin, sem er eiginlega Miklabrautin, þ.e. þessi mikla framkvæmd sem er í gangi núna, Kringlumýrarbraut–Bjarkargata, sem eru 556 milljónir. Það eru engar breytingar frá mér í því. Síðan er það Kringlumýrarbraut–Miklabraut, mislægu gatnamótin þar. Það eru 100 milljónir árið 2006 og 100 milljónir 2007. Þetta eru að vísu gatnamót sem ég er afar ósáttur við að skuli ekki verða tekin sem mislæg og sem R-listinn hefur neitað að taka þótt samgönguráðherra hafi boðið fé til þess arna, en því hefur verið hafnað. Nú á að taka ljósastýrð gatnamót í sama plani sem er afleit lausn til framtíðar. Þetta er framkvæmd sem er sú arðbærasta á öllu landinu, að fara í hana.

Allt þetta sem við erum að taka — menn hafa verið að fullyrða að mikið af alvarlegum slysum og dauðaslysum sé úti á landi og það kann satt að vera, en því miður eru þau náttúrlega allt of tíð, hvort sem er úti á landi eða á höfuðborgarsvæðinu, þau eru þar líka og gífurlegur fjöldi af árekstrum eins og t.d. á umræddum gatnamótum og er þessi arðsemi m.a. reiknuð út frá því. Ég átta mig ekki á því hvers vegna R-listinn sló á hönd samgönguráðherra þegar hann bauð upp á þetta.

Síðan er það Hlíðarfótur, Hringbraut–Samgöngumiðstöð, þar eru ríflega 100 milljónir árið 2006 og 2007, ekki geri ég athugasemdir við það.

Svo er það Arnarnesvegur, þ.e. gatnamót við Fífuhvammsveg upp á 50 milljónir og 40 milljónir árið 2006 og 2007. Það eru engar athugasemdir þar.

Þá eru það gatnamót á Reykjanesbraut, vegurinn frá Reykjanesbraut upp að Elliðavatnsvegi, þ.e. frá Reykjanesbrautinni og upp að Fífuhvammsvegi. Í þetta eru reiknaðar tæplega 300 milljónir og þar leggur meiri hlutinn til að 200 milljónir verði 2008 og tæplega 100 milljónir 2006, en ég legg til að það verði 190 milljónir 2006 og 100 árið 2008.

Vífilsstaðavegur–Hafnarfjarðarvegur, það er óbreytt upp á 40 milljónir.

Álftanesvegur, sem er sýknt og heilagt búið að lofa, því menn eru nú alltaf að tala um loforð, þá er reiknað með að í hann verði lagðar tæpar 530 milljónir árið 2007 í tillögu meiri hlutans, en ég legg til að framkvæmdir hefjist 2006 og verði 200 milljónir þá og síðan 310 árið 2007.

Síðan geri ég ráð fyrir breikkun Hallsvegar. Það er verkefni sem menn hafa verið að deila um, en einhvern veginn verða menn að leysa þetta og set ég í þetta 100 milljónir árið 2008. Það er ekki inni á tillögum meiri hlutans.

Í Sundabraut, sem er Sæbraut–Geldinganes, eru 350 milljónir í tillögum meiri hlutans, en þær framkvæmdir eru milljarður. Við aukum sem sagt í þessari breytingartillögu um 650 milljónir á þessi fjögur ár. Yfirlýsingar hafa komið hér og komu fram við fyrirspurn frá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni til hæstv. forsætisráðherra þar sem hann stóð hérna upp og lofaði einu stykki Sundabraut svona eins og menn væru að drekka úr vatnsglasi. En þessi framkvæmd kostar um 15–20 milljarða og hún náttúrlega gengur yfir en þarf að ganga alla leið upp á Kjalarnes. Þetta er nauðsynleg framkvæmd og allt það en þetta er náttúrlega framkvæmd sem er ekki klár heldur, umhverfismat er ekki klárt á fyrsta kaflann og þó svo menn séu búnir að koma sér saman um staðsetningu þurfa menn að halda áfram og var jafnvel hugsað að menn gætu verið með þetta í einkaframkvæmd að einhverju leyti. En auðvitað fagna ég því ef menn ætla að setja peninga úr sölu Símans í slíkar framkvæmdir. Ég hef ekki á móti því að menn setji peninga til samgöngumála úti á landi, t.d. til jarðgangagerðar, sem ég tel náttúrlega nauðsynlegt, en það verður náttúrlega að vera einhver skynsemi í þeim, eins og t.d. jarðgöng frá Neskaupstað og undir Oddsskarð er t.d. mjög nauðsynleg framkvæmd. Einhvern tímann voru einhverjir búnir að lofa göngum frá Dýrafirði yfir í Arnarfjörð og svo má lengi telja.

Ef við komum síðan að verkefnum á landsbyggðinni, þá hef ég miðað við allan hávaðann sem varð hérna með tillögur mínar lítið hróflað við því máli. Það sem ég hef þó gert í þessu er það að dregið hefur verið úr fjárveitingum á Vestfjarðavegi, þ.e. Svínadalur–Flókalundur, um 150 milljónir, þ.e. 50 milljónir árið 2007 og 100 milljónir 2008, eins og þetta var, það er nú búið að breyta þessu eitthvað í meðförum meiri hlutans og það eru komnar hérna nákvæmari tölur, en ég í áætlun minni hafði nú ekki Vegagerðina eða samgönguráðuneytið á bak við mig til að gera hana og var svona af veikum mætti að juða við þetta með hjálp og aðstoð ágæts fólks á nefndasviði.

Síðan er Þverárfjallsvegur, allt í einu birtast þar 100 milljónir. Ég reikna með að þær fari aftur til baka til höfuðborgarsvæðisins og í verkefni þar.

Þá er það Norðausturvegur frá Katastöðum að Krossavík. Reiknað er með að það minnki um 200 milljónir.

Ekki hefur annað verið gert, nema í liðnum um þjóðgarðavegi, þar hefur framlag verið lækkað til Útnesvegar um þjóðgarð árið 2007 úr 100 milljónum niður í 30 árið 2006. Þetta eru svona helstu breytingarnar í þessu.

Frá landsbyggðinni bætist við í Suðurstrandarveginn, sem er eitt af loforðunum. Árin 2006, 2007 og 2008 komi inn 100 milljónir ár hvert. Í dag er byrjað á þessum vegi frá Grindavík í leið austur og meiningin var að byrja frá Þorlákshöfn og leið vestur, það er kafli frá Krýsuvík og að sýslumörkum, þ.e. milli Árnessýslu og Gullbringusýslu sem er slitlag upp á um 10–12 kílómetra, hann getur verið þar án þess að endanlegt vegastæði komi og mikilvægast er að taka frá sýslumörkum og í Selvog, svo frá Selvogi og í Þorlákshöfn.

Þetta er nú það sem allur hávaðinn er út af, að breyta

þessu aðeins, að rétta hag höfuðborgarsvæðisins miðað við sömu fjárhæð sem um er að tefla og var í upphaflegu tillögunum. Auðvitað mundi ég fagna því að aukið fjármagn kæmi hér inn. Auðvitað vilja allir fá meira fjármagn til samgöngumála. Ég náttúrlega hálfvorkenni hæstv. samgönguráðherra að þurfa að skipta þessu. Það eru margir sem hafa hátt og allir vilja fá sitt og annað slíkt en þessi skipting var fyrir neðan allar hellur og tími til kominn að þetta breyttist aðeins. Ég er ekki að tala um neina óskapa breytingu, en a.m.k. þá að við förum úr liðlega 20% upp í tæp 30% af hlutdeild í þessu.

Eins og kunnugt er búa á höfuðborgarsvæðinu 185 þúsund manns, eða um tveir þriðju þjóðarinnar. Sagt hefur verið að þessir vegir úti á landi séu vegir okkar allra og það er alveg rétt. Það er líka alveg rétt eins og ég hef haldið fram að samgöngumál á landsbyggðinni eru grundvöllur þess að hún geti þrifist, ef menn fara rétt með þær fjárfestingar, það er ekki sama hvernig menn gera þetta. Það eru samgöngumál og styrking menntastofnana úti á landi sem er grundvöllur þess að halda fólkinu þannig að það streymi ekki allt hérna inn á þetta svæði.

Ef við setjum okkur nú í spor fólks sem býr hér á þessu svæði, sem keyrir um göturnar sem ríkið á ekki en ríkið er að rukka fyrir tekjurnar vegna þess arna, það náttúrlega segir: Allt í lagi — við ætlum ekkert að heimta allt miðað við hlutfallið, en við viljum fá okkar hlutdeild, við viljum náttúrlega fá umferð hér sem fækkar slysum og við viljum fá umferðarmannvirki þannig að við getum verið fljótari í vinnuna á morgnana og úr vinnunni. Tíminn kostar peninga.

Menn hafa verið að lýsa því hér, hæstv. ráðherra og fleiri, að þetta sé bara allt saman eðlilegt, þetta sé allt eðlilegt, þetta eigi bara að vera svona. Ég segi — menn sem tala svona, þeir eru ekki ráðherrar þessa svæðis, það er vandamálið. Þau viðbrögð sem ég hef fengið frá fólki eftir að hafa haft orð á þessu og lagt þetta til eru alveg hreint ótrúleg.

Síðan eru breytingar í 7. lið sem eru tengivegir í Suðvesturkjördæmi í kafla 4.3.1 í áætluninni. Í fyrsta lagi legg ég til breytingu á lýsingu á Elliðavatnsvegi, virðulegi forseti. Núna er þessum vegi lýst þannig: „Af Breiðholtsbraut við Dimmu, um Vatnsenda, á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.“ Það er búið að loka parti af þessum vegi, hann er farinn og partur af honum er orðinn innanbæjargata í Kópavogi. Búið er að byggja nýjan veg, ekki með þátttöku Vegagerðarinnar, sem heitir Vatnsendavegur, þannig að ég vil að lýsingin verði eftirfarandi:

„Af Breiðholtsbraut um Vatnsendaveg að bæjarmörkum Garðabæjar, (þaðan í Hafnarfjörð) og síðan á Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar.“

Í b-lið bætast við tveir tengivegir í Suðvesturkjördæmi, sem eru í umsjón Vegagerðarinnar. Alls staðar á landinu eru tengivegir skilgreindir þeir vegir sem liggja niður að höfnum. Það er varla svo lítill staður sem svo er ekki, nema það eru tveir bæir á landinu sem hafa það ekki, það er Kópavogsbær og Hafnarfjarðarbær. Mín tillaga er eftirfarandi:

Ef maður tekur tengivegi eða þjóðvegi í þéttbýli eða hvað þetta er, þarna er verið að breyta og hræra með nöfnin á þessu alltaf fram og til baka, þá eru þjóðvegir í þéttbýli eða tengivegir t.d. í Kópavogi, Nýbýlavegur, sem sagt frá Reykjanesbraut að Hafnarfjarðarvegi eða að ljósunum þar. Ég legg til að þetta verði: „Kársnesbraut: Frá Hafnarfjarðarvegi um Vesturvör og að Kópavogshöfn.“

Síðan í Hafnarfirði: „Ásbraut: Frá Reykjanesbraut svo um Fornubúðir að Hafnarfjarðarhöfn.“

Þá eru báðir þessir bæir búnir að fá tengivegi að höfnum sínum. Hjá Reykjavíkurborg eru þetta tveir vegir, bæði að Sundabakka og Holtabakka.

Virðulegi forseti. Þetta eru breytingartillögur mínar sem ég vona að menn taki tillit til við afgreiðslu samgönguáætlunar. Mér þykir miður að þetta skuli vera komið í þennan farveg. En það var ekki möguleiki á neinu öðru en að þetta mundi enda á þennan hátt.

Á þessu ári eru tólf hundruð milljónir til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu, nýframkvæmdir — á næsta ári tólf hundruð milljónir, þar sem tveir þriðju hlutar þjóðarinnar búa — tólf hundruð milljónir — þó svo það réttist nú aðeins við árið 2007 og 2008. Menn verða því að hlusta á fólkið hér. Þetta fólk er kjósendur líka hér á þessu svæði. Það eru ekki bara kjósendur til úti á landi eða í Fljótum eða á Siglufirði, Ísafirði, Barðaströnd eða hvað það heitir. (*Gripið fram í:* ... *Kópavogi.*)

Þetta er of langt gengið og því kemur þessi breytingartillaga fram. Ég legg til, virðulegi forseti, eðlilega að hún verði samþykkt og ég hef lokið máli mínu í bili.

[22:00]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef hlustað á hv. þingmann flytja breytingartillögu sína og skoðað hana vel frá því að hún var lögð fram. Í mínum huga er tillagan stórgölluð. Það stemmir ekki sem hér er sett upp. Ég vildi spyrja hv. þingmann út í það að hér gerir hann ráð fyrir að skera niður liðinn Jarðgangaáætlun um 1.000 millj. kr. eða úr 1.200 millj. kr. í 200 millj. kr. Þessar 1.200 millj. kr. sem eru inni fyrir árið 2005 rétt duga til að borga þær framkvæmdir sem nú standa yfir í Fáskrúðsfjarðargöngum.

Ég geri ráð fyrir því, virðulegi forseti, að hv. þingmaður sé sammála mér um að verktakar eigi að fá greitt fyrir vinnu sína á þeim tíma sem verkið er unnið. Þær 200 millj. kr. sem hv. þingmaður skilur eftir fyrir árið 2005 duga ekki til að gera upp við verktakann. Hvernig á Vegagerðin að standa við þær skuldbindingar, að borga þær 1.200 millj. kr. sem eru í áætlun meiri hlutans, hæstv. ríkisstjórnar? Hvernig á að borga verktakanum Ístaki, í þessu tilviki, fyrir unnið verk?

[22:02]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög einfalt að svara hv. þingmanni þessari spurningu. Það var greitt úr ríkissjóði. Eins og ég sagði áður voru gerð smámistök í þessari áætlun ... (**KLM:** Voru hvað?) smámistök í áætluninni. En það er hægt að dreifa þessu að vild á milli ára og hægt að taka þessar 800 millj. kr. eða þær milljónir sem þarf til þess að borga þessum verktaka upp framkvæmdir sínar í ár þannig að það er ekki vandamálið.

Svo er það þannig, virðulegi forseti, sem hv. þingmaður ætti að vita betur en margir aðrir, að menn fara af stað með áætlun og menn samþykkja áætlun, hvort sem það er mín eða einhver önnur, og þá færa menn oft fjármagn á milli verkefna. Stundum er það þannig að verkefnin eru ekki tilbúin eða að mat á umhverfisáhrifum dregst (Gripið fram í.) áður en framkvæmdir hefjast, virðulegur forseti. Menn þurfa oft að gera það. Menn hafa oft þurft að færa fé á milli verkefna, bæði á þessu svæði og annars staðar. Það er ekki vandamál að færa greiðslur frá árinu 2006 til ársins 2005 til að greiða verktakanum þennan milljarð eða þær 800 millj. kr. sem vantar (Gripið fram í.) upp á að hann fái greitt fyrir vinnu sína.

Virðulegur forseti. Mér finnst óviðkunnanlegt að hv. þingmaður sé alltaf að grípa fram í. Það kemur væntanlega að honum og hann getur þá látið ljós sitt skína, virðulegur forseti. En að menn tali um einhverjar tilfærslur, um einhverjar upphæðir á milli ára, þykir mér með ólíkindum, ef gera á slíkt að aðalmáli í þessu máli. Við erum hér að ræða um aðalatriði, þ.e. tilfærslu á peningum frá framkvæmdum á landsbyggðinni til þéttbýlisins.

[22:04]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst svar hv. þingmanns, sem er í raun ekki svar við því sem ég spurði um, sýni það og sanni að þessi breytingartillaga er ekki annað en grín. Við ættum kannski bara að taka hana fyrir á þessum kvöldfundi sem skemmtiatriði vegna þess að það stendur ekki steinn yfir steini í þessu eins og hv. þingmaður staðfesti. Varðandi þær 1.000 milljónir sem teknar eru frá þarna þá eru það ekki 800 millj. kr. sem þarf að taka frá árið 2006. Það þarf að borga verktakanum fyrir Fáskrúðsfjarðargöng 1.200 millj. kr. á þessu ári.

Getur hv. þingmaður getur þá sagt mér, ef við förum í þá loftfimleika sem hann leggur til, að taka fé frá árinu 2006 og borga þá, hvaða framkvæmdir á þá að skera niður árið 2006?

Í öðru lagi, virðulegi forseti, til að sýna fram á hvers konar grínplagg þetta er, sem sennilega er ekki samboðið Alþingi að vinna með, eru hér í fyrsta lið breytingar á Egilsstaðaflugvelli þar sem bætt er við peningum. Það er viðbót og engar tekjur á móti þessu. Það eru ekkert skornar niður framkvæmdir á Þingeyrarflugvelli, eins og hv. þingmaður var að tala um. Þær standa enn í meirihlutaáliti sem hér liggur fyrir. Það verður að fá úr því skorið, virðulegi forseti, og hv. þingmaður verður að útskýra það betur hvernig í ósköpunum eigi að líta á þetta plagg sem eitthvað annað en grínplagg, sett fram til að slá sig til riddara og stinga hníf í bak samflokksmanna og samstarfsmanna hv. þingmanns í ríkisstjórn sem standa að meirihlutaálitinu. Annað er ekki hægt að gera, virðulegi forseti, til að vita hvernig á að ræða þetta á vitrænan hátt. Það þurfa að fylgja peningar með í þessa framkvæmd.

Sé þetta svona þá vantar 1.000 millj. kr. í tekjur fyrir árið 2005 eða þá að ekki eigi að gera upp við verktakann vegna Fáskrúðsfjarðarganga.

[22:06]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er þannig með ágætan hv. þingmann Kristján Möller, að hann tapar alltaf heyrn þegar hann vill ekki heyra. Þá kemur hann með sömu tugguna aftur og aftur. Ég hef skýrt hvernig hægt er að leysa þetta mál. Þetta snýst um að hægt er að færa peninga til, en það hefur engin áhrif á heildarupphæð til jarðganga í tillögu minni. Svo ég svari því.

Í öðru lagi varðandi Þingeyrarflugvöll þá legg ég náttúrlega til að þar verði engar framkvæmdir en fjármagn (Gripið fram í.) fært frá Þingeyrarflugvelli yfir á Egilsstaðaflugvöll til að lengja hann.

Það er ekki verið að stinga einn eða neinn í bakið. Það getur vel verið að hv. þingmaður vilji kalla þetta gríntillögu en málið er að menn, sumir þingmenn landsbyggðarinnar eins og hv. þingmaður, vilja endalaust ganga á höfuðborgarsvæðið, því miður.

[22:08]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnari Birgissyni fyrir ágæta yfirferð yfir þær breytingartillögur sem hann vill gera við meirihlutaálit samgöngunefndar varðandi samgönguáætlun til næstu ára. Ég verð þó að viðurkenna að mér geðjast ekki að málflutningi hv. þingmanns, sem mér hefur þótt einkennast af upphrópunum aðallega, sem hafa því miður náð eyrum fjölmiðla og tilgangurinn hefur kannski þar með helgað meðalið.

Hv. þingmaður sagði áðan að Siglfirðingar gætu farið í bíó til Akureyrar ef af framkvæmdunum yrði. Hvers lags talsmáti er þetta gagnvart íbúum í viðkomandi byggðarlögum? Hv. þingmaður virðist ekki betur að sér um staðhætti í Fljótum en svo að hann talar um jarðgöng frá Siglufirði inn í Fljót að Ketilsstöðum, sem eru ekki til í Fljótum. Hann talar um jarðgöng undir Lágheiði, sem aldrei hafa verið rædd.

Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann hafi kynnt sér rannsóknir Vegagerðarinnar á þessari framkvæmd og rannsókn Háskólans á Akureyri á arðsemi þeirra framkvæmda sem þarna eru fyrirhugaðar.

[22:09]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg óþarft hjá hv. þingmanni að vera svona viðkvæmur þótt Siglfirðingar geti farið í bíó til Akureyrar í gegnum Héðinsfjarðargöng.

En að reikna út arðsemi ganga um Héðinsfjörð er mjög langsótt. Menn geta náttúrlega keypt sér skýrslu til að gera alla hluti en það er gjörsamlega útilokað að þetta sé allt í einu orðin ein arðbærasta framkvæmd á landinu, samkvæmt ýmsum fullyrðingum. Ég heyrði einn ágætan mann segja í útvarpi ekki alls fyrir löngu að Siglufjörður væri ein aðalútflutningshöfn fyrir Norðurland eystra.

Ég hef ekki verið með neinar upphrópanir. Ég hef bara dregið það fram, hv. þingmaður, að mér finnst þessi jarðgangagerð og þessi tillaga afar hæpin. Við erum að tala um að þetta kostar a.m.k. 7 milljarða kr. og svo hafa menn fullyrt að tvöfalda þurfi Ólafsfjarðargöng, sem kosti 2–3 millj-

arða kr., að minnsta kosti. Geta menn varið þessa fjárfestingu?

[22:10]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka enn að trúlega eru fáir þingmenn jafn vel að sér um vegamál almennt hér á landi og hv. þm. Gunnar I. Birgisson. En ég fullyrði að hann þekkir ekki mjög vel til staðhátta við utanverðan Tröllaskaga. Ég minnist þess að hann hafi m.a. rætt um það í útvarpsviðtali m.a. að vegur um Nesskriður væri mjög hættulegur. Nesskriður eru í Siglufirði og þar er enginn vegur. Þar gengur búfénaður um og menn elta þar skjátur upp um hlíðar en þar hefur aldrei staðið til að gera nokkurn veg.

Mér finnst það einfaldlega ekki trúverðugt þegar hv. þingmaður hefur í tvígang samþykkt þessa framkvæmd. Hann hefði, ásamt fleiri þingmönnum sem hafa andæft þessari framkvæmd, betur komið fram sumarið 2003 þegar ákveðið var að fresta henni. Þá hefði hann átt að halda þessum málflutningi til haga. Þá hefði fólk fengið raunveruleg úrslit um það hvort af þessari framkvæmd yrði eða ekki, sem ég vona svo sannarlega að verði af og meiri hluti fyrir á Alþingi.

[22:11]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt, ég samþykkti samgönguáætlun árið 1999. Ég gerði það líka 2001 og ég gerði það líka 2003, og eitt atriðið í henni voru Héðinsfjarðargöng. Síðan var því slegið á frest og þeim framkvæmdum frestað.

Ekkert er hafið yfir gagnrýni og ef menn geta fundið aðrar og betri leiðir, eins og ég er að benda á. Ég bendi hv. þingmanni bara á hvað gerist ef Almenningar eða Siglufjarðarskriðurnar fara af stað og vegurinn þar fer burt. Hvað gera þá bændur og búalið á Siglufirði og í Fljótum? Ég segi: Þetta er öryggisleiðin. Menn geta byrjað á henni og farið síðan yfir til Ólafsfjarðar úr Fljótum.

En ég skil hv. þingmann, að hann verji óðal sitt, eins og þeir báðir hv. þingmenn Kristján Möller og Birkir J. Jónsson. Þeir eru báðir frá Siglufirði en það er enginn sem getur komið mér af þeirri skoðun að þetta sé mjög vafasöm fjárfesting.

[22:13]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Gunnar Birgisson hefur lagt fram hugmynd sína um samgönguáætlun og ég býst við gætum flest lagt fram okkar áherslur ef út í það væri farið.

Meginmálið er að hér er skipt minna fjármagni en gert hafði verið ráð fyrir í kynntri og samþykktri vegáætlun. Ég vil því spyrja hv. þingmann hvort hann hafi ekki samþykkt fjárlögin í haust, sem kváðu á um þennan niðurskurð, upp á 2 milljarða kr. á þessu ári og annað eins á næsta ári.

Ég vil líka spyrja hv. þingmann hvort hann hafi ekki líka samþykkt niðurskurð frá samgönguáætluninni á síðasta ári, upp á nærri 1.800 millj. kr. eða um það bil. Samþykkti hann það ekki líka þá. Einnig spyr ég hvort þetta hafi ekki verið hluti af kosningaloforðum Sjálfstæðisflokksins, sem hann tók þátt í að samþykkja og kynna.

[22:14]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Frú forseti. Jú, ég stóð að því að sú upphæð færi til samgöngumála sem ætlað er, upp á eina 60 milljarða kr. á fjórum árum. Það eru gífurlegir fjármunir og ég stóð að því.

En varðandi niðurskurðinn, miðað við vegáætlunina sem var í gildi, þá voru menn að skera niður framkvæmdir til að minnka þenslu. Allir tóku þátt í því í stjórnarliðinu. Ég var einn af þeim og stend við það. Aftur á móti bendi ég á að það er hægt að leysa mál með því auka fjármagn til framkvæmda á ýmsum stöðum, þá sérstaklega hér. Ég minni á að allt var þetta með góðum huga gert en síðan hefur nú margt breyst síðan og viðmiðin orðin önnur eftir að sprenging varð á byggingarmarkaði og mokstur á erlendu lánsfé inn á íbúðalánamarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu og víða um land.

[22:15]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég spyr hv. þingmann hvað honum finnist um það háttalag, um þá framkomu, að fara til kosninga með loforð upp á 6–8 milljarða kr. meiri framkvæmdir á þremur árum en ætlunin er að standa við. Hvað finnst honum um það háttalag? Ætlar hann að verja það?

Varðandi þensluna, nú er hv. þingmaður mjög kunnugur í framkvæmdum. Hvað hefur gerst síðan þetta var samþykkt? Hið eina sem hefur gerst er að í rauninni hefur aukist fjármagn í umferð og þess vegna ætti að vera mögulegt að ráðast í auknar framkvæmdir. Er nú víst að þessi niðurskurður hafi endilega svo mikil áhrif á efnahagsþróunina og stöðu efnahagsmála, eða var rétt að grípa þarna niður í að skera?

Frú forseti. Hvernig ætlar þingmaðurinn að verja það að svíkja kosningaloforðin um 6–8 milljarða kr. á þremur árum?

[22:16]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi ekki hv. þingmann. Hann talar um að aukið fé í umferð í þjóðfélaginu valdi því að það sé auðveldara að fara í framkvæmdir. Ég hélt að það væri einmitt þannig að menn ættu að halda að sér höndum, það er mikið af auknu fé eins og er í íbúðalánum og menn ættu að halda aftur af sér.

Ég vil svara hv. þingmanni eftirfarandi: Ef menn horfa á framkvæmdafé sem fer í þetta árin 2007–2008 er það aukið verulega. Menn drógu úr framkvæmdunum hér á árunum 2005 og 2006 til að vinna á móti þenslu, til að halda verðbólgunni niðri og allt það. Eins og ég sagði hafa viðmiðin breyst svo gífurlega frá því að menn tóku þessa ákvörðun á síðasta ári. (Gripið fram í.) Menn fara eins og að drekka vatn í framkvæmdir sem kosta hálfan eða einn og jafnvel tvo milljarða, bara hjá sveitarfélögunum.

Einn milljarður er allt önnur tala en var fyrir einu eða tveimur árum.

[22:18]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef að vissu leyti skilning á þessum

áherslum sem fram koma í breytingartillögum hv. þm. Gunnars Birgissonar og þá einkanlega hvað það varðar að auka fé til höfuðborgarsvæðisins. Það var löngu kominn tími til eftir langt hungurskeið af völdum þessarar ríkisstjórnar sem hv. þingmaður hefur, nota bene, stutt með ráðum og dáð öll þessi ár.

Á hinn bóginn hefði ég talið skynsamlegra að hann hefði gengið í lið með okkur stjórnarandstæðingum sem höfum með réttu gagnrýnt að það vanti fé til vegamála í heild og breidd, og hann hefði lagst á þá sveifina að auka fé til höfuðborgarsvæðisins en látið landsbyggðina í friði.

Ég vil hins vegar spyrja hann að einu: Hvernig stendur á því að hann er hér einn á ferð í hópi stjórnarliða? Er hann að dæma samþingmenn sína í Suðvesturkjördæmi, ráðherra á borð við Árna Mathiesen og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur? Hvað með formann samgöngunefndar, Guðmund Hallvarðsson? Er þetta allt ónýtt fólk þegar kemur að því að laga hér samgöngur á höfuðborgarsvæðinu? Hvaða skilaboð er hann að senda þessu fólki? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þingheimur átti sig á innanmeinum þessarar ríkisstjórnar þannig að við getum talað um þessi mál af einhverri þekkingu.

[22:19]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður hver að tala fyrir sig í þessum málum. Það er óvanalegt að þingmaður úr meiri hluta taki sig svona út úr, komi með eigin tillögur og gagnrýni þetta en ég ákvað að gera það. Mér þótti þessi skipting vera afar ósanngjörn. Ef maður lítur samt á þróunina frá því áður hefur náttúrlega þróunin á fjármunum til höfuðborgarsvæðisins farið vaxandi sem betur fer — en ekki nóg, að mínu mati.

Það hefur orðið gjörbylting frá þeim tímum þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var samgönguráðherra og síðan kom Halldór Blöndal og síðan kemur hæstv. samgönguráðherra Sturla Böðvarsson. Þeir hafa báðir aukið fjármuni inn til höfuðborgarsvæðisins. En á sama tíma hefur íbúum fjölgað gífurlega og bílum enn meira. Umferðarálag hefur orðið langtum meira þannig að þessir fjármunir sem núna eru duga hvergi nærri til. Það þarf að gefa upp á nýtt í málinu.

[22:20]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Allt er þetta satt og rétt hjá hv. þingmanni en hann svaraði ekki þessum tveimur spurningum mínum.

Í fyrsta lagi er þetta: Hvers vegna hefur hann stutt niðurskurð til vegamála á liðnum árum sem einkanlega hefur bitnað, eins og hann gerði grein fyrir sjálfur í hinni ítarlegri ræðu, á höfuðborgarsvæðinu?

Hitt er það að ég vil hann útskýri fyrir mér hvernig þessi mál gengu til í þingflokki Sjálfstæðisflokksins. Ráðherra samgöngumála er í þeim flokki og við höfum fylgst með orðaskiptum þeirra í fjölmiðlum. Það eru hins vegar fleiri á þessu svæði, hv. þm. Birgir Ármannsson stendur hér á bak við hann. Hvernig stendur á því að hv. þingmaður fékk engan stuðning, ekki einn einasta mann úr stjórnarliðinu? Hvað sýnir það? Hafa þessir menn ekki skilning á því sem hv. þingmaður segir? Hvers vegna er hann þessi „lone ranger", þessi einfari í málinu?

Ég held að við verðum að fá einhverja útskýringu á því. Ég hef alla samúð með málstað þingmannsins í ákveðnum þáttum þessa máls en ég skil bara ekki hvað er á seyði í ríkisstjórninni. Ef hv. þingmaður er svona einn á ferð eru auðvitað okkar dyr opnar fyrir honum í Samfylkingunni, þar er nægilegt pláss.

[22:21]

Gunnar Birgisson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sjálfstæðisflokkurinn er stór flokkur og þar er rúm fyrir margar skoðanir.

Varðandi niðurskurð til vegamála studdi ég hann, eðlilega, til að draga úr þenslu. Ég fór yfir þetta áðan þegar ég svaraði hv. þm. Jóni Bjarnasyni. (Gripið fram í.) En ég er að segja að menn þurfi að fara hér í þetta, og kannski verður þetta til þess að menn horfi öðruvísi til þessa svæðis í nánustu framtíð.

Hvar brennur eldurinn heitast? Það er hér, hér þar sem umferðin er langmest og það er hér sem bílarnir eru. (Gripið fram í.) Héðan koma tekjurnar að mestu leyti. Fólkið sem er hér, við, á rétt á þessum samgöngubótum. (Gripið fram í.) Út á það ganga tillögur mínar. Síðan verða náttúrlega aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins að svara fyrir sig, í prívatsamtölum þá við hv. þingmann eða héðan úr þessum stól.

[22:22]

Útbýting:

Fjarskipti, 738. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1374.

Mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, 235. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1387; brtt. meiri hluta umhvn., þskj. 1388.

Samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, 721. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 1375.

[22:23]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég gat ekki varist því að brosa lítið eitt þegar ég heyrði hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson sauma að hv. þm. Gunnari Birgissyni fyrir það að standa einn á skoðun sinni, flytja tillögu einn og hafa engan stuðning samflokksþingmanna sinna í því máli. Mér varð nefnilega hugsað til máls nokkurs sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson stóð að því að flytja ásamt nokkrum öðrum þingmönnum á Alþingi fyrir liðlega ári. Það mál var lagt fram, eftir því sem best var vitað, með stuðningi þingflokks hans, þingflokks Samfylkingarinnar, svokallað eftirlaunafrumvarp eins og menn rekur kannski minni til að hafi verið rætt í þingsölum fyrir þarsíðustu jól. Ég man ekki betur — og bið hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson að leiðrétta mig ef ég man þetta ekki rétt — en að lyktir þess máls hafi orðið þær að þingmaðurinn stóð einn í því að fylgja málum til enda sem hann hafði flutt ásamt öðrum og varð viðskila við alla félaga sína í þingflokki Samfylkingarinnar. Ég hygg að ég muni þetta rétt. En ég lagði það ekki hv. þingmanni til lasts að hafa staðið á skoðun sinni frá upphafi til enda. Það

hef ég aldrei gert og mun ekki gera.

Ég er ekki viss um að það sé heppilegur málflutningur að segja sem svo að af því menn standi einir að tillöguflutningi sé eitthvað við tillöguna að athuga, eða eitthvað við félaga mannsins að athuga. (**GÁS:** Eruð þið ekki í ríkisstjórn?) Ég held að menn verði að gæta sín dálítið á þessum málflutningi og ég bið hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson að sýna kannski meiri varkárni í röksemdafærslunni framvegis þannig að það hitti ekki hann sjálfan fyrir eins og mér fannst gerast að þessu sinni.

Ég vil gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls umfram það sem ég hef þegar gert við fyrri umræðu. Þar kom mjög skýrt fram af minni hálfu að ég gat ekki fallist á það við gerð fjárlaga að standa að niðurskurði á vegafé. Ég tók þátt í því í fyrra, árið 2004, að standa að því að skera niður vegafé um nærri 2 milljarða kr. en þegar ríkisstjórnin var með erindi um að halda áfram að skera niður á þessu ári og því næsta varð niðurstaða mín sú, eftir að hafa athugað málið, að ég gæti ekki stutt það. Ég gerði grein fyrir því strax í þingflokki mínum þannig að það hefur legið fyrir frá því á síðasta ári að ég stæði ekki að því að þessu sinni að skera niður vegafé eins og tillögur liggja fyrir um og ákvörðun liggur reyndar þegar fyrir um í fjárlögum þessa árs.

Ástæðan er einfaldlega sú að þensluáhrif þeirra vegaframkvæmda sem á að draga saman eru svo lítil í samanburði við annað það sem menn eru að gera, bæði af hálfu stjórnvalda og annarra aðila, að það hefur engin áhrif. Það hefur engin áhrif til eða frá á verðlag eða stöðugleika í efnahagsmálum. Framkvæmdir á vegum ríkisins voru á árinu 2003 ekki nema 19 milljarðar kr. Á árinu 2004 voru þær ekki nema 16 milljarðar kr. og á þessu ári eru þær áætlaðar 14 milljarðar kr. Þetta er lítið hlutfall af útgjöldum ríkissjóðs, ákaflega lítið hlutfall, og enn minna hlutfall af vergri landsframleiðslu sem mun vera um eða yfir 900 milljarðar á þessu ári. Það sér hver maður að 14 milljarðar kr. ná varla 1,5% af vergri landsframleiðslu. Það að draga saman um 2–3 milljarða eru hverfandi áhrif.

Þörfin er svo mikil í samgöngumálunum að ég segi: Það er ekki hægt í svona langan tíma, heil þrjú ár, að skera svona mikið niður það litla sem við látum til vegamála á hverju ári. Það er ekki hægt. Síðan er ákveðið ósamræmi í ákvörðunum stjórnvalda, skulum við segja, það er verið að draga saman seglin í vegamálum til þess að halda aftur af verðbólgu með fjárlögunum en á sama tíma er jafnvel tilkynnt um framkvæmdir sem eru meiri en nemur þeim samdrætti sem áformað er að ná í vegamálum. Ég minni á virkjunarframkvæmdir við Lagarfljótsvirkjun á Austurlandi sem að vísu eiga að ná yfir tvö ár en nema um 3 milljörðum kr. Er verið að skera niður vegaframkvæmdir til að skapa svigrúm til þess? Ég minni á framkvæmdir við stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem eru yfir 4 milljarðar kr. Er þá verið að skera niður vegafé til að skapa svigrúm til þeirra framkvæmda? Eða hafa þær framkvæmdir engin áhrif á verðstöðugleikann í þjóðfélaginu?

Ég minni á skattalækkanir sem eru á þessu ári um 6 milljarðar kr., á næsta ári um 16 milljarðar kr. og árið 2007 um 26 milljarðar kr. Er ekki hægt, ef menn hafa áhyggjur af stöðugleika í efnahagsmálum, að draga úr skattalækkunum, hafa hana þá heldur minni en halda sama krafti í vegaframkvæmdum? Það held ég.

Ég fellst ekki á þau rök að það þurfi að skera niður vegafé til að skapa svigrúm fyrir skattalækkanir eða skera niður vegafé til að skapa svigrúm fyrir framkvæmdir á vegum opinberra aðila annars staðar á landinu, svo sem á Suðurnesjum eða Austurlandi, þó að þær framkvæmdir séu eflaust góðar og þarfar. Ég dreg ekkert úr því að þær séu skynsamlegar. Mér finnst samt ekki skynsamlegt að standa svona að málum, að skera niður vegaframkvæmdir á þessu ári svo mikið sem raun ber vitni, á síðasta ári og á næsta ári og sitja síðan uppi með það að væntingar sem menn höfðu gefið með því að samþykkja samgönguáætlun fyrir kosningarnar 2003 gangi ekki eftir, ekki að öllu leyti. Mér finnst það bara ekki skynsamlegt. Það verður þá að hafa það ef það verður til þess að í þessu máli skilji leiðir milli mín og ríkisstjórnarinnar. Óskynsamlegar ákvarðanir verða ekki skynsamlegar við það eitt að meiri hluti standi að þeim, það skulu menn hafa í huga.

Ef við skoðum tölur um framlög til vegamála sjáum við hvað þetta er tilfinnanlega mikill niðurskurður. Ef við skoðum tölurnar í þingskjali sem dreift var um daginn, skjali nr. 1245, kemur fram að framkvæmdir á árinu 2003 voru 9,8 milljarðar kr. en voru í fyrra ekki nema 6,5 milljarðar, eru á þessu ári áætlaðir 5,4 milljarðar og á næsta ári ekki nema 4,8 milljarðar. Þetta er gríðarlega mikill samdráttur á því fé sem fer til framkvæmda. Það er deginum ljósara, og mjög tilfinnanlegur samdráttur eins og hver maður getur séð þegar hann skoðar þessar tölur.

Sem hlutfall af landsframleiðslu er líka mikill samdráttur á fé, ekki bara til framkvæmda heldur til vegamála almennt sem fer niður fyrir 1,4% af landsframleiðslu á þessu ári og næsta ári en var rúmlega 2% á árinu 2003. Það var að vísu mjög gott ár, við skulum muna eftir því, þá var bætt við framkvæmdum og þær hækkuðu það hlutfall sem fór til vegamála sem hlutfall af landsframleiðslu.

Þetta er mikill samdráttur, að fara úr 2% og niður fyrir 1,4%. Mér sýnist það fara niður í 1,3% á næsta ári. Það er um þriðjungur. Auðvitað kemur samdrátturinn fyrst og fremst niður á framkvæmdum því að ekki er hægt að skera svo mikið niður af viðhaldi og rekstri.

Ef maður skoðar samgönguáætlunina sem Alþingi samþykkti í marsmánuði 2003 og ber hana saman við þá áætlun sem liggur fyrir núna og færir hana til verðlags í dag, á vegagerðarvísitölu 7.650, vantar 1.970 milljónir upp á að síðasta ár hafi gengið eftir. Á þessu ári mun vanta 2.730 milljónir upp á. Á næsta ári mun vanta 2.680 milljónir. Samtals vantar á þessum þremur árum 7.380 milljónir upp á að samgönguáætlunin sem samþykkt var í marsmánuði 2003 gangi eftir. Það er auðvitað vegna þess að menn hafa frestað eða skorið niður framkvæmdir, eins og hér hefur komið fram, en líka vegna þess að fjárheðir hækka ekki til jafns við hækkun verðlagsvísitölu vegagerðar. Það er líka það. Þar er líka niðurskurður.

Það eru 7.380 milljónir sem vantar á þessum þremur árum upp á það fjármagn til vegamála sem Alþingi samþykkti að ætti að vera á sínum tíma. Auðvitað kemur það fyrst og fremst niður á framkvæmdum. Hluti af þessu kemur til baka á árunum 2007 og 2008 eins og fram hefur kom-

ið. Það er þó ekki nema 3.010 milljónir. Eftir stendur að 4.370 milljónir vantar upp á og það er raunverulegur endanlegur niðurskurður ef þessar tölur ganga eftir sem liggja fyrir Alþingi í þingskjölum. Það er bara býsna mikill samdráttur í framkvæmdafé til vegamála á þessum fjórum árum sem núgildandi samgönguáætlun á að ná yfir, að skera það niður um 4.370 millj. kr. Þetta er mín almenna afstaða til málsins, ég tel að menn gangi of langt í því að skera niður fé til vegamála. Ég er ekki tilbúinn til að standa að því annað árið í röð, það er bara þannig.

Það er freistandi að fjalla um einstakar framkvæmdir. Ég mun ekki fara mikið út í það að öðru leyti en því að ég ætla að fjalla hér dálítið um Héðinsfjarðargöng. Ég ætla líka að vekja athygli á fáeinum framkvæmdum sem mér finnst sérstök ástæða til að vekja athygli á og tengjast Norðvesturkjördæmi.

Ég vil fyrst segja um Djúpveg að um það mál má segja tvær sögur. Sú fyrri er að á næstu fjórum árum er gert ráð fyrir að ljúka þeirri framkvæmd. Það er mikil framför frá gildandi samgönguáætlun vegna þess að hún gerir ráð fyrir því að þeirri framkvæmd ljúki ekki fyrr en 2014. Það er verið að færa framkvæmdahraðann fram og áforma að ljúka framkvæmdinni 2008. Í því er mikil framför sem er ástæða til að vekja athygli á. Hin sagan sem má segja kannski um það mál er að fjárhæðirnar sem eiga að fara til framkvæmdanna eru ekki fyrr en árin 2007 og 2008. Það eru litlar fjárhæðir til framkvæmda á árinu 2005 og 2006, það eru vondu fréttirnar. Við vitum það af reynslu síðustu ára að tölur sem eru áætlaðar lengra fram í tímann en tvö ár hafa tilhneigingu til að standast illa. Ef við tökum gildandi samgönguáætlun sem samþykkt var 2003, fyrir tveimur árum, sjáum við að það er að rætast að tölurnar á seinni hluta tímabilsins, 2005 og 2006, riðlast ansi mikið. Auðvitað óttast maður að þegar kemur að árunum 2007 og 2008 muni þær fjárhæðir riðlast og færast lengra fram í tímann. Reynslan segir manni að það sé líklegt að svo verði a.m.k. í einhverjum mæli. Þess vegna finnst mér ekki nógu gott hversu stór hluti af fénu til að ljúka Djúpveginum er á þessum tveimur árum, 2007 og 2008, þ.e. um 1.250 milljónir af þeim 1.500 sem er áætlað að þurfi til að ljúka framkvæmdunum.

Í öðru lagi vil ég geta um Vestfjarðaveg, uppbyggingu vegar milli Flókalundar og Bjarkalundar. Þar er því miður aðeins aðra söguna hægt að segja, þá verri. Þá verður að geta þess að þingmenn Vestfjarða ákváðu fyrir nokkrum árum að leggja mikla áherslu á að byggja þann veg upp af þeirri einföldu ástæðu einni að byggðarlögin í Vestur-Barðastrandarsýslu búa við þær aðstæður og hafa gert fram undir það síðasta að enginn vetrarfær vegur er til og frá þeim byggðarlögum, annar en sjórinn. Því hefur verið lögð mikil áhersla á að hraða því verki og það hefur miðað töluvert áleiðis í þeim efnum á síðustu árum. Það ber að taka fram.

Í gildandi áætlun fyrir árin 2003–2006 er á árunum 2004/2005/2006 gert ráð fyrir að verja 763 millj. kr. til að byggja upp veginn milli Flókalundar og Bjarkalundar. Gangi sú tillaga eftir sem hér liggur fyrir verður — ég vil taka það fram að þegar á síðasta ári var frestað 150 milljónum af þessum 763 og nú verður lagt til að ekkert fari á þessu og ekkert á næsta ári í veginn á milli Flókalundar og Bjarkalundar. Þegar upp verður staðið verður sem sé bara varið um 150 millj. kr. á þessu þriggja ára tímabili til uppbyggingar vegarins, í staðinn fyrir 760 milljónir. Þarna er verið að skera niður fjárveitingar um rúmar 600 millj. kr. á þessu þriggja ára tímabili í uppbyggingu vegarins á milli Flókalundar og Bjarkalundar.

Það er ekki ásættanlegt, virðulegi forseti, að menn gangi svona hart fram. Ég vek athygli á því að ég féllst á niðurskurðinn á síðasta ári, og þar með þessar 150 milljónir sem skornar voru niður á síðasta ári, þannig ég tel mig hafa sýnt fulla sanngirni í þessum efnum. Svona langt er ég hins vegar ekki tilbúinn til að ganga í niðurskurði á einstökum verkum eins og þessu. Það er enginn annar valkostur fyrir hendi. Það er engin önnur leið sem menn eru að hugsa um að fara og menn eiga ekki annan kost en að byggja þennan veg upp.

Þetta vildi ég taka fram um Vestfjarðaveg.

Um annað er svo sem ástæða til að fjalla. Sumt er miður og annað er framför frá gildandi áætlun. Þannig er gert ráð fyrir því í þessari áætlun að byggja upp veginn í Svínadal á næsta ári sem ekki er í gildandi áætlun og ráð er gert fyrir að setja meira fé í uppbyggingu vegar um Þverárfjallsveg samkvæmt þessari tillögu en var í þeirri gömlu. Það er framför á þeim stöðum.

Ég vil einnig leggja áherslu á eina jarðgangaframkvæmd á Vestfjörðum og halda henni til haga. Það eru jarðgöng á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Ég vek athygli á því að á sínum tíma var tekin saman skýrsla um mögulega jarðgangakosti og þeir flokkaðir í tvennt, annars vegar þá sem menn lögðu til að yrði ráðist í strax og svo hins vegar hina sem yrðu síðar. Þeir þrír kostir sem voru dregnir út voru Fáskrúðsfjörður/Reyðarfjörður, Siglufjörður/Ólafsfjörður og svo í þriðja lagi Dýrafjörður/Arnarfjörður.

Mér finnst vera komið að því að menn taki formlega ákvörðun í þessum efnum og láti hana ekki skríða undan sér einn ganginn enn varðandi það að ráðast í jarðgöngin á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Göngin milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar eru að verða búin. Það á að fara að bjóða út öðru sinni göngin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar en engin tillaga liggur enn fyrir um að ráðast í göngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Því miður.

Ég tel að mönnum sé í raun og veru ekkert að vanbúnaði að taka hina pólitísku ákvörðun í málinu. Það liggur fyrir að undirbúningur í þessu máli er kominn það langt að fyrir liggi næg undirbúningsvinna til þess að taka ákvarðanir. Það þarf ekkert að rannsaka neitt frekar til að menn geti svarað spurningunni: Á að ráðast í þetta eða á ekki að ráðast í þetta?

Ég legg áherslu á það og tala fyrir því að menn taki ákvörðun um þetta fyrr en síðar. Ég hefði kosið að ákvörðun hefði verið tekin núna við endurskoðun samgönguáætlunar en það liggur fyrir að ekki verður gerð tillaga um það að þessu sinni. Ég legg áherslu á að menn ljúki ákvarðanatöku í því máli fyrir lok þessa kjörtímabils. Það er boðað að jarðgangaáætlun muni koma til endurskoðunar á Alþingi á næsta ári. Ég mun leggja mikla áherslu á að menn taki þetta mál þá fyrir ásamt öðrum sem tengjast því, taki afstöðu og ákvörðun og ákveði að ráðast í það.

Menn hafa rætt dálítið um hvað ætti að vera mikil jarð-

gangaframkvæmd. Það er út af fyrir sig mál sem við getum rætt betur síðar. Ég vil þó segja í stuttu máli að ég tel það álit sem liggur fyrir hjá Vegagerðinni vera það sem menn eiga að styðjast við, sem er það að gera jarðgöng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, og byggja upp veginn yfir Dynjandisheiði. Vegagerðin telur að sá kostur sé það góður að hann tryggi nokkuð öruggar heilsárssamgöngur, eins og segir í skýrslunni. Ég hef ekki þekkingu til að deila við Vegagerðina um það mat. Ef menn vilja leggja áherslu á jarðgöng undir Dynjandisheiði, sem út af fyrir sig hlýtur að vera miklu betri kostur — ég held að það liggi í augum uppi hvað varðar öryggi og færð — verða þeir að átta sig á því hvað þeir eru að gera. Þá eru menn að reisa kröfu um 15–17 kílómetra jarðgöng í staðinn fyrir 5. Ég sé ekki fyrir mér að það sé gerlegt að ná pólitískum meiri hluta á bak við slíka ákvörðun. Ég held að kostnaðurinn við það sé svo mikill að það muni einfaldlega ekki ganga. Ef Vegagerðin telur að uppbygging vegar um Dynjandisheiði sé vænlegur kostur tel ég nánast útilokað að menn komist áfram með kröfuna um 15–17 kílómetra jarðgöng. Ef menn festu sig í því væri það að mínu viti það sama og að segja að menn ætluðu ekki að komast neitt áfram í málinu.

Ég bendi á að við búum við fjallveg sem heitir Steingrímsfjarðarheiði. Enginn hefur talað um að þar þurfi að grafa jarðgöng. Ég bendi líka á að þar sem menn hafa þurft að velja á milli þess að byggja upp vegi yfir hálsa eða fjöll eða fara í gegnum þau með jarðgöngum, þar sem matið hefur legið þannig að menn hafa talið að uppbyggður vegur væri nokkuð vel fær að vetri til, segjum nokkuð öruggur sem heilsársvegur, hafa menn ævinlega valið að byggja upp veginn fremur en að fara í jarðgöng. Það gerðu menn varðandi Bröttubrekku, það gerðu menn varðandi Kletthála og ég hygg að sú verði niðurstaðan varðandi Dynjandisheiði ef valkostirnir verða svipaðir.

Hið sama á við þegar menn eru að fara yfir firði, eigi menn það val að fara fyrir firði eða þvera þá hefur valið ævinlega verið að fara fyrir firðina vegna hins mikla kostnaðarmunar sem er á þessu tvennu. Það var í Ísafjarðardjúpi sem menn veltu fyrir sér hvort ekki væri rétt að stytta leiðina um 13 kílómetra með því að þvera Hestfjörð en kostnaðarmunurinn var svo mikill, þ.e. um 500 millj. kr., að menn völdu frekar að fara fyrir Hestfjörð en að fara yfir fjörðinn, til að komast lengra fyrir peningana. Sömu spurningum stöndum við frammi fyrir varðandi Þorskafjörð, og sömu kostnaðartölum. Það verður auðvitað svipuð niðurstaða, menn munu velja að ráðstafa peningunum með þeim hætti sem skilar mönnum tiltölulega öruggum vegum og komast lengra fyrir peningana en styttra. Þannig held ég að veruleikinn liggi í þessu máli.

Ég vil þá víkja að fyrirhuguðum jarðgöngum til Héðinsfjarðar, frá Siglufirði og þaðan áfram til Ólafsfjarðar.

Fyrsta spurningin sem maður stendur frammi fyrir er: Þarf að gera eitthvað? Er yfir höfuð einhver þörf á að gera nokkuð? Það eru jarðgöng til Ólafsfjarðar og það eru jarðgöng til Siglufjarðar. Það er auðvitað eðlileg spurning að bera upp: Þarf að gera nokkuð?

Ég vil svara þeirri spurningu fyrir mitt leyti.

Svar mitt er: Já, það þarf að bæta samgöngur við þessa staði. Ég rökstyð það með því að vísa til lýsingar á núverandi Siglufjarðarvegi. Í ítarlegri skýrslu sem er að finna á vef Vegagerðar ríkisins þar sem kannað var og kortlagt sigsvæði á Siglufjarðarvegi um Almenninga er að finna niðurstöðu þeirra sem gerðu þessa athugun. Hún er mjög athyglisverð og í niðurstöðukafla þessarar skýrslu segir, með leyfi forseta:

„Eins og mæliniðurstöður Vegagerðarinnar sýna þá er mjög mikið framskrið á öllu þessu svæði, en mest er það þó í sigsvæði sem nefnt er Skógar. Þar nemur að meðaltali mesta hreyfing allt að 60 cm á ári. Ef það er bakreiknað frá þeim tíma sem vegurinn var lagður þá nemur heildarframskriðið rúmlega 21 m.“

Enn fremur segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Svæðið norðan við Kóngsnef ber öll ummerki þess að þar sé einnig töluvert framskrið en þó nokkuð frábrugðið. Þar liggur vegurinn mun nær brún hlaupsins og hægt er að fullyrða að þar sé undangröftur sjávar óðfluga að grafa undan vegstæðinu. Hlíðin neðan við veginn er öll sprungin og rifin og er töluverð hætta á að stór stykki falli úr vegstæðinu. Mesta framskrið á þessu svæði nemur að meðaltali um 26 cm á ári en það eru um 7 m síðan vegurinn var lagður.“

Ég vil vitna í einn kafla enn úr niðurstöðukafla þessarar skýrslu, en þar segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að á svæði 1 er mikil hætta á því að stór stykki geti sigið niður eða hlaupið fram úr núverandi vegstæði og nágrenni þess. Við slíka atburði gæti vegurinn spillst eða orðið ófær um tíma en núverandi vegstæði einnig einfaldlega orðið ónýtt. Um þá hættu sem umferð um veginn stafar af þessu þarf ekki að fjölyrða.“

Ég hef, virðulegi forseti, ekki lesið hrikalegri lýsingu á nokkrum vegi þannig að ég er á þeirri skoðun, eftir lesturinn, að ekki sé hægt að búa við veginn eins og hann er. Reyndar segir í skýrslu Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri sem heitir „Jarðgöng og vegagerð á norðanverðum Tröllaskaga — Mat á samfélagsáhrifum“ um þennan vegkafla á bls. 91, með leyfi forseta:

„Á þessum hluta Siglufjarðarvegar er snjóflóða- og grjóthrunshætta, jarðsig og loks þykja Strákagöng vera fremur erfið fyrir mikla umferð.“ — Þannig að ekki er lýsing Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri á þessum vegi á þann veg að ætla megi að Siglufjarðarvegur sé fullnægjandi eins og hann er og geti verið það um ókomna framtíð án nokkurra endurbóta. Ég er því á þeirri skoðun að það þurfi betri vegasamgöngur við Siglufjörð í ljósi þessara upplýsinga.

Þess vegna svara ég spurningunni játandi.

Þá er það spurningin: Hvers konar úrbætur teldi ég rétt að gera?

Ég svara því þannig að ég teldi rétt að ráðast í jarðgöng frá Siglufirði í Fljót. Ég tel nauðsynlegt að ráðast í þau vegna þess að það er ekki hægt að gera fólki að búa við það að hafa Siglufjarðarveg sem einu vegasamgöngurnar við umheiminn, einkum í ljósi þeirra lýsinga sem liggja fyrir á þessum vegi. Ég tel að þessi jarðgöng þurfi. Ég tel reyndar skynsamlegt því til viðbótar að endurbyggja veginn um Lágheiðina. Þetta er það sem ég tel skynsamlegt að gera.

Hvort skynsamlegt er að gera eitthvað frekar á utanverðum Tröllaskaga er ég efins um. Þetta mun kosta, miðað við þær upplýsingar sem ég tel mig hafa aflað mér um þetta

mál, samanlagt eitthvað um 4–4,5 milljarða kr. Það er töluvert fé.

Hinn kosturinn sem við stöndum frammi fyrir, jarðgöng frá Siglufirði um Héðinsfjörð, kostar miklu meira. Hann kostar eitthvað á bilinu 7–9 milljarða kr. (**Gripið fram í:** Rangt.) Málinu er ekki lokið með því, og það er það sem menn verða að átta sig á. Reist mun verða krafan um leið um að tvöfalda jarðgöngin um Múlann. Það mun koma. Ég veit ekki hvað það kostar, Vegagerðin treysti sér ekki til að gefa neitt (**BJJ:** Það kostar 9 milljarða.) mat á því að svo stöddu. En ég ímynda mér að það gæti verið kostnaður um 1 milljarð kr. eða svo. Ég ímynda mér það en ég viðurkenni að ég hef ekki sterkan grundvöll fyrir því. Ef aðrir hafa annað mat á því mundi ég fagna því að menn legðu inn í þessa umræðu hvað þeir teldu að það gæti kostað.

Í öðru lagi þarf líka að benda á að vegasamgöngurnar um utanverðan Eyjafjörð verða ekki fullkomnar þrátt fyrir það. Það er nefnilega þannig í dag að vegurinn frá Ólafsfirði til Dalvíkur lokast. Það kemur fyrir nokkra daga á ári að hann lokast sunnan við Múlagöng. Það mun verða áfram þrátt fyrir Héðinsfjarðargöng og þrátt fyir breikkun Múlaganga. Hvaða kröfu munu menn þá reisa? Hvað mun kosta að bæta úr því? Það liggur ekki fyrir.

Þá mun að mínu mati eftir sem áður þurfa að bæta vegasamgöngur við Siglufjörð í vesturátt. Krafan um Fljótagöng mun koma þannig að menn verða að átta sig á því að málinu lýkur ekki við það eitt að gera þessi jarðgöng frá Siglufirði í Héðinsfjörð og önnur göng frá Héðinsfirði í Ólafsfjörð. Málinu er ekki lokið með því.

Heildarkostnaðurinn við þessa framkvæmd verður ekki undir 8 milljörðum. Hann gæti farið upp í 11–13 milljarða ef við tökum saman Héðinsfjarðargöngin, breikkun Múlaganga og Fljótagöng. Samanburðurinn er þá annars vegar við þá hugmynd sem ég hef í málinu og ætla má að kosti um 4 milljarða og hins vegar við hinn kostinn sem ég hef rakið og mun aldrei kosta minna en 8 milljarða, gæti kostað allt upp í 13. Þetta eru valkostirnir í stöðunni sem menn þurfa að átta sig á að liggja fyrir.

Þegar menn setja mikla peninga í einhvern kost, umfram það sem menn geta komist af með til þess að ná góðum árangri, leiðir það einfaldlega til þess að aðrar framkvæmdir verða að bíða. Menn geta ekki eytt sömu krónunni tvisvar í þessum efnum, og því meira sem menn verja til að fá lausn á utanverðum Tröllaskaga því minna hafa menn í aðrar brýnar framkvæmdir. Það er bara þannig. Og þau verða nokkur árin sem menn þurfa væntanlega að bíða eftir næstu framkvæmdum á eftir Héðinsfjarðargöngum ef þetta nær fram að ganga. Menn verða bara að gera sér grein fyrir því. Þeir sem gera kröfu um svona mikið fé í eina lausn eru jafnframt að gera þá kröfu á aðra að þeir uni því að engar úrbætur komi á þeirra svæði fyrr en að svo og svo mörgum árum liðnum. Þannig er málið vaxið.

Mér finnst ekki skynsamlegt, virðulegi forseti, að sækja svona langt í þessu máli eins og menn hafa gert. (Gripið fram í.) Það er aldrei of seint, virðulegi forseti, fyrir þingmenn að leggja málið niður fyrir sér og taka þá ákvörðun sem þeir telja skynsamlegasta í ljósi þeirra upplýsinga sem þeir hafa.

Af því að hér hefur verið rætt um Héðinsfjarðargöng og að menn eigi að velja þá leið vegna þess að mesta arðsemin sé af henni vil ég líka rifja upp að að sönnu sé alveg rétt að arðsemin af Héðinsfjarðargöngum borin saman við núverandi veg um Lágheiði er talin vera 14,5%, að gefnum öðrum forsendum um umferðarspár. Þá gleyma menn kannski að segja frá hinu, að þetta er ekki hæsta talan, þetta er ekki mesta arðsemin. Vegagerðin kemst nefnilega að þeirri niðurstöðu að mesta arðsemin sé af því að byggja upp veginn um Lágheiði, þar sé arðsemin 15,3%. Og ef við eigum að láta arðsemina ráða spyr ég þá hv. þingmenn sem halda henni fram sem rökum í málinu: Hvers vegna látum við þá ekki arðsemina ráða? Hvers vegna veljum við þá ekki þann kost sem hefur mesta ætlaða arðsemi, þ.e. 15,3%, og kostar þó ekki nema 1 milljarð króna? Menn verða að koma þá fram með rök fyrir því að hafna arðseminni varðandi Lágheiði en hafna henni ekki varðandi Héðinsfjörðinn.

Það er líka sanngjarnt að segja frá því að Vegagerðin leggur ríka áherslu á að allir útreikningar um arðsemi séu háðir svo mikilli óvissu að hún telur óráðlegt að líta á arðsemina eins og hún er reiknuð og láta hana ráða ákvörðun í málinu. Hún segir einfaldlega: Þetta eru svo ótraustir útreikningar að við ráðleggjum ykkur ekki að styðjast við þá þegar þið gerið upp hug ykkar um hvað skynsamlegast sé að gera á utanverðum Tröllaskaga. Þá er líka heiðarlegt að segja frá þessu mati Vegagerðarinnar á eigin útreikningum.

Málið með Héðinsfjarðargöngin hefur fyrst og fremst verið rökstutt þannig að ætlunin sé að styrkja Eyjafjarðarsvæðið og efla það sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Þá er eðlilegt að menn athugi: Hvað sýna skýrslur um þann þátt málsins? Ég vil vitna í úrskurð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum á þessari framkvæmd. Þar koma fram athyglisverðar upplýsingar. Þar er gerð grein fyrir umsögn Byggðastofnunar og í úrskurði Skipulagsstofnunar segir um mat á umhverfisáhrifum eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í umsögn Byggðastofnunar kemur fram að lýsing á samfélagslegum áhrifum sé í öllum aðalatriðum sambærileg fyrir báða kostina en á ýmsum öðrum sviðum virðist meiri vinna hafa verið lögð í Héðinsfjarðarleið en Fljótaleið.“ — Með öðrum orðum, svo að ég skjóti því inn, kostirnir voru ekki undirbúnir eins fyrir umhverfismat. (**KLM:** Hvaða ár var þetta?) Þessi úrskurður er kveðinn upp líklega 2001, er það ekki? 17. október 2001. (**KLM:** Hver var stjórnarformaður Byggðastofnunar þá?) Hefur það áhrif á niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum? (**KLM:** Það getur haft áhrif á hvað Byggðastofnun segir.) Já, já, það gæti haft áhrif á umsögn Byggðastofnunar. En þessi umsögn Byggðastofnunar var unnin af þróunarsviðinu en ekki stjórninni þannig að það komi nú fram (**KLM:** ... stjórninni.) svo að hv. þingmaður geti látið af dylgjum sínum í minn garð sem mér finnst frekar leiðinleg aðferð við að rökræða mál. Hv. þingmaður beitir þeirri aðferð dálítið mikið, ég hef heyrt það (Gripið fram í.) þegar hann talar til hv. þingmanns ...

(**Forseti** (BÁ)**:** Ekki tveggja manna tal hérna.)

Ég hef heyrt það, virðulegur forseti, þegar hv. þm. Kristján Möller talar til hv. þm. Gunnars Birgissonar, hvort sem það er í þingsal eða í fjölmiðlum, að hann vegur að persónunni. Mér finnst það ljóður á ráði manna þegar þeir bregðast þannig við skoðunum sem maður setur fram og

hv. þm. Kristján Möller er ósammála. Mér finnst það ljóður á viðbrögðum mannsins að vega að persónunni í stað þess að takast á við rökin. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, vegna þessa innskots sem hv. þingmaður var með áðan og eru ekkert annað en dylgjur í minn garð. Og ég tek því ekki vel.

En með leyfi forseta, vil ég halda áfram:

„Sá hluti skýrslu um mat á samfélagsáhrifum sem fjallar um atvinnu- og vinnumarkað ber þess merki að afar takmarkað er til af staðbundnum eða svæðisbundnum tölfræðilegum upplýsingum um efnahagsstarfsemi, atvinnuskiptingu og tekjur. Upplýsingar sem til eru um félagslega þætti á svæðagrunni eru takmarkaðar. Þessi skortur á tölfræðilegum upplýsingum setur mati á samfélagslegum áhrifum verulegar skorður og er brýn nauðsyn að efla hagskýrslugerð á þessu sviði.“

Þarna er Byggðastofnun í raun og veru að segja að við höfum svo takmarkaðar upplýsingar að það er erfitt að leggja mat á samfélagsáhrif af þessari framkvæmd. Það hlýtur auðvitað að rýra gildi skýrslu sem þessarar þegar tölulegum forsendum er svo áfátt sem raun ber vitni og fram kemur í þessari umsögn Byggðastofnunar.

Það er fleira sem kemur fram í þessari skýrslu. Þar segir líka frá svörum Vegagerðarinnar og eru rakin atriði sem þar komu fram. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að það hafi verið mat skýrsluhöfunda að í athugun á samfélagslegum áhrifum skyldi einkum einbeita sér að áhrifum á Siglufjörð, Ólafsfjörð og Fljót þar sem vænta megi mestra áhrifa næst fyrirhugðum samgöngubótum, þ.e. á Siglufirði, í Ólafsfirði og í Fljótum. Við mat á samfélagslegum áhrifum hafi komið í ljós að áhrif á Akureyri, Dalvík og á Sauðárkróki hafi verið mun minni en á svæðum næst fyrirhuguðum samgöngubótum og því hafi ekki þótt ástæða til að kanna áhrif þeirra á Norðurland vestra og Norðurland eystra.“

Ég vil leyfa mér að ítreka þetta, að áhrif þeirra á Akureyri, Dalvík og á Sauðárkróki hafi verið mun minni en á svæðinu næst fyrirhugðum samgöngubótum og því hafi ekki þótt ástæða til að kanna áhrif þeirra á Norðurland vestra og Norðurland eystra. Málið var aldrei skoðað svæðisbundið og samt er aðalrökstuðningurinn fyrir göngunum sá að styrkja eigi Eyjafjarðarsvæðið sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið, og auðvitað fyrst og fremst að styrkja Akureyri. Svo kemur bara hér fram að það var aldrei athugað vegna þess að menn sáu að áhrifin yrðu svo lítil. Þetta liggur hér fyrir og menn geta kynnt sér það í skýrslu Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri að þeir telja að þrátt fyrir Héðinsfjarðargöng verði Siglufjörður og Akureyri ekki eitt atvinnusvæði.

Í niðurstöðum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum segir um málið eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í athugasemdum hefur verið bent á að fyrirhugaðar samgöngubætur á norðanverðum Tröllaskaga séu ekki settar í víðtækara samhengi við heildarsamgöngur, íbúa- og byggðaþróun um miðbik Norðurlands.“

Það hélt ég að væri aðalmálið. En þegar maður fylgist með umræðunni sem nú fer fram um það hvernig best menn megi styrkja Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland með samgöngubótum í báðar áttir frá Eyjafirði kemur í ljós að enginn sem ég hef heyrt fjalla um það mál telur að Héðinsfjarðargöng leggi nokkuð til þess að gera Miðnorðurland að einu stóru atvinnusvæði. Þvert á móti benda menn á að það þurfi jarðgöng undir Vaðlaheiði í aðra áttina og milli Tröllaskaga og Skagafjarðar í hina áttina þó að þar liggi fyrir nokkuð breytilegar hugmyndir um hvar þau jarðgöng ættu að vera í vesturátt. Það er enginn sem heldur því fram að göngin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar skipti neinu máli í því sambandi. Það kemur fram í úrskurði Skipulagsstofnunar ríkisins um mat á umhverfisáhrifum af þessum framkvæmdum að þau séu ekki sett í víðtækara samhengi við heildarsamgöngur, íbúa- og byggðaþróun um miðbik Norðurlands.

Þá segir líka í þessum niðurstöðukafla Skipulagsstofnunar, með leyfi forseta:

„Skipulagsstofnun telur líklegt að með Héðinsfjarðarleið muni samskipti Siglufjarðar við Eyjafjarðarsvæðið aukast, sérstaklega við Ólafsfjörð, en vísbendingar séu um að eftir því sem sunnar dragi geti áhrifin verið mun minni eins og bent er á í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar. Með Héðinsfjarðarleið muni samskipti úr byggð á Siglufirði og Ólafsfirði styrkjast, sennilega á kostnað samskipta og byggðar í Fljótum og Skagafirði.

Skipulagsstofnun telur að gera hefði mátt nánari könnun og samanburð á áhrifum Héðinsfjarðarleiðar og Fljótaleiðar á stærra svæði, sérstaklega til vesturs, en gert var í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og taka þannig af allan vafa um áhrif beggja leiða á samgöngur, íbúa og atvinnulíf.“

Þetta læt ég duga af tilvitnunum í álit og úrskurð Skipulagsstofnunar ríkisins um mat á umhverfisáhrifum. Ég held að mat sérfræðinga Skipulagsstofnunar liggi alveg ljóst fyrir og reyndar líka mat Vegagerðinnar og Byggðastofnunar á því hvað menn létu ógert en hefðu þurft að gera. Það er ljóður á málinu að menn létu ekki fara fram þessa athugun á heildstæðari grundvelli en raun ber vitni.

Ég held nefnilega að menn hjálpi sjálfum sér ekki mikið með því að reyna að ætla málinu meiri ávinning en hægt er að sýna fram á að fylgi því og koma svo eftir á með nýjar kröfur um frekari úrbætur vegna þess að lausnin var ekki fullnægjandi. Sá er stóri vandinn í málinu að menn eru ekki að taka ákvörðun út frá öllum fyrirliggjandi upplýsingum og menn eru ekki að taka skynsamlegustu ákvörðunina svæðinu og landsbyggðinni til hagsbóta. Það er ekki landsbyggðinni til hagsbóta ef menn láta verða af því að eyða fjárhæðum sem nema milljörðum umfram það sem þörf er á til að fá góðar úrbætur. Það einfaldlega ýtir undir það viðhorf landsmanna til þingmanna að þeir geti ekki tekið hlutlægar ákvarðanir á grundvelli almennra og víðtækra upplýsinga.

Það er mín spá að það muni reynast okkur erfitt í skauti á næstu árum ef menn fara Héðinsfjarðarleið þegar menn fara að leita eftir fjármagni og samstöðu um aðrar brýnar framkvæmdir á landsbyggðinni. Þá mun dynja á okkur sá málflutningur að menn séu bara með kröfur langt umfram það sem eðlilegt er. Ég óttast að menn muni gera mönnum erfitt fyrir að sækja fé í aðrar brýnar framkvæmdir, því miður. Þess vegna er svo mikilvægt að menn taki ákvarðanir sem almennt megi fallast á að séu skynsamlegar.

Ég hef að vísu engar mælingar um afstöðu þjóðarinnar til þessa máls en ég vil leyfa mér að halda því fram að það sé yfirgnæfandi hluti þjóðarinnar sem telur í of mikið lagt. Ég held að þjóðin sé almennt sammála því að bæta samgöngur til staða eins og Siglufjarðar, Eskifjarðar og Norðfjarðar o.s.frv. en ég held að stuðningurinn nái ekki til þess að fara svona langt eins og hér er gert ráð fyrir.

Menn mega heldur ekki gleyma því að það eru fleiri atriði sem Héðinsfjarðargöng, sá valkostur, þurfa að glíma við og ég hef ekki fjallað um. Það eru t.d. aðstæður í Héðinsfirðinum sem eru ekki vel þekktar að öðru leyti en því að menn vita að þarna falla snjóflóð. Það er vitað, snjóflóð falla á þeim stöðum þar sem gangamunnarnir eiga að vera. Menn vita hins vegar ekki hversu stórfellt vandamál leiðir af þeim flóðum og það væri skynsamlegt að vita eitthvað meira í þeim efnum áður en menn fara af stað. Ég er hræddur um að það sé óskynsamlegt að reyna að finna lausnina þegar menn eru búnir að bora.

Ég vil svo halda því til haga, virðulegi forseti, af því að ég gleymdi því áðan þegar ég var að geta um útreiknaða arðsemi, að mér sýnist á þessum gögnum sem liggja hér fyrir að útreiknuð arðsemi Héðinsfjarðarganga miðist við einbreið göng. Ég bið hv. þingmenn sem eru greinilega gjörkunnugir þessu máli, eins og hv. þm. Kristján Möller, að leiðrétta mig ef ég hef ekki tekið rétt eftir í gögnunum en mér sýnist að útreiknuð arðsemi af Héðinsfjarðargöngum sé miðuð við einbreið göng. Tvíbreið göng eru hins vegar það sem á að framkvæma og þau eru a.m.k. 20% dýrari, mér sýnist af gögnunum að það væri áætlað að þau væru 22% dýrari. Það eru um 1,5 milljarðar kr. Það er kostnaður án þess að skila neinum tekjum á móti þeim kostnaði sem hlýtur að þýða að arðsemin fellur niður úr öllu valdi. Það hlýtur að vera.

Ég vil, virðulegur forseti, bara halda þessu til haga þannig að það verði upplýst hér í umræðunni hvort ég sé með réttan skilning á því að arðsemin sé miðuð við einbreið göng. Við vitum að það er áformað að framkvæmdin verði tvíbreið göng. Þá hlýtur það að þýða að arðsemin er alveg úti í móa. Ég beini þessu til þeirra hv. þingmanna sem hér hafa (Gripið fram í.) miðað mikið við arðsemina í sínu máli þegar þeir halda fram gagnsemi þessarar leiðar og þeir leiðrétta þá ályktun mína ef ástæða er til. Ef þetta er rétt hjá mér held ég að menn geti lagt til hliðar allt tal um að rökstyðja málið með því að vísa til arðsemi.

[23:21]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef hlustað með athygli á málflutning hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um samgönguáætlun. Ég hef oft hlustað á hann ræða um samgöngumál og málefni landsbyggðarinnar. Oft höfum við átt samhljóm en, virðulegi forseti, kannski sem betur fer, stundum er ég ekki alveg sammála hv. þingmanni. Þannig var það með töluverðan hluta af hans yfirgripsmiklu ræðu nú.

Ég held að það hafi komið fram í fjölmiðlum, virðulegi forseti, að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi lýst því yfir að hann mundi styðja breytingartillögu hv. þm. Gunnars Birgissonar við samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008. Hv. þingmaður eyddi töluverðum tíma í byrjun í að lýsa því í ræðu að hann styddi ekki lengur ríkisstjórnina í þeim niðurskurði á vegáætlun sem hér er boðuð. Hann hafi að vísu stutt það 2004 en styðji það ekki 2005 og 2006.

Því spyr ég, virðulegi forseti, hv. þm. Kristin H. Gunnarsson: Styður hann breytingartillögu hv. þm. Gunnars Birgissonar sem gerir ráð fyrir 650 millj. kr. lægri framlögum til vegamála á þessu ári, árið 2005?

[23:22]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég styð tillögu hv. þm. Gunnars Birgissonar um að falla frá Héðinsfjarðargöngum og að þess í stað verði ráðist í Fljótagöng. Ég styð líka þau sjónarmið hv. þingmanns að óeðlilegur munur sé á dreifingu framkvæmdafjár milli landsbyggðar annars vegar og höfuðborgarsvæðis hins vegar. Þegar menn ganga of langt gagnvart höfuðborgarsvæðinu getur það verið stórkostlega varasamt fyrir landsbyggðina. Ég held að það sé ekki skynsamlegt.

Ég er hins vegar ekki sammála þeim sjónarmiðum að dreifing fjárins eigi eingöngu að fara eftir höfðatölureglu, ef þau sjónarmið eru á annað borð uppi. Ég tel að auðvitað eigi lengd vega, ástand og umferð að ráða því eins og verið hefur. En ég tel því miður að í þeirri tillögu sem liggur fyrir núna hafi menn gengið of langt í að skera niður vegafé til brýnna verkefna á höfuðborgarsvæðinu.

[23:24]

Kristján L. Möller *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur áður komið fram í ræðum mínum að sá galli er á gjöf Njarðar við þá tillögu sem hér er um að ræða að þær 1.000 millj. kr. sem skornar eru niður þetta ár til jarðgangaframkvæmda eru teknar algerlega frá þeirri framkvæmd sem stendur yfir fyrir austan, við Fáskrúðsfjarðargöng. Þær 1.200 millj. kr. sem eru inni í tillögum meiri hlutans fara allar til þess að borga Fáskrúðsfjarðargöng.

Eftir stendur því niðurskurður í framkvæmdum á þessu ári, upp á 650 millj. kr. Ég spyr aftur, virðulegi forseti, hv. þingmann: Styður hann að lækka framkvæmdir í vegamálum á Íslandi um 650 millj. kr. á þessu ári?

Í annan stað, virðulegi forseti, vil ég leyfa mér að spyrja hv. þingmann: Styður hann tillögur í breytingartillögu hv. þm. Gunnars Birgissonar um niðurskurð á framkvæmdum á fjórum árum upp á tæpar 200 millj. kr. í veginn Svínadalur–Flókalundur í Norðvesturkjördæmi eða Þverárfjallsveg, Skagavegur–Sauðárkrókur, um rúmar 100 millj. kr., sem líka er í Norðvesturkjördæmi, eða framkvæmdir við Ísafjörð og Mjóafjörð um 51 millj. kr. og aðrar smotterísframkvæmdir upp á tæpar 150 millj. kr.?

Styður hv. þsm. Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Norðvesturkjördæmis, niðurskurðinn á þessum verkefnum svo og niðurskurð á framlögum til að byggja upp Þingeyrarflugvöll?

[23:25]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Öll svör við þessu liggja fyrir og hv. þingmaður getu sparað sér tátólógíuna í þessum efnum. Það liggur fyrir að munurinn á afstöðu minni og hv. þm. Gunn-

ars Birgissonar er sá að hann hefur fallist á niðurskurð fjárframlaga til vegamála á þessu ári en ég hef ekki gert það þannig að ég styð ekki niðurskurð á framlögum til vegamála á þessu ári.

Ég styð ekki Héðinsfjarðargöng en ég styð hins vegar göng um Fljót og þetta veit hv. þingmaður. Ef honum finnast þessi svör ekki fullnægjandi þá verður það bara að koma fram í atkvæðagreiðslu um málið hvernig atkvæðin falla.

[23:26]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur verið upplýsandi að hlusta á ræður hv. þingmanna Gunnars Birgissonar og hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um vegamál. Satt að segja hélt ég, miðað við yfirlýsingar hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, að þeir fylgdust að í þessu máli en svo virðist ekki vera þegar líða tekur á umræðuna.

Hæstv. forseti. Ég las viðtal við hv. þingmann í Fréttablaðinu í dag og gekk því dálítið bjartsýnn til þessarar umræðu í kvöld. Í dálki í Fréttablaðinu sem heitir „Spurt og svarað" er fyrirsögnin „Heldur ríkisstjórninni við efnið". Þar spyr blaðamaður: Ertu aftur orðinn ósáttur við ríkisstjórnina?

Með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa svar hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar:

„Ég segi það nú ekki. Ég var ekki að fara fram á neitt nýtt heldur aðeins að krefjast þess af ríkisstjórninni að hún héldi sig við það sem áður hefur verið samið um. Í jarðgangaskýrslunni er gert ráð fyrir þremur göngum; fyrst milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, þau göng eru að verða búin. Síðan á að bjóða út Héðinsfjarðargöng á þessu ári en ekkert bólar á ákvörðun um þriðju göngin sem eru göngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar."

Síðan kemur hv. þingmaður upp og heldur mikla ræðu sem aðallega snýst um þau göng sem hann nefndi í Fréttablaðinu fyrr í dag, talar um að það sé óafgreitt mál, ekkert búið að ræða það mál og hann muni ekki greiða því atkvæði að fara í þá framkvæmd. Þá hljótum við aðrir hv. þingmenn að gefa okkur, fyrst að Héðinsfjarðargöngin eru óafgreitt mál að mati hv. þingmanns, að þá sé væntanlega ekkert gefið um jarðgöng á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, miðað við málflutning hans hér í kvöld. Við hljótum að gefa okkur það.

[23:28]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að ekki beri að skilja orð hv. þingmanns þannig að ef ég styðji ekki Héðinsfjarðargöng þá muni hann ekki styðja Dýrafjarðargöng. Ég vona að það megi ekki skilja orð hans þannig að hann sé með hótanir um að beita sér gegn þeim vegna þess að honum líki ekki skoðun mín á Héðinsfjarðargöngum. Hann leiðréttir það í andsvari ef hann telur ástæðu til.

Ég vil segja, virðulegi forseti: Leiðin milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar liggur ekki endilega um Héðinsfjarðargöng. Valkostirnir eru í þessu máli, eins og ég hef dregið þá upp. Annar valkosturinn, sá sem ég tel skynsamlegast að fara, kostar um 4 milljarða kr. Hinn valkosturinn, sem hv. þm. Birkir J. Jónsson vill fara, kostar á bilinu 8–13 milljarða kr. (**Gripið fram í:** Þetta hækkar alltaf.) Hvað vill hv. þingmaður skera niður annars staðar á landinu til að eiga fyrir þessum mismun? Ætlar hann að fresta göngum undir Oddsskarð? Hversu lengi? Ætlar hann að fresta göngum til Vopnafjarðar? Hversu lengi? Ætlar hann að fresta göngum til Dýrafjarðar? Hversu lengi?

Hversu lengi ætlar hann íbúum annars staðar á landinu, sem bíða eftir brýnum samgöngubótum vegna þess að þeir þurfa á þeim að halda, að bíða vegna þess að hann vill eyða fleiri milljörðum til samgöngubóta á öðrum stöðum en nauðsynlegt er?

[23:30]

Birkir J. Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er enn þá engu nær um þetta viðtal við hv. þingmann í dag þar sem hann svarar því í Fréttablaðinu að það sé ákveðið að farið verði í Héðinsfjarðargöngin. Því miður snýr hann svo kúrsinum við hér í kvöld og talar gegn þeirri framkvæmd sem kemur mér verulega á óvart. Hann talar jafnframt gegn því sem hann samþykkti í jarðgangaáætlun 2000–2004 þar sem hann greiddi atkvæði með þeirri áætlun. Er þá ekki eðlilegt að forustumenn ríkisstjórnarinnar, sem telja sig hafa bakland í þessu máli, Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson, ákveði að fara í þessa framkvæmd þegar þeir telja sig hafa bakstuðning félaganna í þingflokknum í málinu, sem hafa lofað málinu í þingsölum með atkvæði sínu?

Því miður er það þannig, hæstv. forseti, að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson berst fyrir mjög mörgum ágætum verkefnum á Vestfjörðum, en hann berst á hæl og hnakka og er manna öflugastur í þinginu að berjast gegn öðrum hliðstæðum framkvæmdum á landsbyggðinni. Slíkt er ekki til fyrirmyndar, sérstaklega þegar hv. þingmaður hefur ljáð þeirri framkvæmd atkvæði sitt, þegar búið er að lofa kjósendum þessari framkvæmd. Hv. þingmaður stóð að því með atkvæði sínu.

Svo talar hv. þingmaður um að ríkisstjórnin sé að ganga á bak orða sinna. Hann hvetur til þess að menn gangi á bak orða sinna í þessu máli. Mér þykir það miður. Hér er um að ræða samkomulag sem hefur náðst milli sveitarfélaganna við utanverðan Eyjafjörð og ríkisstjórnarinnar. Þetta snertir fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sem gamall sveitarstjórnarmaður ætti að vita að slíkt samkomulag á að halda, því að annars eru samskipti ríkis og sveitarfélaganna í landinu í algjöru uppnámi.

[23:32]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála hv. þingmanni í því að hér sé um að ræða jafngilda kosti, Héðinsfjarðargöng annars vegar og Dýrafjarðargöng hins vegar. Það væri frekar hægt að segja að jafngildir kostir í þessu væru Dýrafjarðargöng á móti Fljótagöngum eða uppbyggingu vegar um Lágheiði. Það væru að mínu mati jafngildir kostir.

Ég vil segja við hv. þingmann að við gengum til kosninga í maímánuði 2003 með nýsamþykkta samgönguáætlun að vopni. Nú liggur fyrir, virðulegi forseti, að vanta mun 7,4 milljarða upp á það fjármagn til vegamála sem sam-

gönguáætlunin gerði ráð fyrir og því sem menn eru að leggja til hér í þingsölum, m.a. með stuðningi hv. þm. Birkis Jóns Jónssonar.

Eru þau loforð ekki jafngild öðrum? Er í lagi að víkja frá þeim þegar á hólminn kemur og draga úr framkvæmdum til vegamála svo mikið sem raun ber vitni? Ég held að menn verði að gæta sín svolítið í yfirlýsingum í þessum málum jafnvel þó að málið brenni heitt á mönnum og tilfinningar ráði nokkru um málflutning, sem ég legg mönnum ekki til lasts því að tilfinningar eru gildur þáttur í stjórnmálum sem eðlilegt er að hafa til hliðsjónar. En menn verða líka að hafa skynsemina að leiðarljósi og vega og meta allar aðstæður og forsendur máls. Það held ég að menn ættu að geta sameinast um.

[23:34]

Útbýting:

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 723. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1389.

Skuldbindingar sveitarfélaga vegna einkaframkvæmda, 734. mál, svar félmrh., þskj. 1336.

[23:35]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér samgönguáætlun sem eðlilega hefur tekið nokkurn tíma og engin ástæða til annars en að fara yfir þau mál eins og þau blasa hér við. Þetta eru auðvitað gríðarlega mikil hagsmunamál sem við erum að fjalla um sem snerta mjög marga og hafa áhrif á gríðarlega marga.

Þegar við fjöllum um verkáætlun af því tagi sem hér er um að ræða að getur að líta mjög mörg ákaflega mikilvæg verkefni sem við þurfum að hrinda áfram. Ég held að þegar við skoðum þetta og reynum síðan að meta þá umræðu sem farið hefur fram á undanförnum dögum og vikum sé það deginum ljósara að í landinu eru uppi gífurlega miklar væntingar um vegaframkvæmdir og framkvæmdir í samgöngumálum víðs vegar um landið. Þess vegna er mér algjörlega ómögulegt að taka undir þau sjónarmið sem hafa m.a. komið fram í þessari umræðu og hafa mjög komið fram í almennri umræðu síðustu vikurnar að það sem hér sé um að ræða og við þurfum fyrst og fremst að deila um sé spurningin um tilfærslu á peningum frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis, eins og haldið var fram fyrr í dag.

Það er ekki svo. Það er einfaldlega þannig að þegar við skoðum vegaframkvæmdir hvar sem er á landsbyggðinni þá fullyrði ég að hvergi er of í lagt. Þetta eru framkvæmdir sem eru nauðsynlegar, framkvæmdir sem fólkið hefur kallað á og framkvæmdir sem gera það að verkum að byggðirnar munu styrkjast. Þess vegna er algjörlega um tómt mál að tala að ímynda sér að hægt sé að leysa eða greiða úr vanda sem sannarlega er til staðar á ýmsum sviðum á höfuðborgarsvæðinu varðandi samgöngumannvirki með því að færa til peninga af landsbyggðinni til höfuðborgarinnar. Það nær engri átt.

Þegar við skoðum þessi mál í sanngjörnu samhengi og reynum að átta okkur aðeins á hvernig þessar fjárveitingar hafa verið að þróast á undanförnum árum þá er það svo, ef við skoðum þetta t.d. í 15 ára samhengi, að það varð sannarleg aukning almennt á framlögum til vegamála á höfuðborgarsvæðið og síðan hefur þetta í langstærstum dráttum þróast með heildarframlögum til vegamála. Þegar við höfum því náð því fram að framkvæmdir eða fjárveitingar til vegamála hafi aukist almennt í landinu þá hefur höfuðborgarsvæðið fengið sinn skerf og vissulega er full þörf á því.

Við gerum okkur grein fyrir því að það eru allt aðrar þarfir í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu eru menn að leysa úr miklum vanda sem stafar af vaxandi umferð, á landsbyggðinni erum við að leysa úr vanda sem stafar einfaldlega af því að við erum með algjörlega ófullnægjandi vegakerfi, vegi sem eru 50, 60 ára gamlir og standast auðvitað ekki þær kröfur sem við gerum, nútímafólk, til samgöngumannvirkja í landinu. Menn þurfa ekki annað en fara t.d. um Vestfirði til að sjá hversu gífurlega mikið vantar upp á að þar sé hægt að taka í notkun vegina og hafa þá eins og hjá fólki. Þess vegna getum við auðvitað ekki undir neinum kringumstæðum fallist á að dregið sé úr hlutfalli landsbyggðarinnar til að færa til höfuðborgarsvæðisins.

Ef menn vilja reyna að leggja áherslu á frekari framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu verður það bara gert með einum hætti og það er að auka almennt útgjöld til samgöngu- og vegamála og þá þarf að takast um það pólitísk samstaða. Við höfum hins vegar komist að því samkomulagi við fjárlagagerð, bæði fyrir þetta ár og það síðasta og áform eru um næsta ár að draga úr framkvæmdum á þessu sviði. Það getur vel verið að við höfum ýmsar skoðanir á þessu. Þetta varð hins vegar niðurstaðan, m.a. vegna þess að við kusum að fara fremur þá leið í aðhaldsskyni í ríkisfjármálum að draga úr fjárfestingum heldur en að draga úr þjónustu hjá hinu opinbera af því að við sáum og töldum að þar kallaði þörfin svo víða, bæði á velferðarsviðinu og ýmsum öðrum sviðum. Við treystum okkur einfaldlega ekki til að draga úr hvorki tilfærslum né öðrum slíkum útgjöldum sem velferðarkerfið, menntakerfið og aðrar rekstrarþarfir hins opinbera kölluðu eftir.

Niðurstaðan varð því sú, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að við kusum að skera niður framkvæmdir sem þessu nemur. Við stöndum þess vegna frammi fyrir því að við höfum til skiptanna tiltekna upphæð og niðurstaðan er sú milli stjórnarflokkanna að skipta þessu eins og getur að líta í tillögu til samgönguáætlunar sem við ræðum hér í kvöld. Það er bara þannig, ef við skoðum þetta í einhverju sanngjörnu samhengi, að það blasir við að landsbyggðin hefur ekki þá fjármuni aflögu að hún geti látið þá af hendi til annarra framkvæmda. Þörfin kallar hvarvetna á.

Við skulum bara taka dæmið sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talaði um áðan, sem er alveg hárrétt hjá honum, um hinn svokallaða Vestfjarðaveg. Við höfum í þrengingum okkar neyðst til að draga úr fjárveitingum til þess vegar sem nemur hundruðum milljóna króna. Það er alveg ljóst mál að með sama áframhaldi verða ár og dagar í að almennilegar samgöngur verði milli Vestur-Barðastrandarsýslu og inn á aðalþjóðvegakerfi landsins. Það er auðvitað ekki staða sem við getum unað. Þess vegna er algjörlega um tómt mál að tala að við getum horft upp á það að draga úr því hlutfalli sem fer til landsbyggðarinnar til vegamála.

Það gengur einfaldlega ekki. Menn verða að sýna því skilning.

Mér hefur fundist umræðan á undanförnum vikum um þessa vegaskiptingu, þessa fjármunaskiptingu vera ákaflega ósanngjörn og menn vilja greinilega ekki setja sig í spor þess fólks sem býr á landsbyggðinni við algjörlega óviðunandi vegasamgöngur. Þess vegna vil ég tala mjög skýrt í þessum efnum. Hvað mig áhrærir kemur það ekki til álita að lækka þetta hlutfall sem neinu nemi vegna þess einfaldlega að þörfin kallar svo víða á.

Eins og ég sagði áðan er auðvitað mjög margt í þeim tillögum sem við erum að ræða um sem verður mjög til bóta. Og þó að okkur sýnist að hægt gangi vitum við að orðið hefur gífurleg breyting á fáeinum árum í vegamálum á landsbyggðinni. Ég vil í þessu sambandi t.d. vekja athygli á því, sem er auðvitað ákaflega jákvætt, að á því samgönguáætlunartímabili sem við ræðum hér mun okkur í meginatriðum takast að ljúka tengingu Ísafjarðardjúps og ljúka uppbyggingu vegar um Ísafjarðardjúp.

Ég vil líka halda því til haga sem hefur komið fram af minni hálfu að ég taldi sjálfur að það væri ekki skynsamleg framkvæmdaröðun sem hér hefur orðið niðurstaða um. Það varð hins vegar niðurstaða í þingmannahópi Norðvesturkjördæmis að fara þá leið sem hér er gert ráð fyrir og ég virði auðvitað þá niðurstöðu þó að ég hafi haldið fram öðrum áherslum. Ég taldi með öðrum orðum skynsamlegra að fara í aðrar leiðir fyrst, þ.e. hina umtöluðu tengingu um Arnkötludal milli Strandasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu, og að það hefði skilað okkur meira áleiðis. Við hefðum fengið 40 km styttingu, við hefðum verið að taka í notkun veg með 10–15% arðsemi, við hefðum dregið úr slysahættu með því að stór hluti umferðarinnar færi fyrr út af þjóðvegi 1, sem er mikil þörf á, og við værum með öðrum orðum að gera ráðstafanir sem skiluðu okkur meiru fyrir minni pening en með þeim áherslum sem niðurstaðan varð um. Það var hins vegar ekki það sem menn kusu að gera, menn kusu að fara aðrar leiðir og þannig er það. Þá verðum við að horfa til þess sem er jákvætt í þessum efnum því að auðvitað var mikil og er mikil þörf á því að ljúka veginum um Ísafjarðardjúp og það er það sem við sjáum gerast í mjög fyrirsjáanlegri framtíð.

Það er líka ákaflega þýðingarmikið í þessu sambandi að átta sig á því að með þessari þingsályktunartillögu sem við ræðum hér erum við að taka ákvörðun um að vegtengingin frá norðanverðum Vestfjörðum og frá Strandasýslu inn á aðalþjóðvegakerfið muni liggja um þetta svæði, um Arnkötludal og Gautsdal, veginn milli Strandasýslu og Króksfjarðarness eða Austur-Barðastrandarsýslu.

Þetta er auðvitað heilmikil ákvörðun. Þetta eru heilmikil tíðindi í vegpólitískri sögu þessa svæðis og þetta er afrakstur af heilmikilli umræðu sem átt hefur sér stað heima fyrir. Við skulum ekki gera lítið úr þessu, þetta er mikil ákvörðun og með 100 millj. kr. fjárveitingu á árinu 2008 á að vera hægt að hefja útboð og hefja framkvæmdir á því ári. Þetta er heilmikill áfangi sem við horfumst nú í augu við.

Varðandi Vestfjarðaveg, þ.e. veginn um Austur-Barðastrandarsýslu í meginatriðum, þá höfum við, eins og ég nefndi áðan, í vandræðum okkar verið að skera niður fjárveitingar til þess svæðis, líka af því að við erum í miklum vanda núna með þær framkvæmdir vegna þess að umhverfismat liggur ekki fyrir. Við erum langt á eftir þar og ekki er útséð um hvernig þeim málum öllum lyktar.

Engu að síður er það svo, sem var upplýst í þingmannahópi Norðvesturkjördæmis, að það er mat Vegagerðarinnar að hægt eigi að vera að bjóða út Vestfjarðaveg á árinu 2006 með þeim fjárveitingum sem áætlaðar eru á því ári og með fjárveitingum áranna 2007 og 2008. Þar með mun hægt að hefja framkvæmdir á árinu 2006 við þessa nauðsynlegu framkvæmd.

Þetta er kannski til marks um þann vanda sem menn standa frammi fyrir. Hér er talað um að svo og svo miklir peningar hafi farið til Norðvesturkjördæmis, það borið saman við höfuðborgarsvæðið og ég veit ekki hvað og hvað. En átta menn sig á því að á þessu svæði, Vestfjörðum, þar sem þörfin er himinhrópandi hvarvetna í vegamálum erum við samt sem áður ekki betur stödd — þrátt fyrir að menn tali um að við höfum ofgnótt fjár til vegagerðar í Norðvesturkjördæmi — en svo að við höfum ekki með peninga til þess að hefja útboð á Vestfjarðavegi. Þar sem þörfin er einna mest höfum við ekki peninga til þess að hefja framkvæmdir eða útboð á þessu ári? Það er fyrst á næsta ári sem við eygjum það.

Í annan stað fara mjög litlar fjárveitingar í Ísafjarðardjúpið, sem geri það að verkum að við komumst ekki neitt að ráði áfram í vegagerð þar. Við munum að vísu hefja væntanlegar framkvæmdir út með Ísafirðinum að norðanverðu en engu að síður munum við komast ákaflega stutt. Þetta er veruleikinn sem blasir við okkur. Þess vegna er ekki að undra að við, sem erum í forsvari fyrir þetta kjördæmi, kjörnir fulltrúar hér á þinginu, getum ekki látið yfir okkur ganga þær hugmyndir sem fram hafa verið settar, m.a. settar í plaggi frá félaga Gunnari Birgissyni hv. þingmanni, um það að draga úr framkvæmdum og framkvæmdagetu í Norðvesturkjördæmi svo nemur mörg hundruð milljónum króna. Það er auðvitað ekki viðunandi.

Þegar maður skoðar þær tillögur sem blasa við í tillögum hv. þingmanns, a.m.k. það sem snýr að Norðvesturkjördæmi, þá eru þær ákaflega einfaldar, þ.e. bara um að skera niður. (Gripið fram í.) Það á við um Vestfjarðaveginn, Ísafjarðardjúpið, vegna uppgjörs við Kolgrafarfjörð, Norðurárdal og hið sama má segja um hringveginn í Borgarfirði, (Gripið fram í.) bara alls staðar. Það er bara niðurskurður og aftur niðurskurður í Norðvesturkjördæmi. Það er vegna þess að menn telja greinilega að þar standi menn svo vel að vígi í vegamálum, að þar sé búið að malbika upp á jökul. Ég veit nú ekki hvar þeir vegir liggja en þetta er þannig. Ég skil hv. þingmann út af fyrir sig að því leyti að hann er baráttumaður fyrir sínu svæði en þarna virðist mér a.m.k. ekki seilst í hina digru sjóði, þ.e. vegasjóðina á Vestfjörðum. Það er óskaplega rýrt í roðinu sem við búum við þar.

Í þessu sambandi langar mig að koma inn á fáein atriði sem hafa orðið að umræðuefni. Það hefur t.d. verið rætt, kemur m.a. fram í þessum tillögum, um hugmyndir um að skera niður í vegamálum um Útnesveg, sem er vegurinn fyrir Jökul á Snæfellsnesi. Sú framkvæmd er gífurlega nauðsynleg, ekki bara sem framkvæmd til þess að tryggja ferðamannastraum, sem er vaxandi á þessu svæði, heldur er

þar um að ræða innanhéraðsveg, veg sem tengir Snæfellsbæ innbyrðis. Það sjá allir að við eigum þar heilmikið eftir. Sem betur fer eru uppi áform um að fara í vegaframkvæmdir um Klifhraunið og þá blasir við að það er ekki hægt að láta þar staðar numið heldur verður að halda áfram með þá vegagerð fyrir jökulinn, um þennan Útnesveg sem gert er ráð fyrir að fái nokkrar upphæðir á vegáætlunartímabilinu, guði sé lof. Þess vegna er náttúrlega fráleitt að leggja til, eins og gert er í þessari breytingartillögu, að skera þær framkvæmdir niður um heil 40%, sem mundi rústa þeirri vegaframkvæmd og þeim áformum sem þar eru uppi.

Hér hefur aðeins verið spurt um Þingeyrarflugvöll og þau áform í samgönguáætluninni um að byggja upp þann flugvöll. Gerðar voru miklar kröfur, af mínum góða vini, hv. þm. Gunnari I. Birgissyni, sem er því miður ekki hérna sem stendur en vonandi heyrir hann í mér. Hann taldi að við sem værum talsmenn þessa flugvallar þyrftum að færa sönnur á að sá flugvöllur væri spurning um líf og dauða. Það er þá skilgreiningin á því hvort maður eigi að fylgja framkvæmd, hvort um líf og dauða sé að tefla. Það væri gaman að vita það hvort allar þessar brýr á þurru landi á höfuðborgarsvæðinu séu út af spurningum um líf og dauða. Ég ætla að leyfa mér að efast um það. Hins vegar er sjálfsagt að ræða þessa framkvæmd við Þingeyrarflugvöll. Auðvitað er eðlilegt að spurt sé þegar farið er út í framkvæmd af þeirri stærðargráðu við flugvöllinn.

Þingeyrarflugvöllur er í raun hluti af þeirri flugvallarstarfsemi sem fer fram í Ísafjarðarbæ. Þingeyrarflugvöllur og Ísafjarðarflugvöllur eru að því leyti órofa heild. Forsendan fyrir góðum flugsamgöngum inn á Ísafjarðarsvæðið er að Þingeyrarflugvöllurinn sé í stakk búinn til þess að mæta þeirri flugumferð sem við byggjum allar okkar flugsamgöngur á, þ.e. Fokker-flugvélum Flugfélags Íslands. Þær þurfa auðvitað að geta flogið fulllestaðar, hvort sem er um að ræða á flugbrautina á Þingeyri eða við Ísafjörð.

Menn hafa talað um að umferðin sé ekki svo mikil um Þingeyrarflugvöll og það er út af fyrir sig rétt við þessar aðstæður. En það er að ýmsu öðru að hyggja og m.a. verða menn að átta sig á því að Þingeyrarflugvöllur gerir það að verkum að í mörgum tilvikum, þegar tvísýnt er um flugsamgöngur til Ísafjarðar, hafa menn getað lagt af stað með flugvélar frá Reykjavík til Ísafjarðar í trausti að ef ekki væri hægt að fljúga inn til Ísafjarðar þá væri alltént hægt að fljúga inn til Þingeyrar. Það er þetta sem gerir að verkum að lendingarnar segja ekki alla söguna. Í ýmsum tilvikum leggja menn af stað, þó talið sé að ófært sé til Ísafjarðar, í trausti þess að menn geti lent á Þingeyri. Síðan breytast veðuraðstæður og menn fljúga til Ísafjarðar. Í raun er um að ræða öryggisbraut, hreina viðbót við möguleikann á flugi til Ísafjarðar.

Athyglisvert er að þegar við skoðum tölur um flug á Ísafjarðarflugvöll, til Ísafjarðar frá Reykjavíkurflugvelli, þá hefur traffíkin aukist þar ár frá ári á sama tíma og við vitum að vegaframkvæmdir hafa leitt af sér að meiri traffík er um vegina sömuleiðis, vestur og suður frá Vestfjörðum. Því er ákaflega mikilvægt að gera sér grein fyrir því að með þessari framkvæmd, sem er nánast eina flugvallarframkvæmdin á undaförnum árum sem heitið getur og tekur máli á þessu svæði, þá er verið að ljúka uppbyggingu í meginatriðum á þessu flugvallakerfi á Ísafjarðarsvæðinu þannig að hægt eigi að vera að fljúga þangað af meira öryggi en verið hefur. Það má vel vera að það sé ekki hægt að færa sönnur á að varðandi þennan flugvöll sé bókstaflega um líf og dauða að tefla. Þó er það þannig að við vitum að á Ísafjarðarflugvelli er oft á tíðum spurning um líf og dauða vegna þess að hann er líka sjúkraflugvöllur fyrir þetta svæði. Við vitum að þetta eykur flugöryggið og ætli það leiði ekki nokkrar líkur, varðandi spurningu hv. þm. Gunnars I. Birgissonar, að því að í raun og veru sé um líf og dauða að tefla, að við getum byggt upp þennan flugvöll.

Rétt í lokin langar mig að víkja að einn einum veginum sem orðið hefur fyrir niðurskurðarhnífnum í breytingartillögu hv. þingmanns. Það er Þverárfjallsvegurinn milli Sauðárkróks og Húnavatnssýslna. Sá vegur hefur í allmörg ár verið í uppbyggingu. Því miður, vegna innbyrðis deilna í héraði, hafa framkvæmdir dregist en nú sér fyrir endann á þeim. Þess vegna er mikilvægt, þegar þeim framkvæmdum lýkur, að við getum haldið áfram að byggja upp þetta svæði. Við erum að reyna að styrkja þetta byggðasvæði með því að byggja upp þennan veg og gera að verkum að byggðasvæðið í Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði verði eitt og sameinað og geti tekist á við stærri verkefni, svo sem eins og við uppbyggingu stóriðju, sem er nauðsynleg á þessu svæði. Þessi vegur er ein forsendan fyrir því að svæðið, sem hefur orðið undir í atvinnulegu tilliti á margan hátt, geti náð vopnum sínum og menn geti farið í að sækja á um framkvæmdir og sækja á í atvinnuuppbyggingu sem mikil þörf er fyrir á því svæði.

Virðulegi forseti. Það væri hægt að fara mjög mörgum orðum um þetta mál. Ég held að í þessu tilliti beri okkur að reyna að sýna gagnkvæma sanngirni. Við vitum að uppi eru andstæð sjónarmið dreifbýlis og þéttbýlis. Ég hef ekki dregið af mér í því að reyna að verja hlut dreifbýlisins í þessum efnum. Þingmönnum á landsbyggðinni er hins vegar oft legið á hálsi af kjósendum sínum og umbjóðendum fyrir að vera ekki nægilega harðdrægir í að draga meira fjármagn inn í vegaframkvæmdir á landsbyggðinni þótt það væri á kostnað höfuðborgarsvæðisins.

Ég tel að með þessari þingsályktunartillögu hafi verið reynt að fara sanngjarnan veg í þeim efnum við þær aðstæður sem við búum við, það fjármagn sem við höfum, að leggja áherslu á nauðsynlegar framkvæmdir á landsbyggðinni, framkvæmdir sem heimamenn hafa kallað eftir, og enn fremur að fara í framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, sem sannarlega eru nauðsynlegar og ég ætla ekki að gera lítið úr. En þarfirnar fyrir vegaframkvæmdir eru annars eðlis á þessu svæði en á landsbyggðinni og við eigum að viðurkenna það. Það er ekki neitt svigrúm á tilfærslu á peningum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins við þessar aðstæður. Þörfin er svo mikil svo víða að við komumst ekki hjá því að nýta það fjármagn sem við höfum til bráðnauðsynlegra framkvæmda.

Ég hygg nú að þegar upp verður staðið og menn fara að skoða þessar tillögur og átta sig á því hvað þær þýða í raun þá muni mörgum bregða í brún að sjá hve seint okkur miðar þrátt fyrir allt og þrátt fyrir að talað sé digurbarkalega um að kjördæmi á borð við Norðvesturkjördæmið hafi allt til alls og sé blúndulagt með þessari vegáætlun.

Ég viðurkenni og þakka sannarlega fyrir að hæstv. samgönguráðherra hefur haft forustu um að tryggja fjárveitingar inn í Norðvesturkjördæmið en ég fullyrði hins vegar, og tala af mikilli reynslu sem þingmaður þessa svæðis, að þar er hvergi of í lagt. Þar vantar fremur fé en að þar sé ofgnótt af því. Þess vegna eiga menn ekki að reisa kröfur eða búa til tillögur sem fela í sér að draga úr fjárveitingum inn á svæði í vegamálum þar sem þörfin er himinhrópandi og kallar hvarvetna eftir auknu fjármagni til nauðsynlegra framkvæmda.

[23:56]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Þessa umræðu háðum við þegar samgönguáætlunin kom fyrst fram, nokkuð ítarlega efnislega. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að fara í gegnum þá umræðu nema að litlu leyti hér við 2. umr. um málið. Þær breytingartillögur sem komið hafa fram frá meiri hluta samgöngunefndar eru ekki miklar um sig eða breyta ekki málinu í neinum meginatriðum. Það er ljóst að stjórnarmeirihlutinn ætlar að afgreiða þessa samgönguáætlun, jafnvond og hún er, meira og minna eins og hún kom inn í þingið. Það eina sem sætir tíðindum er tillöguflutningur hv. þm. Gunnars I. Birgissonar við þessa umfjöllun sem sannarlega sprettur ekki upp af engu.

Svo langt hefur ríkisstjórnin gengið í því að þrengja að *höfuðborgarsvæðinu í samgöngumálum að jafnvel* hv. þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Gunnar I. Birgisson, kiknar undan því oki að þurfa að svara kjósendum sínum og verja þá áætlun sem hér er lögð fram. Enda er það þannig að hæstv. samgönguráðherra, og nú formaður samgöngunefndar Alþingis, skila algjörlega auðu í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Í mínu kjördæmi, Reykjavík, er helstu framkvæmdanna sem mestu varða þetta svæði að litlu eða engu getið. Þar er til að mynda Mýrargatan, gatnaframkvæmd hér í miðborg Reykjavíkur, sem fyrir liggur skipulag um og kostar um 1.200 millj. kr. Til hennar er aðeins gert ráð fyrir 100 millj. kr. fjárveitingu.

Þar er auðvitað Sundabrautin sem við höfum rætt ítrekað, sem enn eina ferðina, enn einu sinni er engu skilað um, engum dagsetningum, engum yfirlýsingum um hvenær hún eigi að koma en sífelldur undansláttur af hálfu stjórnarliðsins um að þessi framkvæmd sé nú ekki komin úr umhverfismati og þess vegna sé ekki hægt að setja hana inn á samgönguáætlun.

En hvað heyrðum við í ræðu síðasta háttvirts ræðumanns, hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, þingflokksformanns Sjálfstæðisflokksins? Jú, við heyrðum að það mundi tefja eitthvað framkvæmdir við Vestfjarðaveg að það ætti eftir að ljúka umhverfismati um þá framkvæmd. Það breytir ekki því að inni eru fjárveitingar á samgönguáætlun fyrir þeirri framkvæmd, enda er það sennilega nokkuð nærri sanni sem haft hefur verið eftir formanni skipulagsnefndar Reykjavíkur, að það sé nokkuð einkennilegt að hér beri menn það fyrir sig og hafi sér til afsökunar að fjársvelta höfuðborgarsvæðið árum saman að ekki sé búið að fullhanna umferðarlausnir sem fjármagnið eigi að fara í, meðan menn hika ekki við að dæla peningum í framkvæmdir í öðrum kjördæmum vítt og breitt um landið allt sem eru ekki lengra komnar en svo að vera krot á servéttu, riss á blaði, og engin fullnaðarhönnun til um, umhverfismat eða endanlegt skipulag.

Auðvitað gengur það ekki til lengdar að með þessum hætti sé komið fram við höfuðborgarsvæðið. Ræður þingmanna Reykjavíkur úr mörgum flokkum, úr Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu og Frjálslynda flokknum og Vinstri grænum við fyrri umræðu um málið sýna auðvitað að hér er komið að ákveðnum kaflaskiptum, hygg ég, í samgöngumálum. Það er nú orðinn sá sögulegi viðburður, leyfi ég mér að segja, að þingmenn höfuðborgarsvæðisins eru nú loksins meiri hluti þingmanna. Sú breyting hefur orðið á kjördæmaskipan að þingmenn úr þéttbýli á Suðvesturlandi eru trúlega að verða hátt í tveir þriðju hlutar þingmanna þjóðarinnar og það endurspeglar auðvitað íbúafjöldann á þessu svæði. Hér hafa verið búnar til ákaflega einkennilegar skiptireglur sem miða við lengd vega en ekki við það hversu margir fara um vegina. Sú skiptiregla gengur einfaldlega ekki. Um þá skiptireglu að veita fjármuni til samgöngumannvirkja eftir því hversu vegirnir mælast langir á hverjum stað gengur einfaldlega ekki. Um hana verður engin sátt. Við þurfum í vaxandi mæli að spyrja eftir árangri og ávöxtun af framkvæmdum í samgöngumálum og við þurfum í æ ríkari mæli að leggja þær á mælikvarða arðseminnar, hvað við vinnum með fjárfestingu í tilteknum vegaframkvæmdum, í lækkun á slysatíðni, í fækkun dauðaslysa, í greiðari umferð, í minni eldsneytiskostnaði og þar fram eftir götunum.

Á höfuðborgarsvæðinu er einfaldlega ekki hægt að bíða í önnur tíu ár eftir nauðsynlegum framkvæmdum eins og til að mynda Sundabrautinni. Raunar er óskiljanlegt það langlundargeð sem til að mynda Vestlendingar hafa sýnt gagnvart þeirri framkvæmd og þeirri stöðu sem þeir eru í í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Það er auðvitað þannig að fjárfestar, fyrirtæki og byggingariðnaðurinn og allir þeir sem fara nú mikinn í fjárfestingum í landinu eru að skoða svæðin á höfuðborgarsvæðinu til fjárfestinga á næstu árum. En hvaða stöðu erum við að búa til í því efni? Á það hefur formaður skipulagsnefndar Reykjavíkur bent ágætlega.

Við erum að tvöfalda gjaldfrjálsan veg til Keflavíkur. Við erum að bæta hér verulega úr gjaldfrjálsum vegi sömuleiðis yfir Hellisheiðina yfir á Árborgarsvæðið. En við erum með á leiðinni upp á Akranes veggjöld og hér tefst ár frá ári sú sjálfsagða ákvörðun að fara í Sundabraut og samhliða lyktum hennar trúlega tvöföldun Hvalfjarðarganga og enn er því haldið á lofti að til greina komi að skattleggja sérstaklega umferð á þessari leið. Við erum sem sagt að segja það að um þetta svæði, Akranes og Borgarnes, eigi að gilda einhver allt önnur lögmál en um önnur nágrannasvæði Reykjavíkur eins og Keflavík og Árnessýsluna og að ef fólk eigi leið þangað þá komi alveg sérstaklega til greina að skattleggja það og það þurfi ekki að tvöfalda þangað fyrr en umferð er orðin miklum mun meiri en á öðrum leiðum. Ég fæ ekki betur séð en við séum með þessum hætti að setja þessi byggðarlög, Akranes og Borgarnes, skör lægra en önnur svæði í kringum höfuðborgarsvæðið og draga úr líkum á því að þar sé ráðist í fjárfestingar í atvinnulífi og fjárfestingar í fasteignum, þó að svæðið njóti að vísu sem betur

fer mikillar uppbyggingar á iðnaðarstarfsemi við Grundartanga og er það út af fyrir sig vel. (**Samgrh.:** Orkuveitan fjárfesti nú samt á svæðinu.) Jú, Orkuveitan fjárfestir þar á svæðinu og Faxaflóahafnir. Það ágæta sameignarfélag höfum við Reykvíkingar búið til með félögum okkar norðan við Faxaflóann. Svo er nú líka ákveðinn flöskuháls sem þessar eilífu tafir og undansláttur hæstv. samgönguráðherra varðandi Sundabrautina er að skapa. Við höfum á því verulegan áhuga í Reykjavík að flytja talsvert mikla starfsemi norður fyrir Faxaflóann upp á Grundartanga og efla þar mjög hafnarstarfsemina og hugsanlega endurskoða ýmsa starfsemi sem er á hafnarsvæðunum í Reykjavík. En það getum við ekki gert í þeim mæli sem við vildum fyrr en samgöngur við þetta svæði eru þannig að boðlegar séu. Til þess þarf einfaldlega tvöfalda leið og greiða umferð fyrir vöruflutninga frá Reykjavík og upp á Grundartanga. Það verður ekki fyrr en menn taka ákvörðun um að fara í þessa framkvæmd og fara hana alla leið, vegna þess að ég vil, virðulegur forseti, lýsa þeirri skoðun minni að það sé óráð að staðnæmast með Sundabrautina í Geldinganesi.

Ég tel ekki að menn eigi að tefja þessa framkvæmd fram á þriðja áratug þessarar aldar með því að skipta henni í marga áfanga. Það hefur tekið núna tíu ár að koma fyrsta áfanganum hugsanlega, mögulega á kortið einhvern tíma í náinni framtíð og mun síðan taka enn fleiri ár að berjast fyrir næstu áföngum. Ég tel að það sé hagkvæmast og arðsamast að fara alla leið í þessu efni og leggja Sundabrautina á fjórum árum alla leiðina upp á Kjalarnesið og yfir Kollafjörðinn og ná þeirri styttingu sem við þurfum á þessa leið. Það lætur þá nærri að þegar þetta hefur verið tvö ár í hönnun og í fjögur ár í framkvæmd að það er einmitt sami tímapunktur og menn telja að þörf sé á því að tvöfalda Hvalfjarðargöngin. Þá eru menn komnir með öflugar samgöngur hér norður fyrir Faxaflóann að sex árum liðnum. En ég held að það sé óráð að láta framkvæmdina stranda uppi í Geldinganesi eftir fyrsta áfanga og lýsi þeirri skoðun minni um leið og ég segi að mér finnst auðvitað fráleitt að það eigi að skattleggja sérstaklega Vestlendinga fyrir að aka um þennan veg þegar við skattleggjum ekki aðra nágranna Reykjavíkur fyrir að aka um þá þjóðvegi sem lagðir eru út frá höfuðborginni. Ég held að ekki sé hægt að bjóða þeim byggðarlögum upp á þá mismunun í framkvæmd.

Hitt getur svo komið til greina að menn endurskoði almennt gjaldtökukerfið í vegamálum líkt og menn hafa í hyggju hjá Evrópusambandinu og það komi einhvers konar almenn vegagjöld í staðinn fyrir bensíngjöldin þannig að menn borgi fyrir notkun á vegakerfinu almennt og þá ætti það við um þessa vegi eins og aðra. En að leggja sérstaklega skatta á þá sem eiga leið norður úr Reykjavík en ekki þá sem eiga leið austur úr henni eða vestur úr henni er einfaldlega ákaflega einkennilegt og getur ekki verið nokkur friður um það til lengri tíma.

Það er einfaldlega svo, virðulegur forseti, vegna þess að ræðumaðurinn hér á undan mér gerði skiptingu tekna nokkuð að umtalsefni, að 70% af þeim fjármunum sem við erum hér að ræða um eru skattpeningar sem fólk hér á þessu svæði, í Reykjavík og nágrenni, greiðir í ríkissjóð. Það er alveg ljóst að hvorki fólkið hér á svæðinu né margir þingmenn þess á þinginu úr öllum flokkum una því lengur að skiptingin á vegafénu sé síðan þveröfug. Það er ekki af neinni andúð á landsbyggðinni eða andstöðu við landsbyggðina. Þetta er einfaldlega óréttlát og óréttmæt skipting. Hér er einfaldlega fjöldinn allur af brýnum framkvæmdum í umferðarmálum sem þarf að vinda bráðan bug að.

Ég held líka að það hljóti að vera okkur almennt nokkurt umhugsunarefni hvaða aðferðafræði þetta er eiginlega sem menn hafa verið að nota í þessum vegamálum við að skipta fé sem einhvern veginn virðist hafa gengið út á að dreifa því einhvern veginn jafnt á einhverja kílómetra. Ræðumaðurinn á undan mér, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, gerði þannig t.d. að umtalsefni vegasambandið við Ísafjörð sem ég gerði að umtalsefni við fyrri umræðuna. Ég er sammála hv. þingmanni um að það er í raun alveg fráleitt miðað við þjónustustigið sem við þekkjum í vegakerfinu í landinu í dag að það skuli ekki vera samgöngur á bundnu slitlagi við einn af helstu byggðakjörnum landsins, Ísafjörð, frá Reykjavík. Það er í raun fyrir neðan allar hellur að svo sé ekki.

En maður heyrir hv. þingmann fara yfir hina og þessa vegarspottana sem verið er að leggja hér og þar. Útnesvegurinn nefndi hann til að mynda sem er ferðamannavegur. Eitthvað var það annað í Skagafirði sem ekki var hluti af meginvegakerfinu. Við hljótum þá að spyrja okkur að því hvort það sé vænlegt að vera að útdeila einhverjum spottum með þessum hætti hingað og þangað í stað þess að taka ákvarðanir um að meginsamgönguleiðir, eins og milli höfuðborgarinnar og helstu byggðakjarna eins og Ísafjarðar, eigi að njóta forgangs þangað til því er lokið. Ég held að sú mikla umræða og þær miklu deilur sem hér hafa verið á milli flokka og innan flokka um þessa samgönguáætlun gefi mönnum fullt tilefni til þess að endurskoða almennt alla aðferðafræðina við val á verkefnum og við útdeilingu fjármagns til samgöngumálanna. Sú krafa sem hv. þm. Gunnar Birgisson hefur sett fram fyrir hönd höfuðborgarsvæðisins í því efni á sér mikinn hljómgrunn og ég trúi því að hún muni hljóta allnokkurn stuðning í afgreiðslu þingsins á miðvikudag.

[00:12]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var einkennilegt að hlusta á hv. þm. Helga Hjörvar koma hér og tala um sífelldan undanslátt samgönguráðherra vegna Sundabrautarinnar. Hann talar eins og það sé löngu ákveðið af hálfu Reykjavíkurborgar hvar vegurinn skuli liggja.

Virðulegi og ágæti alþingismaður. Ég er hérna með bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík sem dagsett er 6. apríl 2005, undirritað af Steinunni Valdísi Óskarsdóttur. Ég ætla að vitna aðeins í þetta bréf. Þar segir um Sundabraut, með leyfi forseta:

„Fljótlega er að vænta úrskurðar umhverfisráðherra vegna kæru á mati á umhverfisáhrifum Sundabrautar. Um leið og úrskurður ráðuneytisins liggur fyrir má gera ráð fyrir að niðurstaða fáist um legu brautarinnar.“ — Þá má gera ráð fyrir því. Síðan heldur borgarstjórinn áfram: „Matið leiddi í ljós að verulegur kostnaðarmunur er á innri leið og þeirri ytri og er vandséð að aðrar niðurstöður umhverfismatsins réttlæti kostnaðaraukann.“

Meiri hlutinn í Reykjavík hefur haldið því fram lengi vel að það ætti að vera brú. Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi lét að því liggja að það væri nú ekki mikið að því fyrir borgarbúa að henda einhverjum peningum í bauk um leið og þessi brú væri ekin. Honum fannst sjálfsagt að það væri einhver gjaldtaka, en hér fór stór hluti ræðu hv. þingmanns í að andmæla því.

Í annan stað vildi ég gjarnan fá svar frá hv. alþingismanni við eftirfarandi spurningu: Hver er afstaða hans til mislægra gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar sem voru tekin út af skipulagi af núverandi meiri hluta 1994? Hver er afstaða hans? Hér hafa menn talað um mikla slysahættu vegna þess að ekki hefur verið nóg unnið í mislægum gatnamótum. En nú er trekk í trekk — og nota ég eigin orð þingmannsins — eilífur undansláttur (Forseti hringir.) í ákvarðanatöku um mislæg gatnamót hjá Samfylkingunni eða R-listanum.

[00:15]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst um Sundabrautina því að ég svaraði því í sjálfu sér í ræðu minni. Það kom fram í ræðu þess sem talaði á undan mér, hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, að hér liggja fyrir í samgönguáætlun fjárveitingar í vegaframkvæmdir sem enn hafa ekki farið í gegnum umhverfismat. Það er ekkert vandamál þegar Vestfirðir eru annars vegar. Það er væntanlega ekkert vandamál þegar Norðurland er annars vegar eða Austfirðir. Það er ekki nema í Reykjavík sem gerðar eru þær kröfur að framkvæmdir séu fullhannaðar og endanlegar áður en nokkrir fjármunir eigi að sjást í langtímaáætlun á borð við þá samgönguáætlun sem hér er.

Menn vita það bæði í samgönguráðuneytinu og hjá Reykjavíkurborg að niðurstaða um leiðina yfir voginn liggur fyrir í júní. Þá tekur tvö ár að hanna brautina og síðan er hægt að hefja framkvæmdir. Það sem á að standa í þessari áætlun er fjármagn til þeirra framkvæmda, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson. Þeir fjármunir eru ekki þarna og það er að skila auðu í samgöngumálum Reykvíkinga.

Hvað varðar mislæg gatnamót við Kringlumýri og Miklubraut þá er gert ráð fyrir þeim mislægu gatnamótum á aðalskipulagi Reykjavíkur. Ég verð þó að segja það sem mína skoðun að framkvæmd á Hlíðarfæti tel ég að sé miklum mun vænlegri til þess að eiga við þann vanda sem við er að fást á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, sem er sú mikla umferð sem kemur úr suðurbæjunum, vegna þess að þó að við leysum þau á gatnamótum Kringlumýrar og Miklubrautar, og það skiptir vissulega máli, flyst vandinn í sjálfu sér bara til á næstu gatnamót. En með því að leggja Hlíðarfótinn í göngum undir Öskjuhlíð getum við tekið nokkuð af þeirri umferð um Hlíðarfótinn og gegnum Vatnsmýrina og inn á Hringbrautina og það eru þá bílar sem þurfa aldrei að fara um gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar og geta þess vegna létt verulega á því umferðarálagi sem þar er, en þar eiga að sjálfsögðu að koma mislæg gatnamót.

[00:17]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kom fram hjá hv. þm. Helga Hjörvar að liggja muni fyrir mat á umhverfisáhrifum í júní. Hvernig getur hann þá fundið orðum sínum stað í því að það sé búinn að vera eilífur undansláttur í ákvörðunartöku um legu Sundabrautar þegar ekki hefur komið fram enn þá hvar og hvernig borgin vill haga sínum málum?

Varðandi mislægu gatnamótin, að hlaupa yfir í Hlíðarfót og segja að nú þurfi Hlíðarfótur að koma vegna þess að þá þurfi ekki að setja mislæg gatnamót. Það er bara rangt, vegna þess að það liggur fyrir að þarna fara yfir 80 þúsund bílar á dag og það verður ekki svo mikil minnkun á umferð á þessum hættulegu gatnamótum þó að Hlíðarfóturinn komi, það skiptir ekki öllu máli. Hins vegar skiptir öllu máli að setja þarna mislæg gatnamót því að það hefur sýnt sig að þar sem þau hafa verið sett upp í Reykjavík hefur umferðarslysum fækkað úr nokkrum tugum prósenta niður í 2–3%. Við höfum dæmi um það og það veit þingmaðurinn vel.

Varðandi það að nauðsynlegt sé að taka ákvörðun um Hlíðarfót o.s.frv. er það náttúrlega bara undanskot og eins orð hans hér áðan að það sé bara eilífur undansláttur í þessu máli.

[00:18]

Helgi Hjörvar *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt að formaður samgöngunefndar, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, sem ótrúlegt en satt er þingmaður Reykjavíkur, reyni að beina ljósinu eitthvert annað en að þeirri einföldu staðreynd að hann er hér sem formaður samgöngunefndar að skila samgönguáætlun inn á Alþingi þar sem skattpeningar okkar Reykvíkinga eru meira og minna teknir og settir í verkefni annars staðar á landinu en í engu sinnt brýnum þörfum hér í borginni.

Ég held hins vegar að þessar hártoganir hv. þingmanns sýni ljóslega að við þurfum að flytja þetta vegagerðarverkefni frá ríkinu því að ríkið er ekki fært um að annast það. Hv. þingmaður er ekki fær um það og hæstv. samgönguráðherra er ekki fær um það. Það er staðið í eilífum deilum um skipulagsmál við yfirvöld hér á svæðinu, á Akranesi, í Hafnarfirði og þannig getum við áfram talið sveitarfélögin.

Þessir fjármunir eiga einfaldlega að fara beint til sveitarfélaganna, skattpeningar okkar Reykvíkinga eiga að fara beint til Reykjavíkurborgar og hún á sjálf að verja því fé og skipuleggja þær framkvæmdir, enda þarf hún ekki milligöngu hæstv. samgönguráðherra Sturlu Böðvarssonar um framkvæmdir í borginni. Það er málefni sem við Reykvíkingar getum einfaldlega átt við okkar eigin borgarstjórn og ráðið fram úr alveg millilíðalaust af hálfu þingmanna Sjálfstæðisflokksins, svo sem eins og hæstv. samgönguráðherra Sturlu Böðvarssonar, og færi best á því að Reykjavík yfirtæki einfaldlega samgöngumálin af ríkinu því að ríkið hefur reynst getulaust til að halda utan um þau.

[00:20]

Einar Oddur Kristjánsson:

Frú forseti. Umræðan sem hér á sér stað um vegáætlun

ætti ekki að koma mönnum á óvart og það er skiljanlegt að hver líti á sitt svæði sínum augum en deilur eru uppi og því miður kannski meiri en oft áður. Ég þekki það sem þingmaður Norðvesturkjördæmis að um landsbyggðarþingmenn, sérstaklega stjórnarþingmenn, er yfirleitt rætt þannig, a.m.k. af þeim sem tala af mestum glannaskap, að þeir séu hreinir aumingjar upp til hópa og haft er til marks að þeir nái ekki nógu miklum árangri í vegamálum, séu hreinir aumingjar. Þetta fáum við oft að heyra. Þess vegna vil ég þakka sumum þeirra sem hér hafa talað af mikilli hreinskilni um sjónarmið sín og þarfir sínar í vegamálum að þeir hafa til allrar hamingju leitt í ljós að kannski sé það ekki eingöngu aumingjaskapur stjórnarþingmanna af landsbyggðinni að ekki gangi meira í vegagerð en raun ber vitni. Það er ástæða til að þakka það.

Ísland er mjög stórt land og hér búa fáir og sú var tíðin að við trúðum því að hér yrði aldrei hægt að byggja vegi á við það sem væri hjá öðrum þjóðum. Þetta hefur breyst á síðustu tveimur áratugum og við sjáum nú fram á að þetta er möguleiki, enda stendur Ísland og kjör Íslendinga jafnfætis öllu því besta í heiminum nema gagnvart samgöngum á landi. Það er þar sem skórinn kreppir. Því er mjög eðlilegt að fólk sem býr við moldartroðninga, vegi sem varla er hægt að kalla heilsársvegi, vegi sem ekki er hægt að moka á veturna, sé sárt yfir því hversu seint vegabætur koma til þess.

Ég ætla samt ekki að taka þátt í þessum deilum, virðulegi forseti, vegna þess að ég met það svo að þær skili í sjálfu sér engu. Umræðan sem skiptir máli er umræðan um að skipta því fé sem ríkið hefur til ráðstöfunar á hverju ári á fjárlögum. Það er þar sem menn taka hinar örlagaríku ákvarðanir um hve mikið fé fer til vegamála. Við erum bundin af fjárlögum hvort sem er og það verður ekki aukið nema að meira fé komi á fjárlögum. Þá skulu menn minnast þess líka, virðulegi forseti, að þeir sem vilja eyða í alla skapaða hluti, hækka, stækka, breikka og betrumbæta hvað sem er og hvar sem það finnst, að ekki er víst að hægt sé að nota alla peningana tvisvar og varla til vegamála þegar búið er að spreða þeim út og suður, eins og tillögurnar eru hér oft í þinginu þegar við ræðum fjárlögin. Við erum bundin af eigin tillögum og eigin samþykktum, við erum bundin af fjárlögum. Það er málið.

Ég vil líka segja það, þó að ég ætli ekki að blanda mér efnislega í umræðuna, virðulegi forseti, að þessi umræða um skiptingu fjár milli dreifbýlis og þéttbýlis er ákaflega óheppileg á þessari stundu þegar munurinn er hvað mestur á uppgangi þéttbýlisins miðað við dreifbýlið, þegar dreifbýlið á við hvað hörðust kjör að búa, þegar þrengt er að framleiðslunni eins og gert hefur verið á undanförnum mánuðum með hrossalækningum Seðlabankans í efnahagsmálum. Það eru fimm mánuðir síðan þau ósköp riðu yfir okkur, mig minnir að það hafi verið á Bónaparte-daginn 2. desember á síðasta ári sem fyrsta vitleysisgusan kom þaðan með stuðningi og styrk ríkisstjórnarinnar, því miður.

Þetta veldur landsbyggðinni miklum hörmungum og ef svo heldur fram sem horfir, sem ég held að verði ekki því að þetta fær ekki staðist, þarf ekki um að spyrja í þeim málum. Því er það mjög sárt fyrir landsbyggðarfólkið að heyra svo óvarlega talað um misskiptingu fjár vegna þess að allir vita að vegakerfi Íslands er fyrir Íslendinga og allir Íslendingar keyra á því. Þeir sem hafa mesta atvinnu af samgöngum eru Reykvíkingar. Þaðan eru útgerðarfyrirtækin, þaðan eru bílaútgerðirnar, þaðan eru þeir sem lifa á samgöngum, það eru fyrirtæki þeirra sem nota vegina, við eigum þá saman og höfum sameiginlega hagsmuni af að nota þá. Þess vegna er umræðan sár, virðulegi forseti, og óheppileg og væri betur komin annars staðar, þó að ég að sjálfsögðu skilji það að þingmenn allir, hvaðan sem þeir koma, hljóti að halda uppi merkjum síns fólks og sinna kjördæma og sinna svæða. Það er ekkert óeðlilegt við það. En sú nöturlega umræða eins og mér sýnist sumir fréttamenn taka hana, skilar okkur ekki neitt áleiðis. Það sem skilar okkur áleiðis, virðulegur forseti, er að geta hamið útgjöld ríkisins á öðrum sviðum þannig að meira sé til vegagerðar, við þurfum það umfram allt. Þetta var það sem ég vildi sagt hafa, virðulegur forseti.

Hins vegar vil ég, úr því að við erum að ræða vegamálin, koma aðeins inn á annað mál. Ef við lítum á kostnaðinn við vegagerðina og þá fjármuni sem við ætlum til þeirra á komandi árum þá fer ákveðið hlutfall til nýbygginga en það eru líka gríðarlega miklir fjármunir sem fara til viðhalds. Það er á vitorði allra að viðhaldið verður alltaf þyngra og erfiðara, sérstaklega hefur þetta verið áberandi og er í auknum mæli að valda okkur vandræðum eftir að svo ógæfulega vildi til að allir stórflutningar og þungaflutningar á Íslandi lögðust á vegina og sjóflutningar lögðust af. Við höfum séð skýrslu eftir skýrslu eftir eflaust vandaða embættismenn sem komast að þeirri neikvæðu niðurstöðu að ekkert þýði að tala um sjóflutninga á Íslandi, ekki verði aftur snúið, allir þungaflutningar á Íslandi skuli vera á landi.

Ég fullyrði, virðulegi forseti, að þeir fjármunir sem fara í viðhald veganna, sérstaklega vegna þungaflutninganna, eru miklu stærri tölur og miklu meiri hagsmunir en t.d. öll vegáætlunin sem við erum að fara yfir núna. Við hljótum, og það á að vera þannig, að þurfa að hugsa þetta frá víðara sjónarhorni en þeir embættismenn hafa gert sem fjallað hafa um málið til þessa. Við höfum ákveðið svigrúm, við höfum okkar eigin löggjöf, við þurfum að fara eftir því sem ESA samþykkir. Það er ekki einfalt mál, það er mjög flókið, en það er eitthvert mesta peningalega hagsmunamál Íslendinga og íslenska þjóðarbúsins að ég tali ekki um ríkissjóðs og vegasjóðs að reyna að leita leiða til að ná þverpólitískri samstöðu um hvernig og með hvaða hætti við gætum reynt að koma þungaflutningunum af vegunum og yfir á sjóinn. Það er hægt, ég viðurkenni að það er erfitt en við eigum að horfa til þess. Fjármunirnir sem í húfi eru á næstu árum og áratugum eru gríðarlegir og við þurfum á þeim að halda vegna þess að þetta stóra land þarf á vegum að halda og við verðum að fara vel með þá peninga. Þó að við eigum mikið af peningum núna og munum kannski eiga í framtíðinni verðum við að fara vel með þá, gæta þess hvað við erum að gera. Ég er sannfærður um það, virðulegur forseti, að fátt væri þjóðhagslega nauðsynlegra en að finna leiðir til að losna við mest af þungaflutningunum yfir á sjóinn. Þetta held ég að sé stóra málið.

Við getum svo deilt áfram um það hvernig við verjum peningunum. Það eru miklir peningar sem við erum að verja núna á síðustu árum enda hefur líka orðið mikil fram-

leiðniaukning í vegagerð. Þess vegna erum við að sjá að draumar okkar geta ræst sem menn höfðu enga trú á fyrir 10–15 árum. Það er glæsilegt, það er von í því. Við skulum samt halda jafnvæginu og halda nokkurn veginn sönsum yfir því, þetta gengur yfir. Við höfum gert vel og ég er alveg sannfærður um að við getum gert betur. Það er eðlilegt á hverjum tíma að menn deili vegna þess að margt getur orkað tvímælis en við höldum þó áfram á réttri braut. Það verður að fara vel með þá peninga sem við þurfum því að þeir eru ekki ótakmarkaðir, þeir verða aldrei ótakmarkaðir frekar en annað sem hið opinbera fjallar um.

[00:30]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þetta er um margt búin að vera fróðleg umræða um samgönguáætlunina. Varla greinir okkur á um það, þingmenn, að bættar samgöngur hér á landi eru einhverjar arðsömustu framkvæmdir sem við getum farið í. Ekki fer á milli mála eins og mál hafa þróast hér á landi að undanförnu þar sem flutningar hafa farið meira á þjóðvegina, og nánast eingöngu eftir að skipaflutningar lögðust svo til af, að uppbygging vegakerfisins er mjög brýnt mál. Það er ekki undarlegt að um það séu nokkrar meiningar hjá fólki sem býr á Íslandi og býr við mjög misjafnar aðstæður að því er varðar vegakerfið. Þar þarf að gera róttækt átak til lagfæringar og til bættra samgangna.

Það er ekki bara fólkið í byggðarlögunum sem hefur komist að þeirri niðurstöðu sem ég var að vitna til, að gera þyrfti átak í samgöngumálum, ég held að hægt sé að fara mjög langt aftur í tímann á hv. Alþingi og fletta upp í samþykktum þingsins um það til hvers þyrfti að horfa í samgöngumálum til að efla samgöngukerfið og koma því í nútímahorf. Það eru ekki bara íbúarnir sem við eiga að búa sem hafa á undanförnum árum verið að senda frá sér ályktanir og áskoranir um það að vel verði unnið í samgöngumálunum, heldur má segja að Alþingi hafi gert það einnig, þó kannski aðallega á kosningaárum, þ.e. í aðdraganda alþingiskosninga. Þá hafa menn komið fram með mjög róttækar tillögur, og fjármuni jafnvel, til að búa til átak í samgöngumálum. Auðvitað ber því að fagna þegar það er gert en með sama hætti er óhætt að draga það saman, a.m.k. á seinni árum, að dregið hefur verið úr þessum sömu fjárveitingum eftir að kosningaár er liðið. Það er akkúrat þannig ástand sem við erum að upplifa nú, hæstv. forseti. Við erum að upplifa það að dregið hefur verið úr fjárveitingum á þessu ári um 1,9 milljarða, fyrirhugað á næsta ári 2 milljarða og á árinu 2007 um 1,8 milljarða.

Þetta er staðreynd sem við stöndum frammi fyrir og veldur auðvitað fólkinu í landinu miklum vonbrigðum, sérstaklega á þeim svæðum þar sem menn hafa lagt mikla áherslu á það að komast með vegakerfið eitthvað í átt að nútímanum. Ég held að á engan sé hallað þó að við nefnum Vestfirðina í því sambandi þar sem við erum enn þá að keyra á stofnbrautunum, á drullunni ef hægt er að orða það þannig, á malarvegunum sem detta niður í foraðið þegar þannig viðrar og þola engan veginn svo vel sé þá miklu flutninga sem á vegina hafa komið á undanförnum árum.

Ég ætla ekki að vitna langt aftur í fortíðina en ég ætla þó að leyfa mér að lesa upp úr nefndaráliti frá 125. löggjafarþingi um jarðgangaáætlun. Ég vitna í meginefnið í því nefndaráliti frá samgöngunefnd, með leyfi forseta:

„Það er niðurstaða samgöngunefndar að jarðgangagerð sé áhrifarík leið til samgöngubóta þar sem þeim verður ekki komið við með öðrum hætti þannig að viðunandi teljist. Með jarðgöngum má rjúfa vetrareinangrun, stækka atvinnu- og þjónustusvæði og tengja saman byggðarlög með þeim hætti að skilyrði skapist fyrir eflingu byggðar og hagstæða íbúaþróun.“

Þetta var í þingskjali um stefnumótun í jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004, virðulegi forseti. Við erum núna á árinu 2005 að ræða samgönguáætlun. Það verður að segjast alveg eins og er að því miður bárum við ekki gæfu til þess hér með okkar þjóð að halda áfram markvisst eftir að við tókum í notkun jarðgöngin á Vestfjörðum eða Hvalfjarðargöngin, við bárum ekki gæfu til að halda áfram gerð varanlegra samgöngulausna eins og jarðganga. Mörg ár aðhöfðumst við ekkert í þá veru, því miður. Síðan höfum við farið í Fáskrúðsfjarðargöng og í Almannaskarðsgöngin fyrir austan. Þær framkvæmdir hafa báðar gengið vel en í mörg ár vorum við ekkert að aðhafast í jafnmiklum samgöngubótum og jarðgöng hafa reynst vera, bæði til styttingar vegalengda og ekki síður til að auka umferðaröryggi. Það geta menn séð ef þeir skoða slysaskráningu hér á landi að jarðgöngin hafa reynst afar öruggar samgönguleiðir. Sáralítið hefur verið um óhöpp og slys, bæði í Hvalfjarðargöngum og Vestfjarðagöngum. Ég minni á það að áður en þessi jarðgöng tvenn komu til urðu því miður oft dauðaslys, bæði í Hvalfirði og eins á heiðunum fyrir vestan.

Það er ekki spurning að sú niðurstaða sem samgöngunefnd komst að á löggjafarþinginu 1999–2000 sem ég vitnaði til áðan á fyllilega við rök að styðjast. Í raun og veru er sárt til þess að vita að menn skyldu ekki hafa borið gæfu til að fylgja því eftir sem við vorum byrjuð á að þessu leyti.

Fyrir alþingiskosningarnar síðustu var lagt af stað með það að setja verulega fjármuni í vegaframkvæmdir. Það var gert og ber vissulega að þakka það, m.a. hefur það orðið til þess að okkur tókst á Vestfjörðum að gera þó nokkurt átak í að koma bundnu slitlagi á vegi í Ísafjarðardjúpi og þó nokkuð komumst við áfram á Barðaströndinni milli Flókalundar og Bjarkalundar.

Það verður hins vegar að segjast alveg eins og er, hæstv. forseti, að ekki horfir vel með framkvæmdir á þessum malarvegum, eins og á Vestfjörðum, á næstu árum. Það eru litlar fjárveitingar til þessara verkþátta á þessu ári og því næsta og síðan ætla menn að bæta verulega í á árunum 2007, enda þá kosningaár, og 2008. Ég velti því satt að segja fyrir mér, og kom reyndar mjög oft inn á það hér í umræðunum síðasta haust um fjárlögin, hvort nokkur skynsemi væri í því að haga sér eins og við höfum verið að gera að því er varðar fjárveitingar til vegaframkvæmda með því að gera það sem við höfum verið að gera, að skera niður framkvæmdirnar um tæpa 2 milljarða þrjú ár í röð. Síðan er ákveðið að við ætlum að bæta verulega í á árunum 2007 og 2008. Þar erum við vissulega að tala um að taka inn mikla fjármuni og auka verulega í að þessu leyti. Það sem gerist þá er það að við aukum framkvæmdaféð um 4,5 milljarða hvort árið um sig, 2005 og 2006, og framlag ríkisins vex úr rúmum 2 milljörðum á árunum 2005 og 2006 í 6,5 milljarða, hvort

árið 2007 og 2008.

Ég velti því sannarlega fyrir mér, hæstv. forseti, og hef svo sem spurt þeirrar spurningar þegar við höfum rætt við Vegagerðina án þess að fá kannski skýr svör, hvort það sé mikið vit í því að fara svona í málin, draga saman framkvæmdirnar núna og ætla síðan að auka þær verulega, þ.e. um 4,5 milljarða á árunum 2007 og 2008. Þá förum við að bjóða út mun fleiri verk, væntanlega. Þá held ég að hætt verði við því að við, þ.e. þjóðin og Vegagerðin sem býður út verkin, fáum ekki þau hagstæðu tilboð sem ella gæti verið. Þá er verið að bjóða út tiltölulega mikið framkvæmdamagn á stuttum tíma, tveimur árum. Nær hefði verið að halda sig við þá áætlun sem búið var að gera og vera með nokkuð góða verkáætlun, á árunum 2004, 2005 og 2006, og halda sig við það að hafa 2 milljörðum meira inni í fjárlögunum að því er varðar vegaframkvæmdirnar.

Þetta benti ég margsinnis á í haust í ræðu varðandi fjárlögin. Ég sagði reyndar nokkrum sinnum að ég drægi mjög í efa að það væri skynsamleg ráðstöfun að draga úr þessum fjárveitingum á árunum 2005 og 2006 og að það mundi ekki þjóna neinum þeim tilgangi að draga úr þenslu eins og menn létu í veðri vaka. Það virðist vera sitt hvað, menn tala um framkvæmdir í vegamálum og að þar eigi að draga úr þenslu en síðan er hægt að fara í alls konar aðrar framkvæmdir eins og voru nefndar í umræðunni í kvöld.

Ég hef margspurt að því, m.a. hæstv. samgönguráðherra, hvort hann geti sagt mér hvað 60 kallar inni í fjalli búi til mikla þenslu. Auðvitað hafa ekki komið nokkur einustu svör við því, menn hafa bara sagt að talið væri að þetta ylli þenslu.

Í Norðvesturkjördæminu er a.m.k. ekki um mikla þenslu að ræða. Sem betur fer njótum við uppbyggingar í suðurhluta kjördæmisins, í Hvalfirði varðandi stóriðjuna. Því fylgja vissulega margfeldisáhrif eins og öllum framkvæmdum. Að öðru leyti, eftir að kemur norður fyrir Borgarfjörðinn, held ég að menn finni ekki mikil þensluáhrif neins staðar í kjördæminu, því miður. Því miður held ég að við séum bara víða að upplifa í Norðvesturkjördæminu samdrátt og fækkun íbúa, enn þá, þó að við vonumst vissulega til þess að geta snúið þeirri þróun við. Aðrir eru líka að vonast eftir því, ekki bara sá sem hér stendur. Á þessu ári var kynntur Vaxtarsamningur Vestfjarða, plagg sem unnið var á vegum byggðamálaráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, og unnið af nefnd sem iðnaðarráðherra skipaði. Í bréfi sem fylgdi þessari ágætu skýrslu sem var afraksturinn af því starfi segir, með leyfi forseta:

„Í árslok 2003 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra Valgerður Sverrisdóttir verkefnishóp til að gera tillögur um byggðaáætlun fyrir Vestfirði.“ — Síðan kemur upptalning á því hverjir voru í hópnum og þar var formaður Baldur Pétursson frá iðnaðarráðuneytinu. Þar voru ýmsir aðrir sem ég ætla ekki að telja upp enda skiptir það ekki öllu máli.

„Hlutverk nefndarinnar var að leggja áherslu á verkefni sem líkleg eru til að skila árangri í styrkingu atvinnulífs og annarra búsetuskilyrða á Vestfjörðum og gera tillögur til ráðherra um aðgerðir í byggðamálum fyrir Vestfirði þar sem lögð yrði áhersla á að styrkja Ísafjörð sem byggðakjarna á Vestfjörðum.“

Síðan segir:

„Iðnaðarráðherra mun yfirfara og meta tillögur verkefnisstjórnar á næstunni og kalla eftir samstarfi við önnur ráðuneyti og bæjaryfirvöld á Ísafirði, sveitarfélög og atvinnulíf á svæðinu sem og aðra. — Reykjavík, í febrúar 2005.“

Í þessari samantekt, Vaxtarsamningi Vestfjarða, er auðvitað komið að samgöngumálum sem einni af meginröksemdunum fyrir því að svæðið þurfi á breytingu að halda að því leyti til. Undir kaflanum Tillögur á öðrum sviðum eru undirkaflarnir: Bættar samgöngur — styttingar á akstursleiðum á Vestfjörðum og Áhersla á sameiningu og samstarf sveitarfélaga. Við vitum að þetta gerist ekki nema með bættum samgöngum og öðru slíku. Síðan segir í kaflanum um samgöngur, með leyfi forseta:

„Þessar samþykktir í vegamálum hafa gengið hægt eftir og telur starfshópur F[jórðungssambands] V[estfjarða] að helstu staðreyndir séu þær að Vestfirðir reki lestina á landsvísu í uppbyggingu vegakerfisins, þungaflutningar aukist stöðugt með tilheyrandi sliti á vegum og áhyggjum af minnkandi öryggi vegfarenda, og bundið slitlag vanti enn á milli einstakra þéttbýliskjarna. Einnig sé óvíst hversu langt sé í land að brýnustu verkefnunum ljúki og að heilsársamgöngur milli samgöngusvæða á Vestfjörðum sé draumsýn ein næstu áratugina nema vegafé verði aukið til muna.“

Ég er að lesa upp úr skýrslu sem var unnin fyrir byggðamálaráðherra, gefin út í janúar síðastliðnum, hæstv. forseti.

Áðan vitnaði ég í áherslur frá jarðgangaáætlun fyrir árin 2000–2004. Auðvitað er einnig hægt að vitna í eldri samgönguáætlanir. Ég held að það þurfi samt ekki til að draga það fram í málinu sem ég er að gera, sem er einfaldlega það að nánast allir sem hafa fjallað um stöðu Vestfjarða á undanförnum árum hafa dregið það fram að vegakerfið væri einn af þeim þröskuldum sem við yrðum að lagfæra og það fljótt, m.a. til að hafa áhrif á búsetuskilyrði á svæðinu og til að tryggja vonandi nýja uppbyggingu í Vestfjarðafjórðungi.

Nú eru Vestfirðir aðeins einn hluti af kjördæmi okkar en ég held að samt megi segja sem svo að vegirnir á Vestfjörðum séu afar sérstakir miðað við kjördæmið í heild. Stofnbrautirnar eru enn þá malarvegir sem þola alls ekki nútímaflutninga. Þess vegna er krafa Vestfirðinga sú að fá að komast upp úr drullunni, losna við vegina sem detta niður og eru nánast ófærir langtímum saman ef veðurfar er slíkt.

Þess vegna er ekki skrýtið, hæstv. forseti, að við þingmenn Norðvesturkjördæmisins gerum mikla kröfu um að fá að halda uppi miklum og góðum framkvæmdum að því er varðar vegakerfið, sérstaklega meðan það er eins og það er. Er þó þetta sem ég nefndi um vegina á Vestfjörðum ekki einsdæmi.

Ný leið sem við höfum verið að byggja upp milli Skagafjarðar og Húnaflóa, Þverárfjall, er enn þá að stórum hluta til malarvegur. Þetta er að verða ein mesta flutningsleiðin á milli svæðanna, mikið notuð flutningsleið til Reykjavíkur og vaxandi. Þar er komin upp sama staðan að hluta til eins og á Vestfjörðum þó að þar séu vissulega nýir kaflar sem hefur verið unnið að á undanförnum árum.

Við búum við það, bæði frá suðurhluta Vestfjarða og norðursvæðinu, sem og Ströndum, að þurfa að nota malarvegi sem aðalflutningsleið. Það er gjörsamlega óásættanlegt. Þegar við horfum á þá fjármuni sem eru núna inni í

vegáætlun er ekkert undarlegt þó að fólk segi: Þetta gengur ekki, þarna verður að taka til hendinni.

Þess vegna segi ég það, hæstv. forseti, að mönnum hefði verið nær að hugsa til þess við afgreiðslu fjárlaganna í haust að það þyrfti aukna fjármuni inn í samgönguáætlun. Núna sitjum við uppi með það, eins og ég gat um áður, að til eru sáralitlir fjármunir til að takast á hendur framkvæmdir í Ísafjarðardjúpi á þessu og næsta ári og sama er að segja um veginn frá Bjarkalundi og vestur í Flókalund. Við sitjum uppi með það. Þar til viðbótar er sú leið sem Strandamenn hafa lagt mikla áherslu á, og ekki bara Strandamenn heldur einnig íbúar við Ísafjarðardjúp, og hún er sú að leggja áherslu á að lagður verði nýr og uppbyggður vegur yfir Arnkötludal frá Steingrímsfirði og yfir í Króksfjörð. Sú leið styttir vegalengdina frá Hólmavík og frá norðurhluta Vestfjarða um 40 kílómetra og menn hafa lagt vegi fyrir minna. Ég minni á Fáskrúðsfjarðargöngin sem vissulega lögðu af erfiðan veg út fyrir Vattarnes, ætli þar hafi ekki verið um 28 kílómetra styttingu að ræða. Ég er mjög ánægður með að farið skuli hafa verið í þá framkvæmd. Þetta segi ég til að bera saman áherslurnar að því er varðar Arnkötludal og það sem verið er að gera annars staðar á landinu.

Ég legg á það mikla áherslu, hæstv. forseti, að við snúum af þessari villu vegar sem ég vil kalla svo, að draga úr framkvæmdafé til samgöngumála. Ég lýsi því yfir að ég mun reyna að beita mér fyrir því að við afgreiðslu fjárlaga næsta haust verði sett meira fé í samgöngumálin. Þá reynir á hvort menn vilja fella slíka tillögu við afgreiðslu fjárlaganna á næsta hausti. Ég held að við komumst ekki hjá því að flýta framkvæmdum á þeim svæðum landsins þar sem vegirnir eru verstir. Þá er ég hvorki að gera lítið úr þörf annarra kjördæma fyrir að fá lagfæringar á þjóðvegum á sínum svæðum né úr því að framkvæma þurfi að á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ég hef áður lýst því úr þessum ræðustól að ég líti svo á að Sundabrautin sé ekki einkamál Reykvíkinga, heldur er hún þjóðbraut sem nýtist öllum landsmönnum og skiptir verulegu máli fyrir samgöngur allra landsmanna að og frá borginni. Alveg örugglega mundi Sundabraut skipta mjög miklu fyrir suðurhlutann í mínu kjördæmi, þ.e. atvinnuþróun og uppbyggingu á Akranesi, í Borgarfirði og á Hvalfjarðarsvæðinu. Þetta held ég að öllum hljóti að vera ljóst. Þess vegna held ég að menn þurfi ekki að deila mikið um það að þeir fulltrúar landsbyggðarinnar sem horfa á samgöngumálin nokkuð heildstætt hafi ekki áhuga á því að hafist verði handa við gerð Sundabrautar.

Við megum heldur ekki gleyma því að ég hygg að allir þingmenn hafi stutt tvöföldun Reykjanesbrautarinnar svo að dæmi sé tekið. Hið sama á við um tvöföldun Vesturlandsvegar milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur. Því ber auðvitað að fagna sem verið er að gera í samgöngumálum á þeim þjóðvegum sem eru út frá borginni þar sem umferð er virkilega mikil, eins og á Hellisheiðinni.

Allt þetta sem við viljum gera verður ekki gert nema með fjármunum. Þar komum við í raun og veru aftur að því sem ég sagði í upphafi máls míns, það er ekki nóg að lofa gulli og grænum skógum fyrir kosningar og draga svo alltaf úr eftir kosningar — og gefa svo aftur í á árinu 2007 og draga svo aftur úr á árinu 2009 ef sama ríkisstjórn heldur velli, sem vonandi verður ekki. (Gripið fram í.) Ég ætla að leyfa mér að vona það, hv. þm. Birkir Jón Jónsson, að ríkisstjórnin haldi ekki velli í næstu kosningum. Það er alveg kominn tími á að skipta um ríkisstjórn í þessu landi.

Sá sem hér stendur hefur haft mikinn áhuga á því að við tækjumst á hendur lagfæringar á vegakerfinu á Íslandi með því sem ég hef viljað leyfa mér að kalla varanlegar framtíðarlausnir. Þá er ég m.a. að tala um jarðgangagerð. Í einhverjum fyrirspurnatíma um daginn var tekin svolítil syrpa þar sem menn ræddu um hin og þessi jarðgöng fram og til baka. Við megum heldur ekki gleyma því að fyrir nokkrum árum var búin til jarðgangaáætlun — ég vitnaði reyndar í hana áðan — en síðan kom út skýrsla 2001 um mögulegar jarðgangaleiðir á Íslandi og hvaða kostir fylgdu þeim.

Ég vék að því áðan að því miður hefðum við Íslendingar alltaf lent í dauðum tímabilum. Við tökum fyrir ein eða tvenn jarðgöng og þegar við erum búin með þau leggjumst við ofan í einhverja allsherjargleði og gleymum að halda áfram. Þannig hefur þetta verið. Þannig var þetta eftir Vestfjarðagöng og Hvalfjarðargöng, það gerðist ekkert í jarðgangagerð í mörg ár.

Síðan var tekist á við Fáskrúðsfjarðargöng og Almannaskarð. Þeim framkvæmdum er báðum að ljúka en við erum ekki komin í útboð á næstu framkvæmd, sem ætti auðvitað að vera ef vel væri að verki staðið, við ættum alltaf að vera með a.m.k. ein jarðgöng undir sem verið væri að vinna í. Ef við stæðum vel að verki varðandi jarðgangagerð ættum við að vera að bjóða út jarðgöng þegar við sæjum að farið væri að halla á seinni hluta á einhverju verki. Tillaga okkar í Frjálslynda flokknum hefur gengið út á það, við höfum lagt til þingsályktunartillögu sem ekki hefur komið enn þá til umræðu um að menn setjist yfir jarðgangamálin á nýjan leik og búi til áætlun um það hvernig standa eigi að því að gera þau jarðgöng hér á landi sem við á annað borð teljum að sé hagkvæmt að gera og teljum eðlilegt að verði fylgt eftir.

Ég hef alla vega komist að þeirri niðurstöðu að það þyrfti að gera u.þ.b. 80 km af jarðgöngum til að koma þjóðvegakerfinu að mestu leyti á láglendisvegi og tengja saman byggðir sem teldust eðlilegar og góðar framkvæmdir og varanlegar lausnir.

Ég held, hæstv. forseti, að við eigum að fara í þá vinnu að skipuleggja hvernig við viljum standa að jarðgangagerð á komandi árum og áratugum. Við hljótum að geta markað þeim framkvæmdum einhvern sérstakan bás og gert ráð fyrir 2–2,5 milljörðum á hverju ári í jarðgangagerð, þannig að við séum að vinna að einhverri markvissri áætlun um að leysa varanlega samgöngur á milli svæða sem við teljum að leysa þurfi með jarðgangagerð.

Annar þáttur sem ég hef oft vikið að í máli mínu og ætla að gera líka núna er að stytta akstursleiðir m.a. með þverun fjarða. Sem betur fer höfum við gert nokkuð í því. Við búum að þverun Gilsfjarðar og nýlega er búið að þvera Kolgrafarfjörð. Við búum að þverun Dýrafjarðar fyrir vestan. Allt hefur þetta orðið til þess að stytta vegalengdir og gera umferðina öruggari og hægt hefur verið að halda uppi vetrarsamgöngum yfir svæði sem ella hefðu ekki verið þægileg til vetrarumferðar. Ég held að við eigum að halda

áfram að gera þetta þar sem við teljum það samrýmast öllum eðlilegum sjónarmiðum eins og því að við getum líka gert framkvæmdir án þess að raska mikið náttúrunni. Öllum framkvæmdum fylgir auðvitað eitthvert rask, en þetta eigum við að geta gert á skynsamlegan hátt.

Ég nefni stundum umræðuna sem varð um þverun Gilsfjarðar, sem ég kalla stundum „rauðbrystingaumræðuna" þegar menn fóru í ægileg mótmæli yfir því að það mætti ekki þvera Gilsfjörð vegna þess að þar með væru rauðbrystingarnir í stórkostlegri hættu í hvert skipti sem þeir kæmu hér á vorin og haustin á ferðalögum sínum vestur um. Sem betur fer reyndist sú spá ekki vera á rökum reist og fuglarnir fljúga auðvitað vor og haust sínar farfuglaleiðir, koma við hér á landi eftir sem áður og er ekki sjáanlegt að þverun Gilsfjarðar hafi á nokkurn hátt eyðilagt flug þeirra, farfuglaleiðir né ætismöguleika. Þá sjaldan maður gefur sér tíma til að stoppa á brúnni í Dýrafirði, — því það er ekki beint þægilegt að stoppa þar, hún er einbreið, því er nú verr, en það má stoppa áður en maður fer inn á hana — þá er hvergi meira fuglalíf en einmitt við brúna í Dýrafirði. Sú aðgerð varð því ekki til þess að skemma náttúruna eða gera búsvæði fuglanna verri en áður, frekar á hinn veginn. Þetta nefni ég sem dæmi vegna þess að mér finnst oft að menn séu ansi fastir í því að allar vegaframkvæmdir séu það hættulegar að þær raski svo miklu í ríki náttúrunnar. Ég tel það ekki vera, hæstv. forseti.

Ég tel að gera verði virkilegt átak á vegunum á Vestfjörðum og það verði að flýta þar framkvæmdum. Það verður auðvitað ekki gert nema ná í nýtt fé, úr því menn voru svo vitlausir að skera niður vegaféð með því að draga saman fjárveitingar. Ég mun alla vega reyna að vinna að því þegar við afgreiðum fjárlög næst að fá meira fé í vegaframkvæmdir. Það á ekki bara við um Vestfirði, það eru fleiri staðir og fleiri vegaframkvæmdir í okkar kjördæmi, Norðvesturkjördæmi, sem þarf að huga að. Ég nefni t.d. nýja brú í Hrútafirði sem ég held að geti orðið ágætis samgöngubót fyrir Norðvesturland. Ég ætla ekki að fara að telja upp hverja framkvæmdina á fætur annarri, en það er algjörlega ljóst að okkur mun ekki takast að vinna betur og markvissar að samgöngumálum nema fá til þess aukið fé. Þá umræðu tók ég í haust í umræðu um fjárlögin að við værum að gera rangt og það væru mistök að skera vegafé svo niður sem ráðgert var.

Ég hef einnig áhyggjur af því, hæstv. forseti, að þegar við aukum ríkisframlagið um 4,5 milljarða á árinu 2007 og síðan 2008 og förum að bjóða út af meiri krafti að við munum fá dýrari tilboð en við hefðum fengið ef við hefðum haldið áfram að bjóða út verk, því að þó menn séu að tala um einhver þensluáhrif hér á landi nú um stundir hafa tilboðin sem Vegagerðin hefur fengið verið afar hagstæð og ekki þurft að draga úr framkvæmdum þess vegna. Hins vegar kynni að vera að þegar við setjum þetta út í þessum pökkum misjafnt á milli ára fengjum við ekki eins hagstæð tilboð í þá verkþætti sem við værum að bjóða út þegar við værum að bjóða út fleiri verk í einu og þau kannski dreifð vítt og breitt um landið.

Víða á vegakerfinu eru einbreiðar brýr sem þarf að vinna sérstaklega í að fækka og takast á við. Það eru jafnvel krappar beygjur að sumum þeirra og þær eru því miður talsverðar og miklar slysagildrur.

Ég varð þeirrar ánægju aðnjótandi fyrir stuttu, þann 1. maí, að keyra austur á Hornafjörð. Það var afar ánægjuleg ferð að keyra á teppalögðum vegi 457 km frá Reykjavík til Hornafjarðar og þurfa aldrei út á möl að fara og aðkeyrslan að öllum brúm á þeirri leið nánast bein og greið. Það má vissulega gleðjast yfir því vegakerfi sem er þar á aðalþjóðvegi landsins, þó ég hafi ekki haft tíma til þess að skoða mikið af hliðarvegum á ferð minni. Ég segi alveg eins og er að ef menn byggju við þetta annars staðar á landinu að geta rennt á slíkum brautum held ég að menn væru ekki að kvarta svo hávært á Vestfjörðum sem raun ber vitni, enda væri ekki ástæða til.

Hæstv. forseti. Ég held að það verði ekki hjá því komist að takast á við að lagfæra verstu þjóðvegi okkar. Því miður eru sennilega verstu vegirnir á Vestfjörðum í Norðvesturkjördæmi. Eftir að þungaflutningarnir komu á vegina er það staðreynd að vegirnir þola ekki flutningana.

Við höfum auðvitað fengið fjöldamörg bréf frá öllum sveitarstjórnum og fullt af hagsmunasamtökum í kjördæmi okkar, Norðvesturkjördæmi. Ég ætla að vitna í eitt bréf að lokum frá Ísafjarðarbæ, þar sem þeir tala um fjármunina í vegaframkvæmdum. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Ljóst er að 300 milljónir kr. vantar til viðbótar fyrir árin 2005 og 2006 í nýrri tillögu að samgönguáætlun vegna framkvæmda í Ísafjarðardjúpi til að staðið sé við áætlun 2003–2006 eins og hún var samþykkt á sínum tíma.

Það virðast orðin hefðbundin vinnubrögð við endurskoðun samgönguáætlunar að skera fyrri tvö árin niður en vera með meira fjármagn síðari tvö árin sem aftur eru skorin niður við tveggja ára endurskoðun samgönguáætlunar."

Þetta er lýsing Ísafjarðarbæjar á samgönguáætluninni. Það vill svo til að sömu flokkar stjórna Ísafjarðarbæ og eru í ríkisstjórn. Hér senda þeir flokksfélögum sínum afar skýr skilaboð. Ef menn geta ekki fallist á þá skýringu sem ég gaf áðan um að menn gæfu loforðin fyrir kosningar og drægju svo allt til baka eftir kosningar held ég þeir ættu líka að skamma bæjarstjórnina á Ísafirði fyrir sömu rök.

[01:12]

Birkir J. Jónsson:

Frú forseti. Það er orðið áliðið kvölds en það er kannski eðlilegt þar sem hér er undir viðamikill málaflokkur sem er samgönguáætlun til næstu fjögurra ára. Margt hefur komið fram í máli þingmanna í dag. Ég vil fyrst beina orðum til hæstv. forseta þar sem ég átti í andsvörum við hv. þm. Gunnar Birgisson og hv. þm. Kristin H. Gunnarsson fyrr í kvöld og spyr hvort þeir séu í húsi.

(**Forseti** (JBjart)**:** Forseta sýnist að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sé í húsi en ekki hv. þm. Gunnar Birgisson.)

Hæstv. forseti. Eins og ég nefndi í upphafi ræðu minnar er langt liðið kvölds og ég virði það við hina ágætu hv. þingmenn ef þeir eru ekki lengur í húsi og tel að forföll þeirra séu mjög eðlileg. En ástæða þess að ég spyr hæstv. forseta að þessu er sú að ég átti í andsvörum við hv. þingmenn fyrr í kvöld út af ákveðnu málefni sem snertir samgönguáætlunina og taldi mig ekki fá svör við þeim spurningum sem ég beindi til hv. þingmanna, en ég mun áskilja mér rétt til að reifa þau sjónarmið sem ég nefndi í andsvör-

um mínum en taldi mig ekki fá svör við og fara betur yfir það málefni sem ég áður nefndi.

Hæstv. forseti. Það er mjög eðlilegt að tilfinning sé í mönnum þegar rætt er um svo viðamikið mál sem vegamál eru. Við búum í víðfeðmu og stóru landi og mjög mörg aðkallandi verkefni á sviði vegamála eru víða um land. Samgöngumál er trúlega sá málaflokkur sem hefur haft og mun hafa hvað mest áhrif á þróun byggðar, hvort sem það er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni, því ef samgöngur eru ekki í viðunandi horfi er ljóst að slíkt veikir grundvöll viðkomandi byggðarlaga.

Ég er líka sammála þeim hv. þingmönnum sem hér hafa talað, að það er auðvitað nauðsynlegt að hér sé hæfilegt jafnvægi í þeim efnum, t.d. í fjárveitingum á milli höfuðborgar og landsbyggðar, en taka verður tillit til ýmissa þátta. Það er ekki nóg að taka tillit til íbúafjölda eingöngu, við þurfum líka að horfa á lengdir vega og stærð kjördæma. Reyndar er það mjög dapurlegt í þessum málaflokki hvað umræða um vegamál verður oft kjördæmatengd. Ég segi að það sé ekki endilega alltaf málefnunum til framdráttar.

Hæstv. forseti. Menn hafa rætt hér mikið um hávær mótmæli sveitarstjórna á höfuðborgarsvæðinu við fyrirhugaðri samgönguáætlun. Það er mikið rétt, fjölmiðlar í landinu hafa gert þeim mótmælum ágætlega skil, en það er nú staðreynd málsins og gott að upplýsa það ef einhverjir fjölmiðlamenn eru að hlusta, að við hv. þingmenn erum að fá ályktanir frá sveitarfélögum um allt land nær á hverjum degi, sérstaklega í aðdraganda þeirrar vegáætlunar sem við erum að ræða, og kallað er á mjög mörg brýn verkefni. Miðað við umræðuna undanfarna daga í fréttatímum útvarps og sjónvarps mætti ætla að ástand mála væri allgott á landsbyggðinni en við, a.m.k. þingmenn landsbyggðarinnar og örugglega hæstv. samgönguráðherra hafa fundið fyrir því að íbúar víða um land knýja á um mjög mörg aðkallandi verkefni á sviði vegamála. Því miður hafa þær raddir kannski ekki náð eyrum fjölmiðla eins og ástæða væri til.

Hæstv. forseti. Þegar ég tala um gagnrýni sveitarfélaga á okkur þingmenn höfum við þingmenn t.d. í Norðausturkjördæmi fengið ábendingar hvað varðar Hófaskarðsleið að ganga mætti hraðar í þeim efnum. Það er mjög mikilvægt mál til að tengja byggðirnar á norðausturhorninu og alltaf má betur gera. Það er með þennan málaflokk eins og allt annað að ekki er hægt að gera allt í einu. Við fögnum til að mynda mjög mörgum áföngum eins og Dettifossvegi, sem mun hafa gríðarlega mikilvæg áhrif á ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu sem er sívaxandi þáttur í atvinnulífi Þingeyinga og mun á komandi árum styrkja byggð á því svæði gríðarlega.

Þá er ekki úr vegi að nefna, hæstv. forseti, aðra framkvæmd sem mundi styrkja þetta svæði allverulega. Því miður eru mjög takmörkuð skref gengin í þá átt í þeirri áætlun sem hér um ræðir en það er gerð Vaðlaheiðarganga, sem menn munu vonandi fara í með einkaframkvæmd, sem mun tengja Eyjafjarðarsvæðið og Þingeyjarsýslurnar og gera það að einu heilsteyptu atvinnu- og þjónustusvæði. Þar njóta bæði Þingeyingar og Eyfirðingar góðs af og yrði mjög hagkvæm framkvæmd, rétt eins og flestar þær jarðgangaframkvæmdir sem við erum að fara í. Þetta eru mannvirki sem munu standa um árhundruð og nýtast viðkomandi samfélögum gríðarlega. Við sleppum þar að fara yfir mjög erfiða og hættulega fjallvegi og ég fullyrði að framkvæmd eins og Vaðlaheiðargöng mun spara mörg mannslíf á komandi árum og áratugum þegar sú ágæta framkvæmd verður afstaðin.

Hæstv. forseti. Ég nefndi það áðan að margir hefðu rætt um hlutfallslega skiptingu vegafjár á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðarinnar og talað um að hér byggju tveir þriðju landsmanna og þá ættu tveir þriðju hlutar af vegafénu að renna hingað, eða hátt í það. En eins og hæstv. samgönguráðherra benti á í sjónvarpsþætti Kastljóssins í gærkvöldi eru þjóðvegir á höfuðborgarsvæðinu einungis 144 kílómetrar. Ef við horfum til annarra kjördæma, eins og kjördæmis hæstv. samgönguráðherra, þá eru þar um 5.000 kílómetrar, hátt í fjörutíufalt fleiri en á höfuðborgarsvæðinu. Í norðausturkjördæmi, þaðan sem ég kem eru um 4.000 kílómetrar, um þrjátíuföld lengri vegalengd. Þess vegna er ekki hægt að tala um það að sanngjarnt sé að deila hlutfallslega vegafé á íbúafjölda. Við hljótum að þurfa að taka tillit til lengdar vega í viðkomandi kjördæmi. Við þekkjum það sem keyrum víða um land, á mörgum stöðum, sérstaklega hvað tengivegina og sveitavegina varðar, þá keyrum við þar um forarsvað og þar þarf að bæta verulega úr. En verkefnin eru mörg og það er því miður ekki hægt að framkvæma allt í einu, því miður er það sannleikur málsins, en auðvitað reynum við að forgangsraða í þessum efnum.

Hæstv. forseti. Það er margt um að vera í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu. Nú eru miklar framkvæmdir í gangi í Mosfellsbæ og mikil vinna á sér stað við færslu Hringbrautar. Þær framkvæmdir hafa m.a. leitt til þess undanfarin missiri að umferðarþröng verður meiri á álagstímum vegna framkvæmdanna og þegar þeim verður lokið mun vonandi létta umferðarálagi af viðkomandi stöðum á höfuðborgarsvæðinu, en það þarf að halda áfram.

Hæstv. forseti. Ég beindi þeirri fyrirspurn hér á dögunum til hæstv. forsætisráðherra, hvort honum fyndist koma til greina að við mundum verja hluta söluandvirðis Símans til þarfra verkefna á borð við samgöngumál. Hæstv. forsætisráðherra svaraði þeirri spurningu á þá leið að honum fyndist koma sterklega til greina að verja hluta af söluandvirði Símans til gerðar Sundabrautar. Það er gríðarlega mikilvægt mál og er ekki eingöngu málefni höfuðborgarbúa, stórkostlegt mál fyrir íbúa Vesturlands og Norðurlands að stytta leiðina til Reykjavíkur sem því nemur. Það er heldur engin smáframkvæmd. Ekki er búið að hanna þá framkvæmd endanlega. Það á eftir að ljúka ákveðinni hönnunarvinnu við það verk og trúlega, ef má marka orð hæstv. samgönguráðherra, verður hægt að bjóða þá framkvæmd út árið 2007.

Ef við setjum þá framkvæmd í samhengi við annað sem við erum að gera í samgöngumálum munum við á næstu fjórum árum eyða 23,7 milljörðum kr. við vegagerð, við gerð stofnbrauta, í stofnkostnað í vegagerð. Hvað erum við að tala um þegar rætt er um lagningu Sundabrautar? Við erum að tala um kannski 10–14 milljarða kr. sem verður sérverkefni fyrir utan vegáætlun. Við erum að tala þar um hátt í 50% af vegafé í vegagerð til næstu fjögurra ára. Hér er um gríðarlegt verkefni að ræða sem mun nýtast íbúum höfuð-

borgarsvæðisins vel og íbúum landsbyggðarinnar. Það er markmið ríkisstjórnarinnar að ráðast í þá framkvæmd sem er mjög mikilvægt málefni og við þingmenn landsbyggðarinnar munum vonandi styðja rétt eins og þingmenn höfuðborgarsvæðisins. Þar er því um mjög stórt verkefni að ræða.

Ég er sammála mati hæstvirtra ráðherra að mjög erfitt er að setja slíka framkvæmd inn á vegáætlun þegar ekki er búið að klára endanlega hönnun verksins og menn vita kannski hugsanlega ekki hver endanlegur kostnaður er. Hér á að vera um sérverkefni að ræða og við munum í framhaldi af markaðsvæðingu Landssímans geta farið í verkefni á borð við Sundabraut.

Hæstv. forseti. Ég ætla nú að víkja að aðalhluta ræðu minnar hér í kvöld, sem fjallar um Héðinsfjarðargöngin og hv. þm. Gunnar Birgisson og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerðu að verulegu umtalsefni í ræðu sínum. Mér finnst ég vera knúinn til þess að ræða það mál örlítið. Því miður, eins og ég sagði fyrr í ræðu minni, fékk ég ekki fullnægjandi svör í þeim andsvörum sem ég veitti hv. þingmönnum, og ég vil fara aðeins yfir það í örstuttu máli.

Hv. þm. Gunnar Birgisson boðaði það með miklum látum að hann mundi gera nýja samgönguáætlun og hann mundi leggja fram nýja samgönguáætlun á þingi. Ég hugsaði með mér þegar ég heyrði þetta, af því þetta á sér ekki mörg fordæmi, verður það þá ekki þannig í haust að ef mér líkar ekki við allt sem við framkvæmum í fjárlögum ríkisins, ég sit í fjárlaganefnd þingsins, á ég þá ekki að koma með mína fjárlagaáætlun? Ég verð að segja alveg eins og er að ég er ekki alltaf 100% sammála öllu sem stendur í fjárlögum íslenska ríkisins. Er það þá ekki bara þannig að ég ætti að koma hér upp sem alþingismaður með mínar fjárlagatillögur og þannig eigi það að vera með alla 63 þingmenn á Alþingi? Ég held að þingstörfin yrðu nú dálítið torsótt ef við mundum hafa þann háttinn á, þó við töluðum eingöngu um stjórnarliða sem mundu koma með slíkar tillögur fram. Þetta hefur ekki verið háttur núverandi ríkisstjórnar að koma fram með tillögur sem þessar. Við höfum afgreitt mál innan þingflokka okkar, en því miður var það lendingin að Gunnar ákvað að koma með þessar breytingartillögur sem fyrst og síðast snúa að einni framkvæmd að heitið getur, sem eru Héðinsfjarðargöng, og hv. þingmaður hefur samþykkt með atkvæði sínu á þingi í jarðgangaáætlun og vegáætlun 2000–2004. Þetta er staðreynd málsins.

Ég hef sagt að það kom mjög illa við íbúa við utanverðan Eyjafjörð þegar hæstv. ríkisstjórn ákvað að fresta framkvæmdum við Héðinsfjarðargöng. Þá var gert ákveðið samkomulag á milli ríkisstjórnarinnar, sem Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn eiga aðild að, og sveitarfélaganna við utanverðan Eyjafjörð að farið yrði í þessa framkvæmd og við mundum hefja framkvæmdir vorið 2006 og klára framkvæmdir vorið 2009. Ég hef sagt það áður að hv. þingmönnum hefði þá verið í lófa lagið þegar sú ákvörðun var tekin að standa þá upp og mótmæla kröftuglega. Hv. þingmenn hafa kosið að bíða fram að endurskoðun vegáætlunar með þau áhersluatriði sín þrátt fyrir að þeir hafi greitt þeim framkvæmdum atkvæði sitt hér fyrir nokkrum árum.

Mér finnst það mjög alvarlegt ef menn líta almennt svo á, hvort sem þeir eru alþingismenn eða sveitarstjórnarmenn, að samkomulag sem gert er á milli ríkis og sveitarfélaga, skriflegt samkomulag, skuli ekki vera pappírsins virði. Alveg sama hvort á í hlut sveitarstjórnarmaður eða alþingismaður. Hvert erum við þá komin í raunverulegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga á þessu sviði? Ég segi að þá er friður rofinn í þeim samskiptum, sem hefur nú verið allbærilegur í tíð núverandi ríkisstjórnar. Hann var reyndar ekki glæsilegur í tíð ríkisstjórnarinnar 1991–1995, þeir sem muna það, en í tíð núverandi ríkisstjórnar frá árinu 1995 hefur verið hæfilegur friður í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og ef skriflegir samningar standast ekki í svona samskiptum, hvað stenst þá?

Þess vegna furða ég mig á því að menn skuli mælast til þess hér á Alþingi að menn gangi svo berlega á bak orða sinna, fyrir utan það hvað við erum búin að vekja væntingar hjá mörgu fólki í landinu sem hefur ákveðið að setjast að í þessum byggðarlögum og hefur framtíðarvæntingar hvað varðar framkvæmdir og framfarir sem munu eiga sér stað með tilkomu þessara ganga. Menn eru að gera þær væntingar þar af leiðandi að engu.

Ég sagði það líka, hæstv. forseti, við hv. þm. Gunnar I. Birgisson, að ég efaði ekki að hann væri mjög vel að sér almennt í vegamálum hér á landi og hann er trúlega einn af yfirburðamönnum á þingi í þeim efnum. Hins vegar er það staðreynd málsins að á fyrstu skrefum Gunnars Birgissonar í málflutningi sínum hvað varðar hin svokölluðu Fljótagöng, þá tillögu sem hann hefur gert, að gera jarðgöng frá Siglufirði út í Fljót, fór hann bara því miður rangt með fullt af staðháttum, sérstaklega í Fljótum, talaði jafnvel í öðru orðinu um það og sagði að menn ættu að skoða að gera göng undir Lágheiði. Það hefur engum manni dottið það í hug. Engum manni hefur dottið það í hug að gera sérstök göng undir Lágheiði í Fljótum. Aldrei. Reyndar fóru hv. þingmenn, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson þó sérstaklega, að ræða um uppbyggingu Lágheiðarinnar sem framtíðarveg, sem tengingu á milli Fljóta og Ólafsfjarðar. Það er nú þannig að Skagfirðingar og Siglfirðingar, svonefndur Lágheiðarhópur, sveitarstjórnarmenn í viðkomandi sveitarfélögum, komst að þeirri niðurstöðu að það bæri að fara Héðinsfjarðarleiðina, ekki að byggja upp Lágheiði. Þetta er staðreynd málsins og veit ég til þess að forustumenn sem nú eru í dag í sveitarfélaginu Skagafirði áttu sæti í þessum Lágheiðarhópi og finnst mér það mjög mikilvægt innlegg í umræðuna að heimamenn hafa komið sér saman um þessa framkvæmd.

Ég spurði hv. þingmann líka: Hefur hann kynnt sér rannsóknir rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri hvað varðar þessa framkvæmd og þau samfélagslegu áhrif sem þessi framkvæmd mun hafa? Ég hef ekki fengið nein svör við því. Eða þá arðsemisútreikninga sem Vegagerðin er búin að gera hvað varðar þetta verkefni? Það var niðurstaða Vegagerðarinnar að það ætti að fara í þessa framkvæmd. (Gripið fram í.)

Það er mjög miður þegar hv. þingmenn koma svo upp í ræðustól Alþingis og segja að Vegagerðin kunni ekki sitt fag, að þeir séu fremri Vegagerðinni á þessu sviði. Ég veit að hv. þm. Gunnar Birgisson er mjög fær á sínu sviði. En mér heyrðist, miðað við hans málflutning á fyrstu stigum, að hann væri einfaldlega ekki búinn að kynna sér þetta mál nægilega vel til þess að mæla með þeirri Fljótaleið sem

hann hefur nú mælt með. Sú Fljótaleið sem hann mælir nú fyrir er nú ekki sú leið sem Trausti Sveinsson hefur mælt fyrir því Trausti Sveinsson, bóndi á Bjarnagili í Fljótum, sem staddur er á þingpöllum, hefur mælt fyrir annarri leið sem gengur lengra, þ.e. að gera göng frá Siglufirði og inn í Fljót og svo frá Fljótum og inn í Eyjafjörð. Það er nú staðreynd málsins að hv. þingmenn ganga ekki jafnlangt og Trausti Sveinsson hefur barist fyrir ötullega á mörgum umliðnum árum.

Staðreynd málsins er sú að forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa lofað þessari framkvæmd í góðri trú um að þeir þingmenn sem greiddu þessari framkvæmd upphaflega atkvæði sitt mundu standa við sitt. Hv. þingmenn hafa reyndar sagt að þeir hafi skipt um skoðun. En þeir hafa ekki svarað þeim spurningum sem við nokkrir hv. þingmenn höfum beint til þeirra hér í kvöld. Á að svíkja skriflegt samkomulag sem gert var á milli ríkis og sveitarfélaga í þessum efnum og hafa þessir aðilar kynnt sér í þaula þau rannsóknargögn sem ég hef vitnað til? Reyndar vil ég segja að ég tel mig hafa heyrt það á ræðu hv. þingmanns Kristins H. Gunnarssonar að hann er búinn að kynna sér þetta mál mjög vel. En það breytir samt því ekki að þessir aðilar hafa staðið að því að samþykkja þá framkvæmd sem vonandi verður samþykkt í þeirri vegaáætlun sem nú liggur hér fyrir.

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins að víkja að ræðu Kristins H. Gunnarssonar því ég spurði hv. þingmann, en fékk ekki svar, hvort hann teldi að sú áætlun sem hann vitnar í í Fréttablaðinu í dag sé raunveruleg áætlun sem eigi að standast. Mig langar að vitna í þetta enn og aftur, með leyfi hæstv. forseta. Fyrirsögnin á þessu viðtali er Heldur ríkisstjórninni við efnið. Þar er sem sagt verið að vitna um það að hv. þingmaður er duglegur að halda hæstv. ríkisstjórn við efnið. Blaðamaðurinn spyr, með leyfi hæstv. forseta:

„Ertu aftur orðinn ósáttur við ríkisstjórnina?"

Þá segir hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, með leyfi forseta:

„Ég segi það nú ekki. Ég var ekki að fara fram á neitt nýtt heldur aðeins að krefjast þess af ríkisstjórninni að hún héldi sig við það sem áður hefur verið samið um. Í jarðgangaskýrslunni er gert ráð fyrir þrennum göngum; fyrst milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, þau göng eru að verða búin. Síðan á að bjóða út Héðinsfjarðargöng á þessu ári en ekkert bólar á ákvörðun um þriðju göngin sem eru göngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar"

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talar um í þessu viðtali að ríkisstjórnin ætti að halda sig við það sem áður hefur verið samið um. Síðan kemur hv. þingmaður hér upp og talar gegn Héðinsfjarðargöngunum. Það er allt í lagi. Hv. þingmaður getur haft þá skoðun að það sé ekkert samkomulag um þetta. En ég spurði hv. þingmann jafnframt: Ef það er ekki samkomulag um umrædda framkvæmd sem ég hef gert að umtalsefni hér er þá eins ljóst að þá sé búið að semja um þriðju göngin sem eru göngin á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar og hv. þingmaður hefur nú verið að spyrja hæstv. samgönguráðherra um? Ég spyr. Samkvæmt málflutningi hans í kvöld þá er engin sátt um Héðinsfjarðargöng í þessari umræðu og hann hefur boðað andstöðu sína við þau. Þar með get ég ekki séð að neitt samkomulag sé í gildi.

Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki að leggjast gegn göngum á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar en mér finnst vert að hafa í huga að þingmaður Norðvesturkjördæmis, sem vill samstöðu um mjög miklar samgöngubætur í eigin kjördæmi, hlýtur að þurfa að horfa til fleiri þátta eins og að ná samstöðu um þá framkvæmd. Það gengur ekki að hér sé hver höndin upp á móti annarri og talað um framkvæmdir á landsbyggðinni í neikvæðum tón sem er ekki til þess fallið að styrkja framtíðarsamgöngubætur á landsbyggðinni. Ég vil halda þessu til haga.

Hæstv. forseti. Ég vil segja að lokum að hv. þingmenn hafa talað um það, og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði það í seinna andsvari sínu við mig, að kostnaður við Héðinsfjarðargöngin væri 8–13 milljarðar kr. Ég verð að segja eins og er að maður veit náttúrlega ekki hvort maður á að hlæja eða gráta yfir svona málflutningi. Það er búið að gefa það út að kostnaðaráætlun við verkið er 6,9 milljarðar kr. Framfarir við jarðgangagerð eru alltaf að aukast og það má alveg gera ráð fyrir því að tilboð við framkvæmdina verði undir kostnaðaráætlun. Ef við segjum að tilboðið verði 90% af kostnaðaráætlun þá erum við að tala um 6 milljarða rúma. Hv. þingmaður var kominn í háaloft í þingsal og farinn að tala um 13 milljarða kr. kostnað við framkvæmdina. Þetta er náttúrlega eingöngu til þess að afvegaleiða þá umræðu sem hér fer fram. Við verðum að halda umræðu um framkvæmdir sem þessar á málefnalegum nótum. Ég vil taka fram að hv. þingmaður gerði það að mestu leyti.

Hv. þingmaður hefur varpað miklum efasemdum um Siglufjarðarveg. Hann hefur sagt að sá vegur sé ónýtur og að hrynja í sjó fram. Hann hefur þó reynst okkur Siglfirðingum ágætlega og Fljótamönnum fram á þennan dag. Það kom fram í svari hæstv. samgönguráðherra á þingi í síðustu viku að kostnaður aukalega við þennan veg hvað viðhald varðar er 2–3 milljónir á ári. Það eru nú öll ósköpin. Ég hef heyrt miklu hærri tölur frá andstæðingum þessara framkvæmda, að tugi milljóna kosti að halda þessum vegi við. Það eru 2–3 milljónir kr. En hvað sögðu hv. þingmenn við þessum svörum samgönguráðherra og svörum Vegagerðarinnar? Þetta er bara ekkert að marka. Þeir bara blása á þetta. Menn geta ekki komið upp í ræðustól Alþingis og sagt að hæstv. samgönguráðherra eða Vegagerðin sem við treystum á m.a. við gerð þeirrar samgönguáætlunar sem við ræðum fari ekki með rétt mál. Slíkt er því miður ekki boðlegt.

Ég vonast til þess að við höldum áfram að bæta samgöngur, hvort sem það er á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni. Það er mjög mikilvægt að við náum sátt um það. Ég tek undir með hæstv. samgönguráðherra að sú áætlun sem við ræðum hér er áætlun sátta. Ef við náum að fara í Sundabraut innan skamms þá erum við að auka framlög til stofnbrauta hér á landi um 50% miðað við framlög næstu fjögurra ára. Slíkt er gríðarlegt hagsmunamál, ekki síst fyrir Reykvíkinga, en líka íbúa landsbyggðarinnar.

[01:38]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum samgönguáætlun og umræðan snýst langmest um vegamálin. Ég vil í ræðu minni fjalla um

samgöngumál fyrst almennt.

Ég held að við þurfum ræki lega að hafa í huga þegar við ræðum samgöngumál hvað við ætlum okkur, hvaða sess við ætlum að skipa samgöngunum í samfélagsþjónustunni. Í mínum huga eru samgöngur hluti af grunnalmannaþjónustu. Mér finnst að við ættum að byggja upp samgöngur í landinu öllu þar sem horft er til allra íbúa landsins á eins miklum jafnréttisgrunni og nokkur kostur er. Ég tel samgöngur vera það að komast leiðar sinnar, geta sótt atvinnu, geta sótt skóla, geta komist á milli staða og landshluta. Ég lít á þær nákvæmlega eins og aðra almenna grunnþjónustu, eins og fjarskiptin, símaþjónustu og aðra grunnþjónustu fyrir samfélagið. Því hlýtur það að vera meginmarkmið okkar að þessi þjónusta sé veitt einstaklingunum á jafnréttisgrunni um allt land sé þess nokkur kostur.

Ég geri ekki ráð fyrir því í raun að við viljum líta þannig á samgöngur að hægt sé að skipta þjóðinni í hina ýmsu hópa eftir því hvað hún eigi að hafa aðgang að góðum eða lélegum samgöngum. Viljum við það í sambandi við heilbrigðisþjónustuna? Viljum við að þjóðinni sé skipt í marga hópa hvað varðar aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Viljum við það? Ég held ekki. Eða menntun? Ég held að allir séu sammála um að kappkosta eigi að allir hafi jafnt aðgengi að menntun. Hvað með fjarskiptin og símann? Viljum ekki jafnt aðgengi að þessari þjónustu óháð búsetu eins og nokkur kostur er? Í nákvæmlega sama flokk setjum við samgöngurnar.

Þá komum við að hinum þættinum. Erum við ein þjóð í þessu landi eða ætlum við að fara að skipta okkur upp í margar þjóðir, í marga samfélagsflokka? Hver ætlar að standa hér og segja að þessi hópurinn eða þessi flokkur eigi að hafa þetta stig af þjónustu, hinn hópurinn annað sig af þjónustu og svo sá þriðji eitthvert allt annað? Hver ætlar að stíga fram og flokka þjóðina þannig? Ég trúi því ekki í raun að neinn ætli sér það. Ég trúi því ekki. En þá verðum við líka að láta athafnir fylgja þar bæði orði og huga. Þegar við ræðum samgöngumál hljótum við þess vegna út frá þeim forsendum sem ég hef hér nefnt að líta á okkur sem eina þjóð í einu landi og að hver íbúi hafi jafnan rétt til þessarar þjónustu, til þessa möguleika að njóta þeirrar grunnþjónustu sem samgöngur eru, óháð því hvar hann býr á landinu því enginn er í sjálfu sér öðru mikilvægari hvort sem hann býr í Reykjavík, Hafnarfirði, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri, Þórshöfn eða Hornafirði. Við erum öll jöfn. Það er nánast útilokað að fara að flokka hér íbúana eftir því hvort einn sé öðrum arðsamari. Við hljótum að hugsa um alla sem eina heild.

Ég segi þetta, frú forseti, vegna þess að í umræðu um samgöngumál, umræðu um grunnþjónustu og almannaþjónustu, megum við ekki tapa heildarsýninni. Við þurfum að halda heildarsýninni, halda í sameiginleg markmið, horfa yfir þjóðina alla, yfir landið allt og meta verk okkar og ákvarðanir með tilliti til þess. Mér finnst ástæða til að segja þetta vegna umræðunnar sem hér fer fram. Vissulega er auðvelt að ræða um að ein framkvæmd í samgöngumálum sé arðbærari en önnur, að íbúinn sem býr við annan endann á veginum sé arðbærari en hinn. Mikið lifandis ósköp er auðvelt að falla í þá gryfju. En ef við gerum það þá förum við villir vegar. Þá erum við komin frá þeirri heildarsýn og því markmiði að líta á landið og fólkið sem eina heild.

Við getum rætt um einstakar framkvæmdir og annað þess háttar innan þeirrar heildarmyndar. Við ræðum um þær í nefndum og í undirbúningi og gerð þessarar áætlunar. En sé það gert í þessari heildarsýn þá munum við ná um það góðu samkomulagi.

Við þurfum líka að gera okkur grein fyrir því hvers konar samgöngur við viljum byggja upp. Meginsamgöngur okkar eru um þjóðvegina, í lofti og líka á sjó. Við þurfum að huga að því hvernig samgöngurnar falla að byggðinni í landinu. Byggðin hefur verið meðfram ströndum landsins og hefur byggst upp í námunda við fiskimiðin, meðfram ströndum landsins. Þótt fiskimiðin skipti ekki sama máli og áður þá koma önnur sjónarmið inn, náttúrufegurð, náttúruauðlindir, ferðaþjónusta og fleira.

Ég vil þess vegna draga fram þátt siglinganna. Ísland og íslenska þjóðin hefur verið siglingaþjóð allt frá upphafi, allt frá því að menn námu hér land. Samgöngur á sjó hafa skipt okkur meginmáli. Þær gera það enn. Við sækjum stóran hluta lífsbjargar okkar á sjó á bátum með flutningum til og frá landinu. En á síðustu tímum hafa strandsiglingar, siglingar meðfram ströndum landsins, skroppið saman. Skipulagðar strandsiglingar eru að hverfa. Ég hef áhyggjur af þessu. Ég tel að sá þáttur hverfi út gegn sameiginlegum hagsmunum þjóðarinnar. Ég tel að í heildarsýn okkar í samgöngumál þá eigum við nú ekki síst að skoða og taka á siglingunum meðfram ströndum landsins áður en það verður um seinan.

Ég er ekki viss um að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að setja alla þá flutninga á vegina sem áður voru á sjó. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum flutt tillögu til þingsályktunar um strandsiglingar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að hefja uppbyggingu strandsiglinga sem nauðsynlegs hluta af vöruflutninga- og samgöngukerfi landsins. Ráðherra undirbúi með gerð áætlana og framlagningu frumvarpa að ríkið geti í framtíðinni tryggt reglulegar strandsiglingar til allra landshluta með því að bjóða út siglingaleiðir. Ráðherra láti leggja mat á kostnað við að halda uppi reglulegum strandsiglingum um allt land og skiptingu siglingaleiða sem bjóða á út.“

Þetta er tillaga okkar og við viljum að slíkir kostir verði skoðaðir ræki lega. Af þeim áætlunum eða athugunum sem hafa verið gerðar má að mínu viti ráða að strandsiglingar séu nauðsynlegur þáttur í samgöngum okkar. Þetta vil ég að verði skoðað sem hluti af heildarmyndinni í samgöngumálum okkar.

Það má ræða mikið um vegi og framlög til vegaframkvæmda. Það hefur verið gert hér í kvöld og í nótt og einnig í fyrri umræðu. Ég vil aðeins nefna að fyrst var lögð fram langtímaáætlun í samgöngumálum til ársins 2014 fyrir þremur eða fjórum árum síðan, bæði skammtíma- og langtímaáætlun. Hún gerði ráð fyrir ákveðnum ákveðnu fjármagni til þeirra framkvæmda.

Hér voru kosningar árið 2003. Fyrir þær kosningar var lögð fram áætlun um ákveðin verkefni og ákveðið fjármagn. Með þau loforð gengu stjórnarflokkarnir til kosninga. Strax eftir kosningar var farið að skera það niður. Nú

stöndum við frammi fyrir því að á þriggja ára tímabili er búið að skera þá samgönguáætlun niður, aðallega vegáætlun, um líklega 7–8 milljarða kr. Þessi ár hefur ríkissjóður varið hvað minnstum hluta af heildarþjóðartekjum til vegamála. Við stöndum einnig frammi fyrir því að æ minni hluti af fjármagni ríkisins rennur til stofnkostnaðar, til fjárfestinga. Hann er með lægsta móti nú frá því sem verið hefur um langt skeið. Þessi stefna hlýtur einhvers staðar að koma niður. Við höfum gagnrýnt þetta á þingi, gagnrýnt þau vinnubrögð að lögð skuli fram áætlun sem menn vissu jafnvel fyrir fram að ekki yrði staðið við. Svona á ekki að vinna. Í kjölfarið koma auðveldlega upp deilur, deilur um hvað eigi að skera niður af þeim verkefnum sem áætlað var að ráðast í og þá hljótum við að lenda í stöðugum ógöngum.

Frú forseti. Í sjálfu sér er enginn ánægður með þá vegáætlun sem hér liggur fyrir. Það hefur verið nefnt að skorið hafi verið niður vegafé til Vestfjarða miðað við þá áætlun sem gerð var um 300 millj. kr. Þetta nefna menn, hver þingmaður, úr sínu kjördæmi. Menn nefna líka að þessi framkvæmd sé röng en ekki önnur og um það getum við alltaf deilt. Ég get tekið undir það að mér finnast sumar framkvæmdir á röngum stað, forgangsröðin röng og að gera ætti aðra hluti í staðinn. Ég get rakið ótal dæmi þess, bæði stór og smá. Ég ætla samt ekki að gera það, frú forseti. Að þessu sinni hafa menn rætt nokkuð ítarlega þær tillögur sem fram eru komnar. Þetta eru tillögur sem meiri hlutinn hefur unnið og ber ábyrgð á. Meiri hlutinn á Alþingi ber ábyrgð á þeim niðurskurði sem beitt hefur verið miðað við gildandi vegaáætlun. Meiri hlutinn ber ábyrgð á því hvernig úr þeim fjármunum er spilað.

Flestar af þeim framkvæmdum sem lagðar eru til eru brýnar og góðar og ég styð þær. En ég get tínt til margar aðrar sem ég hefði talið að koma ættu framar, eins og ég sagði áðan. Þannig er það og sumar eru jafnvel rangar. Niðurstaðan sem við fjöllum hér um er unnin á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnin og meiri hlutinn bera ábyrgð á afgreiðslu hennar hér.

Ég vil í lokin, herra forseti, undirstrika þá grundvallarafstöðu og hugmyndafræði í samgöngumálum að þau snúast um grunnalmannaþjónustu fyrir landið og þjóðina alla. Við eigum ekki að skipta okkur í landsbyggðarþingmenn og þéttbýlisþingmenn eða aðra flokkun á þingmönnum. Þetta er verkefni okkar allra. Við erum allir þingmenn þessarar þjóðar, hvar sem fólkið býr. Samgöngur eru grunnþáttur og grunnstoð samfélags okkar og þar eigum við ekki að skipast í hópa og vega og meta íbúa, jafnvel til verðs, hvern á móti öðrum. Guð forði okkur frá slíkum hugsunarhætti.

Herra forseti. Ég ítreka það að þessi vegáætlun er unnin og lögð fram á ábyrgð meiri hlutans. Þótt það séu mörg atriði í henni sem ég get í sjálfu sér tekið undir þá eru önnur þannig að ég hefði talið að önnur verkefni væru brýnni en þau. Svona er þetta. En ég undirstrika að heildarsýnin á samgöngumálin ætti að vera sú að þau snúist um grunnalmannaþjónustu þar sem allir eigi að vera jafnir. Við berjumst fyrir því að allir eigi þar jafnan rétt.

[01:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér hafa að mörgu leyti farið fram prýðilegar og þarfar umræður um samgönguáætlun í dag. Auðvitað þurfa þingmenn á slíkum umræðum að halda til að átta sig á því á hvaða leið þeir eru. Eins og hv. þingmaður sagði hér á undan, Jón Bjarnason, er það á ábyrgð meiri hlutans sem hér er gert. Þó hafa ýmsir stjórnarandstæðingar samþykkt þær áætlanir sem hér eru til umræðu, bæði fjögurra ára áætlun og tólf ára áætlunin, ásamt jarðgangaáætlun sem var samþykkt árið 2000, sem er nú komin inn í langtímaáætlunina.

Ég tel út af fyrir sig gott að menn reyni að ná saman um þessa hluti. Þannig hefur það verið í kjördæmunum og ég þekki það úr gamla Vesturlandskjördæminu og síðan aftur úr Norðvesturkjördæmi, að þar er nokkuð gott samkomulag milli þingmanna um framkvæmdaröð. Það er hins vegar ekki þannig að menn séu sáttir við hve mikið er til skiptanna og allir vildu gera meira heldur en fjármunirnir hrökkva til.

Ég er þeirrar skoðunar að hægt sé að gera miklu meira í samgöngumálum en gert hefur verið. Mér finnst menn vera heldur lítilþægir í þeirri umræðu. Hæstv. samgönguráðherra hefur t.d. með jöfnu millibili haldið miklar ræður um að við vinnum einhver gífurleg afrek í samgöngumálum. Ég er bara ekki sammála því. Við höfum notað tiltölulega lítinn hluta af þeim fjármunum sem fást í ríkissjóð af umferðinni, bílainnflutningi, umferð og eldsneytissölu í landinu. Á undanförnum árum hefur gríðarlega stór hluti af þessum fjármunum farið í ríkissjóð, í annað en vegina. Ég held að það sé full ástæða til þess að minna á þetta. Samgönguráðherra kemur hér hvað eftir annað, eins og ég sagði áðan, bókstaflega í keng eftir moksturinn og finnst hann hafa unnið hvert afrekið eftir öðru og ríkisstjórnin og þeir sem stjórna landinu hafi unnið gríðarleg afrek.

Mér finnst kominn tími til að menn hækki svolítið kröfurnar hvað þetta varðar. Ég held að það sé a.m.k. full ástæða til að gera það í átakinu sem er í raun og veru fram undan, sem er gríðarlega mikið, og er fólgið í því í fyrsta lagi að koma á nothæfum vegum heim til fólks í landinu, úti á landsbyggðinni, í öðru lagi að bæta úr brýnustu samgönguvandamálunum á höfuðborgarsvæðinu og í þriðja lagi að endurgera þarf stóran hluta af þjóðvegum landsins sem þó er búið að setja á bundið slitlag núna, vegna þess að þeir eru engan veginn nothæfir fyrir þá umferð sem nú þegar er komin á þá, þungaflutningaumferð. Það er vandamál sem hefur vaxið mjög hratt undanfarin ár. Það kann að vera að það séu einhverjir möguleikar til að draga úr þessu vandamáli en þó að eitthvað af þeim ráðum virkuðu kemur það aldrei í veg fyrir þá þörf sem ég var að tala um áðan, þ.e. þörf fyrir endurbyggingu veganna og endurskoðun á þeim. Þeir hafa verið ákvarðaðir of mjóir fyrir þá umferð sem er og þeir bera ekki þá þyngd sem fer um vegina, því miður, margir þeirra vega sem við höfum meira að segja verið að byggja fyrir tiltölulega fáum árum.

Mér finnst full ástæða til í sambandi við þá umræðu sem farið hefur fram hér í dag að segja að auðvitað þurfum við að komast upp úr hjólfarinu sem við höfum verið í og erum í, að horfa sífellt á þessi mál út frá því kjördæmi sem við

erum úr, því að landið á auðvitað að vera eitt kjördæmi hvað samgöngumálin varðar. Menn ættu ekki að þurfa að takast á um þessi mál út frá kjördæmasjónarmiðum vegna þess að vegirnir eru auðvitað sameiginlegt verkefni okkar allra. Við notum þá meira og minna sameiginlega öll. Það eru æðimargir á höfuðborgarsvæðinu sem nota vegina úti á landi ekki minna en fólkið sem þar býr. Þetta er ekki þannig að menn þurfi að ræða um þessa hluti á þeim nótum að skipta eigi fjármunum eftir því hve margir búa á svæðinu, skárra væri það nú. Það er ekki möguleiki að gera það og engin glóra í þeirri hugsun heldur, en það er ekki þar með sagt að ekki séu full rök fyrir því að fara í mikilvægar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu.

Ég sé ástæðu til þess að gera athugasemdir við framgöngu hæstv. samgönguráðherra vegna þess að mér finnst hann eiga dálitla sök á þeirri togstreitu sem er meiri núna milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins en verið hefur. Það er að mínu viti vegna þess að hæstv. samgönguráðherra grípur nánast hvert einasta tækifæri þar sem hann kemst í tæri við hljóðnema eða í sjónvarp til að vera með einhvers konar athugasemdir við framgöngu stjórnenda á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega Reykjavíkurlistans. Það hefur valdið töluverðri spennu og pirringi. Þetta hefur verið út af vegamálunum og út af flugvallarmálunum og það er full ástæða til að nefna þetta hér af því þetta er óheppilegt. Þetta er vont fyrir okkur öll og vont fyrir landsbyggðarþingmenn að þurfa að lenda í því að fá upp þessa umræðu með þeim hætti sem við höfum fylgst með hér í dag. Mér finnst að hæstv. samgönguráðherra eigi að slíðra sverðin og reyna að vinna að því að það verði betri sátt og sitja svolítið á sér þegar hann kemst í námunda við hljóðnemana eða í sjónvarpið út af þessum samgöngumálum.

Ef við veltum fyrir okkur hvar þurfi mest á átaki í vegamálum að halda þá held ég að aldrei geti orðið mikil deila um það. Það á eftir að tengja landshluta. Menn keyra marga tugi kílómetra, hundruð kílómetra á malarvegum til Vestfjarða og eftir eru langar vegalengdir af malarvegum á Austfjörðum. Þarna erum við að tala um þjóðvegina sjálfa, aðalvegi landsins. Þarna er þörfin auðvitað mest, hana þurfum við að uppfylla.

Það er skoðun mín að bæta þurfi verulega í samgöngumálin, það eru nógir peningar til þess. Úr uppsprettu fjármuna til vegamála rennur gríðarlega mikið fjármagn í ríkissjóð og það er greinilega meiningin að það gerist áfram í bili. Ég vona að það breytist á næstunni, að þó að sú áætlun sem við sjáum fram á núna sé með þeim hætti sem raun ber vitni, verði blaðinu snúið við sem allra fyrst þannig að breyting verði á strax að tveim árum liðnum. Ég vona að þau verði ekki fleiri en það hörmungarárin sem við sjáum núna fram undan. Þá tel ég að endurskoða eigi þessa vegáætlun með meiri reisn en gert er ráð fyrir núna, þó að gert sé ráð fyrir meiri fjármunum eftir að þessi tvö ár eru liðin, 2005 og 2006, þá tel ég að þar sé engan veginn nægilega mikið fjármagn á ferðinni, við verðum að gá að því að stór hluti af þeim fjármunum sem þá verða til skiptanna fara líka í stórframkvæmdir. Það fer mikið í þetta umdeilda verkefni Héðinsfjarðargöngin sem verða auðvitað gerð og búið er að taka ákvörðun um. Ég samþykkti ekki þau göng, ég samþykkti jarðgangaáætlun á árinu 2000 en að öðru leyti ber ég ekki neina ábyrgð á þeirri ákvörðun. Ég tel hins vegar að hún sé staðreynd og mér finnst miður að ekki skuli staðið með faglegri hætti að ákvörðun af þessu tagi, vegna þess að ég tel að það hafi ekki verið gert sem þurfti að gera, að horfa á þetta svæði allt, Skagafjörð og Eyjafjörð, skoða hvaða framtíð menn sjá þar fyrir sér. Ég hef enga trú á að niðurstaðan hefði orðið önnur en sú að innan fárra áratuga, tveggja, þriggja áratuga, væru komin göng í gegnum Tröllaskaga til að tengja saman byggðirnar þarna, Eyjafjörð og Skagafjörð. Ef maður gefur sér þá niðurstöðu tel ég að sú niðurstaða að tengja Siglufjörð gegnum Héðinsfjörð inn í Eyjafjörð, hefði ekki komið. Þá hefðu menn skoðað aðrar leiðir en hana en hún er sem sagt sú sem farin verður og ég ætla ekki að eyða tíma mínum eða kröftum í að hnotabítast út af því hér. Mér finnst samt að þetta þurfi að vera víti til varnaðar þannig að menn muni eftir því þegar þeim dettur einhver stórframkvæmd í hug í framtíðinni, að hún verði þá a.m.k. látin sæta því að horft sé á hana með tveggja, þriggja áratuga gleraugum, en það var ekki gert í þessu tilfelli.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara yfir einstakar framkvæmdir í vegamálum. Við fórum yfir þau mál með þingmönnum Norðvesturkjördæmis. Það er ágæt sátt um áherslurnar í þingmannahópnum. Það er okkar hlutverk, þó að ég hafi sagt hér í upphafi að landið þurfi að vera eitt kjördæmi hvað þessa hluti varðar þá verðum við auðvitað að sinna því hlutverki sem við höfum, sem er að reyna að ná saman og hafa sátt um áherslurnar og þá röð sem menn vinna að framkvæmdum í kjördæmum okkar. Það hefur verið gert og prýðilega að því staðið. Miðað við fjármuni sem eru til staðar þá tel ég að ekki sé uppi nein sérstök deila um hvernig raða eigi þeim fjármunum. Það liggur alveg ljóst fyrir að þetta eru mögur ár, 2005 og 2006 sérstaklega, og allt tímabilið að mínu viti heldur dapurt og allt of dapurt.

Það eru auðvitað ástæður til þess að hafa samt einhverjar vonir í brjósti um breytingar. Ég ætla að hafa það lokaorð mín hér að ég trúi ekki öðru en við sölu Símans, eftir að hafa hlustað á yfirlýsingar framkallaðar af samflokksmanni forsætisráðherra um að nota eigi hluta af fjármunum af sölu Símans til að koma af stað stærstu framkvæmd sem er fram undan í samgöngumálum, þ.e. Sundabraut, haldi menn því til haga að einhverjir fjármunir sem þarna koma til verði notaðir til að standa líka við þau loforð að nú sé komið að því að koma til móts við Norðvesturkjördæmi hvað varðar byggðaátak. Ég held því fram að byggðaátak í Norðvesturkjördæmi, eitt af því sem ætti auðvitað að vera þar fremst á blaði, væri sú tenging byggðarlaganna á Vestfjörðum sem menn vilja fá og þar með stytting um leið á veginum frá Ísafirði til Reykjavíkur, þ.e. um Arnkötludal. Ég held að það gæti orðið ágæt sátt um að þetta væri hluti af byggðaátaki fyrir Vestfirði og fjármunir ættu þá að geta komið úr sölu Símans í það ekki síður en í Sundabrautina.

Þó að það sé margt sem ég hefði áhuga á að tala um er það nú þannig að flestir þingmenn eru gengnir til náða og þessi umræða er búin að standa nokkuð lengi. Ég geri ekki ráð fyrir að hún fjörgist mikið upp úr þessu á þessari nóttu, en hún hefur eins og ég sagði verið gagnleg. Ég held að það sé gott að menn fari yfir þessa hluti og þó að ég sé ósammála ýmsu af því sem komið hefur fram í tillögum Gunnars Birgissonar, sem voru meira til umræðu hér fyrr í dag, þá

hefur sú tillaga þó komið af stað ágætisumræðu og ég held að þingmenn hafi haft gott af því að hugsa málin frá þeim sjónarmiðum og sjónarhornum sem hér hafa verið sett fram. Það þarf auðvitað að fara yfir málin öðru hvoru og þó að það fari kannski í taugarnar á sumum þegar einhverjir vilja fara aðrar leiðir er það hluti af því að vera í starfi á Alþingi að takast á um sjónarmiðin. Síðan verða menn auðvitað að sæta því að ná ekki fram því sem þeir vilja. Ég sé ekki fyrir mér eftir þá umræðu sem farið hefur fram í dag að Gunnar Birgisson nái fram sinni tillögu, a.m.k. hafa ekki verið raðir af þingmönnum í ræðustól til að lýsa yfir stuðningi við hana. En ýmislegt er þó í henni sem mætti velta fyrir sér.

Að lokum vil ég svo segja að mér finnst að þingmenn á höfuðborgarsvæðinu eigi ekki að taka þessa umræðu mjög alvarlega, að það séu bara 20% undanfarin ár til þeirra, það er ekkert slæmt. Ef menn fara að horfa á verkefnin og horfa á landið sem eitt kjördæmi í samgöngumálum, eins og þeir eiga að gera, ætti alveg eins að vera hægt að ná samkomulagi milli allra þingmanna í landinu um að raða í framkvæmdaröð og að menn í einstökum kjördæmum ná saman um að raða í framkvæmdaröð í sínum kjördæmum. Ég held að það hafi bara tekist þokkalega vel í gegnum tíðina að gera það í kjördæmunum. Ég hvet til þess að menn hugsi málin út frá því miklu frekar en að rífast um einhverjar prósentur út frá því hve margir búa á einstökum stöðum, vegna þess að það skilar okkur ekki einu eða neinu, enda eru það viðmiðanir sem ganga ekki upp. Það er ekki neitt samhengi milli fjöldans og kostnaðarins við að leggja vegi og halda þeim við.

[02:15]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við erum komin að lokum umræðu um samgönguáætlunina. Ég tek undir það með þeim þingmönnum sem hér hafa talað að hún hefur að mörgu leyti verið málefnaleg. Það hefur verið tekist á um ákveðna þætti þessarar áætlunar eftir að samgöngunefnd Alþingis hefur farið yfir hana.

Ég kem hins vegar í ræðustól með svipaða ræðu og ég flutti við fyrri umræðu, sem er aftur svipuð ræða og ég flutti um þetta efni á síðasta þingi, þinginu þar áður og sennilega þar áður líka. Mínar ræður lúta einatt að jaðaratriðum samgönguáætlunarinnar, þ.e. þeim atriðum sem lúta að umferðaröryggismálunum. Ég tek það fram að ég er í grunninn sammála hæstv. samgönguráðherra um að allar vegabætur séu þegar grannt er skoðað gerðar með tilliti til umferðaröryggis en það breytir því ekki að þessari áætlun fylgir umferðaröryggisáætlun. Ég spurði spurninga við fyrri umræðu varðandi fjármuni sem fara í þessa áætlun, varðandi kostnaðarmat, markmiðssetningu og aðra hluti. Ég sakna þess að nefndarmenn í samgöngunefnd hafi ekki komið inn á þessi mál í ræðum sínum í dag. Ég trúi auðvitað ekki öðru en að umferðaröryggisáætlunin, að sá þáttur hafi verið tekinn til umfjöllunar í nefndinni.

Staðreyndin er sú að ég tel, virðulegi forseti, að við náum ekki árangri í umferðaröryggismálum fyrr en við gefum þeim þann sess sem þeim ber og hættum að gleyma að tala um umferðaröryggismál sem umferðaröryggismál í samgönguáætluninni. Það er ekki að tilefnislausu að hæstv. samgönguráðherra hefur sett umferðaröryggismál á oddinn í sinni tíð, eftir að hann tók við umferðaröryggismálunum á sitt borð. Ætlunin hefur verið, eftir því sem hæstv. ráðherra hefur sagt í ræðum sínum, að lyfta grettistaki. Ég styð hann sannarlega í því en hins vegar gagnrýni ég jafnframt að þess skuli ekki sjást skýrari merki í þeirri áætlun sem nú liggur fyrir. Eftir henni verður jú unnið. Þessi áætlun kemur til með að skammta fjármunina í þau verkefni sem fyrir liggja. Ég hef grun um það að þeir peningar sem hér er talað um að fari í umferðaröryggisáætlun á næstu fjórum árum séu ekki mikið meiri heldur en farið hafa til umferðaröryggismála hingað til. Ég sætti mig ekki alveg við að verkefnin skuli ekki vera skilgreind betur en raun ber vitni. Þetta er það sem mig langaði að ítreka úr fyrri ræðu minni.

Annað atriði sem mig langar til að koma inn á varðar sömuleiðis jaðarþætti samgönguáætlunar, þ.e. samgöngur sem eru ekki lúta lögmálum einkabílismans heldur samgöngur sem kenna má við sjálfbærni og sjálfbærar samgöngur, þ.e. samgöngubætur fyrir hjólandi vegfarendur.

Í allan vetur hefur legið inni í samgöngunefnd tillaga til þingsályktunar um stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar. Ég sakna þess auðvitað mjög að sjá ekki þá tillögu afgreidda frá nefndinni. Ég hefði talið verulegan feng í að fá umræðu um þær hugmyndir sem í þeirri tillögu eru í umræðum um samgönguáætlun. Ég held að tímabært sé að við tökum á honum stóra okkar hvað þetta varðar, að tryggja hjólandi vegfarendum þau skilyrði sem eðlileg geta talist til að hjólið geti orðið samgöngutæki. Hingað til höfum við staðið okkur afar slælega í þessum efnum. Sveitarfélögin hafa auðvitað staðið sig misjafnlega en Reykjavík sennilega einna best, og þótt nágrannasveitarfélög borgarinnar hafi tekið sig á á síðustu árum þá vantar stóran þátt í hjólreiðabrautakerfið sem hér hefur verið byggt upp. Það er þáttur sem ætti að vera á framfæri og ábyrgð ríkisins, þ.e. tengingin milli þéttbýlisstaða og það að meðfram stofnbrautum í þéttbýli, sem eru á ábyrgð ríkisins, séu jafnframt lagðar hjólabrautir.

Það dugir ekki til lengdar að bjóða hjólreiðafólki upp á að hjóla eingöngu á útivistarstígum. Ef við ætlum að nota hjólin sem samgöngutæki þá verðum við að heimila hjólreiðamönnum að fara stystu leið á milli A og B, á nákvæmlega sama hátt og við heimilum bíleigendum að gera það. Það er eðlilegt að hér sé talað um stefnumótun varðandi hjólreiðar í tengslum við samgönguáætlun. Ég vona að ég sé ekki eilíflega að berja höfðinu við steininn í þessum efnum. Ég vona að það komi að því að menn átti sig á því að hjólreiðar, sjálfbærar samgöngur, eiga heima í umræðunni um samgönguáætlun. Ég vona sannarlega að það gerist áður en ég hverf af þingi.

Ég brýni hv. þingmann, formann samgöngunefndar, Guðmund Hallvarðsson, til dáða í þessum efnum, að taka hjólreiðarnar upp á sína arma, og koma með merki um það í þingsal að tekið verði til hendinni í þessum málum og að hjólreiðafólki verði tryggðar mannsæmandi aðstæður til að nota hjól sem samgöngutæki.

Þingmönnum hefur í dag orðið tíðrætt um ákveðna þætti í samgönguáætlun. Þar hefur borið nokkuð hátt umræður um Héðinsfjarðargöng. Ég get ekki látið hjá líða, eftir að

hafa hlustað á umræðurnar meiri part dagsins, að taka fram að ansi margt í röksemdafærslu þeirra sem vilja að það mál verði tekið upp aftur höfðar til mín. Ég verð að segja að mér finnst það nokkuð alvarlegt, þegar við stöndum frammi fyrir því að hafa í höndunum ákvörðun um svo dýra framkvæmd sem Héðinsfjarðargöngin eru, er upp í hendurnar á okkur koma, oftar en einu sinni í öllu þessu ferli, upplýsingar um að ekki sé búið að reikna þessa hluti eins og eðlilegt gæti talist. Mér finnst alvarlegt að umræðan geti ekki farið fram á málefnalegri grunni en raun ber vitni.

Ég held að við verðum að leyfa okkur þann munað, þegar svona stórar ákvarðanir eru teknar, að gera allt sem í okkar valdi stendur til að sætta sjónarmiðin. Í mínum huga hefur það ekki verið gert. Það eru ólík sjónarmið uppi og við þekkjum öll sjónarmið sem Trausti Sveinsson, bóndi í Bjarnargili í Fljótum, hefur gert grein fyrir í Morgunblaðsgreinum árum saman, varðandi aðra möguleika en fara í gegnum Héðinsfjörð.

Ég verð að segja að mér hefur alltaf fundist röksemdafærsla Trausta Sveinssonar trúverðug og málefnaleg. Ég hef ekki séð hans sjónarmiðum svarað af opinberum aðilum á síðum sama dagblaðs, Morgunblaðsins, svo að ásættanlegt sé. Þegar Trausti fer yfir þá niðurstöðu sína, sem hann gerir í grein í Morgunblaðinu í dag, að hann telji að vegna ástandsins á Almenningum, eigi skilyrðislaust að bora fyrstu göngin úr Fljótum til Siglufjarðar, vegstytting yrði þar um 13 kílómetrar eftir því sem hann segir, þá telur hann að kominn sé um helmingurinn af Fljótaleiðinni, og síðan eigi bara að bora önnur göng úr Fljótunum í Ólafsfjörð og láta Héðinsfjörðinn í friði. Hann talar á forsendum náttúruverndar, sem er auðvitað gildur þáttur í umræðum um vegamál og í umræðum um samgöngumál.

Við tökum á móti hundruðum þúsunda ferðamanna á hverju einasta ári og vitum alveg eftir hverju fólk sækist. Það hefur komið fram í ótal skoðanakönnunum meðal erlendra ferðamanna sem sækja Ísland heim. Menn sækjast í auknum mæli eftir ósnortinni náttúru. Það að eiga ósnortinn fjörð á borð við Héðinsfjörð eru ekkert lítil auðæfi. Það eru gríðarleg auðæfi. Það verður að vega þau auðæfi móti því sem fengið er með þeirri framkvæmd sem fyrirhuguð er. Í mínum huga höfum við ekki tekið þá umræðu. Í mínum huga er margt eftir í þessari umræðu og Trausti Sveinsson hefur bent á það í fjölmörgum greinum. Ég kann honum miklar þakkir fyrir.

Hæstv. forseti. Ég tel svo sem ekki ástæðu til að lengja þessa umræðu. Ég hef komið að mínum hjartans málum í þessa umræðu þannig að þau fara a.m.k. í þingtíðindin. Það skiptir verulegu máli að við horfum víðar í þessu sambandi en við höfum gert hingað til. Gleymum því ekki að það eru fleiri samgöngutæki en einkabíllinn. Gleymum því ekki að það eru fleiri sjónarmið í samgöngumálum en þau að komast stystu leið á milli tveggja staða. Það þarf líka að horfa til verndarsjónarmiða og vega saman ólík gildi. Það er auðvitað slík útvíkkun á umræðunni sem þarf að eiga sér stað.

[02:27]

Kristján L. Möller:

Virðulegi forseti. Við höfum í dágóðan tíma rætt um mál sem allir þingmenn hafa mikinn áhuga á, að sjálfsögðu, sem er þingsályktunartillaga um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008. Það er eðlilegt að hún sé vandlega rædd og farið í gegnum hana vegna þess að hún snertir okkur öll á margvíslegan hátt.

Í dag hefur, kannski eðli málsins samkvæmt, aðallega staðið yfir umræða um þann hluta samgönguáætlunar sem snýr að vegáætlun. En eins og hér hefur komið fram er margt meira í þessari samgönguáætlun en vegáætlun.

Þar sem ég á sæti í samgöngunefnd þá vil ég fara yfir nokkur atriði önnur en vegamál og nefna t.d. flugáætlunina þar sem tekjur eru 4,2 milljarðar kr. Ég vek athygli á því að þar koma inn 2 milljarðar kr. í tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu. Þetta er mikilvægt að hafa í huga, virðulegi forseti, og það hvernig þeim peningum er ráðstafað eins og hér kemur fram. Við sjáum í þessari flugáætlun sýnishorn af þeirri þróun sem hefur átt sér stað, þ.e. að flugvöllum í leiðsögukerfi okkar hefur fækkað og að flogið er til færri staða.

Í sjálfu sér þarf ekki að ræða um margt í tengslum við flugáætlunina. Það er ánægjulegt að sjá ýmislegt sem þar er inni, t.d. vangaveltur um lengingu flugbrauta á Egilsstöðum og Akureyri og ýmislegt annað. En ég nefni þetta sérstaklega vegna þessara 2 milljarða kr. sem koma í tekjur vegna flugleiðsögu.

Siglingamálaáætlun, eins og hún heitir, er líka í áætluninni og hefur ekki mikið verið rædd. Það er kannski öðruvísi en áður var. Ég hugsa að áður hafi verið meiri átök um hafnaráætlanir, m.a. vegna þess að sú áætlun var lögð fram sér. En því miður, virðulegi forseti, er hlutverk hafna að minnka. Strandsiglingum hefur verið hætt frá og með 1. desember síðastliðnum fyrir utan eitt skip sem siglir á nokkra staði á ströndinni, þ.e. Jaxlinn. En það kom m.a. fram, virðulegi forseti, að tekjutap hafna, eftir að Múlafoss hætti að sigla með ströndinni, voru 130 millj. kr.

Það að flutningarnir færist allir upp á vegina er mjög alvarlegt mál. Þó að krafan um hraða flutninga sé mikil þá leyfi ég mér að efast um að skynsamlegt sé fyrir okkur að færa alla flutninga, t.d. á frosnum fiski, á þjóðvegina. Ég fullyrði, virðulegi forseti, að það mun hafa mikinn kostnað í för með sér fyrir þjóðarbúið í heild sinni að gera þetta á þennan hátt, m.a. með auknu vegsliti og ef til vill, þó vonandi ekki, alvarlegum slysum o.s.frv. Það er dapurt að þetta skuli gerast.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að fjalla um hvað flutningskostnaður og rekstrarskilyrði fyrirtækja á landsbyggðinni versnuðu mikið í framhaldi af því að strandsiglingarnar lögðust af.

Ég ætla að hoppa yfir 4. kaflann í samgönguáætluninni, vegáætlun, og fara yfir í umferðaráætlun. Ég vil þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að vekja athygli á umferðaröryggisáætluninni vegna þess að það hefur ekki verið rætt svo mikið um hana hér. Ég hef á undanförnum þingum oft rætt um umferðaröryggismál og fagna mjög þeirri ákvörðun sem tekin var að flytja umferðaröryggismál til samgönguráðuneytisins. Það var hiklaust hárrétt ákvörðun og ég þykist sjá og get sagt að þess ber vitni nú þegar í þessari fyrstu samgönguáætlun sem lögð er fram eftir að það var gert. Það má alltaf gagnrýna hvað eigi að fara miklir peningar í það, en hér eru stigin veigamikil skref, mjög

góð, í þessum efnum. Það á að vera aðalverkefni okkar að skapa meira öryggi í umferðinni og fækka slysum, bæði dauðaslysum og alvarlegum slysum, þau eru sannarlega allt of mörg. Alveg sama hvort það er að útrýma svartblettum eða fylgjast betur með hraðakstri, bílbeltanotkun o.s.frv.

Ég hef áður sagt það í þessum ræðustól, virðulegi forseti, að ég held að margt megi læra af löggæslunni í Húnavatnssýslu, lögreglunni á Blönduósi, sem eru líka góðkunningjar mínir og ágætis vinir. Ég er alveg viss um að sýna megi fram á að það mikla umferðareftirlit sem þar er hefur stórfækkað slysum, að þau séu færri þar en víða annars staðar.

Ég held líka, virðulegi forseti, að eftir að löggæslan varð sýnilegri á Reykjanesbraut fyrir nokkrum árum hafi e.t.v. alvarlegum umferðarslysum á Reykjanesbraut stórfækkað, ég leyfi mér að fullyrða að svo sé og vonandi er það rétt. Ofsaakstur og hraður akstur veldur oftast slysum, fyrir utan ógætilegan akstur. Það kom mér t.d. mjög á óvart þegar ég las umsögn frá forvarnafulltrúa Sjóvár um vegáætlunina, hann var að tala um gatnamótin á Miklubraut og Kringlumýrarbraut, að mesta tjónið skapast þar af aftanákeyrslum, væntanlega vegna þess að menn eru annars hugar eða of nálægt næsta bíl, sem getur valdið mjög miklum og alvarlegum áverkum hjá fólki sem í bílunum er, að maður tali ekki um hálshnykki og annað slíkt. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál og á ekki að eiga sér stað.

Ég fagna kaflanum um umferðaröryggisáætlun og mér finnst hæstv. samgönguráðherra og samgönguráðuneytið vera að taka vel á þeim málum, að það sé orðinn betri bragur á þessu en áður var þegar þetta var vistað í dómsmálaráðuneytinu þar sem því var kannski ekki sinnt eins mikið, en hönnun á vegum, vegagerð, eftirlit með vegum og þjónusta fer allt mjög vel saman.

Þá ætla ég að snúa mér, virðulegi forseti, að 4. kafla í áætluninni, vegáætlun, og fara lítillega yfir nokkra þætti sem ekki hefur verið farið yfir og menn kannski gera sér ekki grein fyrir. Heildartekjur í þann málaflokk eru 13,3 milljarðar og 380 millj. fara þar í afborganir af lánum vegna ýmissa þátta. Það er öll summan sem um er að ræða. Í landinu okkar er vegakerfi upp á 13 þús. km og það er mjög fjöllótt, mikið um firði og víkur og annað slíkt og við erum töluvert á eftir nágrannalöndum okkar hvað varðar gæði vega.

Ég hef áhyggjur af þeim tekjustofnum sem Vegagerðinni eru ætlaðir á komandi árum sem eru sömu tekjustofnar og hafa áður verið, þ.e. af bensíngjaldi, þungaskattur að hluta sem lækkar núna vegna þess að hann verður lagður öðruvísi á og olíugjaldið. Tekjur Vegagerðarinnar til þessara mála munu minnka með sparneytnari bílum og minni eyðslu ef þær spár ganga eftir sem hér er verið að setja fram. Ríkisframlag er rétt tæpir 2,5 milljarðar og samanlagt gerir þetta þessa tölu.

Hvernig er þessu ráðstafað, virðulegi forseti? Við tökum mest á um framkvæmdaþáttinn hér, hve mikið fer til framkvæmda. Reksturinn tekur 504 millj., eða 3,8%. Hin almenna þjónusta 2,6 milljarðar, eða rétt tæp 20%. Almenningssamgöngur, rannsóknir og annað slíkt taka 1.181 millj., eða tæp 9%. Viðhald vega, athyglisverð tala, 3,6 milljarðar, eða tæp 20%. Síðan komum við að þeim þáttum sem okkur þykir hvað vænst um og tökumst kannski mest á um, þ.e. stofnkostnað upp á 4,6 milljarða, eða tæp 35% og stofnkostnaður grunnnets upp á 1.700 millj., eða 12,8%. Þetta er öll summan sem við fjöllum um.

Bara rétt til að halda því til haga, virðulegi forseti, hefur það verið lagt fram af Félagi íslenskra bifreiðaeigenda að tekjur ríkissjóðs af allri umferð í landinu, innflutningstollum og sköttum og öllu því sem gerist og telja má að komi frá umferðinni voru fyrir einu til tveimur árum þegar ég sá síðast þær tölur 32–33 milljarðar kr. Aðeins helmingur og kannski innan við helmingur, ef það eru bara þær tölur sem við sjáum hjá Vegagerðinni, fara til vegamála, þ.e. í rekstur, þjónustu og stofnkostnað. Það er auðvitað mjög lág tala og þar stendur hnífurinn í kúnni.

Ég hygg að allir þingmenn geti verið hjartanlega sammála um að það vantar meira fé í öll kjördæmi, alls staðar á landinu, til að gera meira í samgöngumálum og sérstaklega vegamálum. Öll getum við verið sammála um það.

Það er rétt sem hefur hér verið gagnrýnt að það hefur verið niðurskurður upp á 6 milljarða fyrir árin 2004, 2005 og 2006 í þessum málum, sem er gert í nafni þess að draga úr framkvæmdum og minnka þenslu vegna stórra og mikilla framkvæmda fyrir austan. Ég er þessu ósammála vegna þess að ég tel að það skipti ekki miklu máli fyrir efnahagslífið í landinu hvort vegaframkvæmdir, sem eru arðbærar framkvæmdir, þarfar og góðar, hvort sem það er á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni, að 2 milljarðar niðurskurður í þeim framkvæmdum skipti miklu máli hvað varðar efnahagslífið, verðbólgu, stöðu krónunnar og annað slíkt. Við sjáum nefnilega, virðulegi forseti, að þrátt fyrir hinar miklu framkvæmdir fyrir austan og á höfuðborgarsvæðinu erum við samt sem áður að fá mjög góð og lág tilboð í vegaframkvæmdir, jarðvinnsluþætti og annað slíkt, vegna þess að verktakar hafa náð mikilli tækni, eru mjög vel tækjum búnir og það er töluverð samkeppni í greininni, það er því ekki það versta í þessu. Niðurskurður í samgönguáætlun upp á 2 milljarða er sennilega — ja, ég veit ekki hvað viðskiptin á Verðbréfaþingi voru í dag, en 10 milljarðar er sennilega ekki fjarri lagi ef menn í þeim bransa hafa verið í stuði. Það er öll upphæðin.

Ég er því ósáttur við að þetta sé niðurskurður eins og fram hefur komið. Ég tel að nota eigi meiri peninga í þetta, vegna þess að þetta er mjög arðbært fyrir land og þjóð, gagnvart landsbyggðinni er þetta sennilega arðbærasta og besta byggðaframkvæmdin í samgöngumálum í dag. Fyrir 20, 30, 40 árum var ekki talað um vegaframkvæmdir eða slíkt, þá var talað um að stjórnvöld tækju þátt í að útvega skuttogara, jafnvel í hvern fjörð, jafnvel á hvert heimili, var sagt á tímabili.

Tímarnir hafa breyst. Samgöngumál, bætur í samgöngumálum, stytting vegalengda, öruggari vegir og annað slíkt er nútímabyggðastefna sem á að hlúa að og allir á Alþingi eiga að geta sameinast um.

Virðulegi forseti. Ég hef unnið töluvert í gögnum sem hafa komið til samgöngunefndar o.fl. Mér þótti mjög merkilegt þegar ég tók hina fjóru vegaflokka sem fjallað er um í þessari ágætu samgönguáætlun og hæstv. samgönguráðherra birti m.a. í blaðagrein ekki alls fyrir löngu, þ.e. lengd vega eftir kjördæmum í þeim fjóru flokkum sem við

skiptum vegunum til, þ.e. stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi.

Ég sagði áðan að vegakerfið er um 13 þús. km. Ég ætla ekki að lengja umræðuna með því að taka dæmi og lesa upp sem ég hefði gert ef við hefðum haft betri tíma og verið að ræða þetta undir eðlilegum kringumstæðum, ég er reyndar ekki í þeirri tímapressu að við séum að ljúka þingi, en ef ég tæki sem dæmi Reykjavíkurkjördæmi gagnvart stofnvegum eru 72 km þar, eða 2% af heildarvegakerfi stofnvega. Í tengivegum eru 11 km í Reykjavíkurkjördæmi. Útreikningar á mínu excel-skjali hafa ekki sýnt prósentutöluna í því en það eru sennilega 0,2% eða 0,3%. Í safnvegum eru þetta 24 km, eða 1%. Á landsvegum 8 km og mælast varla í prósentutölu. Það er líka himinn og haf, virðulegi forseti, í því þegar maður skoðar heildarvegalengd milli kjördæma og svo aftur þá vegalengd sem búið er að leggja varanlegu slitlagi. Það er ansi athyglisvert og þarf kannski ekki að koma á óvart, að í Norðvesturkjördæmi eru rúmir 5 þús. km af hinum 13 þús. km, eða tæp 40% vegakerfisins. 30% af þeim eru komnir með varanlegt slitlag. Í mínu kjördæmi, Norðausturkjördæmi, eru þetta 4 þús. km og í Suðurkjördæmi 3.500 km. Þarna eru, virðulegi forseti, 97% af öllu vegakerfinu.

Þetta vildi ég leggja inn í umræðuna vegna þeirra hörðu skoðanaskipta sem orðið hafa milli höfuðborgarþingmanna og landsbyggðarþingmanna, mjög óheppileg umræða sem ég veit að landsbyggðarfólk tekur illa og höfuðborgarbúar vafalaust líka. Mér finnst ekki góður bragur á þegar þetta lendir í þvílíkri rimmu og deilum eins og hér hafa verið að maður fær símhringingar frá fólki á landsbyggðinni sem spyr mann að því hvort það sé orðið hálfgerðir þurfalingar eða baggi á þjóðinni, hvort það eigi að fara að pakka saman og hypja sig í burtu, því fólk hefur það á tilfinningunni að það sé þar jafnvel í óþökk ákveðinna manna. Þetta er miður, virðulegi forseti, og á ekki að eiga sér stað. Það getur vel verið að segja megi að sá sem hér stendur hafi tekið þátt í þeirri umræðu, en ég held að það hafi frekar verið gert í vörn en í sókn.

Ég nefndi þetta með vegina vegna þess að mér finnst hafa komið fram hjá nokkrum þingmönnum að þeir telji að það eigi ekki að nota þá aðferð sem Vegagerðin hefur haft og ætlar að hafa, en hún er að þróa nýja aðferð fyrir 2007 og 2008, þ.e. seinni tvö ár áætlunarinnar, þar sem tekið er tillit til lengdar vega í kjördæmi og umferðar þar. Ég vil taka það skýrt fram, vegna þess að sá misskilningur hefur komið fram hjá nokkrum þingmönnum að ekki sé tekið tillit til umferðarmagns. Það er gert. Ég hef áður sagt að hjá Vegagerðinni er mjög faglega unnið að öllum undirbúningi og allri framkvæmd. Á lokablaðsíðum áætlunarinnar sér maður hvernig þetta er gert og hvernig þetta verður gert. Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að þetta sé sanngjörn skipting og réttlát, en málið er að það er of lítið af peningum til að deila niður eftir þessum formúlum. Þess vegna lendum við í þeim átökum sem staðið hafa svolítið í dag og undanfarna daga.

Ég er ekki sammála því, virðulegi forseti, að hægt sé að nota þá skiptitölu að taka heildaríbúafjölda og fjölda bíla eins og meira að segja hefur verið getið um á höfuðborgarsvæðinu og það eigi að gefa einhverja reiknitölu til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Það er bara ekki hægt. Ég hef sagt: Á að taka fangelsismál, rekstur fangelsa og telja hvaðan fangarnir koma og deila því einhvern veginn þannig niður? Nei. Þess vegna harma ég að það séu deilur um þetta og ég trúi ekki öðru en að við á hv. Alþingi getum náð niðurstöðu um að finna sanngjarna deilitölu hvað þetta varðar. Það liggur í augum uppi að meira fé er veitt t.d. í safnvegi og ætti að vera mest í kjördæmi eins og Norðvesturkjördæmi þar sem 43% af öllum safnvegum eru og aðeins 1% af þeim eru lagðir varanlegu slitlagi. Það segir sig sjálft að þar þarf að taka til hendinni.

Ég ætla að fara aðeins í þá kafla sem fjalla um skiptingu og annað slíkt. Ég hef átt ánægjulega fundi sem einn af þingmönnum Norðausturkjördæmis með fulltrúum Vegagerðarinnar þar sem farið var í gegnum þær tillögur sem lágu fyrir í áætluninni og þær skoðaðar gagnvart þeim verkum sem þar liggja fyrir. Við færðum örlítið til milli ára vegna þess að sum verk voru tilbúin en önnur ekki o.s.frv. Um það varð sátt að lokum, það var tekist á og um það varð sátt. Þess vegna held ég að það eigi að vera hægt að tala sig til sátta í þessum málum eins og mér heyrist að flestallir þingmannahóparnir hafi gert.

En auðvitað erum við þingmenn Norðausturkjördæmis ekki ánægðir, við vildum hafa meira fé t.d. í mjög brýnar framkvæmdir í Skriðdal, sem er á þjóðvegi eitt. Vopnafjörður, sá fallegi bær er með vegasamband sem ég mundi halda að tilheyrði 6. áratugnum, eitthvað svoleiðis, hryllilegur vegur. Menn eru að tala um að fara í Hólaheiði á norðausturhorninu til að tengja betur saman byggðirnar Þórshöfn/Raufarhöfn og koma betri vegasamgöngum þangað. Menn hafa verið að tala um hinn mikla og fjölfarna veg, Kísilveg, svo ég taki hann sem dæmi, sem liggur frá Mývatni niður á Húsavík, mjög fjölfarinn vegur af ferðamönnum þar sem þeir keyra kannski á malbiki og svo allt í einu koma þeir yfir hæð og lenda þá á malarvegi. Sumir útlendingar vita ekki hvað það er að keyra á malarvegi. Í hinni fallegu sveit, Eyjafjarðarsveit, er mjög mikið verk fram undan og vantar miklu, miklu meiri peninga. Þannig má endalaust halda áfram að fjalla um atriði sem menn vildu sjá inni en meira fé þarf til.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson fjallaði um þann mun sem er á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Á höfuðborgarsvæðinu vex og vex ýmislegt, sem betur fer, og nóg að gera, íbúðaverð hækkar, fólk hefur fínar tekjur o.s.frv. Á landsbyggðinni er því miður samdráttur, m.a. út af gengisskráningu, eins og hv. þingmaður nefndi, þar sem atvinnufyrirtæki sem eingöngu eru á landsbyggðinni og halda uppi atvinnu þar, sjávarútvegsfyrirtæki, fá minna og minna fyrir framleiðsluvörur sínar meðan ýmis atvinnustarfsemi á höfuðborgarsvæðinu gengur miklu betur en áður vegna gengisins sem gerir innkaupaverð á vörum lægra, sem oft á tíðum er selt til kaupenda án þess að þeir finni því stað að varan hafi lækkað.

Svona getum við lengi haldið áfram. Ég sem fulltrúi í samgöngunefnd hef reynt að haga málflutningi mínum þannig og vinnubrögðum að ég horfi ekki eingöngu á kjördæmi mitt. Auðvitað eiga þingmenn viðkomandi kjördæma að vera sérfræðingar á sínu sviði og þekkja sitt kjördæmi út og inn, eins og fram hefur komið. Ég keyri oft vestur á firði

en segi jafnframt: Árið 2005, 2006, jafnvel 2007 er loksins verið að gera Djúpið að almennilegum vegi alla leið, ef svo má að orði komast, með malbiki og öðru. Það eru stórir áfangar á áætluninni frá Ísafirði í Djúpinu í Mjóafjörð, Barðaströndinni. Arnkötludalur, mjög athyglisverð hugmynd um að stytta vegalengdir þar um 40 km, og það sem talað er um hér, Svínadalur og Flókalundur, Þverárfjallið. Ég var þingmaður gamla Norðvesturkjördæmisins í fjögur ár og studdi þá framkvæmd og taldi hana mjög til bóta fyrir Skagfirðinga, Skagstrendinga og Blönduósinga og aðra sem vilja keyra þá leið. Sumir nota þá leið, aðrir ekki þegar þeir eru að fara lengra.

Á höfuðborgarsvæðinu kalla margar framkvæmdir á okkur. Þær eru þó annars eðlis en á mörgum stöðum á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu snúast þær um að skapa aðstæður til að umferðartafir verði minni á nokkrum álagspunktum dagsins og ársins, að það verði greiðari leið. Á landsbyggðinni snýst þetta kannski um að fólk komist yfir höfuð milli staða vegna þess að oft á tíðum eru vegir orðnir ófærir bara í fyrstu snjóum, t.d. á norðausturhorninu.

Ég hef einhvern tíma heyrt hæstv. samgönguráðherra þakka þingmönnum fyrir hinn mikla áhuga á samgöngumálum og vegamálum og þakka fyrir þann stuðning sem þeir hafa sýnt þeim málum. Það er auðvitað hárrétt hjá samgönguráðherra, auðvitað hefur hæstv. samgönguráðherra metnað fyrir því að gera sem mest í samgöngumálum og við þingmenn eigum að styðja við bakið á hæstv. samgönguráðherra í þeim efnum og ég held að það sé yfirleitt gert.

Virðulegi forseti. Í umræðunni hefur margt verið sagt í hita leiksins, margt verið gagnrýnt og stundum hafa menn kannski gengið fulllangt. Ég ætla ekki að lengja tímann með því að lesa upp úr Framkvæmdafréttum 9. tbl. ársins 2005. Þar er sýnt og auglýst útboð vegna lagfæringa á Kringlumýrarbraut/Miklubraut, þeim slæmu vegamótum. Þar er verið að reyna að bæta úr og minnka umferðartafir og minnka hættu á árekstrum og slysum. Þetta er vel. Þetta eru ekki mislæg gatnamót vegna þess að samstaða hefur ekki verið um það. Vonandi bætir þetta. Ég hef keyrt töluvert um Reykjavík síðan ég kom á þing 1999 og hef tvisvar gleymt mér og slysast inn á þessi gatnamót. Ég hef yfirleitt getað keyrt fram hjá þeim vegna þess að ég er hræddur við að fara þau, skil fólk vel að það vilji breyta þessu. En ég vil líka halda því til haga að verkið er ekki komið á framkvæmdastig, því miður er ekki hægt að veita í það fé vegna þess að menn eru ekki á eitt sáttir um hvernig á að gera það.

Ég fletti líka yfir fréttabréf Orkuveitu Reykjavíkur vegna þess að við vorum að tala um niðurskurð upp á 2 milljarða í vegamálum á árinu. Hér stendur að framkvæmdir á Orkuveitu Reykjavíkur eru fyrir 11,4 milljarða á þessu ári. Það eru miklar tölur. Ég vildi að ég gæti nefnt svipaðar tölur gagnvart mínu kjördæmi í ýmsum öðrum málum en stóriðjumálum.

Virðulegi forseti. Ég ætla að stytta mál mitt og reyna að draga það saman. Ég gagnrýndi mjög hv. þm. Gunnar Birgisson og hef gert það mjög hvasst viljandi vegna þess að mér finnst hv. þingmaður tala mjög niður til landsbyggðarfólks með tillöguflutningi sínum og rökstuðningi sínum. Að ætla sér að lagfæra hluti í vegáætlun, auka fé til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu, sem ég er sammála um að vanti og þurfi, alveg eins og ég vænti þess að hv. þingmaður sé sammála því að það vanti fé í ýmis landsbyggðarkjördæmi, en það verður ekki gert með því að taka fé í þessu tilviki af landsbyggðinni úr verkum sem þar er verið að vinna og hafa verið í undirbúningi, jafnvel í 15 ár, eins og það sem aðallega er ráðist á, þ.e. gerð Héðinsfjarðarganga. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að mér finnst miður að hv. þingmaður skuli ganga þessa göngu og gera þetta á þennan hátt með tillöguflutningi sínum og þeim lýsingum sem hann hefur sett fram máli sínu til stuðnings.

Það er þetta sem ég á við, virðulegi forseti, þegar ég segi að landsbyggðarfólk telur það mjög miður og finnst eins og hv. þingmaður og þeir sem taka undir málflutning hans séu að tala niður til landsbyggðarfólks og líti á landsbyggðarfólk sem einhverja annars flokks borgara, það er miður.

Hv. þm. Gunnar Birgisson hefur staðið sig vel í sínu starfi sem bæjarfulltrúi í Kópavogi og tekist að byggja Kópavog vel upp. Ég er ekki að tala um að það þurfi að taka ýmislegt úr Kópavogi og færa eitthvert annað. Kópavogur má byggjast upp á þann glæsilega hátt sem hann hefur gert í þeirri uppsveiflu sem hefur verið síðustu ár á höfuðborgarsvæðinu. En sú tillaga sem hv. þingmaður flutti hér, sem kemur svo í ljós að er meingölluð eins og ég gat um í stuttu andsvari, að þegar 1.200 millj. kr. til jarðgangaáætlunar, eins og stendur hér, er skorin niður um 1.000 millj. duga hinar 1.200 millj. rétt til að borga verktakanum fyrir það sem hann er að vinna á árinu í Fáskrúðsfjarðargöngum. Að ætla að skera það niður sýnir náttúrlega að áætlunin er ekki mjög vel ígrunduð. Þeir vankantar sem hér eru á og ég gagnrýndi eru t.d. sérstök árás hans á framkvæmdir í Norðvesturkjördæmi.

Ég veit ekki hvort ég á að segja það, virðulegi forseti, en ég gæti vel ímyndað mér að hv. þm. Gunnar Birgisson hefði viljað vera samgönguráðherra. Það getur vel verið að hv. þingmaður hafi líka viljað vera formaður samgöngunefndar en ekki fengið. En mér er það óskiljanlegt hvernig ráðist er á þessar framkvæmdir og ég gagnrýni fyrst og fremst það að ætla að skera niður jafnsjálfsagðar framkvæmdir og hér eru settar fram til að auka á höfuðborgarsvæðinu, ég er ósammála aðferðafræðinni. Þess vegna gagnrýni ég áætlunina og trúi reyndar ekki öðru en að hv. þingmaður dragi breytingartillöguna til baka á miðvikudaginn og láti það nægja að hafa hafið þá hvössu umræðu og hvössu deilur sem um hana hafa orðið.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði mér ekki að vera nema kannski 30 mínútur með smáviðbót þannig að ég ætla að fara að ljúka máli mínu. Ég ætla að ítreka rétt að lokum það sem ég hef áður sagt, að vonandi vilja þingmenn fá meira til samgöngumála á næstu árum. Það er eðlilegt miðað við það sem ég hef verið að reyna að halda fram í ræðu minni. Svo geta menn verið á öndverðri skoðun um hvernig leysa á samgöngumál viðkomandi svæða.

Ég ætla að segja rétt í lokin, vegna þess að Héðinsfjarðargöng hefur oft borið á góma, að ég tel það mjög farsæla lausn og hef áður sagt það, hælt bæði fyrrverandi forsætisráðherra, núverandi og öðrum fyrir það hvernig tekið hefur verið á þeim málum — svo og öðrum stjórnmálamönnum,

virðulegur forseti. Ég held að ég geti fullyrt að formenn allra stjórnmálaflokka á Íslandi, Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, Samfylkingar, Vinstri grænna og Frjálslyndra hafi lýst stuðningi við þá framkvæmd. Sú framkvæmd, eins og áður hefur komið fram, hefur verið á umræðustigi í allt að 15 ár. Nú sér loksins fyrir endann á því að verkið verði boðið út.

Af því að ég þakkaði hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur áðan fyrir að taka til máls um umferðaröryggisáætlun verð ég að segja að ég get ekki sagt það sama um umræðu hennar um Héðinsfjarðargöng, Fljótaleið eða annað, vegna þess að það sem hún sagði var einfaldlega ekki rétt. Þessir tveir kostir voru bornir mjög vel saman af öllum aðilum, Vegagerð, skipulagsyfirvöldum, verkfræðistofum og öðrum. Unnið var eftir tillögum manna um hvaða leið ætti að fara í Fljótum. Halda menn virkilega að sá sem hér stendur og var í forsvari fyrir bæjarstjórn Siglufjarðar í tólf ár hafi ekki haft áhuga á þessari leið? Hún var skoðuð mjög vel í byrjun. Menn komust einfaldlega að þeirri niðurstöðu að það væru allt of margir vankantar á henni, eins og t.d. að Siglufjörður tengist ekki eins vel við byggðirnar Ólafsfjörð og annað slíkt til að skapa eitt sveitarfélag í öllum Eyjafirði, sem ég hygg að verði komið eftir sex til átta ár.

Ókosturinn við Fljótaleið var að fara í Fljótunum upp í allt að 200 m hæð með jarðgangamunna í þessari mestu, ja, ég vil segja snjókistu landsins þegar sá gállinn er á, þegar mikið vetrarveður er. Það þekkir sá sem hér stendur hvernig er að keyra í Fljótunum þegar vont veður er.

Ég ætla ekki, virðulega forseti, að lengja umræðuna með því að segja frá hvernig unnið var að þessu áður fyrr. Ég held hins vegar að unnið hafi verið að þessu á fullkomlega eðlilegan hátt, farið eftir lögum og reglugerðum og öðru og það hafi verið staðið eðlilega að öllum þáttum sem leiddi til þeirrar niðurstöðu með umhverfismat og ákvörðunartöku hæstv. ríkisstjórnar að fara í verkið og að það sé að komast á framkvæmdastig.

Ég held að það fari vel á því að enda ræðu mína á því að þakka enn einu sinni hæstv. ríkisstjórn og öllum þeim fjölmörgu alþingismönnum sem hafa tekið þátt í að samþykkja framkvæmdina, bæði við samþykkt jarðgangaáætlunar árið 2000 og síðustu samgönguáætlunar árið 2003.

[03:01]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Það er komið að lokum þessarar umræðu um samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008. Nokkrir þingmenn hafa beint spurningum til mín og vil ég víkja að þeim og bæta ögn við að gefnu tilefni.

Ég þakka hv. þingmönnum fyrir ágætisumræður hér í kvöld og í nótt. Það er búið að taka nokkurn tíma í þessa umræðu eins og eðlilegt er því að umræður um samgöngumálin eru mjög miklar að jafnaði.

Í fyrsta lagi vil ég nefna það sem kom fram hjá hv. þm. Björgvini G. Sigurðssyni. Hann beindi spurningum til mín um Sundabraut, reyndar ekki í fyrsta skipti. Ég get ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um hana. Hann spurði hvenær hönnun gæti hafist vegna framkvæmda við Sundabraut í Reykjavík. Svar mitt við þessari spurningu hefur margsinnis verið það að hönnun getur hafist strax og umhverfismatsferlið er búið — því er ekki lokið — og samkomulag hefur náðst milli borgarinnar og Vegagerðarinnar um hvaða leið eigi að fara. Það liggur ekki fyrir svo að ég nefni það rétt eina ferðina enn.

Hvenær getur verkið hafist? var einnig spurt. Svar mitt er það að verkið getur hafist þegar búið er að verkhanna og bjóða verkið út. Það er talið geta orðið á árinu 2007 sem verkið yrði boðið út.

Í þriðja lagi vildi hv. þingmaður, sem er víðs fjarri á þessari stundu, vita um fjármögnum verksins. Það hefur verið undirstrikað margsinnis að verk af þeirri stærðargráðu sem Sundabrautin er og ég tel að þurfi að líta til í heilu lagi, alla leið upp á Kjalarnes, verður að fjármagna sérstaklega. Vísað hefur verið til þess að nýta fjármuni vegna sölu Símans til að setja það verk af stað.

Í fjórða lagi vék hv. þm. Björgvin G. Sigurðsson að Suðurstrandarvegi og hafði stór orð um að ekki hefði verið staðið við gefin fyrirheit. Það er skemmst frá því að segja að um áramótin 2004/2005 voru til fjárveitingar vegna þessa verkefnis, Suðurstrandarvegar, upp á 385 millj. kr. Þá hafði verið greiddur nokkur kostnaður, ríflega 30 milljónir, vegna undirbúnings en þarna voru uppsafnaðar fjárveitingar vegna þessa verks. Síðan var tekin ákvörðun um það af hálfu þingmanna Suðurkjördæmis í samstarfi við mig sem samgönguráðherra og Vegagerðina að færa til framkvæmda vegna hringvegar um Kristnitökuhraun 140 millj. kr. þannig að til ráðstöfunar eru 245 milljónir í það verk sem búið er að bjóða út og er í gangi núna frá Grindavík og áfram þaðan í austur. Síðan er gert ráð fyrir framkvæmdum Þorlákshafnarmegin þannig að í öllum atriðum hefur verið staðið við þau fyrirheit sem voru gefin með þeim fjárveitingum sem settar voru í þetta verk um Suðurstrandarveg. Ég vísa algerlega til föðurhúsanna öllum þeim stóryrðum sem fram komu af hálfu þingmannsins og vísa til þessara talna sem ég nefndi.

Út af fyrir sig mætti segja margt um þá tillögu sem hv. þm. Gunnar Birgisson hefur borið upp. Það er þó aðeins eitt atriði sem ég vil nefna, þá tillögu hv. þm. Gunnars Birgissonar að taka fjárveitingar vegna framkvæmda við Þingeyrarflugvöll og færa annað. Unnið hefur verið að undirbúningi framkvæmda við lengingu Þingeyrarflugvallar að undangenginni mikilli athugun og rannsókn. Það hefur verið gert á grundvelli þeirrar samgönguáætlunar sem er í gildi og hefur verið samþykkt. Það verk hefur verið boðið út. Það skýtur aldeilis skökku við að upp skuli koma tillaga um að fella niður þær framkvæmdir þegar búið er að bjóða út, verk sem sett er af stað með fullkomlega eðlilegum hætti á grundvelli gildandi áætlunar. Ég hlýt að vekja athygli á þessu við umræðuna þó að fáir séu til þess að hlusta á þann kafla ræðu minnar.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson vék nokkrum orðum að því að samgönguráðherra legði sig fram um að standa í deilum við borgaryfirvöld. Ég hlýt að vísa þessu algerlega til föðurhúsanna. Ráðherrar hafa engan áhuga á að standa í deilum, fjarri því, en það blasir við öllum sem vilja, nema e.t.v. hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, að auðvitað hafa staðið deilur um Reykjavíkurflugvöll, það er ekkert nýtt. Hvers vegna? Jú, það er vegna þess að borgaryfirvöld hafa snúið þar við blaðinu eftir að hafa veitt heimild til þess að endurbyggja

flugvöllinn. Þess vegna hafa deilurnar sprottið upp. Með sama hætti snúast þær deilur um framkvæmdir við mislæg gatnamót á mörkum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Það þekkja hv. þingmenn. Það á ekki að þurfa að koma neinum á óvart þótt það kunni að kastast í kekki milli aðila þegar um slíkt er að ræða.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir fór nokkrum orðum um umferðaröryggismál. og ég þakka þá ræðu þingmannsins. Hún spurðist fyrir um framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum. Ég vísa bara til þess sem kemur fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni á bls. 123 þar sem er tíundað í mörgum liðum hvaða aðgerðir það eru sem við gerum ráð fyrir að fara í á sviði umferðaröryggismála á næstu fjórum árum. Það er skýrt skilgreint hvaða kostnaður liggur þar að baki. Hann er áætlaður upp á 1,5 milljarða. Hér er brotið í blað á sviði umferðaröryggismála og ég vona að af því verði sá árangur sem að er stefnt.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara ofan í fleiri þætti í ræðum hv. þingmanna sem hér hafa flutt ræður í kvöld þó að ærið tilefni væri svo sem til þess. Ég vil síðan bara að lokum þakka hv. þm. Kristjáni L. Möller fyrir mjög málefnalega ræðu sem hann flutti í kvöld. Fyrst og síðast þakka ég hv. samgöngunefnd fyrir mjög gott samstarf við mig sem samgönguráðherra og starfsfólk ráðuneytisins og þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni, formanni samgöngunefndar, fyrir vel unnið verk og góðan árangur í því starfi sem unnið hefur verið á vettvangi nefndarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5., 7., 18.–19., 21.–22., 24.–25., 29.–30. og 36.–41. mál.

Fundi slitið kl. 03:12.

---

129. FUNDUR

þriðjudaginn 10. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Til heilbrigðisráðherra:

1. Börn og unglingar með átröskun, fsp. ÞBack, 661. mál, þskj. 1005.

Til umhverfisráðherra:

2. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála, fsp. GunnB, 755. mál, þskj. 1121.

3. Tilmæli fastanefndar Bernarsáttmálans, fsp. KolH, 800. mál, þskj. 1244.

Til félagsmálaráðherra:

4. Skuldbindingar vegna einkaframkvæmda í ársreikningum sveitarfélaga, fsp. GunnB, 730. mál, þskj. 1088.

5. Fjárhagsstaða meðlagsgreiðenda, fsp. HHj o.fl., 759. mál, þskj. 1125.

Til landbúnaðarráðherra:

6. Stuðningur við búvöruframleiðslu, fsp. SigurjÞ, 733. mál, þskj. 1095.

Til sjávarútvegsráðherra:

7. Merkingar á þorski, ufsa, skarkola og grálúðu, fsp. SigurjÞ, 753. mál, þskj. 1118.

Til menntamálaráðherra:

8. Símenntunarmiðstöðvar, fsp. AKG, 506. mál, þskj. 771.

9. Einkareknir grunnskólar, fsp. BjörgvS, 542. mál, þskj. 821.

Til fjármálaráðherra:

10. Gegnumlýsingartæki fyrir tollgæsluna, fsp. GHall, 798. mál, þskj. 1242.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Katrín Júlíusdóttir, 9. þm. Suðvest.

[10:29]

Útbýting:

Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, 701. mál, brtt. DrH, þskj. 1394.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 723. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 1390.

Landbúnaðarstofnun, 700. mál, brtt. DrH, þskj. 1393.

Mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, 235. mál, brtt. minni hluta umhvn., þskj. 1392.

Börn og unglingar með átröskun.

Fsp. ÞBack, 661. mál. — Þskj. 1005.

[10:31]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra um börn og unglinga með átröskun. Átröskun, þ.e. lystarstol eða lotugræðgi, er sjúkdómur sem getur þróast í mjög alvarlegan sjúkdóm og banvænan þegar hann er hvað erfiðastur. Átröskun er alvarlegur sjúkdómur sem virðist vera að greinast nú í auknum mæli, bæði hjá fullorðnum og börnum sem er ný þróun og því mikilvægt að taka á. Sjúkdómurinn er algengari hjá stúlkum en piltum og greinist aðallega á unglingsárum og fram yfir tvítugt en er þekktur í öllum aldurshópum. Þar sem sjúkdómurinn getur þróast upp í mjög alvarlegan og lífshættulegan sjúkdóm, er langvinnur og meðferðin erfið er mjög mikilvægt að grípa eins fljótt inn í og mögulegt er, greina sjúkdóminn á frumstigi og koma sem allra fyrst inn með stuðning og ráðgjöf til foreldra barna og til barnanna sjálfra. Eins til að hafa áhrif á umhverfi barnanna og það áreiti sem þau verða fyrir og veita allan þann stuðning sem hægt er. Því beini ég eftirfarandi spurningum til hæstv. ráðherra:

1. Hvað hefur verið gert til að stuðla að því að átröskun

barna og unglinga sé greind snemma?

2. Hvaða þjónusta stendur þessum einstaklingum og fjölskyldum þeirra til boða?

3. Hvernig hefur fjöldi þeirra sem greinast með átröskun þróast undanfarin 20 ár í aldurshópunum: a. 5–10 ára, b. 11–15 ára, c. 16–25 ára?

4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir aukinni þjónustu við börn með átröskun með tilliti til þróunar undanfarinna ára, t.d. með því að koma á fót sérhæfðri deild á barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss?

5. Hyggst ráðherra beita sér fyrir eflingu fagteymis sérstakrar dag- og göngudeildar á Landspítala – háskólasjúkrahúsi?

Á Landspítalanum hefur nýlega verið opnuð göngudeildarþjónusta fyrir fullorðna sem er mjög til bóta en þar hefur hæstv. ráðherra gefið fyrirheit um aukna þjónustu og nú kalla ég eftir svörum hvað líði þeim fyrirheitum og hvort vænta megi úrbóta á þessu sviði.

[10:34]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Átraskanir barna og unglinga hafa frá upphafi verið meðhöndlaðar á barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, bæði á göngu- og legudeildum. Árið 2002 tóku nokkrir meðferðaraðilar sig saman og mynduðu þverfaglegt teymi til að sinna þessum hópi sérstaklega vegna vísbendinga um vaxandi tíðni átraskana. Frá þeim tíma hefur tilvísunum verið haldið skipulega saman en nákvæmar upplýsingar fyrir þann tíma liggja ekki fyrir. Samkvæmt upplýsingum frá geðsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss var fjöldi alvarlegra átraskana hjá börnum fram til ársins 2000 1–3 sjúklingar á ári. Nú eru að jafnaði 3–4 sjúklingar meðhöndlaðir á deildum BUGL árið um kring. Átröskunarteymið hefur lagt áherslu á að beita sér fyrir snemmgreiningu á átröskunum meðal barna og unglinga. Þessar rannsóknir gefa til kynna að batahorfur aukist því fyrr sem sjúkdómurinn greinist.

Eftirfarandi leiðir hafa verið farnar til að stuðla að því að átröskun barna og unglinga greinist fyrr en áður: Staðið hefur verið fyrir kynningu til heilsugæslu og skólakerfis um aðgengi að BUGL. Átröskunarteymið hefur sinnt fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við lækna og hjúkrunarfræðinga sem starfa við heilsugæslu og skóla. Einnig hefur komið til fræðsla í fjölmiðlum og annars staðar. Samvinna hefur verið við Spegilinn, samtök aðstandenda átröskunarsjúklinga og áhugafólks, áhersla hefur verið lögð á símenntun teymismeðlima með þátttöku þeirra í námskeiðum og ráðstefnum. Að beiðni minni hefur verið unnið að gerð klínískra leiðbeininga um átraskanir í samvinnu við átraskanateymi sem starfar á fullorðinsgeðdeildum og við landlæknisembættið. Tekin var sú ákvörðun í samræmi við átröskunarteymin og landlæknisembættið að beina fræðslu um átraskanir fyrst og fremst til fullorðinna og fagfólks en ekki til barna og ungmenna nema það hafi tengsl við holla lífshætti.

Spurt er hvaða þjónusta standi þessum einstaklingum til boða, þ.e. börnum og unglingum með átraskanir og fjölskyldum þeirra.

Á BUGL hefur greining og meðferð þessara einstaklinga verið komin í ákveðinn farveg. Einstaklingum er beint markvisst að heilsugæslustöð eða til barnalækna og stundum næringarráðgjafa þegar um fyrsta mat eða meðferð er að ræða. Þannig er reynt að sporna við því að mál sem geta fengið farsæla afgreiðslu á öðrum þjónustustigum berist inn til BUGL. Sú meðferð sem fer fram innan deildar er einstaklingsmiðuð, en meðal annars er boðið upp á einstaklingsmeðferð, eftirlit læknis, foreldraviðtöl, stundum fjölskyldumeðferð, iðjuþjálfun, hópmeðferð, umhverfismeðferð og fleira.

Hv. þingmaður spyr einnig hvernig fjöldi þeirra sem greinast með átröskun hafi þróast undanfarin 20 ár í aldurshópunum 5–10 ára, 11–15 ára og 16–25 ára. Eins og fram kom í upphafi máls míns var fyrst farið að halda skipulega saman fjölda tilvísana vegna átraskana barna og unglinga árið 2002 þannig að þróun síðustu 20 ára liggur ekki fyrir. Árið 2002 voru 16 tilvísanir á BUGL og voru börnin á aldrinum 14, 15 og 16 ára. Árið 2003 voru 17 tilvísanir vegna barna á aldrinum 13–17 ára og árið 2004 voru 24 tilvísanir á BUGL vegna barna á aldrinum 11–17 ára. Meðalaldur þeirra var 14,5 ár.

Það sem af er þessu ári eru tilvísanir orðnar sjö vegna barna á aldrinum 14–17 ára Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem unnar eru úr sjúkrasögu spítalans 1983–2001 kemur fram að 110 sjúklingar sem þá höfðu legið á geðdeildum sjúkrahússins voru greindir með átraskanir. Af þeim voru 103 konur og sjö karlmenn. Meðalaldur kvennanna var 23,5 ár og voru þær á aldursbilinu 8–50 ára. Meðalaldur karlanna var 27,5 ár á aldursbilinu 13–62 ára. Veruleg fjölgun hefur orðið á greiningu átraskana, einkum síðustu fimm ár þessa tímabils.

Þjónusta við börn og unglinga er í vaxandi mæli veitt á göngu- og dagdeildum. Reynt er að koma í veg fyrir innlagnir þar sem æskilegra er talið að börn dvelji í sínu eðlilega umhverfi og fái dag- og göngudeildarþjónustu eða jafnvel þjónustu heim til sín.

Þann 15. mars sl. var opnuð ný aðstaða fyrir Teig, dagdeild vímuefnameðferðar við Landspítala – háskólasjúkrahús. Breytingar sem þá urðu gerðu mönnum kleift að breyta og bæta húsnæði almennu göngudeildarinnar og innrétta aðstöðu fyrir átröskunarsjúklinga sem þurfa á dagdeildarþjónustu að halda. Ég hef ákveðið að veita aukið fjármagn til þessa málaflokks sem gerir okkur m.a. kleift að ráða fleira sérþjálfað fagfólk til að sinna átröskunum af fullum metnaði. Undirbúningur er þegar hafinn á Landspítalanum til að efla dag- og göngudeildarþjónustu fyrir sjúklinga með átraskanir.

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að vekja máls á þessu alvarlega efni og vona að svör mín hafi veitt upplýsingar um stöðu mála.

[10:39]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið, sérstaklega þó það að ég tel að svar hans megi túlka sem svo að það muni ekki dragast úr hófi að fylla þau fjögur stöðugildi sem nauðsynleg eru til að hafa fast meðferðarteymi á göngudeildarþjónustu á geðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss til að sinna átröskunarsjúklingunum þar.

Það er mjög bagalegt ef þeir sérhæfðu einstaklingar sem sinna þessari meðferð þurfa einnig að sinna öðrum verkefnum. Þetta er tímafrek og langvinn meðferð.

Þrátt fyrir það sem nú er í gangi er alveg ljóst að þeir einstaklingar sem glíma við þennan sjúkdóm og aðstandendur eiga í miklum erfiðleikum með að fá, að þeim finnst, viðhlítandi meðferðarúrræði eða stuðning. Má m.a. merkja það af því að núna á stuttum tíma hafa komið fram félög og stuðningshópar sem reyna að sinna þessum sjúklingum. Má þar nefna Spegilinn fyrir aðstandendur, Forma, samtök átröskunarsjúklinga í bata, og Prisma sem er þverfagleg miðstöð fyrir þá sem glíma við átröskun.

Er þetta af hinu góða og ég hvet hæstv. ráðherra til að styðja mjög vel við bakið á þessum stuðningshópum sem eru nauðsynlegir til hliðar við hið opinbera kerfi. Ég beini þeim tilmælum til hæstv. ráðherra að hann fylgist vel með þróun á barna- og unglingageðdeildinni og verði þá tilbúinn (Forseti hringir.) með meira fjármagn ef til þess þyrfti að koma að það yrði sérstök dagdeild sem sinnti eingöngu þessum sjúklingum.

[10:41]

Heilbrigðisráðherra (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að þetta er mjög alvarlegur og flókinn sjúkdómur sem menn þurfa að berjast við. Það er alveg full ástæða til að reyna að styðja við bakið á þeim sem hafa gefið sig í það að hjálpa til í þessu efni.

Ég vil taka það fram varðandi bætta aðstöðu á geðdeild Landspítalans að hún er fyrir hendi núna og við höfum gert ráðstafanir af svigrúmi okkar á þessu ári til að gera yfirmönnum kleift að ráða fleiri sérfræðinga þar inn. Ég reikna þá með því í fjárlagabeiðnum okkar að nota það svigrúm sem við höfum framvegis til að efla þá þjónustu. Við bindum miklar vonir við það. Ég tek líka alvarlega þær ábendingar sem eru varðandi BUGL í þessu efni vegna þess að þeir sjá um þjónustu við börn og unglinga sem lenda í þessum mikla vanda.

Ég endurtek þakkir fyrir að taka þetta mál upp því að hér er um mjög erfitt og alvarlegt vandamál að ræða.

[10:43]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Hæstv. forseti. Þetta er mjög flókinn sjúkdómur, alvarlegur eins og hann er, og það er engin einhlít ástæða fyrir því að sjúkdómurinn brýst fram. Þó er alveg ljóst að mikið áreiti er í umhverfi barna og hvati til þess að líta á útlit líkamans, sem og stöðug dýrkun á mjög grönnum líkömum sem birtast í auglýsingum, kvikmyndum og fleiri fyrirmyndum sem höfða til barna. Ég hvet hæstv. ráðherra til að hafa það inni í þeirri mynd sem við er að glíma þegar kemur að meðferðarúrræðum að horfa til umhverfisins og athuga hvort ekki sé rétt að reyna með öllu móti að sporna við þeirri þróun sem hefur verið að nota börn sem fyrirmyndir, allt að því sem kynlífsfyrirmyndir líka, og höfða til kynhneigðar sem ruglar sjálfsvitund barna.

Þessi þróun er í gangi allt í kringum okkur en það er mikilvægt að vera vakandi og reyna að vekja þjóðina til umhugsunar um það hvert við stefnum með þeim fyrirmyndum sem við höfum gagnvart börnunum, bæði sem foreldrar og sem birtast í umhverfinu. Megrunaræðið sem grípur um sig, þótt ekki væri nema einu sinni á ári, eftir áramótin, hefur líka áhrif á börnin.

(**Forseti** (SP): Forseti vill taka það fram að þótt málið sé mikilvægt mega hv. þingmenn einungis tala tvisvar í fyrirspurnatíma. Fyrirspurninni er svarað og vel það.)

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála.

Fsp. GunnB, 755. mál. — Þskj. 1121.

[10:46]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Frú forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. umhverfisráðherra varðandi störf úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sem er afar mikilvæg nefnd og mörg mál sem fara fyrir hana. Það hefur verið vandamál með afgreiðslutíma í nefndinni og verið kvartað yfir því að þar skorti starfskraft og annað. Það væri því gott að fá að heyra frá hæstv. ráðherra um það. En spurningarnar eru eftirfarandi:

1. Hve mörg mál eru nú í vinnslu hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og hve lengi hafa þau beðið afgreiðslu?

2. Hver er meðalafgreiðslutími kærumála sem berast nefndinni?

3. Hversu mörg mál tengd Kópavogsbæ eru til úrvinnslu hjá nefndinni? — Það mætti kannski fá aldursgreiningu á þeim. En í lögum stendur að afgreiðslutíminn eigi ekki að vera skemmri en þrír mánuðir og svo núna tveir mánuðir.

Það væri gaman að fá að vita hvernig þessi mál standa. Þetta er afar mikilvægt fyrir skipulagsyfirvöld viðkomandi bæjarfélaga, sem og byggingaraðila og þá sem kæra og annað slíkt. Ef svör dragast getur það valdið gífurlegu fjárhagslegu tjóni fyrir alla aðila sem koma þar nærri. En ég bíð spenntur eftir svörum hæstv. umhverfisráðherra.

[10:47]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Óafgreidd mál hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála eru nú 77 talsins, sem skiptast þannig eftir árum: Frá 2002 eru 3 mál, frá 2003 eru 17 mál, frá 2004 eru 28 mál og frá 2005 eru 29 mál. Eitthvað er um að fleiri en ein kæra hafi borist vegna sömu ákvörðunar eða sama máls. Í slíkum tilvikum eru mál sameinuð ef skilyrði eru til þess. Að auki er nokkuð um að mál séu afturkölluð. Koma því jafnan færri mál til úrskurðar hjá nefndinni en ætla mætti miðað við heildarfjöldann hér að ofan.

Ég vil taka það fram að óafgreidd mál frá árinu 2002 og 2003 varða með einni undantekningu ákvarðanir hjá Reykjavíkurborg, sem ekki hefur verið unnt að afgreiða vegna þess að dregist hefur að Reykjavíkurborg láti úrskurðarnefndinni í té þau gögn er fyrir hafa legið á lægra stjórnsýslustigi og greinargerðir vegna þeirra. Hefur þessum gögnum enn ekki verið skilað í flestum þessara mála þótt ítrekað hafi verið gengið eftir þeim af hálfu úrskurðarnefndar, nú síðast með bréfi dagsettu 12. apríl síðastliðinn.

Augljóst má vera að úrskurðarnefndin getur ekki fjallað um kærumál nema fyrir liggi gögn og bókanir stjórnvalds í málinu. Er umhugsunarefni hvort skerpa þurfi á skyldum sveitarfélaganna í þessu efni en dæmi eru um að stjórnvöldum séu að lögum settir sérstakir frestir til að skila gögnum til kærustjórnvalds, samanber 3. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd. Meðalafgreiðslutími mála hjá úrskurðarnefndinni var á árinu 2003 kominn á annað ár en hefur farið lækkandi eftir að sérstakt átak var gert til að vinna á uppsöfnuðum vanda hjá nefndinni. Meðalafgreiðslutími mála á sex mánaða tímabili, frá 1. október 2004 til 31. mars 2005, var 6,3 mánuðir en á því tímabili var 39 málum lokið hjá nefndinni.

Hvað snertir 3. lið fyrirspurnarinnar, um mál tengd Kópavogsbæ, þá eru fjögur mál til meðferðar hjá nefndinni tengd Kópavogi.

[10:50]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þingmanni, dr. Gunnari Birgissyni, fyrir að velta þessu máli upp. Sömuleiðis vil ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir greinargóð svör.

Það er afskaplega hvimleitt og erfitt fyrir þá aðila sem þurfa að bíða eftir úrskurði frá þessari annars ágætu nefnd. Ég þekki það frá þeim vettvangi sem ég starfa líka á, í borgarstjórn Reykjavíkur og í skipulagsráði. En það hefur hins vegar verið að koma í ljós, þvert á það sem haldið hefur verið fram, að þetta snýr að fleiri málum en þessari ágætu nefnd. Ég tel að það sé afskaplega mikilvægt að hennar störf séu jafnskilvirk og mögulegt er, allra hluta vegna og sérstaklega fyrir borgarana. En hér heyrir maður svipuð svör og þau sem maður hefur heyrt inni í umhverfisnefnd, frá forsvarsmönnum þessarar nefndar, að í það minnsta hjá Reykjavíkurborg hafi menn ekki verið nógu duglegir við að koma gögnum áleiðis. Ég tek undir að skoða þarf hvort skerpa eigi á skyldum sveitarfélaga hvað þetta varðar.

[10:51]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Frú forseti. Já, þetta er tímabær umræða og þarf auðvitað að fara fram á öðrum vettvangi og fara dýpra í hana. Ég hefði talið fulla ástæðu til að fara betur ofan í saumana á starfi úrskurðarnefndarinnar og þeim aðstæðum sem hún starfar við, í nýlokinni endurskoðun umhverfisnefndar á lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Þar vorum við einmitt að fjalla um tiltekna þætti í starfi úrskurðarnefndarinnar. Þessar upplýsingar komu fram hjá fulltrúum nefndarinnar sem heimsóttu umhverfisnefnd Alþingis svo að þær ættu ekki að koma okkur á óvart.

Ég held að það hljóti að verða að skoða hvort við eigum ekki að setja í lög ákveðinn frest á þá aðila sem eiga að skila gögnum til nefndarinnar. Ég hefði talið betra að við hefðum gaumgæft það atriði enn betur í nýafstöðnum störfum umhverfisnefndar.

[10:53]

Sigurjón Þórðarson:

Frú forseti. Við erum að ræða úrskurðarnefnd um skipulagsmál. Ég tel að skoða eigi þessi mál í víðara ljósi, þ.e. skoða allar úrskurðarnefndir í stjórnsýslunni sem eru orðnar fjölmargar. Ef ég man rétt eru þær í kringum 44, samkvæmt svari sem barst í fyrra þegar var spurt út í úrskurðarnefndir í stjórnsýslunni. Kostnaðurinn við þær var á fjórða hundrað milljóna króna. Ég tel tímabært að menn velti fyrir sér hvort ekki ætti að stofan einhvers konar stjórnsýsludómstól til að koma öllum slíkum úrskurðarmálum í fastari farveg. Hér kemur fram að nefndin hafi ekki fengið gögn og það hafi orðið til þess að úrskurðir kæmu seint.

Ég vil nefna annað mál í tengslum við málefni umhverfisráðuneytisins. Það eru þvingunarúrræðin. Það er óþolandi að umhverfisráðuneytið hafi svo máttlaus þvingunarúrræði, dagsektirnar sem ekkert bíta. Það kom fram í svari frá hæstv. umhverfisráðherra að hún var býsna ánægð með þvingunarúrræðin, þ.e. dagsektir sem aldrei innheimtust. Ég botna ekkert í því.

[10:54]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. umhverfisráðherra fyrir skýr svör. Það er merkilegt sem kom fram að það hefur staðið á því hjá sveitarfélögunum að skila inn gögnum. Það er afar mikilvægt mál að þessi mál gangi sem hraðast. Það eru gífurlegir hagsmunir í húfi fyrir byggingaraðila, sveitarfélögin og þá sem kæra. Ég er mjög ánægður með að heyra að afgreiðslutími, sem var að meðaltali slagandi upp í tvö ár fyrir nokkrum árum, það hefur verið ríflega svo árið 2003, sé núna kominn niður í 6,3 mánuði. Það er spurning hvort ekki sé ástæða til að átak, með því að sérstakur starfsmaður var settur þarna inn, haldi áfram og þetta þurrkist upp. Ég spyr kannski út af því að til stendur að afgreiða lög um mat á umhverfisáhrifum þar sem þetta fylgir með, breytingar á skipulags- og byggingarlögum. Þar er afgreiðslutími, ef ég man rétt, ákveðinn þrír mánuðir sem er kannski skammur tími ef maður hugsar um alla þá sem þurfa að skila gögnum í málum sem koma að þessu.

En það er óafsakanlegt sem gerst hefur hjá borginni, að þeir skili ekki gögnum í málunum fyrr en eftir dúk og disk. Síðan kvarta menn undan afgreiðslutíma í nefndinni. Ég hef fulla samúð með nefndinni í þeim málum.

Ég vil enn og aftur þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr og góð svör í þessu máli.

[10:56]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Ég þakka þingmönnum fyrir ágæta umræðu um þetta mál sem ég tek svo sannarlega undir, að það er nauðsynlegt að þetta sé í eins góðu lagi og unnt er. Það er mikilvægt að ekki þurfi að bíða lengi eftir úrskurðum af þessu tagi.

Ég nefndi í máli mínu áðan að til greina kæmi að setja í lög ákveðinn frest gagnvart sveitarfélögunum til að skila inn gögnum svo nefndin geti unnið úr þeim málum sem berast til hennar og vísaði þá til fordæmis, t.d. varðandi yfirskattanefnd. Við munum skoða það í umhverfisráðuneyt-

inu að gera slíka breytingu á lögunum.

Ég vil líka geta þess að yfir stendur endurskoðun á skipulags- og byggingarlögum sem væntanlega verður lokið fyrir haustið. Væntanlega gefst tækifæri til að skoða þessi atriði í tengslum við það mál.

Tilmæli fastanefndar Bernarsáttmálans.

Fsp. KolH, 800. mál. — Þskj. 1244.

[10:57]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Bernarsamningurinn, um verndun villtra dýra, plantna og búsvæða í Evrópu, er einn af þeim alþjóðasamningum sem skuldbindur íslensk stjórnvöld varðandi tiltekin málefni á sviði náttúruverndar. Það fer ekki hjá því að við, sem látum umhverfismál sérstaklega til okkar taka, veltum stundum fyrir okkur hvers virði það sé fyrir náttúruvernd á Íslandi að vera aðili að slíkum samningum. Í gegnum skrifstofu samningsins fá íslensk stjórnvöld ýmis fyrirmæli og á fundum fastanefndar eru gerðar ýmsar ályktanir sem ættu að skila sér hingað til lands, bæði í formi beinna aðgerða en ekki síður í fréttaflutningi og almennri umfjöllun í fjölmiðlum.

Mér hefur oft fundist skorta á að yfirvöld umhverfismála láti sér nægilega annt um skyldur sínar í þessum efnum. Náttúrufræðistofnun Íslands sér um framkvæmd Bernarsamningsins hér á landi. Raunar er forstöðumaður hennar nýkjörinn varaformaður fastanefndar samningsins og er rétt að óska honum og hæstv. umhverfisráðherra til hamingju með það. En eftir nokkurra ára setu í umhverfisnefnd Alþingis veit ég að stofnunin hefur þráfaldlega óskað eftir auknum fjármunum til að sinna alþjóðastarfi betur en hefur ævinlega talað fyrir daufum eyrum. Þetta tek ég fram til að það liggi ljóst fyrir að gagnrýni mín hvað þetta varðar er ekki beint að Náttúrufræðistofnun Íslands heldur þeim stjórnvöldum sem bera ábyrgð á að henni sé gert kleift að sinna skyldum sínum.

Fastanefnd Bernarsamningsins hélt árlegan fund sinn, frú forseti, í Strassborg í Frakklandi 29. nóvember til 3. desember síðastliðinn. Íslendingar áttu þar fulltrúa í hópi fulltrúa hinna 45 aðildarríkjanna. Fyrir fundinum lá kæra nokkurra íslenskra og erlendra fuglaverndarfélaga á hendur íslenska ríkinu, sem lögð var fram og rædd á fundi nefndarinnar fyrir ári, þ.e. í desember 2003. Í kærunni var sett fram ásökun um að Ísland væri að brjóta nokkur ákvæði Bernarsamningsins með því að heimila virkjanaframkvæmdir við Kárahnjúka og Norðlingaöldu, sem stofnuðu fuglategundum í hættu sem eru verndaðar af samningnum. Á fundinum mun hafa verið lögð fram skýrsla frá sérfræðingi á vegum skrifstofu samningsins um málið sem skapaði þó nokkra umræðu og í kjölfar hennar ályktaði fundurinn að engin fuglategund vernduð af samningnum mundi verða fyrir alvarlegum áhrifum frá virkjanaframkvæmdunum við Kárahnjúka eða Norðlingaölduveitu, svo notað sé orðalag úr fréttatilkynningu umhverfisráðuneytisins frá 6. desember síðastliðnum.

Frú forseti. Mínar heimildir herma — mínar heimildir koma frá Fuglaverndarfélagi Íslands sem líka áttu fulltrúa í Strassborg í desember — að fundurinn hafi í raun samþykkt tilmæli til íslenskra stjórnvalda á grundvelli umfjöllunar um kæruna. Nú hef ég lagt fyrirspurn fyrir hæstv. umhverfisráðherra um hver þessi tilmæli fastanefndar Bernarsáttmálans til íslensku ríkisstjórnarinnar hafi verið og hvort brugðist hafi verið við þeim og ef ekki, hvernig ríkisstjórnin hyggist þá gera það.

[11:00]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Tilmæli fastanefndar Bernarsamningsins eru tilgreind í sex liðum. Tveir þeirra eru almenns eðlis, þrír þeirra varða framkvæmdirnar við Kárahnjúkavirkjun og einn liður varðar hugmyndir um Norðlingaölduveitu. Því er beint til ríkisstjórnarinnar að við mat á áhrifum framkvæmda í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins, 2001/42/EC verði hugað að neikvæðum samlegðaráhrifum framkvæmda við nýtingu vatnsorku og jarðhita. Einnig er bent á að hugað verði að því að sett verði upp sams konar eftirlits- og vöktunarnefnd og sett var á laggirnar vegna Kárahnjúkavirkjunar við viðeigandi framtíðarverkefni til að fjalla um neikvæð áhrif í samræmi við skilyrði um slíkar framkvæmdir í framtíðinni. Þá er lagt til að friðun verði tryggð á mikilvægum fuglasvæðum á Eyjabökkum og Úthéraði, tryggt að heiðagæs fái frið á fellitíma á Eyjabakkasvæðinu og hugað að endurreisn votlendis frá Úthéraði. Loks er mælt með því að friðun Þjórsárvera tryggi að svæðið haldi vistfræðilegum eiginleikum vistkerfisins og komið verði í veg fyrir neikvæð áhrif vegna orkunýtingar.

Tvö fyrstu tilmæli Bernarsamningsins eru almenns eðlis eins og fyrr segir og varða ákvarðanir um framkvæmdir í framtíðinni og krefjast því ekki aðgerða fyrr en á síðari stigum. Ábendingar um aðgerðir vegna Kárahnjúkavirkjunar, þ.e. friðun á mikilvægum fuglasvæðum á Eyjabökkum og Úthéraði ásamt endurreisn votlendis eru til skoðunar í umhverfisráðuneytinu. Það hefur hins vegar ekki verið tekin ákvörðun um hvernig brugðist verði við þessum ábendingum. Sama má segja um ábendinguna um Þjórsárver nema þar er friðun hluta svæðisins þegar tryggð og markmið friðunarinnar er m.a. að halda vistkerfi svæðisins óbreyttu.

[11:03]

Fyrirspyrjandi (Kolbrún Halldórsdóttir):

Frú forseti. Ég hefði talið að þessi fyrirspurn gæfi hæstv. umhverfisráðherra tilefni til örlítið efnismeira svars en raun ber vitni. Hún lætur ekki í ljósi nein sjónarmið frá eigin brjósti varðandi þetta svar en segir okkur að hér séu tilmæli sem ég heyri ekki betur en séu talsvert umfangsmikil, þ.e. krefjist talsverðra aðgerða. Þó svo það sé kannski ekki akkúrat á þessu stigi málsins að öllu leyti þá sýnist mér að umhverfisráðuneytinu sé ekki til setunnar boðið varðandi aðgerðir sem lúta að vernd fugla vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun. Til að það sé rifjað upp hér, frú forseti, gluggaði ég aftur í úrskurð Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar og það er auðvitað alveg skelfilegt þegar maður les yfir niðurstöðukaflana hvað viðkemur fuglalífinu. Þar er bæði hvað

varðar fyrsta verkhluta og síðari verkhlutana getið um að upplýsingar vanti um áhrif á fuglalífið, það séu hreinlega ekki til rannsóknir sem hægt sé að byggja á í þeim efnum. Óvissan í þessu er því alger þar sem vitað er að framkvæmdirnar við Kárahnjúkavirkjun koma til með að hafa veruleg áhrif á heiðagæsastofninn. Það eru um 600 hreiður sem koma til með að verða þar fyrir áhrifum eða lenda að öllum líkindum í lónstæði Hálslóns og Náttúrufræðistofnun Íslands telur að því er fram kemur í þessum úrskurði að Hálslón muni skerða mjög varplönd heiðagæsa á þeim rannsóknarsvæðum sem skoðuð hafa verið.

Ég held að það sé algerlega ljóst að umhverfisyfirvöld á Íslandi þurfa að taka fyrirmæli fastanefndar Bernarsamningsins alvarlega. Grípa þarf til aðgerða í þessum efnum. Stjórnvöld þurfa að standa sig í stykkinu með að greina frá fyrirmælum sem koma af þessu tagi. Við erum í fyrsta skipti að fá að heyra það hér hver fyrirmælin eru og það er alveg nauðsynlegt að þeim verði fylgt vel og fast eftir af hálfu hæstv. umhverfisráðherra.

[11:05]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir):

Frú forseti. Það er alveg ljóst að umhverfisyfirvöld á Íslandi taka fyrirmæli fastanefndar Bernarsamningsins alvarlega og það liggur alveg fyrir hver fyrirmælin eru frá því á síðasta fundi og þau mál eru til skoðunar í umhverfisráðuneytinu eins og ég greindi frá í fyrri ræðu minni. Hvað snertir t.d. Kárahnjúkavirkjunina og umhverfið þar er þegar eftirlits- og vöktunarnefnd þar að störfum. Ég tel því að verið sé að vinna markvisst í þessum málum.

Ég vil líka minna á að á sínum tíma var Eyjabakkasvæðinu þyrmt vegna þess að þar eru mjög mikilvæg svæði m.a. fyrir heiðagæsina og lífríki landsins. Við megum ekki gleyma því að þannig standa málin.

Skuldbindingar vegna einkaframkvæmda í ársreikningum sveitarfélaga.

Fsp. GunnB, 730. mál. — Þskj. 1088.

[11:06]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Virðulegi forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. félagsmálaráðherra varðandi skuldbindingar vegna einkaframkvæmda í ársreikningum sveitarfélaga. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

Er skylt samkvæmt sveitarstjórnarlögum að sýna skuldbindingar (eignar- eða rekstrarleigu) vegna einkaframkvæmda í ársreikningum sveitarfélaga? Ef ekki, hver er þá ástæða þess?

Ég hef fengið skriflegt svar við fyrirspurn minni varðandi núvirtar skuldbindingar sveitarfélaga og þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör en ég spyr af ástæðum. Þessir samningar geta verið með mismunandi hætti og í ársreikningum sveitarfélaga er þessa getið einungis í athugasemdum og þá spyr maður: Hvernig getur félagsmálaráðuneytið þá fylgst með fjárreiðum sveitarfélaganna ef þessa er einungis getið í athugasemdum og varla aðgengilegt að neinu marki?

Talað er um eignar- eða rekstrarleigu. Það eru kannski tvenns konar atriði í því. Menn taka tölvur eða minni tæki sem hafa mjög stuttan líftíma á rekstrarleigu sem getur verið 3–5 ár og síðan er samningunum lokið, eða hins vegar húsnæði sem getur verið í einkaframkvæmd og tekið á rekstrarleigu til 25 ára og eftir þann tíma á sveitarfélagið ekki húsið eða það getur líka verið valkostur að samninguriinn sé til 10 ára, 15 ára eða 25 ára og sveitarfélagið getur þá haft kaupréttartilboð á eigninni. En því miður held ég að það sé í mörgum tilfellum svo að í þessum einkaframkvæmdum eða eignar- eða rekstrarleigum sé þetta ekki tilfellið heldur séu menn að taka þetta á leigu til langs tíma án uppsagnarákvæðis og án þess að hafa kauprétt á viðkomandi eign. Þetta eru greiðslur sem hlaupa ekki frá sveitarfélögunum þannig að ef tekjur sveitarfélagsins minnka, skatttekjur minnka eða eitthvað annað slíkt þá minnka þessar greiðslur ekki. Þetta er því mjög alvarlegt mál. Menn verða að hafa þetta alveg á kláru. Vonandi verður alltaf gósentíð í landinu eins og hefur verið núna undanfarin tíu ár. En það gæti einhvern tíma harðnað á dalnum og þá er þetta alvarlegt mál fyrir sveitarfélögin að vera bundin í klafa og báða skó í þessum málum en þau verða að geta staðið þetta af sér. Þess vegna er fyrirspurninni varpað til hæstv. ráðherra.

[11:10]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Gunnar Birgisson beindi til mín fyrirspurn um eignar- og rekstrarleigusamninga vegna einkaframkvæmda og meðhöndlun þeirra í ársreikningum sveitarfélaga.

Í sveitarstjórnarlögum er skýrt kveðið á um að reikningsskil sveitarfélags skuli gefa glögga mynd af rekstri og efnahag sveitarfélagsins og að um þau skuli gilda ákvæði laga um bókhald og ársreikninga og góða reikningsskilavenju. Sveitarfélögunum ber því að meðhöndla slíka samninga á þeim grundvelli. Í því felst m.a. að sveitarfélaginu ber að tilgreina sérstaklega þær skuldbindingar sem það hefur gengist undir vegna einkaframkvæmda hvort sem þar er um að ræða eignarleigusamning eða rekstrarleigusamning.

Ef um er að ræða eignarleigusamning ber að eignfæra viðkomandi eign og færa skuldbindingu vegna umsaminna leigugreiðslna í efnahagsreikning. Ef hins vegar er um að ræða rekstrarleigusamning eða aðra leigusamninga sem nema verulegum fjárhæðum skal greina frá skuldbindingunni í skýringum með ársreikningi.

Hvort samningur um einkaframkvæmd teljist vera eignar- eða rekstrarleigusamningur ræðst af ákvæðum viðkomandi samnings.

Þess má geta, hæstv. forseti, að í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er leigusamningum skipt í eignarleigusamninga og rekstrarleigusamninga og ræðst flokkunin af tilteknum ákvæðum samninganna. Samkvæmt alþjóðlega reikningsskilaráðinu er að jafnaði litið á samning sem eignarleigusamning ef einu eða fleirum af eftirfarandi skilyrðum er fullnægt.

1. Ef ákvæði í samningi kveður sérstaklega á um að eignarréttur flytjist til leigutaka í lok leigutímans.

2. Ef leigutaki á í lok leigutímans rétt á að kaupa hina

leigðu fjármuni fyrir fjárhæð sem kenna má við vildarkjör.

3. Ef leigutími svarar til meginhluta af áætluðum endingartíma hinna leigðu fjármuna.

4. Ef núvirði lágmarksleigugreiðslu svarar svo gott sem til markaðsvirðis hinna leigðu fjármuna.

5. Ef hin leigða eign er sérhæfð þannig að aðeins leigutakinn getur notað hana án meiri háttar breytinga.

Sé engu ofangreindra skilyrða fullnægt er að jafnaði litið svo á að leigusamningurinn sé svonefndur rekstrarleigusamningur og ber þá að fara með hann samkvæmt því í bókhaldi.

Ég vil geta þess, hæstv. forseti, að reikningsskila- og upplýsinganefnd sem starfar á vegum félagsmálaráðuneytisins á grundvelli reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 hefur nýlega lokið, raunar í síðustu viku, við gerð auglýsingar um meðferð leigusamninga í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Ég hef þegar undirritað þá auglýsingu og sent hana til birtingar í Stjórnartíðindum. Þeim reglum sem fram koma í auglýsingunni er ætlað að tryggja enn frekar en verið hefur samræmda meðhöndlun eignar- og rekstrarleigusamninga í ársreikningum allra sveitarfélaga og ég tel að með henni sé m.a. komið til móts við þau sjónarmið sem hv. þingmaður setti fram í fyrirspurn sinni.

[11:13]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn því að þetta er mjög alvarlegt mál. Eftirlitsnefnd með fjárreiðum sveitarfélaga ætti í rauninni að kanna slíkar skuldbindingar því ég sé engan mun á því hvort sveitarfélagið tekur lán og lofar að borga af láninu og kaupa fyrir það ákveðna fasteign eða hvort það gerir kaupsamning eða samning um að greiða ákveðna upphæð á hverju einasta ári í kannski 20–30 ár af þessari sömu fasteign. Það er enginn munur þarna á og enginn eðlismunur. Þetta eru hvort tveggja skuldbinding á sveitarfélagið og þetta er dæmi um agaleysi ef þetta er ekki fært í reikningana sem slíkt, ekki bara sem skýring. Við megum ekki skattleggja börnin okkar með því að búa til einhverjar skuldbindingar sem ekki koma fram í ársreikningum sveitarfélaganna. Þetta er mjög mikilvægt og ég vil að eftirlitsnefnd sveitarfélaganna kanni það sérstaklega hvernig slíkum skuldbindingum er háttað hjá sveitarfélögunum og þau séu metin nákvæmlega eins og aðrar skuldbindingar, eins og önnur lán sem sveitarfélagið tekur.

[11:14]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að bera fram þessa fyrirspurn. Það er full ástæða til og ég er sannfærður um að mikið vantar á að öll kurl séu komin til grafar hvað varðar þessa hluti hjá sveitarfélögunum. Ég vek athygli á því að í svari sem hv. þm. Gunnar Birgisson fékk frá hæstv. ráðherra kemur fram að það séu einungis þrjú sveitarfélög í landinu sem hafi verið með einhverjar verulegar skuldbindingar á þessum grunni á árinu 2003. Svona er þetta ekki. Við vitum að miklu fleiri sveitarfélög hafa notfært sér reglur af þessu tagi og ég held að full ástæða sé til að menn fylgi þessu eftir.

Sveitarstjórnarmenn eru kosnir til fjögurra ára og það er mjög nauðsynlegt að menn viti nákvæmlega hvernig þeir fara með skuldbindingar sveitarfélaga á því tímabili sem þeir sitja þannig að kjósendur geti glöggvað sig á því hvernig þeir hafi staðið sig.

[11:15]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, og sömuleiðis hæstv. ráðherra. Mér sýnist það sem hann hefur gert í þessu máli vera a.m.k. leið til að upplýsa, bæði fyrir almenning og íbúa í viðkomandi sveitarfélögum, hvernig raunveruleg staða er.

Þetta er eins og hér hefur komið fram gríðarlega alvarlegt mál. Ég ætla aðeins að sækja í reynslubrunn minn sem sveitarstjórnarmanns í Reykjavíkurborg. Þar hafa menn farið í miklar æfingar. Ég þurfti t.d. að kæra það til félagsmálaráðuneytisins til að þeir mundu fara að lögum og birta áætlanir og skuldir sveitarfélagsins. Á sama hátt seldu þeir, svo við tökum bara eitt dæmi — og þetta er öflugasta sveitarfélag landsins — sjálfum sér félagslegar íbúðir og sögðu í kjölfarið að þeir væru fjármálalegir snillingar, að lækka skuldir með þeim hætti. Þannig mætti lengi telja. Ég er bara að tala um það sem ég þekki til. Það verður að liggja hreint og klárt fyrir hvernig staðan er í hverju sveitarfélagi fyrir sig hvað slíkar skuldbindingar varðar.

[11:16]

Fyrirspyrjandi (Gunnar Birgisson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir greinargóð svör. Jafnframt tek ég undir með hv. þingmönnum Pétri H. Blöndal og Jóhanni Ársælssyni.

Það er mjög mikilvægt að menn geti glöggvað sig á því hvaða skuldbindingar eru í gangi hjá sveitarfélögunum. Það er allt annað að menn séu með tölvur á rekstrarleigu til 3–5 ára eða íbúðarhúsnæði á eignarleigu til 25 ára og hafa ekki forkaupsrétt að mannvirkjum. Það er allt annað. Það eru skuldbindingar til framtíðar, skuldbindingar unga fólksins í sveitarfélögunum, kjósendur. Íbúar þessara sveitarfélaga hafa rétt á því að vita nákvæmlega hvernig staðan er.

Þetta skriflega sem ég fékk frá hæstv. félagsmálaráðherra var við spurningunni: Hverjar voru skuldbindingar sveitarfélaga vegna einkaframkvæmda (eignar- eða rekstrarleigu) á núvirði um síðustu áramót, sundurliðað eftir sveitarfélögum?

Svo maður taki aftur 2003 er þessi listi mjög skrýtinn, finnst mér, ég held að hann sé ekki réttur. Sum sveitarfélög hafa alls ekki sett þetta inn í reikningana hjá sér og ekki í athugasemdir. Þetta er nákvæmlega rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal, þetta á að koma inn í skuldastöðu sveitarfélagsins. Þetta eru raunverulegar skuldir sveitarfélagsins, peningalegar skuldbindingar til framtíðar. Það er ekki eitthvað sem á að vera í athugasemdum innan sviga. Ég held að félagsmálaráðuneytið verði að fara ofan í þetta og sveitarfélögin sjálf til að glöggva sig betur á þessu máli. Ég þakka hins vegar enn og aftur hæstv. félagsmálaráðherra fyrir greinargóð svör í þessu máli.

[11:18]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég tek undir með hv. þingmönnum að það er auðvitað mjög mikilvægt að fjárhagur sveitarfélaganna birtist með raunverulegum hætti í reikningum þeirra.

Vegna orða hv. þm. Péturs H. Blöndals fyrr vil ég upplýsa að eftirlitsnefnd um fjárreiður sveitarfélaganna tekur tillit til skuldbindinga sveitarfélaganna við mat á fjárhagsstöðu þeirra en þá er mikilvægt að rétt sé farið með og rétt fært af hálfu sveitarfélaganna og í samræmi við það sem almennt gerist og alþjóðlegar reikningsskilavenjur kveða á um, eins og ég rakti fyrr.

Hæstv. forseti. Ég ítreka það og tek undir með hv. þingmönnum að það skiptir máli að reikningar sveitarfélaganna gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu þeirra. Ég vonast til, eins og fyrr sagði, að sú auglýsing sem nú hefur verið send Stjórnartíðindum til birtingar skýri þessar reglur nokkuð og geri sveitarfélögunum kleift að færa bókhald sitt eins og réttast er og gleggsta mynd gefur.

Fjárhagsstaða meðlagsgreiðenda.

Fsp. HHj o.fl., 759. mál. — Þskj. 1125.

[11:20]

Fyrirspyrjandi (Helgi Hjörvar):

Virðulegur forseti. Ég flyt ásamt hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur fyrirspurn til félagsmálaráðherra er lýtur að fjárhagsstöðu meðlagsgreiðenda. Það er leitt að þurfa að greina frá því að fyrirspurnin sætir í sjálfu sér ekki tíðindum. Með reglubundnum hætti hafa verið fluttar fyrirspurnir um fjárhagsstöðu þessa hóps og skil, eða öllu heldur vanskil, hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga á meðlagsgreiðslum og ítrekað komið fram að staða þessa hóps er að mörgu leyti erfið og að vanskil á þessum greiðslum hafa verið allt of mikil til að unnt sé við það að búa til langframa.

Þá hefur það viljað brenna við, og það þekki ég af reynslu minni sem formaður félagsmálaráðs Reykjavíkur, að þeir sem lenda í miklum skuldum vegna meðlaga lenda í ákveðnum vítahring. Þeir geta ekki unnið vegna þess að það er tekið af þeim upp í skuldirnar, þeir leiðast út í svarta vinnu og verða oft á mörkum samfélagsins. Það þyrfti að vinna sérstakar áætlanir til að brjóta upp þann vítahring. Ég spyr þess vegna hæstv. félagsmálaráðherra hvernig staða þessara meðlagsgreiðenda er nú, hver vanskilin eru almennt og hvort hann telji ástæðu til að grípa til sérstakra aðgerða því að menn hafa aftur og aftur skipað sérstakar nefndir til að yfirfara þessi mál.

Meðlagsgreiðslan er auðvitað ekki of há fyrir þann sem fær hana og vissulega endurspeglar hún sennilega ekki að fullu hálfan kostnað af því að framfleyta einu barni. Það virðist engu að síður vera svo að hún sé of þungur baggi of mörgum til að hægt sé að horfa aðgerðalaus á eða láta málefni þessa hóps velkjast úr einni nefndinni í aðra. Þess vegna er full ástæða til — og þess vegna spyrjum við hv. þingmenn hæstv. félagsmálaráðherra hvort hann telji tilefni til — að grípa til sérstakra aðgerða.

[11:22]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Samkvæmt upplýsingum frá Innheimtustofnun sveitarfélaga telst meðlagsgreiðandi ekki vera í vanskilum nema hann skuldi minnst 100 þús kr. og miðast því upplýsingar í þessu svari við það. Þær taka mið af stöðu um síðustu áramót, 31. desember sl.

Fjöldi meðlagsgreiðenda var 12.229 manns sem greiða með 20.206 börnum. Þar af eru börn yngri en 18 ára 16.053, þ.e. 79,4%, en börn sem orðin eru 18 ára eða eldri 4.153, þ.e. 20,6%. Samtals stofnast nýjar meðlagskröfur að upphæð u.þ.b. 2,7 milljarðar á ári. Þar af innheimtast ríflega 70% á því sama ári. Mismunurinn, um 600–700 millj., þ.e. 25–30%, greiðist af Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fjöldi meðlagsgreiðenda í vanskilum um síðustu áramót var 6.534, þ.e. 53,4%, af heildarfjölda meðlagsgreiðenda. Þeir skiptast þannig eftir aldri barna yngri en 18 ára annars vegar og eldri en 18 ára hins vegar, fyrst vanskil vegna barna yngri en 18 ára: Meðlagsgreiðendur í vanskilum eru 4.104 og skulda vegna 8.990 barna, þ.e. 56% allra barna yngri en 18 ára sem greitt er með. Vanskil vegna barna sem orðin eru 18 ára eða eldri: Meðlagsgreiðendur í vanskilum eru 2.430 og skulda vegna 4.022 barna, þ.e. 96,8% allra barna eldri en 18 ára og eldri sem greiða átti með.

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur metið að ríflega þriðjungur, þ.e. um 4.100 af öllum meðlagsgreiðendum sem eru í vanskilum, sé í verulegum erfiðleikum, svo sem vegna gjaldþrots, árangurslausra fjárnáma o.fl. Samtals nema skuldir þessara meðlagsgreiðenda um 10,3 milljörðum kr. en framreiknaðar heildarskuldir allra meðlagsgreiðenda við stofnunina eru nú rúmlega 13 milljarðar með dráttarvöxtum.

Árið 1996 var gerð breyting á innheimtumálum Innheimtustofnunar sveitarfélaga með breytingu á lögum sbr. lög nr. 71/1996 og reglugerð. Breytingin var þáttur í samræmdum aðgerðum ríkisstjórnarinnar til hjálpar einstaklingum sem eiga í alvarlegum greiðsluerfiðleikum við að ná tökum á fjármálum sínum. Í lögunum er tekið á þeim vanda sem stafar af uppsöfnuðum skuldum vegna félagslegra erfiðleika skuldara með því að stjórn Innheimtustofnunar var heimilað að gera tímabundna samninga við skuldara. Í því felst að skuldarinn greiðir lægri upphæð en til fellur mánaðarlega sökum félagslegra erfiðleika. Tilgangur þess var að koma á hreyfingu hjá skuldurum og gera fleiri skuldara að skilamönnum, eins og segir í frumvarpi til laganna. Ef staðið er við samninginn í a.m.k. þrjú ár er heimilt að afskrifa höfuðstól að hluta eða öllu leyti. Þetta fyrirkomulag, hæstv. forseti, hefur skilað tilætluðum árangri og tekið á vanda margra einstaklinga sem hafa nú leyst úr málum sínum með þessum hætti.

Í lok árs 2004 voru nær 2.800 meðlagsgreiðendur með samning við stofnunina, þ.e. um 40% þeirra sem nú eru á vanskilaskrá eins og fyrr var getið, og hefur þeim fjölgað ár frá ári. Samkvæmt upplýsingum frá Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur innheimtan batnað undanfarin ár og er þar vísað fyrst og fremst til framangreindrar reglugerðar frá

árinu 1996 auk bættrar tækni og búnaðar sem aukið hafa þekkingu og afköst. Stofnunin býr nú við sérsmíðað innheimtukerfi og innheimtan er því í betra horfi en áður. Sem stendur er ekki á döfinni að ganga lengra í átt til lagabreytinga til að leysa vanda skuldara sem búa við erfiðar aðstæður en gert var á árinu 1996. Meginatriðið er að halda áfram á þeirri braut sem þá var lögfest og útfærð með reglugerð og gefist hefur vel eins og komið hefur fram. Þetta er þó mál sem okkur ber að fylgjast grannt með, og það mun ég og mitt fólk í félagsmálaráðuneytinu gera.

[11:26]

Pétur H. Blöndal:

Frú forseti. Það er mjög mikilvægt að hv. þingmenn séu vakandi yfir því hvar séu göt í velferðarkerfinu. Ég tel að það sé ákveðið gat í velferðarkerfinu þar sem um er að ræða atvinnuleysisbætur til þeirra sem greiða meðlag með börnum. Segjum að maður greiði meðlag með þrem börnum — það er yfirleitt karlmaður — og þá fær hann 4 þús. kr. með hverju barni í atvinnuleysisbætur en hann þarf að borga 16 þús. kr. í meðlag. Hann er þá í mínus upp á 12 þús. kr. fyrir hvert barn. Segjum að hann sé með 90 þús. kr. í atvinnuleysisbætur á mánuði, þá þarf hann að borga 45 þús. kr. á mánuði í meðlög og þá sitja eftir fyrir hann sjálfan 45 þús. kr. til að lifa af og til að taka á móti börnunum sínum aðra hverja helgi. Það segir sig náttúrlega sjálft að á þessu getur hann ekki lifað.

Síðan er ákveðinn vítahringur sem myndast þegar menn skulda meðlög. Fyrst eru tekin 75% af tekjum upp í skattskuldir og restin fer oft upp í meðlög þannig að menn komast bara ekki til þess að vinna. Ég er mjög ánægður með þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að rjúfa þennan vítahring.

[11:27]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar við lögðum þessa fyrirspurn fram bjóst ég aldrei við að fram kæmi tala upp á að 53,4% allra meðlagsgreiðenda væru í vanskilum. Þetta er svo rosalegt að maður missir nánast málið.

Ég varð þess vegna fyrir gríðarlegum vonbrigðum þegar hæstv. félagsmálaráðherra sagði áðan að ekki sé ætlunin að ganga lengra en gert var 1996 þegar staðan er þannig að 53,4% allra meðlagsgreiðenda eru í vanskilum. Það segir okkur að vandinn er það stór að það verður að grípa til aðgerða, það verður að ganga lengra. Ég tel að menn ættu að setjast yfir þetta og líta á þetta sem alvöruvanda hvað þessa aðila varðar og fara að íhuga atriði eins og t.d. hugsanlega að þeir sem greiða meðlag fái skattaívilnanir eða annað. Það á ekki að vera norm í samfélagi okkar að meðlagsgreiðendur séu almennt í vanskilum með meðlög sín. Þá er vandi á ferð.

[11:29]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að hérna er mál sem þarf að skoða gaumgæfilega. Mjög hátt hlutfall er í vanskilum varðandi meðlögin og þetta er hópur sem talar um að það sé mjög erfitt að standa í skilum. Við sjáum varðandi félagsþjónustu sveitarfélaga að það er ansi stór hópur þessara aðila sem þarf á talsverðri hjálp að halda. Ég tek undir það sem kom fram hjá m.a. hv. þm. Pétri Blöndal að hugsanlega er um gat að ræða í velferðarkerfinu og fagna ég því sem kom fram hjá ráðherra að það er alveg ljóst að mjög grannt þarf að fylgjast með þessum hópi. Maður hefur tilhneigingu til að álykta að við höfum skoðað mjög sterkt stöðu einstæðra mæðra en við höfum svolítið gleymt þessum hópi. Ég tel að þetta þurfi að skoða betur.

[11:30]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa verið nefndar ansi afdráttarlausar og sláandi tölur sem hljóta að kalla á að hæstv. ráðherra setji í gang úttekt á ástæðum fyrir því að svo stór hópur meðlagsgreiðenda sé í vanskilum.

Eins og fram kom áðan þá blasir við og er alkunna að einstæðir feður eru drjúgur hluti þess hóps í samfélaginu sem á oft í hvað mestum erfiðleikum með að ná tökum á lífi sínu, þar sem sjálfsvígstíðnin er hæst, drykkjuskapur mestur og félagslegar aðstæður hvað ömurlegastar og verstar. Það los sem virðist koma á líf manna við að ganga í gegnum hjónaskilnað og félagslegt rót sem því fylgir virðist oft koma þeim í mjög erfiðar aðstæður. Það verður að gera gangskör í að rannsaka ástæðurnar fyrir því að svo er komið sem hér kemur fram og hvað veldur því.

[11:31]

Fyrirspyrjandi (Helgi Hjörvar):

Virðulegur forseti. Hvaða vitleysa er þetta eiginlega? Hér upplýsir hæstv. félagsmálaráðherra að við eigum bókfærðar inneignir hjá ógjaldfærum mönnum um land allt upp á 10,3 milljarða kr. Við færum til skuldar, hjá ákaflega illa stöddu fólki félagslega, 10,3 milljarða sem allir í þessum sal vita að fást aldrei borgaðir nema að óverulegu leyti. Í níu ár hefur ekki verið hafst að í þessu, síðan 1996 að ný úrræði voru innleidd. Þau hafa ekki skilað meiru en svo að það er algengara en ekki að fólk sé í vanskilum. Þriðji hver maður sem greiða á meðlag í landinu er í vanskilum án þess að vera með neina samninga um þau vanskil og vanskilin velta þar með bara upp á sig.

Hæstv. félagsmálaráðherra verður að taka þetta málefni til alvarlegrar skoðunar. Ég undrast að hann lýsi því yfir að hann ætli að vera aðgerðalaus gagnvart þessum hópi. Ég man ekki betur en að fyrr á þessu kjörtímabili hafi hann lýst því yfir að hann hefði skipað sérstaka nefnd til að skoða stöðu þessa hóps. Ég átti von á því að einhverjar fréttir væru úr þeirri nefnd en kannski vandinn hafi bara sofnað þar.

Við getum ekki verið með opinbert kerfi þar sem reglan er sú að borgarinn greiði ekki það sem ætlast er til. Þá er eitthvað að kerfinu. Ef 53,4% eru í vanskilum þá er eitthvað að kerfinu og við verðum að grípa til aðgerða. Það fólk sem við veltum svona vanda upp á og ímynduðum inneignum, eins og hv. þm. Pétur Blöndal benti á áðan og hv. þingmenn Siv Friðleifsdóttir og Katrín Júlíusdóttir, lendir í vítahring og félagslegum vanda sem erfitt getur verið að slíta sig út úr.

[11:33]

Félagsmálaráðherra (Árni Magnússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa umræðu. Mér finnst hv. þingmenn kannski missa sjónar á a.m.k. af sumu af því sem skiptir máli í þessu efni þ.e. að 40%, eins og fram kom í máli mínu áðan, þeirra sem eru á vanskilaskrá með samning við Innheimtustofnun eru smám saman að saxa á skuldir sínar. Það skiptir miklu máli og segir okkur að þau úrræði sem gripið var til 1996 og hafa verið við lýði síðan virka.

Vissulega er það alvarlegt, hæstv. forseti, og ég dreg ekki fjöður yfir það, að svo stór hópur meðlagsgreiðenda skuli vera í skuld við Innheimtustofnun sveitarfélaga. En það sem skiptir fyrst og fremst máli, hæstv. forseti, hlýtur að vera að gera það sem stofnunin getur til að koma til móts við þessa skuldara þannig að þeir geti staðið skil á þeim greiðslum sem þeim eru ætlaðar.

Ég trúi því ekki, hæstv. forseti, að þeir hv. þingmenn sem hér hafa tekið til máls leggi til að slegið verði striki yfir þessar skuldir, holt og bolt. Það getur ekki verið. Við hljótum fyrst og fremst að leita leiða til að koma til móts við þarfir þessara skuldara. Það getur Innheimtustofnun gert. Það hefur hún verið að gera, sem sést m.a. á því eins og áður er getið, að um 40% þeirra sem eru á vanskilaskrá hafa gert samninga við stofnunina.

Eftir því sem ég best veit, hæstv. forseti, eru dæmi þess að menn séu að greiða þessar skuldir sínar í áratugi. Það er auðvitað mjög alvarlegt. En það er samt sem áður þannig að þessi skylda hvílir á herðum meðlagsgreiðenda. Undan henni verður í sjálfu sér ekki vikist. Eins og ég gat um áðan munum við að sjálfsögðu fylgjast áfram með þessu máli. Ég tek undir að það er mjög alvarlegt þegar nærri 100% þeirra sem greiða eiga með börnum sem orðin eru eldri en 18 ára eru í vanskilum. Þá er eitthvað að. En það er kannski ekki fyrst og fremst hjá stofnuninni heldur ekki síður þeim sem greiða eiga skuldirnar. Við þurfum að koma til móts við þarfir þeirra og erum að því að stærstum hluta.

Stuðningur við búvöruframleiðslu.

Fsp. SigurjÞ, 733. mál. — Þskj. 1095.

[11:35]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég vil beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. landbúnaðarráðherra um stuðning við búvöruframleiðslu en hún hljóðar svo:

Hvert er viðhorf ráðherra til þess að bændur skuli telja hagkvæmt að standa utan styrkjakerfis landbúnaðarins og framleiða osta fyrir innanlandsmarkað? Þetta er mjög áhugaverð spurning, sérstaklega í ljósi þess að margir milljarðar fara í styrki til bænda og menn telja hagkvæmara að standa utan við slíkt kerfi. Þetta er óskiljanlegt en sýnir hins vegar að kerfið sem búið hefur verið til er einfaldlega ónýtt. Það þarf að endurskoða. Mér finnst það mikill áfellisdómur yfir þessu kerfi, sem í fara mörg þúsund milljónir af skattfé almennings, að menn sem ætla að framleiða mjólk telji borga sig að standa fyrir utan það. Þetta vekur upp spurningar um hvort ekki þurfi að skoða kerfið algerlega frá grunni.

Ég beini síðan annarri spurningu að hæstv. ráðherra en hún hljóðar svo:

Hyggst ráðherra setja eitthvert hámark á beingreiðslur til einstakra mjólkurframleiðenda? Þessi spurning skiptir verulega miklu máli vegna þess að það eru greiddar 40 kr. með hverjum lítra og er ekkert hámark á heildargreiðslunni. Dæmi er um að bú ætli sér að framleiða allt að 1 milljón lítra. Það þýðir að 40 millj. kr. af skattfé renna til eins bús. Þetta bú getur jafnvel verið með láglaunafólk í vinnu. Við sem viljum landbúnaðinum vel og viljum halda áfram að styrkja búsetu í hinum dreifðu byggðum verðum að endurskoða þetta kerfi. Ég tel að það verði í raun að setja eitthvert hámark. Mér finnst að skoða ætti hvort hámarkið ætti að vera í kringum 150 þús. lítra eða 200 þús. lítra. Ég velti þessum tölum upp en síðan yrði bændum einfaldlega veitt framleiðslufrelsi, að menn geti lagt inn þá mjólk sem er umfram 150 þús. lítra og séu ekki með styrkina í 40 millj. kr. eða ef menn fara í að framleiða 2 millj. lítra árlega þá séu menn með 80 millj. kr. í styrk til einstakra búa. Almenningur mun ekki sætta sig við það og við verðum að útbúa einhvers konar kerfi sem almenningur hefur hag af sem og hinar dreifðu byggðir. Ég vonast til þess að hæstv. landbúnaðarráðherra komi með einhver svör, sérstaklega við annarri spurningu minni, um hámark á beingreiðslur.

[11:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður spyr: „Hvert er viðhorf ráðherra til þess að bændur skuli telja hagkvæmt að standa utan styrkjakerfis landbúnaðarins og framleiða osta fyrir innanlandsmarkað?“

Það er einfalt að segja til um að hver og einn á rétt á að meta hagsmuni sína eins og þeir standa hverju sinni. Bændur eru engin undantekning í þeim efnum. Frelsi til að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa er stjórnarskrárvarinn réttur þegna þessa lands og verður sá réttur einungis takmarkaður með lögum ef almannahagsmunir krefjast þess. Búvörulög fela ekki í sér slíka takmörkun og því ríkir að mínu viti ekkert bann við framleiðslu á ostum utan greiðslumarkskerfis laganna.

Hitt er ljóst að þeir sem eru í búvörusamningi og nýta sér hann hafa auðvitað réttindi og skyldur samningsins. Þeim ber að fara eftir búvörusamningnum. Ég minni hv. þingmann á að hér var samþykktur nýr búvörusamningur með öllum greiddum atkvæðum á þinginu í fyrra en fjórir sátu hjá. Stefna Alþingis í málinu var ljós, að samningurinn sem bændur höfðu gert, kúabændur við ríkisvaldið, hafði góðan stuðning í þinginu.

Ég tel að það sé ekki almennt mat bænda að það sé hagkvæmt að standa utan við hið opinbera beingreiðslukerfi. En það virðist vera mat forsvarsmanna Mjólku að framleiðsla fyrirtækisins eigi sér rekstrargrundvöll við þær aðstæður. Nú á það allt eftir að koma í ljós og vonandi gengur því fólki vel í sínum verkefnum og hugsjónum. Þáttur beingreiðslna hefur verið 47,1% af grundvallarverði mjólkur. Forsvarsmenn Mjólku telja sig ekki þurfa á því að halda miðað við þær forsendur sem þeir gefa sér en ég óska þeim

velfarnaðar í störfum þeirra.

Þróunin í mjólkurframleiðslu hefur verið mikil og hröð hin síðari ár. Bú hafa stækkað á sama tíma og mjólkurinnleggjendum hefur fækkað. Þó er meðalbúið, íslenska kúabúið, ekki nema 130 þús. lítrar þannig að þau eru almennt ekki stór. Örfá bú fara yfir 300 þús. lítra framleiðslu og séu þau stærri þá koma margir einstaklingar að þeim rekstri.

Ég hef fyrir mitt leyti varað við þróun á markaðsverði greiðslumarks og haft nokkrar áhyggjur af aukinni skuldsetningu kúabúa. Nefnd sem ég skipaði með fulltrúum ríkis, bænda og aðilum vinnumarkaðarins, við undirbúning nýs mjólkursamnings, áréttaði í skýrslu sinni í febrúar 2004 að þar lægi veikleiki í gildandi fyrirkomulagi mjólkurframleiðslunnar. Kostirnir lægju hins vegar m.a. í jafnvægi milli framleiðslu og neyslu, að beingreiðslur til bænda nýttust til lækkunar á verði mjólkurvöru til neytenda og þeirri staðreynd að kerfið og skipulag þess skapaði forsendur fyrir hagræðingu og bættri samkeppnishæfni í greininni.

Auðvitað þurfa kúabændur að gæta að því að fjárfestingar þeirra vegna kaupa á greiðslumarki og endurnýjun á vélum og fjósum stuðli að viðhaldi þessara kosta, atvinnugreininni og neytendum til hagsbóta. Um það urðu nefndarmenn sammála, um það urðu aðilar vinnumarkaðarins sammála sem komu að þessu máli, svo ég nefni dæmi.

Hyggst ráðherra setja greiðslumark? spyr hv. þingmaður. Eins og þekkt er hef ég verið talsmaður fjölskyldubúskapar, ekki verksmiðjubúskapar. Sá samningur sem taka mun gildi í haust, um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar til næstu sjö ára, felur þó ekki í sér hámark á beingreiðslum til einstakra mjólkurframleiðenda. Segja má að meginmarkmið þess samnings sé að almenn starfsskilyrði í framleiðslu og vinnslu mjólkurafurða og stuðningi ríkisins við greinina stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og lægra vöruverði. Önnur markmið eru að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinina nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda. Því verður fylgt og hefur verið fylgt.

Það má geta þess að verð á mjólkurvörum hefur ekki hækkað til neytenda síðustu þrjú ár. Hafa aðrir gert slíkt í atvinnugreinum hér? Ég spyr. Bændurnir og fyrirtæki þeirra, mjólkurbúin, hafa því tekið á sig mikla hagræðingu.

Þessi samningur á líka að stuðla að kynslóðaskiptum sem þurfa ávallt að verða í hópi mjólkurframleiðenda. Hitt er svo annað mál að við blasa alþjóðlegir samningar og í núverandi mjólkursamningi er fyrirvari um að þar kunni að verða breytingar á stuðningsformi, að beingreiðslum þurfi þess vegna að breyta í styrki sem ekki eru framleiðsluhvetjandi, í svokallaða græna styrki. Auðvitað kann að koma til þess, ef þeir samningar nást á næstunni og á þessu tímabili samningsins, að ríkisvaldið og bændur þurfi að setjast niður og breyta núverandi samningi. Það er verkefni sem þarf vel að fylgjast með á næstunni.

[11:44]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Það voru ákveðin vonbrigði að hæstv. ráðherra skyldi ekki svara því skýrar hvort hann vildi setja hámark á beingreiðslur til mjólkurframleiðslu. Hann endurtók fyrri ummæli sín um að hann vildi frekar sjá fjölskyldubú en verksmiðjubú. Hvað á hann nákvæmlega við með því? Einhvers staðar hljóta menn að setja viðmiðin og innkoma Mjólku á markaðinn hlýtur að vekja spurningar um hvort kerfið sé að ganga sér til húðar. Er það markmið stjórnvalda að niðurgreiða hreinan verksmiðjubúskap og hvert er eðlilegt hámark á beingreiðslum? eins og hv. fyrirspyrjandi spurði. Hæstv. ráðherra hlýtur að svara til um hvar sé eðlilegt að draga línuna. Auk þess hljótum við að stefna að því að um verði að ræða byggðatengdan stuðning sem væri almennur frekar en framleiðslutengdan stuðning við stórfelldan verksmiðjubúskap.

Hæstv. ráðherra hlýtur að þurfa að svara því. Hvar á að draga línuna, hvar á að draga mörkin? Hans er að setja þau viðmið.

[11:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hef tekið eftir því að hæstv. ráðherra lét það koma fram í fjölmiðlum um þetta mál, Mjólku, þegar það kom upp í vetur að hann teldi að þetta bú og að mínu viti þá sambærileg framleiðsla sem hugsanlega kæmi upp önnur ætti að standa alfarið utan við stuðningskerfi landbúnaðarins. Ef stuðningskerfi landbúnaðarins verður breytt þá hlýtur það að gerast með almennum hætti þannig að stuðningur t.d. á hvern grip, eins og kominn er núna vísir að inn í þann samning sem liggur fyrir, er stuðningur sem bú eins og þetta ætti þá fullkominn rétt á. Ég óska eftir að fá svör við því frá hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki farið yfir þessi mál, velt þeim fyrir sér betur og hvort hann sjái ekki að almennur stuðningur við landbúnað hljóti að vera það sem menn þurfa að glíma við í framtíðinni.

[11:46]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. landbúnaðarráðherra fyrir svörin þó ég hefði viljað hafa þau ögn skýrari. Ég vil taka undir góðar óskir til þess félags sem tekur þá afstöðu að standa fyrir utan þetta kerfi, kerfi sem ég tel að hafi gengið sér til húðar. Ég hef fulla trú á því að þetta fyrirtæki eigi framtíð fyrir sér. Menn hafa þann kostinn að velja t.d. þá leið að kaupa til sín greiðslumark á mjög háu verði eða standa fyrir utan kerfið. Ég hef þá trú á þeim sem fara í þennan rekstur að þeir hafi metið þetta út frá hagkvæmni. Hér kom fram hjá hæstv. ráðherra að hann hefði áhyggjur af verði mjólkurkvótans eða greiðslumarksins. En það kom ekki fram að hann vildi setja hámark á hvað hver og einn framleiðandi gæti framleitt. En ef hann gerði það væri mögulegt að hafa áhrif á verðið. Ég skora því á hæstv. landbúnaðarráðherra að íhuga það að ef hann setti hámark á beingreiðslur til einstakra búa þá mundi það án nokkurs efa í mínum huga leiða til þess að verð á greiðslumarki mundi fara lækkandi. Ef hæstv. ráðherra hefur svo miklar áhyggjur þá tel ég að hann ætti einmitt að líta til þess þáttar.

Ég átta mig ekki á þessu. Hæstv. ráðherra segist vera fylgjandi fjölskyldubúum. Gott og vel, hann er fylgjandi þeim. Hvað þýðir það? Þýðir það eitthvað? Er það bara í orði eða er það eitthvað á borði? Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra útskýri það hvernig sú stefna komi fram á borði, en hún kemur oft fram í orði.

[11:49]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Þegar búvörusamningur hefur verið nýgerður verða menn auðvitað að standa við hann. Hitt er alveg ljóst að í aðdraganda þess samnings hvatti ég kúabændur til að skoða það verulega hvernig stuðningnum yrði hagað hvað hámarksstærðir varðar. Þeir hlustuðu ekki á rök mín þá og vildu ekki fara þá leið. Það kom í ljós að í þinginu var heldur ekki meiri hluti fyrir slíkri stefnu. Mér er alveg ljóst að aðilar vinnumarkaðarins sem að þessum samningi komu féllust alls ekki á sjónarmið mín í þeim efnum. Ég talaði í fjölmiðlum fyrir stuðningi sem færi í þrep eða sperrur við 200 þús. lítra, við 300 þús. lítra, og mundi draga úr stuðningnum. Þannig talaði ég og vildi sjá það gerast. En það náðist ekki á samningaborði. Það var ekki vilji aðila vinnumarkaðarins fyrir að styðja slíkar hugmyndir þannig að þarna varð ég nánast má segja undir í þessari baráttu þó að vissulega sé það svo að stuðningnum var breytt. Það koma gripagreiðslur eins og hér hefur komið fram og dregur úr honum við ákveðna stærð. En ég hefði viljað sjá stærri skref í þeim efnum. Auðvitað eru engin verksmiðjubú enn þá á Íslandi heldur að öllu leyti fjölskyldubú í eigu þess fólk sem rekur þau.

Ég vil segja hér að það fólk sem nú er að stofna Mjólku segist vilja vera utan við kerfið. Það segist ekki vilja láta neyða inn á sig stuðningi. (Gripið fram í.) Ég tel að það sé fullur réttur þessa fólks að velja þá leið. Ég hef sagt það alveg skýrt að þeir sem eru innan búvörusamnings fara með réttindi og skyldur hans. Það liggur því hreint fyrir að þetta fólk hefur frelsi til að fara þessa leið og ég óska því velfarnaðar. En (Forseti hringir.) auðvitað verður fylgst með stöðu mjólkursamningsins og þróun kúabúskaparins. Það mun sá gera sem hér stendur.

Merkingar á þorski, ufsa, skarkola og grálúðu.

Fsp. SigurjÞ, 753. mál. — Þskj. 1118.

[11:51]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Ég vil beina eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra. Hún varðar endurheimtur á fiskmerkjum. Hvers vegna er ég að spyrja að því? Jú, endurheimtur á fiskmerkjum geta gefið mikilvægar upplýsingar um hversu stórt hlutfall fisks deyr af völdum veiða, en það kallast fiskveiðidánartala. Það hafa verið miklar deilur í þjóðfélaginu um hver fiskveiðidánartalan sé en samkvæmt aflareglu á hún að vera í kringum 25%. Þess vegna er mjög fróðlegt að bera saman hvort merkingar endurheimtist í einhverjum svipuðum mæli og menn telja að fiskveiðidánartalan sé. Ef það er sambærilegt sem endurheimtist af merkjum við fiskveiðidánartöluna þá ætti þetta að vera svipað. Þá ætti að endurheimtast 25% af merkjum. Til þess að fá upplýsingar um þetta hef ég beint eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra:

1. Hvaða merkingar hafa verið stundaðar á þorski, ufsa, skarkola og grálúðu frá árinu 1995? Hve mikið hefur verið merkt í hverju merkingarverkefni, hverjar eru niðurstöður þeirra verkefna sem lokið er og hverjar eru endurheimtur til dagsins í dag í verkefnum sem enn standa yfir?

2. Hvaða skýrslur og ritgerðir hafa birst um merkingar frá árinu 1995 til þessa dags og hvar er hægt að nálgast þær?

3. Er þess að vænta að niðurstöður birtist á vef Hafrannsóknastofnunarinnar í aðgengilegum gagnagrunni?

4. Hvernig miðla útibú Hafrannsóknastofnunarinnar upplýsingum til sjávarútvegsins ef þau senda ekki frá sér skýrslur?

Við höfum verið gagnrýndir í stjórnarandstöðunni með mjög ósanngjörnum hætti fyrir að vera á móti hafrannsóknum vegna þess að við viljum ekki að öllum fjármunum sem er varið til hafrannsókna sé eingöngu varið til Hafrannsóknastofnunar og viljum að sjálfstæðir vísindamenn hafi aðgang að gögnum og geti metið þær forsendur sem m.a. veiðiráðgjöf gengur út frá. En staðreyndin er að sú veiðiráðgjöf hefur ekki skilað þjóðinni miklu. Eftir að aflaregla sem ég nefndi fyrr í ræðunni var tekin upp þá er aflinn 100 þúsund tonnum minni í þorski en áður en aflareglan var tekin upp. Þessi regla var tekin upp til að byggja upp þorskstofninn. En alltaf fáum við skýrslur um að þorskstofninn sé á niðurleið og við viljum skoða þau gögn (Forseti hringir.) sem liggja þar til grundvallar, frú forseti.

[11:55]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Það er eiginlega að verða siður frekar en undantekning hjá hv. þingmanni að þegar hann ber fram fyrirspurnir ræðir hann um hin ýmsu málefni önnur en þau sem eru í fyrirspurninni sem hann er að bera fram. (**SigurjÞ:** Nú, hvað?) En það er sjálfsagt að svara fyrirspurninni sem er í fjórum liðum. Fyrsta spurningin er svohljóðandi:

„Hvaða merkingar hafa verið stundaðar á þorski, ufsa, skarkola og grálúðu frá árinu 1995? Hve mikið hefur verið merkt í hverju merkingarverkefni, hverjar eru niðurstöður þeirra verkefna sem lokið er og hverjar eru endurheimtur til dagsins í dag í verkefnum sem enn standa yfir?“

Á tímabilinu 1995–2004 hafa eftirtaldar merkingar verið gerðar: Á þorski, kynþroska, á tímabilinu 1995–2004 17.470 og endurheimtur hafa verið 19,5%. Það voru slöngumerki. Á þorski, kynþroska, 1995–2004, 2.210 einstaklingar, 450 merki endurheimt, þ.e. 20,4%, rafeindamerki. Þorskur, ókynþroska, 1995–2004, 9.799, endurheimtur 17,3%, slöngumerki. Ufsi 2000–2004, 16.897, 5,7% endurheimtur með slöngumerkjum. Ufsi á sama tímabili, 133 merki, endurheimtur 18%, rafeindamerki. Skarkoli 1997–1998, 3.664 merki, 55% endurheimtur, slöngumerki. Skarkoli 1998, 160, 76% endurheimtur með rafeindamerkjum. Grálúða 2001–2003, 2.138, 6,1% endurheimtur með slöngumerkjum.

Annar liður fyrirspurnarinnar er svohljóðandi:

„Hvaða skýrslur og ritgerðir hafa birst um merkingar frá árinu 1995 til þessa dags og hvar er hægt að nálgast þær?“

Á árinu 1995–2004 hafa alls verið birtar um 30 skýrslur og greinar þar sem stuðst er við gögn úr ofangreindum merkingum auk þriggja greina um neðansjávarmerkingar á karfa. Greinarnar hafa birst í ýmsum blöðum og ritum á bæði innlendum og erlendum vettvangi. Hægt er að nálgast

greinarnar á bókasafni Hafrannsóknastofnunarinnar og margvíslegan fróðleik um merkingar er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Þriðji liður er svohljóðandi:

„Er þess að vænta að niðurstöður birtist á vef Hafrannsóknastofnunarinnar í aðgengilegum gagnagrunni?"

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að því að gera niðurstöður merkinga aðgengilegar á heimasíðu Hafrannsóknastofnunarinnar og þeirri vinnu verður fram haldið og væntanlega lokið árið 2006.

Fjórði liður er svohljóðandi:

„Hvernig miðla útibú Hafrannsóknastofnunarinnar upplýsingum til sjávarútvegsins ef þau senda ekki frá sér skýrslur?"

Starfsmenn útibúa Hafrannsóknastofnunarinnar hafa á undanförnum árum skrifað ýmsar skýrslur og greinar m.a. um merkingar á ýmsum vettvangi svo sem í tímaritið Ægi, Fiskifréttir, sjómannadagsblöð og víðar. Auk þess miðla starfsmenn útibúa ýmsum upplýsingum í fyrirlestrum, á kynningarfundum og í samtölum meðal fólks á umræðusvæði útibúanna. Í skýrslu um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar er árlega gerð stuttlega grein fyrir helstu verkefnum útibúa.

Eins og ég nefndi áðan fer hv. þingmaður yfirleitt vítt og breitt um sviðið þegar verið er að ræða fyrirspurnir og enn einu sinni talar hann um stöðu þorskstofnsins. Það má kannski segja að sjaldan sé of mikið rætt um stöðu þorskstofnsins. En ég hef verið að velta fyrir mér hvort hv. þingmaður geri sér grein fyrir því hvernig stofninn hefur þróast á undanförnum árum, hvort hann geri sér grein fyrir því hver hafi verið stærð veiðistofnsins miðað við skýrslu síðasta árs á síðasta ári og hver staða stofnsins var árið 1983 þegar kvótakerfið var tekið upp og hvort hann geri sér grein fyrir því hver stærð þorskstofnsins var tíu árum áður en kvótakerfið var tekið upp, þ.e. árið 1973. Það væri fróðlegt fyrir mig að heyra það hvort hann geri sér grein fyrir því hvernig þessi mál hafa þróast og kannski bæti við hvort hann geri sér grein fyrir því hver staða stofnsins var 1963, 20 árum áður en kvótakerfið var tekið upp.

[11:59]

Fyrirspyrjandi (Sigurjón Þórðarson):

Frú forseti. Það er greinilega viðkvæmt mál ef maður ræðir fiskveiðistjórn hér við hæstv. sjávarútvegsráðherra. En hvers vegna fer ég að ræða um fiskveiðistjórn út frá fiskmerkingum? Það er augljóst. Þetta tengist og ég hélt að hæstv. ráðherra ætti að gera sér grein fyrir því eftir að hafa verið í þessu ágæta ráðuneyti um árabil.

Hvort ég geri mér grein fyrir því hvernig fiskveiðistofninn var 1983 og hvernig hann er nú? Já, ég geri mér grein fyrir því. Það hefur verið hrein sorgarsaga hvernig hæstv. ráðherra og ráðherrum Sjálfstæðisflokksins hefur tekist upp. Það er þannig að bæði hefur aflinn minnkað og viðmiðunarstofninn. Ég vona að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því að menn eru ekki á réttri braut og að þeir verða að ræða það hér í alvöru hvernig þeir ætla að bregðast við. Menn hafa sífellt á öllu þessu árabili verið að gefa loforð um að handan við hornið muni aflinn aukast. En hvað gerist? Við fáum enn og aftur því miður dökka skýrslu frá Hafrannsóknastofnun og nú eigum við von á skýrslu skömmu eftir að þing verður sent heim, í júní ef ég þekki það rétt. *Ég vonast til þess, og ég ætla að gera það að tillögu minni,* að við hefjum þing næsta haust á því að ræða þessa skýrslu Hafrannsóknastofnunar og förum vel yfir málið. Mér finnst það vera mjög þörf umræða í framhaldi af þessari umræðu um hrakfarir fiskveiðistjórnar í tíð Sjálfstæðisflokksins og ég legg til að menn skoði það í alvöru og fordómalaust hvað hafi farið úrskeiðis og hvort þeir geti í rauninni ekki farið aðrar leiðir og reynt að tala opið um hlutina.

[12:02]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Frú forseti. Ég tek því mjög vel að ræða skýrslu Hafrannsóknastofnunar næsta haust þegar þing kemur saman, mér finnst alveg sjálfsagt að ræða þetta opið og af hreinskilni. En til þess hins vegar að gera það verða menn að gera sér grein fyrir því hver þróunin hefur verið og ég var að vonast til að hv. þingmaður mundi gera okkur grein fyrir því að hann byggi yfir þeirri þekkingu að vita hver þróun þorskstofnsins hefur verið á þessu tímabili.

Staðreyndin er sú að á síðasta ári mældist veiðistofninn eða viðmiðunarstofninn — hann hefur gengið undir þessum tveimur nöfnum undanfarin rúmlega fjögur ár — ríflega 850 þúsund tonn. Þegar kvótakerfið var tekið upp árið 1983 var hann ríflega 800 þúsund tonn og 1973, tíu árum áður en kvótakerfið var tekið upp var hann líka ríflega 800 þúsund tonn. Hins vegar var hann 1963, og nú fer ég með þá tölu eftir minni, á milli 12 og 13 hundruð þúsund tonn, ef ég man rétt, en tæplega tíu árum fyrr var hann tæplega 2,3 milljónir tonna. Vandinn sem við eigum við að glíma, vandinn í veiðinni birtist í því að stofninn er veiddur niður á 20 ára tímabili á 6. og 7. áratugnum, ekki síðar. Vandinn sem síðan birtist í því að veiðin er minni en hún var kemur til af því að nýliðunin eftir 1985 er miklu minni en hún var á tímabilunum þar á undan og í þessu birtist vandinn. Hann tengist ekki þeim kerfum sem við höfum verið með því að kerfin snúast eingöngu um að gera okkur kleift að fara eftir ráðleggingum vísindamanna og veiða þann hluta stofnsins sem við teljum að sé skynsamlegt að veiða.

[12:04]

Útbýting:

Mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, 235. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 1391.

Stuðningur við landbúnað og matvöruverð, 769. mál, svar landbrh., þskj. 1395.

Gegnumlýsingartæki fyrir tollgæsluna.

Fsp. GHall, 798. mál. — Þskj. 1242.

[12:04]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Frú forseti. Ég hef lagt fram fyrirspurnir til hæstv. fjármálaráðherra sem yfirmanns tollgæslunnar á Íslandi varðandi gáma og gegnumlýsingartæki fyrir tollgæsluna. Tilefnið er að menn velta mjög vöngum yfir því eftir hvaða leið-

um fíkniefni koma til landsins sem virðist vera svo auðvelt fyrir fólk að ná í og hvernig menn bregðast þá við.

Tildrög þessarar spurningar eru þau að á 128. löggjafarþingi 2002–2003 lagði ég fram fyrirspurn fyrir hæstv. fjármálaráðherra í svipuðum dúr, þ.e. hversu margir tollverðir sinntu beint innflutningseftirliti með gámum og í ljós kom að árið 2001 voru þetta 85.300 gámaeiningar og um 1% þeirra var skoðað eða um 850 gámar, þ.e. um 1% af innflutningnum þá, sem ætla má af svarinu.

Þá kom einnig í ljós í svari frá hæstv. fjármálaráðherra að Tollgæslan í Reykjavík hefur til umráða gegnumlýsingarbifreið sem er notuð við skoðun á innihaldi í gámum. Nú hefur tækninni fleygt mjög fram og eru til svona tæki sem tengjast þá sérstökum bifreiðum en einnig er til svokallaður laus búnaður sem hægt er að staðsetja og flytja á milli staða ef mönnum sýnist svo.

Nú veit ég, virðulegi forseti, að á Seyðisfirði er t.d. mjög erfitt um vik í sambandi við skoðun á bílum. Svo illa tókst til varðandi skoðunaraðstöðu, t.d. á húsbílum, að bygging þess húss sem átti að skoða slíka bíla mistókst. Dyr og annar búnaður er ekki nógu hár þannig að þar komast bara inn fólksbílar. Af þeim mikla hraða sem er t.d. varðandi farþega og bifreiðar sem þar koma í land þá veit ég að menn ná því ekki að skoða eins og kannski þeir vildu gjarnan gera.

Nú hefur hins vegar komið í ljós að þessi tæki eru bæði orðin ódýrari og meðfærilegri og þess vegna spyr ég virðulegan fjármálaráðherra: Er fyrirhugað að kaupa eða leigja tæki fyrir tollgæsluna til að gegnumlýsa gáma, farartæki, pallavöru o.fl. til að herða eftirlit með innflutningi fíkniefna?

[12:07]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum árum voru keyptir tveir bílar til gegnumlýsingar á vörum og er annar þeirra í þjónustu Tollgæslunnar í Reykjavík og hinn á Keflavíkurflugvelli. Talið er að þessir bílar hafi skilað nokkuð góðum árangri. Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir fjárveitingu til kaupa á nýju gegnumlýsingartæki til tolleftirlits með póstsendingum þannig að fyrir hendi eru tiltekin tæki í þessu skyni. Hins vegar hygg ég að hv. þingmaður sé kannski ekki síst að spyrja um stærri bíla eins og keyptir hafa verið sums staðar á Norðurlöndum sem geta gegnumlýst gáma í heild sinni, tekið sem sagt stærri einingar og gegnumlýst þær en þar er um að ræða miklu stærri og dýrari tæki en nú eru hér fyrir hendi. Þess vegna þarf að taka vörur í gámi í núverandi gegnumlýsingartæki í gegn í smærri einingum.

Ég get upplýst að eftir því sem best er vitað hafa Norðmenn fest kaup á tveimur slíkum bílum til gegnumlýsingar á gámum í heilu lagi. Þeir hafa verið keyptir frá Kína og kosta um það bil 150 millj. kr. stykkið. Þar fyrir utan er áætlað að rekstrarkostnaður á svona bíl miðað við fulla nýtingu sé um það bil 30 milljónir. Danir hafa keypt sams konar bíl frá Kína, Svíar keyptu bíl frá Bandaríkjunum en það er enn þá lítil reynsla komin á þess konar bíla í þessum löndum. Tollyfirvöld okkar munu fylgjast grannt með því hvað er að gerast í þeim málum á Norðurlöndunum enda er mikið samstarf milli tollyfirvalda í þessum löndum eins og kunnugt er. Þetta er að sjálfsögðu mikil fjárfesting. Þess vegna þykir rétt að meta heildstætt þá tækni sem fyrir hendi er og reyna að finna þær tæknilausnir sem best henta íslenskum aðstæðum.

Ég tek eindregið undir það sem hv. þingmaður sagði og er kjarninn í hans fyrirspurn að við eigum að beita öllum tiltækum ráðum til að halda aftur af innflæði fíkniefna hingað í land og munum að sjálfsögðu reyna að nýta okkur tæknina sem best í því efni en þá verðum við auðvitað að vega og meta í hvert skipti hversu víðtækar fjárfestingar við getum ráðist í í því efni.

[12:10]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Frú forseti. Ég þakka hæstv. fjármálaráðherra svör hans. Ég held að við séum alveg sammála um það að vandinn er mikill og skórinn kreppir einmitt þarna að í ljósi þess eins og kom fram í upplýsingum frá hæstv. fjármálaráðherra á 131. löggjafarþingi, fyrir áramótin, þ.e. í svörum við spurningum sem ég lagði aftur fram, þá kom í ljós að árið 2003 voru 147 þúsund gámaeiningar fluttar inn og skoðaðir voru um 1.400 gámar. Við gerum okkur alveg ljósa grein fyrir nauðsyn þess að fylgjast betur með innflutningi. Ég hef séð þessa tækni sem hæstv. fjármálaráðherra kom inn á sem menn eru farnir að beita annars staðar á Norðurlöndunum og er hún allrar athygli verð. Auðvitað kostar þetta peninga eins og fram kom hjá hæstv. fjármálaráðherra, 150 millj. kr. í innkaupum og 30 millj. kr. rekstrarkostnaður. Þar er vissulega um háa tölu að ræða.

Hitt er annað mál sem ég vildi aðeins beina til fjármálaráðherra. Það vakti athygli mína þegar ég lagði fram fyrirspurnir á 128. löggjafarþingi og 131. löggjafarþingi hve tollvörðum sem fylgjast með gámum hefur fjölgað geysilega á milli ára, vegna þess að í skriflegu svari sem ég fékk á 128. löggjafarþingi var mér sagt að það væru átta tollverðir af 55 sem sinntu sérstaklega gámainnflutningi og hefðu eftirlit með honum en á 131. löggjafarþingi fæ ég þær upplýsingar í skriflegu svari að í Reykjavík séu núna 34 tollverðir sem allir koma að eftirliti að innflutningi í gámum með einum eða öðrum hætti. Ég vil því spyrja hæstv. fjármálaráðherra: Hefur orðið svona stórkostlegt stökk í ráðningu tollvarða eða er einhver maðkur í mysunni? Er svarið ekki rétt? Það er mjög athyglisvert að sjá hvað tollvörðunum hefur fjölgað í Reykjavík við sérstakt eftirlit við innflutning á gámum en það er bara vel.

[12:12]

Fjármálaráðherra (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég hygg að tollvörðum í heild hafi ekki fjölgað sem þessu nemur heldur má vera að verkaskiptingu milli þeirra hafi verið örlítið breytt. Það er auðvitað reynt að nýta þann mannafla sem fyrir hendi er hverju sinni með þeim hætti að hann nýtist sem best en það má vera að einhver blæbrigðamunur sé á þessum svörum með tilliti til þess hvernig spurningarnar eru orðaðar. Það kann því að vera eitthvert misræmi sem hefur skapast af þeim sökum.

En aðalatriðið er auðvitað það að hv. þingmaður, ég og væntanlega við öll í þessum sal tökum höndum saman um

að stemma stigu gegn þeirri vá sem hann hefur lýst og felst í þeim fikniefnainnflutningi sem grefur undan gildum í samfélagi okkar og stefnir ungviði landsins í voða.

[12:13]

Útbýting:
Olíugjald og kílómetragjald, 807. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1397.

Út af dagskrá voru tekin 8.–9. mál.

Fundi slitið kl. 12:15.

---

130. FUNDUR

þriðjudaginn 10. maí,
kl. 7.50 síðdegis.

Dagskrá:
Almennar stjórnmálaumræður.

Almennar stjórnmálaumræður.

[19:51]

Forseti (Halldór Blöndal):
Gengið er til dagskrár og fyrir tekið eina dagskrármálið, almennar stjórnmálaumræður, sem útvarpað verður og sjónvarpað héðan úr þinghúsinu.

Umræðurnar fara þannig fram að hver þingflokkur fær 22 mínútur til umráða sem skiptast í þrjár umferðir, tíu mínútur í fyrstu umferð og sex mínútur í annarri og síðustu umferð.

Röð flokkanna verður þessi í öllum umferðum: Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn flokkanna verða:

Fyrir Samfylkinguna tala í fyrstu umferð Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, í annarri umferð Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Suðvesturkjördæmis, en í þriðju umferð talar Jón Gunnarsson, 10. þm. Suðurkjördæmis.

Fyrir Sjálfstæðisflokk tala í fyrstu umferð Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, í annarri Arnbjörg Sveinsdóttir, 6. þm. Norðausturkjördæmis, en í þeirri þriðju Bjarni Benediktsson, 11. þm. Suðvesturkjördæmis.

Ræðumenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs verða í fyrstu umferð Ögmundur Jónasson, 9. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður, í annarri umferð Þuríður Backman, 10. þm. Norðausturkjördæmis, en Jón Bjarnason, 8. þm. Norðvesturkjördæmis, í þriðju umferð.

Fyrir Framsóknarflokk tala Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra í fyrstu umferð, Siv Friðleifsdóttir, 5. þm. Suðvesturkjördæmis í annarri, en í hinni þriðju Dagný Jónsdóttir, 8. þm. Norðausturkjördæmis.

Fyrir Frjálslynda flokkinn talar í fyrstu umferð Sigurjón Þórðarson, 10. þm. Norðvesturkjördæmis, en Magnús Þór Hafsteinsson, 9. þm. Suðurkjördæmis, í annarri og Guðjón A. Kristjánsson, 5. þm. Norðvesturkjördæmis, í þriðju umferð.

[19:52]

Össur Skarphéðinsson:
Góðir áheyrendur, góðir Íslendingar. Þetta má aldrei gerast aftur, aldrei. Slíkar heitstrengingar höfum við heyrt hvaðanæva að þegar heimurinn minnist þess að 60 ár eru nú liðin frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar.

Það er líka rifjað upp um þessar mundir að í upphafi síðustu aldar minnti margt á byrjunarár 21. aldarinnar sem við lifum nú. Þá eins og nú ríkti mikil framfaratrú, tækni og vísindi voru hafin til skýjanna, menntir og menning voru í hávegum höfð og fyrirtæki höfðu víðtækt frelsi til athafna og útrásar. Samt leiddi samkeppni ríkjanna og margs konar ójafnvægi í samskiptum þeirra til tveggja heimsstyrjalda, myndunar einræðisríkja sem skipulögðu fjöldamorð á þegnum sínum og til fjölda svæðisbundinna vopnaátaka. Öldin varð öld öfga og andstæðna og tækniframfarir voru notaðar jafnt til illverka sem góðverka.

Sú öld sem nú er nýhafin má ekki verða eins. En til að svo verði þurfum við alltaf að hafa hugfast að friður, mannréttindi og lýðræði eru ekki fyrirhafnarlaus lífsgæði. Í heiminum eins og við þekkjum hann í dag er margs konar efniviður sem hægt væri að kveikja í óviðráðanlegt ófriðarbál, togstreitu um auðlindir eins og olíu, vatn og loft, ójafnan aðgang að mörkuðum, hryðjuverkastarfsemi öfgahópa, árekstra millum kristinna manna og múslima og síðast en ekki síst vaxandi misskiptingu auðs.

Höfum það hugfast að frelsi og friður koma ekki af sjálfu sér. Forustumenn þjóða heims, almannasamtök og einstaklingar þurfa að leggja alla áherslu á að ágreiningur og deilur séu leystar í samstarfi innan vébanda alþjóðlegra samtaka eins og Sameinuðu þjóðanna en ekki á vígvellinum með vopnavaldi.

Góðir tilheyrendur. Það hefur náðst víðtæk samstaða á síðustu áratugum um að hlutverk löggjafans í þjóðlífi okkar sé að setja samfélaginu, atvinnuvegunum, fyrirtækjum og stofnunum almennan lagaramma og að innan slíkra marka og almenns siðferðis eigi að ríkja frelsi til samkeppni og samskipta. Löggjafinn hefur sett á fót dómstóla og stofnanir sem eiga að vera sjálfstæðar til að tryggja að það sé farið að leikreglum og lögum sé framfylgt. Meginvandi þessa fyrirkomulags í okkar stjórnarháttum er að verða æ fleirum ljós. Sú þaulsætna ríkisstjórn sem hér er við völd hefur í reynd neitað að sleppa tökunum. Hún vill handstýra frelsinu. Frelsið á bara við þegar ráðherraræðinu þóknast. Bláa höndin hefur upp reglustikuna þegar henni þykir þurfa gagnvart stofnunum sem gera þó ekkert af sér annað en það eitt að gegna skyldu sinni.

Ríkisstjórnin lagði Þjóðhagsstofnun niður af því að hún

dansaði ekki eftir pípu stjórnvalda. Ríkisstjórnin skar niður framlög til Mannréttindaskrifstofunnar eftir að hún leyfði sér að gagnrýna stjórnvöld. Sjálfur Hæstiréttur er atyrtur og lög brotin til þess að skipa rétt í dóminn. Einkavæðingu banka og ríkisfyrirtækja er handstýrt af formönnum stjórnarflokkanna í þágu helmingaskiptareglunnar sem Framsóknarflokkurinn heldur dauðahaldi í. Síðasta dæmið er salan á Símanum þar sem handstýring gegn ráðleggingum ráðgjafa bankans á að tryggja vildarfyrirtækjum bita af kökunni. Frelsun Ríkisútvarpsins undan helsi helmingaskiptanna eða frelsun Samkeppnisstofnunar undan flokkspólitískri stjórnun kemur heldur ekki til greina þrátt fyrir fögru orðin.

Um það vitna þau stjórnarfrumvörp um þessar stofnanir sem liggja nú fyrir hinu háa Alþingi. Þar er enn verið að herða helmingatökin. Og við munum það öll, og þjóðin man það, að það kostaði mestu átök um margra áratuga skeið og að lokum tilhlutan forseta Íslands til þess að koma í veg fyrir að núverandi ríkisstjórn þröngvaði upp á þjóðina fjölmiðlalögum sem hefðu stórlega skert frelsi til útgáfu. Þessi ríkisstjórn fer illa með vald.

Góðir Íslendingar. Á ferðum mínum um landið á þessu vori hef ég sannfærst um það hve mikill kraftur ólgar í hinu íslenska samfélagi og hve mikill óvirkjaður mannauður býr með okkar góðu þjóð. Íslendingar hafa á okkar tímum raunverulega möguleika á að vera í fararbroddi í hagsæld og velferð. Grunnurinn að velsæld nútímans var lagður með þjóðarsáttarsamningunum og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Á þessum grunni, sem jafnaðarmenn áttu mikinn þátt í að leggja, höfum við Íslendingar alla burði til þess að standa okkur í samkeppni þjóðanna en um leið verðum við að kunna fótum okkar forráð.

Við eigum að snúa okkur smám saman frá atvinnulífi gærdagsins og við eigum að leggja síaukna áherslu á menntir, tækni og sjálfbæra nýtingu náttúrugæða í sjó og á landi. Eitt brýnasta verkefni samtímans er að auka hlut smáfyrirtækjanna, einyrkjanna og sprotanna í atvinnulífinu. Um leið og útrás á alþjóðamarkaði heldur áfram eigum við að leggja allt kapp á að starfsskilyrði frumkvöðla og sprotafyrirtækja á Íslandi verði til jafns við það allra besta sem þekkist í heiminum.

Góðir Íslendingar. Hlutverk okkar jafnaðarmanna í Samfylkingunni er að tryggja pólitískan meiri hluta í sveitarstjórnum og hér í þinginu fyrir þeirri hugsjón að allir eigi tækifæri til þess að þroska og njóta hæfileika sinna í lífi og starfi. Við erum fámenn þjóð og við þurfum á því að halda að hver einasti einstaklingur á meðal okkar sé gjaldgengur í því samfélagi þekkingar og alþjóðasamskipta sem er að þróast hér á landi. Í hinu harkalega markaðssamfélagi þarf að vera pláss fyrir alla og aldrei hafa því grunngildi jafnaðarstefnunnar um jöfnuð og ábyrgð hvers á öðrum átt meira erindi en nú, þegar græðgi markaðsaflanna helst í hendur við stöðugan áróður fyrir óhófi í neyslu.

Ég hef vaxandi áhyggjur af því hversu margir verða út undan í velsældinni á Íslandi, hversu margir virðast dæmdir til fátæktar mitt í ríkidæmi þjóðarinnar, hversu margir glíma við depurð og örvæntingu og hversu margir þykja ekki gjaldgengir á sífellt harðari vinnumarkaði, hvernig langtímaatvinnuleysi eykst þegar nóga vinnu virðist að hafa og hvernig reynt er að grafa undan eðlilegum samskiptum launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði með því sem er ekki hægt að kalla annað en ólögmætan innflutning á vinnuafli, hversu seint gengur að jafna stöðu kynjanna, hversu afskiptir stórir hlutar af landsbyggðinni eru að verða og hversu lítil virðing er borin fyrir öldruðum.

Af hverju eru svona margar ungar einstæðar mæður að bugast undan álaginu og sjá sér ekki aðra leið færa en að sækja um örorkubætur? Þessarar spurningar spurði aðstoðarmaður sjálfs heilbrigðisráðherrans í skörpum pistli sem birtist á vefsíðu Framsóknarflokksins núna fyrir skömmu. Af hverju eru þeim ekki sköpuð tækifæri til að brjótast til betra lífs? spurði hún. Já, af hverju ekki, hæstv. forsætisráðherra?

Staðreyndin er sú að við þurfum miklu virkari aðgerðir til að bregðast við vandamálum af þessu tagi heldur en núverandi stjórnvöld hafa áhuga eða vilja til. Það er þess vegna sem við þurfum nýja sýn á vandamál samfélagsins þar sem hagsmunir fólksins eru í fyrirrúmi en ekki hagsmunir stórfyrirtækjanna. Það er í þessu ljósi sem verkefni Samfylkingarinnar næstu tvö árin eru skýr. Meginverkefni hennar er að skapa breiða samstöðu um nýja ríkisstjórn eftir næstu kosningar sem umfram allt á að vera ríkisstjórn fjölskyldunnar og ríkisstjórn barnanna, ríkisstjórn sem gleymir ekki öldruðum, ríkisstjórn sem bætir lífsgæði þeirra sem búa við skerta eða alls enga starfsorku, öryrkjanna, ríkisstjórn sem eykur líka raunverulegt jafnrétti og frelsi í atvinnulífi samfara því að ýta undir einyrkja og smáfyrirtæki.

Verkefni Samfylkingarinnar næstu tvö árin er því að mynda víðtækt bandalag meðal þjóðarinnar um frjálslynda velferðarstjórn. Stefna frjálslyndrar velferðarstjórnar að loknum næstu kosningum á að byggjast á samfélagssýn þar sem efnahagsmál, menntun og velferð tengjast á þann hátt að enginn einn af þessum öxlum samfélagsins getur án hinna verið.

Góðir Íslendingar. Framtíðin býður okkur upp á einstök tækifæri. Með alþjóðavæðingunni og sérstöðu Íslands getum við skapað heilbrigt samfélag þar sem fátækt er útrýmt, launajafnrétti ríkir, virðing er borin fyrir öldruðum og framtíð barnanna er í fyrirrúmi; þar sem er pláss fyrir alla. — Góðar stundir.

[20:02]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson):

Góðir áheyrendur. Íslendingar geta litið hreyknir um öxl þegar litið er til sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar á síðustu öld og árangurs í uppbyggingu samfélags okkar á lýðveldistímanum. Mikilvægara er þó að horfa fram á veginn og setja sér metnaðarfull markmið í upphafi nýrrar aldar. Mælistikur þess markmiðs eru margar, en einfaldur samnefnari þeirra allra er gegnheilt velferðarsamfélag þar sem blómstrandi atvinnulíf er hornsteinn lífsgæða og tækifæra allra landsmanna.

Allar viðmiðanir alþjóðastofnana staðfesta að Ísland er meðal ríkustu og framsæknustu þjóða. Hér er hagvöxtur með því sem best gerist í hinum vestræna heimi og félagslegt öryggi sömuleiðis í fremstu röð. Okkur Íslendingum hefur tekist vel að spila úr spilum okkar. Það hefur gerst vegna traustrar og farsællar forustu stjórnarflokkanna og

þeirra umbreytinga sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir í löggjöf og í uppbyggingu innviða samfélagsins.

Það hefur verið ævintýri líkast að fylgjast með þróun í íslensku efnahagslífi í kjölfar einkavæðingar ríkisfyrirtækja og ber þar sérstaklega að líta til einkavæðingar ríkisbankanna. Útrás íslensku bankanna á erlenda markaði hefur verið kröftug og bæði fjárhagslegur styrkur þeirra og aukin þekking hafa nýst öðrum íslenskum fyrirtækjum vel. Samhliða hefur þjónusta íslenska fjármálageirans gagnvart einstaklingum tekið miklum breytingum á skömmum tíma og fyrirtæki á íslenskum markaði búa einnig við gjörbreyttar aðstæður á fjármálasviðinu. Erlendir fjölmiðlar hafa fylgst grannt með útrás íslenska atvinnulífsins að undanförnu og gjarnan spyrt eldmóðinn og árangurinn sem náðst hefur við víkingablóðið sem renni í æðum Íslendinga. Vafalaust er þar um mikla einföldun að ræða, en hitt er ljóst að við verðum að búa íslenskum viðskiptavíkingum okkar tíma það umhverfi að afl þeirra og framtak njóti sín einnig í þágu þjóðarinnar.

Lækkun skatta er hluti af þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að búa fyrirtækjum eins góðar aðstæður hér á landi og nokkur kostur er. Án öflugra fyrirtækja verður allt tal um öflugt velferðarkerfi hjóm eitt. Um leið og slíkt umhverfi hefur verið skapað, hefur stöðug og traust efnahagsstjórn tryggt lánshæfismat Íslands og er með því besta sem gerist og sparar það eitt milljarða vaxtagreiðslur á ári sem er afskaplega mikilvægt fyrir okkur Íslendinga.

Áhrif sjávarútvegs í íslensku þjóðfélagi hafa verið að minnka, ekki vegna þess að umfangið hafi verið að minnka, heldur vegna þess að aðrar atvinnugreinar hafa verið að sækja í sig veðrið. Kakan er að stækka. Það eru fleiri egg í körfunni hjá þjóðinni. Ferðaþjónustan hefur verið á mikilli siglingu. Stóriðjan hefur verið að eflast til muna. Fjarskipta- og hátæknifyrirtæki sækja í sig veðrið og fjármálafyrirtækin eru orðin að öflugum alþjóðlegum fyrirtækjum.

Ferðaþjónustan er sú grein atvinnulífsins sem hefur tekið hvað mest stökk fram á við. Vöxtur ferðaþjónustunnar er ævintýri líkastur, ekki síst þegar litið er til þess að ferðalög hafa dregist saman í heiminum eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001. Okkur hefur tekist með samstilltu átaki stjórnvalda og atvinnugreinarinnar að standa þannig að landkynningu og markaðsmálum ferðaþjónustunnar að hún hefur eflst til muna og fátt bendir til annars en að sóknarfæri ferðaþjónustunnar á komandi árum eigi enn eftir að aukast. Straumur ferðamanna til landsins vex óðfluga og samhliða hafa íslenskir flugrekendur blásið til mikillar sóknar í starfsemi sinni á erlendum vettvangi.

Uppbygging öflugra fjarskiptafyrirtækja er ein mesta byggðaaðgerð fyrr og síðar vegna upplýsingasamfélagsins. Fjarskiptin skapa mikla möguleika til viðskipta og fjarnáms og jafna til muna aðstöðu þeirra sem búa í dreifbýlinu miðað við þá sem búa í þéttbýlinu.

Á yfirstandandi þingi hefur verið til umfjöllunar þingsályktunartillaga um stefnu stjórnvalda í fjarskiptamálum og frumvarp til breytinga á lögum um fjarskipti. Hvað gagnrýni á nótum persónuverndar varðar er því til að svara að tæknibylting undanfarandi ára á sviði fjarskipta hefur því miður haft ákveðnar skuggahliðar í för með sér. Nýjar leiðir hafa opnast til glæpsamlegrar iðju í skjóli nafnleyndar og fjarskiptatæknin er meðal annars nýtt til eiturlyfjasölu og dreifingar barnakláms. Það er óhjákvæmilegt að stöðugt öflugri tækni sem m.a. býður upp á misnotkun af þessu tagi kalli á öflugri eftirlitsúrræði. Fjarskiptalögin taka engu að síður fullt tillit til persónuverndarsjónarmiða og eðlilegrar milligöngu dómstóla þegar til rannsóknarmála kemur annars vegar.

Við Íslendingar ætlum okkur að vera í fremstu röð þeirra þjóða sem veita öfluga fjarskiptaþjónustu og nýta upplýsingatæknina til framfara og framþróunar í atvinnulífinu. Öflug fjarskipti um allt land er auk þess liður í þeim ásetningi ríkisstjórnarinnar að efla byggðirnar og auðvelda nýtingu auðlinda okkar til lands og til sjávar. Fjarskiptaáætlun leggur grunninn að enn frekari sókn okkar í fjarskiptamálum. Með markmiðum fjarskiptaáætlunar munum við Íslendingar skipa okkur í fremstu röð þjóða sem nýta sér upplýsingatæknina og sömuleiðis munum við með stórbættum háhraðatengingum um landið allt, þéttingu GSM-þjónustu og uppbyggingu stafrænna sjónvarpssendinga ásamt fleiru, skipa okkur í fremstu röð þjóða hvað fjarskiptaþjónustu varðar. Það munum við gera samhliða sölu Símans.

Góðar samgöngur eru mikilvægar fyrir alla landsmenn og eru mikilvægur þáttur í að efla Ísland sem áfangastað ferðamanna. Með þeirri samgönguáætlun sem hér er til lokaafgreiðslu á þinginu er lögð áhersla á að bættar samgöngur nýtist sem flestum. Við verðum að hafa það í huga hvers vegna við byggjum upp vegakerfið. Fyrst og fremst er það vegna þess að við verðum að tryggja flutning í þágu auðlindanýtingar, hvort sem er vegna sjávarafurða, stóriðju, ferðaþjónustu eða til þess að tryggja ferðir einstaklinga til og frá vinnu í þéttbýlinu, jafnframt sem í dreifbýlinu. Í þessu samhengi verðum við jafnframt að muna að allar endurbætur á vegakerfinu eru í þágu umferðaröryggis hjá okkur.

Það er skylda stjórnmálamanna að horfa til langrar framtíðar. Það er líka skylda stjórnmálamanna að standa við gefin fyrirheit. Það er útilokað í mínum huga að bjóða út verk á borð við Sundabraut sem borgaryfirvöld eiga enn eftir að ákveða hvar eigi að liggja. Það er líka útilokað í mínum huga að svíkja þau loforð sem stjórnvöld hafa fyrir löngu gefið um gerð Héðinsfjarðarganga og er ég sannfærður um að bæði arðsemi þeirra og mikilvægi þeirra fyrir atvinnulífið og ferðaþjónustuna birtist þegar til lengri tíma er litið.

Við heyrum af og fylgjumst með fréttum af góðri afkomu fyrirtækja sem nýta það öfluga umhverfi frjálsra viðskipta sem hér hefur verið mótað. Jafnframt heyrum við af vaxandi kröfum um menntun starfsmanna sem eru í samkeppni alþjóðlegs viðskiptaumhverfis. Það er því óhjákvæmilegt að nýta bættan hag okkar til að efla menntastofnanir. Það er fjárfesting í bjartri framtíð okkar unga fólks. Við megum ekki vera hrædd við að sækja fjármuni inn í menntakerfið með varfærnum skólagjöldum eða aðkomu fyrirtækja eða hagsmunaaðila. Skólagjöld vegna framhaldsnáms þurfa ekki að vinna gegn jafnrétti til náms. Við verðum að leita þeirra leiða sem færar eru til þess að setja íslenska háskóla í fremstu röð.

Með eflingu stóriðju, bættum og hagkvæmari samgöng-

um, vaxandi ferðaþjónustu, nýrri starfsemi á sviði viðskipta og bankastarfsemi höfum við verið að byggja nýjar öflugar undirstöður undir velferðarkerfið. Við erum fámenn þjóð í landi mikilla tækifæra. Við hljótum því að leita allra leiða til þess að skapa öllum vinnandi höndum störf við hæfi. Íslenskt samfélag þarf á öllu sínu atgervi að halda. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að standa þannig að málum að það afl sem í hverjum einstaklingi býr sé nýtt af fremsta megni. Menntun unga fólksins og tækifæri þeirra sem komnir eru á vinnumarkaðinn til símenntunar er ekki síður mikilvægt. Í okkur öllum býr þörf fyrir lífsgæði þar sem færni okkar til verðmætaskapandi vinnu er einn af lykilþáttum. Jafnframt því að tryggja öryggisnet samfélagsins fyrir þá sem höllum fæti standa, verðum við að búa við vinnuhvetjandi umhverfi þar sem hæfileikar hvers og eins fá notið sín.

Ágætu áheyrendur. Með stöðugleika í efnahagsmálum, sátt á vinnumarkaði og góðri umgjörð um íslenskt atvinnulíf tryggjum við undirstöður velferðarsamfélags í fremstu röð. Sóknarfærin eru fjölmörg og það er sameiginlegt verkefni stjórnvalda, atvinnulífs og landsmanna allra að nýta þau til fulls. — Góðar stundir og gleðilegt sumar.

[20:14]

Ögmundur Jónasson:

Góðir Íslendingar. Nú minnast menn þess að 60 ár eru liðin frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari, mesta hildarleiks mannkynssögunnar, styrjaldar sem háð var um alla jarðarkringluna og leiddi til tortímingar og dauða 60 milljóna manna. Hrikalegir glæpir gegn mannkyni voru framdir í stríðinu og aðdraganda þess og mega útrýmingarbúðir nasista á gyðingum aldrei falla í gleymskunnar dá, né kjarnorkuárásirnar á japönsku borgirnar Nagasaki og Hiroshima sem deyddu í einu vetfangi á annað hundrað þúsund saklauss fólks og hafa allar götur síðan leitt til hægfara dauða og örkumla hundruð þúsunda manna, allt fram á þennan dag. Þessu megum við aldrei gleyma. Við megum ekki heldur gleyma því að sigurvegarar í stríði eru aldrei látnir svara til saka fyrir glæpi og ódæðisverk. Það gera aðeins þeir sem bíða lægri hlut.

Áður en nasistar töpuðu stríðinu höfðu glæpir þeirra fágað og fagmannlegt yfirbragð. Fjöldamorðin voru skipulögð af verkfræðingum og vísindamönnum á hvítum sloppum, mönnum sem fóru heim til sín á kvöldin, kysstu börnin sín og hlustuðu á skemmtiþátt í útvarpinu. Morguninn eftir fínstilltu þeir gasofnana. Síðan fengu þeir medalíu, buxurnar stífpressaðar, skórnir gljáandi.

Sama gilti um sérfræðingana sem skipulögðu notkun Agent Orange-eitursins í Víetnam. Sú framkvæmd gekk út á að eyðileggja allan gróður á stórum svæðum svo andstæðingurinn gæti ekki leynst í laufguðum trjágróðri. Tæknin byggð á þekkingu og fagmennsku. Einnig þar voru hönnuðirnir heiðraðir. Enn þá fæðast vansköpuð börn á þessum svæðum.

Það er ekki að undra að Bandaríkjamenn vilji vera undanþegnir lögsögu nýstofnaðs stríðsglæpadómstóls. Hann má ná til annarra, ekki okkar, segja þeir. En það á að gera sömu kröfur til mannréttinda hver sem í hlut á, hvenær sem er og hvernig sem hagsmunatengslin liggja. Það á að gera sömu kröfur til kínverskra stjórnvalda nú og áður en landið var opnað vestrænum fjárfestum. Mannréttindabrot eru framin í Kína engu síður nú en fyrir 20 árum þegar landið var enn lokað. Nú sjá vestræn iðnríki og auðhringar hins vegar í gegnum fingur sér eftir að þau fengu þessa stærstu þrælakistu heimsins til ráðstöfunar. Reynslan sýnir að ef ríki makka rétt gagnvart sigurvegurum heimsins þá komast þau upp með misferli og mannréttindabrot.

Íslandi var skipað í hóp svokallaðra viljugra þjóða til stuðnings innrás Bandaríkjamanna í Írak. Í þeim eru mörg ríki sem óumdeilanlega eru mannréttindabrjótar, mannréttindabrjótar sem utanríkisráðherra vísaði til sem samherja í baráttu fyrir frelsi í umræðu um utanríkismál á Alþingi fyrir fáeinum dögum. Og minnumst þess og gleymum því aldrei að ofbeldið í Írak, handahófskennd fjöldamorð undir handarjaðri innrásarherjanna í Falluja og víðar, pyntingar í fangelsum, allt þetta, allur þessi tortúr er skipulagður á yfirvegaðan og kaldrifjaðan hátt af mönnum á pússuðum skóm og með medalíu í barminum.

Ferill ríkisstjórna Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í utanríkismálum er dapurlegur. Ekki aðeins vorum við hengd aftan í tagl herveldanna í Íraksinnrásinni og íslenska þjóðin þannig gerð meðsek í stríðsglæpum. Núverandi forsætisráðherra og fyrrverandi utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, neitaði að styðja ályktun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um að kynþáttamúrinn illræmdi í Palestínu færi fyrir alþjóðadómstól. Ekki að múrinn yrði rifinn, nei, að hann færi fyrir dómstól. Tillagan var samþykkt en án stuðnings Íslands. Ég ítreka: Við eigum að styðja mannréttindi hvenær sem er og hvar sem er og í Palestínu ber okkur skylda til þess.

Við eigum að taka undir nú þegar Íran og Norður-Kórea eru gagnrýnd fyrir að brjóta skuldbindingar sem þessi ríki hafa undirgengist í samningum um að koma sér ekki upp kjarnorkuvopnum en við eigum líka að láta í ljós gagnrýni þegar Bandaríkjastjórn segir sig frá samningum sem hún gerði um bann við vígbúnaði í himingeimnum og stóreykur nú vígbúnað sinn. Já, við eigum að styðja mannréttindi og afvopnun alltaf og undir öllum kringumstæðum, hver sem á í hlut. Verum við fulltrúar slíkra sjónarmiða og slíkrar afstöðu væri sómi að því að eiga sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Ég tel hins vegar að við gætum látið meira og betra af okkur leiða með öðrum hætti en að kaupa sæti í þessu ráði.

Menn hafa talað um að kostnaður við að fá sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og sinna því verkefni gæti numið á bilinu 600–1.000 millj. kr. Ef við tækjum þetta fjármagn og verðum því í rannsóknir á hafsbotninum, svo dæmi um verðugt verkefni sé tekið, verkefni sem nú er unnið að á vegum Sameinuðu þjóðanna, þá gerðum við tvennt í senn, létum gott af okkur leiða í alþjóðasamstarfi og efldum jafnframt rannsóknir hér á landi.

Margt jákvætt er að gerast í íslensku atvinnulífi. Frumkvöðlar á ýmsum sviðum eru að hasla sér völl og þegar á heildina er litið fer kaupmáttur vaxandi. Það væri ástæða til almennrar ánægju með þessa þróun ef ekki væru ýmis hættuteikn á lofti. Hraðvaxandi erlendar skuldir, flæði vinnuafls til landsins á kjörum undir því sem tíðkast og vaxandi misskipting í þjóðfélaginu. Að sumu leyti minnir

þessi tími á Thatcher-tímann í Bretlandi þegar hægri vindar byrjuðu að blása þar í landi, naprir vindar sem enn blása úr sömu átt en núna kenndir við Tony nokkurn Blair.

Á þeim tíma var mikið umrót, einkavæðing og spilling. Ekki treysti ég mér til að dæma um það hvort spillingin er meiri eða minni hjá þeim Davíð, Halldóri og Valgerði en hjá Thatcher. Þó minnist ég þess ekki að Thatcher léti búa til sérhannaðar söluformúlur svo tilteknir aðilar gætu eignast ríkisfyrirtækin.

Annað sem einkenndi Thatcher-árin í Bretlandi var skortur á sjálfsgagnrýni, botnlaus sjálfsupphafning, vissa um að ríkisstjórnin væri ætíð að gera rétt og stöðugt var hún að mæra sjálfa sig og fagna, jafnvel þótt tilefnin væru í besta falli vafasöm. Ég hef að vísu ekki heyrt þá Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson beinlínis hæla sér af því að Íslendingar skuli verða orðnir ein skuldugasta þjóð heimsins. Hitt er greinilegt að þeir koma ekki auga á þær hættur að byggja velsæld á sívaxandi skuldum.

Viðskiptahallinn hefur verið að aukast jafnt og þétt á undafönum árum og stefnir í 10% á þessu ári, nokkuð sem ekki gengur til eilífðarnóns. Það segir sig sjálft og einnig hitt að það hljóta að teljast alvarleg tíðindi að Íslendingar skulda núna 252% af vergri landsframleiðslu en skulduðu 54,5% árið 1990. Ekki veit ég hvort menn gera sér almennt grein fyrir því að hver einasta króna sem nú er framkvæmt fyrir við Kárahnjúka er tekin að láni á ábyrgð þjóðarinnar og mikil áhöld um að fjárfestingin komi til með að skila sér, jafnvel aðeins bókhaldslegum gróða, þjóðhagslega kemur dæmið síðan miklu verr út. Það sem meira er, stóriðjustefnan er beinlínis þrándur í götu fjölbreytni í atvinnulífi. Það er nefnilega að sannast sem spáð var að gengi krónunnar, vextir og svigrúm til athafna á öðrum sviðum efnahagsstarfseminnar er takmarkaðra vegna framkvæmda og fjárfestinga í tengslum við stóriðju. Það er ekki bæði sleppt og haldið, bæði einsleit stóriðjan og fjölbreytni í atvinnulífi. Menn standa frammi fyrir vali.

Það er gott að vera glaður og fagna eins og ríkisstjórnin gerir með reglulegu millibili í hástemmdum skálaræðum en ógagnrýnin sjálfsánægja kann aldrei góðri lukku að stýra. Síðast þegar ríkisstjórnin kom saman til að fagna og lýsa yfir ánægju með sjálfa sig, í ráðherrabústaðnum að þessu sinni, var að venju sagt að allt væri í lukkunnar velstandi. En vandinn við fólk sem er í stöðugum partíum er sá að það glatar hæfileikanum til að skoða umhverfi sitt af raunsæi. Það hættir að sjá hlutina í fókus. Til dæmis er augljóst að ríkisstjórnin er orðin ófær um að sjá misskiptinguna á Íslandi. Henni er farið líkt og Landsbankamönnum sem segja í auglýsingum að aðeins einn geti komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað, það sért þú sjálfur. En er það svo? Leggur almennur launamaður, öryrki á strípuðum bótum, ekki til hliðar eða fjárfestir ekki í hlutabréfum vegna þess að hann er áhugalaus um að spara? Eða getur verið og er það ekki öllu líklegra að atvinnulaus maður með 91.426 kr. á mánuði eyði ekki í sparnað, eins og það er kallað, einfaldlega vegna þess að hann er ekki aflögufær? Getur ekki einmitt verið að það sé hreinlega röng staðhæfing hjá auglýsingadeild Landsbankans að einstaklingurinn geti alltaf sjálfum sér um kennt ef hann ekki sparar? Og er það kannski allt öðru fólki um að kenna og að það sitji hér við gluggaröðina, hæstv. ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar, sem ákvarðar bætur almannatrygginga og upphæð atvinnuleysisbóta með dyggilegri aðstoð stjórnarmeirihlutans í þessum sal?

Hæstv. forseti. Ég hef oft leyft mér að tala í stikkorðum þegar allir vita við hvað er átt. Þegar ég t.d. nefni Mannréttindaskrifstofu Íslands eða Samkeppnisstofnun hugsa menn ekki bara um hefndaraðgerðirnar gegn þessum stofnunum heldur einnig til allra þeirra sem á undanförnum árum hafa verið látnir gjalda faglegra vinnubragða og sjálfstæðrar hugsunar þegar sú hugsun hefur stangast á við vilja þeirra sem ráða. Sá sem ekki þolir gagnrýni, gerir lítið úr henni eða valtar yfir hana, sá aðili er ekki sterkur. Sá sýnir hins vegar styrk sem þorir að bakka, sem þorir að hlusta á önnur sjónarmið, máta sín eigin viðhorf við hugmyndir annarra.

Það ber ekki vott um veikleika að menntamálaráðherra skyldi draga frumvarp sitt um Ríkisútvarpið til baka. Það bæri þvert á móti vott um styrk ef nú yrði leitað sátta um lausn sem allir gætu sætt sig við. Ef þannig yrði unnið í landstjórninni að leitað yrði leiða í breiðri samstöðu að gera samfélagið betra, að útrýma misrétti og ef sú hugsun yrði ofan á að vilja byggja samfélagið upp í fjölbreytni í stað einsleitni, þá erum við með. Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur sýnt að hún er óhrædd að taka slaginn á móti misrétti, stóriðjustefnu og náttúruspjöllum. En það höfum við líka sýnt í verki að alltaf má reiða sig á okkur þegar unnið er að jöfnuði og jafnrétti, náttúruvernd og fjölbreytni í atvinnulífi. Í þessum anda hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð starfað á því þingi sem nú er að ljúka og í þessum anda munum við starfa á komandi mánuðum og missirum. Það er þörf á nýrri hugsun, nýrri stefnu, nýrri pólitík við landstjórnina á Íslandi. Það er löngu kominn tími til að breyta. Vinstri hreyfingin – grænt framboð býður fram krafta sína. — Góðar stundir.

[20:26]

Landbúnaðarráðherra (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Já, við minnumst friðar í Evrópu fyrir 60 árum. Við eigum Winston Churchill margt að þakka. Hann sagði við þjóð sína fyrir 65 árum: Ég á eitt að gefa ykkur; blóð, svita og tár, að rísa gegn ofbeldismönnum og berjast fyrir friði.

Ég tók eftir því að hv. þm. Ögmundur Jónasson minntist aldrei í ræðu sinni á nafnið Stalín, sem var stórt á þessum tíma og olli miklum skaða í veröldinni. En það var þungur niður í þessari ræðu Ögmundar Jónassonar. Er allt svona svart og erfitt eins og hann lýsti?

Verkefni núverandi stjórnarflokka í tíu ár hafa verið sókn til bættra lífskjara. Eða gengur hér allt á afturfótunum hjá fólki og fyrirtækjum? Ég spyr. Stjórnarandstaðan fer oft offari í andstöðu sinni. Munið þið eftir einhverju sem þeir hafa stutt í stærstu framfaraverkefnum síðustu ára? Vinstri grænir eru gott fólk, vel að sér en berjast gegn hagfræði vestrænna þjóða. Hreint út sagt, þeir tala oft eins og álfar út úr hól. Ég held að þeir geri þetta að gamni sínu, þeir meina þetta ekki allt saman sem þeir eru að segja.

Í morgun bárust fréttir erlendis frá um að Alþjóðabankinn hefði sett Ísland í fyrsta sæti þjóða fyrir stöðugleika. Ísland er á toppi fimm sæta fyrir góð lífskjör.

Við framsóknarmenn komum inn í ríkisstjórn í kreppu

fyrir tíu árum, hétum í raun því einu að hjól atvinnulífsins færu á fulla ferð. Það er talið að Ísland sé eitt framsæknasta land í Evrópu í dag, mikill hagvöxtur og svo langt sem horft er til næstu ára er bjart yfir Íslandi. Þjóðarkakan í eldhúsi ríkisstjórnarinnar hefur á tíu árum vaxið úr 460 milljörðum í 970 milljarða. Kaupmáttur heimilanna hefur vaxið um 55%.

Þetta sjáum við auðvitað í framgangi fyrirtækjanna, byggingu íbúðarhúsanna, sumarhúsanna og ferðalögum Íslendinga. Þúsundir Íslendinga hafa flust heim erlendis frá á þessu tímabili vegna nýrra tækifæra og hærri launa. Atvinnuleysi hér er það minnsta í Evrópu og við höfum þurft á miklu erlendu vinnuafli að halda vegna þess að það er kraftur í atvinnulífinu.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, setur oft fram í skýru máli stöðuna. Hann sá glöggt að þróunin hér hefur gagnast þjóðinni. Hann sagði nú á dögunum í London, með leyfi forseta:

„Ísland hefur sýnt hvernig lítið ríki getur brugðist við hnattvæðingunni með skipulögðum og árangursríkum hætti hvað efnahagslífið varðar.“

Auðvitað er lýðveldistíminn allur sigurganga þjóðarinnar. Við þurfum ekki að deila um það að Ísland er land tækifæranna í dag. Það þýðir ekki að allt sé eins og það á að vera en hin sterka staða gefur okkur afl til að bæta lífskjör allra. Hugsið ykkur það, Íslendingar, að stjórnarandstaðan barðist með kjafti og klóm fyrir jólin gegn því að skattar yrðu lækkaðir á launafólki. Tekjuskattur og útsvar var komið upp í 45%–47% af launum og vegna þess að fyrirtækin ganga vel og skila miklu getur ríkið látið launamanninn hafa verulegar viðbótartekjur og farið með tekjuskatt í tæp 22% árið 2007, var hæstur 33%. Ætli skattalækkunin komi sér ekki best fyrir meðaltekju- og láglaunafólk? Barnafólk fær auknar barnabætur og kjör aldraðra og öryrkja hafa verið bætt og eru í sífelldri endurskoðun. Eignarskattur af íbúðum einstaklinga heyrir sögunni til. Miklar kjarabætur fyrir eldri borgara í skuldlausum húsum.

Sala ríkisfyrirtækja hefur sætt gagnrýni. Nú er það ljóst að vegna EES urðu stjórnvöld á Íslandi að selja ríkisfyrirtæki á samkeppnismarkaði. Ríkisbankarnir voru seldir og þá eiga núna þúsundir hluthafa. Miklar breytingar hafa orðið á peningamarkaði launafólki til góðs. Vextir hafa loksins lækkað, lánin á löngum tíma, starfsfólki fjölgar og mikil útrás bankakerfisins og fyrirtækjanna. KB-banki og Landsbanki Íslands ásamt Íslandsbanka hafa margfaldað verðgildi sitt. Nú er KB-banki sjöundi stærsti banki Norðurlanda. Stjórnarandstaðan reynir að gera þessi fyrirtæki tortryggileg þrátt fyrir uppgang þeirra.

Góðir landsmenn. Öllum uppgangi fylgja vaxtarverkir. Það ber talsvert á óbilgirni og græðgi í atvinnulífinu og í hinum stóru fyrirtækjum. Minnumst þess að ekkert hlutabréf er meira virði en góður starfsmaður sem helgað hefur fyrirtæki krafta sína. Því skal starfsmaðurinn virtur vel. Hógværð er mikilvæg. Margir athafnamenn síðustu aldar voru menn fólksins. Þeir vissu ekki eða varðaði ekki um hvort þeir voru ríkir eða fátækir, þeir voru að þjóna fólkinu í landinu eða byggðinni sinni, fyrirtækið og samfélagið var þeim allt. Þann eiginleika skulum við varðveita hér og taka upp á nýjan leik.

Landsbyggðin hefur á ný sótt fram. Víða um landið er kraftur, en vissulega þarf að taka málefni veikari byggðarlaga föstum tökum. Ég hef fundið það vel í íslenskum landbúnaði að menntun og rannsóknir skipta miklu. Landbúnaðarháskóli Íslands mun efla bændur og atvinnuveginn til sóknar. Kennsla í Hólaskóla hefur t.d. lagt grunn að hrossabúgörðum og hestamennsku sem atvinnuvegi. Það eru að verða straumhvörf hvað þróun sveitanna varðar. Nýjar búgreinar eflast af krafti. Landið er eftirsótt og bóndinn vinnur starf sitt í sátt við land og þjóð. Bændur horfa nú eins og flestir aðrir bjartari augum fram á veginn.

Ég er sannfærður um að ekkert er landsbyggðinni jafnmikilvægt til sóknar og menntun í heimabyggð. Háskólastigið þarf að vera til staðar í öllum héruðum landsins. Það á ekki að vera bara eitt þekkingarþorp í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Ísland á að byggjast upp sem þekkingarsamfélag því í gegnum slíkt skóla- og rannsóknarsamfélag liggja tækifæri morgundagsins.

Góðir Íslendingar. Undanfarin missiri hefur Framsóknarflokkurinn og forusta hans legið undir meiri gagnrýni en oft áður, ég vil segja árásum í blaðaskrifum og í þinginu. Allir þurfa gagnrýni og aðhald. Þess þurfum við líka. Við erum auðvitað mannleg og gerum okkar mistök. Nú finnst mér aðalvopn andstæðinganna vera undirferli, sögusagnir og hálfsannleikur, búa til ljóta mynd af annars ágætu fólki. Hinn nýi stíll í pólitískri umræðu er sá að kasta fýlubombu í andlit andstæðingsins og sverta hann persónulega. Þetta er ljótur stíll í pólitík. Framsóknarmenn hafa orðið fyrir árásum slíkra manna áður. Gerð var smánarleg atlaga að Ólafi heitnum Jóhannessyni fyrir 30 árum. Sú atlaga bar vott um ódrenglyndi og hitti þá fyrir sem að henni stóðu. Framsóknarflokkurinn hefur staðið í eldlínu stjórnmálanna allt frá stofnun. Hann hefur hvorki skipt um nafn eða kennitölu. Framsóknarflokkurinn á sér skýra framtíðarsýn. Hann er félagshyggjuflokkur. Grundvöllur samhjálpar er öflugt atvinnulíf sem skilar arði. Í kreppu er gengið á öll útgjöld ríkisins til samhjálpar. Á 10 árum hafa framlög til heilbrigðismála aukist úr 46 milljörðum í 123 milljarða. Þar hefur ekki verið niðurskurði fyrir að fara.

Ég vil því að lokum biðja landsmenn að ræða næstu daga í eldhúsi sínu þann uppgang og þau mörgu tækifæri sem nú blasa við unga fólkinu og íslenskri þjóð. Ég heiti einnig á ykkur og spyr í einlægni hvort þið teljið virkilega að þeir sem harðast knýja á dyrnar og krefjast valda sé betur treystandi en Framsóknarflokknum til að skila íslenskri þjóð fram á veginn.

Góðir Íslendingar. Fjalladrottning móðir mín, mér svo kær og hjartabundin. Nú klæðist landið okkar grænum skrúða. Sólin skín úti og inni. Njótið þess að ferðast og eiga frí með ástvinum ykkar um landið okkar. — Góðar stundir.

[20:36]

Sigurjón Þórðarson:

Gott kvöld, góðir landsmenn. Ríkisstjórnin sem nú situr að völdum hefur setið í tíu ár og ekki kom á óvart að hún hélt veislu sjálfri sér til dýrðar.

Á síðastliðnum tíu árum hefur margt breyst, sumt til batnaðar og annað til hins verra. Það hefur verið siður ríkisstjórnarinnar að þakka sér allar framfarir í þjóðfélaginu síð-

astliðinn áratug en kenna utanaðkomandi um allt sem miður fer. Hinum ólíklegustu aðilum hefur verið kennt um, m.a. Seðlabankanum um gengisþróun og fjölmiðlum um slæmar fréttir.

Þessi einfaldi og barnalegi veruleiki sem ríkisstjórnin hefur dregið upp stenst ekki nánari skoðun. Margt af því sem hefur áunnist er vegna tæknibreytinga og alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist, svo sem samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem hefur haft víðtæk áhrif um allt samfélagið.

Öll merki eru um að ríkisstjórnin sé mikill dragbítur á framförum í landinu og þá sérstaklega lýðræðislegri gagnrýninni umræðu. Þetta sást berlega í fjölmiðlamálinu, ráðningu á fréttastjóra RÚV og frumvarpi um Ríkisútvarpið. Ríkisstjórnarflokkarnir voru gerðir afturreka með öll þessi mál enda gerðu þeir sig seka um að hafa bein áhrif á umfjöllun fjölmiðla.

Eitt meginviðfangsefni allra stjórnmálaflokka sem kenna sig við lýðræði væri að opna bókhald sitt en það tíðkast í öllum þroskuðum lýðræðisríkjum. Bókhald okkar í Frjálslynda flokknum hefur frá upphafi verið opið og höfum við haldið uppi harðri gagnrýni á það hvernig þrír stærstu stjórnmálaflokkar landsins hafa pukrast með fjármál sín. Framsóknarflokkurinn hefur reynt að drepa umræðunni á dreif með því að láta í það skína að málið snúist um persónuleg fjármál þingmanna en það er af og frá. Umræðan snýst um það m.a. hver greiddi rándýra kosningabaráttu Framsóknarflokksins sem hlaut markaðsverðlaun.

Var það S-hópur Framsóknarflokksins sem tengist forsætisráðherra með beinum hætti? Vel að merkja, umræddur S-hópur fékk að kaupa Búnaðarbankann með árs greiðslufresti og milljóna dollara afslætti. Þetta er beint úr skýrslu Ríkisendurskoðunar en ekki nein fylubomba landbúnaðarráðherra. Það eru margar fleiri ráðstafanir einkavæðingarnefndar sem nauðsynlegt er að rannsaka og mun Frjálslyndi flokkurinn láta verða sitt fyrsta verk þegar hann kemst til áhrifa að rannsaka til hlítar störf nefndarinnar.

Framsóknar- og Sjálfstæðisflokkur virðast eiga harma að hefna gagnvart Samkeppnisstofnun en til stendur að leggja stofnunina niður. Svo virðist sem hún hafi höggvið of nærri stjórnarflokkunum þegar hún hóf rannsókn á olíusamráðssvindli olíufélaganna en alkunna er að Shell hefur verið nátengt Sjálfstæðisflokknum og Olíufélagið Framsóknarflokknum. Að vísu verður búin til ný stofnun með veikari samkeppnislög og sérstaka pólitískt skipaða stjórn. Að öllum líkindum er tilgangurinn að koma í veg fyrir að rannsakað verði of nálægt hreiðrum Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins.

Frjálslyndi flokkurinn hefur ítrekað gagnrýnt aukinn ójöfnuð í þjóðfélaginu á sama tíma og hið opinbera blæs út.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest að hlutur hins opinbera af þjóðarkökunni hafi vaxið stöðugt og fer nú helmingur hennar í hið opinbera. Þetta er athyglisverð staðreynd í ljósi þess að ójöfnuður í samfélaginu hefur vaxið og sömuleiðis hefur skattbyrðin vaxið á kostnað lægri launa. Sjálfstæðisflokkurinn hefur með útgjaldafíkn sinni þanið út báknið á kostnað þeirra sem hafa lægri laun og létt af þeim efnameiri sem eru ofan á í samfélaginu.

Á dögunum beindi ég fyrirspurn til fjármálaráðuneytisins um hvernig ójöfnuðurinn í þjóðfélaginu mundi aukast þegar skattstefna ríkisstjórnarinnar yrði að fullu komin til framkvæmda. Ætla mætti að reiknimaskínur ráðuneytisins réðu við dæmið en þær reikna hagvöxt mörg ár og áratugi fram í tímann. Nei, skyndilega stöðvuðust allar reiknimaskínur ráðuneytisins og engin svör fást frá fjármálaráðuneytinu. Það finnst mér með ólíkindum og sýnir að þetta er viðkvæmur blettur sem stjórnarflokkarnir vilja leyna.

Allir landsmenn ættu að sjá að víða er breytinga þörf. Það þarf að breyta starfsháttum á Alþingi. Þinginu verður að öllum líkindum slitið á morgun og kemur ekki saman aftur fyrr en eftir tæpa fimm mánuði, þ.e. 1. október næstkomandi. Allir ættu að sjá að það er ekkert vit í þessum vinnubrögðum enda er verið að setja hér lög og reglur fyrir þjóðfélagið á handahlaupum. Þingmaður stjórnarliðsins hefur látið hafa eftir sér að hann hafi verið á sífelldum hlaupum í nefndarstarfi þingsins þar sem hann hafi verið á mörgum fundum samtímis. Ég veit ekki hverju slík störf skila. Sömuleiðis hefur þinginu verið stjórnað af miklu offorsi af þingforseta eins og alþjóð veit. Virðulegur forseti hefur meinað þeim sem hér stendur í ræðustól að spyrja spurninga sem varða málefni sem fólkið í landinu fýsir mjög að fá upplýsingar um, svo sem um það hve margir flokksgæðingar hafa verið bundnir á sendiherrabásinn í hesthúsi utanríkisþjónustunnar sem fer sístækkandi, og jafnframt undir hvaða flokka gæðingarnir heyra.

Auðvitað er gríðarlegur vöxtur utanríkisþjónustunnar feimnismál fyrir stjórnvöld enda hafa fjárframlög til utanríkisþjónustunnar vaxið verulega. Nú er varið til hennar 2.300 millj. kr. meira árlega á föstu verðlagi en á árinu 1998 og sendiherrum hefur fjölgað um tugi. Nú í vor þóttist forsætisráðherra ætla að taka á því siðleysi að fyrrum ráðherrar gömlu stjórnmálaflokkanna þiggi eftirlaun þrátt fyrir að vera á afar góðum launum sem sendiherrar. Þetta siðleysi viðgengst enn og mun eflaust verða þar til núverandi forsætisráðherra fer frá. Þessi gæska við gæðinga ríkisstjórnarinnar er sérstaklega áhugaverð fyrir þær stéttir sem hafa verið sakaðar um að setja þjóðfélagið á annan endann, svo sem kennara landsins, ef farið yrði að kröfum þeirra.

Starfsháttum Alþingis verður ekki breytt af núverandi stjórnarflokkum, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokki, og þess vegna þarf m.a. að koma þessum flokkum frá völdum. Einhverjir hafa eflaust bundið vonir við hina ungu þingmenn stjórnarflokkanna en þeir hafa sannað með verkum sínum að löng og ströng tamning hefur gert þá að viljalausum burðarklárum.

Það þarf að breyta viðhorfum stjórnvalda til umhverfismála. Það er deginum ljósara.

Fyrstu ræðu mína á þessu þingi hóf ég á því að óska nýjum umhverfisráðherra velfarnaðar og lýsa yfir í einlægni að ég vænti þess að hún skilaði góðu starfi. Ég hef því miður orðið fyrir miklum vonbrigðum með störf hennar. Það er eins og umhverfisráðherrann telji það miklu fremur hlutverk sitt að draga taum annarra ráðherra en umhverfisins. Þetta kom berlega í ljós þegar ráðherra lýsti því yfir að henni litist afskaplega vel á að dísilolía, sem er umhverfisvænni en bensín, yrði dýrari en bensín og taldi það samt sem áður mikla hvatningu fyrir bíleigendur að skipta yfir á dísilbíl. Þetta skilur enginn.

Í fyrradag hélt ráðherrann áfram á sömu braut og skammaði eina af höfuðstofnunum sínum fyrir að standa vörð um umhverfið og gefa faglega umsögn um arfavitlaust frumvarp hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur, til vatnalaga. Umhverfismál eiga betur skilið en þetta. Ég tel að flestir geti verið sammála um það.

Eitt helsta baráttumál Frjálslynda flokksins er og verður breytt fiskveiðistjórn. Það er ekki eingöngu vegna þess að við höfum áhuga á útveginum. Nei, miklu frekar vegna þess að um er að ræða stærsta byggðamálið og er að auki réttlætismál.

Að lokum í kvöld vil ég nota tækifærið og þakka hinum stjórnarandstöðuflokkunum, Samfylkingunni og Vinstri grænum, fyrir mjög gott samstarf á liðnum vetri og vonast ég til að áframhald megi verða á en eingöngu með þeim hætti losnum við við þessa gamaldags kvótaflokka til sjávar og sveita.

[20:45]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Það eru þreyttir og lúnir ráðherrar sem við horfum á hér í dag. Það dylst engum. Ríkisstjórnin er afundin og úrill. Flokkarnir reka sífellt hornin hvor í annan og ekkert eimir eftir af jákvæðu yfirbragði sambúðaráranna en hún hangir saman á valdinu, ríkisstjórnin, eins og drukknandi maður á bjarghring. Neistinn sem einkenndi fyrsta ráðuneyti Davíðs Oddssonar er löngu slokknaður. Þá fóru jafnaðarmenn fyrir breytingum á efnahags- og viðskiptalífi og EES-samningnum sem skilaði okkur nútímalegu viðskiptaumhverfi, ómetanlegum möguleikum og stöðugleika. Ný tækifæri og áður óþekkt starfsskilyrði voru leyst úr læðingi og atvinnulífið fékk kraftmikla vítamínsprautu. Frelsi til athafna hér heima leiddi síðan til útrásar og fyrirtækjareksturs í mörgum löndum Evrópu.

Búið er að kasta fyrir róða því víðtæka samráði við verkalýðshreyfinguna sem fól í sér þjóðarsáttarsamningana árið 1990 og kjarasamningana á 10. áratugnum sem höfðu að markmiði að viðhalda stöðugleika. Þá samdi verkalýðshreyfingin um hagstjórnina, um aðgerðir í velferðarmálum og opinberar framkvæmdir til að halda uppi atvinnustiginu þó að það kostaði fórnir og hægt vaxandi kaupmátt. Þessi stefna skilaði árangri og stór þáttur verkalýðshreyfingarinnar gleymist of oft. Þessar aðgerðir og uppsveifla á heimsmarkaði eftir 1995 gáfu ágætan hagvöxt og hóflega vaxandi kaupmátt vinnandi fólks. Upp frá þeim tíma hófst ójöfnuður í tekjuskiptingu eins og sjá má í upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu um ráðstöfunartekjur fjölskyldna. Það voru ekki síst lífeyrisþegarnir, eldri borgarar, öryrkjar og atvinnulaust fólk sem sat eftir í góðærinu.

Þegar ríkisstjórnin náði að endurnýja umboð sitt árið 1999 var samráð við verkalýðshreyfinguna að mestu aflagt. Nú er ágreiningur um kjarastefnuna, ágreiningur um skattamálin og ágreiningur um velferðarmálin.

Ný tegund samfélags hefur þróast hér á Íslandi með yfirstétt sem einkennist af ofurlaunum og yfirlæti. Á sama tíma búa 4.500 börn í fjölskyldum sem þurfa að leita sér aðstoðar. Um 10 þús. aldraðir eru með tekjur undir 110 þús. kr. á mánuði. Fátækt hefur verið að festast í sessi meðal ákveðinna hópa í allsnægtaþjóðfélagi okkar. Á því ber þessi ríkisstjórn ábyrgð. Skattbyrðin jókst. Skatttekjurnar fóru í fyrsta sinn í 40% af landsframleiðslunni og skattahækkun varð ein sú mesta sem mæld varð hjá Efnahags- og framfarastofnuninni á árunum 1995–2002. Skattaprósentan var lækkuð, það er alveg rétt, það var kosningaloforð Sjálfstæðisflokksins, en skattleysismörkin sömuleiðis. Þess vegna jókst skattbyrðin mest hjá láglauna- og millitekjufólki meðan hátekjufólkið naut góðs af breytingunum. Davíð Oddsson var skattakóngur Íslands fyrr og síðar.

Á sama tíma hafa sveitarfélögin tekið að sér þýðingarmikil verkefni án viðunandi tekjustofna. Þau sitja eftir með sárt ennið. Landsbyggðin dregst aftur úr í tekjum og atvinnuháttabreytingum. Þetta hefur mikil áhrif á lífsgæði og möguleika fólks sem býr úti á landi. Engin breyting er í sjónmáli þó að Framsóknarflokkurinn hafi yfirtekið forsætisráðuneytið. Ríkisstjórnin virðist vanhæf um að skjóta stoðum undir fjölbreytta atvinnustefnu í landinu því að hún er orðin föst í viðjum virkjana og stóriðjustefnu.

Hefur ríkisstjórnin ástæðu til að hreykja sér af tíu ára stjórnartíð sinni? Það er stór spurning. Nei, hún er orðin sjálfri sér sundurþykk og í hverju málinu á fætur öðru hafa forustumennirnir tungur tvær og tala sitt með hvorri. Þessi ríkisstjórn er ólýðræðisleg, ráðrík og hefur misfarið með vald. Ég nefni Íraksmálið, eftirlaunamálið, fjölmiðlamálið, kvótadóma, öryrkjadóminn, já og Mannréttindaskrifstofuna og Samkeppnisstofnunina. Skilaboðin eru öll á einn veg; það erum við sem förum með völdin. Þeir hafa völdin. Þeir ráða.

Meðan ríkisstjórnin hefur hugsað um það eitt að tryggja valdastöðu sína hefur jafnaðarmönnum vaxið ásmegin. Eftir að jafnaðarmenn sameinuðust í einum flokki hefur orðið til breiðfylking fólks með nýja sýn á samfélagið og stjórnmálin. Samfylkingin nær til fólks sem hrífst af hugsjón jafnaðarstefnunnar og skynjar að hér hefur orðið til nýtt stjórnmálaafl sem á erindi við samtíð sína. Hún nær til fólks sem vill öðruvísi stjórnarhætti og alvörulýðræði sem stuðlar að réttlátara samfélagi í stað valdstjórnar og misskiptingar.

Góðir landsmenn. Það eru tvö ár til kosninga. Á komandi missirum mun Samfylkingin eflast enn og verða sterkur boðberi um breytingar. Hún þarf á stuðningi ykkar að halda til að verða það framsækna afl sem nær inn í Stjórnarráðið. Það mun koma í hlut jafnaðarmanna að leita á ný eftir víðtækri sátt um hagstjórn, skapa forsendur fyrir fjölbreyttu atvinnulífi um allt land og beita sér fyrir öflugu samráði eins og annars staðar á Norðurlöndunum. Það verður hlutverk Samfylkingarinnar að styðja ungt fólk til dáða og nýta tækifærin sem felast í mannauði og frumkvæði, aflið sem leysir úr læðingi sköpunarkraft og áræði með íslenskri þjóð.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

[20:52]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Í lýðræðislegu samfélagi skiptum við okkur í stjórnmálaflokka. Við skiptum okkur í stjórnmálaflokka m.a. með tilliti til skattamála. Þegar við horfum til starfa þessa vetrar hljótum við að vera

sammála um það að þar rísa hæst þær ákvarðanir sem teknar voru um skattalækkanir. Þau verk eru meðal þess ánægjulegasta sem ég hef tekið þátt í. Hér er um hápólitískt mál að ræða, skattalækkanir eru það sem við sjálfstæðismenn höfum gert að stefnu okkar. Þegar sterk forusta Sjálfstæðisflokksins hefur leitt til þess að efnahagsmál og ríkisfjármál eru með þeim hætti sem nú er er lag til að lækka skatta.

Við höfum stækkað þjóðarkökuna svo að svigrúm var til að ráðast í það verk. Tekjuskattur og erfðafjárskattur lækkaður, sérstakur tekjuskattur og eignarskattur aflagður, jaðarskattar þar með stórlækkaðir. Hækkun barnabóta, hækkun persónuafsláttar og skattleysismarka. Nefnd stjórnarflokka vinnur að lækkun matarskatts.

Góðir Íslendingar. Hvaða afleiðingar hafa þessar ákvarðanir fyrir íbúa landsins? Að meðaltali 4,5% hækkun ráðstöfunartekna allra heimila í landinu, reyndar mun meiri hækkun hjá barnafólki og fólki með lágar eða millitekjur, allt upp í 12% hækkun ráðstöfunartekna. Hér er einnig um mikinn ávinning að ræða hjá eldra fólki sem bar þungann af öllum eignarskattinum. Nú er eignarskatturinn endanlega lagður af og kemur vonandi aldrei aftur.

Hér er enn fremur um mikinn ávinning að ræða hjá námsmönnum. Endurgreiðsluhlutfall námslána frá LÍN var lækkað um 1% sem hefur mikil áhrif á hag námsmanna. Allt eru þetta heildstæðar aðgerðir til að bæta hag almennings í landinu. Þetta er hægt að gera án þess að gengið sé á þjónustu velferðarþjóðfélags okkar.

Takið eftir: Hrakspár stjórnarandstöðunnar hafa ekki gengið eftir, hrakspár um að ríkissjóður og efnahagslífið þyldu ekki þessar ráðstafanir, þvert á móti.

Að undanförnu hefur verið unnið að verkefni um eflingu sveitarstjórnarstigsins sem felur í sér verkefnaflutning til sveitarfélaga, sameiningu sveitarfélaga og skoðun á tekjum þeirra. Tekjustofnanefnd skilaði af sér tillögum sem samþykktar hafa verið hjá ríkisstjórn og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögurnar gera ráð fyrir 9,5 milljarða ávinningi fyrir sveitarfélögin í landinu á næstu þremur árum og 1,5 milljarða varanlegum ávinningi. Var í tillögunum sérstaklega litið til þeirra sveitarfélaga sem veik standa. Hér er um mikilvægt mál að ræða og mun hafa grundvallarþýðingu fyrir sveitarstjórnarstigið í landinu.

Þegar horft er að öðru leyti til byggðamála má segja að flestar þær ákvarðanir sem teknar eru af landstjórninni hafi áhrif á landsbyggðina. Svoleiðis á það líka að vera. Við sjáum stórstígar breytingar í samfélaginu á Austurlandi í kjölfar ákvarðana og framkvæmda við virkjun og stóriðju á Austurlandi, ekki einungis við framkvæmdir tengdar virkjun eða stóriðju, heldur einnig framkvæmdir og uppbyggingu í skólakerfinu, heilsugæslunni, samgöngum og ótal fleiru. Því hljótum við öll að fagna, hver svo sem afstaða okkar er að öðru leyti til framkvæmda af þessu tagi.

Á þessu ári verða tekin í notkun jarðgöng á Austurlandi sem gera Miðausturland að sterku atvinnusvæði. Fáskrúðsfjarðargöng munu eiga eftir að hafa grundvallarþýðingu í byggðaþróun á Austurlandi. Jarðgöng í gegnum Almannaskarð er mikið framfaraspor í samgöngumálum okkar Íslendinga. Erfiður farartálmi er horfinn af hringveginum og einnig er ljóst að af umhverfisástæðum hefði aldrei náðst sátt um að fara aðra leið.

Næst verður ráðist í Héðinsfjarðargöng sem boðin verða út í haust. Þau göng hafa verið dregin inn í umræðuna að undanförnu með undarlegum hætti. Héðinsfjarðargöngum er ætlað að styrkja byggð við utanverðan Eyjafjörð. Einungis tíu mínútna akstur verður á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Göngin munu hafa þá grundvallarþýðingu að atvinnusvæði verður sameinað. Þjónusta ýmiss konar sem rekin er á báðum stöðum mun verða sameinuð og þar með efld. Sparnaður verður í fjárfestingum, t.d. í skóla- og íþróttamannvirkjum. Það er auðvelt í pólitísku dægurþrasi að gera eina framkvæmd að skotspæni, og íbúa þeirra svæða sem fjærst liggja höfuðborginni en það er langt frá því að vera stórmannlegt.

Athafnasamir sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi hafa unnið að hugmyndum um Vaðlaheiðargöng. Ekki munu líða mörg ár þangað til við sjáum til upphafs framkvæmda þar. Ýmis verkefni bíða einnig á Vestfjörðum og á Austfjörðum.

Ég fjölyrði hér um jarðgangaframkvæmdir sökum þess að slíkar framkvæmdir hafa grundvallarþýðingu fyrir þær byggðir sem næst liggja en ekki síður fyrir samgöngukerfið í landinu í heild.

Góðir Íslendingar. Framfarir fylgja framkvæmdum. Við Íslendingar hljótum alltaf að vera á verði um það hvernig við eigum að nýta auðlindir okkar. Það liggur fyrir að á Norðurlandi eru miklar orkuauðlindir sem á næstu árum verða teknar ákvarðanir um hvernig eigi að nýta. Það þýðir að það er eins gott að á Alþingi verði stjórnarmeirihluti sem getur tekið ákvarðanir í því efni. Stjórnarandstaðan hér á þingi, vinstri vængurinn, stjórnarandstaða jafnsundurþykk sjálfri sér og raun ber vitni, er ekki það afl sem gæti staðið hér í framfaramálum af því tagi. Hagur fjölskyldna og fyrirtækja hefur verið bestur þegar Sjálfstæðisflokkurinn hefur staðið í stafni. Svo verður áfram.

Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

[20:58]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn.

Sjónvarpsútsendingar og fréttaflutningur beina sjónum okkar að ákveðnum atburðum og svæðum. Fréttamatið er háð spennu og auglýsingagildi og oft skortir úthald og viðveru fréttamanna til að fylgja atburðum eftir. Dæmi um það er fréttaflutningur af ástandinu í Palestínu. Fréttir af daglegu lífi venjulegs fólks á herteknum svæðum Palestínu og Sýrlands ná ekki eyrum fjölmiðlanna. Fréttir af fólki sem reynir að komast af við aðstæður sem helst minna á þrjár fordæmdar aðgerðir, þ.e. gettóin á tímum nasista í Þýskalandi, aðskilnaðarstefnu Suður-Afríku og Berlínarmúrinn, aðstæður sem hindra eðlilegar samgöngur og samskipti fólks, hindra tækifæri til atvinnu og atvinnusköpunar, nær útiloka nýbyggingar og möguleika ungs fólks til að búa út af fyrir sig, aðstæður sem stuðla að því að brjóta niður andlegt og líkamlegt þrek heillar þjóðar.

Svæðið fyrir botni Miðjarðarhafsins er púðurtunna sem hlýtur að springa ef alþjóðasamfélagið fer ekki að grípa ákveðnar inn í gang mála m.a. með friðargæsluliðum, banni við landnemabyggðum á herteknum svæðum Ísraela og

niðurrifi aðskilnaðarmúrsins, eins og þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ítrekað lagt til á hv. Alþingi.

Um páskana fórum við nokkrir þingmenn í kynnisferð á eigin vegum til Palestínu og Ísrael. Í framhaldi af þeirri för og eftir að hafa séð með eigin augum hvernig skipulagðar hindranir á herteknum svæðum valda palestínsku þjóðinni erfiðleikum við að sækja heilbrigðisþjónustu þá lögðum við fram þingsályktunartillögu um stuðning íslenska ríkisins í formi færanlegrar sjúkrastöðvar. Tillagan hefur ekki verið tekin inn á dagskrá þingsins en vonandi fær hún góðan stuðning við gerð næstu fjárlaga.

Góðir hlustendur. Ríkisstjórnin hélt í vor upp á tíu ára stjórnartíð Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Á þessum eina áratug hafa ríkisstjórnarflokkarnir unnið markvisst að því að gjörbreyta allri þjóðfélagsgerðinni. Markaðshyggja og stóriðjustefna hefur ráðið för og er nú svo komið að verið er að rugga samfélagslegum undirstöðum velferðarkerfisins með sama hætti og öðrum opinberum rekstri. Smátt og smátt er skútunni ruggað út í einkarekstur og markaðsvæðingu. Ríkisstjórnin hreykir sér af góðæri og miklum hagvexti. Það rétta er að margir hafa efnast ótrúlega á þessum áratug en þeir eru fleiri sem þurfa að berjast við að ná endum saman.

Kjör atvinnulausra, aldraðra og öryrkja eru dökkur blettur á íslensku velferðarkerfi sem ríkisstjórnin skirrist við að taka á. Það verður að stokka verulega upp í almannatryggingakerfinu með tilliti til samtengingar við félagsþjónustu og atvinnuþátttöku svo komast megi hjá því að fólk festist í fátæktargildru til langs tíma. Starfsendurhæfingu þarf að stórefla hjá öryrkjum og atvinnulausum. Þetta er úrræði sem er vannýtt eins og margoft hefur verið bent á.

Góðir hlustendur. Forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum birtist í hverju málinu á fætur öðru. Landbúnaðarráðherra telur framtíð íslenskra bænda liggja m.a. í stórfelldri ræktun á erfðabreyttu byggi. Engir fyrirvarar eru settir af hans hálfu, eingöngu fullur stuðningur við nýja tækni og utanhússræktun erfðabreytts byggs samhliða hefðbundnum landbúnaði. Þarna verður að fara að með gát. Offors og óvarkárni í minkaræktinni á sínum tíma mætti verða okkur umhugsunarefni og víti til varnaðar.

Stóriðjustefnan er ríkisstjórninni enn sem trúarbrögð. Þau trúarbrögð ógna Þjórsárverum og Langasjó, jökulsánum í Skagafirði og jafnvel Skjálfandafljóti með gersemunum Aldeyjarfossi og Goðafossi. Hvar ætla þessir menn að staldra við?

Komið hefur í ljós að mesta mannvirki Íslandssögunnar, Kárahnjúkavirkjun, er reist á virku jarðhita- og sprungusvæði. Svo mikill var ákafinn við að koma framkvæmdunum af stað að ekki gafst nægilegur tími til að rannsaka ábendingar um óstöðuga jarðskorpu og því enn hæpnari forsendu fyrir uppistöðulóni á þessu svæði. Eftir miklar sprungufyllingar og endurhönnun Kárahnjúkastíflu er verkið nú aftur unnið samkvæmt áætlun.

Þegar gljúfrabúanum var ljóst að jarðhiti, sprungur og jarðsig kæmu ekki í veg fyrir byggingu Kárahnjúkastíflu þá uppfyllti hann fyrirheit Sigríðar í Brattholti, kastaði sér fyrir björg og hvarf í Jöklu.

Hæstv. forseti. Góðir hlustendur. Fyrir hönd þeirra fjölmörgu sem berjast við að ná endum saman frá degi til dags vona ég að ríkisstjórninni verði ekki langra lífdaga auðið og fái hið fyrsta að svara í almennum kosningum fyrir stuðning við ólögmætt innrásarstríð, fyrir hernaðinn gegn landinu og fyrir aðför að lífskjörum aldraðra, öryrkja og atvinnulausra.

Ég þakka sem hlýddu.

[21:04]

Siv Friðleifsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar.

Langstærstu málin sem farið hafa í gegnum þingið í vetur eru ein mikilvægustu kosningaloforð Framsóknarflokksins, en það eru skattalækkanir og hækkanir barnabóta til að styrkja stöðu barnafjölskyldna. Ríkisstjórnarflokkarnir telja eðlilegt að fólkið í landinu hafi aukið svigrúm til að ráðstafa sjálft í hvað það vill setja peningana sem það fær fyrir vinnuna sína á sama tíma og við viljum verja velferðarkerfið. Stjórnarandstaðan hefur tortryggt skattalækkanirnar og verið meira eða minna á móti þeim. Svigrúm til að lækka skattana og styrkja fjölskyldurnar skapaðist vegna kjarks og þrautseigju ríkisstjórnarflokkanna m.a. við að koma á nýju stóriðjuverkefni og vegna þess að ríkishömlum var aflétt af atvinnulífinu m.a. í bankakerfinu. Þetta eru mál sem vinstri flokkarnir hafa meira eða minna verið á móti.

Ein af forsendum nýrrar stóriðju var íslenska ákvæðið í Kyoto-bókuninni, ákvæði sem tryggir svigrúm svo við getum framleitt vistvæna orku til stórra verkefna. Þessu sjálfsagða ákvæði voru vinstri flokkarnir, Samfylkingin og Vinstri grænir, alfarið á móti. Formaður Samfylkingarinnar sagði m.a. að ákvæðið yrði hlegið út af borðinu í alþjóðasamfélaginu. Varaformaður Samfylkingarinnar sagðist styðja stóriðjuverkefnið með hnút í maganum, eins og það var orðað þá, enda var Samfylkingin sundruð í því máli. Þetta var kjarkurinn á Samfylkingarbænum. Vinstri grænir voru auðvitað alfarið á móti, gallharðir í því eins og í flestu öðru.

Af hverju er þetta rifjað upp hér? Jú, þessi saga segir okkur að það skiptir máli hverjir stjórna. Það skiptir máli að stjórnmálaflokkarnir hafi kjark og þrautseigju. Þann kjark og þrautseigju hafa ríkisstjórnarflokkarnir sýnt. Þeir sjá hlutina í góðum fókus. Við sjáum ekki allt í svörtu eins og stjórnarandstaðan.

Þrátt fyrir að vel gangi í íslensku samfélagi um þessar mundir eru margar áskoranir framundan. Margar þeirra eru á sviði heilbrigðismála og jafnréttismála. Heilbrigðisþjónustan á Íslandi er afar góð sama á hvaða mælikvarða litið er. Framsóknarflokkurinn hefur stýrt þeim málaflokki um langt skeið og getur verið stoltur af. Nýjar áskoranir eru m.a. þessar: Hvernig ætlum við t.d. að byggja upp nýtt hátæknisjúkrahús á Íslandi, eina stærstu framkvæmd sem ráðist verður í á næstunni, verkefni sem kostar 36 milljarða og mun hafa geysilega mikil áhrif á framþróun og gæði í heilbrigðismálum þjóðarinnar? Hvernig á að takast á við offituvandann sem líkja má við faraldur í hinum vestræna heimi? Hvernig komum við á skynsamlegri matarvenjum og aukinni hreyfingu og líkamsrækt hjá þegnunum? Hvernig ætlum við að stemma stigu við þá stórfjölgun öryrkja sem orðið hefur á síðustu árum? Svörin við öllum þessum spurn-

ingum eru flókin og vandasöm. Hæstv. heilbrigðisráðherra hefur boðað að hann muni vinna í þessum verkefnum á næstunni og til þess mun hann hljóta góðan stuðning okkar þingmanna.

Í vetur höfum við rætt um jafnréttismál bæði í þinginu og í þjóðfélaginu. Í Gallup könnun sem gerð var fyrir nokkru kom fram að milli 80–90% aðspurðra töldu stöðu karla vera betri en stöðu kvenna í samfélaginu. Margt hefur þó verið vel gert, svo sem að koma á fæðingarorlofi feðra, en því var komið á undir forustu fyrrum félagsmálaráðherra og jafnréttisráðherra, Páls Péturssonar. Launamunur kynjanna er enn hrópandi konum í óhag. Við verðum að taka á honum með öllum tiltækum ráðum. Við eigum að sýna konum það réttlæti að borga þeim sömu laun og karlarnir fá fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Á næsta ári eru sveitarstjórnarkosningar og því stutt í að stjórnmálaflokkarnir raði upp á framboðslistana. Konur og karlar eiga að taka sameiginlegar ákvarðanir í stjórnmálum. Þar með aukast líkurnar á að ákvarðanirnar séu teknar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Í síðustu alþingiskosningum varð alvarlegt bakslag í hlut kvenna á Alþingi. Þeim fækkaði. Eigum við að horfa upp á fækkun kvenna í sveitarstjórnum eins og við horfðum upp á fækkun kvenna á Alþingi í síðustu alþingiskosningum? Nei, stjórnmálaflokkarnir verða að taka sér tak, ná konum til starfa, hleypa konunum að. Það þarf vilja innan stjórnmálaflokkanna til að efla konur og þar skipta auðvitað forustusætin langmestu máli.

Virðulegur forseti. Hér hefur stjórnarandstaðan notað mikinn tíma í að ráðast að stjórnarflokkunum og spila gömlu úreltu plötuna, gamla sönginn um að stjórnarflokkarnir séu að beita hinum svokallaða flokkspólitíska hæl á ýmsar stofnanir og þær hafa verið nefndar hér. Það er ekki hægt að sitja þegjandi undir þessu. Það er alrangt m.a. sem hér hefur komið fram um Samkeppnisstofnun að þar sé verið að beita einhverjum flokkspólitískum hæl. Hið rétta er — og það virðist vera sama hvað það er oft sagt — að það er verið að efla sjálfstæði Samkeppniseftirlitsins nýja. Það er verið efla sjálfstæði þess og auka samkeppniseftirlit. Störfin fara úr tíu upp í 17. Það verður 60 millj. kr. aukakostnaður. Hér er því verið að efla eftirlitið. Það kemur úr hörðustu átt að hlusta á formann Samfylkingarinnar, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, tala um þessi mál. Nú nýlega kom grein í Morgunblaðinu undir forskriftinni Valdníðsla eða eðlileg embættisfærsla. Þar er einmitt lýst því hvernig hv. þm. Össur Skarphéðinsson beitti valdníðslu þegar hann flutti veiðistjóraembættið norður til Akureyrar. (Gripið fram í.) Þeir sem hafa áhuga á því geta lesið það. (Gripið fram í.) Þá hringdi hann í veiðistjóraembættið og hótaði að færa það út á land, sem hann síðar gerði. (Gripið fram í.) Þetta kemur því úr hörðustu átt.

[21:11]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Gott kvöld, góðir Íslendingar.

Kjörtímabilið sem hófst eftir alþingiskosningarnar og haldnar voru fyrir réttum tveimur árum er nú hálfnað. Þetta hefur ekki verið neitt sældartímabil fyrir stjórnarflokkana. Báðir berjast þeir í bökkum en þó einkum og sér í lagi Framsóknarflokkurinn. Skoðanakannanir benda til að ríkisstjórnin sé nú óðum að tapa stuðningi meðal kjósenda og ekki er furða því fátt hefur orðið henni að gagni á undanförnum missirum. Mistökin eru einfaldlega of mörg. Ég gæti haldið langa ræðu um þau en í kvöld ætla ég að takmarka mig við byggðamál.

Það er skoðun okkar í Frjálslynda flokknum að land án byggðar sé miklu minna virði en land þar sem mannlíf fær þrifist í sátt við náttúruna í byggðum þar sem fólk er ánægt og því líður vel. Í slíkri sýn felst ekki nein rómantísk mynd draumórafólks. Ísland er gott land og fallegt land og það á að vera takmark okkar allra að sem flestum líði hér vel eins óháð búsetu og kostur er.

Að mati okkar í Frjálslynda flokknum er mikil þversögn fólgin í því að byggðirnar okkar skuli endalaust þurfa að heyja varnarbaráttu fyrir tilveru sinni á sama tíma og möguleikar á lausnum í samgöngum, fjarskiptum og til afþreyingar verða sífellt fjölbreyttari. Við sjáum sóknarfærin víða. En tekst okkur að nýta þau sem skyldi? Ferðamennskan lofar góðu. Landbúnaðurinn hefur gengið í gegnum ákveðna örðugleika og þar er þörf á nýjum hugsunarhætti. Sjávarútvegurinn hefur gengið í gegnum gríðarlegar breytingar með tilkomu hins svokallaða kvótakerfis fyrir rúmum 20 árum síðan. Árangursleysi þessa fiskveiðistjórnarkerfis er mikil vonbrigði fyrir okkur flest. Kvótakerfið hefur í raun verið gríðarstór tilraun þar sem menn hafa blandað saman kenningum í hagfræði og fiskifræði. Ekkert þjóðfélag í heiminum hefði gert slíka tilraun áður en við fórum að fikta við þetta. Ég held að engum eigi eftir að detta í hug að reyna að apa eftir það sem við höfum gert vitandi að okkur hefur mistekist í öllum aðalatriðum.

Kvótakerfistilraunin hefur ekki reynst nothæf til að viðhalda og treysta byggð í allflestum sjávarbyggðum landsins. Bátum og skipum sem áður sköpuðu grundvöll fyrir fjölbreytt atvinnulíf og þar með mannlíf á þessum stöðum hefur fækkað mjög. Sjávarútvegsfyrirtækjum hefur fækkað. Þau sem eftir eru hafa stækkað og skuldir þeirra eru í sögulegu hámarki. Fyrirtækjum sem sett voru á opinn markað fyrir um tíu árum hefur fækkað ört með skuldsettum yfirtökum fárra einstaklinga. Þar með hefur sjálfkrafa fallið á brott sú röksemd að þjóðinni allri væri kleift að eiga hlutdeild í hinni miklu auðlind sem er fiskstofnarnir við Ísland, með því einfaldlega að eiga hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtækjum. Alvarlegast er þó að við höfum ekki náð settum markmiðum í uppbyggingu okkar mikilvægasta og dýrmætasta nytjastofns sem er þorskurinn. Fyrstu niðurstöður nýjustu rannsókna Hafrannsóknastofnunar eru sláandi því þær benda til að á næstu árum bætist við margir lélegir þorskárgangar í veiðina. Þetta er ávísun á að kvótar verði áfram í sögulegu lágmarki. Hér er á ferðinni mjög alvarlegt vandamál. Það snýst að sjálfsögðu um miklu meira en fiskveiðar. Við erum að tala um lífsgrundvöll sjávarbyggðanna allt umhverfis landið og þar með byggð í landinu okkar.

Við í Frjálslynda flokknum höfum farið yfir stefnu okkar um fiskveiðistjórn sem við kynntum fyrst í kosningabaráttunni fyrir rúmlega tveimur árum. Við teljum að þegar breyttu veiðikerfi hefur verið komið á megi með byggða- og flotatengdri útfærslu koma við samkeppni á nýjan leik eins og áður var. Nýir og hæfir einstaklingar verða að fá að

komast að í greininni á jafnréttisgrundvelli. Þar gildir einu hvort um er að ræða veiðar, vinnslu eða rannsóknir. Það verður að breyta um áherslur, allar áherslur í fiskveiðistjórn hér við land, draga t.d. úr loðnuveiðum, endurskoða nýtingu þorskstofnsins auk annarra bolfiskstofna, einnig nýtingu fiskimiðanna á grunnslóð allt í kringum landið. Nýir menn verða að taka við af þeim sem ráða ferð í dag og eru orðnir allt of flæktir í eigin mistök, innbyrðis tengsl og hagsmunagæslu í kerfinu eins og það er uppbyggt og útfært í dag.

Fiskveiðistjórnin undanfarinn aldarfjórðung hefur verið í höndum ráðherra núverandi stjórnarflokka. Hún er röð mistaka og nú er fullreynt. Við, íslenska þjóðin, fólkið sem byggir þetta land, höfum ekki efni á nýjum aldarfjórðungi af mistökum sömu manna, sömu stjórnmálaflokka, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. — Góðar stundir og gleðilegt sumar.

[21:17]

Jón Gunnarsson:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Það hefur verið fróðlegt að sitja í þinginu í vetur og fylgjast með þeirri ríkisstjórn sem nú situr gefast smátt og smátt upp á að fylgja málum sínum eftir og einnig hve sannfæring þeirra sem málin hafa flutt er í mörgum tilfellum lítil fyrir nauðsyn þess að fá þau samþykkt. Það hefur einnig verið fróðlegt að kynnast því hversu mikið vald ráðherrar flokkanna hafa yfir ákvörðunum og atkvæðum flokkssystkina sinna í þingsalnum og í nefndum þingsins. Ætli þetta sé ekki aflið sem Arnbjörg Sveinsdóttir var að vitna til í ræðu sinni, að ráðherrar þyrftu að ráða? Ég hef vanist því að dæma menn af verkum sínum en ekki því sem þeir segjast hafa gert eða ætli að gera og staðreyndir um verk ríkisstjórnarinnar á þessu þingi tala sínu máli.

Það er óneitanlega mikil ferð á íslenska hagkerfinu nú um stundir og þykir reyndar mörgum nóg um þensluna sem ríkir og þær hættur sem henni fylgja. Mikil tímabundin þensla hefur í för með sér miklar ríkistekjur og gefur því slíkt ástand þeim sem með völdin fara kost á að gera betur við þá sem mest þurfa á því að halda, kjósi þeir að gera svo.

Við höfum heyrt stjórnarliða hér í þingsal guma af stöðugleika, ábyrgri efnahagsstjórn, styrkri stjórn ríkisfjármála og helst hefur maður beðið eftir því að þeir fari að þakka sér sumarið sem nú er að koma enn á ný. Það blasir þó við öllum sem vilja sjá að skattheimta ríkisins hefur aldrei verið meiri en nú og ef við skoðum hvaða fjármunum fjármálaráðherrann hefur úr að spila og hver hefur verið þróun tekna ríkisins kemur ýmislegt athyglisvert í ljós.

Gert er ráð fyrir því í fjárlögum þessa árs að tekjur ríkissjóðs verði tæpir 306 milljarðar kr. Svona stórar tölur segja manni kannski ekki mikið og því betra að setja þær í samhengi, eins og t.d. hverjar verða tekjur ríkisins á hverjum degi. Fjárlögin gera ráð fyrir að 838 millj. kr. renni í ríkiskassann á hverjum einasta degi, jafnt virkum dögum sem um helgar. Allt bendir einnig til að tekjurnar verði líklega yfir þessari áætlun og geti orðið nálægt þúsund millj. kr. á dag.

Peningaflæði til ríkisins hefur því vaxið jafnt og þétt með aukinni þenslu og tvöfaldast að raungildi á tíu árum. Þetta aukna svigrúm þýðir á verðlagi þessa árs að ríkissjóður hefur úr að spila rétt um 400 millj. kr. meira á hverjum degi en hann hafði fyrir tíu árum. Við þessar aðstæður hefði maður haldið að ásókn ríkisins í fjármuni skattborgaranna mundi minnka og leitað yrði leiða til þess að létta álögum af þeim sem helst þyrftu á því að halda. Samfylkingin barðist fyrir því að þannig yrði að farið við síðustu skattbreytingar hér í þinginu en mátti ekki við þeim einbeitta vilja stjórnarinnar að byrja á því að lækka skatta ofan frá, mest á þá sem mestar tekjur höfðu. Þessi aðferð stjórnarherranna segir allt sem segja þarf um forgangsröðun ríkisstjórnar Halldórs Ásgrímssonar.

Góðir landsmenn. Ríkisstjórnin hefur í raun farið þá leið að blekkja almenning í skattalækkunum sínum. Hún hefur lækkað álagningarprósentur en svikist um að viðhalda skattleysismörkunum sem hafa á undanförnum árum alls ekki fylgt þróun verðlags, hvað þá þróun launa. Ríkisstjórnin hefur passað upp á að auka skattheimtuna með því að láta skattleysismörkin rýrna að raungildi. Ef skattfrelsi hefði fylgt launavísitölu hefðu skattleysismörkin átt að vera um 113 þús. kr. á síðasta ári á mánuði en voru rúmar 74 þús. kr.

Eru þetta ekki nægjanlega skýr skilaboð frá ríkisstjórninni til launþega, að þrátt fyrir mikið góðæri og mikinn vöxt tekna ríkisins er það ákvörðun ríkisstjórnarinnar að launþegar skuli byrja að borga tekjuskatt við 74 þús. kr. tekjur? Var Guðni Ágústsson að fagna þessu sérstaklega í ræðu sinni áðan? Mér heyrðist það.

Góðir landsmenn. Við búum við þreytta ríkisstjórn. Við búum við hugmyndasnauða ríkisstjórn sem er föst í hjólförum fortíðar og er búin að gefast upp á því að búa í haginn fyrir framtíðina. Er þetta góð ríkisstjórn? Er þetta ríkisstjórn launamanna? Ég læt ykkur, áhorfendur góðir, um að svara þeirri spurningu.

Samvinna og samhjálp allra er alltaf nauðsynleg, jafnt í góðæri sem á erfiðum tímum. Það á líka við núna. — Góðar stundir.

[21:22]

Bjarni Benediktsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Undanfarinn rúman áratug hafa íslensk stjórnmál að verulegu leyti snúist um hvaða verkefni eigi að tilheyra ríkinu og hvaða verkefni séu þess eðlis að þau eigi betur heima hjá einkaaðilum. Stefna síðustu ríkisstjórna undir forustu Sjálfstæðisflokksins hefur í þessu efni verið skýr og orðum hafa fylgt athafnir. Síðan 1992 hefur ríkið selt eignarhluti sína í 34 félögum fyrir 55 milljarða. Þessum fjármunum hefur verið varið til að lækka skuldir ríkissjóðs og til framfaraverkefna innan lands. Ég geri ráð fyrir að þeir séu fáir sem telja að það fari betur á því í dag að ríkið væri eignar- eða rekstraraðili að prentsmiðju, skipafélagi, útgerðarfélagi eða banka, svo fáein dæmi séu tekin af starfsemi sem nú hefur verið falin einkaaðilum. Enn færri létu sér detta í hug að ríkið færi að hefja starfsemi af þessu tagi.

En hingað koma menn upp í kvöld og halda því blákalt fram að stjórnvöld hafi á umliðnum árum verið að hrifsa til sín völd sem þeim hafi ekki verið falin, taka til sín völd sem þau hafi ekki umboð fyrir og misfari síðan með. Þegar

betur er að gáð kemur í ljós að stjórnvöld hafa einmitt verið að gefa frá sér völd. Hvað eru mörg ár síðan það þótti sjálfsagt að fulltrúar stjórnmálaflokkanna ættu sæti í stjórnum ríkisbanka? Það eru örfá missiri síðan. Þetta er fráleit hugsun í dag. Staðreyndin er sú að á umliðnum árum, umliðnum áratug eða svo, hafa stjórnvöld verið að gefa frá sér völd sem hafa haft veruleg áhrif í þessu samhengi, sama hvað menn koma hingað upp og fara með um þau efni.

Stærsta einkavæðingarverkefni ríkisins hingað til er á lokastigi en það er sala Símans. Áætlað söluverðmæti Símans jafngildir samanlögðu söluverðmæti í öllum einkavæðingarverkefnum ríkisins hingað til. Það sýnir vel hve miklir hagsmunir eru í húfi fyrir ríkissjóð og almenning. Virðingarvert er að við framkvæmd einkavæðingarinnar sé lögð meginhersla á að ríkissjóður fái hæsta mögulega verð fyrir fyrirtækið, hins vegar er spurning hvort ákjósanlegra hefði verið ef almenningi hefði verið tryggður möguleiki á því að taka þátt í einkavæðingarferlinu með beinum hætti frá upphafi. Sala Símans mun losa um almannafé sem nýta má í þágu risavaxinna verkefna sem ekki verða kostuð af reglulegum tekjum ríkissjóðs. Dæmi um verkefni sem nefnd hafa verið til sögunnar og til álita koma í þessu samhengi eru verkefni á borð við lagningu Sundabrautar og nýs hátæknisjúkrahúss.

Góðir Íslendingar. Að lokinni sölu Símans má segja að ákveðin vatnaskil verði í því verkefni sem ráðist var í fyrir um einum og hálfum áratug, að draga úr umsvifum ríkisins í atvinnurekstri, draga úr umsvifum ríkisins í atvinnulífi Íslendinga. Með því er ekki sagt að nema skuli staðar því að víða er ástæða til að endurskoða þátttöku ríkisins í atvinnufyrirtækjum eða þjónustu þess við almenning. Það á til að mynda við á lánamarkaði fyrir íbúðarhúsnæði. Hins vegar er ljóst að eftir sölu Símans verður stærstu og mest aðkallandi einkavæðingarverkefnunum lokið. Þessar áherslur ásamt ábyrgri stefnu í ríkisfjármálum og samstilltu átaki á vinnumarkaði hafa skilað ótrúlegum árangri í efnahagslegu tilliti fyrir okkur Íslendinga, miklum hagvexti, lægri skattbyrði fyrir einstaklinga og fyrirtæki, auknum kaupmætti og framrás og vexti íslenskra fyrirtækja á öllum sviðum. Með einkavæðingunni hafa verið leystir úr læðingi kraftar sem áður voru heftir í eignarhaldi ríkisins. Þeir sem halda því fram að sama þróun hefði getað átt sér stað með óbreyttri aðild ríkisins eru einfaldlega á villigötum.

Á vettvangi stjórnmálanna verður í framtíðinni ekki með sama hætti og hingað til tekist á um hvaða verkefnum ríki og sveitarfélög eigi að sinna heldur frekar hvernig og með hvers konar fyrirkomulagi það skuli gert. Þetta á til að mynda við í menntamálum og heilbrigðismálum. Þau skref til nýbreytni á háskólastiginu sem nú þegar hafa verið stigin sýna svo ekki verður um villst að kostir einkarekstrarins þurfi að komast víðar að hjá hinu opinbera. Með breytingum á lögum um háskóla höfum við á fáum árum séð hvernig öflugar menntastofnanir hafa orðið til, skapað ný tækifæri, aukið fjölbreytni í námi, stuðlað að fjölgun háskólanema og betri menntun í landinu. Með framsæknum hugmyndum og breytingum á fleiri sviðum er hægt að sækja fram til enn betra mannlífs á Íslandi. Þær breytingar sem orðið hafa á efnahag þjóðarinnar hafa leitt til þess að unnt er að verja meiri fjármunum en nokkru sinni fyrr til velferðarmála. Með samstarfi ríkis og einkaaðila á fleiri sviðum velferðarmála en nú er er hægt að tryggja betri nýtingu fjármagns og aukna þjónustu án þess að létta þurfi ábyrgð á viðkomandi málaflokkum af ríkisvaldinu.

Góðir tilheyrendur. Framtíð okkar er björt. Óvíða í veröldinni eru jafnmiklir uppgangstímar og við lifum nú. (Forseti hringir.) Við höfum í hendi okkar tækifæri til að renna enn traustari stoðum undir þá góðu stöðu sem við nú búum við. — Ég óska ykkur gleðilegs sumars.

[21:28]

Jón Bjarnason:

Góðir Íslendingar. „Náttúra Íslands, sterk byggð, menning þjóðarinnar og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun íslenskra ferðamála." Þannig hljóðar 1. mgr. þingsályktunar sem Alþingi hefur nýlega samþykkt.

Þetta er eins og tekið beint úr stefnuskrá Vinstri grænna og er það vel. Í henni kveður við nýjan tón, sem reyndar gengur fullkomlega í berhögg við stefnu iðnaðarráðherrans, álráðherra Framsóknarflokksins og aðdáenda hennar. Þar á bæ vilja menn umbylta náttúrunni, stífla allar ár, byggja virkjanir og bjóða álver á báða bóga, en stóriðjustefnan og ferðaþjónustan fara ekki saman.

Í forustugrein Morgunblaðsins 8. apríl sl. er fjallað um skoðanakönnun sem iðnaðarráðuneytið lét gera og þá niðurstöðu að Norðlendingar séu alls ekki reiðubúnir að fórna náttúruperlum sínum og samfélagi á altari erlendrar orkufrekrar stóriðju og Skagfirðingar eru þar sýnu andvígastir. Í leiðaranum segir m.a.:

„Þessar niðurstöður hljóta að vekja helstu formælendur stóriðjuframkvæmda til umhugsunar. Ljóst virðist að stór hluti Norðlendinga líti frekar til annarra kosta en stóriðju hvað varðar uppbyggingu og þróun atvinnulífs í landsfjórðungnum. ...

Margir hafa áhyggjur af að hin nýju störf vegi ekki upp á móti þeim miklu og oft óendurkræfu umhverfisáhrifum sem stóriðjan og tilheyrandi ráðstafanir til raforkuöflunar óneitanlega valda. Þá benda talsmenn annarra atvinnugreina á hættuna á neikvæðum áhrifum stóriðju og virkjana á uppbyggingu annarra atvinnugreina á viðkomandi svæði, ekki síst ferðaþjónustu.

Niðurstöðurnar hljóta raunar að vera hvatning þeim sem vilja kanna vandlega aðra atvinnukosti, sem væru meira í takt við nýja tíma upplýsingasamfélags og hátækniiðnaðar."

Vinstri hreyfingin – grænt framboð tekur undir þessi orð Morgunblaðsins.

Fyrirhuguð sala Landssímans er afar umdeild og er þó vægt til orða tekið. Fjarskiptin eru einn af hornsteinum almannaþjónustunnar. Í Þjóðarpúlsi Gallups nýverið voru 76% aðspurðra andvíg sölu á grunnfjarskiptakerfi Símans. Landssíminn skilar milljörðum í ríkissjóð á hverju ári. Það er enginn bóndi svo vitlaus að selja bestu mjólkurkúna úr fjósinu, en þetta vill formaður Framsóknarflokksins gera gegn vilja meginþorra þjóðarinnar og gegn vilja nánast öllum kjósendum Framsóknarflokksins. Fólki blöskrar einkavæðingarfíkn ríkisstjórnarinnar. Þar virðist ekkert heilagt.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs vill stöðva sölu Símans og krefst þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þjóðin á að hafa síðasta orðið.

Landsmenn hafa fengið smjörþefinn af markaðsvæðingunni á almannaþjónustunni. Stórhækkun rafmagnsreikninga hjá heimilum og minni fyrirtækjum og þó sérstaklega hjá mörgum bændum og í þéttbýli þar sem ekki er hitaveita. En þetta er bara byrjunin. Nú er ríkisstjórnin að keyra í gegnum þingið skattlagningu á hitaveitur og rafveitur. Almenni notandinn, litlu iðnfyrirtækin og bændurnir borga. Stóriðjan sleppur hins vegar alveg því hún er með langtímasamninga. Sveitarfélögin mótmæla. Launþegasamtökin mótmæla. Almenningur mótmælir. Einkavæðingarkvörn ríkisstjórnarinnar malar.

Hart hefur verið deilt um vegamál og talað er um hagsmuni höfuðborgar annars vegar og hagsmuni landsbyggðar hins vegar. Talað er um arðsama og óarðsama búsetu. Búum við, erum við ekki öll Íslendingar og ein þjóð í þessu landi?

Greiðar samgöngur eru forsenda samkeppnishæfrar byggðar í landinu öllu. Má nefna héraðsvegina, sveitavegina, sem teygja sig út til stranda og inn til dala og eru forsenda fyrir dreifða búsetu í landinu. Þetta eru vegirnir sem stækka Ísland, stækka það sem ferðamannaland. Vegur að Grettislaug á Reykjaströnd, út á Látrabjarg, eða norður í hina einstæðu byggð í Árneshreppi á Ströndum. Vegirnir, skólarnir, veiturnar, við leggjum ekki hagnaðarmat eða reiknum út arðsemiskröfuna á nágrannann. Velferðarþjónustan öll er sameign okkar allra. Um þessa þætti stendur Vinstri hreyfingin – grænt framboð vörð.

Góðir hlustendur. Við erum stolt af því að byggja þetta land. Inn til dala og út til stranda. Við höfum öll sama rétt og sömu skyldur, aldnir sem ungir, hvar sem við búum á landinu. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:33]

Dagný Jónsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur.

Samkvæmt ræðum hv. þingmanna stjórnarandstöðu í kvöld mætti ætla að allt væri að fara á versta veg í þjóðfélaginu og stjórnvöld væru með aðgerðum sínum að reyna allt til að drepa niður atvinnulíf og uppbyggingu í landinu. Þessi málflutningur kemur mér svo sem ekki mikið á óvart, en ég held að nauðsynlegt sé að rifja upp nokkrar staðreyndir. Þá kemur heldur betur annað í ljós.

Þegar við lítum á stærstu mál ríkisstjórnarinnar frá liðnum þingvetri sjáum við að markmið okkar voru eftirfarandi:

– Að auka kaupmátt.

– Að auka greiðslugetu heimilanna.

– Að gera nám enn arðbærara.

– Að hjálpa fólki, ekki síst ungu fólki, að eignast sitt eigið heimili.

Þetta finnast mér persónulega vera ansi góð markmið, en greinilega eru hv. þingmenn stjórnarandstöðu ekki sammála því frekar en öðrum góðum málum.

Stóru málin sem tengjast áðurnefndum markmiðum eru:

1. Lækkun skatta og hækkun barnabóta.

Sem dæmi má nefna að barnafjölskyldur með meðalráðstöfunartekjur eiga í vændum að hækka þær ráðstöfunartekjur um 180–490 þús. kr. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli fyrir fjölskyldurnar í landinu. Fyrir barnlausa einstaklinga er tekjuaukinn um 6,7% á ári, eða tæplega 170 þús. kr. árið 2007.

2. Lækkun endurgreiðsluhlutfalls námslána.

Við getum tekið sem dæmi útskrifaðan námsmann sem er með meðaltekjur upp á 250 þús. kr. á mánuði, þá lækkar endurgreiðslan um 30 þús. kr. á ári. Það munar um minna.

3. 90% húsnæðislán fyrir alla.

Þetta var stærsta kosningaloforð okkar framsóknarmanna. Það er mjög fróðlegt að rifja upp ummæli til að mynda bankanna í landinu þegar við framsóknarmenn komum fram með þetta kosningaloforð. Maður hélt gjörsamlega að bankakerfið mundi fara af hjörunum. Hvað gerðu þeir? Þeir sáu sem betur fer að sér og slógust í hópinn, tóku þátt í þessari baráttu og komu til móts við neytendur. Það hefur þó enginn gengið jafnlangt og Íbúðalánasjóður í þeirri baráttu, vegna þess að Íbúðalánasjóður lánar fólki hvar sem það býr á landinu. Það er mjög nauðsynlegt að standa vörð um Íbúðalánasjóðinn. Það munum við framsóknarmenn gera hér eftir sem hingað til.

Að sjálfsögðu hafa mjög mörg önnur góð mál verið afgreidd á hv. Alþingi í vetur og of skammur tími til að tína þau öll til. Ég verð þó aðeins að svara hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni sem fór hér mikinn í ræðu og sagði að ríkisstjórnin væri að herða helmingatökin á ýmsum stofnunum og minntist þar m.a. á Samkeppnisstofnun. Þvílíkur málflutningur. Ég veit ekki betur en við ætlum á morgun að samþykkja ný lög um samkeppnisyfirvöld þar sem til stendur að efla þau. Við ætlum að veita 60 milljónir aukalega til þess málaflokks og fjölga sérfræðingum um sjö. Þetta hefur greinilega farið fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði í ræðu sinni áðan að einsleit stóriðja færi ekki saman við fjölbreytni í atvinnulífi. Ég sem Austfirðingur vil benda hv. þingmanni á að kynna sér stöðu mála á Austurlandi í dag. Á Austurlandi eru nú í boði mjög fjölbreytt störf. Það er nefnilega þannig að til að skapa þessi fjölbreyttu, afleiddu störf verðum við að byggja góðan grunn. Það hafa stjórnvöld einmitt gert, þau hafa skapað aðstæður svo hægt sé að búa til slíkan grunn. Hverjar eru afleiðingarnar? Jú, öflugra velferðarkerfi og mikil uppbygging á öllum sviðum samfélagsins, svo ég nefni sem dæmi fyrir austan.

Ágætu áheyrendur. Framsóknarflokkurinn hefur í vetur forgangsraðað rétt. Allt það sem ég hef tínt til í þessari stuttu ræðu er árangur styrkrar efnahagsstjórnar. Þetta er mikill árangur sem stjórnarflokkarnir eru stoltir af. Hagvöxtur er mun meiri en annars staðar, atvinnuleysi miklu minna og kaupmáttur heimilanna hefur aukist um 55% frá árinu 1995. Mér finnst mjög mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að til að mynda mín kynslóð ólst upp við efnahagslegan stöðugleika og góð lífskjör. Við þekkjum ekki afleiðingar verðbólgu á eigin skinni. Það ættu kannski sumir að vita að verðbólgan getur hleypt öllu úr böndunum ef ekki er vel haldið á málum.

Við verðum að vera meðvituð um að stöðugleiki í efnahagsmálum er ekkert náttúrulögmál. Það hefur þurft mikið til að ná þessum stöðugleika fram og það er að mínu mati helsti ávöxtur ríkisstjórnarinnar. Ég vil að íslenskt þjóðfélag haldi áfram á þeirri braut undir styrkri stjórn núverandi stjórnarflokka. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:39]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur.

Í 60 ár hefur að mestu verið friður í heimshluta okkar. Valdstjórnir réðu samt mörgum ríkjum í skjóli hers og vopna allt fram til síðustu aldamóta. Lýðræðið er þjóðunum sem nýverið hafa fengið það mjög dýrmætt. Andúð í garð fyrri valdhafa gufar hins vegar ekki upp en hatur fyrnist með endurnýjun kynslóðanna. Friður með þjóðum er dýrmætur og það þarf vilja og ásetning þjóða sem byggja á lýðræði til að viðhalda honum. Þjóðfélög þurfa oft að líta inn á við til að viðhalda og virða lýðræðið.

Tilhneiging valdhafa sem lengi sitja við völd verður ósjálfrátt að þeir telja aðra sem hafa öndverðar skoðanir vera til vandræða og óþarfi að gera neitt með málflutning þeirra og rök.

Hversu oft heyrum við þetta ekki, m.a. á Alþingi eða í viðtölum við þá sem völdin hafa? Hvernig vinnur svo Alþingi í raun? Eru það lýðræðisleg og réttlát vinnubrögð sem felast í því að stjórnarandstaðan fær nánast aldrei að koma fram neinum málum, málum sem eru endurflutt þing eftir þing. Málum sem sumir stjórnarþingmenn viðurkenna að séu mjög til bóta en ráðherravaldið stoppar.

Á þessu þingi hafa 55 þingmannafrumvörp frosið í nefndum og 30 bíða ennþá 1. umr., alls 85 frumvörp. Einnig bíða til umræðu 64 þingmannatillögur. Í nefnd hefur verið vísað 62. Alls eru þetta 126 tillögur. Hvað sýnir þetta? Virkar lýðræðið eins og ásættanlegt er? Er þetta þingræði meiri hlutans? Það sýna jú verkin.

Er á Íslandi stjórnbundið þing núna síðustu áratugi? Virkar þingræðið á Íslandi? Svar mitt við því er nei. Það virkar ekki. Ráðstjórn á Alþingi eða ráðherraræði, ef áfram heldur óbreytt, mun veikja og grafa undan lýðræðisvenjum okkar.

Góðir áheyrendur. Til skýringa skal ég nefna nokkur mál sem þingmenn Frjálslynda flokksins hafa flutt og snúa að bættum hag fólks, mál sem í sjálfu sér ættu varla að skiptast eftir flokkslínum og snerta ákveðna þjóðfélagshópa.

Fyrst nefni ég textun sjónvarpsefnis sem ætlað er að bæta hag þeirra sem eru heyrnarskertir eða heyrnarlausir, að þeir njóti þeirra mannréttinda að geta notið frétta og upplýsinga, fræðslu og kynningar, auglýsinga- og afþreyingarefnis til jafns við þá sem heyra. Samkvæmt upplýsingum frá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er talið að 25 þúsund manns á landinu séu meira og minna heyrnarskertir þannig að þeir fái ekki heyrt talað mál í sjónvarpi. Auk þess mundi það koma nýbúum okkar vel ef íslenskt efni væri textað. Á Norðurlöndunum er textun innlends efnis sjálfsögð í rekstri sjónvarpsstöðva.

Næst nefni ég til mál um íslenska táknmálið flutt af Sigurlín Margréti Sigurðardóttur varaþingmanni og 16 öðrum þingmönnum úr stjórnarandstöðu. Í frumvarpi því er að finna réttindaskrá um stöðu og réttindi þeirra sem tala íslenska táknmálið, jafnframt því sem kveðið er á um að táknmál verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og réttur þeirra tryggður til hvers konar táknmálstúlkunar. Líf heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufdumbra mun taka miklum stakkaskiptum við viðurkenningu á íslenska táknmálinu, en málið er fast í nefnd.

Að lokum nefni ég þingsályktun um tryggan lágmarkslífeyri. Tillagan er nú flutt í fjórða sinn á yfirstandandi þingi af þeim sem hér stendur. Þar segir að bæta skuli þjóðfélagsstöðu lífeyrisþega sem fá minni lífeyri greiddan úr lífeyrissjóði sínum en 50 þús. kr. á mánuði með því að breyta bótareglum almannatrygginga þannig að lífeyrisgreiðslur undir 50 þús. kr. á mánuði skerði ekki grunnlífeyri, skerði ekki tekjutryggingu, ekki heimilisuppbót eða aðrar samsettar lágmarksbætur lífeyrisþegans. Síðan þrepaskerðing ellilífeyris upp að 100 þús. kr., en þá væri núverandi 45% skerðingarregla ríkisstjórnarinnar aftur orðin fullvirk.

Þessi þrjú velferðarmál stoppar ríkisstjórnin. Ráðherrarnir neita sínu fólki um leyfi til að taka þessi mál úr nefndum. Þannig er Alþingi stjórnað.

Umræðan um tekjutengingu og skerðingarreglur á bætur elli- og örorkulífeyrisþega hefur verið hávær og áberandi í umræðunni síðastliðna mánuði. Ráðherrar hafa jafnvel lýst því að þessi mál þurfi endurskoðunar við. Hvað kallast svona vinnubrögð í raun? Feluleikur? Tvöfeldni eða slegið úr og í? Síðan koma loforð fyrir alþingiskosningar, jafnvel handsal og myndataka. Flott „show". Það selur. Það veiðir atkvæði.

Þessi ríkisstjórn sem lækkaði mest skatta á hátekjufólk leggur núna nýjar álögur á fólkið með lögum um raforku, sem hafa hækkað raforkuverð um á bilinu 25–35%, einkum í dreifbýli og köldum landsvæðum þar sem ekki er jarðhiti. Með skattlagningu á orkufyrirtæki verða álögur enn auknar á heimilin og nú síðast með virðisauka á olíugjald. Allt er þetta skattheimta sem ekki tekur mið af tekjum fólks. Afleiðing þessa eru auknar álögur á grunnþarfir fólks, raforkunotkun, orku til húshitunar og nú síðast á olíu á bíla landsmanna.

Allt eru þetta dæmi um áherslur ríkisstjórnarinnar sem hefur farið þá leið í skattamálum að lækka mest skatta á hátekjufólki og láta skattbyrðina bitna í auknum mæli á lágtekjumönnunum. Þess vegna er það dálítið furðulegt sem hæstv. landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson sagði áðan, að það væri kleift að lækka skatta og bæta stöðu allra. Hvers vegna var þá ekki farin sú leið að gera það?

Góðir áheyrendur. Ég óska ykkur gleðilegs sumars við lok þessarar umræðu. Ég vona að þið gangið á guðs vegum í bjartri tíð komandi sumars. — Góðar stundir.

Fundi slitið kl. 21:48.

131. FUNDUR

þriðjudaginn 10. maí,
að loknum 130. fundi.

Dagskrá:

1. Fjármögnun og umsvif ríkisins eftir landshlutum, beiðni um skýrslu, 812. mál, þskj. 1382. *Hvort leyfð skuli.*
2. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 707. mál, þskj. 1065, nál. 1220. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 720. mál, þskj. 1078, nál. 1299, brtt. 1300. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, stjfrv., 708. mál, þskj. 1066, nál. 1349. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Virðisaukaskattur o.fl., stjfrv., 697. mál, þskj. 1055, nál. 1350, brtt. 1351. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Breyting á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna, stjtill., 614. mál, þskj. 918, nál. 1364. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
7. Framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins, stjtill., 617. mál, þskj. 921, nál. 1366. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
8. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, stjtill., 704. mál, þskj. 1062, nál. 1324. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
9. Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis, stjtill., 705. mál, þskj. 1063, nál. 1322. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
10. Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons, stjtill., 722. mál, þskj. 1080, nál. 1323. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
11. Kynning á íslenskri list í sendiskrifstofum Íslands, þáltill., 296. mál, þskj. 323, nál. 1353. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
12. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 698. mál, þskj. 1056, nál. 1254, brtt. 1255 og 1287. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, stjfrv., 583. mál, þskj. 874. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
14. Almannatryggingar, stjfrv., 587. mál, þskj. 879, nál. 1296, brtt. 1320 og 1321. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
15. Lyfjalög og heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 649. mál, þskj. 981, nál. 1297, brtt. 1298. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
16. Gæðamat á æðardúni, stjfrv., 670. mál, þskj. 1022. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
17. Búnaðarlög, stjfrv., 725. mál, þskj. 1083. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
18. Útflutningur hrossa, stjfrv., 727. mál, þskj. 1355. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
19. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 786. mál, þskj. 1356. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
20. Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, stjfrv., 295. mál, þskj. 1212, brtt. 1295. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
21. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 309. mál, þskj. 337, nál. 1338, brtt. 1339. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

[21:56]

Útbýting:

Almenn hegningarlög, 72. mál, brtt. JBjart, þskj. 1408.

Bensíngjald og meðalútsöluverð bensíns, 790. mál, svar fjmrh., þskj. 1396.

Framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 747. mál, svar dómsmrh., þskj. 1284.

Framkvæmd samgönguáætlunar 2004, 813. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1399; skýrsla samgrh., þskj. 1400; skýrsla samgrh., þskj. 1401.

Frestun á fundum Alþingis, 816. mál, stjtill. forsrh., þskj. 1402.

Innleiðing tilskipana ESB, 818. mál, fsp. BjörgvS, þskj. 1410.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna ellilífeyrisþega, 653. mál, svar heilbrrh., þskj. 1383.

Lögheimili í sumarbústaðabyggðum, 781. mál, svar félmrh., þskj. 1398.

Rekstur skólaskips, 29. mál, nál. sjútvn., þskj. 1403.

Rekstur vínveitingastaða, 763. mál, svar dómsmrh., þskj. 1337.

Staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, 35. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1409.

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 708. mál, brtt. PHB, þskj. 1405.

Verðbréfaviðskipti, 817. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 1406.

Fjármögnun og umsvif ríkisins eftir landshlutum.

Beiðni KLM o.fl. um skýrslu, 812. mál. — Þskj. 1382.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:58]
Beiðni leyfð með 54 shlj. atkv.

Álbræðsla á Grundartanga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 707. mál (fasteignaskattur). — Þskj. 1065, nál. 1220.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:58]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 720. mál (uppgjör þungaskatts). — Þskj. 1078, nál. 1299, brtt. 1300.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:59]
Brtt. 1300 samþ. með 52 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ, ÖS.
1 þm. (ÞBack) greiddi ekki atkv.
8 þm. (DJ, DrH, EOK, GÞÞ, GÁS, GÖrl, SigurjÞ, SJS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÖJ, ÖS.
1 þm. (ÞBack) greiddi ekki atkv.
11 þm. (DJ, DrH, EKG, GÞÞ, GÁS, GÖrl, JBjarn, KLM, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 708. mál (verðbréfaviðskipti í minni fyrirtækjum). — Þskj. 1066, nál. 1349.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:00]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
1 þm. (JBjarn) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, DJ, DrH, GÞÞ, GÁS, GÖrl, JBjart, KJúl, SJS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. og ákv. til brb. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 697. mál (vetnisbifreiðar). — Þskj. 1055, nál. 1350, brtt. 1351.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:01]
1. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 1351,1 samþ. með 55 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1351,2 (ný grein í II. kafla, verður 5. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
5.–7. gr. (verða 6.–8. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Breyting á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna, frh. síðari umr.

Stjtill., 614. mál (eftirlitsstofnun og dómstóll EFTA). — Þskj. 918, nál. 1364.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:02]
Tillgr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
2 þm. (JBjarn, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, DJ, DrH, EKG, GÞÞ, GÁS, GÖrl, KolH, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, KHG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (DJ, DrH, GÞÞ, GÁS, GÖrl, JóhS, SJS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1413).

Framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins, frh. síðari umr.

Stjtill., 617. mál. — Þskj. 921, nál. 1366.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:03]
Tillgr. samþ. með 48:4 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, KHG, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRJ, DJ, DrH, GÞÞ, GÁS, GÖrl, JóhS, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48:4 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.
4 þm. (GAK, KHG, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (DJ, DrH, GÞÞ, GÁS, GÖrl, JóhS, SJS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1414).

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu, frh. síðari umr.

Stjtill., 704. mál. — Þskj. 1062, nál. 1324.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:04]
Tillgr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
6 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖrl, LB, SJS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1415).

Sáttmáli um verndun mannréttinda og mannfrelsis, frh. síðari umr.

Stjtill., 705. mál. — Þskj. 1063, nál. 1322.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:04]
Tillgr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
6 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖrl, JBjarn, SJS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1416).

Samningur ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Líbanons, frh. síðari umr.

Stjtill., 722. mál. — Þskj. 1080, nál. 1323.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:05]
Tillgr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
6 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖrl, KLM, SJS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1417).

Kynning á íslenskri list í sendiskrifstofum Íslands, frh. síðari umr.

Þáltill. SI o.fl., 296. mál. — Þskj. 323, nál. 1353.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:06]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁMagn, ÁRJ, DJ, DrH, GÁS, GÖrl, HHj, KLM, LB, PHB, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, EKG, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÁRJ, BjörgvS, DJ, DrH, EOK, GÁS, GÖrl,

HHj, JóhS, KLM, LB, SJS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1418).

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 698. mál (farmflutningar). — Þskj. 1056, nál. 1254, brtt. 1255 og 1287.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:06]

1. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Brtt. 1255 samþ. með 58 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
4.–8. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 1287 felld með 32:26 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

5 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [22:07]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Ég flyt hér breytingartillögu við 9. gr. sem felur í sér það að vegagerðarmönnum verði ekki falið lögregluvald.

Með 9. gr. verður vegagerðarmönnum, vegaeftirlitsmönnum, heimilt að beita stöðvunarvaldi á bifreiðar og hafa forgangsljós á bíl sínum. Félag lögreglumanna hefur eindregið varað við þessu, að þessi heimild eigi einungis að vera í höndum lögreglumanna en ekki almennra starfsmanna eins og vegaeftirlitsmanna. Þess vegna flyt ég þá breytingartillögu og legg til að þetta verði bundið við lögregluna en ekki vegaeftirlitsmenn, að beita stöðvunarvaldi á bíla.

9. gr. samþ. með 33:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: JBjarn, ÞBack, ÖJ.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

10.–14. gr. og ákv. til. brb. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GÖg, JÁ, RG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁRJ, DJ, DrH, GÁS, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Stofnun hlutafélags um síldarútvegsnefnd og stofnun sjóða í þágu síldarútvegs, frh. 3. umr.

Stjfrv., 583. mál (verksvið Vöruþróunar- og markaðssjóðs). — Þskj. 874.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:09]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JBjarn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, LB, MS, MF, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖS.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, RG, SigurjÞ, ÞSveinb) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DJ, DrH, EOK, GÁS, GÖrl, JóhS, MÁ, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1420).

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 587. mál (tannlæknakostnaður aldraða, öryrkja og barna). — Þskj. 879, nál. 1296, brtt. 1320 og 1321.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:11]

Brtt. 1321 felld með 32:11 atkv. og sögðu

já: GAK, GÖg, JóhS, JBjarn, KJúl, KolH, LB, MÞH, RG, SigurjÞ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, BH, DJ, DrH, EMS, GÁS, GÖrl, HHj, JÁ, JGunn, KLM, MS, MF, MÁ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1320 felld með 32:25 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÖg, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
6 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖrl, LB, SJS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 57:1 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: PHB.
5 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 57:1 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: PHB.
5 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 56:1 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: PHB.
6 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖrl, KHG, SJS) fjarstaddir.

Lyfjalög og heilbrigðisþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 649. mál (EES-reglur, blóðbanki, lyfjaeftirlitsgjald o.fl.). — Þskj. 981, nál. 1297, brtt. 1298.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:12]
1. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Brtt. 1298,1 (ný 9. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 1298,2 samþ. með 56 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1298,3 (ný grein, verður 11. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.
11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Gæðamat á æðardúni, frh. 3. umr.

Stjfrv., 670. mál (heildarlög). — Þskj. 1022.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:14]
Frv. samþ. með 49:1 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
nei: EOK.
3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BÁ, DJ, DrH, GÁS, GÖrl, JÁ, KJúl, PHB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1422).

Búnaðarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 725. mál (afnám mjólkurgjalds). — Þskj. 1083.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:15]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
10 þm. (BÁ, DJ, DrH, GÁS, GÖrl, JÁ, MÁ, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1423).

Útflutningur hrossa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 727. mál (hámarksaldur útflutningshrossa). — Þskj. 1355.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:15]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖJ.
2 þm. (JÁ, ÞBack) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁÓÁ, BÁ, DJ, DrH, GÞÞ, GÁS, GÖrl, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1424).

Lánasjóður landbúnaðarins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 786. mál (afnám laganna). — Þskj. 1356.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:18]

Frv. samþ. með 49:4 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DJ, DrH, EMS, GÁS, GÖrl, JóhS, SJS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [22:16]

Anna Kristín Gunnarsdóttir:

Herra forseti. Samfylkingin ítrekar gagnrýni sína á verkstjórn hæstv. landbúnaðarráðherra og bendir á að mikilvæg mál eru að koma til þings löngu eftir að tilskilinn frestur er útrunninn og tími til eðlilegrar umfjöllunar er því óeðlilega skammur.

Hagsmunaaðilar hafa einnig gagnrýnt að málefni Lánasjóðs landbúnaðarins skuli jafnseint fram komin og raun ber vitni, mörgum vikum eftir að ráðherraskipuð nefnd skilaði af sér. Málefni lánasjóðsins þarfnast skjótra úrlausna. Jafnframt er um að ræða margvíslega hagsmuni sem ákjósanlegt hefði verið að nefndarmenn gætu kynnt sér betur og leitað álits á. Vegna tímaskorts var málið ekki sent út til umsagnar og því ekki tryggt að mikilvæg sjónarmið næðu fram.

Í ljósi þess hvernig málefni sjóðsins hafa þróast á undanförnum mánuðum mun Samfylkingin þrátt fyrir allt styðja framgang þessa frumvarps í trausti þess að bændum verði tryggð sambærileg lánafyrirgreiðsla, óháð því hvernig þeir eru í sveit settir eða hvaða búgrein þeir stunda.

[22:17]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hér stendur til að samþykkja lög sem fela í sér að einkavæða og selja Lánasjóð landbúnaðarins, sjóð sem hefur þjónað atvinnuveginum, landbúnaðinum, um áratugi og hefur fyrsta veðrétt í nánast öllum jörðum á Íslandi. Ekki hefur frekar verið kveðið á um hvernig tekið verður á fjármálaþjónustu við þau bú og þá bændur sem ekki hafa samkeppnisstöðu til að fá viðskipti á almennum markaði. Það er heldur ekki ljóst hvernig farið skuli með þær skuldbindingar, áratuga skuldbindingar, sem bændur eiga við sjóðinn. Frumvarpið og þessi ákvörðun er afar flaustursleg og óábyrg.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs erum andvíg þessum vinnubrögðum og þessari afgreiðslu og segjum því nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1425).

Verndun Þingvallavatns og vatnasviðs þess, frh. 3. umr.

Stjfrv., 295. mál. — Þskj. 1212, brtt. 1295.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:18]

Brtt. 1295 kölluð aftur.

Frv. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GÖg, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

6 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖrl, MS, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1426).

Meðferð opinberra mála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 309. mál (sektarinnheimta o.fl.). — Þskj. 337, nál. 1338, brtt. 1339.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:19]

Brtt. 1339,1 samþ. með 58 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.

Brtt. 1339,2 samþ. með 58 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 1339,3 (ný 4. gr.) samþ. með 58 shlj. atkv.

5.–6. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 1339,4 (7.–9. gr. falli brott) samþ. með 57 shlj. atkv.

10. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 1339,5 (ný fyrirsögn) samþ. með 56 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 22:22.

---

132. FUNDUR

miðvikudaginn 11. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samkeppnislög, stjfrv., 590. mál, þskj. 883, nál. 1289, 1327 og 1340, brtt. 1290 og 1380. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, stjfrv., 591. mál, þskj. 884, nál. 1291, 1328 og 1341, brtt. 1292. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Neytendastofa og talsmaður neytenda, stjfrv., 592. mál, þskj. 885, nál. 1293, 1329 og 1342, brtt. 1294. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, stjtill., 721. mál, þskj. 1079, nál. 1367 og 1375, brtt. 1368 og 1372. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

5. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 707. mál, þskj. 1065. — 3. umr.

6. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 720. mál, þskj. 1411. — 3. umr.

7. Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, stjfrv., 708. mál, þskj. 1066, brtt. 1405. — 3. umr.

8. Virðisaukaskattur o.fl., stjfrv., 697. mál, þskj. 1412. — 3. umr.

9. Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, stjfrv., 698. mál, þskj. 1419. — 3. umr.

10. Almannatryggingar, stjfrv., 587. mál, þskj. 879. — 3. umr.

11. Lyfjalög og heilbrigðisþjónusta, stjfrv., 649. mál, þskj. 1421. — 3. umr.

12. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 309. mál, þskj. 1427. — 3. umr.

13. Verðbréfaviðskipti, frv., 817. mál, þskj. 1406. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

14. Fjárframlög til stjórnmálastarfsemi, skýrsla, 57. mál, þskj. 1169. — Ein umr.

15. Loftferðir, stjfrv., 699. mál, þskj. 1057, nál. 1275, brtt. 1276 og 1288. — 2. umr.

16. Skipan ferðamála, stjfrv., 735. mál, þskj. 1097, nál. 1271, brtt. 1272. — 2. umr.

17. Fjarskipti, stjfrv., 738. mál, þskj. 1102, nál. 1369 og 1374, brtt. 1370. — 2. umr.

18. Stefna í fjarskiptamálum 2005–2010, stjtill., 746. mál, þskj. 1111, nál. 1371. — Síðari umr.

19. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 677. mál, þskj. 1030, nál. 1228 og 1277, brtt. 1229. — 2. umr.

20. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 732. mál, þskj. 1094, nál. 1223, 1246 og 1278. — 2. umr.

21. Mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 235. mál, þskj. 241, nál. 1387 og 1391, brtt. 1388 og 1392. — 2. umr.

22. Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 723. mál, þskj. 1081, nál. 1389 og 1390. — 2. umr.

23. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 695. mál, þskj. 1053, nál. 1385, brtt. 1386. — 2. umr.

24. Olíugjald og kílómetragjald, stjfrv., 807. mál, þskj. 1365, nál. 1397. — 2. umr.

25. Landbúnaðarstofnun, stjfrv., 700. mál, þskj. 1357, brtt. 1361 og 1393. — 3. umr.

26. Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, stjfrv., 701. mál, þskj. 1358, brtt. 1394. — 3. umr.

27. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 396. mál, þskj. 503, nál. 1221. — Frh. 2. umr.

28. Lokafjárlög 2002, stjfrv., 440. mál, þskj. 660, nál. 1197 og 1347. — 2. umr.

29. Lokafjárlög 2003, stjfrv., 441. mál, þskj. 663, nál. 1198 og 1348, brtt. 1199. — 2. umr.

30. Bætt heilbrigði Íslendinga, þáltill., 806. mál, þskj. 1354. — Fyrri umr.

31. Almenn hegningarlög, frv., 67. mál, þskj. 67, nál. 1273, brtt. 1274. — 2. umr.

32. Rekstur skólaskips, þáltill., 29. mál, þskj. 29, nál. 1403. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Drífa Hjartardóttir, 2. þm. Suðurk.

[10:31]

Útbýting:

Uppbygging öldrunarþjónustu, 716. mál, svar heilbrrh., þskj. 1404.

Athugasemdir um störf þingsins.

Frumvarp um afnám fyrningarfrests í kynferðisbrotamálum.

[10:31]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að vekja athygli þingheims á og mótmæla því harðlega að mál nr. 72, sem lýtur að því að afnema fyrningarfresti í kynferðisafbrotum gegn börnum, er ekki á dagskrá þingsins. Ljóst er að þetta er síðasti dagur þinghaldsins samkvæmt starfsáætlun og samkvæmt samkomulagi sem náðist milli stjórnmálaflokkanna og þingflokkanna sl. mánudag. Á þeim fundi hjá formönnum þingflokkanna var ákveðið að þetta mál yrði á dagskrá og málið var á dagskrá á mánudaginn. Nú rennur upp þessi síðasti dagur þinghalds og málið er ekki á dagskrá.

Það mál sem hér er um að ræða hefur fengið ítarlega meðferð og umfjöllun í samfélagi okkar. Allsherjarnefnd er búin að leggja mikla vinnu í málið. Við höfum kallað fyrir gesti og bæði meiri hluti og minni hluti búnir að gera ítarleg nefndarálit. Ég vil mótmæla þeim vinnubrögðum þingsins harðlega að setja þetta mál ekki á dagskrá eftir að allsherjarnefnd hefur afgreitt það frá sér. En það er með ólíkindum hvernig hæstv. forseti fer með vald sitt þegar kemur að því að raða málum á dagskrá eftir að þingnefndir hafa afgreitt mál sín úr nefndum. Þetta mál sofnaði í allsherjarnefnd í fyrra og nú á að svæfa það inni á kontór hjá hæstv. forseta.

Ég krefst þess að málið verði sett á dagskrá. Allsherjarnefnd hefur lokið störfum sínum. Þetta mál var á dagskrá sl. mánudag og ég krefst skýrra svara frá hæstv. forseta af hverju málið fæst ekki til umræðu meðal þingmanna. Verið er að koma í veg fyrir að þingmenn geti rætt þetta þjóðþrifamál sem 15 þúsund Íslendingar hafa skrifað áskorun um að eigi að samþykkja, mikið réttlætismál sem snertir börn þessa lands. Það eru gríðarlegir hagsmunir í húfi og ótækt að það séu flokkspólitískar ástæður fyrir því að svona mál fæst ekki rætt í þingsal. Ég mótmæli þessu harðlega og krefst skýringa frá hæstv. forseta af hverju málið er ekki á dagskrá.

[10:33]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir gagnrýni hv. þm. Ágústs Ólafs Ágústssonar á það að umrætt mál skuli ekki vera tekið til afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Málið var fullrætt í hv. allsherjarnefnd. Lögð var í það heilmikil vinna sem ekki er mjög algengt um þingmannamál eins og við vitum, en það var fullrætt þar. Þó að efnislegur ágreiningur sé um efni þess er ekkert því til fyrirstöðu að við göngum til atkvæða um málið, virðulegi forseti, og ég lýsi yfir furðu minni og spyr hvað veldur því að nú skyndilega eftir að þessi mikla vinna hefur verið lögð í málið í allsherjarnefnd skuli því vera ýtt út af dagskrá þingsins á síðasta degi Alþingis.

Ég mótmæli þessu. Fjöldi fólks hefur komið fyrir allsherjarnefnd til að ræða þetta mál. Fjöldi umsagna hefur borist, áskorun 15 þúsund einstaklinga hefur borist Alþingi og nefndinni um að samþykkja málið eða taka það a.m.k. til afgreiðslu. Ég mótmæli því þessum vinnubrögðum og spyr, virðulegi forseti, hvað veldur því að þetta mál er skyndilega dottið út af dagskrá þingsins eftir alla þá vinnu sem í það hefur verið lögð.

[10:34]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á að lögð var fram breytingartillaga við þetta mál á fundinum í gærkvöldi þannig að málið getur ekki hafa legið fyrir í heild sinni fyrr en þá.

[10:35]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það eru fleiri mál sem ég sakna að eru ekki á dagskránni. Það vekur athygli mína að mál sem var á dagskrá á mánudag, staðgreiðsla opinberra gjalda og virðisaukaskattur, sem varðar meðferð á vörslusköttum, er ekki á dagskrá. 1. flutningsmaður er hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og samflutningsmenn hans eru úr öllum flokkum á þingi, þar á meðal sá sem hér stendur. Hér er á ferðinni mál sem ég tel vera mikið réttlætismál og ábyrgðarhluti ef það verður ekki afgreitt núna fyrir þinglokin. Hér er blettur á löggjöfinni sem nauðsynlegt er að þvo af. Ég hvet til þess að við sameinumst um það úr öllum flokkum að greiða götu þessa máls þannig að það verði afgreitt núna fyrir þinglokin.

[10:36]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram. Á fundi þingflokksformanna með hæstv. forseta síðasta mánudag lá fyrir dagskrá. Á þeirri dagskrá var bæði það mál sem hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson hefur flutt um að afnema fyrningarfresti í kynferðisafbrotamálum gegn börnum og hins vegar frumvarp sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur flutt um vörsluskatta. Ég reiknaði með því að þau mál sem þarna voru á dagskrá væru inni í þeim samningum sem verið er að gera. Það væru þau mál sem við ætluðum að ljúka áður en þingið færi í sumarleyfi.

Ég ítreka þá ósk mína að við þá samninga, við þá dagskrá sem þar var verið að ræða, verði staðið og afgreiðsla þessara mála fari fram í dag.

[10:37]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við erum komin á síðasta þingdag og okkur er ljóst að ásetningur þingsins er að við getum lokið störfum okkar á þessum degi. Um það er samkomulag á milli stjórnmálaflokkanna. Það hins vegar þýðir að við erum auðvitað í þeirri stöðu að mál sem valda miklum ágreiningi, þingmannamál, eins og þau sem hér hafa verið gerð að umtalsefni, rúmast ekki innan þess ramma sem við höfum núna til að ljúka störfum þingsins.

Ég harma það auðvitað mjög að það mál sem hér hefur verið gert að umtalsefni og ég er 1. flutningsmaður að og flutningsmenn eru ásamt mér fólk úr öllum stjórnmálaflokkum, skuli ekki fá brautargengi. Ekkert mál sem ég hef hreyft á þingferli mínum hefur vakið önnur eins jákvæð og mikil viðbrögð hjá fólki sem virkilega sér að mikil þörf er á að breyta þeim óþverralögum sem núna eru í gildi. Við sjáum hrikaleg dæmi um mikið óréttlæti sem fólk verður fyrir. Í einni af þeim umsögnum sem liggja fyrir vegna þessa máls kemur fram að maður sem hafði stjórnað fyrirtæki sem varð gjaldþrota skuldaði verulegar upphæðir í vörslusköttum. Honum tókst að greiða allt nema 8 millj. rétt eftir að fyrirtækið varð gjaldþrota. En vegna þeirra laga sem núna gilda fær hann á sig 120 millj. kr. sekt. Líf hans verður aldrei samt eftir þetta.

Þetta eru þau lög sem við ætluðum að reyna að breyta. Okkur er ekki að takast það, því miður, vegna þess að ekki tókst að skapa þá samstöðu um málið sem ég hefði kosið þrátt fyrir að mjög margir hafi verið þess fýsandi og fólk úr öllum flokkum að þetta mál yrði afgreitt. Þá stöndum við einfaldlega frammi fyrir því, þeim veruleika eins og er með það mál sem hér hefur líka verið gert að umtalsefni, að um það er ágreiningur og við höfum ekki svigrúm á þessum degi til að ljúka því af. Það er í ágreiningi og það mun kalla á umræður sem við höfum því miður ekki tóm til að taka við þessar aðstæður.

Ég ætla hins vegar að lýsa því yfir, virðulegi forseti, að mitt fyrsta verk verður að flytja þetta mál að nýju. Það er fullbúið, það er fullrætt, pólitísk niðurstaða er um það í viðeigandi þingnefnd og við getum klárað málið strax í upphafi þings á næsta hausti.

[10:40]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem til að lýsa stuðningi mínum við það að málið sem varðar lengdan frest á fyrningu vegna kynferðisafbrotamála gegn börnum verði tekið á dagskrá þingsins. Breytingartillagan sem hæstv. forseti talaði um áðan þarf ekki að breyta neinu um það hvort Alþingi er í færum um að afgreiða málið eða ekki. Ef ágreiningur er innan stjórnarflokkanna um málið, hæstv. forseti, óska ég eftir því að hæstv. forseti hlutist til um að leysa þann ágreining og haga málum þá þannig innan meirihlutaflokkanna að hægt sé að jafna þann ágreining svo málið geti komið til afgreiðslu þingsins í dag. Það er sterkur vilji þingmanna fyrir því að svo verði og ég hvet hæstv. forseta til að

beita sér fyrir því að svo geti orðið.

[10:41]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ég vil ítreka óskir mínar að fá skýringu frá hæstv. forseta af hverju þetta mál er ekki á dagskrá og af hverju hann gengur á bak við þá dagskrá sem var ákveðin síðasta mánudag. Við höfum ekki fengið skýringu frá honum af hverju málið er tekið út af dagskrá. Það er fyrirsláttur að tala um að þetta sé ágreiningsmál og eigi þess vegna að fara út af dagskrá í ljósi þess að á dagskránni í dag liggja fyrir ýmiss konar ágreiningsmál. Má nefna t.d. fjarskiptamálið sem verður til umræðu á eftir þannig að það breytir því ekki þó að skipst sé á skoðunum um mál að þau komist á dagskrá.

Það virðist vera að það skipti öllu máli að hæstv. forseti af einhverjum ástæðum er ósammála þessu máli og þess vegna kemst það ekki á dagskrá. Slík vinnubrögð eru fyrir neðan allar hellur og er vanvirðing gagnvart þessum þingsal sem vill fá tækifæri til að ræða þessi mál og taka lýðræðislega ákvörðun í þeim.

Hæstv. forseti. Lífið snýst um meira en endur og hálendisvegi. Það eru til mál sem varða mikla hagsmuni og afnám fyrningarfrests vegna kynferðisbrota gegn börnum er eitt af þeim málum Við megum ekki líta á þetta mál flokkspólitískum augum. Hér eru raunverulegir einstaklingar á bak við, raunverulegar þjáningar og mikil réttarbót sem allir í allsherjarnefnd voru sammála um að þyrfti að gera en þó í mismiklum mæli. En ég vona, herra forseti, að við höfum ekki verið vitni að einhvers konar leikriti hjá stjórnarmeirihlutanum í allsherjarnefnd sem var frá upphafi mjög tregur að afgreiða þetta mál úr nefndinni, svæfði þetta mál í fyrra, féllst þó á eftir mikinn þrýsting í samfélaginu að afgreiða málið úr allsherjarnefnd. Ég vona að það hafi ekki legið allan tímann fyrir að þrátt fyrir að málið fengi afgreiðslu úr allsherjarnefnd mundi það sofna á kontór hæstv. forseta. Slík vinnubrögð eru alveg út í hött og ég krefst þess að staðið verði við samkomulagið frá því á mánudag og við þingmenn fáum að greiða atkvæði um þetta mál sem mikil krafa er í samfélaginu að við fáum að gera, sömuleiðis frá almenningi og fagaðilum.

[10:43]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég vísa því algerlega á bug að þetta frumvarp hafi verið sérstaklega rætt með mér og formönnum þingflokka.

[10:43]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að mótmæla þeim orðum forseta að það skipti máli eða hafi þýðingu í þessu máli að lögð hafi verið fram breytingartillaga við umrætt mál. Ég spyr: Hvaða nýmæli eru það að bannað sé að leggja fram breytingartillögu við mál og það valdi því að það sé þá tekið út af dagskrá? Um er að ræða breytingartillögu sem hv. þm. Jónína Bjartmarz lagði fram við málið, breytingartillögu sem hún gerði grein fyrir við afgreiðslu málsins úr nefndinni að hún mundi leggja fram og sem hún áskildi sér rétt til að gera í nefndaráliti sínu.

Virðulegi forseti. Þetta eru ekki röksemdir fyrir því að taka málið út af dagskrá. Hugmyndirnar sem birtust á þessum umræddu breytingartillögum lágu allar fyrir í hv. allsherjarnefnd og voru til umræðu þar. Það voru þær tillögur sem hv. þingmaður hafði margsinnis kynnt þar og rætt.

Síðan vil ég benda á, virðulegi forseti, í tilefni af orðum hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar um að svo mikið liggi á að slíta þinginu. Það er 11. maí í dag, virðulegi forseti, og ef þingið fer heim í dag (**EKG:** ... samkvæmt starfsáætlun.) Starfsáætlun er eitthvað sem við ákveðum sjálf. Ef þingið fer heim í dag eru tæpir fimm mánuðir í að það komi saman aftur. Það yrði því engin goðgá, virðulegi forseti, þótt við mundum bæta eins og hálfum degi við til að ræða þau mál sem út af standa.

[10:45]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Vegna umræðu sem hér hefur farið fram vil ég taka undir með hv. þm. Ágústi Ólafi Ágústssyni að það er mikilvægt að það mál verði klárað sem hann vakti máls á. Ég leyfi mér að mótmæla því að hægt sé að setja það mál í samhengi við annað mál sem lýtur að virðisaukaskatti og vörslufé. Það mál er langt frá því að vera nákvæmlega eins og rakið hefur verið í þessari umræðu því að verði það mál að lögum er alveg ljóst að það er verið að draga mjög úr öllum varnaðaráhrifum um að menn skili vörslufé sem þeir fá í hendur með því að innheimta virðisaukaskatt og aðrar tekjur sem ber að skila í ríkissjóð. Það er verið að draga mjög úr öllum varnaðaráhrifum verði þessi leið farin.

Hins vegar njóta ákveðin sjónarmið í þessu máli samúðar sem vert er að skoða mjög vandlega. Þær hugmyndir sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og fleiri eru með ganga í reynd allt of langt. Við hv. þingmenn sem höfum gert athugasemdir við þetta höfum verið tilbúnir að ræða um aðra niðurstöðu sem ná því markmiði sem að er stefnt hvað varðar þau sjónarmið sem njóta samúðar í þessum málum og vert er að taka á. Það er ekki þar með sagt að það eigi að gera það þannig úr garði að menn geti einfaldlega sent inn skýrslur og tilkynnt að þeir hafi gefið út reikninga hvað það varðar og greitt vörsluféð þegar fram líða stundir þegar og ef þeim dettur það í hug.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:47]

13. dagskrármál var of seint komið fram. — Samþ. með 55 shlj. atkv. að taka það til meðferðar.

Of skammt var liðið frá útbýtingu 13. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 57 shlj. atkv.

Samkeppnislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 590. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 883, nál. 1289, 1327 og 1340, brtt. 1290 og 1380.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[10:49]

Lúðvík Bergvinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þau frumvörp þrjú sem við erum að taka til afgreiðslu snúast fyrst og fremst um breytingar á stjórnsýslu samkeppnisyfirvalda. Stjórnsýslubreytingar og niðurlagningar stofnana eru hefðbundnar aðferðir stjórnarflokkanna þegar ná skal pólitískum tökum á sjálfstæðum og óþægilegum stofnunum, auk þess sem koma þarf fyrir vildarvinum í kerfinu. Ekkert hefur komið fram um að núverandi fyrirkomulag virki ekki. Þvert á móti sýna dæmin að kerfið virkar. Hið eina sem ekki hefur virkað eru nægileg fjárframlög ríkisstjórnarinnar til málaflokksins.

Ríkisstjórnin hefur haldið samkeppnisyfirvöldum í fjársvelti. Það hefur komið fram að það vantar í það minnsta 100 millj. kr. á ári til þess eins að hægt sé að ljúka þeim erindum sem samkeppnisyfirvöldum berast. Markmið frumvarpanna þriggja sem hér er verið að afgreiða er að veikja samkeppnislögin, ná pólitískum tökum á samkeppnisyfirvöldum og refsa þeim fyrir olíumálið. Samkeppnisstofnun gerði að mati ríkisstjórnarinnar það sem hún mátti alls ekki gera. Hún snerti hina ósnertanlegu. Hún snerti þá sem hingað til hafa aldrei þurft að bera ábyrgð á gjörðum sínum. Hún snerti þá sem hingað til hafa setið á fremsta bekk á landsfundum stjórnarflokkanna og rakað saman fé í þeirra þágu.

Hæstv. forseti. Gjörvöll stjórnarandstaðan og almenningur í landinu munu fylgjast með hverri hreyfingu hæstv. viðskiptaráðherra í þessu máli.

[10:50]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Um þetta frumvarp er mikill ágreiningur, bæði innan þings og utan. Sá ágreiningur er að sjálfsögðu fyrst og fremst efnislegur og lýtur að þeim lagabreytingum sem verið er að gera á sviði samkeppnismála og eftirlits með markaði en þetta frumvarp og tvö önnur til viðbótar fela í sér gagngera uppstokkun á lagaumhverfi og skipulagsformi í þeim geira.

Gagnrýnin lýtur líka að vinnubrögðum. Hún hefur komið frá Neytendasamtökum og frá verkalýðshreyfingunni en þessir aðilar hafa hvatt til þess að þessi mál yrðu ekki afgreidd að svo stöddu, heldur leitað eftir breiðu samkomulagi um lagabreytingar sem kunna að vera nauðsynlegar.

Þá hafa komið fram ásakanir um að ríkisstjórnin sé að refsa samkeppnisyfirvöldum fyrir framgöngu þeirra í umdeildum málum á sviði olíusamráðs og annarra mála. Ég tek undir það sem hefur komið fram á þinginu að það verður að sjálfsögðu fylgst grannt með hverju skrefi sem stigið verður í þessum málum.

[10:52]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur hæstv. viðskiptaráðherra og stjórnarmeirihlutanum að ætla að lögfesta það hér að veikja Samkeppnisstofnun og draga úr sjálfstæði hennar. Samkeppnisstofnun hefur eindregið varað við breytingum sem draga úr möguleikum stofnunarinnar til að grípa til aðgerða gegn hringamyndun, samþjöppun í atvinnulífinu og yfirburðastöðu fyrirtækja á markaði.

Samkeppnisstofnun teflir fram vönduðum faglegum rökum fyrir gagnrýni sinni og segir að hér sé um að ræða ótvíræða veikingu á möguleikum samkeppnisyfirvalda til að bregðast við alvarlegum samkeppnishömlum sem stafað geta af óhæfilegri samþjöppun og skaðlegri fákeppni. Með þessari lagasetningu er verið að opna fyrir pólitíska íhlutun í samkeppniseftirlitinu, enda eru þessi lög fyrst og fremst sett til höfuðs forstöðumönnum Samkeppnisstofnunar sem væntanlega þurfa að gjalda fyrir vasklega framgöngu í olíumálinu.

Í þessari lagasetningu endurspeglast valdhrokinn og ráðherraræðið eins og við höfum séð þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður og nú, þegar Mannréttindaskrifstofan er höfð í fjársvelti af því að þessir aðilar þjóna hvorki né þóknast valdhöfum. Hér er verið að ganga erinda stóru viðskiptasamsteypnanna á kostnað hagsmuna neytenda og þjóðarheildar. Við þingmenn Samfylkingarinnar styðjum að sjálfsögðu ekki þetta frumvarp.

[10:53]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Hér kemur til atkvæða eitthvert merkasta mál þessa þings. Ákvörðunarvald í samkeppnismálum er í raun fært frá fimm manna pólitískt skipuðu ráði, samkeppnisráði, til sjálfstæðrar eftirlitsstofnunar, Samkeppniseftirlitsins. Auk þess eru fjárframlög til málaflokksins aukin verulega.

Stjórnarandstaðan hefur því miður lagst mjög lágt í málflutningi sínum í sambandi við þetta mál. Því hefur m.a. verið haldið fram að hér sé um hefndaraðgerðir að ræða gagnvart Samkeppnisstofnun vegna olíumálsins. Í því sambandi vil ég rifja upp að við upphaf þess máls í desember 2001 er haft eftir mér í einu dagblaðanna, með leyfi forseta: „Heppileg aðgerð og hörð." Auk þess má geta þess að ég hafnaði beiðni Verslunarráðsins um að hafa afskipti af málinu og rannsaka aðgerðir Samkeppnisstofnunar eins og farið var fram á. Í umræðunni hefur öllu verið snúið á haus.

Ég segi eins og oft á við: Sá hlær best sem síðast hlær.

[10:55]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þessi frumvörp stefna til þess að auka áhrif ráðherra til handstýringar á samkeppnismálum ef ráðherrum líkar ekki málsmeðferð hjá styrktaraðilum sínum við rannsókn og úrskurði við samkeppnisbrotum. Hér er gengið gegn hagsmunum neytenda og við í Frjálslynda flokknum höfnum þessari málsmeðferð.

Brtt. 1290,1 samþ. með 32:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB,

SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 31:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, JBjart, SJS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[10:57]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við greiðum atkvæði um 1. gr. í mjög veigamiklu frumvarpi sem er hluti af þrennum lögum sem eiga að mynda nýja umgjörð um eftirlit með samkeppni á Íslandi.

Við erum að greiða atkvæði um einfaldara, skilvirkara og þar með hraðvirkara eftirlit með samkeppni sem mun koma öllu atvinnulífi til góða og skila neytendum lægra vöruverði og betri þjónustu. Skorið er á tengsl stjórnmála og eftirlits eins og unnt er og stuðlað að samræmdara eftirliti með samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu. Með þessu frumvarpi og þeim frumvörpum sem við ræðum á eftir er verið að skerpa á neytendavernd og byggja upp grunn fyrir enn betra viðskiptasiðferði öllum til hagsbóta. Ég segi já, herra forseti.

2.–3. gr. samþ. með 32:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1290,2 samþ. með 33:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, MF*, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
3 þm. (JBjarn, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, KolH, SJS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

4. gr., svo breytt, samþ. með 32:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1290,3 samþ. með 30:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, KHG, SJS, ÞKG) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 31:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, KHG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1290,4 samþ. með 31:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb.
5 þm. (JBjarn, KolH, KHG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 31:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, KHG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

7.–13. gr. samþ. með 30:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, KHG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁMM, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1290,5 samþ. með 32:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 32:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

15.–21. gr. samþ. með 32:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁRJ, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1290,6 samþ. með 31:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, KHG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

22. gr., svo breytt, samþ. með 31:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, KHG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

23.–26. gr. samþ. með 32:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

27. gr. samþ. með 31:27 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

28.–40. gr. samþ. með 31:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, KHG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, LB, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1290,7 samþ. með 31:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, KHG, SJS) fjarstaddir.

41. gr., svo breytt, samþ. með 31:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ,

SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, KHG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, JóhS, SJS) fjarstaddir.

42.–43. gr. samþ. með 31:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, KHG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1290,8 samþ. með 31:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, KHG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

44. gr., svo breytt, samþ. með 31:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, KHG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1290,9 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 31:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
5 þm. (JBjarn, KolH, KHG, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, JÁ, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1380 felld með 31:26 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:04]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða litla tillögu sem tryggir að sá einstaklingur, forstjóri Samkeppnisstofnunar, sem upplýst hefur mesta samsæri gegn almenningi á síðari tímum hafi við þessar breytingar stöðu til að geta valið um að halda áfram starfi, að þessar stjórnsýslubreytingar sem hér standa til verði ekki þau skilaboð til forstöðumanna stjórnsýslustofnana í landinu að ef þeir taka á viðkvæmum málum verði þeir látnir fara.

Hér er verið að leggja til að farin verði sama leið og farin var árið 1993 þegar samkeppnislög voru sett, þ.e. að forstjórinn geti valið um það að halda áfram störfum. Ég sé það á töflunni að ekki einu sinni sjálft Alþingi ætlar að taka fram fyrir hendurnar á Framsóknarflokknum og bjarga þinginu frá þeirri skömm að forstjóra Samkeppnisstofnunar skuli vera sagt upp á þann hátt sem hér er ætlunin að gera í frumvarpinu.

Ég segi já, virðulegi forseti.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51:1 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.
nei: LB.
3 þm. (JBjarn, KolH, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRJ, BjörgvS, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÁ, SJS) fjarstaddir.

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 591. mál. — Þskj. 884, nál. 1291, 1328 og 1341, brtt. 1292.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:06]

1. gr. samþ. með 32:18 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, HHj, JóhS, JGunn, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb.
5 þm. (JÁ, JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BH, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, KJúl, SJS, ÖS) fjarstaddir.

2.–21. gr. samþ. með 32:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1292,1 samþ. með 32:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS, ÖS) fjarstaddir.

22. gr., svo breytt, samþ. með 30:19 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (DJ, DrH, EKG, GÖg, GÖrl, JÁ, MÞH, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

23.–24. gr. samþ. með 32:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1292,2 (ný grein, verður 25. gr.) samþ. með 32:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

25.–27. gr. (verða 26.–28. gr.) samþ. með 32:22 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43:9 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, EMS, JóhS, KJúl, LB, MÞH, ÖS.
5 þm. (BH, JBjarn, KolH, MÁ, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (BjörgvS, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Neytendastofa og talsmaður neytenda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 592. mál. — Þskj. 885, nál. 1293, 1329 og 1342, brtt. 1294.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:09]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Það frumvarp sem hér á að fara að greiða atkvæði um er hreinn bastarður og sýndarmennska og ekki til þess fallið að styrkja neytendavernd í landinu. Hæstv. ráðherra hefur kastað til höndum í þessu máli og engan metnað lagt í það. Talsmaður neytenda á Íslandi er langt frá því að hafa sömu stöðu og umboðsmenn annars staðar á Norðurlöndunum sem starfa sjálfstætt, hafa sjálfstæðan fjárhag, hafa forustu um stefnumótun í neytendavernd og geta höfðað mál fyrir dómstólum í málefnum neytenda. Hér á landi fær talsmaður neytenda bara skrifborð og stól inni á Löggildingarstofu sem lengi hefur búið við fjársvelti en sú stofnun sýslar aðallega með rafmagnsöryggismál, flutningsjöfnun olíuvara og vottun faggildingarstofa.

Það fyrirkomulag sem hér er tekið upp var reynt í Danmörku og er af því slæm reynsla, mörg vandamál komu upp og var það í raun afturhvarf í neytendamálum þar í landi. Þetta er afspyrnuvont mál og ljóst að þessari ríkisstjórn er

meira umhugað um umboðsmann hersins en umboðsmann neytenda.

Við þingmenn Samfylkingarinnar segjum að sjálfsögðu nei við þessu frumvarpi.

[11:10]

Viðskiptaráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Með stofnun Neytendastofu og embættis talsmanns neytenda er stigið stórt skref í þágu neytenda. Talsmaður neytenda mun standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd. Neytendastofa mun vinna að stefnumótun á sviði neytendamála.

Ég er stolt af því að vera sá ráðherra sem fyrstur kemur fram á hv. Alþingi með róttækar tillögur til hagsbóta fyrir neytendur.

[11:11]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Þetta þingmál er með undarlegri lagasmíðum sem komið hafa fyrir Alþingi. Inn í gömlu Löggildingarstofuna er samkvæmt þessu frumvarpi sett nýtt embætti talsmanns neytenda. Það er illa skilgreint, verksviðið er illa skilgreint og tekjustofnarnir að sama skapi.

Ríkisstjórnin lýsir yfir miklu stolti og talar um stór skref. Hæstv. viðskiptaráðherra segir að við séum að samþykkja merkustu frumvörp þingsins. Hún kveðst vera stolt yfir sínu framlagi. Ég hélt að raforkuskatturinn væri öllu merkari í huga ríkisstjórnarinnar en maður er alltaf að læra eitthvað nýtt.

Við getum ekki stutt þetta frumvarp fremur en hin tvö í spyrðu ríkisstjórnarinnar um uppstokkun á sviði samkeppnismála og eftirlits með samkeppni.

1. gr. samþ. með 32:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:12]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Það er vissulega með miklum trega sem ég þarf að greiða atkvæði gegn þeirri hugmyndafræði sem vonandi liggur hér að baki, að efla neytendavernd og setja á talsmann neytenda. Þetta er mjög í anda þess sem við jafnaðarmenn höfum talað fyrir um langt árabil en þegar lagasmíðin er með þeim hætti að ekki verður við unað er mér nauðugur einn kostur að segja nei.

[11:12]

Mörður Árnason:

Forseti. Það mun ekki ofsagt að þetta sé eitthvert vitlausasta frumvarp sem fram hefur komið í þinginu um lengri tíma. Hagsmuni neytenda á að tryggja með því að búa til talsmann þeirra sem á að vera undirkontóristi hjá forstjóra sem nú situr í Löggildingarstofu. Löggildingarstofa á samkvæmt breytingartillögu hv. meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar að gera þjónustusamning við sjálfa sig um það hvernig honum verður séð fyrir borði, stól og væntanlega símatækni. Í raun og veru er það stolt sem hæstv. ráðherra lýsir í brjósti sér yfir þessum málum stolt yfir því að hafa rangsnúið framfaramáli sem neytendur á Íslandi og Neytendasamtökin hafa lengi barist fyrir.

Það er ekki hægt að vera með í þessu, forseti. Ég segi nei.

2. gr. samþ. með 32:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (BH, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1294,1 samþ. með 32:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (BH, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 32:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1294,2 samþ. með 32:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 32:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1294,3 samþ. með 32:19 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, LB, MÞH, SJS, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 32:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BH, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 32:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1294,4 samþ. með 32:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 30:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BjarnB, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, HÁs, MÞH, SJS, ÖS) fjarstaddir.

8.–11. gr. samþ. með 32:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1294,5 samþ. með 30:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, DJ, DrH, GHH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 31:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁMM, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 31:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.
4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁMM, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1294,6 samþ. með 31:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG,

EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 31:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁMM, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39:5 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BBj, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, MF, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

nei: ÁÓÁ, ÁRJ, KJúl, LB, RG.

2 þm. (MÁ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, BjarnB, BjörgvS, BH, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, HHj, JóhS, JBjarn, KolH, KLM, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008, frh. síðari umr.

Stjtill., 721. mál. — Þskj. 1079, nál. 1367 og 1375, brtt. 1368 og 1372.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:18]

Björgvin G. Sigurðsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Í þeirri samgönguáætlun sem hér liggur fyrir til afgreiðslu er áætlaður verulegur niðurskurður frá gildandi áætlun. Heildarniðurskurðurinn á árunum 2005 og 2006 er 5,4 milljarðar kr. að teknu tilliti til vísitölu Vegagerðarinnar. Þessi mikli niðurskurður er umbylting frá digrum kosningavíxlum sem veifað var rétt fyrir kosningarnar 2003 þegar allt átti að gera fyrir alla. Niðurskurðurinn mun bitna illa á ýmsum svæðum landsins en þremur mánuðum fyrir síðustu alþingiskosningar kynntu oddvitar stjórnarflokkanna að ríkisstjórnin hefði samþykkt að verja 6 milljörðum kr. næsta eina og hálfa árið til aukinna samgönguframkvæmda. Voru ýmis verk talin upp í því samhengi. Nú er komið í ljós að margt af því er slegið af. Heildarniðurskurðurinn er fjandsamleg aðgerð fyrir alla byggð í landinu og er höfuðborgarsvæðið þar ekki undanskilið. Hér eru stjórnarflokkarnir að svíkja mörg af sínum stærstu og digrustu kosningaloforðum.

Þetta eru alvarlegar staðreyndir og að mati Samfylkingarinnar á almennt að auka framlög til vegamála og leggja sérstaka áherslu á öflugar tengingar við höfuðborgarsvæðið eins og Sundabraut. Framlög til samgöngumála kalla ekki á veruleg rekstrarframlög í framtíðinni og má fullyrða að í þeim felist sparnaður þegar allt er saman reiknað. Má þar telja fækkun slysa, ódýrari rekstur bifreiða, minni eldsneytisnotkun og styttri vegalengdir með þeim tímasparnaði sem í því felst.

Niðurskurðurinn mun einnig bitna harkalega á öllum landshlutum og allt tal um byggðastefnu hlýtur að vera tómt orðagjálfur þegar skera á svo mikið niður í samgöngumálum sem eru langmikilvægasta einstaka byggðamálið. Mikilvægum framkvæmdum er frestað meðan margar byggðirnar horfa fram á erfiðleika þar sem hvert ár í bættum samgöngum er verulega dýrmætt. Samgöngur eru lykilatriði við viðhald og eflingu byggða og því hlýtur að vera spurt: Er skynsamlegt að skera niður ríkisframlög í þessum málaflokki þegar ástandið er víða sem raun ber vitni? Að sjálfsögðu ekki. Það er fráleitt og það þarfnast skýringa af hálfu hæstvirtra ráðherra ríkisstjórnarinnar þegar kosningavíxlarnir eru fallnir og eftir stendur þessi mikli niðurskurður framlaga til vegamála á næstu árum.

[11:21]

Guðlaugur Þór Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég er með yfirlýsingu frá mér og hv. þm. Sigurði Kára Kristjánssyni, Bjarna Benediktssyni og Birgi Ármannssyni.

Undirritaðir fagna yfirlýsingu formanna ríkisstjórnarflokkanna og samgönguráðherra um að fjármögnun Sundabrautar verði tryggð með sérstökum hætti. Sundabrautin er stærsta einstaka verkefnið á sviði samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu og tilkoma hennar mun létta á umferð og auðvelda samgöngur, ekki einungis fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins, heldur einnig alla landsmenn sem sækja þjónustu á svæðið. Verkefnið kostar í heild allt að 17 milljarða en stofnkostnaðarframlög í vegáætlun 2005–2008 hljóða upp á um það bil 31 milljarð. Ekkert á að geta komið í veg fyrir að farið verði í framkvæmdina um leið og skipulagsyfirvöld í Reykjavíkurborg ljúka nauðsynlegri undirbúningsvinnu.

Fyrir liggur að mörg þörf samgönguverkefni bíða framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Mörg brýnustu verkefnin hafa tafist í meðförum R-listans eða hreint og beint verið hafnað af því stjórnmálaafli. Er þekktasta dæmið mislæg gatnamót við Kringlumýrarbraut/Miklubraut þar sem borgaryfirvöld hreinlega neituðu að taka við fjármunum í þá framkvæmd. Af einstökum verkefnum sem eru brýn má t.d. nefna gatnamót Vesturlandsvegar og Suðurlandsbrautar, mislæg gatnamót við Reykjanesbraut og að ljúka tvöföldun Vesturlandsvegar en álag á hann mun aukast mjög á næstu árum.

Samgönguáætlun er eins og nafnið gefur til kynna áætlun og reynslan hefur sýnt okkur að henni hefur oft verið breytt umtalsvert. Við áskiljum okkur allan rétt til að berjast fyrir því að vegabótum innan höfuðborgarsvæðisins verði flýtt og auknir fjármunir færðir til vegaframkvæmda á svæðinu. (Gripið fram í.)

[11:22]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Góðar og greiðar samgöngur eru forsenda samkeppnishæfrar búsetu, byggðar og atvinnulífs um land allt. Vegir og samgöngubætur eru gerðar fyrir þjóðina alla. Þjóðin öll á vegina, sama hvar hver einstaklingur býr.

Ríkisstjórnin og meiri hlutinn á Alþingi leggur til að hér verði samþykktur stórfelldur niðurskurður á þeirri samgönguáætlun sem hefur gilt, var samþykkt árið 2003 og var lagt upp með í kosningarnar sem eitt stærsta átak í samgöngumálum til þess tíma. Strax eftir kosningar er þetta átak svo skorið niður og nú stöndum við frammi fyrir niðurskurði á þriggja ára tímabili um 6–8 milljarða kr. á samgönguáætluninni í heild. Þetta eru hrein svik við þá kjósendur sem kusu þessa flokka í síðustu alþingiskosningum.

Hér er verið að leggja til að varið verði einu lægsta hlutfalli af vergum þjóðartekjum til samgöngumála um langt árabil. Auk þess eru framkvæmdir á vegum ríkisins sem nánast eingöngu hafa verið einskorðaðar við samgöngumál í lágmarki, það lægsta sem þekkst hefur um langt árabil. Þetta er verið að gera í góðærinu.

Ein rökin sem höfð eru fyrir þessum niðurskurði eru þau að það þurfi að varna þenslu vegna stóriðjuframkvæmdanna. Stóriðjuframkvæmdirnar eru dregnar fram sem rök fyrir því að vegaframkvæmdir eru skornar niður um allt land. Í þjóðarbúskap sem telur nálægt þúsund milljörðum króna er verið að tala um að tveggja milljarða kr. niðurskurður skipti máli. Hver trúir svona málflutningi? Hann er blekking.

Herra forseti. Þessi samgönguáætlun er unnin á ábyrgð meiri hluta ríkisstjórnarinnar. Þingmenn hafa mjög lítið komið að þessu, eingöngu að því sem lýtur að því að ræða um skiptingu fjár til einstakra kjördæma eftir að búið er að úthluta af hálfu meiri hlutans eða ráðherrans því fjármagni sem ætlað er að verja á hvert kjördæmi. Ég dreg í efa að sú skipan sé rétt að skipta landinu upp í svona kjördæmi, eins og ég sagði, (**Gripið fram í:** Landið eitt kjördæmi.) hvað varðar skiptingu vegafjár. Við eigum öll vegina, þjóðin. Þessi afgreiðsla er á ábyrgð (Forseti hringir.) meiri hlutans og ríkisstjórnarinnar, herra forseti.

[11:26]

Samgönguráðherra (Sturla Böðvarsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Hér göngum við til atkvæðagreiðslu um samgönguáætlun fyrir árin 2005–2008. Framkvæmdir í samgöngumálum eru mjög fjárfrekar, framkvæmdir sem ná yfir langt tímabil, og þess vegna er óhjákvæmilegt að gera áætlanir, og í þessu tilviki fjögurra ára áætlun. Það liggur fyrir að framkvæmdir, rekstur og starfsemi á sviði flugmála samkvæmt áætluninni eru í góðu samræmi við þá miklu útrás og þau miklu umsvif sem eru í starfsemi flugsins. Hvað varðar framkvæmdir og starfsemi á sviði siglingamála liggur fyrir að það er góð sátt um þær allar og þá starfsemi sem er á vegum siglingastarfseminnar.

Hvað varðar vegaframkvæmdirnar eru miklar væntingar og miklar óskir um framkvæmdir í vegamálum um allt land. Í þessari áætlun gerum við ráð fyrir því að veita yfir 60 milljarða kr. á næstu fjórum árum til samgöngumála á sviði vegamála, þjónustu og uppbyggingar. Þetta eru hærri fjárhæðir en áður hefur verið varið til vegamála á Íslandi. Við gerum að sjálfsögðu ráð fyrir því að bæta þjónustu og byggja upp samgöngukerfið eins og áætlunin gerir ráð fyrir. Það er hins vegar alveg óhjákvæmilegt að framkvæmdir í samgöngumálum taki tillit til efnahagsumhverfisins og þess vegna þurfum við að hafa breytileg framlög frá einu ári til annars í samræmi við fjárlög vegna samgöngumálanna og þá vegamálanna.

Ég vil vekja athygli á einu atriði sérstaklega í þessari áætlun. Í fyrsta skipti eru umferðaröryggismál hluti af samgönguáætlun. Umferðaröryggismál eru rauði þráðurinn í gegnum allar þær framkvæmdir sem við gerum ráð fyrir og við leggjum megináherslu á að ná árangri í því að bæta öryggi á vegum landsins með þessari áætlun. Þess vegna er hún afar mikilvæg og ég fagna þeirri samstöðu sem náðist innan samgöngunefndar Alþingis um hana. (Gripið fram í.)

[11:29]

Jónína Bjartmarz *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Sundabrautin er samgöngumannvirki sem er nauðsynlegt að verði ráðist í hið fyrsta. Hún mun leysa úr mörgum þeim umferðarvandamálum sem við er að eiga í Reykjavík og hún mun líka greiða þeim leið sem eiga erindi til Reykjavíkur og flýta för þeirra. Einnig mun tilkoma Sundabrautar ásamt tvöföldun Reykjanesbrautar og tvöföldun vegarins austur fyrir Hellisheiði stuðla að því að efla nágrannabyggðir höfuðborgarsvæðisins í atvinnulegu, byggðalegu og þjónustulegu tilliti.

Sundabrautin er mjög kostnaðarsöm framkvæmd og mun kosta á annan tug milljarða og því er nauðsynlegt að við fjármögnun hennar sé leitað sérstakra leiða. Svo dýrt umferðarmannvirki verður ekki fjármagnað af samgönguáætlun. Forustumenn ríkisstjórnarinnar hafa lýst því yfir að þeir vilji að gerð Sundabrautar verði fjármögnuð sérstaklega, m.a. með því fjármagni sem ríkissjóður hefur til ráðstöfunar eftir sölu Símans. Í þessu ljósi munum við, þingmenn Framsóknarflokksins á höfuðborgarsvæðinu, styðja samgönguáætlun þótt hlutur höfuðborgarinnar sé rýr.

[11:30]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Því miður er staðreyndin sú að inn í samgönguáætlunina vantar fé. Það var ljóst við afgreiðslu fjárlaga á sl. hausti hvert stefndi í þeim efnum og við því var varað.

Innan núverandi fjárheimilda er ekki hægt að ná sátt um samgönguáætlun. Sá niðurskurður sem við stöndum frammi fyrir gerir það að verkum að við þingmenn Frjálslynda flokksins getum ekki stutt þessa samgönguáætlun. Það er óásættanlegt að við sitjum uppi með það að standa frammi fyrir því að keyra á malarvegum í Norðvesturkjördæmi á

næstu árum. Það er óásættanlegt eins og málum er komið miðað við aukna flutninga á þjóðvegunum.

Ég vek líka athygli á að hér er um svikin loforð stjórnarflokkanna að ræða. Því var lofað fyrir kosningar að setja verulega fjármuni í samgöngumálin. Ég tel að sá heildarniðurskurður sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir á undanförnum árum sé fjandsamlegur landsbyggðinni, alveg sérstaklega.

Brtt. 1372,1 felld með 34:1 atkv. og sögðu

já: GunnB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:32]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hef alltaf litið þannig á að vegagerð sé sameiginlegt verkefni allra landsmanna. Ég viðurkenni að hafa notað flesta vegi úti á landi og líka á höfuðborgarsvæðinu og gleðst yfir því grettistaki sem lyft hefur verið í vegamálum um allt land. Hygg ég að þannig sé farið um flesta borgara landsins. Þess vegna hef ég ekki verið að skipta mér neitt sérstaklega af vegáætlun þau tíu ár sem ég hef setið á þingi en hv. þingmenn skulu ekki halda að það sé áhugaleysi eða að ég hafi ekki tekið eftir árlegu baktjaldamakki ogýfingum og ýtingum í kringum vegáætlun með tilheyrandi tilfinningaupphlaupi. Eru þar aðallega á ferðinni hv. landsbyggðarþingmenn sem virðast telja það meginhlutverk sitt á löggjafarsamkundunni að byggja vegi, brýr og grafa skurði.

Nú virðist þessi þingmannahópur hafa skotið yfir markið og hrifsað til sín of stóran bita af kökunni og valdið uppnámi á höfuðborgarsvæðinu. Sú tillaga sem við ræðum hér er viðbrögð við því og ég skil hv. þm. Gunnar Birgisson fullvel. Engu að síður greiði ég atkvæði gegn tillögu hans vegna þess að hún undirstrikar og mun skerpa enn frekar á þeirri hugsun að vegir og samgöngur komi bara hverju svæði við. Því er ég mótfallinn og skora á hv. landsbyggðarþingmenn að gæta sín á næsta ári.

Brtt. 1368,1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GunnB, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1372,2 (4.1.5 1. Grunnnet, undirl. 1. Almenn verkefni) felld með 33:1 atkv. og sögðu

já: GunnB.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

24 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, RG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1372,2 (frá og með undirlið 1.2) og 3–6 kom ekki til atkv.

Brtt. 1372,7 felld með 32:2 atkv. og sögðu

já: GunnB, KJúl.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, HHj, JÁ, JBjarn, JGunn, KolH, KHG, KLM, LB, MF, RG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRJ, DJ, DrH, GÁS, GÖg, GÖrl, HÁs, JóhS, MÁ, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:37]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég hafði ætlað að fá sératkvæðagreiðslu um 4.1.5 1.2 og hafði ráðfært mig við starfslið þingsins um að það væri hægt að fá sérstaka atkvæðagreiðslu um 4.1.5. 1.2 Verkefni á höfuðborgarsvæðinu sem við þingmenn Samfylkingarinnar á höfuðborgarsvæðinu ætluðum að styðja. (**Gripið fram í:** Nú?) Ég er óánægð með það að atkvæðagreiðslu skuli hagað á þennan veg því að ég hafði gengið úr skugga um að atkvæðagreiðsla færi sérstaklega fram varðandi þennan tölulið vegna þess að það er mikilvægt að við þingmenn á höfuðborgarsvæðinu fáum að greiða atkvæði um þetta. Hefði mér verið kunnugt um að það hefði ekki verið hægt hefði ég að sjálfsögðu komið í atkvæðaskýringu í upphafi um breytingartillögu hv. þm. Gunnars Birgissonar. Ég vil því lýsa óánægju minni með þessa fundarstjórn og þessa atkvæðagreiðslu eins og henni er háttað hér.

[11:38]

Forseti (Halldór Blöndal):

Sú tillaga sem hv. þingmaður talar um er sjálffallin og verið var að greiða atkvæði um 7. tölulið í breytingartillögum Gunnars Birgissonar, en að sjálfsögðu fer um atkvæðagreiðslur á Alþingi eftir þingsköpum. — Ég vil benda hv. þingmönnum á að atkvæðagreiðsla hafði farið fram, atkvæðaskýringu er lokið. Það var óskað eftir því að atkvæðagreiðslan væri endurtekin. Hv. 2. þm. Reykv. s. hafði gert grein fyrir atkvæði sínu og það er ekki heimilt að gera nema einu sinni grein fyrir atkvæði sínu í hvert skipti og þegar atkvæðagreiðsla er endurtekin er ekki heimild til að taka að nýju upp umræður um atkvæðagreiðsluna.

[11:39]

Mörður Árnason *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég vil auðmjúklegast segja frá því að áður en atkvæðagreiðslunni lauk en eftir að ég hafði greitt atkvæði gaf ég merki. Forseti var að vísu að horfa annað en það er oft þannig að aðstoðarmenn forseta við púltið taka eftir þessu og láta forseta vita. Það virðist hafa láðst að gera það að þessu sinni og ég ætla ekki að tefja fundinn frekar en orðið er með þeim mistökum forseta en kem kannski að efni máls í atkvæðaskýringu á eftir.

[11:40]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Ég geri mér grein fyrir því, virðulegi forseti, að forseti hefur kveðið upp úrskurð. En ég er mjög ósátt við þennan úrskurð og óska eftir því að þetta verði tekið upp í forsætisnefnd. Ég heyrði ekki betur en hæstv. forseti segði að verið væri að greiða atkvæði um 4.1.5 1 Grunnnet og 1 Almenn verkefni þannig að hér var einungis verið að greiða atkvæði um 1. töluliðinn. Aðrir töluliðir geta ekki verið sjálffallnir þegar bara er verið að taka til atkvæða 1. töluliðinn. Ef aftur á móti aðrir töluliðir í þessum 2. kafla hefðu fallið hefðu aðrar tillögur á þskj. 1372 verið sjálffallnar. Ég óska því eftir að forsætisnefnd fjalli um þennan úrskurð og þessa niðurstöðu hæstv. forseta.

[11:41]

Forseti (Halldór Blöndal):

Forsætisnefnd hefur ekki áhrif á stjórn forseta hver svo sem forseti er og stendur hér.

[11:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um fundarstjórn)*:

Ég vil að það sé rækilega undirstrikað og komist inn í Alþingistíðindi að ég tel að forseti hafi kveðið upp rangan úrskurð sem ég er ósátt við. Það mun auðvitað síðar koma í ljós ef menn liggja yfir þessu að þó að forsetinn hafi úrskurðarvald hefur hann kveðið upp rangan úrskurð.

[11:41]

Forseti (Halldór Blöndal):

Mér þykir auðvitað leiðinlegt að hv. þingmaður er óánægður með mína fundarstjórn. En ég vil benda á til umhugsunar að sami háttur er hafður á um þá túlkun hvernig bornar skulu upp breytingartillögur við vegáætlun eins og um fjárlög.

[11:42]

Jón Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég sat í sæti mínu og hlustaði mjög gaumgæfilega á það sem forseti sagði þegar hann bar upp þennan lið og þessi atkvæðagreiðsla fór fram. Ég heyrði ekki betur en herra forseti hefði sagt að við greiddum næst atkvæði um liðinn 4.1.5 1 Grunnnet, 1 Almennt verkefni. Ef það er rétt að forseti hafi sagt það sem ég heyrði að við værum að greiða um liðinn almenn verkefni sem gerir ráð fyrir 400 millj. á fyrsta ári, 414 á því næsta, þá er ekki hægt að túlka það með þeim hætti að búið sé að fella heildarupphæðina í stofnkostnað samkvæmt þessari tillögu. Það var eingöngu verið að greiða atkvæði um eftir orðanna hljóðan kaflann Almenn verkefni og ekkert annað og ég óska eftir því að hæstv. forseti skoði það hver formálinn var að þessari atkvæðagreiðslu, hvort ekki sé hægt að fletta því upp og skoða það að hafi verið eingöngu að greiða atkvæði um Almenn verkefni.

(**Forseti** (HBl)**:** Mér þætti vænt um það að skoða það með hv. þingmanni ef ég mætti læra nokkuð af því.)

Brtt. 1368,2 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GunnB, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, RG, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÁ*, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að honum láðist að styðja á hnapp í atkvgr.; sjá greinargerð með atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:44]

Mörður Árnason:

Forseti. Það sem hér er að gerast er að forseti hefur með þingtæknilegum krókum reynt að kveða niður þá aðgerð sem hv. þm. Gunnar Birgisson stendur fyrir til þess loksins að reyna að rétta hlut höfuðborgarsvæðisins, mikilvægasta svæðis á landinu í samgöngumálum. Ég verð að hryggja forseta og þá sem með honum standa í þessu að til lengdar munu þessar þingtæknilegu lagakrókaaðferðir ekki duga. Það er fylgst með okkur í dag, hvað menn gera í þessum málum, hvort menn ætla að halda í horfna tíma, veröld sem var í samgöngumálum eða líta til framtíðarinnar og efla samgöngur og mannlíf á því svæði sem skiptir Ísland mestu á 21. öld. Ég sit hjá í atkvæðagreiðslu um þessa tillögu meiri hluta samgöngunefndar.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, GunnB, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, RG, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, JónK, MÁ, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 31:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KLM, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: ÁRJ, KJúl, MÁ.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS*, GAK, GÁS, GunnB, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KHG, LB, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:46]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil árétta það viðhorf okkar jafnaðarmanna að þessi samgönguáætlun er úr engu gerð. Hún er dæmi um svikin loforð stjórnarflokkanna hvað varðar átak í samgöngumálum. Það hefur einnig vakið sérstaka athygli og er rétt að undirstrika þann vilja okkar þingmanna jafnaðarmanna á höfuðborgarsvæðinu að vilji okkar er skýr í því ... (**Sjútvrh.:** ... í þingflokknum, jafnaðarmenn á höfuðborgarsvæðinu.) Ég skil það vel að hæstv. sjávarútvegsráðherra óttist það. Vilji okkar er algerlega ... (Gripið fram í.) Herra forseti, ef ég mætti fá andartakshljóð.

(**Forseti** (HBl)**:** Ég vil biðja hv. þingmann að gefa hæstv. varaforseta tóm til að ljúka máli sínu.)

Það sem ég vildi sagt hafa er þetta: Vilji okkar stóð til þess að styðja þá viðleitni sem fram kom hjá hv. þm. Gunnari Birgissyni hvað varðar aukna áherslu á höfuðborgarsvæðið en án þess með neinum hætti að skerða það skerta framlag sem fyrir liggur í þessari áætlun til landsbyggðarinnar. Kjarni málsins er sá að það vantar fjármuni til vegamála og það skulu vera lokaorð mín við þessa vegáætlun. Við tökum ekki þátt í sviknum loforðum ríkisstjórnarinnar hvað varðar átak til vegamála.

[11:48]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Við þingmenn Samfylkingarinnar á höfuðborgarsvæðinu höfum lengi gagnrýnt það hve afskipt höfuðborgarsvæðið hefur verið í fjármagni til vegaframkvæmda. Þessu verður að breyta, virðulegi forseti, því að nú er nóg komið og við segjum: Hingað og ekki lengra. Það er full ástæða til að átelja harðlega að ekki skuli gert ráð fyrir fjármagni til framkvæmda þar sem tveir þriðju hlutar landsmanna búa, m.a. við Sundabrautina sem er ekki aðeins mikilvæg fyrir höfuðborgarsvæðið heldur fyrir landsbyggðina einnig.

Fjármagn til höfuðborgarsvæðisins eins og ráð er fyrir gert í þessari samgönguáætlun til ársins 2008 er fullkomlega óeðlilegt, og gróf móðgun við höfuðborgarsvæðið og við umferðaröryggi á því.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1441).

Álbræðsla á Grundartanga, 3. umr.

Stjfrv., 707. mál (fasteignaskattur). — Þskj. 1065.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:50]

Frv. samþ. með 47:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: AKG*.

1 þm. (KolH) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁRJ, BjörgvS, DJ, DrH, GAK, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, KJúl, LB, MÞH, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1442).

Fjáröflun til vegagerðar, 3. umr.

Stjfrv., 720. mál (uppgjör þungaskatts). — Þskj. 1411.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:50]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HjÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

4 þm. (ÁÓÁ, GÁS, JóhS, LB) greiddu ekki atkv.

13 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, HHj, JÁ, KJúl, RG, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1443).

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 3. umr.

Stjfrv., 708. mál (verðbréfaviðskipti í minni fyrirtækjum). — Þskj. 1066, brtt. 1405.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:51]

Brtt. 1405 samþ. með 53 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, JÁ, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1444).

Virðisaukaskattur o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 697. mál (vetnisbifreiðar). — Þskj. 1412.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:53]

Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ, ÖS.

8 þm. (BjörgvS, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, LB, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:52]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er verið að fella alfarið niður virðisaukaskatt á vetnisbifreiðar og tvöfalda afslátt á vörugjöldum af rafmagns- og metanbifreiðum. Hvort tveggja er liður í rannsóknum og tilraunum til að vinna gegn gróðurhúsaáhrifum.

Tilraunir með vetnisbifreiðar eru mjög umfangsmiklar hér á landi og þar er um eina tegund rafgeymis að ræða sem keppir við ýmsar tegundir rafgeyma og liggur eðlilega ekki fyrir hvaða lausn eða lausnir verða ofan á. Þetta frumvarp er þó veigamikil forsenda þessara tilrauna og ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1445).

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 3. umr.

Stjfrv., 698. mál (farmflutningar). — Þskj. 1419.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:53]

Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, SJS, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1446).

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 587. mál (tannlæknakostnaður aldraðra, öryrkja og barna). — Þskj. 879.

[11:54]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Með frumvarpinu og þeim breytingum sem hafa verið gerðar er verið að samræma ákvæði um endurgreiðslu vegna sérfræðiþjónustu og setja endurgreiðsluhlutfall og réttindi í reglugerð. Það er villandi að tala um samræmingu við ákvæði í lögum um aðra sérfræðinga innan heilbrigðisþjónustunnar þar sem enginn samningur er í gildi milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og tannlækna. Því tel ég að það hafi verið rétt að fresta formbreytingu, þ.e. að færa endurgreiðsluhlutfall af tannlæknakostnaði úr lagatexta yfir í reglugerðarákvæði þar til samningur við tannlækna er í höfn.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð fagnar auknum réttindum aldraðra, langsjúkra og öryrkja hvað varðar fjölgun meðferðarúrræða frá því sem verið hefur til að bæta bit og munnheilsu aldraðra og öryrkja eins og fram kemur í kynningu á reglugerð sem birt er með frumvarpinu. En til að ná markmiðum heilbrigðisáætlunar þarf að auka enn frekar framlög til tannlækninga og tannverndarmála þar sem gjaldskrá ráðherra hefur ekki fylgt verðlagshækkunum. Útgjöld heimilanna vegna tannlækninga hafa hækkað verulega og er nú svo komið að margar fjölskyldur hafa ekki efni á að veita sér sjálfsagða tannlæknaþjónustu. Haldi þessi þróun áfram er nær víst að markmið heilbrigðisáætlunarinnar um tannheilbrigði náist ekki og að útgjöld vegna þessa komi fram síðar, bæði í ríkisútgjöldum og hjá einstaklingum.

Með tilliti til þess að felldar voru breytingartillögur um að halda endurgreiðsluhlutfalli úr sjúkrasjóði inni í lagatexta, samanber tillögu á þskj. 1321, skorar Vinstri hreyfingin – grænt framboð á hæstv. ráðherra að nota reglugerðarheimildir til frekari réttarbóta fyrir aldraða og öryrkja. Í því trausti munum við styðja afgreiðslu málsins.

[11:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Við erum að ljúka afgreiðslu á frumvarpi til laga um breytingu á almannatryggingalögunum nr. 117/1993 og eins og kom fram í umræðunni er Samfylkingin þeirrar skoðunar að réttindi til endurgreiðslu á tannlæknakostnaði ætti að vera í lögum en ekki í reglugerð eins og verið er að breyta hér.

Aftur á móti höfum við lagt fram tillögu, gerðum það við 2. umr., þar sem farið var fram á það að réttindin yrðu áfram í lögunum og að sömuleiðis yrði aukinn réttur þroskaheftra til tannlæknaendurgreiðslu sem færi þá upp í 100% í staðinn fyrir 90%. Þá vil ég geta þess að 100% endurgreiðsla er ekki full endurgreiðsla vegna þess ósamræmis

sem er milli gjaldskrár tannlækna og gjaldskrár ráðherra í endurgreiðslu á tannlæknakostnaði. Þar sem breytingartillaga okkar var felld í gærkvöldi og hér eru á ferðinni réttarbætur þó svo að þær fari inn í reglugerð munum við engu að síður styðja þessa breytingu á lögunum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:58]

Frv. samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

nei: PHB.

10 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖg, GÖrl, JÁ, MÞH, MS, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1447).

Lyfjalög og heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 649. mál (EES-reglur, blóðbanki, lyfjaeftirlitsgjald o.fl.). — Þskj. 1421.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:58]

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (BH, DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, MS, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1448).

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Stjfrv., 309. mál (sektarinnheimta o.fl.). — Þskj. 1427.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:58]

Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, GunnB, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

8 þm. (DJ, DrH, GÖg, GÖrl, MÞH, MS, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1449).

Verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 817. mál (tilvísanir í greinanúmer laganna). — Þskj. 1406.

[11:59]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum, frá hv. efnahags- og viðskiptanefnd. Það er að finna á þskj. 1406.

Frumvarp þetta er lagt fram í framhaldi af breytingum sem nýlega voru samþykktar á lögum um verðbréfaviðskipti. Þann 1. júlí og aftur 1. janúar nk. breytast greinanúmer laganna. Hér eru lagðar til leiðréttingar á tilvísunum í samræmi við þær breytingar sem verða á lögunum þann 1. júlí nk.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 14.–32. mál.

Fundi slitið kl. 12:00.

---

133. FUNDUR

miðvikudaginn 11. maí,
að loknum 132. fundi.

Dagskrá:

1. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 816. mál, þskj. 1402. — Ein umr. *Ef leyft verður.*
2. Fjárframlög til stjórnmálastarfsemi, skýrsla, 57. mál, þskj. 1169. — Ein umr.
3. Samkeppnislög, stjfrv., 590. mál, þskj. 1435 . — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, stjfrv., 591. mál, þskj. 1436. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Neytendastofa og talsmaður neytenda, stjfrv., 592. mál, þskj. 1437 . — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Loftferðir, stjfrv., 699. mál, þskj. 1057, nál. 1275, brtt. 1276 og 1288. — 2. umr.

7. Skipan ferðamála, stjfrv., 735. mál, þskj. 1097, nál. 1271, brtt. 1272. — 2. umr.

8. Fjarskipti, stjfrv., 738. mál, þskj. 1102, nál. 1369 og 1374, brtt. 1370. — 2. umr.

9. Stefna í fjarskiptamálum 2005–2010, stjtill., 746. mál, þskj. 1111, nál. 1371. — Síðari umr.

10. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 677. mál, þskj. 1030, nál. 1228 og 1277, brtt. 1229. — 2. umr.

11. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 732. mál, þskj. 1094, nál. 1223, 1246 og 1278. — 2. umr.

12. Mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 235. mál, þskj. 241, nál. 1387 og 1391, brtt. 1388 og 1392. — 2. umr.

13. Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 723. mál, þskj. 1081, nál. 1389 og 1390. — 2. umr.

14. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 695. mál, þskj. 1053, nál. 1385, brtt. 1386. — 2. umr.

15. Olíugjald og kílómetragjald, stjfrv., 807. mál, þskj. 1365, nál. 1397. — 2. umr.

16. Landbúnaðarstofnun, stjfrv., 700. mál, þskj. 1357, brtt. 1361 og 1393. — 3. umr.

17. Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, stjfrv., 701. mál, þskj. 1358, brtt. 1394. — 3. umr.

18. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 396. mál, þskj. 503, nál. 1221. — Frh. 2. umr.

19. Lokafjárlög 2002, stjfrv., 440. mál, þskj. 660, nál. 1197 og 1347. — 2. umr.

20. Lokafjárlög 2003, stjfrv., 441. mál, þskj. 663, nál. 1198 og 1348, brtt. 1199. — 2. umr.

21. Bætt heilbrigði Íslendinga, þáltill., 806. mál, þskj. 1354. — Fyrri umr.

22. Almenn hegningarlög, frv., 67. mál, þskj. 67, nál. 1273, brtt. 1274. — 2. umr.

23. Rekstur skólaskips, þáltill., 29. mál, þskj. 29, nál. 1403. — Síðari umr.

24. Verðbréfaviðskipti, frv., 817. mál, þskj. 1406. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla fyrirspurnar.

[12:01]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Það er komin upp nokkuð sérkennileg staða varðandi svör við fyrirspurnum. Ég hef orðið var við það nokkrum sinnum á hv. Alþingi að hv. þingmenn hafa kvartað yfir því að ráðherrar hafa ekki svarað fyrirspurnum frá þeim.

Nú er ég hins vegar lentur í þeirri stöðu að einn hv. þingmaður, Lúðvík Bergvinsson, hefur lagt fram fyrirspurn til mín en hins vegar ekki viljað að hún yrði tekin á dagskrá til þess að ég gæti svarað henni. Þegar starfsmenn þingsins hafa gengið á hann hefur hann sagt að hann vildi að fyrirspurnin lægi og að henni yrði ósvarað. Mér finnst þetta ekki vera alveg í lagi. Þar sem fyrirspurnatímar verða væntanlega ekki fleiri á þessu þingi hef ég óskað eftir því við þingmanninn að hann breytti fyrirspurninni þannig að um væri að ræða skriflegt svar og ég gæti þannig svarað fyrirspurninni skriflega. Hv. þingmaður hefur neitað mér um það.

Ég er með svarið tilbúið og get lagt það fram sem skriflegt svar. Það hefur verið tilbúið um nokkurn tíma og ég hef getað svarað því, mín vegna, í fyrirspurnatíma en ekki getað vegna þess að þingmaðurinn hefur ekki viljað að ég svaraði (Gripið fram í.) fyrirspurninni. Þetta er mjög sérstök staða, herra forseti, og ég óska eftir því að fá að leggja hið skriflega svar fram sem þingskjal.

[12:03]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir óskaplega miður að særindi hæstv. sjávarútvegsráðherra og sálarlíf hans sé með þeim hætti sem hann lýsti hér. Kjarni þessa máls er þó afar einfaldur, hann er þannig að fyrir margt löngu lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. sjávarútvegsráðherra sem beið mjög langan tíma. Hann ákvað síðan að svara fyrirspurninni, ekki á þingi heldur á blaðamannafundi eða fundi úti í bæ. Í sjálfu sér, ef menn koma þannig fram við þingið, hið háa Alþingi, treysta sér ekki til að svara á hinu háa Alþingi en gera það úti í bæ, verða menn vitaskuld bara að búa við það.

Við sem sitjum á hinu háa Alþingi sættum okkur ekki við svona vinnubrögð en þar sem svarið er komið fram, þ.e. fyrirspurninni var svarað, reyndar bara úti í bæ, hef ég alveg sætt mig við það svar og ætla að láta það duga.

[12:04]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Nú hefur það auðvitað margsinnis gerst að hv. þingmenn hafa lagt fram fyrirspurnir um efnisatriði sem eru aðgengileg öllum, jafnvel á netinu, vegna þess að þeir hafa talið rétt að þær upplýsingar lægju fyrir og kæmu fram í þingtíðindum. Það er mjög eðlilegt.

Mér heyrist á hv. þingmönnum að þeir átti sig ekki á því um hvað fyrirspurnin fjallaði, hún fjallaði um flutning á störfum stofnana sjávarútvegsráðuneytisins út á land, Fiskistofu, Rannsóknastofu fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar. Nú heyri ég ekki betur á hv. þingmanni en að ég hafi móðgað hann með því að svara hluta af fyrirspurninni á opnum fundi í Vestmannaeyjum. (**Gripið fram í:** Er það úti í bæ?) Þannig virðist ég hafa móðgað hv. þingmann, með því að svara úti í bæ. Hv. þingmaður telur þá að hafi hann borið fram fyrirspurn um eitthvert atriði megi viðkomandi ráðherra ekki tala um málefnið annars staðar. Ég hélt að hv. þingmaður hefði átt að verða glaður og ánægður yfir því að um þetta væri fjallað á fundi í heimabæ hans, opnum fundi þar sem ég reyndar gerði ráð fyrir að hv. þingmaður yrði mættur, en hann var það ekki. Hann hefði átt að gleðjast yfir því sem ég hafði fram að færa í þessu að hluta til, þetta er bara að hluta til hvað fyrirspurnina varðar, að það yrði borið fram á fundi fyrir framan hans eigin kjósendur. Þetta voru ekki mínir kjósendur, heldur voru það hans kjósendur sem fengu að heyra hluta (Gripið fram í.) af

þessu svari ... (Gripið fram í.) Ég er ekki í því kjördæmi, hv. þingmaður, eins og þú veist. Ég hélt að hann yrði glaður yfir því að í hans heimabæ, hans kjördæmi, þar sem kjósendur hans væru til staðar, fengju þeir að heyra hluta af þessu svari.

Þetta er mjög sérstök og einkennileg staða og ég fer fram á það, herra forseti, að mega leggja fram skriflega svarið sem (Forseti hringir.) þingskjal, og til vara að fá að leggja það fram á lesstofu.

[12:06]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða er orðin alveg dásamleg en vegna þess að hæstv. ráðherra saknaði mín á þessum fundi er rétt að upplýsa að þetta var á innanfélagsfundi hjá Sjálfstæðisflokknum daginn áður en svara átti þessari fyrirspurn hér. Ég lýsti hins vegar mikilli ánægju með það að einhver störf skyldu vera flutt út á land.

Þetta er svo dásamleg umræða að ég hef svo sem ekki meira um málið að segja.

[12:07]

Sjávarútvegsráðherra (Árni M. Mathiesen) *(ber af sér sakir)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni að þetta er dásamleg umræða, alveg sérstakt vandamál sem upp er komið núna. Bara til að leiðrétta það, þessi fundur var ekki innanflokksfundur hjá sjálfstæðismönnum, heldur var þessi fundur haldinn á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum vegna breytinga sem verið er að gera á þeirri stofnun, og um þá stofnun var fjallað, auk annarra þeirra þátta sem snertu málefni á þessum tíma. Fundurinn var öllum opinn og ég hafði auðvitað gert ráð fyrir (Forseti hringir.) því að hv. þingmaður mundi mæta þar.

(**Forseti** (HBl): Er það til að bera af sér sakir að Hafrannsóknastofnun heldur fund í Vestmannaeyjum? Ég tel það alveg í það knappasta. Þykir hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni ástæða til að bera af sér sakir? Ég treysti dómgreind þingmannsins.)

[12:08]

Lúðvík Bergvinsson *(ber af sér sakir)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hlý orð í minn garð. Bara til að öllu sé til haga haldið fór fundurinn fram í Sjálfstæðisheimilinu í Vestmannaeyjum þannig að allir hafi það á hreinu í þessari umræðu hvar þetta fór fram, og hvernig. (Gripið fram í.)

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:09]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 3.–5. og 24. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 816. mál. — Þskj. 1402.

[12:10]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar, svohljóðandi:

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 11. maí 2005 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Tillagan skýrir sig sjálf.

[12:10]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er að vísu skemmtileg tilviljun að þinghaldi skuli ljúka á lokadaginn, ævafornum lokadegi á vorvertíð til sjávar um aldir, en ég held engu að síður að þingheimi sé nauðsynlegt að fara að huga að því að breyta starfsháttum þingsins frá því sem verið hefur um langa hríð.

Ég leyni því ekki að mér finnst ekki vera í takt við tímann að þingið ljúki störfum fyrri hlutann í maí og komi ekki saman fyrr en 1. október að hausti, að fjórum og hálfum mánuði liðnum. Ég held að menn eigi að fara í þá umræðu hér á þinginu, bæði núna og í sumar, hvernig þeir vilja haga störfum þingsins og gera þær breytingar sem menn koma sér saman um. Ég tel að þingið eigi að starfa a.m.k. út júnímánuð og eigi að koma síðan saman á nýjan leik í septembermánuði. Ég tel að þingið geti starfað í þremur lotum, einni að hausti og tveimur eftir áramót, á milli áramóta og júníloka, með hléum þar á milli sem þingmenn gera til þess að geta sinnt öðrum störfum, eins og heimsóknum í kjördæmi eða störfum innan stjórnmálaflokkanna.

Verkefni þingsins eru ærin og miðað við málastöðu eins og ég fékk hana upp núna bíða 30 frumvörp þingmanna 1. umr. Af þeim eru fimm sem lögð voru fram fyrir síðustu áramót. Af þessum 30 frumvörpum voru 25 lögð fram fyrir meira en tveimur mánuðum. Af þingsályktunartillögum bíða 65 umræðu. Af þeim voru a.m.k. 20 lagðar fram fyrir síðustu áramót, fyrir meira en fjórum mánuðum. 45 þingsályktunartillögur eru orðnar eldri en tveggja mánaða.

Það er alveg augljóst mál að þingmenn sjálfir hafa lagt fram mál sem þeir vilja að verði rædd á þinginu, og þingið gefur sér ekki tíma til að taka þau til umræðu. Mér finnst það ekki eðlilegt vinnulag á vinnustað að mál sem þingmenn vilja bera fram komist ekki til umræðu í þingsalnum mánuðum saman. Við erum að búa til okkar eigið vandamál með því að haga störfum með þessum hætti. Auðvitað kann að vera nauðsynlegt að gera einhverjar breytingar á þingsköpum til að tryggja að mál geti komið til umræðu fyrr en nú er og komist til nefnda og líka að gera breytingar til að tryggja að málin komi úr nefnd til þingsins aftur með einhverri niðurstöðu.

Ég tel þetta ekki ásættanlegt vinnulag, virðulegi forseti. Ég hef horft upp á þetta og tekið þátt í þessu um 14 ára skeið og ég held að það verði ekki unað við þetta öllu lengur. Þess vegna vil ég hreyfa þessu máli nú þannig að menn geti rætt það áður en þeir ganga frá starfsáætlun næsta þings, hvernig menn vilja haga þessu og reyna að gera þær

breytingar sem duga mega til að störf þingsins verði skilvirkari en verið hefur.

Það er heldur ekki gott vinnulag að stór og mikilvæg mál séu lögð seint fram, gefinn stuttur tími til umræðna og enn styttri tími til meðferðar í þingnefndum, og að mikilvægir umsagnaraðilar fái kannski allt ofan í einn dag til að semja umsögn sína um málið.

Þrátt fyrir að menn skiptist hér í stjórnarliða og stjórnarandstæðinga held ég að þegar menn horfa á málið með allri sanngirni getum við ekki sagt að þetta sé eðlilegt vinnulag.

Þessu vil ég hreyfa hér, virðulegi forseti, og leitast við að leggja mitt af mörkum til að breyta því vinnulagi sem þingið hefur tamið sér, a.m.k. á undanförnum áratugum. Ég tel mikla þörf á að breyta því.

[12:15]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil minna á það hér að fyrir þessu þingi hefur oftar en einu sinni legið tillaga frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um einmitt það að taka það til athugunar sem hv. þingmaður bendir hér á. Ég hef verið meðflutningsmaður á þessari tillögu og þar sem framsögumaður málsins er ekki stödd hér á þessu augnabliki taldi ég mér rétt og skylt að benda á þetta.

Ég er sammála því sem kemur fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og ég hvet hann til að taka öflugan þátt í þessari baráttu með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur sem mun örugglega flytja sitt mál aftur á hinu háa Alþingi.

[12:16]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er kunnugt um þessa tillögu og hef lýst yfir stuðningi við megininntakið í henni þegar hún hefur verið til umræðu hér áður fyrr.

Ég held að við verðum að átta okkur á því að það getur enginn breytt þessu nema þingmenn sjálfir. Við getum ekki vísað þessu máli neitt annað, við getum ekki vísað því til ríkisstjórnarinnar að breyta þessu. Það er bara þingheimur sjálfur sem getur það, og þessu verður ekki breytt fyrr en þingmenn taka sig saman um að gera það.

[12:16]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þingmanni að það er náttúrlega fráleitt að þingstörf núna, vorið 2005, miðist við sauðburð að vori og göngur og réttir að hausti. Ég ætla einnig að vísa í þá prýðilegu tillögu sem fram kom í þinginu í vetur frá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og fleirum um að þingstörf verði nútímavædd með þeim hætti að þingfundir standi almennt til 15. júní og hefjist aftur, að mig minnir, 15. september.

Ég spyr hv. þingmann hvort hann taki ekki undir þau markmið tillögunnar og hvort þær dagsetningar og þau viðmið hljómi ekki skynsamlega og líti ekki þannig út að hægt sé að færa þinghaldið til nútímans með þeim afleiðingum að hér sé hægt að vinna eins og vitiborið fólk að lagasetningu í landinu.

Allir vita að fjöldi fyrirspurna bíður ósvaraður þó að fresturinn á svörum við þeim sé kominn langt fram yfir það sem þingsköp kveða á um. Þar með eru þingsköp þverbrotin þar sem þeim fæst ekki svarað út af því að svo mikið liggur við að ljúka þinginu 11. maí. Þannig getur þinghlé staðið í 140 daga. Það er fráleit ráðstöfun, fráleitur málatilbúnaður og auðvitað á að breyta þessu. Það hlýtur að verða gert.

Eins þegar litið er til þess fjölda þingmannamála sem ekki fæst annaðhvort afgreiddur út úr nefndum eftir 1. umr. eða nokkurn tíma á dagskrá þingsins til 1. umr. Við ræddum um nokkur slík mál í morgun og allir þekkja þann ágæta málafjölda sem ætti skilið ítarlegri umfjöllun nefnda og að koma aftur inn í þingið til 2. og 3. umr.

Því tek ég undir með hv. þingmanni og spyr hvort þessi markmið þingsályktunartillögu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og fleiri flutningsmanna sé ekki með þeim hætti að um hana ætti að geta orðið nokkur sátt og fært þinghaldið til nútímastjórnarhátta.

[12:19]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fljótgert að svara þessari fyrirspurn. Ég tel að svo geti verið. Ég held að þau sjónarmið sem sett eru fram í tillögunni séu þess eðlis að flestir geti verið sammála um þau. Ef þingið tekur sér tak og fer að ræða breytingar á starfsháttum sínum, t.d. núna í sumar og reynir að koma sér saman um breytingar fyrir þingsetningu næsta haust, þætti mér ekki ólíklegt að inntakið í þeirri tillögu yrði veigamikill þáttur í þeirri niðurstöðu.

[12:19]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau sjónarmið sem komið hafa fram hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og minni enn og aftur á þá tillögu sem við, núverandi og fyrrverandi hv. þingflokksformenn Samfylkingarinnar, höfum flutt. Ég minni þó einnig á það að starfsáætlun þingsins er lögð fram að hausti og það gerist æðioft að við ræðum þetta að vori. Þegar komið er að starfslokum förum við í þessa umræðu.

Eðlilegt er að taka hana upp þegar starfsáætlun þingsins er lögð fram að hausti. Ég vil beita mér fyrir því, hæstv. forseti, að þingflokksformenn ásamt hæstv. forseta þingsins ræði þessi mál í sumar. Ég tel eðlilegt að við gerum það, bæði í ljósi þess þingmáls sem hér liggur fyrir og þeirra sjónarmiða sem komið hafa fram hjá hv. þingmönnum, og síðan getum við í aðdraganda þess að starfsáætlunin verður lögð fram af hæstv. forseta næsta haust tekið umræðuna aftur.

[12:20]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þingmanni, það er auðvitað ekki hægt að fara að breyta því í dag sem við ákváðum í haust, að ljúka þinginu 11. maí.

Við verðum að ræða málið tímanlega til að geta komið okkur saman um nauðsynlegar breytingar áður en næsta þing hefst 1. október. Það tel ég að menn eigi að gera, og það gera menn ekki nema hefja þá umræðu hér í þingsalnum.

Ég tel það góða tillögu og ágæta niðurstöðu af þessari umræðu, ef það verður, að formenn þingflokka ræði saman um þetta málefni, og forsætisnefnd þingsins í samráði við formenn þingflokka reyni að vinna áfram að samkomulagi um breytingar á starfsháttum þingsins.

[12:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel fulla þörf á að ræða þetta mál undir lok þingsins og þakka fyrir að það hafi verið tekið upp. Ég hvet til þess að formenn þingflokka ræði málið í þingflokkum sínum núna og að þar fái menn síðan efni í framhaldsvinnu sem verði þá unnin í sumar og að stefnt verði að því að breyta þingsköpunum.

Það er eitt sem ég legg áherslu á að menn skoði í því samhengi, og það er að þannig verði farið með breytingu á þingsköpunum að mál deyi ekki í nefndum þingsins þegar þing fer heim að vori eða sumri, heldur að þau lifi næsta þing á eftir í höndum nefnda. Þannig yrði á verkefnaskrá viðkomandi nefndar að fjalla um þau þingmál sem hafa komið til nefndar á liðnum vetri hverju sinni.

Þetta mundi þýða mikla fækkun endurfluttra mála á Alþingi og ég hvet eindregið til að sú leið verði skoðuð. Þessi sífelldi og endalausi endurflutningur mála sem fá kannski aldrei lokameðferð í þinginu vegna þessa fyrirkomulags er óþolandi fyrir þingmenn. Ég tel að bara með þeirri breytingu væri hægt að fækka þingmálum verulega, þ.e. endurflutningi mála mjög mikið, og það mundi auðvitað greiða fyrir þingstörfum.

Ég vildi að þetta kæmi fram við umræðuna en hvet annars til að menn haldi áfram með málið í sumar.

[12:23]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er hafin ágæt umræða um starfshætti Alþingis. Það vill svo til að sá sem hér stendur vék að þessum störfum í eldhúsdeginum í gærkvöldi þar sem ég dró það fram að 85 frumvörp annaðhvort biðu í nefndum eða hefðu ekki komist til 1. umr. og að 126 þingsályktunartillögur væru enn þá óafgreiddar hjá þinginu, biðu annaðhvort seinni umræðu eða hefðu ekki komist í þá fyrri.

Allt eru þetta þingmannamál, hæstv. forseti.

Það er algjörlega rétt sem hér hefur verið dregið fram að það er nauðsynlegt að við tökum umræðu um það hvernig þinghaldi er háttað og hvernig þingtímanum verður best varið. Ég hef áður orðað það að þinghaldinu mætti breyta og gera það markvissara til að ná meiri árangri í þingstörfunum. Ég hef litið svo á, hæstv. forseti, að þegar þingmenn hafa orðað hugsanir sínar í þessum ræðustól og lýst því yfir að þeir tali fyrir hönd þingflokka sinna — síðan hafa auðvitað verið flutt mál sem hér hefur verið vikið að um starfstíma og starfstilhögun þingsins — sé það m.a. orðið verkefni forseta þingsins og forsætisnefndar að taka þetta til umræðu. Að sjálfsögðu getur forseti þingsins beitt sér fyrir því að málið verði rætt við formenn þingflokka.

Ég hef skilið það svo að eðlilegt væri að forseti þingsins tæki til umræðu þann áhuga sem þingmenn hafa lýst á breytingum á störfum þingsins með það að markmiði að breyta þingstörfunum. Ég hef lýst því sem minni skoðun að hér ætti þing að hefjast 15. september ár hvert, fara síðan í jólaleyfi 15. desember og á þeim tíma væru tvö stutt þinghlé þar sem þingmönnum gæfist tækifæri til að fara um kjördæmi sín og halda fundi um þau málefni sem hæst ber hverju sinni. Þetta hef ég talið að væri til bóta og síðan yrðu aftur hafin störf hér 6. janúar og ekki lokið fyrr en í fyrst lagi eftir maílok. Með þessu lagi næðist miklu meiri vinnutími í Alþingi og hægt væri að setja stífari reglur um það að mál kæmust á dagskrá og fengju afgreiðslu.

Ég tek líka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að það er til vansa árum saman að við skulum þurfa að vera að endurflytja mál, vegna þess sérstaklega að þingið fær ekki að taka afstöðu til þeirra, þau komast ekki inn í þingsalinn þannig að menn geti þá greitt atkvæði um málið og hafnað því eftir atvikum, þ.e. þegar meiri hluti annaðhvort hafnar máli eða styður það. Málið fær ekki niðurstöðu.

Ég held að mjög nauðsynlegt sé að endurskoða margt við störf þingsins. Það mætti ná verulega miklu meiri vinnutíma út úr því og markvissari vinnu þó að þingtíminn væri ekki lengdur meira en ég hef hér gert tillögu um, eins og ég hef reyndar áður gert opinbera. Ég tel að með því lagi væri hægt að ná mjög virkum þingtíma og miklu meiri afköstum og markvissari vinnu.

Ég vil líka vekja athygli á því í þessari umræðu að oft er látið í veðri vaka að þingmenn fari í eitthvert sérstakt frí yfir sumartímann, þetta sé bara einn samfelldur frítími sem þingmenn hafi yfir sumartímann. Þetta er algjör misskilningur að mínu viti, eins og ég hef kynnst þingstarfinu. Við þingmenn notum þennan tíma mikið til ferðalaga og til að mæta á ýmsa fundi og samkomur, vítt og breitt um landið. Við notum einnig þennan tíma til að hitta kjósendur okkar og vinna í flokksstarfinu.

Kannski má segja að tíminn frá upphafi júlímánaðar og fram yfir mánaðamótin júlí/ágúst sé sá tími sem þýðir lítið að boða til funda en þess meiri ástæða er til að vera þátttakendur í hinum ýmsu atburðum sem þjóðin býður upp á vítt og breitt um landið, margar hátíðir kaupstaða o.s.frv. Það er ástæða fyrir þingmenn til að vera viðstaddir og hitta fólk á þeim stöðum og taka þátt í atburðum.

Ég tel að allt sem ég hef nefnt sé hluti af starfi þingmanna og þess vegna lít ég ekki svo á að þótt þingstörf leggist niður inni í þessu húsi í ákveðna mánuði á ári séu þingmenn þar með í endalausu sumarfríi. Það er misskilningur að mínu viti.

[12:29]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er mjög þarft að ræða hvernig hægt er að bæta starfshætti þingsins. Við megum hins vegar ekki festast í því farinu að einblína á lengd þinghaldsins. Jafnvel meira máli skiptir hvernig þingið starfar þegar það á annað borð er að störfum.

Síðan tel ég mikilvægt að eyða þeim misskilningi, eða fordómum sem ég tel vera ríkjandi í þjóðfélaginu, að þingið starfi ekki utan eiginlegs þingtíma. Hið rétta er að sjálfsögðu að nefndir þingsins koma iðulega saman utan þessa tíma, og það hefur nokkuð verið að færast í vöxt. Ég nefni t.d. efnahags- og viðskiptanefnd í því efni.

Annað sem þegar liggur tillaga fyrir um frá minni hlutanum í menntamálanefnd er að hún komi að umræðu um framtíð Ríkisútvarpsins, reyndar á miklu víðtækari grunni, kallaðir verði að fleiri aðilar. Þetta er dæmi um leiðir sem þingið getur farið til að efla starf sitt utan eiginlegs þingtíma.

Þetta litla innskot vildi ég láta nægja í þessa umræðu núna. Hún er mjög þörf en það skiptir máli hvernig við eflum og bætum þingstarfið.

[12:31]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þó kannski megi segja að sú umræða sem hér fer fram hafi ekki verið vandlega undirbúin held ég að ég geti sagt fyrir hönd flestra stjórnarandstöðuþingmanna að sá tími rennur upp að nauðsynlegt er að breyta vinnubrögðunum á hinu háa Alþingi. Núverandi fyrirkomulag á rætur í tíma sem mestan part er liðinn og þingið verður að laga sig að þeim breytingum eins og aðrar stofnanir samfélagsins.

Ég sakna hæstv. sjávarútvegsráðherra í umræðunni sem hefði án efa getað fengið tækifæri til að svara fleiri fyrirspurnum ef þingið hefði staðið lengur yfir. Ég hefði haldið að hann ætti að ganga fram fyrir skjöldu og tala fyrir því að þingið sæti ögn lengur. Það er afskaplega slæm mynd sem berst af þinginu þegar við á hinu háa Alþingi sitjum fram á nætur allt að því í málþófi og alls konar uppákomum þar sem við ræðum mikilvæg mál sem skipta samfélagið mjög miklu. Við erum jafnvel að funda til kl. 5 að nóttu án þess að geta útskýrt í reynd fyrir nokkrum manni hvað það er sem gerir það að verkum að við högum vinnubrögðum okkar þannig. Á stundum er það þannig að ríkisstjórnin sem vill keyra í gegn óþægileg mál vill kannski keyra þau í gegn um miðjar nætur í því skyni að koma í veg fyrir að um þau verði einhver sérstök umfjöllun. Alþingi verður að taka á þessum vinnubrögðum og ég vil taka undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni sem sagði að það er þingmanna sjálfra að taka á þessu.

Einnig má segja sem svo að sú umræða sem hér fer fram um þetta tiltekna mál sé kannski ekki nægilega vel undirbúin. Það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur þess efnis að starfsáætlun hefur legið fyrir um langt skeið og hefur ekki verið tekin til sérstakrar umræðu, en vonandi verður þessi umræða og þær undirtektir sem hún hefur fengið til þess að þingmenn verða tilbúnir til að setjast niður og endurskoða vinnubrögðin á hinu háa Alþingi.

Að lokum má nefna að það er athyglisvert og kannski lýsandi fyrir lánleysi hæstv. forsætisráðherra að hann getur ekki einu sinni flutt fram tillögu um frestun þingfunda án deilna. Það hefur allt eða flest misfarist sem hæstv. ráðherra hefur komið að síðan hann tók við embætti og þessi umræða endurspeglar kannski enn frekar algert lánleysi hans í störfum. Það þarf svo sem ekki að koma á óvart þegar menn horfa til þess að til að fá umboð almennings til að leiða ríkisstjórn er lágmark að menn hafi umtalsvert fylgi og umboð til að gera það en semji sig ekki til valda á þann hátt sem hér var gert.

[12:35]

Ágúst Ólafur Ágústsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þingmanna um að við þurfum að bæta vinnulagið og nútímavæða vinnuáætlun okkar. Það er löngu tímabært, það sér hver einasti þingmaður hversu vitlaust þetta er. Í morgun var tekin snerpa og gerðar alvarlegar athugasemdir við það af hverju frumvarp sem sett var á dagskrá sl. mánudag er ekki á dagskrá í dag, á síðasta degi þingsins, þrátt fyrir samkomulag þess efnis frá formönnum þingflokkanna um að taka þau mál af dagskrá sem samkomulag var um að gera, og það var ekki rætt á þeim fundi að taka umrætt mál sem lýtur að því að afnema fyrningarfresti í kynferðisafbrotum gegn börnum af dagskrá.

Heyrst hefur í umræðunni að það sé einfaldlega ekki tími til að ræða það mál, það sé ágreiningur um það þrátt fyrir að við stöndum frammi fyrir öðrum ágreiningsmálum í dag, eins og fjarskiptamálunum. Þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins hefur bent á að 11. maí virðist vera það heilagur að við verðum að ljúka í dag. Það liggur svo á að fara í sumarfrí í tæplega fimm mánuði sem öll þjóðin sér hve galið er. Ef við hefðum raunhæfa og skynsamlega vinnuáætlun mundum við ekki lenda í þessu. Þá mundum við ekki heyra afsakanir um að við þyrftum að ljúka þingstörfum þennan sérstaka dag og gætum klárað málin með lýðræðislegum hætti eins og vera ber.

Það hefur einnig heyrst í umræðunni varðandi fyrningarmálið að breytingartillaga eins stjórnarþingmanns hafi haft einhver áhrif á að málið fáist ekki á dagskrá. Það er fráleitt með öllu og fyrirsláttur í ljósi þess að breytingartillögur eru oft að koma fram á síðustu stundu og umrædd breytingartillaga kom fram í gær. Það er ekki óeðlilegra en það.

Að sjálfsögðu þurfum við að laga vinnulag okkar hér og þingmenn tala um það en það virðist skorta pólitískan vilja til þess. Stjórnarmeirihlutinn ræður hvernig vinnulagið er og það var mjög gaman að sjá að þegar umræðan hófst voru nánast allir þingmenn í salnum en að 3 mínútum liðnum voru allir stjórnarþingmenn farnir út fyrir utan tvo, þeir ruku allir út. Umræðan hefur verið aðeins lengri en menn bjuggust við og á meðan hafa enn fleiri þingmenn farið út, en þegar umræðan hófst var langstærsti hluti þeirra þingmanna sem sat í salnum stjórnarandstöðuþingmenn sem hafa áhuga á að breyta vinnulaginu.

Það þýðir ekki að tala bara um þessi mál. Við eigum að gera eitthvað í þessu og ég bind miklar vonir við að við munum sjá einhverjar breytingar á vinnulaginu með nýjum forseta Alþingis. Ég held að það sé borin von að núverandi forseti Alþingis hafi nokkurn vilja til að bæta vinnulagið sem er alveg út í hött og öll þjóðin sér.

[12:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er á sínum stað að ræða um starfstíma eða fundatíma Alþingis þegar tillaga forsætisráðherra um frestun á þingfundum er til umræðu eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hóf og kemur reyndar úr þingflokki hæstv. forsætisráðherra, þannig að það er á sínum stað.

Ég held hins vegar að menn verði að horfa á það eins og

það er að það er að sjálfsögðu ekki bara starfstími Alþingis mældur í dögum eða vikum sem hér skiptir máli. Ég held að þetta snúist miklu meira um það hvernig störfin eru skipulögð og hvernig þau ganga fram. Ég hef verið þeirrar skoðunar að fremur væri ástæða til að ganga út frá því sem reglu að lengja þingfundatímann að hausti en að binda sig fyrir fram við einhverja fasta dagsetningu að vori, einfaldlega vegna þess að það hlýtur eðli málsins samkvæmt að ráðast nokkuð af aðstæðum hverju sinni.

Ég held að lengra þinghald að hausti hefði þann kost að það gæfist rýmri tími til fjárlagavinnunnar og það liggi að mörgu leyti betur við almanakinu og taktinum í þjóðfélaginu að þingið hefji störf 15. september, jafnvel 10. eða 1. september og hefði lengri samfelldari fundalotu fram undir áramót.

Úr því að þessi umræða er hafin hér á annað borð held að nauðsynlegt sé að rifja upp í þessu sambandi að gerð var grundvallarbreyting á þingsköpum og fyrirkomulagi öllu og starfsháttum Alþingis með nýjum þingsköpum 1991. Það var ekki bara að Alþingi sameinaðist í eina málstofu sem auðvitað hefur gert störfin hér á margan hátt skilvirkari og einfaldari en áður var. Þá var líka gerð sú grundvallarbreyting að þingið starfar allt árið, að þingið er við störf með fullu umboði allt árið og það er aðeins eina nótt, aðfaranótt 1. október, sem þingið er í raun ekki við störf. Þingnefndir halda umboði sínu allt árið og geta hvenær sem er komið saman sem og þingið með eins til tveggja daga fyrirvara ef á þarf að halda og hafið fundi á nýjan leik. Það sem við ræðum hér er eingöngu ákvörðun um frestun funda. Nú er það þannig, sem er að mínu mati tímaskekkja, að hæstv. forsætisráðherra í samráði við forseta lýðveldisins leggur til slíka tillögu.

Það vill svo til að það er nefnd að störfum sem hefur það verkefni að endurskoða stjórnarskrána. Eitt af því sem sú nefnd á að mínu mati að taka fyrir og vonandi leggja til er að þeim gamla arfi verði hent og að þingið sjái alfarið um þetta. Forseti lýðveldisins og forsætisráðherra eiga hér ekkert hlutverk að hafa. Alþingi á að ákveða þetta án utanaðkomandi afskipta frá forseta eða framkvæmdarvaldi.

Ef menn vilja hins vegar taka upp umræður um breytingu á þingsköpum almennt, eins og hefur að hluta til blandast inn í, held ég að menn verði að horfast í augu við það að það er vandasamt verk hverju sinni að breyta þingsköpum og allar slíkar breytingar hljóta að þurfa að skoðast heildstætt. Þær verða að skoðast í heildarsamhengi. Það eru t.d. hlutir sem snúa að samskiptum og stöðu stjórnar og stjórnarandstöðu á hverjum tíma og fleira í þeim dúr sem fljótlega kemur upp jafnvel þótt menn væru fyrst og fremst að velta fyrir sér tilhögun fundahaldsins, lengd þess o.s.frv. En slíkir hlutir eru jafnan skammt undan ef umræður hefjast um þetta á annað borð. Ég held að það verði að horfast í augu við það að uppsöfnun þingmála, mikill fjöldi tillagna sem hér er fram borinn en nær jafnvel ekki einu sinni að komast til umræðu, menn ná ekki að mæla fyrir málum í stórum stíl sem lögð eru fram jafnvel um miðjan vetur og eða fyrr og þaðan af síður er þingið að afgreiða nema lítið brot af þeim málum sem hér eru flutt og síðan endurflutt oft og iðulega. Það er fyrirkomulag sem vel mætti skoða, að þingmálin vakni á nýju þingi á þeim stað sem þau voru þegar það þing lauk störfum. Þó er ekki einhlítt að nota það fyrirkomulag.

Önnur möguleg leið væri sú að áskilnaður væri um það, t.d. í þingsköpum í kafla um störf þingnefnda, að hafi þingmál verið flutt og síðan endurflutt í aðalatriðum óbreytt á fleiri en tveimur þingum skuli einhvers konar afgreiðsla fara fram á því, t.d. í formi þess að þingnefnd sé þá skyldug að gera þinginu grein fyrir skoðun sinni á málinu og leggja eitthvað til um afdrif þess. Með því væri eitthvað dregið úr þeim mikla málafjölda og mikla endurflutningi mála sem hér er og þjónar auðvitað takmörkuðum tilgangi. Hins vegar skulum við þingmenn líka vera alveg heiðarleg og viðurkenna að í sumum tilvikum er það ekki endilega ósk þingmannsins að málið hverfi úr sögunni. Oft eru menn að vekja athygli á málum og halda því við með því að endurflytja þau og óska ekki endilega eftir því að það verði fellt eða það fái t.d. snautlega afgreiðslu í því formi að því sé vísað til ríkisstjórnar. Þá er spurningin: Vilja menn hafa valið eða mundu menn sætta sig við að reglurnar væru eitthvað á þá leið að t.d. eftir tvö þing skyldi viðkomandi þingnefnd afgreiða málið með einhverjum hætti eða gera grein fyrir því?

Ég held að það sé hið þarfasta mál að ræða hvort fara á í heildarendurskoðun á þingsköpum. Það verður þá að gerast í góðu samstarfi allra aðila. Það mætti vel hugsa sér að það tengdist með vissum hætti endurskoðun stjórnarskrárinnar því þar geta verið undir hlutir sem skipta máli í sambandi við starfshætti og starfstíma Alþingis. Hvort þetta ætti að vinnast samhliða eða í kjölfar þess að stjórnarskrárnefnd skilar tillögum skal ég ekki segja um en legg fyrst og fremst áherslu á að þetta þarf að skoðast í heildarsamhengi.

Ég tek undir það að lokum sem fleiri þingmenn hafa nefnt að ég held að við þingmenn verðum líka að verja svolítið sjálfa okkur og heiður stofnunarinnar hvað það varðar að fólk tali ekki eins og að með því að fundum Alþingis verður frestað í kvöld séu allir þar með komnir í 4–5 mánaða frí og muni ekkert aðhafast sem starfinu tengist þar á milli. Það er að sjálfsögðu ekki svo. Þingið er áfram við störf með fullu umboði sem og þingnefndir. Margvíslegar aðrar skyldur hvíla á herðum þingmanna, alþjóðasamskipti hafa stóraukist á undanförnum árum og talsverður hluti þeirrar vinnu fer fram vor og haust, ferðalög þingnefnda og samskiptin við kjósendur. Það er mín reynsla t.d. að sumarið gerist sífellt annasamari tími hjá þingmönnum m.a. vegna mikilla óska um að þingmenn séu þátttakendur í ýmiss konar samkomuhaldi og hátíðum úti í héraði sem eðlilegt og sjálfsagt er en brýtur auðvitað upp þann tíma sem menn ella hefðu.

Að lokum er rétt að hafa í huga að flest þjóðþing haga því þannig að störfin liggja niðri, hið formlega fundahald liggur niðri um alllangan tíma frá vori eða snemma sumars og fram undir haust. Það er af ýmsum praktískum ástæðum. Þá eru sumarleyfi jafnframt í stjórnsýslunni og það yrði kannski minna úr þeim tíma en ætla mætti ef menn væru að reyna að funda og vinna hefðbundin löggjafarstörf kannski frá því um miðjan júní og fram í miðjan ágúst. Við erum því ekki það frábrugðin öðrum þingum þegar allt kemur til alls og ég held að skemmtilegar kenningar um að þetta ráðist allt saman enn þá af gömlum tímum, sauðburði, göngum

og réttum og vertíðarlokum eigi við lítil rök að styðjast þegar betur er að gáð enda hafa mjög miklar breytingar orðið á starfsháttum Alþingis og tilhögun allri á undanförnum 15–25 árum.

[12:46]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þetta hefur verið mjög gagnleg umræða um störf þingsins og hvernig hægt er að hafa skikkan á henni. Það að við séum að hætta hérna 11. maí stafar kannski líka af því að stjórn þingsins virðist vera orðin nokkuð skilvirkari hin síðari ár þannig að mál ganga skipulegar fram. Ég tek þó undir það að þingið mætti starfa lengur og hugsanlega í þremur lotum eins og nefnt hefur verið.

Það er náttúrlega rangt að segja að þingmenn fari í frí, því að þingmenn hafa eiginlega bara þetta hlé til að vinna að frumvörpum og öðru slíku og til að efla tengslin við kjósendur sína. Flestir, eða allir, þingmenn hygg ég að noti þennan tíma til vinnu.

Hér hefur nokkuð verið rætt um afgreiðslu mála úr nefndum og ég hef margoft sagt að mér þyki ankannalegt að mál deyi í nefndum eða sofni. Ég hef viðrað þá hugmynd að þingnefndir taki afstöðu til allra mála, að þær beini því til Alþingis að samþykkja viðkomandi tillögu eða beini því til Alþingis að vísa henni til flutningsmanna, það eigi að vinna hana betur, og þá með rökstuðningi um hvað megi betur fara, eða vísi henni til ríkisstjórnarinnar ef kunnugt er að ríkisstjórn er að vinna í svipuðum málum. Enn fremur má hugsa sér að leggja hreinlega til við Alþingi að viðkomandi tillaga verði felld og það er kannski heiðarlegast ef mönnum líkar ekki við tillöguna. Enga tillögu ætti að daga uppi í nefndum, nefndir ættu að klára allar tillögur sem fyrir þær eru lagðar.

Svo hef ég margoft nefnt það að samningu frumvarpa er mjög ábótavant, þ.e. lagafrumvörp eru yfirleitt samin utan Alþingis, þau sem samþykkt eru og verða að lögum. Þetta held ég að sé mjög neikvætt og hættulegt lýðræðinu af þeirri ástæðu að oft semja ráðuneytin þessi frumvörp, framkvæmdarvaldið sem vinnur gagnvart borgurunum. Stundum eru það jafnvel stofnanir, sérfræðingar á stofnunum sem vita allt um viðkomandi mál, ég nefni samkeppnislög eða tollamál eða skattamál eða eitthvað slíkt, sem vinna tillögur um lög sem þeir sjá síðan um að framfylgja. Þetta er alvarlegt brot á þrískiptingu valdsins sem á að vernda borgarann fyrir einmitt því að sami aðilinn setji lög og framkvæmi þau, hvað þá ef hann dæmir eftir þeim líka. Þarna eru frumvörpin samin af þeim sem eru að framkvæma og það er svo mikil hætta á því að þeir semji vopn í hendurnar á sér til þess að berja á borgurunum af því að það er auðveldara fyrir þá. Við erum að sjá hérna fjöldann af frumvörpum sem ganga einmitt út á þetta, t.d. hér á eftir um fjarskiptalög.

Ég hugsa að það væri miklu betra að frumkvæði og samning frumvarpa færi fram á Alþingi með öflugri nefndaskrifstofu og með skipulegri vinnu þingnefnda og þingmanna. En þetta er náttúrlega töluvert mikil breyting og er ekki hefð fyrir því heldur í öðrum þingum. Sérfræðingaveldi nútímans veldur því að lög verða sífellt flóknari og flóknari og það er sífellt erfiðara að átta sig á því hvaða afleiðingar lögin hafa sem hv. Alþingi er að setja.

Svo mætti að sjálfsögðu ræða um ræðutímann. Það er dálítið ankannalegt að sitja undir 2–3 tíma ræðu þar sem öll aðalatriðin eru farin, maður er búinn að gleyma þeim, og athyglin hefur dofnað og það er verið að lesa sama kaflann, kannski margar síður, af mörgum ræðumönnum, trekk í trekk. Það er dálítið ankannalegt. Ég mundi vilja að menn huguðu virkilega að því að takmarka ræðutímann í öllum umræðum nema fyrir liggi samþykkt Alþingis um að hafa ótakmarkaðan ræðutíma.

Þetta er allt saman mjög gagnleg umræða og ég held að það sé mjög mikilvægt að þingmenn ræði öðru hverju einmitt um þetta.

[12:51]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir þær áherslur hjá hv. þm. Pétri Blöndal sem lúta að störfunum í nefndum. Það að mál fari hér til nefndar frá þingmönnum, frá ríkisstjórn eða öðrum og séu síðan ekki afgreidd þaðan með einum eða öðrum hætti til samþykktar, vísað t.d. aftur til flutningsmanna eins og hv. þingmaður nefndi og þeir beðnir að vinna þau betur, þ.e. að þessi mál fái ekki afgreiðslu nefndarinnar er forkastanlegt. Ég tel það bara vera skyldu nefndarinnar að gera það og tek alveg heils hugar undir þessi orð hjá hv. þingmanni.

Við þingmenn, sérstaklega t.d. í stjórnarandstöðunni, flytjum þingmál, leggjum í þau bæði vinnu og pólitíska sýn, og fáum í besta falli að mæla fyrir þeim hér, þó ekki alltaf. Fyrir flestöllum þingmálum þingmanna sem koma inn á þing eftir áramót hefur ekki verið mælt, er ekki enn búið að mæla fyrir, þau fá ekki einu sinni að fara umræðulaust til nefndar. Þetta finnst mér vera veruleg þrenging á lýðræðinu og röng vinnubrögð.

Sama er, eins og hann nefndi, með frumvörp sem ríkisstjórnin leggur fyrir þingið. Oft eru þau samin einmitt af þeim sem eiga að framkvæma þau, stundum eru meira að segja þingmenn í viðkomandi nefnd án þess að þingið hafi skipað þá í hana.

Hv. þingmaður minntist á ræðutímann og ég tel að það eigi að verja málfrelsið. Ef þessi vinnubrögð yrðu tekin upp inni í nefndunum, bæði hvað varðar afgreiðslu mála út úr nefnd og samningu frumvarpa, mundi það vafalaust breyta töluvert vinnulagi hér og einmitt umræðutíma. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann sé ekki sammála mér um það að þetta vinnulag fari svolítið saman.

[12:53]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var eiginlega ekki andsvar, þetta var meðsvar, en ég ætla samt að bregðast við því.

Auðvitað tekur vinnulagið mið af reglum sem gilda. Mér hefur oft fundist starfið á Alþingi ganga svolítið mikið út á ákveðna skiptingu í póla, þ.e. í pólana með eða á móti, svart eða hvítt, og umræðan er ekki lengur vitræn eða rökrétt. Ef góð mál koma frá stjórnarandstöðu segja sumir að ekki megi afgreiða þau, og sama er með góð mál frá ríkisstjórn, þá stendur stjórnarandstaðan á móti þeim þó að hún sé kannski í hjarta sínu með þeim. Þetta upplifir maður aftur og aftur. Ég held að slík pólarísering eða það að skiptast

svona í tvo hópa sé mjög slæmt fyrir umræðuna og fyrir framgang mála.

Ég vildi gjarnan taka undir með hv. þingmanni um að við þurfum að vinna að því að breyta þessu skipulagi. Því var síðast breytt fyrir 14 árum og það er kannski kominn tími til að skoða þetta enn einu sinni.

[12:55]

Mörður Árnason:

Forseti. Það er haft eftir hv. þingmanni, eða réttara sagt hæstv. ráðherra Geir Haarde, sennilega meðan hann var hv. þingmaður — og sjálfsagt ranglega — að kostir við starf þingmannsins séu einkum fjórir, þeir heiti júní, júlí, ágúst og september. Þar hefur þingmaðurinn og ráðherrann auðvitað verið að brosa í kampinn og verja sig með kímni gagnvart þeirri ásökun eða þeirri kenningu að sumarfrí standi yfir meðan þingmenn eru í þessu langa hléi frá því um miðjan maí og fram í október, eins og menn hafa verið að kvarta undan, sumir hér, að verða fyrir í störfum sínum og vola nokkuð í þessum stól, í þessari umræðu sem að öðru leyti hefur verið alveg ágæt.

Þetta er ekki sumarfrí nema þingmenn vilji það sjálfir og það er þá kjósenda að ráðstafa þeim þingmönnum sem haga sér þannig með sínum hætti. Þetta er hjá flestum þingmönnum vinnutími þó að þeir stjórni sér sjálfir og geti kannski unnið á ýmsan hátt skynugar en hægt er þegar þinghríðin er hvað örust.

Það er auðvitað samt svo að ef menn vilja reka af sér slyðruorðið í þessum efnum væri skynsamlegt, þótt ekki nema væri af PR-ástæðum, að breyta þingtímanum og það er skynsamlegt að ýmsu öðru leyti eins og hér hefur verið rakið.

Af hverju gerist þetta ekki? Ætli það séu ekki einkum tvær ástæður til þess, forseti, annars vegar sú tregða sem er eðlislæg stofnunum sem bera með sér gamlan tíma, sem hér hefur verið rakið, og binda starf sitt og hætti ýmsum hagsmunum sem síðan verður erfitt að rjúfa. Hins vegar er auðvitað það hvernig háttar til um þinghald hér á landi, þáttur í sókn framkvæmdarvaldsins inn á svið löggjafans sem hér hefur verið eitt af einkennum í íslenskri stjórnskipan undanfarna áratugi. Ríkisstjórnin á hverjum tíma, eða framkvæmdarvaldið, hefur viljað hafa þingið sem auðstjórnanlegast, telur sig þurfa að hafa frið þessa 4–5 mánuði á hverju ári frá þinginu, m.a. með þeim rökum sem ég hef heyrt í ráðuneytum að ella væri ekki hægt að undirbúa þessi frumvörp sem hv. þm. Pétur Blöndal kvartaði réttilega yfir að okkur væru rétt hér, til samþykktar aðallega, síður synjunar, af sérfræðingum framkvæmdarvaldsins. Þetta er ekki tæk röksemd því að sjálfsögðu má haga störfum bæði þings og ráðuneyta og undirstofnana þannig að þessi friður fáist. Það er einfalt að gera það, eins og lagt er til í tillögu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og fleiri, með því ekki endilega að lengja þingtímann í heild eða fjölga fundunum heldur að haga þessu á annan hátt þannig að hléin verði þá frekar fleiri. Ég held að ef við lengjum hvert þeirra muni sá vinnutími verða skynsamlegri fyrir þingmenn og þá sem við störfum með.

Við þurfum að stefna að vitlegri vinnubrögðum í þessu og við þurfum að stefna að betri afgreiðslu mála. Þessi umræða getur kannski, ásamt frumvörpum sem hér hafa verið flutt, orðið til þess að það verði í framtíðinni.

Hin ástæðan, fyrir utan þennan frið, er auðvitað sú að ríkisstjórninni og ráðherrunum er það í hag, þ.e. ráðherrarnir telja sér það í hag að þurfa ekki að búa við aðhald þingsins í 4–5 mánuði á hverju ári. Þegar þingið er sent heim — það verður að tala um það í þolmynd, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon minntist á er það formlega forsætisráðherra sem gerir það með forsetabréfi — er auðvitað þessi ræðustóll ekki lengur í gangi sem fjölmiðill í landinu, sem samskiptamiðill við almenning, sem vettvangur þeirrar umræðu sem hér á að fara fram. Það er svo einmitt þessa 4–5 mánuði að stundum líður manni eins og ekki sé neitt þing, heldur sitji bara ráðherrarnir og fari um landið og fjölmiðlana og notfæri sér til hins ýtrasta þá stöðu sem upp er komin þegar þingið er ekki lengur í gangi og aðhald þess felst í því einu að einstakir þingmenn kveðja sér hljóðs á torgum eða í fjölmiðlum.

Vegna þess að framkvæmdarvaldið hefur þennan meiri hluta hér í þinginu sem kunnugt er með þingræðisskipaninni sem byggist á meirihlutavaldi hér í þinginu, sem reyndar er kannski orðið öfugt eins og við tíðkum þetta, er hætt við að upp komi eins konar eilífðarvél í þessum efnum. Stjórnarandstöðumenn, þeir sem eldurinn brennur á, kvarta en stjórnarmeirihlutinn er bundinn forustu sinni sem er ráðherrarnir í framkvæmdarvaldinu og hefur þess vegna ekki hug á því að breyta þessari skipan. Síðan verður stjórnarandstaðan eða hluti hennar eftir atvikum að stjórnarmeirihluta o.s.frv. og síðan heldur þetta áfram með umkvörtunum á hverju þingi og sífelldri umræðu í blöðunum.

Kannski þarf það að verða svo, kannski er það nauðsynlegur undanfari þessara breytinga, að ráðherrar séu ekki lengur hluti af þinginu, að ráðherrarnir láti af þingstörfum og aðrir komi inn í stað þeirra, eins og við ræddum hér á þinginu í vetur. Það mundi auka sjálfstæði þingsins beinlínis líkamlega í persónum gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Vegna þessarar stöðu fagna ég sérstaklega því að þessi umræða skuli hér hafa hafist af hálfu stjórnarþingmanns, hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, og að a.m.k. hv. þm. Pétur Blöndal skuli hafa tekið þátt í henni, sem líka er stjórnarþingmaður. Ég hvet til þess að við látum okkur segjast í þessu efni og reynum í haust að skapa samstöðu stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga um endurskoðun á þingstörfunum. Við samfylkingarmenn getum lagt til þeirra mála tillögu Rannveigar Guðmundsdóttur og fleiri þingmanna okkar en flokkslínur eiga hér ekki að skipta máli, heldur heill og heiður þjóðarinnar, vegur Alþingis og sómi þess.

[13:03]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Hér er nokkuð óvænt hafin mikil umræða um lok þingsins og hversu lengi þingið eigi að standa á hverju ári. Það er í sjálfu sér alveg ágæt umræða og að mörgu leyti þörf. Við tókum þessa umræðu í vetur í kringum þingmál sem mig minnir að þingmenn Samfylkingarinnar hafi staðið fyrir. Mér hefur ekki gefist tími til að fara yfir það sem ég sagði þá, en ef ég man rétt tók ég undir þau sjónarmið sem þar komu fram.

Ég get líka að mörgu leyti lýst mig fylgjandi þeim sjónarmiðum sem málshefjandi, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, lýsti í ræðu sinni áðan. Ég tel að þingið starfi of stutt á hverju ári og það komi niður á vinnubrögðum Alþingis, löggjafarvaldsins í landinu, þessum hornsteini lýðræðis á Íslandi. Að sjálfsögðu ættum við að byrja fyrr á haustin og hætta seinna á vorin, til að mynda byrja í september og halda áfram út júní. Það væri manni alveg að meinalausu. Þau vinnubrögð sem ég hef orðið vitni að á þeim tveimur vetrum sem ég hef setið á þingi finnst mér að mörgu leyti óverjandi, sérstaklega vinnubrögðin undir lok hvers þingtíma þar sem stjórnarflokkarnir virðast iðka það, ráðherrarnir, því miður og það ber að harma — ég vona reyndar að ráðherrarnir fari að taka sér tak hvað það varðar — að leggja fram mjög stór og þung frumvörp mjög seint á þingtímanum og ætlast síðan til að við þingmenn sitjum hér með gúmmístimplana á lofti og afgreiðum þau með hraði.

Það hefur ítrekað komið í ljós að þetta hefur leitt til þess að héðan hafa verið afgreidd frumvörp sem hafa að mörgu leyti verið gölluð, meingölluð. Fólki hefur hreinlega ekki gefist tími til að koma auga á gallana, ígrunda málin nægilega vel áður en þau hafa verið afgreidd frá hinu háa Alþingi og eftir situr þjóðin með skaðann af flausturslegum vinnubrögðum okkar sem hér sitjum.

Mér finnst ekki verjandi að þurfa að taka þátt í slíku, sem oft og tíðum er hreinn skrípaleikur, þannig að það er mál að linni. Þetta mætti laga að verulegu leyti með því að ráðherrarnir tækju sér tak og kæmu með stjórnarfrumvörpin t.d. á haustin, reyndu að leggja áherslu á að koma með þau strax í þingið á haustin þannig að okkur sem sitjum í þingnefndum yfir veturinn gæfist þá tími til að fara gaumgæfilega yfir frumvörpin.

Mér fannst svolítið spaugilegt og á margan hátt mjög athyglisvert að sjá nýja dagbókarfærslu hjá einum hv. þingmanni stjórnarliða, Dagnýju Jónsdóttur, þann 6. maí sl., sem skrifaði á heimasíðu sína eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í fyrramálið þarf ég að vera á tveimur nefndarfundum í einu, menntamálanefnd og efnahags- og viðskiptanefnd. Á báðum fundum er sama mál á dagskrá, RÚV. Ég mun því þurfa að flakka á milli, sem reyndar er alveg óþolandi. Hálfellefu hefst þingfundur en umræður um landbúnaðarmál munu verða allsráðandi á morgun."

Þarna er sem sagt einn þingmaður stjórnarliða, sem situr í fjölmörgum þingnefndum, á mörgum fundum samtímis á lokadögum þingsins, að vinna í mjög stóru og þungu máli, frumvarpinu um Ríkisútvarpið. Sem betur fer sáu stjórnarliðar að sér og ákváðu að reyna ekki að troða því í gegnum þingið á vordögum. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að það að þingmenn, ekki síst kannski stjórnarþingmenn sem oft hafa tögl og hagldir í þingnefndum, skuli í raun vera settir í þá aðstöðu að þurfa að vinna með þeim hætti að sitja á mörgum nefndarfundum samtímis við að afgreiða mjög mikilvæg þingmál er fyrir neðan allar hellur.

Það er mér mjög minnisstætt einmitt með sama þingmann, hv. þm. Dagnýju Jónsdóttur, að hún var kölluð á fund í sjávarútvegsnefnd þar sem ég sit, vegna þess að hvorugur þingmanna Framsóknarflokksins var á þeim fundi sem var mjög mikilvægur fundur um daginn þar sem formaður sjávarútvegsnefndar ákvað skyndilega og óvænt að afgreiða fjölmörg mál út úr nefndinni á þeim fundi. Þegar í ljós kom að þar vantaði af einhverjum orsökum tvo þingmenn Framsóknarflokksins voru kallaðir til tveir aðrir þingmenn flokksins sem aldrei hafa setið fundi sjávarútvegsnefndar, þeir voru bara kallaðir inn á fundinn og látnir skrifa upp á að þessi mál ætti að afgreiða út úr nefndinni.

Ég get alveg fullyrt það með fullri vissu að hvorugur þessara þingmanna hafði hugmynd um hvað þeir voru að skrifa undir. Þeir vissu sáralítið, gott ef nokkurn skapaðan hlut, um þau mál sem verið var að afgreiða úr nefndinni. Annar þessara þingmanna var varaþingmaður og var búinn að sitja á þingi í aðeins örfáa daga.

Þessi mál voru afgreidd úr nefndinni og annað þeirra kemur reyndar til umræðu seinna í dag. Þar er að finna nefndarálit meiri hluta nefndarinnar, sjávarútvegsnefndar, og tveir þingmenn Framsóknarflokksins hafa skrifað undir það mál sem ég tel vera mjög mikið og stórt mál, mál sem mun hafa alvarlegar afleiðingar, ekki síst fyrir sjávarútveg í Norðausturkjördæmi þaðan sem annar þessara þingmanna kemur reyndar, þ.e. hv. þm. Dagný Jónsdóttir. Þetta frumvarp mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir sjávarútveg í því kjördæmi ef það nær fram að ganga í óbreyttri mynd. Þetta eru mjög skýr dæmi um óvönduð og algerlega óverjandi vinnubrögð, gott dæmi um hvernig þingmenn, að ég tel, eru hreinlega settir í þessa afleitu aðstöðu. Þeim er hreinlega gert að vinna undir þessum skilyrðum sem eru óþolandi. Ég er ekki með þessu að leggja þessum þingmönnum neitt illt til, þingmenn eru mennskir og þeir geta bara verið á einum stað í einu. En það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni þegar þingið er farið að starfa með þeim hætti að þingmönnum er nánast gert að vera á a.m.k. tveim stöðum í einu, gott ef ekki fleirum, við að afgreiða mjög mikilvæg og þung lagafrumvörp sem varða almenning í landinu. Því verðum við að breyta.

[13:10]

Jónína Bjartmarz:

Herra forseti. Í ljósi þess að fyrirhugað var að gera hádegishlé á þessum tíma þá ætla ég ekki að setja á langa ræðu. Hins vegar voru það orð hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar sem hvöttu mig til að koma í ræðustól þar sem hann gerði að umtalsefni skrif eins hv. þingmanns Framsóknarflokksins á heimasíðu sinni um að hún hefði þurft að vera á fleiri en einum fundi samtímis. Þingmaðurinn hafði líka orð á því hér að aðrir flokksfélagar hennar hefðu komið inn á fundi í einhverjum öðrum nefndum í hennar stað.

Ég ætla að árétta það, herra forseti, að þetta er sannarlega ekkert einsdæmi. Það þekkist í öllum þingflokkum á þinginu að forfallist þingmaður sem á fast sæti í nefnd þá komi einhver annar félagi hans í hans stað. Ég held að enginn flokkur sé undanskilinn þegar um þetta vinnulag er að ræða.

Það vill svo til að þegar verið var að reyna að klára mál á síðustu dögum þingsins voru fundir í fleiri en einni nefnd settir samtímis og fyrir þá þingmenn sem eru í flestum nefndunum vildi svo til að fundartíminn skaraðist, þannig að menn reyndu að fara á milli eða fengu varamenn til að fara inn fyrir sig. Ég ætla að árétta það, herra forseti, að

þetta á við alla flokka í þinginu eins og hæstv. forseti veit og er hvorki einskorðað við Framsóknarflokkinn né stjórnarflokkana, heldur á við stjórnarandstöðuflokkana líka. Við hljótum að gefa okkur að þeir þingmenn sem koma sem varamenn á nefndarfundi hafi verið settir inn í málið áður en þeir taka sæti á fundunum.

Hins vegar vildi ég segja stuttlega um þessa umræðu sem er ágæt að mér heyrist flestir sem tekið hafa til máls vera sammála um að það þurfi að endurskoða starfstíma Alþingis og menn hafa haft orð á því að lengja þurfi starfstíma þingsins. Ég get sannarlega tekið undir það að vissu leyti en umræðan kemur svolítið spánskt fyrir sjónir á þessum tímapunkti. Á síðasta degi þingsins samkvæmt starfsáætlun og eftir að búið er að gera samkomulag allra flokka um að þetta sé lokadagur þingsins að sinni. Ég hefði haldið að ef menn vildu ná fram breytingum á starfstíma Alþingis væri það vinna sem menn settust niður við með aðkomu allra flokka strax í vor eða sumar og væru þá tilbúnir með einhverjar breytingar þegar þing kemur saman næsta haust í samstöðu allra flokka.

Starfstími Alþingis var m.a. ræddur á þingflokki okkar framsóknarmanna á mánudaginn var. Þá var það m.a. rætt að tíminn væri orðinn skammur, það væru mörg ágreiningsmál eða a.m.k. nokkur sem kölluðu á umræðu. Þar var líka rætt að það væru mörg mál sem þingnefndir hefðu afgreitt út í þingsal til atkvæðagreiðslu þar sem í rauninni væri verið að takmarka málfrelsi þingmanna, því að þeir eiga svo sannarlega líka rétt á því að taka til máls í málum þó að það séu ekki ágreiningsmál, og af hálfu stjórnarliða væri þetta ekkert betur þokkað eða betur liðið en af hálfu stjórnarandstöðuþingmanna. Niðurstaða þessarar umræðu í þingflokki Framsóknarmanna var sú að mér var falið sem fulltrúa flokksins í forsætisnefnd að taka þetta mál upp í forsætisnefnd strax að loknu þingi núna og sjá hvort ekki næðist samstaða innan forsætisnefndar um að fara í þá vinnu að endurskoða starfstíma Alþingis. Svo vil ég halda því til haga, herra forseti, að við erum að tala hér um starfstíma Alþingis. Starfstími Alþingis er engan veginn það sama og starfstími þingmanna. Þingmenn eru að störfum allt árið. Alþingi kemur saman nokkra mánuði á ári eins og starfsáætlun kveður á um, en hins vegar er starfstími þingmanna 12 mánuðir ársins. Ég held að flestir þingmenn þekki það og vinni þannig.

Búið var að ganga frá samkomulagi með aðkomu allra flokka á þinginu um að ljúka þinghaldinu í dag og þó að þessi umræða sé vissulega þörf, og mér heyrist flestir vera sammála um að það kalli á einhverjar breytingar, kemur hún mér svolítið spánskt fyrir sjónir á þessum tímapunkti.

[13:14]

Magnús Þór Hafsteinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. þm. Jónína Bjartmarz hafi kannski misskilið orð mín. Ég var ekki að tala um að þingmenn kölluðu inn einhverja í sinn stað þegar þeir gætu af einhverjum ástæðum ekki setið nefndarfundi. Að sjálfsögðu gera allir flokkar það. Það höfum við líka gert í Frjálslynda flokknum, ef einhver okkar forfallast á nefndarfundi biðjum við einhvern annan af félögum okkar að hlaupa í skarðið. Það eru sjálfsögð og eðlileg vinnubrögð. Menn geta kannski ekki alltaf komist á alla fundi sem settir eru á.

Það sem ég var hins vegar að gagnrýna er það þegar þingmenn virðast reyna að vera á mörgum nefndarfundum samtímis, að ég tala þá ekki um mikilvæga þunga fundi þar sem verið er að tala um erfið og stór mál. Það er gagnrýnivert og það eru óþolandi vinnubrögð. Ég held að við hljótum öll að geta tekið undir það. Þá eiga flokkarnir náttúrlega að sjá til þess að reyna að kalla inn varamenn þannig að þingmenn séu til staðar á nefndarfundunum í heild sinni.

Það hlýtur líka að vera gagnrýnivert þegar þingmenn eru kallaðir inn í lok nefndarfundar til að skrifa upp á afgreiðslu mála út úr þingnefnd. Ég rifja upp þetta dæmi sem ég nefndi hér áðan, að þingmenn Framsóknarflokksins voru kallaðir í lok sjávarútvegsnefndarfundar inn á fund sem þeir höfðu ekki setið, inn á fund hjá nefnd sem þeir höfðu aldrei áður komið í eins og var í þessu tilfelli, til að skrifa upp á mál. Um getur verið að ræða stór og þung lagafrumvörp. Þeir vissu það, og það veit ég sjálfur vegna þess að ég var vitni að þessari uppákomu, þessir þingmenn koma þarna inn og skrifa upp á þetta þótt þeir viti í raun og veru ekkert um það sem þeir eru að skrifa upp á. Það var bara staðreynd. Það getur vel verið að ég sé reynslulaus hér á hinu háa Alþingi, ég veit það ekki, en ég verð að segja að ég er þó búinn að vera hér í tvo vetur og mér hrýs virkilega hugur við svona vinnubrögðum. Þetta er hreinlega ekki boðlegt og á það var ég einfaldlega að benda og gagnrýna í fullri vinsemd.

[13:16]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér hefur farið fram mjög fróðleg umræða um starfsemi þingsins eða þinghaldið sjálft og mörg sjónarmið komið fram en ekki hefur mér fundist vera langt á milli manna í þeim. Mér sýnist á öllu ef maður reynir að draga saman þau atriði sem þingmenn hafa nefnt hér að það sé mjög líklegt að menn geti náð góðri samstöðu um breytingar á þinghaldinu sem verði til þess að þingið bregðist frekar við þeim verkefnum sem fyrir því liggja hér á þinginu, verkefnum sem þingmenn sjálfir hafa lagt fram og óska eftir að þingið taki til meðferðar með formlegum hætti. Það er auðvitað eðlilegt að þingmenn ræði þinghaldið m.a. út frá því hlutverki sem þinginu er ætlað.

Ég tek alveg undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram að þingmenn eru svo sannarlega ekki starfslausir þó að þingfundum hafi verið frestað. Þeir hafa mörg verkefni og í mörg horn að líta þannig að ég býst við að flestir geti sagt að verkefni séu ærin þann tíma sem þing er ekki að störfum. Hinu er ekki hægt að neita að það að Alþingi sé formlega ekki að störfum í fjóra og hálfan mánuð er of langt, sérstaklega þegar litið er til þarfarinnar sem birtist í þingskjölum sem dreift er hér í þinghúsinu. Menn verða auðvitað að bregðast við því.

Herra forseti. Ég tel menn hafa rætt þetta svo sem áður á undanförnum árum án þess að það hafi leitt til neinna breytinga. Mér er ekki alveg nákvæmlega ljóst hvernig starfsáætlun þingsins hverju sinni er ákvörðuð. Ég held að hún sé að jafnaði ekki borin undir þingflokka áður en forseti gefur hana út að hausti. Ég man ekki eftir því að t.d. starfsáætlun

fyrir þetta þing hafi verið borin undir þingflokkana áður en hún var gefin út og ákveðið að ætti að ljúka störfum 11. maí. Auðvitað er það það sem þarf að breytast, og við breytum því ekki nema taka málið hér upp á þessum vettvangi, ræða það og heyra sjónarmið þingmanna í málinu.

Það getur ekki verið neitt ankannalegt við að ræða málið á þessum vettvangi, virðulegi forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:19]

[13:45]

Útbýting:

Ábyrgðasjóður launa, 501. mál, svar félmrh., þskj. 1431.

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 591. mál, þskj. 1436.

Erfðabreytt bygg, 761. mál, svar umhvrh., þskj. 1432.

Fjáröflun til vegagerðar, 720. mál, þskj. 1411.

Fólksflutningar, vöruflutningar og efnisflutningar á landi, 698. mál, þskj. 1419.

Lyfjalög og heilbrigðisþjónusta, 649. mál, þskj. 1421.

Meðferð opinberra mála, 309. mál, þskj. 1427.

Réttindi starfsfólks á einkaheimilum, 784. mál, svar félmrh., þskj. 1428.

Ríkisútvarpið sf., 643. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1438; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 1439.

Samkeppnislög, 590. mál, þskj. 1435.

Skoðun tölvuleikja, 655. mál, svar menntmrh., þskj. 1407.

Virðisaukaskattur o.fl., 697. mál, þskj. 1412.

Fjárframlög til stjórnmálastarfsemi, ein umr.

Skýrsla forsrh. o.fl., 57. mál. — Þskj. 1169 og 1169.

[13:46]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Tilefni skýrslu þeirrar sem hér er til umræðu er beiðni um skýrslu frá forsætisráðherra um fjárframlög til stjórnmálastarfsemi og starfsumhverfi stjórnmálaflokka hér á landi.

Árið 1995 skipaði þáverandi forsætisráðherra nefnd fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem falið var að gera tillögur um reglur um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðningi tengjast. Nefndin skilaði mjög umfangsmikilli skýrslu, þ.e. skýrslu sem telur 50 þéttskrifaðar síður, um fjármál stjórnmálaflokkanna í lok árs 1998 og setti einum rómi fram tillögur sem fólu í sér að ekki yrðu sett lög um fjármála stjórnmálaflokkanna og yrði byggt á annarri almennri löggjöf um þeirra mál. Sú niðurstaða felur í sér sameiginlega afstöðu stjórnmálaflokkanna til málsins þegar síðast var eftir henni leitað.

Ég tel ekki eðlilegt að forsætisráðherra sem æðsti fulltrúi framkvæmdarvaldsins setji fram ítarlega stefnumörkun sem gengur gegn sammæli stjórnmálaflokkanna um fyrirkomulag löggjafar um fjármál þeirra, heldur sé eðlilegra að stjórnmálaflokkarnir hafi sjálfir frumkvæði að breytingum á löggjöf um þetta efni. Efnistök þessarar skýrslu ber að skoða í þessu ljósi.

Það kemur fram í skýrslunni að stjórnmálaflokkarnir fá framlög frá hinu opinbera með þrennum hætti. Heildarstuðningur til flokkanna nemur nú 295 millj. kr. á ári sem er liðlega 60% aukning frá árinu 2000 að nafnvirði. Í fyrsta lagi ber að nefna framlög til sérfræðilegrar aðstoðar við þingflokka samkvæmt ákvæðum laga nr. 56/1971 og í öðru lagi njóta stjórnmálaflokkar sem fengið hafa a.m.k. 2,5% atkvæða í alþingiskosningum fjárstuðning úr ríkissjóði. Árið 2004 nam þessi stuðningur samtals 200 millj. kr. Þá eru í þriðja lagi á fjárlögum veitt framlög til stjórnmálaflokka til að mæta auknum kostnaði þeirra vegna stækkunar landsbyggðarkjördæma og breyttra aðstæðna þingmanna af þeim sökum. Fjárhæð þessara framlaga er samtals 40 millj. kr. á þessu ári.

Í skýrslunni kemur einnig fram að engar nákvæmar upplýsingar liggja fyrir um framlög frá einstaklingum og lögaðilum til stjórnmálaflokkanna. Skattyfirvöld skrá heildarsamtölu þess sem fært er til frádráttar tekjuskatti vegna gjafa og framlaga til kirkjufélaga, líknarstarfsemi, menningarmála, stjórnmálaflokka og vísindalegra rannsóknarstarfa. Ekki er hægt að fá upplýsingar um hve mikið af þessu er vegna stjórnmálaflokkanna einna, enda er það ekki skráð sérstaklega.

Á alþjóðlegum vettvangi hefur orðið mikil þróun í þessum efnum á undanförnum árum. Fjölmargar alþjóðastofnanir fjalla nú um fjárhagslega umgjörð stjórnmálaflokka í samhengi við bætta stjórnarhætti, lýðræðislega ábyrgð, viðbrögð við mútubrotum og baráttu gegn spillingu. Þessa gætir í samstarfi um bætta stjórnarhætti innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar en lengst er vinna að þessu leyti komin á vettvangi Evrópuráðsins. Þar er skipulegt samstarf sem hefur að markmiði að berjast gegn spillingu og aðildarríkin sæta úttektum svokallaðrar Greco-nefndar sem hefur að markmiði bætta stjórnarhætti og baráttu gegn spillingu.

Eins og fyrr segir varð niðurstaða stjórnmálaflokkanna sú árið 1998 að ekki skyldu sett sérstök lög um starfsemi eða fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Síðan hefur umræða um þetta efni haldið áfram hér á landi og erlendis, og þróunin víðast hvar gengur í þá átt að meira gagnsæi sé á þessu sviði sem og öðrum sviðum þjóðmála. Það sem verður samt að varast í þessu sambandi er að settar verði reglur sem leiði til þess að stjórnmálaflokkarnir eigi enn erfiðara en nú með að afla sér fjár til starfsemi sinnar. Þeir eru hornsteinn lýðræðisins og þurfa sem slíkir á fé að halda til öflugrar starfsemi. Mín reynsla af stjórnmálastarfi er hins vegar sú að flokkarnir berjist í bökkum fjárhagslega. Þar eru engar peningamaskínur á ferð, eins og þingmenn vita allir.

En það er fleira sem vert er að skoða í þessu sambandi. Við verðum að gæta þess að gera fólki kleifa þátttöku og frama í stjórnmálum án tillits til efnahags. Þótt prófkjör og kosningar um einstaklinga innan flokkanna séu öðrum þræði lýðræðislegar mega þær ekki valda því að hæfileikafólk dragi sig í hlé af fjárhagsástæðum.

Í ljósi þessa alls sem hér er rakið er það skoðun mín að tímabært sé að setja aftur á fót nefnd fulltrúa stjórnmálaflokkanna sem hafi það verkefni að leggja mat á þörf fyrir löggjafarumbætur á þessu sviði. Hinn 20. apríl sl. ritaði ég

því formönnum allra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á Alþingi bréf og óskaði eftir því að þeir tilnefndu fulltrúa í níu manna nefnd til að fjalla um lagalega umgjörð stjórnmálastarfseminnar. Vænti ég þess að sú nefnd geti hafið störf hið allra fyrsta.

Virðulegi forseti. Hef ég lengri tíma?

(**Forseti** (JBjart)**:** Tíminn mun vera liðinn.)

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að brjóta nein tímamörk, þess vegna spurði ég. Ég gæti hins vegar talað lengur um þetta mál en ég mun fá tækifæri til þess í lok umræðunnar.

(**Forseti** (JBjart)**:** Hæstv. forsætisráðherra hefur tök á því í lok umræðunnar að koma því að sem upp á vantaði í þessari ræðu.)

[13:53]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Frú forseti. Það er lýsandi dæmi um tregðu stjórnarflokkanna til að setja lög um fjármál stjórnmálaflokkanna að það hefur tekið nærri eitt og hálft ár að knýja fram þessa skýrslu frá forsætisráðherra upp á aðeins fjórar blaðsíður. Fátt er nýtt í henni nema að þar eru vísbendingar sem hún gefur um verulega aukningu á fjárframlögum til flokkanna frá lögaðilum og síðan yfirlýsing forsætisráðherra um að skipa nefnd sem hefur það verkefni að leggja mat á þörf fyrir löggjafarumbætur á þessu sviði. Þetta er allt og sumt.

Virðulegi forseti. Leggja mat á þörf, segir forsætisráðherra. Öll þjóðin telur þörf á slíkri lagasetningu og ég veit ekki betur en að allir stjórnarandstöðuflokkarnir hafi það á stefnuskrá sinni. Hefur Samfylkingin m.a. birt opinberlega reikninga sína frá stofnun flokksins. Krafan í þjóðfélaginu er um gegnsæi og opna stjórnsýslu. Mikilvæg lög hafa verið sett á umliðnum árum í því efni en stjórnarflokkarnir hafa beitt valdi sínu til að koma í veg fyrir að þetta gegnsæi nái til fjárreiðna stjórnmálaflokkanna.

Það eru aðeins örfáir flokkseigendur í stjórnarflokkunum með formenn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins í broddi fylkingar sem þumbast við í þessu máli. Í skjóli valds hafa stjórnarflokkarnir reist girðingar um sín eigin fjármál og ekki fylgt með í þeirri kröfu sem verið hefur um gegnsæja og opna stjórnsýslu. Hverju hafa þeir að leyna? Ef þeir hafa engu að leyna, hvaða rök eru þá fyrir því að skapa slíka tortryggni og leyndarhjúp um fjármál flokkanna? Ísland er orðið eins og nátttröll meðal lýðræðisþjóða en Ísland er eina landið í Vestur-Evrópu fyrir utan Sviss sem ekki hefur sett lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna.

Frá árinu 2001 hefur nefnd sem fjallar um spillingu á vegum Evrópuráðsins verið með alvarlegar athugasemdir vegna skorts á reglum hér á landi um fjármögnun stjórnmálaflokka þar sem líka kom fram að fámenni hér á landi gæti skapað hagsmunaárekstra og ýtt undir spillingu. Þeir hafa líka látið koma fram að íslensk stjórnvöld líti á spillingu fremur þröngt því að hér sé eingöngu litið til mútugreiðslna og ekki horft til fjársvikamála og kaupa á áhrifum og völdum.

Í þessari skýrslu sem við ræðum hér kemur fram að nefnd sem skilaði skýrslu um fjármál stjórnmálaflokkanna í lok árs 1998 setti einum rómi fram tillögur sem fólu í sér að ekki yrðu sett lög um fjármál stjórnmálaflokkanna. Hæstv. forsætisráðherra ítrekar það í þessari umræðu. Hæstv. forsætisráðherra getur þess hins vegar ekki að það kom fram í Ríkisútvarpinu í janúar árið 2000 að niðurstaðan í þessari nefnd var knúin í gegn með hótunum, auk þess sem einn stjórnmálaflokka tók ekki þátt í þessu nefndarstarfi. Það kom sem sagt fram opinberlega að flokkunum var hótað að opinberir styrkir til stjórnmálaflokkanna yrðu ekki afgreiddir fyrr en eftir alþingiskosningar 1999 ef menn stæðu ekki saman um að engin lög yrðu sett um fjármál flokkanna. Hæstv. forsætisráðherra skyldi líka muna að það var forsenda margra þingmanna þegar ákvæðið var sett í skattalög árið 1993, um að framlög lögaðila til stjórnmálaflokka væru frádráttarbær frá tekjuskatti, að lög yrðu sett um fjárreiður flokkanna. Það var undirstrikað af mörgum þingmönnum. Það var svikið því að nefndarmenn voru knúnir með hótunum til að standa saman að því að skila auðu í málinu. Þetta er gróf samtrygging gegn hagsmunum almennings. Áfram átti að ríkja þögn um fjármál flokkanna. Stjórnarflokkarnir hafa því við engan að sakast nema sjálfa sig þegar sögur ganga um mikla hagsmunaárekstra vegna fjármálatengsla þeirra við fyrirtækjasamsteypur eða valdablokkir í samfélaginu.

Í þessari skýrslu kemur fram að frádráttur frá skatti vegna gjafa og framlaga hefur meira en þrefaldast frá árinu 1998 til 2004. Ég spyr: Af hverju fást engin svör við því þó að ítrekað hafi verið eftir því leitað á Alþingi hve stór hluti þessarar aukningar er vegna framlaga til flokkanna? Þessar töpuðu skatttekjur sem er óbeinn stuðningur við stjórnmálaflokkana koma til viðbótar þeim 300 millj. kr. framlögum sem flokkarnir fá á ári til starfsemi sinnar en framlög úr ríkissjóði til stjórnmálaflokkanna hafa aukist um rúm 60% á fimm árum. Á þessum sjö árum hafa gjafir og framlög sem frádráttarbær eru numið rúmlega 3 millj. kr. Ég veit og hef um það upplýsingar frá skattyfirvöldum að það er hægt að fá sundurliðun á því þar hve mikið af þessum framlögum hefur verið vegna styrkja til flokkanna ef vilji er fyrir hendi hjá stjórnvöldum. Um það var forsætisráðherra spurður í þessari skýrslubeiðni sem ég lagði fram hvort hann væri reiðubúinn að beita sér fyrir því að þessar upplýsingar yrðu gerðar opinberar. Því er ekki svarað í þessari skýrslu og ég ítreka þá spurningu til hæstv. forsætisráðherra.

Virðulegi forseti. Í mínum huga kemur fyllilega til greina að banna allan stuðning frá fyrirtækjum við stjórnmálaflokka og spyr ég forsætisráðherra um afstöðu hans til þess. Því yrði jafnframt að fylgja að flokkarnir eru skyldaðir til að opinbera bókhald sitt og birta á hverju ári reikninga sína. Ríkisendurskoðun yrði gert að yfirfara bókhald þeirra reglulega og birta opinberlega niðurstöðu sína. Jafnframt þarf að skylda flokkana til að halda aðgreindu bókhaldi vegna kosningabaráttu sem birt væri opinberlega sundurgreint eftir samræmdu reikningsskilaformi þar sem ítarlega þyrfti að greina frá fjárframlögum vegna auglýsinga. Ríkisendurskoðun hefði líka þá skyldu að yfirfara kosningabókhald flokkanna. Jafnframt er nauðsynlegt að frambjóðendur til Alþingis og sveitarstjórna birti opinberlega reikninga sína vegna prófkjöra.

Virðulegi forseti. Á siðferðisstyrk og trúverðugleika flokkanna mun reyna meira en nokkru sinni í þeirri vinnu

sem nú á að fara fram um lagaumgjörð að opnu bókhaldi flokkanna. Ekki verður liðin nein moðsuða í því efni. Ég hvet til að þeirri vinnu ljúki fyrir komandi þing að hausti og að lagasetning taki gildi um næstkomandi áramót. (Forseti hringir.)

[14:00]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þegar við ræðum þessi mál er óhjákvæmilegt að við fjöllum líka um mikilvægi stjórnmálaflokkanna í okkar lýðræðislega fyrirkomulagi. Þetta er nauðsynlegt að gera vegna þess að mjög mikið hefur borið á því að menn séu að sproksetja stjórnmálaflokkana og gera lítið úr tilgangi þeirra og hlutverki í lýðræðislegu samfélagi.

Hlutverk stjórnmálaflokkanna er hins vegar gríðarlega mikilvægt. Það er m.a. það að setja fram skoðanir í heilsteyptu formi þannig að fólk geti tekið afstöðu til skýrra hugmynda. Menn hafa hins vegar verið að tala um stjórnmálaflokkana undir því ljósi að þeir séu nánast eins og spillt öfl fulltrúa sérhagsmuna en það er auðvitað ekki þannig. Þetta er hluti af þeim lýðræðislegu stofnunum sem búa til það samfélag sem við viljum starfa innan. Þess vegna megum við ekki tala um stjórnmálaflokkana undir þessum neikvæðu formerkjum. Minnkandi áhugi á stjórnmálum er þvert á móti ákveðið hnignunarmerki.

Oft hefur verið rætt um hvernig styðja bæri við starfsemi stjórnmálaflokkanna. Fyrir 10 árum var sett niður nefnd sem fór yfir þetta og í henni sátu fulltrúar stjórnmálaflokkanna. Það varð einróma niðurstaða þessarar nefndar að ekki bæri að setja sérstaka löggjöf um fjármagn stjórnmálaflokkanna þá. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að reyna að skríða í eitthvert skjól og segja að það hafi verið gert undir einhverjum hótunarformerkjum. (Gripið fram í.) Þessi varð einfaldlega niðurstaða nefndarinnar og þetta er niðurstaða sem við höfum síðan búið við og höfum stuðst við á þeim árum sem síðan eru liðin.

Það er hins vegar eðlilegt að leita eftir því að stjórnmálaflokkarnir komi sameiginlega að þessari vinnu, eins og hæstv. forsætisráðherra hefur gert. Það væri t.d. mjög óeðlilegt að framkvæmdarvaldið, ríkisvaldið, ríkisstjórnin, hefði sérstakt frumkvæði í þessum efnum án þess að það væri gert í góðu samráði við stjórnmálaflokkana. Þess vegna er það eðlilegt sem hæstv. forsætisráðherra leggur hér til, að þessi mál verði sett í nefnd sem fari yfir þau.

Þá mega menn heldur ekki gleyma því að nú þegar fer fram margs konar eftirlit með starfsemi stjórnmálaflokkanna. Ég vek t.d. athygli á því sem kemur fram í þessari skýrslu hæstv. forsætisráðherra að um 300 millj. kr. á ári fara til stjórnmálaflokkanna héðan frá Alþingi, úr fjárhirslum ríkisins. Auðvitað hefur líka eftirlitsstofnunin sem heyrir undir Alþingi, Ríkisendurskoðun, margs konar aðkomu að bókhaldi stjórnmálaflokkanna af þessum ástæðum. Það má ekki gera lítið úr því að þar með er auðvitað heilmikið eftirlitshlutverk sem við höfum búið til, hv. alþingismenn, með ákvörðunum okkar um þessa eftirlitsstofnun og með ákvörðunum okkar um að stórauka framlög til stjórnmálaflokkanna, þ.e. um 60% á fimm árum. Það er heilmikill peningur. Síðan eru stjórnmálaflokkar, eins og aðrir auðvitað, undirorpnir alls konar öðru eftirliti, skatteftirliti og þar fram eftir götunum.

Síðan hafa menn mjög mikið talað um að stjórnmálaflokkarnir eigi að opna bókhaldið. Þetta er út af fyrir sig athyglisverð umræða en við skulum hins vegar skoða hvernig menn hafa gert þetta, hvernig þeir stjórnmálaflokkar sem hafa hæst galað í þessum efnum hafa unnið að þessu. Þeir hafa gert það með þeim hætti t.d. að þeir hafa opnað á bókhald sitt og sýnt hvaða aðilar hafa borgað 500 þús. kr. eða meira. Þetta er hreinn kattarþvottur, hrein sýndarmennska. Við vitum að ef menn hafa áhuga á því að komast fram hjá þessu gera menn það auðveldlega.

Tökum stóru viðskiptablokkirnar. Á bak við þær eru starfandi tugir lögaðila, tugir fyrirtækja. Halda menn að það sé einhver vandi, vilji menn koma í veg fyrir að það sjáist hvaða fyrirtæki styðja menn, að gera það þannig að þessar viðskiptablokkir dreifi þá framlögum sínum á einstök fyrirtæki sem standa á bak við viðskiptablokkirnar? Þannig er það auðvitað ef menn hafa áhuga á því að koma í veg fyrir að þetta sjáist. Þess vegna er augljóst mál að ef menn ætla að ganga þessa leið, opna bókhaldið með einhverjum hætti, verða menn að ganga miklu lengra, menn verða að sýna miklu meira á spilin sín en ekki vera með þessa dæmalausu sýndarmennsku sem hefur einkennt umræðuna og hefur auðvitað verið þess eðlis að menn hafa reynt að hvítþvo sjálfa sig og sagt síðan: Ja, sjáið hvað ég er miklu betri en allir hinir. Það er ekki þannig. Þá er auðvitað miklu eðlilegra að gera eins og hæstv. utanríkisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, spyrja spurningarinnar: Kemur til greina að stjórnmálaflokkarnir hætti yfir höfuð að þiggja framlög frá fyrirtækjunum?

Í annan stað höfum við reynslu af lagasetningu frá öðrum þjóðum og hún er ekki að öllu leyti góð. Það er líka hlutur sem ég tel að þessi nefnd sem nú á að fara að setja á laggirnar verði að velta fyrir sér. Hvaða áhrif hefur lagasetning haft í einstökum ríkjum? Hvaða áhrif hefur t.d. lagasetningin haft í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Ítalíu — löndum þar sem alls konar fjármálaleg misferli hafa verið að koma upp í tengslum við stjórnmálaflokkana? Þurfum við ekki t.d. að velta fyrir okkur áhrifunum á hið lýðræðislega fyrirkomulag þegar stjórnmálabaráttan, eins og t.d. í Bandaríkjunum, er hætt að fara fram nema að nokkru leyti gegnum stjórnmálaflokkana? Það eru einhverjir óskilgreindir hagsmunaaðilar, þrýstihópar, úti í bæ sem ekki hafa sótt vald sitt til fólksins í landinu, eins og við höfum þó gert, sem eru farnir að ráða stjórnmálabaráttunni. National Rifle Society — ætli það félag hafi sótt vald sitt til fólksins í Bandaríkjunum? Ekki aldeilis, eða allar þessar stóru stofnanir. Við þurfum þá ósköp einfaldlega að horfa til þessara hluta allra saman. Það þýðir ekki að reyna að fara af stað með einhverjum hamagangi og látum og láta eins og þessi mál séu einföld. Þau eru það ekki og þess vegna eigum við að skoða þessi mál og reynslu annarra þjóða líka af svona lagasetningu.

Ég þekki t.d. líka til í Þýskalandi. Þar eru þessir stóru flokkar með heilmikil samtök á bak við sig, Konrad-Adenauer-Stiftung, sem hafa verið að boða til funda og eru í stórri stjórnmálabaráttu til hliðar við kristilega demókrata. Sambærilegt er hjá sósíaldemókrötum. Alls þessa þurfum

við auðvitað að spyrja og svo þurfum við líka að velta því fyrir okkur sem hæstv. forsætisráðherra velti upp. Auðvitað megum við ekki setja fram reglur sem gera það að verkum að t.d. þátttaka almennings í því að styðja við bak stjórnmálaflokka minnki því að ekki viljum við hafa það þannig að stjórnmálaflokkarnir verði algerlega reknir af framfærslu almennings í gegnum ríkiskassann. Það hlýtur að vera háskaleg staða sem upp er komin, a.m.k. fyrir stjórnmálaflokkana, fyrir löggjafarvaldið (Forseti hringir.) og fyrir það aðhald sem t.d. stjórnmálaflokkar eiga að veita (Forseti hringir.) ríkisstjórninni og stjórnarmeirihluta hverju sinni.

[14:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að þessi umræða, þótt knöpp sé, fer nú fram og ég fagna því sérstaklega að nefnd kemur til með að taka til starfa sem skipuð er af hæstv. forsætisráðherra til að fara á nýjan leik yfir það viðfangsefni hvort hér sé ekki þörf á lagaramma um stjórnmálastarfsemina og fjármál. Vegna þess sem vitnað er í niðurstöður nefndar frá árinu 1998 þarf a.m.k. að vera ljóst að þó svo að niðurstaða nefndarinnar í skýrslu hafi verið sú að ekki var lögð til lagasetning liggur alveg fyrir að það var ekki afstaða allra stjórnmálaflokka í landinu þá, og þaðan af síður er það nú, að ekki síður þyrfti slíka löggjöf. Það liggur algerlega fyrir að þá höfðu flokkar á stefnuskrá sinni að sett skyldi slík löggjöf þó að ekki næðist um það samstaða í formi tillagna út úr þessu nefndarstarfi.

Síðan hefur líka margt að borið og mikið vatn til sjávar runnið. Þannig eru t.d. komin fram núna tilmæli frá Evrópuráðinu sem Ísland þarf að taka alvarlega og taka mark á þar sem beint er til ríkjanna að grípa til ákveðinna ráðstafana. Ég er að vitna í tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins frá því í apríl 2003.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur frá upphafi skipað fjármálum sínum þannig — og það er ekkert grín, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, og það er í alvöru — að bókhald okkar er opið. Það er öllum aðgengilegt og það geta allir kynnt sér, blaðamenn jafnt sem aðrir, á landsfundum okkar. Bókhaldið er endurskoðað af löggiltum endurskoðanda. Hlutverk þess endurskoðanda og innri endurskoðanda flokksins er m.a. að sannreyna að þær reglur sem við höfum sett okkur um fjármál og móttökur fjárframlaga séu virtar. Löggiltur endurskoðandi leggur embættisheiður sinn að veði fyrir því að bókhaldið sé rétt upp gert. Við höfum gert grein fyrir kosningauppgjöri sérstaklega. Við höfum birt bráðabirgðauppgjör og síðan endurskoðað uppgjör á kosningabaráttunni sem slíkri, og gjarnan birt bráðabirgðauppgjör strax nokkrum vikum eftir kosningar. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum sömuleiðis fært á heimasíðu okkar flokks sundurliðaðar upplýsingar um hlutafjáreign okkar og hagsmunatengsl úti í samfélaginu. Þegar ég fer yfir þetta, virðulegi forseti, og ber saman við tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins frá því í apríl 2003 get ég með stolti sagt að Vinstri hreyfingin – grænt framboð uppfyllir þessi tilmæli hvað varðar meðferð fjármuna sinna, nánast að öllu leyti get ég fullyrt og þannig á það auðvitað að vera. Við höfum sett okkur reglur um að taka ekki við fjárframlögum að hærri upphæð en 300 þús. kr. frá einstökum styrktaraðila innan árs nema að gefa upp nafn þess sem meira veitir. Það er fylgst með því að þessar reglur séu virtar í gegnum endurskoðunarferli reikninganna eins og áður sagði.

Það er skoðun mín og hefur lengi verið að setja þurfi rammalöggjöf um fjármál og stjórnmál á Íslandi. Það þarf að rökstyðja mjög vel ef það á að halda að Ísland, nánast eitt vestur-evrópskra og vestrænna lýðræðisríkja, geti réttlætt það að hafa enga slíka löggjöf. Hvernig stendur á því að nágrannalöndin, nánast öll með tölu, að kannski einu undanskildu þar sem er Sviss, telja þörf fyrir slíka löggjöf og hafa verið að þróa hana og endurskoða á undanförnum árum? Til viðbótar löggjöfinni gilda síðan starfsreglur og siðareglur, bæði innan stjórnsýslunnar og á löggjafarsamkomunum í löndunum í kringum okkur. Það sem þarf að kveða á um í slíkri löggjöf er númer 1 mikilvægi þess að stutt sé við stjórnmálastarfsemina með fjárframlögum, lýðræðisins vegna. Ég tek undir að það má ekki alltaf tala um þetta sem varnarbaráttu gegn inngróinni spillingu. Við skulum líka ræða hina hliðina sem er mikilvægi þess að hin lýðræðislega stjórnmálastarfsemi og heilbrigð skoðanamyndun og heilbrigð umræða geti farið fram í þjóðfélaginu og að stjórnmálin séu varin fyrir óhóflegum áhrifum fjármagnsins. Það er ekki síst um það sem þessar reglur eiga að vera, að stjórnmálin fái að lifa heilbrigðu, sjálfstæðu lífi og séu ekki undirseld afli fjármagnsins. Nóg er samt. Það þurfa að vera skýrar reglur um það með hvaða hætti opinberir aðilar styðja við lýðræðið, styðja við stjórnmálastarfsemina. Þar þarf líka að taka tillit til aðstöðumunar flokka sem eru í stjórn og hinna sem eru í stjórnarandstöðu. Í Svíþjóð og Kanada er þetta gert með mjög þroskuðum hætti, t.d. þannig að stjórnmálaflokkar í stjórnarandstöðu fá tvöfaldan grunnstuðning frá ríkinu til að vega upp aðstöðumuninn sem þeir eru í gagnvart þeim sem með völdin fara og hafa kerfið á bak við sig. Það þarf að sjálfsögðu að setja reglur um móttöku fjárframlaga um möguleg þök í þeim efnum, um upplýsingaskyldu, bókfærslu og meðferð slíkra hluta.

Það þarf að setja reglur sem taka líka til sveitarstjórnarstigsins. Að sjálfsögðu þarf að fara yfir það hvort þar þurfi ekki líka að koma í aðalatriðum sambærilegar reglur. Við erum hér með sveitarfélag sem langt yfir þriðjungur þjóðarinnar býr í, höfuðborgina. Það er ekki lítill hluti af lýðræðinu sem snýr að því sem þar fer fram, svo að dæmi sé tekið. Og það þarf líka að setja reglur sem taka til annarra kosninga, svo sem eins og fjármála í tengslum við kosningu forseta lýðveldisins og þjóðaratkvæðagreiðslna ef til slíks kæmi, t.d. hvort ekki bæri þá að styrkja talsmenn meginsjónarmiða með og á móti málstað þannig að lýðræðisleg umræða og upplýsingagjöf geti farið fram. (Forseti hringir.)

Það sem mestu máli skiptir þó er að fyrirbyggja óþarfatortryggni með því að hafa reglurnar fyrir hendi og með því að hafa þessa hluti þannig að þeir séu yfir vafa hafðir. (Forseti hringir.)

[14:13]

Magnús Þór Hafsteinsson:

Virðulegi forseti. Vestrænar þjóðir viðurkenna flestar að leynd um fjármál stjórnmálaflokka bjóði heim hættunni á því að þeir sem starfa innan flokkanna falli fyrir þeirri

freistingu að hygla sérhagsmunum á kostnað almennings. Krafan um opinber fjármál íslenskra stjórnmálaflokka verður sífellt háværari, enda fjölgar þeim sem halda því fram að hagsmunaaðilar gefi hugsanlega stórar fjárhæðir til áhrifamikilla stjórnmálaflokka hér á Alþingi.

Í skýrslu forsætisráðherra sem hér er til umræðu er að finna einkennilegar setningar sem jaðra við að lýsa ótrúlegum barnaskap séu þær á annað borð settar fram í fullri alvöru. Kannski er þetta frekar skrifað til að þyrla upp ryki og draga athygli fólks frá kjarna málsins. Í skýrslunni er m.a. talað um að hér hafi orðið miklar breytingar á íslensku þjóðfélagi á undanförnum áratugum og að stórlega hafi dregið úr hættu á spillingu tengdri stjórnmálastarfsemi, það sé búið að losa viðskiptalífið úr einhverjum miðstýringarviðjum leyfisveitinga og úthlutunarkerfa sem búi núna við lagaumhverfi sem sé sambærilegt við nágrannalöndin. Hér segir m.a.: „Úthlutanir lóða og jafnvel almennar starfsmannaráðningar hjá hinu opinbera voru í mörgum tilvikum í höndum stjórnmálamanna fyrr á tíð en slíkt heyrir almennt sögunni til.“

Virðulegi forseti. Svona má lengi telja upp úr þessari skýrslu en mig langar til að spyrja hvort fólk trúi virkilega þessu, til að mynda í ljósi þeirra atburða sem orðið hafa á Íslandi á undanförnum mánuðum og missirum. Nei, það er ekki búið að framkvæma þvílíkar endurbætur á löggjöfinni í þessu landi að stjórnmálamönnum og þar með töldum ráðherrum sé nánast gert ókleift að misnota aðstöðu sína og hygla sérhagsmunum ef þeim býður svo við að horfa.

Sérhagsmunasamtök, hópar eða jafnvel einstaklingar geta að sjálfsögðu í krafti yfirburðastöðu fjármagnseignar beitt sér fyrir því að koma stjórnmálamönnum — nú, eða heilum flokkum — fyrir vagn sinn. Þessi hætta er enn fyrir hendi og kannski er hún meiri en oft áður í sögu lýðveldisins, núna þegar við höfum á skömmum tíma séð rísa upp gríðarlega stór og sterk fjármálaveldi. Mér finnst alveg óþarfi að klóra yfir þessa staðreynd og við eigum að ræða þetta opinskátt. Við vitum náttúrlega hvað er í húfi. Það er sjálft lýðræðið. Það hlýtur að vera umhugsunarefni þegar litlir flokkar sem hafa kannski málstaðinn einan að vopni þurfa að berjast við stóru flokkana sem eru með lokað bókhald en við sjáum greinilega að þeir hafa tugi milljóna til að spila úr. Við hljótum að spyrja: Hvar í ósköpunum hafa þeir fengið alla þessa peninga?

Við sáum alveg hvernig síðasta kosningabarátta fór fram þar sem Framsóknarflokkurinn, sem þó er ekki stór flokkur, bíaði allt landið út í flettiskiltum, var með auglýsingatíma í sjónvarpi og klæddi jafnvel heilu húsin með auglýsingum. Eftir kosningar vann þessi flokkur einhver markaðsverðlaun þar sem kom fram í umsögn að flokkurinn hefði náð að bjarga sér fyrir horn, unnið varnarsigur og náð að lagfæra ímyndina. Í framhaldi af þessu öllu saman, þ.e. þar sem við sáum hversu ofboðslega miklir peningar fóru greinilega í kosningabaráttu — við í minnsta flokknum, Frjálslynda flokknum, vitum mætavel hvað það er dýrt að reka kosningabaráttu. Við vitum alveg um þá taxta sem settir eru upp af fjölmiðlum, hvað kostar að auglýsa, hvað heilsíðuauglýsing í stærsta dagblaði landsins kostar. Við höfum kynnt okkur þetta allt saman og við vitum að hér eru engir smápeningar á ferð. Við hljótum öll að gera þá sanngjörnu kröfu að þessir flokkar opni bókhald sitt.

Við í Frjálslynda flokknum höfum gert þetta um margra ára skeið og mér finnst ósanngjarnt að sitja undir ásökunum frá hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni um að við séum með einhverjar reglur sem bjóði upp á skollaleik. Við erum með reglur um það að við gefum ekki upp hverjir gefa minna en 500 þús., einstakar gjafir til flokksins, það er alveg rétt. Við höfum aldrei skorast undan því þegar við erum spurð hverjir hafi gefið peninga til flokksins. Ef okkur hafa borist fyrirspurnir um það hvort hinir eða þessir hafi veitt peninga til flokksins höfum við upplýst um það fúslega. Þegar skýrslan um ólöglegt samráð olíufélaganna kom fram í vetur vorum við spurð hvort olíufélögin hefðu gefið peninga í sjóði flokksins. Við fórum í bókhaldið og lásum úr því að þau höfðu samtals gefið 400 þús. kr., 100 þúsund kr. í hvert sinn á 3–4 ára tímabili. Þetta var ekkert leyndarmál. Þetta köllum við að vera með opið bókhald. Við birtum þetta á heimasíðu okkar og svörum síðan spurningum ef þær koma um það hverjir hafa verið að veita fé til flokksins. Mér finnst það heiðarleg og sanngjörn krafa — hún ætti að koma miklu skýrar fram hjá kjósendum þessa lands — að flokkarnir upplýsi um þetta. Hvað hafa menn eiginlega að fela? Ef menn eru í stjórnmálum af heilindum, telja sig vera að vinna fyrir almannahagsmuni sem þeir að sjálfsögðu eru kjörnir til, hvers vegna í ósköpunum ættu þeir þá að vera að fela það hverjir fjármagna kosningabaráttu þeirra, hverjir gefa peninga til flokkanna, hverjir fjármagna jafnvel prófkjör einstakra frambjóðenda flokkanna? Þegar til lengri tíma er litið hlýtur þetta að gagnast flokkunum sjálfum.

Oft hefur verið sagt að trúverðugleiki sé dýrmætasta eign hvers stjórnmálaafls eða hvers stjórnmálamanns og ég hygg að fátt sé betur fallið til þess að auka trúverðugleika stjórnmálamanna og stjórnmálaafla en að sýna fram á það að þeir hafi ekkert að fela í þessum efnum. Þarna höfum við í Frjálslynda flokknum gengið fram fyrir skjöldu, höfum gert það í mörg ár og munum gera það áfram. Við munum að sjálfsögðu feta í fótspor þingmanna Framsóknarflokksins og gefa upp þegar sá tími kemur hagsmunatengsl okkar, þau persónulegu.

[14:19]

Hjálmar Árnason:

Frú forseti. Í lýðræðisríki er eitt grundvallaratriði að upplýsingar séu gagnsæjar og opnar. Framsóknarmenn stigu fyrstir það skref að opinbera fjármál einstakra þingmanna í þingflokki sínum. Ég tel að það hafi verið jákvætt skref en verð jafnframt að vekja athygli á því að minna hefur farið fyrir því hjá öðrum og hlýt ég í þessu sambandi að nefna Samfylkinguna sérstaklega sem hefur kosið að birta ekki sambærilegar upplýsingar um sinn þingflokk. Ég hlýt líka að nefna Samfylkinguna af því að hún hefur kosið að birta ekki upplýsingar um fjármál Samfylkingarinnar sem stjórnmálaflokks en kemur hingað síðan reglulega heilög og hvítþvegin og talar á þeim nótum sem hér hefur átt sér stað. Aftur og aftur.

Ég trúi því hins vegar, frú forseti, að stjórnmálaflokkar muni áður en langt um líður stíga mikilvæg skref í þá átt að gera fjármál sín gegnsærri en verið hefur. Framsóknarmenn

eru a.m.k. reiðubúnir að taka þátt í þeirri vinnu. Hvers vegna erum við að velta upp þessum spurningum nú? Það er vegna þess að menn eru líklega sammála um að stjórnmálum fylgi mikil völd, að því er talið er a.m.k., og menn eru líklega sammála um það einnig að þau völd eigi ekki að verða keypt í gegnum einstaka stjórnmálamenn eða flokka, hvort heldur er í prófkjöri eða í kosningum.

Frú forseti. Völdin liggja víðar í þessu samfélagi. Það er oft rætt um fjórða valdið, þ.e. fréttamenn og fjölmiðlamenn sem leggja grunninn að hinni lýðræðislegu og upplýstu umræðu í samfélaginu og hafa þar af leiðandi mikil bein og óbein áhrif á lýðræðisþróunina. Þess vegna er ekki óeðlilegt að spyrja hver tengsl einstakra blaðamanna séu við atvinnulíf, tengsl einstakra miðla við atvinnulíf og fjármálaheim. Með sama hætti og stjórnmálamenn eiga að gera grein fyrir þessu hljótum við að spyrja hvort fjölmiðlar, fjórða valdið, eigi ekki að gera slíkt hið sama lýðræðisins vegna, rétt eins og á að gilda um stjórnmálamenn (Forseti hringir.) og flokka.

[14:21]

Helgi Hjörvar:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir þessa viðleitni hennar og margvíslega aðra viðleitni undanfarin ár og áratugi til að bæta siðferðið í stjórnmálum og í fjármálum stjórnmálaflokkanna. Ég hygg að enginn Íslendingur efi heilindi hv. þingmanns í þeirri baráttu og viðleitni, jafnsamkvæm sjálfri sér og hún hefur í henni verið.

Um skýrslu hæstv. forsætisráðherra er það að segja að hún er heldur rýr í roðinu. Þar er annars vegar reynt að skýla sér á bak við niðurstöðu einhverrar nefndar sem starfaði á síðustu öld og hins vegar er málinu vísað áfram í aðra nefnd. Það er alls ekki nóg, hæstv. forætisráðherra, við verðum að tala skýrt. Við fáum yfir 1 millj. kr. hvern virkan dag í framlög úr sjóðum almennings, stjórnmálaflokkarnir, og okkur er engin vorkunn í því að gefa út um það strax yfirlýsingar að við höfnum hærri framlögum frá fyrirtækjum og sérhagsmunaaðilum og felum Ríkisendurskoðun eftirlit með því að því sé framfylgt. Meðan svo er ekki starfar Alþingi í skugga, í skugga leyndar um fjármál stjórnmálaflokkanna. Í leyndinni þrífst spillingin best.

Hér tökum við mikilvægar ákvarðanir, eins og hv. þm. Hjálmar Árnason nefndi áðan, um mikla hagsmuni og það er mikilvægt að við tökum af öll tvímæli um að hér séu annarleg sjónarmið uppi, enda hygg ég að þau séu ekki uppi. Til þess þurfum við að hafa reglur og þó að það sé rétt hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að hægt sé að fara í kringum þær verður fjármálahneyksli í stjórnmálum eins og í Þýskalandi sem hann vísaði til einmitt vegna þess að þar gilda reglur sem eru brotnar. (Forseti hringir.) Á Íslandi getur í dag ekki orðið fjármálahneyksli í stjórnmálaflokki vegna þess að það eru engar reglur til að brjóta.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Ég vil koma þeirri ábendingu til hv. þingmanna að beina orðum sínum til hæstv. forseta.)

[14:24]

Sigurður Kári Kristjánsson:

Frú forseti. Í gær bárust fréttir af því að samkvæmt skýrslu Veraldarbankans búa Íslendingar við mestan efnahagslegan stöðugleika og besta réttarkerfi í heimi. Skýrslan leiðir líka í ljós að einungis tvö ríki heims af 219 standa okkur Íslendingum framar í baráttunni gegn spillingu.

Þessar fréttir eru afar ánægjulegar en hins vegar hafa hér á Íslandi fulltrúar ákveðinna stjórnmálaflokka haldið því fram um nokkurt skeið að það kerfi sem við búum við varðandi fjármögnun og fjármál stjórnmálaflokkanna ali á spillingu í stjórnmálum. Ég verð að segja að oft mætti af þessum málflutningi ætla að við værum að taka umræðuna í vanþróuðu og spilltu þróunarríki en ekki framúrstefnulegu vestrænu menningarsamfélagi. Sem betur fer sýnir þessi skýrsla Veraldarbankans annan raunveruleika.

Á Íslandi gilda allar sömu reglur um fjárhagsleg málefni stjórnmálaflokka og um önnur frjáls félagasamtök sem hafa einhvers konar fjárreiður með höndum. Þær reglur sem gilda um stjórnmálaflokkana eru hvorki vægari né strangari en þessar reglur. Ég get tekið sem dæmi íþróttafélög, góðgerðasamtök og kirkjufélög. Menn hafa komið sér saman um að svona eigi þetta að vera, einróma niðurstaða um að ekki sé ástæða til að breyta þessum reglum. Síðan eru alltaf einhverjir sem hafa áhyggjur af því að setja þurfi reglur og opna bókhaldið — og þá hlýt ég að spyrja: Ef menn hafa svona miklar áhyggjur og meina það sem þeir segja, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, af hverju opna þessir stjórnmálaflokkar ekki bókhald sitt? Af hverju heyrist alltaf rétt fyrir kosningar að bókhaldið verði opnað, og svo eftir kosningar gerist ekki neitt? (Gripið fram í.) Ég minni á að Margrét Frímannsdóttir sagði fyrir kosningarnar 1999 að allt yrði birt. Svo hefur ekkert gerst. (Forseti hringir.) Þetta er alltaf sama gamla lumman, og einhverjar platreglur frá Samfylkingunni um að allt sé birt umfram 500 þús. eru bara reglur (Forseti hringir.) sem skipta engu máli.

[14:26]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra sagði að stjórnmálaflokkarnir væru engar peningamaskínur, það þekktu þingmenn. Það er nú það. Framsóknarflokkurinn virtist ekki vera beinlínis blankur fyrir síðustu alþingiskosningar og Reykvíkingar eru ekki búnir að gleyma því enn þá hvernig formaður Framsóknarflokksins og hv. þm. Jónína Bjartmarz horfðu í Kim Il Jong stærð af húsveggjum í bænum á borgarbúa og menn gátu ekki opnað vefmiðil án þess að mæta augnaráði formanns Framsóknarflokksins. Allt þetta kostar að sjálfsögðu peninga, og mikla peninga.

Hér hefur verið rætt um að setja bann við því að fyrirtæki styrki stjórnmálaflokka. Mér finnst sú hugmynd íhugunarverð en ég segi þó að við eigum að byrja á því að opna fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Ég held nefnilega að þá mundi margt breytast.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir að við eigum ekki að gera því skóna að stjórnmálaflokkar á Íslandi séu spillt öfl. Ég ætla ekki að skrifa upp á slíka syndaaflausn fyrir alla stjórnmálaflokka í landinu öllum stundum. Það er rangt sem fram kemur í skýrslu hæstv. forsætisráðherra að stórlega hafi dregið úr hættu á spillingu tengdri stjórnmálastarfsemi á Íslandi. Ég held að þessi hætta hafi aldrei verið meiri en núna

og vísa ég þar í einkavæðingu ríkisstjórnarinnar og hugsanleg fjármálatengsl sem því tengjast. Af þessu verða flokkarnir ekki hreinsaðir nema þeir opni bókhald sitt. Að sjálfsögðu á að setja um þetta almennar reglur og lög (Forseti hringir.) en það er ekkert sem bannar flokkunum sjálfum að taka frumkvæði eins og Vinstri hreyfingin – grænt framboð gerði við stofnun flokksins, að hafa allt sitt (Forseti hringir.) bókhald opið.

[14:29]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Það er þarft fyrir okkur að taka á störfum í stjórnmálaflokkunum, að ræða fjárhagslega stöðu þeirra og starfsemi almennt. Við í Frjálslynda flokknum tókum þá afstöðu þegar við stofnun flokksins að hafa bókhaldið opið. Við höfum þar að auki gefið upp beint ef spurt hefur verið um flokka fyrirtækja, hvort olíufélögin hafi gefið og þá hversu mikið, hvort líftæknifyrirtæki hafi gefið og þá hversu mikið o.s.frv. Þær upplýsingar liggja allar fyrir og er hægt að fá fram ef menn óska.

Við höfum látið endurskoða bókhald okkar á hverju einasta ári og það er síðan sett inn á heimasíðu okkar þannig að þangað er hægt að sækja allar grunnupplýsingar. Við höfum líka gert grein fyrir því hvað kosningabarátta okkar hefur kostað í hverju tilviki. Við gerðum áætlun fyrir síðustu alþingiskosningar sem var upp á um það bil 13 millj. sem reyndar stóðst ekki alveg, við fórum aðeins fram úr því, að mig minnir í 14,5 milljónir, þannig að upplýsingar okkar liggja allar fyrir. Ég tek hins vegar undir að það er þarft að við ræðum þetta saman í stjórnmálaflokkunum og reynum að setja okkur samræmdar reglur um birtingu varðandi fjármál og styrki. Ég held að það væri mjög æskilegt að við kæmum okkur saman um reglur. Svo að ég nefni einhverja einfalda reglu gætum við flokkað upp fyrirtæki, fyrirtæki í sjávarútvegi, fyrirtæki í verslun, banka o.s.frv. Hver flokkur gæfi þá a.m.k. upp nákvæmlega hvað kæmi í styrki til flokksins frá einstökum fyrirtækjahópum og síðan væri hægt að brjóta það upp betur ef menn þora ekki að stíga skrefið til fulls og opna þetta alveg sem ég held þó að sé miklu (Forseti hringir.) eðlilegra.

[14:31]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Þetta hefur verið gagnleg umræða en ég verð hins vegar að gera þá játningu sem fyrrverandi kennari í reikningshaldi og bókhaldi að ég hef aldrei gert mér grein fyrir þessu hugtaki, opið bókhald, og veit ekki hvað það er. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það þurfa að gilda reglur, það þurfa að gilda eftirlitsreglur og það er allt annað en opið bókhald. Ég held að eitthvað sem heitir opið bókhald sé ekki til. Hins vegar þurfa að gilda reglur um eftirlit, hvort það er löggiltur endurskoðandi sem skrifar upp á reikninga og annað því um líkt eða öðruvísi. Ég tel að sú nefnd sem verður skipuð mjög fljótlega, þ.e. strax og tilnefningar hafa borist frá öllum flokkum, muni hefja störf um leið og tilnefningar hafa borist frá Samfylkingunni og Frjálslynda flokknum — tilnefningar hafa borist frá öðrum flokkum.

Mér finnst með ólíkindum að halda því fram að síðasta nefnd sem hafi fjallað um þetta mál hafi skrifað undir vegna hótana. (Gripið fram í.) Hvers konar eiginlega aðdróttanir eru þetta í garð nefndarmanna? Það er merkilegt að þetta skuli koma frá Samfylkingunni. (**JóhS:** Þetta kom úr Ríkisútvarpinu.) Úr Ríkisútvarpinu? Ég skil varla í að Ríkisútvarpið hafi fundið upp á þessu, hv. þingmaður. Væntanlega er þetta (Gripið fram í.) haft eftir einhverjum og ég vil benda hv. þingmanni á að síðustu upplýsingar sem komu á vef Samfylkingarinnar um reikninga hennar eru frá árunum 2000 og 2001.

Því er haldið fram að Framsóknarflokkurinn hafi eytt miklu meira fjármagni í síðustu kosningabaráttu. Samfylkingin hefur upplýst að kosningabaráttan kostaði 81 milljón, Framsóknarflokkurinn hefur upplýst að kosningabaráttan kostaði 68 milljónir — og hvað á það að þýða, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að vera alltaf að ala á þessari tortryggni og vera með stöðugar dylgjur í þessu máli? (Gripið fram í.) Það eina sem þingmaðurinn er að gera, því miður, er að grafa undan trausti á stjórnmálum almennt. Það er ljótur leikur. Við skulum koma saman í þessari nefnd og starfa þar heiðarlega. Ég tek eftir því að hér á Alþingi er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir alltaf talsmaður Samfylkingarinnar í þessum málum. Ég vænti þess þá að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir komi í þessa nefnd sem ég efast þó um. Nær væri að formaður flokksins tæki þátt í þessari umræðu því að ég reikna með því að formaður Samfylkingarinnar viti meira um þá erfiðleika sem felast í því að halda úti lýðræðislegu stjórnmálastarfi og standa undir væntingum landsmanna í þeim málum en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem elur hér stöðugt á dylgjum í (Forseti hringir.) þessu máli.

Samkeppnislög, 3. umr.

Stjfrv., 590. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1435.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 3. umr.

Stjfrv., 591. mál. — Þskj. 1436.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neytendastofa og talsmaður neytenda, 3. umr.

Stjfrv., 592. mál. — Þskj. 1437.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Loftferðir, 2. umr.

Stjfrv., 699. mál (EES-reglur). — Þskj. 1057, nál. 1275, brtt. 1276 og 1288.

[14:38]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá samgöngunefnd um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda gesta. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um loftferðir sem miða að eflingu flugverndar og samræmingu flugreglna á Evrópska efnahagssvæðinu. Flugvernd hefur verið efld gríðarmikið eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11. september 2001, bæði hjá einstökum ríkjum og á alþjóðavísu.

Meðal þess sem lagt er til í frumvarpinu er að ráðherra verði heimilt að veita leyfi fyrir því að vopnaður vörður verði um borð í flugvél komi ósk um slíkt frá flugrekanda. Það kom fram í umfjöllun í nefndinni að flugmenn og flugrekendur telja ólíklegt að þessi heimild verði nýtt við þær aðstæður sem ríkja í dag. Flestir gestir nefndarinnar voru þó þeirrar skoðunar að vegna breyttra öryggiskrafna í millilandaflugi sé nauðsynlegt að slík gæsla sé heimiluð samkvæmt lögum og að þar sé kveðið á um hvernig slík heimild skuli veitt. Í 12. gr. frumvarpsins er lagt til að slíkur vörður verði aðeins heimilaður af samgönguráðherra að framkominni beiðni flugrekanda sem um það biður að framkominni kröfu erlends ríkis og að leita verði meðmæla dómsmálaráðherra og utanríkisráðherra. Nefndin telur þessa leið góða þar sem hún tryggir tiltekið samráð.

Þá er lagt til að öll smærri flugatvik, þ.e. þau sem ekki á að tilkynna til rannsóknarnefndar flugslysa, eigi að tilkynna til Flugmálastjórnar. Nefndin ræddi þetta ákvæði nokkuð og m.a. hvort ruglingur gæti myndast um hvaða atvik skuli tilkynna til hvors aðila. Nefndin leggur til orðalagsbreytingu á 5. gr. frumvarpsins til að takmarka slíkan rugling. Söfnun upplýsinga um flugatvik og úrvinnsla þeirra er mikilvægur þáttur í eflingu flugöryggis. Því er mikilvægt að allir sem að þeirri vinnu koma starfi í sátt að settu markmiði og að gagnkvæmt traust sé á milli aðila. Ákvæði um nafnleynd og refsileysi hafa þann tilgang að vernda þá sem tilkynna um flugatvik og þar með að auka líkur á að atvik verði tilkynnt. Í nefndinni var rætt hvort gera ætti tillögur um ítarlegri ákvæði í þessum efnum, m.a. um meðferð Flugmálastjórnar á tilkynningum, en frá því var fallið þar sem réttara var talið að þeir aðilar sem þessi mál snerta mest, flugmenn, flugrekendur og flugmálayfirvöld, ynnu að mótun reglna á grundvelli laganna sem sátt væri um.

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Gildissvið 57. gr. laganna taki einnig til skólastarfs á sviði flugleiðsöguþjónustunnar.

Ráðherra setji í reglugerð reglur um miðlun upplýsinga til eigenda farms um hvað flytja má inn á haftasvæði flugverndar líkt og til flugfarþega samkvæmt frumvarpinu.

Nýtt ákvæði bætist við þar sem lagt er til að orðin „og laga þessara“ verði felld brott úr 2. mgr. 101. gr. laganna þar sem ekki er rétt að binda gerðardóm að þessu leyti.

Ákvæði 12. gr. frumvarpsins verði gert almennara og rýmkað hvað sé refsilaust samkvæmt ákvæðinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Björgvin G. Sigurðsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Kristján L. Möller og Guðjón A. Kristjánsson skrifa undir álitið með fyrirvara og áskilja sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið. Fyrirvari Guðjóns A. Kristjánssonar lýtur fyrst og fremst að 9. gr. frumvarpsins.

Jón Bjarnason sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Undir álitið skrifa hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Einar Oddur Kristjánsson, Björgvin G. Sigurðsson, með fyrirvara, Bryndís Hlöðversdóttir, með fyrirvara, Birgir Ármannsson, Guðjón Arnar Kristjánsson, með fyrirvara, Una María Óskarsdóttir, Kristján L. Möller, með fyrirvara, og Magnús Stefánsson.

[14:43]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hv. formaður samgöngunefndar Guðmundur Hallvarðsson hefur mælt fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftferðir. Ég sit sem áheyrnarfulltrúi í nefndinni fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs en gat ekki stutt þetta nefndarálit. Ég flyt auk þess við það breytingartillögur.

Eins og þingmaðurinn gerði grein fyrir snýst frumvarpið um það að taka upp almennt hertari reglur á flugvöllum og í flugþjónustunni. Margt af því sem þarna er á ferðinni má segja að sé svo sem eðlilegt og annað tæknilegs eðlis. Það sem ég geri fyrst og fremst athugasemdir við er í 9. gr. frumvarpsins sem fjallar um hergögn og vopnaða verði.

Þar segir í 1. mgr.:

„Hergögn má eigi flytja í loftförum án leyfis samgönguráðherra eða þess sem hann felur leyfisveitinguna samkvæmt reglum þar um.“

Ég vek athygli á því að þarna er verið að rýmka þá heimild sem þegar er fyrir í lögum með því að gefa samgönguráðherra heimild til að framselja þetta vald þar sem bætt er við gildandi lög að fela megi leyfisveitinguna öðrum. Þessu er ég fullkomlega andvígur.

Síðan segir áfram: „Samgönguráðherra setur fyrirmæli um hvað telst hergögn og veitir almenna undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar í samráði við dómsmálaráðherra.“

Breytingartillaga mín lýtur að því, frú forseti, að hergögn megi ekki flytja með íslenskum loftförum, bann þetta eigi ekki við um loftför Landhelgisgæslu Íslands eða íslenskra lögregluyfirvalda og jafnframt setji samgönguráð-

herra fyrirmæli um hvað teljist hergögn. Ísland er herlaust land og það er skoðun mín að Ísland eigi með engum hætti að taka þátt í hernaði meðal annarra þjóða, það séu hvorki forsendur fyrir því að Ísland sem vopnlaust land, friðarland og boðberi friðar taki þátt í hernaði né hergagnaflutningum. Þess vegna legg ég fram breytingartillögu sem kveður á um að hergögn megi ekki flytja í íslenskum loftförum.

Hin breytingartillagan mín lýtur að vopnuðum verði um borð í íslensku loftfari. Hér er verið að festa enn frekar í lögum og rýmka ákvæði um að vopnaðir verðir geti verið um borð í íslenskum loftförum í almenningsflugi enda séu til þess brýnar ástæður, segir hér. Ég er fullkomlega andvígur því að með þessum hætti sé heimilað að vopnaðir verðir verði í íslenskum almenningsflugvélum. Komi til slíks með einhverjum hætti er það hluti af alþjóðlegum samningum, fjölþjóðasamningum sem Íslendingar eru þá aðilar að en með engum hætti er hægt að fallast á að íslensk stjórnvöld, samgönguráðherra eða dómsmálaráðherra, geti samþykkt það sérstaklega fyrir hönd íslenskra flugyfirvalda.

Á fund nefndarinnar komu m.a. flugstjórar úr Félagi atvinnuflugmanna sem bentu á að ekkert væri hættulegra fyrir flug og flugvél en að fá vopnaðan mann inn í vél þó að hann teldist vera vörður. Þeir bentu líka á að nú er gert ráð fyrir því að flugstjórinn sé yfirmaður loftfarsins á flugi. Vopnaður vörður einhvers staðar aftur í vél er í rauninni orðinn yfirmaður í fluginu, ekki flugstjórinn. Við munum eftir dæmi í fréttum nýverið frá Bandaríkjunum þar sem hryllilegt óhapp varð fyrir rétti þar sem vopnaður lögregluvörður var að leiða sakborning inn til réttarhalda. Sakborningurinn var hlekkjaður en engu að síður tókst honum að ná byssunni af hinum vopnaða verði sínum og skjóta dómarann og einhverja fleiri þar inni. Ef sá sem var að leiða sakborninginn inn hefði verið vopnlaus hefði þetta ekki komið fyrir. Þær röksemdir að til þess að mega fljúga til hinna byssuóðu Bandaríkja verði þeir að vera viðbúnir því að þeir geri þessar kröfur eru hæpnar. Þeir eru stöðugt uppi með þessar kröfur. Því yrði þessi heimild að vera inni hjá íslenskum ráðherrum en við höldum einmitt örygginu uppi með því að leyfa ekki byssur um borð. Það voru hin einlægu orð þessara flugstjóra og ég tek undir. Þess vegna flyt ég breytingartillögu sem lýtur að efnismálsgreininni sem hljóðar svo: „Samgönguráðherra getur ákveðið að vopnaðir verðir séu um borð í íslensku loftfari í almenningsflugi enda séu til þess brýnar ástæður, beiðni hafi borist frá flugrekanda að kröfu erlends ríkis þess efnis og dómsmála- og utanríkisráðherra mæli með því.“ — Ég legg til að þessi heimild verði felld brott og að vopnaburður í íslensku almenningsflugi verði því aðeins heimill að það sé liður í einhverju víðtæku fjölþjóðlegu samstarfi um að gert skuli. Ég legg áherslu á að flugmennirnir ráði. Það á ekki að stilla þeim upp við vegg eins og hér er gert ráð fyrir og ég hafna því alfarið að vopn verði borin inn í íslenskt almenningsflug.

Síðan er það síðasta sem ég legg til, frú forseti, að líka sé óheimilt að flytja mjög hættuleg eiturefni með íslenskum loftförum sem eru í farþegaflugi, eiturefni sem eru hættuleg fólki og geta borist úr farangursgeymslum og farmgeymslum upp í farþegarými. Við heyrðum dæmi nýverið af flugi frá Bandaríkjunum með skordýraeitur sem lak út í flutningsrýminu. Eiturgufur af því gátu borist upp í farþegarýmið og valdið þar óbætanlegu tjóni og jafnvel dauða fólksins. Ég tel að setja þurfi miklu ákveðnari og strangari reglur um eiturefni sem geta verið hættuleg fólki og borist úr flutningsrými upp í farþegarými og vil að bannað verði að flytja slík efni í almennu farþegaflugi.

Frú forseti. Ég hef þá mælt fyrir þessum breytingartillögum mínum og hinum alvarlegu athugasemdum sem ég geri við þetta frumvarp sem hljóðar upp á að rýmka heimildir til að heimila vopnaburð í íslensku farþegaflugi. Í vopnalögum er kveðið á um að vopnaburður á almannafæri sé bannaður. Þetta er að mínu viti almannafæri, lögsaga íslenskra stjórnvalda. Samkvæmt almennum lögum er þessi vopnaburður bannaður og mér finnst að við eigum að fylgja því.

[14:53]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða frumvarp um loftferðir, að mörgu leyti ágætt mál. Ég skrifa undir nefndarálit samgöngunefndar með fyrirvara og eins og segir í nefndarálitinu lýtur fyrirvari minn aðallega að 9. gr. frumvarpsins, sömu grein og hv. þm. Jón Bjarnason var að ræða áðan. Fyrirvari minn snýr aðallega að lokum 9. gr. sem hljóða svo, með leyfi forseta:

„Samgönguráðherra getur ákveðið að vopnaðir verðir séu um borð í íslensku loftfari í almenningsflugi enda séu til þess brýnar ástæður, beiðni hafi borist frá flugrekanda að kröfu erlends ríkis þess efnis og dómsmála- og utanríkisráðherra mæli með því.

Samgönguráðherra er heimilt að banna eða setja reglur um flutning annars varnings en hergagna til að halda uppi allsherjarreglu og öryggi.“

Ég geri ekki athugasemd við þessa síðustu málsgrein heldur þá næstsíðustu, um að í íslensku farþegaflugi verði heimilað að hafa vopnaða verði, að heimilt sé að setja inn í lög að svo geti verið og að áðurnefndir ráðherrar geti tekið ákvörðun um það.

Ég er almennt séð andvígur því að vopnaburður sé leyfður í almennu farþegaflugi. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að svo kann að fara að um þetta verði á komandi árum settar alþjóðareglur eða reglur sem nái m.a. til Evrópska efnahagssvæðisins varðandi alþjóðaflug sem við þyrftum að undirgangast. Þá tökumst við á við það með samræmdum reglum og samræmdri útfærslu. Hér tel ég að verið sé að opna á sérákvæði er varðar Ísland án þess að um þetta hafi verið samið almennt á alþjóðavettvangi. Eins og ég gat um áður er ég andvígur þessu ákvæði. Það er trú mín að það bæti ekki öryggi eða ástand um borð í flugvélum almennt að menn gangi þar með skotvopn, enda sakna ég mjög umræðunnar um það að menn hafi reynt einhver önnur úrræði sem e.t.v. mætti heimila um borð í flugvélum til að bregðast við hugsanlegum aðilum sem þar væru til vandræða eða árásar þótt ekki væri beinlínis um skotvopn að ræða.

Ég held að mikil umræða eigi eftir að fara fram meðal þjóða á komandi árum um hvernig þessum öryggisatriðum verði fyrirkomið og hvort vopnaburður almennt verði

leyfður eða einhver önnur öryggistæki eða öryggisaðgerðir, og að áætlanir verði settar upp til að bregðast e.t.v. við árásum um borð í flugvélum. Almennt tel ég að það væri mjög til bóta ef ekki yrði í þeim reglum heimiluð meðferð skotvopna um borð í flugvélum. Það er bara mín skoðun og þess vegna er ég algerlega andvígur þessu ákvæði í 9. gr. og mun ekki greiða henni atkvæði mitt.

[14:57]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég met alveg afstöðu þeirra tveggja hv. þingmanna sem hér hafa talað, bæði Jóns Bjarnasonar og Guðjóns Arnars Kristjánssonar. Sérstaklega kemur þar 9. gr. inn í málið.

Nú er það svo að í nefndinni varð umræða um það hvort ekki væri rétt að bíða eftir alþjóðasamþykkt sem væntanleg hlýtur að vera um vopnaða verði um borð í flugvélum. Það er sjónarmið út af fyrir sig. Hitt er annað mál að í ljósi þess að líklega eru 80 eða 90 þotur og breiðþotur skráðar í íslenska flugflotann í mjög margvíslegum verkefnum úti um allan heim er þetta mál sem gæti skipt verulegu máli hvað varðar skráningu flugvéla á Íslandi svo og líka flugrekstur inn almennt. Auðvitað er enginn sáttur við það ástand að vopnaðir verðir verði um borð í flugvélum en það er þegar orðið í nokkrum löndum. Með því ákvæði sem hér er sett inn um að ekki verði frá því gengið nema í sátt og samlyndi við aðila eins og að þrjú ráðuneyti komi þar að, flugfélög óski eftir því — auðvitað koma þá flugmenn að þessu líka til að það megi verða — held ég að hér sé mjög varlega stigið til jarðar í þessu annars óskemmtilega máli sem við komumst því miður ekki hjá að hafa einhverjar reglur um ef til þessa óyndisúrræðis þyrfti að grípa. Ég tel að þetta sé nauðsynlegt ákvæði og vona hins vegar að til þess þurfi aldrei að grípa.

[14:59]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég deili áhyggjum með hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni eins og hann lýsti þeim. Ég vil bara í andsvari mínu vekja athygli á því að öll uppbygging og sókn íslenskra aðila inn á flugrekstrarsviðið vítt og breitt í veröldinni hefur getað þróast án þess að þessi heimild væri fyrir í lögum. Ég geri mér vel grein fyrir því að til þess kunni að koma. Ég hefði hins vegar talið miklu nær að við fylgdum þar alþjóðlegum kröfum en tækjum ekki upp þetta frumkvæði að því er varðar íslensk loftför ein og sér. Ég sé ekki, eins og dæmin sanna með geysilega uppbyggingu okkar varðandi eign á flugvélum og í flugvélarekstri almennt í veröldinni, að þetta ákvæði sem nú er verið að lögleiða hafi verið okkur til trafala hingað til.

[15:00]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég deili þeim áhyggjum sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson og sömuleiðis hv. þm. Jón Bjarnason lýstu um það að heimilað verði að í íslenskum loftförum beri áhafnir byssu, þ.e. verði byssumenn eins og það hefur verið orðað. Ég deili líka þeirri frómu hugsun að skynsamlegra hefði e.t.v. verið að bíða eftir alþjóðalögum.

Hins vegar er málið miklu flóknara en svo, eða einfaldara gætum við e.t.v. sagt, því að í mínum huga lýtur þetta fyrst og fremst að því hvort Flugleiðir eigi að geta flogið áfram til Bandaríkjanna sem er ákveðinn grundvöllur að tilveru Flugleiða. Það liggur nefnilega í loftinu að Bandaríkjamenn muni einhliða ákveða að loftför sem koma inn í bandaríska lofthelgi verði að hafa slíka heimild, verði að hafa vopnbæra menn um borð. Þá verðum við að svara grundvallarspurningunni: Ætlum við að leggja stein í götu Flugleiða? Ef þeir geta ekki flogið til Bandaríkjanna í áætlunarferðir sínar er grundvöllur að tilveru félagsins hreinlega hruninn. Það er það sem þetta mál snýst um núna. Ef raunveruleikinn væri annar ættum við auðvitað að bíða eftir einhverjum alþjóðaregum en það liggur í loftinu að Bandaríkjamenn muni einhliða setja þessi skilyrði fyrir flugi inn í bandaríska lofthelgi.

[15:02]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég deili áhyggjum með hv. þingmanni varðandi afstöðu Bandaríkjanna til vopnaburðar almennt og þeirrar kröfu þeirra að e.t.v. verði hún reist. Hins vegar geri ég ekki mikið með það þó að menn segi að eitthvað liggi í loftinu. Það lá í loftinu í fleiri ár að Bandaríkjamenn ætluðu að beita íslenska ríkið og íslensk fyrirtæki útflutningsþvingunum ef við hæfum hér hvalveiðar. Það var talað um það margsinnis í þessum ræðustól að það lægi í loftinu, menn yrðu að hafa allt slíkt í huga.

Ég held að við getum ekki verið að byggja löggjöf á einhverju sem liggur í loftinu, jafnvel þó að það sé í Bandaríkjunum. Þess vegna held ég að við hefðum átt að bíða með þetta mál.

[15:03]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og hv. þingmaður veit hafa alþjóðareglur, og ekki síst í Bandaríkjunum, breyst mjög eftir hörmungarnar 11. september árið 2001 og það meira en liggur í loftinu að gefnar hafa verið út yfirlýsingar, mjög alvarlegar, frá bandarískum stjórnvöldum um að þau muni taka slíkar reglur upp. Ég vek jafnframt athygli á því að hér er einungis verið að opna fyrir heimildarákvæði sem þá er hægt að grípa til ef bandarísk stjórnvöld setja þessa reglu sem ég hygg að muni gerast áður en langt um líður. Þetta er einungis heimildarákvæði og ég hef ekki trú á því að íslensk flugfyrirtæki muni nýta þessa heimild nema þau verði neydd til þess. Við erum einungis að opna fyrir þessa heimild og mér finnst skipta þar höfuðmáli fyrir samgöngur okkar Íslendinga að hafa þann sveigjanleika að okkar öflugustu flugfélög geti unnið á alþjóðamarkaði sínum. Þar eru Bandaríkin lykillinn að velgengni Flugleiða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan ferðamála, 2. umr.

Stjfrv., 735. mál (heildarlög). — Þskj. 1097, nál. 1271, brtt. 1272.

[15:04]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti samgöngunefndar um frumvarp til laga um skipan ferðamála. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið fjölda aðila á sinn fund og nefndinni bárust líka umsagnir frá fjölda aðila.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á skipan ferðamála og er lagt til að hlutverki Ferðamálaráðs verði breytt og skrifstofu Ferðamálaráðs gert kleift að gegna hlutverki stjórnsýslustofnunar. Þá er ætlunin með frumvarpinu að einfalda leyfisveitingar og tryggingamál ferðaskrifstofa frá því sem verið hefur.

Á fundum nefndarinnar var rætt um þær breytingar sem lagðar eru til á skipun Ferðamálaráðs frá gildandi lögum en þær eru að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni ekki neinn fulltrúa í ráðið en áður tilnefndi það tvo. Fellst nefndin á þau sjónarmið sambandsins að sveitarfélögin hafi stutt við uppbyggingu og grunnþætti í rekstri ferðaþjónustu í landinu, m.a. með aðkomu að rekstri upplýsingamiðstöðva. Þau hafi mikla þekkingu á stöðu ferðamála víða um land og mikla hagsmuni af því að byggja upp og efla ferðaþjónustu í sveitarfélögum. Þá kunni sjónarmið höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar að vera mismunandi og leggur því nefndin til þá breytingu á frumvarpinu að fjölgað verði í ráðinu um tvo fulltrúa sem Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni.

Nefndin ræddi einnig stöðu innlendra ferðafélaga á borð við Ferðafélag Íslands og Útivist en með frumvarpinu er lagt til að niður falli heimild ráðherra til að veita undanþágu frá skilyrðum laganna varðandi rekstur ferðaskrifstofu. Telur nefndin að rökin fyrir setningu þessa lagaákvæðis hafi verið þau að veita fjölmennum ferðafélögum sem byggt hefðu starf sitt á sjálfboðaliðastarfi um áratuga skeið og staðið fyrir umfangsmikilli uppbyggingu á ferðamannastöðum víða um land undanþágu frá skilyrðum laganna vegna hagsmuna almennings. Þessi félög hafa reist skála á hálendinu sem eru öllum opnir, lagt brýr og vegi, ásamt því að stika gönguleiðir, sinna landvörslu og náttúruvernd. Fellst nefndin því á mikilvægi þess að áfram verði unnt að veita undanþágur frá lögunum fyrir slíka starfsemi og leggur til breytingartillögu þess efnis. Samkvæmt tillögunni verði það Ferðamálastofa sem ákveði þessar undanþágur.

Þá ræddi nefndin nokkuð skilyrði frumvarpsins til reksturs ferðaskrifstofu sem umsækjandi eða forsvarsmaður umsækjanda þarf að fullnægja. Þau eru m.a. þau að hann má ekki hafa orðið gjaldþrota eða hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög og einkahlutafélög og lögum um bókhald og ársreikninga á síðustu þremur árum. Það eru mun vægari kröfur en í gildandi lögum sem kveða á um að leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skuli hafnað ef umsækjandi hefur haft leyfi til slíkrar starfsemi á síðustu fimm árum og sú ferðaskrifstofa orðið gjaldþrota. Telur nefndin að með hliðsjón af neytendavernd séu ekki nægileg rök fyrir því að rýmka skilyrðin svo mikið og leggur til þá breytingu á frumvarpinu að miðað verði við síðustu fjögur ár í stað þriggja eins og frumvarpið kveður á um.

Nefndin ræddi nokkuð um einstakar starfsstéttir en í frumvarpinu er ekki fjallað sérstaklega um þær. Þó er ljóst að t.d. leiðsögumenn og landverðir hafa þýðingarmiklu hlutverki að gegna við að fræða ferðamenn um land og þjóð. Þeir eru mikilvægur hlekkur í að tryggja góða umgengni um landið. Náttúra landsins er hornsteinn íslenskrar ferðaþjónustu og því er starf þessara hópa greininni mikilvægt. Telur nefndin rétt að ráðuneytið hugi að setningu reglna um kröfur sem gera þarf til þessara hópa varðandi hæfni, menntun og öryggismál.

Þá ræddi nefndin nokkuð um markaðsmál ferðaþjónustunnar og hvetur til þess að Ferðamálastofa semji við Útflutningsráð og Samtök ferðaþjónustunnar um að þeir aðilar vinni í sameiningu að markaðssetningu íslenskrar ferðaþjónustu erlendis, líkt og tíðkast í öðrum atvinnugreinum.

Loks hvetur nefndin Ferðamálastofu til að efna til formlegs samstarfs við Samtök ferðaþjónustunnar með málefni atvinnugreinarinnar í huga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Jón Bjarnason sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur því með fyrirvara en, virðulegi forseti, hér hafa orðið smábrengl í texta nefndarálits þar sem sagt er að hv. þingmaður sé ósamþykkur áliti þessu. Það er rangt. (**Gripið fram í:** Það er svolítill munur á því.) Það er svolítill munur á því, virðulegi þingmaður. (Gripið fram í.)

Undir rita Guðmundur Hallvarðsson, Una María Óskarsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Guðjón Hjörleifsson, Kristján L. Möller, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara, og Magnús Stefánsson.

[15:10]

Björgvin G. Sigurðsson:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða ágætismál þar sem megintilgangurinn er að gera skipulagsbreytingar til að færa veitingu leyfa frá samgönguráðuneytinu til þeirrar stofnunar sem fer með ferðamál, Ferðamálastofu sem áður var Ferðamálaráð. Segir í frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Er þetta liður í þeirri þróun sem átt hefur sér stað varðandi flutning annarra leyfisveitinga frá ráðuneytinu til stofnana þess. Sem dæmi má nefna að leyfi til að stunda leigubifreiðaakstur og hópferðaleyfi hafa verið flutt til Vegagerðarinnar og endurveiting ökuréttinda til lögreglustjóra.“

Hér er um að ræða mál sem felur í sér ágætar breytingar enda styðjum við það án fyrirvara.

Í þessu samhengi höfum við rætt töluvert um markaðsmál ferðaþjónustunnar, öryggismál, allan ytri ramma þessarar miklu atvinnugreinar og þann grunn sem hún stendur á sem oft og tíðum er býsna veikur og brokkgengur miðað við það hve umfangsmikinn atvinnuveg er um að ræða sem skilar orðið þjóðarbúinu tugum milljarða á ári hverju. Vöxturinn í greininni hefur verið með miklum ágætum á öllum undanförnum árum og vakti sérstaka athygli og jákvæða hve mikið umfang og uppgangur ferðaþjónustunnar hefur verið þrátt fyrir þann samdrátt sem víða átti sér stað í ferða-

þjónustu í heiminum eftir hryðjuverkin hræðilegu 11. september 2001. Samt sem áður hélt greinin áfram að vaxa hérlendis, einnig þrátt fyrir það að stjórnvöld hafi skorið niður það fé sem veitt er til markaðs- og kynningarmála erlendis. Hefur það verið gagnrýnt mjög harkalega, til að mynda af Samtökum ferðaþjónustunnar, og við höfum tekið mjög undir þá gagnrýni þar sem auðvelt er að færa rök fyrir því að fjármunir þeir sem veittir eru til að kynna Ísland betur, meira og ákafar á erlendri grund hljóta að koma margfalt til baka miðað við þá miklu aukningu sem átt hefur sér stað á ferðamannakomum hingað til landsins á allra síðustu árum. Sú aukning hefur verið ævintýraleg þannig að ferðamenn telja hundruð þúsunda og styttist óðfluga í að við náum því markmiði sem einu sinni virtist svo óralangt í burtu, þ.e. að ferðamenn til landsins telji hátt í 1 milljón.

Eins og ég segi eru þær breytingar sem hér eru lagðar til í frumvarpi til laga um skipan ferðamála jákvæðar. Þær beindu sjónum að mörgu því sem betur mætti fara og kemur fram í þingsályktun sem lýtur að stöðu ferðaþjónustunnar. Þar eru mörg háleit markmið sett fram sem vonandi ná fram að ganga á næstu árum, svo sem um menntunarmál greinarinnar en þau eru í lamasessi og það hve mikilvægt er að um er að ræða heilsársatvinnugrein í stað þess að ferðaþjónustan hefur fram undir þetta einungis byggt á þeim örfáu mánuðum sem sólin skín á Íslandi. Það hlýtur að vera meginmálið að dreifa hingaðkomu ferðamanna miklu betur yfir árið þannig að greinin búi yfir meiri stöðugleika og að kjölfesta þar eflist verulega. Það er reyndar önnur umræða. Þetta mál sem hér um ræðir felur í sér jákvæðar breytingar að okkar mati hvað varðar leyfisveitingar og það að byggja betur og áfram undir greinina, auka öryggi, efla grunn hennar, nútímavæða umgerð ferðaþjónustunnar sem mest verða má. Því styðjum við, þingmenn Samfylkingarinnar og aðrir stjórnarandstöðuþingmenn sem í nefndinni sátu, þetta mál.

[15:14]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Hv. formaður samgöngunefndar Guðmundur Hallvarðsson hefur gert grein fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um skipan ferðamála. Þetta frumvarp felur í sér að verið er að stofna nýja ríkisstofnun — við skulum alveg gera okkur grein fyrir því — og fela henni ákveðin stjórnsýsluverkefni. Í sjálfu sér hef ég ekkert við það að athuga að það sé gert ef það er gert mjög ígrundað. Þau verkefni sem þarna er verið að fela þessari stofnun eru á margan hátt eðlileg. Ferðamál í landinu eru að verða ein umfangsmesta atvinnugreinin og þess vegna er ekkert óeðlilegt að hún fái einhvern stjórnsýslulegan sess miðað við aðrar atvinnugreinar. Ég styð þá nálgun málsins og þau verkefni sem gert er ráð fyrir að fari undir þessa stofu.

Í nefndarálitinu er sú prentvilla að ég sé ósamþykkur álitinu. Hv. formaður nefndarinnar hefur leiðrétt það. Ég er samþykkur álitinu með ákveðnum fyrirvörum þó sem ég ætla stuttlega að nefna núna. Í fyrsta lagi tel ég að hvorki sé gerð grein fyrir því hvernig eigi að fjármagna þessa stofnun, hvað hún muni kosta né heldur hvaða fjárhagsleg áhrif þetta muni t.d. hafa á samgönguráðuneyti þar sem verið er að taka verkefni þar út. Fjárhagsramminn um stofnunina er þess vegna í óvissu og umsögn fjármálaráðuneytisins hvað það varðar er að mestu leyti út í hött. Þessar umsagnir fjármálaráðuneytisins um kostnað við einstök frumvörp eru umhugsunarefni, þ.e. hvað þau eru að verða að mínu viti marklitlar. Það er mjög mikilvægt þegar við erum að gera svona samþykktir og stofna nýjar stofnanir að við gerum okkur grein fyrir því eins og kostur er hvað það muni kosta. Þetta tel ég ekki hafa verið gert.

Gagnvart hinu tel ég svo almennt að við eigum að vera á varðbergi, þ.e. að setja upp ráð eins og í þessu tilfelli ferðamálaráð þegar búið er að ákveða stofnun sem á að hafa verkefnin. Hér er verið að búa til eitthvert stjórnsýsluhlutverk fyrir ferðamálaráð. Stjórnsýslan á að vera einföld. Forstöðumaður þessarar stofnunar er ráðinn af ráðherra. Ráðherra hefur ábyrgð á lögum og reglugerðum og hann getur hverju sinni kallað þá til sem hann vill til að fá um það leiðsögn. Hann hefur þar frjálst val, eðlilega, og á að vera þess umkominn að geta kallað til þá aðila sem honum finnst traust í og nauðsynlegt að bera undir þau lög og reglugerðasmíð sem hann hefur með höndum en ekki vera að binda sig við eitthvert ráð og finna því einhverja stjórnsýslulega stöðu. Ég slæ því varnagla við svona hugmynd.

Hitt get ég svo tekið undir, eins og kemur fram í nefndarálitinu, að það hefði þurft að taka betur á fagmennskunni, kröfum til menntunar og jafnvel því hver gefur stimpil eða leyfi, þ.e. staðfestir réttindi t.d. leiðsögumanna til að taka að sér ákveðin verkefni, bæði innlendra leiðsögumanna og þeirra erlendu sem fylgja hópum hingað inn. Ég hefði talið að Ferðamálastofa ætti að hafa þetta hlutverk og að menntunar- og gæðamálin hefðu átt að fá afmarkaðri sess.

Síðan geri ég athugasemd, frú forseti, við c-lið 14. gr. sem kveður á um tryggingar, reyndar almennt um greinina, að Ferðamálastofa eigi að taka á móti fjármunum og framvísa tryggingarfé frá ferðaskrifstofum eða öðrum og eigi að fara að halda þar sérstakan reikning. Það er eðlilegt að Ferðamálastofan hafi eftirlit með þessu, fylgist með því að þetta sé gert, en fjármunir, tryggingarfé eða annað, eiga ekki að fara inn á einhvern reikning hjá A-hluta stofnun ríkisins. Það á bara að finna því annan farveg inn í bankakerfið eða með öðrum hætti, ekki nota A-hluta stofnun ríkisins sem einhvers konar reikningshaldara fyrir tryggingarfé ferðaskrifstofa. Sömuleiðis kveður í c-liðnum á um að Ferðamálastofa hafi frjálst val eða geti metið einhverjar óskilgreindar tryggingar fyrir ferðaskrifstofur. Ég tel að hann sé mjög varhugaverður og ætti ekki að vera inni.

Þetta eru meginfyrirvarar mínir, herra forseti, en að öðru leyti tek ég undir og styð þá hugmyndafræði sem er á bak við þann ramma sem hæstv. samgönguráðherra hefur nú stillt upp, bæði varðandi stefnu í ferðamálum og Ferðamálastofu þó að ég geti ýmislegt fundið sem mætti betur fara. Ég legg áherslu á að þessi nýja stofnun verði staðsett úti á landi. Nú vitum við að það er mjög öflug ferðamálakennsla við Hólaskóla þannig að það er mjög fínt að fá þessa stofnun í Skagafjörð.

Það skulu vera lokaorð mín, herra forseti.

[15:20]

Frsm. samgn. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef tekið þátt í mörgum nefnda-

störfum á Alþingi og alltaf stutt það þegar frumvörp eru flutt af hæstv. ráðherrum að þá sé ekki tilgreint ákveðið í þeim frumvörpum sem við erum að senda frá nefndunum hvar viðkomandi stofnun eigi að staðsetjast. Það hlýtur að ráðast af eðli málsins og líka jafnvel umhverfinu. Ég efa það ekki að Hólaskóli sé hin mætasta stofnun en þetta verður að vera í hendi ráðherra þannig að þetta sé valið af skynsemi eins og ætla má að þeir standi að málum.

Tal um kröfur og menntun er alveg rétt. Ég held að þetta sé mjög gott spor í þá átt að samræma gerðir þeirra sem í ferðaþjónustunni eru í ljósi þess sem við stöndum frammi fyrir að það er stór aukning á ferðamönnum til landsins. Við megum ekki missa aukninguna í ógöngur. Það þýðir þá að fólk hefur ekki sama áhuga á að koma til Íslands ef svo bæri undir að hér væri eitthvert ástand á móttöku erlendra ferðamanna.

Varðandi svo tryggingaþáttinn og öryggismálin getur það auðvitað blossað upp sem gerðist 11. september 2001, að engin trygging var til fyrir því að koma Íslendingum heim eða erlendum aðilum héðan. Ég efa það ekki að hv. þm. Jón Bjarnason minnist þess að ríkisstjórnin setti á sérstakan fund ... (Gripið fram í.) Ég man það, já, hv. þingmaður. Ríkisstjórnin setti á sérstakan fund og gekkst í ábyrgð sem tryggingafélag gagnvart öllum flugflotanum sem tryggður var á Íslandi til að koma Íslendingum heim og erlendum ferðamönnum héðan frá Íslandi sem höfðu ákveðið dagsetningar. Tryggingaleysið var algjört í íslenska flugflotanum þannig að allt þetta styrkir hvað annað og ég er sannfærður um að þetta frumvarp, eins og ég held að við séum öll sammála um, sé af hinu góða.

[15:22]

Jón Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson er eiginlega bara að taka undir það sem ég sagði hér og ég er honum því sammála. Ég vil þó vekja athygli á því að það voru ekki þessir þættir tryggingarinnar sem ég var að fjalla um. Tryggingarnar verða að vera í fullkomnu lagi eins og nokkur kostur er en þessi stofnun á ekki að taka á móti upphæðunum og tryggingaféð á ekki að leggja inn á reikning þessarar stofnunar. Það er það sem ég fann að og eins líka vil ég að settar séu mjög þröngar, sterkar og ákveðnar reglur um það hvaða tryggingar eru metnar gildar fyrir hinar stærri ferðaskrifstofur og aðra sem standa í því. Það á ekki að vera með svona opið heimildarákvæði eins og er í c-liðnum.

Annars er ég alveg hjartanlega sammála hv. þingmanni, þeim áherslum sem hann tók undir með mér. (Gripið fram í.)

[15:23]

Útbýting:

Neytendastofa og talsmaður neytenda, 592. mál, þskj. 1437.

Ríkisútvarpið sf., 643. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 1440.

Skráning og eignarhald léna, 778. mál, svar samgrh., þskj. 1433.

[15:23]

Kristján L. Möller:

Hæstv. forseti. Í því frumvarpi til laga um skipan ferðamála sem við erum með hér til 2. umr. kemur margt gott fram og sannarlega er verið að færa þennan málaflokk inn í ákveðinn lagabálk og festu sem er af hinu góða, þessi heildarendurskoðun á skipan ferðamála. Meðal annars er lagt til að hlutverki ferðamálaráðs verði breytt og því gert kleift að gegna hlutverki stjórnsýslustofnunar.

Það þarf ekki að orðlengja mikið um þetta jákvæða frumvarp sem sett er hér fram. Eins og oft er getur maður verið ánægður með það sem er í frumvarpi en frekar spurt um ýmislegt sem vantar í það. Nefndin t.d. breytir því ákvæði sem fjallað var um í byrjun að Samband íslenskra sveitarfélaga ætti ekki fulltrúa í ferðamálaráði og leggur til að fulltrúarnir verði tveir, en ekki einn sem er mjög til bóta. Það var gert eins og kemur fram í nefndarálitinu og er alveg rétt að þýðir það að Samband íslenskra sveitarfélaga mun huga að ferðaþjónustu um allt land og skipa fulltrúa miðað við það. Það er örugglega töluverður munur á sveitarfélögum eftir því hvort þau eru lítil eða stór, á höfuðborgarsvæði eða landsbyggð, gagnvart ferðamálum. Mörg lítil sveitarfélög úti um land eru stóraðilar að ferðamálum vegna þess að aðrir koma ekki að þeim þætti. Viðkomandi þáttur hefur kannski ekki rekstrargrundvöll nema í samfélagslegri þjónustu svo að maður noti orð sem stundum heyrast notuð. Þó að það sé engin óskastaða að sveitarfélög séu í ferðamannarekstri er það engu að síður nauðsyn, sama þá hvort það er á upplýsingastofu í litlum sveitarfélögum, tjaldstæði eða enn öðru. Ég veit t.d. til þess að í því fallega byggðarlagi Vopnafirði hafa bæjaryfirvöld tekið sig til og byggt upp hótelið. Þau sáu fram á að ef það væri ekki í rekstri mundi það skaða mjög ferðaþjónustu á þeim stað svo að þau fóru í miklar breytingar og lagfæringar og reka það með miklum glæsibrag. Þar er hægt að fá góða þjónustu.

Þetta legg ég, herra forseti, aðeins inn í þetta mál til að draga fram þann rökstuðning sem allir nefndarmenn eru sammála um, þ.e. að Samband íslenskra sveitarfélaga skuli tilnefna tvo aðila þarna og vænti ég þess að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sem oft þarf að nefna tvo nefni þá frá hinum ólíku svæðum landsins svo að ég kveði ekki fastar að orði.

Það var líka ansi athyglisvert að hlusta á fulltrúa Ferðafélags Íslands og Útivistar sem komu til fundarins og einmitt ánægjulegt að nefndin öll skuli leggja til þá breytingu sem hér er gerð. Það er sem sagt um það að Ferðamálastofa skuli og geti ákveðið undanþágur fyrir þessi tvö félög frá því að vera í fullkomnum rekstri og með fullgilt ferðaskrifstofuleyfi. Þetta er mikilvægt að draga fram. Fulltrúar þessara tveggja félaga sem eru með mikla og góða starfsemi hafa byggt upp skála, vegi og ýmislegt annað sem nýtist ferðamönnum og félögum þessara félaga, og ekki eingöngu þeim heldur öllum þeim sem ferðast um landið. Það er mikilvægt að á þetta skuli vera hlustað. Það er eins og kom fram á fundinum, það var sannarlega ekkert vandamál að sækja um ferðaskrifstofuleyfi en það væri kannski erfiðara að uppfylla öll þau ströngu skilyrði sem þar eru. Ég er því mjög ánægður með að við skyldum ná samkomulagi um þetta líka og það sé lagt til.

Aðeins varðandi þáttinn sem hér hefur orðið um félög eða aðila sem hafa orðið gjaldþrota og þær breytingar sem eru þarna settar fram, þ.e. að í stað fjögurra ára sé þriggja o.s.frv., langar mig bara til að hafa sagt það hér að auðvitað er það mjög slæmt í ferðaþjónustu þegar menn sigla í kaf. Það kom fram í fréttum ekki alls fyrir löngu um gjaldþrot fyrirtækja — mig minnir að það hafi verið þá aðallega veitingastaðir — gjaldþrot slíkra staða eru því miður allt of mikil og við gjaldþrot getur það verið þannig, og er það oftast nær, að þeir aðilar tapa sem hafa selt viðkomandi aðila eitthvað og ekki fengið borgað. Ríkissjóður tapar oft vegna þess að vörsluskattar og annað slíkt kom ekki inn. Þá er það auðvitað umhugsunarefni og full ástæða til að taka á, sama hvort það er varðandi ferðaþjónustufyrirtæki eða önnur, að hægt sé nánast að ganga yfir götuna, stofna nýtt félag og hefja næstum því alveg eins rekstur. Það er mjög alvarlegt mál og full ástæða til að skoða það þó að það eigi ekki eingöngu við um ferðaþjónustuna sem fjallað er um hér. Þetta á auðvitað við um miklu fleiri atriði.

Fulltrúi Félags leiðsögumanna sem ég held að félagið heiti kom og færði fram rök fyrir sínum málum og þess vegna er líka ánægjulegt að við setjum inn þessi atriði um leiðsögumenn, um að þeir hafi „þýðingarmiklu hlutverki að gegna við að fræða ferðamenn um land og þjóð. Þeir eru mikilvægur hlekkur í að tryggja góða umgengni um landið. Náttúra landsins er hornsteinn íslenskrar ferðaþjónustu og því er starf þessara hópa greininni mikilvægt. Telur nefndin rétt að ráðuneytið hugi að setningu reglna um kröfur sem gera þarf til þessara hópa varðandi hæfni, menntun og öryggismál.“ — Þarna kom fram að Félag leiðsögumanna er aðili að einhverjum heimssamtökum og það er sífellt verið að gera meiri kröfur til leiðsögumanna þannig að þeir sem hafa þá gæðavottun að vera leiðsögumenn hafa gengið í gegnum ákveðinn skóla og fengið fræðslu.

Það er kannski rétt að benda líka á það, virðulegi forseti, að ef ferðamenn koma í skipulögðum hópum og ætla að kaupa sér leiðsöguþjónustu eru leiðsögumenn þeir fyrstu sem mæta ferðamanninum þegar hann kemur til viðkomandi lands. Það kemur oft í hlut leiðsögumanna að leysa úr ýmsum vandamálum sem þá koma upp. Sá sem leysir málin er ekki endilega viðkomandi ferðaskrifstofa sem gæti þess vegna verið úti í heimi eða ferðaskrifstofa hér á landi sem hefur selt ferðina. Öll gögn hafa jafnvel komið til viðkomandi aðila og hann er með allt í höndum en það gengur ekki eitthvað upp, rútan er ekki tilbúin, bílaleigubíllinn ekki til staðar eða jafnvel bókað hótelherbergi ekki til staðar, og þá kemur það yfirleitt í hlut þessara leiðsögumanna að leysa úr vandamálunum. Þau eru örugglega ákaflega mikilvæg, þessi fyrstu kynni af landi og þjóð viðkomandi, og þá er brýnt að fá trausta og góða starfsmenn sem taka á þeim vandamálum sem koma upp og leysa úr þeim þannig að ferðamaðurinn verði ánægður með ferðina sem er fram undan um viðkomandi land.

[15:31]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál sem við erum að ræða er þarft og þó að ég hafi fyrirvara á þessu nefndaráliti um skipan ferðamála snýr það eiginlega ekki almennt að því að ég hafi mikinn fyrirvara um þetta mál. Ég vil hins vegar ræða aðeins um stöðu leiðsögumanna og landvarða. Það tengist í mínum huga talsvert mikið markaðssetningu ferðaþjónustunnar hvernig þessir aðilar sem annast leiðsögu annars vegar og hins vegar sýsla um land okkar koma fram og hvaða þekkingu þeir hafa til að bera. Við skulum minnast þess að umgengni um landið og skipulag hennar í framtíðinni munu verða mál sem við verðum að taka mjög föstum tökum vegna þess að ferðamönnunum fjölgar geysilega hratt um þessar mundir. Allar líkur eru á því eins og hér hefur verið sagt að innan tiltölulega fárra ára verði þeir ekki um 360 þús. eins og í dag heldur jafnvel heil milljón á hverju einasta ári.

Þetta gerir auðvitað sérstaklega þá kröfu til okkar að við höfum gott skipulag á ferðamálunum, sérstaklega að því er varðar hálendisferðir og aðrar ferðir þar sem kannski er ekki verið að veita mikla og skipulagða þjónustu, bæði að því er varðar það hvernig ferðast er um landið og ekki síður hvernig umgengnin verður og hvernig við viljum hafa hana. Þetta held ég að sé mikið mál og þess vegna hvet ég hæstv. samgönguráðherra til að taka mjög alvarlega þá leiðbeiningu sem kemur fram í nefndarálitinu og segir að ljóst sé að t.d. leiðsögumenn á landinu hafi þýðingarmiklu hlutverki að gegna við að fræða ferðamenn um land og þjóð og séu mikilvægur hlekkur í að tryggja góða umgengni um landið. Þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til að takast á við það að skoða þessi mál nánar og stöðu þessa veigamikla hlekks í ferðaþjónustu okkar sem er líka að mínu viti ekki neinn smáhlutur að því er varðar markaðssetningu landsins í heild, þ.e. að þetta fólk hafi mikla færni, geti kynnt land okkar, leiðsagt fólki um landið, hafi góða færni til að gefa upplýsingar o.s.frv.

Þá megum við ekki gleyma öryggisþættinum sem kemur þarna inn í. Við skulum alveg vita það, Íslendingar, að með fjölgandi ferðamönnum megum við þurfa að vera viðbúin því að veita meiri öryggisþjónustu. Það fylgja oft fleiri slys og óhöpp því þegar ferðamönnum fjölgar mikið.

Þetta vildi ég leggja áherslu á og fyrirvari minn snýr m.a. að því að draga þetta fram í umræðunni og ég óska sérstaklega eftir því að samgönguráðherra taki þessi mál til gaumgæfilegrar skoðunar. Ég tel að þar séum við að þjóna bæði hagsmunum landsins og líka góðri markaðssetningu ásamt því að tryggja þá gott öryggi í landinu. Öll þessi atriði eru jákvæð fyrir íslenska ferðaþjónustu, íslenskt þjóðfélag og íslenskt land og virka í sjálfu sér eins og góð markaðssetning fyrir okkar ágæta ferðamannaland.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskipti, 2. umr.

Stjfrv., 738. mál (fjarskiptaáætlun o.fl.). — Þskj. 1102, nál. 1369 og 1374, brtt. 1370.

[15:36]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr.

81/2003, frá meiri hluta samgöngunefndar.

Eftir ágæta umræðu sem varð við 1. umr. fékk nefndin málið til skoðunar og fékk til sín fjölmarga gesti eins og talið er upp á þskj. 1369 og að auki skriflegar umsagnir frá fjölda aðila. Var farið vandlega yfir það allt.

Það er rétt að geta þess, herra forseti, að það virðist vera mikil þverpólitísk ánægja með meginefni þessa frumvarps, enda snýr það að því sem er eiginlega nýr háttur tekinn upp hér, þ.e. að ráðherra er ætlað að gera fjarskiptaáætlun og skipa fjarskiptaráð með hagsmunaaðilum og opinberum aðilum, þeim aðilum sem koma að samgöngum, auk fjölmargra annarra atriða. Ég nefni þetta í framhaldi af þeirri miklu og á stundum heitu umræðu sem verður hér innan sala Alþingis eins og í samfélaginu öllu um gildi fjarskipta fyrir samfélag okkar og þau tækifæri og þá möguleika sem eru fyrir það á sviði nútímafjarskipta. Sú umræða er mönnum afar vel kunn og dregur enginn í efa markmið og gildi þeirra tækifæra sem fjarskiptin fela í sér. Þess vegna er fagnaðarefni að nú skuli fjarskiptunum komið í það form, líkt og gerist með vegáætlun, hafnaáætlun og flugáætlun, að gera áætlun um það með hvaða hætti eigi að byggja upp fjarskipti hér þannig að Ísland verði í fremstu röð. Það er í rauninni tilefni þessa frumvarps og er megininntak þess. Í umræðum innan nefndarinnar hygg ég að komið hafi fram almenn ánægja með það, eins og einnig kom fram við 1. umr., að koma uppbyggingu fjarskiptakerfisins í slíka fjarskiptaáætlun og gera það með faglegum og markvissum hætti sem e.t.v. hefur ekki verið til staðar. Meginkjarninn um skipan fjarskiptaráðs og ákvæði um gerð fjarskiptaáætlunar, þingsályktunar sem hæstv. samgönguráðherra á að flytja þinginu á þriggja ára fresti á grundvelli laga ef að lögum verður, samanber það mál sem hér er næst á dagskrá. Þar er einmitt hin fyrsta fjarskiptaáætlun, þingsályktun. Um það hygg ég að hafi verið nokkuð almenn samstaða innan nefndarinnar.

Hins vegar kom fram ágreiningur og þarf ekkert að fara leynt með það enda er það einungis meiri hluti hv. samgöngunefndar sem stendur að þessu samkomulagi. Sá ágreiningur lýtur að 7.–9. gr. Þar var samkvæmt upphaflegu frumvarpi gert ráð fyrir því að fjarskiptafyrirtækin væru skylduð til að varðveita upplýsingar um fjarskipti í allt að 12 mánuði, skyldug til að varðveita innhringingar/úthringingar, tímasetningu, magn upplýsinga á tölvum og þar fram eftir götunum. Það kom fram í máli gesta, ekki síst frá fulltrúum Persónuverndar, að 12 mánuðir væru fulllangur tími og gæti eiginlega gengið gegn meðalhófsreglu og mælt var fremur með því að þessi varðveislutími yrði sex mánuðir. Það eru þau sjónarmið sem meiri hluti hv. samgöngunefndar féllst á og ein af breytingartillögum meiri hlutans lýtur einmitt að því að færa þennan geymslutíma úr 12 mánuðum niður í sex mánuði. Að auki, vegna ábendinga frá fjarskiptafyrirtækjunum, var dregið úr magni þeirra upplýsinga sem fjarskiptafyrirtækjum er skylt að skrá hjá sér. Þannig er einungis gert ráð fyrir því í breytingartillögunum að innhringingar séu skráðar, ekki magnið og ekki nákvæm tímasetning.

Það kom ábending frá fjarskiptafyrirtækjum um að miðað við forsendur upphaflegs frumvarps fæli það í sér gífurlega mikinn kostnað, jafnvel sem hlypi á tugum milljóna og gæti riðið smæstu fyrirtækjunum að fullu. Við þeim viðhorfum var brugðist með þeim breytingum sem eru nefndar, annars vegar að stytta tímann niður í sex mánuði og hins vegar að draga úr magni upplýsinga.

Í þriðja lagi var í upphaflegu frumvarpi ákvæði sem lýtur að svokölluðum frelsiskortum, að þau yrðu ekki seld öðruvísi en gegn kennitölu. Það töldu menn eiginlega vera óframkvæmanlegt og jafnvel þó að það væri framkvæmanlegt var bent á alls konar leiðir sem meintir glæpamenn gætu stundað til að fara fram hjá slíkri kennitöluskyldu. Því varð að ráði að breyta því ákvæði í frumvarpinu og vísa þessum „vanda“ yfir til Póst- og fjarskiptastofnunar þar sem henni er þá ætlað að finna leiðir í samráði við lögreglu, í samráði við hagsmunaaðila, fjarskiptafyrirtækin, og við Persónuvernd til að finna hvort einhverjar slíkar raunhæfar og færar leiðir séu til staðar. Það er sem sagt þriðja breytingin sem meiri hlutinn gerir á frumvarpinu eftir að hafa hlýtt á rök gesta sinna.

Þá stendur í rauninni eftir eitt ákvæði sem við í meiri hlutanum gerum okkur grein fyrir að er ekki algjör sátt um og það lýtur að því að lögreglunni er heimilað að kalla eftir upplýsingum án dómsúrskurðar hjá fjarskiptafyrirtækjunum en einungis upplýsingum er lúta að númeri og svokallaðri IP-tölu, þ.e. skráningarnúmeri eiganda tölvu. Ef lögregla ætlar hins vegar að vinna eitthvað frekar með þær upplýsingar er henni gert að leita til dómstóla.

Meiri hlutinn gerir sér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því að þarna togast á ólík sjónarmið. Annars vegar þessi persónuréttur, friðhelgi einkalífsins getum við sagt, og hins vegar almannaheill. Lögreglan fór fram á það að þetta ákvæði yrði enn rýmra en við féllumst á. Í ljósi umhverfisins eins og það er í dag, í ljósi þess að í fíkniefnaheimi skipta sérstaklega GSM-símar og fjarskipti afskaplega miklu máli og ekki síður þegar við horfum til þess sem gerist á netinu, einkum þó þegar allt að því barnaníðingar stunda barnaklám og þar fram eftir götunum, hafði meiri hlutinn afskaplega sterka samúð með því að lögreglan gæti brugðist mjög fljótt við og náð því sem má kalla fingraför fjarskiptanna þegar í stað, þ.e. númerinu eða IP-tölunni, til að geta fengið a.m.k. einhverjar grunsemdir um það hverjir meintir brotamenn væru.

Ég vil líka, herra forseti, vekja athygli á því að í b-lið 7. gr. er fjarskiptafyrirtækjunum ætlað að koma upp nánum verklagsreglum í samráði við Persónuvernd um það með hvaða hætti þessar upplýsingar eru gefnar lögreglunni. Þá er mér kunnugt um það að a.m.k. hjá einu af fjarskiptafyrirtækjunum eru slíkar verklagsreglur fyrir hendi, meira að segja samdar þar af einum virtum lögmanni á sviði mannréttinda. Það er líka vert að vekja athygli á því að það hefur verið stundað um árabil í samstarfi lögreglu og fjarskiptafyrirtækja að veita slíkar upplýsingar. Þessar verklagsreglur sem fjarskiptafyrirtækjunum er ætlað að koma sér upp, um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna í samráði við Persónuvernd, skipta máli, m.a. vegna þess að þá er hægt að hafa eftirlit með því með hvaða hætti samskiptum lögreglu og fjarskiptafyrirtækjanna er háttað, hvert tilefnið er og þar fram eftir götunum. Í ljósi þess að við erum að glíma við miskunnarlausan og grimman heim glæpamanna, fíkniefnasala, barnaníðinga og þar fram eftir götunum féllst

meiri hluti samgöngunefndar á þetta sjónarmið lögreglunnar, gerði þó þær breytingar sem ég nefndi áðan en féllst ekki á sjónarmið Persónuverndar varðandi þessi fingraför fjarskiptanna, þ.e. heimildina til að sækja númer eða IP-tölu samkvæmt verklagsreglum sem fjarskiptafyrirtækin eiga að koma sér upp í samráði við Persónuvernd.

Þetta eru sem sagt þau álitaefni sem umræðan hefur kannski mest snúist um varðandi þetta frumvarp en ég vek enn og aftur athygli á því að meginkjarni þess lýtur að því sem þingheimur allur hefur í raun verið að kalla eftir árum saman, þ.e. að koma uppbyggingu fjarskiptakerfisins í formlegt og hnitmiðað far. Það er einmitt það sem verið er að gera með skipan fjarskiptaráðs, þriggja ára fjarskiptaáætlun og þar fram eftir götunum. Því ber að fagna og ég hygg að um það sé nokkuð þverpólitísk samstaða. Það eru þessi þrjú atriði, og þó sérstaklega eitt, sem kunna að vera talin álitamál og ef ekki mun það örugglega heyrast í ræðum á eftir.

Ég held að ég þurfi ekki frekar að fjölyrða um þetta, herra forseti. Undir nefndarálit meiri hluta samgöngunefndar á þskj. 1369 og þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til á þskj. 1370 rita auk þess sem hér stendur hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Hjörleifsson, þó með fyrirvara, og Magnús Stefánsson. Meiri hlutinn leggur sem sagt til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem ég gat um hér.

[15:48]

Frsm. minni hluta samgn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður rakti það í framsögu sinni að það verklag hafi verið stundað að lögregla hafi getað fengið þessar upplýsingar oft og tíðum hjá fjarskiptafyrirtækjunum en rökin fyrir því að þetta frumvarp er lagt fram eru eigi að síður þau að fjarskiptafyrirtækin hafa oft og tíðum neitað og bent á það að á grundvelli laga um meðferð opinberra mála þurfi að fá dómsúrskurð um slíkar upplýsingar, talið með öðrum orðum að þessar upplýsingar eigi að lúta að því sem kallað er fjarskiptaleynd. Ástæðan fyrir því að verið er að setja pósitíft ákvæði um þetta í lög er einmitt sú að fjarskiptafyrirtækin hafa ekki talið víst að þau mættu veita þessar upplýsingar og vísað í stjórnarskrá, mannréttindasáttmála og lög um meðferð opinberra mála þar sem segir að heimilt sé, m.a. í þágu rannsóknar, að fá upplýsingar hjá síma- eða fjarskiptafyrirtækjum um símtöl eða fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki. Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið í hv. samgöngunefnd er ekki um neitt annað að ræða hér en að þegar veittar eru upplýsingar um IP-tölur manna er verið að veita lögreglunni aðgang að umferð viðkomandi einstaklings um netið. Þetta eru persónuupplýsingar.

Ég vil spyrja hv. þingmann: Telur hann það virkilega forsvaranlegt að leggja slíka ábyrgð á hendur starfsmanna fjarskiptafyrirtækja, að meta það eftir eitt símtal frá lögreglu hvort veita eigi upplýsingar um leyninúmer eða IP-tölu manna? Telur hv. þingmaður það virkilega forsvaranlegt í stað þess að dómari, sem hefur til þess forsendur og getur krafist gagna, getur krafist rökstuðnings, meti þetta eins og ég tel að eigi að vera meginreglan? Mér finnst þetta óhófleg ábyrgð sem verið er að leggja á starfsmenn fjarskiptafyrirtækja, algjörlega óeðlileg ábyrgð, og ég tel þá ekki hafa forsendur til að meta þetta. Auk þess skulum við muna að við rannsókn máls er sá einstaklingur sem verið er að rannsaka saklaus. Það er ekkert í þessari löggjöf sem segir að lögreglan gæti ekki, ef til þess kæmi, (Forseti hringir.) misnotað þetta gagnvart saklausum mönnum. Það er ekki búið að dæma mennina þannig að við skulum ganga hægt um gleðinnar dyr, virðulegi forseti.

[15:50]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér eru svo sem engar gleðinnar dyr, hér er dauðans alvara á ferð. Málið er af þeim toga. Það er alveg ljóst að það er allur gangur á því með hvaða hætti samskipti lögreglu og fjarskiptafyrirtækja hafa verið og það er einmitt þeirri óvissu sem er verið að reyna að eyða með þessu ákvæði. Ástæðurnar eru þær sem ég rakti í framsögu minni.

Hér er auðvitað verið að fjalla um persónulegar upplýsingar og ég get tekið undir að það er verið að leggja mikla ábyrgð á þá sem starfa hjá fjarskiptafyrirtækjum. Það er mikil ábyrgð að starfa innan fjarskiptafyrirtækja. Þess vegna einmitt er svo mikilvægt að þetta ákvæði um verklagsreglur fjarskiptafyrirtækjanna séu settar eins og gert hefur verið a.m.k. hjá einu af fjarskiptafyrirtækjunum og unnar í samráði við Persónuvernd.

Hv. þingmaður segir að það sé hyggilegra og eðlilegra að bíða eftir úrskurði dómara. Það kann vel að vera. Hins vegar féllst meiri hlutinn einfaldlega á þau rök lögreglunnar að í mörgum þessara mála þurfi að bregðast mjög fljótt við, þetta geti verið spurningin um augnabliksviðbrögð. Þess vegna féllumst við á þau rök að á meðan dómari er að lesa skjöl og velta málum fyrir sér kunni sá grunaði að vera sloppinn lögreglu úr greipum. Við tökum mið af því, auðvitað skiljum við sjónarmiðin um persónuréttinn en samúð okkar er hjá fórnarlömbunum og ef lögreglan telur að einhverjir klukkutímar geti skipt þar máli föllumst við bara á þau sjónarmið vegna þess að við höfum samúð með fórnarlömbunum.

[15:52]

Frsm. minni hluta samgn. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Lögregla fór líka fram á það fyrir rúmu ári að fá heimild til að hlera símtöl fólks, einmitt með nákvæmlega sama markmið að leiðarljósi, að upplýsa um hræðilegu glæpina sem er verið að fremja úti í samfélaginu. Sem betur fer, virðulegi forseti, stöðvaði hv. allsherjarnefnd og hið háa Alþingi þá áætlan en auðvitað eru allar slíkar heimildir veittar í þágu góðs málstaðar. Ef við horfum bara á það hvaða rök lögreglan hefur fram að færa fyrir málstað sínum, ef við förum bara eftir því hvaða heimildir hún vill fá í þágu rannsóknar, værum við búin að leyfa hlerun símtala án dómsúrskurðar. Ég ítreka það, virðulegi forseti, að það er mjög mikilvægt að Alþingi standi vörð um grundvallarreglur íslenska réttarríkisins, um stjórnarskrárvarin réttindi borgaranna um friðhelgi einkalífs, mannréttindi sem við byggjum á mannréttindasáttmála Evrópu. Við ger-

um það ekki með þessu frumvarpi.

Ég ítreka enn og aftur alvarleika þess að leggja þá miklu ábyrgð sem lögð er með þessu frumvarpi á herðar starfsmönnum fjarskiptafyrirtækja sem eru ekki opinberir starfsmenn oft og tíðum sem njóta verndar eins og t.d. dómarar gera og aðrir sem hafa ákveðnu hlutverki að gegna. Við erum að leggja þá ábyrgð á herðar starfsmönnum einkafyrirtækja að veita aðgang að upplýsingum sem getur með þessum hætti flækt þá inn í rannsókn og í samskipti við glæpamenn. Við erum líka að leggja þá ábyrgð á herðar því fólki.

Ég hef þær upplýsingar frá starfsmönnum fjarskiptafyrirtækja að þeir hafi fengið hótanir vegna þess að þeir hafa veitt aðgang að svona upplýsingum frá umræddum glæpamönnum. Við skulum átta okkur á því, virðulegi forseti, að við erum líka að leggja mikla ábyrgð á herðar því fólki sem hefur ekki það hlutverk samkvæmt íslenskum lögum að sinna þessari ábyrgð.

[15:54]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég endurtek það sem ég sagði í fyrra andsvari að ábyrgðin er mikil. Ég geri mér fulla grein fyrir því. Það er líka mikil ábyrgð sem fylgir því að setja lög. Þess vegna er þetta ákvæði um verklagsreglurnar afar mikilvægt. Verklagsreglurnar geta verið með þeim hætti að ekki þurfi að koma fram opinberlega hvaða starfsmaður fjarskiptafyrirtækis veitir umbeðnar upplýsingar. Þannig hefur m.a. veit ég eitt fjarskiptafyrirtækið leyst úr þessum vanda.

Ég vek líka athygli á því að þegar lögregla er kölluð að innbroti í verslun, einbýlishús eða íbúð hefur hún heimild til að afla fingrafara. Af hverju þarf hún að afla fingrafara? Það er af því að hún vill reyna að finna hver sökudólgurinn er. Ég vil meina að þetta sé í rauninni að leita fingrafara í samskiptunum. Mér finnst það vera algjörlega sambærilegt. Ef hins vegar á að vinna eitthvað frekar með þetta þarf lögreglan að afla sér úrskurðar dómstóla. Þetta getur verið forsenda fyrir úrskurði dómstóla um frekari rannsókn, frekari athugun á meintum brotamanni. Ég vil líka segja að við verðum jafnframt að bera eitthvert traust til lögreglunnar. Við getum ekki þjarmað svo að henni að hún standi berskjölduð uppi meðan þeir sem starfa utan við lög og reglur hafa algjörlega frjálsar hendur. Þetta er allt til komið, og rétt að ítreka það, vegna þess að menn eru í baráttu við ýmsa brotamenn sem notfæra sér nútímafjarskipti, ekki síst í sínum ólöglegu viðskiptum.

[15:56]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nálgun hv. þm. Hjálmars Árnasonar á þessu máli er fráleit. Að leggja að líkum fingrafar á innbrotsstað og hleranir á samskiptum fólks á sér enga stoð, er fráleit samlíking og dregur ekkert fram í þessu máli nema það hve gróflega er gengið gegn friðhelgi einkalífsins í 9. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til að fjarskiptafyrirtæki verði gert skylt að veita lögreglu upplýsingar um hver sé skráður eigandi símanúmers og/eða notandi vistfangs, svokallaðrar IP-tölu. Þetta ákvæði brýtur að mínu mati gróflega gegn friðhelgi einkalífsins og er algjörlega fráleitt að færa í íslensk lög, m.a. með hliðsjón af umsögn Samtaka atvinnulífsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að engar samræmdar reglur eru í Evrópu á þessu sviði og lagabreytingin gengur augljóslega langt inn á svið persónuverndar og einkalífsverndar. Samtökin vara við því að settar verði sérstakar íslenskar reglur um netaðgang „lögbærra yfirvalda" íslenskra sem ekki eru hluti af alþjóðlegum skuldbindingum." — Því spyr ég hv. þingmann Hjálmar Árnason, framsögumann meiri hlutans: Hvað hastar á það að íslensk stjórnvöld hafi forgöngu að því að ganga svo gróflega gegn friðhelgi einkalífsins eins og hér er um að ræða, þegar því fer svo fjarri að alþjóðlegar reglur eða alþjóðlegar hliðstæður kalli á að það verði gert til samræmis við það að elta uppi glæpamenn og níðinga á netinu? Þetta á sér enga stoð og því hlýtur hv. þingmaður að þurfa að svara því skýrt af hverju í ósköpunum íslenskum stjórnvöldum finnist liggja svo á að innleiða slík stóra bróður ákvæði hlerana og brota gegn friðhelgi einkalífsins eins og hér um ræðir í 9. gr. frumvarpsins.

[15:59]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður spyr: Hvað kallar á það sem hann kallar gróflegt brot á friðhelgi einkalífsins? Í fyrsta lagi er ég ósammála þeirri fullyrðingu að þetta sé gróft brot á friðhelgi einkalífsins. Ég er algjörlega ósammála hv. þingmanni. Ef hv. þingmaður hefur ekki gert sér grein fyrir því hver einn aðalsamfélagsvandi okkar er í dag skal ég upplýsa hann um að það er sala fíkniefna, fórnarlömb harðsvíraðra fíkniefnasala sem fyrst og fremst nota nútímafjarskipti til að dreifa vöru sinni.

Í öðru lagi, ef það hefur farið fram hjá hv. þingmanni, á það sér stað hér, því miður, að óprúttnir einstaklingar stunda svokallað barnaklám og brjótast inn á tölvur, eru þar með í rauninni að brjóta friðhelgi einkalífsins. Það er það sem kallar á þau viðbrögð sem lögreglan óskar eftir til að geta brugðist við þessum þjótum, fíkniefnasölum, þeim sem stunda barnaklámið og þeim sem fara ólöglega inn í tölvur einstaklinga og eru að því leytinu til að brjóta friðhelgi einkalífsins. Það er þess vegna, til að lögreglan geti fengið eitthvert það vopn, fingrafar, geti fengið að vita hvaða númer var að hringja, úr hvaða tölvu var verið að brjótast inn í t.d. tölvu hv. þingmanns. Það er einungis það sem verið er að kalla eftir og ég hygg að hv. þingmaður hafi ekki kynnt sér frumvarpið nægilega vel eða breytingartillögurnar því að við erum ekki að tala um hlerun. Við erum einungis að tala um það að ná númerunum og IP-tölunum. Ef til hlerunar kemur skal dómsúrskurður fyrst upp kveðinn. Hins vegar getur þetta fingrafar verið frekari rökstuðningur fyrir dómstólum um að fá að hlera meintan brotamann.

[16:01]

Björgvin G. Sigurðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er einfaldlega alrangt hjá hv. þingmanni. Það sem um er að ræða er að án dómsúrskurðar geti lögreglan fengið aðgang að leyninúmeri eða IP-tölu. Með þeim hætti er gróflega gengið gegn friðhelgi einkalífs-

ins að mínu mati. Markmiðin með frumvarpinu, sem allir eru sammála um, nást að sjálfsögðu fullkomlega fram þó að sá sjálfsagði varnagli sé sleginn gagnvart friðhelgi borgaranna að lögregla þurfi dómsúrskurð til að nálgast umræddar IP-tölur eða leyninúmer. Þurfi að breyta ákvæðum annarra laga til að auðvelda lögreglu það að fá dómsúrskurð í þeim málum sem um ræðir á að gera það í gegnum þau lög sem um það gilda.

Persónuvernd hefur til að mynda skorað á stjórnvöld í umsögn sinni að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til og hefur fullyrt að eins og málið líti út sé verið að ganga lengra en þarf og samrýmist ekki sjónarmiði um meðalhóf varðandi vinnslu persónuupplýsinga. Það er það sem um ræðir. Enginn heldur því fram að ekki eigi að breyta lögunum í þá átt að auðvelda lögreglu störf sín og það að elta uppi umrædda þrjóta sem hv. þingmanni verður svo tíðrætt um í málsvörn sinni og allir eru sammála um að þurfi að sjálfsögðu að ná.

Það er einungis verið að tala um að til að vernda persónufrelsi borgaranna þurfi lögregluyfirvöld að fá dómsúrskurð til að geta nálgast umræddar IP-tölur eða leyninúmer. Það er sjálfsögð krafa, sjálfsögð réttarvörn fyrir borgarana að sú krafa sé gerð að lögregla þurfi dómsúrskurð. Ef það er of erfitt fyrir lögreglu að fá dómsúrskurð til að nálgast upplýsingarnar á að breyta réttum lögum sem þar um ræðir en ekki gera það bakdyramegin í gegnum lög um fjarskipti.

[16:03]

Frsm. meiri hluta samgn. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Okkur hv. þingmann greinir augljóslega á um það hvað telst gróflegt brot. Ég er ósammála því sem hv. þingmaður nefndi og hef áður sagt ástæður þess.

Persónuvernd hvetur til að ekki verði gengið lengra en nauðsyn ber til. Þá kemur þessi stóra spurning: Nauðsyn að mati hvers? Að mati Persónuverndar eða að mati lögreglu sem á hverjum einasta degi er að eltast við þessa brotamenn? Af hverju verður mér tíðrætt um þá? Það er af því að þetta ákvæði lýtur að þeim, eingöngu. Eðlilega komast þeir þá oft til tals. Það er lögreglan sem telur að þetta sé nauðsynlegt í þágu þess að upplýsa mál.

Við skulum hafa það í huga eins og ég nefndi áðan að það er líka réttur einstaklingsins að geta verið í friði vegna barna sinna, að börnin geti haft frið inni á heimilum sínum, að einstaklingurinn geti verið í friði. Við vitum að svo er ekki, m.a. vegna þess að óprúttnir náungar seilast inn á heimilin, ekki endilega í gegnum dyr eða glugga heldur í gegnum tölvu. Það er verið að bregðast við, að óskum lögreglunnar, til að geta haft uppi á þessum þrjótum, og þrjótar eru þeir. Það er ekki síst vegna varnarlausra barna og vegna þess að fólk á að hafa frið inni á heimilunum. Ég er feginn að heyra að hv. þingmaður hefur áttað sig á því að hér er einungis verið að tala um fingrafar en ekki hlerun eins og hann hélt fram í fyrra andsvari sínu. (Gripið fram í.)

[16:05]

Frsm. minni hluta samgn. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta samgöngunefndar en undir þetta álit skrifa ásamt mér hv. þm. Kristján L. Möller, Björgvin G. Sigurðsson og Guðjón Arnar Kristjánsson.

Ég ætla að byrja á því, virðulegi forseti, að ræða þann þátt málsins sem mikill ágreiningur er um því að eins og hér hefur verið rakið af hv. framsögumanni meiri hluta samgöngunefndar er þetta að mörgu leyti, sérstaklega eftir breytingar hv. samgöngunefndar, orðið tiltölulega saklaust mál sem við erum að fjalla um hér. Sumar greinar, t.d. 1. gr., munum við styðja. Við 2. gr. munum við sitja hjá en við munum greiða atkvæði gegn 9. gr. frumvarpsins. Verði hún samþykkt munum við greiða atkvæði gegn frumvarpinu við lokaafgreiðslu þess. Svo alvarlega lítum við á að þetta mál sé með 9. gr. frumvarpsins innan borðs.

Af því að hv. þm. Hjálmar Árnason lét að því liggja að upplýsingar um IP-tölur væru ósköp saklausar upplýsingar — það mátti eiginlega skilja það af máli hans að Persónuvernd væri í einhverjum misskilningi um að þetta væru persónuupplýsingar, það væri bara tiltölulega saklaust og eðlilegt að lögreglan hefði aðgang að þessu án dómsúrskurðar — vil ég benda á það sem fram kemur í umsögn Símans um þetta mál. Þetta hef ég fengið staðfest hjá fjölmörgum sérfræðingum á sviði fjarskipta. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hafi lögregla komist yfir IP-tölu eru miklar líkur til þess að notkun viðkomandi einstaklings sé þar á bak við; með öðrum orðum gefur IP-tala möguleika á að tengja saman notkunarmynstur og persónu."

Sjá hv. þingmenn virkilega ekki nokkra hættu í því að lögregla hafi aðgang að slíkum upplýsingum án dómsúrskurðar? Auðvitað eru alltaf til þær röksemdir sem hv. þingmaður nefnir. Hann talar rétt eins og við sem erum á móti 9. gr. frumvarpsins séum að slá skjaldborg um barnaníðinga og eiturlyfjabaróna. Auðvitað eru sömu rök á bak við slík brot, öll afbrot sem eru framin, að lögregla þarf að hafa víðtækar heimildir til að upplýsa þau. En þessar heimildir eru alltaf innan tiltekinna meginreglna stjórnarskrár, mannréttindasáttmála um vernd borgaranna fyrir ofríki ríkisvaldsins, meginreglna um meðferð opinberra mála og réttarfarsreglna. Hvað ætlum við svo að gera hér, virðulegi forseti? Hið háa Alþingi ætlar að gera breytingu á þessum grundvallarreglum í gegnum lög um fjarskipti án þess að lögum um meðferð opinberra mála sé breytt með sama hætti, án þess að um þetta mál sé t.d. fjallað á sviði réttarfarsnefndar sem ætti að vera sá sérfræðingur sem gæti helst fjallað um það.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég hélt að það væru eftir einhverjir af þeim hv. þingmönnum, meðal a.m.k. sjálfstæðismanna, sem stæðu enn þá vörð um friðhelgi einkalífs og vildu vernda borgarana gegn ofríki ríkisvaldsins. Svo virðist ekki vera, virðulegi forseti, úr því að menn eru tilbúnir að kvitta upp á 9. gr. þessa frumvarps. (Gripið fram í.)

Ég minnti á það í andsvari að fyrir ári kom frumvarp fyrir allsherjarnefnd ættað frá hæstv. dómsmálaráðherra þar sem óskað var eftir heimild lögreglu til að fá að hlera símtöl án dómsúrskurðar. Það voru nákvæmlega sömu röksemdir sem bjuggu að baki því frumvarpi og búa að baki því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Það átti að ná tökum á ósvífnum glæpalýð, og sagt var: Að sjálfsögðu mun lögreglan fara vel með þessar heimildir. Ég ætla henni held-

ur ekki neitt annað. En enn og aftur, virðulegur forseti, sem betur fer áttaði hv. allsherjarnefnd sig á því að sú heimild sem var óskað eftir þá af hálfu ríkislögreglustjóra fór langt út fyrir þann ramma sem 71. gr. stjórnarskrár og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem fjallar um sama efni setja okkur, að ekki sé talað um lög um meðferð opinberra mála. Ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, að fari þessi 9. gr. í gegn óbreytt stangast hún á við öll þessi ákvæði sem ég var að tala um hér. Það er algjörlega ljóst, virðulegi forseti, að hún stangast á við 86. og 87. gr. laga um meðferð opinberra mála sem segja að til að fá aðgang að slíkum upplýsingum þurfi úrskurð dómara. Ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með að ekki skuli vera fleiri einstaklingar en virðast vera í stjórnarandstöðunni tilbúnir til að slá skjaldborg um friðhelgi einkalífs með þeim hætti sem við erum að gera með því að mótmæla þessari 9. gr.

Ég ber þá von í brjósti enn þá, virðulegi forseti, þó að nú sé komið að því að við ætlum að fara að slíta þessu þingi, eða fresta því, að fólk í stjórnarliðinu hlusti á þau rök sem við færum hér fram og láti þessa 9. gr. liggja. Ég geri mér grein fyrir því, virðulegi forseti, að hæstv. samgönguráðherra sem flytur þetta mál er í ákveðnum vanda staddur því að það er nauðsynlegt að samþykkja t.d. 1. gr. frumvarpsins til að við getum klárað fjarskiptaáætlun. Ég er tilbúin að samþykkja þá grein orðalaust þannig að það er engin nauðsyn á því að þessi 9. gr. hangi við þetta frumvarp. Ég skil satt best að segja ekki kergjuna í mönnum að vera ekki tilbúnir að bíða með þessa 9. gr., í andstöðu við Persónuvernd og jafnumdeild og hún er, bíða með hana þá a.m.k. fram á haustið og taka hana til skoðunar inni í þeim apparötum sem eiga að fjalla um slík ákvæði. Það er ekki gert með meðferð samgöngunefndar á þessu máli.

Ég spyr: Var t.d. leitað álits hjá dómstólaráði um þetta mál? Ég minnist þess ekki að hafa séð umsögn frá dómstólaráði. Ég efast um að við höfum sent frumvarpið þangað til umsagnar. Hvað með réttarfarsnefnd sem á að fjalla um réttarfarsleg málefni? Við erum að fjalla um slík málefni og við gerum það ekki í gegnum lög um meðferð opinberra mála, heldur í gegnum fjarskiptalög.

Það var rakið af hálfu hv. þm. Hjálmars Árnasonar að það verklag hafi verið stundað að fjarskiptafyrirtækin hafi oft og tíðum veitt lögreglu þessar upplýsingar án dómsúrskurðar. Það hefur verið ágreiningur þarna á milli og fjarskiptafyrirtækin hafa gjarnan komið sér hjá því að veita þessar upplýsingar og vísað til þess að það þurfi dómsúrskurð, þeim sé ekki heimilt að veita þessar upplýsingar án dómsúrskurðar. Eðlilega hafa þau gert það. Þau hafa sennilega leitað sér ráðgjafar hjá lögmönnum sínum sem hafa væntanlega bent þeim á að það væru önnur lög í landinu eins og lög um meðferð opinberra mála, stjórnarskrá og mannréttindasáttmáli sem stæðu í vegi fyrir því að þau gætu veitt slíkar persónuupplýsingar. Lögregla er ósátt við þetta, einkum í ljósi þess að skilyrði laga um meðferð opinberra mála fyrir því að veita dómsúrskurð fyrir svona upplýsingum eru mjög ströng. Það er í raun og veru vandamálið sem við stöndum frammi fyrir.

Það hefur verið rakið m.a. að 25. apríl sl. gekk úrskurður Hæstaréttar þar sem synjað var beiðni um aðgang að slíkum upplýsingum. Það var brotist inn í tölvu tiltekins fjarskiptafyrirtækis. Sendur var út tölvupóstur á 1.300 póstföng í nafni þessa tiltekna fjarskiptafyrirtækis sem innihélt hlekk á grófa klámsíðu. Auðvitað var með þessu verið að skaða hagsmuni fjarskiptafyrirtækisins. Dómari neitaði hins vegar um aðgang að IP-tölu þessarar umræddu tölvu í ljósi þess að brotið sem verið var að fjalla um varðaði ekki allt að átta ára fangelsi, eins og skilyrði eru fyrir að veita aðgang að slíkum upplýsingum samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Annaðhvort þarf brotið að varða allt að átta ára fangelsi eða mikla almanna- eða einkahagsmuni. Dómari mat það svo að það ætti ekki við í þessu máli og vísaði m.a. til þess að mannréttindasáttmáli Evrópu og stjórnarskrárákvæði um friðhelgi einkalífs settu slíkum aðgangi mjög þröngar skorður. Þá segir lögreglan þetta: Dómararnir — sem eru þó að dæma eftir lögunum, ekki satt? — vilja ekki veita okkur dómsúrskurð og þá verðum við bara að gera breytingu á fjarskiptalögum.

Nú vil ég spyrja hv. stjórnarliða — ég sé að hv. framsögumaður meiri hluta er ekki hér staddur en hér er staddur hv. formaður samgöngunefndar Alþingis, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson: Ef starfsmaður fjarskiptafyrirtækis sem eftir samþykkt þessara laga fær beiðni frá lögreglu, símtal frá lögreglu, lögregla er að rannsaka mál, hann fær símtal og það er sagt: Heyrðu, ég þarf að fá aðgang að tilteknu leyninúmeri eða IP-tölu, hvert er það? Ja, það er bara verið að rannsaka mál og ég þarf að fá þessar upplýsingar og ykkur er skylt að veita mér þær samkvæmt lögum sem nýbúið er að samþykkja frá Alþingi um breytingu á fjarskiptalögum.

Jú, það er vissulega rétt vegna þess að við erum að leggja þessa skyldu á herðar starfsmönnum fyrirtækjanna ef við samþykkjum þessa breytingu. Þeim verður skylt að veita lögreglu í þágu rannsóknar opinbers máls slíkar upplýsingar. En starfsmönnunum er vandi á höndum vegna þess að í lögum um meðferð opinberra mála segir í 86. gr. að heimilt sé í þágu rannsóknar „að leggja fyrir síma- eða fjarskiptafyrirtæki að leyfa að hlustað sé á eða tekin séu upp símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki eða að öðrum kosti síma eða fjarskiptatæki í eigu eða umráðum tilgreinds manns“, og m.a. ber þeim í ljósi þess að heimild sé í þágu rannsóknar að fá upplýsingar hjá síma- eða fjarskiptafyrirtækjum um símtöl eða fjarskipti við tiltekið síma- eða fjarskiptatæki o.s.frv. en til slíkra aðgerða þarf úrskurð dómara. Það sem meira er, síðan segir að til þess að dómari megi veita slíkan aðgang þurfi brotið að varða lög um allt að átta ára fangelsi ef ríkir almanna- eða einkahagsmunir krefjist þess.

Hvað á þessi blessaði starfsmaður fjarskiptafyrirtækisins að gera? Á hann að fara eftir lögum um fjarskipti þar sem honum er skylt að afhenda þessar upplýsingar eða á hann að fara eftir lögum um meðferð opinberra mála þar sem honum er bannað að gera það án dómsúrskurðar? Ég er alveg sannfærð um hvað lögmaðurinn hans mundi segja honum ef hann spyrði hann, ég er alveg 100% viss, hann mundi segja: Þér er ekki heimilt að veita slíkar upplýsingar. Ég get fullyrt það hér að ég mundi hvetja starfsmenn fjarskiptafyrirtækja til að gera það í slíkri aðstöðu. Mér finnst algjörlega óviðunandi og ólíðandi af Alþingi að setja slíka löggjöf með jafnstuttum undirbúningi og við gerðum í hv. sam-

göngunefnd án þess að jafnframt séu tekin fyrir lög um meðferð opinberra mála og þau skoðuð í samhengi við þá breytingu sem við erum að gera hér. Við erum að búa til árekstur tvennra laga, að ekki sé nú talað um stjórnarskrá og mannréttindasáttmála ef því er að skipta.

Við erum líka að víkja frá tiltekinni meginreglu íslenskra réttarfarslaga sem birtist í 86. og 87. gr. laga um meðferð opinberra mála um að við búum við ákveðinn varnagla. Við borgararnir búum við ákveðinn varnagla sem er sá að það er dómari sem á að meta þetta. Það er ekki rétt að það sé lögregla sem á að meta það hvort ganga megi svona nálægt borgurunum. Lögreglan rannsakar málið. Auðvitað vill hún hafa allan aðgang að upplýsingum okkar til að geta rannsakað mál og auðvitað ætlar hún í langflestum tilvikum ekki að misnota þessa aðstöðu sína. En sem betur fer höfum við búið okkur þannig umhverfi að borgararnir njóta ákveðinnar verndar vegna þess að það er ákveðin hætta á því að ríkisvaldið geti misnotað aðstöðu sína gagnvart borgurunum. Það þekkjum við vonandi öll á hinu háa Alþingi að sú hætta er fyrir hendi og þess vegna höfum við búið okkur til ákveðnar reglur í stjórnarskránni, 71. gr., og í þeim sáttmálum sem við höfum undirgengist eins og mannréttindasáttmála Evrópu sem við höfum reyndar líka gert að íslenskum lögum. Ég er svolítið hissa á því, virðulegi forseti, að ríkislögreglustjóri sem á frumkvæði að þessari lagasetningu, eftir því sem mér skilst, og kallar á að hún komist í gegnum Alþingi skuli ekki fara fram á það að þessi breyting sé þá gerð, sé nauðsyn á henni yfirleitt, í gegnum lög um meðferð opinberra mála. Ég ætla ekki að leggja mat á það hér — ég hef ekki kannað það, við könnuðum það ekki í hv. samgöngunefnd — hvort það stæðist 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eða 71. gr. stjórnarskrár ef lögum um meðferð opinberra mála yrði breytt þannig að skilyrði væru ekki átta ára fangelsi heldur eitthvað lægra, kannski sex ára fangelsi eða eitthvað slíkt, ég bara nefni eitthvert dæmi. En ég geri ráð fyrir því að það sé einhver ástæða fyrir því að skilyrðin í lögum um meðferð opinberra mála eru svona ströng. Hvað ætlum við að gera? Við ætlum að hleypa lögreglunni fram hjá þessum skilyrðum með því að gera breytingu á fjarskiptalögum og leggja þá óhóflegu ábyrgð á starfsmenn fjarskiptafyrirtækja að veita aðganginn að þessum persónuupplýsingum. Eins og ég rakti í andsvari mínu finnst mér það algjörlega fráleitt.

Miðað við það réttarkerfi sem við búum við eru ákveðnir starfsmenn sem eru opinberir starfsmenn eins og dómarar og lögregla sem hafa mikla ábyrgð í samfélaginu en þeir njóta ákveðinnar verndar umfram almenna borgara. Ég held að það sé mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að við leggjum ekki einhverjar óhóflegar skyldur á almenna borgara þessa lands sem starfa hjá einkafyrirtækjum úti í bæ til að veita slíkar upplýsingar, ég tala nú ekki um þegar vafi leikur á því hvort það athæfi standist stjórnarskrá og mannréttindasáttmála. Mér finnst algjörlega óviðunandi að Alþingi leggi slíka skyldu á herðar þessum starfsmönnum. Þetta ætlum við að gera, virðulegi forseti.

Hv. framsögumaður meiri hluta segir sem svo að auðvitað treystum við lögreglunni, hún misnoti ekkert þessar heimildir o.s.frv. En af hverju erum við þá með alla þessa varnagla? Af hverju látum við ekki lögregluna bara hafa óheftar heimildir? Auðvitað vegna þess að sagan hefur sýnt að það er ástæða til að setja henni ákveðin mörk, alveg eins og öðrum handhöfum valds. Það er ástæða til að setja þeim ákveðin mörk og við erum búin að skuldbinda okkur að alþjóðalögum og með þeirri stjórnarskrá sem við höfum sett okkur til að hafa þennan ramma í lagi.

Við erum að fara út fyrir hann með þessu frumvarpi.

Það er líka annað sem við erum að gera með þessu frumvarpi. Við göngum lengra en nauðsyn krefur. Við erum með öðrum orðum að brjóta meðalhófsreglu íslenskra laga. Af hverju segi ég það þegar menn geta nefnt í ræðustóli nýlega úrskurði Hæstaréttar sem geta vissulega virkað ósanngjarnir? Ég segi þetta vegna þess að það eru ekki slíkir hagsmunir í húfi að það sé nauðsynlegt að setja þessi lög með skömmum fyrirvara á Alþingi, að ekki sé skoðað betur en við gerum í hv. samgöngunefnd stjórnarskrárákvæði og mannréttindasáttmálann áður en við gerum svona breytingu. Það að setja þennan almenna varnagla sem réttarfarslöggjöfin hefur sett um dómsúrskurðinn sem mundi gera það að verkum að við erum örugglega innan rammans skaðar enga rannsóknarhagsmuni í þessum málum. IP-tölur og leynisímanúmer eru fastar stærðir. Þær fara ekkert þó að beðið sé eftir úrskurði dómara sem í langflestum tilvikum er veittur innan örfárra klukkustunda. Ég vek athygli á því. Mér þykir þess vegna athyglisvert líka að heyra röksemdir ríkislögreglustjóra núna fyrir nauðsyn þess og þær röksemdir sem koma fram í hv. allsherjarnefnd, m.a. frá meiri hlutanum sem var haft eftir lögreglunni, að svo miklir rannsóknarhagsmunir skaðist ef beðið er eftir úrskurði dómara, það taki svo langan tíma að fá úrskurð dómara og það sé verið að setja óhóflegt álag á dómarana ef verið er að biðja um dómsúrskurð í slíkum málum.

Hver er svo reyndin, virðulegi forseti? Dómstólaráð kom fyrir allsherjarnefnd á sínum tíma, fyrir um það bil ári, og við fengum upplýsingar hjá því um alla þessa þætti. Og hvað kemur í ljós? Í langflestum tilvikum, ég man ekki lengur prósentuna en það var í allra flestum tilvikum, fékkst dómsúrskurðurinn innan örfárra klukkustunda. Það er sólarhringsvakt hjá dómurum við að sinna þessu og úrskurðurinn er veittur í langflestum tilvikum innan örfárra klukkustunda. Í einstaka tilvikum hefur það dregist í einn, tvo eða þrjá daga en það er þá algjörlega einstakt. Ríkislögreglustjóra er fullkunnugt um þetta, segi ég og fullyrði. Þess vegna þykir mér furðulegt að heyra þessar röksemdir enn og aftur á hinu háa Alþingi ári síðar en reyndar í annarri nefnd, í samgöngunefnd Alþingis. Ég held að það hafi verið skynsamlegt af okkur í samgöngunefnd að biðja allsherjarnefnd um umsögn í málinu. Til þess vannst ekki tími. Málið var unnið með miklu hraði eins og ég mun fara yfir á eftir sem er heldur ekki nægilega góð aðferð við lagasetningu.

Það er líka merkilegt að lesa það í umsögn ríkislögreglustjóra með þessu tiltekna frumvarpi í ljósi þess sem hv. allsherjarnefnd fjallaði um fyrir ári síðan í þeirri nefnd þar sem við vorum með beiðni um að veita opna heimild til hlerana á símtölum, mál ættað frá hæstv. dómsmálaráðherra. Hverjar voru röksemdirnar? Jú, það var nauðsynlegt til að rannsaka og upplýsa um eiturlyfjabarónana og glæpamennina. Þá er verið að biðja Alþingi um að veita þessa heimild án dómsúrskurðar. Því var hafnað eins og ég rakti

hér áðan, sem betur fer.

En hvað segir ríkislögreglustjóri nú í umsögn sinni? Með leyfi forseta:

„Allir eru sammála því að hlustun samtala og upplýsingar um efni samskipta eiga að njóta hámarksverndar.“

Um þetta voru menn ekki sammála fyrir ári. Þá bað lögreglan um þennan aðgang að hlerunum án dómsúrskurðar þannig að hámarksverndin var ekki meiri en svo fyrir ári, að mati lögreglu. Þá stóð hv. þingmaður nokkur í allsherjarnefnd — og ég ítreka að það var enginn pólitískur ágreiningur í hv. allsherjarnefnd um efni þess að breyta því ákvæði þegar upp var staðið. Menn settust bara yfir það í einlægni og áttuðu sig á því að þarna væri of langt gengið þrátt fyrir það að lögreglan væri að biðja um þessar upplýsingar. Það var okkar, hv. þingmanna, að standa vörð um stjórnarskrá, mannréttindi og friðhelgi einkalífs borgaranna. Ég verð að segja að mér finnst ekki að allir þeir ágætu hv. þingmenn sem sitja fyrir hönd meiri hlutans í hv. samgöngunefnd hafi staðið sig nægilega vel í að skoða þetta mál ofan í kjölinn á sama hátt og gert var í hv. allsherjarnefnd á sínum tíma þegar hlerunarmálið kom þar fyrir.

Það er líka eitt sem er mikilvægt fyrir okkur borgarana að vita. Þegar um er að ræða heimildir lögreglu til að rannsaka einkalíf okkar — það er nauðsynlegt að slíkar heimildir séu til staðar þegar verið er að upplýsa brot — er líka mjög mikilvægt fyrir okkur borgarana að geta áttað okkur á því hvaða reglur gildi um þetta. Þess vegna höfum við komið því þannig fyrir í löggjöf okkar að við höfum þessar reglur á einum stað, þ.e. í lögunum um meðferð opinberra mála. Þar eru ítarlegar reglur um það hvað borgarinn geti gert ef hann telur á sér brotið af t.d. lögreglu, þekki kæruleiðir varðandi málsmeðferðir, aðgerðir lögreglu o.s.frv. Hvað erum við að gera hér? Við erum ekki að fara inn í lög um meðferð opinberra mála. Við ætlum að veita þessa heimild í gegnum fjarskiptalögin og nú vil ég spyrja hv. þingmenn meiri hlutans: Hvernig á að fara með það ef einhver tiltekinn hv. þingmaður, ég get nefnt sem dæmi hv. þm. Sigurjón Þórðarson af því að hann situr beint fyrir framan mig, er með leyninúmer og lögreglan telur að rannsaka þurfi eitthvað í fari hans — hann er með öðrum orðum undir rannsókn lögreglu — á grundvelli þessarar heimildar veitir fjarskiptafyrirtæki aðgang að leyninúmeri hans eða IP-tölunni þannig að lögreglan geti kannað hvernig umferð hans um netið er háttað. Á hann þá rétt á því að fá að vita um þetta ef svo kemur í ljós að hann er blásaklaus? Á hann rétt á að fá að vita um það að lögregla hafi haft þennan aðgang að persónuupplýsingum hans? Getur hann með einhverjum hætti samkvæmt fjarskiptalögunum sem við erum að nota hér til að veita aðgang að persónuupplýsingum kært þessa aðgerð lögreglu eða fjarskiptafyrirtækisins eftir atvikum sem er ábyrgt fyrst og fremst samkvæmt þessu frumvarpi?

Ég spyr hv. þingmenn meiri hlutans hvernig þeir telja að með eigi að fara í slíkum tilvikum. (**Gripið fram í:** Hvort ertu að tala um IP-tölu eða númer?) Hvort tveggja. Við erum að veita heimild fyrir hvoru tveggja hér. Ég held að það sé engin tilviljun, virðulegi forseti, að við höfum komið því þannig fyrir að heimildir lögreglu til að hafa aðgang að einkalífi fólks eru í einum lagabálki þannig að borgararnir hafi skýra mynd af því hvernig þessum reglum er háttað. Þessar athugasemdir hafa m.a. komið fram hjá Persónuvernd og fleiri aðilum um að það sé mjög varasamt og beinlínis hættulegt réttarríkinu að setja slíkar heimildir tvist og bast í sérlögum. (**SigurjÞ:** Hvað liggur á?) Fyrir utan það eins og hv. þm. Sigurjón Þórðarson segir: Hvað liggur á? Það er önnur saga. Það virðist vera gríðarlega mikið í húfi og það gefst ekki tími til að kanna málið betur en á örfáum klukkustundum í hv. samgöngunefnd.

Við erum líka að fara fram hjá þeirri meginreglu að skipa þessum reglum öllum á einn stað í lagabálki og ef ég mundi vilja kynna mér það hvaða heimildir íslensk löggjöf gefur lögreglunni til að kanna einkalíf mitt mundi ég lesa lög um meðferð opinberra mála og komast að þeirri niðurstöðu að það þyrfti dómsúrskurð til að veita aðgang að slíkum upplýsingum, algjörlega klárlega, á sama hátt og fjarskiptafyrirtækin hafa í auknum mæli verið að svara lögreglu, að þau megi ekki veita þessar heimildir vegna þess að lög um meðferð opinberra mála gera ráð fyrir að það þurfi dómsúrskurð í slíkum tilvikum.

Þetta er ekki aðeins mín skoðun, virðulegi forseti. Ég bendi á að álíka skoðun kemur t.d. fram í umsögn símanefndar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ef ég fer rétt með. Samkvæmt umsögn þeirra eru þeir reyndar þeirrar skoðunar að veita þurfi þessar heimildir og að rétt sé að gera þessar breytingar á fjarskiptalögunum, enda leggja þeir líka mikla áherslu á að nauðsynlegt sé að gera breytingar á lögum um meðferð opinberra mála samhliða slíkri breytingu. Þetta kemur fram í fleiri umsögnum, að við séum í raun að setja lög sem stangist á við önnur lög sem gilda í landinu.

Virðulegi forseti. Við getum deilt um það hvort þessi breyting sé innan marka 71. gr. stjórnarskrárinnar, sem er tiltölulega almennt orðuð eða 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu þótt ég sé á þeirri skoðun að of langt sé gengið í þeim efnum. Hins vegar færum við augljóslega, virðulegi forseti, á svig við 86. og 87. gr. laga um meðferð opinberra mála með því að samþykkja þessa grein. Ég ítreka að það er beinlínis þannig að lögreglan hefur beðið um þessa heimild vegna þess að fjarskiptafyrirtækin og dómstólar landsins, þar á meðal Hæstiréttur, hefur sagt að það megi ekki veita aðgang að þessum upplýsingum nema með ákveðnum skilyrðum sem talin eru upp í lögum um meðferð opinberra mála. Hvað ætlum við að gera þá? Hæstiréttur segir að til þurfi alvarlegt brot og Hæstiréttur segir að þau brot sem við viljum opna fyrir að lögregla hafi slíka heimild til að vinna með séu ekki nægilega alvarleg. En þá ætlum við að breyta fjarskiptalögum. Ég hlýt að spyrja, virðulegi forseti: Teljum við þetta virkilega góða lagasetningarhætti? Og hef ég þá ekki enn hafið mál mitt um meðferð hv. samgöngunefndar á þessu máli og þann tíma sem nefndin gaf sér til að fjalla um málið.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki heldur nein tilviljun að lýðræðisríki hafi komið sér upp því fyrirkomulagi víðs vegar um heiminn að dómari eigi að meta það hvenær veita eigi aðgang að upplýsingum sem snerta friðhelgi einkalífs hjá borgurunum. Það er engin tilviljun. Þetta er ákveðinn varnagli sem sleginn hefur verið í löggjöf fjölmargra ríkja og við eigum að halda okkur, ef við erum í

einhverjum vafa, þeim megin að það sé borgurunum í hag. Ég vil, virðulegi forseti, mótmæla þeim röksemdum sem oft hafa komið fram í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar, talsmanns meiri hlutans í þessu máli, þegar hann segir að þetta snúist um tvenns konar hagsmuni sem rekist á, annars vegar um persónuvernd og hins vegar almannahagsmuni. Ég spyr, virðulegi forseti, í tilefni af þeim orðum hv. þingmanns: Eru það ekki almannahagsmunir að borgararnir njóti friðhelgi einkalífs og njóti ákveðinnar verndar gegn því að ekki sé unnt að fara inn í þeirra persónulega líf nema eftir ákveðnum reglum? Auðvitað eru það almannahagsmunir, virðulegi forseti, enda höfum við sett okkur þær reglur í samfélagi okkar.

Hins vegar kann að vera eitthvað til í því sem hefur komið fram, m.a. þeim röksemdum sem meiri hlutinn leggur fram fyrir máli sínu, að tæknin hafi breyst þannig að afbrotamenn hafi í auknum mæli getað nýtt sér hana til að brjótast lengra en löggjöfin nær utan um. Auðvitað koma upp slík dæmi, að löggjöfin nái ekki að halda í við tækniþróunina og við þurfum þá eitthvað að gera þegar slíkir hlutir koma upp. Hvað gætum við þá gert í því tilviki? Hvað er það sem löggjafarsamkundan gæti gert ef við yrðum sammála um að gera eitthvað. Ég mundi vilja skoða það betur áður en ég féllist á að nauðsynlegt væri að gera þetta en það væri unnt að endurskoða skilyrði laga um meðferð opinberra mála. Þar með værum við réttu megin.

Við gætum sagt: Við viljum tryggja borgurunum öryggi í þessum efnum. Lögreglan þarf að fá dómsúrskurð sem yfirleitt er veittur innan nokkurra klukkustunda, eins og hér hefur komið fram, en skilyrðin í lögum um meðferð opinberra mála eru óþarflega ströng miðað við þessi brot. Við skulum endurskoða þau. Sem betur fer er það þannig í flestum tilvikum að menn vanda sig áður en lögum um meðferð opinberra mála er breytt. Þar er um að ræða mjög viðkvæm mál. Það er t.d. sérstök nefnd sem hefur þann starfa að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um réttarfarsleg málefni, sem er réttarfarsnefnd. Þar sitja helstu sérfræðingar okkar lands á sviði réttarfarsmála sem þekkja vel þessi tilteknu ákvæði mannréttindasáttmála, bæði mannréttindasáttmálans og stjórnarskrárinnar, og vita nákvæmlega eða hafa a.m.k. þekkingu til að meta málið betur en við, með fullri virðingu fyrir okkur þingmönnum. Þess vegna er að mínu mati óhugsandi að breyting yrði gerð á lögum um meðferð opinberra mála í snarhasti. Við eigum að vanda okkur við þá lagagerð og gefa okkur tíma til að kafa ofan í það hvort slík breyting, ef við breyttum því skilyrði að brot þurfi að varða átta ára fangelsi eða miklum almanna- eða einkahagsmunum, væri eðlileg. Við mundum kannski koma til móts við óskir lögreglu með því að breyta þeim viðmiðunum en þá þurfum við að skoða vandlega hvort sú breyting væri innan ramma stjórnarskrár og mannréttindasáttmála. En við gerum það ekki, virðulegi forseti, með því að gera breytingu á fjarskiptalögum og skáskjóta okkur hjá meginreglum um friðhelgi einkalífs og mannréttindi. Það er það sem hér stendur til að gera.

Virðulegi forseti. Ég hef ákveðinn skilning á sjónarmiðum lögreglunnar en dómarar hafa að sjálfsögðu dæmt í aðra veru þegar Hæstiréttur úrskurðaði þann 25. apríl síðastliðinn að það ætti ekki að veita aðgang að þessum upplýsingum. Sá úrskurður er á grundvelli þeirra laga sem gilda í landinu, á grundvelli stjórnarskrár og mannréttindasáttmála — eða hvað? Halda menn að Hæstiréttur hafi verið að dæma á einhverri annarri forsendu? Ég ítreka að það er fráleitt að gera slíka breytingu í gegnum fjarskiptalög, sem væri á ábyrgð meiri hluta Alþingis, virðulegi forseti, í andstöðu við lög um meðferð opinberra mála. Ég hef heyrt því sjónarmiði fleygt hér á meðal hv. þingmanna meiri hlutans að æskilegt sé að breyta lögum um meðferð opinberra mála strax í haust en fram að þeim tíma yrði þessi réttaróvissa sem hér á að búa til með því að samþykkja 9. gr. Við verum að búa til lagagrein sem stangast á við aðra lagagrein og gefum okkur ekki tíma til að skoða málið til hlítar áður. Ég spái því, virðulegi forseti, að fjarskiptafyrirtækin muni eftir sem áður, a.m.k. mörg hver, neita því að veita þá heimild vegna þess að þau hafa hingað til skýlt sér á bak við að þessar upplýsingar séu háðar fjarskiptaleynd. Ef maður skoðar umsagnir sem hafa verið gefnar um þetta mál, virðulegi forseti, frá Persónuvernd og fleiri aðilum, þá er þeim ekki heimilt að veita slíkar upplýsingar vegna stjórnarskrárinnar, vegna mannréttindamála Evrópu og laga um meðferð opinberra mála, nema með úrskurði dómara. Það er réttarstaða þeirra eftir sem áður. Ég mundi a.m.k. telja verulega hæpið fyrir fjarskiptafyrirtæki að veita slík leyfi á grundvelli þessarar lagagreinar. Svona á maður ekki að vinna að löggjöf, virðulegi forseti.

Við getum líka velt því fyrir okkur að á hinu háa Alþingi er ákveðin verkaskipting á milli nefnda. Hvaða nefnd hefur verið falið að fjalla um réttarfarsleg málefni? Það er allsherjarnefnd Alþingis. Samgöngunefnd hefur ekki verið falið það enda veljast menn inn í samgöngunefnd eftir annarri sérþekkingu eða öðrum áhugasviðum en þeim að þar séu saman komnir menn sem mest kunna að vita af hv. þingmönnum um réttarfarsleg mál. Allt bendir til þess að þarna, með samþykkt 9. gr., fari meiri hlutinn illa að ráði sínu og ég tel, virðulegi forseti, að það gangi ekki að gera þetta með þessum hætti.

Skoðum 71. gr. stjórnarskrár, samanber 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem hefur lagagildi hér á landi. Ég ítreka að sáttmálinn hefur ótvírætt skuldbindingargildi gagnvart borgurum þessa lands. Samkvæmt þessum ákvæðum má ekki gera „... líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.“ — Hvað er verið að gera hér annað en að veita heimild til skerðingar á einkalífi manns, símtölum hans og öðrum fjarskiptum? Auðvitað erum við að veita slíka heimild hér.

Það er líka kveðið á um það í 1. mgr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu að sérhver maður eigi rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta. Á því er hnykkt að opinber stjórnvöld skuli ekki ganga á þennan rétt nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og að nauðsyn beri til í lýðræðisþjóðfélagi. Þarna er minnt á hina svokölluðu meðalhófsreglu íslenskra laga.

Hér hefur verið spurt og kallað fram í: Hvað knýr á? Af hverju liggur svona mikið á? Í þessari umræðu hefur einnig

eðlilega verið spurt, virðulegi forseti: Hvaða rannsóknarhagsmunir tapast? Hv. þm. Hjálmar Árnason talaði um það áðan og er kominn til að hlusta á og hlýðir á mál mitt af athygli. Hann sagði áðan að oft gæti það verið spurning um andartak að upplýsa mál og það væri of seint að bíða eftir dómsúrskurði. Hvaða hagsmunir tapast á þeim klukkustundum, eða jafnvel þó að dagar mundu líða, eftir að dómsúrskurður fengist? Það tapast nákvæmlega engir rannsóknarhagsmunir á meðan vegna þess að tölurnar sem veita þarf aðgang að og þau númer sem á að veita aðgang að eru fastar stærðir. Þær fara ekki neitt. IP-tala hv. þm. Hjálmars Árnasonar fylgir tölvu hans og fer ekki neitt. Leiki grunur á því að einhver IP-tala eða að á grundvelli hennar hafi verið brotist inn í fyrirtæki, eins og gerðist í málinu sem úrskurður Hæstaréttar frá 25. apríl gengur út á, þá er hægt, með því að upplýsa um þessa tölu eins og lögregla hefur rakið fyrir okkur, að komast að því hver framdi þetta tiltekna innbrot. A.m.k. er hægt að finna tölvuna sem það var gert með. Þessar upplýsingar fara ekki neitt og það er rangt sem hv. þm. Hjálmar Árnason segir, að það tapist miklir rannsóknarhagsmunir með því að bíða eftir dómsúrskurði. Það hefur ekki verið sýnt fram á það.

Virðulegi forseti. Í nefndaráliti okkar gagnrýnum við þingmenn minni hluta samgöngunefndar það vinnulag sem viðhaft var í nefndinni um þetta mál og hve knappan tíma nefndin hafði til vinnslu málsins. Fyrir það fyrsta var þetta mál ekki rætt sérstaklega. Ekki aðeins er 9. gr., sem fjallar um þau umdeildu mál sem eru til umfjöllunar hér, skellt inn í fjarskiptalögin í kringum algerlega óskyld ákvæði eins og t.d. að heimila skuli gerð fjarskiptaáætlunar, heldur er þetta mál rætt samhliða fjarskiptaáætlun og sent út til umsagnar samhliða því þingmáli. Þeir sem fengu málið til umsagnar þurftu á þeirri rúmu viku að gefa umsögn um fjarskiptaáætlun, sem er mjög umfangsmikið þingmál. Hinn skammi umsagnartími hafði í för með sér að fjölmargir umsagnaraðilar ýmist treystu sér ekki til að veita umsögn um málið eða lýstu því yfir að vegna skamms tímafrests hafi ekki reynst unnt að kanna tiltekna þætti þess til hlítar.

Ég hef ekki séð umsagnir frá t.d. dómstólaráði, frá réttarfarsnefnd sem ættu þó að fjalla um svo viðamikið mál sem það sem felst í 9. gr. frumvarpsins. En við höfum umsögn frá ríkissaksóknara, virðulegi forseti, þar sem segir, með leyfi forseta, og ég held að það sé rétt að hv. þm. Hjálmar Árnason hlýði á þá umsögn ef honum kynni að hafa yfirsést hún. Í umsögn embættis ríkissaksóknara segir, með leyfi forseta:

„Embætti ríkissaksóknara, sem ekki þekkir til undirbúnings þessara þingmála, telur sig með engu móti geta á þeim fresti sem veittur er látið uppi álit eða umsögn um frumvarpið þar sem gerðar eru fjölmargar tillögur um breytingar á gildandi fjarskiptalögum auk þess sem þar er lagt til að fyrir Alþingi sé lögð tillaga til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun til næstu fimm ára.“

Ríkissaksóknari treysti sér með öðrum orðum ekki til að gefa umsögn um málið sem þó varðar mjög mikilvægt réttarfarslegt málefni.

Hvað segir lögreglustjórinn í Reykjavík í umsögn sinni, virðulegi forseti. Hann segir ýmislegt í umsögn sinni, m.a. segir hann þetta, með leyfi forseta:

„Vegna hins skamma tíma sem er til umráða hefur ekki gefist tóm til að gaumgæfa frumvarpið eins og æskilegt hefði verið.“

Lögreglustjórinn í Reykjavík segir þetta, virðulegi forseti. En hv. þingmenn meiri hlutans í samgöngunefnd eru eigi að síður tilbúnir til þess að taka ábyrgð á því að hleypa þessu máli í gegn þó að þau embætti sem hafa yfir að ráða fullt af sérfræðingum á sviði þeirra mála sem við erum að fjalla um hér treysti sér ekki til að meta það á þessum tíma, en hv. þingmenn meiri hlutans í samgöngunefnd treysta sér til að meta það að þetta sé allt í góðu lagi.

Tíminn sem hv. samgöngunefnd hafði til umfjöllunar um málið var ekki langur. Frumvarpið var lagt fram á þingi 7. apríl sl., 1. umr. fór fram 19. apríl og var því vísað til samgöngunefndar 20. apríl. Tveim dögum síðar, 22. apríl, var samþykkt að senda málið út til umsagnar og var frestur gefinn til 2. maí. Í nefndinni gafst af þessum sökum ekki mikill tími til vinnslu málsins, þar fór fram kynning af hálfu ráðuneytis 25. apríl og var tekin tæp klukkustund í þann þátt málsins á þeim fundi. Að loknum umsagnarfresti, 2. og 3. maí, var frumvarpið rætt ásamt fjarskiptaáætlun í um það bil eina klukkustund á hvorum fundi og 6. maí voru síðan breytingartillögur kynntar, afgreiðslu málsins frestað í skamman tíma en það afgreitt út úr nefndinni sama kvöld. Þannig voru aðeins notaðar örfáar klukkustundir til vinnslu málsins og á þeim skamma tíma komu einnig þeir fjölmörgu gestir sem taldir eru upp í upphafi nefndarálits minni hluta, og reyndar meiri hluta líka, fyrir nefndina til að skýra mál sitt. Ég ætla ekki að tefja umræðuna með því að lesa upp þá fjölmörgu aðila sem komu fyrir nefndina. Hv. þingmenn geta lesið sér til um það sjálfir í nefndaráliti. Slík vinnubrögð eru algerlega ófullnægjandi af hálfu meiri hlutans og einungis til þess fallin að rýra gæði löggjafarstarfsins og auka á óskýrleika löggjafar. Ekki síst er slík málsmeðferð ólíðandi þegar mál snertir viðkvæm stjórnarskrárvarin réttindi borgaranna eins og friðhelgi einkalífs og persónuvernd, en þetta frumvarp fjallar, eins og hér hefur komið fram, m.a. um heimildir lögreglu til að fá tilteknar persónuupplýsingar afhentar án dómsúrskurðar. Ég er þeirrar skoðunar að nefndin hefði þurft mun lengri tíma og hefði átt að gefa sér þann tíma, virðulegi forseti. Það hefði verið miklu skynsamlegra að taka 9. gr. út úr frumvarpinu og gefa sér tíma fram á haustið til að skoða það betur og hvort ástæða væri til að skoða þetta ákvæði, m.a. í ljósi laga um meðferð opinberra mála, og haga sér þá eins og menn og gera þær lagabreytingar sem til þarf um leið og þessi breyting er gerð.

Það má líka nefna það, virðulegi forseti, að formaður Persónuverndar óskaði eftir því að fá að koma öðru sinni. Persónuvernd hafði komið fyrir samgöngunefnd til að fjalla um málið, fékk hins vegar málið aftur til umsagnar eftir að breytingartillögur nefndarinnar voru lagðar fram, og að því loknu óskaði formaður Persónuverndar eftir að koma fyrir hv. samgöngunefnd en við því var ekki hægt að verða af hálfu meiri hlutans, væntanlega sökum þess hversu mikil tímapressa var á málinu, en auðvitað hefði það mátt vera til þess að skýra málstað Persónuverndar betur fyrir nefndinni. Það er einhver ástæða fyrir því, virðulegur forseti, að Persónuvernd setur sig algerlega gegn 9. gr. frumvarpsins og

við eigum að kanna þær ástæður betur.

Virðulegur forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þetta mál sé að miklu leyti vanreifað og ég er sannfærð um að ef við hefðum gefið okkur meiri tíma til að kanna þennan þátt málsins, skoða þennan réttarfarslega þátt, skoða málið í samhengi við lög um meðferð opinberra mála, í samhengi við stjórnarskrá og 8. gr. mannréttindasáttmálans hefðum við komist að þeirri niðurstöðu að við gætum ekki gert þetta. En í staðinn lítur væntanlega út fyrir að látið verði á það reyna hvort fjarskiptafyrirtækin hlíti þessu lagaákvæði og hvort þau muni þá fara eftir því við meðferð mála eða hvort þau fari eftir lögum um meðferð opinberra mála, sem væntanlega mun þá enda að lokum fyrir dómstólum landsins.

Ég harma það, virðulegi forseti, að hið háa Alþingi skuli ekki leggja meiri vinnu í þetta mál, sérstaklega í ljósi þess að himinn og jörð eru ekki að farast, hv. þm. Hjálmar Árnason, núna. Það er hægt að gefa sér tíma í að skoða málið betur. Himinn og jörð eru ekki að farast þótt við bíðum með það fram á haustið og gerum það þá almennilega.

Ég gæti eytt löngu máli í að lesa umsagnir sem bárust um málið. Ég ætla ekki að gera það, virðulegi forseti. Ég held að sjónarmið mín og okkar í minni hlutanum hafi komið fram í þessu máli en það eru fjölmargir aðilar sem leggjast gegn þessu ákvæði laganna, 9. gr., m.a. Verslunarráð sem leggst gegn því að horfið sé frá þeirri meginreglu íslensks réttarfars að friðhelgi einkalífsins verði ekki aflétt án undangengins dómsúrskurðar. Það eru fjölmargir aðrir aðilar, fjarskiptafyrirtæki og Samtök atvinnulífsins að ekki sé talað um Persónuvernd, sem leggjast mjög harkalega gegn þessu ákvæði frumvarpsins. Enn og aftur vil ég ítreka að ég tel að við séum að fara á svig við grundvallarreglur íslenskra laga og grundvallarreglur íslenska réttarríkisins á borð við 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, 75. gr. stjórnarskrárinnar, 86.–87. gr. laga um meðferð opinberra mála og ég vil minna á það, virðulegi forseti, að þessar reglur eru settar til að vernda borgarana gegn hugsanlegu ofríki ríkisvaldsins. Ég vil líka meina að ef við færum aðrar leiðir í þessu efni og áskildum áfram dómsúrskurð værum við líka að vernda starfsmenn fjarskiptafyrirtækja fyrir þeirri óhóflegu ábyrgð sem verið var að leggja á þá með því að veita slíkar upplýsingar.

Ég kom lítillega inn það í andsvari mínu áðan við hv. þm. Hjálmar Árnason að ég hef upplýsingar um að starfsmenn fjarskiptafyrirtækja hafi lent í verulegum vandræðum vegna slíkra mála, þeir hafi lent í samskiptum við meinta afbrotamenn, sem er algerlega ólíðandi að við séum að setja á ábyrgð þessa starfsfólks, og þrátt fyrir að þeir setji sér verklagsreglur þá er það oft þannig í litlu samfélagi og á litlum vinnustöðum að auðvelt er að átta sig á hverjir veita á endanum eða taka ákvörðun um slíkt. Einhver þarf að gera það á endanum, virðulegi forseti, það er ekki hægt að komast hjá því og það er ekki eðlilegt að leggja slíka ábyrgð á herðar óbreyttum borgurum sem starfa hjá einkafyrirtækjum í landinu, algerlega óviðeigandi og ólíðandi að mínu mati. Þeir njóta ekki sömu verndar og þeir opinberu starfsmenn sem hafa því hlutverki að gegna að taka slíkar ákvarðanir, m.a. á grundvelli sérþekkingar sinnar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Við hv. þingmenn Samfylkingarinnar munum greiða atkvæði með 1. gr. frumvarpsins sem snýst um heimild til að gera fjarskiptaáætlun. Við munum sitja hjá við sumar greinar frumvarpsins. Við munum hins vegar greiða atkvæði gegn 9. gr. og fari svo illa að hv. þingmenn meiri hlutans hafi ekki séð að sér að lokinni þessari umræðu og frumvarpið komi til afgreiðslu við 3. umr. með 9. gr. óbreyttri innan borðs munum við greiða atkvæði gegn frumvarpinu við heildarafgreiðslu málsins.

[16:54]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Hér er til umræðu hið umdeilda mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur gert grein fyrir áliti minni hluta samgöngunefndar í þessu máli. Ég er áheyrnarfulltrúi í samgöngunefnd fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og get sagt að ég styð í öllum meginatriðum minnihlutaálit samgöngunefndar sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur mælt fyrir.

Það eru mörg lögfræðileg álitamál sem tengjast þessari afgreiðslu. Þar hef ég ekki miklu við ágæta útlistun hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur að bæta varðandi lögfræðileg álitamál í afgreiðslunni. Það sem ég vildi hins vegar láta koma fram auk þessa er að þetta frumvarp er að hluta til fylgifrumvarp eða afleiðing af þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að selja Landssímann. Að honum seldum verður að setja ýmis önnur lagaákvæði inn í fjarskiptalögin við þær breytingar sem þá verða, enda kemur m.a. fram í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins, með leyfi forseta:

„Með því var lagður grunnur að einkavæðingu ríkisrekinna símafyrirtækja og sala Landssíma Íslands er eðlilegt framhald af þeirri þróun. — Það er túlkun meiri hlutans — „Stjórnvöld geta því ekki lengur notað fyrirtækið til að framkvæma stefnu sína í fjarskiptum. Nauðsynlegt er að stjórnvöld setji þá stefnu fram með skýrum hætti og er það m.a. gert með fjarskiptaáætlun."

Síðan er það áréttað hér með frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjarskipti. Þetta er hinn pólitíski bakgrunnur á bak við hina mörgu þætti í þessu frumvarpi.

Þá vil ég láta koma fram hér hina ítrekuðu stefnu mína og þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að Landssíma Íslands á ekki að selja. Það á að beita afli hans og styrk til að byggja upp öflugt fjarskiptakerfi í landinu auk þess sem hann skapar nú þegar milljarða króna tekjur í ríkissjóð og því afar óskynsamlegt að hann sé seldur.

Margar af greinunum í frumvarpinu lúta að þessum breytingum. Verði sú óheillaaðgerð ofan á að Landssíminn verði seldur geri ég mér grein fyrir að breyta þarf ýmsum lögum hvað varðar fjarskipti í kjölfarið. Ég ætla ekki að fara frekar ofan í einstakar greinar sem lúta að þessu heldur bendi á þetta með almennum hætti. Varðandi hins vegar þær greinar sem eru mest umdeildar og lúta að persónuverndarmálum, friðhelgi einkalífsins, þá vil ég taka fram að ég spurði um það í samgöngunefnd hvort þau atriði ættu ekki miklu frekar heima í lögum um meðferð opinberra mála og þá í annarri nefnd, þau lúta að réttarfarsreglum, að persónuvernd en ekki beint að tæknilegum atriðum eins og

annars er um fjarskipti. Þær ákvarðanir og þær kvaðir sem setja þyrfti vegna þessara atriða á fjarskiptafyrirtækin ættu að vera í lögum um meðferð opinberra mála. Ég tel að þetta hafi verið grundvallarskekkja í uppsetningu á þessu máli og þar liggi vandamálið að verið er að setja inn í fjarskiptalög atriði sem eiga að vera í lögum um meðferð opinberra mála. Það er eðlilegt, eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir kom inn á og gat um, að þessi mál sem lúta að persónuvernd og friðhelgi einkalífsins séu í einum málaflokki þannig að hægt sé að hafa þar rækilega heildaryfirsýn en séu ekki sett inn í hin ýmsu lög og skapa þannig réttaróvissu, óvissu um stöðu einstaklingsins sem því mundi fylgja. Þetta gagnrýni ég. Sömuleiðis þær greinar sem lúta að þeirri skerðingu á persónufrelsi sem talið er upp í 7., 8. og 9. gr. og lúta að heimild til að skrá símtöl og fjarskipti. Ég tek undir þá gagnrýni að hér sé allt of langt gengið og vísa til umsagnar Persónuverndar sem hefur vakið mjög rækilega máls á því og gert alvarlegar athugasemdir við að þarna sé gengið allt of langt inn á friðhelgi einkalífsins og persónuvernd. Ekki er hægt að tryggja eftirlit og öryggi allra borgaranna með stöðugum, hertum og tæknivæddum eftirlitsaðgerðum. Það verður aldrei hægt.

Ég hef áður sagt, og segi enn af því að hæstv. dómsmálaráðherra er hér, að þetta var reynt í Austur-Þýskalandi hjá Stasi. Það átti að tryggja öryggi borgaranna með því að hópur manna fylgdist með næsta borgara og það gekk ekki vel. (**Dómsmrh.:** Þetta er rangt. Þetta er bara einhver vinstri græn pólitík, sem er rugl.) Ég fer að halda að hæstv. dómsmálaráðherra hafi á sínum tíma fengið sinn lærdóm í Austur-Þýskalandi. Þegar mönnum verður hugsað til lögregluríkis þá er það gjarnan nefnt og samanburður við það. Mér ofbýður, frú forseti, ákefð hæstv. dómsmálaráðherra í að setja öll möguleg lög um að fylgjast með borgurunum og skrá skref þeirra. Mér ofbýður það og verð að segja að þar greinir okkur á.

Mín skoðun og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði er að fara eigi mjög varlega í að beita slíkum eftirlitsaðferðum með hinum almenna borgara. En jafnframt þurfa að vera fyrir hendi tiltæk ráð ef grunur leikur á um brot en þá höfum við dómskerfið. Það er hægt að fá dómsúrskurð um að rannsaka grunsamleg tilfelli og auðvitað verða þau úrræði að vera fyrir hendi. En mönnum ber að vera á varðbergi gagnvart því að auka stöðugt eftirlitið með nágrannanum þannig að menn hafi á tilfinningunni að hver og einn sé fæddur glæpamaður eða efni í glæpamann. (**KHG:** Gæti verið það.) Hann gæti verið það, já. Ég geri mér grein fyrir því, frú forseti. En ef við förum út í lífið með þessa afstöðu þá er það mikil þrautaganga. Ég hef þá almennu skoðun varðandi þetta mál.

Ég tek undir það sem fram kemur í nefndaráliti hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, að þetta mál kom bæði seint inn í samgöngunefnd og fékk þar mjög takmarkaða úrvinnslu og vinnu. Það kom fram í öllum umsögnum sem bárust og hjá öllum gestum nefndarinnar að um þetta ríkti mikill ágreiningur. Það er fjarri því að þeir sem hefðu átt að koma að máli og hefðu átt að koma skoðunum sínum á framfæri hafi fengið að gera það með eðlilegum hætti.

Hv. þingmaður minntist á dómstólaráð og réttarfarsnefnd sem eðlilegt hefði verið, úr því að þetta mál var komið inn til nefndar, hefði gefið umsögn. En málefni sem lúta að persónuvernd og friðhelgi einkalífsins eiga að vera í einum lagabálki að mínu viti, þ.e. í lögum um meðferð opinberra mála en ekki í tæknifrumvörpum á borð við það sem við fjöllum hér um. Við það fer þessi málaflokkur, sem er viðkvæmur í hverju samfélagi, á dreif og það er erfiðara fyrir einstaklinginn og hið opinbera að átta sig á hvar mörkin eru hverju sinni og hvernig stendur með vernd einstaklingsins þegar á heildina er litið. Þess vegna á þetta að vera í einum málaflokki.

[17:05]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir gerði áðan mjög góða grein fyrir þessu máli af okkar hálfu sem stöndum að minnihlutaáliti samgöngunefndar. Hún gerði það skilmerkilega og lið fyrir lið og rakti ágreininginn í samgöngunefnd um þetta mál.

Það er algerlega ljóst um hvað ágreiningurinn snýst, hæstv. forseti. Hann snýst um 9. gr. laganna, þ.e. að fjarskiptafyrirtækjum sé rétt og skylt að veita lögreglu í þágu rannsóknar opinbers máls upplýsingar um hver sé skráður eigandi ákveðins símanúmers eða eigandi og notandi vistfangs, IP-tölu. Um þetta snýst málið og í áliti minni hlutans segir, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn bendir á að sé vilji til þess hjá löggjafanum að auka heimildir lögreglu til aðgangs að persónuupplýsingum við rannsókn opinberra mála sé eðlilegt að gera það með breytingu á lögum um meðferð opinberra mála þannig að unnt sé að hafa yfirsýn yfir slíkar heimildir og átta sig á umfangi þeirra. Að þessu er m.a. vikið í umsögn símanefndar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Þar er tekið fram að nefndin telur æskilegt að endurskoðun á ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem snerta málefnið, 86.–88. gr., hefði farið fram samhliða endurskoðun fjarskiptalaga. Persónuvernd bendir einnig á það í sínum umsögnum að nauðsynlegt sé að samræmis sé gætt á milli laga um meðferð opinberra mála og laga um fjarskipti, og mikilvægi þess að öllum lagaákvæðum um rannsóknarúrræði lögreglu verði skipað í sama lagabálk, þ.e. lög um meðferð opinberra mála."

Undir þessi rök tökum við í minni hlutanum. Því höfum við eðlilega hvatt til þess að 9. gr. verði felld úr frumvarpinu og ekki samþykkt á Alþingi. Síðan mætti taka málið til nánari skoðunar. Ég spyr eins og fyrri ræðumenn hér. Hvers vegna liggur svona ofboðslega á? Hvers vegna er ekki hægt að fjalla um þetta mál í sumar og setja fram mál í vandaðri framsetningu í réttu lagaumhverfi? Er ekki hægt að koma með slíkar breytingar í október næstkomandi þegar þing kemur saman ef menn vilja festa slíkar heimildir í lög, sem er reyndar mikill ágreiningur um hvort standist yfirleitt stjórnarskrá Íslands og mannréttindasáttmála Evrópu? Það er spurning hvort við færum ekki langt út fyrir það með þessu. Minni hlutinn telur að svo sé en við bendum samt á að ef setja ætti slíkar heimildir í lög þá gangi þetta mál út á að setja þau ákvæði inn í vitlausan lagabálk og við ættum að færa slíkt í lög um meðferð opinberra mála.

Ég held, hæstv. forseti, að með þessum breytingum stefni í lagalegt klúður. Ef þetta verður lögfest, með þessi

ákvæði inni í fjarskiptalögunum, þá eru allt önnur ákvæði í lögum um meðferð opinberra mála sem kveða á um að við skulum vernda persónuréttindi og friðhelgi einkalífsins og að fá þurfi úrskurð dómara til að skoða mál sem snúa að persónufrelsi einstaklinga.

Við höfum bent á að ef menn ætla með þetta í gegn þá væri eðlilegt að menn leituðu umsagnar dómara og úrskurðar hans um hvort leyfilegt væri að komast þannig að þeim upplýsingum sem menn sækjast eftir um símanúmer og IP-tölur.

Hæstv. forseti. Símtöl og tölvuviðskipti eru skráð og samkvæmt frumvarpinu á að varðveita þau í a.m.k. sex mánuði. Þau tapast ekki og símanúmer og IP-tala tapast ekki þannig að ég átta mig ekki á því sem hér hefur verið haldið fram, að svo mikinn hraða þurfi til að koma í veg fyrir að upplýsingar glatist. Ég held að þar færi menn fram rök sem ekki halda, hæstv. forseti.

Ég ætla ekki að fjalla mikið meira um þetta mál. Ég tel að því hafi verið gerð góð skil í máli í framsögu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur svo að ég bæti þar ekki mikið um. Ég get þó nefnt eitt dæmi, hæstv. forseti, um lagaklúður á borð við það sem við stefnum í hér. Ég hef einu sinni upplifað að lenda í svona lagaklúðri.

Þannig var að í lögum um stjórn fiskveiða voru á sínum tíma sett inn tvö ákvæði, annars vegar um að bannað væri að henda fiski í sjóinn og hins vegar að það væri bannað að koma með fisk að landi, þ.e. ef hann væri ekki í kössum eða körum. Ég lenti einu sinni í því, hæstv. forseti, rétt fyrir 17. júní eitt árið, að fá meiri fisk en ég hafði flát undir. Þá stóð ég frammi fyrir spurningunni um hvor lögin ég ætti að brjóta? Átti ég að henda fiskinum í sjóinn og koma með þann fiskinn í land sem var í flátunum eða átti ég að koma með allan aflann að landi og einnig þann sem ekki var í flátum heldur laus á millidekki, sem var þá bannað? Viti menn. Ég ákvað að fara í land, ná í ís og kasta í kör og ganga frá fiskinum. Seinna fékk ég á mig kæru frá sýslumanni þar sem ég var kallaður fyrir út af þessu máli. Mér var tilkynnt að ég hefði brotið lögin með því að koma með lausan fisk að landi. Ég sagði við sýslumann: Þetta er alveg hárrétt hjá þér, sýslumaður góður. Og nú skaltu ákveða eftir hvoru lagaákvæðinu þú ætlar að dæma mig. Síðan benti ég honum á lagaákvæðin sem stönguðust algerlega á eins og lögin virðast munu gera ef við festum umrædd ákvæði í fjarskiptalög þar sem segir allt annað í lögum um meðferð opinberra mála um persónurétt.

Svona lagaklúður eigum við ekki að láta frá okkur á Alþingi. Ég sé ekkert sem knýr svo á um að flýta þessu máli að það megi ekki klára það með því að taka 9. gr. út úr, vinna hana betur, og leggja fram tillögur um með hvaða hætti við göngum frá þeirri hlið málsins í október.

[17:13]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum um breytingu á lögum um fjarskipti, sem er að mörgu leyti gott mál fyrir utan 7., 8. og 9. gr. Í 7. og 8. gr. er fjallað um geymslu gagna og eru báðar lagaðar í meðförum hv. nefndar svo ég hef svo sem ekkert um það að segja. En ég er á móti 9. gr. sem fjallar um afnot lögreglu af þeim gögnum.

Herra forseti. Reglulega berast fréttir af voðaverkum og glæpum ýmiss konar. Þá kemur skiljanlega upp sú krafa í þjóðfélaginu að gerðar verði ráðstafanir til að vernda borgarann með öllum tiltækum ráðum. Krafist er ráðstafana sem oftar en ekki gera ráð fyrir að gengið sé á rétt borgarans, einstaklingsins. Þannig má segja að glæpamenn stjórni þjóðunum með því að kalla fram viðbrögð og aðgerðir sem skerða frelsi einstaklingsins. Þetta frumvarp er gott dæmi um þann vanda.

Glæpamenn finna alltaf leiðir til að komast hjá aðgerðum yfirvalda. Forstjóri fyrirtækisins sem ætlar t.d. að brjóta samkeppnislög geymir að sjálfsögðu ekki sönnunargögnin heima hjá ömmu sinni ef heimilt er að gera húsleit hjá gömlu konunni, heldur geymir hann gögnin hjá óskyldum aðila sem hann borgar leiguna fyrir niðri í bæ. Eftir situr að réttindi ömmunnar eru skert. Þannig eru þó lögin ekki sem betur fer. Glæpamenn munu, ef þetta frumvarp verður gert að lögum, hætta að nota skráðu símanúmerin. Þeir munu brengla tölvusamskiptin, t.d. IP-tölur, smygla kortum frá útlöndum eða stela farsímum. Eftir sitja skert réttindi almennra borgara.

Herra forseti. Auðvitað mætti hindra öll innbrot, heimilisofbeldi og flesta aðra glæpi með því að koma upp eftirlitsmyndavélum á öllum heimilum og fyrirtækjum þannig að aðeins klósettið yrði undanskilið því sem lögreglan fylgdist með. En viljum við það? Viljum við slíkt lögregluríki? Viljum við taka áhættuna á því? Það held ég ekki.

Eftir voðaverkin í New York 11. september 2001 hefur verið gripið til gífurlegra ráðstafana um allan heim með feiknarlegum tilkostnaði. Frelsi einstaklinganna hefur verið skert og takmarkað á margan hátt. Við getum t.d. ekki gengið frjáls um höfnina í Reykjavík. Þetta er einmitt það sem illvirkjarnir vildu. Þeir voru á móti vestrænum hugmyndum um frelsi einstaklinga og lýðræði. Skyldu þeir á endanum hafa náð markmiði sínu? Þau ákvæði sem við ræðum hér eru einmitt dæmi um slík viðbrögð. Alltaf er gengið dálítið á rétt einstaklinga með góðum ásetningi í baráttu gegn glæpum. Ég vara við því og ég mun greiða atkvæði gegn 9. gr. frumvarpsins.

[17:16]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur farið mjög vandlega yfir þetta mál, gert það sérlega vel og gert grein fyrir afstöðu okkar þingmanna Samfylkingarinnar og minni hlutans í samgöngunefnd, en mig langar aðeins vegna málsins að leggja til þess nokkur orð eða ákveðnar hugmyndir.

Ég vil strax í upphafi segja að ég er ekki sérfræðingur í þeim tæknilegu útfærslum hvað menn geta gert, hvað menn geta ekki gert og hvernig menn geta leyst úr því. En eins og mér er kynnt þetta mál er hið svokallaða IP-númer þess eðlis að hafi menn vitneskju um hver eigi þetta númer geti menn aflað upplýsinga um hvort viðkomandi hafi verið á tiltekinni heimasíðu og á einni frekar en annarri. Þetta er ekkert ósvipað því ef viðkomandi einstaklingur hefði einhverja flögu eða eitthvað í jakkanum sínum eða í öxlinni þannig að hægt væri að fylgjast með honum hvert hann færi í hinu daglega lífi nema í þessu tilviki erum við að tala um

netlífið, þ.e. að menn geti haft nákvæmar upplýsingar um hvert menn fara og þannig skil ég þetta tiltekna mál. Því má segja sem svo að miklir persónulegir hagsmunir séu í því fólgnir og verið sé að vega að friðhelgi einkalífsins þegar ákvæði, eins og hér er hugmyndin um að setja í lög, eru sett inn þess efnis að það sé nægilegt fyrir lögregluna í landinu að hringja og óska eftir þessum upplýsingum án þess í reynd að þurfa að leggja fram nein sérstök rök í málinu.

Ég man þá tíð þegar ég tengdist rannsóknum á opinberum málum tók það ekki nema einn eða tvo klukkutíma alla jafna að fá dómsúrskurð í einföldum málum. Því hlýtur það að vekja upp hugrenningar hvað það er sem gerir það að verkum að hraðinn og krafan um þennan mikla hraða sé svona ofboðsleg því eins og hér hefur komið fram fer IP-númerið ekki nokkurn skapaðan hlut. Hægt er að rekja það áfram þó málið tefjist um klukkutíma eða tvo. Og spurningin sem hlýtur að vaka yfir þessari umræðu er hvort réttlætanlegt sé að ríkisvaldið hafi þann möguleika að taka einfaldlega upp símann, hringja í starfsmann fjarskiptafyrirtækis og kalla eftir slíkum upplýsingum sem í reynd gerir það að verkum að hægt er að kanna mjög persónulega hagi manna í gegnum það hvernig þeir hegða sér á netinu.

Það er ekki þannig að eðlilegt sé að nálgast löggjöf og annað þess háttar út frá því sjónarmiði að allir séu glæpamenn. En nálgunin í þessu tiltekna máli er sú og þess vegna vil ég leyfa mér að mótmæla því að í þessu felist sérstakir almannahagsmunir, að hér takist á vernd eða friðhelgi einkalífsins annars vegar og almannahagsmunir hins vegar vegna þess að almannahagsmunirnir liggja ekki endilega í því að það muni klukkutíma eða tveimur hvort menn geti fengið þessar upplýsingar og þeir liggja heldur ekki í því að hægt verði að kalla slíkar upplýsingar fram án nokkurs rökstuðnings, því eins og málið er lagt upp er ekki gerð nein krafa um alvarleika brots. Fyrst og fremst er verið að kalla eftir þessu númeri í þágu opinbers máls. Málið getur á sama hátt verið brot á umferðarlögum. Það er ekki er hægt að útiloka að hægt sé að kalla eftir því. Hver er staða starfsmanna fjarskiptafyrirtækja sem fá upphringingu frá lögreglunni þar sem óskað er þessa númers vegna rannsóknar í þágu opinbers máls? Í framhaldi af því verður þeim einfaldlega skylt að afhenda það án nokkurrar þekkingar eða upplýsingar um hvers eðlis þessi mál eru. Ég lít þess vegna svo á að hér sé farið inn á mjög alvarlega braut og vil leyfa mér að taka undir hluta af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði að hugsanlega eru þeir sem stóðu fyrir árásunum á tvíburaturnana í New York árið 2001 hinir raunverulegu sigurvegarar þegar við erum farin að setja reglur af þessum toga í löggjöfina. Kannski eru það þeir sem ýta undir það að ríkisvaldið hefur talið sér heimilt að gera nánast hvað sem er í nafni tiltekinna ótilgreindra hagsmuna.

Hv. þm. Hjálmar Árnason sem talaði fyrir þessu máli áðan sagði að það væri mikilvægt að geta náð barnaníðingum og eiturlyfjasölum. Þessir tveir tilteknu hópar brotamanna voru sérstaklega nefndir. Ég get tekið heils hugar undir það en ég held að það mundi ekki breyta neinu þó að gera þyrfti kröfu um dómsúrskurð í máli og það tæki einn eða tvo klukkutíma. Við skulum heldur ekki gleyma því að brotin sem þessir aðilar kunna hugsanlega að hafa framið eru ekki framin í tölvunni heldur er hugsanlegt að finna megi óbeinar sannanir í tölvunni. Ekki það að brotin eigi sér þar sérstaklega stað og hún sé einhver brotavettvangur. Menn senda ekki eiturlyf eftir rásum internetsins. Þetta eru samskipti sem eiga sér stað sem menn eru að komast í. Brot sem barnaníðingar fremja eru ekki á internetinu. Hugsanlega kunna að vera einhverjar sannanir þar sem hægt er að nota. Þess vegna er miklu eðlilegra að gera þá kröfu að leita þurfi eftir dómsúrskurði. Það er svo miklu eðlilegra og ég sé ekki þá hagsmuni sem settir eru í uppnám. Það er kannski ástæðan fyrir því að maður situr eftir með dálítið óbragð í munninum og spyr: Hvar eru almannahagsmunirnir? Þeir hafa ekki komið fram, þeir hafa ekki verið kallaðir fram í umræðunni og þau rök sem hér hafa verið sett fram eru allt að því rök sem jafnvel ekki gengju í leikhúsi fáránleikans. Þau eru hálfsúrrealísk. Það hlýtur að vera eðlileg krafa til þingmanna og þeirra sem lögin setja að þeir rökstyðji mjög vandlega nauðsyn þess að fara þessa tilteknu leið í umræddu máli.

Án þess að ég ætli að fara að endurtaka þá umræðu sem hér hefur farið fram um samkeppnismál þá töluðu menn mjög grimmt um það í þeirri umræðu, þ.e. þingmenn stjórnarliðsins, að vernda þyrfti friðhelgi einkalífsins þegar kæmi að brotum sem eru samsæri gegn almenningi, samsæri gegn neytendum þar sem jafnvel brot eins og í olíumálinu geta lotið að hagsmunum sem menn hafa metið frá 5 milljörðum upp í 80 hvernig sem menn setja það upp. En þar var ekki einu sinni talið heimilt og réttlætanlegt að gera húsleit á heimilum þeirra sem hugsanlega kynnu að hafa framið þessi brot. En í tilviki þess frumvarps sem við ræðum nú er hægt að fara inn bara í þágu rannsóknar opinbers máls og óska eftir þessum upplýsingum jafnvel þó að um umferðarlagabrot sé að ræða því að engar kvaðir eru settar á það hvaða brot þurfi að búa að baki þeirri rannsókn sem hafin er. Eftir stendur, virðulegi forseti, að við erum farin að sitja uppi með það aftur og aftur að menn eru tilbúnir að ganga alveg óheyrilega langt í tilteknum tilvikum að fara gegn friðhelgi einkalífsins, en þegar hagsmunirnir eru aðrir og aðrir sem hugsanlega kunna að þola það, til að mynda forstjórar í fyrirtækjum, t.d. í brotum í samkeppnismálum þá er þetta allt saman ómögulegt.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Pétri Blöndal þegar hann segist vera andvígur 9. gr. og hann vakti einmitt athygli á því að hann hefði líka verið andvígur hinu. Það er þó samhengi í því sem hann er að segja, hann er samkvæmur sjálfum sér. En ég skil ekki þá þingmenn sem geta fyrir hádegi rökstutt eitt og eftir hádegi eru allt aðrar röksemdir. Þetta verður allt saman svo ótrúverðugt og eins og hér hefur verið rakið mjög vandlega, þetta gengur einfaldlega ekki upp.

Ég vildi, virðulegi forseti, aðeins leggja nokkur sjónarmið inn í þá umræðu sem hér hefur farið fram og tel í raun og veru að við séum komin á mjög alvarlega braut þegar við leyfum okkur að setja svona ákvæði í lög án þess að geta sýnt fram á með nokkrum viðunandi hætti að einhverjir almannahagsmunir séu í uppnámi. Það er það alvarlega í málinu. Og hvort rannsóknin tefjist um klukkutíma eða tvo — ef nægilegar röksemdir eru fyrir því að fá dómsúrskurð, þá get ég ekki áttað mig á því hvaða tjón kann að verða þótt þessi bið komi til.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins leggja nokkur orð í belg

um 9. gr. sem mér þykir hreint út sagt alveg fráleit og vona að við eigum ekki eftir að sjá fleiri svona uppákomur í bráð. Ég geri fastlega ráð fyrir að þeir sem verða fyrir þessu, jafnvel saklausir borgarar því að þetta eru ekki allt saman brotamenn og glæpamenn sem eru á ferðinni, muni láta á þetta ákvæði reyna, þeir muni láta á það reyna hvort þetta standist stjórnarskrá og mannréttindasáttmála, sem ég dreg mjög í efa. En kjarni málsins er þessi: Í mínum huga er það þannig að verið er að hleypa mönnum fram hjá dómsúrskurðum og kalla eftir upplýsingum um miklar persónulegar upplýsingar án nokkurs tilefnis í rauninni. Það er niðurstaða mín og eftir stendur spurningin: Hvernig geta menn látið sér til hugar koma að fara þessa leið? Það eru ekki þeir hagsmunir í húfi í þessum efnum, það eru ekki þeir hagsmunir í hættu í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Dómsmálaráðherra vill þetta.) Virðulegi forseti. Það er kallað fram í að hæstv. dómsmálaráðherra vilji þetta. Hann vill nú svo margt og hefur áhuga á svo mörgu og jafnvel því að hervæða þjóðina, mér finnst það því ekki endurspegla almenn viðhorf í málum er varða lögreglu eða eftirlit með borgaranum þó að hæstv. dómsmálaráðherra hafi einhverja tiltekna skoðun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefna í fjarskiptamálum 2005–2010, síðari umr.

Stjtill., 746. mál. — Þskj. 1111, nál. 1371.

[17:28]

Frsm. samgn. (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um tillögu til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005–2010. Um málið fjallaði hv. samgöngunefnd nokkuð ítarlega og fékk til sín ýmsa góða gesti í tengslum við frumvarp um breytingar á lögum um fjarskipti sem hefur nú hlotið nokkra umræðu í dag og er rétt að minna á það enn einu sinni að meginkjarni þess frumvarps snýst einmitt um að setja stoð í lög um að setja skuli á fót fjarskiptaráð og fjarskiptaáætlun. Það er einmitt á grundvelli þess sem þessi þingsályktunartillaga er flutt.

Skemmst er frá því að segja, virðulegur forseti, að þessi tillaga er mjög vandlega unnin. Að henni koma fjölmargir aðilar einkum þeir sem eru á fjarskiptamarkaði og fjarskipti tengjast mikið, eru svokallaðir hagsmunaaðilar úr hinum ýmsu ráðuneytum og ýmsum stjórnmálaflokkum. Sú nefnd sem undirbjó þessa þingsályktunartillögu virðist hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu. Enda eru í henni sett fram afskaplega metnaðarfull markmið um með hvaða hætti eigi að byggja upp fjarskipti á Íslandi þannig að Ísland verði í fremstu röð fjarskipta.

Hafandi sagt þetta þarf ekki að koma á óvart, virðulegur forseti, að mikil fagnaðarbylgja fór um hv. samgöngunefnd og leiddi til þess að nefndin afgreiddi málið út mjög samstiga. Undir nefndarálitið þar sem mælt er með því að tillagan verði samþykkt óbreytt rita auk þess sem hér stendur, hv. þingmenn Arnbjörg Sveinsdóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Guðjón Hjörleifsson, Guðjón A. Kristjánsson, Einar K. Guðfinnsson, Kristján L. Möller, Magnús Stefánsson auk þess sem hv. þm. Jón Bjarnason sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og lét mikið til sín taka að vanda og er hann samþykkur áliti þessu. Er rétt að vekja athygli á því að hin virðulega samgöngunefnd er mjög einhuga og afskaplega ánægð með þessi metnaðarfullu markmið og þar af leiðandi að sjálfsögðu leggur hún til að þingsályktunartillagan verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, 2. umr.

Stjfrv., 677. mál (heildarlög). — Þskj. 1030, nál. 1228 og 1277, brtt. 1229.

[17:31]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér um frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla. Málið var tekið fyrir í sjávarútvegsnefnd. Töluverð umræða fór fram um frumvarpið og gerði meiri hluti sjávarútvegsnefndar nokkrar breytingartillögur sem unnar voru í góðri samvinnu við fulltrúa fiskmarkaða svo og sjávarútvegsráðuneytis.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfesta ný heildarlög um uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla. Meðal breytinga sem gert er ráð fyrir er að leyfi til rekstur uppboðsmarkaða verði ótímabundin. Áður þurfti að sækja um leyfi árlega. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglur um uppboðsmarkaði sem taki til allra uppboðsmarkaða á landinu. Áður þurfti ráðherra að staðfesta starfsreglur hvers markaðar fyrir sig. Hér er um hagræðingu að ræða fyrir kaupendur og seljendur sjávarafla með því að samræma umhverfi viðskipta með sjávarafla.

Ég mun gera grein fyrir breytingartillögum sem meiri hluti sjávarútvegsnefndar leggur til á sérstöku þingskjali en þær eru unnar í góðri sátt við fulltrúa fiskmarkaðanna hér á landi. Það varð töluverð umræða um hvort ekki ætti að vera í frumvarpinu neitt lágmarksverð til samræmis við lágmarksverð sem verðlagsstofa skiptaverðs leggur til. Á uppboðsmörkuðum er það markaðsverð sem ræður hverju sinni. Ef taka ætti upp lágmarksverð, svipað og gildir erlendis, er ég hræddur um að við mundum lenda í skelfilegum málum. Hvað á að gera við fisk sem ekki selst á lágmarksverði? Setja hann í bræðslu? Hver á að borga áfallinn kostnað? Hver á að setja lágmarksverðið? Svona mætti lengi spyrja og fátt yrði um svör, er ég hræddur um.

Fiskmarkaður er markaður og verð skapast af framboði og eftirspurn. Það var töluverð umræða um hvort hægt væri að „gambla“ með verð á fiskmarkaði en ég sé ekki hvernig það ætti að gerast. Allar sölur eru skráðar í uppboðskerfið og aðgengilegar öllum þeim sem eftir þeim leita. Ekki má heldur gleyma því að enginn er þvingaður til að selja fisk á markaði. Seljendur hafa valið um erlendan markaði, beina sölu og oftar en ekki fasta samninga við fiskvinnslufyrirtæki. Bestu og helstu eftirlitsaðilar eru viðskiptavinir uppboðsmarkaðanna og enginn færi að hlunnfara bestu viðskiptavini sína eða þá aðila sem skapa eftirlit með því að

stunda viðskipti á uppboðsmörkuðum á hverjum virkum degi.

Virðulegi forseti. Einnig var rætt um eignarhaldið. Eignarhaldið má aldrei verða til þess að upp komi minnsti efi um óhlutdrægni fiskmarkaðanna gagnvart viðskiptavinum sínum og jafnvel gagnvart hinu opinbera. Það er þess virði að skoða einhverjar þær leiðir sem mundu hindra of stóran eignarhlut hagsmunaaðila. Vissulega yrði gaman ef fiskmarkaðir yrðu álitlegur fjárfestingarkostur, sem ég held reyndar að þeir séu að verða í dag. En í áranna rás hafa fiskmarkaðir átt erfitt uppdráttar. Oft hafa hugsjónamenn heima í héraði verið tilbúnir til að koma með þolinmótt fé í reksturinn til að verja starfsemina og mikilvægi fiskmarkaða á viðkomandi stað.

Töluvert var rætt um hvort kvótasala og kvótakaup eigi sér stað í tengslum við fiskmarkaði. Það er vitað um eitt dæmi um slíkt á einum fiskmarkaði hér á landi.

Einnig kom fram á fundi nefndarinnar hvaða hæfniskröfur væru gerðar til aðila sem væri ábyrgur og löggiltur til að ábyrgjast rekstur fiskmarkaðar. Hæfnisskilyrðin byggjast sennilega á því að aðili sem sækir um löggildingu sé hlutlaus og megi ekki tengjast uppboðum á einn eða annan hátt.

Virðulegi forseti. Í nefndinni var fjallað um hvort í frumvarpinu ætti að standa „uppboðsmarkaður" eða „fiskmarkaður". Fiskmarkaður er töluvert víðtækara heiti en uppboðsmarkaður. Fiskmarkaðir eru oft með aðra starfsemi sem ekki tengjast uppboðum á neinn hátt. Hjá fiskmörkuðum er fiskur boðinn upp á gólfi og fiskur seldur óséður en fiskmarkaðir geta einnig verið milliliðir í sölu án uppboðs. Frá því árið 1989, er núgildandi lög tóku gildi, hefur orðið mikil breyting á fiskmörkuðum. Þeir eru orðnir mun öflugri og töluverð breyting hefur orðið á starfsemi þeirra. Því var mikilvægt að endurskoða lögin. Í þessum lögum er vísað í lög nr. 55/1998, um meðferð og vinnslu sjávarafurða, þar sem kveðið er á um skyldu fiskmarkaða varðandi meðferð og vinnslu sjávarafurða.

Virðulegi forseti. Frumvarpið liggur nú fyrir ásamt breytingartillögum sem unnar eru í góðri samvinnu og sátt sjávarútvegsráðuneytisins, fulltrúa fiskmarkaða og meiri hluta sjávarútvegsnefndar. Ég mun nú kynna nefndarálit meiri hluta sjávarútvegsnefndar og breytingartillögur.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðríði Margréti Kristjánsdóttur frá sjávarútvegsráðuneyti, Bjarna Áskelsson frá Samtökum uppboðsmarkaða og Þórð Ásgeirsson og Hrefnu Gísladóttur frá Fiskistofu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Íslandsmarkaði hf., Fiskmarkaði Vestmannaeyja, Byggðastofnun, Hafrannsóknastofnuninni, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi kvótabátaeigenda, Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Fiskistofu, Eyþingi – Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Vélstjórafélagi Íslands og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ný heildarlög um uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla en núgildandi lög eru frá árinu 1989. Meðal breytinga sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu má nefna að lagt er til að útgefin leyfi til rekstur uppboðsmarkaða verði ótímabundin en samkvæmt gildandi lögum þarf að endurnýja þau árlega. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra setji reglur um uppboðsmarkaði sem taki til allra uppboðsmarkaða á landinu í stað þess að ráðherra staðfesti starfsreglur hvers markaðar fyrir sig eins og nú er. Er þetta gert í því skyni að samræma viðskiptaumhverfi uppboðsmarkaða í landinu til hagræðis fyrir kaupendur og seljendur sjávarafla.

Meiri hlutinn leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lagt til að skilgreiningu á uppboðsmarkaði skv. 2. tölul. 2. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að hugtakið taki ekki einungis til uppboðs á sjávarafla heldur verði jafnframt heimilt að nýta uppboðskerfi fiskmarkaða við sölu á eldistegundum bæði úr ferskvatns- og sjávareldi, sem og vatnafiski og afurðum úr þessum tegundum. Loks felur hin breytta skilgreining í sér að ekki eru settar takmarkanir við uppboði á fiski þótt hann hafi ekki verið fluttur á uppboðsstað. Ekki eru hins vegar lagðar til breytingar á gildissviði frumvarpsins að því leyti að það nær einvörðungu til sölu á frjálsu uppboði og felur frumvarpið þannig í sér óbreytta stöðu mála hvað það varðar frá gildandi lögum.

Í öðru lagi leggur meiri hlutinn til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem fela í sér að leyfishöfum samkvæmt lögunum verði heimilt að fela reiknistofu uppboðsmarkaða, sem starfar í samræmi við reglur sem ráðherra setur, að sjá um framkvæmd uppboða og til að sinna skyldum leyfishafa samkvæmt 6. gr. frumvarpsins. Miða þessar breytingar að því að auka og tryggja sveigjanleika og hagkvæmni við rekstur uppboðsmarkaða. Loks er orðalagi refsiákvæðis frumvarpsins breytt til samræmis við önnur refsiákvæði í lögum á sviði sjávarútvegsmála.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir í sérstöku þingskjali. Undir nefndarálitið skrifa auk mín, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, Magnús Stefánsson, Kjartan Ólafsson og Una María Óskarsdóttir.

Ég geri nú grein fyrir breytingartillögum við frumvarpið frá frá meiri hluta sjávarútvegsnefndar:

„1. Við 2. gr. a. Á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður, svohljóðandi: Reiknistofa uppboðsmarkaða: Aðili sem leyfishafi hefur falið að sjá um framkvæmd uppboða skv. 4. tölul. og þá starfsemi sem tilgreind er í 6. gr. Reiknistofa skal uppfylla þau skilyrði sem ráðherra setur með reglugerð skv. 5. gr.

b. 2. tölul. orðist svo: Uppboðsmarkaður: Markaður þar sem sjávarafli, eldistegundir bæði úr ferskvatns- og sjávareldi, vatnafiskur og afurðir úr framantöldu eru seldar á frjálsu uppboði. Uppboðsmarkaður getur jafnframt veitt aðra þjónustu sem tengist sölunni.

c. Við 4. tölul. bætist nýr málsliður sem orðist svo: Leyfishafi hefur heimild til að fela reiknistofu uppboðsmarkaða að sjá um framkvæmd uppboðs.

2. Við 4. gr. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo: Um vigtun afla gilda ákvæði laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og reglur sem settar eru á grundvelli þeirra eftir því sem við á.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo: Ráðherra skal í reglugerð kveða á um útgáfu rekstrarleyfa og starfsemi uppboðsmarkaða, þar á meðal um gagnsæi viðskipta, birtingu uppboðsskilmála og um uppboðslýsingar. Ráðherra setur jafn-

framt reglur um starfsemi reiknistofu uppboðsmarkaða.

4. Við 6. gr. bætist ný málsgrein sem orðist svo: Leyfishafa er heimilt að fela reiknistofu uppboðsmarkaða þann hluta starfsemi sinnar sem mælt er fyrir um í þessari grein.

5. Við 9. gr. Greinin orðist svo: Með brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi og fangelsi allt að tveimur árum sé um stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot að ræða."

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. um frumvarp þetta verði því vísað til 3. umr.

[17:40]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég tók að mér framsögu fyrir málinu en þannig háttar til að Jón Gunnarsson átti að vera framsögumaður fyrir því og er aðalhöfundur að nefndarálitinu sem ég rita undir ásamt hv. þm. Jóni Gunnarssyni, Kristjáni L. Möller og Guðjóni A. Kristjánssyni auk þess sem Jón Bjarnason er áheymarfulltrúi í sjávarútvegsnefnd og er samþykkur þessu áliti. Ég mæli því fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Lengi hefur verið beðið eftir endurskoðun á lögum nr. 123/1989, um uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla. Þau lög voru sett þegar uppboðsmarkaðir fyrir fisk voru að hefja starfsemi sína og bera þess glögg merki að ekki var vitað á þeim tíma hvernig starfsemi slíkra markaða mundi þróast og hvort sú tilraun, að setja upp uppboðsmarkaði fyrir fisk, mundi takast.

Fiskmarkaðir hafa fest sig í sessi frá þeim tíma sem þeir voru fyrst settir á laggirnar og hefur tækni við uppboð og aðferðir sem notaðar eru mikið breyst frá fyrstu dögum fiskmarkaðanna. Lagaumhverfið hefur ekki þróast með þeim breytingum sem orðið hafa á starfsaðferðum og hafa eigendur og viðskiptaaðilar markaðanna lengi kallað eftir nýrri lagasetningu um starfsemi þeirra.

Það vakti því nokkra furðu þegar nýtt lagafrumvarp var lagt fram á Alþingi hversu líkt það var gildandi lögum og hve lítill metnaður eða vinna virtist lögð í að sníða ný lög að þeim aðstæðum sem uppi eru. Frumvarpið virðist samið án mikils samráðs við hagsmunaaðila, enda komu fram ábendingar frá þeim sem sýndu svo ekki var um villst að þetta nýja frumvarp uppfyllti á engan hátt væntingar sem til þess höfðu verið gerðar og að nauðsynlegt væri að gera á því umtalsverðar breytingar þannig að unnt yrði að starfa eftir því. Verulegar breytingar sem orðið hafa á frumvarpinu í meðförum sjávarútvegsnefndar sýna svo ekki verður um villst að ekki var vandað nægjanlega til gerðar frumvarpsins í upphafi. Meiri hluti nefndarinnar lagði strax fram breytingartillögur við efni frumvarpsins og voru þær teknar til umræðu í nefndinni en þar er að nokkru leyti tekið tillit til athugasemda markaðanna sjálfra og einnig til gagnrýni sem kom fram í umræðum á Alþingi við 1. umr. um málið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjávarútvegsráðherra veiti leyfi til reksturs uppboðsmarkaða og verða leyfin ótímabundin, sem er breyting til bóta frá núgildandi lögum þar sem endurnýja þarf leyfi árlega. Í fyrri lögum var lögð sú skylda á ráðherra að við veitingu leyfa skyldi ráðherra m.a. meta hvort skilyrði væru til frjálsrar verðmyndunar á uppboðsmarkaði með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkaða. Þetta orðalag er tekið óbreytt upp í frumvarpinu nú en er algjörlega úrelt að mati minni hlutans. Uppboðsmarkaðir fyrir sjávarafla eru orðnir fjölmargir á landinu og er markaðssvæði hvers um sig landið allt. Kaupendur sem staðsettir eru á einum stað kaupa fisk á mörkuðum í öðrum landsfjórðungum og óskiljanlegt að við lagasetningu nú skuli 16 ára gamall lagatexti, sem ber keim af varkárni gagnvart nýju formi við ákvörðun á fiskverði, tekinn upp óbreyttur í nýtt frumvarp. Það er engin leið og engin þörf fyrir ráðherra að leggja mat á skilyrði fyrir frjálsri verðmyndun með tilliti til fiskframboðs, fjölda fiskvinnslustöðva á starfssvæði og starfsemi annarra markaða. Nær væri að setja almenn hæfisskilyrði fyrir markaði og að þeim uppfylltum fengju þeir leyfi.

Í 2. gr. frumvarpsins er skýrð merking hugtaka og hefur skilgreining þeirra tekið breytingum í meðferð sjávarútvegsnefndar í þá veru að færa skilgreiningu þeirra nær þeim raunveruleika sem er á íslenskum fiskmörkuðum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allur afli sé sýnilegur á uppboðsstað og aðilar geti kynnt sér hann þar. Núverandi fyrirkomulag er hins vegar meira í þá veru að fiskur er boðinn upp óséður af kaupanda og er aflinn oft enn um borð í veiðiskipi við sölu. Breytingartillögur í nefndinni taka á þessum ágalla frumvarpsins.

Breytingartillögur sem nú eru komnar fram taka einnig til þeirra aðstæðna sem eru í rekstri fiskmarkaða varðandi miðlægan uppboðsstað og tilveru Reiknistofu fiskmarkaðanna. Í upprunalegu frumvarpi ráðuneytisins var á engan hátt tekið tillit til þeirrar þróunar sem hefur orðið í uppboðsmálum sjávarafla og ef þær skilgreiningar sem þar koma fram á starfsemi uppboðsmarkaðanna yrðu að lögum væri fiskmörkuðum gert ókleift að starfa í þeirri mynd sem þeir hafa þróast í undanfarin ár.

Minni hlutinn gerði athugasemdir við umfjöllun málsins varðandi efni 3. gr. sem fjallar um hverjir geti fengið leyfi til reksturs uppboðsmarkaða. Í greininni er á engan hátt tekið nægjanlega skýrt á eignarhaldi markaðanna og verði hún óbreytt að lögum getur sami aðili verið seljandi afla, eigandi og rekstraraðili uppboðsmarkaðar og kaupandi sama afla. Slíkar aðstæður kalla á tortryggni þeirra sem við markaðinn skipta og benti Fiskistofa meðal annars á þessa hættu í umsögn sinni um frumvarpið. Uppboðsmarkaður hefur milligöngu um sölu mikilla verðmæta og nauðsynlegt er að bæði kaupendur og seljendur á markaðnum geti treyst því að hagsmunir annars séu ekki teknir fram yfir hagsmuni hins.

Samkvæmt frumvarpinu sem fyrir liggur skal ráðherra setja reglur um gagnsæi viðskipta, birtingu uppboðsskilmála og um uppboðslýsingar. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvernig þær reglur verða, en það mun skipta miklu varðandi starfsemi uppboðsmarkaðanna. Betra hefði verið að nú við umræðuna hefðu legið fyrir drög að þessum reglum þannig að unnt væri að leggja mat á áhrif þeirra á starfsumhverfi markaðanna. Lítið samráð við hagsmunaaðila við

gerð þessa frumvarps leiddi til þess að við framlagningu stangaðist það í veigamiklum atriðum á við þann raunveruleika sem uppboðsmarkaðir starfa við. Gæta þarf þess að hið sama endurtaki sig ekki við gerð reglna á grundvelli þeirra laga sem hér er verið að setja.

Gert er ráð fyrir því í 8. gr. að rekstraraðili uppboðsmarkaðar hafi í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sjái um framkvæmd uppboðs. Þessi starfsmaður er kallaður uppboðsstjóri og skal hann hafa löggildingu til starfans sem sjávarútvegsráðherra veitir. Í greininni eða í skýringum við hana kemur ekki fram í hverju löggilding ráðherra er fólgin, hvaða menntun, reynslu eða önnur hæfisskilyrði uppboðsstjóri þarf að hafa, þrátt fyrir að hann eigi að stjórna uppboðum á miklum verðmætum. Uppboðsmarkaður sem felur miðlægum uppboðsstjóra að sjá um öll uppboð markaðarins þarf eftir sem áður að ráða til sín uppboðsstjóra og verður ekki séð hvaða þörf er á því við slíkar aðstæður.

Minni hlutinn telur að þrátt fyrir að nægur tími hafi gefist til að endurskoða eða setja ný lög um uppboðsmarkaði þá hafi sá tími verið illa nýttur. Frumvarpið sem lagt var fram á Alþingi bar öll merki þess að kastað hefði verið til höndum við samningu þess eða að höfundar frumvarpsins hafi ekki fengið nægjanlegt ráðrúm til að eiga samráð við þá aðila sem að greininni koma. Fram kom á fundum nefndarinnar að forsvarsmenn markaðanna vildu frekar að nægjanlegur tími gæfist til að vanda þessa vinnu betur en gert hafði verið en að sett yrðu ófullnægjandi lög um starfsemi uppboðsmarkaða. Meiri hluta sjávarútvegsnefndar lá mikið á að afgreiða málið út úr nefndinni þrátt fyrir ábendingar um alvarlega ágalla á frumvarpinu. Minni hlutinn telur að vinna þurfi málið betur en gert hefur verið og bersýnilegt að taka þurfi lögin fljótlega til endurskoðunar aftur vegna ágalla sem á þeim verða, verði frumvarpið samþykkt. Minni hlutinn leggur því til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. forseti. Þetta er greinargerð minni hlutans. Ég hef svo sem ekki miklu við hana að bæta en vil þó segja að þeir ágallar sem nefndir eru í áliti minni hlutans eru alvarlegir. Það er full ástæða til að menn íhugi vandlega hvort nægilega tryggilega hafi verið að málum staðið og hvort hér séu á ferðinni reglur sem veki það traust sem þarf á þessum mörkuðum.

[17:49]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávarafla er nú til 2. umr. og hefur hv. þm. Jóhann Ársælsson gert grein fyrir nefndaráliti minni hluta sjávarútvegsnefndar sem ég styð.

Uppboðsmarkaðir sjávarafla skipta æ meira máli fyrir fiskvinnsluna hér á landi og er orðið mjög brýnt að setja rammalöggjöf utan um uppboðsmarkaðina. Það voru því mikil vonbrigði í sjávarútvegsnefnd að ekki skyldi takast að vinna þetta frumvarp til hlítar eins og hagsmunaaðilar höfðu bent á að gera þyrfti. Ég vil árétta nokkur atriði sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Jóhann Ársælsson, gat um, þ.e. að kvaðirnar á eignarhaldi eru ekki skýrar fyrir uppboðsmarkaðina. Það er forsenda fyrir trúnaði og trausti í þeim viðskiptum sem þar geta farið í gegn. Ég tel þetta vera einn stærsta gallann við frumvarpið eins og lagt er til að það sé afgreitt.

Í öðru lagi þyrfti að setja skarpari reglur og ákvæði um gagnsæi í viðskiptum þannig að það væri fullkomlega ljóst ef um eignatengsl væri að ræða, annars vegar milli fiskveiða, útgerðar og fiskmarkaða. Ef sömu aðilar ættu í þessu og í eigin vinnslu þá væri það a.m.k. alveg ljóst þannig að þetta væri fullkomlega gagnsætt. Þarna vantar á og við bentum á það í hv. sjávarútvegsnefnd að þetta ætti að laga og betra væri og skynsamlegra að fresta málinu til haustsins og vinna það þannig að tekið væri á þeim atriðum sem stæðu út af.

Auk þess vil ég minna á að ég hef flutt tillögu til þingsályktunar um leiðir til að auka vinnslu á fiski hérlendis þar sem ég vek athygli á miklum útflutningi á óunnum fiski á fiskmarkaði erlendis. Ég vil að leitað sé allra leiða til að draga úr honum og auka í staðinn fiskvinnsluna innan lands. Ein leið í því er einmitt að styrkja stöðu innlendra fiskmarkaða, þannig að fiskur sem á að fara á markað geti farið á fiskmarkaði innan lands. Ef erlendir kaupendur vilja kaupa fiskinn óunninn þá kaupi þeir hann á innlendum fiskmörkuðum. Ég hefði talið að í frumvarpi þessu, um uppboðsmarkaði sjávarafla, ætti að koma inn ákvæði eða a.m.k. umræða sem lyti að því hvernig draga mætti úr útflutningi á óunnum fiski á fiskmarkaði erlendis en styrkja stöðu íslenskrar fiskvinnslu og íslenskra fiskmarkaða í þeirri samkeppni.

Herra forseti. Ég tel að vinna þyrfti betur það frumvarp sem hér er til 2. umr. og skynsamlegt væri að vísa því til ríkisstjórnarinnar. Það kæmi síðan betrumbætt til umræðu og afgreiðslu aftur í haust, þannig að það nái þeim markmiðum sem að er stefnt með því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:54]

Útbýting:

Efnisnámur, 799. mál, svar umhvrh., þskj. 1452.

Greiðslur úr Lífeyrissjóði sjómanna, 785. mál, svar fjmrh., þskj. 1454.

Lokafjárlög 2002, 440. mál, brtt. MS, þskj. 1429.

Lokafjárlög 2003, 441. mál, brtt. MS, þskj. 1430.

Minka- og refaveiðar, 783. mál, svar umhvrh., þskj. 1453.

Sumardvalarheimili fyrir fatlaða, 803. mál, svar félmrh., þskj. 1455.

Umgengni um nytjastofna sjávar, 2. umr.

Stjfrv., 732. mál (meðafli, leyfissviptingar). — Þskj. 1094, nál. 1223, 1246 og 1278.

[17:55]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Sjávarútvegsnefnd hefur fjallað um frumvarp um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Það kom í ljós við 1. umr. að ágreiningur er um málið og skilaði meiri hluti sjávarútvegsnefndar einu

áliti en minni hlutinn skilar tveimur álitum.

Í frumvarpi þessu er annars vegar lagt til að heimilt verði að meta meðafla við veiðar á uppsjávarfiski til aflamarks fiskiskipa með ákveðnum hætti og hins vegar að gerðar verði nokkrar breytingar á framkvæmd leyfissviptinga vegna veiða umfram veiðiheimildir. Rekja má breytingar um hvernig meðafli skuli metinn til tillagna Landssambands íslenskra útvegsmanna og umgengnisnefndar. Þar voru allir aðilar sammála og því er frumvarp þetta gert í góðri sátt við fulltrúa hagsmunaaðila. Ég er einnig sammála því að sú stefna á að vera að á öllum þeim tegundum þar sem aflamark er þurfi aðilar að hafa heimildir fyrir veiðum hvort sem um beinar veiðar er að ræða eða meðafla. Einnig hefur verið starfandi nefnd sem vinnur að úttekt á starfsumhverfi í sjávarútvegi og breytingartillögur um framkvæmd leyfissviptinga verða að mestu raktar til tillagna frá þeirri nefnd. Hún lagði til að skoðað yrði hvernig einfalda mætti með hvaða hætti Fiskistofa tilkynnti útgerðum um veiðar umfram veiðiheimildir auk þess sem útgerðum yrði gert skylt að greiða slíkan kostnað. Fiskistofa hefur síðastliðin tvö ár, í samvinnu við Hafrannsóknastofnun, fylgst vel með löndunum á uppsjávarfiski. Samkvæmt þeim tölum er ljóst að á síðustu kolmunnavertíð hefur meðafli aukist töluvert. Þar kemur fram að meðafli þorsks í kolmunnaveiðum var 156 tonn árið 2003 en fór í tæp 1.700 tonn árið 2004. Jafnframt hefur meðafli ufsa í kolmunnaveiðum aukist úr rúmum 1.600 tonnum í tæp 2.100 tonn. Hér er um töluverða aukningu að ræða. Spurning er hvort hægt verði að minnka þennan meðafla bolfisks í kolmunnaveiðum.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu eru ástæður þess að lagt er til að horfið verði frá því að krefjast þess að meðafli sé flokkaður skilyrðislaust við veiðar á uppsjávarfiski fyrst og fremst tvær: Í fyrsta lagi er ljóst að mörg skipanna eru vanbúin til að hirða þennan fisk, halda honum aðskildum frá öðrum afla og ganga þannig frá honum að hann nýtist til manneldis. Í öðru lagi liggur fyrir að stundum er sá fiskur sem fæst sem meðafli litlu eða engu verðmætari en bræðsluafli, bæði vegna lítilla gæða og smæðar. Því er lagt til að tekin verði upp aðferð til að meta meðafla með nákvæmum hætti og reikna hann til aflamarks viðkomandi skips. Með því vinnast nákvæmar upplýsingar sem munu liggja fyrir um magn meðafla sem reiknast til aflamarks veiðiskips og hefði í för með sér að skipstjórar munu forðast meðafla eða taka þann kostinn að skilja hann frá öðrum afla og nýta hann á arðbærasta hátt. Í þriðja lagi hafa verið gerðar tilraunir með skiljur í flotvörpum sem skilja eiga úr lifandi meðafla. Ég hef rætt við skipstjóra sem notað hefur þessar skiljur og tekið þátt í tilraunaverkefni og segir hann mér að þetta verði mikil bylting og meðafli verði hverfandi eftir að þær verði komnar í gagnið. Jafnframt hefur verið reynt að koma í veg fyrir meðafla með eftirliti svo og lokun veiðisvæða.

Virðulegi forseti. Gagnrýni á frumvarpið er ekki óeðlileg. Samt sem áður vekur það athygli hve langt er á milli fulltrúa minni hlutans í sjávarútvegsnefnd samkvæmt þeim minnihlutaálitum er fyrir liggja. Ég er sammála hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni í nefndaráliti hans að vandamálið sé hverfandi miðað við heildarafla kolmunna. Samt sem áður finnst mér mikilvægt að allur fiskur sem er í aflamarkskerfinu komi fram, þ.e. sé sýnilegur. Hér er verið að leysa úr erfiðu máli í áranna rás og mikil og góð samstaða hefur náðst um það sem fram kemur í frumvarpi þessu.

Það sem eru meginatriði þessa máls er að í gildandi lögum er sú ófrávíkjanlega krafa gerð að afli sé flokkaður eftir tegundum fyrir löndun og vigtun. Við veiðar á uppsjávarfiski er næsta óframkvæmanlegt að flokka meðafla frá auk þess sem það er í mörgum tilvikum algerlega ópraktískt. Því er brýnt að breyta lögunum og enginn hefur bent á betri lausn en hér er lögð fram.

Lagabreytingar stuðla að ábyrgum veiðum og tryggja að upplýsingar liggi fyrir um magn meðafla. Þær tryggja jafnframt ákveðið samræmi og jafnræði þar sem meðafli reiknast til kvóta. Um ofangreind atriði eru allir þeir sem komið hafa að þessu máli sammála. Má þar nefna fulltrúa sjómanna, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands auk stjórnar LÍÚ sem ítrekað hefur lagt til að þessi aðferð verði tekin upp. Hafa fiskifræðingar Hafró og eftirlitsmenn Fiskistofu verið því sammála.

Í frumvarpinu er skýrt hvers vegna nauðsynlegt er að ákveðið lágmarksverð komi til greiðslu vegna umframveiði og eru þau rök áréttuð hér. Það er rétt sem fram kemur í minnihlutaáliti hv. þm. Magnúsar Þórs Hafsteinssonar að það flækir nokkuð málið að veiðar íslenskra skipa fara að hluta til fram utan lögsögu Íslands og að færeysk skip stunda veiðar innan lögsögunnar. En hvernig farið verður með meðafla íslenskra skipa innan lögsögu Færeyja og meðafla færeyskra skipa innan íslenskrar lögsögu er mál sem aðeins hefur verið rætt við Færeyinga og þarf að taka sérstaklega upp þegar frumvarp þetta verður orðið að lögum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra en kynna nefndarálit meiri hluta sjávarútvegsnefndar um frumvarpið:

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti og Hrafnkel Eiríksson frá Hafrannsóknastofnuninni. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Félagi kvótabátaeigenda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi smábátaeigenda og Hafrannsóknastofnuninni.

Með frumvarpinu er lagt til að heimilt verði við veiðar á uppsjávarfiski að meta magn meðafla með sýnatöku og reikna hann til aflamarks fiskiskips á þeim grundvelli. Felur breytingin í sér frávik frá þeirri meginreglu laganna að flokka beri allan afla um borð í fiskiskipum og landa honum þannig. Í athugasemdum með frumvarpinu eru tilgreindar ástæður þess að rétt þykir að víkja frá þessari meginreglu við þessar veiðar og tekur meiri hlutinn undir þau sjónarmið sem þar koma fram. Þá eru í frumvarpinu lagðar til nokkrar breytingar sem lúta að framkvæmd leyfissviptinga vegna veiða umfram veiðiheimildir.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Undir nefndarálitið rita Guðjón Hjörleifsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Dagný Jónsdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Una María Óskarsdóttir.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði frumvarpinu vísað til 3. umr.

[18:01]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Magnús Þór Hafsteinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftir ræðu formanns sjávarútvegsnefndar, hv. þm. Guðjóns Hjörleifssonar, langar mig til að spyrja hann tveggja spurninga, fyrst hvort hann telji að kvótasetning á kolmunnaskipum í svokölluðum meðafla stangist ekki á við kosningaloforð hans fyrir alþingiskosningarnar árið 2003 en þá lofaði hann m.a. úti í Vestmannaeyjum kjósendum sínum að ef hann kæmist á þing mundi hann berjast gegn kvóta á kolmunna, keilu, löngu og skötusel.

Mér þykir það frumvarp sem hér er til umræðu núna stangast á við andann í þessu kosningaloforði sem hengt var upp víða um Vestmannaeyjabæ rétt fyrir alþingiskosningarnar árið 2003. Því væri gaman að fá að heyra hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, þingmann Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, útskýra nánar hvort hann sé ekki á ákveðinn hátt að ganga á bak kosningaloforðum sínum.

Seinni spurning mín til hv. þingmanns er sú hvort hann hafi íhugað það hvernig staðið skuli að prufutöku upp úr þessum skipum í framtíðinni, hvort hann sjái ekki fyrir sér að ef við ætlum að gæta jafnræðisreglu verði að fara í gegnum hvern einasta farm úr öllum uppsjávarveiðiskipum sem veitt hafa með flotvörpu í íslenskri landhelgi þegar landað er í höfnum víðs vegar um landið og hvort hv. þingmaður hafi þá hugleitt hver eigi að borga kostnaðinn við það að þurfa að greiða starfsmönnum, sennilega Fiskistofu, kaup á öllum tímum sólarhrings við þessa vinnu og hver eigi að borga fyrir úrvinnslu þeirra gagna sem safnað verður því að ljóst er að þetta er tímafrek iðja. Það væri gaman að fá að heyra svör við þessum spurningum.

[18:04]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem kemur fram hjá hv. þm. Magnúsi Þór Hafsteinssyni að það var töluverð umræða þegar kolmunninn var settur í kvóta og það voru mótmæli í Vestmannaeyjum. Ég get alveg sagt það hér og nú að við Eyjamenn mótmæltum oft ákvörðunum í sjávarútvegsmálum þegar ég var bæjarstjóri í Eyjum og vorum ekkert feimnir við að senda mótmæli til yfirvalda, hverjir sem hafa stjórnað kvótasetningunni. Það var hreinn meiri hluti sjálfstæðismanna í Eyjum og ég tel að margt sem hefur gerst í þessu kerfi, bæði hvað varðar handaflsaðgerðir o.fl., hafi ekki verið réttmætt.

Þingmaðurinn er jafnvel að tala um prufur og eftirlit. Ég held að skipstjórar muni stýra veiðum sínum öðruvísi. Þeir munu forðast meðafla eða taka þann kostinn að skilja hann frá öðrum afla og nýta hann á sem arðbærastan hátt, eins og ég sagði áðan. Ég held að menn hætti að toga um öll svæði í leit að kolmunna. Sú held ég að verði framtíðin, að menn stýri þessu betur.

Svo er ég mjög bjartsýnn eftir að hafa rætt við skipstjórnarmann sem tók þátt í tilraununum með skiljurnar. Þar er meðaflinn að sleppa lifandi út og hann segir að þetta verði hverfandi. Ég vona að sú verði lausnin í þessu máli því að ég veit að annars getur verið erfitt að flokka meðaflann.

[18:05]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Magnús Þór Hafsteinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta voru ansi snautleg svör. Hv. þingmaður svaraði hreinlega ekki spurningu minni um það hvort hann teldi að þetta stangaðist ekki á við kosningaloforð hans vorið 2003.

Hins vegar sagði hann mjög athyglisverðan hlut þegar hann benti á það að Eyjamenn, til að mynda í bæjarstjórn Vestmannaeyja þar sem hann var áður bæjarstjóri, hefðu oft verið duglegir við að mótmæla ýmsum stjórnvaldsaðgerðum sem væru íþyngjandi fyrir sjávarútveginn, þó kannski einkum og sér í lagi íþyngjandi í sjávarplássi eins og Vestmannaeyjum.

Nú leggst hins vegar lítið fyrir kappann þegar hann er kominn inn á þing, þá umpólast hann allt í einu. Þá er eins og skipt sé um forrit í honum, hann umpólast úr manni sem hefur verið gagnrýninn á kvótakerfið í orði en ekki á borði. Hann umhverfist í kvótasinna sem hefur fátt annað gert í ræðustól Alþingis en að koma því litla sem ekki var lengur í kvóta yfir í kvóta. Þá er helst að minnast þess sem gerðist hér fyrir nákvæmlega ári þegar ríkisstjórnarmeirihlutinn setti smábátana sem eftir voru á svokölluðu dagakerfi í kvótakerfi. Núna er höfuðið bitið af skömminni og haldið áfram, og hinar svokölluðu aukategundir sem þó voru hverfandi í afla kolmunnaskipanna eru líka settar í kvóta. Þar með er enn og aftur vegið að hagsmunum Vestmannaeyinga, kolmunnaskipa í Vestmannaeyjum, vegna þess að ég held að einhver hljóti að þurfa að borga reikningana sem berast fyrir þetta eftirlit. Enn ein eftirlitsmyllan sem lögð er á sjávarútveginn, enn einar byrðarnar. Hver mun borga þá reikninga? Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson gat ekki svarað því.

Hann sagði hins vegar að hann hefði talað við einn skipstjóra. Hv. þm. Guðjón Hjörleifsson virðist ekki gera sér grein fyrir því að það eru um 30 skip sem stunda kolmunnaveiðar við Ísland og þeir eru fjölmargir, skipstjórarnir í þessum flota. Heldur eru það snautleg vinnubrögð þegar verið er að setja lög sem eiga eftir að kosta útgerðirnar tugi milljóna króna að ræða þá aðeins við einn mann sem hefur vit á þessum veiðum.

[18:07]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagðist hafa talað við skipstjóra sem tók þátt í þessu verkefni og nýtti þessar skiljur þannig að árangurinn væri mjög góður.

Ég talaði um stjórnvaldsaðgerðir, handaflsaðgerðir þegar verið væri að flytja kvóta frá þeim sem voru í aflamarkskerfinu yfir á smábáta. Sú er ástæðan fyrir því að bæjarstjórn Vestmannaeyja mótmælti á sínum tíma.

Ég er mjög kvótasinnaður maður. Varðandi kolmunnann taldi ég þá aðferðafræði betri að í staðinn fyrir að taka þrjú viðmiðunarár vildi ég taka síðasta árið og hafa hærri hlut-

föll, þá voru fleiri bátar komnir í þetta. Við fengum mjög stór skip sem höfðu verið í smíðum og misstu af því að veiða þennan tilraunakvóta.

[18:08]

Útbýting:

Greiðslur úr Lífeyrissjóði sjómanna, 785. mál, svar fjmrh., þskj. 1454.

Minka- og refaveiðar, 783. mál, svar umhvrh., þskj. 1453.

Olíugjald og kílómetragjald, 807. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1434.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, 644. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 1450; brtt. minni hluta menntmn., þskj. 1451.

[18:08]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Í 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra skuli setja reglur um það hvernig meta skuli meðafla við löndun á uppsjávarfiski. Þá er í ákvæðinu kveðið beint á um að meðafli skuli reiknast til aflamarks viðkomandi skips. Hingað til virðist lögum um umgengni um nytjastofna sjávar ekki hafa verið beitt með sama hætti um veiðar á uppsjávarfiski og gert hefur verið við veiðar á öðrum tegundum á Íslandsmiðum. Meðafli við veiðar á kolmunna, síld og loðnu hefur í raun ekki reiknast til aflamarks þeirra skipa sem uppsjávarveiði stunda hvort sem hann hefur komið í flotvörpu eða nót. Hvatinn til að forðast veiðar á öðrum tegundum en uppsjávartegundum hefur því einungis verið siðferðilegur við þessar veiðar, ekki efnahagslegur.

Í 9. gr. þeirra laga sem hér er verið að breyta segir, með leyfi forseta:

„Skipstjóra fiskiskips er skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum. Verði því ekki komið við vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Skipstjóra fiskiskips er skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega. Ákveði ráðherra á grundvelli laga um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð eða þyngd teljist aðeins að hluta með í aflamarki skal hann setja reglur um hvernig að frágangi hans um borð í veiðiskipi og vigtun skuli staðið. Skipstjóra ber að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns."

Af ákvæði þessu er ljóst að skip sem stundað hafa veiðar á uppsjávarfiski hafa ekki farið að þessu ákvæði með því halda afla aðskildum, hvorki um borð í skipunum né við löndun hans. Miklar kröfur eru hins vegar gerðar til annarra sem stunda hefðbundnar veiðar á Íslandsmiðum um að farið sé að lögum og reglum um flokkun og vigtun sjávarafla og eru strönga viðurlög við brotum á því. Einhverra hluta vegna hefur það sama ekki gilt um meðferð og vigtun meðafla við uppsjávarveiðar og hefur meðafli því í flestum tilvikum runnið til bræðslu án þess að tilraunir hafi verið gerðar til að flokka hann frá eða vigta. Hefur þetta leitt til þess að veiddar hafa verið þúsundir tonna af bolfiski án þess að útgerðirnar sem þessar veiðar hafa stundað hafi þurft að leggja til aflamark í þeim tegundum. Slíkur meðafli sem samanstendur aðallega af ufsa og þorski hefur því verið veginn og skráður sem kolmunni, loðna eða síld og lítt virðist hafa verið við því amast af hálfu stjórnvalda þó að um skýrt brot á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, hafi verið að ræða.

Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvernig sýnatöku eða útreikningi á meðafla eftir tegundum verður háttað við afgreiðslu þessa frumvarps og er það miður. Upplýst var á fundum nefndarinnar að líklega yrðu tekin 500 kg í sýni úr hverjum 100 tonnum af afla, þ.e. sem svarar 0,5%. Þetta þýðir að úr 1.000 tonna kolmunnafarmi yrðu tekin 5 tonn til skoðunar til að meta magn og tegund meðafla og má ætla að skekkja í magni geti orðið mikil við svo knappa sýnatöku.

Umfang meðafla við þessar veiðar er afar mismunandi og kom fram í svari sjávarútvegsráðherra um þetta efni á yfirstandandi þingi, sbr. þskj. 426, að á árinu 2004 megi ætla, út frá mælingum sem gerðar voru af Fiskistofu, að meðafli við kolmunnaveiðar frá mars til október hafi þá verið 2.094 tonn af ufsa og 1.686 tonn af þorski. Þá kom fram á fundum nefndarinnar að til viðbótar þessu megi ætla að u.þ.b. 1.000 tonn af öðrum tegundum hafi verið í meðafla á sama tíma.

Á árinu 2004 voru einungis skráð rúm 25 tonn af karfa til aflamarks af kolmunnaveiðiskipum allt árið. Miðað við þær upplýsingar er alveg ljóst að ekki hefur verið lagður kvóti á móti þeim 4.000 tonnum af meðafla sem um ræðir nema í afskaplega litlum mæli. Ekki hefur verið reynt að meta magn eða tegundir meðafla við síld- og loðnuveiðar þannig að sá afli kemur til viðbótar þeim afla sem áætlaður hefur verið.

Í ljósi þess hvernig staðið hefur verið að flokkun og vigtun meðafla uppsjávarskipa má segja að verið sé að setja skarpari reglur um veiðar og umgengni þessara skipa og um leið er verið að viðurkenna að ekki hafi verið farið að lögum sem um þetta gilda. Það er því til bóta að mati 1. minni hluta að eyða öllum vafa um að kvóta þurfi á móti þessum meðafla þótt ekki verði séð að hingað til hafi verið vafi um það, og einnig að nú skuli settar samræmdar reglur um sýnatöku og útreikning meðaflans.

Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu mun hvetja skipstjórnarmenn frekar en áður til að forðast eins og frekast er unnt hættuna á því að fá meðafla í miklum mæli, vegna þess að það er ákaflega kostnaðarsamt og óhagkvæmt að þurfa að leggja kvóta á móti fiski sem hefur að mestu verið eyðilagður við dælingu og hefur við löndun ekkert verð umfram bræðsluverð. Það hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál allra að forðast eins og unnt er að skemma hráefni með þeim hætti sem hlýtur jafnframt að vekja spurningar um notkun flottrolls við veiðar á uppsjávarfiski en meðafli virðist meira vandamál við veiðar með slíkum veiðarfærum en við hinar hefðbundnu nótaveiðar.

Í 2. gr. eru lagðar til breytingar sem snúa að framkvæmd leyfissviptinga vegna veiða umfram veiðiheimildir. Fyrsti minni hluti tekur undir hugmyndir um að heimilt sé að senda aðvaranir um umframveiði með öðrum hætti en með símskeytum og að þannig verði dregið úr kostnaði sem fellur á útgerðina þess vegna.

Fyrsti minni hluti leggst ekki gegn samþykkt frumvarpsins þar sem efni þess er til bóta og mun bæta núverandi umgengni við veiðar á uppsjávarfiski en telur að leggja þurfi alla áherslu á að þróa þessar veiðar með þeim hætti að magn meðafla minnki verulega frá því sem nú er og tryggja að sá meðafli sem þó fæst reiknist til aflamarks.

Jón Bjarnason var viðstaddur afgreiðslu málsins sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkur áliti þessu. Undir það rita Jón Gunnarsson, sem átti að vera framsögumaður hér í dag, og Jóhann Ársælsson, sá sem hér stendur.

[18:15]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Magnús Þór Hafsteinsson):

Virðulegi forseti. Ég kem í ræðustól til að gera grein fyrir nefndaráliti mínu varðandi þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

Með þessu frumvarpi á að lögfesta að útgerðum fiskiskipa verði skylt að telja meðafla við uppsjávarveiðar til frádráttar aflamarks. Meðaflann á að meta út frá niðurstöðum sýnatöku úr afla skipanna við löndun.

Frú forseti. Þetta frumvarp er bæði illa og hroðvirknislega unnið og það á alls ekki skilið að verða að lögum. Það þarf að vinna þetta mál miklu betur. Það hefur verið staðið mjög illa að því í sjávarútvegsnefnd og ég hygg að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi látið ráðuneyti sitt semja frumvarpið án mikillar ígrundunar því að það er svo augljóst að það er alvarlega meingallað og ætti að sjálfsögðu ekki að verða að lögum núna.

Frumvarpið var lagt fram á hinu háa Alþingi þann 4. apríl og sjávarútvegsráðherra mælti fyrir því 10 dögum síðar, þ.e. 14. apríl. Þá fór það til sjávarútvegsnefndar þar sem farið var yfir málið með mjög yfirborðskenndum og slælegum hætti þrátt fyrir mótmæli mín sem skipaði þá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar. Voru einungis tveir aðilar kallaðir á fund nefndarinnar til að ræða um þetta frumvarp, embættismaður frá sjávarútvegsráðuneytinu og fiskifræðingur frá Hafrannsóknastofnun. Það kom berlega í ljós þegar þessir menn voru spurðir út úr um málið að hvorugur þeirra hafði neina reynslu af veiðum eða löndun á uppsjávarfiski, til að mynda kolmunna. Þeir glímdu báðir við mjög alvarlegan þekkingarskort á þessu málefni, gátu ekki svarað spurningum nefndarmanna og þess vegna óskaði ég eftir því að fleiri yrðu kallaðir til nefndarinnar til að ræða við hana áður en málið yrði afgreitt frá henni, til að mynda skipstjórar úr veiðiflotanum sem eru þeir menn sem mesta þekkingu hafa á veiðum, löndun, á þeim tegundum sem veiðast í flotvörpu hér við land, sem eru þá loðna, síld og kolmunni. Þessu var hafnað af formanni nefndarinnar. Ég óskaði líka eftir því að svokölluð umgengnisnefnd sjávarútvegsráðuneytisins sem mér skilst að í sitji fulltrúar útgerðarmanna, sjómanna, embættismenn, fiskifræðingar, menn frá Fiskistofu og jafnvel aðrir yrði kölluð fyrir nefndina. Því var einnig hafnað.

Ég benti á það að einungis fjórar umsagnir um málið hefðu borist. Þær eru allar, eða flestar, frá aðilum sem hafa lítið með kolmunnaveiðarnar að gera, Félagi kvótabátaeigenda, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Félagi smábátaeigenda og Hafrannsóknastofnun. Reyndar er það svo að Farmanna- og fiskimannasambandið sem í eru skipstjórarnir samþykkir þetta frumvarp umyrðalaust. Það hlýtur að koma mjög á óvart því að ég er alveg sannfærður um að þetta frumvarp vegur beint að hagsmunum íslenskra skipstjórnarmanna þar sem það vegur beint að hagsmunum útgerðanna.

Virðulegi forseti. Ekki var heldur orðið við tilmælum um að fulltrúar Landssambands íslenskra útvegsmanna kæmu á fund nefndarinnar til að ræða þetta mál sérstaklega og svara spurningum frá mér og hugsanlega fleirum um þetta tiltekna frumvarp. Því var einnig hafnað. Málið var síðan afgreitt af meiri hluta sjávarútvegsnefndar með vafasömum hætti, að ég tel, því að á þennan tiltekna fund vantaði tvo fulltrúa Framsóknarflokksins. Þeir voru sem sagt ekki á fundinum, fulltrúar Framsóknarflokksins í sjávarútvegsnefnd. Þá voru kallaðir utan af gangi tveir þingmenn sem voru staddir þar fyrir tilviljun, þingmenn Framsóknarflokks úr öðrum þingnefndum sem aldrei, aldrei nokkurn tímann, hafa setið í sjávarútvegsnefnd og hafa litla þekkingu, að ég tel, á sjávarútvegsmálum, hv. þm. Dagný Jónsdóttir og hv. varaþingmaður Una María Óskarsdóttir frá Framsóknarflokki, og látnar skrifa upp á að þetta mál yrði afgreitt út úr sjávarútvegsnefnd.

Þetta tel ég vera forkastanleg vinnubrögð og segir í raun og veru meira en mörg orð um það hversu óvandað og illa unnið þetta mál er.

Virðulegi forseti. Undanfarin ár hefur notkun flotvörpu til veiða á loðnu, síld og kolmunna færst mjög í vöxt hér við land. Komið hefur fram að meðafli af öðrum tegundum gæti verið vandamál við þessar veiðar. Af þeim sökum hefur sá sem hér stendur lagt fyrirspurnir tvö ár í röð, bæði á 130. og 131. löggjafarþingi, um meðafla við flotvörpuveiðar. Svör ráðherra gefa til kynna að meðaflinn hafi einkum mælst í afla skipa sem veiða kolmunna þó að einnig megi finna dæmi um meðafla á síldveiðum.

Það hefur nokkuð verið gagnrýnt og það með réttu — því ber að halda til haga — að uppsjávarveiðiskip skuli ekki þurfa að leggja til aflaheimildir fyrir meðafla kvótabundinna fisktegunda en skip sem stunda bolfiskveiðar þurfi hins vegar alltaf að gera slíkt og þau séu líka undir ströngu eftirliti og útgerðir þeirra sæti jafnvel hörðum refsingum ef lög um þetta eru brotin.

Þá tel ég tíma til kominn að staldra við og huga frekar að því að losa um allt of ströng lög varðandi meðafla í bolfiskveiðum þannig að mönnum verði gert kleift að koma með slíkan meðafla að landi í staðinn fyrir að þurfa að leggja fram kvóta fyrir þeim afla. Mér finnst ekki réttmætt að setja illa ígrunduð og óvönduð lög um meðafla hjá uppsjávarveiðiskipum, eingöngu með skírskotun til þess að aðrir búi við vond lög og því sé rétt að láta svipuð ólög ganga yfir alla. Ég verð að segja að það eru mikil vonbrigði að sjá Guðjón Hjörleifsson, formann sjávarútvegsnefndar, þingmann í Suðurkjördæmi, sem fór þó m.a. inn á þing út á þau loforð að hann ætlaði að vinna að því að koma kolmunna úr kvóta og líka aukategundum af bolfiski, eins og keilu, löngu og skötusel, berjast núna fyrir því að koma þessum lögum sem verða sennilega sett hér í kvöld í gegn-

um þingið, að það skuli einmitt vera hann sem stígur fram fyrir skjöldu og færir þetta í gegn, sennilega fyrir hæstv. sjávarútvegsráðherra. Hv. formaður sjávarútvegsnefndar hefur lýst því yfir í Auðlindinni, fréttaþætti um sjávarútvegsmál, að hann sé sérstakur fulltrúi framkvæmdarvaldsins, þ.e. sjávarútvegsráðherra, í sjávarútvegsnefnd og gerir því væntanlega það sem honum er sagt.

Við vitum að kolmunnaveiðar hafa skilað þjóðarbúinu miklum verðmætum frá því að þær hófust af alvöru árið 1997. Stór hluti af aflanum hefur verið veiddur af skipum frá austanverðu landinu og þau hafa að mestu leyti landað afla sínum í fiskmjölsverksmiðjur á Austurlandi. Enginn vafi leikur á að þessar veiðar hafa skilað miklum umsvifum og virðisauka í landi og líka á sjó, á þeim tíma ársins sem áður var mjög daufur með tilliti til verkefna hjá mikilvægum hluta fiskiskipaflotans. Erlend skip hafa einnig landað kolmunna hér á landi sem að hluta til hefur verið veiddur af Færeyingum innan íslenskrar lögsögu. Síðustu fjögur árin hafa fiskmjölsverksmiðjur hér á landi tekið á móti rúmlega 1,6 millj. tonna af kolmunna. Það hefur ekki verið neitt smáræðisævintýri hér á ferð.

Við þá lagasetningu sem hér um ræðir er mjög mikilvægt að löggjafinn hafi við höndina viðurkennd gögn sem sýna umfang þeirra atriða sem hugsanleg lög skulu ná yfir. Það á ekki að vera hlutverk okkar sem sitjum á Alþingi að hlaupa á eftir kjaftasögum úti í bæ, það á ekki að vera okkar verk.

Því miður eru ekki til margar rannsóknir á meðafla í flotvörpu sem sýna umfang þessa vanda, þ.e. meðaflans. Fiskistofa hóf vorið 2003 skipulegar mælingar á meðafla við flotvörpuveiðar uppsjávartegunda. Áherslan hefur þó fyrst og fremst beinst að mælingum meðafla við kolmunnaveiðarnar þar sem hættan á honum er metin mest. Niðurstöðurnar hafa komið fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunar og þær sýna að þetta er ekki alvarlegt vandamál þegar tillit er tekið til þess hversu hátt hlutfall af meðafla er í heildarkolmunnaafla skipanna.

Árið 2003 — og þetta er byggt á mjög takmörkuðum rannsóknum — er talið að alls hafi veiðst 156 tonn af þorski sem meðafla. Árið 2003 var móttaka íslenskra fiskmjölsverksmiðja á kolmunna heil 520 þús. tonn. Árið 2004 er uppreiknaður meðafli af þorski talinn tæp 1.700 tonn, árið 2004 veiddi flotinn okkar 480 þús. tonn af kolmunna. Við erum að tala um innan við 0,5% af heildaraflanum. Þetta er mjög lítill meðafli í fiskveiðum. Það er nánast alltaf einhver meðafli í öllum fiskveiðum, þetta verður að teljast mjög lítill meðafli.

Þrátt fyrir þá staðreynd að meðafli hefur verið mjög lítill þegar litið er til heildarafla við kolmunnaveiðarnar hafa menn brugðist við þessum vanda, að sjálfsögðu, eftir því sem reynslan hefur aukist við veiðarnar og þar með þekking manna á því hvar og hvenær mesta hættan er á því að fá þennan meðafla. Þetta er að sjálfsögðu vandamál sem þeir sem stunda veiðarnar vilja vera lausir við. Enginn gerir það að gamni sínu að veiða þorsk í bræðslu eða ufsa í bræðslu, það hljótum við öll að skilja. Þetta hefur leitt til þess, þ.e. meðaflavandamálið, að menn hafa lokað mjög stórum veiðisvæðum fyrir flotvörpuveiðum, m.a. svokölluðum Þórsbanka suðaustur af landinu en einnig öðrum svæðum. Margar af þeim lokunum hafa komið til vegna óska sjómanna sjálfra.

Það er líka búið að banna síldveiðar með flotvörpu, til að mynda þar sem togveiðar með fiskibotnvörpu eru bannaðar með reglugerðum. Menn hafa líka unnið að tilraunum með það að þróa notkun sérstakrar skilju sem yrði sett á ákveðinn stað í flotvörpunni sem mundi skilja út þann bolfisk sem hugsanlega slæddist með. Sá fiskur mundi þá sleppa lifandi og heill út úr veiðarfærinu. Þessar skiljur eru tiltölulega einfaldar. Það er töluverð reynsla við notkun þeirra í bolfiskveiðum. Ég þekki þessar skiljur mjög vel, hef unnið við rannsóknir á þeim og þarna er sennilega verið að vinna að hlutum sem mundu leysa þetta. Hér eru sem sagt komin enn ein rökin fyrir því að það sé hrein della að setja þessi lög. Þau eru óþörf. Menn munu leysa þetta með veiðitækni, þróun veiðarfæra.

Sjávarútvegsnefnd hefur hvergi fengið upplýst með óyggjandi hætti hvernig standa eigi að sýnatöku úr förmum uppsjávarveiðiskipa til að meta hversu mikill meðafli leynist hugsanlega um borð. Við vitum að það verður þó að gera vísindalegar kröfur, strangar, um slíka sýnatöku. Niðurstöðurnar verða að vera trúverðugar, sérstaklega þar sem um getur verið að ræða verulegar fjárhæðir sem leggjast þá á útgerð ef meðafli finnst í einhverjum mæli.

Það er ekki hægt að sjá að stjórnvöld hafi hugleitt hvernig eigi að framkvæma þetta eftirlit. Við fengum ekki á fund okkar í sjávarútvegsnefnd neina menn sem gátu svarað því af einhverju viti hvernig ætti að framkvæma eftirlitið, hvernig ætti að útfæra þessi lög. Enginn hefur getað svarað því, ekki viljað það eða hvernig sem það er.

Það má finna lýsingu á aðferðum við að meta svona meðafla í skýrslu sem Hafrannsóknastofnun gerði. Hún hefur verið að reyna að mæla þetta hjá kolmunnaskipunum og hún gaf út skýrslu yfir meðafla í kolmunnaveiðum árið 2003. Lýsinguna á þeim aðferðum er að finna þar, ég tók hana út og birti hana í þessu nefndaráliti. Þá kemur í ljós að þetta er mjög flókið mál. Það er mjög mikil vinna að gera þetta og það hlýtur að vera mjög dýrt. Það er verið að taka sýni úr aflanum þegar verið er að landa. Maður sér fyrir sér að hér þurfi a.m.k. nokkra menn til að geta framkvæmt þetta. Ef það á að gæta jafnræðis fæ ég ekki séð að komist verði hjá því að viðhafa svona aðferðir við löndun á hverjum einasta farmi uppsjávarskips sem berst á land til vinnslu í íslenskum fiskmjölsverksmiðjum ef þessi lög verða að veruleika. Það er hreinlega ekki hægt. Við getum ekki leyft okkur að taka út skip sem er að koma af veiðislóðinni að morgni, skoða farm þess með tilliti til meðafla, reikna síðan á þá útgerð einhvern kvóta ef meðafli finnst í þeim farmi og síðan bara hleypt skipi sem er að koma af sömu veiðislóð kannski örfáum klukkutímum seinna, jafnvel samtímis, í gegn án þess að þetta eftirlit fari líka fram um borð í því. Það er ekki hægt. Hér verðum við að gæta jafnræðis.

Við getum heldur ekki leyft okkur að taka farminn úr skipinu sem við höfum eftirlit með og reiknað hann yfir á hitt skipið, það er ekki hægt heldur, að fara að senda hinu skipinu einhvern tilbúinn reikning, skáldaðan reikning á grundvelli niðurstaðna úr einhverju öðru skipi, því að hér er um að ræða peninga og töluvert mikla peninga. Ég get ekki ímyndað mér að útgerðirnar muni finna sig í því að yfirvöld

séu að senda þeim reikninga fyrir einhverjum ímynduðum meðafla sem kannski er ekki fyrir hendi. Þetta mun aldrei ganga, virðulegur forseti. Stjórnvöldum getur ekki orðið stætt á því að einungis sum skip sem lendi í eftirliti verði látin sæta því að útvega kvóta fyrir uppreiknuðum meðafla á meðan önnur skip, sem kannski eru að veiða á sama tíma, sleppa. Það er ekki hægt.

Hvernig ætla menn svo að kvótareikna meðafla Færeyinga sem veiða innan lögsögu okkar? Hvernig á að fara að því? Eiga þeir að skaffa kvóta, eiga þeir að skaffa bolfiskkvóta úr íslenskri lögsögu fyrir meðafla sem þeir fá í kolmunnaveiðum í íslenskri lögsögu? Í gildi er samkomulag við Færeyinga sem segir að Færeyingar megi veiða kolmunna í lögsögu Íslands. Einnig er í gildi samkomulag þar sem Færeyingar hafa kvóta í bolfiski en þeim kvóta er úthlutað á færeysk línuskip. Honum er ekki úthlutað á færeysk uppsjávarveiðiskip. Hvernig ætlum við að fara að því að leysa það?

Þetta á allt saman eftir að valda miklum deilum. Þetta á líka eftir að kosta mikla peninga eins og ég benti á. Greiða þarf mönnum laun fyrir hið tímafreka starf að fara yfir aflann. Þetta mun eflaust tefja fyrir löndun úr skipunum og eins og ég sagði áðan höfum við hvergi fengið upplýst um það hver eigi að borga þann eftirlitskostnað sem af öllu þessu mun hljótast.

Ég á ekki von á að ríkisvaldið, að hæstv. fjármálaráðherra sé reiðubúinn til að borga reikningana fyrir þetta eftirlit. Ég á frekar von á því að reynt verði að troða honum yfir á útgerðirnar, að þær fái reikningana, en ég er ekki viss um að þeim reikningum verði vel tekið af útgerðum þeirra skipa sem margar hverjar eru nú þegar farnar að glíma við slæma afkomu af þessum veiðum, olíuverð hefur hækkað, hráefnisverð hefur verið að lækka og þar fram eftir götunum. Ég veit líka að sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi eru fyrir löngu síðan búin að fá sig fullsödd af gífurlegum kostnaði vegna stöðugt meiri eftirlitsiðnaðar, sem þrífst í skjóli kvótalaga stjórnvalda, þ.e. Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Ég hygg að fáir eða engir atvinnuvegir í landinu hafi verið skattlagðir jafnhrikalega af neinni ríkisstjórn og þeirri sem nú situr, hér er ég að tala um sjávarútveginn.

Við getum fundið fleiri meinbugi á þessu vonda frumvarpi. Mörg skip sem landa kolmunnaförmum hér á landi veiða hugsanlega í íslenskri lögsögu og landa síðan kolmunnanum til vinnslu í Færeyjum. Þá verðum við að senda eftirlitsmenn til Færeyja til að fara yfir farminn hjá þeim skipum, hver á að borga reikninginn fyrir það? Því hefur hvergi verið svarað.

Hér er því mikið af stórum spurningum sem ekki hafa fengist nein svör við og er ósvarað. Þetta mál er svo illa undirbúið á allan hátt, illa úthugsað, vanhugsað, vanreifað, að það er hreinlega til vansa. Mér finnst það ekki boðlegt og ég skil í raun og veru ekki hvers vegna í ósköpunum það þarf að koma þessum lögum í gegn, láta þau taka gildi núna á miðju sumri eftir að vertíðin er hafin, hvað í ósköpunum það er sem gerir það að verkum að það liggi svona mikið á.

Hitt skal þó vera alveg víst, að ég mun halda áfram að senda fyrirspurnir mínar til hæstv. sjávarútvegsráðherra um meðafla hjá þessum skipum. Ég mun fylgjast með því hvort hvert einasta skip sem fiskar með flotvörpu í landhelgi Íslands árið um kring verði ekki látið sæta þessu eftirliti, og það væri enn og aftur gaman að fá að heyra hv. formann sjávarútvegsnefndar svara þeirri spurningu: Hver á að borga reikninginn?

Umræðu frestað.

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 396. mál (skattskylda orkufyrirtækja, breyting ýmissa laga). — Þskj. 503, nál. 1221.

[18:35]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við höfðum nú haft nokkra umræðu um það mál sem hér er á dagskrá núna, þ.e. breyting á ýmsum lögum á orkusviði, fyrir nokkrum dögum, ég man ekki hve mörgum.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill biðja um betra hljóð í salnum.)

En mál hafa skipast svolítið öðruvísi síðan, því að nú liggur fyrir að skattlagning orkufyrirtækja, sem í raun er aðalþingmálið — þetta er fylgimál þess þingmáls — er sem sagt afgreitt mál hér í þinginu. Þetta lagafrumvarp, breyting á ýmsum lögum á orkusviði, er fylgimál þar sem gerðar eru tillögur um að taka út og fella niður hinar ýmsu greinar laga sem í rauninni hljóta að fylgja þeirri breytingu sem þar er á ferðinni. Það var þess vegna sem við þingmenn minni hlutans, stjórnarandstöðunnar, skrifuðum undir nefndarálit iðnaðarnefndar með fyrirvara, vegna þess að við sáum það auðvitað að það hlyti að verða niðurstaðan að ef hitt málið færi í gegn færi þetta líka.

Ég sé ekki ástæðu til að eyða tíma Alþingis í að fara yfir þessi mál núna, það var gert vandlega við umræðuna á sínum tíma og síðan líka við umræður um skattlagningu orkufyrirtækja. Þetta er sem sagt fylgitillaga með því eða bandormur, eins og menn kalla það hér í Alþingi.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð en vildi þó koma þessu til skila svona til skýringar til að menn misskilji ekki þá afstöðu sem hér er fólgin frá okkar hendi. Við erum sem sagt alfarið á móti frumvarpinu sem samþykkt var um skattlagningu orkufyrirtækja, eða lögunum, en skiljum að þetta mál sem hér er þurfi að fylgja úr því að lögin voru samþykkt.

[18:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Frú forseti. Það er nú skaði að hafa ekki dálítið rýmri tíma til að fara yfir þessi orkumál núna á lokasprettinum þegar hæstv. iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, er loksins viðstödd umræðu um þessi mál, en á það hefur verulega skort að undanförnu eins og kunnugt er. Því miður urðu menn að sæta því að fara í gegnum umræður um þessi stóru mál án þess að hæstv. ráðherra væri hér til svara. Það er þeim mun ríkari ástæða til að hæstv. iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins, Valgerður Sverrisdóttir, svari til um þessa hluti áður en Alþingi lýkur störfum, þar sem yfirlýsingar hennar, fullyrðingar og svardagar hér frá því fyrir ára-

mót um afleiðingar þeirra breytinga í raforkumálum sem hæstv. ráðherra hefur barist fyrir með bros á vör, liggja núna fyrir í formi stórhækkaðs raforkuverðs í landinu.

Það nægir hæstv. iðnaðarráðherra greinilega ekki að framkalla þá hækkun rafmagnsverðs sem markaðsvæðingarpakkinn hefur nú sannarlega gert, heldur er því fylgt hér eftir með frumvarpi um að skattleggja nú orkufyrirtæki, þessa veitustarfsemi, þá almannaþjónustu sem að uppistöðu til er í eigu opinberra aðila og þar af verulegu leyti sveitarfélaga. Þetta er gert gegn hörðum mótmælum sveitarfélaganna, Neytendasamtakanna, stéttarfélaga og yfirleitt flestallra annarra en þá ríkisstjórnarinnar og kannski Verslunarráðsins.

Hver eru svör hæstv. iðnaðarráðherra nú til þeirra sem hafa verið að fá rafmagnsreikninga á undanförnum mánuðum með tuga prósenta hækkun á töxtum, t.d. til að hita hús, stór hús á köldum svæðum? Ætlar hæstv. ráðherra að draga formlega til baka fullyrðingar sínar frá haustmissirinu um að þetta muni ekki leiða til neinnar hækkunar raforkuverðs? Er hæstv. ráðherra manneskja til að viðurkenna að þar var ekki farið með rétt mál? Alþingi var í raun og veru blekkt þegar þau mál voru afgreidd hér og nú blasir hitt við.

Auðvitað lá það ljóst fyrir allan tímann að þessar breytingar mundu hafa í för með sér umtalsverðan kostnaðarauka. Þeir sem best þekktu til, og vitna ég þá t.d. í forstjóra Landsvirkjunar, hann sagði á ráðstefnu á Grand Hótel að það væru þrjár, fjórar veigamiklar ástæður fyrir því að raforkuverðið í landinu hlyti auðvitað að hækka. Það væri uppskiptakostnaður hjá fyrirtækjunum, það væri eftirlitskostnaður sem kæmi til með að stóraukast og það væri arðsemiskrafan, arðurinn sem nú á að fara að taka út úr þessari starfsemi.

Það er ekki eins og hæstv. ráðherra hafi mikið lært eða rekið sig eitthvað á. Nei, nei, næstu skilaboð frá hæstv. ráðherra til Alþingis eru þetta frumvarp til laga um skattlagningu orkufyrirtækja. Og hver er ástæðan til þess að fara að skattleggja þessi fyrirtæki eins og nú stendur til, ekki bara raforkuþáttinn heldur líka heita vatnið, hitaveiturnar? Þetta leiðir að sjálfsögðu til hækkunar. Þennan kostnað geta engir borið að lokum aðrir en viðskiptavinir fyrirtækjanna. Það er misskilningur hjá hæstv. fjármálaráðherra að það komi bara fjármunir af himnum til að standa undir þessum greiðslum, eins og skilja mátti á honum hér um daginn.

Og það sem er hroðalegast í sambandi við þessa skattlagningu orkufyrirtækjanna er að það er aðeins lítill hluti viðskiptavina orkufyrirtækjanna sem kemur til með að bera allar byrðarnar, þ.e. almenni notendamarkaðurinn, vegna þess að stóriðjan sem kaupir obbann af rafmagninu er varin með langtímasamningum þar sem ekki er gert ráð fyrir neinum skattgreiðslum 20 ár fram í tímann eða svo. Þetta liggur fyrir í umsögnum fyrirtækjanna sem að undanförnu hafa verið að semja um raforkusölu. Þetta segir Orkuveita Reykjavíkur, þetta segir Hitaveita Suðurnesja og auðvitað gildir þetta líka um Landsvirkjun.

Einnig væri fróðlegt að heyra hvort hæstv. ráðherra er enn sama sinnis að smiðshöggið í þessum efnum eigi svo að vera sameining Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar í eitt fyrirtæki til þess að ná stærri hluta notendamarkaðarins inn á bak við vefinn hjá Landsvirkjun og koma þessum kostnaðarreikningum af stóriðjustefnunni örugglega yfir á herðar fleiri viðskiptavina orkufyrirtækjanna. Það er þá kannski eitthvað sem í vændum er frá hæstv. ráðherra næsta haust — eða hvað?

Ég held að hæstv. ráðherra skuldi þinginu og almenningi, sérstaklega fólki á landsbyggðinni sem kyndir hús sín með rafmagni og býr á svokölluðum köldum svæðum, skýringar á því sem hér hefur gerst. Það er ekki bara nóg að reyna að drepa þessu á dreif eins og gert hefur verið að undanförnu, fyrst með því að fullyrða að það verði engar hækkanir og þegar þær svo blasa við að fara þá að þvæla um það að þetta sé nú kannski eitthvað tilfallandi, raforkureikningarnir séu flóknir aflestrar o.s.frv. Það er náttúrlega niðurstöðutalan sem þar gildir og ég hef séð meira en nóg af dæmum og sýnishornum um hvernig þetta er að koma út, en afar fá dæmi heyrt nefnd um einhverjar lækkanir. (Gripið fram í.)

Það er alveg á hreinu, frú forseti, að við erum ekki að eigast við hér í síðasta sinn um þessi orkumál eins og allt er í pottinn búið. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur stjórnarflokkunum og sérstaklega Framsóknarflokksins fyrir það sem hér hefur verið að gerast í þessum orkumálum. Það er stórkostlega alvarlegt sem er að gerast í þessum málaflokki á Íslandi um þessar mundir og er almenningi ekki til hagsbóta nema síður sé, og ég tel að það gangi ekki að hæstv. iðnaðarráðherra sé með endalaus undanbrögð og svari út í hött þegar staðreyndirnar liggja á borðinu. Ég trúi að ég mæli þar fyrir munn margra annarra en okkar þingmanna í stjórnarandstöðunni. Ég trúi að framsóknarmenn hafi fengið að heyra það hjá einum og einum manni úti á landsbyggðinni undanfarnar vikur og undanfarna mánuði það sem menn eru að upplifa á eigin skinni í þessum efnum.

[18:45]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að hv. þingmaður lýsi ábyrgð á hendur mér í þessu máli. Ég ber ábyrgð á málaflokknum. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á raforkukerfinu eru gríðarlega umfangsmiklar, um það er ekki nokkur spurning. Þær voru hins vegar nauðsynlegar, alveg burt séð frá þeirri tilskipun sem við vorum að innleiða. Það var nauðsynlegt að gera þar á breytingar og það hefðum við gert hvor eð er. Við erum að færa þennan rekstur inn í markaðsumhverfið rétt eins og allar aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við hafa verið að gera.

Ég er sannfærð um að í ljós muni koma að það var nauðsynlegt að gera þessar breytingar. Ég hef sagt og get endurtekið að þetta ár verður að vera nokkurs konar tilraunaár vegna þess að breytingarnar eru svo gífurlegar. En ég get huggað hv. þingmann með því að margir sem hafa fengið lækkanir, ekki síst atvinnulífið á landsbyggðinni. Almennt þá lækkar Rarik-svæðið. Hins vegar þá þekkjum við það sem gerist í húshituninni. Við hækkuðum þá fjárhæð þannig hún er um milljarður kr. í dag, sem greiddur er úr ríkissjóði, til þess að borga niður húshitunarkostnað. Engu að síður hefur orðið hækkun á því svæði hjá þeim sem nota mikið rafmagn til upphitunar húsa.

Ég hef sagt að við munum fara yfir þessa hluti í haust þegar þetta fer að skýrast betur, þ.e. hvernig það kemur út. En mér finnst mikilvægt að halda því til haga að sú skattlagning sem þetta mál byggir á er mál hæstv. fjármálaráðherra. Þótt hv. þingmaður hafi sjálfsagt miklu meira gaman af því að tala við mig en fjármálaráðherra þá er það fjármálaráðherra sem flytur þetta skattamál.

[18:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi er það pólitísk ákvörðun að gera það sem hæstv. ráðherra kallar að færa þessa starfsemi inn í markaðsumhverfi. Það er að sjálfsögðu mannaverk. Það er ekkert náttúrulögmál að þannig þurfi þetta að vera. Þegar menn tala um markaðsvæðingu þessa kerfis og samkeppni, væri þá ekki rétt að hafa í huga hvers eðlis starfsemin er? Þetta er veitustarfsemi. Hitaveitustarfsemi er auðvitað veitustarfsemi og ekkert annað. Hins vegar ber að hafa í huga hver á þessi fyrirtæki. Þetta eru opinber fyrirtæki. Auðvitað er það eins og hver annar brandari að nota það sem einhvers konar skálkaskjól að þetta þurfi að fara inn í það sem menn kalla markaðsumhverfi.

Að sjálfsögðu var ýmislegt sem mælti með breytingum í orkumálum í landinu. Það hafa lengi verið tilfinnanlegar skipulagsskekkjur í því. En spurningin er þá: Hvernig eru þær breytingar? Er það í rétta átt sem hæstv. ráðherra beitir sér fyrir, t.d. að sökkva þó þeim landshlutabundnu fyrirtækjum sem þar voru? Hefði ekki einmitt verið rétt að nota tækifærið og fara í gagnstæða átt, stefna að þróun sem skilaði landshlutabundnum fyrirtækjum á þessu sviði? Slíkt skipulag hefur skilað góðum árangri. Gott dæmi er Orkubú Vestfjarða sem ríkisstjórninni er því miður að takast að fara með eins og raun ber vitni.

Síðan kemur hæstv. ráðherra og veru segir: Það verður bara að hafa það þótt þetta komi nú svona út, þetta er tilraunastarfsemi. Þetta er svona tilraunaár. Það er sem sagt skotið fyrst og síðan spurt. Það er akkúrat það sem hefur einkennt framgöngu stjórnvalda. Trúarbrögðin ráða ferðinni. Menn gefa sér þá niðurstöðu fyrir fram að þetta skuli markaðsvætt og þetta skuli skilgreint sem hver önnur viðskipti í ágóðaskyni en ekki sem þjónusta við raforkukaupendur eða heitavatnsnotendur í landinu. Þar liggur auðvitað hundurinn grafinn. Það er frjálshyggjan, markaðshyggjan, sem hefur alfarið völdin í þessari ríkisstjórn og Framsóknarflokkurinn er orðinn hægrisinnaðasti stjórnmálaflokkur í landinu.

[18:49]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Okkur er tjáð að nú standi yfir tilraunaár. Svakalega erum við heppin að ráðherra vinnur ekki á bráðamóttöku sem læknir.

Virðulegi forseti. Mér er spurn hvernig hæstv. ráðherra ætlar að lagfæra þann skaða sem þegar hefur orðið, sem almenningur hefur verið að borga fyrir. Ég hef ekki orðið var við að nokkur einasta kjarabót hafi orðið í kjölfar þess að orka hafi lækkað til einhverra fyrirtækja úti á landsbyggðinni. Hvar hefur sá kjaraauki komið til fólksins sem borgar miklu hærri húshitunarreikninga, sérstaklega á köldum svæðum?

Það er tilkynnt að það eigi að endurskoða þetta mál og nú sé tilraunaár. Hvernig á þá að borga til baka þann skaða sem þegar hefur orðið? (**SJS:** Senda Framsókn reikninginn.)

Ég hef leyft mér, hæstv. forseti, að kalla þetta axarskaft, axarskaftssmíði, alla þessa löggjöf eins og hún hefur verið og þennan feril, að setja fyrst löggjöf sem menn vita að er ómöguleg í stað þess að fresta henni og sjá hvað kæmi úr framreikningum svo menn áttuðu sig á því hvað þetta þýddi. Nei, það átti að höggva fyrst og spyrja svo. Það er aðferðin, vitandi vits um að kostnaðurinn lendi nánast allur á almenningi, því miður. Þetta lendir harðast á þeim sem búa á köldum svæðum og nota raforku til húshitunar. Þar kemur þetta harðast niður. Það sýna einfaldlega þeir reikningar sem maður hefur fengið senda frá fólki, að almenningur lendir í skakkaföllunum við þetta.

Ég endurtek að ég veit ekki til þess að eitt einasta fyrirtæki hafi hækkað kaup við fólk fyrir það að orkureikningarnir hafi lækkað. Þar hefur ekkert hefur komið á móti. Hér er eingöngu um álögur að ræða án þess að tekjuauki komi á móti, því miður.

Með skattlagningu orkufyrirtækjanna er ýtt undir það að í framtíðinni verði enn frekari hækkanir á orkuverði. Það verður ekki tekið af stóriðjunni. Hún er með fasta samninga þannig að hækkanirnar lenda eins og áður á almenningi þessa lands og auðvitað verst á þeim sem mesta orku nota, sem eru á köldustu svæðunum og þurfa að kynda hús sín með raforku.

Mér er spurn, hæstv. forseti, hvort verið sé að hanna rök fyrir því að sameina þurfi öll orkufyrirtækin í kjölfar þessa máls? Ef orkufyrirtækin eru misjafnlega skuldsett, sem þau eru, þá hefur hv. þm. Birkir J. Jónsson lýst því yfir að fyrirtækin mundu hvort sem er ekki borga skatta á næstu árum, a.m.k. ekki þau skuldsettu, sem verða í miklum framkvæmdum. Önnur fyrirtæki eru á hinn bóginn ekkert ofboðslega skuldsett og til þess að koma jafnræði á mun sennilega þykja nauðsynlegt að sameina allan pakkann. Þá eru komin ný rök í þetta mál. Það er sem sagt búið að búa til rök fyrir því að sameina öll orkufyrirtækin þannig að skuldirnar dreifist jafnt á alla íbúa landsins. Þegar fyrirtækin fara að borga skatt þá kæmu þær kvaðir jafnt á alla, þ.e. ef orkufyrirtækin láta það út í verðlagið sem allar líkur eru á, miðað við þær umsagnir sem hafa borist um þetta mál varðandi skattlagningu orkufyrirtækja.

Þannig sitja menn allt í einu, hæstv. forseti, uppi með að þetta hafi valdið almenningi í landinu skaða. Það er ekki hlutverk okkar á Alþingi að setja lög sem valda almenningi í landinu skaða. Við eigum ekki að setja slík lög, alla vega ekki að óskoðuðu máli. Ef slík lög yrðu sett þá væri lágmark að hafa langan aðlögunartíma og reyna að átta sig á þeim vandræðum sem fylgja þeim í stað þess að höggva fyrst og spyrja svo, hæstv. ráðherra. Mér finnst þetta eiginlega mergurinn málsins. Menn gera tilraunir, eins og hæstv. ráðherra segir, og afleiðingarnar koma niður á fólkinu. Ég vil fá svör við því, hæstv. ráðherra. Ef það er litið á þetta sem tilraun, hvernig á þá að borga þeim til baka sem lenda í mestum kostnaðinum? Ætlar hæstv. ráðherra að beita sér

fyrir því að orkureikningarnir verði skoðaðir heilt ár aftur í tímann og mismunurinn greiddur til baka til fólks? Eða er þetta bara allt í lagi? Má gera svona tilraun? Þetta eru axarsköft, alveg endalaus axarsköft.

Ég undrast, hæstv. forseti, að við skyldum lenda í þessu fari. Við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lögðum til að raforkulögunum væri frestað, þ.e. gildistöku þeirra þótt lögin yrðu sett, þannig að mönnum gæfist tækifæri til að átta sig á afleiðingunum af þeim. Menn gátu ekki horft á það sem skynsamlega niðurstöðu. Nei, þeir þurftu komast inn í tilraunaárið, höggva fyrst og spyrja svo. Það er niðurstaðan. Er nema von að ég hafi kallað ráðherrann axarskaftasmið sem þurfi á mörgum axarsköftum að halda til að koma þessu verki í framkvæmd?

[18:55]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður hefur notað fremur stór orð í þessari umræðu í allan vetur. Ég hef tekið eftir því. (**GAK:** Ég hef sjaldan skammað þig mikið.) Ég undrast það, því mér finnst hv. þingmaður vera prúðmenni.

Ég vil endurtaka, og það vita hv. þingmenn, að þetta var gríðarlega umfangsmikil breyting. Ég hef ekki sagt að þetta sé bara tilraun. Breytingin stendur en hins vegar verðum við að gera okkur grein fyrir því að þetta ár það er nokkurs konar tilraunaár, vegna þess hve umfangsmikil breytingin er. Við erum að taka upp samkeppni.

Hv. þingmaður er þingmaður Norðvesturkjördæmis. Stækkun í Hvalfirði, stækkun Norðuráls, byggir á jarðvarmavirkjunum en það hefði ekki gerst nema vegna þess að við höfum tekið upp þetta nýja fyrirkomulag. Tekin hefur verið upp samkeppni í framleiðslu á raforku. Það var ekki fyrir, Landsvirkjun hafði einokun á þessu sviði. Það er grundvallaratriði sem hv. þingmaður þekkir örugglega, hefur velt fyrir sér og veit að skiptir máli.

Hvað dreifinguna varðar þá er mjög mikilvægt að dreififyrirtækin séu stór og öflug og stundi dreifingu á stórum svæðum. Þess vegna eru uppi áform um að sameina fyrirtæki til að ná fram hagkvæmni, sem mun þýða lægra raforkuverð.

Við skulum hafa í huga að raforkuverð á Íslandi er mjög lágt þegar við berum okkur saman við önnur lönd. Það er mjög lágt. Þar með er ekki sagt að það megi ekki vera lægra. Þegar samkeppnin kemst á gefst einstaklingum og fyrirtækjum tækifæri að versla við þann aðila sem þeir vilja versla við. Þannig virkar samkeppnin í raun.

[18:57]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í ræðu minni lagði ég aðeins eina spurningu fyrir hæstv. ráðherra. Hún var þessi: Hvernig ætlar ráðherra að bæta því fólki skaðann sem tekið hefur á sig orkuverðshækkunina? Ég fékk engin svör við því. Ég óska eftir þeim í síðara andsvari hæstv. ráðherra.

[18:58]

Iðnaðarráðherra (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um neinar endurgreiðslur í þessu sambandi, enda er ekki ljóst hvort á slíku þarf að halda þegar heildarreikningur liggur fyrir. Það er ekkert að marka þá reikninga sem birtust nú eftir áramótin. Ég veit að margir hafa glaðst yfir reikningi númer tvö á þessu ári sem hefur verið allt annars eðlis.

Ég sé og heyri að hv. þingmenn hefðu farið allt öðruvísi í þetta ef þeir hefðu haft völdin. Það getur vel verið að þeir hefðu notað betri aðferðir en ríkisstjórnin. En ég tel að miðað við allt, miðað við hve mikil andstaða var við þetta mál, bæði á hv. Alþingi, hjá orkufyrirtækjunum og öðrum, þá finnst mér vel af sér vikið að ná fram þessum breytingum. Ég er sannfærð um að þær munu leiða af sér betra fyrirkomulag þegar á heildina er litið.

[18:59]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fékk ekki þau svör sem ég óskaði eftir, um hvernig ætti að taka á vanda þess fólks sem þegar hefur fengið hærri orkureikninga. Menn segja að með vorinu, þegar hlýnar, þá muni orkureikningarnir lækka og næstu reikningar verði sennilega góðir. Ég reikna með því, hæstv. ráðherra, að sumarið verði hlýrra en veturinn. Ég geri alveg ráð fyrir því. Þetta var skarplega athugað. Þetta er alveg ótrúlegur málflutningur, hæstv. forseti. Alveg ótrúlegur.

Ráðherrann lýsti því í síðara andsvari sínu að hún hefði mætt svo mikilli mótstöðu, þetta væri svo erfitt, hún þyrfti að taka á og þyrfti að sýna kjark og staðfestu til að koma þessu í gegn. Það er eins og hún gangist upp í því að koma málum gegn, að hún sé þeim mun ánægðari og fái meira kikk út úr því eftir því sem meira er barist á móti henni. (Gripið fram í.) Það er markmiðið. Skynsemin fer veg allrar veraldar, hún er bara ekki með í dæminu. Það er alveg ótrúlegt að sitja uppi með ráðherra sem lýsir verkum sínum svona, að fá sérstaka ánægju út úr málum sem mest andstaða er við. Það sé aðalmálið að koma slíku í gegn í þinginu og fá notið þeirrar ánægju að hafa komið í gegn málum sem allir voru á móti. Ja, hvílík upplifun að sitja uppi með ráðherra þessum í málaflokki sem lýsir verkum sínum og ágæti með þessum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 732. mál (meðafli, leyfissviptingar). — Þskj. 1094, nál. 1223, 1246 og 1278.

[19:01]

Jón Bjarnason:

Frú forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar. Það felur í sér í fyrsta lagi að verið er að opna á heimildir til að meta meðafla við veiðar á uppsjávarfiski til aflamarks fiski-

skipa með ákveðnum hætti. Í öðru lagi eru gerðar nokkrar breytingar á framkvæmd leyfissviptingar vegna veiða umfram veiðiheimildir.

Eins og við vitum hafa uppsjávarfiskveiðarnar verið umdeildar hvað þetta varðar. Veiðar á síld, kolmunna og loðnu hafa verið mjög umdeildar og það er mjög umdeilt hversu mikið af meðafla kemur með við þær veiðar. Það hafa verið mjög lélegar og nánast engar leiðir til að meta þann meðafla, t.d. af botnfiski, sem kemur með við þessar veiðar. Það eru mjög strangar reglur hér á landi um afla á litlum fiskiskipum, smábátum, þar er hver sjómaður eltur með hvern fisk sem samkvæmt lögunum gæti með ólögmætum hætti verið dreginn að landi. En þegar kemur að hinum stóra, gríðarlega afkastamikla flota hefur verið sagt að stærðin sé svo mikil, umfangið sé svo mikið að ekki sé hægt að beita neinum viðhlítandi lögum og reglum til að meta annan afla eða magn af öðrum afla sem kemur með við þær veiðar.

Það er fullkomið óréttlæti við framkvæmd á þeim lögum sem hafa lotið að umgengni um nytjastofna sjávar og snertir meðaflann, fullkomið óréttlæti í mjög hörðum lögum og reglum og viðurlögum og dýru eftirliti sem hefur bitnað fyrst og fremst á á litlum bátum en stóru aflaskipin sem taka meðafla í gríðarlegu magni fá að gera það nánast eftirlitslaust.

Hér er verið að leggja til ákveðna tilraun með því að taka stikkprufur og sýnishorn til að reyna að meta meðafla sem kemur við veiðar á uppsjávarfiski. Það hefur komið fram í nefndinni að það hafi verið mjög takmarkaðar rannsóknarforsendur fyrir hendi til að undirbyggja þessa aðferð en engu að síður er lagt til að hún sé reynd.

Ég tek undir það sjónarmið að miðað við núgildandi lög og reglur um stjórn fiskveiða sé mikilvægt að reyna að ná höndum um þann meðafla sem berst með uppsjávarfiskveiðum. Innan þeirra marka styð ég það sjónarmið sem hér er verið að leggja fram. Ég styð því álit minni hluta sjávarútvegsnefndar sem hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur gert grein fyrir. Sérstaklega styð ég lokasetningar álitsins, að við leggjumst ekki gegn samþykkt þessa frumvarps þar sem innan þessara marka, þ.e. laga um stjórn fiskveiða, sé efni þess til bóta eða gæti verið til bóta, þó er engin trygging fyrir að það sé til bóta, alls ekki, en við teljum að leggja þurfi alla áherslu á að þróa þessar veiðar með þeim hætti að magn meðafla minnki verulega frá því sem nú er og tryggja að sá meðafli sem þó fæst berist að landi heill og óskaddaður, sé þess nokkur kostur, þannig að það sé hægt að nýta hann og hann reiknist þá til aflamarks meðan við enn búum við það kerfi. Ég styð þessi sjónarmið.

Það sem ég vildi annars hnykkja á eru þau sjónarmið Vinstri hreyfingarinnar – grænns framboðs að leggja verulega aukna áherslu á vistvænar veiðar og sjálfbæra nýtingu veiðistofnsins. Það liggja nánast engar eða mjög ófullkomnar rannsóknir fyrir um áhrif þessara gríðarlegu stórvirku veiðarfæra sem trollin sem notuð eru á uppsjávarfisk eru, mjög litlar rannsóknir um áhrif þeirra á lífríki hafsins þar sem þau eru dregin yfir. Það eru þessi atriði sem við viljum að séu skoðuð, áhrif veiðarfæranna á lífríkið í heild sinni. Einnig hvernig vaðið er inn í einstaka afmarkaða stofna, ég tala nú ekki um torfufisk þar sem hægt er að taka fiskinn sem gengur í torfum á ákveðnum tíma ársins og veiða hann í gríðarlegum mæli.

Við verðum að horfa á vistkerfi sjávarins í heild, samspil á milli einstakra tegunda og lífmassanna. Við getum ekki leyft okkur að ganga með þeim hætti sem nú er gert á hverja einstaka tegund, að hver einstök tegund fái sinn afmarkaða kvóta og sé veidd með þeim hætti án tillits til annars ástands í lífríkinu. Þetta gagnrýnum við. Við viljum horfa á þetta heildstætt.

Sömuleiðis viljum við slá mikla varnagla við þeirri þróun sem orðið hefur í þessum veiðarfærum, notkun þeirra, að trollin eru stöðugt að stækka. Menn tala um að op þeirra séu eins og tveir, þrír knattspyrnuvellir og þetta er dregið um hafið, kannski klukkutímum saman og enginn veit í rauninni hver áhrif það hefur á lífríkið. Við sláum mikla varnagla við veiðum af þessu tagi og minnum á þegar gefin var heimild til að veiða t.d. síld í troll, mig minnir að það hafi bara verið gert í tilraunaskyni og aldrei heimilað að fullu.

Frú forseti. Við viljum, og það er stefna Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, að það sé litið á samspil í lífríkinu, áhrif veiða og veiðarfæra á lífríkið í heild og einstaka stofna og það eigi að vera leiðarljósið þegar við stýrum, metum og forgangsröðum í umgengni um nytjastofna sjávar.

[19:09]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Við ræðum hér frumvarp um meðafla sem aðallega snýr að veiði á kolmunna og þeim meðafla sem kemur við kolmunnaveiðar. Reyndar kemur meðafli í mörg veiðarfæri og við margs konar veiðar, hann kemur með síld, loðnu o.s.frv. Við höfum lengst af hér á landi verið með aflamark í botnfiski og þar hefur stífasta eftirlitið verið, að fylgjast með hvort komi tittinum meira eða minna af þorski eða öðrum botnfiski í veiðarfærin og þar hafa verið ströngustu viðurlögin og harðast brugðist við í gegnum tíðina.

Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál, það væri alveg ástæða til þess, en ég hyggst gera það síðar í blaðagrein eða einhverju til að rekja þetta mál nánar. Það er hins vegar alveg þess virði og réttlátt að vekja athygli á því að þegar slíkar reglur eru settar eins og við erum að setja núna eru þær yfirleitt alltaf settar og hafa alltaf verið settar miðað við upphaf fiskveiðiárs. Það eru mjög sjaldan settar reglur sem snúa að kvótabundnum veiðum á miðju veiðitímabili.

Kolmunnaveiðin miðast ekki við fiskveiðiáramót heldur við venjuleg áramót og kolmunnaflinn er afli sem við skiptum sjálfir og er ekki samkomulag um magnveiðar á honum í Norður-Atlantshafi. Veiðisvæðið er geysilega stórt, það er allt frá Írlandi og upp í bresku lögsöguna, nyrst í henni, í færeysku lögsögunni, í Síldarsmugunni, inn í okkar lögsögu í vaxandi mæli á undanförnum árum og inn í norsku lögsöguna svo dæmi sé tekið og alla leið upp fyrir Jan Mayen. Það er því farið vítt og breitt um Norður-Atlantshafið og það er m.a. ein ástæða þess að erfitt er að vera með kvótareikning sem miðast bara við íslensku lögsöguna því að í sömu veiðiferð veiða íslensk skip bæði innan og utan lögsögunnar og hvernig á þá að reikna meðafl-

ann? Þetta er eitt af þeim atriðum sem menn hefðu mátt huga betur að við setningu þessara laga.

Í öðru lagi finnst mér mjög óskynsamlegt að taka þessa reglu upp á miðju veiðitímabili, þ.e. 1. júní nk., þegar hluti af skipunum er búinn að veiða kvótaheimildir sínar á árinu eða langt kominn með þær en aðrir eiga þær kannski allar eftir. Meðaflareglan kemur því mjög misjafnlega út á útgerð skipanna. Ég hefði talið eðlilegt þegar slík regla væri sett, ef menn ætla að setja hana, að hún gilti frá 1. janúar nk., þannig að allt veiðitímabil ársins væri eftir og allir sætu við sama borð, vegna þess að skipstjórar geta ákveðið að hegða sér mjög misjafnlega eftir því hvaða reglu þeir hafa fyrir framan sig. Við getum t.d. hugsað okkur að það hafi verið tilhneiging íslenskra skipstjóra að veiða meira af aflanum utan íslenskrar lögsögu vegna þessa kvótareiknings en ella. Þessar reglur kunna að leiða til þess að Íslendingar sæki meira í færeysku lögsöguna, veiði meira af sínum afla þar. Þar þarf engan meðafla. Það þarf heldur engan meðafla við Írland. Þetta getur þýtt dýrari sókn fyrir okkur út fyrir lögsöguna okkar, vegna þess að engin kvöð er um meðafla. Hún kemur aðeins til þegar við erum komnir inn í lögsöguna.

Þetta segi ég til að benda á hvernig viðbrögðin verða því að við þurfum ævinlega, þegar við setjum lög og reglur, að hugsa um hvernig sá bregst við sem á að vinna eftir reglunum. Hann hefur eitthvert val og það val getur leitt til þess að sókn okkar í kolmunnann verði miklu dýrari vegna þess að menn treysti sér ekki til þess að veiða eins mikið innan íslensku lögsögunnar vegna áhættu að lenda í meðaflanum.

Besta leiðin til að losna við meðaflann og sú æskilegasta væri auðvitað að setja skilju um borð, í veiðarfærið sjálft, þannig að meðaflinn, þorskur, ufsi og karfi sem kemur með sem meðafli við kolmunnaveiðar komist aldrei aftur í pokann á vörpunni heldur skiljist frá við veiðarnar sjálfar og fiskurinn fari lifandi út úr veiðarfærinu. Þetta er sama aðferð og er notuð við rækjuveiðar. Þar er sett skilja í rækjutrollið til þess að skilja út allan bolfisk þannig að menn fái ekkert nema rækju. Þetta var gert fyrir nokkuð mörgum árum. Þessar rannsóknir þyrfti auðvitað efla mjög og reyna að ná þessum árangri því að þetta er skilvirkasta leiðin til að við séum ekki að misnota þetta veiðarfæri við að drepa bolfisk og heldur ekki að veiða bolfisk sem er svo skemmt hráefni þegar hann kemur um borð í skipin vegna þess bæði hve lengi er togað og eins hvernig aflinn er tekinn um borð.

Að lokum, virðulegur forseti, er rétt að vekja athygli á því að í lögum um stjórn fiskveiða eru fjöldamörg atriði sem segja fyrir um hvernig með alls konar afla skuli farið. Í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar segir, með leyfi forseta:

„Komi afli í veiðarfæri fiskiskips sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt og ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar er ráðherra heimilt að ákveða að hann reiknist ekki til aflamarks skipsins.“ — Þetta er ein reglan, þá er meðaflinn ekki kvótareiknaður. — „Ráðherra setur frekari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar, þar á meðal um leyfilega nýtingu þessa afla.“

Í lögum um stjórn fiskveiða er regla sem segir að helmingur undirmálsfisks, af tilteknum fiski af tiltekinni stærð, sé utan kvóta. Þar er helmingur af aflanum reiknaður til aflamarks. Það er ein reglan. Síðan segir að 16% af fiski sem veiddur er á línu reiknist ekki til kvóta ef beitt er í landi. Það er smábátareglan svokölluð sem sett var. Þar er líka meðafli sem ekki þarf að reikna kvóta fyrir. Reglurnar eru fleiri, hæstv. forseti. Einnig er til regla um breytingar á afla sem má veiða af einni tegund umfram aðra o.s.frv. Síðan má veiða fram fyrir sig, sem kallað er, það má veiða meira innan ársins og færa yfir á næsta ár. Það er hluti af reglugerðarverkinu.

Síðast en ekki síst ætla ég að nefna að ævinlega þegar kvóti hefur verið settur á skip, á grundvelli veiðireynslu, hefur það verið á grundvelli veiðireynslunnar sem skipin höfðu, t.d. þrjú ár aftur í tímann. Það er mjög algeng regla. Það var gert í kolmunnanum, kvótanum var úthlutað á veiðireynslu þriggja síðustu ára. En þá spyr ég: Var enginn meðafli á þeim þremur árum sem kvótanum var úthlutað? Ég meina, af hverju fengu skipin sem voru í kolmunnaveiðum ekki úthlutað einhverjum meðafla út á veiðireynslu sína, á þeim þremur árum sem kvótareynslan er byggð á? Nei, nú á að reikna meðaflann en þeir fengu ekki úthlutað aflamarki í honum á tilraunaveiðiárunum. Þetta er ein af spurningunum sem við hljótum að velta fyrir okkur.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra, virðulegur forseti. Ég vil bara draga það fram að í lögum um stjórn fiskveiða er fjöldi ákvæða um alls konar tilfærslur á aflaheimildum, smáfisk utan kvóta og o.s.frv. Þetta held ég að menn þyrftu að skoða nokkuð vandlega. Aðalmálið finnst mér að menn setji þá alla vega regluna, úr því að þeir ætla að setja þessa reglu, í upphafi árs en ekki á miðju fiskveiðiári þannig að allir njóti jafnræðis. Þeir sem búnir eru að veiða heimildir sínar þurfa ekki að hafa neinn meðafla, þeir sem munu veiða eftir 1. júní þurfa að hafa meðafla. Þetta er bara bull. Við höfum yfirleitt alltaf sett svona reglur í upphafi fiskveiðiárs eða eins og núna, af því að við erum með almanaksár, að þær taki gildi 1. janúar. Þá sætu allir við sama borð á næsta ári.

Ég segi enn og aftur, og ætla að láta það verða mín síðustu orð: Bestum árangri mundum við ná við þessar flottrollsveiðar með því að setja skilju í veiðarfærin og losna við aflann sem við viljum ekki fá um borð í þessi skip úr veiðarfærinu lifandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, 2. umr.

Stjfrv., 235. mál (matsferli, málskotsréttur, úrskurðarnefnd o.fl.). — Þskj. 241, nál. 1387 og 1391, brtt. 1388 og 1392.

[19:18]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta umhverfisnefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og

skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Það verður að segjast, virðulegi forseti, að það hefur verið lærdómsríkt að fjalla um þetta mál af mörgum ástæðum. Við höfum farið vel yfir það í nefndinni og verið gott samstarf við minni hlutann og er þokkaleg sátt í nefndinni og milli allra á þessu nefndaráliti, ef undan er skilinn einn aðili. Þetta er frumvarp kom fyrst fram á síðasta þingi og þá var tólf sinnum fundað um það í umhverfisnefnd og síðan átta sinnum á þessu þingi. Borist hefur fjöldi athugasemda og allir þeir gestir sem farið var fram á að kæmu á fund nefndarinnar komu þangað. Það var mjög athyglisvert að hlusta á þeirra mál og fara yfir málið.

Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta er sú að umræðan um málið hjá ákveðnum aðilum og sumpart í fjölmiðlum hefur gefið ranga mynd af áliti mínu á þessu máli. Virðulegi forseti, ég segi þetta vegna þess að þessi lög eru byggð á tilskipunum ESB. Þær eru mjög skýrar og það má færa gild rök fyrir því að þau lög sem verið hafa í gildi fram til þessa hafi ekki verið í anda viðkomandi tilskipunar.

Ég vil leyfa mér að vísa í greinargerð með frumvarpinu, með leyfi forseta, og lesa úr henni stuttan kafla, en þar segir svo:

„Af aðfaraorðum og ákvæðum tilskipunarinnar má ráða að matsferli því sem tilskipanirnar kveða á um sé fyrst og fremst ætlað að tryggja að við veitingu framkvæmdaleyfis liggi fyrir helstu upplýsingar um þá þætti umhverfisáhrifa framkvæmdar sem máli skipta og nánar er lýst í tilskipuninni og að tekið sé mið af þessum upplýsingum og samráði við stofnanir og almenning við útgáfu framkvæmdaleyfis. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar er aðildarríkjunum í sjálfsvald sett hvort matsferlið er fellt inn í gildandi ferli vegna veitingar framkvæmdaleyfis í aðildarríkjunum eða sérstakt ferli sett á fót vegna mats á umhverfisáhrifum. Þannig gerir tilskipunin ekki kröfu um að sett sé á fót sérstakt matsferli óháð leyfisveitingarferli vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi, heldur eingöngu að þær upplýsingar um umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar og það samráðsferli við stofnanir og almenning sem kveðið er á um í tilskipuninni séu undanfari ákvörðunar um framkvæmdaleyfi og að þessi atriði séu tekin til umfjöllunar við ákvörðun þar um."

Virðulegi forseti, síðan segir:

„Með öðrum orðum skal leyfisveitandi vera upplýstur um umhverfisáhrif framkvæmdar og athugasemdir almennings þegar hann tekur afstöðu til umsóknar framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda."

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka þetta að gefnu tilefni:

„Með öðrum orðum skal leyfisveitandi vera upplýstur um umhverfisáhrif framkvæmdar og athugasemdir almennings þegar hann tekur afstöðu til umsóknar framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda."

Þetta er kjarni málsins. Það kom fram hjá sérfræðingum sem komu á fund nefndarinnar og kom fram í fleiri gögnum að ekkert bindur hendur stjórnvaldsins, sem fer með útgáfu framkvæmdarleyfis. Því er ekki að finna neinn stað í þeim lögum sem hafa verið byggð á þessum tilskipunum í þeim löndum sem tilskipunin nær til.

Þetta er mjög mikilvægt. Það er mikilvægt að menn átti sig á því að hér er um matsferli að ræða, en það sem snýr að viðmiðum á heima í öðrum lögum.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru í fyrsta lagi að í matsferlinu verði ekki tekin afstaða til þess hvort fallast beri á með eða án skilyrða eða leggjast gegn framkvæmd sem lýst hefur verið með fullnægjandi hætti í matsskýrslu framkvæmdaraðila. Í öðru lagi að matsferlið miði að því að matsskýrsla framkvæmdaraðila lýsi sem best og dragi fram öll veigamikil umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og geri grein fyrir athugasemdum almennings og umsagnaraðila við framkvæmdina. Í þriðja lagi að álit Skipulagsstofnunar við endanlega matsskýrslu framkvæmdaraðila verði umfjöllun um matsferlið og niðurstöðu matsskýrslu. Í fjórða lagi að enginn vafi leiki á því að leyfisveitandi taki í samræmi við viðeigandi lög ákvörðun um hvort leyfa skuli viðkomandi framkvæmd, þegar fyrir liggur matsskýrsla framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar, og að leyfisveitanda beri að kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Í fimmta lagi að málskotsréttur til æðra stjórnvalds vegna matsskyldra framkvæmda verði bundinn við leyfi til framkvæmda á sveitarstjórnarstigi, þ.e. framkvæmda- og byggingarleyfi, og takmarkist við þá aðila sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta, umhverfisverndarsamtök og hagsmunasamtök eftir nánari reglum.

Nefndinni barst mikill fjöldi athugasemda við frumvarpið og miklar umræður urðu um það.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að undirstrika tilgang laga um mat á umhverfisáhrifum en hann er að setja reglur um það hvernig framkvæma eigi mat á umhverfisáhrifum þannig að leyfisveitandi sé upplýstur um umhverfisáhrif framkvæmdar og athugasemdir almennings þegar hann tekur afstöðu til umsóknar framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda. Telur meiri hlutinn rétt að undirstrika það vegna þeirra vangaveltna sem fram komu við umfjöllun málsins um að hvergi í lögum um mat á umhverfisáhrifum væri að finna ákvæði sem hindrað gætu framkvæmd. Bendir meiri hlutinn á að þær tilskipanir sem lög um mat á umhverfisáhrifum byggjast á fela ekki í sér að þessar reglur eigi að segja til um hvort framkvæmd sé í lagi eða ekki heldur er áherslan lögð á að leyfisveitandi sé upplýstur um umhverfisáhrif framkvæmdar og athugasemdir almennings þegar hann tekur afstöðu til umsóknar framkvæmdaraðila um leyfi til framkvæmda. — Þetta er mjög mikilvægt, virðulegi forseti.

Meiri hlutinn telur að með frumvarpinu verði bætt úr ýmsum þeim hnökrum sem nú séu á matsferlinu. Það samræmist t.d. engan veginn tilgangi laga um mat á umhverfisáhrifum að sérstök stjórnsýslustofnun úrskurði um umhverfisþáttinn sjálfstætt eins og er samkvæmt gildandi lögum og að veitingarvald framkvæmdaleyfis sé bundið þeim úrskurði, sbr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Í allmörgum umsögnum var lýst yfir áhyggjum af því að verið væri að þrengja rétt almennings til þátttöku í matsferlinu, annars vegar með því að réttur hans til að koma með athugasemdir væri bundinn við frummatsskýrslu og hins vegar að kæruréttur einstaklinga væri bundinn við lögvarða hagsmuni og umhverfisverndar- og hagsmunasamtök þyrftu

að uppfylla nánar tiltekin skilyrði um fjölda félagsmanna o.fl. Hvað fyrra atriðið varðar bendir meiri hlutinn á að ekki sé um breytingu að ræða frá gildandi löggjöf hvað varðar aðkomu almennings að matsskýrslu nema að nú heiti skýrsla sem almenningur getur gert athugasemdir við frummatsskýrsla en ekki matsskýrsla. Þá beri að líta til 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins og breytingartillögu meiri hlutans við hana sem gerð er nánari grein fyrir hér á eftir en hún felur í sér að telji Skipulagsstofnun að matsskýrsla framkvæmdaraðila víki frá frummatsskýrslu hvað varðar mikilvæga þætti málsins skuli hún auglýst að nýju. Í tengslum við síðarnefnda atriðið fór fram nokkur umræða í nefndinni um hugtakið „lögvarðir hagsmunir". Hugtakið hefur m.a. verið túlkað af úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála enda slíkir hagsmunir skilyrði fyrir kæruheimild til nefndarinnar eins og almennt gildir um kæruheimildir í stjórnsýslunni. Nefndin telur rétt að benda á að sú þrenging á kærurétti sem lögð er til með frumvarpinu stangast ekki á við innleiddar tilskipanir ESB. Í þessu sambandi vísar nefndin einnig til athugasemda frumvarpsins um 12. gr. en þar kemur m.a. fram að þær breytingar sem lagðar er til um kæruheimild séu til samræmis við þær reglur sem gilda um kæruheimild samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, sbr. 26. gr. þeirra laga, að öðru leyti en því að umhverfisverndar- og hagsmunasamtök öðlast hér einnig málskotsrétt óháð lögvörðum hagsmunum.

Í 8. gr. frumvarpsins segir að frummatsskýrsla skuli unnin af framkvæmdaraðila. Í nokkrum umsögnum var lagt til að bætt yrði við orðunum „í samráði við Skipulagsstofnun" eins og í eldra frumvarpi frá 130. löggjafarþingi. Nefndin velti því fyrir sér hvort ástæða væri til að leggja til þessa viðbót. Fram kom í máli fulltrúa Skipulagsstofnunar að stofnunin hefði gert athugasemdir við fyrrnefnt atriði á sínum tíma. Hlutverk stofnunarinnar væri að gefa út almennar leiðbeiningar, sem og að fjalla um matsáætlun og síðar hina endanlegu matsskýrslu. Stofnunin hefði eftirlitshlutverki að gegna og því væri ekki viðeigandi að hún ætti beina aðild að samningu skýrslunnar. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið og telur því ekki ástæðu til að leggja til fyrrnefnda viðbót.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara í allar breytingartillögurnar en ég ætla að nefna þær helstu:

Við 10. gr. Meiri hlutinn leggur til að miða skuli frest við móttöku Skipulagsstofnunar á matsskýrslu. Þá telur meiri hlutinn rétt að Skipulagsstofnun taki í forsendum álits síns afstöðu til helstu gagna sem liggja að baki matsskýrslu á grundvelli þeirra umsagna sem bárust stofnuninni í umsagnarferli við frummatsskýrslu. Einnig telur nefndin eðlilegra að miða við að matsskýrslu skuli auglýsa að nýju telji Skipulagsstofnun að hún víki „frá frummatsskýrslu hvað varðar mikilvæga þætti málsins" í stað þess að miða við að hún víki „verulega frá frummatsskýrslu" eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Loks leggur meiri hlutinn til að aðgangur almennings að gögnum verði aukinn þannig að hann eigi auk álits Skipulagsstofnunar einnig greiðan aðgang að matsskýrslu.

Við a-lið 12. gr. (14. gr.) leggur meiri hlutinn til að skilyrði fjölda félagsmanna í umhverfis- og hagsmunasamtökum verði lækkað úr 50 í 30. Nokkur umræða fór fram í nefndinni um fjölda félagsmanna í fyrrgreindum samtökum. Meiri hlutinn bendir á að í smærri sveitarfélögum eru staðbundin félög algeng og telur hann rétt að fjöldi félagsmanna verði lækkaður í 30. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að félagasamtök sem geta orðið til vegna eins máls flokkist undir hagsmunasamtök uppfylli þau að öðru leyti þau skilyrði sem fram koma í greininni.

Eins og hér er nefnt var mikil umræða um þetta og nefndin var sammála um, eða meiri hluti hennar, að taka það skýrt fram að eins máls samtök eigi þennan kærurétt, en einnig var mikið velt fyrir sér hvort rétt væri að styrkja umhverfisverndarsamtök með þessum hætti. Segja má að hér sé um að ræða fyrirmynd hugsanlega frá Svíþjóð þar sem sambærileg lög eru og ef við mundum uppreikna þetta mundi það þýða, ef ég man rétt, að að lágmarki þyrfti að vera 130 félagsmenn í viðkomandi umhverfisverndarsamtökum til að þau hefðu þennan kærurétt. Hugsunin bak við slíkt er sú í rauninni að styrkja umhverfissamtök sem aðila að málum sem þessum, því það skiptir auðvitað miklu máli að það séu málsvarar umhverfisins og það séu sterkir fagaðilar sem geti verið mótvægi við framkvæmdaraðila. Það er augljóslega hugsunin í frumvarpinu. Þrátt fyrir að við höfum lækkað töluna úr 50 niður í 30 tel ég samt sem áður að það sé mikil viðurkenning og styrking við þau mörgu og góðu umhverfisverndarsamtök sem eru starfandi á landinu.

Nefndin leggur til breytingu við 18. gr. og leggur til að undir 1. viðauka falli iðnaðarframkvæmdir sem taka til stærra svæðis en 50 hektara og bygging verslunarmiðstöðva stærri en 40.000 fermetra og bygging bílastæðahúsa fyrir fleiri en 1.400 stæði.

Í stuttu máli er um það að ræða að þegar menn ætla að fara næst út í stórar verslunarmiðstöðvar er ekki einungis skylt fyrir aðila að tilkynna slíkt til Skipulagsstofnunar heldur verður það að fara í umhverfismat. Það liggur alveg fyrir að meiri hluti nefndarinnar er að leggja til að við göngum lengra en segir í tilskipun hvað þetta varðar.

Að öðru leyti vil ég vísa til nefndarálits meiri hluta umhverfisnefndar sem er að finna á þskj. 1387, en undir það rita Guðlaugur Þór Þórðarson, Kristinn H. Gunnarsson, Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara, Arnbjörg Sveinsdóttir, Mörður Árnason, með fyrirvara, Kjartan Ólafsson, Gunnar Birgisson og Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara.

Ég vil að lokum nota tækifærið og þakka nefndinni fyrir gott samstarf. Þá vil ég sérstaklega þakka fulltrúum Samfylkingarinnar fyrir að hafa tekið málefnalega á þessu máli. Í flóknu máli eins og þessu sem fólk er eðli málsins samkvæmt ekki almennt upplýst um — og það er hlutverk okkar stjórnmálamanna kannski að gera það ásamt fjölmiðlum — þá geta menn farið í ýmsar áttir. Það sem fulltrúar Samfylkingarinnar gerðu og mér finnst til fyrirmyndar var að þeir fóru mjög málefnalega yfir þetta og svo sannarlega höfðu þeir áhrif á þær breytingartillögur sem hér eru. Það er alveg sársaukalaust af hálfu þess sem hér stendur, mér er alveg sama hvaðan gott kemur en ég held að það sé mikilvægt að við (störfum saman að þessum mikilvæga málaflokki og þessi lög eru mjög mikilvæg. Það skiptir hins vegar máli að menn viti hvers eðlis þau eru. Ég held að ég hafi farið nokkrum sinnum yfir það hér en það getur vel

verið að í umræðunni sem verður hér á eftir þurfi maður að fara yfir það nokkrum sinnum í viðbót.

[19:34]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur mælt fyrir meirihlutaáliti um frumvarp það sem við nú ræðum og klykkti út með því að þakka hv. samfylkingarþingmönnum sérstaklega vel fyrir samvinnuna og tók fram að þeir hafi tekið afar málefnalega á málum. Í þeim orðum liggur að sú sem hér stendur hafi ekki gert það, þar að auki nefndi hv. þingmaður ekki til sögunnar hv. þm. Sigurjón Þórðarson sem einnig kom að þessum störfum. Ég vil nota tækifærið og vísa því alfarið á bug að ég hafi ekki staðið málefnalega að þeirri vinnu sem fram fór í umhverfisnefnd. Ég held þegar grannt er skoðað og það nefndarálit sem ég stend að er skoðað, þá er mér til efs að nokkur geti með hreinni samvisku haldið því fram að ég hafi ekki komið málefnalega að þeim málum.

Nefndarálit mitt er á þskj. 1391, virðulegi forseti. Vegna þess samkomulags sem liggur fyrir meðal þingmanna að reyna að takmarka ræðutímann svo sem kostur er geri ég ekki ráð fyrir að ég geti farið yfir það í smáatriðum, því miður, því hér er sannarlega á ferðinni mál sem verðskuldar að fá verulega umræðu. Af því að ég tók ekki þátt í umræðunni um vinnubrögð þingsins fyrr í dag vil ég nota þetta tækifæri og segja að það er allsendis óboðlegt að þingmenn sem hafa lagt nótt við dag í að vinna mikilvæg mál skuli svo sitja uppi með það á síðasta degi þings að ekki sé tími til að taka þá umræðu sem hjarta og hug þingmanna fýsir að gera. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég kvarta undan slíkum vinnubrögðum hér, hæstv. forseti, en hann er orðinn ansi stuttur þráðurinn í manni með þetta. Það er því ekki með hýrri há að maður fer í ræðustól Alþingis í dag til að fylgja úr hlaði viðamiklu nefndaráliti sem verðskuldar eins og ég segi öfluga umræðu og góðan tíma.

Virðulegi forseti. Svo ég byrji á að stikla á stóru í nefndarálitinu þá tek ég undir það sem kom fram í máli hv. þm. Guðlaugs Þórs Þórðarsonar sem sagði að þetta mál væri flókið, viðamikið og útheimti mikla vinnu og mikinn tíma. Hann talaði um að það hefði fengið vandaða umfjöllun í nefndinni. Ég er ósammála því. Ég tel að við hefðum getað sinnt þessu máli betur í vetur. Það er búið að liggja hjá okkur síðan í nóvember og var sáralítið gert í því að vinna frumvarpið fyrr en á síðustu nefndadögunum í lok apríl. Ég tel því ekki að þetta mál hafi fengið nægilega skoðun. Ég vil líka vísa á bug því sem hv. framsögumaður meiri hlutans sagði að það hefðu allir verið kallaðir fyrir nefndina sem óskað hefði verið eftir. Það vannst ekki tími til að kalla stjórnsýslusérfræðing fyrir nefndina og ekki vannst tími til að fara sérstaklega yfir álit frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem kallaði á — eða í mínum huga kallaði á það að stjórnsýslusérfræðingur yrði kallaður fyrir nefndina, en ekki vannst tími til þess í störfum nefndarinnar, því miður.

Það er mat mitt, virðulegi forseti, að ekki hafi legið á að afgreiða þetta mál núna. Þannig er mál með vexti að skipulags- og byggingarlög eru í endurskoðun. Þau verða afgreidd héðan frá þinginu í haust og mér hefði fundist fullur sómi að því að afgreiða þetta frumvarp með endurskoðaðri löggjöf um skipulags- og byggingarmál. Hér er ekki bara verið að breyta lögunum um mat á umhverfisáhrifum, heldur skipulags- og byggingarlögunum líka og ég sé ekki hvort skiptir verulegu máli að breyta þeim lögum örfáum mánuðunum fyrr eða seinna.

Einnig hefur komið fram á Alþingi frumvarp frá hæstv. umhverfisráðherra sem varðar upplýsingarétt í umhverfismálum. Það mál snertir verulega ýmsa þætti laga um mat á umhverfisáhrifum og hefði verið eðlilegt að þingmenn fengju að fjalla um þessi mál samhliða, því að t.d. aðkoma almennings og hagsmunasamtaka að matsferlinu er eitthvað sem hefur verið deilt verulega um og verið harkalega gagnrýnt í því frumvarpi sem hér um ræðir og hefði verið fengur að því að getað fjallað um það mál hliðstætt mati á umhverfisáhrifum sem við nú afgreiðum ófullburða.

Það frumvarp sem hæstv. umhverfisráðherra á eftir að mæla fyrir og hefur lagt hér fram til kynningar byggir á skyldu íslenskra stjórnvalda til að lögfesta Árósasamninginn frá 1998, en tilskipun þess efnis nr. 2003/4/EB hefði átt að vera innleidd í landslög eigi síðar en 14. febrúar 2005. Það eitt sýnir, virðulegi forseti, hvað stjórnvöld hafa dregið lappirnar lengi varðandi Árósasamninginn. Það er búið að kvarta undan því hér ár eftir ár síðan 1999, að ég man fyrst, að stjórnvöld virðast ekki ætla sér að innleiða Árósasamninginn eða sinna því máli sem skyldi og það hefur auðvitað komið á daginn. Nú eru stjórnvöld með allt niður um sig í þeim efnum, kynna hér til sögunnar frumvarp sem við fáum síðan ekki tóm til að ræða og er það mjög miður.

Ég vil líka lýsa því yfir, virðulegi forseti, að það er enn óljóst á hvern hátt tilskipun 2003/4/EB og reyndar líka tilskipun 2003/35/EB eru innleiddar með því frumvarpi sem við ræðum hér, þrátt fyrir að starfsmenn umhverfisráðuneytisins hafi komið fyrir nefndina og reynt að varpa einhverju ljósi á það mál.

Hæstv. forseti. Aðkoma almennings er þrengd verulega frá því sem nú er með þessu frumvarpi. Er það mjög miður þar sem almenn þróun, bæði hér á landi sem og í nágrannalöndum okkar, hefur verið í allt aðra átt. Hún hefur verið í þá átt að auka aðkomu almennings, bæði til þess að gera athugasemdir og fá upplýsingar og efla möguleika almennings til málskots.

Eitt af helstu markmiðum lagasetningar árið 2000 þegar lögin voru síðast endurskoðuð var einmitt að auka aðkomu almennings. Til vitnis um það er nefndarálit umhverfisnefndar sem má finna á þskj. 1280 í 386. máli frá árinu 2000. Það er því alveg ljóst að aðkoma almennings er þrengd. Deilan stendur um hvort með aðild almennings að málum á sviði umhverfisréttar skuli fara samkvæmt almennum ákvæðum stjórnsýslulaga, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, eða hvort almenningur skuli eiga ríkari rétt í málum er varða umhverfismál. Það er einmitt það sem Árósasamningurinn gerir ráð fyrir. Hann gerir ráð fyrir að almenningur eigi ríkari rétt en samkvæmt almennum stjórnsýslulögum. Það hefur hann haft samkvæmt þessum lögum og til vitnis um það er 12. gr. núgildandi laga þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Öllum er heimilt að kæra til ráðherra ákvarðanir Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. og úrskurð Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr.“ — Sem er ekki lengur til staðar því nú er ver-

ið að breyta úrskurði í álit, þannig að kærumöguleikinn sem almenningur hefur haft, allur almenningur, burt séð frá lögvörðum hagsmunum til að kæra úrskurð Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra er tekinn frá fólki. Er það ekki þrenging?

Hæstv. forseti. Jú, það er þrenging og þess vegna er ekki rétt það sem hv. framsögumaður málsins sagði að ekki sé um að ræða þrengingu á aðkomu almennings, því hún er hér skjalfest.

Virðulegi forseti. Við skoðun þessara mála, þ.e. aðkomu almennings að málum tengdum umhverfismálum verður að hafa það í huga eins og ég sagði áðan hvernig umhverfisréttur hefur þróast undanfarin ár. Í honum hefur verið lögð verulega rík áhersla á andmæla- og upplýsingarétt almennings. Ég læt mér nægja hér að benda t.d. á Ríó-yfirlýsinguna, 10. regluna í Ríó-yfirlýsingunni, en hún fjallar beinlínis um mikilvægi þess að almenningur hafi trygga aðkomu að öllum þáttum er varða umhverfismál.

Í 1. mgr. þeirrar reglu segir, með leyfi forseta:

„Best verður tekist á við umhverfismál með þátttöku allra þegna sem hlut eiga að máli á viðkomandi sviðum."

Allra þegna. Síðar í sömu reglu segir, virðulegi forseti:

„Ríki skulu auðvelda og örva skilning og þátttöku almennings með því að veita honum greiðan aðgang að upplýsingum. Raunverulegur aðgangur skal veittur að réttar- og stjórnsýslukerfum, þar á meðal að réttarúrræðum."

Réttarúrræði eru m.a. málskotsmöguleikar almennings sem takmarkaðir eru frá því sem verið hefur með þeirri löggjöf sem hér er verið að innleiða.

Virðulegur forseti. Í anda þeirra tilskipana og þeirra samninga sem við höfum gert á alþjóðavettvangi undirritana, t.d. Ríó-yfirlýsinguna, er alveg ljóst að einstaklingar munu gegna mjög mikilvægu hlutverki í umhverfismálum, bæði hér á landi sem annars staðar í Evrópu. Evrópsk yfirvöld hafa verið að innleiða reglur af þessu tagi þar sem aðgangur almennings er víkkaður og rýmkaður og almenningur fær auknar heimildir til að beita þeim réttindum sem hann hefur í gegnum þá samninga sem um ræðir. Í þessum samningum eru einnig áminningar til þeirra sem með völdin fara um að varðveita, vernda og bæta umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi, einkum á grundvelli meginreglunnar um sjálfbæra þróun og þeirrar meginreglu að grípa skuli til varúðarráðstafana og fyrirbyggjandi aðgerða.

Einn veigamikill þáttur, virðulegi forseti, í slíku er hið virka samspil stjórnvalda og almennings í landinu, en þá þarf það líka að vera tryggt í löggjöf að almenningur hafi raunverulega möguleika á að beita stjórnvöld aðhaldi. Í mínum huga er það ekki gert hér. Í breytingartillögu minni varðandi þetta mál tel ég þess vera gætt að réttur almennings og allra umhverfisverndarsamtaka í landinu verði tryggður sem ég gagnrýni að sé ekki gert með þeirri leið sem meiri hlutinn leggur til að farin verði.

Hæstv. forseti. Varðandi það mál sem mikið hefur verið í kastljósinu og hv. formaður umhverfisnefndar kom inn á í sínu máli, þ.e. togstreituna á milli verndarsjónarmiða og nýtingarsjónarmiða, vil ég varpa ljósi á eftirfarandi: Framkvæmdaraðilar og ýmsir lögspekingar og meiri hluti umhverfisnefndar segja að það sé aðalatriði að lögunum um mat á umhverfisáhrifum sé ekki ætlað að koma í veg fyrir framkvæmdir. Hlutverk þessara laga sé eingöngu það að leiða í ljós öll þau áhrif sem tilteknar framkvæmdir muni fyrirsjáanlega valda áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdirnar.

Gott og vel. Ef þessi lög eru eingöngu forskrift að málsmeðferð sem tryggi upplýsta ákvörðun þess stjórnvalds sem ber ábyrgð á leyfisveitingunum fyrir tilteknum framkvæmdum þá eiga auðvitað ekki að vera í þeim nein efnisviðmið. En efnisviðmiðin eru til staðar bara með því að Skipulagsstofnun er gert að koma með tillögur í áliti sínu um mótvægisaðgerðir, þá er farið út í efnisviðmið, efnisviðmið sem Skipulagsstofnun þarf að setja í sitt álit. Reyndar er síðan ákveðið síðar í lagabálknum eða frumvarpinu, eins og það á að setja í gegnum þingið, að leyfisveitanda sé svo sem ekkert skylt að fara neitt eftir þeim mótvægisaðgerðum sem tilgreindar eru í áliti Skipulagsstofnunar því að það er aftengt algerlega leyfisveitingaferlið og álit Skipulagsstofnunar í því frumvarpi sem hér er fjallað um. Er það mjög miður.

Vegna þess að hér er togstreita á milli verndarsjónarmiða annars vegar og nýtingarsjónarmiða hins vegar og þetta er spurning um hvort hér sé bara um málsmeðferðarreglur að ræða eða líka um efnismeðferðarreglur þá vil ég benda hv. þingmönnum á að b-liður markmiðsgreinarinnar í frumvarpinu gerir ráð fyrir því að lögunum sé ætlað að draga svo sem kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Ég minni líka á að í greinargerð með frumvarpinu eru meginreglur umhverfisréttar tíundaðar sérstaklega og vitnað í því sambandi til nefndarálits umhverfisnefndar frá árinu 2000. Það var því alveg ljóst þá að umhverfisnefnd taldi meginreglur umhverfisréttar vera þess eðlis að það bæri að hafa þær í huga við framkvæmd laganna. Það hefur ekkert breyst. Það ber að hafa meginreglur umhverfisréttar í huga við framkvæmd laganna samkvæmt þessu frumvarpi. Það segir í greinargerðinni.

Sömuleiðis þurfum við að hafa til hliðsjónar við stórframkvæmdir 73. gr. EES-samningsins og hana má lesa í nefndaráliti mínu, virðulegur forseti, og spara ég tíma með því að fara ekki frekar yfir hana hér.

Einnig má nefna að kveðið er á um það í markmiði skipulags- og byggingarlaganna okkar nr. 73/1997 að þeim sé ætlað að standa vörð um verndarsjónarmið með því að tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í náttúruverndarlögunum okkar er líka gert ráð fyrir því að tryggt sé eftir föngum að það sé verndað sem sérstætt er og sögulegt í náttúru landsins auk þess sem náttúruverndarlögunum er ætlað að stuðla að vernd og nýtingu auðlinda á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

Í fjórða lagi, virðulegi forseti, má hér nefna mótvægisaðgerðir sem er ætlað að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif vegna framkvæmda. Um þær er getið í þessu frumvarpi og í þeim lögum sem nú gilda og Skipulagsstofnun er gert að tilgreina slíkar í áliti sínu. Í mínum huga, virðulegi forseti, stríðir það gegn þeirri hugmynd að lögin séu einungis forskrift um málsmeðferð að það skuli vera skylda Skipulagsstofnunar að koma með hugmyndir eða tillögur um mótvægisaðgerðir.

Ég vil bara segja að þegar þessi mál eru öll skoðuð er í sjálfu sér nauðsynlegt að stjórnvöld endurskoði framkvæmd þessara laga, skerpi á þeim grundvallarþætti að í lögunum séu — reyndar í samspili við önnur lög, skipulags- og byggingarlög og náttúruverndarlög — markmið til að koma í veg fyrir framkvæmdir sem geta valdið óafturkræfum spjöllum á náttúru landsins. Í ljósi þessa tel ég, hæstv. forseti, stórkostlega áhættu fólgna í því að breyta úrskurði Skipulagsstofnunar í álit og ég felli mig ekki við það nema stjórnvöld lýsi því þá yfir að markmið skipulags- og byggingarlaga og markmið náttúruverndarlaga verði virk að því leyti að þau nægi til að stöðva leyfisveitendur þegar framkvæmdir stríða gegn ákvæðum þeirra.

Virðulegi forseti. Það má líka líta þannig á í ljósi reynslunnar að full þörf sé á því að skerpa á öllum efnisviðmiðum náttúruverndarlaga svo að verndarsjónarmið og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar fái einhverju ráðið um það hvar er framkvæmt og hvar ekki. Sérstaklega ber í því sambandi að líta til ákvarðana er varða friðlýst svæði, og ég kem nánar að því síðar í ræðu minni, virðulegi forseti. En það er sem sagt alveg ljóst í mínum huga að hér er togstreita á milli sjónarmiða sem stjórnvöld þurfa á einhvern hátt að sætta og það er ekki gert með því frumvarpi sem hér um ræðir.

Í umsögnunum sem nefndinni bárust kom þessi togstreita afskaplega vel í ljós. Þannig má segja að orkufyrirtækin og umsagnir þeirra endurspegli það sjónarmið fyrirtækjanna að matsferlið verði jafnvel enn þunglamalegra og kostnaðarsamara við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Þar segir að málsmeðferðarreglurnar verði með þeim hætti að líkja megi þeim við myllustein um háls framkvæmdaraðila sem muni hamla framkvæmdum í landinu. Þetta er í sjálfu sér hlálegt, virðulegi forseti, því að svo oft hafa stjórnvöld látið í veðri vaka að breytingar þær sem hér er verið að gera og reyndar líka þær sem gerðar voru síðast á lögunum séu til einföldunar á ferlinu og til að auka skilvirkni þess. En orkufyrirtækin vilja sem sagt þrengja kæruheimildina enn frekar og gera Skipulagsstofnun samábyrga fyrir frummatsskýrslu fyrirtækjanna auk þess sem þau telja það ekki í verkahring Skipulagsstofnunar að leggja til mótvægisaðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum. Já, takið eftir því, orkufyrirtækin eru auðvitað mótfallin því að Skipulagsstofnun hafi það vald í hendi sér að setja niður einhverjar hugmyndir eða tillögur um mótvægisaðgerðir sem dregið geti úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Síðan eru það umsagnir náttúruverndarsamtaka. Þær eru á allt aðra lund. Þær eru á þá lund að ekki megi skerða aðkomu almennings og hagsmunaaðila, málsmeðferðarreglurnar verði að tryggja að meginreglur umhverfisréttar séu lagðar til grundvallar. Sömuleiðis mótmæla náttúruverndarsamtökin því að leyfisveitendur verði ekki lengur bundnir af niðurstöðu Skipulagsstofnunar.

Virðulegur forseti. Þetta frumvarp á eftir að hafa verulega erfiðar og alvarlegar afleiðingar fyrir sveitarfélögin í landinu. Það sýnir sig á umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Það leggst gegn því að frumvarpið verði samþykkt í óbreyttri mynd. Því miður náðist ekki að fjalla nægilega vel um þessa umsögn. Hún fékk nánast enga umfjöllun í nefndinni. En í ljósi þeirra átaka sem orðið hafa um einstakar framkvæmdir, virðulegi forseti, er alveg ljóst að álagið af þeim deilum sem orðið hafa og mögulegum málaferlum muni færast til með þessum breytingum. Það mun færast af umhverfisráðuneytinu og Skipulagsstofnun. Yfir á hverja? Yfir á leyfisveitendurna. Yfir á sveitarfélögin. Kannski er það allt í lagi fyrir burðugri sveitarfélögin. Þau geta kannski tekist á við þetta. En ég fullyrði, virðulegur forseti, að þau sveitarfélög sem eru fámenn og hafa lítið og veikburða stjórnsýslubatterí eiga eftir að kikna undan því álagi sem erfiðar framkvæmdir koma til með að verða í þessu nýja formi.

Virðulegur forseti. Ég tek undir sjónarmið sveitarfélaganna og lít það fremur alvarlegum augum að þetta skuli ekki hafa fengið nánari skoðun en raun bar vitni. Samandið gerir líka athugasemd við það að hvergi skuli tekið fram að sveitarfélagi sé heimilt að neita um leyfi til framkvæmdar sem í sjálfu sér samræmist skipulagsáætlunum vegna óæskilegra umhverfisáhrifa hennar. Það er alveg rétt. Það er hvergi tekið fram. Þau byggja rökstuðning sinn í þeim efnum á áliti Páls Sveinssonar sérfræðings í stjórnsýslurétti og ég tek það fram að með nefndaráliti mínu birti ég eina af greinum Páls Sveinssonar sem varðar framkvæmdarleyfi og það er sannarlega holl lesning fyrir þá sem fjalla um þessi mál að fara ofan í saumana á því máli því að það kemur beint inn á þá leyfisveitendur sem hér eru til staðar og fjallað er um í þessu frumvarpi.

Hæstv. forseti. Af því að það er farið að líða verulega á tíma minn held ég að ég sé tilneydd að hlaupa yfir þann kafla sem í nefndarálitinu heitir Málskotsréttur þrengdur. Þar hefði ég í smáatriðum farið betur ofan í saumana á því sem ég gerði að umtalsefni örlítið fyrr í ræðu minni. Ég verð að segja þó varðandi það mál að ég tek undir með þeim umhverfisverndarsamtökum sem hafa sent nefndinni athugasemdir og fundið að þeim aðstöðumun sem er á milli þeirra sem eru fjársterkir framkvæmdaraðilar og aftur þeirra umhverfisverndarsamtaka sem hafa verulega lítið bolmagn til að reka erfið og dýr mál í tengslum við stórframkvæmdir sem farið er í.

Við höfum haft áþreifanleg dæmi hér. Bara fyrir augunum á okkur í gær þegar við vorum að fjalla um vegáætlunina var hér mikill baráttumaður gegn Héðinsfjarðargöngum, Trausti Sveinsson, bóndi í Bjarnargili í Fljótum. Hann kom hér og heimsótti okkur og sat á þingpöllum meðan við fjölluðum um vegáætlun. Sá maður hefur aleinn barist hatrammri baráttu árum saman gegn Héðinsfjarðargöngum. Hann hefur í tvígang sótt um stuðning til samgönguráðuneytisins til þess að kosta aðstoð frá sérfræðingum við að yfirfara álit sín og þau álit sem hann hefur þurft að fara í gegnum. Hann hefur í bæði skiptin auðvitað fengið synjun frá samgönguráðuneytinu um stuðning. Hann er auðvitað að berjast við ofurefli alveg á sama hátt og Landvernd barðist við ofurefli þegar hún fór í mjög ítarlega úttekt á áhrifum Kárahnjúkavirkjunar, ferli sem hefði kostað Landvernd 2,7 millj. kr. ef Landvernd hefði þurft að borga það. En sérfræðingarnir gáfu alla vinnu sína í því máli þannig að Landvernd var ekki sendur reikningurinn. Það er þessi aðstöðumunur sem einstaklingar og umhverfisverndarsamtök á Íslandi búa við og það eru engin teikn á lofti um að þau stjórnvöld sem nú ráða hér ríkjum ætli nokkurn tíma að

leiðrétta það. Það þarf að bíða eftir því að nýtt fólk komist í Stjórnarráð Íslands.

Andmælaréttur stjórnsýslulaga, virðulegi forseti, er brotinn með þessu frumvarpi. Það er mitt mat í öllu falli. Það lítur þannig út að matsskýrslan, ásamt þeim nýju gögnum sem aflað var við gerð hennar, verði fyrst aðgengileg þegar fjórar vikur eru liðnar frá eiginlegri útgáfu hennar. Þessar fjórar vikur fær framkvæmdaraðilinn að hafa matsskýrsluna hjá sér í endanlegu formi með áliti Skipulagsstofnunar án þess að þeir sem gerðu athugasemdir við frummatsskýrsluna fái að sjá hvernig framkvæmdaraðili svarar þeim. Það verður bara framkvæmdaraðilinn sem fær að sjá það, ekki almenningur, ekki þeir sem hafa gert athugasemdir. Matsskýrslan verður þeim lokuð í fjórar vikur þangað til álit Skipulagsstofnunar verður birt. Þá fyrst er hin endanlega matsskýrsla með öllum svörum framkvæmdaraðilans birt opinberlega og um leið þá þeim umsagnaraðilum og þeim aðilum sem hafa gert umsagnir fyrr í ferlinu. Í mínum huga er verið að brjóta þarna á 13. gr. stjórnsýslulaga og hana tíunda ég í nefndaráliti mínu, virðulegi forseti, og spara tímann með því að hlaupa yfir hana.

Ég geri athugasemdir við almannarétt á friðlýstum svæðum. Ég tel afar mikilvægt að almenningur verði talinn eiga lögvarða hagsmuni á þeim svæðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum eða á grundvelli alþjóðlegra samninga, einnig á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi. Slíkur réttur er ekki til staðar nú en í umsögn Umhverfisstofnunar er tekið undir þessi sjónarmið mín og ég tel einboðið að stjórnvöld taki þessi atriði til sérstakrar skoðunar. Því miður vannst ekki tími til að semja breytingartillögu í þessum efnum þannig að hún er ekki innifalin á þeim tveimur blaðsíðum sem ég er með af breytingartillögum. En þetta tel ég að stjórnvöld verði að skoða.

Einnig verða stjórnvöld að skoða atriði varðandi þjóðhagsleg áhrif og arðsemi framkvæmdanna. Það er mitt mat að breytingin sem gerð er í þeim efnum sé ekki fullnægjandi og nefni ég sem dæmi ákveðinn hæstaréttardóm sem fallið hefur í þessum efnum. Ég tel að menn þurfi að fara betur ofan í saumana á hlutunum og tryggja það ef ekki á að meta þjóðhagsleg áhrif og arðsemi framkvæmda í tengslum við umhverfismatið að þá þurfi í öllu falli að verða sérstakt mat í þeim efnum varðandi stórframkvæmdir og einhvers staðar í lögum verður að tryggja að þjóðhagsleg hagkvæmni og arðsemi framkvæmda sé tíunduð og það sé tekin afstaða til hennar og slíkt mat þarf auðvitað að vera opið fyrir almenning og hagsmunaaðila til að gera athugasemdir við líka. Það vantar algerlega inn í það ferli sem verið er að fara út í hér.

Skipulagsstofnun þarf að fjalla um athugasemdir sem koma í þessu ferli. Það er ekki nóg að framkvæmdaraðilarnir fjalli bara um athugasemdirnar, þetta er kannski ágreiningsatriði milli mín og hv. formanns umhverfisnefndar en í tilefni af umsögn Skipulagsstofnunar um þetta atriði vil ég taka fram að ég tel umfjöllun um þetta atriði í nefndinni hafa staðsett þann skilning minn, og ég verð þá leiðrétt ef ég hef rangt fyrir mér, að með þessum breytingum sem gerðar eru varðandi þetta atriði sé ekki verið að taka það hlutverk frá Skipulagsstofnun að hún fjalli um umsagnir og athugasemdir áður en þær eru sendar til framkvæmdaraðila. Hún á sem sagt ekki bara að vera póstþjónusta fyrir framkvæmdaraðila hvað þetta varðar. Hún á auðvitað að fjalla um athugasemdirnar þannig að framkvæmdaraðili viti á hvern hátt hann eigi að taka á athugasemdunum, hvaða athugasemdum hann eigi að taka á og hverjum ekki, því að oft gerist það í ferlinu að athugasemdum sem sendar eru vegna stórframkvæmda er ekki beint til framkvæmdaraðilans sjálfs. Þeim er sumum hverjum beint til stjórnvalda og þá er auðvitað ekki eðlilegt að framkvæmdaraðilinn fái þær umsagnir til beinnar umfjöllunar heldur að Skipulagsstofnun fjalli um þær.

Hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson sagði í umfjöllun nefndarinnar að í sínum huga væri ekki um neina breytingu að ræða frá því vinnulagi sem við þetta hefur verið hingað til. Ég vona að það sé rétt og treysti því að ég verði þá leiðrétt ef ég er að fara með eitthvert fleipur.

Ég fjalla líka í nefndaráliti mínu um leyfisveitingar. Það er lykilatriði fyrir tilgang mats á umhverfisáhrifum að niðurstaða matsferlisins hafi og eigi að hafa og eigi að geta haft áhrif á ákvarðanatökuna, á leyfisveitinguna sjálfa. Þannig telur Skipulagsstofnun t.d. að með þeirri breytingu sem gerð er á 2. mgr. 13. gr. sé unnið gegn því markmiði laganna að dregið verði eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda þar sem samtímis er dregið úr tengslum á milli niðurstaðna matsins og leyfisveitinganna. Ég var búin að víkja aðeins að þessu áður í máli mínu, virðulegi forseti, og tímans vegna hleyp ég yfir það nú.

Þá vil ég geta þess að í þremur veigamiklum atriðum er hæstv. umhverfisráðherra beygður, gerður afturreka með þætti sem lagðir eru til í frumvarpinu og mér finnst það til mikils vansa fyrir hæstv. umhverfisráðherra, sem hefur ekki verið nema örfáa mánuði í embætti sínu, að í jafnveigamiklu frumvarpi og hér um ræðir og í þeim metnaðarfullu breytingum sem eru lagðar til af henni í þessu frumvarpi skuli hún í þremur veigamiklum atriðum vera rekin til baka. Þessi atriði varða líftíma álits Skipulagsstofnunar sem fjallað er um í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins en þar gerir frumvarpið ráð fyrir því að árafjöldinn sem umhverfismat getur haldið lífi verði styttur úr tíu árum eins og hefur verið í gildandi lögum í sex. Þetta hefði orðið til mikilla bóta að mínu mati og mati umhverfisverndarsamtaka en meiri hlutinn bakkar með þessa breytingu, beygir sem sagt vilja hæstv. ráðherra og gerir tillögu um að líftími álitsins verði áfram tíu ár en ekki sex eins og hæstv. umhverfisráðherra lagði til.

Annað atriði sem ráðherrann er gerður afturreka með eru ákvæðin í a-lið 19. gr. Þar var gert ráð fyrir að tiltekin nýrækt skóga á 50 hektara svæði eða stærra yrði tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Meiri hlutinn í umhverfisnefnd sættir sig ekki við tillögu ráðherrans og leggur til að stærðarviðmið tilkynningarskyldunnar verði óbreytt frá núgildandi lögum, þ.e. 200 hektarar.

Í þriðja lagi gerir meiri hlutinn tillögu um það að ráðherrann verði rekinn til baka með tillögur sínar um líftíma framkvæmdarleyfis, en skv. 22. gr. frumvarpsins og núgildandi skipulags- og byggingarlögum gildir framkvæmdaleyfi einungis í 12 mánuði frá útgáfu þess. Meiri hlutinn sér

ástæðu til að lengja líftíma leyfisins um helming eða í tvö ár án nokkurra sérstakra raka, virðulegi forseti, og það er að mínu mati algerlega óásættanlegt, sérstaklega þegar horft er til þess að líftími byggingarleyfis skv. 65. gr. skipulags- og byggingarlaga er einmitt 12 mánuðir. Það hefur verið samræmi á milli þessara tveggja leyfa hingað til en nú er það fyrir bí með þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Hæstv. umhverfisráðherra verður að hlíta þessum vilja meiri hluta umhverfisnefndar sem er mikil synd í mínum huga.

Hæstv. forseti. Það er mitt mat þegar öllu er á botninn hvolft og allt er skoðað að íslensk stjórnvöld séu allt of höll undir vilja og þarfir framkvæmdaraðila og dragi taum þeirra á kostnað þeirra sem vilja viðhafa varúðarsjónarmið við ákvarðanir um framkvæmdir. Mér finnst það endurspeglast glögglega í þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir, ekki öllum, ég tek það fram, en mörgum hverjum. Þannig sýnast tillögurnar í mörgum atriðum þess eðlis að þær stríði beinlínis gegn megintilgangi laganna og tilskipana sem þær styðjast við.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að löggjöfin þarf að tryggja að leidd verði í ljós öll þau áhrif sem af stórframkvæmdum geta orðið. En til þess að hægt verði að forðast alvarleg spjöll á náttúru Íslands verður að tryggja það að meginreglur umhverfisréttar séu líka virkar, þeim sé ekki kippt úr sambandi með þessum lögum, og það verður að tryggja það að hægt sé að vernda og bæta umhverfið, stuðla að heilbrigði manna og tryggja að auðlindir náttúrunnar séu nýttar af varúð og skynsemi. Það verður ekki gert nema að unnið verði eftir þessum lögum á þeim nótum að náttúruverndarlögin og skipulags- og byggingarlögin verði til hliðsjónar jafnframt. Meginreglur umhverfisréttar og sjálfbær þróun eru þar lykilatriði.

Hæstv. forseti. Ég hefði kosið að tala miklu lengur í þessu máli, það er verulega mikið eftir og margt sem eftir er að segja. Því miður leyfa aðstæðurnar það ekki. Ég er þegar komin tvær og hálfa mínútu fram úr þeim tíma sem ég lofaði að ég mundi takmarka mig við. Ég biðst afsökunar á því. Læt ég máli mínu lokið með þeirri von og ósk að hv. þingmenn líti yfir breytingartillögur þær sem ég hef á sérstöku þingskjali með nefndaráliti mínu, taki þær til alvarlegrar skoðunar og styðji þær af þeim sem þeir sjá að horfi til bóta.

[20:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það að mikilvægt sé að ræða umhverfismál ítarlega og hefði gjarnan kosið að við á Alþingi ræddum þau ítarlega. En ég geri mér líka grein fyrir því að það gerir maður ekki með öll þessi mál á dagskrá síðasta kvöld þingsins. Það er bara svo.

Ég vil taka það fram að við í Samfylkingunni höfum metið það mjög mikils að formaður umhverfisnefndar, Guðlaugur Þór Þórðarson, hefur leitað eftir góðu samstarfi í nefndinni og það er gífurlega mikilvægt að formenn nefnda sýni góða viðleitni til að eiga samstarf við nefndarfólk sitt ekki síður í stjórnarandstöðu en í meiri hluta. Ég er líka þeirrar skoðunar að það hafi verið þýðingarmikið að umhverfisráðherra gerðist formaður umhverfisnefndar í aðdraganda þess að hún tók við ráðherradómi. Hún vildi hafa samráð og ég held líka að nefndin hafi notið þess að umhverfisráðherra var komin með umtalsverða þekkingu á málum nefndarinnar þegar hún tók við ráðherradómi.

Ég vil líka segja að við hefðum þurft að nýta betur tíma okkar og við hefðum getað klárað þetta mál fyrr. Það var óþarfi að geyma málið. Við hefðum getað lokið umfjölluninni fljótlega í upphafi árs í stað þess að lenda með það í málasúpunni núna, og það hittir okkur því fyrir í kvöld, vegna þess að þetta mál kom með fyrstu málum inn í þingið í haust.

Ég minni líka á gildi þess að leitast við að ná víðtækri sátt um lög sem eiga að lifa. Í mörgum þingum er lögð höfuðáhersla á að reyna að ná u.þ.b. 80% þátttöku í þingunum við löggjöf sem menn ætlast ekki til að verði rifin upp um leið og verða stjórnarskipti hverju sinni. Því met ég það að vilji var til að eiga samstarf við okkur. Við í Samfylkingunni ákváðum einmitt að við mundum reyna að hafa samvinnu og hafa áhrif á niðurstöðu málsins í stað þess að snúa baki við því þegar við uppgötvuðum að málið gat ekki að öllu leyti orðið eins og við hefðum kosið og hafa áhrif á í hvaða átt því var breytt. Það er skoðun mín að það sé oft óþarflega mikil óbilgirni hjá ríkjandi stjórnvöldum að leita ekki eftir góðri niðurstöðu í málum.

Það er afstaða okkar í Samfylkingunni að rétt sé að flytja ákvörðunarvaldið frá stjórnsýslustofnuninni til pólitískt kjörinna fulltrúa. Það er grunnbreytingin í þessu frumvarpi, það er megininntak laganna um mat á umhverfisáhrifum núna að allir gangi til verka með þekkingu á umhverfisáhrifunum og með þekkingu á því eins og unnt er hverjar verði afleiðingar framkvæmdanna verði farið í þær.

Við vorum ekki sammála því og vorum búin að sjá gallana á því að stjórnsýslustofnun og embættismenn ættu í raun og veru að úrskurða um pólitíska ákvörðun. Þess vegna höfum við farið í þá vegferð að fara með í málið og hafa áhrif á niðurstöður þess vegna þess að lög um mat á umhverfisáhrifum eru ekki náttúruverndarlög í eðli sínu. (Gripið fram í.) Nei, þau eru það ekki, en tortryggnin er meiri við svona lagagerð af því að ýmis lög á náttúruverndarsviði eru ekki alveg í lagi og við lögum það ekki með því að taka náttúruvernd inn í umhverfisbálkinn mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar þarf að styrkja þá löggjöf sem sett hefur verið á náttúruverndarsviði þar sem hún er veikburða og það þarf að setja ákvæði um umhverfisrétt inn í stjórnarskrána og ég treysti því að stjórnarskrárnefndin geri það.

Rammaáætlun um virkjanir verður að vera raunverulegt tæki sem hefur gildi við ákvarðanatöku. Sömuleiðis verður að vinna náttúrufarskort og nú erum við búin að flytja tillögu um það þrisvar sinnum við fjárhagsáætlun, nefndin öll, og ég ætlast til þess að við horfum á það að ef svona löggjöf á að vera í lagi samkvæmt þeirri hugsun sem er í þessari löggjöf núna þá verða hinir hlutirnir að vera í lagi því aðeins þannig tekst okkur að tryggja sátt um það annars vegar hvernig við ætlum að vernda og hins vegar hvernig við ætlum að nýta. Um það snýst allt heila málið. Af því að þeim þáttum sem ég lýsti stuttlega er ábótavant þá er meira sett á þessa löggjöf og krafan verður stærri í alls kyns smáatriðum og það er mjög mikilvægt að lesa þær kröfur rétt.

Við í Samfylkingunni höfum haldið á lofti lýðræðissjónarmiðunum í þessari vinnu og þar skilur kannski mest á

milli okkar og stjórnarmeirihlutans sem vill takmarka aðkomu almennings og vill hafa ákvörðunarvald stjórnvaldsins meira. Mér finnst það óskiljanlegt vegna þess að það er sannfæring mín að þeir einstaklingar sem láta sig þessi mál varða munu alltaf nýta þær leiðir sem bjóðast. Það þýðir að þeir verða einfaldlega aðilar annaðhvort að hagsmunasamtökum sem verða til um eitt mál, hvort sem það mál er Gullfoss lifi eða óbreytt Þjórsárver, eða þeir gerast aðilar að umhverfissamtökum og í gegnum slík hagsmunasamtök og slík umhverfissamtök taki málið upp. Með því að breyta þessu er ekki verið að stoppa neina einstaklinga. Það er aðeins verið að taka upp minna lýðræði og meiri höft og það finnst okkur rangt. Þess vegna munum við styðja breytingartillögur minni hlutans sem lúta að því að opna ferlið og auka aðkomu almennings en við munum sitja hjá við aðrar tillögur minni hlutans.

Við höfum haft gott samstarf, ég vil taka það sérstaklega fram, innan stjórnarandstöðunnar í nefndinni. Mér finnst samt tillögur vinstri grænna sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hefur mælt fyrir mótast af grundvallarafstöðu til þess hverjir eigi að taka pólitískar ákvarðanir og að í þessu tilfelli eigi það að vera Skipulagsstofnun á meðan við erum ekki sammála því að embættismenn taki pólitíska ákvörðun. Þar skilur í milli og þess vegna skildi leiðir.

Ég ætla örlítið, virðulegi forseti, í minni stuttu ræðu að víkja að nefndaráliti meiri hlutans sem við stöndum að með fyrirvara. Við hefðum, eins og ég hef sagt, viljað óbreytta þátttöku almennings og umhverfissamtaka í ferlinu en það skiptir okkur miklu máli að fækka aðildarfjöldakröfunni úr 50 í 30 í umhverfissamtökum og enn fremur að á því er tekið í nefndaráliti með hvaða hætti sjálfsprottin samtök, einsmálssamtökin eins og ég vék að áðan, hafi aðkomu. Þetta finnst mér skipta miklu máli.

Ég vil líka vekja sérstaklega athygli á því að það virðist samdóma álit í nefndinni að styrkja þurfi betur fjárhagslega stöðu og möguleika náttúruverndarsamtakanna svo að þau hafi bolmagn til að sinna verkefnum sínum á þessu sviði. Það kemur hvorki fram í tillögum okkar né beint í nefndarálitinu svo það skiptir máli að það komi fram í umræðunni og sérstaklega að formaður ítreki það.

Samstaða náðist með stjórnarmeirihlutanum um meiri opnun. Matsskýrsla eins og álit Skipulagsstofnunar verður nú opinbert gagn. Það var áður óljóst með aðgang að endanlegri matsskýrslu og þetta skiptir okkur miklu máli. Það er mikilvægt að nú er skýr leiðbeining til Skipulagsstofnunar um hvað skuli gera þegar matsskýrsla víkur frá frummatsskýrslu hvað mikilvæga þætti varðar. Áður snerist þetta um það hvort hún mundi víkja verulega frá frummatsskýrslu. Þetta er grundvallarmunur varðandi alla hugsun í ferlinu og þetta skiptir okkur máli.

Bæði varðandi almenning og vísindamennina er nú ljósara með breytingartillögunni í 5. lið b að áskilið er að Skipulagsstofnun muni meta gildi þeirra gagna sem fram hafa komið. Reynslan hefur sýnt að á þessu er þörf. Ég ætla samt ekki að fara yfir þau dæmi sem kalla á þessa breytingu.

Ég vil líka, virðulegi forseti, minna á að ýmislegt breyttist í frumvarpinu frá því að við unnum með það í fyrra og þar til það kom fram í haust, m.a. að sveitarstjórnin sem á í hlut tekur nú rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar. Þetta er mjög mikilvægt því að þetta eru ekki bara lög, eins og mér fannst koma fram áðan, um formið eða formsatriðin, þetta eru lög sem eiga að tryggja að umhverfisáhrif komi ekki aftan að neinum. Þetta er mjög mikilvægt.

Það er líka skilgreiningin og orðin „umtalsverð umhverfisáhrif“ sem voru farin út úr lögunum með frumvarpinu í fyrra og voru tekin inn aftur. Þetta var mikið hitamál síðasta þingvetur og við eigum að muna það líka hvað það var sem breyttist frá einum vetri til annars við að frumvarpið fór í endurnýjun.

Mest metum við, herra forseti, að komið var til móts við okkur með úrskurðarnefndina. Við vildum ná því fram að það væri alveg ljóst að aldrei væri vafi á að úrskurðarnefndin væri óháð stjórnsýslunni. Ég tek sérstaklega fram hvað það skiptir miklu máli að komið var til móts við okkur með breytingartillögu á þessu máli, að Hæstiréttur tilnefnir fjóra aðila í úrskurðarnefndina, alla með fagþekkingu á ólíkum sérfræðisviðum.

Svo vil ég taka fram að ég tel alveg sjálfsagt að við munum fá endurskoðun á þessu máli þegar og ef ný Evrópusambandstilskipun verður staðfest hjá okkur. Það kemur ekki annað til greina.

Ég ætla í lok ræðu minnar — ég ætla ekki að hafa hana lengri, þetta eru meginatriði, það hefur engan tilgang að fara dýpra í svona mál á síðasta kvöldi þingsins — að árétta löngun mína til þess að meiri hlutinn geri meira af því og leggi meiri áherslu á að ná niðurstöðu í vinnu við lagasmíð vegna þess að annars er löggjöfin rifin upp aftur við fyrsta tækifæri, fyrst og fremst við stjórnarskipti.

[20:19]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í tilefni orða hv. þingmanns um það að leiðir hafi skilið milli okkar í stjórnarandstöðunni þar sem ég hafi viljað að Skipulagsstofnun tæki áfram pólitískar ákvarðanir um framkvæmdir vil ég leiðrétta það. Það er alger misskilningur. Það er ekkert í breytingartillögum mínum sem gerir ráð fyrir því að Skipulagsstofnun kveði áfram upp úrskurð, ekki neitt. Það sem ég hef hins vegar varað við og vakið athygli á er sú hætta sem er fólgin í því að leyfisveitandanum verður ekki gert það, samkvæmt þessum hugmyndum, að fylgja mótvægisaðgerðunum sem álit Skipulagsstofnunar byggir á. Það verður ekkert í þessu ferli sem tryggir það að nauðsynlegar mótvægisaðgerðir að mati Skipulagsstofnunar gangi eftir af því að leyfisveitandinn er ekki lengur bundinn af áliti Skipulagsstofnunar. Hann má bara fara sínu fram og með því að rökstyðja leyfisveitinguna sína getur hann sagt: Nei, við höfum ekki peninga til að fara út í þetta eða hitt sem Skipulagsstofnun er að leggja til, eða hvaða rök sem hann síðan finnur til.

Hugmyndirnar að mótvægisaðgerðunum geta allar dottið dauðar upp fyrir þannig að þar með er að mínu mati farið að fara gegn meginreglum umhverfisréttar. Þar með er farið að fara gegn megintilgangi skipulagslaga um verndun umhverfisins, gegn náttúruverndarlögum. Það er sú hætta sem er fólgin í þeirri breytingu sem hér er lögð til og ekkert í orðanna hljóðan í frumvarpinu eða í breytingartillögum

meiri hlutans kemur í veg fyrir að þessi hætta verði að veruleika strax.

[20:21]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hvarflar ekki að mér að gera hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur upp skoðanir og ég biðst velvirðingar á því ef henni finnst að ég hafi gert það. Þegar við förum yfir megininntak breytingartillagnanna í skjalinu sem hún mælti fyrir og inntak nefndarálitsins birtist það manni þannig að allar tillögur taki mið af því að hún kjósi að ótvírætt sé tekið mið af áliti Skipulagsstofnunar. Ef við erum að færa pólitísku ákvörðunina með upplýstri ákvörðun til stjórnvalds er ekki hægt að taka afdráttarlaust mið af niðurstöðu og vilja embættismannanna, eða afstöðu eða áliti eða hvað það er hverju sinni, þannig að ég hafi bara skilið inntak tillagna hennar þannig. Ef það er ekki er það bara þannig og ég er ánægð að heyra það en ég vek þá athygli á að þannig má skilja tillögurnar og nefndarálitið. Annars dreg ég þessi orð mín til baka.

[20:22]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég tek það alveg til greina sem hv. þingmaður segir. Þetta er svo sem ekkert stórmál en þetta er kannski eitt af því sem við hefðum þurft frekari tíma til að ræða, til að greina algerlega á milli þeirra sjónarmiða sem eru til staðar hér.

Í mínum huga er algerlega ljóst að Skipulagsstofnun tekur aldrei og hefur aldrei tekið pólitíska afstöðu til eins eða neins varðandi stórframkvæmdir. Hún hefur alltaf tekið faglega ábyrgð á öllu sem hún hefur látið frá sér fara og það kemur hún auðvitað til með að gera áfram. Skipulagsstofnun er fagstofnun með fagaðila innan borðs og hún fer faglega yfir allar þær matsáætlanir og -skýrslur sem í hennar hendur berast. Í mínum huga er það fagleg niðurstaða sem birtist í áliti Skipulagsstofnunar og þess vegna finnst mér sjálfsagt að fara að þeim mótvægisaðgerðum sem hún kemur til með að leggja til í áliti sínu.

[20:23]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af þessu andsvari geri ég mér grein fyrir því að við hv. þingmaður erum að tala í kross og það hefur engan tilgang að ræða þetta nánar.

[20:24]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gerði vinnubrögð í umhverfisnefnd að umtalsefni og ég vil bregðast við því. Ég tel að þau hafi í alla staði verið til mikillar fyrirmyndar og það er í annað sinn verið að fara yfir þetta mál í vetur.

Það vill svo til að sú sem hér stendur var formaður nefndarinnar í hið fyrra sinnið og þá fórum við mjög vandlega yfir málið. Það var þá mat mitt sem formanns að það væri málinu til góðs að láta það hvíla yfir sumarið og það yrði síðan tekið til umfjöllunar aftur um haustið. Ég tel að það hafi sýnt sig mjög vel að það var einmitt skynsamlegt vegna þess að ágætissátt náðist í nefndinni. Ég tel að umfjöllunin sé mjög vönduð og það sé ekkert sem á skorti að mjög vandlega hafi verið farið yfir málið. Umsagnaraðilar hafa allir fengið tækifæri til að koma athugasemdum sínum að og koma inn í þingnefndina, bæði í fyrra og í vetur.

Mig langar til að þakka einmitt fyrir það með hve vönduðum hætti nefndin hefur tekið á þessu máli í heild sinni. Mér finnst það óþarfaviðkvæmni, ég verð að segja það, hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur að túlka það svo að formaður nefndarinnar hafi verið að gagnrýna hana sérstaklega. Á Alþingi er ekkert óvenjulegt við málefnalegan ágreining milli manna. Það er eðlilegt að svo sé og þarna náðu menn einfaldlega ekki saman, það er ekki flóknara en það.

En ég endurtek þakkir mínar til nefndarinnar fyrir vandaða vinnu.

[20:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við fengum frumvarpið snemma inn. Það var mjög mikilvægt að senda það aftur til umsagnar. Það hafði breyst, við fengum vandaðar umsagnir aftur, við fórum yfir þær í haust og svo lá frumvarpið um sinn og það eru einu mistökin sem við gerðum. Ég er sannfærð um að ef við hefðum haldið áfram við það strax eftir áramót hefðum við öll haft betri skilning á hverju einasta atriði. Ég er líka sannfærð um að við hefðum komist að enn betri niðurstöðu í málinu, og sameiginlegri. Það er trú mín og þess vegna skulum við bara læra af þessu.

Það er til fyrirmyndar að fá stór mál inn á haustin. Við eigum ekki að lenda með þau í málasúpunni á vorin sem því miður er reynslan með marga ráðherra sem hafa verið að koma með málin inn á síðasta mánuði. Ekki hefur verið tími til að fara yfir þau í nefndinni og svo koma þau inn og allt er í galagó.

[20:27]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Formaður umhverfisnefndar, hv. þm. Guðlaugur Þór Þórðarson, sá sérstaka ástæðu til að þakka þeim sem voru sammála honum fyrir málefnalega afstöðu í þessu máli og að þeir hafi unnið málefnalega. Ég vil láta þess getið að mér finnst hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir hafa unnið mjög málefnalega þó að hún sé ósammála þessari niðurstöðu meiri hlutans. Það þarf ekki að fara saman og ég vonast til þess að formaður nefndarinnar átti sig á því.

Ég styð ekki þetta frumvarp. Ég geri það ekki endilega á einhverjum ómálefnalegum forsendum. Ég hef tekið málefnalega afstöðu til frumvarpsins og mér finnst skorta á ýmsa þætti í því. Það er einkum tvennt. Áður en ég fer yfir það vil ég ítreka hér að þetta frumvarp um mat á umhverfisáhrifum er í rauninni eingöngu leið eða skipulag á því hvernig ákveðnir pappírar fara í gegnum umhverfismatskerfið. Það er ekki verið að breyta mati á því hvort einhver framkvæmd sé góð eða vond fyrir umhverfið. Það breytist ekkert við þessa skipulagsbreytingu. Þetta er eingöngu skipulagsbreyting á ferli í gegnum pappírsmylluna í kerf-

inu. Ég held að menn verði að gera sér það ljóst að hér er ekkert verið að herða eða veikja umhverfismatið, heldur er verið að breyta því að í stað þess að Skipulagsstofnun kveði upp úr með ákveðinn úrskurð er það fært til pólitískra fulltrúa. Ég get tekið undir að það sé að mörgu leyti skynsamlegra en að láta embættismenn taka þá ákvörðun.

Það sem vantar tilfinnanlega í þennan málaflokk, og ég hafði bundið sérstakar vonir við að núverandi hæstv. umhverfisráðherra bætti úr, er traust. Það er átakanlegt að sitja á fundum umhverfisnefndar þegar menn takast svo gríðarlega á og það er svo lítið traust á milli manna. Það er eins og að fyrri umhverfisráðherra hafi einhvern veginn glatað trausti allra umhverfissamtaka þannig að menn eru mjög tortryggnir í garð allrar löggjafar og kerfisins í þessum málaflokki. Það hefði verið kjörið tækifæri fyrir núverandi hæstv. umhverfisráðherra að reyna að endurvinna traust þessara samtaka en ég tel að með nýlegri yfirlýsingu sinni hafi hún fyrirgert tækifærinu. Hún kastaði algerri rýrð á eina meginstofnun sína, Umhverfisstofnun, gaf ekkert fyrir málefnalega röksemdafærslu fyrir áliti á ákveðnum málaflokki — hér á ég við vatnalögin — og sagði að hún hefði farið út fyrir valdsvið sitt. Ég tel þetta mjög alvarlegt vegna þess að í rauninni er verið að gefa skýr skilaboð: Ekki taka málefnalega afstöðu. Standið með minni pólitísku sýn. Ekki fara eftir faglegri sýn á hlutina.

Það er mjög alvarlegt.

Það sem ég set fyrst og fremst spurningarmerki við í frumvarpinu er að verið er að leggja á herðar minni sveitarfélaga að taka afstöðu án þess að það sé tryggt að minni sveitarfélög, t.d. í kjördæmi mínu, Norðvesturkjördæmi, hafi bolmagn til að fara í gegnum þessa pappírsmyllu og þetta ferli sem er mjög þungt. Ég er viss um að þeir sem fylgjast með þessari umræðu eiga oft og tíðum erfitt með að átta sig á hvað er í gangi, hvaða skýrsla sýnir hvað og hvað einhverjar úrskurðarnefndir gera. Ég tel að það verði ákaflega erfitt fyrir minni sveitarfélög sem hafa yfir takmörkuðu starfsfólki að ráða, fagfólki, og einnig takmörkuðum fjármunum að takast á við hlutina þegar þeir lenda í hnút.

Það er annað sem mér finnst líka á vanta og það varðar 13. gr., það að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Þegar leyfisveitandi á að gefa út leyfi á hann að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Þetta er svo sem ágætissetning en við vitum samt ekki hvað hún þýðir nákvæmlega. Ég tel að í framtíðinni verði tekist á um það hvað hún þýði. Til að skýra þessa grein fyndist mér rétt að menn tækju nú til máls og færu lítillega yfir það hvað þetta þýðir nákvæmlega.

Að lokum vil ég nefna að í þessum málaflokki, umhverfismálunum, er mjög brýnt fyrir stjórnvöld að reyna að sjá til þess að ekki verði svona hörð átök og stöðugir útifundir um framkvæmdir og eitt og annað. Þau verða að reyna að endurnýja traustið.

[20:33]

Umhverfisráðherra (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að umfjöllun um þetta tiltekna mál sem við ræðum hér sýni í hnotskurn hvernig traust vinnubrögð eiga að vera. Málið er lagt fram snemma og farið er vandlega yfir það. Mál af þessu tagi er mjög mikilvægt, þ.e. mat á umhverfisáhrifum. Síðan er það lagt aftur fram snemma síðasta haust og fær góðan tíma og það næst ágætissátt í þingnefndinni milli flestra þingmanna þar. Þó að þingmaður Vinstri grænna treysti sér ekki til að standa að meirihlutaálitinu þá er það ekkert óeðlilegt. Þarna ríkir traust á milli manna um vinnubrögð. Umhverfisverndarsamtök og allir sem málið snertir fá tækifæri til að fara yfir það og koma sínum ábendingum að þannig að ég tel að þetta séu eins traust vinnubrögð og nokkur geta verið. Ég bendi þingmanninum alveg sérstaklega á það, ef hann hefur ekki fylgst með því, að það er mjög góð samvinna á milli umhverfisráðuneytisins og náttúruverndarsamtaka og núna í vetur tók ég ákvörðun um að hækka fjárframlög til náttúruverndarsamtaka. Í gildi er samstarfssamningur milli ráðuneytisins og samtaka náttúruverndar svo ég tel að í öllum aðalatriðum sé mjög gott traust og samvinna á milli þessara aðila.

[20:35]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Við höfum vonandi tækifæri til að taka þessi mál seinna. Eðli málsins samkvæmt eru menn ekki sammála um alla hluti og það væri gaman að ræða þetta. En eins og menn þekkja hefur verið tekin ákvörðun um að gera slíkt ekki.

Hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir spurði út í túlkun og það kemur líka fram í nefndaráliti hennar. Þar segir, með leyfi forseta:

„... vill minni hlutinn taka fram að við umfjöllun í nefndinni var staðfestur sá skilningur að með þessari breytingu væri ekki verið að taka það hlutverk frá Skipulagsstofnun að hún fjalli um umsagnir og athugasemdir áður en þær eru sendar framkvæmdaraðila."

Bara að því sé til haga haldið þá var skilningur þess sem hér stendur öðruvísi. Skilningur hans var sá að það væri Skipulagsstofnunar að halda um þetta til að sjá til þess að eftir þessu væri farið eða brugðist við því en þyrfti ekki að fara nauðsynlega yfir það á milli þess að þetta færi til framkvæmdaraðila. Síðan væri í sjálfu sér hægt að ræða hér ýmislegt en af ástæðum sem hér hafa verið tilgreindar verður það ekki gert núna.

[20:37]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir það miður að hv. þingmaður skuli ekki hafa getað staðfest þann skilning sem kemur fram í nefndaráliti mínu. Mér þykir afar mikilvægt að Skipulagsstofnun fjalli um þær umsagnir og athugasemdir sem koma inn en sé ekki bara sá aðili sem afhendir þær framkvæmdaraðilanum til þess að framkvæmdaraðilinn geti fjallað um þær því í umsögn Skipulagsstofnunar kemur skýrt fram, og við vitum það sem höfum lesið ótal álit Skipulagsstofnunar hingað til, að margar af þeim athugasemdum sem koma eru ekki ætlaðar framkvæmdaraðila. Þær eru t.d. ætlaðar stjórnvöldum og Skipulagsstofnun sem

slík gefur þá einhverjar umsagnir um þær athugasemdir sem svo er ástatt um í sínu áliti, í sinni niðurstöðu.

Hún tekur líka til skoðunar aðrar umsagnir og kemur þá jafnvel með, og þarf að gera það eðli málsins samkvæmt, ákveðnar ábendingar til framkvæmdaraðilans vegna viðkomandi umsagna þannig að hún verður að fjalla um umsagnirnar. Þær geta orsakað það að Skipulagsstofnun kemur með hugmynd að mótvægisaðgerð t.d. eins og henni er ætlað samkvæmt álitinu þannig að það hlýtur að vera — skynsemin segir manni það — Skipulagsstofnun les allar umsagnirnar og hún fjallar um þær efnislega í sínu áliti til að hún geti gefið framkvæmdaraðilanum einhvers konar vegvísi um það hvort tilefni sé til mótvægisaðgerða vegna þessarar eða hinnar umsagnarinnar eða ekki. Skilningur minn hefur því verið sá að þó hér sé verið að breyta orðalaginu þá sé ekki verið að gera neina breytingu á því vinnulagi sem hefur verið viðhaft og er viðhaft í dag hjá Skipulagsstofnun.

[20:39]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að við séum ekkert mikið að deila. Ég skil þetta þannig að Skipulagsstofnun eðli máls samkvæmt heldur utan um þetta. Þess vegna er þetta sent þangað og þegar hún gefur sitt álit þá hefur hún eðli máls samkvæmt þessar umsagnir eða réttara sagt athugasemdir líka til hliðsjónar. En það er ekki skylda hennar — met ég það þannig — að fara yfir hverja umsögn áður en hún fer til framkvæmdaraðila.

En síðan örstutt líka af því að ég gleymdi því áðan að hér var gagnrýnt að ráðherra væri beygður. Ég met það þannig að það sé hlutverk okkar þings að fara yfir málin. Við eigum ekki að tala þannig. Við erum þá mjög oft að beygja ráðherra ef við breytum stjórnarfrumvörpum.

[20:40]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kolbrún Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þingmanni. Ég held ekki að við séum að deila. Orðaskiptin milli okkar hér og nú eru svipuð þeim orðaskiptum sem við áttum í nefndinni. Mér heyrist hv. þingmaður enn vera að tala um sama hlut og ég er að tala um þannig að ég lít enn svo á að Skipulagsstofnun eigi að fjalla um umsagnirnar og athugasemdirnar áður en hún sendir þær til framkvæmdaraðila því öðruvísi getur hún ekki tekið mið af þeim í einhverjum hugmyndum um mótvægisaðgerðir.

Varðandi síðan hitt að ráðherra hafi verið beygður þá vil ég eingöngu segja það að ég hafði orð á því að umhverfisráðherra hefði komið með metnaðarfullar tillögur í frumvarpinu. Þrjár af þeim er hún send til baka með og mér þótti það miður að meiri hluti umhverfisnefndar skyldi ekki styðja þann metnað sem mér þótti í ákveðnum tillögum umhverfisráðherra og fara að þeim heldur fara aftur í gamla farið. Ég stend svo sem við gagnrýni mína í þeim efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 2. umr.

Stjfrv., 723. mál (fráveituframkvæmdir einkaaðila). — Þskj. 1081, nál. 1389 og 1390.

[20:41]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Guðlaugur Þór Þórðarson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum.

Í nefndarálitinu segir m.a.:

Í frumvarpinu er lagt til að sveitarstjórnir fái styrk til fráveituframkvæmda óháð því hvort sveitarfélögin fjármagna framkvæmdirnar beint eða farin er leið einkaframkvæmdar. Meiri hlutinn leggur áherslu á að skuldbindingar sveitarfélaganna vegna slíkrar framkvæmdar komi fram í ársreikningum viðkomandi sveitarfélags. Þá leggur meiri hlutinn til að sett verði hámark á fjárhæð styrks og eru breytingartillögur þess efnis tilgreindar í nefndarálitinu.

Undir þetta skrifa hv. þingmenn Guðlaugur Þór Þórðarson, Kristinn H. Gunnarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, með fyrirvara, Mörður Árnason, með fyrirvara, Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara og Guðjón Hjörleifsson.

[20:43]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kolbrún Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég hef skilað minnihlutaáliti í þessu máli. Þannig er mál með vexti að ég er í grundvallaratriðum ósátt við þau meginmarkmið frumvarpsins að stjórnvöld fái með því heimild til að styðja sveitarfélög, sem komið hafa fráveitukerfi sínu í hendur einkaaðila, fjárstuðning undir yfirskyni jafnræðisreglu. Ég sé ekki rökin fyrir því að sveitarfélög sem velja þetta form þurfi á grundvelli jafnræðisreglu að geta verið eins konar leppar fyrir fjárveitingu til einkaaðilans sem fær í hendurnar framkvæmdaféð. Það er alkunna að sveitarfélög hafa í auknum mæli farið inn á þær brautir að reka tiltekna þætti grunnþjónustu sinnar í formi einkaframkvæmdar. Þekkt dæmi eru byggingar skólahúsnæðis og íþróttahúsnæðis sem byggð eru og rekin af einkaaðilum en leigð sveitarfélögunum með langtímasamningi. Mér hefur ekki fundist þetta til fyrirmyndar, sannarlega ekki og ég er satt að segja ánægð með breytingartillögu meiri hlutans í þessu máli þar sem gert er ráð fyrir því að þessar fjárfestingar séu þó tilgreindar í ársreikningi og í bókhaldi sveitarfélaganna komi þær vel fram þannig að það má fagna þeirri breytingartillögu.

Virðulegi forseti. Grundvallaratriði málsins er þess eðlis að ég sé mér ekki fært að styðja það. Að öðru leyti vísa ég til þess nefndarálits sem liggur fyrir á þskj. 1390.

[20:44]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég sá á þessu máli mikla annmarka við 1. umr. þess og fyrst og fremst þá að ekki væri einfalt að veita ríkisframlag til framkvæmdar þegar hún væri orðin í einkaframkvæmd og hefði þá í raun þá ekkert lengur að gera með framkvæmd sveitarfélags að öðru leyti en því að

sveitarfélagið yrði leigjandi að framkvæmdinni. Það komu ekki almennileg svör við því hvernig menn sæju þetta fyrir sér.

Nú er búið að skoða þetta mál í nefndinni. Ég held að við hefðum þurft betri tíma. Það er í raun verið að ákveða að sveitarstjórn fái styrk til fráveituframkvæmda óháð því hvort sveitarfélögin fjármagna framkvæmdirnar beint eða fari í einkaframkvæmd. Niðurstaða nefndarinnar var sú að það væri alltaf sveitarfélagið sem fengi peninginn og sveitarfélagið þyrfti í raun að vera með skuldbindingar sínar vegna rekstrarleigunnar inni í ársreikningum. En við höfum ekki farið gegnum það hvernig hægt sé að gera þetta.

Ef ég reyni að yfirfæra þetta mál á venjulegt heimili þá vitum við að ríkið styður þá sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið og ætla að eiga það og stuðningurinn er í formi vaxtabóta. Ríkið styður líka þann sem er að leigja húsnæði en þá er ekki ríkið tilbúið að láta viðkomandi hafa vaxtabætur. Hann fær húsaleigubætur. Það er allt annað viðmið í að styðja við að leigja eitthvað eða styðja við að kaupa eitthvað. Þess vegna getum við varla verið með stofnkostnaðarstuðning við sveitarfélag sem ætlar ekkert að vera með fé að láni eða fjárfesta í stofnkostnaði. Þetta fannst mér vera vandi okkar sem fengum þetta mál til umfjöllunar. Mér finnst ekki að við höfum almennilega skýrt hvernig sveitarfélagið tekur við styrknum og setur hann inn í framkvæmdina. Því er ekki ætlað að gera það sem eignarhlut. Það er milligönguaðili. Það er einhvers konar ábyrgðaraðili og það á að setja skuldbindinguna inn í ársreikningana og ég er sannfærð um að þetta verður vandasamt.

Hins vegar vil ég ekki stoppa þetta mál eða leggja stein í götu þess vegna þess að ég er mjög meðvituð um að það er mjög mikilvægt að fara í framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum. Ég geri mér líka grein fyrir að það er flóknara þegar sveitarfélagið er inni í landi og getur ekki verið með beinar útrásir. Þess vegna hef ég valið að vera með fyrirvara og ég mun sitja hjá við málið með þessum ábendingum mínum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 695. mál (aðsetursregla). — Þskj. 1053, nál. 1385, brtt. 1386.

[20:47]

Frsm. efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1385 um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið, eins og kemur fram í nefndarálitinu, og fengið til sín gesti. Hún leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem tillaga er gerð um á þingskjali 1386.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Össur Skarphéðinsson voru fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins en Gunnar Örlygsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Lúðvík Bergvinsson, Gunnar Birgisson, Ögmundur Jónasson og Una María Óskarsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Olíugjald og kílómetragjald, 2. umr.

Stjfrv., 807. mál (lækkun olíugjalds). — Þskj. 1365, nál. 1397 og 1434.

[20:49]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1397 um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald, kílómetragjald o.fl., frá meiri hluta hv. efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ingvar Má Pálsson frá fjármálaráðuneyti. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson skrifaði undir álitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að leggja fram og styðja breytingartillögur við málið.

Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Pétur H. Blöndal, Dagný Jónsdóttir, Birgir Ármannsson, Einar K. Guðfinnsson, Siv Friðleifsdóttir og Ögmundur Jónasson, með fyrirvara.

[20:49]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristján L. Möller):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar um mál það sem hér er á dagskrá.

Minni hlutinn styður að olíugjald væri lækkað við núverandi aðstæður en telur að olíuverð verði áfram of hátt þrátt fyrir þá 4 kr. lækkun gjaldsins sem lögð er til í frumvarpinu.

Nefndin hefur fjallað um málið á einum fundi en fékk hvorki tíma til að fara yfir það með öðrum gestum en fulltrúa fjármálaráðuneytisins né heldur að láta sérfræðinga vinna nánari útreikninga á áhrifum frumvarpsins.

Ein meginrök stjórnarinnar við framlagningu frumvarps um olíugjald og kílómetragjald á 130. þingi voru þau að með upptöku olíugjalds mætti gera ráð fyrir að dísilknúnar fólksbifreiðar yrðu álitlegri kostur fyrir einstaklinga en þær hafa verið hingað til. Minni hlutinn telur hæpið að þetta markmið náist ef verðmunur á olíu og bensíni verður ekki meiri en lagt er til í frumvarpinu. Þróun heimsmarkaðsverðs á olíu er óvissuþáttur í þessu máli og ekki er heldur enn vitað um endanlegan aukakostnað olíufélaganna vegna upptöku olíugjaldsins en sá kostnaður kemur fram í útsöluverði til neytenda. Ef reiknað er með að sá kostnaður verði 3 kr. á lítra, eins og nefnt hefur verið, og heimsmarkaðsverð olíu haldist svipað og nú verður niðurstaðan þessi:

Olíuverð með fullri þjónustu verður 112,18 kr. 95 okt. bensín með fullri þjónustu verður 110,30 kr. eða rúmlega 1 kr. ódýrara. Olíuverð í sjálfsafgreiðslu miðað við taxta eins og við sjáum þá í dag hjá olíufélögunum verður 107,20 kr. og verð á 95 okt. bensíni í sjálfsafgreiðslu verður 105,50 kr. Það má segja, virðulegi forseti, að verði gjaldið sem olíufélögin leggja ofan á 2 kr. minnkar þetta um krónu eins og stundum er verið að tala um en það er ekki komið fram, eins og áður segir.

Af þessu sést að miðað við þessar forsendur verður olíuverð hærra en verð á bensíni.

Þegar lögin um olíugjald voru samþykkt á síðasta þingi kom fram í athugasemdum að fjárhæð olíugjalds skyldi vera 45 kr. á hvern lítra og að ef miðað væri við verð á dísilolíu eins og það var 1. mars 2004 yrði verð dísilolíu um 94 kr. á lítra, með virðisaukaskatti. Til samanburðar var tekið fram að algengt verð á 95 okt. bensíni væri þá um 100 kr. á hvern lítra, en mismunandi eftir þjónustustigi. Þegar lögin voru samþykkt var því gert ráð fyrir að mismunur á verði þessara vöruflokka væri um 5 kr. og að það rétt dygði til að gera dísilknúnar fólksbifreiðar ákjósanlegri kost sem einkabifreiðar. Nú er ljóst að þrátt fyrir þá lækkun sem lögð er til í frumvarpinu verður verðmunurinn mun minni sem þýðir að hvati einstaklinga til að kaupa dísilknúnar bifreiðar er að engu orðinn og að markmiðum í umhverfisvernd verður ekki náð.

Þá er einnig ljóst að tekjur ríkisins af dísilolíu munu aukast frá því sem er í gildandi þungaskattskerfi. Ríkissjóður er með nýja olíugjaldskerfinu í raun að seilast í vasa bifreiðaeigenda, m.a. með álagningu virðisaukaskatts á olíugjald. Virðisaukaskatturinn rennur ekki allur til Vegagerðarinnar í formi markaðra tekjustofna og því er enn hlaðið á bifreiðaeigendur gjöldum sem ekki tengjast vegabótum eða gerð annarra umferðarmannvirkja á neinn hátt.

Minni hlutinn telur þá lækkun sem lögð er til í frumvarpinu jákvæða í sjálfu sér en að rúm sé fyrir frekari lækkun sem er nauðsynleg eigi markmið kerfisbreytinganna að nást.

Virðulegi forseti. Því er við þetta að bæta, fullyrðingar sem ég hef sett fram, sem m.a. koma fram í því að olíuverð með virðisaukaskatti verður eins hátt og hér hefur verið nefnt og svo getum við í sjálfu sér rætt það hvort það verður 1 kr. minna eða 2 kr. minna eða meira, að þessi munur verður of lítill. Þegar ég segi að tekjur ríkissjóðs muni aukast af þessu þá verð ég að hafa þann fyrirvara á að auðvitað munar miklu hvort við erum að tala um 74 millj. olíulítra selda á olíugjaldi eins og forsendur vegáætlunar segja til um, sem munu þá gefa miðað við 45 kr. eins og gjaldið var um 3,3 milljarða og 815 millj. í virðisaukaskatt eða 80 millj. lítra sem notaðir voru í forsendum fjárlaga eða 91 millj. lítra sem Vegagerðin notaði í gögnum sem send voru efnahags- og viðskiptanefnd þegar við vorum að vinna það frumvarp sem seinna varð að lögum um olíugjald og kílómetragjald. Tíminn á eftir að leiða það í ljós, virðulegi forseti, hvað olíulítrarnir verða margir og þar af leiðandi tekjur Vegagerðarinnar af olíugjaldi ríkissjóðs af virðisaukaskattinum, hvað rennur til Vegagerðarinnar í þessa mörkuðu tekjustofna sem hún hefur af þessu gjaldi og hvað verður eftir hjá ríkissjóði hugsanlega af hluta af virðisaukaskatti.

Við þessa breytingu á olíugjaldi sem á að gilda til áramóta, ákveði til bráðabirgða, þá er talað um 41 kr. og ef við gerum ráð fyrir að 80 millj. lítra seljist verða árstekjur af því rúmir 3,2 milljarðar og virðisaukaskattur af því rúmar 800 millj. eða samtals tæpar 4,1 milljarður kr. Þetta eru auðvitað, eins og ég hef áður sagt, óvissuþættir og því miður virðist mér að við getum ekki séð hver eðlileg olíusala verður á þessu gjaldi fyrr en kannski eftir eitt eða eitt og hálft ár. Hví segi ég þetta? Jú, virðulegi forseti, vegna þess að fyrir þinginu liggja líka breytingar á þessu kerfi sem eru tæknilegs eðlis en þar er m.a. heimilað að viðkomandi aðilar geti átt 5 þúsund lítra í geymslum sínum sem getur þá þýtt það að viðkomandi geti sparað sér 250 þúsund í olíugjald miðað við að kaupa þetta magn. Það fer svo eftir því hvað margir gera það og það ruglar auðvitað þetta dæmi.

Virðulegi forseti. Ég sagði áðan að það væru óvissuþættir með þetta magn og það sama á í raun og veru við um bensíngjaldið, það sérstaka bensíngjald sem rennur til Vegagerðarinnar og hefur veri reiknað í nýsamþykktri vegáætlun 192 millj. lítrar. Nú hefur hins vegar komið í ljós í gögnum, sem dreift var í þinginu í dag að ég held, að bensínsala á síðasta ári var 196 millj. og 800 þús. lítrar sem gefur þá líka meiri tekjur en gert er ráð fyrir.

Það verður líka að hafa í huga, virðulegi forseti, að bensíngjaldið var hækkað í janúar 2004 svo og þungaskatturinn sem kom þó til framkvæmda eitthvað aðeins seinna og það hafði að sjálfsögðu auknar tekjur í för með sér til ríkissjóðs sem eru svo þær tekjur sem menn þurfa að stemma af gagnvart olíugjaldinu. Án þess að ég ætli að lengja þessa umræðu mikið er rétt að geta þess að bensíngjaldið gaf á síðasta ári 535 millj. kr. meira en vegáætlun gerði ráð fyrir og 208 millj. kr. meira en fjárlög gerðu ráð fyrir. Það kom m.a. út af þeirri hækkun sem ég gerði að umtalsefni áðan, þ.e. á sérstaka bensíngjaldinu.

Dísilbílarnir. Með þeirri 8% hækkun sem varð á síðasta ári, í ársbyrjun 2004, þá var tekjuspá vegáætlunar rúmir 2,6 milljarðar og var það 461 millj. meira en gert var ráð fyrir og enn fremur meira en fjárlög gerðu ráð fyrir en það er náttúrlega vegna þessarar 8% hækkunar. Allt eru þetta tölur sem kannski er erfitt að vera að þylja hér upp, virðulegi forseti, sem rökstuðning fyrir því að þetta gjald er svona hátt en það voru auðvitað ákveðnar forsendur komnar inn í fjárlög með þungaskatti og bensíngjaldi sem varð svo að stilla af miðað við þessa olíulítrasölu og bensínlítrasölu til þess að Vegagerðin hefði sömu tekjur. Það má þó segja það, virðulegi forseti, að að sjálfsögðu var ekki ætlunin hjá neinum að minnka tekjur Vegagerðarinnar af þessum mörkuðu tekjustofnum sínum.

Virðulegi forseti. Rétt í lokin. Það kemur fram í því minnihlutaáliti sem ég hef hér mælt fyrir að við styðjum að sjálfsögðu þessa lækkun, en ég hygg að við eigum eftir að ræða á hinu háa Alþingi einhvern tíma í haust eða fyrir næstu jól ýmsar breytingar sem kannski þarf að gera á þessu frumvarpi þegar þetta kerfi fer að þróast og fer í framkvæmd. Ég óttast margt í framkvæmd á þessu nýja kerfi. Ég ætla ekki að ræða þær hættur sem ég sé í þessu máli í ræðustól Alþingis en það versta við það er auðvitað hve verðmismunurinn verður lítill á olíunni og bensíninu. Ég verð að enda mál mitt á því, virðulegu forseti, að segja

að ég held að úr því að við vorum ekki búin að taka upp þetta olíugjaldskerfi fyrir 10–15 árum þá ættum við ekki að gera það núna 1. júlí nk. Ég held að innan nokkurra ára verði komin ný tækni til að taka gjald af bifreiðanotkun sem tekjustofni til Vegagerðarinnar eins og ég hef gert hér að umtalsefni. Það er auðvitað áhyggjuefni að tekjurnar eru að lækka út af þessu. Samfylkingin lagði fram á síðasta ári bestu tillögurnar sem því miður náðu ekki í gegn á hinu háa Alþingi, þ.e. tillögur um að búa til nýja flokka í þungaskattskerfinu fyrir litla sparneytna dísilbíla, fólksbíla, tillögur sem ég man að hv. þm. Einar Már Sigurðarson mælti fyrir á hinu háa Alþingi fyrir okkar hönd á síðasta ári. Þær tillögur voru allar felldar og ég tel að það hafi verið miður vegna þess að það hefði orðið aðalhvatinn til að fá í bílaflota landsmanna litla sparneytna dísilbíla. En rétt í lokin, virðulegi forseti, dísilbílar á Íslandi eru ekki nema 18 talsins, þeir voru 11 árið 1994. Þau jákvæðu markmið sem áttu að koma af þessu í umhverfismálum, minni kostnaður þjóðarbúsins við að flytja inn eldsneyti o.s.frv., ég óttast því miður að við náum þeim ekki með þessari kerfisbreytingu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landbúnaðarstofnun, 3. umr.

Stjfrv., 700. mál. — Þskj. 1357, brtt. 1361 og 1393.

og

Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, 3. umr.

Stjfrv., 701. mál. — Þskj. 1358, brtt. 1394.

[21:02]

Magnús Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum sem bornar eru upp af hv. þm. Drífu Hjartardóttur, formanni landbúnaðarnefndar, um frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun annars vegar og hins vegar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um stofnun Landbúnaðarstofnunar.

Í fyrsta lagi er á þingskjali 1361 breytingartillaga sem gerir ráð fyrir að forstjóri stofnunarinnar skuli hafa háskólamenntun.

Í öðru lagi er breytingartillaga á þingskjali 1393 sem gengur út á að styrkja embætti yfirdýralæknis ásamt því að gera ráð fyrir ákveðnu skipulagi stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarráðherra skipi sviðsstjóra yfir sérstöku sviði sem skuli fara með dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Sá sviðsstjóri skuli vera dýralæknir að mennt og nefnast yfirdýralæknir. Skal hann heyra undir forstjóra sem jafnframt setur honum erindisbréf með hliðsjón af þeim verkefnum sem yfirdýralækni eru sérstaklega falin með lögum. Yfirdýralæknir skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri ræður annað starfsfólk nema annað sé tekið fram í lögum.

Sem greinargerð með þessu: Fram til þessa hefur löggjafinn falið yfirdýralækni mikla ábyrgð við ákvarðanatöku í málefnum er varða dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Mikilvægt hefur þótt að tryggja að sú ákvarðanataka sé byggð á faglegum sjónarmiðum svo heilbrigði manna og dýra sé ekki stefnt í hættu, t.d. við innflutning lifandi dýra eða landbúnaðarvara. Því hefur ákvörðun ráðherra í þeim efnum verið bundin meðmælum yfirdýralæknis á grundvelli áhættumats er hann framkvæmir. Með hliðsjón af mikilvægi þeirra hagsmuna sem hér er um að ræða þykir rétt að viðhalda að nokkru leyti sérstöðu yfirdýralæknis og þeirrar fagþekkingar sem embættið býr yfir. Í ljósi þessa þykir rétt að ætla yfirdýralækni áfram sérstök verkefni með lögum til viðbótar við þau verkefni sem hann kann að fara með sem sviðsstjóri innan Landbúnaðarstofnunar. Til að árétta þessa sérstöðu þykir enn fremur rétt að yfirdýralæknir verði skipaður af ráðherra þó hann heyri undir forstjóra eins og aðrir starfsmenn Landbúnaðarstofnunar.

Á þingskjali 1394 eru síðan lagðar til ákveðnar breytingar á ýmsum lögum um stofnun Landbúnaðarstofnunar til samræmis við þær tillögur sem ég hef gert grein fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 2002, 2. umr.

Stjfrv., 440. mál. — Þskj. 660, nál. 1197 og 1347.

[21:05]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti frá meiri hluta fjárlaganefndar um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2002. Við umfjöllun um málið var að venju leitað álits og skýringa hjá fjármálaráðuneyti og einnig hjá Ríkisendurskoðun.

Skemmst er frá því að segja að meiri hlutinn gerir tillögu um að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Að álitinu standa hv. þingmenn Magnús Stefánsson, Einar Oddur Kristjánsson, Bjarni Benediktsson, Drífa Hjartardóttir, Ásta Möller og Hjálmar Árnason.

Virðulegur forseti. Ég vil greina frá því að við umfjöllun um þetta mál hefur komið í ljós að ákveðið misræmi er milli ríkisreiknings fyrir 2002 og lokafjárlaga. Í því skyni mun ég leggja fram breytingartillögu við 3. gr. frumvarpsins fyrir 3. umr. til að koma til móts við þau sjónarmið sem uppi eru og þykir eðlilegt að leggja fram þá breytingartillögu af því tilefni.

[21:06]

Frsm. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég geri grein fyrir áliti minni hluta fjárlaganefndar um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2002. Einnig er rétt að geta þess að hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson, sem er áheyrnarfulltrúi í fjárlaganefnd, er sammála því nefndaráliti sem ég kynni hér en undir það rita auk mín hv. þingmenn Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jón Gunnarsson, Helgi Hjörvar og Jón Bjarnason.

Ljóst er að ekki hefur mikinn tilgang að fjalla um stöðu

einstakra stofnana eða fjárlagaliða því að frá lokum ársins 2002 hafa verið samþykkt mörg fjárlög og fjáraukalög sem breytt hafa þeirri stöðu. En þar að auki liggur fyrir þinginu og verður fjallað um á eftir frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2003.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Magnúsar Stefánssonar er kveðið á um það í 3. gr. frumvarpsins að þegar lögin taki gildi verði ríkisreikningur fyrir árið 2002 staðfestur. Eins og fram kemur í nefndaráliti 1. minni hluta um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2001 er víða ósamræmi milli frumvarpsins og ríkisreiknings. Þetta ósamræmi heldur áfram milli ára meðan ekki hefur verið tryggt samræmi milli ríkisreiknings og lokafjárlaga. Það þýðir að staða fjárheimilda einstakra stofnana og fjárlagaliða er röng í ríkisreikningi og gefur því ekki rétta mynd af stöðu þeirra. Þar sem ekki er fullt samræmi á milli ríkisreiknings 2002 og þessa frumvarps þarf að breyta þessari grein til samræmis við sambærilega grein í lokafjárlögum áranna 2000 og 2001.

Þess vegna er mikið fagnaðarefni að hv. þm. Magnús Stefánsson hefur kynnt breytingartillögu í samræmi við það sem kemur fram í nefndaráliti minni hlutans og mun það að sjálfsögðu tryggja að þetta frumvarp verður þingtækt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lokafjárlög 2003, 2. umr.

Stjfrv., 441. mál. — Þskj. 663, nál. 1198 og 1348, brtt. 1199.

[21:08]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Magnús Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2003. Eins og fyrr fjallaði nefndin um málið í samráði við fjármálaráðuneytið og Ríkisendurskoðun. Ég vil koma á framfæri örfáum orðum úr nefndaráliti.

Ríkisendurskoðun telur að úrbóta sé þörf varðandi framkvæmd fjárlaga, gerð fjáraukalaga og lokafjárlaga og að tryggja þurfi betur samræmi á milli framsetningar ríkisreiknings og fjárlaga. Fjármálaráðuneyti tók undir ábendingar Ríkisendurskoðunar um að óeðlilegt sé að úthluta af safnliðum eftir að reikningsári er lokið og að gera eigi þá kröfu að fjárheimildir stofnana liggi fyrir eins fljótt og auðið er.

Að öðru leyti, virðulegur forseti, gerir meiri hlutinn tillögu um nokkrar breytingar þ.e. 21 breytingu við frumvarpið og kemur það fram í þingskjali 1199. Ég vísa í það þingskjal og ætla ekki að gera sérstaklega grein fyrir þeim breytingartillögum, en undir þetta álit meiri hlutans skrifa hv. þingmenn Magnús Stefánsson, Drífa Hjartardóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Ásta Möller, Bjarni Benediktsson og Hjálmar Árnason.

Eins og um lokafjárlögin fyrir árið 2002 hefur í umfjöllun um málið komið fram ákveðið misræmi milli ríkisreiknings og lokafjárlaga frumvarpsins og mun ég leggja fram breytingartillögu um þetta frumvarp fyrir 3. umr., þ.e. breytingartillögu við 4. gr. á sama hátt og á við um lokafjárlög ársins 2002. Unnið hefur verið að því að samræma þessa hluti í þeirri vinnu sem hefur farið fram núna á síðustu tveimur árum og við væntum þess og gerum ráð fyrir því með þessu öllu saman að upphafsstaða ársins ætti að vera í réttu horfi, þ.e. upphafsstaða ríkisreiknings 1. janúar 2004 og lokafjárlög 2003 og þar með mun okkur takast að stemma þessa hluti af þannig að umfjöllun um þessi mál ætti að vera með eðlilegum hætti eins og vera ber samkvæmt fjárreiðulögum hér eftir.

[21:11]

Frsm. minni hluta fjárln. (Einar Már Sigurðarson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta fjárlaganefndar um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2003. Rétt er að geta þess að Guðjón Arnar Kristjánsson, áheyrnarfulltrúi í fjárlaganefnd, er samþykkur þessu nefndaráliti en undir það rita auk mín hv. þingmenn Anna Kristín Gunnarsdóttir, Jón Gunnarsson, Helgi Hjörvar og Jón Bjarnason.

Einnig er rétt að bæta við þá umræðu sem hér átti sér stað varðandi lokafjárlög fyrir árið 2002 að nokkur umræða hefur orðið um hvort samþykkja eigi lokafjárlög hvers árs á undan útgáfu ríkisreiknings eða eftir að hann hefur verið gefinn út. Af 45. gr. fjárreiðulaganna má ráða að þetta skuli gerast samtímis og að fullt samræmi eigi að vera á milli lokafjárlaga og ríkisreiknings. Um þetta þarf skýrar reglur og verklag sem tryggir betri vinnubrögð í framtíðinni við gerð lokafjárlaga. Minni hlutinn telur að fjárlaganefnd eigi að hafa frumkvæði varðandi þetta ferli og leggja vinnu í að samræma ólík sjónarmið. Ljóst er að nýju fjárreiðulögin hafa ekki tryggt það að þetta hafi gerst með þessum hætti og margt sem bendir til að það sé í raun ógjörningur. Því er eðlilegt að fjárlaganefnd velti fyrir sér hvort ekki sé kominn tími til að endurskoða fjárreiðulögin og teljum við eðlilegt að fjárlaganefndin hafi frumkvæði að slíku.

Það sama er um þetta frumvarp að segja og kom fram við umræðu um frumvarp til lokafjárlaga fyrir árið 2002 að ekki er fullt samræmi milli ríkisreiknings og lokafjárlaga og sú athugasemd kemur fram í nefndaráliti okkar og þess vegna er það fagnaðarefni að hv. þm. Magnús Stefánsson hefur boðað breytingartillögu til að koma þessu í fullt samræmi við það sem gert var vegna áranna 2000 og 2001.

Einnig er fagnaðarefni að nú bendir allt til þess að við munum í haust fá lokafjárlög fyrir árið 2004, þ.e. um svipað leyti og við fáum frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2005 og frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006. Þá á grunnur allra stofnana að vera tryggur þannig að menn eigi að geta byggt þessi frumvörp á réttum grunni og mun það væntanlega og vonandi orsaka það að við fáum betri fjárlög fyrir árið 2006 heldur en við höfum haft undanfarin ár.

Frú forseti. Minni hlutinn mun að sjálfsögðu sitja hjá við afgreiðslu þessara frumvarpa beggja af þeirri einföldu ástæðu að þetta er allt saman liðið og búið og er að sjálfsögðu á ábyrgð ríkisstjórnarflokkanna og við munum þess vegna eins og ég sagði áðan sitja hjá við afgreiðslu þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bætt heilbrigði Íslendinga, fyrri umr.

Þáltill. heilbr.- og trn., 806. mál. — Þskj. 1354.

[21:14]

Frsm. heilbr.- og trn. (Jónína Bjartmarz):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar frá heilbrigðis- og tryggingaefnd um aðgerðir til að bæta heilbrigði Íslendinga með hollara mataræði og aukinni hreyfingu. Í greinargerð er gerð grein fyrir forsendum tillögunnar og þær eru raktar þar mjög ítarlega. Mig langar að vísa til greinargerðarinnar um það og láta þar við sitja að gera grein fyrir tillögugreininni sjálfri eins og hún hljóðar á þingskjali 1354, en þar segir, með leyfi forseta:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um samræmdar aðgerðir til að efla lýðheilsu á Íslandi með hollara mataræði og aukinni hreyfingu.

Faghópur á vegum forsætisráðuneytis verði settur á laggirnar til að greina vanda sem tengist óhollu mataræði, offitu, átröskun og hreyfingarleysi, bæði orsakir vandans og afleiðingar. Að lokinni greiningu á orsökum og afleiðingum geri hópurinn tillögur að samræmdum aðgerðum og framkvæmdaáætlun sem lagðar verði fyrir ríkisstjórnina í apríl 2006.

Við mat á afleiðingum verði m.a. horft til áhrifa á einstaklinginn, heilbrigði hans og félagslega stöðu, á atvinnulífið og á heilbrigðis- og tryggingakerfið og heildarkostnaður samfélagsins af afleiðingum vandans metinn.

Við greiningu á orsökum verði horft vítt, svo sem á áhrif mataræðis og lífsstíls nútímafjölskyldna, áherslur á hreyfingu í starfi og aðalnámskrá leik- og grunnskóla. Enn fremur verði hugað að verðlagsmálum, aðstöðu almennings til íþrótta, útivistar og hreyfingar, skipulagi byggðar og samgangna og hlutverki starfsmanna skóla og heilbrigðisþjónustu við greiningu á vanda einstaklinga í forvarnaráðgjöf til foreldra og eftirfylgni aðgerða.

Við skipun faghópsins verði haft í huga hve víðtækt verkefnið er og leitast við að tryggja þátttöku sem flestra viðkomandi ráðuneyta svo og fulltrúa Lýðheilsustöðvar sem hefur veigamiklu lögbundnu hlutverki að gegna á þessu sviði

Í starfi faghópsins verði haft til hliðsjónar markmið 11 í gildandi heilbrigðisáætlun, næringarráðleggingar manneldisráðs og samþykkt Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Þannig hljóðar tillögugreinin og ég ætla að láta þar við sitja að gera grein fyrir henni og árétta síðan að ekki er gerð tillaga um að málinu verði vísað til nefndar þar sem það er flutt af heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 67. mál (bann við limlestingu á kynfærum kvenna). — Þskj. 67, nál. 1273, brtt. 1274.

[21:17]

Frsm. allshn. (Bjarni Benediktsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá allsherjarnefnd um frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, með síðari breytingum, mál sem gengið hefur undir heitinu bann við limlestingu á kynfærum kvenna.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila, m.a. fulltrúa refsiréttarnefndar og Ingibjörgu Rafnar, umboðsmann barna, auk þess sem nefndinni bárust umsagnir frá fjölmörgum aðilum sem gögnuðust í störfum nefndarinnar við að vinna málið áfram.

Ég ætla að leyfa mér í öllum meginatriðum að vísa til þess nefndarálits sem liggur frammi á þskj. 1273. Þó vil ég geta þess í tilefni af því að nefndin leggur til þó nokkrar breytingar á þingmálinu að efnislega varða þær fyrst og fremst það sem ég leyfi mér að kalla lagatæknileg atriði, breytingar sem eru til þess fallnar að tryggja innbyrðis samræmi í löggjöfinni, að það sé samsvörun í þeirri hugtakanotkun sem þegar er til staðar í hegningarlögunum. Þess vegna leyfi ég mér að segja, þrátt fyrir þær breytingartillögur sem nefndin leggur til, að efnislega sé ekki verið að hreyfa við því máli sem fyrir þinginu lá.

Eitt af því sem sérstaklega var tekið til umræðu í störfum nefndarinnar var það hvort tryggja þyrfti að hugtakið „limlesting á kynfærum kvenna“ kæmist inn í lagatextann og þá sérstaklega í tilefni af því að sú hugtakanotkun hefur fengið nokkuð fastan sess í alþjóðlegri umræðu um það mál sem frumvarpið fjallar um, þann hrottalega verknað sem framinn er því miður enn í ákveðnum löndum, að umskera ungar konur, og frumvarpið fjallar fyrst og fremst um. Þar sem ákveðin hefð hefur skapast fyrir tiltekinni hugtakanotkun um þennan vanda í alþjóðlegri umræðu varð allnokkur umræða um það í nefndinni hvort sú hugtakanotkun þyrfti að rata alla leið inn í lagatextann. Það er sem sagt meginniðurstaða nefndarinnar að það sé óþarfi, enda kom skýrt fram í nefndaráliti nefndarinnar að ekki sé verið að hreyfa við þessu atriði málsins.

Ég vil líka taka það fram að við töldum mikilvægt að það væri alveg skýrt með þessu þingmáli að girt væri fyrir það að hægt væri að koma með ungar konur til Íslands, fremja verknaðinn hér á einhverju refsilausu svæði og fara síðan aftur af landi brott eftir að verknaðurinn hefði verið framinn. Fyrir allt þetta er girt í málinu. Þetta er okkar innlegg í þá alþjóðlegu baráttu sem á sér stað gegn glæpum af þessu tagi. Eins og menn þekkja er þetta mál stutt af formönnum allra þingflokka á þinginu. Nefndin var einhuga um að mæla með samþykkt málsins með þeim breytingum sem gerð er grein fyrir í nefndarálitinu.

Ég legg því til að málið verði samþykkt með þeim breytingum.

[21:21]

Kolbrún Halldórsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs örstutt til að lýsa ánægju minni með það að Íslendingar skuli nú bætast í hóp þeirra landa sem hafa lögfest ákvæði sem banna limlestingu á kynfærum kvenna. Málið á sér nokkurn aðdraganda sem er óþarfi að rekja hér en það hefur verið sjónarmið mitt að það sé skylda Íslendinga í samfélagi þjóðanna að leggja sitt af mörkum til að þessi forna hefð verði aflögð og að komið verði í veg fyrir limlestingu fjölda stúlkubarna. Nú hillir

undir að þetta frumvarp verði að lögum. Ég lít svo á að það sé fyrst og fremst fyrirbyggjandi aðgerð og skýr yfirlýsing um stuðning Íslendinga við baráttuna gegn þessum hroðalega verknaði, þessum hroðalegu misþyrmingum og mannréttindabrotum á konum og börnum í heiminum.

Ég lýsi mikilli ánægju með vinnu alþjóðanefndarinnar undir forustu hv. þm. Bjarna Benediktssonar við afgreiðslu þessa máls í nefndinni. Það eina sem ég átti erfitt með að sætta mig við í breytingartillögunum var það orðalag sem lagt var til í umsögn refsiréttarnefndar að í 3. gr. yrði sett inn orðið líkamsárás, þ.e. „hver sem með líkamsárás veldur tjóni" o.s.frv. en hv. þm. Bjarni Benediktsson skýrði vel í ræðu sinni hvers vegna það var gert. Það er gert til samræmis við annan lagatexta og eins og ég segi felli ég mig við það enda gefur nefndin yfirlýsingu í nefndarálitinu um það að út frá samheiti frumvarpsins og greinargerðarinnar með því sé átt við verknað sem fellur undir það hugtak sem skammstafað hefur verið FGM og stendur fyrir upp á engilsaxnesku „female genital mutilation" eða limlestingu á kynfærum kvenna. Hér er sem sagt fyrst og fremst um lagatæknilega breytingu að ræða og ég vildi segja að á þeim forsendum felli ég mig við hana.

Að lokum vil ég ítreka þakkir mínar til nefndarinnar og til þingflokksformanna allra þingflokka á Alþingi fyrir að hafa lagt málinu það lið sem þau hafa gert í vetur. Ég tel að Íslendingar geti borið höfuðið hátt með því að vera nú komin í hóp þeirra landa, t.d. með Danmörku, Noregi og Svíþjóð, sem lögfesta ákvæði af þessu tagi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rekstur skólaskips, síðari umr.

Þáltill. GAK o.fl., 29. mál. — Þskj. 29, nál. 1403.

[21:24]

Frsm. sjútvn. (Guðjón Hjörleifsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla að kynna nefndarálit um tillögu til þingsályktunar um rekstur skólaskips frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið skriflegar umsagnir um það frá Kennaraháskóla Íslands, Hafrannsóknastofnuninni, Félagi kvótabátaeigenda, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum fiskvinnslustöðva og Skólastjórafélagi Íslands.

Með tillögunni er lagt til að sjávarútvegsráðherra verði falið að stuðla að því að aftur verði boðið upp á fræðsluferðir fyrir grunnskólanema um fiskveiðar, vinnulag til sjós, fiskifræði og líffræði sjávarins, með sama eða svipuðu sniði og gert var um borð í rannsóknaskipinu Dröfn RE í samstarfi við Hafró.

Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur nú fengið frá sjávarútvegsráðuneytinu gerði ráðuneytið hinn 25. febrúar sl. samning við einkaaðila um að taka að sér siglingar með nemendur 9. og 10. bekkjar grunnskólanna og verður rannsóknaskipið Dröfn RE notað í verkefnið. Fyrirkomulag verkefnisins verður með svipuðu sniði og áður og mun Hafró annast fræðslu um borð um lífríki sjávar og Fiskifélag Íslands sjá um skipulagningu, skráningu og kynningu á verkefninu. Verkefnið hófst í apríl sl. og hafa þegar verið farnar nokkrar ferðir og verður haldið áfram í haust. Umræddur samningur tekur til allt að 30 siglingadaga á þessu ári og er ætlunin að endurskoða hann að haustsiglingum loknum.

Um leið og nefndin fagnar því að rekstur skólaskips sé hafinn á ný leggur hún áherslu á að áfram verði haldið á sömu braut og verkefninu tryggt nægilegt fjármagn til að svo megi verða. Með hliðsjón af því og í samræmi við framangreint telur nefndin rétt að leggja til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Kristinn H. Gunnarsson, Kristján L. Möller, Hjálmar Árnason og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir álitið rita Guðjón Hjörleifsson, Einar K. Guðfinnsson, Jóhann Ársælsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Jón Gunnarsson.

Virðulegi forseti. Í eldhúsdagsumræðum í gær kom fram að það væri mjög algengt að þingmannafrumvörp sætu eftir í nefndum og væru ekki afgreidd. Sjávarútvegsnefnd hefur fengið til sín fimm þingmannafrumvörp á þessu tímabili. Tvö þeirra hafa verið afgreidd út, bæði frá fulltrúum minni hlutans, sem er 40% árangur. Ég tel það mjög gott. Ég vil að lokum þakka nefndarmönnum í sjávarútvegsnefnd fyrir mjög gott samstarf og ég tel að við séum að vinna á réttum grundvelli. Samstarfið hefur verið virkilega gott og ég held að engin nefnd hafi verið eins jákvæð í málflutningi sínum.

[21:26]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Því miður var ég ekki viðstaddur þennan fund í sjávarútvegsnefnd og harma það en vil í upphafi þeirra löngu þakkarorða sem ég ætla að flytja hér þakka formanni nefndarinnar fyrir afgreiðslu þessa máls.

Ég hef þá trú að það skipti miklu máli fyrir æsku landsins að vel og skynsamlega sé staðið að því að fræða hana í grunnskólum, og framhaldsskólum ef því er að skipta, um það hvernig lífríki sjávar þróast, hvernig við stundum veiðar, rannsóknir o.s.frv. og hversu miklu máli nýting okkar á hafinu skiptir fyrir íslenska þjóð. Þó að svo hafi þróast á undanförnum árum að fleiri atvinnugreinar séu að verða stoðir í íslenska þjóðfélaginu með öflugri hætti en áður var þegar sjávarútvegurinn nánast bar uppi útflutninginn eru fiskveiðar okkar og nýtingin á auðlindinni engu að síður áfram stór hluti af velferð þjóðarinnar og afkomu hennar. Það verður áfram svo um langa framtíð þó að vægi sjávarútvegsins minnki hlutfallslega vegna þess að aðrar atvinnugreinar eru að sækja á, svo sem ferðamennskan og stóriðjan.

Það var löngum sagt fyrir nokkrum árum að ekki væri eftir miklu að slægjast til viðbótar í sjávarútveginum. Ég held að það sé að talsverðu leyti rangmæli, við höfum breytt sjávarútveginum á margan hátt. Fiskvinnslan hefur t.d. breyst mjög verulega á undanförnum árum frá því að vera í gamla daga hefðbundin flakavinnsla og frysting á afurðum og yfir í það að vera í miklu meira mæli útflutningur á fersku hráefni inn á ferskfiskmarkaði veraldarinnar. — Ég er að ávarpa formann sjávarútvegsnefndar og þakka honum fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég hef hugsað mér að gera það í

nokkuð ítarlegu máli og vona að hv. þingmenn hafi þolinmmæði til að sitja undir því.

Þess vegna segi ég að það skiptir máli að þjóðin, sérstaklega unga fólkið, haldi áfram að öðlast skilning á mikilvægi sjávarútvegsins og njóti þeirrar þekkingar sem rekstur skólaskips getur fært ungu kynslóðinni. Þess vegna fagna ég því að þessi tillaga skuli hafa verið tekin út úr sjávarútvegsnefnd og sé núna til afgreiðslu í þinginu, um það að að þessu verkefni verði staðið vel á komandi árum. Það er auðvitað vel að verkefnið skuli þegar vera hafið, það hófst núna í apríl, og að Fiskifélagið sé enn þá þátttakandi í að skipuleggja þessi námskeið eins og verið hefur.

Rannsóknaskipið Dröfn sem var selt sem slíkt er notað til þessara verkefna og það kemur sér örugglega vel. Þar er auðvitað þokkaleg aðstaða til að þjónusta þetta verkefni þó að vissulega gætu önnur skip og aðrar útgerðir tekið að sér hluta þess, einkum innfjarðar vítt og breitt um landið.

Ég fagna því sem sagt, hæstv. forseti, að þetta verkefni skuli vera í höfn og treysti því eins og hér birtist í nefndaráliti frá sjávarútvegsnefnd að vel og myndarlega verði staðið að þessu verkefni á komandi árum. Ég veit að hv. þm. Guðjón Hjörleifsson, formaður sjávarútvegsnefndar, mun á komandi árum styðja vel við þetta verkefni. Ég þakka honum fyrir að hafa tekið á þessum málum með þeim hætti sem hér liggur fyrir og treysti því að þetta sé vegvísir þess að við verðum sammála um það hvar í flokki sem við stöndum að fræða beri æsku landsins um sjávarútveginn. Um það getum við sameinast á komandi árum og munum finna því farveg, m.a. í gegnum fjárlaganefnd til að tryggja þessi verkefni og sjá til þess að ávallt verði samningar til staðar um að viðhalda þessu verkefni, hver svo sem mun annast það að veita grunnskólanemunum þessa þekkingu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frestun á fundum Alþingis, frh. einnar umr.

Stjtill., 816. mál. — Þskj. 1402.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:34]

Till. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (BH, DJ, DrH, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, MÁ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1456).

Samkeppnislög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 590. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 1435.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:35]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom við atkvæðagreiðslu í dag getur Vinstri hreyfingin – grænt framboð ekki stutt þetta frumvarp. Reyndar höfum við gagnrýnt það mjög harðlega, bæði að efnisinnihaldi og ekki síður þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við smíði frumvarpsins. Þá höfum við lýst því yfir að það er nauðsynlegt að halda skæru kastljósi á stofnanir sem hér er um að ræða og munum við að sjálfsögðu gera slíkt.

Þá vil ég minna á að í 26. gr. þessa frumvarps er ákvæði sem framselur dómsvald út úr landinu. Við höfum gagnrýnt þetta og bent á gagnrýni sem fram hefur komið frá laganefnd Lögmannafélags Íslands og frá Stefáni Má Stefánssyni, prófessor í lögum. Vísa ég í rökstuðning sem kemur fram í áliti 2. minni hluta með þessu frumvarpi og röksemdir sem hafa hvað þetta snertir komið fram í umræðunni af okkar hálfu. Þess vegna munum við núna greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Frv. samþ. með 30:26 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (BjörgvS, DJ, DrH, GÖg, GunnB, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1457).

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 591. mál. — Þskj. 1436.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:37]

Frv. samþ. með 31:26 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GunnB, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1458).

Neytendastofa og talsmaður neytenda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 592. mál. — Þskj. 1437.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:37]

Frv. samþ. með 31:22 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS.

4 þm. (JBjarn, KolH, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GunnB, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1459).

Loftferðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 699. mál (EES-reglur). — Þskj. 1057, nál. 1275, brtt. 1276 og 1288.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:38]

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

1 þm. (BH*) greiddi ekki atkv.

9 þm. (DJ, DrH, GÖg, GunnB, GÖrl, KJúl, MÞH, SJS, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

2.–4. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1276,1 samþ. með 56 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 1276,2 samþ. með 57 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1276,3 samþ. með 56 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 1288 felld með 48:8 atkv. og sögðu

já: GAK, JóhS, JBjarn, KolH, LB, MÞH, ÞBack, ÖJ.

nei: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

1 þm. (SigurjÞ) greiddi ekki atkv.

6 þm. (DJ, DrH, GÖg, GunnB, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:40]

Jón Bjarnason:

Herra forseti. Breytingartillagan sem ég flyt við 9. gr. felur í sér að hergögn megi ekki flytja með íslenskum loftförum. Bann þetta á reyndar ekki við um loftför í eigu Landhelgisgæslu Íslands og íslenskra lögregluyfirvalda. Ég tel Ísland vera vopnlaust land sem eigi ekki að taka þátt í hergagnaflutningum.

Þá er og í öðru lagi lagt til að felld verði niður heimild samgönguráðherra til að samþykkja að vopnaðir verðir séu um borð í almenningsflugi. Ég er þeirrar skoðunar og við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að hættulegast af öllu sé að hleypa vopnuðum mönnum um borð í almenningsflug og því eigi alls ekki að vera heimild hér. Því aðeins að þetta sé hluti af einhverju víðtæku alþjóðlegu samkomulagi í flugi skuli það skoðað en ekki á að vera með opna heimild eins og hér um ræðir. Því erum við alfarið á móti því að setja vopnaða verði um borð í almenningsflug.

9. gr. samþ. með 48:7 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.

8 þm. (DJ, DrH, GHj, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, SJS) fjarstaddir.

10.–11. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1276,4 (ný grein, verður 12. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 1276,5 (ný 12. gr., verður 13. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.

13.–14. gr. og ákv. til brb. samþ. með 54: atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

9 þm. (BjörgvS, DJ, DrH, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Skipan ferðamála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 735. mál (heildarlög). — Þskj. 1097, nál. 1271, brtt. 1272.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:42]

1. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1272,1 samþ. með 57 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.
6.–7. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 1272,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1272,3 samþ. með 56 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
10.–29. gr. og ákv. til brb. samþ. með 57 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 738. mál (fjarskiptaáætlun o.fl.). — Þskj. 1102, nál. 1369 og 1374, brtt. 1370.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[21:45]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þingmenn Samfylkingarinnar eru alfarið á móti 9. gr. þess frumvarps sem hér verða greidd atkvæði um. Það heimilar með breytingu á fjarskiptalögum að lögregla fái aðgang að persónuupplýsingum einstaklinga um það hver eigi leyninúmer sem borgararnir hafa valið að hafa sem leyninúmer, og IP-tölum. Þetta ætlar meiri hlutinn að gera án þess að farið sé að ákvæðum 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs, 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur verið lögfestur hér á landi og meginreglum laga um meðferð opinberra mála um að dómsúrskurð þurfi fyrir afhendingu slíkra upplýsinga. Við munum því að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn 9. gr. frumvarpsins.

Við styðjum hins vegar 1. gr. þessa frumvarps um það að ráðherra sé heimilt að leggja fram og vinna að gerð fjarskiptaáætlunar.

Við munum sitja hjá við aðrar greinar frumvarpsins við 2. umr.

Virðulegi forseti. Vilji svo óheppilega til og verði það slys að meiri hlutinn samþykki 9. gr. frumvarpsins óbreytta munum við að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn frumvarpinu við lokaafgreiðslu þess.

[21:46]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti hefði þurft að vinna miklu betur. Það er hægt að taka undir áherslur í 1. gr. frumvarpsins en aðrar greinar þess hefði þurft að vinna betur, enda kom það berlega fram á fundum nefndarinnar í skoðunum og umsögnum þeirra fjölmörgu aðila sem þessu máli tengjast.

Það sem sérstaklega gerir það að verkum að ekki er hægt að styðja þetta frumvarp er ákvæði 9. gr. sem lýtur að viðtækara persónueftirliti og möguleikum til að rjúfa friðhelgi heimilisins en áður hefur tíðkast. Ég hef sagt að þvílík ákvæði ættu að falla undir lög um meðferð opinberra mála. Þar ætti að taka á þeim í heild sinni og þau ættu að vera hluti af þeim málaflokki hvernig sem þau eru þar útfærð en það væri þá heildstætt á einum stað.

Persónuvernd hefur gert mjög alvarlegar athugasemdir við þessa grein eins og hún stendur núna. Ég leyfi mér að vitna í bréf frá Persónuvernd, dags. 6. maí 2005, með leyfi forseta. Þar segir:

„Mun rökréttara er, að mati Persónuverndar, að áskilja dómsúrskurð fyrir slíkum aðgangi lögreglu að persónuupplýsingum fremur en að víkja frá almennt viðurkenndum og stjórnarskrárvörðum réttindum manna til að njóta friðhelgi um einkalíf sitt. Í þessu sambandi er enn minnt á að hafa ber í huga grundvallarrétt einstaklinga til að njóta friðhelgi um einkalíf sitt, sem varinn er af 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu."

Herra forseti. Hér eru færðar svo alvarlegar athugasemdir að ég tel óverjandi að samþykkja þessa grein. Hins vegar legg ég jafnframt áherslu á að nauðsynlegt er að til séu úrræði í lögum til að taka á grunuðum brotaþegum en þá er hægt að leita dómsúrskurðar um það mál með greiðum hætti. Þess vegna, herra forseti, mun Vinstri hreyfingin – grænt framboð greiða atkvæði gegn 9. gr.

[21:49]

Guðjón A. Kristjánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Með því að samþykkja 9. gr. þessa frumvarps erum við að ganga á persónuréttindi allra. Við erum að vega að friðhelgi einkalífs og þeim rétti fólks að það skuli njóta friðhelgi að því er varðar einkahagi sína. Þar að auki erum við að festa þessa lagagrein, ef af verður, inn í lög um fjarskipti og hún mun þá stangast á við lög um meðferð opinberra mála sem segja fyrir um aðra málsmeðferð. Með því að samþykkja þessa grein erum við að búa til lagalegt klúður og ég held að það væri mjög misráðið.

Við munum greiða atkvæði gegn 9. gr., og síðan gegn frumvarpinu ef hún verður samþykkt.

1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.

2.–6. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (DJ, DrH, GAK, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, JBjarn, LB, MÞH, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1370,1.a samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ,

JónK, JBjart, KÓ, MÞH, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: GHj.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:52]

Guðjón Hjörleifsson:

Virðulegi forseti. Ég gerði fyrirvara í nefndaráliti vegna þeirra breytinga í 7. gr. að breyta lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð í þágu rannsókna opinberra mála og almannaöryggis, úr einu ári í hálft ár. Ég tel níu mánuði ásættanlega. Það kom fram hjá fulltrúum ríkislögreglustjóra að oft koma mál seint upp sem gera það að verkum að komið hefur fyrir að búið er að eyða mikilvægum gögnum sem annars hefðu nýst til að ná í þá aðila sem fremja glæpi og þeir munu jafnvel sleppa vegna þessara mála.

Það kom einnig fram að börn sem verða fyrir áreiti barnaníðinga komu oft ekki til yfirvalda fyrr en eftir 5–7 mánuði og þurfa oft mikinn kjark til að opinbera það áreiti sem þau hafa orðið fyrir. Þetta eru áreiti í síma- og tölvumálum. Því tel ég sex mánuðina of skamman tíma með tilliti til almannaöryggis. Þetta snýst ekki um einhverjar njósnir hins almenna borgara, þetta snýst um að ná glæpamönnum.

Mér finnst einnig umsögn Persónuverndar vera of hörð. Ég tel það meiri persónuvernd að ná í aðila sem eru brotlegir. Það þarf að skapa lögreglu svigrúm til þess. Það á vernda okkur borgarana (Forseti hringir.) til að þessir aðilar fái ekki að ganga lausir.

Brtt. 1370,1.b samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DJ, DrH, GHj, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1370,2 (ný 8. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, SJS) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 29:27 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, PHB, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, SJS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:55]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í kjölfar glæpa og voðaverka kemur yfirleitt krafa um ráðstafanir til verndar borgurunum, ráðstafanir sem oftast skerða frelsi og réttindi einstaklinga. Glæpamennirnir breyta vinnubrögðum sínum svo í samræmi við breyttar aðstæður en eftir situr einstaklingurinn með sífellt meiri skerðingu réttinda og persónufrelsis.

Ég vara við slíkri þróun sem endurspeglast í 9. gr. og segi nei.

[21:56]

Katrín Júlíusdóttir:

Virðulegi forseti. Í umræðum í dag um þessa 9. gr. sem og í fréttum Ríkisútvarpsins nú í kvöld hefur komið skýrt fram að 9. gr. sem vegur að persónuréttindum þeirra sem fara um internetið er algjörlega fallin um sjálfa sig og mun örugglega falla um sjálfa sig innan nokkurra mánaða þegar menn fara að skoða málið aðeins betur. Vegna asans hérna innan þingsins hafa menn hins vegar ekki gefið sér tíma til að skoða það.

Það sem IP-talan segir um mann — heim Íslendingsins sem er netnotandi má endurspegla á netinu. Hér er mjög svo vegið að persónuupplýsingum einstaklinganna auk þess sem tæknilega séð er aldrei hægt að sanna það á notandann ef hann er með t.d. þennan dreifibúnað sem notandi hefur eins og sýnt var fram á í Ríkisútvarpinu í kvöld.

Við sjáum að þetta mun ekki standast eftir hálftíma þannig að ég segi nei.

10. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH*, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, KHG, LB, MÞH, SJS, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 1370,3 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, MÞH, SigurjÞ, SJS) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

10 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, JÁ, LB, SJS) fjarstaddir.

12.–13. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRJ, DJ, DrH, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, MÞH, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43:2 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MÞH, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞBack, ÖJ.

nei: KJúl, ÖS.

6 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, JóhS, JBjarn, KolH) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DJ, DrH, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, LB, MF, MÁ, SJS) fjarstaddir.

Stefna í fjarskiptamálum 2005–2010, frh. síðari umr.

Stjtill., 746. mál. — Þskj. 1111, nál. 1371.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:59]

Tillgr. samþ. með 54 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (BjörgvS, DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, LB) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1463).

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 677. mál (heildarlög). — Þskj. 1030, nál. 1228 og 1277, brtt. 1229.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:01]

Till. í nál. 1277 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 32:25 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH*, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG*, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

1 þm. (MÞH) greiddi ekki atkv.

5 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

17 þm. (AKG, ÁRJ, BjörgvS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, MF, MÁ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, KolH, LB, MÞH, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 1229,1 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO,

DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, LB, SigurjÞ) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS) fjarstaddir.

Brtt. 1229,2 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, ÞKG) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, LB) fjarstaddir.

Brtt. 1229,3 (ný 5. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, LB) fjarstaddir.

Brtt. 1229,4 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, LB) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, StB, VS, ÞKG.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, SP) fjarstaddir.

7.–8. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, LB) fjarstaddir.

Brtt. 1229,5 (ný 9. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF,

MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, MÞH) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

7 þm. (ÁRJ, BjörgvS, EMS*, JóhS, KJúl, KLM*, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, MÞH) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 732. mál (meðafli, leyfissviptingar). — Þskj. 1094, nál. 1223, 1246 og 1278.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[22:05]

Magnús Þór Hafsteinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Samþykkt þessa frumvarps lögfestir að útgerðum fiskiskipa verði skylt að telja meðafla við uppsjávarveiðar til frádráttar kvóta. Meðaflann á að meta út frá niðurstöðum sýnatöku úr afla skipanna. Við í Frjálslynda flokknum teljum að þetta frumvarp sé bæði illa og hroðvirknislega unnið, svo illa og hroðvirknislega að við höfum lagt til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Á það er að sjálfsögðu ekki hlustað frekar en fyrri daginn en ég vil gera í örfáum orðum grein fyrir atkvæði okkar.

Frumvarpið er fyrst og fremst tilræði við kolmunnaveiðar hér á landi en þær veiðar hafa skilað þjóðarbúinu gríðarlega miklum verðmætum frá því að þær hófust af alvöru árið 1997. Það eru einkum hafnir á Austfjörðum sem hafa notið góðs af þessum veiðum. Undanfarin fjögur ár hefur íslenski flotinn skilað 1,6 milljónum tonna af þessum fiski í hafnir hér við land. Þetta er búið að vera eitt mesta fiskveiðiævintýri okkar á seinni árum en nú ætlar ríkisstjórnin að setja lög sem munu verða mjög íþyngjandi fyrir útgerðir þessara skipa. Aðalatriði málsins eru þessi:

Mat á umfangi meðafla við uppsjávarveiðar er byggt á mjög litlum rannsóknum sem benda þó eindregið til að vandamálið sé hverfandi miðað við heildaraflann. Brugðist hefur verið við vandanum með því að loka veiðisvæðum. Það er verið að þróa nýja veiðitækni sem lofar mjög góðu sem mun leysa þennan vanda.

Sem sagt: Þessi lög eru óþörf.

Sjávarútvegsnefnd hefur ekki fengið neinar upplýsingar um það hvernig eigi að útfæra reglur um framkvæmd þessara laga. Sýnt þykir að eftirlit og mælingar á meðafla í förmum uppsjávarskipa geta orðið gríðarlega kostnaðarsamar. Ef gæta á jafnræðis verður ekki annað séð en að fara verði í gegnum afla hvers einasta skips. Öðruvísi er ekki hægt að framkvæma þetta. Þetta er gríðarlega dýrt. Það liggur ekki fyrir hverjir eigi að greiða þennan kostnað en mér segir svo hugur um að reikningurinn verði sendur útgerðum skipanna.

Við í Frjálslynda flokknum höfnum auknum álögum á sjávarútveginn. Er ekki nóg komið af eftirlitsiðnaði í þessari grein? Er nú ekki nóg komið af óþarfaskattlagningum á þessa grein undir forustu núverandi stjórnarflokka sem verja kvótakerfið með kjafti og klóm?

Lögin geta valdið miklum vandræðum hjá færeyskum skipum sem hafa veiðiréttindi hér við land samkvæmt gildandi samningi milli þjóðanna. Þeir hafa engan kvóta fyrir meðafla — en þeir munu fá meðafla.

Síðast en ekki síst eiga þessi lög að taka gildi um næstu mánaðamót, á miðri vertíð þessara skipa. Hvernig ætlum við að gæta jafnræðis, hvernig ætlum við að fara með þau skip sem þegar hafa hafið veiðar og eru þegar búin að afla mjög vel landi og þjóð til heilla? Hvernig ætlum við að fara með þau miðað við hin skipin sem hefja veiðar eftir 1. júní?

Þessum spurningum er ósvarað. Mönnum sem hafa vit á þessum veiðum hefur ekki verið leyft að koma fyrir nefndina þrátt fyrir ítrekaðar óskir okkar. Við munum sitja hjá við atkvæðagreiðslu þessa og þvo hendur okkar af þessum vitlausa gjörningi.

Till. í nál. 1278 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 43:4 atkv. og sögðu

já: MÞH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb.

6 þm. (AKG, BjörgvS, JÁ, JBjarn, KolH, SJS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (DJ, EOK, GAK, GÞÞ, GÁS, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SP, StB, VS, ÞKG.

19 þm. (AKG, ÁÓÁ, BjörgvS, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRJ, BH, DJ, EOK, GAK, GÞÞ, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, MÞH*, SigurjÞ, SF, ÖS) fjarstaddir.

[*Vegna bilunar í atkvæðagreiðslukerfi gat þm. ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

2.–3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (DJ, EOK, GAK, GÞÞ, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, MÞH*, ÖS) fjarstaddir.

[*Vegna bilunar í atkvæðagreiðslukerfi gat þm. ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack.

3 þm. (ÁRJ, JBjarn, MÁ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DJ, EOK, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, MÞH*, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Vegna bilunar í atkvæðagreiðslukerfi gat þm. ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 235. mál (matsferli, málskotsréttur, úrskurðarnefnd o.fl.). — Þskj. 241, nál. 1387 og 1391, brtt. 1388 og 1392.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[22:09]

Kolbrún Halldórsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er komið til atkvæðagreiðslu flókið og viðamikið mál sem vel hefði þolað meiri umfjöllun í hv. umhverfisnefnd Alþingis. Hér takast á grundvallarsjónarmið verndar og nýtingar, og umsagnir um málið endurspegla það.

Málið kemur til með að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir sveitarfélögin í landinu þar sem þunginn af kærumálum og deilumálum í mati á umhverfisáhrifum kemur til með að færast af herðum umhverfisráðherra og Skipulagsstofnunar og yfir á sveitarfélögin sem eru misvel í stakk búin til að taka við þeirri ábyrgð. Málskotsréttur almennings og umhverfisverndarsamtaka er þrengdur og í nokkrum atriðum eru tillögurnar í frumvarpinu þess eðlis að þær stríða beinlínis gegn megintilgangi laganna og tilskipana sem þau styðjast við.

Virðulegur forseti. Löggjöfin um mat á umhverfisáhrifum þarf að tryggja það að leidd verði í ljós þau áhrif sem verða af fyrirhuguðum stórframkvæmdum í þeim tilgangi að hægt verði að forðast framkvæmdir sem vinna gegn meginreglum umhverfisréttar. Þær ganga út á það að varðveita, vernda og bæta umhverfið, stuðla að heilbrigði manna og tryggja að auðlindir náttúrunnar séu nýttar af varúð og skynsemi. Það verður einungis gert ef þessi löggjöf er notuð í beinu samhengi við lög um náttúruvernd og megintilgang skipulags- og byggingarlaga. Hér er því margs að gæta, hæstv. forseti.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs tökum að sjálfsögðu málefnalega afstöðu til þessa máls og munum því ýmist sitja hjá, greiða atkvæði með eða á móti einstökum greinum bæði í frumvarpinu sjálfu og í breytingartillögum meiri hlutans. Sjálf erum við með talsvert margar breytingartillögur sem ég vona að hv. þingmenn hafi gefið sér tíma til að líta yfir og komi til með að styðja þær greinar sem þar eru tvímælalaust til bóta.

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SigurjÞ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (DJ, EOK, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, LB, MF) fjarstaddir.

Brtt. 1388,1 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DJ, EOK, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, LB, MF) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DJ, EOK, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, MF) fjarstaddir.

Brtt. 1388,2 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (DJ, EOK, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, MF) fjarstaddir.

Brtt. 1392,1 felld með 32:5 atkv. og sögðu
já: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
19 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, KJúl, LB) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 45:1 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb.
nei: JBjart.
11 þm. (BjörgvS, GAK, JóhS, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, KJúl, LB) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KLM, MS, MF, MÁ, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb.
8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRJ, BjarnB, DJ, EMS, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, KJúl, KHG, LB, PHB, ÞBack) fjarstaddir.

Brtt. 1392,2 felld með 32:5 atkv. og sögðu
já: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, KJúl, LB) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, KJúl) fjarstaddir.

6.–7. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, LB) fjarstaddir.

Brtt. 1388,3 (ný 8. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Brtt. 1388,4 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb.
7 þm. (GAK, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, LB, ÖS) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, LB) fjarstaddir.

Brtt. 1392,3 felld með 30:7 atkv. og sögðu
já: EOK, HjÁ, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) greiddi ekki atkv.
5 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, LB) fjarstaddir.

Brtt. 1388,5 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, LB) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, LB) fjarstaddir.

Brtt. 1392,4 felld með 31:20 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EMS, GÁS, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MS, MF, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BjörgvS, DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, KLM, LB, MÁ) fjarstaddir.

Brtt. 1388,6.a samþ. með 32:23 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, LB) fjarstaddir.

Brtt. 1388,6.b samþ. með 58 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Brtt. 1392,5.a felld með 32:5 atkv. og sögðu

já: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Brtt. 1392,5.b felld með 32:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Brtt. 1388,7 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, LB) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 53:2 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖS.

nei: KolH, ÖJ.

2 þm. (GAK, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, JBjarn, MÞH) fjarstaddir.

Brtt. 1392,6 felld með 32:5 atkv. og sögðu

já: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Brtt. 1388,8 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK,

EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SigurjÞ) greiddi ekki atkv.

5 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, MÞH) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 49:5 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, MÁ) fjarstaddir.

14.–16. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Brtt. 1388,9 (ný 17. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, EKG, GÖg, GunnB, GÖrl, LB) fjarstaddir.

Brtt. 1392,7 felld með 32:6 atkv. og sögðu

já: JBjarn, KolH, LB, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) greiddi ekki atkv.

4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Brtt. 1388,10 (ný 18. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Brtt. 1392,8.a felld með 32:4 atkv. og sögðu

já: KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

23 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Brtt. 1392,8.b felld með 32:24 atkv. og sögðu

já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Brtt. 1388,11.a samþ. með 31:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: EOK, JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.

22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Brtt. 1388,11.b–c samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

11 þm. (ÁRJ, BjörgvS, GAK, HHj, JóhS, KLM, LB, MÞH, MÁ, SigurjÞ, ÖS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, JBjarn) fjarstaddir.

19. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, LB, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (GAK, JBjarn, KJúl, KolH, MÞH, SigurjÞ, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRJ, DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, KLM, MÁ) fjarstaddir.

Brtt. 1392,9 felld með 31:23 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, JBjarn, SKK) fjarstaddir.

20. gr. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1392,10 felld með 32:24 atkv. og sögðu
já: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Brtt. 1388,12 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

21. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁÓÁ, DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Brtt. 1392,11 felld með 32:5 atkv. og sögðu
já: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
22 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Brtt. 1388,13 samþ. með 51:5 atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
nei: JBjarn, KolH, SJS, ÞBack, ÖJ.
3 þm. (GAK, MÞH, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.
4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

22. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, LB) fjarstaddir.

23.–25. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
7 þm. (JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁÓÁ, BJJ, DJ, GAK, GÖg, GunnB, GÖrl, MS) fjarstaddir.

Brtt. 1388,14 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.
8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

26. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

27.–28. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 723. mál (fráveituframkvæmdir einkaaðila). — Þskj. 1081, nál. 1389 og 1390.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:24]

Brtt. í nál. 1389 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS.

14 þm. (AKG, ÁÓÁ, BH, GAK, GÁS, JBjarn, JGunn, KolH, MF, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, MÞH, ÖJ) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 39:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS.

nei: JBjarn, KolH, SJS, ÖJ.

15 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, GAK, GÁS, JÁ, JGunn, KJúl, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack) greiddu ekki atkv.

5 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 36:4 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: JBjarn, KolH, SJS, ÖJ.

15 þm. (AKG, ÁRJ, BH, GAK, GÁS, JÁ, JóhS, JGunn, KJúl, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, MÞH) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

10 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, GAK, KJúl, LB, MÞH, RG, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁMM, DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 695. mál (aðsetursregla). — Þskj. 1053, nál. 1385, brtt. 1386.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:25]

Brtt. 1386 (ný 1. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GAK, MÁ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, MÞH) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

2 þm. (GAK, SigurjÞ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv.

Olíugjald og kílómetragjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 807. mál (lækkun olíugjalds). — Þskj. 1365, nál. 1397 og 1434.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:26]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 58 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv.

Landbúnaðarstofnun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 700. mál. — Þskj. 1357, brtt. 1361 og 1393.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:27]

Jón Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þetta gengur greitt og það er ágætt að staldra aðeins við og vita út í hvaða vitleysu við erum nú að fara. Hér er verið að greiða atkvæði um allnokkrar tillögur sem hafa þegar borist við frumvarp til laga um Landbúnaðarstofnun. Ég benti á það við 2. umr. og skilaði um það ítarlegu nefndaráliti að þetta frumvarp væri afar illa unnið og óskynsamlegt. Ég lagði til að því yrði vísað til ríkisstjórnarinnar til nánari meðhöndlunar.

Bara á milli umræðna hér eru komin þrjú blöð af breytingartillögum frá meiri hlutanum, frá hæstv. landbúnaðarráðherra með þetta klúðurbarn sitt.

Staðreyndin er sú að þau embætti sem hér á að slá saman í eitt, yfirdýralæknisembættið, embætti veiðimálastjóra, embætti plöntueftirlits og plöntuverndar, eru allt embætti sem eru rekin með mjög skilvirkum hætti í dag. Þetta eru verkefni sem heyra undir Bændasamtökin, eru rekin þar og sinnt með mikilli prýði en er nú verið að taka þaðan til að setja undir eina nýja ríkisstofnun. Yfirdýralæknisembættið sem hér á að leggja niður er hluti af öryggis- og varnarkerfi þjóðarinnar. Yfirdýralæknir situr í sama sæti og landlæknir og sóttvarnalæknir. — Af hlátri manna heyri ég að þingheimur veit lítið hvað hér á að fara að greiða atkvæði um. Það sýnir bara flumbruganginn og sannar að hv. þingmenn ættu ekki að treysta hæstv. landbúnaðarráðherra svona vel.

Þetta frumvarp er því mjög illa undirbúið. Kostnaðarmat á þessari nýju stofnun liggur engan veginn fyrir. Umsögn fjármálaráðuneytisins um málið er hreinlega út í buskann. Við skulum vera þess minnug í haust þegar við förum að vinna fjárlögin hvað hér var tekin ákvörðun um. Þessi nýja stofnun þarf fjármagn.

Verkefnunum er vel sinnt nú. Þeir embættismenn sem gegna því gera það af mikilli samviskusemi, og verður ekki gert betur. Því legg ég áfram til, herra forseti, að þessu máli verði nú vísað aftur til ríkisstjórnarinnar en ... (**Gripið fram í:** ... til Hóla?) Ef Hólar hefðu unnið þetta væri þetta í lagi en þetta er illa unnið og ábyrgðarlaust gagnvart þeim verkefnum sem hérna er verið að höndla um.

Brtt. 1361 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

9 þm. (GAK, JBjarn, KJúl, KolH, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BjörgvS, DJ, DO, EOK, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, MÞH, MS, MÁ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1393 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

7 þm. (GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, DJ, DO, EOK, GÞÞ, GÖg, GunnB, GÖrl, KJúl, LB, MÞH, MÁ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS.

10 þm. (EOK, GAK, JBjarn, KJúl, KolH, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BjörgvS, DJ, GÞÞ, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, MÞH, MÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1467).

Breyting á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 701. mál. — Þskj. 1358, brtt. 1394.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:31]

Brtt. 1394,1 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁÓÁ, BjörgvS, DJ, EOK, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, LB, MÁ) fjarstaddir.

Brtt. 1394,2 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj,

GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BjörgvS, DJ, EOK, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, MÁ, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1394,3–4 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DJ, EOK, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, MÁ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1394,5 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÖS.

8 þm. (GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DJ, EOK, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, MÁ, ÞSveinb) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

9 þm. (EOK, GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, LB, MÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1468).

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 396. mál (skattskylda orkufyrirtækja, breyting ýmissa laga). — Þskj. 503, nál. 1221.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[22:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé ágætt að einn og einn maður geri af og til grein fyrir atkvæði sínu svo að hæstv. forseti geti dregið andann á meðan. Hæstv. forseti drífur hlutina áfram af miklum myndarskap.

Hér er að koma til lokaafgreiðslu frumvarp sem er hluti af miklum pakka mála sem hæstv. ríkisstjórn hefur undir forustu iðnaðarráðherra borið fram á þinginu í vetur. Þar fór fyrst markaðsvæðing raforkufyrirtækjanna og nú siglir í kjölfarið skattlagning bæði raforkufyrirtækja og hitaveitna. Þetta brölt í hæstv. ríkisstjórn, þessi nýfrjálshyggjumarkaðsvæðingarleiðangur, hefur þegar leitt til stórhækkaðs raforkuverðs í landinu. Þessu á svo að fylgja eftir með skattlagningu fyrirtækjanna í óþökk eigenda þeirra, sem eru ekki síst sveitarfélögin, í andstöðu við samtök neytenda, verkalýðshreyfingu og yfirleitt flesta umsagnaraðila um málið nema ríkisstjórnina sjálfa og einstaka stuðningsmenn hennar eins og Verslunarráðið.

Það gefur augaleið að þennan skatt, að svo miklu leyti sem hann verður þá greiddur á komandi tímum, bera engir aðrir en almennir notendur, almennir viðskiptavinir þessara fyrirtækja. Svo þrælslega er hér um hnútana búið að stóriðjan (**Gripið fram í:** ... skattamálum.) sem kaupir obbann af rafmagninu er varin með langtímasamningum fyrir því að leggja sitt af mörkum. Byrðarnar lenda á almennum viðskiptavinum fyrirtækjanna. Þessar æfingar eru þegar orðnar almenningi í landinu dýrar. Rafmagnsverðið hefur stórhækkað, það liggur fyrir og er þó ekki allt búið enn því að á næstu árum munu þessar breytingar leiða til frekari hækkana — það liggur fyrir — þegar arðsemiskrafan hækkar í áföngum og þegar byrðin af skattgreiðslunum kemur til sögunnar.

Þeir sem eru að fá rafmagnsreikningana senda inn um lúgurnar hjá sér þessar vikurnar og mánuðina vita hvað verið er að tala um. Það er aðeins eitt fyrir óánægða raforkukaupendur í landinu að gera við þá reikninga, (**Gripið fram í:** Borga þá.) það er að senda þá á rétt heimilisfang, til Framsóknarflokksins. Þar eru þeir best komnir.

1. gr. samþ. með 30:9 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.

nei: BjörgvS, GAK, JóhS, JBjarn, KolH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

13 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EMS, GÁS, JÁ, JGunn, KJúl, MÞH, MF, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, KLM, LB, MÁ, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

2.–8. gr. samþ. með 30:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.

nei: GAK, JBjarn, KolH, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

12 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EMS, GÁS, JÁ, JGunn, KJúl, MF, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, BjörgvS, DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, JóhS, KLM, LB, MÁ, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, MÞH, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞBack.

nei: GAK, JBjarn, KolH, SigurjÞ, ÖJ.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁMM, ÁRJ, BjörgvS, DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, HHj, KHG, KLM, LB, MÁ, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

Lokafjárlög 2002, frh. 2. umr.

Stjfrv., 440. mál. — Þskj. 660, nál. 1197 og 1347.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:36]

Sundurliðun 1 og 2 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.

20 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, MF, RG, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, KolH, KLM, LB, MÞH, MÁ, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÖS.

21 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MF, RG, SigurjÞ, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddi ekki atkv.

11 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, KÓ, KLM, LB, MÞH, MÁ, SJS, ÞKG) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DJ, EKG, GÖg, GunnB, GÖrl, JÁ, KLM, ÞKG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, MS, MF, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.

10 þm. (ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GAK, JÁ, LB, MÞH, MÁ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, KLM, ÞKG) fjarstaddir.

Lokafjárlög 2003, frh. 2. umr.

Stjfrv., 441. mál. — Þskj. 663, nál. 1198 og 1348, brtt. 1199.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:37]

Sundurliðun 1 og 2 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, KolH, KLM, ÞKG) fjarstaddir.

Brtt. 1199 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, KLM, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Sundurliðun 3, svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, KLM, ÞKG) fjarstaddir.

1.–2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs,

HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.
27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, ÞKG) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.
27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, ÞKG) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS.
25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, KJúl, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JónK, JBjart, KÓ, KolH, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ.
18 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, GAK, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, SJS, ÞKG) fjarstaddir.

Bætt heilbrigði Íslendinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. heilbr.- og trn., 806. mál. — Þskj. 1354.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:39]
Till. vísað til síðari umr. með 58 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 67. mál (bann við limlestingu á kynfærum kvenna). — Þskj. 67, nál. 1273, brtt. 1274.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:39]
Brtt. 1274,1 (ný 1. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1274,2 (ný 3. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
Brtt. 1274,3 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv.
5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Rekstur skólaskips, frh. síðari umr.

Þáltill. GAK o.fl., 29. mál. — Þskj. 29, nál. 1403.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:41]
Till. í nál. 1403 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 58 shlj. atkv.

Verðbréfaviðskipti, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 817. mál (tilvísanir í greinanúmer laganna). — Þskj. 1406.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:42]
1. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.
2.–10. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 22:42.

134. FUNDUR

miðvikudaginn 11. maí,
að loknum 133. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning átta manna í landsdóm og jafnmargra varamanna til sex ára, skv. 2. gr. laga nr. 3 19. febrúar 1963, um landsdóm.

2. Kosning sex manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til fjögurra ára, frá 25. maí 2005 til 25. maí 2009, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

3. Kosning þriggja manna í samráðsnefnd um raforkulög til loka árs 2009 skv. VI. bráðabirgðaákvæði raforkulaga nr. 65 frá 27. mars 2003 (sbr. 15. gr. laga nr. 89/2004).

4. Loftferðir, stjfrv., 699. mál, þskj. 1057 (með áorðn. breyt. á þskj. 1276). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Skipan ferðamála, stjfrv., 735. mál, þskj. 1097 (með áorðn. breyt. á þskj. 1272). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Fjarskipti, stjfrv., 738. mál, þskj. 1102 (með áorðn. breyt. á þskj. 1370). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Uppboðsmarkaðir sjávarafla, stjfrv., 677. mál, þskj. 1030 (með áorðn. breyt. á þskj. 1229). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Umgengni um nytjastofna sjávar, stjfrv., 732. mál, þskj. 1094. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 235. mál, þskj. 241 (með áorðn. breyt. á þskj. 1388). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, stjfrv., 723. mál, þskj. 1081 (með áorðn. breyt. á þskj. 1389). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 695. mál, þskj. 1053 (með áorðn. breyt. á þskj. 1386). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Olíugjald og kílómetragjald, stjfrv., 807. mál, þskj. 1365. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, stjfrv., 396. mál, þskj. 503. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

14. Lokafjárlög 2002, stjfrv., 440. mál, þskj. 660, brtt. 1429. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

15. Lokafjárlög 2003, stjfrv., 441. mál, þskj. 663 (með áorðn. breyt. á þskj. 1199, brtt. 1430). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

16. Almenn hegningarlög, frv., 67. mál, þskj. 67 (með áorðn. breyt. á þskj. 1274). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

17. Verðbréfaviðskipti, frv., 817. mál, þskj. 1406. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

18. Bætt heilbrigði Íslendinga, þáltill., 806. mál, þskj. 1354. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá sjávarútvegsráðherra.

Afturköllun þingmáls.

[22:57]

Forseti (Halldór Blöndal):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Hér með kalla ég aftur fyrirspurn mína á þskj. 471, um Grunnafjörð.

Þórunn Sveinbjarnardóttir."

Úrsögn úr þingflokki.

[22:57]

Gunnar Örlygsson:

Herra forseti. Ég stend upp til að greina frá því að ég hef sagt mig úr þingflokki Frjálslynda flokksins. Þessi ákvörðun á sér aðdraganda og er tekin að vel yfirlögðu ráði. Til grundvallar liggja málefnalegar ástæður. Einnig er því ekki að leyna að samskiptaörðugleikar gera það að verkum að ég á ekki lengur samleið með þingflokki Frjálslynda flokksins. Þetta hef ég tilkynnt formanni flokksins.

Á landsfundi Frjálslynda flokksins sem var haldinn fyrr á þessu ári freistaði ég þess að hafa áhrif á stefnumótun flokksins til framtíðar. Í því sambandi lagði ég fram fjölmargar tillögur sem ekki hlutu það brautargengi sem ég hefði vænst. Áherslur flokksins og baráttumál mín eru í mörgum tilvikum ósamrýmanleg. Í öllum stjórnmálaflokkum og í samskiptum fólks er nauðsynlegt að til staðar sé gagnkvæmt traust, drengskapur og umburðarlyndi. Á það hefur skort innan þingflokksins. Þegar það fer saman við málefnalegan ágreining eru ekki forsendur til frekara samstarfs og hlýt ég því að kveðja flokkinn og þá félaga mína sem þar starfa áfram.

Grundvallarskoðanir mínar í stjórnmálum byggjast á trúnni á einstaklingsframtak, öfluga og fjölþætta atvinnustarfsemi sem leggur grundvöllinn að traustu velferðarkerfi. Sjálfur hef ég m.a. lagt áherslu á málefni sem snúa að bættum kjörum aldraða. Ég mun ekki láta þar staðar numið. Í sjávarútvegsmálum hef ég talað fyrir breytingum sem einkanlega snúa að aukinni samkeppni á vísindasviðinu sem er forsenda árangurs. Frjáls samkeppni hugmynda er jafneðlileg og samkeppni í atvinnulífinu. Ég álít að hagsmunum fólks og þá sérstaklega fjölskyldufólks verði best borgið með einföldu skattkerfi þar sem álögum er stillt í hóf.

Ég tel að ég geti fundið skoðunum mínum bestan farveg í Sjálfstæðisflokknum. Innan flokksins ríkir skilningur á mismunandi áherslum undir öflugri forustu og því hef ég ákveðið að ganga til liðs við þingflokk sjálfstæðismanna.

Í síðustu alþingiskosningum leiddi ég lista Frjálslynda flokksins í Suðvesturkjördæmi og fengum við 2.890 atkvæði. Hvergi á landinu fékk flokkurinn jafnmörg atkvæði. Við þetta fólk og aðra stuðningsmenn mína vil ég segja: Ég hef tekið þessa ákvörðun að vandlega athuguðu máli og er sannfærður um að ég vinni málstað okkar best gagn með þeirri ákvörðun sem hér liggur fyrir og ég hef nú greint frá.

[23:00]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins kom saman til fundar nú áðan þar sem fyrir var tekin ósk hv. þm.

Gunnars Örlygssonar um að ganga í þingflokk Sjálfstæðisflokksins. Það var samþykkt samhljóða.

Hv. þingmaður hefur í ræðu sinni gert ágætlega grein fyrir þeim ástæðum sem liggja til grundvallar því að hann hefur nú kosið að ganga í raðir sjálfstæðismanna og jafnframt gert grein fyrir þeim lífsgildum sem hann vill berjast fyrir og hafa að leiðarljósi. Það er ljóst að þau fara mjög vel saman við þau sjónarmið sem liggja til grundvallar starfi Sjálfstæðisflokksins og við fögnum þessum góða liðsmanni sem nú hefur gengið til liðs við okkur og styrkt þingflokk Sjálfstæðisflokksins. Við fögnum samstarfi við hann og hlökkum til þess í framtíðinni.

Með þessum orðum vil ég ítreka það að fyrir hönd þingflokks Sjálfstæðisflokksins býð ég hv. þm. Gunnar Örlygsson velkominn til starfa innan raða sjálfstæðismanna á Alþingi.

[23:01]

Sigurjón Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla að nota tækifærið hér og kveðja Gunnar Örlygsson. Mér finnst við hæfi að lesa nokkurn veginn niðurlag síðustu ræðu hans sem fulltrúa Frjálslynda flokksins sem hann flutti þegar verið var að ræða um frumvarp til samkeppnislaga. Það var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Virðulegur forseti. Hér er um hápólitískt mál að ræða. Umræðan öll og sá skýri klofningur sem er á milli stjórnarliða og stjórnarandstöðu í málinu ítrekar og staðfestir pólitískar áherslur stjórnarliða sem einatt á síðustu árum hafa leitt til misskiptingar og ójöfnuðar í þjóðfélaginu. Það er hægt að stórefla íslenskt atvinnulíf, íslenska nýsköpun og almennt hagvöxt í þessu landi án þess að dekra við markaðsrisana sem jafnan greiða fúlgur fjár inn á reikninga stjórnarflokkanna."

Svo mörg voru þau orð hér fyrir fjórum dögum. En skyndilega hafa orðið mikil sinnaskipti hjá hv. þm. Gunnari Örlygssyni. Hann skuldar ekki okkur, þingmönnum sínum og félögum til nokkurra ára, skýringar. Hann skuldar þær kjósendum og málstaðnum sem við berjumst fyrir og höfum barist fyrir um árabil. Ég vona svo sannarlega að hann gefi þeim einhverjar haldgóðar skýringar á þeim sinnaskiptum sem hafa orðið hér á örfáum dögum.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:03]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1429–1430. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 4.–18. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 56 shlj. atkv.

Kosning átta manna í landsdóm og jafnmargra varamanna til sex ára, skv. 2. gr. laga nr. 3 19. febrúar 1963, um landsdóm.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Linda Rós Michaelsdóttir kennari (A),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, fyrrv. alþingismaður (B),
Sigrún Magnúsdóttir, fyrrv. borgarfulltrúi (A),
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður (B),
Fannar Jónasson viðskiptafræðingur (A),
Hlöðver Kjartansson lögmaður (B),
Dögg Pálsdóttir hæstaréttarlögmaður (A),
Brynhildur Flóvenz lögfræðingur (B).

Varamenn:
Ástríður Grímsdóttir sýslumaður (A),
Lára V. Júlíusdóttir lögmaður (B),
Már Pétursson hæstaréttarlögmaður (A),
Sveinbjörn Hafliðason lögfræðingur (B),
Björn Jóhannesson héraðsdómslögmaður (A),
Magnús Reynir Guðmundsson bæjarfulltrúi (B),
Unnur Brá Konráðsdóttir (A),
Sigrún Benediktsdóttir lögmaður (B).

Kosning sex manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til fjögurra ára, frá 25. maí 2005 til 25. maí 2009, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Fram komu þrír listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur (A),
Bryndís Friðgeirsdóttir (B),
Katrín Ásgrímsdóttir garðyrkjubóndi (A),
Jón Skaptason þýðandi (A),
Haukur Már Haraldsson kennari (B),
Sigfús Ólafsson viðskiptafræðingur (C).
Varamenn:
Margrét Sigurgeirsdóttir kennari (A),
Harpa Þuríður Böðvarsdóttir stjórnmála- og viðskiptafræðingur (B),
Helga Sigrún Harðardóttir verkefnisstjóri (A),
Anna Þóra Baldursdóttir lektor (A),
Solveig Thorlacius alþjóðafulltrúi (B),
Halla Gunnarsdóttir blaðamaður (C).

Kosning þriggja manna í samráðsnefnd um raforkulög til loka árs 2009 skv. VI. bráðabirgðaákvæði raforkulaga nr. 65 frá 27. mars 2003 (sbr. 15. gr. laga nr. 89/2004).

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Sigríður Ingvarsdóttir upplýsingafulltrúi (A),
Edda Rós Karlsdóttir forstöðumaður (B),
Elín R. Líndal oddviti (A).

Loftferðir, 3. umr.

Stjfrv., 699. mál (EES-reglur). — Þskj. 1460.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:07]

Frv. samþ. með 47:1 atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, MS, MF, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: GAK.

4 þm. (JBjarn, SJS, ÞBack, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DJ, EMS, GÖg, GunnB, GÖrl, JGunn, KolH, LB, MÞH, RG, SigurjÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1471).

Skipan ferðamála, 3. umr.

Stjfrv., 735. mál (heildarlög). — Þskj. 1461.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:07]

Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (BBj, DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, LB, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1472).

Fjarskipti, 3. umr.

Stjfrv., 738. mál (fjarskiptaáætlun o.fl.). — Þskj. 1462.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:08]

Frv. samþ. með 30:27 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

2 þm. (KHG, PHB) greiddu ekki atkv.

4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1473).

Uppboðsmarkaðir sjávarafla, 3. umr.

Stjfrv., 677. mál (heildarlög). — Þskj. 1464.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:09]

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BH, DJ, GHH, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1474).

Umgengni um nytjastofna sjávar, 3. umr.

Stjfrv., 732. mál (meðafli, leyfissviptingar). — Þskj. 1094.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:09]

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

25 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (DJ, GHH, GÖg, GunnB, GÖrl, KLM, LB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1475).

Mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, 3. umr.

Stjfrv., 235. mál (matsferli, málskotsréttur, úrskurðarnefnd o.fl.). — Þskj. 1465.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:10]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb.

9 þm. (GAK, JBjarn, KJúl, KolH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (BjörgvS, DJ, GHH, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, MÞH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1476).

Framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, 3. umr.

Stjfrv., 723. mál (fráveituframkvæmdir einkaaðila). — Þskj. 1466.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:10]

Frv. samþ. með 44:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KÓ, KHG, KLM, LB, MS, MÁ, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: JBjarn, KolH, ÞBack.

12 þm. (AKG, GAK, JóhS, KJúl, MÞH, MF, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÖJ*, ÖS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1477).

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 695. mál (aðsetursregla). — Þskj. 1478.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:10]

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

1 þm. (JBjarn*) greiddi ekki atkv.

8 þm. (DJ, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, KolH, ÞBack, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1486).

Olíugjald og kílómetragjald, 3. umr.

Stjfrv., 807. mál (lækkun olíugjalds). — Þskj. 1365.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:11]

Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.

7 þm. (DJ, GÁ, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, JBjarn) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1479).

Breyting á ýmsum lögum á orkusviði, 3. umr.

Stjfrv., 396. mál (skattskylda orkufyrirtækja, breyting ýmissa laga). — Þskj. 503.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:11]

Frv. samþ. með 32:11 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.

nei: BjörgvS, GAK, JóhS, JBjarn, KolH, LB, MÞH, SigurjÞ, SJS, ÞBack, ÖJ.

16 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BH, EMS, GÁS, HHj, JÁ, JGunn, KJúl, KLM, MF, MÁ, RG, ÞSveinb, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1480).

Lokafjárlög 2002, 3. umr.

Stjfrv., 440. mál. — Þskj. 660, brtt. 1429.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:13]
Brtt. 1429 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
27 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, KHG, MS, PHB, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1481).

Lokafjárlög 2003, 3. umr.

Stjfrv., 441. mál. — Þskj. 1469, brtt. 1430.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:13]
Brtt. 1430 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, LB, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, JÁ, KHG) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMagn, ÁMM, BÁ, BJJ, BjarnB, BBj, DO, DrH, EKG, EOK, GHH, GHj, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JónK, JBjart, KÓ, MS, PHB, SAÞ, SKK, SF, SP, StB, VS, ÞKG.
26 þm. (AKG, ÁÓÁ, ÁRJ, BjörgvS, BH, EMS, GAK, GÁS, HHj, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, KJúl, KolH, KLM, MÞH, MF, MÁ, RG, SigurjÞ, SJS, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, KHG, LB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1482).

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 67. mál (bann við limlestingu á kynfærum kvenna). — Þskj. 1470.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:14]
Frv. samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
6 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl, JóhS, LB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1483).

Verðbréfaviðskipti, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 817. mál (tilvísanir í greinanúmer laganna). — Þskj. 1406.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:14]
Frv. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
5 þm. (BBj, DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1484).

Bætt heilbrigði Íslendinga, síðari umr.

Þáltill. heilbr.- og trn., 806. mál. — Þskj. 1354.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:15]
Tillgr. samþ. með 59 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: AKG, ArnbS, ÁÓÁ, ÁMagn, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BJJ, BjarnB, BjörgvS, BBj, BH, DO, DrH, EKG, EOK, EMS, GHH, GHj, GAK, GÞÞ, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HHj, HjÁ, JÁ, JóhS, JBjarn, JGunn, JónK, JBjart, KJúl, KÓ, KolH, KHG, KLM, LB, MÞH, MS, MF, MÁ, PHB, RG, SAÞ, SKK, SigurjÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, ÞKG, ÞSveinb, ÞBack, ÖJ, ÖS.
4 þm. (DJ, GÖg, GunnB, GÖrl) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1485).

Þingfrestun.

[23:16]

Forseti (Halldór Blöndal):

Háttvirtir alþingismenn. Senn lýkur störfum þessa þings og er það samkvæmt starfsáætlun sem gerð var fyrir upphaf þings í haust.

Á þessu þingi hefur verið afgreitt sem lög 101 frumvarp, og 19 þingsályktanir voru samþykktar. Sá fjöldi er nokkru minni en venja er á reglulegum löggjafarþingum.

Ég vil greina hv. alþingismönnum frá því við þetta tækifæri að í þinghléi í sumar verður haldið áfram endurbótum á Alþingishúsinu. Er það fjórði og síðasti áfangi endurbóta sem ráðist er í innan húss. Eftir er þá að ljúka viðgerð á þaki og tveimur útveggjum. Í framkvæmdunum í sumar er áformað að koma fyrir lyftu milli 2. og 3. hæðar til að tryggja eðlilegan aðgang fatlaðra að þingpöllum. Þá verður lokið frágangi á gólfum í herbergjum 1. hæðar og 3. hæðar. Jafnframt verða allar raf- og vatnslagnir endurnýjaðar á 3. og 4. hæð. Allmikil röskun mun fylgja þessum framkvæmdum og verður þinghúsið lokað meðan á þeim stendur. Framkvæmdir hefjast í lok þessa mánaðar og er áætlað að þeim ljúki undir lok ágústmánaðar.

Stefnt er að því að húsgögn á 1. og 2. hæð verði endurnýjuð að undanskildum þingsalnum og hefur íslenskum húsgagnahönnuðum verið falið að gera tillögur um gerð þeirra.

Ég vil geta þess að hinn 19. júní nk. verða 90 ár liðin frá því að Danakonungur staðfesti lög sem veittu konum rétt til að kjósa og bjóða sig fram til Alþingis. Þessara tímamóta verður m.a. minnst með málþingi um kosningarrétt kvenna og áhrif hans sem haldið verður í hátíðarsal Háskóla Íslands 20. maí nk.

Við lok þinghaldsins vil ég fyrir hönd okkar forsetanna þakka þingmönnum samstarfið á þessu þingi. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á ný er Alþingi kemur saman í haust.

[23:17]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrir hönd alþingismanna flytja hæstv. forseta og öðrum varaforsetum þakkir fyrir samstarfið í vetur og fyrir hlý orð í okkar garð. Alþingismenn í stjórn og stjórnarandstöðu hafa átt ágætt samstarf um margt á þinginu í vetur en við höfum líka tekist á þetta árið, eins og reyndin hefur verið frá fornu fari.

Strangt til tekið er of snemmt að ræða um mannaskipti á forsetastóli Alþingis því með fullri virðingu fyrir þeim einstaklingum sem í hlut eiga er það Alþingis að kjósa forseta sinn. Þegar er það þó umrætt að hæstv. núverandi forseti, Halldór Blöndal, komi ekki til með að vera í kjöri á hausti komanda. Verði sú niðurstaðan er ástæða til þess nú að þakka honum samstarfið.

Halldór Blöndal hefur gegnt embætti forseta þingsins frá því á vordögum 1999. Þótti mörgum vita á stormasama sambúð hans við þingið hvernig hann handlék fundarhamarinn í upphafi forsetaferils síns fremur sem verkfæri til stórátaka en léttan smíðisgrip úr trjáviði.

Í forsetatíð Halldórs Blöndals hefur oft verið veðrasamt við forsetastólinn. Því fer fjarri að þingheimur hafi ætíð staðið sameinaður að baki forseta sínum og stundum hefur soðið upp úr þegar þingmönnum hefur mislíkað framganga hans. Á hitt held ég að menn geti fallist að þegar á heildina er litið hefur hæstv. forseti Alþingis, Halldór Blöndal, haldið merki Alþingis Íslendinga á loft af reisn og myndarskap.

Í samskiptum við formenn þingflokka hefur Halldór Blöndal iðulega sýnt lipurð, á stundum meira að segja undraverða lipurð þegar hafðar eru í huga þær kringumstæður sem honum eru búnar að starfa samkvæmt, miklar eigin meiningar og funi í skapi. Ég veit að ég tala fyrir hönd annarra þingflokksformanna þegar ég þakka Halldóri Blöndal, hæstv. forseta, fyrir prýðilegt samstarf, og fyrir hönd okkar þingmanna þakka ég honum framlag hans til Alþingis. Um þau ágreiningsmál sem upp hafa komið hirði ég ekki að ræða nú, enda efast ég ekki um að forseti Alþingis, Halldór Blöndal, sé mér sammála um að mistök eru til að læra af þeim, vítin eru til að varast þau.

Á kveðjustund óskum við hvert öðru velfarnaðar. Ég vil færa forseta og fjölskyldu bestu kveðjur fyrir hönd okkar alþingismanna, og starfsfólki Alþingis vil ég einnig þakka fyrir góð störf, lipurð og fúslega veitta aðstoð. Bið ég þingmenn að taka undir góðar kveðjur til forseta Alþingis og fjölskyldu hans og þakkir til starfsfólks Alþingis með því að rísa úr sætum. Þingmenn risu úr sætum.

[23:21]

Forseti (Halldór Blöndal):

Ég þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og þakka hv. þingmönnum fyrir að taka undir orð hans.

Ég endurtek óskir mínar til allra þingmanna og starfsliðs Alþingis.

[23:21]

Forsætisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 131. löggjafarþings, frá 11. maí 2005, eða síðar ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört á Bessastöðum, 10. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Halldór Ásgrímsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 131. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hæstv. forseta, öðrum hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, allra heilla.

Fundi slitið kl. 23:23.

Viðauki

Yfirlit yfir störf 131. löggjafarþings

Þingið stóð yfir frá 1. október til 10. desember 2004 og frá 24. janúar til 11. maí 2005 er því var frestað.

Á þingtímanum urðu þingfundardagar alls 101. Þingfundir urðu 134 og stóðu þeir samtals í 568 klst. Lengsti þingfundurinn stóð í rúmlega 16 klst.

Þingmál og úrslit þeirra:

Lagafrumvörp voru samtals 198. Stjórnarfrumvörp voru 105 og þingmannafrumvörp 85. Frumvörp frá nefndum voru 8.

93 stjórnarfrumvörp voru afgreidd sem lög, óútrædd stjórnarfrumvörp eru 12.

8 þingmannafrumvörp urðu að lögum, þar af 6 sem voru flutt af nefnd eða meiri hluta nefndar en 85 eru óútrætt.

Af 198 frumvörpum urðu alls 101 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 146.

Stjórnartillögur voru 18, þingmannatillögur voru 127 og ein frá nefnd.

20 tillögur voru samþykktar sem ályktanir Alþingis, þar af voru 18 frá ríkisstjórninni og 2 frá þingmönnum. Einni þingmannatillögu var vísað til ríkisstjórnarinnar og ein var kölluð aftur en 124 eru óútræddar.

Skýrslur á þingskjölum voru samtals 26. Beiðnir um skýrslur voru 4 og bárust 2. Skýrslur frá ríkisstjórninni voru 15 og 9 frá nefndum. 8 skýrslur voru fluttar munnlega.

Fyrirspurnir. Bornar voru fram 446 fyrirspurnir á þingskjölum. Af þeim var 412 svarað.

Munnlegar fyrirspurnir voru 249 og af þeim var 225 svarað, 10 voru kallaðar aftur. Beðið var um skrifleg svör við 197 fyrirspurnum og bárust 187 svör.

Óundirbúnar munnlegar fyrirspurnir til ráðherra voru 46.

Atkvæðagreiðslur voru alls 1630, flestar fóru fram með rafrænum hætti en 6 með nafnakalli.

Alls voru til meðferðar í þinginu 818 mál. Tala prentaðra þingskjala var 1486.

Umræður utan dagskrár voru 45.

Nefndastarf Alþingis:

Á þinginu voru 10 og hálfur dagur eingöngu helgaður nefndastarfi fyrir utan reglubundna nefndafundi yfir þingtímann.

Nefndafundir voru 329 og stóðu þeir í alls 493 klst.

Gestir sem komu á fundi nefnda voru 1463.

239 málum var vísað til fastanefnda og þær afgreiddu 118 mál.

72 þingmál voru send til umsagnar til aðila utan þings. Um 2400 erindi bárust þingnefndum um þingmál.